Alþingi 1990

SAMEINAÐ ÞING

1. fundur, 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1990, miðvikudaginn 10. okt., var hundraðasta og þrettánda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og þriðja aðalþing í röðinni, en hundrað tuttugasta og áttunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sigurður Guðmundsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 11. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn.
4. Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv.
6. Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv.
7. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.
8. Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.
9. Egill Jónsson, 4. þm. Austurl.
10. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
11. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv.
12. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
13. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv.
14. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
15. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv.
16. Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv.
17. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
18. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.
19. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv.
20. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
21. Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.
22. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv.
23. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
24. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
25. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl.
26. Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn.
27. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl.
28. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn.
29. Jóhanna Sigurðardóttir, 9. þm. Reykv.
30. Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv.
31. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
32. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
33. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv.
34. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.
35. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn.
36. Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn.
37. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
38. Kristinn Pétursson, 5. þm. Austurl.
39. Kristín Einarsdóttir, 6. þm. Reykv.
40. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
41. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
42. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
43. Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.
44. Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn.
45. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
46. Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl.
47. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
48. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
49. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
50. Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv.
51. Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykv.
52. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn.
53. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf.
54. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
55. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
56. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
57. Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn.
58. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
59. Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
63. Þórhildur Þorleifsdóttir, 12. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 1. október 1990 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1990.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykja-

víkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 1. október 1990.
Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1990."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Ég býð hv. alþingismenn og starfsfólk Alþingis velkomið til starfa með þeirri ósk að það þinghald, sem nú er að hefjast, verði landi og þjóð til heilla og að störf þess í vetur verði til þess að auka réttlæti og minnka aðstöðumun í okkar þjóðfélagi.

Að venju verður nú minnst látinna manna sem átt hafa sæti á Alþingi.

Á þeim rúmu fimm mánuðum, sem liðnir eru frá því að síðasta Alþingi var slitið, hafa fjórir fyrrverandi alþingismenn andast. Ásberg Sigurðsson, fyrrum borgarfógeti og alþingismaður, andaðist 14. júlí, 73 ára að aldri. Páll Þorsteinsson, fyrrum kennari og alþingismaður, andaðist 30. júlí, á 81. aldursári. Geir Hallgrímsson seðlabankastjóri, fyrrum borgarstjóri, alþingismaður og forsætisráðherra, andaðist 1. september, á 65. aldursári. Stefán Jónsson rithöfundur, fyrrum fréttamaður og alþingismaður, andaðist 17. september, 67 ára að aldri.

Minning Ásbergs Sigurðssonar.

Ásberg Sigurðsson var fæddur á Hvítárbakka í Borgarfirði 18. apríl 1917. Foreldrar hans voru hjónin Sigurður skólastjóri þar, síðar barnakennari á Seltjarnarnesi, Þórólfsson bónda í Holti á Barðaströnd Einarssonar og Ásdís Margrét Þorgrímsdóttir bónda á Kárastöðum á Vatnsnesi Jónatanssonar. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík 1937 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 1944, hlaut réttindi héraðsdómslögmanns 1958. Hann var skrifstofustjóri Sölunefndar varnarliðseigna 1944–1946, en áður og að nokkru jafnframt fulltrúi í lögfræðiskrifstofu. Bæjarstjóri á Ísafirði var hann 1946–1948, síðan framkvæmdastjóri togarafélagsins Ísfirðings 1949–1962, en stundaði þau ár jafnframt málflutning á Ísafirði. Hann var skrifstofustjóri Eimskipafélags Íslands í Kaupmannahöfn 1962–1964, sýslumaður í Barðastrandarsýslu 1964–1968, borgarfógeti í Reykjavík 1968–1981 og deildarstjóri yfir hlutafélagaskrá í viðskiptaráðuneytinu 1981–1987.

Ásberg Sigurðsson átti hlut að ýmsum félagsmálum og gegndi trúnaðarstörfum auk aðalstarfa. Á háskólaárunum átti hann sæti í byggingarnefnd Nýja stúdentagarðsins og var formaður stúdentaráðs 1942–1943. Ritstjóri blaðsins Vesturlands var hann 1948–1952. Hann var í stjórn togarafélagsins Ísfirðings 1946–1962, formaður stjórnarinnar 1948–1953, átti sæti í stjórn Samlags skreiðarframleiðenda 1953–1962 og Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda 1956–1962. Hann var formaður skólanefndar Húsmæðraskólans á Ísafirði 1950–1958, átti sæti í rafveitustjórn 1950–1953, í áfengisvarnanefnd 1952–1957 og hafnarnefnd 1955–1961. Hann var kjörinn formaður Sambands íslenskra loðdýraræktenda við stofnun þess 1971. Á fiskiþingi átti hann sæti 1953, 1955 og 1959. Við alþingiskosningarnar 1967 var hann kosinn fyrsti varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Vestfjarðakjördæmi, tók sæti aðalmanns á Alþingi við þingmennskuafsal Sigurðar Bjarnasonar 1. mars 1970 og sat til loka kjörtímabilsins vorið 1971. Á árunum 1968–1969 og 1972–1974 tók hann nokkrum sinnum sæti varamanns á Alþingi, sat tímabundið á sjö þingum.

Ásberg Sigurðsson átti sér fjölbreyttan starfsferil. Á menntaskólaárum sínum vann hann að vegagerð á sumrum. Hann varð síðan lögfræðingur, en störf hans um ævidagana voru ekki öll tengd því námi. Ríflega hálfan annan áratug starfaði hann að bæjarmálum og útvegsmálum á Ísafirði á umbrotatímum í stjórnmálum þar og nýjungatímum í atvinnuháttum landsmanna. Á þeim árum var honum auk margs annars falin þátttaka í stjórnarstörfum í landssamtökum sjávarútvegsins, svo sem áður hefur verið rakið. Síðar tóku við embættisstörf á vegum ríkisins fram til sjötugs, og á því tímabili sat hann á Alþingi takmarkaðan tíma. Störf sín öll leysti hann samviskusamlega af hendi, var skoðanafastur málafylgjumaður og prúðmenni í eðli og raun.

Minning Páls Þorsteinssonar.

Páll Þorsteinsson var fæddur á Hnappavöllum í Öræfum 22. október 1909. Foreldrar hans voru hjónin Þorsteinn bóndi þar Þorsteinsson bónda á Hnappavöllum Pálssonar og Guðrún Þorláksdóttir

bónda á Hnappavöllum Pálssonar. Hann stundaði nám í Héraðsskólanum á Laugarvatni tvo fyrstu veturna eftir stofnun hans, 1928–1930, og í Kennaraskólanum veturinn 1933–1934 og lauk kennaraprófi um vorið. Hann var barnakennari í Öræfum 1930–1933 og 1934–1942, og bóndi á Hnappavöllum var hann frá 1935 fram undir 1980.

Páll Þorsteinsson gekkst fyrir stofnun Ungmennafélags Öræfa árið 1933 og var formaður þess til 1943. Hann var í hreppsnefnd Hofshrepps 1934–1982 og hreppstjóri 1945–1984, formaður Sjúkrasamlags Hofshrepps 1951–1974 og formaður fræðsluráðs Austur-Skaftafellssýslu 1954–1974. Í stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga var hann 1965–1980. Hann var kosinn árið 1954 í kosningalaganefnd, 1956 í milliþinganefnd í samgöngumálum og skipaður 1958 í skólamálanefnd. Forseti Rímnafélagsins var hann 1965–1969. Við alþingiskosningarnar í júlí 1942 var hann í kjöri fyrir Framsóknarflokkinn í Austur-Skaftafellssýslu, hlaut kosningu og var þingmaður Austur-Skaftfellinga 1942–1959 og síðan þingmaður Austurlandskjördæmis 1959– 1974, sat á 35 þingum alls.

Páll Þorsteinsson naut ekki langrar skólavistar en aflaði sér traustrar menntunar og víðtæks fróðleiks af sjálfsdáðum. Hann tók þátt í félagsstörfum í sveit sinni og sýslu og var valinn til forustu án eigin eftirsóknar. Hann var starfsamur og vandvirkur, brást ekki trausti sem til hans var borið, hógvær og hófsamur. Hann átti sæti á Alþingi rúma þrjá áratugi, vann kjördæmi sínu dyggilega, ekki síst í samgöngumálum, og naut þess í lok þingferils síns að þar hafði geysimikið áunnist. Ræður hans einkenndust af vandlegri íhugun og skilmerkilegum flutningi. Hann var árum saman skrifari í Alþingi og gætti þar sem annars staðar nákvæmni hans og reglufestu. Eftir að þingsetu lauk vann hann að ritstörfum og komu frá hans hendi nokkur fróðleiksrit um heimahérað hans. Á sumrum vann hann löngum að bústörfum á Hnappavöllum og þar varð hann bráðkvaddur á miðju sumri.

Minning Geirs Hallgrímssonar.

Geir Hallgrímsson var fæddur í Reykjavík 16. desember 1925. Foreldrar hans voru hjónin Hallgrímur stórkaupmaður þar og alþingismaður Benediktsson trésmiðs á Vestdalseyri við Seyðisfjörð Jónssonar og Áslaug Geirsdóttir Zoëga rektors Menntaskólans í Reykjavík Tómassonar Zoëga. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík 1944 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 1948. Síðan stundaði hann framhaldsnám í lögfræði og hagfræði 1948–1949 í Bandaríkjunum. Héraðsdómslögmaður varð hann árið 1951 og hæstaréttarlögmaður 1957. Hann rak ásamt öðrum lögfræðingum málflutningsskrifstofu í Reykjavík 1951–1959 og var jafnframt forstjóri hlutafélagsins H. Benediktsson í Reykjavík 1955–1959. Árið 1959 var hann kjörinn borgarstjóri í Reykjavík og gegndi því starfi til 1. desember 1972, hafði þá setið rúm tvö ár á Alþingi. Forsætisráðherra var hann frá 28. ágúst 1974 til 1. september 1978 og utanríkisráðherra frá 26. maí 1983 til 24. janúar 1986. 1. september 1986 varð hann bankastjóri Seðlabanka Íslands og gegndi því starfi til æviloka.

Geir Hallgrímsson hóf afskipti af stjórnmálum þegar á skólaárum sínum. Hann var í stjórn Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna 1943–1946 og 1950–1954, formaður félagsins 1952–1954, formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands 1946–1947 og formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna 1957–1959. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins var hann frá 1965, varaformaður flokksins 1971–1973 og formaður 1973–1983. Hann var í stjórn hlutafélagsins Árvakurs frá 1954, formaður stjórnarinnar 1969–1986 og í stjórn Landsvirkjunar frá upphafi hennar 1965 til 1974. Borgarfulltrúi í Reykjavík var hann 1954–1974, sat í borgarráði 1954–1972. Árið 1960 tók hann í fyrsta sinn sæti á Alþingi, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, kom inn á sjö þing fram til 1969. Á árinu 1970 hlaut hann sæti aðalmanns á Alþingi við andlát Bjarna Benediktssonar og var þingmaður Reykjavíkur til 1983, sat þann tíma á fimmtán þingum. Eftir það var hann aftur varaþingmaður, sat allt þingið 1983–1984, tók þrisvar sæti varaþingmanns á þinginu 1984–1985, en jafnframt átti hann sæti á Alþingi sem utanþingsráðherra þau þing og fyrri hluta þingsins 1985.

Geir Hallgrímsson var ágætlega búinn undir þau miklu ábyrgðar- og forustustörf sem honum voru falin síðar á ævinni. Seta hans í borgarstjórn og borgarráði bjó hann vel undir starf borgarstjóra þegar hann var kvaddur til þess. Hann var þeirrar gerðar að hann kynnti sér alla tíð af mikilli kostgæfni þau mál sem um var fjallað. Hann varð athafnasamur borgarstjóri, beitti sér fyrir stórfelldum umbótum í gatnagerð borgarinnar, hitaveitumálum og skipulagsmálum. Í borgarstjórastarfi sínu var hann óumdeildur foringi flokksmanna sinna í Reykjavík og naut trausts og virðingar meðal samherja og andstæðinga í stjórnmálum. Á síðustu borgarstjóraárum sínum átti hann sæti á Alþingi. Þar var hann bráðlega kvaddur til forustustarfa í flokki sínum og ríkisstjórn. Hann var forsætisráðherra eitt kjörtímabil og hafði á þeim tíma forustu um útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu í 200 mílur og um lausn þeirrar hörðu deilu sem af henni leiddi. Síðar var hann utanríkisráðherra og naut í því starfi víðtækrar þekkingar sinnar og kynna af alþjóðamálum.

Geir Hallgrímsson var traustur flokksmaður alla ævi. Hann var staðfastur og drenglyndur og sjálfum sér samkvæmur í orðum og gerðum. Prúðmennska hans og hógværð reyndust honum gott veganesti í ábyrgðarmiklum störfum. Að vísu urðu oft harðar deilur um stefnu hans og störf, slíkt er hlutskipti forustumanna í stjórnmálum. En hann var drengilegur og hreinskiptinn mótherji og naut virð-

ingar andstæðinga fyrir drengilega viðureign. Sextugur að aldri hvarf Geir Hallgrímsson frá stjórnmálaátökum og varð seðlabankastjóri. Hann var vel til þess starfs búinn vegna lífsreynslu sinnar og þekkingar á efnahagsmálum. Þar entist hann skemur en vonir stóðu til. Heilsa hans brast. Á annað ár barðist hann hetjulega við þungbæran sjúkdóm og sinnti störfum sínum í Seðlabankanum eftir föngum fram undir ævilok.

Minning Stefáns Jónssonar.

Stefán Jónsson var fæddur á Hálsi í Geithellnahreppi 9. maí 1923. Foreldrar hans voru hjónin Jón skólastjóri á Djúpavogi Stefánsson bónda á Starmýri í Geithellnahreppi Jónssonar og Marselína kennari Pálsdóttir bónda á Brettingsstöðum á Flateyjardal Guðmundssonar. Auk barnaskólanáms stundaði hann nám í Samvinnuskólanum veturinn 1941–1942. Hann var fréttamaður við Ríkisútvarpið 1946–1965, dagskrárfulltrúi þar 1965–1973. Kennari við Héraðsskólann á Laugum var hann veturinn 1973–1974. Við alþingiskosningarnar 1971 var hann í kjöri fyrir Alþýðubandalagið í Norðurlandskjördæmi eystra og hlaut fyrsta sæti landskjörinna varaþingmanna. Tók hann sæti tímabundið á öllum þremur þingum kjörtímabilsins, en síðan var hann þingmaður kjördæmisins 1974–1983, sat á 14 þingum alls. Á þessum árum átti hann á tímabili sæti í rannsóknaráði ríkisins og framkvæmdanefnd þess. Jafnframt þessum störfum stundaði hann ritstörf, samdi bækur og þýddi, var meðritstjóri Útvarpstíðinda 1949 og Úrvals 1960.

Stefán Jónsson kom rúmlega tvítugur til starfa við Ríkisútvarpið. Hann varð brátt þjóðkunnur fyrir fréttaflutning sinn og viðtöl í útvarpi. Hann talaði og skrifaði kjarngott mál, var orðhagur og orðheppinn. Hann var viðræðusnillingur og frábær sögumaður, en einnig snjall hagyrðingur. Eitt helsta áhugamál hans var veiðimennska sem leiddi hann til ferða víða um land. Á þeim ferðalögum kynntist hann mannlífi um landsbyggðina og náttúrufari landsins, var glöggskyggn á hvort tveggja. Rit hans um veiðimennsku og veiðisögur, viðræðubækur við menn, sem höfðu frá ýmsu markverðu og sérstæðu að segja, og eigin æskuminningar bera vitni um ritsnilld hans og athyglisgáfu. Í ræðum á Alþingi setti hann fram stefnumið sín og skoðanir á kjarnyrtu máli. Ræður hans voru hnitmiðaðar og áhugaverðar á að hlýða, hvort sem menn voru honum sammála eða ekki. Hann lét af þingmennsku sextugur og fékkst eftir það við ritstörf og önnur áhugamál sín.

Ég vil biðja þingheim að minnast þessara látnu fyrrverandi alþingismanna, Ásbergs Sigurðssonar, Páls Þorsteinssonar, Geirs Hallgrímssonar og Stefáns Jónssonar, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Þingmennskuafsal Guðrúnar Agnarsdóttur.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 28. sept. 1990:

„Hér með afsala ég mér þingmennsku í hendur 1. varaþingkonu Kvennalistans í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrúnar J. Halldórsdóttur.

Um leið vil ég þakka þingmönnum og starfsfólki Alþingis fyrir samstarfið og óska þeim farsældar í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
Guðrún Agnarsdóttir,
6. þm. Reykv.

Til forseta sameinaðs Alþingis,
Guðrúnar Helgadóttur."

Samkvæmt bréfi þessu um afsal þingmennsku tekur Guðrún J. Halldórsdóttir, 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, sæti á Alþingi sem 18. þm. Reykv., en Þórhildur Þorleifsdóttir verður hins vegar 12. þm. Reykv. og Kristín Einarsdóttir 6. þm. Reykv.

Hv. þingmaður Guðrún J. Halldórsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili sem varamaður og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hennar. Ég vil bjóða hana velkomna til starfa á Alþingi. Jafnframt vil ég færa Guðrúnu Agnarsdóttur, sem nú hverfur af þingi, þakkir fyrir störf hennar á Alþingi.

SAMEINAÐ ÞING

frh. 1. fundar, fimmtudaginn 11. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Borist hefur svofellt bréf, dags. 11. okt. 1990:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Geir Gunnarsson,
5. þm. Reykn."

Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra hefur áður tekið sæti aðalmanns á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Býð ég hann velkominn hér til starfa.

Rannsókn kjörbréfs.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Borist hefur svofellt bréf, dags. 10. okt. 1990:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Borgfl. í Reykjavík, Guttormur Einarsson, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
11. þm. Reykv."

Samkvæmt þessu bréfi og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Guttorms Einarssonar, 1. varamanns Borgfl. í Reykjavík. Gerð verður því hlé á fundinum í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):
Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og tekið fyrir kjörbréf Guttorms Einarssonar, 1. varamanns á lista Borgfl. í Reykjavík, sem taki sæti Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur. Kjörbréfanefnd hefur athugað þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Kjörbréf Guttorms Einarssonar samþ. með 46 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Guttormur Einarsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Honum ber því nú skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Guttormur Einarsson, 11. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Guttormur Einarsson hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hann er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þau Önnnu Ólafsdóttur Björnsson, 10. þm. Reykn., og Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv., með 33 atkv. — Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hlaut 2 atkv., Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn., hlaut 1 atkv., Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Guðrún Helgadóttir er því rétt kjörin forseti sameinaðs Alþingis og óska ég eftir því að hún komi og taki hér við fundarstjórn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ég þakka hv. þm. það traust sem þeir hafa nú sýnt mér þriðja sinni með því að fela mér embætti forseta þingsins.

Við eigum fyrir höndum stutt og annasamt þing og mikilvæg mál bíða afgreiðslu. Ég vona að við eigum góð og drengileg samskipti hér eftir sem hingað til. Ég mun leitast við að tryggja að á einskis manns rétt sé gengið svo að þingið megi starfa á þann veg sem því sæmir.

Forsetar þingsins og starfslið hafa átt annasamt sumar við ýmsar skipulagsbreytingar innan þings sem miðað hafa að því að bæta starfsskilyrði þingmanna. Því verki er engan veginn lokið en sú er þó von okkar að það sem þegar hefur verið gert hafi vel til tekist og verkið auðveldi nokkuð störf þingmanna.

Ég færi starfsmönnum þakkir fyrir vel unnin störf við þessa endurskipulagningu og endurtek þakkir mínar til hv. þm.

Hinn kjörni forseti lét nú fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., með 48 atkv. — Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., hlaut 2 atkv., Ólafur Ragnar Grímsson hlaut 1 atkv., Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl., hlaut 2 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Þó svo hæstv. fjmrh. sé svo heppinn að hafa atkvæðisrétt hér sem varamaður hv. þm. Geirs Gunnarssonar er hann ekki kjörgengur til forsetakjörs. Því verður þessi atkvæðaseðill að skrifast ógildur þótt hæstv. fjmrh. hafi sýnt góða viðleitni til þess að hreppa þetta virðulega embætti.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Mér sýnist jafnt á komið með Ólafi Ragnari Grímssyni og „frú Salome", að hvorugur hafi setu á þinginu. Hins vegar var ekki lýst atkvæðafjölda þegar úrskurðað var um kjörið af forsetanum og væri fróðlegt að vita hvort það hafi verið 47 eða 48 atkvæði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Vegna athugasemdar hv. 2. þm. Vestf. vill forseti taka fram að þegar hefur verið lýst atkvæðafjölda við kjör hæstv. 1. varaforseta. Hann var sem hér segir: Frú Salome Þorkelsdóttir fékk 48 atkvæði, Þorsteinn Pálsson fékk 2, Ólafur Ragnar Grímsson

1. Eggert Haukdal 2 og auðir seðlar voru 5.

Forseti hefur rætt við lagalegan ráðgjafa sinn og lýsir því yfir að rétt muni vera sú athugasemd sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur gert hér að hv. þm. og hæstv. fjmrh. muni ekki kjörgengur til þessa háa embættis. Vænti ég þess að nóg sé að gleyma þessu atkvæði. Ég vænti þess að hv. þm. fari ekki að fara fram á það að kosningin verði endurtekin. (Gripið fram í.) Þá er atkvæðið úrskurðað ógilt og vænti ég að allir hv. þm. séu sáttir við þá niðurstöðu.

Annar varaforseti var kosinn

Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., með 49 atkv. — Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., hlaut 1 atkv., Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., Ólafur Ragnar Grímsson hlaut 1 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Atkvæði það sem Ólafur Ragnar Grímsson hlaut er úrskurðað ógilt. Valgerður Sverrisdóttir er því rétt kjörin annar varaforseti sameinaðs Alþingis.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru JE og GJH. — Þar sem eigi voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., og
Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég býð varaforseta þingsins og skrifara velkomna til starfa og vænti þess að eiga við þá gott og drengilegt samstarf.

EFRI DEILD

1. fundur, fimmtudaginn 11. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.
2. Egill Jónsson, 4. þm. Austurl.
3. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv.
5. Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv.
6. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.
7. Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.
8. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
9. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
10. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn.
11. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
12. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn.
13. Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn.
14. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
15. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
16. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn.
17. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
18. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
19. Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv.
20. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.
21. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Aldursforseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég býð hv. deildarmenn velkomna til þings og til starfa á þessu þingi.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Egil Jónsson, 4. þm. Austurl., og Valgerði Sverrisdóttur, 5. þm. Norðurl. e., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jón Helgason, 2. þm. Suðurl., með 18 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég vil óska hæstv. forseta, Jóni Helgasyni, til hamingju með kjörið og bið hann að gera svo vel og taka við fundarstjórn.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil þakka hv. deildarmönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig forseta hv. Ed. Ég vonast til þess að samstarf okkar megi verða jafngott og á fyrri þingum þannig að störfin gangi hér sem best.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., með 18 atkv. — Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn., hlaut 1 atkv.

Annar varaforseti var kosinn

Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn., með 19 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru EgJ, VS. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Egill Jónsson, 4. þm. Austurl., og
Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.

Forseti (Jón Helgason):
Ég vil bjóða þá starfsmenn deildarinnar, sem nú hafa verið kjörnir, velkomna til starfa.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

1. sæti hlaut Guðmundur Ágústsson,
2. sæti hlaut Skúli Alexandersson,
3. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir,
4. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
5. sæti hlaut Halldór Blöndal,
6. sæti hlaut Þorv. Garðar Kristjánsson,
7. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
8. sæti hlaut Danfríður Skarphéðinsdóttir,
9. sæti hlaut Guðmundur H. Garðarsson,
10. sæti hlaut Eiður Guðnason,
11. sæti hlaut Salome Þorkelsdóttir,
12. sæti hlaut Karl Steinar Guðnason,
13. sæti hlaut Karvel Pálmason,
14. sæti hlaut Guðrún J. Halldórsdóttir,
15. sæti hlaut Jóhann Einvarðsson.

NEÐRI DEILD

1. fundur, fimmtudaginn 11. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 11. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn.
4. Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv.
6. Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv.
7. Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.
8. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
9. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv.,
10. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
11. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv.
12. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
13. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv.
14. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
15. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv.
16. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl.
17. Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn.
18. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl.
19. Jóhanna Sigurðardóttir, 9. þm. Reykv.
20. Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv.
21. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
22. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv.
23. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.
24. Kristinn Pétursson, 5. þm. Austurl.
25. Kristín Einarsdóttir, 6. þm. Reykv.
26. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
27. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
28. Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.
29. Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn.
30. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
31. Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl.
32. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
33. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
34. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
35. Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv.
36. Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn.
37. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf.
38. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
39. Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn.
40. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
41. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
42. Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þau Rannveigu Guðmundsdóttur, 9. þm. Reykn., og Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosninga. Kosningu hlaut **Árni Gunnarsson**, 3. þm. Norðurl. e., með 33 atkv. — Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv. en 2 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Árni Gunnarsson er rétt kjörinn forseti deildarinnar með 33 atkv. og bið ég hann að koma hér og taka við fundarstjórn.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Ég vil byrja á því að þakka hv. þingdeildarmönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig forseta þessarar virðulegu deildar. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til þess að bregðast ekki þessu trausti og vænti þess fastlega að geta átt á þessu þingi, eins og raunar hinu síðasta, gott samstarf við alla þingdeildarmenn og gildir þá

einu hvort um er að ræða þingmenn stjórnar eða stjórnarandstöðu.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., með 30 atkv. — Geir Gunnarsson, 1. þm. Reykn., hlaut 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., með 25 atkv. — Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., hlaut 4 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., og
Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

15. sæti hlaut Matthías Bjarnason,
16. sæti hlaut Guðmundur G. Þórarinsson,
17. sæti hlaut Þorsteinn Pálsson,
18. sæti hlaut Guðni Ágústsson,
19. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
20. sæti hlaut Friðjón Þórðarson,
21. sæti hlaut Guttormur Einarsson,
22. sæti hlaut Friðrik Sophusson,
23. sæti hlaut Geir H. Haarde,
24. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson,
25. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson,
26. sæti hlaut Jón Sæmundur Sigurjónsson,
27. sæti hlaut Kristinn Pétursson,
28. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
29. sæti hlaut Málmfríður Sigurðardóttir,
30. sæti hlaut Matthías Á. Mathiesen,
31. sæti hlaut Ragnhildur Helgadóttir,
32. sæti hlaut Stefán Valgeirsson,
33. sæti hlaut Þórhildur Þorleifsdóttir,
34. sæti hlaut Eggert Haukdal,
35. sæti hlaut Páll Pétursson,
36. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
37. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
38. sæti hlaut Birgir Ísl. Gunnarsson,
39. sæti hlaut Ásgeir Hannes Eiríksson,
40. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
41. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
42. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
43. sæti hlaut Anna Ólafsdóttir Björnsson,
44. sæti hlaut Ólafur G. Einarsson,
45. sæti hlaut Alexander Stefánsson.

SAMEINAÐ ÞING

2. fundur, fimmtudaginn 11. okt., að loknum fundum í deildum.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Alexander Stefánsson (A),
Egill Jónsson (B),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Málmfríður Sigurðardóttir (B),
Ásgeir Hannes Eiríksson (A),
Pálmi Jónsson (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Varamenn:
Jón Kristjánsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Guðrún J. Halldórsdóttir (B).

3. Atvinnumálanefnd.
Jón Kristjánsson (A),
Geir H. Haarde (B),
Árni Gunnarsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Geir Gunnarsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Hreggviður Jónsson (B).

4. Allsherjarnefnd.
Guðni Ágústsson (A),

Eggert Haukdal (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Kristinn Pétursson (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Jón Kristjánsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B).

5. Félagsmálanefnd.
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Kristinn Pétursson (B),
Alexander Stefánsson (A),
Ásgeir Hannes Eiríksson (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

EFRI DEILD

2. fundur, fimmtudaginn 11. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Halldór Blöndal (B),
Guðmundur Ágústsson (A),
Guðrún J. Halldórsdóttir (B).

2. Samgöngunefnd.
Jón Helgason (A),
Egill Jónsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Halldór Blöndal (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B).

3. Sjávarútvegsnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Halldór Blöndal (B),
Jóhann Einvarðsson (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

4. Félagsmálanefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Jón Helgason (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Guðrún J. Halldórsdóttir (B).

5. Menntamálanefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Halldór Blöndal (B),
Eiður Guðnason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Jón Helgason (A),
Guðrún J. Halldórsdóttir (B).

6. Allsherjarnefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Guðmundur Ágústsson (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

Fundi frestað.

NEÐRI DEILD

2. fundur, fimmtudaginn 11. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),

Matthías Bjarnason (B),
Ragnar Arnalds (A),
Páll Pétursson (A),
Þórhildur Þorleifsdóttir (B).

2. Samgöngunefnd.
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Guðni Ágústsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Guðni Ágústsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Ásgeir Hannes Eiríksson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Ragnar Arnalds (A),
Alexander Stefánsson (A),
Málmfríður Sigurðardóttir (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Alexander Stefánsson (A),
Kristinn Pétursson (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Geir Gunnarsson (A),
Hreggviður Jónsson (B),
Guðni Ágústsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Friðrik Sophusson (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Páll Pétursson (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

6. Félagsmálanefnd.
Alexander Stefánsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Geir H. Haarde (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B),
Jón Kristjánsson (A).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Geir H. Haarde (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Geir Gunnarsson (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

8. Menntamálanefnd.
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Ragnar Arnalds (A),
Þórhildur Þorleifsdóttir (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A).

9. Allsherjarnefnd.
Jón Kristjánsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Guðni Ágústsson (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (A),
Ingi Björn Albertsson (B).

EFRI DEILD

frh. 2. fundar, mánudaginn 15. okt., kl. 13.45 miðdegis.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

7. Landbúnaðarnefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Egill Jónsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Jón Helgason (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

8. Iðnaðarnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Jón Helgason (A),
Guðrún J. Halldórsdóttir (B).

Forseti (Jón Helgason):
Þá er lokið kosningu í nefndir Ed. Ég vil beina því til hv. nýkjörinna nefndamanna, og sérstaklega efsta manns á lista meiri hlutans, að ljúka kjöri embættismanna nefndanna sem fyrst í samráði við starfsmann nefndanna.

SAMEINAÐ ÞING

3. fundur, mánudaginn 15. okt., að loknum fundi í Ed.

Minning Alfreðs Gíslasonar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Alfreð Gíslason læknir og fyrrverandi alþingismaður andaðist í fyrradag, laugardaginn 13. október, 84 ára að aldri. Alfreð Gíslason var fæddur í Reykjavík 12. desember 1905. Móðir hans var Sigríður Brynjólfsdóttir bónda á Sitjanda undir Eyjafjöllum Tómassonar, en faðir hans Alfreð Jensen, danskur sjómaður. Kjörforeldrar hans voru hjónin Gísli sjómaður í Reykjavík Gíslason og Guðrún Þorsteinsdóttir bónda í Reykjakoti í Biskupstungum Þorsteinssonar. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík 1926 og læknisfræðiprófi í Háskóla Íslands 1932. Á árunum 1932–1936 var hann við framhaldsnám og störf í nokkrum sjúkrahúsum í Danmörku. Árið 1936 var hann viðurkenndur sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum og var starfandi læknir í Reykjavík frá og með því ári. Á árunum 1946–1962 fór hann nokkrum sinnum úr landi til að kynna sér nýjungar í sérgrein sinni, dvaldist þá um tíma í Danmörku, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Vestur-Þýskalandi. Hann var eftirlitslæknir við hressingarheimilið í Kumbaravogi 1943-1945, var læknir við elliheimilið Grund frá 1953 og starfaði að áfengisvörnum í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur frá árinu 1953.

Alfreð Gíslason sinnti ýmsum félagsmálastörfum. Hann var í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur frá stofnun þess 1949 og formaður þess 1951–1959, í stjórn Geðverndarfélags Íslands frá stofnun þess 1950–1962 og var einn af stofnendum Samtaka presta og lækna árið 1953 og formaður samtakanna fyrsta árið. Í stjórn Félags sjúkrahúslækna var hann frá stofnun þess 1962 og í stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands frá stofnun þess 1974. Árið 1954 var hann kosinn í milliþinganefnd í heilbrigðismálum, 1959 í milliþinganefnd til að athuga starfsskilyrði aldraðs fólks og 1964 í áfengismálanefnd. Hann var í tryggingaráði 1971–1974 og skipaður í heilbrigðisráð Íslands í upphafi árs 1974. Hann átti sæti í borgarstjórn Reykjavíkur 1954–1966, var í borgarráði 1955–1956, í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkur 1959–1962 og í sjúkrahúsnefnd Reykjavíkur frá 1958.

Alfreð Gíslason var formaður Málfundafélags jafnaðarmanna frá stofnun þess 1954 og átti síðar sæti í miðstjórn Alþýðubandalagsins. Við alþingiskosningarnar 1956 var hann í kjöri fyrir Alþýðubandalagið í Reykjavík og hlaut sæti landskjörins þingmanns til vors 1959. Í haustkosningunum 1959 var hann kjörinn þingmaður Reykvíkinga og sat á Alþingi til 1967, á 11 þingum alls. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sat hann 1971 og 1972.

Alfreð Gíslason var mikill starfsmaður. Jafnframt annasömum læknisstörfum vannst honum tími til þátttöku í margs konar félags- og nefndastörfum. Á Alþingi átti hann jafnan sæti í heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Þau mál sem þar var fjallað um voru honum mjög hugstæð jafnframt hvers konar velferðarmálum. Öllum þeim störfum sem honum voru falin sinnti hann af alúð og skyldurækni. Málflutningur hans hvarvetna mótaðist af hófsemd og festu.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Alfreðs Gíslasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hafa eftirfarandi bréf, dags. 15. okt. 1990:

Fyrsta bréfið hljóðar á þessa leið:

„Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hans verið rannsakað. Hann er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Annað bréfið er svohljóðandi:

„Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er að fara til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Sverrir Sveinsson veitustjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Með bréfi þessu fylgir staðfest skeyti 1. varamanns Framsfl. í Norðurl. v. svohljóðandi:

„Það staðfestist hér með að sökum anna getur undirrituð ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Páls Pétursssonar að þessu sinni.

Elín R. Líndal, Lækjamóti."

Sverrir Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Hann er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Þriðja bréfið hljóðar svo:

„Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Valdimar Indriðason, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Valdimar Indriðason hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Ég býð hann velkominn til starfa.

Hið fjórða bréf er svohljóðandi:

„Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Níels Árni Lund hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans því verið rannsakað. Ég býð hann velkominn til starfa.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svofellt bréf:

„Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á þingi taki 2. varamaður Borgfl. í Reykjavík, Hulda Jensdóttir, fyrrverandi forstöðumaður, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Hulda Jensdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf hennar skv. 4. gr. þingskapa. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Huldu Jensdóttur sem er undirritað af landskjörstjórn 12. okt. 1989. Þar er sagt að hún hafi hlotið við alþingiskosningarnar 25. apríl 1987 kosningu sem 4. varamaður Borgfl. í Reykjavík lögmæltan tíma, en þar sem einn þingmaður Borgfl. hefur sagt af sér og annar hefur látist á þessu tímabili þá er Hulda Jensdóttir 2. varamaður Borgfl. í Reykjavík.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert við þetta kjörbréf að athuga og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Huldu Jensdóttur samþ. með 54 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hulda Jensdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Henni ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Hulda Jensdóttir, 16. þm. Reykv., hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Ég býð hana velkomna til starfa á hinu háa Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Bygging og rekstur álvers.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka það að virðulegur forseti skuli hafa heimilað mér að hefja hér umræður utan dagskrár um það mál sem einna mest hefur verið til umræðu í þjóðmálaumræðunni að undanförnu, en það eru fyrirhugaðir samningar um byggingu og rekstur álvers sem nú hefur verið ákveðið að sett skuli niður á Keilisnesi. Ég vil jafnframt þakka hæstv. ráðherrum, hæstv. forsrh., hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. fyrir það að hafa fallist á að taka þátt í þessari umræðu og mun ég í mínu máli beina til þeirra nokkrum fyrirspurnum.

Ég vil strax í upphafi láta það koma skýrt fram, sem reyndar ætti að vera óþarft, að Sjálfstfl. hefur alla tíð haft mjög skýra stefnu í stóriðjumálum. Við höfum talið það nauðsynlegt að eiga samstarf við erlenda aðila um nýtingu orkulinda landsins til þess að bæta lífskjör þjóðarinnar. Með Atlantsálsverkefninu urðu þáttaskil í þessu máli, þá voru notuð ný vinnubrögð til að afla samstarfsaðila, íslensk stjórn-

völd ákváðu þá við hvaða aðila yrði samið og hvers konar verksmiðju þau vildu. Kynning á Atlantsálsverkefninu fór fram á fyrri hluta ársins 1988 og í júlí á því ári var undirritaður samningur um hagkvæmnisathugun milli fjögurra álfyrirtækja í Evrópu og íslenskra stjórnvalda. Iðnrn. og Landsvirkjun stofnuðu sérstaka markaðsskrifstofu til að tryggja sem best upplýsingastreymi til þeirra sem sýna áhuga á orkukaupum og samstarfi um orkufrekan iðnað. Auk þeirra fjögurra evrópsku fyrirtækja sem mynduðu í upphafi Atlantsálshópinn sýndu nokkur önnur fyrirtæki þessu verkefni áhuga. Þar á meðal var bandaríska fyrirtækið Alumax, ítalska fyrirtækið Aluminia Spa og Hydro Aluminium í Noregi. Þá þegar, þ.e. á árunum 1987 og þó einkum á árinu 1988, var það ákveðið og sú framtíðarstefna mörkuð að reyna að freista þess að mynda nýjan hóp þessara fyrirtækja eða annarra um byggingu annars álvers á landinu og var þá haft í huga fyrst og fremst svæði utan Stór-Reykjavíkursvæðisins, annars vegar Eyjafjarðarsvæðið og hins vegar Austurland.

Eins og allir vita, þá gerðist það í lok síðasta árs að Alusuisse heltist úr lestinni og ákvað að taka ekki frekari þátt í starfi Atlantsálshópsins og þá kom bandaríska fyrirtækið Alumax til skjalanna, en það var að tilhlutan Jóhannesar Nordals, formanns ráðgjafarnefndar iðnrh., sem hafði þá um haustið í september haft samband við forustumenn og forráðamenn fyrirtækisins og í þeim samskiptum var ákveðið að forráðamenn Alumax kæmu til Íslands í upphafi þessa árs til þess að ræða m.a. þá gömlu hugmynd hvort hugsanlegt væri að setja niður nýjan hóp til þess að byggja og reka álver annars staðar á landinu. Það gerðist síðan í desember og í framhaldi af því í byrjun þessa árs að Alumax ákvað að koma til samstarfs við þá aðila sem eftir voru í Atlantsálshópnum og komu þess vegna þessi gömlu sambönd sér ákaflega vel. Það er ljóst bæði af því sem ég hef hér sagt og eins af ýmsu öðru að hæstv. núv. iðnrh. hefur í sínu starfi unnið á þeim grundvelli sem forverar hans höfðu unnið og ber að sjálfsögðu að þakka það og virða þótt deila megi um ýmislegt hvað varðar málsmeðferðina í höndum hæstv. ráðherra.

Allt frá upphafi núverandi stjórnarsamstarfs hefur álmálið reynst núverandi ríkisstjórn þungt í skauti. Fyrir réttum tveimur árum síðan urðu umræður utan dagskrár hér á hv. Alþingi. Í þeim umræðum gaf hæstv. forsrh. út sérstaka yfirlýsingu þar sem hann sagði m.a. orðrétt með leyfi forseta:

„Ég gaf þá yfirlýsingu við myndun ríkisstjórnarinnar að stjfrv. um byggingu álvers yrði að sjálfsögðu ekki flutt nema stjórnarflokkarnir allir samþykki það eins og venja er um stjfrv. Ég lýsti því jafnframt yfir að verði samþykkt lög um nýtt álver á Alþingi, þá hlýt ég þegar um svo viðamikið mál er að ræða að líta svo á að orðinn sé nýr meiri hluti á þingi og hljóti stjórnarflokkarnir að taka slíkt til meðferðar."

Það er einmitt í þessa yfirlýsingu sem oft hefur verið vitnað til þess að benda á að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að ekki komi til greina að hæstv. ríkisstjórn efni til samstarfs við flokka eða þingmenn utan stjórnarflokkanna um þetta mikilvæga mál.

Þegar hæstv. núv. iðnrh. tók við iðnrn. gerði hann nokkrar skipulagsbreytingar. Samninganefnd sem áður hafði starfað var lögð niður, en ráðgefandi nefnd var sett á laggirnar í staðinn. Reyndar voru sömu menn að mestum hluta í þessum nefndum en þessi aðgerð lýsti þó því að hæstv. ráðherra ákvað að taka málin í sínar hendur og takmarka þannig umboð þeirrar nefndar sem áður hafði unnið að málinu. Það var athygli vert í umræðum sem urðu um skipun samninganefndarinnar á sínum tíma að sumir núv. hæstv. alþýðubandalagsráðherrar lýstu því yfir að þeir bæru ekki ábyrgð á skipan þess manns sem var fenginn til starfa í ráðgjafarnefndinni og er félagi í Alþb., en það er Baldur Óskarsson. Þetta kom m.a. fram í orðum hæstv. samgrh. sem taldi að óeðlilega hefði verið staðið að því að velja alþýðubandalagsmanninn í samninganefndina.

Eins og ég hef getið um áður þá hefur um nokkurt skeið borið á gagnrýnisröddum, einkum og sér í lagi úr stjórnarliðinu, á það hvernig hæstv. iðnrh. hefur haldið á þessu máli. Gagnrýnin hefur í fyrsta lagi beinst að því að hæstv. ráðherra hafi í tíma og ótíma, ef svo má að orði komast, gefið út ótímabærar yfirlýsingar um óorðna atburði til að gefa í skyn að hæstv. ráðherra réði meiru um framvindu málsins en hann í raun gerir og gerði. Í öðru lagi hefur hæstv. ráðherra verið gagnrýndur allnokkuð af hálfu svokallaðra samstarfsmanna sinna fyrir staðsetningarvalið.

Það var öllum ljóst fyrir löngu síðan að Keilisnesið yrði fyrir valinu. Hæstv. ráðherra dró það hins vegar lengi að lýsa því yfir að þetta væri val útlendinganna og það var ekki fyrr en fyrir skömmu, fyrstu dagana í þessum mánuði, sem hæstv. ráðherra fékkst til þess að segja sannleikann í þessu máli. Áður hafði reyndar flokksbróðir hans, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sagt frá því í fjölmiðlum að Keilisnesið hefði orðið fyrir valinu og við hann var viðtal í Ríkisútvarpinu þar sem hann sagðist geta staðhæft að svo væri, en það var um það bil mánuði áður en hæstv. ráðherra fékkst til þess að segja frá því hver niðurstaðan hefði orðið.

Ég kýs að ræða ekki frekar þetta mál hér. Ég býst við að ýmsir vilji taka til máls um staðarvalið og ég tel ósköp eðlilegt að þeir sem hafa kannski orðið leiksoppar í því máli fái tækifæri hér til þess að ræða við hæstv. ráðherra um það mál sérstaklega. Ég hygg þó að það hafi keyrt úr hófi og kannski kastað tólfunum algerlega þegar hæstv. ráðherra hefur með hjálp Alþýðublaðsins látið að því liggja að hann hafi í raun einn gert allt það sem gert hefur verið í þessu máli. Þetta hefur farið mjög í taugarnar á ýmsum samstarfsmönnum hæstv. ráðherra. Ég tíndi saman í morgun örfá dæmi um þetta og til þess að rifja það upp fyrir hv. alþm. langar mig til að lesa hér örfá ummæli úr leiðara Alþýðublaðsins sem

kannski lýsa því vel hvað við er átt þegar hv. þm. úr röðum stjórnarflokkanna gagnrýna hæstv. ráðherra fyrir þetta. Hinn 16. mars sl. er leiðari í Alþýðublaðinu sem nefnist „Afrek iðnaðarráðherra." Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örstuttan kafla úr þessum leiðara. Í fyrsta lagi orðrétt:

„Með undirritun yfirlýsingarinnar er þátttaka Alumax í Atlantalverkefninu formlega staðfest. Sú staðfesting er fyrst og fremst afrek Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra."

Ég hef áður lýst því hver var grundvöllur þátttöku Alumax í þessu verkefni, en viðræður við það fyrirtæki höfðu margsinnis farið fram áður.

Í öðru lagi segir í þessum leiðara orðrétt: „Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra hefur hér lyft Grettistaki. Með öruggri og skipulagðri vinnu hefur Jóni Sigurðssyni ráðherra tekist það sem öllum öðrum iðnaðarráðherrum hefur mistekist frá því að álverið í Straumsvík var reist á 7. áratugnum, að leggja grunninn að áframhaldandi nýtingu innlendra orkulinda með aukinni stóriðju á Íslandi og stuðla þar með að framförum í atvinnulífi og meira jafnvægi í efnahagslífi." Og aðeins síðar orðrétt: „Jóni Sigurðssyni ráðherra Alþfl. hefur nú tekist að rjúfa hinn lokaða hring íslenska atvinnulífsins og færa Ísland nær margbreytileik erlendra framleiðslugreina." Og loks: „Það er því nauðsynlegt að allir leggist á eitt svo að iðnaðarráðherra megi ljúka þessu mikla hagsmunamáli fyrir þjóð og land á sem hagkvæmastan hátt." Og hér lýkur tilvitnun í þennan leiðara.

Seint í sumar mátti lesa í Alþýðublaðinu eftirfarandi orðrétt: „Það er fyrst með komu Jóns Sigurðssonar í iðnrn. að hjólin taka að snúast í stóriðjumálum á Íslandi." Og stuttu síðar í þessari grein sem greinilega er höfð eftir aðilum sem eru a.m.k. mjög nánir ráðherranum svo að ekki sé nú meira sagt og þá er verið að fjalla um sjálfstæðismennina, segir orðrétt: „Þeir eru ósáttir við að einn ráðherra Alþfl. hafi afrekað það þrekvirki að fá álver til landsins á tveimur árum."

Loks 5. okt. skrifar Alþýðublaðið enn á ný og með leyfi forseta ætla ég að vitna í Alþýðublaðið og ég tel að heimildirnar séu ansi nærri iðnrn. Það er á þessa leið:

„Jón Sigurðsson iðnrh. hefur unnið þrekvirki að hafa einn og óstuddur borið hið mikla álmál fram að hinum mikilvæga áfanga gærdagsins. Þrátt fyrir níðhögg andstæðinga jafnt sem svonefndra samherja og ótal viðkvæma og erfiða áfanga málsins hefur iðnrh. tekist með rökvísi, staðfestu og óbilandi trú á farsæla lausn verkefnisins að koma þessu risavaxna máli á lokastig. Aðrir en Jón Sigurðsson hefðu efalítið bognað og brotnað undir hinu mikla pólitíska álagi þessa máls. Jón Sigurðsson hefur oftsinnis lýst álmálinu sem stærsta hagsmunamáli Íslands á síðari árum. Alþýðublaðið tekur undir þau orð ráðherrans. Það er Íslendingum léttir að eiga stjórnmálamann sem þorir að horfa fram hjá pyttum pólitískra sérhagsmuna og flokkadrátta en lítur í stað þess til framtíðar fyrir land og þjóð. Mættum við eiga fleiri stjórnmálamenn eins og Jón Sigurðsson iðnrh."

Þetta er orðrétt úr Alþýðublaðinu og fyrr í þessum leiðara er ýmislegt haft eftir þeim sem starfa í iðnrn. Ég hygg, virðulegur forseti, að það hafi verið málflutningur á borð við þennan sem ég hef nú kynnt og rifjað upp fyrir hv. þm. sem varð þess valdandi í stjórnarsamstarfinu að ýmsir svonefndir samstarfsmenn, svo að ég vitni orðrétt í þennan leiðara, hafa gerst æði þreyttir á meðferð hæstv. ráðherra á þessu máli.

Þar með get ég vitnað í dagblaðið Tímann sem er eitt aðalstuðningsblað og málgagn ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur gagnrýni á hæstv. ráðherra og hann er í raun og veru verulega mikið gagnrýndur fyrir það að hafa gert þetta mál að einkamáli sínu. Hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., er spurður í Tímanum hinn 12. okt. sl. hvort Landsvirkjunarstjórn hafi ekki verið að snupra Jóhannes Nordal með samþykktinni sl. fimmtudag. Þar segir orðrétt: „Páll Pétursson alþm. og stjórnarmaður í Landsvirkjun var spurður hvort líta beri á samþykktina sem vantraust á Jóhannes Nordal, formann stjórnar. Páll sagðist ekki líta á málið þeim augum. Stjórnin væri fyrst og fremst að lýsa yfir vantrausti á málsmeðferð iðnrh."

Virðulegur forseti. Þótt þetta þyki ekki öllum merkilegt þá get ég ímyndað mér að það sé einmitt slík málsmeðferð sem hafi í raun farið nokkuð í taugarnar á samstarfsmönnum eða þeim sem Alþýðublaðið kallar „svonefndum samstarfsmönnum" hæstv. iðnrh. Þetta fellur líka dálítið illa að því þegar hæstv. ráðherra grípur til þess í vörn sinni nýlega að benda á að í rauninni hafi útlendingarnir ákveðið staðarvalið, enda kemur það fram í skýrslu sem nú hafi verið dreift á Alþingi, og í raun og veru hafi Landsvirkjunarstjórn ætíð haft með orkumálin að gera. Þessu til viðbótar hefur hæstv. fjmrh. margoft lýst því yfir að það sé hann sem hafi náð þessum góðu samningum í skattamálum. Og er þá ansi lítið eftir sem hæstv. iðnrh. getur státað af ef þetta er rétt sem ég ætla ekki að staðfesta að sé, en ég veit að hæstv. ráðherrar, þar á meðal hæstv. fjmrh., geta gert. Vandinn í þessu máli er kannski sá, virðulegur forseti, að það er ekki svo mikið deilt um hvað hafi verið gert af sumum heldur hvernig það hefur verið gert.

Mig langar nú, virðulegur forseti, til þess að beina örfáum spurningum til hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi langar mig til þess að beina fyrirspurn til hæstv. iðnrh. Hefur hæstv. iðnrh. kannað hvort full samstaða sé meðal hv. stjórnarþm. um þá staðsetningu sem búið er að ákveða? Og hver er niðurstaða þeirrar könnunar ef hún hefur farið fram?

Í öðru lagi vil ég beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. og reyndar hæstv. fjmrh. hafa báðir nefnt að Landsvirkjun ætti að greiða niður raforku út á land. Nú hefur komið í ljós að ekki eru efni til slíkra aðgerða. Hyggst hæstv. ríkisstjórn gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir byggðaröskun og til hvaða ráðstafana á þá að grípa?

Í þriðja lagi til hæstv. fjmrh. Hafa stjórnarflokkarnir og hæstv. ríkisstjórn, þá tala ég um ríkisstjórn

í heilu lagi, samþykkt fyrirliggjandi minnisblað um skattamálin með þeim undanþágum frá íslenskum skattalögum sem þar er að finna fyrir fyrirtækið. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherrar gætu svarað næstu fyrirspurn: Ætlar hæstv. ríkisstjórn að koma í veg fyrir þenslu vegna byggingar álvers og virkjana með því að draga saman á öðrum framkvæmdasviðum og þá er auðvitað fyrst og fremst verið að tala um opinberar framkvæmdir og hvar mun sá samdráttur eiga sér stað?

Til hæstv. iðnrh. Í hvaða lög hyggst hæstv. ríkisstjórn setja heimild til erlendrar lántöku fyrir Landsvirkjun á næsta ári til að fyrirtækið geti staðið við framkvæmdaáætlun sína? Verður það í sérstökum heimildarlögum eða í lánsfjárlögum?

Til hæstv. forsrh. Hefur hæstv. ríkisstjórn samþykkt tímaáætlanir hæstv. iðnrh. um framlagningu og samþykkt heimildarlöggjafar? Í þessu sambandi, virðulegi forseti, vil ég rifja það upp að á síðasta þingi var sagt að þá, á því þingi mundi verða lagt fram frv. til heimildarlaga í þessu máli. Það var ekki gert. Seint í sumar lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að hann mundi við upphaf þingsins, þ.e. í dag, leggja fram heimildarlagafrv. Í þeirri skýrslu hins vegar sem lögð var fram á sl. fimmtudegi hér á hinu háa Alþingi er þess getið að frv. til heimildarlaga verði lagt fram síðar í þessum mánuði og að því stefnt að þau verði staðfest fyrir áramót. Nú spyr ég: Hefur hæstv. ríkisstjórn samþykkt þessa tímaáætlun? Það er ákaflega mikilvægt að átta sig á þessu. Ég vil benda á af því að ég las nýlega viðtal við hæstv. forsrh. í amerísku blaði að blaðamaðurinn sem skrifar það hefur það reyndar ekki beint eftir forsrh. en skrifar það eftir viðtal við forsrh., að forsrh. hafi sagt að hann muni, hæstv. forsrh. sjálfur, leggja fram slíkt frv. og freista þess að fá það samþykkt á Alþingi í mars á næsta ári. Þetta er ekki haft í gæsalöppum eftir hæstv. forsrh. en gefur þó í skyn að einhvers staðar hafi blaðamaðurinn fengið það á tilfinninguna að ekki liggi á samþykkt slíks frv. fyrr en í mars á næsta ári. Það er ákaflega mikilvægt nú strax við upphaf þingsins að fá að vita hver er tímaáætlun hæstv. ríkisstjórnar.

Þá vil ég spyrja hæstv. iðnrh. Mun afstaða hæstv. ríkisstjórnar til fyrirhugaðs samnings um orkukaup liggja fyrir áður en Landsvirkjunarstjórn gengur endanlega frá samningnum fyrir sitt leyti eða er ríkisstjórnin tilbúin til að samþykkja fyrir fram þá niðurstöðu sem fæst í samningi Landsvirkjunar við þátttakendurna í álsamstarfinu? Þetta mál er ákaflega mikilvægt vegna þess að það er deila um það á milli aðila hvort Landsvirkjunarstjórnin þarf að bíða eftir því að hæstv. ríkisstjórn nái saman um stefnuna í orkukaupunum eða hvort ríkisstjórnin hæstv. er að bíða eftir því að Landsvirkjunarstjórnin nái niðurstöðu í þessu máli. Þess vegna hlýtur það að vera skylda hæstv. ríkisstjórnar og talsmanna hennar nú þegar að segja frá því hvora leiðina þeir ætla að fara.

Þá vil ég víkja máli mínu til Alþb., og þá auðvitað til hæstv. fjmrh. en ekki síður kannski til hæstv. samgrh. ef hann kýs að svara. Þetta eru formaður og varaformaður Alþb. og það er ekki alltaf mjög glöggt hægt að sjá hver er stefna Alþb. í þessu máli, ekki síst ef þeir koma hvor á eftir öðrum og lýsa því yfir hver sé stefna Alþb. En mig langar til þess að spyrja til þess að fá skýr svör frá Alþb.: Er ályktun Alþb. sem samþykkt var í apríl sl. og reyndar ítrekuð hinn 16. júlí í sumar enn í gildi? En í þessari ályktun var sett fram sú krafa að staðsetning álversins verði utan höfuðborgarsvæðisins. Nú veit ég að Alþb. hélt fund um helgina. Á þeim fundi var þetta mál til umræðu og það hlýtur að vera eðlilegt eftir þennan fund að formaður og varaformaður bandalagsins segi hver er skoðun flokksins í þessu máli.

Í Morgunblaðinu hinn 19. ágúst lýsti hæstv. forsrh. því yfir að hann hefði margsinnis sagt að álver eigi ekki að rísa á höfuðborgarsvæðinu. Síðan sagði hann orðrétt: „Ég hef hins vegar dregið línuna við Straumsvík." Það er þess vegna ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra Alþb. hvort þeir séu sömu skoðunar og hæstv. forsrh. að höfuðborgarsvæðið endi við Straumsvík og þar taki landsbyggðin við. Þetta er bráðnauðsynlegt vegna þess að ef Alþb. fellst ekki á þessa skilgreiningu og hefur ekki samþykkt nýja ályktun frá því 16. júlí þá stendur málið þannig að Alþb. hefur lýst því yfir að ekki komi til greina stuðningur Alþb. við byggingu álvers á höfuðborgarsvæðinu. (**HG:** Hver er skoðun ræðumanns?) Skoðun ræðumannsins hefur margoft komið fram um það hvar og hvort eigi að byggja álver og hefur ekkert með þetta mál að gera og ég sé ekki að það komi málinu við þótt ég fari að lýsa þeirri skoðun minni hvar höfuðborgarsvæðið endar. Ég hefði aldrei tekið til orða með þessum hætti og tel reyndar að menn séu að reyna að skjóta sér dálítið til hliðar í málinu þegar þeir búa til landamerki eins og þessi. Það hefði aldrei hvarflað að mér af því að ég hefði talið þetta mál fyrst og fremst vera landsmál en ekki byggðamál þótt það hafi auðvitað stóra þýðingu fyrir byggðir landsins hvar álverið verði sett niður. En það hlýtur að vera krafa okkar sem sitjum hér á hinu háa Alþingi að hæstv. ráðherrar, þar á meðal hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., segi sitt álit á þessari skilgreiningu sem nú hefur úrslitaþýðingu um það hvort Alþb. styður þetta mál yfir höfuð eða ekki. Ég þarf hins vegar ekki að spyrja hv. frammíkallanda, Hjörleif Guttormsson hv. þm., vegna þess að ég veit hver skoðun hans er á stóriðjumálum almennt og það veit öll þjóðin. Og því miður kom hann allt of lengi að þessu máli á sínum tíma.

Loks eru hér tvær stuttar spurningar til hæstv. iðnrh. Önnur er þessi: Hvers konar endurskoðunarákvæði verður í orkusamningnum samkvæmt núverandi stöðu málsins og hver verður ábyrgð móðurfyrirtækjanna á orkukaupum álversins? Og loks: Verður fjallað um orkukaupaþáttinn í lagatexta fyrirhugaðs heimildarlagafrv.? Það er ljóst að Landsvirkjun hefur allar lagaheimildir til að semja um orkukaup. Spurningin er: Þarf eitthvað að fara í lagatexta heimildarlagafrv. um orkukaupaþáttinn?

Þetta hlýtur hæstv. ráðherra að geta upplýst þar sem hann hefur margoft lýst því yfir að hann vilji leggja heimildarlagafrv. fram við upphaf þessa þings þannig að það hlýtur að vera tilbúið í stórum dráttum.

Virðulegur forseti. Ég tel nauðsynlegt að fá skýr svör við þessum fyrirspurnum sem ég hef beint til nokkurra hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni. Þetta er mikilvægt mál sem hér er til umræðu þótt ekki megi einblína á það eða telja að það sé allsherjarlausn fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Við hljótum á næstu árum að auka samstarf okkar og efla við erlenda aðila til þess að bæta lífskjörin hér á landi. Það hafa aðrar þjóðir gert. Við verðum að koma okkur út úr stöðnunartímabilinu sem hér hefur ríkt á undanförnum árum með því að auka utanríkisviðskiptin og bæta þannig lífskjörin. Sjálfstfl. telur, og ég vil láta það koma hér skýrt fram, að sú ríkisstjórn eigi skilyrðislaust að víkja sem ekki veldur því hlutverki sínu vegna innbyrðis ósættis og ágreinings að ná hagstæðum samningum við þá aðila sem lýst hafa sig tilbúna til samstarfs við okkur.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, vil ég þakka fyrir það að hafa fengið að hefja þessa umræðu og vænti þess að hæstv. ráðherrar svari þeim fyrirspurnum skýrt og greinilega sem ég hef leyft mér að bera fram til þeirra.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skal leitast við að svara í stuttu máli þeim fyrirspurnum sem hv. fyrirspyrjandi hefur afhent mér á skrifuðu blaði. Ég skil vel að hv. fyrirspyrjanda gremjist allt það lof sem Alþýðublaðið hefur borið á núv. iðnrh. í þessu máli. Hv. fyrirspyrjandi á stóran þátt í þessu máli. Stóran hlut á að sjálfsögðu sá sem upphafinu veldur og hann kom þessu af stað. Hins vegar held ég að það sé óumdeilanlegt að núv. iðnrh. hefur ekki síður unnið að því af miklum krafti. Ég veit sömuleiðis að hv. fyrirspyrjandi vill ekkert annað með þessari umræðu en að stuðla að skjótum framgangi málsins og farsælum og mun ég haga svörum mínum þannig að ekki þurfi að valda óþarfa deilum, eins og ég a.m.k. frekast get.

Fyrstu spurningu hv. fyrirspyrjanda sem sérstaklega er merkt mér las hann hér áðan og skal ég ekki endurtaka hana. Hún fjallar um jöfnun raforkuverðs og aðrar byggðaráðstafanir. Ég hef ekki sagt að Landsvirkjun ætti að greiða niður raforku úti á landi. Ég hef hins vegar hvað eftir annað lýst þeirri skoðun minni að það eigi að jafna raforkuverð og ég vek athygli á því að hæstv. núv. iðnrh. hefur skipað nefnd í þessu skyni og í þeirri nefnd sitja m.a. tveir ágætir hv. þm. Sjálfstfl., Pálmi Jónsson og Birgir Ísl. Gunnarsson og fleiri hv. þm. Ég bind miklar vonir við það að þessi nefnd leggi fram tillögur um hvernig jafna megi raforkuverð. Ég sé ekki að það sé einhverjum stórum erfiðleikum háð. Við jöfnum t.d. verð á landbúnaðarafurðum um land allt, við jöfnum verð á bensíni og olíum og það hlýtur að vera hægt á raforku einnig. Ég skil það mætavel t.d. að þeim Sunnlendingum þyki sárt að þurfa að greiða töluvert hærra verð fyrir raforku sem unnin er í þeirra kjördæmi en greitt er t.d. hérna í Reykjavík.

Ég lít svo á að alveg óháð þessu álveri sé orðið afar tímabært að gera átak í byggðamálum og endurskoða fyrri stefnu og þess vegna skipaði ég töluvert áður en þessi staðsetning var ákveðin sérstaka byggðanefnd sem hefur unnið mjög ötullega. Í henni eiga allir þingflokkar fulltrúa og ég geri mér vonir um að frá henni komi heilsteyptar tillögur í byggðamálum. Ég hef einnig skipað hóp til að skoða skipulag Byggðastofnunar. Hitt held ég að sé ljóst að staðsetning álversins hér á Suðurnesjum muni ekki stuðla að þeirri byggðaþróun sem menn gerðu sér vonir um ef það hefði verið staðsett t.d. fyrir norðan eða austan svo að ég tel ekki tímabært að fara að telja upp slíkar ráðstafanir nú þar sem nefndin vinnur og á eftir að gera sínar tillögur. Ég hef þó nefnt þetta með raforkuverðið og ég tel afar mikilvægt að Byggðastofnun sé efld. Ég held að Byggðastofnun eigi að hafa meira frumkvæði en hún hefur fjárhags síns vegna getað haft, t.d. með stofnun nýrra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Sömuleiðis tel ég tímabært að skipta landinu í þjónustusvæði og efla byggðakjarna á hverju svæði. Akureyri er t.d. þar mjög augljós staður.

Næsta spurning sem til mín er beint er hvort ríkisstjórnin ætli að beita sér gegn þenslu sem af byggingu álvers og virkjana gæti stafað með því að draga úr öðrum framkvæmdum. Ég hef falið Þjóðhagsstofnun að meta þetta og Þjóðhagsstofnun segir mér að ekki sé ástæða til að óttast þenslu á árinu 1991, en hins vegar sé nauðsynlegt að skoða vandlega heildarframkvæmdir í landinu á árunum 1992, 1993 og 1994, en í því sambandi er margs að gæta. T.d. virðist mjög líklegt að draga muni verulega úr framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli og sömuleiðis hefur verið samdráttur í opinberum framkvæmdum. En þetta verður tvímælalaust skoðað og ég vil taka undir það sem mér finnst felast í þessari spurningu. Við megum ekki brenna okkur á því sem áður hefur gerst og verðum að halda framkvæmdum í hófi. Þó er skylt að benda á hitt að menn óttast vaxandi atvinnuleysi hér á næstu árum ef ekki kemur eitthvað svona til svo að þetta verður vandlega metið og ég hef þegar gefið Þjóðhagsstofnun fyrirmæli um að skoða vandlega alla þætti þessa máls.

Næsta spurning sem sérstaklega er til mín beint er hvort ríkisstjórnin hafi samþykkt tímaáætlun hæstv. iðnrh. Ég vil segja almennt áður en ég svara þessari spurningu að ríkisstjórnin hefur ekki samþykkt neinn þátt þessa máls. Málið hefur verið rætt hvað eftir annað í ríkisstjórninni og hefur verið rætt í ráðherranefnd sem um þetta mál hefur fjallað. Það hefur verið rætt í þingflokkunum en þau vinnubrögð voru ákveðin að afgreiða ekki málið í einstökum þáttum heldur í heild sinni þegar það liggur fyrir. Og það tel ég tvímælalaust skynsamlegra. Við þurfum að sjá málið allt sem slíkt, geta metið heildaráhrif af byggingu álvers en ekki stig af stigi. Og þannig hefur það ekki komið fyrir ríkisstjórnina, en

ég hef gert ráð fyrir því að það gæti komið fyrir ríkisstjórnina um mánaðamótin. Þó eru ýmsir þættir þarna sem enn eru ekki það langt á veg komnir að þeir liggi fyrir. Ég nefni t.d. umhverfisþáttinn. Umhvrh. er með það mál í mjög ítarlegri athugun og síðast í morgun áttum við nokkrir kost á því að hlusta á mjög ítarlega frásögn af því verki. Því miðar vel. Þetta er mjög mikilvægur þáttur fyrir okkar land. Við þurfum að setja strangar kröfur um mengunarvarnir, ekki aðeins vegna þeirra áhrifa sem úrgangsefni verksmiðjunnar hafa á sitt næsta umhverfi heldur einnig til að halda hreinni ímynd Íslands ef ég má orða það svo. Þetta er ekki afgreitt. Og ég geri ráð fyrir því að umhvrh. muni leggja sínar tillögur fyrir ríkisstjórnina mjög fljótlega.

Hins vegar hafa einstakir fagráðherrar aðrir, eins og hæstv. fjmrh., að sjálfsögðu komið að skattamálunum og unnið að þeim ásamt iðnrh. Þótt það mál sé ekki afgreitt í ríkisstjórninni frekar en aðrir þættir þá hefur það verið þar upplýst. Sá þáttur málsins sem hvað mest umræða hefur orðið um er orkusamningurinn og af því að það hefur hér borið á góma hvernig sá samningur verði gerður þá vil ég lýsa þeirri skoðun minni að Landsvirkjunarstjórn þarf svo sannarlega ekki að bíða eftir ríkisstjórninni í því máli eins og hv. þm. orðaði það. Samkvæmt lögum er það Landsvirkjunarstjórn sem gerir slíkan samning en ekki ríkisstjórnin, en ég geri ráð fyrir því að fullt samráð verði um það haft. En á það ber að leggja áherslu að ríkisstjórnin gerir ekki orkusamninginn heldur Landsvirkjunarstjórn og ég geri mér vonir um að Landsvirkjunarstjórn sé með þetta mál í ítarlegri athugun og muni athuga það á næstunni og hraða því eins og hún frekast getur. Ég vona að það verði ekki til þess að tefja afgreiðslu þessa máls.

Nokkuð var rætt hér um staðsetninguna og m.a. það nefnt sem ég hef sagt að ég teldi að álver ætti ekki að vera á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef ekki heyrt athugasemdir gerðar við t.d. opinberar upplýsingar um ýmiss konar þróun í þessu landi þar sem iðulega er rætt um höfuðborgarsvæðið og er talið vera Reykjavík og þeir stóru kaupstaðir sem í kring eru, m.a. Hafnarfjörður. Vatnsleysustrandarhreppur hefur aldrei verið talinn á höfuðborgarsvæðinu. Hann nær frá Njarðvík að Straumsvík og Vatnsleysustrandarhreppur tilheyrir Suðurnesjum tvímælalaust. (**HBl:** Er ekki Vatnsleysustrandarhreppur á strönd?) Ja, þín landafræði er eflaust góð, hv. þm. Þú ert maður vitur og deili ég nú sjaldan við þig. En mér þykir þú dálítið skjóta yfir markið núna af þinni alkunnu visku, en ef þú kemst hér í ræðustól getur þú eflaust leyft okkur að njóta betur.

En t.d. Verkalýðsfélag Suðurnesja nær til Vatnsleysustrandarhrepps og hefur það mikil áhrif á það hvernig þessi verksmiðja nýtist. Atvinnuástand á Suðurnesjum er ótryggt, samdráttur mjög líklegur eða má telja nokkuð öruggur á varnarsvæðinu og sömuleiðis hefur kvóti farið þaðan til annarra landshluta. En í raun og veru var þessari spurningu ekki til mín beint.

Ég sé ekki að fleiri spurningar séu mér merktar. Ég vil aðeins lýsa því að lokum að ég tel þetta mál vera á góðri leið. Ég tel mikilvægt að ráðast í þessa framkvæmd nú vegna þeirra áhrifa sem hún mun hafa á hagvöxt hér á landi og met það ekki síst frá því sjónarmiði. Að mati Þjóðhagsstofnunar er ekki að vænta hagvaxtar hér á næstu árum nema aukningu landsframleiðslu á bilinu 1–1½% á ári. Það er of lítið þegar borið er saman við okkar nágrannaþjóðir. Það er aðeins um helmingur af því sem þar er spáð. Þjóðhagsstofnun telur að með margfeldisáhrifum af byggingu álvers og rekstri megi gera ráð fyrir svona 3–4% viðbótarhagvexti eða nálægt 1% á ári á byggingartíma og þar til það er komið í fullan rekstur. Þetta tel ég mikilvægt. Tekjur ríkissjóðs munu aukast mjög af þessu álveri eins og komið hefur fram í upplýsingum frá hæstv. fjmrh., en hins vegar er ljóst að við þurfum að gæta þarna að mjög mörgum þáttum. Við þurfum að tryggja öryggi sem mest, ekki síst í orkusölunni og það eru þessir þættir sem eru nú til lokameðferðar í þessu máli.

Það er einn þáttur hér sem mig minnir að ég hafi ekki enn þá komið inn á. Það var spurt hvort við hefðum samþykkt tímaáætlun iðnrh., held ég að hafi verið spurt um. Ekki fremur en annað hefur hún sem slík verið samþykkt heldur höfum við verið upplýstir um hana. Ég vil taka það fram að þetta er einhver vitleysa hjá þessum erlenda blaðamanni. Að sjálfsögðu legg ég ekki fram þetta frv. Hins vegar hafa hinir erlendu aðilar tjáð okkur að þeirra vegna þurfi þessum samningum að vera lokið og ákvörðun tekin ekki síðar en í marsmánuði. Ég lít svo á að til þess að það megi standast þurfi heimildarfrv. að vera afgreitt af Alþingi fyrir áramótin. Það er tímaáætlun sem mér finnst skynsamleg í þessu máli og ég tel skynsamlegt að vinna málið vel og kynna það öllum þingflokkum þannig að það þurfi ekki að vera lengi fyrir Alþingi. Og þá geta þingmenn sjálfsagt metið af sinni reynslu hve langan tíma það tekur, en ég geri ráð fyrir að stjórnarflokkarnir fái frv. til meðferðar um mánaðamótin.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi, 1. þm. Reykv., hóf mál sitt hér áðan með því að lýsa því yfir að Sjálfstfl. hefði haft og hafi skýra stefnu í stóriðjumálum. Ég vil leyfa mér að láta þá ósk í ljós að hann muni fylgja áfram þeirri stefnu.

Hér var aðeins að því vikið af hálfu málshefjanda að ég hefði eignað mér einum þetta mikla mál. Það veit hv. 1. þm. Reykv. náttúrlega að er ekki rétt. Ég hef aldrei haldið slíku fram og mun aldrei halda því fram. Hér er að sjálfsögðu um margra manna verk að ræða. Hv. málshefjandi er einn af þeim mönnum sem að því hafa komið og ég tek það náttúrlega mjög skýrt fram þótt hv. 1. þm. Reykv. þyki gaman að lesa upp úr Alþýðublaðinu hér í þingsalnum að ég skrifa ekki leiðarana í Alþýðublaðið og ræð engu um það sem í þeim stendur. (Gripið fram í.) Já. Ég get hins vegar staðfest að taugar samstarfsmanna minna eru í mjög góðu lagi út af því og ég ít-

reka það að ég kann ákaflega vel að meta þeirra góðu störf. Hinu mun ég þó ekki leyna að mér virðist örla á því í röðum stjórnarmanna Landsvirkjunar að þeir meti ekki að verðleikum þeirra góðu verk. Það þykir mér miður. Og ég vona að senn verði það leiðrétt.

Vegna þess sem hér kom fram um stefnuna í málinu, meginstefnuna í málinu, langar mig til þess að rifja upp það sem áður hefur komið fram hjá hv. 1. þm. Reykv. í málinu og síðast í maí, nánar tiltekið í umræðum í Nd. 5. maí 1990 um frv. til laga um raforkuver. Þá segir hv. 1. þm. Reykv., ég sleppi nokkrum orðum þannig að þetta er ekki alveg bein tilvitnun: Ég er alveg sammála því að á málinu hefur verið þannig haldið að hvergi hefur verið hvikað frá þeirri stefnu sem þá var mörkuð, — og er hann þá að vitna til upphafs málsins. Ég vil leyfa mér að halda því fram að á þessu hafi ekki orðið nein breyting og treysti því að menn átti sig senn á því. En að sjálfsögðu hefur þetta mál eins og öll viðamikil margþætt mál þroskast og þróast í meðförum og fram hafa komið í því nýir þættir.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að fara nokkrum orðum um gang málsins í heild og reyna að svara sumum þeirra spurninga — vonandi öllum — sem hv. málshefjandi beindi til mín en tengja svörin við einstaka þætti þess máls sem ég kýs hér að flytja.

Mig langar að benda á það að ég hef þegar gert Alþingi grein fyrir stöðu viðræðna um nýtt álver með skýrslu á þskj. 8 sem var lögð fram 11. dag þessa mánaðar. Mig langar líka til að minna á ítarlega skýrslu sem ég lagði fyrir Alþingi í lok apríl á þskj. 1055 á fyrra þingi. Þar er m.a. birt yfirlýsing um ásetning um að ljúka samningum um nýtt álver sem var undirrituð 13. mars á þessu ári og reyndar hefur síðan verið starfað eftir. En það tengist einmitt spurningu hv. málshefjanda um tímaáætlanir sem hæstv. forsrh. hefur reyndar svarað með skilmerkilegum hætti.

Ég vil byrja á því að leiðrétta það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv. Hann hélt því fram að ég hefði sagst ætla að leggja fram heimildarlagafrv. á fyrra þingi. Það er ekki rétt. Því hélt ég ekki fram og stefndi ekki að því heldur eingöngu því að leggja fyrir raforkuverafrv., sem var gert og reyndar samþykkt á þinginu, og að kynna áform mín í samningaviðræðum um nýtt álver. Hv. þm. hlýtur að tala hér gegn betri vitund þegar hann heldur þessu fram. Ég sagði hins vegar að ég stefndi að því að leggja fram snemma á þessu þingi frv. til heimildarlaga vegna samninga um nýtt álver. Mig langar í þessu sambandi að rifja upp þau tímamörk í viðræðum um þetta nýja álver sem fram voru sett í viljayfirlýsingunni frá 13. mars 1990. Samkvæmt henni var ákveðið að aðilar leituðust við að ljúka niðurstöðu um helstu samningsatriði með þessum hætti:

Í fyrsta lagi var þar staðfestur ásetningur um að ljúka öllum samningum efnislega fyrir eða um 20. september 1990. Jafnframt að reynt yrði að taka ákvörðun um staðsetningu fyrir lok maí.

Í öðru lagi var því lýst yfir að frv. til heimildarlaga um nýtt álver yrði lagt fyrir Alþingi á þessu hausti með það að markmiði að afla samþykkis Alþingis fyrir lok þessa árs.

Í þriðja lagi var því lýst yfir að fyrirtækin stefndu að því að samþykki félagsstjórna lægi fyrir fyrir lok þessa árs eða í síðasta lagi á fyrsta reglulegum stjórnarfundi á árinu 1991. Íslensk stjórnvöld mundu síðan taka endanlega ákvörðun um að undirrita samninga eftir að samþykki félagsstjórnanna lægi fyrir en að því er stefnt eins og ég hef sagt á fyrsta fjórðungi næsta árs. Þetta er að sjálfsögðu mjög í samræmi við það sem fram hefur gengið og eins og kom hér fram hjá hæstv. forsrh. áðan. Þetta er sú tímaáætlun sem við vinnum enn eftir í aðalatriðum.

Í lok júní á þessu ári var svo undirrituð viðbótarbókun milli samningsaðilanna um framvinduna í viðræðunum. Með þeirri bókun var ákveðið að endanleg ákvörðun um staðsetningu álversins yrði tekin í september — það kom sem sagt í ljós að staðarval tæki nokkru lengri tíma en ætlað var — og að ljúka meginniðurstöðum með viðræðum fyrir lok sama mánaðar. Það er í samræmi við þetta sem áfanginn var staðfestur 4. þessa mánaðar í þessum samningum. Fyrir þeim áfanga er gerð ítarleg grein í skýrslunni sem ég hef lagt hér fyrir þingið á þskj. 8.

Í fskj. með þessari skýrslu er svo gerð grein fyrir skattlagningu hins væntanlega Atlantsálsfyrirtækis, fyrir staðarvalinu, fyrir þjóðhagslegum áhrifum og því hvernig haldið verður á veitingu starfsleyfa og umhverfisþáttum.

Ég sé að hv. málshefjandi hefur vikið sér úr salnum svo ég er að hugsa um að fjalla dálítið um aðdraganda málsins í sögulegu samhengi vegna þess að hann kom nokkuð að því í sínu máli. Það er að sjálfsögðu rétt að þetta mál, Atlantsálsmálið, á sér langan aðdraganda sem er rétt að rifja hér upp. (**FrS:** Ég ætla að taka það fram að ég er kominn í salinn aftur.) Það er gott.

Atlantsálshópurinn var, eins og kom fram hér áðan, myndaður með samkomulagi sem hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson, þá hæstv. iðnrh., undirritaði 4. júlí 1988 við fjögur erlend álfélög, Alusuisse, Gränges, Hoogovens og austurríska fyrirtækið Austria Metal. Þetta verkefni var reist á grundvelli frumhagkvæmniathugana sem iðnrn. hafði látið gera haustið 1987 og var sýnt allmörgum álfyrirtækjum í byrjun ársins 1988 í þeim tilgangi að mynda hóp til að kanna hagkvæmni aukinnar álframleiðslu í Straumsvík. Eftir ítarlegar viðræður síðla árs 1989 varð niðurstaðan sú að Alusuisse hvarf frá þátttöku í Atlantalverkefninu. Það var vegna þess að ég og mínir samningamenn spurðum þá einfaldlega þetta fyrirtæki hvort því væri alvara að halda áfram þessum viðræðum, þegar í ljós hafði komið að þeir voru mjög tvístígandi. Þegar þeir stóðu frammi fyrir þeirri spurningu var svarið: Nei, við ætlum ekki að halda áfram. Ég tel að þetta hafi hreinsað andrúmsloftið, hreinsað borðið, ef þannig mætti að orði komast. Og eftir að Alusuisse dró sig út úr þessari

athugun á nýju álveri á Íslandi varð mér ljóst a.m.k. að ekki væri grundvöllur fyrir aukinni álframleiðslu í Straumsvík samkvæmt samkomulaginu sem gert var um mitt ár 1988. Það var svo í febrúar 1990 að samkomulag náðist um að mynda nýjan hóp til að vinna að undirbúningi nýs álvers. Í framhaldi af því var gengið frá þessari sameiginlegu viljayfirlýsingu frá 13. mars milli íslenskra stjórnvalda og hins nýja Atlantsálshóps sem ég vitnaði til hér áðan. En í hópnum eru nú, eins og menn þekkja, ameríska fyrirtækið Alumax, sænska fyrirtækið Gränges og hollenska fyrirtækið Hoogovens.

Vinnan að málinu í sumar og haust hefur í einu og öllu verið á grundvelli tímaáætlana í yfirlýsingu íslensku ríkisstjórnarinnar og Atlantsálsaðilanna frá 13. mars sem kynnt var hér í þinginu á síðasta þingi. Það kom í ljós eins og ég nefndi áðan að staðsetningarathuganirnar tóku lengri tíma en menn reiknuðu með, einfaldlega af því að nákvæm greining á kostum og göllum staðsetningar á ýmsum stöðum og öðrum aðstæðum sem varða staðsetninguna tóku mun lengri tíma en menn gerðu sér í upphafi grein fyrir. Það tel ég vel að í þær vönduðu athuganir var tekinn tími og í þær lagður kostnaður, fé og fyrirhöfn, vegna þess að hér er um mjög viðurhlutamikið mál að ræða. Ég hlýt nú reyndar að leiðrétta það sem kom fram í máli málshefjanda þar sem hann sagði að ég hefði ekki sagt rétt frá staðarákvörðun fyrir hið nýja fyrirtæki. Ég hefði leynt almenning niðurstöðu í málinu. Þetta er alrangt. Sannleikurinn er sá að staðarvalið var ekki ákveðið fyrr en 4. október vegna þess að í samræmi við mína fyrri afstöðu og íslensku samninganefndarinnar var litið á staðarvalið sem órofaþátt í heildarsamkomulagi um málið. Þetta er allt sem um málið er að segja, en auðvitað er það rétt að fyrr lá fyrir hvert hugur Atlantsálsfyrirtækjanna þriggja stefndi í þessu efni og það er vafalaust það sem veldur misskilningnum hjá hv. málshefjanda.

Ég vil skýra staðarvalsathuganirnar nokkru nánar. Í kjölfar athugunar á 11 stöðum á tímabilinu apríl, maí og júní á þessu ári var í júnílok ákveðið að takmarka frekari athuganir við Eyjafjörð, Reyðarfjörð og Keilisnes. Í júlí og ágúst var gerður mjög ítarlegur samanburður á þessum þremur stöðum. Athugunin var unnin af verkfræðilegum ráðgjafa Atlantsálsaðilanna en einnig af íslenskum sérfræðingum. Niðurstaða þeirrar athugunar og ráðgjafa sem sveitarfélögin á umræddum stöðum höfðu ráðið sér til aðstoðar og tóku þátt í þessu verki lá fyrir í lok ágúst. Og eins og ég nefndi áðan fékkst hin endanlega niðurstaða með skriflegum hætti 4. þessa mánaðar.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um staðarvalið en vík að því sem hér hefur nokkuð komið til umræðu og hv. málshefjandi innti mig eftir hvort kannað hefði verið. Það er hvort samstaða sé meðal stjórnarþingmanna um þá staðsetningu sem nú liggur fyrir í þeim áfangasamningi sem gerður hefur verið. Ég hef að sjálfsögðu rætt þetta mál ítarlega og kynnt forustumönnum stjórnarflokkanna og ég sé ekki á þessari stundu ástæðu til að ætla annað en að samstaða geti náðst um þetta mál í heild á lokastigi. Það er með þennan þátt málsins eins og aðra, eins og ítrekað hefur komið fram, að ekki er neinu lokið fyrr en öllu er lokið í þessu máli.

Síðan spurði hv. málshefjandi mig um það í hvaða lög ríkisstjórnin hyggist setja heimildir til erlendrar lántöku vegna framkvæmda Landsvirkjunar á næsta ári til þess að fyrirtækið geti staðið við sínar framkvæmdaáætlanir. Því get ég svarað þannig að ég reikna með því að þær heimildir verði settar í lánsfjárlög eða sérstök heimildarlög, enda verði niðurstaða þingsins í meðförum málsins að það sé heppilegri lausn. Að sjálfsögðu er einfaldast að setja þetta í hin venjulegu heimildarlög, lánsfjárlögin.

Þá kem ég að hlut Landsvirkjunar í þessu máli. Hv. málshefjandi gerði hann nokkuð að umtalsefni eins og raunar fleiri. Ég vil fyrst koma að þeim beinu spurningum sem hann beindi til mín, því þær eru mjög gagnleg byrjun á þessu máli. Hann spyr: Verður fjallað um orkuþáttinn í lagatexta fyrirhugaðs heimildarlagafrv.? Hvers konar endurskoðunarákvæði verður í orkusamningunum og hver verður ábyrgð móðurfyrirtækjanna á orkukaupum álversins? Hann spyr líka: Mun afstaða ríkisstjórnarinnar til fyrirhugaðs samnings um orkukaup liggja fyrir áður en stjórn Landsvirkjunar gengur endanlega frá samningunum fyrir sitt leyti eða er ríkisstjórnin tilbúin til að samþykkja fyrir fram þá niðurstöðu sem fæst í samningi Landsvirkjunar við þátttakendur í álsamstarfinu?

Ég vil segja það strax að fyrir fram verður ekkert samþykkt í þessu máli. Það verður að liggja fyrir hver séu efnisatriði málsins. Mig langar til að rifja upp með hv. 1. þm. Reykv. það sem lögin segja um þetta mál, lögin um Landsvirkjun. Þau segja einfaldlega í 13. gr. að orkusölusamningur slíkur sem hér er til umræðu sé háður staðfestingu iðnrh. Formlega liggur að sjálfsögðu í þessu að það er Landsvirkjun sem þarf að samþykkja orkusamninginn fyrst og síðan staðfestir ráðherra. Þetta er hin formlega mynd. En væntanlega mun þó afstaða aðila vera þekkt og kynnt óformlega með samráði fyrir þann tíma. Þetta er nákvæm lýsing á venjulegum gangi í íslenska stjórnarfarinu um slík mál.

Ég minni líka á að Landsvirkjun hefur samkvæmt lögum frumkvæðisskyldu í þessu máli. Hún hefur sjálfstæða stöðu sem aðalframleiðandi orku í landinu og sérstaklega til hennar stofnað til að efla stóriðju til útflutnings á Íslandi á grundvelli okkar orkulinda. Þannig liggur alveg ljóst fyrir að Landsvirkjun er ekki hlutlaus þátttakandi í þessu máli. Málið hefur enda allan tímann verið þannig rekið að hún hafi farið með verkið, samningagerðina um orkumálin.

Þetta vildi ég segja um hina formlegu stöðu málsins og að sjálfsögðu verður um þetta vandlega fjallað, hefur enda verið gert. Mig langar í þessu sambandi, vegna þess að hér hefur nokkuð verið rætt um það hvernig staðið hafi verið að samningagerð um raforkuverð og fyrirkomulag raforkusamnings, að

rifja upp það sem hv. málshefjandi, 1. þm. Reykv., sagði í umræðum á þingi utan dagskrár 21. nóv. 1988 um nýtt álver við Straumsvík. Þar er hann að lýsa vinnu sem fyrir liggi og fram undan sé. Þar nefnir hann og segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru lagi er undirbúningur af hálfu Landsvirkjunar á áætlunum um raforkuverð og fyrirkomulag raforkusamnings."

Þetta staðfestir að sjálfsögðu það sem flestum aðilum þessa máls er vel kunnugt að þannig hefur þetta verið í reynd og á því hefur ekki orðið breyting í framkvæmd. Það er þess vegna mjög ánægjulegt að geta staðfest það hér við hv. 1. þm. Reykv. að þannig hefur áfram verið að þessu verki unnið.

Síðan kem ég þá að því sem spurt var um í sambandi við endurskoðunarákvæði og ábyrgð móðurfyrirtækjanna á orkukaupum álversins. Hér er spurt um mikilvæga þætti í þessum samningum. Hvorugt þeirra ákvæða sem hv. málshefjandi hreyfir hér er fullrætt þótt þau hafi verið mikið rædd. Gert er ráð fyrir því að í samningunum verði sanngirnisákvæði sem feli það í sér að leiði ófyrirsjáanleg atvik til þess að bersýnilega halli á annan aðilann stofnist við það endurskoðunarréttur.

Um ábyrgðirnar er það mest rætt að þær verði í aðalatriðum á grundvelli bindandi málmbræðslusamninga. Þetta er fyrirkomulag sem algengt er í fjármögnun framkvæmda af þessu tagi, en þetta mál er heldur ekki til hlítar rætt, tengist enda ekki síst fjármögnun málsins sem er það sem að sjálfsögðu kemur í röð næst á eftir meginefnisatriðum málsins.

Ég kýs á þessu stigi máls að segja ekki fleira um þetta, en vík svo að lokum að þriðju spurningu hv. málshefjanda um orkusölusamningana eða orkukaupaþáttinn þar sem hann spyr hvort um hann verði fjallað í lagatexta fyrirhugaðs heimildarlagafrv. Þar segi ég að sjálfsögðu fyrst: Það eru lögin um Landsvirkjun sem gilda um orkusöluna. Hvort breytingu þarf á þeim að gera vegna þessara samninga ætla ég ekki að fullyrða á þessu stigi. Hvort formleg tenging milli frumvarpa og samnings verður gerð ætla ég heldur ekki að fullyrða, en ég bendi hv. þm. á það sem segir í skýrslunni á þskj. 8 um efnisatriði aðalsamnings og ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Segi eingöngu það sem hverjum manni má ljóst vera líkt og þegar við ræddum raforkuverafrv. í vor. Þá þótti rétt að gera mjög ítarlega grein fyrir viðræðum um álverið og hvernig þær stæðu og hvernig það mál allt væri hugsað. Þingið hlýtur að sjálfsögðu að ætlast til þess þegar það fær frv. um álverið til meðferðar, að því fylgi mjög ítarleg greinargerð um orkuverðið, hvernig því öllu verði fyrir komið og hvernig þeir samningar verði gerðir. Þetta tel ég að svari eftir því sem kostur er þeim spurningum um orkusölumálin sem hv. málshefjandi beindi til mín.

Ég kem þá að því að fjalla nokkuð um það sem kom fram í almennum inngangi málshefjanda um það að eitthvað annað hafi verið gefið til kynna um stöðu samninganna en efni standa til. Reyndar fannst mér eins og hann væri að taka undir það sem fram hafði komið frá stjórnarmönnum í Landsvirkjun sem virðist nú misskilningur að málið sé nú fyrst að komast í hendur stjórnar Landsvirkjunar. Það er auðvitað ekki rétt og kannski er gleggsti vitnisburðurinn um það tilvitnun mín áðan í það sem hv. málshefjandi sagði í umræðum um þessi mál í nóvember 1988. Það rétta er að bæði efnislega og formlega hefur verið fjallað um orkusölumálin innan stjórnar Landsvirkjunar á mörgum stigum þessa máls allt frá því að undirbúningur hófst á árunum 1987 og 1988. Það rétta er að samningaaðferðin hefur verið mjög í því fari sem hefur tíðkast hjá Landsvirkjun um árabil. Það rétta er að í undirbúningsviðræðum og samningaviðræðum um orkusölusamningana hafa stjórnarformaður, forstjóri og aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar verið þátttakendur ásamt forstöðumönnum tæknideilda og lögfræðingum Landsvirkjunar. Mér vitanlega hefur enginn vefengt umboð þessara manna eða látið sér yfirleitt detta í hug að til þess gæti verið ástæða.

Það er staðreynd að stjórn fyrirtækisins hefur ítrekað verið kynnt málið af þessum aðilum. Skýrasta dæmið um það er auðvitað að í júlí var tekin ákvörðun af stjórn Landsvirkjunar um að ráðast í nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir vegna nýrra virkjana. Það er staðreynd að sú ákvörðun var tekin í ljósi framvindu samninga um nýtt álver og stjórn Landsvirkjunar hafði verið kynnt hvernig málið stæði og hún taldi þá málið nægilega fram skriðið til þess að ráðast í verulegar fjárfestingar þegar á þessu ári til þess að geta afhent hinu nýja álveri orku árið 1994.

Þá er líka rétt að rifja upp að Landsvirkjun hafði sjálf frumkvæði að því á liðnum vetri að leita eftir því að heimildar yrði aflað hjá Alþingi til að stækka Búrfellsvirkjun m.a. vegna orkusölu til nýs álvers. Ég hlýt því að andmæla því að nokkuð það hafi gerst í orkusölumálunum sem hafi átt að koma stjórn Landsvirkjunar á óvart, hvað þá að koma málinu í erfiða stöðu frá sjónarhóli fyrirtækisins. Þvert á móti tel ég að málið sé í mjög góðri stöðu í þeim skilningi að hægt sé að halda því áfram og leiða það farsællega til lykta í þessum lokaáfanga ef góður vilji ríkir. Ég treysti því að sá vilji finnist í stjórn Landsvirkjunar og á Alþingi og er sannfærður um að það mun koma í ljós. Það verður því að segjast að þessar umræður um hlut Landsvirkjunar hafa að mestu leyti fjallað um innri mál þess fyrirtækis, enda hefur stjórn Landsvirkjunar alla tíð haft það í sinni hendi að láta málið til sín taka.

Ég ætla að víkja nokkuð að því hvað það er sem felst í áfanganum í samningunum um nýtt álver sem skrifað var undir 4. október. Í minnisblaðinu um samning sem var undirritað hér fyrir nokkrum dögum er fjallað um framvindu samningsgerðarinnar, staðsetningu álversins og nokkur helstu atriði varðandi aðalsamning, orkusamning, hafnar- og lóðarsamning. Þar var líka staðfest málsmeðferð varðandi útgáfu starfsleyfis og ákvæði um gildistíma og endurskoðun. Með þessu minnisblaði var í reynd

lagður grundvöllur að frv. til laga um nýtt álver og staðfestur vilji þessara þriggja fyrirtækja til þess að standa að því verki með okkur. Þar kemur í ljós að tekist hefur samkomulag í meginatriðum um eftirfarandi atriði:

1. Samkomulag er um lagalega umgerð málsins og helstu þætti samskipta ríkisvalds og aðilanna vegna nýs álvers, m.a. um skipulag fyrirtækja Atlantsáls, um skipun ráðgjafarnefndar, um framsal hlutabréfa, um rekstrargrundvöll bræðslusamlagsins, um meðferð starfsleyfisumsóknar, um úrvinnslu áls, um rétt innlendra aðila til verktöku, um þátt Atlantsáls í iðnþróun á Íslandi og um lausn deilumála.

2. Samkomulag um skattlagningu sem byggist í grundvallaratriðum á íslenskum skattarétti og nánar er lýst í sérstöku fylgiskjali með skýrslunni sem ég hef lagt hér fram.

3. Þá er staðfest meginniðurstaða um orkusölu, þar með talið um orkuverð og ýmsa skilmála orkuafhendingar, orkumagn, ákvæði um forgangsorku og um gildistíma samningsins.

Þessi samningsgrundvöllur var í öllum efnisatriðum kynntur í stjórn Landsvirkjunar 23. ágúst sl. þegar hann lá fyrir.

4. Samkomulag er um málsmeðferð varðandi útgáfu starfsleyfis vegna umhverfismála og endurskoðun skilmála þess en drög að slíku starfsleyfi hafa verið rædd milli aðila og reyndar um þau fjallað á sérstökum fundi sem umhverfisráðherra hélt með ríkisstjórninni í morgun og gerði þar ítarlega grein fyrir því hvernig það mál er á vegi statt. Ég vænti þess að hann muni upplýsa þingið um það síðar.

5. Staðfest eru meginatriði hafnar- og lóðarsamnings, m.a. um eignarhald á höfn og grundvöll gjaldtöku fyrir þjónustu sveitarfélaganna sjö sem myndað hafa byggðasamlag, um þetta mál.

Eins og sjá má af þeirri upptalningu, sem ég hef farið með hér, eru flestir grundvallarþættir málsins að mínu áliti nægjanlega skýrir til að senn megi leggja málið fyrir á Alþingi. Um nokkur mikilvæg atriði, m.a. þau tvö sem hv. málshefjandi hreyfði hér áðan um ábyrgðir og sanngirnisákvæði og endurskoðunarrétt í orkusamningi, þarf að fjalla nánar á næstunni og þá verður unnt að gera þingnefndum enn frekar grein fyrir málinu. Hafa ber í huga, og ég legg á það mikla áherslu, að ætlunin hefur ekki verið að leggja frágenginn samning til staðfestingar fyrir þingið í haust. Það hefur ávallt verið mjög skýrt fram tekið af minni hálfu að ég hygðist leggja fram frv. til heimildarlaga, ekki staðfestingarlaga. Það liggur í eðli slíks frv. að verið er að sækja tilteknar heimildir til Alþingis þannig að ganga megi frá lokasamningum.

Ummæli ýmissa þeirra sem um þetta mál hafa fjallað síðustu vikur virðast því byggjast á misskilningi, þeim misskilningi að ætlunin hafi verið að leggja hér fullgerðan samning fyrir þingið í haust til staðfestingar. Ég hef ávallt boðað frv. til heimildarlaga og tel málið senn nægilega unnið til þess að óska eftir slíkri heimild á næstunni.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi hér svarað flestu því sem til mín var beint og vil að lokum taka það fram að ég tel mikinn feng að aðild hins nýja fyrirtækis í hópnum, bandaríska fyrirtækisins Alumax, að Atlantsálshópnum, en hv. málshefjandi kom nokkuð að því áðan. Þetta fyrirtæki er í mikilli sókn, nýtur mikillar virðingar á alþjóðlegum vettvangi og reynsla okkar af samningum við þá menn, sem og við hina sænsku og hollensku starfsbræður þeirra, er sú að hér séu afar hreinskiptnir menn, heiðarlegir menn, menn sem hægt er að treysta í samningum.

Alumax þykir starfrækja einna best reknu álbræðslur í heimi sem skila betra arði en keppinautanna, en hefur líka meiri virðingu og álit fyrir að hafa hreint og gott umhverfi. Sama máli gegnir um Gränges og Hoogovens, sænsku og hollensku aðilana. Þeir eru traustir og góðir samstarfsðilar. Það er mikilvægt að okkur takist að ljúka þessum samningum bæði hratt og farsællega. Ef við náum því samkomulagi, þessum samningum, þá munu ýmsir nýir möguleikar til eflingar atvinnulífsins koma í kjölfarið. Við skulum öll gera okkur grein fyrir því að þetta mál er nú að komast á ákvörðunarstig og um það gildir svo sannarlega það sem segir í vísunni góðu með lítils háttar breytingu:

Tækifærið gríptu greitt,
giftu mun það skapa.
„Álið" skaltu hamra heitt,
að hika er sama og tapa.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. beindi til okkar þriggja ráðherra nokkrum spurningum sem hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. hafa svarað fyrir sitt leyti. Ég mun nú svara þeim sjö spurningum af þeim tíu sem hv. þm. bar fram sem ég tel að með einum eða öðrum hætti sé til mín beint.

Fyrsta spurningin er á þann veg hvort forsrh. og fjmrh. ætli að beita sér fyrir því í samræmi við ummæli okkar beggja að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir byggðaröskun þegar í ljós hafi komið að Landsvirkjun geti ekki staðið að því að greiða niður raforku úti á landi. Í þessum efnum vil ég vísa til orða hæstv. forsrh. sem benti með réttu á það að í okkar þjóðfélagi hefur um langan tíma verið jöfnun verðlagningar á mikilvægum orkugjafa eins og bensíni þar sem verðlagið er hið sama um allt land. Einnig á landbúnaðarafurðum er verðlag hið sama um allt land þótt flutningskostnaður og aðrir kostnaðarþættir séu mjög mismunandi. Ég er þeirrar sömu skoðunar eins og kom hér fram hjá hæstv. forsrh. að það eigi að vera markmið í orkumálum á Íslandi og það sama gildi um verðlag innlendrar orku og um verðlagningu erlendrar orku, þ.e. bensíns og olíu, að það sé sama verð um allt land. Ég tel að Landsvirkjun eigi að hafa fulla burði til þess að stuðla að slíku hér á næstu árum og er því ekki sammála þeirri fullyrðingu sem kemur fram í spurningu hv. 1. þm. Reykv. að það hafi komið í

ljós að í Landsvirkjun séu engin efni til slíkra aðgerða. Vil ég í því sambandi nefna að samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar liggur fyrir að ef ekki verður efnt til nýrra virkjunarframkvæmda verður Landsvirkjun orðin skuldlaust fyrirtæki á fyrstu árum næstu aldar og jafnvel þótt efnt verði til virkjana við Fljótsdal og þessara stóru framkvæmda, ætti Landsvirkjun að geta verið orðin skuldlaus í lok fyrsta eða á öðrum áratug næstu aldar og vera þá með eigið fé upp á 140 milljarða. Það er því alveg ljóst að slíkt fyrirtæki hefur vissulega efni á því a.m.k. að ræða slíkar aðgerðir.

Í öðru lagi spurði hv. þm. mig hvort stjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin hefðu samþykkt fyrirliggjandi minnisblað um skattamál. Það er ljóst að hvorki ríkisstjórnin né stjórnarflokkarnir hafa samþykkt þetta minnisblað. Það hefur hins vegar að hluta til verið kynnt og verður gert nánar á næstu dögum og vikum. Ég vil segja af þessu tilefni að allt þetta ár hefur verið mjög gott samstarf milli fjmrn. og iðnrn. um þessar viðræður um skattamálin. Ég ákvað að setja tvo af æðstu embættismönnum íslenska skattakerfisins til þess að vera fulltrúar fjmrh. í þessum viðræðum, ríkisskattstjóra Garðar Valdimarsson og skrifstofustjóra skattamála í fjmrn., Snorra Olsen. Þeir störfuðu samkvæmt þeirri grundvallarstefnu viðræðnanna að fyrirtækin ættu að greiða skatta og vera meðhöndluð eftir öðrum ákvæðum íslenskra laga. Það var það grundvallarerindi sem þeim ásamt öðrum viðræðuaðilum var fengið.

Sú niðurstaða sem liggur fyrir er að mínum dómi veigamikil í tveimur grundvallaratriðum. Í fyrsta lagi hefur eftir um það bil 20 ára baráttu fengist full viðurkenning á því að verði af þeim samningum sem hér er um rætt, þá munu hin erlendu fyrirtæki lúta í öllu forræði íslenskra skattayfirvalda og íslenskra dómstóla þannig að íslensk skattalögsaga mun gilda um þessi fyrirtæki. Hér hefur í tvo áratugi verið gagnrýnt harðlega að Alusuisse hefur verið undanþegið íslenskri lögsögu í þessum efnum. Hér var á fyrri hluta síðasta áratugs hart deilt um mál sem þá gekk undir heitinu Álmál og kennt var við hækkun í hafi, þ.e. undanbrögð Alusuisse varðandi rétt gjöld og skyldur gagnvart íslenskum yfirvöldum. Í því máli höfðu íslensk skattayfirvöld og íslenskir dómstólar ekki forræði, en nú hefur náðst fram fullt samþykki erlendu fyrirtækjanna um að lúta úrskurðum og forræði íslenskra skattayfirvalda og íslenskra dómstóla. Út frá þeim stefnumálum og þeirri gagnrýni sem Alþb. hefur haft uppi um árabil á samninginn sem gerður var við Alusuisse á sínum tíma tel ég þessa niðurstöðu viðræðnanna vera afar mikilvæga. Hún er líka mikilvæg fyrir sjálfstætt forræði íslenskrar þjóðar gagnvart erlendum fyrirtækjum um alla framtíð vegna þess að ég efast um að eftir þessa niðurstöðu muni nokkur erlend fyrirtæki né nokkrir íslenskir ráðamenn orða það eftirleiðis að gera samninga þar sem fullt forræði íslenskra yfirvalda og íslenskra dómstóla er ekki virt.

Hitt meginatriðið sem ég tel mikilvægt í þessu samkomulagi er það að tekjuskattsgreiðslan sem er megingreiðsla til íslenska ríkisins, u.þ.b. rösk 90% af þeim tekjum sem til íslenska ríkisins koma, er með þeim hætti að þau frádráttarákvæði og sérsjóðaákvæði sem íslensk fyrirtæki hafa getað nýtt sér til þess að lækka tekjuskattsgreiðslur sínar og jafnvel greiða engan tekjuskatt um árabil, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds hefur oft gert grein fyrir hér á Alþingi að mjög stór hluti íslenskra fyrirtækja greiðir ekki tekjuskatt vegna þessara sérstöku ákvæða í íslenskum skattalögum sem heimila frádrátt, þá verður í því samkomulagi sem náðst hefur gengið út frá því að engar slíkar frádráttarheimildir muni gilda um hin innlendu fyrirtæki. Í stað þess verður prósentan lægri, 30%, sem virk skattaprósenta í tekjuskatti. Ég tel að sú stefna sé mjög skynsamleg, hún sé í anda þess sem við höfum margir, hér á Alþingi og víðar úti í þjóðfélaginu, um árabil, lagt áherslu á að ætti að gerast varðandi breytingar á skattlagningu íslenskra fyrirtækja, sé í anda þeirra alþjóðlegu breytinga sem gerðar hafa verið víða á skattlagningu atvinnulífs, að fækka undanþáguákvæðum og frádráttarákvæðum fyrirtækja en taka í staðinn upp breiðari grunn og lægri prósentu en sem þá yrði virkari og skilaði meiri tekjum.

Þriðja spurningin sem hv. þm. bar upp var um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir þenslu. Í því fjárlagafrv. sem ég hef lagt fyrir Alþingi kemur fram að á árinu 1991 þarf ekki miklar ráðstafanir í ríkisfjármálum ef af samningum verður heldur er það fyrst og fremst á árunum 1992 til ársins 1995 sem slíkar ráðstafanir þarf að gera og ég hef látið það koma fram að það hlýtur að verða eitt meginviðfangsefni fjárfestingar, stýringar og ríkisfjármálastjórnar á þeim árum að samræma annars vegar þann dýrmæta stöðugleika sem náðst hefur í efnahagslífi okkar Íslendinga og hins vegar framkvæmdirnar þannig að virkjanaframkvæmdirnar og bygging hins nýja álvers verði ekki til þess að eyðileggja þann mikilvæga stöðugleika sem hér hefur náðst. Ég vil í því sambandi vekja athygli á því að ljóst er að það stefnir í að verulegur samdráttur verði í varnarliðsframkvæmdum svokölluðum eða herstöðvarframkvæmdum á Suðurnesjum á næstu árum og það væri að mörgu leyti mjög skynsamlegt fyrir okkur Íslendinga að samræma þetta tvennt, draga úr eða hætta algjörlega framkvæmdum í herstöð Bandaríkjanna á Suðurnesjum og stuðla þannig að því að hvort tveggja náist, mikilvægt framlag okkar til friðar í heiminum og traust undirstaða undir stöðugleika í efnahagslífi okkar.

Í fjórða lagi spurði hv. þm. um það í hvaða lög kæmu heimildir um erlenda lántöku fyrir Landsvirkjun og hæstv. iðnrh. hefur þegar svarað því. Ég get tekið undir það svar en vil þó láta það koma fram sem ég hef sagt á öðrum vettvangi að ég er þeirrar skoðunar að setja eigi Landsvirkjun þau skilyrði að fjármagna innlenda kostnaðarþáttinn í framkvæmdunum með lántöku hér innan lands. Ég hef rætt það mál við fjölmarga kunnáttumenn á íslenskum peningamarkaði og það er samdóma álit þeirra

að slíkt eigi að vera gerlegt. Þetta væru um 3–4 milljarðar árlega sem Landsvirkjun þyrfti að afla í þessu skyni og ég tel það mikilvægt, til þess að varðveita stöðugleikann, að Landsvirkjun fái ekki almenna heimild til þess að sækja allt þetta fjármagn til útlanda, heldur þurfi, eins og önnur fyrirtæki í landinu og eins og ríkissjóður, að sækja a.m.k. þann hlutann sem jafngildir innlendu kostnaðarþáttunum með sölu verðbréfa á íslenskum markaði.

Í fimmta lagi spurði hv. þm. um afstöðu ríkisstjórnarinnar til meðferðar málsins í stjórn Landsvirkjunar. Ég var kosinn hér á Alþingi 1983 til setu í stjórn Landsvirkjunar og endurkosinn fjórum árum síðar þó að ég hafi ekki setið í stjórninni síðan ég tók við embætti fjmrh. Ég vil þess vegna láta það koma hér fram að ég er mjög undrandi á því hvernig mismunandi túlkanir og mismunandi skoðanir á því hver fari með orkuviðræðurnar hafa komið fram. Það hefur verið sagt í rúmt ár á vettvangi ríkisstjórnar og aldrei verið dregið í efa að Landsvirkjun færi með samningana um orkuverð. Á þeim grundvelli hafa forstjóri og aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar verið þeir embættismenn sem hafa einkum og sér í lagi rætt um orkuverðið við hin erlendu fyrirtæki og á þeim grundvelli, m.a., hafa fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í viðræðunefndinni, eða a.m.k. þeir einstaklingar sem eru félagar í ríkisstjórnarflokkunum, þó að þeir hafi ekki verið valdir formlegir fulltrúar flokkanna, ekki allir komið að orkuverðsviðræðunum heldur hafa fyrst og fremst Jóhannes Nordal, Halldór Jónatansson og Jóhann Már, forstjóri og aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, annast það verk.

Ég vil þess vegna rifja það hér upp í örstuttu máli að í október 1983, þegar hliðstæðar viðræður fóru fram um endurskoðun samningsins við Ísal, hafði stjórn Landsvirkjunar þann hátt á að með formlegum hætti var gengið frá umboði í samningaviðræðunum og sérstök nefnd þriggja stjórnarmanna, Baldvins Jónssonar, Birgis Ísl. Gunnarssonar og Böðvars Bragasonar, var kosin á fundi í stjórn Landsvirkjunar 27. október 1983 til þess að fara með viðræðurnar fyrir hönd Landsvirkjunar. Og í rúmt ár, nánast allt árið 1984, gerðu þessir nefndarmenn í stjórn Landsvirkjunar grein fyrir því með reglubundnum hætti hvaða álitamál væru uppi í viðræðunum, hvernig þeim miðaði áfram, hverju hefði verið hafnað og hvers vegna og þannig áfram og áfram.

Ég er hér með fundargerðir stjórnar Landsvirkjunar fyrir þá fundi á árinu 1984, og þeir voru fjölmargir, þar sem ýmist Böðvar Bragason, Baldvin Jónsson eða Birgir Ísl. Gunnarsson gerðu stjórninni ítarlega grein fyrir hvernig viðræðum miðaði áfram. Og ég satt að segja skil ekki hvernig stendur á því að í stjórn Landsvirkjunar virðist hafa verið uppi sá misskilningur, að því er stjórnarmenn segja, að viðræðurnar hafi ekki verið á forræði Landsvirkjunar með sama hætti og áður var. Þegar ég sat í stjórn Landsvirkjunar var frá þessum atriðum gengið með mjög skýrum og formlegum hætti og reglubundinni skýrslugjöf og umræðum og afstöðugreiningu í stjórn fyrirtækisins.

Ég vona að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sem á einnig sæti í stjórn Landsvirkjunar komi hér í ræðustól og víki eitthvað nánar að þessum atriðum og ég harma það að hv. þm. Páll Pétursson skuli vera erlendis vegna þess að ég hefði mikinn áhuga á því að ræða við þessa samstjórnarmenn mína í stjórn Landsvirkjunar frá þessum árum um hvernig á því stendur að ekki var hafður sami háttur á nú af hálfu stjórnar Landsvirkjunar og gert var árin 1983 og 1984.

Ég skal svo svara fimmtu spurningunni, sem ég hef hér verið að víkja að, aðeins nánar og svar mitt er alveg skýrt. Það hefur ekkert komið fram sem breytir þeirri afstöðu sem lýst hefur verið í ríkisstjórninni hvað eftir annað, að Landsvirkjun væri formlega með samningana um orkuverðið í sínum höndum. Og þar til eitthvað annað kemur fram, skýrt og skorinort, hef ég enga ástæðu til þess að draga það í efa og tel nauðsynlegt að nánari skýringar komi fram af hálfu Landsvirkjunarstjórnar í þessum efnum. (**HBl:** Er ekki rétt að ráðherrann útskýri betur við hvað hann á ...) Ja, ég tók eftir því að iðnrh. var mér sammála um þetta efni hér áðan, og eins og hv. þm. Halldór Blöndal hefur væntanlega heyrt hefur aldrei komið neitt annað fram á vettvangi ríkisstjórnarinnar en að Landsvirkjun væri sá aðili sem annaðist samningana um orkuverðið. Og það hefur líka komið fram innan viðræðunefndar iðnrh. að svo væri.

Hvað snertir næstsíðustu spurninguna sem til mín var beint, um ályktun Alþb. þar sem því var lýst að álverið ætti að vera staðsett utan höfuðborgarsvæðisins, vil ég segja þetta. Samkvæmt almennum skilningi sjálfsagt vel flestra, bæði innan Alþb. og utan, held ég að Suðurnesjabyggð sé varla með eðlilegum hætti hægt að telja til höfuðborgarsvæðisins. Hitt kann svo að vera líka að samkvæmt almennri málvitund manna munu ýmsir ekki heldur telja hana til landsbyggðarinnar og sú svæðaskipting sem vakir í hugum almennings í þessu landi sé e.t.v. á þann veg að höfuðborgarsvæðið sé Reykjavík og nágrannabæjarfélögin, síðan séu Suðurnes og svo sé það sem venjulega er kallað landsbyggð. Og ég er nokkuð viss um að þeir tveir ágætu þingmenn, hv. þm. Matthías Á. Mathiesen og Geir Gunnarsson sem lengst allra hafa verið fulltrúar nú á Alþingi fyrir Reykjaneskjördæmi, mundu hvorugur nokkru sinni hafa talið Suðurnesin til höfuðborgarsvæðisins.

Ég tel þess vegna að það liggi nokkuð ljóst fyrir að Suðurnesin séu samkvæmt þeim almenna skilningi sem í hugtakið höfuðborgarsvæði hefur verið lagður ekki hluti af því svæði. (Gripið fram í.) Og ég vil í því sambandi vekja athygli hv. þm. Halldórs Blöndals á því að ef ég man rétt mun ég hafa svarað honum um þetta efni hér í umræðum í Ed. á síðasta þingi þar sem sú ályktun sem hv. þm. Friðrik Sophusson vék hér að kom til umræðu. Þessi skilningur er því ekki nýr. (**HBl:** Keilisnes er ekki

á Suðurnesjum.) Það er alveg ljóst að það sveitarfélag þar sem Keilisnes er er hluti af sveitarfélagabyggð Suðurnesja og hefur enginn maður dregið það í efa, mér vitanlega, fyrr en hv. þm. Halldór Blöndal.

Hæstv. iðnrh. hefur einnig vikið hér að endurskoðunarákvæðinu og ákvæðinu um ábyrgð móðurfyrirtækja og hef ég ekki miklu við það að bæta nema ég vil árétta það sem ég hef sagt á öðrum vettvangi, að ég tel að endurskoðunarákvæðið í þessum samningi sé eitt mikilvægasta ákvæði orkuverðssamninganna og ég hef lýst þeirri afstöðu minni að ég er ekki tilbúinn til þess að taka endanlega afstöðu til orkuverðssamninganna fyrr en ég sé endanlegan texta endurskoðunarákvæðisins.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, ítreka það sem ég hef áður sagt, að mér hefur fundist ýmsir hafa nokkuð rangt mat á því hvar þetta mál væri á vegi statt. Ég sagði það fyrir nokkuð mörgum vikum síðan að það væri ýmislegt óunnið varðandi viðræður um orkuverð, varðandi viðræður um umhverfisskilyrði og mótun stefnu Íslendinga í þeim efnum. (**FrS:** Er varaformaður Alþb. sammála formanni sínum um Keilisnes?) Það kemur sjálfsagt fram hér á eftir. Ég var að lýsa þeirri skoðun sem fólst í spurningu hv. þm. Friðriks Sophussonar, að samkvæmt þeim almenna skilningi sem ég hef talið vera við lýði tilheyrðu Suðurnesin ekki höfuðborgarsvæðinu og ég get getið þess hér með að þegar þessi ályktun kom til umræðu í þingflokki Alþb. lýsti hv. þm. Geir Gunnarsson þeirri skoðun sinni að svo væri ekki. Ég vil hins vegar láta það koma hérna fram að ég hef löngum talið að heppilegra væri, út frá almennri samstöðu um málið og út frá byggðaþróun í landinu, að skoða rækilega aðra staðsetningarmöguleika, hef gert það þó að ýmsir vinir mínir og félagar í Reykjaneskjördæmi hafi gagnrýnt þá afstöðu mína, en ég hef sannfærst um það m.a. á síðustu vikum, eftir að hafa séð niðurstöður umhverfisverndarathugunar bæði varðandi Reyðarfjörð og Eyjafjörð, að það hefði orðið erfitt út frá umhverfisverndarsjónarmiðum að koma álverinu fyrir á þeim tveimur stöðum, en ef til vill hefði átt að skoða fleiri staði í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að síðustu láta það koma fram að sú atvinnustefna sem við höfum löngum talið vænlegasta hér í okkar landi hefur falið það í sér að varað sé við því að álver sé talið einhver allsherjarlausn í atvinnumálum okkar Íslendinga. Bygging álvers hlýtur ávallt að vera undantekning sem Íslendingar fallast aðeins á ef tilteknum skilyrðum og tilteknum áföngum í samningum er náð. Sú stefna sem hér var boðuð á áratugum áður, að mikill fjöldi álvera væri einhver allsherjarlausn fyrir atvinnulíf Íslendinga, reyndist ekki rétt, bæði vegna þess að útlendingar sóttu ekki eins stíft í byggingu álvera hér á Íslandi eins og margir óttuðust eða vonuðu eftir því hvaða afstöðu menn höfðu og eins vegna þess að vaxtarmáttur sjávarútvegsins, þjónustugreinanna og iðnaðarins á Íslandi var það mikill að við höfum getað náð hér gífurlegum vexti lífskjara á síðustu 20 árum án þess að slík viðbót kæmi. (Gripið fram í.) Þess vegna er mikilvægt að allir hv. alþm. átti sig á því að umræðan um byggingu álvers á Íslandi má ekki verða til þess að menn vanræki umræður um aðra atvinnuþróun í landinu. Hér er um sérstakt og afmarkað mál að ræða sem menn eiga að taka afstöðu til á grundvelli þeirra samninga sem unnið er að þegar þeirri samningavinnu er lokið.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vona að leit að hæstv. umhvrh. verði haldið áfram vegna þess að ég hefði gjarnan viljað að hann hlustaði, alla vega þegar örlítið lengra líður á mál mitt.

Það hefur vafist fyrir mér á undanförnum árum hvernig stendur á þeirri þráhyggju ráðamanna að ekkert geti bjargað íslensku atvinnulífi nema bygging nýs álvers. Hæstv. fjmrh. lagði áherslu á það hér áðan, að auðvitað væri það ekki það eina sem mundi bjarga íslensku efnahags- og atvinnulífi en það mætti halda, af því hvernig menn hegða sér, að þeir teldu svo vera. Það er ömurlegt að fylgjast með hvernig þetta mál hefur tekið hug manna allan svo að aðrir atvinnukostir hafa varla verið nefndir, hvað þá athugaðir af alvöru. Fullvinnsla sjávarafla, önnur matvælaframleiðsla og iðnaður sem hentar íslensku atvinnulífi virðist ekki vera ofarlega á vinsældalistanum hjá þeim sem setið hafa á ráðherrastólum undanfarin ár. Og nú virðist sem með góðu eða illu skuli keyra málið í gegn. Þeir sem leyfa sér að koma með mótbárur eða setja fram efasemdir um að þetta sé nú ekki alveg eins gott og af er látið og ekki það sem henti okkur eru sagðir vera hinir mestu afturhaldsseggir, einstrengingslegt úrtölufólk, að þeir viti ekki hvað þeir eru að segja, taldir vera á móti framförum og með skipulagða skemmdarstarfsemi. Ég minni í þessu sambandi á viðbrögð við hógværum mótmælum Eyfirðinga á liðnu sumri þegar þeir settu spurningarmerki við það að það væri kannski ekki það besta fyrir Eyfirðinga að fá álver.

Það er ekkert nýtt að álver sé til umræðu hér á þinginu. Við höfum reynt að fylgjast með hvernig iðnaðarráðherrar, bæði núverandi og fyrrverandi, hafa reynt að fá hingað erlenda aðila til að eiga og reka hér álverksmiðju. Og málshefjandi, hv. 1. þm. Reykv., og lýsti áðan sínum þætti í málinu og lagði mikla áherslu á það að hæstv. núv. iðnrh. ætti þetta mál ekki einn. Honum þótti þetta svo mikilvægt.

Ég hef á hverju þingi sem ég hef setið borið fram fyrirspurnir til iðnrh. um nýtt álver og hafa svörin verið hin margvíslegustu. Haustið 1987 kom fram að Alusuisse vildi ekki stækka álverið í Straumsvík, væntanlega vegna þess að þeir töldu það ekki hagkvæmt. Síðan fór fram hagkvæmniathugun á byggingu 185 þús. tonna álvers í Straumsvík. Niðurstaðan varð sú að það var ekki hagkvæmt. Þá var aftur farið að tala um að stækka álverið í Straumsvík. Það gekk ekki heldur upp. En þar með var ekki látið staðar numið heldur enn farið í leit að erlendum að-

ilum til þátttöku í leiknum. Og nú virðast reiknimeistararnir vera búnir að reikna út að 200 þús. tonna álver sé svo hagkvæmt að við megum bara alls ekki missa af vagninum í þetta sinn. Er nokkur furða þótt sett séu spurningarmerki við þær reikniaðferðir sem notaðar eru? Það væri t.d. fróðlegt að hafa hér á borðum útreikninga sérfræðinga á raforkuverði í tengslum við þessar athuganir undanfarin ár, en þeir liggja ekki fyrir því raforkuverð hefur verið leyndarmál. — Ég vil inna virðulegan forseta eftir því hvort hæstv. iðnrh. getur verið í salnum til að hlýða á mál mitt. (**Forseti:** Ég skal óska eftir því að hann verði til staðar.)

Nú liggur fyrir undirritað samkomulag milli iðnrh. og Atlantsálsaðilanna um einstaka þætti samninga um 200 þús. tonna álver. Að vísu er efast um að iðnrh. hafi skrifað undir í umboði ríkisstjórnarinnar. Það hefur reyndar komið fram hér að hann gerir það einn og ekki hefur neitt verið samþykkt í ríkisstjórninni um þetta mál. Ljóst er að formaður stjórnar Landsvirkjunar, sem jafnframt er formaður stjórnar samninganefndarinnar, skrifaði ekki undir yfirlýsingu um raforkusamninginn í umboði stjórnarinnar. Ég velti því fyrir mér hvernig sami maðurinn, seðlabankastjórinn, metur hvaða áhrif hinar miklu lántökur munu hafa á þjóðarbúið og hvaða áhrif það hafi á íslenskt efnahagslíf ef reist verður hér álver með öllu sem því muni fylgja. Hann er ekki einungis beggja vegna borðsins heldur er hann við allar hliðar borðsins í þessu máli. Spurning hvort hann þurfi ekki að fá sér hringborð svo hann geti farið nógu hratt á milli stóla.

Eins og ráðherrann hefur nú upplýst eigum við von á því á allra næstu vikum að fá hingað inn í þingið frv. sem heimilar ríkisstjórninni að ganga til samninga við Atlantsál. Ef það gerist hlýtur það að merkja að þeir ráðherrar Alþb. sem hafa þóst vera á móti þessu álveri hafi skipt um skoðun — eða hvað? Þeir eru nú reyndar farnir þannig að ég veit ekki hvort þeir láta til sín heyra í umræðunum á eftir en það kemur í ljós.

Lítum aðeins á nokkur atriði væntanlegs samnings og þá þætti sem eru tengdir honum. Hér hefur komið fram að þetta er allt enn mjög óljóst og ekki búið að samþykkja neitt, ríkisstjórnin hefur að því er virðist ekki samþykkt eitt eða neitt í þessu sambandi. Ég get ekki annað en farið eftir þeim drögum sem koma fram í skýrslu iðnrh. sem lögð var á borð þingmanna síðasta fimmtudag. Það fyrsta sem menn velta fyrir sér er auðvitað þjóðhagsleg hagkvæmni. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. áðan að hann teldi það mikilvægasta þáttinn í þessu máli að hagvöxtur mundi aukast svo gífurlega að ekki væri hægt annað en að fara í byggingu nýs álvers. Og í fskj. með þessari skýrslu kemur fram það mat Þjóðhagsstofnunar að þjóðartekjur muni aukast um 3% ef verður af byggingu þessa álvers. Ég dreg stórlega í efa þessar upplýsingar og tel þarna um gróft ofmat að ræða. Það er álit margra annarra sem hafa reynt að meta þetta að þarna sé skotið langt yfir markið og vilja þeir fremur tala um innan við 1% vöxt þjóðartekna. Þó er inni í þeim reikningum mikil bjartsýni um þróun álverðs. Ef álverð verður eitthvað öðruvísi en þessir bjartsýnisútreikningar gera ráð fyrir verður þarna um verulegt tap að ræða. Í þessum hagvaxtarútreikningum er ekki tekin inn í, að því er best verður séð, mengun og eyðilegging gróðurs og lands sem verður samfara þessu álveri. Hagvaxtarútreikningarnir eru því langt, langt, langt frá því að vera raunhæfir. Þarna er um neikvæð áhrif að ræða ef allt er tekið með. Ég held að rétt sé að farið verði betur ofan í þessa útreikninga og allt verði tekið með í reikninginn.

Sú þensla sem mun óhjákvæmilega verða samfara byggingu þessa álvers verður að sjálfsögðu mest á suðvesturhorninu og mun þar af leiðandi draga til sín vinnuafl annars staðar af landinu og leiða til enn frekari byggðaröskunar en nú þegar er orðin. Það er ekki heldur tekið inn í þessa útreikninga hversu óhagkvæmt það er þjóðhagslega að láta verksmiðjuna rísa hér á suðvesturhorninu. Það er alveg ljóst að þegar verið er að básúna og blása út hversu mikill hagvöxtur verður, þá eru útreikningarnir vægast sagt vafasamir.

Einn stærsti þátturinn í þeim hagnaði sem talinn er geta orðið af álveri er raforkusala. Það er það sem mest hefur verið litið til og því mjög mikilvægt að ganga vel frá þeim málum. Rætt hefur verið um að tengja raforkuverðið álverði án lágmarks þannig að raforkuverðið getur orðið mjög lágt ef heimsmarkaðsverð á áli verður mjög lágt. Þetta er því mjög áhættusamt, sérstaklega ef tekið er tillit til þeirra miklu óvissuþátta sem tengdir eru verði á áli. Undanfarin ár hafa verið miklar sveiflur í álverði og margir hafa bent á að ýmislegt geti leitt til þess að álverð muni falla. Bent hefur verið á að hergagnaframleiðsla hefur dregist saman, sem betur fer, og muni gera það enn frekar á næstu árum. Líka hefur verið bent á að ál geti hugsanlega verið sjúkdómsvaldandi, þannig að það sé mjög varhugavert að nota álumbúðir utan um mat. Þetta getur haft veruleg áhrif, bara umræðan getur haft mikil áhrif. Þó ekkert hafi verið sannað í þessum efnum þá bendir ýmislegt til tengingar á milli álmengunar og Alzheimer-sjúkdómsins. Einnig hefur verið bent á það að ýmsir aðrir málmar geti komið í staðinn fyrir ál. Nú er m.a. farið að ræða um að nota þunnt stál t.d. í bílaframleiðslu. Þó að þetta sé allt mjög óvisst er þetta þó a.m.k. komið í umræðuna. Það er því ljóst að mikil óvissa ríkir um þróun álverðs í framtíðinni. Ég tel það mjög mikla bjartsýni að reikna með að álverð verði í kringum 1900 dollara, mér sýnist að reiknað sé með því hérna, 1850–1900 dollara, ef ég man rétt — 1650 er talað um varðandi skattinn, ég fann það ekki um raforkuverðið. Forsendurnar eru því mjög hæpnar. Ef við tökum álverð síðustu 30 ára þá hefur það aðeins í sex ár farið upp í 1850 dollara þakið og meðaltal síðustu tíu ára er einungis 1650 dollarar tonnið, þannig að ég held að þarna sé um mikla vanáætlun að ræða.

Síðan er reiknað með því, að því er best verður séð, að vextir verði 5,5%. Þjóðhagsstofnun hefur

gert útreikninga á þessu og í þeim útreikningum er reiknað með að vextir af lánum verði 5,5%. Á sl. tíu árum hafa vextir af lánum Landsvirkjunar verið á milli 6 og 7%. Það er mjög margt sem bendir til þess að vextir muni fremur hækka en lækka á næstu árum þó að það sé auðvitað mjög mikilli óvissu háð. En búast má við mikilli fjárfestingarþörf, t.d. í Austur-Evrópu, og það er trúlegt að vesturveldin muni ekki draga úr sinni fjárfestingu sem nemur þeirri aukningu sem verður í Austur-Evrópu og það muni þá leiða til meiri fjárfestingar, meiri fjármagnsþarfar og þar af leiðandi hækkunar vaxta. Auk þess er talað um afslátt af raforkuverði fyrstu árin og er þá, að því er mér sýnist, óumdeilanlegt að fyrstu árin verði tap á samningum. Hefur það m.a. komið fram í viðræðum í fjölmiðlum við stjórnarmenn Landsvirkjunar að 15–20 fyrstu árin muni verða tap á raforkusamningum við Atlantsál. Óveruleg hækkun vaxta eða lækkun á álverði mun breyta útreiknuðum hagnaði í verulegt tap.

Varðandi skattamálin, sem frekar lítið hefur heyrst af nema að það muni vera mikill ágóði fyrir ríkissjóð ef við förum út í þetta, þá er ljóst að það fer auðvitað eftir þróun álverðs eins og allt annað og ekkert tryggt í því sambandi. Auk þess vekur athygli að ekki er reiknað með því að neinn tekjuskattur komi inn í ríkissjóð fyrstu níu árin, eins og fram kemur á bls. 21 í skýrslu hæstv. iðnrh., fskj. 4. Þetta finnst mér mjög fróðlegar upplýsingar, að ekkert fáist í ríkissjóð fyrstu níu árin, ekki fyrr en árið 2003. Og skil ég þá enn síður þá áherslu sem lögð er á að nú þurfum við að fá álver vegna þess að við verðum að fá tekjur og verðum að fá peninga strax í kassann. Ekkert kemur inn fyrr en einhvern tímann á næstu öld, ef það kemur þá nokkurn tímann. Það væri fróðlegt að vita — nú hefur fjmrh. vikið sér frá — hvort þær tölur sem nefndar eru í þessari skýrslu þar sem talað er um að tekjuskattur gæti orðið rúmlega milljarður króna á ári, og þá væntanlega eftir þessi níu ár, hvort það er reiknað á núvirði eða hvernig þessi tala er fengin. Mér þætti fróðlegt að fá þær upplýsingar og e.t.v. get ég komið þeim spurningum til hans á eftir. Þetta er því mikið happdrætti og spurning hvort þjóðin hefur efni á að taka slíka áhættu sem þarna virðist vera farið út í.

Þá vík ég að alvarlegasta þættinum í þessu máli en það eru mengunarmálin. Það er sorglegt að fylgjast með því máli. Mér virðist að þar sé um stöðugt undanhald að ræða. Ég hef auðvitað ekki neitt fyrir mér annað en það sem ég hef lesið í blöðum og það sem ég sé hérna í þessari skýrslu og það sem þar kemur fram vekur ekki mikla bjartsýni hjá mér.

Iðnrn. hélt á því máli upphaflega, kannski af eðlilegum ástæðum þar sem ekki var til umhvrn., og get ég ekki annað en lýst því að mér finnst sá þáttur vera mjög veikur af hálfu iðnrn. Og nú síðast þá virðist mér að umhvrh. ætli að fallast á afslátt að því er varðar mengunarvarnir. Ég vona að það sé alls ekki rétt sem komið hefur fram í fjölmiðlum. Það sé eitthvað sem sagt er að ekki allt of vel athuguðu máli.

Það er mjög alvarlegt ef ekki á að gera ýtrustu kröfur um mengunarvarnir að því er varðar þetta álver. Auðvitað á að gera þær alls staðar og ekki síðst þarna. Ég vil því spyrja hæstv. umhvrh. hvort virkilega sé búið að gefa eftir í þessu máli. Það hefur verið haft eftir honum í fjölmiðlum, í blaðaviðtölum, að þetta sé dýrt og að varla sé hægt að ætlast til þess að menn leggi í svo og svo mikinn kostnað og það verði að taka tillit til þess líka. Við megum ekki verðleggja landið lágt. Landið okkar er viðkvæmt og þolir ekki mengun. Við getum ekki slakað á neinu í þessum efnum. Það er auðvitað ljóst að við höfum skyldur, ekki bara gagnvart okkar eigin landi, heldur höfum við einnig skyldur gagnvart jörðinni í heild. Við getum ekki horft eingöngu á okkur og sagt: Þetta blæs allt út á haf og við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur.

Auðvitað er flúoríð langstærsta vandamálið og vonandi verður ekki slakað neitt á í þeim efnum. Einhvers staðar las ég að krafan yrði eitt kíló af flúoríði á tonn, það þykir mér allt of hátt og vona að það sé einhver misskilningur. Þarna verður auðvitað að gera miklu strangari kröfur ef af þessu álveri verður. Langar mig til að fá þær upplýsingar sem fyrir liggja nú að því er þetta varðar. Síðan verður mjög mikil aukning á koldíoxíði ef af byggingu þessa álvers verður, veruleg aukning frá því sem nú er og er slæmt að við skulum vera að auka koldíoxíðmagn í andrúmsloftinu og auka þar með hættuna á gróðurhúsaáhrifum, svo að auðvitað er ástæða til að hafa áhyggjur af því. Þá er það brennisteinsdíoxíðið sem mikið hefur verið rætt um. Við vitum að hægt er að koma nánast í veg fyrir mengun af völdum þess í andrúmslofti. Við höfum einnig skyldur gagnvart umheiminum að því er það varðar. Það er ekki lengra síðan en í sumar að við fengum mengun frá meginlandi Evrópu. Þar var um mengun af völdum brennisteinsdíoxíðs að ræða þó að sjálfsagt hafi þar verið súlföt og annað sem þar blandaðist saman. Ég er alveg viss um að fólk vill ekki fá það sem viðvarandi vandamál hér á landi það sem við þurftum að upplifa hér í sumar, þegar þetta mikla mengunarloft barst okkur frá Evrópu.

Ísland hefur skuldbundið sig á vettvangi Norðurlanda til að ganga fram með varúð varðandi alla nýja starfsemi sem valdið getur aukinni brennisteinsmengun, eins og kemur fram á bls. 71 í skýrslu iðnrh. þar sem talað er um loftmengun. Ísland vildi ekki skrifa undir þennan samning vegna þess að brennisteinsdíoxíðmengun hér á landi er sem betur fer ekki mjög mikil, en það er hins vegar engin ástæða til þess að auka hana verulega eins og mun gerast ef ekki er krafist hreinsunar, algjörrar hreinsunar á brennisteinsdíoxíði frá álverinu. Ég vil spyrja að því hvort ekki sé ætlunin að standa við þetta ákvæði og hvort ekki eigi að minnka brennisteinsdíoxíðmengun eins mikið og hægt er. Ég hef verulegar áhyggjur af því og það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir okkur ef við ætlum að fara að auka hættuna á súru regni í Evrópu.

Annað sem ég tók líka eftir í þessu samkomulagi, þessum plöggum, er það sem segir orðrétt á bls. 27 í skýrslu iðnrh., með leyfi forseta:

„Tilmæli Atlantsálsaðilanna, sem byggð eru á niðurstöðum loftdreifingarreikninga NILU og Vatnaskila, eru þau að landsvæði í allt að 6 km fjarlægð umhverfis verksmiðju verði skilgreint sem iðnaðarsvæði og að þynningarsvæði verði fyrst um sinn skilgreint jafn stórt."

Mér finnst þetta svæði, 6 km umhverfis verksmiðjuna, allt of stórt ef það á að vera þynningarsvæðið. Ég tel ekki koma til greina ef þessi verksmiðja verður byggð að svo stórt svæði verði skilgreint sem iðnaðarsvæði og þá þynningarsvæði fyrir mengunarefnið. Það er alveg út í hött. Mér sýnist að þetta hafi bara verið tilmæli frá Atlantsálsaðilum og vona að sjálfsögðu að ekki hafi verið fallist á þau.

Í blaðaviðtali í Þjóðlífi, ég hygg að það hafi verið 1988, segir málshefjandi, hv. 1. þm. Reykv., orðrétt, með leyfi forseta: „Auðvitað gerum við kröfur um fullkomnasta hreinsibúnað sem til er." Og síðar: „Það er auðvitað ljóst að Íslendingar hljóta að gera mjög strangar kröfur um umhverfisvernd." Þetta kemur fram í þessu viðtali þannig að ég held að þó svo að hv. 1. þm. Reykv. hafi talað mjög ákveðið um að Sjálfstfl., og þá sérstaklega hann, vildi fá álver, þá vilji hann ekki gefa neitt eftir að því er varðar mengunarvarnir. Því miður hef ég verulegar áhyggjur af mengunarþættinum og tel hann alvarlegasta þáttinn í þessu máli. Eftir öllum þeim plöggum og blaðagreinum sem maður getur þó náð í og viðtölum, þá virðist þarna vera um verulegt undanhald að ræða. Nú vildi ég í þessu sambandi benda á samþykkt frá stjórn Landverndar þar sem kemur m.a. fram að stjórnin hvetur ríkisstjórn Íslands og Alþingi til að leita leiða í iðnaðar- og atvinnuuppbyggingu þannig að umhverfi stafi ekki ógn af og telja það mjög af hinu vonda að fara að byggja álver á Íslandi.

Virðulegur forseti. Það er fátt sem mælir með því að ráðast í að reisa álver á Keilisnesi og hef ég aðeins drepið á helstu atriði í máli mínu en alls ekki tekið á öllum þáttum málsins. Það er ekki nokkur vafi í mínum huga að ríkisstjórnin með iðnrn. í broddi fylkingar er á mjög röngu spori varðandi atvinnuuppbyggingu í landinu. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að lesa hluta af ályktun frá ráðstefnu Kvennalistans sem haldin var nú í haust en þar segir m.a.:

„Ráðstefna Kvennalistans um atvinnu- og umhverfismál haldin á Þingeyri 1.–2. september sl. gagnrýnir harðlega einsýni og íhaldssemi stjórnvalda við öflun tækifæra til að koma orku landsins í verð." Og síðar í ályktuninni segir: „Kvennalistakonur átelja stjórnvöld harðlega fyrir að hafa sóað dýrmætum tíma og gífurlegum fjármunum til þess eins að fá útlendinga til þess að reisa nýtt álver sem mundi hafa í för með sér verulega umhverfismengun og búseturöskun. Enn fremur hefur öll sú málsmeðferð valdið úlfúð og togstreitu milli landshluta."

Ég skora á iðnrh. að leggja áform um erlenda álbræðslu sem sé til hliðar og snúa sér að öðrum vænlegum kostum fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að gera hér grein fyrir stöðu umhverfisathugana varðandi byggingu fyrirhugaðs álvers en fyrst langar mig til að fara örfáum almennum orðum um þetta mál. Ég hef talið skynsamlegt og nauðsynlegt að stuðla að nýtingu orkulinda hér á landi. Þar hlýtur álver vissulega að vera kostur sem við tökum til mjög alvarlegrar athugunar ef slíkt tækifæri sem hér er verið að ræða um gefst og við hljótum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að ná slíkum samningum séu þeir mögulegir. En að sjálfsögðu tek ég undir með hv. 6. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur að þar hljóta umhverfismálin að skipta mjög miklu máli og kannski eru þau einhver mikilvægasti hluti þessa máls.

Ég get fullvissað hv. 6. þm. Reykv. um að búið er að leggja gífurlega vinnu í að rannsaka umhverfisáhrif frá væntanlegu álveri og fara í það á eins vísindalegan og faglegan hátt og nokkur kostur hefur verið. Umhverfisráðuneytið kom ekki að þessu máli fyrr en eftir þinglok í vor sem leið vegna þess einfaldlega að fyrr var ekki úr því skorið að umhverfisráðuneyti yfirleitt færi með þennan málaflokk. Til þess að rifja það upp var það ekki fyrr en síðasta dag þingsins í vor sem leið að Alþingi samþykkti lög um verkefni umhverfisráðuneytisins sem fólu það í sér m.a. að umhverfisráðuneytið skyldi fara með yfirumsjón mengunarvarna og þar með hafa umsjón með því að ákvæðum mengunarvarnareglugerðar væri framfylgt. Strax og það var staðfest með reglugerð sem birtist í Stjórnartíðindum þann 7. júní sl. var hafinn undirbúningur að því að taka við þessum málum og þar með rannsóknum vegna umhverfisáhrifa frá væntanlegu álveri. Til að það mætti vinnast á faglegan og vísindalegan hátt skipaði umhvrh. nefnd fagmanna til þess að sinna þessu verkefni. Nefndin er svo skipuð: Eggert Steinsen verkfræðingur er formaður hennar, en hann á einnig sæti í ráðgjafarnefnd iðnrn. um álmálið og hefur í þeirri nefnd lagt sig sérstaklega eftir að kynna sér umhverfismál og mengunarvarnir eftir fremsta megni. Aðrir nefndarmenn eru Gísli Már Gíslason prófessor, Ragnar Sigurbjörnsson prófessor, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarsérfræðingur hjá ráðuneytinu, Þóroddur Þóroddsson, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, og Þorsteinn I. Sigfússon prófessor. Framkvæmdastjóri og ritari nefndarinnar er Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins. Með nefndinni starfar að auki Sigurbjörg Gísladóttir, efnaverkfræðingur hjá Hollustuvernd ríkisins.

Reynt var að ná saman sérfræðingum og fagmönnum sem líklegt væri að gætu unnið þetta mál á grundvelli faglegra og vísindalegra upplýsinga og

gætu komið með ábendingar um það til umhverfisráðuneytisins hvernig best skyldi haldið á þessu máli. Ég er sannfærður um að það hefur tekist mjög vel. Ég held að allir geti verið mér sammála um það að í nefndinni eru einstaklingar sem hver á sínu sviði eru mjög vel að sér um hin ýmsu mál og hin ýmsu atriði sem varða umhverfisþáttinn og ég held að við getum treyst því að þar sé unnið á faglegan og vísindalegan hátt.

Þessi nefnd hefur skilað mjög mikilvægu starfi og er komin vel á veg í undirbúningi að starfsleyfi fyrir fyrirhugaða álbræðslu, en svokölluð starfsleyfisdrög voru kynnt ráðherrum ríkisstjórnarinnar á fundi sem stóð í þrjá tíma fyrir hádegi í morgun.

Ég skal reyna að fara nokkrum orðum um hvers við höfum orðið vísari í þessari undirbúningsathugun okkar varðandi mengunarvarnir í fyrirhuguðu álveri. Starfsleyfið sem slíkt verður mjög umfangsmikið og ítarlegt þar sem verður greint mjög nákvæmlega frá forsendum hinna ýmsu mála sem varðar rekstur álversins. Þar er kveðið mjög rækilega á um hvernig skuli staðið að vörnum gegn loftmengun, hvernig skuli staðið að vörnum gegn mengun vegna frárennslis og úrgangs frá verksmiðjunni og sömuleiðis hvernig skuli komið í veg fyrir önnur umhverfisáhrif og ýmis atriði sem varða útlit verksmiðjunnar og ýmiss konar frágang á verksmiðjusvæði o.s.frv. eins og gengur í sambandi við útgáfu starfsleyfa til mengandi atvinnurekstrar. Ég efast um að nokkurt einasta fyrirtæki sem hefur verið tekið til athugunar hér á landi og þarf að gefa út starfsleyfi fyrir, hafi fengið eins ítarlega umfjöllun og þetta fyrirtæki, enda er það að sjálfsögðu nauðsynlegt því að hér er um alvarlega hluti að ræða.

Nefndin hefur farið og kynnt sér nýtískuleg álver í öðrum löndum. Sumir nefndarmanna hafa m.a. heimsótt tilraunaverksmiðju franska fyrirtækisins Pechiney í Suður-Frakklandi. Þar er um að ræða einhvern fullkomnasta mengunarvarnabúnað sem þekkist í heiminum í dag í áliðnaði, en hann er hafður þar til rannsókna og tilrauna. Nýlega fóru þrír fulltrúar nefndarinnar til Bandaríkjanna til þess að kynna sér rekstur álvers sem Alumax, eitt fyrirtækjanna í Atlantsálshópnum, rekur í Suður-Karolína í Bandaríkjunum til þess að kynnast þar af eigin raun hvernig mengunarvörnum þar er háttað og enn fremur eiga þar viðræður við fulltrúa allra fyrirtækjanna þriggja sem standa að Atlantsálsverkefninu. Þar náðist samkomulag um mjög mikilvægt atriði sem mig langar til að greina hér frá en það er samkomulag um að vera með viðameiri mælingar og sívirkar athuganir á öllum umhverfisþáttum hins nýja álvers en nokkurs staðar þekkist í heiminum í dag. Við teljum að þarna hafi náðst mjög merkilegur áfangi á þeirri leið að tryggja hinar ýtrustu mengunarvarnir í álverinu, þ.e. að fá samþykki fyrir jafnviðamikilli mælingaáætlun og sívirkum athugunum á öllum þeim mengunarefnum sem álverið lætur út í andrúmsloftið og þar náðist samkomulag um. Í mörgum tilvikum var t.d. um það að ræða að hinir bandarísku aðilar töldu að slíkar sívirkar athuganir sem fulltrúar nefndarinnar lögðu til væru ekki framkvæmanlegar en þá gerðist það að fulltrúar Hollendinganna sem eru þýskir umhverfisverkfræðingar gátu greint frá því að slíkar mælingar væru mögulegar og væru þekktar í Þýskalandi. Og í sumum tilvikum voru það Svíarnir sem gátu greint frá því að þær mælingar, sem bæði hinn þýski fulltrúi hollenska fyrirtækisins og jafnvel Bandaríkjamennirnir töldu óframkvæmanlegar, væru þekktar í Svíþjóð. Þannig tókst að ná samkomulagi um það besta sem þessar þrjár þjóðir geta sameiginlega lagt fram á þessum vettvangi. Því segi ég það að bara þetta eina atriði tryggir kannski í framtíðinni betur en nokkuð annað fullkomnustu mengunarvörnum verði þarna komið við sem hægt er að hugsa sér. Því það eru einmitt athuganir, sívirkar athuganir á því hvað er að gerast á staðnum sem skila mestum árangri til þess að koma í veg fyrir mengun.

Að sjálfsögðu hefur nefndin sérstaklega athugað þrjá meginþætti mengunarvandamálanna, en þar er flúormengunin líklega mikilvægust því að hún er langhættulegust. Hefur að sjálfsögðu mest verið rannsakað hvernig megi koma í veg fyrir flúormengunina og nefndin varið miklum tíma í að rannsaka þau mál mjög vandlega.

Það er svo að í OECD-löndunum eru gerðar mismunandi kröfur um heildarflúormengun frá þeim álverum sem eru starfrækt og virðast norskar kröfur um hámark 0,8 kg af heildarflúori sem er beint út í andrúmsloftið miðað við eitt framleitt tonn af áli vera þær ströngustu sem gilda í OECD-löndum. Það eru þekktar strangari kröfur í einstaka fylkjum í Bandaríkjunum, en hvað varðar Bandaríkin í heild sinni, þá setur bandaríska umhverfismálastofnunin þá meginkröfu að eigi megi setja meira en 0,95 kg af flúori út í andrúmsloftið frá álverum miðað við eitt framleitt tonn af áli. Ég get fullvissað hv. 6. þm. Reykv. um að við verðum verulega lægri en hér er verið að tala um. Ég get ekki greint frá því hver talan er því að við erum að vinna að gerð starfsleyfis þessa dagana og ég vil að við fáum að vinna það í friði án þess að það sé verið að hrópa um það í fjölmiðlum hver þessi mörk eru, enda er ekki búið að ganga frá þeim endanlega. Ég hef sett mér það markmið að fara sjálfur og skoða umrætt tilraunaálver í Suður-Frakklandi til þess að ganga úr skugga um það með eigin augum hvað hægt sé að gera. Ég er nýlega kominn heim úr ferðum til Svíþjóðar þar sem ég heimsótti álverið í Sundsvall í Mið-Svíþjóð og fékk tækifæri þar til þess að kynnast af eigin raun hver er munurinn á gamla og nýja tímanum. Það var ákaflega fróðlegt vegna þess að þar er um að ræða 100 þús. tonna álver sem er af svipaðri stærð og álverið í Straumsvík. Um einn fjórði framleiðslunnar í álverinu í Sundsvall í Svíþjóð er framleiddur í nýrri verksmiðju sem var tekin í notkun seint á árinu 1986, en $^{3}/_{4}$ hlutar framleiðslunnar eru í mjög gömlu veri sem minnir óneitanlega á álverið í Straumsvík. Það var mjög fróðlegt að koma í þetta álver og sjá muninn á þessum tveimur framleiðslumöguleikum.

Í nýrri hlutanum var hægt að ganga um í kerskálanum eins og maður væri staddur uppi í sveit í góðu lofti, en í gamla hlutanum sást ekki nema nokkra tugi metra fram í skálann fyrir rykmekki og þeirri loftmengun sem þar var um að ræða. Því held ég að við getum fagnað því að það sem er verið að tala um að byggja á Keilisnesi er í samræmi við nýrri hluta sem þar gat að líta, þ.e. þar sem ekki varð vart við neina verulega loftmengun, en þar er beitt nýrri og fullkominni tækni.

Það er svo að því meira flúor sem sleppur út í andrúmsloftið frá álverinu þeim mun lélegri er reksturinn og það veldur framleiðandanum tapi að missa flúorið út í andrúmsloftið. Það er því í hag framleiðandans að reyna að ná öllu flúori, helst hverri einustu agnarögn sem fer frá kerskálanum, til baka inn í framleiðsluna því að hér er um að ræða mjög dýrt efni sem framleiðandinn hlýtur að vilja koma í veg fyrir að sleppi burtu frá verinu. Því held ég að við getum a.m.k. treyst því að sá framleiðandi sem vill hafa reksturinn í lagi hjá sér, geri allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að flúorið sleppi út í andrúmsloftið, hann vill fá það til baka inn í framleiðsluna. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu hljótum við að gera það og við munum setja miklar og strangar kröfur þar um og ég hef ekki trú á öðru en það náist viðunandi samkomulag þar um. Ég heyrði það m.a. hjá þeim í Sundsvall að þeir hafa yfir tveggja ára tímabil getað haldið flúormenguninni fyrir neðan $^1/_2$ kg á framleitt tonn af áli og ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að það sama verður uppi á teningnum í álverinu á Keilisnesi. Jafnvel tel ég allar líkur á því að í reynd verði flúormengunin enn minni. Ég geri ráð fyrir því og hef fyrir því viss rök að flúormengunin muni að staðaldri ekki vera nema í kringum 0,3 kg á framleitt tonn af áli.

Hins vegar er eitt sem hinir erlendu samstarfsaðilar benda á sem við hljótum af sanngirnisástæðum að taka tillit til og það er að þeir benda réttilega á að hreinsibúnaðurinn, hinn fullkomni tæknibúnaður sem er tiltækur í heiminum í dag til þess að koma í veg fyrir flúormengun einn sér leysir ekki nema kannski helminginn af dæminu. Það eru starfsmennirnir sjálfir sem leysa hinn þáttinn, þ.e. það er samviskusemi starfsmannanna og einbeittur vilji allra þeirra sem vinna í álverinu að koma í veg fyrir mengunina. Ef það yrði slæmur andi í álverinu, sem því miður gæti gerst, tíðar vinnudeilur og kaupdeilur þannig að starfsfólkið væri óánægt, þá mundi það valda miklu, miklu meiri mengun heldur en búnaðurinn segir til um. Þess vegna höfum við litið svo á að það sé skynsamlegt að sjá hvernig reksturinn verður og taka lokaákvörðun um endanleg mörk þegar er komin full reynsla á reksturinn og búið er að þjálfa starfsliðið sem þar verður að verki.

Þá langar mig til þess að koma að öðrum þætti loftmengunar sem er svokallað brennisteinstvíildismál, þ.e. það brennisteinstvíildi sem verksmiðjan mun senda frá sér. Um það hefur farið fram mikil umræða hér í þjóðfélaginu. Því miður hafa verið mjög rangar og villandi upplýsingar í umræðunni og verð ég að beina nokkurri gagnrýni til fjölmiðla sem hafa reynt að grípa það mál á lofti og búa til hasar í kringum það en hafa haft minni áhuga á því að afla sér nákvæmra upplýsinga um hvað hér er á ferðinni.

Það er svo að ekkert OECD-land gerir kröfu um vothreinsibúnað í álverum. Hvorki Noregur né Svíþjóð, eins og þó hefur margoft verið haldið fram í umræðunni, gera almenna kröfu um að notaður skuli vothreinsibúnaður í álverum til þess að ná brennisteinstvíildismengun úr loftinu.

Í Noregi munu vera átta álver í rekstri. Sjö þeirra eru með vothreinsibúnað af allt öðrum orsökum. Þar er um að ræða gamaldags framleiðslu með svokölluðum Söderberg-rafskautum eða forskautum sem eru mjög mengandi vegna þeirrar gamaldags framleiðsluaðferðar sem þar er notuð. Þar losnar mikil tjara sem fer út í andrúmsloftið og það er fyrst og fremst til þess að ná henni, svo og flúornum úr útblæstri frá slíkum álverum, að þar hefur verið beitt þeirri tækni að setja upp vothreinsibúnað. Fulltrúar umhverfisráðuneyta, bæði í Noregi og í Svíþjóð, hafa tjáð mér að þeir muni ekki fyrir fram gera neinar kröfur um vothreinsibúnað í nýjum álverum. M.a. kom það fram hjá fulltrúum sænska umhverfisráðuneytisins að langt hefði verið komið með að undirbúa starfsleyfi fyrir nýtt álver í Norður-Svíþjóð sem átti að rísa í námunda við Kiruna, þar sem skýrt var tekið fram í starfsleyfisdrögunum að ekki mætti nota vothreinsibúnað. Ástæðan fyrir því var sú að ekki væri talið heppilegt að leiða brennisteinstvíildi út í vatnið sem þar er nærri en þessu álveri hafði verið valinn staður um 3 km frá strönd þannig að í því starfsleyfi eða þeim drögum sem þar voru í undirbúningi var það skýrt tekið fram að ekki skyldi notaður vothreinsibúnaður.

Við höfum rannsakað þetta mál mjög vandlega og reynt að komast að skynsamlegri niðurstöðu um það hvað skuli gera í þessu efni. Við höfum sérstaklega beint augum okkar að sjálfum rafskautunum, þ.e. forskautunum, en það er þaðan sem brennisteinsmengunin kemur, þ.e. vegna brennisteinsinnihalds í forskautunum. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp stutta greinargerð sem fjallar um þetta mál sérstaklega.

„Við álframleiðslu eru notuð rafskaut sem unnin eru úr olíukoksi. Kolefni skautanna binst súrefni súrálsins og myndar loks koltvísýring. Skautin innihalda einnig brennistein og þungmálma eins og t.d. vanadium. Brennisteinninn brennur í súrefni og myndar brennisteinsdíoxíð, SO_2. Almennt er litið svo á að mikilvægustu mengunarvarnir við álbræðslu felist í hreinsun flúors sem losnar við bræðsluna í álkerum og getur verið skaðlegur lífverum. Hann er hreinsaður með svokölluðum þurrhreinsibúnaði. Hins vegar er þess almennt ekki krafist að brennisteinsdíoxíð sé hreinsað. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna frá 1981 fjallar um brennistein og kemst að eftirfarandi niðurstöðu.

Í stuttu máli má segja að SO_2-hreinsun sé ekki

nauðsynleg. Ef þess er samt sem áður krafist í undantekningartilvikum á að hreinsa reykinn frá álverinu, þ.e. frá kerunum, með fersku vatni, með svokallaðri kalsíneringu eða með sjó. — Ég skal geta þess í framhjáhlaupi hér að ég hef gert ráðstafanir til þess að spyrjast fyrir um það hjá Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna hvort þessi umsögn standi óbreytt enn þann dag í dag því að hér er um að ræða níu ára gamla skýrslu og ég á von á niðurstöðum um það fljótlega.

Vothreinsun brennisteins krefst þess að gífurlegu magni af sjó sé dælt í vothreinsunarturn og sjónum úðað yfir loftstrauminn frá álkerunum. Sölt í sjónum binda brennisteinsdíoxíðið og frá sjóþvottaturninum er dælt brennisteinsmenguðum sjó. Brennisteinsdíoxíð frá álverinu á Keilisnesi bærist að miklu leyti á haf út þar sem það dreifðist og endaði að mestu leyti í hafi á innan við viku. Niðurstöður útreikninga á SO_2-útbreiðslu sýna að hún verður ekki yfir mengunarmörkum á Keilisnesi.

Ráðgjafarnefnd umhverfisráðuneytis hefur kannað nýtni sjóþvottar og gæði rafskauta á heimsmarkaði. Nýtnin er ófullkomin og brennisteinsmenguð kol mundu hleypa töluverðu SO_2 fram hjá sjóvöskun. Mikill gæðamunur er á rafskautamassa sem fáanlegur er á markaðnum. Búist er við að brennisteinninn muni aukast í rafskautamassa á komandi áratugum. Nefndin hefur bent á að skynsamlegt sé að binda Atlantsálsfyrirtækið til þess að nota aðeins tiltölulega brennisteinssnauð rafskaut og gera kröfu um hámark brennisteinsinnihalds í rafskautum. Um leið og SO_2-mengun verður þannig takmörkuð minnkar einnig þungmálmamengun, t.d. vanadium. Í tillögum að starfsleyfi sem ráðgjafarnefndin hefur fjallað um er ekki gert ráð fyrir sjóvöskun en eindregið lagt til að tiltölulega brennisteinssnauð rafskaut verði notuð við bræðsluna. Þá er einnig gert ráð fyrir ítarlegri mengunarmælingum hjá Atlantsáli en almennt tíðkast og uppsetningu búnaðar til brennisteinshreinsunar ef mengunarmörk verða yfirstigin. Með stöðugum mælingum á mengunarþáttum eins og flúor og SO_2 í umhverfi álversins verður unnt að fylgjast fullkomlega með mengun versins og stjórna rekstri þess til að halda mengun í lágmarki.

Hér er sú leið sem er verið að athuga þessa stundina en um það hefur þó ekki verið tekin lokaákvörðun. Hún er sú að gera kröfu um það að aðeins verði notuð brennisteinssnauð forskaut í verinu. Þar er verið að tala um tölur eins og 2% eða þar um bil. Verði um það að ræða á síðari stigum á samningstímabilinu að ekki séu fáanleg brennisteinssnauð forskaut eða það verði að fara í að nota forskaut með kannski brennisteinsinnihaldi allt upp í 5% eins og er víða þekkt í heiminum í dag, þá verði starfsleyfið tekið til endurskoðunar. Þá er gert ráð fyrir því að vel geti komið til þess að sett verði fram krafa um vothreinsibúnað. Því geri ég ráð fyrir því að álverið verði hannað með tilliti til vothreinsibúnaðar þannig að það sé auðvelt að koma honum upp ef um það komi krafa.

Mig langar svo aðeins að fjalla áfram um hvað brennisteinstvíildismengunin er í raun og hvernig þetta lítur út í alþjóðlegu samhengi miðað við það sem er að gerast á Íslandi þessi árin. Það hefur komið fram að aukning á brennisteinstvíildi vegna reksturs álversins verður mjög mikil miðað við það sem þegar fellur til á landinu í heild sinni. En ekki er allt sem sýnist í þeim athugunum. Við skulum fara aðeins lauslega yfir hvað við leggjum til af brennisteinsmengun í andrúmslofti. (**Forseti:** Má ég biðja hæstv. ráðherra að gera hlé á máli sínu. Ég vil upplýsa hv. þingheim um að hugmyndin er að fresta fundi kl. 5 og ég vildi láta hæstv. ráðherra vita af því svo að hann gæti e.t.v. tekið mið af því í sinni ræðu ef hann kýs að ljúka máli sínu fyrir kl. 5, en síðan yrði fundi fram haldið kl. 9. Þetta vildi ég aðeins láta hæstv. ráðherra vita af.)

Hæstv. forseti. Ég tel að ég geti lokið máli mínu á kannski rúmlega 5 mínútum. Ég ætlaði rétt aðeins að gera grein fyrir þeirri brennisteinsmengun sem verður hér á landi af völdum ýmiss konar starfsemi og bera það saman við það sem kemur frá hinu nýja álveri. Ef ég fer lauslega yfir það, þá mun brennisteinsmengun vegna almenns iðnaðar á Íslandi valda losun út í andrúmsloftið sem nemur 5 þús. tonnum á ári. Frá fiskiskipum koma um 1200 tonn, frá bifreiðum um 300 tonn, frá millilandaskipum um 4 þús. tonn og frá skipum í siglingum innan lands um 200 tonn. Samtals gerir þetta um 10.700 tonn. Ef millilandaskipin eru undanskilin, sem má kannski með vissum rökum réttlæta að sé gert, þá er samtalan fyrir landið um 6700 tonn af brennisteini sem fer út í andrúmsloftið á ári. Sé miðað við 2% brennisteinsinnihald í forskautum í nýju 200 þús. tonna álveri mun losun frá því nema 4000 tonnum á ári en það er um 60% aukning.

Hér hefur algerlega verið horft fram hjá því brennisteinsmagni sem kemur frá jarðvarmavirkjunum sem við eigum og rekum. Ef þeim tölum er bætt við er um að ræða að brennisteinsvetni í gífurlegu magni er losað út í andrúmsloftið frá Svartsengi, Nesjavöllum og Kröflu. Það er að vísu alltaf spurning hvaða efnasambönd myndast, hvað verður um brennisteinstvíildi frá álveri og sömuleiðis um brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum. Ef miðað er við ýmsar alþjóðlegar samþykktir sem ganga yfirleitt út á það hver er losun á brennisteini út í andrúmsloftið, þá má, ef við tökum tillit til alls þessa, reikna með því að aukningin sem álverið veldur verði á bilinu 5–20%, kannski í kringum 10%. Ég segi þetta ekki til að afsaka eitt eða neitt, en þetta eru þær staðreyndir sem við höfum á borðinu og það eru þær sem við verðum að horfa á þegar við erum að taka þær ákvarðanir sem nú er verið að taka þessa dagana. (**HG:** Er það ekki erfiðara vegna þessa, það er svo mikið fyrir.) Vissulega er það erfið ákvörðun að gefa út starfsleyfi fyrir mengandi iðnað eins og álver. Ég er ekkert að leyna því. En það verður að vega og meta hvernig skuli staðið að því til þess að koma í veg fyrir að mengun frá álverinu verði mikil. Að við getum fullvissað okkur um það að allt verði gert til þess að koma í veg

fyrir að mengunin fari yfir þau mörk sem við teljum skynsamleg og eðlileg. Ég held að við séum á réttum vegi þar. Hins vegar verð ég að segja eins og er að því miður er um að ræða mikinn atvinnurekstur hér í landi sem veldur tiltölulega mikilli mengun og væri kannski miklu eðlilegra og nær að eyða meiru púðri á það. Þar á ég t.d. við mengun frá fiskvinnsluhúsum og fiskeldisstöðvum og mörgum öðrum fyrirtækjum. Ég vildi svo sannarlega vonast til þess að þingheimur sem hér hefur haft skoðun á álverinu komi líka til hjálpar þegar við förum að taka á þeim málum.

Ég skal láta þetta nægja í bili, hæstv. forseti. — [Fundarhlé.]

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé samhljóða niðurstaða flestra Íslendinga að nýting orkulindanna sé einn mikilvægasti þátturinn til þess að viðhalda hagvexti og bæta lífskjör í landinu. Raunar er það svo að allar ríkisstjórnir í áratugi hafa sýnt skoðun sína á þessu máli með því að skipa viðræðunefndir sem unnið hafa að því að reyna að efla orkufrekan iðnað á Íslandi og iðnaðarráðherrar, ég hygg allir, hafa unnið að því máli í áratugi. Meira að segja hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði fram í sinni iðnaðarráðherratíð stórkostlegri virkjanaáætlanir en aðrir iðnaðarráðherrar hafa gert með það fyrir augum að efla hér orkufrekan iðnað.

Það er eigi að síður svo að árangur sl. 10 ár hefur ekki orðið mikill í því að koma hér upp orkufrekum iðnaði. Síðasta fyrirtækið sem var reist var járnblendiverksmiðjan 1978. Síðan hefur lítið miðað þrátt fyrir verulega vinnu og reynt hafi verið að nálgast ýmis erlend fyrirtæki til að efla hér orkufrekan iðnað. Þar hafa auðvitað mestu ráðið markaðsaðstæður og samkeppni á opnum markaði og fleira og fleira. Fjölmörg lönd eins og Kanada, Venesúela, Ástralía og Brasilía hafa boðið orku á lágu verði.

Nú er svo komið að viðræður um orkufrekan iðnað, um gríðarlega mikið fyrirtæki hér á landi eru á lokastigi. Hér er um að ræða mjög mikla fjárfestingu, fjárfestingu sem nálgast 60 þús. millj. ísl. kr. Það er ekki á hverjum degi sem Íslendingar hefja viðræður við erlenda aðila um slíka fjárfestingu og rétt er að benda á í þessu samhengi að heildarverðmæti íslenska fiskiskipaflotans eru áætluð innan við 50 þús. millj. kr. Að mínu mati er þess vegna afar mikilvægt að Íslendingar beri gæfu til þess að standa sæmilega þétt saman við að koma þessu fyrirtæki á og ná um það eins hagstæðum samningum og unnt er. Það er afar mikilvægt að menn missi ekki tök á þessu máli í innbyrðis óeiningu. Klúðri menn málinu nú getur orðið veruleg bið á því að mönnum takist að ná hér upp alvarlegum viðræðum um orkufrekan iðnað.

Ég giska á að í álheiminum séu innan við 300 manns sem eru í stöðu til þess að hefja viðræður um uppbyggingu álvera. Þessir menn fylgjast allir mjög vel með. Ef þetta fyrirtæki fer í vaskinn vegna innbyrðis óánægju hér eða óeiningar, þá er enginn vafi á því að menn munu spyrja sig þeirrar spurningar hvort það þýði að leita samninga við Íslendinga.

Í þeirri miklu umræðu og því mikla ölduróti sem að undanförnu hefur verið varðandi álmálið er rétt að geta þess að þar eru auðvitað mjög mismunandi sjónarmið og viðhorf sem koma fram. — Nú verð ég að segja, virðulegi forseti, að það er erfitt að halda þessari umræðu áfram án þess að fá hér í salinn hv. málshefjanda. Og það er erfitt og í rauninni illskiljanlegt að menn hefji hér umræður utan dagskrár um mál eins og þetta og hafi síðan ekki tíma til að vera viðstaddir umræðuna sjálfir. Helst hefði ég vegna þeirra umræðna sem hér fara fram viljað fá hér í salinn bæði hv. málshefjanda, 1. þm. Reykv., og formann Sjálfstfl. sem stendur að þessari umræðu utan dagskrár. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. að hvorugur þessara hv. þm. mun vera í húsinu, en nú verður gerð tilraun til þess að athuga hvort þeir geti setið þennan fund.)

Mér eru ofarlega í huga nokkrar spurningar varðandi umræðuna eins og hún hefur snúist hér í dag. Eins og ég sagði áðan hafa hinir ýmsu einstaklingar mismunandi viðhorf til orkufreks iðnaðar. Þeir eru til, eins og margir fylgismenn Kvennalistans og margir fylgismenn Alþb., sem í hjarta sínu eru á móti orkufrekum iðnaði. Slík afstaða er út af fyrir sig alveg skiljanleg. Hins vegar er það svo að Sjálfstfl. hefur margsinnis lýst því yfir að hann styðji orkufrekan iðnað og vilji standa að uppbyggingu hans. Málshefjandi, hv. 1. þm. Reykv., sagði hér í upphafi máls síns að stefna Sjálfstfl. væri skýr þegar kæmi að orkufrekum iðnaði. Reyndar fékk ég það ekki skýrt í mínum huga hver afstaða Sjálfstfl. væri í raun og veru í þessu máli þegar ég hlustaði á ræðu hans. Og hér eru einhverjir þingmenn flokksins inni sem geta þá komið þeim spurningum til skila eða svarað því sem ég hef áhuga á að fá að vita varðandi afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli.

Ég verð að játa það að málflutningur Sjálfstfl. hefur valdið mér talsverðum áhyggjum og vakið í huga mínum margar spurningar. Sjálfstfl. hefur meðhöndlað þetta mál þannig að vafi leikur á hvaða afstöðu hann muni hafa. Í þessu sambandi vil ég benda á að varaformaður Sjálfstfl., borgarstjórinn í Reykjavík, hefur í viðtölum gefið ákaflega kynlegar yfirlýsingar, yfirlýsingar sem eru í rauninni í eitthvað svipuðum dúr og þetta: Við viljum ekki taka afstöðu eða taka ákvörðun í stjórn Landsvirkjunar vegna þess að menn kynnu að rekja það til okkar á eftir að við bærum ábyrgð á þeim ákvörðunum sem við höfum tekið. Ég hygg að yfirlýsing í þessum dúr sé ákaflega óvenjuleg hjá manni sem teljast verður ábyrgur stjórnmálamaður. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér örstutt upp úr Dagblaðinu frá 6. október þar sem varaformaður Sjálfstfl. segir: „Það er alveg ljóst að forsrh. og Framsfl. ætla að sjá til þess að við samþykkjum orkuverðið og þeir geti síðan haft frían sjó og talað um á eftir hvað þetta sé lélegt." Þessi afstaða er mjög merkileg hjá ábyrgum stjórn-

málamanni vegna þess að ég hygg að íslenska þjóðin ætlist til þess af sínum stjórnmálamönnum að þeir taki afstöðu til málanna eins og þau liggja fyrir, en ekki eftir því hvað þeir óttast að andstæðingar þeirra í stjórnmálum kunni að segja um þá eftir á.

Þetta vekur upp ýmsar spurningar um hlutverk alþingismanna, hlutverk stjórnmálamanna og það að ýmislegt í málflutningi sjálfstæðismanna minnir meira þegar kemur að þessu máli á baráttu um völd en afstöðu, málefnalega afstöðu til máls sem verið er að fjalla um og þjóðarhags. Ég man ekki eftir því að hafa séð það áður haft eftir ábyrgum stjórnmálamanni á prenti að hann hafi beinlínis lýst því yfir að hann ætli ekki að taka ákvörðun í ákveðnu máli vegna þess að það yrði hermt upp á hann á eftir að hann bæri ábyrgð á þeirri ákvörðun sem hann hefði tekið. Þetta þykir mér mjög kynleg yfirlýsing. Það sem ég vildi spyrja hv. málshefjanda um og formann Sjálfstfl. líka, ef þeir hefðu haft tíma til að vera viðstaddir þessa umræðu sem þeir lögðu áherslu á að fá setta á svið í dag, er hvort það væri einnig þeirra afstaða að taka ekki ákvörðun í þessu máli vegna þess að það yrði talið á eftir að þeir bæru ábyrgð á þeirri ákvörðun sem þeir hefðu tekið.

Nú hefur hv. málshefjandi gengið í salinn svo að hann getur væntanlega svarað því fyrir sitt leyti hvort hann er sömu skoðunar og varaformaður Sjálfstfl. þegar kemur að þessu atriði. Það er ákaflega forvitnilegt að vita hvort það er afstaða Sjálfstfl., hvort það er stefna hans að taka ekki ákvörðun í þessu máli vegna þess að þeir yrðu taldir bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem þeir hefðu tekið.

Ég vil síðan varpa annarri spurningu fram varðandi þessa málsmeðferð til fyrrv. varaformanns Sjálfstfl., málshefjanda hér. Það er svo að með réttu eða röngu hafa menn almennt skilið yfirlýsingar hv. 1. þm. Reykv. í fjölmiðlum á þann veg að Sjálfstfl. mundi ekki standa að eða styðja ákvarðanir um álver á Keilisnesi nema ríkisstjórnin færi frá. Ég skal ekki segja hvort þetta er nákvæmlega réttur skilningur á afstöðu hv. 1. þm. Reykv. En það hlýtur að vera tímabært að spyrja hér um afstöðu Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur hafið þessa umræðu utan dagskrár en hann hefur ekki gert skýra grein fyrir því hvaða afstöðu hann hefur til álmálsins. Spurningin hlýtur því að vera þessi: Er Sjálfstfl. tilbúinn og ætlar Sjálfstfl. sér að styðja byggingu álvers og standa að samningum um álver á Keilisnesi svo framarlega sem viðunandi samningar næst eða mun hann láta afstöðu Alþb. ráða sínum ákvörðunum? Þá á ég við það að ef Sjálfstfl. ætlar að halda sér við þá yfirlýsingu að styðja samningana eingöngu ef ríkisstjórnin fer frá, þá ætlar hann beinlínis að láta Alþb. ráða því hvaða afstöðu hann tekur sjálfur. Ég hefði kosið að fá hér fram frá hv. 1. þm. Reykv. skýra yfirlýsingu um það hver afstaða Sjálfstfl. er í þessu máli, hvort hann mun taka málefnalega afstöðu til málsins eða hvort Alþb. ræður því hvaða afstöðu Sjálfstfl. tekur. Það er mjög mikilvægt, ekki bara fyrir þingheim heldur fyrir þjóðina alla, að vita hvernig Sjálfstfl. ætlar að halda á þessu máli. (**HBl:** Þetta er ekki nógu skýrt hjá þm.) Ég er alveg viss um að margir munu fást til að skýra þetta nánar fyrir hv. þm. Halldóri Blöndal. Það má kannski segja um hann svipað og Einstein á sínum tíma að hann sé seinn að hugsa og seinn að skilja.

Samningar þeir sem nú eru í gangi eru glettilega langt komnir þó að talsvert sé eftir enn og nokkur atriði ekki frágengin. Samningarnir hafa að mestu leyti verið á vegum ráðgjafarnefndar iðnrn. og ég hygg að það sé í samræmi við þá venju sem hér hefur skapast að iðnrh. og iðnrn. hafa skipað sérstaka nefnd sem farið hefur með þessi mál. Reyndar er það svo eins og hér hefur komið mjög skýrt fram varðandi orkusamninginn að stjórnarformaður Landsvirkjunar, forstjóri og aðstoðarforstjóri hafa unnið mjög mikið að þessum samningum, enda stjórnarformaður jafnframt formaður ráðgjafarnefndarinnar. Nánast öll þau gögn sem ráðgjafarnefnd iðnrh. hefur haft til að vinna með í þessum orkusamningum eru fengin frá stjórn Landsvirkjunar. Sú sérstæða staða er hins vegar þar að Sjálfstfl. er í hreinum meiri hluta í stjórn Landsvirkjunar og að sumu leyti hefur það sett dálítið svip sinn á meðhöndlun orkusamningsins.

Umræður hafa orðið mjög miklar að undanförnu um staðarval álversins. Ég ætla ekki að fara náið út í það. En það er ljóst að þrátt fyrir mikinn áhuga Íslendinga á staðsetja álverið úti á landi, þá náðist ekki um það samstaða. Ég fullyrði að innan ráðgjafarnefndarinnar sem að þessum samningum stóð var þess freistað og ég veit að af hálfu iðnrh. var lögð á það þung áhersla að reyna að staðsetja álverið úti á landi. Hins vegar var mat áhættuþátta allt á þann veg að hinir erlendu aðilar töldu hag sínum best borgið með staðsetningu á Keilisnesi, hvort sem metin var fjárfesting eða rekstrarkostnaður, flutningar, öryggi, fólksfjöldi eða aðrir þættir sem þar skipta máli.

Ég ætla ekki að gera skattamálin hér að umræðuefni. Fjmrh. hefur gert grein fyrir þeim og metið það svo að íslenska þjóðin muni njóta um 20 milljarða skatttekna af álverinu á fyrstu 25 árum samningsins.

Varðandi umhverfismálin vil ég eingöngu bæta örfáum setningum við það sem umhvrh. hefur sagt. Það álver sem menn eru nú að ræða um verður búið fullkomnustu mengunarvörnum sem um er að ræða að öðru leyti en því að vothreinsun á brennisteinstvíildi verður ekki til staðar. Eigi að síður verður álverið, ef af samningum verður, hannað þannig að auðvelt sé að koma vothreinsun við og gert verður ráð fyrir rými til þess að koma slíkri hreinsun upp. Jafnframt verða bæði í starfsleyfi og samningum ákvæði um það að auðvelt verði að grípa inn í ef aðstæður breytast eða alþjóðasamningar krefjast þess að vothreinsun verði sett upp. Auk þess sem um er að ræða fullkomnustu mengunarvarnir þá verður fylgst með rekstri þessa álvers að mínu viti betur, ég þekki ekki a.m.k. dæmi erlendis frá þar sem slíkar

stöðugar mælingar á umhverfisáhrifum verða viðhafðar í jafnríkum mæli og þarna er ráðgert. Meira að segja hafa hinir erlendu aðilar, og rétt er að bæta því við, í samtölum margoft lýst áhuga sínum að efna til samkeppni um það á hvern hátt álverið geti best fallið inn í landið, farið best í landinu, varðandi sjálfan arkitektúrinn, litaval og annað slíkt.

Orkusamningurinn hefur orðið mjög að umræðuefni eðlilega og þar sýnist e.t.v. sitt hverjum. Sumir telja að áhætta orkusamningsins felist einna mest í því að tengja raforkuverðið við álverð. Þróun álverðs sjá menn ekki nægilega langt fram í tímann og menn velta því fyrir sér hversu því muni reiða af. Á hinn bóginn er rétt að menn geri sér grein fyrir því að með því að tengja orkuverðið við álverð þá tengja menn væntanlega orkuverðið við erlenda verðbólgu og jafnframt að hluta við orkuverð í heiminum. Ef horft er til þess að ál er líklega með orkufrekustu málmum sem framleiddir eru í heiminum er mjög líklegt að með hækkandi orkuverði í heiminum hækki álverð, enda orkan mjög verulegur hluti af framleiðslukostnaði áls. Með hækkuðu álverði mun orkuverðið til Íslendinga hækka þannig að með þessu fyrirkomulagi er óbein tenging við hækkað orkuverð í heiminum fram undan. Nokkrir hafa orðið til að velta því fyrir sér hvort ekki væri æskilegt að setja þak eða gólf, fyrst og fremst gólf, í þennan samning þannig að orkuverðið geti aldrei farið niður fyrir eitthvert ákveðið mark. Ég hygg að það hafi verið mat flestra þeirra sem að þessum samningum komu að ef menn krefðust þess að fá gólf í þennan samning þá væri líklegt að það yrði að koma þak líka. Þegar horft væri til lengri tíma væri líklegra að við mundum reka okkur á þakið og þakið yrði okkur erfiðara en gólfið. Líkurnar fyrir að rekast á gólfið væru kannski fyrst í byrjun en þegar fram í sækti með aukinni heimsverðbólgu og hækkandi orkuverði í heiminum væru vaxandi líkur fyrir því að þakið héldi orkuverðinu niðri.

Enn er það svo að erfitt er að spá um framtíðina og svo langt fram í tímann. Hv. 6. þm. Reykv. gerði þróun álverðs nokkuð að umræðuefni hér áðan og velti því fyrir sér hvort álverðið gæti fallið mjög þegar fram í sækti og það tefldi orkusamningnum í hættu. Ekki skal ég segja um það en ljóst er að þeir forstjórar álfélaganna sem nú eru og hafa í hyggju að fjárfesta hér 60 þús. milljónir í þessu álveri og eru atvinnumenn á þessum markaði, virðast meta það svo að þróun álverðs verði á þann hátt að sú fjárfesting sé sæmilega vel trygg. Það kom fram í máli iðnrh. áðan að veigamiklir þættir í orkusamningnum, bæði endurskoðunarákvæði og tryggingar, eru ekki frágengnir. Um það standa umræður enn og ég tek undir með fjmrh. þegar hann sagði að endurskoðunarákvæðið er auðvitað eitt af því mikilvægasta í þessum samningi. Orðalag þess hefur mjög mikið að segja.

Tryggingarnar sem við þurfum að fá þegar kemur að orkusamningnum eru tvenns konar. Annars vegar nokkurs konar framkvæmdatrygging, þ.e. ef við hefjum byggingar orkuveranna og erum u.þ.b. ári lengur að ljúka þeim en tekur að byggja iðjuverið þurfum við að hafa tryggingu fyrir því þegar verulegar fjárfestingar eru komnar í orkuverin að hinir erlendu aðilar hætti ekki byggingu álversins. Því munu koma inn í þennan samning ákvæði þess efnis að stöðvi hinir erlendu aðilar byggingu álversins á uppbyggingartímanum þá greiði þeir Íslendingum allan þann kostnað sem þeir hafa lagt í við byggingu orkuvera. Það verður væntanlega ótvírætt trygging. Hin tryggingin sem við þurfum að ganga frá eins örugglega og unnt er er kauptryggingin, þ.e. að þessir aðilar skuldbindi sig til að greiða um 90% af forgangsorkunni sem þeir kaupa, hvort sem þeir taka hana eða ekki, í þessi 25 ár. Það er auðvitað gríðarlega mikil trygging fyrir okkur. Með hverjum hætti þeirri tryggingu verður fyrir komið er ekki gott að fullyrða á þessari stundu, það fer eftir uppbyggingu fyrirtækisins og fjármögnun þess og þau atriði eru enn í umræðunni.

Það er ljóst, og ég hygg raunar að flestir séu sammála um það, að afar mikið er í húfi að vel takist til við þessa samningagerð, að Íslendingar nái góðum samningum og þeim takist að leiða þetta mál til lykta þannig að álverið rísi hér og stuðli að aukinni hagsæld komandi kynslóðar í landinu á komandi árum. Það er mikið í húfi.

Ég verð að segja það að mér létti nokkuð við að heyra ræðu málshefjanda hér, hv. 1. þm. Reykv., miðað við þær yfirlýsingar og þau orð sem fallið hafa frá sjálfstæðismönnum um þetta mál að undanförnu þar sem þjóðinni hefur alls ekki verið ljóst hvaða afstöðu sá flokkur í rauninni ætlaði að hafa til álmálsins. Ég dreg þá ályktun af máli hv. 1. þm. Reykv. að Sjálfstfl. ætli að manna sig upp í að standa með málinu, en ég ítreka þá spurningu sem ég flutti hér áðan, að það er nauðsynlegt fyrir bæði þingheim og þjóðina að fá að heyra það frá þeim flokki sem hóf þessa umræðu hvaða afstöðu hann ætlar að hafa. Ég þykist þess fullviss að margir stuðningsmenn Sjálfstfl. muni ekki fyrirgefa honum ef hann ætlar að gera þetta mál, þetta mikla mál að einhvers konar pólitískum skollaleik í stað þess að taka málefnalega á.

Að lokum aðeins þetta, virðulegi forseti. Þessu máli er engan veginn lokið. Enn er margt sem gæti komið í veg fyrir að samningar næðust. Í fyrsta lagi er samningum ekki lokið. Í öðru lagi er alveg ljóst að þegar þeim er lokið munu hinir erlendu aðilar láta framkvæma að nýju kostnaðarmat og hagkvæmniathuganir sem hugsanlega gætu leitt til tafa við framkvæmdina, samanber samningana um kísilmálmverksmiðjuna á sínum tíma á Reyðarfirði, þar sem samningum var lokið en lokakostnaðaráætlun og hagkvæmniathugun kom í veg fyrir að í framkvæmdina væri ráðist. Jafnframt er ekki séð fyrir endann á fjármögnun þessa mikla fyrirtækis. Þannig er enn talsvert mikið eftir, en ég ítreka þau orð mín að það er afar mikilvægt að Íslendingum takist að standa sæmilega saman um þetta mál og láti ekki innbyrðis óeiningu eyðileggja þennan góða möguleika sem við nú erum með í höndunum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hv. málshefjandi var svo vingjarnlegur að víkja til mínum einum tveimur spurningum sem mér er að sjálfsögðu ljúft að svara og reifa þá nokkuð í leiðinni mín viðhorf til þessa máls eins og það nú stendur. — Er hv. málshefjandi ekki mættur, hæstv. forseti? (**Forseti:** Forseta er lífsins ómögulegt að hafa augun stöðugt á hv. 1. þm. Reykv. en ég veit ekki annað en hann sé staddur hér og hlýði á mál hæstv. ráðherra.) Það má í sjálfu sér einu gilda, virðulegur forseti. Ef hv. málshefjandi hefur ekki áhuga á umræðunni, þá höfum við það hinir hv. þm. og ræðum þetta af engu minni áhuga þó málshefjandi sé fjarri. En málshefjandi, hv. 1. þm. Reykv., spurði í fyrsta lagi, og kvaddi mig til svaranna af einhverjum ástæðum, hvort gilda mundi enn sú ályktun sem þingflokkur Alþb. gerði í þessu máli í aprílmánuði sl. og ítrekaði síðan í júní um nauðsyn þess að stefna bæri að staðsetningu álvers ef af yrði utan höfuðborgarsvæðisins. Svarið er já. Þessari samþykkt hefur ekki verið breytt. Ég lít svo til og hef engar ástæður til að ætla annað en að það sé enn eindreginn vilji þingflokks Alþb. sem stóð að þessari samþykkt að hafa staðsetninguna utan höfuðborgarsvæðisins, það sé sem sagt mun æskilegra að svo verði og þarf varla að fjölyrða um hvers vegna. Ég held að mjög margir líti á það sem verulegan ókost, galla á málinu í sjálfu sér, ef staðsetning þessa mikla fyrirtækis með tilheyrandi umsvifum verður hér á þessu atvinnusvæði með tilheyrandi áhrifum og veldur þar með að líkindum enn vaxandi aðstöðumun í ýmsum efnum milli þessa svæðis og landsbyggðarinnar. (**HBl:** Er Keilisnes á höfuðborgarsvæðinu?)

Og nú kemur önnur spurning sem einmitt var borin fram af málshefjanda og hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal man einnig, og hún er þessi: Er Keilisnes á höfuðborgarsvæðinu? Nú veit ég ekki til að dregin hafi verið nein löggilt landamæri utan um höfuðborgarsvæðið og sennilega er það svo að í hugum manna er það nokkuð á reiki eftir því hver á í hlut hverju sinni. Ég get því í raun ekki svarað út frá öðru en minni máltilfinningu í þessum efnum og þeim skilgreiningum sem ég mundi styðjast við og hafa tilhneigingu til að horfa til og reyna þá að setja í eitthvert rökrænt samhengi við málið. Hvað er hér verið að ræða um? Það eru væntanlega ekki landfræðileg mörk í þeim skilningi sem birtast mönnum á korti eða annað því um líkt heldur hið raunverulega svæði í þeim skilningi að þar sé um eina heild, eina atvinnu- og samskiptaheild að ræða. Þá er það auðvitað enginn vafi að Keilisnes lendir innan þess sem í öllum venjulegum skilgreiningum mundi falla undir atvinnusvæði, atvinnusókn, samskiptaheild hér á suðvesturhorni landsins. Þannig að mitt svar er já, Keilisnes í minni skilgreiningu á þessu fellur innan höfuðborgarsvæðisins. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar og svara þar fyrir sjálfan mig a.m.k., að hér eigi það við að það sé óæskilegt mjög og galli í sjálfu sér ef staðsetningin verður þessi vegna þess að ég óttast að því muni fylgja ýmiss konar miður æskileg áhrif á byggðarþróunina í landinu og er þá ekki á bætandi. Og þannig er það væntanlega þegar hver og einn gerir síðan upp hug sinn til þessa máls, einstaklingar og flokkar, að þeir ætla sér að vega og meta, vigta saman kostina og gallana, og taka svo afstöðu út frá því hvort verður þyngra. Og ég skipa þessari niðurstöðu, ef hún á að verða, hikstalaust gallamegin sem ókost í sjálfu sér, vegna þeirra óæskilegu áhrifa sem ég óttast að þetta hafi. (**Gripið fram í:** En ekki mikinn galla.) Svo er það mikill vandi hvernig á að vigta það, hv. þm., og verða menn sjálfsagt seint sammála um það. Einhverjir kunna að líta á þetta sem svo stóran ókost í sjálfu sér að það eitt og sér nægi til þess að slá málið af. Ég segi ekki að ég gangi svo langt, ég segi það nú ekki, en ég er þar með ekki að segja að þetta sé eitthvað léttvægt í mínum huga.

Þar með hef ég svarað spurningum hv. þm. og væri ekki ástæða til að tefja hér mikið lengur í stólnum með vísan til þess að örugglega gefast fleiri tækifæri til að ræða þetta mál áður en lýkur. Við væntum þess, nái það hér inn í Alþingi, þá fái menn þess færi að ræða það og þá jafnvel við rólegri eða hægari aðstæður en hér bjóðast í kvöld. Mig langar þó að hlaupa á örfáum punktum í þessu máli, svona til þess að skýra nokkuð mína afstöðu til þess eins og það stendur á stundinni en mun reyna að taka ekki í það mjög langan tíma.

Ég er sammála þeirri stefnu sem minn flokkur hefur fylgt í þessum efnum að við útilokum að sjálfsögðu ekki uppbyggingu orkufrekrar stóriðju sem valkost í okkar atvinnumálum og höfum ekki gert um langa hríð. Óþarft ætti að vera í sjálfu sér að leiðrétta þann misskilning sem stundum bryddar á í þeim efnum, nægir að vísa þar til sögu flokksins. Hann hefur iðulega átt aðild að því að slíkir kostir væru kannaðir og jafnvel þeim hrint í framkvæmd, en við höfum sett og setjum enn mjög skýr skilyrði fyrir því að þessar framkvæmdir rísi. Með öðrum orðum, við teljum ekki að það eigi að gefa sér fyrir fram að þær séu góðar eða vondar, heldur eigi að kanna málin og taka síðan afstöðu þegar efnisatriðin liggja fyrir. Og það ætti að vera flestum þeim sem eitthvað hafa fylgst með þessum málum nokkuð kunnugt hvaða meginskilyrði við höfum sett og setjum enn. Það fyrsta er forræði Íslendinga sjálfra fyrir þessum atvinnurekstri þannig að við getum haft nokkra hönd í bagga með því hvernig að honum er staðið, hvernig arði er ráðstafað, hvernig búið er að starfsfólki, hvernig umhverfi málsins í heild sinni lítur út. Og þar er að sjálfsögðu krafa okkar að þetta sé að einu og öllu leyti íslenskur atvinnurekstur, heyri undir íslensk lög, dómstóla o.s.frv.

Í öðru lagi setjum við og höfum alltaf gert, og lagt kannski á það skýrari og þyngri áherslu en flestir aðrir gegnum tíðina þó margir taki þar undir, ævinlega sett mjög skýrar kröfur fram um það að svona starfsemi megi ekki spilla umhverfinu. Henni megi ekki fylgja mengun og ég hygg að það hafi verið einn af þingmönnum Alþb. á árunum 1966 og

1967, reyndar sá sem hér var minnst í dag, sem einna fyrstur manna setti með mjög skýrum og skilmerkilegum hætti fram skoðanir sínar í sambandi við umhverfisáhrif og mengun sem leiða kynni af stóriðju af þessum toga og væri ástæða til að rifja upp þau merku orð sem þá voru sögð langt á undan sinni samtíð og flestir tækju núna undir, hygg ég, þó þeir væru fáir sem gáfu því gaum á þeim tíma.

Í þriðja lagi, að sjálfsögðu verður orkuverðið sem einna mestu skiptir um arðsemi þjóðarbúsins að vera fullnægjandi. Það verður að vera nógu hátt til þess að greiða óyggjandi til baka á hæfilegum tíma þann kostnað sem við Íslendingar leggjum þarna út í og það má undir engum kringumstæðum koma niður á öðrum raforkunotendum í landinu. Það er ekki sanngjarnt og brýtur reyndar í bága við lög. En þar þarf að búa þannig um hnútana að enginn vafi geti á leikið.

Í fjórða lagi þarf að sjálfsögðu hið þjóðhagslega samhengi málsins að vera sæmilega skýrt, það þarf að vera ljóst að málið sem slíkt í heild sinni sé þjóðhagslega skynsamleg fjárfesting og skynsamleg ráðstöfun. Og með því er ég að segja að það verður að skoða málið, ekki bara þröngt í samhengi út frá sjálfu sér, heldur líka í víðara samhengi, þannig að allir þættir þess séu metnir inn. Og þá er ég m.a. að tala um hluti eins og byggðaþróunina í landinu og önnur slík óbein áhrif sem ákvörðun af þessu tagi getur haft. Menn verða að muna eftir reikningum sem geta birst mönnum á öðrum sviðum í þjóðarbúskapnum þegar metnar eru tekjurnar sem þarna eru í sjónmáli, gætu orðið í hendi. Og ég óttast að enn sé nokkuð í land að náð hafi verið utan um málið í heild sinni að þessu leyti, þá á ég við það sem hér er til umfjöllunar núna. Þar er að mörgu að hyggja og mér finnst gæta nokkurrar tilhneigingar, svo ekki sé fastar að orði kveðið, til þess að líta í raun og veru mjög þröngt á málið út frá hagsmunum fyrirtækjanna annars vegar sem verið er að semja við og hvað sé þeim hagstætt til að mynda í sambandi við staðarval og út frá hagsmunum fyrirtækisins sem á að selja orkuna, þ.e. Landsvirkjunar, og ríkissjóðs vegna skattteknanna hins vegar þröngt. En ef, svo að dæmi sé tekið, þjóðarbúið kann að lenda í verulegum útgjöldum á næstu árum vegna byggðaröskunar sem leiddi af uppsetningu þessa mikla fyrirtækis hér á höfuðborgarsvæðinu, þá koma þar til bakreikningar sem verður auðvitað að draga frá ekki síst í afkomunni hjá ríkissjóði þegar hans hagur er þarna metinn. Það kann vel að vera að Landsvirkjun gæti sem slíkt, sem fyrirtæki látið sér það í léttu rúmi liggja og er ég þó ekki viss um það, en í öllu falli ekki ríkiskassinn.

Síðan ætla ég hafandi gert grein fyrir þessum fyrirvörum að reifa það hvernig ég met stöðuna, hvar við erum á vegi stödd í þessari samningagerð, hvað hefur þar áunnist gott og hvað er ekki í nógu góðu horfi a.m.k. enn þá. Ég tel að það hafi náðst fram og því ber að fagna að sjálfsögðu og í raun verið viðurkennt að við eigum ekki að taka það í mál, við eigum ekki að ljá máls á því að svona fyrirtæki, svona atvinnurekstur upphefjist hér í landinu nema hann lúti íslenskum lögum og íslenskum dómstólum og falli undir þær reglur sem við erum að setja öðrum á sama tíma. Það er vissulega ánægjulegt að það er staðfest í þessu tilviki. Þó að við höfum vissulega áður staðið að uppsetningu fyrirtækja með útlendingum sem þetta hafa gert eins og á Grundartanga, þá er hér um það að ræða að jafnvel þótt fyrirtækið yrði í meirihlutaeigu útlendinga mun það gera þetta engu að síður.

Hvað skattamálið snertir hefur þegar verið gerð grein fyrir því hér og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en, eins og hefur komið fram, að þar sé í sjónmáli góð niðurstaða og fyllilega samboðin þeim kröfum sem við höfum reist á þessu sviði, að fyrirtækin greiði með eðlilegum hætti skatta og skyldur eins og aðrir aðilar í landinu.

Þá kem ég að staðsetningunni sem a.m.k. í þessari umferð virðist af hálfu viðræðuaðilanna vera orðin niðurstaðan þó svo að stjórnvöld, þ.e. ríkisstjórn og Alþingi, hafi að sjálfsögðu ekki lagt blessun sína yfir það mál, heldur sé þar einungis á ferðinni niðurstaða þeirra sem staðið hafa í viðræðunum enn sem komið er. Og ég leyni ekki þeirri skoðun minni að ég tel að þar hafi miður til tekist, að það sé í raun hin herfilegasta uppákoma gagnvart byggðastefnu og byggðaáherslum ef þetta á að verða niðurstaðan. Ég segi það ósköp einfaldlega út frá ákvæðum stjórnarsáttmálans og þeim áherslum sem fleiri en einn og fleiri en tveir stjórnarflokkanna hafa lagt í þessum efnum, þá verður því ekki í móti mælt að staðsetning úti á landsbyggðinni hefði verið mun æskilegri niðurstaða. Ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Það bíður þá síns tíma að ræða það ítarlegar en þetta er mín skoðun. (Gripið fram í.) Ég sagði að það liggur fyrir að stjórnvöld, þ.e. hvorki ríkisstjórn né Alþingi hafa fyrir sitt leyti endanlega staðfest þessa niðurstöðu viðræðuaðilanna um staðsetningu. Það bíður þess væntanlega að málið í heild sinni hljóti afgreiðslu á viðkomandi stöðum.

Um orkuverðið segi ég það að ég deili þeim áhyggjum og efasemdum sem ýmsir hafa sett fram á undanförnum dögum og vikum um að það sé í lægsta lagi og kveð þá ekkert fastar að orði en það, auk þess sem viðurkennt er af öllum sem þetta hafa skoðað að í þeirri orkuverðsformúlu sem lögð er til grundvallar er fólgin umtalsverð viðskiptaleg áhætta svo að notuð séu til að mynda orð forstjóra Þjóðhagsstofnunar, ég vona nokkurn veginn orðrétt, sem hann viðhafði aðspurður í sjónvarpi, að í þessu væri að sjálfsögðu fólgin viðskiptaleg áhætta, því þýddi ekki að mótmæla. Þetta sér hver maður í hendi sér og menn verða síðan að meta það hversu mikla slíka áhættu þeir telja rétt að taka. Að sönnu er þarna líka fólginn möguleiki á mikilli gróðavon. Það er alveg laukrétt sem hér hefur komið fram og hv. síðasti ræðumaður gerði m.a. að umtalsefni. Hann lítur vonaraugum til gróðamöguleikanna og það er allt í góðu lagi með það. En aðrir kunna að hugsa sem svo að öryggið sé gróðavoninni mikilvægara eins og ræðu-

maður. Og ég segi það sem mína skoðun alveg hikstalaust að ég væri tilbúinn til að gefa upp á bátinn eitthvað af þessari mögulegu gróðavon í framtíðinni, einhvern tíma þegar komið er vel inn á næstu öld, fyrir meira öryggi, fyrir minni áhættu í svona stóru fjárfestingarmáli fyrir þjóðarbúið. Skuldsetning af þeirri stærðargráðu sem hér fer í hönd, ef af verður, er ósköp einfaldlega svo mikil, hún viktar það þungt í okkar erlendu lántökum t.d. að ef henni fylgir veruleg viðskiptaleg áhætta ofan í kaupið, þá hljóta að renna á menn tvær grímur í þeim efnum. 35–40 milljarða lántökur vegna þessara virkjanaframkvæmda eru ekkert smámál. Þær auka okkar erlendu skuldir um 15–20% og menn hljóta að vilja búa þar nokkuð tryggilega um hnútana. Ég lýsi þess vegna því viðhorfi mínu að á það bæri að láta reyna hvort unnt væri að ganga þar frá hlutunum þannig að meira öryggi yrði selt, ef svo má að orði komast, fyrir eitthvað minni gróðavon.

Um umhverfismálin vil ég segja þetta. Því hefur verið haldið fram og fullyrt núna um langt skeið að ekkert annað kæmi til greina en ýtrustu og fullkomnustu mengunarvarnir. Þetta hafa menn meira og minna gefið sér sem útgangspunkt í umræðunni og menn hafa, held ég, trúað því almennt í landinu að það stæði ekki til að útkoman yrði nein önnur en ýtrustu, fullkomnustu mengunarvarnir. Ég get þess vegna ekki leynt vonbrigðum mínum með það ef sú á að verða niðurstaðan að þar verði slakað á vegna þess að það er alveg sama hvernig menn fara í kringum það að þar sem kröfurnar eru strangastar, þar sem menn vilja vera sem metnaðarfyllstir í þessum efnum, þar gera menn fyrir það fyrsta kröfur um vothreinsibúnað og í öðru lagi eru þar ákveðin mengunarmörk mjög ströng og ég hygg jafnvel strangari en þau sem okkur hefur verið kynnt að til standi að setja inn í starfsleyfi álversins. Ég á hér við þau sem nú eru sett á Norðurlöndunum og stendur til að setja í Evrópu gagnvart nýrri starfsemi af þessu tagi. Ég geri ekki mikið með samanburð við það sem liðið er í þessum efnum af þeirri einföldu ástæðu að það er einmitt á þessum missirum sem við erum að ræða þessa hluti hér heima sem víða er verið að gera harðari kröfur í þessum efnum. Mér er t.d. kunnugt um það og væri fróðlegt að heyra hvað umhvrh. hefur að segja okkur um umræður í Evrópu um svonefndan evrópskan staðal á þessu sviði og hvort það er rétt sem ég hef heyrt að það standi til að mynda til að setja mörkin við ½ kg, 500 grömm af flúor per tonn af unnu áli. Ég tel að það samræmist illa bæði þessari umræðu sem haldið hefur verið að þjóðinni um að ekkert annað standi til en ýtrustu mengunarvarnir og ég tel að það samrýmist þó enn verr þeirri ímynd af Íslandi sem við höfum verið að reyna að halda á lofti og kynna, að hér sé sérstaklega hreint og ómengað land og ætlunin sé að varðveita það. Hér séu einstakar aðstæður til að framleiða holl og ómenguð matvæli, hér sé að finna eitt besta vatn í heiminum sem við erum reyndar að hefja útflutning á í verulegum mæli vonandi og er þó þegar nokkuð að gert og hér sé ferðamannaland hreinna og fallegra en víðast hvar annars staðar fyrirfinnist. Ég tel að það væri slæm uppákoma og heldur léleg auglýsing út á við ef við sætum svo uppi með það að vera að því staðnir að reisa hér allstórt — næstum að segja risastórt álver — án þess að geta staðið á því og haft rétt fyrir okkur að það væri um ýtrustu mengunarvarnir að ræða. Þó svo að staðbundnar aðstæður hér geri það að verkum að það komi ekki til með að valda kannski miklum spjöllum í umhverfinu þó eitthvað væri slakað á. Út af fyrir sig tel ég enga ástæðu til að draga það í efa að okkur mundi af þeim sökum vel líðast að hafa þarna mengunarmörk eitthvað hærri en þau allra ströngustu. En ég er hér meira að hugsa um orðstír okkar og ímynd og það hvaða metnað við viljum setja okkur sjálf í þessum efnum. Og þar á ég sérstaklega við útlosun á brennisteinsdíoxíði og koldíoxíði. Það er að sjálfsögðu dapurleg niðurstaða ef við lendum í því Íslendingar, hafandi skrifað undir fleiri en eina og fleiri en tvær alþjóðlegar samþykktir um að draga úr þessari mengun eins og kostur er, að vísu með fyrirvara vegna okkar sérstöku aðstæðna, að fara í þveröfuga átt og auka umtalsvert, jafnvel svo skiptir fleiri tugum prósenta, allt upp í 50–90% eftir því hvernig að verður staðið, útlosun þessara efna. Og ég hefði haft gaman af því að heyra umhvrh. til að mynda útlista það fyrir mér hvernig hann ætlar að útskýra fyrir kollegum sínum á Norðurlöndunum slíka niðurstöðu og hvernig hún rími saman við undirskrift Íslands á norrænu umhverfisverndaráætluninni. Þar er einmitt tekið fram að þó svo að Ísland hafi fyrirvara á og treysti sér ekki til að skrifa undir markmið samþykktarinnar um að draga úr brennisteinsdíoxíðlosun um 50% eins og hin Norðurlöndin hafa einsett sér að gera, það er skiljanlegt að það standi í okkur eins og okkar iðnaði og aðstæðum er háttað, en það er langur vegur á milli þess að draga úr brennisteinsdíoxíðlosun um 50% og yfir í hitt að auka hana kannski um 50–90%. Það er heilmikið þarna á milli. Og það sem ég er einfaldlega að segja er það, ég tel að það veiki okkar stöðu í þessum efnum ef við getum ekki sýnt fram á að um ýtrustu og fullkomnustu mengunarvarnir sé að ræða og þess vegna sé hér ekki á ferðinni meiri aukning en óumflýjanlegt hafi verið vegna þessarar atvinnustarfsemi. Og þá tel ég reyndar að við getum með stolti sýnt fram á að með því að slík álframleiðsla færi fram á Íslandi og orkan væri raforka en ekki kol eða olía og að hér væru ýtrustu hreinsunartæki notuð drifin með raforku, þá væri hér um það bil eins lítil mengun við álframleiðslu og hægt væri að hugsa sér yfirleitt í heiminum. Og þá er það að sjálfsögðu jákvæð niðurstaða í stærra samhengi séð að þetta sé gert hér en t.d. ekki annars staðar þar sem orkugjafarnir væru kol eða olía. En auðvitað er það alveg ljóst að við getum teflt því fram á móti að hefði þetta orkuver t.d. ekki risið hér heldur á meginlandi Evrópu, sem er að vísu ólíklegt því að okkur er sagt að það bíði einhver lóð undir það í Kanada, en ef til að mynda þetta drægi úr þörfum fyrir álframleiðslu með kolum eða olíu þá

væri það jákvæð niðurstaða.

Það er enginn vafi á því í mínum huga að þessi áfangi sem hér er á ferðinni er mjög stór og það er ókostur í sjálfu sér að mínu mati fyrir okkur að hann er svona stór. Það væri heppilegra að skrefin væru minni og jafnari, því fylgdi minna umrót, minna rask og það mundi auðvelda ýmislegt í sambandi við fleiri valkosti í staðsetningu þessara fyrirtækja. Þess vegna hefði ég talið það að mörgu leyti heppilegra og falla betur inn í okkar virkjanamynstur ef tekist hefði að semja um minni áfanga annaðhvort í þessu tilviki eða öðrum.

Um hið þjóðhagslega samhengi málsins í sjötta lagi, þá vísa ég til þess sem ég áðan sagði. Ég tel að það sé að mjög mörgu að hyggja þegar slík stórákvörðun er tekin og það megi ekki gleyma því að horfa á hin óbeinu áhrif víðar úti í samfélaginu og efnahagslífinu en gert hefur verið. Mér finnst hafa gætt mikillar tilhneigingar til þess að skoða þetta þröngt, nota einföld líkön t.d. í sambandi við vinnuframboð og eftirspurn sem gefa mönnum líka einfaldar niðurstöður.

Að lokum, hæstv. forseti, er það mín niðurstaða og mín sannfæring í þessu máli og ég vil fara um það nokkrum orðum að engin ástæða sé til þess fyrir okkur Íslendinga að sætta okkur við annað en mjög góða samninga í þessum efnum ef af á að verða. Það er engin ástæða til þess að lúta hér að slökum samningum. Við eigum margra góðra kosta völ að mínu mati í þessum efnum. Það er enginn vafi á því, ég hitti engan sérfræðing innlendan eða erlendan sem ekki telur verðmæti þeirrar auðlindar sem *við sitjum hér á, þ.e. orku hverri fylgir ekki* mengun að beisla, fara vaxandi. Ég hef engan hitt sem er annarrar skoðunar. Og ef einhver slíkur væri hér inni í salnum þá væri gaman að hann gæfi sig fram vegna þess að þrátt fyrir allar þær gífurlegu rannsóknir sem eiga sér stað í heiminum í kapphlaupi í leit að nýjum orkugjöfum þá er niðurstaðan enn sú sama að svona orkupottur í formi vatnsorku og jarðhitaorku sem við sitjum á á þeim tímum þegar vaxandi kröfur eru gerðar í sambandi við umhverfismál alls staðar í kringum okkur hljóti að vera ört vaxandi auðlind. Og ég held að það eitt og sér nægi til þess að rökstyðja að við eigum ekki að flýta okkur um of í þessum efnum og ekki að lúta hér að neinu öðru en því sem við sannanlega teljum góða samninga. Það eru ekki rök fyrir öðru. Málflutningur af því tagi að hér standi menn með eitthvert tækifæri í höndunum sem næstum má segja að komi aldrei aftur, hann er hættulegur vegna þess að við höfum áður brennt okkur á slíku.

Því var haldið fram hér undir lok 7. áratugarins að við yrðum að stökkva á samninginn um Ísal. Það væri alveg síðasti sjens vegna þess að handan við þröskuldinn væri kjarnorkan og mundi gera rafmagnið svo ódýrt að eftir nokkur ár mundi enginn maður líta við Íslendingum því að þá yrði svo hræbilleg kjarnorka í boði út um allt, þ.e. raforka framleidd með kjarnorku, að við hefðum enga möguleika. Hvernig fór? Og ég segi, ég held að við ættum að láta okkur það að kenningu verða og ekki rasa um ráð fram. Það eru engin efni til þess. Við búum að mikilli og vaxandi auðlind og það er ekkert sem bendir til annars en að hún haldi gildi sínu með fullum vöxtum. Þá aðstöðu eigum við að nota okkur og þó svo að á undangengnum árum kunni það að vera rétt að menn hafi ekki staðið í röðum nagandi þröskuldinn til þess að komast inn og byggja hér orkufreka stóriðju þá eru einfaldlega aðstæður að breytast og það mjög hratt núna vegna þeirra ströngu takmarkana og kvaða sem iðnríkin hafa þegar samið um að leggja á sinn iðnað. Er það ekki þannig að Vestur-Þjóðverjar til að mynda hafi verið í fararbroddi þeirra ríkja á meginlandi Evrópu sem ætla sér mjög metnaðarfulla hluti í sambandi við að draga úr brennisteinsdíoxíðmengun og koldíoxíðs og hvernig fara þeir að því? Þeir hljóta að þurfa að ráðast á meginuppsprettuna sem er orkuframleiðsla með lífrænum orkugjöfum. Svo einfalt er það mál. Og þá verða hin gríðarstóru orkuver sem nota brúnkol og kol, olíu, jarðgas o.s.frv. öll að grípa til ýmiss konar takmarkandi ráðstafana sem hljóta að hækka orkuverðið, sem hljóta að styrkja samkeppnisstöðu okkar. Þess vegna eigum við ekki að rasa um ráð fram. Það eru öll rök sem mæla fyrir því að við látum hér reyna á til þrautar hvort við náum nægjanlega hagstæðum samningum sannanlega og án of mikillar áhættu og þá skulum við samþykkja þetta og ég þar með talinn, en ef ekki þá eigum við að vera á móti þessu, þá eigum við ekki að gera þetta. Svo einfalt er það mál. (**EJ:** Samþykkja þá álverið, meinarðu, eða hvað?) Já, þá skulum við *gera slíka samninga ef þeir eru nógu hagstæðir*, hv. þm. En ef þeir eru það ekki og þá er ég að tala um allan pakkann, þá eigum við ekki að samþykkja þá. Við eigum ekki að stinga þá hausnum í sandinn og samþykkja þá samt, eins og mér virðist stundum að sumir vilji gera.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þegar forseti leyfði þessa umræðu sem hófst kl. tvö í dag fór forseti þess á leit við fyrirspyrjanda og málshefjanda hv. að menn yrðu tillitssamir þar sem margir yrðu sennilega á mælendaskrá og menn reyndu að takmarka nokkuð ræðutíma sinn svo allir hv. þm. sem þess óskuðu ættu þess kost að taka til máls á þessum degi. Við þetta hafa menn staðið af mesta drengskap og ég vil mælast til að menn haldi því nú áfram. Enn eru tíu hv. þm. á mælendaskrá og búast má við að einhver bætist við. Ég vil því í allri vinsemd, án þess að forseta detti í hug að takmarka að nokkru málfrelsi manna, óska samvinnu um að menn sýni þá tillitssemi að reyna að stytta mál sitt sem mögulegt er.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Nú þegar hafa fimm ráðherrar úr ríkisstjórninni tekið til máls við þessa umræðu og lýst fimm mismunandi afbrigðum eða fimm mismunandi skoðunum á því máli sem hér er til um-

ræðu, álmálinu. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að hann reyni að sjá til þess að þeir sex ráðherrar sem eftir eru fái tækifæri til þess að taka sem fyrst til máls hér í hinu sameinaða þingi til þess að málið megi liggja ljóst fyrir þingheimi og til þess að greiða fyrir umræðum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Allir þeir hæstv. ráðherrar sem til máls hafa tekið í dag voru spurðir ákveðinna spurninga sem þeir hafa leitast við að svara. Forseti hyggur ekki að aðrir hæstv. ráðherrar hafi fengið spurningar sem enn er ósvarað.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég varð nú eiginlega fyrir nokkrum vonbrigðum með sumt sem kom fram hjá hæstv. landbrh. áðan það sem hann var að tala um byggðastefnu með því að koma álveri út á land. Minn haus er það þröngur að hann skilur ekki að það geti í því falist nokkur byggðastefna, hvar sem það verður sett niður. Það er auðvitað fjölgun á því svæði þar sem álverið verður sett og það dregur úr annars staðar af því hvað þetta er stórt fyrirtæki.

En mér fannst merkilegt að heyra í hv. 10. þm. Reykv. Hann er líklega búinn að vera í áratug í þessari viðræðunefnd um álver, ég á við Guðmund G. Þórarinsson. Og nú segir hann í ræðustól, sem mér þótti merkilegt, eða það kom fram hjá honum að hann væri jafnvel hræddur um að svo gæti farið að þetta hugsaða álver mundi ekki starfa í 25 ár. Og þess vegna þyrfti að tryggja með einhverjum hætti greiðslu fyrir orkuna, þ.e. 81% af þeirri orku sem er verið að selja eða þar um bil. Þá sleppi ég forgangsorkunni.

En gerir hv. þm. sér grein fyrir því að það mundi aldrei gerast nema álverð væri komið mjög neðarlega. Við höfum að vísu reynslu núna af Grundartangaverksmiðjunni. Nú er hún rekin með ekki hálfum afköstum og þannig gengur nú þetta til. Fyrir einum tveimur árum var hún rekin með miklum hagnaði en nú með tapi.

Mér barst í hendur bréf þegar ég var að ganga hér út úr húsinu sem ég, með leyfi hæstv. forseta, vil lesa upp. Það er samþykkt frá stjórn Landverndar sem beint er til alþingismanna.

„Eitt af markmiðum Landverndar er að vinna gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum. Stjórn Landverndar harmar því þau áform sem uppi eru um byggingu og rekstur mengandi stóriðju hér á landi.

Stjórn Landverndar beinir því til stjórnvalda og Alþingis að ekki verði ráðist í byggingu nýs álvers hérlendis á sama tíma og iðnaðarþjóðir heims gera ráðstafanir til að draga úr mengun. Umrætt álver mun auka mengun allverulega, jafnvel þó að fullkominn mengunarvarnabúnaður verði notaður.

Ísland hefur alla möguleika til að vera lítið mengað land og því er afar mikilvægt að vinna af heilum hug að því markmiði.

Stjórn Landverndar hvetur ríkisstjórn Íslands og Alþingi til að leita leiða í iðnaðar- og atvinnuuppbyggingu þannig að umhverfinu stafi ekki ógnun af. Enn fremur er því beint til sömu aðila að vinna að skýrari stefnumörkun í umhverfismálum og nauðsynlegum aðgerðum þar að lútandi."

En hver er þessi stjórn Landverndar? Hvaða félagsskapur er þetta? Lengi vel var talið að það væru allir með byggingu álvers. En hvað er ekki að gerast? Í stjórn þessara samtaka eru tíu menn talsins. Þeirra á meðal er fulltrúi frá Hollustuvernd ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Kaupmannasamtökunum og Skógræktarfélagi Eyfirðinga. Enn fremur Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasambandið og Bílgreinasambandið, sem sagt öll eiginlega fjöldasamtök í landinu. Á þessum fundi voru átta menn af tíu og tillagan var samþykkt samhljóða. Tveir fulltrúar voru þarna ekki, það var ekki maður frá Landsvirkjun og ekki frá Ferðafélagi Íslands.

Hvernig er nú reynslan af svona fyrirtækjum, hæstv. umhvrh.? Hvað hefur umhvrn. gert í því að laga það hörmungarástand sem er í álverinu í Straumsvík? Ég er hér með blaðagrein sem kom í Dagblaðinu fyrir nokkrum dögum frá varatrúnaðarmanni í kerskálanum hjá Ísal. Ég ætla ekki að lesa þessa blaðagrein upp nú en ég á kannski eftir að gera það síðar. Það er hrein hörmung hvernig ástandið er í Straumsvík. En hverju var lofað í upphafi? Hverju var lofað 1966 þegar samningurinn um álverið í Straumsvík var samþykktur hér á Alþingi? Þá var lofað að það yrði séð um að ekki yrði meiri mengun frá þessu álveri en sambærilegum verksmiðjum erlendis. Það var farið fram á það af Hollustuvernd ríkisins að þeir settu upp mengunarvarnir. Það var gert á árinu 1973. Það var ekki búið fyrr en 1982, eftir níu ár. Og það var ekki rannsakað hvernig ástandið var fyrr en 1986.

En hvernig átti þetta að vera eftir því sem er annars staðar? Menn eru hér með hugmyndir um að geta jafnvel farið ofan í 300 grömm á hvert unnið áltonn. En mér er sagt af mönnum sem eru færastir í þessu og þekkja best til að það hafi nú ekki komist lengra en niður í 0,8 kg og það sé hrein bjartsýni og barnaskapur að halda að það komist ofan fyrir eitt kíló að meðaltali á ári. Þetta segja þeir sem best þekkja.

Ég vil skora á hæstv. umhvrh. að upplýsa hvernig það stendur í Straumsvík og hvað á að gera. Þetta er sú reynsla sem við höfum og loforð eru nú létt á vog eins og ljómi er af gulli stafar. Þannig er reynslan.

Mér hnykkti við þegar ég las skýrslu hæstv. iðnrh. Hann er ekki hér, ég hefði kosið að hann væri hér í salnum. (**Forseti:** Forseti mun láta sækja hann því hann mun vera hér í húsinu.) En á meðan hann er ekki hér inni ætla ég að geyma mér það sem ég ætla að beina til hans.

Í stefnu Samtaka jafnréttis og félagshyggju segir:

„Samtökin eru ekki andvíg orkufrekum iðnaði en setja þau skilyrði að hann standi undir raunverulegum orkukostnaði og spilli ekki náttúru landsins."

Nú eru hér reiknimeistarar, verkfræðingar og hámenntaðir menn sem hljóta að hafa sett sig niður í

það að athuga hvernig er staðið að þessum málum. Við heyrðum að meiningin er hjá hæstv. umhvrh. að slaka á ráðstöfunum til þess að draga úr mengun eins og aðrir gera, þ.e. að vothreinsibúnaður verði ekki settur upp, a.m.k. til að byrja með.

En þá er það orkuverðið. Ég hef undir höndum áætlun frá Landsvirkjun upp á 15 virkjunarkosti. Þetta er þeirra áætlun, það er þeirra útreikningur hver kostnaðurinn er. Mér skilst að það sé meiningin að orkuverðið sé miðað við þær virkjanir sem er í ráði að hefjast handa um ef af þessum samningi verði plús Blönduvirkjun, en í þessu skjali sem ég hef hér fyrir framan mig er talið að hún muni kosta á verðlagi 1. des. sl. 12 milljarða 654 millj.

Ef menn reikna hvað allar þessar virkjanir kosta, sem eru ekki nema 8000 gwst. á ári, þá kemur í ljós að hver orkueining kostar 15 millj. 832 þús. kr. Ef það ætti að taka meðaltal af þeim 8000 gwst. á ári þá mundu þessar framkvæmdir allar, þ.e. línulagnir plús spennuvirki, miðað við áætlun Landsvirkjunar sem ég hef ekki trú á að standist, þ.e. 1,2 millj. sem þeir segja að það kosti, þá er það yfir 55 milljarða.

Nú skilst mér að bara eigi að reikna út frá þessum ódýrustu kostum sem nú á að virkja. Og kostnaður við suma, eins og stækkun Búrfellsvirkjunar, fimmti áfangi Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatns, að þar sé búið að leggja í verulegan kostnað nú þegar. Og þessi tala sem hér er inni, hún sé sá viðbótarkostnaður sem á nú að fara í.

Hér er líka talað um Nesjavallavirkjun sem er sú langódýrasta, það munar miklu. En þó að maður taki bara þessar virkjanir þá mundi þetta kosta 48 milljarða miðað við verðlag 1. des. Og hvernig eru þá þessir samningar? Ég vil fá það í hendur, t.d. frá hv. 10. þm. Reykv. sem er búinn að vera í tíu ár á þessu flakki á milli landa til þess að reyna að gabba einhvern til þess að koma hingað til þess að byggja álver. Ég sé ekki annað en að miðað við það orkuverð sem er verið að tala um verði tap á þessu næstu 20 árin a.m.k. Samt er því haldið fram einhvers staðar að það verði búið að borga allar skuldirnar skömmu eftir aldamót, en það hljóta að vera snillingar sem stjórna þessum málum. Ég sé ekki betur en að ef miðað er við þá vexti sem nú eru — ja, við skulum bara taka vextina hérna. Mér skilst að hæstv. fjmrh. búist við að hægt verði að taka nokkuð að láni hér innan lands. En hvernig eru vextirnir sem fólkið verður að bera í landinu? Raunvextir eru það lægsta 8,25 upp í 8,75% og svo er leyfi frá Seðlabankanum til að bæta 2% eða jafnvel meira við þegar skuldbreytt er. Þetta eru þau kjör sem fólkið í landinu verður að búa við þannig að mér þykir nú dálítið merkilegt þegar verið er að tala um 5,5% og miða það við það ástand sem nú ríkir í heiminum, en sýnilegt er að mikil eftirspurn verður eftir fjármagni á næstu árum erlendis, það gerir opnun Austur-Evrópu. Ég get þess vegna ekki séð hvernig á að ná endum saman með orkuna þar sem þetta er allt á sömu bókina lært.

Ég var að lesa skýrslu hæstv. iðnrh. um nýtt álver. Ég hef hlaupið yfir hana, þetta eru 70–80 blaðsíður. En ég rak augun í villu, heldur betur, sem ég þekki vel. Það er sagt að ef þetta álver hefði verið sett í Hvammslandið í Eyjafirði væru það tíu bæir sem hefðu orðið að hætta sinni framleiðslu og mjólkurframleiðslan á þessu svæði væri 109 þús. lítrar. Það er ekki einu sinni sú mjólk sem má framleiða í Hvammi, hvað þá á hinum jörðunum. Þegar svona villur geta verið um það sem maður veit, hvernig er þá skýrslan að öðru leyti? Ég spyr.

Með þessar 10 jarðir, þá eru þar jarðir sem þeir sem hafa skoðað þetta telja að verði gróðurskemmdir á en ekki það svæði sem grasbítum mundi stafa hætta af ef álver hefði verið þarna byggt. Og ég vil bara minna á það að í skýrslunni frá 1986 segja hinir norsku sérfræðingar: „Það hefur ekki verið mælt hver dreifingin er inn Hörgárdal eða framan við Akureyri.“ Ég hef spurt þá marga að því hvaða lærdóma væri hægt að draga af síldarreyknum sem var frá Hjalteyri í gamla daga, hvernig hann lagðist yfir byggðina, og svarið er að það muni gefa vísbendingu um það hvernig þetta mundi verða með loft frá álveri. Og það var stundum þannig að hann lá yfir byggðinni, yfir dölunum, alveg inni í Saurbæjarhreppi, inni í Hörgárdal og Öxnadal, svo dögum skipti, þegar þannig viðraði.

Ég hef látið þau orð falla við hæstv. iðnrh. að aldrei hafi verið meiningin að byggja álver annars staðar en á Reykjanesi. Nú er ég ekki að væna ráðherrann um það að hann hafi verið að blekkja menn. En ef svo er ekki hefur hann ekki skilið það sem felst í þeim orðum sem hann viðhafði og margendurtók: Byggjendurnir áttu að ráða staðarvalinu. Byggjendurnir áttu að ráða því og þeir gerðu það. Og þegar ég heyrði þessi ummæli — ekki einu sinni heldur margoft — þurfti ekki að segja mér hvar það yrði byggt, enda náttúrlega sannleikurinn sá að það væri engin glóra í að byggja svona álver í Reyðarfirði eða Eyjafirði. Og það kemur fram í þessari skýrslu í sjálfu sér.

Mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. að því, vegna þess að mér er kunnugt um það að Eyfirðingar og Reyðfirðingar hafa kostað miklu til í sambandi við dansinn í kringum álverið, hvort ekki verði greiddar, a.m.k. að verulegum hluta, allar þær milljónir sem munu hafa farið í sambandi við þann dans. Ég vil enn fremur leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. iðnrh. sem hljóða þannig, með leyfi forseta:

Hverjar eru þær forsendur sem hæstv. iðnrh. gefur sér til þess að fá arðbæra útkomu miðað við umræddan samning? Er meðtalinn sá virkjunar- og línukostnaður, ásamt þéttum og spennivirkjum, sem þarf til þess að fullnægja 200–215 þús. tonna álbræðslu? Nú er í sjálfu sér verið að semja um helmingi stærri verksmiðju sem menn hafa leyfi til að byggja á næstu 10–15 árum, og hvað þá með orkuverðið síðar? Er ekki rökrétt að miða orkuverið við meðaltal af þeim virkjunarkostum sem áætlanir liggja fyrir um, ekki síst vegna þess að í raun er verið að semja um álbræðslu sem á að framleiða 400–430 þús. tonn af áli? Og fyrir slíka álbræðslu

þarf 6000–6200 gwst., þ.e. alla vega $^3/_4$ af því sem þessir virkjunarkostir framleiða.

Með hvaða rekstrarkostnaði reiknar ráðherrann fyrir þetta fyrirtæki? Hver er afskriftartíminn á vatnsvirkjunum, á gufuvirkjunum og á háspennulínum og spennuvirkjum?

Hversu háar fjárhæðir eru reiknaðar til að fylgjast með mengun og því að draga úr tjóni af hennar völdum, t.d. vegna slysa?

Hvernig eru helstu virkjunarkostirnir metnir til verðs? Er þar ekki farið eftir kostnaðaráætlunum Landsvirkjunar?

Loks væri fróðlegt að fá að vita um ávöxtunarkröfur Atlantsálsaðilanna af fjármagni þeirra í álbræðslunni. Ég man eftir að talað var um það að fyrsta starfsárið, 1995, mundu þeir fá 2 milljarða 300 millj. og þá var reiknað með að þeir hefðu lagt til eigið fé, um 12 milljarða, þ.e. ef þetta er rétt skilið — þá er ávöxtunarkrafan rúmlega 19%.

Ef orkuverðið verður miðað við framkvæmdakostnað við Blönduvirkjun ásamt ódýrustu virkjunarkostunum miðað við verðlag 1. desember, samkvæmt heildarkostnaðaráætlun Landsvirkjunar eru það um 48 milljarðar. Hvað þurfum við þá að fá fyrir orkueininguna til þess að orkusalan reynist arðbær? Hæstv. ráðherra hefur margoft sagt að það komi ekki til greina annað en að salan verði arðbær. Eða telja einhverjir hv. þm. að það eigi að ganga þannig frá málum að það sé ekki arðbært? Ef orkuverðið verður hins vegar miðað við meðaltalskostnað af þessum 15 virkjunarkostum sem ég nefndi, sem yrði þá a.m.k. 55 milljarðar, hvað þurfum við þá að fá fyrir orkueininguna til að hún reynist arðbær? Og í síðasta lagi, ef enginn álsamningur yrði gerður og Blönduvirkjun lögð til hliðar, hve mikið væri hægt að lækka raforkuna til almenningsveitna á næstu tíu árum?

Það kom fram í máli frummælanda áðan að það væri Landsvirkjun sem ætti að semja um orkuverðið og mér skildist hann telja að það þyrfti þá ekki að koma hér fyrir Alþingi. En í lögunum um Landsvirkjun frá 1983 stendur í 13. gr.:

„Landsvirkjun gerir orkusamninga við almenningsveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins."

Ég get ekki séð annað en að af þessari grein séu hendur ráðherra bundnar, að ekki megi semja um orkuverð sem yrði til þess að hækka orkuverð til hins almenna notanda í landinu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hef lagt fram hér till. til þál. sem kemur sjálfsagt fljótlega til umræðu þar sem ég legg til að skipuð verði rannsóknarnefnd til þess að athuga öll þessi mál og ég held að gott sé fyrir hæstv. iðnrh. og ríkisstjórn að slík athugun færi fram ef þeir eru jafnsannfærðir um það eins og mætti marka á máli sumra þeirra að þarna væri allt með felldu og við mundum hafa hag af þessum samningi og að af þessu álveri mundi ekki leiða umtalsverð mengunarspjöll.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig vert að benda á það út af ummælum hæstv. forseta hér rétt áðan, þar sem komist var svo að orði að menn hefðu virt af miklum drengskap þau tilmæli sem forseti setti hér fram í upphafi umræðunnar, að menn reyndu að tala í stuttu og skýru máli, að síðan kvöldfundur hófst hafa talað þrír stjórnarþingmenn og hafa talað að meðaltali í rúmlega hálfa klukkustund. Miðað við þá tölu þingmanna sem hæstv. forseti sagði að væru á mælendaskrá væru eftir af þessum þingfundi, miðað við svipaðan ræðutíma 4–5 klukkutímar. Og þá veit ég ekki hvernig hæstv. forseti ætlar að ljúka þessari umræðu á þessum degi eins og komist var að orði hér áðan.

Það sem vekur kannski sérstaka athygli við þessa umræðu er sú umfjöllun sem hefur orðið um staðarval þessarar áformuðu álbræðslu. Og það er afar eftirtektarvert hvernig ráðherrarnir hafa verið að leitast við að skýra það að sú ákvörðun samrýmdist stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég fletti nú hér upp í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar og það er mikil ástæða til þess að vekja athygli á því sem þar stendur og ég ætla að biðja hæstv. iðnrh. að taka vel eftir. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, undir kaflafyrirsögninni „Um atvinnumál":

„Mörkuð verði ný atvinnustefna sem stuðlar að hagvexti og skynsamlegri nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Tekið verður fyllsta tillit til byggðasjónarmiða."

Það sjá að sjálfsögðu allir að hér er átt við uppbyggingu stóriðju á Íslandi því að sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar verða nú ekki nýttar með öðrum hætti en að hægt sé að koma raforkunni til einhverra nota. Hér er talað um að það eigi að stuðla að hagvexti og það eigi að taka fyllsta tillit til byggðasjónarmiða. Það getur þess vegna ekki dulist nokkrum manni að það verður ekki með neinum hætti hægt fyrir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar að viðurkenna það að staðsetning álversins á Keilisnesi, eins og hún hefur nú verið ákveðin, er ekki í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar voru við myndun núverandi ríkisstjórnar. Og það verður fróðlegt og eftirtektarvert að fylgjast með því hvernig þeir alþingismenn sem telja sig bera byggðamál fyrir brjósti munu skilja þessa afstöðu. Það liggur reyndar líka fyrir að við myndun ríkisstjórnarinnar hefur mönnum ekki fundist þessi ákvæði nógu skýr og því var það, að sögn forsrh. sjálfs, sem hann gaf þá yfirlýsingu við myndun ríkisstjórnarinnar að ekki yrði lagt fram frv. á Alþingi um þessi efni nema full samstaða væri um það innan ríkisstjórnarinnar og ef myndaðist einhver annar meiri hluti um þessi mál á Alþingi væri komin ný ríkisstjórn.

Nú er það svo að fyrir liggja alveg skýrar og ótvíræðar yfirlýsingar frá tveimur stjórnarflokkanna um þessi efni. Á síðasta þingi lögðum við sex þingmenn Sjálfstfl. fram tillögu um að næsta stóriðjuveri yrði valinn staður úti á landsbyggðinni. Daginn eftir að tillagan kom hér fram á Alþingi komst hæstv. forsrh. þannig að orði í Morgunblaðinu:

„Fram er komin á Alþingi þingsályktunartillaga frá sjálfstæðismönnum þess efnis að nýtt álver verði staðsett utan höfuðborgarsvæðisins. Í okkar þingflokki er nánast einróma afstaða í þá veru. Þingflokkur Framsfl. er nær einróma á þeirri skoðun að það beri að velja álverinu stað úti á landsbyggðinni." (**Gripið fram í:** Þeir eru fljótir að skipta um skoðun.) Og það má nú þakka fyrir að þeir hafi ekki undirstrikað þetta síðar. Ég heyrði t.d. tvo hv. þm. Framsfl. gefa yfirlýsingu um það austur á Eskifirði, á fundi Sambands sveitarfélaga þar eystra, að ekki kæmi til mála að hafa þetta álver suður á Keilisnesi. Það voru tveir Jónar, hv. þm. Jón Helgason og Jón Kristjánsson. Ég sá ekkert tvöfalt í þeim efnum. Það er nefnilega nokkuð í því sem Alþýðublaðið segir, að hæstv. iðnrh. hafi verið nokkuð einn á báti í þessum efnum. Allar yfirlýsingar Framsfl. hafa gengið þvert á þau vinnubrögð og þá niðurstöðu sem fengist hefur og nú hefur hæstv. samgrh. lýst því yfir að yfirlýsing Alþb., eins og hún birtist í Þjóðviljanum 10. apríl, sé enn í fullu gildi. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu stigi málsins telur þingflokkur Alþýðubandalagsins brýnast að ríkisstjórnin marki þá stefnu að hugsanleg bygging þessa risafyrirtækis stuðli ekki að enn frekari byggðaröskun í landinu og þess vegna verði því valinn staður utan höfuðborgarsvæðisins."

Menn skyldu nú athuga hvað þessar yfirlýsingar eru í miklu samræmi við þá niðurstöðu sem hæstv. iðnrh. hefur fengið í þessu máli og það hlýtur að skýrast hér í þessum umræðum hvenær á annað borð er hægt að taka mark á Framsfl. í svona málum. Maður hefur reyndar orðið ýmiss var í málflutningi hæstv. forsrh. En þegar svona er þvert gengið á yfirlýsingar þingmanna Framsfl. hlýtur hér í þessum umræðum að koma fram skýring á þeim sinnaskiptum sem orðin eru í þeim þingflokki sem samþykkti það, að sögn hæstv. forsrh., að þessu álveri skyldi valinn staður úti á landsbyggðinni. Það hlýtur að koma skýring á því afturhvarfi sem er orðið í þeim þingflokki.

Það var eftirtektarvert sem kom fram í ræðu formanns eins stjórnarflokksins hér áðan, hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, þar sem hann lýsti því yfir að aldrei hefði verið meiningin að fara með álverið til Reyðarfjarðar eða Eyjafjarðar. Og hann spurði um bætur vegna þess hvernig þau byggðarlög voru leikin af hæstv. iðnrh. í þeim látbragðsleik sem einn stjórnarflokkurinn hefur nú upplýst að hefði verið viðhafður. Hæstv. iðnrh. sagði reyndar sjálfur hér í umræðunum að endanleg ákvörðun hefði ekki verið tekin fyrr en 4. okt. Flokksbróðir hans, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sagði hins vegar frá því í ágústmánuði að búið væri að taka ákvörðunina og honum væri það fullkunnugt.

Það er út af fyrir sig óþarfi að deila frekar um þessi efni á þessari stundu. Málið kemur væntanlega fyrir Alþingi og það er útilokað annað en að það verði þá upplýst, eftir að öll gögn málsins hafa þar verið yfirfarin, hvað sé hið sanna í þessum efnum því það er skelfilegt, vægast sagt skelfilegt, ef iðnrh. hefur hagað sér með þeim hætti að vera í þykjustunni að semja eða leita eftir samningum sem væru tengdir byggingu álvers á Reyðarfirði eða í Eyjafirði en hefði síðan ekkert meint með því. Það er skelfileg tilhugsun ef svo er og það er alveg útilokað annað en að það verði nákvæmlega upplýst hvenær hin raunverulega ákvörðun var tekin um þessi efni.

Vissulega hefur ýmislegt sérkennilegt komið fram í sambandi við umræðu um raforkuverðið. Hæstv. forsrh. talaði um það að það væri sjálfsagt að jafna raforkuverðið í landinu en það gengi náttúrlega ekki að ætlast til þess að Landsvirkjun gerði það. Fjmrh. sagði að þegar væri komið fram á næstu öld, svona eins og einn áratug, væri hagur Landsvirkjunar orðinn með þeim hætti að hún væri búin að greiða upp skuldir, þannig að vandalaust væri með tilliti til þess að jafna orkuverðið. Þessi hæstv. ráðherra er sérstakur snillingur í því að draga greiðslur, færa þær til gjalda inn í framtíðina og það getur vel verið að það sé meining hans með þessum orðum að haga rekstri Landsvirkjunar með þeim hætti að þar söfnuðust upp skuldir en orkuverð gæti aftur á móti orðið lægra. Mér sýnist nefnilega að sá orkuverðssamningur sem fyrir liggur, eða sem fjallað hefur verið um, geri það að verkum að orkuverð hljóti að hækka í landinu.

Nú liggur það fyrir að á síðustu árum, líklega síðustu fimm til sex árum, hefur raforkuverð hjá Landsvirkjun lækkað um tæplega 40% og þannig yrði þessi þróun áfram að öllu óbreyttu með því að nú kemur brátt að því að þau lán, sem tekin voru þegar álverið í Straumsvík var byggt, verða greidd upp. Hagnaðurinn af því lendir ekki til neytandans heldur auðveldar að gera þessa samninga um nýja álbræðslu. Það er auðvitað samið út frá öllum pakkanum eins og hann liggur fyrir. Eins og málið ber því að er þessi væntanlegi samningur ákvörðun um hækkað raforkuverð til almennra nota í landinu en ekki lækkun. En samt á að jafna orkuverðið. Vill nú ekki hæstv. iðnrh. tala ofurlítið skýrar um þau efni en hinir ráðherrarnir, hæstv. fjmrh. og forsrh., sem sögðu að það ætti að jafna orkuverðið alveg eins og mjólkina og bensínið? Væri ekki gagnlegt ef hæstv. iðnrh. skýrði nú aðeins út hér í þessari umræðu hvað átt er við með þessum ummælum? En hæstv. samgrh. sagði aftur á móti að það mætti alls ekki byggja þetta álver, bara alls ekki, ef það leiddi til hækkaðs orkuverðs í landinu. Það var nú raunar það eina sem var hægt að fá einhverja meiningu um út úr ræðu þess hæstv. ráðherra.

Ég ætla ekki að fjalla í miklu lengra máli um raforkuverðið en ég bendi hins vegar á að með því að

tengja raforkuverðið til væntanlegrar álbræðslu við markaðsverð er áhættunni að sjálfsögðu misjafnlega skipt hér í þessu þjóðfélagi og meira að segja ákaflega misjafnlega skipt því að auðvitað færi hún eftir því hvernig innanlandsneyslan skiptist niður á notendur. Svo ég taki nú dæmi liggur það fyrir að sá notandi sem hitar upp hýbýli sín með raforku notar fjórum sinnum meiri raforku til heimilisnota en sá sem notar hana einungis til almennra nota. Og það vill nú svo til að það er að stærstum hluta fólkið úti á landsbyggðinni sem þannig er sett að það notar raforku fyrst og fremst til húshitunar. Áhættan er þess vegna fyrst og fremst tekin gagnvart þeim notendum. Mér er kunnugt um, ja, væntanlega fjallar næsti ræðumaður í ítarlegu máli um þessi efni og þar af leiðandi ætla ég ekki að fara lengra út í þá sálma.

En að lokum vildi ég þá minna á það sem kom fram í ræðu fjmrh. og forsrh. hér fyrr í kvöld þar sem þeir fjölluðu um byggðaáhrifin í þessu samhengi. Það voru höfð um það mörg orð að ekki væri áhætta á árinu 1991 og það væri ekki fyrr en á árunum þar á eftir sem einhver vandi færi hugsanlega að skapast. Hæstv. forsrh. talaði um byggðanefndina í þessu sambandi og taldi að þau nefndarstörf sem þannig færu fram gætu stuðlað að því að reisa einhverjar skorður við þeim áhrifum. Ég á sæti í þeirri nefnd og það er alveg áreiðanlegt að störf hennar þurfa að vera markvissari til þess að þau eigi að geta hamlað á móti þeim gífurlegu áhrifum í byggðamálum sem leiða af því að þessu álveri verði valinn staður hér á suðvesturhorni landsins. Ef menn meina eitthvað með því að það eigi að hamla gegn byggðaáhrifunum, þá hlýtur það auðvitað að koma fram hér á þinginu í vetur af hendi ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að það verði marktækt. Það er alveg áreiðanlegt að fólkið úti á landsbyggðinni skilur og veit hvað við á í þeim efnum.

Það hefur nú meira að segja heyrst úr stjórnarherbúðunum að til þess að draga úr þensluáhrifum í þjóðfélaginu verði að minnka ýmsar framkvæmdir, m.a. brýnustu byggðaframkvæmdirnar eins og í samgöngumálum, vega- og hafnamálum úti á landsbyggðinni til þess að sporna við þensluáhrifum eins og menn tala um í þessu samhengi. Og fjárlagafrv. sem menn eru nú að taka til við að yfirfara hér á Alþingi styður þessa skoðun því að enn á að höggva í þann knérunn. Mér sýnist þess vegna að það sé beinlínis markmið ríkisstjórnarinnar að draga úr framkvæmdum úti á landi til þess að draga úr þensluáhrifum. Og hvað skyldi það þýða annað en fólkið leiti þangað sem atvinnuna er að hafa, hér suður á Keilisnes, og það sé hin raunverulega stefna núv. ríkisstjórnar að koma byggðinni hingað suður eftir?

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nú orðið áliðið kvölds og hér hafa orðið langar umræður um þetta mikilvæga mál. Ég mun þess vegna reyna að verða við tilmælum hæstv. forseta um það að stilla máli mínu í hóf. Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp eru fyrst og fremst þau ummæli sem hér hafa fallið hjá ýmsum ræðumönnum um aðild Landsvirkjunar að þessu máli, en ég sit í stjórn þess fyrirtækis og því er rétt að ég geri nokkra grein fyrir því eins og það kemur stjórn Landsvirkjunar fyrir sjónir auk þess sem hv. 10. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, gerði afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli nokkuð að umtalsefni og því nauðsynlegt að svara því með nokkrum orðum.

Ég ætla þó aðeins í upphafi að víkja örlítið að því minnisblaði um samning milli ríkisstjórnar Íslands og þriggja fyrirtækja sem undirritað var með miklum lúðrablæstri hér þann 4. okt. sl. Það höfðu orðið miklar umræður um þetta skjal dagana áður og þær umræður voru einkum á milli aðila ríkisstjórnarinnar, milli einstakra ráðherra og annarra forustumanna ríkisstjórnarflokkanna. Og þar kom fram mjög mismunandi skilningur á efni og mikilvægi þessa skjals. Hæstv. forsrh. kallaði þetta skjal fundargerð. Formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson, kallaði þetta skjal sendibréf. Menn þvoðu þannig hendur sínar í gríð og erg af því sem var verið að skrifa undir og þess vegna er einmitt fróðlegt að sjá hvað sjálft skjalið sýnir í þessum efnum og hvaða skuldbindingar eru í því fólgnar. Fyrirsögn skjalsins er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Minnisblað um samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Alumax, Gränges, Hoogovens Aluminium hins vegar“ — ég sleppi skammstöfunum um form þessara fyrirtækja — „um Atlantsálverið.“ Síðan segir:

„Minnisblað um samning gert í Reykjavík 4. okt. 1990 milli Ríkisstjórnar Íslands, sem iðnrh. kemur fram fyrir.“ Og undirskrift samningsins er af hálfu hæstv. iðnrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Auðvitað er í þessu skjali fólgin skuldbinding. Við sjáum þegar við lesum efni þess að í því eru ýmis atriði sem hafa í för með sér eða fjalla um efnislega þætti þessara samninga. Það er þess vegna alveg út í hött hjá ráðherrum Alþb., eins og þeir halda fram, að hér sé ekki um neina skuldbindingu að ræða og þeir geti þvegið hendur sínar með einhverri bókun á ríkisstjórnarfundi eða einhverri samþykkt á þingflokksfundi. Slíkt skiptir engu máli. Á meðan viðkomandi ráðherrar sitja allir í ríkisstjórninni bera þeir ábyrgð á þessum gerningum. Það er alveg ljóst. Bæði pólitíska ábyrgð og stjórnarfarslega ábyrgð. Það er í raun og veru kominn tími til að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands átti sig á bæði pólitískri og stjórnarfarslegri ábyrgð sinni og hvernig stjórnkerfi við störfum í. Í mínum huga er það því alveg ljóst að ráðherrar Alþb. bera fulla ábyrgð á efni þessa skjals sem hæstv. iðnrh. ritaði undir þann 4. okt. sl. og einhverjar bókanir eða bréf um eitthvað annað skipta í raun og veru engu máli.

Ég ætla þá aðeins að víkja að þætti Landsvirkjunar í þessu máli en hæstv. iðnrh. vill nú gera mikið úr þætti Landsvirkjunar í þeirri samningagerð sem þegar hefur verið unnin. Um það vil ég segja að

Landsvirkjun hefur ekki átt aðild að samningagerðinni hingað til. Það er að vísu svo að formaður stjórnar Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, hefur verið í forstöðu fyrir ráðgjafarnefnd iðnrh. Það eru þó engin tengsl þar á milli að því leyti að Jóhannes hefur ekki haft sérstakt umboð stjórnar Landsvirkjunar til að fara með samningsgerð fyrir hennar hönd í þessu máli og reyndar ekki farið fram á það heldur sjálfur. Ég hygg að ástæðan fyrir því að fyrrv. hæstv. iðnrh., Friðrik Sophusson, bað Jóhannes Nordal um að vera formann í samninganefnd um þetta álver og eftirmaður hans, núv. hæstv. iðnrh., gerði slíkt hið sama sé fyrst og fremst sú að Jóhannes Nordal er frábærlega hæfur maður, hefur manna mesta reynslu af samningum um stóriðju á Íslandi og hefur verið í forsvari fyrir alla stærstu samninga sem við höfum gert hingað til á þessu sviði og þess vegna mjög eðlilegt að til hans sé leitað um slíka samningagerð. Menn mega hins vegar ekki blanda því saman við önnur störf hans eins og menn hafa haft tilhneigingu til þess að gera.

Forstjóri og aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar hafa fyrst og fremst verið kallaðir til starfa sem sérfræðingar en ekki sem samningsaðilar eða samningamenn með umboði. Það er alveg rétt sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að þetta er frábrugðið því sem verið hefur hingað til þegar unnið hefur verið að slíkum samningum. Hæstv. fjmrh. rifjaði upp að 1983 þegar samningaviðræður við Alusuisse fóru fram um endurskoðun á Ísal-samningunum, þá skipaði Landsvirkjun sérstaka samninganefnd af sinni hálfu sem tók þátt í samningafundum þegar um orkuverðssamninginn var að ræða. Sama má reyndar segja um þegar kísilmálmsamningarnir voru á ferðinni á sínum tíma sem þó varð ekkert úr en mikið hafði verið unnið í samningum þegar markaðurinn hrundi ef svo má segja og aðilar drógu sig til baka. Þá var sérstök samninganefnd af hálfu stjórnar Landsvirkjunar sem tók beinan þátt í samningafundum um orkuverðið.

Í stjórn Landsvirkjunar, og ég tel auðvitað nauðsynlegt að upplýsa það hér, hefur Jóhannes Nordal verið spurður á fundum um efnisatriði samninganna í tímans rás. Hann hefur svarað því til að hann væri bundinn af trúnaði við hæstv. iðnrh. og gæti þess vegna ekki upplýst um það sem hann hafði verið spurður um um efni þessara samninga. Og það skýrist auðvitað líka þegar við áttum okkur á því hvaða form hæstv. iðnrh. kaus að nota við þessa samningagerð.

Þegar fyrrv. iðnrh., núv. hv. þm. Friðrik Sophusson, skipaði nefnd til viðræðna við Atlantsál þá hét það samninganefnd með umboði til þess að semja og gera samninga fyrir hönd ráðherra, að sjálfsögðu með fyrirvörum eins og venjulegt er um að hann fylgdist með og samþykkti það sem gerðist. Hæstv. iðnrh. kaus að hafa annan hátt á. Hann lagði samninganefndina niður en skipaði það sem hann kallaði ráðgjafarnefnd í staðinn. Hvað þýðir það? Það þýðir auðvitað að hæstv. iðnrh. hugðist sjálfur fara með samningana en hafa ráðgjafarnefnd sér við hlið sem hann gæti notað eftir því sem hann sjálfur kysi til þess að vinna þetta mál fyrir sig.

Það sem Alþýðublaðið hefur ritað í þessu efni er í fullu samræmi við þann gang mála sem hæstv. ráðherra vafalaust vildi hafa, þ.e. hann gengi einn og óstuddur til þessarar samningagerðar. Ég segi hins vegar fyrir mig að mér finnst það ekki stórmannlegt nú þegar þessi málsmeðferð öll er gagnrýnd að reyna að koma ábyrgðinni yfir á formann ráðgjafarnefndarinnar, Jóhannes Nordal, og að vísa til einhverra innri vandamála í Landsvirkjun, að stjórn Landsvirkjunar hafi ekki fylgst betur með en raun ber vitni. Hæstv. ráðherra hefur sjálfur mótað stefnuna. Hann hefur sjálfur mótað það hvaða málsmeðferð væri viðhöfð í þessu efni og skammtað hverju ráðgjafar hans, trúnaðarmennirnir, mennirnir í ráðgjafarnefndinni mættu segja frá á hverjum tíma og hverju ekki.

Það er auðvitað rétt að Landsvirkjunarstjórn, eins og hæstv. ráðherra gat um og dagsetningar í þeim efnum voru réttar í hans ræðu hér áðan, hefur fengið skýrslur sem fyrst og fremst snerta orkuverðið og uppbyggingu þess, en ekki um aðra þætti orkusamninganna. Það kom því mjög á óvart þegar það spurðist að undirrita ætti einhvers konar skuldbindingar um orkuverð þann 4. okt. sl. Þetta var rætt ítarlega í stjórn Landsvirkjunar einmitt þann sama dag, að morgni 4. okt. og það er mjög athyglisvert og það bið ég hv. 10. þm. Reykv. að hlusta vel á vegna þess að hann sagði í sinni ræðu hér áðan að það hefði sett svip sinn á meðhöndlun orkusamningsins að Sjálfstfl. væri í meiri hluta í stjórn Landsvirkjunar. Með öðrum orðum að Sjálfstfl. sem stjórnarandstöðuflokkur væri í meiri hluta í stjórn Landsvirkjunar. Af þessum orðum hv. 10. þm. Reykv. mætti ætla að það hefðu verið sjálfstæðismennirnir, hefðu verið stjórnarandstöðumennirnir sem hefðu haft uppi hvað harðasta gagnrýni í stjórn Landsvirkjunar á þetta mál þegar það var þar til umræðu 4. okt. En það var nú aldeilis ekki. Þeir riðu á vaðið hver á fætur öðrum, fulltrúar ríkisstjórnarinnar, fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í stjórn Landsvirkjunar þannig að við fulltrúar stjórnarandstöðunnar vissum nánast ekki hvaðan á okkur stóð veðrið. Þar reið fyrstur á vaðið formaður þingflokks Framsfl., formaður þingflokks hv. þm. og formaður þingflokks hæstv. forsrh., og andmælti því kröftuglega að undir nokkuð yrði ritað fyrir hönd Landsvirkjunar. Og hann lét ekki þar við sitja heldur lagði fram sérstaka bókun áður en við höfðum tækifæri til að tjá okkur á einn eða annan hátt, stjórnarandstaðan, í þessu máli. Sú bókun hefur birst í blöðum og fjölmiðlum en ég tel rétt að kynna hana hér í þessari umræðu. Þetta er sem sagt bókun hv. þm. Páls Péturssonar. Þar segir:

„Í lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, segir m.a. að orkusölusamningar við iðjuver megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið. Þau drög að orkusölusamningi við Atlantsál sem kynnt hafa verið í stjórn Landsvirkjunar tryggja þetta ekki og þarfnast því breytinga. Í

samninginn verður að koma ákvæði um endurskoðunarrétt vegna harðræðis (sanngirnissjónarmiða). Ef spár um verðþróun ganga ekki eftir og álverð verður lægra um árabil hlýtur Landsvirkjun að verða að hækka verð til almenningsveitna fremur en stofna fyrirtækinu í voða. Gólf verður að setja í samninginn, annars er áhættan óbærileg. Áður en Landsvirkjun getur samþykkt samning verður að liggja fyrir að traustir erlendir bankar séu reiðubúnir að lána án ábyrgðar frá eignaraðilum út á samninginn það sem kostar að virkja. Mörg önnur atriði þarfnast nánari athugunar. Óhjákvæmilegt er að undirstrika sérstaklega að stjórn Landsvirkjunar hefur ekki samþykkt nein atriði draga að orkusölusamningi. Því hefur iðnrh. enga heimild frá Landsvirkjun til þess að undirrita skuldbindingar hvað varðar orkusölusamning."

Þetta var ekki frá sjálfstæðismönnum. Þetta var ekki frá stjórnarandstöðunni hér á þingi. Þetta var frá formanni þingflokks forsrh. Þetta lét hann bóka eftir sér fyrstur manna þegar þetta mál kom til umræðu í stjórn Landsvirkjunar.

Hverjir voru svo næstir að bóka? Það voru þeir félagar Sigurjón Pétursson og Finnbogi Jónsson, fulltrúar Alþb., fulltrúar eins stjórnarflokksins í stjórn Landsvirkjunar. Og hvað sögðu þeir í sinni bókun:

„Við tökum undir bókun Páls Péturssonar en við óskum jafnframt að eftirfarandi verði fært til bókar: Nú um nokkurn tíma hafa stjórnarmenn Landsvirkjunar haft undir höndum sem trúnaðarmál ýmsar upplýsingar um þann grunn sem samninganefnd um orkufrekan iðnað leggur til grundvallar í viðræðum sínum við Atlantsálshópinn. Þrátt fyrir það að stjórn Landsvirkjunar hefur sáralítið rætt hugsanlegt orkuverð og þó að hún eða fulltrúar í beinu umboði hennar hafi aldrei hitt eða rætt við væntanlegan orkukaupanda virðist nú vera komið að lokum samninga. Auðsjáanlega á að stilla stjórn fyrirtækisins upp andspænis fullgerðum samningi. Ráðherra orkumála hefur boðað að hann muni síðar í dag undirrita samningsdrög varðandi byggingu nýs álvers en ekki einu sinni haft fyrir því að kynna þessi samningsdrög fyrir stjórninni áður en þau eru undirrituð. Í öllum þessum málum hefur þannig verið gróflega gengið fram hjá stjórn Landsvirkjunar nánast eins og henni komi samningsgerðin ekkert við.

Með þeim hugmyndum sem nú eru á lofti er verið að binda alla bestu virkjunarkosti þjóðarinnar til langs tíma á verði sem er umtalsvert lægra en meðalverð til álvera í hinum vestræna heimi. Veruleg hætta er á því að íslenskir orkunotendur verði í framtíðinni að greiða hærra orkuverð en ella. Þessum vinnubrögðum öllum ber að mótmæla."

Þetta var bókun Sigurjóns Péturssonar sem er borgarfulltrúi Alþb. í Reykjavík, eins af stærstu stjórnarflokkunum, og þetta var bókun Finnboga Jónssonar sem er varamaður hæstv. fjmrh. í stjórn Landsvirkjunar. Þetta er maðurinn sem hæstv. fjmrh. hefur sent fyrir sig inn í stjórn Landsvirkjunar meðan hann gegnir embætti fjmrh. og hann lét bóka þetta eftir sér þegar þetta mál kom fyrst til umræðu í stjórn Landsvirkjunar. Þegar þetta bókunarflóð hafði gengið yfir var það nú svo að okkur sjálfstæðismönnum var eiginlega nóg boðið og við létum ekkert bóka, töldum eiginlega nægilega gert á þessum fundi, töldum eðlilegt að staldrað yrði við og skoðað hvað raunverulega væri að gerast. Hvort væri verið að gera einhverja samninga í nafni Landsvirkjunar eða í nafni hæstv. ríkisstjórnar. Öll viðbrögð manna á þessum fundi báru það með sér að ekki væri verið að gera neina samninga í umboði hæstv. ríkisstjórnar. Þar væri hæstv. iðnrh. einn að verki. Enda fór það svo að 4. okt. var ekki undirritað neitt sem hafði í för með sér neinar skuldbindingar um orkusölusamning heldur fyrst og fremst almenn lýsing á því hvað rætt hefði verið og hvað menn hefðu gert í því sambandi.

Í málflutningi sínum hefur hæstv. ráðherra lagt áherslu á það að stjórn Landsvirkjunar hafi fylgst með samningagerðinni og því til sönnunar bent á samþykktir stjórnar Landsvirkjunar frá því í sumar þegar samþykkt var að fara í framkvæmdir upp á 300 millj. kr. í samræmi við lögin sem samþykkt voru hér á sl. vori um breytingar á lögum um raforku. Þetta er afar óheppilegt dæmi hjá hæstv. ráðherra vegna þess að það sem gerðist í stjórn Landsvirkjunar þá var einmitt hið gagnstæða. Stjórn Landsvirkjunar treysti sér ekki til að leggja neitt mat á stöðu samningaviðræðnanna og vísaði því máli þess vegna til ríkisstjórnarinnar. Í bráðabirgðaákvæði í lögunum um raforkuver er gert ráð fyrir því að það sé heimild fyrir stjórn Landsvirkjunar að leggja í framkvæmdir upp á 300 millj. á þessu ári að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og í greinargerð með þeim lögum er vísað til þess að þessa ákvörðun eigi að taka í ljósi framvindu samninga um álver á vegum Atlantsálshópsins.

Þann 4. júlí ritaði hæstv. iðnrh. Landsvirkjun bréf þar sem fylgdi bréf og greinargerð ráðgjafarnefndar og álit og tillögur hennar, að rétt sé að hefja þessi verk í sumar og veitt verði heimild til lántöku þeirra vegna. Á grundvelli þessa álits taldi ráðuneytið að náðst hefði sá áfangi í samningaviðræðunum að eðlilegt væri að hefja nú þann virkjanaundirbúning sem Landsvirkjun teldi að nauðsynlegt væri að ráðast í á þessu ári til þess að unnt verði að standa við afhendingu orku til nýs álvers á árinu 1994. Óskað er eftir afstöðu Landsvirkjunar í þessu máli sem fyrst. Þetta bréf var síðan rætt strax daginn eftir á fundi Landsvirkjunar þann 5. júlí og það kemur glögglega fram í þeirri fundargerð að stjórnarmenn Landsvirkjunar töldu sig ekki hafa skilyrði til að meta stöðu samninganna, þeir hefðu ekki fengið þær upplýsingar sem þyrfti og þess vegna var samþykkt tillaga sem vísar því mati til ríkisstjórnarinnar. Og það var samþykkt svofelld tillaga: „Stjórn Landsvirkjunar hefur á fundi sínum í dag rætt bréf iðnrn. dags. 4. júlí 1990 um undirbúning virkjanaframkvæmda vegna fyrirhugaðs nýs áfanga við nýtingu fallvatna landsins til stóriðju með byggingu nýrrar álverksmiðju. Stjórn Landsvirkjunar telur að tækni-

lega og fjárhagslega sé ekkert því til fyrirstöðu að ráðast í þær framkvæmdir sem um er fjallað í bréfi ráðuneytisins. Með vísan til laga nr. 74 frá 18. maí 1990, sérstaklega bráðabirgðaákvæðis laganna undir staflið tvö, leitar stjórn Landsvirkjunar eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar, hvort fyrir liggi samþykki hennar til að verja allt að 300 millj. kr. í ár til undirbúnings framkvæmda við umræddar virkjanir og hvort Landsvirkjun megi taka þá fjárhæð að láni eða jafnvirði hennar í erlendri mynt."

Ef fundargerðin er frekar lesin kemur þetta glögglega fram — ég vitna t.d. í það sem ég sagði á þessum fundi og bókað er eftir mér: „Birgir Ísl. Gunnarsson taldi að ríkið hefði forræði þessara samninga og það væri þess að meta samningsstöðuna."

Og það var auðvitað ástæðan fyrir því að gripið var þannig á þessu máli á þessum fundi að stjórn Landsvirkjunar hafði enga aðstöðu þá til þess að meta í hvaða stöðu samningarnir væru og vildi alfarið vísa því mati á hendur ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin lagði síðan mat á þetta og hæstv. ráðherra sendi svo bréf aftur 17. júlí þar sem fram kom að, svo ég vitni orðrétt í bréfið: „Ráðuneytið telur að sá árangur hafi orðið í viðræðum um nýtt álver á samningafundum með Atlantsálsaðilunum í lok júní sl. að eðlilegt sé að hefja þegar þann undirbúning sem Landsvirkjun telur nauðsynlegan á þessu ári til þess að unnt verði að afhenda nýju álveri orku á árinu 1994."

Þegar þetta mat lá fyrir samþykkti stjórn Landsvirkjunar að leggja í þessa framkvæmd.

Þetta er auðvitað nauðsynlegt að rifja upp í tilefni af þessari umræðu hér allri.

Á síðasta fundi Landsvirkjunar, þann 11. okt., þ.e. sl. fimmtudag var samþykkt ályktun sem mér finnst líka rétt að kynna hér í þessari umræðu þó hún hafi birst í fjölmiðlum, en þar segir: „Eins og margoft hefur komið fram er ríkur vilji fyrir því í stjórn Landsvirkjunar að unnið sé að því að orka fallvatna landsins nýtist til uppbyggingar stóriðju á Íslandi. Því hafa stjórnarmenn Landsvirkjunar fagnað þeim áhuga sem erlend stóriðjufyrirtæki hafa sýnt á því að reisa hér álbræðslu sem keypti orku sína af Landsvirkjun.

Gefið hefur verið til kynna að ráðgjafarnefnd á vegum iðnrh. hafi þegar lokið samningum um öll meginatriði samninga sem gera þurfi svo hefjast megi handa um virkjunarframkvæmdir og byggingu verksmiðju. Í ljós hefur komið að meginatriði slíkrar samningsgerðar, orkusölusamningur, er miklu skemur á veg kominn en haldið hefur verið að almenningi. Ljóst er að slíkur málatilbúnaður og opinber umræða af því tagi sem í kjölfarið hefur fylgt hefur veikt samningsstöðu Landsvirkjunar gagnvart hinum erlendu viðsemjendum nú þegar málið er loks komið í hendur þess aðila sem með orkusamninginn á að fara, þ.e. stjórnar Landsvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar voru fyrst á fundi í dag formlega kynnt drög að orkusamningi þótt ljóst sé að margvísleg slík gögn hafi þegar gengið á milli aðila. Óhjákvæmilegt er að stjórnin kynni sér rækilega þessar upplýsingar og um leið nýjar álitsgerðir sem hún hefur falið starfsmönnum fyrirtækisins að vinna í hennar hendur. Í framhaldi af því mun stjórn Landsvirkjunar ákveða næstu skref af sinni hálfu í þágu málsins í þeirri þröngu stöðu sem henni hefur verið komið í af hálfu ráðuneytisins."

Þessi tillaga var samþykkt af öllum stjórnarmönnum Landsvirkjunar en eðlilega sat stjórnarformaður þó hjá, Jóhannes Nordal, vegna forsögu málsins. Og ég vek athygli á því að formaður þingflokks Framsfl. samþykkti þessa tillögu og fannst kannski ekki nógu langt gengið í þessari tillögu. Þannig að auðvitað verður að vísa því til föðurhúsanna þegar hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er að velkjast í einhverjum vafa um afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli. Maður hlýtur auðvitað að spyrja sig: Hver er afstaða Framsfl. í þessu máli? Hver er afstaða forustuflokksins í ríkisstjórninni í þessu máli? þegar við lesum allar þær vangaveltur og efasemdir sem forustumenn Framsfl. eru að láta frá sér fara um þetta mál. Ég skal t.d. vitna í Dag á Akureyri frá 4. okt. sl. Þar segir einn af hæstv. ráðherrum Framsfl., Guðmundur Bjarnason: „Ég hef sagt að ég hefði enn algjörlega óbundnar hendur um það hvernig mitt atkvæði félli í þessu máli. Ég tel að ríkisstjórnin verði að setja fram einhvers konar áætlun og mat á því óhagræði sem hlýst af því að efna hér til þenslusprengingar og byggðaröskunar." Þetta er eftir honum haft í blaðinu og reyndar fleiri atriði sem ég vil ekki eyða tíma manna í að lesa hér upp. Það er því auðvitað alveg ljóst að þetta mál innan hæstv. ríkisstjórnar er allt í skötulíki. Og raunverulega útilokað að henda reiður á því hver verður niðurstaða málsins innan ríkisstjórnarinnar ef reyna á að lesa eitthvað út úr þeim gagnstæðu yfirlýsingum sem ekki bara hinir almennu þingmenn heldur forustumenn í þessum flokkum, sjálfir ráðherrarnir, láta frá sér fara á opinberum vettvangi.

Áður en ég skil við Landsvirkjun er rétt að geta þess að ég tel nauðsynlegt að næstu skref verði nú þau að stjórn Landsvirkjunar skipi af sinni hálfu nefnd til þess að hafa samningsumboð fyrir hennar hönd til þess að ræða við þá aðila sem hér eru samningsaðilar við okkur og sem mun þá væntanlega starfa jafnframt með þeim aðilum sem hæstv. iðnrh. hefur kvatt sér til ráðuneytis í þessu máli, ekki til samningagerðar heldur til ráðuneytis, eins og hann hefur sjálfur kosið að orða það.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson spurði um afstöðu Sjálfstfl. Ég ætla að svara honum með nokkrum orðum um það efni sérstaklega áður en ég lýk máli mínu.

Stefna Sjálfstfl. í stóriðjumálum er skýr og ljós. Sjálfstfl. hefur talið að orkufrekur iðnaður væri einn af þeim möguleikum sem við ættum að kappkosta að nýta. Og þess vegna höfum við sjálfstæðismenn fagnað áhuga Atlantsálshópsins á byggingu álvers hér á landi og við höfum viljað greiða fyrir því máli eins og kostur er. Ég nefni sem dæmi um það að við samþykktum frv. um raforkuverð á sl. vori og

greiddum sérstaklega fyrir því að það mál fengi hraða afgreiðslu hér í þinginu.

Varðandi það álver sem hér er verið að fjalla um nú, þá mun Sjálfstfl. vafalaust styðja ákvarðanir um byggingu nýs álvers ef samningar um það verða aðgengilegir. Ég vek athygli á að Sjálfstfl. á ekki á neinn hátt aðild að þessari samningagerð og því hljótum við að hafa þennan fyrirvara á okkar afstöðu, sem ég gat um, við höfum ekki séð þessa samninga, við höfum nú séð uppkast af samningi um orkuverðið en við höfum ekki séð aðra samninga sem um er að ræða.

Innan Sjálfstfl. eru auðvitað skiptar skoðanir um staðsetningarmálin eins og í öllum öðrum flokkum og ég efast ekkert um að sumir þingmenn flokksins muni fjalla um það sérstaklega hér í þessum umræðum, en við höfum óneitanlega staldrað við í þessu máli upp á síðkastið og ástæðan er auðvitað afstaða einstakra forustumanna sjálfrar ríkisstjórnarinnar í málinu og ég skal ekki rifja frekar upp það sem ég hef um það sagt í þessari umræðu.

Ég skal af gefnu tilefni frá hv. 10. þm. Reykv. fullvissa hann um — ég bið hann að hlusta á mál mitt, ég skal bíða þangað til hann hefur lokið samtali sínu — ég skal fullvissa hv. 10. þm. Reykv. um það að Sjálfstfl. mun taka málefnalega afstöðu til þessa máls, til frv. sem verður flutt hér á þessu haustþingi, til þessara samninga í heild og hann mun ekki láta afstöðu Alþb. hafa nein áhrif á sig í þeim efnum. Það vil ég að sé alveg skýrt af gefnu tilefni frá hv. þm.

Við höfum hins vegar talið það og ekkert farið leynt með það að við teljum að þessi ríkisstjórn sé ófær um að koma málinu í höfn og þess vegna væri það heppilegast fyrir framgang þessa mikilvæga máls að þessi sundurþykka ríkisstjórn færi frá og þæfði þetta mál ekki lengur á milli sín og kæmi því í þá óvissu sem því hefur verið stefnt í með þessum ólíku yfirlýsingum hæstv. ráðherra.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða nú alhliða um hið víðfeðma og margslungna mál sem nú er hér til umræðu utan dagskrár, álmálið. Ég hef ekki getað metið sjálfstætt ýmsa meginþætti málsins, svo sem rafmagnsverðið, skatttekjur og mengunarvarnir. Ég hef ekki fengið í hendur upplýsingar og gögn varðandi viðræður stjórnvalda og hinna erlendu fyrirtækja um stofnsetningu nýs álvers. Það er eins með mig og flesta aðra þingmenn stjórnarandstöðunnar að við vitum ekki annað en það sem fjölmiðlar hafa greint frá og um það greinir menn á meira að segja hvernig túlka skuli. Ég geymi mér því að ræða ýmsa veigamikla þætti málsins þar til gögn um þau hafa verið lögð fram hér á Alþingi.

En mér þykir tímabært að koma hér inn á nokkur atriði sem varða staðsetningu nýs álvers. Sú hlið málsins verður ekki skoðuð nema í samhengi við almenna byggðaþróun í landinu. Kemur þá til sögunnar hin alrómaða byggðastefna. Ég ætla mér ekki þá dul að fara hér nú á þessari stundu að gera skil stöðu þeirra mála, hinni svokölluðu byggðastefnu eða réttara sagt því afskræmi hennar sem við höfum lengi búið við og blasir nú við sjónum okkar og sker í augu fremur en nokkru sinni fyrr í nekt sinni, blekkingum og falsi.

Ég vil aðeins árétta meginatriðin. Byggðastefna á að hafa það markmið að tryggja búsetu í byggðum landsins. Það verður gert á þeim grundvelli og að því marki sem skilyrði eru fyrir hendi. Markmiðið er að auðlindir landsins megi nýta með sem mestri hagkvæmni en það verður einmitt ekki gert nema með því móti að landið haldist almennt í byggð. Það neitar því enginn að gæðin til lands og sjávar, náttúruauðlindirnar, eru ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu, heldur vítt og breitt um byggðir landsins. Þess vegna er það höfuðskilyrði að undirstaða auðsköpunar, fólkið sjálft, sé til staðar vítt og breitt um landið svo að mestum arði megi skila í þjóðarbúið.

En hvers vegna er þetta þá ekki í lagi? Hvers vegna stöndum við frammi fyrir slíkri gífurlegri byggðaröskun að nú liggur við kollsteypu í byggðaþróun landsins? Hvað hefur brugðist? Náttúrugæði landsbyggðarinnar hafa ekki brugðist. Þau eru til staðar á sama stað og áður. Auðlindirnar eru samar við sig, en hvað hefur þá brugðist?

Það er oft talað um margslungnar ástæður fyrir þessari þróun og það er rétt. En í hnotskurn er svarið: Stjórnvöld. Það er rangri stjórnarstefnu um að kenna. Til að einfalda málið nefni ég sérstaklega tvær ástæður, en þær eru líka að mínu viti höfuðástæðurnar fyrir byggðarröskun síðustu ára og því geigvænlega ástandi sem nú blasir við. Og hvað er þetta? Röng fiskveiðistefna og röng gengisstefna. Með þessum hætti er brugðið hnappheldu á framtak landsbyggðarfólksins og það svipt arði af framlagi þess til þjóðarbúsins. Og er nema von að slíkt valdi fólksflótta frá landsbyggðinni og byggðarröskun? Allt er þetta augljóst, svo og andsvar hinnar svokölluðu byggðastefnu við þessu öllu saman.

Talað er um aðstoð, stuðning og styrki við landsbyggðina. En hvað eru þessir molar af nægtaborði höfuðborgarsvæðisins sem falla í skaut landsbyggðarinnar? Því miður breyta þeir engu um þá stefnu stjórnvalda sem er undirrót fyrir erfiðleikum landsbyggðarinnar. Í besta falli geta þeir sem deyfilyf linað sársauka í einstaka tilfellum en þó aðeins í bili. Sjúkdómurinn herjar jafnt eftir sem áður. Það er engin önnur lækning til en að fólkið fái notið auðlinda landsins hvar sem þær er að finna og njóti arðsins af þeirri verðmætasköpun sem er undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Þegar svo er komið er engu að kvíða um framtíð landsbyggðarinnar.

Ég lofaði fjölyrða ekki hér og nú um byggðastefnu. Ég hef aðeins viljað draga upp bakgrunninn að ástandinu nú þegar verið er að ákveða staðsetningu nýs álvers. Það verður að segjast eins og er að það var engin goðgá að menn létu sér til hugar koma að kannski mætti með staðsetningu álversins hamla eitthvað á móti byggðarröskun í landinu. Menn létu sér til hugar koma að það væri þó alltaf betri kost-

ur en að kynda undir það ófremdarástand sem við stöndum frammi fyrir. Við vitum hvernig fór um sjóferð þá. Hér er búið að lýsa skrípaleiknum í staðsetningarmálinu. Ég skal engu bæta þar við, en aðeins eitt: Þegar Íslendingar sem standa að því að velja Keilisnes fyrir aðsetur álversins segja að útlendingarnir hafi ráðið því, þá vitum við það. En við hljótum að spyrja: Eiga útlendingar að ráða yfirleitt um staðsetningu stóriðjufyrirtækja í landinu? Við komumst ekki hjá að spyrja okkur þessarar spurningar. Eigum við Íslendingar þá að eiga undir útlendingum hver byggðarþróun verður í framtíðinni? (**HBl:** Svo virðist vera.) Svo virðist vera, segir hv. þm. Ég spyr ekki að ástæðulausu og það mátti hv. þm. vita. Ef þetta á að vera stefnan, ef þetta á að vera framtíðarsýnin, þá er ég ekki lengur fylgjandi stóriðju. Það er ekki hægt að sætta sig við háttalag hæstv. ríkisstjórnar. Og framferði hennar í þessu staðsetningarmáli getur ekki orðið neitt fordæmi í framtíðinni. Annað mál er það að öll þessi uppákoma vekur til umhugsunar um stóriðjumálin almennt, álver og aðra valkosti.

Auðvitað er það svo með álver að tilkoma þeirra í efnahagslíf landsins hefur ýmsar hliðar. Slík stóriðjuver hafa bæði kosti og galla miðað við íslenska staðhætti. Það eru ótvíræðir kostir við álver að því fylgir mikil orkusala, miklar skatttekjur og mikil atvinna. Hins vegar fylgja ýmsir gallar slíkri stóriðju sem álver er. Þar má til nefna stærð fyrirtækjanna miðað við íslenskar aðstæður, þenslu í efnahagslífinu meðan á uppbyggingu stendur, mikla skuldasöfnun vegna stofnkostnaðar stórvirkjana, langan undirbúningstíma framkvæmda og takmarkað svigrúm um staðarval. Þrátt fyrir gallana eru kostirnir það miklir að álver hljóta að vera inni í myndinni sem góður valkostur. Það hefur heldur ekki farið fram hjá mönnum. Sannleikurinn er sá að um langt árabil hafa hugmyndir manna um frekari stóriðju hér á landi fyrst og fremst snúist um framleiðslu á áli. Hafa þær ástæður einkum verið færðar fram fyrir þessari stefnu að álframleiðsla væri langfyrirferðarmest þeirra greina orkufreks iðnaðar sem stunda megi hér á landi og einnig sú ágóðavænlegasta. Látum þetta allt vera. En það er ekki nægilegt að hugsa bara um framleiðslu áls til uppbyggingar á stóriðju til hagnýtingar á hinum miklu orkulindum landsins.

Orkufrekur iðnaður heimsbyggðarinnar fyrirfinnst ekki eingöngu í álframleiðslu. Það skyldu menn ekki halda. Það eru aðrir mikilvægir valkostir fyrir hendi. En svo virðist sem þeir hafi verið stórlega forsómaðir. Það hefur allt horfið í skuggann fyrir álumræðunni. Það hefur verið vanrækt að safna upplýsingum um annað en álframleiðslu. Það hefur vantað að kanna markaðsmöguleika á orku fyrir utan álmarkaðinn. Það hefur skort að fylgjast almennt með þróun iðngreina sem til greina koma sem stórnotendur innlendrar orku í framtíðinni.

Ég minnist samt þess að fyrir tveimur árum var sett á stofn markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar sem var ætlað að sinna slíkum verkefnum sem ég hef hér talað um. En mér er ekki kunnugt um að þessi markaðsskrifstofa hafi enn sem komið er valdið nokkrum straumhvörfum. Það þarf að taka til athugunar hvað helst sé til ráða til að bæta hér úr.

Það sem er mikilvægt í þessu sambandi er að gera greinarmun á iðnaðarkostum eftir orkuþörf og orkutegund. Þá iðnaðarkosti sem innlend orka gerir mögulega má flokka eftir orkuþörf hvers um sig jafnframt því hvort þeir nýta raforku eingöngu eða jarðvarma að mestu leyti. Iðjuver sem getur nýtt jarðvarma mun þó ætíð jafnframt nýta raforku og þá fer það eftir hlutfallslegri orkuþörf hvort iðjuverið geti fengið alla sína raforku úr háhitasvæði eða hvort raforka frá vatnsaflsvirkjun þarf að koma til viðbótar.

Vert er í þessu sambandi að hafa sérstaklega í huga hve orkunýtingin getur verið mismunandi eftir stærð iðjuveranna. Sem dæmi má taka álver af hagkvæmri stærð, t.d. 200 þús. tonna framleiðslu á ári ásamt rafskautaverksmiðju. Orkuþörfin væri þá allt að 3000 gwst. á ári og starfsmannafjöldi í álverinu sjálfu um 600 manns, þ.e. eitt ársverk fyrir hverjar 5 gwst. á ári. Til samanburðar má t.d. taka verksmiðju þá sem Airco–fyrirtækið bandaríska leitaði eftir að fá að reisa hér á landi fyrir um átta árum til að herða rafskaut fyrir stálbræðsluofna. Samkvæmt mínum heimildum var orkuþörf þeirrar verksmiðju talin vera 75 gwst. á ári og starfsmannafjöldi 125 menn, þ.e. 0,6 gwst. á ári fyrir hvert ársverk eða allt að átta sinnum fleiri störf á orkueiningu en við álver. Svo mismunandi geta iðjuverin verið með tilliti til atvinnutækifæranna sem hagnýting orkunnar skapar. Ég vil ekki fullyrða að þetta sé einhlítt um orkufrekan iðnað, en benda má á að sjálfvirkni er stöðugt að aukast og því stærri sem einingarnar eru er að öðru jöfnu hagkvæmara að nýta sjálfvirknina, þ.e. eftir því sem iðjuverin eru stærri veitir orkunýtingin hlutfallslega færri atvinnutækifæri.

Stefnumörkun í nýtingu innlendra orkulinda fer eftir því hvort ætlunin er að fá sem flest störf með því að virkja þær eða hvort hagkvæmara er að selja orkuna til fárra stórnotenda sem nota mikla orku á hvert mannár. Einnig ber að hafa í huga undirbúningstíma virkjana og iðjuvera. Því smærri sem einingarnar eru, því fyrr ætti að vera mögulegt að koma þeim í rekstur og valkostir viðvíkjandi staðarvali eru fleiri.

Af þessu er ljóst að smærri iðjuverin eiga að geta hentað betur íslenskum aðstæðum en stór álver. Þau henta betur til atvinnuuppbyggingar á hinum ýmsu stöðum á landsbyggðinni en hin stóru álver. Slík iðjuver geta tryggt búsetu í einstökum héruðum og stuðlað að myndun þéttbýliskjarna í hinum ýmsu landshlutum og eflt byggðarjafnvægið víðs vegar um landið. Þess vegna má ekki vanrækja að kanna markaðsmöguleika á orku til slíkra iðjuvera jafnframt því sem stóriðjuver eins og álver séu líka inni í myndinni.

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Hinar miklu þrengingar sem staðið hefur verið frammi fyrir nú við staðarval nýs álvers mættu

verða stjórnvöldum að kenningu og hvatningu um að endurskoða öll vinnubrögð til undirbúnings að hagnýtingu hinna dýrmætu orkulinda landsins til að efla byggðarjafnvægi í landinu og treysta efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þó að margt mætti segja um þetta mál sem hefur verið svo umrætt að undanförnu vil ég virða tilmæli forseta og vera fremur stuttorður. Ég vil taka það fram að ég hef verið stuðningsmaður þess að leita eftir nýjum iðnaðarkostum sem byggja á orku íslenskra fallvatna. Sú skoðun mín byggist m.a. á því að hefðbundnir atvinnuvegir okkar hafa búið við takmarkanir. Það þekkja allir þær framleiðslutakmarkanir og er óþarfi að eyða mörgum orðum að þeim. Nýjar atvinnugreinar sem menn hafa reynt hafa gengið misjafnlega og þarf ekki heldur að lýsa því nánar. Smáiðnaður hefur ekki komist á legg í þeim mæli að hann hafi getað tekið við því vinnuafli sem losnar í hinum hefðbundnu atvinnugreinum. Hagvöxtur hér á landi þarf að aukast svo sem er í helstu viðskiptalöndum okkar. M.a. af þessum sökum hef ég og við framsóknarmenn verið fylgjandi því að leita eftir þeim iðnaðarkostum sem byggja á orku íslenskra fallvatna sem er ein okkar mesta auðlind.

Það eru tvö grundvallaratriði sem þessi iðnaðaruppbygging þarf að lúta. Hún þarf að lúta ýtrustu kröfum um mengunarvarnir og það þarf að tryggja það að hún raski ekki byggð í landinu. Nú liggur fyrir skoðun viðsemjenda á staðarvali fyrir álver. Sú niðurstaða sem þeir komust að í þessi efni var okkur mikil vonbrigði sem vonuðum að samningar mundu takast um staðsetningu á Austurlandi eða á Norðurlandi. Af þessum slag um staðsetninguna má sitthvað læra. Ég tel að það sé ófært að leggja staðarval í hendur viðsemjenda með þessum hætti. Mín skoðun er að velja hefði átt einn stað fyrir fram og bjóða upp á hann. Mér virðist af öllum gangi þessa máls að ekki hafi verið haldið fram öðrum stöðum en Straumsvík og síðar Keilisnesi af neinni alvöru af þeim sem fóru með samninga fyrir Íslands hönd. Ég er ekki að væna hæstv. iðnrh. um það að hann hafi ekki haft hug á því að koma þessu fyrirtæki út á land en mér er nær að halda að þeir kostir hafi ekki verið reifaðir af neinni alvöru í samningunum sjálfum. Ég hef a.m.k. ekki sannfærst um það.

Mér finnst mest um vert, eins og málið er komið nú, að slíkt endurtaki sig ekki og skipulag markaðsleitar verði endurskoðað frá grunni, og áhrif landsbyggðarinnar verði aukin í þeirri markaðsleit sem fram undan er. Væntanlega mun þetta álver ekki verða lokapunktur á þeirri leit. Það liggur fyrir og það hefur komið fram í undirbúningi þessa máls, þvert ofan í fullyrðingar þar um, að kostnaðarmunur er ekki því til fyrirstöðu að byggja slík fyrirtæki úti á landi. Það á nú þegar að taka upp samstarf iðnrn. við heimamenn á þeim stöðum sem nefndir hafa verið í þessu sambandi um frekari markaðsleit í þessu efni. Lyktir þessa máls hljóta að tengjast eftirfarandi atriðum:

Að orkuverð og skattamál í slíkum samningum séu þess virði fyrir íslenska þjóð að ganga frá þeim. Munu þessir samningar borga upp kostnaðinn við nýjar virkjanir án verðhækkana til almennings og auka hagvöxt í landinu? Þetta er grundvallaratriði.

Í öðru lagi eru áhrif þessara framkvæmda á atvinnulíf og byggðarþróun í landinu. Er mögulegt að vega upp áhrifin af slíkri framkvæmd á suðvesturhorninu þannig að það sporðreisi ekki byggðina í landinu? Og í þriðja lagi, hver verða efnahagsleg áhrif slíkra stórframkvæmda?

Án þess að sjá samhengi allra þessara þátta getur málið ekki fengið afgreiðslu og ég vil þá ekki síst benda á byggðarþáttinn, sem hefur fallið nokkuð í skuggann síðan kveðið var upp úr um staðsetninguna og umræður hófust í alvöru um orkuverð og skatta.

Ég vil að lokum víkja að þeirri umræðu sem verið hefur um jöfnun raforkuverðs. Sú umræða er ekki ný og hana á ekki að tengja þessu máli út af fyrir sig. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að í tengslum við hinar miklu orkuframkvæmdir og þau tímamót að allir landshlutar leggja til vatnsréttindi í stórum stíl eigi að stíga skrefið til fulls og jafna orkukostnað landsmanna. Núverandi ástand er óþolandi mismunun fyrir fyrirtæki og einstaklinga í landinu og það er ekki hægt að kyngja þeim rökum sem hér hefur þó heyrst í dag brydda á, að Landsvirkjun ráði ekki við þetta verkefni.

Ég vil aðeins koma inn á málflutning sjálfstæðismanna í þessu máli í dag því ég hef hlustað nokkuð vel á þessa umræðu. Mér finnst einkennilegt að heyra hv. frummælanda hafa áhyggjur af byggðarþættinum í þessu máli, þar sem það er alveg rétt hjá honum að hann hóf í sinni iðnaðarráðherratíð aðgerðir í þessum málum. En þá stóð bara ekki til að byggja neitt álver úti á landsbyggðinni, það var ekkert orðað. (**FrS**: Þetta er rangt hjá hv. þm., hann hefur ekkert hlustað á umræðuna.) Það var bara ekkert orðað. Það átti að stækka álverið í Straumsvík, um það snerist málið. (**FrS**: Mér finnst að hv. þm. verði að hlusta á umræður.) (Forseti hringir.) Ég hlustaði á umræðuna, hv. frummælandi.

Í öðru lagi hef ég hlustað nokkuð grannt eftir afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli. Ég hef ekki heyrt að hún hafi komið fram. Ég er engu nær eftir að hafa hlustað á ræður þeirra sem báðu um þessa umræðu, engu nær um afstöðu þeirra til málsins. Ég varð var við það í fyrra og las eins og aðrir þingmenn tillögu þeirra um að byggja álver úti á landi. Hins vegar afgreiddi formaður þingflokksins þá tillögugerð með þeim orðum að Sjálfstfl. væri svo frjálslyndur flokkur að menn hefðu leyfi til að verða sér til skammar. Ég hef reynt að berjast fyrir þessu máli og leggja mitt lóð á vogarskálina í þessu staðsetningarmáli álversins í ræðu og riti. Það er ekkert launungarmál. Hins vegar viljum við framsóknarmenn horfa á málið í heild sinni. En ég vil undirstrika það að ekki er hægt að ganga frá þessu máli hér á Al-

þingi án þess að fram komi með hverjum hætti verður hægt að koma í veg fyrir það að bygging álvers hér á suðvesturhorninu sporðreisi byggðina í landinu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í umræðunni um álmálið í dag og í kvöld hafa komið fram rökstuddar efasemdir um að álver og orkusala til þess muni skila þjóðarbúinu arði. Ýmsir óttast að við séum að taka á okkur þungan bagga í fjármálum og umhverfismálum. Undir þennan ótta og þessar efasemdir tek ég.

Mótrök þeirra sem vilja reisa álver og trúa því að við munum ná hagstæðum samningum, án þess að spilla náttúru okkar, finnast mér ekki sannfærandi. Raunar hefur glöggt komið fram hér í dag að slakað verði á ýtrustu kröfum um mengunarvarnir. Það er mjög háskalegt ef af verður.

Ég er ekkert undrandi á því að heyra þann ótta og þær efasemdir sem ég hef skynjað í máli ráðherra innan stjórnarinnar og ég vona að afstaða þeirra sé annað og meira en orðin tóm. En fyrst og fremst set ég spurningarmerki við nauðsyn þess að leita að lausnum á atvinnumálum með byggingu stóriðjuvera.

Í nafni atvinnusköpunar virðast menn reiðubúnir til að bæta enn einum áhættuþættinum inn í þjóðarbúskapinn. Er ekki nóg að búa við sveiflur í sjávarútvegi, viljum við líka taka þátt í álverðslotteríinu? Ég held að í happdrættinu sé ekki einungis að finna vinninga heldur séu menn að kaupa miða fyrir allt of háar fúlgur án þess að eiga eiginlega nokkra von um vinning. Ætli þátttaka í happdrættum yrði ekki mikil ef menn gætu keypt sér eitt stykki miða með öruggum vinningi eins og menn virðast halda að þeir séu að gera? Þannig er það ábyrgðarhluti að kaupa ekkert annað en happdrættismiða fyrir matarpeningana því það er jú raunveruleikinn sem við stöndum frammi fyrir.

Ég tek undir með þeim sem hafa áhyggjur af byggðarröskun vegna staðsetningar álversins. Í raun hefði orðið byggðarröskun hvar sem álveri hefði verið fundinn staður. Á Keilisnesi er vandinn sá að vinnuaflið leitar í enn ríkara mæli á suðvesturhornið og var þó ekki á það bætandi. En staðsetning álvers hefði orðið vandamál hvar sem því hefði verið valinn staður, í strjálbýlum byggðum vegna þenslu á byggingartíma og síðan spennufalls í lok framkvæmda. Það vandamál þekkjum við mætavel í kjölfar mikilla virkjanaframkvæmda, t.d. á Suðurlandi og við Blöndu. Raunar mun bygging álvers valda þenslu hvar sem það verður byggt, einnig á Keilisnesi, og spáð er auknu atvinnuleysi fyrst eftir að framkvæmdum lýkur á suðvesturhorninu, þótt ekki sé þess vænst að hún yrði jafnmikil og í fámennari byggðum. Allt er þetta gert í nafni atvinnuuppbyggingar. Ég veit mætavel að atvinnuleysi er alvarlegt vandamál víða á Suðurnesjum. En ég vildi óska þess að íbúum þar væri boðin betri og raunhæfari lausn en álver. Suðurnesjamenn hafa löngum kvartað undan því að þeir hafi orðið útundan í atvinnumálum vegna þess að þeim sé einatt vísað upp á völl, og þá er ég að meina Keflavíkurflugvöll, ef syrtir í álinn. Þetta er æði klén atvinnustefna og ber hvorki vott um stórhug né hugkvæmni.

Nú bendir sem betur fer ýmislegt til að hernaðarumsvif á Reykjanesi minnki. Atvinna Íslendinga hjá hernum mun þá minnka í kjölfarið. Út af fyrir sig held ég að flestir fagni þeirri þróun. En upp á hvað er Suðurnesjabúum boðið? Er þeim boðið upp á endurreisn í hinni hefðbundnu atvinnugrein, fiskvinnslunni, frumvinnslu og fullvinnslu sjávarafurða, atvinnugrein framtíðarinnar á Íslandi ef vel verður á málum haldið? Er þeim boðið upp á nýsköpun svo sem ferðaþjónustu, hefðbundna og óhefðbundna, upplýsingavinnslu, vetnisframleiðslu og aðra nýtingu orkunnar á Suðurnesjum?

Ég veit að fólk á Suðurnesjum býr yfir ýmsum hugmyndum og á ýmsar óskir um fjölbreytta atvinnu. En er þetta það sem hlúð er að? Er hlustað á frumkvæði fólks og ferskar hugmyndir? Nei, það er nú eitthvað annað. Álver er það eina sem mönnum hugkvæmist að ota að íbúum Reykjaness og þar með er verið að festa svæðið í sessi sem stóriðjusvæði með mengun og einhæfri atvinnu. Ekki samrýmist það vel uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Eftir undarlegt karp um staðarval fyrir álver þora fáir annað en að láta eins og þeir hafi himin höndum tekið. Og er nema von að Suðurnesjabúar óttist að hér eftir verði jafnvel enn erfiðara en fyrr að fá fyrirgreiðslu til raunverulegrar nýsköpunar í atvinnulífi? — Þið fenguð álverið, hvað eruð þið að kvarta, er svarið sem búast má við að Suðurnesjamenn fái að heyra æði oft á næstu árum.

Þrátt fyrir að umræðan um álver hafi nálgast heilaþvott á stundum er athyglisvert að einungis 46,2% aðspurðra í nýrri skoðanakönnun DV skuli lýsa stuðningi sínum við álsamninga þá sem Jón Sigurðsson gerði nýverið. 25,3% voru andvígir þeim, 25,8% voru óvissir og 2,7% vildu ekki svara, svo maður tíundi þetta nú nákvæmlega. Af þeim sem tóku afstöðu lýstu $^{2}/_{3}$ sig fylgjandi samningum en þriðjungur var á móti.

Með þessum niðurstöðum úr könnun DV voru einnig birtar athugasemdir sem fólk lét falla. Ætli þær túlki ekki hug fólks nokkuð vel? Ég þykist a.m.k. þekkja þar enduróm ýmissa radda sem við kvennalistakonur heyrðum á ferð okkar um ýmis kjördæmi landsins núna í haust. Ég tek hér dæmi með og móti, með leyfi forseta:

Karl í Reykjavík sagðist 51% fylgjandi undirskrift Jóns Sigurðssonar. Kona í Reykjavík kvað illa komið í álmálinu þar sem álverið yrði ekki á landsbyggðinni. Karl á Akureyri sagði að staðsetning álversins á Keilisnesi væri hárrétt frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Kona á Akureyri kvað Íslendinga hljóta að geta fundið upp á einhverju betra en álveri. Karl á Austurlandi kvaðst guðs lifandi feginn að álverið færi ekki austur. Kona í Grindavík sagði að álverið gengi endanlega frá sjávarútvegnum á Suðurnesjum.

Ég deili áhyggjunum með konunni í Grindavík.

Uppbygging álvers mun væntanlega einnig koma illa niður á nýsköpun og vöruþróun. Hætt er við að erfitt verði að fá fé til rannsókna á nýjum atvinnumöguleikum, til vöruþróunar í fiskvinnslu þar sem miklir möguleikar eru fyrir hendi. Ég vil sem dæmi nefna gífurlega söluaukningu sjávarréttaverksmiðjunnar Mörsku á Skagaströnd, sem nú annar aðeins tveimur borgum í Frakklandi. Svo vel hefur vöruþróun gengið þar, þrátt fyrir ýmis erfið ytri skilyrði.

Þá verður erfitt að sækja fé til uppbyggingar ferðaþjónustunnar, sem er gífurlega atvinnuskapandi og skilar nú þegar um 15% gjaldeyristekna okkar af útfluttum vörum og þjónustu í þjóðarbúið. Þess má geta að tekjur af ferðaþjónustu jukust um 27,2% milli áranna 1988 og 1989.

Væri ekki nær að hlúa að þeirri atvinnugrein sem lofar svo góðu í stað þess að fara út í áhættubúskap eina ferðina enn og stofna vaxandi atvinnugrein, svo sem ferðaþjónustu, í hættu í leiðinni? Mig langar til að vitna í orð eins matvælaframleiðanda orðum mínum til áréttingar, en í Morgunblaðinu einmitt þann 4. okt. sl., sama dag og skrifað var undir óskilgreint plagg — hvort sem það var nú samningur eða fundargerð — segir Egill Thorarensen svo, með leyfi forseta:

„Íslenskir matvælaframleiðendur eru alltaf að koma sterkar og sterkar inn í myndina hjá erlendum innkaupastjórum víða um heim. Menn eru farnir að líta til Íslands vegna lítillar mengunar hér og þess vegna er svolítill uggur í fólki vegna byggingar nýs álvers. Ég er hræddur um að það mál eigi eftir að hafa slæm áhrif á matvæla- og ferðamannaiðnað, sem gætu annars orðið verulega umfangsmiklar greinar hér. Að mínu mati er verðugra að vera þekkt þjóð fyrir matvælaframleiðslu og eftirsótt ferðamannaland heldur en fyrir að framleiða ál," segir Egill.

Atvinnustefna sem byggist á álveri kemur illa niður á þeim svæðum sem út undan verða, en spillir ekki aðeins fyrir atvinnugreinum heldur einnig svæðum. Hún kemur raunar einnig illa niður á þeim Reyknesingum sem ekki munu leita eftir starfi í álveri, og þeir eru býsna margir. Þessari röksemd er oft viskað burtu og vísað til margfeldiáhrifa sem álver muni hafa. Margfeldiáhrif vegna álvers eru ekkert meiri en margfeldiáhrif 600 nýrra starfa í öðrum greinum, kannski minni. Ekki má gleyma því að hætta er á að býsna mörg störf leggist niður eftir að álver hefur risið vegna þess að álverið geti um einhverja stund boðið betur í mannskapinn. Það er aldrei hugsað um það tap sem slíku mundi fylgja, þau margfeldiáhrif sem þar verða að engu og þau verðmæti í húsnæði og tækjum sem geta farið fyrir lítið ef álverið tekur t.d. mannafla frá sjávarútveginum. Það er ekki hægt að treysta því að þegar byggð er upp svo einhæf atvinna sem stóriðja er þá fái einmitt þeir sem helst vantar vinnu eitthvað við sitt hæfi. Ég leyfi mér að vitna til greinar Lilju Mósesdóttur hagfræðings í nýjasta tölublaði Vísbendingar en þar bendir hún réttilega á hverjir það séu sem skráðir eru atvinnulausir. Það eru konur.

Árið 1986 var það raunar ekki svo heldur hefur þessi tilhneiging einkum verið á síðustu árum, þótt eflaust hafi verið mjög mikið dulið atvinnuleysi meðal kvenna. 1986 var skráð atvinnuleysi karla og kvenna á landinu álíka mikið eða um 0,7%. Nú er atvinnuleysi meðal kvenna 2,6% að meðaltali yfir landið en 1,6% hjá körlum. Ef við lítum á atvinnuleysi á Suðurnesjum — þar á jú að fara að reisa álver ef við berum ekki gæfu til að breyta þeirri stefnu — er munurinn milli kynja jafnvel enn meiri. Frá því í janúar og fram í september á þessu ári hefur atvinnuleysi karla á Suðurnesjum verið um 1% en atvinnuleysi kvenna þrefalt meira eða um 3%. Skyldi þessar atvinnulausu konur dreyna um álver? Tæplega. Hér er þó síst um ofáætlun að ræða því það er einkum meðal kvenna sem dulið atvinnuleysi er. Ég vitna í grein Lilju Mósesdóttur, með leyfi forseta, en hún segir:

„Skráningin er nátengd bótarétti — þ.e. skráning atvinnuleysis — og því vantar mjög oft þá einstaklinga á atvinnuleysisskrá sem ekki eiga rétt á bótum en leita atvinnu, eins og t.d. heimavinnandi fólk, verktakar, fólk sem nýlokið hefur námi og fólk sem ekki kærir sig um smánargreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði."

Ég yrði ekki undrandi þótt fyrstnefndi hópurinn, heimavinnandi fólk sem fyrst og fremst er konur, væri langstærsti hópurinn af þessum.

Hversu mjög sem reynt hefur verið að telja okkur trú um að störf í álveri henti konum ágætlega þá hefur reynslan sýnt að það eru ekki konur sem sækja vinnu í stóriðjuver. Jafnvel störfin sem skapast aukreitis með tilkomu álvers eru fyrst og fremst karlastörf. Þau tengjast höfninni, uppskipun og flutningi á sjó og landi, ef marka má orð fulltrúa úr ráðgjafarnefnd iðnrn. um álver.

Sú ferðaþjónusta sem við kvennalistakonur bindum svo miklar vonir við er atvinnuskapandi og margfeldiáhrif hennar eru kunn. Aukning starfa í ferðaþjónustu kemur landsbyggðinni, þar á meðal Suðurnesjum, enn betur en höfuðborgarsvæðinu. Aukning ársverka í ferðaþjónustu var um 38% á árunum 1981–1987, en 123% úti á landsbyggðinni á sama tíma. Auk þess skilaði aukningin sér í öðrum störfum, svo sem fólksflutningum, ferðaleiðsögn, verslun og þjónustu af ýmsu tagi. Ég vil auk þess vekja athygli á því sérsviði innan ferðaþjónustunnar sem Suðurnesjamenn hafa einkum rennt hýru auga til en það eru heilsuverndarhótel af ýmsu tagi. Við vitum öll hve svæði eins og Bláa lónið eru vel fallin til slíkrar ferðaþjónustu. Á aðalfundi Útflutningsráðs sl. vor flutti Grímur Sæmundsson athyglisvert erindi um möguleikana í þessari gerð ferðaþjónustu. Hann sagði m.a. í erindi sínu, með leyfi forseta:

„Ég tel tvímælalaust að hægt sé að kynna og markaðssetja heilsuferðir til Íslands sem stæðu frá einni til þremur vikum án þess að fjárfest væri í nokkru öðru en markaðsmálum."

Á meðan allt of litlu fé er varið til vöruþróunar og

markaðsmála og allt of miklu fé og orku til stóriðjudrauma er ekki von að framfarir verði og hagvöxtur aukist. Það er hægt að auka hagvöxt án þess að ganga á auðlindir okkar en til þess þarf verksvit. Fiskvinnslan á erfitt uppdráttar um þessar mundir. Þúsund störf í fiskvinnslu hafa tapast á einu ári. Það er um 14% allra starfa í þessari atvinnugrein. Því miður mætir þeim er vinna að nýsköpun í fiskvinnslu stundum lítill skilningur opinberra aðila. Væri hluta þess fjár sem eytt er til stóriðjukönnunar eða til að bjarga fallítt fyrirtækjum varið til nýsköpunar í fiskvinnslu, undirbúningsvinnu og fyrirhyggju stæðum við án efa betur. Það er hægt að búa til verðmæta vöru úr hráefni sem áður var hent. Svo ég vitni nú aftur til Mörsku á Skagaströnd, þá tókst þar með vöruþróun að lækka framleiðslukostnað á saltfiskrúllum sem seldar eru á 22 kr. stykkið, úr 39 kr. niður í 13 kr. Ber ekki að hlúa að því sem við ættum að vera stoltust af: Vinnslu fisksins okkar, kynningu landsins okkar í skipulagðri ferðaþjónustu og nýtingu menntunar okkar með því að huga að sérhæfðum verkefnum sem gefa gott í aðra hönd, hvort sem um er að ræða vetnisframleiðslu eða upplýsingadreifingu? Er það ekki betra hlutskipti en að vera eilíflega í hópi þjóða með lítt þróað atvinnulíf sem byggja allt sitt á frumvinnslu hráefnis með öllum þeim sveiflum sem henni fylgja?

Því miður hefur álversumræðan orðið til að drepa öðrum og betri hugmyndum á dreif, ekki bara þessum heldur ótal mörgum öðrum. Mér finnst skorta alvarlega á framsýni og fyrirhyggju í atvinnumálum Íslendinga. Ég tíunda þetta hér vegna þess að enn hefur ríkisstjórnin enga bindandi samninga gert ef marka má orð ýmissa hér í dag. Enn er von til þess að skynsamlegt mat fari fram á kostum og göllum álvers og annarrar atvinnuuppbyggingar og þá meina ég skynsamlegt mat sem tekur tillit til alls sem þarf. Mér þykir það alvarlegt mál ef mengunarvarnir eiga að byggjast á því að mæla hin og þessi efni. Ég sakna þess að heyra ekkert um það til hvaða úrræða væri hægt að grípa ef mengun mældist of mikil. Ég undrast að heyra að allt sé í lagi með mengun ef hún bara fýkur burt. Og ég óttast það verulega ef mengunarvarnir eru það fáfengilegar að lélegur vinnumórall eigi að geta spillt þeim, eins og hér hefur komið fram í dag. Því miður er hætt við að á láglaunasvæði eins og á Íslandi, því það er vissulega láglaunasvæði, geti komið upp harðvítugar vinnudeilur. Við þekkjum dæmin, jafnvel þótt erfið störf í stóriðju yrðu eitthvað betur borguð en almennt gerist.

Ég hygg að niðurstaða skynsamlegs mats mundi ekki verða að við reistum álver heldur byggðum upp fjölbreytta og arðvænlega atvinnu handa konum og körlum og ég er viss um að sá hagvöxtur sem á því byggðist væri heilbrigðari en það sem við leitum nú í.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Atvinnulífið hér á landi hefur gengið í gegnum gífurlegar breytingar á síðasta áratug. Ástæðurnar eru ýmsar, svo sem framleiðslustjórnun til lands og sjávar og gjörbreytt vaxtastefna. Við höfum um langt árabil getað státað af vart mælanlegu atvinnuleysi en nú síðustu árin hefur það verið umtalsvert og ekkert sem bendir til að úr því muni rætast á næstu árum ef ekki kemur eitthvað nýtt, eitthvað virkilega nýtt til skjalanna. Framleiðsluatvinnugreinarnar eru njörvaðar niður, nýgreinar hafa ekki skilað því sem vonir stóðu til, við þurfum að auka framleiðslu í landinu. Eins og staðan er í dag eru of margar geldar kýr í fjósinu. Þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt að hugað sé að stóriðju hér á landi, landi fallvatna og ónýttrar orku.

Allt bendir til að Alþingi standi innan tíðar frammi fyrir því að taka afstöðu til samnings um nýtt álver. Ég ætla ekki að rekja málsmeðferðina eða hvernig málinu hefur miðað á síðustu mánuðum en það eru ýmsar spurningar sem hafa leitað á hugann eftir að fyrir lá að staðsetningin yrði Keilisnes. Spurningin sem hefur verið ofarlega í huga þeirrar sem hér stendur og sem snýr að eigin samvisku er sú hvort það sé hægt að styðja álver í Eyjafirði eða á Reyðarfirði en að vera á móti álveri á Keilisnesi. Þessi spurning hlýtur að hafa leitað á fleiri þingmenn sem bera hag landsbyggðarinnar fyrir brjósti, og það hefur reyndar komið fram í umræðunni hér í kvöld. Maður ætti kannski ekki að gera því skóna að á hv. Alþingi fyrirfinnist fulltrúar sem ekki beri hag landsins alls fyrir brjósti, en það er nú svo að maður leyfir sér stundum að efast.

Það hefur oft á tíðum verið með ólíkindum að hlusta á umræðuna um þetta mál, eins og t.d. þegar þingmenn og jafnvel ráðherrar hafa látið hafa eftir sér, sagt berum orðum að staðsetningin skipti ekki máli, hún sé bara eins konar aukaatriði. Auðvitað skiptir gífurlegu máli hvar 600 manna vinnustaður er settur niður. Það hefði t.d. hentað einstaklega vel fyrir atvinnulíf í Eyjafirði að fá 600 manna vinnustað á svæðið til viðbótar því atvinnulífi sem þar er til staðar. Ég geri mér grein fyrir því að staðsetningin er ákveðin af hálfu Atlantsálsaðilanna og spurningin í dag snýst því fyrst og fremst um það hvort það nást viðunandi eða góðir samningar af Íslands hálfu um orkuverð.

Í mínum huga eru um aðgerðir samhliða uppbyggingu álvers á suðvesturhorninu mjögmikilvægar. Mig langar í því sambandi að vitna í minnisblað Byggðastofnunar frá því í síðasta mánuði en þar stendur orðrétt, með leyfi forseta: „Fari svo að álverið rísi á Keilisnesi teljum við nauðsynlegt að gripið verði til umfangsmikilla mótvægisaðgerða til þess að koma í veg fyrir að staðarvalið valdi meiri skaða fyrir þróun byggðar í landinu en nauðsynlegt er. Þau áhrif sem bygging og rekstur álvers munu hafa á þjóðarhag skapa forsendur til þess að veita auknu fjármagni til slíkra aðgerða. Í þessu efni skiptir árangurinn í Eyjafirði mestu máli í upphafi vegna stöðu atvinnumála þar enda munu Austfirðingar njóta virkjunarframkvæmdanna á næstu árum, hvort sem álver verður staðsett þar eða ekki."

Mér dettur að sjálfsögðu ekki í hug að ríkisstjórn

sem leggur upp með það veganesti að hún muni beita sér fyrir jafnvægi í byggðaþróun muni ekki ætla sér að grípa til umfangsmikilla mótvægisaðgerða. En ég verð að viðurkenna að ég hef heyrt frekar lítið af þeim tillögum.

Ég leyfi mér að nefna eitt stórt mál sem er stórkostlegt byggðamál og gæti verið liður í mótvægisaðgerðum, en það er efling háskólans á Akureyri og ýmiss konar rannsóknastarfsemi sem honum tengist. Ég hefði áhuga á að fá svar frá hæstv. iðnrh. um það hvernig þeirri vinnu miðar að móta umfangsmiklar mótvægisaðgerðir vegna hugsanlegrar byggingar álvers á Keilisnesi.

Mig langar einnig í þessu sambandi að spyrja um veltuskatt af álveri. Það kemur fram í þeirri skýrslu sem liggur fyrir Alþingi að í bréfi iðnrn. til sveitarfélaga um staðsetningu álvers hafi verið rætt um að ráðstafa mætti $^3/_4$ hlutum veltuskatts til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni en $^1/_4$ hluti rynni til sveitarfélagsins þar sem álverið yrði staðsett. Veltuskatturinn ætti að geta orðið 100 millj. kr. á ári. Hvað er meiningin að leggja til af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu máli? Mér finnst það vera óljóst.

Það kemur einnig fram að fasteignagjöld munu renna til þess sveitarfélags þar sem álverið yrði reist, þ.e. Vatnsleysustrandarhrepps. Þarna er e.t.v. um að ræða 70 millj. kr. á ári. Ég vil lýsa efasemdum um að þetta sé réttlætanlegt í tilfellum sem þessu þó svo að íslensk lög geri ráð fyrir slíku. Það hljóta að þurfa að gilda alveg sérstök lög um það atvinnufyrirtæki sem hér um ræðir og engin ástæða til að ákveðinn hreppur fái stórkostlegar tekjur af starfseminni þó svo hann hafi orðið fyrir valinu um staðsetningu. Ávinningurinn er svo mikill samt sem áður, bæði beinn og óbeinn.

Það er ljóst að samkeppnin um byggingu hugsanlegs álvers verður hörð. Nýlega var greint frá því í blöðum að finnskt-íslenskt fyrirtæki sé að huga að kaupum eða leigu á Stálvík í Garðabæ með málmsmíði við væntanlega byggingu álvers í huga. Það hefur einnig komið fram að fjölmarga hluti í verksmiðjuna mætti smíða fyrir norðan rétt eins og fyrir sunnan. Forsvarsmenn málmiðnaðarfyrirtækja á Akureyri hafa rætt saman um möguleika á að ná til sín einhverjum verkum ef af byggingu verður. Ég spyr því hæstv. iðnrh.: Gildir það sama um þetta og staðsetninguna, hafa Íslendingar ekkert um það að segja hver hlýtur verkið? Væri hugsanlegt að hægt væri að koma inn í samninga einhverju ákvæði þar um? Að öðrum kosti sér maður fyrir sér að fyrirtæki spretti upp eins og gorkúlur og leggi síðan upp laupana þegar verki er lokið og íslensk fyrirtæki fengju minna en ekkert út úr krafsinu. Þetta finnst mér vera stórt mál.

Hæstv. forseti. Togstreitunni sem ríkt hefur milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis verður að linna. Þetta margnefnda álversmál hefur ekki orðið til að flýta því að svo geti orðið. Þar vil ég nefna og etv. kenna um framkomu og málflutningi ýmissa Reyknesinga sem ég sinni nú ekki að nefna hér þar sem ég er í hópi þeirra sem vilja frið milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Hæstv. forseti. Það sem ég vildi fyrst og fremst leggja áherslu á í máli mínu og ítreka nú er þetta: Stuðningur við álver á Keilisnesi af minni hálfu er háður því að gripið verði til mótvægisaðgerða til að koma í veg fyrir að staðarvalið valdi meiri skaða fyrir þróun byggðar í landinu en nauðsynlegt er. Þetta yrði þjóðfélaginu öllu fyrir bestu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er orðið áliðið nætur. Hér hafa fimm ráðherrar talað við þessa umræðu. Einn ráðherra hefur spurt annan hvað hann hyggist fyrir í þessu máli. Einn ráðherra hefur talað gagnstætt fullyrðingum annars, eins og ég mun víkja að. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að hæstv. landbrh. er ekki staddur hér í salnum en hvort tveggja var að hann gaf yfirlýsingar gagnstæðar því sem hæstv. iðnrh. hafði áður gefið, jafnframt því sem hann hafði beint ýmsum spurningum til hæstv. umhvrh. Ég hefði því talið eðlilegt að hann væri kvaddur til þessarar umræðu. Nú sé ég að útbýtt hefur verið í dag skýrslu iðnrh. til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver. Það er venja, hæstv. forseti, að um slíka skýrslu sé rætt í sameinuðu Alþingi og ég mun ekki óska eftir því að hæstv. landbrh. komi hér í nótt þar sem ég þykist vita að þessi skýrsla verði rædd á fimmtudag í sameinuðu þingi, er ekki svo? (**Forseti:** Sem svar við spurningu hv. 2. þm. Norðurl. e. skal það upplýst að eins og hann hefur tekið eftir var þessari skýrslu hæstv. iðnrh. dreift sl. fimmtudag. Engin ósk kom fram um að hún yrði tekin á dagskrá, en þessi utandagskrárumræða var leyfð. Það er ljóst að þetta mál á auðvitað eftir að koma aftur til kasta þingsins vegna þess að fyrr eða síðar verður lagt fram frv. þannig að engin hætta er á að þetta mál verði ekki rætt áfram hér á hinu háa Alþingi.) Hæstv. forseti. Það þarf ekki að kalla á hæstv. iðnrh. til að spyrja hann að því hvort venja sé að skýrsla um svo mikilsvert mál sé rædd í sameinuðu þingi. Það er auðvitað öldungis ljóst að fyrir því er meira en venja, það hygg ég að sé gert algjörlega undantekningalaust þegar um svo viðurhlutamikið mál er að ræða og kemur auðvitað ekki til greina að hæstv. iðnrh. geti dengt skýrslum inn á Alþingi án þess að einstökum þingmönnum gefist tækifæri til að hreyfa andmælum. Ég tala nú ekki um þegar í skýrslunum eru fullyrðingar sem yfirlýst er að öll ríkisstjórnin stendur ekki á bak við. Ég vil þess vegna ítreka, hæstv. forseti, úr því að samkomulag er um það milli hæstv. forseta og hæstv. iðnrh. að þessi skýrsla fáist ekki rædd hér á Alþingi, að ég óska eftir því að þeir nafnarnir, hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og hæstv. landbrh. Steingrímur Sigfússon, verði kallaðir hér til þessarar umræðu til þess að hægt sé að fá nánari upplýsingar um sitthvað það sem fram hefur komið hér í þessum umræðum í dag og varðar þá umræðu utan dagskrár sem hv. 1. þm. Reykv. efndi til, kemur beint inn á ræðu hæstv. iðnrh. sem var öðrum þræði greinargerð fyrir þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir. Ég skal

ekki gera athugasemdir við það þótt hæstv. fjmrh. sé ekki við umræðuna þar sem að minni hyggju kom ekkert það fram í máli hans sem þarfnast frekari skýringa nú þegar við ræðum annars vegar um álmálið í heild sinni og hins vegar um skýrslu hæstv. iðnrh. Ég óska eftir því að það verði gert hlé á þessum fundi meðan náð er í hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. (**Forseti:** Forseti telur ekki ástæðu til þess að sækja hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh., einkum þar sem forseta er kunnugt um að hvorugur þeirra getur verið hér nú. Ég vil benda hv. 2. þm. Norðurl. e. á það að þeir sem ætluðu að taka þátt í þessari umræðu hljóta að hafa lesið skýrslu hæstv. iðnrh. þannig að í raun og veru hefur hún verið til umræðu í dag. Hæstv. ráðherra hafði ekki óskað eftir því sérstaklega að mæla fyrir þessari skýrslu eða taka hana á dagskrá þar sem vitað var að þessi umræða færi fram í dag. Þannig standa mál. Verði þess óskað að skýrsla hæstv. iðnrh. komi á dagskrá verður auðvitað við því orðið. En forseti hafði talið að sú skýrsla væri hér meira og minna til umræðu í dag, en það kann að vera misskilningur. En ég verð að mótmæla því að ástæða sé til að sækja þessa tvo hæstv. ráðherra. Hér eru staddir á fundinum hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. og það er vægast sagt undarlegt ef þeir tveir hæstv. ráðherrar eru ekki menn til að svara fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í þessu máli.)

Mér þykir afskaplega leiðinlegt að hæstv. forseti skuli enn einu sinni gera sig seka um það að vera ekki forseti alls þingsins. Það er auðvitað ekki spurning um það hvort ráðherrar kjósi að ræða þessa skýrslu. Spurningin stendur ekki um það. Hæstv. ráðherra ber að gera þinginu grein fyrir skýrslunni. Það er auðvitað öldungis ljóst þegar um svo viðurhlutamikið mál er að ræða sem það sem við fjöllum um nú að hinir óbreyttu þingmenn eiga kröfu til þess að fá skýr svör við því hvernig þetta mál stendur í ríkisstjórninni, hvort það sé rétt sem hæstv. landbrh. sagði áðan að ákvörðun um staðsetningu álvers hefði ekki verið tekin í ríkisstjórninni. Á hinn bóginn lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að slík ákvörðun hefði verið tekin. Það stæði í þeirri skýrslu sem lögð hefði verið fram að ákvörðun hefði verið tekin um staðsetningu. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forseti láti þingið njóta jafnræðis í þessu máli.

Það kann á hinn bóginn að verða skemmtileg byrjun á þessu þinghaldi að hæstv. iðnrh. skuli í skjóli forseta fara hér með miklum yfirgangi í máli sem hann ræður ekki við í ríkisstjórninni, í máli sem hann hefur leikið sér þannig að við þjóðina að einsdæmi er og eftirtekt hefur vakið í öllum stjórnmálaflokkum. Sú mikla lausung sem frá upphafi hefur fylgt því að ákveða hvar nýju álveri skuli valinn staður, sá mikli uppboðsmarkaður sem efnt var til fyrir þjóðina alla, fyrir alla landshluta þar sem einu sveitarfélagi var att gegn öðru. Það er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að fyrir liggur nú að hæstv. iðnrh. sagði ósatt, t.d. þegar hann kom á fund Fjórðungssambands Norðlendinga í ofanverðum ágústmánuði og lýsti því þá yfir, og það er allt til skráð frá orði til orðs í fundargerðum Fjórðungsþings Norðlendinga þar sem ræður manna eru teknar orðrétt upp, að á þeim tíma lægi ekkert fyrir um það hvort álver mundi fremur koma á Keilisnesi, Reyðarfirði eða við Eyjafjörð. Það væri ekki þvílíkur munur ef rætt væri um byggingarkostnað, umhverfismál, rekstrarkostnað eða neitt annað þvílíkt sem gæti bent til þess á þeirri stundu að ástæða væri til að slá því föstu að einn staður yrði sérstaklega tekinn fram yfir af hinum erlendu viðsemjendum okkar þannig að þær hugmyndir sem við Íslendingar kynnum að hafa skiptu ekki máli í því sambandi. Ég spurði þá hæstv. iðnrh. hvort það væri í hans huga aðeins pólitísk ákvörðun hvort álverinu yrði valinn staður á Keilisnesi, Dysnesi eða við Reyðarfjörð eins og ummæli hans höfðu fallið. Þá kom auðvitað í ljós að hæstv. iðnrh. treysti sér ekki til þess að jánka því. Áður höfðum við þingmenn Norðurl. e. fyrir mitt frumkvæði óskað eftir því við hæstv. ráðherra að fá á okkar fund fulltrúa hans til þess að við gætum fengið um það sannar fregnir hvernig álmálið stæði, hvort Eyjafjörður væri enn inni í myndinni, hvort Reyðarfjörður væri enn inni í myndinni eða hvort ákvörðun hefði verið tekin um það af hinum erlendu viðsemjendum að álverinu skyldi valinn staður á Keilisnesi. Á þeim fundi lýsti Jóhannes Nordal því yfir að Reyðarfjörður væri ekki lengur inni í myndinni, eins og fram kom á fundi Fjórðungssambands Norðlendinga hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Þannig vissum við þingmenn Norðurl. e. á Fjórðungsþingi Norðlendinga að annar hvor hafði sagt okkur ósatt, formaður ráðgjafarnefndarinnar eða sá sem hann starfaði fyrir, hæstv. iðnrh.

Nú er óhjákvæmilegt, ekki aðeins vegna þess kostnaðar sem einstök sveitarfélög hafa orðið fyrir, ekki aðeins vegna þess að ýmsir menn hafa verið hafðir að háði og spotti, ekki aðeins vegna þess að ýmsir menn úti á landi hafa látið — ja, hvað á ég að segja, hafa svona dokað við, beðið með að taka miklar ákvarðanir þangað til í ljós kæmi hvernig með álverið færi, ekki aðeins vegna alls þessa, heldur líka vegna hins sem ég veit að hæstv. forseti tekur undir. Ef alþingismenn óska eftir því að eiga fund með fulltrúum ráðherra til þess að fá sannar fregnir af því hvernig milliríkjasamningur stendur, hvernig samningar um staðarval standa, er auðvitað með öllu óverjandi að iðnrh. sendi menn til þess að gefa rangar upplýsingar, algerlega óverjandi.

Nú liggur það fyrir í blöðum í viðtölum við hæstv. iðnrh. frá því í september að hljóðið hefur pínulítið breyst frá einum degi til annars. Og nú er svo komið að hann segir sjálfur að staðurinn sé Keilisnes vegna þess að hinir erlendu viðsemjendur hafi tekið af skarið um það og staðarvalið af þeim sökum sé ekki á valdi okkar Íslendinga. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. iðnrh. gefi yfirlýsingu um hvenær hinir erlendu viðsemjendur gáfu hið einarða svar um það að Eyjafjörður og Reyðarfjörður kæmu ekki til greina. Hvenær kom svarið og hvernig? Hver var aðdragandi þess? Hv. þm. Guð-

mundur G. Þórarinsson, sem ég hygg að sé í ráðgjafarnefnd um stóriðju, varð fyrstur til að lýsa því yfir að hæstv. iðnrh. hafi farið með ósannindi, sagðist ekki geta þagað lengur. Það er eftirtektarvert að einstakir ráðherrar, einstakir þingmenn Framsfl. og jafnvel iðnrh. sjálfur tóku því fegins hendi að þessi þingmaður Framsfl. hér í Reykjavík skyldi loksins hafa kveðið upp úr um það hvernig málin stæðu, Guðmundur G. Þórarinsson. Það voru ekki þeir menn sem iðnrh. sendi á fund þingmanna, það var ekki iðnrh. sjálfur á fundi með Norðlendingum, vitneskjan barst ekki þannig, heldur barst vitneskjan þannig að einn af þingmönnum Framsfl. stóðst ekki mátið. Honum ofbauð leikaraskapurinn og tók þá ákvörðun að lýsa því yfir opinberlega að þjóðin hefði verið höfð að háði og spotti. Það er satt að segja hálfbroslegt í ljósi þessara staðreynda að sjá hvern þingmann Framsfl. á fætur öðrum, jafnvel þingmenn sem hafa lýst því yfir að þeir muni greiða atkvæði gegn stóriðju ef álverið komi við Keilisnes, að þeir séu í einhverjum vafa um það hver stefna Sjálfstfl. er í málinu, spyrji mjög mikið hvar Sjálfstfl. standi eins og það sé einhver vafi um það í hugum þeirra sem þekkja söguna, málflutning sjálfstæðismanna, lífsskoðanir og skoðanir hvernig Sjálfstfl. vill standa að því að nýta auðlindir þessa lands. Það veit hvert einasta landsbarn að Sjálfstfl. hefur frá öndverðu haft forustu um það að virkja fallvötnin, nýta orku landsins til mikilla hluta í anda Einars Benediktssonar eins og Búrfellsvirkjun er náttúrlega lifandi dæmi um. Mig minnir að Framsfl. hafi verið mjög hræddur við það mannvirki. Mig minnir líka að Framsfl. hafi verið óskaplega hræddur við Kísiliðjuna við Mývatn. Mig minnir að Framsfl. sé skíthræddur við það að millilandaflugvöllur komi hér sem rísi undir nafni, enda má heyra á einstökum framsóknarmönnum líka í sambandi við álmálið nú að þeir eru að sumu leyti í gömlu brókunum og hafa ekki áttað sig á því að þeim hefur verið sagt að hafa pólitísk fataskipti.

Hæstv. forsrh. sagði þegar hann var hér að það væri mikilvægt að okkur tækist að ljúka samningum greitt og farsællega. Hann talaði um að ákvörðun yrði að hafa verið tekin eða heimildarlög um álver yrðu að liggja fyrir fyrir áramót. Hann minntist ekki einu einasta orði á það, hæstv. forseti, hvernig þetta mál stæði í ríkisstjórn, ekki einu einasta orði. Hann minntist ekki einu einasta orði á það hvernig þetta mál stæði í Framsfl., ekki á það hvaða skoðanir hv. 1. þm. Norðurl. v., þingflokksformaður Framsfl., hefði á málinu. Og hann minntist ekki heldur á það sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., sagði sem er í ráðgjafarnefndinni hjá hæstv. iðnrh. Hann tók það sérstaklega fram að það væri talsvert mikið eftir enn og margt sem gæti komið í veg fyrir að samningar tækjust. Báðir þessir framsóknarmenn og kannski fleiri lögðu áherslu á það að formlega séð væri það Landsvirkjun sem ætti að semja um raforkuverðið. Ég held nú að Guðmundur hafi sagt álverðið en þeir meintu auðvitað raforkuverðið, bæði formaður flokksins og fulltrúi flokksins í Reykjavík og þykir framsóknarmönnum auðvitað gott ef þeir geta komið einhverri ábyrgð yfir á aðra svona í leiðinni. Mig minnir að fyrrv. formaður Framsfl. hafi sagt að Framsfl. væri miðjuflokkur. Hann er eftirtektarsamur maður, iðnrh., og veitti því athygli að þessum formanni veittist það bara létt að smokra sér undan með því bara að vera miðjuflokkur. Þá munar ekki um að vinna með einum í dag og öðrum á morgun, framsóknarmenn og krata, og þykir létt að velta sér til þannig að þeir geti smokrað sér undan því að bera alla ábyrgðina, a.m.k. ef þeir halda að eitthvað sé í áhættunni. Og þess vegna er núna alltaf verið að tala um að einhverjir aðrir en ríkisstjórnin eigi að taka af skarið í álmálinu. Óbreyttir þingmenn sem hér taka til máls gera ekki jafnmiklar kröfur og fjölskylda Alþfl. gerði þegar hún heimtaði að formaður og varaformaður flokksins sættust. Það væri gott að ríkast annað slagið, láta gusta svolítið af sér en ætluðust til þess að það næðust þó málefnalegar sættir, einhver niðurstaða. Hinir óbreyttu þingmenn ríkisstjórnarinnar ætlast ekki til málefnalegrar niðurstöðu af sinni ríkisstjórn í þessu máli, ekki heldur iðnrh. Þess vegna getur hæstv. landbrh. komið hér upp á eftir iðnrh. og forsrh. og sagt að þetta sé að og þetta sé að og þetta sé að og þetta sé að og látið eins og álmálið sé alls ekki ákveðið í ríkisstjórninni. Þó svo að annar ráðherrann í mínu kjördæmi, Guðmundur Bjarnason, segi að það eina sem ákveðið sé í álmálinu sé staðurinn segir um leið hinn ráðherrann, Steingrímur Sigfússon, að engin ákvörðun hafi verið tekin um það í ríkisstjórninni hvar álverið muni rísa. Og framsóknarmaðurinn, hæstv. sjútvrh., tekur skýrt fram í leiðara fyrir sínu blaði að Alþingi geti vel gripið inn í og hafnað heimildarlögum um nýtt álver á þeim grundvelli að þingmenn séu ekki ánægðir með staðarvalið. Með því gefur hann í skyn að hann kunni að vera reiðubúinn til þess að láta á þetta reyna.

Allur þessi efi og allur þessi vafi sem er í ríkisstjórninni veldur því ekki að hæstv. forseti sjái ástæðu til þess að ræða skýrslu iðnrh. til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver. Þó hér við umræðurnar komi misvísandi upplýsingar frá einstökum ráðherrum kemur bara iðnrh. og hvíslar því í eyra hæstv. forseta að það sé ástæðulaust að ræða þetta í þinginu. Það sé engin ástæða til þess. Þetta sé bara prívatmál ríkisstjórnarinnar og kannski ókurteisi af stjórnarandstöðunni að fara fram á það að fá eitthvað að vita um það hvernig álmálið stendur í ríkisstjórninni. Þó er búið að lýsa því yfir af forsrh. að heimildarlög verði að fást staðfest fyrir áramót. Og þó liggur það fyrir að nk. mánudag á að ræða stefnu ríkisstjórnarinnar í opinberri almennri umræðu héðan frá Alþingi. Ætlar svo ríkisstjórnin að heykjast á því að einstakir þingmenn geti fengið botn í þetta mál áður? Þegar hefur hæstv. forseti neitað að kalla til hæstv. landbrh. og hæstv. forsrh. Hæstv. forseti hefur fallist á beiðni hæstv. iðnrh. um það að skýrslan verði ekki tekin á dagskrá í fyrirsjáanlegri framtíð og helst aldrei. Þessu hvoru

tveggja mótmæli ég. Þetta er óþinglegt, þetta er yfirgangur, þetta er ekki gæfulegt fyrir það þinghald sem nú er að byrja. Lýsir kannski ástandinu í þeirri fjölskyldu sem ríkisstjórnin er. (**Forseti:** Má ég biðja hv. 2. þm. Norðurl. e. að gefa mér kost á að leiðrétta missagnir sem fram hafa komið hér í ræðu hans. Forseti hefur aldrei hafnað því að skýrsla hæstv. iðnrh. kæmi á dagskrá.) Jæja. (**Forseti:** Hann hefur ekki óskað eftir að hún kæmi á dagskrá.) Ég gerði það víst. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á að í 29. gr. þingskapalaga segir: „Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess." Það hafa níu þingmenn ekki gert svo forseti hefur ekki haft neina ástæðu til að taka þessa skýrslu á dagskrá, auk þess sem hún kom út þegar búið var að lofa að ræða þetta mál utan dagskrár. Forseti hlýtur að mótmæla ásökunum um að iðnrh. geri hér hitt og þetta í skjóli forseta. Hv. þm. hefur talað um að allir þingmenn eigi jafnan rétt. Forseti hefur á engan hátt í allri þessari löngu umræðu gengið á nokkurs manns rétt og hlýtur að mótmæla slíkum ásökunum.)

Það er gömul venja þegar fyrirspurn er beint til einstakra ráðherra að ætlast sé til þess að sá maður sem fyrirspurninni beinir til viðkomandi ráðherra fái tækifæri til andsvara. Hins vegar er það strax í áttina að það skuli upplýst að hæstv. iðnrh. skuli hafa gefið yfirlýsingu um það að hann óski ekki eftir að ræða um skýrsluna. Ég hygg að það verði vandalaust að fá tilskilinn fjölda þingmanna til þess að biðja um að sú umræða fari fram úr því að það er niðurstaða forseta og ráðherra að svo verði gert. Ég hélt á hinn bóginn að það mundi vera svigrúm til að ræða þessa skýrslu nú á fimmtudaginn og hafði vænst þess að svo yrði.

Ég skil mjög vel, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. skuli hafa verulegar áhyggjur af atvinnuleysi á komandi árum. Og ég skil líka mjög vel að hv. 5. þm. Norðurl. e. skuli hafa áhyggjur af stöðu járnsmíðaiðnaðarins á Akureyri og yfirleitt áhyggjur af því alvarlega atvinnuástandi sem er í hennar kjördæmi. Ég veit ekki hvort ég á að minna hv. 5. þm. Norðurl. e. á að hæstv. forsrh. hafði um það orð að það væri þegar komið í nefnd hvernig ætti að bregðast við úti á landi eftir að byrjað væri á álverinu hér á Suðvesturlandi. Hann talaði líka um byggðanefndina sem ætlaði að gera svo mikið og svo mikið og fundur var um uppi í Borgarnesi um daginn. En það var greinilegt af því sem þeir sögðu þingmenn Framsfl., bæði hv. 5. þm. Norðurl. e. og 3. þm. Austurl., að þeir höfðu næsta litlar hugmyndir um byggðanefnd forsrh. og gerðu sér grein fyrir því að það er ekki glæsilegt ástandið fram undan. Ég man ekki hversu mörgum hefur verið sagt upp í einum þremur fyrirtækjum á Akureyri. Ef ég tel þá upp þá erum við að tala um 7–800 manns. Hér er um að ræða Slippstöðina og það sem heitir Sambandsverksmiðjur Álafoss og Kaupfélags Eyfirðinga. Það gefur náttúrlega auga leið þegar bæjarfélag verður fyrir slíkri blóðtöku að ástandið er ekki glæsilegt.

Það var um ummæli forsrh. um Byggðastofnun eins og annað í þessu máli, hann lét í ljósi fagrar óskir um að Byggðastofnun yrði efld, en þegar fjárlagafrumvarpið er lesið kemur í ljós að einungis er gert ráð fyrir þriðjungi þeirrar fjárhæðar til Byggðastofnunar sem stjórn hennar telur nauðsynlegt til að halda í horfinu og eru það ekki slakari menn en hv. 3. þm. Norðurl. v. og 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds og Stefán Guðmundsson, sem standa að því áliti. Þannig að það er ekki aðeins að með hinu nýja álveri eigi að brjóta niður, hvað á ég að segja, þann kjark sem var úti á landi með þeim leikaraskap sem var í kringum staðarvalið. Það liggur jafnframt fyrir að ekki er vilji til þess að halda í horfinu í sambandi við Byggðastofnun. Ef við horfum á aðra framkvæmdaliði blasir sama myndin við. Og auðvitað er niðurstaðan sú að dreifbýlið mun stynja þungan undan þessari ríkisstjórn, hefur stunið þungan nú þegar og mun stynja enn þyngra þegar kemur fram á næsta ár. En til allrar hamingju er það nú svo að mjög fer að styttast í því að þessi ríkisstjórn sitji við völd.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól til þess að taka undir orð forseta áðan og til að mótmæla því sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., að ég hafi leitað eftir því við forseta að skýrsla sú sem ég lagði fram sl. fimmtudag kæmi ekki til umræðu. Hið rétta er að ég óskaði þá ekki að svo stöddu eftir umræðu um skýrsluna, vissi enda um beiðni hv. 1. þm. Reykv. um þessa utandagskrárumræðu, vildi virða svo tíma þingsins að menn sæju til hvernig þeirri umræðu yndi fram. Þetta er í alla staði þinglegt og ég mótmæli harðlega og vísa á bug ómaklegum aðdróttunum hv. 2. þm. Norðurl. e. að forseta og mér.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Í upphafi ræðu minnar hér áðan spurði ég hæstv. forseta að því hvort rætt yrði um skýrslu iðnrh. nk. fimmtudag. Þá reis hæstv. iðnrh. úr sæti sínu, gekk til forseta, og þeirra sameiginlega niðurstaða varð sú að þessi skýrsla yrði ekki rædd á fimmtudag. Nú stendur ekki á því hygg ég að níu þingmenn muni óska eftir því að skýrslan verði rædd. Ég held að óhjákvæmilegt sé að fara fram á það við hæstv. forseta að hann sjái til þess að ráðherrar verði við þegar skýrslan verður rædd til þess að hægt sé að bera saman einstök ummæli þeirra og draga fram sannleikann bæði í sambandi við sögu álmálsins og einnig draga fram hvernig þetta mál stendur innan ríkisstjórnarinnar. Það er alveg óþolandi að hægt sé að halda áfram þeim feluleik um álmálið sem verið hefur um hríð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. hlýtur forseti að lýsa því yfir að honum er stórlega misboðið vegna þeirra rangfærslna sem í máli hans koma fram. Ég ætla enn að leyfa mér að lesa upphaf 29. gr. laga um þingsköp, en þar segir svo til skýring-

ar hv. þingheimi: „Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni gerir hann það með skýrslu til Alþingis er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess.“ Ég þarf ekki að lesa lengra. Forseti hefur ekki frumkvæði um hvort skýrsla kemur á dagskrá. Ef ráðherra óskar þess kemur hún að sjálfsögðu á dagskrá, eða ef níu þingmenn óska þess. Hvorugt hefur gerst, þannig að forseti sá enga ástæðu og hafði enga ástæðu til að taka skýrsluna á dagskrá. Og ég bið nú hv. 2. þm. Norðurl. e. að viðurkenna að engin rök eru fyrir málflutningi sem þessum. Það er engin sameiginleg niðurstaða hæstv. iðnrh. og mín að skýrslan skuli ekki koma á dagskrá. Ef hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur frumkvæði um að níu þingmenn biðji um það þá verður að sjálfsögðu við því orðið og sú umræða færi síðan fram eftir þingsköpum. Þá held ég að þetta mál hljóti að vera alveg ljóst.

Ég vil nú biðja hv. þm. lengstra orða og með tilliti til þess að nú er klukkan korter gengin í tvö, að menn eyði ekki tíma í umræðu sem þessa um þingsköp. Þetta eru alveg ljós þingsköp. Og þar sem þessi umræða er nú mjög langt komin og var leyfð á degi sem nú er raunar liðinn, og með tilliti til þess að örfáir þingmenn eru á mælendaskrá vil ég nú fara þess á leit að þessari umræðu megi ljúka með sæmilegum friði. Óskar hv. 2. þm. Norðurl. e. enn að tala um þingsköp?

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í ræðu forseta að ég hafði ekki missagt í minni fyrri ræðu. Ég vil aðeins ítreka að hæstv. forseti varð ekki við þeirri beiðni minni að kalla þá ráðherra hér í þingsalinn sem höfðu tekið til máls og nálgast málið efnislega með öðrum hætti en hæstv. iðnrh. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt að umræður verði um skýrsluna sérstaklega. Og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir að svo verði. (**Forseti:** Forseti mun að sjálfsögðu verða við þeirri beiðni þegar hún verður lögð fram.)

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom áðan er klukkan núna korter gengin í tvö og við höfum rætt þetta mál nokkuð lengi dags. Í ljós hefur komið að mikill og djúpstæður ágreiningur virðist ríkja, ekki eingöngu í stjórnarherbúðunum heldur á milli einstakra hæstv. ráðherra um það í hvaða stöðu þetta mikilvæga mál er. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að hv. 2. þm. Norðurl. e. óskaði eftir því að á fimmtudaginn yrði tekin fyrir skýrsla hæstv. ráðherra þar sem hann taldi það eðlilegt að hæstv. ráðherra hefði þegar óskað eftir umræðu um skýrsluna vegna þess, eins og kom fram í máli hv. þm., að ekki virtist eiga að kalla til þessarar umræðu þá hæstv. ráðherra sem höfðu gert fyrirspurnir til annarra hæstv. ráðherra og skipt sér þannig af umræðunni að nauðsynlegt var að fá þá til þess að hlýða á umræðuna sem eftir er.

Mér er þess vegna spurn, virðulegur forseti, og beini þeim tilmælum til forseta og jafnframt til hæstv. ráðherra, hvort ekki megi semja um það annað hvort að fresta þeirri umræðu sem hér hefur verið hafin til fimmtudagsins og sleppa því þá í góðu samkomulagi að ræða skýrsluna sérstaklega, eða að öðrum kosti ef fram koma óskir í fyrramálið frá níu þingmönnum um að ræða skýrsluna þá sé sú umræða tekin nk. fimmtudag til að slíta sem minnst í sundur þessa umræðu. Enda er ljóst að hæstv. forseti treystir sér ekki til þess að kalla hér til fundarins tvo hæstv. ráðherra, annan sem segist ætla að vera við umræðuna, þ.e. hæstv. ráðherra, og hinn sem skipti sér af umræðunni með þeim hætti að óhjákvæmilegt er að biðja um að hann verði viðstaddur þessa umræðu hér, hvenær sem henni verður fram haldið, eða þá í nánustu framtíð umræðu um þá skýrslu sem fyrir liggur, en í henni eru atriði sem hæstv. samg.- og landbrh. hefur lýst yfir að ekki fái staðist. Ég vænti þess að á meðan ég hef flutt þetta mál mitt hér hafi hæstv. forseta gefist tækifæri til þess að íhuga það hvort hægt sé að verða við annarri hvorri þessari ósk. (**Forseti:** Þar sem fram er komin beiðni um frestun á þessari umræðu frá fleiri en einum hv. þm. er forseta auðvitað nauðugur einn kostur að verða við því þó forseti vilji lýsa þeirri skoðun sinni að þegar umræða utan dagskrár er leyfð er óeðlilegt með öllu að sú umræða dragist yfir á fleiri daga. Venjan hefur verið sú að slík umræða er leyfð ákveðinn dag og ætlast til þess að henni ljúki.

Þar sem mér sýnist að nú sé þessi umræða komin í þóf sem forseti sér ekki ástæðu til að eyða svefntíma manna yfir er þessari umræðu nú frestað.)

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

3. fundur, þriðjudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Mannanöfn, 1. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 28.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Frv. til laga um mannanöfn var lagt fram seint á síðasta þingi, 112. löggjafarþinginu, en varð þá ekki útrætt og náði aðeins 1. umr. í fyrri deild.

Þetta frv. eins og það liggur hér fyrir er samið af nefnd sem ég skipaði 2. okt. 1989. Í henni áttu sæti dr. Guðrún Kvaran orðabókarritstjóri sem var formaður nefndarinnar, dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Svavar Sigmundsson dósent. Áður hafði

fyrrv. menntmrh. falið þeim Ármanni Snævarr og Hallgrími Snorrasyni að endurskoða gildandi mannanafnalög, en þeir höfðu ekki lokið því verki.

Í því skipunarbréfi, sem nefndin fékk, var henni falið að endurskoða frv. til laga um mannanöfn sem lagt var fram á Alþingi sem stjfrv. á 91. og 92. löggjafarþingi árið 1971 og vísað var til ríkisstjórnarinnar í síðara skiptið. Auk þess var í þessu skipunarbréfi vísað til ályktunar kirkjuþings frá 1986 um að skora á ráðherra að beita sér fyrir endurskoðun á lögum um mannanöfn.

Við starf sitt studdist nefndin mest við stjfrv. frá árinu 1971, svo og ýmsar aðrar tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið undanfarin ár um breytingar á gildandi lögum um mannanöfn sem eru eins og kunnugt er frá árinu 1925. Stjfrv. til laga um mannanöfn sem lagt var fram á Alþingi 1971 var samið af nefnd sem menntmrh. hafði skipað árið 1967. Þetta frv. kom til meðferðar hér á hv. Alþingi og var lagt fram eins og ég sagði áður á tveimur þingum. Í fyrra skiptið dagaði frv. uppi en á síðara þinginu var því vísað til ríkisstjórnarinnar að tillögu menntmn. Ed. Í nál. og framsöguræðu fyrir því kom fram að menntmn. teldi að nauðsynlegt væri að endurskoða tillögur frv. um ættarnöfn. Nefndin væri þeirrar skoðunar að það væri ekki raunsætt að ættarnöfnum manna væri útrýmt með lögum. Á hinn bóginn teldi hún að ekki væri ástæða til þess að leyft yrði að ný ættarnöfn yrðu tekin upp en með því væru raunverulega opnaðar allar gáttir fyrir fjölgun ættarnafna. Menntmn. væri þeirrar skoðunar að þeim sem þá bæru ættarnöfn ætti að vera leyfilegt að halda þeim en ekki ætti að leyfa að taka ný ættarnöfn upp. En áður en ákvarðanir yrðu teknar, eins og sagði í áliti nefndarinnar, í þessu efni teldi nefndin æskilegt að rannsakað yrði hvort ættarnöfn hefðu verið að vinna á og hvort þeim hefði raunverulega verið að fjölga síðustu áratugina, eins og orðrétt sagði í nál.

Í annan stað taldi menntmn. þá tillögu frv. orka tvímælis að ættarnöfn gætu gengið í karllegg eingöngu. Hér væri um mismunun kynjanna að ræða og í frv. væru önnur ákvæði af sama tagi. Sú endurskoðun frv. sem nefndin lagði til skyldi miðuð við að karlar og konur nytu jafnra réttinda í hvívetna á vettvangi mannanafnalaga. Í trausti þess að ríkisstjórnin legði fyrir næsta Alþingi, þ.e. 1972–1973, endurskoðað frv. um mannanöfn lagði menntmn. því til að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Var till. menntmn. samþykkt samhljóða hér í hv. Ed. en frv. var hins vegar hvorki endurskoðað né lagt fram að nýju.

Þróun nafnamála er nú að flestu leyti svipuð því sem var árið 1971 þegar frv. var samið. Það er varla hægt að segja að nafnalögunum frá 1925 hafi verið framfylgt með samræmdum og ákveðnum hætti. Af hálfu þjóðskrár hefur verið reynt að gæta þess að nafngjafir væru í samræmi við gildandi lög og stemma stigu við upptöku ættarnafna. Margir prestar hafa og leitast við að framfylgja lögunum en aðrir hafa verið eftirgefanlegir, enda hefur skort aðhald í þessum efnum og tómlætis hefur gætt um framkvæmdina. Í einu meginatriði má hins vegar telja að breyting hafi orðið á nafnamálum síðustu 20 árin og hún raunar gert illt verra í því stefnuleysi sem ríkjandi hefur verið. Er þá átt við stóraukin erlend áhrif á nöfn hér á landi. Hér kemur þrennt til að því er virðist. Í fyrsta lagi hafa áhrif erlendra tungumála og siða farið hríðvaxandi hér á landi á undanförnum árum. Í öðru lagi hefur orðið æ algengara að erlendir menn hafi flust til landsins, sest að hér og eignast börn. Í þriðja lagi hefur þeim Íslendingum sem dveljast í útlöndum við nám eða störf fjölgað að mun og er drjúgur hluti íslenskra barna fæddur og alinn upp í útlöndum og þeim gefin nöfn þar. Þessi þróun hefur haft ýmis áhrif gagnstæð gildandi lögum frá 1925 og hefur reynst erfitt að stemma stigu við henni. Hvað eiginnöfn snertir hefur þess gætt að foreldrar, þegar annað er erlent en hitt íslenskt, vilji gefa börnum sínum erlend nöfn. Sérstaklega er algengt að börnum séu gefin tvö nöfn, annað íslenskt og hitt erlent. Jafnframt gætir vaxandi tilhneigingar til að slíkum börnum séu gefin alútlend nöfn eða nöfn sem ekki samrýmast íslensku málkerfi. Loks virðist það færast í aukana að börnum séu gefin þrjú nöfn eða fleiri og má ætla að það megi rekja til erlendra fyrirmynda.

Það frv. sem hér liggur fyrir, virðulegi forseti, er byggt að talsverðu leyti á frv. frá 1971 en þó vikið frá því í ýmsum veigamiklum atriðum. Þar má sérstaklega nefna að það er ekki gert ráð fyrir því að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Á hinn bóginn er í þessu frv. komið talsvert til móts við óskir um heimildir til notkunar ættarnafna á íslenskum börnum erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hér á landi. Gert er ráð fyrir að ættarnöfn geti gengið jafnt í kvenlegg sem karllegg og að menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður. Þá skal tekið fram að í frv. er enn fremur lagt til að dómsmrn. fari framvegis með mál sem snerta mannanöfn, en ekki menntmrn. svo sem verið hefur.

Frv. eins og það liggur hér fyrir nú er styttra en frv. frá 1971 og það stafar einkum af færri ákvæðum um ættarnöfn en í fyrra frv. og af því að ekki þykir nauðsynlegt að hafa ítarleg ákvæði í lögum um skráningu nafna á þjóðskrá, enda er nú komin fastari skipan á þau mál en þegar frv. var flutt fyrir tæplega 20 árum. Ég mun nú, virðulegi forseti, gera grein fyrir helstu ákvæðum og tillögum frv.

Í I. kafla frv. er fjallað um eiginnöfn. Þar er í upphafi haldið þeirri meginstefnu, sem fram kemur í gildandi lögum og einnig er í frv. frá 1971, að barni skuli gefið eitt eiginnafn eða tvö. Nafnið skal vera íslenskt, hafa unnið sér hefð í málinu og falla að íslensku málkerfi. Kveðið er á um skyldu til nafngjafar og mælt fyrir um að gefa skuli barni nafn innan hálfs árs frá fæðingu. Þá eru ákvæði um nafngjafir við skírn eða með tilkynningu til presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga eða þjóðskrár og um eftirlit þessara aðila með nafngjöfum. Þetta eftirlit byggist fyrst og fremst á þrennu, þ.e. á skrá um heimil nöfn sem mannanafnanefnd skal semja, á eft-

irliti presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga og þjóðskrár og málskoti til mannanafnanefndar í álitamálum um nafngjafir og loks á þeirri skyldu þjóðskrár að taka ekki nafn til skráningar nema það sé á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd.

Í gildandi lögum eru fyrirmæli um útgáfu skrár um þau mannanöfn sem bönnuð eru. Slík skrá hefur aldrei verið gefin út og eðli málsins samkvæmt er vandséð að slík skrá verði nokkurn tíma samin svo að raunhæft sé. Í þessu frv., eins og í frv. frá 1971, er kveðið á um að samin verði skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast. Er þessi skrá talin ein helsta undirstaða þess að unnt verði að framfylgja lögunum auk þess sem hún verði öllum almenningi til leiðbeiningar við nafngjafir. Er lagt til að prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og starfsfólk þjóðskrár skuli ekki samþykkja nöfn sem ekki eru á skránni heldur skuli óskum um slíkar nafngjafir skotið til úrlausnar mannanafnanefndar. Skráin á því ekki að standa í vegi fyrir því að ný nöfn séu tekin upp auk þess sem hún hlýtur að breytast eftir því sem starfsemi mannanafnanefndar miðar.

Rétt er að nefna eitt álitamál sérstaklega í tengslum við ákvæði I. kafla frv. um eiginnöfn. Sem fyrr er sagt er lagt til í 2. gr. að eiginnöfn skuli vera íslensk, þau hafi unnið sér hefð í málinu og falli að íslensku málkerfi. Í 8. gr. er þó gert ráð fyrir að þessar skorður gildi ekki um nöfn erlendra barna fæddra hér á landi, þ.e. ef foreldrar skilgetins barns eða móðir óskilgetins barns hafa erlent ríkisfang. Í sömu grein er enn fremur lagt til að ákvæði 2. gr. gildi ekki að fullu um íslensk börn ef annað foreldra er erlendur ríkisborgari eða hafi verið það. Samkvæmt þessari tillögu yrði heimilt að gefa börnum af slíkum blönduðum uppruna tvö nöfn, annað íslenskt en hitt erlent.

Þegar hefur verið vikið að því að í tilvikum sem þessum eru óskir um þess háttar nafngjafir mjög algengar. Enginn vafi er á að verði þær bannaðar munu lögin verða ákaflega erfið í framkvæmd. Hér er því úr vöndu að ráða. Með því að veita heimild til þess í íslenskum lögum að barni, sem á annað foreldri íslenskt en hitt erlent, megi gefa erlent eiginnafn auk íslensks er að nokkru verið að grafa undan meginstefnu laganna. Auk þess verða réttindi slíkra foreldra til nafngjafa ríkari en réttindi alíslenskra foreldra og því kynni að mega halda því fram að í þessu fælist mismunun. Á móti vegur að það sýnist sanngjarnt að mörgu leyti að barn af blönduðum uppruna fái auk íslensks eiginnafns að bera annað nafn sem er gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris þess. Hér er yfirleitt um mikið tilfinningamál að ræða og takmörk laganna að þessu leyti eru oft túlkuð sem skerðing á persónulegum réttindum manna og kunna að varða við mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Að mati þeirra nefndarmanna sem unnu þetta frv. fyrir ríkisstjórnina vega þó þyngst þau rök að verði þessi heimild ekki veitt er hætt við að lögin verði óframkvæmanleg að þessu leyti. Þannig yrði sífellt reynt að sniðganga þau, t.d. með því að gefa börnum nöfn erlendis, en á því hefur borið nokkuð að undanförnu.

II. kafli frv. fjallar um kenninöfn. Á sama hátt og í frv. frá 1971 tekur hugtakið kenninafn í þessu frv. til hvers konar kenningar samkvæmt lögunum, þ.e. er menn kenna sig til eiginnafns föður eða móður í eignarfalli að viðbættu son eða dóttir og til ættarnafns. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður og að jafnt sé heimilt að láta ættarnöfn ganga í kvenlegg sem karllegg. Hins vegar er lagt til að mönnum sé aðeins heimilt að bera eitt kenninafn. Í þessu sambandi skal bent á að svo virðist sem vaxandi tilhneigingar gæti til þess að menn vilji bera tvö kenninöfn. Dæmi um þetta er að konur sem giftast mönnum sem bera ættarnafn óska stundum eftir því að taka upp ættarnafn eiginmannsins án þess að fella niður eigin kenninafn, hvort sem það er ættarnafn eða hefðbundið föður- eða móðurnafn. Nefndin sem samdi þetta frv. fyrir mig er andvíg því að þetta verði heimilað, bæði vegna þess að hér er ekki um íslenska venju að ræða og vegna hins að með þessu sýnist hætta á að hér geti sótt í sama far og í nágrannalöndum og leitt til ásóknar til tvöfaldra eftirnafna með bandstriki. Loks má geta þess að dæmi eru um að foreldrar vilji kenna börn sín til eiginnafna beggja og færa gjarnan fram jafnréttisrök í því sambandi. Þetta samrýmist hins vegar ekki íslenskri nafnvenju og þykir nefndinni sem samdi frv. nægja að menn geti valið um til hvors foreldranna barn sé kennt.

Tillögur frv. um ættarnöfn eru að sumu leyti svipaðar tillögunum sem strönduðu hér í þinginu fyrir tæplega 20 árum en um sumt eru þær ólíkar. Á sama hátt og í frv. frá 1971 er nú gert ráð fyrir að hér á landi haldist tvöfalt kerfi kenninafna, þ.e. hið gamla kerfi föður- og móðurnafna og kerfi ættarnafna. Ekki þykir raunhæft að leggja til að ættarnöfn sem ekki teljast lögleg í skilningi laga nr. 54 frá 1925, en þau eru æðimörg, verði afnumin. Telja má að í því fælist í mörgum tilvikum veruleg skerðing á mannréttindum þar sem mörg slík ættarnöfn yrðu vafalaust talin hafa unnið sér hefð fyrir afskiptaleysi stjórnvalda. Því er gert ráð fyrir að þeir menn, sem nú bera ættarnöfn samkvæmt þjóðskrá, megi bera þau áfram og sama gildi um niðja þeirra hvort heldur er í karlleggg eða kvenlegg.

Ólíkt því sem er í frv. frá 1971 er í þessu frv. ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Hér gætir þeirrar skoðunar að æskilegt sé að varðveita hið gamla kenninafnakerfi og því sé ekki æskilegt að veita heimildir til upptöku nýrra ættarnafna. Þetta er og í samræmi við afgreiðslu Alþingis á frv. frá 1971 sem ég gat um áðan. Einn nefndarmanna, Ármann Snævarr, hefur þó viljað láta koma fram að hann hefði kosið að ganga lengra í þessum efnum og gera ráð fyrir að unnt væri að taka upp ný ættarnöfn með sama hætti og þeirri gerð er greinir í II. kafla frv. frá 1971. Hann bendir í því sambandi á að ella fælist mismunun í því tvöfalda kerfi kenninafna sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Að öðru leyti vísar hann til rækilegs

rökstuðnings í grg. með frv. frá 1971 sem æskilegt er að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar hafi til hliðsjónar í nefndarstörfunum.

Að einu leyti gengur þetta frv. nokkuð lengra en hið fyrra hvað ættarnöfn snertir. Hér er um það að ræða að gert er ráð fyrir að barn erlends manns og íslenskrar konu megi bera ættarnafn föður síns. Með þessu er í reynd opnað nokkuð fyrir notkun erlendra ættarnafna, a.m.k. miðað við það sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Hins vegar felst í þessu viðurkenning á framkvæmd, þ.e. að ekki hefur verið talið unnt að standa gegn notkun ættarnafna af þessu tagi. Er m.a. talið vafasamt að bann við að börn erlends manns fái að bera ættarnafn hans standist ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Í frv. er til mótvægis þessu ákvæði í 11. gr. einnig tekið fram að auk þess að kenna sig til ættarnafns föður megi barn erlends manns og íslenskrar konu kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt samkvæmt sömu grein að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins enda hafi mannanafnanefnd samþykkt það.

Auk þess sem hér hefur verið rakið er gert ráð fyrir að manni sé ekki skylt að bera ættarnafn þó hann hafi rétt til þess. Jafnframt er heimilað að menn felli niður ættarnafn sem þeir hafa borið eða taki upp ættarnafn sem þeir hafa rétt til. Lagt er til að þó sé að öllu jöfnu einungis unnt að gera slíka nafnbreytingu einu sinni.

III. kafli frv. fjallar um mannanafnanefnd, skipun hennar og verkefni. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt frv. er mjög áþekkt því sem gert hafði verið ráð fyrir á sínum tíma. Mannanafnanefnd er nefnd sérfræðinga samkvæmt frv. og er því lagt til að tveir nefndarmenn verði skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskólans en einn eftir tilnefningu lagadeildar. Ætlast er til að mannanafnanefndin gegni í aðalatriðum þríþættu hlutverki, þ.e. að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast samkvæmt lögunum, að fella úrskurði og vera til ráðuneytis um nafngjafir. Af þessu leiðir að nefndin verður að starfa með reglubundnum hætti árið um kring og hafa fastan skrifstofutíma þannig að jafnan megi leita til hennar með skömmum fyrirvara. Óhjákvæmilegt er að nefndin hafi starfsmann og er gert ráð fyrir því að hún hafi á að skipa sérfræðingi í hálfu starfi. Ætla má að hlutverk starfsmannsins verði að annast samskipti við þá sem fara með framkvæmd laganna og við almenning og að undirbúa úrskurði nefndarinnar. Þá gæti hann einnig tekið þátt í samningu mannanafnaskrár en það verkefni hlýtur þó að koma mest til kasta nefndarinnar. Í upphafi þarf mikið átak til að koma saman mannanafnaskránni en jafnframt er sýnt að samning slíkrar skrár er stöðugt verkefni þar sem skráin verður sífellt í mótun og endurskoðun. Um skipan nefndarinnar, verkefni hennar og kostnað af starfsemi hennar er fjallað ítarlega í athugasemdum við 17. og 18. gr. frv. þessa.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði um skráningu og notkun nafna. M.a. er kveðið á um gildistöku nafnbreytinga, um samræmi í skráningu nafna á þjóðskrá og nafnnotkun manna. Til þess er ætlast að í skiptum við opinbera aðila, í lögskiptum og við samningsgerð riti menn ævinlega nafn sitt eins og það er skráð á þjóðskrá. Flest ákvæði þessa kafla voru í frv. frá 1971 og um sum gilda hliðstæðar reglur í norrænum mannanafnalögum.

V. kafli frv. geymir ákvæði til að hindra misnotkun nafns annars manns, ákvæði um viðurlög, heimild til setningar reglugerðar, um gildistöku laganna og kynningu. Í ákvæðum þessa kafla er gert ráð fyrir því að mál sem snerta mannanöfn flytjist frá menntmrh. til dómsmrh.

Loks eru í frv. tvö ákvæði til bráðabirgða. Hið fyrra lýtur að tafarlausri skipan mannanafnanefndar svo ekki verði dráttur á að hún hefji störf, hið síðara segir til um hvernig farið skuli með álitamál um nafngjafir þar til mannanafnaskrá hefur verið gefin út.

Ég hef nú gert hér, virðulegi forseti, grein fyrir helstu almennum atriðum þessa frv. en vil svo geta þess að lokum að eftir að frv. fór í prentun bárust við það nokkrar athugasemdir frá dómsmrn. sem mun fara með málið verði frv. að lögum. Það eru ákvæði sem snerta heimildir til nafnbreytinga, ákvæði sem snerta heimildir til þess að feðrað barn sé kennt til stjúpföður, ákvæði sem snerta heimild til að leyfa manni breytingu á kenninafni með sérstakri undanþágu og ákvæði sem fjalla um það að tilkynna skuli um nafn á barni innan hálfs árs, eins og ég gat um áðan að gerð er tillaga um í frv. þessu.

Það má segja að þetta frv. sé í raun og veru á mörkum tveggja nefnda þingsins, þ.e. menntmn. og allshn. Það er gert ráð fyrir því að dómsmrn. fái málið og ef það væri núna hjá dómsmrn. þá ætti frv. að fara til allshn. Málin eru hins vegar núna hjá menntmrn. og ættu þess vegna að fara í menntmn. enda var frv. hjá menntmn. Ed. síðast þegar það var til umræðu og nefndarafgreiðslu á Alþingi árið 1971. Ég legg því til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þegar rætt er um mannanöfn og mannanafnaskráningu, hvaða nöfn skuli leyfð og eins breytingar á mannanöfnum, þá er að sjálfsögðu alltaf um mikið tilfinningamál að ræða. Ég ætlaði aðeins að fara örfáum orðum um það frv. sem hér liggur frammi og langaði mig fyrst til þess að beina spurningu til hæstv. menntmrh. varðandi mannanafnanefnd, hvort ekki væri ástæða til að hafa ákvæði í lögunum um það hversu langan tíma hún hefur til þess að úrskurða um leyfileg nöfn. Ég tel mjög nauðsynlegt að nefndin geti unnið hratt og birt úrskurði sína innan skamms tíma. Ég hef svo sem ekki á reiðum höndum ákveðna hugmynd um hversu langur sá tími ætti að vera, en ég tel nauðsynlegt að nefndin hafi ákveðinn frest þar sem henni verður gert skylt að birta úrskurð sinn.

Þá langaði mig aðeins til að minnast hér á nafnbreytingar í sambandi við ættleiðingu barna. Það virðist nú vera nóg svona við fyrstu sýn að börn skipti um foreldra, hvað þá heldur að skipta um nafn líka. Það segir hins vegar í grg. með frv. að þetta sé ekki síst með tilliti til erlendra barna sem eru ættleidd hingað til lands en á seinni árum hafa allmörg börn verið ættleidd. Býst ég við að í 7. gr. ráði sjónarmiðið um að halda íslensku nöfnunum sem reglu en ég efast hins vegar um þessi mörk við tólf ára og tel í raun og veru fráleitt að það sé hægt að skipta um nöfn á börnum án samráðs við þau sjálf upp að tólf ára aldri. Það er annað sem ég vildi minnast á varðandi ættleiðingu erlendra barna. Eftir því sem ég best veit eru þau öll mjög ung sem hingað koma þannig að ég gæti ímyndað mér að það væri óhætt að hafa þessi mörk mun lægri.

Það var aðeins eitt enn. Ég hafði reyndar hugsað mér að gera athugasemd við 12. gr. um að börn séu kennd við stjúpföður sinn en væntanlega fáum við sem erum í menntmn. að heyra um það hvaða athugasemdir það eru sem koma frá dómsmrn. þannig að ég ætla ekki að fara nánar út í það. En það var aðeins eitt til viðbótar sem ég vildi minnast á. Það er nú hreinlega málfarslegt atriði og er síðasta málsgrein 14. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „Hafi maður tekið ættarnafn maka síns er honum frjálst að taka upp að nýju upprunalegt kenninafn sitt þegar hjúskap er lokið." — Ég hefði heldur viljað sjá þarna „ef til hjúskaparslita kemur". Mér þykir þetta einum of ákveðið, eins og það sé sjálfgert að til hjúskaparslita komi.

Þetta voru aðeins örfáar vangaveltur um frv. svona í fyrstu lotu, en mín aðalspurning til hæstv. menntmrh. var varðandi frest mannanafnanefndar til þess að skila sínum úrskurðum.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. hér að þessu sinni. Það kemur væntanlega til umfjöllunar í nefnd þar sem ég á sæti. En ég vildi aðeins að það kæmi fram við þessa umræðu að auðvitað er nauðsynlegt að hafa hér vissar grundvallarreglur og svo hefur verið lengi í íslensku réttarfari. Það hafa verið lög um mannanöfn til býsna lengi. En mér sýnist að með þessari löggjöf ætli löggjafinn sér að seilast ansi langt til að hafa — ja, ég veit ekki hvort ég á að segja að hafa vit fyrir fólki eða hafa stjórn á þessum hlutum sem eru mjög persónulegir og einstaklingsbundnir og mjög nánir auðvitað hverjum einstaklingi. Það er ýmislegt hér sem mætti nefna í þeim efnum, t.d. sýnist mér að mannanafnanefnd sé beinlínis mannanafnadómstóll. Hún á að ráða þessu. Ég fæ ekki annað séð.

Í öðru lagi vildi ég nefna hér það sem stendur í 1. gr.: „Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö." Má barn ekki bera þrjú eiginnöfn? Það er kannski ekki algengt en það hefur ævinlega verið til hér á landi að ég hygg. Og hvað er það sem í rauninni mælir gegn því ef menn svo kjósa? Þetta mál þarf auðvitað mikillar umræðu við í nefndinni, sýnist mér, en hún mun auðvitað stefna að því að ná um það niðurstöðu og afgreiða það hvort sem það verður með miklum breytingum eða litlum og hitta vonandi að máli þá menn og þær konur sem hafa komið hér við sögu. En mér sýnist ýmislegt vera hér sem ekkert er óeðlilegt að menn hafi mjög ólíkar skoðanir á.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er nú ekkert óeðlilegt að menn hafi ólíkar skoðanir á svona máli. Ég tel ekkert óeðlilegt við það frekar en öðrum málum. Ég tel það í sjálfu sér ekki veruleg tíðindi þó að menn hafi ýmsar skoðanir á málum af þessu tagi. Aðalatriðið er það að menn átti sig á því að lögin frá 1925 hafa ekki verið framkvæmd. Það hefur ekki reynst unnt að framkvæma þau vegna þess hvernig m.a. ákvæði þeirra eru, segjum um mannanafnaskrána. Þar er gert ráð fyrir því að það sé gefin út skrá yfir mannanöfn sem ekki er heimilt að nota. Sú skrá hefur aldrei verið gefin út. Og ef Alþingi breytir slíkum lögum þá er auðvitað eðlilegt að það séu a.m.k. strikuð út úr þeim þau ákvæði sem ekki eru framkvæmd, vegna þess að það er náttúrlega bara verið að hæðast að löggjafanum með því að vera með slík ákvæði í lagasafninu í stórum stíl eins og við höfum oft rætt um.

Um þau atriði sem hér hafa verið nefnd af hv. þm. vil ég bara segja þetta: Það er grundvallarþáttur í þessu máli að mannanafnakerfið er veigamikill hornsteinn í íslenskri málþróun. Það er grundvallaratriði númer eitt. Og það er einkenni á íslensku máli sem ég held að sé ágæt samstaða um að varðveita. Þetta er sérstakt mannanafnakerfi sem á sér ekki margar ef nokkrar hliðstæður og það er ljóst að með því að ættarnöfn verði tekin upp í vaxandi mæli þá mun þetta gamla mannanafnakerfi okkar líða undir lok. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að líta á það sem lið í málrækt og málþróun Íslendinga að við reynum að hafa einhverjar reglur um þessi mál. Þær þurfa hins vegar, ef þær eru settar, að vera sanngjarnar og þær þurfa að vera ljósar þannig að fólki finnist ekki að það sé verið að ganga á rétt þess og að fólk skilji reglurnar, þær séu auðskildar og auðvelt að fara eftir þeim.

Ég kann margar sögur af því hvernig ágætir prestar hafa á undanförnum áratugum leyst úr þessum málum af mikilli snilld. Það eru ekki nema um 30 ár síðan það kom upp sú hugmynd hjá foreldri að gefa barninu sínu nafnið Himinbjörg en prestinum tókst á síðustu stundu að benda foreldrinu á að í þessu tilviki væri í lagi að sleppa himninum þó það væri rétt að muna eftir honum alla jafna. Þannig hafa menn með sanngjörnum ábendingum oft á tíðum komið við lagfæringum.

Ég veit ekki hvort menn hafa séð hér lista yfir nöfn í seinni tíð en það er alveg ljóst að við höfum í rauninni ekki ráðið neitt við neitt og ég tel að við eigum að hafa almennar reglur um þessi mál. Ég tel að við eigum ekki að opna allar flóðgáttir.

Varðandi þau atriði sem fram komu hjá hv. þm.

vil ég segja það að það er auðvitað, mér liggur við að segja fullkomið álitamál og smekksatriði hvort á að setja í lög ákvæði um það að nöfn megi ekki vera fleiri en tvö. Þetta er mál sem var dálítið rætt hér síðast og þingmenn verða bara að komast að niðurstöðu um þetta og reyna svona að hlíta því sem kallað er bestu manna yfirsýn í þessu efni. Það er ekki hægt að ætlast til þess að menn hafi neinar skoðanir á svona máli aðrar en bara samvisku sína og eigin tilfinningu fyrir því hvað heppilegt er fyrir þróun íslenskrar nafnahefðar. Varðandi vald mannanafnanefndar sem hv. 3. þm. Vesturl. gat hér um áðan, þá er það auðvitað álitamál hversu mikið vald hún á að hafa. Ég get alveg viðurkennt að hún má helst ekki vera dómstóll. Ég er sammála hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur um það að það á auðvitað að setja tímamörk á nefndina. Ég tel að það sé fullkomlega rétt ábending. En spurningin er með hvaða hætti á að fara með mál ef ágreiningur kemur upp milli foreldris sem er að gefa barni nafn og nefndarinnar. Ég held að það verði að vera helst á fortölustigi sem mest, fremur en úrskurðar. Og í þeim efnum er brýnast að fólk hafi það í huga að nafnið er ekkert lítil tíðindi fyrir barnið sem þarf að bera það allt sitt líf og stundum finnst manni nú að hægt sé a.m.k. að nefna dæmi um það að fólk hefði mátt sýna meiri tillitssemi við nafngjafir þó það sé ljóst að breytingar hafi orðið í þessum efnum á síðustu áratugum, m.a. hjá frændum mínum hér á Vestfjörðum þar sem margt skemmtilegt nafnið var nú til hér áður og fyrr meir.

Varðandi það sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir gat um þegar börn væru kennd til stjúpföður þá vísa ég henni til álits dómsmrn. um það mál sem liggur hér fyrir í fskj. með frv. og varðandi tólf ára mörkin í 12. gr. þá er ég sammála henni um það að það mál má skoða betur og það segir hér: „Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára."

Í frv. sem er hér á dagskrá síðar á þessum fundi er gert ráð fyrir því að í barnaverndarmálum verði skylt að leita álits tólf ára barna þegar úrskurðir snerta þau og gert ráð fyrir því að alla jafna sé leitað til eða reynt að fá álit barnanna jafnvel þó þau séu yngri. Þess vegna er það alveg hárrétt ábending hjá hv. þm. að það er hugsanlegt að þessi mörk eigi að vera eitthvað talsvert neðar.

En eins og ég segi er hér mikið af álitamálum, einstaklingsbundnum og jafnvel tilfinningabundnum álitamálum og eðlilegt að menn hafi ólík sjónarmið í þessum efnum eins og gengur. En ég held að það væri nú samt gott ef þingið gæti afgreitt þetta mál vegna þess að mannanafnalögin frá 1925 eru óframkvæmanleg að allra mati og nauðsynlegt að breyta þeim.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Því miður þurfti ég að fara hér af fundinum þegar hæstv. menntmrh. var að flytja framsögu sína fyrir þessu frv. og eins missti ég af sjálfsagt gagnmerkri umræðu um þetta mál sem hér hefur farið fram. Erindi mitt hingað upp núna í þennan ræðustól er ekki kannski alveg tengt frv. en þó nokkuð skylt. Það er í sambandi við tvínefni og það að ríkisfjölmiðlarnir og þá sérstaklega útvarpið hafa lagt sig fram í því að nefna menn þá sem tveimur nöfnum heita sýknt og heilagt tveimur nöfnum núna upp á síðkastið. Þetta var ekki gert fyrir nokkru síðan og veit ég það m.a. að einn af þingmönnum okkar sem hér er í deildinni og var lengi vel starfsmaður Ríkisútvarpsins, aldrei man ég eftir því að hann hafi verið nefndur þá tveimur nöfnum sem hann þó mun heita. Mér finnst þetta sérstakur siður og ég vil vekja athygli á honum, en eins og allir hv. þm. vita þá var það nú íslensk nafnvenja að heita aðeins einu nafni, en það hefur breyst í tímanna rás. (**Gripið fram í:** Það voru auknefni.) Já, það voru auknefni og menn báru þau með heiðri og sóma ýmis hver. Mér finnst það dálítið sérstakt með Ríkisútvarpið að það hamrar á því ef einhverjir starfsmenn eða flytjendur heita tveimur nöfnum. Hvort sem þessir menn nota þessi tvö nöfn eða ekki þá er það jafnan tíundað að þessi maður heitir nú Jón Jón Pétursson eða eitthvað svoleiðis en alls ekki bara einu nafni, Jón. Þetta er greinilega farið að hafa ákveðin áhrif í málfari og meðferð manna á mannanöfnum. Ég vil benda hæstv. menntmrh. á þennan þátt. Er þetta ekki í svolitlum tengslum við almennt málfar og málfarsvöndunarátak sem ráðuneyti hans hefur staðið fyrir? Er þessi þáttur sé ekki þess verður að hann sé athugaður. Ég vil vekja athygli á þessu nú í umræðu um þetta frv. um mannanöfn?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Vernd barna og ungmenna, 1. umr.

Stjfrv., 29. mál (heildarlög). — Þskj. 29.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég tala hér fyrir var sýnt hér á 112. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frv. felur í sér endurskoðun á lögum frá 1966 um vernd barna og ungmenna og það er satt best að segja löngu tímabær endurskoðun.

Það var 30. apríl 1987 sem Sverrir Hermannsson, þáv. menntmrh., skipaði nefnd til að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna. Það eru lög nr. 53/1966. Nefndin var skipuð Sigríði Ingvarsdóttur, formanni barnaverndarráðs, Ingibjörgu Rafnar hdl. og Gunnari Sandholt, yfirmanni fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Tveir starfsmenn barnaverndarráðs unnu auk þess með nefndinni, þau Guðjón Bjarnason framkvæmdastjóri og Guðrún Erna Hreiðarsdóttir lögfræðingur.

Nefndin gerir í þessu frv. tillögur um veigamiklar breytingar á skipan barnaverndarmála. Síðast talaði ég áðan fyrir frv. um það að flytja mannanöfn úr menntmrn. í dómsmrn. Núna flyt ég frv. um að flytja vernd barna og ungmenna úr menntmrn. í félmrn. Viðstöddum til huggunar get ég sagt það í leiðinni að það er talsvert samt eftir í því góða ráðuneyti.

Helstu nýmæli þessa frv. eru:

1. Lagt er til að yfirstjórn barnaverndarmála verði í höndum félmrn. í stað menntmrn. Þessi hugmynd er ekki ný en hún kom m.a. fram í greinargerð með gildandi lögum þegar frv. var lagt fram á Alþingi 1966. Félmrn. hefur með höndum, eins og kunnugt er, almennt eftirlit með störfum sveitarfélaga svo og ýmsum verkefnum sem unnin eru á vegum þeirra, svo sem félagsmálum. Barnaverndarstörf tengjast með ýmsum hætti félagslegri þjónustu sem unnin er á vegum sveitarfélaga og þykir því fara betur á því að yfirstjórn þessara mála verði í sama ráðuneyti. Sem handhafi framkvæmdarvalds þykir ráðuneytið hafa mun betri aðstöðu en barnaverndarráð til að hafa virkt eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og skyldum sveitarfélaga og hafa þar áhrif á ef þessir aðilar bregðast lögboðnum skyldum sínum. Þá má benda á að annars staðar á Norðurlöndum er yfirstjórn barnaverndarmála í höndum félagsmálaráðuneyta. Þar sem töluverð samvinna er orðin á seinni árum varðandi barnavernd almennt milli þessara landa er þess að vænta að mun hentugra verði fyrir Ísland að standa að slíkri samvinnu verði yfirstjórn barnaverndarmála í höndum félmrn.

2. Gert er ráð fyrir breyttum starfsháttum barnaverndarráðs, og það er ein grundvallarbreyting frv., þannig að barnaverndarráð fari ekki lengur með það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn einstakra mála og fara með fullnaðarúrskurðarvald í sömu málum. Gerð er tillaga um að barnaverndarráð fari einungis með fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum en leiðbeiningarskyldan og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda fari fram í félmrn. eins og sagði hér á undan.

3. Þá er hér lagt til að barnaverndarumdæmin verði stækkuð en barnaverndarnefndir eru nú yfir 200 talsins á landinu öllu. Reynslan hefur sýnt að barnaverndarstarf strandar oft á smæð sveitarfélaga. Þau hafa ekki bolmagn til að sinna raunhæfu barnaverndarstarfi. Bæði er fjármagn af skornum skammti og einnig sérþekking við úrlausn barnaverndarmála. Fjárskorturinn leiðir m.a. til þess að ekki er unnt að ráða fólk með sérþekkingu til starfa fyrir barnaverndarnefndir en sérþekking er í flestum tilvikum afar nauðsynleg. Einnig er ráðgjöf sérfræðinga oft mjög brýn við úrlausn erfiðra barnaverndarmála en fyrir hana þarf að greiða sérstaklega. Sama á við um athuganir á börnum eða öðru heimilisfólki. Stofnanir eru t.d. ekki fúsar að taka þessi mál að sér án greiðslu.

Því verður að líta svo á að barnaverndarstarfi verði ekki hægt að sinna á fullnægjandi hátt í svo smáum einingum sem núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir. Með sameiginlegum barnaverndarnefndum sveitarfélaga yrðu þær fremur starfshæfar einingar og ættu t.d. auðveldara með að ráða sérhæft starfsfólk og að standa undir öðrum óhjákvæmilegum kostnaði.

4. Í frv. er leitast við að setja skýrari ákvæði um skyldu barnaverndaryfirvalda gagnvart börnum og ungmennum. Má í því sambandi benda á ákvæðin um leitar- og varnarstarf, svo og nánari skilgreiningu á því hvað eru óviðunandi aðstæður barna og ungmenna. Þá er í frv. kveðið á um skyldur yfirvalda gagnvart þeim börnum og ungmennum sem lenda í afbrotum, svo og þeim sem verða fyrir afbrotum. Nauðsynlegt er að gera viðeigandi breytingar á lögræðislögum, nr. 68/1984, um innlögn ungmenna á stofnun sem stefna eigin heilsu eða þroska í alvarlega hættu með vímuefnaneyslu.

5. Í frv. eru ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum um ráðstöfun barna í fóstur, svo og um réttarstöðu barna í fóstri, fósturforeldra og kynforeldra.

6. Í gildandi lögum eru ákvæði um málsmeðferð á víð og dreif í ýmsum lagagreinum. Í þessu frv. eru ákvæði um starfshætti barnaverndarnefnda og málsmeðferð sett í sérstakan kafla. Leitast er við að gera ákvæði er lúta að meðferð mála skýrari til þess að taka af öll tvímæli.

Ákvæðin um barnaverndarnefndir er að finna í 6. gr. frv. og ákvæðin um barnaverndarráð er að finna í 13. gr. frv.

7. Leitast er við að skilgreina betur réttarstöðu barna og ungmenna í barnaverndarmálum og miðað er að því að auka réttarvernd þeirra. Er því sett fram sú tillaga að börn eigi að jafnaði rétt á að tjá sig um málið og er það skylt þegar barnið er orðið 12 ára. Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd auk þess heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.

8. Felld eru brott ákvæði um skoðun kvikmynda, enda talið eðlilegt að þau verði í lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Í frv. er síðan ítarleg greinargerð með hverri grein þess þar sem farið er yfir þær breytingar sem gerð er tillaga um frá gildandi lögum og af hverju þær tillögur eru gerðar. Ég tel að greinargerðin sé svo ítarleg og raunar frv. í heild og öll meðferð þess að það eigi að vera unnt að afgreiða þetta frv. á yfirstandandi þingi. Í frumvarpstextanum eins og hann er lagður hér fyrir er ein villa sem ég vil biðja hv. þm. um að leiðrétta og verður auðvelt í þingnefndinni, en hún stafar af því að þetta er endurflutning á frv. sem gerði ráð fyrir því að lögin tækju gildi frá 1. júní 1990. Það getur auðvitað ekki orðið úr því sem komið er og þarf að hafa hliðsjón af því. Ég held að það sé eðlilegt miðað við sveitarstjórnarlög, sem hv. þingnefnd getur kannski athugað fyrir mig, að svona frv. taki frekar gildi á miðju ári en um áramót vegna þess hvernig stendur á með kosningar í nefndir á vegum sveitarfélaganna. En þetta kunna nú aðrir þingmenn örugglega betur en ég.

Frv. fylgir kostnaðarumsögn frá fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þar kemur fram að nokkrar

stofnanir mundu með þessu frv. flytjast beint yfir til félmrn. Það er náttúrlega barnaverndarráð, það er meðferðarheimilið á Torfastöðum, það er meðferðarheimilið fyrir unga fíkniefnaneytendur sem við stofnuðum uppi á Kjalarnesi og tekur til starfa núna á næstu vikum og það er Unglingaheimili ríkisins. Fjárveiting til þessara stofnana á fjárlögum ársins 1990 er samtals um 72 millj. kr. og þær munu allar flytjast til félmrn. ef þetta frv. verður að lögum.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins láta í ljósi ánægju mína með að þetta frv. er komið fram og taka undir það að það er tímabært að fjalla um þessi mál og taka þau til endurskoðunar, ekki síst með tilliti til þess hversu breyttar aðstæður eru í þjóðfélaginu sem kalla á breyttar forsendur varðandi velferð barna og ungmenna. Hér er vissulega um mikilvægt mál að ræða sem varðar öryggi og velferð barna og ungmenna. Það er skilgreint í 1. gr. frv. að ungmenni séu einstaklingar á aldrinum 16–18 ára en börnin aftur þau sem eru innan 16 ára aldurs svo að hér er um að ræða þjóðfélagsþegna sem eru á mjög viðkvæmum aldri og þurfa góðan stuðning til þess að verða góðir og nýtir þjóðfélagsþegnar á lífsbraut sinni. Það er ljóst að hér er um mjög persónuleg og viðkvæm mál að ræða sem varða einkalíf fjölskyldnanna og því hlýtur að verða að fara með mikilli gát þegar höfð eru afskipti af eða fjallað um slík mál sem eru eðli málsins samkvæmt yfirleitt erfiðleikar innan fjölskyldnanna, erfiðleikar hjá þessum börnum eða ungmennum sem oft stafa einmitt af erfiðleikum hjá fjölskyldunum sjálfum eða foreldrunum.

Ég vil taka undir það að ég held að það sé mjög gott að þessi mál séu flutt yfir til sveitarfélaganna eins og gert er ráð fyrir í frv. og er eitt helsta nýmælið eins og kemur fram á bls. 19. Mig langar til þess að spyrja hæstv. menntmrh. hvort leitað hafi verið umsagnar sveitarfélaga eða samtaka þeirra við undirbúning að gerð þessa frv. og hvort sveitarfélögin eru þá ekki almennt sammála um þessa breytingu sem hér er verið að gera. Þá á ég við að færa þetta undir félmrn. og til sveitarfélaganna.

Varðandi gildistökuna þá held ég að það sé ljóst, eins og kom fram hjá hæstv. menntmrh., að ef frv. kemst í gegnum báðar deildir þingsins þá sé eðlilegra að það yrði kannski um áramótin fremur en að gera ráð fyrir því á miðju ári. Ég býst við að það hafi farið svo fyrir fleirum en mér sem hafa litið í dagblöðin í dag og hafa séð grein í Tímanum að þeim hafi hnykkt við. Þar er fjallað um götubörn og utangarðsunglinga sem sagt er að hafi fjölgað. Þar er einnig sagt að það virðist svo sem samfélagið neiti að trúa því að svo sé og í stórri fyrirsögn kemur fram að það eru til börn sem fá ekki jólamat á aðfangadagskvöld. Og eins og ég sagði, ég býst við að fleirum hafi brugðið í brún en mér þegar þeir lásu þetta, en þarna er blaðamaður Tímans að fjalla um mál sem útideildin í Reykjavík hefur með að gera og jafnframt kemur fram að Rauði krossinn eða Rauðakrosshúsið svokallaða sinnir mjög þessum málum og hefur þess vegna kynnst þessu ástandi kannski betur en margir aðrir.

Ég gat ekki setið á mér að minnast á þessa grein hér því að hún varðar einmitt þessa aldurshópa sem frv. fjallar um og það sýnir kannski best hversu brýnt það er að taka þannig á þessum málum af hendi löggjafans að hægt sé að hjálpa þessu fólki og þá náttúrlega fyrst og fremst með því að vinna forvarnarstarf. Mér sýnist að það sem unnið er á vegum Rauðakrosshússins sé mjög gott forvarnarstarf. M.a. geta börn og unglingar leitað þangað hvenær sem er sólarhringsins eftir hjálp þó að það sé ekki annað en fá símaviðtal. Það kemur fram í greininni að það er ekki sagt við þau: Komdu á morgun og talaðu við okkur klukkan þetta eða hitt. Það er tekið við þeim á stundinni eða þeim veitt viðtal þó ekki sé annað en í gegnum síma.

En ég vildi, hæstv. forseti, aðeins taka undir hversu brýnt það er að fjallað verði um þessi mál og þetta frv. fái málefnalega og góða umfjöllun og afgreiðslu hér í gegnum hv. Alþingi. Ég á sæti í menntmn. sem fær frv. til umfjöllunar og fæ því tækifæri til að taka þátt í umfjöllun þess þar og ætla þess vegna ekki að fara út í einstakar greinar frv., enda er ég sammála meginatriðum þess. Ég hef ekki heldur haft tíma til að lesa það yfir núna eða fara ítarlega ofan í það, en ég vildi sem sagt láta koma fram stuðning minn við frv.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni. Ég fagna fram komnu frv. til laga um vernd barna og ungmenna. Ég hef ekki í sjálfu sér átt þess kost að fara yfir þetta ítarlega en það er þó eitt atriði sem ég vildi koma hér inn á og vekja athygli á, alténd þeirrar nefndar sem fær þetta til umfjöllunar, og eins leita þá svara hjá hæstv. menntmrh. ef hann hefur tök á því nú að leiðrétta mig ef það er rangt sem ég ætla að nefna hér. Það varðar umgengnisrétt foreldra við barn sitt og viðurlög ef þar er á brotið. Mér er kunnugt um eitt slíkt dæmi þar sem svo hagar til að annað foreldrið hefur forræði fyrir barninu og svo er kveðið á að hitt foreldrið skuli einnig fá að njóta samvista við það, eftir ákveðnum leiðum og á ákveðnum tímum. Það hefur samt sem áður alls ekki náð fram að ganga. Viðkomandi aðili hefur alfarið neitað hinu foreldrinu um að sjá barnið og hafa nokkurt samneyti við það. Þetta hefur staðið núna í langan tíma og leitað hefur verið til ráðuneyta um það hvort hægt sé að beita einhverjum ákvæðum sem geta knúið fram rétt þess foreldris sem ekki hefur barnið í sinni forsjá, að þau fái að hittast en þar hefur skort á lagaákvæði, að mér hefur verið tjáð. Ég hef sjálfur athugað þetta fyrir viðkomandi foreldri.

Í barnalögum frá 15. apríl 1981 er kveðið svo á í 40. gr., með leyfi forseta:

„Nú torveldar það foreldri, sem hefur forsjá barns,

að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmrn. þá knúið það að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum."

Þegar farið er að gá að þessu er mjög óskýrt í lögum hvað þessar 200 kr. þýða. Er hér átt við að frá og með þeim degi sem þetta er nú torveldað skuli koma 200 kr. á hverjum degi þaðan í frá eða eru þetta einungis 200 kr. fyrir þann dag sem hefur verið kveðið á um að foreldrið megi hitta barn sitt og þar brýtur á? Eða við hvað er átt? Þar fyrir utan má náttúrlega nefna það að verðgildi þessara 200 kr. breytist í sjálfu sér ár frá ári. Mér var tjáð, að ég tel, að þegar ætti að skoða og leggja fram frv. um vernd barna og ungmenna yrði sérstaklega tekið á þessum þætti. Ég beið eftir því í fyrra að þetta frv. kæmi hér fram. Hæstv. menntmrh. nefndi að það hefði verið lagt fram til kynningar en ekki fengið neina umfjöllun og ég átti þess ekki kost að sitja þá á Alþingi. Mér er því ókunnugt um frekari framgang málsins hér.

Í 34. gr. þessa frv. segir einmitt svo, með leyfi forseta:

„Kveða skal á um fóstur í skriflegum samningi milli fósturforeldra og barnaverndarnefndar. Í fóstursamningi skal kveða á um:" — og síðan kemur d-liður: „umgengni barns við kynforeldra og aðra". Og í 36. gr. segir enn fremur svo, með leyfi forseta, þar sem kveðið er á um umgengni barns í fóstri við kynforeldra: „Barn, sem er í fóstri með eða án samþykkis kynforeldra, á rétt á umgengni við þá og aðra sem eru barninu nákomnir. Kynforeldrum er skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

Kveða skal á um umgengni í fóstursamningi, sbr. d-lið 34. gr." sem ég vitnaði í áðan.

Samt sem áður kemur ekkert fram hvað skuli gera ef þetta atriði nær ekki fram að ganga.

Í athugasemdum við þetta frv. segir svo á bls. 37 um 36. gr., með leyfi forseta:

„Engin lagaákvæði eru til um umgengnisrétt barna í fóstri við kynforeldra sína og aðra sem standa barni nær. Það er því brýn nauðsyn að bæta þar úr og lögfesta slíkan rétt, enda mun almennt talið að um raunverulegan rétt barnsins sé að ræða ef mögulegt er að koma honum við þannig að umgengni þjóni hagsmunum þess."

Þessu er ég fyllilega sammála og enn fremur segir svo neðar í sömu grein, með leyfi forseta:

„Rétt þykir að kveða á um umgengni og það hvernig henni skuli háttað í fóstursamningi, eins og gert er ráð fyrir í 34. gr. frv., til þess að taka af tvímæli og draga úr líkum á vandamálum þegar fer að reyna á framkvæmd umgengni. Þrátt fyrir ákvæði um umgengni í fóstursamningi er ljóst að barnaverndarnefnd verður að hafa vald til þess að breyta umgengnisháttum ef aðstæður breytast þannig að slíkt teljist nauðsynlegt eða heppilegt. Nefndin verður einnig að geta úrskurðað um niðurfellingu umgengnisréttar, hugsanlega í ákveðinn tíma eða jafnvel til frambúðar, ef augljósar ástæður eru fyrir hendi sem réttlæta slíka ráðstöfun að mati nefndarinnar. Enn fremur getur verið nauðsynlegt að ákveða umgengni í hvert skipti."

Hér er sem sagt rætt mjög ítarlega um þessi mál og tekið á þeim hvað það varðar að skyldurnar eru ljósar. Því fagna ég að auðvitað, enda er ótækt annað, hvað svo sem upp á kann að koma í hjónabandi eða sambúð foreldra, en að barn fái að njóta þess sjálfsagða réttar að vera samvistum við báða foreldra sína. En af því að ég þekki það af eigin raun að svo er ekki þar sem til mín hefur verið leitað með slíkt mál, veit ég að í þessu geta komið upp hin mestu vandræði og lagaheimildir virðist skorta til að geta tekið á þessu.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að mér var tjáð að von væri á breytingum í þessi efni þar sem yrði ótvírætt kveðið á um það hvernig sektarákvæðum yrði beitt ef svona lagað kæmi upp, þannig að þetta væri nánast ekki hægt, en mér sýnist það skorta á hér. Ef það vantar í þetta frv. vildi ég benda þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um það hvort eðlilegt sé að þetta komi hér inn og eins þykist ég vita að hæstv. menntmrh. geti svarað því hvort þetta hafi átt að koma hér inn og hafi fallið niður eða hvort mönnum hafi ekki sýnst vera hægt að gera það eða þá að menn eru enn að vitna í að ákvæði séu um þetta í barnalögum, en þá er því til að svara að þau lög duga engan veginn eins og mál standa í dag. Ef möguleiki er á að koma þessu ákvæði inn í það frv. sem hér er lagt til að verði samþykkt legg ég því til að það verði gert.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Ég fagna því að þetta frv. er komið fram hér í Ed. Kvennalistinn hefur tvívegis lagt fram fsp. á undanförnum þingum um hvað frv. liði og nú sjáum við það loks hér í fyrstu mynd. Ég fagna því mjög. Þeir sem kynnst hafa börnum og unglingum hér á Reykjavíkursvæðinu þekkja afskaplega vel, margir hverjir, hvernig ástandið hefur síversnað ár frá ári og ekki síst núna eftir tilkomu bjórsins hefur drykkjuskapur ungmenna vaxið mjög og færst mjög niður í aldursþrepin. Þetta þýðir það að vönduð lög og vönduð meðferð þessara mála er sífellt stærri nauðsyn.

Um lagafrv. vil ég ekki segja mikið að svo stöddu máli. Ég er, eins og einn ræðumaður fyrr í dag, í menntmn. og mun þá reyna að leggja því það skynsamlegt lið sem ég get. Ég vil þó rétt nefna það að mér sýnist að kannski skorti örlítið á það í þessum lögum að tekið sé sérstakt tillit til vilja barnsins sjálfs, hvaða skoðun barnið hafi á meðferð máls síns og hvaða umgengni það vill hafa og hvort það vill vera hjá fósturforeldrum eða öðrum.

Ég veit ekki hvort það er rétt hjá mér, en hér stendur að barnaverndarráð hafi úrslitaákvörðunarvald í þessum málum. Mun ekki vera hægt að skjóta málum barnaverndar til æðri dómstóla en barnaverndarráðs? Þetta er svona í fljótu bragði það sem

mér sýnist að við þyrftum að athuga, en fyrst og fremst vildi ég undirstrika þörfina á því að vönduð lög um verndun barna og ungmenna sjái dagsins ljós og verði samþykkt hér á þessu þingi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem frv. hefur fengið. Sannleikurinn er sá að þó að það hafi ekki verið rætt hér áður á Alþingi og því bara verið dreift til kynningar í fyrra hafa þessi mál fengið talsverða umræðu hér á undanförnum þingum, m.a. í fyrirspurnatímum aftur og aftur, þar sem t.d. hv. fyrrv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hreyfði þessu máli hvað eftir annað og fleiri þingmenn. Það er því alveg ljóst að hér hefur verið mikill áhugi á þessu máli og endurbótum á lögum um vernd barna og ungmenna. Það er eðlilegt vegna þess hvað lögin eru orðin götótt, úrelt að mörgu leyti, og vegna þess hvað vandamálin eru hrikaleg og þá er náttúrlega betra en ekki að hafa sæmileg lög þó að við vitum það öll sem erum hér í þessum sal að lög gefa litla stoð ef ekki fylgir fleira, m.a. eðlilegt framkvæmdakerfi til þess að taka á þeim vandamálum sem hér eru uppi og eru með þeim hætti að þau spyrja ekki um það hvar málin eru vistuð í ráðuneyti.

Þetta eru mál sem snerta mörg ráðuneyti og eitt af því sem er slæmt við þetta stjórnkerfi er það að mál vilja lokast af inni í einstökum ráðuneytafarvegum, og það er eins og þar séu oft engin tengsl á milli. Þetta á auðvitað við um mál hvort sem þau tilheyra mínu ráðuneyti sem nú er eða öðrum, en flest þessi mál sem snerta vernd barna og ungmenna eru í raun og veru á mörkum margra ráðuneyta.

Ég kann að segja margar hörmungarsögur af því hvernig misfarist hefur um meðferð þessara mála af því að menn komu sér ekki saman um það hvar þau ættu heima í stjórnkerfinu. Það er auðvitað ofboðslegur hlutur. Við þekkjum mörg dæmi um slíkt. Við þekkjum t.d. dæmi um að það tókst ekki að taka á sérstökum vandamálum ungra fíkniefnaneytenda vegna þess að togstreita var um það hvar málið ætti heima. Þetta er auðvitað alveg óþolandi, satt best að segja, og yfirvöldum öllum, bæði Alþingi og sveitarstjórnum, til skammar, hvernig þessi mál eru og hafa verið mjög lengi. Ég tala nú ekki um fyrirkomulagið á greiðslukerfi Unglingaheimilis ríkisins sem ég gæti nú haldið um langa tölu þar sem er í raun og veru enn þá inni gamla sveitakerfið. Þess vegna er spurt áður en barnið fær viðhlítandi þjónustu: Hvaðan er barnið? Hvaðan er unglingurinn? Er sveitarfélagið tilbúið að borga fyrir hann? Eða þá hitt gerist að Unglingaheimili ríkisins tekur barnið inn, eða unglinginn, og sveitarfélagið, sem oft er lítið, fær svo gríðarlegan reikning sem það ræður ekkert við. Niðurstaðan hefur því orðið sú að Unglingaheimili ríkisins hefur fyrst og fremst verið úrræði fyrir þau sveitarfélög sem hér eru í kring. Af þeim ástæðum ákváðum við að meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur, sem verður á Móum á Kjalarnesi, verður hrein ríkisstofnun en ekki með þessu daggjaldakerfi sem stríðir í raun og veru gegn öllum nútímalegum jafnréttishugmyndum í félagslegri meðferð á vandamálum af þessu tagi.

Það væri hægt að hafa hérna miklar umræður í framhaldi af þeim ábendingum sem fram komu hjá hv. 6. þm. Reykn. vegna greinar í dagblaðinu Tímanum í dag. Einnig mætti t.d. fara yfir vanda vegalausra barna sem eru hér mörg í þessu landi, alveg ótrúlega mörg. En þar kemur upp þessi vandi: Hver á að beita sér fyrir lausn á þeim málum? Er það þessi eða er það hinn? Við höfum tekið á þessum málum í menntmrn. þó að þetta sé út af fyrir sig ekki bara okkar mál samkvæmt þessum þrönga stjórnkerfisskilningi, heldur sé þetta málefni sveitarfélaga og heilbrrn. og félmrn. Niðurstaða í það hvar sá málaflokkur á að vistast hefur út af fyrir sig fengist í núverandi ríkisstjórn eftir nokkra yfirferð mála á milli ráðuneyta. Við teljum að þetta eigi að vera í félmrn. En vandinn er líka sá að þessi reglustikupólitík sem stjórnkerfið er rekið eftir dugir ekki í svona málum, menn verða að sýna sveigjanleika, og það að segja: sveitarfélagsins er þetta og ríkisins er hitt, óþarfa stífni í þeim efnum getur iðulega komið niður á þeim sem síst skyldi.

Þá vil ég víkja aðeins að ábendingum sem hér komu fram. Ég þakka fyrir þær og ég tel að þær séu allar gildar. Ég fer fram á það við hv. nefnd sem með málið fer að hún taki mið af þeim ábendingum sem hér hafa komið fram frá þeim þingmönnum sem talað hafa, hv. 18. þm. Reykv., 8. þm. Reykn. og 6. þm. Reykn. Í sjálfu sér get ég ekki svarað mjög miklu um þær spurningar sem hér voru lagðar fyrir en ætla þó að reyna að fara yfir nokkrar þeirra. Það er fyrst spurt: Hefur verið leitað umsagnar sveitarfélaganna og samtaka þeirra? Ég get því miður ekki svarað þessari spurningu, en ég bendi á að Ingibjörg Rafnar átti sæti í nefndinni sem undirbjó frv. og hún átti um skeið sæti í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég vænti þess því að samtök sveitarfélaga, heildarsamtökin, hafi farið yfir þetta mál og ég held að í raun og veru sé nokkuð góð samstaða um þetta meðal sveitarstjórnarmanna. Ég hef tekið þetta mál upp á samráðsfundum ríkis og sveitarfélaga sem eru haldnir tvisvar á ári, held ég, og það hefur enginn gert neina athugasemd við þennan fyrirhugaða flutning á málaflokkum frá menntmrn. til félmrn.

Hv. 8. þm. Reykn. vék hér aðeins að 34. og 36. gr. frv. varðandi annars vegar fóstursamninga og hins vegar umgengni barns í fóstri við kynforeldra og innti eftir því hvar sektarákvæðin væru. Það ber að játa að þau eru ekki í frv. Þau eru heldur ekki í almennu viðurlagagreinunum að því er ég best fæ séð, og mér finnst sjálfsagður hlutur að hv. þingnefnd taki þetta til sérstakrar skoðunar, í fyrsta lagi hvort sektarákvæðin eiga heima í þessum lögum eða hvort þau eiga að vera í barnalögum og þá skýrari þar en þau eru nú. Eða þá það hvort menn komast kannski að þeirri niðurstöðu að sektarákvæðin séu heldur gagnslítil þegar komið er út á þetta svið mannlegra samskipta. Ég hygg að sektarákvæði mundu út af fyrir sig ekki leysa mikinn vanda fyr-

ir það barn eða það foreldri sem í hlut ætti, því eftir að farið væri að beita sektarákvæðinu er hætt við að sambúð foreldris og barns geti hugsanlega orðið svo erfið, af því að sektarákvæðinu hefði verið beitt, að það þurfi alveg sérstakrar úrlausnar við. Ég sé í grg. með 36. gr. að hún er í raun og veru óvenju ítarleg að því er varðar úrræði barnaverndarnefndanna sem slíkra. Ég bendi líka á 21. gr. og grg. með henni. Hún er einnig mjög ítarleg. Þar er farið yfir þessi samskiptamál mjög nákvæmlega, eins nákvæmlega og mögulegt er að gera í grg. með lagafrv. Við vitum að í mannlegu félagi er það svo að vel getur verið að þróun þessara mála verði þannig á komandi árum að engin lagaákvæði eigi nokkurn tímann við neitt það tilvik sem upp kann að koma af því að þetta er svo misjafnt og frábrugðið frá máli til máls. Ég get því ekki sagt neitt annað um þetta mál en að mér fyndist að hv. menntmn. ætti að taka á þessu máli og getur auðvitað verið að hér séu menn í deildinni sem kunna betur skil á því, eins og hv. 2. þm. Suðurl. sem lengi gegndi embætti dómsmrh.

Það var athyglisvert sem fram kom hér hjá hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur varðandi tilkomu bjórsins, að við hana hafi vandamál aukist. Það var verulegt áhyggjuefni okkar margra hér þegar bjórmálið var rætt á sínum tíma. Það var nú sagt við okkur, þessa aðila sem gerðu athugasemdir, snemma á þessu ári að hrakspár okkar hefðu sem betur fer ekki ræst við það að bjórinn var leyfður. Við hefðum verið of svartsýn og það er nú vonandi þannig. Þó skal ég ekkert um það segja. Ég óttast að afleiðingarnar sjáist því miður ekki bara á fyrsta árinu, heldur taki það mikið lengri tíma að skila sér þannig að mælanlegt sé miðað við það sem áður var.

Ég vil einnig geta þess, virðulegur forseti, að í þinginu hefur aftur og aftur verið rætt mál sem er auðvitað partur af þessum málaflokki. Það er frv. til laga um umboðsmann barna, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur flutt nokkrum sinnum á Alþingi. Ég velti því aðeins fyrir mér hvort ákvæði um umboðsmann barna ættu að vera í þessu frv. en ég komst að þeirri niðurstöðu að það væri óeðlilegt vegna þess að í raun og veru ætti umboðsmaður barna að fara með réttindamál barna og unglinga andspænis kerfinu og þar með framkvæmd á þessum lögum út af fyrir sig. Þess vegna væri skynsamlegra, ef menn vildu setja lagaákvæði um umboðsmann barna, að annaðhvort væru sett um það sérlög eða þá að það yrði viðauki með einhverjum hætti við lögin um umboðsmann Alþingis. Mér finnst hins vegar skylt að nefna þetta mál vegna þess að það tilheyrir óneitanlega þeim málaflokki sem hér er verið að ræða um, sem er réttindi barna og ungmenna.

Ég endurtek þakkir mínar til þeirra þingmanna sem hér hafa talað fyrir það að hafa lýst yfir almennum stuðningi við frv., þó það sé auðvitað svo með þetta frv. eins og önnur að það þarfnist vandlegrar skoðunar. En ég vona vegna þess hvað frv. kemur snemma fram á þessu þingi að það takist að afgreiða það í vetur því að gildandi lög um þessi mál þarfnast lagfæringar.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að flytja þetta frv. hér. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki enn farið yfir það svo ég geti rætt það efnislega. En ég sit í þeirri nefnd sem um það mun fjalla og kynnist því þá ítarlega. Það er svo vandasamt og mikilvægt málefni sem þetta frv. fjallar um að það hlýtur að vera nauðsynlegt að endurskoða lögin öðru hvoru miðað við þær miklu breytingar sem eru sífellt að verða á okkar þjóðfélagi og þá hvernig hægt er með löggjöf að bregðast við þeim vanda sem aðstæðurnar skapa.

Þó við séum öll sammála um að löggjöf þurfi að vera sem best og vönduðust þá býst ég við, og það hefur reyndar komið fram hér í máli ræðumanna sumra a.m.k., að lögin ein stoði ekki. Við verðum að varast að hafa það sem afsökun fyrir okkur að við reynum bara að setja góð lög og síðan eigi aðrir að sjá um að þau leiði til þess að hlutirnir verði í góðu lagi. Því miður er málið ekki svo einfalt. Við sjáum það eins og hér hefur verið vikið að hversu margt er öðruvísi en það ætti að vera í þessum efnum.

Ég verð að viðurkenna eftir veru mína í dómsmrn. að ömurlegustu málin sem ég kynntist þar voru skilnaðir og deilur um forræði yfir börnum og annað sem af því leiddi þar sem oft virtist ómögulegt, og var auðvitað ómögulegt, að leysa málin á farsælan hátt fyrir börnin. Aðstæðurnar voru orðnar þannig. Spurningin var aðeins hvað var hægt að gera skást.

En það sem óneitanlega kom í huga minn hér við umræðuna er efni 68. gr., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ef maður hvetur barn eða ungmenni til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á siðferðilega glapstigu þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum.“ Þá vaknaði hjá mér spurningin, hvað er hvatning? Er ekki verkleg kennsla hvatning? Og vegna þess sem hér var vitnað í grein í Tímanum í dag og eins það sem hv. 18. þm. Reykv. sagði um bjórinn, þá vitum við það að Alþingi hélt uppi mjög miklum áróðri og hvatningu til neyslu áfengs öls núna fyrir tveimur árum með sinni afstöðu. En síðan er það sem ég hef gagnrýnt og það er að ríkisvaldið heldur uppi verklegri kennslu í áfengisneyslu með því að veita það alls staðar við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Og hvar eru komin mörkin við þau ákvæði sem segir í 68. gr. um að varði við lög?

Það sem ég vildi segja með þessu er að ég held að okkur öllum hætti til þess að reyna að friða samviskuna með lagasetningu og öflugu eftirliti og segja svo að málið komi okkur ekkert við. Það var seinast í nótt sem ég kom hingað í bæinn og stöðvaði bílinn þegar ung manneskja stóð á götunni, óskaði að fá flutning í annað bæjarhverfi og sagði að sér liði illa. Það er heldur ömurleg sjón sem mætir okkur hér alltaf þegar við komum út á göturnar og sjá-

um hversu margir hafa farið þar illa með sig, að við tölum nú ekki um það sem einstaklingarnir ráða ekki við, þ.e. börnin skapa ekki aðstæðurnar sem eru í þjóðfélaginu. Það eru aðrir sem gera það og þau verða svo fórnarlömb umhverfisins. Auðvitað er þetta ástand í þjóðfélaginu ekkert af öðru en því hvernig við sem eldri erum sköpum umhverfið. Og út yfir tekur þó þegar nú er staðfest að neysla verðandi móður á áfengi veldur skaða á ófæddu barni, bæði andlegu og líkamlegu atgjörvi. Og að ríkisvaldið skuli vera að veita það efni sem sannað er að veldur slíku tjóni á óbornum kynslóðum. Mér finnst eitthvað vanta í samhengið þegar fólk segir svo að nú þurfi að gera allt sem hægt sé til þess að koma í veg fyrir þetta tjón og þetta ástand.

Það sem ég vildi vekja athygli á með orðum mínum er sem sagt þetta: Ég held að það þurfi gjörbreyttan hugsunarhátt í okkar þjóðfélagi þar sem menn skilji ábyrgð sína, hver og einn, sem einstaklingar. Og þó að ég taki undir það að við þurfum að setja vönduð lög þá nægja þau ekki ef skilningurinn sem ég vék að er ekki fyrir hendi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

3. fundur, þriðjudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. KE o.fl., 2. mál (útgáfa bráðabirgðalaga). — Þskj. 2.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944. Flm. ásamt mér eru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„28. gr. falli brott."

Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar sem hér er gert ráð fyrir að falli brott veitir heimild til útgáfu bráðabirgðalaga að vissum skilyrðum uppfylltum. Það hefur staðið frá því að landinu var fyrst sett stjórnarskrá árið 1874. Árið 1915 var tveimur nýjum málsgreinum bætt við 28. gr. og smávægilegar breytingar voru gerðar á greininni árið 1920. Ákvæðið var tekið upp í 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með þeirri breytingu einni að „forseti" kom í stað „konungs".

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar nú þannig:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið."

Þegar ákvæðið um útgáfu bráðabirgðalaga var sett inn í stjórnarskrá voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi talsvert frábrugðnar því sem nú er. Alþingi kom saman til fundar annað hvert ár, í upphafi aðeins að sumri til. Samgöngur voru með allt öðrum hætti og alþingismenn höfðu þingmennsku ekki að aðalstarfi. Það þótti nauðsynlegt, þótt umdeilt væri, að setja eins konar neyðarréttarákvæði í stjórnarskrána þannig að konungur og ríkisstjórn gætu gripið til bráðabirgðalaga ef sérlega mikið lægi við. Orðin „þegar brýna nauðsyn ber til" eru sett til áréttingar því að ekki megi fara frjálslega með þessa heimild. Því miður hefur reynslan sýnt að túlkun þessara orða hefur verið mjög frjálsleg. Virðist í mörgum tilvikum sem nauðsyn fyrir útgáfu bráðabirgðalaga hafi ekki verið brýn. Fjöldi bráðabirgðalaga hérlendis verður að teljast óeðlilegur, en frá stofnun lýðveldisins hafa verið gefin út tæplega 260 bráðabirgðalög.

Nú á tímum situr Alþingi mikinn hluta hvers árs og þingmennska er orðin fullt starf. Samgöngur hamla því ekki að Alþingi sé kallað til aukafunda með mjög skömmum fyrirvara til þess að fjalla um málefni sem þola enga bið. Kostnaður við að kalla saman aukaþing er mjög lítill. Það er alkunna að ríkisstjórn boðar oftast þingflokka stjórnarliðsins til funda til þess að bera undir þá efni væntanlegra bráðabirgðalaga. Eðlilegra væri að Alþingi væri kallað saman þar sem ekkert er því til fyrirstöðu að kveðja menn til fundar án fyrirvara. Heimild stjórnarskrárinnar til útgáfu bráðabirgðalaga er því ekki nauðsynleg lengur. Ríkisstjórnir hafa farið mjög frjálslega með mat á því hvað sé brýn nauðsyn miðað við forsögu 28. gr. stjórnarskrárinnar, en gert var ráð fyrir að útgáfa bráðabirgðalaga væri hrein undantekning. Ríkisstjórnir hafa hins vegar oft gefið út bráðabirgðalög skömmu áður en Alþingi er kallað saman og stuttu eftir að þingi hefur verið slitið eða jafnvel í jólaleyfi þingmanna. Alþingismenn hafa ekki verið nægilega á verði gegn ofnotkun þessa ákvæðis og oft samþykkt bráðabirgðalög sem engin ástæða var til að gefa út utan þingtíma. Oft eiga alþingismenn ekki annarra kosta völ en að samþykkja bráðabirgðalög þar sem áhrifa laganna er þegar tekið að gæta og mikið tjón kann að verða ef lögin fást ekki samþykkt. Fræðimenn í stjórnskipunarrétti deila um að hve miklu leyti dómstólar geti metið hvort brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu bráðabirgðalaga. Margir telja að dómstólar verði að una við mat ríkisstjórna á því hvað sé brýn nauðsyn, en aðrir fræðimenn telja að dómstólum sé heimilt að meta þetta atriði. Um þetta mat hljóta þó

alltaf að vera skiptar skoðanir.

Í Danmörku og Noregi er útgáfa bráðabirgðalaga heimiluð, en ekki er heimild til útgáfu bráðabirgðalaga í stjórnarskrám Svíþjóðar og Finnlands. Í Danmörku er heimildin bundin því skilyrði að ekki sé unnt að kalla þingið saman. Danir hafa þannig mun þrengri skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. Telja verður að við Íslendingar getum vel fylgt fordæmi Finna og Svía. Ef ókleift er af einhverjum ástæðum, t.d. af völdum náttúruhamfara eða styrjalda, að kalla Alþingi saman eru til ýmis neyðarréttarsjónarmið í stjórnskipunarrétti sem unnt er og eðlilegra að styðjast við. Í riti sínu „Stjórnskipun Íslands" segir dr. Ólafur Jóhannesson að ekki sé leyfilegt að víkja frá ákvæðum stjórnarskrár nema mikið liggi við og kringumstæður séu mjög óvenjulegar. Þessari heimild eru þó settar mjög þröngar skorður þar sem engin neyðarréttarregla er í stjórnarskránni sjálfri. Í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari vék Alþingi frá stjórnarskipunarlögum er ráðstafa þurfti valdi konungs og fresta kosningum. Helgaðist þetta af því hættuástandi sem þá ríkti.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar hefur fleiri galla en kosti og er í raun hættulegt lýðræðinu. Stjórnvöldum er í lófa lagið að beita ólýðræðislegum vinnubrögðum og skipa málefnum með lögum án atbeina Alþingis ef þau telja það henta. Þetta ákvæði ber því að nema úr stjórnarskránni nú þegar því að það felur ekki í sér það öryggi sem því var upphaflega ætlað að veita.

Haustið 1982 var lagt fram á þingi frv. sama efnis og þetta af þingmönnum Alþfl. í Nd. sem þá voru. Fyrsti flm. þess frv. var Vilmundur Gylfason en meðflm. voru Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon og Karvel Pálmason. Það frv. náði ekki fram að ganga. Þá var á 111. og 112. þingi lagt fram frv. af nokkrum þingmönnum Nd. þar sem lagt var til að 28. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt þannig að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga verði þrengd.

Ef tekin eru nokkur dæmi af því hvernig bráðabirgðalögin hafa verið notuð, og ef ég tek dæmi nokkuð langt aftur í tímann eða allt frá árinu 1934. Ég styðst við ritgerð sem samin var sem hluti af námi í lögfræði en Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður í Keflavík, samdi þessa ritgerð árið 1976 og fjallar hún um bráðabirgðalög. Fyrsta dæmið eru bráðabirgðalög frá 10. september 1934 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma og fleira. Hann segir hér í sinni ritgerð, með leyfi forseta:

„Rökstuðningur fyrir setningu þessara laga var að ástand það er þá ríkti í landinu um meðferð og sölu mjólkur væri með öllu óviðunandi og þyrfti skjótra aðgerða við til lagfæringa þess. Alþingi kom saman 1. okt. 1934, þ.e. 20 dögum eftir að lögin voru sett og er erfitt að koma auga á þá brýnu þörf sem úr þyrfti að bæta þannig að ekki mætti bíða eftir því að þing kæmi saman." Það sem merkilegt var við þetta var að lögin öðluðust ekki gildi fyrr en eftir að þing kom saman vegna þess að þau voru ekki birt fyrr en 8. okt. þannig að þarna var alveg greinilegt að ekki var nauðsyn á setningu þessara laga.

Svipað dæmi tekur hann um lög sem sett voru 26. sept. 1934 um bann við útflutningi á síldarmjöli. Þau tóku heldur ekki gildi fyrr en viku eftir að þing kom saman. Þriðja dæmið sem hann tekur er fækkun stjórnarmanna í Síldarverksmiðjum ríkisins úr fimm í þrjá og ástæðan var eingöngu sú að tveir stjórnarmanna höfðu sagt af sér. Þau bráðabirgðalög voru sett tveim dögum eftir að Alþingi var slitið, þann 12. maí, en Alþingi var slitið 10. maí.

Önnur bráðabirgðalög frá þessum árum fjölluðu um leigunám Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík. Það sem gefið var upp þá var að það væri svo mikill óþrifnaður í stöðinni og vitnað til deilu milli félagsins sem rak Mjólkurstöðina og utanfélagsmanna um gjald sem átti að greiða. Í því tilfelli er ákaflega hæpið að nauðsynlegt hafi verið að setja bráðabirgðalög.

Ef við færum okkur aðeins nær í tíma, til 1954, þá tekur Vilhjálmur dæmi um mjög frjálslega túlkun á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Það eru bráðabirgðalög um stofnun sérstaks lögreglustjóraembættis á Keflavíkurflugvelli. Voru rökin með þeirri útgáfu að það væri mjög brýnt að hafa lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli vegna varnarliðsins. En þá hafði herliðið verið hér í þrjú ár og var erfitt að sjá af hverju þyrfti að setja bráðabirgðalög skyndilega og af hverju þyrfti að setja bráðabirgðalögin 19. janúar þegar var þinghlé vegna jólanna.

Mjög oft hafa þingmenn verið andvaralausir gagnvart þessu ákvæði en þó hafa oft verið miklar deilur á Alþingi um notkun þess. Mjög harðar deilur urðu á Alþingi árið 1961 þegar sett voru bráðabirgðalög um breytingu á því hver ákvæði gengisskráningu. Þá deildu menn hart og mikið. Bráðabirgðalögin gengu þá út á það að gengisskráningarvaldið var flutt frá Alþingi yfir til Seðlabankans. Þó svo að enginn sem talaði í umræðunni bæri brigður á það að ríkisstjórnin gæti á milli þinga ákveðið gengið fannst þeim of langt gengið að hún gæti haft rétt til að flytja gengisskráningarvaldið frá Alþingi til Seðlabankans. Ólafur Jóhannesson, þáv. prófessor í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskóla Íslands, sagði orðrétt í þessu sambandi, með leyfi forseta:

„Með seðlabankalöggjöfinni, sem sett var þannig á síðasta Alþingi, staðfesti því hæstv. ríkisstjórn og Alþingi þann vilja sinn að gengisskráningarvaldið, ákvörðunarvaldið um gengi íslenskrar krónu, skyldi áfram og framvegis vera í höndum löggjafans, í höndum Alþingis."

Það var hvergi, eins og ég sagði áðan, imprað á því í sambandi við þetta mál að það væri nokkur ástæða til, hvað þá nauðsynlegt, að taka það mál úr höndum Alþingis. Þannig var á þessum tíma mjög ólýðræðislega á málum haldið og augljóst að vald ríkisstjórnarinnar til setningar bráðabirgðalaga var oft misnotað hrapallega.

Mig langar að upplýsa að í þessari sömu ritgerð sem ég minntist á sem Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður, þá lögfræðinemi, skrifaði 1976 er skrá

um útgáfu bráðabirgðalaga frá stofnun lýðveldis á Íslandi 1944 til ársloka 1975. En ég tek ekki að fleiri dæmi frá þeim tíma.

Á árinu 1990 hefur ríkisstjórnin fjórum sinnum gefið út bráðabirgðalög. Í janúar, í jólaleyfi þingmanna, voru gefin út bráðabirgðalög nr. 1 frá 13. jan. 1990 um viðauka við lög nr. 74 frá 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjóra og fleira. Er vandséð að brýna nauðsyn hafi borið til þess svo skömmu áður en fundum Alþingis var fram haldið eftir jólahlé. Ég efast um að margir hafi verið ósáttir við efni þessa frv. Alla vega var það ekki í neinum verulegum mæli. En í nál. allshn. Ed. segir, með leyfi forseta: „Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi samkvæmt boði 28. gr. stjórnarskrárinnar til að staðfesta bráðabirgðalög er gefin voru út 16. janúar 1990, níu dögum áður en þing kom saman. Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar skal ekki gefa út bráðabirgðalög nema brýna nauðsyn beri til. Í umræðum innan nefndarinnar kom fram að óvíst hafi verið hvort dráttur á lögfestingu þessa ákvæðis uns Alþingi kom aftur til funda hefði valdið miklum vanda. Vill nefndin leggja áherslu á að gætilega sé farið með þessa heimild stjórnarskrárinnar."

Þingmenn Ed. vöktu athygli á því að óeðlilegt væri að gefa út þessi bráðabirgðalög svo skömmu áður en Alþingi kom saman. Er ég alveg viss um það að Alþingi tekur tillit til þess ef um er að ræða mál sem brýn nauðsyn er að afgreiða á stuttum tíma og hraðar umfjöllun sinni ef brýna nauðsyn ber til.

Þrenn bráðabirgðalög voru gefin út á sumarmánuðum. Af þeim má nefna bráðabirgðalög nr. 87 frá 3. ágúst 1990 um launamál. Þingkonur Kvennalistans telja að ríkisstjórnin hafi með þeim bráðabirgðalögum beitt sérlega ólýðræðislegum vinnubrögðum auk þess að virða að vettugi samningsrétt viðsemjenda sinna. Og það sem er e.t.v. enn alvarlegra er að fullvíst má telja að þar hafi ríkisstjórnin einnig sett lög á dóm, en félagsdómur hafði úrskurðað í þessu máli og ríkisstjórnin ógilti þann úrskurð. Að mati Kvennalistans ber að kalla Alþingi saman þegar fjallað er um svo veigamikið málefni.

Kvennalistinn telur ríkisstjórnina nota sér heimild um bráðabirgðalög til að forðast eðlilega umfjöllun Alþingis. Svo ég vitni aftur í ritgerð Vilhjálms, þá var niðurstaða hans og þeirra lögfræðinga sem voru honum til halds og trausts, á þeim tíma sem þessi ritgerð var samin, og ég vitna orðrétt í, með leyfi forseta: „... að allt of langt hafi verið gengið í þá átt að gefa út bráðabirgðalög af litlu tilefni. Þó þetta hafi viðgengist í u.þ.b. 40 ár án verulegra athugasemda Alþingis eða afskipta dómstóla getur sú venja ekki vikið þessum skýru orðum stjórnarskrárinnar „brýn nauðsyn" algjörlega til hliðar. Þessi framkvæmd og afskiptaleysi Alþingis af henni hefur leitt til þess að bráðabirgðalöggjafinn metur nú þetta skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar að brýna nauðsyn þurfi að bera til útgáfu bráðabirgðalaga mun vægar en hugmyndir virðast hafa verið uppi um í byrjun aldarinnar og áður og gefur út bráðabirgðalög af mjög óverulegu tilefni, samanber dæmin hér að framan og meðfylgjandi skrá."

Í grein sem Pétur Kr. Hafstein skrifaði í Morgunblaðið þann 16. ágúst tekur hann undir það sem sagt var í forustugrein Morgunblaðsins frá 4. ágúst en þar sagði eftirfarandi, með leyfi forseta: „Þess vegna á að vera óþarfi að veita ríkisstjórnum nokkurn rétt til útgáfu bráðabirgðalaga. Ef Alþingi hefði verið kallað saman til að setja þessi lög" — þá eru þeir að tala um bráðabirgðalögin sem sett voru í sumar — „hefði enginn grundvöllur verið fyrir því að telja siðferðilegar forsendur skorta fyrir setningu laganna. Ástæða er til að taka til alvarlegrar umræðu að afnema rétt ríkisstjórna til útgáfu bráðabirgðalaga. Til þess er þingið að setja lög." — Og Pétur Kr. Hafstein segir af tilefni þessara orða: „Hér er e.t.v. komið að kjarna málsins. Það er óþarfi að ögra réttlætisvitund manna þegar hægur vandi er að komast hjá slíku. Það er óþarfi að gefa fólki færi á að draga trúnað í efa þegar það má auðveldlega forðast. Það er óþarfi að vekja upp þá spurningu hvort siðferðilegar ástæður fyrir lagasetningu skorti þegar löggjafinn sjálfur getur þegar í stað tekið af öll tvímæli um slíkt."

Þetta eru aðeins fáein dæmi um skoðun manna á því að afnema beri heimild ríkisstjórna til að setja bráðabirgðalög og aðeins dæmi um þá miklu umræðu sem varð nú í sumar eftir að ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalög, sérstaklega þau sem ég hef nú gert að umtalsefni frá 3. ágúst.

Þingkonur Kvennalistans telja að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga sé óþörf og óeðlileg, þar eð ekkert er því til fyrirstöðu lengur að Alþingi komi saman með stuttum fyrirvara til að fjalla um lagafrv. og taka afstöðu til þeirra.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem til umræðu kemur hér á hv. Alþingi hugmynd um annaðhvort að þrengja réttinn til útgáfu bráðabirgðalaga eða fella hann alfarið niður, eins og raunar kom fram í máli hv. flm. þessa frv. og kemur einnig fram í grg. með frv. Ég minni á það sem einnig er tæpt á hér í grg. og í ræðu hv. flm. að á 111. og 112. þingi var lagt fram frv. til stjórnskipunarlaga þar sem 1. flm. var hv. þm. Páll Pétursson. Það kom til nokkurrar umræðu vorið 1989 en ekki á þinginu í fyrra vegna þess hversu seint það var lagt fram. Í því frv. var lagt til að 28. gr. stjórnarskrárinnar yrði þrengd mjög, hins vegar var ekki lagt til að hún yrði felld brott, eins og hér er gert.

Ég vil aðeins í þessu samhengi rifja upp það sem ég sagði í umræðum hér í hv. Nd. þann 26. apríl 1989. Um frumvarpsgreinina sem varðar 28. gr. lét ég orð falla á þessa leið: „Frv. gerir ráð fyrir að verulega sé þrengdur réttur ríkisstjórna til slíkra athafna, eins og hv. 1. flm. rakti hér áðan. Allt er þetta til bóta, en ég vil hins vegar stíga skrefið til fulls og afnema algjörlega heimildina til að gefa út bráðabirgðalög."

Ég bætti síðan við nokkrum atriðum sem er etv.

rétt að ég rifji upp hér, með leyfi hæstv. forseta: „Þingmenn hafa gjarnan gagnrýnt yfirgang framkvæmdarvaldsins eins og það heitir og oftast er sú gagnrýni á rökum reist. En þeir eiga það hins vegar við sjálfa sig og eiga við sjálfa sig að sakast og raunar ekki aðeins um það að framkvæmdarvaldið gangi á rétt löggjafans, heldur verður að viðurkenna það að löggjafarvaldið seilist oft og tíðum inn á svið framkvæmdarvaldsins og það er ekkert betra. Það er á valdi þingsins hvaða heimildir það veitir framkvæmdarvaldinu. Þær heimildir eru allt of rúmar í dag. Löggjafarvaldið á aldrei að framselja. Það hefur hins vegar verið gert en þær heimildir ber að afnema. Meðan löggjafarvaldið gerir það ekki er gagnrýni á framkvæmdarvaldið að þessu leyti marklaus. Það er auðvelt að kalla þingið saman ef nauðsyn krefur að sett sé ný löggjöf í þinghléum. Það eru allt aðrar aðstæður nú en ríktu hér á landi þegar þessi heimild var sett í stjórnarskrána. Samgöngur hafa gjörbreyst, þingið situr miklu lengur en það gerði áður. Raunar kom það ekki saman nema annað hvert ár til kannski nokkurra vikna setu. Og það er ekki bara það að þingið sitji lengur en áður, heldur eru líkur á að þingtíminn lengist með hverju ári sem líður. Allt þetta ber því að sama brunni. Heimildir til útgáfu bráðabirgðalaga eiga ekki að vera í stjórnarskrá. Þær á að afnema með öllu."

Þetta voru mín orð vorið 1989 og skoðun mín hefur alls ekkert breyst síðan, nema síður sé. Og það er vegna þess að ýmislegt það hefur gerst frá því að þessi orð voru töluð sem renna enn frekari stoðum undir þá skoðun mína að þessar heimildir ríkisstjórna til útgáfu bráðabirgðalaga eigi að afnema með öllu.

Hv. flm. frv. sem hér er til umræðu rakti nokkuð það sem hefur gerst frá þessum tíma og nægir þar að nefna það sem einnig er rakið hér í grg. með frv. sem gerst hefur á árinu 1990, þessu ári. Og ég hef svo sem engu að bæta við það sem þar er rakið og, eins og ég sagði, rennir stoðum undir þá skoðun að þessi heimild eigi ekki að vera í stjórnarskránni.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir, 1. flm. þessa frv., tók þátt í umræðunni 1989 og sagði þá um þetta atriði, um þessa grein í því frv. um 28. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vænti þess að nokkur almennur stuðningur sé við þau ákvæði frv. að setja meiri skorður en nú er við útgáfu bráðabirgðalaga. Slíkt er a.m.k. eðlilegt frá sjónarhóli þingsins og þörfin fyrir slíkt ákvæði hlýtur að vera minni frá sjónarhóli ríkisstjórna þegar litið er til þess ákvæðis frv. að kalla Alþingi saman eigi síðar en fjórum mánuðum eftir þingrof og þrem vikum eftir skipun nýrrar ríkisstjórnar."

Ég skil hv. þm. svo að hún hafi breytt afstöðu sinni þannig að nú sé hún orðin sannfærð um það sem hún hefur varla verið vorið 1989 að þessa heimild eigi að afnema með öllu. Ég fagna þeirri breytingu á afstöðu.

Það er aðeins rakið hér í grg. og kom líka fram í orðum hv. flm. hverjar heimildir eru hér í næsta nágrenni við okkur. Þar er m.a. sagt að í Danmörku sé heimildin til að gefa út bráðabirgðalög bundin því skilyrði að ekki sé unnt að kalla þingið saman. Raunverulega eru skilyrðin í dönskum lögum enn þá þrengri vegna þess að það er t.d. alls ekki heimild í dönskum lögum til þess að gefa út bráðabirgðalög sem varða skattamál að einu eða neinu leyti. Það er algjörlega bannað. Það var meginástæðan fyrir því að danska þingið var kallað saman á síðasta ári til þess að fjalla um skatt á steinolíu þegar þúsundir ef ekki tugþúsundir Dana voru komnir með fullt af steinolíubrúsum í kjallarana hjá sér vegna breytinga á skattlagningu á steinolíu. Það var sem sagt ástæðan og það er auðvitað algjört lágmark að þrengja þetta svo, ef það á að vera með nokkra heimild, sem ég sem sagt er andvígur. Ég lýsi þess vegna yfir fullum stuðningi við þetta frv.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hvað eftir annað á síðustu árum hafa gosið upp umræður um nauðsyn þess að gera breytingu á stjórnarskipunarlögum og þingskapalögum sem ég held að flestir séu sammála um að séu meingölluð. Forsetar Alþingis hafa tekið þátt í þessari umræðu og rætt um þessi mál hvað eftir annað og talið eðlilegt að beita sér fyrir breytingum á þessu þingi þegar kosningar til Alþingis eru fram undan. Tveir af forsetum þingsins sem sæti eiga í hv. Nd. voru enda meðflm. frv. til stjórnarskipunarlaga sem var 512. mál síðasta þings og 1. flm. var Páll Pétursson. Hinn 19. sept. sl. skrifuðu forsetar Alþingis formönnum þingflokka bréf sem ég er ekki viss um að hafi verið kynnt öllum þingflokkum, enda ekki mjög langt um liðið. Ég tel því ástæðu, með leyfi hæstv. forseta, að kynna efni þessa bréfs. Það hljóðar svo:

„Forsetar hafa frá því sl. vetur rætt á fundum sínum um ýmisleg atriði í framkvæmd þingskapa sem nauðsynlegt er að þeirra dómi að breyta eða a.m.k. að orða skýrara en gert er í núgildandi þingsköpum. Í þessum umræðum hefur þó jafnan komið fram það sjónarmið að eðlilegast væri áður en lögð verður vinna í að yfirfara þingsköpin, að láta fyrst reyna á það grundvallaratriði hvort samstaða geti tekist meðal þingmanna um að afnema deildaskiptingu Alþingis þannig að það starfaði framvegis í einni málstofu.

Í þessu sambandi má benda á að á tveimur síðustu þingum hefur verið lagt fram mjög ítarlegt frv. til stjórnarskipunarlaga sem felur í sér afnám deildaskiptingar þingsins. 1. flm. þess var Páll Pétursson en meðflm. voru úr öllum þingflokkum nema Sjálfstfl. Formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, lýsti hins vegar yfir því í eldhúsdagsumræðum við þinglok í vor að höfuðverkefnið innan Alþingis væri að sameina það í eina málstofu og formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Ólafur G. Einarsson, sagði í fjölmiðlum skömmu eftir þinglausnir að deildaskiptingin væri ekki aðeins úrelt, heldur væri hún einnig skaðleg fyrir vinnulag innan þingsins og álit Alþingis í þjóðfélaginu og færði fyrir því margvísleg rök.

Forsetar hafa því ástæðu til að ætla að afnám deildaskiptingarinnar hafi mjög mikinn hljómgrunn í öllum þingflokkum og að samstaða gæti tekist um slíka gerbreytingu á skipulagi Alþingis nú á því þingi sem í hönd fer.

Það er niðurstaða forseta eftir talsverðar umræður um þetta mál að heppilegast sé á þessu stigi að leita til formanna þingflokka með ósk um að þeir reyni að ná samkomulagi sín á milli um frv. sem fæli í sér nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá og þingskapa-lögum til þess að þetta mætti takast nú á síðasta þingi þessa kjörtímabils.

Í þeim frv. sem lögð hafa verið fram og í þeim umræðum sem um þau hafa orðið, til að mynda frv. Páls Pétursonar og fleiri, hefur verið tekið á mörgum fleiri þáttum sem varða störf Alþingis, svo sem eftirliti þingsins með framkvæmdarvaldinu, þingsetu ráðherra, bráðabirgðalögum, þingrofi, aukafjárveitingum, samkomutíma Alþingis og mörgu fleira. Um þau er hins vegar að dómi forseta ekki eins mikil samstaða og því mjög mikilvægt við meðferð málsins og gerð frv. um það að afnám deildaskiptingarinnar strandi ekki á ágreiningi um önnur atriði sem varða störf Alþingis.

Rétt er þó og sjálfsagt að taka með í slíkt frv. þau efnisatriði sem einhugur getur skapast um og varðar starfshætti þingsins. Hins vegar er óhjákvæmilegt, ef samstaða næst um afnám deildaskiptingarinnar, að setja nýjar reglur um nefndaskipunina, stjórn þingsins og e.t.v. nokkur fleiri atriði.

Forsetar telja að hér sé um brýnt mál að tefla og fara þess vegna eindregið fram á það við þingflokksformenn að þeir fjalli um málið sem fyrst nú við upphaf þings. Forsetar eru reiðubúnir að leggja fram þau vinnugögn sem þeir hafa undir höndum um málið og leggja til það starfslið sem þeir hafa og aðra nauðsynlega sérfræðiaðstoð til þess að frágangur og formsatriði verði ekki til tafa.

Á það skal bent að nú á síðasta þingi þessa kjörtímabils er gott tækifæri til að koma fram umbótum á starfsháttum Alþingis, þar sem það þingrof sem fylgir í kjölfar breytinga á stjórnarskrá, gæti fallið saman við eðlileg starfslok þingsins að vori, og þyrfti þannig ekki að hafa neina aðra pólitíska röskun í för með sér.

Alþingi 19. sept. 1990. Guðrún Helgadóttir, forseti Sþ., Jón Helgason, forseti Ed., Árni Gunnarsson, forseti Nd."

Ég taldi rétt að kynna efni þessa bréfs hér sem þingflokkum verður eflaust kynnt mjög fljótlega. Hv. 2. þm. Reykn. Ólafi G. Einarssyni var falið að kalla þingflokksformenn saman og hefur hann þegar gert það. Nú hef ég heyrt að hann hafi verið kjörinn formaður þeirrar nefndar sem úr þeim fundi varð. Við forsetar leggjum á það mikla áherslu að þeir sem þá nefnd skipa leggi í það vinnu og afl á þessu þingi að ná fram þeim breytingum sem nokkur vissa er um að nái samþykki.

Það frv. sem hér liggur fyrir og hv. 6. þm. Reykv., sem raunar fékk einmitt þetta bréf forseta sent, þó að hún sé ekki lengur þingflokksformaður síns flokks, hefur nú talað fyrir er vitaskuld einn þáttur þessa máls. Ég vil hins vegar lýsa því yfir að ég held að það sé ekki hægt að taka af með öllu rétt til setningar bráðabirgðalaga. Sú staða getur hugsanlega komið upp, og skortir mig nú raunar nokkurt hugmyndaflug til að koma með dæmi um slíka stöðu, að ríkisstjórninni væri nauðugur einn kostur að setja bráðabirgðalög. En í mínum huga ætti sá réttur að vera ámóta oft notaður og réttur forseta lýðveldisins til þess að neita að undirrita lög. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þrengja þennan rétt til mikilla muna þannig að einungis í algjörum neyðartilvikum nýti ríkisstjórn sér rétt til setningar bráðabirgðalaga.

Ég vil biðja þá sem sitja í þeirri nefnd sem ég nefndi hér áðan að taka þetta mál einnig til athugunar. Vitaskuld fær frv. þinglega meðferð hér og verður sent til hv. allshn. vænti ég, en ég vil skora á alla hv. þm. að sinna þessum hugmyndum, svo og þeim sem hér hafa verið áður ræddar eins og þeirri breytingu að gera hið háa Alþingi að einni málstofu sem ég held að sé orðið mjög brýnt mál. Og sú er tvímælalaust ósk forseta þingsins að á þessu 113. löggjafarþingi náist samkomulag um verulega breytt þingsköp og breytta skipan þingsins. Ég held að þar með værum við að vinna að markvissari vinnubrögðum hér á hinu háa Alþingi sem auðvelduðu alla starfsemi þingsins.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 og er 1. flm. hv. 6. þm. Reykv.

Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir að leggja fram þetta frv. og hefja hér umræðu um stjórnskipunarlög, þá sérstaklega þessa grein sem fjallar um bráðabirgðalög. En í frv. þeirra er gert ráð fyrir að 28. gr. verði felld niður.

Það er nauðsynlegt að taka þetta til umræðu nú og það strax. Í sumar voru sett bráðabirgðalög sem hafa valdið mjög mikilli spennu í þjóðfélaginu. Það hafa verið sett bráðabirgðalög sem menn greinir á um hvort standist þær kröfur sem stjórnarskrá lýðveldisins Íslands gerir ráð fyrir. Ég er einn af þeim sem hafa efasemdir um að núverandi ríkisstjórn Íslands hafi farið rétt að við setningu bráðabirgðalaga nú í sumar. Ég tel að setning þessara bráðabirgðalaga brjóti í bága við stjórnarskrána og hefði nú verið æskilegt að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur umræðuna því að ég á eftir að beina til hans fyrirspurnum.

Ég held að þessi umræða hér verði nú að einskorðast við stjórnarskrármálin almennt. Hér hafa verið lögð fram lagafrumvörp nokkrum sinnum, tvisvar síðan ég kom hér á þing, um breytingu á stjórnarskrá eins og rakið hefur verið hér af fyrri ræðumönnum. Og ég vil minna á að þegar lagt var fram frv. á vordögum 1989 um breytingar á stjórnskipunarlögum af hv. þm. Páli Péturssyni og fleirum, þá var sú framlagning að mínu mati sýndar-

mennska. Og það er sumt af þeirri umræðu sem hér fer fram í þinginu sýndarmennska. Á meðan menn leggja fram stjórnskipunarlög og breytingu á þeim og með þeim hætti að það mætti ætla að þeir væru mjög ábyrgir en svo er ekki vegna þess að stjórnarskráin og stjórnskipunarlögin verða aldrei betri en þingmennirnir sem sitja á þingi hverju sinni. Ástæðan til að ég segi þetta er sú að þau þrjú þing sem ég hef setið hér hefur það gerst æ ofan í æ að lögð hafa verið fram frv. og samþykkt sem hafa haft agnúa svo að ekki sé meira sagt og verið brot á stjórnarskránni að mínu mati.

En ef við víkjum að því máli sem snýr að útgáfu bráðabirgðalaga þá er það ljóst að það ákvæði hefur verið notað nær hömlulaust undanfarin ár. Í „Stjórnskipun Íslands" eftir Ólaf Jóhannesson er rætt um hve oft bráðabirgðalög hafa verið sett. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Heimild til útgáfu bráðabirgðalaga var notuð mjög hófsamlega fyrst framan af. Á 40 ára tímabili frá 1874–1914 voru aðeins gefin út tíu bráðabirgðalög."

Hvað segir þetta? Þetta segir það að þegar þingið sat aðeins skamman tíma á ári og hefði mátt ætla að útgáfa á bráðabirgðalögum hefði verið nauðsynlegri en í dag þá var það ekki gert. Þeir stjórnarhættir sem teknir hafa verið upp síðan eru því á skjön við anda laganna, á skjön við þá setningu stjórnarskrárinnar sem ætlast var til að væri farið eftir. Og setning bráðabirgðalaga í sumar hefur vakið upp margar spurningar. Ég hef varpað því fram hér að stjórnarskráin hafi verið brotin. Ég tel af þeirri ástæðu, og nú væri full þörf á að hæstv. forsrh. væri hér til þess að hlusta, ég tel að forsrh. og fjmrh. ættu að segja af sér nú þegar og ríkisstjórnin ætti að fara frá og efna til nýrra kosninga.

Það er alveg ljóst að útgáfa þessara bráðabirgðalaga er brot á stjórnarskránni. Hví er það svo? Í stjórnarskránni er skýrt kveðið á um hvaða lög megi gefa út sem bráðabirgðalög og þar er sérstaklega tekið fram að þau megi ekki ríða í bága við stjórnarskrána. En nú er það svo að þau lög sem voru gefin út í sumar ríða í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm. Samkvæmt því orðalagi sem Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson nota þá heitir það að ríða í bága við einhvern.

Í 67. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um friðhelgi eignarréttarins. Bæði Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson telja að eigi sé heimilt að gefa út bráðabirgðalög um hvaða efni sem er. Í 1. mgr. 28. gr. stjórnarskrárinnar segir að bráðabirgðalög megi ekki ríða í bága við stjórnarskrána. Með þessu er einungis átt við þau fyrirmæli stjórnarskrárinnar sem varin eru af 1. mgr. 79. gr. hennar. Geta menn í þessu sambandi flett upp í Bjarna Benediktssyni, „Íslensk stjórnlagafræði II" á bls. 59 og Ólafi Jóhannessyni „Stjórnskipun Íslands", bls. 328. Því verður að telja að því sé svo háttað að þetta brjóti í bága við stjórnarskrána og að útgáfa bráðabirgðalaga sé því brot á henni.

Ég hefði viljað spyrja forsrh. Nú er hann ekki hér í sal en hefði verið æskilegt að hann sæti hér, en það má vera að einhver vilji taka að sér að koma þeim boðum til hans. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær á að leggja bráðabirgðalögin frá því í sumar fram í þinginu? Hvenær á að leggja þessi bráðabirgðalög fram og taka þau til umræðu? Mér er sagt að það sé verið að dreifa þeim núna svo að þessari spurningu hefur verið svarað. Síðan hefði ég viljað spyrja hæstv. forsrh. hvað hann mundi gera ef Hæstiréttur felldi þann dóm að bráðabirgðalögin nr. 87 frá 3. ágúst 1990 væru brot á stjórnarskránni. Það væri fróðlegt að fá svar við því hvað menn hyggist gera ef það kæmi upp.

Á bls. 58 í „Íslensk stjórnlagafræði II" eftir Bjarna Benediktsson segir: „Í 23. gr. stjórnarskrárinnar er það annað höfuðskilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga að brýna nauðsyn beri til hennar. Það er því ekki nóg þó að löggjöfin kynni að vera æskileg eða skynsamleg eða þótt nauðsyn sé til löggjafar ef hún er ekki brýnni en svo að vel mátti bíða reglulegs þings. Annars getur oft verið álitamál hvort réttara sé að kveðja þing saman til aukafundar svo það geti tekið ákvörðun um málið eða gefa út um það bráðabirgðalög."

Ég hlýt því að álykta svo að það hefði átt að kveðja þingið saman í ágúst til að setja bráðabirgðalög eða ræða þau og hefði þá reynt á hvort þingstyrkur hefði verið til þess að setja lög sem brytu í bága við stjórnarskrána. Ég held að það hljóti að vera þessi mál sem við ræðum hér mjög ítarlega því að það getur ekki verið ætlan þingsins að setja lög sem brjóta í bága við stjórnarskrána.

Það er og spurning hvort það sé nokkur breyting til batnaðar þó að þingið verði sameinað í eina deild. Ég hef heyrt rök færð fyrir því sem ég tel fyllilega gild að svo muni eigi verða. Ég held einfaldlega að það sem skiptir máli sé ekki hvort þingið er í einni deild eða tveimur deildum. Það sem skiptir máli auðvitað er það hvort þingmenn rækja þingskyldu sína og virða stjórnarskrána og lög eða hvort þeir vilja vera eins og þeir hafa verið hér, handaupprettingavélar ríkisstjórnarinnar og gildir þá einu hvort álitamál er um gildi þeirra laga eða hversu vel eða illa þau eru unnin. Og ég tel það ekki sæmandi Alþingi Íslendinga að hafa þau vinnubrögð í frammi sem hér hafa verið stunduð og gæti stutt það með fjölda dæma, t.d. með þeirri umræðu sem nú nýlega fór fram um setningu laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga sem voru sett hér sl. vor og voru með þeim hætti að það var ekki bjóðandi hér á Alþingi Íslendinga að samþykkja slík lög. Þrátt fyrir fjölda brtt. sem hv. 5. þm. Vesturl. lagði hér fram og við reyndum að fá fylgi fyrir, þá voru þær allar felldar. En það hefur komið í ljós, og virtir lögfræðingar hafa látið þá skoðun sína í ljós, að þessi lög og margt í þeim brjóti í bága við stjórnarskrá og brjóti í bága við mannréttindaákvæði Evrópusáttmálans. Svo hefði verið um fjölda annarra laga hér. Það er því alveg gagnslaust að samþykkja það að Alþingi Íslendinga eigi að sitja í einni deild

ef þingmenn bera ekki gæfu til þess að vanda sín vinnubrögð í staðinn fyrir að vera eins og viljalaus verkfæri í þágu ríkisstjórnar hverju sinni. Það er grundvallaratriði að menn lesi lögin þegar þau eru lögð fram, skoði þau, fari yfir þau lögfræðilega, fari yfir álitamál í þeim og taki þau mjög vel fyrir þannig að ekki sé verið að samþykkja lög sem séu bæði illa samin, stangist á við ýmis önnur lög og brjóti jafnvel stjórnarskrána eins og hafa verið miklar bollaleggingar um.

Ég vil við þessa umræðu ekki hafa þetta öllu lengra en tel að það hefði verið æskilegt að hér væri hafin ítarleg umræða, ekki síður af forsetum þingsins, um þau vinnubrögð sem hér hafa átt sér stað í þinginu. Að menn séu ekki bara að flytja hér sýndarmennskufrumvörp um breytingu á engu því að það er ekki breyting á neinu þótt maður breyti í eina deild eða breyti eitthvað stjórnarskránni ef þingmenn virða ekki stjórnarskrána og hafa ekki kjark eða uppburði í sér til þess að stemma stigu við valdi ráðherranna í þingflokkum ríkisstjórnarinnar hverju sinni.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem við ræðum hér og flutt er af hv. þm. Kvennalistans er einfalt í sniðum en tekur á býsna stóru máli, þar sem lagt er til að það ákvæði stjórnarskrárinnar sem heimilar setningu bráðabirgðalaga verði fellt niður.

Ég er sammála efni þessa frv. og tel að það mæli mjög sterk rök með því að afnema þetta ákvæði í stjórnarskrá landsins og í rauninni sé engu hætt til þó að svo sé gert miðað við nútímaaðstæður og möguleika á að kveðja Alþingi til funda með skömmum fyrirvara ef brýna nauðsyn ber til. Það hefur verið til umræðu á undanförnum þingum, eins og fram hefur komið hér í umræðunni í tengslum við önnur frv. sem varða breytingu á stjórnskipunarlögum, að þrengja réttinn til setningar bráðabirgðalaga og það ber vott um það að þingmenn hafa verið að færast nær þeirri skoðun að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar væri ekki lengur nauðsynlegt og bæri að þrengja það eða fella brott með öllu. Það liggja sögulegar ástæður fyrir þessu ákvæði í okkar stjórnarskrá og eins og fram hefur komið þá er þetta meira en aldargamalt ákvæði, tekið inn þegar á árinu 1874 við gjörólíkar aðstæður í íslensku þjóðfélagi. Það er ekki hægt að færa fram sannfærandi rök fyrir því að viðhalda slíku ákvæði í stjórnarskránni. Ástæðan fyrir því að þetta frv. er hér fram komið geri ég ráð fyrir að sé ítrekuð setning bráðabirgðalaga sem deilur hafa verið um og þá sérstaklega bráðabirgðalaga nr. 87 frá 3. ágúst 1990 um launamál, en í kjölfar setningar þeirra spruttu miklar umræður einmitt um réttmæti þess að setja bráðabirgðalög og viðhalda því ákvæði í stjórnarskránni, fyrir utan svo umræður um efni þeirra sérstaklega.

Það er nú svo að þau mál sem berast hér inn á Alþingi vakna oft og verða til vegna sérstakra aðstæðna og atburða í þjóðfélaginu. Það er mjög eðlilegt að þær deilur sem risu út af setningu þessara laga verði tilefni þess að Alþingi endurmeti þessi mál frá grunni og taki afstöðu til þess sem lagt er til með frv., að fella niður þetta ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég tel að það eigi ekki að flækja þetta mál að þarflausu með því að taka það upp í samhengi við einhverja víðtæka endurskoðun á stjórnarskránni eða þingsköpum Alþingis, sem vissulega er réttmætt og nauðsynlegt að fara yfir, eins og forsetar þingsins hafa lagt til. Kannski skilar það árangri á þessu þingi þó að ég dragi nokkuð í efa að líkurnar séu mjög miklar á þingi sem gert er ráð fyrir að standi styttri tíma en venjubundið er vegna alþingiskosninga og þar sem oft er örðugra að fá frið um vinnu af þessu tagi í aðdraganda alþingiskosninga. Það er skylt að skoða þau mál í heild sinni en ég hvet eindregið til þess að þetta atriði sem hér er rætt og hér er gerð tillaga um verði ekki bundið því að einhver víðtæk samstaða takist um stór mál sem varða störf Alþingis eins og spurninguna um starfsemi Alþingis í fleiri en einni þingdeild.

Það væri freistandi, virðulegur forseti, að ræða setningu einstakra bráðabirgðalaga á undanförnum árum í þessu samhengi en ég ætla ekki að falla í þá freistni. Þó að ég hafi verið andvígur setningu bráðabirgðalaga sem ríkisstjórnin setti í ágústbyrjun um launamál, þá gefst tækifæri til að ræða það efni þegar leitað verður staðfestingar á þeim bráðabirgðalögum hér á Alþingi. Ég ætla því ekki að fjölyrða um það að þessu sinni. Ég tel hins vegar að það mál sem hér er flutt sé liður í því að efla þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu og gera Alþingi sjálfstæðara gagnvart framkvæmdarvaldinu og það tel ég vera rétta stefnu. Ég tel að það sé mjög rík nauðsyn á því að Alþingi eflist, að þingmenn í rauninni reisi rönd við vaxandi áhrifum framkvæmdarvaldsins á kostnað löggjafarvalds. Eins og oft hefur verið sagt, á Alþingi það sem betur fer við sjálft sig hvað það gerir í þessum efnum og flutningur þessa frv. er vottur um það að menn séu að taka við sér í þeim efnum.

Það hefur verið minnst hér á ýmis atriði sem snerta aðra þætti í þingstörfum og gætu lotið að þessu. Ég get nefnt hér sem eitt dæmi spurninguna um það hvort ráðherrar í ríkisstjórn eigi um leið að vera á Alþingi sem alþingismenn. Það mál hefur verið fært inn í frv. til stjórnskipunarlaga sem minnst hefur verið á hér og hv. þm. Páll Pétursson flutti hér inn á þingið sem 1. flm. Ég er þeirrar skoðunar að þannig breytingu ætti að gera og það væri liður í því sama sem hér er rætt, að efla Alþingi, sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. En þetta gildir einnig um setningu og útfærslu á lagatextum sem Alþingi afgreiðir og samþykkir en þar höfum við gengið býsna langt í því á liðnum árum að veita framkvæmdarvaldinu mjög rúmar heimildir til undanþága án þess að það sé tekið fram og mörkuð um það stefna hvaða viðmiðun skuli höfð ef undanþágur eru veittar. Það gildir einnig um heimildir til að setja reglugerðir, býsna rúmar reglugerðir. Nýlegt dæmi um það efni frá

liðnu sumri er setning reglugerðar um gjaldeyris- og viðskiptamál, fjármagnsflutning o.fl. sem hæstv. viðskrh. gaf út og gjörbreytti skipan þessara mála án þess að nokkrar umræður færu fram um málið á Alþingi og án þess að þinginu gæfist kostur á að taka afstöðu til þeirrar breytingar sem þarna var um að ræða og er ein stærsta breytingin sem gerð hefur verið í viðskiptalegu umhverfi um langa hríð. Ég ætla ekki að ræða málið efnislega en bendi á þetta því að þetta er að mínu mati hliðstætt því í rauninni að setja bráðabirgðalög án þess að kveðja þingið saman.

Ég ítreka, virðulegur forseti, stuðning minn við þetta mál og vænti þess að þessi hv. þingdeild sjái sér fært að taka afstöðu til þess fyrr en síðar. Og ég vænti þess að þetta frv. verði lögfest fyrr en seinna. Ég hef ekki ástæðu til að ætla að þær sérstæðu kringumstæður sem hér hefur verið minnst á gætu gert það nauðsynlegt að hafa einhver ákvæði um möguleika á setningu bráðabirgðalaga inni í lögum. Ég tel að við slíkum aðstæðum geti framkvæmdarvaldið brugðist og er skylt að bregðast, þ.e. neyðarréttarákvæði af þessum toga séu það sjálfsögð við afbrigðilegar og óvenjulegar aðstæður að ekki þurfi að tengja það við setningu almennra bráðabirgðalaga.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að ég fagna framlagningu þessa frv. en ég verð því miður að segja að ég held að það muni ekki ná þeim tilgangi sem því er ætlað. Það er að mínu mati ekki nægilegt að afnema 28. gr. stjórnarskrárinnar til að koma hér skikkan á málefni löggjafar- og framkvæmdarvalds.

Ég vil enn fremur minna á það að hæstv. núv. ríkisstjórn byrjaði sinn feril á því að misnota þessa 28. gr. Þar var um að ræða ráðstöfun á fjármunum upp á marga milljarða eins og allir muna. Ég dró gildi þeirra bráðabirgðalaga í efa á þeim tíma, þetta var um áramótin 1988–1989, og skrifaði fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar bréf og óskaði eftir því að þau bráðabirgðalög yrðu send til Lagastofnunar í jólaleyfinu. Sú hv. nefnd ansaði ekki erindinu og ég sendi það því sjálfur. En þá brá svo við að sú ágæta lagastofnun hafði svo mikið að gera að hún mátti ekki vera að því að svara því. Ég fékk allan pakkann endursendan eftir þrjá daga. Spurningunum um réttmæti þeirra bráðabirgðalaga var því aldrei svarað. Hæstv. forseti, hvert eiga þingmenn að leita þegar um er að ræða efasemdir um ákvæði stjórnarskrár, hvort sem það eru bráðabirgðalög eða eitthvað annað? Það er auðvitað kjarni þessa máls. Það getur borið svo við að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög. Það á við um styrjaldir og náttúruhamfarir og eitthvað slíkt og við skulum vona að við þurfum ekki að setja slík lög, en þetta ákvæði er ætlað í slíkum tilvikum.

Ég held að upphaflega muni ætlunin hafa verið sú að misnota þetta ekki en síðan hefur framkvæmdarvaldið séð þessa auðveldu leið til að redda einhverju klúðri í höfn á elleftu stundu. Ég held því að það sé ekki nægilegt að afnema þessa 28. gr., það þurfi eitthvað fleira að koma til.

Ég minni á starfsemi umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu í nokkrum tilvikum að ráðherrar hafi ekki farið að skv. lögum eða stjórnarskrá. Það hefur ekkert gerst í því annað en hæstv. ráðherrar hafa bara brúkað munn í blöðunum og sagt að þessi umboðsmaður sé nú enginn dómari o.s.frv. Við erum því ekki komin nógu langt enn þá og því er spurning hvað við eigum að gera í þessu máli. Ég tel að 28. gr. stjórnarskrárinnar sé í fullu gildi og síðasta setningin í þessari 28. gr. hljóðar svo ef ég man rétt: „Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út ef Alþingi hefur afgreitt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið." Hvað þýðir þessi setning? Í upphafi starfsferils þessarar hæstv. ríkisstjórnar ráðstafaði hún mörgum milljörðum eins og ég sagði áðan, að mörgu leyti til nauðsynlegra hluta, það viðurkenni ég. En ráðstafanir verða að standast stjórnarskrá landsins. Og hvað var ráðstöfun á mörgum milljörðum annað en bráðabirgðafjárlög? Það var engin heimild fyrir því að millifæra peninga t.d. úr Atvinnuleysistryggingasjóði o.s.frv. Það breytir engu um það hvort þetta var nauðsynlegt eða ekki. Það varð að standast stjórnarskrána. Annars bítur það í skottið á sér.

Það var búfjártalning og fleira sem hér hefur farið fram og umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að standist ekki lög og stjórnarskrá. Og hæstv. sjútvrh. ætlar nú að fara að vera nokkurs konar „on line" bráðum með því að kíkja á hvað við fáum mikinn fisk á hverjum degi. Er þetta ekki fulllangt gengið? Ætlar framkvæmdarvaldið að fara að reka þjóðfélagið eins og dagheimili? Á að passa þegna þjóðfélagsins eins og litla krakka? Manni ofbýður svona hugsun og svona athafnir.

Ég held að kjarni þessa máls sé sá að hér vanti stjórnlagadómstól. Væri það þannig að ráðherrar ynnu undir aðhaldi mundu þeir ekki brjóta stjórnarskrá landsins eins og þeir hafa verið að gera. Það þurfa nefnilega allir að vera undir aðhaldi. Stjórnlagadómstóll er ekkert annað en nokkurs konar gæðaeftirlit á framkvæmdarvaldinu og jafnvel á löggjafarvaldinu. Sjálfstæður stjórnlagadómstóll sem kveður upp endanlega úrskurð tel ég vera það sem vantar í þessu landi. Það er alveg skýrt og alveg augljóst í mínum huga að t.d. fjármálaákvæði stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalagaákvæði eru jafngild mannréttindaákvæðum. Sumir eru að tala um að framkvæmdarvaldið hafi öðlast hefð til að gera þetta eða hitt. En ég spyr: Getur framkvæmdarvaldið öðlast hefð til þess að setja fólk í tugthúsið án þess að leiða það fyrir dóm með því að gera það nógu oft? Það er alveg fráleitt. Og því eru fjármálaákvæðin jafngild og þetta bráðabirgðalagaákvæði, eins og þar stendur: „þegar brýna nauðsyn ber til". Það væri þá verkefni stjórnlagadómstóls að komast að niðurstöðu um það hvort það hefði borið brýna nauðsyn til eða ei, hefðum við slíkan dómstól. Og ég held að við hér í hv. Alþingi ættum að sjá til þess að slíkur dómstóll geti tekið til starfa sem allra fyrst.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir við þetta frv. og vil aðeins taka örfá atriði til umfjöllunar. Hv. 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson vitnaði í orði mín frá 111. löggjafarþingi þar sem ég taldi ástæðu til þess að þrengja heimild ríkisstjórna til útgáfu bráðabirgðalaga. Það er alveg rétt. Ég taldi nauðsynlegt að þrengja það ákvæði, en ég hef sannfærst æ betur um það síðan að nauðsynlegt er að afnema þetta ákvæði úr stjórnarskránni með öllu. Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi fyrri ræðu minnar að ef ókleift er af einhverjum ástæðum, t.d. af náttúruhamförum eða vegna styrjalda eða einhvers óvanalegs ástands, að kalla Alþingi saman þá eru til ýmis neyðarréttarákvæði í stjórnskipunarrétti þannig að það á ekki að vera nauðsynlegt að hafa þessa heimild inni og því eðlilegast að afnema hana með öllu.

Ég áttaði mig ekki alveg á hvað hv. 11. þm. Reykn. átti við þegar hann talaði um sýndarmennskufrv. og get þar af leiðandi ekki svarað því en ég túlka orð hans þannig að hann hafi ekki verið að tala um það frv. sem hér er til umræðu.

Hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir taldi ekki rétt að afnema þetta ákvæði úr stjórnarskránni og vísaði þá til þessara neyðarréttarsjónarmiða. En ég held að það sé á einhverjum misskilningi byggt. Það kom einnig fram í máli hennar að hún taldi eðlilegt að nefnd sú sem forsetar hafa sett á laggirnar með það í huga að endurskoða ýmis fleiri ákvæði stjórnarskrárinnar fái þetta frv. til meðferðar. Ég hef út af fyrir sig ekkert að við það að athuga að þeir sem þar sitja taki þetta frv. og líti á það. En ég vil alls ekki að því sé blandað saman við þá endurskoðun vegna þess að við það starf situr ákveðinn hópur manna sem þarf þá að komast að einhverju ákveðnu samkomulagi, en þetta er mál út af fyrir sig sem eðlilegt er að fjallað sé um á venjulegan hátt í þinginu.

Ég vil, hæstv. forseti, mælast til þess að frv. verði vísað til allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

4. fundur, miðvikudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 1. umr.

Stjfrv., 35. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 35.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem voru gefin út 29. júní sl. Tilefni þeirra var að þegar sérfræðingar fóru að skoða grannt þann texta laga um ábyrgðadeild fiskeldislána sem samþykkt voru hér á Alþingi á síðasta þingi þá var það álit þeirra að nauðsynlegt væri til þess að eyða réttaróvissu um yfirtöku ábyrgðadeildarinnar á sjálfskuldarábyrgðum sem Framkvæmdasjóður Íslands hefur gengist undir að gera þá orðalagsbreytingu á lögunum sem hér er lögð til.

Það var álit þeirra sem að undirbúningi þessara bráðabirgðalaga stóðu að á grundvelli gagna, nál. og umræðna sem fram fóru hér á þingi þegar lögin voru afgreidd væri ljóst hver ætlun löggjafans hefði verið. Ég tel þess vegna að í þessum lögum sé ekki að finna efnisbreytingu frá þeim skilningi sem í málið var lagður þegar lögin voru sett, heldur fyrst og fremst frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum til þess að fullnægja þeim skýru og afdráttarlausu kröfum sem réttaröryggi við færslu slíkra ábyrgða frá einum aðila til annars hefur í för með sér.

Ég tel í sjálfu sér ekki þörf á því að segja meira um þetta frv. og mælist til þess að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

4. fundur, miðvikudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn álmálsins, fyrri umr.

Ályktunartillaga SV o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill láta þess getið að það er ekki á hverjum degi að ályktunartillögur eru bornar fram í deildum, en fyrir því er heimild í þingskapalögum þar sem segir í 28. gr. að ályktunartillögur sem bornar eru upp í þingdeild lúti í öllu sömu reglum um málsmeðferð sem þáltill. Þessa er getið vegna þess að um þessar tillögur fara fram tvær umræður, hin fyrri og hin síðari.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 12 að flytja þáltill. um skipun nefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka álmálið:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skipa sjö manna rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka og gefa Alþingi og al-

menningi skýrslu um alla þætti álmálsins, þ.e. vinnu að mögulegum samningi við Atlantsálshópinn, og hafi rannsóknarnefndin heimildir til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og öðrum sem upplýsingar geta gefið.

Rannsóknin taki til allra þátta málsins, svo og reynslu Íslendinga og annarra af álrekstri, þar á meðal mengunar, arðgjafar og annars sem máli skiptir.

Einnig skal nefndin afla ítarlegra upplýsinga, þar með talið álits hlutlausra kunnáttumanna, um öll meginatriði sem tengjast mögulegum álsamningi, svo sem hvort bygging og rekstur álversins á þann hátt sem helst er um rætt samrýmist löggjöf landsins, þ.e. grundvallarákvæðum um jöfnuð manna í stjórnarskrá, skipulagslögum, lögum um varnir gegn mengun og um hollustuhætti og alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga. Einnig að greint verði frá mögulegum áhrifum mengunar bæði við daglegan rekstur og möguleg mengunarslys. Loks taki skýrslan til allra meginatriða um arðgjöf álreksturs, bæði einstakra þátta hans en sérstaklega allra veigamikilla atriða í sambandi við orkusölu til álversins. Aðrir orkusölukostir verði kannaðir, svo og önnur atriði sem nefndin telur ástæðu til að kanna."

Eins og fram kemur í þessari tillgr. eru margar ástæður fyrir flutningi þessarar þáltill. og ég vænti þess að þingheimur vilji fá upplýsingar um þessi mál í smáatriðum. Álverið og virkjanir sem því tengjast verða langstærsta framkvæmd á Íslandi til þessa og um ófyrirsjáanlega framtíð ef núverandi áform verða að veruleika, framkvæmd sem útilokar fjölmarga aðra atvinnumöguleika, bindur og mótar allt þjóðlífið a.m.k. um aldarfjórðung. Mikil mengun sem spillir náttúru og lífi fylgir álverinu. Líkur á stórauknum kröfum um alþjóðlegar mengunarvarnir og ný virk framkvæmd alþjóðareglna við Persaflóa gæti kippt stoðum undan álveri eins og því sem rætt er um að byggja. Einnig koma til mögulegs skaðleg áhrif áls, t.d. í drykkjar- og matarílátum, sem draga verulega úr eftirspurn og verði áls og fleira mætti upp telja.

Fjárhagsleg áhætta Íslendinga virðist margfalt meiri en áhættufé Atlantsálshópsins og arður miklu minni. Íslendingar þurfa að eyða bestu virkjunarkostum sínum án endurgjalds fyrir þá og það útilokar marga aðra vænlega kosti í atvinnumálum. Áhætta af kostnaði við virkjanir, umfram áætlaðan kostnað, svo og að virkjanir skili ekki áætluðu afli og afköstum, er öll á ábyrgð Íslendinga. Glöggir og varlegir útreikningar, byggðir á traustum gögnum, hafa ekki verið lagðir fram til athugunar fyrir almenning, heldur eru gefnar óljósar upplýsingar um „jaðarkostnað" og „flýtingarkostnað" Landsvirkjunar sem rök fyrir ágæti samningshugmynda.

Samningaaðferðir íslenskra stjórnvalda virðast með eindæmum frumstæðar. Aðalsamningamaðurinn er allt í senn formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, formaður stjórnar Landsvirkjunar og formaður nefndar um orkufrekan iðnað og sætir í öllum greinum eftirliti eins og sama mannsins, þ.e. hæstv. iðnrh. Ákvörðun um staðarval er kynnt ein og sér eftir keppni milli þriggja héraða og fjmrh. tilkynnir að samningurinn um skattamál hafi náðst eftir næturfund. Önnur meginatriði samningsins eru óumsamin. Iðnrh. skrifar undir áfangasamning án umboðs Alþingis, ríkisstjórnar eða Landsvirkjunar. Formaður stjórnar Landsvirkjunar sýnir stjórninni það virðingarleysi að staðfesta samninginn sem formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað og á væntanlega síðan að halda áfram viðræðum um þennan risavaxna samning við Atlantsálshópinn sem formaður stjórnar Landsvirkjunar. Ég hef það fyrir satt að þetta plagg sem hann skrifaði undir hafi verið daginn áður fyrir hönd Landsvirkjunar, en því breytt eftir fund Landsvirkjunar þar sem kom fram að hann hefði ekki haft umboð til slíkrar undirskriftar.

Framanritað, sem liggur fyrir opinberlega, lýsir svo vafasömum vinnubrögðum í málinu að fráleitt er að Alþingi taki ákvörðun um það nema að fengnum faglegum, traustum og varlegum álitum og upplýsingum. Raunar er mikilvægi hins mögulega samnings slíkt að óhjákvæmilegt verður að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um málið eigi það fram að ganga. Þarfir þjóðar og þings krefjast þess að rannsókn skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar fari fram og skýrsla verði gerð áður en málinu er lokið hér á hv. Alþingi.

Margt fleira mætti hér upp telja til þess að rökstyðja þá nauðsyn sem er fyrir því að þetta mál sé rannsakað niður í kjölinn. Við fáum af því spurnir að vaxandi atvinnuleysi sé úti á landsbyggðinni og það sé sérstaklega aukið atvinnuleysi meðal kvenna. Ástæðurnar eru margar, þar með talið að mikið af sjávarafla er flutt úr landi óunnið. Ekki verður álver til þess að bæta þar úr því í ljós hefur komið að konur vinna ekki nema ein á móti hverjum tíu karlmönnum við svona verksmiðju. Og það er staðreynd að ef konurnar fara af landsbyggðinni, þá fara karlarnir með og börnin. Fram að þessu hafa það verið fyrst og fremst börnin, unglingarnir, sem hafa farið en nú virðist það blasa við að það verði ekki síður konurnar sem leiti þangað, eins og auðvitað reynslan sýnir, sem er helst að fá vinnu.

Það er verið að tala um það að staðsetningu álversins fylgi einhver byggðastefna. Svona risafyrirtæki er andstæða byggðastefnunnar hvar sem það er sett niður vegna þess að það dregur til sín fólk og miðað við það sem heyrst hefur, meira að segja frá hinum mæta manni Þórði Friðjónssyni, framkvæmdastjóra Þjóðhagsstofnunar, að það þurfi að draga úr framkvæmdum annars staðar til þess að vega á móti þensluáhrifum álversins ef af því verði. Við þetta má einnig bæta að nefnd sem er að athuga langtímaáætlun í vegagerð var á sínum fyrsta fundi í gær og þar kom í ljós að ef álverið verður byggt á Keilisnesi, þá þurfi að flýta því að gera tvöfalda akbraut þar suður eftir. Hvað þýðir það? Það þýðir það að einnig minnkar vegaféð annars staðar vegna þeirrar ákvörðunar sem virðist liggja á borðinu um það að byggja álver þó að það sé viðurkennt meira að segja af varaformanni Sjálfstfl. að samn-

ingsdrögin séu á þann veg að það verði tap á þessum rekstri fyrstu 15 árin, þrátt fyrir að eigi að taka ódýrustu virkjunarkostina og miða verðið við það sem er náttúrlega fjarstæða miðað við þær áætlanir sem Landsvirkjun hefur gert, þ.e. hefur gert áætlanir um virkjanir sem framleiða 8000 gwst. á ári, þ.e. 15 virkjunarkostir sem þar eru upp taldir, en fyrst á að tvöfalda þetta álver á næstu 10–15 árum þá fara a.m.k. $^3/_4$ hlutar af þessari orku til álversins og líklega vel það ef á nú að stækka það upp í 420–430 þús. tonna framleiðslu áls á ári.

Það eru dálítið merkileg vinnubrögð sem eru viðhöfð í þessu máli. Á fundi sem var haldinn í Sjallanum á Akureyri að tilhlutan þeirra sem vildu álverksmiðju við Eyjafjörð kom fram hjá Andrési Svanbjörnssyni að markaðsnefndin, hann er fulltrúi markaðsnefndar iðnrn. og Landsvirkjunar, hefði ekki getað athugað neitt annað en álverksmiðju að undanförnu, eins og hann sagði nákvæmlega, vegna manneklu. Og það kom í ljós á þessum fundi að hann, fulltrúi markaðsnefndarinnar, hafði ekki hugmynd um hvað er að gerast í Þýskalandi í sambandi við vetniframleiðslu. Það er sláandi hvernig vinnubrögð eru viðhöfð. Og hinn merki maður, ég tel hann merkan mann, Þórð Friðjónsson, forstöðumann Þjóðhagsstofnunar, hann ber í sínu áliti bara saman annaðhvort óbreytt ástand eða álverksmiðju, hvernig hagvöxturinn muni verða á næstu árum. Það er sem sagt ekki einungis ráðherra og sumir þingmenn, heldur embættismennirnir líka. Þeir sjá ekkert annað en ál, enga aðra möguleika. Hvernig væri nú að ráðherrarnir og þingmennirnir sumir sem eru að flækjast út um öll lönd í tíma og ótíma reyndu að kynna sér hvernig atvinnulífið erlendis er uppbyggt þar sem er verið að reyna að losna við álverksmiðjurnar og byggja upp eitthvað annað. Þeir kannski átta sig ekki á því fyrr en búið er að reisa hér nokkuð margar álverksmiðjur eins og sumir eru að gæla við og láta sig dreyma um. Það virðist vera að menn átti sig ekki á því að það dýrmætasta, það verðmætasta sem við eigum er hreint land, hreint loft, hreinn sjór. En svo á að offra þessu fyrir verksmiðju sem ég get ekki séð og enginn hefur getað rökstutt að við höfum hag af að semja um, a.m.k. sé áhættan veruleg. Ég veit að t.d. Svíar og Þjóðverjar eru að kanna hvaða áhrif álumbúðir utan um matvæli hafa á heilsu manna. Niðurstaða liggur að vísu ekki fyrir enn en þeir segja: Allt bendir til þess að þetta sé skaðlegt, og að vísu fleiri umbúðir, eins og t.d. kopar þar sem það er notað, og fleiri málmar.

Við sjáum nú hvernig unnið er í þessu máli. Við þingmenn Norðurl. e. fengum stóriðjunefndina á fund okkar og þar mætti markaðsnefndin, fulltrúi frá iðnrn. og Landsvirkjun. Og þar sagði Jóhannes Nordal að það væri búið að strika út Reyðarfjörð. Á fjórðungsþingi Norðlendinga nokkru seinna upplýsti iðnaðarráðherra að allir þessir þrír staðir væru til athugunar. Ég sagði frá þessu á fjórðungsþinginu og ég sagði líka að ég léti þingheim um að gera það upp við sig hver þeirra segði satt. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að ályktunartillögur lúta sömu reglum um málsmeðferð og þáltill., þannig að ræðutími hans er 15 mín. og honum er drjúglega lokið.) Ég veit það.

Herra forseti. Ég gerði ráð fyrir því að mér yrði gert aðvart og ég mun nú ljúka máli mínu og ætla ekki að níðast á forseta með lengri ræðu. En ég vil bara endurtaka það hér að það verður tekið eftir því hvaða afgreiðslu þessi þáltill. fær hér í hv. Alþingi. Því ég get endurtekið það sem ég sagði í umræðunum utan dagskrár á mánudaginn: Fjöldasamtökin í landinu sem standa á bak við Landvernd hafa sent öllum þingmönnum bréf og skorað á þá að hverfa frá fyrirhugaðri byggingu álvers.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill láta þess getið að hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur heimild til að tala í annað sinn ef hann svo óskar í þessari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir því að þetta mál var hér lagt fram á þinginu fyrir fáum dögum en hafði ekki gert mér ljóst að það væri lagt fram í deild þó vissulega megi lesa það af þskj. og er því ekki sérstaklega undir það búinn að ræða þetta mál eins og vert væri nú þegar það er komið hér á dagskrá. Ég vildi hins vegar ekki láta hjá líða að segja álit mitt á þessari till. sem hér er flutt og felur það í sér að þessi hv. þingdeild hlutist til um að skipuð verði sjö manna rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár til að rannsaka og gefa Alþingi og almenningi skýrslu um alla þætti álmálsins, eins og segir þar í upphafi. Ég er því fyllilega sammála að þörf sé á því í sambandi við þetta stóra mál að Alþingi láti ekki dragast að fara ofan í einstaka þætti málsins með ákveðnari hætti en kostur er á með því að lesa yfir skýrslur frá framkvæmdarvaldinu, hæstv. iðnrh., sem hefur nú nýlega gefið Alþingi yfirlit um stöðu málsins eins og hann vill leggja það hér fyrir til upplýsingar. Það er vissulega góðra gjalda vert að ráðherrann hefur gefið Alþingi slíka skýrslu. Mér er ekki ljóst hvort hún verður rædd í sameinuðu þingi, en full ástæða væri til þess að hún væri þar tekin á dagskrá og rædd. En það eitt út af fyrir sig er ekki nægjanlegt í sambandi við þetta mál vegna þess að eins og fram kemur hér í till. hv. flm. Stefáns Valgeirssonar er mikil ástæða til að Alþingi athugi við fyrstu hentugleika mjög marga þætti sem varða undirbúning málsins og stöðu þess vegna þess að það er gert ráð fyrir því að inn í þingið komi síðar á þessu haustþingi, samkvæmt því sem ráðherrar hafa greint frá hér, frv. til heimildarlaga um byggingu álbræðslu, a.m.k. mun það áform hæstv. iðnrh. að svo verði. Það hefur jafnframt verið greint frá því að þörf sé á að mati hæstv. ráðherra, iðnrh. og gott ef hæstv. forsrh. nefndi það ekki einnig, að afgreiða einhverja slíka heimild hér frá þinginu fyrir áramót og það gefur auðvitað auga leið að það er ekki mikið ráðrúm fyrir þingið að átta sig á meginþáttum þessa máls ef þetta yrði nú gangurinn. Því er full ástæða til þess að sérstök rannsóknarnefnd fari

yfir undirbúning málsins, hvernig að honum hefur verið staðið, til þess að auðveldara sé fyrir þingið að bregðast við ef tillögur koma frá stjórnvöldum, frá ríkisstjórninni sem varða málið.

Ég get ekki ímyndað mér að neinn hafi við það að athuga að slík rannsókn fari fram, skipun slíkrar nefndar og athugun á hennar vegum. Það verður a.m.k. að ætla það að þeir sem hafa borið þetta mál fram og staðið að samningagerð þar að lútandi hafi áhuga á því að vandað verði til allra þátta. Vinna á vegum rannsóknarnefndar sem þingið kysi ætti aðeins að stuðla að því að upplýsa einstaka þætti og flýta fyrir því að unnt væri að taka efnislega á málinu þegar og ef það kemur hingað inn í þingsali.

En jafnvel þó svo verði nú ekki að stjórnvöld hverfi frá því að bera slíkt mál hér fram þá er að mínu mati engu að síður gagnlegt og þörf á því og fyllsta ástæða til þess að nefnd kjörin af þinginu fari yfir málatilbúnaðinn, hvernig að þessu máli hefur verið staðið, því að það gæti verið lærdómsríkt fyrir jafnt Alþingi sem stjórnvöld að fá niðurstöðu úr slíkri athugun á vegum sérstaklega þar til kjörinnar nefndar vegna frekari málatilbúnaðar, vegna frekari athugunar á slíkum málum sem lúta að nýtingu íslenskra orkulinda og byggingu á verksmiðjum í því samhengi. Ég vil nefna það hér, það kemur ekki sérstaklega fram í tillögutextanum, að ég fékk séð við fljótan og skjótan yfirlestur, að sá þáttur sem lýtur að staðsetningu umræddrar álbræðslu og málsatvik sem tengjast tillögum þar að lútandi er sá þáttur sem væri nú ekki síst ástæða til fyrir þingið að kanna.

Það er væntanlega öllum í fersku minni hvað gengið hefur á á síðustu mánuðum varðandi þennan þátt, hvernig umræða um þetta mál hefur öðru fremur snúist um það hvar ætti að setja þetta fyrirtæki niður og að þeim þætti málsins hefur verið staðið með algerlega ósæmilegum hætti af hálfu íslenskra stjórnvalda, algerlega ósæmilegum hætti. Það er ekki of sterkt til orða tekið. Og niðurstöðuna þekkja menn svo. Eftir að búið er að hafa heilu byggðarlögin og heilu landshlutana að fíflum af hálfu íslenskra stjórnvalda, af hálfu hæstv. iðnrh., þá er það tilkynnt sem niðurstaða þvert ofan í stefnu ríkisstjórnarinnar um atvinnuþróun í landinu, þvert ofan í það sem sagt hefur verið og látið að liggja að ætti að verða niðurstaða varðandi þennan þátt málsins, að þetta risafyrirtæki að fjármagni til og tilkostnaði eigi að reisa við bæjardyr Reykjavíkur ef samningar að öðru leyti ganga upp.

Eitt af því sem tengdist þessum þætti máls var það að iðnrn. framsendi bréf frá hinum erlendu fyrirtækjum til sveitarfélaga á nokkrum stöðum á landinu sl. vetur, síðla vetrar. Gerðist eins konar póstberi fyrir þessi erlendu fyrirtæki þar sem lagðar voru spurningar, heilu listarnir, fyrir sveitarfélögin og þau beðin að svara hvaða kosti þau byðu þessum landnemum ef þeim þóknaðist að sigla með þetta fyrirtæki í þessa eða hina höfnina, í þennan eða hinn fjörðinn, eða þennan eða hinn skagann. (**Forseti:** Forseti vill benda hv. þm. á að samkvæmt þingsköpum er ræðutíma hans lokið í fyrri umferð og óskar eftir því að hann stytti mál sitt.)

Virðulegur forseti. Þessi þáttur málsins, þótt það væri ekki nema sá sem lyti að staðsetningunni einni saman væri nægt tilefni til þess að kjósa þá nefnd sem lagt er til í þessari till. að kosin verði. En að öðru leyti vil ég segja það, virðulegur forseti, að auðvitað átti Alþingi að bregðast við fyrir lifandis löngu þegar upp komu hugmyndir um að fara að undirbúa slíka álbræðslu og það var gert af þeim sem hér stendur og þingmönnum Alþb. á þinginu 1987–1988 með þáltill. um úttekt vegna nýrrar álbræðslu. Þar var lagt til að farið yrði ofan í saumana af þinginu á þeim hugmyndum sem þá lágu fyrir og voru svipaðar þeim sem nú eru í undirbúningi og verið er að reyna að semja um og gert ráð fyrir að þingið legði mat á alla meginþætti í sambandi við áform um byggingu stórrar álbræðslu, alla meginþætti málsins, þar á meðal staðsetningu, en einnig orkuverð, eignaraðild og hvað eina sem snerti þetta mál. Því miður var þessi till. ekki samþykkt, hún fékk ekki nauðsynlegan stuðning hér í þinginu. Menn sjá það kannski núna á þessum dögum að það hefði verið ástæða til þess þá að samþykkja slíka till. og menn hefðu kannski betri stöðu til að meta það mál sem nú er mest umrætt í landinu og látið er að liggja að kunni að berast með einum eða öðrum hætti hingað inn í þingsal.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill ítreka ábendingar um að þingdeildarmenn fari að þingsköpum. Hér er ræðutími 8 mínútur fyrir aðra en hv. frsm. sem hefur heimild til að tala í 15 mín. og þingmenn geta talað tvisvar sinnum í þessari umræðu ef þeir svo óska.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem hér stendur í till. að rannsaka þurfi alla þætti álmálsins vel og sérstaklega reynslu Íslendinga og annarra af álrekstri, þar með talið mengun, arðgjöf og annað sem máli skiptir. Mér þykir mjög mikilvægt að Alþingi fái að vita hvað þarna er raunverulega á ferðinni. Ég vil benda á að í vor þegar fyrsti þáttur þessa máls kom hér inn í Alþingi fékk hv. iðnn. Nd. einungis eina viku til að vinna málið sem var auðvitað allt of stuttur tími. Það er aldeilis óviðunandi fyrir Alþingi að sætta sig við að þurfa að vinna mál á svo stuttum tíma eins og þá var ætlast til af okkur.

Ég er þó ekki alveg viss um hvort rétt sé að skipa sérstaka nefnd. Það getur þó vel verið að það sé nauðsynlegt að skipa sjö manna rannsóknarnefnd. Það væri líka hugsanlegt að iðnn. þessarar deildar fjalli um málið nú þegar, taki málið til sín, verði falið að vinna í þessu máli hvort sem þetta mál kemur hérna inn í þingið eða ekki. Ég vil þó ekki fullyrða hvort rétt sé að skipa sjö manna rannsóknarnefnd þó að ég telji efni málsins vera mjög nauðsynlegt og vil þar af leiðandi lýsa stuðningi mínum við það sem fram kemur í till.

Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv.

flm. og reyndar ræðumanns, hv. 2. þm. Austurl., að þetta mál hefur verið meðhöndlað á mjög undarlegan hátt af hálfu framkvæmdarvaldsins og kom það m.a. fram hér í umræðum á fyrsta degi þingsins á mánudaginn var, hversu illa á þessu máli hefur verið haldið á öllum sviðum. Það er ekki bara eitt heldur allt, það er sama hvort við ræðum um raforkuverð, staðsetningu og ég tala nú ekki um mengun. Þetta er hreint hörmungamál frá upphafi til enda þannig að ég fagna því að þessu máli sé hreyft hér og tel nauðsynlegt að Alþingi að taki sem fyrst á málinu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú tillaga til ályktunar sem hér liggur fyrir um að skipa sérstaka nefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka álmálið er athyglisverð út af fyrir sig. Ég vil taka undir hugsunina á bak við þessa ályktun, að þingmenn fái meiri, betri og gleggri upplýsingar um feril slíkra stórmála og þá á ég ekki aðeins við álmálið heldur yfirleitt um slík stórmál. En jafnframt tel ég að kostnaður við slíka tillögu eins og hér er borin fram geti hlaupið á tugum milljóna kr. Ég hef heyrt áætlanir um að slík rannsókn geti jafnvel farið upp í 50 millj. kr. Og ég verð að segja það að ég get ekki lagt til að það verði enn frekar aukið á skattbyrði almennings í landinu. Hún er næg nú þegar af völdum þessarar ríkisstjórnar og þeirra stuðningsmanna hennar sem leggja hér sí og æ fram tillögur um að hækka útgjöld ríkisins sem þýðir hærri skatta.

En ég vil líka og tel rétt að árétta sjónarmið okkar sem búum á Reykjanesi, en í umræðum um atvinnumál hefur það slag í slag komið í ljós að litið er á atvinnuleysi hér á suðvesturhorninu sem sjálfsagðan hlut. Því verður að breyta. Hver einstaklingur er jafndýrmætur hvort sem hann býr á Kópaskeri eða í Kópavogi. Atvinnuleysi var í júlí talið ná til 2036 einstaklinga. Á Austfjörðum voru 77 án atvinnu, á Norðurlandi eystra 281 en í Reykjavík og á Reykjanesi voru samtals 1170 skráðir atvinnulausir. Á liðnu sumri hafa verið aflögð 55 eða 60 störf Íslendinga á Keflavíkurflugvelli einum. Hefðu 60 menn úti á landi misst vinnuna mundu fjölmiðlar hristast og stöðugt væri klifað á því hvað ríkisstjórnin ætti að gera og hvort ætti að leggja byggð þessa fólks niður. Það hvarflar að manni að landsbyggðarlúðrarnir telji fólkið á suðvesturhorninu einskis virði.

Það er sjálfsagt að láta það koma fram að það verður að hugsa til þess að fólkið á suðvesturhorninu er auðvitað alveg jafnmikilvægt, hver og einn einstaklingur, eins og annars staðar á landinu. Það er aðeins ein þjóð í landinu og hver einstaklingur er jafnmikilvægur hvar sem hann býr. Ég tel að rísi álver á Suðurnesjum þá sé það fyrst og fremst heildarhagsmunirnir sem skipta máli. Ég tel að það sé mjög ábyrgðarlaust ef menn eru að reyna að koma atvinnutækifærum af Suðurnesjunum því að þar er atvinnuástandið með þeim hætti að við hljótum að gera kröfu um að það verði gerðar úrbætur í þeim atvinnumálum því að atvinnuleysi þar er með því mesta á landinu. Það hlýtur að vera krafa okkar þingmanna Suðurnesja að það verði bætt úr því. Og ég vil undirstrika hér að ef álverið er þjóðhagslega hagkvæmur kostur þá eigum við að byggja það og við eigum að byggja það á Keilisnesi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu hér fyrst og fremst vegna þess að ég var á mælendaskrá þegar utandagskrárumræðu um álmálið var slitið í fyrrinótt og hafði hugsað mér að blanda mér í þá umræðu þegar hún væri tekin upp aftur, eins og þá var gefið fyrirheit um af hæstv. forseta sameinaðs þings, í sameinuðu þingi á morgun, fimmtudag.

Það voru þó orð síðasta ræðumanns sem gerðu það að verkum að ég ætla að segja hér örfá orð. Ég byrja nú á því að spyrja hvort það geti átt sér stað að síðasti ræðumaður sé við það að taka þátt í prófkjöri hér einhvers staðar á Suðurnesjum. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Það mun rétt vera. En burtséð frá því þá fannst mér orð hans um „landsbyggðarlúðra" alls ekki tilhlýðileg úr þessum stól og frá þingmanni á Alþingi Íslendinga. Sú umræða sem hefur verið um byggðamál hér undanfarið hefur ekki í nokkru tilfelli snúist um það að landsbyggðarfólk ætti að hafa forréttindi umfram höfuðborgarsvæðið. Hún hefur snúist um það hvað við gætum gert og hvað væri nauðsynlegt að gera til þess að fólkið í landinu stæði allt jafnfætis og við gætum í raun talað um eina þjóð í einu landi.

Við höfum búið við það nú um árabil, og þar hefur Alþingi sofið á verðinum ekkert síður en aðrir, að þjóðfélag okkar hefur verið að breytast úr fábreyttu framleiðsluþjóðfélagi sem fyrst og fremst snerist um það að fullnægja okkar nauðþurftum yfir í allsnægtaþjóðfélag sem byggist mikið orðið á þjónustugreinum. Við höfum sofið á verðinum hvað það snertir, án þess að við gáðum nægilega að hefur þróunin orðið sú að þjónustugreinarnar hafa nær alfarið byggst upp hér á höfuðborgarsvæðinu og þess hafa íbúar þess svæðis notið, ekki bara Stór-Reykjavíkursvæðisins hvort sem mörkin á milli þess eru nú dregin um sædýrasafnið eða einhvern annan stað, heldur aðrir næstu íbúar höfuðborgarinnar. Þarna hafa ríkisstjórnir, og nú tala ég ekki um neina eina sérstaka um langt árabil, svo og Alþingi sofið á verðinum. Ef aukin velta í okkar þjóðfélagi, sem við hljótum að gera kröfu til að komi ef við förum í orkusölu, hvort sem við seljum orku til álbræðslu eins og iðnrh. vill eða tökum þátt í tilraunaverkefni vegna útflutnings á vetni eins og Stefán Valgeirsson vill og margir fleiri, ef þær auknu þjóðartekjur sem við hljótum að gera kröfu til að af þessu komi, ef þær renna inn í þessa sömu miðstýrðu hringiðu sem hefur verið í gangi undanfarið, þá er illa komið fyrir okkar þjóðfélagi. Þá verðum við að grípa til róttækra aðgerða til þess að dreifa fjármagninu á nýjan hátt. Þar hlýtur að koma til kasta Alþingis og ríkisstjórnar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði raunar heldur ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu þar sem ég kynnti mínar skoðanir og okkar kvennalistakvenna einkum í atvinnumálum varðandi álver eða aðra atvinnukosti mjög ítarlega hér á mánudagskvöldið. En ég get ekki setið hér hjá vegna þeirra orða sem féllu um atvinnuleysið í Reykjaneskjördæmi.

Atvinnuleysi er afskaplega alvarlegt mál hvar sem það er til staðar og ég vil benda á hverjir það eru sem eru atvinnulausir. Það eru nefnilega fyrst og fremst konur en ekki karlar, bæði ef litið er á landið sem heild og ekki síst sést þetta í Reykjaneskjördæmi þar sem frá janúar og fram í september var 1% atvinnuleysi meðal karla en 3% atvinnuleysi meðal kvenna. Við höfum verið óþreytandi, kvennalistakonur, að benda á önnur atvinnutækifæri en stóriðju, önnur og betri atvinnutækifæri sem byggja á bæði þeirri hefð og þeirri reynslu og þeirri verkþekkingu sem við höfum hér í landinu og einnig á þeirri nýsköpun sem verður að verða hér og hlýtur að verða. Við höfum bent á að ekki má spara til rannsókna og við höfum bent á að ekki má eyða öllu fé í stóriðjudrauma þegar atvinnuvegir sem eru vænlegir, svo sem ferðaþjónusta, sem skila miklum arði og sýna mikla framtíðarmöguleika þurfa að leita í mun magrari sjóði og ég held að við verðum að endurtaka þetta enn og aftur.

Ég vil Reyknesingum sem öðrum landsmönnum það að hér byggist upp heilbrigð atvinnustefna, að fullvinnsla sjávarfangs verði eitthvað annað en orð í munni, verði framkvæmd, því að það eru dæmi til þess að þetta er mjög raunveruleg atvinnugrein ef vel er á málum haldið og vel hugað að rannsóknum, vöruþróun og markaðskynningu. Við eigum annarra kosta völ en stóriðjunnar til þess að mæta því atvinnuleysi sem kemur upp á hverjum stað og á Reykjanesi með blessunarlegum samdrætti, ef af verður, á hernaðarumsvifum þar og við verðum að líta þangað sem einhverja skynsamlega atvinnuuppbyggingu er að hafa.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Ég vil nú þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og talað jákvætt um þessa tillögu. Þó var ein — ja, ég verð nú að segja fölsk nóta slegin hér í ræðustól áðan. Það var verið að tala um að kostnaður við þessa rannsóknarnefnd mundi verða fleiri milljónir, tugir milljóna. Það er talað um að þetta verði nefnd þingmanna og miðað við þær greiðslur sem þeir hafa fengið fyrir slík nefndarstörf þá held ég að það verði ekki háar upphæðir, a.m.k. miðað við það sem er búið að eyða í alla þessa endaleysu sem hefur verið í kringum þetta álver.

Ég sagði það á fundi í sumar á Akureyri að það hefði aldrei staðið til að byggja álver, ef það yrði byggt á Íslandi, annars staðar en á Vatnsleysuströnd. Það var á fjölmennum fundi í Sjallanum og menn stóðu þar upp hver um annan þveran og sögðu: Er verið að hafa okkur að fífli? Því segirðu þetta? Ég sagði: Það er svo einfalt að sjá það því að hæstv. iðnrh. hefur alltaf sagt að þeir sem byggja álverið mundu ráða staðarvalinu. Ef hæstv. iðnrh. hefur skilið sjálfur hvað hann var að segja þá hefði hann ekki átt að mótmæla slíku eins og var gert á fundinum á Sauðárkróki.

Það er gaman að lesa skýrsluna sem iðnrh. hefur útbýtt um þetta mál hér á hv. Alþingi. Ef maður les hana yfir þá er hver mótsögnin við aðra. T.d. á bls. 63 er sagt frá því að minnsta fjarlægð til Akureyrar frá fyrirhuguðu álveri í Hvammslandi séu 12 km. Annars staðar segir að að séu bara tíu bæir sem séu innan við þessi mörk. Á bls. 32 segir að það séu tíu bæir innan þessara marka sem um er að ræða og mjólkurkvótinn sem framleiðsluleyfi er fyrir á þessum tíu bæjum séu 109 þús. lítrar. Kvótinn í Hvammi er rúmlega 103 þús. lítrar. Og ef maður tekur það sem viðmiðun sem stendur í þessari skýrslu að það séu 6 km til allra átta, þá eru það 20–30 bæir. Það er hálf leiðin frá Hvammi til Akureyrar og það eru ekki 109 þús. lítrar heldur eru það fleiri hundruð þúsund lítra á þessum bæjum sem framleiðslurétturinn er. Af því að maður hefur þetta fyrir framan sig, sem maður veit um, hvernig eru þá vinnubrögðin á öllu hinu? Er það eins, hæstv. forseti? Hv. 2. þm. Austurl. talaði um bréf iðnrh. sem hann gerði fyrir álfurstana, sem ég kalla. Hann sendi 29 sveitahreppum og 13 kaupstöðum slík bréf. Ég er alveg viss um að þau verða í minnum höfð, svo lengi sem land byggist, þessi vinnubrögð, því í bréfunum var leitað eftir því hvað menn vildu vinna til, hverju menn vildu slá af til þess að fá álverið til sín. Þetta var gert vegna þess að fólk var hrætt við atvinnuástandið og til að byrja með hugsuðu menn ekki nema um atvinnumöguleikana. En eftir því sem menn hafa farið að hugleiða þetta betur eru fleiri og fleiri orðnir á móti þessu. Og eins og ég gat um í fyrri ræðu minni samþykkti stjórn allra þeirra aðildarfélaga sem standa að Landvernd samhljóða, þar voru mættir átta af tíu stjórnarmönnum, að skora á Alþingi Íslendinga að hætta við þessa byggingu.

Ég er alveg sannfærður um það að ef úr því verður að byggja vetniverksmiðju, sem ég tel yfirgnæfandi líkur fyrir og er innst inni viss um að verði gert, vegna þess að þjóðirnar sem búa við þessa mengun verða að gera eitthvað til þess að minnka hana og þá er ekki annað í sjónmáli hlýtur fyrsta verksmiðjan að verða á Reyðarfirði. En ég er viss um að Eyfirðingar gera kröfu til þess að sú næsta verði í Eyjafirði eins og mál standa.

Það er alveg rétt sem hér kom fram að það er auðvitað alveg sama hvar er atvinnuleysi, það er ástand sem er ólíðanlegt. Þjóð sem telur sig búa í velferðarþjóðfélagi getur ekki unað slíku ástandi. Það skiptir ekki máli hvort það er á Reykjanesi eða annars staðar. En hv. 11. þm. Reykn. leysir ekki það mál með því að byggja álver.

Ég var að athuga hvernig á því stæði að það hallaði svona á landsbyggðina eins og gerir. Ég athugaði skýrslur frá 1983. Þar kom í ljós að tekjur á hvern Reykvíking það ár voru 88 þús. kr. en í kaup-

stöðunum að meðaltali annars staðar 53 þús. kr. Standa menn jafnir? Er þetta ekki skýring á því hvernig ástandið er? Og vitnar kannski um það hvað við landsbyggðarmenn höfum verið linir í sókninni og ekki náð saman til þess að ná rétti okkar.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Vegna ummæla hv. 1. þm. Norðurl. e. ætla ég að upplýsa það að þó menn fari í prófkjör þá þýðir það ekki sama og menn verði skoðanalausir. Þeir eru nefnilega kosnir til að hafa skoðanir og álit á hlutum. Og hvað varðar þann misskilning hér á orðavali mínu, en það vill nú svo til að menn nota oft myndmál og í mínum huga er lúður eða trompett tengdur tónlist. Þeir sem láta heyra hátt og snjallt í sér og leika sína laglínu svo vel að allir megi heyra, þeir eru auðvitað góðir hljóðfæraleikarar. Það er það sem landsbyggðarmenn hafa gert og ekkert annað, ef menn hafa eitthvað misskilið það.

En ég vil einnig taka undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér og gagnrýndi hæstv. iðnrh. fyrir vinnubrögð hans í þessu máli og tel að það eigi í raun að ræða þau mál alveg sérstaklega hvernig hann reyndi að etja byggðum saman með þeim hætti sem hér hefur komið fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e.

Ég vil að lokum einnig ítreka mína skoðun á því að atvinnuleysi er böl og að atvinnuleysi kvenna skapast auðvitað af heildaratvinnuástandinu, ekki af því að það sé stefna að gera konur atvinnulausar fremur en karla. En það vill þannig til að það er heildarástand atvinnuleysisins sem skiptir máli. Annað vil ég ekki segja um þetta að sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. KE o.fl., 2. mál (útgáfa bráðabirgðalaga). — Þskj. 2.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 34. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 34.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem felur í sér staðfestingu á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 17. júlí sl. Þau bráðabirgðalög voru gefin út í þeim tilgangi að draga úr fyrirhugaðri hækkun framfærsluvísitölu í því skyni að þeim markmiðum, sem sett voru í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins og ríkisins og BSRB í febrúar sl., yrði náð. Bráðabirgðalögin fólu í sér að annars vegar var flýtt niðurfellingu virðisaukaskatts af bókum. Samkvæmt gildandi lögum um virðisaukaskatt átti virðisaukaskattur af íslenskum bókum að falla niður 16. nóv. en með bráðabirgðalögunum var kveðið á um það að frá og með 1. sept. yrðu bækur á íslensku undanþegnar virðisaukaskatti.

Seinna atriðið í lögunum fól í sér að afnumin voru þau skilyrði sem voru í gildandi virðisaukaskattslögum hvað snerti endurgreiðslu á virðisaukaskatti varðandi endurbætur og viðhald á húsnæði þannig að fest var í lög sú regla að virðisaukaskattur af vinnu við endurbætur á íbúðum yrði endurgreiddur í samræmi við skattalega meðferð slíkrar endurgreiðslu við nýbyggingar.

Bæði þessi mál eru hv. alþm. vel kunnug og um þau hefur verið fjallað hér á Alþingi áður. Ég gerði tillögu á síðasta þingi um að bækur á íslensku yrðu undanþegnar virðisaukaskatti og þingið féllst á hana. Með þessum bráðabirgðalögum var gildistöku þeirrar breytingar flýtt. Á síðasta þingi kom einnig tölulvert til umræðu með hvaða hætti ætti að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu við íbúðarhúsnæði og eftir ítarlega athugun skattyfirvalda á framkvæmd þess máls varð það niðurstaða embættismanna skattkerfisins að í senn væri eðlilegt og öruggt að framkvæma endurgreiðslurnar með þeim hætti sem hér er lagt til.

Hvað fyrra atriðið snertir, niðurfellingu virðisaukaskatts af bókum á íslensku, má áætla að það hafi í för með sér kringum 400 millj. kr. tekjutap á ári fyrir ríkið og er þess vegna í eðli sínu kannski einhver stærsta fjárhagsaðgerð gagnvart íslenskum bókmenntum sem þingið hefur ákveðið. Flýtingin ein og sér þýðir u.þ.b. 50 millj. kr. tekjutap fyrir ríkið á þessu ári. Hins vegar er mun erfiðara að setja fram nokkrar fjárhagsáætlanir varðandi síðara atriðið en verður e.t.v. auðveldara að gera það þegar reynsla hefur fengist á skipan þessara mála.

Ég vil svo mælast til þess, virðulegi forseti, að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þá er farið að leika aftur á bak fyrsta kafla hljómkviðunnar um bráðabirgðalögin, ópus u.þ.b. 260. Vitur maður sagði einhvern tíma að gerði maður mistök þá væri leiðin til að leiðrétta þau að spila líf sitt aftur á bak líkt og tónverk þar til maður stæði í þeim sporum þar sem mistökin voru gerð, en fataðist manni á leiðinni yrði maður að byrja upp á nýtt og ekki láta deigan síga fyrr en maður hefði spilað rétt aftur á bak að þeim punkti sem leitað var að.

Það má kannski gleðjast yfir því að þessi sjálfskoðun ríkisstjórnarinnar er nú hafin og hún byrjuð að spila aftur á bak þessa óheillahljómkviðu sína.

Það er mikil kokhreysti hvernig hæstv. fjmrh. lýsti því hér að hann hefði lagt til niðurfellingu virðisaukaskatts af íslenskum bókum. Það er að vísu rétt að hann gerði það en ég hygg þó að það hafi verið vegna þrýstings alls staðar að en ekki vegna þess að löngun hans hafi svo mikið staðið til þess.

Ég vil minna á að þegar frv. til laga um virðisaukaskatt var hér til umræðu á Alþingi á 110. löggjafarþingi þá fluttu kvennalistakonur í báðum deildum brtt. við það frv., sem þær voru nú reyndar á móti í heild en gerðu auðvitað líka tilraun til þess að fá einstökum greinum þess breytt. Þar lögðum við einmitt til fyrir þremur árum að undanþegnar virðisaukaskatti yrðu bækur útgefnar á íslensku. Þessar tilraunir voru svo margendurteknar, bæði af okkur og öðrum, svo fyllstu sanngirni sé nú gætt, en það var sem sagt ekki á þær hlýtt.

Við umræðu um breytingar á virðisaukaskattslögunum um sl. áramót gerðum við tilraun til þess að fá breytt virðisaukaskattslögunum í þá veru að niðurfellingu á virðisaukaskatti af bókum yrði flýtt, þ.e. að í stað þess að hún skyldi taka gildi 16. nóv. 1990 lögðum við til að flýtt yrði til 16. sept. 1990 og miðuðum þar við uppgjörstímabil. Þá var ekki hægt að ljá máls á þeirri flýtingu. Þó voru ein helstu rök þá í máli okkar að það væru helst íslenskir námsmenn sem mundu gjalda fyrir að niðurfellingin kæmi ekki til framkvæmda fyrr en í nóvember þar sem þeir yrðu þá að kaupa flestar sínar námsbækur meðan virðisaukaskattur væri enn af bókum, en það voru ekki gild rök. En þegar ríkisstjórnin þarf að reyna að koma í veg fyrir að þjóðarsáttin þeirra bresti, þá allt í einu uppljómast hugir þeirra og þeim detta í hug þessi snjallræði sem þeir reyna svo að hreykja sér af að hafi verið gert af einhverjum áhuga fyrir íslensku, íslenskri menningu, íslenskum bókum, íslenskum námsmönnum. En það dylst auðvitað engum að eini tilgangur verksins er að reyna að koma í veg fyrir bresti í hinni svokölluðu þjóðarsátt sem stendur ekki traustari fótum en þetta. En þrátt fyrir allt er maður kominn í þá kátlegu stöðu að verða þó að lýsa yfir stuðningi við það frv. sem hér liggur frammi vegna þess hversu samhljóða það er þeim tillögum sem Kvennalistinn hefur æ ofan í æ borið fram á þingi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Ég vil láta það koma fram hér að út af fyrir sig er það til bóta að fólk fái niðurfelldan virðisaukaskatt af vinnu við endurbætur á húsnæði. Þetta þýðir jafnframt það að sú regla sem hér var samþykkt um að menn gætu fengið frádrátt vegna viðhalds á húsnæði samkvæmt ákveðinni prósentu af fasteignamati, þetta getur orðið til þess að þeir sem standa í miklu viðhaldi gætu tapað stórfé á því að þetta er tekið upp. Það gæti farið svo að menn eru á þeim mörkum vegna þess að sú prósenta var afar há ef ég man það rétt. En þessi regla virðist eins og allar aðrar reglur sem ríkið setur vera með þeim hætti að það skaðar almenning vegna þess að hér er fé manna bundið í mislangan tíma, vaxtalaust og verðbótalaust, þar til ríkissjóði þóknast að endurgreiða það, þó að ríkið sé búið að fá féð í sinn kassa.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. og bið hann að hlusta vandlega vegna þess að ég hef heyrt að töluverður fjöldi fólks hefur áhuga á að fá að vita ákveðna hluti. Það er í fyrsta lagi: Hvenær koma eyðublöðin sem almenningur á að fá til að fylla út þegar hann hefur lokið við viðhaldsverkefnið og óskar eftir endurgreiðslum? Og í öðru lagi: Hvenær verður reglugerðin gefin út, sem hlýtur að verða gefin út með þessum lögum, þannig að fólk geti séð hvenær það eigi von á endurgreiðslum og með hvaða hætti? Það hefði verið nauðsynlegt að leggja þessa reglugerð fram jafnhliða frv. þannig að menn mættu sjá hvernig framkvæmdin yrði á þessu.

Hitt er annað mál að ég tel að svört atvinnustarfsemi muni aukast við þessar aðgerðir, ég er alveg sannfærður um það, vegna þess að ef fólk þarf að bíða mjög lengi eftir að fá endurgreiðslu, þá er alveg ljóst að stefnir í það. Þetta er bara eðli þessara hluta, að fólk er að reyna að bjarga sér, fólk hefur ekki of miklar tekjur vegna aðgerða þessarar ríkisstjórnar í skattamálum. Tekjur almennings í landinu eru ekki það miklar að menn hugsi sig ekki um tvisvar áður en þeir fara að fjármagna ríkissjóð.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst víkja að því að framkvæmd á þessum breytingum er í verkahring embættis ríkisskattstjóra og undirbúningurinn að framkvæmd þessa máls er á vegum þess embættis og honum miðar vel. Ég vil í því sambandi árétta að efasemdir sem margir höfðu hér á þinginu fyrir síðustu áramót um að virðisaukaskatturinn væri svo illa undirbúinn að framkvæmd hans mundi klúðrast hafa sem betur fer ekki reynst vera á rökum reistar. Satt að segja hefur gengið ótrúlega vel að koma virðisaukaskattskerfinu hér í framkvæmd þó að um sé að ræða einhverja flóknustu og viðamestu skattkerfisbreytingu sem Íslendingar hafa gert um langan tíma.

Það er ætlun fjmrn. að stefna að því að þessar endurgreiðslur geti verið með reglubundnum hætti þótt hægt verði farið af stað í byrjun. Verður það metið eftir vinnuálagi og kröfum almennings hvað margir endurgreiðsluáfangar verða á hverju ári. Það er nú oft þannig að framkvæmdir af þessu tagi taka nokkuð langan tíma hjá fólki almennt þannig að oft og tíðum stendur framkvæmdatímabil marga mánuði svo að eðlilegt er að menn safni þessum greiðslum saman. En hitt er ljóst að þegar reynsla verður komin á þessa vinnu verður stefnt að því að gera þetta eins fljótt og oft og unnt er. Það er enn fremur ætlunin að þessi endurgreiðsla haldi fullu verðgildi þannig að það er ekki um það að ræða eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að það væri verið að rýra þessa peninga almennings með biðinni. Ætlunin er einnig að gefa út á vegum ríkisskattstjóraembættisins og fjmrn. ítarleg leiðbeiningarit til almenn-

ings, upplýsingabækling og fræðsluefni þar sem hver og einn einstaklingur getur fengið mjög ítarlegar upplýsingar um það í hverju endurgreiðslurnar eru fólgnar, hvernig þarf að ganga frá reikningum og öðru af því tagi. Þetta efni er væntanlegt á næstunni og ætti eins og annað fræðsluefni um virðisaukaskattinn að vera þannig úr garði gert að það auðveldi mjög alla framkvæmd. Það hefur verið reynslan af því upplýsingaefni og þeim eyðublöðum sem gefin hafa verið út til þessa og sami háttur verður hafður á varðandi þetta atriði. Ég óttast þess vegna ekki að þetta verði erfitt í framkvæmd og ætti á tiltölulega skömmum tíma að vera hægt að koma hér upp endurgreiðslukerfi þar sem nokkrum sinnum á hverju ári verður gengið frá þeim endurgreiðslum sem ber að greiða samkvæmt þeim skilmálum sem í lögum og reglugerðum verða sett.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans við þessu. Ég fagna því sem hann upplýsir hér og ég tel það nýjung sem hann segir okkur, að þessir fjármunir muni halda að fullu verðgildi sem þýðir þá væntanlega verðbætur og vexti af þeim fjármunum sem fólk leggur út fyrir virðisaukaskattinum. Ég tel að það sé þá um leið stefnumarkandi varðandi fé sem fólk á hjá hinu opinbera að við megum vænta þess í framtíðinni að ef fólk er ofskattað, þá muni fjmrh. koma hér fljótlega fram með þá tillögu að menn fái oftekna skatta greidda með fullum verðbótum og vöxtum. Ég vil einnig fagna því að það eigi að gera góðan upplýsingabækling í þessu máli. Það er auðvitað brýnt samt sem áður, þó að fjmrh. hafi sagt að það væri full vinna í gangi hjá ríkisskattstjóra um þetta mál, að fólk fái sem allra fyrst eyðublöð til þess að fylla út og óska eftir endurgreiðslum. Því að þrátt fyrir allt standa flest viðhaldsverkefni í stuttan tíma, alla vega ekki mikið meira en mánuð. Það er auðvitað sú stærðargráða sem mun verða algengust, frekar lítil en þó kannski oft dýr verkefni. Það er því mikilvægt að almenningur fái sem allra fyrst möguleika á því að fá endurgreiðslur og vita hvernig þeim verður hagað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tollalög, 1. umr.

Frv. IBA og HJ, 11. mál (tollverð). — Þskj. 11.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum. Er þetta 11. mál þingsins. Í grg. með frv. segir eftirfarandi:

„Á Íslandi er hið svokallaða „cif-verð" innfluttrar vöru (cost, insurance, freight) lagt til grundvallar þegar tollverð er ákveðið. Það felur í sér að innflytjandi er ekki einungis að greiða toll af innkaupsverði vörunnar heldur einnig af flutningsgjöldum, vátryggingum og öðrum kostnaði í sambandi við innflutninginn. Þessi regla kemur fram í 2. mgr. 9. gr. tollalaga þar sem segir að í tollverði skuli innifalið:

„a. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.

b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.

c. Vátryggingarkostnaður."

Þetta verður að telja í hæsta máta óeðlilega tollheimtu. Í fyrsta lagi er óréttlátt að innflytjandi greiði toll af kostnaði við að koma vörunni til landsins en ekki einungis af því verði sem hann greiðir hinum erlenda seljanda fyrir vöruna. Meginrökin gegn þessari tollálagningu innflutningskostnaðar eru þó að hún leiðir af sér hærra vöruverð í landinu. Íslenskir neytendur verða að greiða nógu hátt verð fyrir innflutta vöru og það er að bera í bakkafullan lækinn að flutningskostnaður og tengd gjöld séu reiknuð inn í tollverð vörunnar.

Samþykkt þessa frv. felur hins vegar í sér að miðað verður við „fob-verð" innfluttrar vöru (free on board) þegar tollverð er ákveðið og því einungis reiknaður tollur af innkaupsverði vörunnar."

Hæstv. forseti. Þetta mál sem ég mæli hér fyrir er gamalt baráttumál innflytjenda. Það hefur fengið jafnvel enn meira vægi við þær breytingar sem orðið hafa á tollskránni að undanförnu með EFTA-samkomulagi þar sem allar vörur innan EFTA-ríkjanna eru nú fluttar inn á 0% tolli og því krefjandi mál að innflytjendur fái að sitja við sama borð. Enda er, eins og kemur fram í grg. með frv., óeðlilegt að verið sé að taka toll af hlutum eins og flutningsgjaldi, tryggingum og alls kyns kostnaði sem vörur geta hlaðið upp á sig, hvort sem það er pökkun eða innanlandsfragt erlendis eða hverju nafni sem það nefnist. Auðvitað á eingöngu að greiða toll af vörunni eins og nú er gert og er í reynd viðurkennt þar með af vörum frá EFTA-löndum.

Það liggur einnig ljóst fyrir að verði þessi leið farin, að reikna tollverð af fob-verði vöru, þá mun það leiða af sér lækkað vöruverð í landinu sem kemur að sjálfsögðu heimilunum og fjölskyldunum í landinu til góða því að ekki eru of miklir peningar í þeirra vösum þessa dagana eins og allir vita. Þetta mundi leiða af sér t.d. lækkun á vörum eins og fatnaði, íþróttavörum og alls kyns tækjum og vélum og varahlutum sem allir þjóðfélagsþegnar þurfa á að halda. Tekjutap af þessu mundi væntanlega skila sér að einhverju leyti í kassann í gegnum aukna sölu, en að öðru leyti má mæta tekjutapi með því að notast við hið svokallaða vörugjald. Þegar maður fjallar um vörugjaldið, þá leiðir það reyndar hugann að því að tollun er með ólíkindum flókin hér. Við innflutning eru hvorki meira né minna en 23 aukagjöld sem hægt er að leggja á innflutning og notast þá við hina

ýmsu bókstafi til að auðkenna þau. Ofan á þessa 23 eru a.m.k. tveir bókstafir með undirliði þannig að við bætast sennilega einir 10–15 aukaliðir þar. Við erum þá að tala um 30–40 aðferðir við að leggja á gjöld í innflutningi.

Það er einnig staðreynd að flutningsgjald vegur mjög þungt í vöruverði og ég hygg að allir sjái ástæðuna fyrir því. Það er af eðlilegum ástæðum miklu dýrara að flytja vörur frá Bandaríkjunum, Japan, Tævan eða einhverjum slíkum löndum en t.d. frá Englandi, Þýskalandi eða Hollandi. Það er enda með ólíkindum og mjög óeðlilegt að fragt skuli vega jafnþungt í vöruverði og raun ber vitni og ástæðan er náttúrlega fyrst og fremst þessi tollunaráhrif. Auðvitað hefur þetta áhrif á vöruval innflytjanda þegar hann stendur frammi fyrir því hvaðan hann eigi að flytja inn ákveðna vöru, hvort hann eigi að taka hana frá EFTA-landi eða utan EFTA þar sem hin svokallaða ytri tollun ríkir. Þá velur hann að sjálfsögðu í flestum tilfellum að flytja hana inn frá EFTA þó að verðið sé óhagstæðara, þ.e. einingarverðið á vörunni og jafnvel gæðin minni. Þannig hefur þetta veruleg áhrif á val neytanda, hvað hann má og getur valið sér af vörum í verslunum, bæði hvað snertir gæði og verð.

Auðvitað á að fella þetta niður. Það á að snúa sér að cif-tollum en það á að gera meira. Í raun ætti að fella alla ytri tolla niður og vinna það upp með vörugjaldinu í staðinn og þá að sjálfsögðu að taka öll þessi aukagjöld út sem ég var að tíunda hér áðan og er reyndar með hér á blaði fyrir framan mig ef einhver skyldi vilja heyra allan þann lista.

Ég fagna því náttúrlega að hæstv. fjmrh. er viðstaddur þessa umræðu. Þetta er að sjálfsögðu málaflokkur sem fellur undir hans ráðuneyti og hann tjáir sig væntanlega eitthvað um þessar hugmyndir sem ég er hér að mæla fyrir. Ekki skal ég segja hvort hann getur sagt okkur hvað tekjutap yrði mikið eða um hversu háar upphæðir er að ræða, en hafi hann farið yfir heimavinnuna er hann sjálfsagt með þær tölur á takteinum.

Fyrir nokkrum árum síðan var það þannig að ef maður flutti inn með flugfragt til að mynda, þá var veittur ákveðinn afsláttur á fragtinni sem gilti í tiltekinn tíma, tíu daga eða tvær vikur, ég man ekki hvort það var. Þetta var náttúrlega til þess að menn nýttu sér það í enn frekara mæli að flytja inn með flugfragt. Þetta var einhverra hluta vegna tekið af fyrir örfáum árum eins og ég sagði. Af hverju veit ég ekki, en hugsanlega getur fjmrh. enn á ný útskýrt hvers vegna það var. Auðvitað kemur það niður á þjónustu við neytendur að þetta var fellt niður enn á ný vegna þess að vöruverð hækkar við það að fragtin hækkar.

Hæstv. forseti. Í mínum huga er þetta afskaplega einfalt mál og það á ekki að þurfa að mæla fyrir því í löngu máli. Ég vona að sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar beiti sér fyrir því að afgreiða málið jákvætt. Ég vil því bara að lokum vísa þessu frv. til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að taka undir það frv. til laga sem hér liggur fyrir um breytingu á tollalögum, nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum. Ég tel að það frv. sem hér liggur fyrir sé mjög tímabært, það sé til einföldunar og það sé til lækkunar vöruverðs og verðlags í landinu og þar með minni verðbólgu.

Flutningsgjöld og fjarlægðir hafa mikil áhrif á vöruverð hér á Íslandi. Þess vegna hlýtur það að vera mjög mikilvægt að ekki sé lagður tollur sérstaklega á flutningsgjöldin eins og er gert í dag. Ég vil taka sem dæmi að ef menn fá ókeypis flutning fyrir vöru, þá er samt lagður tollur á áætlað flutningsgjald. Og það hljóta allir að sjá að slíkar reglur eru náttúrlega afskaplega heimskulegar. Það hlýtur að verða að afnema slíkar reglur því að þessi skattur orsakar það að vöruverð er hér hærra en annars þyrfti að vera. Ef þetta yrði afnumið mundi vöruverð hér í flestum tilfellum vera undir vöruverði víðast í nágrannalöndum miðað við þær kannanir sem gerðar hafa verið á innfluttum vörum hér og í nágrannalöndunum, t.d. á Norðurlöndunum. Það hefur sýnt sig að verslunarmenn á Íslandi hafa staðið sig *fullkomlega í því að gera hagstæð innkaup en* þar á móti hafa yfirvöld ríkisfjármála ekki staðið sig í því að hægt sé lækka vörurnar eins og þetta að koma til móts við hagstæðan innflutning og lágt vöruverð vegna þessarar reglu. Og ég vona að fjh.- og viðskn. muni afgreiða þetta sem lög frá Alþingi og ég vona einnig að fjmrh. muni styðja þetta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

4. fundur, fimmtudaginn 18. okt., kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Ellert Eiríksson sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Ellert Eiríksson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Íslenska óperan, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 4. mál. — Þskj. 4.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Íslenska óperan hefur nú starfað í u.þ.b. 11 ár. Upphaflega naut Íslenska óperan engra opinberra styrkja en fljótlega kom í ljós að slíkt gekk ekki þrátt fyrir góða aðsókn og mikinn áhuga almennings. Kom þá í hlut ríkisins að hlaupa undir bagga og þá venjulega eftir á þegar sýnt var að endar næðu ekki saman. Síðar náðust samningar við ríkið um að ríkið greiddi fastan rekstrarkostnað Íslensku óperunnar, þ.e. fyrst og fremst rekstur hússins og laun fastra starfsmanna, sem vert er að taka fram að eru ekki listamenn heldur einungis skrifstofu- og tæknifólk.

Þrátt fyrir þetta er nú svo komið að ekkert annað blasir við en að Íslensku óperunni verði lokað. Hún verður ekki opnuð aftur nema einhver úrlausn fáist í hennar málum. Þó er ekki um stórar upphæðir að ræða í raun og veru. Skammtímaskuldir Íslensku óperunnar munu vera um 24 millj. kr. Það er tiltölulega lítið sem Íslenska óperan skuldar í húsnæði sínu, Gamla bíói við Ingólfsstræti, en það hús mun vera metið á u.þ.b. 200 millj. kr., svo hér er í rauninni um stóreignafyrirtæki að ræða sem ekki ræður við skammtímaskuldir sínar.

Sl. sumar var sett á laggirnar nefnd á vegum menntmrn. og fjmrn. til þess að reyna að finna lausn á málunum. Sú nefnd hefur nú skilað áliti. Þar er talið að lágmarksfjárþörf Íslensku óperunnar sé 75 millj. kr. á ári. Er þá miðað við tvær uppsetningar á ári og að Íslenska óperan geti sjálf aflað um helmings þessarar upphæðar eða u.þ.b. 40 millj. kr. en afgangurinn yrði að koma frá opinberum aðilum.

Í því frv. sem nú hefur verið lagt fram til fjárlaga eru Íslensku óperunni ætlaðar u.þ.b. 15 millj. kr. Ég þykist vita að það sé ekki endanleg upphæð sem hún fær og ég veit að það hafa verið uppi einhvers konar umræður á milli borgarinnar og ríkisins um hvor hlypi undir bagga en ekki ljóst hvernig þeim málum lyktar. En ljóst er að ef á að verða af einhverri starfsemi í vetur þá verður eitthvað að koma til fljótt. Því spyr ég hæstv. menntmrh. hvort einhver áform séu uppi um að leysa þann fjárhagsvanda Íslensku óperunnar sem nú blasir við og hvort ætlunin sé að tryggja rekstur og framtíð Íslensku óperunnar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 stendur svo í grg., með leyfi forseta: „Framlag til Íslensku óperunnar er 14,4 millj. kr. samanborið við 13,6 millj. í fjárlögum 1990. Málefni Íslensku óperunnar eru í athugun en hún hefur átt við fjárhagsvanda að stríða. Þegar afstaða Reykjavíkurborgar liggur fyrir verður málið kynnt fjvn. Alþingis."

Þannig stendur málið í raun og veru. Það hefur verið farið yfir málið mjög rækilega. Það er talið að rekstrarfjárþörf Óperunnar á ári, miðað við þá starfsemi sem rétt sé að miða við, sé um 75 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því að eigin tekjur Óperunnar af þeirri starfsemi geti verið um 40 millj. og þá vanti 35 millj. sem verði að koma af almannafé, annaðhvort frá ríki og borg eða bara ríki eða bara borg. Og málin standa þannig að ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti fallist á það nefndarálit sem gefið var út af starfsmönnum menntmrn. og fjmrn. fyrir nokkrum vikum. Síðan hafa staðið yfir viðræður við borgina og þær eru ekki til lykta leiddar.

Íslenska óperan skuldaði í lok maímánaðar, þá fékk ég þær tölur, um 24 millj. kr. Á þeim málum var tekið strax af ríkisstjórninni með þeim hætti að af svokölluðu ráðstöfunarfé menntmrn. voru greiddar 3 millj. kr. Fáeinum vikum síðar komu forráðamenn Íslensku óperunnar á ný á fund í menntmrn. og óskuðu eftir frekari stuðningi af hálfu ráðuneytisins. Til þess voru engin ráð eða efni á þeirri stundu. Í framhaldi af því kallaði ég saman fund með fulltrúum fjmrn., menntmrn., Landsbankans og Íslensku óperunnar og ákveðið var að Landsbankinn hlypi undir bagga með Óperunni nú um skeið þar til séð yrði hverjar yrðu endanlegar undirtektir Reykjavíkurborgar, svoleiðis að húsum verður haldið opnum. Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um það, sem birtast mun þingmönnum í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 næstu daga, að greiða Óperunni auk þeirra 3 millj. sem þegar hafa verið greiddar 4 millj. kr. samkvæmt þeim tillögum sem lagðar verða fram í fjáraukalagafrv. eða alls 7 millj. kr. á þessu ári. Út á það veitti Landsbankinn sinn stuðning og sömuleiðis út á þær miklu eignir sem Íslenska óperan á. Landsbankinn hefur ákveðið að veita stuðning upp á þessa tölu þannig að rekstur Óperunnar eða starfsemin, sú litla sem þar er í húsum, heldur áfram út þetta ár. Hins vegar bíður ákvörðun um frekari starfsemi niðurstaðna af viðræðum sem við eigum nú í við Reykjavíkurborg.

Samningar voru gerðir milli ríkisins og Óperunnar fyrir nokkrum árum, sem ríkið fyrir sitt leyti hefur staðið myndarlega við, þar sem auk fjárlagatalna hefur verið bætt við talsverðum upphæðum á ári hverju. Samtals hefur ríkið veitt á þessum fjórum samningsárum 89 millj. kr. á núvirði eða ríflega 22 millj. kr. á ári að meðaltali á núvirði.

Ég tel að miðað við aðstæður ætti ríkið að geta staðið við það samkomulag sem gert var í ríkisstjórninni í sumar. Spurningin um viðbótina fer í fyrsta lagi eftir niðurstöðum viðræðna við Reykjavíkurborg, í öðru lagi eftir vilja Alþingis sem þá tekur á málinu í sinni fjvn. En í þriðja lagi vil ég svo segja það að auðvitað verður Óperan að starfa áfram. Við verðum að leggja áherslu á að til þess verði skapaðar aðstæður. En það er auðvitað ekki hægt að gera það hvað sem það kostar og það verð-

ur að halda þétt utan um fjármál þar eins og annars staðar eins og frekast er kostur.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins koma hér og þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir að bera fram þessa fsp. og með því vekja athygli á þeim fjárhagslega vanda sem Íslenska óperan býr við. Ég verð að segja það að mér fyndist það dapurlegur endir á því annars merka og mikla starfi sem íslenskt tónlistarfólk hefur unnið í Íslensku óperunni frá því að hún var stofnuð, ef svo færi að ekki væri hægt að finna leiðir til að leysa þennan fjárhagslega vanda. Ég verð nú að segja að ekki er hægt að tala um að þetta séu stórar fjárhæðir miðað við ýmislegt annað sem Alþingi þarf að takast á við þegar um er að ræða fjárhagslegan vanda ýmissa fyrirtækja og atvinnureksturs í landinu, því við verðum að líta svo á að tónlistin í landinu og sú tónlistarmenning sem haldið er uppi í landinu sé arðbær og góð fjárfesting. Og við megum ekki láta það gerast að Íslenska óperan verði að hætta starfsemi sinni vegna þess að það sé ekki hægt að finna lausn á þessum vandamálum hennar.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. vita var Íslenska óperan á sínum tíma stofnuð af ótrúlegri bjartsýni, dugnaði og krafti þess fólks sem lagði nótt við dag, ég vil segja árum saman, til þess að gera þann draum að veruleika að hér á Íslandi tæki ópera til starfa.

Þessi starfsemi hefur verið rekin í allnokkur ár en við nokkurn fjárskort. Eins og hæstv. menntmrh. gat um áðan var ljóst fljótlega að ríkið yrði að hlaupa undir bagga og gerður var samningur fyrir nokkrum árum um þátttöku ríkisins í starfsemi Íslensku óperunnar. Jafnframt var gengið frá þeim skuldum sem hvíldu á fyrirtækinu, þ.e. lausaskuldum. Þessi samningur var gerður eftir bestu manna yfirsýn um fjárþörf Íslensku óperunnar einhver ár fram í tímann. Því miður hefur það reynst svo að fjárþörfin hefur verið meiri þannig að nú stefnir í vandræði og nú stefnir í það að þessi starfsemi verði lögð niður.

Ég vil láta þá skoðun mína hér í ljós að ég tel að það yrði mjög miður ef svo færi. Ég tel að Íslenska óperan hafi helgað sér þann sess í menningarlífi okkar Íslendinga að það yrði mikill sjónarsviptir að því ef Óperan hyrfi úr okkar menningarlífi. Þess vegna vil ég segja það við hæstv. menntmrh. að ég styð þær aðgerðir hans að reyna að koma þarna til bjargar. Ég flyt ekki neina gagnrýni á hann í þessu máli. Ég tel að ráðuneytið hafi gert allt það sem hægt hefur verið til þessa til þess að halda Óperunni á floti, getum við sagt. En ég vil hins vegar aðeins vara við því, mér fannst svolítill tónn í ræðu hæstv. menntmrh. að því leyti að það væri verið að færa þungann og ábyrgðina í þessu máli yfir á Reykjavíkurborg. Nú er það svo að borgin hefur hingað til ekki tekið þátt í starfsemi Íslensku óperunnar þó hún hafi stutt og stuðlað að ýmsu menningarlífi öðru hér í borginni. Auðvitað er það mjög gott ef Reykjavíkurborg getur og treystir sér til að leggja þarna fé af mörkum. En mér finnst að miðað við sögu málsins og hvernig ríkið hefur áður gert samninga við Óperuna um starfsemi hennar þá sé ekki rétt að setja einhverja ábyrgð á Reykjavíkurborg ef illa fer í þessari starfsemi. Ég tel að ríkið eigi að hafa þarna frumkvæði enda er þetta starfsemi sem nýtist öllum landsmönnum þó hún sé staðsett hér í höfuðborginni. Ég tel að ef sveitarfélögin eiga að koma þarna til aðstoðar þá eigi að leita til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en ekki setja allan þunga á þessu máli yfir á borgina.

Þessar athugasemdir vildi ég láta fram koma, virðulegi forseti.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. þau svör sem hann veitti þó ég verði nú að viðurkenna að mér fannst þau heldur loðin því í rauninni er málið einungis í athugun en engin ákvörðun hefur verið tekin. Það er ljótt til þess að vita að Leikfélag Reykjavíkur og Íslenska óperan skuli í rauninni sett í þá aðstöðu að bítast um það litla fjármagn sem hér er um að ræða því samningar standa um það að fjárframlag sem nú er á fjárlögum til Leikfélags Reykjavíkur flytjist til Íslensku óperunnar og í staðinn taki borgin algjörlega við Leikfélagi Reykjavíkur. Ég er ekkert að segja að það sé í sjálfu sér slæmt ef þannig verður málum hagað en vont til þess að vita ef þessum tveim fyrirtækjum er att saman á einhvern hátt.

Hæstv. menntmrh. hafði orð um það að sýna yrði aðhald í rekstri Íslensku óperunnar eins og annars staðar. Það er vissulega mála sannast en það er vert að taka það fram að aldrei hafa listafólki verið greidd þar full laun fyrir sína vinnu, ekki einn einasti listamaður hefur nokkurn tíma verið þar fastráðinn og t.d. í síðasta verkefni sem upp var sett, þá lækkuðu allir laun sín talsvert til þess að mæta vanda Íslensku óperunnar, beinlínis gáfu fé af sínum lágu launum til þess að sýningin mætti koma upp. Í þessum 75 millj. kr., sem talað er um sem lágmarksfjárþörf, er ekki gert ráð fyrir fastráðningu eins einasta listamanns, þannig að það er einungis verið að biðja um það að áfram geti söngvarar gert þetta í aukavinnu, fyrir utan sinn venjulega vinnutíma án þess að þetta sé sú atvinna sem þeir hafa sitt framfæri af. Það verður auðvitað að segjast að meðan svo er munum við búa áfram við flótta listamanna úr landi, það eru einungis þeir þrautseigustu sem halda út. Þess vegna verður jafnvel 75 millj. kr. fjárframlag lágmarksfjárþörf og er einungis til bráðabirgða. Það er í rauninni ekkert annað en framhald á því sem verið hefur, þ.e. að það hefur verið staðið undir, eins og ég sagði áðan, rekstri hússins, tækniliði og skrifstofuliði. Og þessar aukafjárveitingar sem hafa komið til hafa ævinlega verið til þess að mæta uppsetningum og það hefur verið um lítið fjármagn að ræða á hverju ári. Þannig að það brestur meira skilninginn þegar kemur að listamönnunum og steinsteypunni sleppir.

Hæstv. menntmrh. sagði að endanlega réðist þetta af vilja Alþingis. Það er alveg rétt, það gerir það endanlega. Alþingi hefur stundum látið það um sig spyrjast og farið í söguna hvernig það kunni ekki að meta sína bestu dætur og syni. Nægir að nefna þegar nóbelsskáldið okkar fékk neitun hér um árið þegar hann langaði til útlanda til þess að skrifa bók. Án þess að ég sé að ætla einum manni allt það sem gert hefur verið í Íslensku óperunni þá fer ekki á milli mála að þar hefur Garðar Cortes haldið þannig um tauma að þessir hlutir hefðu ekki gerst án hans og ég vona að hann verði ekki afgreiddur á sama hátt og nóbelsskáldið var hér á árum áður.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi skýrði ég frá því í ræðu minni hér áðan að það hefði verið tekin ákvörðun í málinu að hálfu ríkisstjórnarinnar sem hv. 12. þm. Reykv. hefur greinilega ekki heyrt. Ákvörðun um það að standa að þeim hluta málsins sem snýr að ríkinu, sem er meginhluti málsins. Það liggur fyrir. Bæði varðandi framtíð og auk þess varðandi árið 1990 með greiðslu á 7 millj. kr. til Óperunnar á þessu ári umfram fjárlög en fjárlagatalan í ár sýnist mér að sé 13,9 millj. kr. Þannig að það liggur fyrir og það sagði ég hér áðan.

Í öðru lagi, við skulum ekki rugla saman þessum málum, óperumálinu og málefnum Leikfélags Reykjavíkur, það er algjörlega óþarfi að gera það og í raun og veru engin efni til þess. Þó að mönnum hafi kannski dottið í hug að búa til einhverja vegi þar á milli þá er það óviðkomandi efni málsins eins og það liggur núna.

Varðandi aðhald að málinu þá var ég akkúrat ekki að segja það að ég væri að vanþakka framlög listamanna og segja að þeir hefðu okrað á sinni vinnu. Það sem ég var að segja er þetta: Í fjárlögum er tiltekin tala. Menntamálaráðherra, hver sem hann er, er gert að vinna eftir þeirri tölu — eða er það ekki? Eru ekki haldnar nokkuð langar ræður um það hér í þinginu stundum að ráðherrarnir eigi að passa að fjárlagatölurnar haldi? Það er auðvitað reynt að gera.

Það sem ég er að segja er það að það er mjög óþægilegur veruleiki að búa við þegar þessar tilteknu tölur eru í fjárlögum, að fá síðan tilkynningar um það með tveggja sólarhringa fyrirvara að það eigi að loka húsum Íslensku óperunnar. Ég tel að þarna þurfi að halda betur utan um skipulag mála en gert hefur verið og þar ekki við það fólk að sakast, að mínu mati, sem lagt hefur á sig ómælda listræna vinnu á undanförnum árum, m.a. söngvara og kór og hljóðfæraleikara. Hér er einfaldlega um það að ræða að skipulag þessara mála hefur ekki verið í nógu góðu lagi. Jafnframt því sem tekin verður ákvörðun um það að taka á málum Óperunnar til frambúðar, þá verður að treysta þessi skipulagsmál þannig að hlutirnir gerist ekki með þeim hætti sem verið hefur að undanförnu, sem er satt að segja á köflum með ólíkindum, en ég ætla ekki að fara nánar út í hér.

Varðandi stefnu málsins, hver er hún? Hún er auðvitað sú að við eigum að halda hér uppi óperustarfsemi enda er okkur lögskylt að gera það samkvæmt þjóðleikhúslögunum, þó ekki komi annað til. Þannig að stefna löggjafans hefur verið mörkuð. Ákvörðun um fjárframlög í þessu skyni er hins vegar ekki í höndum menntmrh., hann gerir tillögur, ríkisstjórn gerir tillögur, endanleg ákvörðun er í höndum Alþingis. Og endanleg niðurstaða þessara mála fæst að sjálfsögðu ekki fyrr en Alþingi hefur afgreitt fjárlög fyrir árið 1991, þó að unnt sé að ná samkomulagi um stefnuna vonandi mikið mikið fyrr, vonandi í síðasta lagi fljótlega eftir næstu mánaðamót.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er það svo að hv. fyrirspyrjandi og hæstv. ráðherra mega einungis tala tvisvar. Óskar hv. 12. þm. Reykv. að gera örstutta athugasemd? — Þá verður það leyft.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er kannski um að kenna mínu skilningsleysi eða eins og hæstv. menntmrh. sagði að ég hefði e.t.v. ekki heyrt, en ég heyrði ekki betur en hann endurtæki þessa upphæð, 13,9 millj. — Er það ekki rétt? (**Menntmrh.:** Á fjárlögum ársins 1990 eru 13,9 millj., síðan bætast við 7 millj. í aukafjárveitingu.) Hæstv. menntmrh., ég er nú að tala um þá upphæð sem nú er á fjárlögum sem rétt losar 14 millj. (**Forseti:** Forseti biður hv. þm. og ráðherra að vera ekki að tala saman úr ræðustóli.) Ég hef ekki að mínu mati enn fengið svar um það hvort lágmarksfjárþörf verður mætt að einhverju leyti. Það er ljóst að það er um að ræða 40 millj. kr., 35–40 millj. kr. sem verða að koma frá hinu opinbera og það er upphæðin sem um er að ræða en ekki 14 eða 15 millj. þannig að í rauninni skil ég ekki svarið enn þá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. menntmrh. gerir örstutta athugasemd en forseti tekur það fram að afar erfitt er að leyfa slíkar athugasemdir og erfitt að setja takmörk fyrir því hvenær því skuli hætt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Ráðherranum er það ljóst, hæstv. forseti, að það er vandi að aga þessa hjörð sem hér er.

Í ár eru á fjárlögum 13.880 þús. eftir að sú niðurfærsla hefur átt sér stað á fjárlagatölum sem byggðist á margfrægri þjóðarsátt snemma á þessu ári. Til viðbótar koma 3 millj. af ráðstöfunarfé menntmrn. sem ákveðið var að veita í lok maí 1990. Til viðbótar við það munu koma 4 millj. kr. á væntanlegum fjáraukalögum, en frv. um þau verður lagt hér fram næstu daga. Auk þessa eru skuldir Óperunnar á miðju þessu ári 24 millj. kr. og á þeim er verið að taka í samvinnu við Landsbankann. Þetta er árið 1990.

Síðan kemur árið 1991 og áfram. Þar er talað um

heildarfjárþörf upp á 75 millj., Óperan ætlar að borga sjálf 40 millj., síðan er gert ráð fyrir því að opinberir aðilar komi til skjalanna. Ríkið hefur fyrir sitt leyti samþykkt 20–25 millj. af þessum 35 millj. kr. sem þá eru eftir. Það er verið að ræða um hitt málið við borgina. Ég er ekki að varpa neinni ábyrgð á borgina í þessu efni. Ég skal axla þann hluta af ábyrgðinni sem mér ber, en ég vona að tölurnar séu skýrar og vona að hv. þm. átti sig líka á því að ég get því miður ekki svarað fyrir borgina, jafnvel þó ég feginn vildi.

Jöfnun orkukostnaðar, ein umr.

Fsp. HG, 5. mál. — Þskj. 5.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 5 hef ég borið fram fsp. til iðnrh. um jöfnun orkukostnaðar. Spurt er:

„Hvað verður gert á næstunni af hálfu stjórnvalda til að jafna orkukostnað í landinu:

a. til húshitunar,

b. til heimilisnota,

c. til fyrirtækja?"

Ég minni á að í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er tvívegis fjallað um orkuverð. Þar segir: „Endurskoða skal verðmyndun á orku með það að markmiði að jafna orkuverð og efla innlendan orkubúskap." Og í öðru lagi: „Gerðar verða ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu."

Þarna er húshitunin sérstaklega tekin. Við ræddum fyrir nær réttu ári þetta mál hér í sameinuðu þingi þar sem ég bar fram fsp. til hæstv. ráðherra. Þar kom fram að hæstv. ráðherra hafði þá í undirbúningi tillögur varðandi jöfnun húshitunarkostnaðar sérstaklega. Ég ber þessa fsp. m.a. fram til þess að fá fram hverjar eru tillögur hæstv. ráðherra til þess að jafna orkukostnað frá því sem nú er, en munurinn er mjög tilfinnanlegur. Samanburðurinn á rafhitun og hitun með heitu vatni, annars vegar hjá Hitaveitu Reykjavíkur og hins vegar hjá Rafmagnsveitum ríkisins, sýnir að verðmunurinn er um 2,5-faldur miðað við gefnar forsendur, víða auðvitað meiri. Á almennum heimilistaxta er verðmunurinn 22,5% eins og stendur, þ.e. til ljósa og eldunar á heimilum, en á iðnaðartaxta er munurinn minni, eða 13,6%, eftir upplýsingum sem ég hef fengið frá Rafmagnsveitum ríkisins og hefur minnkað verulega vegna þess að Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur hækkað verulega sinn iðnaðartaxta.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Austurl. spyr hvað gert verði á næstunni til þess að jafna orkukostnað í landinu og nefnir húshitunarkostnað, kostnað á orku til heimilisnota og til fyrirtækja. Ég vil skýra frá því að ég hef nýlega skipað nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku og undirbúa frv. til laga um það efni. Í þessari nefnd sitja fulltrúar allra þingflokka. Auk þess munu aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, forstöðumaður tæknideildar Rafmagnsveita ríkisins og forstöðumaður orkubúskapardeildar Orkustofnunar starfa með þessari nefnd.

Í erindisbréfi þessarar nefndar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Með vísun til álits iðnn. Ed. um frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun á þskj. 1210 og umræðuna um málið á þingi, hefur verið ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku og undirbúa frv. til laga um það efni."

Ég tel rétt að bíða með yfirlýsingar um aðgerðir til jöfnunar orkuverðs meðan þessi nefnd situr að störfum en ég geri ráð fyrir, eins og kom fram í því sem ég las, að frv. til laga um þetta efni komi til kasta þingsins í vetur.

Vegna þess sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda langar mig til að benda á að á liðnu ári voru gerðar mikilvægar ráðstafanir sem hafa gert það að verkum að munurinn á töxtum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða annars vegar og t.d. taxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur hins vegar hefur ekki verið minni en hann er í dag í annan tíma frá árinu 1980.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi heimilisnotkunartaxtann og taldi hann 22,5% hærri hjá RARIK en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Til glöggvunar á þessu máli má nefna að árið 1980 var þetta sama hlutfall 40% þannig að okkur hefur nokkuð miðað í rétta átt. Árið 1988 var þetta hlutfall 32%, 1987 36%. Hér hefur því bilið mjókkað.

Líku máli gegnir um iðnaðartaxtana. Þar er nú kannski ekki alveg rétt að nota þá tölu sem hv. þm. nefndi, 13,5%. Samkvæmt samandregnu mati Orkustofnunar er e.t.v. nær lagi að segja að þetta hlutfall sé 20% hærra, þ.e. að taxtinn sé 20% hærri hjá RARIK en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur en var við upphaf níunda áratugarins helmingi hærri, 50% hærri, og hefur lengst af verið á því bili. Þannig að hér hefur verulegur árangur náðst.

Hv. þm. bar líka saman taxta Hitaveitu Reykjavíkur og rafhitunartaxta Rafmagnsveitnanna og taldi hann vera 2,5 hærri fyrir rafhitun. Í því sambandi er fróðlegt að skoða að árið 1980 var þetta 4,5 en ekki 2,5. Árið 1983 var þetta 3,7 en ekki 2,5. Þannig að menn skyldu hafa það hugfast að til jöfnunar hefur verulegur árangur náðst.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. gat um það að munurinn á orkukostnaði í landinu hefði minnkað. Ég vil vekja athygli á því að það er ekki vegna þess að kostnaðurinn hjá þeim fyrirtækjum sem hafa hæstu taxtana hafi lækkað heldur vegna þess að verðið hjá þeim fyrirtækjum sem hafa lægsta taxtana hefur hækkað.

Hér er hreyft hinu mikilvægasta máli. En það er ömurlegt til þess að vita að í svo mikilvægu máli sem jöfnun hitunarkostnaðar er má segja að vegurinn til glötunar hafi verið varðaður góðum fyrir-

heitum. Enn reikna menn með að eitthvað rofi til og hæstv. ráðherra sagði að nú nýverið, í lok þessa kjörtímabils, þá fyrst hefur verið skipuð nefnd til þess að fjalla um þetta mál. Þetta segir sína sögu.

Ég minni aðeins á það hver alvara ríkisstjórnarinnar hefur verið í þessu máli með því á síðasta þingi að leggja fram frv. um orkuskatt. Það frv. var ekki til þess að jafna orkuverðið. Það var til þess að hækka orkuverðið. Það var síðferðislega óhæfa. Þá gerðist það sem ég ætla að sé eindæmi að almannasamtök á einu þýðingarmiklu sviði í þjóðmálum okkar, öll raforkufyrirtæki landsins, öll hitaveitufyrirtæki landsins skrifuðu hæstv. iðnrh. bréf og fóru fram á það að hann gengist fyrir því að hæstv. fjmrh. tæki þetta mál til baka. Fyrir harða andstöðu stjórnarandstöðunnar í þessu máli lognaðist það út af á síðasta þingi. En ég leyfi mér að spyrja hv. fyrirspyrjanda hvort hann hafi trú á því að það hafi orðið síðan á síðasta þingi nokkur hugarfarsbreyting eða stefnubreyting hjá félaga hans, hæstv. fjmrh., í þessu máli.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég hef sérstaklega við að athuga í svari hæstv. iðnrh. hér áðan. Í fyrsta lagi er það taxtasamanburðurinn sem varir allt frá 1980 í hans máli. Við vitum það hér öll, væntanlega iðnrh. líka, að á þessu tímabili var framkvæmd niðurgreiðsla á raforkuverði. Taxtarnir voru ákveðnir og síðan kom ákveðin niðurgreiðsla til frádráttar þannig að neytandinn greiddi allt aðra tölu en þá sem taxtinn ákvað. Samanburðurinn er því að þessu leyti rangur.

Að öðru leyti vildi ég líka vekja athygli á því sem kom hér reyndar fram hjá síðasta ræðumanni að það er út af fyrir sig ekki kannski aðalatriðið hvernig mismunurinn er í landinu heldur hitt að verð á þessari mikilvægu neysluvöru, raforkunni, er of hátt. Það fer of mikill hluti af launum fólks til þess að greiða þennan kostnað og það er aðalatriðið. Og það hlýtur satt að segja að vekja eftirtekt og sýnir áhugaleysi hæstv. iðnrh. í þessum efnum hvaða vörn hann tekur upp í þessu máli. Það staðfestir hann raunar með því að taka nú til við að skipa nefnd til að koma fram tillögum um þau efni sem stjórnarsáttmálinn ákvað. Hann ætlar að koma þeim breytingum á eftir að hann er orðinn óbreyttur þingmaður, hættur að vera ráðherra. Það er náttúrlega alveg augljóst að málið gengur eftir þeim nótum sem iðnrh. vill og þær nótur eru að hann vill ekki að það verði árangur í þessum málum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa svarað fsp. en ég er afar óánægður með svörin. Mér finnst að það standi mjög upp á stjórnvöld að standa fyrir aðgerðum í þessu máli, ákveðnum aðgerðum, nú þegar í byrjun þings. Þegar við ræddum þetta mál fyrir ári tilkynnti hæstv. ráðherra að hann væri að láta athuga þessi mál á vegum Hagfræðistofnunar Háskólans og vænti tillagna þaðan og hann mundi móta tillögur sínar í framhaldi af því. Nú er sem sagt liðið ár og nú kemur ráðherra og segist hafa skipað nefnd og væntir þess að hún skili frv. fyrir þinglok. Þetta gengur að sjálfsögðu ekki upp. Varðandi þetta, eitt stærsta misréttið í landinu, að ætla að koma hér til þings með þessum hætti finnst mér ekki vera í samræmi við anda stjórnarsáttmála og það finnst mér ekki vera boðlegt fyrir fólkið í landinu.

Hæstv. ráðherra var að rekja hér tölur frá byrjun áratugarins og hann kaus það í sambandi við almennan heimilistaxta að taka árið 1980 en ekki 1981, 1982 og 1983 þegar mismunurinn var kominn niður í 21% eða svipað og nú er á þessum taxta. Þetta tókst á þeim árum þegar við bjuggum við afarkjör í viðskiptum við Ísal eins og menn muna.

Hæstv. ráðherra sagði að nefndinni væri ætlað að fjalla um jöfnun á raforkukostnaði. Spurningin er um jöfnun á orkukostnaði í landinu í heild sinni, ekki eingöngu á raforkunni. Það gerðist fyrr á þessu ári, virðulegi forseti, að Landsvirkjun lækkaði um helming þann afslátt sem hún hafði veitt vegna húshitunarrafmagns, niður í $15^{1}/_{2}$ eyri 1. febr. sl. ef ég man rétt. Þetta var rangt skref, þetta var slæmt skref. Rafmagnsveitur ríkisins borga í rauninni með húshitunartaxtanum og þær máttu síst við því að þarna yrði dregið úr.

Hér verða að koma aðgerðir og ég heiti á þingmenn að standa saman um það að spyrna nú við fótum og ná fram aðgerðum í þessu máli fyrir afgreiðslu fjárlaga, fyrir jól.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn á þetta mál hér og þakka fyrirspyrjanda. Hér er um að ræða eitt af grundvallarmálum í jöfnun aðstöðu fólks í landinu sem er búið að ræða á undanförnum þingum hvað eftir annað. Mér finnst það sorgleg staðreynd að við skulum standa frammi fyrir því að ekkert hafi verið gert til þess að koma með raunhæfa lausn á þessu máli sem lægi fyrir núna í þingbyrjun. Það er út af fyrir sig gott að skipuð hefur verið nefnd, en aðalatriðið er það að við þurfum að fá úrslit í þessi mál. Og ég vil segja það í sambandi við nýjar orkuframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru að það verður að vera búið að leysa þetta mál áður en það verður afgreitt hér á Alþingi.

Það hefur margsinnis komið fram að það er hörð andstaða gegn því að þetta mál verði skilið eftir. Þetta er eitt af grundvallaratriðum í sambandi við aðstöðu fólks í landinu sem það er búið að bíða eftir ár eftir ár. En því miður hefur alltaf verið einhver veggur hér til fyrirstöðu á Alþingi að finna lausn á þessu sjálfsagða máli eins og við verðlagningu á öðrum vörum sem eru á sama verði hvar sem er í landinu eins og mjólk og olía og annað slíkt. Þetta er grundvallarmál sem verður að vera komin lausn á áður en afgreidd eru þungavigtarmálin hér sem á eftir að takast á um í sambandi við nýjar orkuframkvæmdir og nýja stóriðju. Það verður að leysa þetta mál áður.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að bera fram þessa fsp. og taka undir flest það sem hv. þm. hér, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, hafa sagt um þetta mál og nauðsyn þess að gengið verði frá jöfnun orkukostnaðar á þessu þingi. Sérstaklega kem ég hér upp til að taka undir orð hv. 1. þm. Vesturl. um það að ekki verði gengið frá samningum um nýjar orkuframkvæmdir eða ný stóriðjuver öðruvísi en að fullu verði gengið frá þessu máli.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Jöfnun orkukostnaðar í landinu er mjög mikilvægt verkefni þessarar stjórnar, hefur verið mikilvægt verkefni fyrri stjórna, undir það tek ég. Ég mótmæli því hins vegar að ekkert hafi verið gert í stjórnartíð þessarar stjórnar til þess að jafna þennan mun. Þvert á móti hefur mjög mikið verið gert og ég skil ekki í því að þingmenn skuli hér halda þessu fram vegna þess að sú yfirtaka á skuldum sem ákveðin var fyrir Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins á liðnu ári hefur dregið mjög úr þeim mun sem annars væri milli taxta þessara fyrirtækja og annarra rafveitna í landinu. Þeir menn sem ekki sjá þetta hljóta að vera slegnir einhvers konar blindu, enda er þetta ljósast af því að bilið á milli þessara taxta hefur ekki verið mjórra í annan tíma undanfarinn áratug eins og ég rakti áðan.

Vegna þess sem kom fram hér hjá hv. 2. þm. Austurl. þá er það rétt hjá honum að heimilisnotkuntaxtinn var svona fjórðungi hærri á árunum 1981–1983 en er nú rúmlega 20% hærri þannig að þetta hlutfall hefur ekki verið lægra í annan tíma frá árinu 1980 og var reyndar orðið hærra aftur. Svipuðu máli gegnir með iðnaðartaxtana. Sama máli gegnir um hlutfall húshitunartaxta með raforku og hitaveitukostnaðar. Þetta eru staðreyndir í málinu. Ef menn kjósa að neita þeim verður erfitt að finna betri lausnir í málinu á næstunni. Hins vegar vil ég segja það að ég hef hug á því að leita þarna nýrra lausna, lausna sem geta skilað árangri eins og náðst hefur að undanförnu. Þannig verða menn að taka á þessu en ekki með því að búa sér til heim, ímyndaðan heim um það hvernig þetta sé.

Það var eitt athyglisvert í máli hv. 4. þm. Austurl. Hann sagði: Það getur vel verið að þetta bil sé mjórra en það skiptir bara ekki máli. Mér þótti það merkileg yfirlýsing og hún verður líklega í minnum höfð. Hann sagði: Það skiptir mestu máli hvert þetta verð er. (**EgJ:** Auðvitað.) Og það er rétt, hv. þm. Það hefur ekki verið lægra í raungildi í annan tíma frá árinu 1980. Það er nú einfaldlega þannig að orkuverð í hlutfalli við almennt verðlag í landinu, byggingarvísitölu eða framfærslukostnað, hefur ekki verið lægra frá árinu 1980 og miklu lægra er það nú á þennan almenna mælikvarða en það var velflest ár þessa nýliðna áratugs.

Þetta eru staðreyndirnar í málinu. Með því er ég ekki að draga úr því að mikilvægt sé að taka á því og það verður líka gert en það verður að gera það skipulega og af fjárhagslegri fyrirhyggju.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að gefnu tilefni í upphafi þings vill forseti segja eftirfarandi: Á síðasta þingi varð forseti fyrir gagnrýni fyrir að vera of rýmileg í fyrirspurnatímum og man ég ekki betur en hv. 2. þm. Austurl. væri einn af gagnrýnendum um þetta atriði. 5. mgr. 31. gr. þingskapalaga hljóðar svo:

„Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd."

Og í tíð forvera míns, hv. 4. þm. Vestf., minnist ég þess að reiknað var með einni mínútu til slíkra athugasemda.

Nú er svo komið að hér hafa hv. þm. fengið að gera athugasemdir. Hv. 4. þm. Austurl. og hv. 2. þm. Austurl. biðja nú enn um orðið. (**EgJ:** Ég skal falla frá orðinu.) Ég vil biðja hv. þm. að virða þessar reglur hér á þessum fyrsta fyrirspurnafundi svo forseti geti farið að þingsköpum á þessu þingi.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég lýsi sérstakri ánægju yfir því að hæstv. forseti fer að lesa upp úr þingsköpum nú í byrjun þings og minna sig og hv. þm. á hver þingsköpin séu. Það tel ég einkar vel til fundið. Ég hef reynt að hjálpa til við það að þingsköp væru haldin, það er rétt munað hjá hæstv. forseta, ég gerði það á síðasta þingi oftar en einu sinni. Það eina sem ég fer fram á er að þingmenn séu jafnir fyrir þingsköpunum, að það sé jafnræði í sambandi við stjórnun þingsins, það er það sem ég er að biðja um.

Ég bið hæstv. forseta að fara yfir hvernig haldið var á máli varðandi síðustu fyrirspurn. Ég held að mig misminni ekki að fyrirspyrjandi hafi tekið þrisvar til máls, gert að lokum örstutta athugasemd. Fyrir því er hefð í þinginu að fyrirspyrjandi og ráðherra geti gert hið þriðja sinn örstutta athugasemd en rétt er að það er ekki kveðið á um það í þingsköpum. Þetta er mín athugasemd og ábending góðfúsleg til hæstv. forseta og ég bið um að menn séu jafnir hér fyrir þingsköpunum og að haldið sé samræmt á málum og vænti þess að fá orðið til að gera örstutta athugasemd.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill gera þá athugasemd að hún beindi nú einkum máli sínu til hv. 4. þm. Austurl. sem þegar skildi athugasemd forseta og dró sína beiðni til baka. Forseti leyfir að sjálfsögðu hv. fyrirspyrjanda eins og hv. fyrri fyrirspyrjanda hér á fundinum að gera örstutta athugasemd en mælist jafnframt til þess að sú verði ekki hefð hér í þinginu heldur verði farið að þingsköpum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. ráðherra hér áðan vil ég benda á það að vissulega var það góður gjörningur að létt var á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en það kom á móti þeirri breytingu sem varð 1986 þegar verðjöfnunargjald á raforku var fellt niður. Það var loforð sem gefið var þá og það var efnt af núv. ríkisstjórn og það var sjálfsagt mál en auðvitað ber að þakka það einnig þegar staðið er við loforð.

Ég vil einnig nefna það að það er ekki verið að búa hér til neinn ímyndaðan heim varðandi mismun í orkukostnaði í landinu. Mismunurinn er þarna, það er dregið úr honum öðru fremur vegna þess að orkukostnaður á Reykjavíkursvæðinu hefur hækkað hlutfallslega meira en um landið, að vísu er einnig svolítil raunlækkun á raforkukostnaði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Virðulegi forseti. Enginn dregur í efa að það er orkukostnaðarmunur í landinu. Okkur greinir eingöngu á um það hvernig skynsamlegast sé að fara að því að draga úr honum. Það er í raun og veru allt sem segja þarf. Það er athyglisvert að hér er það staðfest að þessi munur hefur ekki verið í annan tíma minni og að raunverð á orku hefur líka lækkað. Þetta skyldu menn hafa hugfast þegar þeir ræða þetta mál. En það dregur alls ekki úr mikilvægi þess að taka á málinu og freista þess að finna bestu leiðir heima í héraði og á Alþingi til þess að draga úr þessum mun.

SAMEINAÐ ÞING

5. fundur, fimmtudaginn 18. okt.,
að loknum 4. fundi.

Átak gegn einelti, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl. 9. mál. — Þskj. 9.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um átak gegn einelti sem er að finna á þskj. 9. Flytjendur auk mín eru þær Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. og menntmrh. að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga. Skipaður verði samstarfshópur fólks sem hefur reynslu af starfi með börnum og unglingum og honum falið að skila áætlunum um úrbætur gegn einelti eigi síðar en 1. sept. 1991."

Þáltill. er samhljóða tillögu sem við kvennalistakonur fluttum sl. vor. Hún var þá send til umsagnar ýmissa aðila, en tími vannst ekki til að afgreiða hana úr nefnd. Hins vegar hafa margar umsagnir borist og eru þær allar mjög jákvæðar. Í þeim kemur glöggt fram hve knýjandi það er að takast á við þann vanda sem einelti er af ábyrgð og röggsemi. Ekki er eftir neinu að bíða. Mig langar að vitna sérstaklega í umsögn frá fræðslustjórn Reykjanesumdæmis en þaðan barst mjög vönduð umsögn rituð af starfsfólki ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluskrifstofunnar. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt niðurstöðum frá Noregi og Svíþjóð eru um það bil 5% barna þátttakendur í alvarlegu einelti, annaðhvort sem þolendur eineltis eða gerendur. Niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið hérlendis benda til að einelti sé síst minna hér á landi en erlendis.

Börn sem eiga undir högg að sækja í félagslegum samskiptum við jafnaldra eru líklegri en hin að þurfa á þjónustu geðdeilda að halda á fullorðinsárum. Þá eru meiri líkur á að börn sem ráðast á önnur börn í æsku lendi í afbrotum eða eigi í fíkniefnavanda síðar á ævinni. Einelti er tvímælalaust sárt fyrir þann sem verður fyrir því á meðan á því stendur, en jafnframt er veruleg ástæða til að óttast langtíma afleiðingar af einelti."

Frá því að við kvennalistakonur fluttum tillögu um átak gegn einelti sl. vor hefur mikið verið fjallað um ýmislegt er varðar hag og líðan barna og unglinga. M.a. hefur verið fjallað um einelti. Þar vil ég nefna tímaritið Ný menntamál sem í sumar var með mjög ítarlega frásögn og greinar um einelti og sama má segja um ráðstefnur fagfólks, kennara, sálfræðinga, heilbrigðisstétta og víðar. Menn eru að vakna upp við vondan draum og gera sér grein fyrir hvert ástand þessara mála er hér á landi.

Töluverð þekking er fyrir hendi um einelti á Íslandi þótt hennar hafi ekki verið aflað skipulega nema um einstaka og afmarkaða hópa. Ýmsir sálfræðingar og fleiri sem starfa í þágu barna og unglinga búa yfir dýrmætri reynslu úr starfi sínu og vita hvað hægt er að gera til að fyrirbyggja einelti og hjálpa þeim sem beitt hafa aðra einelti eða orðið fyrir því. Faglegan grunn vantar því ekki og á honum er hægt að byggja.

Meðal þeirra sem bent hefur verið á að hafi sérstaklega fjallað um einelti eru allmargir sálfræðingar og annað fólk sem starfað hefur mikið með börnum og unglingum. Ég vil nefna Svövu Guðmundsdóttur, forstöðumann sálfræðideildar skóla í Austurstræti, Brynjólf G. Brynjólfsson sem starfar einnig fyrir sálfræðideild skóla í Reykjavík, Bergþóru Gísladóttur, sérkennslufulltrúa á Vesturlandi, og Margréti Arnljótsdóttur, sálfræðing hjá Fræðsluskrifstofunni á Reykjanesi. Auk þess er vert að benda á að sálfræðingarnir Ingþór Bjarnason og Trausti Valsson hafa gert sérstaka rannsókn á líðan og félagslegri aðstöðu barna og unglinga í Reykjavík og á Siglufirði. Þetta er tiltölulega nýleg könnun.

Gerðar hafa verið ýmsar aðrar kannanir, m.a. á högum 14 ára unglinga í Reykjavík 1976 og á veg-

um sálfræðideildar skóla könnun á ýmsum þáttum skólalífsins hjá 7 og 11 ára nemendum átta skóla í Reykjavík. Starfsfólk unglingaráðgjafar, útideildar og unglingaathvarfa í Reykjavík og Unglingaheimilis ríkisins býr yfir mikilli reynslu sem að gagni getur komið verði gert átak gegn einelti. Af nógu er að taka en þessa þekkingu og reynslu verður að nýta. Það ætti ekki að vera vandi að manna samstarfshóp sem mótaði átak gegn einelti, enda rétt að geta þess að ýmsir þeir sem sent hafa umsögn um þessa tillögu hafa jafnframt boðið fram krafta sína í slíkan samstarfshóp. En fáir eru reiðubúnir til þess að bíða of lengi eftir aðgerðum.

Fóstrur, kennarar, sálfræðingar og ýmsir fleiri hafa reynt að mæta þeim vanda sem einelti er, reynt að fyrirbyggja ofbeldi meðal barna og unglinga með öllum tiltækum ráðum og liðsinna þeim sem eiga undir högg að sækja, svo og þeim sem beita ofbeldi því að þeir eiga einnig við vandamál að stríða, og jafnframt að fjalla um einelti og annað ofbeldi í skólum því að stór hópur situr hjá og lætur slíkt líðast.

Í a.m.k. einum skóla hefur verið gert sérstakt tímabundið átak: Unglingar gegn ofbeldi. Árangur þess starfs gefur tilefni til bjartsýni. Í þeim tilvikum hefur verið um að ræða frumkvæði og framtak starfsfólks skólanna og sálfræðinga fræðsluumdæmanna. Þessari mikilvægu fræðslu er ekki ætlað rúm í venjulegu skólastarfi og hefur því þurft að vinna mikið starf í sjálfboðavinnu. Tæplega er hægt að ætlast til að svo verði til langframa. Auk þess er víða lítið sem ekkert fjallað um þessi mál og árangurinn í heild hlýtur að verða takmarkaður þegar ekki er um markvissara starf að ræða en þarna er. Full þörf er á að sem flestir vinni saman gegn einelti, fagfólk með foreldrum, kennurum og nemendum, og að sálfræðingar komi til ráðgjafar um samskipti, innan skóla og utan. Það þarf allt að gera sem unnt er til að hindra að aðstæður skapist fyrir einelti.

Hið sérstaka átak, sem mælt er í þessari tillögu með að gert verði gegn einelti, er sú leið sem talin er vænlegust til árangurs. Það er nefnilega ekki tilviljun að menn líta til þessarar leiðar. Í Noregi og í Japan hefur verið gert sérstakt átak gegn einelti og árangur þar hefur verið mjög góður. Í Svíþjóð hefur ýmislegt verið gert til að bæta aðstöðu nemenda í frímínútum, skapa þeim virka tómstundaiðju og gera nemendur meðvitaða um mannleg samskipti, ekki einungis innan skóla heldur einnig utan.

Í Svíþjóð var raunar í sumar mikil umræða um einelti og alvarlegar afleiðingar þess. Sú umræða fór fram á síðum dagblaða og mjög er þrýst á stjórnvöld í Svíþjóð að gera hliðstætt átak því sem gert var í Noregi og í Japan og það þrátt fyrir að þar hafi þó meira verið að gert en hér á Íslandi. Því miður höfum við dæmi um blaðafregnir um ofbeldi í hópi barna hér á landi, dæmi sem sennilega eru aðeins toppurinn af ísjakanum.

Kveikjan að átaki Norðmanna og Japana var umfjöllun fjölmiðla um vaxandi einelti í þessum löndum og afleiðingar þess sem voru orðnar mjög ógnvekjandi. Ofbeldi í hópi barna og unglinga, ekki síst einelti, var talið ein helsta orsök þess að sjálfsvígum skólabarna hafði fjölgað mjög. Þegar loksins var gripið til aðgerða og gert átak gegn einelti varð árangurinn þó betri en menn höfðu þorað að vona en það var hart að þetta þurfti til að hrinda slíku átaki af stað.

Vonandi skilst Íslendingum að gera þarf átak gegn einelti án þess að til slíkrar fjölmiðlaumfjöllunar komi og slíkra atburða sem hér um ræðir. Þó getum við greint ákveðin hættumerki í íslensku samfélagi nú þegar. Bent hefur verið á að eitt þessara hættumerkja sé sú staðreynd að tíðni sjálfsvíga íslenskra drengja er sú þriðja hæsta í Evrópu. Reynsla annarra þjóða sýnir að ofbeldi og einelti geta verið ástæða fyrir sjálfsvígum barna og unglinga. Við megum ekki sitja hér hjá.

Skólafólk hefur ýmsar sögur að segja af alvarlegu ofbeldi gagnvart börnum og unglingum. Eftir erindi um einelti á ráðstefnu Samtaka heilbrigðisstétta nú nýverið urðu ákafar umræður og mér er sérstaklega minnisstæð frásögn eins manns, íþróttakennara ef mig misminnir ekki. Hann kom að einum nemenda sinna sem hafði verið hengdur upp í staur og límdur fastur með sterku límbandi. Kennarinn losaði drenginn að sjálfsögðu úr prísundinni. En svo mikil var skelfing þessa drengs að hann fékkst ekki til að segja hverjir hefðu leikið hann svo grátt heldur reyndi hann að halda því fram að hann hefði gert þetta sjálfur.

Er ekki ástæða til að taka mál alvarlega þegar svona gerist? Er ekki rétt að nýta þau úrræði sem til eru og reyna að stöðva slíkt ofbeldi? Þetta dæmi er því miður hvorki hið eina né hið versta sem til er um ofbeldi innan hóps barna og unglinga. Og það er fullkomið ábyrgðarleysi að láta sem ekkert sé. Átak gegn einelti er auðvitað aðeins eitt af því sem þarf að gera. Annað er t.d. að kanna og grípa til aðgerða gegn ofbeldi í myndmiðlum og það höfum við kvennalistakonur bent á og fengið sem betur fer undirtektir við. Sérstaklega þarf einnig að hyggja að unglingum sem búa við vímuefnavanda og fyrir því höfum við kvennalistakonur einnig beitt okkur.

Þannig má ekki láta nokkra leið ófarna sem hugsanlega er fær til þess að koma í veg fyrir að börn og unglingar þurfi að þola ofbeldi eða verða undir vegna afleiðinga þess. Þótt starfshópi gegn einelti sé ætlaður tími til haustsins 1991, samkvæmt tillögu þessari, verður jafnframt að huga að því sem hægt er að gera nú þegar. Nota verður þá þekkingu og reynslu sem tiltæk er og hefja fræðslu um einelti og afleiðingar þess og gera þær úrbætur sem augljóslega geta dregið úr ofbeldi meðal barna og unglinga og það nú þegar. Einkum er nauðsynlegt að fræðsla nái til þeirra stétta sem mest hafa samskipti við börn og unglinga svo fólk í þessum stéttum geti miðlað þekkingunni áfram, í leikskólum, í skólum, svo að dæmi séu tekin. Þess má geta að einelti er sérstaklega tekið fyrir í fósturnámi en því miður er það ekki hluti kennaranáms þótt margir kennarar hafi reynt að afla sér upp á eigin spýtur þekkingar á ein-

elti. Vandasamara telja ýmsir að ná til foreldra en þó ekki útilokað. Þeim stendur þó þetta mál svo nærri að aðeins sú vitneskja að eitthvað sé hægt að gera í málunum yrði áreiðanlega til þess að foreldrar frekar grípa í taumana en nú er. Minna má á að í tengslum við kennsluefni gegn vímuvörnum Lions Quest er handbók fyrir foreldra og beinlínis ætlast til þess að þeir taki þátt því átaki. Raunar er það námsefni talið heppilegt sem hluti af átaki gegn einelti því að það byggist ekki síst á að styrkja sjálfsmynd unglinganna sem augljóslega skiptir miklu máli í átaki gegn einelti.

Það er ekki hlutverk okkar flm. þessarar tillögu að lýsa því nákvæmlega hvernig best verði gert átak gegn einelti, heldur einungis að gefa hugmyndir um það hvað hægt er að gera því það er margt og mikið eins og ég vona að fram hafi komið í máli mínu. Okkar er það að vekja umræðu um málið. Nóg er til af fólki með góða þekkingu á því hvernig best er að vinna það áfram.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til að undirstrika mikilvægi þessa máls. Allir þeir sem hafa unnið við kennslu barna og unglinga þekkja einelti af eigin raun. Þeir hafa séð það í kringum sig og hafa átt við það að etja.

Einelti er ekki neitt nýtt fyrirbrigði á Íslandi. Það hafa sagt mér gamlir skólamenn að á kreppuárunum hafi einelti verið mjög algengt. Þá var það vannæring, vosbúð og öryggisleysi sem olli því að börnin fóru að stunda einelti hvert gagnvart öðru og ofbeldi almennt. Og það er dálítið umhugsunarvert fyrir okkur í dag að núna á þeim dögum þegar Háskóli Íslands og Hagstofan segja að hagsæld sé meiri hér en annars staðar skulum við uppgötva það að einelti og ofbeldi meðal unglinga fer vaxandi. Hvað segir þetta okkur? Jú, það segir okkur það að foreldrar þurfa mjög að hugsa sinn gang og raunar allir þeir sem ráða förinni í þessu ríki. Það er þannig að börn nú búa kannski ekki við vannæringu, nema þá sjálfviljuga vannæringu af því að þau borða óheppilegan mat, og þau hafa nóg klæði, en þau búa við mjög mikið óöryggi og þau búa oft við litla umönnun vegna þess að foreldrar eru of önnum kafnir við að vinna fyrir hinu daglega brauði. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að hlutverk foreldra í þessum málum er mikið.

Einelti snýr bæði að þeim sem fyrir eineltinu verður, og hann er náttúrlega sá sem mest líður, en líka að þeim sem eineltinu beitir því að sá sem beitir einelti og ofsækir aðra verður sífellt minni og minni maður og það er vitað, samkvæmt könnunum annars staðar frá, að mjög líklegt er að sá sem byrjar á einelti í barnaskóla eða unglingaskóla muni reyna að halda því áfram seinna. Þetta er þar af leiðandi meinsemd sem ekki læknast þó að maður vaxi úr grasi því að vesöldin innra með manni læknast ekki af því heldur af því að við hljótum þá umönnun og þá alúð sem hver einasti maður þarf til þess að verða að manni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Framkvæmd flugmálaáætlunar.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir að hafa leyft þessa umræðu, en ég kveð mér hljóðs utan dagskrár um framkvæmd flugmálaáætlunar.

Tillaga til þingsályktunar um flugmálaáætlun fyrir árin 1990–1993 var samþykkt á Alþingi þann 4. maí sl. Þessi áætlanagerð markaði á sínum tíma tímamót í framkvæmdum í flugmálum hér á landi og er hliðstætt plagg og vegáætlun sem unnið er eftir í þeim málaflokki. Nú er langt liðið á árið og vetur gengur í garð og sá tími sem hentugastur er til framkvæmda er að renna út og allra veðra von. Enn hafa ýmsar framkvæmdir sem ákveðnar voru með flugmálaáætlun í maí sl. ekki verið hafnar.

Þann 8. okt. sl. barst síðan bréf til fjvn. Alþingis frá Flugmálastjórn þar sem lagt er til að fjölmörgum framkvæmdum víða um land verði frestað og lagðar til breytingar á flugmálaáætlun næsta árs til að mæta þeirri frestun. Jafnframt er upplýst að einstaka framkvæmdir hafi farið umfram kostnaðaráætlanir. Hér er um alvarlegt mál að ræða og meðal framkvæmda sem er frestað eru stórframkvæmdir á mælikvarða flugmála. Eins og kemur fram í fsp. sem hv. 4. þm. Austurl. hefur lagt fram á þskj. 26 eru þessar frestanir upp á 51,6 millj. kr. í Austurlandskjördæmi og þar af stærsta framkvæmd á sviði flugmála á þessu ári, eða hluti af henni sem er til flugbrautar á Egilsstöðum, 30 millj.

Ég vil því beina nokkrum fsp. til samgrh. varðandi þetta mál og sú fyrsta er þessi: Með hverjum hætti hefur verið fjallað um þetta mál í samgrn. og eru þær tilfærslur sem lagðar eru til með vitund og vilja ráðherra?

Í öðru lagi: Hvaða ástæður liggja að baki ákvörðunum um frestun einstakra framkvæmda?

Í þriðja lagi: Með hvaða hætti hefur verið haft samráð við þingmenn einstakra kjördæma um þessar ákvarðanir, svo sem gerist í öðrum málaflokkum sem falla undir viðlíka áætlanagerð?

Í fjórða lagi: Hvaða áform eru uppi um að leysa rekstrarvanda Flugmálastjórnar sem hefur verið til umræðu að undanförnu?

Ég lýk máli mínu hér í upphafi með því að undirstrika það að vilji Alþingis kemur fram í flugmálaáætlun og þess vegna er beiðni fram komin um að þetta mál verði rætt utan dagskrár. Það er nauðsynlegt að þingheimur fái upplýsingar um þetta mál og tíminn er naumur til að bæta hér úr á þessu ári sem rétt er og skýlaus krafa og vilji Alþingis.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég skal reyna á þeirri einni og hálfu mínútu sem eftir er að svara þessum spurningum. Hið rétta í þessu máli er að það hafa að sjálfsögðu engar ákvarðanir verið teknar um eitt eða neitt í þessum efnum. Flugmálastjórn hefur upplýst samgrn. um það að nokkrar breytingar hafi orðið á forsendum frá því að flugmálaáætlun var fyrst undirbúin hér á Alþingi sl. haust og síðan afgreidd og nauðsynlegt sé að gera þá tilteknar ráðstafanir í því framhaldi. Það erindi var framsent til fjvn. þegar í stað og Flugmálastjórn hefur óskað eftir að fá að kynna þingmannahópum kjördæmanna þessar breyttu aðstæður eins og sjálfsagt er og það verður svo auðvitað Alþingis að taka á þeim málum í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið.

Ég held ég geti róað hv. málshefjanda og aðra þingmenn með því að hér eru ekki veigamiklar breytingar á ferðinni. Í nokkrum tilvikum eru verk einhverjum mánuðum síðar á ferðinni en áætlað var samkvæmt flugmálaáætlun. Það á til að mynda við um Egilsstaðaflugvöll. Þar er réttara að segja að verkið hafi tafist eða því hafi seinkað um tvo til þrjá mánuði en að tala um frestun og alls ekki neina niðurfellingu á því verki og ætlunin er að reyna að semja á næstu vikum um næsta verkáfanga. Það hefur verið unnið fyrir um 150 millj. kr. á þessu ári og ein af ástæðum þess að verkið á þessu ári stendur eins og það stendur er ósköp einfaldlega sú að verkáfangi á árinu 1989 var dýrari en fjárveiting þessa árs hljóðaði upp á og þess vegna var óhjákvæmilegt að byrja á því að greiða upp nokkra skuld með fjárveitingu þessa árs.

Ég hygg því að þetta eigi sér í hverju einstöku tilviki ákveðnar skýringar. Það hafa líka orðið nokkrar breytingar á fjárhagsaðstæðum Flugmálastjórnar, tekjur hafa skilað sér nokkru hægar og stofnunin hefur ekki annað fjármagn handa á milli til að greiða framkvæmdirnar en þær beinu sértekjur sem hún innheimtir. Ýmislegt hefur valdið þessu. Flugmálastjórn er nú gert að taka fyrir rekstri framkvæmdaþáttarins, flugvalladeildarinnar, út úr hinum markaða tekjustofni. Þar fara 14–15 milljónir á þessu ári. Í öðru lagi er því miður líklegt að flugvallargjöld Arnarflugs hf. tapist upp á um 12–15 millj. kr. og skili sér þar af leiðandi ekki sem tekjustofn á þessu ári.

Fleira kemur til sem breytt hefur nokkuð tekjuforsendum stofnunarinnar og gert það að verkum að framkvæmdafé er nokkru minna en flugmálaáætlun hljóðaði upp á. Allt þetta hefur gert það að verkum að óhjákvæmilegt er að fara að nýju yfir þessi mál og það verður gert í fullu samráði við fjvn. og hv. Alþingi og að sjálfsögðu engar ákvarðanir teknar fyrr en slíkt samráð hefur átt sér stað. Það verður þá fjvn. og Alþingis að ákveða hvort hér séu á ferðinni það veigamiklar breytingar að ástæða sé til að taka flugmálaáætlunina upp eða hvort, sem mér er nær að halda, hér sé í raun og veru á ferðinni minni háttar breytingar innan flugmálaáætlunar eins og oft vill verða og vel þekkt er úr vegamálum, til dæmis sem tekið er þá á í samráði þeirra aðila sem hér halda utan um framkvæmdina.

Virðulegur forseti. Mér þykir miður að hafa ekki lengri tíma til að svara þessum spurningum. Ég get þar af leiðandi ekki farið hér út í þær aðgerðir sem uppi hafa verið á árinu til að mæta rekstrarvanda Flugmálastjórnar og fleira sem hv. málshefjandi nefndi og ég leyfi mér nú eiginlega að spyrja að lokum til hvers það sé að ætla mönnum að svara viðamiklum spurningum af þessu tagi á tveimur mínútum. Ég held að þetta þingskapaform, með fullri virðingu fyrir höfundum þess, sem eru auðvitað við alþingismenn sjálfir, þurfi að takast til endurskoðunar ef á annað borð það á að þjóna einhverjum tilgangi að undirbúa utandagskrárumræðu af þessu tagi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna síðustu orða hæstv. ráðherra þá skal forseti taka undir það að þingskapalög þarfnast endurskoðunar en að þeim ber að fara svo lengi sem þau eru í gildi. Ég vil hins vegar taka fram að í 32. gr. segir einnig: „Enginn má tala oftar en tvisvar", en menn mega tala tvisvar.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. sagði í ræðu sinni að hér væri um að ræða sams konar tilfærslur og oft ættu sér stað innan hliðstæðra áætlana. Ég mótmæli þessu. Ég kann ekki neitt dæmi um það að tekið sé nálega allt framkvæmdafé úr einu kjördæmi og dreift víðs vegar um landið eins og hér hafa verið teknar ákvarðanir um. Og það sýnir náttúrlega það eitt út af fyrir sig hvernig yfirstjórn þessara mála er þegar hæstv. samgrh. er með skýringu af þessum toga. Málið er líka einfalt. Hér er ekki um að ræða neinar sérstakar nýjar breytingar á áætlun. Það eru tekin inn mörg ný verkefni. Ég hef lesið þetta saman. Flugmálaáætlun gerir t.d. ráð fyrir 28,2 millj. til Reykjavíkur. Nýjar tillögur gera ráð fyrir 28 millj. kr. til viðbótar. Ef ég fer í kjördæmi og heimabyggð hæstv. ráðherra gerir flugmálaáætlun ráð fyrir 11,4 millj. í nýja flugbraut en viðbótin er 11,5 millj. Og svona mætti lengi telja, t.d. eins og með Grímsey. Þar gerir flugmálaáætlun ráð fyrir 7,6 millj. en 4 millj. er bætt við. Hér er að sjálfsögðu um að ræða alveg einstaka ákvörðun sem á sér enga hliðstæðu. Það eru þó málsbætur í þessum efnum að hæstv. samgrh. gengst við þessu og tekur þetta í forsvar. Ég minni á það að 4. maí sl. var gengið með samkomulagi frá flugmálaáætlun á Alþingi Íslendinga. Menn skyldu nú bera saman framkvæmd og þá ákvörðun og sjá hvað kemur út. Hér er um hneyksli að ræða í framkvæmd þessara mála.

Ég vil svo vekja athygli á því að ég hef lagt fram fsp. um þetta efni á Alþingi sem væntanlega verður svarað innan skamms og þá gefst betri tími til að ræða þetta mál í einstökum atriðum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vek fyrst athygli á því sem er einkennilegt í meðferð þessara mála að hér er mál tekið til umræðu utan dagskrár sem þegar er meðal þingskjala og liggur fyrir þinginu til meðferðar í þingmáli frá hv. 4. þm. Austurl. Í annan stað er þetta mál harla alvarlegt eins og hér hefur komið fram.

Í fyrsta lagi eru gerðar tillögur um að leggja í nýjan fjárfestingarkostnað umfram það sem samþykkt hefur verið á Alþingi er nemur 75,7 millj. kr. Ég hlýt að spyrja: Hvað af þessum verkum hefur þegar verið unnið? Og ef svo er að eitthvað af þessum verkum hafi þegar verið unnið, hver hefur þá tekið um það ákvörðun? Er það hæstv. samgrh.? Er það flugráð? Er það flugmálastjóri eða Flugmálastjórn?

Í annan stað er gerð tillaga um að fresta á móti verkum sem kosta 77,2 millj. kr. af því sem Alþingi hefur ákveðið að skuli unnið á þessu ári. Hæstv. ráðherra segir, og það er þakkarvert, að enn hafi ekki verið teknar ákvarðanir um þetta og það muni áður lagt fyrir fjvn. og Alþingi. En hæstv. ráðherra, starfsmenn ríkiskerfisins geta ekki breytt ákvörðunum Alþingis heldur þarf nýja ákvörðun Alþingis ef þetta á að fara með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Það er rétt að rekstrarvandi Flugmálastjórnar er mikill og það lá fyrir þegar við afgreiðslu fjárlaga í fyrra og við afgreiðslu flugmálaáætlunar og var bara sumpart reynt að sleikja úr honum með því að taka hluta af framkvæmdafénu, eða um 14 millj. kr., frá fjárfestingu yfir í rekstur og það skýrir hluta af þeim vanda sem þarna er við að etja, en vandinn er ekki betri fyrir það þó að þannig sé haldið á málum af hálfu stjórnvalda sem með þessi mál fara.

Í þessum stutta tíma skal ég ekki fara lengra út í þetta mál sem kemur hér á dagskrá með eðlilegum hætti, en ég vænti þess að fá svör við því hvað er búið að vinna af því sem hér er á blaði samkvæmt þessum nýju áætlunum og hver hefur tekið um það ákvörðun að það skuli gert.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram í upphafi að ég tel ekki að sá tími sem fer til umræðna eins og þessarar sé of naumt skammtaður. Það er undantekning að þjóðþing leyfi jafnmiklar og langar umræður, um mál utan dagskrár sérstaklega, og tíðkast hér á hinu háa Alþingi og ég efast um að niðurstaðan af umræðunum sé í neinu hlutfalli við lengd þeirra. Það sem hefur gerst hér er því það að Alþingi hefur vakið athygli á vandamáli sem verður síðan tekið til úrlausnar og skoðunar í nefndum þingsins eins og rétt er að gera. Það mundi hins vegar litlu bæta við það þó að menn hefðu eitthvað meira málskraf um það hér á málfundum á vegum þingsins.

Ég vil aðeins láta það koma fram að rekstur Flugmálastjórnar er ekki hér til umræðu. Það er mál sem við skildum meira og minna eftir í lausu lofti við afgreiðslu síðustu fjárlaga, vegna þess m.a. að sérstök nefnd var að skoða það mál og eru nú niðurstöður hennar væntanlegar fyrir afgreiðslu fjáraukalaga.

Ég leyfi mér hins vegar aðeins að benda á það að framkvæmdatíma er nú að mestu lokið. Mig uggir að mörgum eða a.m.k. sumum af þeim verkum sem verið er að ræða um í bréfi til fjvn. að þurfi að vinna til viðbótar við það sem ákveðið var í afgreiðslum Alþingis á flugmálaáætlun sé lokið nú þegar. Þannig að það verður ekkert snúið til baka með það. Og ég býst varla við að það mikið sé eftir af framkvæmdatíma þessa hausts að hægt sé að gera miklar aðrar ráðstafanir umfram það sem Fugmálastjórn hefur þegar gert. Það er ekkert óeðlilegt við það og kemur oft fyrir að með samþykki þingmanna í einhverju tilteknu kjördæmi sé fært á milli framkvæmda í því kjördæmi og það hefur t.d. verið gert með samráði þingmanna Vestf. í sambandi við flugmálaáætlun, fært á milli viðfangsefna á sama svæði. Hitt er miklu óeðlilegra að breytt sé til um meginstefnu í framkvæmdaáformum þeim sem Alþingi hefur tekið með því að hætta við, eins og virðist vera stefna í því bréfi sem komið hefur frá Flugmálastjórn, framkvæmdir sem búið er að ákvarða á tilteknum landsvæðum til þess að auka framkvæmdamagnið um sömu fjárhæð á öðrum. Þetta eru ekki þau eðlilegu vinnubrögð sem við þekkjum, hvorki úr framkvæmd Vita- og hafnamálastjórnar né Vegagerðar ríkisins. En án þess að vilja fullyrða of mikið um þetta mál núna áður en okkur hefur gefist tækifæri til að ræða við embættismenn Flugmálastjórnar þá virðist það vera af bréfinu að þetta hafi verið gert eða standi til að gera. Það er ekki eðlileg afgreiðsla.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft þörfu máli og ég þakka fyrirspyrjanda. Spurningin er ósköp einföld í mínum huga. Á að framkvæma á þessu ári eftir þeirri flugmálaáætlun sem Alþingi samþykkti 4. maí sl.? Það er kjarni málsins. Og ef svo er ekki þá hljótum við að þurfa að fá svör við því hver það sé sem breytir þeirri samþykkt. Hver er það sem hefur leyfi til þess að breyta þeirri samþykkt sem hér var gerð 4. maí sl. um gerð flugmálaáætlunar?

Þá var hér minnst á framkvæmdir í Austfjarðakjördæmi á sviði flugmála. Það er auðvitað hægt að telja margt upp. Framkvæmdir við Alexandersflugvöll á Sauðárkróki, þar stendur ekki stór tala en þó aðeins. Þar hefur ekki verið hreyft fingri til framkvæmda og ef ég þekki rétt til þá get ég ekki ímyndað mér að nokkrum manni með fullu viti detti í hug að fara af stað með þá framkvæmd það sem eftir lifir þessa árs. Ég sé því ekki að þar verði staðið við neitt af því sem í flugmálaáætlun stóð.

Mér finnst nefnilega að hér sé um mikið prinsipmál að ræða. Og ég endurtek það að ég tel, og ég hef rekið mig á þetta í fleiri ráðuneytum, að fjármagn sem hefur verið ákveðið og samþykkt í fjárlögum af alþingismönnum öllum, að ekki króna af því fé hefur komið til framkvæmda á því ári sem áætlað var, ekki króna. Jafnvel tugir milljóna hafa

verið fluttir þannig frá ákveðnum verkum, sem Alþingi hefur samþykkt, til annarra þátta. Svona er óheimilt að standa að. Það er engin spurning um það. Og ég endurtek að ég tel að hvorki ráðherra né embættismenn hafi leyfi til þess að breyta út af slíkum samþykktum.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það væri sjálfsagt hægt að ræða margt um þetta mál en ég vil aðeins undirstrika það í þessu atriði að við höfum a.m.k. vænst þess og treyst því að flugmálaáætlunin sem var tekin upp á sínum tíma stæðist samanburð við þær aðrar áætlanir sem gerðar hafa verið, þ.e. vegáætlun og hafnaáætlun, að því leyti til að ef um er að ræða breytingar á samþykktri áætlun þá yrði það gert í samráði við í fyrsta lagi þingmenn viðkomandi kjördæma ef um tilfærslu væri að ræða og í öðru lagi að fjármálayfirvöld og þá sú nefnd sem um þessi mál á að fjalla í þinginu yrði kölluð til ef eitthvert svona stórkostlegt atriði kæmi upp. Því það er ekkert smámál, hæstv. ráðherra, þegar búið er að flytja til á milli 70 og 80 millj. í framkvæmdum á stuttu sumri í svona þýðingarmiklum framkvæmdum eins og flugmálin eru.

Ég efast ekkert um það að meiri hlutanum af þessu fjármagni er búið að ráðstafa. Þannig stöndum við frammi fyrir meira og minna orðnum hlut. Þetta er mjög alvarlegt mál í mínum huga og ég álít að Flugmálastjórn og samgrn. verði að taka öðruvísi á þessu máli. Og síðast en ekki síst: Hvers vegna er þetta mál ekki sett fram fyrr á árinu? Núna í október um leið og þing er að koma saman kemur þetta vandamál.

Við vitum um rekstrarvanda Flugmálastjórnar og vissum það eins og hér hefur komið fram. Og það hefur sannarlega ekki verið tekið á því máli á eðlilegan hátt miðað við það bréf sem núna liggur fyrir, þar sem Flugmálastjórn fer fram á aukafjárveitingu sem er margir tugir milljóna. Þetta er atriði sem kemur vissulega inn í þessi mál líka og sýnir vandann frá öðrum sjónarhóli. Ég stóð í þeirri meiningu að þeir hefðu notað þetta fjármagn í reksturinn en svo er ekki, reksturinn er óleystur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hv. alþm., fjárveitinganefndarmenn og aðrir hv. þingmenn fái betri tíma til að kynna sér rækilega þær aðstæður sem hér eru fyrir hendi. Það verður vonandi mögulegt á næstu dögum, enda ætlunin og aldrei verið annað en ætlunin, að ákvarðanir um tilfærslu eða breytingar vegna breyttra aðstæðna og forsendna yrðu teknar af alþingismönnum. Samgrn. hefur ekki annað gert í raun og veru en að senda þessar upplýsingar áfram beina leið til fjvn. og Alþingis.

Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á að flugmálaáætlun er skipt niður í tímabil, tveggja ára tímabil sem framkvæmdum er skipt á. Og þar er ekki um að ræða prósentuskiptingu á kjördæmi eins og er til að mynda í vegamálum, sá er nokkur munur á. Eða mundu Austfirðingar t.d. sætta sig við þá prósentu sem Suðurlandskjördæmi eða Vesturland hafa fengið í flugvöllum? Tæplega. Enda hefur milli þriðjungur og helmingur af framkvæmdafé í flugmálum sum árin farið til Austfjarðakjördæmis, eðlilega vegna þess að þar eru miklar framkvæmdir í gangi. Eins og ég nefndi verður unnið á þessu ári fyrir sjálfsagt einar 50 millj. á Egilsstöðum. Til þess að upplýsa hv. þm. þess sveðis um það mál þá stendur það þannig að það var í fyrsta lagi gerð upp skuld frá fyrra ári. Hönnun á burðarþoli og slitlögum er lokið á þessu ári. Útboð annars áfanga í flugstöð hefur farið fram og eru framkvæmdir að hefjast. Útboð og framkvæmdir við sandgeymslu, útboð hefur farið fram og framkvæmdir eru að hefjast og vinna við fjórða verkáfanga, þ.e. öryggissvæði og endanlega fyllingu í flughlað, um það verður væntanlega samið á næstu vikum. Hvort framkvæmdir hefjast fyrir eða eftir áramót ræðst m.a. af þeim tekjum sem stofnunin hefur. Ég leyfi mér því að fullvissa hv. þm. Austurl. um að Egilsstaðaflugvöllur hefur ekki verið settur hjá umfram það sem efni standa til.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt, hæstv. forseti, að menn átti sig á því að rekstur Flugmálastjórnar er nokkuð sérstakur. Framkvæmdaþátturinn er mjög nátengdur ákaflega viðkvæmum rekstri, sem er flugreksturinn. Það hefur því miður reynst óhjákvæmilegt á þessu ári að grípa til tiltekinna ráðstafana af öryggisástæðum eins og þeirra að sjá fyrir varaafli á Reykjavíkurflugvelli sem ekki var fyrir hendi með fullnægjandi hætti. Fyrir því var ekki heimild. En ég spyr hv. alþingismenn: Átti Flugmálastjórn og átti samgrn. að láta flugreksturinn fara fram við ófullnægjandi öryggisaðstæður? Malbikunarframkvæmdir bæði á Ísafirði og í Vestmannaeyjum fóru nokkuð fram úr áætlun. Ég spyr hv. alþingismenn: Átti Flugmálastjórn að loka flugvöllunum í Vestmannaeyjum og á Ísafirði daginn sem hin markaða fjárveiting var búin eða átti hún að leyfa sér að ljúka verkáfanganum sem hafði verið samþykktur þó svo að verkið færi nokkuð fram úr kostnaðaráætlun? Ég hygg að þetta skýri kannski pínulítið við hversu viðkvæmar aðstæður hér er að glíma. Og reksturinn á þessu sviði er mjög samtengdur framkvæmdum, því miður. Það breytir síðan engu um það að að sjálfsögðu hefur hvorki Flugmálastjórn né samgrn. heimild til að breyta ákvörðunum Alþingis. Um það er ekki deilt hér enda hafa engar ákvarðanir verið teknar. En Flugmálastjórn hefur leyft sér að grípa til ráðstafana sem hún hefur væntanlega talið óhjákvæmilegar til þess að halda áfram flugrekstrinum og ljúka tilteknum framkvæmdaáföngum.

Ég vona að í samráði við fjvn. og hv. þingmenn megi leiða þetta mál farsællega til lykta og ég hvet menn fyrst og fremst til að kynna sér allt efni þessa máls og þá hygg ég að það skýrist með fullnægjandi hætti.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að virða þau tímamörk sem hér eru sett. Ég vil í fyrsta lagi segja um málsmeðferðina að ég hafði beðið um þessa umræðu á mánudaginn var og féllst á að fresta henni til fimmtudags. Á mánudaginn var lá ekkert þingskjal fyrir um þetta mál.

Ég þakka ráðherra fyrir svör hans og harma að hann skuli ekki fá meira rými í þessum umræðum því að ég viðurkenni það að ég nestaði hann með nokkuð mörgum spurningum. Ég fagna því út af fyrir sig ef það er niðurstaðan að hér verði aðeins um nokkurra mánaða frestun að ræða. En ég er því miður hræddur um að svo verði ekki vegna þess að framkvæmdatíma þessa árs er að verða lokið. Og þessar framkvæmdir frestast allar fram á næsta ár meira og minna. Ég er ekki að tala um Egilsstaðaflugvöll sérstaklega í þessu sambandi. Þetta mál er miklu víðtækara en svo að þar sé um hann eingöngu að ræða. En að sjálfsögðu er það mjög veigamikil framkvæmd sem Austfirðingar binda miklar vonir við.

Ég tel það óhæft að það samráð sem nauðsynlegt er í þessum efnum sé svona seint á ferðinni. Úr þessu verður að bæta og ég vona að fjvn. taki þetta mál til alvarlegrar umfjöllunar og bæti úr þeim annmörkum sem hér eru á og í framtíðinni verði það samráð við þingmenn sem nauðsynlegt er í þessum málum með eðlilegum hætti. Það sé ekki tekið upp eins og nú þegar framkvæmdatíminn er að verða liðinn. Það hefur verið beðið um samráðsfundi t.d. með þingmönnum Austurl. en ekki fyrr en eftir að þetta mál komst hér á þingskjöl. Í bréfi til fjvn. mun hafa verið talað um það samráð en bréfið var sent núna í byrjun október, sem er náttúrlega allt of seint.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra svaraði því a.m.k. mjög ógreinilega hvað væri búið að vinna af þeim verkum sem gerðar eru tillögur um að unnar skuli umfram flugmálaáætlun og umfram það sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Hann nefndi þó aðeins þrjá flugvelli landsins sem er lítill hluti af þessu dæmi öllu. Hann svaraði hins vegar á engan hátt hver það væri sem hefði tekið slíkar ákvarðanir, hvort það væri hæstv. ráðherra sjálfur, flugmálastjóri, ellegar flugráð. Hæstv. ráðherra svaraði heldur engu um það hvað af þeim verkum sem gerðar eru tillögur um að fresta mundu frestast úr því sem komið er vegna þess að yfirvöld í þessum málum, hæstv. ráðherra og Flugmálastjórn, hafa dregið lappirnar með að vinna þau verk sem skylt er skv. þessari flugmálaáætlun.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að það bréf sem fjvn. hefur borist um þessi efni kom í framhaldi af ósk sem 1. þm. Vesturl. bar fram í fjvn. um að fengin yrði greinargerð um rekstur Flugmálastjórnar. Það var þess vegna fjvn. sem kallaði eftir þessu, það var ekki verið að senda þetta inn að frumkvæði samgrh. eða Flugmálastjórnar.

Ég vil einnig vekja athygli á því sem hæstv. samgrh. sagði hér áðan um það hvort menn hefðu viljað stöðva tilteknar framkvæmdir eins og á Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Síðan var hann jafnframt að tala um að það hefði aldrei staðið til annað en að leita samráðs. Auðvitað gengur svona málflutningur ekki upp. Þetta er ákvörðun sem búið er að taka áður en farið er að leita samráðs og þess vegna eru öll þessi samráð sem ráðherrann er núna að tala um einungis tilkomin vegna þess hvernig unnið hefur verið í þessum málum og vegna þeirra vandræða sem ráðherrann er kominn í vegna þessarar framkvæmdar.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa yfir vonbrigðum mínum með það svar sem kom hér fram hjá hæstv. samgrh. Ég tel að samskipti ráðherrans við þingmenn hafi yfirleitt verið þokkaleg en í þessu máli er það alveg ófært að ráðherrann komi hér og segi að skornar séu niður framkvæmdir á Austurlandi vegna þess að það vantaði peninga í einhverjar aðrar framkvæmdir sem fóru fram úr áætlun. Að sjálfsögðu verður samgrn. og yfirstjórn flugmála að leita samráðs þingmanna fyrir slíkum tilfærslum á fjármunum. Það er alveg skýrt kveðið á um það að Alþingi er búið að ráðstafa þessum fjármunum til tiltekinna verkefna og þó svo að önnur verkefni fari fram úr kostnaðaráætlun þá er það verkefni samgrh., fjvn. og viðkomandi þingmanna að leysa það mál en ekki með því að millifæra fjármuni úr öðrum kjördæmum á merktum peningum. Það er alveg fyrir neðan allar hellur að vera með slíkar skýringar. Ég mótmæli þessu.

Umræður utan dagskrár.

Bráðabirgðalög um launamál.

Danfríður Skarphéðinsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki stillt mig um að lýsa óánægju minni með þá ákvörðun forseta að leyfa aðeins stutta umræðu um þetta mikilvæga mál sem nú verður rætt utan dagskrár hér á eftir. Það voru alvarleg tíðindi fyrir alla Íslendinga þegar ríkisstjórnin ákvað einhliða að standa ekki við gerðan kjarasamning sl. sumar og fylgja þeirri ákvörðun sinni eftir með því að ógilda skömmu síðar úrskurð æðsta dómsvalds um kjarasamninginn. Ég hafði sannast sagna átt von á því að sjá bráðabirgðalögin á borðum okkar þingmanna við hlið fjárlagafrv. í upphafi þings eða strax á fyrsta degi, en svo reyndist ekki vera. Bað ég um umræðu utan dagskrár um setningu bráðabirgðalaganna strax eftir að forseti sameinaðs þings hafði verið kosinn. Málið var auðsótt og sömuleiðis í fyrradag þegar ég hafði samband við virðulegan forseta til að ganga úr skugga um að umræðan væri á dagskrá.

Eftir að kvennalistakonur í Nd. höfðu mælt fyrir

frv. um afnám heimildar til setningar bráðabirgðalaga og ég ítrekað beiðni mína brá svo við að bráðabirgðalögunum var dreift í gær og sú umræða sem nú á að hefjast skorin niður í hálftíma með þeim skýringum að nú hefðu bráðabirgðalögin verið lögð fram í þinginu. Ætlun mín var að sjálfsögðu ekki að ræða efnislega um bráðabirgðalögin heldur ýmis grundvallaratriði varðandi setningu þeirra. Það er allt of lítil umræða um grundvallaratriði bæði hér í þinginu og stjórnmálum yfirleitt. Ég lít á setningu bráðabirgðalaga og afnám samningsréttar launafólks sem grundvallaratriði, að ekki sé minnst á þá gjörð að setja lög á æðsta dómsvald, þ.e. félagsdóm um kjarasamninginn. Það er í mínum huga undarlegt að það skuli þykja sjálfsagt og eðlilegt að álmálið, þó vissulega vilji ég ekki draga úr mikilvægi þess, fái meira vægi í utandagskrárumræðu en það mikilvæga grundvallarmál sem snertir lýðræðið í landinu og óvefengjanlegan og dýrmætan rétt fólks til að semja um kaup sitt og kjör. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gagnvart tilteknum hópi launamanna í sumar eru svo alvarlegt mál að ég hefði talið fulla ástæðu til að það yrði rætt hér í sameinuðu þingi og ég harma þá ákvörðun forseta að leyfa ekki ótakmarkaða umræðu um setningu bráðabirgðalaganna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 6. þm. Vesturl. skal þetta upplýst: Umræður utan dagskrár fjalla venjulega um mál sem koma upp, eru brýn, og ekki talin geta beðið þinglegrar meðferðar. Þegar hv. 6. þm. Vesturl. kom að máli við mig í byrjun þings og óskaði eftir umræðu um bráðabirgðalögin sem sett voru 3. ágúst, því það voru þau sem um átti að ræða, þá óskaði þingmaðurinn eftir ómældri umræðu og var orðið við því þar sem frv. hafði ekki verið lagt fram. Þegar það síðan var orðið að þingmáli held ég að flestir hv. þm. geti verið sammála um að fráleitt sé að upp hefjist ótímamæld umræða um þingmál sem verður tekið á dagskrá á næstu dögum til þinglegrar meðferðar. Það væru fullkomlega fráleit vinnubrögð ef þingið ynni á þann hátt.

Ég undrast enn meira orð hv. 6. þm. Vesturl. þegar hún tilkynnir mér nú að hún ætli að ræða almennt um bráðabirgðalög. Ég vil minna hv. þm. á að hér hefur þegar farið fram umræða fyrir tilstilli Kvennalistans um frv. til laga um afnám bráðabirgðalaga og hér fór fram löng umræða sem forseti tók þátt í, en ég frábið mér að það hafi haft minnstu áhrif á ákvörðun um tímalengd þessarar umræðu. Hún var einfaldlega stytt vegna þess að málið kemur á dagskrá innan tíðar. Og ég vil ítreka það sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér rétt áðan, að auðvitað er ástæðulaust að ræða utan dagskrár mál sem eru á dagskrá þingsins. Þetta held ég að allir hv. þm. hljóti að vera mér sammála um.

Það var því mjög svo eðlilegt að þessi umræða væri stytt og í raun og veru, hefði forseti verið í strangara lagi, hefði verið eðlilegt að hún færi alls ekki fram þar sem bráðabirgðalögin sem sett voru 3. ágúst verða hér á dagskrá á allra næstu dögum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það kom skýrt fram að ég vildi ræða setningu þeirra tilteknu bráðabirgðalaga sem voru sett 3. ágúst sl. um grundvallarspurningu sem tengist einmitt setningu þeirra ákveðnu bráðabirgðalaga. Nú er það svo að hér rétt í þessu var umræða utan dagskrár um framkvæmd flugmálaáætlunar en það liggur jafnframt fyrir fsp. frá einum hv. þm. um sama efni þannig að mér sýnist e.t.v. ekki alveg samræmi í hlutunum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða vill forseti upplýsa að það er nákvæmlega eins ástatt um bæði málin. Þegar hv. 3. þm. Austurl. bað um að fá að ræða flugmálaáætlun þá var það þskj. ekki komið fram sem fjallar um það mál. Sá hv. þm., 3. þm. Austurl., bað raunar aldrei um nema hálftíma umræðu. En ég sé ekki annað en þessi mál séu í sömu stöðu og þess vegna fái báðir beiðendur utandagskrárumræðu nákvæmlega sömu meðferð og vænti ég þess að umræða utan dagskrár um bráðabirgðalögin geti nú hafist.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár er setning bráðabirgðalaga 3. ágúst sl. Þar eð þing var ekki kallað saman til að fjalla um málið er þetta fyrsta tilefnið sem gefst á þessum vettvangi til að koma á framfæri gagnrýni á ólýðræðisleg vinnubrögð stjórnvalda. Ég átel harðlega að enn einu sinni hefur íslensk ríkisstjórn ákveðið einhliða að standa ekki við gerðan kjarasamning og sett bráðabirgðalög á launafólk. Með því að grípa æ ofan í æ til þess ráðs að setja lög á kjarasamninga er jafnt og þétt grafið undan lýðræði og mannréttindum í þjóðfélaginu.

Það sem er enn alvarlegra er að nú hefur það gerst í fyrsta skipti að ríkisstjórnin beitir valdi sínu til að hnekkja dómi. Ríkisstjórnin ákvað einhliða að standa ekki við eigin samning en félagsdómur felldi þann úrskurð að ríkisstjórninni bæri að standa við samninginn. Í raun felst í bráðabirgðalögunum afnám réttar alls launafólks til að semja um laun sín því ríkisstjórnin hefur sýnt að hún er tilbúin til löggþvingunar á hvað sem er, jafnvel þvert á uppkveðna dóma.

Hæstv. ráðherrar eru menn víðförlir og hafa jafnvel talið sig þess umkomna að gerast eftirlitsmenn með lýðræðinu í öðrum löndum. Nú þegar hafa íslensk stjórnvöld fengið áminningu frá Alþjóðavinnumálastofnuninni fyrir afskipti af kjarasamningum. Heimssamtök kennara hafa þegar lýst vanþóknun sinni á þessum gjörningi ríkisstjórnarinnar í sumar og Alþjóðavinnumálastofnunin mun fá málið til umfjöllunar í formi kæru. Hverju ætla hæstv. ráðherrar að svara þegar þeir eru spurðir um gjörðir sínar þar sem þeir koma um heiminn? Halda þeir að þeir geti leikið hugsjónamenn lýðræðisins á erlendum vettvangi og talað fagurlega um nauðsyn þess að vera fullgildur þátttakandi í samfélagi þjóðanna?

Það er því knýjandi að fá svarað nokkrum spurningum sem snerta grundvallaratriði þessa máls og vil ég því leyfa mér að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. forsrh.:

Með bráðabirgðalögunum er numinn úr gildi úrskurður æðsta dómsvalds. Telur forsrh. verjandi að setja bráðabirgðalög sem að öllum líkindum brjóta bæði í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu valdsins?

Hvernig samræmist setning bráðabirgðalaga nýjum lögum um aðskilnað dóms- og umboðsvalds?

Telur forsrh. verjandi að framkvæmdarvaldið setji lög sem brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarrétt með því að lækka laun tiltekins hóps?

Nú hefur ríkisstjórnin sett bráðabirgðalög sem að öllum líkindum eru brot á þremur greinum stjórnarskrárinnar. Telur forsrh. þörf á að setja sérstakan stjórnarskrárdómstól þar sem fólk getur leitað réttar síns vegna brota á stjórnarskránni?

Allir sjá að forsendur bráðabirgðalaganna eru hæpnar og því hlýt ég að spyrja: Hvers vegna var Alþingi ekki kallað saman í ágúst til þess að fjalla um þetta mál?

Nú hefur ríkisstjórnin ógilt eigin samning með lögum. Telur forsrh. það ekki hafa fordæmisgildi fyrir alla samningagerð í landinu og þá sérstaklega milli ríkisvalds og launafólks?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka undir þau orð virðulegs forseta að það er óvenjulegt að ræða þannig um mál eins og nú er gert, mál sem liggur fyrir þinginu og ég geri ráð fyrir að verði rætt hér mjög ítarlega nk. þriðjudag. Og vitanlega hefði mátt afla sér upplýsinga um það með einu símtali að það yrði ekki töf á að leggja þetta mál fram. Það var löngu ákveðið að leggja það fram á fyrstu dögum þingsins. En ég skil mætavel þann vanda sem virðulegur forseti var í.

Mér voru afhentar þegar ég gekk hér í salinn sex spurningar sem eru allar þess eðlis að ég þyrfti a.m.k. nokkrar mínútur fyrir hverja og eina. Ég vil aðeins taka það fram hér að að sjálfsögðu fór fram mjög ítarleg lögfræðileg athugun á öllum þeim atriðum sem fram koma í spurningum hv. þm. En að ég geti farið með það hér á tveimur mínútum er náttúrlega slík fjarstæða að ég reyni það ekki. Það er ekkert vit því miður í því. Ég er tilbúinn til að koma með mjög ítarleg svör við öllu þessu á þriðjudaginn og fagna því að spurningarnar eru komnar fram. Ég vona að hv. fyrirspyrjandi meti það að þeim verði svarað mjög ítarlega þá. Á þessu stigi verður að nægja að segja að ég tel að fyrsta og önnur spurning séu á miklum misskilningi byggðar, miklum misskilningi. Dómnum var ekki breytt, það voru forsendur sem dómurinn byggðist á sem voru felldar út. Um hinar spurningarnar verður að nægja það sem ég sagði áðan um lögfræðilega skoðun sem fram hefur farið á þeim málum og ég tel mig geta fært þau rök fyrir brýnni nauðsyn að setja bráðabirgðalög að ekki verði um villst af efnahagslegum ástæðum þessarar þjóðar, eins og lá fyrir. Ég svara því þannig nú að ég er ósammála þeim fullyrðingum öllum sem felast í þessum spurningum.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ósköp var þetta nú magurt hjá hæstv. forsrh. það sem hann hafði að segja um setningu bráðabirgðalaganna. Í sem fæstum orðum sagt þá var þessi aðför hæstv. ríkisstjórnar að samningsréttinum á sl. sumri hreint hneyksli. Ef menn hins vegar vilja reyna að finna eitthvað jákvætt við þessa gerð þá má kannski nefna eitt atriði og aðeins eitt, og það er það að enginn getur treyst þessari ríkisstjórn, hvorki orðum hennar né undirrituðum samningum. Til þess tíma að bráðabirgðalögin voru sett á þennan samning ríkisstjórnarinnar við BHMR þá voru þeir satt að segja ótrúlega margir sem trúðu því sem þessir herrar sögðu eða gerðu, en eftir það geta þeir varla verið margir.

Hér var ekki spurningin sú hvort standa ætti við þjóðarsáttina eða sundra henni. Spurningin var og er hvort staðið skuli við gerða samninga. Og ekki bara það, heldur hitt, hversu lengi á að þola menn í ráðherrastólum sem svo blygðunarlaust setja nafn sitt undir samning sem þeir aldrei hafa ætlað sér að standa við. Og enn eitt: Hvar er komið siðferði æðstu manna framkvæmdarvaldsins sem taka í sínar hendur löggjafarvaldið til þess að afnema samningsákvæði sem þeir sjálfir hafa skrifað undir og dómstólar lagt skilning í sem þessum sömu herrum er hins vegar ekki þóknanlegur?

Ég þarf svo sem ekki að svara þessari spurningu. Svarið er öllum ljóst. Þeir sem svona vinna eru á hinu lægsta siðferðisstigi. Þeir beita valdi sínu af meiri óskammfeilni en áður hefur sést og hefur þó ýmislegt miður gott sést til þeirra áður.

Við gerð þjóðarsáttarinnar var rækilega bent á ákvæði samnings ríkisstjórnarinnar við BHMR. Aðilar vinnumarkaðarins bentu á að þjóðarsáttin ætti að gilda um alla en ekki bara suma. Ríkisstjórnin taldi enga þörf á að taka þá á málinu. Það út af fyrir sig gerir auðvitað bráðabirgðalagasetninguna meira en hæpna. Auðvitað átti að taka á málinu meðan Alþingi sat. En það er í samræmi við fyrirlitningu þessarar ríkisstjórnar á þinginu sem þeir þó allir utan einn eiga sæti á.

Hæstv. forseti. Við þessa utandagskrárumræðu er ekki tími til að ræða þetta frekar. Sá tími gefst hins vegar þegar við ræðum sjálft frv. til staðfestingar bráðabirgðalögunum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég var algjörlega andvígur setningu þeirra bráðabirgðalaga sem rætt er um hér utan dagskrár. Ástæðurnar fyrir því voru þær að ég taldi að hér væri rangt að staðið í grundvallaratriðum í sambandi við samningsrétt í landinu. Þetta mál snerist ekki um launamun í þessu þjóðfélagi, eða slíka hluti, heldur um samskipti aðila á vinnumark-

aði og afstöðu ríkisvaldsins til þeirra. Í þessu tilviki var ríkisvaldið sjálft samningsaðilinn, það hafði fengið á sig dóm. Hæstv. forsrh. segir hér: Dómnum var ekki breytt en forsendur sem dómurinn byggði á voru felldar út. Það voru hans orð hér. Hvert var dómsorðið? Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að lesa það, frá 23. júlí frá félagsdómi: „Af orðalagi 6. mgr. 5. gr. er ljóst að ákvæðið mælir fyrir um greiðslur ef framkvæmd kjarasamanburðarins dregst fram yfir 1. júlí 1990. Verða hin tilvitnuðu ákvæði ekki skýrð á annan veg en þann að stefnda beri að greiða félagsmönnum stefnanda upp í hækkun sem þeir kunna að eiga rétt á samkvæmt kjarasamanburðinum þar sem honum var ekki lokið hinn 1. júlí 1990." — Þetta er dómsorðið. Niðurstaðan af bráðabirgðalögunum er sú að þessu er breytt í reynd en aðalatriðið er það, virðulegur forseti, að hér er gripið með alröngum hætti inn í samninga. Og þó að ríkisvaldið telji sig hafa skammtímaávinning af því þá er ég sannfærður um það að tjónið til langs tíma er miklu meira, líka efnahagslega séð, en það sem ávinningurinn kann að vera til skamms tíma að sumra mati.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ástæða þessarar utandagskrárumræðu hér í dag er með endemum og hverri einustu hugsandi manneskju hlýtur að blöskra. Ríkið semur við BHMR, vill síðan ekki una við þá samninga, dómur fellur sem ráðherrum og ríkisstjórn hentar ekki, og þá eru sett bráðabirgðalög til að hrinda niðurstöðum dómsins. Búum við í réttarríki? Umræða þessi utan dagskrár er nauðsynleg nú þegar. Ekki þegar efnisinnihald bráðabirgðalaganna verður rætt á þriðjudaginn. Hins vegar verður ekki hjá því komist að ræða um lagasetninguna sem slíka á þriðjudag fyrst hér gefst ekki betra tækifæri til þess.

Ég vil ítreka að íslensk stjórnvöld fengu árið 1989 alvarlegar ákúrur frá tveimur nefndum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar vegna þess að stjórnvöld höfðu þá á sl. tíu árum níu sinnum gripið inn í frjálsa kjarasamninga með lagasetningu, þar af sex sinnum með bráðabirgðalögum.

Eins og við kvennalistakonur höfum bent á fara stjórnvöld gáleysislega með rétt til setningar bráðabirgðalaga. Og það að taka umsamdar launahækkanir af fólki með bráðabirgðalögum er nöturlegt dæmi um það. Nú hefur BHMR þurft að kæra íslensk stjórnvöld fyrir slíkt brot. Afleiðingar þessar eru okkur öllum kunnar. Atgervisflótti frá stofnunum ríkisins er þegar hafinn og þeir sem enn þrauka við lögbundnar kjaraskerðingar eru farnir að hugsa sér til hreyfings. Mikill óróleiki er meðal háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna vegna þessa harðræðis. Bráðabirgðalög á samninga BHMR eru ólög og það þolir ekki nokkra bið að hnekkja þeim. Það hlýtur að vera hlutverk þingsins að gera það.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið til að ítreka þá skoðun mína að það sem þurfi til þess að kveða upp úrskurð í máli sem þessu sé að fá stjórnlagadómstól í landið. Sú aðför að samningsrétti sem hér hefur verið gerð — það var ljóst að ráðherrarnir hefðu samið af sér og síðan þegar dómsúrskurður kom um það að þeir hefðu samið af sér, eins og var búið að margvara þá við, þá einfaldlega settu þeir bráðabirgðalög til þess að kveða niður dóminn um að þeir hefðu samið af sér. Ég hef hugsað mér að flytja þáltill. um að dómsmrh. verði falið að undirbúa lagafrv. um stjórnlagadómstól. Það er af mörgum fleiri ástæðum. Ég hef orðið vitni að því hér í tvö ár að þessi hæstv. ríkisstjórn hefur beitt alls konar bolabrögðum og sniðgengið stjórnarskrána og gerði það í upphafi með setningu bráðabirgðalaga.

Það þurfa allir að vinna undir aga og hæstv. ráðherrar vinna ekki undir nægilegum aga frá Alþingi. Það þurfa allir að vinna undir aga og það gera allir í þjóðfélaginu. Bankamenn vinna undir aga á hverjum degi. Hús sem eru byggð eru tekin út og svo framvegis. Í fiskverkun verður fólkið sem starfar þar að vinna undir alþjóðlegum standard og stendur sig vel. En hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn, þeir standa sig hræðilega. Og ég ítreka það að það er engin vitræn lausn á þessu máli önnur en sú að fá hér í þetta land stjórnlagadómstól þannig að það sé hægt að dæma í málum sem þessum.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Bæði virðulegur forseti og hæstv. forsrh. létu í ljósi þá skoðun að það væri mjög óvenjulegt að efnt væri til utandagskrárumræðu um mál sem þegar væri komið fram á þingskjali. Það má vel vera en ég hygg að það sé þó öllu óvenjulegra að setja lög til að hnekkja dómi og svipta fólk lýðréttindum.

Það vekur undrun að hæstv. forsrh. skuli ekki treystast til að svara þessum spurningum, þó með skömmum fyrirvara sé, því hann lét sjálfur svo ummælt að auðvitað hefði farið fram ítarleg lögfræðileg athugun áður en bráðabirgðalögin voru sett. Ég trúi ekki öðru í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið síðan en að hæstv. forsrh. og aðrir ráðherrar hafi íhugað enn betur hvort lagasetningin stæðist fyrir dómi. Þessi lög sem varða því grundvallaratriði í lýðræðisríki, í réttarríki hljóta að hafa vafist fyrir hæstv. ríkisstjórn allri. Ég trúi ekki að þeir hafi gert það umhugsunarlaust að svipta fólk samningsrétti, félagafrelsi og öðrum atriðum sem teljast til grundvallarmannréttinda án þess að vera það vel undir það búnir að þeir geti svarað slíkum spurningum án langs fyrirvara. Ég skora því á hæstv. forsrh. að svara hér og nú, við getum svo rætt málin betur nk. þriðjudag, en að sitja ekki og leiða spurningar hjá sér í svo mikilvægu máli.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir áskorun hv. síðasta ræðumanns, 12. þm. Reykv., að hæstv. fors-

rh. geri tilraun, eftir þá ítarlegu lögfræðilegu umræðu sem hann segir að hafi farið fram í ríkisstjórninni í tengslum við þessa bráðabirgðalagasetningu, til að svara þeim spurningum sem hér voru fyrir hann lagðar. En það virðingarleysi og mér liggur við að segja sú fyrirlitning sem fram kemur í garð Alþingis, fólksins í landinu og dómstólanna staðfestist auðvitað í máli hæstv. forsrh. hér áðan. Það var undarlegt að fylgjast með viðbrögðum hæstv. ráðherra, bæði fjmrh. og forsrh., sl. sumar þegar dómur félagsdóms lá fyrir.

Varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram um það hvort þessi utandagskrárumræða ætti rétt á sér í sameinuðu þingi vil ég undirstrika það að bráðabirgðalögin sem slík koma til efnislegrar umfjöllunar í Nd. en ég taldi vegna mikilvægis málsins að það væri alveg nauðsynlegt að þau yrðu líka rædd hér í Sþ. þar sem um svo mikilvægt mál er að ræða.

Það eru ýmsar grundvallarspurningar sem maður hlýtur að velta upp. Ég vil t.d. benda á að þessi bráðabirgðalög beinast að tilteknum hópi launamanna sem fengu samnings- og verkfallsrétt 1. janúar 1987. Í lok ágúst á næsta ári þegar þessum ólögum sleppir, ef þau verða þá ekki felld hér sem ég á auðvitað miklu frekar von á, mun þeirra saga vera slík að allir kjarasamningar þessa tiltekna launahóps hafa verið eyðilagðir með bráðabirgðalögum og þeir hafa um 40% af þeim tíma sem þeir hafa haft samnings- og verkfallsrétt mátt sitja undir bráðabirgðalögum.

Það gefst auðvitað allt of lítill tími í þessari umræðu til þess að fara út í þau fjölmörgu atriði sem þyrfti að ræða, en mig langar til aðeins í lok máls míns að lesa bréf sem mér barst frá grunnskóla- og framhaldsskólakennurum á Akureyri, og reyndar okkur öllum þingmönnum Vesturlands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þann 3. ágúst sl. setti ríkisstjórn Íslands bráðabirgðalög sem nema úr gildi kjarasamninga nokkurra félaga í BHMR. Þessi bráðabirgðalög vekja áleitnar spurningar um hvort Ísland sé réttarríki. Ýmsir lögfróðir menn telja að þau brjóti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins og alþjóðasáttmála sem Ísland á aðild að. Að okkar mati eru þessi bráðabirgðalög í hæsta máta siðlaus og óskynsamleg. Þú ert kjörinn fulltrúi okkar og við treystum því að þegar bráðabirgðalög þessi verða borin undir Alþingi, þá skoðir þú vandlega öll rök í málinu og greiðir atkvæði eins og samviska þín býður."

Ég vil ljúka máli mínu með því að minna á að við hv. þm. höfum öll að viðlögðum drengskap heitið að halda stjórnarskrána og skora ég því á hv. þm. að fella bráðabirgðalögin þannig að þau verði ekki fordæmi fyrir komandi ríkisstjórnir og fólkið í landinu.

Ég vil svo enda orð mín á því að átelja ríkisstjórnina enn og aftur harðlega fyrir þessi vinnubrögð sem eru að mínu mati forkastanleg og bera vott um siðblindu. Ríkisstjórn sem setur lög á eigin gerðir er ekki hæf til að stjórna landinu og ætti því að fara frá.

Umræður utan dagskrár, frh.
Bygging og rekstur álvers.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Nú ber þannig við að iðnrh. er ekki í salnum. Ég verð eiginlega að líta þannig á að þessi umræða sé marklaus ef sá ráðherra sem fer með þennan málaflokk er ekki við umræðuna. Sömuleiðis er málshefjandi ekki mættur í salinn þannig að ég vil nú fara fram á það að iðnrh. verði kallaður til.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson) *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa að þau boð bárust inn á ríkisstjórnarfund í morgun að þessi umræða yrði kl. hálfþrjú. Ég veit ekki betur en hæstv. iðnrh. hafi staðið í þeirri trú svo að það er eflaust ástæðan fyrir því að hann er ekki hér. Var þetta rangt sem okkur var tjáð?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseti vill uppýsa að dagskrá fundanna í dag hefur tekið styttri tíma en ætlað var. Forseti kannast hins vegar ekki við tímasetninguna kl. 2.30. Hins vegar vill forseti upplýsa að iðnrh. verður ekki hér fyrr en eftir kl. 2. Ég vil hins vegar benda á að hæstv. forsrh. er staddur hér. (**Forsrh.:** Þetta er málefni iðnrh.) En vilji hv. þm. að umræðunni verði frestað til kl. 3, þá mun forseti að sjálfsögðu verða við því. (Gripið fram í.) Ég hygg að það muni verða hægt að fá hæstv. iðnrh. til að koma hingað um tvöleytið og sé það vilji manna sem mér heyrist, þá er forseti fús til þess að fresta þessum fundi til kl. 2. — [Fundarhlé.]

Áfram verður haldið utandagskrárumræðu um byggingu og rekstur nýrrar álverksmiðju. Það er eindregin beiðni forseta að þessari umræðu megi ljúka í dag. Henni hefur þegar verið framlengt yfir á annan dag þó að aldrei hafi til staðið að hún færi ekki fram á einum degi. Ég vil því óska samvinnu hv. þm. um að þessari umræðu megi nú ljúka á þessum degi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:
Hæstv. forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs þegar umræðu var frestað í fyrrakvöld og ætla nú að taka upp þráðinn þar sem sú umræða hætti.

Ef við lítum á það fyrst, um hvað snýst álmálið, um hvað snúast þeir samningar sem nú eru í gangi við erlenda aðila um orkusölu? Þeir snúast fyrst og fremst um það að ávaxta þann höfuðstól sem felst í orku fallvatna og sem felst í orku jarðhita. Það var sagt hér í umræðunni fyrr að þetta væri höfuðstóll sem héldi sínum vöxtum og því þyrftum við ekkert að flýta okkur í þeirri samningagerð sem nú stendur yfir. Það má satt vera. En hver getur spáð um framtíðina?

Það hefur líka verið vitnað til þess sem gerðist þegar menn flýttu sér í samningaviðræður fyrir 1970 vegna þess að kjarnorkan væri við það að leysa aðra

orkugjafa af hólmi. Við vitum hvað þar gerðist. Við vitum það öll. Þetta segir okkur að aðstæður geta breyst með svo snöggum hætti að menn verða að nota þá kosti sem bjóðast á hverjum tíma. Með það í huga styð ég það heils hugar að reynt verði til þrautar að ná viðunnandi samningum um orkusölu til álbræðslu nú. Hins vegar með tilliti til þess sem ég sagði áðan, að þarna erum við fyrst og fremst að ávaxta þjóðarauðinn, þá sjáum við hversu mikið er í húfi að vel takist til.

Ef við lítum á þetta frá atvinnulegu sjónarmiði, þá eru þetta dýrustu störf sem hægt er að hugsa sér í okkar atvinnulífi þannig að málið snýst um að ávaxta fjármagn á þann hátt að við höfum af því auknar þjóðartekjur í okkar þjóðarbú.

Lítum síðan á umræðuna í því samhengi sem hún hefur verið núna síðustu mánuðina og þá kröfu sem var sett fram um að þetta álver yrði reist utan höfuðborgarsvæðisins. Nú ætla ég ekki að fara í neinar bollaleggingar um það hvar höfuðborgarsvæðið endar og hvar landsbyggðin tekur við. Ég vitna bara til skýrslu Byggðastofnunar um það hvernig mismunandi staðsetning hafi áhrif á byggðaþróun og atvinnu. Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í erindi sem Háskólinn á Akureyri var með á nýlegri byggðaráðstefnu. Sú tilvitnun hljóðar þannig:

„Samkvæmt tölum Byggðastofnunar hafa orðið til 15.000 ný störf á Íslandi á seinustu átta árum. Segja má að þessi störf séu nánast öll í opinberri starfsemi og þjónustu. Af þessum 15.000 störfum eru 12.500 á höfuðborgarsvæðinu og 2500 á landsbyggðinni." Og, ég bið menn að taka eftir, áfram heldur tilvitnunin: „Mjög stór hluti þessara starfa er kominn til vegna beinna stjórnvaldsákvarðana. Allt bendir til þess að þróunin verði óbreytt á næstu áratugum."

Með þetta í huga, að nánast öll ný störf í opinberri þjónustu hafa fallið til á höfuðborgarsvæðinu, var það mjög eðlileg krafa landsbyggðarinnar að þegar í sjónmáli var uppbygging í framleiðslu sem veitti þó þetta mikla atvinnu yrði það iðjuver reist á landsbyggðinni. Hvernig fer fyrir okkur ef þær auknu þjóðartekjur, sem við hljótum að gera kröfu til að komi frá nýju orkufreku fyrirtæki, falla á sama hátt í þann miðstýrða farveg sem auknar þjóðartekjur hafa fallið í á síðustu árum?

Þá ætla ég að koma aðeins að staðarvalinu, ég vil leyfa mér að segja þeirri sorgarsögu hvernig það mál var allt saman unnið. Það gaf auga leið að ef málið átti að vinnast á þann hátt að gefa erlendu aðilunum sjálfdæmi út frá hagkvæmnisjónarmiði hvar þeir vildu vera, þá var nokkuð gefið hver sú niðurstaða yrði. Það verður að segjast alveg eins og er að fók norður í landi spyr: Hvað eru mennirnir að hugsa þegar sett er á laggirnar dýr nefnd sérfræðinga til að kanna umhverfisáhrif stóriðju og hún kemst að þeirri merkilegu niðurstöðu að út frá þeim sjónarmiðum sé þessi starfsemi betur komin á Reykjanesi en í Eyjafirði? Þetta lá allt saman fyrir. Spurningin var sú hvort stjórnvöld hefðu getað stillt málinu þannig upp að það hefði verið sagt: Við ætlum að selja orku til stóriðju á þessum stað. Og það hefði verið látið reyna á málið út frá þeim forsendum. Ég vil ekki fullyrða neitt um það hver niðurstaðan hefði verið út úr slíkri vinnu. En ólíkt hefðu það verið geðfelldari vinnubrögð.

Annað atriði í þessari vinnu sem mér finnst ámælisvert er það að það virðist hafa liðið allt of langur tími frá því að erlendu aðilarnir voru búnir að taka sína ákvörðun um það hvar þeir vildu vera og þar til niðurstaða var kunngerð. Á þeim tíma var haldið áfram að biðja um nýjar upplýsingar frá þeim aðilum úti á landi sem voru að vinna að staðarvalsverkefninu. Og áður en nokkur yfirlýsing lá fyrir um þetta mál voru ráðherrar ríkisstjórnarinnar á opnum fundum farnir að gefa mjög ákveðið í skyn hver niðurstaðan yrði. Þetta eru vinnubrögð sem mega ekki endurtaka sig. Þarna verða menn að læra af reynslunni.

Það er annað athyglisvert í þessu. Það komu fram á þessu tímabili í fjölmiðlum, m.a. frá þingmönnum, tölur um kostnaðarmun annars vegar á Reykjanesi og hins vegar í Eyjafirði. Þar nefndu menn allt upp í 5 milljarða, 10% af kostnaðarverði. Ég hef rökstuddan grun um það að þessar tölur séu komnar frá innlendum aðilum. Hvað gerist þegar fenginn er sænskur aðili til þess að gera hlutlausa könnun? Hans niðurstaða er sú að þetta séu ekki 5, ekki 6 milljarðar heldur einn. En ég skal láta lokið tali um staðarvalið.

Ég geri mér grein fyrir í hvern farveg málið er komið. Ef við landsbyggðarmenn ætluðum að fara að setja hnefann í borðið núna gagnvart þeirri staðsetningu sem búið er að ákveða, sem ég vil þó taka skýrt fram að ég tel að hefði getað farið öðruvísi, geri ég mér alveg grein fyrir að það getur þýtt endanlegan trúnaðarbrest milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar. Við verðum því að vinna okkur út úr málinu á annan hátt.

Ef þessi vinna verður þess valdandi að menn eru tilbúnir til þess núna að ræða um nýja byggðastefnu, byggðastefnu sem verður byggð á öðrum grunni en vinna síðustu ára skal ég vera fyrstur manna til að taka þátt í þeirri vinnu. Ég geri mér alveg grein fyrir að full þörf var á allri þeirri vinnu sem lögð var í að styrkja undirstöðugreinarnar úti um land á síðustu árum. En nú er bara komið að því, og þar vitna ég aftur til þess sem ég vitnaði í hér áðan, erindi Háskólans á Akureyri, og ég ætla að leyfa mér að vitna þar beint í áfram: „Ef það á að vera pólitískt markmið byggðastefnu að snúa við þeirri þróun sem nú er í gangi verður að gera það með því að segja: Næstu 10.000 störf í opinberri starfsemi og þjónustu eiga að vera utan höfuðborgarsvæðisins. Þjónustustig á landsbyggðinni verður að vera það sama og á höfuðborgarsvæðinu ef stöðva á búseturöskunina." Og við skulum sameinast um þessa vinnu.

Ég skal nefna eitt dæmi sem snýr að því byggðarlagi sem ég bý í sem er eyfirskar byggðir. Eru menn tilbúnir til þess að sameinast um að efla Háskólann á Akureyri til þess að vera miðstöð rannsókna og kennslu í tengslum við matvælaiðnað í

landinu? Eru menn tilbúnir til þess að setja lög um 10 ára áætlun um að svo megi vera? Ég segi „setja lög" vegna þess að ég held að það sé sammerkt með öllu landsbyggðarfólki að það muni í þessari umræðu nú ekki taka mark á loðnum fyrirheitum. Það hafa verið gefin fyrirheit, m.a. í tengslum við kosningalagabreytingar og fleiri mál sem því miður hafa ekki gengið eftir. Í mínum huga eru þess vegna slíkar almennar yfirlýsingar afskaplega lítils virði.

Ég ætla að leyfa mér að rökstyðja þetta mál aðeins betur. Fái Háskólinn á Akureyri að þróast á eðlilegan hátt og verði honum fengið hlutverk í okkar atvinnulífi gæti dæmið litið þannig út á árunum 1990–1995 að í lok þess tímabils væru þar á annað hundrað starfsmenn, það væru þar um 500 nemendur og á þessu tímabili hefði þessi starfsemi veitt 4000 millj. inn í veltuna á þessu svæði. Ef menn vildu stíga það skref til fulls, sem ég nefndi áðan, á 10 árum, að gera Háskólann á Akureyri að miðstöð rannsókna og kennslu í tengslum við matvælaiðnað, sem hlýtur að vera eitt af því sem við horfum mjög til á næstu árum, mundi þessi kúrfa halda áfram að stíga með sama hraða það sem eftir er þessa áratugar. En til þess að þetta megi verða þarf pólitískt þrek og mikinn pólitískan vilja, því ég er alveg klár á því að við munum fá embættismannakerfið meira og minna á bakið á okkur ef á að fara að vinna á þennan hátt.

Að lokum, varðandi þróun atvinnu út um land, er langt frá því að Eyfirðingar hafi misst móðinn við þessi málalok. Við stöndum réttir eftir. Í því að við búum þarna þrátt fyrir allt, 20.000 manns í samfélagi sem samgöngulega séð er orðið mjög samtvinnað, felst mikið afl. Þar er einnig verulegur prófsteinn hvernig til tekst með starf héraðsnefndar Eyjafjarðar þar sem öll sveitarfélög á þessu svæði eru nú að sameinast um sífellt fleiri verkefni. Það getur orðið mikill vaxtarbroddur ef stjórnvöld vilja styðja þar við. Ef hins vegar Alþingi og ríkisstjórn eru ekki tilbúin til þess að feta sig yfir á þessar brautir, dreifa þjónustunni, bæði sem snýr að hverju byggðarlagi og þjónustu á landsvísu líka, út um land, erum við, eins og ég sagði áðan, illa stödd. Og þá er ekkert annað eftir en það úrræði sem einstakar hreyfingar hér á landi hafa viljað grípa til, að byggðirnar fái yfirráðarétt yfir sínu aflafé, þannig að stjórnvöld á hverjum tíma verði að leita þangað og sækja þá fjármuni sem þarf til samneyslunnar, til sameiginlegu þjónustunnar, hvort sem það er á sviði æðri mennta, heilbrigðismála eða hvers sem það er. Það yrði sú síðasta nauðvörn sem við hlytum að grípa til. Ég hef ekki verið þeirrar skoðunar að við ættum að gera það. Ég trúi því enn að sá sameiginlegi vettvangur þjóðarinnar sem Alþingi er geti mótað þessa stefnu og muni gera það á næstu árum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það þarf varla að fjölyrða mikið um það að nauðsynlegt er að fjölga atvinnutækifærum hér á landi með það að markmiði að auka þjóðarframleiðslu og bæta þannig lífskjörin í landinu. Ég tel að um þessar mundir beri mjög brýna nauðsyn til þess að auka framleiðsluna til að greiða niður þær erlendu skuldir sem þjóðin hefur sökkt sér í. Og ég held að forsenda bættra lífskjara og skattalækkunar, sem er draumur flestra, sé einmitt að auka framleiðsluna og tekjur heimilanna. Ég lýsi því þess vegna yfir að ég er stuðningsmaður þess að við beislum fallvötnin og komum hér á orkufrekum iðnaði í þessum tilgangi, að auka tekjur heimilanna í landinu. Ég verð hins vegar að lýsa vonbrigðum mínum með það hvernig málsmeðferðin, og þá sérstaklega í kringum staðarvalið, hefur verið.

Eftir lauslega athugun mína á þeim gögnum sem fyrir liggja í þessu margnefnda staðsetningarmáli er niðurstaða mín, hvort sem málið er skilgreint út frá fræðilegu sjónarmiði eða út frá almennri skynsemi, alltaf sú sama því raunverulega var aldrei marktækur munur milli þeirra þriggja staða sem voru mest inni í þessari umræðu. Það er mín niðurstaða. Ég meina þá að þó að fleira fólk búi hér á suðvesturhorni landsins og það sé talið Keilisnesi til tekna í staðarvali vegur á móti annar hlutur og það er aukaþensla sem verður í landinu við það að reisa þetta stóriðjuver hérna sunnan lands. Það er óhjákvæmilegt að aukin þensla verði hér á höfuðborgarsvæðinu við það að velja þessu fyrirtæki stað þarna því að fólk mun í vaxandi mæli yfirgefa landsbyggðina og þá þarf það að byggja yfir sig aftur hér, þá þarf ný húsbréfalán, það þarf fleiri skóla og það þarf fleiri götur o.s.frv. Á sama tíma á að afskrifa hluti hinum megin á landinu, gera hluti verðlausa. Þetta hefur vond áhrif á efnahagslíf landsmanna. Ég verð að lýsa furðu minni á því að ekki skuli hafa farið fram athugun á mismunandi áhrifum á efnahagslíf landsmanna út frá mismunandi staðarvalskostum. Slík gögn eru engin fyrirliggjandi í þessu máli.

Ég held að kjarni þessa máls sé kannski sá að hæstv. ráðherrar, iðnrh., forsrh., fjmrh. og umhvrh., hafi allir saman haft mestan áhuga á því að þetta álver skyldi rísa á Keilisnesi hvernig svo sem öll rökin í málinu voru. Ég minni á það að hæstv. forsrh. var einu sinni þingmaður landsbyggðarinnar og fáir hafa talað meira um byggðastefnu en Framsfl. Ég verð því að spyrja hæstv. forsrh. hvort Framsfl. hafi tekið ákvörðun um það að afskrifa endanlega byggðastefnuna og hvort þessi svokallaða byggðanefnd forsrh. sé bara til að vera með sjónhverfingar í fjölmiðlum og plata saklaust fólk. Mér finnst fullgróft að stunda sýndarmennsku í svona viðkvæmu máli eins og staðsetningu stóriðjuvers, vekja væntingar í hugum saklauss fólks eins og búið var að gera í heilt ár og valda því svo sárindum og vonbrigðum því raunverulega er það Alþingi Íslendinga sem ræður staðsetningarmáli. Alþingismenn eru kjörnir leiðtogar þjóðarinnar og eiga að taka ákvörðun um stefnumörkun í málum eins og þessu. Mér er ekki kunnugt um að Alþingi Íslendinga hafi falið hæstv. iðnrh. að framselja vald um staðsetningu stóriðjuvers í hendur einhverra samninganefnda. Alþingi hefur ekkert falið hæstv. iðnrh. umboð til slíks þó hann hafi nú gert það. Ég tel það vera móðgun

við Alþingi og alþingismenn að láta þá standa allt í einu frammi fyrir gerðum hlut, hvort sem það heitir minnisblað í yfirlýsingu eða eitthvað annað. Það hefði a.m.k. verið lágmarkskurteisi að iðnn. Alþingis hefðu fengið að vinna með í þessu máli. Mér finnst þetta vera enn eitt sýnishorn af því sem ég hef margsinnis orðið vitni að hér sl. tvö ár, yfirgangi framkvæmdarvaldsins yfir kjörna leiðtoga þjóðarinnar. Að mínu mati átti ríkisstjórnin að koma með eigin tillögu um staðsetningu stóriðjuvers og leggja tillöguna fyrir Alþingi Íslendinga til staðfestingar. Þetta var einmitt tækifæri til að sporna við þeirri byggðaþróun sem allt stefnir í hér á landi, að allt þjappist saman hér á suðvesturhorninu. Þetta var einmitt stóra tækifærið til þess. Þetta var hið stóra tækifæri hæstv. forsrh. til að standa við orðin sín um byggðastefnu. Ég held að að þetta hafi fyrst og fremst átt að vera pólitísk ákvörðun, því ég tel að enginn marktækur munur sé milli staðarvalkosta þegar allt er tekið með í myndina, þar með talin aukaþensluáhrif á efnahagslífið, af að hafa þetta staðsett hér suðvestanlands.

Ef við víkjum örlítið að hlut hæstv. umhvrh. í staðsetningarmálinu, þá var mengun fyrir örfáum vikum síðan ein af meginástæðunum fyrir staðarvali. En núna, nokkrum vikum síðar, eftir að staðarvalið var opinberlega kunngjört á frægu minnisblaði, kemur umhvrh. fram í sjónvarpi og telur mengun óverulega, jafnvel minni en að anda að sér sveitalofti. Það eru enn þá að berast nýjar upplýsingar um þessi mengunarmál, núna örfáum vikum síðar. Umhvrh. ætlar að láta búa til gifsplötur úr menguninni og setja nýja gerð af rafskautum í kerin svo að mengunin er engin orðin. Þar með er forsendan um mengun algjörlega úr sögunni, eða hvað? Hæstv. umhvrh., eru forsendur fyrir mengun enn þá til staðar í dag miðað við þær upplýsingar sem hafa komið síðan staðsetningarákvörðunin var tekin?

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, víkja aðeins að virkjunarmálum og langar til að spyrja hæstv. iðnrh. tveggja spurninga: Í fyrsta lagi hvort það standi til, varðandi fyrirhugaða virkjun í Fljótsdal, að bjóða einstaklingum, sveitarfélögum eða fyrirtækjum á Austurlandi að gerast eignaraðilar að Fljótsdalsvirkjun? Eða á eignamyndun vegna virkjunar fallvatna á Íslandi að vera öll hér við Háaleitisbraut í Reykjavík? Ef Landsvirkjun á að vera skuldlaus 12 eða 15 árum eftir aldamót, á sú eignamyndun sem í því felst öll að myndast við Háaleitisbraut? Eða verður Austfirðingum gefinn kostur á að gerast eignaraðilar? Hvaða hugmyndir hefur hæstv. iðnrh. um þetta mál? Og enn fremur hvort það hafi verið íhugað varðandi lögn háspennulínu að gera hálendisveg í leiðinni — sem er jákvæður valkostur við lagningu háspennulínu?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem nú er kominn í húsið sá hv. þm. sem óskaði frestunar á umræðu, hv. 2. þm. Norðurl. e., vænti ég þess að hann vilji nú næstur taka til máls og halda áfram ræðu sinni. Má ég biðja þingvörð að finna hv. 2. þm. Norðurl. e. — Það mun misskilningur að sögn þingvarðar að hv. 2. þm. Norðurl. e. sé í húsinu. Það er þá rangt skráð hér á tölvuskjá. En hv. þingmönnum til upprifjunar óskaði hv. 2. þm. Norðurl. e. eftir að umræðunni yrði frestað vegna þess að hæstv. forsrh. var ekki staddur hér í húsinu kl. tvö um nótt, eða hálftvö. Það hlýtur að vekja furðu forseta þar sem umræðunni varð þess vegna ekki lokið þá um kvöldið að hv. þm. skuli nú ekki sitja hér og hlýða á þessa umræðu sem hann óskaði frestunar á.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög eðlilegt að um það mál sem hér er rætt utan dagskrár fari fram umræða nú í þingbyrjun svo stórt mál sem hér er á ferðinni og umdeilt. Ég ætla að nota hér tækifærið til þess að koma nokkrum sjónarmiðum á framfæri sem varða málið, meðferð þess og framhald, og e.t.v. að inna hæstv. ráðherra eftir vissum þáttum sem varða málið því hér eru viðstaddir þrír hæstv. ráðherrar sem allir fara með málið fyrir hönd sinna flokka í ríkisstjórn og hæstv. iðnrh. sem forgöngumaður þessa máls.

Ég ræddi hér í gær af tilefni þáltill. um rannsókn þessa máls svolítið um málsmeðferðina eins og hún kemur mér fyrir sjónir. Ég skal ekki endurtaka það nema örfá atriði af því að hæstv. iðnrh. var ekki þá viðstaddur.

Þetta mál var afar umdeilt þegar þessi ríkisstjórn var mynduð og þegar það kom fyrst til tals innan Alþb. að verða þátttakandi í myndun nýrrar ríkisstjórnar var látið að því liggja, og ég tók það sem svo að það væru boð frá þeim sem síðar settist í forsæti í ríkisstjórninni, að myndun stjórnar Framsfl., Alþfl. og Alþb. hefði það í för með sér m.a. að menn legðu til hliðar áform um erlenda álbræðslu í Straumsvík sem unnið hafði verið að í tíð ríkisstjórnarinnar næst á undan. Við ræddum spurninguna um stjórnarmyndun í ljósi þessara fregna og boða sem formaður Alþb. bar inn í þingflokk þess og um skeið var það svo að það var inni í drögum að stjórnarsáttmála að ekki yrði ráðist í nýja álbræðslu með eignaraðild útlendinga hérlendis í tíð ríkisstjórnarinnar.

Við í þingflokki Alþb. ræddum þessa stjórnarmyndun í ljósi þessa og það var ekki fyrr en á lokastigi stjórnarmyndunar, aðfaranótt þess að stjórnin settist á stóla, að Alþfl. sneri við blaðinu að þessu leyti, heimtaði þau ákvæði út úr drögum að stjórnarsáttmála sem vörðuðu nýja álbræðslu og fékk því framgengt að ekki væri tekið með inn í stjórnarsáttmálann að slík álbræðsla skyldi ekki byggð eða ekki unnið að slíkri álbræðslu í tíð ríkisstjórnarinnar. Í stað þess gaf hæstv. forsrh. verðandi stjórnar yfirlýsingu um það opinberlega að ekki yrðu samþykktar ákvarðanir um slík stórmál, eins og stóriðju, með stuðningi stjórnarandstöðu því þá væri það fráfararatriði fyrir ríkisstjórnina.

Ég tel nauðsynlegt að nefna þetta hér í upphafi míns máls vegna þess að þetta varðar stöðu máls-

ins frá upphafi í þessu stjórnarsamstarfi. Það sem samþykkt var af Alþb. hálfu við stjórnarmyndunina og ráðherrar þess féllust á var að lokið yrði umsaminni hagkvæmnikönnun vegna nýrrar álbræðslu, allt að 200 þús. tonna stærð, sem samið hafði verið um af fráfarandi iðnrh. Friðrik Sophussyni með undirskrift 4. júlí 1988. Sú hagkvæmnikönnun skyldi til lykta leidd en ekkert ákveðið um framhald málsins. Þessi athugun fór fram og hún reyndist neikvæð, þ.e. aðilarnir sem að henni stóðu kváðu upp úr um það sumarið 1989 að þeir teldu ekki fært að halda áfram athugun málsins, væru því fráhverfir. En í stað þess að þá væri tekið á málinu og reynt að sameina stjórnarflokkana um lyktir málsins hélt iðnrh. á eigin spýtur áfram að teygja lopann og nú var tekið til við að kanna stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Einnig það reyndist ekki hafa byr hjá viðræðuaðilunum sem iðnrh. ræddi við og hann rak í strand með það í desembermánuði 1989, fyrir tæpu ári síðan, en það nægði hæstv. ráðherra ekki því hann hóf þegar leit að nýjum aðilum, nýjum samstarfsaðilum, og á fjörur hans rak í staðinn fyrir Austrian Metal, sem gengið var úr skaftinu, og Alusuisse, hinn kæra samstarfsaðila um álbræðsluna í Straumsvík og langalengi viðmælanda íslenskra stjórnvalda, bandaríska stórfyrirtækið, auðhringinn Alumax sem kunnugt er. Og það hefur leitt til þess sem nú er rætt hér að iðnrh. er í einleik sínum í þessu máli kominn með „memorandum of agreement", undirritað af honum ásamt þremur erlendum stórfyrirtækjum þann 4. okt. án þess að ríkisstjórnin hafi í nokkru skuldbundið sig til aðildar að málinu, hvað þá að Alþb. hafi gert það, og iðnrh. hæstv. lá svo mikið á að honum láðist, og formanni samninganefndarinnar, verkamanni hjá honum í ráðuneyti, að gæta þess hver það væri sem ætti að semja um raforkumálin í þessu samhengi, afhendingu á 3000 gwst. af raforku til þessa stórfyrirtækis.

En það gerðist svo á sl. sumri að fram fór sá átakanlegi leikur sem hæstv. iðnrh. setti á svið í sambandi við staðsetningu þessa fyrirtækis, þar sem byggðarlag eftir byggðarlag var dregið á asnaeyrunum og látið standa í samkeppni um það að hreppa þetta fyrirtæki og gera gott betur, að bjóða niður skilmálana fyrir slíkt fyrirtæki innan sinna marka. Og hæstv. iðnrh. gerðist póstberi fyrir hin erlendu fyrirtæki til að koma spurningalistum til þeirra, svona sem milliliður, um það hvað væri í boði af þeirra hálfu ef þessum erlendum aðilum hentaði að nema land innan marka þeirra. Þetta eru einhver ósæmilegustu vinnubrögð sem fram hafa farið fyrr og síðar af stjórnvalda hálfu hér í landinu, og það verður að segja að þetta eitt, þessi málafylgja ein, ætti að nægja til þess að Alþingi færi að hugsa sinn gang og kanna það með hvaða hætti er haldið á málum að þessu leyti. Og síðan er verkið kórónað með því, sem allir vissu sem áttuðu sig á því eftir hvaða leikreglum þarna væri farið, að hinum útlendu aðilum hentaði að setja fyrirtækið niður þar sem fýsilegast er fyrir þá miðað við allar aðstæður, hér í næsta nágrenni við höfuðstaðinn. Og ríkisstjórn sem ætlaði að reisa merki byggðastefnu í þessu landi er nú ætlað það af hæstv. iðnrh. og flokki hans að taka ákvörðun um það og jarða sína byggðastefnu og sín áform í byggðamálum með því að taka ákvarðanir um að þetta stórfyrirtæki skuli rísa í næsta nágrenni við höfuðstaðinn.

Ég hef ekki verið hvatamaður þess að hér verði hlaðið undir erlend fyrirtæki í landinu sem forræðisaðila og meirihlutaaðila í orkufrekum iðnaði. Ég hef varað við því, jafnt í mínum flokki sem hér á Alþingi. Ég er ekki andvígur orkufrekum iðnaði í landinu og tel að meðan ég starfaði í iðnrn. sæjust þess nokkur merki að ég hafði áhuga á að kanna opnum huga og vítt út frá ákveðnum forsendum möguleika á að nýta innlendar orkulindir í þágu iðnaðar í þessu landi, með ákveðnum skilyrðum, byggt á ákveðnum forsendum. Ein af þessum forsendum var og er að staðsetning slíkra fyrirtækja sé valin af fyrirhyggju og miðað við þjóðarhagsmuni, víðtæka þjóðarhagsmuni.

Á þessum árum var einnig til athugunar, og er ástæða til að minnast á það hér og nú, að nýta orkulindirnar til framleiðslu á eldsneyti, fljótandi eldsneyti. Það voru gerðar athuganir á því 1980 og árin þar á eftir hvort hagkvæmt væri í kjölfar olíuverðshækkunarinnar miklu 1979 og þær rannsóknir nýtast vonandi við framhaldsathugun málsins nú þegar breytt viðhorf eru í orkumálum heimsins, enn og aftur, og þessi kostur færist nær, að við getum nýtt okkar orkulindir, vatnsafl og jarðvarma, til framleiðslu á öðrum orkugjöfum.

Við hljótum hins vegar að líta á fleiri þætti þessa máls þó að þessi hugmynd um staðsetningu álbræðslunnar geti ein út af fyrir sig nægileg verið ásamt eignarhaldi til þess að menn vísi þessum hugmyndum alfarið frá. En hvað þá um aðra þætti málsins? Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að stikla hér á nokkrum atriðum.

Þeir þættir sem koma inn í þetta mál sameinast í spurningunni um þjóðhagslega arðsemi slíks fyrirtækis. Og það er mjög eðlilegt að menn líti á það og spyrji: Hver gæti orðið þjóðhagsleg arðsemi slíks fyrirtækis? Og hvað lesum við í þeim gögnum sem hæstv. iðnrh. hefur nýlega lagt hér inn í þingið? Jú, við lesum þar að vöxtur þjóðartekna, viðbót þjóðartekna, vegna þessa fyrirtækis gæti orðið um 2% og vöxtur landsframleiðslu það af meiri.

Þetta sjáum við í fylgiskjali með skýrslu hæstv. iðnrh. á bls. 52–56 í skýrslu hans og þar er það skýrt tekið fram að Þjóðhagsstofnun, á forsendum þess sem gengið er út frá við þetta mat á hagkvæmni álbræðslu, þjóðhagslega hagkvæmni, miðar við það sem grunn að ekkert gerist annað í íslensku atvinnulífi, engar aðrar fjárfestingar, svo heitið geti, verði hér í þjóðfélaginu, engin sérstök ný atvinnuuppbygging fari fram, heldur komi þessi álbræðsla algjörlega sem viðbót ofan á í rauninni sléttan grunn. Þannig fær Þjóðhagsstofnun út þessa niðurstöðu og ég vænti þess að hv. alþingismenn hafi tekið eftir þessum forsendum í málinu, eins og þær eru hér fyr-

ir lagðar. Það er rómað og prísað hvaða happadráttur þetta geti orðið fyrir íslenskan þjóðarbúskap, en það er reist á þessum núllgrunni sem þarna liggur fyrir í mati Þjóðhagsstofnunar. Það er alveg glæfralegt að sjá framreiddar slíkar tölur og slíkt mat af iðnrh. sem áður var forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Það er svona álíka eins og þegar hann reyndi að telja þjóðinni trú um það hér sl. vetur í ræðu og riti að eitt tonn af áli jafngilti einu tonni af þorski upp úr sjó á Íslandi fyrir íslenskt þjóðarbú. Og þó að Þjóðhagsstofnun sé kannski ekki mjög glögg að reikna þá fann hún það þó út aðspurð að hér væri farið a.m.k. með þrefalt rugl í þessu efni af hæstv. iðnrh. og reyndar gott betur ef tekið var með allt sem til frádráttar heyrir í þessu máli eins og afborganir og vextir vegna erlendra lána. Menn verða að líta á þessar köldu staðreyndir hér á Alþingi Íslendinga þegar verið er að fjalla um þetta mál, að þeir sem bera það fram ganga fram með slíkar blekkingar, útbúa þannig gögn í hendur Alþingis eins og hér liggur fyrir.

Ég held að ef menn reyndu að vera bjartsýnir á forsendur þessa fyrirtækis og áhrif þess á þjóðarbúskapinn, svokölluð margfeldisáhrif á íslenskan þjóðarbúskap, komist menn samt ekki með nokkru móti yfir 1% vöxt eða viðbót í þjóðartekjum og þarf að leggja þó mjög vel á til þess að það fái staðist. Það eru nú öll ósköpin miðað við þær forsendur að öðru leyti sem gefnar eru í þessu dæmi. Og hver er svo vinningurinn og á hverju er hann byggður? Jú, stóru þættirnir í þessu máli, hagrænir, eru rafmagnssamningurinn, þær tekjur sem menn eiga að fá af rafmagnssölu, og það eru skattar og skatttekjur.

Og nú hefur hæstv. iðnrh. og samningamenn hans fundið upp á því snjallræði að tengja hvort tveggja við heimsmarkaðsverð á áli. Og mennirnir sem töluðu um og andmæltu því að Íslendingar ættu að vera burðarásar í orkufrekum iðnaði í landinu og ekki fara hraðar en geta okkar leyfði til fjárfestinga og sem svaraði áhættu og sögðu: Þetta er ekki hægt. Við verðum bara að vera með útlendinga í þessu af því að þetta er svo áhættusamur rekstur — þeir koma nú með hinn þáttinn, rafmagnssamninginn, nákvæmlega inn í sömu áhættu og markaðsverðið á afurðinni. Þeir eru búnir að ganga hring í gegnum sjálfa sig í þessu máli.

Og hverjar eru svo viðmiðanirnar? Við skulum líta á rafmagnsverðið og álverðið sem er tengt því. Við skulum aðeins virða það fyrir okkur: Jú, það er reiknað með því að álverð verði að meðaltali á tímabili þessa samnings, 25 ára tímabili, um 1900 Bandaríkjadalir á tonn, 1850–1900, 1900 lengst af. Og hvernig blasir nú sú hugmynd við þegar litið er til reynslunnar, hvert álverð hefur verið á liðnum árum samkvæmt útreikningum og mati Þjóðhagsstofnunar, þar sem þeir færa álverð til sama verðgildis yfir þennan tíma? Ætli það séu 1900 dollarar á tonn, eða ætli það sé ekki gott betur því að menn hljóta að vera með vaðið fyrir neðan sig? Onei, það er reyndar ekki. Ef lagðar eru saman tölurnar frá 1960 koma út um 1760 Bandaríkjadalir á framleitt tonn af áli allt þetta tímabil, langt undir meginforsendum hæstv. iðnrh. Og ef við lítum yfir 10 ára tímabil, 1980–1989, við skulum taka þau því 1980 var hátt álverð, hvert skyldi meðaltalið hafa verið síðustu tíu árin? Ætli það hafi verið 1800 dollarar á tonn? Ætli það hafi verið 1700 á tonn? Ónei, það eru 1650 Bandaríkjadalir á tonn — 1650. Og ef við tökum árið í ár, sem líklega skilar nálægt 1800 Bandaríkjadölum á tonn, yrðu tíu árin frá 1981 til 1990 rétt um 1600 Bandaríkjadalir á tonn, sem sagt óralangt undir því viðmiðunarverði sem þarna er lagt til grundvallar sem meginviðmiðun inn í raforkuverðið og hverju þetta eigi að skila. Og það er með svona uppsetningu sem samningamenn iðnrn. koma fram með örlítinn plús út úr þessum samningi. Góður samningur, segir hæstv. forsrh., en að vísu dálítið áhættusamur. Eitthvað á þá leið. Er þessi áhætta takandi, hæstv. forsrh., ef litið er til reynslu síðustu tíu ára og álverðið á undanförnum tíu árum liggur í 1650 Bandaríkjadölum? Og þá er horft fram hjá því að þetta meðaltal lækkar ef tekið er lengra tímabil. Það er í rauninni aðeins á sex árum allan þennan tíma, á sex árum frá 1960 sem álverðið hefur náð því meðaltali sem á að verða gildandi yfir allt samningstímabilið, 25 ár. Og ef álverðið verður 5, 10, 15% lægra en þarna er verið að leiða líkur að, sem enginn getur sagt fyrir um og ómögulegt er að rökstyðja af nokkru viti að verði niðurstaðan, þá er þessi spilaborg hrunin. Algjörlega hrunin.

Það eru fleiri þættir inni í þessu sem eru ekki á traustari grunni reistir heldur en þetta. Vaxtaforsendan, raunvextirnir inn í þetta mál, 5,5% raunvextir, hvernig standast þeir mælikvarða liðinnar tíðar, síðustu 10 ára? Hvað ætli það gefi hjá Landsvirkjun? Ætli það séu 5,5% raunvextir? Nei. Skyldu það hafa verið 6% á lánum Landsvirkjunar? Nei, nei, nei. 6,5%. Og á langtímalánum í Bandaríkjunum í kringum 7% undanfarin 10 ár. En síðan taka reiknimeistararnir hjá Landsvirkjun, samningamennirnir og iðnrn., bara tímabilið frá 1960 því þá fá þeir inn áttunda áratuginn með neikvæðum raunvöxtum og geta sýnt aðrar tölur og sagt: Þetta hlýtur að standast. Yfir 30 ára tímabil eru raunvextirnir lægri.

En það eru fleiri áhættuþættir í þessu máli. Gengið, viðmiðunin við Bandaríkjadal er auðvitað augljós áhættuþáttur. Bandaríkjadalur hefur farið lækkandi eins og fjöl, eins og hallandi fjöl allan þennan tíma með smávegis breytingum. Einnig það er stór áhættuþáttur inni í þessu máli. Og stofnkostnaðurinn, rekstrar- og stofnkostnaður virkjananna. Hvernig ætli sé haldið á því? Jú, það er borð fyrir báru, segja menn. Það er reiknað með af hálfu starfsmanna Landsvirkjunar að reikna með því að — ráðherrann genginn á dyr, virðulegi forseti, kannski nóg boðið. (**Forseti:** Forseti kann ekki við að spyrja ráðherra að því hverra erinda hann hafi gengið út úr salnum. Ég vænti þess að hann komi mjög skjótt aftur.) En starfsmenn iðnrn. sem hafa verið að meta stofnkostnað segjast hafa borð fyrir báru upp á eitthvað 15–20% í stofnkostnað. Það er borðið. Og ekki

má þar miklu skeika því það þyrfti ekki nema 10% frávik á reiknuðum stofnkostnaði til þess að þessi hagnaður sem Landsvirkjun reiknar sér inn í dæmið, bara sá þáttur einn, setji hagnaðinn niður á núll.

Hver ætli sé reynsla sögunnar hjá Landsvirkjun í sambandi við byggingu virkjana? Hæstv. forsrh. kannast við það. Hann veit eflaust að ein virkjunin, sú sem fór lakast þangað til kom að Blöndu, ég veit ekki nákvæmlega í prósentum hvar Blanda stendur, en ég nefni það hér á eftir. En það er Sigölduvirkjun. Stofnkostnaður Sigölduvirkjunar reiknaður á framleidda einingu fór nálægt að tvöfaldast frá áætlunarverðinu að raunverðinu. Það var nú reynslan þar. Svo eru menn að reikna hér borð fyrir báru í stofnkostnaði upp á 15–20%. Og Blönduvirkjun, hvar ætli hún standi núna í höndum Landsvirkjunar? Áætlanir um framleiðslukostnaðarverð frá Blönduvirkjun voru innan við 20 mill. — Hæstv. ráðherra, ég var að fara yfir stofnkostnaðarþáttinn og nefna að ekki þyrfti röskun á honum nema sem svaraði 10% til þess að reiknaður hagnaður Landsvirkjunar út úr þessu dæmi væri kominn niður á núll. (**Viðskrh.:** Varúðarálag verkfræðinga er miklu hærra en það.) Varúðarálag verkfræðinga er miklu hærra, þess vegna var ég að nefna það, hæstv. ráðherra, sem ég efast ekkert um að þú hafir kynnt þér, að í framkvæmdum Landsvirkjunar hefur það nú gengið svo í ýmsum tilvikum að framkvæmdakostnaðurinn hefur farið miklu hærra, hann hefur tvöfaldast í dæminu Sigölduvirkjun og þegar litið er til Blönduvirkjunar, sem átti að skila orkuverði undir 20 millum á framleidda einingu, þá stefnir hann í það samkvæmt þeim tölum sem fyrir liggja miðað við 610 gwst. framleiðslu á ári að fara upp undir 30 mill. Og það er auðvitað mjög snjöll lausn að kippa svo bara þeim pakka burtu, ekki satt? Það er best að sýna hann ekki. Kippa honum bara burtu. Hann er þarna hvort sem er, segja menn, það er ekkert hægt að fá fyrir orkuna, við tökum því eins og það er, við gleymum því bara.

Þá eru það skattarnir. Ég heyri það mér til verulegrar ánægju að það hafi tekist að fá hina erlendu aðila til þess að skrifa upp á það að íslensk skattalög eigi að gilda í meginatriðum í sambandi við þetta fyrirtæki, ef einhvern tímann yrði reist. Það er auðvitað prýðilegt og einnig að gerðardómslög Íslands eigi að gilda. Það er sagt að þetta eigi að gefa heilmikið inn í ríkiskassann og það verði jafnvel hægt að létta skattana út á þetta. Ég hef heyrt nefnda allt upp í 20 milljarða sem þetta eigi að skila á samningstímanum, 19 milljarðar tekjuskatturinn einn. En hvernig ætli sú tala sé nú, þessir 19 milljarðar sem við lásum um í Morgunblaðinu um helgina? Þegar farið er að átta sig á þeirri tölu þá er þetta upphlaðið á verði hvers árs. Það er ekki á núvirði sem þetta liggur. Ef þessi upphæð er núvirt þá er hún komin niður í 11 milljarða. Ætli hún sé örugg í hendi? Ég hef ekki séð skattasamninginn, hæstv. ráðherra, það væri ágætt að fá hann, eins og hann liggur fyrir. Ég hef lesið þær forsendur sem standa í skýrslunni. Og hvað lesum við þar? Jú, skattarnir eru beint tengdir inn á álverð eins og rafmagnið. Fyrstu níu árin er ekkert að hafa. Ekkert, segir hæstv. ráðherra í sinni skýrslu. Bara ekkert í skatta. Ef farið er að líta síðan á hvaða áhrif breytingar á álverði hafi inn á þetta skattadæmi, það á að hreyfast frá 1650, það eru lægri mörkin eftir þessum samningi skilst mér, hreyfast frá 1650 upp í 1900 dollara á tonn, þá fer nú að ganga á þessa upphæð. Það virðist ekki þurfa nema sem svarar — við skulum segja að það væri meðalverð síðustu 10 ára sem er um 1650 dollarar á tonn. Hverju ætli skattarnir skili þá á samningstímanum? Þeir virðast skila eitthvað nálægt 6 milljörðum á núvirði, eitthvað nálægt 6 milljörðum. Það getur vel verið að þetta séu ekki nákvæmir reikningar en þetta er það sem virðist liggja í spilunum. Við höfum ekki fengið þessa samninga útfærða þannig að það er ekki hægt að ábyrgjast þetta upp á milljón eða milljarð en þetta er hreyfingin, þetta er óvissan. Þetta sýnir sem sagt eðli þessara samninga. Öll er þessi spilaborg byggð á mikilli bjartsýni og trú. Trú hæstv. iðnrh. á álverð og þróun álverðs. Og hann segir þjóðinni: Menn þurfa bara að vera nógu einbeittir í trúnni. Þá getur þetta allt saman gengið upp. Við trúum á álið, við trúum á dollarann og þá höfum við þetta. (**HBl:** Það er nú líka góð tvenna.) Ja, það má nú segja.

Þetta er grunnurinn og inn á þennan grunn heyrist mér að Framsfl. ætli að fara að hlaupa. (**Gripið fram í:** Eigum við frekar að hlaupa inn á rúbluna?) Ja, nú veit ég ekki. Ég man hvað það heitir í Búlgaríu, ég hef aldrei komið þangað, en ætli það sé ekki eðlilegt að Framsókn miði frekar við búlgarska mynt en rússneska. Ég held að þeir séu vanari að handleika hana. Og ég segi þetta hér vegna þess að ég undrast það að hæstv. forsrh. — hvar er hæstv. forsrh., virðulegur forseti, ég ætlaði að beina máli mínu til hans — hæstv. forsrh. virðist vera búinn að ganga langleiðina inn á að játast þessari trú hæstv. iðnrh. Hann trúir á álið og trúir á dollarann og hæstv. forsrh. segir: Þetta er bara þokkalegur samningur en það er óskaplega mikil áhætta í honum. Þetta segir hann við þjóðina. Er hann búinn að kanna þessar forsendur lið fyrir lið? Þær eru allar í hámarki og efri mörkum og langt upp fyrir það sem eðlilegt er að áætla þegar verið er að reikna forsendur fyrirtækis og fjárfestinga af þeirri stærð sem hér um ræðir. Og ætlar svo liðið að fylgja foringja sínum? Ætla þingmenn Framsfl. hér á Alþingi, ofan í staðsetninguna, að hlaupa inn á þessa fjárfestingu út á einhverja — ég veit ekki hvað á að segja, aura, einhverja ábót, einhverja fyrirgreiðslu hér og fyrirgreiðslu þar? Ég varð fyrir miklum vonbrigðum að heyra í þingmanni Norðurl. e. sem talaði þessum tungum, var að rétta fram höndina hérna. Ég skal rétta upp höndina ef þið leggið eitthvað í lófa minn til Háskólans á Akureyri. Halda menn að málin gangi svona upp? Hvers konar blekkingaleikur er þetta? Hvers konar blekkingar eru þetta?

Menn voru farnir að tala um það að það ætti jafnvel að jafna raforkukostnaðinn í landinu núna næstu árin út á tekjurnar af þessum ósköpum, sem Davíð

Oddsson var nú nógu skynugur til þess að sýna fram á að verða minna en engar í 15–20 ár, eins og hann orðaði það. Samt ætlar hv. guðfaðir þessa máls, hæstv. fyrrv. iðnrh. Friðrik Sophusson, að vera reiðubúinn að hjálpa til. Ef einhverjum skyldi nú skrika fótur á stjórnarheimilinu í þessu máli þá er hann reiðubúinn að hlaupa til og veita stuðning og rétta þó svo að varaformaður hans, sá sem ýtti honum til hliðar í Sjálfstfl., sé búinn að reikna það út að þetta gefi minna en ekkert í 15–20 ár og gerir auðvitað gys að því ef ríkisstjórnin ætlar að fara að jafna raforkukostnað í landinu út á minna en ekki neitt. Þetta er nokkuð sérkennilegt. Ætla menn að reyna að kaupa landsbyggðina á Íslandi með þeim hætti að segja: Við hleypum fram þessari gölnu fjárfestingu við bæjardyr Reykjavíkur gegn því að þið fáið smávegis dúsu í hvert kjördæmi, svona einhvern vonarpening. Það væri nú varla fast í hendi ef áætlanirnar ganga upp, að stimpla þetta út hér á Alþingi fyrir jólin. Það er afskaplega raunalegt að vita til þess að greindir og gegnir menn, og sem eiga meira að segja að kunna á reiknistokk eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, skuli leggja nafn sitt við forsendur af því tagi sem hér eru fram bornar varðandi þetta mál. Það er aldeilis stórmerkilegt. Og það skuli þurfa — ja, lítt reiknifróða menn, a.m.k. ekki sprenglærða á því sviði eins og borgarstjórann í Reykjavík til þess að segja mönnum frá vissum grunnstaðreyndum í málinu. En stundum er það svona. Sérfræðingarnir, þeir sem sérfróðastir teljast vera, reikna sig inn í myrkviðinn. Það virðist vera það sem er að gerast hér og það fer í raun inni mjög vel á því með fyrrv. þjóðhagsstjóra sem forgöngumann málsins. (**Gripið fram í:** Hann er nú enn þá þjóðhagsstjóri.) Að vísu, hann hefur það í bakhöndinni eins og kannski fleira.

Við hljótum að spyrja: Ja, eru þá ekki einhverjir þættir í sæmilegu lagi varðandi málið? Einn þáttur er ónefndur hér, það eru umhverfismál. Þau eiga nú að vera aldeilis í topplagi. Við erum komnir með umhverfisráðuneyti, við erum komnir með ráðherra sem hefur haft mikið umleikis frá því hann kom í embætti, eðlilega. Þetta er stór málaflokkur og með mikil verkefni og hann hefur verið á fleng víða um lönd til þess að kynna sér eitt og annað, þar á meðal mengunarvarnir að mér skilst vestur í Bandaríkjunum, austur í Svíþjóð og sjálfsagt suður í heimi líka. Síðast í gær fékk hann skeyti frá Japan um það að best væri að leysa þetta með kalki og steypa gifs. Auðvitað sá maður strax styttuna af hæstv. umhvrh. fyrir utan álverið mikla á Keilisnesi í margfaldri stærð úr gifsi. (**Gripið fram í:** Hún verður sett í brons.) Síðar, þegar þetta fer að skila hagnaði, í von um að þetta skili einhvern tíma hagnaði áður en afskrifað yrði, þá væri athugandi að setja þetta í brons já, steypa hæstv. ráðherra í brons.

En sannleikurinn er sá að það er hreint með ósköpum hvernig á þessum þætti málsins hefur verið haldið, því sem snýr að umhverfismálunum. Það virðist sem hæstv. ráðherra hafi hvergi fótað sig, hvar hann ætli að koma niður í málinu, hver á að vera undirstaðan. Hæstv. iðnrh. hafði marglofað mönnum hér á Alþingi að það yrðu fullkomnustu mengunarvarnir sem beitt yrði við þessa bræðslu, fullkomnustu mengunarvarnir. En þegar kemur að stykkinu, þá er strax farið að spara, þá er það orðið samningsatriði, þá er allt í lagi að sleppa fyrirtækjunum við milljarða í stofnkostnaði út á mengunarvarnir. Þá fara menn að reikna sig niður og hæstv. umhvrh. gerist þátttakandi í þeim leik. Það er afar alvarlegt mál þegar fagráðherra þeirra mála, nýkominn í embætti í nýtt umhverfisráðuneyti sem við höfum bundið miklar vonir við, virðist ekki fóta sig betur en raun ber vitni í þessu máli. Og þjóðin stendur agndofa. Það koma skeyti héðan og þaðan um nýjar lausnir í málinu. Ég bíð spenntur að vita hvað kemur í kvöld, hvort það verður Ástralía eða Patagónía eða hverjir leggja hér eitthvað af mörkum til að leysa þetta mál.

En mönnum skal vera rórra því hæstv. iðnrh. upplýsti í fréttatilkynningu eftir undirritun sína 4. okt. eftirfarandi um þessi fyrirtæki: „Atlantsálsfyrirtækin þrjú eru þekkt fyrir góðar mengunarvarnir í verksmiðjum sínum.“ Amen. Og hæstv. iðnrh. er búinn að fara austur í Sundsvall og lykta í verksmiðju Gränges í Sundsvall, að vísu bæði af nýrri framleiðslu og gamalli, þar sem umhverfisráðherra Svía stendur í málaferlum og deilum opinberlega í Svíþjóð út af örlögum sinna nánustu í þeirri fabrikku.

Auðvitað ætla ég engum ráðherra í ríkisstjórn Íslands það að koma hér upp álbræðslu af lélegustu gerð, það ætla ég engum. En þegar kemur að málinu sjálfu og hinum harða kjarna þess, að þetta kostar stefnumörkun, það kostar festu að standa á rétti sínum varðandi íslenskt umhverfi, þá mega menn ekki hafa neitt til sölu, þá mega menn ekki fara að slaka út milljörðum til samningsaðila eins og spilapeningum inn í þetta dæmi, nóg er nú samt.

Síðan er þess að geta í sambandi við umhverfismálin að verið er að bera þetta saman við bræðslur sem fyrir eru og eru ekki til fyrirmyndar og það er sagt að það megi taka tillit til aðstæðna á staðnum. Það eigi ekki að gera sömu kröfur, ekki sömu grunnkröfur á Keilisnesi og á Reyðarfirði eða í Eyjafirði eða hvar það hefur komið til tals að setja þessa verksmiðju niður. Það eigi að fara eftir staðbundnum aðstæðum. Ég las í morgun, og var nú ekki mjög uppörvandi lesning, þar sem fjallað er um þetta mál í skýrslu hæstv. iðnrh. Hann segir einmitt hér varðandi umhverfismál og leyfi: „Nýjar aðferðir, aðgerðir eða tæki til að stjórna útrennsli, útstreymi eða losun lofts, vatns eða fasts efnis, hafa, á grundvelli alþjóðlegra sáttmála, almennt verið skyldubundnar og komið til framkvæmda í álverum í OECD-ríkjunum sem hönnuð eru á u.þ.b. sama tíma og Atlantsálverið og með áþekkri tækni og Atlantsálverið.“ Sem sagt, leyfið verður einungis endurskoðað eða því breytt ef nýjar aðferðir af þessum toga koma fram. Takið þið eftir orðalaginu á þessari grein. Minnir hún ekki óþyrmilega á ákvæði þegar samið var um álbræðsluna í Straumsvík á sínum tíma? Að vísu eru aðrar kröfur, aðrar viðmiðanir, en

einmitt í þessa áttina, eins og við lesum hér. Það er meira á þessari skrá því þarna segir: „Breytingar á álverinu er leiða af breytingum á starfsleyfi skulu gerðar í áföngum á eðlilegu tímabili og að teknu tilliti til fjárhagslegra aðstæðna við framkvæmd slíkra breytinga í OECD-ríkjunum.“ Þetta er staðan sem verið er að setja okkur inn í í þessu sambandi.

Hæstv. iðnrh. er að segja okkur það að vothreinsun sé nú bara af hinu vonda í þessu dæmi. Honum virðist alls ekki hafa hugkvæmst að það væri hægt að gera kröfur bæði um lítinn brennistein í rafskautum og hafa einnig vothreinsun í fyrirtækinu. Það hefur hann ekki orðað, ekki í mín eyru. Og hann hefur látið að því liggja að ef sett er upp vothreinsun þá búum við bara við rafskaut með 6–8% brennisteinsinnihaldi og útkoman verði lakari en án vothreinsunar. Svona eru röksemdirnar á þeim bæ. Það væri, virðulegur forseti, hægt að segja margt fleira um þessa sérkennilegu sögu að því er snýr að umhverfisþáttum málsins en ég ætla ekki að lengja hana hér og nú.

Ég ætla hins vegar aðeins að víkja að því hvaða hugsun býr að baki þessu ofurkappi í iðnrn. og á fleiri bæjum að koma upp þessari álbræðslu, álbræðslu sem gefur líklega undir 1% í viðbót í þjóðartekjur hér á þessum tíma? Jú, ástæðan er sú að menn hafa ekki trú á að það sé neitt annað betra að hafa. Menn vilja halda uppi lífskjörum í landinu, treysta grunninn, auka fjölbreytni o.s.frv., en koma ekki auga á aðra kosti.

Hér er komið að stórum þætti sem vert væri að ræða. Það er satt að segja skelfilegt að heyra og lesa það sem sagt er í þeim efnum. Það er ekki mikið verið að spá í það hvað hægt sé að gera úr þeim náttúrulega auðlindagrunni sem við höfum hér í landinu og höfum byggt okkar farsæld og lífskjör á á þessari öld öðru fremur, íslenskum sjávarútvegi. Það er beinlínis látið að því liggja í þessum lesningum sem maður fær hér úr ráðuneytunum að þar séu menn bara algerlega komnir í strand. Þar sé ekkert meira að sækja, fiskstofnarnir fullnýttir og ekki að sjá neina týru varðandi það að auka verðmæti með úrvinnslu á íslensku sjávarfangi. Það er aldeilis skelfilegt að reyna það hér á Alþingi Íslendinga að menn skuli taka þannig á málum þegar augljóst má vera að með skipulegum vinnubrögðum og fjármagni og þekkingu er hægt að sækja mikið í íslenskan sjávarútveg með fullvinnslu og markaðssókn á því sviði og áreiðanlega margfaldar upphæðir á við það sem verið er að vísa á í því happdrætti sem hér er verið að ræða og sem getur orðið okkur hinn alvarlegasti baggi ef í verður ráðist.

Menn hafa verið að reikna arð úr mörgum framkvæmdum, þar á meðal úr samgöngubótum í landinu. En ætli eigi að hraða þeim á næstu árum? Nei, ætli þær verði ekki eitt hið fyrsta sem verður sett undir hnífinn þegar kemur að því að skapa pláss fyrir þessar framkvæmdir í íslensku efnahagskerfi á næstu árum. (**FrS:** Er það tillaga hæstv. samgrh.?) Er það tillaga? Hefur hæstv. samgrh. verið að bera þetta mál hér fram? Hvers konar útúrsnúningar eru þetta? (**FrS:** Ég spyr.) Ég les það hins vegar úr þeim gögnum sem hér eru framreidd. Ég les að þetta sé talið nauðsynlegt og mjög brýnt. Það eru þungar áherslur í skýrslu hæstv. iðnrh. að þessu leyti. Þar eigi ríkið að vera forgönguaðili um að tryggja samdrátt til móts við þessar framkvæmdir til þess að hér fari ekki allt úr böndunum í íslensku efnahagslífi og verðbólgan upp úr öllu valdi. Fullkomlega eðlilegt að menn hafi áhyggjur af slíku, fullkomlega eðlilegt. Og það er einn þáttur þessa máls sem menn hljóta að taka með inn í dæmið þegar menn skoða þau áform sem hér liggja fyrir.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara hér út í þá mörgu möguleika sem eru til þess að skjóta traustari fótum undir íslenskan þjóðarbúskap með öðrum og skynsamlegri hætti en hér er verið að leggja til. Það getur beðið betri tíma. En ég hef nefnt hér einn gildan þátt sem varðar málið og ég get haldið þar áfram býsna lengi ef farið væri niður í saumana á þeim hugmyndum. Því miður hefur ekki verið tekið samstillt á því og hefur mér þó ekki auðnast að lesa nýjustu skýrslur eða nefndarálit sem varða atvinnumál og komið hafa frá stjórnvöldum. E.t.v. eru þar gagnlegar hugmyndir, ég vil ekki fullyrða neitt annað á meðan ég hef ekki lesið það, m.a. gula bók sem ég hygg að hæstv. umhvrh. hafi átt einhvern þátt í að tekin var saman.

En hver er þá staða þessa máls? Jú, hún er þessi: Hæstv. iðnrh. stendur hér einn með málið á Alþingi enn sem komið er, einn af stjórnaraðilum. Hverjir ætla að feta slóðina með hæstv. iðnrh. út á þennan veika ís sem hér er lagður varðandi efnahagslegar forsendur málsins, að ekki sé nú talað um byggðaáhrif og áhrif á íslenskt umhverfi? Ég varð fyrir vonbrigðum þegar ég heyrði tóninn frá hæstv. forsrh. hér á dögunum varðandi þetta. En vonandi hefur hæstv. forsrh. skoðað þessi gögn betur og þann veika grunn, svo ekki sé nú sagt hola grunn, sem er undir þessari byggingu og þessum hugmyndum efnahagslega séð. Og þá gæti verið að einhverjir af liðsmönnunum í Framsfl. færu að hugsa sitt ráð svolítið betur og staldra við. Er nú rétt að hlaupa til og stuðla að því að þessi áform nái fram að ganga?

Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur sagt hér fyrir hönd Sjálfstfl. að mér skilst, a.m.k. birtir málgagnið Morgunblaðið það undir stórri fyrirsögn: „Sjálfstæðisflokkurinn reiðubúinn til að bjarga málinu,“ og hefur að engu þó einstaka þingmenn úr röðum Sjálfstfl. hafi lagt síðu eftir síðu til að segja landsmönnum að Sjálfstfl. mundi aldrei samþykkja staðsetningu þessa máls, það væri landsfundarsamþykkt fyrir því að Sjálfstfl. stæði ekki að því að svona verksmiðja risi á höfuðborgarsvæðinu. Þetta las ég eftir einum góðum þingbróður austan af landi, fulltrúa úr Sjálfstfl. Hann hefur kannski ekki komið sínu máli og sínum skoðunum á framfæri við hv. þm. Friðrik Sophusson.

Ekki virðast allir sjálfstæðismenn vera ginnkeyptir fyrir því að hlaupa inn á þennan völl með hv. þm. Friðriki Sophussyni. Það er hik á einhverjum enn þá. Ég veit ekki hvað hv. þm. Halldór Blöndal hef-

ur sagt við sitt fólk í kjördæminu um það hvernig hann ætli að standa að þessu máli ef á reyndi liðsinni Sjálfstfl. (**FrS:** Hver er stefna Alþb.?) Og varaformaður Sjálfstfl. hefur sagt sína skoðun í stjórn Landsvirkjunar, að mér skilst. Ég heyrði í honum í sjónvarpi og honum leist ekki alveg nógu vel á þetta. Ekki alveg nógu vel. Gæfi ekkert í aðra hönd í 15–20 ár og svo væru bara einhverjar tölur sem enginn vissi hvort gengju eftir. Það kann því að fara eftir mörgu hvernig þessi mál ráðast hér á Alþingi Íslendinga, það held ég að sé alveg ljóst. Og það gæti vel verið og það væri auðvitað langbest að hæstv. iðnrh. þyrfti ekki aðeins að setja málið til nánari skoðunar í stjórn Landsvirkjunar, svona að athuguðu máli, heldur bæði hann e.t.v. Þjóðhagsstofnun að reikna dæmið upp á nýtt, fengi óháða aðila til að meta aðeins forsendur þessa máls, tæki veturinn í það og leyfi þjóðinni að kjósa um hugmyndir sínar að þessu leyti og ætlaði ekki Alþingi Íslendinga að fara að stimpla þetta mál hér og afgreiða frá þinginu með lagasetningu í skammdeginu, nánast blindandi hvað tíma snertir.

Ég hef, virðulegur forseti, mælt hér nokkur aðvörunarorð varðandi þetta stóra mál. Ég hef mikinn áhuga á því að okkur takist að gera orkulindir landsins að raunverulegri auðlind fyrir land okkar og þjóð. Þar eru margir kostir sem við hljótum að skoða og eigum að skoða. Það áldæmi sem hér er framreitt er ekki næsti leikur. Það er ekki það næsta skref sem við eigum að stíga að því leyti. Þetta er langtum áhættusamara fyrirtæki en eðlilegt er og í rauninni allt of stórt fyrir íslenskt efnahagslíf og íslenskar aðstæður. Síðan koma fylgifiskar málsins eins og þeir eru fram bornir, að gera þetta að lóði sem fer lengra með að sporðreisa landið og byggðina í þessu landi heldur en nokkuð annað sem við höfum séð framan í um langt skeið. Ég get ekki hugsað mér að ríkisstjórn sem hefur sett það inn í sinn málefnasamning að hún vilji stuðla að byggðaþróun í landinu, rétta við landsbyggðina með athöfnum í atvinnumálum, gefi þeim orðum sínum, samþykktum og hugmyndum langt nef eins og verið er að gera með þessum áætlunum.

Ég treysti því, virðulegur forseti, að þetta mál fái mikla umræðu og athugun hér í þingsölum. Þeim tíma er vel varið ef það verður til þess að menn átti sig á þeim fúnu stoðum sem þessi málatilbúnaður allur er reistur á. Og við skulum ekki spara einhverja aura til þess að lýsa inn í afkimana í þessu máli því þeir munu gefa vexti ef þeir leiða okkur á skynsamlegri brautir en hér eru lagðar.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég var bundinn við skyldustörf annars staðar þegar framhaldsumræða utan dagskrár um álmálið hófst hér í dag og gat af þeim sökum ekki mætt hér fyrr en nokkru fyrir kl. 3. Fékk þá þær undarlegu fréttir að hæstv. forseti sameinaðs þings, Guðrún Helgadóttir, hefði gert það að umræðuefni að mér fjarstöddum að umræðunni hefði verið frestað hér á þriðjudagsnótt að minni beiðni vegna þess að hæstv. forsrh. hefði ekki verið við umræðuna. Þarna er bæði máli hallað og þó ekki. Verst þykir mér að hæstv. forseti skuli hafa haldið að ég hafi ekki lokið minni ræðu. En greinilegt er af þeim spólum sem teknar voru upp af umræðum þá nótt að ég hafði lokið ræðu minni. Það er nú það fyrsta. Á síðasta þingi varð hæstv. forseta aftur á móti á að svipta mig rétti til að ljúka ræðu sem greinilegt var að ég hafði gert hlé á að beiðni forseta sameinaðs þings, og kemur kannski fáum á óvart að henni skuli takast fundarstjórnin með þessum hætti.

Hitt var kjarni þess sem ég sagði, að umræður höfðu hafist hér utan dagskrár. Hv. 1. þm. Reykv. hafði beint fyrirspurnum til hæstv. forsrh. og fjmrh. Hæstv. forsrh. sá ekki ástæðu til að vera við umræðuna til þess að gefa fyrirspyrjanda tækifæri til þess að gera athugasemdir við hans svör sem er mjög óvenjulegt og auðvitað lítilsvirðandi fyrir þingið.

Í öðru lagi lá það fyrir þessa nótt að hæstv. iðnrh. og hæstv. forseti sameinaðs þings töldu báðir að óþarfi væri að skýrsla iðnrh. til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver yrði rædd í þinginu. Ég vakti athygli forseta á því að óhjákvæmilegt væri fyrir einstaka þingmenn að þeir gætu fengið svör við misvísandi upplýsingum og misvísandi fullyrðingum sem einstakir ráðherrar höfðu gefið. Ég vakti líka athygli á því að hæstv. umhvrh. hafði ekki fengið tækifæri til þess að svara fyrirspurnum hæstv. landbrh.

Forseti sameinaðs þings lýsti því yfir að hann gæti ekki fallist á beiðni mína um að umræðunni yrði frestað, sá heldur ekki ástæðu til þess að kalla á hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. Ég lét það gott heita en lagði á hinn bóginn áherslu á að ég mundi beita mér fyrir því ásamt átta þingmönnum öðrum að skýrsla iðnrh. til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver yrði rædd hér á hinu háa Alþingi. Það lá öldungis ljóst fyrir þá um nóttina að slík beiðni kæmi fram og lofaði hæstv. forseti því að greiða fyrir því að skýrslan mætti koma til umræðu svo fljótt sem verða mætti, þannig skildi ég orð forseta, um leið og slík beiðni hefði komið fram.

Þetta er í stuttu máli það sem gerðist þessa nótt í samskiptum mínum við forseta hins háa Alþingis. Hitt er svo annað mál að hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson náði samkomulagi við forseta þingsins um það að umræðu yrði frestað og henni haldið áfram nú í dag, enda yrði ekki lögð fram sérstök beiðni um að skýrsla iðnrh. yrði tekin sérstaklega á dagskrá heldur rædd samhliða utandagskrárumræðunni. Ég tel óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að þetta komi fram. Hæstv. forseti lýsti furðu sinni yfir því að ég skyldi ekki vera við þegar forseti talaði til mín hér í sameinuðu þingi í dag. Ég lýsi furðu minni yfir því að hæstv. forseti skuli ekki vera við núna til þess að svara þeim óhjákvæmilegu leiðréttingum sem hann hlaut að vita að ég kæmi á framfæri úr því að hann sá og vissi að ég var staddur í húsinu og mátti heyra það sem forseti sameinaðs þings sagði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Svo sem augljóst er er sá forseti sem hv. 2. þm. Norðurl. e. beinir orðum sínum að ekki hér í forsetastóli þessa stundina. Það er rétt að upplýsa að það mun vera stuttur fundur á skrifstofu forseta í þessu augnabliki og hún mun þá væntanlega koma hér fljótlega, en af þessari ástæðu sem ég hef nú greint þá geri ég ekki ráð fyrir að hv. 2. þm. Norðurl. e. ætlist til að ég bregðist við þessum athugasemdum hans heldur sé þeim beint í annan farveg og mun ég því láta þar við sitja.

Níels Árni Lund:

Virðulegur forseti. Það hefur verið býsna fróðlegt að hlusta á þessa umræðu um álmálið svokallaða sem hófst sem utandagskrárumræða sl. mánudag en er nú orðin í bland umræða um skýrslu iðnrh. um stöðu samninga um fyrirhugað álver á Keilisnesi. Hv. 1. þm. Reykv. óskaði eftir þessari umræðu og markmiðið tel ég hafa verið það annars vegar að koma ríkisstjórninni í hár saman út af þessu máli og hins vegar, vonaði ég alla vega, að í ljós kæmi skýr stefna Sjálfstfl. til þessa máls. Hvorugt hefur nú samt tekist svo vel sé. Annars vegar er það að samstaða ríkisstjórnarinnar er nú líklega mun meiri en búist var við og ef marka mátti fjölmiðla og það sem hafði komið þar fram. Að vísu eru raddir eins og hér heyrðust í ræðustóli áðan að menn eru ekki allir sannfærðir enn þá og að sjálfsögðu gott að hlusta á varnaðarorð en alltént held ég að samstaðan sé þó meiri en búast mátti við og alla vega meiri en sjálfstæðismenn hafa líklega búist við.

Í ræðum ráðherra og annarra stjórnarþingmanna hefur vissulega verið áherslumunur en langtum minni en ætla mátti. Helst hefur verið gagnrýnd málsmeðferð hæstv. iðnrh. og þá sér í lagi hvernig unnið var að ákvörðun um staðarval fyrirhugaðrar verksmiðju. Um þann þátt má í sjálfu sér hafa langt mál en óþarft í raun og veru þar sem svo margir hafa rætt þann kafla. Hins vegar vildi ég gjarnan koma hér upp sem fulltrúi Reykjaneskjördæmis og lýsa þá aðeins annarri skoðun varðandi fyrirhugað staðarval þessarar verksmiðju.

Vissulega er full þörf á auknum atvinnutækifærum fyrir Suðurnesjamenn ekki síður en aðra landsmenn. Staðreyndin er að á svæðinu hefur helsti atvinnuvegur þess til fjölda ára, sjávarútvegurinn, dregist verulega saman, fiskiskipum hefur fækkað, fiskvinnslufyrirtækjum hefur verið lokað og afli seldur brott af svæðinu. Auðvitað hefur þetta veruleg áhrif á afkomu fjölda íbúa og margir þeirra líta vonaraugum ekki síður en aðrir landsmenn til atvinnutækifæra í fyrirhugaðri verksmiðju.

Í annan stað er líka rétt að benda á að allar líkur eru til þess að verulegur samdráttur verði hjá þeim fyrirtækjum sem starfað hafa á Keflavíkurflugvelli, þessari „mjólkurkú" á Suðurnesjum sem svo margir hafa talið Völlinn vera. Í hugum allt of margra er það svo að ekki þurfi að hafa neinar áhyggjur af atvinnumálum á Suðurnesjum, þar sé Völlurinn, þar sé herinn og þar sé ætíð nóg atvinna. Þetta er í sjálfu sér alrangt. Vissulega hafa margir fengið þar atvinnu, Suðurnesjamenn sem aðrir, en komi til samdráttar í framkvæmdum er ljóst að fá eða engin atvinnutækifæri verða þar til staðar fyrir fjölda manns. Svo er skylt að geta þess einnig að fjölmargir vilja hvorki né geta fengið vinnu á þessum ágæta stað sem herinn stýrir. Það er því fullkomlega eðlilegt að fólk á Suðurnesjum líti vonaraugum til nýrra atvinnutækifæra á svæðinu og í hugum þess skiptir ekki máli hvort hv. þingmenn telja Keilisnes til Suðurnesja eða Seltjarnarness. Fólkið veit einfaldlega þá staðreynd að verksmiðjan yrði á atvinnusvæði þess og jafnframt að Keilisnes telst ótvírætt innan lögsögu byggða á Suðurnesjum.

En það eru líka til staðir á hinu svonefnda höfuðborgarsvæði sem verða að treysta á ný atvinnutækifæri. Í því sambandi vil ég sérstaklega minna á þá staðreynd að nú nýverið bárust fréttir af því að enn ætti að selja fyrirtæki í sjávarútvegi brott úr Reykjaneskjördæmi og að þessu sinni Hvaleyri í Hafnarfirði með búnaði, skipi og aflakvóta og jafnframt að öllu fólki þar sé sagt upp frá og með áramótum. Vart trúi ég öðru en að það fólk sé nokkuð uggandi um framtíð sína. Það þarf nefnilega líka atvinnu eins og aðrir jafnvel þótt búsett sé á Suðurnesjum. Auðvitað skil ég vel áhyggjur manna á þeim stöðum á landsbyggðinni þar sem atvinnutækifæri vantar tilfinnanlega og ég get vel tekið undir með þeim hv. þingmönnum sem telja að eitthvað verði að koma í staðinn svo að ekki komi til frekari byggðaröskunar. Á því máli verður núv. hæstv. ríkisstjórn og næstu hæstv. ríkisstjórnir að taka. Von mín er sú að með tilkomu nýs álvers skapist m.a. aukin tækifæri á smærri verksmiðjum á landsbyggðinni sem m.a. mundu nýta sér það hráefni sem álverksmiðjan mundi framleiða. Þetta vil ég láta koma fram af minni hálfu í þessum umræðum varðandi staðarvalið.

Sé aftur litið til þeirrar umræðu sem hér hefur staðið yfir og stendur enn met ég það svo að málið sé í nokkuð góðum farvegi. Þegar er búið að ná samkomulagi um mikilsverða þætti og þá sér í lagi skattamálin og öðrum er verið að vinna að. Ég er sannfærður um að stjórnarliðar munu ná samstöðu um málið og afgreiða það fyrir áramót. Spurningin er hins vegar þessi: Hvað ætlar stjórnarandstaðan sér í málinu?

Mér virðist afstaða Samtaka um kvennalista nokkuð skýr. Ekkert álver, punktur basta og útrætt mál. Við því er ekkert að segja og þar með er það afgreitt af þeirra hálfu. Aftur á móti þykir mér kynlegra að ekki komi greinilega fram, m.a. í þessum umræðum, af hálfu stærsta stjórnmálaflokks landsins, Sjálfstfl., skýr afstaða til þessa afmarkaða máls. Í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldórs Blöndals aðfaranótt sl. þriðjudags taldi hann að öllum Íslendingum væri fullkunnugt um afstöðu síns flokks til stóriðju. Þ.e. að virkja skyldi fallvötn landsins og nota orku þeirra. Gat þingmaðurinn þess sérstaklega að þeirra stefna væri hin sama og Einars Bene-

diktssonar skálds í þessum efnum. Nú, nú, allt um það og vera má að stefna Einars hafi verið ljós á sínum tíma, en því fer fjarri, að mínu mati, að menn séu nokkru nær um það hvort Sjálfstfl. standi að þessari fyrirhuguðu framkvæmd sem er nýtt álver á Keilisnesi. Það er nákvæmlega það atriði sem fróðlegt væri að vita, en enn hefur það ekki komið fram í umræðunni. Tekið skal fram að Sjálfstfl. ber engin skylda til að upplýsa afstöðu sína en vissulega væri fróðlegt að heyra hana. Enn hefur stefnan ekki komið í ljós þótt sex hv. þm. úr þeim flokki hafi talað.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu hafa mörg orð fallið. Sjálfum þykir mér einna merkust sú yfirlýsing sjálfstæðismanna sem ég tel að komið hafi fram og hv. 1. þm. Reykv. hefur reyndar látið hafa eftir sér í Morgunblaðinu, að afstaða Sjálfstfl. í þessu máli muni ekki fara eftir afstöðu Alþb., þeir muni ekki láta Alþb. ráða afstöðu sinni í þessu máli. Þeir muni sjá til þess að nýr meiri hluti myndist á þingi til að ljúka þessu máli, eins og hv. 1. þm. Reykv. orðar það, ef stjórnin hefur ekki meiri hluta sjálf til að koma því fram. Ég hygg að margir hafi velkst nokkuð í vafa um þessa afstöðu Sjálfstfl. en ég vona að ég geti skilið þessi orð hv. 1. þm. Reykv. á þann veg að Sjálfstfl. muni taka málefnalega afstöðu til þessa máls en ekki gera það að bolta í pólitískum skollaleik.

Þetta mál sem hér er rætt er komið nokkuð vel á rekspöl. Ég hygg að við sjáum orðið fyrir endann á því máli og það eru verulegar líkur á því að það takist að ljúka þessu máli með þeim hætti að til byggingar álvers komi sem ég hef sjálfur lýst sem minni skoðun að sé mjög mikilvægur þáttur í efnahagslífi og hagkerfi Íslendinga á komandi árum. Ég ætla ekki að gera þetta mál almennt að umræðuefni enn á ný. En ég vil sérstaklega velta hér upp einum þætti málsins sem reyndar margir þingmenn hafa komið inn á en það er áhættuþátturinn.

Menn hafa gert það allmjög að umræðuefni að orkuverðið sem Íslendingar fá eftir að hafa ráðist í fjárfestingu í orkumannvirkjum upp á — gæti verið 50 þúsundir milljóna íslenskra króna, það orkuverð sé alfarið tengt álverði. Síðan velta menn fyrir sér hvaða áhrif það muni hafa og hver þróun álverðs og álmarkaða kunni að verða á næstu árum. Ég gæti auðvitað sagt það hér í þessum ræðustól að álverð verði 1850 dollarar á tonn að raungildi næstu 35 ár. Og ég hygg að allir sem hér eru inni mundu gera sér grein fyrir því að það væri lítið að baki þeirri staðhæfingu. Ég hef enga möguleika til að sjá svo langt fram í tímann og ég hygg að jafnvel þeir sem besta yfirsýn hafa hafi ekki nægar forsendur til að spá svo langt fram í tímann. Eigi að síður leiða menn rök að því með margvíslegum hætti að álverð muni geta verið nálægt þeirri tölu og að þessir samningar verði þar af leiðandi mjög hagstæðir. Margir velta því fyrir sér hvort rétt sé að slá öryggisneti inn í þennan orkusamning með því að setja nokkurs konar gólf í hann þannig að orkuverð geti ekki farið niður fyrir ákveðna tölu. Gallinn við það gólf er að því mun að mínu viti líklega fylgja þak og ég hef úr þessum ræðustól gert grein fyrir því að ég telji að Íslendingum geti orðið og yrðu líklega í framtíðinni meiri óþægindi að slíku þaki þegar heimsverðbólgan hækkar meðalverð á áli ár eftir ár. Þegar til lengri tíma er litið er því líklegt að þaklaus samningur sé Íslendingum til ávinnings að mínu mati.

Við horfum upp á það að kísiljárn hefur fallið mjög í verði að undanförnu og það svo að annar ofn kísiljárnverksmiðjunnar á Grundartanga er lokaður nú um stundir. Vegna hvers skyldi það vera? Það er vegna þeirrar öru og miklu þróunar sem orðið hefur í Austur-Evrópu þar sem ódýrt kísiljárn streymir inn á markaðinn frá Kína og Austur-Evrópulöndum. Ég sé það ekki fyrir mér hvort slíkt gæti hent með ál. Ég er ekki nægur spámaður til að átta mig á því hvort sú mikla breyting sem í Austur-Evrópu verður og jafnvel í Asíu getur haft mikil áhrif á þróun álverðs. Sjálfur met ég það þannig, ásamt þeim sem þetta hafa skoðað, að líkurnar á því að þessi samningur sé Íslendingum til verulegra hagsbóta séu miklar. Þar með er ekki sagt að Íslendingar eigi ekki og þeim beri ekki að ríða þau öryggisnet sem þeir best geta og draga þannig úr þeirri áhættu sem þeir óneitanlega geta staðið frammi fyrir. Í því sambandi langar mig að vekja hér máls á því að ég hygg að sú leið sem Íslendingar almennt hafa farið undanfarna áratugi í fjármögnun framkvæmda sem þessara, þ.e. ríkisábyrgðaleiðin, sé að ganga sér nokkuð til húðar. Við höfum á undanförnum missirum gert það mjög að umræðuefni að aðlaga okkur því sem við köllum evrópskt efnahagssvæði. Þá tala menn um frjálst flæði fjármagns á milli landa og frjálsa stofnun ýmissa þjónustu- og fjármagnsstofnana í hinum ýmsu löndum og aðra slíka þætti. Fjármagnsmarkaður á Íslandi hefur tekið mjög mikilli þróun á undanförnum árum með aukinni sölu og verslun með hvers konar verðbréf, eigna- og kaupleigum og öðru slíku. Lána- og fjármagnsmarkaður á Íslandi er allur annar í dag en hann var fyrir tiltölulega fáum árum. Ef litið er til þess hluta heimsins þar sem við teljum gjarnan að fjármagnsmarkaður sé þróaðastur og þroskaðastur, þá sjáum við að almennt er fjármögnun fyrirtækja meira og meira með þeim hætti að um er að ræða hlutafélög þar sem lagt er fram ákveðið hlutafé eða eigið fé en annars fjár er aflað til fyrirtækisins sem lánsfjár þar sem tryggingar eru fyrst og fremst í eignum fyrirtækisins og viðskiptasamböndum þess. Þessi leið er í hinum þróaða fjármagnsheimi orðin algengari og algengari. Ég hygg að Íslendingar standi nokkuð eftir sem nátttröll í þeim heimi ef þeir hyggjast fjármagna sín fyrirtæki og framkvæmdir alfarið eftir ríkisábyrgðaleið. Hér fara fram vaxandi umræður um breytingu ýmissa ríkisfyrirtækja, þar á meðal banka, í hlutafélög. Auðvitað hlýtur þetta að leiða menn beint inn á þá hugsun hvort það sé endilega

rétt leið að það sé Landsvirkjun sem framleiði þá orku og selji sem við ætlum að hefja viðskipti við Atlantsálshópinn með.

Ég vil geta þess hér að framsóknarmenn hafa rætt það nokkuð í sinn hóp hvort unnt sé að minnka áhættu Íslendinga með því að standa að þessu máli með öðrum hætti og þá velt fyrir sér þeim möguleika að stofnað yrði sérstakt orkufyrirtæki sem í raun væri hlutafélag og hefði eingöngu það hlutverk að framleiða orku og selja til Atlantsálshópsins. Í slíku fyrirtæki yrði lagt fram ákveðið hlutafé en að öðru leyti yrðu lánveitendur að taka veð í eignum fyrirtækisins og viðskiptasamböndum þess, þ.e. raforkusamningi.

Það er í mínum huga verulegur ávinningur gagnvart áhættuþætti þessa máls ef þannig væri staðið að verki. Út af fyrir sig er ekki allur munur á því að stofna fyrirtæki til að framleiða ál eða stofna fyrirtæki til að framleiða raforku. Þau geta verið byggð upp með svipuðu eða sama formi. Áhætta og ábyrgð í hlutafélagi er takmörkuð við hlutaféð sem lagt er fram. En jafnframt ef um slíkt sérstakt fyrirtæki væri að ræða, þá mundi það slíta þann áhættuþátt frá raforkusölu inn á hinn almenna markað og hindra að halli á slíkri sölu gæti lent á neytendum beint. Ég hygg að hér sé um að ræða leið sem sé þess virði að hún sé skoðuð.

Nú er það svo að bankar og lánastofnanir hafa almennt haft þá stefnu að þeim mun minni sem tryggingar og veð eru þeim mun hærri verða vextir og það er sjálfsagt eðlilegt. Það mætti því leiða að því einhverjar líkur að vaxtagreiðslur slíks fyrirtækis yrðu eitthvað hærri en ef alfarið væri í ríkiseign og á ábyrgð íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar. Í því tilviki þyrftu menn að velta því fyrir sér hvort þeir gerðu á því allan greinarmun hvort Íslendingar eignuðust orkumannvirkin á 25–27 árum, eins og sérfræðingar Landsvirkjunar giska á miðað við ákveðnar forsendur, eða hvort slík eign yrði að myndast á 30 eða 35 árum. Nú er ég ekki að segja að þessi leið liggi beint fyrir. Ég þykist þess fullviss að margir hafi velt því fyrir sér hvort slík leið kunni að vera í spilunum. Ég hygg að það sé nær nútímaþróun lánsfjármarkaðar og fjármagnsmarkaða almennt að fjármagna framkvæmdir með þeim hætti. Og án þess að gera það frekar að umræðuefni hér, og þó með því að varpa því inn að á þessu máli eru auðvitað fjölmargar hliðar sem vandlega þarf að skoða, þá vil ég láta það koma hér fram í þessari umræðu sem mína skoðun að þrátt fyrir það að menn telji að hér sé vel að verki staðið og von um ábata og ávinning sé veruleg í þeim samningum sem nú eru að skýrast sem óðast og menn séu sannfærðir um að álver í þeim mæli sem hér um ræðir sé feiknalegur ávinningur fyrir íslenskt hagkerfi og íslenskt efnahagslíf breytir það ekki því að það hlýtur að vera eðlilegt að Íslendingar taki mið af því að áhættan verði sem minnst í þessu dæmi. Þar koma margar leiðir til og ég hygg að iðnrh. velti þeim fyrir sér og þær verði skoðaðar nákvæmlega eftir því sem framvinda samninga verður skýrari. Því vil ég varpa þessari hugmynd inn í umræðuna að ég hygg að hún sé þess eðlis að nauðsynlegt sé að skoða hana við framvindu málsins.

Ellert Eiríksson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu, álmál, byggir fyrst og fremst á því að Íslendingar eru að velja sér leið til þess að koma þjóðarauð sínum með einhverjum hætti í verð. Í áranna rás hafa iðnaðarráðherrar gengnir á undan þeim hæstv. sem nú starfar leitað leiða til þess að skjóta fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf. Markaðsnefnd iðnrn. hefur verið að leita að fyrirtækjum í ýmsum iðngreinum sem hafa viljað fjárfesta hér á landi. Niðurstaðan sem liggur fyrir í dag er sú að hagstæðast er að fjárfesta í áliðnaði.

Það er ljóst að ekki allir þingmenn, og ekki allir landsmenn, eru sammála um að setja skuli meira fé eða meira af áhættu Íslendinga í áliðnað. Það fer þó ekki hjá því að stór hluti landsmanna er því sammála að svo skuli gert. Menn telja að hér hafi ekki verið hlaupið að ákvörðun, hún hafi verið vel athuguð, hún sé vel ígrunduð, og þetta er niðurstaða sem stærsti hluti þjóðarinnar sættir sig við.

Þá kemur að hinu. Hvað er það sem við eigum að fá í staðinn fyrir að setja á stofn álver á Íslandi? Hvað erum við að selja? Við erum að selja raforku, við erum að selja fallvötn þjóðarinnar og við erum að selja vinnuafl þjóðarinnar. Það er það sem við bjóðum upp á fyrst og fremst. Tölur um atvinnuleysi gera það að sjálfsögðu að kröfu hvers tíma til þingmanna og annarra að við leitum leiða til að selja vinnuafl sem er á lausu jafnt og fallvatn sem rennur óbeislað til sjávar. Ef það getur bætt stöðu þjóðarbúsins finnum við leið til að selja þá orku sem þar rennur óbeisluð.

Ég á heima á Suðurnesjum og hef því ekki farið varhluta af því að hreppapólitísk sjónarmið og annarleg mörg hafa verið sett fram í þessu máli. Hér setja sumir hv. þm. fram þá staðreynd að þeir telji að Suðurnes séu á höfuðborgarsvæðinu. Ég verð að hryggja menn með því að Suðurnesjamenn vilja ekki enn þá telja sig til höfuðborgarinnar. Þeir eru jú landshlutinn vestast á Reykjanesskaganum og hafa verið þar a.m.k. frá því að land byggðist, Suðurnesjamenn en ekki Reykvíkingar. Við erum í landnámi Ingólfs, það er ljóst. Ef það er þess vegna einhver grundvöllur til niðurstöðu í þessu máli að álver skuli rísa á landsbyggðinni en ekki á höfuðborgarsvæðinu tel ég að vel megi fallast á það, eins og hæstv. forsrh. segir, að við drögum línuna við Straumsvík. Þá er álverið á Keilisnesi á landsbyggðinni.

Í mínum huga er það hins vegar ekki grundvallaratriði að álver sé á landsbyggðinni. Grundvallaratriði er að iðjuver, eins og í þessu tilfelli álver, sé staðsett á þeim stað á landinu þar sem það gefur mesta hagnaðarvon og með leyfi forseta vil ég aðeins lesa hér örstutt á bls. 37, niðurstöðu um staðarval, í skýrslu iðnrh. Þar segir svo:

„Ekki er unnt að andmæla því áliti fyrirtækjanna

að rekstraröryggi álversins yrði best tryggt á Keilisnesi. Álver þar mun væntanlega skila meiri arði en álver sem reist yrði við Dysnes eða í Reyðarfirði. Skatttekjur af rekstri þess yrðu því meiri ef það rís á Keilisnesi. Það virðist ljóst að ekki geti tekist samningar nema um að velja hagkvæmasta staðinn sem jafnframt felur í sér minnsta áhættu."

Hér hafa menn fjallað um að áhætta sé af þessum samningum, þeir séu svo mjög á hálum ís og þunnum að það sé varla af þeim arður. Er hægt að búast við því, ef valinn verður staður nr. 2 eða nr. 3 í hagkvæmni, að við getum fengið meiri arð en ef við veljum besta staðinn? Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að fyrst veljum við stað ef við á annað borð ætlum að reisa álver. Í þessu tilfelli, sem hér er til umræðu, hafa menn komist að raun um það, bæði íslenskir og erlendir aðilar, að hagkvæmast, hvað varðar skattalegt tillit, hvað varðar afrakstur af fyrirtækinu, sé að reisa það á Keilisnesi.

Þá kemur hinn þátturinn, að þeir sem tala hér gegn þessu máli geta að sjálfsögðu sagt, og ég tek fullkomlega tillit til þeirra skoðana, að við eigum ekki að reisa álver, við eigum ekki að fjárfesta í áliðnaði. Það er sjónarmið. En ef við erum með það sjónarmið að réttlætanlegt sé að fjárfesta í áliðnaði og það sé þá skásti kosturinn sem við höfum í dag hlýtur það að vera svo að sé farið með þetta fyrirtæki á annan stað á landinu verði hagurinn minni.

Ég geri mér grein fyrir því, að sjálfsögðu, að landið getur snarast ef vöxtur höfuðborgarsvæðisins heldur áfram sem horfir. En þá er það spurningin, og ég spurði mann á Húsavík: Er það Húsvíkingum hagstætt ef álver rís á Dysnesi? Mun það stöðva flóttann frá Kópaskeri, Raufarhöfn eða Húsavík? Hann sagði nei. Ég geri mér hins vegar grein fyrir að íbúar þessara bæja sem flyttust til Eyjafjarðarsvæðisins mundu verða eftir í Norðurlandi eystra. Þeir mundu hins vegar ekki vera bústoð eða búhnykkur í þeim byggðarlögum sem þeir bjuggu í fyrr og hlytu því að verða eftir óseljanlegar fasteignir í öðrum byggðarlögum á landinu þó svo álver hefði verið reist á Dysnesi.

Niðurstaðan af þessu sem hér liggur fyrir er sú að vesturhluti Reykjanesskagans, Keilisnesið, hefur verið valinn. Iðnrh. hefur undirritað áfangasamning í þessu máli við Atlantsálsfyrirtækið. Þetta liggur fyrir. Hvernig svo vandamál ríkisstjórnarinnar, hvort iðnrh. hafi haft til þessa umboð eða hvað hann er að gera, hvort hann eða aðrir ráðherrar í þeirri ríkisstjórn eru sammála því sem hann er að gera, verður ríkisstjórnin að sjálfsögðu að gera upp við sig sjálf. Hins vegar af þeirri þekkingu og því sem ég hef komist í kynni við þetta mál hefur iðnrh., hvað mig varðar, unnið mjög vel í þessu máli. Samskipti okkar Suðurnesjamanna, ég þekki þau náttúrlega frá þeirri hlið, við starfsmenn ráðuneytisins, starfsmenn markaðsskrifstofunnar og fleiri hafa verið fagleg og góð.

Það er reynt að telja mönnum trú um það að annarleg sjónarmið hafi ráðið gerðum iðnrh. eða þeirra og þeir hefðu valið Keilisnes fyrir löngu síðan, þeir hafi verið að blekkja landsbyggðarmenn með því að halda fram einhverju öðru. Það má vel vera, ég ætla ekki að draga fjöður yfir það, að þetta séu hugsanir iðnrh. og hafi alla tíð verið, hann hafi alla tíð ætlað að velja Keilisnes. Það má vel vera. Ég hef ekki spurt hann að því sjálfur. Ég veit þó annað frá aðilum sem eru erlendir og eru að staðsetja álver á Íslandi og hafa tekið þátt í því.

Um mitt þetta ár átti ég viðræður við einn af þeim starfsmönnum sem tóku þátt í staðarvalinu. Þá segir hann í trúnaðarsamtali, sem er náttúrlega ekki trúnaðarsamtal lengur, að Reyðarfjörður sé hvað þá varðar, hina erlendu aðila, mjög líklega út úr myndinni, vegna mannfæðar á því svæði. Inni í myndinni þá, á miðju sumri, í hugum þessara erlendu aðila eru bæði Dysnes og Keilisnes. Þetta samtal fór fram á flughótelinu í Keflavík. Þetta var ekki iðnrh. að segja mér þetta, þetta voru engir Íslendingar, þetta voru staðarvalsmenn Atlantsálshópsins. Og þá kom hvað þyrfti að gera til þess að álver risi á öðrum hvorum þessum stað. Það hefur komið hér fram að það er ekki, að þeirra mati, jafnhagstætt að reisa álver á Dysnesi eins og Keilisnesi. Hins vegar, væri meðgjöf með upp á nokkra milljarða, ótilgreinda, mætti vel skoða það að færa risaálverið á Dysnesið. (**Gripið fram í:** Einn milljarð samkvæmt skýrslu sem þú vitnar í.) Gott og vel, einn milljarð. Þá get ég bara sagt hv. þm. hvað þessi ágæti herramaður sagði: 6 milljarðar lágmark. Hvernig hann fékk töluna er svo hans mál. En það er verulegur kostnaðarmunur þar á.

Síðan kemur hitt sem ekki er kannski síður mikilvægt. Hvað verður næsta skref Íslendinga í atvinnumálum? Verður það álver eða verður það eitthvert annað iðjuver? Ætlum við að selja meiri raforku til stóriðju? Ef við gefum okkur það að næsta og þriðja skrefið yrði álver og staðsett hefði verið á næstbesta stað, sem nú er til umræðu, hver hefði samkeppnisaðstaða þessa fyrirtækis sem hér er til umræðu, Atlantsáls, verið? Að sjálfsögðu gefa þeir ekki kost á því að ræða annað en að velja besta stað.

Niðurstaðan af þessu er einfaldlega sú að þetta hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt, ef við lítum á síðustu línu á bls. 37 í niðurstöðu um staðarval, með leyfi forseta: „Því er gert ráð fyrir að ATLANTSÁL rísi á Keilisnesi." Ég held að öllum sé ljóst að grundvallarforsendur fyrir því að hámarksafrakstri af auðlindum landsins verði náð eru að reisa álver á Keilisnesi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í þeim mörgu ræðum sem fluttar hafa verið í þessum umræðum utan dagskrár hafa einkum verið ræddar þrjár hliðar álmálsins. Í fyrsta lagi umhverfismálin, í öðru lagi staðarval og byggðamál og loks orkumál og aðild Landsvirkjunar að þessu máli. Ég ætla að fara nokkrum orðum um hvern þessara þriggja þátta og tengja við hvern þeirra, eftir því sem ástæða gefst til, svör við þeim spurningum eða athugasemdum sem fram hafa verið bornar af hálfu einstakra þingmanna þótt það geri

ég að sjálfsögðu ekki um allt það sem fram hefur komið því að það mundi taka of langan tíma.

Ég sný mér fyrst að umhverfismálunum. Í iðnrn. hefur frá upphafi verið lögð á það ákaflega rík áhersla að tryggja fullnægjandi mengunarvarnir og umhverfisvernd í hinu væntanlega Atlantsálsveri. Um leið og fyrirtækin sóttu um starfsleyfi fyrir álverið samkvæmt íslenskum lögum, en það gerðu þau í lok júní á þessu ári, hefur forræði umhverfismálanna að sjálfsögðu flust til umhvrn. og þeirra stofnana sem undir það heyra, en auðvitað er það skylda fagráðuneytis, iðnrn., að fylgjast með umhverfisþætti málsins og það gildir um allar atvinnugreinar að það er skylda sérgreinaráðuneytanna að láta sig umhverfismál varða. Og ég vil leyfa mér að halda því fram að það sé tekið af mikilli alvöru og festu á umhverfismálum í þessu viðfangsefni, bæði af viðsemjendum okkar, sem reyndar eru þekktir fyrir að standa vel að þessu í þeim verksmiðjum sem þeir reka, en ekki síður af hinum íslensku aðilum, hinum íslensku umhverfisyfirvöldum, umhvrn. og mengunarvörnum Hollustuverndar sem vinna að undirbúningi starfsleyfis fyrir verksmiðjuna eins og umhvrh. hefur rakið rækilega í þessum umræðum. Í því starfi er unnið bæði vel og faglega og þess gætt í hvívetna að röskun á umhverfi verði í lágmarki. Það er gert ráð fyrir að nota nýjustu tækni við álbræðsluna. Með þeim búnaði sem henni fylgir er séð til þess að losun mengandi efna út í andrúmsloftið án hreinsunar sé í algjöru lágmarki. Það þarf einungis að opna hinar þéttu þekjur á bræðslukerunum þegar skipt er um rafskaut og gafla keranna eingöngu til að dæla áli úr þeim. Með þessum búnaði, þessum sogbúnaði, næst að ná 98–99% af mengandi efnum í gegnum svokallaðan þurrhreinsibúnað, þar sem yfir 99½% af flúoríði er hreinsað og um 99% af ryki. Það munu því einungis um 2% af flúoríðinu berast út í andrúmsloftið en 98% verða nýtt áfram, aftur, í bræðslunni. Það hefur því orðið geysileg framþróun, ég vil segja stökkbreyting, í búnaði til að draga úr mengun frá álverum frá því að álbræðsla Ísals við Straumsvík var reist undir lok 7. áratugarins.

Ég ætla að nefna sem dæmi í þessu sambandi að við mælingar á árinu 1986, vel að merkja eftir að hreinsibúnaður var settur upp hjá Ísal, fóru um 2½ kg af flúoríði út í andrúmsloftið á hvert framleitt áltonn þegar flúoríð í útblæstri var minnst. En það má gera ráð fyrir að sambærileg tala fyrir Atlantsálsverið verði að jafnaði um eða undir ½ kg. Með öðrum orðum, það má ætla að útblástur flúoríðs frá 200 þúsund tonna ársframleiðslu af áli í nútímaálveri sé minni en helmingur þess sem kom frá 80 þúsund tonna framleiðslu Ísals 1986. Ég bið þingmenn að hafa þetta í huga þegar þeir fjalla um umhverfismál og álframleiðslu.

Það er líka rétt að geta þess að sá samanburður sem ég hef hér gert er miðaður við losun úrgangsefna frá Ísal eftir að verulegur árangur hafði náðst til þess að hreinsa útblásturinn. Ég vil líka geta þess að þar verður ekki látið staðar numið hvað varðar hið eldra iðjuver. Það er verið að setja vélknúinn lokubúnað á kerin hjá Ísal auk annarra aðgerða til þess að draga úr mengun. Ég vænti þess þess vegna fastlega að þrátt fyrir 200 þúsund tonna viðbót við álframleiðsluna sem Atlantsál hefur í för með sér muni heildarmagn í flúoríði í útblæstri frá álframleiðslu á Íslandi verða minna eftir að það álver hefur starfsemi sína en verið hefur alla tíð frá því að Ísal hóf rekstur, eftir að okkur hefur tekist að ná tökum á því vandamáli sem þar hefur lengi ríkt, en að hluta er það að sjálfsögðu eðli máls að tæknibreytingar eru að koma í framkvæmd.

Það er líka ástæða til að minna á, vegna þeirrar umræðu og þeirrar eðlilegu áhyggju sem menn hafa af losun brennisteinstvísýrings og koltvísýrings út í andrúmsloftið af þessari framleiðslu, að þar er að sjálfsögðu einfaldast að freista þess að takmarka brennisteininn í kolskautunum sem notuð eru í framleiðslunni. Það er hin augljósa aðferð. Spurningin um það hvort við höfum vothreinsun eða eingöngu þurrhreinsun er í raun og veru spurning um það, hversu nærri Íslandi fellur brennisteinssúrinn í sjóinn. Þetta er einfaldur hlutur en samt alveg nauðsynlegt að menn átti sig á honum.

Menn skyldu líka hafa annað hugfast, sérstaklega þeir sem bera umhverfi jarðarkringlunnar allrar fyrir brjósti, að það að auka álframleiðslu á Íslandi felur í sjálfu sér það í sér að dregið verður úr bruna kola og olíu í heiminum. Það lætur nærri að útlosun á brennisteinssúr minnki um $^{9}/_{10}$ vegna þess að þetta er flutt til Íslands. Brennisteinssúrinn er ekki meðal þeirra lofttegunda sem taldar eru valda gróðurhúsaáhrifum fyrir jörðina alla. Það er hins vegar koltvísýringurinn og það að færa álframleiðslu til Íslands frá álverum sem nota rafmagn sem upprunnið er í kola- eða olíuverum minnkar líka koltvísýringinn um $^{9}/_{10}$. Svona er þetta og þess vegna vil ég að menn hugsi um þetta skýrt, rökrétt, geri sér grein fyrir eðli málsins og að sjálfsögðu því að við berum í senn ábyrgð á okkar eigin umhverfi, okkar eigin fólki og þar má hvergi til slaka. Ég vísa því algerlega á bug að það sé í nokkurri grein slakað til um ýtrustu mengunarkröfur miðað við efni málsins.

Ég ætla ekki að fjalla nánar um umhverfismál Atlantsáls, enda mun umhvrh. gera það hér á eftir, en ég vil þó mótmæla því sem kom fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. að það sé villa í fskj. 8 með skýrslunni um nýtt álver sem dreift var hér fyrir viku. Hann segist hafa rekið þar augun í stóra villu. Þar sé sagt að ef þetta álver hefði verið sett niður í Hvammslandi í Eyjafirði væru það tíu bæir sem hefðu orðið að hætta sinni framleiðslu og mjólkurframleiðslan á svæðinu væri 109 þús. lítrar. Þetta væri ekki einu sinni sú mjólk sem kýrnar í Hvammi skiluðu frá sér á ári. Hv. þm. er væntanlega þarna að vitna til bls. 71–72 í þskj. 8, en hann virðist hafa lesið það ónákvæmlega því að í töflunni á bls. 72 kemur skýrt fram að þarna er verið að tala um álver við Dysnes en ekki í landi Hvamms. Í skýrslunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Tekið var saman yfirlit um búfjárfjölda sam-

kvæmt forðagæsluskýrslum Búnaðarfélags Íslands, ásamt upplýsingum um fullvirðisrétt, innan ystu marka fyrir flúor í lofti í dreifingarspá Norsk Institut for Luftforskning (NILU) 1990."

Samkvæmt forðagæsluskýrslunum er fullvirðisréttur þeirra tíu bæja sem lenda innan þessara ystu marka fyrir flúor í lofti samkvæmt dreifingarspánni 108.598 lítrar af mjólk, því að forðagæslumenn eru þar mjög nákvæmir. Það er einfaldlega þannig að Hvammur er ekki meðal þessara tíu bæja enda er hann utan markalínunnar. Þetta er staðreyndin í málinu. Þetta hefði þingmaðurinn að sjálfsögðu getað séð og þess vegna fellur það fullkomlega um sig sjálft að þetta sé vitnisburður um slæleg vinnubrögð í þessari umhverfisskýrslu. Þvert á móti held ég að það sé allra manna mál að hún sé vel samin og vandlega, gefi góða mynd af umhverfisáhrifum álðju og aðgengileg mjög, bæði fyrir samanburðinn milli staðanna og um efnisþætti málsins.

Ég ætla svo að víkja nokkuð að staðarvali og byggðamálum. Margir ræðumenn hafa gert þetta nokkuð að umtalsefni. Staðarvalið er mikilvægt og reyndar sameiginlegt hagsmunamál eigenda álversins, hinna erlendu fyrirtækja, og Íslendinga, þar sem kostnaðar-og áhættuþættir í framkvæmdunum munu hafa áhrif á afstöðu beggja samningsaðila. Það var því að sjálfsögðu sameiginlegt markmið að finna þann stað sem í senn gæti stuðlað að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun í landinu og stað þar sem áhætta, svo sem varðandi stofnkostnað, rekstrarkostnað og umhverfisáhrif væri sem minnst. Þetta er viðfangsefnið og það tók nokkurn tíma að finna niðurstöðu í málinu. Í máli nokkurra ræðumanna hér í þessari umræðu hafa verið notuð ýmiss konar ófrægingarorð um þessa vönduðu vinnu, eins og látbragðsleikur, sjónarspil, átakanlegur leikur og það an af verri orð. Þetta hlýt ég að harma. Af beggja hálfu, Íslendinga og fyrirtækjanna þriggja, var mjög vandað til allra athugana á staðsetningu sem fram fóru í sumar. Þar var m.a. byggt á vinnu fyrri manna í málinu, allt frá staðarvalsnefndarathugunum á 9. áratugnum og nýrri vinnu á síðustu tveimur árum. Ítarlegar viðræður fóru svo fram um staðarvalið á þessum grundvelli. Í lok ágúst og í byrjun september var þeim haldið áfram. Þá kom í ljós að Atlantsálsfyrirtækin tóku af skarið með það að þau teldu Keilisnes fýsilegasta kostinn. Af Íslands hálfu voru áfram ræddar ýmsar leiðir til þess að hafa áhrif á þessa niðurstöðu, svo sem að bæta þann kostnaðarauka sem leiða kynni af staðsetningu utan Reykjaness. En þegar allt var saman dregið, öll kurl voru til grafar komin, var lokaniðurstaðan hins vegar skýr. Áhættuþættir sem ekki væri unnt að verðleggja væru minnstir á Keilisnesi og þess vegna væri ekki rétt að mæla með öðrum stað. Þetta tel ég að sé alveg nauðsynlegt að hér komi fram þótt það hafi reyndar áður gert það. En ég vísa því algerlega á bug að það hafi nokkurn tíma í þessu verki verið um sjónarspil eða látbragðsleik að ræða. Það var þess vegna mjög ánægjulegt að hv. 1. þm. Reykn. skyldi koma hér í ræðustól áðan og skýra frá því hvernig skiptum þeirra manna sem að þessu verki unnu og þeirra Suðurnesjamanna var háttað.

Í framhaldi af þessu er eðlilegt að ræða byggðamálin almennt. Margir ræðumenn, t.d. hv. 1. og hv. 5. þm. Norðurl. e., hafa nefnt að það sé eðlilegt að gripið verði til aðgerða í byggðamálum samhliða uppbyggingu álvers á Keilisnesi til þess að tryggja það svo ekki verði um villst að þessi framkvæmd hafi jákvæð áhrif á hag allra landsmanna.

Áður en ég vík að því að hugleiða um sérstakar aðgerðir til mótvægis vil ég benda á það að nýtt álver á Keilisnesi verður lyftistöng fyrir atvinnulíf í byggðarlögum fjarri þeim stað. Það er fyrst til að taka að samhliða og reyndar áður en byggingin sjálf hefst þar þarf að hefja virkjunarframkvæmdir. Þar vegur langþyngst virkjun í Fljótsdal en einnig framkvæmdir við virkjanir á Suðurlandi og lagningu háspennulínu milli Fljótsdals og Hrauneyjafoss um Akureyri. Þessum framkvæmdum fylgir ekki bara vinna á virkjunarstað heldur líka mikil vinna við línulögnina, mikil vinna fyrir fyrirtæki í málmiðnaði. Í því sambandi má heldur ekki gleyma að ýmis málmsmíðaverkefni fylgja bæði byggingu og rekstri álversins. Ég get rifjað það upp að um tíma var það svo að Vélsmiðjan Stál á Seyðisfirði smíðaði bræðsluker fyrir álverið í Straumsvík. Þessi verkefni, bæði við framkvæmdir og þjónustu eftir að álverið er komið í starfrækslu, ættu að geta orðið og munu vonandi verða málmiðnaðinum í landinu mikilvæg viðfangsefni, ekki síst við þær aðstæður sem nú eru fyrirsjáanlegar, sem er samdráttur í fiskiskipastólnum, og er þetta mjög mikilvægt mál. Þessi samdráttur hefur þegar komið þungt niður á nýsmíðum og reyndar einnig í viðhaldi fiskiskipa. Það er þess vegna mjög ánægjulegt að smærri fyrirtækin í málmiðnaðinum eru farin að huga að samvinnu sín á milli til þess að þau geti náð slíkum verkefnum. Og í samningunum sem nú er unnið að er gert ráð fyrir því að íslenskir verktakar og þjónustufyrirtæki hafi eðlilegan aðgang að þessum verkefnum. Ætlum við að láta þetta mál dragast svo að þær vonir sem við það eru bundnar til þess að glæða atvinnulíf í þessum greinum bresti? Ég vil minna þingmenn á að þar er mikil ábyrgð á okkar herðum.

Ég bendi líka á það að sú mikla styrking raforkukerfisins sem verður samfara álveri á Keilisnesi með virkjun í Fljótsdal mun auka til muna öryggi í raforkumálum á Norður- og Austurlandi og bæta möguleikana til þess að byggja fyrirtæki upp sem nota mikla raforku í þessum landshlutum. Þetta á eftir að reynast mikils virði í framtíðinni og sú staðreynd að virkjunin sem mest kveður að er ráðgerð í Fljótsdal jafnar álagið á landið á framkvæmdatímanum. Hún mun líka jafna álagið á raforkukerfið, hún mun styrkja það í lengd og bráð og ég held að það sé hvergi ofsagt þegar ég segi að ef okkur tekst að gera þetta að veruleika höfum við um leið gert eitt mesta átak í byggðamálum með því að byggja upp landskerfi orkunnar, þjóðveg orkunnar um landið og styrkt þannig landið allt. Þetta er kjarni málsins hvað varðar byggðahlið í þessu efni.

Ég minni líka á að gert er ráð fyrir því að Íslendingar geti ráðstafað 5% af framleiðslu Atlantsáls, eða í upphafi um 10 þúsund tonnum af áli á ári. Svo mikið magn getur orðið okkur drjúg undirstaða til þess að laða til samstarfs menn og fyrirtæki sem vilja stofna úrvinnslufyrirtæki, t.d. með álsteypu fyrir augum. Allt þetta eru byggðamál þótt um þau sé venjulega ekki rætt með því formerki eða undir þeirri yfirskrift.

Ég kem þá að því sem líka er rétt að menn hugleiði. Það er hvað sé hægt að gera til þess að draga úr hugsanlegum óæskilegum byggðaáhrifum vegna álvers á Keilisnesi, þótt það sé auðvitað rétt sem kom hér fram hjá hv. 1. þm. Reykn. að þar eru líka atvinnumál að hugsa um, þar er líka atvinnuvandi sem leysa þarf. En ég ætla að nefna hér nokkra hluti sem ég tel að þar hljóti að koma við sögu.

1. Lagt er til, eins og fram kemur í skýrslunni sem liggur fyrir þinginu, að $^3/_4$ af veltuskatti af nýju álveri renni til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Þessi upphæð gæti numið um 75 millj. kr. á ári. Það er mikill höfuðstóll sem hægt er að mynda með slíkri fjárhæð. Hugsanlega mætti verja þessu fé til hlutafjárframlaga í atvinnufyrirtækjum utan Suðvesturlands, t.d. í tengslum við ný iðnaðarverkefni. Það mætti stofna öflugan iðnþróunarsjóð landsbyggðarinnar.

2. Við þurfum að leggja fé í athugun á nýjum iðnaðarkostum sem betur hentuðu utan Suðvesturlands en álver af þeirri stærð sem nú er verið að semja um. Í því sambandi má binda nokkrar vonir við þá sameiginlegu athugun á orkunýtingu sem samstarf virðist geta tekist um við Evrópubandalagið í kjölfar viðræðna við fulltrúa þeirra hér á liðnu sumri. Sú athugun mun taka til þátta eins og flutnings orkufrekra iðjuvera frá meginlandi Evrópu til Íslands, hugsanlega vetnisframleiðslu og sölu raforku um sæstreng. Ég tel augljóst að Norður- og Austurland verði þar í fremstu röð sem heppilegir staðir fyrir slík fyrirtæki.

3. Ríkið þarf að leggja fjármagn í skipulega leit að hentugum samstarfsfyrirtækjum á sviði almenns iðnaðar. Er ein slík hugmynd nú til umræðu með iðnráðgjöfunum um landsins hring með aðild erlends fyrirtækis sem heitir Plant Location International og ég held að geti reynst okkur mjög hentugt.

4. Veita þyrfti sérstaklega fé til rannsókna og nýtingar á háhitasvæði og orkulindum á Norðurlandi og stofna undirbúningsfélag um það mál með þátttöku iðnrn., Byggðastofnunar og Landsvirkjunar eða Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Gerð verði skipuleg áætlun um jöfnun raforkuverðs, einkum til húsahitunar, og ég minni á að nefnd er að störfum í því máli með þátttöku allra þingflokka.

6. Að veita stuðning við fyrirtækjanet, t.d. í málmiðnaði. Ég minni aftur á að í samningaviðræðunum við Atlantsál hefur verið lögð rík áhersla á að tryggja rétt íslenskra aðila til að taka þátt í framkvæmdum og að fyrirtækið stuðli að uppbyggingu tækniþekkingar og iðnþróunar á Íslandi.

7. Þau sveitarfélög við Eyjafjörð og Reyðarfjörð sem hafa lagt í nokkurn kostnað til að meta og kynna staðarkosti fái það að einhverju leyti uppi borið frá ríkinu. En að sjálfsögðu munu þessar athuganir nýtast m.a. við áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi. Það er rétt að halda þeim áfram en hætta þeim ekki og þróa betur það sem við höfum að bjóða í iðnaðarsamstarfi við erlenda aðila.

8. Við þurfum að athuga vandlega kosti þess að ráðast í samgöngubætur í stórum stíl á Austurlandi og Norðurlandi í framhaldi af stórvirkjunarframkvæmdum til þess að bæta aðstöðu fyrir nýjan iðnað.

9. Að efla opinbera þjónustu og skólastarf á landsbyggðinni og stuðla að uppbyggingu fjarskiptakerfa, fjarvinnslukerfa þannig að staðsetning opinberrar þjónustu sé ekki jafnbundin við Reykjavík og hún hefur verið.

Þetta eru málin. Þetta eru hin raunhæfu byggðaúrræði sem við eigum að taka á um leið og við stækkum landið með því að byggja þessa miklu verksmiðju. Ég tel að sjálfsögðu eðlilegt að Byggðastofnun taki þátt í þessu starfi. Það er mjög mikilvægt sem forsrh. lýsti hér yfir við upphaf þessarar umræðu að byggðanefndin sem starfar nú að því að gefa yfirsýn yfir viðleitni okkar til að jafna byggðina í landinu til þess að nýta kosti þess sem best hafi þetta meðal sinna verkefna. En vegna þeirra spurninga sem hér voru upp bornar taldi ég rétt að gera grein fyrir mínum hugmyndum um það hvernig við ættum að taka á þessu máli, hvernig við ættum að hugsa það.

Virðulegi forseti. Ég kem þá að orkumálunum og aðild Landsvirkjunar að þessu mikla máli. Auðvitað er raforkuverðið einn þýðingarmesti þáttur þessa máls þegar afstaða er til þess tekin hvort hagkvæmt sé að reisa hér álver. Þau samningsdrög sem fyrir liggja og öllum þingflokkum hafa verið kynnt sýna að við getum vænst góðrar arðsemi af orkuframkvæmdunum. Það gilda að sjálfsögðu sömu lögmál um orkuframkvæmdirnar og aðra fjárfestingu að þeim fylgir áhætta, áhætta sem við verðum að sjálfsögðu að meta en auðvitað bera saman við hagnaðarvonina. Ef við göngum út frá hrapi á álverði sem einhverju óhjákvæmilegu, þá leggur auðvitað enginn í þessa fjárfestingu. Það mundi enginn sækja sjó á Íslandi ef við gengjum út frá aflabresti fyrir fram. Umræðuna um orkuverðið má heldur ekki slíta úr samhengi við aðra þætti málsins eins og hér hafa verið ræddir, skattamálin, þau umsvif í þjóðfélaginu sem fylgja þessari miklu framkvæmd á öllum sviðum og umhverfismálin, eins og við höfum margoft komið hér að. Eins og fram kemur á minnisblaði um samning milli ríkisstjórnarinnar og Atlantsálsaðilanna liggur nú fyrir meginniðurstaða um ýmsa helstu þætti orkusölusamningsins. Ég tel ekki rétt að greina hér frá í heyranda hljóði beinum tölum um raforkuverðið, enda er eðlilegt að gæta varúðar í þeim efnum vegna viðskiptahagsmuna. Ég

vek hins vegar athygli á því að þingmenn hafa aðgang að gögnum um þetta sem afhent hafa verið þingflokkunum sem trúnaðarmál. Að mati bæði Landsvirkjunar og Þjóðhagsstofnunar og Orkustofnunar sem hafa farið yfir þessi gögn, og reyndar hafa komið þar að hagfræðingar við Háskóla Íslands, má vænta góðrar arðsemi eigin fjár af raforkusölunni. Þjóðhagsstofnun telur að hún geti orðið um 7,5% á ári og Landsvirkjun telur að meðalarðgjöf af eigin fé Landsvirkjunar gæti yfir 35 ára tímabil samningsins numið um 7,1%. Ástæðan fyrir þessum mun er einföld. Hún er sú að Landsvirkjun metur arðgjöfina af allri raforkusölu fyrirtækisins, lítur á allan efnahagsreikninginn, en Þjóðhagsstofnun einungis af raforkusölu til Atlantsáls hf. í einangrun. Að mati Landsvirkjunar yrði arðsemin af eigin fé 6,7% ef ekki yrði af samningum við Atlantsál, þ.e. sú leið sem kölluð er í þessum gögnum núllleiðin, sem hv. 2. þm. Austurl. vék hér nokkuð að.

Þetta er ekki áhættulaust mál. Hverjir eru helstu áhættuþættirnir í því? Þeir eru þrír,

1. að raunvextir verði hærri en gert er ráð fyrir í reikningum Landsvirkjunar.

2. að spár um álverð standist ekki. En eins og kunnugt er er gert ráð fyrir að raforkuverðið verði tengt álverði.

3. raungengi Bandaríkjadollars gagnvart íslenskri krónu.

Við skulum líta sérstaklega á hvern þessara þriggja þátta, fyrst á raunvextina. Ég tel reyndar að gagnstætt því sem gert er í þessum umsögnum og greinargerðum sem þingmenn þekkja hefði líka átt að taka dæmi um það hver arðsemi eigin fjár væri ef vextirnir reyndust 1% lægri en viðmiðunartalan, 5,5%. Það er ekki gert í þessum gögnum heldur eingöngu tekin dæmi af því hvað gerast mundi ef þeir væru 1% hærri. Öll rök og réttur reikningur mæla frekar með því að taka það dæmi sem ég fyrr nefndi, þ.e. að vextirnir reyndust 4,5 en ekki 6,5 frekar en 5,5. En þetta ætla ég ekki að rekja hér. Ég tel að með því að miða við þessa vexti sé eins og fram kemur í þessum skjölum borð fyrir báru eftir því sem menn best geta séð. Hvort það er þá nógu vel séð er önnur saga. Ég held að það sé afar ólíklegt að svo háir vextir haldist að meðaltali allan þennan langa tíma. Í því sambandi bendi ég á að það er leitun á fjárfestingarkostum næstu 30–40 árin sem bera svo háa raunvexti af lánsfé til svo langs tíma og þess vegna geta þessir aðrir kostir ekki beðið betri tíma eins og hv. 2. þm. Austurl. orðaði það. Hann sagðist ætla að gera grein fyrir þeim við betri tíma. Sú betri tíð hefur nú látið bíða nokkuð eftir sér. Ég bendi líka á að í sögulegu samhengi eru 5,5% raunvextir mjög háir vextir en það er einungis á tímabilinu 1981–1986 sem vextir á heimsmarkaði og á langtímalánum í Bandaríkjunum voru hærri en 5,5% þegar ég lít yfir tímabilið frá 1960 til dagsins í dag. Ástæðan fyrir því að vextirnir voru svona háir þetta fimm ára bil var fyrst og fremst mikill halli á fjárlögum í Bandaríkjunum. Þetta kallaði á miklar lántökur og þar af leiðandi háa vexti. Við vitum öll af fréttum að það er viðurkennt stærsta viðfangsefni bandarískra efnahagsmála, þvert yfir flokkamörk í því stóra landi, að berja niður þennan halla. Það þýðir að mínu áliti að þótt hægt gangi að ljúka málum á þingi þar líkt og stundum vill vera hér muni þeir þó á endanum hafa sigur í því og ég tel að þess vegna sé þetta varká spá með 5,5% í vexti.

Lítum á álverðið. Þar hafa gefið sig fram margir sem spámenn, en í útreikningum Landsvirkjunar er annars vegar miðað við spá frá bandaríska fyrirtækinu Resource Strategies Incorporated sem er vel þekkt ráðgjafarfyrirtæki og hefur fengist við spár og yfirlit yfir málmiðnaðinn, sérstaklega léttmálma, um margt langt bil ára. Hins vegar er spá frá breska ráðgjafanum James King. Það er gert ráð fyrir því í reynd, ef maður horfir bara á kjarna málsins, að álverð á samningstímanum verði svipað eða lítið eitt lægra en það hefur verið að raungildi að meðaltali síðustu 20 árin. Ég tel að hér sé einnig borð fyrir báru. Vegna hvers er það? Vegna þess að allar athuganir á eftirspurn og framboði á áli benda fremur til þess að skortur verði á þessum varningi og þar með hækkandi verð. Ég ætla ekki að rekja þessi rök en þetta er samdóma álit flestra þeirra sem þetta hafa skoðað. Þess vegna er líka þarna varkárni og raunsæi í fyrirrúmi þótt sumir vilji kalla þetta óraunhæft.

Varðandi raungengi Bandaríkjadollars, þriðja áhættuþáttinn, bendi ég á að í útreikningum Landsvirkjunar var miðað við gengi í desember 1989, en Þjóðhagsstofnun miðar hins vegar við meðalgengi á því ári. Á árinu 1989 var raungengi Bandaríkjadals töluvert lægra en sögulegt meðaltal síðustu 30 ára en lítið eitt hærra en árin 1987 og 1988, en það eru ár sem dollarinn hefur verið einna veikastur á undanförnum áratugum. Í þessum reikningi er því ekki miðað við það að dollarinn endurheimti sína fyrri stöðu í alþjóðaviðskiptum. Sumir mundu telja að rétt væri að gera það og þá batnar staðan að sjálfsögðu að miklum mun. En það er að mínu áliti þess vegna líka í þessu nokkurt borð fyrir báru.

Það hefur örlað á gagnrýni á því að í upphafi samningstímabils sé gert ráð fyrir afslætti frá raforkuverðinu. Hvers vegna er það? Forsendurnar fyrir því að unnt sé að veita slíkan afslátt eru hverjum manni auðskildar. Þær eru fyrst og fremst að orkuvinnsla hefst í Blönduvirkjun á næsta ári en framkvæmdir við virkjunina hófust árið 1984. Það er hins vegar alrangt að í samningsdrögunum felist að gefa eigi orkuna frá Blöndu eins og margir hafa verið að halda hér fram, m.a. hv. 2. þm. Austurl. Þvert á móti er með þessum samningum að því stefnt að koma virkjuninni í gagnið, að koma orkunni frá henni í verð. Það er líka ljóst að á næstu árum verður mikil umframorka í raforkukerfinu ef samningar nást ekki um Atlantsál. Það verður ekki séð að aðrar leiðir séu til þess að koma þeirri orku í verð en að gera slíkan stóran samning. Allt frá árinu 1983 hefur reyndar verið umframorka í raforkukerfinu. Það er af því að við byggðum stórt, við hugsuðum hátt og sá sem hugsaði allra hæst var kannski hv. 2.

þm. Austurl. sem setti upp mikið virkjanaplan sem reis mun hærra en það sem við ræðum nú en það þýðir ekki að vilja tilganginn ef menn vilja ekki meðulin. Við verðum að koma þessu í verð.

Í gjaldskrá Landsvirkjunar er boðið upp á sérstakt verð fyrir svokallað ótryggt rafmagn, ótrygga orku. Þetta verð er núna rúmlega 37 aurar á kwst. Þetta er innan við 7 Bandaríkjamill fyrir hverja kwst. sem er mun lægra en lágmarksverðið á fyrstu árum samningsins sem nú er ræddur. Tæplega láta menn sér detta í hug að bjóða forgangsorkuna frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna á mismunandi verði eftir því hvort um er að ræða nýja notendur eða gamla. Allt tal um það að það sé bara nægilegt að lækka verðið á umframorkunni til að koma henni í verð er því algjörlega úr lausu lofti gripið, órökstutt. Það er ekki úrræði í þessu máli, því miður. Ef það væri þarna væru menn löngu, löngu horfnir að því.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. beindi til mín nokkrum spurningum um orkuverðið og mér finnst nú reyndar að ég hljóti að hafa svarað þeim flestum í því sem ég hef þegar sagt, en svona til þess að taka af öll tvímæli um það að ég svari þeim spurningum sem til mín er beint ætla ég að fara nokkrum orðum um þær spurningar sem kynnu að standa eftir.

Í fyrsta lagi, varðandi rekstrarkostnað og afskriftartíma, get ég upplýst að Landsvirkjun reiknar með 0,7% rekstrarkostnaði af vatnsaflsvirkjunum og 40 ára afskriftartíma. Fyrir Kröflu er reiknað með 5% rekstrarkostnaði. Þar er innifalin endurnýjun á borholum og 30 ára afskriftartími en af flutningskerfinu er reiknað með 1% rekstrarkostnaði og 30 ára afskriftartíma. Ég tel að þau afskriftarhlutföll sem notuð eru séu síst of há. Afskriftartíminn er í styttri kantinum miðað við það sem tíðkast í löndunum í kringum okkur. Ég get bent á það að í ársreikningum erlendra orkufyrirtækja er miðað við að afskrifa vatnsorkuvirkjanir á 40 árum í Noregi, í Svíþjóð 40–60 árum, í Englandi 50 árum. Skotland er að vísu undantekning, þar er notuð 25 ára afskriftarregla, í Frakklandi 50 ára. Í Ontario í Kanada má finna dæmi á bilinu 65–100 ár. Við höfum líka fyrir augunum þegar við ferðumst um landið vatnsaflsvirkjanir sem hafa lifað miklu lengri tíma en þann sem við erum hér að tala um sem afskriftartíma. Ég ætla ekki að rekja þau dæmi hér. Þau þekkja þingmenn glöggt.

Varðandi aðrar spurningar hv. 6. þm. Norðurl. e. bendi ég honum á umsögn sem Orkustofnun gaf um skjal sem þingmaðurinn sendi mér og Orkustofnun um virkjanakostnað. Þetta skjal sem svarar öllum spurningunum sem hann færði fram hér öðru sinni eða e.t.v. þriðja eða fjórða eða fimmta sinni hefur iðnn. Alþingis fengið 7. maí sl.

Hv. 5. þm. Austurl. vakti hér máls á áhugaverðum hlut. Það gerði reyndar hv. 10. þm. Reykv. líka í sinni seinni ræðu. Hún er um eignarhald á orkuvinnslufyrirtækjum. Hann spurði hvort til þess hefði verið hugsað að Austlendingar eignuðust hlut í því orkufyrirtæki sem reka mun Fljótsdalsvirkjun með-al annarra virkjana. Það er eðlilegt að spurt sé. Ég bendi núna á að Austlendingar eiga auðvitað hlut í Landsvirkjun. Þeir eru aðilar að helmingseign ríkisins í því fyrirtæki. En það er líka rétt, eins og kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv., það þarf að hugsa mjög vandlega um það, þegar stóriðjuorkuvinnslan verður svo stór og ríkjandi hlutur í heildarorkuvinnslunni, hvort það skipulag sem við höfum valið til þess að bera ábyrgð á þessum mikla rekstri sé raunhæft til frambúðar. Til þessa hefur þetta ekki verið rætt þannig að menn hugsi sér að stofna um þetta ný félög. Ástæðan er kannski fyrst og fremst sú að Landsvirkjun var stofnuð til þess að hefja orkubúskap landsins inn á stóriðjustigið. Það má segja það að með stofnun Landsvirkjunar var lokið því stigi í þróun okkar orkubúskapar sem kalla mætti rafvæðingu landsins og við hurfum að því að fara að framleiða orku í stórum skömmtum til útflutnings. Ég vil vona það enn að þetta skipulag geti dugað. Ef menn hafa efasemdir um það eiga þeir auðvitað að ræða þær á þeim vettvangi. En hingað til hefur ekkert komið fram sem segir mér að ekki sé hægt að leysa með viðunandi hætti áhættuatriðin í málinu innan núverandi skipulags. Það getur verið að ástæða sé til þess að líta á þetta og þess vegna er eðlilegt að því sé hreyft.

Hv. 5. þm. Austurl. hreyfði hér líka spurningum um hálendisveg, hvort hann yrði gerður samhliða þessum línulögnum. Mig minnir að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi líka nefnt þetta. Ég held því nú ekki fram að gerður verði sá vegur sem sumir vilja kalla hálendisveginn í sambandi við þessar línulagnir, en það verður komist býsna nálægt því vegna þess að vegna þessara miklu línulagna verða auðvitað lagðir línuvegir sem að sjálfsögðu er eðlilegt að haga þannig að þeir geti nýst í framtíðinni til þess að verða samgöngubót. Um þetta ætla ég ekki að segja fleira en tel eðlilegt að menn hreyfi þessari spurningu.

Ég kem hér þá að því sem kalla mætti þætti Landsvirkjunar eða kannski betur orðað þætti stjórnar Landsvirkjunar í þessu máli. Það var ekki síst hv. 2. þm. Reykv. og reyndar hv. 5. þm. Reykn., hæstv. fjmrh., sem ræddi nokkuð hlut stjórnar Landsvirkjunar í málinu, hafa enda báðir fortíð sem stjórnarmenn í henni og annar þeirra reyndar nútíð, situr í stjórninni. Þær ræður fjölluðu býsna mikið um það sem ég vil leyfa mér að kalla innri málefni stjórnar Landsvirkjunar.

Ég hyggst ekki, þótt hv. 2. þm. Reykv. hafi valið þá leið, fara að lesa hér upp úr fundargerðum stjórnarinnar sem gæti þó reynst býsna fróðlegur lestur. Ég vil hins vegar virða þann trúnað sem á að vera og hlýtur að vera á slíkum gögnum. Ég ítreka það hins vegar, eins og kom fram í fyrri ræðu minni í þessari umræðu, að auðvitað hefur hlutverk Landsvirkjunar og stjórnar hennar allan tímann legið ljóst fyrir í þessu máli, allt frá því að byrjað var á frumhagkvæmniathugunum á Atlantal-verkefninu í september 1987. Atlantal-verkefnið og Atlantsálsverkefnið hafa margsinnis verið formlega á dagskrá

stjórnarfunda í fyrirtækinu og ég er sannfærður um að það hefur líka verið mjög oft rætt óformlega. Það hefur verið rætt á a.m.k. 25 stjórnarfundum á þessum tíma auk þess sem stofnun markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar sem tengist þessu máli hefur verið rædd á a.m.k. 3–4 stjórnarfundum. Frá því að ég kom í iðnrn. hefur málið komið a.m.k. 19 sinnum formlega fyrir í stjórn Landsvirkjunar, en á þeim tíma má til glöggvunar segja frá því að stjórnin hefur haldið 35 fundi. Á þessum fundum hafa skýrslur og greinargerðir um orkuverðið og orkusamningana verið ræddar, jafnframt því sem gerð hefur verið grein fyrir afkomu fyrirtækisins, þ.e. Landsvirkjunar, miðað við þær hugmyndir um orkuverð sem ætla mætti að samningar gætu tekist um. Ef þetta er ekki að ræða málið, þá veit ég ekki hvað það orð þýðir. Stjórnarmenn Landsvirkjunar hafa því margsinnis komið að þessu máli og það þarf væntanlega ekki að benda hv. 2. þm. Reykv. á það að stjórnin hefði hvenær sem er getað valið menn til að fylgja stjórnarformanninum, forstjóranum, aðstoðarforstjóranum og lögfræðingum fyrirtækisins og öðrum þeim sem til hafa verið kvaddir til þessara samninga. Ég vil líka í þessu sambandi rifja það upp að stjórnin hefur tvívegis samþykkt að senda mér sem iðnrh. erindi, hið fyrra sinn í október 1988, nánar tiltekið 6. október á því ári, og svo 18. janúar 1990, þar sem þess hefur verið farið á leit við mig að aflað verði hjá Alþingi virkjanaheimilda vegna fyrirhugaðrar áliðju. Þessi erindi verða auðvitað ekki með nokkru móti skilin frá þessu máli og sýna að stjórnin hefur að þessu leyti a.m.k. tekið eðlilegt frumkvæði í því.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt því hér fram að ég væri að reyna að koma ábyrgð af mér yfir á mætan mann, formann ráðgjafarnefndarinnar, sem líka er formaður stjórnar Landsvirkjunar. Það hef ég aldrei gert og mun ekki gera. Ég hef ekki vikið mér undan ábyrgð í Atlantsálsverkefninu og mun ekki gera. Það er aftur á móti ekki stórmannlegt af stjórnarmönnum í Landsvirkjun að víkja sér nú undan ábyrgð, ábyrgð sem þeim ber í þessu máli. Þeir hafa, eins og ég hef rakið, haft öll tök á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, skipa nefndir í málið ef þeir kjósa og raunar ber þeim að sjálfsögðu sem stjórnarmönnum að gera það hafi þeir haft eða hafi eitthvað við málsmeðferðina að athuga. Þeir hafa þetta tækifæri enn og ég vona sannarlega að svona formsþráskák verði ekki til þess að tefja þetta þjóðþrifamál. Og eins og ég sagði áðan er beðið eftir því að botn komist í þetta mál. Það er beðið eftir því af vinnufúsum höndum að fá þarna verk að vinna. Það er beðið eftir því af okkar verkfróðu mönnum, af okkar vel menntuðu tæknimönnum, að þarna verði loksins sköpuð þessi tækifæri til þess að þeir geti nýtt sína starfskrafta hér í þágu lands og þjóðar.

Mig langar, með leyfi forseta, til að gefa hugmynd um hvers eðlis þau skjöl eru sem samningamenn Landsvirkjunar hafa lagt fyrir stjórn sína um orkuverð til Atlantsáls, að lesa hér kynningarorð gagna sem þeir, samningamenn fyrirtækisins, hafa lagt fyrir í stjórninni. Ég mun ekki fjalla um efni þeirra heldur eingöngu kynninguna til að gefa hugmynd um hvað það er sem hefur verið lagt fyrir þessa stjórn. Fyrra skjalið, sem er frá því í septemberbyrjun 1989, er kynnt með þessum orðum af þessum trúnaðarmönnum fyrirtækisins, með leyfi forseta:

„Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim áætlunum og útreikningum sem unnið hefur verið að á vegum Landsvirkjunar á síðustu mánuðum hvað varðar orkuöflun og kostnaðarverð orku til nýrrar álbræðslu í Straumsvík.“ Og síðar í sama inngangi, önnur tilvitnun: „Í niðurlagi þessarar greinargerðar eru síðan reifaðar hugmyndir að tilboði um orkuverð til hins nýja álvers.“

Seinna skjalið sem ég ætla að vitna til var lagt fram á stjórnarfundi í ágúst 1990, þ.e. á þessu ári. Með leyfi forseta:

„Á síðasta stjórnarfundi, hinn 5. júlí sl., var lögð fram greinargerð um þáverandi stöðu viðræðna við Atlantal-hópinn um orkusamning. Síðan þessi stjórnarfundur var haldinn hafa frekari viðræður átt sér stað milli fulltrúa Landsvirkjunar og Atlantal-hópsins um orkusamninginn, bæði í Amsterdam dagana 9. og 10. ágúst sl. og einnig í Reykjavík dagana 14.–16. ágúst sl. Á þessum fundum hefur miðað verulega áleiðis í samningaviðræðunum og má nú heita að fyrir liggi samkomulagsgrundvöllur að flestum meginatriðum í væntanlegum orkusamningi milli aðila. Verða nú raktar helstu niðurstöður um orkuafhendingu og orkuverð sem nú er talið að myndað geti grundvöllinn að samkomulagi milli aðila og stöðu mála að öðru leyti varðandi endanlegt uppkast að orkusamningi.“

Ég ætla ekki að gera grein fyrir efni þessara skjala eða lesa upp úr fundargerðum stjórnar Landsvirkjunar, enda tel ég það ekki viðeigandi. En ég hlýt að láta það koma skýrt fram hvaða augum þeir menn litu sitt viðfangsefni sem fóru með trúnað fyrirtækisins í þessum viðræðum. Getur nokkur maður skilið þessa kynningu greinargerðanna öðruvísi en að þeir hafi verið að gera sínum umbjóðanda eðlilega grein fyrir gangi mála, fyrir stöðu máls? Svarið getur ekki verið nema eitt.

Virðulegi forseti. Að endingu örfá orð um þjóðhagslegt mikilvægi þessa máls. Hv. 2. þm. Austurl. fór hér hörðum orðum um aðferðirnar sem notaðar væru til að meta þjóðhagslegt mikilvægi þessara framkvæmda. Hann hefur haft um það mörg orð og stór og kveðið skýrt að hverju orði. Hann hefur talað hér hátt en án þess að rökstyðja mál sitt. Þeir eru miklir raddmenn, Hallormsstaðarmenn, en raddstyrkurinn yfirgnæfir ekki rökin. Þjóðhagsstofnun, Orkustofnun, hagfræðingar Háskólans hafa fjallað um þetta mál og niðurstaðan er skýr. Þessar framkvæmdir geta komið landinu að nýju inn á framfarabraut þannig að við drögumst ekki lengur aftur úr öðrum þjóðum í efnahagslegu tilliti eins og við höfum gert á síðasta áratug. Auðvitað er þetta ekki öruggt mat en þetta er raunsætt mat. Og við ætlum okkur ekki að byrja nýju öldina sem lágtekjuþjóð í

Evrópu. Við þurfum að taka raunsætt á þessu máli og af fullri ábyrgð og ljúka því fyrir jólahlé þingsins, og ég heyri af þessari umræðu að þingheimur mun fallast á þá skoðun.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstuttar athugasemdir. Það hefur vakið athygli mína þegar ég hef hlustað, meira að segja þráfaldlega, á rök um blessun þá sem landsbyggðin verður fyrir í sambandi við álverið í Straumsvík að helsta blessunin hefur verið sú að um tíma var einhver stáliðnaður austur á fjörðum. Eru ekki til einhver haldbetri rök fyrir blessun þeirri sem landsbyggðin hlýtur en þessi iðnaður sem virðist nú ekki lengur einu sinni vera við lýði?

Hæstv. iðnrh. benti á að alheimslega séð væri miklu betra að menga íslenskt umhverfi og andrúmsloft en þar sem kol og olía væru orkugjafar og má það kannski rétt vera, en fyrir nokkuð löngu síðan var ort meira að segja vestur í Ameríku þar sem dollarinn grær, að heimsborgari væri ógeðsyfirklór og alþjóðrækni hverjum manni of stór. Ég held að það sé nú enn þann dag í dag svo. Við getum ekki verið viss um það að sú náttúra sem við erum að bjarga þarna suður í heimi hafi ekki verið miklu harðgerari og þolað mikið betur þá mengun og þá útötun sem af álinu stafar. Við getum heldur ekki verið viss um að þessir fjarlægu staðir sem við erum að bjarga frá álverksmiðjunum muni ekki bara brenna olíunni sinni og kolunum í einhvern allt annan orkufrekan iðnað og þar með útbía allt saman og eyðileggja. Við getum því miður ekki verið örugg um það.

Þessar athugasemdir langaði mig til þess að setja fram vegna þess að mér finnst svona rök ekki haldbær á þjóðþingi íslensku þjóðarinnar.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að fara mjög mörgum orðum um þau efnisatriði sem hér hafa verið til umræðu. Mig langar til að svara nokkrum spurningum. Ég geri ráð fyrir því að við eigum eftir að ræða þetta mál nokkrum sinnum enn á hinu háa Alþingi áður en málið hlýtur endanlega afgreiðslu. Hvað umhverfismálin sjálf varðar hef ég í hyggju að leggja fyrir Alþingi skýrslu umhverfisráðherra um umhverfisáhrif vegna hins væntanlega álvers og með hvaða hætti mun staðið að mengunarvörnum þar. Ég tel að sjálfsagt sé og eðlilegt að ég geri Alþingi á þann hátt grein fyrir málinu, efnisatriðum málsins hvað umhverfisáhrifin varðar. Sú vinna er í fullum gangi á vegum ráðuneytisins og er að vísu mjög vel á veg komin en henni er hvergi nærri lokið. Því er ekki tímabært að rekja í smáatriðum þær leiðir né þær hugmyndir sem við erum að fara í gegnum þessa dagana til þess einmitt að tryggja það að mengunarvarnir verði hinar ýtrustu sem völ er á og allt verði gert til þess að koma í veg fyrir að umhverfisáhrif frá álverinu verði mikil.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að ég fari að eltast við ýmis skeyti sem ég hef fengið frá hinum hv. alþm. sem hér hafa tekið til máls. Það eru að vísu margar ágætis ábendingar sem hafa komið fram. Sumar eru réttmætar, aðrar ekki. Ég get að sjálfsögðu tekið undir það með hv. 2. þm. Austurl. að eina örugga vörnin gegn mengun af völdum álvers er að byggja ekkert álver. Það er að sjálfsögðu alveg hárrétt, undir það get ég tekið. Það er hins vegar einu sinni svo að sú umhverfismálaumræða sem nú á sér stað um allan heim byggir á einu grundvallaratriði sem er að öll efnahagsleg þróun skuli vera innan þeirra marka sem náttúran sjálf setur þannig að maðurinn gangi ekki lengur þannig á náttúruna að hann eyðileggi hana með þeirri efnahagslegu þróun sem hann stuðlar að. Öll efnahagsleg þróun í heiminum á að vera innan þeirra marka sem náttúran setur. En þetta grundvallarlögmál þýðir ekki að ekki eigi að eiga sér stað nein efnahagsleg þróun. Því fer fjarri. Það er enginn sem heldur því fram að umhverfismál eigi að túlka með þeim hætti að hér með sé allri efnahagslegri þróun í heiminum lokið. Ég get að vísu vel hugsað mér að hverfa eins og tvær aldir aftur í tímann og lifa í þeirri náttúru sem þá hefur verið og vera laus við alla mengun, bæði frá bifreiðum og alls konar orkuverum. Ég gæti vel hugsað mér að keyra hér um á hestvögnum í fögru umhverfi eins og maður sér stundum þegar verið er að sýna fyrri tíma með rómantískum blæ. Það er nú einu sinni svo að það verður ekki snúið til baka. Við lifum á þróunarbraut, en að sjálfsögðu hljótum við að taka undir með öllum öðrum sem fjalla um þessi mál, að efnahagsleg þróun verður að vera innan þeirra marka sem náttúran setur. Bygging álvers er dæmi um efnahagslega þróun en að sjálfsögðu verður að tryggja það að þarna haldi menn sér enn innan þeirra marka sem náttúran setur og það er það sem verið er að reyna að gera.

Ég gæti að sjálfsögðu farið rækilega í þau efnisatriði sem hér hafa verið nefnd, en ég veit ekki hvað ég á að fara langt í þeim efnum. Mig langar þó til að skjóta aðeins hérna inn einu atriði handa þeim sem hafa haft hvað mestar áhyggjur af þeirri mengun sem álverið veldur og þeim umhverfisspjöllum sem það óneitanlega hlýtur að einhverju leyti að hafa í för með sér, en það er ferðamannaþjónusta sem margir hafa talað um að væri hlutur sem Íslendingar ættu að sinna betur og ég er sömu skoðunar. Hins vegar er mjög athyglisvert í allri þessari umræðu um umhverfismál að Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur eindregið hvatt öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til að draga úr ferðamannaþjónustu, ferðamannastraumi, helst snúa til baka ef hægt er og minnka ferðamannastraum til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Eins og Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna segir veldur aukinn ferðamannastraumur mjög auknum umhverfisspjöllum. Þetta er mjög athyglisvert. Enn hef ég engan heyrt hafa áhyggjur af þessu hér á hinu háa Alþingi. Þvert á móti hafa allir viljað auka ferðamannaþjónustu og draga hingað til lands fleiri ferðamenn.

Nú skal ég flýta mér að segja það að ég tel að við

eigum að auka ferðamannaþjónustu og tel að við getum gert það í góðu sambýli við náttúruna. Ég vildi vekja athygli á því að þessi umræða er hins vegar í fullum gangi á alþjóðlegum vettvangi, þ.e. að ferðamannaþjónusta sé mikill umhverfisspillir sem er mjög athyglisvert. Reyndar kemur það nú engum á óvart sem hefur t.d. nýlega komið í Dimmuborgir í Mývatnssveit.

Mér heyrist að menn hafi fyrst og fremst haft áhyggjur af einum mengunarþætti. Menn hafa haft miklu minni áhyggjur af hinum alvarlega mengunarþætti sem fylgir rekstri álvers, en það er flúormengun. Mjög lítið hefur verið fjallað um hana. Að vísu minnist ég þess að landbrh. var ekki alveg ánægður með tölur sem höfðu verið nefndar og lái ég honum það ekkert. Ég hef hins vegar fullvissu fyrir því, og það hafa mínir sérfræðingar sem hafa verið að fara yfir þau mál tjáð mér, að með þeim kröfum sem nú er búið að ná samkomulagi um í starfsleyfi eða starfsleyfisdrögum sé það tryggt að flúormengunin frá hinu væntanlega álveri verði eins lítil og þekkt er í heiminum í dag. Það verður beitt fullkomnustu mengunarvarnatækni til þess að hreinsa flúor úr útblásturslofti frá kerjunum og líklegasta niðurstaðan er að flúormengunin verði langtímum saman vel undir $^1/_2$ kg á hvert framleitt tonn af áli. Með mjög umfangsmiklum mælingum, sem öllum ber saman um að séu meiri og umfangsmeiri en þekkist í nokkru álveri sem er í rekstri í heiminum í dag, er hægt að tryggja að hægt sé að fylgjast svo vel með þessum þætti mála að það eitt sé í raun og veru betri mengunarvörn en að setja kannski einhver ströng mörk sem síðan verði eilíft vandamál að standist. Hins vegar hef ég lýst því yfir að við munum endurskoða mengunarmörk hvað varðar flúormengun þegar komin er full reynsla á rekstur álversins. Fyrr er í raun ekki hægt að sjá endanlega hver mengunarmörkin geta orðið. Eins og ég gat um hér í upphafi þessarar umræðu, þá er það ekki mengunarbúnaðurinn einn sér sem er afgerandi í þessu máli, heldur er það kannski starfsfólkið að jafnmiklu leyti sem ræður úrslitum um það hver flúormengunin verður. Það er hvernig starfsmennirnir ná samstöðu um að vinna samviskusamlega að því að þessi mengunarbúnaður virki.

Menn hafa mikið rætt um ímynd Íslands og talið að hún muni bíða mikinn hnekki við það að við reisum hér álver þó að fullkomnustu mengunarvörnum verði beitt. Það kann vel að vera að svo verði. En því miður, þegar talað er um ímynd Íslands á erlendum vettvangi, eru nú þeir útlendingar sem hafa komið hingað til lands, kynnt sér staðhætti og ferðast um landið fljótir að finna veilurnar í umhverfismálum okkar. Ég er ansi hræddur um að ímynd Íslands líði miklu meira fyrir mjög slæma sorphirðu um allt land þar sem opnir sorphaugar blasa við, úgangur úr sláturfé liggur þar fyrir hunda og manna fótum, þar sem vargfuglinn heldur sína veislu og ber svo salmonellusmitið út um allt eða þar sem skolprásir liggja alls staðar beint út í sjó og öllu skolpi er dengt óhreinsuðu í sjóinn. Þetta vekur mikla furðu útlendinga sem hingað koma og þeir spyrja: Hvernig í ósköpunum getur þjóð sem segist vera matvælaframleiðsluþjóð, á allt sitt undir útflutningi á fiskafurðum, leyft sér það að demba öllu skolpi óhreinsuðu í sjóinn? Þetta hefur slæm áhrif á ímynd Íslands á erlendum vettvangi og ég mundi vilja biðja þá sem hér hafa kannski haft hvað mestar áhyggjur af umhverfisáhrifunum frá væntanlegu álveri að veita mér stuðning sinn þegar við komum að því að reyna með löggjöf að taka fyrstu skrefin á þeirri braut að bæta hér um.

Eitt mál hefur sérstaklega verið til umræðu hvað varðar mengunarþætti álversins, en það er brennisteinstvíildismengun sem menn hafa haft mjög miklar áhyggjur af og talið að væri aðalvandamál álversins. Menn hafa, eins og ég sagði hér áðan, kannski haft minni áhyggjur af flúormenguninni sem er þó miklu alvarlegri. Þess vegna verð ég að segja eins og er að mér hnykkti við þegar mér var tjáð að nýtt stórt fyrirtæki sem hóf störf fyrir stuttu síðan, þ.e. Nesjavallavirkjun, þarf ekki starfsleyfi, en hún sendir 2600 tonn af brennisteini út í andrúmsloftið á hverju ári. Hún þarf ekki einu sinni starfsleyfi. Ég hef falið embættismönnum mínum að kanna það hvernig standi á því að Nesjavallavirkjun þarf ekki starfsleyfi og hvers vegna enginn þarf að gera neinar athuganir á því hvernig mengunarvörnum er háttað í því orkuveri. Þetta hefur vakið mikla furðu mína. (**FrS:** Þarf ekki starfsleyfi fyrir Geysi í Haukadal líka?) Ja, það er kannski góð spurning. En ég tel að að sjálfsögðu þurfi orkuver eins og Nesjavallavirkjun að hafa starfsleyfi og þar þurfi að fara fram athugun á því með hvaða hætti mengunarvörnum skuli hagað því að það eitt að 2600 tonn af brennisteini skuli fara þar út í andrúmsloftið hlýtur að kalla á einhverjar aðgerðir ef menn á annað borð vilja gera eitthvað í þessum málum. Nú veit ég að til eru þeir sem halda því fram að svokallað brennisteinsvetni sé tiltölulega hættulítið. Það muni hvarfast í andrúmsloftinu þannig að það hafi engin skaðleg áhrif. Um þetta deila efnafræðingar. Menn eru ekkert sammála um það með hvaða hætti brennisteinsvetnið hvarfist í andrúmsloftinu og geta ekki sagt til um það með hvaða hætti það skilar sér til jarðarinnar á nýjan leik. Það vantar allar grundvallarannsóknir til þess að hægt sé að segja um það af nokkru viti. (**Landbrh.:** Þeim mun meiri ástæða til að fara varlega með.) Vissulega, hæstv. ráðherra, en ég vildi bara benda á að það er ekki nóg að tala eingöngu um álverið. Við þurfum að tala um öll þessi mál í samhengi. Ég get bent á önnur skaðleg umhverfisáhrif sem stórskaða ímynd Íslands þegar t.d. útlendingar koma hingað í heimsókn, hæstv. ráðherra. Það er að horfa á þann aragrúa af sauðfé sem er að naga landið ofan í rót, örfoka land, gróðurvana. Þetta vekur mikla athygli þeirra útlendinga og þeirra ferðamanna sem hingað koma og hefur áreiðanlega veruleg áhrif á hugtakið ímynd Íslands. (Gripið fram í.) Nei, ég er einungis að segja það að ég held að við verðum og hljótum að skoða öll umhverfisáhrif í samhengi. Við getum ekki tekið einn

þáttinn út úr og sagt að hér skuli allt vera 100%, helst eigi ekki að byggja neitt álver af því að óneitanlega verður einhver mengun frá því, en síðan sé allt í lagi að reisa alls konar iðjuver og með öðrum hætti menga umhverfið. Það geri ekki neitt til. Ég get ekki tekið þátt í slíku. Ég hlýt að vilja skoða öll þessi mál í samhengi.

Um þessar mundir er verið að kanna hvaða möguleikar séu á því að hreinsa brennisteinstvíildi á vegum þess sérfræðingahóps sem ég hef mér til ráðuneytis um þessi mál og þeir hafa kannað ýmsar leiðir. Vothreinsibúnaður hefur verið mjög til umræðu og það er að verða með vothreinsibúnað eins og ísinn í Þjórsá þegar var verið að undirbúa byggingu Búrfellsvirkjunar. Ís í Þjórsá á þeim tíma átti ekkert skylt við eðlisfræði eða náttúrulegar staðreyndir. Það var pólitísk ákvörðun hvort það var ís í Þjórsá eða ekki. Það er að verða mjög svipað með vothreinsibúnaðinn. Það er ekkert hugsað um raunveruleikann í þeim efnum. Hvað er vothreinsibúnaður? Hvað gerir hann? Hver er nýtnin? Hverju skilar hann? Er hagkvæmara að vera með vothreinsibúnað og menguð kol eða er hagkvæmara að vera með stranga kröfu um hrein kol og gera síðan ráð fyrir vothreinsibúnaði ef fást ekki lengur hrein kol? Ég vil fá svör við slíkum spurningum. (Gripið fram í.) Gifsið er einn af mörgum kostum, þ.e. að úða kalkupplausn í gegnum útblástursloftið frá kerunum. Það er ein leið af mörgum og það eru ýmsar leiðir til til að hreinsa brennisteinstvíildið. Allar slíkar leiðir eru í athugun. Það er spurning um hvaða árangri það skilar. Ef við tökum t.d. hreinræktaðan vothreinsibúnað sem byggir á því að sjó er dælt upp í háa turna þar sem loftið frá kerskálanum er leitt í gegn til þess að hreinsa brennisteinstvíildið getum við búist við að nýtnin í slíkum sjóhreinsiturni geti verið einhvers staðar á bilinu 80–90%. Það er hugsanlegt að auka hana í 90%, en það er þó ekki víst. Það fer eftir ýmsum aðstæðum á staðnum, eftir seltuinnihaldi í sjónum og mörgu öðru. Það er hins vegar alveg ljóst að ef sett yrði ófrávíkjanleg krafa um slíkan vothreinsibúnað þá ráðum við ekki við það skilyrði að það verði ekki notuð menguð kol, svo einfalt er málið. Hvað svo sem við gerum. Reyndar er staðreyndin sú að þó við getum enn um sinn gert kröfu um hrein kol, þ.e. rafskaut með brennisteinsinnhaldi innan við 2% er ekki víst að við getum gert slíka kröfu í framtíðinni því eftir því sem mér skilst eru allar líkur á því að það verði erfiðara og erfiðara að fá kol sem eru tiltölulega hrein og með litlu brennisteinsinnihaldi. Það er því alveg ljóst að við verðum að vera við því búin að skella inn hreinsibúnaði fyrir brennisteinstvíildi innan tíðar. Um það er krafa í þeim starfsleyfisdrögum sem núna eru í vinnslu hjá okkur.

Ef haldið áfram með þessa hugsun getum við reiknað það út að verði brennisteinsinnihald í rafskautum innan við 2% þá losar 200.000 tonna álver innan við 4.000 tonn af brennisteini út í andrúmsloftið á ári hverju ef engin hreinsun er viðhöfð. Ef hins vegar yrði notaður vothreinsibúnaður með hugsanlega 80% nýtni, hún gæti orðið betri og 6% innihald af brennisteini í kolum samsvarar það 1,2% brennisteinsinnihaldi í skautum án vothreinsibúnaðar. Eftir sem áður færu því 2.400 tonn af brennisteini út í andrúmsloftið. Það vakna því ýmsar spurningar í þessu sambandi. Hvað gerist þá þar til viðbótar? Jú, eftir því sem brennisteinsinnihaldið í skautunum er hærra, þeim mun meiri fylgiefni eru þar einnig með. Það mundi þýða að mikið meira magn af alls konar þungmálmum rynni þá með hreinsivatninu af sjóhreinsiturninum út í sjó ásamt alls konar eiturefnum. Þess vegna hljótum við að vega og meta hvað er skynsamlegast í þessu máli. Það er ekkert á borðinu sem segir mér að endilega sé skynsamlegast að gera strax kröfu um vothreinsibúnað og heimila síðan, sem hlyti að verða ófrávíkjanleg krafa framleiðendanna eða rekstraraðilanna, að nota hvaða skaut sem væru fáanleg á markaði. Ég er ekkert viss um að við fáum betri niðurstöðu með þeim hætti. Þetta eru mínir ráðunautar og sérfræðingar að athuga og það er svo fjarri lagi að það sé neitt öruggt að það borgi sig að hafa vothreinsibúnað, að það þýði betri umhverfisvernd fyrir það svæði sem álverið verður reist á. Þvert á móti getur vel verið að það verði verra. Það liggur ekki ljóst fyrir og þetta erum við að láta athuga.

Ég fyrir mitt leyti get ekki séð neina skynsemi í því að ætla að hreinsa brennisteinstvíildi úr útblásturslofti frá kerskálanum eins mikið og hægt er eftir því sem nýtnin segir til um í sjóhreinsiturni, en það kosti þá það að dælt verði miklu magni af þungmálmum og alls konar eiturefnum út í sjóinn við Reykjanes. Ég er ekki sannfærður um að það sé skynsamleg niðurstaða, þvert á móti. Ég vil a.m.k. fá tækifæri til þess að rannsaka þessi mál miklu betur og kanna alla tiltæka kosti sem eru færir í þessari stöðu áður en endanleg ákvörðun um slíkt er tekin. Það er ekki ljóst og alls ekki víst að það séu neinir góðir kostir í þessari stöðu hvað þetta atriði varðar. Þess vegna held ég að langskynsamlegasta leiðin að svo stöddu sé að gera kröfu um brennisteinssnauð skaut. Það er eina örugga vörnin gegn alvarlegri brennisteinstvíildismengun sem völ er á þessa stundina og hefur ekki neinar aukaverkanir í för með sér.

En ég get fullvissað hv. alþm. um það og hæstv. landbrh., sem hér stendur í salnum, að við munum halda áfram að kanna hvaða leiðir eru mögulegar í þessum efnum. Ég hef í hyggju þegar þessum athugunum okkar er lokið að leggja fyrir Alþingi skýrslu um með hvaða hætti best verði staðið að mengunarvörnum og hvernig verði leitast við að koma í veg fyrir óþarfa umhverfisspjöll af völdum hins væntanlega álvers.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er fjölmargt sem komið hefur fram í þessari umræðu sem auðvitað væri ástæða til að ræða, en ég ætla ekki að gera það núna heldur einungis minnast á atriði sem kom fram hjá

hæstv. umhvrh. í síðustu ræðu hans.

Ég undrast að heyra það að umhvrh. sé að velta því fyrir sér að það þurfi ef til vill að koma upp vothreinsibúnaði seinna og við þurfum að gera það. Ég veit ekki betur en þetta verði verksmiðja sem aðrir eiga en íslenska ríkið. Spurningin er því eingöngu um það hvaða kröfur við setjum um þá mengun sem má fara út frá verksmiðjunni. Hversu mikið brennisteinsdíoxíð munum við samþykkja að þessi verksmiðja láti frá sér og síðan verður verksmiðjan að leysa það vandamál hvort sem það er með vothreinsibúnaði eða öðrum búnaði. Og ég vil benda á það að þegar talað er um að Svíar og Norðmenn krefjist ekki vothreinsibúnaðar — að sjálfsögðu gera þeir það ekki — hins vegar hafa þeir það strangar reglur að það getur engin verksmiðja risið þar nema hafa þennan búnað hjá sér. Það er einmitt það sem við eigum að gera líka. Við eigum að gera það strangar kröfur að við teljum viðunandi. Það getur vel verið að það sé hægt að uppfylla þær með einhverjum öðrum hætti en vothreinsibúnaði. Mér þykir þetta því allfurðulegur málflutningur sem hér er hafður frammi af hálfu hæstv. umhvrh.

Mér þykir einkennilegt ef hann hefur túlkað það svo að við hefðum ekki áhyggjur af flúoríðmengun. Auðvitað höfum við það líka.

En það sem kannski rak mig hingað í stólinn var það síðasta sem hæstv. ráðherra minntist á. Það var að svo mikill brennisteinn kæmi frá Nesjavallavirkjun að ástæða væri til að hafa verulegar áhyggjur af því. Ég vil benda hæstv. ráðherranum á að það er brennisteinsvetni sem það kemur, það er ekki brennisteinsdíoxíð. En brennisteinsdíoxíð er það sem er langhættulegast. Það er það sem veldur súru regni en ekki brennisteinsvetnið. (Gripið fram í.) Það er búið að mæla brennisteinsdíoxíð í nálægð Nesjavallavirkjunar og hefur ekki mælst hækkun á brennisteinsdíoxíði þar. Það hefur einnig verið mælt við virkjanirnar við Írafoss og þar er ekki heldur hækkun á brennisteinsdíoxíði. Ef menn hafa svona miklar áhyggjur af því að það komi svona mikið brennisteinsdíoxíð hvers vegna í ósköpunum vilja þeir þá bæta við öllu því sem kemur frá álveri. Það eru alveg stórfurðuleg ósköp að hlusta á þetta. (**Gripið fram í:** Mælingarnar sýna líklega að hitt er líka allt í lagi.) Ég undrast það að heyra þetta. Það er ekki von að þessum málum sé vel fyrir komið þegar heyrist hér að það sé allt í lagi að bæta við svo og svo miklu brennisteinsdíoxíði. Ég er hreint alveg undrandi og ég hef enn meiri áhyggjur en nokkru sinni fyrr af því hvernig þessum málum er komið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Mig langar til að halda aðeins áfram hugleiðingum sem umhvrh. hæstv. var með hér áðan og blandast inn í þær umræður sem orðið hafa um umhverfisþætti þessa máls. Nú dreg ég ekki í efa góðan hug hæstv. umhvrh., félaga míns, til þess að taka af myndugleika á umhverfismálum og mengunarvöldum hér í landinu í víðu samhengi og er síst að letja hann til þess að hafa allt sviðið undir. En hér á auðvitað við hið fornkveðna að það gerir eitt slys ekki betra þó önnur hafi hent. Og sé það svo, sem þeim er mikið kappsmál hér, sessunautunum, greinilega að koma inn í umræðuna, að veruleg hætta sé á skaðlegri mengun frá jarðgufuaflsstöðvum þá bætir það ekki ástandið. Það réttlætir ekki mengun frá annarri uppsprettu. Reyndar væri fróðlegt að fara í svolitlar umræður hér við viðskiptafræðinginn um efnafræði. Og úr því að hann er svona vel að sér um hegðan brennisteinsvetnis í lofti, miklu betur en allir aðrir íslenskir vísindamenn sem enn hafa ekki treyst sér til þess að gefa í raun og veru neinar markbundnar vísbendingar um það hvaða áhrif tiltekin útlosun á brennisteinsvetni kann að hafa úr eldgosum eða uppi á háhitasvæðum, þá bið ég hann að liggja ekki á slíkum vísdómi. Okkur er mikil þörf á því sem höfum eitthvað verið að nusa af þeim málum í gegnum tíðina að fá þetta fram. (**Gripið fram í:** Auðvitað veit hæstv. iðnrh. mikið betur .....) Já, ég segi það. Þó nú væri að iðnrh. vissi þetta og er nú ekki lítil gæfa fyrir þjóðina að eiga mann sem svona vel er að sér um hin ólíkustu svið sem tengjast hans málaflokki. (**Gripið fram í:** Hann skapaði heiminn.) Ég bið hann t.d. að gefa sig fram á næsta ársfundi Jarðfræðifélags Íslands og halda þar snotra fræðilega tölu um þetta efni sem honum er svona hugleikið og hann er svona vel að sér um að hann telur sig þess umkominn að kalla hér fram í fyrir öðrum ræðumönnum með þeim sérstaklega milda stíl sem hann temur sér þegar hann sýnir vitneskju og málflutningi annarra virðingu.

En ég verð að segja það á hinn bóginn að ég er hjartanlega ósammála hæstv. umhvrh. og mér þykir miður ef þær áherslur hafa verið eða verða lagðar af okkar hálfu að tilteknir hlutir í þessum efnum séu alls ekki á okkar valdi. Heyrði ég það virkilega rétt að umhvrh. hafi fyrir fram selt það í hendur viðsemjendanna eða viðræðuaðilanna að annaðhvort verði um vothreinsibúnað að ræða eða takmarkanir á brennisteinsinnihaldi í skautum. Það er ekkert í lögbókunum sem segir að hvort tveggja geti ekki verið fyrir hendi. Og það er bókstaflega ekkert sem kemur í veg fyrir það að metnaðarfullur umhvrh. í einu landi segi ósköp einfaldlega: Ég vil hafa hér hvoru tveggja, ýtrasta hreinsunarbúnað og tiltekin mörk hvað varðar óhreinku eða brennisteinsinnihald í skautum. Það er bókstaflega ekkert sem kemur í veg fyrir það. Þannig að það er auðvitað rangt og villandi að stilla dæminu þannig upp að annars vegar sértu með hágæða skaut með innan við 2% brennistein, hins vegar sértu með vothreinsun og þá eins skítug skaut og fara gerist. Þetta þurfa að sjálfsögðu ekki að vera andstæður sem menn þurfa að velja á milli. Og það liggur alveg fyrir að það er hægt að ná með vothreinsibúnaði átta til níu tíundu af þessari mengun burtu. Og vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur líka hug á því að efla iðnað og koma hér upp gifs- eða einangrunarplötuframleiðslu, sem

er góð hugmynd, þá hygg ég að það mætti með léttum hætti sameina í þeirri vinnslu hreinsun á koldíoxíði einnig. En staðreyndin er nú sú að koldíoxíð, sem er nákvæmlega það sem veldur gróðurhúsaáhrifum, er stærsta einstaka efnistegundin sem fer út við svona vinnslu, eða 1.8 tonn á móti hverju tonni áls. Og vissulega væri það gott ef með einhvers konar kölkun og þá gifsframleiðslu og síðan þilplötuframleiðslu væri hægt að slá þarna tvær flugur í sama rothögginu, þ.e. ná niður brennisteininum og koldíoxíðinu, og væri þá metnaður okkar og vegur orðinn nokkuð góður í þessum efnum ef það tækist. (Gripið fram í.) Það er auðvitað enginn málflutningur og ég vona að ég þurfi aldrei framar að hlusta á tvo ráðherra úr ríkisstjórn Íslands reyna að réttlæta meiri mengun frá þessari stassjón heldur en nokkur ástæða er til með því að það sé víðar mengunin. Það sé ólestur í skolpmálum, það séu kindur að bíta gras hér og þar í landinu o.s.frv. Það er bókstaflega enginn málflutningur og ég biðst undan því að þurfa að hlusta á slíkt framar af munni tveggja virðulegra ráðherra í ríkisstjórn Íslands úr þessum ræðustóli.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Við þingmenn höfum nú hér fylgst með sýnikennslu í því hvernig hæstv. ráðherrar tala saman. Ég efast ekki um að það sé fjör á ríkisstjórnarfundum ef umræður fara fram með þessum hætti, þar sem hver kennir öðrum, sérstaklega í vísindagreinum sem þeir hafa ekkert eða lítið lært í. Það er afar traustvekjandi fyrir íslenska þjóð og hv. Alþingi að fylgjast með þessum umræðum.

Það hefur annars, virðulegur forseti, verið nokkuð fróðlegt að hlusta á þær umræður sem hér hafa farið fram, bæði í dag en þó ekki síður á mánudagskvöldið var. Mér finnst það áberandi hvernig hv. utanbæjarþingmenn Framsfl. hafa í raun sætt sig við stöðu þessa máls eins og hún er í dag, sætt sig við staðsetninguna. Enn er þó athyglisverðara að hlýða á forustumenn Alþb., ekki síst hæstv. samg.– og landbrh. hvernig hann dró í land í sinni ræðu, færðist undan því að segja frá hver væri stefna Alþb. Hann minntist ekkert á fyrri yfirlýsingar Alþb. um það að ekki kæmi til greina að setja upp álver á höfuðborgarsvæðinu. Hann ítrekaði ekki þau sjónarmið sem hann hefur ítrekað a.m.k. tvívegis í blaðaviðtölum og ég hef hér undir höndum um það að hann telji að þessi staðsetning tilheyri atvinnusvæði höfuðborgarinnar. Reyndar viðurkenndi hann það í sinni ræðu en opnaði jafnharðan dyrnar þannig að ekki kom fram í hans máli að hann og hans flokkur hefði tekið afstöðu gegn þeirri staðsetningu sem þegar er ákveðin að sögn hæstv. iðnrh., þótt aðrir lýsi því yfir að enn hafi ekkert verið ákveðið í málinu endanlega í sjálfri hæstv. ríkisstjórn eins og rétt er.

Það var einnig athygli vert að hlusta á hv. 2. þm. Austurl. flytja eina af sínum ræðum gegn álverinu. Þessar tvær ræður sem fluttar voru af hv. þm. Alþb. lýsa því vel að á þeim bæ hafa menn ekki sætt sig við stöðu málsins en hafa þó ekki kjarkinn til þess að lýsa því yfir að þeir séu á móti því sem gerst hefur í málinu. Þetta segir sína sögu og ég leyfi mér að spá því að Alþb. muni standa að málinu þegar það kemur til kasta hæstv. ríkisstjórnar. A.m.k. bendir ekkert til þess eftir þessar umræður að svo verði ekki gert. Það er einnig athygli vert og kannski staðfestir þessa spá mína að þegar Alþb. samþykkti það á sínum tíma að Landsvirkjun fengi að nýta sér 100 millj. kr. lánsheimild af þeirri 300 millj. kr. heimild sem Alþingi hafði samþykkt á sl. ári, þá var framhald málsins bundið við það að staðsetningin lægi fyrir. Og reyndar sagði formaður þingflokksins, hv. 4. þm. Suðurl., að Alþb. hefði sett það skilyrði að ríkisstjórnin tæki ákvörðun um staðsetningu utan höfuðborgarsvæðisins.

Nú er mér kunnugt um að Landsvirkjun hefur þegar framkvæmt fyrir miklu meira en 100 millj. og enn koma þeir hér, hv. þm. Alþb., og jafnvel hæstv. ráðherrar, og segjast ekkert hafa samþykkt. Ég held að það hljóti allir að geta áttað sig á því að með því að leyfa Landsvirkjun að halda áfram þessum framkvæmdum, í þeirri þögn sem umlykur þetta mál felst samþykki. (Gripið fram í.) Það hlýtur að vera hæstv. ríkisstjórn og hæstv. iðnrh., sem er hæstv. iðnrh. á ábyrgð stjórnarmeirihlutans, þar á meðal á ábyrgð hv. 2. þm. Austurl. Hann getur ekkert flúið frá því.

Það var einnig athygli vert að hlýða á það hér að einn hv. þm. upplýsti að í sumar hefðu komið fram þær upplýsingar fram hjá þeim útlendingum sem í raun hafa ráðið staðarvalinu að Reyðarfjörður væri úr sögunni. Það segir auðvitað sína sögu. Það segir þá sögu að sú ákvörðun hafi legið fyrir mun lengur en hæstv. ráðherra vill vera láta. Ég vek athygli á því að þetta skuli hafa komið fram í þessari umræðu. Ég ætla ekki að hafa langt mál um afstöðu stjórnar Landsvirkjunar. Hv. 2. þm. Reykv. gerði það mjög glöggt, skýrði frá ýmsum nauðsynlegum þáttum málsins sem hafa komið fram í fundargerðum hennar og skýra á margan hátt stöðu málsins í stjórn Landsvirkjunar. Það liggur fyrir að stjórnin hefur lýst yfir nokkurs konar vantrausti á málsmeðferð iðnrh. Það er athygli vert að formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson, hefur lýst því yfir að yfirlýsing stjórnarinnar beinist gegn meðferð hæstv. ráðherra á málinu en ekki gegn formanni stjórnar Landsvirkjunar eins og skýrt kom fram í viðtali við hv. þm. í Tímanum hinn 12. okt. sl.

Menn hafa lýst eftir stefnu Sjálfstfl. í þessu máli. Ég vil í nokkrum orðum gera grein fyrir því hver er afstaða Sjálfstfl. til málsins eins og það stendur nú.

Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð var ekkert samkomulag um framgang álmálsins milli stjórnarflokkanna. Til að friða stóriðjuandstæðinga í stjórnarliðinu sagði hæstv. forsrh. að stjfrv. um byggingu álvers yrði ekki flutt nema stjórnarflokkarnir allir samþykktu það. Ef frv. yrði samþykkt án þess hefði myndast nýr meiri hluti á Alþingi. Þannig hefur álmálið verið eins og tímasprengja sem enginn veit hvort sprengir stjórnarsamstarfið eða verður aftengd

með einhvers konar samkomulagi.

Hæstv. iðnrh. hefur ásett sér, og lýst því í þessari umræðu, að leggja fram stjfrv. til heimildarlaga fyrir næstu mánaðamót og fá frv. afgreitt fyrir jól. Hæstv. forsrh. hefur tekið undir það en hann og hæstv. ráðherrar Alþb. hafa lagt áherslu á að enginn þáttur málsins sé enn afgreiddur í ríkisstjórn og þar á meðal staðarvalið. Þrátt fyrir sífelldar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. og undirskriftir hans undir ýmis viðræðuskjöl er enn ósamið um marga stóra þætti málsins, einkum þá sem varða orkukaupin en þau hafa langmesta þýðingu, enda verða þau að standa undir virkjunarkostnaðinum.

Stjórn Landsvirkjunar hefur samhljóða gagnrýnt hæstv. iðnrh. fyrir tök hans á málinu og telur að hann hafi þrengt samningsstöðu fyrirtækisins. Á næstunni mun stjórnin freista þess að knýja fram lausn á mikilvægum óleystum ágreiningsmálum sem varða orkukaupin. Áður en Landsvirkjun gengur endanlega frá samningi um orkukaupin verður hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir að lýsa stuðningi við alla þætti málsins, enda er um 50 milljarða fjárfestingu að ræða og eðlilegt að stjórn Landsvirkjunar fái fyrir fram að vita hvort hæstv. ríkisstjórn standi einhuga að baki slíkrar ákvörðunar. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. að allir þættir málsins hanga þannig saman.

Verði ekki samkomulag milli stjórnarflokkanna um málið leiðir það af yfirlýsingu hæstv. forsrh. að hæstv. ríkisstjórn verður að segja af sér eða falla frá samningum um nýtt álver. Sjálfstfl. hvorki vill né getur því bjargað ríkisstjórninni úr þeirri stöðu sem hún sjálf hefur komið sér í. Hrökklist hæstv. ríkisstjórn hins vegar frá kemur til kasta Sjálfstfl. Ráðherrar flokksins lögðu grunn að Atlantsálssamstarfinu, þingmenn hans hafa greitt götu málsins á þingi enda er flokkurinn eindregið fylgjandi því að Íslendingar eigi samstarf við erlenda aðila um orkufrekan iðnað til að bæta lífskjör þjóðarinnar. Þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn beri ein ábyrgð á viðræðunum við Atlantsálshópinn og núverandi stöðu málsins hljóta fulltrúar Sjálfstfl. að leggja sitt af mörkum til að ná viðunandi samningi þótt staðan sé þröng. Hlaupi hæstv. ríkisstjórn frá hálfköruðu verki vegna innbyrðis ágreinings um þetta mikilvæga mál hlýtur það að vera skylda Sjálfstfl. að mynda meiri hluta á Alþingi til að tryggja framgang þess. Þar sem staða Sjálfstfl. á Alþingi er mun veikari en meðal þjóðarinnar verður hins vegar ekki séð að það geti gerst án undangenginna kosninga. Ég vona að það sem hér hefur verið sagt skýri sjónarmið Sjálfstfl. til núverandi stöðu málsins.

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Austurl. sagðist í ræðu sinni á mánudagskvöldið lýsa yfir furðu sinni vegna þess að hann hafi heyrt það í ræðu minni að ég hefði áhyggjur af landsbyggðinni og benti á að sá sem hér stendur hafi lagt grunn að því þegar í upphafi þessa máls að byggja verksmiðju hér á suðvesturhorni landsins. Ég vona satt að segja að þessi málflutningur sýni ekki það sem hv. þm. beitir í sínu kjördæmi. Ég vil rifja það upp að þegar þetta mál var í undirbúningi urðum við Íslendingar að bjóða upp á besta kostinn til þess að endurvekja traust á landinu. En því miður hafði það gerst mörg ár á undan að útlendingar höfðu ekki það traust á íslenskum stjórnvöldum að þeir vildu semja við þau um orkufrekan iðnað. Það hefur ætíð verið ljóst og einnig í tíð síðustu ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, hv. 1. þm. Suðurl., að staðið hefur til að beina erlendum samstarfsaðilum að öðrum byggðum heldur en suðvesturhorninu. Og ég vek athygli á því að á þeim tíma sem ég var í iðnrn. var rætt við Alumax, Hydro Aluminium og Aluminia Spa og þeim bent á að íslensk stjórnvöld hefðu áhuga á því að beina verkefnum til annarra landshluta. En við urðum að taka fyrsta skrefið fyrst, síðan koma hin á eftir. Og það er kannski eitt það mikilvægasta í þessu máli að átta sig á að ef þetta tækifæri sem við höfum nú rennur út í sandinn af einhverjum ástæðum, þá getur orðið harla erfitt að endurvekja enn á ný traust á íslenskum stjórnvöldum.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að hæstv. samgrh. kaus að ræða ekki það sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. Það var einn þátturinn í upptalningu hæstv. ráðherra er varðaði byggðamálin og áhrif á byggðina að í framhaldi af stórvirkjunum yrði að sjálfsögðu að gera átak í samgöngumálum. Ég tel að þessi yfirlýsing þýði það að hæstv. iðnrh. er að halda því fram, og það með talsverðum rétti, að það þurfi að draga úr opinberum framkvæmdum, þar á meðal á sviði samgöngumála, um skeið á meðan við erum að virkja stórt. En eftir það eigum við að einhenda okkur í samgöngumannvirki. Ég leyfi mér að skilja orð hæstv. ráðherra á þennan veg og bendi á að hæstv. samgrh. hefur í blaðaviðtali hafnað þessum sjónarmiðum. Hér á hinu háa Alþingi kaus hann að nefna þetta ekki í sinni ræðu sem ég tel að sé vegna þess að hæstv. samgrh. vill eiga bakdyrnar opnar í þessu máli.

Ég get því miður ekki fjallað hér um áhættuna og orkuverðið eða skipulagsbreytingar á Landsvirkjun. Það gefst betra tækifæri til þess síðar. Mér finnst hins vegar koma til greina að kannað verði hvort ríkið eigi að bera aukna ábyrgð á áhættunni í þessum samningum á móti því að njóta ágóðans ef hann verður umfram ákveðin mörk. Þetta er slíkur stórsamningur sem verið er að gera, þetta eru slíkar stórframkvæmdir að það kann að vera eðlilegt að ríkið komi í meira mæli inn með einhvers konar ábyrgð á samningunum og taki þá ágóðann, ef hann verður umfram ákveðin mörk, m.a. í því skyni að bæta við fjármunum sem ganga til landsbyggðarinnar til að byggja upp atvinnufyrirtæki þar sem bætt geta lífskjörin.

Ég ætla ekki heldur að ræða hér um umhverfismálin. Það hefur verið mín skoðun frá upphafi að það þurfi að gæta mjög vel að umhverfisþættinum og mengunarþættinum. Það hefur ávallt fylgt þessu máli frá upphafi og er þá sama hvort rætt verður um flúorinn, sem verður í lokuðu kerfi sem mest, brennisteinsdíoxíðið eða koldíoxíðið. Öll þessi atriði og fleiri mengunarþætti þarf auðvitað að hafa í

huga og ég treysti því að það mál verði leyst eins og best verður á kosið. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að auðvitað skiptir það miklu máli fyrir heimsbyggðina alla að hægt sé að beisla árnar á Íslandi og framleiða þannig raforku sem er mengunarlaus og taka fremur úr sambandi þær raforkustöðvar sem nota kol og aðra mengandi orkugjafa til þess að breyta í rafmagn.

Ég tel að þessar umræður, virðulegi forseti, hafi verið ágætar út af fyrir sig. Það var skemmtilegt að hlusta á suma hv. þm. tala, ekki síst hv. þm. Níels Árna Lund sem hér kom upp og sagðist hafa orðið þess áskynja að flestir ef ekki allir stjórnarþingmenn hefðu talað einum rómi í þessu máli, verið innilega sammála. Mér fannst nokkuð skemmtilegt að hlusta á hv. þm. og tel að þar sé komið forsætisráðherraefni fyrir Framsfl. í næstu ríkisstjórnir því að eins og allir vita eru hv. framsóknarmenn allra manna liprastir að sjá margar hliðar á teningnum á sama tíma.

Ég verð hins vegar að segja það í lok þessara umræðna að í raun er maður ekki miklu nær um stjórnarstefnuna. Því hefur verið lýst yfir að leggja eigi fram frv. til heimildarlaga um næstu mánaðamót. Í dag er 18. október. Það eru tvær vikur til stefnu. Það er vitað mál að það tekur lengri tíma að ná botni í málum sem nú eru til umræðu og afgreiðslu hjá Landsvirkjun. Því er lýst yfir og það viðurkennt að enginn þáttur þessara samninga sé enn afgreiddur af ríkisstjórn. Þetta eru helstu niðurstöðurnar úr þessari umræðu sem þýðir það að Alþingi Íslendinga hlýtur á næstunni að fá þetta mál aftur upp á borð til sín. Vonandi hafa þá málin skýrst betur en kom fram í þessari umræðu sem hér er um það bil að ljúka. Enn þá tifar þess vegna tímasprengjan sem þessi hæstv. ríkisstjórn smíðaði við upphaf stjórnarferilsins og enn veit íslenska þjóðin ekkert um það hvort sú sprengja kemur til með að springa á næstunni eða ekki.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það kemur auðvitað ekki á óvart að hæstv. forsrh. hafi ekki tíma til að vera hér við þessa umræðu og má kannski einu gilda, en ég hélt að ég hefði komið þeirri beiðni mjög skýrt til hæstv. forseta að ég óskaði eftir því að hann yrði viðstaddur þessar umræður, sér í lagi vegna þess að komið hafa upp mismunandi fullyrðingar milli einstakra ráðherra um það hvaða ákvarðanir hafa verið teknar í ríkisstjórn og hvernig þetta mál standi þar. Sýnir þetta einungis að stjórn þingsins er það slöpp að hún ræður ekki við einstaka ráðherra og getur ekki séð til þess að nauðsynleg svör séu gefin hér á hinu háa Alþingi þegar mál eru tekin til meðferðar. Raunar er svo komið í formlegum fyrirspurnatímum á Alþingi að forseti þingsins telur sig ekki hafa neinar skyldur við þingmenn til að knýja fram svör frá framkvæmdarvaldinu ef einstakir ráðherrar neita að svara beinum fyrirspurnum sem til þeirra er beint með þinglegum hætti. Við það verður að sitja um sinn.

Ég vil spyrja hæstv. landbrh. að því hvort það hafi verið rétt skilið þegar ég hlýddi á ræðu hans hina fyrri sl. mánudag að engin ákvörðun hafi verið tekin í ríkisstjórninni um það hvar álverinu yrði valinn staður. Ég vakti athygli á þessu atriði á þriðjudagsnótt. Hér inni er hæstv. iðnrh. og hann vék ekki einu einasta orði að þessu sérstaka atriði í ræðu sinni hér áðan. Hann gerði mikið úr því hversu merkilegt starf hans hefði verið í sambandi við það að reyna að koma álverinu út á land. Við sjáum nú hver niðurstaðan í því er.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir er tekið fram í niðurstöðum sem eru á síðustu prentuðu síðunni að það sé álit ráðgjafarnefndar um umhverfisáhrif iðjuvera að umhverfisröskun við byggingu og rekstur álvers verði minnst á Keilisnesi, nokkru meiri í Eyjafirði en mest í Reyðarfirði. Síðan segir orðrétt:

„Talsverður munur er að þessu leyti á tveimur fyrrnefndu stöðunum og Reyðarfirði. Miðað við þá vitneskju sem nefndin hefur aflað sér þá er það álit hennar að með byggingu álvers af þessari stærð í botni Reyðarfjarðar væri tekin meiri áhætta en svo, að það teldist verjandi."

Ég veit ekki hvort ég átti að skilja ummæli hæstv. iðnrh. svo að honum hafi verið ókunnugt um þessa niðurstöðu nefndarinnar á fundi Fjórðungssambands Norðlendinga síðustu helgina í ágústmánuði. Ég efast satt að segja um að svo sé. Það má vel vera að þessi nefnd, umhverfisnefndin, hafi haldið þessum heimildum fyrir ráðherranum. Það getur líka vel verið að hæstv. ráðherra hafi ekki séð ástæðu til þess að spyrja nefndina að hvaða niðurstöðu hún hefði komist áður en hann fór norður til Sauðárkróks. En eftir þeim upplýsingum sem við þingmenn Norðurl. e. höfum eftir fund okkar í byrjun ágústmánaðar með formanni ráðgjafarnefndar og ýmsum öðrum fulltrúum iðnrn. lá þá ljóst fyrir í hugum þeirra manna að Reyðarfjörður væri ekki inni í myndinni. En ég skildi hæstv. iðnrh. svo að honum hefði ekki verið kunnugt um þessa niðurstöðu umhverfisnefndarinnar fyrr en í septembermánuði, kannski ekki fyrr en í október. Það er svo að skilja. Auðvitað er ekkert við því að segja. Hann hafði falið öðrum mönnum að fylgjast með þessu starfi og kannski þess vegna ekkert við því að segja þó að honum hafi verið ókunnugt um þessa niðurstöðu umhverfisnefndar.

Ég vil í öðru lagi segja að ekki hefur verið upplýst nú við umræðurnar af einstökum ráðherrum hvort það sé rétt sem fleygt hefur verið að innan ríkisstjórnarinnar hafi menn verið þeirrar skoðunar, kannski forsrh., kannski fleiri ráðherrar, að orkusamningarnir væru í höndum stjórnar Landsvirkjunar. Hins vegar hefur verið upplýst að stjórn Landsvirkjunar var synjað um upplýsingar þó svo að formaður stjórnar Landsvirkjunar væri sami maður og formaður ráðgjafarnefndar. Það er því alveg ljóst að hæstv. ráðherra vildi ekki leyfa stjórn Landsvirkjunar að fylgjast með þeim upplýsingum sem fengust í viðræðum við hina erlendu viðsemjendur.

Það er líka ljóst og hefur verið yfirlýst af tveimur fulltrúum í ráðgjafarnefndinni að iðnrh. hafði synjað þeim um upplýsingar vegna þess að þessi samningsgerð átti að vera í höndum stjórnar Landsvirkjunar.

Nú væri fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. landbrh. hvort það sé rétt skilið hjá mér í fyrsta lagi að ríkisstjórnin hafi ekki gengið frá staðarvalinu með formlegum hætti. (Gripið fram í.) Það er rétt skilið. Í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir stendur á hinn bóginn að samningar hafi verið gerðir við sveitarfélög á Suðurnesjum um að miða fasteignagjöld við fasteignamat álvers sem jafngildi 160 millj. Bandaríkjadala í ísl. kr. og fleiri setningar lúta að því að búið sé að ná samkomulagi við sveitarfélögin á Suðurnesjum um einstök atriði varðandi samskipti þeirra við álverið og ég held að af þeim sökum sé óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. iðnrh. um það hvort þeir samningar hafi þá verið gerðir með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar eða hvort hæstv. iðnrh. telji sig hafa heimild til bindandi samkomulags af þessu tagi óháð því hvað ríkisstjórnin samþykki en bindi sig eingöngu við Alþingi í þeim efnum og þær samþykktir sem Alþingi kann að gera. Ef svo er er það auðvitað yfirlýsing um að iðnrh. telur sig hafa heimild til þess að fara með þetta mál í trássi við ríkisstjórnina og telur sig ekki þurfa að starfa í umboði hennar að samningagerð við hina erlendu aðila eða íslensk sveitarfélög ef svo stendur á.

Nú hefði auðvitað verið fróðlegt, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. hefði getað verið hér við til þess að kveða upp úr um það hvernig hann lítur á þetta mál. Hér liggur fyrir skýrsla iðnrh. sem er lögð fram sem stjfrv., og þess vegna hlýtur samþykki ríkisstjórnarinnar að vera á bak við þessa skýrslu, um að staðurinn sé ákveðinn. Þetta er formleg skýrsla ráðherra borin fram í umboði ríkisstjórnar. Ráðherra, sem hér er staddur í salnum, segir á hinn bóginn að ríkisstjórnin hafi ekki tekið ákvörðun um staðarvalið og eins og ég sagði hér um nóttina hefur það vakið athygli að hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson hefur gaman af því að gera því skóna í sínu austfirska málgagni að Alþingi geti tekið völdin af iðnrh. í þessu máli.

Það er annað atriði sem ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á og það er spurningin um hvort hinum erlendu aðilum sé heimilt að vísa ágreiningi sem upp kemur til alþjóðlegs gerðardóms, eins og stundum er komist að orði, en slíkt ágreiningsefni verði ekki endilega leyst fyrir íslenskum dómstólum. Á bls. 12 í skýrslu iðnrh. undir staflið j stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslensk lög verði ráðandi um túlkun og framkvæmd samninga og að ágreiningsmál verði almennt leyst samkvæmt íslenskum lögum fyrir íslenskum dómstólum eða gerðardómi samkvæmt íslensku gerðardómslögunum."

Þetta orð „almennt" hefur í þessu samhengi samkvæmt minni málvitund merkinguna yfirleitt. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvernig beri að skilja orðið almennt í staflið j. Þýðir „almennt" í þessu sambandi ávallt eða þýðir það yfirleitt? Það er þetta sem mér þætti nauðsynlegt að fá upplýsingar um.

Víðar er talað um gerðardóm í þessari skýrslu. Stundum er tekið fram að heimilt sé að skjóta máli til gerðardóms samkvæmt íslensku gerðardómslögunum. Stundum er látið við það sitja að tala um gerðardóm. Ég hlýt þess vegna að spyrja hæstv. ráðherra hvort það beri að skilja svo að þegar talað er um gerðardóm í þessu samkomulagi sé ávallt átt við íslenskan gerðardóm samkvæmt íslensku gerðardómslögunum eða hvort samkomulag hafi orðið um það að ágreiningsmál verði lögð fyrir alþjóðlegan gerðardóm undir einhverjum mjög sérstökum kringumstæðum sem hljóta þá að vera nákvæmlega skilgreindar.

Ég tel nauðsynlegt, hæstv. forseti, að þetta komi fram. Í fyrsta lagi virðist það liggja fyrir, a.m.k. varðandi Reyðarfjörð, að vitneskja um að álver gæti ekki risið þar af mengunarástæðum hefur legið fyrir mjög lengi. Í öðru lagi virðist ljóst að innan ríkisstjórnarinnar er ekki samstaða um það hvar álver skuli vera og engin samþykkt hefur verið gerð innan ríkisstjórnarinnar um það að álver rísi á Keilisnesi. Í þriðja lagi vil ég óska eftir að fá upplýsingar um þessi sérstöku atriði.

Ég læt svo að síðustu aðeins í ljós þá skoðun að erfitt sé fyrir einstaka þingmenn að glöggva sig á öllum staðreyndum þessa máls. Ég fór t.d. fram á það í byrjun ágústmánaðar að fá, sem þingmaður Norðurl. e. og fyrir hönd Sjálfstfl., send þau gögn sem þá lágu fyrir varðandi staðarval og var vel tekið í það. Síðan eru liðnir tveir mánuðir rúmir og mér hafa ekki borist gögnin enn, þannig að vilji ráðherra virðist ekki standa til þess að einstakir þingmenn stjórnarandstöðu fái sömu gögn í hendur varðandi álmálið og dreift er meðal stjórnarþingmanna.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur gert hér nokkrar athugasemdir og komið með nokkrar fyrirspurnir.

Ég hlýt að sjálfsögðu að andmæla því harðlega að ég hafi gefið rangar upplýsingar um staðarvalið eða þær athuganir sem lágu á bak við það. Það er rangt að það hafi legið fyrir mjög lengi, eins og hv. þm. komst að orði, að staðurinn yrði Keilisnes eða að Reyðarfjörður væri útilokaður. Það er rangt, einfaldlega af því að staðarvalinu ráða fleiri þættir en umhverfisþátturinn einn og eftir að álit umhverfismanna lá fyrir, sem reyndar var í september, þetta álit sem hér er rætt eins og kemur fram af forsíðu þess, lá ekki fyrir fyrr en þá, sem svarar að hluta spurningu þingmannsins. Þá kom til álita, eins og kemur fram af hinni fáorðu lýsingu á staðarvalsþætti málsins í skýrslunni sem dreift var til þingsins fyrir viku, að meta það á móti öðru hvort eitthvað annað væri hægt að taka þar til greina sem réði annarri niðurstöðu því að auðvitað er hér ekki um einfalt eða einþætt mál að ræða eins og þingmaðurinn lætur að liggja. Þess vegna hlýt ég að andmæla

því harðlega að hann haldi slíkum þvættingi fram.

Í öðru lagi hélt hv. þm. því fram að ég hefði haldið upplýsingum frá stjórn Landsvirkjunar. Það væri ljóst, eins og hann sagði, að ég hefði haldið upplýsingum frá þessari stjórn um orkusamninginn. Þetta er að sjálfsögðu fjarstæða. Ekkert — ég endurtek, ekkert hefur verið á blað fest um orkumálin í þessum samningaviðræðum án þess að það hafi verið með þátttöku fulltrúa frá Landsvirkjun og með þeirra aðild. (**HBl:** Ég sagði varðandi álmálið.) Ég sagði það sem ég sagði, hv. þm. (Gripið fram í.) Engu hefur verið haldið leyndu fyrir þeim, enda hafa þeir haft greiðan aðgang að því allan tímann og að sjálfsögðu sérstaklega um orkumálin þar sem það er á þeirra vegum að semja um þau mál. Og að þingmaðurinn skuli leyfa sér að halda fram svona fjarstæðu er dapurlegt, að ekki sé meira sagt.

Allir þeir samningar sem hér hafa verið ræddir og þau atriði sem lýst er í áfangasamkomulaginu frá 4. okt. eru með fyrirvara um að samningar í heild náist að lokum og að sjálfsögðu að auki með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þetta veit þingmaðurinn en spyr þó.

Síðan kem ég þá að því sem hann spurði um sérstaklega vegna atriða í skýrslunni sem dreift var hér fyrir viku. Hann spurði í fyrsta lagi hvort það væri almennt rétt að þegar talað væri um gerðardóm væri átt við gerðardóm samkvæmt íslensku gerðardómslögunum. Svarið er að það er ævinlega svo í þessum samningi eða þessum drögum að samningi sem hér liggur fyrir að þegar rætt er um gerðardóm er átt við gerðardóm samkvæmt íslensku gerðardómslöggjöfinni. Hv. þm. spurði um merkingu orðsins „almennt" í staflið j í 2. gr. á bls. 12 í skýrslunni, í þskj. 8. Svarið er að þarna þýðir orðið „almennt", eins og ég skil þetta, eins og þingmaðurinn orðaði það, yfirleitt, þ.e. hin almenna regla er að um túlkun á framkvæmd samningsins gildi íslensk lög og að ágreiningsmál verði yfirleitt leyst fyrir íslenskum dómstólum en eingöngu í undantekningartilfellum með gerðardómi samkvæmt íslensku gerðardómslögunum. Skýrara getur þetta varla verið á þessu stigi máls en sjálfsagt að staðfesta það.

Að endingu, vegna þess sem hv. þm. sagði, að hann hefði ekki fengið upplýsingar um staðarvalið, eða þingmenn Sjálfstfl., langar mig að endingu að benda á það að í ráðgjafarnefndinni hafa jafnan starfað menn sem vitað er að hafa trúnað sjálfstæðismanna og beinlínis ráð fyrir því gert með samtölum við forustumenn sjálfstæðismanna að þeir gegni þeirri upplýsinga- og miðlunarskyldu auk þess sem, eins og vel er kunnugt, ég hafði í haust eða síðsumars samband við forustu Sjálfstfl. einmitt til að láta í té allar upplýsingar um málið, þar með talið staðarvalið, með því fororði að það væri að sjálfsögðu kynnt þingmönnum flokksins eftir því sem þeir teldu þörf á og öll aðstoð boðin frá starfsmönnum iðnrn. og markaðsskrifstofu Landsvirkjunar til þess að skýra málið ef það mætti að gagni koma. (**ÞK:** Var þetta sagt á fyrsta fundi?) Þetta var sagt þá já.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi vísaði ég til ummæla hv. 2. þm. Reykv. sem sæti á í stjórn Landsvirkjunar, Birgis Ísl. Gunnarssonar, og ræðu hans hér á mánudag um samskipti stjórnar Landsvirkjunar við ráðgjafarnefndina og mér skilst að hæstv. iðnrh. kalli hv. 2. þm. Reykv. ósannindamann af því sem hann sagði þá um þær upplýsingar sem ekki lágu lausar við stjórn Landsvirkjunar, og skal ég ekki um það segja. Það er mál hv. 2. þm. Reykv. og iðnrh. hvor þar sagði satt. En ég mun að sjálfsögðu inna hann nánar eftir því.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að tveir ráðherrar Alþb. a.m.k., hæstv. menntmrh. og hæstv. landbrh., hafa lýst því yfir að það væri algjört skilyrði af hálfu Alþb. um stuðning við álver að það lyti að öllu leyti íslenskum lögum. Nú er það yfirlýst af hæstv. iðnrh. að í þeim samningadrögum sem fyrir liggja er gert ráð fyrir að þau atvik geti komið upp sem geri það nauðsynlegt að alþjóðlegur gerðardómur skeri úr um ágreiningsefni milli Álfélagsins og íslenskra stjórnvalda, þar sem iðnrh. hefur staðfest þann skilning minn að orðið „almennt" í staflið j, um niðurstöðu í meginatriðum um samningsatriði er varða aðalsamninginn, þýði yfirleitt. Ég er ekki að gagnrýna að sá háttur skuli á hafður. Ég vek einungis athygli á því að Alþb. hefur gert það að algjöru skilyrði, ekki veit ég betur, að öll slík ágreiningsmál verði leyst fyrir íslenskum dómstólum.

Ég vil í þriðja lagi vekja athygli á því að ég spurði hæstv. iðnrh. að því í minni ræðu hvort þessi skýrsla væri lögð fyrir þingið á hans ábyrgð eina en ekki ríkisstjórnarinnar. Ég spurði hann að því hvort hann teldi sig þurfa að bera einstök efnisatriði undir ríkisstjórnina, fá samþykkt hennar í sambandi við álsamningana, og hann svaraði með því að tala um að álsamningarnir yrðu að lokum bornir undir Alþingi sem við vitum auðvitað báðir að hefur úrslitaorðið í þessum efnum. Með ummælum sínum staðfesti hæstv. iðnrh. að hann vinnur að samningsgerðinni við Atlantalhópinn á eigin ábyrgð og hluta ríkisstjórnarinnar en ekki í nafni ríkisstjórnarinnar allrar.

Það er nauðsynlegt, hæstv. forseti, að þetta komi fram. Það lýsir því að ríkisstjórnin er ekki samhent í þessu máli. Þvert á móti er hún sundruð. Það veikir samningsstöðu okkar og gerir framgöngu hæstv. iðnrh. í málinu ótrúverðuga, bæði gagnvart Íslendingum og erlendum samningamönnum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er það ekki rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að ég hafi staðfest að í sumum deilumálum skuli gilda alþjóðlegur gerðardómur. Maðurinn hlýtur að tala gegn betri vitund vegna þess að ég sagði hér mjög skýrt að jafnan þegar átt er við og nefndur gerðardómur í þessum textum er verið að tala um gerðardóm samkvæmt íslensku gerðardómslöggjöfinni. Það vill nú svo til að í gildi eru íslensk lög um þá úrlausnaraðferð sem er að sjálfsögðu ágæt aðferð þegar svo stendur á. Þó er

hún sett fram hér sem undantekningarregla. En af því að hv. þm. þrástagast á þessu hlýt ég að koma hér og segja: Hann hlýtur að hafa misheyrt þetta því hér er verið að tala um það sem skýrt stendur skrifað: Almenna reglan er íslenskir dómstólar, í undantekningartilvikum gerðardómur samkvæmt íslensku gerðardómslöggjöfinni. Aðalreglan að sjálfsögðu íslensk lögsaga, íslenskt forræði í þeim skilningi. Þetta er mjög mikilvægt að menn hafi alveg skýrt og séu ekki hér að draga ályktanir af orðum annarra um einhverja allt aðra hluti. (**HBl:** Almennt þýðir yfirleitt.) Að öðru leyti, virðulegur þm., þarf ekki að fjalla frekar um þetta út frá því sem þingmaðurinn sagði. Þetta talar allt saman fyrir sig sjálft.

Friðrik Sophusson:

Forseti. Ég skal vera afar stuttorður því að ég býst við að hæstv. forseti telji að kominn sé tími til að ljúka þessari umræðu. Ég kemst þó ekki hjá því vegna orða hæstv. ráðherra um ábyrgð Landsvirkjunar og Landsvirkjunarstjórnar á þessu máli að vekja athygli á því að hv. 2. þm. Reykv. gerði mjög ítarlega grein fyrir þessu máli í sinni ræðu hér um daginn. Hv. þm. getur því miður ekki verið við umræðuna hér í dag, en það er full ástæða til að rifja upp það sem hann sagði, einkum og sér í lagi um það dæmi sem hæstv. ráðherra notaði þegar hann var að benda á það að um væri að ræða ábyrgð Landsvirkjunarstjórnarinnar. Hæstv. ráðherra benti á að Landsvirkjunarstjórnin hefði á sínum tíma rætt það hvort og hvernig skyldi notuð sú heimild sem Alþingi samþykkti á sl. vori. Hv. þm. rakti það að Landsvirkjunarstjórnin ræddi þetta mál á fundi sínum, óskaði eftir frekari upplýsingum frá hæstv. ríkisstjórn, þ.e. frá iðnrn., og eftir að ráðuneytið skrifaði bréf var ákvörðun tekin í stjórn Landsvirkjunar og hv. þm. vitnaði í þetta bréf svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur að sá árangur hafi orðið í viðræðum um nýtt álver á samningafundum með Atlantsálsaðilunum í lok júní sl. að eðlilegt sé að hefja þegar þann undirbúning sem Landsvirkjun telur nauðsynlegan á þessu ári til þess að unnt verði að afhenda nýju álveri orku á árinu 1994."

Þetta er orðrétt úr bréfi sem ráðuneytið skrifar Landsvirkjun 17. júlí.

Ég tel, virðulegi forseti, þótt mönnum þyki kannski þetta vera hin smærri atriði að það hljóti að standast sem ekki bara meiri hluti sjálfstæðismanna í Landsvirkjunarstjórninni segir heldur öll Landsvirkjunarstjórnin og það kemur í ljós þegar skoðaðar eru undirskriftir manna í þessu máli að skrifað er undir fyrir hönd ráðgjafarnefndar. En ráðgjafarnefndin er vængstýfða viðræðu- og samninganefndin sem var til áður en hæstv. ráðherra setti á laggirnar til þess að hafa öll snæri og alla spotta í sínum höndum. Vegna þess að hæstv. ráðherra kaus að drepa á þessa umræðu nú taldi ég mér skylt að rifja þetta upp. Ég tel því alveg ljóst að ráðuneytið sem slíkt og þeir sem starfa á ráðuneytisins vegum tóku á sig og hafa borið ábyrgð á þessu verki jafnvel þótt þeir hafi notfært sér tæknilega þekkingu og aðstoð ýmissa starfsmanna Landsvirkjunar sem fyrirtækis. Þetta vil ég að komi fram, ekki síst vegna ræðu hæstv. ráðherra hér fyrr í dag og vegna þess að hann hefur látið í sínu ráðuneyti fara fram talningu á því í fundargerðum Landsvirkjunarstjórnarinnar hve oft mál þetta hefur borið á góma í Landsvirkjunarstjórn, en eins og allir vita situr ráðuneytisstjóri iðnrn. í Landsvirkjunarstjórn fyrir hönd hæstv. ráðherra.

Ég tel að þrátt fyrir orð hæstv. ráðherra standi það sem fulltrúar þings og sveitarfélaga hafa sagt og komið hefur glögglega fram í ýmsum yfirlýsingum og álitsgerðum Landsvirkjunarstjórnarinnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Sú málflutningsaðferð sem hv. 1. þm. Reykv. velur er mjög sérkennileg. Hann velur að koma hér í ræðustól við lok þessarar umræðu til þess að endurtaka part úr ræðu hv. 2. þm. Reykv. frá því á mánudag. Ég hafði að sjálfsögðu fjallað um þau orð sem þar voru sögð í fyrri ræðu minni hér í dag. Ég tók þar fram, eins og hv. 1. þm. Reykv. er mætavel kunnugt, að þetta mál hefur ítrekað verið á dagskrá funda stjórnar Landsvirkjunar, að Landsvirkjun hefur haft öll færi á því að hafa af málinu afskipti, hefur enda verið rekið á þess fyrirtækis vegum. Þar hafa skýrslur og greinargerðir um orkuverð verið ræddar og aldrei hvarflað að neinum sem getur séð þau gögn að þar sé verið að fjalla um einhver önnur mál.

Ég vildi líka taka það skýrt fram, eins og hver maður getur séð sem les skýrsluna sem hér er fram lögð, að undir samkomulagið um orkuverðið er ritað fyrir hönd íslensku samninganefndarinnar. Það hefur enginn sem ég hef hitt, hvorki innlendur maður né erlendur, vefengt umboð stjórnarformanns, forstjóra, aðstoðarforstjóra, lögfræðinga eða tæknilegra forráðamanna Landsvirkjunar til þess að ræða samningagerð á vegum fyrirtækisins. Hafa þeir enda stöðuumboð til þess samkvæmt réttum lögum. Hafa þeir enda kynnt sínum umbjóðanda, stjórninni, reglulega það sem þarna var á ferðum. Þess vegna tel ég það með furðulegum hætti að menn skuli hér og nú halda því fram að þetta hafi verið eins konar utanlegsfóstur. Það er ekki. (**FrS:** Var það samninganefnd Landsvirkjunarstjórnarinnar?) Ég er að segja þér hvernig þetta er stofnað og þú veist sjálfur, virðulegur þingmaður, að þetta er með nákvæmlega sama hætti og var í tíð hæstv. þáv. iðnrh. Friðriks Sophussonar, núv. hv. 1. þm. Reykv. Vegna þess að hv. þm. tók dæmið sem ég notaði hér í umræðunum fyrr um ákvarðanir um að ráðast í framkvæmdir á grundvelli framvindu samninganna sem mark um það að þar hefði Landsvirkjun verið með á nótunum, svo að maður noti nú hversdagslegt málfar, þá get ég líka tekið önnur dæmi og ítrekað þau úr því að menn eru hér farnir að ítreka sínar ræður, að tvívegis sendi Landsvirkjunarstjórnin erindi á grundvelli viðræðna um orkusölu til þessa nýja Atlantsálsverkefnis, 6. okt. 1988, eins og ég nefndi, og 18. jan. 1990, þar sem óskað er eftir því að aflað sé

frá Alþingi virkjanaheimilda til þess að anna þörf fyrir slíka áliðju. Slík erindi verða að sjálfsögðu ekki skilin frá kjarna þessa máls og sýnir að sjálf sögðu að stjórnin hefur fylgst með því og að þessu leyti tekið frumkvæði, eðlilegt frumkvæði, því að það er eins og menn hafi stundum gleymt því til hvers Landsvirkjun var stofnuð.

Efnisskrá.

Ábyrgðadeild fiskeldislána (35. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 149.
Átak gegn einelti (9. mál) 181.
Drengskaparheit unnin 9, 24.
Forseti Íslands setur þingið 2.
Íslenska óperan (4. mál) 169.
Jöfnun orkukostnaðar (5. mál) 175.
Kosning forseta og skrifara 9, 12, 14.
Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa 16, 17, 18, 20.
Mannanöfn (28. mál, heildarlög) 112.
Minning Alfreðs Gíslasonar 21.
Minning Ásbergs Sigurðssonar 3.
Minning Geirs Hallgrímssonar 5.
Minning Páls Þorsteinssonar 4.
Minning Stefáns Jónssonar 7.
Rannsókn álmálsins (12. mál) 150.
Rannsókn kjörbréfa 9, 23.
Ráðstafanir vegna kjarasamninga (34. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 161.
Stjórnarskipunarlög (2. mál, útgáfa bráðabirgðalaga) 133, 161.
Sætaskipun 13, 15.
Tollalög (11. mál, tollverð) 165.
Umræður utan dagskrár 24, 202 (bygging og rekstur álvers); 186 (framkvæmd flugmálaáætlunar); 194 (bráðabirgðalög um launamál).
Varamenn taka þingsæti 8, 22, 168.
Vernd barna og ungmenna (29. mál, heildarlög) 122.
Þingmennskuafsal Guðrúnar Agnarsdóttur 8.
Þingsetning 1.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 2.
Aldursforseti Sþ. Stefán Valgeirsson 3, 8, 9, 10.
Aldursforseti Ed. Þorv. Garðar Kristjánsson 12.
Aldursforseti Nd. Stefán Valgeirsson 14.
Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 10, 11, 21, 22, 23, 24, 74, 75, 110, 168, 174, 180, 188, 195, 196, 202, 207.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 221.
Forseti Ed. Jón Helgason 12, 13, 20.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 14, 150, 154, 156.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 31, 197, 202.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 42, 149, 161, 164.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 67, 187, 191, 247.
Menntmrh. Svavar Gestsson 112, 120, 122, 129, 169, 173, 174.
Umhvrh. Júlíus Sólnes 54, 241.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 34, 110, 175, 179, 181, 228, 256, 258, 260.
Alexander Stefánsson 178, 191.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 97, 159, 181, 199.
Birgir Ísl. Gunnarsson 83, 171.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 118, 194, 196, 200.
Egill Jónsson 80, 177, 188, 193.
Eiður Guðnason 119.
Ellert Eiríksson 226.
Friðrik Sophusson 24, 111, 249, 259.
Guðmundur G. Þórarinsson 61, 223.
Guðrún J. Halldórsdóttir 128, 185, 241.
Guðrún Helgadóttir 140.
Halldór Blöndal 10, 74, 104, 110, 111, 219, 253, 258.
Hjörleifur Guttormsson 145, 154, 175, 177, 180, 181, 198, 208.
Hreggviður Jónsson 142, 157, 161, 163, 165, 168.
Ingi Björn Albertsson 165.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 158, 202.
Jón Helgason 132.
Jón Kristjánsson 95, 186, 193.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 9.
Kristinn Pétursson 147, 194, 199, 205.
Kristín Einarsdóttir 48, 133, 149, 156, 246.
Matthías Bjarnason 24.
Níels Árni Lund 126, 221.
Ólafur G. Einarsson 138, 198.
Ólafur Þ. Þórðarson 10.
Pálmi Jónsson 189, 193.
Salome Þorkelsdóttir 125, 171.
Sighvatur Björgvinsson 189.
Skúli Alexandersson 121, 179.
Stefán Guðmundsson 190.
Stefán Valgeirsson 75, 150, 159.
Valgerður Sverrisdóttir 101.
Þorv. Garðar Kristjánsson 91, 176.
Þórhildur Þorleifsdóttir 162, 169, 172, 174, 200.

SAMEINAÐ ÞING

6. fundur, mánudaginn 22. okt., kl. 8.30 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Á dagskrá fundarins er eitt mál, stefnuræða forsrh. og umræður um hana sem útvarpað verður og sjónvarpað verður einnig héðan úr þinghúsinu.

Umræðurnar skiptast í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. allt að hálfri klukkustund til umráða og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., talar síðastur í fyrri umferð og hefur 15 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Framsfl., Sjálfstfl., Alþfl., Kvennalisti, Alþb., Borgfl.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Framsfl. tala, auk forsrh. Steingríms Hermannssonar, Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., og Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl., í síðari umferð. Af hálfu Sjálfstfl. talar Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., og Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., í seinni umferð. Fyrir Alþfl. tala Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., í fyrri umferð, en Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e., í þeirri síðari. Ræðumenn Kvennalistans verða í fyrri umferð Þórhildur Þorleifsdóttir, 12. þm. Reykv., og Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv., en Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., talar í seinni umferð. Af hálfu Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh., Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., og Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., í fyrri umferð, en Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., í þeirri síðari. Ræðumenn Borgfl. verða Júlíus Sólnes umhvrh., Guttormur Einarsson, 11. þm. Reykv., og Óli Þ. Guðbjartsson dómsmrh. í fyrri umferð, en Hulda Jensdóttir, 16. þm. Reykv., og Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv., í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh. og talar af hálfu Framsfl.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Að vori verður kosið til Alþingis. Í þeirri stefnuræðu sem ég flyt nú mun ég því lýsa þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar að skila góðu búi í lok kjörtímabils. Ég mun fjalla um þann mikla árangur sem náðst hefur á undanförnum tveimur árum, ekki síst í efnahags- og atvinnumálum og það markmið ríkisstjórnarinnar að treysta það jafnvægi sem nú ríkir. Þannig er fenginn grundvöllur til nýrrar sóknar í atvinnu- og byggðamálum sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að rædd verði á Alþingi í vetur. Jafnvægi í efnahagsmálum og hagvöxtur veita svigrúm til að taka á ýmsum viðfangsefnum í velferðarkerfinu sem úrskeiðis hafa farið á undanförnum áratugum og ekki verður lengur dregið að lagfæra. Á því tel ég rétt að vekja athygli.

Einnig er nauðsynlegt að fjalla um þá mikilvægu alþjóðlegu samninga sem við Íslendingar tökum nú þátt í. Þeir geta ráðið úrslitum um framtíð okkar Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar.

Þegar ný ríkisstjórn tók við í lok september 1988 blasti við vaxandi verðbólga, hrun atvinnulífsins og stórkostlegt atvinnuleysi. Á ársfundi um haustið tilkynntu Samtök fiskvinnslustöðva yfirvofandi stöðvun enda söfnuðu útflutningsatvinnuvegirnir óviðráðanlegum skuldum í taprekstrinum. Alvarlegast var að í þeirri ríkisstjórn sem þá hrökklaðist frá var engin samstaða um nauðsynlegar aðgerðir. Þá var ekki ofsagt að Róm brynni. Þeir flokkar sem þá mynduðu nýja ríkisstjórn ákváðu að vinna þjóðina út úr erfiðleikunum skref fyrir skref og burt frá hengifluginu. Það var gert með aðhaldssamri efnahagsstefnu og markvissri leiðréttingu á gengi íslensku krónunnar þannig að ekki ylli nýrri verðbólguöldu og kollsteypu í efnahagsmálum. Samtímis var ráðist í víðtækari fjárhagslega endurskipulagningu útflutningsatvinnuvega en nokkru sinni fyrr. Það var óhjákvæmilegt til að koma í veg fyrir hrun. Sú aðgerð var gagnrýnd af stjórnarandstöðunni, enda ekki í anda frjálshyggjunnar þar sem kylfa er látin ráða kasti.

Hlutafjársjóður hefur fyrir nokkru lokið störfum og Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina er að fjalla um síðustu málin. Ríkisstjórnin var endurskipulögð í september 1989 þegar Borgfl. gekk til liðs við stjórnarflokkana, en ný ríkisstjórn hefur byggt á stefnu þeirrar sem á undan sat en með vaxandi áherslu á uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu. Það er gert á grundvelli aukins jafnvægis í efnahagsmálum.

Það ágæta samstarf sem náðst hefur á milli stjórnvalda og fulltrúa verkalýðshreyfingar og launþega, atvinnurekenda og bænda hefur reynst afar mikilvægt. Með því samstarfi og samningi þessara aðila í febrúar sl. náðist sú þjóðarsátt sem tryggt hefur efnahagslega endurreisn. Sérstaklega lofsverður er sá mikli skilningur sem launþegar og bændur hafa sýnt á nauðsyn þess að kveða niður verðbólgudrauginn. Með því er ég ekki að gera lítið úr hlut atvinnurekenda. Hann er stór og á þeim brann verðbólgueldurinn hvað heitast. Hins vegar er það sjaldan nefnt hvað ríkissjóður hefur lagt til þessara mála.

Við gerð kjarasamninganna í febrúar sl. var ákveðið að auka útgjöld til niðurgreiðslna og félagslegra umbóta til lækkunar á framfærslukostnaði. Samtals námu þau útgjöld um 1 milljarði kr. á ársgrundvelli. Þetta var nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir kjaraskerðingu sem launþegar hefðu að öðrum kosti orðið að þola. Án þessa hefði ekki úr samningunum orðið.

Því er að vonum fagnað að rauða strikið í september stóðst nokkurn veginn. Svo var þó ekki án sérstakra aðgerða stjórnvalda. Frá janúar til október hefur vísitala hækkað um 5,7%. Minnst hefur hækkunin orðið á innlendum matvörum og landbúnaðarafurðum um 1,3–1,4% og á opinberri þjónustu um 4,2%. Þessir tveir liðir liggja fyrir neðan meðalhækkunina. Aðrir hafa hækkað meira, t.d. önnur þjónusta um 11,2% og innflutt vara um 9,2%. Þar sem verðmyndunin er frjálsust hefur hækkunin orðið mest, því miður. Lítil hækkun á innlendum landbúnaðarafurðum og opinberri þjónustu hefur því í raun ráðið úrslitum og bjargað þjóðarsáttinni. Til þess að rauða strikið í september því sem næst stæðist ákvað ríkisstjórnin jafnframt að flýta niðurfellingu virðisaukaskatts af bókum og fella niður virðisaukaskatt af viðhaldi íbúðarhúsnæðis. Þetta dró úr hækkun framfærsluvísitölu um um það bil 0,6 hundraðshlutastig og kostar ríkissjóð nokkur hundruð millj. kr. á ársgrundvelli. Því fer fjarri að ég sjái eftir þessum útgjöldum ríkissjóðs. Aðgerðirnar tókust vel og voru nauðsynlegar til að ná þeim árangri í baráttunni við verðbólguna sem að var stefnt. Þó verður að hafa í huga að ríkissjóður er sameiginlegur sjóður allra landsmanna og honum er ætlað að standa undir sameiginlegum þörfum velferðarþjóðfélagsins. Af þeim ástæðum eru því takmörk sett sem unnt er að leggja á ríkissjóð án þess annaðhvort að hækka skatta eða draga úr þjónustu.

Ríkisstjórnin hefur talið sér skylt að koma með öllum ráðum í veg fyrir að þjóðarsáttin brysti og víxlverkun launa og verðlags hæfist á ný. Framkvæmd kjarasamnings sem ríkisvaldið hafði áður gert við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna reyndist erfið við þessar aðstæður. Því miður tókst ekki samkomulag við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna um að fresta leiðréttingu sem af samanburði á kjörum háskólamenntaðra manna gæti hafa orðið og því varð ríkisstjórnin að grípa í taumana og höggva á hnútinn til að bjarga þjóðarsáttinni. Ríkisstjórnin átti ekki annan kost en að fella þau ákvæði kjarasamningsins úr gildi sem gátu valdið meiri launahækkun en samningur á hinum almenna vinnumarkaði gerði ráð fyrir. Það leiddi einnig til breytinga á nýgerðum samningi við flugumferðarstjóra.

Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir því að þeim samanburði sem hafinn var á kjörum háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna verði haldið áfram og honum lokið þannig að hann geti legið til grundvallar við gerð næstu kjarasamninga.

Ég vil láta í ljós þá skoðun mína að háskólamenntaðir menn, ekki síður en aðrir Íslendingar, verði að njóta svipaðra kjara og þeim bjóðast í öðrum vestrænum löndum. Ég trúi því ekki að íslensk þjóð uni því að verða fyrst og fremst útflytjendur hráefnis hvort sem það er óunninn fiskur eða ál. Nútímalífskjör byggja á þekkingu. Því miður er þekkingarflótti héðan orðinn talsverður. Hann verður að stöðva. Að öðrum kosti munu lífskjör hér á landi verða lakari en í öðrum vestrænum löndum.

Þrátt fyrir þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að tekjur ríkissjóðs af bensíni skuli ekki hækka þótt mikil hækkun hafi orðið á heimsmarkaðsverði mun bensínhækkunin valda því að farið verður yfir viðmiðunarstrikið í nóvember. Vonandi leiðir sú óviðráðanlega hækkun ekki til víxlhækkana launa og verðlags. Hafa verður í huga að viðskiptakjör versna mjög við olíuverðshækkunina og falla við það að öllum líkindum niður fyrir þá viðmiðun sem gerð er í kjarasamningunum. Það er auk þess fullkomlega óeðlilegt að olíuverðshækkun í heiminum verði tilefni til sérstakra launahækkana hér á landi. Auk þess verður að gera ráð fyrir að umrædd hækkun á olíuvörum sé tímabundin. Sem betur fer tel ég að mikill skilningur sé á þessum staðreyndum. Ef ekki verða víxlhækkanir verðlags og launa af völdum olíunnar telur Þjóðhagsstofnun að verðbólga á næsta ári verði um 6–7%. Áætlað er að laun hækki um 8% eða með öðrum orðum að kaupmáttur aukist. Hefjist víxlhækkanir hins vegar mun gengi íslensku krónunnar eflaust láta undan síga. Það þekkjum við af reynslunni. Afleiðingarnar þekkjum við einnig og vitum því að til mikils er að vinna.

Sá mikli árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum kemur fram á mörgum sviðum. Þrátt fyrir samdrátt í efnahagslífinu á undanförnum árum hefur tekist að koma betra jafnvægi á utanríkisviðskipti þjóðarinnar en verið hefur um árabil. Sem dæmi má nefna að á sl. ári náðist sá merki áfangi að umtalsverður afgangur varð af vöruskiptum við útlönd og dró því mjög úr viðskiptahalla. Hann varð þó 1,6% sem fyrst og fremst stafar af vaxtagreiðslum til útlanda. Á þessu ári verður einnig afgangur af vöruskiptum en viðskiptahalli líklega um 2%. Minni viðskiptahalla er hins vegar spáð á árinu 1991. Vegna viðskiptahallans hafa erlendar skuldir vaxið lítillega jafnvel þótt ríkissjóður hafi fullnægt lánsfjárþörf sinni innan lands. Erlendar skuldir eru nú um 50% landsframleiðslunnar. Greiðslubyrði af erlendum lánum hefur aftur á móti lækkað nokkuð vegna lægri vaxta erlendis og erlendar skuldir ríkissjóðs hafa lækkað á undanförnum tveimur árum. Meðal mikilvægustu verkefna er að lækka erlendar skuldir. Að því er lagður grundvöllur með jafnvægi í efnahagsmálum og aukinni framleiðslu.

Efnahagsbatinn kemur einnig fram í lækkun vaxta og bættri stöðu bankakerfisins. Fjármagnskostnaður fyrirtækja og einstaklinga hefur lækkað verulega. Það geta allir sem eitthvað skulda staðfest. Afkoma fjármálastofnana gefur til kynna að vextir mættu lækka enn. Seðlabankanum ber lagaskylda til að fylgjast með því.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að afnema lánskjaravísitölu þegar árshraði verðbólgu er orðinn 10% í sex mánuði eða lengur. Um þetta hefur verið rætt við Seðlabankann og er beðið eftir tillögum hans. Um þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar er nokkuð deilt. Fjármagnseigendur vilja áfram njóta þess öryggis sem lánskjaravísitalan veitir, a.m.k. að nafninu til. Afnám hennar er þó að mínu mati óhjákvæmilegt. Skal ég nefna þrennt því til stuðnings.

Í fyrsta lagi er óumdeilanlegt að verðtrygging fjármagns stuðlar að víxlverkun verðlags og launa ef verð-

bólguskriða fer á annað borð af stað.

Í öðru lagi krefjast launþegar eðlilega verðtryggingar launa ef fjármagnseigendur eiga að njóta slíks. Það má ekki gerast á ný, þá er verðbólguskrúfan endurvakin.

Í þriðja lagi stefnum við Íslendingar að því að auka frelsi til fjármagnsflutninga og tengjast þannig erlendum fjármagnsmörkuðum og höfum reyndar þegar stigið mikilsverð skref í þá átt. Því er nauðsynlegt að hér á landi séu mönnum búnar svipaðar aðstæður til að ávaxta fé sitt og erlendis er. Hvergi í vestrænum löndum er almenn verðtrygging fjármagns og sums staðar er slíkt jafnvel bannað með lögum.

Loks má reyndar vekja athygli á því að sem betur fer hafa kaup á hlutabréfum aukist mjög, enda er almenningur óspart hvattur til þess að ávaxta þannig fé sitt. Hlutabréf eru þó ekki verðtryggð. Hvers vegna þarf annað að gilda á lánamarkaðnum? Ég spyr.

Þegar horfur voru hvað verstar í atvinnumálum þjóðarinnar fyrir um það bil tveimur árum var spáð miklu atvinnuleysi. Var jafnvel talið að það gæti orðið 4–5% um eða upp úr síðustu áramótum. Því hefur þó tekist að afstýra sem betur fer. Atvinnuleysi hefur þó orðið allt að 2% og nokkru meira á einstökum stöðum. Horfur eru einnig á því að atvinnuleysi geti aukist, m.a. vegna samdráttar í framkvæmdum, ekki síst á vegum hins opinbera og einnig varnarliðsins. Alvarlegast horfir þó að mati Þjóðhagsstofnunar með vöxt landsframleiðslunnar.

Á undanförnum tíu árum hefur landsframleiðsla hér á landi aðeins aukist um 22% á sama tíma og hún hefur aukist um 34% að meðaltali í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Horfið er því það forskot sem náðist á uppgripaárunum eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar á áttunda áratugnum. Auk þess telur Þjóðhagsstofnun ekki unnt að gera ráð fyrir meiri vexti landsframleiðslunnar á næstu árum en um það bil 1,5% að meðaltali í mesta lagi. Þetta stafar ekki síst af því að fiskimiðin eru nánast fullnýtt. Þetta er aðeins um helmingur af þeim hagvexti sem gert er ráð fyrir í öðrum vestrænum löndum. Lífskjörin, eins og þau eru mæld á hinn hefðbundna efnahagslega mælikvarða, mundu því falla verulega borið saman við önnur vestræn lönd. Ríkisstjórnin hefur því lagt áherslu á að leita leiða til að breikka grundvöll atvinnulífsins og skapa ný atvinnutækifæri. Með því jafnvægi, sem náðst hefur í efnahagsmálum, eru nú til þess forsendur. Unnið er að því að móta stefnu í atvinnumálum og munu tillögur í þeim efnum lagðar fyrir Alþingi í vetur. Tími minn leyfir ekki að ræða þau mál ítarlega nú. Til þess verður hins vegar væntanlega svigrúm síðar.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á þá bjargföstu skoðun mína að full ástæða sé til bjartsýni ef rétt er á málum haldið. Landið býður upp á mikla kosti. Með dugnaði og þekkingu geta þeir orðið óþrjótandi uppspretta atvinnu og tekna. Undanfarna áratugi hefur mikið verið að því unnið að koma á fót orkufrekum iðnaði hér á landi. Tiltölulega hagkvæmt vatnsafl hefur virst kjörið til þess. Þrjú orkufrek fyrirtæki hafa risið en þessi þróun hefur þó gengið hægar en margir gerðu ráð fyrir. Staðreyndin er að erlendir aðilar hafa ekki verið í biðröð við bæjardyrnar, ef til vill sem betur fer. Með tilliti til þess að ekki er lengur unnt að gera ráð fyrir hagvexti á grundvelli fiskveiða og vinnslu, sem nálgast það sem er í öðrum vestrænum löndum eða það sem var eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar, hafa síðustu ríkisstjórnir talið nauðsynlegt að leggja áherslu á nýtingu orkulinda landsins til orkufreks iðnaðar. Þessi viðleitni er nú loks að bera árangur með samningi um byggingu 200.000 tonna álvers.

Eins og fram kemur í skýrslu sem iðnrh. hefur lagt fyrir Alþingi eru samningarnir komnir á lokastig. Gerir iðnrh. ráð fyrir að þeim verði lokið fyrir næstu mánaðamót.

Þegar ákvörðun um byggingu álvers er tekin verður að meta málið í heild sem og einstaka þætti þess. Jafnframt er nauðsynlegt að hafa í huga hvernig bygging þess fellur inn í íslenska efnahags- og byggðaþróun.

Eins og fyrr segir gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að hagvöxtur verði fyrir innan 1,5% á næstu árum. Auk þess telur stofnunin að atvinnuleysi muni fara vaxandi hér á landi að óbreyttu, eins og ég hef áður skýrt frá. Af þessum ástæðum fellur bygging álvers og virkjana vel að þróun íslensks efnahagslífs um þessar mundir. Að sjálfsögðu verður þó að gæta þess að þensla myndist ekki sem getur valdið verðbólgu og því verður umfang framkvæmda ef til vill að dragast nokkuð saman á öðrum sviðum á árunum 1992 og 1993. Að þessu þarf a.m.k. vel að gæta.

Þjóðhagsstofnun telur að aukinn hagvöxtur af byggingu og rekstri 200.000 tonna álvers verði 1% á ári í þrjú til fjögur ár, eða samtals um 4% þegar reiknuð eru margfeldisáhrif. Um það munar vissulega í núverandi stöðu. Um einstök atriði samningsins verður eflaust lengi deilt. Ég hygg þó að flest séu þau orðin viðunandi.

Skattayfirvöld hafa staðfest að skattar muni verða í samræmi við það sem íslensk fyrirtæki greiða þegar tekið er tillit til þess að frádráttarliðir ýmsir sem Íslendingar njóta verða ekki leyfðir í samningi við hina erlendu aðila. Mikilvægt er að íslenskir dómstólar munu fjalla um ágreiningsmál. Eitt stærsta atriði samninganna varðar varnir gegn mengun og umhverfisspjöllum. Eftir ítarlegar athuganir mun umhvrh. leggja fyrir ríkisstjórn tillögur um hámark leyfilegra úrgangsefna frá verksmiðjunni. Þau mörk verða að vera í samræmi við ströngustu kröfur sem gerðar eru í Evrópu. Strangar kröfur verða einnig gerðar um alla vinnuaðstöðu. Mengunarvarnir eru vafalaust eitt mikilvægasta atriði þessara samninga. Fátt er mikilvægara en að varðveita og bæta það góða umhverfi sem við sem betur fer njótum.

Orkusamningurinn verður að sjálfsögðu gerður af stjórn Landsvirkjunar. Við hann eru stærstu fjárhagshagsmunirnir tengdir. Samningamenn Landsvirkjunar leggja til að orkuverðið verði tengt álverði án lágmarks eða hámarks. Með þessu er vissulega áhætta tekin. Í samninginn verður því að koma ákvæði sem heimilar endurskoðun ef álverð og þar með orkuverð

fellur svo að leiða mundi til hækkunar á raforkuverði til almennings.

Staðsetning álvers hefur verið mjög umdeild. Þegar viðræður hófust árið 1987 var gert ráð fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Eftir að svissneska álfyrirtækið hafði dregið sig út úr samstarfinu var ákveðið að bjóða upp á nokkra staði og láta byggingarkostnað og umhverfisáhrif ráða. Um það virtist enginn ágreiningur vera. Í hvoru tveggja reyndist Keilisnesið hafa vinninginn. Ef aðrir þættir samningsins eru viðunandi kemur því vart til greina að hafna byggingu þess vegna staðsetningar. Álverið mun að vísu ekki stuðla að þeirri æskilegu byggðaþróun sem það hefði gert ef byggt hefði verið annaðhvort við Eyjafjörð eða Reyðarfjörð. Hinu verður ekki neitað að atvinnuhorfur eru heldur ekki bjartar um þessar mundir á Suðurnesjum. Þaðan hefur flust mikill fiskveiðikvóti og fram undan er samdráttur í atvinnu á Keflavíkurflugvelli. Iðnrh. gerir ráð fyrir að leggja um næstu mánaðamót eða upp úr þeim fyrir Alþingi frv. til laga um heimild til þess að semja um byggingu álvers. Það er þó að sjálfsögðu háð því að stjórn Landsvirkjunar hafi náð samkomulagi um orkusamning. Ef þau tímamörk eiga að standast, sem hinir erlendu aðilar leggja áherslu á, þurfa heimildarlög að afgreiðast fyrir lok þessa árs.

Á áttunda áratugnum tókst að snúa við þeirri neikvæðu byggðaþróun sem þá hafði verið um nokkurn tíma. Þá fjölgaði jafnvel í ýmsum byggðum landsins utan höfuðborgarsvæðisins umfram það sem þar gerðist. Þetta mátti fyrst og fremst þakka útfærslu landhelginnar og miklum tekjum sem fylgdu auknum fiskveiðum og markvissri byggðastefnu með stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins og Byggðasjóðs árið 1971. Þessu vaxtarskeiði lauk snemma á níunda áratugnum. Landbúnaður hefur jafnframt átt í vaxandi erfiðleikum, óumflýjanlegur samdráttur í framleiðslu landbúnaðarafurða hefur haft mjög neikvæð áhrif á jafnvægi í byggð landsins. Því má ljóst vera að taka þarf byggðamálin nýjum tökum. Það er í raun óháð því hvort álver verður reist á Keilisnesi þótt sú ákvörðun auki þann vanda sem við er að stríða eins og ég hef áður nefnt. Af þessum ástæðum skipaði ég fyrr á árinu nefnd með fulltrúum allra stjórnarflokkanna til þess að gera tillögur um nýja stefnu í byggðamálum. Á vegum nefndarinnar hefur verið mikið unnið og vænti ég álits frá henni fljótlega. Sömuleiðis hef ég skipað nefnd til þess að skoða skipulag Byggðastofnunar. Jafnvægi í byggð landsins er þjóðinni afar mikilvægt, ekki síður þéttbýlinu en strjálbýlinu. Breytingar er þörf ef það á að nást. Ég nefni aðeins fáein atriði:

Framfærslukostnaður verður að vera svipaður um land allt. Nú eru ýmsar mikilvægar nauðsynjar á sama verði hvar sem er á landinu. Svo er t.d. um allar innlendar landbúnaðarafurðir og einnig um bensín og olíur. Það sama þarf að verða um raforku, ekki síst til upphitunar, og raunar til allra þarfa, bæði atvinnuvega og einstaklinga þegar um sams konar notkun og nýtingartíma er að ræða. Iðnrh. hefur skipað nefnd til að gera tillögur um jöfnun raforkuverðs. Þegar ráðist verður í meiri háttar iðnað í framtíðinni, t.d. orkufrekan, er rétt að ákveða staðsetningu slíkra fyrirtækja áður en til samninga er gengið og ganga þá út frá byggða- og þjóðhagslegum sjónarmiðum, enda leyfi aðstæður á staðnum slíka framkvæmd. Gert er ráð fyrir að styrkja Byggðastofnun, bæði með auknum framlögum og yfirtöku skulda, þannig að stofnuninni verði gert kleift að stuðla að og taka þátt í stofnun fyrirtækja á landsbyggðinni. Fyrir liggja tillögur um skiptingu landsins í þjónustusvæði með öflugum byggðakjörnum. Á slíkum stöðum er mikilvægt að efla stjórnsýslu í stjórnsýslumiðstöðvum, eins og þegar er hafið, og sömuleiðis að styrkja heilbrigðis- og menntastofnanir, t.d. Háskólann á Akureyri. Ég geri mér vonir um að geta á þessu þingi flutt mikilvæg mál til þess að marka nýja byggðastefnu.

Um næstu áramót kemur til framkvæmda stjórn fiskveiða sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Þá verður stjórn fiskveiða líklega fastbundnari hér á landi en víðast hvar annars staðar. Undan því varð ekki vikist. Við Íslendingar eigum allt undir sjávarútveginum komið. Þar má enga áhættu taka. Líklega erum við eina þjóðin við norðanvert Atlantshaf sem hefur tekist að koma í veg fyrir hrun fiskstofnanna. Með nýjum lögum er Úreldingarsjóður fiskiskipa endurvakinn og efldur sem Hagræðingarsjóður. Með honum verður tekið á einu mesta vandamáli fiskveiðanna, of stórum flota.

Einnig er sveitarfélögunum veitt heimild til þess að grípa í taumana og koma í veg fyrir að lífsbjörgin, fiskveiðirétturinn, verði seldur á brott úr byggðarlaginu. Því verður þó ekki haldið fram því miður að þjóðarsátt sé orðin um stjórn fiskveiða. Einkum veldur það áhyggjum að rétturinn til að nýta hina sameiginlegu auðlind þjóðarinnar, fiskimiðin, virðist safnast á sífellt færri hendur. Óhjákvæmilegt er að skoða enn vandlegar þennan þátt í stjórn fiskveiða. Það mál verður þó ekki leyst á næstu mánuðum.

Sú stefna í landbúnaðarmálum, sem mörkuð var í lögum frá 1985, hefur að ýmsu leyti reynst vel. Þótt öðru væri spáð af andstæðingum hefur tekist að draga markvisst og skipulega úr mjólkurframleiðslunni. Hún hæfir nú þörfum landsmanna og er að flestu leyti til fyrirmyndar. Aðrar þjóðir mega öfunda okkur Íslendinga af góðum mjólkurvörum. Erfiðara hefur hins vegar reynst að draga úr framleiðslu lambakjöts. Því ræður m.a. sú staðreynd að sauðfjárræktin er mjög tengd búsetu í strjálbýli og byggðaþróun. Einnig hefur neysla lambakjöts því miður dregist saman. Sá búvörusamningur, sem nú er unnið eftir, fellur úr gildi í lok næsta árs. Landbrh. vinnur því að gerð nýs búvörusamnings. Þar er gert ráð fyrir hraðari aðlögun sauðfjárræktar að markaðsþörfum. Slíkur samningur þarf að liggja fyrir að vori til staðfestingar af nýrri ríkisstjórn. Óhjákvæmilegt er að bændur fái nauðsynlegan tíma og aðstoð við erfiða aðlögun. Það vona ég að allir geti samþykkt.

Því miður hefur loðdýrarækt in brugðist. Ríkisstjórnin hefur talið skylt að ráðstafa verulegum fjármunum til þess að draga úr fjárhagserfiðleikum loðdýrabænda.

Þær miklu vonir sem bundnar voru við fiskeldið hafa heldur ekki ræst. Eflaust veldur margt. Mikil lækkun á

markaðsverði á vafalaust stóran þátt í erfiðleikunum. Þó get ég ekki varist þeirri hugsun að enn einu sinni hafi hér á landi verið farið meira af kappi en forsjá. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að stuðla að samstarfi um rannsóknir og kynbætur sem geta ráðið úrslitum um framtíð fiskeldis. Við þær ágætu aðstæður, sem hér á landi eru, tel ég vafalaust að fiskeldið muni verða mikilvæg atvinnugrein, enda verði betur að málum staðið.

Á þessu ári tókst loks, eftir rúmlega áratugs deilur á þingi, að koma á fót sérstöku umhverfisráðuneyti. Starfsemi þess er hafin og mun smám saman aukast. Ég er sannfærður um að hún mun reynast mjög mikilvæg. Hreint umhverfi, land, loft, vatn og sjór, mun þegar fram í sækir reynast mesta auðlind þessarar þjóðar.

Á félagslega sviðinu hafa margar umbætur verið gerðar. Nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var loks komið á eftir margra ára viðleitni. Alþingi mun í vetur fá ýmis stórmál á sviði félags- og menntamála til meðferðar. Má t.d. nefna frv. heilbr.- og trmrh. um almannatryggingar og frv. menntmrh. um grunnskóla.

Eins og fyrr segir hefur ríkissjóður orðið að láta mikið af mörkum á undanförnum árum í viðureigninni við verðbólgu. Á sama tíma hefur velferðarkerfið vaxið, bæði vegna betri menntunar, betri heilbrigðisþjónustu, hærri aldurs landsmanna og margvíslegra samþykkta Alþingis. Þessi ríkisstjórn félagshyggjunnar hefur talið sér skylt að standa vörð um velferðarkerfið. Það hefur reyndar verið bætt á ýmsum sviðum, t.d. hvað varðar fatlaða og aldraða.

Þrátt fyrir mikla viðleitni til sparnaðar í ríkisrekstri hefur á undanförnum samdráttarárum ekki reynst unnt að afla tekna fyrir útgjöldum. Ríkisstjórnin hefur og talið óhjákvæmilegt að láta viðureignina við verðbólguna hafa forgang. Auk þess hljómar stöðugt krafan um lægri skatta samhliða kröfunni um aukin útgjöld. Nýlegur skattasamanburður Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París leiðir í ljós að þótt skattar hér á landi séu leiðréttir með tilliti til ýmissa annarra greiðslna, t.d. í lífeyrissjóði, eru þeir miklu lægri en skattar í sambærilegum velferðarríkjum. Öllum má vera ljóst að þetta gengur ekki til lengdar. Ekki er unnt lengur að velta vandanum á undan sér. Nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir að byggingarsjóðir ríkisins stefni í gjaldþrot. Ég efa að fjárveiting hafi nokkru sinni nægt til þess að brúa vaxtamuninn milli inn- og útlána sjóðanna. Þó hefur keyrt um þverbak þegar ný húsnæðislög komu til framkvæmda 1986. Svipaða sögu má segja um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Nú þegar tekist hefur að hemja verðbólguna verður að gera þessi dæmi upp. Það verður ekki gert nema með því annaðhvort að auka skatttekjur ríkissjóðs eða draga úr þjónustu og útgjöldum velferðarkerfisins. Vissulega kemur til greina að láta einstaklinga greiða meira sjálfa fyrir þá þjónustu sem þeir njóta, en í raun er það ekkert annað en skattahækkun. Munurinn er aðeins sá að þá er útgjöldunum ekki dreift á þjóðina alla. Ég treysti því að markaðshugsjónin verði aldrei svo ráðandi hjá okkur Íslendingum að þjónusta velferðarkerfisins verði veitt eftir efnum og aðstæðum. Aukin framleiðsla og hagvöxtur gefa ríkissjóði auknar tekjur. Það ásamt aðhaldi er æskilegasta leiðin til að ná hallalausum ríkisbúskap. Þá reynist skattahækkun vonandi óþörf.

Vegna fjárskorts hefur ýmsum mikilvægum málum ekki verið sinnt sem skyldi. Ekki síst er nauðsynlegt að auka verulega fjármagn til vísinda og rannsókna. Með þróun nýrrar tækni og framleiðslu er vel menntuðu fólki sköpuð aðstaða til starfa. Það mun færa ómældan auð í þjóðarbúið.

Við Íslendingar eigum nú í samningum við Evrópubandalagið um þátttöku í evrópsku efnahagssvæði. Þeir samningar eru okkur afar mikilvægir. Utanríkisviðskipti vega stöðugt þyngra en tekjur þjóðarinnar. Þau hafa jafnframt beinst fyrst og fremst til Evrópu í vaxandi mæli.

Ríkisstjórnin hefur þegar tekið ýmis mikilvæg skref til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til þátttöku. Dregið hefur verið úr hömlum á flutningi fjármagns á milli landa og unnið er að því að samræma skatta og gjöld. Virðisaukaskatturinn er liður í því. Samningur um samræmt eftirlit með framleiðslu er að komast til framkvæmda og frelsi í utanríkisviðskiptum er orðið eins mikið hér á landi og í öðrum löndum sem að þessum viðræðum standa.

Mikilvægir samningar hafa verið gerðir um samstarf á sviði menntunar og vísinda. Staðreyndin er að við Íslendingar förum fram á færri undanþágur en aðrar þjóðir Fríverslunarbandalags Evrópu. Þær varða fyrst og fremst grundvallarhagsmuni íslensks fullveldis. Við getum ekki fallist á að erlendir aðilar nái yfirráðum í sjávarútvegi og fiskiðnaði landsmanna, hvorki beint né óbeint. Við getum heldur ekki sætt okkur við að erlendir aðilar eignist íslenskt land eða orkulindir. Til þess að samræma reglur og koma í veg fyrir slíkt geri ég ráð fyrir að flytja á þessu þingi frv. til laga um erlenda fjárfestingu. Löndin í Fríverslunarbandalagi Evrópu hafa tekið höndum saman um að leita sameiginlegra samninga við Evrópubandalagið um myndun evrópsks efnahagssvæðis. Á það verður að reyna til hlítar. Um það eru allar þjóðirnar sammála. Það er það svar sem allir forustumenn Evrópubandalagsins gefa þegar sérstaða Íslands er rædd. Þessir samningar hafa reynst erfiðari en margir ætluðu. Því hefur dregið nokkuð úr bjartsýni. Einkum ætlar að reynast erfitt að ná samkomulagi um undanþágur og hvernig staðið verður að ákvarðanamótun og ákvarðanatöku. Vel má vera að þau mál leysist sem í vegi standa nú en það þarf þá að gerast mjög fljótt, fyrir áramótin eða a.m.k. fljótlega upp úr þeim. Ef þessir samningar takast ekki er sjálfsagt fyrir okkur Íslendinga að leita sérstakra samninga við Evrópubandalagið. Raunar mun það að öllum líkindum reynast nauðsynlegt hvernig sem fer. Slíkir sérstakir samningar hafa verið undirbúnir með ítarlegum viðræðum við fjölmarga forustumenn Evrópubandalagsins, bæði af ráðherrum og þingmönnum. Sérstaða Íslands hefur verið skýrð og hefur í langflestum eða öllum tilfellum verið vel í málið tekið. Ástæða er því til bjartsýni í þessum efnum. Slíkir samningar munu þó taka nokkurn tíma.

Ótrúlegt þykir mér að heyra ábyrga aðila hefja nú máls á því að ef til vill beri okkur Íslendingum að sækja um fulla aðild að Evrópubandalaginu. Til þess hníga, að mínu mati, engin rök. 250 þús. manna þjóð hyrfi fljótlega í mannhafið. Við yrðum lítið annað en áhrifalaus útkjálki. Það er mikill misskilningur að sem fullgildir meðlimir að Evrópubandalaginu fengjum við til lengdar undanþágu, t.d. hvað varðar fjárfestingu í fiskveiðum eða kaup á landi o.s.frv. Um það er ekki að ræða nema tímabundið. Við gætum ekki komið í veg fyrir að fjársterk risafyrirtæki í Evrópu eignuðust það hér með tíð og tíma sem þau girnast.

Hugmyndir manna um fulla aðild að Evrópubandalaginu lýsa fyrst og fremst uppgjöf á því að ráða sínum hlutum sjálfir farsællega. Uppgjöf við það stóra verkefni að tryggja hér lífskjör sem eru sambærileg við það sem best gerist í löndum Evrópubandalagsins. Það getum við gert ef við höldum rétt á málum. Reyndar er það sannfæring mín að óvíða muni reynast meiri lífsgæði en hér á landi. Þau byggjast á fleiru en peningalegum auði. Þau byggjast ekki síður á hreinu og fögru umhverfi og frelsi til þess að njóta þess. Þau byggja á því að þjóðin sé sjálfráð og sjálfstæð.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Ævintýrið um Münchausen barón þar sem hann dró sjálfan sig og hest sinn upp á hárinu er einhver ágætasta lýsing á sjálfumgleði sem um getur. Ævintýri eru að sjálfsögðu góðra gjalda verð, en þegar menn fjalla um stjórnmál fer betur á því að menn haldi sér að raunveruleika og staðreyndum. Nú hefur verið flutt stefnuræða hæstv. ríkisstjórnar. Hún fól í sér, að mínu mati, of margar tilraunir til þess að búa raunveruleika og staðreyndir í ævintýrabúning. Lítum á nokkur dæmi:

Að sönnu hefur rofað til í íslenskum þjóðarbúskap þó enn séu dökkar blikur á lofti. En hvers vegna? Fyrir tveimur árum, á árunum 1987 og 1988, mættum við miklum ytri erfiðleikum, Íslendingar. Það varð verðfall á afurðum okkar á erlendum mörkuðum og gengisþróun gekk okkur á móti. Fyrir vikið lentu íslensk útflutningsfyrirtæki í verulegum erfiðleikum. Í dag hefur þetta snúist við. Það er ekki einasta að verð hafi hækkað á erlendum mörkuðum heldur er það nú hærra en nokkru sinni fyrr og gengisþróun á mikilvægustu mörkuðum okkar í Evrópu hefur gengið okkur í haginn. Þetta eru staðreyndir. Þetta er raunveruleiki þegar ævintýraljóminn hefur verið dreginn frá.

Annað atriði sem skiptir máli í þessu sambandi er frumkvæði forustumanna launþega og atvinnurekenda fyrr á þessu ári þegar þeir tóku völdin af ríkisstjórninni og sögðu sem svo: Við sættum okkur ekki lengur við þá efnahagsstefnu sem hér er fylgt og þá verðbólgu sem fylgir í kjölfarið og þá miklu kaupmáttarrýrnun sem af henni hlýst. Og þeir gerðu þjóðarsátt sem hefur leitt til þess að kaupmáttarrýrnunin varð minni á þessu ári en að var stefnt og verðbólgan er komin á viðráðanlegt stig. Þetta er annað dæmi um raunveruleika þegar ævintýraljómanum er varpað frá.

Að sönnu er það einnig rétt sem fram kemur að það var ágreiningur í fyrri ríkisstjórn um aðgerðir í efnahagsmálum. Við sjálfstæðismenn lögðum þá til að ytri vandamálum, ytri áföllum sem þjóðarbúið varð fyrir yrði mætt með markvissum aðgerðum. Þar lögðum við fram heildstæðar tillögur sem m.a. byggðu á því að aðlaga gengi krónunnar að þeim veruleika sem við stóðum þá frammi fyrir. Þeim tillögum var hafnað. Það var mynduð ný ríkisstjórn og formaður Framsfl. lýsti því yfir að hún byggði á þeirri hugsun að falla frá viðurkenndum vestrænum aðferðum við stjórn efnahagsmála. Og það voru innleiddir nýir millifærslusjóðir sem við höfðum ekki kynnst áratugum saman.

En hver er nú afleiðingin af því að menn fengust ekki til þess að taka með raunhæfum hætti á aðsteðjandi vanda fyrir tveimur árum og fóru inn á millifærsluleiðir? Afleiðingin er í fyrsta lagi sú að framleiðni hefur verið minni en ella í íslenskum atvinnuvegum. Hagvöxturinn hefur af þeim sökum verið minni og kaupmáttarrýrnunin varð af þeim sökum meiri. Til viðbótar hafa erlendar skuldir vaxið. Það hefur verið sett nýtt Íslandsmet í söfnun erlendra skulda sem eru komnar yfir 50% af landsframleiðslu en áður hafði tekist að koma þeim niður í 40%. Og síðast en ekki síst er afleiðingin af þessu sú að skattgreiðenda bíður að taka á sig í millifærslusjóðunum a.m.k. 5 milljarða kr. af óleystum vanda að kosningum loknum. Það er hefðbundin afleiðing stjórnaraðgerða af þessu tagi.

En þó þannig séu stigin víxlspor skiptir hitt miklu meira máli að nú ríkja frjálslyndir vindar. Það er almenn samstaða um frjálslynd viðhorf við stjórn efnahagsmála. Formælendur miðstýringar og forsjárhyggju eru smám saman að gera sér grein fyrir því að þeir hafa áratugum saman haft rangt fyrir sér.

Fyrir fimm árum höfðum við sjálfstæðismenn forustu um margvíslegar breytingar í stjórn efnahags- og atvinnumála. Það var samþykkt ný, frjálslynd bankalöggjöf. Það voru opnaðir möguleikar fyrir ný þjónustufyrirtæki í fjármagnsviðskiptum. Bankar og peningastofnanir fengu frelsi til að ákveða vexti með tilliti til markaðarins. Fyrsta ríkisbankanum var breytt í hlutafélag. Það var ákveðið að hefja umbyltingu skattkerfisins í nútímahorf og fyrsta stóra skrefið í því efni var að taka hér upp staðgreiðslu skatta samhliða verulegri lækkun tekjuskatta einstaklinga. En útöluraddirnar voru margar og útöluræðurnar voru margar. Þær voru allar efnislega samhljóða útöluræðum sem fluttar voru fyrir 30 árum þegar viðreisnarstjórnin afnam verslunarhöftin. Sumir tóku stórt upp í sig, aðrir ekki. Sumir tóku svo stórt upp í sig að þeir sögðu: „Róm brennur." En jafnvel þeir sem þannig töluðu urðu á síðasta þingi að standa að því að leggja hér fyrir Alþingi skýrslu frá Seðlabankanum þar sem sagði að þessar breytingar á fjármagnsmarkaðnum sem gerðar voru væru forsenda fyrir því að nú erum við loks að eygja það að ná viðunandi jafnvægi á fjármagnsmarkaði. Þannig verða jafnvel útölumennirnir að viðurkenna smám saman að þeir höfðu rangt fyrir sér. Og það sem máli skiptir í dag er að nýta þá miklu samstöðu um aukin frjálslynd viðhorf við stjórn efnahags-

mála. Horfa fram á veginn. Gera okkur grein fyrir því hvernig við ætlum að skila Íslandi inn á nýja öld. Gera okkur grein fyrir því á hvaða verkefnum við þurfum að taka og með hvaða hætti við þurfum að stjórna efnahagslífinu á næstu árum til þess að við náum markmiðum okkar.

Við höfum verið að staðna. Íslenskur þjóðarbúskapur er í stöðnun. Hagvöxtur er hér minni en annars staðar og það eru horfur á því að kaupmáttur minnki hér á næstu árum meðan hann vex annars staðar. Efnahagssérfræðingar halda því fram að við séum að falla úr hópi A-þjóða í lífskjörum niður í hóp C-þjóða um næstu aldamót. Við viljum ekki að þetta gerist. Og við vitum að við höfum tækifæri og möguleika til að koma í veg fyrir að þetta gerist. Hvað eigum við þá að taka til ráða?

Í fyrsta lagi þurfum við að leggja höfuðáherslu á, til að lyfta Íslandi úr fari stöðnunar inn á braut hagvaxtar og framfara, að tryggja að sú verðbólguhjöðnun, sem orðið hefur fyrir frumkvæði aðila vinnumarkaðarins, verði að varanlegum veruleika en ekki tímabundnu fyrirbrigði.

Í öðru lagi þurfum við að opna hagkerfið meira og draga úr miðstýringu. Það er of mikil miðstýring í höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, bæði landbúnaði og sjávarútvegi, sem heftir framför þessara atvinnugreina. Og það hefur skort á að mótuð hafi verið heilstæð stefna í sjávarútvegsmálum. Á öllum þessum sviðum þurfum við að fylgja eftir hugmyndum um aukið frjálsræði.

Í þriðja lagi þurfum við að koma í veg fyrir áframhaldandi skattahækkanir núv. hæstv. ríkisstjórnar. Hún hefur nú þegar hækkað skatta um 13 milljarða kr. Og ráðherrarnir veifa nú villandi samanburði um skatta á Íslandi og í öðrum löndum í þeim tilgangi að undirbúa frekari skattahækkanir. Einn ráðherranna hefur þegar viðurkennt að til þess að ná áformum ríkisstjórnarinnar um aukin ríkisútgjöld þurfi að hækka skatta um 6–9 milljarða kr. Og útreikningar benda til þess að skattar á hverja fjögurra manna fjölskyldu muni hækka um 400.000 kr. á næstu tíu árum ef fram heldur sem horfir.

Ef þetta verður þá er dregið úr möguleikum okkar til þess að auka verðmætasköpunina í þjóðfélaginu. Þá getum við ekki hafið hér nýtt hagvaxtarskeið og stoðum er kippt undan velferðarþjóðfélaginu. Þess vegna þarf að koma í veg fyrir þessi áform. Þess vegna þarf að hafna ósk ríkisstjórnarinnar um endurnýjað umboð í næstu kosningum því ella heldur þessi skattaáþján áfram.

Fjórða atriðið sem skiptir sköpum um það hvort við getum lyft Íslandi úr fari stöðnunar inn á braut framfara og hagvaxtar eru ákvarðanir um það hvernig við tengjumst nýrri Evrópu. Í þeim efnum þurfum við að leggja áherslu á þetta fyrst og fremst: Í fyrsta lagi að tryggja hindrunarlausan aðgang fyrir íslenskar afurðir, og fyrst og fremst sjávarafurðir, inn á þennan mikilvægasta markað okkar. Og í öðru lagi að tryggja að hér á landi gildi sömu leikreglur við stjórn efnahags- og atvinnumála og annars staðar í Evrópu því ella einangrumst við og drögumst aftur úr. Og í þriðja lagi skiptir það sköpum að tryggja áfram full og óskoruð yfirráð Íslendinga yfir fiskveiðilögsögunni. Þetta eru meginatriðin.

Fyrir ári síðan í umræðum um stefnumörkun gagnvart Evrópubandalaginu vöktum við sjálfstæðismenn athygli á því að engir mundu betur sjá um að gæta íslenskra hagsmuna en við sjálfir. Við töldum þess vegna eðlilegt að hefja sérstakar tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið til að gæta þeirra hagsmuna. Þá var blásið á þau viðhorf. Nú viðurkenna allir að þau voru rétt og nauðsynleg. Nú viðurkenna menn að hugmyndin um evrópska efnahagssvæðið verður annaðhvort bráðabirgðalausn, stökkpallur fyrir hinar EFTA-þjóðirnar til fullrar aðildar, ellegar hún verður að engu. Við þurfum því á þessum tímamótum að huga að því hvernig við ætlum að skipa okkur í hóp Evrópuþjóða til lengri framtíðar.

Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé kominn tími til að kveða upp úr um það með hvaða hætti við eigum endanlega að skipa okkur þar í sveit. En við þurfum að taka á því verkefni í ljósi nýrra viðhorfa með opnum huga. Ef við ætlum að loka okkur af, ef við ætlum að útiloka fyrir fram einhverja kosti í þeim efnum, þá erum við fyrst og fremst að þrengja samningsstöðu okkar og gera það ólíklegra að við náum settum markmiðum.

Ég tók eftir því á nýafstöðnu þingi Alþfl. að þar var mörkuð ábyrg, skynsamleg, opin, frjálslynd stefna í þessum efnum. En hvernig svaraði forsrh. þessari stefnumörkun? Hann svaraði með því að ítreka hin þröngsýnu, lokuðu viðhorf Framsfl. og sendi samstarfsmönnum sínum í ríkisstjórn jafnt sem andstæðingum á þingi hnútur fyrir vikið. En þetta hefur varpað ljósi á það að höfuðflokkar ríkisstjórnarinnar byggja viðhorf sín í þessu efni á ólíkum viðhorfum.

Ég er þeirrar skoðunar að slík ríkisstjórn sé ekki líklegust til að leiða þessi mál til farsælla lykta fyrir okkur. Þvert á móti þurfum við nú að nýta það mikla bil, sem frjálslynd viðhorf hafa í þjóðfélaginu, til þess að efla þá til samstöðu sem eru reiðubúnir með opnum huga til að takast á við þessi verkefni í þeim tilgangi að lyfta íslenskum þjóðarbúskap úr stöðnun inn á braut hagvaxtar og framfara. Og við þurfum að gera heldur meira en þetta. Við þurfum að lyfta íslenskum stjórnmálaumræðum úr því fari sem þær hafa verið. Við þurfum að hefja nýtt gildismat í þeim efnum til vegs. Við þurfum að leggja meiri áherslu á orðheldni, trúnað og traust en víkja í burtu skrumi, skrautsýningum og ævintýrasögum. — Góðar stundir.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þá höfum við heyrt hæstv. forsrh. halda sína síðustu stefnuræðu. Hún ber einkenni þau hin sömu og við þekkjum frá fyrri stefnuræðum. Hendur eru þvegnar af því sem miður hefur farið, hælst um yfir því sem sæmilegt hefur gerst þrátt fyrir ríkisstjórnina en ekki fyrir hennar tilverknað. Ráðherrann sagði að engin samstaða um nauðsynlegar aðgerðir hafi verið í þeirri ríkisstjórn sem hrökklaðist frá haustið 1988, eins og ráðherrann svo smekk-

lega orðar það.

Það er rétt að samstaða var ekki um aðgerðir. Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson sprengdu ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Það gerðu þeir til þess að geta komið hér á kerfi úreltra hugmynda sem hver þjóðin af annarri er nú að hverfa frá. Það er líkt og í Framsfl. og Alþb. séu eins konar steinaldarmenn sem hafa ekki náð þroskastigi þeirra sem þessu oki varpa nú af sér. Sjálfstfl. var ekki og verður aldrei tilbúinn að elta svona alræðishyggju. En þeir fundust í þinginu sem til voru í tuskið.

Ráðherrann segir að ríkisstjórn sín hafi ákveðið að vinna þjóðina frá hengifluginu. Það hafi verið gert með aðhaldssamri efnahagsstefnu og markvissri leiðréttingu á gengi íslensku krónunnar.

Þegar aðilar vinnumarkaðarins tóku völdin af ríkisstjórninni í upphafi þessa árs náðist verðbólgan niður, með öðrum orðum þrátt fyrir ríkisstjórnina, ekki fyrir hennar tilstilli. Með markvissri leiðréttingu á gengi krónunnar á ráðherrann væntanlega við skipulagslaust undanhald ríkisstjórnarinnar í gengismálum, þar sem stefnuleysi og hik olli því að fella þurfti gengið um 26% á sl. ári. Það var afleiðing þess að þeir félagarnir, Steingrímur og Jón Baldvin, hæstv. ráðherrar, höfnuðu tillögum sjálfstæðismanna sumarið 1988 um markvissa aðlögun gengisins. Þá nauðsyn viðurkenndu þeir hins vegar ári síðar og ári of seint. Svo talar ráðherrann um að víðtækari fjárhagsleg endurskipulagning úrflutningsatvinnuveganna hafi verið gerð en nokkru sinni fyrr. Engin endurskipulagning hefur farið fram. Í gegnum Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð hefur ríkið framlengt dauðastríð fjölmargra fyrirtækja og undirbúið með því víðtækustu þjóðnýtingu Íslandssögunnar. Afborganir af lánum frá þessum sjóðum koma nú fram með fullum þunga. Þær afborganir flestar greiðir þjóðin með skattpeningum, ekki þessi ríkisstjórn. Það sem ríkisstjórnin hefur gert er að skuldsetja komandi kynslóðir og tefja fyrir óhjákvæmilegri endurskipulagningu atvinnuveganna.

Forsrh. gerði að umtalsefni kjarasamning ríkisstjórnarinnar og Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Hann sagði að þegar ekki hefði fengist frestun fram yfir gildistíma þjóðarsáttar á þeim ákvæðum samningsins sem leiddu til meiri launahækkunar en aðrir fengju hefði ekki verið um annað að ræða en fella þau ákvæði úr gildi. Frestun á öllu fram yfir þjóðarsátt, það er lausnarorðið hjá hæstv. ríkisstjórn. Þannig sagði félmrh. í útvarpsviðtali fyrir skömmu að vextir af húsnæðislánum yrðu ekki hækkaðir fyrr en eftir þjóðarsátt. Með öðrum orðum, þá er allt í lagi að hækka þá. Nú er það draumur Steingríms, Svavars, Jóns Baldvins og Ólafs Ragnars að halda áfram samstarfi eftir kosningar fái þeir til þess meiri hluta eða aðstoð einhverra flokksbrota sem kunna að fá kjörna menn á þing. Því er nú nauðsynlegt að fá svör frá fulltrúum flokka þeirra hér á eftir hvað þeir ætla að gera eftir að þjóðarsátt lýkur, eins og þeir orða það.

Í síðustu viku fór fram hér í þinginu utandagskrárumræða um bráðabirgðalögin og BHMR-samninginn. Meðan hver þingmaðurinn á fætur öðrum, líka úr röðum stjórnarinnar, gagnrýndu þessa aðför ríkisstjórnarinnar að samningsréttinum sat forsrh. og horfði í gaupnir sér, en fjmrh. fól andlit sitt á bak við erlent tímarit. Það má vel vera að hann hafi verið að lesa það, ég veit það ekki. En engum spurningum var svarað. Við önnur tækifæri hafa hins vegar ráðherrarnir sagt að þessi gerð hafi verið nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir að þjóðarsáttin yrði sprengd í loft upp. Þetta var aldrei spurning um það heldur hitt, hvort staðið skuli við gerða samninga. Setning þessara bráðabirgðalaga var siðlaus athöfn. Hún var tilræði við samningsréttinn, þingræðið, dómstólana í landinu og fólkið sem samið var við.

Í sumarleyfi Alþingis taka ráðherrar í sínar hendur lagasetningarvaldið til þess að afnema samningsákvæði sem þeir sjálfir hafa undirritað og æðsta dómsstig lagt annan skilning í en þessum sömu herrum er þóknanlegur. Við gerð þjóðarsáttar var rækilega bent á ákvæði samnings ríkisstjórnarinnar og BHMR. Aðilar vinnumarkaðarins undirstrikuðu að þjóðarsáttin ætti að gilda um alla, ekki bara suma. Ríkisstjórnin taldi enga þörf á að taka á málinu þá, enda aldrei ætlun hennar að standa við samninginn eins og síðar kom í ljós. En þetta er allt í samræmi við álit þessara ráðherra á þinginu sem þeir þó allir eru kjörnir til utan einn.

Forsrh. gerði álmálið að umtalsefni. Sagði að þróun orkufreks iðnaðar hefði gengið hægara en margir gerðu ráð fyrir. En hann segir ekki hvers vegna. Ég skal segja honum það. Það er vegna þess að í hans eigin flokki og í Alþb. eru þau öfl sem eru á móti framförum í landinu, á móti stóriðju, á móti því að efla atvinnulífið yfirleitt. Sjálfur sat hæstv. núv. forsrh. í ríkisstjórnum sem árum saman voru í beinum hernaði gegn öllum stóriðjuáformum. En það var auðvitað ekki honum að kenna að ekkert gekk, fremur en annað sem miður hefur farið. Vonandi kemst álmálið í heila höfn þrátt fyrir þá skemmdarstarfsemi sem hefur verið stunduð af einstökum stjórnarliðum. En meðferð ríkisstjórnarinnar á málinu er til vansæmdar. Landshlutum og sveitarfélögum hefur verið att saman í samkeppni um staðarval fyrir álver sem í raun var löngu ákveðið hvar skyldi rísa. Misvísandi yfirlýsingar ráðherranna hafa veikt samningsstöðu okkar og leitt í ljós ágreininginn innan ríkisstjórnarinnar. Meðan ráðherrarnir vita ekki hvort þeir ná saman í mikilvægasta máli sem til þeirra kasta hefur komið og vita enn síður hvort flokkar þeirra fylgi því sem kann að verða ofan á í ríkisstjórninni spyrja þeir hver sé stefna Sjálfstfl. Hún er alveg ljós. Sjálfstæðismenn styðja byggingu nýs álvers í trausti þess að hagkvæmustu samningum verði komið í höfn. En við vantreystum þessari ríkisstjórn í þessu máli sem öðrum og það er áhætta í því fólgin fyrir framgang mikilvægs máls að hafa það í höndum ríkisstjórnar sem veit ekki hvað hún vill. Sjálfstæðismenn lána því ekki atkvæði sín geðlitlum ráðherrum sem mundu sitja áfram í ríkisstjórn sem gengi gegn þeirra eigin sannfæringu ef sannfæring er þá til.

Svona stjórn á auðvitað að fara frá. Að því loknu og eftir kosningar er Sjálfstfl. reiðubúinn að taka hönd-

um saman við þá sem af heilum hug vilja vinna að framgangi þessa máls og öðrum þeim þjóðþrifamálum sem vinna þarf en fá aldrei framgang hjá núv. ríkisstjórn.

Í stefnuræðu forsrh. var því miður ekkert það að finna sem vekur þjóðinni vonir um bjartari framtíð. Þær vonir eru hins vegar tengdar næstu kosningum og sigri Sjálfstfl., nýrri ríkisstjórn þar sem frjálslynd öfl ráða ferð og Sjálfstfl. er í forustu. — Góða nótt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Stjórnmálamenn, flokka og ríkisstjórnir á að dæma af verkunum. Þrátt fyrir að nokkuð kunni að hafa á skort á stundum að þessi ríkisstjórn nyti sannmælis í umfjöllun stjórnarandstöðu, eins og við heyrðum á máli hv. 1. þm. Suðurl. hér áðan, eða fjölmiðlum, þá er nú svo komið að það er sýnt og fyrirséð að þessi ríkisstjórn mun fá góð eftirmæli; þrátt fyrir það að hún tók við vondu búi fyrirrennara sinna; vegna þess að hún mun skila miklu betra búi. Þrátt fyrir það að hún hefur stjórnað á samdráttarskeiði þar sem þjóðartekjur drógust saman um 20 milljarða; vegna þess að hún hefur ekki látið erfiðleikana buga sig heldur unnið sig út úr þeim. Þess vegna má segja um þessa ríkisstjórn hið fornkveðna: Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að nota þennan stutta tíma sem ég hef til að hugleiða með áheyrendum tvær spurningar. Hin fyrri er: Hver hefur verið hlutur okkar jafnaðarmanna í þremur ríkisstjórnum á þessu kjörtímabili? Og í annan stað sérstaklega: Hvað leiðir sanngjörn umfjöllun í ljós þegar við berum saman fyrirheit fyrir kosningar og framkvæmdir? En seinni spurningin væri fyrst og fremst sú: Hver eru hin stóru verkefni sem bíða íslensku þjóðarinnar á næsta kjörtímabili, á þessum áratug, sem er í augsýn nýrrar aldar?

Virðulegi forseti. Fyrir kosningarnar 1987 boðuðum við jafnaðarmenn jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, lögðum höfuðáherslu á lækkun verðbólgu og vaxta og stöðugleika í efnahagsumhverfinu. Muna menn hvernig þá var áhorfs í þjóðfélaginu? Verðbólga, hávextir. Menn töluðu um að Róm brynni. Menn bentu á skuldasöfnun og hallarekstur fyrirtækja. Menn boðuðu stöðvun í sjávarútvegi. Spámenn boðuðu að atvinnuleysi biði 10–15 þúsund manns. Lítum nánar á niðurstöðurnar.

Ég sagði: Við boðuðum lækkun verðbólgu. Þetta er fyrsta ríkisstjórnin í sögu lýðveldisins sem hefur náð því markmiði að verðbólga er nú komin niður á sama stig og í viðskiptalöndum. Í fréttabréfi Vinnuveitendasambandsins segir svo: „Nú er svo komið að árshraði verðbólgunnar er kominn niður í aðeins 3,9% miðað við síðustu þrjá mánuði.“ Ég held að við getum þess vegna sagt að við höfum staðið við það. Við boðuðum lækkun vaxta. Vextir hafa lækkað frá árslokum á seinasta ári úr 35% í tæplega 13%, þ.e. nafnvextir. Raunvextir úr 12 í 4%. Við höfum heldur betur staðið við það. Það var talað um efnahagsáætlun sem hafi leitt til stjórnarslita 1988. Jú, það er rétt. Við höfnuðum gengislækkunarkollsteypu þá sem úrræði, aðallega af tveimur ástæðum. Vegna þess að fyrirtækin voru svo skuldsett að þetta hefði riðið þeim að fullu og í annan stað vegna þess að það hefði leitt yfir okkur fjöldaatvinnuleysi og þar með rofið frið og grið á vinnumarkaðinum. Þess í stað leiðréttum við raungengið, sem var of hátt, í áföngum, treystum þannig undirstöður varðandi afkomu atvinnuveganna og sköpuðum forsendur fyrir þjóðarsátt, þjóðarsátt um raunverulegar kjarabætur í stað verðlausra prósentuhækkana.

Lækkun verðbólgu og vaxta, þjóðarsátt, hvað hefur það þýtt í raunverulegum kjarabótum fyrir þá sem verst voru settir, hina skuldugu? Tökum dæmigerðan einstakling með 2 millj. kr. skammtímaskuld til tveggja ára. Fyrir ári hefði vaxtakostnaður þessa láns verið 450 þús. kr. á ári. Núna væri þessi vaxtakostnaður um 200 þús. Það munar um minna en $1^1/_2$–2 mánuðarlaun vegna lægri vaxta. Ég spyr: Hvort skyldi vera hagstæðara skuldugu fólki, þjóðarsáttin með lágum prósentum og lágri verðbólgu eða verðbólgumarsúrki verðlags, vaxta og launa sem við þekkjum allt of vel?

Afkoma atvinnuveganna sem lá við lokun. Það var í fréttunum í kvöld: Í fyrsta sinn í 20 ár er útgerð og fiskvinnsla rekin með umtalsverðum hagnaði. Helsti talsmaður iðnrekenda segir að samkeppnisstaða iðnaðarins á Íslandi hafi ekki verið jafngóð í 20 ár. Lítið á tölur um viðskiptajöfnuð. Lítið á, þrátt fyrir allt, þann árangur sem náðst hefur af aðhaldsstefnu í ríkisbúskapnum þótt þar vanti talsvert á. Er þetta stjórnarstefna sem heitir á máli þeirra sem óska eftir viti borinni stjórnmálaumræðu, að hafa fært Ísland austur fyrir tjald? Er þetta að hafa afnumið vestrænar hagstjórnaraðferðir?

Tökum nokkur fleiri dæmi. Fyrir kosningar boðuðum við jafnaðarmenn staðgreiðslukerfi skatta sem verkalýðshreyfingin hafði barist fyrir í 30 ár. Við stóðum við það, í góðu samstarfi við samstarfsmenn, sjálfstæðismenn og framsóknarmenn í ríkisstjórn.

Í annan stað: Við boðuðum það að reyna að framkvæma stærstu og þýðingarmestu tillöguna hjá skattsvikanefnd um að fækka undanþágum í söluskatti til þess að loka skattsvikasmugum og styrkja innheimtukerfi opinberra gjalda. Við stóðum við það. Ég býð ekki í ástand ríkisfjármála ef við hefðum ekki þorað að gera að. Ég minni á dóm OECD-sérfræðinga sem sögðu: Þetta er róttækasta og best heppnaða breyting á hagstjórn á Íslandi á seinni árum.

Við boðuðum að við ætluðum að bæta samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega með því að koma á virðisaukaskatti. Við gerðum það.

Við boðuðum að við vildum auka valfrelsi í húsnæðismálum, annars vegar í séreignarkerfi og hins vegar að styrkja félagslega kerfið. Við höfum gert það.

Við höfum lögfest kaupleiguíbúðir, við höfum endurskoðað löggjöf um félagslegt íbúðarhúsnæði. Við höfum aukið fjármögnun félagslega kerfisins og náð því marki í fyrsta sinn að það er nú $^1/_3$ af nýbyggingum. Við höfum lögleitt húsbréfakerfið sem er afar hentugt fyrir þá á húsnæðismarkaðnum, sem þurfa að skipta um fasteignir, og við höfum losað skattgreið-

endur við að fjármagna þau kaup. Við höfum lækkað útborgunarhlutfallið á ári, við höfum gert þessi viðskipti á fasteignamarkaðinum einföld og viðráðanleg. Þetta er einhver hagkvæmasta aðferð til að nýta gömul borgarhverfi sem upp hefur verið fundin. Þetta er mjög vel heppnuð lausn.

Við boðuðum að gera átak í húsnæðismálum aldraðra, öryrkja og fatlaðra. Við höfum staðið við það.

Við boðuðum að stokka upp verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem var reyndar eitt af helstu deilumálunum á fyrra kjörtímabili, sem hefur bæði styrkt fjárhag sveitarfélaga, aukið sjálfstæði þeirra og sjálfsforræði. Sérstaklega styrkt fjárhag þeirra. Kannski er þessi ríkisstjórn besti vinur Davíðs eftir allt saman.

Við boðuðum að setja þyrfti löggjöf um fjármagnsmarkaðinn utan bankakerfisins. Við hörmuðum það þegar sjálfstæðismenn gerðu sína misheppnuðu tilraun um vaxtafrelsið, ekki vegna þess að það væri ekki rétt út af fyrir sig að efna til vaxtafrelsis, heldur vegna þess að það var gert án fyrirhyggju löggjafar til þess að tryggja hagsmuni viðskiptavina og á vitlausum tíma, þegar eftirspurn eftir lánsfé var óstöðvandi og þensla mikil. Það endaði í vaxtaslysi.

Við boðuðum að það yrði að gæta jafnvægis annars vegar milli réttmætra krafna sparifjáreigenda um raunávöxtun sparifjár en hins vegar yrði greiðslubyrði skuldara að vera í hófi. Okkur hefur tekist það.

Við boðuðum að fækka viðskiptabönkum. Okkur hefur tekist það, það er búið að tala um það í tíu ár, okkur hefur tekist að fækka þeim úr sjö í þrjá. Hver er árangurinn? Árangurinn birtist m.a. í því að mannaflaþörf bankakerfisins minnkar nú milli ára um 5% í fyrsta sinn í 25 ár.

Við boðuðum aukið útflutningsfrelsi og við boðuðum aukið frelsi í gjaldeyrisviðskiptum. Við höfum gert það. Reglugerð viðskrh. um það afléttir gömlum forréttindum.

Við boðuðum nýjungar í atvinnulífinu. Við boðuðum að binda enda á kyrrstöðu og stöðnun varðandi virkjun orkulindanna og við höfum heldur betur staðið við það. Við erum með það mál á lokastigi og ég skora á ykkur, hlustendur góðir, hlustið þið vel eftir því hverjir eru úrtölumennirnir í því máli og hverjum er að treysta í því máli.

Þannig gæti ég svo sem lengi talið. Við alþýðuflokksmenn höfum allan tímann verið traustir stuðningsmenn vestrænnar samvinnu á sviði varnarmála, öryggismála og efnahagsmála. Undir okkar forustu hefur verið staðið við öll fyrirheit í því efni. Við höfum verið óvenjulega virkir í alþjóðlegu samstarfi. Það á ekki hvað síst við um viðskiptasamstarfið þar sem við höfum haft forustu um stefnumótun og reyndar haft á hendi verkstjórn í viðamestu milliríkjasamningum sem íslenska þjóðin hefur nokkurn tíma staðið frammi fyrir og munu, ef þeir takast, verða stærsta skrefið sem stigið hefur verið í sögu þessarar þjóðar í átt til aukins viðskiptafrelsis.

Góðir áheyrendur. Það er þýðingarmikið að tala um stjórnmál út frá staðreyndum og neita þeim ekki. Það er þýðingarmikið að halda stjórnmálamönnum og flokkum við þau fyrirheit sem gefin voru. Ég segi: Af þeim 34 skilgreindu fyrirheitum, sem við gáfum í kosningastefnuyfirlýsingu okkar 1987, höfum við staðið við og hrint í framkvæmd nú þegar 29. Það er góður árangur í samsteypustjórnum á erfiðleikatímabili. Það er rétt að við höfum látið verkin tala. Það væri hins vegar afar fávíslegt að miklast af þessum árangri. Það væri jafnfávíslegt og að neita honum og vanmeta hann vegna þess að við höfum lagt grunn að traustu framfaraskeiði. Við höfum búið í haginn fyrir framtíðina.

Virðulegi forseti. Saga Alþfl. leiðir í ljós að hann er umbótaflokkur sem hefur lagt gjörva hönd á mörg stærstu umbótamál sem hafa breytt íslensku samfélagi. Það á við um verkamannabústaðalöggjöf Héðins. Það á við um almannatryggingalöggjöf Haralds. Það á við um hugmyndirnar um opnun þjóðfélagsins í viðskiptum og samskiptum við aðrar þjóðir í tíð Gylfa. Það á við varnaðarorð okkar um ógöngur landbúnaðarkerfisins. Þannig mætti lengi telja.

Ég sagði umbótaflokkur. Við erum umbótaflokkur af því tagi sem beitir sér í samstarfi við aðra flokka fyrir umbótamálum. En við látum okkur ekki nægja að friðþægja samviskuna með mótmælum. Við viðurkennum veruleika samsteypustjórna en við náum árangri eftir þessum leiðum.

Þegar við lítum til framtíðarinnar, þá höfum við skilgreint stærstu viðfangsefni okkar á næsta kjörtímabili þessi:

Í fyrsta lagi að endurskipuleggja í grundvallaratriðum ýmsar forsendur atvinnustefnu okkar. Það á við um stóriðjumálin og virkjanamálin, það á við um landbúnaðarmálin og það á við um sjávarútvegsmálin.

Í annan stað er eitt stærsta verkefnið að ljúka samningum okkar við Evrópubandalagið og skilgreina sess Íslands í samstarfi Evrópuþjóðanna í framtíðinni.

Þriðja stóra málið er frá okkar bæjardyrum séð þetta: Ef við viljum verja velferðarkerfið, en til þess erum við sérstaklega kjörnir, þá verður ekki undan því vikist að vinda sér í fjögurra ára áætlun um uppskurð á ríkisbúskapnum íslenska.

Fjórða stóra málið er jöfnun lífskjara. Það er að nýta nýtt hagvaxtarskeið til að jafna lífskjör, stytta vinnutíma og bæta skilyrði til almenns og heilbrigðs fjölskyldulífs.

Ég mundi nefna sem fimmta atriði nauðsyn þess, með sterkri löggjöf og virku eftirliti, að draga úr vaxandi tilhneigingum til einokunar og sífellt vaxandi samsöfnun fjármagns á færri hendur.

Loks í sjötta lagi væri það meginverkefnið að nýta nýtt hagvaxtarskeið til þess að grynnka á skuldum þjóðarinnar.

Á flokksþingi okkar nú nýlega samþykktum við drög að kosningastefnuskrá upp á 50 síður þar sem við skilgreinum nákvæmlega þær lausnir sem við bjóðum í þessum stóru málum.

Það þarf enginn að spyrja um það hver er afstaða okkar varðandi nýtingu orkulindanna og samninga við erlenda aðila um stóriðju. Þar höfum við látið verkin tala. Að því er varðar landbúnaðarmálin, þar sem okk-

ur er oft núið um nasir að hafa farið inn í ríkisstjórn þrátt fyrir þá staðreynd að búvörusamningurinn batt hendur og fætur allra flokka fram til ársins 1992, þá vil ég bara minna menn á einn hlut: Í því tilboði, sem þessi ríkisstjórn hefur nú lagt fram með skuldbindandi hætti fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands í sambandi við GATT-viðræðurnar, felst það að á átta árum munum við draga úr stuðningi við landbúnað í útflutningsbótum og heildarstuðningi um tæpa 4 milljarða á ári að meðaltali á næstu árum eða um 31,3 milljarða á átta ára tímabili. Ef þetta gengur eftir þá er það meiri árangur en nokkurn hafði órað fyrir eða þorað að vona.

Virðulegi forseti. Flokkur sem starfar eins og Alþfl., flokkur sem getur kinnroðalaust lagt verk sín fyrir dóm kjósenda, kvíðir ekki þeim dómi. Og ég vil segja það að lokum að við höfum áður heyrt hrakspár um framtíð íslensks þjóðfélags, hrakspár um gengi þessarar ríkisstjórnar, hrakspár um gengi okkar flokks. En eitt segi ég: Ef stefnan sem Alþfl. hefur skilgreint og markar sérstöðu hans nær fram að ganga áfram á næsta kjörtímabili, þá þurfum við ekki að kvíða því að íslenskt þjóðfélag verði C2-þjóðfélag, dæmt til þess að verða bónbjargamaður í samfélagi Evrópu. Þvert á móti verða möguleikar okkar nýttir til hins ýtrasta vegna þess að framfarasinnuð, umbótasinnuð stefna mun skila árangri. — Ég þakka áheyrnina.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Því verður ekki móti mælt og það viðurkenna allir réttsýnir menn að þessi ríkisstjórn hefur náð árangri. Hún hefur náð meiri árangri í efnahagsmálum en nokkur önnur ríkisstjórn í áratugi. Þessi árangur hefur náðst vegna þess að hjá launþegasamtökum og vinnuveitendum var skilningur á því að nú yrði að reyna nýjar leiðir. Og nú höfum við kynnst nýjum stöðugleika. Verðbólga er minni en verið hefur í áratugi. Hún er ekki aðeins komin niður á það stig sem hún er í helstu viðskiptalöndum okkar, hún er orðin lægri en í sumum þessum löndum.

Það er höfuðverkefni íslenskra þjóðmála að tryggja þennan stöðugleika, að tryggja að hann haldist. Hér var gerð þjóðarsátt í kjaramálum. Í kjölfar hennar verður að fylgja þjóðarsátt til eflingar atvinnu og aukins hagvaxtar þar sem markmiðið er að auka kaupmátt lægstu launa án þess að verðbólga aukist og tryggja að dagvinnulaun nægi til lífsviðurværis.

Ráðherrar Alþfl. hafa haft forustu um umbótamál sem varða þjóðina miklu. Ég nefni forustu í Evrópumálum, uppstokkun bankakerfis, nýskipan í húsnæðismálum, aukið útflutningsfrelsi og síðast en ekki síst nýtt átak í stóriðju- og virkjunarmálum.

Stundum er svo að skilja á þeim sjálfstæðismönnum, ekki síst þeim sem hafa talað hér í kvöld, að landinu verði helst ekki stjórnað og alls ekki vel stjórnað nema þeir sitji í ríkisstjórn. En góðir hlustendur. Ég vek athygli á því að allt það sem gerst hefur og ég áðan rakti hefur verið gert án þess að Sjálfstfl. kæmi þar nokkuð við sögu nema þá í nöldrandi stjórnarandstöðu. Formaður Sjálfstfl. var að guma af því að flokkurinn hefði beitt sér fyrir auknu viðskiptafrelsi hér áður. Það minnir mig á það að fyrir fáeinum dögum hitti ég sjálfstæðismann á götu og hann sagðist starfa í vinnuhópi í flokknum um viðskiptamál. Hann hefði á dögunum sagt við félaga sína þar: „Ég sé ekki betur en Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra sé búinn að gera allt og meira til, til þess að auka gjaldeyris- og viðskiptafrelsi en Sjálfstfl. lofaði og aldrei gerði. Nú skulum við hætta þessu kjaftæði og senda ráðherranum blóm.“ Ekki veit ég hvort það varð niðurstaðan hjá þeim, en það eru til menn í Sjálfstfl. sem viðurkenna þegar vel er unnið, jafnvel þótt pólitískir andstæðingar eigi í hlut. Við höfum hins vegar ekki heyrt í þeim hér í kvöld en þeir eru til.

Ég sagði áðan að við værum á leið upp úr öldudalnum. Það má einnig segja að við séum á krossgötum. Undir forustu Alþfl. hefur verið undirbúið nýtt átak í stóriðju- og virkjunarmálum. Þar munu samningar vonandi takast sem fyrst. Þessar framkvæmdir verða öllu atvinnulífi í landinu mikil lyftistöng, ekki bara þeim svæðum þar sem framkvæmt verður, heldur hrískast áhrifin miklu víðar. Það er deginum ljósara að um þessar framkvæmdir hefur skapast óvenjulega breið þverpólitísk samstaða. Þess vegna er það furðulegt og öldungis óskiljanlegt að af hálfu stærsta stjórnmálaflokks landsins, Sjálfstfl., skuli hafa verið hafðir uppi tilburðir til að spilla þessu máli. Í álmálinu hefur Sjálfstfl. bilað og gert einhvers konar óskundabandalag við öfl í Alþb. Þar hafa öfundin og afturhaldið tekið höndum saman því auðvitað er öllum ljóst að afstaða Sjálfstfl. til álmálsins væri allt önnur ef sá flokkur væri í ríkisstjórn. Ég hef þá trú að fólki finnist þetta heldur ómerkilegt. En þetta er ekki bara ómerkilegt. Þetta er þjóðhættulegt ábyrgðarleysi og það er sorgleg staðreynd að í forustuliði Sjálfstfl. skuli að finna leiðtoga sem hegða sér eins og pólitískir pörupiltar í þessu mikilvæga máli. Þegar á reynir bilar Sjálfstfl. og ástundar ábyrgðarleysi og pólitíska hrekki. Ég spái því að það verði ekki þeim flokki til framdráttar.

Þótt mikill árangur hafi náðst þá blasa víðs vegar um land við vandamál sem bíða úrlausnar og þola ekki bið. Við þurfum að treysta byggðina í landinu, ekki endilega eins og hún er, heldur með eflingu byggðakjarna. Raunhæfasta byggðastefnan er að byggja upp öflugt landskerfi í samgöngum, opinberri þjónustu, fjarskiptum og orkubúskap, orkukerfi sem tryggir jöfnun orkuverðs. Uppbygging iðnaðar og þjónustu á landsbyggðinni hlýtur að vera forgangsverkefni næstu ára. Víða er atvinna ótrygg og sums staðar hefur atvinnuleysi verið landlægt allt of lengi, eins og t.d. hjá konum á Akranesi, og víða eru ótryggar horfur í skipasmíðum og málmiðnaði. Þar gæti þó ræst verulega úr þegar hafist verður handa um byggingu nýs álvers. Það fer heldur ekki hjá því að menn hafi áhyggjur af erfiðri og ótryggri stöðu rótgróinna fiskvinnslufyrirtækja, stöðu sem m.a. á rætur að rekja til vaxandi útflutnings á ferskum fiski og meingallaðrar umgerðar kvótakerfisins sem getur leitt til örlagaríkrar byggðarröskunar.

Þáttur í því að efla og styrkja byggð um landið er efling félagslega íbúðakerfisins. Aldrei fyrr hefur eins mikil uppbygging verið í félagslega íbúðakerfinu og á

þessu kjörtímabili. Lög um kaupleiguíbúðir og nýskipan félagslega kerfisins hafa gjörbreytt stöðunni í húsnæðismálum láglaunafólks. Þessu verður að halda áfram og því er brýnt að tryggja fjárhagsstöðu félagslega kerfisins betur en nú er gert. Gamla húsnæðislánakerfið frá 1986 er hrunið. Undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur félmrh. hefur húsbréfakerfinu verið komið á fót til að leysa gamla kerfið af hólmi. Allir þeir 5500 einstaklingar og fjölskyldur sem bíða nú í röðinni eiga þess kost að fara yfir í húsbréfakerfið. Á döfinni eru ráðstafanir sem gera húsbréfin að enn betri kosti fyrir láglaunafólk. Jafnframt verði fólki sem á í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðiskaupa veittur aðgangur að húsbréfakerfinu. Það er hagkvæm lausn og getur komið í veg fyrir gjaldþrot fjölmargra fjölskyldna. Enn frekari breytingar eru á döfinni í húsnæðiskerfinu. Það er stofnun umboðsskrifstofa í öllum kjördæmum sem færir þjónustuna nær fólkinu og enn fremur er ætlunin að færa húsbréfaviðskipti inn í bankastofnanir um land allt. Þetta eru breytingar og umbætur sem svo sannarlega eru til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Alþfl. er búinn að eiga aðild að landsstjórninni allt þetta kjörtímabil. Margt hefur áunnist en margt er ógert. Mikilvæg verkefni bíða. Við höfum átt þátt í að stýra efnahagsmálum þjóðarinnar til betra jafnvægis en náðst hefur um áratuga skeið. Nýtt framfaraskref er í augsýn og brautin hefur verið rudd fyrir efnahagslegar framfarir, aukinn hagvöxt, tryggari atvinnu og tryggari afkomu. Þetta höfum við gert með hugsjónir jafnaðarstefnu að leiðarljósi, þetta munum við halda áfram að gera og við leggjum þessi verk okkar, góðir áheyrendur, óhikað í ykkar dóm. — Góðar stundir.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Síðasta laugardag svaraði fyrrverandi, og að eigin sögn tilvonandi, forsætisráðherra landsins spurningum sem fyrir hann voru lagðar í útvarpsþætti. Hann var spurður þeirrar grundvallarspurningar hvort hann kynni að festa tölu og svaraði hann því neitandi. Ekki kvaðst hann heldur vera liðtækur við matseld. Hins vegar vafðist ekki fyrir honum að svara því játandi að hann teldi að hann yrði næsti forsætisráðherra að loknum kosningum á vori komanda.

Þessi svör leiða hugann að því hvað það er mótsagnakennt að geta ekki sinnt eigin frumþörfum en telja sig þess umkominn að ráða fyrir öðrum í stóru og smáu.

Ekki ætla ég að vera með neinar getgátur um það hvort núverandi forsætisráðherra er jafnbjargarlaus og sá fyrrverandi, en óneitanlega verður maður þess oft áskynja hvað valdsmenn landsins eru tengslalausir við daglegt líf og kjör þorra landsmanna og stjórnunaraðferðir þeirra endurspegla það svo sannarlega.

Stefnuræða hæstv. forsrh. er glöggt dæmi þar um. Mótsagnirnar eru himinhrópandi, eða réttara sagt það hvað dregið er fram í dagsljósið, sjálfum sér til dýrðar og hvernig það gleymist sem gæti varpað skugga þar á. Alls staðar er dreginn taumur hins sterka, ekki minnst á þann veika. Það kynni þó ekki að vera orsökin fyrir þessari lífssýn að tengslin vantar? Í líkingum talað að hvorki hann né sumir samráðherra hans kunni að festa tölu.

Sá sem hvorki kann né þarf að sinna eigin frumþörfum, að ég tali nú ekki um annarra, er vís til að loka augunum fyrir mikilvægi þess að þeim sé fullnægt. Finnst sjálfsagt að það sé í annarra verkahring svo hann geti sjálfur gengið ótruflaður að öðrum störfum sem hann álítur merkilegri. Þannig skiptir hann lífinu niður í hólf, sér ekki samhengið á milli, missir öll tengsl, opnar bara þau hólf sem hann þekkir og skilur og sinnir þeim málefnum sem þar eru geymd. Hin hólfin eru rammlæst og jafnvel gleymd. Þessi hólfaða hugsun er stórhættuleg, skekkir alla sýn, veruleikinn brenglast og menn lifa í ímynduðum veruleika, sjá það sem þeir vilja sjá, annað ekki. Slíkt leiðir til valdhroka, ef ekki beinlínis valdníðslu eins og dæmin sanna.

Nærtækasta dæmið eru náttúrlega bráðabirgðalögin sem sett voru í ágúst sl. til að ómerkja samning ríkisvaldsins og BHMR. Hæstv. forsrh. sagði að ríkisstjórnin hefði ekki átt annarra kosta völ. Hún tekur sér sjálfdæmi, skeytir ekki um niðurstöðu dómstóla og fótumtreður lög um samningsrétt. Í einu hólfinu var sem sagt líf ríkisstjórnarinnar og þjóðarsáttarinnar svokölluðu en hólfið sem hafði að geyma lýðræði og mannréttindi var lokað og gleymt.

Ríkisstjórn sem ástundar svona vinnubrögð er til alls vís og enginn veit hvar hún ber niður næst eða hvað ríkisstjórnir framtíðarinnar kunna að gera í skjóli þessa fordæmis ef þetta verður látið óátalið. Verður e.t.v. ákveðið að ekki skuli greitt fæðingarorlof, vegna þess að það sé of dýrt, eða að lækka skuli ellilífeyri og örorkubætur, eða að nemendur greiði skólagjöld í menntastofnunum landsins? Hver veit hvað verður næst?

Það skyldu þeir hafa í huga sem hlakka yfir því að hálaunafólkið í BHMR fékk ekki umsamda launahækkun að þetta mál snýst ekki um krónur heldur um grundvöll lýðræðis og mannréttinda. Það er valdníðsla og siðblinda og ekkert annað að taka sér þennan rétt sem ríkisstjórnin gerði, að ákveða undir þessum kringumstæðum að hún ætti ekki annarra kosta völ.

En víkjum aftur að hólfum. Þegar hæstv. forsrh. hafði lokað hólfinu með bráðabirgðalögunum sem ómerktu langvinna kjarabaráttu háskólamenntaðs fólks opnaði hann næsta hólf og fór að tala um mikilvægi þekkingar og sagði nútímakjör byggja á henni. Lét í ljósi áhyggjur af þekkingarflótta sem mundi leiða til lakari lífskjara. Ekki eru nú samgöngur greiðar milli hólfanna.

Hæstv. forsrh. verður tíðrætt um þann árangur sem náðst hefur í stjórn efnahagsmála. Efnahagsmál heimilanna eru greinilega í rammlæstu hólfi því ekki er minnst einu orði á jafnvægisleysi þar. Ekki varð vart við áhyggjur af því að stöðugt fjölgar þeim sem þurfa að leita á náðir félagsmálastofnana um allt land. Fjölg-

unin er sums staðar talin í tugum prósenta. Fullfrískt vinnandi fólk getur ekki einu sinni séð sér farborða í þessu efnahagsjafnvægi. Gjaldþrotum fjölgar, ekki bara fyrirtækja heldur líka heimila og þau gjaldþrot eru líka alvarleg. Ekki hafa heimilin neina opinbera sjóði til að sækja í til að halda sér gangandi, enda væri það líka í hæsta máta óeðlilegt því fólk á að geta framfleytt sér á launum sem það fær fyrir vinnu sína. Auðvitað má í sumum tilfellum kenna um eigin óráðsíu og ofneyslu, líkt og gerist hjá sumum fyrirtækjum, en það er ekki einhlít skýring.

Það má nema þann fróðleik í nýútkominni þjóðhagsáætlun að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi rýrnað um 3% á árinu 1988, um 10% á árinu 1989 og talið er að hann rýrni um 3,5% milli áranna 1989 og 1990. Þarna er auðvitað um meðaltalstölur að ræða því í svona skýrslum er ekkert verið að fjölyrða um það hverra kaupmáttur rýrnaði mest, né hverjir máttu síst við þessari rýrnun en urðu samt að þola hana. Tekjuskiptingin er ekki til umræðu enda í hólfi sem ekki er vert að opna. Þá skekkist myndin fallega um of. Sannleikurinn er auðvitað sá að tekjuskiptingin í þjóðfélaginu er óþolandi, bæði hvað varðar skiptingu milli stétta og kynja. Það eru þeir sem síst skyldi sem hafa borið hitann og þungann af þjóðarsáttinni og gert hana mögulega. Það eru þeir sem hægt er að koma böndum yfir, það eru launþegar, þeir sem vinna eftir umsömdum töxtum og eiga sér engrar undankomu auðið. Þarna eru konur auðvitað í miklum meiri hluta.

Þeir sem settust að samningaborði og sömdu við ríkisstjórnina um þessa þjóðarsátt reyndust samkvæmt upplýsingum af skattskýrslum flestir hafa tekjur sem skiptu nokkrum hundruðum þúsunda á mánuði. Þeir máttu vel við kaupmáttarrýrnun. En ekki það fólk sem þeir sömdu fyrir, sem í sumum tilfellum telur jafnmarga tugi og umbjóðendur þeirra hundruð þúsunda upp úr launaumslögum sínum. Er furða þótt hæstv. forsrh. dásami það ágæta samstarf sem náðst hafi milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins? Það eru fleiri en valdhafar sem þjást af hólfaðri hugsun.

Einnig gerir hann að umtalsefni að ekki hafi ræst sú spá að atvinnuleysi gæti orðið 4–5% og sé einungis um 2%. Enn eru hólfin allsráðandi og meðaltölin látin nægja. Honum láist algjörlega að geta þess að atvinnuleysi kvenna er sýnu meira en karla og fer vaxandi. Sums staðar er það að nálgast þessi hættulegu 4% og engar ráðstafanir í augsýn til að bæta úr. Atvinnuvandi kvenna, ekki síst í dreifbýli, er þríþættur. Nátengt atvinnuleysinu sjálfu er reyndar að atvinna margra er ótrygg, atvinnutækifærin fábreyttari en karla og launin lægri. Fram hjá þessu er algjörlega horft og einblínt á einu og sömu lausnina — álver. Allt tal um nýsköpun í atvinnulífinu er orðin tóm, a.m.k. hvað viðkemur konum. Og byggðastefnan stendur allsnakin eins og laufvana hrísla.

Bygging álvers mun, auk annarra ókosta, leiða til byggðarröskunar sem verður tilviljanakennd og óskipulögð sem aldrei fyrr. Dregið verður úr öðrum framkvæmdum og það bitnar óhjákvæmilega á landsbyggðinni. Atvinnuleysi þar mun því aukast, alls staðar nema á Suðurnesjum og þar um kring. Vissulega er atvinnuvandi á því svæði, en þar má ekki síst kenna um stefnu stjórnvalda í stjórn fiskveiða. Fiskveiðikvóti hefur í stórum stíl verið seldur þaðan en það er bein afleiðing af lögum um stjórn fiskveiða þar sem afnot af þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar eru lögð í hendur eigenda skipa sem skeyta síðan ekkert um hag byggðarlagsins eða fólksins sem býr þar, geta selt og ráðskast með fiskinn í sjónum eins og þeim þóknast og auðgast af.

Hæstv. forsrh. hefur vissulega af þessu áhyggjur og segir óhjákvæmilegt að skoða þennan þátt í stjórn fiskveiða. En var það ekki eitt síðasta verk hans áður en þingi lauk í vor að samþykkja lög um stjórn fiskveiða sem heimila einmitt þetta? Því samþykkti hann ekki tillögur Kvennalistans um byggðakvóta sem hefðu létt af honum þessum áhyggjum? Var áhyggjuhólfið lokað þá?

Stofnun umhverfisráðuneytis er eitt af afrekum núverandi ríkisstjórnar. Það er í sjálfu sér gleðiefni ef mál hefðu ekki æxlast þannig að eitt af fyrstu verkum þess sama ráðuneytis er að leggja blessun sína yfir byggingu álvers og þá mengun sem af því hlýst. Það er helst að skilja að við Íslendingar mengum svo lítið, mælt á alheimsmælikvarðann, að ekkert geri til þó við aukum dálítið við. Fyllum upp í ónotaðan kvóta okkar í alheimsmenguninni. Hvað munar um einn kepp í sláturtíðinni?

En aftur hvarflar hugurinn að hólfunum títtnefndu. Í einu hólfi er ferðamannalandið hreina og ómengaða sem á að laða útlendinga að sem þrá hreint loft og ómengað umhverfi. Í sama hólfi er matvælaframleiðslulandið þar sem dreginn er heilbrigður fiskur úr hreinum sjó. En við komuna til landsins opnast annað hólf. Ekið er fram hjá herstöð. Hernaður og allt sem honum fylgir fellur nú varla undir umhverfisvernd. Síðan er mönnum ætlað að aka fram hjá tveim álverum. Skyldi ekki mörgum ferðamanninum bregða í brún og efast um hreinleika landsins og framleiðslu þess? Það kann að reynast erfitt að selja þessi tvö hólf samtímis.

Hæstv. forsrh. gerði líka að umtalsefni í ræðu sinni þá samninga sem nú standa yfir um evrópskt efnahagssvæði. Hann segir að undir engum kringumstæðum munum við láta af yfirráðum yfir auðlindum okkar og landi. Sjávarútvegur og fiskvinnsla verði að vera í okkar höndum. Hann varar líka við þeim óábyrgu aðilum sem muni nú hefja máls á því að Íslendingar sæki um fulla aðild að Evrópubandalaginu og lýsti því hvað af slíku mundi leiða fyrir fámenna þjóð. Við yrðum lítið annað en áhrifalaus útkjálki, eins konar hráefnamiðstöð. En hvað yrðum við annað í evrópsku efnahagssvæði? Staðreyndin er sú að þeir samningar sem nú standa yfir milli EFTA og EB munu, ef þeir nást, byggjast fyrst og fremst á lögum og reglum EB og til þess gerðir að tryggja hagsmuni þess. En samningarnir reynast erfiðari en margir ætluðu. Það gæti orðið okkur til bjargar að samningaviðræður rynnu út í sandinn. Þá mundum við kannski snúa okkur að því sem hefði átt að gera miklu fyrr, því að láta á það reyna

hvers virði íslenskt hráefni og vonandi fullunnar vörur eru löndum Evrópubandalagsins. Einnig yrði þá e.t.v. farið að leita annarra markaða til að bindast ekki um of einu svæði og vera háð því í einu og öllu. Þá gætu opnast ný hólf.

Enn eitt dæmið um hólfaða hugsun er einmitt sú staðreynd að innan þeirrar ríkisstjórnar sem hæstv. forsrh. stýrir er að finna ötulustu talsmenn þess að við lokum okkur inni með peningaþursunum stóru, þeim sem hann varaði við í ræðu sinni.

Ótal fleiri dæmi mætti taka um lokuðu og opnu hólfin í orðum og gjörðum núverandi ríkisstjórnar en tíminn leyfir það ekki.

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. minntist á kosningar sem fram undan eru. Ég vil þá líka gera þær að umtalsefni og beina því til þeirra sem á mig hlýða að nota nú tímann fram að kosningum til að skoða hug sinn vel. Hvaða hólf ætla þeir að kjósa? Bara sum eða öll? Hvað um öll hólfin sem ekki var minnst á í títtnefndri ræðu? Hvað um heimilin? Fjölskylduna? Börnin? Skólana? Dagvistunina? Menningarmálin? Og atvinnu kvenna, laun þeirra og kjör, svo fátt eitt sé talið. Allt þetta sem er í lokuðu og gleymdu hólfunum. Er ekki kominn tími til að senda þessa hólfuðu stjórnmálamenn í smá frí? Þeir gætu þá notað tímann og farið á hússtjórnarnámskeið, lært að festa tölur og búa til mat. Lært af hinni hagsýnu húsmóður. Þá fyrst er von til þess að veggirnir milli hólfanna hyrfu og þeir fengju þá heildarsýn sem nauðsynleg er til að stjórna landinu þannig að það sé fleirum í hag en þeim sem hafa völd og peninga.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsrh. hefur flutt okkur stefnuræðu sína. Allir munu vera sammála honum um það að jafnvægi í efnahagsmálum er mikilvægt fyrir einstaklinga, heimili og þjóðfélagið allt, þ.e. að útgjöld fari ekki fram úr tekjum. Þessu jafnvægi hefur alls ekki verið náð í búskap þjóðarinnar og það sem þokast hefur í rétta átt hefur verið gert á kostnað okkar sem landið byggjum en ekki með hagsýni í rekstri og viðskiptum eins og ætla mætti. Heimilin og launþegarnir í landinu hafa þurft að reiða fram fórnirnar.

Í orðum hæstv. forsrh. er fallega búið um veruleika hinnar svokölluðu þjóðarsáttar. Þann raunveruleika að þjóðarsáttin byggist á því að launþegar sætti sig við örsmáar kauphækkanir sem gerðu svo innlendum matvælaframleiðendum fært að hafa sínar verðhækkanir aðeins 1,3%. Og bændur fengu að feta sömu slóð með nánast sömu verðhækkunum. En þar með er þjóðarsáttinni lokið. Erlendar vörur fengu að hækka um 9,2% og þjónusta einkaaðila hækkaði um 11,2%. Þeir sem stunda erlend viðskipti eða selja þjónustu sína fengu að leika lausum hala, langt fram yfir það sem verðhækkanir erlendis kölluðu á. Launþegar og bændur fá að bera þunga þessarar svonefndu þjóðarsáttar með blessun Vinnuveitendasambandsins.

Forsrh. skýrði einnig frá því að ríkið hefði tekið á sig stóran hluta aðhaldsbyrðanna með því að hækka opinbera þjónustu aðeins um 4,2%, þ.e. þrisvar sinnum meira en landbúnaðurinn fékk að hækka afurðir sínar.

Forsrh. nefndi réttilega hættuna af víxlverkun verðlags og launa og er það að vonum. Allar tilraunir til að rjúfa vítahring þeirra hafa verið sársaukafullar og þungbærar fyrir heimili og launþega því að verðhækkanahjólið hefur ætíð fengið að rúlla hraðar og lengur en kauphækkanir hafa komist. Nú gyllir hann framtíðina fyrir okkur og segir að ef við verðum góð börn og keipum ekki mikið muni laun hækka um 8% en verðbólga vera 6–7%. Það væri fróðlegt að vita hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur hugsað sér að standa við þetta fyrirheit á sama tíma og velta á lánsfé til framkvæmda vegna nýs álvers inn í iðu efnahagslífsins. En það mun viðurkennt að ein helsta orsök verðbólgu er erlent lánsfé sem veitt er inn í efnahagslíf þjóðar án þess að eiga sér nokkra stoð í framleiðslu atvinnuveganna.

Hæstv. forsrh. segir í ræðu sinni að vöruskipti við útlönd hafi verið hagstæð. Samt bregður svo við að viðskiptahallinn er 1,6%, svo þung er byrði erlendra vaxta enda eru erlendar skuldir ríkissjóðs yfir 50% af landsframleiðslunni. Og ekki mun viðskiptahallinn verða minni á næsta ári. Vaxtabyrði okkar mun þyngjast á sama tíma og erlendir vextir lækka þó almennt. Það er því rétt hjá forsrh. að eitt mikilvægasta verkefni ríkis og þjóðar er að lækka erlendar skuldir. En það virðist ríkisstjórnin bara alls ekki ætla sér að gera. Þvert á móti, hún ætlar að steypa þjóðinni út í miklu meiri lántökur erlendis til að fjármagna næsta álævintýri.

Ríkisstjórnin hefur reynt að hemja vexti og lánskjaravísitölu. Eins og allir skuldarar þekkja hefur sú vísitala fengið að tifa þó lánskjaravísitalan hafi verið heft. Og þeir skuldarar sem allra erfiðast eiga og komnir eru næst gjaldþroti þekkja að dráttarvextir hafa leikið lausum hala líkt og Karíus og Baktus í skemmdri tönn. Þar hefur engu verið þyrmt.

Síðasta ríkisstjórn og sú sem nú er við völd eiga það sameiginlegt að horfa vonaraugum til þess að erlendir aðilar fjárfesti á Íslandi. Það var í tíð fyrri iðnrh. Sjálfstfl., að hans ráðuneyti lagði fram og samþykkt voru lög um það að erlendir aðilar mættu eignast meiri hluta í íslenskum fyrirtækjum. Það var hættulegt spor. Sú galopnun á íslensku efnahagslífi sem virðist stefnt í mun ekki síður bjóða heim fjárglæframönnum en snjöllum fjármálamönnum og allir munu þeir eiga eitt og sama markmið, að fá arð frá okkur í eigin vasa.

Eitt áhyggjuefni ríkisstjórnarinnar er hægur vöxtur landsframleiðslunnar, sem þó hefur vaxið um 22% á tíu árum. Hver hefur sagt forsrh. að 22% aukning sé lítil? Jú, hann las það í skýrslu frá OECD. En þar á bæ er hagvöxtur sama og aukin velta. Ef þú bakar brauð og etur það sjálf þá er lítill hagvöxtur í því fólginn en ef þú selur slíkt brauð á veitingastað sem aftur selur það viðskiptavinum sínum í sneiðum þá er það mikill hagvöxtur. Svona fara hagfræðingar að því að reikna út hagvöxt. Annað enn eftirtektarverðara dæmi um hagvöxt er dæmið um olíumengunarslysið mikla í

Alaska sem jók hagvöxtinn um mörg prósent þar í landi því svo margir fengu vinnu við að bæta skaðann. Skemmd á lífríki og náttúru er ekki talin í því dæmi.

Þess vegna finnst sumum svo gott að fá álver til Íslands. Það er að vísu ætlunin að selja orkuna með afslætti og fella niður skatta og afgjöld um sinn en ágóðinn á að koma seinna, og mengun og náttúruspjöll eru ekki reiknuð með í hagvaxtardæminu. Það verður sannarlega sveifla í hagvextinum og landsframleiðslan vex.

Forsrh. segir í ræðu sinni að ríkisstjórnin sé að leita leiða til að breikka grundvöll atvinnulífs og skapa atvinnutækifæri. Vonandi eygir hún eitthvað jákvæðara en ál, vonandi grillir ríkisstjórnin í það að hún hefur vanrækt okkar stærstu stoðir, fiskiðnaðinn, og skotið gildum stoðum undir það sem hún helst vill varast, að hráefnin séu flutt út ónýtt.

Við höfum ekki nýtt fiskinn sem skyldi, við flytjum inn fiskisósur, fiskisúpur og fiskikraft í stað þess að framleiða slíkt og selja úr landi. Sama er að segja um aðra matvöru. Við eigum ekki að reyna að útrýma okkar stofnhreinu sauðkind. Við eigum að finna nýjar leiðir til að fullnýta það sem til fellur þegar henni er slátrað, hætta að sóa verðmætum með því að kasta þeim og grafa þau í jörð. Það getur vel verið að landsframleiðslan verði ekki nema 20% við slíka vinnslu en ég er viss um að raunveruleg hagsæld lands og lýðs mun vaxa miklu hraðar. Þannig mætti lengi telja í matvælaframleiðslunni, hinum vanrækta fjársjóði okkar. Kvennalistinn er þess fullviss að þar er okkar framtíð falin en ekki í áli né öðrum málmi.

Að lokum vil ég minna á hugmynd Landsbergis, forseta Litáens, sem kom hér í heimsókn fyrir nokkru. Hann á sér draum um bandalag og samstöðu smáþjóða til að standast ofríki stórvelda og efnahagslegan yfirgang þeirra, bandalag sem gæti leyst litlar þjóðir undan húsbóndavaldi stóru þjóðanna þannig að menningarleg, efnahagsleg og félagsleg velsæld fylgist að. Við ættum að huga að orðum hans og reyna að gera heimi það skiljanlegt að EB mun liðast í sundur því að það byggist ekki á jafnri stöðu frjálsra þjóða, á enga sameiginlega arfleifð, hvorki tungu, sögu né menningarfjársjóði, bara peninga.

Íslenska þjóðin barðist lengi fyrir sjálfstæði sínu. Hún veit vel að sjálfstæði í efnahagsmálum er undirstaða annars sjálfstæðis. Það er því hlutverk hverrar ríkisstjórnar sem svarið hefur eið að stjórnarskránni að gæta þess að við gloprum ekki hinu efnahagslega sjálfstæði okkar í hendur annarra manna. — Góðar stundir.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Góðir Íslendingar. Það er stundum sagt að stjórnmálamenn standi ekki við stefnu sína. Það er stundum sagt að það sé ekkert að marka orðin og yfirlýsingarnar. Núna eru tvö ár síðan Alþb. kom að þessu verki. Þá voru Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. staddir á strandstað með landsstjórnina. Á röskri viku ákvað Alþb. að hefja björgunarstarfið í samvinnu við tvo af þessum flokkum, enda væri samstaða um að breyta stefnunni.

Það eru liðin tvö ár og nú talar reynslan sínu máli. Alþb. lagði fram stefnu sem fól það í sér að með breyttri fjármálastjórn og breyttri peningastefnu væri verðbólgan tekin hér niður í það sem hún væri í samkeppnislöndum okkar. Reynslan sýnir að við búum nú við 7% verðbólgu sem er álíka mikil og í þeim löndum þar sem bestur árangur hefur náðst og ekkert bendir til annars en að sá árangur geti haldist á nýju ári. Alþb. lagði fram stefnu sem fól það í sér að hinum tryllta dansi á peningamarkaðinum, vaxtadansinum og óstjórninni í peningamálunum, yrði hætt og í staðinn væri tekin hér upp binding á peningamarkaði og slökkt það bál sem þar hafði geisað þannig að jafnvægi yrði komið á og vextirnir færu að hrapa. Það hefur líka gerst.

Alþb. lagði fram stefnu sem fól það í sér að áherslan yrði flutt frá innflutningi og yfir til útflutningsgreina, stefnu sem fól í sér breyttar áherslur í gengismálum þannig að útflutningsgreinunum yrði sköpuð á ný sú aðstaða að geta rekið sig ár frá ári án þess að farið væri í gegnum gengiskollsteypu. Einnig á þessu sviði sýnir reynslan að árangur blasir við.

Alþb. lagði á haustmánuðum 1988 fram þá stefnu að forðast yrði það stórfellda atvinnuleysi sem þá blasti við á öllum sviðum og Ísland yrði áfram að skera sig úr í hópi vestrænna þjóða þar sem atvinnuleysið væri óþekkt í þeim mæli sem það er annars staðar í Evrópu. Einnig á þessu sviði hefur árangur náðst.

Alþb. boðaði þá stefnu að hætt yrði að taka erlend lán til að fjármagna halla ríkissjóðs til að standa undir velferðarkerfinu og skólakerfinu. Í fyrra tókst að ná því marki að 80% af fjárþörf ríkissjóðs var fjármögnuð innan lands og í ár verður fjármögnunin 100% að láni hjá okkur sjálfum. Þannig er hægt að telja áfram þann árangur sem hefur náðst, hvernig stefnubreytingin sem Alþb. flutti með sér inn í ríkisstjórnina fyrir tveimur árum hefur orsakað hér þáttaskil, vegna þess að Alþfl. kaus að hætta dýrkun sinni á stjórnarsamstarfi með Sjálfstfl. og vegna þess að Framsfl. var búinn að fá nóg af fimm ára veru í slagtogi með Sjálfstfl.

En það er einnig á fleiri sviðum sem sú stefnubreyting sem við boðuðum hefur skilað miklum árangri. Í góðu samstarfi við aðra flokka í ríkisstjórninni hefur verið komið á breytingum í félagslegu húsnæðiskerfi þar sem ný löggjöf með búseturétti og verkamannabústöðum hefur orðið á þann veg að slíkar íbúðir munu skipa vaxandi sess í húsakosti þjóðarinnar á næstu árum.

Í menningarmálum, í bókmenntum og listum boðuðum við það gildismat að með tilkomu virðisaukaskatts ætti bókmenntaþjóðin og menningarþjóðin að sýna í verki að sá þáttur væri svo mikilvægur að við vildum ekki taka hann inn í það skattkerfi. Allir aðrir flokkar höfðu viljað gera það. Með niðurfellingu virðisaukaskatts á íslenskum bókum hefur verið framkvæmd stærsta fjármálatilfærsla til íslenskrar menningar sem þekkst hefur í sögu okkar lýðveldis.

Áfram var haldið. Við höfðum í um það bil tíu ár boðað nauðsyn á umhverfisráðuneyti, ekki vegna þess að það ætti að fjölga stjórnarskrifstofum heldur vegna þess að það þurfti nýtt gildismat í meðferð íslenskra

mála. Það hefur tekist og nú er það ekki iðnrn. sem veitir starfsleyfi fyrir nýtt álver, heldur umhverfisráðuneytið þar sem færustu sérfræðingar í náttúruvernd og í umhverfisfræðum munu kveða upp dóminn sem þar þarf á komandi sögu.

Við boðuðum að nauðsyn væri að afvopnun á höfunum væri kjarninn í utanríkisstefnu Íslendinga og því ber að fagna að Alþfl. og Framsfl. hafa þar tekið höndum saman við okkur á síðustu tveimur árum þannig að rödd Íslands boðar nú alls staðar á alþjóðavettvangi nauðsynina á afvopnun á höfunum.

Í 20 ár höfum við gagnrýnt þann samning sem Alþfl. og Sjálfstfl. gerðu um álverið í Straumsvík vegna þess að í þeim samningi var afsalað frumrétti sjálfstæðrar þjóðar þar sem afneitað var íslensku dómsvaldi og íslenskri lögsögu. Því ber að fagna að nú þegar hefur tekist í samningum við erlendu fyrirtækin sem við ræðum nú við að festa það í sessi að það verða íslenskir dómstólar, íslenskar réttarfarsstofnanir og íslensk yfirvöld sem munu kveða upp úr þegar ágreiningur verður.

Á fjölmörgum sviðum á síðustu tveimur árum sést stefnubreytingin. Alþb. getur þess vegna reitt fram orð sín á árunum 1983–1988 og verk sín á síðustu tveimur árum. Sá dómur talar skýru máli. Það er umhugsunarefni fyrir hinn ágæta utanrrh., formann Alþfl., að það var þá fyrst þegar hinn róttæki jafnaðarmannaflokkur, Alþýðubandalagið, gekk inn í landsstjórnina að Alþfl. fékk skilyrði til að framkvæma stefnu sína vegna þess að 28 af þeim 29 atriðum sem hann taldi hér Alþfl. til tekna komu til framkvæmda eftir að Alþb. kom inn í ríkisstjórnina. Það ætti að vera þeim öflum í Alþfl., m.a. Árna Gunnarssyni sem hér talar í kvöld og boðar nauðsyn á stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl., tilefni til rækilegrar umhugsunar. Það þarf róttækan jafnaðarmannaflokk á Íslandi til þess að breyta þessu þjóðfélagi, flokk sem setur fram skýra stefnu og stendur við hana, flokk sem er óhræddur við að leggja verk sín undir dóm kjósenda, flokk sem segir: Við ætlum að framkvæma þá stefnu sem við boðum vegna þess að við viljum hér breytt þjóðfélag og betri tíma. Dómur reynslunnar af síðustu tveimur árum samanborið við fimm árin á undan er skýr. — Góða nótt.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Á haustdögum fyrir tveimur árum varð mikið fjaðrafok í íslenskum stjórnmálum eins og margir ræðumenn hafa rifjað hér upp í kvöld. Ríkisstjórn riðaði til falls. Jón Baldvin hélt því blákalt fram að Þorsteinn Pálsson hefði stungið rýtingi í bakið á sér. Það þótti Jóni ekki nógu gott og stjórnin sprakk. En var það þessi frægi rýtingur sem sprengdi stjórnina? Að sjálfsögðu ekki. Ástæðan var sú að eftir aðeins eins árs samstjórn sjálfstæðismanna, Framsóknar og krata var komið kreppuástand. Útgerð og fiskvinnsla var að stöðvast, hætta var á gífurlegu atvinnuleysi um land allt og óleyst vandamál hrönnuðust upp. Það þurfti að taka óvinsælar ákvarðanir og það varð Sjálfstfl. um megn. Flokkurinn hljóp frá vandanum og Alþb. tók sæti hans í nýrri stjórn. Ný stefna var mörkuð. Millifærsla án kollsteypu var kjarni hennar. Þessi stefna skilaði sér strax í minnkandi verðbólgu. Vextir lækkuðu en höfðu áður hækkað ár frá ári. Skattar á matvæli voru aftur lækkaðir.

Í dag er ástandið gjörbreytt, það viðurkenna allir. Verðbólgan er komin niður í 6%. Vextir hafa lækkað um þriðjung og staða útflutningsgreina hefur gjörbreyst til batnaðar. Jafnvel Þorsteinn Pálsson hefur tekið gleði sína aftur eins og við heyrðum hér áðan með gamalkunnug orð á vör: Nú get ég.

Það er stagast oft á því að innan Alþb. séu deilur um menn og málefni. Það er alveg rétt. Í hvaða flokki eru ekki meiri eða minni átök? Allir flokkar vilja verka heilsteyptir út á við en bak við tjöldin er tekist á. Þetta er eðli lýðræðisins, annað væri óheilbrigt. Um hitt er eining hjá okkur að ráðherrar flokksins hafa staðið sig mjög vel hver á sínu sviði og það skiptir mestu.

Í menntamálum hefur Svavar Gestsson staðið fyrir stórfelldri nýsköpun. Mörkuð hefur verið heildarstefna í skólamálum sem nær til allra skólastiga. Viðvera yngstu barnanna í skóla hefur verið lengd og framhaldsskólalög endurbætt. Svavar hefur staðið traustari vörð um Lánasjóð námsmanna en nokkur annar ráðherra á seinni árum.

Það hefur gustað um Ólaf Ragnar Grímsson í fjmrn. enda hefur hann beitt sér fyrir stórbættri innheimtu skatta og fengið almennt lof fyrir. Undir forustu hans hefur hallinn á ríkissjóði minnkað jafnt og þétt og erlendar lántökur hafa einnig minnkað með stóraukinni innlendri lánsfjáröflun. Hann og hæstv. menntmrh. höfðu forustu um afnám veltuskatta af listastarfsemi og íslenskum bókum.

Steingrímur J. Sigfússon landb.- og samgrh. hefur unnið ötullega að gerð nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna. Jarðgangagerð er hafin af krafti og mun senn breyta öllum aðstæðum í Vestfirðingafjórðungi. Steingrímur hefur beitt sér fyrir jöfnun símkostnaðar og náð þar mjög myndarlegum árangri. Hann er fyrsti ráðherrann sem flytur ríkisstofnanir út á land, Skógræktina austur á Hérað og Hagþjónustu landbúnaðarins á Hvanneyri. Vissulega er margt ógert. Vextir þyrftu að lækka enn frekar og veltuskattar af matvörum að hverfa með öllu. En auðvitað er aldrei unnt að gera allt í einu. Í heildina tekið erum við ánægð með samstarfið og viljum að ríkisstjórnin sitji sem lengst.

Nú er uppi ágreiningur í ríkisstjórn um hugsanlega byggingu álvers á Suðurnesjum. Margir alþýðubandalagsmenn hafa gagnrýnt efnisatriði og vinnubrögð í því máli. Þingflokkurinn hefur alltaf haft fyrirvara um þrjú meginatriði: Staðarvalið, orkuverðið og fullnægjandi mengunarvarnir. Við höfum aldrei útilokað stóriðju en viljað meta slík áform út frá málavöxtum. Okkur finnst óskiljanlegt þegar menn heimta eitt stykki álver en láta sig engu skipta hvernig að því er staðið.

Það er kjarni þessa máls að Íslendingum er ætlað að taka erlend lán sem nema tæpum 200 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Þetta er gífurleg upphæð og ber háa vexti. Er það nema von að menn vilji reyna að meta þá miklu áhættu sem felst í slíkri lántöku? Auðvitað fylgja álveri líka ýmsir kostir. Því fylgja umsvif

og atvinna og fyrirtækið skilar talsverðum sköttum. Gallinn er hins vegar sá að orkuna á að selja langt undir kostnaðarverði níu fyrstu árin. Fyrsta árátuginn verður því mikið tap á orkusölu, það er viðurkennt af öllum. Þetta tap eigum við síðan að bæta okkur upp eftir 15–20 ár, ef álverð hefur þá hækkað eins og vonir standa til. Það er einmitt þetta „ef" sem áhyggjum veldur. Orkuverðið á að breytast í réttu hlutfalli við álverð sem sveiflast mikið og oft er mjög lágt. Ekki er neitt lágmarksverð. Verði langvarandi tap af orkusölu lendir það með fullum þunga á innlendum fyrirtækjum og heimilum.

Iðnrh. hefur svarað því til að Íslendingar séu vanir að róa upp á hlut. En þekkir einhver íslenskan sjómann sem væri tilbúinn að ráða sig á skip til 25 ára án þess að fá nokkra tryggingu? Það held ég varla. Þetta mál þarf að endurskoða. Gera þarf úttekt á orkuverði til álvera í öðrum löndum, enda virðist orkuverðið sem iðnrh. hefur kynnt vera eitt hið lægsta sem þekkist á Vesturlöndum á seinustu árum. Setja verður lágmarksverð sem varla má vera lægra en framleiðslukostnaður orkunnar. Endurskoðunarákvæði vantar. Jafnframt ber að krefjast ýtrustu mengunarvarna, m.a. vothreinsibúnaðar, en það hefur ekki verið gert.

Því miður blasir það við að álver við Faxaflóa mundi stuðla að verulegri byggðarröskun og magna fólksflótta víða úr dreifðum byggðum, enda er nú talað um að draga í staðinn úr öðrum opinberum framkvæmdum til að forðast verðbólgu. Atvinnulíf víða um land mundi því gjalda þessara framkvæmda beint og óbeint.

Eitt af mörgu sem mismunar fólki eftir búsetu er mismunandi raforkuverð. Munurinn er víða 20–30%. Þennan ójöfnuð hefði þurft að leiðrétta fyrir löngu. Það á að selja raforku á sama verði um land allt, en nýr stóriðjusamningur, byggður á allt of lágu orkuverði næsta árátuginn, mun torvelda jöfnun orkuverðs frekar en hitt.

Góðir hlustendur. Fólk hefur verið að átta sig á því seinustu vikurnar að í þessu máli eru ýmsir maðkar í mysu. Uppákoman nú á dögunum þegar iðnrh. skrifaði undir án þess að hafa til þess umboð frá öðrum en sjálfum sér og viðbrögð stjórnar Landsvirkjunar hafa sýnt fólki að þetta mál er óburðugra en af var látið. Nú er ljóst að margir mánuðir munu líða áður en það fer að skýrast. Við skulum nota þennan tíma vel til að meta rökin með og á móti og helst með vænum skammti af heilbrigðri skynsemi. — Ég þakka fyrir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Enn erum við alþingismenn komnir til þings og hlýðum á boðskap forsrh. Við höfum jafnframt verið minnt á að umboð okkar rennur út að vori eins og sjá má í heilsíðuauglýsingum sumra dagblaða þar sem barist er um sæti í prófkjörum flokkanna. Jafnvel Kvennalistinn hefur slegist í hóp með gömlu flokkunum og kann ekki betri ráð en taka upp vinsældakeppni við val á frambjóðendum. Vonandi verður ekki undirbúningur alþingiskosninga til að trufla um of störf þessa þings því fyrir því liggja stór og afdrifarík mál.

Ég tel byggðamálin og það sem þeim tengist vera efst á blaði. Til að öflug byggð verði áfram í hverjum fjórðungi þarf að skapa þar skilyrði til vaxtar og þróunar. Árangur í byggðamálum snertir alla þætti þjóðmála, ekki aðeins atvinnuþróun og opinberar fjárfestingar, heldur einnig stefnu í menntamálum og utanríkisviðskiptum. Byggðamálin eru svo brennandi að nú eiga þau að vera sá mælikvarði sem við leggjum á athafnir ríkisstjórna og Alþingis. Við eigum að spyrja hvort pólitískar ákvarðanir skili okkur áleiðis að því marki að skapa fólki verkefni og trú á framtíðina víðar en á einu landshorni. Þjóðin sjálf og þau náttúrugæði sem Ísland býður okkur hafa verið samofin allt frá landnámi. Þau tengsl mega ekki rofna. Tilfinningin fyrir því að sjávarfang og jarðargróði séu undirstaða mannlífs í landinu þarf að skila sér áfram til barna okkar. Þessi gæði eru dreifð um landið og miðin umhverfis það. Til að nýta þau skynsamlega þurfum við öfluga byggð í hverjum landshluta. En er ekki landsbyggðin dæmd til að eyðast? spyrja margir og vísa til þess hvert stefnir með fólksflutninga. Það er sannarlega ekkert náttúrulögmál, heldur undir okkur sjálfum komið og því hvernig ráðstafað er fjármagni, mannafla og hugviti. Við sem á Alþingi sitjum berum í þessu efni þunga ábyrgð.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að nefna dæmi frá Austurlandi, þeim hluta landsins sem ég þekki best. Þar hefur íbúatalan að mestu staðið í stað síðasta árátug. Möguleikarnir til vaxtar og þróunar eru þar hins vegar miklir. Samgöngubætur eru ein þýðingarmesta forsenda þess að landkostirnir nýtist og félagsleg og menningarleg samskipti verði greið milli byggðarlaga. Uppbygging góðra flugvalla eins og nú er unnið að á Egilsstöðum og stefnumörkun um jarðgöng hefur mikla þýðingu fyrir þróun byggðarinnar. Öflugir útgerðarstaðir, fjölþætt vinnsla sjávarafurða, nýting orkulinda til iðnaðar á svæðinu, skógrækt sem viðbót í landbúnaði og ferðaþjónusta geta til samans lagt til atvinnu fyrir vaxandi fjölda fólks. Opinbera þjónustu fyrir íbúana á að rækja heima fyrir og vald í heimamálefnum þarf að færast í hendur lýðræðislega kjörinna héraðsstjórna. Allt getur þetta gerst ef almenn skilyrði eru sköpuð til þess og teknar eru réttar ákvarðanir hér á Alþingi og í Stjórnarráðinu.

Ríkisstjórninni hefur með tilstyrk almannasamtaka, ekki síst launafólks, tekist að afstýra hruni atvinnufyrirtækja um allt land sem við blasti haustið 1988. Það er mikilsverður árangur svo langt sem hann nær. En honum þarf að fylgja eftir með öflugum aðgerðum til að stuðla að atvinnuþróun og jafna aðstöðu manna um land allt. Að öðrum kosti sækir fyrr en varir í sama horf og þaðan af verra. Því miður eru nú blikur á lofti.

Í stefnuræðu sinni hér áðan fór forsrh. mörgum orðum um álbræðslu á Keilisnesi og boðaði tillögur þar að lútandi innan skamms. Alþfl. með iðnrh. í fararbroddi hefur keyrt þetta mál áfram að undanförnu af mikilli einsýni og óbilgirni. Hvernig halda menn að fjárfesting upp á um 100 milljarða kr. á næstu árum vegna þessa eina fyrirtækis rími saman við fyrirheit

ríkisstjórnarinnar í byggðamálum? Það mætti allt eins reyna að snúa faðirvorinu upp á þann í neðra.

Með ákvörðun um þessa álbræðslu væri verið að taka burt það svigrúm sem þarf á næstu árum til atvinnuþróunar og uppbyggingar víða um land. Jafnframt gefa menn langt nef marglofaðri þjóðarsátt sem kostað hefur almenning miklar fórnir. Til að komast hjá þenslu og nýrri verðbólguskriðu vegna stóriðjuframkvæmda er nú boðaður niðurskurður og aðhald á mörgum sviðum. Hann mun koma niður á samneyslu og uppbyggingu, ekki síst úti um land. Sérstaklega hefur verið bent á framkvæmdir sveitarfélaga og samgöngumál í þessu samhengi. Gegn þessum áformum ætti fólk, ekki síst á landsbyggðinni, að rísa sem einn maður því með þeim er verið að kasta rekunum á þá stefnu að treysta byggðina.

Inn á borð okkar þingmanna barst á dögunum þykk og mikil skrudda upp á um 1038 bls. Hér er um að ræða uppkast að fyrsta bindi þeirrar nýju lögbókar sem utanrrh. o.fl. vilja fá Alþingi til að samþykkja innan tíðar ef saman gengur um evrópskt efnahagssvæði. Um það er ekki deilt að við þurfum að eiga góð samskipti við Evrópubandalagið eins og aðra granna okkar og viðskiptaþjóðir. Sjávarútvegsmál eru aðalatriði í viðskiptalegum samskiptum okkar við bandalagið og samningar um þau hljóta að vera viðfangsefnið í beinum og millilíðalausum viðræðum, m.a. um niðurfellingu tolla á saltfiski og ferskum flökum. Með aðild að evrópsku efnahagssvæði væri Alþingi hins vegar í reynd að afsala sér stórum þáttum löggjafarvaldsins og dómsvald flyttist úr landi. Hin nýja lögbók, bláskinna Jóns Baldvins Hannibalssonar, mundi færa réttarstöðu okkar um aldir til baka. Með samþykkt hennar værum við komin hálfa leið inn í Evrópubandalagið. En það virðist ekki nægja húsbændum á sumum bæjum því forustumenn Sjálfstfl., bæði formaður og varaformaður, hafa lýst því yfir að þeir telji að Íslendingar eigi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Þetta gerist þrátt fyrir að það sé samdóma álit hagsmunaaðila í sjávarútvegi að ekki komi til greina að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Talsmenn sjávarútvegsins benda m.a. á að innganga í bandalagið jafngildi því að fiskveiðilögsaga Íslands yrði aðeins 12 mílur en utan þeirra marka yrði óskipt hafsvæði EB.

Alþb. markaði þá stefnu á landsfundi sínum fyrir tæpu ári að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. Þess í stað eigum við að leita eftir góðri samvinnu við bandalagið sem og aðrar þjóðir án þess að skerða svigrúm og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar.

Virðulegur forseti. Það er ævintýri að vera Íslendingur. Á það eigum við að minna okkur sjálf og börnin okkar seint og snemma. Þátttaka í þessu ævintýri verður ekki metin til fjár. Íslensk menning, verkmennt þjóðarinnar, bókmenntir og listir er sá þráður sem bindur saman kynslóðirnar. Við þurfum að hlúa að menningararfleifðinni og gera Íslendingum kleift sem jafningjum, óháð efnahag, búsetu og kynferði, að rækta hana og bæta hana. Dýrmætasta eign okkar er sjálfstæðið og umráðaréttur yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Umrótið sem nú gengur yfir Evrópu má ekki verða til þess að við gefum eftir þumlung af því sem áunnist hefur. Þá gæti ævintýrið skjótt tekið enda.

Ég þakka áheyrnina. — Góða nótt.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir rúmlega ári síðan stóðum við þingmenn Borgfl. frammi fyrir örlagaríkri ákvörðun, hvort við ættum að ganga til liðs við þáverandi stjórnarflokka og mynda nýja ríkisstjórn með traustum þingmeirihluta, eða hjálpa sjálfstæðismönnum á þingi við að knýja fram kosningar svo þeir gætu tekið völdin aftur í sínar hendur.

Þegar horft er yfir farinn veg er enginn vafi í mínum huga að við tókum rétta ákvörðun. Ótrúlegur árangur hefur náðst í efnahags- og atvinnumálum, friður ríkir á vinnumarkaði um kjarasáttina sem náðist í vetur á þeim grundvelli sem skapaðist fyrir tilstilli Borgfl. Verðbólgan, hinn mikli ógnvaldur á Íslandi, virðist loks ætla að láta í minni pokann og ætla að haldast varanlega innan við 10%. Hún mælist nú aðeins 1,8% síðustu þrjá mánuði og er þannig minni en víðast hvar í allri Evrópu. Vextir hafa heldur lækkað og fjármagnskostnaður atvinnulífsins er mun bærilegri en áður, þótt bankarnir hafi verið furðu tregir til að viðurkenna nýja tíma og miða vextina við verðbólgustigið. Helstu matvæli lækkuðu í verði um síðustu áramót og hafa ekki hækkað síðan. Þó þarf að gera miklu betur á þeim vettvangi og væntum við þess að enn frekari skref verði stigin til að draga úr skattlagningu á matvælum um næstu áramót.

Þá hillir loks undir að við losnum við lánskjaravísitöluna sem í mínum huga er niðurlægingartákn fyrir þá óstjórn sem hér hefur verið til margra ára. Ekkert annað Evrópuríki notar verðtryggingu á fjármagn eins og við gerum. Ég óttast að verði lánskjaravísitalan ekki aftengd muni síður verða hamlað gegn því að verðbólgan espist á nýjan leik. Fjármagnseigendur hafa nefnilega allt sitt á þurru. Þeim er alveg sama þótt verðbólgan geysist áfram. Lánskjaravísitalan verndar þá. Því vill Borgfl. beita sér fyrir því að önnur og nútímalegri form fjárskuldbindinga verði tekin upp í stað lánskjaravísitölu.

Virðulegi forseti. Umhverfisspjöll eru mikið áhyggjuefni almennings um heim allan. Til skamms tíma fór hljótt um þá umræðu á Íslandi en hún er nú komin í fullan gang. Í hinu nýja umhvrn. er verið að vinna að stefnumótun í ýmsum mikilvægum málaflokkum á þessu sviði. Bætt sorphirða og aukin endurvinnsla er meðal þeirra mála sem eru langt á veg komin. Þá er verið að undirbúa almenna löggjöf um umhverfisvernd og skipulag hennar. Verndun hálendis Íslands, aukið eftirlit með villtum dýrum og verndun þeirra er meðal þeirra mála sem eru í undirbúningi. Þá hefur ráðuneytið hafið afskipti af gróðurvernd og m.a. beitt sér fyrir friðun tiltekinna svæða fyrir beit. Stærsta málið sem unnið er að í umhvrn. þessa stundina er þó án efa undirbúningur að útgáfu starfsleyfis fyrir nýtt álver á Keilisnesi sem Borgfl. styður heils hugar. Álver, eins og við þekkjum þau, eru óneitan-

lega mengandi iðnaður og okkur ber að tryggja að nýtt álver hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið. Samkomulag hefur náðst um umfangsmeiri mælingar og ítarlegra eftirlit með öllum mengunarþáttum en gerist í nokkru öðru álveri sem nú er rekið í heiminum. Þetta ásamt ströngum kröfum um hámark mengunar tryggir betur en allt annað að hægt verði að halda henni í skefjum. Flúormengun er langalvarlegasti mengunarþáttur í rekstri álvera. Með nýrri tækni sem verður notuð á Keilisnesi er hægt að halda flúormengun í algeru lágmarki. Brennisteinstvíildismengun er einnig áhyggjuefni vegna alþjóðlegra skuldbindinga um að draga úr slíkri mengun þótt áhrif hennar séu mjög lítil fyrir utan verksmiðjusvæðið. Ýmsir hafa því kallað á svokallaðan vothreinsibúnað til að hreinsa burt brennisteinstvíildið.

Virðulegi forseti. Hér er um vandasama ákvörðun að ræða. Vothreinsibúnaður hreinsar um 80–90% af brennisteinstvíildinu úr útblástursloftinu og flytur það í staðinn út í sjó. Magn brennisteinstvíildis ræðst af brennisteinsinnihaldi í rafskautum. Ef brennisteinsinnihald þeirra er mjög lítið fara tæplega 4000 tonn af brennisteinstvíildi út í andrúmsloftið á ári hverju án vothreinsibúnaðar. Til samanburðar má geta þess að sambærilegt magn af brennisteini mun fara út í andrúmsloftið á ári hverju frá Nesjavallavirkjun. Æ erfiðara verður að fá hrein skaut á heimsmarkaði. Með mjög óhreinum rafskautum gæti þrátt fyrir vothreinsibúnað farið allt að 2000 tonnum af brennisteinstvíildi út í andrúmsloftið. Óhreinum rafskautum fylgir að auki mikil þungmálmamengun og ýmis önnur eiturefni sem með vothreinsibúnaði mundu berast beint út í sjó. Mig hryllir við þeirri hugsun að dæla vanadíumþungmálmi og öðrum óþverra beint í sjóinn við hliðina á einhverjum hreinustu og bestu fiskimiðum heimsins. Vothreinsibúnaður til að hreinsa burt brennisteinstvíildi byggir á gamaldags aðferð. Verið er að þróa nýja tækni sem víða er komin í notkun, t.d. að hreinsa brennisteinstvíildið með kalkupplausn sem þá breytist í gifs og ekkert fer í sjó. Því höfum við ákveðið að setja fyrst um sinn stranga kröfu um hámarksbrennisteinsinnihald rafskauta en krefjast ekki vothreinsibúnaðar. Jafnframt eru skýr ákvæði í starfsleyfinu um að hreinsun á brennisteinstvíildi skuli tekin upp um leið og ekki fást lengur hrein skaut. Verði þá tekinn í notkun fullkomnasti hreinsibúnaður sem þá er völ á. Með þessum hætti teljum við að mun betur sé séð fyrir hreinsun á brennisteinstvíildinu til langframa en að krefjast vothreinsibúnaðar strax sem gæti valdið mengun í hafinu við Reykjanes. Meginatriðið er að koma í veg fyrir umhverfisspjöll en ekki að setja upp einhvern ákveðinn búnað.

Virðulegi forseti. Aldrei sem nú hefur verið jafnmikilvægt að Íslendingar snúi bökum saman og takist á við hin erfiðu og flóknu mál sem bíða þeirra á alþjóðlegum vettvangi, einkum vettvangi Evrópusamstarfsins. Því miður eyðum við allt of miklum kröftum í fánýtar erjur og illdeilur innan lands. Borgfl. býður upp á valkost. Við viljum takast á við vandamálin á grundvelli nýrra hugmynda og laða fram sjálfsagðar og skynsamlegar breytingar á íslensku þjóðfélagi. Við eigum hvorki við fortíðarvandamál að stríða né heldur erum við bundin á klafa hagsmunagæslu og kjördæmapots. Ég skora á alla umbótasinnaða landsmenn sem aðhyllast stefnu frjálslyndis og umburðarlyndis að taka nú höndum saman og hjálpast að við að leiða þjóðina inn í 21. öldina. Einkum verða hinir fjölmörgu kjósendur Sjálfstfl. að gera upp hug sinn hvort þeir ætla að vera áfram dráttarklárar fyrir vagni fámenns forréttindahóps eða eiga samleið með okkur hinum. — Góðar stundir.

Guttormur Einarsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Nú þegar hæstv. forsrh. gefur þjóðinni skýrslu um það sem áunnist hefur og hvað er fram undan tel ég rétt að skyggnast á bak við tjöldin og skoða nánar það sem þar hefur farið fram. Ég er þess fullviss að ýmsum bregði í brún þegar það rennur upp fyrir þeim að það er í mörgum veigamiklum atriðum verk Borgfl. að svo giftusamlega hefur nú tekist til við að stýra þjóðarskútunni frá hengiflugi efnahagshruns og koma henni í var, í það minnsta um stundarsakir. Á sama tíma og öfgastefnur í stjórnmálum eru sem óðast að hverfa um allan hinn siðmenntaða heim hafa þeir þrír af gömlu fjórflokkunum sem skipa ríkisstjórnina átt í miklum erfiðleikum með að aðlaga úreltar sérhagsmunastefnur sínar að breyttum tímum. Það hefur því komið í hlut Borgfl. að verða eins konar kjölfesta á stjórnarheimilinu þar sem hann er ekki háður neinum sérhagsmunaöflum. Og með framtíðarstefnu hinna hagrænu stjórnmála að leiðarljósi hefur Borgfl. haft úrslitaáhrif í anda mannúðar og mildi á það hvernig til hefur tekist í þessu stjórnarsamstarfi. Úti fyrir þrumir Sjálfstfl. að hurðarbaki helblár í hengingaról sérhagsmunapots og fjölskyldufjötra en svo snyrtilega innpakkaður í fagurgala um víðsýna framfarastefnu að hálf þjóðin er sögð trúa á blekkingarnar. Þessari ginningargulrót veifar Sjálfstfl. framan í æskufólk þessa lands og aðra þá brautryðjendur sem af heilindum standa traustum fótum í íslenskum raunveruleika. En áður en varir vakna brautryðjendurnir svo upp af vondum draumi og verða þess áskynja að stórbokkarnir eru fyrir löngu búnir að éta gulrótina og jafnframt ná banvænu tangarhaldi á þeim sjálfum í gegnum fjármagnsmarkaðinn, eignarhald á auðlindum landsins eða markaðsforréttindi. Í nepjunni utan dyra má í fjarska greina Kvennalistann villuráfandi í stefnulausri málefnasúpu sem hlaupið hefur í kekki.

Góðir Íslendingar. Hér að framan hef ég drepið á nokkrar meginástæður þess að oftar en ella réði úrslitum að ráðherra Borgfl. gátu lagt hlutlægt mat á mál og stefnumið í ríkisstjórninni og skapað þar festu þegar örvænting hinna ríkisstjórnarflokkanna við leit að nýjum stefnum og lífsgrundvelli hefur leitt af sér alls konar upphlaup sem ógnuðu stjórnarsamstarfinu. Þetta gerðist af því að Borgfl. er nýtt óþvingað stjórnmálaafl sem fyrstur íslenskra flokka hefur tileinkað sér hin nýju hagrænu stjórnmál framtíðarinnar. Þannig byggjum við borgaraflokksmenn stefnu okkar m.a. á þeim grundvallaratriðum:

að auðlindir þjóðarinnar séu óframseljanleg sameign hennar,

að á vettvangi atvinnulífsins ríki fullt frelsi til þátttöku og samkeppni,

að allar atvinnugreinar standi á eigin rekstrarforsendum,

að hvers konar einokun verði haldið í skefjum svo sem með ríflegum gjöldum til samfélagsins,

að nýjum eða betri atvinnuháttum verði opnuð leið með sérstakri fyrirgreiðslu á meðan þeir eru að sanna ágæti sitt.

Öll velferð og samhjálp landsmanna byggist á efnahagslegri afkomu í hvers konar atvinnurekstri og því er ljóst að þangað eigum við allt að sækja og verðum því að búa honum ákjósanleg skilyrði. Með aðhaldi og ráðdeild verður svo tryggt að hann skili þjóðarbúinu réttilega þeirri hlutdeild til samneyslu sem honum ber.

Við verðum því að lækka þann gífurlega fjármagnskostnað sem að undanförnu hefur sligað atvinnulífið og heimilin í landinu því þannig mun atvinnulífið hafa meira til skiptanna, til launafólks og samneyslu. Þetta má auðveldlega gera með því að veita bönkum og öðrum peningastofnunum strangt aðhald, svo sem með frjálsum viðskiptum atvinnulífsins við erlenda banka.

Þá verður ekki lengur undan því vikist að búa æskufólki þessa lands álitleg atvinnutækifæri, ekki með fyrirheitum um þaulsetu í alls konar stofnunum og stjórnarskrifstofum heldur með blekkingarlausum forsendum fyrir hvers konar framtaki og nýsköpun í atvinnulífinu. Með leyfi virðulegs forseta vil ég beina þeim orðum til hæstv. forsrh.: Okkur ber að örva frumkvæðishvöt unga fólksins og sköpunargáfu. Á þann hátt getum við gert því kleift að leggja sitt af mörkum til að skapa þjóðfélaginu þann auð sem velferð þess mun byggjast á um ókomna daga.

Það er eitt af meginstefnumálum Borgfl. að afnema hvers konar boð og bönn í viðskiptum við aðrar þjóðir. En því eru að sjálfsögðu takmörk sett hve langt á að ganga í þeim efnum. Þess vegna verðum við að gera það upp við okkur hvaða áhætta fylgir því að gerast dvergfylki í risastóru efnahagsbandalagi eins og ótrúlega margir virðast telja ábatasamt og hættulaust. Mér segir svo hugur að slík ógn við sjálfstæði þjóðarinnar hafi ekki áður blasað við í hartnær 50 ár. Við megum ekki gleyma því

að tíminn vinnur með okkur,

að þörf Efnahagsbandalagsins fyrir sjávarafurðir okkar vex með hverjum degi sem líður,

að festa en lipurð í samningum mun um síðir skila okkur ásættanlegum kjörum,

að okkur ber að leita eftir öðrum mörkuðum í fjarlægum heimsálfum til mótvægis við Efnahagsbandalagið svo að við séum ekki stöðugt að glæfrast með öll fjöregg þjóðarinnar í sömu körfunni.

Virðulegi forseti. Nú þegar atvinnulífi þjóðarinnar hefur verið stýrt í var stöndum við frammi fyrir þeim valkosti að reisa álbræðslu í einum landshluta þannig að miklar framkvæmdir við virkjanir og línulagnir blasa einnig við í öðrum landshlutum. Stóriðja eins og álver á fullan rétt á sér svo að við Íslendingar megum ekki undir neinum kringumstæðum sitja af okkur þetta tækifæri nú þegar spáð er litlum hagvexti við óbreytt atvinnuástand. Og þar sem fyrirtæki af þessari stærðargráðu varðar hag landsins alls hlýtur staðarvalið að miðast við að það gefi okkur sem mestan arð. Með þetta í huga hafa sérfræðingar og samningamenn komist að þeirri niðurstöðu að reisa skuli álver á Keilisnesi og því hljótum við borgaraflokksmenn að samþykkja það. En ekki verður undan því vikist að slá skjaldborg utan um atvinnulíf og afkomu þeirra byggðarlaga sem afskipt verða þegar til verks kemur. Ég dreg enga dul á það að erfitt verður að koma í veg fyrir þenslu í efnahagslífi okkar á meðan framkvæmdir standa yfir.

Í dag er nánast allt atvinnulíf á landsbyggðinni bundið í kvótum á meðan frjálsir atvinnuvegir dafna helst á höfuðborgarsvæðinu. Okkur Reykvíkingum er enginn greiði gerður ef það sneyðist svo um allt atvinnulíf á landsbyggðinni að fólk flosni þar upp frá eigum sínum og þyrpist á höfuðborgarsvæðið. Það er því fyrirsjáanlegt að helstu verkefni í hagstjórn landsins á komandi árum munu beinast að þessum vandamálum. Í þeirri glímu mun Borgfl. halda ótrauður áfram að beita áhrifum sínum sem forustuafl á braut hinna hagrænu stjórnmála. — Lifið heil.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Staðreyndir skipta máli í stjórnmálum ekki síður en annars staðar í mannlegu lífi. Stundum geta þær verið naprar og sannleikurinn bitur. Það er til að mynda staðreynd sem engum dettur í hug að neita að Sjálfstfl. hrökklaðist úr stjórnarforustu haustið 1988 vegna þess að hann reyndist ófær um að laða ólík öfl til sameiginlegs átaks gegn þeim vanda sem þá var uppi í þjóðfélaginu þrátt fyrir góðæri undanfarinna ára og hann öðrum fremur hafði tekið þátt í að sólunda. Mætir menn jafnt innan hans sem utan höfðu þó bent á raunhæfar leiðir út úr vandanum sem síðar áttu eftir að skipta sköpum í þessu efni. Viðskiptahallinn við útlönd hafði aukist ótæpilega sem og hallinn á ríkissjóði, verðbólgan var á fljúgandi ferð, útflutningsatvinnuvegirnir að stöðvast og allsherjarhrun blasti við. Þetta er staðreyndin sem forusta Sjálfstfl. helst vill reyna að gleyma, ekki síst í samanburði við stöðu þessara mála í dag, réttum tveimur árum síðar. Verðbólgan verður að lækka og komast á svipað stig og í helstu viðskiptalöndum okkar, var krafan sem bergmálaði um allt þjóðfélagið og hafði svo sem heyrst áður. En nú á haustdögum 1990 er þetta hins vegar staðreynd sem hefur áhrif á allt efnahagslíf þessarar þjóðar og það sem mestu skiptir, leggur grundvöllinn að auknum hagvexti og möguleikum að bættum lífskjörum í náinni framtíð. Þessi þýðingarmikli árangur hefur náðst, fyrst og fremst vegna þjóðarsáttarinnar sem aftur var ávöxtur heiðarlegs samstarfs fulltrúa atvinnulífsins og stjórnvalda. Það heiðarlega samstarf er staðreynd sem mun a.m.k. standa til hausts 1991 en án efa hafa síðan ómæld áhrif um langa framtíð þegar menn meta árangurinn sem allir munu njóta. En það var hins vegar sögulegt hlutverk Borgfl.

hér á hinu háa Alþingi að ráða úrslitum um þá þróun sem leiddi til þess að þjóðarsáttin varð möguleg og verðbólgan hamin. Þetta er staðreynd sem þeir helst vilja gleyma er nú ylja sér við hillingar skoðanakannana og svífa á skýjum ímyndaðra vinsælda.

Það er vissulega fátítt í íslenskum stjórnmálum að svo ungur stjórnmálaflokkur fái slíkt tækifæri og þori að axla þá ábyrgð sem slíkri úrslitastöðu óneitanlega fylgir. En nú þegar árangurinn er ótvírætt að koma í ljós á fjölmörgum sviðum og úti um allt land þurfum við, borgaraflokksfólk, ekki að sjá eftir því að bregðast rétt við á úrslitastundu. Þeir sem okkur gagnrýna háværast mættu hins vegar líta af sanngirni í eigin barm og gaumgæfa eigin verk í sömu stöðu. Ég ímynda mér af gamalli reynslu að jafnvel Sjálfstfl. þættist fullsæmdur af þeim árangri sem hér hefur orðið hefði hann sjálfur átt hlut að máli. Vitaskuld náðum við ekki öllu því fram sem við vildum, en það tókst að ná fram lækkun matarskattsins af brýnustu innlendu afurðunum enda þótt staðan væri vissulega þröng. En það sem nú skiptir mestu máli og enn er óunnið af því sem Borgfl. hefur lagt þunga áherslu á í stjórnarsamstarfinu er að finna leið til þess að rjúfa sjálfvirkni lánskjaravísitölunnar sem raunar hvergi annars staðar þekkist um hinn vestræna heim. Það er meginverkefnið sem enn er óunnið og nú hálfu þýðingarmeira en áður vegna þess að á því veltur hvernig til tekst um efnahagsstjórn hér næstu árin. Þegar það mál er leyst á farsælan hátt getur ríkisstjórnin unað nokkuð vel þeim árangri sem náðst hefur og þeim grundvelli sem tekist hefur að leggja að farsælli þróun til lands og sjávar í náinni framtíð.

Hæstv. forseti. Það er hins vegar kaldhæðni örlaganna að þau fleygu orð sem Sjálfstfl. hefur reynt að eigna sér, stétt með stétt, hafa einmitt fengið fyllingu í þjóðarsáttinni og þeim árangri sem með henni hefur náðst. Friðsamleg lausn í kjaramálum sjómanna nú fyrir helgina er eitt dæmi þess að þjóðin öll skilur mikilvægi þess árangurs sem þegar hefur unnist. Og það er þessi árangur sem verður að varðveita. Atvinnulífið, heimilin í landinu og þá ekki síst landsbyggðin eiga hér sömu hagsmuna að gæta. Um það mun baráttan standa á því þinghaldi sem nú er nýhafið og einnig næstu ár.

Ég þakka þeim sem hlýddu, hef lokið máli mínu, hæstv. forseti, og býð góða nótt.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þá hefur nú þjóðin heyrt í forustumönnum sínum og eitt er þó sammerkt með þeim öllum að þeir eigna sér það sem hefur farið á skárri veginn en breiða yfir hitt, gleyma því eða reyna a.m.k. að fela það fyrir þjóðinni.

Það var dálítið táknrænt hvernig hv. 1. þm. Suðurl. talaði. Hann var að tala um frjálslyndi í viðhorfi í efnahagsmálum. Hvernig er þetta frjálslyndi? Það er þannig að fjármagnið sýgur framleiðsluna og fátæklingana í landinu. Það er þannig að innan við 20 fjölskyldur eiga mestallar eignir landsmanna. Það er frjálslyndið. Það er frelsi peninganna. Og svo er hv. 1. þm. Suðurl. að tala um það hvernig ástatt var og kenna öðrum um þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hrökklaðist frá. Hvers vegna var það? Á fyrstu fimm mánuðum sem sú ríkisstjórn sat voru tvöfaldaðir vextir á ríkisvíxlum og allir aðrir vextir hækkuðu að sama skapi. Þetta er fyrst og fremst ástæðan fyrir því hvernig staðan var og að skip Þorsteins Pálssonar & Co strandaði. En þetta er ekki minnst á.

Hitt er líka dálítið athyglisvert að aðrir forustumenn flokkanna breiða yfir það sem verr hefur farið. Halda þeir að þjóðin standi í þeirri trú að það hafi verið stjórnað af sanngirni, af réttlæti? Það er ekki nóg að kenna ríkisstjórn við jafnrétti og félagshyggju. Athafnir verða að fylgja orðum. Eitt af því sem var lofað þegar þessi stjórn var mynduð var að koma raunvöxtunum ofan í 6%. Hvað eru þeir? Það kann að vera að þeir sem eiga miklar eignir og hafa 1. veðrétt sinn lausan geti fengið lán með 6–6,5% vöxtum. En þeir sem eru í vandræðum þurfa að borga upp í 10% og fá hvergi lán í bönkunum nú fyrir minna en 8,25%. Bankarnir hafa sem sagt leyfi frá Seðlabankanum til þess að leggja 2% ofan á venjulega vexti ef menn eru í erfiðleikum, ef menn þurfa að skuldbreyta. Og það eru margir sem hafa lent í því vegna þeirrar vaxtastefnu sem hefur verið í þjóðfélaginu þó að á hinn bóginn hafi nafnvextir nú lækkað verulega og það hefur komið mörgum til góða, en hitt er að eyðileggja bæði atvinnurekstur og marga einstaklinga. Er það virkilega svo að forustumenn stjórnarflokkanna og hv. alþm. yfirleitt hafi ekki samband við fólkið í landinu? Er svo komið?

Það er verið að tala um byggðastefnu og á sama tíma er verið að tala um álver. Og það er dálítið merkilegt með þetta álver og álsamninga að meira að segja forustumönnum flokkanna kemur ekki saman um hvað hæstv. iðnrh. skrifaði undir, hvort það var minnisblað, hvort það var fundargerð, hvort það voru drög að samningi. Ég held að enginn viti miðað við þá umræðu sem hefur farið fram um þetta efni undir hvað hann skrifaði. Og ríkisstjórnin lagði til og leggur til og margkrossar sig um að það verði komið upp fullkomnustu mengunarvörnum sem til eru og af því að ríkisstjórnin er ákveðin í því á náttúrlega ekki að setja upp vothreinsibúnað. Það sem hæstv. umhvrh. sagði áðan um þessa nýju aðferð sem hann ætlar að nota í sambandi við að hreinsa þá málma og þá mengun sem fer frá álverinu, það er engin reynsla komin á þetta. Það er verið að búa til eina hugmynd sem er ekki búið að rannsaka og enginn veit hvernig til tekst. Hvað á þetta að þýða? Og hæstv. forsrh. lagði áherslu á það að við ættum að hafa landið og sjóinn hrein í framtíðinni. Á sama tíma leggur hann til að semja um álver upp á allt að 430 þús. tonna ársframleiðslu af áli. Fer þetta saman? Er það ég einn sem er hættur að skilja þennan málflutning hér í þessum sal? Ég veit að þjóðin skilur hvað hér er um að vera. Það hef ég orðið heldur betur var við nú upp á síðkastið. Byggðastefnan sem er verið að tala um og hæstv. forsrh. hefur skipað nefnd til þess að gera tillögur um verður náttúrlega að engu eftir því sem þeir vísu menn segja okkur, Jó-

hannes Nordal, Þórður Friðjónsson og jafnvel hæstv. forsrh. sjálfur, að það þurfi að draga úr öðrum framkvæmdum til þess að passa að stöðugleikinn haldist ef samið verður um álver.

Varaformaður Sjálfstfl. segir að það sé tap á orkusamningum næstu 10–20 árin eða 15–20 árin. Hv. þm. Ólafur Einarsson sagði hér áðan í ræðustól: Sjálfstfl. styður álver ef skaplegir samningar fást. En síðan hefur það komið í ljós í umræðum, í blaðafregnum, í viðtölum við þessa menn sem eru í samningum um álver að það verði tæpast hægt að fá hærra verð fyrir orkuna en er í þeim drögum sem allur þingheimur hefur séð og raunar þjóðin öll.

Í hálft annað ár hafa farið fram umræður um að stofna stjórnmálaafl í landinu og bjóða fram undir nýju nafni. Þarna er um að ræða einstaklinga úr öllum stjórnmálaflokkum í landinu. Ánægjan er nú þessi. Og það er stefnt að því að þessi stjórnmálasamtök verði komin í fast form skömmu eftir áramót. Þau eru búin að fá nafn og heita Heimastjórnarsamtökin. Ástæðan fyrir þessu er sú að byggðirnar eru að eyðast. Ástæðurnar eru þær að fátækara fólkið hér í þéttbýlinu hefur ekki fyrir nauðþurftum vegna þess að atvinnan hefur dregist saman. Ástæðan er sú að í þessu velferðarþjóðfélagi sem einhverjir voru að státa af hér áðan þurfa bæklaðir að bíða í 17–18 mánuði til þess að komast í aðgerð. Er slíkt ástand þolandi? Menn hafa talað um að það yrði að setja löggjöf um lágmarkslaun. Ég hef flutt tillögu hér á Alþingi um að gerð sé könnun á því hver er í raun og veru framfærslukostnaður í landinu. Þetta má ekki rannsaka. Það er búið að flytja þessa tillögu nú í þriðja sinn en það má ekki sjást hvernig þetta stendur. Eða hvaða önnur ástæða er fyrir því að þessi tillaga hefur ekki verið samþykkt og framkvæmd?

Það hefur verið mikið rætt um það að undanförnu víða um land að breyta þurfi vinnulöggjöfinni þannig að hátekjuhópar geti ekki stöðvað þjóðfélagið. Það er viðurkennt að réttarkerfið er illþolandi eins og það er. Þar verður að taka á, hæstv. dómsmrh. Og þannig mætti lengi telja.

Eitt af skilyrðunum fyrir því að mín samtök studdu þessa ríkisstjórn var að fjármagnstekjur yrðu skattlagðar eins og aðrar tekjur eins og gert er í öðrum löndum. Ég held að ekki hafi öll þau atriði sem ráðherrarnir hafa verið að tala um verið framkvæmd. Þau eru raunverulega mörg sem ekki hafa verið framkvæmd, t.d. þau sem að framan greinir.

Virðulegi forseti. Það verður tekist á í næstu kosningum um það hvort þeir sem níðst er á í þjóðfélaginu geta sameinast um að ná rétti sínum, sameinast um að krefjast réttar síns. Um það verður tekist á. Ég hef því miður ekki tíma til hér að fara ofan í einstök atriði í þessu efni. En það má benda á að það er ólíðandi, óþolandi það kvótakerfi sem staðirnir úti á landi og í raun og veru allir búa við. Það verður að breyta því. Það verður að koma í veg fyrir það að kvótinn sé seldur úr byggðarlögunum. Það verður að gera ráðstafanir til þess að byggðin haldist í landinu. Ef hún gerir það ekki getum við búist við því að annarra þjóða menn komi hingað. Það er talað um það að austantjaldsfólk vilji komast í milljónatali til Norðurlanda. Ef við ekki höfum vit á því að byggja landið, ef við komum okkur ekki saman um að halda áfram að byggja hér þjóðfélag sem hugsar og framkvæmir réttlæti er illa komið fyrir þessari þjóð. — Góða nótt.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Senn dregur að lokum viðburðaríks kjörtímabils í sögu íslenskra stjórnmála. Viðburðaríks m.a. vegna þess að þrjár ríkisstjórnir hafa verið við völd og sú sem nú situr er fjögurra flokka stjórn. En þegar frá líður verður vonandi fyrst og fremst í minnum haft að á þessu kjörtímabili og undir þessari stjórn tókst að koma verðbólgunni niður og þar með að ná stjórn á efnahagsmálum. Og undir þessari stjórn tókst að koma rekstri undirstöðuatvinnugreinanna á réttan kjöl. Sá árangur sem náðst hefur í þessum efnum er stórkostlegur og honum má ekki glutra niður í tengslum við kosningar í vor eða með nýrri ríkisstjórn.

Á síðustu árum hafa háir vextir verið að endurspeglast í mynstri atvinnufyrirtækja. Á einum áratug sveifluðust vextir frá því að vera neikvæðir í það að vera hvað mestu okurvextir um víða veröld. Þetta hefur verið sársaukafullt fyrir marga skulduga einstaklinga. Þetta hefur gert rekstur margra fyrirtækja ómögulegan og hafa þau mörg hver lagt upp laupana. Eftir á að hyggja má ef til vill segja að þetta hafi að einhverju leyti verið þrengingar sem íslenskt þjóðfélag þurfti að ganga í gegnum. Sá atvinnurekstur og sú fjárfesting sem byggir á því að fá lán með neikvæðum vöxtum á ekki rétt á sér nú á dögum og enginn biður um slíkt ástand á nýjan leik. Hitt er annað mál að þó svo að nafnvextir hafi lækkað svo sem raun ber vitni eru raunvextir of háir og þeir verða að lækka.

Hér á landi hefur sama þróun verið að eiga sér stað og hjá öðrum Norðurlandaþjóðum og öðrum þjóðum með svipuð lífskjör nema hvað hún kemur seinna fram hér á landi. Störfum fækkar í framleiðslugreinum, svo sem landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, en aukningin er í opinberri starfsemi og þjónustugreinum. Hér hafa orðið til 15.000 ný störf á síðustu átta árum. Segja má að þessi störf séu nánast öll í opinberri starfsemi og þjónustu. Af þessum 15.000 störfum eru 12.500 á höfuðborgarsvæðinu og 2.500 á landsbyggðinni. Allt bendir til að þessi þróun verði óbreytt á næstu áratugum ef ekkert verður að gert. Það er því ljóst að hér verður að taka á málum. Við getum ekki horft aðgerðarlaus á öll ný störf verða til á höfuðborgarsvæðinu. Það er hvorki höfuðborg né dreifbýli í hag. Á landsbyggðinni þarf hvorki meira né minna en 1400 ný störf fyrir ungt fólk á ári hverju.

Byggðanefnd skipuð af forsrh. hefur unnið mikið starf á síðustu mánuðum undir stjórn Jóns Helgasonar alþingismanns. Þar eru ýmis athyglisverð mál í meðferð sem vert er að gefa gaum en ekki er tími til að tíunda hér. Þar eru t.d. útfærðar hugmyndir um byggðakjarna sem hefur verið viðkvæmt mál fram til þessa. Mín skoðun er sú að þar sé mjög viðkvæmt mál á ferð-

inni sem verður að ná samstöðu um. Bættar samgöngur gera þetta mögulegt og eðlilegt. Með sameiningu sveitarfélaga og þar með eflingu þeirra er mikilvægt að þau fái aukin verkefni og tekjustofna frá ríkinu.

Sveitarfélög hér á landi hafa ólíkt minna af opinberri þjónustu með höndum en tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar. Þá er mikilvægt að jaðarsvæði fái að njóta sérstöðu þegar kemur að því að draga enn frekar saman í sauðfjárrækt. Eftir því sem heyrst hefur frá stærsta stjórnmálaflokknum hér á landi um landbúnaðarmál upp á síðkastið þá virðist hann vilja vinna í þveröfuga átt sem yrði til þess að sauðfjárræktin á jaðarsvæðum legðist af og þar með væntanlega byggð.

Hæstv. forseti. Ég hef í máli mínu einkum fjallað um það sem flokka mætti undir byggðamál. Það er ekki að ástæðulausu sem þau eru ofarlega í huga margra þessar vikurnar eftir að ljóst var að staðsetning álvers yrði á Keilisnesi ef af uppbyggingu þess verður. Það voru mikil vonbrigði fyrir landsbyggðina sem ég ræði ekki frekar hér. Nú snýst málið um mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir byggðaröskun þessu samfara.

Ég vil að síðustu endurtaka það sem ég sagði í upphafi. Verðbólgunni verður að halda niðri til frambúðar. Að öðrum kosti er hér allt komið í óefni að nýju. Ég sé einnig fyrir mér breytt vinnubrögð hér á hinu háa Alþingi með stöðugleika í efnahagsmálum. Í stað þess að vera sífellt að bjarga hlutum fyrir horn, lesa nýjar áætlanir vegna breyttra forsendna ættu stjórnmálin að geta snúist meira um langtímamarkmið á sviði ýmissa velferðarmála svo sem menningarmála og félagsmála. Það mundi ekki einungis gera starf stjórnmálamannsins áhugaverðara og bæta ímynd Alþingis út á við, heldur mundi það snerta hverja fjölskyldu í landinu. Málefni sem sérstaklega snúa að velferð barnafólks og þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu hafa vijað verða undir í íslenskum stjórnmálum á meðan efnahagsmál hafa tröllriðið umræðunni. Þetta tel ég okkar annars ágæta þjóðfélagi til vansa. — Góðar stundir.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við umræður um síðustu stefnuræðu forsrh. á þessu kjörtímabili hefur verið minnt á það að ríkisstjórnin hefur náð góðum árangri í efnahagsmálum síðan slitnaði upp úr stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. vegna ágreinings um málefni atvinnuveganna. Hér er nú lægsta verðbólgan um áratuga skeið. Þessi staðreynd leggur grundvöllinn að bættum lífskjörum og velferðarþjóðfélagi. Staða framleiðsluatvinnuveganna er nátengd byggðamálum í landinu. En það er nauðsynlegt og brýnt að reka þá með sem mestri hagkvæmni. Sú löggjöf um stjórn fiskveiða, sem tekur gildi um næstu áramót, miðar að þessu jafnframt því að varðveita fjöregg þjóðarinnar, fiskstofnana. Sé þessarar hagkvæmni ekki gætt stendur þjóðfélagið ekki undir þeirri þjónustustarfsemi sem nútímasamfélag krefst.

Ríkisstjórnin hefur tekist á við það verkefni að tryggja grundvöll fyrir rekstri atvinnulífsins í landinu og bætt afkoma fyrirtækja dylst ekki. Hins vegar verður aldrei þjóðarsátt um það að höfuðborgarsvæðið og nágrenni sitji eitt að þjónustustarfsemi og iðnaðaruppbyggingu. Raunhæfar og áþreifanlegar aðgerðir til að styrkja byggðirnar í landinu og auka jafnrétti fólks á landsbyggðinni verður lokapróf þessarar ríkisstjórnar. Öll áform um uppbyggingu stóriðju suðvestanlands standa og falla með því hvort ríkisstjórnin fellur á þessu lokaprófi eða nær því.

En hvernig er svo stefna stjórnarandstöðunnar og þá einkum Sjálfstfl.? Hvernig hefur hún birst þjóðinni á undanförnum mánuðum? M.a. í dagdraumum formanns flokksins í Morgunblaðinu þar sem hann segir í greinaskrifum á viku fresti að ríkisstjórnin eigi að fara frá. Þá muni öll vandamál leysast. En hvernig hefur málflutningur sjálfstæðismanna leitt það í ljós? Því er fljótsvarað. Þau regnhlífarsamtök ólíkra hagsmunahópa sem Sjálfstfl. er hafa ekki skýra stefnu.

Varðandi ríkisfjármálin er haldið uppi almennu snakki um skattpíningu en tekið undir hverja kröfu til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Þegar heilbrrh. vill kanna skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustunni í Reykjavík sem gætu leitt til sparnaðar jafnvel upp á hundruð milljóna er bitið í skjaldarrendur til varnar úreltu kerfi sem m.a. kemur fram í því að 12.000 Reykvíkingar eru án heimilislæknis. Opinber rekstur kemst ekki hjá umræðu og aðgerðum í hagræðingarátt fremur en framleiðsluatvinnuvegir landsmanna.

Allir muna málþóf dögum saman sl. vetur um tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. En nú hafa bæði formaður og varaformaður Sjálfstfl. gefið tóninn um umræður um aðild að Efnahagsbandalaginu. Sú aðild kemur ekki til greina.

Í álmálinu er stefnan óljós og á reiki og yfirlýsingar forustumanna ganga á skjön. Þingmenn Sjálfstfl. sátu hjá við atkvæðagreiðslu um löggjöf um stjórn fiskveiða á sl. vori og þess verður ekki vart að þessi stærsti flokkur þjóðarinnar hafi skýra stefnu í sjávarútvegsmálum. Þetta eru staðreyndir sem vekja athygli ekki síst fyrir það að þetta er flokkurinn sem telur sig borinn til forustu í þjóðmálum næstu árin.

Góðir Íslendingar. Við stöndum á þröskuldi nýrra tíma, aukinna samskipta og samkeppni þjóða á öllum sviðum. Við framsóknarmenn viljum taka þátt í þessum samskiptum. Við viljum ekki ganga undir yfirþjóðlegt vald né afhenda yfirráð yfir auðlindum okkar. Þess vegna er aðild að Evrópubandalaginu ekki á dagskrá. Það er óskynsamlegt að auka nú flokkadrætti í þjóðfélaginu með umræðum um slíka aðild.

Hin miklu tíðindi af alþjóðavettvangi eru þau að öfgastefnur til hægri og vinstri hafa beðið skipbrot. Síðast hrundi kommúnisminn. Öfgastefnur hafa aldrei átt erindi við íslenskt samfélag. Við framsóknarmenn viljum vinna að málum undir merkjum frjálsra einstaklinga og félagasamtaka þeirra. Undir þeim merkjum höfum við besta möguleika til farsældar í þessu þjóðfélagi. — Góða nótt.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Það er hálfnötur-

legt þegar hv. 2. þm. Framsfl. á Austurlandi hleypur í skarðið fyrir sjútvrh. að hann skyldi ekki hafa gefið sér tíma til þess að lesa ræðu forsrh., sem hann flutti hér áðan, stefnuræðuna sjálfa, þegar hann var að ráðast að okkur sjálfstæðismönnum fyrir það að við skyldum á síðasta þingi hafa veist harkalega að ríkisstjórninni fyrir að hún skyldi ekki efna til tvíhliða viðræðna við Evrópubandalagið um sjávarútvegshagsmuni okkar, — gleymdi þessi þingmaður að forsrh. tekur undir þessi sjónarmið okkar í sinni stefnuræðu og er greinilegt þar að hann finnur til þess að hann veðjaði þar á rangan hest, utanrrh. Vitum við sjálfstæðismenn kannski betur en flestir aðrir að það getur verið valt að treysta orðum hans. A.m.k. minnist ég þess að ég hef ekki í annan tíma heyrt fegurri heitstrengingar né blíðari fagurmæli eða fagurgala en frá þeim manni fyrir síðustu kosningar þegar hann var að tala um að hann hefði loksins skilið að ef við Íslendingar ætluðum að stefna fram til betra mannlífs, bættra lífskjara, öruggari atvinnuhátta væri nauðsynlegt að opna ekki aðeins landamæri okkar heldur opna svo landið að viðskipti gætu orðið frjáls, bæði gjaldeyrisviðskipti og önnur viðskipti þannig að hendur okkar væru ekki bundnar í úreltum höftum.

Eiður Guðnason, þingmaður Alþfl., gleymdi því hér áðan að það var í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sem ákveðið var að gjaldeyrisverslunin skyldi gefin algerlega frjáls. Við biðum og biðum eftir því að viðskrh. gæfi út reglugerðina. Við vorum farnir að halda á tímabili að Pólverjar yrðu á undan okkur að gefa gjaldeyrinn frjálsan. Loksins örlaði á reglugerðinni en hún er ekki djarfari en svo að þar er gert ráð fyrir því að hömlur verði að fullu afnumdar á því herrans ári 1993.

Menn hafa hér talað um þjóðarsátt. Forsrh. þakkar sér þjóðarsátt. Hver einasti ræðumaður sem hér kemur upp þakkar sér þjóðarsátt. „Ef ég lofa mig ekki sjálfur," sagði karlinn, „gerir enginn það." Hvernig var nú ástandið þegar þjóðarsáttin var gerð?

Sl. þrjú ár hefur landsframleiðsla okkar Íslendinga dregist saman um 8%. Á sama tíma hefur landsframleiðsla í löndum OECD aukist um 9%. Síðan ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hvarf frá völdum hafa lífskjör á Íslandi versnað um 15%. Og hvernig er ástandið í skattamálum? Einungis á milli áranna 1988 og 1989 voru skattar hækkaðir sem svarar 120.000 kr. á fjögurra manna fjölskyldu.

Formaður Alþfl. var að hrósa sér af því að hann hefði sett lög um staðgreiðslukerfi skatta. Auðvitað skjöplaðist honum þar. Þau lög voru sett meðan Þorsteinn Pálsson var fjmrh. Þá settum við okkur það mark að skattleysismörk skyldu vera við 42.000 kr. sem er sama og 63.836 kr. nú hjá einstaklingi. En í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar eru það 55.576 kr. Þar skakkar 8.000 hjá einstaklingum, 16.000 hjá hjónum og núna er skattprósentan 39,79% en var 35,2% í tíð Þorsteins Pálssonar.

Við tölum um þjóðarsátt. Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á, eins og áður, að stétt vinni með stétt, eins og dómsmrh. man síðan hann var í Sjálfstfl. að við leggjum til grundvallar og þjóðarsáttin byggist á þeirri grundvallarhugsun okkar. Við gerum okkur grein fyrir því að við getum ekki unnið upp á nýjan leik lífskjörin nema okkur takist að auka þjóðartekjur, nema okkur takist að styrkja atvinnuvegina og á það munum við leggja áherslu eftir næstu kosningar.

Það er óhjákvæmilegt fyrir mig að minnast nokkrum orðum á álver. Iðnrh. markaði viðræðurnar um álverið með þeim hætti að álver skyldi rísa úti á landi, annaðtveggja við Eyjafjörð eða Reyðarfjörð. Síðan hefur komið í ljós að þessum orðum hans fylgdi lítil alvara og það var greinilegt á fundi sem ég átti með Akureyringum í fyrradag að ýmsir ráðherrar og þingmenn ríkisstjórnarinnar hafa uppi ýmsar efasemdir um að iðnrh. hafi í rauninni viljað berjast fyrir því að álverið risi úti á landi. Það er af þeim sökum sem við úti á landi gerum þá réttmætu kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún greiði að fullu þann kostnað sem hin ýmsu sveitarfélög hafa haft af þeim falska málatilbúningi sem þannig var lagður til grundvallar. Við viljum einnig leggja á það ríka áherslu að með margvíslegum hætti öðrum verði greitt fyrir því að atvinnulífið úti á landi geti risið.

Við höfum hlýtt á þingmenn Framsfl. og við heyrum að þeir finna sárt til þess að landsbyggðin stendur nú höllum fæti. Þeir eru ekki sammála forsrh. sínum og þeir reka hornin í Alþfl. Það var eftirtektarvert að við hlýddum hér áðan á tvo af áhrifamestu þingmönnum Alþb., hv. þm. Ragnar Arnalds og Hjörleif Guttormsson, þar sem þeir veittust harkalega að ríkisstjórninni vegna afstöðu hennar í tveimur stærstu málunum sem hún hefur nú til umfjöllunar, álmálinu og Evrópubandalaginu. Áður höfum við heyrt hvernig Jón Baldvin Hannibalsson hefur veist að Alþb. í sambandi við stefnuna í landbúnaðarmálum og við höfum lesið það okkur til mikillar furðu að formaður Alþfl. vilji bjarga gjaldþrota sjóðum Jóhönnu Sigurðardóttur með því að sækja einn milljarð í enn þá meiri gjaldþrotasjóð, Lánasjóð ísl. námsmanna.

Ef við berum saman málflutning og stefnumið einstakra ráðherra sjáum við að þar er hver höndin upp á móti annarri. Við sjáum að mikil Heljarslóðarorrusta er rekin í þessari ríkisstjórn og við munum eftir því að Benedikt Gröndal sagði í eftirmála þeirrar útgáfu: „Stafsetning á bók þessari er með ýmsu móti, til þess að þóknast öllum sem aldrei koma sér saman." Eins er um þessa ríkisstjórn. Hún kemur sér ekki saman í hinum stærstu málum. Samt sem áður er ekki annað að sjá en að hún ætli að sitja áfram eftir næstu kosningar, en það veit trúa mín að það mun henni ekki takast. Að sjálfsögðu mun okkur takast, frjálshyggjumönnum og frjálsum mönnum í þessu landi, að velta þessari ríkisstjórn úr sessi í næstu alþingiskosningum. — Góða nótt.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Fyrst nokkur orð um ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. og þær fullyrðingar sem hann hafði í frammi um viljaleysi hæstv. iðnrh. til þess að koma álveri út á land.

Ég get fullyrt að hæstv. iðnrh. barðist fyrir því með oddi og egg að álver risi á landsbyggðinni, hann gerði sér grein fyrir mikilvægi þess. Það voru hins vegar hinir erlendu samningsaðilar í viðræðunefnd um álver sem tóku af skarið um það að álver skyldi rísa á Keilisnesi. Um þetta er ekki deilt.

Virðulegi forseti. Það er orðið áliðið kvölds, klukkan raunar langt gengin 12 og hér hefur mikið verið rætt um góðan árangur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Það hefur líka mikið verið rætt um álver og kannski orðið tímabært að ræða um fleiri mál sem mikilvæg eru í nútíð og framtíð fyrir þessa þjóð.

„Hreint umhverfi, land, loft, vatn og sjór mun þegar fram í sækir reynast mesta auðlind þessarar þjóðar." Þetta sagði hæstv. forsrh. í stefnuræðu sinni áðan. Þessari niðurstöðu mótmælir enginn maður. Það sem felst í þessum orðum leggur hins vegar miklar skyldur og þunga ábyrgð á þing og þjóð. Eftir áratuga andvaraleysi erum við að vakna til meðvitundar um þær hættur sem steðja að viðkvæmri náttúru landsins og matarkistunni miklu sem geymir fjöregg þjóðarinnar, hafinu sjálfu.

Mikilvægt umhverfisráðuneyti er tekið til starfa þótt enn sé deilt um valdsvið þess. Utanrrh. hefur hvatt til umræðna um afvopnun á höfunum þar sem kjarnorkuknúin skip fara um og ógna lífsafkomu þjóðanna, einkum Íslendinga. En baráttan innan lands við landeyðingu og sóðaskap gengur hægt. Framlög til landgræðslu eru í lágmarki, sorpeyðing víða í lamasessi og sama gildir um frárennslismál. Og Íslendingar verða að gæta þess vandlega að hagvaxtarkrafan brengli ekki skynsamlegt mat á mengunarvörnum. Á alþjóðlegum vettvangi þurfum við að halda vöku okkar, enda ógnar margvísleg atvinnustarfsemi og framkvæmdir nágrannaþjóðanna hafsvæðum okkar.

Í morgun barst mér skýrsla þar sem segir að forustumenn endurvinnslustöðvarinnar á Dounreay á Skotlandi hyggist undirrita um 50 samninga við margar þjóðir um endurvinnslu og geymslu á geislavirkum kjarnorkuúrgangi. Þegar er búið að undirrita einn samning. Þetta bendir til þess og segir mér það að verkefni stöðvarinnar verði mun meiri og víðtækari en gefið hefur verið í skyn. Enn á ný verða íslensk stjórnvöld að mótmæla harðlega við bresku ríkisstjórnina. Það þarf einnig að afla aukins stuðnings við mótmælin meðal nágrannaþjóðanna. Dounreay-stöðin gæti fljótlega haft afdrifaríkar afleiðingar á veiðar Íslendinga og sölu fiskafurða og þá gæti grundvöllur hins margumtalaða hagvaxtar brostið fljótlega.

Nátengt umhverfismálum er hið gamla baráttumál Alþfl. um þjóðareign á landi. Rétt eins og þjóðin öll á tilkall til þeirra verðmæta sem í hafinu eru hlýtur hún að eiga landið sem hún býr í. Þingmenn Alþfl. hafa hvað eftir annað reifað þessi mál á þingi en fengið litlar undirtektir. Á umtöluðu, kannski mjög umtöluðu, flokksþingi var samþykkt ályktun þar sem flokknum er falið að semja frv. um löggjöf um almannarétt og sameign þjóðarinnar á Íslandi öllu, gögnum þess og gæðum. Í þessari löggjöf verði kveðið á um frjálsan aðgang landsmanna að landi sínu og nýtingu þess. Þetta verði að sjálfsögðu gert með tilliti til takmarkana vegna atvinnustarfsemi, skipulagðrar landnýtingar og friðunar af náttúrufarsástæðum.

Ekki er vafi á því að málið kemur fljótlega á dagskrá, enda tímabært orðið að þjóðin öll fái það staðfest að hún eigi landið sem hún býr í. Með því móti mun hún öðlast ríkari tilfinningu fyrir umhverfi sínu og náttúru og öll landvernd verður auðveldari og aðgerðir líklegri til árangurs. Þá ber hver maður ábyrgð á eign sinni.

„Það er fleira matur en feitt kjöt," segir öldruð vinkona mín tíðum þegar henni finnst nóg um bruðl og óhóf. Og stjórnmál snúast um fleira en efnahagsmál. Þótt hagvöxtur sé mikilvægur má hagvaxtarkrafan ekki um of beina athygli okkar frá þörfum mannsins fyrir annað og fleira en hagsældina eina.

Á fyrrnefndu flokksþingi Alþfl. fjallaði kunnur læknir í ræðu um nauðsyn mannverndar sem taki mið af þörfum fjölskyldunnar, málefnum barna og unglinga, skólamálum og heilsuverndarstarfsemi. Hann sagði m.a. að stefnumið þessa þjóðfélags virtist aðeins varða manneskjuna óbeint því hér hefði sú fullvissa ávallt ráðið ríkjum að meira magn jafngilti meiri gæðum og meiri neysla jafngilti meiri velferð. Þá sagði hann m.a.:

„Hér á landi má sjá merki um hvernig okið af hagvaxtarkerrunni veldur álagi og spennu. Því fylgir hálfgert neysluæði sem er jú undirstaða hagvaxtarins. Þannig er það að hagvöxturinn hlýtur að eyða sjálfum sér því smám saman dregur úr þreki þeirra sem kerruna draga. Það er með öðrum orðum næsta víst að vinnuþreki og heilsu þeirrar þjóðar sem dregur of þungt hlass mun hraka nema viðeigandi ráðstafanir verði gerðar. Það eru ekki einungis auðlindir náttúrunnar sem eru takmarkaðar heldur á þrek mannsins til að halda uppi flóknu neyslusamfélagi samtímans einnig sín takmörk."

Rauði þráður þessarar ræðu er sá að við eigum að viðurkenna þann hagvöxt sem tryggir aukinn jöfnuð meðal fólksins en afneita þeim hagvexti sem eykur ójöfnuð.

Í landi þar sem misnotkun vímuefna fer vaxandi, ofbeldi og afbrot aukast og vandamál yngstu kynslóðarinnar hrannast upp er nauðsynlegt að auka umræður og aðgerðir er snúast um mannvernd. Með samþykkt ályktunar í þessum málaflokki vill Alþfl. leggja sitt af mörkum og hvetur aðra til samstarfs.

Það jafnvægi sem nú hefur náðst í efnahagsmálum getur orðið góður grundvöllur til að bæta kjör þeirra lakast settu. Það gæti einnig skapað svigrúm til að græða þau sár sem upplausn og öryggisleysi hefur opnað. Veigamestu verkefnin eru að styrkja stöðu fjölskyldunnar, draga úr vinnuálagi og stöðva háskalega byggðarröskun og hvetja til endurskoðunar á því gildismati sem hér hefur verið ríkjandi. — Lifið heil.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Góður áheyrendur. Einn ötulasti baráttumaður frelsis á okkar tímum, Havel, forseti Tékkóslóvakíu, hefur lýst stjórnmálamanni nútímans á

þann veg að kerfið, hugmyndafræðin og valdatæknin hafi svipt stjórnmálamenn samvisku sinni, náttúrlegri skilningsgáfu og eðlilegu orðfæri. Mér varð hugsað til þessarar lýsingar Havels undir þeirri efnahagsþulu sem forsrh. flutti okkur í kvöld. Að hætti hins heföbundna stjórnmálamanns talaði hann til okkar á hagfræðimáli. Hvers vegna gerði hann það? Var það í von um að orðavalið hindraði okkur í að sjá samhengisleysið og mótsagnirnar í ræðu hans eða var það til þess að draga athygli okkar frá þeirri staðreynd að í ræðunni er ekkert fjallað um þau grundvallaratriði sem daglegt líf okkar snýst um? Hefði ræðan verið hátíðarræða, er þá ekki líklegt að hann hefði farið fögrum orðum um gildi menningar, börnin og framtíðina og fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins?

Forsrh. sat nýlega ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um kjör og aðbúnað barna í heiminum. Þrátt fyrir þá vitneskju sem hann hlýtur að hafa fengið þar og þrátt fyrir þá staðreynd að vernd og réttarstaða barna er um margt bágborin í okkar samfélagi vék hann ekki einu orði að málefnum barna. Hvaða boðskap hafði hann að færa fjölskyldunum í landinu? Hafðir þú, hlustandi góður, á tilfinningunni að forsrh. viti hvað það kostar að halda heimili? Hvað með þá sjálfsögðu kröfu að dagvinnulaun dugi til framfærslu? Fékkstu svar við því hvernig hann ætlar að endurreisa húsnæðiskerfið sem ríkisstjórn hans kom á með lögum? Hvað með tvö skattþrep og styttingu vinnutímans? Hvað kom fram um aðbúnað skólanna, aðgerðir til að koma á samfelldum skóladegi og skólamáltíðum fyrir börn?

Forsrh. sem heldur stefnuræðu og nefnir kjör aldraðra og fatlaðra í hálfri setningu, svona í framhjáhlaupi, og minnist ekki einu orði á fjölskyldumál og velferð barna minnir óneitanlega á lýsingu Havels á stjórnmálamanninum sem hefur glatað náttúrlegri skilningsgáfu sinni. Sú þróun er hættuleg að stjórnmálamenn svamli eingöngu í feni hagfræðinnar og líti á fólkið sem tölfræðilegan hóp. Þeir eru með öllu ófærir um að setja sig í spor annarra og löngu hættir að sjá tengslin milli þeirra ákvarðana sem þeir taka og hvaða áhrif þær hafa á líf fólksins. Þeir gleyma að dýrmætasta auðlind landsins er fólkið sjálft og að framtíð okkar allra veltur á því hvernig við búum að fólkinu í samfélaginu. Stjórn hagkerfisins á því fyrst og fremst að snúast um velferð einstaklinganna sem í þjóðfélaginu búa.

Virðulegur forseti. Það var nauðsynlegt að minnast á þessi mikilvægu atriði sem forsrh. sá ekki ástæðu til að fjalla um í ræðu sinni. Þetta eru þó aðeins örfá atriði sem varða aðbúnað og kjör fólks og við kvennalistakonur teljum að eigi að vera meginviðfangsefni stjórnmálanna. En það er ekki síður nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um þær mótsagnir og það samhengisleysi sem einkenndi ræðu forsrh. og hlýtur að grafa undan trú fólks á að einhver alvara fylgi orðum hans og þau séu af heilindum mælt.

Forsrh. minntist á að ríkisstjórnin legði aukna áherslu á „vaxandi uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu", eins og segir orðrétt í ræðu hans. Hefur þú, hlustandi góður, orðið þess áskynja að ríkisstjórnin hafi haft frumkvæði eða skapað skilyrði fyrir nýsköpun í atvinnulífi í þínu byggðarlagi? Nei, mótun atvinnustefnu fyrir alla landsmenn hefur kristallast í áformum um risavaxið mengandi álver. Þetta telja ráðamenn lausn fyrir alla landsmenn en neita að horfast í augu við þá staðreynd að stórfyrirtæki á suðvesturhorninu mun auka enn frekar á atvinnuvanda landsbyggðarinnar og fólksflutningar munu enn aukast.

Forsrh. minntist á að hann mundi líta á byggðamálin út frá nýju sjónarhorni. Hvað skyldi hann hafa í huga? Í hverju birtast nýjar áherslur og ný viðhorf til þeirra mála? Þess sér hvergi stað. Hafa menn gert sér grein fyrir að við erum komin í eindaga með uppbyggingu atvinnulífsins fyrir andvaraleysi ríkisstjórna sem forsrh. hefur sjálfur átt aðild að undanfarna tvo áratugi? Í stefnuskrá Kvennalistans segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í byggðamálum, sem á öðrum sviðum þjóðlífsins, er þörf fyrir nýtt verðmætamat sem byggir á kvenlegri lífssýn." Það er einmitt hér sem við komum að því sem máli skiptir um þróunina í framtíðinni. Atvinnustefna framtíðarinnar er gagnslaus ef ekki er tekið mið af þörfum kvenna. Við vitum að meðal kvenna er að hluta til ónýttur forði hugmynda, orku og tilfinninga, en það er ekki síst það síðastnefnda sem baráttan gegn byggðarröskun byggir á. Það nýja og ferska sem nú er þörf á í atvinnumálum getur komið frá konum ef nauðsynlegar forsendur eru fyrir hendi, fjármagn, stuðningur og fræðsla.

Kvennalistakonur hafa oft bent á stöðu kvenna þegar atvinnumálin ber á góma hér í þinginu. Við höfum m.a. lagt fram frv. um að komið verði á fót sérstakri atvinnuþróunardeild fyrir konur við Byggðastofnun. Þessi hugmynd hefur ríkisstjórninni þótt allt að því fáránleg og lýsir það best skilningsleysi þeirra á því að framtíð byggðarinnar hvílir að sjálfsögðu á herðum kvenna. Á norrænni ráðstefnu um konur og byggðaþróun sem haldin var hér á Íslandi fyrir tveimur vikum kom fram að á Norðurlöndunum hafa stjórnvöld fyrir löngu gert sér ljósan þann vanda sem landsbyggðin stendur frammi fyrir ef konur hafa þar ekki atvinnu. Því hafa þar verið gerðar ýmsar athyglisverðar tilraunir með það fyrir augum að leysa atvinnuvanda kvenna, m.a. með því að eyrnamerkja sérstaklega fé til fræðslu og atvinnusköpunar fyrir konur, einmitt í sama anda og við kvennalistakonur höfum lagt til. Í grein um flóttann af landsbyggðinni eftir Lilju Mósesdóttur hagfræðing bendir hún á mikinn brottflutning ungs fólks frá landsbyggðinni og þá sérstaklega kvenna. Einnig bendir hún á að ef koma á í veg fyrir frekari brottflutning þarf atvinnulífið á landsbyggðinni að geta tekið við 1380 nýjum einstaklingum á ári hverju næstu tvo áratugina. Hafa stjórnvöld hugleitt þetta og gert áætlanir um hvaða skilyrði þau ætla að skapa fólki sem vill taka frumkvæði í atvinnulífinu? Það örlaði ekki á framtíðarsýn í ræðu forsrh. og því vart viðbragða að vænta af hans hálfu. Kvennalistakonur hafa borið fjölmargar tillögur í atvinnumálum inn í sali Alþingis, t.d. um nýsköpun í ferðaþjónustu, fjarvinnslustofur, byggðakvóta í sjávarútvegi og kvennadeild við

Byggðastofnun sem ég nefndi áðan. Það er sannfæring okkar að þó að þessar tillögur hafi ekki allar verið samþykktar og okkur þyki oft miða hægt við að koma hugmyndum okkar í framkvæmd hefur reynslan sýnt að þær hugmyndir sem við berum fyrir brjósti sanna gildi sitt miklu fyrr en menn órar. Við höfum í starfi okkar náð ótrúlegum árangri þótt sigrar okkar séu ekki alltaf augljósir. Við höfum beitt okkur fyrir lengingu fæðingarorlofs með þeim árangri að öðrum var ekki lengur stætt á að bíða með að hrinda því í framkvæmd. Þannig er ungbörnum nú tryggð umönnun foreldra sinna fyrstu sex mánuði ævinnar.

Umhverfismál hafa verið okkar hjartans mál og nú er a.m.k. þeim áfanga náð að umhverfisráðuneyti hefur verið stofnað þótt við hefðum viljað sjá það öflugra og metnaðarfyllra.

Við höfum ávallt verið sannfærðar um að umræða um utanríkismál eigi að vera um frið en ekki um fjendur. Konur um allan heim hafa með samstöðu sinni og starfi í friðarhreyfingum séð til þess að svo hefur orðið.

Konur eru nú meira en fjórum sinnum fleiri á þingi en þær voru þegar Kvennalistinn bauð fyrst fram fyrir liðlega sjö árum. Fjölgun kvenna í sveitarstjórnum hefur líka orðið umtalsverð. Þótt róðurinn sé þyngstur í launamálum munum við vinna áfram af þrautseigju til að rétta hlut kvenna. Þar er mikið verk óunnið en árangurs aðeins að vænta ef konum skilst hverju þær geta breytt með samstöðu sinni. Reynslan hefur sýnt að þetta verk verða konur að vinna. Þær þekkja það best í eigin lífi að það gengur ekki til lengdar að láta skammta sér úr hnefa.

Kvennalistinn lítur á það sem grundvallaratriði að þeir sem taka þátt í stjórnmálum standi við orð sín og gerðir. Það höfum við að leiðarljósi í öllu okkar starfi. Við munum halda áfram að vinna af þeirri trúmennsku, krafti og framsýni sem hefur einkennt starf okkar, fullvissar um það að stefna okkar á ekki síður brýnt erindi við þjóðina nú en þegar við byrjuðum. — Góða nótt.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. „Unz kyrrðin er allt í einu rofin: stjórnmálamennirnir eru farnir að öskra, það á að kjósa. Þetta óskemmtilega félag, sem ekki er hægt að losna við með neinum þekktum ráðum, en sú huggun ein, að vita það í fjarlægð, hefur nú flutzt til okkar um stundarsakir. Ókvæðisorð þeirra og gagnkvæmar aðdróttanir um glæpi fylla þessa kyrrlátu orðvöru byggð."

Góðir hlustendur. Þannig hóf Magnús Kjartansson sína ræðu í útvarpsumræðum 14. maí 1969 með því að vitna í frásögn Halldórs Laxness í Atómstöðinni af þingmálafundi í dal fyrir norðan. Og þessi sama tilvitnun getur vel átt við hér í kvöld. Þá, líkt og núna, virtist takmarkaður áhugi þjóðarinnar á stjórnmálum hafa valdið þingmönnum áhyggjum því Magnús sagði m.a. í ræðu sinni: „Stjórnmálin eru engin sérmál okkar, sem atvikin hafa skolað inn á þing. Þau eru ekki einvörðungu fólgin í starfsemi flokka og boðskap stjórnmálablaða. Þau eru sjálf hin hversdagslega lífsbarátta fólksins í landinu, vandamál heimilanna, örlög einstaklinganna." Þessi orð Magnúsar eru jafnrétt nú og þegar þau voru sögð hér í sal Alþingis fyrir 21 ári síðan. E.t.v. er áhugi fólks ekki meiri nú en þá og jafnmargir sem afgreiða stjórnmál sem eitthvert leiðindaþras og skítkast, jafnvel mannskemmandi. Ef svo er höfum við brugðist ykkur, hlustendur góðir, brugðist því hlutverki okkar að vekja hjá ykkur áhuga á öllum þeim mikilvægu málum sem stjórnmálin eru. Það er slæmt því að það skiptir svo miklu fyrir framtíð þjóðarinnar á hvern hátt landinu er stjórnað og hvaða leiðir, hvaða stefnu menn velja. Pólitík er ekki alltaf skemmtileg en hún er nauðsynleg og nátengd daglegu lífi okkar.

Í ræðu forsrh. hér fyrr í kvöld var grein gerð fyrir þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað. Alþb. á hlut í þeirri stefnu. Eins og jafnan þegar um samsteypustjórn er að ræða höfum við ekki náð öllum okkar stefnumiðum fram. Margt hefur þó áunnist í tíð þessarar ríkisstjórnar. Nefni ég þar fyrst að verulegur árangur hefur náðst í efnahagsmálum. Það gerðist ekki sársaukalaust. Þjóðarsáttin svokallaða hefur eflaust verið þeim erfið sem vonuðu að samningar um kaup og kjör hefðu í för með sér fleiri krónur í launaumslagið. Flestir eru þó á þeirri skoðun að lítil verðbólga og lækkun vaxta feli í sér verulega kjarabót og þegar samið hefur verið á núlli hlýtur leiðin að liggja upp á við á nýjan leik.

Frv. til fjárlaga fyrir næsta ár hefur verið lagt fram á Alþingi. Þetta frv. einkennist ekki af því að kosningar eru í vændum heldur að áhersla er lögð á að varðveita þann árangur sem náðst hefur. Stefna Alþb. hefur m.a. skilað sér í ýmsum breytingum á skattalöggjöfinni í átt að auknu réttlæti og jöfnuði. En þar eigum við þó verk óunnið. Enn þá hefur t.d. ekki náðst samkomulag um tvö skattþrep eða um skatta á fjármagnstekjur, hvort tveggja brýn réttlætismál sem þurfa að ná fram.

Þegar ný ríkisstjórn tók við haustið 1988 voru gríðarlegir erfiðleikar í atvinnumálum landsmanna. Einna verst var ástandið hjá stóriðju okkar Íslendinga, sjávarútveginum. Sjóðirnir tveir, Hlutafjársjóður og Atvinnutryggingarsjóður, sem þá voru settir á laggirnar til að rétta þessa atvinnugrein við eru nú að ljúka störfum. Þar hefur verið unnið mikið og gott starf en þó má ljóst vera að stofnun slíkra sjóða er neyðarúrræði og án stöðugleika í efnahagslífi væru aðgerðir sjóðanna gagnslausar. Ný lög um stjórn fiskveiða taka gildi um áramót. Þar er helst til bóta að sveitarfélög fá aukinn rétt til að koma í veg fyrir að kvóti verði seldur úr viðkomandi byggðarlögum. Þarna hefði ég viljað sjá algert bann við hvers konar braski með óveiddan fisk og að meira tillit væri tekið til þeirra svæða sem eiga allt undir útgerð og fiskvinnslu. Það er einnig ljóst að ef sjávarútvegur á í framtíðinni að vera sú stóriðja sem við byggjum afkomu okkar á, þá verður að endurskoða og endurskipuleggja vinnslu- og sölukerfið þannig að ávallt fáist sem best verð fyrir afurðir okkar.

Stöðugleiki í efnahagslífinu skapar möguleika á nýj-

um atvinnutækifærum. Stöðugleikinn veitir okkur einnig og ekki síður tækifæri til þess að treysta stöðu þeirra fyrirtækja og stofnana sem við eigum í dag. Efling atvinnulífs í landinu þarf ekki nauðsynlega að þýða ný og ný fyrirtæki. Það er ekki síður mikilvægt að styrkja rekstur þeirra sem fyrir eru, t.d. í iðnaði.

Íslenskur landbúnaður hefur átt við mikla erfiðleika að etja undanfarinn áratug og fyrir séð að samdráttur mun áfram verða í hefðbundnum búgreinum og störfum mun fækka. Þessu þarf að mæta en ekki endilega með því að búa til nýjar atvinnugreinar. Við skulum minnast þess að ræktun loðdýra og fiskeldi hafa enn ekki verið það bjargráð sem til var ætlast. Það mætti t.d. vel hugsa sér að bændur tækju að verulegu leyti við verkefnum í landgræðslu og skógrækt sem nú eru unnin af ríkisstofnunum. Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins sæju um áætlanagerð, leiðbeiningar og eftirlit en framkvæmdir yrðu á vegum bænda. Fáir þekkja landið betur en þeir og þarna eru möguleikar til að styrkja búsetu um landið með tilfærslum einum saman. Þessi leið hefur ýmsa aðra kosti í för með sér og er vel til þess fallin að efla landgræðslu- og gróðurverndarstarfið.

Virðulegi forseti. Eðlilega verður okkur tíðrætt á kvöldi sem þessu um þá þýðingu sem stöðugleiki í efnahagsmálum hefur fyrir þjóðina. Hann er undirstaða þess að við horfum nú bjartari augum til framtíðar en áður. Stöðugleiki í efnahagslífinu er svo stór þáttur í stjórnmálunum í hversdagslegri lífsbaráttu okkar allra, í vandamálum heimilanna og örlögum einstaklinganna. Öðrum stórmálum, eins og álmálinu svokallaða, hafa verið gerð skil hér í kvöld. Í því sambandi vil ég aðeins segja þetta. Við þurfum vissulega að styrkja atvinnulíf okkar og þar er nýtt álver aðeins einn kostur af mörgum sem við eigum og munum skoða á jákvæðan hátt. Þegar ákvörðun er tekin verðum við að tryggja að uppbygging slíkrar atvinnustarfsemi kosti okkur ekki meira en hún gefur og hún hafi ekki í för með sér skaðleg áhrif á náttúruna. Varnir gegn umhverfisspjöllum og mengun verða að vera tryggar. Við erum fámenn þjóð og það á að vera auðvelt fyrir okkur að taka ákvarðanir með hagsmuni heildarinnar í huga. Ef það er gert, þá náum við árangri.

Ég hóf ræðu mína hér í kvöld með því að vitna í ræðu Magnúsar heitins Kjartanssonar og enn ætla ég að taka mér hans orð í munn úr sömu ræðu. Þar segir hann: „Einmitt vegna þess að við erum smáþjóð þar sem allir þekkja alla getum við í verki tryggt raunverulegt lýðræði og jafnrétti með auðveldara móti en unnt er í risavöxnum þjóðríkjum."

Góðir hlustendur. Á þeim tveimur árum sem Alþb. hefur átt aðild að ríkisstjórn hefur verið unnið gott starf. Á þessu síðasta þingi fyrir kosningar munum við alþýðubandalagsmenn leggja okkar af mörkum til þess að varðveita þennan árangur og bæta um betur. — Góða nótt.

Hulda Jensdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þegar Borgfl. kom inn í íslensk stjórnmál á vordögum 1987 kom hann sem ferskur andblær, eitthvað nýtt er fólk hafði beðið eftir um langan tíma enda létu viðbrögðin ekki á sér standa. Fólk flykktist til liðs við Borgfl., sér í lagi eftir að stefnuskrá hans var kunn. Þegar embættismenn við kjörkassana 25. apríl 1987 höfðu lokið störfum kom í ljós mikill sigur Borgfl.

Hver var ástæðan fyrir svo glæsilegum kosningasigri, sigri sem lengi mun í minnum hafður? Sjálfsagt yrðu svörin mörg ef þeirra væri víða leitað. Hins vegar þegar ég er um þetta spurð er svarið hreint og klárt: Vegna stefnuskrárinnar. Vegna þeirra nýju og björtu málefna sem Borgfl. lofaði að beita sér fyrir. Það var nýr andblær vors og grósku þar sem minnsti sprotinn var meðhöndlaður af mildi og kærleik um leið og stóra tréð og hið sterka var metið að verðleikum. Og þá er eðlilega spurt: Er stefnan enn sú sama? Og svarið er aftur hreint og klárt játandi. Ekkert hefur breyst. Við erum á sömu leið og í upphafi nema hvað sprotinn minnsti hefur skotið rótum og fest sig í sessi.

Nú er það svo að til eru þeir sem halda því fram að Borgfl. sé ekki lengur til, sé hreint og beint dáinn, sofnaður svefninum langa. Samkvæmt því erum við sem komum fram fyrir hönd Borgfl. á hinu háa Alþingi á þessu fagra haustkvöldi ekki til. Dæmið gengur ekki upp. Öllum má því ljóst vera að þetta er hinn mesti misskilningur. Því verður þó ekki neitað að á ýmsu hefur gengið. Sumir hafa skolast burt, jafnvel til fjarlægra landa og úr fjarlægðinni látið ýmislegt fjúka sem ekki telst til háttvísi. Aðrir hafa reynt að skjóta lasburða rótum sínum í nýjan jarðveg eða nýjan vettvang þar sem engan jarðveg er að finna. Eftir stendur sú staðreynd að við sem í upphafi vissum hvað við vildum og hvert við stefndum erum enn á sömu leið og fullviss um að mikilvægasti þátturinn til farsæls mannlífs í fjölskyldunni og utan hennar eru kristin siðgæðisáhrif. Við erum einnig sannfærð um, nú sem fyrr, að okkar er að hlúa að brákuðum reyrnum, búa sprotanum jarðveg þar sem hann fær að vaxa, þroskast og lifa.

Við sem á Íslandi búum búum á landi allsnægta þar sem engum þarf að úthýsa. Ef ein höndin getur ekki tímabundið valdið byrðum líðandi stundar tekur hin höndin við og hjálpar þar til úr leysist. Það er skylda velferðarsamfélagsins og það er stefna og markmið Borgfl. Umhyggja fyrir mannlegu lífi gagnstætt eyðingu þess er æðsta markmið góðrar ríkisstjórnar, segir í stefnuskrá Borgfl. Þar er einnig lögð meginhersla á að auka aðstoð við einstæða foreldra og að foreldrar geti annast börn sín sjálfir á heimilum sínum ef þess er óskað í stað þess að senda þau á dagvistarstofnanir. Enginn vafi leikur á því, hversu góðar sem dagvistarstofnanir eru, að þær ber að nota í hófi innan ákveðinna marka auk þess sem breytinga er þar þörf þó margt sé þar gott og til sóma. Það hlýtur að vera gæfa hvers barns og gæfa fyrir þjóðina alla miðað við eðlilegar aðstæður að barnið fái að njóta foreldra sinna sem allra mest á eigin heimili. Það hlýtur því að vera skýrt framtíðarmarkmið.

Á liðnu ári var stofnað nýtt ráðuneyti, ekki seinna

vænna. Embætti ráðherra þess ráðuneytis, umhverfisráðherraembættið, varð eftirsótt mjög. Margir vildu í þann stól setjast og notuðu til þess sandkassaleik hinna fullorðnu sem oft var lítt við hæfi.

Umhverfismál eru mál allra mála um gervalla heimsbyggðina í dag. Þess vegna setur að ýmsum ónotahroll þegar rætt er um risaálver, staðsett á einum ómengaðasta byggðum bletti jarðar, Íslandi. Víst á stórhugur rétt á sér. Án hans gerist lítið og smátt og ekkert fer á milli mála að þeir sem að álmálinu vinna starfa eftir bestu samvisku, leggja hart að sér með hag íslenskrar þjóðar og efnahagslíf í fyrirrúmi svo að velferðarríkið dragist ekki aftur úr í velferð. Að sjálfsögðu vill enginn missa neitt af því sem áunnist hefur í lífsgæðum þótt um megi deila hvort allt sé þar til heilla. Lífsgæði í dýpstu merkingu þess orðs geta þó aldrei mælst með mælistiku neyslusamfélags því að sú stika sýnir rangar breiddir og víddir. Hin raunverulegu lífsgæði eru við dyr okkar sjálfra í gróðurmold þess lands sem við erum borin til, í fallvötnum okkar, beitilöndum og fiskimiðum, að ógleymdum þeim forréttindum að anda að sér hreinu lofti. Í þessu er okkar framtíð fyrst og fremst.

Ál er eitt af frumefnum jarðarinnar en kirfilega bundið í torleystum efnasamböndum. Að sjálfsögðu er það liður í alltumvefjandi jafnvægi sköpunarverksins, þannig ætlar náttúran því greinilega að vera og trúlega viturlegast að hrófla sem minnst þar um. Þekkt er að sívaxandi magn áljóna leysist út í jarðveg, í ár og vötn. Fiskar missa lífið, tré og gróður sömuleiðis. Það þykir einnig sannanlegt í framhaldi að fólk verði fyrir eituráhrifum af því sama í gegnum drykkjarföng og matvæli. Rannsóknir benda einnig til að fólk með ákveðna sjúkdóma fari illa út úr áleituráhrifum. Frá álveri kemur mengunarvaldurinn flúor í miklum mæli, einnig brennisteinsdíoxíð, en það er aðalvaldur súrs regns, svo margs er að gæta. Ég bið því af heilum hug vegna okkar allra og afkomenda okkar að ekki verði flanað að neinu.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að víkja að því sem áður er nefnt. Þúsundir hektarar lands bíða þess að um það sé farið varfærnum höndum, vel um það hugsað og endurnýjað, ræktað og byggt upp á lífrænan hátt þar sem eitur og gerviefni eru forboðin, koma hvergi nálægt. Ræktað land og hvað það annað sem landið sjálft gefur af sér er auðlindin hin allra besta og verðmætasta því sú lind er undirstöðuauðlind, forsenda alls lífs. Frá þeirri staðreynd komumst við hvergi. Ekkert væri meiri gæfa íslenskri þjóð en að stjórnvöld veðjuðu á lífið og settu til þess fjármagn sem ekki væri skorið við nögl og sem þyrfti þó ekki að vera nema brot af þeim milljörðum sem álver kostar íslenska þjóð. Ræktun og aðra uppbyggingu í kjölfar hennar mætti taka í áföngum sem þátt í byggðastefnu og eðlilegri uppbyggingu um land allt.

Að sjálfsögðu vinnst ekki tími til á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða í kvöld að rökstyðja þessa hugmynd frekar en ég velti henni áfram til forráðamanna íslenska þjóðarbúsins og þeirra sem hafa álmálið á sínum höndum. Ég bendi á í leiðinni hvílíkt gósenland Ísland er með heilsulindir sínar og ótrúlegan ferskleika. Okkar er að standa vörð um það sem við höfum og gæta þess fjöreggs sem okkur var trúað fyrir.

Má ég að lokum taka undir orð hæstv. forsrh. þegar hann fyrr í kvöld sagði í stefnuræðu sinni: „Hugmyndir manna um fulla aðild að Evrópubandalaginu lýsa fyrst og fremst uppgjöf á því að ráða eigin málum farsællega." Ógæfan sem í því felst að við í skammsýni gefum erlendum fjársterkum aðilum færi á því að eignast hlut í okkur sjálfum og því dýrmætasta sem við eigum er slys sem verður að afstýra með öllum hugsanlegum ráðum. Okkar sjálfra er að standa vörð um og vernda þetta fagra land sem guð gaf. Ísland er einstakt, möguleikar þess ótrúlegir ef hugvit og ást til þess fara saman. Þetta er paradísareyja þar sem smjör drýpur af hverju strái ef rétt er á málum haldið. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Nú er komið að lokum þessarar umræðu um stefnuræðu forsrh. Ef teknar eru saman niðurstöður þessara miklu ræðuhalda er það einkum tvennt sem þær skilja eftir. Annars vegar styrk ríkisstjórnarinnar og hins vegar ráðleysi stjórnarandstöðunnar. Ég átti von á því hér í kvöld að stjórnarandstaðan gerði harða hríð að ríkisstjórninni og gerðum hennar. Það hefur ekki orðið raunin. Þvert á móti hafa málsvarar Sjálfstfl. notað gamalkunna frasa um miðstýringu og forsjárhyggju en sneitt fram hjá því að fjalla um það sem máli skiptir fyrir þjóðina, þann mikla stöðugleika sem náðst hefur í efnahags- og atvinnumálum. Mér er til efs að nokkur ríkisstjórn á Íslandi hafi á síðustu árum komið fram fyrir þjóðina og tilkynnt að skeið óðaverðbólgu, ríkissjóðshalla, skuldasöfnunar og gengisfellingar sé á enda og uppbygging atvinnulífs og hagvöxtur séu á næsta leiti. Þessari ríkisstjórn hefur þrátt fyrir samsetningu hennar tekist það sem engan óraði fyrir, að koma á stöðugleika og hefja nýtt framfaraskeið á Íslandi.

Þegar Borgfl. ákvað fyrir rúmlega ári síðan að taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi og koma í veg fyrir að efnt yrði til kosninga á haustmánuðum 1989 var skapaður nýr grundvöllur í efnahagsmálum. Áhersla var á það lögð að lækka framfærslukostnað heimilanna með lækkun helstu nauðsynjavara og lækkun fjármagnskostnaðar.

Með fjárlagafrv. fyrir árið 1990 kom þessi stefna skýrt fram og lagði grunninn að þjóðarsáttinni í febrúarmánuði sl. Þáttur Borgfl. í framvindu efnahagsmála er því stór hverju sem menn vilja halda fram um flokkinn og liðsmenn hans að öðru leyti.

Góðir landsmenn. Þar sem tími minn er á enda runninn vil ég að lokum fyrir hönd þingflokks Borgfl. bjóða ykkur góða nótt með von um bjarta framtíð.

EFRI DEILD

5. fundur, þriðjudaginn 23. okt., kl. 2 miðdegis.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, 1. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 44.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Það var í ársbyrjun 1989 að umhverfisráðherrar Norðurlanda ræddu um hvernig mætti draga úr umhverfismengun sem berst til Norðurlandanna frá grannríkjum í Austur-Evrópu. Embættismannanefnd umhverfisráðherranna kannaði ýmsar leiðir til að nýta norrænt fjármagn sem best í þessu augnamiði. Sýndi könnunin m.a. að lánsfé til umhverfisverndandi framkvæmda í löndum Austur-Evrópu er mjög takmarkað vegna lítils lánstrausts margra ríkjanna og vegna hárra vaxta á verkefnisútflutningslánum. M.a. var rætt um að setja á stofn sérstakan norrænan sjóð til að niðurgreiða vexti af fjárfestingarlánum til umhverfisverndandi framkvæmda í Austur-Evrópu. Niðurstaða embættismannanefndarinnar og síðar ráðherranefndarinnar, þ.e. umhverfisráðherranna, varð hins vegar sú að leggja til að stofnað skyldi norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfismála. Með þessu móti skyldi stefnt að því að koma á fót framleiðslu á umhverfisverndandi tækjabúnaði í löndum Austur-Evrópu og draga þannig úr þörf landanna á erlendum gjaldeyri til að kaupa slíkan búnað og aðra tækniþekkingu. Tillögur um stofnun félagsins voru ræddar á aukaþingi Norðurlandaráðs sem var haldið á Álandseyjum í nóvembermánuði 1989. Þar fékk þessi hugmynd og þær tillögur, sem þá voru tilbúnar, góðar viðtökur. Málið var síðan rætt áfram á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík 28. febr. 1990 þar sem lá fyrir formleg ráðherranefndartillaga um stofnun þessa félags. Sú tillaga var samþykkt og var síðan samningur um stofnun félagsins undirritaður af umhverfisráðherrunum hinn 1. mars 1990 í Reykjavík með fyrirvara um samþykki þjóðþinga allra Norðurlanda.

Norræna ráðherranefndin hefur í tvo áratugi staðið fyrir margvíslegu samstarfi um umhverfismál á Norðurlöndum. Er þar helst að geta fimm ára samstarfsáætlana. Þá hefur ráðið samþykkt samnorræn markmið um hávaðamengun, loftmengun, mengun hafsins og um vernd ósonlagsins. Ráðherranefndin samþykkti nýja norræna umhverfisáætlun í janúar 1989 en Norðurlandaráð hélt aukaþing haustið 1988 til þess að fjalla um umhverfismál.

Mengun í lofti og vatni virðir engin landamæri. Þrátt fyrir verulegt átak einstakra ríkja í umhverfismálum heima fyrir vex mengun lofts og hafs víða vegna aðgerðarleysis grannríkja. Víða í Austur-Evrópu eru umhverfismál í mesta ólestri eins og svo áþreifanlega hefur komið í ljós eftir að landamæri þar opnuðust og múrar hrundu. Hreinsibúnaður vegna útblásturs verksmiðja og orkuvera er í lágmarki og grunnvatni og vatni í ám er víða stórlega spillt. Þótt áhrifanna gæti mest í heimalandinu berast óhreinindi til grannlandanna með loftstraumum og með ánum til sjávar. Sérstaklega safnast mengunin saman í litlum innhöfum eins og í Eystrasalti. Sem dæmi má nefna að töluverður hluti brennisteinssambanda í úrkomu á Norðurlöndum er talinn koma frá Austur-Evrópu, eða sem nemur 22% í Danmörku, 40% í Finnlandi, 5% á Íslandi, 23% í Noregi og 34% í Svíþjóð. Þrjú Norðurlandanna fá meira af brennisteinssamböndum í úrkomu frá Austur-Evrópu en úr útblæstri eigin verksmiðja og orkuvera en heimaframleiðslan nemur 23% í Finnlandi, 7% í Noregi og 12% í Svíþjóð. Hlutfall köfnunarefnissambanda ættaðra frá Austur-Evrópu í úrkomu þessara landa er enn hærra.

Talið er að með tiltölulega ódýrum aðgerðum megi draga verulega úr skaðlegum efnum í frárennslisvatni og útblæstri verksmiðja og orkuvera í Austur-Evrópu þótt ekki verði gerðar jafnstrangar kröfur um hreinsibúnað strax og gilda á Norðurlöndum. Lítið gagn er þó í að flytja hreinsibúnað frá Norðurlöndum og setja upp á stöku skorstein þar eystra. Mestum árangri má væntanlega ná með því að koma á fót fyrirtækjum í hinum ýmsu löndum Austur-Evrópu sem framleiða hreinsibúnað eða stuðla á annan hátt að umhverfisverndandi framkvæmdum. Með því að leggja fé í stofnun slíkra fyrirtækja er vonast til að árangurinn verði margfalt meiri en ef sama fjármagn væri lagt í t.d. hreinsibúnað á einstök orkuver eða einstakar sorphreinsistöðvar.

Markmið stofnunar fjármögnunarfélagsins er að auka umhverfisverndandi framkvæmdir og uppbyggingu framleiðslu á t.d. hreinsibúnaði fyrir verksmiðjur í Austur-Evrópu. Félagið mun leggja fram áhættufjármagn, t.d. hlutafé, ábyrgðir og lán, sem í vissum tilvikum geta verið víkjandi, til samstarfsfyrirtækja í eigu norrænna fyrirtækja og heimamanna. Þessi fyrirtæki geta unnið að framleiðslu á hreinsibúnaði, verklegum framkvæmdum, umhverfisbætandi verkefnum og ráðgjöf. Samstarfsverkefnin þurfa að vera arðbær og tæknilega framkvæmanleg. Fyrst um sinn mun stuðningur félagsins bundinn við samstarfsfyrirtæki eða samstarfsverkefni með norrænum hagsmunum sem gætu átt sér stað í Austur-Þýskalandi, Póllandi, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi. Gert er ráð fyrir að Norræni fjárfestingarbankinn í Helsinki sjái um rekstur fjármögnunarfélagsins.

Hvað varðar íslenska hagsmuni í þessu sambandi má geta þess að Peter Laurson, bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans og yfirmaður alþjóðadeildar bankans, kynnti forsvarsmönnum ýmissa íslenskra fyrirtækja og stofnana, sem tengjast verkefnaútflutningi, undirbúning að stofnun fjármögnunarfélagsins á fundi í Reykjavík 26. febr. 1990. Á fundinum var rætt um á hvern hátt íslensk fyrirtæki gætu tengst starfsemi fjármögnunarfélagsins. Fram kom að t.d. hitaveituframkvæmd-

ir munu falla undir verksvið sjóðsins. Þannig geti fjármögnunarfélagið lagt fram hlutafé eða áhættufjármagn í sameignarfyrirtæki íslenskra aðila og heimamanna t.d. í Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu sem hafa það að markmiði að hanna og/eða byggja hitaveitur í Austur-Evrópu. Eins mun framleiðsla og uppsetning hreinsibúnaðar í verksmiðjur og fiskvinnslustöðvar falla undir verksvið fjármögnunarfélagsins.

Þá gekkst umhvrn. fyrir sérstökum fundi í Reykjavík 1. júní sl. Þangað kom sem gestur ráðuneytisins Þorsteinn Ólafsson sem er nú framkvæmdastjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins í Helsinki. Hann hefur einmitt unnið mjög að verkefnum á þessu sviði og hefur fyrir hönd okkar Íslendinga átt sæti í þeirri undirbúningsnefnd sem hefur undirbúið stofnun hins nýja fjármögnunarfyrirtækis.

Ef litið er þröngt á hagsmuni einstakra Norðurlanda má halda því fram að stofnun fjármögnunarfélagsins nýtist hinum Norðurlöndunum betur en Íslandi. Hins vegar ber að minnast á nauðsyn þess í náinni framtíð að stórauka rannsóknir á mengun Norður-Atlantshafsins og stemma stigu við mengun þess. Með þátttöku í fjármögnunarfélaginu sem miðar að hreinsun Eystrasalts og að draga úr loftmengun á hinum Norðurlöndunum geta Íslendingar auðveldar farið fram á sameiginleg fjárframlög Norðurlanda til umhverfisverkefna í Norður-Atlantshafi þegar þar að kemur. Fyrir svo utan þá beinu hagsmuni sem íslensk fyrirtæki gætu haft af því að leita eftir verkefnum í Austur-Evrópu og fá til þess stuðning hins nýja fjármögnunarfélags. Reyndar hefur eitt íslenskt fyrirtæki, Virkir-Orkint hf., þegar tekið að sér slík verkefni m.a. í Ungverjalandi og er nú að þreifa fyrir sér með verkefni í Sovétríkjunum, eins og var reyndar nýlega skýrt frá í fréttum. Mun hið nýja fjármögnunarfyrirtæki koma þar inn í til að auðvelda slíkt samstarf.

Hvað varðar afstöðu Íslands til hins nýja fjármögnunarfyrirtækis þá féllst ríkisstjórnin á tillögu ráðherranefndarinnar fyrir sitt leyti á fundi sínum 23. febr. sl. Hinn 23. apríl sl. barst svo umhvrn. bréf frá utanrrn. þar sem á það var bent að nauðsynlegt mundi að leggja fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi frv. til laga um þetta mál og jafnframt þáltill. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninginn. Þegar þetta gerðist var farið að líða að þinglokum og því ekki talið að auðið mundi að fá málið afgreitt á þessu stigi. Upphaflega hafði þó verið hallast að því að lagasetning um þetta atriði væri ekki nauðsynleg.

Reyndar má líta svo á að Alþingi hafi efnislega samþykkt aðild að samningnum með því að á fjárlögum ársins 1990 var veitt fé til greiðslu á framlagi Íslands skv. ákvæðum samningsins. Til þess að árétta þennan skilning enn frekar ritaði utanrrn. bréf til aðstandenda fyrirtækisins í Helsinki og staðfesti aðild Íslendinga að fyrirtækinu í ágústmánuði sl. Engu að síður er talið nauðsynlegt að leggja hér fram frv. til laga til að staðfesta aðild Íslands að þessu félagi, enda er um að ræða ákvæði í þeim samningi sem var undirritaður í Reykjavík hinn 1. mars sl. sem kveður á um vissa undanþágu frá ýmsum skattaákvæðum sem í lögum eru hér á landi. Í 6. gr. samningsins, sem var undirritaður í Reykjavík, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagið skal undanþegið greiðslu- og gjaldeyrishömlum og ráðstöfunum á lánsfjármarkaði sem gætu komið í veg fyrir eða torveldað starfsemi þess. Eignir og tekjur félagsins skulu undanþegnar skattlagningu. Að því er fjármögnunarstarfsemina varðar skal félagið undanþegið stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera."

Stofnfé þessa fyrirtækis er 36 millj. sérstakra dráttarréttinda, SDR, og skiptast framlög Norðurlanda þannig að Danmörk greiðir 7,8 millj., Finnland 7,4 millj., Ísland 0,4 millj., Noregur 7 millj. og Svíþjóð 13,4 millj. Er gert ráð fyrir því að þessar greiðslur verði inntar af hendi sex sinnum, þ.e. á ári hverju næstu sex árin. Framlag Íslendinga er því um það bil 5 millj. kr. árlega næstu sex árin.

Að öðru leyti skýrir þetta lagafrv. sig sjálft. Í 1. gr. frv. er einungis staðfestur sá ásetningur að stofna fjármögnunarfélagið skv. þeim samningi sem var undirritaður, en 2.–4. gr. frv. fjalla um þær nauðsynlegu undanþágur sem þetta fyrirtæki verður að fá í samræmi við þær venjur sem hafa skapast um slík alþjóðleg fyrirtæki sem við eigum aðild að.

Ég get svo að lokum getið þess, virðulegi forseti, að á sunnudag og mánudag n.k. verður haldin viðamikil ráðstefna í Helsinki þar sem þetta fyrirtæki verður sérstaklega kynnt. Þangað hafa verið boðaðir allir umhverfisráðherrar Norðurlanda, svo og allir umhverfisráðherrar þeirra Austur-Evrópulanda sem gert er ráð fyrir í upphafi að geti fengið aðstoð fyrir tilstilli hins nýja fyrirtækis. Mikill undirbúningur hefur verið að þessum fundi og við hann bundnar miklar vonir. Þar er hugmyndin að kynna verkefni Norðurlanda á sviði umhverfismála og með hvaða hætti Norðurlöndin geta komið Austur-Evrópulöndum til aðstoðar með því að bæta umhverfi og efla mengunarvarnir í Austur-Evrópu sem gæti síðan komið öllum Norðurlöndunum til góða.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, hæstv. forseti, en leyfi mér að lokinni þessari umræðu að vísa málinu til 2. umr. og meðhöndlunar allshn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri þar sem þetta frv. er hér til umræðu að flytja Alþingi beiðni frá æðsta ráði Sovétríkjanna, en í upphafi þessa mánaðar fór sendinefnd Alþingis í heimsókn í boði æðsta ráðsins. Nefndina skipuðu auk mín Halldór Blöndal, Geir Gunnarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Ágústsson og Málmfríður Sigurðardóttir. M.a. áttum við viðræður við fulltrúa frá umhverfisnefnd æðsta ráðsins og þeir tjáðu okkur að umhverfisvandamál Sovétríkjanna væru svo gífurleg að þeir yrðu að leita aðstoðar allra þeirra sem hugsanlegt væri að fá aðstoð frá. Þessir fulltrúar nefndu þó aðeins tvö stór umhverfisvandamál sérstaklega. Annað var Tsjernóbílslysið. Afleiðingar þess liggja alls ekki fyrir að fullu enn, hvorki það hversu mikið heilsutjón menn munu

bíða af völdum þess slyss og ekki heldur hversu mikinn fjölda fólks þarf enn að flytja í burtu frá svæðum sem hætta stafar af að dvelja á, en þó nefndu þeir tölurnar fjórar milljónir manna. Hér er um að ræða svo gífurlegan fjölda að þeir sögðust alls ekki ráða við það verkefni án miklu meiri aðstoðar en þeir hafa fengið í sambandi við þetta hörmulega slys.

Annað atriðið var umhverfisvandamálið í kringum Aralvatnið. Á síðustu 20 árum hefur, vegna áveitna úr ánum sem í það renna, rúmmál þess minnkað um helming, yfirborðið minnkað um $^1/_3$ og vatnsborðið lækkað um 15 metra. Þetta hefur leitt til þess að strönd vatnsins hefur færst út allt að hundrað kílómetrum og það sem þar hefur þornað er að breytast í eyðimörk. Þeir óttast jafnvel að þarna verði um óviðráðanlegan uppblástur að ræða og að sá uppblástur tengist Mið-Asíueyðimörkinni. Að sjálfsögðu eiga þeir við mörg smærri vandamál að glíma, m.a. þau sem hæstv. ráðherra nefndi hér um mengun frá verksmiðjum og önnur slík.

Ég minntist á tvö atriði í sambandi við umhverfismál sem hafa verið okkur Íslendingum ofarlega í huga. Annað er hættan af kjarnorkuslysum í hafinu og þar lýstu þeir yfir eindregnum stuðningi við tillögur okkar Íslendinga um friðun á úthöfunum eða draga sem mest úr kjarnorkuumferð um úthöfin. Hitt atriðið eru hugmyndir sem við höfum heyrt í nokkur ár að uppi væru hjá þeim um að veita vatni úr ánum í Síberíu sem falla norður í Íshafið til suðurs með óútreiknanlegum breytingum á loftslagi og öðru slíku í sambandi við Norður-Íshafið.

Þeir sögðu að slíkar hugmyndir væru ekki lengur á döfinni hjá þeim, ekki til þess að fá þær til áveitna. Hins vegar gæti verið að þeir mundu reyna að leita að neysluvatni.

En ég vildi sem sagt nota þetta tækifæri til að skýra frá þessari beiðni sem var beint til okkar Íslendinga eins og annarra þjóða. Þess vegna vildi ég taka undir það frv. sem hæstv. umhvrh. flytur hér og þörfina á því og jafnframt þá möguleika sem það gæti gefið í samskiptum þessara þjóða og verkefnum sem við gætum svo tekið að okkur þar.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér er þetta þingmál eiginlega útgert mál. Það er búið að gera þennan samning og við erum bara að árétta orðinn hlut. Eigi að síður vil ég taka undir að þetta er nauðsynjamál sem hér er verið að bera fram og sjálfsagt að taka þátt í þessari norrænu samvinnu. — Á ég að gæta bróður míns? var einu sinni spurt og það hefur vafist fyrir mönnum lengi. En það fer ekki á milli mála, okkur ber skylda til þess að styðja bræður okkar í austri til að vernda sitt umhverfi. Það er ekki bara þeirra umhverfi heldur einnig okkar.

Mér finnst samt að það skorti örlítið á í þessu lagafrv., í þessum áætlunum. Það virðist vera búið að binda nú þegar ákvarðanir um það hvert á að snúa þessari samvinnuaðstoð, aðeins til Austur-Þýskalands, Póllands, Sovétríkjanna, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands. Mér hefði fundist eðlilegt að í þessari upptalningu væru baltnesku löndin þrjú sem leitað hafa sérstaklega eftir samvinnu við okkur og aðstoð, bæði til þess að öðlast fullt sjálfstæði og á öðrum sviðum. Ég álít að inni í þessum samningi og í þessum lögum ætti að vera áætlun um það að við veittum baltnesku þjóðunum sérstaka aðstoð líka á þessu sviði.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir hv. þm. við þetta frv. Varðandi það sem hv. 18. þm. Reykv. Guðrún Halldórsdóttir nefndi get ég sagt frá því að það er einmitt lögð mikil áhersla á að leita eftir verkefnum í Eystrasaltsríkjunum. Veit ég til þess að fundir hafa verið tíðir og reyndar heimsóknir til Eystrasaltsríkjanna af hálfu þeirra aðila í Helsinki sem fara með þessi mál einmitt til þess að ná betra samstarfi og sambandi við Eystrasaltsríkin. Ég held að ég geti fullvissað hv. þm. um að það verður sérstaklega hugað að Eystrasaltsríkjunum í þessu sambandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. EG, 51. mál (viðvörunarmerki á umbúðum). — Þskj. 51.

Flm. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 51 leyft mér að endurflytja frv. til laga um breytingu á áfengislögum frá því í júlí 1969. Frv. sem ég hef hér flutt gerir ráð fyrir því að við 13. gr. áfengislaganna bætist ný mgr. er orðist svo, með leyfi forseta:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð merkja allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.“

Ég hef áður flutt frv. um þetta sama efni. Fyrst um það að merkja áfengisumbúðir þannig að það komi skýrt fram að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman og síðar þegar var í fréttum greint frá nýjum skýrslum sérfræðinga um það að áfengi, ef barnshafandi konur neyta þess jafnvel þótt í mjög litlum mæli sé, geti valdið fósturskaða og geri það raunar sannanlega.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi en kom þá seint fram og varð ekki útrætt. Í grg. er minnt á það að Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem lögleiddu það að merkimiðar með varnaðarorðum um skaðsemi

tóbaks voru settir á allar tóbaksumbúðir. Þetta framtak vakti mjög víða athygli og gerir enn. Og þótt erfitt sé að mæla hver bein áhrif slíkar aðvaranir hafa er flm. sannfærður um að slík varnaðarorð hafa bæði bein og óbein áhrif.

Fyrir allnokkru var lögleitt í Bandaríkjunum að aðvaranir um skaðsemi áfengis skuli að finna á öllum umbúðum utan um áfengi og þar er ekkert undan skilið, hvorki létt vín né bjór, þótt hann sé raunar mjög lítið áfengur á þann mælikvarða sem hér er jafnan notaður. Þetta er sem sagt letrað með einhverjum hætti á allar umbúðir utan um áfengi. Þessi aðvörun hljóðar svo í lauslegri þýðingu: Opinber aðvörun. Að ráði landlæknis ættu barnshafandi konur ekki að neyta áfengis vegna hættu á fósturskaða. Áfengisneysla dregur úr ökuhæfni og hæfileika til að stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni.

Það er rétt að það komi fram hér að íslenskt áfengi sem selt er í vínbúðum í Bandaríkjunum, svo sem Eldur Ís vodka, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins framleiðir, og Icy-vodka, sem fyrirtækið Sproti framleiðir og búið er til í Mjólkurbúinu í Borgarnesi, er að sjálfsögðu selt í Bandaríkjunum með viðvörum eins og að framan greinir því annars væri sala á því ekki leyfð á bandarískum markaði. Þegar frv. sama efnis var til umræðu hér fyrir tveimur árum man ég að forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins kom á fund nefndarinnar og taldi ýmis tormerki á því að koma slíkum merkingum við. Ég fæ ekki séð að á því séu neinir tæknilegir örðugleikar að merkja áfengi sem selt er hér á landi með sama hætti og nú er lögboðið í Bandaríkjunum. Það er sjálfsagt rétt og má með rökum styðja að þessu fylgi einhver lítils háttar kostnaður. En sé gert ráð fyrir þessu strax í upphafi við prentun þá hlýtur sá kostnaður að vera hverfandi lítill og ekki skipta neinu máli varðandi verðlagningu á þessari vöru.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta mikið fleiri orð. Ég held að það sé skynsamlegt að gera þetta. Ég held að það sé heilsuverndaratriði að vara við þessu. Alveg eins og varað er við skaðsemi tóbaks eigi að vara við skaðsemi áfengis, sérstaklega þar sem sannað er að áfengisneysla í mjög litlu magni getur haft fósturskaða í för með sér hjá konum sem ganga með barn.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða frekar um þetta en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins koma hér til að taka undir efni þessa frv. sem hv. 3. þm. Vesturl. hefur nú mælt fyrir. Eins og fram kom í hans máli hefur hann flutt það áður en þá var of skammur tími til þess að afgreiða þetta mál, væntanlega aðeins af þeirri ástæðu því ég tel þetta mál vera svo sjálfsagt. Ég trúi ekki öðru en það fái góðan stuðning og reyndar ætti ekki að þurfa langan tíma til að afgreiða svona mál hér í gegnum þingið. Ég lít svo á að þetta sé liður í því forvarnarstarfi sem væntanlega allir eru sammála um að þurfi að vinna á þessu sviði, þ.e. í áfengismálum. Og ef ég má nota svo nútímalegt orðalag að segja að ég blæs á það að einhver tormerki séu á því að koma slíkum merkingum á umbúðir undir áfengi eins og kom reyndar fram og hv. 3. þm. Vesturl. skýrði réttilega frá hjá forstjóra Áfengis- og tóbakseinkasölunnar. Ég held að það sé ekki meira vandamál að koma þessum merkimiðum fyrir en það reyndist vera á tóbaksumbúðunum og eins og reyndar kom fram í hans máli þá auðvitað leggst slíkur kostnaður á vöruna svoleiðis að þetta er aðeins framkvæmdaratriði.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., hæstv. forseti. Ég lýsi eindregnum stuðningi við það.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka hv. flm. fyrir að endurflytja þetta mál. Mér finnst í raun og veru dálítið súrt þegar ég hugsa um að það þurfi að endurflytja slíkt mál, að við skyldum bara ekki afgreiða það þegar það var flutt á síðasta þingi því hér er auðvitað um mjög þarft og sjálfsagt mál að ræða. Það sem ber að leggja mesta áherslu á varðandi mannvernd í okkar þjóðfélagi er forvarnarstarf af öllu tagi og þetta er að sjálfsögðu einn mikilvægur liður í því.

Það að merkja umbúðir utan um áfengi er auðvitað aðeins spurning um framkvæmd og breytt vinnubrögð og ef einhver tregða er til þess þá skil ég hana ekki. En ég vildi sem sé aðeins lýsa hér stuðningi mínum við þetta nauðsynjamál og vona að við getum afgreitt það hratt í gegnum þingið.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þær þakkir sem hv. flm. hafa verið færðar fyrir að endurflytja þetta frv. En ég vil aðeins gefa þá skýringu að málið var ekki afgreitt á síðasta þingi frá þeirri nefnd, sem ég var þá formaður fyrir, sökum þess hversu seint það var borið fram. Ég hygg að það hafi notið stuðnings meiri hluta í þeirri nefnd og hefði ekki staðið á því nema vegna þess að það var á allra síðustu dögum þingsins sem málið kom til nefndarinnar.

En ég vil taka undir efni þess. Og vegna þess að ég hef mikinn áhuga á því að þetta mál verði afgreitt þá vildi ég beina því til nefndarinnar nú hvort ekki þurfi að athuga 2. gr. frv., þ.e. lög þessi öðlist þegar gildi. Sjálfsagt kæmu þá þau andmæli að ekki væri hægt að gera svona lagað í einu vetfangi svo það þarf að hafa einhvern hæfilegan fyrirvara í lögunum þannig að sú viðbára sé ekki fyrir hendi að þetta séu ekki framkvæmanleg lög. En að öðru leyti vil ég taka undir þau orð sem hér hafa fallið um þetta mál. Þessar setningar eru bæði ábendingar og aðvörun og ég tel þá líka að þær höfði til hvers og eins sem áfengi veitir, ekki aðeins þeirra sem neyta heldur einnig þess sem veitir, hvaða afleiðingar slíkar veitingar hafa.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka þeim hv. þm.

sem tekið hafa til máls og hafa tekið undir efni frv. og staðfest að það er auðvitað hárrétt sem hæstv. forseti þessarar deildar, 2. þm. Suðurl., sagði hér í þessum ræðustól, að málið kom mjög seint fram á síðasta þingi og það er auðvitað eingöngu ástæðan fyrir því að það var ekki afgreitt. Sömuleiðis hygg ég að rétt sé sú ábending hans að hugleiða megi og athuga hvort ekki sé rétt að gefa nokkurn umþóttunartíma frá því að þessi breyting kynni að verða samþykkt og þar til hún kemur til framkvæmda vegna þess að það er sjálfsagt eðlilegt að einhvern tíma þurfi menn til undirbúnings varðandi þetta atriði.

Ég þakka sem sagt undirtektirnar og túlka þær sem svo að þetta mál muni eiga greiðan gang hér í gegnum þessa hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

5. fundur, þriðjudaginn 23. okt., kl. 2 miðdegis.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka forseta fyrir að taka mál þetta á dagskrá hér í byrjun fundar. Ég ætla ekki að halda framsöguræðu fyrir þessu máli sem hefur verið flutt nokkrum sinnum á undanförnum þingum. Það var til meðferðar í iðnn. þessarar deildar á síðasta þingi og var nokkuð að því unnið þá. Málið er kunnuglegt fyrir hv. þingdeildarmönnum og ég ætla aðeins að leggja til að málinu verði nú vísað til hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Launamál, 1. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem sett voru 3. ágúst sl. um launamál.

Áður en ég kem að því frv. þykir mér rétt að rekja nokkuð aðdraganda þessa máls og þá m.a. gang mála í samningum ríkisins og Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna frá því síðla vetrar 1989 og ætla þá að nefna nokkrar tímasetningar í því sambandi.

Kröfugerð Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna kom fram í febrúar 1989. Ekki tókst að ná samkomulagi um þær kröfur og hófst verkfall BHMR 6. apríl 1989. Tiltölulega lítið gerðist í þeim málum þar til 12. maí, þ.e. föstudaginn fyrir hvítasunnuhelgina, að viðræður hófust á ný og tók ég reyndar nokkurn þátt í því fyrst og fremst vegna ákveðins atriðis sem ég kem sérstaklega að hér á eftir. Og síðan liggja fyrstu samningsdrög fyrir 14. maí, mikið fjallað um þau þá daga. 15. maí var samningsdrögunum enn þá breytt og tel ég rétt að rekja hér á eftir ýmislegt sem fram kom í þeirri viðleitni sem fór fram á þeim dögum til að ná samkomulagi sem að lokum var undirritað 18. maí 1989.

Í þessum samningum var fallist á það að gera samanburð á kjörum háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins og háskólamenntaðra manna sem eru starfandi utan þess og að leitast við að ná þar jöfnuði á milli. Þetta hefur oft áður verið rætt í samningum og reyndar áður verið fallist á að gera slíkan samanburð en því miður ekki tekist að framkvæma hann, enda er hann út af fyrir sig ýmsum erfiðleikum háður. Nægir að minna á að fyrri tilraunir sem hafa verið gerðar runnu út í sandinn. Það má segja að þær hafi fallið á tíma, tóku miklu lengri tíma en menn höfðu gert ráð fyrir og það var því eðlileg krafa Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna að fá einhverjar tryggingar fyrir því að þessi samanburður yrði nú gerður á þeim tíma sem að var stefnt og um það fjölluðu ekki síst þær viðræður sem fóru fram þessa daga 12.–18. maí 1989.

Mín afskipti af málinu komu þó hins vegar fyrst og fremst fram í tengslum við það sem ég taldi nauðsynlegt, að tryggja á einhvern máta að slíkur samanburður leiddi ekki til röskunar á hinu almenna launakerfi í landinu. Ég fékk með mér í það starf Þorkel Helgason sem hafði ekki komið nálægt þessum málum áður og hefur hann tekið saman minnisblað um aðdraganda að þeim þætti þessa máls sérstaklega.

Eins og segir, lauslega rifjað upp, hófust þær viðræður 12. maí og samkvæmt þeim minnisblöðum sem hann tók saman kemur fram á fundi með BHMR, kl. 3 laugardaginn 13. maí, sú áhersla frá mér að þessi samanburður megi ekki leiða til neinnar efnahagslegrar kollsteypu, eins og tekið er fram innan gæsalappa í minnisblaði Þorkels, og það þurfi að gæta innbyrðis samræmis á milli launamanna í landinu. Þetta er síðan ítrekað aftur og aftur og kemur fram t.d. 14. maí á fundi sem þá var haldinn í forsrn., milli kl. 3 og 5, að í samningstilboði þurfi að koma setning sem þá er lagt til að verði svohljóðandi: „Samtímis skal gæta innbyrðis samræmis í launakerfinu í landinu og taka tillit til aðstæðna og samkeppnisstöðu á vinnumarkaði." Þetta er síðan endurtekið aftur og aftur og undirstrikað í þessari viðleitni til að ná samkomulagi.

Í drögum sem síðan eru orðin til er þetta síðan orð-

að nokkuð öðruvísi, í drögum sem verða til 14. maí: „Samtímis skal gæta innbyrðis samræmis í launakerfinu og taka tillit til samkeppnisaðstöðu ríkisvaldsins um vinnuafl." Um það náðist ekki samkomulag og í drögum sem verða til seinna þann sama dag er þetta enn orðað dálítið öðruvísi og sagt: „Við þessa endurskoðun skal jafnframt gæta innbyrðis samræmis í launakerfinu í landinu og taka tillit til aðstæðna og samkeppnisstöðu á vinnumarkaði." En þetta fékk ekki samþykki og var þá breytt þannig: „Þess skal gætt að umræddar breytingar valdi ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu." Síðan í lokayfirferð yfir þessa hluti verður niðurstaðan sú að segja: „Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu" og þannig fer þetta ákvæði inn í samninginn. Ég skrifa síðar sem forsrh. bréf 16. maí 1989 og hvet til þess að gengið verði til þessara samninga og undirstrika þá enn þá einu sinni það sem ég hef nú rakið, segi í lok bréfsins, með leyfi hæstv. forseta, „án þess að valda röskun á launakerfinu í landinu". Mér finnst rétt að þetta komi fram því að þetta var kannski aðaldeiluatriðið í lokaátaki í að ná þessum samningum og er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir að þetta var það áhersluatriði sem ríkisstjórnin taldi sér ekki fært að víkja frá. Það er því mikill misskilningur, sem kemur fram hjá ýmsum nú, að þegar þessir samningar voru gerðir hafi ekki verið haft í huga einmitt það sem í raun kom síðar upp þó að þetta ákvæði yrði, eins og ég mun rekja, metið á annan veg en við gerðum ráð fyrir.

Við gerð þessara samninga var einnig mjög um það fjallað, eins og ég sagði áðan, hvernig mætti tryggja að nú yrði við það staðið að ljúka þessum samanburði á tilskildum tíma og var að lokum ákveðið að taka inn í 5. gr. það sem stundum hefur verið kallað eins konar refsiákvæði og tek ég fram að það var ekki frá gengið í þeim viðræðum sem ég tók þátt í heldur með samninganefndunum sem slíkum. Í þessari 5. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hafi menn skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júní 1990 skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði hálfum launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júní 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki." Þ.e. tímamörk voru sett 1. júlí og ef þessari grundvallarathugun yrði ekki lokið fyrir þann tíma áttu menn að hækka um, eins og síðar var túlkað, $1^1/_2$ launaflokk.

Töluvert hefur það verið nefnt í umræðunum að þegar samningar á hinum almenna launamarkaði voru gerðir hafi forustumenn sem að þeim samningum stóðu gengið á fund ríkisstjórnarinnar og lagt áherslu á að umræddir samningar við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna yrðu varasamir í þessu sambandi og þá með tilliti til þess fyrirvara sem er í hinum almennu samningum, að önnur laun í landinu skuli ekki hækka meira. Þeim var þá tjáð, með tilvísun til þess ákvæðis sem ég rakti ítarlega áðan, í 1. gr., að á þessu væri fullur skilningur og hefði náðst samkomulag við háskólamenntaða menn um að standa skyldi þannig að umræddum breytingum að ekki ylli röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Menn töldu að með þessu móti yrði þess gætt.

Það er skemmst frá því að segja að samanburður sem gerður var á launum opinberra starfsmanna háskólamenntaðra innan og utan ríkisgeirans tók langtum lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir. Gallupstofnunin var fengin til að vinna þetta verk. Ýmislegt olli þeim töfum. Bæði tók lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir að ná samkomulagi um það hverjir skyldu vera í þeim samanburði. Reyndar held ég að öllum megi ljóst vera að þarna er um afar erfiðar skilgreiningar að ræða og var reyndar langt frá því að margt af því væri leyst þegar samanburðarkönnunin fór fram. Hún tók hins vegar lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir einnig og fengust ekki niðurstöður fyrir 1. júlí án þess að ég fari að rekja það ítarlega. Það varð til þess að Bandalag háskólamenntaðra manna taldi að sá hluti 5. gr. sem ég las áðan ætti að koma til framvæmda með launahækkun sem næmi $1^1/_2$ launaflokki.

Á fundum sem haldnir voru með fulltrúum hins almenna vinnumarkaðar, sérstaklega með fulltrúum VSÍ og ASÍ og sömuleiðis með fulltrúum BSRB, kom fram að yrði sú launahækkun, sem yrði þá um 4,5%, framkvæmd, benti allt til þess að þeir teldu sér skylt að veita sínum viðsemjendum sömu launahækkun. Ítarlega var rætt við þessa aðila um þetta mál og m.a. kannað hvort þeir mundu ekki þola einhverja hækkun, ef t.d. unnt væri að hraða þeim samanburði sem gerður hafði verið, en það kom mjög greinilega fram að svo var ekki og vísuðu þar reyndar nánast eingöngu í þær forsendur sem ég nefndi áðan í þeirra kjarasamningum. Reyndar kom þetta mjög ítarlega fram opinberlega frá þessum aðilum, að þeir mundu ekki sætta sig við það. Ríkisstjórnin taldi því ljóst að hækkun samkvæmt þessari grein mundi valda þeirri röskun sem ákvæði 1. gr. var ætlað að koma í veg fyrir og ákvað því að af þessari hækkun gæti ekki orðið. Ég beitti mér fyrir því að þá yrðu ítarlegar viðræður við háskólamenntaða menn um þetta mál og það verður að segjast eins og er að þar var járn í járn og ekki vilji til þess að fresta umræddum hækkunum, m.a. talið ljóst að aðilar vinnumarkaðarins mundu ekki láta slíka hækkun yfir sig ganga ef hún yrði. Fljótlega kom þó í ljós að svo var ekki. Vinnuveitendur samþykktu að kæmi þessi launahækkun til framkvæmda skyldi hún einnig veitt þeirra viðsemjendum.

Þess ber þá að geta að í 15. gr. samnings ríkisins og háskólamenntaðra manna er gert ráð fyrir að þeir skuli hljóta hverja þá hækkun sem hinn almenni vinnumarkaður fengi umfram þeirra umsömdu hækkun. Með öðrum orðum var komin af stað víxlverkun sem ekki var séð hvar mundi enda nema þá í ósköpum verðbólgunnar. Þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að greiða umsamda hækkun ekki út með tilvísun til 1. gr. var vísað til félagsdóms, eins og hv. þm. þekkja, og niðurstaðan varð þar sú að greiða skyldi út þessa hækkun. Þá var komið fram undir mánaðamótin júlí/ágúst.

Þá samþykkti ríkisstjórnin tillögu frá mér um tilboð til BHMR að samanburðinum öllum yrði áfram haldið en frestað yrði þeim hækkunum sem af honum kynni að leiða þar til þjóðarsáttinni væri lokið í september 1991. Fjmrh. gerði ítarlega tilraun til að ná samkomulagi um þessa málamiðlun, en því miður tókst hún ekki. Ríkisstjórnin taldi, með tilliti til þess sem ég hef nú rakið og með tilliti til þeirra augljósu víxlverkana í launum sem mundu fylgja þegar sama launahækkun yrði greidd út hjá hinum almenna vinnumarkaði og síðan ný krafa frá BHMR um hækkun til jafns við það, að leiða mundi til þess að hér hæfist ný óðaverðbólga sem ekki væri séð fyrir endann á. Að vísu kom það fram í viðræðum við fulltrúa BHMR að til greina kæmi að falla frá þessari víxlverkunarkröfu, þ.e. 15. gr., og var þar gengið nokkuð til móts við tillögur ríkisstjórnarinnar. Hins vegar var ljóst að jafnvel hækkun um 4,5% mundi brjóta á bak aftur svokallaða þjóðarsátt og lá alveg ljóst fyrir að því mundu fylgja hækkanir á ýmiss konar verðlagi sem aftur mundu leiða til þess að samningum yrði sagt upp og hér hæfust víxlverkanir verðlags og launa.

Ríkisstjórnin taldi til svo mikils að vinna að koma í veg fyrir þetta að hún sá ekki annan kost en að setja bráðabirgðalög þar sem numdar eru úr gildi þær greinar í samningi við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem heimiluðu þær launahækkanir sem ég hef nú gert grein fyrir, þ.e. 5. og 15. gr.

Ég hef jafnframt látið taka saman svör við þeim spurningum sem fulltrúi Kvennalistans lagði fyrir mig sl. mánudag og ég átti að svara á tveimur mínútum. Það var ekki unnt en ég ætla að leyfa mér að fara með þær spurningar og svör sem skýra málið verulega.

Fyrsta spurningin er: Með bráðabirgðalögum er numinn úr gildi úrskurður æðsta dómstóls. Telur forsrh. verjandi að setja bráðabirgðalög sem að öllum líkindum brjóta bæði í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu valdsins?

Svar mitt, eftir að ég hef ráðgast við lögfræðinga um málið, er að það er misskilningur að bráðabirgðalögin hafi numið úr gildi dóm félagsdóms, eins og ég sagði reyndar þegar ég í mjög stuttu máli svaraði þessum spurningum. Dóminum er í engu raskað, hins vegar er hluta samnings BHMR og fjmrh. breytt með lögunum þannig að þær greiðslur sem fólust í dóminum féllu niður frá 1. sept. 1990. Það þýðir hins vegar ekki að dóminum sé breytt heldur þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda samkvæmt dóminum studdist við. Og því er alfarið vísað á bug að bráðabirgðalagasetningin brjóti í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu valdsins. Er raunar dregið verulega í efa að þessar tvær greinar eigi við í því sambandi sem hér um ræðir.

Önnur spurning: Hvernig samræmist setning bráðabirgðalaga nýjum lögum um aðskilnað dóms- og umboðsvalds?

Ég verð að segja að þeir lögfræðingar sem ég hef talað við hafa ekki skilið þessa spurningu og gengið ákaflega illa að átta sig á henni. Ég segi það sama, ég fæ ekki skilið hvað þarna er átt við. Kannski geta hv. kvennalistakonur skýrt það hér nánar.

Í þeim lögum sem vitnað er til er ekki fjallað um aðskilnað löggjafarvaldsins og dómsvaldsins. Í lögum um aðskilnað dóms- og umboðsvalds er heldur ekki að finna neitt sem snertir setningu bráðabirgðalaga. Spurningin er því óskiljanleg og maður spyr sjálfan sig hvort þeir sem spurðu hafi skilið hana en það væri þá gott að fá fram nánari skýringar.

Þriðja spurningin: Telur forsrh. verjandi að framkvæmdarvaldið setji lög sem brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarrétt með því að lækka laun tiltekins hóps?

Í 67. gr. segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefjist; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir."

Við setningu bráðabirgðalaganna var talið að þau væru alls ekki andstæð 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ég vil taka fram að um þetta var sérstaklega leitað álits fleiri lögfræðinga og þeirra niðurstaða var sömuleiðis sú að þetta bryti ekki í bága við aðrar greinar stjórnarskrárinnar. Ekkert er því óeðlilegt við að framkvæmdarvaldið setji bráðabirgðalögin, enda sé tryggt að slík lög hafi meirihlutafylgi á Alþingi og að sjálfsögðu gengu stjórnarflokkarnir úr skugga um það.

Fjórða spurning: Nú hefur ríkisstjórnin sett bráðabirgðalög sem að öllum líkindum eru brot á þremur greinum stjórnarskrárinnar. Telur forsrh. þörf á að setja sérstakan stjórnarskrárdómstól?

Ég vil í fyrsta lagi mótmæla því að þetta brjóti í bága við þrjár greinar stjórnarskrárinnar og hef áður rakið það að það var ítarlega skoðað hvort um slíkt gæti verið að ræða. Niðurstaðan hjá öllum þeim lögfræðingum sem leitað var til var að svo væri ekki í þessu tilfelli enda augljósar afleiðingar ef þessar hækkanir næðu fram.

Það er rétt að sérstakur stjórnarskrárdómstóll er til í sumum ríkjum. Hér á landi hefur hins vegar verið fylgt þeirri reglu að láta hina almennu dómstóla fjalla um slík mál. Reyndar hefur það verið okkar venja að setja ekki upp sérdómstól í ýmsum málum og mætti halda að þeir sem vilja draga úr ríkisbákninu teldu þetta ekki leið til þess. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég treysti fullvel hinum almennu dómstólum til að fjalla um svona mál og frekar vil ég sporna gegn stofnun sérdómstóla og þeirri útvíkkun sem í því felst. Enda hefur málið komið fyrir dómstóla og hef ég ekki heyrt neinn vefengja það að þessir dómstólar séu fullfærir að fjalla um málið.

Fimmta spurning: Allir sjá að forsendur bráðabirgðalaganna eru hæpnar. Hvers vegna var Alþingi ekki kallað saman í ágúst til að fjalla um kjarasamninga BHMR?

Ég sagði áðan að það var gerð mjög ítarleg tilraun til að ná samkomulagi við BHMR og fóru þeir fundir fram helgina í lok júlí. Þeir tókust ekki, því miður. Þá var þetta mál allt komið í eindaga og ljóst að það yrði að eyða þeirri óvissu sem þá var, ljóst að þetta yrði afar erfitt mál ef greiðslur væru hafnar á hinum al-

menna vinnumarkaði eins og þær voru hafnar til BHMR. Því var ekki svigrúm til að kalla Alþingi saman.

En auk þess vek ég athygli á því að stjórnarskráin segir að það megi setja bráðabirgðalög milli þinga þegar brýna nauðsyn ber til, og ég held nú fyrir mitt leyti að sjaldan hafi brýnni nauðsyn borið til en í þetta skipti.

Ég sé ekki mun á því þótt Alþingi hefði sett þessi lög, þegar búið var að ganga úr skugga um það að tryggt fylgi væri fyrir þessum lögum. (Gripið fram í.) Mönnum kann að þykja það undarlegt að ég teldi brýna nauðsyn til. Ég veit ekki hverju menn hafa vanist á verðbólguárunum. Ég veit að við fögnum því öll núna að atvinnuvegirnir búa við allt önnur skilyrði og svo gera heimilin. Svo væri ekki ef ný verðbólgualda hefði hafist og þeir samningar sem gerðir voru á hinum almenna vinnumarkaði hefðu brostið. Ég er sannfærður um það að þá væri hér víða auðn og ég er reyndar sannfærður um það að þá hefðu háskólamenntaðir menn ekkert borið úr býtum. Eða að hvaða leyti hefði hlutur þeirra orðið meiri ef þeirri hækkun sem þeir fengju hefðu fylgt samsvarandi hækkanir á hinum almenna markaði? Hvað var með slíku unnið? Nei, vitanlega hefði ekkert upp skorist af því nema öngþveiti í íslenskum efnahagsmálum og öngþveiti í íslenskum launamálum. Það ber að harma að ekki náðist samkomulag um að halda áfram þeim samanburði sem var hafinn og láta þá þær hækkanir koma fram sem kynnu að hafa komið úr þeim samanburði í september 1991. Sumum þykir kannski nokkuð langt að bíða til þess tíma. En að mínu mati er það þó ólíkt skárra en að fara út á ísinn og kanna ekki hvernig hann er. Ég er sannfærður um að þannig hefði, og kannski má enn sýna fram á að þarna sé leiðréttingar þörf, þarna sé rétt að leiðrétta, og að hinn almenni markaður sætti sig við þá leiðréttingu. Ég lýsi þeirri von minni að sú vinna haldi áfram sem var hafin, hún er mjög erfið, hún þarf meiri tíma en gert var ráð fyrir, en hún getur verið mjög þörf. Og það er eina leiðin til að ná þeirri leiðréttingu sem þarna kann að reynast réttmæt á grunni þessa samanburðar. Það er eina leiðin að gera það svo.

Ég þarf ekki að vekja athygli á því að ýmsir forustumenn launþega hafa farið mjög hörðum orðum um það að þeir muni krefjast hverrar þeirrar hækkunar sem hærra launaðir aðilar í þjóðfélaginu, eins og þeir orða það, fá. Ég geri mér samt vonir um það að þegar allar upplýsingar liggja fyrir ítarlega raktar og þá þannig að allir hafi aðgang að þeim og geti rökrætt þær, þá muni menn fallast á að einhver leiðrétting sé réttmæt, enda hafi hún verið vel unnin.

Það kann vel að vera að þessu sé nú stefnt í hættu en það fer fyrst og fremst eftir því hvort aðilar fást til að setjast yfir þessa vinnu og halda henni áfram. Þetta er aðdragandi þess að ríkisstjórnin sá sér ekki annað fært en að setja bráðabirgðalög, eins og ég sagði áðan, dagsett 3. ágúst 1990. Þau eru um launamál almennt og hér liggur fyrir frv. til laga um launamál til staðfestingar á þeim bráðabirgðalögum.

Í fáum orðum sagt er fastmælum bundið samkvæmt þessum lögum að laun skuli hækka hér yfir línuna hjá öllum um það sama sem kveður á um í hinum almennu kjarasamningum, þ.e. um 2% 1. des. 1990, um 2,5% 1. mars 1991 og 2% 1. júní 1991. Einnig eru öll þau ákvæði önnur í hinum almennu kjarasamningum lögbundin fyrir aðra aðila hér í þjóðfélaginu og sömuleiðis þær ákvarðanir sem gert er ráð fyrir að launanefndir geti tekið í hinum almennu kjarasamningum, bæði launanefnd VSÍ og ASÍ og sömuleiðis launanefnd ríkissjóðs og bandalags ríkisstarfsmanna. Og þá er gert ráð fyrir að slíkar ákvarðanir gildi einnig fyrir aðra.

Í þessum lögum er jafnframt sett bann við því að laun hækki um meira en samkvæmt þessum ákvæðum og því tekin til baka sú launahækkun um 4,5% sem opinberir starfsmenn höfðu þegar fengið. Það má orða það svo að í staðinn fái þeir þær launahækkanir sem ég rakti áðan.

Eins og ég sagði eru þessi lög almenns eðlis og heimila t.d. að launanefndir megi setja á fót hjá öðrum samningsaðilum sem ekki hafa slíkar nefndir enda náist um það samkomulag. Þá skulu þær launanefndir hafa sama rétt til að breyta samningum og launanefndir þær sem settar voru á fót samkvæmt samningum VSÍ og ASÍ og ríkisins og BSRB.

Í þessum lögum eru svo jafnframt numdar úr gildi 5. og 15. gr. kjarasamningsins sem ég nefndi áðan og af þeim ástæðum sem ég hef þegar rakið.

Það er að sjálfsögðu ætíð erfitt og reyndar slæmt að þurfa að breyta kjarasamningum með lögum. En ég vil leyfa mér að segja að stundum geta þjóðarhagsmunir verið þannig að jafnvel mikilvæg atriði verði að víkja. Það er a.m.k. óbifanleg skoðun mín að ekkert sé þessari þjóð mikilvægara en að ná tökum á sínum efnahagsmálum og fjöldamörg ef ekki öll þau góðu atriði sem sumir lýstu hér í gærkvöldi verði ekki framkvæmd nema efnahagsmálin séu í heilbrigðu og góðu lagi. Við gerum ekki þessa hluti nema atvinnan sé trygg, við gerum ekki þessa góðu hluti nema jafnvægi sé í efnahagsmálum og verðbólga ekki meiri en hún er í okkar nágrannalöndum. Þetta hélt ég nú satt að segja að flestir hefðu lært í gegnum erfiðleika undanfarinna ára. En fljót er lexían stundum að gleymast og ég get ekki neitað því að mér finnst svo á málflutningi sumra þeirra sem töluðu hér í gærkvöldi.

Ég vona að með þessum því miður erfiðu aðgerðum og fleirum sem ríkisstjórnin hefur gripið til og orðið að sýna kjark til að grípa til, þá náist þetta markmið og hér komist jafnvægi á í efnahagsmálum. Ég vona að með áframhaldandi vinnu takist að vinna þann samanburð á launum háskólamenntaðra manna sem menn taka trúanlegan og það skapist þá svigrúm til að leiðrétta ef niðurstaðan sýnir að svo ber að gera.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til fjh.- og viðskn.

Ólafur G. Einarsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er ekki oft sem ég sakna hæstv.

fjmrh. en ég verð að viðurkenna að ég geri það nú. Mér er að vísu alveg ljóst að það er hæstv. forsrh. sem flytur þetta frv. en mér þykir satt að segja alveg ótækt að hæstv. fjmrh. skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera við þessa umræðu. Samningsgerðin er á hans hendi sem fjmrh. og honum ber að vera hér viðstaddur.

Það er að vísu svo sem af nógu að taka til að ræða þessi mál hér. Bæði liggur frv. sjálft fyrir og ekki síður hefur hæstv. forsrh. nestað hv. þm. ríkulega með þeim orðum sem hann hefur hér þegar sagt. Engu að síður þykir mér alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur þessa umræðu og ég spyr hæstv. forseta hvort honum þyki það eðlilegt að fjmrh. sé ekki við. Ég spyr líka þá hv. þm. sem þegar hafa kvatt sér hljóðs hvort þeir sætti sig við fjarveru hæstv. fjmrh.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 2. þm. Reykn. vill forseti taka það fram að það er eðlilegt að þingmenn sitji yfirleitt fundi í hv. deild. Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. fjmrh. komi hingað og hlýði á þær umræður sem hér fara fram.

Þórhildur Þorleifsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það hefur vissulega vakið undrun fleiri heldur en hv. þm. Ólafs G. Einarssonar að fjmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur og höfðum við kvennalistakonur reyndar hugsað okkur að fara fram á það. En fyrst þetta hefur þegar verið borið fram viljum við einungis taka undir þá ósk að hæstv. fjmrh. mæti hér. Ekki veit ég hvort hægt er að fara fram á að hann skilji breska blaðið Economist eftir en það var það eina sem hann gerði hér við umræðu utan dagskrár um bráðabirgðalögin sl. þriðjudag að lesa það blað. — Ég sé að hæstv. fjmrh. er genginn í salinn og hann er með fjölda af breskum blöðum í þetta sinn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í trausti þess að ráðherrar séu hér staddir til þess að hlusta en ekki til að lesa blöð þá ætla ég að hefja mál mitt.

Loksins núna, þann 23. okt., næstum þremur mánuðum of seint fær þingið tækifæri til að fjalla um eitt stærsta mál þessa árs. Ákvörðunina um hvort ríkisstjórnin eigi að standa við gerða kjarasamninga. Ákvörðunina um það hvort ríkisstjórnin eigi að hlíta dómi félagsdóms — ég get alveg beðið ef hæstv. fjmrh. er vant við látinn. Ég var að taka það fram að við værum hér að fjalla um ákvörðunina um það hvort ríkisstjórnin eigi að standa við gerða kjarasamninga. Einnig um ákvörðunina um hvort ríkisstjórnin eigi að hlíta dómi félagsdóms eða brjóta samninga og hunsa dóm með valdbeitingu, þ.e. lagasetningu.

Það er nógu alvarlegt að einhverjum skuli hafa dottið í hug að spyrja þessara spurninga. Alvarlegra er það þó að ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að svara þessum spurningum á þá leið að ekki skuli staðið við gerða kjarasamninga, að ekki skuli hlustað á dómsorð félagsdóms.

Ég vil leyfa mér að lesa upp ályktun Kvennalistans frá 3. ágúst sl. vegna setningar bráðabirgðalaganna, með leyfi forseta:

„Kvennalistakonur átelja harðlega að enn einu sinni skuli íslensk ríkisstjórn setja bráðabirgðalög á launafólk. Þannig er jafnt og þétt grafið undan lýðræði og mannréttindum í þjóðfélaginu. Núverandi ríkisstjórn hóf feril sinn með því að framlengja bann á kjarasamninga sem var meginástæða þess að Kvennalistinn hafnaði aðild að henni. Ríkisstjórnin setur nú lög á eigin samninga og beitir valdi sínu þannig til að hnekkja dómi félagsdóms. Nú eru það samtök háskólamanna sem beitt eru lögþvingunum til þess að sveigja þau undir vilja stjórnvalda. Hverjir verða næstir?

Í raun felst í nýsettum bráðabirgðalögum afnám réttar alls launafólks til þess að semja um laun sín, því ríkisstjórnin hefur sýnt að hún er tilbúin til lögþvingunar á hvað sem er, jafnvel þvert á uppkveðna dóma." — Ég vona að ég sé ekki að trufla. Ég treysti því að hæstv. fjmrh. heyri mál mitt.

„Þáttur forustumanna ASÍ og BSRB vekur furðu þar sem þeir hafa tekið undir þann áróður að laun almenns launafólks séu meginvaldur verðbólgu og berjast nú jafnvel harðar gegn öðru launafólki en atvinnurekendum. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir almenning í landinu. Á hvaða leið er samfélag þar sem stjórnvöld, atvinnurekendur og stærstu samtök launafólks sameinast um að svipta hluta launafólks samningsrétti? Hvernig er lýðræðinu háttað þar sem stjórnvöld óvirða mannréttindi og dómstóla?

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru forkastanleg og bera vott um siðblindu. Ríkisstjórn sem setur lög á eigin gerðir er ekki hæf til að stjórna landinu og á að segja af sér."

Í utandagskrárumræðunum sem urðu að frumkvæði Kvennalistans sl. fimmtudag reyndi hæstv. forsrh. að snúa sig út úr tilvistarvanda sem hver siðmenntaður maður hlýtur að lenda í sem misbeitir valdi sínu með því að setja lög á dóm. Hann reyndi að sleppa frá málinu með því að segja að ekki hafi verið sett lög á dóm heldur lög sem breyttu forsendum dómsins. Þetta endurtók hann nú í svokölluðum svörum við spurningum hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur sl. fimmtudag. Ég spyr því: Hvers vegna í ósköpunum var málið ekki tekið upp á ný fyrst forsendur dómsins voru brostnar?

Varðandi skilningsleysi hæstv. forsrh. á því hvað þetta komi við nýjum lögum um aðskilnað dóms- og umboðsvalds og fleira sem ekki virtist alveg ljóst hjá honum vil ég segja þetta: Framkvæmdarvald á ekki að setja lög á dómsvald. Þetta er mjög skýrt, þetta er andi þeirra laga sem hér er vitnað til og þetta er það sem við höfum alvarlega út á að setja. Við þessum ásökunum og við þessum spurningum, siðferðilegum spurningum höfum við ekki enn fengið svör. Ég ítreka því, hvernig er hægt að verja það að framkvæmdarvald setji lög á dómsvald? Því miður er þetta ekki eina skilningsleysið sem upp hefur komið í þessu endemismáli. Hæstv. fjmrh. skildi það ekki á meðan öll þjóðin var búin að uppgötva það að félagsdómur mundi komast að þeirri niðurstöðu sem hann komst. Slíkt skilningsleysi

hlýtur að bera vott um vanhæfni. Því finnst mér enn skorta mikið á að við höfum fengið svör við þeim spurningum sem við lögðum fyrir. Hafi brýna nauðsyn borið til að athuga þessa samninga, hafi þær umræður og þær viðræður ekki dugað sem ríkisstjórnin átti við forsvarsmenn BHMR, af hverju í ósköpunum var Alþingi þá ekki kallað saman í þessu mikilvæga máli? Fyrst málið var svona mikilvægt hvers vegna fengu þá ekki þeir sem til þess eru kjörnir að fjalla um það?

Umræða um bráðabirgðalög, sem þegar hefur verið hrundið í framkvæmd eins og nú er í gangi, er sýndarumræða nema þingmenn hafi möguleika á að breyta einhverju um efni laganna og taka efnislega afstöðu til þeirra. Bráðabirgðalög eru rædd eftir að ákvarðanir hafa verið teknar og framkvæmdarvaldið hefur tekið ráðin af þinginu, í fyrsta sinn með því að setja bráðabirgðalög, í annað sinn ef lögin eru samþykkt vegna þess að of seint er að breyta orðnum hlut. Það má ekki gerast, hvorki nú né í öðrum tilvikum þegar bráðabirgðalög eru sett sem ekki eiga rétt á sér. Þannig hafa stjórnvöld kosið að túlka leikreglur lýðræðisins. Þær eru hins vegar alls ekki í anda raunverulegs lýðræðis. Því má velta fyrir sér hvort stjórnvöld séu ekki slegin blindu yfir valdi sínu og líti leikreglur lýðræðisins sem leik þar sem þau setji reglurnar. Þeirra sé mátturinn, þótt alveg vanti nú dýrðina, og þau ákveði hvaða leiki þjóðin eigi að leika og eftir hvaða reglum. Það er óþolandi að ætla fólki að verða leiksoppar misvitra stjórnvalda sem eru reiðubúin til að setja ósanngjarnar reglur, t.d. um kjaraskerðingu. Þess vegna höfum við kvennalistakonur lagt fram frv. til breytinga á stjórnskipunarlögum sem felur í sér afnám heimildar til setningar bráðabirgðalaga.

Í dag er ekki runnin upp sú stund að búið sé að afnema heimild til setningar bráðabirgðalaga. Við okkur blasa þessi ólög sem við eigum að taka afstöðu til. Þau hafa þegar gert mikinn skaða en það er hægt að grípa í taumana nú og færa sjálfstætt vald aftur til þingsins, vald sem byggist á skynsemi og yfirvegun. Það er hægt að taka ákvarðanir út frá staðreyndum, réttsýni og siðferðilegum styrk og fella þessi gerræðislegu og siðlausu lög.

Lögin voru sett í nafni þjóðarsáttar. En hvenær var sú sátt gerð að taka af kjarabætur sem samið var um í frjálsum samningum? Ég kannast ekki við að launþegar í öðrum stéttarfélögum hafi verið spurðir þessarar spurningar né að þeir hafi talið að það væri þeirra að svara henni. Hins vegar er ég ekki í nokkrum vafa um hvert svar þeirra hefði verið. Nei, auðvitað ekki. Það eru hagsmunir allra að kjarasamningar séu virtir. Ekki síst er það brýnt ef litið er á það siðleysi stjórnvalda að hafa níu sinnum á tíu árum gripið inn í frjálsa samninga með lagasetningu og þetta var bara ef litið er til þess sem gerðist árið 1989. Þar af gerðist þetta sex sinnum með bráðabirgðalögum.

Ég er hrædd um að forusta stéttarfélaga hafi ekki talað máli félaga sinna þegar þrýst var á um að taka af BHMR kjarabætur sem samið hafði verið um í frjálsum samningum. Ég vitna í grein Sigurlaugar Gunnlaugsdóttur úr Þjóðviljanum þann 31. júlí sl. Sigurlaug er félagi í Iðju og hún segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Allan síðasta áratug voru gerðar átakalausar sættir um kjararýrnun miðað við verðbólgu. Stærsti hluti landsmanna lifir af launum. Ég vil setja fram þá staðhæfingu að lægstu laun hafi mikla þýðingu fyrir launakjörin í heild. Dæmi er yfirstandandi BHMR-deila. Kaup verkafólks sem lifir ekki af 40 stunda vinnuviku er svipa á BHMR að samþykkja kjararýrnun.

Annað dæmi eru vinnustaðir þar sem kaup er af sérstökum ástæðum betra en t.d. kaup verkafólks í mínu félagi, Iðju. Þar vofir stöðugt yfir hótun um að Iðjutaxtar séu það sem koma skal. Hótanir sem þessar byggjast vitaskuld á klofningi sem er fyrir hendi meðal launafólks. Hann má yfirvinna með því að hækka kaup hinna lægst launuðu og það er mikilvægt því að það sem atvinnurekendur komast upp með að borga okkur, kvenmönnum, unglingum og innflytjendum, gefur tóninn. Kaup hinna sem hærra eru launaðir hefur ekki samsvarandi þýðingu. Það er ekki reglan að leitað sé viðmiðunar við hátekjumenn þegar settar eru fram kröfur um kauphækkanir. Það er miðað við lífskjör. Við höfum ekki hag af að laun BHMR-fólks séu lækkuð.

Verðbólga. Verðbólga er í þriggja stafa tölu í löndum þar sem kaup er nær ekki neitt. Verð hefur bólgnað án þess að kaup hækkaði neitt. Hér er ekkert ótvírætt samhengi heldur ríkir millibilsástand. Árið 1983 greiddi verkafólk niður verðbólgu með 30% af kaupmætti tekna sinna. Var hún samt ekki okkur að kenna?"

Það var ekki fólkið í almennum stéttarfélögum sem vildi að lög yrðu sett á BHMR. Þetta fólk hafði ekki hag af því og það hafði ekki vilja til þess og það sá að verið var að grafa undan því sjálfu í leiðinni. Við vitum þetta. Þetta sögðu okkur konurnar sem við kvennalistakonur hittum á ferð okkar víða um landið í haust. Þetta sagði okkur launafólk utan BHMR án þess að vera spurt í viðtölum, einkaviðtölum, blaðaviðtölum og í blaðagreinum, fólk eins og Sigurlaug Gunnlaugsdóttir. Það var ekki sátt við stefnu forustunnar.

Önnur röksemdin fyrir setningu bráðabirgðalaga var sú að ef þau yrðu ekki sett færi af stað óðaverðbólga. Mikið er búið að leggja á fólk með þessum rökum. Ekki nóg með að það sé kúgað til að sætta sig við laun langt undir því sem dugar til lífsviðurværis, heldur á það líka að þola annan órétt, svo sem hækkun á nauðþurftum, allt til þess að verðbólgan æði ekki af stað og án þess að biðja um nokkuð í staðinn. Og ofan á allt á að gefa eftir umsamdar launahækkanir, hækkanir sem samið hefur verið um við stjórnvöld. Þetta er fásinna. Þetta er því nöturlegra á að hlýða fyrir það að með þessu virðast menn vera búnir að samþykkja og kyngja þeim áróðri stjórnvalda að það séu kauptaxtarnir sem stýri verðbólgunni. Að láta sér detta það í hug að örfárra hundraða króna hækkun á launum undir framfærslumörkum komi af stað verðbólgu, að láta sér detta

það í hug að þó að það fari upp í einhverjar þúsundir króna, en undir framfærslumörkum, þá hleypi það verðbólgu af stað. Að láta sér yfir höfuð detta í hug að það séu launin sem valdi verðbólgunni á meðan allt verðlag utan vísitölu æðir upp. Að láta sér detta það í hug að á meðan karpað er um örfárra prósenta kauphækkun eða prósentubrota en launaskrið hálaunamanna utan samninga er á sama tíma óstöðvandi, þeirra sem standa utan torsóttra kjarasamninga, þeirra sem hafa aðstöðu í samfélaginu. Nöturlegast er auðvitað að heyra forsvarsmenn stéttarfélaga taka undir þennan söng, taka sér þannig stöðu með stjórnvöldum í blekkingaleik en ekki með umsemjendum sínum.

Það er léleg efnahagsstjórn sem reynir að koma böndum á verðbólgu með því einu að láta þá borga sem þiggja lægstu launin í samfélaginu, láta þá borga sem eru á töxtum, því lægri laun gerast ekki, hvort sem um er að ræða BHMR-taxta eða aðra taxta. Það segja okkur tölur.

Það eru konur sem eru á töxtum, láglaunakonur. Það eru fjölskyldurnar sem gjalda, fjölskyldur sem bera allar byrðarnar. Í nafni þessarar efnahagsstjórnar, þess árangurs sem enginn er eða verri en enginn, því hann bitnar svo alvarlega á lágtekjufólki, er okkur ætlað að kyngja því að lög séu sett á gerða samninga og að lög séu sett á dóma. — Mér sýnist að hæstv. fjmrh. sé kannski búinn að tapa þræðinum eða hvað? Vonandi ekki.

BHMR hefur gripið til málshöfðunar vegna þessa máls og ég er ekki í vafa hver niðurstaðan verður úr þeim málarekstri. Hins vegar fyndist mér Alþingi setja ofan ef BHMR-félagar þyrftu að ná rétti sínum á þann hátt einan. Það ætti að vera sæmd okkar að fella þessi bráðabirgðalög úr gildi nú þegar og það þolir ekki nokkra bið.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirrar þingskapaumræðu sem fór hér fram fyrir nokkrum mínútum er bæði rétt og skylt af forseta hálfu að geta þess að hæstv. fjmrh. var fjarverandi vegna þess að hann var viðstaddur útför Alfreðs Gíslasonar, fyrrum alþingismanns. Það er rétt að þetta komi fram.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs í þessari umræðu til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi það stóra mál sem hér er til umræðu. Ég geri það til viðbótar þátttöku í utandagskrárumræðu hér fyrir skemmstu. Þar var lítill tími til þess að fjalla um málið og úr því ætla ég að bæta hér nokkru við til þess að fyrir liggi hvers vegna ég ásamt öðrum þingmanni Alþb. tók þá ákvörðun að lýsa andstöðu við setningu þessara bráðabirgðalaga sl. sumar, þeirra laga sem hér er leitað staðfestingar á.

Ég vil taka það fram í upphafi að ástæðan fyrir þessari afstöðu byggir ekki á spurningunni um hvað sé réttlæti í sambandi við hlutaskipti í þjóðfélaginu, spurningunni um há laun eða lág laun til þessa eða hins. Um það snýst í raun og veru ekki þetta mál, heldur um almennar leikreglur í samfélaginu, hvaða leikreglur eigi að gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins, í þessu tilviki í samskiptum ríkisvaldsins við starfsfólk sitt í Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna þó að þetta mál varði auðvitað önnur samtök sem ríkið semur við, eins og samtök kennara sem áttu ósamið þegar þessi bráðabirgðalög voru sett.

Það er mikill misskilningur finnst mér hjá hæstv. forsrh. þegar hann er að rökstyðja þessa lagasetningu með því að vísa í 1. gr. kjarasamnings Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og þau ákvæði og þá varnagla sem þar voru slegnir. Dómsniðurstaðan sem hér er verið að setja lög þvert ofan í varðar ekki 1. gr. samningsins heldur 5. gr. hans, sem er rökstuðningurinn fyrir dómi félagsdóms sem er æðsta dómstig í þessu máli. Mér finnst mjög sérkennilegt að ráðherrar sem eru beðnir um að rökstyðja afstöðu sína m.a. með vísun til stjórnarskrár landsins skuli hlaupa langt yfir skammt í rökstuðningi að þessu leyti. Og ég undrast það líka þegar það er fram borið hér á Alþingi þegar mælt er fyrir þessum lögum, mörgum mánuðum eftir að þau eru sett af hæstv. forsrh., að ríkisstjórnin hafi talið til svo mikils að vinna að hún hafi ekki séð sér neinn annan kost en að setja þessi lög. Það var ekki í þessu tilviki nauðsynin, hin brýna nauðsyn sem hæstv. forsrh. var að vísa til, heldur að það var til svo mikils að vinna. Það er vísað til efnahagslegra ástæðna og annars rökstuðnings í sambandi við þetta mál, en hann er bara því miður ekki gildur í þessu máli. Sá rökstuðningur er ekki gildur að mínu mati í þessu máli því það snýst ekki um hlutaskipti í samfélaginu heldur um leikreglur. Nema það sé hugmynd manna hér á Alþingi Íslendinga, sem ég ætla nú raunar ekki, að taka upp þannig kerfi hér að ríkisvaldið skammti fólki kaup og kjör í þessu landi og frjáls samningsréttur sé afnuminn. Þó svo að sporin í þeim efnum séu mörg og slæm á undanförnum árum í tíð fyrri ríkisstjórnar, þá tók núverandi ríkisstjórn, sú sem mynduð var haustið 1988, við þeim gjörningi þegar hún settist á stóla og situr með litlum endurbótum eftir ummyndun ríkisstjórnarinnar fyrir um ári síðan.

Þetta er mjög alvarlegt mál sem hér er til umræðu. Það snertir grundvallarþætti stjórnskipunar okkar, undirstöðuþætti varðandi leikreglur í samfélaginu og það varðar mjög marga. Jafnvel þó menn telji sig hafa vissu fyrir því að þarna hafi verið mikil vá eða a.m.k. erfiðleikar fyrir dyrum í efnahagslegu samhengi þá finnst mér ekki hægt að rökstyðja þessa lagasetningu með vísun til efnahagslegra kringumstæðna miðað við það sem á undan var gengið. Þá er ég að vísa til félagsdóms, niðurstöðu hans og dómsorðs, og ég er líka að vísa til þeirrar mjög takmörkuðu og brotakenndu viðleitni sem ríkisvaldið sem samningsaðili hafði haft uppi til þess að leysa þetta mál með samningum og friðsamlegum hætti við gagnaðilann, í þessu tilviki BHMR. Ríkisvaldið gerði samning við BHMR vorið 1989. Aðrir aðilar á vinnumarkaði sömdu í febrúar 1990. En ríkisvaldið hafði ekki fyrir því að koma því áleiðis til viðsemjanda síns, BHMR, að það liti svo á að vegna gerðra samninga á almennum markaði teldi

það að fyrri samningur væri ógildur og honum væri sagt upp, sem hefði þó verið skylda ríkisvaldsins ef það var mat manna að ekki væri búandi við þennan samning, m.a. vegna ákvæða 15. gr. hans um víxlhækkanir og tilvísun í aðra kjarasamninga.

Mér dettur ekki í hug að fara að leggja mat á eða verja einstök ákvæði í kjarasamningi ríkisins og BHMR. Vissulega voru þessir samningar gerðir eftir mjög hatrammar deilur milli ríkisvaldsins og BHMR, en við verðum að ætla mönnum að hafa vitað hvað þeir voru að gera. Þeir sömdu og þeim bar að standa við þennan samning eða segja honum upp ella. Og að setja bráðabirgðalög ofan í niðurstöðu æðsta dómstigs er slíkur gjörningur að ég tel hann ekki verjandi og ég get af þeim ástæðum ekki greitt atkvæði með því frv. sem hæstv. forsrh. hefur hér mælt fyrir.

Það hafa margir ljótir blettir myndast í sambandi við þetta mál. Það er verið að reyna að koma því inn hjá almenningi að þessi bráðabirgðalög séu sett af réttlætiskennd. Það er ósköp auðvelt mál að sverta gagnaðilann sem ríkisvaldið hefur samið við og segja: Það er allt of vel gert við hann og þeir eiga ekkert skilið meira. Það er ósköp auðvelt en er það atriði í þessu máli? Það var samið. Vita menn ekki að launamunurinn í þessu landi byggir ekki fyrst og fremst á mismunandi kjörum milli þessara þriggja stóru samtaka á vinnumarkaði, heldur er hann innbyrðis hjá þessum samtökum. Það er launastiginn innbyrðis hjá þessum samtökum. Ef menn fara að líta á það efni. Halda menn að það séu einhver jafnaðarlaun sem gilda fyrir umbjóðendur Alþýðusambands Íslands eða hjá öðrum launasamtökum í landinu? Nei, það er launastigi, það eru launaþrep. Vissulega eru menn í hærri launum sumir hverjir innan þeirra samtaka sem hér var fyrst og fremst verið að setja lög á. En það er ekki meginatriðið í þessu máli. Síðan er í röksemdafærslum verið að tala um hin almennu samtök á vinnumarkaði sem andstæðuna við þann hóp háskólamenntaðs fólks sem starfar í sínum samtökum. Er ríkisvaldið, eru þingmenn og ráðherrar að segja að þetta sé eitthvað lægra sett fólk þannig séð sem starfskraftar og þess vegna beri ekki að virða samningsrétt þeirra? Ég felli mig ekki við slíkan málflutning. Og síðan var borið við og er borið við hinn almenni og víðtæki stuðningur og krafa um að gripið sé inn í þvert ofan í dóm. En það fölnaði nú svolítið það blómið ef menn telja eitthvert mark takandi á skoðanakönnunum þegar í ljós kom í skoðanakönnun DV um það leyti sem bráðabirgðalögin voru sett, eða rétt á eftir, að um helmingur aðspurðra sem tóku afstöðu taldi þetta rangan gjörning. Það var nú ekki meiri stuðningur í almenningsálitinu við þessa lagasetningu. En ég efast ekkert um það sem hæstv. forsrh. segir hér að þegar þessi bráðabirgðalög voru sett hafi verið stuðningur við þau í hópi alþingismanna, meirihlutastuðningur, þó hann sé nú ekki allur þar sem hann er séður sá stuðningur. Og ekki heldur þau andmæli sem höfð eru síðan uppi við þessari lagasetningu. Því það er dálítið holur hljómur einnig í þeim andmælum hjá sumum talsmönnum flokka, eins og Sjálfstfl. hér á Alþingi, ef marka má stuðningsyfirlýsingar við þessa lagasetningu og þessa efnislegu niðurstöðu máls frá ágústmánuði sem Morgunblaðið margítrekaði í leiðurum í júlímánuði og í ágústbyrjun. Þar átti ríkisstjórnin sinn örugga og trausta stuðning í þessu máli, í Morgunblaðinu sem margtók það fram að hér væri um réttan gjörning að ræða. Ég ætla hins vegar ekki endilega hv. þm. Sjálfstfl. að bera fyrir sig þann rökstuðning eða að þetta fjöllesna málgagn endurspegli sjónarmið þeirra í einu eða öllu, ég ætla mönnum ekki svo lítinn hlut en ég vek athygli á þessu.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því hversu varasamt og tvísýnt, að ekki sé sagt hættulegt, það er fyrir samtök launafólks í þessu landi að taka undir gjörning af þessu tagi, beint og óbeint, um nauðsyn þess að grípa inn í gerða samninga með lögum sem ekki eru reist á traustari grunni en hér um ræðir.

Ég er hræddur um að það geti átt eftir að koma í bakið á fjölmennum samtökum launafólks í þessu landi að þau skyldu ekki andmæla með skýrari og öflugri hætti þessari bráðabirgðalagasetningu. Samtök launamanna verða að átta sig á því að það er fordæmisgildið í máli sem þessu sem er stórhættulegt, ef menn ætla að skrifa upp á brot á leikreglum eins og þau sem hér gerðust.

Við vorum ekki nema tveir í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar sem andmæltum þessari bráðabirgðalagasetningu. Hv. þm. Geir Gunnarsson, hann situr ekki hér á þinginu nú, en ég vil leyfa mér að vitna til orða hans í Þjóðviljanum 4. ágúst sl. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin gerði þennan samning áður en þjóðarsáttin var gerð og maður verður að ímynda sér að hún hafi ætlað að standa við hann. En svo er eins og menn hafi verið ráðnir í að hafa hann að engu. Svo kom þetta áfall sem úrskurður félagsdóms var og þá var ekki hikað við að afnema dóminn með lögum. Alltaf þegar gerð er atlaga að samningsrétti launafólks hefur það fordæmisgildi. Það veit enginn hver verður næstur."

Þetta er orðrétt haft eftir Geir Gunnarssyni en í óbeinni ræðu segir síðan: „Hann sagðist telja að nóg hefði verið fyrir ríkisstjórnina að segja BHMR-samningnum upp og segist álíta víxlverkunarákvæðið ekki gilt eftir að uppsögn tók gildi. Á hinn bóginn segist hann vera andvígur því að ein samtök geti samið um það sem aðrir fá síðar. Hann telur þó rangt að setja lög um þetta sem nái einungis til BHMR."

Ég hef hér, virðulegur forseti, reynt að gera grein fyrir meginástæðum þess að ég get ekki stutt þennan gerning nú frekar en á liðnu sumri þegar leitað er staðfestingar Alþingis á þessum bráðabirgðalögum.

Ég gat þess að forleikur þessa máls hefði ekki verið með þeim hætti að ríkisstjórnin geti vísað til hans til stuðnings þessum gerningi. Það var ekki leitað samninga við BHMR á milli samningsgerðarinnar í febrúar á liðnum vetri og fram í júnímánuð. Það fara engar formlegar viðræður fram milli þeirra sem í raun fóru með þetta mál og forustu BHMR og það gerist síðan, líklega 12. júní, að það er einhliða tilkynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar að það standi ekki til að standa

við ákvæði samningsins. Það er ekki haft fyrir því að leita samkomulags um málið. Rétt áður en bráðabirgðalögin eru sett., þegar viðræður fara fram milli aðila og fram er kominn vilji af hálfu gagnaðila ríkisins til þess að taka efnislega upp 15. gr. samningsins, vísitölverkunarákvæðin, mátti ríkisvaldið ekki vera að því að bíða eftir því og láta á það reyna á einhverjum sanngjörnum tíma hvort hægt væri að ná samkomulagi um þessi efni.

Það er, virðulegur forseti, alveg augljóst að þessi lagasetning byggir á afar hæpnum og tvísýnum forsendum. Og það er líka augljóst að það er með öllu úrelt orðið ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar að ríkisvaldið hafi heimild til bráðabirgðalagasetningar, þær rúmu heimildir sem þessi bráðabirgðalög eru sett eftir. Hér fyrir þinginu liggur frv. sem þegar hefur verið mælt fyrir og flutt er af þingmönnum Kvennalistans um það að þetta ákvæði verði fellt niður. Ég hef lýst stuðningi mínum við þetta frv. Ég tel öll rök mæla með því að þessi grein stjórnarskrárinnar verði felld niður. Tilefni þess að þetta mál er tekið upp nú er augljóslega það frv. til staðfestingar bráðabirgðalaga sem hér er til umræðu.

Ég hlýt að geta þess hér að þingflokkur Alþb. í heild sinni gekk ekki glaður til þessa leiks. Að þingflokkurinn andæfði gegn þeim textum að bráðabirgðalögum sem gengu á milli í ríkisstjórn og fékk því til leiðar komið að lögin báru annan svip en upphaflega var. En mín niðurstaða var sú þrátt fyrir að þar fékkst breyting á frá fyrstu gerð og annarri gerð til þriðju gerðar að lagasetningin hvíldi áfram á svo hæpnum og veikum forsendum að ég gæti ekki að henni staðið og hún leiddi að sama marki og að var stefnt þó búningurinn væri orðinn nokkur annar.

Það er ljóst, virðulegur forseti, að það er orðinn mikill trúnaðarbrestur milli háskólamenntaðra starfsmanna í þjónustu ríkisins og viðsemjenda þeirra. Forusta BHMR og forusta kennarasamtakanna, Kennarafélags Íslands, mótmælti harðlega þessum bráðabirgðalögum og hefur ítrekað það síðan. Samskipti þessara aðila við ríkið hafa verið erfið um margra ára skeið og deilur hafa leitt til verulegs tjóns milli þessara aðila, ekki síst varðandi starf skólanna í landinu. Þannig hafa þeir sem síst skyldi, börn og nemendur, orðið fyrir barðinu á langvarandi erjum ríkisins við starfsmenn sína. Ég hef oft staðið í þessum ræðustól hér fyrr á árum þegar deilur voru uppi við samtök kennara í landinu og skólastarf var lamað vegna slíkra deilna. Þetta er óviðunandi ástand og það er löngu hætt að vera einkamál einstakra hagsmunasamtaka í raun. Það gildir að sjálfsögðu og skiptir afar miklu að góður starfsandi ríki á vinnustöðum ríkisins og í skólum landsins. Þróun atvinnulífs hér á landi sem annars staðar byggir í vaxandi mæli á rannsóknastarfi sem að verulegum hluta fer fram í ríkisstofnunum. Það er því afar brýnt að skaplegt andrúmsloft og bærilegt traust skapist milli handhafa ríkisvaldsins og starfsmanna í ríkisþjónustu, einnig þeirra sem aflað hafa sér háskólamenntunar. Það er ekki ástæða til að ætla að háskólamenntað fólk sé að jafnaði óvægnara sem viðsemjendur um kaup og kjör en ýmsir aðrir hópar í þjóðfélaginu. Átökin að undanförnu og þau sem þetta frv. ber vott um og einhliða rifting ríkisins á gerðum samningum er hins vegar ekki til þess fallið að efla traust og ýta undir sanngirni hjá gagnaðilum.

Verkefni Alþingis á að mínu mati ekki að vera að blanda sér í þegar gerða samninga á vinnumarkaði. Löggjafinn, þessi samkoma hér, hefur önnur ráð til þess að jafna kjör í landinu ef vilji er fyrir hendi og hlutverk hennar ætti öðru fremur að vera að stilla til friðar á vinnumarkaði, rétta sáttahönd fram og stuðla að því að sæmileg sanngirni og friður ríki milli aðila þannig að heildarhagsmuna sé gætt.

Ég sagði það í umræðunum utan dagskrár um daginn að það má vera að menn telji sig hafa einhvern stundarhagnað af þessum gjörningi en til lengri tíma litið horfir hann ekki til farsældar.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er vert að geta þess áður en lengra er haldið að ástæðan til þess að við kvennalistakonur efndum hér til umræðu utan dagskrár sl. þriðjudag og höfum lagt mikla áherslu á að þessi lög yrðu lögð fram hér sem fyrst er ekki einhver tilviljanakennd uppákoma hugsanlega til þess fallin að afla sér vinsælda eða athygli. Þetta er svipað og mál sem við höfum áður tekið afstöðu til. Ég vil minna á það að haustið 1988 þegar sú stjórn var sett á laggirnar sem nú situr við völd, að vísu með smáábót, og Kvennalistanum boðin aðild að þeirri ríkisstjórn var aðalástæðan fyrir því að við léðum ekki máls á því að sú ríkisstjórn tók við bráðabirgðalögum sem sett höfðu verið á kjarasamninga. Þeir tveir flokkar sem hingað til höfðu verið hvað mest orðaðir við verkalýðshreyfinguna, Alþfl. sem reyndar hafði átt aðild að setningu þeirra laga og Alþb., sáu ekkert athugavert við að leggja blessun sína yfir þá gjörð en það gátum við kvennalistakonur ekki. Þetta hefur iðulega verið túlkað sem kjarkleysi og það að þora ekki að axla ábyrgð, en það er orðið sérkennilegt siðgæðismat þegar það er orðið kjarkleysi að standa við skoðanir en þykir orðið kjarkur að geta skipt um skoðun án þess að flökra.

Ég vil minna á það að árið 1983 höfðu líka verið sett bráðabirgðalög á launafólk. Núv. menntmrh. Svavar Gestsson lét þá svo ummælt þegar stefnuræða forsrh. var til umræðu 18. okt. 1983: „Við teljum að brýnasta verkefnið nú sé að afnema bráðabirgðalög svo að launamenn geti með fullum myndugleika tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi í samfélagi okkar." Þessi sami ráðherra lét svo ummælt í útvarpi fyrir nokkrum dögum að Ísland væri lýðræðisleg fyrirmynd annarra þjóða vegna fámennis og væri nú fróðlegt að vita hvort það eru sömu hugmyndir um lýðræði sem liggja til grundvallar þessum tvennum ummælum.

Það er ekki ástæða til þess að rekja sögu eða aðdraganda þessara laga of mikið því að það hefur þegar verið gert, en það eru nokkrar spurningar sem vert er að leggja fyrir ríkisstjórn, ráðherra, varðandi þetta mál. Nú er þegar mál í gangi fyrir bæjarþingi sem mun verða prófmál varðandi þessi bráðabirgðalög. Það er

ljóst að það er erfitt fyrir ekki fjölmennara félag en BHMR að þurfa að standa í málaferlum við hið opinbera en þetta er svo sannarlega ekki í fyrsta skipti sem slíkt hendir. Þar sem félagið getur ekki sem heild sótt málið þá verða einstaklingar að gera það. Félagsmenn BHMR munu greiða um 3000 kr. og því verða þetta mikil útgjöld fyrir þetta fámenna félag ef hver og einn þarf að sækja rétt sinn persónulega fyrir dómi. Því vil ég spyrja Ólaf Ragnar Grímsson hvort hann muni samþykkja að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Það sem er athyglisvert við þessi bráðabirgðalög umfram flest önnur bráðabirgðalög sem sett hafa verið — þau munu nú vera um 260 frá stofnun lýðveldisins og því ekki að ófyrirsynju að kvennalistakonur töldu mál til komið að sú grein í stjórnarskránni sem heimilar bráðabirgðalagasetningu yrði felld út, ekki síst eins og tilhneigingin hefur verið hin síðari ár að setja sífellt bráðabirgðalög á gerða kjarasamninga með einum eða öðrum hætti — er í rauninni það hvað þau taka til fámenns hóps. Bráðabirgðalög á einungis að setja ef það varðar þjóðarhag, ef það varðar stóra heild en ekki fámennan hóp eins og hér um ræðir og sem sérstaklega er tilgreindur í bráðabirgðalögunum.

Nú er það svo að í desember nk. hafa þeir sem þessi lög ná yfir rétt til þess að taka samninga sína til endurskoðunar, fara fram á uppsögn þeirra ef það yrði niðurstaðan og í framhaldi af því að gera nýja samninga. Þennan rétt hafa allir sem þessi lög ná yfir nema BHMR. Ég vil spyrja bæði hæstv. forsrh. og fjmrh.: Hver er staða BHMR ef mál skipast þannig að allir aðrir gera nýja samninga og BHMR situr eitt eftir án þess réttar að geta tekið sinn samning upp eða gert nýjan samning?

Þegar það lá í loftinu að til stæði að grípa til aðgerða gegn BHMR, eftir þann aðdraganda sem það átti sem raunar er allur með eindæmum, og það er einkennilegt ef ráðamenn þjóðarinnar hafa þá skoðun á samskiptum fólks yfirleitt að þau byggist á einhliða yfirlýsingum og telja það leið til þess að hafa góða samvinnu og halda frið í þjóðfélaginu að umgangast hvort sem það eru stéttarfélög eða einstaklingar á þann máta. Nægir að nefna bréf það sem ríkisstjórnin sendi BHMR 12. júní þar sem það er tilkynnt að ríkisstjórnin ætli ekki að standa við samninginn.

Í verkfallinu langa 1989 í hvers kjölfar þessir kjarasamningar voru gerðir var einmitt hæstv. fjmrh. gagnrýndur mjög fyrir vinnubrögð sem kannski einkenndust af hroka og yfirgangi. Þetta bréf er einmitt í þeim sama anda, þ.e. að ekki er gerð nein tilraun til þess að ná sáttum. Það er ekki gerð nokkur tilraun til þess að athuga hvort BHMR sé til viðræðu um einhverjar breytingar sem báðir aðilar gætu sætt sig við heldur er einhliða tilkynnt að ríkisstjórnin ætli ekki að standa við samninginn og sú ákvörðun er tekin á grundvelli 1. gr. kjarasamnings BHMR um að standa skuli að umræddum breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi. Það var tilgreint sem höfuðástæða. Þegar síðan félagsdómur hafði fellt sinn úrskurð kvisaðist það fljótlega, og hafði reyndar gert fyrir niðurstöðu, að hugsanlega yrðu sett bráðabirgðalög á samninginn þvert ofan í dóminn. 24. júlí segir Ólafur Ragnar Grímsson í Dagblaðinu:

„Það kemur ekki til greina að setja bráðabirgðalög á niðurstöðu dóms." Sama dag segir hann í sama blaði: „Það verður ekki farið út í neinar aðgerðir nema þær standist 100%. Það eru engar líkur á að ríkisstjórnin afnemi þá 4,5% hækkun sem félagsdómur hefur úrskurðað háskólamönnum. Slík aðgerð er einfaldlega of hæpin lögfræðilega. Það eru miklar líkur til þess að dómstólar mundu hnekkja henni við fyrsta tækifæri."

Síðan líða tíu dagar. 3. ágúst 1990 segir Ólafur Ragnar Grímsson í Morgunblaðinu: „Bráðabirgðalögin eru í þeirri mynd sem við viljum hafa þau. Almennur samningsréttur og lýðréttindi eru ekki skert með þessum lögum." Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað var það sem breytti skoðun hans frá 24. júlí þar sem hann talar svona afdráttarlaust og til 3. ágúst? Hvað var það sem hafði sannfært hann um það t.d. að þessi aðgerð, setning bráðabirgðalaga, væri ekki hæpin lögfræðilega og hvað hafði sannfært hann um það að dómstólar mundu ekki geta hnekkt þeirri niðurstöðu? Í stuttu máli: Hvað breyttist hjá hæstv. fjmrh. á þessum tíu dögum?

Það er vert að staldra aðeins við það sem hæstv. forsrh. gerði hér að umræðuefni áðan, þ.e. að 4,5% hækkun til BHMR hefði ógnað þjóðarhag. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort einhvern tíma hafi verið gerð á því athugun hvað þessi umsamda hækkun til BHMR hefði haft í för með sér sem ógnaði svona þjóðarhag? Hvað var um háar upphæðir að ræða? Hvaða þjónusta hefði hækkað og velt því þannig út í verðlagið að af hlytist sú víxlverkun sem mundi setja verðbólguskrúfuna í gang eins og hann orðaði það í gær? Var þetta byggt á staðreyndum um hvað gerast mundi í verðlags- og verðþróunarmálum eða var þetta einungis skoðun?

Það hefur verið nokkuð rætt í kjölfar þessa alls um þá öldu andúðar sem hefur í rauninni verið vakin gegn háskólamenntuðu fólki. Það er kaldranalegt að hámenntaður maður eins og hæstv. fjmrh. er skuli hafa verið þar fremstur í flokki og ýtt undir — mér liggur við að segja menntamannahatur. Í því andrúmslofti sem nú ríkir er lítið sem hvetur börn eða unglinga til þess að leita sér menntunar, a.m.k. ekki á efnahagslegum forsendum. Nú ætla ég ekki að draga úr gildi menntunar því að auðvitað sækir fólk sér í menntun margt og mikið fleira en peninga, en það er nú einu sinni svo að flestir vilja reyna að sjá sér farborða og það verður erfitt með nokkrum rökum að hvetja unglinga heils hugar til þess að fara þá leið til þess að leita sér afkomu. En það er athyglisvert í þessu sambandi að það er ekki bara í afstöðu hæstv. fjmrh. til háskólamenntaðs fólks sem þessi andúð hans birtist. Sá hinn sami maður hefur líka gert aðför að Háskóla Íslands með einum eða öðrum hætti aftur og aftur. Það má minna á þegar hann vildi í fyrra geta ráðstafað tekjum Happdrættis Háskóla Íslands á þann máta sem honum þóknaðist, þ.e. að láta Háskólann fjármagna byggingu Þjóðarbókhlöðu. Hann hefur haft uppi svipaðar hugmyndir í ár um að Háskólinn fjármagni viðgerðir á Þjóð-

minjasafni og eins hefur hann viðrað hugmyndir um að taka upp skólagjöld í Háskóla Íslands. Hvað af þessari andúð, sem vakin hefur verið eða a.m.k. reynt hefur verið að vekja á háskólamenntuðu fólki eða menntun yfirleitt, leiðir er ekki gott að segja en ásamt því tilræði sem bráðabirgðalögin eru við lýðræði og mannréttindi í þessu þjóðfélagi kunna líka að vera alvarlegar afleiðingar sem ekki koma í ljós alveg strax, þ.e. í fyrsta lagi það að þetta geti hugsanlega fælt fólk frá þekkingaröflun sem okkur er svo nauðsynleg í dag og hins vegar að af þessu leiði þekkingarflótta.

Hæstv. forsrh. lét svo ummælt í stefnuræðu sinni í gærkvöldi að nútímalífskjör byggðust á þekkingu. Hann er vissulega ekki einn um þá skoðun en ég veit ekki hvort margir deila þeirri skoðun með honum að til þess að nútímalífskjör haldist og byggist á þekkingu sé nauðsynlegt að halda niðri launum þess fólks sem þau eiga þessu samkvæmt að hvíla á.

Hann lýsti einnig yfir ótta vegna þekkingarflótta sem hann sagði að væri þegar hafinn og sem kann að hafa langtímaafleiðingar, miklu alvarlegri en okkur kannski órar fyrir núna. Það er vert að spyrja hvers vegna ekki var þá strax þegar þjóðarsáttin var gerð í febrúar tekið til við umræður við BHMR um hvort hugsanlegt væri að ná fram einhverjum breytingum sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Ég vil biðja annan hvorn ráðherrann að svara því hvers vegna það var ekki gert.

Það var auðvitað greinilegt í þjóðarsáttinni að þar hafði komið fram mjög sterkur vilji bæði ASÍ og BSRB um það að engir fengju hækkun umfram þá sem fælist í þjóðarsáttinni. Það verður að teljast furðulegt að stéttarfélög skuli með þessum hætti reyna að grípa inn í samninga sem önnur stéttarfélög hafa gert. Spurning er hvers vegna ríkisstjórn tekur þessi rök gild. Var það höfuðorsök fyrir viðbrögðum þeirra við BHMR að sú krafa kom frá ASÍ og BSRB að aðrir fengju ekki meira en þeir og þá í framhaldi af því hvort þeir telji eðlilegt að stéttarfélög geti gripið inn í samninga annarra félaga með þessum hætti, með ákvæðum í eigin samningum t.d.

Hér var fyrir nokkru haldið þing alþjóðasambands kennara sem ályktaði um bráðabirgðalögin. Ég hef ekki þýðingu á þessari ályktun sem er á ensku og þar sem þetta er nú formlegt plagg ætla ég ekki að leggja út í það að þýða það hér í ræðustól en vil bara benda á að hér er eindregið lýst yfir stuðningi við BHMR og kennarafélögin.

Það liggur líka fyrir að BHMR mun leggja mál sín fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina, ILO.

Nú hafa íslenskir ráðamenn verið margir hverjir ötulir við það á erlendum vettvangi að gera sig gildandi sem boðbera lýðræðis og frelsis og nægir m.a. að minna á þau ummæli sem ég hafði hér eftir hæstv. ráðherra Svavari Gestssyni áðan. Við höfum gjarnan viljað gefa þá mynd af Íslandi að hér ríkti fyrirmyndarþjóðfélag með fyrirmyndarlýðræði. Nú verður fróðlegt að vita hvernig þessir sömu menn ætla að svara fyrir lýðræðið á Íslandi ef það verður hlutskipti íslenskra stéttarfélaga að þurfa að leita réttar síns í útlöndum og ef í ljós kemur að setning þessara bráðabirgðalaga brjóti ef til vill í bága við marga erlenda samninga sem íslenska lýðveldið á aðild að og hefur skrifað undir. Það kann að vefjast fyrir þeim að leika sama lýðræðisleikinn á erlendri grund og þeir hafa gert hingað til.

Saga þess félags sem hér um ræðir, BHMR, er í rauninni alveg með eindæmum, þ.e. saga samskipta þess við ríkisvaldið. BHMR-félögin fengu samningsog verkfallsrétt 1. jan. 1987. Það er skemmst frá því að segja að það hefur varla ríkt friður um þeirra samninga síðan. Tæplega helming þess tíma hafa samningar þeirra verið í gildi og í friði. Samningar hafa verið runnir út, lausir, í yfir 100 daga án þess að nýir samningar lægju. Verkföll ýmissa BHMR-félaga hafa staðið í 88 daga og samningar ónýttir með bráðabirgðalögum í 669 daga, þ.e. 40% af öllu því tímabili sem BHMR hefur haft samningsrétt. Þessar staðreyndir tala sínu máli og hljóta að vekja þá spurningu hvort það sé yfirleitt til nokkurs að gera samninga við ríkisvaldið eða hver sé yfirleitt staða þeirra sem þangað þurfa að sækja með samninga. Hvernig eiga næstu samningar við ríkisvaldið að fara fram? Hvernig verður hægt að tryggja að það verði ekki bara jafnóðum sett bráðabirgðalög eða einhvers konar lög eða með öðrum aðgerðum reynt að ómerkja þessa samninga eða breyta þeim með einum eða öðrum hætti?

Það væri fróðlegt að heyra skoðanir ráðherranna á því hvernig þeir hafa hugsað sér að bæta ekki bara fyrir misgjörðir sínar heldur bæta samskipti sín við stéttarfélög. Hvernig þeir hafa hugsað sér að öðlast aftur traust þeirra stéttarfélaga hverra meðlimir vinna hjá ríkinu, eða hvort þeim finnst það ástand sem nú ríkir vera viðunandi.

Það er líka umhugsunarvert hvort sú ríkisstjórn félagshyggju og jafnréttis sem nú situr er ekki öllum öðrum fremur að stuðla að einkavæðingu allrar þjónustu. Það hlýtur að vakna sú spurning til hvaða ráða fólk grípi þegar það getur ekki sótt sinn rétt til ríkisvaldsins og sótt sér þangað þau kjör sem sambærileg eru við markaðinn. Eflaust hljóta margir að horfa til þess möguleika að reyna að nýta menntun sína og reynslu á einkamarkaði en ekki í þjónustu hins opinbera. Framkoma ríkisvaldsins hefur í rauninni ýtt meira en nokkuð annað undir það að slíkt kynni að gerast.

Steingrímur Hermannsson sagði hér áðan að óþarfi hefði verið að kalla saman Alþingi. Það eru aldeilis kveðjurnar sem Alþingi Íslendinga fær. Hann fullyrti að meiri hluti væri fyrir setningu þessara laga. Nú efast ég ekki um að ráðherrar hafi allir haft samband við sína þingmenn þannig að forsrh. fari þar með rétt mál. En nú er það einu sinni svo að Alþingi er ekki bara saman sett af meiri hluta, þar er líka minni hluti, þar er líka stjórnarandstaða og hún á sama rétt og þeir sem mynda meiri hluta hverju sinni til þess að fá mál til umfjöllunar. Það er furðulegt ef meiri hluti getur gefið sér það fyrir fram að þeir hafi svo rétt fyrir sér og þeim skeiki hvergi þannig að það sé óþarfi að kalla aðra til. Er það algjörlega útilokað að stjórnarandstaða kunni að geta bent á eitthvað það sem betur mætti fara? Er það algjörlega útilokað að eitthvað það kæmi

fram í nefndarstörfum sem kynni að breyta ákvörðuninni? Ég hélt að til þess væru störf Alþingis að fjalla um mál áður en teknar eru ákvarðanir en ekki að það verði ákveðið fyrir fram að ákvarðanir séu réttar og því óþarfi að fjalla um þær.

Það hefur vissulega oft hvarflað að manni hér að hið eina rétta væri eftir að búið er að kjósa og mynda meiri hluta að senda þingið heim. Því að svo frekt er framkvæmdarvaldið til fjörsins að það heyrir til undantekninga að lagafrv. sem frá ráðherrum koma taki breytingum hér á Alþingi. Oft gerist það hér að stórum málum, kannski stærstu málum hvers þings, er rutt hér í gegnum þingið með slíku offorsi að varla gefst nokkur tími til umfjöllunar. Í því felst auðvitað ekkert annað en yfirlýsing um það að umfjöllun þingsins sé einskis virði. Þetta sé eins og hvert annað leiðindaverk að þurfa að bera pappírana ofan úr ráðuneytum hingað niður í þing til þess að fá þá stimplaða til þess að geta farið með þá upp í ráðuneyti aftur og hrint í framkvæmd.

Þegar svona er málum komið fer maður nú að efast um á hverju þetta lýðræðis- og þingræðisþjóðfélag okkar byggir. Þegar mönnum finnst óþarfi að leita til þings þá náttúrlega segir sig sjálft að það er miklu þægilegra að nota þá aðferð að setja sem flest lög þegar þing situr ekki. Þá geta þeir sparað sér þessi spor hérna niður eftir og þurfa ekkert að vera að hlusta á það sem engu máli skiptir líklega, það sem stjórnarandstaðan segir. Þeir þurfa ekki að gefa tíma til þess að nefndir þingsins fjalli um málið. Þeir geta bara hagað hlutum eftir eigin geðþótta. Það kann að vera ein orsökin fyrir því hvað bráðabirgðalög eru títt notuð hér á landi að það sé almenn skoðun að óþarfi sé að kalla þing saman.

Steingrímur Hermannsson sagði líka að þjóðinni væri mikilvægast af öllu nú að ná tökum á efnahagsmálum og það átti að vera réttlæting fyrir setningu þessara bráðabirgðalaga. Ég sagði hér í umræðum um stefnuræðu forsrh. í gær, og það hafa auðvitað fleiri sagt, að setning þessara bráðabirgðalaga snúist ekki um krónur heldur grundvöll lýðræðis og mannréttinda. Spurning er hvort þjóðinni sé mikilvægara að ná tökum á efnahagsmálum eða að halda í heiðri stjórnarskrá, lýðræði og mannréttindi, auk þess sem ég leyfi mér nú að efast um að sú umsamda hækkun, sem átti að koma til framkvæmda 1. júlí 1990, hefði kollvarpað öllum áformum ríkisstjórnarinnar um að ná tökum á efnahagsmálum. En þetta vekur líka þá spurningu: Hver er staða einstaklingsins í þjóðfélaginu? Það er nefnilega líka mikilvægt fyrir einstaklinginn að ná tökum á sínum efnahagsmálum, efnahagsmálum heimila, efnahagsmálum fjölskyldna. Það hefur fólk á Íslandi neyðst til þess að gera meira og meira með aukinni vinnu, með ófyrirsjáanlegum og ómælanlegum afleiðingum bæði fyrir fullorðna og börn. En nú vitum við það, ef við höfum ekki vitað það áður, hvað íslensku þjóðinni er mikilvægast: Henni er mikilvægast af öllu að ná tökum á efnahagsmálum. En í framhaldi af því hlýtur maður að spyrja: Er einstaklingurinn til fyrir þjóðfélagið og kerfið eða er þjóðfélagið og kerfið til fyrir einstaklinginn og til þess að þjóna honum? Nú er auðvitað ekki hægt að skilja þetta tvennt að, en hæstv. forsrh. hikaði ekki við að gera það og tíunda hvað er mikilvægast. Í hans augum er sem sagt kerfið miklu mikilvægara en einstaklingurinn.

Forsrh. svaraði þeirri spurningu hvort hér væri ástæða til að koma á stjórnarskrárdómstóli á þann veg að hann teldi ekki ástæðu til þess. Hann treysti almennum dómstólum til að fjalla um stjórnarskrána. Hann treystir sem sagt almennum dómstólum til að fjalla um stjórnarskrá Íslendinga en hann treystir ekki dómstólum til að fjalla um kjarasamninga. Það virðist því vera undir geðþótta komið, geðþótta annaðhvort einstakra ráðherra eða geðþótta hverrar ríkisstjórnar hvort og hvenær þær treysta dómstólum. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji það virkilega vera í sínum verkahring að ákveða hvenær hann treystir dómstólum og hvenær ekki. Og ef svo er hvað er þá orðið um þrískiptingu valdsins?

Að síðustu vil ég láta í ljósi þá von að þetta mál fari fljótt og vel til nefndar og komi þaðan skjótt aftur til þess að Alþingi Íslendinga gefist kostur á að greiða atkvæði um þessi lög. Þrátt fyrir fullyrðingu forsrh. um meiri hluta vil ég minna á 48. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að hver þingmaður fylgi aðeins eigin sannfæringu. Ég trúi því ekki að óreyndu að það sé í raun sannfæring meiri hluta þingmanna á Alþingi Íslendinga að það sé í lagi að svipta fólk lýðréttindum og mannréttindum með bráðabirgðalögum af þessu tagi.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill minna sjálfan sig og hv. þingdeildarmenn á 35. gr. þingskapanna sem varðar það hvernig menn ávarpa þingmenn og ráðherra. En annað gildir um útvarpsumræður og þar sem þær eru nú skammt að baki þá hefur forseti skilning á því að menn hneigist til að nefna menn með nafni eins og þingsköp heimila í útvarpsumræðum.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. sem ber það sakleysislega heiti „Frv. til laga um launamál", en er í raun frv. til laga um staðfestingu á þeim bráðabirgðalögum sem hæstv. ríkisstjórn setti á sl. sumri og beindist sérstaklega að samningum hennar sjálfrar við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

Þetta frv. og öll málsmeðferð sem að baki liggur er eitt alvarlegasta dæmi um siðferðisbrest í stjórnmálum sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum. Í þessu máli hafa samningar ekki staðið. Í þessu máli hafa orð ekki staðið og í þessu máli hefur niðurstaða æðsta dómstóls þjóðarinnar ekki verið virt. Þetta er dæmi um alvarlegan trúnaðarbrest sem orðið hefur milli stjórnmálamanna og fólksins í landinu.

Fyrri ræðumenn í dag hafa gert þetta mál allítarlega hér að umræðuefni og rakið gang þess og sögu. Ég skal ekki fara mjög ítarlega út í þá sálma en það eru þó nokkur atriði, nokkrir atburðir sem tengjast þessu máli sem nauðsynlegt er að gera örlítið að umtalsefni,

þó í stuttu máli verði.

Það er upphaf þessa máls að hæstv. ríkisstjórn, hæstv. fjmrh. undirritaði samning við BHMR að loknu allhörðu og snörpu verkfalli. Þessi samningur var um margt sérstakur. Hæstv. fjmrh. lýsti honum sem tímamótasamningi á sínum tíma eins og margt af því sem hann gerir. Hann telur það yfirleitt marka tímamót sem hann gerir og svo var um þennan samning á sínum tíma. En í þessum samningi var það viðurkennt að leitast yrði við að lagfæra eða breyta launum háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna þannig að þau yrðu sambærileg við laun sambærilegra starfsstétta á hinum almenna vinnumarkaði.

Síðar gerðist það að svokölluð þjóðarsátt var gerð, þ.e. aðilar vinnumarkaðarins, vinnuveitendur og launþegasamtök, gerðu kjarasamning sem var á þann veg að fljótlega komu upp raddir um það að samningurinn við BHMR væri ekki í samræmi við þjóðarsátt. Það vakti strax athygli að hvorki hæstv. fjmrh. né ríkisstjórnin í heild gerði nokkuð til að hafa samband við BHMR til að taka upp viðræður við BHMR úr því að það var álit manna að þessi samningur gengi á svig við þjóðarsátt. Auðvitað bar ríkisstjórninni skylda til að taka upp slíkar viðræður úr því að hún var þessarar skoðunar. Það var t.d. athyglisvert að hæstv. forsrh. lét hafa eftir sér í Morgunblaðinu í ítarlegu viðtali sunnudaginn 19. ágúst sl. að hann teldi að það hefði átt að taka upp viðræðurnar við BHMR strax að lokinni þjóðarsátt. Hann segir í viðtali við Morgunblaðið, með leyfi forseta, það er hæstv. forsrh. sem hefur orðið:

„Hann leggur áherslu á að ítarleg tilraun hafi verið gerð til að ná samkomulagi við BHMR en án árangurs. Hann hefði verið talsmaður þess að viðræður yrðu teknar upp við BHMR strax að loknum þjóðarsáttarsamningunum um breytt viðhorf en það ekki fengið hljómgrunn innan ríkisstjórnarinnar."

Hér er hæstv. forsrh. auðvitað góða barnið eins og venjulega. Það eru einhverjir aðrir sem bera sökina, það voru aðrir sem komu í veg fyrir að ríkisstjórnin tæki upp viðræður við BHMR strax að lokinni þjóðarsátt. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvaða aðilar voru það innan ríksistjórnarinnar sem komu í veg fyrir að þessar viðræður yrðu teknar upp? Það væri auðvitað æskilegt að fá álit hæstv. fjmrh. á því líka. Var það kannski hæstv. fjmrh. sem kom í veg fyrir það að þessar viðræður yrðu strax teknar upp að lokinni þjóðarsátt? Fengu þessar hugmyndir hæstv. forsrh. ekki hljómgrunn hjá hæstv. fjmrh.? Þetta er auðvitað brýn nauðsyn á að verði upplýst hér í þessari umræðu.

Það sem næst gerðist var að ríkisstjórnin tók einhliða ákvörðun þann 12. júní, sendi tilkynningu til BHMR þess efnis að hún mundi ekki standa við þennan samning. Að öðru leyti voru samtökin ekki virt viðlits um það mál. Þetta var einhliða ákvörðun annars samningsaðilans um það að hann mundi ekki standa við samninginn að sínu leyti. BHMR sætti sig ekki við þessa niðurstöðu og málinu var vísað til dóms, félagsdóms, sem er æðsti dómstóll þjóðarinnar í málum sem þessum. Dómur var síðan kveðinn upp og sá dómur staðfesti að túlkun ríkisstjórnarinnar á þessum samningi fengi ekki staðist og að einhliða yfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar um að hún mundi ekki standa við samninginn, sem hún birti 12. júní, fengi ekki staðist. Þess vegna ætti samningurinn að halda fullu gildi sínu. Það er athyglisvert, ekki síst vegna viðbragða ýmissa hæstv. ráðherra, m.a. hæstv. fjmrh., strax eftir niðurstöðu dómsins að um þetta voru allir dómararnir sammála. Félagsdómur er fjölskipaður dómur, hann skipa fimm dómarar, m.a. á ríkisstjórnin sinn fulltrúa í þessum dómi, og það var athyglisvert að allir fimm dómararnir voru sammála um þessa niðurstöðu.

Það vakti auðvitað sérstaka athygli að viðbrögð hæstv. fjmrh. voru strax þau að byrja að skamma dóminn, það var dómurinn sem var vitlaus. Það var ekki samningurinn sem hann hafði gert og átti að standa við samkvæmt dómnum. Það var niðurstaða dómaranna sem var vitlaus og hafði hæstv. fjmrh. stór orð um það í fjölmiðlum fyrstu dagana á eftir. Þó mátti greina mjög ákveðin viðbrögð sumra ráðherra við þessum dómi. Halldór Ásgrímsson, hæstv. sjútvrh., gegndi þá starfi hæstv. forsrh. í forföllum Steingríms Hermannssonar. Hann lýsti því strax yfir í fjölmiðlum að bráðabirgðalög til að hnekkja þessum dómi kæmu ekki til greina. Og eins og hv. 12. þm. Reykv. rifjaði upp í sinni ræðu áðan þá var hæstv. fjmrh. einnig á sömu skoðun. Hann sagði í viðtali við DV að bráðabirgðalög yrðu ekki sett. Blaðamaður spyr, með leyfi forseta: „Kemur til greina að setja bráðabirgðalög á þessar hækkanir?" „Nei, það tel ég ekki vera, það kemur ekki til greina að setja bráðabirgðalög á niðurstöðu dóms."

Þetta álit stóð þó ekki lengi því að bráðabirgðalögin voru sett eins og öllum er kunnugt um. Þar með ógilti hæstv. ríkisstjórn sinn eigin samning. Hún ákvað að ganga í berhögg við niðurstöðu okkar æðsta dómstóls í þessum efnum. Það er auðvitað hreinn kattarþvottur sem hæstv. forsrh. hefur hér uppi í málflutningi í dag að dómnum hafi ekki verið breytt heldur aðeins forsendum dómsins. Slík rök fá auðvitað ekki staðist. Það sem gerðist var auðvitað að hæstv. ríkisstjórn sætti sig ekki við að þurfa að standa við eigin samning sem dómstóll vildi knýja hana til að gera og þess vegna voru sett þessi bráðabirgðalög. Ég hygg að þetta sé einhver grófasta misnotkun á bráðabirgðalagavaldi ríkisstjórnar sem við höfum séð dæmi um og þarf vafalaust að fara langt aftur í tímann til að finna sambærileg dæmi.

Það er athyglisvert að hugleiða ýmis ummæli og viðbrögð hæstv. ráðherra eftir að þessar umræður fóru allar í gang um dóminn, um bráðabirgðalögin og um samninginn. Hæstv. forsrh. hefur sagt, bæði í blaðaviðtölum sem ég vitnaði í áðan og hann sagði líka í sinni ræðu hér fyrr í dag: 1. gr. samningsins átti að halda. Hvaða atriði eru það í 1. gr. samningsins sem áttu að halda að mati hæstv. forsrh.? Í 1. gr. samningsins segir, með leyfi forseta:

„Endurskoða skal launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með tilliti til ábyrgðar, sérhæfni og menntunar sem nýtist í starfi. Skal þessi endur-

skoðun hafa það að markmiði að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og menn sem gegna hliðstæðum störfum eða hafa sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og ekki taka laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, enda sé þá tekið tillit til hlunninda og annarra atriða sem hafa áhrif á starfskjör. Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu."

Og í lokasetningu samningsins segir: „Tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði skulu ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun."

Það er einkum setningin um það að þetta valdi ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu sem forsrh. segir að hafi átt að halda. En út á hvað gengur þessi samningur BHMR? Þessi samningur gengur út á það að BHMR-fólk fái leiðréttingu, að laun þess verði gerð sambærileg og laun stétta í sambærilegum stöðum. Með öðrum orðum, þetta er samningur um að raska launahlutföllum í landinu, það er alveg ljóst. Hæstv. ríkisstjórn hefði aldrei gert slíkan samning ef hún hefði ekki viðurkennt að BHMR-fólk hefur haft lægri laun en sambærilegt fólk í öðrum störfum í þjóðfélaginu. Aðeins var spurningin um að finna réttar viðmiðanir, hvar ætti að nema staðar, hvar ætti að draga mörkin og hvað hækkunin þyrfti að vera mikil. En það er alveg ljóst að samningurinn var um það að raska því launakerfi sem komið er á í landinu, raska þeim launahlutföllum. Og þegar hæstv. forsrh. segir nú að 1. gr. hafi átt að halda, þá þýðir það með öðrum orðum: Við ætluðum okkur aldrei að standa við þennan samning. Við undirrituðum hann í erfiðri stöðu eftir langt verkfall. Við vissum hvað við vorum að gera, settum inn ákvæði sem áttu að halda, sem áttu að koma í veg fyrir að staðið yrði við þennan samning.

Það er fróðlegt, virðulegi forseti, að huga að ýmsum ummælum alþýðubandalagsmanna í sambærilegum málum í gegnum tíðina. Ég skal ekki tefja tímann á löngum upplestri á slíkum ummælum. Mér koma þó t.d. í hug orðaskipti sem ég átti við núverandi hæstv. menntmrh., Svavar Gestsson, í umræðum á Alþingi þann 18. apríl 1988. Þá var verið að ræða frv. sem ég, sem þá sat í sæti menntmrh., hafði lagt fram á þingi. Þá sagði hæstv. núv. menntmrh. Svavar Gestsson um mig:

„Hæstv. menntmrh. hefur lagt fyrir þingið mörg frv. og sum góð um skólamál. Þau frv. gera enga stoð, duga ekki neitt nema tekið sé á kjaramálum kennara. Það er gagnslaust að flytja fín frv. um að lagfæra skólana og skipulag skólamála í landinu öðruvísi en því fylgi marktækar tilraunir til að leysa kjaradeilur kennara og til þess að það verði gert þarf að koma í fjmrn. maður sem fjmrh. sem skilur að starf skólanna er líka undirstöðuatvinnuvegur ef við ætlum að lifa sem sjálfstæð menningarþjóð í þessu landi."

Skelfing hlýtur hæstv. menntmrh. að hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með þann mann sem settist í fjármálaráðherrasætið ef marka má þessi ummæli hans. (**Gripið fram í:** Það er nú opinbert leyndarmál.)

Annað dæmi og það er núv. hæstv. fjmrh. Hann hefur líka látið ýmislegt frá sér fara um þessi mál í gegnum tíðina. Hann ritaði grein í DV þann 11. mars 1987. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Það verður að veita þeim sem vinna við sköpun útflutningsverðmæta og þeim sem vinna við uppeldi æskunnar og umönnun sjúkra og aldraða forgang í nýju launakerfi. Ríkisstjórn og ráðamenn sem ekki gera slíka stefnubreytingu að kjarna allra aðgerða í kjaramálum eiga bókstaflega ekki rétt á að ráða örlögum Íslands. Þeir munu bera ábyrgðina á því að Íslendingar haldi áfram að dragast aftur úr öðrum þjóðum."

Þetta sagði hæstv. fjmrh. í grein í DV og það er ekki lengra en þrjú ár síðan. Nú hefur hann verið í þeirri stöðu að efna þessi stóru orð og ekki nóg með það. Hann skrifaði undir samning við BHMR sem átti að marka spor í þessa átt. En svo fór sem fór.

Ég ætla ekki að vitna í fleiri ummæli af þessu tagi. Þau eru mörg til og væri hægt að æra óstöðugan en þau sýna auðvitað það að það er yfirleitt ekkert að marka það sem alþýðubandalagsmenn segja. Orð þeirra standa yfirleitt ekki því að þeir eru ákaflega orðaglaðir þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, jafnvel í ríkisstjórn, en þegar til á að taka og þegar á að efna það sem sagt er, þá standast orðin ekki.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, vekja athygli á ummælum hæstv. forsrh. hér áðan, bæði um þetta mál og reyndar um fleiri mál sem hafa komið fram í umræðunni áður. Þessir samningar munu taka fullt gildi eftir þjóðarsátt, segir hæstv. forsrh., í september 1991. Það er auðvitað ekki stórmannlegt að koma fram, vísa hverju vandamáli sem menn standa frammi fyrir á fætur öðru aftur til september 1991, aftur til þjóðarsáttar eftir kosningar þegar ný ríkisstjórn verður tekin við völdum. Þannig er hverju vandamálinu á fætur öðru skotið á frest fram yfir kosningar. Það er ósköp auðvelt fyrir hæstv. forsrh. að standa hér og lofa nú BHMR: Þetta verður allt í lagi í september 1991, sú ríkisstjórn sem þá verður komin til valda mun standa við allt sem við höfum lofað.

Það er auðvitað engin hagfræði að halda því fram að allt færi úr skorðum nú ef þessi hækkun gengi í gegn. Maður hlýtur að spyrja sig í því sambandi: Verður eitthvað auðveldara í september 1991 að ráða við verðbólguna? Verða nokkur þau rök fyrir hendi þá sem gera það að verkum að þessi hækkun geti gengið í gegn og samningurinn í fullt gildi án þess að hafa áhrif á verðbólgustigið í landinu? Auðvitað sjá allir menn í gegnum málflutning af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Þessi lög eru vottur um siðferðisbrest íslenskra stjórnmálamanna. Þau fela í sér trúnaðarbrest milli fólks og þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Hver getur treyst slíkri stjórn til verka eftir að hún hefur orðið jafnber og raun ber vitni í þessu máli að málsmeðferð sem ber vott um slæmt pólitískt siðferði? Sjálfstfl. getur ekki sett stimpil sinn á slíkan gerning og mun því ekki styðja þetta frv.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það voru tiltekin ummæli í ræðu hæstv. forsrh. sem urðu til þess að ég bað um orðið

um þetta mál. Vissulega féllu mörg orð í ræðu hæstv. ráðherra sem voru þess eðlis að manni hnykkti við, en eitt var þó sýnu verst, og það var þetta: Ég sé ekki mikinn mun á því þegar fundið er út að meiri hluti þingmanna standi með bráðabirgðalögum og svo hinu að lög séu sett á Alþingi. Þessi yfirlýsing er svo alvarleg í lýðræðis- og þingræðisríki að ég tel sérstaka ástæðu til þess að vekja á henni athygli. Þessi yfirlýsing lýsir miklu meiru í fari hæstv. ríkisstjórnar en aðeins því sem kemur fram í þessu frv. og er það þó ærið. Þessi yfirlýsing felur í sér afstöðu sem hefur í mörgum ríkjum reynst mjög hættuleg og haft í för með sér margra ára ofstjórn. Það má e.t.v. segja að það kunni að vera afar meinlaust að hæstv. forsrh., forsrh. í lýðræðis- og þingræðisríki, í því ríki sem meira að segja telur sig móðurríki lýðræðis og þingræðis í Evrópu, með allri virðingu fyrir Grikkjum og því gamla lýðræði sem þar ríkti, þá er það svo að heyra slíkt af vörum íslensks forsrh., á þeim tímum sem hver þjóðin í Evrópu af annarri fórnar miklu til þess að öðlast frelsi og aukin áhrif á stjórn síns ríkis. Þetta er ekki einungis tímaskekkja heldur alvarlegur siðferðisbrestur. Og ekki einungis alvarlegur siðferðisbrestur heldur lýsir svo fullkominni foragt á Alþingi og hlutverki þess að forsrh. sem lætur sér slíkt um munn fara ætti sem fyrst að biðjast lausnar. Það má furðu gegna að ríkisstjórn undir slíku forsæti njóti meirihlutastuðnings Alþingis. Lítil þykja mér geð guma að láta slíkt yfir sig ganga án þess að segja nokkurn skapaðan hlut við því. Hefur þessa þó orðið vart í gerðum hæstv. ríkisstjórnar þótt ekki hafi það verið sagt með svo berum hætti fyrr en í dag.

Það má auðvitað segja að það væri þá kannski það næsta sem búast mætti við að ríkisstjórnin stæði að því að breyta lögum um samkomudag Alþingis þannig að það væri nú ekkert verið að koma saman 10. okt. heldur eins seint og verða má eftir stjórnarskránni, því ætla verður að hæstv. ríkisstjórn reyni að halda stjórnarskrána í heiðri í lengstu lög. Yfirlýsing hæstv. ráðherra hefði getað verið uppi höfð á dögum Estrups en hún á ekki heima á Alþingi 1990.

Herra forseti. Það er þrennt sem er alvarlegast við það frv. sem við höfum hér fyrir framan okkur og aðdragandann að því. Og það er þrennt sem líka sýnir að hæstv. ríkisstjórn hefur gerst ber að broti, alvarlegu broti á sviði siðferðis gagnvart almenningi. Það er brot gegn almenningi sem felst í því að samið er við hluta þess sama almennings með þeirri vitund að ekki sé ætlunin að standa við samninginn. Það er fyrsta atriðið sem er ljóst að er alvarlegra en svo að unnt sé að taka því. Eða getur það hugsanlega verið að einhverjir forustumenn í viðkomandi launþegasamtökum, eða öðrum launþegasamtökum, hafi gert sér ljóst að ríkisstjórnin ætlaði ekki að standa við þennan samning? Það kemur enn í ljós af orðum hæstv. forsrh. hér áðan að sjálf ríkisstjórnin virðist, ef dæma má eftir yfirlýsingum hæstv. ráðherra á sínum tíma, hafa lagt mismunandi skilning í hið óræða ákvæði, sem var með einum hætti 3. maí, öðrum hætti fyrir hádegi 14. maí og endanlegum hætti eftir hádegi 14. maí, í það ákvæði sem taka átti mið af jafnvægi á launamarkaði og almennri stöðu efnahagsmála.

Hæstv. ráðherra upplýsti það áðan, og það er reyndar ekki ný frétt, að það hafi þá þegar verið ljóst hvað í þessu fólst. Samkvæmt fyrri yfirlýsingum hæstv. fjmrh., sem var auðvitað samningsaðilinn af hálfu ríkisins, kvað hann það auðvitað ætlunina að standa við þennan samning að fullu, það voru hans svör þegar efasemdir voru uppi hafðar. Og eins og hv. 2. þm. Reykv. vitnaði til áðan þá voru yfirlýsingar hans nú í júlí aðrar fyrri hluta mánaðarins heldur en svo gerðir hans nokkrum dögum seinna. Með öðrum orðum, það er algjörlega ljóst að fólk getur ekki treyst samningi við sjálfa ríkisstjórnina. Hvaða áhrif hefur slík gjörð á almennt viðskiptasiðferði í landinu ef ríkisstjórnin, sem ætti að hafa tryggasta stöðuna á bak við sig, gerir samninga sem hún í fyrsta lagi ætlar ekki að standa við og í öðru lagi afnemur með lögum samkvæmt rökum sem ekki eru á því sviði sem sérstaklega hafa verið til umræðu við þann hóp sem samið var við heldur koma til umræðu í viðræðum við allt annan hóp? Hvers vegna var þá ekki samið við þann hóp?

Það má e.t.v. segja, eins og jafnvel hefur stundum flogið fyrir, að félagsmenn í félögum BHMR séu fólk sem búið sé að hlaða undir á einu skeiði ævinnar með því að veita því meiri og minni ókeypis menntun eða þá lán til framfærslu meðan á námi stendur og auk þess hafi það svo fengið sína menntun og hvers vegna skyldi það þá vera með þær launakröfur sem um er að ræða. Þessu bregður fyrir, en ég vil ekki trúa því að sú sé skoðun hæstv. ríkisstjórnar að hér sé um að ræða hóp sem ekki þurfi að gera vel við í þeim samningum þannig að sambærilegt sé við önnur ríki þar sem hinir sömu starfsmenn gætu allt eins unnið að sínum greinum, ég vil ekki trúa því að sú sé reyndin en ætla mætti að svo sé. Það er auðvitað ljóst að sá samningur sem hér er verið að ræða um og gerður var við félaga BHMR var auðvitað undirstaða ýmiss konar áætlana margra fjölskyldna í landinu. Í einu vetfangi kippti ríkisstjórnin fótunum undan þeim áætlunum. Við erum að ræða um fólk sem ekki hefur safnað sjóðum á meðan það var við nám, við erum að ræða um fólk sem hafði mjög takmarkaða afkomumöguleika á meðan það var við nám og stundum og oft á tíðum árum saman erlendis og kemur heim til fósturjarðarinnar til starfa, á eftir að koma upp húsnæði yfir sig og sína. Það má nærri geta hvernig staða þessa fólks er þegar horft er framan í viðbrögð ríkisins og aðalviðsemjenda af þessu tagi, því það þarf auðvitað ekki að taka fram að flest af þessu fólki er við störf hjá hinu opinbera.

Það er ekki lengra síðan en í gærkvöldi að hæstv. forsrh. lauk ræðu sinni á að tala um mikilvægi þekkingarinnar í landinu og að koma yrði í veg fyrir fólksflótta af því tagi sem stundum er nefndur atgervisflótti. Á sama tíma er komið fram með þessum hætti gagnvart þessum hópi fólks. En ég undirstrika að það er í raun og veru ekki það sem er aðalatriðið. Aðalatriðið er ekki hvaða hópur á í hlut heldur almennt að hver sá sem semur við ríkisvaldið geti treyst því að við það sé staðið sem samið er um og það sé ljóst um

hvað samið er. Að ekki sé samið með svo sviksemislegu orðalagi að hæstv. ríkisstjórn geti túlkað það sér í vil og viðsemjandinn túlki það með öðrum hætti sínum félagsmönnum í vil. Eins og hv. alþm. muna fylgdu yfirlýsingar af hálfu hæstv. fjmrh. um að vitanlega yrði við þetta staðið og þær ítrekaði hann nú í sumar en brugðust svo herfilega sem raun ber vitni.

Þetta er fyrsta alvarlega atriðið, að samningar ríkisins sjálfs við sína eigin starfsmenn standa ekki og þeir hinir sömu ráðherrar sem sömdu standa að því að afnema sína eigin gjörð með lögum, bráðabirgðalögum.

Í öðru lagi er bresturinn fólginn í því að það er ekki einungis að Alþingi sé sýnd fullkomin foragt eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. hér áðan, heldur og dómstólum. Ekki er fyrr fallinn dómur félagsdóms, sem kemst að annarri niðurstöðu en ríkisstjórninni var þóknanleg, en því er lýst yfir að félagsdómur hafi nú farið út fyrir verksvið sitt, hann eigi ekki að fjalla um efnahagsmál, hann svífi í efnahagslegu tómarúmi og fleira af þessu tagi hraut af vörum hæstv. fjmrh. Ef dómstóll getur ekki tekið mið af forsendum sem byggjast á viðhorfum almennrar skynsemi til efnahagslegra stærða, þ.e. til launamála í þjóðfélaginu, þá sé ég ekki að ríkisstjórnin trúi dómstólum yfirleitt til nokkurs hlutar sem yrði öðruvísi en ríkisstjórnin sjálf gefur forskrift um. Svo augljóst er það. Enda er það fremur spaugilegt þegar hæstv. forsrh. gefur svo hvað eftir annað yfirlýsingu um að vissulega hafi dómnum ekki verið breytt heldur forsendum hans. Ég veit frá löngu liðinni tíð og enn í dag að hæstv. forsrh. er íþróttamaður góður en mér þykja þurfa að koma til töluvert miklir loftfimleikar í hugsuninni til þess að hægt sé að ná því einhvern veginn að það sé hægt að breyta forsendum sem voru til staðar á tilteknum tíma þegar dómur er upp kveðinn. Engin lög eða nein aðgerð getur breytt forsendum eftir á. Það er einhver brotalöm í rökhugsuninni í þessu frá mínu sjónarmiði séð. Ég hef reynt að skilja hvað forsrh. meinti, það hefur nú stundum verið svo að við sjálfstæðismenn höfum með einhverjum hætti getað skilið a.m.k. hvað það er sem þeir vilja meina, en ég segi það satt að mér er ekki nokkur lifandi leið að skilja þetta.

Það er ljóst að sú niðurstaða sem félagsdómur komst að var að engu höfð og til þess að festa í sessi þá algjöru vanvirðingu á niðurstöðu félagsdóms sem var í huga ríkisstjórnarinnar voru bráðabirgðalögin sett. Það má kalla það hvað sem er en hvað sem það er kallað þá er þetta að breytt er niðurstöðunni með bráðabirgðalögum. Og það er það sem verst er. Vissulega hefur það vafalaust hundrað sinnum gerst í sögu Alþingis að dómur félli með einhverjum hætti og við það komist Alþingi að þeirri niðurstöðu að tiltekin lög séu gölluð og þeim þurfi að breyta því að dómurinn fellur ekki öðruvísi en í samræmi við lögin. Í þessu tilfelli þurfti að fella dóminn í samræmi við samninginn líka. Og hann var svona. Engin gerð breytti því hvernig samningurinn var þá. Svo einfalt er það. Því er það að annað brotið felst í fullkominni fyrirlitningu ríkisstjórnarinnar á félagsdómi og gerðum hans sem er afar alvarlegur hlutur vegna þess hve marga borgara og fjölskyldur í landinu sú stofnun snertir og hvílíkt öryggi í því felst fyrir allan vinnumarkaðinn að störf þeirrar stofnunar séu virt.

Síðan var það þriðja brotið sem var svo augljóst og aldrei hefur verið lýst með skýrari hætti en með orðum hæstv. forsrh. sjálfs nú áðan þegar hann lýsti því, eftir að hafa gert grein fyrir því að hann teldi að nauðsynin til setningar bráðabirgðalaga hefði aldrei verið jafnbrýn. Það var hans álit. Ég efast um að það sé í raun og veru álit nokkurs nema hans og kannski hæstv. fjmrh. og af hollustu við þá hafi síðan stjórnarflokkarnir fylgt því. Eigi skal ég dæma um það né heldur hef ég haft tækifæri til að kynna mér afstöðu einstakra þingmanna og hvaða rök liggi til hennar í því sambandi. Þegar hæstv. forsrh. hafði gert grein fyrir því að hann teldi nauðsynina svo brýna að afnema gerð hæstv. fjmrh. þá skýtur hann því skjólshúsi yfir hæstv. fjmrh. að segja að það sé algerlega óþarft að bera slíkt mál sérstaklega undir Alþingi því fylgi hafi verið kannað í þingflokkum stjórnarinnar og það hafi virst vera fyrir hendi. Þess vegna sagði svo hæstv. forsrh. að hann sæi nú ekki ósköp mikinn mun á því hvort gengið væri frá þessu með bráðabirgðalögum að lokinni þess konar athugun, og svo hins að setja lög á Alþingi.

Ég hygg, herra forseti, að á langri þingævi hafi ég aldrei fyrr eða síðar heyrt önnur eins ummæli af hálfu forsrh. Og ég bið um það að hæstv. forsrh. endurskoði þessi ummæli sín og taki þau til baka. Þótt ég sé ekki stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar þá er þetta svo alvarlegt gagnvart almenningi í landinu og stjórnskipan landsins að hvort við erum fylgismenn ríkisstjórnarinnar eða stjórnarandstæðingar þá eigum við ekki að líða slík ummæli af hálfu forsrh. Ég sé á blíðusvipnum á andliti hæstv. forsrh. að hann ætlar nú að gera þetta fyrir okkur og segja að sér hafi orðið mismæli, enda er ég hrædd um að hæstv. fjmrh. hafi einhvern veginn platað hann til þess að segja þetta.

Auðvitað var ég í hópi þeirra þingmanna sem undruðust mjög að hæstv. forsrh. skyldi virkilega fara að mæla fyrir þessu frv. í fjarveru hæstv. fjmrh., í lögmætri fjarveru hæstv. fjmrh. Það gegndi nokkurri furðu og ég vil ætla að það hafi nú reyndar verið tilviljun að það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að hann hefði haft þann skilning á þessu umdeilda ákvæði í margumræddum samningi við BHMR sem leiddi til setningar bráðabirgðalaganna, þ.e. að það væri ljóst að nokkrar aðrar breytingar mundu raska grundvellinum undir þessu öllu saman. Ég skil það svo að hæstv. forsrh. hafi verið það ljóst frá upphafi að það yrði ekki staðið við þennan samning ef einhver önnur samtök hreyfðu sig á hinum frjálsa vinnumarkaði. Hins vegar hefur fjmrh. lýst því margsinnis yfir, a.m.k. á fyrri tíð, að hann mundi standa við samninginn. Ég get ekki dregið aðra ályktun en þá að það hljóti að vera vegna þess að hæstv. fjmrh. hafi skilið hann öðruvísi en hæstv. forsrh. Ef maður reynir að horfa á þessi orð þessara pólitísku andstæðinga sinna með nokkrum velvilja, þá hlýtur maður að álykta að sú hafi verið raunin, að þeir hafi alls ekki skilið þetta með sama hætti.

Það er auðvitað mjög erfitt að halda saman ríkisstjórn sem skilur afstöðu til stærstu grundvallarmála með mismunandi hætti, það er rétt. Og þess vegna er það ekki að ófyrirsynju sem ég las í tímariti nokkru nú fyrir skömmu, sem gefið er út af norrænum félagasamtökum, ekki á vegum ríkisstjórna eða þingmanna, að hæstv. forsrh. ætti mikið lof skilið fyrir að geta haldið saman þessum ólíku öflum hvað sem á dyndi og hvernig sem í odda skærist. Því er það að niðurstaða mín af öllum þessum hugleiðingum, sem þó hafa ekki verið nema um algerar útlínur, getur ekki orðið önnur en sú að hin brýna nauðsyn, sem hæstv. forsrh. sagði að aldrei hefði verið brýnni, til að setja bráðabirgðalög eins og þessi nú í sumar var einmitt ein af þessum aðgerðum til að halda saman þessari ríkisstjórn ólíkra afla. Ríkisstjórn sem hefur misst tiltrú almennings í landinu, sem sýnir dómstólum óvirðingu og Alþingi óvirðingu með þeim hætti sem gert hefur verið í þessu máli, að sú nauðsyn hafi verið brýnni en að orð væru haldin, að niðurstaða félagsdóms væri virt og að leitað væri til Alþingis með þeim hætti sem vera bar.

Ég vil að lokum, herra forseti, segja það að það er mitt álit og ég held allra minna flokkssystkina, ef ekki stjórnarandstöðunnar allrar, að ég hef ekki orðið vör við annað en það álit að við teljum að sú nauðsyn sé brýnust í íslenskum stjórnmálum í dag að þessi hæstv. ríkisstjórn beiðist lausnar sem fyrst og taki til við önnur störf.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um launamál sem liggur hér frammi til umræðu og er flutt af hæstv. ríkisstjórn er einstakt í þingsögunni. Það er einstakt hvað varðar lagatilbúning þessa máls. Það er einstakt að því leyti til að aldrei áður hefur verið flutt frv. til laga sem á að ógilda dóm og fjallar jafnframt um það að hér eigi að fara fram eignaupptaka.

Ég hef tvisvar tjáð mig um þessi mál áður opinberlega utan þings, í greinum sem ég reit 10. ágúst og 24. ágúst í Morgunblaðinu og get vitnað til þeirra greina um mörg þau atriði sem hér hefði auðvitað þurft að taka frekar til umræðu.

Það er alvarlegt mál þegar ríkisstjórn ákveður að setja bráðabirgðalög. Og það er öllu alvarlegra þegar bráðabirgðalög eru sett, sem er álitamál hvort ríði í bága við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. En spurningin er hvort hægt sé að taka tiltekna eign af fólki án fullra bóta þegar dómur hefur úrskurðað þetta lögmæta eign viðkomandi.

Í 67. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um friðhelgi eignarréttarins. Bæði Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson töldu að eigi væri heimilt að gefa út bráðabirgðalög um hvaða efni sem er. Í 1. mgr. 28. gr. stjórnarskrárinnar segir að bráðabirgðalög megi ekki ríða í bág við stjórnarskrána. Með þessu er einungis átt við þau fyrirmæli stjórnarskrárinnar sem varin eru af 1. mgr. 79. gr. hennar, sbr. Bjarni Benediktsson, Íslensk stjórnlagafræði II, bls. 59 og Ólafur Jóhannesson, Stjórnskipun Íslands, bls. 328. En það verður að telja að 67. gr. stjórnarskrárinnar sé þannig háttað. Útgáfa þessara bráðabirgðalaga er því brot á stjórnarskrá.

Nú hlýt ég að spyrja hæstv. forsrh. hvað hæstv. ríkisstjórn muni gera ef dómur fellur í þá veru, sem ég þykist vita, að þessi lög brjóti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins. Hyggst hæstv. forsrh. segja af sér eða hyggst hann sitja áfram? Ég tel enn fremur nokkuð ljóst að það er ekki hægt að afgreiða þessi lög frá Alþingi fyrr en fyrir liggur dómur í máli sem þegar hefur verið höfðað um þetta atriði. Niðurstaða dómstólanna verður að liggja fyrir. Það verður að liggja fyrir hvort ríkisstjórnin hafi brotið þau grundvallaratriði stjórnarskrárinnar sem hér er fjallað um. Það er ekki nokkur vafi að hér eru mjög alvarlegir hlutir á ferðinni.

Það hefur verið fjallað hér um útgáfu bráðabirgðalaga og deilt hart á það hvort setja eigi þau eins oft og raun ber vitni. En mun alvarlegra er hins vegar það ef bráðabirgðalög stangast á við stjórnarskrána. Einn af talsmönnum ríkisstjórnarinnar, hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, gagnrýndi mjög harðlega útgáfu þessara laga. Raunar er vitað að nokkrir stjórnarþingmenn styðja ekki útgáfu laganna.

En það er ekki nóg með það að hér sé um lög að ræða, sem séu óvenjuleg hvað þetta varðar, heldur er sú aðferð sem beitt hefur verið í þessu máli mjög óvenjuleg. Þá á ég við þátt verkalýðshreyfingarinnar, þátt þeirra manna sem stóðu að kjarasamningum eftir að BHMR hafði gert sína samninga, einnig þátt atvinnurekenda og síðan þátt ríkisstjórnarinnar og þátt þingmanna sem styðja ríkisstjórnina. Það er fáheyrt að samið sé um það að kjarasamningar sem þegar hafa verið gerðir skuli falla úr gildi. Það er fáheyrt að það skuli tekið aftur með lögum með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Eftir niðurstöðu félagsdóms liggur ljóst fyrir að þau 4,5% sem BHMR-félagar fengu eru eign þeirra. Með þeim lögum sem hér liggja fyrir hefur þessi eign verið tekin af félögum BHMR. Því er um skýlaust brot á stjórnarskrá Íslands að ræða. Þetta er upptaka eigna sem eru varðar af stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Ég tel að þeir aðilar, sem hafa staðið að þessum samningum og þessari lagasetningu, hafi farið langt út fyrir það umboð sem hægt var að veita þeim samkvæmt grundvallarreglum íslenska lýðveldisins.

Ég hef margoft sagt það hér og ætla að segja það enn einu sinni að stjórnarskráin verður aldrei betri en þingmennirnir sem sitja á Alþingi hverju sinni. Það er því krafa til stjórnarþingmanna að þeir veiti þinginu þá virðingu að greiða atkvæði gegn slíkum lögum, þeir veiti stjórnarskránni þá virðingu. Ef ekki, þá er það rétt sem ég hef sagt hér, að það breytir engu sem stendur í stjórnarskránni, hvort við höfum eina þingdeild eða tvær þingdeildir. Það sem skiptir máli er það að menn vinni heimavinnuna og haldi þau lög og þau stjórnlög sem í landinu eru.

Útgáfa þessara bráðabirgðalaga er ríkisstjórninni til hneisu. Það hlýtur að vera krafa að þingmenn stjórnarliða komi og tjái sig um þetta mál því annars verður að líta svo á að þeir beri enga virðingu fyrir Al-

þingi og það sé því rétt sem almannarómur segir, að virðing Alþingis fari hnignandi.

Það er sorglegt að vita til þess að ráðamenn íslensku þjóðarinnar skuli fara hér að eins og raun ber vitni. Ég held einnig að ef það virðingarleysi sem hér ríkir fyrir grundvallaratriðum í stjórnskipun Íslands heldur áfram með þessum hætti verðum við það ríki sem fyrst tapar sjálfstæði sínu. Og ég held að þingið, Alþingi Íslendinga, hljóti að taka meiri völd í sínar hendur. Alþingismenn, þó þeir styðji þessa ríkisstjórn, geta ekki verið þekktir fyrir að sitja aðgerðalausir hjá þegar svo veigamikið mál liggur hér fyrir. Það er ekki hægt að gera þjóðarsátt um það að brjóta stjórnarskrána. Það er ekki hægt að gera þjóðarsátt um að traðka á helgustu réttindum sem lög íslenska lýðveldisins veita okkur. Það er ekki þjóðarsátt. Það minnir frekar á þegar fulltrúar í einræðisríkjum koma fram á tyllidögum og segja okkur að þeir séu fulltrúar þjóðarinnar. Þeir menn geta aldrei verið fulltrúar þjóðarinnar sem fara þannig með helgustu lög íslenska lýðveldisins að þau ríða í bága við hana.

Ég tel að þó að haldið sé aftur af verðbólgunni megi ekki gera það með þeim hætti að það ríði í bága við stjórnarskrána. Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins er æðri en nokkurt það atriði sem ríkisstjórn getur framkvæmt, hún er æðri en svo að hægt sé að fara með hana eins og einhverja ómerkilega reglugerð sem hefur verið gefin út í ráðuneytunum.

Ég tel nauðsynlegt að hæstv. forsrh. svari því hér og nú hvað ríkisstjórnin muni gera ef dómur fellur, sem ég tel að sé nokkuð ljóst, henni í óhag. Mun hún gera eins og þegar félagsdómur féll, að telja sig yfir dómstóla landsins hafna, eða mun hún víkja og segja af sér? Þetta eru atriði sem við hljótum að vilja fá svarað. Það er hættulegt að slíkir menn skuli vera nú við völd sem ekki víla fyrir sér að setja lög með þessum hætti.

Það er stórkostlegt ábyrgðarleysi sem felst í útgáfu slíkra laga. Og það er stórkostlegt gáleysi, að ekki sé meira sagt, af þingmönnum þessarar ríkisstjórnar ef þeir ætla að láta þessi mál halda áfram með þeim hætti sem hér hefur komið í ljós.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að holur hljómur væri í Sjálfstfl. í þessu máli. Ég held að hv. þm. hefði átt að lesa það sem við þingmenn Sjálfstfl. höfum skrifað um þetta og látið frá okkur fara áður en hann hafði þau orð uppi. Það er hins vegar holur hljómur í stjórnarþingmönnum sem standa hér upp, eins og áður hefur komið fyrir, og lýsa yfir andstöðu í málum, við ríkisstjórnina, en hlaupa síðan undan þegar á hólminn er komið með sérstökum bókunum í atkvæðagreiðslum. Ég skora á þingmenn ríkisstjórnarinnar að hafa kjark til að rísa upp og halda í heiðri stjórnarskrá lýðveldisins.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal reyna að svara í stuttu máli því sem til mín hefur verið beint. Ég vil fyrst taka það fram að mér þótti vænt um að heyra það frá hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur að hér væri ekki verið að setja sýningu á svið í einhverri atkvæðaleit og ég vona að það hafi komist til skila til þeirra sem fylltu hér pallana við utandagskrárumræðuna fyrir helgina og svo aftur nú því að hér er vissulega um mjög stórt og alvarlegt mál að ræða sem við þurfum að ræða án slíks og ræða vitanlega á mjög breiðum grundvelli, ræða m.a. afleiðingar af því ef þetta hefði ekki verið gert, sem mér finnst því miður æðimargir vísa til hliðar.

Hv. þm. spurði hvort gjafsókn yrði veitt ef um hana yrði sótt. Það hefur ekki verið um hana sótt. Það mun að sjálfsögðu verða um hana fjallað eins og aðrar umsóknir um gjafsókn og þar er það dómsmrh. sem verður að taka ákvörðun, ekki ríkisstjórnin, en venjulega er það byggt á þeim reglum sem hafa gilt um gjafsókn, þeim fordæmum sem eru o.s.frv., og ég þori ekki að svara þeirri spurningu, hvorki játandi né neitandi, á þessari stundu, en um hana hefur ekki verið sótt. Það er misskilningur hjá hv. þm. að ekki verði heimilt að segja upp þessum samningi BHMR ef öðrum samningum er sagt upp, það segir beinlínis í, ef ég man rétt, 4. gr. frv. að verði samningum á hinum almenna markaði eða samningi ríkisins og BSRB sagt upp skuli aðrir aðilar hafa heimild til að segja upp sínum samningi með eins mánaðar fyrirvara. Ég hygg að hv. þm. muni sjá það í frv. og bráðabirgðalögunum.

Jú, það var athugað hvaða áhrif 4,5% hækkun hefði á verðbólguskrúfuna. Hins vegar er það mjög erfitt mál því að í það mat verða að koma áhrif 4,5% hækkunar á almenn laun, t.d. í fiskvinnslu og útflutningsiðnaði. Það var mat þeirra sem við var rætt að slík hækkun hlyti að leiða til þess að bæta þyrfti samkeppnisstöðu fiskvinnslunnar með gengisfellingu. Ég held að reynslan sýni okkur að slíkt leiðir náttúrlega til víxlhækkana sem mjög erfitt er að segja hvar stöðvast. Bein áhrif af 4,5% hækkun án þess að nokkuð annað kæmi til, þ.e. víxlverkanir, voru líka skoðuð. Mig minnir að þá hafi verið metið að verðbólga yrði af þeirri ástæðu einni af stærðargráðunni 10–11%. Vitanlega er það ekki nema hluti af því sem yrði ef um víxlverkanir yrði að ræða með gengisbreytingum o.s.frv. Náttúrlega var alvarlegasta atriðið í þessu það að þá væri vafalaust sá samningur sem gerður var á hinum almenna markaði brostinn, þ.e. honum hefði verið sagt upp og algjör óvissa þá í launamálum. Satt að segja hélt ég að þetta hefði ekki farið fram hjá neinum manni því að forustumenn launþega tóku mjög djúpt í árinni þegar þeir voru spurðir um afleiðingar af slíkri hækkun.

Hvers vegna ekki viðræður? Það er hárrétt, sem kom fram einnig hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að ég nefndi að rétt væri að fara í viðræður. Þetta var rætt og það verður að segjast eins og er að flestir, og reyndar ég einnig, töldu að þetta ákvæði í 1. gr., um að þannig skyldi staðið að þessum samningum að ekki ylli almennum breytingum á kjarasamningunum, stæðist, hvernig þetta er nú orðrétt, ég ætti reyndar að muna það. Reyndar var það minn skilningur, eins og kemur fram í þeirri samantekt sem ég bað þann mann að gera sem var með mér í þessum viðræðum, að fullur skilningur væri á milli samningsaðila, að þetta mætti ekki verða til almennrar hækkunar og þannig breyta þeim almennu kjarasamningum sem hefðu verið gerðir, enda

alveg ljóst að þá hefðu háskólamenntaðir menn bókstaflega ekkert upp úr krafsinu.

Einnig var sú skoðun mjög ríkjandi að afar vafasamt væri að samanburðurinn leiddi til nokkurs tilefnis til hækkunar. Það voru verulega skiptar skoðanir hjá þeim mönnum sem að þessu unnu. Meðal annars t.d. á mati á ýmsum kjaraliðum opinberra starfsmanna, hvernig á að meta þau fríðindi sem felast í verðtryggðum lífeyrissjóði. Mat á slíkum lífeyrissjóði var frá 3% upp í 14–15% í launum. Og það var skoðun allra þeirra manna sem að þessu unnu lengi framan af að takast mundi að ljúka þessum samanburði fyrir 1. júlí. Þetta var því metið og þetta var rætt og ekki var talin rík ástæða til að hefja þessar viðræður. Ég átti einn fund með forustumönnum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna þar sem þessi mál bar m.a., að vísu lauslega, á góma.

Hér hefur hvað eftir annað verið sagt að ekki hafi verið staðið við niðurstöðu félagsdóms. Það er ekki rétt. Farið var að lögum, 4,5% hækkun var greidd út í tvo mánuði. Það var fullkomlega farið eftir niðurstöðu félagsdóms að þessu leyti. Hins vegar, eins og ég hef margsinnis sagt, var síðan ákveðið með lögunum, af þeim ástæðum sem ég hef rakið, að breyta þessum samningum með lögum, breyta þeim ákvæðum samninganna sem greiðslurnar byggðust á. Það er því misskilningur hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni að niðurstaða dómsins hafi ekki verið virt. Hún var virt. Það var borgað út í tvo mánuði eða þar til ný lög tóku gildi sem breyttu þeim forsendum sem þarna var byggt á. Það eru þess vegna ekki sett bráðabirgðalög á niðurstöðu dómsins.

Ég verð að vísa því mjög harðlega á bug að ríkisstjórnin hafi ekki ætlað að standa við samninginn. Þetta er náttúrlega slík fullyrðing að það er ekki hægt að láta hana standa. Það var unnið mjög ötullega að þessari samningsgerð og ég vil leyfa mér að halda því fram að það hafi verið mikill skilningur á milli aðila, a.m.k. get ég borið það þann tíma sem ég tók þátt í þessu. Menn lögðu sig fram við að reyna að gera samning sem gæti leiðrétt, ef ástæða væri til að leiðrétta, hjá háskólamenntuðum mönnum. Ég fór áðan vandlega yfir þær ítarlegu viðræður sem fóru fram um þessa 1. gr. samningsins og það ákvæði sem hér hefur hvað eftir annað verið vísað til. Það var gert í góðri trú. Félagsdómur kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að byggja á þessu ákvæði. Ég hef ekki vefengt það. Ég hef mínar skoðanir að sjálfsögðu á því, en ég sé ekki að mér sé kleift að deila við dóminn í þessu sambandi. Ég vísa til þess sem segir í dómsorðinu, að þetta ákvæði nái ekki til þess hluta 5. gr. sem fjallar um hækkun ef ekki er lokið þessum samanburði. Ég vil hins vegar leyfa mér að leggja áherslu á það að í okkar meðferð á þessu atriði samninganna var ætíð haft í huga að þetta næði til allrar framkvæmdar samninganna, að það mætti ekki verða til þess að raska samningum á hinum almenna markaði.

Hv. þm. segir að augljóst sé að ekki hafi verið ætlunin að standa við þetta því þetta hefði hvort eð er leitt til röskunar. Menn geta lagt mismunandi túlkun í röskun. Ég tel það ekki röskun ef þarna verður niðurstaða sem hinn almenni markaður viðurkennir, skoðar og viðurkennir og segir, það er ljóst, að háskólamenntuðum mönnum á vegum ríkisins er greitt minna en t.d. vinnuveitendur greiða á hinum almenna markaði og að launþegar á hinum almenna markaði viðurkenni þessa niðurstöðu. Við það voru að sjálfsögðu vonirnar bundnar.

Hv. þm. taldi ekki stórmannlegt að vísa þessari framkvæmd fram yfir þjóðarsátt. Það getur hver haft sína skoðun á því að vísa þannig fram yfir kosningar. Hinir almennu kjarasamningar hafa að sjálfsögðu runnið sitt skeið, í september, og þar með það ákvæði í þessum kjarasamningum sem segir að þeir séu háðir því að ekki verði meiri launahækkun annars staðar. Og þá verður að gera nýja kjarasamninga í ljósi þeirrar niðurstöðu sem hefur fengist af þessum samanburði. Þá er það a.m.k. þeirra sem þá kjarasamninga gera að taka eða taka ekki tillit til þess samanburðar. Og ég sé á því mjög mikinn mun og á hinu að ganga gegn þeim forsendun sem liggja til grundvallar í þeim kjarasamningum sem voru gerðir.

Menn geta vitanlega sagt, eins og einhver sagði hér áðan, að það sé ámælisvert af hinum almenna markaði að gera kjarasamning með slíkum forsendum eftir að vitað er að kjarasamningur ríkisins og háskólamenntaðra manna liggur fyrir. Um það skal ég ekkert segja. Þeir kusu að gera hann og ég ætla ekki að deila á þá sem það gerðu. Þar hafa eflaust ráðið nauðsyn til að ná saman kjarasamningum, skilyrði sem þarna er sett og kannski þeirra mat á því að í þessu fælist ekki stór hætta miðað við þann fyrirvara sem var í öðrum kjarasamningum, m.a. BHMR. Ég vek einnig athygli á því að þau lög sem ríkisstjórnin setti eru almenn að öllu leyti nema síðasta greinin sem nemur úr gildi tvær greinar úr kjarasamningi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og varð m.a. til þess að það varð að endurskoða kjarasamning hjá flugumferðarstjórum. Ég leyfi mér að vona að þessi lög hafi haft þau áhrif að náðst hafa allir aðrir kjarasamningar í anda hinna almennu samninga. Til frekari árekstra hefur ekki komið. Minni m.a. á farsæla lausn á deilu Farmanna- og fiskimannasambandsins nú nýlega við sína atvinnuveitendur sem er fullkomlega í anda hinna almennu kjarasamninga.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hneykslaðist á því að ég hefði sagt að ekki væri munur á bráðabirgðalögum og lögum settum af Alþingi. Ég var nokkuð undrandi að heyra þetta frá lögfræðingnum Ragnhildi Helgadóttur. Stjórnarskráin heimilar að sett séu bráðabirgðalög, enda sé brýn ástæða og þau lögð fyrir þing svo fljótt sem má. Ef þessa er gætt er ekki munur. Þá eru þau jafngild. Ég hef margsinnis rakið það hér að það var mjög vandlega farið í gegnum það hvort telja mætti þarna vera brýna nauðsyn. Um það geta menn deilt en þeir lögfræðingar sem við var rætt um þessi atriði komust að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalögin eins og þau eru sett væru brýn. Ég get ekki annað en vísað til þess og þess sem ég hef áður sagt um þau áhrif sem orðið hefðu í efnahagsmálum ef bráða-

birgðalögin hefðu ekki verið sett.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson stóð hér með mikinn geislabaug og var gaman að horfa á það. Ég er sannfærður um að sá geislabaugur hefði ekki verið minni ef við hefðum staðið hér í rökræðu um nýja verðbólguskrúfu. Þá hefði ríkisstjórninni verið legið á hálsi fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir það. Ef fyrirtæki væru að stöðvast um allt land hefði hv. þm. áreiðanlega deilt mjög hart á ríkisstjórnina og réttilega. Hv. þm. spyr hvað ríkisstjórnin muni gera ef bráðabirgðalögin verða dæmd ómerk. Ég ætla ekki að svara þeirri spurningu hér. Það þarf að svara æði mörgum spurningum ef það gerist og enginn vafi á því að þá þarf að gera upp þjóðhagsáætlunina nýju og allt það sem lagt er til grundvallar til framfara hér á næstu árum.

Ekkert skal ég segja um það hvort virðing Alþingis hafi vaxið við setu hv. þm. hér. Hann taldi að virðingu Alþingis hefði mjög hrakað. Ég held ekki. Ég geri mér vonir um að á þessu verði tekið málefnalega hér á Alþingi og ég geri mér vonir um að það verði gert á þeim breiða grundvelli sem var forsenda fyrir því að þessi bráðabirgðalög voru sett. Það er stundum svo að það liggja fyrir tveir kostir, báðir slæmir. Þá verður ríkisstjórn að hafa þor og kjark til að velja þann kostinn sem er þó skárri þegar á heildina er litið. Og ríkisstjórnin taldi að svo væri í þessu tilfelli.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir talaði um að ríkisstjórnin liti á heildina en ekki einstaklinginn. Einstaklingurinn er hluti af heildinni og einstaklingnum mun ekki farnast vel nema heildinni farnist vel og nema grundvöllur til þess að hér sé starfsemi og atvinnurekstur í góðu horfi sé fyrir hendi. Ríkisstjórnin valdi því þann kostinn sem hún taldi skárri af tveimur slæmum í þessu tilfelli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst biðjast afsökunar á því að hafa ekki verið viðstaddur hér í upphafi umræðunnar en það var af ástæðum sem forseti hefur greint frá. Ég verð einnig að taka það fram að fyrir mörgum vikum síðan skuldbatt ég mig til þess að vera annars staðar stundarkorn frá því korter fyrir sex og verð að standa við það fyrirheit mitt og vona að það trufli ekki umræður hér.

Hæstv. forsrh. hefur nú vikið að velflestum þeim atriðum sem spurt hefur verið um í þessari umræðu. Það eru þó tvö atriði sem ég vil bæta við. Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir hver væri afstaða mín til greiðslu á málskostnaði vegna þessa máls með tilliti til dómsmáls sem ákveðið hefur verið að höfða. Ég tel ekki rétt að ég sé að svara því hér vegna þess að sú venja hefur skapast í okkar landi að slík mál eru afgreidd fyrir dómstólum og á þeim vettvangi og tel ekki eðlilegt að annar málsaðilinn sé hér á Alþingi að lýsa yfir skoðun sinni á því máli. Venjan hefur þar að auki verið sú að það eru oftast nær dómararnir í málunum sem ákveða hvernig með málskostnað skuli fara. Ég tel ekki rétt að ganga gegn þeirri venju.

Hin spurningin sem hv. þm. beindi til mín var hvernig ég hygðist halda áfram þessum málum hvað snertir samskipti við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn. Í því sambandi vil ég greina frá því að ég skrifaði aðildarfélögum BHMR fyrir nokkrum vikum síðan og óskaði eftir viðræðum við hvert þeirra fyrir sig um framtíð kjaramála þeirra. Þetta eru viðræður sem ég og aðstoðarmaður minn, Svanfríður Jónasdóttir sem er einnig í stjórn samninganefndar ríkisins, tökum þátt í og síðan stjórnarmenn hvers aðildarfélags BHMR. Ég hef þegar átt nokkra slíka fundi sem hafa verið mjög gagnlegir, vona ég, fyrir báða aðila. Þar hefur margt komið fram og farið yfir bæði málin almennt og eins þau vandamál sem snúa að hverju einstöku félagi. Ég tel að þessar viðræður sem ég ákvað að beita mér fyrir og eru þegar hafnar og aðildarfélög BHMR tóku vel séu vonandi árangursrík leið til þess að reyna áfram að greiða úr þeim vandamálum sem hafa komið upp í samskiptum BHMR og ríkisins. Þau vandamál eiga sér, eins og hér hefur komið fram í þessum umræðum, mjög langa sögu, margra ára sögu, löngu áður en núv. ríkisstjórn komst til valda og löngu áður en núv. fjmrh. kom í það embætti.

Ég mun núna á næstu tveimur til þremur vikum halda áfram þessum viðræðum við hvert og eitt félag. Þær taka þó nokkurn tíma eins og gefur að skilja. Félögin eru mjög mörg og viðræðufundirnir hafa verið alllangir hver og einn þannig að nokkuð stór hluti af mínum tíma hefur farið í þessar viðræður þegar ég hef getað komið þeim við. En vegna anna núna við þingbyrjun hefur verið nokkuð hlé á þeim, í um það bil tveggja til þriggja vikna skeið, en þær munu hefjast aftur nú. Eins og ég gat um áðan verður rætt við hvert og eitt félag og þeir fundir sem nú þegar hafa átt sér stað hafa verið mjög árangursríkir og gagnlegir.

Ég hef ekki átt þess kost áður að eiga slíkar viðræður við einstök aðildarfélög BHMR einfaldlega vegna þeirra aðferða sem BHMR kaus að hafa á viðræðum og fagnaði því þess vegna sérstaklega að því var tekið jákvætt af hálfu BHMR að hvert og eitt félag gæti rætt við fjmrh. um þessi vandamál.

Ég vil svo að lokum láta það koma fram að það er missagt sem hér hefur verið sagt að í tíð núv. fjmrh. hafi verið endalausar deilur um kjör háskólamenntaðs fólks. Það er ekki rétt og það er ekki heldur rétt að það hafi verið um kjör háskólamenntaðra kennara. Það er að vísu rétt að það er eitt félag, HÍK, sem er innan BHMR sem þarna á í hlut en í minni tíð sem fjmrh. hafa verið gerðir kjarasamningar við nokkur önnur félög háskólamenntaðra kennara, þ.e. félög kennara við Háskóla Íslands, Kennarasamband Íslands og ýmis önnur kennarafélög. Það er nefnilega þannig að það eru nokkur fleiri stéttarfélög kennara en HÍK og kjarasamningamál við hin kennarafélögin hafa gengið það vel að varla er hægt að segja að snurða hafi hlaupið á þann þráð. Þar hefur ekki verið um verkföll að ræða. Þar hafa kjarasamningar verið gerðir sem hafa verið samþykktir af félagsmönnum í þeim félögum með yfirgnæfandi stuðningi. Þar eiga bæði hlut að máli félög kennara við Háskóla Íslands, Kennarasamband Íslands og önnur kennarafélög sem eru á Íslandi.

Ég tek hins vegar eftir því að í þessari umræðu tala menn um þetta eins og þetta séu deilur við alla kennara eða alla háskólamenntaða kennara eða alla háskólamenntaða menn í þjónustu ríkisins en svo er ekki. Þetta er við hluta kennara, hluta háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi hér fram vegna þess að ég hef tekið eftir því, bæði hér í þessari umræðu og eins úti í þjóðfélaginu, að menn nota almennt orð yfir þessar deilur sem gefa villandi mynd af því hverjir eru deiluaðilar.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Það er ekki hægt að ljúka þessari umræðu eins og hún stendur nú. Hæstv. ráðherrar hafa reyndar komið hér í ræðustól og reynt að svara þeim fyrirspurnum sem til þeirra hefur verið beint en eftir stendur það margt að full ástæða er til þess að þeir komi aftur í ræðustólinn og geri skýrari grein fyrir því sem gerst hefur og fyrir skoðunum sínum.

Ef ég hef tekið rétt eftir þá fer þetta mál til hv. fjh.- og viðskn. þannig að sá sem hér stendur fær tækifæri til að vinna að málinu í nefnd en áður en þetta frv. fer til nefndar er ástæða til þess að fá skýr svör við nokkrum spurningum og þá einnig sumum sem þegar hafa komið fram við þessa umræðu.

Mig langar í fyrsta lagi, herra forseti, til þess að minna á að ítrekað var bent á það fyrst í kjarasamningunum sem gerðir voru á almenna vinnumarkaðinum og eins í framhaldi af þeim að líklega þyrfti lagasetningu ef ekki næðist samkomulag við BHMR um breytingu á fyrirliggjandi kjarasamningum. Margoft kom fram sá skilningur hæstv. ríkisstjórnar, sem hér hefur verið endurtekinn, að fyrsta greinin héldi, eins og það er nú svo smekklega orðað, eða með öðrum orðum og kannski mennilegri að ekki þyrftu menn á því að halda að beita löggjafarvaldinu. Ég minni á að á þessum tíma sat Alþingi og mjög hægt um vik fyrir hæstv. ríkisstjórn að koma með frv. á Alþingi ef hæstv. ríkisstjórn hefði kært sig um að nota löggjafarvaldið. En ég man það glöggt að hæstv. ráðherrar sögðu að sérfræðingar ríkisstjórnarinnar væru á því máli að þess þyrfti ekki og að ef málið færi til félagsdóms yrði niðurstaðan hæstv. ríkisstjórn í vil. Það kom aldeilis annað á daginn og meira að segja fulltrúi hæstv. ríkisstjórnar í dómnum komst að sömu niðurstöðu og allir aðrir því að sú niðurstaða lá á borðinu. Af þessari ástæðu er það óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherrar svari því skýrt hér við 1. umr.: Hvaða sérfræðingar voru kallaðir til? Var það ríkislögmaður sem gaf þessi ráð? Eru það hans orð að ekki hafi þurft að breyta lögum? Ég tel að það sé ekki hægt að ljúka þessari umræðu hér án þess að fá úr því skorið til hvaða sérfræðinga hæstv. ríkisstjórn leitaði. Það er ekki stórmannlegt að víkja sér á bak við einhverja ónefnda sérfræðinga. Það er skylda hæstv. ráðherra að segja frá því til hvaða sérfræðinga var leitað, a.m.k. til þess að hreinsa mannorð þeirra manna sem stundum hafa verið nefndir í þessu sambandi og þá á ég ekki síst við ríkislögmann. Ég vil fá að vita það hér hvort leitað var til ríkislögmanns. Ég vil fá að vita — og það eru fleiri sem biðja um það — hvaða sérfræðinga hæstv. ríkisstjórn var að tala um.

Ég þykist nefnilega vita, og hef nokkuð fyrir mér í því, að ekki hafi verið leitað til þeirra sérfræðinga sem kallast sérfræðingar í þessum málum. Og ég þykist vita meira og vil gjarnan að það heyrist sem víðast: Ég held að helstu sérfræðingarnir í sjálfu fjmrn. hafi varað við því að þetta mál lenti hjá félagsdómi. (Gripið fram í.) Ég vil að hæstv. ráðherra komi þá hér í ræðustól fyrst hann vill kalla hér fram í og segi það skýrt og skorinort við okkur til hvaða sérfræðinga var leitað. Og ég endurtek að ég spyr vegna þess að ég hef rökstuddan grun um það að í fórum hæstv. ráðherra séu minnisblöð um allt annað en það sem hann hefur sagt. Þá vil ég að hæstv. ráðherra komi hér í ræðustól og staðfesti annað því það er ekki hægt að birta það í þingtíðindum hvernig hann hristir á sér glókollinn.

Í öðru lagi finnst mér að það hefði verið viðeigandi að þessi umræða færi fram að viðstöddum hæstv. sjútvrh. sem á ákveðnu viðkvæmu augnabliki var starfandi forsrh. í landinu. Ég rifja það upp að þegar dómsniðurstaðan lá fyrir var hæstv. forsrh. ekki á landinu en starfandi forsrh. var hæstv. sjútvrh. Og í fréttatíma Ríkisútvarpsins sagði hann mjög skýrt, eins og ég hygg að komið hafi fram hér í umræðunni, að það kæmi ekki til greina að beita lögum gegn dómsniðurstöðunni. Það kæmi ekki til greina. Ef hæstv. ráðherra er ekki viðlátinn tel ég eðlilegt, þótt það sé nokkuð óvenjulegt, að hv. nefnd kalli hæstv. ráðherra fyrir og spyrji hann hvað hafi breyst. Þetta mál er svo stórt og það verður að taka mark á viðkomandi hæstv. ráðherra sem þá stundina var staðgengill hæstv. forsrh. Þetta mál breyttist nefnilega svo mikið í meðförum hæstv. ríkisstjórnar eftir að hæstv. forsrh. kom heim að Alþingi hlýtur að krefjast svars um hvernig á þeirri hugarfarsbreytingu stóð. Því skýr ummæli komu fram hjá hæstv. sjútvrh. um það að ekki yrði gripið til bráðabirgðalöggjafarvaldsins til þess að breyta dómsniðurstöðunni. Ég ætla ekki hér að fara út í umræður um það hvort hægt sé að breyta forsendum með lögum. Mér finnst það fyrir neðan virðingu mína að taka þátt í slíkum umræðum því auðvitað gera menn það ekki. Forsendur er það sem liggur fyrir og dómurinn byggist á og voru til staðar áður en dómurinn féll. Allt annað sem síðar kemur getur aldrei orðið forsenda fyrir dómi sem fellur á ákveðnu tilteknu augnabliki. Ég get ekki, hvorki lögfræðinnar vegna né af öðrum ástæðum, tekið þátt í slíkum umræðum.

Í þriðja lagi hefur hæstv. forsrh. sagt, og reyndar að ég hygg oftar en einu sinni, að þetta sé nú út af fyrir sig allt í lagi fyrir BHMR vegna þess að það sé hægt að leiðrétta þetta þegar þjóðarsáttin tekur enda. Ef ég skil þetta rétt, þá hefur hæstv. ráðherra það í huga að láta þjóðarsáttina taka enda, hún sé bara tímabundin og það er út af fyrir sig merkilegt að það skuli vera upplýst. En þegar þetta er sagt og þessari ákvörðun er ýtt yfir á borð næstu ríkisstjórnar þá spyr maður sig: Hvað breytist þá? Hvers vegna framkallast þá ekki þessi víxlverkun sem alltaf er verið að tala um? Hvernig getur hæstv. forsrh. komið í veg fyrir víxlverkunina í tíð

næstu ríkisstjórnar fyrst hann gat ekki gert það í tíð þessarar ríkisstjórnar sem hann er þó forsrh. í? Hvernig í ósköpunum ætlar hæstv. ráðherra að láta þetta gerast? Þetta hlýtur reyndar að leiða hugann að því sem hér hefur komið fram í umræðunni hjá fleirum en einum hv. ræðumanni, þ.e. hvernig var þetta hugsað í upphafi þegar þessir samningar voru gerðir við Bandalag háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins? Trúði hæstv. ríkisstjórn þá og taldi hún sig geta tryggt það að ekki kæmi til víxlverkun vegna samningsins sem þá var gerður. Ég held að þetta sé tóm vitleysa. Auðvitað er það svo þegar einhverjir aðilar gera samning að slíkur samningur getur haft meiri eða minni áhrif. Það er alveg nákvæmlega sama hvort sá samningur var gerður í fyrra og átti að taka gildi í ár, hvort hann er gerður í ár og á að taka gildi næsta ár, hvort honum var frestað með lögum o.s.frv., að allar breytingar á hlutföllum geta haft afleiðingar. Og það þýðir ekkert að koma nú og segja að kjarasamningarnir sem gerðir voru á almenna vinnumarkaðinum hafi breytt þessu öllu saman nema viðurkennt sé að þessir samningar við BHMR hafi verið mjög slæmir samningar sem hefðu haft víxlverkun í för með sér. Þá á auðvitað að viðurkenna það og segja að þeir samningar hafi verið vondir samningar fyrir ríkisvaldið. Það er ekki hægt á miðri leið að breyta rökstuðningnum eins og hæstv. ráðherra hefur leyft sér að gera. Með því að gera það fellur hæstv. forsrh. í raun og veru í þá gryfju að viðurkenna að það hafi aldrei verið ætlunin að standa við þennan samning. Með öðrum orðum það orðalag sem hann notar, að 1. gr. samningsins mundi halda, þýddi það að hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér aldrei að standa við þennan samning. Og þá eiga menn að vera menn að meiri og viðurkenna það. Allt það sem hæstv. forsrh. hefur sagt um þetta atriði er ákaflega ósannfærandi og skiptir þá engu máli hvort hann setur upp sinn ágæta geislabaug eður ei.

Þá kem ég að fjórða atriðinu sem ég tók eftir að hæstv. fjmrh. skaut sér undan að svara. Hvar er nú hæstv. fjmrh.? Ég vil fá að sjá framan í hann og fá að tala við hann andartak vegna þess að hann kom sér hjá því að taka til máls um það atriði sem hv. 2. þm. Reykv. beindi til þeirra hæstv. ráðherra um viðtal við hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu þar sem hæstv. forsrh. segir að hann hafi verið þeirrar skoðunar og hann hafi viljað og beitt sér fyrir því í hæstv. ríkisstjórn að rætt yrði við BHMR en hann hafi ekki fengið því ráðið. Ég man ekki orðalagið alveg nákvæmlega rétt en í þessa áttina var það. Og spurningin var: Getur verið að einhver annar hafi komið í veg fyrir það og hver gæti haft slík völd í hæstv. ríkisstjórn annar en hæstv. fjmrh.? Engin svör komu fram um þetta. Ef hæstv. fjmrh. er ekki við til að svara þessu er þó lágmark að hæstv. forsrh. segi okkur frá því skýrt og skorinort hverjir komu í veg fyrir það að tilraunir voru gerðar til þess að gera samning um þessi atriði. Og hæstv. forsrh. verður að segja okkur hvort það var hæstv. fjmrh. af því að það liggur í augum uppi að hæstv. fjmrh. liggur undir grun þangað til hæstv. forsrh. hefur staðfest að það hafi ekki verið hann sem beitti sér gegn þessu. Svona hálfkveðnar vísur frá hæstv. forsrh. gera það að verkum að hver einasti geislabaugur brotnar í mél vegna þess að eitt það ómerkilegasta sem menn grípa til í málflutningi er að lýsa því yfir að þeir hafi verið saklausir. Þeir hafi viljað allt hið besta. Þeir vildu gera það rétta en aðrir svokallaðir samstarfsmenn í hæstv. ríkisstjórn komu í veg fyrir það án þess að nefna það hverjir þessir „aðrir" voru. Hæstv. fjmrh. kom hér í ræðustól en kaus að svara ekki þessu atriði. Á meðan því er ekki svarað liggur hæstv. fjmrh. undir grun. Sá eini sem getur sýknað hann og er hér staddur í þessum sal er hæstv. forsrh. og hann hefur tækifæri til þess hér á eftir.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Ég taldi brýna nauðsyn bera til að við 1. umr. málsins fengjust skýr svör við þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið fluttar af hálfu hv. þm., bæði reyndar stjórnarþingmanna og stjórnarandstöðuþingmanna. Við sjáum á fundarsetu í dag áhuga þeirra sem settu þessi lög í sumar. Áhuga þess þingmeirihluta sem gerði hæstv. ríkisstjórn kleift að setja þessi bráðabirgðalög. Við sjáum á þessari gleðisamkomu hér í dag þar sem þetta mál er til umræðu hve margir af þeim sem gerðu hæstv. ríkisstjórn kleift að setja þessi lög eru hér mættir til þess að standa fyrir máli sínu. Við höfum heyrt fjöldann allan af hv. stjórnarsinnum verja þetta. Eða hvað? Það hafa tveir ráðherrar talað og einn óbreyttur hv. þm. úr liði stjórnarinnar og hann talaði gegn þessu máli.

Það getur vel verið, hæstv. forseti, að það sé þreytandi að hlusta á langar umræður um þetta mál. En ég tel að þetta mál geti ekki farið til nefndar, geti ekki strandað í nefnd þar sem stjórnarmeirihlutinn ræður ríkjum, þar sem stjórnarmeirihlutinn ræður hve lengi málið er í nefnd, fyrr en þessum grundvallarspurningum sem hér hefur verið hreyft verður svarað. Og ég harma það svo sannarlega að hæstv. fjmrh. skuli hafa farið héðan úr salnum án þess að gera tilraun til að verja hendur sínar þegar fyrir lá að honum hafði verið kennt um að hafa stöðvað það að hæstv. ríkisstjórn hóf tilraunir til samningaviðræðna, tilraunir til þess að ná eðlilegri niðurstöðu beggja samningsaðila um það hvernig BHMR gæti tekið þátt í svokallaðri þjóðarsátt.

Að endingu vil ég ítreka það sem komið hefur fram af hálfu hv. þm. Sjálfstfl. um stefnu flokksins og reyndar kom skýrt fram í útvarpsumræðum hér í gærkvöldi þegar formaður þingflokks sjálfstæðismanna sagði að setning þessara bráðabirgðalaga væri siðlaus athöfn. Hún væri tilræði við samningsréttinn, þingræðið, dómstólana í landinu og fólkið sem samið var við.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég tel rétt að það komi hér fram að seinni partinn í júlí sl. hafði starfandi forsrh., hæstv. sjútvrh., samband við mig þar sem ég var norður í landi til þess að ræða við mig um þau mál sem hér eru til umræðu. Ég var með aðvörunarorð um að setja bráðabirgðalög um þetta efni. Ég benti honum á að það hefði verið eðlilegast að þegar þjóðarsáttin svokallaða var gerð hefðu verið sett lög eða samið um

þetta atriði vegna þess að það blasti við öllum þá að þessir samningar voru í gildi og ef þeir væru í gildi og framkvæmdir mundu þeir raska þeirri þjóðarsátt sem lá þá fyrir ef það er niðurstaða hjá mönnum að svo hafi verið. Ég óttaðist og óttast það mjög að það eigi eftir að draga dilk á eftir sér að setja slík lög sem þessi því að samningar sem menn gera og skrifa undir eiga að standa og meira að segja þó þeir skrifi ekki undir, ef þeir lofa einhverju þá eiga slík orð að standa. Ég er því hræddur um og ég finn þannig til að það verði erfitt að semja við ríkisstarfsmenn eftir setningu þessara bráðabirgðalaga. Ef ég væri í þeirra sporum mundi ég ekki koma að samningaborði. Ég mundi vilja þá frekar fá gerðardóm um kjörin, eins og þingmenn og fleiri aðilar í þjóðfélaginu verða að sæta, vegna þess að þarna er komin reynsla á það að samningar standa ekki. Þeir eru ómerktir af þeim sem semja. Ég vil að þetta komi fram en ætla ekki að eyða tíma þingsins með fleiri orðum.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Um leið og ég þakka hæstv. forsrh. hans svör og reyndar hæstv. fjmrh. líka að honum fjarstöddum verð ég að lýsa undrun minni á því hve fáu var svarað og jafnframt hve svörin voru oft og tíðum loðin.

Nú vill þannig til að ég á sæti í þeirri nefnd sem mun taka þessi lög til umfjöllunar og gefst þá væntanlega tími þar til þess að kanna hluti betur og eflaust vakna nýjar spurningar sem mann mun langa að spyrja við 2. umr. Eins mun þá gefast tækifæri til að ítreka sumar sem fram voru lagðar núna og athuga hvort menn sjá þá ástæðu til þess að svara.

Mig langar líka til að gera athugasemd við þau ummæli hæstv. forsrh. að það gleddi hann að hér væri ekki um sýningu að ræða. Mér finnast þetta satt að segja harla léttúðug orð, svo að ekki sé meira sagt, að ætla því fólki, sem hér mætir á palla til að hlusta á umræður, að það geri það hugsanlega fyrir mín orð eða einhverra annarra úr Kvennalista. Það væri í hæsta máta óeðlilegt í þessu alvarlega máli ef félagsmenn í BHMR hefðu ekki áhuga á að fylgjast með því. Og ég vil líka benda hæstv. forsrh. á að það var hvorki sú sem hér stendur eða aðrir þingmenn Kvennalistans sem lögðu fram þetta frv. sem hér er til umræðu í dag svo að varla var nú til þeirrar sýningar efnt af okkur.

Svarið við spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. forsrh. um af hverju ekki hefði verið farið í neinar viðræður við BHMR frá þeim tíma að þjóðarsáttin var gerð í byrjun febrúar og fram til þess tíma þegar kjarasamningur BHMR skyldi koma til framkvæmda var að mínu viti nokkuð einkennilegt. Ef ég hef ekki misheyrt þá sagði hæstv. forsrh. að það væri vegna þess að hann hefði talið að ákvæði 1. gr. samningsins stæðust. Í því felst þá m.a. að það hafi verið talið tilgangslaust að ræða nokkuð við BHMR. En ekki er það síður merkilegt að hæstv. forsrh. skuli lýsa því yfir að hann hafi gert ráð fyrir því að ákvæði í kjarasamningnum stæðust. Bjóst hæstv. ráðherra við öðru? Þegar ríkisvaldið undirritar samning kemur það þá hæstv. forsrh. á óvart ef ákvæði samnings standast eða lýsir þetta einmitt því að það hafi aldrei staðið til að standa við samninginn? Það hlýtur að vera fyrst hæstv. forsrh. telur ástæðu til að lýsa því sérstaklega að hann hafi þarna reiknað með að ákvæðin mundu standast.

Ég spurði einnig hvort athugað hefði verið hve háar upphæðir væri um að ræða ef BHMR-félagar hefðu fengið greidda umsamda 4,5% launahækkun. Ég spurði ekki hvað það hefði kostað ef öllum öðrum hefði verið greidd þessi hækkun líka. Ég spurði einungis um áhrif hækkunarinnar ef hún hefði komið til greiðslu til BHMR og hvaða áhrif það hefði haft á verðlagningu ýmissar þjónustu og hvaða víxlverkunaráhrif það hefði hugsanlega sett í gang, ekki ef öll önnur stéttarfélög landsins, eða í þessu tilfelli ASÍ og BSRB, hefðu fengið sömu hækkun.

Það eru engin ákvæði í þjóðarsáttinni þess efnis að þeim sem áttu aðild að þjóðarsáttinni bæri sama hækkun. Vissulega hafði sú skoðun verið látin í ljósi, a.m.k. af forustumanni ASÍ, að ef hækkunin kæmi til framkvæmda til BHMR þá mundi ASÍ sækja hverja krónu, hvern eyri. En það ákvæði er ekki að finna í þjóðarsáttinni svo að þar væri ekki um samningsbrot að ræða þótt sú hækkun hefði ekki verið færð yfir alla línuna, en það var vissulega um samningsbrot að ræða þegar það kom ekki til framkvæmda varðandi BHMR. Enn ítrekar hæstv. forsrh. að forsendum sem félagsdómur byggði á í sínu dómsorði hafi verið breytt og þess vegna hafi bráðabirgðalögin í rauninni ekki verið sett þvert á dómsúrskurð. Mér fannst það harla frjálsleg túlkun þegar hæstv. forsrh. heldur því fram að víst hafi verið farið að niðurstöðu dómsins því að BHMR hafi fengið umsamda hækkun greidda tvisvar. Forsendur dómsins voru ekki þær að umsamin hækkun skyldi greidd tvisvar. Það var ekki tilgreint í dómnum. Það er því harla frjálslega með farið að reyna að koma því á félagsdóm að hann hafi úrskurðað að greiðslan skyldi koma til framkvæmda tvisvar. Það eru aftur aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem gerðu það að verkum að það kom aðeins til framkvæmda tvisvar. Hvernig svo hægt er eftir að dómsorð er fallið að breyta þá samningi sem dómur byggðist á er að vísu utan og ofan við minn skilning. En það breytir ekki því að það er ekki mikill manndómsbragur yfir svona málflutningi að reyna nú að koma því yfir á félagsdóm að hann hafi úrskurðað tveggja mánaða greiðslu vegna þessarar hækkunar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal með ánægju reyna að svara því sem til mín er beint. Fyrst var spurt: Við hvaða sérfræðinga var ráðgast þegar metið var hvort ákvæði 1. gr. stæðist? Ég skildi þetta svo, var það ekki rétt? Ég ráðgaðist fyrst og fremst við minn ráðgjafa, Jón Sveinsson lögfræðing, og ég veit að hann leitaði reyndar ráða víðar. Hans niðurstaða varð eindregið sú að þessi grein mundi standast og alveg sérstaklega eftir að vinnuveitendur, þ.e. VSÍ og VMS, höfðu samþykkt formlega að greiða sömu 4,5%. Það var hans skoðun að sérstaklega þá væri alveg ljóst að þetta mundi valda

röskun á hinum almennu kjarasamningum.

Ég vil taka það fram til að fyrirbyggja misskilning að mér er ekki kunnugt um að leitað hafi verið til ríkislögmanns og það er heldur sjaldan að það er gert því að hann er maður sem kemur inn í málið þegar á seinna stig er komið. Við hvaða sérfræðinga fjmrh. hefur rætt þori ég nú ekki að segja. En ég held að hann hafi rætt við ýmsa þá menn sem hafa staðið í samningunum með honum og þar eru vitanlega m.a. lögfræðingar. En betra er að hann skýri frá því sjálfur svo að enginn misskilningur þar verði.

Sjútvrh. er ekki hér því hann er erlendis svo að ég á kannski ekki að vera að svara fyrir hans hönd. Þó vil ég leyfa mér að segja það að hann eins og ég og fleiri leit töluvert öðrum augum á það að breyta samningnum með lögum en að setja lög á félagsdóm. Ég heyri að við erum alls ekki sammála um það hér og það verður bara að hafa sinn gang. En, með leyfi forseta, þetta skilst kannski betur eins og lögfræðingurinn skrifar. Lögfræðinga skilja helst lögfræðingar, hef ég komist að. Lögfræðingurinn Jón Sveinsson segir:

„Það er misskilningur að bráðabirgðalögin hafi numið úr gildi dóm félagsdóms. Dóminum er í engu raskað. Hins vegar er hluta samnings BHMR og fjmrh. breytt með lögunum þannig að þær greiðslur sem fólust í dóminum féllu niður frá 1. sept. 1990. Það þýðir hins vegar ekki að dóminum sé breytt, heldur þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda samkvæmt dóminum var studd við."

Ég vona að hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir skilji þetta betur. Ég kalla þetta forsendur. Kannski er það ekki rétt lagamál. Menn verða að taka viljann fyrir verkið hjá verkfræðingnum. En ég sé ekki stóran mun á því. En svona skýrir lögfræðingurinn Jón Sveinsson þetta atriði. Og þetta var vitanlega mjög ítarlega rætt. Það kom ekki til mála að setja lög og segja: Þrátt fyrir dóm félagsdóms skal ekki greitt ... Og það var greitt svo lengi sem þessi — hvað kallar lögfræðingurinn það, — réttarheimild var til staðar. Vitanlega eru ótal fordæmi þar sem við breytum lögum og fyrrverandi réttarheimild er felld úr gildi. Við erum að gera það allan tímann. Þ.e. réttarheimild sú sem dómurinn byggðist á er felld niður. Og þar til hún er felld niður var að sjálfsögðu greitt samkvæmt dómnum.

Ég veit ekki hvernig ég á að svara þeirri fullyrðingu að ég hafi kennt félagsdómi um að það var ekki greitt nema tvisvar. Að félagsdómur hafi sagt að það skuli ekki greitt nema tvisvar. Hv. þm. er velkomið að fara í mína ræðu og skoða það að sjálfsögðu. Mér hefur ekki dottið slíkt í hug. En, eins og ég kallaði það, að forsendunum hefði verið breytt og þar með ekki forsenda til að greiða lengur.

Hv. þm. Friðrik Sophusson skildi mig svo að það væri allt í lagi fyrir BHMR þegar þjóðarsáttinni ljúki. Hvers vegna þá ekki víxlverkan? Ég reyndi að skýra það áðan en eflaust hefur það ekki verið ljóst fyrst svo glöggir menn skildu það ekki. En ég skal reyna að endurtaka það. Ástæðan er sú að þegar við tölum um þjóðarsátt þá vísum við til þess samnings sem gerður hefur verið á milli atvinnurekenda og launþega og gildir fram í september 1991. Þetta er það sem við höfum nefnt þjóðarsátt. Það er svo sannarlega von mín, og eins og ég skildi hv. þm. erum við þar sammála, að þjóðarsátt takist áfram um að halda verðbólgu í skefjum og hafa skynsamlega stefnu hér í efnahags- og launamálum. En almennt hef ég skilið þjóðarsáttina svo að vísað væri til þessa samnings.

Í þessum samningi er ákvæði sem segir að ein forsendan fyrir því að launahækkanir verði ekki meiri hjá aðilum ASÍ á tímabili þjóðarsáttarinnar, þ.e. til september 1991, sé sú að aðrir hljóti ekki meiri launahækkun á þessum tíma. Þetta veit ég að hv. þm. þekkir. Sama ákvæði er í samningi fjmrh. við BSRB. Ég lýsti því hér áðan að ég geri mér vonir um að ef vel er staðið að þeim samanburði sem samþykktur var takist að sannfæra menn um að leiðrétting sé þarna réttmæt. Ég veit ekki hvað út úr þessum samanburði kemur og reyndar hafa sumir sem að honum hafa unnið fullyrt að út úr honum komi lítið sem ekkert af því að ýmis ákvæði, ég held að ég hafi nefnt það áðan líka, eins og lífeyrissjóður séu mikils virði og fleiri slíkir þættir, fleiri slíkar greiðslur sem háskólamenntaðir menn í þágu ríkisins njóta. Það yrði þá á valdi aðila hins almenna vinnumarkaðar að meta þetta og ákveða þá við samninga í september að ári, hvort þeir ætli að upphefja þá leiðréttingu sem BHMR hefði fengið. Ef þeir ákveða að gera það er ákaflega hætt við að víxlverkanir hefjist. Það er alveg rétt. En ég geri mér vonir um að ef vel er að þessu staðið þá megi gera leiðréttingu sem viðurkennd verður.

Síðan var spurt: Hvers vegna var ekki rætt við BHMR? Ég hef sagt það, ég hef talið mig vera hreinskilinn og mér er stundum legið á hálsi fyrir það, en ég mun halda því áfram og það er alveg hárrétt sem ég sagði við Morgunblaðið að ég nefndi það að líklega hefði verið rétt að hefja viðræður við BHMR. Ég sagði aldrei að því hefði verið neitað eða ríkisstjórnin hefði ekki fallist á það. Hins vegar var þetta rætt og í þeim viðræðum kom m.a. fram hjá þeim mönnum sem unnu að samanburðinum að það væri óþarft að hefja máls á þessu á því stigi. (Gripið fram í.) Augnablik, ég ætlaði að segja það að fjmrh. tók undir það og taldi ekki ástæðu til þess. Ég veit að hann getur staðfest það. Ástæðurnar fyrir því voru fyrst og fremst þær, sem ég reyndar kom lauslega inn á áðan, að margir töldu að þessi samanburður mundi ekki leiða til þeirra vandræða sem kom reyndar aldrei endanlega fram af því að honum var ekki lokið og menn töldu, ég nefndi það hér a.m.k. í framsöguræðu minni hygg ég, að þeim samanburði yrði lokið fyrir 1. júlí. Það var mjög eindregið stefnt að því að ljúka þeim samanburði fyrir 1. júlí. Því miður kom ýmislegt í veg fyrir það, m.a. það að verulegt ósamkomulag varð um það hverja skyldi taka með í þessum samanburði. Deilur urðu á milli fulltrúa BHMR og fulltrúa fjmrh. um það. Og það tók tíma að leysa það. Sömuleiðis voru skil til Gallup--stofnunarinnar miklu seinni en gert var ráð fyrir, því miður. Og menn töldu að ef þetta leiddi til mismunar þá væri eðlilegra að taka upp viðræður um það því að

þá lægi fyrir að þá yrði röskun. Ég þrýsti ekkert á það síðan þegar ég sá að menn voru þessarar skoðunar. Ég sagði: Ég átti einu sinni fund með forustumönnum BHMR. Þeir báðu um fund með mér og þar voru þessi mál lauslega rædd. Þar var staðfest út af fyrir sig að þeir legðu mjög mikla áherslu á það að þessum samanburði yrði hraðað og yrði lokið. Mér fannst full ástæða til að ætla að það tækist þannig að ég féllst á þessi rök. Vel getur verið að átt hefði að taka upp viðræðurnar en ég skal ekkert fullyrða um það til hvers þær hefðu leitt.

Hins vegar vil ég leggja ríka áherslu á að ítarlegar viðræður voru teknar upp eftir að ég kom heim 14. júlí og ég átti marga fundi með forustumönnum BHMR. (**FrS:** Eftir að dómur féll.) Ég kem heim sama dag og dómur fellur. Það er rétt. Og ég tók þá upp ítarlegar viðræður við BHMR. Gerði það persónulega því ég gerði mér satt að segja vonir um að unnt væri að ná samkomulagi um frestun og var reynt að ná samkomulagi um það að í staðinn fyrir þá 4,5% hækkun sem dómurinn taldi að þeim bæri samkvæmt samningnum mætti fella þá hækkun inn í þá hækkun sem varð á hinum almenna markaði, sem var meiri í krónutölu en kom seinna. Ég gerði mér vonir um að unnt væri að ná samkomulagi um það að ljúka samanburðinum og gera síðan þá leiðréttingu sem hann leiddi í ljós í september að ári. Og ég gerði formlega tillögu í ríkisstjórninni um þetta sem var síðan lögð fyrir BHMR formlega. Þær viðræður voru síðan fullkomlega í höndum fjmrh. en ekki tókst samkomulag. Ég vil taka það fram að þeir fundir sem ég átti með forustumönnum BHMR voru mjög gagnlegir, voru opinskáir og þetta var rætt fram og aftur. Því miður töldu forustumennirnir sig ekki hafa heimild til þess að fresta jafnvel þótt leiða mætti rök að því að þær hækkanir, sem fylgdu í kjölfarið hjá ASÍ og BSRB, eyddu augljóslega þeirri leiðréttingu sem þarna væri um að ræða svo að það ekki tókst í þeim viðræðum. Og ég gæti vel trúað að þó að þær hefðu hafist fyrr hefðu þær leitt til þess sama. Það er ekki ólíklegt.

Ég vona að ég hafi svarað spurningum hv. þm. Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir gaf sjálf tilefni til að minnast á þessa svokölluðu sýningu og ég var nú sérstaklega með í huga utandagskrárumræðuna á fimmtudaginn þar sem mér voru afhentar spurningar og átti að svara á tveimur mínútum. Svörin við þeim spurningum hef ég gefið. Og mér þótti vænt um að heyra að ekki er um sýningu að ræða og þá er það út af fyrir sig af minni hálfu útrætt mál, en ég get ekki neitað því að mér fannst svona einhver vottur af slíku og gott að það er ekki.

Ég hef nú rætt um það, af hverju ekki viðræður. Ég vona að ég hafi svarað því og þurfi ekki að staðfesta það aftur. Að sjálfsögðu gerðum við ráð fyrir því að öll ákvæði stæðust í samningunum, líka ákvæði í 1. gr. um að ekki skuli leiða til röskunar. Og ég er búinn að rekja það. Ég sat fjölmarga fundi, bæði persónulega fundi með formanni BHMR og kvöldfundi og næturfundi um hvítasunnuna í fyrra, til að fá þetta ákvæði inn. Og það getur hver sem vill sagt: Það var barnalegt, eða hvað þið viljið segja, hjá forsrh. að halda að þetta ákvæði stæðist. Ég hélt að þetta ákvæði stæðist eins og öll önnur ákvæði samningsins. Og það var að mínu mati óaðskiljanlegt ákvæði í þessum samningum. Ég fyrir mitt leyti hefði ekki treyst mér til að fallast á þessa samninga nema ég hefði trúað því að þetta ákvæði stæðist. félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri ekki þannig ritað að það héldi gagnvart þessari refsihækkun, sem stundum hefur verið kölluð, upp á 4,5%. Ég ætla ekki að deila við dóminn. Það eru þá mistök hjá mér og mínum ráðgjöfum. Við héldum að það stæðist en það gerði það ekki.

Hv. þm. sagðist hafa spurt að því hvað hækkun til BHMR einna hefði í för með sér. Það er mjög lítið og hefði ekki valdið neinum vandræðum. Og það var vandlega rætt við forustumenn á hinum almenna vinnumarkaði hvort þeir gætu virkilega ekki látið þessa hækkun, 4,5%, koma fram enda yrði skorið á víxlhækkanirnar sem gætu fylgt á eftir. En okkur var svarað því að forsendur í kjarasamningi í fyrra og loforð sem vinnuveitendur hefðu veitt sínum viðsemjendum að þeir fengju hverja þá hækkun sem væri meiri yrði ekki breytt. Og ég veit ekki hvort hv. þm. hefur tekið eftir því, mér fannst það ekki koma fram í hennar máli, að vinnuveitendur, VSÍ og VMS, samþykktu formlega að þeir mundu veita þessa hækkun svo að það var ekki lengur um að ræða hækkun til BHMR einna. Það með var alveg ljóst að sú hækkun kæmi til annarra. Við kynntum okkur einnig hvers mætti þá vænta af t.d. háskólamenntuðum mönnum utan ríkisins og okkur var tjáð að ekki væri annars að vænta en að þeir fengju þá sömu hækkun. Og til hvers var þá verkið unnið, spyr ég. Svo að það er vitanlega með tilliti til þess sem ég lét meta hvaða áhrif þetta hefði á efnahagslíf og verðbólguna. Ég lýsti því áðan. Nefndin getur að sjálfsögðu fengið það blað þar sem var reiknað fyrir mig,ég er ekki með það, en ég lýsti því áðan að það væri út af fyrir sig afar erfitt að meta þörf fyrir gengisbreytingu o.s.frv. sem kynni að fylgja í kjölfarið.

Ég vona svo, herra forseti, að mér hafi tekist að svara þeim spurningum sem til mín var beint. A.m.k. vona ég að menn taki viljann fyrir verkið. Vitanlega tekur nefndin málið til meðferðar og það hefur sinn gang. Ég vil bara leyfa mér að fullvissa menn um það að af stjórnarliða hálfu verður málið ekki tafið þar, alls ekki. Hins vegar kom fram hér hjá einum hv. þm., mig minnir hv. þm. Hreggviði Jónssyni, að það ætti ekki að afgreiða málið fyrr en dómur væri búinn að fjalla um það. Þetta verður nefndin að ákveða. En því vil ég lýsa yfir að af okkar hálfu verður málið ekki tafið.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þessi umræða er nú komin á lokastig. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann hefur flutt, núna sérstaklega í seinustu ræðu hans. Það tók reyndar þrjár ræður að fá svör við ýmsum mikilvægum spurningum í sambandi við þetta mál og málsmeðferð alla.

Ástæðan fyrir því að ég stend hér upp að öðru leyti er sú að ég vil vekja sérstaka athygli á svari hans við

þeirri spurningu sem bæði ég og svo hv. 2. þm. Reykv. beindum til hans um það hver hefði komið í veg fyrir að sú skoðun hæstv. forsrh. að taka bæri upp viðræður við BHMR strax eftir þjóðarsátt kæmi í framkvæmd. Nú er það komið í ljós og ég vil vekja athygli á því að hæstv. forsrh. upplýsir það hér að það var hæstv. fjmrh. sem kom í veg fyrir að teknar yrðu upp viðræður við BHMR strax eftir þjóðarsátt. Þetta er eitt af þeim atriðum sem mjög hefur verið gagnrýnt í sambandi við alla meðferð þessa máls, það hvernig hæstv. ríkisstjórn hunsaði BHMR eftir að þjóðarsáttarsamningarnir höfðu verið gerðir. Nú er það sem sagt upplýst hér og það vil ég undirstrika að það er hæstv. fjmrh. sem kom í veg fyrir það. Það er hæstv. fjmrh. sem fer með samninga við BHMR. Það er hæstv. fjmrh., sem undirskrifaði samningana, sem kom í veg fyrir það. Það er hæstv. fjmrh. sem fer með samninga við BHMR. Það er hæstv. fjmrh. sem undirskrifar samningana, þessa frægu samninga, fyrir hönd ríkissjóðs sem fjmrh. Það er hann sem stóð í vegi fyrir því að teknar yrðu upp viðræður við BHMR strax að lokinni þjóðarsátt. Þetta liggur nú kristaltært fyrir eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. sem ég þá vil þakka fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

6. fundur, miðvikudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. GHG, 50. mál. — Þskj. 50.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Hliðstætt frv. var lagt fram í efri deild á síðasta þingi og hlaut góðar undirtektir en því miður dagaði það uppi í neðri deild. Það má ef til vill segja að það hafi gerst vegna þess að frv. kom seint fram á síðasta þingi en ég verð þó að lýsa furðu minni yfir því að þetta mál skyldi ekki hafa fengist afgreitt þar sem hér er um að ræða mjög viðamikið hagsmunamál tuga þúsunda lífeyrissjóðsfélaga.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að samkvæmt lögum ber sérhverjum vinnufærum Íslendingi að vera aðili að lífeyrissjóði. Þau lög voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi, ef ég man rétt, árið 1981 eða 1982. Við það að skylda alla landsmenn til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði er raunverulega verið að skylda alla vinnufæra Íslendinga til þess að leggja stóran hluta af tekjum sínum í ákveðið sparnaðarform sem er svonefnt lífeyristryggingaform í þeirri mynd sem við þekkjum í dag.

Allir lífeyrissjóðir starfa samkvæmt reglugerð sem er staðfest af fjmrh. Í þeim reglugerðum er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir færi upp ársreikninga sína og þeir séu endurskoðaðir með svipuðum hætti og tíðkast í fyrirtækjum. Er allt gott um það að segja og reynslan hefur yfirleitt verið sú að lífeyrissjóðir hafa skilað góðum niðurstöðum, þ.e. hafa skilað sínum ársreikningum eins og lög mæla fyrir. En því miður hefur orðið allmikill misbrestur á því hjá nokkrum sjóðum að þeir gengju frá ársreikningum og endurskoðun með þeim hætti sem kröfur eru gerðar um almennt til annarra, auk þess sem enn vantar mikið á að sjóðfélagar fái þær upplýsingar sem þörf krefur. Hafa ber einnig í huga að nú munu starfræktir á Íslandi um 100 lífeyrissjóðir. Heildareignir þessara sjóða munu um mitt þetta ár hafa verið komnar upp í 116 milljarða. Þegar maður hefur það í huga að hér er um að ræða miklar eignir, hvort sem litið er á það frá sjónarmiði þeirra einstaklinga sem eru þátttakendur í lífeyrissjóðunum eða út frá heildartölunni, þá gegnir það mikilli furðu, svo ekki sé meira sagt, að hið háa Alþingi skuli ekki hafa samþykkt þetta frv. til laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða sem ég lagði fram á síðasta þingi. Það gegnir mikilli furðu þegar haft er í huga að lífeyrissjóðakerfið sem slíkt hefur legið undir ákveðinni gagnrýni m.a. með tilliti til þess hvernig gengið væri frá ársreikningum. Þetta frv. er nokkuð í samræmi við það sem kemur fram í frv. því til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem lagt var fram á hinu háa Alþingi á síðasta þingi og í meginatriðum hliðstætt þeim ákvæðum í því frv. er lúta að ársreikningum og endurskoðun sjóðanna. Þó eru veigamiklar breytingar á þessu frv. frá þeim hugmyndum sem koma fram í frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem ég mun víkja að hér nokkuð á eftir.

Nú kann einhver að spyrja: Er þörf fyrir það að koma með sérstakt frv. um þennan þátt í starfsemi lífeyrissjóðanna? Nægir ekki að bíða þess dags að heildarfrv. um starfsemi lífeyrissjóðanna verði samþykkt í framtíðinni? Því er til að svara að þótt frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða hafi verið kynnt á síðasta þingi fer því víðs fjarri að því er virðist að það frv. verði lagt fram á þessu þingi og fái fullnaðarafgreiðslu eins og æskilegt væri. Þess vegna er nauðsynlegt að þetta frv. sem ég mæli hér fyrir verði samþykkt nú þegar á þessu þingi.

Ég mun ekki, virðulegi forseti, víkja að einstökum greinum út af fyrir sig en þó verð ég að drepa á nokkur atriði til þess að undirstrika mikilvægi þess sem hér um ræðir.

Í fyrstu grein segir svo, virðulegi forseti:

„Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur sem Seðlabanki Íslands setur. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjármagnsstreymi og skýringar. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reiknings-

skilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

Í ársskýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Ársreikningur lífeyrissjóðs skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs. Hafi einhver stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er."

Í þessari grein er verið að árétta þau grundvallar- og meginatriði sem lúta að ársreikningum yfirleitt og er full þörf á því að sett séu lög hvað lífeyrissjóði áhrærir.

Í þriðju grein er lagt til að: „Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur Seðlabanka Íslands þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða."

Þeir skulu einnig árita reikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar, sem þar eigi fram að koma, þá skulu þeir geta þess í áritun og koma með viðbótarupplýsingar.

Þá segir einnig: „Skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirliti Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar um málefni lífeyrissjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eða skaðað hann að öðru leyti, skulu skoðunarmenn gera stjórn sjóðsins og Seðlabanka Íslands viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja stjórnarfund þar sem fjallað er um ársreikning."

Síðan segir í 4. gr.: „Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991" — þar hefur orðið villa. Þar á að standa 1. jan. 1992, vegna þess að það er varla við því að búast að hið háa Alþingi geti afgreitt þetta mál með þeim hraða sem æskilegt væri né heldur mögulegt að hrinda lögunum í framkvæmd með svo stuttum fyrirvara verði þau samþykkt fyrir áramót.

Ég vil ítreka það, virðulegi forseti, að hér er um mikið og stórt mál að ræða. Við búum við bankakerfi sem er þess eðlis að bankar og aðrar fjármálastofnanir lúta mjög ströngu, ákveðnu opinberu eftirliti. Á ég þar við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Þess vegna er það með hreinum ólíkindum að þetta frv. skyldi ekki vera samþykkt á síðasta þingi þegar haft er í huga, eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, að sá sparnaður sem er núna í eignum lífeyrissjóðanna er orðinn meiri en heildarinnlán í öllu banka- og sparisjóðakerfi landsins. Það gerðist um mitt ár að heildareignir lífeyrissjóðanna fóru upp fyrir heildarinnlán í banka- og sparisjóðakerfinu. Þess vegna hlýt ég að ítreka það og segja að ég skil ekki hið háa Alþingi að það skuli ekki hafa komið þessu frv. í höfn á sl. vori. Það var að vísu afgreitt hér í Ed. með viðeigandi hætti en dagaði uppi á leiðinni niður í Nd. Mér er það gjörsamlega óskiljanlegt og áður en ég gef þá yfirlýsingu sem ég ætla að gefa nú á eftir þá vil ég taka það fram að auðvitað veit ég að flestallir lífeyrissjóðir gegna þeirri skyldu að ganga vel frá sínum ársreikningum og framkvæma eðlilega endurskoðun og haga sínum málum með þeim hætti í starfsemi sinni að það er hafið yfir allan vafa um að þar sé ekki rétt að staðið. En hvað sem því líður er það mjög alvarlegt mál fyrir alla þá sem leggja mánaðarlega 10% af sínum launum inn í lífeyrissjóðakerfið að ekki skuli hafa verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi hvernig eftirliti og ársreikningum hjá þessum sjóðum skuli háttað.

Ég kalla þess vegna hið háa Alþingi til ábyrgðar vegna þess að það hefur vanrækt þennan — ég vil segja nauðsynlega eftirlitsþátt sem felst í því frv. sem hér liggur fyrir.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar, virðulegi forseti, en ég vil ítreka þó eitt atriði í frv., þ.e. að í frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða er gert ráð fyrir því að sett sé á stofn lífeyrissjóðaeftirlit. Í því eftirliti eru fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og fulltrúar ríkisins og þeirra sjóða sem eru í tengslum við ríkisvaldið. Ég var einn nefndarmanna sem stóðu að samningu þessa frv. Þetta var eitt af þeim atriðum sem ég var ekki sammála um en ég undirritaði frv. sem sent var til ráðherra með fyrirvara, m.a. með tilliti til þessa atriðis þó það kæmi ekki fram í mínum fyrirvara, ég hafði fyrirvara við önnur atriði sem er ástæðulaust að tíunda hér undir þessu máli, en ég tel eðlilegra og sjálfsagðara að þetta eftirlit sé í höndum Seðlabanka Íslands, þ.e. í útvíkkuðu verkefni svokallaðs bankaeftirlits, þar sem gerðar yrðu þá aðrar og meiri kröfur til bankaeftirlitsins en nú er í dag. Þar á ég við að hér er um víðtækara svið að ræða en það að fylgjast með bankastofnunum sem starfa samkvæmt öðrum reglum og siðavenjum. Ég tel það eðlilegra að Seðlabankinn og bankaeftirlitið hafi með þetta eftirlit að gera heldur en nefnd sem skipuð er fulltrúum viðkomandi, ég vil segja, hagsmunaaðilum. Ég tel að slík tengsl séu ekki eðlileg. Þeir aðilar sem skipa menn eða kjósa í stjórnir lífeyrissjóðanna eiga ekki einnig að velja menn til þess hlutverks að hafa eftirlit með sjálfum sér. Það verður að koma annars staðar frá, þ.e. frá hlutlausum aðila sem fullnægir þeim kröfum sem gera verður til þeirra sem eiga að fylgjast með þessum miklum fjármunum og ráðstöfun þeirra.

Einnig tel ég eðlilegt að fjmrn. sé eftir sem áður aðili að þessu lífeyrissjóðakerfi og verði það áfram í þeirri mynd sem við þekkjum í dag. En eins og hv.

þm. vita staðfestir fjmrn. reglugerðir sjóðanna og fær ársreikninga og aðrar upplýsingar frá sjóðunum eftir því sem það óskar.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar það sem felst í þessu frv. Ég legg áherslu á að það fái afgreiðslu hér í Ed. sem fyrst þannig að það geti farið til Nd. og verði afgreitt sem lög á hinu háa Alþingi, þ.e. helst fyrir áramót en þó í síðasta lagi áður en þingi lýkur.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég tel það frv. sem hér liggur fyrir þess eðlis að rétt sé að það verði samþykkt. Ég tel að víðast hvar séu þessi mál í góðu lagi sem hér er rætt um í frv. Þau eru í góðu lagi þar sem lífeyrissjóðir eru stórir og sterkir en þar sem þeir eru smáir og meðlimir eru fáir þá grunar mig að betur mætti fara víða og reyndar hefur það komið upp í einstaka tilvikum.

Í frv. er kveðið á um eðlilega hluti sem ekki ætti að þurfa að kveða á um en ég hygg að það sé til bóta að svo verði farið að sem segir hér í þessu frv. Hins vegar tel ég að það þurfi að vinda bráðan bug að því að fækka lífeyrissjóðum eða sameina lífeyrissjóði beinlínis til þess að gera þá hæfari til að sinna sínu hlutverki. Er eðlilegt að það sé eftirlit með því að þeir séu reknir á þann hátt sem eðlilegt getur talist.

Þetta frv. flytur hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sem allra manna mesta reynslu hefur af starfsemi lífeyrissjóðanna og þekkir þessi mál mjög vel. Veit ég að tilurð þessa frv. er vegna þess að hann sér hver vandinn er hjá þeim lífeyrissjóðum sem starfa nú þegar í landinu.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það er vissulega hart að það skuli gerast og þurfa að flytja svona mál inn á Alþingi eins og hér er um rætt. En eigi að síður er nú svo að það þarf að hemja og temja ýmsa sauði sem hafa látið undan síga í réttlætinu gagnvart lögum. Og það hafa menn séð og heyrt. Þess vegna er ég mjög þakklátur fyrir það að þetta frv. skuli komið fram. Svona frv. ætti auðvitað ekki að þurfa að sjá dagsins ljós á Alþingi. Því það er auðvitað skylda manna sem taka að sér forræði eins og þetta að sjá til þess að allt sé samkvæmt lögum eins og gert er ráð fyrir og menn ætlast til. En annað hefur komið í ljós og þess vegna hygg ég að þetta frv. sé flutt. Ég lýsi samþykki mínu við því.

Síðasti ræðumaður kom hér inn á það að það þyrfti að fækka lífeyrissjóðum. Það kann að vera rétt. En hvernig ætla menn að gera það? Ætla menn að safna öllu því dóti saman hér á Reykjavíkursvæðið og deila þaðan út? Eða hvernig ætla menn að hafa það? (**Gripið fram í:** Keilisnes.) Hvað segir hv. þm.? (**Gripið fram í:** Keilisnesið.) Keilisnesið? Ekki er það nú skárra þó því væri safnað saman þar. En það er kannski stefna Kvennalistans, ég veit það ekki. Eins og hv. þm. Kvennalistans tekur fram þá væri best að safna þeim saman þar. (**Gripið fram í:** Það er atvinnuskapandi.) Það kann vel að vera að það sé stefna Kvennalistans að það sé atvinnuskapandi þar. Mér hefur nú heyrst annað.

En varðandi lífeyrissjóðina og lífeyrismálin þá kann vel að vera að það þurfi að fækka lífeyrissjóðum en það er ekki sama með hvaða hætti það er gert. Ég er þeirrar skoðunar að það kunni vel að vera að það gæti verið hægt að einfalda lífeyriskerfið í þá veru að lífeyrisréttindi ættu að vera þau hin sömu hvar sem er á landinu og í hvaða stétt sem er. En einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn á ekki að vera með því marki brenndur að öllu eigi að safna saman á einn stað og menn vita hver sá staður er. Hann er hér á suðvesturhorninu, hvort sem menn tala um Keilisnes eða Reykjavík. Það breytir ekki málinu.

Slíkur lífeyrissjóður, ef af honum yrði, ætti að vera deildaskiptur þannig að fjármagnið sem greitt er inn væri ávaxtað á þeim stað sem það er borgað. Það er komið nóg af því að mínu viti að sjóðum sé safnað saman hér í Reykjavík og deilt út til okkar hinna sem búum utan Reykjavíkursvæðisins eins og þeim þóknast hér syðra hverju sinni. Og ég hygg að menn þurfi að hafa þetta í huga þegar menn eru að tala um lífeyrissjóði og breytingar á því kerfi sem fyrir er. Ég er ekki að lofa það kerfi sem nú er ríkjandi að því er varðar lífeyrissjóði. Því þarf auðvitað að breyta. Og það veit auðvitað flm. þessa frv. sem hér er til umræðu kannski manna best að því þarf að breyta og verður að breyta ef það á að koma að notum fyrir þá sem eiga að njóta. En það verður ekki gert með því að hér sé safnað saman hópi manna til þess að deila út til okkar hinna sem erum utan við svæðið. Og ég er alveg viss um að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er sammála þessu því að hann er auðvitað jafnaðarmaður innst inni hvað sem út á við snýr í hans tali. Og við verðum auðvitað að vona að þeir sem fara með þessi mál sjái að það gengur ekki, þegar þessi mál verða uppstokkuð, að menn séu að tala um einn lífeyrissjóð, eitt bákn, hér í Reykjavík. Það gengur aldrei og er auðvitað fyrir séð. Það er nú verst að hæstv. fjmrh. er farinn. (**Gripið fram í:** Hann er í öðru herbergi.) Hann heyrir ekkert, það er lokað. Og hæstv. umhvrh. vill ekki að hann heyri neitt því hann opnar ekki. (**Gripið fram í:** Þyrfti að vera bein lína.) Já. Því var lofað af hæstv. fjmrh. á síðasta þingi að frv. um lífeyrissjóðsmál yrði lagt fram og vonandi afgreitt a.m.k. áður en þessu kjörtímabili lýkur. Og nú er að verða hver síðastur í þeim efnum. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra gangist fyrir því að þessi mál verði hér innleidd og afgreidd á þessu þingi þannig að menn viti hvar þeir standa fótum í jötu til þess að tala um þessi mál í áframhaldi. Það er auðvitað út í hött að því er varðar lífeyriskerfið að t.d. BSRB eða opinberir starfsmenn skuli hafa margfaldan rétt á við hinn almenna launþega í landinu. Það gengur ekki öllu lengur.

Mér er ljóst að neitanir koma víða frá að því er þetta varðar. En það er nú einu sinni svo að menn verða að taka af skarið og það á að gerast á hv. Alþingi. Það er ekki lengur að mínu viti hægt að mismuna launþegum í landinu eins og gert hefur verið að því er varðar lífeyrismál. Því verður að breyta. Ef núv. hæstv. fjmrh. getur ekki gengist fyrir því og knúið það fram ...

(Gripið fram í.) Ég sagði það nú ekki, hæstv. ráðherra. En kannski maður hugsi svo þó ekki sé sagt. En auðvitað hlýtur að koma að því að einhver verður að taka af skarið í þessum efnum. Þetta gengur ekki svona öllu lengur. Og það væri kannski hin greiða braut fyrir hæstv. fjmrh. í stjórnmálavafstri að taka af skarið í þessum efnum. Ég a.m.k. hvet hann til að þessu verði hreyft og þetta verði gert í þá veru að einn lífeyrissjóður verði stofnaður en með deildaskiptingu eftir því hvar fjármagnið kemur inn og þar á að ávaxta það. Þannig að heimaaðilar fái að ráða hvernig fjármagninu verður varið og hvar það er geymt. Þetta er a.m.k. að mínu viti mjög mikilvægt atriði því ég á ekki von á því að landsbyggðarfólk í heild tekið muni una því að einn lífeyrissjóður verði starfræktur með þeim hætti að honum sé nánast skipað fyrir verkum héðan úr Reykjavík. Við höfum allt of marga slíka sjóði. Þeim þarf að fækka. Það þarf að færa valdið til heimaaðilanna, ekki síst í þessu tilviki eins og mörgum öðrum.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Háttvirtur forseti. Ég álít að frv. Guðmundar H. Garðarssonar, hv. 14. þm. Reykv., sé mjög góðra gjalda vert og honum sé þökk fyrir það að leggja slíkt frv. fram. Ég álít að það sé ekki alveg rétt, sem kom fram hér áðan, að þeir sem hafa með fé annarra aðila og opinberra að véla, þó þeim beri skylda til að gæta þess og gæta laga og réttar, þurfi ekki að fá aðstoð til þess. Það er í rauninni nauðsyn. Ég hef sjálf unnið sem opinber starfsmaður lengi. Ég hef þurft að hafa opinbert fé handa á milli og ég hef álitið það aðstoð við mig að einhver utanaðkomandi hafi endurskoðað það. Ég álít að slíkt sé með alla sjóði og allt sem við erum með í höndunum sem aðrir eiga. Þetta er ekki löggreglueftirlit eða því um líkt heldur leiðbeining sem er öllum mönnum holl og góð. Ég álít líka að það sé nauðsynlegt að lífeyrissjóði landsmanna sé komið á fót og hann verði deildaskiptur. Það er langt frá því að ég vilji safna öllum lífeyrissjóðunum út á Keilisnes þó ég segði þetta í galsa núna áðan. Ég álít að það eigi einmitt að dreifa þeim um landið því að þeir sem eiga féð eiga líka að hafa með það að gera og yfir því að ráða.

Ég álít líka að í lífeyrissjóði landsmanna ættu að vera jafnt konur og karlar og réttindi kvenna ættu að vera jafnhá réttindum karla. Svo hefur ekki verið hingað til í þeim lífeyrissjóðum sem við höfum kynnst því konur sem hafa unnið hörðum höndum heima hjá sér hafa ekki notið sömu lífeyrisréttinda og eiginmenn þeirra þó þær hafi í rauninni átt jafnmikið fé í þeim sjóði sem karlmaðurinn var þá talinn aðili að. Ég álít sem sagt að verði komið upp lífeyrissjóði landsmanna þá þurfum við að gæta þess að allir landsmenn, ekki bara sumir, eigi fullan rétt í honum. Og ef hæstv. fjmrh. gæti komið með slíkt frv. þá væri ég honum mjög þakklát.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Karvel Pálmasyni vil ég greina frá því að í samræmi við yfirlýsingar sem ég gaf hér í hv. deild og á Alþingi á síðasta þingi þá var skipuð í sumar nefnd til þess að fjalla um það frv. um lífeyrissjóðamál og lífeyrissjóði sem samið var af annarri nefnd fyrir nokkrum árum. Þetta frv. hafði legið í skúffu tveggja fyrirrennara minna í fjmrn. og verið þar óhreyft um langa tíð þegar ég kom í ráðuneytið. Ég tók hins vegar á síðasta ári þá ákvörðun að taka það upp úr skúffunni og hefja meðferð þess máls. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar þingflokka. Það er breyting frá fyrri nefnd. Ég ákvað að gera það til þess að þingflokkarnir gætu þegar hafist handa við að ræða málið og undirbúa meðferð þess hér á þinginu. Í nefndinni eiga einnig sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, opinberra starfsmanna, Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambandsins og fleiri aðila, auk sambanda lífeyrissjóðanna. Ég er sannfærður um að í þessari nefnd eiga sæti margir af þeim mönnum sem hvað besta þekkingu og reynslu hafa á þessu sviði í okkar þjóðfélagi. Ég vona að innan fárra daga eða örfárra vikna komi það í ljós í nefndinni með hvaða hætti menn vilja halda á framhaldinu. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson á sæti í þessari nefnd og fleiri hv. þm. svo ég vona að á þessu þingi gefist kostur á því að taka þetta mál hér til meðferðar í samræmi við það sem við höfum ætlað okkur.

Hins vegar er nauðsynlegt að það skapist nokkuð breið samstaða um málið því að þetta er eitt hið allra stærsta mál sem við fjöllum um varðandi lífskjör og efnahag í okkar landi á næstu árum.

Ég lýsti hér í fyrra yfir stuðningi við það frv. sem mælt er fyrir í þessari umræðu og fjmrn. var eindregið fylgjandi því að það yrði afgreitt hér á þinginu og hvatti til þess að svo yrði gert. Það er vonandi að hv. Nd. átti sig á því á þessu þingi að afgreiðsla þessarar hv. deildar á málinu var skynsamleg og frv. nýtur eindregið stuðnings fjmrn. og mín. Ég hvet til þess að þessi hv. deild afgreiði frv. skjótt og vel nú á þessu þingi þannig að Nd. geti tekið það til umfjöllunar.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf. spurði hvernig ætti að fækka lífeyrissjóðum. Það er nú svo sem ekkert algilt svar við því til frá einum manni, en ég hygg að menn geti komið sér saman um hvernig það skuli gert, þeir sem hafa besta yfirsýn yfir það. Ég minni á að með nýjustu tækni er enginn vandi að hafa afgreiðslu lífeyrissjóða úti á landi og í fjarvinnslu væri hægt að gera miklu meira, beina verkefnum til landsbyggðarinnar frá jafnvel lífeyrissjóðum annars staðar. Ég tel nauðsynlegt að fækka lífeyrissjóðum vegna þess að þeir eru allt of margir, 100 lífeyrissjóðir fyrir þessa litlu þjóð, vanmegna lífeyrissjóðir sem sumir hverjir geta ekki sinnt hlutverki sínu. Þessu þarf að breyta og við þurfum að hafa fyrst og fremst í huga réttindi fólksins sem borgar í lífeyrissjóðina. Mér er kunnugt um það að rekstrarkostnaður lífeyrissjóða sumra hefur verið óeðlilega hár. Það getur náttúrlega ekki geng-

ið. Þegar stórar fjárhæðir af innborgunum lífeyrissjóða fara í rekstrarkostnað fer það í lokin þannig að þeir sem eiga að njóta fá ekki það sem tilskilið er. Ég tel sjálfsagt að hafa það að markmiði að landsbyggðin fái þann hlut sem hún á og gjarnan væri hægt að láta þangað meira með þeirri tækni sem nú er í tölvumálum.

Ég minni á að þegar Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður var það tilskilið að sjóðurinn yrði færður á reikning hvers og eins verkalýðsfélags og gert yfirlit um það hvað hvert félag ætti þar inni. En það reyndist ekki hægt vegna skriffinnsku. Nú ætti það að vera hægt. Menn hafa að vísu fallið frá því að það verði gert, en það ætti að vera hægt sem ekki var hægt áður vegna aukinnar tækni.

Ég tel nauðsynlegt að lífeyrissjóðafrv. sem hæstv. fjmrh. var að geta um hér áðan og hv. 3. þm. Vestf. verði flutt á þessu Alþingi og vonandi tekst samstarf um að afgreiða það. Ég veit að það eru ýmis ljón þar í veginum. Það er víða afturhaldið. En vonandi verður það hægt sem allra fyrst.

Hvað varðar lífeyrisréttindi kvenna þá hafa sumir miklað það fyrir sér að heimavinnandi húsmæður bæru skarðan hlut frá borði. Það er einn allsherjar misskilningur sem þarf náttúrlega að leiðréttast. Það er hægt að gera það með því að kynna sér málin. Tilfellið er að kona sem unnið hefur í 20 ár í fiskvinnslu og greitt 10% af sínum launum allan þann tíma fyrir erfið störf úti á vinnumarkaðinum auk þess að sinna heimili, sem er nú það algenga í þessu þjóðfélagi, fær þegar til kastanna kemur aðeins nokkur hundruð kr. meira en kona sem aldrei hefur farið út á vinnumarkaðinn. Það er vegna tekjutryggingarinnar sem þetta virkar svona. Og ég get bara sagt það hér að þrátt fyrir að menn tala um þessa hluti í vandlætingartón er það fólk sem hefur þurft að greiða í þessa lífeyrissjóði ekki sátt við þessa mynd. Þær konur sem hafa þannig þurft að leggja 10% af sínum launum í þessa sjóði eru ekki sáttar við það að fá ekkert meira en aðrir vegna þessa kerfis sem við búum við. En það er staðreyndin í dag að svona lítur dæmið út.

Verkafólk er almennt mjög óánægt með það hvernig lífeyrissjóðsféð er skattlagt með þessum hætti. Það er að vísu gert í jöfnunarskyni en þessar raddir eru orðnar mjög harðar hjá því fólki sem þannig er ástatt með.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Eðli málsins samkvæmt þá hlaut að hefjast hér allítarleg umræða um lífeyrissjóði og lífeyrissjóðamál í tengslum við þetta frv. þar sem við erum að fjalla um þann þátt er lýtur að eftirlitshlutverki hins opinbera af þessum miklu fjármunum sem ég gat um áðan í minni ræðu að væru komnir upp í u.þ.b. 116 milljarða. Einnig hefur komið inn í þessa umræðu það mikla ranglæti sem ríkir á þessu sviði. Hv. 4. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason vék að þeim þætti nokkuð hér í sinni ræðu. Tel ég rétt að koma inn á það atriði nánar á eftir í minni ræðu því að það er þess eðlis. Einnig með tilliti til þess að nú liggja hér fyrir hinu háa Alþingi alls konar hugmyndir í formi þáltill. og frv. í sambandi við lífeyrissjóði og hugmyndir manna um þróun þessara mála þá held ég að óhjákvæmilegt sé, virðulegi forseti, að koma nánar inn á það hér á eftir. En áður en ég geri það vil ég fyrst þakka hv. þm. og hæstv. fjmrh. fyrir þær góðu undirtektir sem þetta frv. fékk hjá þeim hér í ræðum áðan. Ég átti von á þessum stuðningi hér í hinni háu deild og ég tek undir orð hæstv. fjmrh. um að væntanlega sjái Nd. sóma sinn í því að afgreiða þetta frv. með sama hætti og Ed. gerði á síðasta þingi.

Ég hef veitt því eftirtekt á starfsferli mínum hér á hinu háa Alþingi að alltaf þegar verið er að tala um það sem skiptir miklu máli úti í þjóðlífinu er eins og þingmenn hverfi úr salnum. (**Gripið fram í:** Ekki allir.) Nei, allmargir. Ég hef ekki beint miklar áhyggjur af því út af fyrir sig þótt menn fari, en ég hef meiri áhyggjur af því þeirra vegna. Og einnig vegna virðingar Alþingis. Það er alveg furðulegt hvernig sumir hv. þm. leggja mat á mál hér á hinu háa Alþingi. (**Gripið fram í:** Gildismat.) Ég ætlaði ekki að tala um gildismat í sambandi við peninga. Það er afstætt svo að ekki sé meira sagt. Ég legg hins vegar mat á það hvað felst á bak við það sem verið er að fjalla um.

Hér erum við að fjalla um endurskoðunarhlutverk og aðhald með gífurlega miklum fjármunum. Það kom hér fram í ræðu, að mig minnir, hæstv. fjmrh. að flm. hefði komið nokkuð við sögu lífeyrissjóðsmála á Íslandi og það er rétt. Þegar ég var í verkalýðshreyfingunni var þetta annað, ég vil segja, meginverkefni mitt fyrir utan það að standa náttúrlega í kjarabaráttu almennt fyrir mitt stéttarfélag, að reyna að þróa upp þessar tryggingar. Og það var oft því miður nauðsynlegt að rekja sögu mála til þess að menn gætu skoðað það í réttu samhengi hvar þeir eru staddir og hvert þeir vilja raunverulega fara. Þetta segi ég vegna þess að fyrir sameinuðu þingi liggur núna enn einu sinni till. til þál. um svokallaða séreftirlaunasjóði sem ég veit að hefur fallið í góðan jarðveg víða úti í þjóðfélaginu. Hugmyndin byggist á því að í stað þess að vera með félagslega lífeyrissjóði eða séreignasjóði í formi lífeyrissjóða þá skuli þetta allt vera á sérreikningum viðkomandi fólks. Um það er allt gott að segja, en það væri alveg eins unnt að segja: Við skulum leggja niður alla lífeyrissjóði og heimila mönnum að leggja til hliðar á sparireikningum 10% af launum, skattfrjálst, sem þeir geta fengið aðgang að í bönkum og sparisjóðum þegar þar að kemur.

Þar sem ég hef bæði reynslu í sambandi við lífeyrissjóði og lífeyristryggingar, þ.e. að byggja upp lífeyrissjóð, og hef einnig menntun og þekkingu á tryggingum almennt mundi ég segja og ætla að gera það hér og nú: Ísland er ekkert Wall Street. Á Íslandi er ekki miðpunktur auðhyggjunnar, ef ég mætti orða það þannig, með þeim hætti að hver einasti landsmaður sem er kominn á vinnualdur gæti átt það öruggt að starfsdegi loknum að eftirlaunasjóður á sérreikningi skapi honum þá gulltryggingu sem sumir vilja fullyrða. Þetta get ég líka sagt vegna þess að ég hef tekið þátt í að stofna bæði félagslegan lífeyrissjóð, ég hef tekið þátt í að stofna svokallaðan frjálsan sjóð sem er

nú meira fyrir þá efnameiri, þ.e. þá sem eiga eitthvað aflögu, og ég hef einnig tekið þátt í því að stofna verðbréfasjóði þannig að ég þekki nokkuð til þess hvað hér er á ferðinni.

En allt er hægt að einfalda og setja í einfaldan búning, sérstaklega þegar menn vita að þeir þurfa ekki að gera upp reikningana hvað þessa sérhugmynd áhrærir þar sem þeir verða ekki til staðar eftir 30–40 ár þegar reikningurinn verður gerður upp. Mér finnst nauðsynlegt þess vegna í þessari umræðu að undirstrika það að lífeyrissjóðirnir eru nokkurs konar samtryggingar, samhjálparsjóðir. Þetta eru sjóðir sem eru byggðir upp á grundvelli gagnkvæmra trygginga, gagnkvæmrar ábyrgðar þeirra sem mynda sjóðina. Þeir eiga ekki aðeins að borga eftirlaun heldur einnig örorkulaun, makalífeyri o.s.frv. Það gera hins vegar eftirlaunasjóðirnir ekki.

Ég tel eðlilegt, og ég vil undirstrika það hér og nú, að lífeyrissjóðir á félagslegum grundvelli starfi áfram á Íslandi. Það mætti hugsa sér að þeir væru nokkurs konar grunnur í því tryggingakerfi sem menn vilja helst þróa. Það þarf að fækka sjóðunum og stækka einingarnar, bæði út frá rekstrarlegri hagkvæmni og einnig með tilliti til þess að ávöxtun sjóðanna skili til baka þeim fjármunum, að tryggingalegur grundvöllur þeirra sé í góðu lagi. Þess vegna legg ég áherslu á það að félagslegir sjóðir munu auðvitað starfa áfram og vera grunnur í lífeyrissjóðakerfi landsmanna. Hins vegar tel ég sjálfsagt að til viðbótar komi svokallaðir séreignasjóðir eða sérstakir eftirlaunareikningar. Það er ekkert sem mælir á móti því út af fyrir sig.

Þetta hefur auðvitað gífurleg áhrif á almannatryggingakerfið, menn verða að gera sér grein fyrir því. Ef þeir ætla að þróa kerfið með þessum hætti sem ég er að tala um: félagslegir sjóðir, séreignasjóðir og einkasparireikningar, má segja að forsendur almannatryggingakerfisins séu ekki lengur fyrir hendi, þ.e. þær eru brostnar í ákveðnum skilningi. En við komumst aldrei fram hjá þeirri grundvallarskyldu að sjá um þá sem ekki eru í aðstöðu til að skapa sér þær tryggingar sem við erum að tala um. Það er meginmál. En auðvitað er allt breytingum undirorpið og þetta ber allt að skoða í samhengi.

Ég vil taka það fram einnig að þegar ég er að tala um að fækka sjóðunum þá er ég ekki að tala um að mynda einn lífeyrissjóð í því formi sem við þekkjum í dag. Hins vegar minni ég hv. þm. á það að árið 1976 lagði ég fram á hinu háa Alþingi frv. til laga um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn sem byggðist á svokölluðu gegnumstreymiskerfi. Það var fólgið í því að það var ákveðið lágmark og hámark miðað við ævitekjur manna. Hugsunin var sú að það væri séð til þess að lágmarkið væri það hátt að enginn þyrfti að líða skort og inn í það kæmu einnig þeir sem ekki gátu greitt inn í þetta kerfi vegna þess að þeir höfðu ekki aðstöðu, heilsu eða getu til að komast inn í þetta gegnumstreymiskerfi sem átti að ná til allra landsmanna og það var hugsað þannig að enginn fengi hærra en sem næmi þreföldu lágmarki. En það var ekkert sem bannaði það nema síður væri að menn mynduðu síðan ákveðna sérsjóði eða séreignarreikninga meðfram þessu kerfi. Þessi hugmynd fékk ekki hljómgrunn. Ég vil segja því miður. Það hefði verið eðlilegra að þróa þetta grunnkerfi lífeyrisréttinda með þeim hætti sem var lagt til í þessu frv.

Hins vegar er ég sannfærður um það að þróunin verður sú að hér myndast þetta ákveðna stóra grunntryggingarkerfi á félagslegum grundvelli eins og við þekkjum. En ég er einnig sannfærður um það að séreignasjóðum og svokölluðum sparireikningum mun vaxa fiskur um hrygg samhliða almenna lífeyriskerfinu.

Þá vil ég, virðulegi forseti, fá að víkja hér að atriði sem kom fram í þessari umræðu og ég tel nauðsynlegt að undirstrika. Hæstv. fjmrh. vísaði til nefndar sem er að störfum núna við að endurskoða frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna eins og það var lagt fyrir síðasta Alþingi. Ég á sæti í þeirri nefnd eins og hæstv. ráðherra gat um. Þetta er með fjölmennari nefndum sem ég hef setið í, telur 24 nefndarmenn. Formaður nefndarinnar er mjög röskur og ágætur maður, aðstoðarmaður ráðherra, Már Guðmundsson. En þrátt fyrir að þarna séu ágætir menn til þess að reyna að fylgja þessu verki eftir þá er ég ekki trúaður á að það frv. sem kynni að koma frá nefndinni verði afgreitt fyrir lok þessa þings. Ég legg því áherslu á það að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu í Ed. og komist til Nd. þannig að það verði afgreitt úr þinginu. En í sambandi við nefndina sem starfar að því að leggja fram nýtt frv. um starfsemi lífeyrissjóða vil ég geta þess að það var önnur nefnd starfandi á sl. sumri á vegum heilbr.- og trmrh. sem átti að fjalla um breytingu á lögum um almannatryggingar. Þessi nefnd skilaði af sér fyrir nokkru. Ég var einn þriggja nefndarmanna sem skrifaði undir það frv. með fyrirvara. Það var m.a. vegna þess að í frv., sem hefur nú verið kynnt opinberlega, er m.a. gert ráð fyrir að tekjutengja greiðslur úr almannatryggingakerfinu. Og þá kem ég að þeim þætti sem drepið var á hér áðan en það er hið gífurlega ranglæti, sem er gersamlega óviðunandi, að tekjutrygging þeirra sem eru í almennu lífeyrissjóðunum og fá einhverjar lífeyrisgreiðslur úr þeim er skert með þeim hætti, sem hér var bent á áðan og dæmi nefnt um, að t.d. verslunarmaður eða skrifstofumaður sem hefur greitt í 20 ár og hefur töku ellilífeyrisgreiðslna fær raunverulega ekkert til baka vegna þess hvernig þessum ólögum er háttað. Og það á að auka enn meira á þetta ranglæti með því frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem hæstv. trmrh. Guðmundur Bjarnason og aðstoðarmaður hans, Finnur Ingólfsson, hafa kynnt og meiri hluti þessarar nefndar hefur samþykkt.

Ég verð að segja það eins og er að ég skil ekki hvernig menn með fullu viti geta mælt með þvílíku ranglæti og felst í þessu frv. gagnvart ellilífeyrisþegum sem hafa tekið þátt í því að spara af sínum tekjum í áratugi. Það á að svipta þá greiðslum úr almannatryggingakerfinu. (Gripið fram í.) Ég hef mótmælt þessu ranglæti og þessum ólögum, m.a. í viðkomandi nefnd og einnig í grein sem birtist í Morgunblaðinu fyrir skömmu. Ég sagði þar m.a. í þessari

grein varðandi þetta atriði — og ég sé að hæstv. fjmrh. er þungur á brúnina núna vegna þess að hann gerir sér grein fyrir því að það sem ég er að segja núna getur ekki gengið. Þetta snýst ekki um það hvort tekjutap ríkissjóðs verður 100 millj. eða 500 millj., því að það tekjutap er raunverulega ekki fyrir hendi. Þetta fólk er búið að borga sína skatta inn í ríkiskerfið í gegnum árin, þannig að það er ekki tekjutap í raunverulegri merkingu þess orðs. Þetta snýst um það að menn fái til baka þær greiðslur sem þeir hafa greitt, bæði til almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna í góðri trú þegar kemur að því að þeir hefja töku ellilífeyris. Að vísu er þetta frv. ekki enn komið fram á hinu háa Alþingi, en ég trúi því ekki um hv. þm. að þeir samþykki þessi ólög og þetta ranglæti. Ég treysti því að hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því í ríkisstjórninni að þetta frv. fari aldrei út úr ríkisstjórninni inn á hið háa Alþingi. Ef hann gerir það þá er hann maður að meiri og það verður eftir því tekið, ekki bara af þeim sem hér talar heldur af allri þjóðinni.

Ég sagði, virðulegi forseti, m.a. í þessari grein þar sem ég var að fjalla um þetta ranglæti að það væri hlutverk stjórnmálamanna m.a. að reyna að tryggja fólki ákveðin almenn mannréttindi og að ekki sé gengið á hlut einstaklinga eða þeim mismunað í skjóli ranglátra laga. Hér eru því miður í gildi ranglát lög gagnvart þessu atriði sem felst í því hvernig íslensk skattalög eru. Og það á að auka enn meira á þetta ranglæti með því að tekjutengja þetta með þeim hætti sem ég lýsti áðan.

Það getur oft reynst erfitt að fullnægja því sem kallast öllu réttlæti. Mörkin á milli þess sem telst réttlátt og ranglátt geta verið óljós. En í ýmsum tilfellum dyljast þau ekki og þannig er háttað í því tilviki sem hér er til umræðu. Það er mjög alvarlegt, svo að ekki sé meira sagt, og raunverulega er verið að níðast á eldra fólki með því að það skuli ekki njóta eðlilegs lífeyris sem það hefur myndað í almennum lífeyrissjóðum á grundvelli iðgjaldagreiðslna í áraraðir vegna vísvitandi — ég segi vísvitandi, rangrar löggjafar. Vegna gildandi laga um staðgreiðslu skatta og breyttra reglna um skattfrádrátt við tilkomu laga um staðgreiðslu skatta og með tilliti til ákvæða almannatryggingalaga um frítekjumark vegna greiðslu tekjutryggingar eru lífeyrisþegar í almennum lífeyrissjóðum raunverulega tvískattaðir. — Ég vil nú biðja hv. þm. Vestf. um að víkja annaðhvort úr salnum eða gefa hljóð. (Gripið fram í.) Það er ákaflega erfitt, hv. þm., ég vil nú sýna hv. þm. fulla virðingu, að tala hér í þessum litla sal ef menn eru með einkafundi í salnum, sérstaklega ef það koma menn úr annarri deild og það framsóknarmenn. (**Gripið fram í:** Já, þú ert að tala um þá, ekki hina.)

Ég var, virðulegi forseti, að víkja að því að raunverulega eru lífeyrisþegar í almennu lífeyrissjóðunum tvískattaðir. Þetta kemur sérstaklega hart niður á lág- og millitekjufólki. Það má segja að ríkjandi fyrirkomulag feli í sér algert tilræði við félagslega lífeyrissjóði og áunnin lífeyrisréttindi á grundvelli samningsbundinna iðgjaldagreiðslna. Skerðing tekjutryggingar í ákveðnu hlutfalli við lífeyrisgreiðslur sjóðanna felur í sér þjóðfélagslegt ranglæti, ég vil segja mannréttindaskerðingu og skattbeitingu, sem ekki er hægt að una við öllu lengur. Það er gersamlega óviðunandi að lífeyrisþegi sem hefur öðlast lífeyrisréttindi á grundvelli lág- og millitekna skuli sviptur tekjutryggingu og standa í sömu sporum og sá sem ekkert greiddi eða safnaði í lífeyrissjóðinn. Þar með er ég ekki að segja að þeir séu ofhaldnir af því sem þeir hafa.

Nú hlýtur að vakna upp sú spurning: Hvers vegna hefur sá sem hér talar þá ekki beitt sér fyrir því að breyta þessu? Ég veit að margir hv. þm. sem hér eru staddir vita og hafa hlustað á það þegar ég á undanförnum þingum hef verið að ræða um þetta atriði. Því miður hefur mér ekki tekist að skapa skilning á því meðal hv. þm. eða hæstv. ráðherra að þessu þurfi að breyta. Það sem þarf að gera og ég mun gera á yfirstandandi þingi er að leggja fram frv. til laga sem felur í sér breytingar á skattalögum. Það frv. er nú í undirbúningi. Fróðir menn, löggiltir endurskoðendur, hafa fjallað um þetta mál með mér undanfarna daga og staðreyndin er sú að lögin um staðgreiðslu skatta eru þess eðlis að ekki er einfalt mál að breyta því sem hér er um að ræða. Það þarf að breyta ákveðnum ákvæðum í skattalögunum, sem hefur líka áhrif á tekjur sveitarfélaga, auk þess sem það þarf að breyta ákvæðum í almannatryggingalögum.

Þegar rætt hefur verið um leiðréttingu á þessu máli hefur jafnan verið sagt að þetta þyrfti að athuga betur. Hin helsta mótbára hefur verið að ekki mætti skerða tekjur ríkissjóðs vegna þessara mála eða efna til aukinna útgjalda þeirra vegna. Ég svara því á móti: Það er ekki hægt að nota hið háa Alþingi öllu lengur til þess að samþykkja að viðhalda lögum sem fela í sér mannréttindaskerðingu og raunverulega brot á öllum grundvallarreglum lýðræðis. Það er gert og það er furðulegt að við hv. þm. skulum ekki hafa gert breytingar hér á með þeim hætti sem ég er að fjalla um þetta. Það sem þarf að gera og hv. þm. þurfa að gera upp við sig og taka afstöðu til er:

1. Allir lífeyrisþegar verða að njóta að fullu sömu tryggingaréttinda úr almannatryggingakerfinu, þ.e. grunnlífeyris að viðbættri óskertri tekjutryggingu.

2. Þeir lífeyrisþegar sem eiga lífeyrisréttindi í almennum lífeyrissjóðum eiga að fá óskertar greiðslur, þ.e. í samræmi við reglugerðir viðkomandi sjóða.

3. Til þess að framangreind framkvæmd nái tilætluðum árangri verður að hækka skattleysismörk hjá einstaklingi þannig að hið minnsta — ég segi hið minnsta, 90 þús. kr. mánaðarlaun verði tekjuskattsfrjáls.

Nú kann einhverjum að þykja að þetta síðasta atriði sé nokkuð stór biti að kyngja fyrir ríkissjóð. En ég vek athygli á því að 90 þús. kr. í dag eru engar hátekjur. Þær eru ekki einu sinni millitekjur, þegar haft er í huga að skattfrjálsar tekjur geta ekki verið nema rúmlega 53 þús. kr. á mánuði hjá einstaklingi. Þegar hann er kominn upp fyrir það er hann farinn að greiða um það bil 40% í staðgreiðslu þannig að ... (Gripið fram í.) Þetta er rétt, hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Ja, 23, 24, 25%. Hæstv. ráðherra kemur inn á það en gefum okkur það, það er rétt hjá hæstv. ráðherra, það eru

24–25%. Þá skulum við líta á dæmið út frá sjónarmiði t.d. starfsmanns á ríkisspítölunum, einstæðrar konu sem með mikilli fyrirhöfn vinnur vaktavinnu og annað og kemst upp í 80–90 þús. kr. á mánuði. Þegar hún er komin upp í 52 þús. krónurnar þá fer $^1/_4$ af tekjunum í beinar tekjuskattsgreiðslur, þ.e. ef hún fengi 90 þús. kr. með mikilli vinnu, vaktavinnu o.s.frv., þá afhendir hún fjórðu hverja krónu til ríkissjóðs og heldur eftir 30 þús. kr. (**Fjmrh.:** Helmingurinn af því fer til sveitarfélaganna.) Þarna féll nú hæstv. ráðherra á prófinu. Hann skildi það ekki að ég var að ræða þetta mál út frá sjónarhóli einstaklingsins sem þarf að geta lifað af tekjum sínum. Ég var ekki að ræða þetta út frá sjónarmiði kerfisins, hvort sem það er ríkissjóður eða bæjarsjóður. (**Fjmrh.:** Ég var bara að vekja athygli á því ...) Aðalatriðið er, hæstv. ráðherra, að þegnarnir geti lifað sæmilega. (Gripið fram í.) Aðalatriðið er að einstaklingurinn geti lifað og aðalatriðið er einnig, hæstv. ráðherra, að hæstv. ráðherrar og aðrir valdamenn á Íslandi fari að gera sér grein fyrir því að lágtekjufólk á Íslandi er það fólk sem hefur svona 80–90 þús. kr. á mánuði. Það dugar rétt til lágmarksframfærslu. Það sem ég er að tala fyrir er að við breytum skattalögunum þannig að þeir sem eru með þessar lágtekjur, ég nefndi 90–100 þús. kr. á mánuði, verði skattlausir. Ég sé að hæstv. ráðherra hefur skilning á þessu sjónarmiði. Ég nálgast það út frá sjónarmiði þolandans en ekki þiggjandans. Ég hef engar áhyggjur út af ríkiskerfinu eða borgarsjóði eða sveitarfélögunum. Aðalatriðið er að fólkið í landinu, einstaklingurinn geti lifað. (**Fjmrh.:** Það er Davíð sem tekur meira ...) Við erum ekki að byggja upp þjóðfélag þrælakerfis. Við erum að reyna að byggja upp þjóðfélag þar sem fólk geti lifað og ég er að tala um lágtekjufólk sem er með tekjur á bilinu eða allt upp í 90–100 þús. kr.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla um þetta frekar. Þetta fór inn á þær brautir sem ég taldi mjög æskilegar. Það tengist ellilífeyrisþegum mjög sterklega vegna þess að það vill svo til að sú skerðing sem á sér stað í almannatryggingakerfinu gagnvart þeim sem taka ellilífeyri úr almennu sjóðunum er með nákvæmlega sama hætt og lágtekjufólksins á Íslandi, þ.e. þetta fólk á auðvitað að fá sínar greiðslur úr sjóðunum óskertar. Einnig að fá greiddar lágmarkstryggingagreiðslur úr almannatryggingakerfinu sem er grunnlífeyrir plús tekjutrygging. Þar með er öllu réttlæti fullnægt gagnvart þessu fólki.

Ég ætla ekki að vera stórorður á þessu stigi um önnur atriði sem snúa að lífeyrismálum, þ.e. hinum oftryggðu í íslensku kerfi. Við vitum alveg hverjir eru hinir hátryggðu í valdakerfi íslensks þjóðfélags. Um það er full ástæða til að ræða sérstaklega, virðulegi forseti. Það er að þeir sem mynda hávaldakerfi íslensku þjóðarinnar létu eitthvað af sínu til fólksins og styddu þau sjónarmið sem ég hef fram sett um það að fólk muni njóta sinna trygginga í samræmi við greiðslur í almennu lífeyrissjóðina.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):
Virðulegi forseti. Ég vil aðeins útskýra það sem ég kallaði fram í hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni vegna þess að mér fannst í hans ræðu örla dálítið á þeim misskilningi sem ég hef orðið var við víða, að það sé ríkissjóður sem taki meginhlutann til sín af tekjuskattskerfinu sem er hér á Íslandi. Það er rangt. Þegar það dæmi er gert upp þá fara til sveitarfélaganna um 12 milljarðar en til ríkissjóðs um 10 milljarðar vegna þess að meginhlutann af þeim upphæðum sem koma inn í gegnum tekjuskattskerfið borgar ríkissjóður út aftur í formi persónuafsláttar, barnabóta og vaxtabóta.

Það er nefnilega mjög merkileg staðreynd að tekjuskatturinn á Íslandi er meiri tekjulind fyrir sveitarfélögin en fyrir ríkissjóð. Og þá er ég auðvitað, eins og eðlilegt er, að telja útsvarið til tekjuskattskerfisins vegna þess að það er eðli málsins samkvæmt, eins og kerfið er uppbyggt, hluti af tekjuskattskerfinu. Það er þess vegna þannig að t.d. íbúi í Reykjavík borgar meira til borgarsjóðs Reykjavíkur í gegnum tekjuskattskerfið en til ríkissjóðs. Vilji menn gera þær breytingar á tekjuskattskerfinu sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson gerði grein fyrir hér áðan, þá mun það rýra tekjur sveitarfélaganna meira en ríkisins og þá mest tekjur borgarsjóðs Reykjavíkur.

Þetta er í sjálfu sér ekki nein ný skilgreining, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, vegna þess að eins og allir vita leggst útsvarið á og er innheimt einnig sem hluti af hinu víðtæka tekjuskattskerfi sem í landinu er og þegar verið er að meta tekjuskattsstigið, eins og t.d. hv. þm. Halldór Blöndal hefur oft gert í þessari deild, þá leggur hann með réttu saman útsvarsprósentuna og tekjuskattsprósentuna sem fer til ríkisins vegna þess að þetta er hluti af sama kerfinu. Og það er einnig mikil samtenging á milli jöfnunarákvæðanna í tekjuskattinum, eins og persónuafsláttar og annarra ákvæða, og útsvarsákvæðanna til þess að tryggja að jöfnunarþættir tekjuskattsins gangi einnig yfir útsvarsgreiðslurnar svo að útsvarsgreiðslurnar falli ekki með sérstaklega þungum hætti á lágtekjufólk. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta sérstaklega hér, en mér fannst hins vegar nauðsynlegt að skýra þetta nánar af því að ég vék að þessu í tveimur setningum sem ég kallaði fram í fyrir hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Mér fannst hann eins og ýmsir ræða þetta mál eingöngu út frá því að þetta snerti tekjustofna ríkisins.

Af þeirri heildarprósentu sem innheimt er í útsvar og tekjuskatt situr eftir hjá ríkinu, ef ég man rétt, í kringum 6%. Allt annað er borgað út, ýmist í jöfnunargreiðslum til einstaklinga, barnabótum, vaxtabótum og persónuafslætti eða fer til sveitarfélaganna í gegnum útsvarið.

Ég held þess vegna að það væri fróðlegt að ræða þetta mál einnig við forsvarsmenn sveitarfélaganna vegna þess að þær tillögur, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson reifaði hér til breytingar á tekjuskattinum, munu fyrst og fremst rýra tekjustofna sveitarfélaganna.

Karvel Pálmason:
Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem hér hafa

komið fram í umræðunni sem mér finnst ástæða til að ræða. Ég tek að sjálfsögðu undir það sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði áðan að það er auðvitað ólíðandi að lífeyrisgreiðslur séu tvískattaðar og ég a.m.k. stend í þeirri meiningu að svo sé nú. Ef það er ekki rétt, ef ég fer með rangt mál, þá óska ég eftir því að hæstv. ráðherra greini frá því.

Í öðru lagi það sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði hér áðan varðandi sjóðamyndunina í landinu og tók sem dæmi Atvinnuleysistryggingasjóð. Hann var á sínum tíma með lögum skyldaður til þess að ávaxta fjármagnið í heimabyggð en kerfið, hæstv. fjmrh., það neitaði og því leiðst það. Það virðist ekki skipta máli hvað löggjafarvaldið ákvarðar í þessum efnum, það er kerfið sem ræður. Hvað ætlar hæstv. Alþingi, löggjafarvaldið, lengi að líða svona hluti? Það skiptir í raun og veru engu þó að menn lögfesti hér breytingu á lífeyrissjóðakerfinu í þá veru að það verði einn deildaskiptur lífeyrissjóður með ávöxtun á þeim stöðum sem fjármagnið er borgað inn, kerfið mundi neita og því hefur liðist það. Það er auðvitað þetta sem menn verða að horfa á þegar þeir eru að tala um breytingu að því er varðar ákvörðun Alþingis og til framkvæmda í raun og veru.

Ég þekki þetta tiltölulega vel vegna þess að líklega eini staðurinn á Íslandi sem braut kerfið á bak aftur á þessum tíma var Bolungarvík. Þar var það sem inn kom í Atvinnuleysistryggingasjóð ávaxtað í heimabyggð. Þar var það gert en því miður ekki annars staðar. Og það er kannski þetta sem menn þurfa að átta sig á, að það dugar ekkert þótt Alþingi setji lög, ef embættismannakerfinu líka þau ekki þá treður það á þeim og virðir að vettugi. Það er auðvitað umhugsunarvert fyrir hv. þm. og Alþingi sem heild að íhuga þetta, þessa staðreynd sem við höfum búið við. Það er kerfið sem hefur ráðið hér burt séð frá því hver vilji Alþingis hefur verið.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson kom inn á almannatryggingakerfið. Auðvitað er það tengt því sem hér er verið að ræða um. Hann minnti á það frv. sem er væntanlegt trúlega en ég treysti því nú, hæstv. fjmrh., að þér og kannski fleirum takist að stöðva að það komi inn á Alþingi eins og það er í stakk búið, að mér sýnist. Að mínu áliti yrði það slík hneisa, eins og frá því er gengið, að nánast engin orð tækju yfir það. Það er raunveruleg réttindaskerðing, nánast í hverju sem menn taka upp. Það er ekki bara tekjutengingartryggingin sem sem þar er um að ræða, það er fjöldamargt annað sem snýr að réttindasviptingu einstaklinga í þessu þjóðfélagi sem menn hafa hörðum höndum unnið sér í langa tíð. (**Fjmrh.:** Heldur þú að Helgi Seljan hefði samið svoleiðis frv.?) Nei, ég held það ekki, hæstv. ráðherra, enda eruð þið alþýðubandalagsmenn búnir að losa ykkur við hann. (**Fjmrh.:** Losa okkur við Helga Seljan?) Er hann ekki horfinn? Hann er horfinn úr þingsölum. (Gripið fram í.) Nei, hæstv. ráðherra, það hvarflar ekki að mér að Helgi Seljan hefði nokkurn tímann staðið að slíkum hlutum, enda var hann ekki með þeim, það veit ég. Og ég treysti því að hans félagar þá, ef það má orða það svo, í Alþb., standi við hlið hans í þessu máli. — Er hæstv. ráðherra að gefa merki? (**Fjmrh.:** Nei, nei.) Ég treysti því hæstv. ráðherra ... (**Fjmrh.:** Það er bara gott að þú ert búinn að átta þig á því að það voru góðir menn sem sömdu þetta frv.) Voru það góðir menn? Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra er að fara með þessu því ég var nú eiginlega að tala gegn þeim mönnum sem eru á þeirri skoðun sem þarna kemur fram. Það á ekki bara að tekjutengja lífeyrisbætur, heldur erum við að svipta menn réttindum sem þeir eru búnir að ávinna sér í tryggingakerfinu. Meira að segja er gert ráð fyrir því að afnema þá löggjöf sem var samþykkt hér á Alþingi einróma 1989, að því er varðar það að sjúklingar á sjúkrastofnunum sem verða fyrir mistökum af hálfu lækna eða starfsfólks heilbrigðisstofnana geti fengið bætur. Með þessu frv. á, að því er ég best sé, að afnema það algjörlega, eða a.m.k. hef ég ekki séð neitt sem á að koma í staðinn fyrir það. Og það eru fjöldamörg önnur dæmi sem mér sýnist menn vera með þessu frv. að snúa til fortíðar að því er varðar réttindabætur fólks og einstaklinga.

Ég treysti því a.m.k., hvað sem hæstv. ríkisstjórn kann að gera í þessum efnum, og ég hef ekki allt of mikla trú á sumum þar innan dyra, að Alþingi láti ekki slíkt frv. fara hér í gegn eins og það er í pottinn búið og málum er háttað í því frv. sem mér sýnist að eigi að leggja hér fram. Kannski menn sem að því standa ætli að hafa það í farteskinu í kosningabaráttunni að vori. En þeir sem það ætla sér munu ekki ríða feitum hesti frá þeim viðskiptum við almenning. Það breytir engu til hvaða pólitíska flokka menn telja sig, menn finna réttlætið í hlutunum og ranglætið líka. Þar greina menn í milli, hvar í flokki sem þeir eru staddir. Og það ætti kannski að vera veganesti þeirra manna sem ætla nánast að kollvarpa því tryggingakerfi sem við höfum búið við í langan aldur. (Gripið fram í.) Ja, hvað eru menn að tala um, hæstv. ráðherra, er ekki frv. um það? Þá er hæstv. ráðherra ósammála Helga Seljan. (Gripið fram í.) Hann hafði fyrirvara á þessu frv. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki bara að ræða frv. þegar það kemur fram?) Hvað segir hv. þm.? (Gripið fram í.) Það kann vel að vera, en hv. þm. sem greip fram í var ekki við umræðuna áðan þegar hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson innleiddi þessa umræðu. (**Gripið fram í:** Ég hef verið hér við í allan dag.) Þá hlýt ég, hv. þm., að eiga rétt á því að taka undir með þeim sem var frummælandi af því að þetta er auðvitað tengt því máli sem við erum að tala um. (**Fjmrh.:** Þú ræðir það við þingflokk Alþfl.) Er málinu best borgið þar, hæstv. ráðherra? Er það ekki í öllum þingflokkum? (**Fjmrh.:** Bara stjórnarflokkunum.) Já, en það eru nú fleiri en Alþfl. sem eru stjórnarflokkar, að ég best veit. (Gripið fram í.) Já, þið eruð náttúrlega nánir kunningjar, hæstv. ráðherrar fjármála og utanríkismála, þannig að þið ræðið grannt saman og skiljið hvorn annan mæta vel, ekki síst á rauðu ljósi.

En ég hygg að hvað sem menn segja þá er þetta auðvitað nátengt þegar menn eru að tala um þessi mál. Og ég ítreka enn það sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði áðan, með frv. sem menn eru hér að ræða

varðandi almannatryggingar og breytingar á þeim eru menn enn að auka ranglætið í þjóðfélaginu og er það nóg fyrir. Menn eru enn að auka á ranglætið í þjóðfélaginu og ég trúi því ekki að þeir sem kalla sig hina sönnu jafnaðarmenn, auðvitað vita menn við hvað er átt þegar höfðað er til þessara orða, það er formaður Alþb., hæstv. fjmrh., sem viðhefur þessi orð — við, hinir sönnu jafnaðarmenn, ég trúi því ekki að þeir ætli að stuðla að því að slíkt ranglæti, eins og þetta frv. að mínu viti ber með sér og fleiri, nái fram að ganga hér á Alþingi. Það yrði til þess að kollvarpa öllu því sem menn hafa verið að vinna að til réttlætis í þessu þjóðfélagi. Og ég ætla engum hv. þm. það, a.m.k. ekki í hv. Ed., að þeir láti það yfir sig ganga, hvað sem kann að verða í hinu neðra.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um það að allir hv. þm., og jafnvel ekki hæstv. fjmrh., geri sér grein fyrir því að við erum að tala um eitt af grundvallaratriðunum og hornsteinunum í lýðræði og þingræði á Íslandi í dag, sem felst í því að það er ekki hægt að skylda mann með lögum til greiðslu í sjóð, 10% í þessu tilviki, eitt árið og koma svo áratug síðar og segja: Nei, heyrðu fyrirgefðu, það var aldrei meiningin að þú fengir neitt til baka úr viðkomandi sjóði af því sem þú greiddir samkvæmt lögum.

Þetta er raunverulega það sem felst í því að skerða tekjutryggingu gagnvart almennum lífeyrissjóðsfélögum úti á hinum almenna markaði. Ég skal einfalda málið þannig að menn skilji þetta. Það er því miður oft þannig að það er eins og menn þurfi að lesa Litlu, gulu hænuna aftur til að skilja hvernig þeir eiga að lesa.

Árið 1981 eða 1982, ég man ekki nákvæmlega, virðulegi forseti, hvort árið það var, voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi lög sem skylduðu alla vinnufæra menn til að vera í lífeyrissjóðum. Þar með voru allir skyldaðir til að afhenda 10% af sínum launum inn í einhvern lífeyrissjóð. Til þess tíma höfðu þeir sem ekki höfðu verið í lífeyrissjóðum rétt á grunnlífeyri að viðbættri tekjutryggingu úr almannatryggingakerfinu. Núna hefur hæstv. trmrh. kynnt í blöðum, áður en málið kemur inn á þing, en þannig að það er hægt að ræða það hér á hinu háa Alþingi, að það eigi að leggja fram frv. til laga sem felur það í sér að sá sem var skyldaður til að vera í almennum lífeyrissjóði 1981 hann skuli vera jafn — ég segi illa staddur — og hann hefði aldrei verið í lífeyrissjóði. Hann fær ekki krónu af því sem hann hefur greitt í sjóðinn vegna þess að hann fengi það sama, þótt hann hefði aldrei verið í sjóðnum, út úr almannatryggingakerfinu ef þessi lög ná fram að ganga og ef núgildandi lög verða einnig í gildi. Er hægt að ganga lengra í því að koma aftan að fólki en með þessum hætti? Ég segi nei. Það er ekki hægt að ganga lengra í því að svíkjast aftan að manni en annaðhvort að hvetja hann til að gera af frjálsum og fúsum vilja einhvern hlut eða skylda hann og koma svo aftur nokkrum áratugum síðar í skjóli valdsins og segja: Það stóð aldrei til að þú fengir neitt út úr því sem þú hefur lagt inn í viðkomandi sjóði. Þetta er eignasvipting. (**Fjmrh.:** Þetta er kjaftæði.) Ég ætla, virðulegi forseti, að láta það koma inn í sögu þingsins að hæstv. fjmrh. hafi sagt að þetta væri kjaftæði. Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að kynna sér hvernig tekjutrygging er skert hjá þeim sem fá greiðslur út úr almennu lífeyrissjóðunum. (**Gripið fram í:** Hann veit það, hlýtur að vera.) Hann veit það. Ég segi það fyrir mitt leyti að ég skammast mín fyrir það að maður sem ég þarf að ávarpa hér sem hæstv. fjmrh. skuli leyfa sér að segja að þetta sé kjaftæði. Þetta snertir þúsundir manna, þúsundir láglaunamanna, lágtekjufólk. Það eru ekki allir hátekjumenn eða í íslensku valdakerfi. Það eru ekki allir sem hafa verið þingmenn, ráðherrar, bankastjórar, prófessorar eða hvað það heitir og taka margfaldan ellilífeyri út úr kerfinu. Ég held að hæstv. trmrh. og hæstv. fjmrh. hefðu þá átt að breyta almannatryggingalögunum þannig að jafna niður það sem þeir fá margfalt, margfalt á við það sem hinir fá sem eru skertir af lágum tekjum.

Ég ætla ekki, meðan ég er þingmaður, að sitja undir því ranglæti, það skal hæstv. fjmrh. vita og aðrir hv. þm. Þess vegna mun ég berjast fyrir því með tvíþættum hætti. Annars vegar með því að koma með frv. til breytinga á bæði skattalögum og lögum um almannatryggingar sem felur það í sér að allir sitji við sama borð gagnvart almannatryggingalögunum hvað lífeyrisgreiðslur áhrærir og að skattalögum verði breytt þannig að menn leiðrétti þá svívirðu að halda því fram að 50 þús. kr. séu lágtekjur, þær eru lág-, lág-, lágtekjur. Það væri nær, og það þarf að gera, að breyta skattfrelsismörkunum þannig að einstaklingar með 90–100 þús. kr. á mánuði verði skattlausir.

Það er ekkert aðalatriði, eins og hæstv. fjmrh. er að segja hér trekk í trekk, að hluti af þessu fer til sveitarfélaga og það fer minna til ríkisins. Þetta snýst ekki um kerfið, það er þetta sem er vandi íslenskrar þjóðar, að valdamenn halda að allt snúist um kerfið. Þetta snýst um fólkið sjálft, einstaklinginn, sem þarf að geta dregið fram lífið, lifað mannsæmandi lífi. Um það snýst þetta en ekki kerfið. Það má þá fækka ráðuneytum og það má þá skera niður eitthvað af risnunni. Það má þá lækka greiðslurnar til þeirra sem fá margfaldar ellilífeyrisgreiðslur í gegnum margföld störf. Það væri miklu nær að ræða það út frá því en ekki hinu atriðinu, þ.e. hvernig þessu er skipt. Það má draga saman í rekstri ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna endurtek ég það, virðulegi forseti, að menn ættu að gera sér grein fyrir því að ekki er hægt að semja og samþykkja lög sem eru þess eðlis að menn geti komið hér sem valdamenn á hinu háa Alþingi 10–20 árum síðar og sagt: Það stóð aldrei til að þessum lögum yrði fullnægt. Það stóð aldrei til að þið fengjuð þau réttindi sem lögin gera ráð fyrir. Því mótmæli ég fyrir hönd þeirra þúsunda sem líða fyrir þetta ranglæti.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst heldur ósanngjarnt hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að nota ræðustólinn hér á Alþingi til að ráðast á borgarstjórann í

Reykjavík vegna þess að borgarstjórinn í Reykjavík hefur ekki enn þá seturétt hérna í þingsalnum til þess að svara fyrir sig. (**GHG:** Virðulegi forseti. Ég mótmæli svona aðdróttunum hér á hinu háa Alþingi.) Það er alveg sama þó að þingmaðurinn mótmæli því eins oft og hann vill. Þetta eru engar aðdróttanir. Það er bara verið að taka umbúðirnar utan af því sem þingmaðurinn var að segja, enda er prófkjör í Reykjavík hjá Sjálfstfl. eftir fáeina daga eins og lesa má af auglýsingasíðum dagblaðanna dag eftir dag.

Staðreyndin er sú að ef það ætti að vera krafan að skattleysismörkin væru 95 þús. kr. á mánuði, eins og hv. þm. setur hér fram kröfu um og flytur mikla hneykslunarræðu um hvað ósanngjarnt sé að fólk með undir 95 þús. kr. mánaðartekjur borgi í tekjuskattskerfinu, þá er það fyrst og fremst krafa um að útsvörin séu lækkuð á íbúum Reykjavíkur þegar umbúðirnar eru teknar utan af ræðunni. Það er fyrst og fremst krafa um það að Reykvíkingar borgi minna í útsvar en þeir hafa gert fram að þessu. Þá finnst mér rétt að þingmaðurinn bara segi það alveg skýrt og komi hér fram og segi að það sé hneyksli að Reykvíkingar með undir 95 þús. kr. á mánuði séu látnir borga útsvör til borgarstjórnar Reykjavíkur, því að það var það sem þingmaðurinn var að segja, í stað þess að ráðast á fjmrh. og ríkissjóð sérstaklega í þessum efnum. Hann á bara að ráðast á þann sem skeytunum er beint að. Það er þess vegna sem ég er að taka umbúðirnar utan af þessari ræðu því að þetta er fyrst og fremst árás á þá sem hafa stjórnað fjármálum Reykjavíkurborgar á undanförnum árum. Og svo að ég noti orð hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar því óréttlæti að íbúar í Reykjavík sem eru með undir 95 þús. kr. mánaðartekjur skuli greiða útsvar. (**SalÞ:** Horfir ráðherrann ekki út fyrir borgarmörkin? Eru ekki fleiri sveitarfélög á Íslandi?) Jú, jú. Eins og ég sagði í minni fyrri ræðu áðan á þetta við öll sveitarfélög. En ég segi þetta vegna þess að borgarstjórinn í Reykjavík hefur sérstaklega stært sig af því hvað útsvör væru lág í Reykjavík. (**SalÞ:** Þannig á það að vera.) Já, já. Það getur vel verið, ég ætla ekki að tala sérstaklega um það hér. En það er þó vitað mál að ein af ástæðunum fyrir því að þau eru lág er það að íbúar Mosfellsbæjar borga í gegnum orkuveitur greiðslur inn í borgarsjóð Reykjavíkur sem eru svo notaðar til þess að standa undir almennum rekstri Reykjavíkurborgar og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hefur ekki beitt sér fyrir því í Mosfellsbæ að íbúar Mosfellsbæjar hætti að borga í borgarsjóð Reykjavíkur. Á síðustu þremur árum hefur Reykjavíkurborg tekið einn milljarð inn í borgarsjóð frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og frá Hitaveitu Reykjavíkur sem er að hluta til borgað af íbúum nágrannasveitarfélaganna. Þetta hélt ég nú að jafngerkunnugur sveitarstjórnarmaður og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir vissi.

Ég ætla ekki að fara í almennar umræður hér um það hver skattleysismörkin eigi að vera. Ég var hins vegar að vekja athygli á þeirri staðreynd að sveitarfélögin taka til sín stærri hlut í gegnum tekjuskattskerfið hér á Íslandi, samtengingu tekjuskatts og útsvars, en ríkissjóður gerir. Krafa manna um hærri skattleysismörk í þeim efnum kemur þess vegna meira til tekjurýrnunar hjá sveitarfélögunum en hjá ríkissjóði. Þá þurfa þeir sömu menn að svara: Á það þá að þýða tekjulækkun hjá sveitarfélögunum eða vilja þeir breyta öðrum tekjustofnum sveitarfélaga svo að ræðan sé þá fullkomin? Eða eru menn einfaldlega að leggja hér til verulega tekjulækkun hjá sveitarfélögunum í landinu vegna þess að útsvarið er einn megintekjustofn hjá sveitarfélögunum? (**Gripið fram í:** Eða ríkið.) Já, eða ríkið. En vegna þess að þessir sömu menn tala alltaf um ríkið eins og þetta komi sveitarfélögunum ekki við, þá er ég að vekja athygli á þessari grundvallarstaðreynd, að t.d. í ár taka sveitarfélögin til sín samanlagt 12 milljarða af þessu tekjuskatts- og útsvarskerfi á sama tíma og ríkissjóður tekur aðeins til sín 10 milljarða. (Gripið fram í.) 10 milljarðar. Það er bara einfaldlega úr opinberum gögnum sem er alveg sjálfsagt að láta þingmanninum í té. (**SalÞ:** Er það brúttó?) Nei, það er nettó að sjálfsögðu vegna þess að hitt, eins og þingmaðurinn veit, er alltaf borgað út sem persónuafsláttur, barnabætur og vaxtabætur og nemur aldrei staðar í ríkissjóði heldur er einfaldlega hluti af jöfnunarkerfinu þannig að það sem situr eftir hjá ríkissjóði og hann hefur til ráðstöfunar er 10 milljarðar á sama tíma og sveitarfélögin hafa til ráðstöfunar 12 milljarða.

Það fer að verða tími til kominn að menn átti sig á því að þetta tekjuskattskerfi sem hér er við lýði er meira tekjuaflandi fyrir sveitarfélögin en fyrir ríkissjóð. En það er hins vegar alltaf, og sérstaklega af sjálfstæðismönnum, talað um þetta eins og það sé eingöngu ríkissjóðsdæmi. Það eru fyrst og fremst sveitarstjórnarforustumenn Sjálfstfl. hér á höfuðborgarsvæðinu sem taka til sín stærsta hlutann af tekjuskattinum í landinu, og er alveg nauðsynlegt að taka umbúðirnar utan af því sem hér er sagt, og það er þess vegna sem ég notaði það orð sem ég notaði hér áðan þegar ég greip fram í fyrir hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni vegna þess að ég veit ósköp vel að hann vill hafa það sem sannara reynist í þessum efnum. Hann vill hafa vandaðan málflutning í þessum efnum. Og hann gerir sér fullkomlega grein fyrir því að sú tillaga, sem hann var að tala hér fyrir, þýðir fyrst og fremst tekjurýrnun fyrir sveitarfélögin og þá sérstaklega Reykjavík sem þar er stærst. Og það er auðvitað fróðlegt fyrir sjálfstæðismenn í Reykjavík að heyra það að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson skuli vera að leggja hér til stórkostlega útsvarslækkun í Reykjavík sem borgarstjórinn í Reykjavík hefur ekki viljað styðja.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var hins vegar sú að ég vona að umræðan um almannatryggingakerfið og umræðan um lífeyrissjóðafrv. verði nú rólegri og yfirvegaðri en þær hástemmdu ásakanir sem hér komu fram. Það sem hv. þm. var að tala hér um er sú staðreynd að t.d. þeir alþingismenn og ráðherrar eða annað hátekjufólk sem komið er á lífeyrisaldur og getur verið með 200, 300 eða jafnvel 400 þús. kr. í mánaðartekjur með ýmsum hætti, og kannski stærsti hlutinn af því frá opinberum lífeyrissjóðum, eigi engu að síður að fá þær sömu 10 þús. kr. í grunnlífeyri eins og einstaklingurinn sem er með 50–60 eða 70 þús. kr.

í mánaðartekjur. Er það réttlátt kerfi? (**GHG:** Er réttlætanlegt að borga hátekjufólki margfaldan lífeyri?) Nei, það er ekki réttlætanlegt og ég hef gagnrýnt mjög harðlega á undanförnum árum þetta kerfi sem mér heyrist hv. þm. hér vera að verja vegna þess að hann var að tala um það sem einhverja gífurlega ósvinnu og glæp að ætla sér að breyta því að fólk sem er með mörg hundruð þús. kr. í mánaðartekjur, m.a. út úr lífeyriskerfinu, skuli ekki áfram eiga að fá þann sama 10 þús. kr. grunnlífeyri. (**GHG:** Ég var að tala um almennu lífeyrissjóðina.) Já, þá á þingmaðurinn bara að tala skýrt um það hvað hann á við. (**Gripið fram í:** Hann gerði það.) Hann gerði það bara ekki vegna þess að hann talaði um þetta eins og þetta væri ... (**GHG:** Það var annar þingmaður sem sagði að ég hefði gert það.) Já. Ég hlustaði líka á ræðu hv. þm. og ég heyrði ekki að hann gerði neinn sérstakan greinarmun, hvorki í fyrri ræðu sinni né þeirri seinni, á opinberum starfsmönnum annars vegar og öðru launafólki hins vegar. Ég heyrði það ekki. Það má vel vera að það hafi verið misheyrn hjá mér. (**GHG:** Ég nefndi ekki ákveðna starfsmenn í þessari merkingu.) Nei, hann gerði það ekki í þessari merkingu en vegna þess að hv. þm. forðast að ræða málið mjög nákvæmlega. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Mín vegna má þingmaðurinn grípa fram í að sjálfsögðu. Það er frjálst af minni hálfu og gerir umræðurnar bara skemmtilegri. Það er því ekki í mína þágu sem þessar hringingar eru hér á bak við mig. —

Núverandi kerfi er á margan hátt mjög óréttlátt. Stærsta óréttlætið hefur hv. þm. þó ekki minnst á en er rétt að halda til haga einnig. Það er það óréttlæti að samkvæmt gildandi kerfi fá einstaklingar, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur en hafa hundruð þús. kr. í vaxtatekjur, fjármagnstekjur, líka lágtekjubæturnar úr almannatryggingunum, frían síma og margt annað. (**SalÞ:** Það er rangt.) Nei, það er ekki rangt. (**GHG:** Jú, þetta er rangt.) Nei, nei, það er ekki rangt vegna þess að í skilningi laganna ... (**SalÞ:** Það er rangt.) Það má vera. Ég skal skoða það hvort það er rangt með frían síma. En það er hins vegar alveg ljóst að þeir eru flokkaðir sem lágtekjufólk. (**SalÞ:** Það er rangt.) Nei, það er ekki rangt vegna þess að fjármagnstekjurnar eru ekki taldar með í þessum skilningi. Þær eru ekki taldar með frekar en þær eru taldar með þegar menn eru að skoða tekjuskattsgreiðslurnar af því að fjármagnstekjur einstaklinga eru ekki skattlagðar í okkar landi. Vaxtatekjur einstaklinga eru ekki skattlagðar í okkar landi. (**SalÞ:** Er fólk ekki búið að borga skatta af þeim?) Nei, nei, fólk er ekkert endilega búið að borga skatta af þeim. (Gripið fram í.) Nei, þetta eru ekki laun. Það er alveg greinilegt að hv. þm. Sjálfstfl. vita bara ekkert hvað er verið að tala um í þessu sambandi. En ég tek hins vegar eftir því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson grípur ekki fram í núna vegna þess að hann veit auðvitað að þetta er óréttlæti sem þarf að taka á. Þ.e. þegar menn eru að skoða heildarstöðu einstaklinganna þá skoði menn allar tekjur en skoði ekki bara tekjurnar t.d. sem eru úr lífeyrissjóði verslunarmanna heldur skoði menn líka vaxtatekjurnar. (**SalÞ:** Sparisjóðsbækurnar?) Nei, ég er ekki endilega að segja það. Ég er bara að segja að menn skoði allar tekjurnar, hv. þm. En það er alveg greinilegt að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, á sama hátt og hún hefur talið eðlilegt að íbúar í Mosfellsbæ borguðu í borgarsjóð Reykjavíkur í gegnum orkureikningana, telur óeðlilegt að taka tillit til allra tekna í þessu kerfi. Það á bara að taka tillit til sumra tekna. Það eru bara sumir sem eiga að vera jafnir en ekki aðrir. Þar er auðvitað auðhyggjan komin alveg ómenguð vegna þess að þeir sem fá tekjur af fjármagninu eiga áfram að hafa forréttindin. Þeir eiga áfram að fá úr jöfnunarsjóðunum og skerða þannig þann hlut sem almennt launafólk á að geta haft til þess að styrkja sína stöðu.

Auðvitað verður aldrei breið samstaða um réttlæti í þessu kerfi en það þarf að vera breið samstaða vegna þess að það er mikið óréttlæti í þessu kerfi. En þá þurfa menn líka að hafa heiðarleika og yfirsýn til þess að taka á öllum þáttum málsins, þ.e. taka á því sem menn fá úr þeim lífeyrissjóðum sem þeir hafa greitt í. Ég er alveg sammála hv þm. Guðmundi H. Garðarssyni um það. Það er enginn ágreiningur við mig um það atriði.

Ég tel í öðru lagi að líka eigi að taka tillit til þess hvort menn hafa stórtekjur sem kannski nema hundruðum þúsunda úr öðrum áttum. Því við erum ekki með almannatryggingakerfi og jöfnunarkerfi hér í okkar landi til þess að greiða út úr Tryggingastofnuninni peninga til fólks sem er með hundruð þús. kr. mánaðartekjur annars staðar frá. Almannatryggingarnar á Íslandi voru ekki búnar til til þess að greiða mánaðarlega peninga til auðkýfinga. Almannatryggingarnar á Íslandi voru búnar til til þess að tryggja jöfnuð og réttlæti í okkar þjóðfélagi. En það er alveg greinilegt að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir vill hafa þetta kerfi áfram til þess að almannatryggingarnar borgi út til auðkýfinganna. Það vil ég ekki.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði það hér að það væri ætlunin að skerða þær greiðslur sem menn hefðu borgað inn í lífeyrissjóðina þegar þeir fengju borgað úr þeim. Það er ekki rétt. Það sem hv. þm. var hins vegar að víkja að er munurinn á því sem menn fá greitt út úr almannatryggingakerfinu annars vegar og út úr þeim lífeyrissjóðum sem þeir hafa greitt í sjálfir hins vegar. (**Gripið fram í:** Er það ekki það sama?) Nei. Það er ekki það sama og ég skal taka eitt dæmi til þess að skýra það. (**GHG:** Kemur það ekki eins út?) Nei, það þarf ekki endilega að koma eins út og ég skal taka eitt dæmi til þess að skýra það fyrir hv. þm.

Við skulum segja t.d. að hér væru lífeyrissjóðir og þeir eru reyndar til og þeir borga mjög mismunandi út, hinir einstöku lífeyrissjóðir, það vitum við og það þekkir hv. þm. manna best af öllum þeim sem hér eru í salnum. Og þeir borga út ákveðnar upphæðir í hlutfalli við styrkleika sjóðsins og þær greiðslur sem hafa komið inn í hann á undanförnum árum. En síðan væri það vilji löggjafans að styrkja jöfnunargreiðslurnar í landinu á þann veg að greiðslurnar úr almannatryggingakerfinu yrðu hærri. Væri það endilega ósanngjarnt? Auðvitað ekki. Það væri eðlileg og sanngjörn

jafnréttisaðgerð. Á hinn bóginn eru ýmsir í okkar þjóðfélagi sem fá meira út úr lífeyrissjóðunum en þeir hafa greitt inn í þá af ýmsum orsökum og þá þarf líka að taka tillit til þess. Og ástæðan fyrir því að það hefur gengið svona erfiðlega að ná víðtæku samkomulagi um þessi mál, bæði endurskoðun almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins, er að málið er mjög margþætt og óréttlætið í kerfinu er margslungið. Ég vona að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson geti verið sammála mér um það að það er ekki eðlilegt að vera hér með lífeyriskerfi eða tekjujöfnunarkerfi sem borgar út úr tekjujöfnunarsjóðunum sömu upphæðirnar til þeirra sem eru með mörg hundruð þús. kr. í mánaðartekjur og þeirra sem hafa kannski innan við 100 þús. kr. í mánaðartekjur. Ef við erum sammála um þetta grundvallarviðhorf sem ég hef lýst bara svona með almennum hætti þá getum við farið að ræða um það hvernig eigi að útfæra það og hvaða skipulag eigi að vera hér við lýði.

Ég set líka fram þá grundvallarafstöðu að þegar verið er að meta hlutverk jöfnunarkerfisins, almannatrygginganna, þá á að taka tillit til þess hvort menn hafa kannski stórkostlegar fjármagnstekjur annars staðar frá. Það á að taka tillit til þess. Jöfnunarsjóðunum er ekki ætlað að greiða sérstakar bætur til þeirra sem eru með stórfelldar tekjur jafnvel sem nemur hundruðum þús. kr. á mánuði vegna fjármagnsráðstafana. Ef við erum sammála um þetta atriði sem grundvallaratriði þá er spurningin um útfærsluna, aðferðirnar og mörkin sem á að draga. Og það hlýtur ávallt að vera álitamál, mörkin og útfærslan, vegna þess að þar er aldrei hægt að sanna eða afsanna að eitthvað sé hárrétt.

Hver er ástæðan fyrir því að það hefur gengið svona illa að fá samþykkt hér á Alþingi frv. um breytta skipan lífeyrismála í landinu og heildarfrv. um lífeyrissjóðina á landinu? Ástæðan er sú að menn hafa kosið að nota þær umræður til þess að sækja með þeim hætti í málflutningnum að einhverjir séu sökudólgar, einhverjir séu þannig staddir að þeir ætli sér eitthvað allt annað en að jafna þessa hluti og þá óttast ég, ef umræðan verður af því tagi, að það náist ekki sú samstaða sem þarf til þess að taka á þessu stóra vandamáli.

Að lokum vil ég segja þetta, virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Ef það er eitthvað viðkvæmt að ég hafi nefnt nafn borgarstjórans í Reykjavík ... (Gripið fram í.) Mér finnst alveg sjálfsagt að hv. þm. fái að ræða borgarstjórann í Reykjavík hér í salnum. (**GHG:** Fjmrh. ræður ekki hvað hv. þm. segja ...) Nei, nei, ég var bara að lýsa minni skoðun. Ég ræð engu um það. Það er alveg rétt. Ég var bara að lýsa minni skoðun og reyna að styðja þm. í því að fá að tala um málið og vona að það verði ekki misvirt.

En að lokum ætlaði ég að segja þetta, virðulegi þm. og forseti. Eins og hv. þm. veit manna best hér í salnum, vegna þess að hann hefur lengi starfað að þessum málum, var gallinn á því nefndarstarfi sem skilað var fyrir nokkrum árum síðan um málefni lífeyrissjóðanna sá að sú nefnd tók ekki á því stóra vandamáli hvernig eigi að fjármagna þá réttlætisbreytingu sem þarna var ætlunin að gera að lögum. Í þeim efnum var skilað auðu. Og það verða ekki lagðar fram raunhæfar tillögur í þessum efnum nema menn horfist í augu við fjármögnunarvandann. Það má ekki tala um þessi mál þannig gagnvart þjóðinni og þinginu að menn séu leyndir því að hér er verið að tala um fjármögnunarvanda upp á marga milljarða sem nauðsynlegt er að menn horfist í augu við og komi með tillögur um, til þess að afgreiðsla þessa máls verði ekki eins og afgreiðsla margra annarra mála fyrr á árum, að menn taki bara vinsælan þátt málsins og dylji sjálfa sig og þingið því sem erfitt er. Svo koma bakreikningarnir mörgum árum seinna upp á marga milljarða og menn vita ekki hvernig á að standa að því.

Hefði nefndin einnig horfst í augu við þennan vanda fyrir nokkrum árum síðan værum við örugglega komin lengra á veg. Ég vona að núv. þing og sú nefnd sem hv. þm. á sæti í muni ræða þann þátt vegna þess að án hans verður aldrei hægt að koma á sanngjarnri skipan í lífeyrismálum Íslendinga þannig að það jafnrétti og það réttlæti sem ég veit að hv. þm. vill styðja verði fest hér í lög.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil fá að gera athugasemd við það sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan. Það er náttúrlega fyrir neðan allar hellur þegar hv. þm. eða hæstv. ráðherrar eru að blanda inn í umræðuna mönnum sem geta ekki talað sínu máli hér. En með mjög, mjög ósæmilegum hætti reyndi hæstv. fjmrh. að sá ákveðnu ósætti milli vinar míns og samstarfsmanns, Davíðs Oddssonar borgarstjóra, í því máli sem hér er til umræðu. Þetta er náttúrlega bragð manns sem er þekktur fyrir það að vera pólitískur refur og kunna að matreiða í fjölmiðla þannig að það geti komið sumum vel og öðrum illa þegar það er gert með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. gerði hér áðan. Það er eiginlega fyrir neðan virðingu mína að þurfa að standa hér upp, virðulegur forseti, og svara þessu eins og ég geri hér nú. En það er skiljanlegt að hæstv. fjmrh. vilji auðvitað reyna að koma á ósætti milli þeirra manna sem eru í forustu Sjálfstfl. með þeim hætti sem hann gerði hér áðan.

Það get ég fullyrt og fullvissað hæstv. fjmrh. um að svona yfirlýsingar duga hvorki honum eða öðrum til þess að rjúfa það góða samstarf sem er á milli mín, sem þingmanns Sjálfstfl. í Reykjavík, og borgarstjórans, Davíðs Oddssonar.

Ég kom aldrei inn á það hvernig ætti að skipta tekjuskattinum á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er annað atriði sem vert væri að ræða en það mun ég auðvitað ekki gera hér undir þessum lið sem fjallar um að gera athugasemdir við ræðu hæstv. fjmrh. Ég legg hins vegar áherslu á það að ég vil láta hækka skattleysismörkin og ég vil láta lækka tekjuskatta. Ég legg áherslu á það að lág- og millitekjufólk sé skattlaust. Hvernig sá niðurskurður eða lækkun tekjuskatts kemur niður gagnvart ríkinu annars vegar og sveitarfélögunum hins vegar skulum við ræða undir þeim lið þegar það frv. verður lagt fyrir hið háa Alþingi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það vildi svo óvenjulega til að ég gat ekki mætt á þingfund, og kemur það nú örsjaldan fyrir, fyrr en klukkutími var liðinn af fundartímanum. Því heyrði ég ekki þær umræður sem hér höfðu farið fram áður og var hreint ekki viss um hvaða mál var á dagskrá. En ég get ekki látið hjá líða, hæstv. forseti, að koma hér í ræðustólinn vegna þeirra stóryrða sem hæstv. fjmrh. notaði og sem hann ætíð notfærir sér þegar hann finnur sér tilefni til, og það er að ráðast á Sjálfstfl. og ég tala nú ekki um ef hann getur nefnt borgarstjórann í Reykjavík. Vegna þess að hann nefndi mitt nafn og var að reyna að blanda mér inn í þau mál sem Mosfellsbær, mitt sveitarfélag, á í viðskiptum við Reykjavíkurborg, þá gekk svo fram af mér að ég gat ekki annað en vakið á þessu athygli. Satt að segja veit ég ekki hvað maðurinn er að fara og ég efast um að hann viti það sjálfur. Ég bara spyr: Er það óeðlilegt að nágrannasveitarfélög eigi samstarf á frjálsum vettvangi og þau notfæri sér ef þau hafa tækifæri til þess að fá góða þjónustu hjá sveitarfélagi sem getur boðið hana og veitt hana? Eiga þau að gera það án þess að greiða fyrir?

Ég vil aðeins taka það fram að Salome Þorkelsdóttir, eins og hann títtnefndi hér í sinni ræðu, hefur ekki lagt það í vana sinn að taka ráðin af heimafólki, hún hefur ekki lagt það í vana sinn. Hún er ekki á sama grunni kannski, starfar ekki með sama hugsunarhætti og hæstv. fjmrh., sem telur sig ætíð geta sagt fólki fyrir verkum og hvernig það eigi að haga sér og hvernig það eigi að tala.

Ég tel að sveitarstjórnarmenn í Mosfellsbæ, eins og reyndar hvar sem er annars staðar, séu fullfærir um að semja um sín mál og vinna þau án þess að aðrir séu að skipta sér af þeim að tilefnislausu. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram. Og ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, ef hann hefur ekki gert sér grein fyrir því, að það er nokkuð gott samstarf sveitarfélaganna sem heitir Landshlutasamtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ég hefði haldið að hann ætti góðan og greiðan aðgang að því að kynna sér þau samtök og vita hvernig þau eru byggð upp og að þau starfa á jafnréttisgrundvelli. Þetta vil ég aðeins minna hæstv. fjmrh. á og ég efast ekki um að þetta rifjast upp fyrir honum ef hann fer í leynihólfin í huga sínum. Þessi samtök hafa nýlega haldið sinn aðalfund og rætt sín mál og ég held að þau séu alveg einfær um það, hver einasti maður sem þar tekur þátt í því samstarfi. Og ég held að þeir þurfi ekki mína aðstoð eða hæstv. fjmrh. í sínum innri málum. Þetta vil ég nú láta koma fram.

En það mál sem hér er á dagskrá, eða var í upphafi, varðar lífeyrismálin. Mál það sem hv. 14. þm. Reykv. flytur hér er stór málaflokkur og mikið réttlætismál á ferðinni. Það er mikið óréttlæti í þessum málum og full ástæða til þess að ræða þau. Ég sagði hæstv. forseta að ég skyldi vera stuttorð. Þótt ég eigi mjög erfitt með að hætta núna og mig langi til þess að halda áfram vil ég aðeins geta þess að í gær var ég á leið heim í bílnum mínum og eins og fleiri þá opna ég oft fyrir útvarpið. Þá var Þjóðarsálin á dagskrá, að ég held, og hæstv. fjmrh. sat þar fyrir svörum. Og þá var hann að leika þennan leik sinn sem hann er afar iðinn við. Þegar hann kemst í vörn og verið er að gagnrýna eitthvað sem hann veit að er kannski ástæða til að gera athugasemdir við, að þeir sem eru að gagnrýna hafa eitthvað til síns máls, þá notar hann þá tækni að fara offari og taka yfirgengileg dæmi eins og hann einmitt nefndi þar. Ég tók eftir því að það var kona þar með miklar áhyggjur af því hvað yrði um hennar hag ef ætti að fara að breyta almannatryggingakerfinu í þá veru að skerða ellilífeyri fólks við ákveðin tekjumörk. Og þá kom fjmrh. eins og vant er og spurði hvaða óréttlæti væri í því að sleppa þessum 10 þús. kalli fyrir fólk sem er með 500 þús. kr. mánaðartekjur. Hann hlýtur að vera vel kunnugur þeim hópi manna sem fá þessar 500 þús., ég þekki hann ekki. Og ég hef grun um að þó sá hópur sé til þá sé hann ekki stór í þessu þjóðfélagi. (**KP:** Hann er klókur.) Hann er klókur, hæstv. ráðherra, sagði 3. þm. Vestf. og ég býst við að það séu margir farnir að gera sér grein fyrir því (**KP:** Já, það er rétt.) að hann er doktor í stjórnmálafræðum og kann svolítið til verka í þessum efnum. Það er ekki eins og þessir almennu venjulegu þingmenn sem komast ekki í 200 þús. kr. eftirlaunin eftir að þeir fara hér af þingi, jafnvel þó þeir komist upp í hæstu prósentuna. En það getur vel verið að hann þekki einhverja þingmenn sem komist upp í slík eftirlaun. Það er kannski eitthvað honum tengt en það er alla vega ekki mér tengt. Ég get ekki séð hvernig jafnvel þingmaður, þó hann sitji í hálaunaflokki, ætti að komast upp í þessi 200 þús. kr. laun.

Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram núna, hæstv. forseti. Ég er víst farin að syndga upp á tímann en ég ætla að geyma mér frekar að ræða þessi mál, það óréttlæti og þau viðhorf sem ríkja og eru að verða æ ríkari í þjóðfélaginu undir stjórn þessarar ríkisstjórnar, sem kennir sig við félagshyggju og líklega jafnrétti, en er í raun og veru ríkisstjórn forræðishyggju og óréttlætis.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vildi bara leiðrétta misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur. Ég var ekki að ásaka sveitarstjórnir í Mosfellsbæ eða annars staðar fyrir verðlag á orku, heldur var ég að vekja athygli á þeirri staðreynd að Reykjavíkurborg selur nágrannabæjarfélögunum bæði rafmagn og heitt vatn og það er Reykjavíkurborg ein sem ákveður verðið á þessari orku. Það er aldrei borið undir nágrannasveitarfélögin sem kaupa hana af Reykjavík og gróðinn af þessari sölu er það mikill að það er hægt að hafa útsvörin hjá Reykvíkingum lægri þess vegna.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir það að hæstv. fjmrh. hafi ætlað að reyna að draga úr þessum fullyrðingum sínum þá standa þær engu að síður. Það eru sveitarfélögin sem eru fær um að semja fyrir sinn hatt en ekki

hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Reykjavíkurborg hefur bara aldrei boðið upp á samninga um þetta.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

6. fundur, miðvikudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Sektarmörk nokkurra laga, 1. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 54.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Frv. það um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga og fleira sem er lagt fyrir hv. þingdeild á þskj. 54 fjallar um breytingu á sektarviðurlagaákvæðum í yfir 40 lögum, lögum sem hafa að geyma ákvæði þar sem sekt er tiltekin sem krónutala. Frv. var lagt fram á síðasta Alþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frv. er flutt í framhaldi af endurskoðun ákvæða í sérrefsilögum á árunum 1982 og 1983 en þá var breytt sams konar ákvæðum í um 120 lögum. Frv. var undirbúið í tengslum við störf lagahreinsunarnefndar sem starfað hefur undanfarin ár samkvæmt ályktun Alþingis. Hefur verið tekið mið af tillögum sem sú nefnd hefur gert um brottfall laga sem úrelt eru talin og er þá ekki fjallað um refsiviðurlög í þeim lögum.

Endurskoðun sektarákvæðanna miðar að því að almennt sé byggt á sektarhámarki hegningarlaganna en sérstakt lágmark og hámark að öðru leyti fellt niður. Sektarhámark hegningarlaganna er nú 4 millj. kr. samkvæmt lagabreytingum frá árinu 1985. Má í sjálfu sér segja að tímabært væri að hækka þá fjárhæð þótt það sé ekki lagt til með þessu frv.

Auk breytinga á sektarákvæðum felur þetta frv., eins og hin fyrri lög um sama efni, einnig í sér breytingar á ákvæðum þar sem vísað er til málsmeðferðar til samræmis við gildandi réttarfar.

Loks eru lagðar til breytingar á nokkrum dagsektarákvæðum í lögum enda þótt þar sé ekki um heildarendurskoðun slíkra ákvæða að ræða.

Ekki er hér ástæða til að fjalla um einstök ákvæði frv. heldur nægir að vísa til athugasemda með því.

Rétt er að taka fram að við undirbúning frv. sendi dómsmrn. frumvarpsdrög öðrum ráðuneytum til athugunar.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Launamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv., HG o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

7. fundur, fimmtudaginn 25. okt., kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Unnar Þór Böðvarsson skólastjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Þá hefur borist orðsending frá Ragnari Óskarssyni:

„Ég undirritaður varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi get því miður ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, 4. þm. Suðurl., í fjarveru hennar nú. Ástæður þessa eru annir í starfi mínu."

Unnar Þór Böðvarsson skólastjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Endurskoðun barnalaga, ein umr.

Fsp. DS og MálmS, 31. mál. — Þskj. 31.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Á degi Sameinuðu þjóðanna í fyrra urðu ýmsir til að efna til umræðu um réttindi barna í þjóðfélaginu. Hér á landi voru stofnuð samtök-

in Barnaheill sem hafa unnið að því að stuðla að vernd og betri aðbúnaði barna. Nýlega var haldin ráðstefna helstu þjóðarleiðtoga heimsins um stöðu barna í heiminum. Það er nú því miður svo að geysileg mótsögn er oft í viðhorfum til barneigna í þjóðfélaginu. Sjálfsagt þykir að eignast börn en þegar þau eru fædd má segja að þjóðfélagið sé þeim á margan hátt fjandsamlegt. Fæðingarorlof er of stutt, barnabætur skammarlega lágar, skóladagur sundurslitinn og víða úti á landi þurfa mörg börn að búa fjarri foreldrum sínum allt frá 6–7 ára aldri vegna skólagöngu. Þarfir barna hafa allt of oft lotið í lægra haldi fyrir þörfum vinnumarkaðarins og stóraukinni atvinnuþátttöku mæðra hefur ekki verið mætt sem skyldi með öruggri barnagæslu, samfelldum skóladegi og skólamáltíðum. Þetta eru allt þættir sem ætti að gefa miklu meiri gaum því samfélaginu ber skylda til að búa vel að öllum börnum. Þau eru framtíð þjóðarinnar og því getur verið okkur dýrkeypt að spara fé til aðbúnaðar þeirra.

Burt séð frá þessum daglegu aðstæðum barna er réttur þeirra oft óljós og á það ekki síst við um börn sem verða að bitbeini foreldra sinna ef til hjónaskilnaðar kemur. Því miður virðist ekkert lát vera á fjölgun hjónaskilnaða þannig að það er stöðugt stærri hópur barna sem lendir í þeirri stöðu. Það verður að tryggja að þegar slíkar aðstæður koma upp sé börnum tryggður sjálfstæður réttur með stoð í lögum.

Á fyrsta þingi þessa kjörtímabils var lagt fram frv. til laga um breytingu á barnalögum og má segja að það hafi verið til þess að sníða helstu agnúa af þeim lögum sem tóku gildi árið 1981. Þar var þó reyndar eitt atriði sem var sérstaklega umdeilt, þ.e. um sameiginlega forsjá. En ég tel fulla þörf á því að skilgreina betur rétt barna og tryggja að þau eigi sér öruggan málsvara, hvernig svo sem ákvæðið um sameiginlega forsjá yrði afgreitt við afgreiðslu málsins. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort von sé á því að hann leggi fram endurskoðuð barnalög nú á þessu þingi. Og fróðlegt væri að vita hvort það frv. yrði eins og það sem var lagt fram hér fyrr eða hvort þar yrðu einhverjar breytingar fyrirhugaðar.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. og hv. 7. þm. Norðurl. e. beina til mín fsp. á þskj. 31 svohljóðandi:

„Hvenær má vænta þess að dómsmrh. leggi fram frv. til laga um breytingar á barnalögum?"

Eins og fram kom í máli hv. 6. þm. Vesturl. var frv. til laga um breytingu á barnalögum flutt á Alþingi 1987, frv. um sameiginlega forsjá, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Annað frv. nokkuð annars efnis var lagt fram undir lok þings vorið 1990 og hlaut heldur ekki afgreiðslu.

Sifjalaganefnd vinnur nú að endurskoðun beggja þessara frv. Þær breytingar á barnalögum, sem væntanlega munu felast í frv. sem stefnt er að að leggja fram hér á þinginu í næsta mánuði eru, að hluta byggðar á framangreindum frv. Að auki verður með frv. lagt til að heimildir verði rýmkaðar til þess að bera ágreiningsmál um forsjá barna undir dómstóla.

Helstu breytingarnar sem gert er ráð fyrir að verði í þessu frv. eru eftirfarandi:

1. Ákvæði um sameiginlega forsjá.

2. Ákvæði um réttarfar í sifjamálum þar sem gert verður ráð fyrir að dómstólar leysi úr ágreiningi í forsjármálum nema aðilar verði ásáttir um að málin lúti úrlausn stjórnvalda.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að sýslumenn skeri úr ágreiningi í umgengnisréttarmálum en að heimilt verði að skjóta úrlausnum þeirra til dómsmrn. Auk þessa verða vitaskuld ýmis önnur ákvæði þessara laga endurskoðuð um leið.

Ég hef lagt á það ríka áherslu að sifjalaganefnd hraði svo störfum við þetta verk sem kostur er. Mér er kunnugt um, eftir viðræður við formann nefndarinnar, Ármann Snævarr, fyrrv. prófessor og hæstaréttardómara, að þessari vinnu hefur miðað verulega nú undanfarið. Aðrir í sifjalaganefnd eru Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóri, Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari, Drífa Pálsdóttir deildarstjóri og Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri, sem er ritari nefndarinnar.

Eins og ég sagði bind ég vonir við að frv. verði tilbúið í næsta mánuði. Það er háð því að nefndin hafi lokið sínu starfi í tæka tíð til þess að það megi takast og önnur umfjöllun um málið sem þarf að fara fram áður en hægt er að leggja það fram á hv. Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans og fagna því að sú vinna skuli vera komin af stað að skoða bæði þessi frv. Mér láðist reyndar að geta um það frv. sem kom fram hér sl. vor, sennilega vegna þess að það kom ekki einu sinni til umræðu. Varðandi það sem hæstv. dómsmrh. nefndi um sameiginlega forsjá vil ég aðeins minna á að hugsjónin um sameiginlega forsjá er auðvitað mjög göfug en spurningin er um tilfinningalega þáttinn þegar til skilnaðar kemur. Mér er kunnugt um að það eru uppi miklar efasemdir um slík ákvæði meðal þeirra sem í daglegum störfum sínum fara með þessi mál.

Ég vona að við fáum þetta frv. sem fyrst til umfjöllunar hér inni á þinginu vegna þess að það þarf að vanda til vinnubragða við það og auðvitað að gæta þess að hafa rétt barna fyrst og fremst að leiðarljósi. Til þess að við getum vandað okkar vinnubrögð sem skyldi þarf frv. auðvitað að koma fram sem allra fyrst. Þessi mál eru í ólestri núna eins og við vitum öll og því brýnt að taka á þeim.

Samvinnulög, ein umr.

Fsp. JGS, 32. mál. — Þskj. 32.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram fsp. um hvað líði framlagningu frv. til nýrra samvinnulaga. Ég ber þessa fsp. fram í framhaldi af þáltill. sem ég var 1. flm. að

á síðasta ári um sama mál en fékk ekki lokameðferð hér í þingi, fyrst og fremst vegna loforðs viðskrh. í umræðum um það mál um að frv. að nýjum samvinnulögum yrði lagt fram í upphafi þess þings sem nú situr.

Ég vil ítreka það að ég held að það sé mikil nauðsyn á að við fáum hér fjölþætt nútímaform fyrir okkar viðskiptahætti. Til viðbótar því bíður nú áframhaldandi endurskipulagning á samvinnuhreyfingunni eftir nýtískulegu formi.

Þá vil ég einnig benda á að það hefur gerst núna, bara á einu ári og miklu hraðar en nokkurn óraði fyrir, að fjármögnun atvinnulífsins er að færast í það form að einstaklingar, félög og fyrirtæki leggi fram fé í formi áhættufjár. Þarna vantar samvinnuhreyfinguna tæki til þess að geta tekið þátt í þessum leik.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. spyr hvað líði framlagningu frv. til nýrra samvinnulaga og vísaði í því sambandi til umræðna sem urðu hér í þinginu á liðnum vetri. Ég vil í því sambandi taka fram að ég skipaði nefnd til þess að endurskoða lögin um samvinnufélögin, sem eru nr. 46/1937, og til að semja frv. til nýrra laga um þetta efni í apríl sl. Þessi nefnd hefur starfað nú frá því að hún var skipuð og mun að líkindum ljúka störfum í þessum mánuði. Ég veit að hún hafði lokið við að semja drög að frv. þegar í lok september, er með greinargerð í smíðum og ég vænti þess að fullbúið frv. megi leggja fram í byrjun næsta mánaðar.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. að það er þörf fyrir fjölþætt nútímaform fyrir atvinnurekstur, einnig þann sem er á vegum samvinnufélaganna. Það þarf að auðvelda eiginfjármögnun í þeim atvinnurekstri eins og tekist hefur hvað hlutafélögin varðar. Fyrirspyrjandi nefndi þá þróun sem orðið hefur nokkuð hröð og að mínu viti ánægjuleg á undanförnum missirum, að það færist í vöxt að fyrirtæki afli sér nauðsynlegs fjármagns með útboði hlutafjár. Þar fer margt saman, betri skilyrði á fjármagnsmarkaðnum, almennar reglur og skipulag hans, og svo skattameðferð sem nú hefur færst í heppilegra horf. Ég tek undir með fyrirspyrjanda að það er nauðsyn á því að samvinnufélögin og fyrirtæki á þeirra vegum njóti sams konar aðgangs að fjármagnsmarkaðnum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því út af fyrir sig að þessi nefnd sem vinnur að endurskoðun samvinnulöggjafarinnar hafði lokið störfum í septembermánuði. Ég minnist þess að þegar um málið var rætt á síðasta þingi var hugmynd uppi um að þessi nefnd, væntanlega þá, mundi ljúka störfum kannski á miðju sumri og þingflokkarnir fengju málið til umfjöllunar og haft þá möguleika á að taka það til afgreiðslu strax á haustþingi. Það hefur orðið einhver dráttur þarna á og ber að harma það út af fyrir sig en það skiptir ekki meginmáli úr því sem komið er hvort slík endurskoðun eða slík ný löggjöf kemst á mánuðinum fyrr eða síðar.

Það er hins vegar alveg ljóst að þarna hefur verið alveg óskiljanleg tregða í áratugi. Ég hef a.m.k. tvívegis flutt tillögur um endurskoðun samvinnufélagalöggjafar. Sérstaklega í sambandi við nýja löggjöf um hlutafélög sem sett var 1978 átti auðvitað að endurskoða samvinnufélagalögin í sömu andránni. Um þetta hef ég raunar rætt og ritað í áratugi að megingallinn á samvinnufélögunum væri einmitt þessi gamla ófullkomna löggjöf. Nú er sem betur fer verið að endurskoða þessa löggjöf og væntanlega þá til að bæta hag samvinnufélaga sem í eðli sínu eru auðvitað nátengd almenningshlutafélögum sem ég hef barist fyrir um nokkurt skeið. En ég ætla ekki að fárast um það sem liðið er. Ekki veldur sá sem varar og ég tel mig hafa bent á það um langt skeið að samvinnufélagalöggjöfinni yrði að breyta og þeim starfsháttum sem þar hafa ríkt.

Nú hillir undir þetta og því fagna ég með flm. og öðrum þeim sem vilja heilbrigða hlutafélaga- og samvinnufélagalöggjöf í þessu landi. Það hefur raunar á þessari öld venjulega fylgst að að skoða samvinnufélagalög og hlutafélagalög, enda eru þau auðvitað skyld félagsform en henta ekki nákvæmlega eins í öllum rekstri heldur þarf einmitt að vera fjölbreytni í því sem nú er að stefnt.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka svar hæstv. viðskrh. þó að ég út af fyrir sig harmi það að málið skuli ekki vera komið það langt að hægt hefði verið að leggja frv. fram strax í upphafi þings. En ég vil leggja á það mikla áherslu að málið fái hér góða og skilvirka meðferð á Alþingi. Sagan sýnir að það veitir ekkert af því að ýta svolítið á eftir þessu máli því margsinnis á umliðnum árum hefur málið nánast verið komið á það stig sem það er á núna, að það hefur verið komin af stað vinna við að endurskoða samvinnulögin en málið alltaf dagað uppi. Ég treysti því að nú verði málinu fylgt eftir og treysti þar á stuðning allra áhugamanna um samvinnurekstur á Alþingi, hvar í flokki sem þeir standa.

SAMEINAÐ ÞING

8. fundur, fimmtudaginn 25. okt., að loknum 7. fundi.

Skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins, fyrri umr.

Þáltill. HG, 22. mál. — Þskj. 22.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála sem sinni m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu."

Í greinargerð með till. segir m.a.:

„Með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem ákveðin var með lögum nr. 87/1989, tók ríkið við stjórn heilsugæslu í landinu, en áður var hún að hluta á hendi sveitarfélaganna. Þessi breyting mun leiða til þess að verkefni í heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins fara vaxandi og flytjast að óbreyttu í vaxandi mæli til Reykjavíkur.

Þegar stjórn heilbrigðismálanna færist nú á eina hendi hjá ríkinu er nauðsynlegt að samræma hana og styrkja svæðisbundna stjórnun í læknishéruðum sem að mestu fylgja kjördæmaskiptingu. Í því skyni er hér lagt til að komið verði á fót skrifstofum heilbrigðismála í hverju kjördæmi landsins."

Það varð til að ýta á eftir flutningi þessa máls að um það var ályktað á vettvangi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi 1989 en í ályktun þess fundar sagði:

„Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 25. og 26. ágúst 1989 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að marka þá stefnu að komið verði á fót umboðsskrifstofu heilbrigðismála í héruðum landsins. Skrifstofan sinni verkefnum heilbrigðismálaráðanna auk annarra skyldra verkefna sem henni verða falin."

Svipuð ályktun var gerð á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða 15. nóv. 1989 þar sem sagði m.a. að stjórn sambandsins „telur rétt að komið verði á fót héraðsstjórn í hverju kjördæmi landsins, sem hafi á hendi skipulagningu og stjórnun á heilbrigðisþjónustu, í umboði og á kostnað heilbrrn."

Frá árinu 1978 hafa verið í lögum ákvæði um heilbrigðismálaráð og þeim verið ætluð veigamikil verkefni. Héraðslæknum, sem verið hafa án teljandi starfsskyldu, hefur verið ætlað að starfa með heilbrigðisráðum og þeim ekki verið séð fyrir annarri aðstoð. Niðurstaðan hefur orðið sú að starf þeirra hefur orðið afar veikburða í flestum umdæmum og ekki tekist að framfylgja lögboðnum ákvæðum. Þessi heimastjórn hefur þannig verið lömuð og ekki horfur á að fram komnar hugmyndir um breytingu nægi til að ráða þar bót á.

Til að bæta stöðu þessara mála er því brýnt að komið verði á fót skrifstofum heilbrigðismála í hverju kjördæmi og verði þær tengiliðir ráðuneytis við viðkomandi læknishérað.

Það er fengin góð reynsla af slíkum svæðismiðstöðvum í stórum málaflokkum. Nægir í því sambandi að benda á fræðsluskrifstofur og umdæmisskrifstofur Vegagerðar ríkisins og Pósts og síma og nú eru komnar fram hugmyndir um það að færa einnig stjórn húsnæðismála út í kjördæmin. Er það breyting sem ég styð heils hugar og hef reyndar oft nefnt hér í umræðum á Alþingi að væri þörf á.

Með þessari þáltill. eru prentaðar sem fskj. álitsgerðir frá tveimur læknum, Skúla G. Johnsen, nú borgarlækni í Reykjavík, og Stefáni Þórarinssyni, héraðslækni á Egilsstöðum. Þessi fskj. lýsa þeim hugmyndum enn betur en gert er í grg. með till. sem búa að baki þessa máls og kemur þar fram mjög eindreginn rökstuðningur fyrir því að þessi breyting sé á gerð og settar á fót slíkar skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmunum.

Báðir þessir menn hafa mikla reynslu í læknisstarfi úti um land sem héraðslæknar og mega því vel til þekkja. Ég met það mikils að þeir hafa lagt þessum málum lið á ýmsum vettvangi eins og m.a. birtist í þessum fskj.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að í raun sé löngu tímabært að koma á miklu skilvirkari stjórn þessara mála í landinu með því að koma á nýju stjórnsýslustigi, svokölluðu þriðja stjórnsýslustigi, milli sveitarstjórna og ríkisins, til þess einmitt að taka við verkefnum frá ríkinu eins og hér er verið að leggja til. Það hefur hins vegar ekki fengið þann stuðning sem vert væri að mínu mati. Á meðan sú breyting er ekki gerð verður að reyna að þoka þessum málum áfram frá málaflokki til málaflokks eins og hér er verið að gera með þessum tillöguflutningi varðandi heilbrigðismálin.

Ég treysti því að þetta mál, sem flutt var seint á síðasta þingi og komst þá ekki til nefndar, fái góðar undirtektir og afgreiðslu hér á þinginu. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni umræðu vísað til félmn. Sþ.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þessa tillögu. Það er ákaflega mikil óánægja úti á landsbyggðinni yfir þeim breytingum sem hafa orðið á þessum málum, að ákvarðanatakan er að mestu leyti færð til höfuðstaðarins, öfugt við það sem stjórnmálamenn yfirleitt og ekki síður ríkisstjórn hefur talið að þyrfti að stefna að. Það er ekki nóg að segja að menn ætli að ganga tvö, þrjú spor áfram ef þeir fara átta aftur á bak. En það er svo í þessu máli. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, vonast aðeins til að félmn. sameinaðs Alþingis taki þetta mál til meðferðar með opnum huga og hafi samband við þá sem eru í forsvari fyrir heilbrigðisþjónustuna úti á landi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Lágmarksframfærslukostnaður í landinu, fyrri umr.

Þáltill. SV, 38. mál. — Þskj. 38.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 38 hef ég leyft mér að flytja till. til þingsályktunar um athugun á lágmarksframfærslukostnaði í landinu. Tillgr. er svohljóðandi,

með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela Hagstofu Íslands að kanna, meta og gera sundurliðaða greinargerð um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Greinargerðin sýni lágmarksframfærslukostnað manns sem ekki á aðrar eignir sem tengjast framfærslu en föt og venjulegt innbú. Skal greinargerðin miðast við framfærslu í eitt ár á verðlagi í desember 1989. Skal miðað við að maðurinn geti veitt sér hollt og næringarríkt fæði og búi í húsnæði sem ekki spillir heilsu hans og hann þarf ekki að deila með öðrum, einnig að hann geti unnið öll heimilisstörf sjálfur. Meta skal fæðis- og húsnæðiskostnað og hitunar- og rafmagnskostnað sérstaklega. Einnig skal meta aðra kostnaðarliði sérstaklega eftir því sem henta þykir, en við mat á kostnaði við föt, bækur, skemmtanir og annað en brýnustu lífsnauðsynjar skal miða við kostnað sem láglaunafólk hefur haft af þessu í framfærsluvísitölugrundvelli Hagstofunnar.

Þá er Hagstofunni einnig falið að kanna og taka saman greinargerð um lágmarksframfærslukostnað barns sem sýni sundurliðaðan framfærslukostnað fyrir hvert ár frá fæðingu til fullnaðs átján ára aldurs þess. Skal miðað við sömu forsendur og fyrir fullorðinn einstakling með þeirri athugasemd að barnið sé barn einstæðs foreldris sem eins er ástatt um og greinir í fyrri hluta áætlunarinnar.

Sé umtalsverður, meira en 5%, munur á kostnaði við lágmarksframfærslu eftir kyni mannsins eða barnsins skal greina sérstaklega frá því. Einnig skal greina sérstaklega frá mismun sem kann að vera á hitunar- og rafmagnskostnaði eftir búsetu, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar þar sem hann er hvað hæstur í strjálbýli. Hagstofan skal leita sérfræðiaðstoðar utan stofnunarinnar eftir því sem hún telur þörf á.

Leitast skal við að ljúka könnuninni sem fyrst og eigi síðar en 1. júní 1991."

Tillaga sama efnis um lágmarksframfærslukostnað var flutt á tveimur síðustu þingum, en fékkst ekki afgreidd. Mikilvægi málsins leyfir ekki slíka niðurstöðu.

Í samfélagi, sem hefur jöfnuð og velferð að meginmarkmiði, hlýtur lágmarksframfærslukostnaður fólks að vera grundvallarstærð sem önnur mörk og viðmiðanir í hagkerfinu verða að miðast við. Er þar átt við lágmarkslaun, elli- og örorkulaun, barnabætur og aðrar greiðslur til framfærslu barna, einnig gengisákvarðanir, vexti, skatta á laun og óbeina skatta og gjöld á lífsnauðsynjar o.fl.

Það er því mjög brýnt fyrir þá sem vinna að samfélagsmálum og þá sem láta sig slík mál varða að hafa upplýsingar um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Á þetta hefur skort. Framfærsluvísitala Hagstofunnar byggist á meðaltali framfærslukostnaðar og ekki hefur verið gerð hér á landi alvarleg tilraun til að komast að því hver lágmarksframfærslukostnaður einhleypings er. Hér eru að sjálfsögðu mörg álitamál, t.d. hvort telja eigi með kostnað við tóbaksnotkun, bifreið og fleira. Flutningsmaður tekur ekki afstöðu til þess, en gerir sér vonir um að sundurliðun í greinargerðinni upplýsi um þessa kostnaðarliði sérstaklega, og löggjafarvaldið eða önnur stjórnvöld, sem áhuga hafa á þessum málum, setji með tímanum ákveðnari viðmiðanir sem síðari kannanir á lágmarksframfærslukostnaði skuli miðast við. Sama á við um stærð og búnað húsnæðis og endurgjald fyrir það. Auðvitað er eðlilegt í framtíðinni að miða við ákveðnar grunnþarfir og einhverja nærtækustu lausnina við að uppfylla þær. Þessi og önnur atriði af sama toga skýrast betur við vinnu að verkinu og er við því að búast að Hagstofan, framkvæmdaraðilinn, greini frá matsvandamálum og öðrum atriðum sem ástæða þykir til í forsendum greinargerðarinnar.

Mér hefur verið tjáð að Hagstofan hafi talið mikil vandkvæði á að gera slíka könnun og talið hana mjög vandasama. Ekki ætla ég að gera lítið úr því. En þetta mál er þannig vaxið að þó að það sé erfitt þá verðum við að gera kröfu til þess að hún verði gerð og að um matsatriðin og vandamálin sem upp kunna að koma í slíkri athugun verði sérstaklega fjallað í þessari skýrslu. Það er nú svo í okkar þjóðfélagi að alltaf vex munurinn á því sem fólk hefur og þarf til framfærslu, öfugt við það sem menn segjast stefna að. Það er ekki nóg að tala um það, eins og gert er í þessu þjóðfélagi, að það þurfi að byggja upp atvinnulífið úti á landi en gera svo þveröfugt. Það er ekki nóg að gera samninga um lægstu taxta ef þeir duga ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Það verður að krefjast þess að lágmarkslaunin dugi til þess. Og sé minna til skiptanna en svo að hægt sé að verða við fyllstu kröfum annarra, sem virðast nú vera oft óbilgjarnir í sinni kröfugerð miðað við það ástand sem er, þá verður bara að miða það við það að fólk hafi lágmarksframfærslu. Þetta er eitt af stærstu málum þjóðfélagsins og það er ekki vansalaust ef hv. alþm. þora ekki að sjá framan í slíka athugun. Eða fyrir hvað er það annað að ekki er tekið á þessu máli? Þó að Hagstofan telji þetta vandaverk þá hafa áreiðanlega önnur vandaverk, sem ekki hefur síður verið vandi að leysa, verið leyst.

Eins og ástandið er hjá mörgu fólki nú, sem ég fullyrði af minni könnun að hefur ekki lágmarksframfærslu, getur ekki veitt sér hollt fæði, hefur ekki húsnæði sem er boðlegt, þá verður að krefjast þess að tekið verði á þessu máli, hvað sem öðrum hagstærðum líður í þjóðfélaginu. Og nú vil ég brýna hæstv. forseta Alþingis að ýta á það að þetta mál verði kannað, ýta á það og það sem fyrst. Ég mun reyna hér á þingi að flytja frv. um lágmarkslaun, en auðvitað er það galli að hafa ekki fyrir framan sig raunverulegan framfærslukostnað. Það er annað að hafa á tilfinningunni en að vita það nokkurn veginn. Þótt ég viti að það verður annmörkum háð að fá nákvæmlega rétta tölu er það alltaf vísbending um það hvernig þessi mál standa. Ég mun gera það samt en ætlast til að þetta sé skoðað því þá yrði náttúrlega að taka málið upp síðar, þeir sem hér verða á þingi, og miða við þær niðurstöður sem af slíkri könnun leiðir.

Hæstv. forseti. Ég óska eftir að þetta mál fari til félmn. og síðari umr.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er

að mínu mati mjög brýnt. Ég vil taka undir röksemdir flm. og benda á að það er af ýmsum ástæðum mjög nauðsynlegt að þekkja hver lágmarksframfærslukostnaður er í landinu, einkum þar sem það blasir við að heimtur er skattur af launum sem eru langt undir framfærslumörkum. Þótt það hafi ekki verið mælt þá er það augljóst að þegar fólk getur ekki framfleytt sér af launum sínum þá eru þau laun einfaldlega óhæf til framfærslu. Mæling af þessu tagi tel ég að yrði mjög til bóta. Og vegna þess að flm. nefndi sérstaklega að með henni væri hægt að hafa einhverjar tölur á bak við tillögur um lágmarkslaun þá vil ég vekja athygli á að við kvennalistakonur höfum flutt oftar en einu sinni frv. um lögbindingu lágmarkslauna. Það er okkar sannfæring að nauðsynlegt sé, ef önnur ráð duga ekki, að binda í lögum að ekki séu greidd laun sem ekki duga til framfærslu. Það var hugsun okkar í þessu frv.

Samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er ekki beðið um mikið. Þarna er um alger þurftarmörk að ræða. Engu að síður held ég að hverjum og einum væri það hollt að gera sér grein fyrir hver þessi mörk eru. Þær röksemdir sem komið hafa fram um að ekki sé hægt að reikna út nákvæmlega þessar stærðir tel ég ekki vera eins mikilvægar og mikilvægi þessa máls og í raun ekki gildar. Séu þær vandamál, sem ég geri mér vissulega grein fyrir að eru, þá ber að leysa þau en ekki gefast upp fyrir þeim.

Við kvennalistakonur höfum gert tilraun til þess að fá reiknaðan út eðlilegan framfærslukostnað manneskju sem lifir engu lúxuslífi og veitir sér ekki neitt umfram það sem telja mætti eðlilegt til að lifa mannsæmandi lífi. Þau viðbrögð sem við fengum frá Hagstofu voru að ótal fyrirvarar voru á þeim tölum sem við þó að lokum fengum. Talin voru öll tormerki á því að hægt væri í rauninni að reikna þetta út. Það skýtur því nokkuð skökku við að sjá að ekki virðist þetta vera alveg útilokað þegar reiknuð hefur verið út framfærsla námsmanns sem Hagstofa Íslands gerði fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. Þá kom í ljós að framfærsla námsmanns er í kringum 80 þús. kr. og raunar rúmlega það. Þetta eru tölur frá því núna í sumar. Ekki get ég ímyndað mér að allt það sem í þeirri tölu felst sé bókakostnaður, þannig að kannski eru framfærslumörk ekkert langt frá þessari tölu.

Það er auðvitað rétt að geta þess að sama námsmanni eru ætlaðar u.þ.b. 50 þús. kr. til að framfleyta sér. Samt er mikið talað um hve gott námsmenn hafi það. Það er auðvitað ekki rétt heldur hafa þeir það kannski skárra en aðrir sem hafa það mjög slæmt og er ætlast til að lifi á launum sem eru alveg hreint smánarleg.

Ég fagna því þeirri þrautseigju að nú skuli þessi þáltill. flutt enn einu sinni og ítreka að það er mikilvægt að þessar upplýsingar séu fyrir hendi. Ef opinberar stofnanir telja einhver tormerki á að reikna lágmarksframfærslukostnað út vænti ég þess að þær geri tillögur um hvernig best væri að standa að þessu máli en vísi málinu ekki frá sér. Ég treysti þingmönnum til að veita þessu máli brautargengi að slíkum tillögum fengnum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu hefur verið flutt á fyrri þingum eins og fram hefur komið og verið til athugunar í félmn. þar sem ég á sæti. Það hefur verið fullur vilji til þess í nefndinni að fara ofan í þetta mál. Leitað hefur verið umsagna um þessa tillögu. Það hafa hins vegar ekki fengist þær undirtektir við málið að nefndin hafi orðið sammála um afgreiðslu þess. Þannig lauk athugun málsins á síðasta þingi. Meginástæðurnar fyrir þessu eru þær að undirtektir þeirra stofnana sem helst er vísað til eru afar dræmar um að hægt verði með marktækum hætti að gera þessa könnun á lágmarksframfærslukostnaði miðað við þá forsögn sem veitt er í tillögunni.

Nú er það auðvitað alltaf matsatriði hvað hægt er að komast nærri hinu rétta í þessum efnum. En auðvitað blasir það við að hér eru mjög stór matsatriði á ferðinni þegar um er að ræða kostnað. Menn þekkja það auðvitað t.d. úr útreikningi framfærsluvísitalna og öðru þess háttar þar sem menn hafa þó haft viðmiðanir og vissulega er hægt að setja þær, gefa sér forsendur. En hvort þær leiða svo til niðurstöðu sem að gagni má verða er síðan önnur saga.

Ég skil afar vel þá hugsun sem liggur að baki þessari tillögu og ég tel það vera mjög gagnlegt ef hægt væri að fara nærri um það hvað teldist lágmarksframfærslukostnaður miðað við engan óhófslifnað, miðað við eðlilega neyslu og umsvif hjá einstaklingi. Og ég er alveg reiðubúinn að líta frekar á þetta mál í nefnd svo sem skylt er, þangað sem málið fer, væntanlega til félmn. Sþ. og kanna möguleika á því að ná landi varðandi meðferð málsins. Það getur hins vegar leitt til þess að það þurfi að veita nokkuð aðra forsögn í tillögunni sjálfri, eitthvað ákveðnari forsögn en þar kemur fram. Geri ég ráð fyrir að það sé hv. flm. að meinalausu að einhverjar breytingar verði þar á gerðar.

Ég bendi á það t.d. sem segir hér í tillögutexta sem á að sýna lágmarksframfærslukostnað: „Skal greinargerðin miðast við framfærslu í eitt ár á verðlagi í desember 1989. Skal miðað við að maðurinn geti veitt sér hollt og næringarríkt fæði og búið í húsnæði sem ekki spillir heilsu hans ....“ Þarna verða menn auðvitað að gefa sér viðmiðanir ef það á að vera hægt að reikna út stærðir og tilkostnað. Og það er m.a. þetta sem Hagstofunni eða þeim sem veitt hafa umsögn fyrir hennar hönd hefur þótt vera dálítið átaksillt.

Þarna er einnig talað um að kanna og gera greinargerð um lágmarksframleiðslukostnað barns sem sýni sundurliðaðan framfærslukostnað fyrir hvert barn frá fæðingu til fullnaðs átján ára aldurs þess. Það er talsvert viðamikið verkefni sem þarna er beðið um og álitamálin vafalaust allmörg í sambandi við það.

Ég vil hins vegar ekki vera hér með úrtölur varðandi þau markmið sem flm. ætlar sér með tillögunni því ég er þeim í rauninni samþykkur og er mjög reiðubúinn að láta vinna frekar að þessu máli eftir að það kemur til nefndar. Mig minnir að í umsögn frá Hagstofunni hafi verið vísað til þess að það væri yfirstandandi könnun, neyslukönnun má ég segja, sem gæti

kannski gefið vísbendingar sem gætu gagnast við framhaldsathuganir. Ég hef því miður ekki umsögnina sem nefndinni barst í fyrra hér fyrir framan mig. Ég bauð flm. að kynna sér þær umsagnir sem nefndin fékk til að líta á sér til glöggvunar varðandi málið. En þetta var má ég segja eitt af því sem fram kom og sjálfsagt er að athuga hvar það mál er nú statt ef það mætti verða til þess að leiðbeina mönnum um frekari vinnslu til þess að færast í fang þær athuganir sem hér er verið að gera tillögu um.

Athuganir eru vissulega oft góð undirstaða en hér reynir síðan á pólitískt mat í sambandi við hvað sé fullnægjandi í þessum efnum og þar leysa menn auðvitað ekki af hólmi þau átök í þjóðfélaginu sem fara fram um skiptingu á þjóðartekjunum. En það er alltaf gott að hafa viðmiðanir og þetta hefur oft verið reynt í öðrum löndum og hví skyldum við ekki keppa að því að fá þannig siglingaljós í sambandi við framfærslu.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa hér tekið til máls og lýst því yfir að þeir væru tillögunni samþykkir. Ég vil líka sérstaklega þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að segja okkur hér og nú hvernig umfjöllun hefur farið fram í félmn. Sþ. um þetta mál.

Í sjálfu sér skil ég löggjafarsamkomuna þannig að við eigum að gera okkar tillögur og ganga frá þeim eftir bestu samvisku en ekki að láta Hagstofuna eða embættismannakerfið ráða því hvort við samþykkjum lög eða þingsályktanir í þessu eða öðru formi. Það sem fyrir mér vakir er auðvitað það að Hagstofan meti þetta á eðlilegan hátt, en það geti kannski verið bent á fleiri leiðir, fleiri nöfn. Þess vegna vildi ég ekki setja neinar ákveðnar forsendur fyrir hverjum hlut. Ef ég hefði það á hreinu þá geri ég ráð fyrir að ég gæti gert þetta að verulegu leyti sjálfur með mikilli vinnu. En ég viðurkenni að ég hef ekki vit á því hvað er rétt, t.d. um stærð húsnæðis o.s.frv.

Það hlýtur að ýta við manni þegar maður sér það víða að einstaklingar sem eru með eitt eða tvö börn geta ekki veitt sér, að mínu mati, að kaupa í matinn hollan og góðan mat. Hvað er að í þessu þjóðfélagi? Á sama tíma er verið að bjóða út skuldabréf í hinum og öðrum fyrirtækjum og þar keppast menn um að ná þessum gullpappírum. Þeir eru nú kannski ekki allir gull, en menn halda það. Þeir hljóta að hafa nógan framfærslueyri.

Ég mun auðvitað ekki fara að ræða mikið um það þó einhverju yrði breytt í þessari tillögu, það hefur nú alltaf verið gert í sjálfu sér. En ég áskil mér rétt til að fá rök fyrir þeim breytingum sem kunna að verða gerðar í nefndinni vegna þess að ég vil láta kanna þetta mál undanbragðalaust. Og ég vil fá rök fyrir breytingum á tillögu og fyrir þeirri vinnu sem yrði í þetta lögð ef þingið mannar sig upp í að samþykkja hana. Ég segi mannar sig, því það er svívirðilegt hvernig er ástatt hjá sumu fólki og ekki síst nú þegar menn vinna á stríðuðum töxtum margir hverjir en það eru oft þeir sem eru verst settir.

En það er ekki ástæða til fyrir mig að ræða þetta lengur hér og nú. Ég mun kannski gera það betur þegar ég flyt frv. um lágmarkslaun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Átak gegn einelti, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Fjárlög 1991, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga sem lagt hefur verið fram á þskj. 1. Í kjölfar fjárlagafrv. verða lögð fram önnur frv. sem ætlað er að hafa áhrif á bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs og veita heimildir fyrir lántökum.

Þær ákvarðanir sem liggja til grundvallar í fjárlagafrv. og fjárlögum gegna lykilhlutverki við hagstjórn. Samþykkt fjárlaga er helsta efnahagsaðgerð ríkisstjórnar og þingmeirihluta á hverjum tíma. Það er því rökrétt að gera í upphafi grein fyrir stöðunni í efnahagsmálum, þeim árangri sem myndar grundvöll frv., og markmiðum í efnahagsmálum á næstunni, þeim áföngum fram á veg sem frv. er ætlað að tryggja.

Það er ánægjulegt að skilningur á hagstjórnarhlutverki ríkisfjármála hefur að undanförnu vaxið mjög. Sá aukni skilningur almennings og stjórnmálamanna hefur hins vegar verið dýrkeyptur. Þar kemur ekki síst við sögu bitur reynsla Íslendinga af hagstjórnarstefnu þar sem tekið var meira mið af pólitískum kreddum og óskalistum en þeim efnahagsveruleika sem blasti við. Reynslan af þeirri hagstjórn sem hér var stunduð á miðjum áratugnum hefur kennt Íslendingum að ríkisfjármálin eru eitt mikilvægasta svið efnahagsmálanna. Þau mistök sem þar voru gerð geta orðið þjóðarbúinu dýrkeypt. En rökrétt og skynsamleg hagstjórn að hætti viðurkenndra vestrænna hagfræðinga getur einnig haft úrslitaáhrif til að rétta við þjóðarhag eftir tímabil áfalla og mistaka.

Þegar ný ríkisstjórn tók við haustið 1988 voru aðstæður þannig að eftir nokkurra ára samfellt góðæri var illvíg kreppa fram undan. Þá lá við stöðvun helstu útflutningsatvinnuvega landsmanna. Spáð var fjölda-

atvinnuleysi, meira en þekkst hefur á lýðveldistíma á Íslandi.

Það er lærdómsríkt að rifja hér upp nokkrar blaðafyrirsagnir og ummæli um stöðuna haustið 1988 þegar Sjálfstfl. var að skilja við og ný ríkisstjórn að taka við völdum. Það er nefnilega svo að minni manna er mislangt, einkum í stjórnmálum. Menn rifjuðu upp í umræðum fyrir nokkrum dögum fræg ummæli þáv. utanrrh. sumarið 1988 þegar hann sagði að Róm brynni. En það voru fleiri sem áttuðu sig.

Neyðarástand í atvinnulífinu, var dómur forstjóra Sambandsins í viðtali við Tímann um miðjan október haustið 1988. Þjóðlíf á brauðfótum, var fyrirsögn fréttaskýringar í DV í byrjun desember. Langvarandi rekstrarvandi hefur eytt eiginfé flestra fyrirtækja, sagði Jón Ingvarsson á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sama haust. Forustumenn Vinnuveitendasambandsins og Verslunarráðsins spáðu sífellt meira atvinnuleysi, jafnvel upp á tugi þúsunda með fylgjandi kaupmáttarhruni þeirra sem enn hefðu atvinnu. Á aðalfundi Kaupmannasamtakanna þetta haust, fyrir tveimur árum síðan, var sagt frá því að 800 millj. hefðu tapast í gjaldþrotum verslana og væri þá hvergi nærri lát á. Allur sjávarútvegurinn á hausinn á hálfu ári, var niðurstaða fréttaskýringar í DV síðla hausts 1988. Og opnuúttekt í Morgunblaðinu um stöðuna í efnahagslífinu nokkru fyrr hafði að fyrirsögn aðeins eitt stutt orð með stríðsletri: Kreppa. Forsrh. hinnar nýju ríkisstjórnar dró þessa dóma saman í dramatískri yfirlýsingu þetta sama haust þegar hann sagði að við Íslendingar værum nær þjóðargjaldþroti en nokkru sinni.

Hverjar voru ástæður þessarar djúpu kreppu? Hverjar voru orsakirnar á bak við það ástand sem svo greinilega var lýst af forustumönnum atvinnulífs á Íslandi og í þeim blöðum sem stutt hafa Sjálfstfl. um áraraðir? Orsakirnar voru einkum tvenns konar. Annars vegar var um að ræða lægð í hagþróun, niðursveiflu af svipuðu tagi og við höfum kynnst margoft áður. Viðvarandi skipulagskreppa í helstu atvinnuvegum landsmanna, sem m.a. birtist í offjárfestingu í sjávarútvegi og óhagkvæmni í landbúnaði, gerði þennan vanda erfiðari viðureignar. Langvarandi hallarekstur ríkissjóðs og áratuga halli í viðskiptum við útlönd juku enn á þessi vandamál.

Það sem gerði þessa niðursveiflu eins örlagaríka og raun bar vitni voru stórfelld hagstjórnarmistök á velgengnistímanum, einkum góðærisárin 1985, 1986 og 1987.

Skýrsla sem sérfræðingar OECD sendu frá sér um íslensk efnahagsmál í maí í vor vakti verulega athygli sérstaklega fyrir það hve harðorð hún var, en þar er mistökum þessara ára, 1985–1987, lýst þannig í þýðingu Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Mörg þeirra vandamála sem við er að glíma í íslenskum efnahagsmálum má rekja til mistaka í hagstjórn á fyrri árum sem leitt hafa til meiri óstöðugleika í íslenskum þjóðarbúskap en sveiflur í sjávarútvegi hafa gefið tilefni til. Á því leikur enginn vafi að ekki var rétt staðið að hagstjórn á uppgangstímabilinu 1985–1987. Sérstaklega má benda á að þjóðhagslegur sparnaður dróst saman og erlendar skuldir fóru vaxandi við mjög hagstæðar ytri aðstæður. Viðvarandi halli á ríkisbúskapnum var meginástæðan. Þessi fjármálastefna hindraði að hægt væri að beita aðhaldssamri peninga- og gengisstefnu til að tryggja betra jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar og halda aftur af verðbólgu."

Hér lýkur tilvitnuninni í skýrslu OECD, skýrslu sem samin er af virtustu efnahagsstofnun á Vesturlöndum. Orð hennar eru skýr og afdráttarlaus.

Til að bregðast við því hallærisástandi sem sérfræðingar OECD kusu að draga upp með þessum dökku dráttum þurfti hin nýja ríkisstjórn sem tók við völdum haustið 1988 að taka rækilega í taumana og grípa til margvíslegra aðgerða. Ýmsar þeirra voru vissulega erfiðar og sársaukafullar og þjóðin öll hefur þurft að leggja á sig til að koma íslensku samfélagi upp úr þessum öldudal.

Þessar aðgerðir leiddu til þess að á undanförnum tveim til þremur árum hefur verið lagður grundvöllur að nýrri hagstjórn hér á Íslandi. Hagstjórn sem er nær viðurkenndum vestrænum hagstjórnaraðferðum en sú hagstjórn sem hér ríkti þegar Sjálfstfl. hafði forustu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum Íslendinga. Það er vissulega merkileg söguleg staðreynd.

Hin nýja hagstjórn felst í að beita samræmdri stefnu á sviði ríkisfjármála, peningamála og gengismála, til að stýra heildareftirspurn, stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og skapa eðlileg og sem jöfnust rekstrarskilyrði fyrir atvinnulífið án þess að til komi skyndilegar og harkalegar breytingar á tekjuskiptingunni í landinu. Kollsteypuaðferðum fyrri ára var hafnað. Og í þessu samhengi hefur stefnan í ríkisfjármálum gegnt lykilhlutverki. Verkefni hagstjórnarinnar, hinnar nýju hagstjórnar, hlutu að vera þau að laga þjóðarútgjöld að þjóðartekjum og lækka raungengi og raunvexti án þess þó að verðbólgan færi úr böndum og hörð átök um skiptingu þjóðarteknanna brytust út. Þetta hefur vissulega tekist.

Miðað við þessi markmið og allar aðstæður var því nauðsynlegt að sú stefna sem ný ríkisstjórn markaði í ríkisfjármálum haustið 1988 miðaðist við að draga úr heildareftirspurn í hagkerfinu annars vegar og minnka lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs hins vegar. Því var lögð höfuðáhersla á það í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 að hækka skatta og draga úr útgjöldum. Haldið var áfram aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum í fjárlögum fyrir árið 1990 sem birtist þá fyrst og fremst í niðurskurði útgjalda.

Stefnan í ríkisfjármálum 1989 og 1990 hefur skilað sér í stiglækkandi halla ríkissjóðs þrátt fyrir samdrátt í þjóðarbúskapnum sem að jafnaði veikir tekjustofna ríkissjóðs og kallar á ýmiss konar útgjöld. Og það er leitun ef þá hægt er að finna nokkurt annað dæmi á Vesturlöndum þar sem tekist hefur með slíkum árangri að minnka halla ríkissjóðs á samdráttarárum eins og hér hefur tekist. Þannig nam halli ríkissjóðs 2,8% af landsframleiðslu 1988 en verður um 1,5% í ár. Um leið og það er mikilvægt hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn og innlend fjármögnun hennar hefur verið auk-

in. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 3,3% af landsframleiðslu 1988 og innlend fjármögnun hennar utan Seðlabankans var aðeins 18%. Í ár er útlit fyrir að hrein lánsfjárþörf muni nema 1,9% af landsframleiðslu og henni verði að fullu náð hér innan lands sem verður í fyrsta sinn í áraraðir sem slíkt tekst.

Þessi stefna í ríkisfjármálum stuðlaði að því að hægt var að ná niður raungengi krónunnar í áföngum á árinu 1989 án þess að verðbólgan færi úr böndum. Það var stefnan í ríkisfjármálum sem var forsendan fyrir því að raungengisbreytingarnar báru árangur og verðbólgan fór niður á við.

Sú efnahagsstefna sem fylgt hefur verið frá haustinu 1988 hefur þegar skilað umtalsverðum árangri. Í því sambandi ætla ég að rifja hér upp fáein atriði vegna samhengis þeirra við ríkisfjármálin á liðnum tveimur árum og við það frv. sem ég mæli hér fyrir.

Í fyrsta lagi. Verðbólgan er nú komin niður á svipað stig og í mörgum nágrannalöndum en útlit er fyrir að hækkun framfærslukostnaðar yfir árið verði um 7%. Í ýmsum nágrannalöndum okkar mun verðbólgan verða svipuð eða jafnvel meiri, t.d. í Bretlandi og í Svíþjóð.

Í öðru lagi. Vextir hafa einnig lækkað. Nafnvextir hafa lækkað samfara lækkun verðbólgunnar. Þannig voru meðalvextir óverðtryggðra útlána bankanna 12,9% í byrjun október 1990, en 35% í byrjun ársins. Á sama tíma hafa vextir ríkisvíxla lækkað úr 23% í 10%. Raunvextir hafa einnig lækkað. Vextir spariskírteina ríkissjóðs lækkuðu úr 7–8% haustið 1988 í 6–6,2% nú. Lækkun raunvaxta útlána bankanna var sérstaklega mikil á milli áranna 1988 og 1989, m.a. vegna breytinga á grunni lánskjaravísitölunnar.

Í þriðja lagi. Fjöldaatvinnuleysi hefur verið bægt frá þrátt fyrir andstæðar spár sem ég rakti hér í upphafi minnar ræðu. Þrátt fyrir efnahagserfiðleika undanfarinna ára er Ísland enn í hópi þeirra ríkja á Vesturlöndum þar sem atvinnuleysi er minnst.

Í fjórða lagi hefur viðskiptahallinn rúmlega helmingast á síðasta ári þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna. Og útlit er fyrir að hallinn aukist aðeins smávægilega í ár þrátt fyrir mikil og einstæð flugvélakaup Flugleiða sem færð eru á árið. Þau umskipti sem hér hafa orðið sjást best á því að vöruskiptaafgangurinn jókst úr 0,1% af landsframleiðslu árið 1988 í 2,3% í ár.

Í fimmta lagi hefur staða atvinnuveganna batnað verulega með lækkun raungengis og raunvaxta. Þessa sást þegar stað á síðasta ári í bættri afkomu fyrirtækjanna, en afkoman í ár er þó verulega betri. Ég vil hér nefna tvennt í þessu sambandi sem einhvern tímann hefði verið talið til slíkra stórtíðinda í íslenskum efnahagsmálum að aðrar fréttir hefðu þar lítt þolað samanburð. Fyrra atriðið er að samkvæmt bráðabirgðatölum Þjóðhagsstofnunar eru botnfiskveiðar nú reknar með hagnaði í fyrsta skipti í áratug. Fiskvinnslan er rekin með verulegum hagnaði og greiðir nú inn í hinn nýja Verðjöfnunarsjóð. Og það sem athyglisvert er er að samkvæmt mælingum Seðlabankans er samkeppnisstaða iðnaðarins betri á þessu ári en hún hefur verið nokkru sinni á öllu því tímabili sem mælingar á þeirri samkeppnisstöðu ná til.

Í sjötta lagi. Jafnvægi á peninga- og lánamarkaði hefur ekki verið betra í mörg ár. Lausafjárstaða bankanna var jákvæð um rúmlega 19 milljarða kr. í lok september og hafði batnað um 8,8 milljarða frá áramótum. Útlit er fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði að fullu uppfyllt á innlendum lánsfjármarkaði á þessu ári. Væri það eitt sér merkileg tíðindi en það athyglisverða er að það verður gert gott betur því útlit er fyrir að hægt verði að greiða afborganir af erlendum lánum með innlendu lánsfé og gera upp yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum um síðustu áramót með innlendu lánsfé algerlega.

Fjárlagafrv., og þar með stefnan í ríkisfjármálum fyrir árið 1991, tekur mið af þeim árangri sem ég hef hér lýst í efnahagsmálum á undanförnum tveimur árum. Helsta markmið frv. er að festa þennan árangur í sessi svo að tíma óstjórnar og ruglaðrar hagstjórnar, sem kennd hefur verið við forustutímabil Sjálfstfl. í íslenskum efnahagsmálum, verði lokið í eitt skipti fyrir öll.

Í ljósi þess að hagvöxtur mun væntanlega glæðast á ný á næsta ári er það mikilvægt að sú þróun til jafnvægis sem átt hefur sér stað í ríkisfjármálum haldi áfram á næsta ári.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1991 ber ekki svip „kosningafjárlaga" í þeim skilningi að þar sé fé ráðstafað ótæpilega til verkefna sem ætla má að öðrum fremur veki skyndivinsældir. Og þau bera engan kosningasvip að því leyti að í þeim felist fyrirheit um óraunhæfar skattalækkanir. Sú stefna sem liggur að baki fjárlagafrv. fyrir 1991 er í beinu framhaldi af þeirri hagstjórn sem ég hef lýst hér að framan og hefur verið aðalsmerki þeirrar ríkisstjórnar sem tók við haustið 1988 og þeirrar breytingar sem gerð var á ríkisstjórninni í fyrra, hagstjórnar sem miðast við það að treysta heilbrigt jafnvægi í efnahags- og atvinnumálum.

Fjárlagafrv. er því, í sem allra stystu máli, ætlað að vera hornsteinn stöðugleika í íslensku efnahagslífi á næsta ári, hornsteinn stefnu sem þjóðin getur valið um í næstu kosningum hvort hún vill að haldi áfram. Þetta merkir m.a. að stefnt er að þessum meginmarkmiðum í ríkisfjármálunum á næsta ári:

Í fyrsta lagi heldur halli ríkissjóðs áfram að minnka. Hann verður samkvæmt fjárlagafrv. um 1% af landsframleiðslu samanborið við 1,5% í ár, 2,1% í fyrra og 2,8% árið 1988.

Í öðru lagi minnkar lánsfjárþörf ríkissjóðs og verður samkvæmt frv. 1,3% af landsframleiðslu samanborið við 1,9% í ár.

Í þriðja lagi er stefnt að því að fullnægja allri lánsfjárþörf ríkissjóðs innan lands og yrði það annað árið í röð sem slíkt væri gert.

Til að ná þessum markmiðum er gert ráð fyrir þessum breytingum á heildartekjum og gjöldum ríkissjóðs: Annars vegar haldast tekjur ríkissjóðs svipaðar að raungildi og á þessu ári en lækka lítillega í hlutfalli við landsframleiðslu, úr 27,6% í 27,4%. Þannig er miðað við að heildarskattahlutfall í landinu verði minna á næsta ári en í ár. Hins vegar lækka útgjöldin um 1,1% að raungildi, og úr 29,1% af landsframleiðslu í ár í

28,4% á næsta ári.

Virðulegi forseti. Eins og jafnan áður byggir fjárlagafrv. á sömu forsendum og þjóðhagsáætlun varðandi þróun þjóðhagsstærða og verðlags. Í þessum áætlunum er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum vegna byggingar nýs álvers og tilheyrandi orkuvera á næsta ári, enda er ljóst að þótt slíkt yrði samþykkt á yfirstandandi þingi mundu framkvæmdir vegna þessa á næsta ári verða mjög takmarkaðar þótt viðunandi samningar náist. Mestur hluti framkvæmdanna mundi falla á árin 1992–1995 og þyrfti þess vegna að taka tillit til þeirra í fjárlögum fyrir þau ár.

Í forsendum frv. er gert ráð fyrir að landsframleiðsla aukist lítillega, eða um 1,5%, eftir þriggja ára samdráttar- og stöðnunarskeið sem átti rætur að rekja til samdráttar í afla og verri ytri skilyrða þjóðarbúsins. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöld hækki ívið minna en landsframleiðslan og því mun viðskiptahalli í hlutfalli við landsframleiðslu minnka, eða verða um 1,5% samanborið við nærri 2% í ár.

Mikil óvissa ríkir vissulega um efnahagsþróun í heiminum, m.a. vegna olíuverðshækkana á undanförnum vikum. Í flestum löndum er verðbólgan nú á uppleið nema hér á Íslandi þar sem hún er á niðurleið og var þeirrar tilhneigingar farið að gæta áður en olíuverðshækkunin reið yfir. Í frv. er reiknað með 5,5% verðbólgu í umheiminum og um 7% verðbólgu hér á landi. Þá byggir frv. á þeirri forsendu að verð á olíu verði að meðaltali um 26 dollarar fatið sem er ívið hærra en gert er ráð fyrir í spám Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Verð á olíu hefur verið mun hærra að undanförnu en er nú á niðurleið. Þess má geta að í gærkvöldi var olíuverðið í New York skráð á 30,55 dollara fatið en fór hæst yfir 40 dollara og um hádegisbil var olíufatið skráð á um það bil 31,50 dollara í London.

Þessar forsendur fela í sér lítils háttar hækkun raungengis íslensku krónunnar. Til lengdar getur það ekki gengið að verðbólga hér á landi sé hærri en í umheiminum að óbreyttu gengi íslensku krónunnar. Hækkun raungengis um 1,5–2% á næsta ári fær þó staðist, enda er raungengi krónunnar nú í sögulegu lágmarki og afkoma útflutningsgreina hefur batnað umtalsvert. Hins vegar verður að vinna að því að halda innlendri verðbólgu sem næst því sem gerist í nágrannalöndunum og stefna að því að jafna metin varanlega sem allra fyrst.

Höfuðeinkenni fjárlagafrv. fyrir árið 1991 eru þessi:

Gert er ráð fyrir að halli á ríkissjóði lækki frá fyrra ári.

Aðhald að útgjöldum heldur áfram.

Heildarskattlagning eykst ekki.

Nýir áfangar eru fyrirhugaðir við umbætur í skattakerfinu, m.a. með tilliti til alþjóðlegrar aðlögunar í íslenska hagkerfinu.

Lánsfjárþörf verður mætt innan lands. Íslendingar eru hættir að leysa vanda í ríkisfjármálum með gegndarlausum lántökum erlendis.

Sjálfstæði ríkisstofnana er aukið og fyrstu skref stigin á nýrri braut til ábyrgðar, aðhalds og valddreifingar í ríkiskerfinu.

Í frv. er reiknað með að gjöld verði 3,7 milljarðar kr. umfram tekjur á næsta ári. Rekstrarhalli ríkissjóðs mun samsvara um 1% af landsframleiðslu.

Heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 99,6 milljarðar króna sem eru svipaðar tekjur að raungildi og í ár. Vegna aukningar landsframleiðslu munu tekjur ríkissjóðs í hlutfalli við landsframleiðslu þó lækka lítillega og verða 27,4% í samanburði við 27,6% í ár.

Útgjöld ríkissjóðs á næsta ári eru áætluð 103,2 milljarðar króna. Útgjöldin munu lækka um 1,1% að raungildi frá þessu ári og því munu þau lækka í hlutfalli við landsframleiðslu úr 29,1% í ár í 28,4% á næsta ári, eins og ég gat um áðan. Samneyslan mun aukast um 0,5% að raungildi en aðrir útgjaldaflokkar munu dragast saman, einkum fjárfesting.

Áætlað er að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs muni nema 4,7 milljörðum króna á næsta ári, eða 1,3% af landsframleiðslu. Hrein lánsfjárþörf í hlutfalli við landsframleiðslu hefur farið lækkandi, eins og ég hef áður getið um, frá árinu 1988, þegar hún nam 3,3% af landsframleiðslu. Þessi lækkun lánsfjárþarfar ríkissjóðs hefur skipt miklu máli varðandi þann stöðugleika sem verið hefur að myndast á peninga- og lánsfjármörkuðum hér á landi og er einstakur í sögu íslenskrar hagstjórnar á síðustu 30 árum. Þar skiptir einnig verulegu máli að innlend fjármögnun hefur verið aukin úr tæplega 20% 1988 í rúmlega 100% í ár. Í frv. er gert ráð fyrir óbreyttri stefnu að þessu leyti. Stefnt er að því að allar lántökur verði innlendar og ríkissjóður haldi áfram að greiða niður erlendar skuldir sínar með innlendri lántöku.

Ég vil nú, virðulegi forseti, víkja að helstu breytingum á tekjuhlið frv.

Undanfarin ár hafa orðið verulegar umbætur í íslenska skattakerfinu. Ný tollalög haustið 1988, staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars hjá einstaklingum í ársbyrjun 1988, virðisaukaskattur um síðustu áramót auk breyttra vinnubragða við innheimtu opinberra gjalda sem skilað hafa góðum árangri. Þessar kerfisbreytingar munu halda áfram. Og næstu skref beinast eðlilega að því að laga skattkerfið að því sem almennt er við lýði í viðskiptalöndum okkar og styrkja þannig samkeppnisstöðu íslenskra atvinnugreina. Sú aðlögun skattkerfisins verður að taka bæði til tekjustofna ríkis og sveitarfélaga. Þetta er sérstaklega brýnt hvað varðar fyrirtæki og rekstrarumhverfi þeirra.

Nú er unnið skipulega að samræmdri skattlagningu fyrirtækja og alþjóðlegri aðlögun hennar. Í frv. er gert ráð fyrir því sem fyrsta skrefi í þessum endurbótum að í stað fimm mismunandi launatengdra gjalda á fyrirtæki verði tekið upp eitt samræmt tryggingagjald. Þetta aukna samræmi milli atvinnugreina er í takt við alþjóðlega þróun í skattamálum. Tryggingagjaldið verður innheimt mánaðarlega í tengslum við staðgreiðsluna og verður það fyrst í stað í tveimur þrepum, 3% og 6% af launagreiðslum. Heildargjöld atvinnurekstrarins munu við þessar breytingar hækka um 0,5% og jafngildir það um 800 millj. kr.

Í áætlun um tekjur af hinu nýja tryggingagjaldi fyrir árið 1991 er auk fyrrgreindrar breytingar gert ráð

fyrir sérstöku álagi á iðgjaldsstofninn. Þetta atriði er tengt þeim breytingum sem kunna að verða í skattlagningu ríkis og sveitarfélaga með aukinni samræmingu skattkerfisins við alþjóðlega þróun. Enn fremur er álagið hugsað til að mæta auknum kostnaði ríkisins vegna ýmiss konar þjónustu við sveitarfélög, sérstaklega hin stærri, á síðari árum. Hins vegar kemur til greina að í stað álagsins komi aukin þátttaka sveitarfélaga í þessum kostnaði. Miðað er við að álagið skili 800 millj. kr. á næsta ári.

Til athugunar eru einnig ýmsar breytingar á tekjuskattlagningu fyrirtækja. Í því efni er hugað að breikkun skattstofnsins með einföldun og fækkun frádráttarliða en á móti kæmi lækkun á skatthlutfalli sem nú er um 50%. Gengið er út frá því að hugsanlegar breytingar á tekjuskatti fyrirtækja raski ekki áætlaðri innheimtu tekjuskatts á árinu 1991.

Tekjuskattur einstaklinga er einnig í athugun með það að markmiði að auka jöfnunarhlutverk tekjuskattsins, m.a. með húsaleigubótum til tekjulágra einstaklinga og tekjuviðmiðun barnabóta. Stefnt er að því að ljúka þessum athugunum fyrir afgreiðslu fjárlaga í vetur og er miðað við að breytingarnar rúmist innan tekjuramma frv.

Ég hef einnig í hyggju að leggja fyrir ríkisstjórnina og væntanlega síðar fyrir Alþingi tillögur um nýtt hátekjuþrep í tekjuskattinum, þyngri tekjuskattsprósentu á hátekjur yfir ákveðnu marki. Þetta er að mínum dómi réttlætismál vegna þess að þau jafnréttissjónarmið sem felast í persónuafsláttarkerfinu taka fyrst og fremst til lágtekna og meðaltekna en ná ekki nema að litlu leyti til raunverulegra hátekjumanna. Stefnt er að því að heildarálagning tekjuskattsins verði hins vegar sú sama, þannig að tekjur ríkisins af tekjuskattinum aukist ekki. Hins vegar verði jöfnunarhlutverk hans aukið, m.a. með þeim breytingum sem ég hef hér lýst, húsaleigubótum og öðrum jöfnunaraðgerðum. Þessar breytingar eru, eins og ég hef sagt, í samræmi við jöfnunareðli tekjuskattsins sem er ein af ástæðum þess að margir telja að í framtíðinni eigi að leggja aukna áherslu á þann skatt, samhliða því sem dregið yrði úr óbeinum sköttum, verðlagssköttunum, og þeir lækkaðir.

Stefnt er að því að almenn þjónustugjöld séu undirstaða framkvæmda á helstu þjónustusviðum samgöngumála. Í frv. er gert ráð fyrir að hið sama gildi um notendur hafna og notendur vegakerfis og flugvalla og er áætlað að Vita- og hafnamálaskrifstofan hafi um 560 millj. í sértekjur af auknu hafnargjaldi sem jafnframt standi undir framkvæmdum á þessu sviði.

Þannig verði tekin upp sams konar skipan á sviði samgangna á sjó og tíðkast varðandi samgöngur í lofti og samgöngur á landi. Þá er gert ráð fyrir að jöfnunargjald af innfluttri vöru falli niður í áföngum á næsta ári og verður frv. um það efni lagt fyrir þingið innan tíðar. Reiknað er með að tekjutap ríkissjóðs þess vegna miðað við árið 1990 verði 300–400 millj. kr. og verður frv. flutt, eins og ég áður gat um, um það á næstu vikum.

Í undirbúningi er einnig samræmd skattlagning á fjármagnstekjum einstaklinga. Hafa störf að þeim málum að undanförnu einkum beinst að alþjóðlegum samanburði, að taka upp sambærilegar aðferðir í þeim efnum hér á Íslandi og tíðkast í öllum þróuðum vestrænum ríkjum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir tekjum af slíkum breytingum í fjárlagafrv. nú.

Í heild verða á tekjuhlið frv. þær breytingar að skatthlutfallið lækkar sem hlutfall af landsframleiðslu, úr 27,6% í 27,4%. Þótt tekjur af launatengdum gjöldum aukist er gert ráð fyrir heldur minni tekjum hlutfallslega af virðisaukaskatti en í ár og minni tekjum af innflutningsgjöldum.

Virðulegi forseti. Ég kem þá næst að helstu atriðum í útgjaldahlið frv. Gert er ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs dragist saman um 1,1% að raungildi og lækki sem hlutfall af landsframleiðslu, eins og ég hef áður getið um. Útgjaldaþenslan hjá ríkinu hefur þannig verið stöðvuð og útgjöld ríkissjóðs hafa nánast staðið í stað frá árinu 1988. Árið 1989 jukust þau um 0,6% að raungildi miðað við verðlag landsframleiðslu, en á þessu ári er gert ráð fyrir að þau dragist saman um 0,9%. Töluverðar breytingar hafa þó orðið milli einstakra gjaldaflokka á þessum árum og eru veigamestu breytingarnar á útgjöldum ríkissjóðs þær að vægi framlaga, þ.e. bótagreiðslna, almannatrygginga, niðurgreiðslna og fleiri slíkra liða, hefur aukist, en hlutur launa og rekstrar að sama skapi minnkað.

Í frv. er reiknað með að launa- og rekstrarútgjöld lækki enn frekar. U.þ.b. 40% heildarútgjalda ríkissjóðs fara til launa- og rekstrarútgjalda. Samkvæmt áætluninni fyrir árið 1991 verða þessi útgjöld 2% lægri að raungildi en árið 1988 þrátt fyrir lítils háttar aukningu á næsta ári.

Undanfarin tvö ár hefur verið mikil aukning á framlögum úr ríkissjóði eða svonefndum tilfærslum. En það eru fyrst og fremst bótagreiðslur almannatryggingakerfisins, framlög úr ríkissjóði til sjóða og atvinnuvega og niðurgreiðslur á búvörum. Árið 1991 er hins vegar gert ráð fyrir að útgjaldaþátturinn framlög eða tilfærslur dragist saman að raungildi, einkum framlög til sjóða og atvinnuvega. Hér skipta miklu áætlanir um að spara í heilbrigðiskerfinu, einkum lyfjakostnað.

Framlög til fjárfestingar hafa minnkað verulega að raungildi undanfarin ár og árið 1991 er enn gert ráð fyrir samdrætti.

Vaxtagreiðslur ríkisins hafa líka dregist saman að undanförnu eftir verulega raunaukningu nokkur undanfarin ár. Þessi lækkun stafar fyrst og fremst af því að gengið hefur verið stöðugt. Einnig hafa vextir innan lands lækkað að undanförnu. Árið 1991 er því reiknað með áframhaldandi lækkun vaxtaútgjalda að raungildi.

Þótt launa- og rekstrarútgjöld dragist saman í heild er umtalsverð breyting á nokkrum sviðum vegna uppbyggingar og kerfisbreytingar í menntakerfinu, hjá fötluðum og við heilsugæslu. Þannig eykst kostnaður við grunnskóla vegna þess að skyldunám barna hefst nú í fyrsta sinn við sex ára aldur. Ný reglugerð um sérkennslu kostar einnig sitt og enn fremur ný lög um aukin réttindi til náms í framhaldsskólum. Stofnanir

fatlaðra hafa verið efldar mjög á þessu ári og heldur sú uppbygging áfram á næsta ári. Þá hækka fjárveitingar til heilsugæslu, einkum vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þrátt fyrir nauðsynina á aðhaldi í rekstri ríkisins hefur ríkisstjórnin samt sem áður viljað sýna ákveðna forgangsáætlun á þessum sviðum.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að eitt af höfuðeinkennum þessa frv. væri að með því væru stigin fyrstu skrefin að auknu fjárhagslegu sjálfstæði ríkisstofnana. Hér er við fjárlagagerðina farið inn á nýja braut valddreifingar sem getur leitt til aukinnar ábyrgðar í hverri ríkisstofnun, skilvirkari og rökréttari fjármálastjórnar og til frekari faglegs metnaðar hverrar stofnunar um sig. Að réttu lagi ætti aukin valddreifing að þessu leyti að geta leitt til betra útgjaldaaðhalds vegna þess að forsenda raunverulegs sjálfstæðis er strangur sjálfsagi.

Í frv. nú eru stigin mikilvæg skref í þá átt að auka fjárhagslega ábyrgð stjórnvalda og aðild þeirra að ráðstöfun fjárveitinga. Er gleggsta dæmið um þetta fjárveiting til Háskóla Íslands. Í frv. nú eru aðeins tvær tölur um fjárveitingar til stofnana og háskóladeilda sem áður var ráðstafað í fjárlögunum sjálfum í 17 tilgreinda staði. Rennur önnur fjárveitingin til allra deilda Háskólans og önnur í heild til sérstofnana hans. Stjórnendum skólans er með þessu falið að skipta milli deilda og stofnana fjárveitingum sem nema rúmum milljarði króna, í stað þess að áður hafa þing og ráðuneyti hlutað fénu niður til hverrar deildar og stofnunar. Ég held að þetta sé eitt stærsta skref til að auka sjálfsforræði Háskóla Íslands í málefnum skólans sem stigið hefur verið og vona ég einnig, sem starfsmaður skólans, að Háskólinn muni sinna þessu brautryðjendastarfi vel og verða til þess að aðrar ríkisstofnanir muni einnig ganga þessa götu á næstu árum. Þannig verði dregið úr miðstýrðu valdi í okkar þjóðfélagi og aukið sjálfstæði og valddreifing haldi innreið sína. Mér finnst einnig koma til greina að athugað sé í meðferð þingsins að taka upp þennan hátt á fleiri stofnunum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. svo að endanleg afgreiðsla fjárlaga feli í sér fleiri skref í átt að auknu sjálfstæði ríkisstofnana.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á næsta ári er áætluð 11,7 milljarðar kr. Af þeirri upphæð fara tæplega 3,7 milljarðar kr. í að fjármagna rekstrarhalla ársins, 6,9 milljarðar fara til afborgana af eldri lánum og rúmlega 1 milljarður fer í að fjármagna lánveitingar umfram afborganir. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. heildarlánsfjárþörf umfram greiddar afborganir, mun því nema 4,7 milljörðum kr. eða, eins og áður getur, 1,3% af landsframleiðslu.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður uppfylli lánsfjárþörf sína að fullu með útgáfu innlendra verðbréfa, þ.e. með sölu á almennum peningamarkaði hér innan lands í samkeppni við aðrar peningastofnanir og markaðsstofnanir á peningamarkaði, með sölu spariskírteina, sölu nýrra ríkisbréfa og sölu ríkisvíxla umfram innlausn. Góðar líkur eru á að þetta geti tekist með frjálsri samkeppni án þess að raska jafnvægi á innlendum lánsfjármarkaði eða hækka vexti. Það er athyglisvert að á undanförnum missirum hefur tekist að ná svona góðum árangri í innlendri lánsfjármögnun án þess að beita nokkrum þvingunum eða samningsbundnum skyldum á bankakerfið, en þegar breyting varð á stjórn ríkisfjármála veturinn 1988–1989 hafði verið gert samkomulag við bankakerfið sem skyldaði það til þess að kaupa spariskírteini. Bankakerfið sagði því samkomulagi upp og ríkissjóður hélt því inn á hinn frjálsa samkeppnismarkað í þessum efnum og hefur með góðum árangri byggt upp stöðu sína á þeim markaði. Á næsta ári verður um svipaða lántöku að nafnvirði að ræða og ríkissjóður mun framkvæma í ár á innlendum lánsfjármarkaði ef litið er fram hjá skuldbreytingum vegna lækkunar bindiskyldu og uppgreiðslu skulda ríkissjóðs í Seðlabankanum nú í vor.

Ekki er fyrirsjáanlegt, eins og ég gat um áðan, að vandkvæði verði á að ná þessu markmiði. Í því sambandi má geta þess að Seðlabankinn spáir áframhaldandi aukningu innlends sparnaðar í hlutfalli við landsframleiðslu. Því er einnig spáð að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði 27,4 milljarðar á næsta ári. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna mun því aukast um rúmlega 13% að raungildi. Að lokum er rétt að geta þess að innlausn spariskírteina verður rúmlega helmingi meiri á næsta ári en á þessu.

Þar sem innlend lántaka ríkissjóðs verður svipuð og í ár en lánsfjármarkaðurinn stækkar umtalsvert samkvæmt áætlunum Seðlabankans munu þessi áform ekki leiða til hærri vaxta nema veruleg aukning verði á lánsfjáreftirspurn fyrirtækja, en ekkert útlit er fyrir að svo verði. Verði framboð á húsbréfum mun meira en gert er ráð fyrir gæti það þó sett nokkurt strik í reikninginn.

Ríkissjóður mun ekki taka erlend lán á næsta ári til að greiða niður afborganir eldri erlendra lána sem nema munu 1,3 milljörðum kr. á næsta ári. Það verður þess vegna haldið áfram á þeirri braut sem hófst á þessu ári, að greiða niður erlend lán með innlendum sparnaði. Erlendar skuldir ríkissjóðs munu því lækka nokkuð á næsta ári annað árið í röð. Erlendar skuldir ríkissjóðs námu tæplega 18% af landsframleiðslu 1989, en áætlað er að þær verði 15,5% af landsframleiðslu í lok næsta árs. Hugsa ég að ýmsum þyki það tíðindi að erlendar skuldir ríkissjóðs lækki á einu ári með jafnafgerandi hætti. Þessi þróun ásamt stöðugu gengi og minnkandi viðskiptahalla mun leiða til þess að hrein skuldastaða þjóðarbúsins, þ.e. löng erlend lán og skammtímaskuldir að frádreginni gjaldeyriseign þjóðarinnar, mun lækka á næsta ári, annað árið í röð. Þessar breytingar eru mikilvægar. Þessi lækkun erlendra skulda þjóðarbúsins og ríkissjóðs eru mikilvægar stoðir í því að styrkja efnahagslegt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Hrein skuldastaða þjóðarbúsins nam 48,4% af landsframleiðslu í lok ársins 1989, er áætluð 48% í ár og verður 46% á næsta ári. Án erlendra lána vegna endurnýjunar á flugvélaflota Flugleiða að undanförnu mundi þetta hlutfall hins vegar vera komið niður í 42,3% á næsta ári. Það er í reynd eðlilegri samanburður vegna þess að flugvélakaup af þeirri stærðargráðu sem hér hafa farið fram gerast á nokkurra áratuga fresti og ef borið er saman við venjulegan grundvöll undan-

farinna ára er þessi árangur í að taka niður erlendar skuldir enn meiri.

Að undanförnu hafa orðið miklar breytingar á lántökumálum ríkissjóðs og þær eru forsenda þess að þessi mikli árangur hefur náðst. Ríkissjóður hefur þurft að bregðast við harðnandi samkeppni og nýjum aðferðum sem beitt er á innlendum lánsfjármarkaði. Af þessum sökum hefur verið byggt upp sjálfstætt sölukerfi á vegum ríkissjóðs og var stofnun Þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa og síðar Lánasýslu ríkisins, sem Alþingi samþykkti lög um hér sl. vor, mikilvægur þáttur í þeirri þróun. Komið hefur verið á fót svokölluðu áskriftarkerfi að spariskírteinum ríkissjóðs þar sem einstaklingar gera samning um mánaðarleg kaup á spariskírteinum og geta þeir greitt með greiðslukortum. Þetta nýja sparnaðarform þykir slíkt einsdæmi í heiminum að það hefur vakið mikla athygli hjá hinum alþjóðlegu greiðslukortafyrirtækjum og birst um það frásagnir víða í erlendum fagtímaritum. Íslendingar hafa þess vegna verið í fararbroddi þeirra sem notað hafa greiðslukortakerfin til þess að auka sparnað í landinu en ekki eyðslu.

Nú eru tæplega 6500 Íslendingar í þessu mánaðarlega sparnaðarkerfi. Einnig hefur tekist að byggja upp traustan markað fyrir spariskírteini meðal lífeyrissjóða og annarra stórkaupenda. Sl. vor, fyrir nokkrum mánuðum, voru þannig seld eða gerðir bindandi kaupsamningar við stórkaupendur um kaup á spariskírteinum fyrir 4,5 milljarða kr. með frjálsum samningum á hinum almenna, innlenda peningamarkaði. Á sama tíma hefur ríkisvíxlamarkaðurinn vaxið verulega. Nú er unnið að því að koma á markað nýrri tegund ríkisverðbréfa sem eru óverðtryggð og með lánstíma frá nokkrum mánuðum til þriggja ára og eru miklar vonir bundnar við það að þetta nýja form fái einnig góðar viðtökur.

Fram undan eru enn frekari breytingar á íslenskum lánsfjármarkaði sem munu hafa áhrif á lántökumál ríkissjóðs. Opnun fjármagnsmarkaðarins og óheftar fjármagnshreyfingar á milli Íslands og umheimsins eru mikilvæg atriði í því sambandi. Ríkissjóður undirbýr sig nú undir þessa þróun, þessa alþjóðlegu þróun opnunar og aukinna viðskipta á peningamarkaði í veröldinni. Stofnun Lánasýslu ríkisins í vor var hluti af þeim undirbúningi. Lánasýslan mun bæði sjá um innlenda og erlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs og ríkisábyrgðamál í samvinnu við fjmrn. og Seðlabankann. Ein af afleiðingum óheftra fjármagnsflutninga er að mörkin milli innlendrar og erlendrar lánsfjármögnunar verða óskýrari. Því er mikilvægt að samræmd fagleg stjórn sé á innlendum jafnt sem erlendum lántökum ríkissjóðs. Einnig mun skoðun á ábyrgðamálum ríkisins halda áfram, bæði með tilliti til þess að draga úr ríkisábyrgðum, skerpa eftirlit með notkun þeirra og tryggja eðlilega gjaldtöku fyrir ríkisábyrgðir.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að langþráður stöðugleiki sé nú að nást í efnahagslífi okkar hafa mistök fortíðarinnar gert að verkum að brýn verkefni eru fram undan á næstu árum í tengslum við fjármál ríkisins, mistök sem eiga sér langa sögu, í nokkra áratugi jafnvel þau sem lengsta sögu eiga að baki. Gífurlegur vandi er óleystur vegna nokkurra stærstu sjóða á vegum hins opinbera. Sá vandi verður ekki leystur með þessum fjárlögum sem stefna fyrst og fremst að því að tryggja árangurinn í efnahagsmálum, heldur hljóta málefni þessara sjóða að verða eitt af meginverkefnum ríkisstjórna á næstu 2–3 kjörtímabilum. Í rauninni er hér um að ræða nokkur af þeim stórverkefnum sem íslensk stjórnmál munu snúast um að verulegu leyti fram til aldamóta.

Hér er í fyrsta lagi átt við Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Ljóst er að eigið fé þessara sjóða mun þverra hröðum skrefum á næstu árum og verður gengið til þurrðar um aldamót ef svo fer sem horfir. Til að koma í veg fyrir þessa þróun verður annaðhvort að draga úr neikvæðum vaxtamun hjá sjóðunum eða greiða stórkostleg framlög úr ríkissjóði. Slík framlög hafa þann ókost að auka útlánagetu sjóðanna og skuldbindingar ríkissjóðs ef útlánsvöxtunum verður haldið óbreyttum.

Í öðru lagi eykst fjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna í núverandi formi ár frá ári. Hefur henni undanfarin ár verið mætt með verulegum lántökum þannig að skuldabyrði sjóðsins mun að lokum vaxa honum yfir höfuð nema gripið verði til stórfelldra aðgerða á næstu árum.

Í þriðja lagi hafa útgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði aukist talsvert þrjú síðustu ár. Lögbundið framlag ríkisins og atvinnurekenda dugir ekki á móti útstreyminu og hallar nú undan fæti hjá sjóðnum.

Í fjórða lagi er svo rétt að nefna Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins en málefni hans tengjast auðvitað málefnum lífeyrissjóðakerfisins í heild. Sjóðurinn hefur hvorki verið hreinn söfnunarsjóður né hreinn gegnumstreymissjóður. Greiðslur ríkissjóðs til sjóðsins vegna verðtryggingar hafa þó verið mun meiri en þarf til að standa við skuldbindingar sjóðanna á hverju ári og hefur muninum verið varið til að byggja upp eiginfjárstöðu sjóðsins með kaupum á ríkisskuldabréfum og lánveitingum til sjóðfélaga. Á seinasta ári var lögbundið framlag til sjóðsins minnkað en á þessu ári verður gengið skemmra í þeim efnum. Þessi ráðstöfun hefur ekki áhrif á lífeyrisrétt sjóðfélaga en framlagið nægir þó ekki til að standa undir framtíðarskuldbindingum. Lausn þessa vanda verður að ráðast af framtíðarfyrirkomulagi lífeyrismála og stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins innan þess kerfis.

Virðulegi forseti. Ég vil nú hér víkja nokkuð að öðrum framtíðarverkefnum í ríkisfjármálum. Tel ég rétt að gera það í framsögu fyrir fjárlagafrv. á síðasta þingi þessa kjörtímabils.

Fyrst um stefnuna í skattamálum. Á undanförnum árum hefur verið unnið að umtalsverðum endurbótum á sviði skattamála. Ég rakti nokkrar af þessum endurbótum hér fyrr í minni ræðu. Í upphafi þessa árs var virðisaukaskatturinn tekinn upp. Sú mikla kerfisbreyting í skattamálum þegar virðisaukaskatturinn leysti slitið söluskattskerfi af hólmi hefur tekist vel, raunar framar vonum þeirra sem bjartsýnastir voru. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir að starfsmenn skattkerfisins hafa staðið sig með mikilli prýði og

gjaldendur í atvinnulífi og viðskiptalífi í landinu og almenningur allur hefur tekið nýja kerfinu af skilningi og velvilja. Óþægindum ýmsum sem óhjákvæmilega leiða af svo umfangsmiklum breytingum hefur verið tekið með þolinmæði og aðilar lagst á eitt um að leysa þannig úr að sem best megi fara.

Ýmis vandamál hafa að sjálfsögðu komið upp í tengslum við breytinguna og alþingismenn munu fyrr eða síðar þurfa að kljást við einhver þeirra. En framkvæmd þessarar kerfisbreytingar, einhverrar umfangsmestu kerfisbreytingar í íslenskum skattamálum sem hér hefur gengið um garð á undanförnum áratugum, hefur gengið vel og er óralangt frá þeim hrakspám sem hafðar voru uppi hér í fyrrahaust, m.a. af öllum talsmönnum Sjálfstfl. hér á þingi. Þá höfðu þessir úrtölumenn Sjálfstfl. allt á hornum sér og vildu láta fresta upptöku virðisaukaskattsins á þeim forsendum að hún væri svo illa undirbúin. Og þeir spáðu því að tekjukerfi ríkissjóðs mundi hér um bil falla saman og atvinnulífið í landinu leggjast í rúst vegna ónógs undirbúnings, vegna umskiptanna yfir í virðisaukaskatt. Þessir menn reyndust þá ekki frekar en endranær spámannlega vaxnir og mætti minnast þess nú áður en þeir ganga í ræðustólinn hér og á næstu vikum til þess að kalla frekari spá yfir almenning héðan úr þinghúsinu.

Auk þessara breytinga á skattkerfinu sjálfu hefur á síðustu tveimur árum verið gert sérstakt átak um að bæta innheimtu opinberra gjalda. Þessi herferð hefur skilað umtalsverðum árangri, bæði í beinum fjárhagsávinningi ríkissjóðs og hvað varðar almenn viðhorf til skattskila og skattskulda og bætt þannig siðferðið í skattamálum í landinu. Í framhaldi af þessum störfum eru ýmsar mikilvægar umbætur í skattamálum nú í undirbúningi sem m.a. miða að því, eins og áður hefur verið sagt, að laga skattkerfið hér á landi að því sem gengur og gerist í samkeppnislöndum okkar og talið er hagkvæmt og óhjákvæmilegt til að efla og varðveita samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Það er þess vegna gagnlegt á þessum tímamótum að bera íslenska skattkerfið saman við skattkerfi viðskiptalanda okkar til að sjá líklegar breytingar og nauðsynlegar á íslenska skattkerfinu á næstu árum. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að sérkenni íslenska skattkerfisins séu eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er heildarskattheimta hér tiltölulega lág í hlutfalli við landsframleiðslu og um árabil var Tyrkland, hið fátæka Tyrkland, að hluta til miðalda samfélag, eina Evrópuríkið innan OECD sem hafði lægra skatthlutfall á landsframleiðslu en Ísland. Um þá staðreynd að heildarskattheimta er minni á Íslandi en víðast í Vestur-Evrópu hefur verið deilt hér af kappi undanfarin missiri og ýmsir þóst vera miklir spekingar í þeim efnum. Samanburður við önnur lönd hefur hins vegar ekki legið fyrir vegna þess að fyrirrennarar mínir í stól fjmrh. undanfarna áratugi voru ekki reiðubúnir til þess að láta Ísland taka fullan þátt í ríkisfjármálastarfi innan OECD. En þátttöku Íslands í ríkisfjármálastarfi innan OECD fylgdi að OECD mundi þá taka til skoðunar og rannsóknar skattamálin og ríkisfjármálin á Íslandi og fella Ísland inn í hið alþjóðlega samanburðarkerfi sem OECD hefur búið til á þessu sviði nokkra undanfarna áratugi. Og það er athyglisvert vegna þess að nú þegar úrskurður OECD liggur fyrir í vandaðri skýrslu OECD um þetta efni, þá rísa hér upp ýmsir snillingar innan lands og fara að gagnrýna OECD. Og það er athyglisvert að í engu öðru aðildarríki OECD er slíka snillinga að finna, ekki í Bandaríkjunum, ekki í Japan, ekki í Bretlandi, ekki í Frakklandi eru slíkir snillingar sem telja sig geta verið gagnrýnendur á vinnuaðferðir OECD í þessum efnum. Það er bara hér á Íslandi, innan Sjálfstfl., sem þessa snillinga er að finna. Mennirnir sem í fyrsta sinn í sögu Vesturlanda frá því OECD var stofnað og hóf þetta starf koma nú fram og segja: Þetta eru gölluð verk. Einfaldlega vegna þess að hin hlutlausa niðurstaða hinna fremstu vestrænu sérfræðinga OECD passar ekki í áróðurskramið hjá Sjálfstfl.

Staðreyndin er nefnilega sú að 1988 voru samkvæmt hlutlausri niðurstöðu OECD öll aðildarríki Evrópubandalagsins og EFTA með hærra skatthlutfall en Ísland. Og fyrirliggjandi gögn fyrir árið 1989 sýna að öll aðildarríki Evrópubandalagsins eru með hærra skatthlutfall en Ísland og öll EFTA-ríkin nema Sviss.

Margt af því sem sagt hefur verið síðustu daga frá því að þessi skýrsla OECD barst til landsins hefur verið mjög sérkennilegt og sumar þeirra spurninga og athugasemda eru málefninu fullkomlega óviðkomandi og draga sjálfan grundvöll samanburðarins í efa með rökum sem ekki eru samboðin einni virtustu hagstofnun Vesturlanda, OECD, þar sem Bandaríkin, Japan, Bretland, Frakkland og Vestur-Þýskaland hafa haft forustu fyrir rannsóknum og stefnumótun í nokkra áratugi. Þeir menn sem draga það í efa í forustusveit Sjálfstfl. eru jafnframt að draga í efa fremstu sérfræðinga Vesturlanda á þessu sviði.

Hins vegar hefur ákveðinn málflutningur í þessum efnum vakið upp gagnspurningar um það hvers vegna þessi gagnrýni hefur ekki komið fram hjá öðrum þjóðum, eins og ég gat hér um áðan. Það er út af fyrir sig vel skiljanlegt að formaður Sjálfstfl., sem fyrstur varð fyrir nokkrum vikum síðan til að mótmæla þessari niðurstöðu OECD, gangi þar fram á völlinn vegna þess að efnahagsstjórn Þorsteins Pálssonar á árunum 1985–1987 fékk slík eftirmæli hjá OECD í París að það er kannski von að hann vilji ekki beygja sig undir niðurstöður þessarar virtu vestrænu efnahagsstofnunar. Og hefðu það einhvern tíma þótt tíðindi að formaður Sjálfstfl. flýi frá faglegum niðurstöðum fremstu vestrænna stofnana í efnahagsmálum. En til þess að taka af allan vafa í þessum efnum og til þess að styrkja grundvöll eðlilegrar umræðu hér í landinu um þessi mál og eyða hleypidómum og upphrópunum Sjálfstfl. og annarra sjálfskipaðra spámanna í þessum efnum hef ég ákveðið að boða til ráðstefnu á næstu mánuðum um þetta efni og sérfræðingar OECD hafa þegar þegið boð um það að koma hér til Íslands sem sérstakir gestir þessarar ráðstefnu til þess að gera grein fyrir rannsóknum og niðurstöðum og skýrslugjöf OECD í þessum efnum. Það verður jafnframt boðið til þessarar ráðstefnu öllum þeim innlendu gagnrýnendum og þing-

mönnum Sjálfstfl. og öðrum þingmönnum sem áhuga kunna að hafa á þessum efnum þannig að málið verði allt lagt fyrir með opnum hætti. OECD hefur þegar samþykkt að senda sína færustu sérfræðinga hingað til Íslands á þessa ráðstefnu sem haldin verður fyrir opnum tjöldum í febrúar á næsta ári. (**Gripið fram í:** En sjálfstæðismenn?) Þetta boð hefur ekki verið borið undir Sjálfstfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. (**Gripið fram í:** Af hverju ekki?) en verður að sjálfsögðu sent þeim og þeim gefið þannig tækifæri til þess að vera gestir þessa vettvangs þar sem fremstu sérfræðingar Vesturlanda gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna sinna á íslenskum ríkisfjármálum. Þetta boð um opna ráðstefnu þar sem sérfræðingar OECD verða í forsvari sýnir það að fjmrn. er óhrætt við opna á eðlilega umræðu um þessi mál.

Samanburður á íslenska skattkerfinu við önnur lönd sýnir einnig að tekjuskattar, gagnstætt því sem flestir halda, eru tiltölulega lágt hlutfall heildarskattheimtu hér á Íslandi og möguleikar til að nota tekjuskattinn í jöfnunarskyni eru því minni hér á Íslandi en í mörgum Evrópulöndum.

Tiltölulega stór hluti skattheimtunnar hér á Íslandi er í formi óbeinna skatta. Þannig voru skattar á vöru og þjónustu 57% af skattheimtunni hér á landi árið 1988 á sama tíma og þeir voru 32,5% að meðaltali í aðildarlöndum Evrópubandalagsins. Afleiðing þessa er sú að skattahlutfall virðisaukaskattsins á Íslandi er hærra en í flestum öðrum löndum Evrópu.

Vaxtatekjur einstaklinga eru ekki skattlagðar hér á landi og það er nánast einsdæmi í vestrænum ríkjum að það sé ekki gert þótt helst sé að skilja á forustumönnum Sjálfstfl. að það væri einhver sérstakur glæpur. Rennir það stoðum undir þá grunsemd að þá hér á Alþingi sem helst vilja flýja frá vestrænum viðhorfum í skattamálum og vestrænum viðhorfum í hagstjórn sé að finna í forustusveit Sjálfstfl.

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er tiltölulega hátt hér á landi. Hins vegar eru tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja í hlutfalli við landsframleiðslu tiltölulega lágar sem skýra má m.a. með frádráttarliðum og tiltölulega lágri hlutdeild hagnaðar í landsframleiðslu. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er 50% hér á landi en nokkur lönd, t.d. Danmörk, Þýskaland og Svíþjóð, hafa svipað eða hærra hlutfall. Hins vegar virðist meiri hluti iðnríkja stefna í skatthlutfall um eða undir 40%.

Þá ber einnig að geta þess að aðstöðugjald, sem er tekjustofn sveitarfélaga og lagt er á veltu fyrirtækja, þekkist vart í öðrum iðnríkjum. Þess vegna er það óhjákvæmilegur þáttur í alþjóðlegri aðlögun skattlagningar fyrirtækja á Íslandi að skattlagningu í samkeppnislöndum Íslendinga að aðstöðugjaldið verði lagt niður þannig að íslensk fyrirtæki þurfi ekki að líða fyrir þennan þátt í skattkerfinu sem á engan hátt samrýmist nútímaviðhorfum í skattlagningu atvinnulífs.

Þær skattaumbætur sem fram undan eru munu með margvíslegum hætti taka tillit til ofangreindra staðreynda um íslenska skattkerfið og sérkenna þess samanborið við alþjóðlega þróun í þessum efnum. Breytingarnar þurfa að miða að því að gera íslenska skattkerfið réttlátara og hagkvæmara. Í þessu sambandi má nefna eftirfarandi verkefni næstu ára.

Í fyrsta lagi að undirbúningur að samræmdri skattlagningu fjármagnstekna einstaklinga hefur verið í gangi nú um nokkurt skeið og verður haldið áfram. Þar er í senn, eins og ég hef sagt, um réttlætismál að ræða en jafnframt um mjög mikilvægan lið í alþjóðlegri samræmingu skattakerfisins, að raunvaxtatekjur einstaklinga séu skattlagðar eins og aðrar tekjur og eins og gert er í öllum þeim löndum sem munu hafa opinn fjármagnsmarkað milli Íslands og sín. Nefnd hefur verið að störfum sem skilaði áfangaskýrslu um málið á síðasta ári. Stefnt er að því að endanlegar niðurstöður liggi fyrir innan tíðar. En þótt skattlagning raunvaxtatekna sé sjálfsagt réttlætismál er á margan hátt um flókið viðfangsefni að ræða þar sem leiðrétta þarf vaxtatekjur fyrir verðbólgu auk þess sem stefnt er að staðgreiðslu þannig að skattlagningin verði sem auðveldust í framkvæmd fyrir almenning.

Í öðrum löndum eru nafnvextir yfirleitt skattlagðir og því um þyngri skattlagningu raunvaxta að ræða í þeim löndum en hér er stefnt að. Lækkun verðbólgunnar að undanförnu gerir þetta viðfangsefni þó mun auðveldara.

Skattlagning fyrirtækja er einnig til endurskoðunar eins og áður er vikið að. Við gerð síðustu kjarasamninga áréttaði ríkisstjórnin fyrri yfirlýsingar um samræmda skattlagningu fyrirtækja og að taka mið af því sem gerist í samkeppnislöndum okkar í þeim efnum. Fjmrh. skipaði síðan nefnd til að gera tillögur í þessu máli undir forsæti ráðuneytisstjórans í fjmrn., Magnúsar Pétursonar. Nefndinni var einnig falið að endurskoða lög um skattlagningu peningastofnana. Til þess var ætlast að nefndin ætti viðræður við samtök atvinnulífsins um viðfangsefni og hafa þær viðræður farið fram og eru enn í gangi. Ljóst er að verkefnin á þessu sviði munu m.a. felast í því að lækka tekjuskattshlutfall fyrirtækja en fækka um leið undanþágum. Ýmsar tæknilegar leiðréttingar á tekjuskattlagningu fyrirtækja og peningastofnana eru til umræðu. Einnig munu verða til skoðunar ýmsir aðrir skattar sem áhrif hafa á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, svo sem aðstöðugjald og launaskattar. Skattar sem fyrirtæki greiða til sveitarfélaga eru því einnig hér til skoðunar eins og ég gat um áður, þar sem þeir hafa auðvitað áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja jafnt og skattar greiddir ríkinu. Stefnt er að því að nefndin leggi fram hvíta bók um þessi efni innan tíðar þannig að þingheimur og þjóðin og aðilar í atvinnulífinu geti fjallað um þetta efni á ítarlegan hátt.

Nýlega náðust samningar um skattlagningu Atlantsáls eða þeirra fyrirtækja sem ætla sér að standa að byggingu álvers á Íslandi. Mikilvægast í því sambandi er að Atlantsálsfyrirtækin munu verða háð reglum íslenskra laga varðandi skattframtöl, álagningu, kærur, viðurlög, dómsmeðferð og allt það sem íslensk lögsaga nær yfir varðandi íslensk fyrirtæki að fullu og öllu. Hér er stór áfangi í að viðurkenna forræði íslenskra yfirvalda og íslenskra dómstóla í málefnum eða deilum sem snerta skattlagningu erlendra fyrirtækja

sem starfa í okkar landi. Árangur sem ekki hefur náðst í yfir 20 ára tilraunum í samningum við Alusuisse.

Hin erlendu fyrirtæki sem kennd eru við Atlantsál geta hvenær sem er ákveðið að falla að fullu og öllu undir íslensk skattalög en í þeim samkomulagsdrögum sem gerð hafa verið eiga þau að greiða skatta samkvæmt íslenskum skattalögum með ákveðnum umsömdum frávikum. Eitt helsta frávikið er að fyrirtækið mun greiða 30% tekjuskatt án frádráttarliða. Það hefur verið gagnrýnt að til sérstakra samninga hafi þurft að koma við Atlantsál vegna skattamála og er talið bera vott um það hversu meingölluð íslensk skattalöggjöf er gagnvart fyrirtækjum. Auðvitað eru á henni ýmsir gallar sem þarf að sníða af á næstu árum. En ég vil vekja athygli á því að þessi samningur við Atlantsál getur í ýmsum veigamiklum atriðum orðið leiðbeinandi varðandi þær breytingar sem þarf að gera á skattlagningu íslenskra fyrirtækja á næstu árum. Þannig er í samningum við hin erlendu fyrirtæki rudd brautin að skynsamlegum breytingum á íslenskum skattalögum.

Ýmsir aðrir þættir skattamála eru til skoðunar í fjmrn. og má þar nefna tollalög, þungaskatt, lög um stimpilgjöld og lög um aukatekjur ríkissjóðs. Einnig mun reynslan af upptöku virðisaukaskattsins verða metin sérstaklega. Þá eru í athugun og undirbúningi tillögur um stóraukið eftirlit með skattframtölum og álagningu í atvinnurekstri. Af þeim tillögum sem verið er að athuga í því sambandi má nefna hugmyndir um að samræma betur yfirferð skattframtala úr einstökum atvinnugreinum og ráða til þess sérfróða menn. Í því tilliti hafa komið fram hugmyndir um að kaupa slíka vinnu hjá endurskoðunarskrifstofum í einkarekstri og bjóða þannig út á hinum almenna markaði endurskoðun á skattframtölunum í landinu hvað atvinnulífið snertir til þess að styrkja eftirlit með skattframtölum atvinnufyrirtækja.

Virðulegi forseti. Á undanförnum tveimur árum hafa útgjöld ríkissjóðs nánast staðið í stað eins og ég hef áður getið. Í frv. er gert ráð fyrir um 1% samdrætti útgjalda sem mun fyrst og fremst ná til fjárfestingar og ýmissa framlaga. Samneyslan mun hins vegar aukast lítillega en verður þó minni en á árinu 1988. Mestur hefur samdráttur útgjalda ríkissjóðs orðið á sviði opinberrar fjárfestingar, enda auðveldast til skemmri tíma litið að skera hana niður. Hér er um að ræða mikil umskipti eftir stöðuga útgjaldaþenslu áranna á undan. Reynslan sýnir að takmörk eru fyrir því hversu langt verður komist í niðurskurði ríkisútgjalda án skipulagsbreytinga, annaðhvort í ríkiskerfinu sjálfu eða í atvinnulífinu. Aðhald í ríkisrekstri og virkt eftirlit með framkvæmd fjárlaga er viðvarandi verkefni. Án skipulagsbreytinga af ýmsu tagi er hins vegar ekki að vænta að sú viðleitni geri betur en að halda aftur af vexti útgjalda.

Rekstrarútgjöld ríkisins nema tæplega 40% af útgjöldum ríkissjóðs eða um 40 milljörðum kr. Þar af er rekstur skóla, sjúkrahúsa og heilsugæslu nær 70%. Yfirstjórn ráðuneyta er ekki nema rúmt 1% af heildarútgjöldum ríkisins og hefur því lítið að segja varðandi niðurskurð útgjaldanna sjálfra þótt oftast nær sé það nú það atriði sem nefnt er þegar menn segjast vilja skera niður ríkisútgjöldin. Það eru tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög af ýmsu tagi sem eru rúmlega 40% ríkisútgjaldanna ásamt rekstrarútgjöldum skóla, heilsugæslu og sjúkrahúsa sem mynda meginþáttinn í útgjöldum ríkissjóðs. Mörgum þessara útgjalda er ekki endilega ráðstafað innan ríkiskerfisins, eins og þeim 42 milljörðum sem fara í tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög af ýmsu tagi, heldur renna þessi útgjöld um ríkissjóð og þaðan út aftur til einstaklinga og fyrirtækja. Því eru þau ekki hluti af útgjöldum ríkissjóðs í venjulegum skilningi heldur gegnir hann fyrst og fremst gegnumstreymis- og jöfnunarhlutverki í þessum efnum. Af þessari upphæð, 42 milljörðum, eru 60% vegna almannatrygginga eða lífeyris- og sjúkratrygginga og niðurgreiðslur á vöruverði nema 12%. Vaxtagreiðslur nema 9% útgjalda og viðhald um 2,5%. Þá nemur fjárfesting um 9% útgjalda.

Þessar tölur sýna að svigrúm til margmilljarða niðurskurðar rekstrargjalda er takmarkað nema farið verði að skera niður spítalana og sjálft skólakerfið. Og það er skylda á öllum þeim þingmönnum og frambjóðendum í næstu alþingiskosningum sem ætla að ganga fyrir þjóðina og boða niðurskurð ríkisútgjalda að nefna nákvæmlega hvar þeir ætla að láta þennan niðurskurð koma niður.

Ég hef tekið eftir því að talsmenn Sjálfstfl. hafa haft á orði að þeir vilji minnka ríkisútgjöldin um 13 milljarða. Ég spyr: Hvar ætlar Sjálfstfl. að taka þann 13 milljarða niðurskurð í fjárlagafrv.? Það er ekki hægt nema það komi þannig niður að sjúkradeildum verði lokað, skólum verði lokað eða fjárfestingum verði nánast hætt á vegum hins opinbera í vegakerfi, byggingum og á öðrum sviðum. Þjóðin á þess vegna kröfu á því að þeir sem bjóða patentlausnir á vanda ríkisfjármála með niðurskurði segi nákvæmlega, upp á lið í fjárlögunum, og upp á krónu í milljónum eða milljörðum, hvar þeir ætla að láta þann niðurskurð koma niður. Annars er þeirra málflutningur bara ómerkilegur áróður. Svigrúmið er nefnilega mjög lítið nema menn séu tilbúnir að skera niður peningana til gamla fólksins, til fatlaðra, til sjúkrahúsanna og til skólakerfisins.

Vaxtagreiðslum verður ekki breytt, það eru lán frá fyrri tíma sem þarf að borga af. Viðhaldinu verður varla breytt nema menn vilji láta byggingar og aðrar eignir ríkisins grotna niður. Það er auðvitað mögulegt að skera niður opinbera fjárfestingu enn frekar, en ríkisstjórnir fyrri ára hafa safnað hér opinberum byggingum og vanrækslusyndum í viðhaldi þannig að lausleg áætlun sýnir að það þarf að verja á næstu árum 7–10 milljörðum kr. til að ljúka við þessar byggingar eða halda þeim við. Samdráttur opinberrar fjárfestingar má ekki verða til þess að það sem byggt hefur verið upp á undanförnum árum og áratugum verði látið grotna niður.

Þess er helst að vænta að hægt verði að skera niður niðurgreiðslur á vöruverði og framlög af ýmsu tagi til atvinnurekstrar. En mér býður í grun að tillögum

um lækkun niðurgreiðslna á vöruverði verði mótmælt vegna þess að það mun leiða til hækkunar á mjólk, kjöti og öðrum lífsnauðsynjum almennings og forsvarsmenn atvinnulífsins muni mótmæla því ef framlög til atvinnurekstrar verða minnkuð.

Það er þess vegna flókinn og erfiður hlutur að leggja til raunhæfar tillögur um niðurskurð ríkisútgjalda. Ég segi það vegna þess að sá fjmrh. sem hér stendur er sá eini á undanförnu löngu árabili sem hefur hvað eftir annað lagt fyrir þingið tillögur um niðurskurð ríkisútgjalda og farið í gegnum þá þraut með ráðuneytum og hagsmunasamtökum og fengið fyrir það mikla gagnrýni úti í þjóðfélaginu að hafa haft aðhald og niðurskurð á ríkisútgjöldum á fjölmörgum sviðum. Í kosningunum næsta vor verða þess vegna allir sem vilja með vitrænum hætti leggja mál sín fyrir kjósendur að segja nákvæmlega hvar í fjármálum ríkisins þeir ætla að skera niður.

Það er því ljóst af því sem ég hef hér rakið að það eru skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og ríkiskerfinu sjálfu sem eru lykillinn að því að halda megi aftur af auknum ríkisútgjöldum á næstu árum. En þær skipulagsbreytingar taka tíma og það verður að setja fram raunhæfar og viðtækar tillögur um eðli þeirra. Þær breytingar geta þó líka stuðlað að því að gera opinbera þjónustu skilvirkari og réttlátari. Það er t.d. ljóst að þeir erfiðleikar sem við hefur verið að glíma í landbúnaði leggja þungan bagga á ríkissjóð í formi niðurgreiðslna, útflutningsbóta og annars stuðnings. Takist á næstu árum að draga úr umframframleiðslu í landbúnaði og lækka framleiðslukostnað verður hægt að spara umtalsverðar upphæðir í ríkisútgjöldum. En þá verður að takast víðtæk samstaða um þær breytingar og þær mega ekki leiða til víðtækrar byggðarröskunar.

Aðrar skipulagsbreytingar lúta fremur að ríkiskerfinu sjálfu og vil ég hér nefna þrjú atriði sem ég tel að þurfi að leggja höfuðáherslu á á næstu árum.

1. Fyrirtæki, rekstraraðilar og aðrir viðskiptamenn standi í auknum mæli undir kostnaði af opinberri þjónustu sem ríkið sér um í þeirra þágu. Hér er að sjálfsögðu ekki átt við kjarna velferðarkerfisins, sjúkrahúsin og skólakerfið, heldur fyrst og fremst um þau sameiginlegu verkefni í þágu atvinnulífs og rekstrar sem falin eru ríkisvaldinu.

2. Sjálfstæði stofnana verði aukið, m.a. varðandi ráðstöfun fjárveitinga, og stofnanir fái rýmri heimildir til að fjármagna sig með sértekjum og til að ráðstafa þeim sértekjum.

3. Betra jafnvægi komist á tekju- og útgjaldaskiptingu ríkisins og stærstu sveitarfélaganna og aukið verði svigrúm ríkisins til að jafna aðstöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Á undanförnum tveimur árum hafa verið gerðar ýmsar umbætur á fjármálastjórn ríkisins. Í því sambandi má nefna að útgjaldaeftirlit hefur verið stórbætt. Haldnir hafa verið reglulegir fundir með öllum ráðuneytum og stofnunum um framkvæmd fjárlaga til að stuðla að auknu eftirliti, að útgjöldin fari ekki fram úr fjárlögum. Aukafjárveitingar í gömlum stíl heyra nú sögunni til og fjáraukalög eru lögð fyrir yfirstandandi ár í annað sinn á þessu ári. Fjáraukalög og ríkisreikningar, margra ára vanrækslusyndir fyrri fjmrh., voru afgreidd hér á Alþingi veturinn 1988–1989. Ríkisreikningur var á síðasta ári lagður fram á sama tíma og fjárlagafrv. og nú er unnið að sameiningu fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og er þess vænst að það muni bæta áætlanagerð og eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Mikil umræða hefur eðlilega átt sér stað hér á Alþingi um fjármálastjórn ríkisins. Ég lagði í fyrravetur fram allmargar umbótatillögur um þau mál í umræðum um frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði og fleira og vænti þess að slíkar hugmyndir haldi áfram að fá umfjöllun og afgreiðslu hér á Alþingi. Ég tel að slíkar breytingar séu forsenda þess að árangur náist. Þess vegna vil ég í framsögu fyrir þessu fjárlagafrv. endurtaka sumar af þeim tillögum og bæta öðrum við.

Í fyrsta lagi tel ég að að því er varðar einkum löggjafarvaldið þurfi að gera þá breytingu að fjallað verði um útgjaldahlið fjárlaga og tekjuhlið fjárlaga á sama tíma og af sömu aðilum hér á Alþingi en gjaldahliðin og útgjaldahliðin séu ekki slitnar í sundur í meðferð þingsins eins og gert hefur verið fram að þessu. Í stað fjvn. verði komið á fót fjárlaganefnd sem hafi það verkefni að fjalla um báðar hliðar, bæði tekjur og gjöld. Ákveðin verði einnig verkaskipting milli hinnar nýju fjárlaganefndar og einstakra fagnefnda Alþingis í stíl við það sem þekkist hjá ýmsum nágrannaþjóðum okkar. Fjárlaganefndin hafi það verkefni að fjalla um heildargerð fjárlaganna og stærstu drættina í gerð þeirra, en fagnefndir þingsins, menntamálanefndir, heilbrigðisnefndir, samgöngunefndir o.s.frv. fjalli um þann þátt fjárlaganna sem snýr að þeirra vettvangi, þ.e. menntamálafjárlögin, heilbrigðisfjárlögin o.s.frv. Þannig fái þær nefndir á þinginu sem tengjast ákveðnum mikilvægum málaflokkum raunverulega þau verkefni að fjalla um mikilvægustu þættina í stjórn þessara málaflokka, þ.e. útgjöldin til þeirra á hverju ári. Slíkar vinnuaðferðir hafa gefist vel í nágrannalöndum okkar, styrkt vald þingsins og aukið aðhaldið í fjármálum ríkisins.

Til að tryggja aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, sem mjög hefur verið rætt um á síðari árum, og þó sérstaklega til þess að draga úr áhrifum framkvæmdarvaldsins á löggjafarvaldið tel ég einnig nauðsynlegt að leggja áherslu á það að draga verði úr þeirri venju, sem tíðkast hefur mjög hér á Íslandi og sums staðar er í lögum að finna, að fulltrúar löggjafarvaldsins séu með margvíslegum hætti að hafa afskipti af framkvæmd löggjafarinnar. Ég tel þess vegna að afskiptum fjvn. af framkvæmd fjárlaga, sem tíðkast hefur mjög á undanförnum árum og bundin er í lögum, eigi að hætta á sama tíma og verkefni fjvn. eða hinnar nýju fjárlaganefndar við afgreiðslu fjárlaganna sé styrkt. Þannig séu gerð glögg skil milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins, bæði til þess að styrkja meðferð þingsins og ákvarðanir löggjafans en líka til að koma í veg fyrir að löggjafinn sé að blanda sér í verkefni framkvæmdarvaldsins vegna þess að það verður að styrkja þennan aðskilnað báðum megin frá.

Til að auðvelda störf þingsins að ríkisfjármálum verði fjvn. eða hin nýja fjárlaganefnd gerð að heilsársnefnd formlega með sérstökum lagabreytingum líkt og utanrmn. er. Það er einnig eðlilegt að fjvn. eða fjárlaganefnd fái með lögum sjálfstæða starfsmenn sem heyra undir nefndina eina. Þessi skipan mundi efla störf nefndarinnar og létta af því bráðabirgðaástandi sem að mörgu leyti er óeðlilegt, að samhliða því sjálfstæða eftirlitshlutverki sem starfsmenn Ríkisendurskoðunar eiga að hafa sé þeim gert að taka þátt í daglegum störfum löggjafans, enda var það ekki ætlunin þegar breytingarnar voru gerðar á skipan Ríkisendurskoðunar fyrir nokkrum árum síðan. Það á ekki að blanda saman endurskoðunarhlutverkinu og lagasetningunni. Þess vegna þarf að styrkja starfsgrundvöll fjvn. með sjálfstæðum rétti nefndarinnar til þess að ráða óháða starfsmenn.

Ég tel einnig að yrði til mikilla bóta að hverju þingmáli sem leitt gæti til aukinna útgjalda fylgdi, samkvæmt lagaskyldu, tillaga eða greinargerð um það hvernig þeirra viðbótarútgjalda skuli aflað sem breytingin hefur í för með sér, með breytingum á skattalögum eða niðurskurði á öðrum ríkisútgjöldum. Þannig verði með breytingum á þingsköpum tekin upp sú skylda að sérhver þingmaður sem leggur til aukningu ríkisútgjalda verði einnig að horfast í augu við þann vanda hvernig eigi að afla fjármunanna til þeirra breytinga.

Að því er einkum varðar framkvæmdarvaldið hef ég lagt til að fjárlagagerðin fari fram á grundvelli rammafjárlaga þar sem heildarupphæð fyrir hvert útgjaldaráðuneyti verði ákveðin fyrir fram og ráðuneytunum síðan falið að gera tillögur um útgjöldin innan þess ramma. Jafnframt verði samin og samþykkt á Alþingi fjárlagaáætlun til þriggja ára í senn og hún síðan notuð sem viðmiðun og grundvöllur fyrir fjárlagagerð hvers árs og grundvöllur að auknum stöðugleika í útgjaldaþróun ríkisins. Innan sérhvers ráðuneytis verði komið upp öflugum fjármálaskrifstofum sem annist undirbúning fjárlagagerðar í hverju ráðuneyti. Tel ég að reynslan af því starfi í þeim ráðuneytum þar sem slík starfsemi er nú þegar hafi verið mjög góð.

Hlutverk, markmið og starfshætti ákveðins hluta allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja á að meta árlega frá grunni. Með slíkum hætti yrði að finna réttlætingu fyrir öllum útgjaldaliðum viðkomandi stofnana á reglulegu árabili, t.d. tvisvar sinnum á hverjum áratug og skera þá niður ella. Með því að taka fimmtung ríkisstofnana fyrir með þessum hætti yrði tryggt að ríkiskerfið allt væri endurmetið frá grunni tvisvar á áratug og komið í veg fyrir að vanabundin útgjöld sem e.t.v. eiga sér ekki lengur réttlætingu haldi áfram ár af ári. Ég hef einnig lagt til að ríkisreikningsnefnd verði falið að endurskoða og meta hvaða frekari úrbótum megi ná fram í gerð fjárlaga og ríkisreiknings.

Að lokum tel ég að til að tryggja vandaða meðferð Alþingis á fjárlögum og fjáraukalögum og styrkja hlutverk og vald löggjafarþingsins á þessu sviði, sem ég vil gera og tel mig hafa sýnt í verki þann vilja, sé óhjákvæmilegt að taka til alvarlegrar athugunar breytingar á samkomudegi Alþingis, að Alþingi komi saman t.d. fyrri hluta septembermánaðar þannig að það hafi tæpan ársfjórðung eða svo til þess að fjalla um tekjufrv., til þess að fjalla um fjárlagafrv. fyrir nýtt ár og til þess að fjalla um fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár. Ég tel nauðsynlegt að sú nefnd, sem sett hefur verið upp hér innan þingsins um breytingar á þingsköpum og hugsanlega sameiningu deilda þingsins, fjalli einnig um það hvort ekki geti náðst breið samstaða um að Alþingi komi fyrr saman, enda tel ég óeðlilegt að áfram sé haldið þeim gamla sið að marga mánuði á hverju ári starfi löggjafarþingið ekki. Það er óeðlilegt að ríkisstjórn geti setið kannski helming ársins án þess að hafa löggjafarþingið til þess að veita sér aðhald og til þess að vera eðlilegur lýðræðislegur völlur fyrir umræður og átök með lýðræðislegum hætti í landinu. Það er sérhverri ríkisstjórn óhollt, hverjir svo sem í henni sitja, að starfa helming ársins án þess að löggjafarþingið starfi. Það hlýtur þess vegna að vera nauðsynleg breyting, ekki bara út frá hagsmunum ríkisfjármálanna og betri vinnubragða á því sviði, heldur út frá sjónarmiði aukins lýðræðis í okkar landi, að breyta þeirri skipan sem hér hefur tíðkast um áratuga raðir og taka upp þann hátt sem tíðkast í nær öllum nágrannalöndum okkar, að þing sitji meginhluta ársins.

Virðulegi forseti. Að lokum þetta. Við lifum á sögulegum tímum, tímum mikilla alþjóðlegra breytinga sem taka bæði til stjórnarhátta, heilla ríkjablokka, til valdahlutfallanna í heiminum og til heimsmyndar heillar kynslóðar. Þessar alþjóðlegu breytingar snerta auðvitað ekki síst efnahagsmálin, ríkisfjármálin, fjármál þjóðarinnar hverrar um sig og þeirra allra saman. Þær snerta viðskiptalífið í öllum sínum fjölbreytilegum myndum eins og við Íslendingar höfum orðið áþreifanlega varir við, nú síðast í rótgrónum síldarviðskiptum okkar við Sovétríkin. Þessi ár sem við lifum nú munu í sögubókum verða kennd við hrun kommúnismans. Það valdakerfi reyndist vera spilaborg og hrundi á nokkrum mánuðum með miklum skelli. Þau dramatísku tíðindi sem orðið hafa í austurvegi hafa hins vegar skyggt á önnur merkari tíðindi sem ekki hafa gerst með jafndramatískum hætti en eru hins vegar nú þegar farin að hafa jafnafdrifarík áhrif. Það er hrun kenningakerfis sem einnig var ætlað, líkt og blekkingakenningakerfi kommúnismans, að vera fagnaðarerindi um nýja veröld og eilífðarlausn á gömlum vandamálum.

Við höfum nú á nokkrum missirum orðið vitni að fullkomnum ósigri hinnar óheftu markaðshyggju, nýfrjálshyggjunnar, eins og stefnan er kölluð af fylgismönnum sínum. Sjónarspili Reagans-áranna í Bandaríkjunum, þar sem þessi efnahagsstefna fékk að vera í fullum blóma, er lokið með einhverjum glæfralegasta fjárlagahalla í sögu stórveldanna allt frá dögum Loðvíks XVI. í Frakklandi. Þau Pótemkintjöld sem byggð voru upp í kringum peningastofnanir á tímabili nýfrjálshyggjunnar á átta ára valdaferli Reagan-stjórnarinnar og verðbréfaviðskipti þar vestra hafa hrunið með braki og brestum ofan á höfuðið á eigendum sínum og ofan á bakið á alþýðu Bandaríkjanna. Í Bretlandi, hinu

mikla fyrirmyndarríki Margrétar Thatcher, er ástandið nú þannig að almenn fátækt hefur stóraukist á áratugnum en millistéttirnar sem fyrst nutu góðs af frjálshyggjustefnu Thatcher-stjórnarinnar stynja nú undan háum vöxtum, mikilli verðbólgu og óréttlátri skattlagningu. Jafnvel í Japan og víðar í Austur-Asíu eru hlutabréfamarkaðarnir hættir að vera það altari sem menn krjúpa við í lotningu og hafa orðið fyrir áföllum á síðustu mánuðum. Hinir frægu sjálfsprottnu viðskiptajöfrar í Wall Street og víðar, hetjur nýfrjálshyggjunnar, eru margir hverjir komnir undir lás og slá eða hafa hrunið með miklu brambolti. Á meðan þessu fer fram, þessu sögulega tvöfalda hruni kenningakerfanna, kenningakerfis kommúnismans og kenningakerfis nýfrjálshyggjunnar, vinnur lífssýn jafnaðarmanna á um allan heim: Fullt frelsi og valddreifing í efnahagslífi og stjórnmálum þar sem fulltrúar almannavaldsins marka rammann og stýra nauðsynlegu samráði allra helstu aðila í samfélaginu, þar sem samtök alþýðu og fulltrúar almannavaldsins móta grundvöll nútímasamfélags okkar, það velferðarkerfi fólksins sem kristallast í þjóðarsátt um samfélag jafnréttis og frelsis.

Það er gömul áróðurstugga hægri manna að vinstri öflum sé ekki treystandi í rekstri, að vinstri menn geti svo sem verið ágætir í einstaka málum en þeir kunni hins vegar ekki að fara með peninga. Þessu mætti reyndar snúa auðveldlega upp á hægri menn, upp á Sjálfstfl. í íslenskum stjórnmálum á þessum áratug. Það sýnir reynslan, það sýnir sá vitnisburður sem nú blasir við. Aðstæður nú eru aðrar meðal vinstri flokka, ekki bara hér á Íslandi heldur meðal jafnaðarmanna um allan hinn vestræna heim. Þar er nú í sókn ábyrg vinstri stefna þar sem árangur skiptir meira máli en orð. Ég vísa hér t.d. til þýskra jafnaðarmanna, til fyrrverandi kommúnista á Ítalíu, til sósíalista í Frakklandi, til hins endurnýjaða verkamannaflokks í Bretlandi. Í þessum flokkum og hreyfingum er sú skoðun ríkjandi að traust fjármálastjórn sé undirstaða framfara og í raun sé fjármálastjórnin helsta verkfæri jafnréttisviðhorfa. Þetta á einnig við hér á landi og um þá ríkisstjórn sem hér situr.

Ég lýsti því yfir, virðulegi forseti, í upphafi þessarar ræðu að það fjárlagafrv., sem ég mæli hér fyrir, gefi ekki tilefni til kosningafjárlaga í þeim neikvæða skilningi sem hefur verið lagður í það heiti. Hér er ekki um það að ræða að efnt sé til útgjaldaveislu af fullkomnu virðingarleysi fyrir stöðu ríkisfjármála eða efnahagslífsins á næstu missirum. Að því leyti er ekki hægt að líkja þessu frv. við hallafrv. sem páv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, flutti hér haustið fyrir síðustu kosningar fyrir fjórum árum. Hér er ekki heldur um það að ræða að lagðar séu til óraunhæfar skattalækkanir, að haldið sé að íslenskum almenningi þeim blekkingum að hægt sé að stórlækka skatta hér á landi án þess að það komi einhvers staðar alvarlega við niðurskurð ríkisútgjalda í velferðarkerfi, heilbrigðisstofnunum og skólakerfi. Það er ekki hægt að búa við þróað velferðarkerfi á þeim sviðum sem þjóðin vill hafa án þess að leggja fram þann kostnað í sameiginlegan sjóð sem þarf. Að því leyti er ekki heldur hægt að líkja þessu frv. við fjárlagafrv. sem fjmrh. Sjálfstfl. fluttu allt kjörtímabilið 1983–1987, þau ár sem sérfræðingar OECD hafa nú reist um frægt minnismerki í opinberri skýrslu, þau ár sem Albert Guðmundsson og Þorsteinn Pálsson lækkuðu skattana án þess að skera niður útgjöldin, sköpuðu hættulegan hallarekstur í einhverju mesta góðæri sem hér hefur verið. Stefna sem gekk þvert á þá hagstjórnarleið sem vestrænir hagfræðingar og heilbrigð skynsemi hafa búið til.

En e.t.v. er þetta frv. í raun kosningafrv. í þeim skilningi að því er ætlað að endurspegla þá efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem hú hefur leitt til tímamóta í íslensku efnahagslífi, þá efnahagsstefnu sem ég og minn flokkur og ríkisstjórnin öll er reiðubúin að leggja undir dóm Íslendinga í næstu kosningum. Valið milli þess hvort menn vilja hverfa aftur til óstjórnarinnar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum sem hér var, sérstaklega á árunum 1985–1988 þegar Sjálfstfl. var í forsæti, eða hvort menn vilja halda áfram á þeirri braut sem ég hef hér lýst í þessari ræðu og skilar nú þeim óumdeilanlega árangri sem blasir við hverjum manni. Ég er þess fullviss að það er ekki meiri hluti á Íslandi til þess að snúa til baka til þeirrar stefnu sem Sjálfstfl. hélt fram og sýndi í verki á árunum 1985–1987. Því ef Sjálfstfl. fylgir á næstu árum og kemst til valda á þeirri stefnu þá verður þessi mikli efnahagslegi árangur lagður í rúst. Það sýnir sagan, það sýnir reynslan, það sýnir hinn óháði dómur OECD. Þvert á móti krefst þjóðarhagur þess nú að á næstu missirum og árum verði það sameiginlegt verkefni helstu aðila í samfélaginu að tryggja þennan árangur, að halda inn á braut efnahagslegs stöðugleika, nýsköpunar í atvinnulífi og skynsamlegrar hagstjórnar. Aðgerðirnar undanfarandi hálft annað ár hafa skapað nýjar forsendur fyrir öflugt og réttlátt samfélag, nýjar forsendur fyrir betri lífskjör, nýjar forsendur til félagslegra og menningarlegra landvinninga. Það fjárlagafrv. sem ég mæli hér fyrir getur þess vegna orðið hornsteinn að því að þessum markmiðum verði fylgt inn í framtíðartímabil í íslenskum stjórnmálum.

Virðulegi forseti. Ég legg að svo mæltu til að fjárlagafrv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1991 er nú komið til 1. umr. hér á Alþingi. Hæstv. fjmrh. hefur flutt sína ræðu og hann virtist tala fyrir hönd jafnaðarmanna. Þingheimur hefur orðið vitni að leikþætti. Enn á ný segist hæstv. fjmrh. vera að leggja nýjan grundvöll að jafnvægi í ríkisfjármálum. Enn á ný segir hæstv. fjmrh. að hann sé að leggja hornstein að stöðugleika í efnahagslífinu. Enn á ný flytur hæstv. fjmrh. fjárlagafrv. sem hann er að reyna að telja öðrum trú um að eigi þessar einkunnir skilið.

Leiksýning hæstv. fjmrh. var fólgin í því að vefja ríkisfjármálin inn í glanspappír og mála síðan utan á þennan pappír fallegar myndir til að sýna hv. Alþingi

og fólkinu í landinu. Þegar glanspappírinn er á hinn bóginn tekinn utan af innihaldinu kemur raunveruleikinn í ljós. Sá raunveruleiki birtir á ýmsan máta ískyggilega framtíðarsýn. Hann sýnir okkur að þetta fjárlagafrv. rís ekki undir því að kallast nýr hornsteinn að stöðugleika í efnahagslífi né grundvöllur að jafnvægi í fjármálum ríkisins. Svo var heldur ekki um þau fjárlagafrv. fyrri sem þessi hæstv. ráðherra hefur flutt.

Áður en ég hef að lýsa megineinkennum þessa fjárlagafrv. og tengslum þess við þróun ríkisfjármála á allra síðustu árum þykir mér rétt með tilliti til ræðu hæstv. ráðherra að fara örfáum orðum almennt um efnahagsumhverfið. Þrátt fyrir óstjórn í fjármálum ríkisins er nú að ýmsu leyti bjartara yfir en var fyrir ári. Eftir að aðilar vinnumarkaðarins höfðu snemma á þessu ári mótað nýjan efnahagsgrundvöll sem gengur undir nafninu þjóðarsátt hefur náðst meiri stöðugleiki í verðlagsþróun hér á landi en verið hefur um langt skeið. Vegna hins nýja efnahagsgrundvallar og með tilliti til batnandi verðlags á afurðum okkar erlendis er staða útflutningsgreinanna betri en var fyrir ári síðan. Segja má að þetta hafi gerst þrátt fyrir ríkisstjórnina en ekki fyrir hennar tilverknað nema að litlu leyti. Hæstv. ríkisstjórn hælir sér af þessu ástandi og telur það sér að þakka.

Hæstv. ríkisstjórn hafði fyrir ári síðan lagt upp sinn efnahagsgrundvöll fyrir þjóðina. Sá efnahagsgrundvöllur boðaði verulegar verðlagshækkanir á þessu ári. Hann boðaði einnig að kaupmáttur launafólks í landinu mundi lækka um 5,5% ofan á alla þá lækkun kaupmáttar sem orðið hafði á árunum á undan í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Það má enn rifja upp að frá 1988 hefur kaupmáttur launafólks lækkað um 17% og frá árinu 1987 hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna launafólks lækkað um 21%. Ef efnahagsgrunnur hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. sem hér var að ljúka máli sínu hefði orðið ráðandi á þessu ári, þá má vænta þess að þessi áætlun ríkisstjórnarinnar hefði gengið eftir og kaupmáttur launafólks og ráðstöfunartekna þess hefði lækkað um 26% frá árinu 1987. Þessu vildu aðilar launa- og vinnumarkaðarins ekki una, sem ekki var von. Þeir tóku því ráðin í sínar hendur og mynduðu nýjan efnahagsgrundvöll og tóku um leið ráðin af hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. ríkisstjórn varð síðan nauðug viljug að koma til liðs til að þetta gæti gengið fram þó í smáu væri.

Nú hefur það gerst, vegna þessara atburða í íslensku þjóðlífi á fyrri mánuðum þessa árs, að náðst hefur betra jafnvægi en fyrr. Ekki hefur orðið rýrnun kaupmáttar á þessu ári, raunar fremur hið gagnstæða þó í litlu sé. Það var ekki fyrir gerðir þessarar hæstv. ríkisstjórnar né þessa hæstv. ráðherra. Það var fyrir það að aðilar úti í þjóðfélaginu, ríkisstjórninni óviðkomandi, aðilar vinnumarkaðarins tóku ráðin í sínar hendur og fengu almennan stuðning í þjóðfélaginu til að koma því fram. Það er því í hæsta máta einkennilegt þegar hæstv. fjmrh. lofar ríkisstjórnina og sína fjármálastjórn með þeim hætti að segja að þetta sé henni að þakka.

Ég vil gjarnan taka það fram að það verður eitt hið allra þýðingarmesta viðfangsefni íslenskra stjórnmála á komandi tímum að leitast við að tryggja að hér verði ekki um stundarfyrirbrigði að ræða. Þrátt fyrir þetta er staða margra fyrirtækja of veik og önnur eru í algerri úlfakreppu vegna langvarandi hallarekstrar.

En þrátt fyrir það að þessi árangur hafi náðst spáir ríkisstjórnin því að atvinnuleysi á næsta ári verði 2,25%, eða meira en á þessu ári. Og við skulum heldur ekki gleyma því að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið sett landsmet í skuldasöfnun okkar við útlönd, þannig að erlendar skuldir eru nú um 50% af landsframleiðslu. Samtímis hefur greiðslubyrði af erlendum lánum hækkað hrikalega á síðustu árum og því er spáð að hún hækki enn á næsta ári um liðlega 2% og verði 21,7% af útflutningstekjum. Þessa alvarlegu stöðu þjóðarbúsins út á við er rétt að hafa í huga um leið og við erum að skoða þær meginlínur sem birtast í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu.

Eftir að glansumbúðum fjmrh. er flett utan af fjármálum ríkisins og fjárlagafrv. blasir raunveruleikinn við meðal annars á eftirfarandi hátt:

1. Frv. er lagt fram með 3,7 milljarða halla. Heitstrengingar fjmrh. um jafnvægi í rekstri ríkissjóðs hafa snúist upp í andhverfu sína.

2. Samansafnaður halli ríkissjóðs á fjórum árum, 1988–1991, miðað við verðlag fjárlagafrv. nemur nálega 27 milljörðum kr. Miðað við fyrri reynslu á sú tala eftir að hækka við afgreiðslu og framkvæmd fjárlaga fyrir næsta ár og við lok þessa fjárlagaárs.

3. Þessi gífurlegi hallarekstur á drýgsta þáttinn í því að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs verða á næsta ári 9–10 milljarðar kr.

4. Tekjur ríkissjóðs, þ.e. skattar á þjóðina, fara vaxandi á næsta ári, þrátt fyrir að öðru sé haldið fram með villandi samanburði í fjárlagafrv. Þetta bætist við 13 milljarða skattahækkun næstu þrjú árin á undan, 1988–1990. Hækkun skatta á næsta ári verður fyrst og fremst á tekjuskatti einstaklinga og fyrirtækja og með stórhækkun á launatengdum gjöldum atvinnulífsins, sem ætlunin er að steypa saman í eitt svokallað tryggingaiðgjald.

6. Hinn nýi hafnarskattur og fleiri tekjupóstar ríkisins en áður hefur tíðkast koma ekki fram í tekjuyfirliti A-hluta frv. heldur er þeim smeygt inn í uppgjör á fjárhag einstakra stofnana.

7. Útgjöld ríkissjóðs hafa vaxið meira en tekjurnar í tíð núverandi ríkisstjórnar. Frv. boðar þar enga stefnubreytingu.

8. Umsvif ríkiskerfisins halda áfram að vaxa. Launaútgjöld frv. virðast tákna fjölgun ríkisstarfsmanna um allt að 400 á næsta ári. Á hinn bóginn eru enn skorin niður framlög til opinberra framkvæmda, félagslegra sjóða og atvinnuvega. Sérmerktum tekjustofnum sem ríkissjóður innheimtir er ekki skilað til samræmis við það sem lög kveða á um.

9. Frv. boðar gífurlegan vanda í fjármálum ríkisins á komandi árum vegna skuldbindinga af hálfu ríkisstjórnarinnar sem þá falla í gjalddaga og vegna þýðingarmikilla sjóða sem eru komnir að fótum fram. Fjmrh. viðurkennir að það geti tekið tvö til þrjú kjör-

tímabil að vinna ríkissjóð út úr þessum þætti af þeim vandamálum sem núverandi ríkisstjórn skilur eftir sig.

Þetta eru nokkrir drættir í ásýnd ríkisfjármála þegar glansumbúðum fjármálaráðherrans hefur verið svipt í burtu. Sum af þessum meginatriðum liggja í augum uppi. Önnur þarfnast nánari skýringa. Enn fremur eru fjöldamörg einstök atriði frv. þess efnis að nauðsynlegt er að vekja á þeim athygli. Þó að vikið verði að nokkrum þeirra hér á eftir verða þau nánar tekin til meðferðar við 2. umr., svo sem eðlilegt má teljast.

Þegar núverandi ríkisstjórn settist að völdum á haustdögum 1988 hóf hæstv. fjmrh. starf sitt í fjmrn. með því að ausa fé úr ríkissjóði á báðar hendur umfram það sem fjárlög heimiluðu. Afleiðingin varð gífurlegur hallarekstur ríkissjóðs á því ári. Þegar hann síðan á þeim haustdögum 1988 lagði fram sitt fyrsta fjárlagafrv. þá skyldu nú verða mikil þáttaskil. Þá lagði hann sinn fyrsta hornstein að jöfnuði í fjármálum ríkisins. Stefnan var skýr og afdráttarlaus. Hallarekstri ríkissjóðs skyldi ljúka, aðhald og rekstrarafgangur skyldi taka við af eyðslu og sóun. Fjárlagafrv. var þá lagt fram með góðum rekstrarafgangi og Alþingi afgreiddi fjárlögin í samræmi við það.

Samt fór það svo á árinu 1989 að stefnunni var ekki fylgt, hornsteinninn reyndist orðin tóm. Aðhaldið brást, eyðslan og útþensla ríkisútgjaldanna hélt áfram. Afleiðingin varð 7,4 milljarða halli á verðlagi núverandi fjárlagafrv. Ekki þurfti nema þetta eina ár til þess að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn gæfist algerlega upp við að reyna að ná jöfnuði, hvað þá rekstrarafgangi, í fjármálum ríkisins.

Fjárlagafrv. fyrir þetta ár var fyrir ári síðan lagt fram með tæplega 3 milljarða kr. halla og því er spáð af fjmrn. að halli á ríkissjóði á þessu ári verði í kringum 5 milljarðar. Við getum þá að sinni látið liggja á milli hluta færslu á skuldum frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem á þessu ári verða teknar á ríkissjóð, og útúrsnúninga hæstv. ráðherra í sjónvarpinu um það mál í gærkvöldi.

Að þessu sinni leggur hæstv. fjmrh. fram fjárlagafrv. með 3,7 milljarða halla og segir um leið að halli á ríkissjóði fari nú lækkandi. Allt er það nú miklum vafa undirorpið. Reynslan af fjármálastjórninni síðustu árin bendir raunar til hins gagnstæða, því mey skal að morgni lofa en fjárlagafrv. að ári, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson sagði eitt sinn.

Þetta yfirlit sýnir þó að stefnumál þessa hæstv. ráðherra um jöfnuð í rekstri ríkissjóðs, að ekki sé talað um rekstrarafgang, stóðu ekki nema fáar vikur og hornsteinar hans frá því í fyrra og hittiðfyrra hafa reynst hjóm eitt. Trúir því einhver þegar hæstv. ráðherra leggur nú fram fjárlagafrv. með meiri halla en í fyrra að þá reynist það traustari hornsteinn en hinir fyrri? Að nú reynist það leiða til þess að halli á rekstri ríkissjóðs fari lækkandi. Auðvelt er að leiða getur að hinu gagnstæða.

Hæstv. ráðherra gagnrýndi hér í ræðu sinni fjármálastjórn í tíð okkar sjálfstæðismanna. Og hann gagnrýndi hagstjórn sem verið hafði við lýði á miðjum síðasta áratug og hvernig haldið hefði verið á þeim tíma á málum ríkissjóðs. Ef litið er á greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs frá þessum tíma sést að árið 1984 voru tekjur ríkissjóðs 25,2% af vergri landsframleiðslu. En gjöldin voru 24,5% af vergri landsframleiðslu. Rekstrarafgangur ríkissjóðs var þá 0,8% af vergri landsframleiðslu. Skyldi ekki þetta vera eitthvað annað en sá samfelldi hallarekstur sem hæstv. fjmrh. núv. hefur staðið fyrir? Að vísu varð nokkur halli á rekstri ríkissjóðs á árunum þar á eftir. En ef litið er á hvernig tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa þróast í stórum dráttum frá þessu tímabili sést það að til að mynda árið 1984, sem ég nefndi áðan, voru tekjur ríkissjóðs 25,2% af landsframleiðslu en voru 27% árið 1989 og 27,6% á árinu 1990 samkvæmt spám.

Ég mun rekja hér á eftir hvernig tekjur fjárlagafrv. líta út. Gjöldin hafa einnig hækkað stórkostlega eða meira en tekjurnar frá því á þessum tíma, því þá voru útgjöld ríkissjóðs 24,5% af landsframleiðslu en eru nú á þessu ári áætluð 29,1% af landsframleiðslu. Og stóra stökkið verður í þessum efnum bæði að því er lýtur að tekjum ríkissjóðs og útgjöldum þegar hæstv. núv. fjmrh. kemur í fjármálaráðherraembættið. Hann á þann vafasama heiður að hafa sprengt upp skattheimtu í landinu og aukið hana stórkostlega, en þó um leið aukið útgjöld ríkissjóðs meira, þannig að skattheimtan á landsmenn hefur ekki orðið til þess að jafna afkomu ríkissjóðs heldur hefur það líka mistekist.

Svo kemur þessi hæstv. ráðherra hér í dag ferð eftir ferð í ræðustól á Alþingi og ræðst að okkur sjálfstæðismönnum og okkar mönnum fyrir fjármálastjórn á miðjum síðasta áratug. Ég held að honum væri hollt að líta betur í eigin barm.

Ég sagði áðan að tekjur ríkissjóðs, þ.e. skattar á þjóðina, færu vaxandi á næsta ári miðað við fjárlagafrv. þrátt fyrir að öðru sé haldið fram í frv. sjálfu með villandi samanburði. Í fjárlagafrv. eru heildartekjur ríkissjóðs, sem reiknaðar eru á A-hluta, tæpir 100 milljarðar kr. og hækka heildartekjur þessa árs um 7,5% frá nýlegri áætlun meðan verðlagshækkanir milli ára eru reiknaðar 7%. Séu tekjur ríkissjóðs í fjárlagafrv. nú hins vegar miðaðar við fjárlög fyrir árið 1990 hækka þær um 10,6 milljarða, eða tæplega 12%. Reynslan sýnir að tekjur ríkissjóðs og útgjöld hækka á fjárlagaárinu og því afar hæpið að gera hlutfallslegan samanburð á áætlun um tekjur svo síðla ársins sem nú er gert annars vegar og fjárlagafrv. fyrir næsta ár hins vegar.

Til þess að sanna þetta er ástæða til þess að rifja upp að í frv. til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs lækkuðu að raungildi frá árinu á undan um 1,5 milljarða kr. Reyndin er hins vegar sú miðað við þá áætlun sem nú liggur fyrir að tekjurnar hækki að raungildi frá árinu á undan um 2,5 milljarða kr. en lækki ekki um 1,5. Þetta bendir því þegar til þess að um verulega skattahækkun verði að ræða á næsta ári en ekki hið gagnstæða. Því má svo bæta við að þegar fjárlagafrv. var lagt fram fyrir ári gumaði hæstv. fjmrh. mjög af því að gert væri ráð fyrir að útgjöldin lækkuðu frá árinu á undan um 4 milljarða kr. að raungildi. Þetta stenst nú ekki frekar en aðrir hornsteinar þessa hæstv. ráðherra. Reyndin er sú

miðað við áætlanir ríkisstjórnarinnar sjálfrar um útgjöld ríkissjóðs á þessu ári að gjöldin hækka um 5 milljarða kr. að raungildi frá því árið á undan en lækki ekki um 4 milljarða. Þetta er eitt dæmið um snilld þessa hæstv. fjmrh. í fjmrn.

Það sem mesta athygli vekur í tekjuyfirliti fjárlagafrv. er að tekjuskattar hækka frá fjárlögum fyrir þetta ár um 20,6% og þau launatengdu gjöld atvinnulífsins sem nú eiga að mynda hið svokallaða tryggingaiðgjald eiga að hækka frá fjárlögum í fyrra um 34,3%. Hæstv. fjmrh. vitnaði í grg. með fjárlagafrv. varðandi tryggingaiðgjald þar sem vikið er að því að álag á þetta tryggingaiðgjald verði hugsað til þess að mæta auknum kostnaði ríkisins vegna ýmiss konar þjónustu við sveitarfélög, sérstaklega hin stærri. Hins vegar komi einnig til greina að í stað álagsins komi aukin þátttaka sveitarfélaga í þessum kostnaði. Nú vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra: Um hvaða þjónustu er verið að ræða og um hvaða þátttöku sveitarfélaga í kostnaði er einnig verið að ræða? Hvaða þátttaka er það í kostnaði ríkisins sem sveitarfélögin ættu að taka að sér miðað við þessa framsetningu?

Ég vil svo einnig vekja á því athygli að Póstur og sími á að innheimta í póstburðargjöldum og símgjöldum 550 millj. kr. á næsta ári sem eiga að renna beint í ríkissjóð.

Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Hinn nýi hafnarskattur, 560 millj. kr., skattur á sláturleyfishafa vegna yfirmats á sláturafurðum og svokallaðar ICAO-tekjur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru nú ekki reiknaðar inn í tekjuyfirlit A-hluta ríkissjóðs. Hér er um að ræða 970 millj. kr. sem haldið er utan við tekjuyfirlit ríkissjóðs og koma ekki inn í samanburð á tekjum ríkissjóðs, þ.e. sköttum á þjóðina á milli ára. Þess í stað eru þessir skattar og þessar tekjur færðar sem sértekjur inn á hlutaðeigandi stofnanir og þannig leynt í skattasamanburðinum. Sömu sögu er raunar einnig að segja um flugvallargjald sem er tekjustofn í flugmálaáætlun. Það er ekki fært með tekjum ríkissjóðs heldur fært sem sértekjur hjá Flugmálastjórn. Þetta hefur auðvitað þau áhrif að samanburður á milli ára varðandi tekjur ríkissjóðs, þ.e. skatta á þjóðina, er villandi.

Ég lýsi ánægju minni með þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að hann skuli ætla að efna til ráðstefnu síðar í vetur með sérfræðingum frá OECD. Þær aðferðir sem notaðar eru m.a. í þessu fjárlagafrv. og fela í sér villandi samanburð á tekjum, þ.e. sköttum á þjóðina, á milli ára koma þá væntanlega til umræðu og verða bornar undir þá sérfræðinga. Það er hins vegar rangt hjá hæstv. fjmrh. að yfirlit yfir skatta í OECD-löndum, þar á meðal Íslandi, hafi ekki legið fyrir fyrr en nú á þessu ári. Að hæstv. fjmrh. hafi fundið þetta upp af snilld sinni. Þessi skattayfirlit hafa legið fyrir til fjölda margra ára.

Ég ítreka það að samanburður um tekjur ríkissjóðs þ.e. skatta á þjóðina, er því villandi og skattahækkun er veruleg þó hinu gagnstæða sé haldið fram. Þar ofan í kaupið er stefnan ekki gæfuleg. Í fyrsta lagi tel ég það rangt að ríkissjóður leggi skatt á þá sem nota hafnirnar, þ.e. fiskiskip og vöruflutninga, og hlýtur þannig að leggjast á atvinnulífið úti á landsbyggðinni og á vöruverð. Í annan stað er það meira en hæpið að ætlast til þess að Hafnamálastofnun innheimti þessa skatta af höfnum landsins og þaðan eigi síðan að deila peningunum út. Þetta hlýtur að auka kostnað hjá Hafnamálastofnun sem þarf að koma sér upp innheimtudeild og sérstakri gjaldadeild til þess að annast þessi málefni.

Reynslan af að færa flugvallargjaldið sem sértekjur hjá Flugmálastjórn sýnist ekki ætla að verða góð, miðað við erindi sem fjvn. hefur fengið frá Flugmálastjórn og komið hefur til umræðu á Alþingi, þar sem því eru gerðir skórnir að Flugmálastjórn og e.t.v. flugráð og hæstv. samgrh. hundsi ákvarðanir Alþingis við afgreiðslu flugmálaáætlunar sl. vor. Er því líkast að sú stofnun líti nú orðið á sig sem sjálfseignarstofnun. Ég vildi ekki sjá hafnamálin í þeim farvegi.

Í tekjuyfirliti ríkissjóðs er gert ráð fyrir 700 millj. kr. í jöfnunargjald enda þótt því hafi verið marglýst yfir að þetta jöfnunargjald yrði fellt niður. Líkur benda hins vegar til þess að jöfnunargjaldið skili miklu stærri fjárhæðum en þarna er tilgreint að öllu óbreyttu. Verði lögum ekki breytt má gera ráð fyrir því að jöfnunargjaldið skili á næsta ári í ríkissjóð, ekki 700 millj. heldur 1100–1200 millj. kr. Ræð ég það m.a. af líkum, því að á þessu ári var gert ráð fyrir að jöfnunargjaldið skilaði til ríkissjóðs 500 millj. kr. en það virðist ætla að skila 1 milljarði. Með því að halda áfram innheimtu jöfnunargjalds er verið að bregðast þeim fyrirheitum, margítrekuðum fyrirheitum, sem gefin hafa verið auk þess sem þarna er verið að leyna tekjum miðað við það að óbreytt lög gildi um jöfnunargjaldið.

Gífurleg skattahækkun síðustu ára, sem í þrjú ár, 1988–1990, hefur vaxið um 13 milljarða kr., heldur því áfram en er ekki að stöðvast. Við hlýddum hér á í ræðu hæstv. ráðherra margvísleg áform hans um skattkerfisbreytingar sem í flestum tilvikum mundu verða notaðar til þess að þyngja skattbyrði á þjóðina ef hann fengi að ráða. Ef hann fengi aðstöðu til þess í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili að fara áfram með stjórn ríkisfjármála þarf ekki að því að spyrja, þá mundu skattar á þjóðina verða þyngdir að miklum mun og það væri verið um leið að fela þá inni í skattkerfisbreytingum og tilfæringum, eins og verið er að gera í þessu fjárlagafrv. Þetta sjá allir sem fylgst hafa með störfum þessa hæstv. ráðherra og allir þeir sem kunna að lesa í gegn þau gögn sem frá honum koma.

Við sjálfstæðismenn gagnrýnum þessar miklu skattahækkanir. Við teljum einnig að skattar eigi að koma fram í tekjuyfirliti A-hluta ríkissjóðs en þeim eigi ekki að leyna í samanburðartölum með því að fela þá inni í fjárhag einstakra stofnana. Stefna ríkisstjórnarinnar að hækka skatta til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum hefur mistekist því útgjöldin hafa vaxið enn þá hraðar en tekjurnar. Ég vil taka það fram að ég tel að það þurfi að gera margvíslegar leiðréttingar á framkvæmd ríkisfjármála. Sumt af því sem fjmrh. nefndi í því efni getur komið til athugunar, annað ekki, að mínum dómi, og skal ég ekki fara nánar út í það. En hluti af þess-

um lagfæringum í sambandi við framkvæmd ríkisfjármála var flutt í frv. sem fjvn. í heild stóð að á síðasta Alþingi. Liðsmenn ríkisstjórnarinnar komu þá í veg fyrir það að þetta frv. næði afgreiðslu þrátt fyrir það að það væri flutt af fulltrúum allra flokka sem sæti eiga í fjvn. Og ríkisstjórnin virðist nú ætla að beita áhrifum sínum til þess að þetta frv. sé svæft en fái ekki að koma fyrir Alþingi með eðlilegum hætti. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. og raunar hv. formann fjvn. hvað þessu líði.

Við sjálfstæðismenn teljum óhjákvæmilegt að stöðva útþenslu ríkiskerfisins og ná raunverulegum sparnaði sem hefjist hjá ráðherrunum sjálfum. Þar hefur eyðslan vaxið mest og hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það. Við viðurkennum að við gífurlegan vanda er að etja eftir óstjórn núverandi valdhafa. En á þessum vanda verður að taka og við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til þess að ráðast að því verki.

Í umræðum um svokallaða stefnuræðu forsrh. sagði hv. þm. Jón Kristjánsson að Sjálfstfl. hefði ekki skýra stefnu og bætti við: „Varðandi ríkisfjármál er haldið uppi almennu snakki um skattpíningu, en tekið undir hverja kröfu til aukinna útgjalda ríkissjóðs".

Ég lýsi því yfir að þessi orð hv. þm. eru bull. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. og á Alþingi ekki flutt eina einustu tillögu til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs. Við fluttum á hinn bóginn brtt. við fjáraukalagafrv. ríkisstjórnarinnar sl. vetur, en þær fólu í sér aukinn niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs en ekki hið gagnstæða. Auk ósanninda sem í orðum hv. þm. felast er það svo næsta hlálegt þegar Framsóknarþingmaður er að brigsla öðrum um óskýra stefnu.

Samkvæmt fjárlagafrv. hækka útgjöld ríkissjóðs á næsta ári um 10,4% frá fjárlögum þessa árs sem er rúmlega 3% meira en verðlagshækkun á milli ára. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni hér áðan að um lækkun útgjalda væri að ræða um 1%. Þá visku fékk hann með því að bera saman útgjöld fjárlagafrv. og áætlun um útkomu þessa árs. Ég hef áður sýnt fram á hversu villandi slíkur samanburður er.

Ég minni enn á í þessu sambandi að þegar frv. var lagt fram í fyrra var ætlast til að ríkisútgjöldin hækkuðu um 4 milljarða að raungildi en staðreyndin varð sú að þau aukast um 5 milljarða að raungildi. Það er því ljóst að umsvif ríkiskerfisins fara enn vaxandi. Hækkun útgjalda er að sjálfsögðu mjög misjöfn eftir einstökum gjaldaliðum. Ríkisumsvifin mælast ekki hvað síst með launaútgjöldum en gert er ráð fyrir því að laun hækki frá fjárlögum þessa árs um 15,2%. Þegar búið er að draga frá þeirri tölu samningsbundnar launahækkanir á næsta ári má reikna með að það þýði ígildi allt að 400 nýrra starfa hjá ríkinu.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því í frv. að samdráttur í opinberri fjárfestingu verði um 2% og er þar enn höggvið í sama knérunn og fyrr. Framlög til verklegra framkvæmda eru alltaf að minnka. Framlög til samfélagslegra sjóða eru skert, þrengt er að hagsmunum atvinnuvega og mjög skortir á að gert sé ráð fyrir í frv. að gera upp við sveitarfélögin, eins og til hefur verið ætlast. Í því sambandi þykir mér ástæða til að spyrjast fyrir um framkvæmd á heimildarákvæði í 6. gr. núgildandi fjárlaga þar sem kveðið er á um heimild til þess að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum o.s.frv. Ég hef ástæðu til að ætla að það samkomulag sem varð á milli hæstv. fjmrh. og fjvn. annars vegar og til að mynda þingmanna úr Reykjavíkurkjördæmi og sumra annarra hins vegar um þetta efni hafi ekki verið framkvæmt. Og ég hlýt að spyrja: Hvað líður þessu viðfangsefni?

Svo langt gengur ríkisstjórnin í þessu frv. að ekki er til þess ætlast að ríkissjóður skili 95 millj. kr. af sóknargjöldum sem ríkið innheimtir fyrir kirkjuna. Spyrja má hvað þeir séu almennt kallaðir sem taka að sér að innheimta fé fyrir annan aðila og skila síðan ekki nema hluta af því. Svari hver sem vill.

Í frv. er gert ráð fyrir því að ná sparnaði í lyfjakostnaði um 500–600 millj. kr. án þess að gerð sé grein fyrir því hvernig það er hugsað. Þetta virðist a.m.k. við fyrstu sýn vera þeim mun ólíklegra þegar þess er gætt að lyfjakostnður fer a.m.k. sömu fjárhæð fram úr áætlun, fram úr fjárlögum, á þessu ári.

Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna er skert um 573 millj. kr. Og í niðurgreiðsluliðinn vantar líklega 400–500 millj. kr. til þess að niðurgreiðsluhlutfallið haldist óbreytt á næsta ári. Enn hef ég þó ekki fengið svör við fyrirspurnum mínum um þetta efni frá fjmrn.

Út yfir tekur þó meðferðin á höfnunum. Þrátt fyrir áætlanir um að leggja á hinn nýja skatt er gert ráð fyrir að framkvæmdafé hafna verði einungis 315 millj. kr. á næsta ári eða mun lægra en það hefur verið í mörg ár. Slíkar kveðjur til þessara lífæða atvinnulífs og byggðar um land allt ættu að verða minnisstæðar.

Breytingar á uppsetningu gjaldaliða í frv. og tilfærslur á milli einstakra fjárlagaliða eru óvenjulega miklar að þessu sinni og gera allan samanburð milli einstakra liða á gjaldahlið frv. erfiðan. Sem dæmi um þetta má nefna að sjúkrahúsum í Reykjavík er steypt saman í eitt, á einn fjárlagalið. Síðan á að stofna svokallað samstarfs- og þróunarráð sem á að fá það verkefni að skipta fjárveitingum á milli sjúkrahúsanna og taka þar með að sér verkefni sem til þessa hefur verið unnið af Alþingi. Þetta er víst það sem hæstv. fjmrh. kallar að auka sjálfstæði stofnana. Að mínum dómi eru það öfugmæli. Og óvíst er hver vinningur er að slíku starfi miðað við það að eitthvað kostar það að setja á laggir nýtt ráð til að annast það verkefni sem til þessa hefur verið unnið hér á hinu háa Alþingi.

Í fjárlagafrv. fær hið nýja og þarflausa umhvrn. til ráðstöfunar samkvæmt áætlun um 418 millj. kr. Ógreinilegt er á hvern hátt sparnaður kemur fram á móti hjá þeim ráðuneytum sem láta af hendi starfsemi yfir til þessa nýja ráðuneytis. Hitt er ljóst að áfram heldur sama þróun og fyrr, að kostnaður eykst við aðalskrifstofur ráðherranna sjálfra. Og að öðru leyti vex sem fyrr kostnaður við þau verkefni sem næst ráðherrunum sjálfum standa. Hinir sem fjær eru mega víða

hvar búa við skertan hlut.

Þótt enn hafi ekki verið farið yfir málefni sjóða og ríkisfyrirtækja í B-hluta á vegum fjvn. sést í grg. frv. að þar er áætluð fjárvöntun um 800 millj. kr. til þess að jafnvægi geti orðið í fjármunahreyfingum. Æskilegt væri að fá upplýsingar um hvernig þessari fjárvöntun verði mætt. Enn fremur kemur fram að Skipaútgerð ríkisins er ekki ætlað að bera kostnað af vanskilaskuldum sínum við ríkissjóð og Ríkisábyrgðasjóð, en þær námu á síðustu áramótum 586 millj. kr.

Eins og ég sagði boðar fjárlagafrv. gífurlegan vanda í fjármálum ríkisins sem velt er á herðar framtíðarinnar. Þetta gerist í fyrsta lagi með þeirri gríðarlegu skuldabyrði sem safnast hefur saman við hallarekstur-inn á undangengnum árum. Í öðru lagi með þeim starfsháttum ríkisstjórnarinnar að greiða út lögboðin framlög úr ríkissjóði með skuldabréfum sem koma til gjalda á næstu árum eftir að ríkisstjórnin er farin frá. Í þriðja lagi með því að þýðingarmiklir sjóðir, sem sækja styrk sinn til framlaga úr ríkissjóði og ríkissjóður ber ábyrgð á, hafa verið vanræktir svo í tíð núverandi ríkisstjórnar að þeir eru að éta upp sitt eigið fé eða eru jafnvel að komast í þrot. Skýrasta dæmi á þessum vettvangi er um húsnæðissjóðina en húsnæðiskerfið sem á þeim byggir er nú að heita má í rúst. Í fyrsta skipti frá upphafi Byggingarsjóðs ríkisins er nú ekki gert ráð fyrir að leggja honum til eina einustu krónu úr ríkissjóði, en sá sjóður þyrfti á næsta ári að fá framlag sem nemur 1,1 milljarði kr. til þess að halda í horfinu með eigið fé.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um byggingarsjóðina kemur fram hvert ástand þeirra raunverulega er. Ef útlánastarfsemi sjóðanna væri nú stöðvuð og framlög ríkissjóðs sömuleiðis þá þyrfti ríkissjóður eigi að síður að greiða 62 milljarða kr. á árinu 2028 til að gera upp skuldir við lánardrottna. Þetta er framtíðarsýn sem núv. hæstv. ríkisstjórn skilur eftir í málefnum þessara sjóða. Þrátt fyrir þetta verður á hinn bóginn ekki sagt að áætlanir um rekstrargjöld og launakostnað við stjórn sjóðanna séu skornar við nögl því að til þeirra hluta eru áætlaðar 410 millj. í fjárlagafrv.

Ýmsir aðrir sjóðir eru að ganga verulega á sitt eigið fé eða eyða því. Að mati stjórnar Byggðastofnunar þyrfti Byggðasjóður að fá í framlög 400–500 millj. kr. umfram það sem gert er ráð fyrir á fjárlögum næsta árs til þess að halda eiginfjárstöðu sjóðsins í viðunandi horfi. Ljóst er einnig miðað við að atvinnuleysi fari enn vaxandi á næsta ári, svo sem ríkisstjórnin spáir, muni eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs ganga til þurrðar á næstu einum til tveimur árum. Eigi að síður vanrækir ríkisstjórnin að standa við skuldbindingar um framlög til sjóðsins, svo sem hún hefur einnig gert á síðustu árum. Eigið fé Lánasjóðs ísl. námsmanna er að ganga til þurrðar svo sem fjmrh. lýsti hér áðan. Og skuldbindingar sem skella á ríkissjóði vegna Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs munu á næstu árum nema milljörðum króna. Hér er auðvitað ýmislegt ótalið, þar á meðal ríkisábyrgðir vegna fiskeldis og loðdýraræktar. En af þessari upptalningu má þó ljóst vera að þær byrðar sem leggjast á ríkissjóð á komandi árum eru gífurlegar og sá vandi sem þessi ríkisstjórn mun skilja eftir sig í fjármálum ríkisins er hrikalegur. Meira að segja var það viðurkennt af hæstv. fjmrh. í fréttatilkynningu fjmrn. og raunar í ræðu hans hér áðan að þessi vandi sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar skilur eftir sig í fjármálum ríkisins sé svo alvarlegur að það muni taka tvö til þrjú kjörtímabil að ráða við hann.

Þannig er staðan í raun og veru. Öll hin sjálfbirgingslegu faguryrði hæstv. fjmrh,. bæði nú og á undangengnum árum, um traustan grundvöll í fjármálum ríkisins, nýja hornsteina, jafnvægi og stöðugleika, að ekki sé nú talað um rekstrarafgang sem var meðal stefnumiða þessa hæstv. ráðherra, verða lítils virði þegar staðið er frammi fyrir slíkum veruleika.

Öll þessi orð hæstv. fjmrh. eiga því skilið háðsmerki sem ómerkilegir orðaleppar. Allt hjal hans um sparnað og byltingu í fjármálum ríkisins hefur reynst vera orðin tóm. Sparnað er auðvitað síst að finna í ráðuneyti og á aðalskrifstofu hæstv. fjmrh. sjálfs þar sem útþenslan og sóunin hefur verið hvað mest. Sú meðferð fjármuna og sú þenslustefna sem þar hefur ríkt er auðvitað meðal þeirra orsaka sem hafa ráðið því að ríkisstjórnin hefur endanlega gefist upp við að ná tökum á stjórn ríkisfjármála.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það þarf að endurtaka sig nú eins og oft áður að 1. umr. fjárlaga vekur ekki mikla athygli hjá hv. þm. því að það má telja þá á annarri hendi sem sýna þessu áhuga.

Ég vil hefja mál mitt með því að fagna þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum undir forustu núverandi ríkisstjórnar. Um það held ég að þurfi ekki að vera að skattyrðast hér á hv. Alþingi. Verðbólgan hefur verið kveðin niður og er nú jafnvel lægri en í löndum sem við viljum gjarnan miða okkur við. Þjóðarsáttin tókst, þar sem aðilar vinnumarkaðarins tóku höndum saman af fullri ábyrgð um að standa vörð um þennan árangur sem er undirstaða þess að Íslendingar geti búið við öryggi í þessu landi. Þess vegna er nú þýðingarmest að Alþingi standi fast með opinberum aðgerðum sem treysta efnahagsaðgerðir og þar eru það fjárlög og lánsfjárlög fyrir næsta ár sem skipta sköpum og við þurfum að ákveða hér nú á þessu þingi.

Þótt hæstv. fjmrh. hafi litað mál sitt um of pólitísku ívafi sem er óvenjulegt við 1. umr. fjárlaga þá tek ég undir með hæstv. fjmrh. að fjárlagafrv. fyrir árið 1991 er ætlað að innsigla efnahagsárangur síðustu tveggja ára og stuðla að jafnvægi og stöðugleika í íslensku hagkerfi. Þetta verður ekki hrakið. Aðhaldi að útgjöldum, kerfisbreytingum verður haldið áfram, halli ríkissjóðs lækkar og lánsfjárþörf verður mætt innan lands, en erlendri lántöku hætt til fjárþarfar ríkisins. Þetta eru meginatriði sem skipta sköpum og það er hægt að treysta þennan árangur að mínu mati og að þessi áform náist fram ef vilji er fyrir hendi og jákvæð viðhorf til þess sem er landi okkar og þjóð fyrir bestu. Það þarf heldur ekki að rekja það hvernig staða atvinnuveganna hér á landi hefur batnað og hvernig aðstaða fólks, al-

mennings í landinu, hefur einnig batnað við þessi umskipti.

Ég hlýt að fagna því einnig sérstaklega að árangur umbóta í fjármálastjórn ríkisins kemur nú greinilega í ljós í gegnum þetta fjárlagafrv. Útgjaldaeftirlit hefur verið stórbætt, aukafjárveitingar eru úr sögunni og fjáraukalög fylgja nú fjárlögum. Stjórnkerfi ríkisstofnana er að verða virkara og þær kerfisbreytingar sem eru í þessu frv. miða í rétta átt að mínu mati þó að þær rugli að sjálfsögðu að verulegu leyti samanburð milli ára miðað við það sem áður hefur verið sett fram.

Ég vil einnig minna á það að efnahagsnefnd Framsfl. lagði fram róttækar tillögur um ríkisfjármál á síðasta þingi og einnig þáltill. á þskj. 386 sl. ár sem varð þó ekki fullrædd hér á hinu hv. Alþingi. Þessar efnahagstillögur voru samþykktar í aðalatriðum á miðstjórnarfundi flokksins 1989. Flestar þessar tillögur koma fram í grg. fjárlagafrv. sem ákvörðun fjmrn. og fjmrh. og Hagsýslunnar. Ég vil einnig minna hv. alþm. á skilmerkilega grein hagsýslustjóra og núverandi ráðuneytisstjóra fjmrn., Magnúsar Péturssonar, sem birtist í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu. Þar kemst hann að sömu niðurstöðu um þörf kerfisbreytinga á ríkisfjármálum og gerir raunar mjög ítarlega úttekt í skýru máli um þessi mál. Fjmrh. gerði margar þessar tillögur að sínum í umræðum hér á hv. Alþingi sl. vor í umræðum um frv. fjvn. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Það frv., sem öll fjvn. stóð að, varð ekki útrætt á síðasta þingi. Það markar tímamót í umræðum um þennan mikilvæga þátt í efnahagsmálum og ég tel miður að Alþingi skuli ekki enn vilja ræða í alvöru skipulagsbreytingu sem þarf til að skapa festu í meðferð ríkisfjármála til lengri tíma. Það hlýtur að gerast áður en langur tími líði og ég tel að sú viðleitni sem fjmrn. og fjmrh. hafa sýnt í þessu fjárlagafrv. sé vissulega spor í rétta átt. Aðhald og eftirlit með fjárlögum og opinberum framkvæmdum yfirstandandi árs hefur aldrei verið meira og árangur hefur heldur aldrei verið eins sýnilegur og kemur fram nú.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, og raunar hæstv. forsrh. einnig, sem því miður er ekki hér viðstaddur, að það getur ekki verið eðlilegt að afstaða fjvn., sem skipuð er fulltrúum allra flokka á hv. Alþingi, sé ekki tekin til greina með því að taka undir það frv. sem frestað var afgreiðslu á á sl. vori. Ég vænti þess að ríkisstjórnin sjái að sér í þeim málum og flytji hér inn á Alþingi lagabreytingu að því er þetta varðar. Öðruvísi nær þetta mál ekki fram. Jafnvel þó fjármálaráðherra eftir fjármálaráðherra setji slíkt fram í fjárlagaræðu eða í athugasemdum fjárlaga þá nægir það ekki. Það þarf að taka á þessu máli á lagalegan hátt og ég treysti því að það verði staðið við þau fyrirheit sem gefin voru þegar þessu máli var frestað í lok síðasta þings.

Það kemur fram í þessu frv. að sjálfstæði opinberra stofnana er aukið og þar með ábyrgð þeirra. Ég nefni t.d. Háskóla Íslands. Þar er gerð tillaga um miklar breytingar en yfirráð Háskólans eru tryggð um þá tekjustofna sem hann hefur, þeir eru ekki skertir. Þessu þarf að halda áfram og láta ná til fleiri opinberra stofnana.

Virðulegi forseti. Það var ekki meining mín að ræða fjárlagafrv. ítarlega hér við 1. umr. enda á ég sæti í fjvn. þar sem efnisleg yfirferð og umræða fer nú fram. Mun ég geyma mér til 2. umr. ýmis mál sem ég tel mikilvægt að ræða eða breytinga sé þörf sem ég ætlast til að fjvn. fari vandlega yfir og jafnvel geri brtt. um. Ég vil aðeins nefna hér örfá atriði við þessa umræðu. Ég vil þó, áður en ég kem að því, vekja athygli á einu góðu atriði sem fram kemur í athugasemdum fjárlagafrv. Þar á ég við innlendan sparnað. Það kemur fram í athugasemdum að í árslok 1989 var stofn peningalegs sparnaðar á lánamarkaðinum kominn yfir 300 milljarða króna. Þar af var svokallaður kerfisbundinn sparnaður um 165 milljarðar en þar er fyrst og fremst um að ræða eignir lífeyrissjóðanna. Það hefur einnig komið hér fram að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á næsta ári muni verða mjög aukið eða jafnvel 25–30 milljarðar króna. Samkvæmt áætlun Seðlabanka er talið að innlendur sparnaður aukist um 35 milljarða á árinu sem er að líða og 38 milljarða króna á því næsta. Hér er því um mikla breytingu að ræða. Þegar borið er saman við eldri tíma, sem við gerum gjarnan, þá kemur í ljós að í árslok 1989 var heildarsparnaður kominn í 94% af landsframleiðslu og í lok þessa árs er áætlað að sparnaður verði orðinn meiri en sem nemur landsframleiðslu ársins, eða 104%. Þetta er merkilegt mál í sjálfu sér þegar við erum að ræða um uppbyggingu hér á landi og ég tel að sá mikli sparnaður sem blasir nú við, hverjum sem hann er að þakka, við skulum láta það liggja milli hluta, sé undirstaða framfara í þjóðfélaginu og hann er jákvæður fyrir framvindu okkar mála. Það má kalla þetta nokkurs konar bjartsýnisviðhorf í öllu tali um efnahagsmál. Ég tel að þetta sé það mikið atriði að Alþingi eigi að gefa því gaum og ég saknaði þess raunar í ræðu hæstv. fjmrh., eða það hefur kannski farið fram hjá mér, en ég tel að það þurfi að vekja sífellt meiri athygli á þessu því sparnaður í þjóðfélaginu er það sem leggur grunninn að því sem við þurfum að gera. Þess vegna vildi ég taka það hér upp um leið og ég fer lauslega yfir þessi mál.

Virðisaukaskatturinn sem var umdeildur á sínum tíma virðist ætla að skila sér vel til innheimtu. Í ár mun hann gefa um 1,5 til 2 milljarða umfram það sem áætlað var. Ég held að þess vegna sé ljóst að það þurfi að átta sig vel á því hvernig við stöndum að virðisaukaskattinum næstu ár. Ég verð að segja það fyrir mig að ég er óánægður með eitt í framkvæmdinni. Um leið og gildistaka hans var endanlega ákveðin hér á Alþingi var ákveðið að skipuð yrði milliþinganefnd til þess að skoða áhrif virðisaukaskattsins í sambandi við þær umræður sem hafa orðið um það að hafa fleiri en eitt þrep á virðisaukaskattinum, þ.e. að reynt yrði að skoða það í alvöru hvort væri hægt að koma á lægra þrepi á matvæli. Því miður tel ég að ekki hafi verið staðið við þessa úttekt eða það liggur a.m.k. ekki fyrir svo sjáanlegt sé að við höfum fengið svar við því. En niðurfelling virðisaukaskatts á bækur og viðhald fasteigna hefur verið ákveðin, og er um 400 millj. á hvorn þátt fyrir sig, sem er vissulega mikils vert fyrir

þessar greinar hvað sem öllu öðru líður. En ég hlýt að krefjast þess við þessar umræður að hæstv. fjmrh. komi því í verk, sem var lofað hér við gildistöku skattsins, að það verði athugað um áhrif hans og hvort ekki sé tímabært að setja annað þrep á matvörur sem mér skilst að verði grunnur í þeim viðræðum sem Ísland á við Evrópubandalagið og önnur samskipti sem þar fara fram. Ég tel að við getum ekki sleppt þessu máli úr höndum okkar án þess að hér fari fram meiri athugun en virðist hafa verið gerð.

Þá vil ég nefna einn þátt mála sem hefur aðeins komið inn í umræðurnar. Það er framkvæmd flugmálaáætlunar fyrir yfirstandandi ár. Inn á borð fjvn. hefur komið bréf frá Flugmálastjórn þar sem kemur fram að verkefni sem ekki voru samþykkt í flugmálaáætlun frá því í maí sl. vor hafi verið tekin fram yfir önnur verkefni sem samþykkt voru í áætluninni. Þarna er um að ræða 76 millj. kr. Lagt er til í þessu bréfi að samþykkt verði að taka slíkar aukaframkvæmdir fram yfir annað og samþykkt verði að fresta því sem var búið að ákveða í flugmálaáætlun. Ég vil segja að þetta eru vinnubrögð sem ég tel að geti ekki gengið upp. Hér eru brotnar allar reglur í samskiptum við löggjafarvaldið og það verður að leiðrétta þetta tafarlaust. Annars er tilgangslaust að fjalla um slík mál eftir þeim lögum sem við förum eftir. Tilfærsla á samþykktum verkþáttum verður að gerast í samráði við þingmenn kjördæmanna og fjvn. Alþingis sem fer með þau mál fyrir Alþingi.

Þá er annað mál sem ég vil minnast lítillega á sem skiptir miklu fyrir sveitarfélögin í landinu og fyrir það traust sem þarf að ríkja milli ríkis og sveitarfélaga. Það er uppgjörsþáttur í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég ætla ekki að tala langt mál um það en ég vil vekja athygli á því að Alþingi gekk frá hluta þessa máls við afgreiðslu fjárlaga þessa árs. Það er kostnaðarhlutdeild ríkisins í framkvæmdum sveitarfélaga, félagasamtaka og vegna grunnskóla, dagvistunarheimila, íþróttamannvirkja og félagsheimila. Ákvörðun fjvn. var sú, miðað við þau gögn sem fyrir lágu, að gert var ráð fyrir að ríkishlutinn væri 1 milljarður 342 millj. kr. Fjvn. gerði ákveðna tillögu, eftir að búið var að ná samkomulagi við sveitarfélögin, um að lækka þessa upphæð á árinu 1990 niður í 300 millj., og að skiptingin yrði þannig næstu ár, miðað við þessa grunntölu, að á árinu 1991 yrði upphæðin 350 millj., 1992 350 millj. og 1993 342 millj. kr. Síðan kæmu til viðbótar til lækkunar eða hækkunar þær leiðréttingar sem gerðar voru. Um þetta var sveitarfélögunum skrifað sérstakt bréf, þessa ákvörðun fjárveitingavaldsins og Alþingis, og treyst á að við það yrði staðið. Því miður sé ég hér í fjárlagafrv. að við þetta er ekki ætlað að standa þar sem upphæðin þar er aðeins 300 millj. Þar vantar því 50 millj. upp á að standa við það sem gert var ráð fyrir og afgreitt var hér á Alþingi.

Mér finnst að þetta mál þurfi að taka sérstaklega upp og við munum gera það í fjvn. því að öðrum kosti er hætta á því að sveitarfélögin vilji ekki treysta því sem fram er sett og við þau hefur verið samið af ríkisvaldinu. Það má ekki koma til, nóg er samt óuppgert í þessum þáttum í sambandi við önnur samskipti ríkis og sveitarfélaga sem ég ætla ekki að ræða hér, en á sjálfsagt eftir að koma til umræðu síðar.

Þá vil ég nefna eitt atriði sem mér finnst varla hægt lengur að sætta sig við. Þar á ég við framlög til Framkvæmdasjóðs aldraða og raunar einnig til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Sérstaða Framkvæmdasjóðs aldraða byggist á sérstökum lögum þar sem lagður er á sérstakur nefskattur sem verður á næsta ári 3.480 kr. á hvern gjaldanda sem þýðir það að tekjur á árinu 1991 verða því um 370 millj. Í frv. er gert ráð fyrir skerðingu upp á 130 millj., þ.e. 240 millj. fari til sjóðsins. Í umræðunum, og raunar kemur það fram að hluta til í lista sem er í athugasemdum fjárlagafrv. um nauðsynlegar lagabreytingar, er gert ráð fyrir því að þessi hluti fari sem framlag ríkisins í rekstri stofnana fyrir aldraða, þ.e. viðhald og annað slíkt.

Ég tel að nái þetta fram að ganga sé ekki nein ástæða fyrir því að leggja ekki strax fram lagafrv. á Alþingi sem taki tafarlaust upp þessi atriði, þ.e. að þar verði þá skýrt ákveðið hvað á að fara til uppbyggingar og hvað á að fara til rekstrar. Mér finnst að einföld skerðingarákvæði hvað þetta varðar, um svo mikilvæga sjóði sem byggjast á nefskatti sem fólk borgar í þeirri trú að það sé að greiða fyrir uppbyggingu á þessu sviði, komi ekki lengur til greina. Og það sama má segja um Framkvæmdasjóð fatlaðra þó hann sé aðeins öðruvísi upp byggður, en þar eru sömu grundvallarskilyrðin. Ég tel því að það verði, áður en fjárlög eru frágengin, að liggja alveg ljóst fyrir hvernig með þessi mál verði farið. Ég tel að við getum ekki vikist undan því að taka af fullri ábyrgð á þessum málum.

Ýmsar lagabreytingar fylgja fjárlögum, eins og venja er til. Sumar eru nauðsynlegar en aðrar þarf að athuga betur.

Ég vil segja það hér við þessa umræðu að ég get verið sammála einfaldari og samræmdri álagningu launatengdra gjalda með því að fella í eitt gjald launaskatt, lífeyris- og slysaskatt og atvinnuleysistryggingaog vinnueftirlitsgjald. Þetta verði fellt saman í eitt gjald sem heiti tryggingagjald sem innheimt yrði samhliða staðgreiðslu tekjuskattsins. Hérna er um kerfisbreytingu að ræða sem ég tel nauðsynlega og oft hefur verið rætt um á undanförnum árum. Hins vegar er um viðkvæmt mál að ræða fyrir atvinnurekstur sem í dag greiðir engan launaskatt en fengi með þessu móti allmikla skattahækkun. Ég held þess vegna að það þurfi að koma fram meiri skýringar við þessa ákvörðun sem sýni að það sé hægt að framkvæma þetta á þann hátt sem hér er lagt til. E.t.v. þyrfti að gera þetta á lengri aðlögunartíma. Um það skal ég ekki fullyrða en ég lýsi yfir stuðningi við hugmyndina og hugsunina um þetta og tel að það þurfi að vinna að því að þetta kerfi komist á.

Annað áform um breytingar, sem kemur fram í fjárlagafrv., varðar almannatryggingakerfið. Ég get ekki fellt mig við það að tekjutryggja ellilaun, eins og tæpt er á í þessu frv., og væntanlega á eftir að koma fram frv. um það. Mér finnst að þessi mál þurfi að skoða í samhengi og það er óeðlilegt að mínu mati að leggja

fram slíkar lagabreytingar nema samhliða hafi farið fram heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfis landsmanna í heild. Hér er um samtengd mál að ræða og ég get ekki fellt mig við það að tekjutryggja ellilífeyrinn því svo mikið er víst að við höfum alla tíð frá því að almannatryggingalögin voru sett gert ráð fyrir því að allir landsmenn sem hafa greitt í þennan sameiginlega sjóð eigi rétt á sama grunnlífeyri. Þess vegna held ég að þetta sé ekki tímabært og ég vonast til þess að frv. verði ekki lagt fram á yfirstandandi Alþingi.

Þá vil ég einnig koma að öðru gjaldi sem ég er ekki farinn að skilja enn, ég segi það alveg eins og er. Það er hið svokallaða hafnamálagjald sem gert er ráð fyrir í frv. að standi straum af kostnaði við hafnir, við rekstur og framkvæmdir þeirra stofnana sem annast hafnamál í landinu. Það er enginn rökstuðningur í sambandi við þetta gjald, hvernig eigi að innheimta það. Á að innheimta þetta af hafnargjöldum, skipagjöldum og öllum þeim gjöldum sem standa undir rekstri hafna á Íslandi? Það er meiri hluti af öllum höfnum á Íslandi sem hafa ekki aðrar tekjur en aflagjöld. Það eru ekki tekjur af innflutningi, vörum o.s.frv. Ég verð að segja það með fullri virðingu fyrir þeirri viðleitni að ná í sérstakar tekjur og breyta rekstri hafna og uppbyggingu hafna í samræmi við flugvallagjald og tekjur vegasjóða að það gengur ekki upp með þessum rökstuðningi. Það verður að skoða þetta mál þess vegna miklu meira. Hér er um 570 millj. að ræða sem er ekki lítil upphæð og ég tel að fjvn. verði að fá allar upplýsingar um það hvernig þetta mál er hugsað áður en ákvörðun er tekin, svo mikið er víst.

Þá verð ég að segja það hér við 1. umr. fjárlaga að ég varð dálítið undrandi þegar ég sá í lista yfir lagabreytingar að það á að ráðast í það að breyta sóknargjöldum og kirkjugarðsgjöldum. Ég stóð í þeirri meiningu, og fékk raunar um það upplýsingar við afgreiðslu á fjárlögum síðast, að yfirstjórn kirkjumála, biskup landsins m.a., hefði fallist á það að það mætti skerða þennan tekjustofn, sem kom fyrst fram í fjárlögum yfirstandandi árs af því sem þar var gert, þ.e. 5% lækkun sóknargjalda og 5% lækkun kirkjugarðsgjalda. Ég hélt satt að segja að það mundi ekki verða farið enn á ný að taka þetta upp og ekki hvað síst þegar ég veit af eigin raun að ekki hefur verið haft samband við kirkjuyfirvöld um þessa ákvörðun. Mér finnst ástæðulaust að fara í stríð við kirkjur landsins vegna þessara tekjustofna. Fyrst þeir á annað borð voru samþykktir á Alþingi á sínum tíma, þá eigum við að láta þá standa eins og lög gera ráð fyrir. Hins vegar væri miklu eðlilegra að skoða það í alvöru hvort ekki væri hægt að láta kirkjuna með þessum auknu tekjum taka meiri þátt í öðrum gjöldum sem ríkið greiðir til kirkjumála í landinu. Það er annað mál og miklu heilbrigðari aðferð.

Ég ætla einnig áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, að nefna eitt mál sem ég vil þakka fjmrh. sérstaklega fyrir og kemur hér fram í athugasemdum með frv. Það er í sambandi við Fasteignamat ríkisins. Hæstv. ráðh. hefur staðið við það sem hann lýsti yfir sem svar við fyrirspurn minni á síðasta þingi, í fyrrahaust, um það að leggja fram frv. um breytingu á skipan verkefna Fasteignamats ríkisins. Þar er byggt á því að opinbert mat, þ.e. fasteignamat og brunabótamat, verði sameinað og komið verði á fót einni stofnun í eigu ríkisins, sveitarfélaga, banka, sparisjóða og tryggingarfélaga sem annist framkvæmd, viðhald og uppfærslu eignamats í landinu. Þetta er stórmál í mínum huga. Árið 1984 skipaði ég sem félmrh. nefnd sem undirbjó þetta mál, nefnd færustu manna á þessu sviði í landinu og niðurstaða þeirra var einmitt þessi. Nefndin skilaði af sér 1985 frv. um þetta mál til að ná því í áföngum og það lá því miður í fjmrn. öll þessi ár. En nú hefur hæstv. fjmrh. hrist af þessu rykið og menn eru búnir að komast að niðurstöðu um mikilvægi þessa máls. Ég treysti því að þetta frv. komi fram tímanlega svo að hægt verði að afgreiða það hér á þessu Alþingi því að hér er um meiri háttar mál að ræða fyrir Ísland, það get ég alveg fullyrt, ekki aðeins fyrir ríkið heldur fyrir alla meðferð í sambandi við fjármálalega afstöðu til hinna ýmsu mála. Alls staðar þarf grundvöllurinn að vera fyrir hendi í sambandi við staðreyndir. Það verður gert með þessari samræmingu og þetta mat verður sífellt þýðingarmeira í samskiptum bæði fyrirtækja og einstaklinga. Þess vegna fagna ég þessu og þakka hæstv. fjmrh. fyrir að láta þetta koma skýrt fram.

Virðulegi forseti. Ég get nú eiginlega endað mál mitt hér. Ég vil aðeins segja það í sambandi við þetta fjárlagafrv. og aðstöðuna sem er að koma upp í þjóðfélaginu að það væri auðvitað hægt að nefna margt sem við stöndum frammi fyrir. Ég gæti t.d. nefnt Þjóðarbókhlöðuna, þjóðargjöfina sem gefin var 1974 og átti að vera löngu tilbúin. Það hefur tekið tíma að fá niðurstöðu í það hvernig þetta mál stendur og ég get sagt frá því hér að ég er nú loksins með í höndum endanlega áætlun um hvað þetta hús kemur til með að kosta, hvað þarf að leggja fram af fé til þess að ljúka þessu húsi á næstu árum. Það þarf hvorki meira né minna en 1600 millj. til að ljúka við bygginguna eins og hún stendur í dag. Og þegar við bætum við 800 millj. sem búið er að framkvæma fyrir, á sama verðlagi, þá sjáum við hvað þetta fyrirtæki er orðið. Við skulum segja að það verði einhverjar hækkanir á næstu 3–4 árum sem þarf til að ljúka við þessa byggingu og þá er ekki ólíklegt að hún verði komin í 2,6–3 milljarða þegar upp verður staðið. En þetta er bara sýnishorn af því hvernig því miður við stöndum allt of oft að því að áætla hvernig við ætlum að byggja upp hinar ýmsu stofnanir í þjóðfélaginu. Það vantar raunhæfar áætlanir til loka framkvæmda.

Ég ætla ekki að ræða Þjóðleikhúsið en það er ljóst að það verður skólabókardæmi um það hvernig á ekki að gera hlutina. Það verður skólabókardæmi um það að það hefði betur verið farið eftir tillögum fjvn. um það mál þannig að ekki væri verið að glíma við alls konar vindmyllur um að Þjóðleikhúsið þurfi að vera tilbúið einhvern ákveðinn dag í vetur heldur nota tímann til haustsins 1991 til þess að ljúka nauðsynlegum endurbótum á Þjóðleikhúsinu. Það var ákveðið hér á hv. Alþingi að tilgreina ákveðna fjárhæð í þessar endurbætur. Krafa ráðherra og byggingarnefndar er miðuð við það að þeim verði lokið í febrúar nk. með því

fjármagni. En það er ljóst í dag að þetta er þegar komið langt fram yfir og það er einnig ljóst að það er ekki hægt að láta eina einustu krónu til viðbótar í þessa framkvæmd. Þess vegna verður það kraftaverk ef það verður hægt að opna Þjóðleikhúsið í febrúar. Ég mundi frekar spá, miðað við þá fjárhæð sem á að koma á næsta ári, 75 millj., að hægt væri að tala um kannski maí á næsta ári, en það kemur í ljós. Þetta sýnir bara að við þurfum að standa öðruvísi að þessum málum en gert hefur verið í meðferð fjárlaga til hinna ýmsu framkvæmdaþátta.

Fulltrúar sveitarfélaganna sem komu á fund fjvn. nú í haust voru margir. Það var eitt sameiginlegt sem kom fram hjá öllum þessum ólíku aðilum sem komu til fjvn. sem lýsir í raun þeirri skoðun sem nú ríkir í þjóðfélaginu miðað við þær hugmyndir um stórframkvæmdir sem fram undan eru, bæði í sambandi við orku og stóriðju. Það var að allir þessir fulltrúar voru eiginlega með sömu kröfu fram setta án þess að það væri samband þar á milli. Hún var sú að þeir fengju aukið fé til verklegra framkvæmda út um land til þess að mynda eitthvert jafnvægi á móti því sem fram undan væri. Og allir þessir aðilar lögðu aðaláhersluna á hafnamál og opinberar byggingar sem enn er eftir að vinna að, bæði framhaldsskóla, sjúkrahús og annað slíkt sem við þekkjum öll, og eins kröfuna um jöfnun á ýmsum málum sem hafa mikla þýðingu út um land, svo sem jöfnun raforkuverðs og annað slíkt. Þess vegna held ég að okkur sé óhætt að gera okkur grein fyrir því þegar við göngum nú frá þessu fjárlagafrv. að þótt við tökum undir það sem er meginstefnan í frv. þá getum við ekki skilið við þessa afgreiðslu svo að við gerum okkur ekki grein fyrir því til hvers er ætlast af okkur í sambandi við afgreiðslu fjárlaga nú á þessu þingi fyrir næsta ár. Ég held þess vegna að við verðum að skoða vel byggðamálin og ég geri ráð fyrir því að það væri eðlilegt að auka framlag til Byggðasjóðs og skerpa línur í því hverju við viljum breyta í framkvæmd ýmissa laga til þess að mæta þessari skoðun.

Virðulegi forseti. Við framsóknarmenn stöndum að sjálfsögðu að þessu fjárlagafrv. og stefnu þess í aðalatriðum, en auðvitað áskiljum við okkur rétt til þess að skoða ýmsa þætti sem til framfara eða betri afgreiðslu horfa og við munum að sjálfsögðu vera ábyrgir í þeim málum.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Enn á ný leggur hæstv. fjmrh. fram frv. til fjárlaga, þriðja hornsteininn að því er hann segir, á jafnmörgum árum undir breytt og betra efnahagslíf þjóðarinnar. Hitt er annað mál að hæstv. fjmrh. eru nokkuð mislagðar hendur við steinsmíði. Steinar hans hinir fyrri hafa ekki reynst svo traustir sem hann ætlaði og þessi hinn síðasti virðist sama marki brenndur og hinir fyrri. Þeir hafa áður molnað í meðförum og nú verður án efa nauðsyn að klappa þennan til og sníða af honum misfellur svo sem gert hefur verið við fyrirrennara hans. Því ætti hæstv. fjmrh. að spara stóryrðin um breytta og betri tíð með þetta frv. sem undirstöðu.

Hvað boðar þessi áætlun um ríkisbúskap fyrir landsmönnum? Hún boðar í stuttu máli aukna skatta, áframhaldandi atvinnuleysi, niðurskurð á opinberum framkvæmdum og versnandi afkomu heimilanna í landinu. Frv. boðar engar breytingar í þá veru að rétta halla ríkissjóðs. Megineinkenni þess til breytinga eru tilfærslur á ýmsum liðum, sem gerir allan samanburð við fyrri fjárlög erfiðan, vaxandi skattheimta, bæði á beinum og óbeinum sköttum, og vaxandi útþensla í kostnaði og mannahaldi ráðuneytanna, einkum þó fjmrn.

Ýmsar áherslubreytingar eru við skattheimtuna, tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja hækkar, dregin eru saman í einn skatt launatengd gjöld, sem greiðast af hálfu atvinnulífsins og nefnt tryggingariðgjald, og í leiðinni eru þau stórhækkuð. Þessi hækkun ásamt hafnargjaldinu, sem ég kem að síðar og verð að játa að ég skil ekki fremur en hv. 1. þm. Vesturl., leggst af fullum þunga á atvinnufyrirtækin á sama tíma og þau eru að rétta úr kútnum. Er þetta nú skynsamleg stefna?

Ferill þessarar ríkisstjórnar hefur einkennst af aukinni skattheimtu. Árið 1987 voru skattar til ríkisins 23,6% af vergri landsframleiðslu en á þessu ári er áætlað að hlutfallið sé 27,6%. Þetta er hækkun um 4% sem þýðir að skattbyrðin hefur á þessum tíma aukist um 12–13 milljarða. Talsmenn ríkisstjórnarinnar réttlæta aukna skattheimtu með því að halda því ákaft fram að skattar hér séu lægri en í öðrum löndum. Það má vera að rétt sé að beinir skattar séu lægri hér en víða annars staðar. En aftur á móti eru óbeinir skattar hærri hér en víðast þekkist sem gerir það að verkum að þegar á heildina er litið eru skattgreiðslur okkar síst lægri en með öðrum þjóðum.

Frv. til fjárlaga byggir sem endranær á áætlun Þjóðhagsstofnunar um framvindu efnahagsmála á næsta ári. Allar efnahagsforsendur frv. eiga rætur sínar þar. Spár stofnunarinnar eru þó ótryggar í ýmsum veigamiklum þáttum sem getur orðið afdrifaríkt ef veruleg frávik verða. Allmikil óvissa ríkir um olíuverð á komandi ári og þó að verðlagsforsendur frv. geri ráð fyrir hækkun á olíu um 40% er veruleg hætta á að sú hækkun sé vanmetin. Hún kann að reynast meiri. Fari svo verður að endurskoða forsendur frv. og reikna allt að nýju. Gert er ráð fyrir að útflutningsverðmæti sjávarafurða aukist lítillega á næsta ári, en nú eru blikur á lofti um sölu á saltsíld og útlit fyrir að hluti aflans fari í bræðslu ef ekki finnast nýir markaðir sem á þessari stundu eru ekki í sjónmáli.

Í spá Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur á næstu árum er ekki gert ráð fyrir auknum sjávarafla í tonnum frá því sem er en gert er ráð fyrir að breytt ráðstöfun aflans valdi verðmætaaukningu og verðlag á sjávarafurðum fylgi almennu verðlagi erlendis frá 1992. Í þessu felst að sjávarafurðir verði í jafnháu raunverði frá 1991 og þær voru 1987. Þessi bjartsýni byggir á spám um minnkandi framboð sjávarafurða á heimsmarkaði á næstu árum. En það er vert að vekja athygli á að Þjóðhagsstofnun gerir ekki ráð fyrir að við Íslendingar eigum þátt í minnkandi framboði, að afli geti dregist saman hér eins og annars staðar. Þó má teljast ráðlegt að reikna með að svo kynni að fara.

Sú nýbreytni er nú tekin upp að fjármagna byggingar og endurbætur í höfnum landsins með því að skattleggja þá sem um hafnirnar fara þótt alls ekki sé ljóst með hverjum hætti þetta á að gerast. Þessi skattur hlýtur, ef af verður, óhjákvæmilega að hafa víðtæk áhrif. M.a. hlýtur hann að leiða til hækkunar á vöruverði. En til slíkrar hækkunar er ekkert tillit tekið í forsendum frv.

Gert er ráð fyrir 7% verðbólgu á árinu og að laun hækki um 8% og kaupmáttur aukist örlítið. Sú spá er þó völt, bæði með tilliti til olíuverðs og fleiri þátta sem ég kem að síðar. Þjóðarsáttin svokallaða sem ríkisstjórnin vill þakka sér nær nefnilega ekki til allra þeirra þátta sem heimilin varða. Hún byggðist á því að launþegar sættu sig við örlitlar kauphækkanir sem gerði innlendum matvöruframleiðendum fært að hækka vörur sínar um 1,3%. Bændur fengu að feta sömu slóð með nánast sömu verðhækkanir en þar með lýkur þjóðarsátt. Erlendar vörur hafa hækkað um 9,2% og það er útlit fyrir að þær hækki enn. Þjónusta einkaaðila hefur hækkað um 11,2%. Þeir sem stunda erlend viðskipti eða selja þjónustu sína fá að leika lausum hala langt fram yfir það sem erlendar verðhækkanir kalla á. Það eru launþegar og bændur sem fá að bera þunga þessarar svokölluðu þjóðarsáttar og skattar eru svo hækkaðir á sama tíma og kjaraskerðing er og rauntekjur lækka. Kaupmáttur launa hefur lækkað um 15% á síðustu þrem árum, en í frv. er eins og ég áðan sagði gert ráð fyrir að hann hækki lítillega á árinu. Ég deili ekki þeirri skoðun með hæstv. fjmrh. að kaupmáttur muni aukast á komandi ári. Mér virðist að forsendur frv. bendi til þess að slíkt geti ekki gerst.

Þjóðarsáttin svokallaða nær ekki jafnt til allra. Á sama tíma og láglaunafólki er gert að lifa við hungurmörk geta aðrir nánast leyft sér sjálfdæmi um laun og launakjör. Þar er skemmst að minnast ráðninga sveitar- og bæjarstjóra á liðnu sumri. Launabilið í þjóðfélaginu eykst stöðugt. Muna menn nú ekki eftir því þegar nú í sumar voru tíunduð laun 16 forstjóra sem höfðu á bilinu 550–1100 þúsund í mánaðarlaun, allt að tuttugu og fimm föld mánaðarlaun verkakonu. Og verkalýðsforingjarnir áttu hlut í þessu á sama tíma og þeir stóðu fyrir ráðningu fólks á þeim sultarlaunum sem ég áður gat um. Svo ætla menn að halda því fram að það séu taxtalaunin sem séu aðalverðbólguvaldurinn. Það er gersamlega brenglað verðmætamat sem veldur því að það er metið til margfalt hærri launa að sitja á peningakössum en að annast uppvaxandi kynslóðir og skila þeim inn til samfélagsins sem hæfum og nýtum þjóðfélagsþegnum. Þessum hugsunarhætti verður að breyta áður en verr fer en orðið er. Og það er vert að minna á að sumir þessara forstjóra sem ég talaði um áðan stjórna hrikalegum tapfyrirtækjum svo að varla er hægt að telja kaup þeirra verðlaun fyrir vel unnin störf.

Nei, virðulegi forseti. Með þjóðarsáttinni títtnefndu hefur verið búin til stífla sem án efa á eftir að bresta með skelfilegum afleiðingum, ég tala nú ekki um ef verða erlendar verðhækkanir sem við ráðum ekki við. Og þá verður að reikna allt dæmið upp að nýju.

Hallarekstur ríkissjóðs að undanförnu þýðir að á þrem árum hefur safnast fyrir halli á ríkisrekstrinum sem nemur rúmum 23 milljörðum sem er um það bil $^1/_4$ af löngum lánum ríkissjóðs. Þetta, ásamt öðru, veldur því að vaxtagreiðslur eru að verða óhugnanlega stór liður í útgjöldunum og nálgast nú 10 milljarða. Það er alvarlegt áhyggjuefni að ekki skuli takast nokkurn tíma að ná endum saman með tekjur og útgjöld. Það má kalla blaður eitt að tala um fjárlög sem hornstein efnahagslífsins sem fela í sér hallarekstur. Slíkur hornsteinn geta þau aldrei orðið meðan eyðslan er meiri en öflunin.

Í þessu fjárlagafrv. er óvenjumikið um ófrágengin mál og lausa enda. Það er varla fullburða, svo margt er þar sem þarfnast endurskoðunar og fullnaðarfrágangs að það hlýtur að taka talsverðum breytingum áður en til afgreiðslu kemur. Ég vil drepa á helstu þætti þessara ófrágengnu mála.

Lánasjóður ísl. námsmanna er gersamlega í lausu lofti. Eigið fé hans er að ganga til þurrðar. Og þá vík ég að húsnæðismálunum. Staða Byggingarsjóðs verkamanna er sú að hann getur ekki veitt eitt einasta lán á næsta ári að óbreyttu og augljóst er að Byggingarsjóður ríkisins þarf a.m.k. milljarð til þess eins að geta staðið við greiðslur. Úr þessum málum verður að leysa. Vert er að benda á að kostnaður við laun og rekstur Húsnæðisstofnunar er nú um 410 millj. og þykir ýmsum nóg. Ætlunin er að setja upp umdæmisskrifstofur og afgreiðslur út um land við stofnunina sem er sjálfsögð og nauðsynleg þjónusta. En hins verður að gæta að draga þá jafnframt úr kostnaði og umsvifum á höfuðborgarsvæðinu sem því nemur og ætti það að vera augljóst að slíkt væri hægt ef menn vilja.

Ljóst er einnig að eigi að halda verðlagi niðri svo sem áformað er, þá vantar 300–400 millj. í niðurgreiðslur á búvörum. Áform eru um að lækka lyfjakostnað og þau mál hafa nú verið á dagskrá í allt að því áratug án þess að teljandi árangur hafi náðst. Þar má segja að orsök sé líka sú að forvarnarstarf er allt í molum. Væri hugað betur að því þá kæmi kannski ekki til þess lyfjaausturs sem nú tíðkast. Það er engin ástæða til að ætla að þessi áform gangi fram um að lækka lyfjaverð á næsta ári fremur en áður og þar kynni þá að vanta 500–600 millj.

Til viðbótar þessum óvissuþáttum er svo fylgiskjal með yfirliti yfir þær lagabreytingar sem gert er ráð fyrir í forsendum frv. varðandi tekjur og gjöld, lánveitingar, ábyrgðir og fleira. Þó að hæstv. ríkisstjórn hafi þingstyrk til að koma þessum breytingum fram þykir mér hún tefla djarft ef hún ætlar að þau nái samþykki fyrir áramót. Telur hæstv. ríkisstjórn að hið nýja frv. um almannatryggingar muni renna umræðulaust í gegnum þingið? Heldur hún að almenn samstaða sé um hafnamálagjaldið? Og heldur hún að menn taki fagnandi auknum álögum í sambandi við tryggingariðgjaldið? Heldur hún að þessi mál séu þegar öll í svo fullkomnu formi að þau þarfnist ekki umræðu og breytinga í meðferð þingsins? Og heldur hæstv. ríkisstjórn yfir höfuð að tími vinnist til að afgreiða þau áður en fjárlög koma til afgreiðslu? Það er mikil dirfska að ætlast til þess að svo viðamikil mál sem lög

um almannatryggingar verði afgreidd á einhverjum handahlaupum undir þrýstingi vegna tímaskorts. Ég tel að með þessum áformum sé hæstv. ríkisstjórn að misbjóða Alþingi. Þetta er enn eitt dæmið um þann hroka sem hún leyfir sér að sýna æðstu stofnun þjóðarinnar.

Reynsla undanfarinna ára sýnir svo að hæstv. ríkisstjórn hefur alltaf þurft að koma til fjvn. með óskir um breytingar og hækkanir og svo mun það verða enn því óvenjumarga lausa enda þarf að hnýta. Augljóslega eiga eftir að koma til verulegar breytingar á ýmsum þáttum í meðferð fjvn. og á þessu stigi er of snemmt að spá um hvernig þeim verði háttað. Ég sleppi því í þessari umræðu að fara yfir einstök ráðuneyti og geymi það til seinni tíma. En ég vil draga fram nokkra þætti til umhugsunar.

Í fskj. 1 eru ákvæði um skerðingu á ýmsum lögbundnum framlögum til ýmissa sjóða og stofnana. Þar er hin hefðbundna skerðing á lögboðnum tekjum Ríkisútvarpsins og má það furðu gegna eftir öll stóryrði hæstv. menntmrh. um tiltektir fyrri ríkisstjórna að hann skuli nú vera sporgöngumaður þeirra í þessum efnum. Ég minni á skerðingu sóknar- og kirkjugarðsgjalda sem enginn hefur frá því fyrsta dregið í efa að væru lögmæt eign þjóðkirkjunnar. En í fyrra komst einhver velþenkjandi að því að þarna væri hægt að seilast til fjár fyrir ríkissjóð og umsvifalaust var það þap gert. Nú er haldið áfram á sömu braut sem er með öllu óréttlætanlegt. Á venjulegu máli heitir þetta þjófnaður. Ég nefni ekki fleira af þessu tagi en af nógu er að taka.

Vitanlega eru nokkrar rúsínur á stangli í frumvarpsgrautnum. Ég fagna því að sjálfsögðu að sjálfstæði Háskóla Íslands er aukið og óskandi er að áfram verði haldið á þeirri braut, enda nefndi ráðherra það áðan að sú væri ætlunin. Þetta sjálfstæði þyrfti að sjálfsögðu að auka sem víðast, einkum þó í menntakerfinu. Því ekki að láta fræðsluskrifstofur og fræðsluráð um að útdeila því fé sem kjördæmum er ætlað til skólamála? Ég yrði ekki undrandi þó í ljós kæmi að féð nýttist betur með þeim hætti.

Sparnaðartilraunir hæstv. ríkisstjórnar birtast oft með undarlegum hætti, sjaldan með forgangsröð, fremur með flötum niðurskurði þar sem því verður við komið. Aðalskrifstofur sumra ráðuneytannna eru þó sjaldnast undir hnífnum. 11 sendiráð eru starfrækt en 20 sendiherrar eru á launum. Er ekki hægt að draga úr þessum kostnaði?

Ég minni á fjmrn. sem þenst út ár frá ári. Þar er rekstrarkostnaður við skatta- og tollamál áætlaður 1186 millj. Það er greinilega ekki erfiðislaust að kreista álögurnar út úr landsmönnum.

Ráðamönnum er gjarnt að bera okkur saman við aðrar þjóðir, en þar tíðkast yfirleitt ekki að skattleggja matvörur. Ég vil minna hæstv. fjmrh. á ýmsar fyrri fullyrðingar um sparnað og ég vil minna hann á ummæli hans um matarskattinn um þær mundir sem hann var settur á. Væri nú ekki ráð að afnema hann? Það mundi tæplega rýra tekjur ríkissjóðs því að við auknar ráðstöfunartekjur almennings mundu tekjur af veltusköttum aukast, trúlega sem því næmi sem ríkissjóður missti.

Hvað með fyrri loforð um tvö skattþrep og skatt á fjármagnstekjur? Að vísu nefndi hæstv. fjmrh. áðan í ræðu sinni að áform væri um að flytja mál í þessari veru inn á þing, en ég tel hæpið að honum endist líftími í ráðherrastól til að koma því í framkvæmd. Því hefur ekki verið tekið á þeim málum meðan fólk með meðaltekjur og minna verður að neita sér um flest og rétt dregur fram lífið? Tekjujöfnun sú sem hæstv. ríkisstjórn hafði uppi fyrirheit um hefur algerlega brugðist og bilið breikkar í sífellu.

Víkjum aðeins að atvinnumálum. Gengið er út frá atvinnuleysi um 2% en vitað er að víða er sú tala mun hærri því að þetta er meðaltal. Í frv. er 15 millj. fjárveiting til atvinnusköpunar fyrir konur og 11 millj. til atvinnuaukningar í dreifbýli, aðallega til stofnunar fjarvinnustofa þar sem gera má ráð fyrir að konur vinni í meiri hluta. Þetta er gott og blessað og ber að þakka en hefur auðvitað fyrst og fremst hafst fram fyrir látlausan þrýsting frá konum. Ég minni á tillögur Kvennalistans um aukna atvinnusköpun í dreifbýli og ég minni á tillögur hans um sérstaka deild við Byggðastofnun til atvinnuþróunar fyrir konur, sem ekki hefur verið sinnt. En þetta er líka það eina sem beinlínis má telja framlag til atvinnumála í frv.

Undanfarin ár hafa framlög til allra rannsókna farið síminnkandi að raungildi. Á þessu ári voru Rannsóknasjóði ætlaðar 95 millj. sem síðan var í fjáraukalögum lækkað um 10 millj. Nú eru inni í fjárlagafrv. 100 millj. til Rannsóknasjóðs og það nær tæpast verðlagshækkun. Ég vil minna á að rannsóknir eru óumdeilanlega undirstaða nýsköpunar í atvinnulífi. Meðan þær eru fjársveltar verðum við ekki hlutgeng með öðrum þjóðum. Við ættum að hafa þann metnað að gera fullvinnslu sjávarafurða að okkar stóriðju, en hvað gerum við? Þeir sem eru að reyna fyrir sér á þessu sviði eiga erfitt með að fá aðstoð og fyrirgreiðslu og líftæknivinnslan, sem er að komast af próunarstiginu og er okkar álitlegasta nýsköpunargrein, hírist í horni í gamla Grandahúsinu. Þetta er nú reisnin.

Nei, hugmyndir manna eru svo fastar í gömlum hjólförum að örugglega þarf meiri háttar aflvaka til að draga menn upp úr þeim og á nýjar brautir. Álver skal það vera hvað sem það kostar. Þó það kosti mengun og spillingu landsins og skaði ímynd þess út á við sem ferðamannalands. Þó það kosti það sem okkur kemur verst, búseturöskun sem aldrei fyrr og enn aukinn niðurskurð á verklegum framkvæmdum sem auðvitað koma harðast niður á landsbyggðinni og stórauknar skuldir sem nú eru ærnar fyrir. Takist samningar nú og verði hafist handa á næsta ári í einhverjum mæli kollvarpar það gersamlega forsendum fjárlaganna. Það má því ljóst vera að þessi hornsteinn stöðugleika er meira en lítið valtur.

Varðandi atvinnumál í framhaldi af þessu má furðu gegna hve gersamlega metnaðarlaus hæstv. ríkisstjórn er. Ekki eru settir fjármunir í að móta heildstæða vitræna atvinnustefnu. Ef ekki er horft til annarrar atvinnu en stóriðju á Suðurnesjum hlýtur byggð að leggjast af á stórum svæðum á landsbyggðinni á næsta ári. Því vil ég beina því til hæstv. iðnrh. að hann lesi grein

sem aðstoðarmaður hans skrifaði fyrir nokkrum árum, nánar tiltekið 5. mars 1984. Þar nefnir hann þriðju iðnbyltinguna, sem hann kallar svo, örtölvutæknina og líftæknina, og segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Önnur grein þriðju iðnbyltingarinnar er líftæknin. Það er talið að líftæknin muni hafa meira efnahagslegt gildi en örtölvutæknin hvað varðar framleiðslu, atvinnu og afkomu. Á Vesturlöndum er stóriðjan að verða stefna gærdagsins. Annarri iðnbyltingunni er að ljúka þar. Orkufrekja, umhverfisspjöll og atvinnuhættir stóriðjunnar valda því að Vesturlönd hafna henni í auknum mæli svo hún hrekst til þriðja heimsins og þar erum við talin með." Síðan rekur aðstoðarmaður iðnrh. í hverju líftækni felst og segir svo: „Meðal kosta þessarar nýju tækni eru þeir að hún mengar ekki umhverfi sitt. Hún þarfnast lítillar orku og hún notar náttúrleg hráefni sem endurnýjast og ganga inn í lífkeðjuna. Einn dýrmætasti kostur líftækninnar er e.t.v. sá að með afkastamiklum aðferðum hennar er hugsanlegt að lina hungur og þjáningu í þriðja heiminum. Það er verkefni sem núverandi atvinnuhættir ekki valda.

Líftæknin er sú atvinnugrein sem er spáð mestum vexti á Vesturlöndum. Fjármagn streymir að henni og möguleikarnir eru óþrjótandi. Þetta verður líklega höfuðatvinnugrein 20. aldar sem er aðeins 10 ár í burtu nú. Börn sem fæðast í dag munu verða atvinnurekendur og launþegar þess tíma.

En hvað gerum við í málefnum framtíðarinnar? Byltingarmenn stóriðjudrauma okkar eru á ferðalögum út um allan heim til að laða hingað atvinnuhætti gærdagsins. Þeir eru einni byltingu á eftir. En ef við ætlum okkur hlut í framtíðinni verðum við að kaupa hlutabréf strax í dag. Við gerum það með því að segja námsfólki okkar frá möguleikum og hugmyndum okkar um lífshætti morgundagsins og gerum það með því að styrkja rannsóknir á íslenskum möguleikum líftækninnar. Þar mundi stórkostlega muna um fjárstyrk, þó ekki væri meira en sem nemur ferðastyrkjum og dagpeningum stóriðjunefndarinnar."

Þetta sagði aðstoðarmaður iðnrh. fyrir nokkrum árum síðan. E.t.v. tekur ráðherra ekki ráðum aðstoðarmanns síns eða þá aðstoðarmaðurinn hefur afklæðst skoðunum sínum eins og snákurinn hamnun og er kominn í bland við tröllin. Því má bæta við þetta að það eru fleiri möguleikar í farvatninu svo sem vetnisvinnsla. Þessi orð eiga öll við í dag þegar við horfum fram á að sjávarafli eykst ekki, álverð fer lækkandi, járnblendiverksmiðjan gengur fyrir hálfum afköstum. Tökum þessar 50 millj. sem á að kaupa fyrir dagblöð til stofnana og engin stofnun kærir sig um. Segjum upp nokkrum aðstoðarmönnum ráðherra og nokkrum sendiherrum. Það er hægt að auka rannsóknir og bæta aðstöðu til þróunarverkefna fyrir upphæðir sem þessar og flýta með því fyrir árangri. Það er ný atvinnustefna sem við þurfum, ekki atvinnustefna gærdagsins. Munum að sá samdráttur í opinberum framkvæmdum sem þetta frv. boðar er aðeins fyrsta hænufetið af því sem verður stigið þegar álversbyggingin fer í gang og allt kapp verður lagt á að halda niðri verðbólgu og þenslu á sama tíma og þensluþrengju er kastað inn á Suðurnesin. Þá fær landsbyggðin að sitja við sultarvist af mannavöldum. Ég hef bent á það sem þetta frv. boðar landsmönnum. Það er vissulega ekki kosningafrv. að því leyti að þar eru engin gylliboð. En það er kosningafrv. að því leyti að þar er reynt að breiða yfir óþægilegar staðreyndir og láta þær líta betur út en efni standa til.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt að frv. er ekki fullburða, svo mörg veigamikil mál eru þar óleyst. Ég geymi ítarlega umfjöllun til seinni umræðna þegar hægt er að sjá hvaða stefnu það tekur við þær breytingar sem óhjákvæmilega verða gerðar við það. En ég vil svo minna á nokkur af markmiðum efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar og spyrja menn hvort þeir telji að stefna þessa frv. stuðli að því að þessum markmiðum verði náð, með leyfi hæstv. forseta:

„Að stuðla að aukinni framleiðslu, endurskipulagningu og aukinni hagkvæmni í atvinnulífinu og leggja þar með grunn að hagvexti og góðum lífskjörum á næstu árum. Að stuðla að réttlátari tekjuskiptingu og verja lífskjör hinna tekjulægstu." — Það hefur nú tekist bærilega. — „Að beita sér fyrir jafnvægi í byggðaþróun." — Hvar sér þess stað? — „Að leggja grundvöll að lækkun erlendra skulda í framtíðinni?" — Ég sé ekki bóla á því heldur og býst ekki við að nokkur maður sjái það. Ég tel hæpið að þessi markmið náist.

Ég vil svo að lokum lesa mönnum þann boðskap sem felst í 1. mgr. 6. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Ríkisstjórninni er heimilt: Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1991 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið."

Þarna hyggst hæstv. ríkisstjórn knýja Alþingi til að veita henni sjálfdæmi til að ráðskast með sameiginlega fjármuni landsmanna allra. Eins og alþjóð veit nú kann hæstv. forsrh. ekki að greina mun á bráðabirgðalögum og lögum sem Alþingi samþykkir, hafi meiri hluti verið fyrir bráðabirgðalögunum. Það er sorgleg staðreynd hve völdin blinda mönnum sýn og rýra virðingu þeirra fyrir þeirri stofnun sem þeir eiga að þjóna.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika í efnahagsmálum og án þess að ég vilji gera lítið úr þeim erfiðleikum sem íslenskar fjölskyldur eiga við að etja á þessum tímum liggur engu að síður fyrir að íslenska þjóðfélagið er eitt það ríkasta í heimi. Ég efast um að nokkurt það land sé til þar sem lífskjör eru jafnari en á Íslandi. Ef borin eru saman neysluútgjöld þjóða eru Íslendingar yfirleitt í einhverju af efstu sætum. Fáar þjóðir veita sér jafnmikið og Íslendingar. Fáar þjóðir fara jafnoft í dýrar ferðir, bæði innan lands og til útlanda, og Íslendingar. Engin þjóð í veröldinni býr í vandaðra húsnæði en Íslendingar gera. Fáar þjóðir hafa jafnmikið af hvers konar neysluvarningi handbæran eins og Íslendingar. Og engin þjóð leggur jafn-

mikið á sig og Íslendingar til þess að taka þátt í neyslu- og lífsgæðakapphlaupinu. Þess vegna undrar mig á því að ábyrgir alþingismenn, eins og sá sem talaði hér síðast, skuli orða það úr ræðustól á Alþingi að Íslendingar lifi við hungurmörkin. Ég er alveg sannfærður um það að hv. þm. gerir sér grein fyrir því, og fulla grein, að hér er ofsagt. Íslendingar lifa ekki við hungurmörk. Hafa hv. alþm. séð fólk sem lifir við hungurmörk? Ég hef ekki séð það eigin augum, ég hef séð það í sjónvarpi hvernig það fólk lítur út og við hvaða aðstæður það fólk býr sem lifir við hungurmörk. Og hvernig getur það gerst að alþingismaður á Alþingi Íslendinga sem á að þekkja sæmilega til ætli að telja íslensku þjóðinni trú um það, þessari í hópi ríkustu þjóða heims, þar sem jafnari tekjuskipting er en í nokkru öðru landi, að þessi þjóð lifi við hungurmörk. Þetta er alveg fráleitt. Og það sem verst er þó við þetta er að Íslendingar eru þannig skapi farnir að allt of margir landsmenn vilja trúa þessu. Þeir vilja trúa því að þeir hafi það slæmt þegar allar tölur og allar kannanir sem gerðar hafa verið segja þveröfugt. En það er ekkert skemmtilegt og engin ábyrgð í því fólgin og síður en svo vænlegt til árangurs að taka undir þennan harmagrát því það er ekki satt að fólkið á Íslandi lifi við hungurmörkin.

Sama viðhorf kemur fram hjá forustumönnum þjóðarinnar þegar þeir koma í fjölmiðla og segja að ríkisstjórnin verði að sjá til þess að olíuverðshækkanir á heimsmarkaði komi ekki við almenning á Íslandi. Hvernig á slíkt að gerast? Hvaða þjóð í víðri veröld getur látið sér það til hugar koma að olíuverðshækkun á heimsmarkaði komi ekki við lífskjör almennings hjá þeirri þjóð? Þetta er jafnfjarri raunveruleikanum og það að halda því fram, eins og gert var áðan, að Íslendingar lifi á hungurmörkum. Sá sem það gerir hefur annaðhvort ekki lesið eða ekki séð þær fréttir sem okkur hafa verið sagðar í útvarpi, blöðum og sjónvarpi af því fólki sem við þannig aðstæður lifir. Ætlar hv. þm. að líkja íslensku þjóðinni við flóttamennina sem komu frá Persaflóasvæðinu, flóttamennina sem áttu ekki klæðin utan á sig, áttu ekki matinn ofan í sig, áttu ekki húsaskjól yfir höfði sér, hvað þá heldur þær bifreiðar, þau sjónvarpstæki, þær utanlandsferðir o.s.frv. sem Íslendingar veita sér?

Það er ekkert gaman að því að leika sér að því að kynda undir sjálfsblekkingarhvöt íslensku þjóðarinnar sem vissulega er til staðar. Þá sjálfsblekkingarhvöt að þessari einhverri ríkustu þjóð í heimi líði illa, hún lifi á hungurmörkum.

Með sama hætti er gjörsamlega fráleitt að halda því fram að það hafi enginn árangur orðið í efnahagsstjórn þessarar ríkisstjórnar. Það eru ekki mörg ár síðan að verðbólgan á Íslandi var 70–80% og fór meira að segja yfir 100%. Hún er núna orðin lægri en í sumum helstu viðskiptalöndum okkar, eins og bæði í Bretlandi og í Svíþjóð. Er þetta ekki árangur? Er hann einskis virði? Er hann einhverjum öðrum að þakka en stjórnvöldum? Hverjum? Er það fólkinu að þakka sem er að segja við íslensku þjóðina að hún lifi á hungurmörkum? Er það fólkinu að þakka sem er að boða þá kenningu í útvarpi og sjónvarpi að verðhækkun á olíu á heimsmarkaði eigi að sjálfsögðu ekki að koma við landsmenn, heldur eigi einhver útlendingur, einhver ríkissjóður sem er einhver aðili í útlöndum sem engum kemur við, bara að standa undir því og borga brúsann? Er þetta viðhorf hinnar hyggnu húsmóður?

Er það árangur sem er einskis virði að innlendur sparnaður hefur nú aukist svo mikið að ríkissjóður Íslands þarf ekki lengur að leita til erlendra lánardrottna til þess að fjármagna rekstrarvanda sinn, sem vitaskuld er fyrir hendi? Það er ekki langt síðan að það þurfti bókstaflega að neyða Íslendinga með tilskipunum frá Alþingi til að leggja það fé sem þeir gátu af séð inn í banka eða í annan sparnað. Það þurfti að fyrirskipa það með valdboði að Íslendingar spöruðu. Nú er búið að snúa þessu gersamlega við á þremur árum. Er það enginn árangur? Eða er það kannski þeim að þakka sem segja að íslenskur almenningur lifi við hungurmörkin?

Þegar þessi ríkisstjórn tók við völdum voru horfurnar þannig að allur atvinnurekstur við sjávarsíðuna mundi leggjast niður. Bæði Kvennalistinn og Sjálfstfl. spáðu því að fjöldaatvinnuleysi væri hinum megin við hornið og mundi skella á. Hvar er það fjöldaatvinnuleysi? Hvar er það hrun sjávarútvegsins og sjávarþorpanna hringinn í kringum landið sem þessir ágætu fulltrúar spáðu? Því var forðað. Var það fyrir tilverknað þeirra afla sem segja að Íslendingar lifi á hungurmörkum sem þessu áfalli var forðað? Vissulega bauðst þingmönnum Kvennalistans kostur á því á þessu kjörtímabili, ekki einu sinni heldur þrisvar sinnum að vera með í því að finna leið út úr þessum vanda. En í öll þau þrjú skipti hlupust fulltrúar Kvennalistans úr leik. Ef einhver lifir á hungurmörkum á Íslandi þá er það Kvennalistinn sem lifir á pólitískum hungurmörkum vegna þess að hann hefur aldrei verið reiðubúinn til þess að leggja fram sitt lið til þess að leysa úr erfiðum og vandasömum viðfangsefnum.

Auðvitað er það ljóst að sá árangur sem tekist hefur að ná á þessum þrem árum er ekki ríkisstjórninni einni að þakka. Fjarri fer mér að halda því fram að það sé ríkisstjórninni einni að þakka. Það er ekki. Það er því að þakka að ríkisstjórninni hefur tekist að vinna sér það traust meðal aðila vinnumarkaðarins að þeir hafa verið reiðubúnir til að taka höndum saman við ríkisstjórnina til þess að fá fram þær úrlausnir sem við munum nú senn njóta. Og það gera ekki aðilar vinnumarkaðarins nema að þeir treysti þeim sem eru við stjórnvölinn í landinu. Við skulum gera okkur grein fyrir því að til að ná þessum árangri hefur launafólkið í landinu orðið að sætta sig við og semja um 15% kaupmáttarskerðingu. Halda menn að samtök launafólksins í landinu mundu nokkurn tímann fást til þess að semja yfir sig slíka kaupmáttarskerðingu ef þau treystu ekki þeim stjórnvöldum sem með völd fara þegar slíkir samningar eru gerðir, ef þau treystu ekki stjórnvöldum til að þessar fórnir mundu skila árangri? Það er ekki núverandi ríkisstjórn sem upphaflega fékk þetta tilboð, þetta tilboð um niðurfærslu kaupmáttar til þess að ná árangri í efnahagsstjórnun. Það var ríkis-

stjórn Þorsteins Pálssonar sem fyrst fékk þetta tilboð. Það tilboð var samið af sérstakri nefnd sem þáverandi forsrh., Þorsteinn Pálsson, skipaði til þeirra starfa og vann í daglegu samráði við hann. Í nefndinni átti m.a. sæti sá maður sem síðar kom í ljós að var sá aðili innan Vinnuveitendasambands Íslands sem þeir treystu öllum öðrum fremur til að veita sér forustu. Það var þessi nefnd sem fyrst kom fram með tillöguna um niðurfærslu lífskjara og þjóðarsátt svo hægt yrði að byrja að byggja upp á ný. En jafnvel þó að þessi nefnd starfaði í umboði og á vegum sjálfs forsrh. þá var hann fyrstur manna til að segja nei. Á sama tíma og samstarfsflokkar Sjálfstfl. í ríkisstjórn voru tilbúnir til þess að reyna þá leið sem þarna var boðið upp á var það Þorsteinn Pálsson forsrh. sem var fyrstur til þess að segja nei. Hans tillaga var sú að í staðinn fyrir slíka þjóðarsátt, í staðinn fyrir að reyna þá niðurfærslu lífskjara sem orðið hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar, sem var óhjákvæmileg til þess að hægt yrði að ná þeim árangri sem nú yrði náð, í staðinn fyrir þetta yrði gripið til þess gamla úrræðis að fella gengið mjög verulega. Hvað hefði það haft í för með sér? Það hefði að sjálfsögðu haft það í för með sér að verðbólgan hefði farið á bullandi gang enn eina ferðina með þeim kaupmáttarskerðingum, atvinnumissi og öðru því tjóni sem við Íslendingar þekkjum af reynslunni að slíkar ákvarðanir hafi í för með sér.

Það var því ekki bara Kvennalistinn sem fékk tækifæri til að vera með og forðaði sér að sínum pólitísku hungurmörkum í staðinn fyrir að taka því boði. Það var Þorsteinn Pálsson og Sjálfstfl. sem lét búa til fyrir sig og samstarfsmenn sína það tilboð um niðurfærslu lífskjara sem gert var þeim stjórnvöldum sem treystu sér til að taka slíku tilboði og fylgja því eftir til árangurs. Hann hljóp líka brott frá ábyrgðinni eins og sætabrauðsdrengurinn sem hljóp brott frá hundinum, kettinum og endaði að lokum í kjaftinum á úlfinum.

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að ræða langt mál um fjárlagafrv. enda fæ ég tækifæri til þess í fjvn. síðar. En að sjálfsögðu eru ýmsar tillögur í þessu fjárlagafrv. sem er ekki fyrir fram gefið að nái fram að ganga. Það hefur aldrei verið í neinu fjárlagafrv. síðan ég kom hingað inn á Alþingi að allar þær tillögur um útgjaldamál og tekjuaflanir sem ríkisstjórn hefur gert hafi náð fram að ganga í meðförum Alþingis. Auðvitað getur það verið, án þess að ég sé neitt að fullyrða um það, að einhverju af þeim tillögum verði breytt í meðförum Alþingis nú eins og svo oft áður, enda er Alþingi til þess að taka við tillögum frá framkvæmdarvaldinu og leggja sitt sjálfstæða mat á þær tillögur og afgreiða þær síðan eins og meiri hluti Alþingis stendur að hverju sinni.

Þessar tillögur markast af tvennu. Í fyrsta lagi eru gerðar tillögur af hálfu hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar um að afla nýrra tekna fyrir útgjöldum. Í öðru lagi eru gerðar tillögur um að lækka útgjöld sem fyrir eru. Auðvitað eru þær tillögur ekki sársaukalausar. Menn eru ekkert að leika sér að því að gera tillögur t.d. um að reyna að draga úr útgjöldum í heilsugæslu með því að samræma yfirstjórn. Menn eru ekkert að leika sér að því að gera tillögur um að draga úr kostnaði, við skulum segja almannatryggingar með því að tekjutengja tryggingabætur. Menn eru ekkert að gera þetta að gamni sínu. Menn eru að gera þetta vegna þess að þeir vilja koma fram á Alþingi með ábyrgar tillögur og það er meiri kjarkur að leggja slíkar tillögur fram en að viðhafa þau vinnubrögð sem hér hafa m.a. komið fram frá stjórnarandstöðunni að segja nei, bæði við tillögunum um að auka tekjur og við tillögunum um að lækka útgjöld. Í málflutningi þeirra hér, það sem af er a.m.k., hef ég enga tillögu heyrt um hvaða aðrar tekjuaflanir eigi þá að viðhafa í stað þeirra sem stjórnarandstaðan neitar. Og ég hef ekki heldur heyrt neinar tillögur frá stjórnarandstöðunni um hvað eigi þá að skera niður í staðinn fyrir þær tillögur til niðurskurðar sem ríkisstjórnin hefur gert og stjórnarandstaðan neitar.

Það má vel vera að það skapi tímabundnar vinsældir með þjóðinni að vera í senn bæði á móti tekjuöflun og niðurskurði útgjalda. Það er bara í samræmi við það sem fram hefur komið í skoðanakönnunum fyrir nokkrum mánuðum síðan að það virðist vera almenn afstaða Íslendinga að enginn eigi að borga skatta en allir eigi að fá allt fyrir ekki neitt frá ríkinu. Svona geta menn talað á kaffihúsum og yfir glasi en svona geta alþingismenn, sem eiga að hafa ábyrgðina með höndum um stjórn þjóðarskútunnar og um afkomu ríkissjóðs, ekki talað, en gera það engu að síður.

Hæstv. ríkisstjórn hefur unnið stórvirki í sambandi við endurskoðun og endurhönnun á öllu tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Á því er enginn vafi. Menn geta auðvitað deilt um það, og gera það tæpitungulaust, hvort skatthlutfall á Íslandi sé svona mikið lægra en í þessu eða hinu OECD-landinu eða svona mikið hærra. Vissulega er margt sérstakt með íslenska samfélagið, m.a. það að tryggingaiðgjöld hér á Íslandi eru í mörgum tilvikum, þó ekki öllum, greidd beint til lífeyrissjóðanna, þegar tryggingaiðgjöld í nágrannalöndunum eru greidd í gegnum ríkissjóð sem verður þá nokkurs konar gegnumstreymissjóður fyrir almannatryggingar. En menn mega ekki gleyma því að þó að svo sé þá eru mjög verulegar fjárhæðir sem ríkissjóður þarf að greiða og afla tekna fyrir til þess að greiða opinberum starfsmönnum lífeyri umfram það sem iðgjöld þeirra sjálfra og mótframlag ríkissjóðs stendur til. Ég efast um það þegar þessir reikningar yrðu gerðir upp að þá hallaði mjög mikið á ríkissjóð Íslands í því sambandi.

Það er líka rétt að aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er nokkuð önnur en ýmissa nágrannaþjóða en að halda því fram að sérfræðingar OECD kunni ekki á þetta og viti þetta ekki og hafi ekki menntun eða getu til þess að reikna með svo sjálfsögðum hlutum í skattamati sínu, þegar þeir bera saman skattbyrði á Íslandi og skattbyrði í OECD-löndunum, er auðvitað út í hött. Einhver strákur hér uppi á Íslandi hleypur til, Þorsteinn Pálsson, og segir: Þessir sérfræðingar frá OECD hafa bara ekki hundsvit á þessu. Ég, lögfræðingurinn hér uppi á Íslandi, ætla að kenna þessum mönnum hvernig þeir eiga að fara að. — Þetta er auðvitað gersamlega út í hött. Honum gefst nú tækifæri til

að prédika yfir sérfræðingunum og kenna þeim hvernig þeir eigi að meta skattbyrði í hinum einstöku löndum á þeirri ráðstefnu sem hæstv. fjmrh. var að upplýsa okkur um hér áðan að hann ætlaði að bjóða til. Væntanlega boðar hann sérstaklega til forsvarsmenn Sjálfstfl. í skattamálum svo þeim gefist nú kostur á því, strákunum þar, að kenna þessum hagfræðingum OECD hvernig þeir eigi að vinna sína heimavinnu. Sjálfsagt munu þeir gera það með mjög góðum árangri, ég efa það ekki.

Þessi ágreiningur um skattbyrði á Íslandi samanborið við önnur lönd breytir ekki því að á núverandi kjörtímabili hefur allt tekjuöflunarkerfi ríkisins verið endurskipulagt. Ég get upplýst menn um það ef þeir vita það ekki að nágrannar okkar á Norðurlöndum öfunda Íslendinga af því tekjuskattskerfi sem við höfum. Hvergi á Norðurlöndum eru skattleysismörkin jafnhá og hér á Íslandi, þó svo að Íslendingum finnist þau ekki vera nógu há því að enginn Íslendingur vill borga skatta. Hvergi á Norðurlöndum er skattbyrði í tekjuskatti eins lág og hér. Ég get upplýst menn um það að ég kem dálítið nálægt atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlanda, fólks á aldrinum 18–26 ára. Það sem þetta unga fólk sem vinnur hér á Íslandi hefur sérstakt orð á er hvað okkar tekjuskattskerfi sé einfalt og auðskilið og hve skattbyrðin í tekjuskattinum sé lág miðað við það sem það þekkir til í sínum heimalöndum. Það er varla einn einasti af þessum ungu konum og körlum sem hingað hefur komið til atvinnu sem ekki hefur haft sérstakt orð á þessu. En fólkið sem vill telja Íslendingum trú um það að þeir lifi við hungurmörk heldur því auðvitað fram að hvergi í veröldinni sé önnur eins skattaáþján eins og á íslenskum skattborgurum og fylgir því svo eftir með því að segja: Þú átt auðvitað ekkert að borga í skatt, en þú átt að fá allt það sem þú vilt fyrir ekki neitt frá ríkinu og Kvennalistinn mun sjá um það.

Sú vinna sem unnin hefur verið í fjmrn. og af embættismönnum fjmrn. hvað varðar endurskipulagningu á tekjuhlið frv. með endurhönnun alls skattkerfisins er afrek. Það er ekki bara afrek þeirra pólitísku aðila sem hafa haft forustu um þetta í fjmrn., hæstv. núv. og fyrrv. fjmrh. Þetta er afrek hjá því fámenna starfsliði sem hefur þurft að leysa alla þessa vinnu af hendi hjá íslenska skattkerfinu.

Hæstv. fjmrh. talaði hér áðan um næstu stórverkefni sem vinna þyrfti á sviði ríkisfjármála. Þau næstu stóru verkefni lúta að því að taka þarf útgjaldahlið fjárlaganna nákvæmlega sömu tökum og menn eru búnir að taka tekjuhlið fjárlaganna á síðasta kjörtímabili. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að við stöndum nú uppi með að mínu viti innbyggðan halla á ríkissjóði upp á 3–5 milljarða kr. Útgjöld ríkissjóðs sem við komumst ekki hjá að greiða eru um það bil þetta mikið yfir þeim tekjum sem við getum gert okkur vonir um að tekjustofnarnir skili við eðlilegar aðstæður. Þegar vel árar í þjóðfélaginu og uppsveifla er, kaupmáttur eykst, neysla eykst, þá aukast tekjur ríkisins af veltusköttum. Þá dregur úr þessum innbyggða halla og jafnvel losnum við við hann og rúmlega það. Í erfiðu árferði eins og verið hefur undanfarin ár dregst kaupmáttur saman, tekjur af veltusköttum minnka og þessi halli getur orðið meiri, eða allt upp í 10 milljarðar kr. eins og var á árinu 1987. Engu að síður er það staðreynd að í meðalárferði horfumst við í augu við það að bundin útgjöld, útgjöld sem við eigum í erfiðleikum með að neita okkur um, eru 3–5 milljörðum kr. meiri en tekjurnar sem tekjustofnarnir skila. Á þessu verður að taka. Fólk virðist ekki vera reiðubúið til þess að borga þá skatta sem leggja þarf á til þess að jafna þetta bil með auknum tekjum. Þess vegna verða menn að takast á við þennan vanda útgjaldahliðarmegin. Þá er heldur fátt um fína drætti vegna þess að sá tekjuhalli sem ég er hér að tala um er t.d. að nefna frá því að vera um það bil $^1/_3$ af öllu framkvæmdafé ríkisins upp í það að vera um $^2/_3$ hlutar af öllu framkvæmdafé ríkisins. Menn sjá það auðvitað í hendi sér að þessum vanda verður ekki mætt með niðurskurði á framkvæmdafé umfram það sem orðið er vegna þess að menn munu aldrei ná þeim niðurskurði á framkvæmdum að hann jafni þennan innbyggða halla í rekstri ríkissjóðs. Og þá er ekki nema tvennt til sem eitthvað munar um. Það eru hin dýru kerfi sem þjóna almenningi, skólakerfið og heilsugæslan, eða tilfærslurnar sem hæstv. fjmrh. var hér að tala um, niðurgreiðslur og annað slíkt. Fram hjá þessum þröskuldum komumst við ekki. Á þessu verðum við að taka og það er verkefni næsta kjörtímabils að gera þá uppstokkun útgjaldamegin á ríkissjóði sem núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur gert teknamegin. Að því loknu hafa fjármál ríkissjóðs verið endurskipulögð, ekki bara teknamegin, eins og gert hefur verið, heldur útgjaldamegin líka.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Þetta er frekar almenn hugleiðing en að ég hafi staðnæmst við einstaka þætti í þessu frv., enda gefast mér næg tækifæri á því að gera það síðar.

Guttormur Einarsson:

Virðulegi forseti. Á þessum tímamótum þegar hið háa Alþingi tekst á við afgreiðslu fjárlaga, sem öðru fremur er eitt af mikilvægustu málum þingsins, þá vekur það sérstaka athygli mína að fjárlagafrv. er einstaklega vel úr garði gert að þessu sinni og það er greinilegur áfangi að settum markmiðum sem þessi ríkisstjórn lagði upp með, að koma ríkisfjármálunum í jafnvægi. Að vísu saknaði ég þess sérstaklega að geta ekki skynjað í fjárlögunum sjálfum þær breytingar, þau stefnumarkmið sem hæstv. fjmrh. ræddi svo rækilega í lok sinnar ágætu ræðu hér áðan; stefnumarkmið sem varða framtíðarsýn og eru í anda hinna nýju stjórnmála um alla Mið-Evrópu í dag og hinn vestræna heim; eru í anda þeirra miklu breytinga sem við sjáum að eru að skella á í stjórnmálasögu okkar.

Á landsfundi Borgfl. fyrir rúmum tveim árum var gert mjög vandað landsfundargagn með öllum þeim landsfundarmálum sem þar voru afgreidd. Þetta er 40 síðna rit og það vill svo skemmtilega til að í þessu riti má sjá flesta þá megin stefnuvísa sem hafði verið gert ráð fyrir að kæmu samkvæmt nýju stjórnmálunum og hæstv. fjmrh. var mjög að gera hér að umtalsefni. Það

er því alveg ljóst að sé svo að skilja að Alþb. sé ákveðið í því að tileinka sér þessa stefnu, þá mun Borgfl. vissulega vera búinn að fá keppinaut um hana, það efast ég ekki um. En ég vil lýsa því að ég er í hæsta máta ánægður með frv. fram sett eins og það er, sakna þess þó að í því eru ekki strax nú á þessu þingi róttækari breytingar sem marka ný tímamót í pólitískum málum.

Ég veitti því m.a. athygli í ræðu hæstv. fjmrh. að hann benti á líklegan samdrátt í hagvexti sem er að bresta á í fjármálum þjóðarinnar og hann nefndi þar margar vísbendingar. Ég vil því eilítið stinga niður fingri á nokkrum stöðum. Hann talar um að vextir fari lækkandi. Það er alveg rétt, þeir hafa lækkað en það hafa þó heyrst raddir ábyrgra manna úti í þjóðfélaginu um að vextir hafi ekki lækkað jafnhratt og skyldi verið hafa vegna þess að einhvers staðar er tregða í kerfinu. Við heyrum gjarnan um það talað að ríkissjóður sé að keppa við hinn almenna fjármagnsmarkað með útboðum á sínum skuldabréfum. Ég þykist vita, þótt ég hafi ekki fulla vissu fyrir því, að ríkissjóður bjóði sín ríkisskuldabréf með litlum sem engum afföllum eða með a.m.k. skynsamlegum afföllum, á meðan það hefur liðist að í hinu almenna fjármagnskerfi hafa verið teknir upp þeir viðskiptahættir að taka grófleg afföll í hvers konar lánafyrirgreiðslu. Það er því sýndarmennska að halda því fram að vaxtakjör séu orðin verulega lág á Íslandi, síður en svo. Þetta heitir bara orðið nýjum nöfnum allt saman í dag.

Svo mjög sem hefur verið bent á það að ýmsir gjaldaliðir hafi verið skorðaðir af í útgjöldum ríkisins, tel ég bráðnauðsynlegt þó að gera að umtalsefni ákveðna þætti sem þurfa nánari athugunar við. Það háttar svo til í dag í íslensku þjóðfélagi að það er að bresta á hér töluverður atgervisflótti ungs, vel menntaðs fólks sem sér ekki í hendi nýja atvinnumöguleika hér á landi og er farið að líta stórlega til erlendra atvinnumöguleika. Ég ætla að lesa hér úr minnisblaði frá Rannsóknaráði ríkisins upplýsingar sem koma frá OECD og fjalla nánar um þetta atriði, með leyfi virðulegs forseta:

„Einna athyglisverðast er að flest ríki OECD sjá nú fram á mikinn skort á sérhæfðum starfskröftum á sviði raunvísinda og verkfræði því eftirspurn fer ört vaxandi en ungu fólki í viðkomandi aldursflokkum og á viðkomandi fræðasviðum fer fyrirsjáanlega fækkandi. Það veldur mönnum því áhyggjum að samtímis því sem þróun á Íslandi bendir til ört fjölgandi fólks með sérhæfða menntun er sáralítil aukning í samsvarandi starfstækifærum. Þess vegna eru vaxandi horfur á atgervisflótta frá Íslandi á næstu árum."

Það fer ekki á milli mála að við Íslendingar sem höfum fjárfest mjög í æsku þessa lands og menntakerfinu getum horft fram á það að tapa ungu atgervisfólki frá okkur á tiltölulega fáum árum ef ekki verður snarlega við brugðið. Og þá situr hér eftir hnípin þjóð í vanda. Hér ber því að skoða vandlega hvort ekki sé bráðnauðsynlegt að snúa blaðinu við og veita ríflega fjármunum á nýjan leik í hagnýtar rannsóknir, því þar hefur samdráttur orðið geigvænlegur á síðustu árum. Þær rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem við höfum komið á fót hafa orðið að líða skort í fjárveitingum, því miður, og ég sé fram á að verði ekki þar eða í gegnum þær opnaðar nýjar atvinnuleiðir, þá er voðinn vís.

Einnig má benda á það að fjárveitingar til Rannsóknaráðs ríkisins hafa dregist saman um allt að 40% á árunum 1985–1990. Þetta gerist á Íslandi meðan aðrar þjóðir innan OECD, og ekki síst þær sem hingað til hafa verið taldar mjög vanþróaðar, hafa stóraukið allar fjárveitingar sínar í rannsóknastörf til að skapa ný atvinnutækifæri og opna menntuðu fólki möguleika til að setjast að í sínum heimalöndum og takast á við tæknivædd verkefni.

Virðulegi forseti. Það er á fleiri stöum sem rétt er að bera niður í þessum umræðum. Ég tel einnig nauðsynlegt að við sinnum betur þeim atvinnusprota sem ekki er njörvaður í kvótum hér á landi og á ég þar við almenna ferðaþjónustu. Á meðan við stöndum frammi fyrir þeim vandamálum að atvinnumál byggðarlaganna, hinna dreifðu byggða í landinu, eru bundin í kvótum er vís vegur til að opna ákveðnar leiðir fyrir þau byggðarlög til að takast á við ný verkefni og ég sé í hendi mér að það liggur fyrir að reyna það á sviði ferðamála. Það ber því að beita ákveðnum aðgerðum til að renna styrkari stoðum undir þessi mál. Ég vil beina þeim orðum mínum til hæstv. fjmrh. að hann láti endurskoða fjárveitingar til Ferðamálaráðs því að þar mun töluvert á skorta að veitt hafi verið því fjármagni sem því réttilega ber.

Á sama hátt og ég hef gert nú að umtalsefni æsku þessa lands og líklegan atgervisflótta hennar vil ég einnig benda á það að okkur ber að styrkja þær menntastofnanir sem líklegastar eru til að geta skilað starfhæfu, vel menntuðu fólki út í atvinnulífið á sem skemmstum tíma. Og mér verður þá starsýnt á skólastofnun eins og Tækniskóla Íslands því þar má á tiltölulega skömmum tíma virkja ungt fólk til að skapa ný atvinnutækifæri á Íslandi. Að sjálfsögðu gera aðrar skólastofnanir það einnig en ég er sannfærður um að með því leggja rækt við Tækniskóla Íslands megi með skjótum hætti renna styrkari stoðum undir skilvirkara skólanám fyrir frumkvöðla í atvinnulífinu.

Ef við lítum aðeins á mál sem snerta skattabreytingar á Íslandi, þá tel ég nauðsynlegt að lækka þá skattliði sem hafa valdið okkur ákveðnum erfiðleikum. Þar vil ég nefna skattgjöld eins og aðstöðugjöld sem hafa röng áhrif á uppbyggingu í atvinnustefnu landsmanna. Þess í stað getur ríkissjóður að sjálfsögðu náð til sín tekjum af viðkomandi starfsemi í tengslum við arð sem fyrirtækin skila. Því ber að leggja áherslu á skatttekjur af hagnaði fyrirtækja eins og hann liggur fyrir en vera ekki að selja þeim aðgangseyri að atvinnumarkaði þjóðarinnar í formi veltuskatta.

Virðulegi forseti. Svo mjög sem ég gæti eytt löngum tíma í að ræða þessi mál þá hef ég þó staldrað við þau tvö meginatriði sem á þessum tíma eru mér hugstæð. Ég mun svo síðar fjalla nánar um þau, sjái ég tilefni til, eða aðrir borgaraflokksmenn gefa sig að því. En að lokum þetta:

Það ber brýna nauðsyn til að hefjast nú handa við að renna nýjum stoðum undir atvinnutækifæri á Íslandi. Við getum víða leitað og fundið góða viðsemjendur um að koma hér til samstarfs við Íslendinga og þá er ég ekki að tala um stóriðju. Ég er að tala um meðalstór og smá fyrirtæki. Slíkur valkostur getur boðist okkur Íslendingum nú ef fallist verður á að eiga samvinnu við alþjóðafyrirtækið Plant Location International sem býður þá þjónustu að leita uppi slík fyrirtæki og gangast fyrir því að þau komi til samninga við okkur. Hér er um að ræða fyrirtæki sem flestöll starfa í hátækniiðnaði. Það verður mikil verðmætasköpun í meðförum þeirra afurða sem þar eru framleiddar. Þar með skiptir ekki öllu að vegalengdir eru miklar frá Íslandi til Evrópu og annarra landa heldur hitt miklu frekar að við eigum þá auðlind, Íslendingar, sem er vel menntuð æska og það er einmitt slíkt umhverfi sem svona fyrirtæki leita að.

Ég læt svo máli mínu lokið, virðulegur forseti, og þakka fyrir.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að fara hér nokkrum orðum um aðeins einn þátt í því fjárlagafrv. sem til umræðu er en ekki að fara neina heildaryfirferð yfir frv. enda hefur það verið gert af fulltrúa míns þingsflokks.

Þeir sem hafa fylgst með undirbúningi fjárlagasmíðinnar úr nokkurri fjarlægð, eins og við þingmenn stjórnarandstöðunnar, hafa furðað sig nokkuð á því að það virðist ekki vera samstaða í ríkisstjórninni um frv. Það hefur komið fram opinberlega, a.m.k. hjá einum ráðherra sem er hér staddur, að sá ráðherra, hæstv. félmrh., geti ekki stutt frv. eins og það er lagt fram. Ég verð nú að segja það að ég er dálítið undrandi á því að aðrir þingmenn í þessari umræðu skuli ekki hafa vakið máls á því að hér við 1. umr. um fjárlagafrv. liggur fyrir opinber yfirlýsing frá einum hæstv. ráðherra um að hann styðji alls ekkert frv. eins og það kemur fyrir, í það minnsta að því er varðar tiltekna málaflokka sem undir þennan ráðherra heyra.

Getspakir menn eru vafalaust búnir að geta sér þess til að hér sé átt við framlög til byggingarsjóðanna og það sem að þeim snýr í þessu frv. Eins og lesendur frv. hafa kynnt sér er ekki einu sinni liður lengur í A-hluta fjárlagafrv. sem heitir Byggingarsjóður ríkisins. Það er ekki bara búið að skera framlögin niður, það er búið að þurrka hann út úr frv., þennan lið. — Snyrtilegt, skýtur ábyrgðarmaður frv., hæstv. fjmrh., hér inn.

Spurningin er auðvitað þessi: Styður félmrh. þetta frv. eins og það er úr garði gert eða gerir hún það ekki? Og ef það er ekki svo, ja, þá er staðan auðvitað allt önnur í þinginu gagnvart framgangi þessa máls en gefið hefur verið í skyn af hæstv. fjmrh. og öðrum talsmönnum ríkisstjórnarinnar við þessa umræðu.

Félmrh. hefur lýst því yfir opinberlega að hún hyggist flytja í eigin nafni, ef ekki vill betur, tillögur um að breyta ákveðnum liðum í fjárlagafrv., þeim sem snúa að byggingarsjóðunum. Og ég spyr fjmrh.: Hvernig ætlar hann að bregðast við flutningi slíkra tillagna? Hvað ætlar hann að gera, ef ekki bara einstakir stjórnarþingmenn heldur jafnvel ráðherrar byrja á þeirri nýbreytni að flytja brtt. við fjárlagafrv., einstaka liði sem þeim eru kærir? Fjmrh. er kunnur áhugamaður um stjórnarfar. Hvað finnst honum um slíka nýbreytni í stjórnarfari hér á Íslandi ef einstakir ráðherrar taka upp þá nýlundu að flytja brtt. við frv. sem þeir bera að sjálfsögðu ábyrgð á ásamt fjmrh.? Hvernig hyggst fjmrh. bregðast við því?

Ég sakna þess í tengslum við þetta mál, vegna þess að það hefur verið mikið rætt í sumar, að þess sé með einhverjum hætti getið hvernig eigi að taka á vanda byggingarsjóðanna. Ég skal lesa það sem segir í fjárlagafrv. um þetta efni vegna þess að það er afar fljótlesið. Þar segir einfaldlega með svipuðum hætti og sagði í ræðu ráðherrans: „Aðgerða er þörf í málefnum byggingarsjóðanna." Það voru nú aldeilis tíðindi. Það sem auðvitað vantar bæði í þetta og annað sem frá stjórninni hefur komið í þessum málum er: Hvað ætlar hún að gera og hvernig ætlar fjmrh., sem fjárhaldsmaður stjórnarinnar, að bregðast við þeim vanda sem uppi er? Ég þykist vita að hann hafi kynnt sér nákvæmlega skýrslu sérstakra trúnaðarmanna félmrh. sem dags. er 22. júní sl. þar sem rakinn er vandi sjóðanna, sérstaklega Byggingarsjóðs ríkisins. Ég þykist líka vita að hann hafi kynnt sér greinargerð Ríkisendurskoðunar frá því í september. En athuganir hans á þessum mikilvægu skjölum hafa leitt til þeirrar niðurstöðu hjá fjmrh. að hann telur að „aðgerða sé þörf í málefnum byggingarsjóðanna". Það segir í greinargerð frv. og það var staðfest í ræðu ráðherrans sem var flutt fyrr í dag. Hvernig hyggst fjmrh. leysa vanda Byggingarsjóðs ríkisins?

Í framhaldi af því vaknar eðlilega sú spurning að því er varðar næsta ár, 1991, hvað ætlar fjmrh. sér að gera með samþykkt flokksþings Alþfl. að því er varðar þennan vanda? (**Fjmrh.:** Ég er ekki í Alþfl.) Ekki neitt, segir hann. (**Fjmrh.:** Nei, nei, ég sagði það ekki.) Hann sagðist ekki vera í Alþfl. Með öðrum orðum, honum kemur þetta ekkert við. Ja, það er auðvitað svar. En það liggur fyrir af þessu fræga flokksþingi að því er mér skilst ákveðin samþykkt um fjárhagsmálefni þessara sjóða fyrir næsta ár. Og spurningin er sú: Er meiningin af hálfu fjmrh. að gera nýtt samkomulag um þetta efni við Alþfl. eða á bara að láta skeika að sköpuðu, ef flutt verður tillaga frá félmrh., um það hvernig atkvæði falla um hana? Í þessu sambandi er auðvitað sérstaklega athyglisvert að fá svör við því hvort hugmynd utanrrh. um að flytja fjármagn milli sjóða, úr Lánasjóði námsmanna yfir í Byggingarsjóð ríkisins, hefur hljómgrunn hjá fjmrh. vegna þess að það er auðvitað athyglisverð nýbreytni að taka upp á því við gerð og meðferð fjárlaga á Alþingi að taka úr Lánasjóði námsmanna og flytja yfir í Byggingarsjóð ríkisins. Stendur þetta til? Og fjmrh. svarar því á staðnum með því að segja nei. Gott og vel. Þá liggur það fyrir. En eftir standa spurningar mínar til félmrh. um hver hennar afstaða sé til frv. í ljósi þeirrar afgreiðslu

sem fengist hefur í ríkisstjórn á byggingarsjóðunum tveimur, sérstaklega Byggingarsjóði ríkisins og síðan spurningarnar til fjmrh. að því er varðar það hvernig hann hyggst taka á vanda Byggingarsjóðsins og hvernig hann ætlar að bregðast við væntanlegum tillögum félmrh. um breytingar á frv. sem var gerð grein fyrir í dag.

Ég ætla ekki að snúa þessari umræðu um fjárlagafrv. upp í allsherjarumræðu um vandamál byggingarsjóðanna eða stöðu húsnæðismálanna. Ég geri ráð fyrir því að til þess verði næg tækifæri á næstu dögum og vikum. Og ég ætla ekkert að misnota þessa umræðu til að fara út í slíka umfjöllun. En það er alveg ljóst og það hefur blasað við lengi að þarna er gríðarlegur vandi fyrir höndum sem menn hafa vitað um lengi en sem því miður hefur verið trassað að taka á eins og við höfum rætt hér í þessum sal á undanförnum þingum, ekki síst á síðasta þingi. Það hefur verið trassað að taka á fjárhagsvanda Byggingarsjóðsins sjálfs, þó svo að fyrir hafi legið í langan tíma hvað þar væri á ferðinni og hvað þar þyrfti að gera. Og því miður hvílir höfuðábyrgðin á því ástandi og þeim trassaskap hjá hæstv. félmrh. sem ber auðvitað höfuðábyrgð á þessum málaflokki í ríkisstjórninni, þó að aðrir ráðherrar geti að sjálfsögðu ekki skotið sér undan meðábyrgð sem því fylgir að starfa með öðrum aðilum í ríkisstjórn.

Ég ætla ekki að eyða mikið meiri tíma í þetta núna, virðulegi forseti, og virði tilmæli forseta um það. Ég hins vegar hlustaði með athygli á ræðu fjmrh. þar sem hann gerði grein fyrir frv. í heild. Vissulega kenndi þar ýmissa grasa sem ástæða er til að athuga betur og jafnvel taka undir, ekki síst þá þætti er varða skipulagsmálefni og vinnubrögð í tengslum við fjárlagagerð, ríkisreikning, fjárlög o.fl. í þeim dúr. Ég hygg að það sé að skapast miklu víðtækari samstaða um slík málefni en verið hefur og vissulega hefur þar ýmsu verið þokað til rétts vegar á undanförnum árum. En mér þótti heldur betur slá út í fyrir fjmrh. þegar hann í mælskuflóðinu í lok ræðu sinnar fór að gera úttekt á ástandi heimsmála og lagði að jöfnu annars vegar hrun kommúnismans í Austur-Evrópu og hins vegar það að efnahagsstefna einhverra tiltekinna ríkisstjórna í lýðræðislegum ríkjum hafi ekki gengið eins og talsmenn hennar hafi gert sér vonir um. Þetta er alveg fráleitur samanburður og fráleitt af manni sem er prófessor í stjórnmálafræði að gera sig sekan um slíkan málflutning, að bera saman kerfi kúgunarinnar, fangelsiskerfið í Austur-Evrópu, sem nú er sem betur fer hrunið og allir fagna, meira að segja gamlir kommúnistar uppi á Íslandi, bera það saman við það hvernig einstakar ríkisstjórnir í lýðræðisríkjum hafa skipað sinni efnahagsstefnu. Auðvitað er því ekki saman að jafna. Ríkisstjórnir hafa komið og farið í vestrænum ríkjum og haft hinar og þessar efnahagsstefnur. Og fólkið hefur haft frelsi til þess að velja og hafna. Það er grundvallarmunurinn á því kerfi sem þar hefur verið og hins vegar hinu nýhrunda kerfi kommúnismans í Austur-Evrópu sem var að niðurlotum komið og, eins og ráðherra sagði réttilega, fékk ekki staðist að neinu leyti.

Ég ætla að leyfa mér að gera þessa athugasemd við niðurlag ræðu fjmrh. en ætla ekki að fjalla um efni hennar að öðru leyti við þetta tækifæri. Hann er íhaldsmaður í fjármálum orðinn, heyrist mér á þessari ræðu, og er það út af fyrir sig ánægjulegt þó svo það sé býsna sérkennilegt að heyra hæstv. fjmrh. Alþb., Ólaf Ragnar Grímsson, tala um óréttláta skattlagningu í öðrum löndum eins og hann gerði varðandi Bretland í sinni ræðu, maðurinn sem fann upp ekknaskattinn á Íslandi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur varaþingmaður Alþb., hæstv. fjmrh., lagt fram fjárlagafrv. sitt og hefur haft mörg orð um það sem stendur í því.

Hæstv. fjmrh. hélt mikla ræðu fyrr í dag og fór alveg aftur til Loðvíks XVI. þar sem hann taldi að fjármálaferill fyrrv. forseta Bandaríkjanna hefði byrjað. Ég sá nú reyndar ekki tengsl við það og veit ekki til þess að fyrrv. forseti Bandaríkjanna, Reagan, hafi haft tengsl við Loðvík XVI. og má þá ætla að fjmrh. hafi samband við æðri máttarvöld og horfna menn á jörðinni. Þetta var mjög sérkennilegur hluti ræðunnar. Hinu fagna ég að hæstv. fjmrh. játaði að það kerfi sem hann hefur barist fyrir með oddi og egg í fjölda ára er nú fallið og fagnaði því að kommúnistar austan tjalds væru fallnir og sá blekkingarleikur, sem þeir hefðu haft í frammi, væri ekki lengur hafður uppi því að nú gætu menn séð hvað gæti farið fram í þeim löndum. Og ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli játa það að hann hefur alltaf haft rangt fyrir sér í þessum efnum og það er gott að hafa það skjalfest í þinginu.

Þau fjárlög sem liggja fyrir eru auðvitað fyrst og fremst fjárlög skattakóngsins sem stýrir fjármálunum, fjárlög Ólafs Ragnars Grímssonar, sem hefur lagt á meiri og þyngri skatta en nokkur annar fjmrh. fyrr eða síðar.

Í fjárlagafrv. kemur fram að skattahækkanir milli ára eru 10% sem þýðir að þær eru 5–6% hærri en tekjurnar hafa vaxið hjá almenningi í landinu. Þetta er auðvitað miðað við framlagningu á fjárlögum fyrir síðasta ár. Hæstv. fjmrh. lýsti því fjálglega við framlagningu fjárlagafrv. fyrir síðasta ár og árið þar áður hvað það væri vel gert og vel unnið. Þá hafði ég reiknað út skv. þeim gögnum sem ég hafði, en ég hef ekki öll þau gögn sem hæstv. fjmrh. hefur, að það mundi a.m.k. vanta 3 milljarða 165 millj. í þær tölur sem varðar skatta, þeir væru of lágt reiknaðir. Nú hefur þetta verið staðfest af fjmrh. með framlagningu aukafjárlaga þar sem kemur fram að ég hef verið nær þessum tölum heldur en fjmrh. þegar ég reiknaði þær út. En það kemur fram að vanáætlaðir skattar í fjárlagafrv. síðasta árs eru 3,6 milljarðar. Þetta sýnir nú í rauninni mjög glögglega hvernig staðið var að þessum fjárlögum og sýnir glögglega að þrátt fyrir yfirlýsingar fjmrh. eru vinnubrögðin ekki betri en svo að það eru vanáætlanir í sköttum og einnig í útgjöldum. Það sem er alvarlegt við þessi fjárlög er auðvitað þessi aukna skattheimta án þess að það hafi verið gerð alvarleg tilraun til þess að lækka ríkisútgjöld. Og það sem er einnig al-

varlegt við þetta er það að hér skuli haldin löng og mikil ræða af hæstv. fjmrh. í þá veru hvað ríkisfjármálin standi nú vel og séu snilldarlega vel gerð af hans hálfu þegar það stenst ekki. Ég hefði viljað koma hér inn á marga þætti fjárlaganna en að sinni held ég að sé betra að halda sig við afmarkað svið. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það sem stendur á bls. 271 í fjárlögum, með leyfi forseta:

„Í áætlun um tekjur af hinu nýja tryggingaiðgjaldi fyrir árið 1991 er auk fyrrgreindrar breytingar gert ráð fyrir sérstöku álagi á iðgjaldsstofninn. Þetta atriði er tengt þeim breytingum sem kunna að verða í skattlagningu ríkis og sveitarfélaga með aukinni samræmingu skattkerfisins við alþjóðlega þróun. Enn fremur er álagið hugsað til að mæta auknum kostnaði ríkisins vegna ýmiss konar þjónustu við sveitarfélög, sérstaklega hin stærri, á síðari árum. Hins vegar kemur til greina að í stað álagsins komi aukin þátttaka sveitarfélaga í þessum kostnaði. Miðað er við að álagið skili 800 millj. kr. á næsta ári."

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann geti ekki skýrt þinginu frá því nákvæmlega hvernig þessar auknu álögur eigi að leggjast á fólk. Er það eingöngu á atvinnurekstur í einkarekstri? Er það á atvinnurekstur sveitarfélaga? Er það á atvinnurekstur bænda? Er það á atvinnurekstur eins og opinberar stofnanir ríkisins? Er þetta einhver töluleikur? Hvaða auknu álögur eru þetta? Og ég held að það sé nauðsynlegt að fá úr þessu skorið því að þetta er afar óljóst orðað í frv.

Ég hefði getað haldið hér töluvert langa ræðu um skattaútreikning hæstv. fjmrh. og full ástæða til að taka það fyrir þegar að því kemur. Ég vil aðeins ítreka það að hér eru hæstu eignarskattar sem lagðir eru á á byggðu bóli. Það finnst alla vega ekkert land í heiminum sem leggur á hærri eignarskatta og það á íbúðarhúsnæði vegna þess að fyrst og fremst eru hér lagðir eignarskattar á íbúðarhúsnæði.

Ég vil minna á þjóðarbókhlöðuskattinn. Það væri fróðlegt að fá því svarað hvað fjmrh. hefur hugsað sér að taka af þeim skatti til annarra nota en er ætlað í lögunum, eins og hann hefur gert undanfarin ár, og reyndar aðrir fjmrh. einnig. Það væri fróðlegt að fá að vita það. En eins og allir vita þá leggst þjóðarbókhlöðuskatturinn að stærstum hluta á íbúa í Reykjavík og Reykjanesi eða 79% af þeim sköttum samkvæmt þeim svörum sem hæstv. fjmrh. hefur gefið mér um þessi mál. (**Fjmrh.:** Hann var fundinn upp af Sjálfstfl.) Hæstv. fjmrh. segir að þessi skattur hafi verið fundinn upp af Sjálfstfl. Má vera, en þessum lögum var nú engu að síður breytt í fyrra og er það þá nýr skattur sem var lagður á þar.

En ég vil einnig minna hæstv. fjmrh. á það að eignarskattar á Íslandi eru þeir hæstu sem um getur og sé borið saman við Norðurlöndin þá er svo gífurlegur munur á þessum sköttum af íbúðarhúsnæði, og reyndar eignarsköttum almennt, að það er með ólíkindum því að yfirleitt er sú grundvallarregla að slíkir skattar leggjast ekki á eignir fyrr en eftir svona 12–16 millj. og eru þá mun lægri heldur en hér. Ég get minnt á í þessu sambandi að af 12 millj. kr. fasteign á Íslandi borgar maður 252 þús. 875 kr. í eignarskatta að meðtöldum fasteignagjöldum, sem eru eignarskattar líka og alltaf taldir til þeirra, en í Finnlandi 7647 kr., aðeins til að gefa hugmynd um hver þessi mikli munur er.

Það hlýtur að vera áhyggjuefni hve háir þessir skattar eru og svo er reyndar um aðra skatta. Þegar reiknaðir eru skattar til samanburðar á milli OECD og Íslands er ég hræddur um að þar vanti inn í ýmis gjöld, þar á meðal fasteignagjöld, og því mundi það hækka skatthlutfallið allverulega ef þeim væri bætt við. Það hlýtur að vera okkar krafa að hér gildi sama regla, eða álíka a.m.k., og gildir hjá öðrum þjóðum um þessi mál. En svo er ekki. Og það er því svo að þeir aðilar sem núna á að gera ókleift að fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins eru hinir sömu aðilar og væntanlega eiga að borga eignarskattana líka.

Ég verð að segja það að sú stefna sem núv. ríkisstjórn rekur varðandi Byggingarsjóð ríkisins er náttúrlega til skammar og hefur hæstv. ríkisstjórn enga afsökun fyrir því. Og ég hefði haft ánægju af því að ræða um það sérstaklega við hæstv. félmrh. sem lagði til með frv. til fjáraukalaga sl. vor að framlög til Byggingarsjóðs ríkisins yrðu skert um 100 millj. og rís nú upp og segir að hæstv. utanrrh. hafi tekið sig af lífi fyrir það að standa ekki með sér í þessum málum. Það er auðvitað dálítið einkennilegur málflutningur. Það hlýtur að vera krafa til bæði fjmrh. og félmrh. að þeir skýri fyrir þinginu hvað þeir ætla að gera í málefnum þeirra sem bíða þúsundum saman eftir framlögum eða lánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Margir þeirra eru með skammtímalán sem er mjög há greiðslubyrði af þannig að stór hópur fólks er í verulegum vandræðum. Ef það er rétt sem hæstv. félmrh. lét koma hér fram við fyrirspurn minni í vor um þetta þá bíða núna um 9000 manns eftir láni frá Byggingarsjóði ríkisins. Þetta er auðvitað ekkert smámál. Þetta er stórmál. Ég hef sagt að þetta varði 20 þúsund manns í landinu, bara þessi hluti. Það hlýtur að vera krafa um það að í fjárlögum fyrir íslenska ríkið sé gerð grein fyrir því hvernig á að standa að þessum málum og hvernig á að leysa vanda þessa fólks til frambúðar. Það hlýtur að vera krafa til hæstv. fjmrh. hverju sinni að hann geri ráðstafanir til þess að málaflokkur af slíkri stærðargráðu sé leystur með einum eða öðrum hætti.

Nú má vel vera að hæstv. fjmrh. muni óska eftir að fara þá leið að setja hér á laggirnar húsbanka sem hefði verið ein leið til að leysa þessi mál og má ætla það af ummælum í hans ræðu. Hann er orðinn það hægrisinnaður að hann getur nú væntanlega staðið með okkur frjálslyndum hægrimönnum í Sjálfstfl. að því að leggja hér fram frv. um að það verði stofnaður einkabanki, húsbanki, til að leysa þessi mál í eitt skipti fyrir öll hvað varðar það fólk sem er að koma sér upp eigin húsnæði. Það hlýtur að vera markmið hverrar ríkisstjórnar að sá málaflokkur sé í höfn og vel sé um þau mál hugsað. Ég get ekki ímyndað mér annað en hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. geti sameinast með okkur um að stofna hér einkafyrirtæki til að leysa úr þessari þörf því ég tel eins og málin standi að við hljótum að gera kröfu um það. Þar sem þessi málaflokkur er nú á fram-

færi ríkisins má segja á að gera ráð fyrir lausn á þessum málum í fjárlögum. Þess vegna hlýtur það að vera krafa til fjmrh., til félmrh., að þeir leggi fram frv. til laga um lausn þessara mála því að það getur ekki talist boðlegt fyrir ríkisstjórn að hér búi fólk í biðröð með tæpar 9000 umsóknir án þess að það viti um neina lausn eða geti gert sér grein fyrir sínum fjármálum. Það hlýtur að vera krafa um það að fólk geti gert sínar áætlanir, heimilin í landinu geti ákveðið hvernig þau ætla að haga sínum málum og treyst því að það sé lausn til langs tíma. Og það hlýtur að verða að gera kröfu um það á tímum þjóðarsáttar, þegar kaupi er haldið niðri en lán hafa hækkað töluvert, að hægt sé að leysa slík mál með varanlegum langtímalánum. Sú brotalöm sem er á þessum málaflokki verður að leysast af ríkisstjórninni og það er ekki hægt að skjóta sér á bak við það að ekkert sé hægt að gera af því að fjárlögin bjóði ekki upp á það vegna þess að það er hægt að leysa þetta með einkafyrirtæki.

Ég verð að segja það, að ræða hæstv. fjmrh. var um margt undarleg þegar hann var að berja sér hér á brjóst og segja að hann hefði nánast einn allra manna lagt fram marktæk fjárlög. Það vita allir að svo er ekki og það vita allir að í þessum fjárlögum hér er innibyggð stífla sem brestur eftir kosningar. Þetta eru ekki raunhæf fjárlög. Það hefði auðvitað þurft að liggja hér fyrir langtímaáætlun um minnkun ríkisbúskaparins sem auðvitað ríkisstjórn hverju sinni er sú eina sem getur lagt fram tillögur um það. Og ég efast ekki um að ef það hefði verið leitað til Sjálfstfl. um slík mál hefði hann verið tilbúinn til að líta á það. Það hlýtur að verða að gera það.

Það eru fréttir um það núna í morgun að sósíalistar í Svíþjóð hafa ákveðið að fækka ríkisstarfsmönnum um 10%. Ég hef reyndar séð fréttir um það frá Svíþjóð að þeir hafa ákveðið að það eigi að skera niður ríkisútgjöldin vegna þess að þeir telja að þeir séu orðnir ósamkeppnisfærir við Evrópulönd. Það sé allt of viðamikið ríkiskerfi, hinn svokallaði sósíalismi sé að hrynja í Svíþjóð eins og hjá félögum Ólafs Ragnars enn þá austar.

Ég vil líka benda á það að fyrir norska þinginu liggja mjög ítarlegar tillögur um breytingu á skattalögum og allar þessar tillögur ganga í þá veru að minnka ríkisumsvif og auka frjálsræði hjá fólki með fjármagnið. Það hefur verið orðað svo að fjármagnið sé hamar og sög fólksins. Ef maður tekur hamar og sög af smið, þá getur hann ekki lengur unnið sem smiður því að hann hefur engin verkfæri. Og eins er það með peningana. Ef það eru lagðir nógu miklir skattar á fólkið, þá myndast það sem hefur myndast í austantjaldslöndunum, það myndast fátækt. Það myndast bágari lífskjör vegna þess að máttur veltunnar er nefnilega töluvert mikill og það þarf ekki að vera þó að skattar séu lækkaðir að skatttekjur ríkisins minnki. Þvert á móti getur það aukið skatttekjur ríkisins vegna þess að peningarnir fá fyrst að velta nokkrum sinnum og ríkið fær oftar skatta en annars yrði. Og ég vil benda á að samkvæmt þessum fjárlögum hér, eftir því sem ég get komist næst, hafa tekjur vegna virðisaukaskattsins ekki aukist eins mikið og fullyrt var þegar sú breyting gekk yfir. Það hlýtur að benda til þess að ráðstöfunartekjur heimilanna séu miklu minni, sem þýðir þá minni veltu í þjóðfélaginu og minni skatttekjur til ríkisins. Það er orsökin fyrir því að virðisaukaskatturinn hefur ekki skilað meiri tekjum en raun ber vitni. Og á þetta hlýtur ríkisstjórn hverju sinni að líta.

Ég efast um að þau fjárlög sem hér liggja fyrir séu raunhæf. Ég óttast að hér eigi að auka skatta á ýmsum sviðum og tel að fjárlögin reyndar staðfesti það. Miðað við fjárlög síðasta árs er reiknað með að eignarskattar aukist um 18%. Miðað við fjárlög síðasta árs er talið að tekjuskatturinn aukist um 27% og miðað við fjárlög síðasta árs er gert ráð fyrir að persónuskattar, eða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, aukist um 60%. Þetta segir töluvert. Þetta segir það að það á að auka skattana á venjulegum launamönnum. Þetta segir auðvitað ekki að það verði svona mikil hækkun, en þetta segir það, ef við tökum fjárlög síðasta árs sem hæstv. fjmrh. talaði hér fyrir og sagði að væru tímamótafjárlög af því að þau væru svo rétt, að það er mikil aukning á skattheimtu, væntanlega fyrir bæði árin 1990 og 1991, fram yfir það sem kaup fólks hefur orðið. Og það er áætlað að þessi skattheimta af fólkinu í landinu verði aukin allverulega.

Ef skoðuð er tímavinna iðnverkafólks í hinum ýmsu löndum þá sjáum við að tekjurnar á Íslandi eru miklu lægri í tímalaunum en í flestum löndum OECD. Við sjáum að fólkið verður að vinna miklu fleiri vinnustundir til að ná upp sömu tekjum. Þetta er líka munurinn á því þegar verið er að bera saman skatta í OECD-löndum og á Íslandi. Samkvæmt niðurstöðum nefndar sem var skipuð til að rannsaka vinnustundir og fjárhæðir sem menn fá út úr því á Norðurlöndunum þá liggja 60 vinnustundir að baki sama kaups og er borgað fyrir 40 á Norðurlöndunum. Íslendingar verða að vinna 60 stundir þegar hinir vinna 40 stundir á Norðurlöndunum. Þetta er aðalmunurinn. Og hvað varðar það að hér séu lægri skattar en í OECD þá er það rangur samanburður vegna þess að það er ekki tekinn með þessi langi vinnutíma og ýmislegt fleira sem vantar inn í þann samanburð. Og þegar hv. 5. þm. Vestf. var að tala hér um hungurmörk áðan þá verð ég að segja það að hv. þm. þekkir greinilega ekki þá sem eiga hvað minnst undir sér hér á Íslandi því það er til fólk sem lifir við hungurmörk, því miður, á Íslandi og það á bágt. Og ég veit það að hæstv. félmrh. veit þetta og þeir menn sem eru í tengslum við það fólk sem minna má sín. En það er til fólk sem á verulega bágt hér á Íslandi, því miður. Fram hjá því verður ekki gengið. Hvað sem verður talað fjálglega um það að við ferðumst til sólarlanda og höfum það alveg dásamlegt, þá er það bara ákveðinn hópur fólks sem getur það. Hins vegar getur þorri íbúa á Norðurlöndunum veitt sér það að fara til sólarlanda vegna þess að ferðir þar eru miklu ódýrari og menn hafa miklu rýmri tekjur og frítíma.

Ég vil að svo stöddu ekki ræða þetta frv. öllu meira en get gert það við síðari umræðu þessa máls. En ég vil segja það að lokum að ef menn vilja tala af alvöru

um launamál á Íslandi og skattlagningu og hvernig staða þeirra mála er, þá verða menn að játa það að það er lakari afkoma hér hjá flestum þjóðfélagshópum en í nágrannalöndunum. Og margir eru farnir að hugsa sér til hreyfings, því miður. Margir eru farnir að hugsa sér að fara af landi brott og eru sumir reyndar þegar fluttir. Þannig er ástandið í dag á Íslandi og fram hjá þessum hlutum getur enginn stjórnmálamaður gengið, hvort sem hann er stuðningsmaður ríkisstjórnar eða í stjórnarandstöðu. Þessi mál verða ekki leyst nema þjóðarbúið fái meiri tekjur og fleiri stoðum verði skotið undir rekstur þjóðarbúsins. Jafnframt verður að íhuga það að skera niður opinbera kerfið. Með þeim hætti sem það er rekið í dag höfum við ekki efni á því.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. fór hér nokkrum orðum um húsnæðismál áðan og beindi nú orðum sínum aðallega til hæstv. fjmrh. Einni spurningu beindi hann að vísu til mín sem ég tel mig reyndar hafa svarað á öðrum vettvangi. Spurning hans laut að því hver væri afstaða mín til þess sem fram kemur í frv. um byggingarsjóðina og þá fjárlagafrv. Ég hef svarað því til, hv. þm., að ég hef lýst ágreiningi við ríkisstjórnina um þá niðurstöðu sem liggur fyrir í frv. til fjárlaga varðandi byggingarsjóðina og áskilið mér allan rétt til þess að ná viðunandi lausn í það mál hér á Alþingi og ég sé enga ástæðu til þess að ætla annað en það náist lausn milli stjórnarflokkanna sem er ásættanleg fyrir alla aðila við meðferð frv. hér á Alþingi.

Ég ætla nú ekki frekar en hv. 17. þm. Reykv. að setja hér á almenna umræðu um húsnæðismál en vil þó fara örfáum orðum um það sem hv. þm. ræddi hér áðan. Hv. þm. viðhafði þau orð varðandi stöðu Byggingarsjóðs ríkisins að þetta væri vandi sem menn hefðu vitað um lengi og, eins og hann orðaði það, það hefði legið fyrir í langan tíma hvert stefndi. Þetta eru vissulega orð að sönnu sem ég get undir tekið.

Ég vil rifja upp, virðulegi forseti, að þegar lánakerfinu frá 1986 var komið á hér á vordögum 1986 fór það í gegnum þessa virðulegu stofnun hér á fimm dögum, í gegnum báðar deildir og meðferð málsins í nefnd, og það gafst lítill tími fyrir hv. þm. til þess að skoða áhrif og afleiðingar af því lánakerfi sem þeir voru að samþykkja. Því hefði auðvitað verið mikill fengur í því ef fyrir hefði legið á Alþingi greinargerð frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem samin var 24. febr. árið 1986 um áhrifin af þessu kerfi sem komið var á laggirnar 1986. Ég hef ekki séð þessa greinargerð fyrr en fyrst í dag og mig rekur í rogastans að sjá þessa greinargerð sem lá fyrir 24. febr. frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem, mér vitanlega, var ekki lögð fyrir Alþingi. Og hver var þá fjmrh. þegar þessu lánakerfi var komið á 1986? Það var formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson. Þetta er greinargerð sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun gerir fyrir þáv. fjmrh. 1986 (**Gripið fram í:** Hver var aðstoðarmaður fjmrh.?) þar sem fram komu skuggalegar tölur um áhrifin af þessu kerfi. Já, ég gleymdi því nú reyndar. Það var, að því er ég best man, virðulegur 17. þm. Reykv. Ég vænti þess að hann hafi þá séð þetta skjal og fjmrh. hafi ekki verið að leyna sinn aðstoðarmann því. Það er alvarlegur hlutur ef þáv. fjmrh. með þetta skjal í höndunum hefur leynt Alþingi þessu áliti Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þar eru metin áhrifin af þessu kerfi allt til ársins 1996 og þá er eingöngu miðað við 1,5% vaxtamismun á inn- og útlánum. Engu að síður kemur þar fram að mismunur, fjárvöntun, þegar teknar eru afborganir og vextir, ættu samkvæmt þessu skjali að vera núna, á árinu 1990, 1530 millj. á verðlagi 1986, 1530 millj. fjárvöntun á verðlagi 1986. Mismunurinn á afborgunum og vöxtum, inn- og útlánum. Það er mjög alvarlegur hlutur, hv. þm., ef það reynist rétt að Alþingi hefur verið leynt þessu skjali sem lá fyrir í fjmrn. á þessum tíma. Vegna þess að mér býður í grun að ef þingmenn hefðu séð þetta skjal sem þá lá fyrir, þegar þessu frv. var hespað í gegnum þingið á fimm dögum, hefðu menn tekið sér lengri tíma til þess að skoða áhrifin af þessu kerfi. Og mér er til efs að það hefðu allir treyst sér til að standa að því miðað við það sem fyrir lá í þessu skjali um þá fjárvöntun sem við mundi blasa á komandi árum ef þetta gengi eftir sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun spáði.

Ég skorast ekki undan ábyrgð í þessum málaflokki, þegar ég fer með þennan málaflokk eins og hv. þm. vitnaði til, enda hef ég lagt fram hér á þingi ýmis frv. til þess að snúa ofan af þessu kerfi, til þess að hægt sé að innleiða kerfi sem gengur upp, t.d. með húsbréfum. Það er mjög athyglisvert, af því að sjálfstæðismenn tala nú mikið um húsnæðismálin og hafa gert það í mörgum greinum hér í sumar, að það er raunverulega enginn sem veit hver er afstaða sjálfstæðismanna til húsnæðismála. Ég held að það væri fróðlegt t.d. að fá svar við því hvort sjálfstæðismenn vilja viðhalda lánakerfinu frá 1986 eða ekki. Þjóðin veit það ekki. Þjóðin hefur ekki hugmynd um það hvort sjálfstæðismenn vilja viðhalda þessu kerfi eða ekki. Þeir eru a.m.k. alltaf að kalla eftir peningum í það og af því má auðvitað draga þá ályktun að þeir vilji viðhalda þessu kerfi. En þegar maður horfir til fjármuna sem lagðir hafa verið í þetta kerfi á fjárlögum 1987, þegar horft er á heildarfjármagn sem hefur farið til húsnæðismála gegnum ýmis bein ríkisframlög í byggingarsjóðina eða gegnum skattakerfið, þá er heildarfjármagnið á árinu 1990 ekki minna en það var á árinu 1987, í fjárlagafrv. sem Þorsteinn Pálsson hefur þá lagt fram fyrir árið 1987. Þar er heildarfjármagn til húsnæðismála, þá er ég að tala um bein ríkisframlög og það sem ríkissjóður tekur á sig í gegnum skattakerfið, 3230 millj. á árinu 1987 en á árinu 1990 3250. Mismunurinn er sá að stærri hluti rennur í gegnum skattakerfið en var 1987 og hvers vegna? Af því að það er búið að breyta kerfinu þannig að niðurgreiðslan sem kemur frá ríkissjóði nýtist þeim sem á því þurfa að halda með vaxtabótakerfinu en minna hefur komið í bein ríkisframlög til sjóðanna í staðinn. En heildarfjármagnið sem ríkissjóður lætur af hendi þessi tvö ár, 1987 og 1990, er það sama.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu, virðulegi forseti. Hv. þm. Hreggviður Jónsson fór nokkrum orðum um þá 5.500 umsækjendur sem bíða í lánakerfinu frá 1986

eftir úrlausn sinna mála. Ég held að það verði að skoða þetta mál í miklu víðara samhengi en hv. þm. gerir vegna þess að húsbréfakerfið þjónar fyllilega þeim umsækjendum sem bíða í lánakerfinu frá 1986. Þeim stendur það öllum opið og það hafa einmitt verið sett ákvæði til bráðabirgða til þess að tryggja það að þeir sem hafa fest kaup á íbúð í lánakerfinu frá 1986 og eru að bíða eftir að fá lánafyrirgreiðslu geta gengið strax inn í húsbréfakerfið þrátt fyrir það að þeir hafi keypt sér íbúð. Það eru sennilega nokkur hundruð af þessum umsækjendum, 5.500, sem bíða í þessari biðröð, sem hafa farið yfir í húsbréfakerfið. Reynslan sýnir að stór hópur af þessu fólki er með greiðslubyrði sem er um það bil 40–60% af tekjum þess og þó það hefði fengið fyrirgreiðslu í lánakerfinu frá 1986 hefði greiðslubyrði þess engu að síður verið um 30–40% af tekjum. En þegar það aftur fer inn í húsbréfakerfið, sem nokkuð stór hópur hefur gert, þá hefur það létt greiðslubyrðina hjá þessu fólki úr því að vera 40–60% af tekjum niður í 15% af tekjum.

Ég vil segja það að ef Alþingi ber gæfu til að samþykkja það frv. sem nú liggur fyrir þingflokkunum um breytingu á húsbréfaviðskiptum, sem sérstaklega á að taka á greiðsluerfiðleikamálum hjá fjölskyldum sem eru í miklum greiðsluvanda og eru við að missa sínar íbúðir, þá held ég að við náum þar stórum áfanga. Margt af þessu fólki er með skuldir upp á að meðaltali um 3,5 millj., skammtímaskuldir upp á 1.250 þús., og ef þetta frv. verður að lögum gæti greiðslubyrði hjá þessu fólki, sem er almennt nú um 100 þús., lækkað niður í 30 þús. Ég er að tala hér um raunhæfar leiðir til þess að ná árangri fyrir þetta fólk og ég er sammála hæstv. fjmrh. um að það á ekki að ausa milljörðum og aftur milljörðum inn í þetta kerfi sem Ríkisendurskoðun hefur staðfest að er gjaldþrota. En við verðum auðvitað að snúa við hjólinu og taka á þessum uppsafnaða vanda og það hef ég lagt áherslu á í ríkisstjórn að verði gert.

Ég skal ekki tefja tímann hér lengur en vænti þess að ég hafi svarað þeim fyrirspurnum sem liggja fyrir. Ég vil þó í lokin, virðulegi forseti, vekja athygli á því að ef lánakerfinu frá 1986 verður lokað, eins og ég hef talað fyrir að væri skynsamlegast, þá verða lántökur Húsnæðisstofnunar ríkisins hjá lífeyrissjóðunum um 14 milljörðum kr. minni á ári en ef við héldum áfram þessu kerfi og munar nú um minna. Áætlað er að með tilkomu húsbréfakerfisins verði lántökur íbúðakaupenda hjá bönkum, lífeyrissjóðum og með handhafaskuldabréfum um 4,5 milljörðum kr. lægri á ári en ef við héldum áfram þessu kerfi. Og það er áætlað að ráðstöfunarfé banka og lífeyrissjóða muni aukast um allt að 18 milljarða kr. á ári með lokun lánakerfisins frá 1986 og með tilkomu húsbréfakerfisins, einfaldlega vegna þess að það hefur sýnt sig að fólk notar stóran hluta í húsbréfakerfinu til þess að grynnka á skammtímaskuldum í bönkum og greiða upp erfið lán hjá lífeyrissjóðunum.

Ég held þess vegna að menn verði að átta sig á þessum hlutum. Það er tímabært að Alþingi taki afstöðu til þess hvort það vill viðhalda þessu lánakerfi frá 1986 eða leggja það af vegna þess að það verður að eyða þeirri óvissu sem þessir 5.500 umsækjendur eru í, ég er því alveg sammála. En menn mega ekki berja hausnum við steininn og láta þetta bara danka áfram. Það er mín skoðun að þingið verði að taka afstöðu til lokunar lánakerfisins frá 1986 vegna þess að ef það er ekki gert, þá kallar það auðvitað á stórar fjárhæðir inn í þetta lánakerfi sem ég held að þjóni hvorki hagsmunum íbúðakaupenda eða seljenda né skattgreiðenda og ríkissjóðs.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. sagðist nú ekki ætla að flytja ræðu um húsnæðismál en mig fýsir að vita þá hvernig ræður hennar um húsnæðismál eru ef þetta var ekki ein af þeim. En ég verð að segja það, virðulegi forseti, að eftir þessa ræðu hæstv. félmrh. og það sem hér hefur komið fram í hennar máli þá sé full ástæða til þess, t.d. fyrir mig, að óska eftir utandagskrárumræðum um þetta mál í næstu viku, einhvern tíma þegar tími gefst til.

Ég kannast ekki við það að það hafi legið einhverjir pappírar í fjmrn. árið 1986 sem hafi verið einhver sérstök leyndarmál í sambandi við húsnæðismál. Það sem ég átti við með því að vandinn hefði lengi verið ljós og það hefði verið trassað að taka á honum varðandi Byggingarsjóð ríkisins er auðvitað það að strax á árinu 1987, þegar þetta kerfi hafði verið í gangi í hálft ár eða níu mánuði, þá lá fyrir að vaxtamunurinn í því var orðinn allt of mikill, miklu meiri en kerfið réði við. En hvað lá þá beinast við að gera? Það var auðvitað að hækka vextina. Það var það sem var trassað. Hver ber ábyrgð á því? Félmrh.

Þannig er nú þetta mál, það sem ég var að tala um. En það sem kemur hins vegar fram og er auðvitað aðalatriðið í ræðu félmrh., virðulegi forseti, og ég vænti þess að fjmrh. hafi hlustað vel á þau ummæli, er það að þetta fjárlagafrv. er ekki frv. sem félmrh. styður. Það liggur fyrir hér af hálfu félmrh. að hún gerir ágreining og hefur fyrirvara við þetta frv. sem á þó að heita stjfrv. og aðalfrv. hverrar ríkisstjórnar er að sjálfsögðu fjárlagafrv. Ég hygg að þetta sé nú nokkurt nýmæli og þetta eru nokkur tíðindi að það kemur fram hér í ræðustól að félmrh. ætlar ekki að styðja þetta frv. óbreytt. Það er það sem fram kom. Félmrh. ætlar ekki að styðja fjárlagafrv. óbreytt. Í hvaða stöðu er þá hæstv. fjmrh. og í hvaða stöðu er þá ríkisstjórnin þegar þessi yfirlýsing liggur hér fyrir í sölum Alþingis og er ekki bara eitthvert tal milli manna úti í bæ eða eitthvert tal eða skrif í fjölmiðlum? Ég hygg að fjmrh. verði að skoða stöðu sína mjög vel í þessu máli eftir að þessar upplýsingar eru komnar hér fram.

En það sem ég vildi ljúka með, virðulegi forseti, er að ítreka þá ósk mína að við fáum tækifæri í næstu viku til þess að ræða almennilega um húsnæðismálin. Það liggja fyrir tvær ef ekki þrjár skýrslur frá sl. sumri sem fram hafa komið og ekki hafa fengið neina umfjöllun á hinu háa Alþingi. Ég held að það sé fyllsta ástæða til þess að taka hér utandagskrárumræðu af lengri gerðinni til þess að fjalla um þau mál og horf-

ur og stöðu almennt í þessum málum og þá er tækifæri til þess að ræða þau til hlítar. Ég vænti þess að forseti geti orðið við þessari ósk.

Ellert Eiríksson:

Hæstv. forseti. Örstutt innskot í þessar umræður. Hæstv. fjmrh. hafði mörg orð um Sjálfstfl. og treggáfur okkar varðandi skattheimtuútreikninga og að við berum brigður á það sem OECD segir um skattáþján Íslendinga. Það má vel vera að við reiknum ekki rétt í Sjálfstfl. en það er þó klausa hér í ræðu hæstv. fjmrh. sem ég vil vekja athygli á. Það segir hér og er undirstrikað:

„Árið 1988 voru öll aðildarríki Evrópubandalagsins og EFTA með hærra skatthlutfall en Ísland. Fyrirliggjandi upplýsingar um árið 1989 benda til að öll aðildarríki Evrópubandalagsins, og öll EFTA-ríkin nema Sviss, hafi enn verið með hærra skatthlutfall en hér."

Mér þykir þetta ekki gott að hér hafi bæst við ríki sem er komið niður fyrir Ísland í skatthlutfalli. Ég vil telja okkur sjálfstæðismönnum til tekna að skatthlutfall á Íslandi er með því lægsta sem gerist í Evrópubandalags- og EFTA-löndunum. Ég vona að það sé ekki viðhorf hæstv. fjmrh. að við eigum að þokast upp þennan stiga, að við eigum að komast í þá stöðu að fleiri EFTA- og Evrópubandalagsríki verði fyrir neðan okkur í skattaáþján. Ég þakka hins vegar boðið um að mæta í febrúar á ráðstefnu með mönnum frá OECD. Ég ætla sannarlega að mæta og taka þátt þar til þess að vera betur upplýstur um hvernig þetta gerist. En ég ætla ekki með því að taka þátt í því að hækka skatta á Íslandi, langt frá því.

Í annan stað vil ég hér aðeins stuttlega fylgja eftir fyrirspurn hv. 11. þm. Reykn. sem hann kom hér fram með til hæstv. fjmrh. og vísaði þar í þskj. 1, bls. 271. Síðdegis í dag fengum við þingmenn Reykjaneskjördæmis leyfi hér á hv. Alþingi til að fara út á Seltjarnarnes og ræða þar við sveitarstjórnarmenn. Þeir vöktu athygli okkar á því sem stendur á þskj. 1, bls. 271, sem hv. þm. hefur lesið upp. En spurningin sem ég vil aðeins ítreka frekar er um álagningarstuðul á hið nýja tryggingaiðgjald sem menn eru að velta fyrir sér í ráðuneytinu og boða sérstakt frv. um. Þar segir: „Enn fremur er álagið hugsað til að mæta auknum kostnaði ríkisins vegna ýmiss konar þjónustu við sveitarfélög, sérstaklega hin stærri, á síðari árum." Í fyrsta lagi langar mig til að vita hver eru þessi nýju verkefni við hin stærri sveitarfélög sem til hafa komið á hinum síðari árum sem við þurfum að leggja fé í. Og síðan: „Hins vegar kemur til greina að í stað álagsins komi aukin þátttaka sveitarfélaga í þessum kostnaði." Þá er það spurningin: Er þá meiningin að fella niður álagið og leggja skatt á sveitarfélögin til að taka þátt í verkefnum sem ríkið ætlaði að taka að sér með álaginu? Það er rétt að fá svar við þessu og ítrekað af hálfu sveitarstjórnarmanna á Seltjarnarnesi að þeir hafa mikinn hug á því.

Þó svo að styttist í ræðutíma vil ég ekki ljúka þessari umræðu öðruvísi en að taka undir og gleðjast yfir því sem ég veitti athygli í ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann talaði um skattkerfið, skattamálin, hvernig að þeim yrði staðið. Það gleður mig sérstaklega að hæstv. fjmrh. telji það rétt núna að bjóða út endurskoðun á skattframtölum fyrirtækja og hinna stærri aðila. Það finnst mér rétt stefna og hann talar sérstaklega í anda okkar sjálfstæðismanna.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Er nú greinilegt að ýmsir flokkar vilja eigna sér þetta fjárlagafrv. og telja það samræmast þeirra stefnumálum og er það vel. Ég ætla hins vegar að víkja að fáeinum spurningum sem hér hafa komið fram og örfáum athugasemdum. Í fyrsta lagi vegna orða Pálma Jónssonar, sem oft heyrist frá sjálfstæðismönnum, að það hafi verið aðilar vinnumarkaðarins sem hafi tekið stjórnina í sínar hendur og náð þessum mikla árangri í efnahagsmálum, þá ætla ég nú ekki hér í þessum stutta tíma að gera það að umtalsefni en mun ræða það síðar, en aðeins leggja fram eina spurningu sjálfstæðismönnum til umhugsunar og þarf ekki svara henni hér í dag en mætti gjarnan svara henni síðar: Hvernig stóð á því að aðilum vinnumarkaðarins datt ekki þetta snjallræði í hug á þeim fimm árum sem Sjálfstfl. fór hér með stjórnina, árin 1983–1988? Það er alveg greinilegt að á þeim árum hafa aðilar vinnumarkaðarins ekki verið reiðubúnir til samstarfs um það að ná verðbólgunni niður en gera það hins vegar í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þetta er spurning sem hefur hvarflað að mér í ljósi þessara kenninga sem oft heyrast frá sjálfstæðismönnum um þetta efni.

Í öðru lagi er það nú ekki rétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að ég hafi sagt að þessi ríkisstjórn skildi eftir sig þau sjóðavandamál sem ég vék að í minni framsöguræðu heldur lagði ég á það ríka áherslu að þetta er vandamál margra undanfarinna ára, jafnvel síðustu 10–15 ára og er nauðsynlegt að menn átti sig alveg skýrt á því.

Hv. þm. spurði einnig, eins og reyndar fleiri þingmenn, um það sérstaka álag sem vikið er að varðandi hið nýja tryggingagjald og tengist samskiptum ríkis og stærri sveitarfélaganna sérstaklega. Á þessu stigi er rétt að árétta það, sem reyndar kemur fram í frv., að þessi atriði eru til umfjöllunar og vinnslu í fjmrn. og milli einstakra ráðuneyta og við hagsmunaaðila og sú vinnsla, þó henni miði vel, er á því stigi að ekki er komið að lokaútfærslu málsins.

Hitt er hins vegar ljóst að á síðari árum hefur aukist mjög kostnaður ríkisins af ýmiss konar verkefnum sem tengjast sérstaklega þjónustu og aðstöðu íbúa sveitarfélaganna. Þetta er bæði vegna almennra breytinga í þjóðfélaginu og eins vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Að mörgu leyti er eðlilegt að taka mið af því og tekjuskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaga þegar breyting verður gerð á skattkerfinu bæði hvað snertir ríki og sveitarfélög. Hins vegar er það ekki ætlunin hjá ríkinu að halda þessu álagi ef dregur úr þessum verkefnum gagnvart sveitarfélögunum, eins og mér fannst koma fram hjá hv. síðasta ræðumanni,

heldur er þvert á móti lögð á það áhersla af hálfu fjmrn. að ef sveitarfélögin vilja í viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga fá þessi verkefni í auknum mæli til sín, þá að sjálfsögðu fylgi þeim tekjustofnar á móti. Það er því ekki ætlunin hér að fara að skattleggja sveitarfélögin sérstaklega fyrir verkefnum sem eru hjá ríkinu. En meðan þau eru hjá ríkinu er nauðsynlegt að skoða þessa fjármögnun með þeim hætti sem hér er vikið að og er nú í vinnslu.

Ég hef hins vegar hvað eftir annað á þessu stigi, undirbúningi málsins, lýst þeirri skoðun að ef sveitarfélögin vilja taka einhver af þessum verkefnum enn frekar til sín þá að sjálfsögðu fylgir því sú tekjuöflun sem þarf þar á móti. Þessi atriði munu hins vegar skýrast nánar á næstu vikum og mánuðum þegar þessi mál koma til nánari umfjöllunar, bæði hér í þinginu og eins í viðræðum milli ráðuneytisins og viðkomandi hagsmunasamtaka.

Það er einnig misskilningur hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að jöfnunargjaldið muni á næsta ári gefa miklu meira en ætlað er í þessu frv. vegna þess að það gefi meira í ár. Ástæðan fyrir því að það gefur meira í ár er einfaldlega sú að í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár var reiknað með að jöfnunargjaldið félli niður á miðju ári.

Ég tek undir það að nauðsynlegt er að ræða áfram það frv. sem fjvn. lagði hér fram á þinginu og efnisatriði þess og ég fullvissa þá þingmenn sem að því hafa vikið og eiga sæti í fjvn. um að það er einlægur vilji af hálfu fjmrn. að svo verði gert. Við höfum látið þá skoðun koma fram á samræðufundum við fulltrúa bæði stjórnar og stjórnarandstöðu í fjvn. og höfum lagt fram ákveðnar hugmyndir um þá vinnu. Ég tel mjög mikilvægt hins vegar að ekki verði togstreita á milli þingsins og framkvæmdarvaldsins um þetta efni vegna þess að ég held að af hálfu beggja aðila ríki skilningur á því að það þurfi að taka á þessum málum með breytingu á gildandi lögum. Ég vona að á næstu vikum skýrist þessi mál nánar í viðræðum milli sérfræðinga bæði fjmrn. og annarra ráðuneyta og fjárveitinganefndarmanna og sérfræðinga þeirra þannig að það eigi að geta orðið nokkuð góð samstaða hér í þinginu um breytingar í þessum efnum.

Það er einnig misskilningur sem kom fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni að því hafi verið lýst yfir að sett yrði sérstök nefnd í það að fara yfir breytingar á virðisaukaskattinum hvað snertir hugsanlega fleiri þrep í þeim skatti. Það sem lýst var yfir var að sérstök athugun mundi fara fram og skýrsla lögð fram um framkvæmd virðisaukaskattsins og hugsanlegar breytingar og það verður gert. Sú skýrsla er í vinnslu og hún verður lögð fram innan tíðar.

Ég vil einnig lýsa því yfir hér að ég tel eðlilegt að Framkvæmdasjóður aldraða og Framkvæmdasjóður fatlaðra taki að sér meira af ýmsum verkefnum sem tengjast þessu sviði, einfaldlega vegna þess að það er ekki samræmi eða skynsemi í því að leggja þetta fjármagn í steinsteypuna eina, eins og sumir hafa orðað það, ef hvorki er svigrúm til þess að taka slíkt húsnæði í notkun né heldur halda því við. Þess vegna sé almennt skynsamlegt að fara inn á þá braut að breikka hlutverk framkvæmdasjóðanna og láta þá halda sínum tekjum fullkomlega.

Hv. þm. Geir Haarde vék síðan nokkuð hér að byggingarsjóðunum, sérstaklega Byggingarsjóði ríkisins. Ég ætla nú ekki, vegna þess að hann hefur óskað eftir umræðu síðar í þinginu um þau mál, að fjalla í löngu máli um það. Mér fannst hins vegar athyglisvert að hann sagði orðrétt: „Hér er vandi sem menn hafa vitað um lengi en því miður hefur verið trassað að taka á.“ Og honum varð tíðrætt um þennan trassaskap.

Nú vill svo til að þegar ég skoðaði þessi mál í fjmrn. þá kom í ljós, og kom mér satt að segja á óvart, að þáv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson hafði fengið í hendur minnisblað 24. febr. 1986 frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun þar sem lagt var mat á þær tillögur um breytt húsnæðiskerfi sem var verið að ræða og sem þáv. ríkisstjórn tók þátt í að framkvæma. Á þessu minnisblaði frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun dags. 24. febr. 1986 er það reiknað út alveg nákvæmlega hvernig þetta kerfi getur af sér sívaxandi halla fram að árinu 1996 og endar á árinu 1996 í rúmlega þriggja milljarða fjárvöntun á verðlagi ársins 1986. Stigvaxandi felur þetta í sér að fyrsta árið, 1987, er fjárvöntunin, mismunur á innstreymi og greiðslu, rúmar 400 millj., rúmar 800 millj. 1988, rúmar 1100 millj. 1989, rúmar 1500 millj. 1990, rúmar 1800 millj. 1991, rúmar 2100 millj. 1992, rúmar 2400 millj. 1993, rúmar 2700 millj. 1994, tæplega 3 milljarðar 1995 og rúmlega 3 milljarðar og 200 millj. 1996.

Ég skal ekkert fullyrða hér um það hvort þetta skjal var kynnt Alþingi þegar þetta mál var afgreitt. Ég sat ekki á þingi þá og veit það þess vegna ekki. En ég minnist þess ekki að, a.m.k. í fjölmiðlaumræðu um þessa nýskipan í húsnæðismálum sem tekin var upp 1986, væri gerð grein fyrir því að þetta kerfi var gjaldþrota frá upphafi. Og þeir menn sem samþykktu það að taka þetta kerfi upp 1986 og beittu sér fyrir því, a.m.k. sumir þeirra sem sátu í fjmrn., a.m.k. í stóli fjmrh., höfðu fengið í hendur gögn þar sem þeim var gert ljóst að þetta kerfi var frá upphafi gjaldþrota. Þess vegna hef ég enn frekar lagt á það áherslu á undanförnum vikum að lausnin á þessu vandamáli er ekki að dæla sífellt meiri og meiri peningum úr skattasjóði þjóðfélagsins inn í þetta kerfi. Það verður að breyta sjálfu kerfinu, stokka það upp eða leggja það niður vegna þess að það hefur frá upphafi legið ljóst fyrir að það gengi ekki upp.

Sá sannleikur liggur núna fyrir og finnst mér athyglisvert að embættismenn í fjmrn. skyldu reiða hann fram á febrúardögum 1986. Ég er alveg tilbúinn að gefa hv. þm. ljósrit af þessu minnisblaði, bæði vegna þess að ég tel það rétt og eðlilegt og eins vegna þess að hann starfaði í fjmrn. á þeim tíma. Ég hef þess vegna lagt á það áherslu í viðræðum mínum við hæstv. félmrh. að kjarni málsins væri að taka á kerfinu en ekki blekkja menn til lengdar með því að setja einhverja milljarða í núverandi fjárlögum eða næstu fjárlögum inn í kerfið og koma þannig í veg fyrir að menn tækju á þessum vanda. Og ég hef nú talið að hæstv.

félmrh. væri fjmrh. sammála um það atriði.

Hæstv. félmrh. hefur hins vegar lýst því yfir að hún teldi rétt að hærri upphæðir kæmu í þessa sjóði á næsta ári. Ég tel það nú ekki jafngilda því að hún standi ekki að fjárlagafrv. Ég skildi ekki orð hennar í ræðustól hér áðan á þann veg að hún stæði ekki að þessu fjárlagafrv. Hæstv. félmrh. tók virkan þátt í að semja þetta fjárlagafrv. eins og aðrir ráðherrar frá upphafi til loka og ég hef átt ágæta samvinnu við hæstv. ráðherra um gerð þessa fjárlagafrv. eins og við aðra samráðherra mína.

Hv. þm. Geir Haarde lýsti því yfir að ég væri höfundur ekknaskattsins. Það er því miður nánast ekki rétt heldur er ekknaskatturinn tilkominn vegna þeirra breytinga sem þáv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen beitti sér fyrir 1977 og fólst í sérsköttun hjóna, sem mikil krafa var um á þeim tíma. Eðli þeirrar skattlagningar var á þann veg að þegar maki féll frá hlaut eignarskattur eftirlifandi maka að hækka stórkostlega. Það má hins vegar segja að hann hafi aukist í tíð núv. ríkisstjórnar, en það breytir því ekki að grundvallarkerfi hins svokallaða ekknaskatts var tekið upp með þeim skattalögum sem hæstv. þáv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen lagði fyrir þingið fyrir um það bil 13 árum síðan og fyrst komu til framkvæmda á árinu 1978–1979.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson fór hér með ýmsar tölur um skattahækkanir sem aðallega byggðust á því að bera saman krónutölur milli ára. Ég vil nú biðja menn að nota ekki mikið slíkan samanburð vegna þess að hann felur það m.a. í sér að aukin og bætt innheimta skatta mundi túlkast sem skattahækkun. Þegar fjmrh. bætir innheimtukerfið, þannig að það kemur meira inn af þeim sköttum sem lagðir eru á, mundi það flokkast samkvæmt þessari samanburðaraðferð sem skattahækkun frá ári til árs. Ég held að það samrýmist nú ekki almennum skilningi þjóðarinnar á því hugtaki.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson vék að því að í Svíþjóð væru menn að draga úr ríkisútgjöldunum. Það er skiljanlegt. Ríkisútgjöldin í Svíþjóð eru yfir 50% af landsframleiðslu, þ.e. þau eru mun minni hér. Og hann vék einnig að því sama í Noregi. Hlutfall skatta af landsframleiðslu er yfir 50% í Svíþjóð og tæplega 50% í Noregi en 37% hér á Íslandi. Þannig að þeir mega nú vera ansi duglegir í Svíþjóð og Noregi við að lækka skattana á næstu árum ef þeir ætla að komast niður í sama hlutfall og er hér á Íslandi.

Að lokum vék hv. 1. þm. Reykn. Ellert Eiríksson að því að Sjálfstfl. vildi ekki auka skattana. Það má vel vera að það sé stefna Sjálfstfl. Sjálfstfl. vill væntanlega líka reka ríkissjóð án halla en þá stendur upp á Sjálfstfl. að gera grein fyrir því hvernig hann ætlar að skera niður ríkisútgjöldin um a.m.k. 4–5 milljarða. Og ég bíð spenntur eftir þeim tillögum.

Svo þakka ég fyrir góða umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

9. fundur, mánudaginn 29. okt., kl. 1 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hafa eftirfarandi bréf:

„Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Unnur Hauksdóttir húsmóðir, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Eftirfarandi skeyti hefur borist:

"Vegna anna get ég ekki tekið sæti Karvels Pálmasonar á Alþingi næstu tvær vikur.

Björn Gíslason.

Undirskrift staðfestir Sigurósk Jónsdóttir, póstafgreiðslumaður."

„Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1., 2. og 3. varamanns taki 4. varamaður Kvennalista á Vesturlandi, Snjólaug Guðmundsdóttir húsfreyja, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Með bréfi þessu fylgja bréf og skeyti frá 1., 2. og 3. varamanni Samtaka um kvennalista á Vesturlandi svohljóðandi:

„Það tilkynnist yður hér með að vegna barneignar getur undirrituð ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Danfríðar Skarphéðinsdóttur frá 22. okt. til 12. nóv. nk.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Daníelsdóttir."

Þá hefur borist annað bréf:

„Það tilkynnist yður hér með að vegna anna sér undirrituð sér ekki fært að taka sæti á Alþingi í fjarveru Danfríðar Skarphéðinsdóttur frá 29. okt. til 12. nóv. nk.

Virðingarfyllst,
Birna K. Lárusdóttir."

Og enn hefur borist bréf:

„Það tilkynnist yður hér með að vegna anna sér undirrituð sér ekki fært að taka sæti á Alþingi í fjarveru Danfríðar Skarphéðinsdóttur frá 24. okt. til 12. nóv. nk.

Virðingarfyllst,
Þóra Kristín Magnúsdóttir."

Samkvæmt þessum bréfum og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Unnar Hauksdóttur, 2. varamanns Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, og Snjólaugar Guðmundsdóttur, 4. varamanns Samtaka um kvennalista í Vesturlandskjördæmi. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar og ég afhendi hér með formanni kjörnefndar umrædd kjörbréf. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar tvö kjörbréf. Í fyrsta lagi kjörbréf Unnar Hauksdóttur sem er 2. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, en 1. varamaður Alþfl., Björn Gíslason á Patreksfirði, getur ekki tekið sæti Karvels Pálmasonar næstu tvær vikur.

Kjörbréfanefnd sér ekkert við kjörbréfið að athuga og leggur til að það verði samþykkt.

Þá tók kjörbréfanefnd fyrir kjörbréf Snjólaugar Guðmundsdóttur, útgefið af landskjörstjórn 29. okt. 1990. 1. varamaður Kvennalistans í Vesturlandskjördæmi, Þóra Kristín Magnúsdóttir, getur ekki vegna anna tekið sæti á Alþingi. Það er einnig tilkynnt frá Birnu K. Lárusdóttur að hún sér sér ekki fært að taka sæti Danfríðar Skarphéðinsdóttur vegna anna. Þriðja kjörbréfið er frá 1. varamanni, Ingibjörgu Daníelsdóttur, sem ekki getur tekið sætið vegna barneignar. Snjólaug Guðmundsdóttir er því 4. varamaður Kvennalistans í Vesturlandskjördæmi og hefur kjörbréfanefnd ekkert við kjörbréf hennar að athuga og mælir með því að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Unnar Hauksdóttur samþ. með 37 shlj. atkv.

Kjörbréf Snjólaugar Guðmundsdóttur samþ. með 40 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Unnur Hauksdóttir og og Snjólaug Guðmundsdóttir hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi. Þeim ber því nú skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Unnur Hauksdóttir, 3. þm. Vestf., og Snjólaug Guðmundsdóttir, 6. þm. Vesturl., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Unnur Hauksdóttir og Snjólaug Guðmundsdóttir hafa undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Ég býð þær velkomnar til starfa.

Fjárlög 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

Samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 39. mál. — Þskj. 39.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Ég flyt hinu háa Alþingi skýrslu um samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið. Efni þessarar skýrslu er að rifja upp aðdraganda og markmið samningaviðræðnanna, stöðu samningaviðræðna þegar hér er komið sögu í októbermánuði, mat á framhaldi þeirra. Þá er gerð grein fyrir þeim helstu málum sem um er fjallað við samningaborðið á hverju samningssviði, um vöruviðskipti, um fjármagn og þjónustuviðskipti, um atvinnu- og búseturétt, um jaðarmálefni og um laga- og stofnanamál. Loks er greint frá niðurstöðum þeirrar miklu vinnu sem við höfum að undanförnu lagt í það verk að bera saman lög og reglur Evrópubandalagsins við íslenska löggjöf en sú morkinskinna liggur á borðum þingmanna og hefur verið afhent þingmönnum þótt ekki sé hún skráð sem þingskjal.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að rifja upp forsögu samningaviðræðna, niðurstöður undirbúningsviðræðnanna, að svo stöddu heldur láta mér nægja að vísa hv. þm. á að rifja upp þau meginmarkmið sem við höfum sett okkur í þessum samningaviðræðum og fram koma á bls. 6 í skýrslunni. Meginmarkmið EFTA-ríkjanna er þar áréttað: „Að tryggja þegnum sínum hlutdeild í þeim hagsbótum sem fylgja samræmdum markaði með þeim réttindum og skyldum sem af honum leiða, en gæta þess jafnframt að grundvallarhagsmunum verði ekki fórnað."

Grundvallarkröfur EFTA-ríkja eru áréttaðar: undanþágur sem réttlætast af grundvallarhagsmunum, þátttaka á jafnréttisgrundvelli í stjórnun og rekstri þeirra sviða sem samið hefur verið um, sjálfstæði gagnvart ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, jafn réttur til frumkvæðis, full áhrif á mótun og töku nýrra ákvarðana, samningur nái til sem flestra jaðarmálefna, vörusvið samningsins nái einnig til fiskafurða án tengsla við sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins að öðru leyti.

Af hálfu Evrópubandalagsins hefur verið lögð áhersla á að halda undanþágum í lágmarki út frá þeirri meginreglu að frávik verði aðeins tímabundin, að sjálfræði Evrópubandalagsins til mótunar og töku ákvarðana verði virt, að samkeppnisskilyrði verði söm og jöfn um allt svæðið, að dregið verði úr efnahagslegum og félagslegum mismun milli ríkja og héraða á Evrópska efnahagssvæðinu, að tekið verði tillit til mikilvægis landbúnaðar fyrir ýmis ríki og svæði Evrópubandalagsins, að jaðarmálefni verði fyrst og fremst þau er beint varða grundvallarreglurnar um fjórfrelsið, að leitað verði jafnvægis milli krafna EFTA um betri aðgang fyrir sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins og krafna Evrópubandalagsins um aðgang að fiskimiðum EFTA-ríkja.

Meginhersluatriði af hálfu Íslendinga hafa verið þessi: að vörusviðið taki til fisks og annarra sjávarafurða og þar gildi sömu samkeppnisskilyrði og á sviði iðnaðarvara. Bókun 6 við fríverslunarsamning Íslands við Evrópubandalagið haldi gildi sínu hvort sem Evrópska efnahagssvæðið eða samningum um það kunni að verða sagt upp eða ekki, að fjárfestingar erlendra aðila tengdar náttúruauðlindum verði takmarkaðar, að varnaglaákvæði verði virt varðandi frjálsan atvinnurétt og að ekki verði slakað á settum kröfum um öryggi og hollustuhætti og umhverfisvernd.

Þetta er stuttorð en greinargóð lýsing á samningsstöðunni eins og hún hefur verið dregin upp af báðum aðilum þegar hér er komið sögu. Markmiðið er enn sem fyrr að freista þess að ná pólitískum lausnum um aðalatriði þessa máls fyrir lok þessa árs, að samningum verði lokið á fyrri hluta næsta árs og að samningurinn komi til framkvæmda á sama tíma og innri markaður Evrópubandalagsins verður að fullu kominn til framkvæmda, þ.e. fyrir árslok 1992.

Virðulegi forseti. Það sem ég vil hér reifa í stuttu máli er fyrst og fremst eftirfarandi:

1. Hver er stefna beggja aðila eins og hún hefur nýlega verið skilgreind á ráðherrafundum 22. og 23. okt. sl.?

2. Í ljósi fréttaflutnings um ólíkt mat á stöðunni í hinum ýmsu aðildarríkjum bæði EFTA og Evrópubandalagsins, hvað ber að ályktа út frá því? Er ástæða til að ætla að illa horfi um samningsniðurstöður eða eru rök fyrir því að nú sé komið að alvöru málsins, báðir aðilar sitji nokkuð fastir við sinn keip við samn-

ingaborðið, en engin ástæða sé til að örvænta um það að viðunandi lausnir muni finnast? Í framhaldi af því er það spurningin um afstöðu íslenskra stjórnvalda og mat á íslenskum hagsmunum. Hvernig horfir um að ná þeim samningsmarkmiðum sem við höfum sett okkur? Í framhaldi af því vildi ég gjarnan leggja mitt eigið mat á það hver eru aðalatriði varðandi stöðu málsins að þessu sinni. Hverjar eru þær lausnir sem við teljum okkur eygja í sjónmáli og er annarra kosta völ?

Þá vík ég fyrst að því, virðulegi forseti, hvernig hafa samningaaðilar áréttað stöðu sína? Ég vitna hér til yfirlýsingar ráðherraráðs Evrópubandalagsins frá 22. okt. sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðið staðfesti pólitískt mikilvægi þess að ná heildarsamkomulagi fyrir árslok um helstu þætti samningaviðræðnanna við EFTA. Ráðið telur því að nauðsynlegt sé að efla viðræðurnar og ná árangri jafnt að því er varðar stofnanahliðar sem efnisatriði. Ráðið samþykkti að afhenda EFTA afstöðu bandalagsins um upplýsingaskipti og samráð. Ráðinu var skýrt frá því að framkvæmdastjórn hygðist leggja fram á næstunni tillögur að afstöðu bandalagsins um landbúnað, sjávarútveg og jöfnun efnahagslegs og félagslegs misræmis."

Að því er EFTA varðar þá sendi ráðherraráð EFTA-ríkjanna frá sér yfirlýsingu um stöðu málsins 23. okt. sl., þar sem áréttaður var vilji ríkisstjórna EFTA-ríkjanna að lúka samningunum til þess að ná pólitískri lausn fyrir áramót og stefna að samningslokum á fyrri hluta næsta árs. Þar var því yfirlýst að EFTA-ríkin mundu nú á næstunni leitast við að ná fram pólitískum lausnum um þau meginmál sem samningar nú stranda á, sem fælist fyrst og fremst í því að EFTA-ríkin væru tilbúin að fækka fyrirvörum sínum, breyta varanlegum fyrirvörum í tímabundna fyrirvara, að því tilskildu og með þeim skilyrðum að á móti komi ásættanlegar tillögur af hálfu Evrópubandalagsins um jafnrétti aðila við stjórnun hins Evrópska efnahagssvæðis í framtíðinni. Jafnframt var áréttað að leita skyldi pólitískrar lausnar varðandi stöðu sjávarútvegs, landbúnaðar og félagslegs misréttis.

Þau meginmál sem nú knýja á um pólitíska lausn eru þess vegna þrjú. Að því er EFTA varðar er það spurningin um fækkun undanþága. Að því er Evrópubandalagið varðar eru það tillögur af hálfu Evrópubandalagsins um stjórnun Evrópska efnahagssvæðisins og í þriðja lagi er það staða sjávarútvegs í þessum samningum. Þetta eru þau þrjú mál sem báðir aðilar hafa skilgreint sem höfuðvandamálin sem þurfi að leysa áður en við getum slegið því föstu að leiðin sé greið til loka.

Þá vil ég víkja, virðulegur forseti, að efasemdum ýmissa sem látnar hafa verið uppi um raunverulegan pólitískan vilja til þess að leiða þessa samninga til lykta. Það lýtur bæði að sjónarmiðum sem fram hafa komið í fjölmiðlum af hálfu pólitískra forustumanna stjórnmálaflokka í sumum EFTA-ríkjanna og reyndar frá einstökum aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

Í því efni hefur það gerst að sænski fjármálaráðherrann hefur á blaðamannafundi, þar sem hann kynnti efnahagslegar kreppuráðstafanir í Svíþjóð, lýst þeirri skoðun að tímabært sé að leggja þá spurningu fyrir sænska þingið hver eigi að verða framtíðarsamskipti Svíþjóðar við Evrópubandalagið. Áður hafði það gerst að sænski forsætisráðherrann hafði lýst því yfir að hin hefðbundna sænska hlutleysisstefna stæði ekki lengur í vegi fyrir nánara pólitísku samstarfi Svíþjóðar við Evrópuríki og vísaði þar til þeirra byltingarkenndu breytinga sem orðnar eru í samskiptum austurs og vesturs og þeirra afvopnunarsamninga sem nú eru á lokastigi.

Þá hefur það dregið til tíðinda á þessum morgni að norska ríkisstjórnin er fallin, beinlínis út af þessu máli. Og ástæðan fyrir því er sú að einn þriggja flokkanna í þeirri samsteypustjórn, Miðflokkur, hefur neitað að fallast á óskir hinna samstarfsflokkanna um breytingar á norskri löggjöf sem varða rétt erlendra aðila til fjárfestingar í Noregi. Tillögurnar snerust um það, og varða þessa samninga, að Norðmenn gerðu breytingar á þessari gömlu löggjöf sem kvæðu á um það að ekki yrði framvegis mismunað milli erlendra og innlendra ríkisborgara að því er varðar þennan rétt, en breytti hins vegar ekki um það að eftir sem áður gátu Norðmenn áskilið sér rétt til takmarkana á þessu sviði ef þær gengu jafnt yfir alla á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þennan ágreining tókst þeim ekki að leysa í norsku ríkisstjórninni og forsætisráðherrann hefur beðist lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Á það má benda að flokkur forsætisráðherrans hafði þá stefnu að Noregi bæri að stefna að fullri aðild í Evrópubandalaginu. Það er mat áreiðanlegra stjórnmálaskýrenda að í norska Stórþinginu sé meiri hluti meðal stjórnmálaflokkanna um að halda til streitu þeim samningum sem við nú stöndum í, og vísa ég þá sérstaklega til þess að norski Verkamannaflokkurinn, undir forsæti Gro Harlem Brundtland, var frumkvæðisaðili að því að koma þessum samningum á. Hinu kann ég ekki að svara hvort meiri hluti kynni að vera fyrir þeirri afstöðu að Noregur stefndi að aðild, enda hefur ekki verið látið á það reyna. Miðað við óbreytta afstöðu flokka er þó ekki séð að meiri hluti sé fyrir þeirri afstöðu hér og nú.

Að því er varðar Evrópubandalagið þá er ljóst að þar er innan dyra við að fást mörg alvarleg vandamál. Evrópubandalagið stefnir að því að lögleiða meiri háttar breytingar á lögum og reglum og starfsháttum Evrópubandalagsins. Þar nefni ég til fyrst og fremst áform um að hrinda í framkvæmd Delors-áætluninni um samruna á peningamálasviði sem fela í sér einn seðlabanka, samræmdan einn gjaldmiðil og náið samstarf á sviði gjaldeyris-, gengis- og peningamála. Það er sýnt að þessi áform muni ekki komast í framkvæmd skv. áætlun og ljóst af afstöðu ríkisstjórna að um þau er ágreiningur. Þau munu því frestast. Sama máli gegnir um áform sem stefnt er að því að leggja fyrir svokallaða ríkisstjórnaráðstefnu um nánara pólitískt samstarf sem m.a. felur í sér samræmda stefnu í utanríkismálum og öryggismálum. Mörg fleiri vandamál má nefna. Drátt sem orðið hefur á framkvæmd ýmissa meginþátta varðandi innri markaðinn, afleiðingar sameining-

ar Þýskalands sem eru erfiðar viðfangs fyrir Evrópubandalagið, samninga við hin nýfrjálsu ríki í Austur-Evrópu um það með hvaða hætti þau geti tengst Evrópubandalaginu og samningana við EFTA-ríkin.

Segja má að tvenns konar sjónarmið séu uppi innan Evrópubandalagsins varðandi þróun þessara mála og samskipti þess við önnur ríki. Annað sjónarmiðið er að þessi sjónarmið séu svo erfið viðfangs og svo þýðingarmikil að Evrópubandalaginu beri að reyna að leysa þau, dýpka samstöðu sína, eins og það hefur verið kallað, áður en til greina komi að taka af alvöru á samningum um aðild nýrra ríkja. Hitt sjónarmiðið er það að þessi mál megi leysa samtímis og að pólitískar breytingar í Evrópu kalli á það að Evrópubandalagið dragi ekki samninga sína við önnur ríki sem þau nú standa í.

Við skulum hafa það í huga að Evrópubandalagið er samtök tólf ríkja og yfirlýsingar frá einstökum ríkisstjórnum einstakra þjóðríkja gilda ekki fyrir bandalagið í heild. Það sem gildir þar eru yfirlýsingar ráðherraráðsins sem samstaða næst um. Það er ekkert sem bendir til þess en ýmislegt sem stefnir í öfuga átt að því er varðar getu Evrópubandalagsins til þess að taka fyrr en ella við nýjum aðildarríkjum.

Um þetta allt saman vil ég einfaldlega segja eftirfarandi: Við skulum ekki loka augunum fyrir því að ýmsir hafa látið í ljós efasemdir um það að við munum geta lokið þessum samningum, sem við hér ræðum, með árangri. Og hafa stillt upp öðrum valkosti, nefnilega að einstök EFTA-ríki sæki um aðild að Evrópubandalaginu, raði sér þar upp í biðröðina sem fyrir er. Um það vil ég segja það eitt að þetta tvennt eru ekki valkostir. Við eigum ekki val milli þess annars vegar að ljúka þessum samningum og hins vegar að ganga í Evrópubandalagið. Spurningin um að lýsa yfir stefnu gagnvart aðildarumsókn að Evrópubandalaginu varðar framtíðina. Þessum samningum ætlum við að ljúka snemma á næsta ári. Það má segja að samningar um Evrópska efnahagssvæðið geti út frá hagsmunum einstakra EFTA-ríkja verið túlkaðir sem áfangi á leið inn í Evrópubandalagið. Þ.e. það er augljóst að með því að leysa þau vandamál sem hér er fjallað um á þessu samningssviði hafa menn tengst Evrópubandalaginu nánari böndum, þannig að verkefnið að semja um fulla aðild væri minna en ella ef þessir samningar hafa tekist. Hitt er jafnljóst að það eru engin sérstök rökvísi í því að þótt þessir samningar hafi tekist þá hljóti aðildarríki EFTA þar með að ganga í Evrópubandalagið. Það er ekki svo. Aðalatriðið er það að þetta eru ekki tveir valkostir sem menn geta valið á milli nú.

Ég er þeirrar skoðunar, hvað svo sem líður afstöðu manna til aðildar að Evrópubandalagi einhvern tímann síðar á þessum áratug, að það sé óheppilegt ef ríkisstjórnir eða fulltrúar ríkisstjórna í EFTA-löndum eru með yfirlýsingar um vilja í því efni á sama tíma og við erum á talsvert þýðingarmiklum tímamótum í þessum samningum. Ég held með öðrum orðum að slíkar yfirlýsingar séu ekki tímabærar og þær kunni jafnvel að spilla samningsstöðu okkar. Hvers vegna? Það er vegna þess að hér er m.a. verið að semja um stjórnun hins Evrópska efnahagssvæðis. Evrópubandalagið getur auðvitað gengið á lagið ef aðildarríki EFTA boða vilja sinn til inngöngu í náinni framtíð með því að segja: Þetta er miklu minna mál en ella fyrir ykkur. Það er verið að semja hér til skamms tíma. Þið þurfið ekki að leggja svona mikla áherslu á jafnstöðu varðandi stjórnun svæðisins. Sama máli gegnir um ýmis mál sem nú er verið að reyna að leysa við samningaborðið. Þessar yfirlýsingar styrkja ekki stöðu EFTA og varða ekki fyrst og fremst þau mál sem hér er verið að semja um.

Ég gagnrýni ekki aðrar ríkisstjórnir EFTA-landa fyrir það að leggja grunn að stefnumótun varðandi hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu síðar. Það sé fjarri mér. Það er auðvitað á valdi hverrar ríkisstjórnar og ég nefni í því samhengi afstöðu Austurríkis. Það er hálft annað ár frá því að Austurríki sótti um aðild að Evrópubandalaginu. Enn eru Austurríkismenn við samningaborðið með hinum EFTA-ríkjunum. Hvers vegna? Það er vegna þess að þeim er það fullkomlega ljóst að það hefur ekki verið litið á þessa aðildarumsókn þeirra enn þá. Það verður ekki að óbreyttu litið á hana fyrr en eftir 1993. Og þeim er einnig ljóst að það tekur nokkur ár, ef miða á við lög og reglur Evrópubandalagsins nú og reynslu annarra þjóða fyrr, að semja um fulla aðild að Evrópubandalaginu. Hingað til hafa Austurríkismenn litið svo á að það væri raunsætt af þeirra hálfu að ætla að þeir gætu verið orðnir fullgildir meðlimir 1997–1998.

Nú getur auðvitað hver sem er sagt: Þetta kann að breytast. Þetta er ekkert óumbreytanlegt. Já, þetta kann að breytast en það mun aldrei breytast með þeim hætti að þetta tvennt séu valkostir. Þannig að fréttaflutningur um viljayfirlýsingar um aðild síðar breytir ekki því og hefur ekki breytt því, hvorki að því er varðar austurrísku ríkisstjórnina né þá sænsku, að þær hafa áréttað vilja sinn til að freista þess að ljúka þessum samningum. Og ef við lítum til Evrópubandalagsins þá minni ég aftur á það sem ég sagði áðan: Ekkert bendir til þess að Evrópubandalaginu sé það auðveldara nú en það hefur verið hingað til að byrja alvöru samningaviðræður um aðild nýrra ríkja.

Af þessu tilefni vil ég árétta að yfirlýsingar sem borist hafa af þessu tagi hafa í engu breytt stefnu íslenskra stjórnvalda fremur en reyndar annarra ríkisstjórna sem í þessum samningum standa. Það er staðfastur ásetningur okkar að freista þess að ljúka þessum samningum. Það er vegna þess að við teljum að það sé í samræmi við bestu hagsmuni okkar Íslendinga. Og vil ég nú gjarnan, með leyfi forseta, víkja að því.

Það er grundvallaratriði þessarar samningsgerðar, sem fram fer milli Evrópubandalagsins í heild og EFTA sem einnar einingar, að jafnvægi ríki milli samningsaðila að því er varðar kosti og galla, ávinning og óhagræði, réttindi og skyldur. Nú er það svo að sérstaða Íslendinga í þessu máli hefur verið skýrt afmörkuð frá upphafi. Það höfum við gert um leið og við ákváðum að taka þátt í þessum viðræðum í upphafi. Það höfum við gert þegar við skilgreindum fáa fyrir-

vara með skírskotun til þjóðarhagsmuna. Það höfum við gert með því að leggja ævinlega höfuðáherslu á sérstöðu Íslands að því er varðar sjávarútveg og það hversu háðir við erum honum. Það er ekki mjög flókið mál að sýna fram á að þjóð með 70% af útflutningsafurðum sínum sem sjávarafurðir hefur sérstakra hagsmuna að gæta af því tilefni í samanburði við þjóðir hvurrar útflutningsafurðir eru fyrst og fremst iðnaðarafurðir og þjónusta. Ef ekki tækist í þessum samningum að tryggja hindrunarlausan tollfrjálsan aðgang fyrir sjávarafurðir, eins og iðnaðarafurðir, þá er ljóst að það er ójafnvægi að því er Ísland varðar varðandi réttindi og skyldur, ávinning og óhagræði. Þetta er mönnum ákaflega ljóst og þetta er fyrst og fremst vandinn sem menn standa frammi fyrir að því er varðar sjávarútveg.

Nú er það svo að Evrópubandalagið hefur sérstaka stefnu að því er varðar sjávarútveg og landbúnaðarmál, sem er ekki fríverslunarstefna heldur verndarstefna. Þessi stefnumörkun á í báðum tilvikum stoð í sjálfum Rómarsamningnum. Í raun og veru eru þessar tvær atvinnugreinar innan Evrópubandalagsins reknar út frá grundvallarforsendum byggðastefnu. Þannig að þarna er stuðst við verulega ríkisstyrki og fjárhagslegan stuðning að öðru leyti, verndarstefnu, kvóta, tollvernd o.s.frv. og allt er þetta réttlætt í nafni þess að jafna lífskjör milli þeirra svæða, þar sem landbúnaður og sjávarútvegur er einkum stundaður, í samanburði við hin efnaðri iðnaðarsvæði.

Við höfum gert þá kröfu í þessum samningum að fá fram fríverslun með fiskafurðir. Hvað þýðir það? Það þýðir ekki bara hindrunarlausan og tollfrjálsan aðgang fyrir afurðirnar sjálfar. Það þýðir jafnframt samræmdar samkeppnisreglur. Með öðrum orðum þýðir það, ef sú krafa ætti að ná fram að ganga, að Evrópubandalagið yrði að skuldbinda sig til að falla frá verndarstefnu sinni í málefnum sjávarútvegs og fiskvinnslu. Við settum þessa kröfu fram innan EFTA. Það tók okkur 19 ár að koma henni fram. Það tókst að koma henni fram reyndar í upphafi þessara samningaviðræðna. Innan EFTA ríkir fríverslun með fiskafurðir. Hún er komin til framkvæmda á miðju þessu ári en það er tímaaðlögun í þeim samningi þannig að EFTA-ríkin eru skuldbundin til þess að afnema ríkisstyrki og samkeppnistruflandi aðgerðir frá 1993.

Nú hefur það oft komið fram af hálfu okkar að við höfum ekki verið mjög bjartsýnir á að Evrópubandalagið væri reiðubúið til þess í þessum samningum að skuldbinda sig til þess að falla frá sameiginlegri fiskveiðistefnu sinni frekar en það hefur verið á samningssviði þessara viðræðna að Evrópubandalagið félli frá svokallaðri sameiginlegri landbúnaðarstefnu sinni. Nú er frá því að skýra, eins og áður hefur verið greint frá í utanrmn. og í umræðum í ríkisstjórn, að aðalsamningamaður Evrópubandalagsins á vörusviðinu, í samningahópi 1, hefur kveðið upp úr um það að Evrópubandalagið geti ekki breytt sameiginlegri fiskveiðistefnu sinni og vísi þess vegna frá kröfunni um algera fríverslun, þ.e. þar með talið afnám ríkisstyrkja og samkeppnistruflandi aðgerða stjórnvalda að því er það varðar. Þetta er auðvitað umtalsverður hlutur í þessum samningum vegna þess að hann þýðir þá að kröfur sem uppi hafa verið af hálfu Evrópubandalagsins á hendur EFTA, að í staðinn fyrir fríverslun með fiskafurðir komi í fyrsta lagi veiðiheimildir, rýmri aðgangur landbúnaðarafurða eða framlög frá EFTA-ríkjunum til jöfnunar lífskjara, yrðu þá að sjálfsögðu heldur ekki með fullum rökum fram bornar.

Nú er nauðsynlegt að taka það ákaflega skýrt fram hvað í þessu felst. Þótt Evrópubandalagið hafi sagt nei við kröfunni um fullkomna fríverslun þá hefur Evrópubandalagið ekki, og ég legg áherslu á það, hafnað kröfunni um tollfrjálsan aðgang sjávarafurða sem er auðvitað það meginatriði sem Íslendingar stefna að. Því hefur ekki verið hafnað. Það er enn uppi á borðinu og það er eitt af þessum þremur meginmálum sem við stefnum nú að að fá niðurstöðu um á næstu vikum: Fækkun undanþága, jafnræði um stjórnun svæðisins, lausn á þeim vanda sem sjávarafurðir eru í þessum samningi.

Það er athyglisvert að eina þjóðin innan Evrópubandalagsins sem raunverulega gerir kröfur um fiskveiðiheimildir á hendur EFTA-ríkjunum er Spánverjar. Engin önnur þjóð hefur komið fram með slíkar kröfur. Það er rétt að skýra frá því, þótt það byggist ekki á opinberum orðsendingum sem við höfum, að við höfum óstaðfestar heimildir fyrir því að Spánverjar hafi nú lagt fram slíkar kröfur í undirbúningsnefnd fastafulltrúa Evrópubandalagsins í Brussel til undirbúnings þeim fundum sem verða seint í þessum mánuði þar sem knúið verður á um pólitískar lausnir. Hitt er svo annað mál að það eru ekki taldar líkur á því að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins taki þessar kröfur upp. Líklegra þykir að þeir muni að vísu halda til streitu kröfum á hendur EFTA um einhvers konar aðgang að fiskimiðum, en það er mat margra að þær kröfur verði ekki mjög stífar.

Hvað er um þetta að segja út frá sjónarmiði Íslands? Íslendingar hafa sagt: Við erum ekki til viðtals um kröfur um veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu í staðinn fyrir rýmri markaðsaðgang, niðurfellingu eða lækkun tolla eða annarra viðskiptahindrana. Það er vegna þess einfaldlega að ef fiskafurðir fá ekki tollfrjálsan aðgang þá er ekkert jafnvægi í þessum samningum að því er varðar Ísland.

En ég minni á að við erum ekki hér í tvíhliða viðræðum milli landa. Spánn getur ekki í þessum viðræðum borið fram kröfur á hendur Íslendingum. Það er Evrópubandalagið sem samkvæmt umboði þess af hálfu framkvæmdastjórnar mundi þá bera slíka kröfu fram á hendur EFTA-löndunum í heild. Hagsmunir þeirra EFTA-landa, sem fyrst og fremst eru iðnríki og byggja að öðru leyti atvinnulíf sitt í vaxandi mæli á þjónustugreinum, eru fyrst og fremst auðvitað aðildin að innri markaði Evrópu. Þeirra hagsmunir vega ekki þungt að því er varðar sjávarútveg. Spurningin er: Eru þær — og þá er ég að tala um bandalagsþjóðir okkar í EFTA — reiðubúnar til þess að fórna einhverju til þess að ná heildarlausn á grundvelli jafnvægis ef það tryggir þeim markaðsaðgengi, jafnan rétt að því er varðar stjórnun

svæðisins og jafnframt yrði þetta sérstaka vandamál leyst? Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað en það er um þá spurningu sem samningarnir munu snúast á næstu vikum í Brussel og Genf.

Virðulegi forseti. Það sem ég hér vil leggja áherslu á er þetta: Af beggja hálfu eru nú lögð á ráðin um að reyna að fá pólitíska lausn á þessum þremur vandamálum. EFTA-ríkin þurfa nú að búa sig undir það að vera tilbúin að fækka kröfum sínum um varanlegar undanþágur með því ófrávíkjanlega skilyrði að ásættanlegar lausnir komi frá Evrópubandalaginu um jafnræði í stjórnun og með því að lausn fáist á þessari sérstöku spurningu um meðhöndlun sjávarafurða á hinu evrópska efnahagssvæði. Það er þetta sem menn eiga við þegar menn tala um í yfirlýsingu EFTA-ráðherranna að stefna að einhverju sem kallað er „political breakthrough", með öðrum orðum pólitísk lausn á meginmálum. Ef ég er spurður hvort ég sé bjartsýnn eða svartsýnn á niðurstöðuna þá svara ég: Ég er hvorugt, en ég hef rökstudda ástæðu til að ætla að þetta geti tekist. Og hvers vegna það? Það er vegna þess að enginn annar kostur virðist fýsilegur fyrir báða aðila. Það er vegna þess að spurningin um aðild leysir ekki þetta mál. Hún er framtíðarspurning. Það er vegna þess að spurningin um tvíhliða samningaviðræður kemur ekki upp strax. Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að ef við tækjum þann kostinn nú, sem getur auðvitað komið upp ef þessir samningar mistakast, þá er sá munur á að við hefðum þá ekki við hlið okkar samningsaðila sem hugsanlega væru reiðubúnir að fórna nokkru til þess að ná því jafnvægi sem er grundvallarforsenda þessara heildarsamninga. Til þess að ég tali ögn skýrar: Ég held að staða Íslands varðandi spurninguna um tollfrjálsan aðgang að mörkuðum fyrir sjávarafurðir sé verri ef við eigum einir að færa þær fórnir á móti sem til þarf fremur en að þeim fórnum yrði jafnað á EFTA-þjóðirnar í heild, með öðrum orðum það yrði dýrara verði keypt.

Ég vil leggja á það ríka áherslu að það sem nú hefur gerst og það sem fram undan er er ekkert sem ætti að koma okkur á óvart. Ég hef orðað það þannig að að undanförnu höfum við verið að dansa menúett en nú væri komið að þungarokkinu. Nú er komið að alvörunni í samningum. Við getum áætlað að 90–95% af því sem farið hefur verið yfir á samningssviðunum fimm, í þúsundum blaðsíðna, m.a. í gráskinnu eða morkinskinnu eða hvað við köllum hana, doðrantinum sem lýsir samanburðinum á íslenskri löggjöf og löggjöf Evrópubandalagsins, allt þetta liggur fyrir á borðum manna. Eftir er að leysa þýðingarmikil pólitísk vandamál sem við alltaf áttum von á að kæmi að þegar færi að nálgast samningslok. Það hefur alla tíð verið mín skoðun að sérstaða Íslands og sérmál Íslands sem varða sjávarútveginn kæmi fyrst fyrir alvöru til samninga þegar sú staða væri komin upp á borðið að EB hefði sagt: Við getum að sjálfsögðu ekki breytt okkar sameiginlegu fiskveiðistefnu, en EFTA-ríkjunum væri ljóst að þau yrðu einhverju til að kosta ef þau ættu að ná heildarlausn þar sem saman færi jafnvægi og skuldbindingar beggja aðila. Það er nú að gerast, á næstu vikum, sem þýðir að nú þurfum við af okkar hálfu að taka pólitískar ákvarðanir um það hverju við erum reiðubúnir að breyta í okkar samningsforsendum til að ná þessari heildarlausn.

Þetta er auðveldara viðfangs fyrir okkur en hinar EFTA-þjóðirnar af einni augljósri ástæðu, nefnilega þeirri að við höfum frá upphafi haldið þannig á málum að við höfum ekki lagt fram einhvern urmul af undanþágum á öllum samningssviðunum sem auðvelt væri að reka niður í okkur með vísun til þess að augljóslega varðaði þetta ekki brýna þjóðarhagsmuni. Svo að ég taki augljóst dæmi af öðru sviði, samningssviði I, ef við erum að tala þar um staðla sem mikið er um rætt, þá getur það ekki varðað brýnustu þjóðarhagsmuni ríkis hvort einhver munur er á desibelhávaða í garðsláttuvélum milli Þýskalands og Svíþjóðar og er ég þó ekkert að gera lítið úr því að EFTA-ríkin hafa á sumum sviðum, einkum að því er varðar heilbrigðis- og umhverfismál, hærri staðla. En það ber líka að taka skýrt fram að staðlar Evrópubandalagsins eru háir og þeir hafa verið að herða á þeim og það er vitað að í undirbúningi eru ný lög og reglur á vegum Evrópubandalagsins sem munu brúa þetta bil innan tiltölulega skamms tíma. Svona mál er því augljóslega fallið til þess að setja tímabundna fyrirvara en ekki varanlega fyrirvara með skírskotun til brýnna þjóðarhagsmuna. Þess vegna endurtek ég það að þetta er auðveldara viðfangs fyrir okkur vegna þess að við erum það EFTA-land sem setti fæsta fyrirvara í upphafi, við einbeittum okkur að því sem máli skiptir og stefndum að því frá upphafi að halda þannig á málum að við þyrftum út af fyrir sig litlu til að fórna þegar að alvöru málsins kæmi á lokastigi samninga.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi hér farið yfir meginmál þessara samningaviðræðna eins og þær blasa við núna. Ég hef lagt mat á samningsstöðuna. Ég hef áréttað óbreytta stefnu af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ég hef fullyrt að enn sem komið er hefur engin ríkisstjórn í EFTA-ríkjum breytt stefnu sinni þótt vissulega sé fjarri mér að neita því að pólitísk óvissa í kringum þessa samninga og forsendur þeirra er veruleg. Ég hef fært rök að því að hvað svo sem líður afstöðu hagsmunaaðila stjórnmálaflokka varðandi framtíðarafstöðu til Evrópubandalagsins er hún ekki á dagskrá nú í þeim skilningi að samningslok á þessu sviði útiloka hana ekki. Það að leggja fram aðildarumsókn núna mun ekki framkalla afstöðu frá Evrópubandalaginu fyrr en eftir nokkur ár. Þessu tvennu á ekki að rugla saman. En ótímabærar yfirlýsingar gætu spillt samningsstöðu okkar og þess vegna gef ég engar slíkar yfirlýsingar.

Ég hef litið svo á frá upphafi að þetta mál væri ekki aðeins eitt stærsta utanríkisviðskiptamál íslenska lýðveldisins sem upp hefur komið, heldur einnig að þessir samningar væru veigamikill þáttur í hinum nýja pólitíska arkitektúr Evrópu sem nú er smám saman að mótast. Ég kann ekki að svara stórum spurningum um það hvernig Evrópubandalagið muni líta út árið 2000. En ég ræð það af ýmsu að Evrópubandalagið er ekki statisk stærð, það er ekki óumbreytanlegt, það er í þróun, það er að breytast og fyrir liggja áætlanir Evrópu-

bandalagsins og forustuþjóða þess um breytingar á því. Þær munu taka sinn tíma. Sömuleiðis vitum við að EFTA-ríkin, sem tiltölulega háþróuð ríki, þurfa á því að halda vegna brýnna efnahagshagsmuna að tryggja markaðsaðgengi sitt að Evrópska efnahagssvæðinu, að innri markaðnum. Ég legg jafnframt áherslu á það að þessir samningar eru ekki bara um viðskipti, ekki bara um tolla, ekki bara um krónur og aura. Þetta eru miklu viðameiri samningar en svo. Hér er um að tefla samkeppnisskilyrði íslensks atvinnulífs á næstu árum og áratugum, bæði að því er varðar framleiðsluatvinnuvegi okkar, tækni, viðskipti, aðgang að fjármagni, og á samningssviði IV um samstarf okkar við ríki Evrópu á öllum sviðum, rannsóknir, vísindi, aðgengi að skólum, menntastofnunum, starfsþjálfun, umhverfisvernd o.s.frv. Þetta breytir engu um það að við leggjum strangt hagsmunamat á niðurstöðuna en við verðum að hafa hvort tveggja í huga, okkar brýnustu viðskiptahagsmuni og stærð málsins í heild sinni.

Virðulegi forseti. Frá upphafi hefur verið ráð fyrir því gert að þessum samningum verði lokið á fyrri hluta næsta árs. Ég hef enn sem komið er ekki ástæðu til að ætla annað, ef vel er haldið á spilunum, en að þessir samningar geti tekist og að þar með hafi verið stigið stærsta skrefið sem við höfum stigið á lýðveldistímanum í að opna okkar þjóðfélag og að tryggja vaxtarskilyrði íslensks atvinnulífs undir merkjum fríverslunar og frjálsra viðskiptahátta. Við höfum ekki lokað neinum dyrum um framhaldið en ég lít svo á að spurningin um aðild að Evrópubandalaginu geti verið á dagskrá, hún geti verið til umræðu en henni verður ekki svarað fyrr en við höfum fengið svör við: Er Evrópubandalagið reiðubúið til þess að taka tillit til þeirra þjóða sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta að því er varðar sjávarútveg?

Sá maður sem er reiðubúinn að svara þessari spurningu nú þegar og segir: Við eigum að ganga inn í Evrópubandalagið, hann á ósvarað mörgum spurningum, m.a. þessum: Vill hann afhenda fiskveiðilögsögu Íslands umfram 12 mílur í garð yfirþjóðlegs stjórnvalds? Vill hann afsala sér forræði yfir nýtingu auðlindanna? Væri ekki skynsamlegra að segja: Látum reyna á þessa samninga til loka og fáum þetta klárt: Er Evrópubandalagið tilbúið, í þessum samningum, að tryggja þá sérstöku hagsmuni sem við erum hér að lýsa og íslenskt þjóðfélag stendur og fellur með? Það er það sem ég á við þegar ég segi: Það er ekki tímabært að taka afstöðu til þessarar spurningar. Ég er ekki að segja að menn eigi ekki að ræða málið.

Virðulegi forseti. Við munum nú á næstu dögum og vikum fjalla í smáatriðum um þetta mál, um þessa samningsstöðu, um það hvernig best verði haldið á íslenskum hagsmunum. Það gerum við að sjálfsögðu í ríkisstjórn. Það gerum við á vettvangi utanríkismálanefndar og Evrópustefnunefndar, það gerum við á Alþingi Íslendinga. Ég lýk þessum orðum mínum í von um að okkur beri gæfa til að efla samstöðu okkar um þessa grundvallarhagsmuni þjóðarinnar og að út úr þeirri málefnalegu umræðu sem nú hefst munum við styrkja stöðu okkar en ekki veikja.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Óumdeilt er að þeir samningar sem hér er verið að fjalla um eru einhverjir þeir allra mikilvægustu sem Íslendingar hafa tekið þátt í áratugum saman. Hér er verið að stefna að einu víðtækasta viðskipta- og efnahagssamstarfi sem um getur.

Á síðasta þingi urðu miklar umræður um afstöðu Íslands til þessara samninga. Síðan hafa orðið miklar breytingar í þróun alþjóðamála og innan Evrópubandalagsins og innan annarra EFTA-ríkja í viðhorfum til frekara samstarfs. Ég sakna þess hins vegar í þeirri skýrslu sem hér hefur verið lögð fram að hún ber ekki með sér nema að mjög takmörkuðu leyti þær miklu breytingar sem eru að verða og hafa orðið í þessu efni á alþjóðavettvangi. Hæstv. ráðherra gerði þessar breytingar þó að umræðuefni í ræðu sinni þó að hann, eins og oft áður, freistaði þess fyrst og fremst að gera lítið úr þeim og jafnvel færa rök fyrir því að þær ættu sér ekki stað, eða eins og hæstv. ráðherra hefur stundum sagt, að þetta væru yfirlýsingar fjölmiðla sem ekki væru í beinum tengslum við raunveruleikann.

Ég sakna þess einnig í þessari skýrslu að þar er ekki gerð rækileg grein fyrir sérstöðu Íslands að því er sjávarútvegsmálefnin varðar, og það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að þau mál eru enn í lausu lofti. Það fer þó ekki á milli mála að frá því að Alþingi ræddi þessi mál fyrst fyrir um það bil ári síðan hafa línur að ýmsu leyti skerpst. Gleggri skil eru nú á milli jákvæðra og neikvæðra viðhorfa. Við finnum það í umræðunni hér heima, við finnum það í ólíkum áherslum sem einstakir stjórnmálaflokkar leggja í þessum umræðum og við sjáum það einnig í þessari umræðu sem á sér stað innan annarra EFTA-ríkja.

En þau meginmarkmið sem við Íslendingar hljótum að setja í þessum viðræðum eru fyrst og fremst þau að knýja á um hindrunarlaus viðskipti, algjörlega tollfrjáls viðskipti, og í því efni höfum við mikið verk að vinna að því er varðar sjávarafurðir. Þótt viðskiptasamningur okkar við Evrópubandalagið hafi á sínum tíma verið hagstæður, miðað við þær aðstæður sem við bjuggum við, er hann okkur fjötur um fót. Og það er kórrétt, eins og hér hefur komið fram, að enginn jöfnuður er í þessum samskiptum, á milli Íslands annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar, ef íslenskar sjávarafurðir njóta ekki sömu réttinda á Evrópumarkaðnum eins og iðnaðarvörur annarra ríkja. Þetta hlýtur því að vera höfuðkrafa okkar og hún snýst um lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Í annan stað hljótum við að leggja á það megináherslu, og um það hefur verið mjög víðtæk pólitísk samstaða frá því að við fyrst fyrir meira en 30 árum fórum að ræða samskipti við aðrar þjóðir á sviði efnahags- og verslunarmála, að standa vörð um fiskveiðilögsöguna og standa fast fyrir í þeim efnum, því að svo mikið höfum við lagt á okkur til þess að helga okkur rétt yfir fiskveiðilögsögunni að við gefum ekki þann rétt eftir undir nokkrum kringumstæðum.

Í þriðja lagi hlýtur það að vera markmið okkar og keppikefli að tengjast þeirri nýskipan í efnahagssamstarfi sem kveðið er á um í löggjöf Evrópubandalags-

ins um innri markað og þeir samningar sem hér er verið að fjalla um lúta að. Þar er um að ræða, eins og oft hefur komið fram, löggjöf um frjálst fjármagnsstreymi, frjáls viðskipti, frjáls þjónustuviðskipti og ýmis önnur jaðarmálefni. Ég tel það vera keppikefli fyrir Ísland að tengjast þessari löggjöf og það hljóti að vera þáttur í því að tryggja að Ísland dragist ekki aftur úr öðrum þjóðum og við getum snúið stöðnun í okkar þjóðarbúskap við og flutt Ísland inn á braut framfara. Ég hygg að þegar við horfum svo til lengri tíma geti Íslendingar byrjað fljótlega að ræða möguleikana á því hvort við eigum á síðari stigum að tengjast myntsamstarfinu með einum eða öðrum hætti. Reyndar getum við á næstu árum, ef vel tekst til með stjórn efnahagsmála og hér verður unnt að viðhalda jafnvægi, byrjað að feta okkur inn á þá braut.

Þetta eru höfuðmarkmiðin sem við hljótum að setja í þessum viðræðum og síðan verðum við að gera upp við okkur með hvaða hætti við tryggjum það best að við náum þessum markmiðum, í hvaða formi samskipta- og frambúðartengsla er líklegast að við náum þessum markmiðum. Það hlýtur að vera sú spurning sem við svörum næst. Fram til þessa höfum við verið í viðræðum þar sem reyndar Evrópubandalagið sjálft lagði umræðugrundvöllinn og samningsgrundvöllinn. Við höfum fram til þessa ekki tekið sjálfstæða afstöðu og lagt á það sjálfstætt mat hvaða leiðir eru vænlegastar fyrir okkur né heldur hvaða form á frambúðartengslum er vænlegast til árangurs. En þeim spurningum hljótum við að velta fyrir okkur og við hljótum að móta afstöðu í því efni með hliðsjón af því hvernig við tryggjum best hagsmuni okkar, hvernig við sjáum þessi meginmarkmið verða að veruleika.

Á síðasta þingi þegar um þetta var fjallað urðu allnokkrar deilur um form í þessu efni fremur en efnisatriði, þ.e. spurninguna um tvíhliða viðræður. Það álitaefni og þær deilur voru fyrst og fremst sprottnar af því að frá öndverðu hefur það verið álitaefni hvort samflot eða samstarf innan EFTA og milli EFTA-ríkjanna væri vænlegast til árangurs. Allar EFTA-þjóðirnar veltu þessu reyndar fyrir sér og settu fram spurningarmerki um það hvort það væri sá farvegur sem eðlilegastur væri og líklegastur til að tryggja árangur. En e.t.v. var ástæða til þess fyrir Íslendinga að setja stærsta spurningarmerkið þar um vegna þess að sérstaða okkar er mikil, engin önnur þjóð byggir í jafnríkum mæli á sjávarútvegi og verslun með sjávarafurðir. Og þess var fyrir fram tæplega að vænta að EFTA-þjóðirnar yrðu sérstakt skjól eða sérstakur styrkur fyrir okkur í þeim efnum. Sérstaða okkar er svo mikil á þessu sviði að engin önnur þjóð og engin önnur samtök eru líklegri til þess að gæta okkar hagsmuna en við sjálfir. Einmitt þess vegna hlaut þetta að vera álitaefni. Við höfum lengi lagt á það áherslu að fá samþykkta fríverslun með fisk innan EFTA án þess að það hafi í raun og veru haft mjög mikla efnahagslega þýðingu fyrir okkur vegna þess að viðskiptahagsmunir okkar með sjávarafurðir lágu annars staðar.

Hæstv. ríkisstjórn gerði mjög mikið úr því þegar EFTA-ríkin féllust á áratuga gamlar kröfur okkar í þessu efni. Út af fyrir sig má segja að þar hafi unnist nokkur áfangi, en fyrst og fremst var það þó formsatriði að fá EFTA-þjóðirnar til þess að samþykkja fríverslun með fisk miklu fremur en að í því hafi falist stórkostlegur efnahagslegur ávinningur vegna þess að hagsmunir okkar í þessum efnum lágu utan fríverslunarsamtakanna.

Einnig var á það bent af okkar hálfu, sem lögðum áherslu á tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið til þess að tryggja okkar eiginhagsmuni betur, að ólíklegt væri að Evrópubandalagið mundi fallast á fríverslun með fisk, á næstu árum a.m.k. Þegar í fyrra lá ljóst fyrir hvernig Evrópubandalagið ætlar að fylgja eftir styrkjastefnu sinni fram til ársins 1997. Þá þegar lá það fyrir að Evrópubandalagið gæti aldrei og mundi aldrei í þessum samningum fallast á kröfuna um fríverslun með fisk. Á allar þessar athugasemdir blés hæstv. ríkisstjórn í umræðunum sem fram fóru á Alþingi í fyrra.

Við bentum einnig á að lítið færi fyrir því innan EFTA að þær þjóðir sem þar vinna með okkur væru að nota aðlögunartímann í þeim tilgangi að draga úr styrkjum. Þvert á móti var á það bent þegar á síðasta þingi að Norðmenn hafa fremur aukið styrki sína eftir að samkomulagið um fríverslun með fisk var gert en að þeir hafi dregið úr þeim. Þetta hefur verið látið átölulaust af hálfu íslenskra stjórnvalda og bendir ekki til þess að þeir ætli að nota aðlögunartímann til þess að koma þessari fríverslun á með þeim skilyrðum sem um fríverslun eiga að gilda. Nú kemur hæstv. ríkisstjórn og játar að allar þessar athugasemdir, sem hún blés á í fyrra, hafi við gild rök að styðjast og reyndar tekur hæstv. ríkisstjórn nú fram að allt það hafi mátt sjá fyrir sem hún afneitaði í fyrra þegar á það var bent.

Einnig hefur komið fram í umræðum á alþjóðavettvangi á undanförnum mánuðum, frá talsmönnum Evrópubandalagsins, að líklegra væri að Íslendingar gætu fremur tryggt sérhagsmuni sína í slíkum viðræðum en í samstarfinu við EFTA. Þannig hefur smám saman komið í ljós að þau rök sem fram voru færð á síðasta þingi fyrir því að ástæða væri til þess að taka þessi efni öðrum tökum en gert var höfðu við full og gild rök að styðjast. Hins vegar er auðvitað fagnaðarefni, þó seint sé, að hæstv. ríkisstjórn virðist nú vera að átta sig á þeim staðreyndum en ég óttast að við höfum tapað nokkru í tíma. Það kemur glögglega fram í þeirri skýrslu sem hér er lögð fyrir og er til umræðu að þessi sérstöku hagsmunamál Íslands virðast vera miklu skemur á veg komin en ýmis önnur atriði í sameiginlegum viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins og það hlýtur að vekja upp fjölmargar spurningar. Ég er sannfærður um að ef við hefðum tekið þessi mál fastari tökum í öndverðu værum við Íslendingar komnir lengra með okkar sérstöku hagsmunamál, sem fyrst og fremst lúta að því að koma sjávarafurðum tollfrjálst inn á Evrópumarkaðinn, en raun ber vitni um. Ekkert kemur fram í þessari skýrslu sem bendir til þess að pólitískar lausnir fáist nú á næstu vikum varðandi kröfu okkar um tollfrjálsan aðgang. Hins vegar er upplýst af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að stefnt sé að því að fá pólitískar lausnir á öllum öðrum sviðum nú á næstu vik-

um og alla vega fyrir lok þessa árs.

Ég held að það sé fyllilega ljóst að við getum ekki gengið frá nokkrum samningum og Alþingi getur ekki fallist á nokkra samninga í þessu efni nema um leið hafi verið gengið frá samningum um hindrunarlausan aðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir inn á Evrópubandalagsmarkaðinn. Þess vegna er full ástæða til þess, að gefnu tilefni, þegar þessi skýrsla hefur verið lögð fram, að setja fram þá kröfu að gengið verði fram af meiri ákveðni og meiri festu á næstu vikum til þess að tryggja þessa íslensku hagsmuni þannig að þeir sitji ekki á hakanum á endasprettinum. EFTA-þjóðirnar hafa engra sérstakra hagsmuna að gæta, þegar kemur að lokum þessara samninga, að standa vörð um þessa séríslensku hagsmuni. Og Norðmenn hafa ekki sýnt það fram til þessa að þeir hafi tekið samkomulagið við Íslendinga á leiðtogafundinum í Ósló sérstaklega hátíðlega. Þess vegna er ástæða til þess að setja spurningarmerki hvað þetta varðar. Hins vegar er augljóst af skýrslunni að þessir samningar eru of stutt á veg komnir, og við höfum tapað tíma vegna þess að hæstv. ríkisstjórn gerði sér ekki fyllilega grein fyrir því í tæka tíð með hvaða hætti væri skynsamlegast að taka á þessum viðfangsefnum. Það er komið á daginn að betur hefði farið ef hlustað hefði verið á athugasemdir þeirra sem þær gerðu á síðasta þingi.

Hvað er svo þetta Evrópska efnahagssvæði sem hér er verið að tala um? Í raun og veru er enginn stór grundvallarmunur á þeim samningum sem hér er verið að fjalla um og aðild að Evrópubandalaginu. Samningarnir eiga sér stað fyrir frumkvæði Evrópubandalagsins og grundvöllur þeirra er löggjöf Evrópubandalagsins um innri markað og samningsniðurstaðan mun fela í sér aðild EFTA-ríkjanna að þeirri löggjöf. Það hefur þegar komið fram margsinnis að Evrópubandalagið setur fram nákvæmlega sömu kröfur af sinni hálfu gagnvart samningum um Evrópska efnahagssvæðið og gagnvart ríkjum sem sækja um fulla aðild. Það kemur fram í þeim kröfum sem Evrópubandalagið hefur sett fram um fiskveiðiréttindi innan fiskveiðilögsögunnar ef við stöndum á kröfunni um fríverslun með fisk. Það á við um þær umræður sem farið hafa fram um Evrópska efnahagssvæðið. Fjórþætta frelsið, sem svo hefur verið kallað, frjálst flæði fjármagns, frjáls vöruviðskipti og frjáls þjónustuviðskipti, er hluti af löggjöf Evrópubandalagsins. Og í raun og veru er það kannski fyrst og fremst stigsmunur hvernig staðið verður að ákvörðunartökum innan Evrópska efnahagssvæðisins og innan Evrópubandalagsins.

Það er líka ljóst að þegar rætt er um styrkingu EFTA er í raun og veru verið að fjalla um að EFTA geti með einum eða öðrum hætti komið fram á þann veg að þar sé um yfirþjóðlegt vald að ræða. Þegar horft er á öll þessi atriði kemur í ljós að hér er ekki um veigamikinn mun að ræða. Segja má að Evrópska efnahagssamstarfið eða Evrópska efnahagssvæðið sé í raun og veru eins konar aukaaðild að Evrópubandalaginu.

Norska ríkisstjórnin féll í morgun vegna deilna um þetta efni og af hálfu Miðflokksins, sem hefur gert ágreining að undanförnu í norsku ríkisstjórninni um stefnuna í Evrópubandalagsmálunum, hefur því einmitt verið haldið fram að enginn reginmunur sé á Evrópska efnahagssvæðinu og fullri aðild, nema þá kannski helst sá að þjóðirnar verði jafnbundnar nýjum ákvörðunum, jafnskuldbundnar þeim kvöðum sem sérhver aðildarþjóð á að gangast undir, en hafi á hinn bóginn ekki sömu aðstöðu til áhrifa og aðildarþjóðirnar. Um sumt eru þessar athugasemdir réttar þegar málin eru þannig brotin til mergjar.

Nú eru breytt viðhorf. Það hefur komið fram í umfjöllun um þessi efni að innan annarra EFTA-ríkja fer nú fram umræða um hugsanlega og mögulega aðild EFTA-ríkjanna að Evrópubandalaginu á næstu árum. Það er hins vegar kórrétt að ósennilegt er að nokkuð gerist í þeim efnum á næstunni en ljóst á hinn bóginn að umræðan hefur verið tekin nýjum tökum og þróunin mun þess vegna verða önnur í þessu efni en við gerðum ráð fyrir á síðasta ári þegar umræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið fóru af stað.

Það er óþarfi að rekja það í löngu máli hvernig þessi umræða hefur verið að breytast. Menn þekkja það af umfjöllun í fjölmiðlum hvernig afstaðan hefur verið að breytast í Svíþjóð þar sem menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að hlutleysisstefnan standi ekki lengur í vegi fyrir aðild Svía. Tveir flokkar hafa formlega í Svíþjóð tekið aðild að Evrópubandalaginu á stefnuskrá sína og sænskir sósíaldemókratar eru farnir að ræða það efni í fullri alvöru. Sama umræða er að hefjast í Noregi og í Finnlandi hefur sú umræða einnig verið opnuð og Austurríki hefur, eins og öllum er kunnugt, lagt inn umsókn.

Mér finnst eins og af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hafi þessum nýju viðhorfum verið afneitað. Menn reyna að gera lítið úr þeim, menn reyna að blása á þau, menn reyna að segja að allt sé þetta misskilningur, þeir sem yfirlýsingarnar gefi skilji ekki stöðu mála og hinar formlegu yfirlýsingar séu á annan veg. Auðvitað er það rétta að hinar formlegu yfirlýsingar eru að mestu óbreyttar, en við getum ekki og megum ekki loka augunum fyrir þróuninni sem er að eiga sér stað.

Líklegt er að ástæðan fyrir því að hæstv. ríkisstjórn reynir að loka augunum fyrir þessum breytingum sé sú að hún vill draga fjöður yfir mismunandi áherslur sem eru innan stjórnarflokkanna í þessum efnum. Víðast hvar annars staðar hafa álitaefnin sem upp koma í þessum samningum verið dregin fram með miklu skýrari og skarpari hætti en hér hefur verið gert. Það er ástæðan fyrir því að ágreiningur og mismunandi áherslur sem verið hafa í norsku ríkisstjórninni hafa nú leitt til stjórnarslita. Af hálfu hæstv. núv. ríkisstjórnar er augljóslega tilhneiging til þess að halda málum af þessu tagi undir yfirborðinu sem lengst og reyna að skjóta átökum um þau fram yfir kosningar.

Einnig hefur borið á því af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að hún hefur kappkostað að leggja Evrópubandalaginu til rök í þeim viðræðum sem fyrir dyrum standa. Þegar lögð hefur verið áhersla á nauðsyn þess að taka upp tvíhliða viðræður um íslenska hagsmuni flytja ráðherrarnir í ríkisstjórn Íslands öll rökin sem Evrópubandalagið getur hugsanlega teflt fram á móti Íslend-

ingum. Þegar bent er á hvað er að gerast á alþjóðavettvangi, hvaða breytingar eru að gerast þar, tefla íslensku ráðherrarnir fram öllum þeim rökum sem forustumenn Evrópubandalagsins gætu hugsanlega teflt fram gegn þeirri breytingu. Ég verð að segja að þó að hugsanlega megi nota málflutning af þessu tagi í skylmingum er það óskynsamlegt út frá samningsstöðu Íslands að verjast alltaf með því að leggja samningsaðilunum, mótaðilunum, til rök. Þvert á móti eigum við að leggja meiri áherslu á í okkar umfjöllun hvernig við getum knúið þá til þess að viðurkenna okkar hagsmuni. Og þó að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki valið skynsamlegustu leiðina til að vinna að sérislenskum hagsmunum í þessu efni er ástæðulaust að verja sig með því að tefla alltaf fram rökum Evrópubandalagsins. Við eigum að halda fram íslenskum málstað í þessu efni.

Mér sýnist því að flest bendi til þess að Evrópska efnahagssvæðið verði fyrst og fremst, ef af því verður og samningar takast um það, stökkbretti fyrir stærri þjóðirnar í EFTA inn í Evrópubandalagið og á næstu árum munum við sjá á eftir þeim inn í Evrópubandalagið. Þetta verður þannig ekki frambúðarlausn á skipan tengsla EFTA-þjóðanna við Evrópubandalagið heldur bráðabirgðalausn til skamms tíma sem fyrst og fremst verður notuð til aðlögunar fyrir stærri þjóðirnar. Auðvitað nýtast þessar umræður. Auðvitað liggur það fyrir að það er búið að semja um meginhluta þeirra viðfangsefna sem semja þarf um og þær koma því að góðu gagni fyrir aðrar EFTA-þjóðir í áframhaldandi samningum við Evrópubandalagið sem þá munu taka skemmri tíma en ella. Það er þess vegna augljóst að þær umræður sem fram hafa farið og þeir samningar sem hafa verið á döfinni hafa haft mjög mikla þýðingu og mikið gildi þó að niðurstaðan verði sú að Evrópska efnahagssvæðið verði fyrst og fremst bráðabirgðalausn eða stökkbretti fyrir aðra inn í Evrópubandalagið.

Ég held að af þessum sökum sé líklegt að ágreiningur um stjórnkerfis- og stjórnskipunarmál sem hefur verið á döfinni þurfi ekki að skipta eins miklu máli og í raun hefur verið í viðræðunum fram til þessa. Evrópubandalagsríkin sjá hvert stóru EFTA-ríkin eru að stefna og ég hygg að aðild EFTA-ríkja að nefndarstarfi í Evrópubandalaginu muni á skömmum tíma breyta í mörgu viðhorfum manna til þessa samstarfs og gera menn jákvæðari í því efni og þess vegna ástæða til þess einmitt að nota þessa þróun til að knýja Evrópubandalagið frekar til undanhalds en að túlka hana á þann veg að hún styrki stöðu Evrópubandalagsins í viðræðunum. Því sjónarmiði tel ég að við eigum ekki að gera of mikið úr. Ég held að miklu fremur sé ástæða til að nota þessa þróun til að styrkja okkar samningsstöðu gagnvart Evrópubandalaginu.

Það hefur verið allvíðtæk samstaða um þátttöku í þessum viðræðum þó að ljóst sé að þeir fyrirvarar sem komið hafa fram af hálfu einstakra flokka, ekki síst einstakra ríkisstjórnarflokka, eru nokkuð mismunandi, eru túlkaðir líka með ólíkum hætti af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar. Aðalatriðið er það að við verðum að gera okkur grein fyrir raunveruleikanum. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir þeim breytingum sem átt hafa sér stað og við verðum að gera okkur grein fyrir raunveruleikanum og móta okkar afstöðu með tilliti til þess. Aðalatriðið er að um meginmarkmiðið með samningunum sé víðtæk samstaða á meðal Íslendinga og sem betur fer er nú miklu ríkari samstaða um ýmis efni sem lengi hafa valdið deilum í íslenskum stjórnmálum og þá á ég fyrst og fremst við afstöðu manna til aukins frjálsræðis við stjórn efnahags- og atvinnumála. Um það er miklu meiri samstaða nú en verið hefur um langan tíma og þess vegna ástæða til að ætla að í þjóðfélaginu sé breiðari samstaða á bak við samstarf af þessu tagi en nokkru sinni fyrr.

Þeir meginkostir sem við höfum þegar við horfum til lengri tíma er auðvitað full aðild, einhvers konar aukaaðild í öðru lagi eða í þriðja lagi útvíkkun á viðskiptasamningi okkar við Evrópubandalagið. Ég held að of snemmt sé, í dag, að fullyrða um það hver þessara kosta er líklegastur til að tryggja bestan árangur fyrir okkur. Að mínu mati höfum við ekkert það í höndunum í dag sem segir að einn þessara kosta sé öðrum betri. Við eigum hins vegar engan þeirra að útiloka fyrir fram því að ég hygg að það sé meginatriði að í viðræðum þar sem ekkert er útilokað fyrir fram fáum við að sjá hverju við náum fram og við tökum svo afstöðu til framtíðarskipunar okkar með tilliti til þess. Mitt mat er það að með tilliti til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum mánuðum verðum við að búa okkur undir það að hafa tekið endanlega ákvörðun og náð samningum um frambúðartengsl okkar við Evrópubandalagið á næstu fimm árum. Þess vegna þurfum við að hefja mjög opna og frjálsa umræðu um markmið okkar og þá kosti sem eru fyrir hendi og megum ekki loka augunum fyrir þeirri þróun sem nú á sér stað og verðum að gera okkur grein fyrir stöðu okkar með tilliti til þess sem aðrar þjóðir eru að gera vegna þess að við lifum ekki einir í heiminum. Við eigum mikla hagsmuni bundna við hvað aðrar þjóðir gera því að fáar þjóðir eru háðari utanríkisviðskiptum en við Íslendingar, fáar þjóðir eiga lífshagsmuni sína í jafnríkum mæli undir utanríkisviðskiptum og við Íslendingar. Við eigum því að forðast að ræða þessi mál á neikvæðum forsendum, en af hálfu einstakra aðila að núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur í of ríkum mæli verið staðið að þessari umræðu á neikvæðum forsendum. Ég tek það fram að það á ekki við um alla þá aðila sem nú standa að ríkisstjórn en af hálfu sumra þeirra.

Ég rifja hér upp þegar formaður Framsfl. sagði í viðtali að Evrópubandalagið væri versti kosturinn fyrir Ísland. Síðan þegar formaður Framsfl. sat við hliðina á forseta Frakklands og þurfti að svara fyrir slík ummæli lét hann eins og þau hefðu aldrei fallið. Mér virðist þannig að það sé alveg augljóst, ekki bara af þessu dæmi heldur fjölmörgum öðrum, að sumir þeir sem eiga aðild að hæstv. ríkisstjórn og flytja mál hennar flytji tvær ræður um þetta efni, eina fyrir innanlandsmarkað og aðra fyrir erlendan markað.

Nú er það ekkert óvanalegt, ekki síst þegar Framsfl.

á í hlut, að menn tali samtímis í tvær gagnstæðar áttir og út af fyrir sig ætla ég ekki að gera ágreining um það hvernig Framsfl. flytur sitt mál. Hitt er alveg augljóst að það veikir stöðu Íslands þegar þannig er talað af hálfu aðila sem eiga aðild að ríkisstjórn og eru jafnvel í forustu fyrir henni. Það veikir trúnað okkar og traust á erlendum vettvangi. Þess vegna er mjög mikilvægt að þessi mál séu tekin til umfjöllunar og að menn geri sér fulla grein fyrir því um hvað þau snúast og lýsi því mjög nákvæmlega hvað það er í þessum samningum sem menn eru reiðubúnir að styðja og standa á bak við og hvað það er sem menn eru á móti. Hitt veikir stöðu okkar í samningunum ef menn hafa það á tilfinningunni að mismunandi áherslur séu innan ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ástæðan fyrir því að norska stjórnin fór frá í morgun er einmitt sú að hún taldi að það skaðaði hagsmuni Noregs í samningunum ef ríkisstjórnin talaði ekki einni röddu í þeim samningum. Þess vegna er nauðsynlegt að draga öll þessi mál hér fram og fá skýrari afstöðu en verið hefur frá einstökum aðilum ríkisstjórnarinnar.

Við Íslendingar eigum mikið undir því að þessir samningar takist vel. Ég tel mikilvægt að þessum samningum um Evrópska efnahagssvæðið ljúki. Þó að augljóst sé að þeir verði með öðrum hætti en upphaflega var að stefnt og þar sé ekki um frambúðarlausn að ræða væri rangt að hlaupa frá þeim og hverfa frá þeim umræðum, en við verðum að gera okkur grein fyrir því að það hafa orðið breytingar og við verðum að móta frambúðarstefnu okkar með tilliti til þess. Við verðum að taka á þessu viðfangsefni með jákvæðum hætti og gera okkur grein fyrir að ef við ætlum að lyfta Íslandi úr fari stöðnunar inn á braut framfara verðum við að taka virkan þátt í þessu alþjóðlega efnahags- og viðskiptasamstarfi sem hér er verið að fjalla um.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að vonandi næst breið samstaða um þetta mikilvæga mál, bæði hér á hinu háa Alþingi og sömuleiðis með þjóðinni. Hins vegar þótti mér sumt af því sem hann sagði ekki vera þess eðlis að stuðli að þeirri samstöðu og mun ég koma að þeim atriðum.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi mál hafi þróast á þann veg sem vel mátti búast við og það er sömuleiðis staðreynd að við stöndum nú á tímamótum og þurfum að taka ýmsar mikilvægar ákvarðanir. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið afar mikilvægt að fá samþykki EFTA-ríkjanna fyrir því að fríverslun yrði innan EFTA með fiskafurðir.

Ég vil nefna það hér að sem utanrrh. átti ég fundi með forustumönnum EB í Brussel og flutti þar að sjálfsögðu það mál sem við erum öll sammála um, að við vildum fá frjálsan aðgang með okkar sjávarafurðir. Svarið sem ég fékk þá var þetta: Þið hafið þetta ekki einu sinni innan EFTA. Er ekki rétt að þið tryggið þetta innan þeirra samtaka sem þið eruð í? Þetta tókst og ég tel það mikilvægt þótt það sé hins vegar hárrétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl., að þetta er fyrst og fremst okkar hagsmunamál.

Ég tel einnig að það svar sem hefur nú verið knúið fram í viðræðunum við EB sé mikilvægt, eða með öðrum orðum að fríverslun með fisk komi ekki til greina. Ég tel mikilvægt að fá þetta fram til að geta þá snúið okkur af fullum krafti að því sem hér er komið fram, að fá tollfrjálsan aðgang að Evrópumarkaðinum og án magntakmarkana.

Á þessu er vitanlega töluverður munur. Fríverslun með sjávarafurðir felur að sjálfsögðu í sér að þá verða allar hindranir, eins og t.d. niðurgreiðslur eða styrkir til fiskvinnslunnar, að hverfa. Fríverslun, og þetta verða menn að hafa í huga, felur í sér jafna aðstöðu beggja vegna. Því hefur nú verið hafnað og Evrópubandalagið tilkynnir okkur að þess sé a.m.k. ekki að vænta á næstunni að þeir hverfi frá þessari stefnu sinni í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, að styrkja sína vinnslu verulega eins og allir hér þekkja. Þetta er nú komið fram.

Hver er þá okkar staða í þessum viðræðum? Það er von að spurt sé. Við höfum vissulega, með þeim samningi sem við höfum þegar við Evrópubandalagið, fallist á afar mikið frelsi, nánast fullt frelsi fyrir þeirra varning hingað til lands, þ.e. þó ekki á landbúnaðarafurðum. Við fengum, að því er við töldum á sínum tíma, viðunandi tollalækkanir og frelsi fyrir okkar sjávarafurðir. Þetta hefur breyst, sem ég þarf ekki að rekja hér, vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á Evrópubandalaginu. Er unnt að ná fram fyrir Ísland tollfrjálsum aðgangi og án magntakmarkana? Því er erfitt að svara á þessari stundu, en ég tel að fyrir okkur sé nú mikilvægast að halda áfram í þessum viðræðum innan EFTA og leggja áherslu á þessa kröfu okkar og ég er sannfærður um það, og reyndar þarf ekkert að spyrja að því, að þegar dæmið er gert upp fyrir okkur Íslendinga liggur á borðinu að það er miklu meira sem er EB-megin í þessum samningum, með tilliti til okkar Íslendinga, en okkar megin. Og það er afar auðvelt að færa rök fyrir því að þá verður Ísland, sem fyrst og fremst byggir sinn iðnað á framleiðslu sjávarafurða, að fá þar eitthvað sín megin til að jafna metin.

Þó að það sé út af fyrir sig rétt að þetta með sjávarafurðirnar sé ekki eins stórt hagsmunamál annarra EFTA-ríkja er ég sannfærður um að EFTA-ríkin muni gefa mikið fyrir það að samstaða þeirra á meðal rofni ekki ef þetta kemst á lokastig og gengið verður frá samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vísa jafnframt til þess sem komið hefur fram aftur og aftur hjá mörgum forustumönnum EB-landanna og hjá forustumönnum í Brussel, m.a. á þeim fundi sem ég átti þar 18. apríl sl., um okkar viðræður að sjálfsögðu, þegar formaður framkvæmdastjórnar EB tók fram að það væri alveg augljóst að við Íslendingar værum með sérstöðu sem yrði að taka tillit til. Þetta kom einnig fram á fundi með tólf af framkvæmdastjórum EB. Það kom einnig fram á fundi í Gautaborg í vor þar sem Delors tók sérstaklega fram að ef öll önnur mál leystust, þ.e. undanþágurnar og ákvarðanatakan o.s.frv., mundi þetta mál leysast gagnvart Íslendingum. Ég tel þessar yfirlýsingar afar mikils virði og ég tel það afar mikils virði

að að þessu máli hefur verið unnið látlaust, bæði af ráðherrum og þingmönnum í heimsóknum þeirra, eða heimsóknum manna EB og annarra ríkja hingað til lands. Það hefur alls staðar komið fram skilningur á þessari sérstöðu Íslands. Og þar er þá ekki mælt af heilindum ef á lokastiginu fæst ekki fram vilji til að taka tillit til þessarar sérstöðu Íslands þegar augljóst jafnvægisleysi er á milli þess sem Evrópubandalagið fær og þess sem við Íslendingar fáum. Þess vegna lít ég svo á að við eigum á þessu stigi ekkert að örvænta í þessum samningum heldur halda okkar striki og leggja áherslu á að það geri EFTA-löndin öll.

Núna standa málin þannig að til að höggva á þann hnút sem er orðinn í þessum samningum þurfa báðir aðilar að gefa nokkuð eftir, þ.e. sérstaklega þurfa EFTA-löndin að hverfa frá ýmsum undanþágum sem þau hafa óskað eftir og EB-löndin að hverfa frá þeirri mjög stífu afstöðu sem þau hafa haft til ákvarðanatöku, ákvarðanamyndunar og töku innan væntanlegs Evrópsks efnahagssvæðis. Það er nú gerð mjög ítarleg tilraun til að ná einhverjum slíkum áfanga þannig að samningarnir haldi áfram.

Við Íslendingar erum sem betur fer aðeins með fáar og mikilvægar grundvallarundanþágubeiðnir og stöndum að því leyti miklu betur að vígi en t.d. Svíar sem eru með fleiri síður af undanþágum. Við stöndum vitanlega fast á t.d. slíkri undanþágu að ekki verði leyfð erlend fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi og frumvinnslu sjávarafurða. Út af fyrir sig er það jafnvel enn auðveldara en fyrr vegna þess að Evrópubandalagið hefur hafnað fríverslun með sjávarafurðir og það er í raun og veru alls ekkert í myndinni. Við stöndum einnig mjög ákveðið á því að við leyfum ekki erlenda fjárfestingu í orkulindum landsins. Það er hygg ég ekkert svo erfitt því að hér á landi hagar svo til að langmestu leyti að ríkið hefur einkarétt á virkjun fallvatna. Ég tel líka afar mikilvægt að við höldum vel til skila þeim fyrirvara að erlendir aðilar eignist hér ekki land, a.m.k. ekki í stórum stíl og þá eingöngu tengt þeim atvinnurekstri sem þeir kunna að taka þátt í hér. Vitanlega eru örfáar fleiri undanþágur sem þarf að skoða en ég held að það sé tiltölulega mjög auðvelt mál fyrir okkur af því að við erum með svo fáar á heildina litið. Um þetta er nú fjallað. Ég skal ekki segja hvað út úr því kemur. Ég hugsa að Evrópubandalagið eigi í meiri erfiðleikum en EFTA-löndin að ná samstöðu um það að heimila EFTA-löndunum að taka þátt í ákvarðanamótun og töku. Ég tel hins vegar afar mikilvægt að það náist.

Hér var nýlega á ferðinni sá maður sem nú veitir þessum viðræðum forustu, fyrir hönd EFTA-ríkjanna, Delamuraz. Svisslendingar eru að vísu með annað fyrirkomulag en við en hann er svona utanríkisviðskiptaráðherra þeirra nú og ég skildi hann svo að það væru nokkurn veginn jafnar líkur á því hvort þetta mistekst eða tekst. Þess vegna getur þarna brugðið til beggja vona.

Hv. 1. þm. Suðurl. talaði um deilur sem hér voru á síðasta þingi um sérstaka samninga fyrir okkur Íslendinga á því stigi, eða sérsamninga sem margir lögðu áherslu á að ætti að hefja þá þegar. Ég tel að það hafi verið rétt niðurstaða að fara ekki fram á slíka samninga þá, og ég tel að það hafi hins vegar verið rétt að því unnið með fjölmörgum fundum og viðræðum að undirbúa það að annaðhvort fáist sérákvæði í lokasamningum EFTA og EB sem tekur til aðstæðna hér á landi og sérstöðu okkar Íslendinga sem ég hef rakið eða, ef þessir samningar mistakast, að sérsamningar fyrir okkur geti þá hafist. Það hefur hver einasti maður sem við höfum talað við tekið undir sérstaklega þetta sjónarmið og lagt áherslu á að EFTA-EB-samningarnir verði að hafa forgang.

Forseti Frakklands var hér, eins og menn muna, í sumar og það mátti e.t.v. skilja hans ummæli þannig að eðlilegt væri að við Íslendingar bæðum þegar um sérstaka samninga. Ég hef fyrir nokkru ritað forseta Frakklands og farið fram á það að hann skýri þetta og styðji okkur í því ef hann telur að við getum þegar fengið tekna upp sérstaka samninga. Ég hef ekkert svar fengið við því bréfi enn þá, því miður, og nokkuð um liðið. Hins vegar hefur svokölluð EFTA-EB-nefnd þingsins verið þarna á ferðalagi og ég veit að þar var þetta mikið rætt og e.t.v. getur hún upplýst þetta nánar.

En hvers vegna þessi óþolinmæði? Staðreyndin er sú að þessum viðræðum lýkur í síðasta lagi fyrir mitt næsta ár, jafnvel þyrfti henni að ljúka fyrr, annaðhvort með því að þetta tekst, og þá reynir á það í þeim áfanga að við fáum viðurkennda þessa séraðstöðu okkar og það jafnvægisleysi sem er í samningum með tilliti til okkar og sem allir hafa lofað að skoða, eða þetta mistekst og þá biðjum við um sérsamninga og það er búið að undirbúa þann jarðveg að mínu mati með miklum ágætum. Svo ég tek undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að það er vonandi að menn geti nú náð samstöðu um þessa málsmeðferð og keyrt málið til enda.

Ég get ekki annað en komið nokkrum orðum að því sem kölluð hefur verið full aðild. Mér þótti leitt að heyra það að hv. 1. þm. Suðurl. fór með rangt mál þegar hann sagði að ég hefði sagt að það versta sem gæti komið fyrir Ísland væri full aðild. Ég veit að hann les Morgunblaðið mjög vel. Í stórri fyrirsögn í Morgunblaðinu á viðtali við mig segir: „Eitt hið versta sem gæti komið fyrir Ísland." Og þetta náttúrlega sýnir hvernig óvandaðir fjölmiðlar geta heilaþvegið jafnvel slíka menn sem hv. 1. þm. Suðurl., ef hann hefur meint það sem hann sagði áðan. Ég endurtek að ég tel að eitt hið versta sem gæti komið fyrir okkur Íslendinga væri full aðild. Og að gefnu tilefni hlýt ég að skýra það nánar.

Við Íslendingar erum með mjög ólíkan efnahags- og atvinnugrundvöll hinum þjóðunum sem þarna eru að ræða um samstarf. Það þarf ég út af fyrir sig ekki að rekja. Við erum auk þess afar litlir og mig grunar að við mundum hafa afar lítil áhrif á ákvarðanatöku í EFTA-EB. Ég ræddi þetta mál nýlega við sænskan iðnrekanda, Curt Nicolin, sem margir munu kannast við og er mjög áhrifamikill maður þar. Í samtali okkar bar hann saman stöðuna hér og í Svíþjóð og hann sagði: Svo er nú ástatt í Svíþjóð að sænskur iðnaður fjárfest-

ir tólf sinnum meira í löndum Evrópubandalagsins en lönd Evrópubandalagsins í Svíþjóð. Og um 80% af fjárfestingu í Svíþjóð rennur til þessara landa. — Og hann sagði: Ég tel afar eðlilega ósk frá sænskum iðnaði að ríkisvaldið gæti okkar hagsmuna innan Evrópubandalagsins og það verður ekki gert öðruvísi en með fullri aðild. — Hann bætti hins vegar við: Ég hef aldrei heyrt af neinni íslenskri fjárfestingu sem um munar í þessum löndum og ég trúi því ekki að hún geti nokkurn tímann orðið nokkuð sem vegur eitthvað. — Og ég er sannfærður um, sagði hann, að hin stóru fyrirtæki í Evrópubandalaginu mundu fjárfesta mikið hér og eignast það sem þeim sýnist á tiltölulega skömmum tíma.

Það er líka mikill misskilningur sem oft kemur fram að í fullri aðild gætum við fengið undanþágur frá Rómarsáttmálanum eins og t.d. þær að fjárfesting í sjávarútvegi komi ekki til greina eða þá t.d. að stjórn fiskveiða verði í okkar höndum. Við mundum geta fengið einhvern aðlögunartíma að þessu en ekki fulla undanþágu. Þetta kom t.d. mjög greinilega fram hjá forseta Frakklands þegar hann kom sl. vetur. Hann sagði nokkurn veginn með þessum orðum, í þýðingu minni, að að sjálfsögðu væri með sérsamningum unnt að taka tillit til sérstöðu okkar Íslendinga en í fullri aðild yrðum við vitanlega fyrr eða síðar að sætta okkur við Rómarsáttmálann, honum yrði ekki breytt fyrir eina þjóð. Og þetta kom fram hjá öllum sem ég hef rætt við um þessi mál, og ég hygg að fleiri geti borið það.

Ég tel allar líkur á því að við getum fengið sérsamning og þurfum ekkert að örvænta í þessu sambandi og verðum að láta reyna á það til hlítar.

Ég skal nú ekki lengja þessa umræðu mikið. Ég held ég hafi komið að flestum þeim atriðum sem ég vildi nefna. Þó er kannski eitt sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á. Ég held að við Íslendingar þurfum að hugleiða það mjög vel hvernig við viljum hafa okkar viðskipti í framtíðinni. Er rétt, með svo einhæfa framleiðslu eins og hér er, þ.e. sjávarafurðir, að hafa eggin öll í einni körfu? Þurfum við ekki að leggja mikla áherslu á að halda og jafnvel styrkja okkar markað í Bandaríkjunum, hann hefur stundum reynst okkur afar mikils virði, og þurfum við ekki einnig að styrkja okkar markaðshlutdeild og auka, t.d. í Japan og löndunum þar í kring þar sem mjög mikil eftirspurn er eftir sjávarafurðum? Ég held við þurfum að skoða þetta betur í heild sinni og það er von mín að sú umræða sem hér fer fram á næstunni verði opin, vissulega til þess að ná samstöðu með þjóðinni, ekki að skipta henni, heldur ná samstöðu með þjóðinni um þetta mjög mikilvæga mál, og tek undir það sem hér hefur verið sagt, að þau gerast ekki stærri á þessari stundu fyrir íslenska þjóð og hennar sjálfstæði og hennar framtíð.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram hefur komið í þessum umræðum, að við erum að fjalla hér um einhverja mikilvægustu samninga sem Ísland hefur tekið þátt í um langan tíma. Það er einnig rétt að þessir samningar eru á miklu óvissustigi og erfitt að meta hvernig þeir kunna að þróast. Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að gera í nokkrum orðum grein fyrir afstöðu Alþb. til þessara viðræðna og lýsa einnig afstöðu minni til fáeinna atriða sem fram hafa komið í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar.

Alþb. hefur stutt þá afstöðu að Íslendingar tækju þátt í viðræðum milli EFTA og EB og verið þeirrar skoðunar að þær viðræður gætu styrkt hagsmuni Íslands. Jafnvel þótt þær leiddu ekki til endanlegrar niðurstöðu væru Íslendingar betur settir til þess að fá fram sín hagsmunamál á eftir og einnig væri margt sem benti til þess að slíkar viðræður gætu leitt til jákvæðrar niðurstöðu fyrir Íslendinga.

Afstaða Alþb. er einnig á þann veg að við teljum mjög mikilvægt að Íslendingar taki fullan þátt í þeirri jákvæðu þróun til aukins viðskiptafrelsis sem er í heiminum nú og teljum afar mikilvægt að jákvæð niðurstaða fáist í þeim viðræðum, GATT-viðræðum, sem eru á næstu vikum á örlagatímamótum.

Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, gera grein fyrir þessari afstöðu Alþb. með því að lesa þá samþykkt sem felst í stjórnmálaályktun aðalfundar miðstjórnar Alþb. sem haldinn var um síðustu helgi, en í þessari samþykkt aðalfundar miðstjórnarinnar, sem er æðsta stofnun flokksins milli landsfunda, kemur fram skýr afstaða til þessara mála.

Í fjórða kafla ályktunarinnar sem ber heitið Ísland og umheimurinn, alþjóðleg aðlögun, segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Miklar breytingar eiga sér nú stað í heiminum á sviði utanríkisviðskiptamála og alþjóðlegs efnahagssamstarfs. Þróun innri markaðar Vestur-Evrópu er aðeins einn þátturinn af mörgum. Í þessu sambandi má nefna yfirstandandi GATT-viðræður sem ná m.a. til alþjóðaviðskipta með landbúnaðarafurðir, þjónustu og hugverka, svo og almennra tollalækkana og afnáms viðskiptahindrana. Viðræður eiga sér stað um að Norður-Ameríka og Mexíkó myndi eitt fríverslunarsvæði. Viðræður eiga sér einnig stað milli EFTA-landanna og EB um myndun Evrópsks efnahagssvæðis og lönd Austur-Evrópu aðlaga sig öflugu kerfi alþjóðlegrar fríverslunar.

Á sama tíma hefur átt sér stað þróun í átt til óheftari fjármagnshreyfinga í heiminum í heild. Ísland mun með margvíslegum hætti aðlaga sig þessari þróun.

Íslendingar eru fámenn þjóð með tiltölulega opið hagkerfi og eiga allt sitt undir utanríkisverslun. Það er því mikilvægt fyrir Ísland að kerfi fríverslunar í alþjóðaviðskiptum nái að þróast og dafna. Það eru því hagsmunir Íslands að GATT-viðræðurnar beri árangur. Ísland þarf einnig með alþjóðasamningum að tryggja viðskiptahagsmuni sína. Tollfrjáls aðgangur fyrir sjávarafurðir að mörkuðum EB og lækkun styrkja til fiskvinnslu í aðildarlöndum þess eru mikilvægir viðskiptahagsmunir Íslands. Því hefur Ísland tekið þátt í viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði en EFTA-löndin hafa sameiginlega sett fram kröfuna um fríverslun með fisk í þeim viðræðum. Jafnvel þótt þær viðræður steyti á skeri hefur þessi þátttaka styrkt samningsstöðu Íslands í væntanlegum tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um þessi efni.

Miðstjórnin telur að sú stefna Alþb. að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina sé enn í fullu gildi þar sem hún felur í sér framsal á hluta af stjórnarfarslegu fullveldi þjóðarinnar og opnar náttúruauðlindir landsmanna fyrir ágangi erlendra auðfélaga. Aðild að EB snýst því um mun meira en utanríkisviðskiptahagsmuni."

Virðulegi forseti. Hér lýkur tilvitnun í nýgerða stefnumótandi samþykkt Alþb. um þetta atriði sem hér er til umræðu.

Af þessari samþykkt flokksins kemur skýrt fram að við teljum að þær viðræður um Evrópskt efnahagssvæði sem hér eru til umræðu þjóni hagsmunum Íslands, en við leggjum jafnframt áherslu á þá víðtæku viðskiptahagsmuni sem Íslendingar hafa annars staðar í heiminum og mikilvægi þess að við stuðlum að sem frjálsustum viðskiptaháttum á öllum sviðum. Við leggjum einnig áherslu á að við teljum aðild að Evrópubandalaginu ekki koma til greina, m.a. vegna þess að þar er um að ræða tengingu við nýtingu erlendra þjóða á okkar grundvallarauðlindum.

Ég er hins vegar sammála því sem hér hefur komið fram, að nauðsynlegt er að ræða alla þessa þætti máls. Það er nauðsynlegt fyrir Íslendinga að ræða kosti og galla aðildar að Evrópubandalaginu því að aðeins með umræðunni eflist skilningur manna á því um hvað hér er að ræða.

Ég vil hins vegar, virðulegur forseti, vekja athygli á einu atriði sem ég held að sé nauðsynlegt að gera alveg skýrt í þessari umræðu vegna þess að ég hef tekið eftir því að hugtakið „fríverslun með fisk" er skilið með nokkuð mismunandi hætti.

Annars vegar er um að ræða þann skilning, sem m.a. kom fram hér í lýsingu hæstv. forsrh., að fríverslun með fisk fæli í sér frjáls viðskipti með þá vöru og án þess að viðskiptaaðilarnir væru með víðtækt styrkjakerfi hver fyrir sig til þeirra fyrirtækja sem sjávarútveg stunda. Það er í þessum skilningi sem krafan um fríverslun með fisk var sett fram innan EFTA. Og það er í þessum skilningi sem EFTA gerði þá samþykkt að fríverslun með fisk yrði tekin upp innan EFTA og felur þá jafnframt í sér að Norðmenn eigi að leggja af það víðtæka styrkjakerfi sem þeir hafa þróað í sjávarútvegi. Slík stefna er auðvitað mikilvæg fyrir okkur Íslendinga sem erum ein af fáum þjóðum sem hafa byggt upp sjávarútveg sem stenst alþjóðlega samkeppni án þess að til ríkisstyrkja komi.

Hins vegar er sá skilningur á hugtakinu „fríverslun með fisk", að í því felist kerfi verslunar þar sem engir tollar og engar magntakmarkanir eru á innflutningi vörunnar til annarra landa. Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að hafa það alveg skýrt að þótt við náum ekki fríverslun með fisk í samræmi við fyrri skilninginn, sem ég var hér að lýsa, í viðræðum við Evrópubandalagið er engu að síður mjög mikilvægt að ná þar fram fríverslun með fisk samkvæmt síðari skilningnum, þ.e. að Evrópubandalagið afnemi allar tollahindranir og magnhindranir hvað snertir innflutning sjávarafurða til Evrópubandalagsins.

Ég hef alltaf efast um að Evrópubandalagið mundi breyta fiskveiðistefnu sinni þótt Íslendingar settu fram kröfu um það. Ef Evrópubandalagið breytir ekki fiskveiðistefnu sinni er ljóst að fríverslun með fisk í fyrra skilningnum kemur ekki til greina og verður ekki á dagskrá af hálfu Evrópubandalagsins. Þá er mikilvægt fyrir okkur að halda fram hinum síðara skilningi sem er fyrst og fremst í þágu okkar eigin viðskiptahagsmuna, að tollar og magnhindranir séu lagðar niður.

Virðulegi forseti. Ég gat þess áðan að ég ætlaði ekki að taka hér langan tíma en vil þó segja að lokum að ég tel margt benda til þess að þær viðræður sem fram undan eru um Evrópskt efnahagssvæði verði mjög erfiðar. M.a. vegna þess að mér sýnist Evrópubandalagið leggja á það mjög litla áherslu að þessum viðræðum ljúki með jákvæðri niðurstöðu. Af viðræðum við einstaka erlenda forustumenn, eftir þeim upplýsingum sem maður hefur úr ýmsum áttum, er erfitt að álykta á annan veg en þann að Evrópubandalagið, a.m.k. enn sem komið er, virðist ekki vilja mikið á sig leggja til þess að ná jákvæðri niðurstöðu í þessum viðræðum. Og þá verðum við, eins og aðrar EFTA-þjóðir, að horfast í augu við þá staðreynd.

Ég tel það þess vegna alveg rétt, sem hér hefur komið fram í umræðunum, að við verðum nú fyllilega að ræða málið á þeim grundvelli að allt eins getur svo farið að viðræðurnar um Evrópskt efnahagssvæði sigli í strand á næstu mánuðum, hverjar svo sem orsakirnar kunna að vera. Þess vegna er það alveg rétt skoðun, sem hér hefur komið fram í umræðunum, að við þurfum með frjálsum og opnum hætti að ræða alla þá möguleika sem þá kunna að taka við en láta þá umræðu alls ekki hindra okkur í því að sækja engu að síður í félagi með öðrum EFTA-þjóðum eins mikinn árangur í þessum viðræðum og hægt er.

Ég tek einnig undir þau orð sem komu fram, m.a. hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni, að það er mikilvægt að sem víðtækust samstaða þjóðarinnar skapist í þessu máli því hér er um eitt stærsta efnahagslegt hagsmunamál okkar Íslendinga að ræða, og fagna því að mér hefur fundist tónninn í þessum umræðum, sem ég hef hlýtt á hér í dag, vera yfirvegaður og efnislegur. Við ættum þess vegna í sameiningu að geta leitt þessi mál til lykta á næstu árum á þann veg að það þjóni sem best íslenskum hagsmunum.

Virðulegur forseti. Ég vona að þessi lýsing feli í sér kjarnann í þeim áherslum sem við í Alþb. viljum leggja á þessu stigi málsins og feli í sér með skýrum hætti afstöðu flokksins til þess máls sem hér er til umræðu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. utanrrh. fyrir það yfirlit sem hann hefur gefið um stöðu samninganna í formi skýrslu til Alþingis. Það er mjög mikilvægt að þingið fái að fylgjast náið með því sem fram fer í samningaviðræðum milli EFTA og EB og ræða málin á þessum vettvangi. Ég verð þó, virðulegur forseti, að lýsa óánægju minni með það hve lítið samráð hefur verið haft við utanríkismálanefnd og Evrópustefnunefnd þingsins vegna þessara samninga-

viðræðna. Allt frá því að könnunarviðræður hófust á milli EB og EFTA á útmánuðum 1989 hafa ríkisstjórnin og samningamenn hennar rekið þetta mál án þess að eðlilegt samráð hafi verið haft við utanrmn. um afstöðu til einstakra þátta málsins. Ég er ekki að kvarta yfir því að við sem sitjum í utanrmn. höfum ekki fengið upplýsingar um gang mála ef eftir þeim hefur verið gengið, en fyrst eftir á höfum við fengið upplýsingarnar. Við höfum fengið að vita hvaða ákvarðanir hafi þegar verið teknar af hálfu samningamanna íslensku ríkisstjórnarinnar en ekki hefur verið haft neitt samráð fyrir fram.

Í 15. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta: „Utanrmn. starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma.“ Eftir þessu hefur ekki verið farið að mínu mati. Nánast ekkert samráð hefur verið haft við utanrmn. í þessu máli fyrir fram þó svo að greinilega standi í lögum að svo beri að gera, svo að ég tali nú ekki um Evrópustefnunefnd þingsins sem þó var kjörin af Alþingi sérstaklega til að fylgjast með þróun þessara mála.

Það var í mars 1989 sem EFTA-ríkin ákváðu að taka boði EB um að kanna möguleikana á að mynda sameiginlegt efnahagssvæði. Það var á fundi í Ósló. Aðalsigur Íslendinga á þeim fundi var sagður vera samkomulag um fríverslun með fisk innan EFTA. Minnumst við þess, sem fylgdumst með fjölmiðlum á þeim tíma, að hæstv. ráðherrar, bæði utanrrh. og forsrh., komu fram í fjölmiðlum og töluðu um að þarna væri mjög stórt og mikilvægt skref tekið. Ekki væri mikilla hagsmuna að gæta innan EFTA en aðalatriðið væri að við værum búin að semja um fríverslun með fisk innan EFTA sem væri lykillinn að fríverslun með fisk innan Evrópubandalagsins. Þetta væri lykilatriði og nauðsynlegt til þess að hagsmunum okkar væri borgið innan innri markaðarins. Þetta var því talin aðalforsendan fyrir því að við ættum að taka þátt í samningaviðræðum við Evrópubandalagið. Það kom reyndar fram í máli hæstv. forsrh. hér áðan að hann taldi þetta hafa verið eitt aðalmálið á þeim fundi.

Það voru þó margir sem settu spurningarmerki við þetta og töldu að með þessu væri hagsmunum Íslands alls ekki borgið. Og það var ekki hlustað á það, hvorki í utanrmn. né annars staðar, að með því að fara í samningaviðræður við Evrópubandalagið, eða könnunarviðræður eins og það hét þá, með fríverslun með fisk sem aðalkröfuna, væri langt frá því að hagsmunum okkar væri borgið. Með því hefðum við ekki getað reist neinar skorður við útflutningi á ferskum fiski eða á hálfunnum fiski. Ekki væri hægt að krefjast löndunar afla hérlendis eins og hugmyndir hafa verið um ef um fríverslun hefði verið að ræða. Og það sem meira var, það var ljóst, e.t.v. allan tímann, að Evrópubandalagið mundi ekki vilja fallast á að falla frá sjávarútvegsstefnu sinni. Þess vegna átti öllum að vera ljóst að þeir hefðu aldrei gengið að þessari kröfu, enda kom skýrt fram í samningsumboði framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, þegar ákveðið var að ganga til samninga, að ekki mundi verða hvikað frá þessari kröfu um aðgang að auðlindum fyrir aðgang að mörkuðum.

Í samningsgrundvelli EFTA-landanna er krafan um fríverslun með fisk. Þarna stóð þá að sjálfsögðu krafa gegn kröfu. Það kemur ekki á óvart að Evrópubandalagið sem er sterkari aðilinn í þessum samningum geti staðið á sinni kröfu, enda hefur nú komið í ljós að EFTA hefur orðið að falla frá kröfu sinni um fríverslun með fisk.

Það kemur mér mjög á óvart ef hæstv. utanrrh. og hans menn eru undrandi á þessu, svo oft sem það hefur verið rætt hér, að ekki muni verða fallist á fríverslun með fisk. Ég vil vekja athygli á því að í bæklingi sem kom út á vegum Evrópustefnunefndar í maí á þessu ári segir sú sem hér stendur í áliti orðrétt, með leyfi forseta: „Nú er orðið ljóst að EB mun ekki samþykkja fríverslun með fisk í náinni framtíð, enda samræmist það ekki því mikla styrkjakerfi sem þar er við lýði. Íslendingum er mikilvægt að hafa möguleika á því að stjórna sjálfir útflutningi á fiski jafnframt því að tryggja fiskafurðum sínum hagstæða markaði. Við verðum að efla fjölbreytni atvinnulífs með því að fullvinna sjávarafurðir í ríkari mæli en nú er og afla þeim markaða erlendis.“ Þetta var sagt í maí og er það ekki einungis sú sem hér stendur sem hefur haldið þessu fram heldur margir aðrir.

Einnig urðum við sem fórum til Brussel núna í september vör við það að það hafði ekki komið til álita af hálfu þeirra sem sáu um þessa samninga af hálfu Evrópubandalagsins, að fallast á fríverslun með fisk eins og EFTA hafði gert kröfu um. Nú er það þó kannski ljóst sem átti að vera ljóst frá upphafi og menn hafa áttað sig á þeim staðreyndum sem kannski lágu allan tímann á borðinu. Og hvað er þá sagt? Jú, það er e.t.v. bara heppilegt að ekki hefur verið fallist á þessa kröfu. Hæstv. forsrh. sagði áðan að það hefði nú verið slæmt fyrir okkur ef fallist hefði verið á fríverslun með fisk. Þá hefðum við e.t.v. ekki getað gert kröfu um það að erlendir aðilar mættu ekki eiga í fiskiskipum og í fiskvinnslunni. Þetta er alveg furðulegt að heyra. Fyrst er þetta ein aðalkrafa okkar og svo skyndilega breytist hún í það að það sé kannski nokkuð gott fyrir okkur að ekki skyldi vera fallist á þetta því við hefðum auðvitað ekki getað reist skorður við útflutningi á fiski og hefðum ekki getað komið í veg fyrir að útlendingar ættu í fiskiskipum og fiskvinnslu. Nú er það loksins viðurkennt af öllum að þetta var þá allan tímann hið mesta óráð.

En hvað er búið að gangast undir hingað til? Jú, búið er að gangast undir það, íslenska ríkisstjórnin í broddi fylkingar, að viðurkenna lög og reglur bandalagsins á þessu sviði. Og eftir því sem upplýst hefur verið héðan úr þessum ræðustól verða það um 10 þús. síður, ef ég man rétt, af lagatexta, og er þá bláskinna hæstv. utanrrh. einungis 1000 blaðsíður, þannig að fólk getur séð hvað við eigum eftir að fara í gegnum mikinn lagatexta á næstu árum. Ég sé þess vegna ekki betur en að stefnt sé hraðbyri inn í Evrópubandalagið eins og reyndar mörg önnur lönd EFTA gera. Það hefur komið í ljós að hvert ríkið af öðru innan EFTA hugs-

ar sér til hreyfings og telur sínum hagsmunum betur borgið með öðrum hætti en að gerast aðili að Evrópsku efnahagssvæði, telur að því sé betur borgið með því að ganga í Evrópubandalagið. Austurríki er þegar búið að sækja um, eins og margoft hefur komið fram, og Norðmenn og Svíar hafa talað um að þeir þurfi e.t.v. að endurskoða sína afstöðu. Það mun væntanlega leiða til þess að viðspyrna EFTA í þessum samningaviðræðum verður nánast engin þar eð stór hluti af öðrum aðilanum er á leið að hinni hlið borðsins. Það hljóta því allir að sjá að það er ekki farsælt að halda áfram á þeirri leið sem hingað til hefur verið mörkuð.

Enn er einn stærsti þátturinn eftir og það er hinn svokallaði stofnanalegi þáttur, þ.e. hvernig fer með stjórn svæðisins eftir að samningum er lokið. Það er langt frá því að nokkurt samkomulag hafi náðst í þá átt og vandséð hvernig hægt er að komast að nokkurri niðurstöðu um það hvernig á að stjórna þessu efnahagssvæði eftir og ef hugsanlega af samningum verður, þar sem ljóst er af hálfu Evrópubandalagsins að það mun ekki hleypa þriðja aðila inn í sinn ákvarðanaferil. Er þá einkennilegt að vita til þess að margs konar lög og reglur gildi, t.d. um fjármagnsflutninga, á hinu Evrópska efnahagssvæði ef aðrar reglur gilda í Evrópubandalaginu ef þeir vilja breyta sínum reglum? Ég sé því ekki betur en það sem þarna stendur út af borðinu, þ.e. um ákvarðanatökuferilinn eftir að samningar hafa tekist, séu þættir sem munu reynast mjög erfiðir og mjög hæpið að hægt sé að komast að einhverju samkomulagi um sem við Íslendingar getum sætt okkur við. Ég tel ótækt að við föllumst á þá ólýðræðislegu stjórnarhætti sem hafa viðgengist í Evrópubandalaginu. Við vitum hversu miðstýrt það kerfi er. Þar erum við með fámennisstjórn, sautján manna framkvæmdastjórn, sem hefur mikil völd og ráðherraráð en þing bandalagsins og þing einstakra aðildarríkja hafa þar ekkert að segja. Ég horfi því fram á það með óhug ef við ætlum að fara að taka upp eitthvað svipað á hinu Evrópska efnahagssvæði og vona að Íslendingar munu aldrei samþykkja nokkuð þvílíkt.

Þá langar mig örlítið, virðulegur forseti, að minnast á svokallaða fyrirvara Íslands. Það hefur verið talað um að fyrirvarar Íslands séu fáir ef þá nokkrir. Menn hafa hrósað sér af að það sé mjög gott að Íslendingar hafi enga fyrirvara. En mér líst illa á það og vil minna á að hæstv. forsrh. talaði um það í ræðu sinni í Ósló í mars 1989 að Ísland yrði að hafa fyrirvara á flestum sviðum fyrir utan vörusviðið. Þykir mér nú orðið lítið eftir af þeim fyrirvörum ef marka má orð hæstv. utanrrh. hér fyrr í umræðunni.

Norska ríkisstjórnin sagði af sér í dag og aðalástæðan fyrir því voru einmitt þessir samningar. Þeir vildu ekki fallast á það að réttur erlendra aðila væri sá sami og innlendra í norsku atvinnulífi. Ég vildi því spyrja hæstv. forsrh. hvort um það sé samkomulag innan ríkisstjórnarinnar að falla frá íslensku hlutafélagalögunum, þ.e. að því er varðar alla aðra þætti atvinnulífsins en fiskvinnslu og sjávarútveg. Það fannst mér liggja í orðum hæstv. forsrh. hér áðan og dettur mér nú t.d. í hug ferðaþjónusta sem er atvinnuvegur sem mikið hefur verið litið til sem eins mikilvægasta atvinnuvegar fyrir utan fiskiðnað hér í framtíðinni. Þætti mér fróðlegt að vita hvort búið er að samþykkja það innan ríkisstjórnarinnar að falla frá öllum lögum um takmarkaðan aðgang erlendra aðila til fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, að frágengnu þá, eftir því sem mér skildist hér áðan, sjávarútvegi og fiskvinnslu. Fram að þessu hefur verið talað um að það hafi einungis verið í fiskveiðum en núna, þar sem ekki hefur verið fallist á fríverslun með fisk, sé óhætt að taka fiskvinnsluna aftur með fyrirvörum.

Þetta vildi ég spyrja sérstaklega um og af því tilefni að norska ríkisstjórnin fer einmitt frá af þessum orsökum. Þess vegna langar mig til að spyrja sérstaklega um þetta. Ég geri mér fulla grein fyrir því að samvinna við erlenda aðila í atvinnurekstri hér á landi getur haft marga kosti í för með sér, svo sem aðgang að tækniþekkingu, markaði og viðskiptasamböndum, en að sjálfsögðu er hægt að afla þekkingar og eiga markaðssamstarf við útlendinga án þess að þeir eigi eignarhlut í fyrirtækjunum eða eigi þau að öllu leyti. Mér finnst nauðsynlegt að enginn vafi leiki á yfirráðum Íslendinga einna yfir auðlindum lands og sjávar. Það er alger lágmarkskrafa. Og ég vil í því sambandi benda á að ég tel að varðandi ferðaþjónustu sé þar um að ræða það mikil afnot af landinu, sem er okkar mikilvægasta auðlind, að ekki sé hægt að undanskilja það heldur. Ég vildi því gjarnan fá skýr svör við þessu. Ég held að menn hljóti að vera farnir að gera sér grein fyrir að það voru mistök í upphafi að fara út á þessa braut þó að menn eigi kannski erfitt með að viðurkenna það. Ég vil benda á að samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi sem hefur starfað hér undanfarið ár er sammála því að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. Í ræðu sem Magnús Gunnarsson hélt á aðalfundi Samtaka fiskvinnslunnar í Leiru þann 5. okt. sagði hann m.a., með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er það samdóma álit nefndarmanna að ekki komi til greina að sækja um aðild að EB miðað við núverandi kringumstæður og núverandi sameiginlega sjávarútvegsstefnu bandalagsins eða samþykkja kröfu þeirra um veiðiheimildir.“ Og síðan segir: „Það er samdóma álit manna að ef ekki verður komin einhver skýr lína í þessu máli um næstu áramót þá hljóti Íslendingar að þurfa að endurskoða afstöðu sína til þessara viðræðna með tilliti til þeirrar stöðu sem þá verður.“

Ég tel að þessi staða sé komin upp núna. Það er ljóst hvert stefnir, að ekki verður um neina fríverslun með fisk að ræða. Nú er kominn tími til að viðurkenna að þarna var ekki rétt á málum haldið. Við þurfum að meta stöðuna upp á nýtt.

Miklar sveiflur hafa verið í útflutningi til einstakra heimshluta á þessari öld. Um tíma var mikið magn sjávarafurða flutt út til Bandaríkjanna og Austur-Evrópu. En að undanförnu hefur vægi markaða í löndum Evrópubandalagsins aukist mikið og nýir markaðir verið að opnast, m.a. í Japan. Það er keppikefli fyrir Íslendinga að eiga tollfrjálsan aðgang fyrir afurðir sínar á öllum þessum mörkuðum. Af sögunni má læra að

skynsamlegt er að binda sig ekki um of við eitt markaðssvæði heldur eiga möguleika sem víðast. Þannig styrkjum við stöðu okkar út á við og treystum efnahagslegt sjálfstæði. Gæta þarf þess t.d. að missa ekki þá fótfestu sem við höfum haft fyrir fiskafurðir okkar á Bandaríkjamarkaði m.a. og víða í Mið- og Austur-Evrópu geta verið að opnast nýir markaðir. Sérstaða Íslands sem fiskveiðiþjóðar veldur því að afar óskynsamlegt er að binda þjóðina einum markaði, eða efnahagsbandalagi, sem þrengt gæti svigrúm hennar í utanríkisviðskiptum. Þvert á móti þjónar það hagsmunum okkar að vera óháð í samskiptum út á við og leita sem bestra samskipta með beinum samningum við einstök ríki og markaðsheildir. Þetta á við um samskipti Íslands við Evrópubandalagið sem farið hafa vaxandi og eru þjóðinni mikilvæg. Við Evrópubandalagið þurfa Íslendingar að ná hagstæðum viðskiptasamningum og gagnkvæmum viðskiptum á öðrum sviðum, þar á meðal rannsóknum, menntun og umhverfismálum. Við eigum eðlilega kröfu á hendur EB að veita okkur tollfrjálsan aðgang með fiskafurðir hliðstætt því sem við gerum með innflutning iðnvarnings þaðan. Hitt ætti að vera ljóst að það getur ekki þjónað hagsmunum Íslendinga sem smáþjóðar að tengjast Evrópubandalaginu nánum böndum, hvað þá að ganga í bandalagið.

Evrópubandalagið er að vaxa saman í ríki þar sem hin gömlu stórveldi, Þýskaland, Frakkland og Bretland, ráða ferðinni. Evrópubandalagið í núverandi mynd er afar ólýðræðislegt. Þar ráða embættismenn og stórfyrirtæki mestu en kjörnir fulltrúar og þjóðþing landanna eru áhrifalítil. Í slíkri heild yrðu efnahagsleg og pólitísk áhrif Íslendinga hverfandi þannig að aðild að EB jafngilti í raun afsali fullveldis.

Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði, sem Íslendingar eru nú að semja um, værum við líka komin hálfa leið inn í Evrópubandalagið og er alveg ljóst að samningarnir eru liður í inngöngu af hálfu sumra EFTA-ríkjanna, eins og ég sagði áðan, inn í Evrópubandalagið.

Að mínu mati hefur lengi verið ljóst að samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði á þeim grunni sem lagður hefur verið, þ.e. að lög og reglur Evrópubandalagsins gildi á öllu svæðinu, getur aldrei orðið viðunandi fyrir Ísland. Farsælla er því fyrir okkur að leita beinna samninga um okkar hagsmunamál og um okkar samskipti við Evrópubandalagið en vera ekki að flækja okkur í samninga þar sem iðnaðarhagsmunir annarra EFTA-ríkja sitja í fyrirrúmi. Þessari skoðun hafa kvennalistakonur ítrekað komið á framfæri bæði héðan úr þessum ræðustóli sem og annars staðar. Í því sambandi verður að tala um alhliða samninga, ekki bara um aðgang að mörkuðum fyrir fiskafurðir okkar heldur öll okkar samskipti.

Ég legg áherslu á það að við meðferð málsins héðan í frá verði haft fullt samráð við þingið og bendi á hlutverk utanrmn. í því sambandi. Alþingi þarf að taka afstöðu til þessara samninga og því mikilvægt að þingmenn hafi áhrif á það hvernig samningar líta út að lokum. Það er óviðunandi fyrir þingið að þurfa að standa frammi fyrir orðnum hlut og hafa enga möguleika á að breyta þar stafkrók. Ég ítreka að hagsmunum Íslands er best borgið í beinum viðræðum við Evrópubandalagið en ekki í samfloti við aðrar þjóðir sem hafa allt annarra hagsmuna að gæta. Það hefur sýnt sig hingað til að svo er ekki og er engin ástæða til þess að ætla að svo verði í framhaldinu.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar þakka hæstv. utanrrh. fyrir góða og skilmerkilega ræðu hér áðan þar sem hann kynnti mjög greinilega hver staða málsins væri og hvaða grundvöllur væri í málinu um Evrópskt efnahagssvæði. Minn flokkur er mjög áfram um það að þessir samningar megi takast um hið Evrópska efnahagssvæði og við leggjum mikið upp úr því að keyrt verði áfram af fullri hörku með það að markmiði að þessir samningar verði ofan á fyrir mitt næsta ár. Mér hefur virst í þessari umræðu að menn, og þá sérstaklega stjórnarandstaðan, geri sér ekki almennilega grein fyrir við hvað er að eiga og hvers konar grundvöllur er að skapast með þessu Evrópska efnahagssvæði. Það er ekki aðeins verið að tala um fisk og fríverslun með fisk, heldur er þarna um að ræða miklu stærra og umfangsmeira verkefni sem teygir sig inn á öll svið íslensks þjóðfélags. Þarna er verið að tala um samvinnu við evrópsk ríki, við flest ríki Austur-Evrópu sem við viljum eiga sem mest samskipti við. Ég held að ef þetta Evrópska efnahagssvæði verði ofan á þá takist okkur að auka hér framleiðni og hagvöxt, en að sjálfsögðu að því tilskildu að við getum samið um annaðhvort fríverslun með fisk eða að við getum selt okkar fiskafurðir án tolla inn í Evrópubandalagið. Það er það atriði þar sem hnífurinn stendur í kúnni, eins og hæstv. utanrrh. upplýsti hér áðan.

Annað sem ég mundi vilja vekja máls á er hvað tekur við ef samningar takast ekki. Og einnig hvernig alþýða manna er upplýst um þessi mál. Þótt fram hafi farið skoðanakannanir um afstöðu almennings til viðræðna og um inngöngu Íslands í Evrópubandalagið hef ég þá trú að fæstir viti hvað í því geti falist. Þess vegna hefur mér fundist að utanrrh., ríkisstjórn og við alþingismenn ættum að opna þessar umræður miklu meira en gert hefur verið til þess að fólk geti kynnt sér rök með og á móti samningum um Evrópskt efnahagssvæði og samningum um inngöngu í Evrópubandalagið. Og einnig það þriðja sem hefur verið í umræðunni, um tvíhliða samninga á milli Íslands og Evrópubandalagsins, hvað mundi geta falist í þeim samningi. Mín skoðun er sú, eftir að hafa velt fyrir mér kostum og göllum þessara þriggja leiða sem virðast vera í umræðunni, í fyrsta lagi Evrópskt efnahagssvæði, í öðru lagi tvíhliða samning og í þriðja lagi aðild að Efnahagsbandalaginu, að ríkisstjórnin hafi gert rétt í því að leggja áherslu á Evrópska efnahagssvæðið þar sem það er mýksta lendingin ef vel tekst. Og einnig að með því fáum við að njóta þeirra markaða og njóta þess sem gerst hefur í Evrópu á undanförnum árum og kemur til með að gerast. En eins og ég lýsti áðan er það stefna míns flokks að þessar viðræður, sem nú hafa átt sér

stað og koma til með að eiga sér stað á milli EFTA og Efnahagsbandalagsins, megi takast.

Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að opna okkar hagkerfi og auka hér samkeppni. Því miður er á mjög mörgum sviðum einokun á svo mörgum þáttum, sem hefur staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun, að ég óttast ekki samkeppni frá erlendum aðilum eins og mér heyrðist að fulltrúi Kvennalistans óttaðist mjög. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að hagvöxtur og hagsmunir neytenda eru fyrir borð bornir nema samkeppni ríki.

Þeir fyrirvarar sem gerðir hafa verið af hálfu Íslands í þessum viðræðum eru ekki margir en mjög mikilvægir, og þá sérstaklega varðandi fríverslun með fisk, eða, *eins og nú er orðin raunin, spurningin um* tollfrelsi á mörkuðum Evrópubandalagsins. Ég er mjög sammála þessum fyrirvara að sjálfsögðu eins og aðrir sem hér hafa talað. Hins vegar eru aðrir fyrirvarar sem ég legg ekki eins mikið upp úr og aðrir. Raunar tel ég að fyrirvarinn og óttinn um að hingað flykkist mikið af fólki ef við opnum landið fyrir vinnuafli frá öðrum löndum, sé ástæðulaus. Hins vegar finnst mér meira atriði og tel miklu meiri hættu á að Íslendingar flykkist *til annarra landa, vel menntað fólk* sem við þurfum á að halda, opnist þessi möguleiki. Það væri frekar að setja takmörkunina þar heldur en um hitt atriðið, að við þurfum að óttast að erlendir aðilar flykkist hingað í stórum stíl.

Það væri hægt að ræða þessi mál, um Evrópubandalagið og samskipti Íslands við Evrópubandalagið, í löngu máli, en tilgangurinn var einungis að lýsa skoðunum míns flokks á þessum málaflokki og lýsa þeirri skoðun að við borgaraflokksmenn erum ekki spenntir fyrir því að óska eftir að Ísland gerist aðili að Efnahagsbandalaginu. Hins vegar finnst okkur mjög mikilvægt að umræða fari fram um þá hluti til þess að gera fólkinu í landinu grein fyrir hvað í aðild mundi felast, svo fólk sé upplýst um þau mál og geti myndað sér skoðun um hag sinn og hag Íslands í því sambandi.

En ég vil að lokum þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans og skýrslu sem hann gaf hér áðan, og sem færði okkur betur inn í málin en við vorum áður, og ég lýsi fullu trausti á því sem hann er að gera á þessu sviði þessa daga.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að þetta er stórt mál sem við erum hér að fjalla um og það er vandasöm siglingin í þessu máli. En við verðum að hafa það hugfast að mikið hefur breyst frá því að viðræður hófust um Evrópskt efnahagssvæði til þessa dags. Það eru að opnast ýmsir möguleikar í sambandi við viðskipti sem voru ekki augljósir áður. Hitt er rétt að það getur liðið nokkur tími þar til það opnast fyrir alvöru. Ég held að við þurfum að líta í allar áttir í sambandi við okkar viðskipti. Við getum aldrei bundið okkur á einum eða tveimur stöðum. Efnahagsbandalagið er í sjálfu sér með tollmúra, það á að verða eitt land, eins og t.d. Bandaríkin, og ætlar að nota tollmúra gagnvart öðrum ríkjum. Menn eru að tala um það hér að nauðsynlegt sé að við náum samstöðu í þessu máli. Auðvitað er það nauðsynlegt. En benda þær umræður sem hafa farið hér fram til þess að það verði svo auðvelt að stilla strengina þannig að þeir hljómi á sama veg? Ef ég hef t.d. skilið hv. 1. þm. Suðurl. áðan þá gat ég ekki annað heyrt á honum en að hann stefndi á það að við gengjum í Efnahagsbandalagið, eða gerði ráð fyrir því þegar tímar liðu. Ég skildi líka utanrrh. þannig að hann teldi að staðan væri þannig að ef úr samningum yrði milli EFTA og EB núna væri það eitt skref í áttina að því að það væri líklegra að þessar þjóðir, Norðurlandaþjóðirnar, EFTA-þjóðirnar, mundu lenda inni í Efnahagsbandalaginu síðar. Mér sýnist það líka bæði á Svíum og Norðmönnum og þeim umræðum sem fara þar fram núna að þeir hafi litla trú á því að samkomulag náist um Evrópskt efnahagssvæði. Eins og mál standa núna er líklega einn kostur til og hann er að fara í tvíhliða viðræður þó það sé raunar rétt að það verði að fást niðurstaða í þessu máli. Mér hefur fundist að það væru ekki nægar upplýsingar sem t.d. þingmenn, hvað þá þjóðin, hefur fengið um þetta mál og það veitti ekkert af því að upplýsa hana betur um það.

Hæstv. utanrrh. hefur oft á tíðum verið með nokkuð bjartsýnt hljóð um hvað muni gerast, og jafnvel á næstu vikum. Nú er komið það hljóð í hann að hann metur 50%, að mér skilst, líkurnar fyrir því að samningarnir endi með jákvæðum hætti, eins og hann telur nú. Þannig að hljóðið í hæstv. utanrrh. hefur breyst mjög á þessu tímabili.

Ég ætla ekki að ræða þetta lengur en mér sýnist alveg einsýnt að við getum ekki óskað eftir aðild að Efnahagsbandalaginu. Það þarf að liggja enn þá betur fyrir áður en samningar nást, ef þeir nást, um Evrópskt efnahagssvæði hvað í því felst, áður en ákvörðun verður tekin því ég sé ekki betur en það sé að breytast, jafnvel frá degi til dags, hvernig staðan er í þeim málum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil nefna það í upphafi að ég kysi að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur þessa umræðu því ég ætla að víkja máli til hans, fyrir utan hæstv. utanrrh. sem einnig er hér. Sama gildir raunar um hv. 1. þm. Suðurl. sem ég vænti að sé hér í kallfæri. Ef ekki þá mundi ég vilja biðja hann um að koma í þingsal, þar eð hann hefur tekið hér þátt í umræðum. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hæstv. forsrh. er ekki í húsinu en gerðar verða ráðstafanir til að óska eftir að hv. 1. þm. Suðurl. gangi í salinn.) Ég óska eindregið eftir því að hæstv. forsrh. verði viðstaddur umræðuna og hlýði á mál mitt og honum verði gerð boð um það. (**Forseti:** Forseti telur ekki ástæðu til þess að krefjast þess að hæstv. forsrh. sé hér þar sem hæstv. utanrrh. situr hér í sal og erfitt að sjá ástæðu til þess að aðrir hæstv. ráðherrar séu nauðsynlegir hér.) Virðulegi forseti. Ber að skilja það svo að hæstv. forseti flytji ekki hæstv. forsrh. boð um það að hans sé óskað hér við umræðuna? (**Forseti:** Forseti telur einfaldlega ekki ástæðu til þess. Það er hverjum forseta nokkuð erfitt að eiga að sjá fyrir því að heilu og hálfu ríkisstjórnirnar

séu viðstaddar fundi hér. Þessi málaflokkur er á valdi hæstv. utanrrh. og hann hlýtur að vera þess umkominn að svara fyrir þau atriði sem hér koma fram. Ég vænti þess að hann upplýsi þá hæstv. forsrh. um það hvað hér fór fram þegar þeir eiga sinn næsta fund. Hitt er svo annað mál að óski hv. 2. þm. Austurl. þess svo eindregið að hæstv. forsrh. verði kallaður hér til mun forseti að sjálfsögðu gera það. En ég tel að öllu slíku beri að stilla mjög í hóf og virða vinnudag hæstv. ráðherra. — Vill hv. þm. að forsrh. verði kallaður hingað?) Virðulegur forseti. Ég hef borið fram mína ósk sem ég tel mig hafa góðan rétt til. Ég veit ekki annað en að fyrir því sé hefð hér í þinginu að óskað sé viðveru ráðherra í umræðum sem þeir taka þátt í. Ég tala nú ekki um í svo afar þýðingarmiklu máli eins og því sem hér er til umræðu og hélt að það væri ekkert áhorfsmál að við slíku væri tekið og slík ósk flutt viðkomandi hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Svo hefur nú verið gert.) Ég þakka virðulegum forseta.

Ég vil nefna það í upphafi að þegar við ræðum þessi mál hér þá liggja fyrir nokkrar mjög athyglisverðar staðreyndir. Evrópubandalagið hefur hafnað kröfu EFTA-ríkjanna um fríverslun með fisk, Evrópubandalagið hefur enn engu svarað grundvallarspurningum EFTA um stjórnunarþátt hins Evrópska efnahagssvæðis þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni. EFTA-ríkin eru að búa sig í að skera enn niður undanþágulistana, sem lagðir voru fram í upphafi samningaviðræðna, í von um það að Evrópubandalagið hreyfi sig í því er varðar stjórnun þessa ráðgerða Evrópska efnahagssvæðis. Þeirri hugmynd tengjast allt að því tvö þúsund nefndir sem gætu komið til greina til þess að sjá um milligöngu og samráð innan þessa svæðis, hvorki meira né minna, samkvæmt upplýsingum hæstv. utanrrh.

Eitt EFTA-ríkjanna hefur fyrir nokkru sótt um aðild að Evrópubandalaginu. Tvö önnur EFTA-ríki eru að búa sig í það. Þar virðist kominn pólitískur vilji til þess að sækja um aðild að EB innan einhvers tíma, innan tíðar, þannig að staðan að því leyti er einnig mjög breytt frá því að við ræddum þessi mál hér síðast. Þá hefur það gerst í dag að stjórnarkreppa er í Noregi vegna þessa máls, þar sem Miðflokkurinn norski hefur haft uppi slíkan ágreining að hinn norski forsætisráðherra hefur beðist lausnar fyrir ríkisstjórn sína.

Þetta breytta landslag hlýtur að valda því að við hljótum að vega og meta hver okkar staða er nú í tengslum við þessar viðræður og hverjar eru líkurnar á því að þær beri árangur. Ég vil nefna það hér líka að í mars 1989 þegar þessar viðræður voru ákveðnar af forustumönnum EFTA-ríkjanna flutti forsrh. Íslands ræðu. Íslenski forsrh. sagði m.a. í máli sínu:

„Sveiflur í hinu íslenska efnahagslífi eru því langtum meiri en hjá nokkurri annarri þjóð innan EFTA og EB. Af þessari ástæðu m.a. er fullur samruni við háþróuð Evrópulönd útilokaður."

Síðan vék hann að auðlindunum og þýðingu yfirráða okkar yfir auðlindunum og segir síðan orðrétt í yfirlýsingu sinni fyrir hönd íslenskra stjórnvalda: „Með þetta í huga verð ég að leggja áherslu á að af Íslands hálfu á fyllsta mögulega framkvæmd samstarfsins fyrst og fremst við frjálsa verslun með varning. Hins vegar verðum við að hafa fyrirvara hvað varðar frelsi á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga."

Þetta er yfirlýsing forsrh. við upphaf þessa ferils. Og hann segir einnig: „Hið sama á við um frelsi á sviði þjónustu og vinnuaflsflutninga. Við erum að sjálfsögðu fúsir að kanna þessi atriði, en aðlögun verður að gerast smám saman og byggjast á vandlegu mati á áhrifum slíks á íslenskt fullveldi."

Forsrh. sagði einnig: „Við getum aldrei gefið okkur á vald yfirþjóðlegum stofnunum. Við getum aldrei afsalað okkur fullveldinu eða rétti okkar til þess að taka eigin nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja afkomu okkar og sjálfstæði."

Þessir fyrirvarar, sem voru bornir fram við upphaf viðræðnanna, vöktu vonir um það að það ætti að standa á rétti Íslands í þessum viðræðum og fara að með fyllstu gát. En því miður hefur önnur orðið raunin á, eins og þetta mál hefur þróast. Hinn pólitíski aðgöngumiði ríkisstjórnar Íslands að þessu máli var fyrst og fremst fríverslun með fisk, eins og það er kallað, sú staðreynd að EFTA-ríkin fengust til þess að skrifa upp á það sem sitt stefnumið að taka upp innan EFTA fríverslun með fisk, eins og það er kallað, og bera þá kröfu fram í viðræðum við Evrópubandalagsríkin í samningunum. En ég held að það hafi vafist fyrir ýmsum að átta sig á því hvað fælist í þessari kröfu og ekki síður hvaða líkur væru á því að Evrópubandalagið tæki undir hana.

Nú koma hér hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni og segja að þeir hafi raunar ekki haft mikla trú á því frá upphafi að þessi krafa næði fram að ganga. Við heyrðum nú annað þegar þetta mál var borið fram. En þeir eru einnig að bera hér fram aðrar túlkanir, aðrar skilgreiningar á fríverslun með fisk, en uppi voru hafðar í byrjun, svona til þess að gera minna úr þeirri breytingu sem nú liggur fyrir þegar Evrópubandalagið hefur hafnað þessari grundvallarkröfu af hálfu EFTA-ríkjanna.

Ég hef að vísu varað við því alla tíð að menn gengju fram með þessa kröfu um fríverslun með fisk, ótakmarkaða fríverslun með fisk, vegna þess hvað hún þýddi fyrir Íslendinga ef Evrópubandalagið segði já, féllist á hana og tæki upp fríverslun sín megin. Það er eitt atriði sem við verðum alveg sérstaklega að hafa í huga í því sambandi, sem afleiðingu af því ef tekin væri upp fríverslun með fisk, eins og málið var fyrir lagt, þá væri Íslandi ekki stætt á því að setja neinar takmarkanir á útflutning á ferskfiski frá Íslandi til Evrópubandalagsins. Það er alveg ljóst að slíkt yrði ekki heimilt. Sú skilgreining hefur m.a. verið viðurkennd nú af samningamanni Íslands, þó það hafi vafist fyrir ýmsum hæstv. ráðherrum að viðurkenna það að ein afleiðingin af því að taka upp óhefta fríverslun með fisk væri sú að ekki yrði hægt að reisa hinar minnstu skorður við útflutningi á ferskfiski frá landinu.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa brugðist við og vera kominn hér í þingsal. Það sem ég vék að, hæstv. forsrh., í mínu máli, ég vitnaði til þinnar ræðu,

yfirlýsingar af hálfu íslenskra stjórnvalda við upphaf könnunarviðræðna í Ósló í marsmánuði 1989. Ég bið hæstv. forsrh. um að varpa ljósi á það hvernig hann telur að við það hafi verið staðið, sem þá var fram sett, að krafan og samningsákvæðin í Ósló vörðuðu fyrst og fremst vörusviðið, fríverslun með vörur, en á öllum öðrum sviðum hefðu Íslendingar uppi sterka fyrirvara vegna sinnar sérstöðu. Ég fæ ekki séð, hæstv. forsrh., að þetta birtist í framhaldi málsins, hvað þá að það liggi fyrir nú. Ég sé ekki betur en niðurstaðan sé sú einmitt núna, og það var rætt hér m.a. af hæstv. ráðherrum, bæði utanrrh. og hæstv. forsrh., að Ísland hefði mjög fáa fyrirvara uppi í þessum viðræðum, og eitt meginviðfangsefni íslenskra stjórnvalda núna, eins og stjórnvalda í öðrum EFTA-ríkjum, er það hvaða fyrirvara á að skera niður til viðbótar. Og ég spyr hæstv. ráðherra, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.: Hvert gera þeir ráð fyrir að verði framlag Íslands í þessum niðurskurði á þeim fáu fyrirvörum sem gerðir hafa verið í sambandi við hið Evrópska efnahagssvæði? Það er alveg nauðsynlegt að það komi fram hér í þessum umræðum hvað hæstv. ráðherrar eru að hugsa í því efni.

Það vill nú svo einkennilega til að það hefur aldrei verið lögð fram hér á Alþingi skilmerkileg skrá yfir það hverjir eru þessir fyrirvarar sem lagðir voru fram í upphafi. Hæstv. utanrrh. hefur nefnt meginatriði, en við höfum aldrei fengið þann lista skilmerkilega hér á borð alþingismanna, hvorki varðandi hina meginfyrirvarana, né heldur hina tímabundnu fyrirvara. Ég óska eftir því að slík skrá verði lögð fyrir, yfirlitsgóð skrá um það efni. (Gripið fram í.) Það er hægt að vísa í bláskinnu, hæstv. utanrrh., upp á 1038 síður, en miðað við það að fyrirvararnir eru sagðir mjög fáir hlýtur að vera hægt að koma þessu fyrir á einni blaðsíðu, leggja fyrir hverjir þeir eru. Og ég óska eftir því að það verði gert þannig að hér fari ekkert milli mála hvað var lagt fyrir í upphafi, hver er þróunin og hvaða kosti bjóða hæstv. ráðherrar nú í frekari niðurskurði á þessum fyrirvörum. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvar eru fyrirvararnir varðandi fjármagnsflutninga og fjármagnshreyfingar sem lagðir voru fyrir í upphafi ferðar, í Ósló í mars 1989? Hvar eru fyrirvararnir á þjónustusviðinu, varanlegir fyrirvarar á þjónustusviðinu, og hvernig er ástatt með fyrirvarann á búsetusviðinu varðandi atvinnu- og búseturéttinn? Er hann kannski einn af þeim fyrirvörum, öryggisnetið svokallaða, sem hugmyndin er að skera niður núna þegar á að fækka fyrirvörum í von um það að frá EB verði lagðar fram hugmyndir varðandi stofnanaþáttinn, stjórnun hins Evrópska efnahagssvæðis?

Ég held að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, að Alþingi setji sig með öðrum og skýrari hætti inn í það um hvað þetta mál snýst að öðru leyti en um sjávarútvegshagsmunina, sem auðvitað eru mjög stórir. En um hvað snýst málið, hið Evrópska efnahagssvæði, í reynd? Það snýst ekki um sjávarafurðir. Sjávarafurðir eru mikilvægar fyrir Ísland en þær eru algert jaðarmál í þessum samningaviðræðum, því sem fyrir liggur að nokkru leyti í bláskinnu, þessu 1000 síðna verki af 10.000 eða 30.000 blaðsíðum sem væntanlegar eru þegar búið er að þýða allt uppleggið.

Ég vil nefna, t.d. varðandi atvinnu- og búseturéttinn, sem er eitt af þessum svokölluðu frelsum sem á að innleiða hér, hvað felur þetta í sér? Í stuttu máli sagt felur það í sér að Vestur-Evrópubúar af nitján ríkja svæðinu, að Liechtenstein meðtöldu, fái nákvæmlega sama rétt, fái þeir atvinnu hér á Íslandi, á nánast öllum sviðum, til athafna hér, til vinnu og starfa, og til þess að stofna fyrirtæki eins og Íslendingar. Þeir fái nánast sama rétt og Íslendingar og ákvæði, t.d. um ríkisborgararétt á ákveðnum sviðum, falla niður, ákvæði um forgang Íslendinga til starfa falla niður. Ég nefni eitt atriði sem þessu tengist, sem hefur nú þótt skipta nokkru máli, þar sem segir á bls. 26 í skýrslunni, töluliður 8: „Atvinnurekandi getur ráðið erlendan starfsmann án þess að þurfa að leita til stéttarfélaga." Óheimilt er samkvæmt núgildandi rétti að ráða útlendinga til starfa án þess að aflað hafi verið umsagnar stéttarfélaga. Þetta á að breytast, þetta fellur niður, engin umsögn stéttarfélaga þegar útlendingar koma og leita starfa. Sama gildir um það að launþegi getur tekið það starf sem viðkomandi býðst í beinni samkeppni við Íslendinga, segir í 9. tölulið. Samkvæmt núgildandi rétti skal hins vegar því aðeins veitt atvinnuleyfi fyrir útlendinga ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða. Síðan geta sjálfstætt starfandi aðilar, ef þeir eru komnir í landið og hafa fengið atvinnu í landinu, keppt hér um hvaðeina, flutt fjármagn ótakmarkað til Íslands til þess að setja hér upp fyrirtæki, til þess að koma sér fyrir í íslensku atvinnulífi. Þetta er hluti af þeirri opnun sem hér er um að ræða.

Ég held, virðulegur forseti, og nefni það hér við hæstv. viðstadda ráðherra, að það sé alveg nauðsynlegt að alþingismenn taki á þessum málum með allt öðrum og skilvirkari hætti en gert hefur verið, t.d. með svipuðum hætti og gert var í finnska þinginu sl. vetur, seinni hluta vetrar, að hinum einstöku málasviðum sem snerta innri markaðinn, og m.a. doðrantinum upp á 1000 blaðsíðurnar, verði vísað til viðkomandi þingnefnda hér á Alþingi til skoðunar og umsagnar. Þannig að félagsmálanefndir þingsins fái til meðferðar t.d. atvinnu- og búseturéttinn og það sem honum fylgir og veiti umsögn um það, að fjárhags- og viðskiptanefndir þingsins fái það sem snertir fjármagnsþáttinn, fjárfestingar og fjármagnsflutninga, og veiti umsögn um það. Að sem sagt hver og ein fagnefnd þingsins, sem í hlut á, taki á þessu máli og veiti umsögn. Það er ekki óeðlilegt að slíkt starf fari fram, annaðhvort undir stjórn Evrópustefnunefndar þingsins, eða þó enn frekar vegna stöðu utanrmn., að það verði utanrmn. þingsins sem leiði og stjórni því starfi. Þannig að fyrir liggi álit einstakra þingnefnda á því sem hér er um að ræða. Ég vil spyrja hv. þm. Þorstein Pálsson hvort hann geti ekki tekið undir það að slík vinnubrögð væru skynsamleg af hálfu þingsins, þannig að alþingismenn áttuðu sig á því og væru knúðir til þess í raun að setja sig inn í það hvað hér er um að ræða. Ég er ekki að segja að það sé áhugaleysi á þessu sviði, en það er fyrst er menn þurfa að setja sig inn í hlutina sem líkur eru á

því að raunveruleg afstaða mótist á grundvelli vitneskju og þekkingar um það sem fyrir liggur. Auðvitað á skýrsla utanrrh., sem við ræðum hér, að ganga einnig og þau atriði sem þar eru að fylgja með í þessa vinnu sem ég er hér að leggja til að fram fari á vegum þingsins.

Ég tel, virðulegur forseti, að öll staða þessa máls sé komin í allt annað ljós nú eftir að Evrópubandalagið hefur hafnað kröfunni um fríverslun með fisk, eins og hún var fram sett í þessum viðræðum. Spurningin er ekki lengur um það hvort við náum þarna einhverju stórmáli fram, sem hefur þó sína annmarka, eins og ég hef bent á, vegna útflutnings á ferskfiski, þar er engar hömlur hægt að setja. Það er nú úr sögunni. En þá stendur meginmálið eftir: Er það í samræmi við íslenska hagsmuni að við gerumst aðilar að innri markaði Evrópubandalagsins? Það er kjarni þessa máls. Það er kjarni málsins eins og það liggur fyrir núna. Og ég set stórt spurningarmerki við það að það séu íslenskir hagsmunir. Ég efast um að það sé í samræmi við íslenska hagsmuni að opna hér allt upp á gátt samkvæmt lögum og reglum Evrópubandalagsins frá ársbyrjun 1993 og ætla íslensku atvinnulífi og almenningi í landinu að búa við þá hömlulausu samkeppni sem þar er um að ræða.

Ég er satt að segja undrandi á því að heyra t.d. hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem vissulega reisti spurningarmerki við aðild að Evrópubandalaginu, þar erum við sammæltir, tala um breyttar aðstæður frá því í Ósló í mars 1989. Í hverju felast þær? Hefur hv. þm., og aðrir hv. þm., sett sig inn í hvaða þýðingu, hvaða áhrif, innri markaður Evrópubandalagsins, hinn hömlulausi innri markaður, og þar höfum við nú ekki fyrirvarana, hér státa ráðherrarnir sig af því að þeir séu ekki þarna, hvaða áhrif ætli þetta hafi fyrir byggðirnar á Íslandi? (**SV:** Þú misskildir þetta.) Kannski, kannski, já vonandi. Hvaða áhrif ætli þetta hafi á stöðu byggðamálanna hér á landi, til viðbótar við þau áform sumra ráðherra í ríkisstjórn Íslands að fara að fjárfesta 60 milljarða suður á Keilisnesi? Þá á um sama leyti og dælt er inn í hagkerfið á Íslandi tugmilljörðum, hér suðvestanlands, að opna allt upp á gátt til viðbótar fyrir fjármagnið í Evrópu, fyrir hina hömlulausu samkeppni innri markaðar Evrópubandalagsins. Þetta er aðför að byggðamálum á Íslandi. Þetta er, hæstv. forsrh., hreint glapræði að ætla að ganga þannig til verka. Og m.a. af þeim sökum set ég mjög stórt spurningarmerki við það að halda þessum samningaviðræðum áfram. Ég hef raunar frá byrjun ráðið frá því að við værum þar þátttakendur. Ég tel að íslenskra hagsmuna eigi að gæta með öðrum hætti.

Hæstv. forsrh. nefndi hér í sínu máli áðan að það væri nauðsynlegt að líta til fleiri átta. Hann nefndi Norður-Ameríku og Japan. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh., en hann er bara ekkert á þeirri leið með því að ætla að hengja sig inn í Evrópskt efnahagssvæði. Hann er að binda okkur inn í Evrópu, Vestur-Evrópu, hinn opnað markað Vestur-Evrópu, en ekki að skoða möguleikana á að Ísland haldi sig utan við þessar stóru efnahagsheildir, sem er okkar góði kostur, að nota landfræðilega legu landsins til þess að eiga góð samskipti til allra átta, til Evrópu, til Norður-Ameríku, til Austur-Asíu, og ekki að binda okkur þarna inn á eitt svæði. Hagsmunir Íslands, staða íslensks sjávarútvegs, og sagan, eiga að færa okkur heim sanninn um það að óráðlegt er að ætla að binda sig fyrst og fremst við eitt markaðssvæði með okkar afurðir, fyrir nú utan þá tengingu inn á hið alþjóðlega fjármagn sem þarna er um að ræða.

Það er þessi leið sem ég hvet hv. alþingismenn til að skoða áður en menn ganga lengra í þessum samningaviðræðum sem nú eru raunar komnar í það ljós að það er næsta ólíklegt, ég segi sem betur fer, að þær gangi upp. En þegar þessar samningaviðræður eru að stranda af eðlilegum ástæðum, þegar öflugustu ríkin í EFTA eru að búa sig í að gerast aðilar að Evrópubandalaginu með beinni umsókn, tengjast því þannig beint, er auðvitað alveg ljóst að um leið og það gerist fara menn ekki að leggja mikið á sig til að stofna hér sérstakt kerfi, Evrópskt efnahagssvæði, með flóknum hætti og menn kunna engin ráð til þess í raun enn þá, hvernig þetta á að gerast og sagt að ákvarðanir eigi að koma fyrir áramót. Því vísar flest á það að þessar viðræður lendi í strand. Þá fara menn að tala um hvað á að taka við og þá kemur margt fróðlegt upp á borðið. Það hefur verið að gerast hér í framhaldi af inngangsræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar í marsmánuði í fyrra, sem fyrstur þingmanna á Alþingi Íslendinga talaði um það að Íslendingar ættu í fullri alvöru að leita aðildar að Evrópubandalaginu. Síðan hefur nú komið liðsauki. Hann hefur að vísu komið frá Valhöll og landsfundi Sjálfstfl. haustið 1989 í aldamótaskýrslunni, það er önnur bláskinna, aldamótanefndarálitið, þar sem varaformaður Sjálfstfl. Davíð Oddsson, sem við eigum von á hér inn í þingsali innan tíðar, mælti fyrir því að það yrðu teknar upp formlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið. Auðvitað hefur hv. þm. Þorsteinn Pálsson fylgt á eftir í samkeppninni varðandi þetta því hv. þm. notaði einmitt sérstakt tilefni, aðalfund Sambands ísl. fiskframleiðenda, til þess að boða þá stefnu að nú ættum við að fara að sækja um aðild og láta reyna á samningaviðræður.

Þetta sagði formaður Sjálfstfl. á fundi suður í Leiru, á fundi þar sem formaður samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi varaði mjög eindregið við því að Íslendingar færu að hugsa um aðild að Evrópubandalaginu. Þá notaði formaður Sjálfstfl. einmitt tækifærið og Alþfl. er svona í humátt á eftir. Ef þessar viðræður sigla í strand, ja, þá náttúrlega verðum við að taka málið á dagskrá. Í rauninni segir formaður flokksins hér: Auðvitað verður að ræða þetta. Hann vill taka það á dagskrá nú þegar og hann sér að hverju fer og þá er hjartað farið að slá til Brussel. (**ÞP:** Og formaður Alþb. líka.) Ef hann slægist nú í för, já. Ekki vil ég spá því, hv. þm., að hann fari að fylgja villuljósum að þessu leyti, þó hann hafi lent á rauðum ljósum einhvern tímann.

En ég kemst ekki hjá því að vitna til formanns samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi. Hvert er álit þessarar nefndar sem túlkar væntanlega viðhorf

allra helstu samtaka í sjávarútvegi? Virðulegur forseti, þar segir: „Gengi Ísland í Evrópubandalagið yrði það að samþykkja sjávarútvegsstefnu bandalagsins eins og hún er í dag því hin almenna regla er að inngöngulandið samþykki það sem fyrr hefur verið ákveðið innan Evrópubandalagsins. Ákaflega ólíklegt er að við samninga Íslands við EB tækist að fá fram einhverjar grundvallarbreytingar á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu bandalagsins. Efnislega þýddi þetta að sjávarútvegsdeild EB, sem er yfirþjóðleg stofnun, mundi hafa lokaákvörðunina um stjórnun á sjávarútvegi Íslendinga. Þannig yrðu ákvarðanir í sjávarútvegsmálum teknar í Brussel, m.a. um heildarkvóta og samninga við önnur ríki." — Og takið eftir, hv. þm.: „Fiskveiðilögsaga Íslendinga yrði tólf mílur en utan þeirra marka yrði hafsvæði EB." (**Gripið fram í:** Hver segir þetta?) Þetta er úr ræðu Magnúsar Gunnarssonar, formanns Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi, og hún er haldin suður í Leiru 5. okt. 1990, á sama fundi og formaður Sjálfstfl. hvatti til þess að málið yrði tekið á dagskrá, að sækja um aðild að Evrópubandalaginu.

Við heyrðum tóninn hér áðan, hann vildi að vísu ekki skera úr um að það væri hinn eini rétti kostur, ég ætla honum ekki meira en hann sagði, en hann vildi láta á þetta reyna og menn heyra undirtóninn og undirölduna, alveg skýrt. En hvert er viðhorfið hjá sjávarútveginum? Eru menn alveg í keng þar vegna tollmúranna? Telja menn að það sé ekki búandi við þetta og við verðum að taka afarkostum, jafnvel að hleypa hér inn í landhelgina fiskveiðiflotum Evrópubandalagsins? Ónei, þar segir sami Magnús Gunnarsson fyrir hönd sinna samtaka: „Það er ánægjulegt til þess að vita að menn hafa vaknað til meðvitundar um það mikla hagsmunamál sem tengist samskiptum okkar við EB og þeim breytingum sem þar eru að eiga sér stað. En það er nú svo með okkur Íslendinga að á okkur rennur oft æði og við sjáumst ekki fyrir. Að sjálfsögðu skiptir okkur miklu máli að við náum góðum samningum við EB, en við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir því að ef við náum ekki samningum þarf það ekki að þýða neinn heimsendi." — Og hann endurtekur þetta með nokkuð öðrum orðum síðar í ræðu sinni, að það sé ekki ástæða fyrir íslenskan sjávarútveg að örvænta þó lausn finnist ekki á þessu á næstunni. Hvernig stendur á því að stjórnmálamenn á Alþingi Íslendinga eru að hvetja til þess að fara nú að tala um aðild að Evrópubandalaginu þegar forsvarsmenn í undirstöðuatvinnuvegi okkar vara eindregið við slíku, segjast geta dokað við? Það er einmitt það sem þarf að gera. Menn þurfa þrautseigju til að ná fram hagsmunum sínum. Það hefur sagan kennt okkur í sambandi við landhelgismál okkar og meginmál, að tryggja stöðuna varðandi undirstöðuatvinnuveg okkar.

Alþb. hefur borið gæfu til þess að vísa þessu máli frá, slá því föstu að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. (**KSG:** Er það nú víst?) Er það nú víst, segir hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Heyrir hv. þm. einhverjar raddir úr Alþb. um annað? Eða eru einhverjir kannski komnir yfir til Alþfl. sem fylgja leiðsögn hans í þessum efnum? (Gripið fram í.) Já, það getur vel verið. Menn mega þá hafa vistaskipti, ég kýs það frekar en að Alþb. fari að breyta stefnu sinni í þessum efnum. Því mun ég ekki fylgja, að því mun ég ekki stuðla.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur hér á Alþingi að nota tímann næstu vikur til að fara vandlega ofan í þessi mál, til þess m.a. að kemba bláskinnu, bókina sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson er með á borði sínu og sjálfsagt farinn að lesa, til að átta sig á því hvað fylgir þessu, hverjar verði afleiðingarnar ef við ætlum að opna hér fyrir innri markaðinn. Ég tel að ríkisstjórnin ætti að endurskoða stöðuna í þessu máli, endurskoða hana frá grunni, m.a. vegna þeirra svara sem nú liggja fyrir. Og einnig vegna þess sem er að gerast í öðrum EFTA-ríkjum þar sem ríkisstjórnir eða ráðandi öfl eru að búa sig undir það að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Það er ekki sú leið sem Ísland á að fylgja. Við eigum að taka upp beina samninga, eins og við áttum að gera fyrir löngu síðan í raun, til þess að láta reyna á okkar hagsmuni og byggja þá upp með öllum þeim rökum og málafylgju sem við höfum. Í þeim efnum væri hægt að vitna í ræðu Magnúsar Gunnarssonar, í þá leiðsögn sem hann dró upp í þessum efnum þar sem hann bendir einmitt á hvernig á þessum málum beri að taka. Hann segir þar m.a., með leyfi forsta:

„Ég held að það sé líka nauðsynlegt að forsvarsmönnum EB, hvort sem er í stjórnmálum eða einstökum deildum þess, sé gert það ljóst að íslenskur sjávarútvegur hefur ekki áhuga á því að láta þvinga sig til samninga. Sé það stefna EB að beita aðstöðu sinni til þess að skaða fiskvinnsluna á Íslandi held ég að íslensk stjórnvöld og íslenskur sjávarútvegur hjóti að leita leiða til þess að svara því. Þar hlýtur að vera efst á blaði að draga verulega úr hráefnisútflutningi til bandalagsins."

Þarna er verið að byggja upp stöðu. Þarna er verið að vísa á viðnám til þess að knýja á um samninga en ekki með undanslætti og ekki með því að ætla að opna hér portin fyrir hinu alþjóðlega fjármagni svo að það geti hreiðrað um sig og keypt upp atvinnufyrirtækin á Íslandi, sem eru á mörgum sviðum í mjög veikri stöðu. Og það er eitt mál sem er óunnið hér á Íslandi og sem ætti ekki síður að vera nauðsynlegur undirbúningur þess að laga sig að breyttum umheimi en að styrkja bankakerfið á Íslandi, eins og hæstv. forsrh. nefndi í sambandi við fjármagnsflutningana og fleira. Það er að móta íslenska sjávarútvegsstefnu, að taka á því stóra verkefni sem er að verulegu leyti óunnið, að móta sambætta og heildstæða sjávarútvegsstefnu. Það kemur sannarlega æ betur í ljós hversu afdrifaríkt það er að ekki hefur verið mótuð heildstæð sjávarútvegsstefna hérlendis. Ég tel að af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar þurfi í samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútvegi að taka þessi mál upp frá grunni, frá veiðum og úrvinnslu og til markaðssetningar afurðanna. Við slíka stefnumörkun þarf að hyggja að fjölmörgum þáttum, m.a. því sem er talið þjóðhagslega hagkvæmt, að markmiðum í byggðamálum og verndun fiskstofnanna, kjörum og starfsskilyrðum þeirra sem við sjávarútveginn starfa og

stöðu gagnvart mörkuðum og viðskiptabandalögum. Þetta verk er því miður óunnið og við megum í raun, hvort sem við erum að tala um Evrópskt efnahagssvæði eða annað, ekki láta það dragast stundinni lengur að taka á þessu stóra máli til þess að undirstöðuatvinnuvegur okkar láti ekki spila sig sundur og saman ef svo illa færi að hér yrði opnað 1. jan. 1993 fyrir alþjóðlegt fjármagn, þó svo að menn séu að tala um að þá verði sjávarútvegurinn undanskilinn. Þær eru margar, leiðirnar, ef annað atvinnulíf á Íslandi, þjónusta bankastofnana og annað er orðið galopið fyrir útlenda hagsmuni.

Virðulegur forseti. Kannski er meginábending mín nú til þingheims varðandi þetta mál sú að allar nefndir þingsins sem innri markaður Evrópubandalagsins getur varðað einhverju, félagsmál, viðskiptamál, fjárhagsmál taki sig nú til undir forustu utanrmn. og fari í gegnum bláskinnu, fari líka í gegnum þessa litlu skinnu hér, skýrsluna frá utanrrh. sem við erum að ræða í dag, og skili áliti til utanrmn. sem birtist síðan sem niðurstaða úr vinnu þingnefndanna fyrr en seinna.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þar sem talsmenn allra flokka hafa nú talað langar mig aðeins að nefna það að þessar umræður hafa verið mjög málefnalegar og athyglisverðar og kannski nokkuð með öðrum brag en hér um þetta leyti í fyrra þegar við deildum harkalega. Ég var meðal þeirra sem tóku dálítið stórt upp í sig. Síðan hefur eitt ár liðið og menn hafa haft tíma til að skoða öll málin betur. Ég hygg að hvort sem menn eru sammála um alla hluti eða ekki þá hafi málin mjög skýrst svo að þingmenn séu nær því að geta myndað sér skoðun sem er í meginefnum sameiginleg eða það vona ég a.m.k.

Ég held ég þurfi ekki að hafa mál mitt mjög langt. Formaður flokks míns, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, hefur lýst skoðunum okkar í megindráttum. Ég vitna til ræðu hans en hann gat þess sérstaklega að það væri enginn jöfnuður sem ríkti ef Evrópubandalagið hefði tollfrelsi á öllum iðnaðarvörum sem það selur hingað en við borguðum hins vegar verulega tolla til bandalagsins. Það sjá allir menn. Að þessu vék raunar Henning Christophersen, sem er okkur Íslendingum mjög vinsamlegur og þekkir mjög til mála hér, í ferð sem Evrópustefnunefnd fór fyrir nokkrum vikum. Hann eyddi miklu af tíma sínum til þess beinlínis að ráðleggja okkur hvað við ættum að gera. Og hann sagði, ekki orðrétt en að efni til, að það væri auðvitað alveg ljóst að þegar við borguðum miklu meiri tolla hlutfallslega til Evrópubandalagsríkja heldur en við tækjum af þeim, þá þyrfti að leiðrétta það, það væri alveg ljóst. Það er þetta sem við höfum verið að ræða um, þetta yrði að leiðrétta.

Þessi ágæti maður gat þess raunar líka að hann teldi hyggilegast fyrir okkur að sækja um viðræður á breiðum grundvelli, nefna ekki fiskinn. Hann væri ekki aðalatriðið hjá Evrópubandalaginu og það væru aðeins ein eða tvær þjóðir, eina nefndi nú hæstv. utanrrh., það væru Spánverjar einir sem væru að rembast við að krefjast þess að tollfríðindi yrðu einhvers konar verslunarvarna gegn fiskveiðum í landhelgi annarra þjóða. Þetta hafa ríki í GATT-viðræðunum raunar fjallað um og fordæmt algerlega. Þar stóðu Efnahagsbandalagsríkin algerlega einangruð. Engir aðrir léðu máls á því að tengja mætti saman fiskveiðiheimildir og tollfríðindi. Það er gersamlega fráleitt, það styður varla nokkur maður, kannski bara þessi eini í Evrópubandalaginu. Það er auðvitað sá sem fer með fiskimálefni þar, Marin heitir víst sá ágæti maður, sem stóð til að fá hingað til Íslands en kom ekki, sem betur fer, því hann hafði ekkert hér að gera. Hann verður eitthvað að ýja að þessu, býst ég við, þegar þessar umræður eru uppi, en náttúrlega alls ekki þegar ekkert er verið að ræða um fiskinn.

Við höfðum ekkert ætlað okkur að ræða um neinn fisk, allt frá því að bókun 6 var gerð 1972 og tók gildi 1976. Þá fór síðasti togarinn út fyrir og mér datt ekki í hug, og ég held engum, að einhvern tíma síðar, kannski 15 árum eða þá tveim áratugum, svo að við notum nú þetta merkilega ártal 1992 sem allir eru að tala um, þá væri farið að tala um að flotinn kæmi aftur. Þetta er fáránlegt, að nokkrum Íslendingi geti dottið í hug að það komi til greina að Evrópuflotinn fari að veiða hér aftur, 20 árum eftir að bandalagið samdi um það að fara út. Um þetta þarf auðvitað engin orð að hafa og sem betur fer hef ég engan mann heyrt í þessum umræðum hafa nein slík orð. Þau eru dauð, búin, grafin og eiga auðvitað aldrei að koma til umræðu á Alþingi Íslendinga, áttu aldrei að koma til umræðu og eiga aldrei að koma til umræðu.

Þetta er mergurinn málsins og um þetta heyrist mér allir vera sammála. Ég held að menn séu líka sammála um það að við þurfum að taka upp tvíhliða viðræður. Ráðherrarnir báðir viku að því mjög drengilega. Og ekki ætla ég að fara að þræta mikið um það hvort það hefði átt að gerast í fyrra eða gerast nú. Það átti auðvitað að gerast í fyrra, árið er liðið í aldanna skaut, eins og þar stendur, og það er alveg ástæðulaust að fara að rifja þetta upp, það er líka liðin tíð.

Það var hvorki meira né minna en hæstv. forsrh. sem sagði orðrétt: „Nú eigum við að snúa okkur af fullum krafti að því að fá tollana fellda niður", þ.e. annaðhvort að breyta bókun 6 eða gera sérsamninga, tala um tollamál og önnur almenn viðskiptamál við Evrópubandalagið, alls ekki um fiskveiðar. Þær eru ekkert á dagskrá og hafa aldrei verið. Við eigum 200 mílurnar, það var viðurkennt í ferð þessarar nefndar, Evrópustefnunefndar í fyrra, hún fór þá líka í ferðalag, af þeim sem fer með íslensk málefni í framkvæmdastjórninni. Það væri alveg ljóst að Íslendingar ættu 200 mílurnar og enginn gæti gert neinar kröfur til nokkurs innan þeirra. Það var alveg ljóst. Aðspurt var þetta tvítekið og það er allt bókað í bókakerfi nefndarinnar.

Af því að ég er að nefna nefndina þá vil ég geta þess, og nota kannski tækifærið til óheiðarlegrar samkeppni að auglýsa rit hér úr ræðustól, en þessi nefnd tók út með sér þýðingu af nefndaráliti sem útbýtt var á Alþingi í vor. Það er álit nefndarinnar í heild sinni

og sérálit nefndarmanna. Þessu útbýttum við auðvitað alls staðar og ýmsum gögnum öðrum. Ég hygg að margir Íslendingar mundu vilja senda þessa bók til viðskiptavina sinna og vina erlendis til þess að menn sjái þar að það þýðir ekkert að vera að tala um nein fiskveiðiréttindi við Íslendinga, þau verða aldrei að veruleika, sem betur fer. Ég vil geta þess jafnframt að það eru að koma út í einu bindi þau sjö hefti sem nefndin sendi frá sér og það hjálpar auðvitað til við að kynna þessi mál. En það kom hér fram, og er alveg rétt, að það vantar meiri kynningu á Evrópumálum yfirleitt. Menn þurfa auðvitað að kynna sér þetta allt saman mun betur en nú er.

Hæstv. forsrh. sagði líka að það hefði ekki verið rétt að óska tvíhliða samninga í fyrra. Við getum látið það liggja á milli hluta en hitt er ljóst að núna er tíminn kominn, eins og ég áður vék að. Og hann sagði raunar að núna væru allar líkur á að við gætum fengið tvíhliða samninga, það sagði hæstv. forsrh. hér úr þessum ræðustól áðan. Ég er alveg fullviss um það að þar getum við fengið mjög hagstæða samninga. Það er auðvitað alveg ljóst, hvernig sem menn velta vöngum, að ef við förum að gerast aðilar að Evrópubandalaginu þá höfum við enga tryggingu fyrir því um lengri tíma að það yrði ekki komin krafa um að við mundum hlíta hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu bandalagsins. Hún nær auðvitað ekki til annarra en bandalagsríkja. Hún nær ekki til okkar og hefur aldrei gert. Þetta er bara innbyrðis samkomulag þessara ríkja. Og það er hvergi getið um það, allt frá Rómarsáttmálanum frá 1957 og til þessa dags, ekki í einu einasta skjali bandalagsins, að það sé til einhver sameiginleg fiskveiðistefna sem gildi utan bandalagsins, eins og það sé komið löggjafarvald um heim allan. Þetta er bara dellukenning. Það er della sem var búin hér til, ekki kannski hér á Íslandi, en einhvers staðar búin til og á hvergi nokkra stoð.

Það kom alveg skýrt fram, m.a. frá þessum ágæta manni sem ég var að nefna hér áðan, að það sem stendur í þessum skjölum er að eitthvað kæmi fyrir eitthvað. Það er ekki hægt að krefjast fiskveiðiheimildar af Svisslendingum eða Austurríkismönnum þegar verið er að semja við þá. Hvernig eiga þær að láta bandalagið hafa fiskveiðiréttindi? Þetta er della upp úr og niður úr, stendur ekki í einu einasta skjali bandalagsins og þess vegna er ekkert um það að tala.

Það er auðvitað alveg ljóst að ef við gengjum í bandalagið, kannski verðum við að gera það einhvern tíma og við vitum náttúrlega ekkert hvernig bandalagið verður eftir eitt eða tvö ár, bandalagið getur breyst æði mikið á einu ári. Því geta menn held ég gert sér grein fyrir. Við vitum ekkert hvað þetta bandalag verður. Ef við förum að ganga í það, þá er náttúrlega alveg ljóst að við yrðum að undirgangast einhverjar af hinum almennu reglum. Ef þessi almenna regla þeirra um sameiginleg fiskveiðiréttindi á að gilda áfram, sem við vitum náttúrlega ekkert hvort verður, þá hlýtur hún með einhverjum hætti að taka til okkar. Við fengjum kannski einhverjar undanþágur, tímabundnar væntanlega, en hvað framtíðin ber í skauti sér, það er óvissa sem við vitum ekkert um og förum auðvitað ekki að undirgangast. Í mínum huga er það alveg fráleitt.

En það var mjög ánægjulegt að hér þurftu menn ekki mikið að rífast og ég vil sérstaklega þakka hæstv. utanrrh., sem gengur nú í salinn, fyrir hans ræðu og skýrsluna líka, þá skrifuðu. Ég held að ég geti tekið undir svo til allt sem hæstv. ráðherra sagði um það. Við munum kýta eitthvað um málsmeðferð og kannski deila um hana nokkuð hastarlega. En það er rétt sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði hér áðan að við eigum auðvitað ekki að fara að tína til á opinberum vettvangi öll rök andstæðinganna.

Við höfum verið að gera það okkar á milli árum saman og kannski áratugum saman. Við höfum sérstakan vettvang til þess. Það er utanrmn. Alþingis þar sem trúnaður ríkir. Hún er nú orðin 62 ára, sú ágæta nefnd, og þar hefur eiginlega ekkert lekið út allan tímann svo að orð sé á gerandi. Þar gerum við okkur auðvitað grein fyrir veikleikum okkar. En við erum ekki að tíunda þá við útlendinga þegar við hittum þá og setja á skjöl og tíunda hér á Alþingi. Um það þegjum við einfaldlega.

Við tíundum okkar rétt, og við höfum vissulega margháttuð réttindi. Við höfum t.d. söguleg réttindi, við höfum lagaleg réttindi, sem lítt er haldið á loft hér. Þau sögulegu réttindi eru að strax á annarri hafréttarráðstefnunni, sem var haldin 1960, fluttum við í tillöguformi að ríki sem mjög væru háð fiskveiðum um efnahag sinn skyldu undanþegin ákveðnum reglum. Og þetta gekk til atkvæða við svonefnda tillögu Kanada um 12 mílna almenna landhelgi, en söguleg réttindi í tíu ár, þ.e. 6 plús 6 reglan, sem svo var kölluð. Fyrst var okkar tillaga um sérréttindi þeirra sem lifðu algerlega á fiskveiðum borin undir atkvæði. Hún var felld með litlum meiri hluta, var ekki samþykkt þar, en er þó sögulegt plagg engu að síður. Síðan varð það til þess að þegar kanadíska tillagan var borin upp greiddum við atkvæði gegn henni. Hún var um 12 mílur en sex ára söguleg réttindi hér á okkar miðum fyrir Breta, væntanlega, og Þjóðverja. Við greiddum atkvæði gegn þeirri tillögu sem við annars hefðum greitt atkvæði með og þá sætum við kannski enn þá uppi með 12 mílurnar, hver veit. En hún féll á einu atkvæði, okkar atkvæði.

Við höfum þarna söguleg réttindi til þess að halda fram sérstöðu þjóða eins og Íslendinga. Í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna er grein nr. 71, alltaf kölluð „íslenska ákvæðið“, um þetta sama, að ríki sem algerlega eru háð fiskveiðum varðandi lífsafkomu sína skuli njóta algerra sérréttinda, ekki að útlendingar geti veitt hjá þeim. Hún stóð í hafréttarsáttmálanum í 12 ár án þess að nokkur maður gerði tilraun til þess að hagga orði í henni. Þannig fengum við lagalegan rétt líka til að neita öllum veiðum í íslenskri landhelgi um aldur og ævi. Þess vegna ætti auðvitað að fara að linna öllum bollaleggingum um eitthvað annað. Og náttúrlega alveg fáránlegt að við nokkurn tíma gerum nokkra milliríkjasamninga eða göngum í milliríkjasamstarf ef við þessu verður hreyft. Það verður aldrei við því hreyft og við skulum snúa saman bökum um það að

túlka þessar skoðanir okkar.

Það er margt fleira sem við getum bætt við sem þessir ráðamenn hjá Evrópubandalaginu skilja algerlega og viðurkenna. Við veiðum auðvitað fiskinn ódýrara með meira öryggi og framleiðum betri vöru en nokkur annar getur gert. Þeir eru alltaf að tala um að það eigi að hagnýta auð þjóðanna sem best, með vöruskiptum og að framleiða þar sem framleiðslan er ódýrust. Þar að auki erum við betur í stakk búnir til þess að verjast hér áföllum í öllu okkar skammdegi o.s.frv. og haga veiðunum þannig að þetta fari vel úr hendi. Þetta viðurkenna þeir þegar maður talar við þá. Auðvitað er það fásinna, segja þeir, meira að segja í ræðum, margir hverjir. Og í samræðum eins og við okkur í þessum nefndum segja þeir jafnvel að það sé algerlega ljóst að Íslendingar eigi að veiða fiskinn. Þeir þurfa að fá þennan fisk aftur á móti. Við getum gert samning um það að þeir fái einhvern ákveðinn hluta af okkar fiski, að sjálfsögðu á gangverði. En við tryggjum þeim eitthvert magn af þessum fiski. Þá vantar þennan fisk, þeir verða að fá hann. Þeir kaupa hann hvergi annars staðar, hann er ekki til. Þeir eru sjálfir búnir, með þessari sameiginlegu fiskveiðistefnu, að gereyðileggja öll mið við strendur sínar. Þetta vita allir menn og þeir ætlast ekki til að við förum að fallast á að þeir komi líka til með að eyðileggja okkar mið. Þeir segja þetta bæði opinberlega og eins við okkur og við alla. Þess vegna má aldrei nein íslensk rödd heyrast um annað. — [Fundarhlé.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fundi er fram haldið í sameinuðu þingi. Forseti hefur dokað við eina mínútu vegna þess að hæstv. utanrrh. er enn ekki kominn í húsið. Nú vildi ég spyrja næsta hv. ræðumann, 3. þm. Reykv., hvort hann óski eftir að forseti doki við enn um stund. — Hv. þm. kinkar kolli til samþykkis og ég vil þá biðja hv. þm. að hafa aðeins biðlund, ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherra komi hér á hverri stundu.

Forseta er kunnugt um að hæstv. utanrrh. var við skyldustörf frá kl. 18.30 til 9.00. Það líða sjálfsagt ekki margar mínútur þar til hæstv. ráðherra kemur, en ég hef í hyggju að fresta fundinum til kl. korter yfir 9. — [Fundarhlé.]

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs vegna þess að ég hef efasemdir gagnvart ýmsum þáttum í meðferð málsins í höndum hæstv. ríkisstjórnar. Einnig hef ég komist á þá skoðun að á sumum sviðum væri rétt að breyta nokkuð um stefnu í því máli sem við erum hér að ræða um. Ástæðan til þessara skoðana minna er störf í Evrópustefnunefnd, upplýsingar sem við höfum fengið við þau störf og samanburður á því sem er að gerast í dag og því sem Alþingi var gerð grein fyrir fyrir ári síðan og reyndar nokkrum mánuðum fyrr, á Alþingi vorið 1989. Mér þykja mál hafa breyst æðimikið og raunar nokkrar af forsendunum sem skýrðar voru fyrir okkur þegar verið var að undirbúa hinar sameiginlegu viðræður EFTA og EB. Og einnig hafa þeir þættir verið að breytast á meðan á öllu þessu ferli hefur staðið.

Það er auðvitað ljóst að mikið ferli fór af stað eftir að Jacques Delors hélt fræga ræðu sína í miðjum janúarmánuði 1989 þess efnis að æskilegast væri að stefna að stærra evrópsku efnahagssvæði með aðild EFTA-ríkja og EB-ríkja á þann veg að fundin væri svokölluð tveggja stoða lausn. Þegar sá góði maður Jacques Delors talaði um tvær stoðir meinti hann þær stoðir sem annars vegar samanstæði af EFTA-ríkjum og hina sem samanstæði af EB-ríkjum. Jacques Delors gerði um það mjög ákveðna tillögu þá þegar að til þess að þetta samstarf gæti gengið yrði EFTA að endurskoða sitt innra skipulag, nánast að koma á skipulagi sem væri sambærilegt, eftir því sem stærð EFTA leyfði, við það sem ríkti innan EB. Mörgum þótti það allsérkennilegt að formaður framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins skyldi fara að gera tillögur um innra skipulag EFTA. Raunar var það ljóst síðar að ýmis aðildarríki EFTA töldu þessa tillögu engan veginn raunhæfa, hún væri bæði dýr og flókin í framkvæmd og leiddi til ýmiss konar tvíverknaðar og ónauðsynlegrar starfsemi og hægt væri að halda fundi um hugsanlegt og væntanlegt samstarf án slíks nýs skrifræðis.

Nú er það alveg ljóst að fljótlega var það ákveðið á sameiginlegum fundi ráðherra vorið 1989 að hverju stefna bæri og ýmsar ákvarðanir voru þar teknar, m.a. af hálfu Íslendinga, um þær kröfur sem við töldum nauðsynlegt að gerðar yrðu. Það var líka fljótlega ljóst, og sérstaklega gerð grein fyrir því það vor af hálfu íslenskra valdhafa og reyndar haustið sama ár, þ.e. fyrir rúmu ári síðan, að tvö atriði væru stærst í þessu samstarfi, ef ekki forsenda af hálfu Íslands og ýmissa annarra EFTA-ríkja þá a.m.k. mjög veigamikil skilyrði. Annað var það sem rætt hefur verið hér í dag mjög mikið, krafa Íslands um fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA og að EFTA tæki þá kröfu upp á sína dagskrá sem sameiginlega kröfu EFTA. Það kom meira að segja stundum fram í umræðum manna, m.a. í ræðu eins ráðherra hér á síðasta ári, að þetta mál hefði forgang innan EFTA í viðræðum þess við Evrópubandalagið svo að nokkurrar bjartsýni gætti hér. Af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar var það skýrt fyrir Alþingi að það væri eitthvert stærsta skrefið sem stigið hefði verið fram á við til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskt efnahagslíf sem við hefðum lengi staðið frammi fyrir.

Hitt atriðið sem mikil áhersla var lögð á að gerði þennan kost þátttöku í EFTA-ferlinu svo fýsilegan fyrir Íslendinga var það að með því fengist réttur til sameiginlegrar ákvörðunartöku EFTA-ríkja og EB-ríkja um sameiginleg mál Evrópska efnahagssvæðisins.

Ef ég byrja á því að ræða um síðara atriðið af þessum tveimur þá eru þar óneitanlega margar spurningar sem ég tel að Alþingi þurfi að fá svör við og hæstv. ráðherra hafi engan veginn gert viðhlítandi skil því innan þess ramma eru atriði sem eru svo mikilvæg fyrir sjálfræði og fullveldi Íslendinga að þetta verður að vera ljóst snemma á þessum ferli. Nú erum við e.t.v. ekki að tala um neitt sem er snemma á þessum ferli

því að allt er þetta í fullum gangi og þegar eru farin að berast mikilvæg svör sem hæstv. ráðherra telur til mikilla tíðinda. Þetta atriði, um sameiginlegu ákvörðunartökuna, eins og það er orðað, skiptir sannarlega miklu. En það var aftur á móti atriði sem bæði ég og fjölmargir hv. þm. muna að hæstv. utanrrh. gerði afarlítið úr á fyrstu stigum umræðu um þetta mál. Hæstv. ráðherra sagði m.a. að á því sviði yrðu engin vandamál. Ef menn kæmust að niðurstöðu um meginatriði efnisins yrði það auðvelt mál að leysa hin svokölluðu lagalegu og stofnanalegu atriði, eins og það hefur verið þýtt.

Annað hefur komið á daginn. Það liggur fyrir nú að á þessu sviði eru aðalágreiningsefnin milli EFTA og EB, sbr. neðst á bls. 33 í skýrslunni. Og menn geta velt því fyrir sér, hvers vegna skyldi það hafa verið sem hæstv. ráðherra gerði svona lítið úr þessu atriði?

Í fyrsta lagi dettur manni auðvitað í hug að hæstv. ráðherra hafi talið þessi atriði raunverulega skipta svo litlu, að samkvæmt þingreynslu hæstv. ráðherra kæmu svona lagaleg atriði, stofnanaleg og slíkt, bara einhvern veginn af sjálfu sér. Ekki veit ég það en svo mikið er víst ef þau atriði hefðu verið tekin fyrir strax þá hefði fljótlega komið í ljós að það hefði þurft stjórnarskrárbreytingu á Íslandi. Það er líka ljóst ef það hefði legið fyrir að það þyrfti stjórnarskrárbreytingu til þess að komast að niðurstöðu í viðræðunum um hið Evrópska efnahagssvæði þá hefðu stjórnarflokkarnir ekki aðeins verið ósammála heldur hefði ríkisstjórnin ekki verið sammála um framhald málsins. Þarna er því enn ein af mörgum ja, það er skrýtið að segja það, af mörgum líftaugum ríkisstjórnarinnar. Þarna er enn eitt atriði þar sem menn hafa kæft þetta mikilvæga atriði í tali um aðra þætti, frestað því þangað til núna og reyndar lengur því að á þessu atriði hafa ekki enn fengist viðhlítandi skýringar.

Þess vegna leyfi ég mér að óska þess að hæstv. ráðherra skýri það hvað við er átt á vissum stað í skýrslunni, sem hér liggur fyrir til umræðu. Í kaflanum um laga- og stofnanamál segir svo á bls. 34 um bein réttaráhrif, með leyfi hæstv. forseta: „EFTA-ríkin hafa lýst því yfir að þau mundu gera ráðstafanir til þess að einstaklingar hefðu sömu réttarstöðu samkvæmt EES-reglum í öllum EFTA-ríkjunum og þeir hefðu innan EB, þ.e. að þeir gætu leitað réttar síns á grundvelli EES-reglna fyrir dómstólum í EFTA-ríkjunum," — þá væntanlega hver í sínu heimalandi. Þessu hafa EFTA-ríkin lýst yfir. Ég held áfram tilvitnun, frú forseti: „Til þess að einstaklingur geti leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstólum verða þær reglur, sem ætlað er að veita einstaklingum réttindi eða skyldur, að gilda sem lög á Íslandi." Á þá að lögleiða á Alþingi hverja þá breytingu EB-laga sem snerta EES-svæði í framtíðinni? Eða á að breyta stjórnarskrá þannig að sá þáttur EB-laga gildi á Íslandi?

Síðar í þessum sama kafla segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Innan EB hefur EB-réttur forgang umfram landslög. EB hefur lagt áherslu á að gildi EES-reglnanna verði tryggt gagnvart landslögum sem hugsanlega yrðu sett í andstöðu við reglurnar. Að öðrum kosti mundi grundvöllur fyrir samræmdum reglum svæðisins raskast fljótt. Samkvæmt íslensku réttarkerfi þyrfti stjórnarskrárbreytingu til að tryggja algjöran forgang EES-réttar fyrir landslögum." Ég lýk þessari tilvitnun í bili. Síðan er fjallað um það hvernig EES-lög væru skýrð sem sérlög gagnvart nýrri landslögum, en síðan kemur: „Endanlegt mat á því hvort landslögin gangi framar EES-reglunum er alltaf í höndum íslenskra dómstóla." Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvaða reglur munu gilda? Með hvaða hætti verður þetta gert ljóst? Hvernig kemur þetta heim og saman við það að rætt er um að sérstakur dómstóll, þ.e. eins konar útvíkkaður EB-dómstóll, þar sem EFTA-ríkin ættu einnig fulltrúa, fjallaði um ágreiningsmál af þessu tagi? Og hvernig kemur sú ætlan heim og saman við 60. gr. stjórnarskrárinnar um að dómstólar skeri úr um embættistakmörk yfirvalda?

Ég held að mörg þessara laga sé unnt að lögfesta hér á Alþingi. Um það er ekki vandasamt að fjalla út af fyrir sig. Það liggur fyrir að þar hljóta íslenskir dómstólar að hafa lögsögu. En þar sem um er að ræða atriði sem gilda á efnahagssvæðinu öllu og koma til sameiginlegs eftirlits og sameiginlegra dómstóla þá finnst mér Alþingi þurfa nánari skýringa.

Í skýrslunni segir, ef ég má vitna í hana, frú forseti: „EB hefur jafnframt verið tjáð að viðkomandi ríki hafi ekki hug á að breyta stjórnarskrám sínum vegna þessa." Þá er spurning: Ætlar þá Evrópubandalagið að falla frá þeirri grundvallarreglu sinni að Evrópudómstóllinn fjalli um vafaatriði í skiptum ríkis við Evrópubandalagið? Er ætlunin að láta þá EB-reglu ekki gilda um EB-lög sem einnig ná til Evrópska efnahagssvæðisins? Það er eiginlega þetta sem mér virðist þurfa að skýra nánar. Á þessu geta mikilvægir hagsmunir oltið er frá líður ef af hinu Evrópska efnahagssvæði verður með þeim hætti sem nú hefur verið stefnt að.

Í ferð sem Evrópustefnunefnd fór til upplýsingaöflunar nú á haustdögum lá það fyrir af hálfu þings Evrópubandalagsins, Evrópuþingsins, að þar verður ekki samþykkt að EFTA fái ákvörðunarrétt um það sem kallast lög Evrópubandalagsins. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það má vel vera að sú hafi verið skoðun embættismanna á einhverju stigi málsins og sé það enn. En spurningin um ákvörðunarrétt EFTA verður, samkvæmt reglum EB, að koma fyrir Evrópuþingið og þar verður slíkur réttur ekki samþykktur til handa þeim sem eru ekki EB-ríki. Þess vegna er annað atriði sem mér finnst nauðsynlegt að fá skýringu á: Hvernig ætla þær EFTA-þjóðir, sem hæstv. ráðherra hefur vikið hér að í dag að stefni að þátttöku í ákvörðunum, að láta það gerast? Á hvaða stigi máls á að taka þátt í þeim ákvörðunum? Á það að vera í framkvæmdaráðinu, ráðherraráðinu, þinginu, í öllum þessum stofnunum sem EFTA-ríkin munu enga aðild eiga að? Ég fæ ekki séð hvernig það á að gerast eins og málum er komið.

Mér virðist, frú forseti, að í umfjöllun um þetta mál komi fram ýmsar röksemdir af hálfu hæstv. ráðherra sem ganga hver gegn annarri og standast þess vegna ekki. Vissulega er það erfitt fyrir dugnaðarmenn, sem eru ákveðnir í sinni sök og eru að berjast fyrir málstað

sem þeir trúa á, þegar þeir þurfa að horfast í augu við það að forsendur fyrir því máli sem þeir eru að berjast fyrir eru ekki fyrir hendi, ekki lengur. Forsendan fyrir sameiginlegri ákvarðanatöku er ekki fyrir hendi. Forsendan fyrir alíslenskri lögsögu, ég er ekki viss um að hún sé fyrir hendi samkvæmt öðrum þeim upplýsingum sem liggja í þessum plöggum. Og forsendan fyrir fríverslun með sjávarafurðir, sem var nokkurn veginn efst á blaði hjá EFTA gagnvart EB, er brostin. Það kom í ljós nú nýlega og líka samkvæmt því sem hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni í dag. Hvað stendur þá eftir af þeim hagsmunum sem við lögðum áherslu á í upphafi? Jú, það er spurningin um að fá aflétt, með samningi til langframa, tollum af íslenskum sjávarafurðum. Og samkvæmt máli hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. er helst að skilja að því máli sé best borgið með því að Sviss, Austurríki, Svíþjóð, Norðmenn og Finnar tali fyrir okkur, að við fáum kannski að vera með.

Ég er þeirrar skoðunar að því máli sé mun betur borgið í höndum okkar sjálfra. Samninga um þau mál og önnur sérhagsmunamál Íslands gagnvart Evrópubandalaginu eigum við sjálf að hafa með höndum. Þess vegna er það að mér þykir okkur í hæsta máta koma það við þegar aðrar EFTA-þjóðir, valdhafar annarra EFTA-þjóða, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, lýsa því yfir með ýmsum hætti að nú standi fyrir dyrum ákvörðun um það að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Heldur hæstv. ráðherra í raun og veru að það komi okkur ekki við ef það gerist sem fjölmiðlar voru að fjalla um í gær, að Svíþjóð kynni að sækja um aðild fyrir vorið? Samkvæmt því sem fyrrv. og e.t.v. tilvonandi forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland segir, þá væru Svíar um leið að sækja fyrir hönd Noregs. Forsætisráðherra Noregs og hans flokkur, svo og meiri hluti norska Stórþingsins, telur að stefna beri að aðild. Sömuleiðis hægrimenn í Svíþjóð. Sænskir sósíaldemókratar eru farnir að hallast í þessa átt. Meðan þessu fer fram heyrist helst það hljóð úr horni hæstv. utanrrh. að allt þetta fólk sé annaðhvort haldið misskilningi eða þá óskynsamt. Til vandræða sé þegar hinir og þessir norrænir ráðherrar „tali út og suður" um þessi mál. Sömu afgreiðslu fá stjórnmálamenn annarra Evrópuríkja ef þeir hvetja Norðurlönd til aðildar eða tvíhliða viðræðna. Það skilur hvert mannsbarn sem hefur heyrt í hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum um þessi mál að hann leggur harla lítið upp úr þessu.

Ég tek til máls, frú forseti, til þess að vekja athygli á því að bæði ég og margir aðrir þingmenn og margir Íslendingar utan þings telja að þessar yfirlýsingar varði Íslands hagsmuni miklu. En ríkisstjórnin ætlar að horfa á það aðgerðarlaus eða bókstaflega að bíða átekta á meðan þessu fer fram og segja sem svo: Hvað sem tautar og raular þá ætlar utanrrh. Íslands að ljúka þessu EFTA-EB samningaferli. Á hverju lýkur þessu EFTA-EB samningaferli? Er hæstv. ráðherra viss um að því ljúki með samningi? Hvað gerist ef þrjú EFTA-ríki og kannski fleiri verða búin að sækja um aðild að Evrópubandalaginu áður en þessu samningaferli lýkur? Er ekki hætt við því að lítið verði úr samningum? Ég held að svo geti farið. En segjum að samningar tækjust. Þá er það ljóst að þau ríki sem hafa sótt um aðild munu mjög fljótlega verða aðilar. Þá eru eftir Ísland og líklega Sviss, ég veit ekki um Finnland. Ætlum við, ásamt Sviss, að vera sú stoð sem heldur utan um íslenska hagsmuni gagnvart öllum hinum ríkjunum, eigandi enga möguleika til að hafa áhrif á ákvarðanatöku? Ég held, frú forseti og hæstv. utanrrh., að það sé meira en tímabært að við segjum það upphátt að við skulum láta á það reyna hversu okkar málum verður tekið ef við sækjum í alvöru um aðild að Evrópubandalaginu, leggjandi áherslu á þá íslensku sérhagsmuni sem við erum öll sammála um. Það hefur margsinnis komið fram gagnvart þeim stjórnmálamönnum, og vafalaust fleirum en íslenskum, sem hafa átt samskipti við og leitað upplýsinga hjá stjórnmálamönnum Evrópubandalagsríkjanna, að umfjöllun um þessi sérhagsmunamál okkar, einkanlega á sviði sjávarútvegsins, verði miklu auðveldari á grundvelli viðræðna um aðild. Slíkar viðræður yrðu byggðar á aðildarumsókn, með þessu fororði að sjálfsögðu. Og það liggur fyrir af hálfu margra valdhafa þessara ríkja, og það veit hæstv. utanrrh., að það er fullur vilji til þess að líta með sérstökum skilningi hagsmuna ríkis sem á allt sitt undir einhæfu atvinnulífi, sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn er vissulega grundvöllur mjög sérstæðna reglna innan Rómarsamningsins. Endurskoðun þeirra reglna stendur fyrir dyrum. En það er heimild nú til þess að gera aðildarsamning sem væri með sérstöku fyrirkomulagi við ríki sem á efnahagslíf sitt undir sjávarútvegi. Þá gerir það okkur auðveldara að ræða um fjölmarga þætti í atvinnulífi okkar og efnahagslífi, ekki aðeins sjávarútveg, heldur líka aðra þætti. Það sem við höfum aftur á móti verið vöruð við er að tala um sjávarútveginn einan og sér því að þá koma á móti af hálfu Evrópubandalagsins kröfur sem byggjast á reglum þeirra um sjávarútveginn einan. Það eru hins vegar miklu fleiri atriði sem koma til skoðunar ef verið er að ræða um aðildarumsókn.

Enn önnur ástæða fyrir því að ég tel það tímabært og raunar nauðsynlegt að taka afstöðu til þessa máls er sú að ég óttast það beinlínis að hagsmunir okkar kunni að verða látnir mæta afgangi ef við bíðum eftir því að ríki, sem eru núna samstarfsríki okkar innan EFTA, komi sinni ár fyrir borð með aðildarviðræðum við Evrópubandalagið og þar á eftir komi að okkur og þá förum við að hugsa um að sækja um aðild. Á meðan á þessu stæði væri svo enn annar þáttur í þessu stóra dæmi sem er Austur- og Mið-Evrópuþjóðirnar, fyrrverandi kommúnistaríkin. Það er mikill og augljós vilji fyrir því innan Evrópubandalagsins að veita þeim sérstaka afgreiðslu, að búa til sérstaka tegund aðildarmöguleika fyrir þau ríki. Okkur hefur verið bent á það. „Þið gætuð hugsanlega sótt um einhvers konar aukaaðild eins og verður að öllum líkindum komið á laggirnar fyrir Austur-Evrópuríkin." Ég leyfi mér að spyrja: Vill Alþingi Íslendinga að við fáum einhvers konar aukaaðild, sams konar og þykir nauðsynleg fyrir Austur-Evrópuríkin sem búið hafa við ofstjórn kommúnismans og efnahagslega eymd í öll þessi ár, eða viljum við ganga til þessa leiks á sama grundvelli og

Vestur-Evrópuríkin? Viljum við ganga sjálf til þessa leiks, setja fram okkar óskir og segja á hvaða grundvelli við getum samið og á hvaða grundvelli við viljum ekki semja og tryggja þar með fjölbreyttara og stöðugra atvinnulíf, tryggja okkar unga fólki meiri möguleika en það gæti hugsanlega átt eftir að allt þetta svæði lokast meira og minna fyrir þeim sem standa utan þess, að ég ekki tali um hina marglofuðu þekkingu sem við viljum geta nýtt í samstarfi við aðrar þjóðir og helst flutt út? Hvernig ætlum við að gera allt þetta ef við ætlum að bíða átekta þangað til Evrópubandalagið verður svo þreytt á öllum undanþágubeiðnunum frá hinum að því finnst ekki taka því að sinna slíku frá svona smáþjóð? Það er mín skoðun að nú sé lag. Ég held að það sé „stemning", ef ég má svo segja, það sé viss vilji meðal stjórnmálamanna hjá Evrópubandalagsríkjunum að taka sérstaklega á hagsmunamálum þessa matvælaframleiðsluríkis okkar og líta á það með skilningi að við eigum samleið með þessum ríkjum og við viljum taka ákvarðanir með fullum rétti, með aðild að valdastofnunum Evrópubandalagsins til þess að hafa sjálf eitthvað um það að segja hvaða lög og reglur kunna að gilda um efnahagslífið. Ég sé ekki annað en við verðum að líta á það að þau eru aðalviðskiptaaðili okkar. Hvernig því verður háttað í framtíðinni vitum við ekki, en það er alveg ljóst ef við ætlum að halda þeim viðskiptum, ef við ætlum að opna þær dyr sem í þessu felast fyrir okkar fólk og ef við ætlum að nýta þann byr og þann áhuga sem er á meginlandi Evrópu núna fyrir því að varðveita sérstæða menningu og tungumál þá eigum við að gera þetta fyrr en seinna. Ég held að það sé áhætta að fresta því miklu lengur. Ég held líka ef við gerum þetta nokkuð fljótlega þá höfum við möguleika á að ræða um hugsanlega aðild um svipað leyti, eða jafnvel fyrr, en aðrar Norðurlandaþjóðir sem við höfum talið okkur á margan veg eiga mikla samleið með, einkanlega þó menningarlega. Og við skulum einnig líta á það hver verður sameiginlegur styrkur Norðurlandaþjóðanna innan þessa svæðis.

Frú forseti. Ég hef nefnt það sem mér er efst í huga í þessu máli. Ég kom í þennan ræðustól með ljósrit af ýmsum ummælum hæstv. ráðherra frá því í fyrra sem sýna að í þessu máli hafa verið farnir nokkrir hringir eða hnýttar nokkrar slaufur, ég veit ekki hvað ég á að kalla það. Það sem var höfuðhagsmunamál fyrir ári síðan að fá framgengt, sú krafa sem við töldum efsta á blaði í fyrra hefur verið hafnað, virðist samkvæmt upplýsingunum í dag hefði orðið afar erfiður baggi, ef samþykkt hefði verið. Það verður ekki annað greint en að fögnuður, bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., sé mikill yfir því að kröfunni var hafnað. Sú höfnun styrkir samningsstöðu okkar samkvæmt áliti þeirra í dag.

Hæstv. utanrrh. sagði 29. mars — það er ekki lengra síðan: „Spyrja má hvað það er sem gerir Evrópskt efnahagssvæði að aðdráttarafli fyrir Ísland, efnahagssvæði sem nær til nítján ríkja og 350 millj. íbúa. Þessu er best svarað með því að horfa á stöðu Íslands ef við Íslendingar sættum því hlutskipti að lenda utan þeirrar þróunar sem nú virðist óumflýjanleg í Evrópu." Ég er sammála hæstv. ráðherra um þetta atriði.

Ef ég má halda áfram lestri úr þessari klausu, með leyfi hæstv. forseta: „Komi ekki til virk þátttaka Íslands við mótun þeirrar markaðsheildar án aðildar að bandalaginu er enginn vafi á því að viðskiptakjör okkar í framtíðinni yrðu mun lakari gagnvart þeim ríkjum sem nú taka við um það bil 70% af vöruútflutningi okkar. Ber þar auðvitað hæst að fá viðurkenningu á grundvallarreglunni um fríverslun með fiskafurðir sem eru í reynd okkar iðnaðarafurðir." — Þetta eru ályktunarorð hæstv. utanrrh. 29. mars 1990. Að það sé þetta sem gerir Evrópskt efnahagssvæði að aðdráttarafli fyrir Ísland. Það er grundvallarreglan um fríverslun með fiskafurðir sem eru í reynd okkar iðnaðarafurðir. Þetta var 29. mars. Hvað segir hæstv. ráðherra 29. okt.? Þá segir hæstv. ráðherra að það sé eiginlega mikill léttir að þessari kröfu var hafnað, staða okkar sé í raun miklu sterkari, og undir þetta tekur og undirstrikar sérstaklega hæstv. forsrh. Það eru venjulegir framsóknarfimleikar ef ég má svo segja. Ég er undrandi á hæstv. utanrrh. sem hefur svona snarsnúið við blaðinu og hvers vegna í ósköpunum hann athugar ekki þá hlið þessa máls sem felst í því að horfast í augu við staðreyndir og taka afstöðu til þess hvort ekki sé rétt að við tökum sams konar stefnu og Norðmenn, Svíar, Austurríkismenn og Danir hafa fyrir löngu gert.

Frú forseti. Ég ætla að láta þessu máli lokið en ég vonast til þess að fá nánari skýringar hæstv. ráðherra á þessum hugleiðingum um ákvarðanatöku, hvernig menn stefni að ákvarðanatöku sem þegar hefur verið hafnað að veita mönnum hlutdeild í, og hvernig verður háttað með lögsögu þegar taka þarf afstöðu til álitaefna um embættistakmörk yfirvalda hins Evrópska efnahagssvæðis gagnvart einstökum ríkjum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Skýrsla utanrrh. til Alþingis um samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið er vafalaust eitt af stærstu málum þingsins nú og næstu árin. Ég tel að sú vinna sem hefur verið lögð í samanburð á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins og þær viðræður sem hafa átt sér stað um Evrópskt efnahagssvæði séu hið besta mál og hafi skilað okkur nytsömum upplýsingum og nauðsynlegum hvað varðar þetta stóra og flókna bandalag, Evrópubandalagið, innviði þess og lagagrundvöll. Ég er nokkuð viss um að sú vinna mun koma okkur til góða þegar fram líða stundir og jafnframt mun hún verða grundvöllur þess sem við gerum í framtíðinni. Þetta er jákvætt.

Hitt er svo önnur saga að ég tel að þeim viðræðum sem nú eiga sér stað um Evrópskt efnahagssvæði sé að ljúka og muni ljúka mjög fljótlega. Hæstv. utanrrh. hefur haldið dauðahaldi í þá skoðun að hann muni geta siglt þessum umræðum um Evrópskt efnahagssvæði í höfn. Hann veit það auðvitað sjálfur að eins og staðan er í dag er það ekki nokkur vegur. Yfirlýsing Svía nú fyrir helgina um þetta tekur af öll tvímæli um það að Svíar muni sækja um aðild. Það er jafnframt sam-

kvæmt þeim heimildum sem ég hef og í viðtölum við sænska stjórnmálamenn og þá sérstaklega samflokksmenn, ef maður getur sagt svo, hæstv. utanrrh., sænska alþýðuflokksmenn. Ég held að það sé nokkuð ljóst að Svíar munu sækja um aðild að Evrópubandalaginu og svo munu Norðmenn gera einnig. Í Finnlandi fara fram mjög alvarlegar umræður um þetta og eftir því sem mér heyrist á Finnum telja þeir að miðað við þá stöðu sem ríki í dag muni þeir einnig sækja um aðild. Við sjáum það líka að fyrir liggja umsóknir frá Austurríki, Kýpur og Möltu að Evrópubandalaginu. Þá hafa komið yfirlýsingar um það frá Póllandi, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu að þau lönd óski eftir inngöngu í Evrópubandalagið. Allar þessar upplýsingar ganga í sömu átt. Þessi lönd munu óska eftir aðild að Evrópubandalaginu. Við því getum við ekki gert. Við hljótum því að hugsa okkur um nú hvaða stefnu við eigum að taka. Hún á að vera sú að við óskum eftir viðræðum við Evrópubandalagið og sjáum hversu langt við getum komist í þeim viðræðum. Grundvöllur sá sem hæstv. utanrrh. hefur lagt með vinnu sinni er auðvitað mjög nytsamur og góður fyrir þær viðræður. Þetta liggur alveg ljóst fyrir í dag.

Í Politiken á laugardaginn er tekið svo djúpt í árinni að þeir segja að Svíþjóð geti orðið aðili 1993 og ég held að það sé rétt að Svíar verði orðnir aðilar 1993. Þá er spurningin hvort við tökum frumkvæðið, snúum okkur strax að því sem skiptir máli fyrir okkur, verðum á undan Svíum og Norðmönnum og óskum eftir sérstökum viðræðum fyrir okkar hönd. Ég held að það eigum við að gera. Ég tel að það sé ekki nokkur vafi að við eigum að óska eftir þeim viðræðum og vera á undan Svíum og Norðmönnum en ekki hlaupa í kjölfarið á þeim því okkar staða verður sterkari ef við erum á undan. Það er alveg ljóst.

Það er líka svo að norska stjórnin er sprungin á þessu máli, á því að Evrópskt efnahagssvæði bindur löndin nánast með sama hætti í rauninni og um væri að ræða aðild að Evrópubandalaginu. Á þessu hefur norska ríkisstjórnin strandað. Þeir hafa ekki viljað samþykkja það, framsóknarmennirnir í Noregi, að erlend fyrirtæki gætu fjárfest í hlutafélögum og í orkufyrirtækjum. Ýmis önnur atriði koma þar og til og verða þau ekki rakin hér.

Við stöndum í dag á tímamótum. Við stöndum á þeim tímamótum að við megum ekki loka okkur af með múrum eins og reyndist austantjaldsríkjunum svo erfitt og hefur eyðilagt efnahag þeirra. Við hljótum að verða að opna landið meira fyrir verslun og viðskiptum en er í dag og við verðum að auka okkar tengsl við þau lönd sem er hagstæðast að versla við.

En það er meira. Við okkur blasa ýmis vandamál sem snúa ekki aðeins að efnahagsmálum. Þau snúa að menningarmálum og menntunarmálum. Ég hef ekki síður áhyggjur af þeim þætti. Ef við lítum til þess hve stór hluti yngri kynslóðarinnar sækir menntun til annarra landa hljótum við að hafa áhyggjur af þeirri þróun sem á sér stað nú í Evrópu. Það sem lýtur að frjálsum aðgangi að menntun og starfsþjálfun er eitt það mikilvægasta sem við þurfum að hafa áhyggjur af. Við höfum haft mjög góðan aðgang að menntastofnunum í Evrópubandalagslöndunum á undanförnum áratugum og auðvitað í EFTA-löndunum líka. En nú er hætta á því að þessar leiðir geti lokast nema við greiðum mjög háar upphæðir fyrir þá menntun sem við sækjum til þessara landa. Menningarlega stöndum við í mjög nánum tengslum við mörg þessara landa og sú menntun sem margir hafa aflað sér í þeim hefur orðið grundvöllur framfara á Íslandi. Þess vegna hljótum við að leggja áherslu á það að við höfum áfram frjálsan aðgang að menntun og menntastofnunum á þessum svæðum. Jafnframt hljótum við að líta á það að í Evrópubandalaginu er gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum á dagskrá. Það er auðvitað svo að vel menntað fólk hefur áhuga á því í dag að leita sér að vinnu eftir því sem tækifæri gefast í mismunandi starfsgreinum sem margar hverjar eru ekki til staðar á Íslandi. Það fólk mun auðvitað leita eftir þeim starfsgreinum í öðrum löndum, sem er mjög eðlilegt. En jafnframt er það svo að margt af þessu fólki hefur komið síðar til landsins og veitt þá mjög hagnýtri þekkingu til okkar sem hér erum í landinu. Ég tel að þessi atriði hljóti að vega mjög þungt í okkar viðræðum við Evrópubandalagið.

Ég held einnig, og tel reyndar alveg ljóst, að þróunin næstu árin muni skipta sköpum um það hvort við munum taka skref fram á við eða hvort við munum stíga aftur á bak. Ef við drögum okkur til baka og einangrum okkur frá Evrópubandalagslöndunum og Evrópulöndum eins og er hætta á, og sérstaklega er ástæða til að óttast að sú stefna geti náð yfirhöndinni þegar maður hlustar á vissa talsmenn Alþb., Kvennalistans og Framsfl. Ég held nefnilega að það sé svo að ef við bregðumst ekki hart við og hefjum þegar í stað viðræður við Evrópubandalagið, þá munum við sitja eftir og það mun hafa alvarlegar afleiðingar hér á Íslandi.

Ég vil líka minnast á eitt, vegna þess að það hefur ekki verið mikið rætt um það hér í Alþingi, það er Byggðasjóður Evrópubandalagsins sem er upp á tugi milljarða. Þessi sjóður er m.a. notaður til þess að efla fyrirtæki í sjávarútvegi sem eru í samkeppni við íslensk fyrirtæki og einnig til að efla fyrirtæki í landbúnaði sem geta verið í samkeppni við íslensk fyrirtæki í framtíðinni. Slíkir sjóðir verða til staðar í framtíðinni í Evrópubandalaginu og við getum ekkert breytt því.

Þau byggðasjónarmið sem ríkja í bandalaginu munu valda því að samkeppnisatvinnuvegir á Íslandi munu eiga í stórfelldum erfiðleikum í framtíðinni ef við spyrnum ekki strax við fótum. Við sjáum þegar hvert stefnir. Það hefur verið bent á það að fyrirtæki í sjávarútvegsbæjum, bæði í Skotlandi og í Þýskalandi, hafa verið styrkt úr þessum sjóðum. Hér eru uppi raddir um það að þetta hafi þegar áhrif á sölu frá Íslandi. Við getum ekki litið fram hjá þessum staðreyndum og við hljótum að leggja áherslu á það að við náum jafnstöðu hvað þetta mál áhrærir og keppum að því að okkar fyrirtæki standi ekkert síður að vígi en þau fyrirtæki sem fá þessa gríðarlega miklu styrki sem veittir eru til byggðaþróunar í Evrópubandalagslöndunum.

Eitt dæmi um þetta til viðbótar er það að sum íslensk fyrirtæki hafa þegar leitað út fyrir landsteinana með framleiðslu á varningi sem áður var framleiddur hér. Ég nefni sem dæmi að það eru til fyrirtæki sem leitað hafa til Skotlands með vinnslu á ullarafurðum vegna þess að þar fá þau allt aðra og betri fyrirgreiðslu á öllum sviðum. Og svo mun einnig vera á fleiri sviðum.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það sem er á ferðinni innan Evrópubandalagsins er ekki nein smásmíði. Það er ekki eins og við séum að tala um eitthvert land sem sé svipað á stærð og Ísland. Ég tel einnig að sú stefna bandalagsins að jafna lífskjör muni koma þannig fram að lífskjör hér muni jafnvel versna ef við bregðumst ekki þess fljótar við. Það er svo að á jaðarsvæðunum, bæði í suðri og norðri, er viðurkennd sú staðreynd innan Evrópubandalagsins að það eigi að styrkja þar atvinnuvegina og lífskjörin. Við stöndum frammi fyrir því að við eigum að keppa við þessi svæði og við munum aldrei geta keppt við Evrópubandalagið á þeim grundvelli sem við gerum í dag.

Þeir menn eru til sem telja að við getum auðvitað bara hætt samskiptum við Evrópubandalagið og snúið öllum okkar viðskiptum til Bandaríkjanna eða til Japans. Það eru út af fyrir sig sjónarmið og út af fyrir sig getur það verið rétt. En það hlýtur að vera okkar aðalstefna að fá sem mest fyrir okkar vörur. Í dag er stærsti hlutinn, t.d. sjávarafurðir, þegar fluttur út til landa Evrópubandalagsins á bestu kjörum sem við fáum. Þetta hljótum við að líta á og svo hitt að við teljum okkur, a.m.k. enn, vera Evrópumenn og menning Evrópu og okkar eru nátengdar.

Sem dæmi um hvernig getur farið fyrir okkur er í rauninni hægt að benda á viðskipti okkar við Sovétríkin. Fyrir ári lá það fyrir að Sovétmenn voru að leggja út á þann veg að þeir ætluðu að opna meira fyrir frjáls viðskipti, þeir ætla að breyta sínum viðskiptaháttum. Það þýddi jafnframt að sala okkar til Sovétríkjanna gat verið í hættu og var mjög líklegt að væri í hættu. Á þetta minntist ég raunar í umræðu um olíuviðskipti landanna þá.

Nú hefur það komið á daginn að þetta var rétt. Við stöndum auðvitað á hverjum tíma frammi fyrir því að við verðum að horfa á þær breytingar sem gerast í kringum okkur, hvort sem þær eru í Sovétríkjunum eða Evrópubandalaginu eða í Bandaríkjunum. Og við verðum að vera fljótir að tileinka okkur þær breytingar sem eiga sér stað og þá möguleika sem það býður upp á. Við getum ekki lokað okkur inni og haldið að það geti gengið bara sjálfkrafa þannig að við þurfum ekkert að hugsa meira um það, eins og hefur verið með viðskiptin við Sovétríkin. Við hljótum að hugsa þessi mál á hverjum tíma og bregðast við á hverjum tíma miðað við hvað er að gerast. Og núna getum við ekki gengið fram hjá því að Evrópubandalagið er okkur sá mikilvægasti viðskiptaaðili sem til er. Og Evrópubandalagið hefur meiri áhrif á okkar mál en nokkurt annað samfélag þjóða. Við getum ekki falið okkur fyrir þessum staðreyndum, fordast þessar staðreyndir og hlaupið frá þeim. Við getum auðvitað lokað landinu og staðið þá uppi eins og staðan var hér um aldamótin, þegar efnahagsafkoma fólks var afar bágborin. En við getum líka fylgt þeirri þróun sem er að gerast og við getum líka verið fljótir til og tileinkað okkur það nýjasta í viðskiptum landinu til góða.

Þess vegna hljótum við að hætta strax hugmyndum um frekari viðræður um Evrópskt efnahagssvæði. Þær eru alveg tilgangslausar. Það liggur fyrir að þær þjóðir sem standa okkur næst og eru með okkur í EFTA eru búnar að gefa það upp á bátinn. Allir þeir stjórnmálamenn sem ég hef talað við á Norðurlöndum eru sammála þessu. Og þeir segja: Það er tímaspursmál hvenær við göngum í Evrópubandalagið. Fram hjá þessum staðreyndum verður ekki gengið. Þess vegna verðum við að snúa blaðinu þegar í stað við og hefja viðræður við Evrópubandalagið og sjá hvað við getum fengið þar, hvað við getum samið um. E.t.v. verður niðurstaðan sú að við göngum í Evrópubandalagið. En það verður auðvitað að koma í ljós. Ég held að í dag eigum við hins vegar að láta reyna á það hvað við getum náð hagstæðum samningum, og tel að við getum það. Ég tel að það sé skilningur fyrir því innan Evrópubandalagsins að svo lítið ríki sem Ísland, með þá sérstöðu sem við höfum, geti náð þeim samningum sem til þarf. Og ég skora hér á hæstv. utanrrh. að hefja nú þegar viðræður við Evrópubandalagið um þetta og hætta að hugsa um Evrópskt efnahagssvæði með þeim hætti sem hann hefur gert. Ég veit að hann er búinn að vinna gott starf þar og leggja góðan grundvöll hvað varðar upplýsingaöflun um löggjöf og ýmisleg grundvallaratriði sem eru í Evrópubandalaginu þannig að við stöndum vel að vígi til að ganga til slíkra viðræðna. Ég held að það sé ekki eftir neinu að bíða. Ég er sannfærður um að það er það skynsamlegasta.

Hitt er annað mál að það má vel vera að ríkisstjórn Íslands í dag sé ekki sammála um þetta og hæstv. utanrrh. sé fangi ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Ég hef sterkan grun um að það sé það sem strandi á í þessu máli. Það sé ekki það að utanrrh. sé ekki búinn að gera sér grein fyrir þessu og sé tilbúinn að hefja þegar í stað viðræður við Evrópubandalagið, heldur sé staðan sú að bæði Framsfl. og hluti Alþb. séu svo afturhaldssamir og þröngsýnir að hann geti ekki hafið slíkar viðræður. Ég vona að utanrrh. láti ekki þessi afturhaldsöfl halda aftur af sér og hefji bara þegar í stað sókn með Sjálfstfl. í þessum málum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með þær málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram. Af einhverjum ástæðum er það svo að það kveður mjög við annan tón en stundum áður þegar við höfum rætt þetta mál á hinu háa Alþingi. Hér hafa menn vissulega skipst á skoðunum. Það eru vissulega lagðar ólíkar áherslur en það sem sameinar okkur í sjónarmiðum í mati á þessu máli er sýnilega og heyrilega mun meira og vegur þyngra en það sem sundrar. Ég ætla mér ekki þá dul að draga saman alla þræði þessarar umræðu, en ég held að gagnlegt sé að hnykkja ögn á þeim spurningum sem hér hafa verið vaktar og

svara nokkrum þeirra sem varða kjarna málsins.

Ef ég fylgi röð ræðumanna eru þessar spurningar kannski helst þessar:

Í fyrsta lagi: Eigum við sérstaklega að óska eftir formlegum tvíhliða samningaviðræðum, sem við höfum reyndar þegar gert?

Þegar við lítum til baka er það rétt að við höfum tapað tíma og það hefði verið skynsamlegra að gera það strax eins og mér skildist að væri sjónarmið hv. 1. þm. Suðurl., formanns Sjálfstfl., og hv. 5. þm. Reykv. (Gripið fram í.) Út frá rökræðunni um fríverslun með fisk sem margir ræðumanna hafa vikið að er það rétt að talsmenn ríkisstjórnarinnar, og sá sem hér stendur, hafi boðað það í miklum ákafa og bjartsýni að það væri hlutur sem væri líklegur til að nást og væri meginatriði í málsvörn Íslands. Að því er varðar spurninguna um aðild núna, eins og sumir segja, síðar, eins og aðrir boða, er þetta kannski tiltölulega lítil spurning. Út frá spurningu hv. 1. þm. Suðurl., formanns Sjálfstfl., sem hugsaði upphátt um þetta: Er Evrópska efnahagssvæðið og aðild Íslands að því ekki nánast eins og aukaaðild að Evrópubandalaginu? Hver er raunverulega munurinn á þeirri leið og fullri aðild?

Það var spurt: Stjórnun Evrópska efnahagssvæðisins, tillögur um það sem Evrópubandalagið nú boðar, skiptir það meginmáli hverjar þær verða, sérstaklega út frá spurningunni um: verður Evrópska efnahagssvæðið *bráðabirgðaráðstöfun*?

Spurningin hefur verið vakin upp af mörgum ræðumönnum: Hvað með fyrirvara Íslands? Fyrirvararnir voru fáir en þeir voru skýrir. Þeim var rækilega lýst, þeir hafa verið rækilega tíundaðir. Er nú fallið frá þeim? Og eru þá ekki forsendurnar brostnar fyrir hinni pólitísku samstöðu sem ríkt hefur í stórum dráttum? Hún hefur nú ekki verið fullkomin um þetta mál. Er það svo að þær hugmyndir sem verið hafa uppi um annars vegar ákvörðunaraðild EFTA-ríkjanna að nýjum ákvörðunum sem varða framtíð hins Evrópska efnahagssvæðis, eftirlit og dómstólaskipan, þýði það að hin lögfræðilega niðurstaða væri sú að það þyrfti að breyta stjórnarskrá Íslands, sem væri auðvitað mjög þýðingarmikil spurning?

Eru það staðreyndir að flótti sé brostinn í liðið í EFTA og það liggi fyrir að ríkisstjórnir EFTA-landanna hafi allar skipt um stefnu og þær séu nú fallnar frá því að leita samningsniðurstöðu og boði í staðinn aðild að Evrópubandalaginu? Hvað gerist? Hver verður hlutur Íslands ef svo fer, fyrr en síðar, að einhver af þessum löndum sækja um og semja um aðild? Hvaða áhrif hefur það á afstöðu Íslands, stöðu Íslands?

Er það svo að raunverulega sé ágreiningur uppi innan Sjálfstfl. að því er varðar spurninguna um aðild? Sumir þingmenn segja: Tíminn er núna. Spennan er núna. Það er spennandi að gera þetta núna. Formaður Sjálfstfl. tekur ekki undir það. Talsmaður flokksins í utanríkismálum segir: Megi það aldrei heyrast með íslenskri rödd. Þeir sem deila á ríkisstjórnina vegna þess að það séu skiptar skoðanir standa frammi fyrir því að kannski eru mjög skiptar skoðanir um þetta í Sjálfstfl. Ekki þætti mér það neitt ólíklegt vegna þess að Sjálfstfl. er bandalag ólíkra skoðanahópa.

Þetta eru margar spurningar og ég ætla mér ekki þá dul að svara þeim öllum hér. Ég endurtek ánægju mína með þessar umræður. Ég tel þær hafa haft verulegt gildi, tel þær hafa verið málefnalegar, tel þær hafa verið gagnlegar og Alþingi til sóma og öllum sem að þeim hafa komið til gagns, jafnvel nokkurrar ánægju.

Sumt af þessu er þýðingarmeira en annað og ég ætla að stikla aðeins á stóru.

Í fyrsta lagi: Er þessi spurning um tvíhliða viðræður eða EFTA-sporið við EB spurning sem er mjög brennandi? Í mínum huga er það ekki svo. Ég segi: Ef það fer mót mínum vonum og mót mínu mati á þann veg að þessar viðræður mistakist er augljóst mál, lífið heldur áfram, að þá leitum við eftir formlegum tvíhliða samningaviðræðum, höfum reyndar þegar leitað eftir þeim. En ástæðan fyrir því að ég tel íslenskum hagsmunum betur borgið í viðræðum með EFTA-löndunum, kom mjög rækilega fram í mínu máli. Hún lýtur að spurningunni um jafnvægið í samningunum og því að meðan þessar kröfur sem Evrópubandalagið gerir eru bornar fram við EFTA í heild, er það þetta sameignarfélag sem mun deila fórnarkostnaðinum. Ef við værum eingöngu í tvíhliða viðræðum væru kröfurnar samkvæmt forsendum hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu bornar fram gegn okkur einum og við yrðum að greiða þann fórnarkostnað. Og það er vegna þess sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson segir: Megi það aldrei heyrast úr íslenskum barka, megi það aldrei hljóma með íslenskri rödd, að við ætlum nokkurn tímann að greiða þann fórnarkostnað. — Þótt aðrir hv. þm. í hans sama þingflokki segi: Núna, strax, þeim mun fyrr, þeim mun betra. Er hv. þm. að segja að þetta séu ekki íslenskar raddir? (Gripið fram í.) Það hefur ekki verið samið við EFTA en það er alveg ljóst, og þetta er ekkert leyndarmál, og þetta hefur verið yfirvegað mat okkar fyrir Íslands hönd, að meginástæðan fyrir því að okkur væri fremur í hag að fylgja samstöðu EFTA-landanna á grundvelli kröfunnar um fríverslun með fiskafurðir er einmitt þessi. Þetta er ekkert nýtt. Áður fyrr var ekki sagt mikið um þetta mjög hátt, en oft hefur þetta verið rætt t.d. í utanrmn.

Ég legg hins vegar áherslu á þetta: Þetta er auðvitað ekki ágreiningur í okkar röðum. Tvíhliða viðræður; hefðum við átt að byrja á þeim fyrr? Er skynsamlegt að byrja á þeim núna? Vegna þess að ég hef engan heyrt segja: Látum þessar viðræður lönd og leið. Það er enginn ágreiningur um það að mistakist þetta af einhverjum ástæðum stöndum við frammi fyrir spurningunni um tvíhliða formlegar samningaviðræður.

En ég endurtek: Við höfum verið í tvíhliða viðræðum, ekki bara til þess að kynna sérstöðu Íslands við leiðtoga Evrópubandalagsins. Við höfum óskað eftir tvíhliða viðræðum við framkvæmdastjórnina sérstaklega og þá sem fara með fiskveiðimál, og það gerðist að forseti Frakklands kom hingað í opinbera heimsókn, sannfærðist svo mjög um sérstöðu Íslands að hann bauð sína milligöngu um að koma á sérstökum viðræðum við Evrópubandalagið um þessa sérstöðu Ís-

lands og þá fylgdum við því að sjálfsögðu eftir með því að forsrh. skrifaði forseta Frakklands bréf og óskaði eftir því, þakkaði að sjálfsögðu mikillega fyrir þann mikla skilning sem lýst hefði verið á sérstöðu Íslands, og óskaði eftir að hann fylgdi því eftir innan Evrópubandalagsins með því að óska eftir, fyrir milligöngu Frakka, að ráðherraráðið óskaði eftir samningsumboði frá framkvæmdastjórninni til þess að hefja samninga við Ísland sérstaklega um tollfrjálsan aðgang að fiskmörkuðum án þess að fylgdi krafan um fiskveiðiréttindi. Það er nokkuð langt síðan þetta bréf var sent. Enn hefur ekki borist svar, en á það hefur verið látið reyna vegna þess að ef slík boð berast fylgjum við því að sjálfsögðu eftir.

Margir hv. ræðumenn hafa lagt út af því að það hljóti að vera einhver undarleg þversögn í því að sá sem hér stendur hafi, og af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi því verið haldið fram að það hafi verið meiri háttar sigur að fá samþykkta kröfuna um fríverslun með fisk innan EFTA, að fá hana framkvæmda frá og með miðju síðasta ári, og að það hafi styrkt samningsstöðu Íslands að EFTA-ríkin tóku þá kröfu upp sem sameiginlega kröfu sína þannig að hún var ekki lengur sérmál Íslands. Af þessu hafa menn ályktað að fyrir ári síðan, um það leyti sem umræður fóru hér fram í lok nóvember, hafi menn sagt og lýst yfir mikilli bjartsýni á það að þessi krafa um fríverslun með fisk næði fram að ganga. Þess vegna láta menn í ljós undrun sína yfir því nú þegar það liggur fyrir að aðalsamningamaður EB hefur sagt: Þess er enginn kostur að EB geti fallið frá sameiginlegri fiskveiðistefnu bandalagsins. — Þá láta menn í ljós undrun: Eru ekki forsendurnar brostnar?

Að vísu er einn hv. þm. sem hefur sagt: Það er engin sameiginleg fiskveiðistefna til í Evrópubandalaginu og hefur aldrei verið til. (Gripið fram í.) Nær ekki til okkar. Það var orðið.

Til þess að sýna nú hver afstaða okkar var, hvaða vonir við bundum við að krafan um fríverslun með fisk næði fram að ganga gagnvart Evrópubandalaginu, í þeim skilningi að Evrópubandalagið samþykkti hana svo gjörsamlega að þeir féllu frá ríkisstyrkjakerfi sínu, leyfi ég mér að vitna hér í viðtal við utanrrh., þann sem hér stendur, sem var tekið þremur dögum eftir að við lukum okkar umræðum í lok nóvember á sl. hausti. Hér er spurt, með leyfi forseta:

„Menn ræða hvort það sé einhver möguleiki að EFTA-ríkin nái fram kröfu sinni um fríverslun með fisk í samningaviðræðum við EB. Hver er þín skoðun á þessu?"

Og áfram er spurt: „Menn hafa margir hverjir lýst yfir vantrú á samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs gagnvart sjávarútvegi EB vegna þess hversu gífurlegra styrkja hann nýtur?"

Svarið hljóðar svo, með leyfi forseta: „Menn geta auðvitað lýst því sem sinni skoðun að þeir séu svartsýnir á að EFTA-ríkin nái fram kröfu sinni um fríverslun með fisk. Það á e.t.v. rétt á sér, einkum með tilliti til sameiginlegrar fiskimálastefnu Evrópubandalagsins sem felst m.a. í opinberum styrkjum bandalagsins og stuðningi þess við sjávarútveg í aðildarlöndunum. Þegar því samkomulagi var náð innan EFTA á Óslóarfundinum fyrr á þessu ári að fríverslun með fisk skuli taka gildi innan samtakanna á miðju næsta ári var jafnframt skrifað undir skuldbindingu þess efnis að afnema beri ríkisstyrki til sjávarútvegs innan EFTA. Það er ekki líklegt að Evrópubandalagið leggi af sína sameiginlegu fiskimálastefnu" — Ég endurtek: „Það er ekki líklegt að Evrópubandalagið leggi af sína sameiginlegu fiskimálastefnu enda eru menn ekki að fara fram á það. Það sem við förum fram á er tollfrjáls og hindrunarlaus aðgangur að mörkuðum bandalagsins með okkar sjávarafurðir."

Bæði í umræðum á Alþingi, í umræðum í utanrmn., á opinberum vettvangi, í viðtölum, greinum, hefur þetta komið skýrt fram af okkar hálfu: Það styrkti mjög samningsstöðu okkar að fá fram fríverslun með fisk innan EFTA, að fá hana gerða að sameiginlegri samningsstöðu EFTA-landanna. Það hefur hins vegar allan tímann komið skýrt fram að við töldum ekki raunsætt að gera ráð fyrir að Evrópubandalagið félli í einu vetfangi frá sameiginlegri fiskveiðistefnu sinni sem er múruð í Rómarsamningnum og er verndarstefna, styrkja- og ríkisstuðningsstefna, þótt ekki hafi verið útilokað í samningum vegna þess að það er þegar boðað innan EB að endurskoðun á henni á að fara fram 1992 og stjórnmálaleiðtogar í Evrópubandalaginu segja: Við stefnum að því á áratugnum að draga úr þessum styrkjum. — Við höfum aldrei gert ráð fyrir því að Evrópubandalagið félli frá sameiginlegri fiskveiðistjórn. Það breytir hins vegar engu um það að það er rétt sem við höfum sagt frá upphafi: Þetta styrkti stöðu okkar stórlega, það hefur reynst gera það, vegna þess að frá og með þeirri stundu sem EB segir: Við getum að vísu ekki gengið svo langt, þá er enn sú staða uppi á borðinu og enn sá möguleiki í samningum og það er það sem verið er að ræða í alvöru. Annað mál er sérstaða Íslendinga um tollfrjálsan aðgang. En það kostar eitthvað.

Þriðja álitamálið sem skiptir verulegu máli er þetta, af því við erum að ræða um aðild að Evrópubandalaginu nú eða hugsanlega síðar: Ef þessir samningar takast um aðild EFTA-ríkjanna að innri markaðnum og samstarfsverkefnin, eru EFTA-ríkin þá orðin aukaaðilar að EB og er þá eiginlega orðinn sáralítill munur á því að vera fullgildur meðlimur eða að vera virkur aðili að Evrópsku efnahagssvæði? Mér skildist á máli leiðtoga Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., að hann teldi þetta nú bitamun en ekki fjár. Ég held, við nánari umhugsun, að þá sé sá munur mjög verulegur. Fullgildur aðili undirskrifar Rómarsamninginn in toto. Fullgildur aðili semur ekki um neinar undanþágur. Hann semur að sjálfsögðu um frávik og aðlögunartíma, það hafa lönd eins og Danmörk og Bretland og Írland og Spánn og Portúgal gert á fimm til átta ára bili, en að lokum undirskrifar hann stjórnarskrá EB, Rómarsáttmálann, þar á meðal um það mál sem við köllum sérstöðu okkar, forræði yfir auðlindunum. Fullgildur aðili semur ekki um frávik frá því nema tímabundið, hugsanlega. Það á sumsé við um sérstöðu Íslands að því er varðar sjáv-

arútveginn. Ef við værum aðilar, sæktum um og fengjum aðild, værum við að uppáskrifa það að forræðið yfir fiskveiðilögsögunni væri ekki lengur í okkar höndum, umfram 12 mílurnar. Það væri í höndum Brussel. Fiskveiðilögsaga okkar væri þar með orðin partur af fiskveiðilögsögu Evrópubandalagsins, hún lyti reglum þess samkvæmt Rómarsáttmála og samkvæmt ákvæðum hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu. Við réðum því ekki. Það er hins vegar alveg rétt sem fram hefur komið í ágætu riti Gunnars Helga Kristinssonar, einna skýrast, að það væri ekki þar með sagt að Íslendingar mundu framselja allar sínar fiskveiðar í hendur þessara aðila vegna þess að reglurnar kveða á um það að það er kvótaúthlutun og hún fer eftir veiðireynslu og hún fer eftir mati á gildi sjávarútvegs fyrir viðkomandi svæði o.s.frv., en það breytir ekki þessari kjarnaspurningu, að forræðið væri ekki í okkar höndum. Og sama máli gegndi þá um aðra þá þætti sem varða eignarrétt, fjárfestingarrétt o.s.frv. Það er verulegur munur á því að semja sig inn í evrópska innri markaðinn eða að taka á sig að fullu og öllu leyti skyldur og kvaðir aðildar.

Það er svo spurning um mat á hagsmunum og sérstöðu hvort menn telja að þeir séu reiðubúnir til þess. Ég tók mjög vel eftir því að hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., sagði og ítrekaði skoðun sem hann hefur áður hreyft. Það er kominn tími til að íhuga frambúðartengsl okkar við Evrópubandalagið innan fimm ára. Ég er alveg sammála því. Ég tók eftir því þegar hv. 1. þm. Suðurl. flutti athyglisverða ræðu suður í Leiru á fundi Sambands fiskvinnslustöðva. Ég tók eftir því að hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., boðaði ekki þar aðild að Evrópubandalaginu eins og hér hefur verið boðað í kvöld af tveimur hv. þm. Sjálfstfl. Hann sagði: „Það er löngu tímabært að taka þá spurningu á dagskrá þjóðmálaumræðunnar." Það er rétt, það er tímabært. Auðvitað eigum við að ræða málið. En það er allt annað en að segja: Nú er lag, við skulum byrja strax. Við skulum leggja fram umsóknina strax.

Ég tók eftir því að hv. 1. þm. Suðurl. sagði: „E.t.v. er það svo að tillögur um stjórnun Evrópska efnahagssvæðisins skipta ekki þvílíku meginmáli vegna þess að allt bendir til að þetta verði bráðabirgðafyrirkomulag." Í máli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, sem flutti hér athyglisverða ræðu, sem ég þakka henni fyrir, var það hins vegar, ef ég skildi rétt, meginmál.

Því hefur verið haldið fram að það séu ólíkar áherslur meðal stjórnarflokkanna á ýmsa þætti þessa máls. Ég tek mjög vel eftir því að þær eru mjög ólíkar hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar, afar ólíkar. Og það er ekkert athugavert við það. Þetta er ekki mál sem skipar mönnum í flokka þannig að það kunni ekki að vera álitamál. Við höfum öll gott af því að ræða þessi álitamál frekar en að skjóta hvert á annað frá skotgröfum flokka sem binda málið einhverjum innanlandshagsmunum.

Í tilefni af ræðum fulltrúa Kvennalistans og annars málsvara Alþb., hv. 2. þm. Austurl., sem lutu að fyrirvörunum og hvort þeir fyrirvarar sem t.d. hæstv. forsrh. lýsti væru ekki bara fallnir eða stæði til að kippa þeim út af borðinu og hvort þá væru ekki brostnar hinar pólitísku forsendur fyrir framhaldi samninganna, vil ég segja þetta: Í fyrsta lagi spyrja menn: Hverjir voru þessir fyrirvarar? Ég vil nú eindregið biðja menn um að láta ekki eins og þeir þekki ekki þessa fyrirvara. Þessir fyrirvarar hafa verið tíundaðir oft og iðulega og rækilega í gögnum sem eru í höndum allra þingflokka. Þeir voru t.d. tíundaðir í öllum höfuðatriðum í lok könnunarviðræðnanna, þeir hafa verið tíundaðir í gögnum af sérstöku tilefni a.m.k. tvisvar síðan. Þeir eru að sjálfsögðu í bláskinnu. Ég segi þetta til þess að leggja áherslu á það að hér er ekki um að ræða nein leynigögn. Þessum upplýsingum hefur ekki verið haldið frá hv. þingmönnum eða þingflokkum. (**HG:** Aldrei skráðir í samfellu.) Þeir hafa verið skráðir, kynntir, um þá fjallað og allt hvað eina, þannig að ég skil ekki þessar athugasemdir. Þeir vörðuðu í fyrsta lagi sjávarútvegsmálið. Við settum fyrirvara um rétt erlendra aðila til fjárfestingar og eignarréttar í fyrirtækjum sem nýttu auðlindir okkar, bæði að því er varðar sjávarútveg, aðallega fiskveiðar, og orkugeirann. Þetta varðar a.m.k. tvö ef ekki þrjú samningssviðin, vörusviðið, fjárfestingar- og þjónustusviðið og atvinnu- og búseturéttarsviðið. Við settum fyrirvara á fjárfestingar eða fjármagns- og þjónustusviðið að því er varðar þætti eins og aðlögunartíma fyrir banka, verðbréfaviðskipti og tryggingar, að því er varðar fjölmiðlun fyrir þýðingarskyldu, að því er varðar fjarskipti fyrir gagnaflutningskerfi. Að því er varðar starfshóp III, um atvinnu- og búseturéttindi, settum við mjög vel skilgreinda varnaglaathugasemd, byggða á samningum okkar um norræna vinnumarkaðinn. Að því er varðar ýmsa aðra þætti, undir starfshópi III sérstaklega, þá settum við ýmsa fyrirvara varðandi starfsréttindi og annað þess háttar. Að því er varðar samningshóp IV þá lýstum við því yfir að við værum ekki reiðubúin að skuldbinda okkur til fullrar þátttöku í öllum samstarfsverkefnunum. Að því er varðar félagarétt þá lýstum við sérstöðu okkar að því er varðar reikningsskil vegna verðbólgu, sem eru sérstök íslensk vísindi. Og að því er varðar hagskýrslugerð þá lýstum við fyrirvörum vegna fæðar okkar að því er varðar bírókrata til þessað geta fullnægt samræmdum kröfum um statistikk.

Ef nú er spurt: Er nú fallið frá öllum fyrirvörum? þá er svarið ósköp einfaldlega þetta: EFTA-ríkin hafa lýst því yfir að þau vilji búa sig undir það með fullum skilyrðum að fækka undanþágum gegn því að fá viðunandi lausn á kröfunni um eðlileg áhrif á stjórn Evrópska efnahagssvæðisins. Ég hef sagt: Í fyrsta lagi er þetta minna mál fyrir okkur en flestar aðrar aðildarþjóðirnar af þeirri einföldu ástæðu að fyrirvarafjöldinn hjá hinum var svo miklu, miklu meiri. Í annan stað, að því er okkur varðar, þá er það nú einu sinni svo að stærsti fyrirvarinn var um sjávarútveg. Ef Evrópubandalagið svarar: Við getum ekki fallið frá sameiginlegri fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins í sjávarútvegsmálum, þá felur það í sér að rök þeirra fyrir rétti til fjárfestingar í þeim geira eru um leið fallin. Vegna þess að fyrir því eru ekki rök, þau eru fram bor-

in vegna samræmdra samkeppnisskilyrða, fyrir því eru ekki rök að fyrirtæki sem njóta ríkisstyrkja, stuðnings og verndar, eigi rétt á vörusviði sem ekki fæst samið um sem fríverslunarsvið. Að því er varðar orkusektorinn þá hefur könnun leitt í ljós að það er ekkert í lögum eða reglum Evrópubandalagsins sem kveður á um það að núverandi fyrirkomulag, samkvæmt íslenskum lögum sem eru um það að orkugeirinn allur er í höndum opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, það stenst fyllilega, þarf engan fyrirvara, sem við settum þó af öryggisástæðum.

Að því er varðar hitt stóra málið, sem er atvinnu- og búseturétturinn, þar sem við settum inn norræna fyrirvara, þá eru álitamál sem enn er ekki búið að útkljá. Það er raunverulega engin andstaða gegn þessum fyrivara, hann er talinn eðlilegur. En það er jafnframt talið eðlilegt að ekki megi beita honum einhliða heldur þurfi viðræður við gagnaðila til þess að honum verði framfylgt.

Þetta eru auðvitað hinir stóru fyrirvarar. Hitt, um þýðingarskyldu og gagnaflutningakerfið og ýmislegt að því er varðar starfsréttindi tannlækna eða verðbréfaviðskipti, tryggingar og banka, eru allt saman þættir sem raunverulega er í eðli sínu eðlilega fyrir komið í tímabundnum aðlögunartíma, sem og annað sem varðar staðla. Þessi listi sem ég nú nefni er ekki tæmandi, en hann er nægilega ljós til þess að gera mönnum grein fyrir því að ef spurt er: Eru Íslendingar að falla frá öllum fyrirvörunum sem voru pólitískar forsendur fyrir þessum samningum? þá er það ekki rétt, nei, það er ekki svo. Í staðinn fyrir sumt af þessum fyrirvörum getum við gert breytingar á íslenskri löggjöf til þess að tryggja að sú stefna sem við viljum framfylgja gildi, en hún þýði þó ekki mismun milli íslenskra og erlendra ríkisborgara. Það er það sem Norðmenn hefðu átt að skilja áður en ríkisstjórnin féll. Í annan stað er hægt að leysa sumt af þessum málum, af því að þau eru smávægileg í eðli sínu, með svokölluðum varnaglagreinum, eða „shift-process", án þess að það feli í sér í raun og veru nokkur frávik þegar kemur að hinni efnislegu niðurstöðu um stöðu íslenskra stjórnvalda. Um þetta er síðan ekki meira að segja en það að þegar menn standa í samningum, það geta verið samningar um fiskverð, það getur verið samningur um fjármögnun húsnæðismála eða það geta verið viðamiklir alþjóðasamningar, þá verða menn að vita hvað þeir vilja, hvaða niðurstöðu menn vilja fá, hverju menn vilja fórna til og hvað menn telja ábatavænlega og hagkvæma samningsniðurstöðu. Ef hægt er að breyta einhvers staðar formi en halda sömu efnislegum niðurstöðum, þá er litlu hætt, og það er stundum nauðsynlegt til þess að fá fram það sem skiptir meira máli. Það semur enginn sem ekki er reiðubúinn að hlusta á mótaðilann. Og það gerir enginn góðan samning sem er ekki löngu búinn að gera sér grein fyrir því hvað það er sem við ekki viljum slá af, hvað er sett fram í því skyni að það geti verið til samninga. Svo einfalt er nú það.

Það er af þessum ástæðum sem ég held að við höfum haldið hyggilega á málum. Það er af þessum ástæðum sem ég fullyrði, það er a.m.k. mitt mat, menn geta greint á um það við mig, að í viðleitni okkar til þess að ná fram hinni pólitísku pakkalausn, til þess að ná fram heildarlausninni á þessum þremur vandamálum, munum við ekki fórna neinu því sem máli skiptir og við lýstum í upphafi í von um að hreppa þá niðurstöðu sem allir yrðu sammála um. Um ávinningana af því að ná slíkum samningum er ekki hinn nokkur minnsti vafi að þeir yrðu geysilegir og ekki allir metanlegir til fjár.

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með mikilli athygli á ræðu hv. 3. þm. Reykv. Ragnhildar Helgadóttur og fannst margt athyglisvert í þeirri ræðu. Það var auðheyrt af þessari ræðu að það hefur verið lögð mikil vinna í hana. Þar hafði lærður lögfræðingur um vélt. Þær spurningar sem þar var hreyft voru vissulega þýðingarmiklar. Spurning nr. eitt var þessi: Er það svo, að því er varðar vald Evrópubandalagsins, framkvæmdastjórnar, til þess að gefa út tilskipanir, reglugerðir sem eru tvíþættar, að þær geti haft lagagildi? Og er það svo að Evrópudómstóllinn hljóti að taka mið af þeim því þær ríki umfram lög þjóðríkja? Við það bætist síðan að úrskurðir Evrópudómstólsins hafa líka bein réttaráhrif. Er þetta þá ekki þess eðlis að það kalli að réttu lagi á breytingar á íslensku stjórnarskránni? Þetta var í raun og veru spurningin.

Um þetta hefur verið fjallað af miklum lærdómi. Að þessu hafa margir lögfræðingar komið en það er segin saga að þegar þú kallar saman lærða lögfræðinga, ef þeir eru sjö þá færð þú sjö skoðanir. Niðurstaðan af umfjöllun lagasérfræðinga EB og lagasérfræðinga EFTA-ríkjanna sex eða sjö er sú og stendur hér: „Evrópubandalaginu hefur jafnframt verið tjáð að viðkomandi ríki" — þ.e. EFTA-ríki — „hafi ekki hug á að breyta stjórnarskrám sínum vegna þessa. Nýlegir dómar hæstaréttar hér á landi hafa undirstrikað að leitast skuli við að skýra lög í samræmi við þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að." Þessi orð eru fá en á bak við þau eru nokkur hundruð blaðsíður af lagaskýringartexta sem ég vona að hv. þm. hafi kynnt sér og efa reyndar ekki vegna þess að það er kveikjan að þessari umræðu. Þetta er niðurstaðan, að við þurfum ekki að breyta stjórnarskrá Íslands. Álitamál? Já, vegna þess að sumir lögfræðingar eru annarrar skoðunar. Þetta er hins vegar ríkjandi skoðun þeirra sem til hafa verið kvaddir af hálfu EFTA-ríkjanna í heild. Þetta er sú niðurstaða sem lagadeild EFTA-ríkjanna hefur komist að niðurstöðu um.

Það eru greinilega skiptar skoðanir meðal talsmanna Sjálfstfl. um hversu mikilvægt er að ná samkomulagi um eðlileg áhrif EFTA-ríkjanna á ákvarðanatöku, enda spurði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir: „... eða hvernig ætla menn sér það af hálfu EFTA?" Hv. þm. sagði: Það vita allir menn að Evrópubandalagið, með tilvísan til þingsins, mun aldrei fallast á íhlutunarrétt EFTA, sem ekki er aðili, um innri ákvörðunarferil EB. Það er vitað alveg frá því að könnunarviðræðurnar byrjuðu, enginn ágreiningur um það. Og engar kröfur af hálfu EFTA-ríkjanna um það. Það er engin krafa uppi af hálfu EFTA-ríkjanna um íhlutunarrétt um innri ákvörðunarferil Evrópubandalagsins. Hefur hvergi verið sett

fram og hefur verið skýrt hundrað sinnum, ad nauseam, að svo er ekki. Það er hins vegar alveg laukrétt hjá hv. þm. að til eru þeir menn á Evrópubandalagsþinginu sem hafa ekki skilið þetta enn þá eða ekki látist skilja það. Það er hins vegar skylduverk framkvæmdastjórnar að upplýsa þessa menn, það er ekki okkar.

Það sem EFTA er að fara fram á, og hefur sett fram mjög margar tillögur um, er það að úr því að hér er verið að tala um tveggja stoða lausn þá verði það tryggt að báðir aðilar hafi jafnan rétt til frumkvæðis. Hvorugur aðilinn þurfi að standa frammi fyrir orðnum hlut. Og að undirbúningi ákvörðunar verði hagað með þeim hætti að fulls samráðs verði gætt. Hvernig? spurði hv. þm. Með því að EFTA-ríkin hafi aðild að þeim sérfræðinganefndum sem kvaddar eru til á jaðri Evrópubandalagsins til þess að undirbúa ákvarðanir. Með því að áður en til ákvörðunartöku kemur verði kvaddir saman fundir æðstu embættismanna, síðan ráðherra og að lokum að engar ákvarðanir verði teknar fyrr en þær verði teknar í hinu svokallaða EES-ráði, þ.e. sameiginlegu ráði hins Evrópska efnahagssvæðis. Þetta hefur vafist lengi fyrir hinum lærðustu lögfræðingum og þeim mun fleiri lögfræðingar sem að málinu hafa komið, þeim mun flóknara virðist málið verða. Ég er hins vegar sammála hv. 1. þm. Suðurl., formanni Sjálfstfl., þetta er ekki aðalatriði málsins. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar að í þessum samningum muni sjávarútvegsmálin verða erfiðari viðfangs en þetta mál.

Hv. þm. spurði, fullyrti reyndar fremur en spurði: Forsendur þessara leiða, sem við höfum verið að ræða, eru augsýnilega brostnar vegna þess að það verður engin sameiginleg ákvarðanataka. Svarið við því er: Við höfum heyrt margar hrakspár um þetta mál en þetta er ofmælt vegna þess að það liggur ekkert fyrir um það að ekkert verði af sameiginlegri ákvarðanatöku. Af hverju ekki? Það er vegna þess að Evrópubandalagið er nú að boða að það muni loksins hreyfa sig með tillögur um stjórnun Evrópska efnahagssvæðisins að því tilskildu að EFTA fækki undanþágum sínum. Hv. þm. sagði að sér sýndist að forsendur hefðu ekki verið rétt kynntar vegna réttaráhrifanna. Mitt svar við því liggur þegar fyrir, og ég byggi það á umsögnum lögfræðinga EFTA: Það er ekki þörf á að breyta stjórnarskrá íslenska ríkisins af þessum sökum. Hv. þm. sagði: Forsendurnar eru brostnar vegna þess að nú liggur fyrir að við munum ekki ná fram fríverslun með fiskafurðir, þ.e. afnámi styrkja hjá Evrópubandalaginu. Svarið er: Það er ekki rétt, forsendur eru ekki brostnar, vegna þess að það sem nú er tekist á um við samningaborðið er sérstaða Íslands og spurningin um hvort við náum fram kröfunni um tollfrjálsan aðgang sjávarafurða. Það er ekki rétt að við höfum blekkt Alþingi eða lýst öðrum skoðunum um það, bjartsýnum skoðunum um það, að það væri ekkert mál að fá Evrópubandalagið til þess að falla frá sameiginlegri fiskveiðistefnu sinni í einu vetfangi. Eini maðurinn í þessum þingsal sem hefur sagt eitthvað af því tagi um sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins er hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem segir að sú stefna sé ekki til.

Virðulegi forseti. Hversu miklu máli skipta yfirlýsingar sem heyrast í fjölmiðlum frá hinum og þessum um það að Svíþjóð ætli nú að ganga í Evrópubandalagið og Noregur ætli að ganga í Evrópubandalagið? Mikill er máttur fjölmiðlanna. Ríkisstjórn Svíþjóðar hefur enga ákvörðun tekið um að ganga í Evrópubandalagið. Ég skora á hv. þm. og hvern þann sem heldur því fram að sýna fram á það. Ríkisstjórn Svíþjóðar samþykkti fyrir sjö dögum að árétta það í ráðherraráði EFTA að stefnan væri óbreytt, Svíþjóð stefndi að því að ljúka þessum samningum. Það eina sem hefur gerst sem mér er kunnugt um er það að einn af ráðherrum í ríkisstjórn Svíþjóðar hefur sagt: Það er orðið tímabært — hann segir eins og hv. 1. þm. Suðurl., — það er orðið tímabært að taka þessa spurningu á almenna þjóðmáladagskrá, reyndar nánar tiltekið að beina henni til þingsins. Er það rétt, í kjölfar þess að norska ríkisstjórnin féll í morgun og nú hafa borist þau tíðindi að Gro Harlem Brundtland, leiðtogi norska Verkamannaflokksins, er það rétt að Noregur hafi tekið ákvörðun um það, einhver stjórnvöld í Noregi hafi tekið ákvörðun um að ganga í Evrópubandalagið? Nei, það er ekki rétt.

Í Dagens Nyheter í dag er Gro Harlem Brundtland spurð um þetta mál. Þar segir: Hún vildi ekki tjá sig opinskátt um spurninguna um hugsanlega norska aðild að Evrópubandalaginu en undirstrikaði, eins og meiri hluti annarra norskra stjórnmálaforingja, að samningunum um svokallað Evrópskt efnahagssvæði milli EFTA og EB yrði að ljúka fyrst. Frú Gro Harlem Brundtland, sem nú hefur verið falið að mynda ríkisstjórn í Noregi, gud ske lov.

Og hvað er með þá fregn, hver er fréttin? Það hefur engin stefnubreyting orðið önnur en sú að þegar stjórnmálamaður opnar munninn og segir: Það er orðið tímabært að taka spurninguna um hugsanlega aðild lands, A, B, C eða D, á dagskrá almennrar þjóðmálaumræðu, þá fær hann góða pressu af því að það er auðvitað laukrétt, auðvitað eigum við að tala um þetta. En formaður Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur ekki sagt það sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur sagt, að við eigum að leggja fram umsóknina á morgun, eða Hreggviður Jónsson. (**RH:** Eða hinn daginn.) Eða hinn daginn, já. Það er ágreiningur á milli hv. þm. um þetta. (**RH:** Það kemur bara seinna.) Já, er það já. Það kemur bara seinna. Þetta var pólitísk skýring sem ég er ekki viss um að ég hafi átt að heyra. En hún er nú komin hérna inn.

Virðulegi forseti. Aðaltalsmaður Sjálfstfl. í utanríkismálum, hv. 8. þm. Reykv., fulltrúi í utanrmn. og Evrópustefnunefnd og eins og ég segi, talsmaður í utanríkis- og hafréttarmálum, hefur sagt og sagði í innblásinni ræðu hér fyrr í dag að að óbreyttri stöðu bandalagsins megi aldrei heyrast sú íslensk rödd sem er tilbúin að framselja frumburðarréttinn, forræðið yfir auðlindinni, fyrir baunadisk aðildar, aldrei, aldrei. Það er ein skoðun í Sjálfstfl. Tveir hv. þm., fulltrúar Sjálfstfl., hafa verið hins vegar sú íslenska rödd sem sagði: Jú, strax, framseljum frumburðarréttinn fyrir baunadiskinn, og hafa ekki svarað þeirri spurningu, sem ætti að

beina til þeirra, sem er þessi: Eru þeir þá tilbúnir til þess í dag eða á morgun að undirgangast skyldur Rómarsáttmálans um að framselja allt frá 12 mílum í 200? Hvernig væri að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson tæki þetta mál til alvarlegrar, málefnalegrar umræðu í þingflokknum sínum? (**EKJ:** Ég hef ekki heyrt þetta fólk segja að það ætli að framselja réttinn.) Nú, guð minn almáttugur, það er eitthvað að gerast hér í þingsalnum sem er alveg gersamlega óvænt.

Þetta staðfestir auðvitað að gagnrýnin um það að það kunni að vera skiptar skoðanir innan ríkisstjórnarinnar, — það er enginn vafi á því að hún er rétt, auðvitað. Menn heyrðu t.d. ræðu hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar sem las hér upp ályktun raunveruleikabandalagsins, eins og hann kallar það, sem hv. 2. þm. Austurl. kallar hina verstu hrákasmíð, en er núna, að því er mér skilst, opinber stefna Alþb., ákaflega jákvæð í Evrópumálum, ákaflega jákvæð í samstarfi við erlenda aðila, bæði að því er varðar erlent fjármagn, áhættufjármagn í íslensku atvinnulífi, álmáli og hvað eina. Það eru skiptar skoðanir í Alþb. Það eru skiptar skoðanir í Sjálfstfl. Það er einhver áherslumunur í Framsfl. Kvennalistinn er við sama heygarðshornið, hann er samur við sig. Hann er á móti. Hann er á móti þessu eins og öllu öðru, þannig að það er nú bara svona. Það þarf ekkert að vera slæmt. Í raun og veru finnst mér það ósköp eðlilegt að það séu skiptar skoðanir.

Hitt er annað mál að okkur, sem förum með málin og berum á þessu ábyrgð, ber skylda til þess að marka stefnu. Og niðurstaðan af allri þessari umræðu er sú að þrátt fyrir ólíkar áherslur ber nú ekki mjög margt á milli. Þessi álitamál eru að sumu leyti tæknilegs eðlis. Við skulum segja t.d. spurningin um réttaráhrifin, nauðsynin á breytingu á stjórnarskrá. Auðvitað eru einhver álitamál um það hvort skynsamlegra hefði verið að reyna að ná þessum hagsmunum sem við erum að reyna að ná fram í marghliða samningum EFTA-ríkjanna við EB með tvíhliða samningum. Hugsanlega er það álitamál hversu skammt eða langt sé í það, að loknum þessum samningum, að spurningin um aðild verði á dagskrá með fullum þunga. Kannski er stærsti ágreiningurinn þessi? Ég er þeirrar skoðunar að spurningin um aðild sé alls ekki á dagskrá, ég er sammála hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni um það, hún sé ekkert á dagskrá fyrr en við höfum það í hendinni að Evrópubandalagið hafi leyst þau stóru mál sem varða lífshagsmuni Íslands. Þannig stendur sú samstaða yfir flokkalandamærin, sem er mjög gott í pólitík, mjög gott.

Virðulegi forseti. Hvert er framhaldið, framhaldið á þessari umræðu? Framhaldið er það að nú látum við á það reyna hvort ekki tekst samstaða um það í stórum dráttum að við leggjum fram okkar skerf til þess að fækka undanþágum af hálfu EFTA-ríkjanna, sem er algerlega skilyrt og skilorðsbundið því að Evrópubandalagið komi með tillögur sem eru ásættanlegar af okkar hálfu um stjórnunina. Meðan við erum að þessu ætla ég að vona að pólitíkusar í Skandinavíu hætti að blaðra vegna þess að það skaðar samningsstöðu okkar. Mér er alveg sama þó þeir hafi hug á því að ganga í Evrópubandalagið eftir einhver ár þegar það stendur opið, þeir geta beðið með það fram yfir þessa samninga. Getum við náð samstöðu um þetta? Sumir spyrja: Erum við þá að kapítúlera? Erum við þá að falla frá öllum skilyrðum? Nei, við erum ekki að því. Ég er sannfærður um það að menn sjá það þegar menn hafa kynnt sér þetta mál til hlítar að það hefur ekkert verið úr samningsstöðu okkar dregið. Við höfum enn vald á þessum sömu hlutum sem við vorum að setja fyrirvara um. Hvað fáum við í staðinn? Við ætlum að fá í staðinn tollfrjálsan aðgang að þessum 380 milljóna markaði fyrir okkar fiskafurðir. Hvað þýðir það í beinhörðum peningum? Sumir spyrja um það. SÍF segir að það sé 1–1½ milljarður á ári. Það er að vísu rangt reiknað, það er ekki svo mikið, ekki á ári hverju, það fer eftir markaðsaðstæðum. Það fer eftir því hvor borgar tollinn, neytandinn eða við. En það er minnsta málið. Það sem við fáum í staðinn er ekki bara niðurfelling á tollum miðað við núverandi útflutningsstig. Það sem við fáum í staðinn er opnun, það sem við fáum í staðinn er einn samfelldur fjármagnsmarkaður. Það sem íslenskt atvinnulíf fær í staðinn smám saman er leiðrétting á samkeppnisskilyrðum, greiðari aðgangur að ódýrara fjármagni. Það sem við fáum í staðinn er greið leið að samstarfi í vísindum og tækni. Það sem við fáum í staðinn er miklu opnari möguleikar til hvers kyns samstarfs út yfir landamæri. Við erum að tryggja að við verðum ekki viðskila við framfaraþróunina í Evrópu. Um þetta erum við sammála. Þetta er nauðsynlegt. Það eru að vísu til raddir sem segja nei, þetta er of áhættusamt. En mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar, mikill meiri hluti okkar sem hér erum á Alþingi, er sammála um þetta. Hitt eru minni háttar atriði sem við leysum með málefnalegum umræðum.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil taka undir þau ummæli sem hér hafa fallið um það að umræðurnar í dag hafa um flest verið málefnalegar og varpað ágætu ljósi á stöðu þessa máls. Þar hafa komið fram mörg ný sjónarmið og ljóst að við stöndum frammi fyrir nýjum viðfangsefnum frá því sem var þegar málin voru til umræðu á síðasta þingi. Umræðan hefur að sumu leyti einkennst af þessu, kannski fyrst og fremst vegna þess að á síðasta þingi dró hæstv. ríkisstjórn og hæstv. utanrrh. upp mikla glæsimynd af stöðu þessara samninga og tveggja stoða nýju efnahagskerfi Evrópu. Nú er það hins vegar svolítið erfitt fyrir hæstv. ráðherra að gera Alþingi grein fyrir því að glæsimyndin er að hrynja og í mesta lagi getur orðið úr henni bráðabirgðalausn, ef samningar takast á annað borð.

Það hefur komið fram í þessum umræðum að hæstv. ríkisstjórn á í nokkrum erfiðleikum með að fóta sig gagnvart þessum nýju aðstæðum og móta markvissa stefnu Íslands í ljósi þessara nýju aðstæðna. Um margt er það eðlilegt, ekki síst með tilliti til þess hvernig hæstv. ríkisstjórn er samsett. En hæstv. utanrrh. reyndi í síðari ræðu sinni að hylja þessa stöðu hæstv. ríkisstjórnar með því að reyna að varpa ljósi á, það sem

hann var að ímynda sér, ágreining sjálfstæðismanna í þessu efni, en varð nokkur fótaskortur á í því efni. Því er nauðsynlegt að leiðrétta strax þá fullyrðingu hæstv. ráðherra að einhverjir þingmanna Sjálfstfl. væru tilbúnir til að færa nú þegar fórnarkostnað í þessu efni, og átti þá við yfirráð yfir fiskveiðilögsögunni. Enginn þingmanna Sjálfstfl. hefur nokkru sinni, hvorki fyrr né síðar, gefið hæstv. ráðherra minnsta tilefni til þess að ætla að innan Sjálfstfl. séu uppi hugmyndir um það að færa fórnarkostnað í þessu efni. Um það hefur verið full samstaða í Sjálfstfl., eins og öðrum flokkum, að við ætlum að verja rétt okkar til yfirráða yfir fiskveiðilögsögunni. Hvaða framtíðarform sem við finnum á tengslum okkar við Evrópubandalagið verður það í öllum tilvikum höfuðverkefni þeirra samninga að verja þennan rétt. Þess vegna er það útúrsnúningur að gera því skóna að einhverjir séu tilbúnir að færa þann fórnarkostnað að láta undan í þessu efni. (Gripið fram í.) Það eina sem mér er kunnugt um að Evrópubandalaginu hafi verið gefið til kynna í þessu efni er yfirlýsing sem þeir gáfu, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., á fundi með forustumönnum Evrópubandalagsins í Brussel, ég hygg að það hafi verið í apríl, þar sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir að Íslendingar væru reiðubúnir til þess að ræða gagnkvæm skipti á veiðiréttindum. Það eru einu yfirlýsingarnar sem farið hafa fram og, svo best ég veit, einu yfirlýsingarnar um að einhverjir væru tilbúnir að færa fórnarkostnað í þessu efni. En þessar yfirlýsingar liggja yfir.

Varðandi hugtakið „fórnarkostnaður" þá er einnig rétt að ræða það í þessu samhengi að ég held að það sé nokkuð einkennileg skýring að færa nú fram sem rök fyrir þeirri afstöðu, sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft varðandi meðferð á þessum sérstöku íslensku hagsmunum og lýtur að sjávarútvegsmálunum, að líklegt væri að EFTA-ríkin tækju á sig fórnarkostnað Íslands. Það hefur nú þegar komið fram að Norðmenn tóku ekki samkomulagið um fríverslun hátíðlegar en svo að þeir hafa, í stað þess að nota aðlögunartímann til að draga úr styrkjum, stóraukið styrki sína. Og ætla svo að halda því fram við Alþingi Íslendinga að EFTA-þjóðirnar, sem hafa enga hagsmuni af fiskveiðum fyrir utan Norðmenn lítillega, taki á sig fórnarkostnað vegna Íslendinga, það er að mínu mati heldur bágborin rökræða.

Það er svo svolítið einkennilegt hvernig hæstv. ráðherra fer á handahlaupum frá fríverslunarumræðunni. Menn muna það að hæstv. ríkisstjórn barði sér á brjóst eftir Óslóarsamkomulagið og lýsti yfir stærsta sigri Íslendinga fyrr og síðar. Nú væri EFTA búið að samþykkja fríverslun með fisk. Og hæstv. ráðherra hefur ekki hlaupið frá þeim stóru siguryfirlýsingum. Nú segir hæstv. ráðherra að það sé annar stærsti sigur Íslendinga þegar Evrópubandalagið neitar að ræða um fríverslun með fisk og hafnar kröfu EFTA um fríverslun með fisk. Með öðrum orðum, það var mesti sigur að ná samstöðu um fríverslun með fisk til þess að gera þá sameiginlegu kröfu gagnvart Evrópubandalaginu. Og þegar Evrópubandalagið hafnar þeirri kröfu, þá er það aftur mesti sigur sem Íslendingar hafa unnið. Hæstv. ráðherra var að reyna að gera Alþingi grein fyrir því að í þessu fælist ekki þversögn en ég skildi ekki þá útskýringu og ég hygg að svo sé um fleiri.

Hæstv. ráðherra gerði líka að umtalsefni sérstakar bréfaskriftir þeirra ráðherranna, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., til forseta Frakklands. Þær voru mjög sérkennilegar. Út af fyrir sig hefði verið ósköp eðlilegt að þessir tveir hæstv. ráðherrar hefðu skrifað forseta Frakklands til áréttingar á viðfangsefnum sem Íslendingar eða þeir sjálfir hefðu tekið upp á fundum með forseta Frakklands. En hitt þykir mér heldur kauðskt að skrifa bréf vegna ummæla sem falla á blaðamannafundi. Það hefði verið meiri reisn yfir því að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hefðu tekið þessi mál upp á fundi með forseta Frakklands og fylgt slíkum ummælum eftir með bréfakriftum. En bréfaskriftir í framhaldi af blaðamannafundum, mér þykir frekar líklegt að þeim sé miður vel tekið af móttakanda, enda hefur verið upplýst að engin svör hafi komið við bréfaskriftunum.

Þá vék hæstv. ráðherra að ummælum sem hér hafa fallið um ákvarðanatöku á Evrópska efnahagssvæðinu. Í mínum ummælum fólst að ég lít svo á að Evrópubandalaginu sé ljóst að stærri EFTA-þjóðirnar stefna að fullri aðild að Evrópubandalaginu innan skamms tíma. Það skipti Evrópubandalagið af þeim sökum minna máli hver niðurstaða verður í þessu efni. Þvert á móti geti það leitt til þess að draga úr misskilningi og tortryggni ef fulltrúar þessara ríkja taka þátt í nefndarstörfum innan Evrópubandalagsins. Þess vegna lýtur það fyrst og fremst að afstöðu Evrópubandalagsins að það er meiri ástæða en ella fyrir því að gefa eftir á þessu sviði. Eftir stendur að menn hafa ekki kynnt eða getað kynnt neinar lausnir á því hvernig taka eigi ákvarðanir í framtíðinni á Evrópska efnahagssvæðinu. Kannski fellur hugmyndin í raun og veru fyrir þá sök og að þjóðirnar sem hér um ræðir eru að taka á sig skyldur með því að gera löggjöf Evrópubandalagsins um sinn innri markað að sinni eigin löggjöf án þess að hafa það tryggt að geta haft áhrif, bein áhrif á þær ákvarðanir sem Evrópubandalagið tekur í framtíðinni. Vitaskuld liggur í augum uppi að þar verður frumkvæðið og þar verða hinar raunverulegu ákvarðanir teknar.

Umræðan hefur um margt verið athygli verð hér í dag, ekki síst fyrir þá sök að komið hefur mjög skýrt fram hvernig áherslur og hugmyndir manna hafa breyst á einu ári í þessu efni. Það kemur líka skýrar fram hvernig stjórnarflokkarnir tala nú með mismunandi áherslum. Og að hluta til hefur afstaða þeirra breyst. Það var til að mynda mjög athygli vert að hlýða hér á formann Alþb. Hann lýsti afstöðu Alþb. með gerólíkum hætti en á síðasta þingi. Að vísu hafa undur og stórmerki gerst í Alþb. Mér skilst að þeir hafi allt í einu fundið upp hlut sem heitir miðja og allt í einu er orðin til miðja í Alþb. Ég veit ekki hvort það er miðjan á milli þess að vera út og suður eða upp og niður, en allt í einu fundu þeir miðju og hún hefur kynnt hér alveg nýja stefnu af hálfu Alþb., gerólíka þeirri sem formaður Alþb. kynnti fyrir ári síðan.

Og það er um margt athygli vert að formaður Alþb. segir að rétt sé að ræða alla kosti. Hann gefur sem sagt hæstv. forsrh. og formanni Framsfl. langt nef og segir: Það er nauðsynlegt að ræða alla kosti. Hann tekur undir þær hugmyndir sem ég setti fram á fundinum í Leiru og hann segir að það verði að ræða framhaldið með tilliti til þess að að viðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið geti siglt í strand. Hann gerir sér gleggri grein fyrir því en hæstv. utanrrh. í hvaða stöðu umræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið eru komnar og að við stöndum nú frammi fyrir alveg nýjum aðstæðum. Þetta finnst mér um margt athygli vert að leiðtogi þessarar nýju miðju í Alþb. virðist reiðubúinn að ræða þessi mál með mjög opnum huga og stendur að ýmsu leyti mjög nærri Alþfl. í þessu efni.

Á hinn bóginn virðast þeir hlutar sem eru sitt hvoru megin miðjunnar í Alþb., hvort sem þeir eru fyrir ofan hana eða neðan eða utan hana eða sunnan, fylgja gömlu stefnunni. Sá hv. þm., 2. þm. Austurl., sem hefur verið aðaltalsmaður flokksins í þessum málaflokki fram til þessa hefur lýst þeim viðhorfum. Þau viðhorf fara mjög saman við viðhorf formanns Framsfl., þ.e. neikvæð viðhorf. Þeir líta báðir, fulltrúar þessara afla í Alþb. og Framsfl., á þetta viðhorf frá neikvæðum forsendum. Þeir líta á viðfangsefnið út frá því hvað ekki megi gera og hvað síst megi henda en ekki frá jákvæðum forsendum. Þeir tala báðir um það að ekki megi setja öll eggin í sömu körfuna. Það verði að leita annarra leiða til þess að tryggja markaðsstöðu Íslands. Auðvitað er þetta kórrétt en af máli þeirra má glöggt ráða að með þessu er verið að draga athyglina frá því mikilvæga markmiði að tryggja stöðu okkar á þessum markaði og draga athyglina frá því að við eigum ekki neinna kosta völ í því efni að henda Evrópu frá okkur. Það þykir mér vera orðið athygli vert að formaður Framsfl. og hv. 2. þm. Austurl. skuli nú eiga orðið mesta samleið í umræðum um þessi efni en formaður Alþb. skuli vera kominn miklu nær Alþfl. í umræðum um þetta efni. Það eru auðvitað býsna mikil tíðindi í öllum þessum umræðum.

Það er líka ástæða til þess að vekja á því athygli enn á ný að hæstv. ríkisstjórn hefur reynt að komast hjá því að taka á einstökum afmörkuðum viðfangsefnum sem Íslendingar hjóta að þurfa að taka afstöðu til áður en gengið verður til endanlegra samninga. Það hefur verið á það bent að norska ríkisstjórnin sagði af sér í morgun vegna ágreinings. Eitt aðalágreiningsefnið var það að Miðflokkurinn í Noregi var og er á móti því að samþykkja þau lagaákvæði um innri markað Evrópubandalagsins sem kveða á um frjálsar fjárfestingar ríkja í milli að því er varðar landareignir. Fjárfesting á landi er atriði sem Miðflokkurinn, systurflokkur Framsfl. í Noregi, gat ekki fallist á og af þeirri ástæðu sagði sú ríkisstjórn af sér í morgun.

Ég ætla að nefna hér tvö atriði af þessu tagi. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í umræðunni fyrr í dag að Framsfl. hefði einmitt slíkan fyrirvara að því er varðaði erlenda fjárfestingu á íslensku landi. Nú er ástæða til þess að spyrja: Hver er afstaða hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni? Hverjir eru fyrirvarar íslensku ríkisstjórnarinnar í því efni sem leiddu til stjórnarslita í Noregi í morgun? Eru stjórnarflokkarnir sammála um þennan fyrirvara?

Annað atriði lýtur að máli sem kom til mikillar umræðu á síðasta þingi. Þá lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að það væri mjög mikilvægt að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög, m.a. til þess að opna möguleika og styrkja eiginfjárstöðu þeirra í væntanlegri frjálsri samkeppni banka eftir að við hefðum gerst aðilar að Evrópubandalaginu. Brýnt væri að hefja þessar breytingar hið fyrsta svo að íslensku bankarnir gætu hafið aðlögun sína og hefðu náð nægilegum styrk þegar ákvarðanir tækju gildi um frjálsa bankastarfsemi landa í milli. Þetta var mjög athygli vert sjónarmið sem ég tók undir þá og tek enn undir með hæstv. viðskrh. En hæstv. forsrh. svaraði að bragði og sagði að þetta kæmi aldrei til greina. Hvernig er með þessar skoðanir, þennan ágreining í hæstv. ríkisstjórn? Hefur hann verið leystur? Það eru fjöldamörg atriði af þessu tagi sem aðrar þjóðir eru að fjalla um og takast á um og taka ákvarðanir um. En mér virðist að þessi hæstv. ríkisstjórn keppi að því að ýta atriðum af þessu tagi til hliðar og ætli greinilega að reyna að fresta þeim fram yfir kosningar til þess að þurfa ekki að standa frammi fyrir hinum raunverulega ákvörðunarefnum.

Hv. 2. þm. Austurl. beindi spurningu til mín, sem ég í sjálfu sér skil ekki hvers vegna hann gerði. Spurningin var eitthvað á þá leið hvort ég gæti á þá tillögu hans fallist að þessi mál yrðu í heild sinni tekin til meðferðar í nefndum þingsins þannig að viðkomandi málaflokkar yrðu ræddir í þingnefndum. Ég skil það nánast svo að þetta yrði gert undir stjórn Evrópustefnunefndar Alþingis eða utanrmn., eins og hann orðaði það. Væntanlega yrðu þetta þá að vera samvinnunefndir beggja deilda. Fyrst þessari fyrirspurn var beint til mín, þó að kannski hefði verið eðlilegra að beina henni til hæstv. ríkisstjórnar eða þeirra sem hafa forustu um þinghaldið, þá vil ég svara því af minni hálfu að ég tel mjög eðlilegt að vinnubrögð af þessu tagi verði viðhöfð í þessu mikilvæga máli og að einstakar fagnefndir þingsins fjalli um þá málaflokka sem undir þær heyra. Þeim álitum verði safnað saman og málið rætt að nýju að fenginni þeirri umfjöllun í nefndum. Einmitt á þeim vettvangi gefst kjörið tækifæri til þess að taka á ýmsum þeim atriðum sem hæstv. ríkisstjórn er greinilega að víkja sér undan að taka á en aðrar þjóðir taka afstöðu til áður en til lokasamninga verður gengið. Þess vegna vil ég fyrir mitt leyti taka undir þessa hugmynd og tel að hún mundi leiða til þess að Alþingi ynni hér með betri og vandaðri hætti að þessu mikilvæga máli en áður hefur verið stefnt að.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Aðeins örfá orð. Hæstv. utanrrh. féll í þá freistni í ræðu sinni áðan að snúa út úr mikilvægu atriði í ræðu minni. A.m.k. mátti skilja orð hæstv. ráðherra svo. Hæstv. ráðherra jafnaði þeirri hugmynd minni, að við ættum að láta á það reyna hvernig okkar sérhagsmunum reiddi af í samningaviðræðum um aðild, til þess að viðkomandi væri reiðubúinn til þess

að taka þátt í því að láta Íslendinga afsala sér 200 mílna fiskveiðilögsögu og yfirráðum yfir henni. Hæstv. ráðherra útlistaði þetta nánar með því að segja að full aðild þýddi það að þá undirgengjust menn í einu og öllu öll skilyrði Rómarsamningsins og þar með væri þetta orðin staðreynd að því er fiskveiðilögsöguna varðar.

Ég vil leyfa mér að vara við því að hæstv. utanrrh. ríkis, sem á jafnmikið undir viðskiptaaðila sína að sækja og við, láti sér slíkt um munn fara. Það sannaðist reyndar í lok ræðu hæstv. ráðherra að hann telur að sá dagur kunni að koma, og við vitum ekki nema það verði fyrr en seinna, að við þurfum að standa frammi fyrir hugsanlegri umsókn um aðild. Hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að við eigum að taka það til athugunar ef og þegar það yrði ljóst að samningar um Evrópskt efnahagssvæði rynnu út í sandinn. Hæstv. ráðherra getur því hugsað sér slíkar viðræður. Mig undrar þess vegna að hæstv. ráðherra skuli lýsa því yfir sem sínum skilningi að slíkt verði ekki gert nema með þessu afsali lögsögunnar sem við börðumst svo hart fyrir. Ég held þvert á móti að hæstv. ráðherra ætti einmitt að líta á það sem árangur af því starfi sem unnið hefur verið í þessu EFTA-EB-samningaferli að með því hefur náðst víðtækari skilningur en ella á sérstöðu Íslands. Það er sá jarðvegur sem við þurfum að nota. Það er búið að vinna mikilsvert undirbúningsstarf, ef af aðild okkar yrði, ef menn hyrfu að því ráði að sækja um aðild og stefna að því, þá er búið að vinna ómetanlegt undirbúningsstarf með samanburði allra þeirra þátta sem fram koma í bláa ritinu þykka hér á borðum okkar og á mörgum öðrum sviðum þessa samningaferils.

Ekkert af því er vanmetið þó bent sé á það að vel getur verið að hagsmunir okkar séu fólgnir í því að bíða ekki of lengi og sjá hvað setur. Hvers vegna í ósköpunum skyldi það vera hættulegra fyrir okkur en ýmsar aðrar þjóðir sem svo stendur á um? Ég er þeirrar skoðunar að einmitt vegna smæðar okkar sé það okkur hættulegra en öðrum að bíða of lengi með slíkt. Og ég tók það rækilega fram að það yrði gert í ljósi íslenskra sérhagsmuna vegna þess að ég teldi að það væri mikill skilningur á málum okkar og mikil líkindi til þess að gengið yrði að því að semja við okkur á grundvelli sem leyfilegur er, innan Rómarsáttmálans meira að segja, á þann veg að efnahagslíf okkar geti byggt á því að það séum við sjálf sem ráðstöfum okkar mikilvægustu og stærstu auðlind og það séum við sem innan alls þessa hóps séum sérfræðingarnir í því efni, þannig að um leið sé fullnægt því stefnumiði Evrópubandalagsins að nýta sem allra best auðlindirnar. Það sé gert með því að þeir sem hafa kunnáttuna og þekkinguna á þeim geri það. Það eru í þessu tilfelli Íslendingar, þeir kunna best með íslenska fiskveiðilögsögu að fara og hana að nýta.

Ég vildi ekki láta hjá líða, frú forseti, að andmæla því að hæstv. utanrrh. talaði svo gálauslega um þetta efni því að mér er rammasta alvara. Ég geri ráð fyrir því að mér sé ekkert síður annt um íslenska hagsmuni en honum. Ég skil það að hæstv. ráðherra hafi vissa þörf fyrir að skella sér á skeið eftir þá deyfðarrollu sem ræða hans hér fyrr í dag var og fannst mér nú Bleik heldur brugðið, satt að segja, í þeirri ræðu enda var augljóst að hæstv. ráðherra var kominn út í horn í sambandi við kröfuna um fríverslun EFTA með fisk gagnvart Evrópubandalaginu, sem hann svo oft áður hafði talað um sem stórhagsmunamál. Auðvitað gat það verið að hæstv. ráðherra liði ekki sem best og þess vegna hafi hann talið að einhvern veginn yrði að útskýra það að þessi staða væri eiginlega bara miklu betri. Þegar þessari aðalkröfu hefði verið hafnað þá væri það að hans mati einmitt til að styrkja samningsstöðu okkar. Vel má það vera að hæstv. ráðherra hafi skipt um skoðun að því leyti til en engu að síður tel ég nú að einhvern veginn hafi hlutföllin í hans málflutningi ekki verið alveg eins og best gat orðið.

Frú forseti. Það var ekki annað sem var mér tilefni til að fara í ræðustól. Það var einungis það að ég vildi ekki una því að mín orð væru túlkuð sem svo að ég vildi með því fórna okkar þjóðarhagsmunum, heldur þvert á móti.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umræður hér mjög mikið þó að vissulega væri þörf á því að taka hér sitthvað til umræðu sem fram hefur komið hjá hv. ræðumönnum, hæstv. ráðherrum þar á meðal. Það er margt athyglisvert sem hér hefur komið fram í umræðunni en hins vegar tel ég það ekki rétta túlkun, sem kom hér fram hjá hæstv. utanrrh., þess efnis að það væri mikill samhljómur í þessu máli og það stefndi mjög í samstöðu um meginefnisatriði þess. Það tel ég vera mikla rangtúlkun á því sem hér hefur komið fram og líka á því hvernig staða þessara mála liggur með þjóðinni. Þetta er viðleitni manna sem standa frammi fyrir hugverki sem er ófullgert og óvíst að verði lokið, þ.e. hugmyndinni um hið Evrópska efnahagssvæði, og eru heldur ekki reiðubúnir til þess að kveða upp úr um það hvað þeir ætli sér og hvað þeir vilji ef og þegar þær hugmyndir rekur endanlega í strand. Það er svo margt sem vísar á það að þetta strand sé skammt undan að það þarf ekki að eyða mjög mörgum orðum til viðbótar.

Menn heyrðu fyrir skemmstu ummæli eins af helstu aðstoðarmönnum Helmuts Kohl, vestur-þýska kanslarans, ummæli Horst Teltschiks, sem er sagður nánasti ráðgjafi Helmuts Kohl í sænska blaðinu Veckans affärer. Í viðtali í þessu blaði fyrir nokkrum dögum sagði hann, í endursögn fréttamanns Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta: „Hann segir að þróunin í Evrópu á þessu ári hafi gert umræður um Evrópskt efnahagssvæði, sem hófust í fyrravor, þarflausar og tímasóun. Hann segir í viðtalinu að EFTA-ríkin geti sótt um aðild fyrir 1993 og þau þurfi í rauninni að hafa tekið ákvörðun um slíkt fyrir það ár. Með því að taka strax ákvörðun og sækja um aðild megi nota tímann fram til 1993 til viðræðna um aðild EFTA-ríkjanna, segir efnahagsráðgjafi Kohls kanslara." — Þetta er útskrift af fréttaviðtali, eða fréttaútsendingu, 25. okt. sl., lausleg þýðing á því sem fram kom í þessu viðtali.

Nú er það vissulega ljóst að af hálfu einstakra EB-ríkja og talsmanna þeirra, þar á meðal góðkunningja hæstv. utanrrh., danska utanríkisráðherrans, hafa oft komið fram eindregnar hvatningar í þessa átt, og raunar frá forsætisráðherra Dana ekki síður, sem finna sig heldur einmana og yfirgefna lengst í norðri, ofan á Mið-Evrópu, í næsta nágrenni við sameinað Þýskaland, og spara eiginlega ekkert tækifæri til þess að hvetja önnur Norðurlönd með ráðum og dáð að nú skuli þau sækja um aðild. Svipað kann að vera uppi hjá þessum talsmanni Kohls en þó er hans mat vafalaust af öðrum rótum runnið. Ég held að við komumst ekkert hjá því að hlusta á þessar ábendingar og þessar raddir þegar við erum að meta stöðuna í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði. Ég er þeirrar skoðunar að þetta Evrópska efnahagssvæði, eins og það er lagt upp, sé í rauninni að ganga leiðina til hálfs inn í Evrópubandalagið og vegna þess að ég er andvígur því að leiðin liggi þangað, okkar framtíð liggi inn í það stóra bandalag, af þeim sökum er ég mjög mótfallinn því að við göngum til verka, eins og hér hefur verið að stefnt, á mjög skjótan hátt, að lítt yfirveguðu ráði, að reyna að tjasla saman samningum um þetta Evrópska efnahagssvæði og gerast þar með aðilar að innri markaði Evrópubandalagsins.

Ég held að Ísland eigi að leita annarra leiða. En ótrúlega margt er borið fram þessu til réttlætingar. Það er ekki bara vonin um það núna að við náum tollalækkunum á okkar sjávarafurðum, sem er nú það haldreipi sem hæstv. utanrrh. vísar til öðru fremur, heldur er vísað til annarra mála, ekki efnahagslegra heldur á öðrum sviðum, sviðum félagsmála og menningarmála, umhverfismála, til hinna svokölluðu jaðarmálefna sem eigi að færa okkur mikinn hag ef við göngum inn í þetta samstarf. Þarna eru uppi hafðar verulegar blekkingar, að mínu mati. Í fyrsta lagi er það að þessi svokölluðu jaðarmálefni voru í samningafarvegi milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins eftir hina svokölluðu Lúxemborgaryfirlýsingu frá 1984 og þeim hefur sáralítið þokað fram í tengslum við viðræðurnar um Evrópskt efnahagssvæði. Það segir raunar um þetta á bls. 30 í skýrslu hæstv. ráðherra, þar sem eru talin upp sex jaðarmálefni í röð, rannsóknir og þróun, menntamál, lítil og meðalstór fyrirtæki, ferðamál, almannavarnir og Evrópa fyrir þegnana: „Ofangreindir málaflokkar eru ræddir í einu lagi þar sem staðan varðandi þá í samningunum er sambærileg. Hér hafa EFTA-ríkin lagt fram lista yfir þær reglur EB, sem þau telja skipta máli fyrir væntanlegt samstarf, en ekki fengið viðbrögð við þeim frá EB nema almenns eðlis.“ — Þetta stendur í skýrslunni. Þetta er öll uppskeran sem hér er framreidd í sambandi við þessa stóru málaflokka, þessi jaðarmálefni sem voru þó í vissum farvegi í sambandi við Lúxemborgarferlið og sem búið var að semja um að nokkru leyti í vissum atriðum. Þarna er sem sagt verið að beita fyrir okkur í sambandi við þetta til þess að gera þessa aðild girnilegri.

Hv. 1. þm. Suðurl. var að víkja að því að það væri orðinn skyldleiki í málflutningi mínum og hæstv. forsrh. Vissulega fyrirverð ég mig ekkert fyrir að vera stöku sinnum í félagsskap með hæstv. forsrh. málefnalega og gleðst sannarlega yfir þegar við eigum samleið. En það verður að halda því til haga sem rétt er í þessum efnum og okkur greinir sannarlega á um viðhorfin til Evrópsks efnahagssvæðis. Forsrh. hæstv. hefur verið meðmæltur því í reynd, þrátt fyrir yfirlýsingar sínar í Ósló og varnagla sem hann sló þar í mars 1989, að reyna að ganga til þessara samninga, að efna í þessa samninga. Og þar greinir mig á við hæstv. forsrh. Það er hins vegar mjög athyglisvert hvað framsóknarmenn, hvað þingmenn Framsfl. eru tómlátir um þessa umræðu, ekki bara núna heldur fyrr og síðar hér í þinginu. Það heyrist einna helst í hæstv. forsrh. Hæstv. sjútvrh. hefur tekið til máls um þessi efni í nokkur skipti fyrr á þinginu, en ég minnist þess vart að hafa heyrt í öðrum framsóknarmönnum um þessi mál. Og þeir láta sig t.d. að mestu vanta hér við þessa umræðu ef frá er skilinn hæstv. varaforseti Sþ., sem hefur verið hér við umræðuna án þess að blanda sér í málið. Ég sakna þessa og átta mig ekki á því hvað veldur þessari þögn þingmanna Framsfl. og áhugaleysi um þessi efni, nema ef vera skyldi að það séu það greindar meiningar þar í flokki að menn telji sér betur henta að viðra ekki skoðanir sínar hér í þingsölum til þess að slíkur ágreiningur komi ekki fram. Ég ætla a.m.k. að vona að það stafi ekki af því að hv. þm. setja sig ekki inn í málin, svo mikilsverð sem þau eru, sem hér eru rædd.

Ég þakka hv. 1. þm. Suðurl. fyrir þær undirtektir sem ég fékk frá honum hér varðandi þá hugmynd að um málefni yfir rétt og reglur Evrópubandalagsins, eins og þær liggja fyrir, eins og hugmyndin er að þær gangi inn í samning um Evrópskt efnahagssvæði, verði fjallað skipulega hér á Alþingi af þingnefndum undir forustu utanrmn. eða Evrópustefnunefndar eftir því sem samkomulag yrði um.

Ég spurði hæstv. ráðherra einnig um þetta en hæstv. utanrrh. tjáði sig ekki um málið en hefur tækifæri til þess enn þá. Ég vísaði í þessu sambandi til vinnu innan finnska þingsins sl. vor en þar liggur fyrir mjög gild greinargerð sem er uppskera starfs sem unnið var undir forustu utanríkismálanefndar finnska þingsins sem lét þingnefndir fá, hverja á sínu málasviði, til meðferðar þá þætti Evrópuréttar, eða EB-réttar, sem varðaði viðkomandi þingnefnd. Nú hygg ég að þær starfi þar í einni deild, en það er alveg rétt ábending frá hv. 1. þm. Suðurl. að það væri ekki óeðlilegt að nefndir beggja deilda sameinuðust um þetta, hver á sínu sviði. Og ég vænti þess að við látum verða af þessu því að ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir þingið að fá þannig vinnu að sem flestir verði þátttakendur í að setja sig inn í þessi mál. Ég tala nú ekki um ef svo færi að menn þyrftu að taka á þessu í alvöru, þessum 1400 samþykktum sem hér eru boðaðar á yfir 10.000 blaðsíðum. Þá sakaði nú kannski ekki að menn væru sæmilega lesnir og búnir að búa sig undir það hvernig ætti með að fara hér innan þingsins. Og ég spyr hæstv. utanrrh.: Getur hann ekki hugsað sér að á málum verði tekið með þessum hætti, þannig að t.d. yrði farið kerfisbundið í gegnum bláskinnu, þessar

1038 blaðsíður sem lagðar voru hér inn á borð okkar þingmanna, en þær liggi ekki meira og minna ólesnar og óræddar hér innan þingsins.

Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að Ísland eigi að halda sig utan við efnahagssvæði heimsins nú og í framtíðinni, að Ísland eigi að hasla sér óháðan völl sem sjálfstætt þjóðríki með tilliti til viðskiptabandalaga. Ég er þeirrar skoðunar að það feli í sér mjög marga kosti, slík er staða landsins, og marga möguleika. Það hefur verið talað um það að við alþýðubandalagsmenn og fleiri ræddum þessi mál á neikvæðum forsendum, en mörgu má nú nafn gefa. Er það að ræða málin á jákvæðum forsendum að ætla Íslandi hugsanlega að gangast undir ok Evrópubandalagsins, eins og það ólýðræðislega bandalag er uppbyggt? Gangast undir reglur þess og samþykktir? Ég held að það mætti nú kalla það neikvæða sýn til mála að ætla okkur slíkt hlutskipti. Við eigum afar marga kosti hér í norðri, í Norður-Atlantshafi, legu okkar vegna og vegna okkar auðlinda, náttúrulegu auðlinda, sjávarauðlinda og orkuauðlinda, til þess að halda uppi góðum lífskjörum í landinu, og einnig betri möguleika til þess að hlúa að og varðveita íslenska menningu ef við ætlum okkur það metnaðarfulla hlutskipti að standa utan við hinar stóru efnahagslegu heildir og ríkjabandalög. Ég vísa í þessu samhengi til þeirra miklu breytinga sem eru að verða og eru nú ræddar innan Evrópubandalagsins sem vísar til þess að það verði fyrr en seinna sambandsríki, það verði ríkisheild með öllu sem tilheyrir, sameiginlegri utanríkisstefnu. Það mundi fara fremur lítið fyrir Íslandi sem jaðarríki, fjarri í raun miðju þessa stórríkis, í slíkri ríkisheild. Ég held að það væri okkar hagsmunum þénanlegra og vænlegra fyrir íslenska menningu að við tækjumst áfram á við það hlutverk að halda hér uppi sjálfstæðu óháðu þjóðríki.

Ég vísa í þessu samhengi til ummæla Sigmundar Guðbjarnasonar háskólarektors, þeirrar ræðu sem hann flutti við útskrift háskólanema sl. sumar, þar sem hann einmitt vakti athygli á því hversu tvísýnt það hlutskipti væri sem Íslandi væri búið ef við gengjum inn í hina stóru heild. Ég hef því miður ekki hér fyrir framan mig ræðu háskólarektors en ég hef hér viðtal við hann og ég ætla að leyfa mér að vitna í fáein orð, með leyfi forseta. Hann segir í viðtalinu, aðspurður hvað hann segi um þá framtíðarsýn sem sumir hv. þm. hafa hér rætt sem sína hugmynd og lýst stuðningi við að látið verði á reyna, þ.e. að leita inngöngu í Evrópubandalagið fyrr en seinna: „Það er alltaf verið að tala um að það skorti fjármagn inn í íslenskt atvinnulíf en á sama tíma er verulegur áhugi á því hjá íslenskum atvinnurekendum og auðmönnum að geta fjárfest erlendis. Við getum horft til þess að íslenskt fjármagn flytjist erlendis og erlent komi í staðinn og ég held að það fylgdu í kjölfarið býsna óþægilegar breytingar. Ég held að það væri þá annað farsælla, eins og að koma á tvíhliða samningum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ég óttast að með inngöngu í Evrópubandalagið þá verði ekki langt að bíða verulegrar hnignunar hér. Sagan hefur kennt okkur hverjar eru afleiðingar þess að missa sjálfræðið fyrir tímabundið hagræði."

Virðulegur forseti. Ég get látið þessi orð háskólarektors vera lokin á síðari ræðu minni hér við þessa umræðu, gera ummæli hans að mínum, og þau sjónarmið sem hann túlkaði í þessari ágætu hugvekju sem hann flutti stúdentum við útskrift frá Háskóla Íslands.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Örfá orð af gefnu tilefni. Það var spurt hér í umræðunni áðan hverjir hefðu boðað fórnarkostnað vegna samninga við Evrópubandalagið. Jafnframt var því haldið fram að hægt væri að nefna mörg dæmi um það hversu margt hefði breyst í málflutningi utanrrh. sem málsvara ríkisstjórnar í þessum málum. Sér í lagi er á því klifað að af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar hafi því verið haldið fram að það væri mjög líklegt að Evrópubandalagið samþykkti að afnema þá stefnu sem bundin er í Rómarsáttmála og varðar fríverslun með fiskafurðir, þ.e. hina sameiginlegu fiskveiðistefnu. Þessu var nú að fullu svarað í fyrri ræðu minni, af því að þetta verður náttúrlega að vera skýrt. Ég vitnaði til þessara orða, með leyfi forseta: „Það er ekki líklegt að Evrópubandalagið leggi af sína sameigin-legu fiskimálastefnu, enda eru menn ekki að fara fram á það. Allt sem við förum fram á er tollfrjáls og hindrunarlaus aðgangur að mörkuðum bandalagsins fyrir okkar sjávarafurðir." Er þetta sagt núna til þess að klóra yfir eitthvað sem áður var sagt? Nei. Þetta var sagt þremur dögum eftir harðar umræður hér á hinu háa Alþingi sem snerust um hverra kosta væri völ: EFTA-sporið, tvíhliða samningar eða bein aðild. Því var haldið fram að sá árangur sem náðist við að koma fram fríverslun með fiskafurðir innan EFTA hefði verið skref í rétta átt, mundi koma okkur að fullum notum hugsanlega síðar, hefði styrkt samningsstöðu okkar vegna þess að nú væri þessi krafa ekki lengur okkar einna, heldur studd af öllum hinum EFTA-löndunum. Allt sem síðan hefur gerst hefur staðfest að þetta var rétt. Það hefur styrkt stöðu okkar verulega. — Hefur ekki hv. 1. þm. Suðurl. tekið svo til orða að menn þurfi tröppu til að standa á? Hér er trappa til að standa á. Hann hefur heyrt um stól til að sitja í.

Krafan um fríverslun með fisk hefur stórlega styrkt stöðu okkar Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu. Það stendur skrifað og því hefur verið haldið fram af minni hálfu. Það er ekki líklegt, ég hef aldrei haldið því fram að það væri líklegt, að hún fengist fram í einni svipan. En því var haldið fram, og því er enn haldið fram af minni hálfu, að ... (**ÞP:** Af hverju var hún stórsigur?) Hún styrkti samningsstöðu okkar stórlega, bæði vegna þess, til þess að svara því efnislega, að við flytjum ekki út miklar fiskafurðir til EFTA-landanna þannig að það eru ekki gríðarlegir hagsmunir í húfi að óbreyttu ástandi. Þegar hún er komin að fullu til framkvæmda mun hún hins vegar greiða fyrir og bæta samkeppnisskilyrði okkar og gæti leitt til þess að sá útflutningur færi vaxandi. Það var aldrei kynnt sem aðalatriði málsins, heldur hitt að þetta mundi styrkja samningsstöðu okkar. Rökin fyrir því hafa verið margyfirfarin nú, nefnilega þessi: Jafnvæg-

ið í þessum samningum, fórnarkostnaðurinn sem við erum alltaf að tala um, hver er hann? Annars vegar í tvíhliða viðræðum þar sem kröfurnar beinast að okkur einum eða hins vegar í marghliða viðræðum þar sem kröfurnar um aðgengi að miðum, eða greiðari aðgangur fyrir landbúnaðarafurðir, eða aukin framlög EFTA-landa til þess að jafna lífskjör, beinist að EFTA í heild. Og þegar EFTA í heild stendur frammi fyrir þessum kröfum, vegur og metur ávinninginn sem þau ríki hafa af aðgengi að innri markaðnum og hins vegar það sem í þeirra augum er smávægilegur fórnarkostnaður, er enginn vafi á því að samningsstaða okkar hefur styrkst stórlega ef það kynni nú að koma á daginn að það gengi eftir að við næðum þessum samningum án þess að beygja okkur undir sameiginlega fiskveiðistefnu bandalagsins, án þess að þurfa að sætta okkur við, til þess að ná þeim árangri, að opna okkar landhelgi, hvað svo sem önnur EFTA-ríki gera, sum hafa þegar gert það, þá getur enginn neitað því með rökum að þetta hafi verið lykilatriði. Af hverju eru menn þá að halda öðru fram?

Hv. 1. þm. Suðurl. nefndi það réttilega að reynt hefði verið að koma á tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um fiskveiðimálefni og að í því efni hefði verið vakin upp spurningin um gagnkvæmni í fiskveiðiheimildum. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. Sá sem fyrstur lagði þetta fram var hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson í viðræðum sínum við sjávarafurðadeild bandalagsins, beint við señor Marin, hinn margfræga. (**Gripið fram í:** Hann hafði ekkert umboð til þess.) Hann hafði umboð ríkisstjórnar til þess, hann gerði þetta. Hver var fórnarkostnaður þess? Svarið er: Enginn. Ef menn eru að bjóða upp á gagnkvæmni um einhverjar málamyndaveiðiheimildir fyrir einhverjar málamyndaveiðiheimildir þá er fórnarkostnaðurinn nákvæmlega enginn. Og hvers vegna ætti þetta að vera svo svívirðilegt? Þetta er ekkert svívirðilegt af þeirri einföldu ástæðu að það vill svo til að við höfum veitt tveimur þjóðum fiskveiðiheimildir. Önnur heitir Belgar, frá fyrri tíð. Þau skip eru svona bráðum að fúna í naustum. Hin þjóðin heitir Færeyingar. Það er auðvitað álitamál hvort við eigum að halda áfram að veita fiskveiðiheimildir grannþjóð okkar, vinum, Færeyingum, ef þeir kynnu að nota þann hinn sama kvóta í samningum sínum við Evrópubandalagið. En aðalatriðið er einfaldlega það sem hér segir:

Fórnarkostnaður. Var verið að snúa út úr fyrir hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur með því að vekja athygli á því hversu gerólíkur málflutningur hv. þm. var málflutningi hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og reyndar hv. þm. og formanns Sjálfstfl. Þorsteins Pálssonar? Nei, það var ekki verið að snúa út úr neinu vegna þess að staðreyndin er þessi: Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði: Ég óttast að dráttur á því að leggja fram aðildarumsókn gæti þýtt að við yrðum seinust í biðröðinni og það er slæmt fyrir oss. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að leggja fram umsókn hið fyrsta. Athugasemdin kom, kannski ekki í dag, kannski á morgun, vegna þess að nú er lag, það er stemning fyrir málinu, — kvenlegt innsæi. (Gripið fram í.) Að leggja fram umsókn þýðir vilja til þess að ganga til samninga um aðild að Evrópubandalaginu. Einhver var að vitna hér til þess að Evrópubandalagið væri nú reiðubúið til þess að ganga til samninga fyrr en það hefur sagt áður. Ég hef að vísu efasemdir um það. Söm er þeirra gjörð. Að leggja fram umsókn um aðild strax þýðir vilja til þess að ganga inn í Evrópubandalagið á þeim skilmálum sem þekktir eru. Þeir eru: Ekkert ríki gengur inn í Evrópubandalagið án þess að undirgangast Rómarsamninginn. Ekkert ríki hefur samið um frávik frá Rómarsamningnum. Rómarsamningurinn kveður á um hina sameiginlegu fiskveiðistefnu bandalagsins. Hin sameiginlega fiskveiðistefna bandalagsins kveður á um það að forræði yfir fiskveiðilögsögunni fer til — ekki Rómar heldur Brussel. Sá sem segir: Ég er reiðubúinn og vil sækja um aðild að Evrópubandalaginu á skilmálum þess strax, er að segja: Ég er reiðubúinn til þess að una því að forræðið yfir auðlindinni fari til Brussel. Það er ekki til meiri ágreiningur milli tveggja einstaklinga í þessu máli en milli þess hv. þm. sem segir að aldrei, aldrei megi það heyrast úr íslenskum barka og hins þingmannsins í sama flokki sem segir: Þetta á að gera strax. Þetta er ekki útúrsnúningur. (**RH:** Er hæstv. ráðherra að smíða viðsemjendum okkar vopnin í hendur?) Hæstv. ráðherra er ekki að smíða neinum viðsemjendum vopn í hendur. Hann er hins vegar læs á ári læsis. Og það fer ekkert á milli mála að það er ekkert land til sem er reiðubúið að undirgangast skuldbindingar fullrar aðildar. Það semur ekkert um undanþágur af slíku tagi. Förum yfir það: Danmörk, Stóra-Bretland, Írland, Spánn, Portúgal. Þau fengu tímabundna aðlögun í ýmsum málum. En þau sömdu sig ekki frá Rómarsáttmálanum. Þau sömdu sig ekki frá sameiginlegri fiskveiðipólitík. Þau sömu sig ekki frá hinni sameiginlegu landbúnaðarpólitík. Þau sömdu sig ekki frá þeirri staðreynd að öll þessi ríki afhentu forræði yfir fiskveiðilögsögu sinni í hendur framkvæmdastjórnarinnar umfram 12 mílur. Það er framkvæmdastjórnin sem fer með það mál. Það er framkvæmdastjórnin sem fer með fiskveiðipólitíkina. Það er framkvæmdastjórnin sem úthlutar kvótum. Munurinn er einfaldlega þessi.

Ég hef aldrei sagt að það sé einhver goðgá að orða spurninguna um aðild að Evrópubandalaginu. Ég hef aldrei neitað því að það kunni að vera að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé bráðabirgðaráðstöfun. Ég bendi að vísu á að núverandi ástand Evrópubandalagsins er líka bráðabirgðaástand vegna þess að það liggja fyrir sjö áætlanir um framkvæmdir á vegum Evrópubandalagsins sem munu breyta því innan fárra ára. En fram hjá því verður ekki komist og það segi ég alveg skýrt: Það reynir á það í samningum um hið Evrópska efnahagssvæði hvort Íslendingar geta fengið samninga sem tryggja grundvallarlífshagsmuni þessarar þjóðar sem er: Markaðsaðgengi fyrir sjávarafurðir án þess að á móti komi krafan um veiðiheimildir. Ég er ekki reiðubúinn að segja: Við erum tilbúnir til að leggja fram aðildarumsókn að Evrópubandalaginu fyrr en ég hef það í hendi. Það er það minnsta. Og ég bæti við: Þó að ég hefði það í hendi er ég ekki

þar með búinn að gera upp hug minn um það að það leiði rökrétt til þess að við eigum að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Ég er alls ekki búinn að gera það upp við mig.

Hv. 1. þm. Suðurl. beindi síðan til mín einni þýðingarmikilli spurningu sem er þessi: Hver er afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar varðandi fyrirvara um rétt erlendra aðila til þess að kaupa land ef þessir samningar ná fram að ganga? — og vísaði til þeirra deilna sem upp hafa risið í Noregi og leiddu til falls ríkisstjórnarinnar. Svarið er þetta: Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið skráður fyrirvari um takmarkanir á rétti erlendra aðila til þess að kaupa bújarðir á Íslandi. Ef spurt er: Erum við reiðubúnir til þess að falla frá þeim fyrirvara með formlegum hætti, eins og Norðmenn voru spurðir að, þá er svarið þetta: Ef unnt er að tryggja forræði íslenskra stjórnvalda yfir bújörðum og lendum, sem og auðlindum, þá værum við tilbúnir til þess að skoða það mál. Og það er hægt að mínu mati. Íslensk lög, jarðakaupalög, tryggja sveitarfélögum forkaupsrétt sem reynslan sýnir að mikið hald er í. Það sem varðar þessa samninga við Evrópubandalagið af hálfu EFTA varðar aðeins eina spurningu, nefnilega að samkvæmt þeim reglum má ekki mismuna aðilum eftir þjóðerni, erlendur aðili/innlendur aðili, ef um er að ræða kaup á bújörð í hagnaðarskyni. Það er hins vegar á valdi íslenskra stjórnvalda að segja: Það kaupir enginn íslenska bújörð nema sá sem situr hana og nytjar hana. Og það er á valdi íslenskra stjórnvalda að herða á ákvæðum jarðakaupalaga á þann veg, ekki aðeins að sveitarfélög hafi forkaupsrétt heldur að tryggja það líka, með aðild ríkisvaldsins, að ekki komi upp sú staða að erlendur auðkýfingur sem vill kaupa jörð með laxveiðihlunnindum geti gert það hindrunarlaust. Sveitarfélagið segir: Við viljum neyta forkaupsréttar, en við höfum ekki fjármagn til þess. Ríkið getur gengið inn í það, svo að ég nefni eitt dæmi um þá lagabreytingu sem við getum gert. Þetta er dæmi um það að við getum í mörgum tilvikum breytt íslenskum lögum þannig að þau standist án þess að settir séu formlegir fyrirvarar og munum ná sömu efnislegu niðurstöðu, þ.e. ráða yfir því hver er ráðstöfunarréttur, eða kauparéttur, fjárfestingarréttur varðandi bújarðir, hlunnindi, náttúruauðlindir. Ef við getum tryggt það með íslenskri löggjöf, fengið sömu niðurstöðu, hverju er þá fórnað? Engu.

Spurt var síðan: Hvað líður stefnu stjórnvalda varðandi áform um breytingar á ríkisbönkum í hlutafélög? Svarið er þetta: Það er ekkert sem varðar þessa samninga, þ.e. það er ekkert í lögum eða reglum Evrópubandalagsins sem segir að ríkið megi ekki eiga banka. Lög og reglur Evrópubandalagsins kveða ekkert á um eignarform að því leyti. Það eru til margir ríkisbankar í Frakklandi, Ítalíu, Skandinavíu og víðar, vissulega. Þannig að sú skoðun, sem er rétt skoðun, skynsamleg skoðun, að það sé miklu hagkvæmara rekstrarform banka að þeir séu hlutafélög kemur þessu máli út af fyrir sig ekkert við. Hitt er svo annað mál að hæstv. viðskrh. hefur ekki einasta lýst þeirri skoðun, þeirri stefnu sinni, að að þessu beri að keppa. Hann hefur gefið Seðlabankanum fyrirmæli um að skoða það mjög rækilega og skila um það greinargerð hverjir séu kostir og gallar þess að breyta ríkisbönkum í hlutafélagabanka. Þess er vænst innan mjög skamms tíma að sú greinargerð liggi fyrir og hún verður þá kynnt hér á Alþingi. Síðan er óhjákvæmilegt að bæta því við: Hæstv. viðskrh. hefur fylgt þessari sannfæringu sinni eftir vegna þess að hann hefur náð þeim árangri á stuttum tíma að leysa mál sem uppi hefur verið í íslenskri þjóðmálaumræðu á annan áratug, nefnilega að fækka bönkum, að sameina banka sem hlutfjárbanka og efla þann þátt í íslensku fjármagnskerfi.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi hér svarað því sem brýnast var af því sem fram kom í þessum umræðum og beint var til mín. Að lokum þetta:

Því var haldið fram í þessum umræðum að af hálfu EFTA hefðu engar lausnir verið lagðar fram varðandi stjórnun hins Evrópska efnahagssvæðis. Þetta er ekki rétt. Af hálfu EFTA hafa verið lagðar fram ótal tillögur um það með hvaða hætti megi haga því út frá grundvallarreglum um jafnræði. Það er heldur ekki rétt sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði að sjálfgefið væri að frumkvæðið yrði Evrópubandalagsins. Mér finnst þýðingarmikið að menn átti sig á þessu. Vissulega er Evrópubandalagið tíu sinnum fjölmennara að mannfjölda en EFTA. Vissulega er hins vegar líka rétt að þjóðir EFTA búa við betri efnahag en Evrópubandalagið, eru sterkari á efnahagssviðinu á hvaða kvarða sem metið er, út frá hlutdeild í alþjóðaviðskiptum, út frá hlutdeild í milliríkjaviðskiptum við Evrópubandalagið, út frá þjóðartekjum á mann, út frá þjóðarframleiðslu, út frá „lífistandard“ og þannig mætti lengi telja.

Síðan ætla ég að bæta því við. Reynslan hefur kennt okkur EFTA-mönnum, sem þátt höfum tekið í þessum samningum, að það eru stundum ekki innihaldslaus orð að segja: Smátt er fagurt. Það er staðreynd að EFTA hefur haft frumkvæði í þessum viðræðum frá upphafi vega og til þessa dags, hafði frumkvæði í undirbúningsviðræðunum. EFTA er aðilinn sem hefur lagt fram meginið af vinnunni, EFTA er aðilinn sem hefur lagt fram tillögurnar, EFTA er aðilinn sem hefur knúið á um að halda þessum viðræðum, viðhalda mómentum, viðhalda hraða samninganna. Hvað eftir annað hefur það gerst að fulltrúar hins stóra bandalags hafa sagt: Herrar mínir, farið ekki svona hratt. Við ráðum ekki við þetta. Og þeir hafa sagt: Við stöndum frammi fyrir svo mörgum vandamálum. Við höfum ekki nægilegu starfsliði á að skipa til þess að fást við öll þessi flóknu mál. Þið verðið að afsaka að við getum ekki komið með svör við þessum spurningum.

Þetta eru staðreyndir málsins. Um þetta ber öllum aðilum, sem nálægt málinu hafa komið frá báðum hliðum, saman um. Það er ekkert sjálfgefið við það að fjölmennari ríkjasamsteypan hafi frumkvæðið. Það er ekkert sjálfgefið við það að EFTA-aðilinn í þessari tveggja stoða lausn geti ekki hugsað, geti ekki unnið, geti ekki lagt fram tillögur, ekki aðeins til jafns við heldur jafnvel haft frumkvæði. Þessi orð sem lýsa þessu á annan veg eru ekki rétt lýsing á veruleikanum og bera reyndar vott ákveðinni vanmetakennd. Vanmetakennd er

ekki besta veganestið í erfiðum samningum. Þó að okkur kunni að greina á um hvernig beri að túlka eitt eða annað í þessum umræðum árétta ég það að út frá mínum bæjardyrum séð hafa þessar umræður verið afar gagnlegar. Það hefur kveðið mjög við annan tón en áður var. Það er ekki rifrildistónn eða vilji til þess að búa sér til ágreiningsefni. Það er vilji til þess að ræða þessi mál málefnalega. Það er mikil samstaða um markmiðin. Það er mikið sameiginlegt í matinu á hagsmununum. Það er eðlilegt að sitt sýnist hverjum um suma þætti í leiðunum og í tæknilegum álitamálum, allt saman eðlilegt og sjálfsagt. En umræða sem byggist á haldgóðum upplýsingum og góðum vilja er í sjálfu sér góð og gagnleg og mun færa okkur nær góðum árangri í þeim samningum sem fram undan eru og enginn deilir um að eru einhverjir þýðingarmestu samningar sem við höfum nokkurn tíma staðið í í sögu lýðveldisins.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Sem betur fer eru nú ræður manna teknar upp á segulbönd og ber að birta þær eftir því sem unnt er óbreyttar. Þess vegna leiðréttist ýmislegt af því sem er óneitanlega rangtúlkað af hæstv. ráðherra og á ég þá sérstaklega við ummæli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur og Hreggviðs Jónssonar. Þau tvö sögðu alls ekki þau orð sem ráðherrann hafði eftir þeim og gerði þeim hreinlega upp. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur skýrt þetta og það kemur þá rækilega fram í hennar greinargerð.

Ráðherrann fór heldur ekki rétt með mín orð. Ég sagði það að engin íslensk rödd mætti heyrast um það að nokkur Evrópubandalagsskip kæmu til veiða á okkar miðum, ekki nokkurt slíkt skip. En ráðherrann sagði að ég hefði sagt allt annað og miklu meira og þess vegna væri einhver alvarlegur ágreiningur ríkjandi með mér og öðrum, a.m.k. þeim hv. þm. Þorsteini Pálssyni og Ragnhildi Helgadóttur. Þau hafa skýrt hvað þau hafa sagt. Ég er ekki sammála þeim í einu og öllu en þau hafa aldrei sagt þetta, að þau ætluðu að hleypa einhverjum erlendum skipum inn í okkar mið og þau hafa ekki talað um þennan fórnarkostnað. Ég held nú reyndar að það sé nýyrði. Ég á margar íslenskar orðabækur og mun fletta upp á því á eftir. Ég hef aldrei heyrt þetta orð áður og við höfum a.m.k. aldrei talað um það í þingflokki Sjálfstfl. að við ætlum að borga einhvern fórnarkostnað.

En hæstv. ráðherra sagði hér áðan, og það var nú tilefni þess að ég kom hér upp, að Íslendingar hefðu boðið Evrópubandalaginu einhverjar veiðar fyrir aðrar veiðar hjá þeim og fannst það bara hreint ekkert svo fráleitt og greindi frá því að Halldór Ásgrímsson, hæstv. sjútvrh., hefði verið þar að verki og með sampykki ríkisstjórnarinnar, skildist mér. Það hefur aldrei verið rætt í Alþingi, utanrmn. eða neins staðar. Það var gert í algeru heimildarleysi enda horfið hið bráðasta frá þessu, sem betur fer, slíkri endaleysu.

Einhvern tíma var uppi hugmynd um að gefa Grímsey, minnir mig, var það ekki? Það var ekki gert. Skilja það ekki allir menn að ef við hleypum Evrópubandalagsríkjum, þessum gífurlega flota sem gæti gjöreytt fiskstofnunum, á veiðar, ef við hleypum þeim inn, væri þá ekki verið að rétta þeim litla fingurinn? Stendur ekki einhvers staðar að það væri þá auðvelt að taka hendina alla? Það er auðvitað svo barnalegt, fáránlegt, að láta sér detta það í hug og nefna svo Belga frá 1972. Belgar studdu okkur nefnilega í þessu máli og við leyfðum þarna sjö eða átta skipum, þau voru að vísu tólf fyrst, að halda úti veiðum, einmitt til að sýna það að við værum ekki með ótakmarkaða frekju eins og sumir töldu þá, og þessi skip áttu að fá að vera þangað til þau gengju úr sér. Ég held að þau séu þrjú eftir enn þá, lítil skip sem veiða nokkur hundruð eða kannski þúsund tonn, ég veit það ekki. Það er fiskur sem við nýtum lítið. Að jafna þessu eitthvað saman og þó að við höfum haft samninga við Færeyinga þá um venjulegar fiskveiðar sem við sjálfsagt leyfum þeim áfram vegna þeirra miklu erfiðleika sem þeir eru í, enn þá meiri en okkar, þó að því tilskildu að þeir hætti þá líka rányrkju á laxastofninum t.d. sem er algjörlega ólögleg eftir alþjóðalögum, áttu aldrei að fá nein réttindi því að laxinn tilheyrir þeirri þjóð þar sem hann er upprunninn. Hún á fullan rétt yfir honum, jafnvel inni í höfninni í Þórshöfn. Það voru afglöp líka að gera þennan svokallaða Reykjavíkursamning um það. Og auðvitað ætti, næst þegar samið er um sérstakar fiskveiðiheimidir fyrir Færeyinga hér, að taka af þeim öll slík réttindi og stöðva framferði þeirra og lögbrot.

Hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, ég var nú ekkert að elta ólar við það í minni fyrri ræðu: Eigum við strax að óska formlegra tvíhliða viðræðna sem við þegar höfum gert? Það er alltaf verið að tönnlast á því í öðru orðinu að við höfum beðið um tvíhliða viðræður og svo að við eigum þá strax að gera það. Ég er sammála um að við eigum strax að gera það. En að það hafi verið gert. Það er alltaf verið ýmist að segja að það hafi verið beðið um formlegar viðræður eða alls ekki.

En það sem t.d. Henning Christophersen sagði: Það á ekki að biðja um neinar tvíhliða viðræður um fiskveiðar, heldur um almenn samskipti þjóða og nefna alls ekki fiskveiðar. Það hlýtur nú að liggja í augum uppi að eftir þeim ráðum eigum við að fara, hvort sem þessar umræður hétu tvíhliða viðræður eða einhvers konar aukaaðild og það nefndi nefnilega hæstv. ráðherra hér áðan. Það er verið að gera slíka samninga, t.d. við Austur-Evrópuríkin, og þessa tegund af tvíhliða samningi, ef mætti kalla það svo, mér er nákvæmlega sama hvað það heitir, en þá er gerður samningur og í þeim samningi stendur það sem í honum stendur. Hann er um það efni sem hann fjallar um, ósköp einfaldlega. Hvort hann er kallaður aukaaðild sem er auðvitað rangnefni á slíkum samningi og rangþýtt sjálfsagt úr erlendum tungum. Það má gera. Ef menn einhvern tíma vilja kalla þetta umsókn um aðild að Evrópubandalaginu, eða menn hafa reyndar kallað að það væri til að kanna hvaða kosta væri völ, þá væri það kallað einhverju öðru nafni en tvíhliða viðræður eða aukaaðild, það er kannski ekki aðalatriðið. Ég er hins vegar móti því að gera það með þeim hætti, en samningar eru það. Það er tilraun til að ná samn-

ingum, eins og allar þjóðir eru að gera við þetta merka bandalag, sem heimurinn virðist alveg snúast um núna. Ég held að möndullinn sé ekki enn þá algjörlega í þessu bandalagi og við getum borið virðingu fyrir því, að sjálfsögðu, og dáðst að þessari framsýni. En að við þurfum að vera alveg dolfallnir yfir því, það held ég að sé nú óþarfi.

Auðvitað var hér margt nefnt, eins og t.d. að það er margt fleira en viðskipti sem þetta bandalag snýst um, eins og menningarstofnanirnar, menntastofnanir sem er auðvitað algjörlega nauðsynlegt að við getum verið í tengslum við áfram.

En að því er varðar þessa deilu um fríverslunina innan EFTA, þá var ég geysilegur stuðningsmaður þess að það næðist fram og á sameiginlegum fundi Evrópustefnunefndar og utanrmn. í Rúgbrauðsgerðinni var ég langharðastur á því að ráðherrarnir, það var forsrh. sjálfur fyrst og fremst, var að fara til Ósló, og síðan hæstv. utanrrh., stæðu alls ekkert upp, en til síðustu stundar mundu þeir krefjast þess að fríverslun með fisk yrði inni í þessari yfirlýsingu. Þeir stóðu sig frábærlega vel í því og ég held að það hafi verið á síðustu fimm mínútunum sem látið var undan og þetta náðist fram. Í fréttum hljóðaði þetta a.m.k. eitthvað í þá áttina og það er auðvitað alveg ljóst að það var styrkur að því að fá þetta inn í samkomulagið í EFTA-ríkjunum og að EFTA-ríkin væru þess vegna aðilar að þessari kröfu við Evrópubandalagið.

Auðvitað datt engum í hug að við næðum fríverslun í því sem hæstv. fjmrh. nefndi fyrr í dag að væri síðari skilningurinn, síðari túlkunin, eins og hann nefndi það, túlkun á hvað væri fríverslun, þ.e. að það væri eingöngu verslunin sjálf, viðskiptin sjálf en ekki tengdust inn í allir styrkir og annað slíkt sem er í hinni hefðbundnu skilgreiningu á hvað er fríverslun. Þar nefndi hann fyrri skilgreininguna sem væri mjög víðtæk í þessu efni. En þessi hugtök öll eru að breytast og ég held að að það sé rétt hjá hæstv. fjmrh. að orðin sé til alveg tvenns konar skilgreining á hvað sé fríverslun. (Gripið fram í.) Ja, hann nefndi það þannig. Það er þá rangt hjá honum og það er þá ekki það eina sem þá greinir á um, ráðherra í þessari ríkisstjórn. Það er víst ekkert til sem þá ekki greinir á um og þá vona ég nú að hæstv. utanrrh. geri sér lítið fyrir á morgun og reki þetta rækilega ofan í manninn. Hann sagði þetta hér, að það væri tvenns konar skilgreining á þessu. Annars vegar nefndi hann þá víðtæku og hin væri síðari og þrengri skilgreiningin og ég held að ég hafi skilið hann rétt í því að það væri gamla skilgreiningin sem væri sú víðtæka, þ.e. að það mættu engir styrkir vera og það væri verndarstarfsemi o.s.frv., en samkvæmt hinni síðari væri það verslunin með vörurnar sem væri gagnkvæm og það væri því lausn. Ég tel mig nú raunar vita að í þessu tilfelli hafi fjmrh. rétt fyrir sér en hæstv. utanrrh. ekki.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Rétt skal vera rétt og það er nauðsynlegt að koma hér á framfæri tvenns konar leiðréttingu að gefnu tilefni.

Fyrst að því er varðar hlut hæstv. sjútvrh. varðandi tilboð um skipti á veiðiheimildum. Ég skýrði frá þessu og það var ekki nýtt vegna þess að hæstv. sjútvrh. gerði að sjálfsögðu fundargerð um þann fund og sú fundargerð hefur verið kynnt í hv. utanrmn.

Hvað var hér á seyði? Það var þetta. Íslenska ríkisstjórnin hefur sjálfri sér samkvæmt allan tímann sagt: Við erum ekki til viðtals um að kaupa aðgang að markaði fyrir veiðiheimildir. Við föllumst ekki á kröfu sameiginlegrar fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Ef þið viljið ræða við okkur um fiskveiðiheimildir skulum við ræða um það á gagnkvæmnisgrundvelli, fiskveiðiheimildir fyrir fiskveiðiheimildir, tollaívilnanir fyrir tollaívilnanir. Það sem hæstv. sjútvrh. hafði umboð til og gerði var þetta: Láttu á það reyna, úr því að mennirnir tönnlast stöðugt á þessu, að segja: Um hvað eruð þið að tala, herrar mínir? Eruð þið að tala um flökkustofna? Eruð þið að tala um sameiginlega stofna? Hvað eruð þið að tala um? Eruð þið að tala um að þið séuð reiðubúnir til að láta aðrar heimildir í staðinn? Með öðrum orðum, hér voru þeir teknir á orðinu. Þeir voru spurðir: Eruð þið tilbúnir til slíkra skipta á veiðiheimildum? Og svarið er ókomið enn í dag. Ég vil því hafa þetta alveg skýrt. Sjútvrh. lét þarna á það reyna hvort bandalagið væri tilbúið til samninga að þessu leyti um sjávarútvegsmál án þess að beygja sig undir þeirra kröfur og svarið er ókomið.

Síðan skulum við hafa í huga að Íslendingar hafa, ekki á gagnkvæmnisgrunni, heldur einhliða, veitt fiskveiðiheimildir tveimur þjóðum, Belgum og Færeyingum. Það var gert á öðrum tíma við aðrar aðstæður, það viðurkenni ég, en til þess að forðast misskilning og til þess að ekki sé tilefni til neinna brigslyrða á hendur sjútvrh. fyrir að hafa gert eitthvað sem ekki samrýmdist okkar grundvallaraðstöðu skal þetta tekið fram: Íslenska ríkisstjórnin hefur hvorki þá né síðar nokkurn tíma í öllum þessum viðræðum fallist á kröfur Evrópubandalagsins um fiskveiðiheimildir fyrir tollaívilnanir.

Númer tvö og það er örstutt. Fríverslun með fisk, hvað merkir það? Það merkir bara eitt. Það merkir ekki bara tollfrjálsan aðgang í vöruviðskiptum, heldur líka samkvæmt samræmdum samkeppnisreglum. Með öðrum orðum, fríverslun er ekki samrýmanleg ríkisstyrkjum, niðurgreiðslum, kvótum og takmörkunum. Þess vegna var fríverslun með fisk skilgreind í EFTA-samkomulaginu, ekki bara sem aðgengi sjávarafurða fyrir Íslendinga og gagnkvæmt, heldur líka skylda Norðmanna til að fella niður ríkisstyrki. Fríverslun með fisk hefur aldrei þýtt eitt né neitt annað. Hún hefur þýtt þetta frá upphafi vega og ekkert annað.

Hitt er svo annað mál að tollfrjáls aðgangur í vöruviðskiptum sem væri boðinn Íslendingum í samningum einhliða er ekki fríverslun með fisk, enda þýðir það líka að það eru engar skuldbindingar á hinn bóginn á móti, nefnilega það að við höfum ekki okkar rétt til, svo að ég nefni dæmi, takmarkana á útflutningi þannig að þetta er alveg aðskilið. Fríverslun með fisk er eitt, samningur um tollfrjálsan aðgang í vöruvið-

skiptum er annað. Það hefur alltaf verið svo og verður svo og á ekkert að túlka á annan veg.

EFRI DEILD

7. fundur, þriðjudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Frv. GHG, 50. mál. — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 73. mál (rektorskjör). — Þskj. 75.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 29 frá 1988, um Kennaraháskóla Íslands.

Frv. er flutt í þeim tilgangi að sniðnir verði af framkvæmdalegir agnúar sem hafa komið í ljós í nýlegum lögum um Kennaraháskóla Íslands sem voru sett hér vorið 1988 að því er varðar ákvæði um rektorskjör. Á þessi ákvæði reynir í fyrsta skipti við kosningu rektors Kennaraháskóla Íslands sem fram á að fara í janúar 1991.

Um rekstorskjör er fjallað í 3. gr. laganna eins og þau eru nú. Fyrstu þrjár málsgreinarnar kveða m.a. á um kjörtímabil rektors, kjörgengi, hverjir eigi atkvæðisrétt og heimild til endurkjörs. Fjórða málsgreinin er síðan á þessa leið:

„Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo er flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Um tilhögun rektorskjörs skal kveða nánar á í reglugerð."

Hér er með öðrum orðum áskilið að til að ná kjöri í fyrstu umferð þurfi atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna auk ákvæðis um þátttöku a.m.k. $^2/_3$ hluta sama hóps. Þetta er sama skilyrði og gilti samkvæmt reglugerð skólans frá 1974 en þess er að gæta að samkvæmt þeim lögum sem sú reglugerð studdist við, nr. 38/1971, var rektor kjörinn af mun þrengri hópi en samkvæmt nýju lögunum. Áður var rektor kosinn af skólastjórn þar sem auk rektors, fastra kennara Kennaraháskólans og skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans sátu einungis fáeinir fulltrúar nemenda, en nú eiga allir skrásettir nemendur atkvæðisrétt með tilteknu vægi atkvæða.

Það virðist því mjög ströng krafa og líkleg til að gera rektorskjörið óþarflega flókið að áskilja atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna til að ná kjöri. Sýnist eðlilegra að kveða á um meiri hluta greiddra atkvæða með vísun í 2. mgr. þar sem kveðið er á um vægi atkvæða. Það er og sú skipan sem samkvæmt lögum gildir í Háskóla Íslands.

Þetta er í rauninni einfalt frv. um tæknilega leiðréttingu á lögunum um Kennaraháskóla Íslands. Ég tel ástæðulaust að fara um það frekari orðum og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn. og vænti þess að það geti fengið skjóta afgreiðslu í þessari virðulegu deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Æskulýðsmál, 1. umr.

Stjfrv., 79. mál (heildarlög). — Þskj. 81.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):
Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um æskulýðsmál sem er heildarendurskoðun á æskulýðslögunum frá 1970 en í því er gert ráð fyrir ýmsum breytingum frá gildandi lögum.

Frv. var lagt fram sem stjfrv. á síðasta þingi en náði þá ekki fullri afgreiðslu. Það er byggt á tillögum nefndar sem ég skipaði 16. des. 1988. Nefndin skilaði tillögum sínum til menntmrh. 21. des. 1989. Þessi nefnd átti einnig að skila tillögum um stefnumótun í íþróttamálum til aldamóta. Hefur hún þegar skilað tillögum um það efni og verður gerð grein fyrir þeim tillögum í einstökum atriðum opinberlega innan skamms.

Í upphaflegum tillögum sínum gerði nefndin ráð fyrir að sérstakur æskulýðsfulltrúi ríkisins starfaði áfram. Í þessum tillögum, eins og þær líta hér út, gerir ríkisstjórnin ekki ráð fyrir að þetta embætti verði til áfram og er í frv. lagt til að embætti æskulýðsfulltrúa ríkisins verði lagt niður. Þá gerði nefndin, eins og hún skrifaði tillögurnar, ráð fyrir mörkuðum tekjustofni í æskulýðssjóð. Þeirri tillögu er í raun og veru hafnað en í staðinn er í frv. gert ráð fyrir föstu framlagi í sjóðinn úr ríkissjóði og nemi framlagið 10 millj. kr. á verðlagi janúarmánaðar 1990.

Í stað þess kostnaðar, hins vegar, sem ríkið hefur staðið undir við embætti æskulýðsfulltrúa ríkisins er

hér lagt til að ríkið veiti æskulýðssamtökunum stuðning sem svarar þeirri upphæð sem áður hefur runnið til þess að kosta embætti æskulýðsfulltrúa ríkisins. En grundvallarbreytingin á þessu frv. frá gildandi lögum, virðulegi forseti, er sú að æskulýðsfélögunum er hér ætlað útslitavald málaflokksins ásamt menntmrh. Þannig er forræðið í raun og veru fært frá ríkinu til félagasamtaka og er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar á öðrum sviðum.

Það er gert ráð fyrir að skipting verkefna sé afmörkuð þannig að starfsemi ráðuneytisins sé að mestu leyti á vettvangi samstarfs ríkisstjórna og í samskiptum við sveitarfélög eftir því sem við á. Hafa ber í huga að verkaskiptingarlögin munu hafa veruleg áhrif hvað varðar félags- og æskulýðsstarf í sveitarfélögum yfirleitt.

Á undanförnum árum hafa tveir meginaðilar, þ.e. Æskulýðssamband Íslands og Æskulýðsráð ríkisins einkum starfað í þessum málaflokki. Fjárveitingar til þessara aðila hafa ævinlega verið heldur lágar. Má í því sambandi nefna að á árinu 1989 var framlagið 1,3 millj. kr. til Æskulýðsráðs ríkisins og 0,5 millj. kr. til Æskulýðssambands Íslands. Það er ljóst að umrætt fjármagn nægir engan veginn til að standa undir blómlegu æskulýðsstarfi.

Í frv. er gert ráð fyrir að til verði ein heildarsamtök æskulýðsfélaga í landinu sem gætu þá verið Æskulýðssamband Íslands eða einhver staðgengill þeirra. Í framhaldi af því er komin sú hugmynd að skapa heildarsamtökunum sameiginlega aðstöðu sem yrði eins konar miðstöð æskulýðsfélaga í landinu. Þessi miðstöð mundi þá gegna svipuðu hlutverki og Íþróttamiðstöðin í Laugardal gegnir nú fyrir íþróttahreyfinguna. Hafa ber í huga að um mun minni einingu er að ræða að því er varðar æskulýðshreyfinguna. Með þessu fyrirkomulagi fá félögin því sameiginlegan starfsvettvang og verða vonandi betur í stakk búin til að mæta auknum verkefnum og kröfum sem til þeirra verða gerðar í framtíðinni ef þetta nær fram að ganga.

Varðandi gildandi lög um æskulýðsmál frá 1970 er í þessu frv. gert ráð fyrir að greinar eins og 5. gr. laganna, um heimild til að stofna æskulýðsnefndir eins eða fleiri sveitarfélaga, falli niður. Grein þessi hefur í raun og veru aldrei verið í gildi. Áttunda gr. gildandi laga, um sumarbúðir og útivistarsvæði, er komin í önnur lög og er einnig óþörf af þeim ástæðum og 10. gr., um stuðning bæjar- og sveitarfélaga við æskulýðsstarf, er einnig felld niður vegna þess að efni hennar er komið í önnur lög.

Í nefndinni sem undirbjó þetta frv. áttu sæti Árni Guðmundsson, æskulýðsfulltrúi í Hafnarfirði, formaður nefndarinnar, Hermann Sigtryggsson, æskulýðsfulltrúi á Akureyri, Lovísa Einarsdóttir íþróttakennari, Hólmfríður Garðarsdóttir framkvæmdastjóri, Unnur Stefánsdóttir verkefnastjóri, Jóhanna Leópoldsdóttir skrifstofustjóri, Elís Þór Sigurðsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi á Akranesi, Alfreð Gíslason sagnfræðingur og Janus Guðlaugsson námsstjóri.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara yfir frv. í einstökum atriðum hér. Með frv. er prentuð sem fylgiskjal kostnaðarumsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og vænti ég þess að málið sé þar með nægilega skýrt lagt fyrir til þess að hv. Alþingi geti tekið afstöðu til þess.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þetta frv. kom nokkuð til umfjöllunar í hv. menntmn. þessarar deildar á síðasta þingi. Þar kom m.a. fram, a.m.k. meðal sumra þeirra nefndarmanna sem stóðu að samningu frv., að ekki liggur fyrir stuðningur þeirra við málið eins og það er hér og nú. Það kemur fram í athugasemdum við frv. að í tillögum sínum hafi nefndin gert ráð fyrir að sérstakur æskulýðsfulltrúi ríkisins starfaði áfram. Og síðan segir, með leyfi forseta: „Menntmrh. féllst ekki á þá tillögu og gerir tillögu um að starf æskulýðsfulltrúa verði lagt niður."

Þar sem ég geri ráð fyrir að þetta muni bera mjög á góma í umfjöllun nefndarinnar um málið spyr ég, og má nú vera að það hafi komið fram í ræðu hæstv. menntmrh. sem ég heyrði ekki alveg alla: Hver er ástæða þess og rökstuðningur þess að hann féllst ekki á þessa tillögu nefndarinnar og gerir frv. að þessu leyti öðruvísi úr garði en nefndin lagði til? Ég held að það mundi kannski greiða fyrir störfum í nefndinni ef það lægi alveg skýrt fyrir hvaða rökstuðningur er að baki þeirri ákvörðun ráðherra að leggja til að starf æskulýðsfulltrúa ríkisins verði lagt niður.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Rökin eru þau að í frv. er gert ráð fyrir að þessi starfsemi flytjist í veigamiklum mæli til æskulýðsfélaganna sjálfra og samtaka á þeirra vegum og það sé óþarfi að ríkið sé með sérstakan starfsmann í þessum málaflokki auk þess sem þess verður að geta að með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er sú undirstrikun skýrari af hálfu löggjafans en áður var, að þessi mál eru hjá sveitarfélögunum. Ég er reyndar almennt þeirrar skoðunar að skipan embættismanna í ráðuneyti með þeim hætti sem verið hefur um æskulýðsfulltrúa og reyndar fleiri sé ekki að öllu leyti eðlileg. Ég tel að skipan embættismanna í ráðuneyti eigi að taka mið af stjórnarráðslögunum, þeir séu þá deildarsérfræðingar, deildarstjórar, ritarar, skrifstofustjórar o.s.frv., skv. stjórnarráðslögunum, en taki ekki embættistitla samkvæmt öðrum lögum. Þetta eru aðalröksemdirnar fyrir því að ég féllst ekki á þessa tillögu nefndarinnar. En meginröksemdin er sú að ég tel að þetta eigi að vera hjá æskulýðsfélögunum og í frv. er gert ráð fyrir að þau fái stuðning til þessarar starfsemi sem er sambærilegur við þann kostnað sem lagður hefur verið út vegna embættis æskulýðsfulltrúa ríkisins. Það er hinn hugmyndalegi og pólitíski grunnur á bak við þessa afstöðu mína.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Greiðslukortastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 37. mál. — Þskj. 37.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. til laga um greiðslukortastarfsemi sem ég mæli nú fyrir er árangur af starfi nefndar sem skipuð var í ársbyrjun 1988 til þess að leggja drög að löggjöf um starfsemi á fjármagnsmarkaði, utan viðskiptabanka og sparisjóða. Ég mælti á síðasta þingi fyrir frv. en það hlaut þá ekki afgreiðslu. Frv. er nú endurflutt og er þess vænst að það fái hér skjóta en góða meðferð, einkum með hliðsjón af þeirri ítarlegu umfjöllun sem það fékk hjá þingnefndum á sl. ári.

Það hefur ekki fyrr verið gerð tillaga um sérstakan lagaramma fyrir greiðslukortastarfsemina og þess vegna er þetta frv. að öllu leyti nýmæli. Það eru fyrir því margvíslegar ástæður að nú er nauðsynlegt að setja sérstaka löggjöf um þetta efni. Ég ætla þó aðeins að nefna fáein þessi atriði. Greiðslukortanotkun hefur farið stöðugt vaxandi þann áratug sem innlend greiðslukortafyrirtæki hafa starfað og eins og öllum er kunnugt eru greiðslukortin nú mjög mikið notuð í daglegum greiðslum heimilanna. Með aukinni notkun hefur jafnframt komið í ljós að þörf er á að kveða á í lögum um ýmislegt sem tengist notkun þessara korta. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna hvernig haga skuli ýmsum lögskiptum, samskiptum, korthafa og útgefenda kortanna vegna útgáfu greiðslukortsins sjálfs og gerðs samnings um greiðslukortið og framkvæmd hans. Einnig er nauðsynlegt að setja reglur sem mæla fyrir um skaðabótaskyldu korthafa vegna ólögmætrar notkunar kortsins og skaðabótaskyldu útgefanda kortsins að svo miklu leyti sem korthafinn verður ekki gerður ábyrgur fyrir því tjóni sem kann að hljótast af kortaviðskiptum með ólögmætum hætti.

Þá er líka nauðsynlegt að setja reglur um lögskipti greiðsluviðtakenda, þ.e. þeirra sem selja korthöfunum eitthvað, vöru eða þjónustu, og taka greiðslu fyrir með ástimplun á kortareikninginn og kortaútgefandans sem annast greiðslumiðlunina.

Megintilgangur frv. er að gæta hagsmuna almennings og neytenda í samskiptum við kortafyrirtækin og við þá sem taka við greiðslum með kortum, að tryggja nauðsynlegt eftirlit með þessari starfsemi og yfirleitt að reyna að tryggja að þessi farvegur greiðslumiðlunar sé skýrt mótaður í landslagi viðskiptanna.

Það er nauðsynlegt að setja lagaramma vegna þessarar starfsemi, m.a. vegna samanburðar við aðra greiðslumiðlun og lánastarfsemi sem fram fer á vegum þeirra stofnana sem fyrir voru á fjármagnsmarkaðinum þegar kortin komu til sögunnar. Það má líka líta á þetta frv. sem einn þátt í aðlögun efnahags- og fjármála á Íslandi að aðstæðum í Evrópu sem nú taka miklum breytingum.

Frv. sem ég mæli hér fyrir er að hluta byggt á erlendum fyrirmyndum. Við gerð þess hefur einkum verið höfð til hliðsjónar dönsk löggjöf og svo ekki síst samþykkt tilmæli Evrópubandalagsins til aðildarríkjanna varðandi greiðslumiðlun.

Ég mun þá, virðulegi forseti, víkja að einstökum þáttum frv. og mun fara fljótt yfir sögu tímans vegna, enda hefur þetta frv. áður verið kynnt hv. þingdeild.

Í I. kafla frv. er að finna ákvæði um gildissvið laganna, skilgreiningu helstu hugtaka og vísa ég til þingskjalsins um þau efni.

Í II. kafla frv. er lagt til að kortaútgefendur skuli hafa skráð firma eða útibú á Íslandi. Jafnframt er í 4. gr. áskilið að kortaútgefanda sé skylt að tilkynna um öll meginatriði greiðslukortastarfseminnar og hvernig hún skuli fara fram.

Í III. kafla frv. er lagt til að eftirlit með greiðslukortastarfsemi verði í höndum Verðlagsstofnunar og kemur þetta fram í 5. gr. frv. Það er auðvitað ljóst að mjög mörg ákvæði þessa frv. eru fyrst og fremst byggð á sjónarmiðum um neytendavernd en Verðlagsstofnun og viðskrn. hafa nú um nokkurt skeið haft vaxandi afskipti af þeim málaflokki. Þá er þess að gæta að kostnaður vegna greiðslukortamiðlunar hefur eða getur haft áhrif á verðmyndun. Mér virðist því eðlilegt að fela Verðlagsstofnun framkvæmd á ákvæðum frv. Sumir þættir greiðslukortastarfseminnar eru þó í höndum innlánsstofnana en eftirlit að því leyti mun að sjálfsögðu fara fram af hálfu bankaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga um banka og sparisjóði.

Í IV. kafla frv. er að finna ýmis almenn ákvæði varðandi greiðslukortastarfsemina. Þannig er í 7. gr. mælt fyrir um ýmis atriði sem réttmætt þykir að kortaútgefandinn upplýsi áður en samningur er gerður milli hans og korthafans um útgáfu greiðslukorts.

Í 8. gr. er lögð til sú meginregla að útgáfa greiðslukorta skuli ávallt byggð á viðskiptatrausti umsækjandans um greiðslukortið, ekki annarra aðila. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði eins og hv. þingdeildarmenn munu sjá. Þannig gerir frv. ráð fyrir að aðeins í undantekningartilfellum verði aðrir en korthafinn krafðir um ábyrgð á úttekt samkvæmt greiðslukortasamningi. Sú tilhögun er reyndar líka í samræmi við þá viðskiptahætti sem tíðkast almennt erlendis um gerð samninga um greiðslukort. Tryggingarvíxlar, útgefnir eða með ábyrgð annarra en greiðslukortahafa, hefur hins vegar verið aðalreglan við gerð greiðslukortasamninga á Íslandi hingað til eins og hv. þingdeildarmönnum er vafalaust kunnugt.

Jafnframt er hér í frv. kveðið skýrt á um rétt þriðja aðila til þess að afturkalla ábyrgð sem hann kann að hafa veitt áður, til að mynda ef aðstæður gerbreytast eða ef forsendur fyrir áður veittri ábyrgð af hans hálfu teljast brostnar að öðru leyti.

Ég þarf ekki að hafa um það mörg orð að sú aðferð sem hér hefur verið höfð við útgáfu kortasamninga á ábyrgð annarra en korthafa hefur valdið margvíslegum vandræðum og komið mörgum fjölskyldum og einstaklingum í mikil greiðsluvandræði.

Í 9. og 11. gr. frv. er að finna ýmis ákvæði sem ætla verður að tryggi betur rétt þeirra sem nota greiðslukortin.

Í 12. gr. er svo að finna heimildarákvæði fyrir ráðherra til að ákveða hámarksgjald sem kortútgefanda er heimilt að krefja greiðsluviðtakandann um, þ.e. kaup-

menn og aðra þá sem selja vöru og þjónustu og taka við greiðslu frá almenningi með greiðslukorti.

Með því að gera þessa tillögu er þetta ákvæði sett og tekið undir sjónarmið sem fram hafa verið flutt, bæði af Neytendasamtökunum og Kaupmannasamtökunum, þ.e. að freista þess að stuðla að því að kostnaður af notkun greiðslukortanna verði lagður á korthafana, þá sem kortin nota, en ekki aðra viðskiptavini verslana og að hann komi þannig ekki fram almennt í hærra vöruverði, en á árinu 1989 er t.d. talið að greiðslur félagsmanna í Kaupmannasamtökunum til greiðslukortafyrirtækjanna hafi numið tæpum 400 millj. kr. Spurningin er hvernig best er að jafna þessum kostnaði niður. Á hann að koma á alla þá sem skipta við verslanir og þjónustuaðila eða eingöngu þá sem nota kortin?

Í V. kafla er svo að finna skaðabótareglur sem kveða á um skaðabótaskyldu korthafa vegna ólögmætrar notkunar á greiðslukortinu. Þar er ráðherra fengin heimild til þess að ákveða með reglugerð hámark þeirrar bótafjárhæðar sem korthafa kann að vera gert skylt að greiða ef ekki er um að ræða tjón sem korthafinn hefur valdið með ásetningi eða stórfelldu gáleysi eins og nánar er kveðið á um í 13. gr. frv.

Til dæmis um sambærilegar fjárhæðir, en ég tek fram að í þessu frv. er ekki sett föst slík fjárhæð, má nefna að í Danmörku eru þessar skaðabótaskyldufjárhæðir að hámarki um 5000 danskar kr., þ.e. um 47.500 kr. miðað við núgildandi gengi. Með þessu ákvæði er betur tryggt en nú er að svipaðar reglur gildi um ábyrgð korthafa þegar tilkynnt er um að greiðslukort hafi t.d. týnst.

Í 13. gr. er einnig lagt til að kortútgefandi beri ábyrgð á því tjóni sem telja má að falli undir eðlilega rekstraráhættu sem greiðslukortastarfseminni fylgir, nema tjónið verði rakið til saknæmra athafna greiðsluviðtakenda. Eins og hv. þingdeildarmenn heyra er þetta samskiptanet, þessi þríhyrningur korthafans, útgefanda kortsins og greiðsluviðtakandans, kannski eitt af stærstu hagsmunamálum heimilanna um þessar mundir, einfaldlega af því hversu hátt hlutfall greiðslna fyrir daglegar þarfir fer fram með þessum hætti.

Það er tilgangur frv. að gæta hagsmuna neytenda í þessum samskiptum, fyrst og fremst, en auðvitað reyndar einnig almennra hagsmuna þeirra, að það sé eftirlit með þessari sívaxandi grein greiðsluviðskipta, og reyndar neytendalána, því eins og allir þekkja er algengt að fram fari lán, neyslulán, með því að greiða fyrir hluti með raðgreiðslum sem skráðar eru í kortareikning einstaklinga.

Í 14. gr. frv. er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu sem leggur ábyrgð á herðar kortaútgefanda vegna tjóns sem rakið verður til rangrar skráningar viðskiptanna, mistaka við útreikning eða annarra tæknilegra mistaka.

Í 4. mgr. 14. gr. er jafnframt svo ákveðið að sönnunarbyrði fyrir því að ástæðurnar sem ég nefndi eigi ekki við skuli hvíla á kortaútgefandanum. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði og verður vafalaust umdeilt og hefur reyndar í meðferð málsins á þingi á sl. vetri sætt gagnrýni af hálfu kortafyrirtækjanna.

Í VI. kafla er að finna sérreglur um skráningu og meðferð upplýsinga sem kortaútgefandinn skráir.

Að því leyti sem ekki er að finna sérreglur í þessu frv. um meðferð og skráningu persónuupplýsinga fer að sjálfsögðu um þau mál samkvæmt almennum lögum eins og reyndar segir berum orðum í 17. gr. frv.

Í VII. kafla frv. er að finna reglur um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum frv. og viðurlög við brotum. Lagt er til að yfirstjórn með málefnum er varða greiðslukortastarfsemina verði í höndum viðskrh. og Verðlagsráðs, en framkvæmd eftirlitsins verði, eins og ég nefndi áður, í höndum Verðlagsstofnunar.

Þá er að finna í þessum kafla ákvæði um þau úrræði sem Verðlagsstofnun eru fengin, telji stofnunin að ákvæði frv. séu ítrekað brotin, en að öðru leyti fer um meðferð slíkra mála að hætti opinberra mála.

Í VIII. kafla frv. er að finna skýringarreglu í 23. gr., að hvaða leyti megi víkja frá þeim skilyrðum sem sett eru í þeim greinum frv. sem þetta ákvæði tekur til.

Í 24. gr. er t.d. að finna ákvæði um reglugerðarheimild handa ráðherra varðandi skiptingu kostnaðar samkvæmt 12. gr. frv. ef um er að ræða alþjóðlega greiðslukortastarfsemi.

Loks er svo í ákvæði til bráðabirgða lagt til að starfandi kortaútgefendum verði gefinn þriggja mánaða frestur til að uppfylla ákvæði frv. um tilkynningar til Verðlagsstofnunar, sbr. 1. tölul. í ákvæði til bráðabirgða.

Í 2. tölul. ákvæðisins er gert ráð fyrir að kortaútgefendur endurnýi samninga sína við korthafa í samræmi við ákvæði frv., ef það verður að lögum, eftir því sem þeir falla úr gildi, en almennt er það reglan nú að samningar milli kortaútgefenda og korthafa séu endurnýjaðir árlega.

Að mínu áliti er ekkert því til fyrirstöðu að ákvæði frv. geti að fullu verið komið til framkvæmda innan 15 mánaða frá gildistöku eins og þetta ákvæði gerir ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. og tel ekki þörf á að hafa þau orð öllu fleiri að sinni, ekki síst vegna þeirrar ítarlegu umfjöllunar sem málið fékk á fyrra þingi. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 71.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem er 69. mál Ed. á þskj. 71.

Frv. hefur tvívegis áður verið lagt fyrir Alþingi en ekki náð fram að ganga. Sl. vor þegar frv. var lagt fram öðru sinni náðist um það víðtæk samstaða og voru gerðar á því nokkrar breytingar við meðferð málsins í Nd. Þannig breytt var frv. afgreitt með samhljóða atkvæðum til Ed. og var það afgreitt þar til nefndar og fékk þar einnig umfjöllun. Vegna anna í þingflokki í vor tókst Ed. ekki að ljúka umfjöllun um frv. og þess vegna er það endurflutt.

Þar sem ég hef tvívegis áður fylgt frv. úr hlaði og gert grein fyrir því mun ég að þessu sinni einungis gera grein fyrir helstu breytingum frá núgildandi jafnréttislögum sem leiðir af samþykkt frv. en frv. er flutt núna eins og það var afgreitt samhljóða frá Nd.

1. Lagt er til að hinu tvíþætta hlutverki Jafnréttisráðs verði skipt þannig að skipuð verði sérstök kærunefnd jafnréttismála sem eingöngu hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast nefndinni og fylgja þeim eftir fyrir dómstólum. Með þessum hætti getur Jafnréttisráð einbeitt sér að því að gegna öðrum verkefnum, svo sem að vera stefnumótandi í jafnréttismálum, sinna rannsóknaskyldu, fræðslu og fleira.

2. Í frv. er skýrara ákvæði um skipan jafnréttismála í stjórnkerfinu. Kveðið er á um að félmrh. fari með jafnréttismál. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að samkvæmt núgildandi lögum er stjórnskipuleg ábyrgð ráðherra á jafnréttismálum mjög óljós. Sama gildir um stöðu Jafnréttisráðs í stjórnkerfinu. Forsenda markvissra vinnubragða á þessu sviði er eins og á öllum öðrum að ábyrgð og skyldur séu ljósar. Á þessu er tekið í frv.

3. Samkvæmt frv. er félmrn. heimiluð ráðning jafnréttisráðgjafa sem starfi í náinni samvinnu við Jafnréttisráð. Með þessu ákvæði er komið til móts við óskir sem fram hafa komið um þetta efni, m.a. á Alþingi, þar sem tvívegis hafa verið lagðar fram þingsályktunartillögur um að ríkisstjórninni verði falið að ráða jafnréttisráðgjafa.

Í greinargerðum með þingsályktunartillögunum hefur verið bent á að þrátt fyrir lagaákvæði um jöfnuð kvenna og karla séu konur verr settar en karlar á flestum sviðum þjóðlífsins. Bent er á að konur séu í miklum meiri hluta í láglaunastörfum og að meðallaun þeirra hafa farið lækkandi undanfarin ár í samanburði við laun karla.

4. Í upphaflega frv. var lagt til að beitt yrði öfugri sönnunarbyrði í þeim kærumálum sem kærunefnd jafnréttismála berast. Í þessu fólst að sá sem veitir stöðu eða ræður starfsmann verður að sýna fram á með verulegum líkum að þar hafi kynferði ekki ráðið vali á starfsmanni. Í því frv. sem nú er lagt fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að telji einhver rétt á sér brotinn skuli atvinnurekandi sýna kærunefnd jafnréttismála fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Þessi breyting þýðir að öfug sönnunarbyrði skuli einungis gilda fyrir kærunefnd en ekki í dómsmálum um jafnréttismál.

5. Nefndin, sem endurskoðaði núgildandi jafnréttislög, gerði það að tillögu sinni í upphaflegri gerð frv. að nefna skuli tvo, karl og konu, þegar tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga. Við skipunina skyldi þess síðan gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Ekki tókst samstaða um þessa breytingu við meðferð málsins hér á hv. Alþingi. Hins vegar er nú lagt til að þegar óskað er tilnefningar í stjórnir og ráð verði ávallt á það minnt að í þeim skuli sitja sem næst jafnmargar konur og karlar.

6. Ákvæði er í frv. um heimild til þess að dæma miskabætur, en dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að slíka heimild sé ekki að finna í núgildandi jafnréttislögum. Hér er því um nýmæli að ræða í frv.

7. Þá nefni ég mjög mikilvægt ákvæði í 17. gr. frv. Er þar kveðið á um að félmrh. leggi fyrir Alþingi áætlun um jafnréttismál til fjögurra ára í senn í formi þáltill. Áætlun Jafnréttisráðs og áætlanir einstakra ráðuneyta og stofnana í jafnréttismálum verði síðan felldar inn í þessa heildaráætlun. Lagt er til að áætlun þessi verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Benda má á það nýmæli í frv. að gert er ráð fyrir að einstök ráðuneyti og stofnanir semji áætlanir í jafnréttismálum. Með þessum hætti er Alþingi gefinn kostur á að taka virkan þátt í að móta stefnuna í jafnréttismálum.

Þar sem Jafnréttisráði er ætlað breytt hlutverk frá gildandi lögum er verkefnisgrein ráðsins að nokkru leyti breytt. Annars vegar er kveðið á um það í 2. tölul. greinarinnar að endurskoða eigi stefnumarkandi áætlun ráðsins á tveggja ára fresti. Hins vegar er lagt til að 8. tölul. 15. gr. gildandi laga, sem fjallar um ábendingar við brotum, verði felldur undir verksvið kærunefndar jafnréttismála.

Auk framangreindra verkefna samþykkti félmn. Nd. Alþingis nokkrar aðrar breytingar á verkefnum Jafnréttisráðs eins og þeim var lýst í fyrri gerðum frv. Nd. samþykkti að í 7. tölul. skuli kveðið á um það verkefni ráðsins að taka til rannsóknar, að eigin frumkvæði eða annarra, stöðu kvenna og karla. Einnig samþykkti deildin að bæta nýjum tölulið við greinina þar sem kveðið yrði á um að haldið skuli jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti. Í áliti félmn. kemur fram að gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um skipulag og hlutverk þingsins. Nefndin tekur þó fram í ályktun sinni að eðlilegt sé að verkefni slíks þings séu ráðgjafar- og umsagnarstörf á sviði jafnréttismála fyrir Jafnréttisráð, ekki síst vegna aðildar ráðsins að mótun jafnréttisáætlunar. Um leið gæti þingið orðið vettvangur almennrar umræðu um jafnréttismál og uppspretta og farvegur nýrra hugmynda um þau mál. Nefndin telur jafnframt eðlilegt að aðild að þinginu eigi auk Jafnréttisráðs fulltrúar jafnréttisnefnda, stjórnmálaflokka og fulltrúar félagssamtaka er láta sig jafnréttismál varða.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að frv., eins og því hafði verið breytt í meðförum Nd., var sent Jafnréttisráði til umsagnar í sumar. Í umsögn ráðsins segir m.a. að ráðið telji miður að mörg ákvæði upphaflega frv. hafi verið felld niður í meðförum Alþingis, t.d. tillaga um að lögfesta svonefnda tilnefningarleið þegar tilnefnt er í stjórnir, nefndir og ráð. Jafnframt lýsir ráðið yfir furðu sinni á því að ekki skuli vera samstaða meðal þingmanna um að lögfesta reglur um

sönnunarbyrði í jafnréttismálum sem taki til meðferðar þeirra mála, bæði á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum. Jafnréttisráð vekur athygli á því að þetta gerist á sama tíma og verið sé að yfirfara íslensk lög og reglugerðir með tilliti til reglna Evrópubandalagsins. Ráðið telur hins vegar að frv., eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu félmn. Nd. Alþingis, sé spor í rétta átt. Í frv. sé gert ráð fyrir að lögfesta nýtt fyrirkomulag í framkvæmdaáætlun hins opinbera og gert sé ráð fyrir skýrri lagaheimild til þess að dæma bætur. Enn fremur er lagt til að sérstakri nefnd verði falin meðferð kærumála, svo að nokkur dæmi séu tekin um nýmæli frá núgildandi lögum. Jafnréttisráð telur því æskilegt að frv. verði lögfest í núverandi mynd, þ.e. eftir afgreiðslu Nd. Alþingis í vor.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv., enda fékk það ítarlega umfjöllun á síðasta þingi. Þó að ég hefði viljað sjá mörg ákvæði í þessu frv. á annan veg en það er lagt fram nú, þá hef ég valið þá leið að leggja frv. fram í þeirri mynd sem Nd. afgreiddi það. Fulltrúar allra flokka á þingi stóðu að afgreiðslu frv. með þeim hætti og taldi ég það rétt í þeirri von að um það gæti tekist samstaða hér á Alþingi að lögfesta frv. í þessari mynd.

Ég vil, virðulegi forseti, í lokin einungis láta í ljós þá von að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu á Alþingi þannig að ný jafnréttislög geti tekið gildi sem allra fyrst. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. er þetta frv. ekki nýtt af nálinni. Það komst til nefndar hér í hv. deild á síðasta þingi en tími vannst ekki til þess að afgreiða það. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um það mörgum orðum. Ég vildi aðeins taka undir orð hæstv. félmrh. að ég sé ekki að frv. þurfi að fá langa umfjöllun vegna þess að fjallað hefur verið um það fyrr. Hv. þingdeildarmenn ættu að þekkja efnisatriðin, enda er þetta frv. samkomulagsmál, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. ráðherra. Ég vildi aðeins taka undir þau orð hennar að ég vænti þess að hægt verði að afgreiða þetta frv. nokkuð fljótlega.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi hjóna, 1. umr.

Frv. GHG og SalÞ, 49. mál. — Þskj. 49.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lífeyrisréttindi hjóna en meðflm. er Salome Þorkelsdóttir. Í 1. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra."

Frv. sama efnis var lagt fram af flm. í Ed. á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Það er því endurflutt á grundvelli sömu forsendna og þá. Ég vil, virðulegi forseti, fara nokkrum orðum um það hvað felst í frv. því það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því um hvaða mannréttindaatriði hér er að ræða, þ.e. hversu stórt það er í sniðum, bæði út frá sjónarmiði viðkomandi einstaklinga sem og með tilliti til fjármuna.

Eins og nú er háttað eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Þetta er gífurlega þýðingarmikið atriði, sérstaklega hvað varðar eiginkonu, þar sem t.d. um mörg börn er að ræða og konan bundin af því að annast heimilið í áratugi. Þá getur það gerst og gerist því miður við skilnað að konur, sem eru á aldrinum milli fimmtugs og sextugs og lenda í skilnaði eftir að hafa skilað af sér miklu og góðu ævistarfi við uppeldi og umönnun barna, standa uppi raunverulega réttindalausar á sama tíma sem makinn, eiginmaðurinn, gengur frá búi og börnum og heldur öllu sínu gagnvart eftirlífeyrisréttindum. Í þessu felst þvílíkt ranglæti að það er fullkomlega tímbært að þessu sé breytt og þá sérstaklega með tilliti til þess að samkvæmt lögum eru allir landsmenn sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði skyldaðir til að vera aðilar að lífeyrissjóði.

Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt, eins og hv. þm. vita, og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlega eign rétt eins og aðrar eignir.

Ég mun ekki fjölyrða frekar um þetta, virðulegi forseti, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þarf nú reyndar ekki að hafa mörg orð um þetta litla frv. hér. Eins og fram kemur er ég meðflm. að frv. Ég vildi aðeins árétta það sem kom fram í máli 1. flm., hv. 14. þm. Reykv., að hér er um mikið réttlætismál að ræða og ekki kannski síst vegna þess að það eru einmitt húsmæður sem hafa verið heimavinnandi, kannski allan sinn starfstíma í því hlut-

verki, sem lenda helst í erfiðleikum af þeim ástæðum sem frv. fjallar um. Þær eiga ekki í mörg hús að venda þegar þær sitja eftir með sárt ennið og lífeyrisrétturinn er farinn burt af heimilinu með maka vegna skilnaðar. Ég get ekki séð að það eigi að þurfa að vera flókið mál að leiðrétta þetta. Þess vegna legg ég ríka áherslu á að þetta mál fái góða og skjóta umfjöllun í þeirri nefnd sem fær það til meðferðar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég kem hér einungis til þess að lýsa yfir fyllsta stuðningi við þetta ágæta mál. Það lætur kannski lítið yfir sér við fyrstu sýn en ég hygg að flm., hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Salome Þorkelsdóttir, hafi gert nægilega grein fyrir því. Við vitum um hvað þetta mál fjallar. Þetta er réttlætismál sem hefði auðvitað átt að vera í löggjöf Íslands fyrir lifandi löngu og ber að harma að það var ekki. Nú er þó tími til að bæta hér um. Ég tek undir orð hv. þm. Salome Þorkelsdóttur um að því beri að hraða sem allra mest gegnum þessa hv. deild og vonandi þingið allt. Það er ekki vansalaust að láta þetta liggja í láginni.

Það er auðvitað svo að það er einmitt þetta fé sem helst af öllum fjármunum, af því að það er þó sparifé, þó lítið hafi kannski farið fyrir því í verðbólgu og dýrtíð, það er þó þetta fé sem mest nauðsyn er á fyrir makann að fá við skilnað, þann sem eftir situr, kannski með tvö börn o.s.frv., eins og hefur verið lýst. Þetta eru þó enn þá raunverulegir fjármunir en hitt aflaféð hefur mestallt hjá flestum farið í að framfleyta heimilinu meðan hjónin voru í hjúskap.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæða til þess að fulltrúar fleiri flokka en þess sem hér hafa þegar talað láti í ljós álit sitt á þessu máli. Það vill svo til að fyrir fáeinum dögum, nánar tiltekið á mánudag í síðustu viku, átti ég einmitt tal við einstakling sem hefur góð laun og er í öflugum lífeyrissjóði og hefur starfað í sínu starfi sjálfsagt í ein 30–35 ár. Hann færði þetta í tal við mig og spurði hvers vegna í ósköpunum þessu hefði ekki verið breytt því að hann sagði: Ef við hjónin skildum og ég kvæntist aftur, félli síðan frá, þá ætti mín fyrri kona engan rétt sem hefur deilt með mér súru og sætu í 30–35 ár. Og hann sagði: Þetta getur ekki átt að vera svona. Ég var honum alveg sammála en mundi þá ekki í svipinn að þetta mál var hér komið fram.

Ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Það er í rauninni óskiljanlegt að þessu skuli ekki hafa verið breytt fyrir langalöngu vegna þess að þetta getur haft í för með sér slíkt himinhrópandi ranglæti að það tekur engu tali. Þess vegna fagna ég því að breyting í þessa átt skuli hér fram komin og þykir í rauninni miður að eiga ekki frumkvæðið að þessu sjálfur. En það er auðvitað sama hvaðan gott kemur. Aðalatriðið er að þessi breyting nái fram að ganga vegna þess, og ég endurtek það, að þetta er sannarlega mikið réttlætismál. Það má kannski gera athugasemdir við orðalag hér, en það er ekki mergurinn málsins. Mergurinn málsins er sá að sú hugsun sem í þessu felst nái fram að ganga. Ég fæ ekki séð að það geti verið neinir annmarkar, tæknilegir eða af öðrum toga, sem komi í veg fyrir að þetta mál fái fljóta og greiða afgreiðslu í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar og í þessari hv. deild. Ég mun a.m.k. beita mér fyrir því að svo geti orðið.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er komið fram er raunverulega málefni sem ég var að ýja að um daginn þegar hv. 4. þm. Reykn. misskildi hvað ég var að tala um. Það var einmitt þetta mál sem ég var að benda á að væri réttlætismál sem þyrfti að gæta vandlega að.

Eigi að síður er það svo að allt orkar tvímælis, líka þetta. Það getur nefnilega komið upp sú staða að hjón hafi búið saman í langan aldur og skilið og svo hafi eiginmaðurinn gifst aftur, fyrri kona hans dáið og síðan deyr maðurinn og þá stendur seinni konan, sem hugsanlega er líka gömul og þreytt kona, með afskaplega skertan hlut. Þar af leiðandi álít ég að sú nefnd sem tekur þetta mál fyrir þurfi að fjalla mjög vandlega um þetta og sjá út hvernig hún getur séð við slíkum lekum sem þessum. Þannig er með fleiri hliðar þessa máls. En í heild lít ég svo á að það sé mesta réttlætismál að sú sem hefur deilt kjörum með þeim sem réttindi hlaut eigi að ganga að þeim eftir sem áður eftir skilnað. En svona geta málin verið snúin.

Ég vildi bara benda á að þarna gæti lífeyrisréttur manns orðið að engu eða fast að því.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál kom fyrir á síðasta þingi og fékk nokkra umræðu í hv. fjh.- og viðskn. Ég man eftir því að ég hafði nokkrar efasemdir um hvort það væri rétt að hafa sérstök lög um þetta atriði. Ekki það að ég væri ósammála hugmyndinni, mér finnst hugmyndin mjög góð, en þannig er að í lögum frá 1922 um fjármál hjóna, að mig minnir í 2. mgr. 17. gr., er einmitt fjallað um óljós réttindi sem eiga að skiptast á milli við skilnað. Ég man eftir dómi sem gekk um þetta atriði. Það var þegar kona skildi við flugmann nokkurn og ágreiningur kom upp um hvernig ætti að skipta lífeyrissjóðsgreiðslum en flugmenn greiða miklu hærri lífeyri en almennir launþegar. Og þá minnir mig að niðurstaða Hæstaréttar hafi verið eitthvað á þá leið að það sem var greitt aukalega skiptist á milli hjónanna en það sem félli undir almennu ákvæðin væri réttur eiginmannsins.

Ég mælist til þess þegar þetta mál kemur fyrir í hv. fjh.- og viðskn. að við skoðum mjög gaumgæfilega lögin um fjármál hjóna og athugum hvort það væri ekki rétt að færa þetta þar undir frekar en að setja í sérstök lög. En ég lýsi þeirri skoðun minni að ég er hjartanlega sammála þeirri hugsun sem hér kemur fram og raunar finnst mér að þetta atriði hefði átt að koma miklu fyrr í lög, eins og fleiri ræðumenn hafa talað um hér. En þetta er það sem ég staðnæmist við út af því að það verður eiginlega, að mínu viti, að hafa allt í sömu lögunum, þegar um skilnað er að ræða, þannig

að það væri hægt að taka þetta allt inn í skilnaðaruppgjör á milli hjóna.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil, eins og fleiri hv. þm. hafa gert, lýsa stuðningi við þetta mál. Mér sýnist að hér sé um stórkostlegt réttlætismál að ræða og jafnréttismál jafnframt. Ég get tekið undir þær efasemdir sem komu fram hjá hv. 5. þm. Reykv. um að það megi vera að þetta ákvæði falli betur inn í önnur lög. Það verður eflaust skoðað í meðferð nefndar. En ég vildi bara að það kæmi fram að mér finnst vera hér um mikið réttlætis- og jafnréttismál að ræða sem ég styð.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið undir efni þessa frv. þó að það komi að vísu fram hjá einstaka þingmönnum að hugsanlegt sé að gera þetta í gegnum aðra lagasetningu, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni og hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur.

Það er auðvitað alveg rétt að það sem skiptir hér höfuðmáli er það að efnisatriði þessa frv. komist í höfn með þeim hætti að því réttlæti verði fullnægt sem við leitum eftir í þessu máli. Ég hef af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar hlýt ég að leggja áherslu á að ekki verði farið að gera þessi mál flóknari af tæknilegum ástæðum í meðferð þingsins því það er mjög brýnt að lög sem þessi verði samþykkt sem fyrst. Því miður eru hjónaskilnaðir orðnir mjög tíðir á Íslandi eins og víða annars staðar í hinum vestræna heimi þannig að þetta er að verða mjög alvarlegt vandamál, sérstaklega fyrir þær eiginkonur sem ekki hafa getað starfað úti á hinum almenna vinnumarkaði og öðlast þar einhver lífeyrisréttindi en hafa hins vegar þurft að sinna sínum heimilum á besta tíma síns æviskeiðs. Síðan standa þær frammi fyrir því, komnar á efri ár, eftir að eiginmaðurinn hefur öðlast sín réttindi eftir 30–40 ára starf úti í atvinnulífi eða annars staðar, þá er það orðið of algengt að þeir yfirgefi eiginkonur, skilji við þær og skilji þær einnig eftir réttindalausar. Við vitum allir hv. þm. hversu illa er búið að þeim sem ekki hafa öðlast lífeyrisréttindi í gegnum almannatryggingakerfið þannig að það er ekkert ofmælt þótt sagt sé að það verði að skipta upp þessum rétti milli hjóna.

Hv. þm. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., tók undir og studdi þetta frv. en varpaði fram þeirri hugmynd, eða réttara sagt lét í ljósi þá skoðun, hvort það væri hugsanlegt að það væru einhverjir annmarkar á því að koma þessu í framkvæmd. Það vill svo til að ég er í stjórn eins lífeyrissjóðs sem er mjög fjölmennur og mál þessa eðlis sem hér um ræðir kom upp fyrir rúmu ári. Þótt ekki sé gert ráð fyrir því í reglugerð lífeyrissjóða núna þá er það tæknilega framkvæmanlegt að fylgja þeirri meginreglu sem kemur fram í þessu frv. í lífeyrissjóðunum. Það er ekkert í lögum sem bannar það, ef það er samkomulag milli hjóna sem skilja, að sá háttur skuli viðhafður að skipta þessum réttindum milli þeirra. Það er ekkert í íslenskum lögum sem bannar það né í reglugerðum sjóðanna. Það var þannig að þegar Lífeyrissjóður verslunarmanna stóð frammi fyrir þessu máli fyrir rúmu ári, þá var fjallað um það á þeim grundvelli að eiginmaður í þessu tilviki óskaði eftir því að sú kona sem hann hafði verið kvæntur í tæplega 30 ár öðlaðist helminginn af sínum réttindum. Það var samþykkt í stjórn þessa lífeyrissjóðs og fjmrn., sem fjallar um málefni sjóðanna, gerði ekki athugasemd við það. Þannig að þetta er mjög framkvæmanlegt, eins og nú háttar í dag, ef báðir aðilar eru sammála og stjórnir sjóðanna fallast á þetta. Hins vegar er rétturinn ekki skýr og það hafa komið upp mál, t.d. í sambandi við skilnað opinbers embættismanns þar sem eiginkona fór fram á það að hún öðlaðist hlut af réttindum hans. Því máli var vísað frá af hálfu hins opinbera, þ.e. í þessu tilviki dómsmrn. Þess vegna er það að við flytjum þetta frv., við viljum fá þetta ótvírætt inn í íslenska löggjöf að konan njóti þessa sama réttar.

Hv. þm. Guðrún Halldórsdóttir drap á það að við það að maður, sem hefði langa starfsævi að baki, kvæntist að nýju mundi ný eiginkona öðlast minni réttindi. Ef við gefum okkur það, til að einfalda málið, að hér gæti verið um að ræða 55 eða 60 ára gamlan mann með mikil opinber lífeyrisréttindi og hann skildi við konu sem hann var búinn að búa með í 30–35 ár, giftist síðan annarri yngri, þá hlýtur sú kona náttúrlega að gera sér grein fyrir því að hún getur ekki gengið inn í eignarbú þeirra hjóna með sama hætti eins og sú sem fyrir var. Þannig að mér finnst það ekki óeðlilegt að hin nýja eiginkona yrði að sætta sig við það að hennar lífeyrisréttindi yrðu þá eitthvað minni, eins og nú háttar til.

Ég held að við megum ekki líta þannig á að sá sem hefur skilað góðri starfsævi, hvort sem það er eiginkona eða aðrir, eigi að vera í víkjandi stöðu fyrir því sem er, ég vil segja öðruvísi og kannski afbrigðilegt miðað við þær siðvenjur og réttindi sem við höfum viljað tryggja fólki almennt í gegnum ævina.

Ég lít þannig á að lífeyrisréttindi séu nákvæmlega eins eignamyndandi réttindi og það þegar hjón í sameiningu eignast hús, búslóð, sparifé o.s.frv. Og við skilnað þá skiptist það jafnt milli hjóna. Sama á að sjálfsögðu að gilda um þau réttindi eða þá fjármuni sem hjónin eða makinn hefur lagt inn í lífeyrissjóð.

Ég legg áherslu á það að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi. Þetta er réttlætismál, þetta er mannréttindamál og því miður hefði þetta mál átt að vera komið fram hér á hinu háa Alþingi fyrir löngu síðan. Ég vil því, virðulegi forseti, leggja áherslu á að frv. fái skjóta afgreiðslu hér í Ed. jafnframt því sem ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið undir það að þetta réttlætismál nái fram að ganga.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. 14. þm. Reykv. lagði út af orðum mínum og virtist ekki alveg hafa skilið hvað ég átti við. Það sem ég átti við var það að hugsanlega gæti lífeyrisréttur manns orðið að engu, þ.e. ef fyrri konan hefði fallið frá og maðurinn væri kannski búinn að vera giftur seinni konunni stuttan tíma og félli

síðan frá sjálfur, þá væri enginn sem fengi þessi lífeyrissjóðsréttindi. Það var bara þetta sem ég var að benda á, að það þyrfti að setja undir þennan leka, alls ekki það að seinni kona ætti að hljóta meiri réttindi heldur en fyrri kona, síður en svo. Ég álít að málið í heild sé réttlætismál. Það er bara þessi smáleki sem þarna gæti verið og ég álít að nefndin þurfi að fjalla um þetta og velta vöngum yfir hvernig megi koma þessu fyrir, ef það er hægt að hindra það. Ég er ekki einu sinni viss um að það sé hægt.

Unnar Þór Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni að mér sýnist réttlætismál og ég vil lýsa yfir að ég hlýt að styðja það. Ég hefði gjarnan viljað geta lýst því yfir fyrir minn flokk, Alþb., að það styddi þetta en þar sem þetta mál hefur ekki verið rætt að mér áheyrandi í þeim þingflokki þá get ég að sjálfsögðu ekkert þar um sagt, en ólíklegt þykir mér annað en það fái brautargengi þar.

Ég vil bara segja að ég held að við verðum að treysta þeirri nefnd sem um þetta fjallar til þess að laga þetta frv., ef þar er eitthvað sem stangast á við réttlæti, það réttlæti sem flm. ætlast greinilega til að náist með þessari lagasetningu. Ég held að það væri sóun á tíma okkar hér að vera að ræða það mikið lengur, ég vil einungis að þarna náist hin fyllstu réttindi, hvort sem það er fyrir mann eða konu, aftur á bak eða áfram, eiginlega hvernig sem málið snýst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

7. fundur, þriðjudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Brottfall laga og lagaákvæða, 1. umr.

Stjfrv., 72. mál. — Þskj. 74.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki afgreitt. Ég skal hafa um það mjög stutta framsögu og láta nægja fyrst og fremst að vísa til þess að þetta frv. á rætur sínar að rekja til þál. sem samþykkt var á Alþingi 22. maí 1984. Þá tillögu fluttu Árni Gunnarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Stefán Benediktsson, Davíð Aðalsteinsson og Guðrún Agnarsdóttir. Með þeirri þál. var ákveðið að kjósa nefnd sem fékk m.a. það verkefni að undirbúa hreinsun úreltra ákvæða úr núgildandi lögum og gera tillögur um niðurfellingu lagabálka, sem engum tilgangi þjóna lengur og fella má úr gildi, og um greinar gildandi laga sem eðlilegt er og nauðsynlegt að samræma. Nefndinni voru að vísu falin fleiri verkefni, t.d. að gera tillögur um sömu hreinsun í reglugerðum.

Nefndin hefur talið að eiginlega væri nauðsynlegt fyrsta skref að hreinsa lagasafnið sjálft. Í því hefur verið unnið mjög mikið. Það er rétt að geta þess að í nefndina voru kjörnir 20. júní 1985 eftirgreindir einstaklingar: dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, sem var formaður nefndarinnar og jafnframt má segja vann mikið að því starfi sem hér er um að ræða, Gils Guðmundsson, fyrrv. alþm., Haraldur Blöndal hrl., Hreinn Pálsson lögfræðingur, Margrét Rún Guðmundsdóttir blaðamaður, Már Pétursson héraðsdómari, nú bæjarfógeti og sýslumaður, Sigurður Líndal prófessor, Snædís Guðmundsdóttir dómarafulltrúi og Svala Thorlacius hrl.

Það kemur fram í greinargerðinni að Margrét Rún gat ekki vegna fjarvistar tekið þátt í störfum nefndarinnar. Ármann Snævarr var, eins og ég sagði, formaður en Már Pétursson og Svala Thorlacius voru ritarar nefndarinnar.

Eftir að forsrn. fékk þetta starf lét ég jafnframt senda það öllum ráðuneytum og fól mínum aðstoðarmanni að kalla eftir athugasemdum. Þær komu ekki, enda held ég að þetta mál sé mjög ítarlega unnið og skal ekki fjölyrða um það meira. Mikilvægast er að það komist strax til nefndar. Ég geri mér vonir um að það fái þá afgreiðslu á þessu þingi.

Að þessum orðum mæltum legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Skaðsemisábyrgð, 1. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 36.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skaðsemisábyrgð. Frv. fjallar um skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni sem hljótast kann af ágalla á vöru sem þeir hafa framleitt eða látið af hendi. Frv. var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt. Á liðnu sumri bárust nokkrar umsagnir um það. Þær eru í meginatriðum jákvæðar. Það hafa verið gerðar minni háttar breytingar á frv. í tilefni þessara umsagna og líka hefur verið samin ný og ítarleg greinargerð með því.

Ég tel að hér sé um mjög athyglisvert mál að ræða af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi bætir það stórlega réttarstöðu neytenda. Í öðru lagi er það þáttur í samræmingu viðskiptalöggjafar á Íslandi við það sem

tíðkast í Vestur-Evrópu og í þriðja lagi er það reyndar nauðsynlegt til þess að tryggja vöruútflutningi okkar hindrunarlausan aðgang að innra markaði Evrópubandalagsins og að markaði í öðrum ríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Skaðsemisábyrgð er nefnd produktansvar, product liability eða Produkt Haftung á þeim erlendum tungum sem okkur eru tamastar og er tiltölulga ung grein í skaðabótarétti. Samkvæmt henni er meginreglan sú að sá sem bíður tjón vegna skaðlegra eiginleika framleiðsluvöru geti krafist bóta beint frá framleiðanda eða frá framleiðanda og dreifingaraðila í sameiningu. Meginábyrgðin á hinum skaðlegu eiginleikum liggur hjá framleiðandanum. Ef varan er innflutt tekur þá innflytjandinn eða annar dreifingaraðili á sínar herðar ábyrgð framleiðandans. Á sameiginlegu markaðssvæði margra ríkja er ekki um sérstakan innflytjanda að ræða heldur aðeins framleiðendur og dreifingaraðila

Frv., eins og það liggur hér fyrir, bætir mjög réttarstöðu neytenda ef það verður að lögum. T.d. má nefna að skemmdar matvörur eða gölluð lyf geta valdið heilsutjóni. Sama á við um vélar, tæki og áhöld sem slys hlýst af vegna bilunar eða vanbúnaðar tækjanna. Ýmiss konar vörur geta valdið spjöllum á öðrum munum. Ég nefni lím, þéttiefni eða sement sem geta valdið skemmdum vegna einhverra annmarka þegar þau eru notuð með öðrum byggingarefnum. Þótt neytendur kunni í slíkum tilvikum að geta fengið skaðabótarétt sinn viðurkenndan eftir almennum skaðabótareglum mælir frv. fyrir um stóraukið öryggi neytenda með því að slá fastri hlutlægri ábyrgð framleiðanda og dreifanda og nánari reglum um það hvernig skaðabótaskyldu þeirra er farið. Í því sambandi er lagt til að sú regla verði lögfest að sá sem verður fyrir tjóni geti haft uppi skaðabótakröfu beint við framleiðandann, eða dreifingaraðilann, eða við þá saman. En nú gildir sú regla að hann verður fyrst að bera kröfu sína fram við þann sem seldi honum vöruna og sá aftur að endurkrefja næsta millilið og þannig koll af kolli þangað til leiðin er rakin til framleiðandans. Ef einn hlekkur í þeirri keðju er gjaldþrota, eða hættur rekstri, er eins víst að krafan tapist. Með því að stytta þessa röð er að sjálfsögðu réttur neytenda, eða notenda, vörunnar stórlega bættur.

Að undanförnu hafa mörg ríki Vestur-Evrópu sett lög um skaðsemisábyrgð. Ríki Evrópubandalagsins eru í þessu efni bundin af tilskipun framkvæmdaráðs bandalagsins frá 21. júlí 1985. Tilskipunin mælir fyrir um samræmda löggjöf aðildarríkjanna á þessu sviði. Allmörg þeirra hafa þegar sett lög um efnið en í öðrum aðildarríkjum er löggjöf í undirbúningi. Þá hafa ríki Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, sett slíka löggjöf eða eru í þann mund að gera það. Lög EFTA-ríkjanna hafa mjög tekið mið af löggjöf ríkja Evrópubandalagsins. Ég nefni sem dæmi að í Noregi voru nýlega sett lög um þetta efni sem voru í góðu samræmi við lög Evrópubandalagsríkja og tilskipun ráðsins, sem ég nefndi áðan.

Frv. sem ég mæli fyrir hér er að sínu leyti sniðið eftir lögum Evrópubandalagsríkja. Efni og uppsetning frv. er að mestu í samræmi við dönsku lögin um skaðsemisábyrgð, en tilgangur frv. er m.a. að samræma íslenskar reglur um skaðsemisábyrgð löggjöf annarra Evrópuríkja. Það má færa margvísleg rök fyrir nauðsyn þess. Mikill hluti útflutnings Íslendinga fer til ríkja í Vestur-Evrópu og stór hluti okkar innflutnings kemur líka þaðan. Samræmd viðskiptalöggjöf okkar og annarra Vestur-Evrópuþjóða er til þess fallin að greiða fyrir viðskiptum Íslendinga á Evrópumarkaði. Rýrari ábyrgð íslenskra framleiðenda en keppinauta þeirra mundi síst styrkja samkeppnisstöðu íslenskra útflytjenda og reyndar þegar til lengdar lætur spilla fyrir okkar útflutningsmöguleikum.

Í frv. er tæmandi upptalning á þeim aðilum sem borið geta skaðsemisábyrgð. Grundvöllur bótaskyldunnar er, eins og ég sagði áður, hlutlæg ábyrgð. Þar er um herta ábyrgð að ræða þótt niðurstaðan yrði í flestum tilfellum hin sama og yrði samkvæmt núgildandi skaðabótarétti.

Í 7. gr. frv. er hinni hlutlægu ábyrgð settar vissar skorður í samræmi við ríkjandi sjónarmið í þeirri grein lögfræðinnar sem fjallar um skaðsemisábyrgð. Eitt mikilvægasta álitaefni varðandi reglurnar um skaðsemisábyrgð er hvernig afmarka eigi hugtakið ágalli. Í 5. gr. frv. eru reglur sem fara skal eftir þegar metið er hvort vara sé haldin ágalla. Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að setja í lög tæmandi reglur um þetta efni. Endanlegt mat á því hvort og hvenær um ágalla sé að ræða verður því, eins og áður, að sjálfsögðu í höndum dómstóla.

Í frv. er því slegið föstu hvaða reglur skuli gilda um framkröfur og skiptingu ábyrgðar milli aðila sem bera ábyrgð á sama tjóni. Það dregur úr réttaróvissu. Eitt veigamesta nýmæli frv. er bannið í 12. gr. gegn því að víkja með samningi frá skaðabótareglum þess, þannig að réttur tjónþola, eða hugsanlegs tjónþola, verði minni en reglurnar veita. Frv. tryggir tjónþola því lágmarksrétt sem ekki verður skertur með samningum áður en tjón verður. Álíta verður að frv. mundi ekki ná þeim tilgangi sínum að veita neytendum eðlilega vernd ef þetta nýmæli væri ekki í því.

Í frv. eru nýjar fyrningarreglur. Ekki er þó lagt til að breytingar verði á réttarreglunum um slit fyrninga. Fyrningarreglur þær sem hér er gerð tillaga um eiga við um allar kröfur vegna skaðsemistjóns. Rökin fyrir því að leggja til að fyrningarreglunum verði breytt er að finna í athugasemdunum við 13. og 14. gr.

Eins og ég hef þegar sagt hafa verið gerðar tvær minni háttar breytingar á frv. frá því það var fyrst lagt fram. Í fyrsta lagi er um að ræða eigin ábyrgð þess sem verður fyrir skaðsemisábyrgð. Í umsögnum um frv. hefur verið talið að slíkt ákvæði sé andstætt núgildandi skaðabótareglum auk þess sem það skipti litlu máli sökum þeirrar lágu fjárhæðar sem upphaflega var gerð tillaga um sem eigin ábyrgð.

Í öðru lagi hefur í 8. gr. verið sett hámark á samanlagða ábyrgð framleiðanda vegna líkamstjóns, þar á meðal dauðaslyss, og er lagt til að hámarkið nemi sem svarar 70 milljónum Evrópureikningseininga, ECU. Hámarksfjárhæðin er sniðin eftir löggjöf Evrópu-

bandalagsþjóðanna og nemur um 5,5 milljörðum kr. á núverandi gengi og er hér aðeins sett sem ýtrasti varnagli.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gera einstök ákvæði frv. frekar að umræðuefni að þessu sinni. Eins og ég nefndi áðan hefur verið samin mun fyllri og ítarlegri lögfræðileg greinargerð með frv. en fylgdi því á sl. vori og tel ég því ekki nauðsynlegt að fara nákvæmlega í einstök atriði þess. Ég legg mikla áherslu á að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi en taki gildi fyrst í framkvæmd 1. jan. 1992. Það þarf að sjálfsögðu talsverðan tíma til aðlögunar að ákvæðum frv. ef að lögum verður. Tel ég nauðsynlegt að íslenskum fyrirtækjum gefist ráðrúm til að kynna sér reglurnar sem samþykktar verða og búa sig undir gildistöku þeirra. Það þarf líka að kynna ákvæði þessi ítarlega fyrir almenningi, framleiðendum og dreifingaraðilum og eins þarf að gefa viðskiptalífinu tíma til þess að bæta sína gæðastjórn og kaupa sér vátryggingar gegn hugsanlegri skaðsemisábyrgðarskyldu. Og eins og fram hefur komið þá er brýn nauðsyn á því að vitundin um skaðsemisábyrgð framleiðenda og dreifenda hafi náð hér fótfestu þegar samræmd viðskiptalöggjöf tekur gildi í allri Vestur-Evrópu eins og væntanlega verður hinn 1. jan. 1993.

Virðulegi forseti. Ég geri því að tillögu minni að þessu frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, 1. umr.

Frv. HuJ o.fl., 77. mál (heimildir, tímamörk o.fl.). — Þskj. 79.

Flm. (Hulda Jensdóttir):

Virðulegi forseti. Ljóst er að frv. það til laga sem nú er tekið fyrir á hinu háa Alþingi Íslendinga er vandmeðfarið, og að mati einhverra óþarft. Að ég legg frv. þetta fram byggist að sjálfsögðu á þeirri skoðun minni, og margra annarra, að núverandi fóstureyðingalöggjöf sé alls óviðunandi og þurfi leiðréttingar hið fyrsta.

Frv. sem hér liggur fyrir er lagt fram vegna þess samfélags sem við störfum fyrir, tilheyrum og erum hluti af, vegna barnanna sem hafa rétt til lífs, og síðast en ekki síst vegna þeirra kvenna sem hlut eiga að máli. Frjálsar fóstureyðingar hvetja til fóstureyðinga. Frjálsar fóstureyðingar útiloka þörf fyrir fræðslu varðandi málið. Frjálsar fóstureyðingar leiða til ábyrgðarleysis. Frjálsar fóstureyðingar leiða til þrýstings sem skapar glundroða og leiðir til ákvarðanatöku undir óeðlilegum kringumstæðum. Allt of margar konur sem eiga í tímabundnum erfiðleikum vegna jákvæðs þungunarprófs verða fyrir utanaðkomandi þrýstingi. Að auki er tíminn sem þær hafa til umráða mjög naumur, auk þess að vera sá tími meðgöngunnar sem mörgum konum er erfiður vegna þeirra margvíslegu breytinga sem eiga sér stað í líkamskerfi þeirra, bæði andlega og líkamlega. Það tímaskeið sem hér um ræðir er því afar óheppilegt til stórra ákvarðana. Þess vegna því miður, oft áður en varir, er skaðinn skeður og ekki aftur snúið.

Þeir sem mest hvöttu til fóstureyðingar sem allsherjarlausnar hverfa oftast út úr myndinni eftir að aðgerðin er afstaðin, firrtir allri ábyrgð. Þegar upp er staðið er það konan sem skrifar undir beiðnina og konan sem ber ábyrgðina. Ein stendur hún oftast og óstudd, án þeirrar aðstoðar og þess stuðnings sem hverri konu er nauðsyn eftir aðgerðina fóstureyðing. Konur sem hugleiða fóstureyðingu, konur sem fara í fóstureyðingu njóta ekki þeirrar þjónustu sem er þeim nauðsyn. Sú þjónusta er ekki til í velferðarheilbrigðiskerfinu á Íslandi. Þær standa oftast einar, eins og áður segir, óstuddar, hvernig sem þeim líður. Væri ekki farsælla að þær 17–19 millj. sem fóstureyðingar kosta íslenska skattborgara ár hvert væru notaðar konum til hjálpar og börnum til lífs?

Það er vitað og um það til skýrslur að margar konur sem töldu, áður en þær fóru í aðgerðina fóstureyðing, að hún væri lítið mál hafi eftir á liðið ómældar þjáningar sem jafnvel hafa ekki komið fram fyrr en löngu síðar og þá leitt til alvarlegs heilsubrests. Þess vegna þarf sterka samfélagshjálp til þess að hjálpa og sterkt forvarnarstarf til að fyrirbyggja að fóstureyðing eigi sér stað nema gildar forsendur séu fyrir hendi. Að sjálfsögðu eru til réttlætanlegar forsendur fyrir aðgerðinni sem þá um leið fyrirbyggja þá þjáningu sem handahófskennd, óígrunduð fóstureyðing veldur flestöllum konum.

Hvernig sem við veltum þessu máli eða snúum því förum við ávallt og ævinlega í hring, komum aftur til upphafsins, þ.e. það getur aldrei orðið neitt annað en óbætanlegt tjón fyrir konuna og fyrir samfélagið allt þegar fóstureyðing á sér stað af svokölluðum félagslegum ástæðum, enda ófagur blettur á velferðarsamfélagi sem skilar slíkum þjóðartekjum sem raun ber vitni. Félagsleg vandamál á að leysa með félagslegum úrbótum.

Allt snýst þetta afdrifaríka mál um líf sem kviknaði í móðurlífi, móðurlífi sem ekki var tilbúið til að veita því skjól, umvefja það og umlykja það tímabundið. Hvers á þetta líf að gjalda? Húsaskjólið kom af frjálsum og fúsum vilja í hita stundarinnar. Hvers á það að gjalda að því sé úthýst að ósekju? Og hvaða líf er það sem hér er til umfjöllunar? Það er mannlegt líf og getur aldrei orðið neitt annað en mannlíf hvernig sem á það er litið.

Menn deila hart um það hvenær þetta líf á rétt á að kallast mannlíf, en sú deila mun aldrei taka enda því að hún byggist á skoðunum, alls ekki á staðreyndum. Hins vegar getur enginn neitað því, hvaða skoðanir sem hann hefur, að staðreyndir byggðar á óhrekjanlegum mælingum sýna, svo að ekki verður um villst, að hjarta þess lífs sem þarna hefur tekið sér bústað og farið er að slá eftir þrjár vikur er hjarta manns. Um

7það er ekki deilt. En um hvað snýst þá deilan? Um staðreyndir, um raunveruleika? Nei, alls ekki. Deilan snýst um að óskhyggjan sé viðurkennd sem raunveruleiki, sem staðreynd. Að eiga sína óskhyggju er hluti af lífsframvindunni og ekkert rangt við það nema þegar sú óskhyggja skaðar einhvern annan. Fyrir mér liggur sú staðreynd ljós fyrir sem dagurinn í dag, að óskhyggjan sem hér um ræðir er til komin til þess að firra sig ábyrgð. Ekki óþekkt fyrirbæri, en hér bitnar óskhyggjan á lífinu og þá er hún til skaða og því réttlaus.

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr verður aldrei hjá því komist að lífið sem kviknaði í móðurlífi er manneskja þótt lítil sé og óumdeilanlega varnarlaus. Hún er ekki aðeins varnarlaus fyrstu mánuði sína í móðurlífi. Hún er háð vernd alla meðgönguna svo að hún megi halda lífi. Hið sama gildir þegar þetta líf fullburða, sem hraust og heilbrigt barn, fæðist og grætur við hingaðkomu sína. Það er enn og áfram að fullu og öllu háð vernd og umvefjandi kærleik. Annars getur það ekki lifað.

Hjarta þess lífs sem hér um ræðir er farið að slá eftir þrjár vikur. Eftir 8–10 vikur er það að öllu leyti eins og við, ekkert bætist þar við nema meiri stærð og meiri þroski. Frá samruna þess eggs og þeirrar frumu sem varð upphaf okkar, ykkar hv. þm., og mitt, voru sér einkenni okkar til staðar, kyn, augnlitur, háralitur með meiru. Aldrei fæðist nein manneskja eins. Við erum öll ólík, við erum einstök, við erum sérstök. Okkur er öllum ætlað verk að vinna. Við samruna eggs og frumu er skráð lífssaga manns, og eins og ég leyfi mér stundum að segja: Hver erum við að hindra þá sögu, eða öllu heldur stöðva þá sögu, að hún fái farsælan endi?

Virðulegi forseti. Ástæða er í þessu sambandi til að ýja að þeirri staðreynd að íslensku samfélagi er hætta búin ef fram fer sem hingað til. Að vísu hafa þeir ánægjulegu hlutir gerst að fæðingar hafa aukist lítillega og fóstureyðingum fækkað lítillega, hvort tveggja af hinu góða og sannarlega ánægjuleg tíðindi. Annars blasir sú mynd við, að öllu óbreyttu, að fólk sem nú er á miðjum aldri eða yngra fái ekki brot af þeirri þjónustu sem nú þykir sjálfsögð. Íslenska þjóðarskútan mun ekki haldast á floti ef ekki verður spyrnt við fæti og því síður möguleiki að gera hana út nema með stórfelldum innflutningi vinnuafls, þ.e. að setja á hana erlenda áhöfn. Hvað verður þá um íslenskt þjóðarstolt?

Að öðru leyti vísa ég til þess annars sem segir í frv. því sem hér er til umræðu. Um þá valkosti sem fyrir eru og ber að nýta betur en nú er gert, enda ekki óskað eftir þeim á meðan fóstureyðingar eru nánast frjálsar. Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, vekja athygli hv. þm. á þeirri staðreynd að fullkomið virðingarleysi er viðhaft gagnvart þeim sem minna mega sín með núverandi fóstureyðingalöggjöf. Þessu er skylt að breyta, annað er ekki við hæfi.

Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða, en trú mín er eigi að síður sú að giftusamlega muni til takast, að hv. Alþingi Íslendinga, þingheimur og Íslendingar allir muni taka höndum saman, skoða málið óhlutdrægt í dýptina og komast að þeirri niðurstöðu að farsælla sé að veðja á lífið svo sem kostur er. Frá því verður að vísu aldrei komist að alltaf verða undantekningar sem verður að taka tillit til, enda skilmerkilega tilgreint í frv. því sem hér um ræðir. Okkar er að liðsinna þeim sem í erfiðleikum eiga um lengri eða skemmri tíma. Sú leið ein er við hæfi. Sú leið ein er til farsældar fyrir einstaklinginn, fyrir heildina, fyrir þjóðarbúið allt.

Að þessu sögðu hlýtur að liggja ljóst fyrir að lög þessi höfða til lífsins að fullu og öllu. Þau höfða einnig til mannúðar og til mildi og til þess að öllum, ungum sem öldnum, sé gerð grein fyrir hvað lífið er í raun, að lífið er ekki eitthvað sem má leika sér með samkvæmt geðþóttatilfinningum heldur er skylda hvers og eins að fara um það höndum ábyrgðar, þar sem virðingin fyrir því helgasta sem lífið gefur er í fyrirrúmi. Ef þessa er gætt, og það dregið fram, í uppeldishlutverkum heimila og skóla er það og verður getnaðarvörnin hin allra besta til viðbótar þeirri sjálfsögðu fræðslu sem frv. þetta leggur megináherslu á að verði að veruleika í skólakerfi landsins.

Ég þakka áheyrnina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. SV, 68. mál (breytingar á stjórnarskrá). — Þskj. 70.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 70 hef ég leyft mér að flytja frv. til stjórnarskipunarlaga. Tillögugreinin hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„79. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Tillögu, hvort sem er til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni, má bera upp á Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja deilda með sama hætti og almenn lög skal leggja hana undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Hún skal fara fram eigi síðar en samhliða næstu alþingiskosningum eftir samþykkt hennar á Alþingi. Verði tillagan samþykkt af meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal hún lögð fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr. Stjórnarskrárákvæði þetta tekur þegar gildi."

Frv. þetta var flutt á tveimur síðustu þingum en varð eigi útrætt.

Allt frá stofnun lýðveldisins árið 1944 hefur verið verkefni Alþingis að láta vinna að endurskoðun, eða endurgerð, stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir víðtæka samstöðu á Alþingi og utan þess um nauðsyn endurskoðunarinnar, og á stundum mjög ákveðnar aðgerðir í þá átt, hefur hún ekki tekist. Ákvæði um kosningar til Alþingis eru þó undanskilin. Þeim hefur verið breytt.

Til upplýsinga um nauðsyn breytinga á stjórnarskránni má vísa til fyrri tillagna um breytingar á stjórnarskránni og jafnframt til bréfs umboðsmanns Alþingis til forseta Alþingis, dags. 29. des. 1988. Í því eru rakin fjölmörg atriði sem brýnt er að kveða betur á um í stjórnarskránni en nú er gert.

Nú á tímum víðtækrar kreppu sem tekur til margra þátta þjóðlífsins er sérstök ástæða til að huga að framkvæmd laga og réttar í landinu. Löggjöf um þær stofnanir sem móta framkvæmd laga og réttar og hafa síðustu orðin um dómstólana þarf að vera góð. Sérstaklega á þetta við um lagaákvæði um Hæstarétt Íslands, en til hans má jafnan skjóta úrlausnum annarra dómstóla. Er brýnt að ákvæði um skipan og starfshætti Hæstaréttar séu ítarleg og skýr og þau tryggi borgurunum aðgang að dómstólum, óski þeir þess, og vandaða málsmeðferð. Ákvæði um þetta þurfa að vera í stjórnarskrá því um er að ræða kjarnaatriði í löggjöf réttarríkis.

Þessir mikilvægu kostir fylgja því að breyta ákvæðum 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og hér er lagt til:

1. Samkvæmt ákvæðum 79. gr. þarf samþykki tveggja þinga með kosningum á milli til að ná fram breytingum á stjórnarskránni. Það hefur þann ókost í för með sér að þingmenn á Alþingi sem leggja til stjórnarskrárbreytingar verða að eiga það undir öðru Alþingi, væntanlega með öðrum þingmönnum, að ljúka verkinu.

2. Ekki verður lengur skylt að rjúfa Alþingi strax að lokinni fyrri samþykkt Alþingis á stjórnarskrárbreytingu. Þetta atriði er mjög veigamikið þegar fyrir liggur endurgerð flestra þátta stjórnarskrárinnar. Miklu auðveldara verður að ná fram stjórnarskrárbreytingum í áföngum samkvæmt ákvæðum tillögunnar en samkvæmt gildandi stjórnarskrá.

3. Tillagan gerir ráð fyrir að ný stjórnarskrárákvæði hljóti samþykki meiri hluta kosningarbærra manna í landinu með sama hætti og nú er kveðið á um breytingar á kirkjuskipaninni í landinu. Verði hún samþykkt verða ný stjórnarskrárákvæði „þjóðarlög" í þeim skilningi að þjóðin sjálf hefur staðfest þau. Það er mikilsvert til þess að auka gildi stjórnarskrárákvæða gagnvart öðrum reglum og tengir jafnframt þjóðina sjálfa við mikilvægustu samfélagslegu gildin og mikilvægustu lögin.

Ég vísaði hér áður, virðulegur forseti, til bréfs umboðsmanns Alþingis sem hann sendi forsetum Alþingis 29. des. 1988. Ég vil lesa það bréf, með leyfi forseta, þar sem fram kemur í þessu bréfi hvað það er brýnt að stjórnarskráin sé tekin til endurskoðunar og henni breytt. Bréfið er þannig:

„Forsetar Alþingis, Alþingi við Austurvöll.

Á grundvelli 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, tel ég ástæðu til að vekja athygli á ófullkomnum ákvæðum til verndar mannréttindum í íslenskum lögum.

Ég bendi á að í íslensku stjórnarskrána vantar almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Sem dæmi má nefna skoðanafrelsi, jafnrétti, bann við afturvirkum refsilögum, vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um félagsleg mannréttindi eru og fábrotin.

Mörg mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar eru ófullkomin af ýmsum ástæðum. Ákvæði 63. og 64. gr. um trúfrelsi, 66. gr. um friðhelgi heimilisins, 72. gr. um prentfrelsi og 73. gr. um félagafrelsi hefta ýmist í engu eða að takmörkuðu leyti vald löggjafans. Sum mannréttindaákvæði ganga skammt efni sínu samkvæmt. Ákvæði 72. gr. nær þannig aðeins til prentfrelsis en eigi til tjáningarfrelsis almennt. 65. gr. fjallar fyrst og fremst um handtöku sem er liður í rannsókn refsimála, en frelsi og réttaröryggi almennt nýtur þar ekki verndar. 66. gr. verndar ekki einkalíf manna yfirleitt heldur takmarkast við ákveðna þætti þess.

Ég vísa einnig til þess að Ísland er aðili þýðingarmikilla alþjóðasamninga um mannréttindi. Ég nefni hér Evrópuráðssamninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu) frá 4. nóv. 1950, ásamt síðari viðaukum, alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna) frá 16. des. 1966, Félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. okt. 1961 og alþjóðasamning (Sameinuðu þjóðanna) um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. des. 1966. Aðstaðan er hér sú að íslensk lög ganga a.m.k. að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar. Getur þetta valdið vanda í lagaframkvæmd hér á landi og jafnframt orðið til þess að íslenska ríkið verði dregið til ábyrgðar fyrir þeim alþjóðastofnunum sem ætlað er að framfylgja nefndum mannréttindasamningum.

Úrbætur í ofangreindu efni virðast mér einkum geta orðið með tvennum hætti. Fyrst er að nefna endurskoðun mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar. Legg ég áherslu á að endurskoðun stjórnarskrárinnar er brýn einnig af öðrum ástæðum sem ég rek ekki frekar að þessu sinni. Skoðun mín er sú að setning nýrrar stjórnarskrár hafi dregist úr hófi, að frátöldum breytingum er varða kosningar til Alþingis.

Ég tel einnig að mjög kæmi til greina að umræddir mannréttindasáttmálar eða hlutar þeirra verði teknir í íslensk lög. Þar rísa að vísu ýmis álitamál er að sumu leyti tengjast annarri víðtækari spurningu um það hvernig háttað sé tengslum íslensks réttar og alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, og hvaða stefnu beri að móta á því sviði. Vísa ég um það nánar til meðfylgjandi greinargerðar Stefáns Más Stefánssonar prófessors sem hann hefur samið á vegum embættis míns.

Á árinu 1989 verður víða minnst merks áfanga í sögu mannréttinda. Að mínum dómi ætti vel við að ríkisstjórn og Alþingi mörkuðu á því ári þáttaskil að því er varðar vernd mannréttinda hér á landi. — Virðingarfyllst, Gaukur Jörundsson."

Ég taldi ástæðu til þess að vekja athygli á þessu bréfi sem er orðið rúmlega tveggja ára gamalt. Ég hef ekki orðið var við mikil viðbrögð í því að taka það til meðferðar. Hins vegar eru nefndir nú á vegum þingsins að kanna stjórnarskrá og fleira í því sambandi og tel ég að þessa tillögu og þetta bréf ætti að taka upp í

þeirri nefnd, en formsins vegna legg ég til að þessu frv. verði vísað til allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

10. fundur, þriðjudaginn 30. okt., kl. 3.30 síðdegis.

Fjáraukalög 1990, 1. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 57.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990. Það er annað frv. sem flutt er á þessu ári til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár. Frv. er þess vegna enn frekari staðfesting á þeirri nýskipan í ríkisfjármálum sem hófst hér á síðasta þingi eftir 70 ára hlé, að flytja á gildisári fjárlaga fjáraukalagafrumvörp til breytingar á gildandi fjárlögum.

Fyrra frv., sem afgreitt var á vorþingi fyrir árið 1990, var flutt í kjölfar kjarasamninganna milli aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisins og BSRB hins vegar til að afla nauðsynlegra heimilda til breytinga á útgjöldum ríkissjóðs vegna kjarasamninganna.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt höfðu, fram til haustþingsins 1989, í u.þ.b. 70 ár, fjáraukalög verið lögð fram eftir að fjárlagaárinu var lokið, oftast nokkrum árum síðar, til staðfestingar á útgreiðslum úr ríkissjóði umfram fjárlög. Það var auðvitað ljóst að sú skipan mála veitti alls ekki nauðsynlegt aðhald í ríkisfjármálum, né heldur veitti Alþingi þann nauðsynlega rétt að geta haft áhrif á og tekið ákvarðanir um ríkisútgjöldin á yfirstandandi ári. Sá nýi háttur sem núv. ríkisstjórn beitti sér fyrir, að flytja fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár, hafði það að meginmarkmiði að koma á festu í ríkisfjármálunum og hindra að veittar væru aukafjárveitingar í hinum gamla stíl þess heitis án heimildar Alþingis. Ég held að hægt sé að fullyrða að á því ári sem nú er að líða hafi ekki verið teknar af hálfu fjmrh. ákvarðanir um sérstakar aukafjárveitingar í þeim stíl sem áður var gert umfram þær heimildir sem voru í gildandi fjárlögum.

Í því frv. sem ég mæli hér fyrir er sótt um heimildir sem nauðsynlegar eru taldar vegna skuldbindinga ríkissjóðs, vegna samþykkta Alþingis og vegna verkefna sem áhersla er lögð á að ljúka á þessu ári. Jafnframt er leitað heimilda til fjárgreiðslna vegna rekstrarvandamála nokkurra stofnana. Þetta er gert til þess að í endanlegu uppgjöri ríkissjóðs fyrir árið 1990 þurfi ekki að sækja um umtalsverðar heimildir til uppgjörs á rekstri ársins. Við endanlegt uppgjör fyrir árið 1990 er stefnt að því að umframgreiðslur á þessu ári komi til frádráttar heimildum í fjárlögum á næsta ári.

Samkvæmt upphaflegum fjárlögum fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði 3,7 milljarðar kr. Eins og kynnt var í fjáraukalögum á sl. vetri höfðu kjarasamningar áhrif á afkomu ríkissjóðs með tvennum hætti. Annars vegar ákváðu stjórnvöld að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum til að greiða fyrir gerð kjarasamninganna. Fólst það í hvoru tveggja í senn, lægri sköttum og auknum ríkisútgjöldum. Hins vegar breyttust verðlagsforsendur fjárlaga til lækkunar. Sú lækkun kom fyrr fram á tekjum ríkissjóðs en á gjaldahlið og hafði þannig neikvæð áhrif á rekstrarafkomu ríkissjóðs. Til að vega upp á móti þessu voru útgjöld lækkuð. Í heild leiddu fjáraukalögin til um 850 millj. kr. aukningar á rekstrarhalla ríkissjóðs sem ætlað var að yrði rúmir 4,5 milljarðar kr. Gert var ráð fyrir að þessi halli yrði að fullu fjármagnaður innan lands og eru allar horfur á því og reyndar vissa nú að því markmiði verði náð.

Afkomuhorfur ríkissjóðs í lok árs hafa verið endurmetnar og er nú reiknað með að hallinn verði 4 milljarðar 960 millj. kr. og er það um 400 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í maí. Nokkur frávik verða bæði á tekna- og gjaldahlið. Þannig má áætla að tekjur verði 92,6 milljarðar kr. í stað 88,9 milljarða kr. í fjáraukalögum. Heildargjöld stefna hins vegar í 97,5 milljarða í stað 93,5 milljarða kr. í fjáraukalögum. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs var í fjáraukalögum áætluð 4,1 milljarður kr. en er nú samkvæmt endurskoðaðri áætlun metin á 6,2 milljarða kr.

Að frátöldum auknum rekstrarhalla ríkissjóðs má einkum rekja aukna lánsfjárþörf ríkissjóðs til meiri lánveitinga til sveitarfélaga og B-hluta fyrirtækja. Heimild til þessarar lántöku er í lánsfjárlögum og hefur verið ákveðið að ríkissjóður afli umræddra lána og endurláni til fyrirtækjanna í stað þess að þau taki lánin beint þar sem það þykir hagkvæmara.

Ef vikið er að tekjum er allt útlit fyrir að heildarinnheimtan verði talsvert meiri á þessu ári en áður var áætlað eða kringum 92,6 milljarðar kr. Þetta eru um 3,6 millj. kr. hærri tekjur en reiknað var með í fyrri áætlun og nemur aukningin rúmum 4%. Þessi aukning skýrist einkum af tvennu. Annars vegar skilaði álagning opinberra gjalda fyrir gjaldaárið 1990 meiri tekjum en gert hafði verið ráð fyrir. Munaði þar mestu um tekjuskatt fyrirtækja og félaga sem skýrist væntanlega af betri afkomu þeirra á árinu 1989 en áður var talið. Þá hefur hert innheimta á eldri skuldum skilað ríkissjóði talsverðum viðbótartekjum, einkum á fyrri helmingi ársins. Er þetta m.a. vegna þess að upptaka virðisaukaskatts hefur ýtt undir uppgjör á ógreiddum sköttum, bæði tekju- og eignarsköttum og launatengdum gjöldum, en fyrirtæki fá ekki virðisaukaskatt af aðföngum sínum endurgreiddan nema þau séu skuldlaus við ríkissjóð. Það er því ánægjulegt að geta fagnað því hér að þessar tvíþættu aðgerðir til þess að bæta skattinnheimtu ríkissjóðs og stuðla að betra siðferði í þeim efnum, annars vegar hinar sérstöku innheimtuaðgerð-

ir sem farnar hafa verið að tilhlutan fjmrn. og hins vegar sú skattkerfisbreyting sem fólst í virðisaukaskattinum, hafa hvorar tveggju skilað mun betri tekjum en áður var og er það ánægjulegt að skattkerfið skuli vera orðið skilvirkara með þessum hætti.

Af öðrum frávikum á tekjuhlið má nefna að innheimta virðisaukaskatts varð heldur meiri á fyrri hluta árs en búist var við. Sú viðbót kemur nær eingöngu fram í meiri tekjum af innflutningi. Á móti auknum virðisaukaskatti af innflutningi vegur síðan tvennt. Annars vegar að niðurfellingu virðisaukaskatts af íslenskum bókum var flýtt fram til 1. sept. og hins vegar að ákveðið hefur verið að veita áfram gjaldfrest í tolli. Að þessu samanlögðu er nú reiknað með að innheimtar tekjur ríkissjóðs í heild af virðisaukaskatti verði 600 millj. kr. meiri á þessu ári en áður var talið. Er það athyglisverð staðreynd í ljósi þess að fjölmargir spáðu því að virðisaukaskatturinn mundi skila mörgum milljörðum meira en áætlað var í fjárlögum fyrir árið.

Þá er búist við að tekjur af innflutningsgjöldum verði nokkru meiri í ár en áætlað var. Þar á jöfnunargjaldið stærstan hlut að máli vegna þess að það hefur staðið lengur en gert var ráð fyrir í upphafi. Hins vegar verður innan tíðar lagt fyrir þingið frv. um niðurfellingu jöfnunargjaldsins í áföngum á næsta ári, þannig að Alþingi getur fyrir áramót afgreitt það frv. og þar með ákveðið skýrt hver endalok jöfnunargjaldsins verða.

Á móti þessum tekjum af jöfnunargjaldinu á árinu 1990 vega þær skattbreytingar sem stjórnvöld ákváðu í júlímánuði og aftur nú nýverið með lækkun tolla á bensíni til að halda aftur af verðlagshækkun. Er ljóst að ríkissjóður hefur látið af nokkrum tekjum til þess að stuðla að framgangi þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í febrúarmánuði, og er það eitt af mörgu sem gert hefur verið af hálfu ríkissjóðs og ríkisstjórnarinnar til þess að stuðla að því að þjóðarsáttin svokallaða skili jákvæðri niðurstöðu.

Ef vikið er að útgjöldunum voru samkvæmt fjáraukalögunum sem samþykkt voru hér í vor útgjöld ríkissjóðs áætluð 93,5 milljarðar kr. Útgjaldahorfur til loka árs hafa nú verið endurmetnar og er niðurstaðan að útgjöld ríkissjóðs munu verða um 4 milljörðum kr. hærri. Er athyglisvert að u.þ.b. helmingur þeirrar upphæðar er vegna þriggja til fjögurra útgjaldaliða. Bendir sú staðreynd eindregið til þess að hvað ríkisútgjöldin í heild snertir hafi tekist að halda þeim í böndum. Rekstur stofnana ríkisins er, sem betur fer, almennt í böndum á þessu ári og framkvæmd fjárlaganna hefur gengið mjög vel og má þakka það bæði stöðugra verðlagi og þeim bættu vinnubrögðum við áætlanagerð og eftirlit með framkvæmd fjárlaga sem tekin hafa verið upp á síðustu missirum. Má í því sambandi vekja athygli á því að árið 1987 og 1988 voru á þessum árstíma bæði árin komin umtalsverð viðbótarútgjöld í rekstri ríkissjóðs, stöður og önnur rekstrarútgjöld langt umfram það sem áætlað hafði verið í fjárlögum. Það hefur tekist með bættum vinnubrögðum að taka alveg fyrir slíkt þannig að í heild sinni, ef litið er yfir hinn mikla fjölda ríkisstofnana, hefur gengið mjög vel að halda útgjöldum þeirra innan ramma fjárlaganna.

Að meginhluta á sú útgjaldaaukning sem í þessu frv. felst, 4 milljarðar, rætur að rekja til nokkurra afmarkaðra þátta eins og ég gat um áðan. Fimm þættirnir hafa í för með sér útgjöld sem nema 2,4 milljörðum kr. eða í kringum 60% af þeirri upphæð sem hér um ræðir. Þar vega langþyngst aukin útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála, þar á meðal lyfjakostnaður sem er sá útgjaldaliður ríkisins sem mest hefur farið fram úr því sem áformað var í fjárlögum. Þessi liður, heilbrigðis- og tryggingamál, nemur samtals 1 milljarði 260 millj. kr., eða rúmum fjórðungi af allri upphæðinni.

Kostnaður ríkisins vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga sem þingið samþykkti hér á sínum tíma hefur í heild reynst miklu meiri en ætlað var, og er satt að segja nauðsynlegt að ráðuneytin fari í samvinnu við sveitarfélögin mjög ítarlega yfir það hvernig kostnaðarskiptingin af verkaskiptingunni hefur verið í reynd því ljóst er að veruleikinn hefur skilað ríkissjóði miklu stærri útgjaldaböggum á þessu sviði en flestir kunnáttumenn reiknuðu með og mun meiri en gert var ráð fyrir í þeim gögnum sem lögð voru fyrir þingið hér á sínum tíma. Rekja má um 280 millj. kr. af útgjaldaauka ríkisins til þessa viðbótarkostnaðar enn á ný við flutning verkefna frá sveitarfélögunum sem felur þess vegna í sér að sama skapi útgjaldaminnkun hjá sveitarfélögunum.

Þau útgjöld sem leiðir beint af samþykktum Alþingis nema 320 millj. kr. Þar eru vegamálin þyngst á metum, einkum aukinn kostnaður vegna snjómoksturs í tengslum við þau erfiðu veður sem voru hér í fyrravetur.

Í fjórða lagi er ákveðið að fé til Endurbótasjóðs menningarstofnana, sem upphaflega var reiknað með að yrði tekið að láni, verði greitt sem framlag úr ríkissjóði. Greiðslustaða ríkissjóðs breytist ekki við þetta en 300 millj. kr. eru nú bókaðar sem útgjöld í stað lánveitingar áður.

Um 280 millj. kr. eru vegna hallareksturs ríkisstofnana frá fyrra ári, þ.e. 1989, og koma til greiðslu á þessu ári. Þar, samkvæmt venju, skipta sjúkrahúsin og aðrar heilbrigðisstofnanir mestu. Ef þessari upphæð er bætt við hina fyrstu sem ég rakti hér, aukin útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála, er ljóst að í kringum 1,5 milljarðar af þessum 4 milljörðum eru viðbótarútgjöld vegna heilbrigðis- og tryggingamála. Er það verðugt umhugsunarefni fyrir þingheim þar sem miklar kröfur eru í þjóðfélaginu og á þingi um aukna þjónustu við sjúka og aldraða á öllum sviðum heilsugæslu og læknisþjónustunnar að sífellt verður kostnaðurinn við þessi verkefni stærri og stærri og mun reynast mjög erfitt á næstu árum að glíma við þann útgjaldaauka og mæta þeim kröfum um bætta þjónustu sem uppi eru í heilbrigðiskerfinu öllu innan núverandi ramma ríkisfjármálanna. Það verður þess vegna eitt af stærri verkefnum næstu ára að vega það og meta hvað mikið fjármagn á að fara til heilbrigðiskerfisins og tryggingakerfisins í heild.

Auk þeirra þátta sem ég hef hér nefnt má geta sér-

staklega aukinna útgjalda við rekstur skóla, einkum framhaldsskóla, vegna fjölgunar nemenda og nýrra rekstrarhátta, samtals um 150 millj. kr., aukins kostnaðar við skýrslu-, vinnslu- og tölvumál í skattkerfinu í kjölfar kerfisbreytinganna, sem reyndust mun dýrari og umfangsmeiri í tölvuvinnslu en áður var ætlað, eða alls um 220 millj. kr., og aukins rekstrarkostnaðar í dómskerfinu af ýmsum ástæðum en þó einkum vegna umfangsmikils málarekstrar í einstökum málum og ber þar kannski hæst Hafskipsmálið.

Til að ljúka uppgjöri endurgreiðslu á söluskatti til atvinnuveganna er hér lagt til að 200 millj. kr. verði veittar til viðbótar í þennan lið. Þessi liður hefur verið einn af óvissuliðunum við fjárlagagerð en kemur nú til kasta þingsins í síðasta sinn vegna upptöku virðisaukaskattsins um síðustu áramót.

Ýmis önnur útgjöld sem nema minni upphæðum er að finna í þessu frv. Vil ég nefna sérstaklega 65 millj. kr. til hafnamála vegna afleiðinga óveðursins við suðurströndina í janúarmánuði, 140 millj. kr. vegna hjálparstarfs sem Íslendingar hafa ákveðið að taka þátt í vegna ástandsins við Persaflóa. Þá er einnig athyglisvert að kostnaðurinn við viðræðurnar milli EFTA og EB, sem Alþingi ræddi hér í gær, felur í sér að hér er óskað eftir 70 millj. kr. til viðbótar í þann lið. Eru það þá orðnar einhverjar dýrustu milliríkjaviðræður sem Íslendingar hafa tekið þátt í og er engan veginn allur kostnaður enn kominn fram.

Að loknu endurmati á útgjaldalið í ágúst kynnti fjmrn. nýja áætlun um afkomuna á árinu og var þá gert ráð fyrir u.þ.b. þriggja milljarða útgjaldaauka. Sú breyting sem síðan hefur orðið á þeirri áætlun er fyrst og fremst til komin vegna aukinnar fjárþarfar til sjúkratrygginga, vegna þess að ákveðið var að hætta við lántöku í þágu Endurbótasjóðs menningarstofnana og enn fremur vegna framlagsins til hjálparstarfs í Persaflóadeilunni.

Ég vil geta þess hér, vegna þess að ég tel mikilvægt að halda því til haga, að þegar ríkisstjórnin hafði ákveðið að beita sér fyrir að 140 millj. kr. yrðu veittar til hjálparstarfsins við Persaflóa og Rauði krossinn taldi nauðsynlegt að þeir fjármunir kæmu til greiðslu áður en Alþingi kæmi saman ákvað ég að óska eftir fundi með hv. fjvn. og formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar, til þess að kynna þeim þessa tillögu og óska eftir samþykki þeirra við því að þetta fé yrði greitt út áður en Alþingi kæmi saman. Ég tel nauðsynlegt að geta þessa hér vegna þess að ég tel það mikilvægt sem fordæmi um vinnubrögð í framtíðinni að ef ríkisstjórn telur nauðsynlegt, á þeim tíma sem Alþingi situr ekki, að greiða út úr ríkissjóði umtalsverðar upphæðir sem ekki er að finna í fjárlögum séu þau mál kynnt fyrir fjvn. og formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar svo allir aðilar hér á Alþingi hafi tækifæri til þess að tjá sig um þau mál áður en fjárhæðirnar eru endanlega greiddar út úr ríkissjóði.

Ég þakka fyrir þær góðu undirtektir sem málið fékk í fjvn. og af hálfu forustumanna þingflokka stjórnarandstöðu. Vona ég að þessari reglu verði fylgt í framtíðinni, því auðvitað geta alltaf komið upp tilvik eins og hér um ræðir sem enginn sér fyrir þegar fjárlög eru afgreidd og Alþingi situr ekki þegar greiðslurnar þarf að inna af hendi. Er þá mikilvægt að þeirri vinnureglu sem ég var hér að lýsa verði fylgt í framtíðinni.

Í fjárlögum 1990 var gert ráð fyrir að lántökur yrðu alls 8 milljarðar 995 millj. kr. Innlendar lántökur voru áætlaðar 6 milljarðar 625 millj. kr. og erlendar lántökur 2 milljarðar 370 millj. kr. Með fjáraukalögum var innlend fjáröflun hækkuð um 850 millj. kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er lánsfjárþörfin nú talin verða 12 milljarðar 560 millj. kr. Aukningin frá fjáraukalögum skýrist af uppgjöri á 2 milljarða kr. yfirdráttarskuld við Seðlabankann í lok ársins 1989, auknum lánveitingum að fjárhæð 300 millj. kr. og 415 millj. kr. meiri rekstrarhalla ríkissjóðs.

Eins og ég gat um áður eru horfur um innlenda fjáröflun til áramóta mjög góðar. Áætlað er að sala ríkisvíxla umfram innlausn verði 3 milljarðar 800 millj. kr. Nú þegar er búið að tryggja sölu spariskírteina fyrir um 6,3 milljarða kr. á árinu á þeim frjálsa samkeppnismarkaði verðbréfa sem hér hefur þróast í landinu. Er það satt að segja ótrúlega jákvæður árangur, sérstaklega þegar horft er til þeirra efasemda sem margir höfðu uppi um það á síðasta þingi að slíkt mundi takast.

Það liggur þess vegna ljóst fyrir að unnt verður á þessu ári að mæta allri lánsfjárþörf ríkisins hér innan lands og er það fyrsta árið um mjög langt árabil, sem telja verður í áratugum, þar sem ríkissjóði tekst við slíkar aðstæður að fjármagna fjárþörf sína algjörlega á innlendum samkeppnismarkaði. Slíkt er veigamikil forsenda þess stöðugleika sem nú ríkir í efnahagsmálum okkar. En til viðbótar við það að ná 100% fjármögnun hér innan lands bendir margt til þess að árangurinn geti orðið slíkur að þar til viðbótar verði hægt að taka inn 2 milljarða yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum vegna hallarekstursins á árinu 1989 sem þá þarf ekki að fjármagna með erlendri lántöku. Enn fremur er hugsanlegt að einhver viðbót verði þá eftir til þess að greiða niður erlend lán með innlendri lánsfjáröflun.

Útstreymi á lánahreyfingum er talið verða óbreytt frá fjáraukalögum þegar á heildina er litið. Hins vegar verða breytingar á einstökum liðum. Áætlað er að innheimtar afborganir veittra lána verði um 440 millj. kr. lægri. Greiddar afborganir verða 960 millj. kr. undir áætlun, en það skýrist af samningum sem gerðir voru við banka um yfirtöku skulda ríkissjóðs í Seðlabankanum að fjárhæð 3 milljarðar 517 millj. kr. Við þessa aðgerð falla niður á þessu ári afborganir hinna yfirteknu lána að fjárhæð 960 millj. kr. Innlausn spariskírteina er áætluð 400 millj. kr. lægri en í fjárlögum. Skýrist sá munur af minni innlausn flokka sem ekki eru á lokagjalddaga.

Veitt lán eru talin verða 1 milljarði 200 millj. kr. umfram áætlun. Þar er um að ræða lánveitingar með ábyrgð ríkissjóðs, sem samkvæmt heimild í lánsfjárlögum má færa um Endurlán ríkissjóðs en í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir beinni lántöku hjá sjóðum eða bankakerfi. Á móti þessari lánveitingu er lántaka þannig að áhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs eru engin.

Á miðju ári 1990 yfirtók ríkissjóður skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þessi uppgjörsmál hafa ekki áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs og koma þar af leiðandi ekki fram í þessu uppgjöri. Þessi yfirtaka er hliðstæð yfirtöku ríkissjóðs á orkuskuldum og ýmsum öðrum skuldum á fyrri árum. Þær hafa verið færðar í ríkisreikning á rekstrargrunni en aldrei í greiðsluyfirliti ríkissjóðs. Samkvæmt samkomulagi sem gert var við Seðlabankann 8. júní 1989 gjaldfalla þessar skuldbindingar um mitt næsta ár.

Má þá nefna að í ríkisreikningi ársins 1989 var til bráðabirgða fært á skammtímahreyfingar skuldabréf vegna uppgjörs gamla Útvegsbankans gagnvart Íslandsbanka. Í byrjun árs 1990 var gengið formlega frá þessu uppgjöri á þann hátt að í stað þess að gefa út skuldabréf til langs tíma voru Íslandsbanka afhent spariskírteini að fjárhæð 928 millj. kr. og ríkisvíxlar að fjárhæð 273 millj. kr. Þessi uppgjörsháttur hefur ekki áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs og er ekki hluti af þeirri fjáröflun sem ætluð er til að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs heldur aðeins tilfærsla milli skammtíma- og langtímalánahreyfinga. Því þykir eðlilegra í þessum samanburði að draga þessa sölu spariskírteina og ríkisvíxla frá annarri sölu þannig að hún kemur ekki fram í tölum um sölu spariskírteina og ríkisvíxla í því yfirliti sem ég greindi frá hér áðan.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í upphafi er flutningur þessa fjáraukalagafrv. enn frekari staðfesting á þeim nýju vinnubrögðum í ríkisfjármálum sem tekin hafa verið upp hér á síðustu tveimur árum. Þessi nýju vinnubrögð hafa skapað aukna festu í stjórn ríkisfjármála. Ég er fullviss um það að sú staðreynd að í tíð núverandi ríkisstjórnar eru flutt með reglubundnum hætti frv. til fjáraukalaga hafi dregið úr kröfugerðum ráðuneyta og ríkisstofnana um viðbótarfjárframlög vegna þess að menn gera sér grein fyrir því að þá þarf að reiða fram réttlætingu og skýringar á þeim óskum á því ári sem greiðslurnar eru veittar en ekki mörgum árum síðar eins og búið var að venja menn á hér í hinu gamla kerfi.

Ég tel þess vegna að þessi formbreyting í ríkisfjármálunum ein og sér hafi með beinum og óbeinum hætti stuðlað að aðhaldi og traustari vinnubrögðum og breyttum viðhorfum í ríkiskerfinu öllu. Viðhorfabreytingu sem hefur það í för með sér að menn líta nú fyrst í eigin barm áður en þeir hlaupa til og óska eftir meira fjármagni, skoða sína eigin stöðu vel og rækilega áður en þeir ganga fram og biðja um viðbótarfé vegna þess að menn vita að ekki verður orðið við þeirri ósk við skrifborð fjmrh. eins og gert var undir gamla kerfinu, heldur verður að fara með þá ósk inn í ríkisstjórnina, inn á Alþingi og til fjvn. áður en kemur til greiðslu. Sú aðferð að taka málin þannig fyrir með formlegum hætti á yfirstandandi ári hefur skapað viðhorfabreytingu í ríkiskerfinu öllu sem ég hef orðið mjög greinilega var við og tel að hljóti að vera öllum fagnaðarefni sem á undanförnum árum hafa barist fyrir breytingum og bættum vinnubrögðum í stjórn ríkisfjármála.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að þakka fjvn. fyrir góða samvinnu um þessa nýskipan. Á síðasta þingi áttum við góða samvinnu við fjvn. um að ganga endanlega frá formi þeirra fjáraukalaga sem þá voru afgreidd. Ég lýsti því í framsöguræðu minni fyrir fyrra fjáraukalagafrv. yfirstandandi árs að það væri lagt fram án þess að endanlega væri gengið frá forminu, til þess að geta, í samvinnu við fjvn., mótað þær vinnureglur og þær formreglur sem tíðkast skyldu til frambúðar. Ég vil einnig sérstaklega þakka fyrir það hér að á undanförnum vikum hefur tekist góð samvinna við fjvn. í aðdraganda þess að þetta frv. er flutt og einnig um frv. sjálft eftir að það var lagt fram á Alþingi þótt ekki sé mælt fyrir því fyrr en nú.

Ég tel að góð samvinna og góður skilningur milli fjmrn. og fjvn. sé mjög mikilvægur ef því sameiginlega markmiði okkar allra, að festa þessa nýskipan í sessi, á að verða komið heilu í höfn. Það er einnig mikilvægt að frv. af þessu tagi sé ekki lengi til meðferðar í þinginu til þess að það geti í reynd orðið stýritæki og Alþingi, ef það svo kýs, haft aðra skoðun á fjárveitingum til ýmissa þeirra liða sem hér eru gerðar tillögur um.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni áður að ef þessi nýskipan í ríkisfjármálum á að verða traust til frambúðar tel ég óhjákvæmilegt að rætt sé í alvöru um að Alþingi komi fyrr saman til funda en nú, t.d. fyrri hluta septembermánaðar, og þá sé lagt fram fjárlagafrv. fyrir næsta ár og fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár. Reynt sé að afgreiða fjáraukalögin áður en síðasti ársfjórðungur ársins hefst, þannig að þau geti í reynd verið áhrifaríkt stjórnunar- og eftirlitstæki. Ég tel einnig mjög mikilvægt að fjvn. verði að forminu til heilsársnefnd þannig að hægt sé með skýrum og afdráttarlausum hætti að hafa samskipti við fjvn. um meðferð þessara mála utan þingtímans. Væri mjög æskilegt að forustumenn þingflokkanna og forsetar, sem vinna nú að endurskoðun á þingsköpum, taki slíkar hugmyndir og aðrar þeim skyldar til gaumgæfilegrar athugunar.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Með því fjáraukalagafrv. sem hér er komið til 1. umr. er verið að fara fram á að Alþingi veiti heimildir til þess að útgjöld ríkissjóðs aukist á þessu ári um 4056 millj. kr. og að lögfest verði ný spá um tekjur ríkissjóðs á árinu á þann hátt að þær vaxi um 3630 millj. kr. Miðað við þetta er gert ráð fyrir að halli á ríkissjóði vaxi um 426 millj. frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir og verði um 5000 millj. kr.

Fjáraukalög voru áður flutt í tengslum við kjarasamninga í febrúarmánuði sl. og afgreidd í byrjun maímánaðar, eins og fjmrh. hefur lýst. Þó að frv. komi til 1. umr. í dag hefur fjvn. nokkuð yfirfarið frv. og athugað ýmsa liði þess og farið yfir það með fulltrúum einstakra ráðuneyta. Sú vinna mun halda áfram en ég tek út af fyrir sig undir það með hæstv. fjmrh. að ákjósanlegt að mál af þessu tagi séu ekki ákaflega lengi til meðferðar hjá Alþingi. Og það mun vera ætlun formanns fjvn. að leitast við að hraða afgreiðslu þess.

Ég lít svo á að með þessu fjáraukalagafrv. sé komið í ljós að hallarekstur á þessu ári fer vaxandi frá því sem áður hefur verið gert ráð fyrir. Fjáraukalagafrv. sýnir einnig haldleysi þeirra fjárlaga sem afgreidd voru fyrir tæpu ári síðan og það sýnir að ýmsu leyti gagnsleysi þess niðurskurðar sem ákveðinn var með fjáraukalögum sem afgreidd voru í byrjun maímánaðar. Enn fremur sýnir þetta frv. að gagnrýni mín og annarra stjórnarandstæðinga við afgreiðslu fjárlaga fyrir tæpu ári síðan átti við full rök að styðjast.

Þótt sú niðurstaða sem hér hefur verið vitnað til í þessu frv. sýni að þar sé gert ráð fyrir að halli á ríkissjóði verði á árinu um 5 milljarðar þá er hér einungis um 1. umr. málsins að ræða. Enn er eftir að sjá hvort frv. breytist í meðförum Alþingis og í öðru lagi er einnig eftir að koma í ljós að hve miklu leyti nýtt fjáraukalagafrv., sem væntanlega verður flutt snemma á næsta ári, sýnir aðra útkomu. Að þessu sinni skal ekki um það miklu spáð. Ég get þó vitnað til reynslu frá fyrra ári. Þá var flutt fjáraukalagafrv. í nóvembermánuði og þar með fengnar heimildir fyrir því að auka útgjöld ríkissjóðs um 8,5 milljarða króna. Það fjáraukalagafrv. var afgreitt þann 21. des. sl. Því var þá býsna hátíðlega lýst yfir af hæstv. fjmrh. að ekki mundi koma til aukinna útgjalda umfram þær heimildir það sem eftir lifði ársins. Það var enda svo að það frv. fékk mjög yfirgripsmikla og ítarlega athugun af hálfu fjvn., sumpart vegna þess að frv. var í uppsetningu á þann máta að ekki var unnt að afgreiða það á Alþingi án þess að gerbreyta formi þess. Það var gert og ég vil taka það fram að það frv. sem hér liggur fyrir er í sama horfi og fjáraukalögin í fyrra voru afgreidd og ber vitaskuld að þakka að ekki skuli þurfa að gerbreyta frv. til þess að það sé þinghæft. En þó að fjáraukalög fyrir ári síðan væru afgreidd með þeim hætti þann 21. des. að þá væru fengnar heimildir til þess að auka útgjöld ríkissjóðs um 8,5 milljarða, þá reyndist það svo að nýtt fjáraukalagafrv. sem flutt var vegna ársins 1989 á öndverðu þessu ári fór fram á nýjar heimildir um útgjöld úr ríkissjóði sem námu 1073 millj. kr. Á tíu dögum, þar á meðal jóladögunum og gamlársdag og öðrum helgidögum á milli jóla og nýárs, hafði hæstv. ríkisstjórn sem sagt aukið útgjöld ríkissjóðs umfram það sem fjárlög og fjáraukalög heimiluðu um liðlega 100 millj. kr. á dag. Þetta út af fyrir sig sannar það að það er erfitt að spá um það á þessu stigi hver verður niðurstaða í útgjöldum og tekjum þessa árs þegar öll kurl eru til grafar komin.

Ég vil svo gjarnan taka það fram að flutningur fjáraukalagafrv. á fjárlagaári, eins og hér er gert, er til bóta og taka undir með hæstv. ráðherra varðandi það efni að það felur í sér visst aðhald eða á að geta falið í sér visst aðhald að óskum ýmissa stofnana um aukin útgjöld, en þó auðvitað því aðeins að því aðhaldi sé beitt af þeim sem með framkvæmdarvaldið fara.

Ég vil þá jafnframt láta þess getið að eftir að hæstv. núv. ríkisstjórn hafði haldið á þann máta á þessum málum, þ.e. fjármálum ríkisins, eftir að hún tók við völdum haustið 1988 og á árinu 1989, að útgjöld höfðu farið 9–10 milljarða fram úr heimildum fjárlaga hvort árið um sig, þá var það ljóst að svo yrði ekki við unað áfram. Þetta var tekið upp innan fjvn., þetta var tekið upp af hálfu fjvn. í viðræðum við hæstv. fjmrh. og honum gert ljóst að fjvn. og Alþingi mundi ekki sætta sig við framhald málsins á þeim nótum. Í þeim viðræðum kom fram að hæstv. fjmrh. var reiðubúinn til þess að hverfa að því ráði að flytja fjáraukalagafrv. á sama ári, eins og hér hefur verið gert og einnig var gert í fyrra, sem vissulega er til bóta eins og ég hef lýst. En það á sér vitaskuld m.a. þær rætur að þau ósköp dundu yfir, bæði á árinu 1988 og 1989, að útgjöld ríkissjóðs fóru úr böndum og fram úr því sem fjárlög heimiluðu, um 9–10 milljarða kr. hvort árið um sig.

Þegar fjárlög voru afgreidd fyrir tæpu ári síðan fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir halla um 3,7 milljarða kr. Þessi halli var vitaskuld í raun mun meiri, eins og ég lýsti við umræður um þau mál þá. Hluta af hallanum var leynt í þeim fjárlögum og það með ýmsu móti. Nú er svo komið að nokkur hluti af þeim viðbótarhalla sem augljós var við afgreiðslu fjárlaganna sjálfra er kominn í ljós. Þó vantar enn þá um 1–2 milljarða á það að spá mín rætist um halla á útkomu ársins. Sú spá var vitaskuld með fyrirvara vegna þess að forsendur breytast. Sú spá var því auðvitað þeim fyrirvara háð að á öndverðu ári tóku aðilar vinnumarkaðarins völdin í landinu og lögðu alveg nýjan og gerbreyttan efnahagsgrundvöll sem var með allt öðrum hætti en sá efnahagsgrundvöllur sem hæstv. ríkisstjórn hafði lagt upp með og ætlað sér að framfylgja. Eigi að síður sýnist mér margt benda til þess að spá mín muni standast þegar öll kurl koma til grafar og eru þó málin þannig að áfram verður raunverulegum halla í ríkisrekstrinum leynt, þrátt fyrir þetta fjáraukalagafrv. og þrátt fyrir það fjáraukalagafrv. sem væntanlega kemur fyrir Alþingi á öndverðu næsta ári.

Þetta gerist t.d. með því að áfram er haldið því sem hófst fyrir alvöru á síðasta ári, að ganga á eigið fé opinberra sjóða sem sækja styrk sinn til ríkissjóðs og ríkissjóður ber ábyrgð á. Þetta eru sjóðir eins og t.d. Lánasjóður ísl. námsmanna, Atvinnuleysistryggingasjóður, Byggingarsjóður ríkisins, Byggðasjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og fleiri slíkir sjóðir. Og fjmrh. sjálfur hefur viðurkennt það að í þessu sé fólginn stórkostlegur vandi sem muni taka 2–3 kjörtímabil að ráða við, þegar hann og hans ríkisstjórn er horfin úr Stjórnarráðinu. (**Fjmrh.:** Það sagði ég ekki.) Ég bætti því að vísu við, hæstv. fjmrh., en það liggur í orðum ráðherrans sjálfs að þegar hann lýsir því yfir að það muni taka 2–3 kjörtímabil að ráða við þau vandamál sem þessi hæstv. ríkisstjórn skilur eftir sig, þá leiðir það af sjálfu sér að það er ekki reiknað með því og reiknar auðvitað enginn með því að núverandi ríkisstjórn sitji í Stjórnarráðinu að þessu kjörtímabili loknu.

Ríkisstjórnin hefur undir forustu hæstv. fjmrh. rekið gjaldþrotastefnu í málum þessara þýðingarmiklu sjóða. Með sama framhaldi stefna þeir allir í gjaldþrot. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er öðru nær en að reynt sé að bæta úr í þessum efnum. Þar er áfram haldið á sama

vegi með hraðari ferð til gjaldþrota fyrir þessa sjóði. Með þessu eru stóralvarlegir hlutir að gerast sem þarf ekki að hafa mörg orð um að verður erfiður baggi fyrir framtíðina að axla.

Ég skal ekki segja um það hvað tilteknir sáttakossar á samkomu sem haldin var í Hafnarfirði hafa í för með sér fyrir einhverja af þessum sjóðum en vel má vera að þar verði að einhverju leyti bætt úr varðandi frv. fyrir næsta ár, þó varla nema að litlum hluta. Ég vil þó aðeins rifja það upp að þrátt fyrir að málefni þessara sjóða verða væntanlega skilin eftir algerlega á galeiðunni, ekki einungis í þessu fjáraukalagafrv. heldur líka í því sem flutt verður í byrjun næsta árs og þar með leynt raunverulegum vanda í ríkisfjármálum, þá eru samt nokkrir gjaldaliðir sem ýmist eru þegar komnir í ljós eða eiga væntanlega eftir að koma í ljós sem ég vakti athygli á við umræður um fjárlagaafgreiðslu fyrir tæpu ári síðan. Ég vakti þá athygli á því að þá vantaði stóra fjárhæð inn í niðurgreiðsluliðinn og í liðinn um ríkisábyrgð á launum. Þessir tveir liðir voru teknir inn í fjáraukalagafrv. sem afgreitt var í maímánuði sl. og komu þá þegar í ljós snemma á þessu ári. Ég vakti athygli á því að það væri ólíklegt að það tækist að spara 500 millj. kr. í lyfjakostnað á sjúkratryggingum. Niðurstaðan er sú að þetta hefur ekki tekist. Þess í stað liggur nú fyrir, samkvæmt þessu frv., að gert er ráð fyrir því að 1100 millj. kr. þurfi til viðbótar við fjárlög í sjúkratryggingar. Að miklum hluta, og raunar meginhluta, vegna þess hvað lyfjakostnaður hefur farið fram úr því sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Enn er í þessu frv. gert ráð fyrir því að lífeyristryggingar fari um 100 millj. kr. fram úr fjárlögum og verði aflað til þeirra útgjalda heimildar með þessu lagafrv. Þarna er því samtals hjá Tryggingastofnun ríkisins gert ráð fyrir að vanti til viðbótar við það sem fjárlög gerðu ráð fyrir um 1200 millj. kr. Enn má geta þess í þessu sambandi að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að ná á næsta ári sparnaði í lyfjakostnaði um 500–600 millj. kr. og engin grein gerð fyrir því hvernig það eigi að gerast. Og heldur er það nú ótrúverðugt þegar sama hæstv. ríkisstjórnin og sami hæstv. fjmrh. og sami hæstv. heilbrrh. leggja fram fjárlagafrv. ár eftir ár með sömu sparnaðarliðunum sem mistakast svo hrapallega sem orðið hefur með lyfjakostnaðinn á þessu ári. Heldur er það nú ótrúverðugt. En þetta er eitt af þeim málum sem ég vakti athygli á fyrir tæpu ári síðan.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að auka jöfnunargjald í iðnaði um 150 millj. kr. og í landbúnaði um 53 millj. kr. Óvíst er hvort þar séu öll kurl til grafar komin enda hafa komið til fjvn. erindi þar sem farið er fram á miklu meiri endurgreiðslu en þessar tölur sýna.

Þá var í fjárlögum þessa árs stofnaður nýr sjóður, svokallaður Mannvirkjasjóður menningarbygginga, og færður á B-hluta. Síðan var þeim sjóði ætlað að taka lán, 300 millj. kr., og færa þetta fé það an og yfir í A-hluta. Ég komst svo að orði við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan að þetta væri með því ósmekklegasta sem ég hefði séð varðandi blekkingar við afgreiðslu á fjárlögum. Það fór enda svo að hæstv. ríkisstjórn gafst upp við að hafa þessar tilfæringar við meðferð þessa máls sem átti að vera til þess að leyna útgjöldum á A-hluta ríkissjóðs. Nú leggur hún til með þessu frv. að þessar 300 millj. kr. verði greiddar beint af A-hluta, sem ekki er gagnrýnisvert heldur er rétt. Hitt var ekki frambærilegt að haga með þeim hætti að stofna þennan B-hluta sjóð sem tæki lán og veitti það an fé yfir í A-hlutann. Allt var þetta með þeim hætti sem ég gagnrýndi í fyrra þó að sums staðar séu ekki nákvæmlega sömu tölur en þessir hlutir eru nú allir komnir í ljós.

Enn eru þá nokkur atriði ótalin. Hér er að vísu gert ráð fyrir nokkurri fjárhæð til rekstrar á Flugmálastjórn sem augljóst var að skilin var eftir við afgreiðslu fjárlaga með fjárhaginn í lausu lofti, eins og margsinnis var vakin athygli á í fyrra. Ég skal ekkert segja um það hvernig þessi stofnun verður meðhöndluð við afgreiðslu frv. en það hafa komið, og nú síðast í dag, ný erindi frá Fugmálastjórn varðandi fjárhag þeirrar stofnunar á þessu ári sem fela í sér a.m.k. óskir um meiri útgjöld en það frv. ber með sér sem hér liggur fyrir. Ég skal ekki fara með þær tölur að sinni, enda kröfðumst við þess í fjvn. að það kæmi um það erindi, yfirlýsing og beint erindi frá samgrn.

Sömu sögu er raunar að segja um ríkisspítala. Ég vakti athygli á því við afgreiðslu fjárlaga fyrir tæpu ári síðan að þar væri mjög tæpt farið miðað við það rekstrarumfang sem ætlast væri til að haldið væri áfram á vegum þeirrar stofnunar. Nú var verulega bætt úr varðandi rekstur ríkisspítala við afgreiðslu fjáraukalaga í maímánuði sl. En í morgun kom erindi frá heilbrrn., sem að vísu á eftir að fara nánar yfir af því ráðuneyti, þar sem sýnt er fram á að þangað vantar býsna stórar fjárhæðir til þess að slétta út þann rekstur sem þar er á þessu ári. Hafa landsmenn þó orðið varir við að þar hafa verið sparnaðaraðgerðir. Þær sparnaðaraðgerðir hafa verið fólgnar í því að loka deildum að sumarlagi og bera út á götuna veikt fólk sem sumt hvert á hvergi höfði að að halla. Þar hafa verið sparnaðaraðgerðir og þær hafa verið í þessu formi. Þrátt fyrir þær sparnaðaraðgerðir liggur nú fyrir í erindum hjá fjvn. að þarna er óleystur vandi sem nemur verulegum fjárhæðum, yfir 200 millj. kr. Ég skal ekkert um það segja hvernig á því erindi verður tekið af meiri hluta fjvn. og meiri hluta Alþingis. En þetta sannar með öðru að þau viðvörunarorð sem ég flutti við afgreiðslu fjárlaga varðandi hagsmuni þeirrar stofnunar, ríkisspítalanna, fyrir tæpu ári síðan áttu fullan rétt á sér. Og þetta sannar einnig að það er ekki líklegt að öll kurl séu til grafar komin varðandi aukin útgjöld ríkissjóðs á þessu ári og þar með aukinn halla.

Þess má geta að þáttur í þessum vanda ríkisspítalanna og sumra annarra stofnana ríkisins, sem komið hafa til fjvn. nú þegar, er fólginn í því að inn í fjárlagaafgreiðslu í fyrra var ekki tekið fé til þess að mæta kostnaði við virðisaukaskatt sem leggst á ýmsar stofnanir ríkisins með meiri þunga en söluskattskerfið gerði áður. Þar er um allstóra fjárhæð að ræða hjá ríkisspítölum en þar er einnig um að ræða verulegar fjárhæðir hjá öðrum stofnunum ríkisins. Það er næsta hlálegt að verða vitni að því sem mér sýnist í fjárlagafrv. að

enn sé ekki gert ráð fyrir kostnaði stofnana við virðisaukaskatt því að útgjaldatölur fjárlagafrv. eru að þessu leyti byggðar á reikningum og fjárlögum ársins 1989, fyrir daga virðisaukaskattsins. Hér er því enn liður sem þarf að koma til athugunar og verður væntanlega að gera það við afgreiðslu þessa frv. sem hér liggur fyrir. Ef ekki, þá kemur hann ábyggilega til kasta Alþingis með því fjáraukalagafrv. sem flutt verður þegar árið er liðið.

Veigamesta skuld ríkissjóðs sem ekki er talin í þessu fjáraukalagafrv., og hæstv. fjmrh. vék hér örlítið að, er yfirtaka ríkissjóðs á skuld frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem færist yfir til ríkissjóðs á þessu ári, þ.e. í sumar. Ég lét hafa það eftir mér í sjónvarpsviðtali fyrir nokkrum dögum að ég sæi ekki betur en þessi skuld, sem er talin í greinargerð með frv. um 1430 millj. kr., sem mun vera höfuðstóllinn, yrði að færast á þau fjáraukalög sem við erum nú með til meðferðar. Hæstv. fjmrh. mótmælti þessu kvöldið eftir og vitnaði þar til annarra lána sem ríkissjóður hefur yfirtekið, sem voru lán á orkufyrirtækjum, og gerði um leið góðlátlega gys að mér með tilliti til þess að ég hef verið formaður í einu því orkufyrirtæki sem hlut á að máli, þ.e. Rafmagnsveitum ríkisins. Nú voru þau lán, sem yfirtekin voru af orkufyrirtækjunum, föst lán. Þar var um skuldabréf að ræða sem ríkissjóður yfirtók. Og það eru fordæmi fyrir því að slík lán séu yfirtekin af ríkissjóði og færist ekki á rekstraryfirlit en komi síðan fram eftir því sem afborganir og vextir greiðast. Ég óskaði því eftir því við fjmrn., eftir að þetta viðtal birtist við fjmrh., að ég fengi greinargerð um þetta mál frá ráðuneytinu og fengi ljósrit af því skuldabréfi sem hér væri um að ræða, sem væntanlega væri, úr því að hæstv. fjmrh. fullyrðir að það sé hægt að meðhöndla þetta mál í færslum ríkissjóðs eins og hann gerði grein fyrir. Og ég hef fengið hér svar frá fjmrn. sem er dagsett í dag. Í því kemur fram að Verðjöfnunarsjóður hafi tekið lán, fyrst 800 millj. kr. og síðar 400 millj. kr. til viðbótar. Um þetta lán hafi verið samið við Seðlabanka Íslands að dregið skyldi á lánsheimild af sérstökum yfirdráttarreikningi sjóðsins eftir þörfum. Síðar kemur fram að hér er um lán á hlaupareikningi að ræða, eins konar yfirdráttarlán, sem sé lausaskuld, venjuleg lausaskuld. Hér er ekki um neitt fast skuldabréf að ræða. Hér er einungis lausaskuld sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins stofnaði til í Seðlabanka Íslands og hefur að baki sér yfirlýsingu — aðeins yfirlýsingu, sem undirrituð er af Árna Kolbeinssyni fyrir hönd Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir hönd ríkissjóðs. Það er aðeins yfirlýsing. Það er ekkert skuldabréf um að ræða. Og þegar ríkissjóður tekur síðan að sér að greiða lausaskuldir fyrir einhvern tiltekinn aðila eins og þennan, þá verður ekki hjá því komist að það komi fram í yfirliti ríkissjóðs fyrir það ár. Það er enda viðurkennt í greinargerð fjmrn. að þessi fjárhæð muni, þrátt fyrir það að þeir reyni að malda í móinn, verða gjaldfærð á ríkisreikning fyrir árið 1990.

Ég tel það liggja algerlega ljóst fyrir að þótt ríkissjóður taki nýtt lán, taki t.d. nýtt skuldabréf í Seðlabanka Íslands eða með einhverjum öðrum hætti búi út ný lánsskjöl til að mæta þessari yfirtöku á lausaskuldum Verðjöfnunarsjóðsins, yfirdráttarláni Verðjöfnunarsjóðsins, þá er þar aðeins um nýja lántöku að ræða að formi til sem verður að bókast inn á rekstraryfirlit ríkissjóðs. Ég veit vitaskuld ekki hvort hæstv. fjmrh. tekst að fá meiri hluta fjvn. eða meiri hluta Alþingis til að taka þátt í því með sér að fara með þetta mál í greiðsluyfirliti ríkissjóðs á þann hátt að ekki samrýmist venjum eða reglum sem fyrir liggja. Ég á erfitt með að trúa því að svo fari.

Ég rifja það einnig upp að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga frá 1. jan. til 30. júní þessa árs, sem birtist í ágústmánuði sl. og send hefur verið hv. alþm., segir um hækkun á áætluðum útgjöldum A-hluta ríkissjóðs á þessu ári að þær megi rekja til eftirfarandi atriða:

1. „Framlag til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að fjárhæð 1,6 milljarðar kr. Samkvæmt lögum nr. 39/1990 er kveðið á um að ríkissjóður yfirtaki skuldir sjóðsins hjá Seðlabanka Íslands miðað við 1. júlí 1990."

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er það vitaskuld staðfest, sem ég hélt fram í sjónvarpsviðtalinu og held fram hér í þessum ræðustól, að það sé skylda að ríkissjóður færi þessa skuld sem hann er að yfirtaka, þessar lausaskuldir Verðjöfnunarsjóðsins, á rekstraryfirlit ríkissjóðs og sé ekki með tilburði til að leyna þessum útgjöldum í rekstraryfirliti ríkissjóðs í þeim tilgangi einum að láta þær koma fram í rekstraryfirliti ríkissjóðs síðar, á seinni árum eftir að þessi hæstv. ríkisstjórn er farin frá. Sá einn er tilgangurinn. Þessir tilburðir hæstv. fjmrh. eru vitaskuld í samræmi við ýmislegt, þó í smærri sniðum sé, í ýmsum formbreytingum t.d. í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir og ég lýsti hér við 1. umr. þess máls. Allt á það að þjóna einum tilgangi, sem sé þeim að leyna fyrir Alþingi og fyrir þjóðinni raunverulegum útgjöldum ríkissjóðs á þeim tíma sem hann situr í embætti fjmrh. og láta svo líta út í yfirlitstöflum, skýrslum, greinargerðum og fréttatilkynningum að útkoman úr ríkissjóðsdæminu sé svo og svo miklu fallegri en raunveruleikinn sýnir. Þessar tilfæringar allar kann hæstv. fjmrh. En Alþingi á ekki að láta hann komast upp með augljósar villur og rangfærslur í þessum efnum. Við höfum hér dóm hlutlausra aðila sem er Ríkisendurskoðun um þetta tiltekna efni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Hæstv. ráðherra sagði hér í ræðu sinni að rekstur stofnana ríkisins á þessu ári hefði gengið mjög vel og verið yfirleitt haldið í böndum. Það er vel að svo miklu leyti sem það er rétt. Í sumum tilvikum er það rétt en í sumum tilvikum hefur það gengið mjög miður.

Hann sagði einnig að kostnaður vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga sem leggst á ríkissjóð væri miklum mun meiri en gert hefði verið ráð fyrir við setningu þeirra laga. Ég hef af því tilefni óskað eftir því að fá greinargerð um kostnað ríkis og sveitarfélaga vegna þessara nýju laga um verkaskiptingu, bæði

frá fjmrn. og eins frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég hef ekki enn þá fengið svör við þeirri ósk minni. Það er ekkert einkennilegt því það getur tekið nokkurn tíma að vinna það verk svo að greinilegt sé og hef enga athugasemd við það þó að svörin séu ekki komin. En ég vil láta Alþingi vita það að ég óska eftir því að fá greinargerð um þetta efni frá báðum aðilum, ekki einvörðungu frá hæstv. fjmrh.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um einstök atriði í þessu frv. umfram það sem ég hef þegar gert. Þar eru þó nokkur efnisatriði sem ástæða væri til að minnast á. Ýmis þeirra eru ekkert veigamikil en ég vil þó gjarnan geta þess að þar er t.d. gert ráð fyrir því að útgjöld einstakra ráðuneyta fari mjög misjafnlega langt fram úr því sem fjárlög kveða á um. Þar er því lýst greinilega og það hefur komið fram að útgjaldaaukinn er mestur í heilbr.- og trmrn. Það er í sjálfu sér ekkert einkennilegt vegna þess að það er útgjaldafrekasta ráðuneyti ríkiskerfisins. Næst í röðinni er hins vegar fjmrn. Fyrir fáum árum var það svo að fjmrn. var meðal hinna útgjaldaminni ráðuneyta stjórnkerfisins. En nú er fjmrn. annað í röðinni á eftir heilbrrn. um aukin útgjöld umfram fjárlög. Hæstv. ráðherra var að segja að stofnunum ríkisins hefði verið haldið í böndum og rekstur þeirra hefði gengið mjög vel en svo virðist sem þetta hafi ekki gengið sérstaklega vel í fjmrn. sjálfu.

Ef litið er á nokkur atriði í fjmrn., þá segir hér til að mynda um aðalskrifstofu, með leyfi hæstv. forseta: „Farið er fram á 4 millj. kr. viðbótarframlag til aðalskrifstofu. Meginástæðan er aukinn launakostnaður," o.s.frv. Ýmsar stofnanir kynnu nú að geta farið fram á fé vegna aukins launakostnaðar ef ekki er haldið aftur af þeim lið. Það segir til að mynda um ríkisbókhald: „Sótt er um 30 millj. kr. viðbótarheimild til reksturs embættisins. Annars vegar hafa sértekjur verið ofáætlaðar og hins vegar hefur skýrsluvélakostnaður vegna bókhalds orðið hærri," en gert var ráð fyrir.

Þá segir hér til að mynda um skattstofur, sameiginlegur kostnaður: „Til þessa fjárlagaliðar er farið fram á 116 millj. kr. vegna þess að hönnun tölvukerfis vegna staðgreiðslu og upptöku virðisaukaskatts hefur kostað meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum." 116 millj. kr. vegna þess að hönnun á tölvukerfi kostaði meira en gert var ráð fyrir. Þetta kallar maður nú að halda hlutunum í böndum og að rekstur gangi vel.

Þá segir um gjaldheimtur og innheimtukostnað: „Til þessa liðar er farið fran á 30 millj. kr. Annars vegar hafa áhrif skattkerfisbreytinga á innheimtukostnað verið vanmetin og hins vegar hafa hertar innheimtuaðgerðir leitt til útgjaldaauka." Ýmis fleiri svona mál er hægt að telja upp í fjmrn. Þar segir til að mynda um launa- og verðlagsmál að til að mæta því sem á vanti vegna áformaðs sparnaðar sé farið fram á 140 millj. kr. Eitthvað hefur bilað hjá hæstv. fjmrh. að ná þeim sparnaði sem til var ætlast.

Þá segir hér undir liðnum Ýmis kostnaður í fjmrn.: „Til þessa málaflokks er sótt um samtals 123 millj. kr." Hér skal ekki farið út í alla þá skiptingu sem þar er um að ræða en þar segir: „Kostnaður af tekjubókhaldi er 31 millj. kr. meiri en áætlað var." Og síðar í þessum texta segir um kaup á dagblöðum, sem falla undir þennan lið: „Alþingi samþykkti við afgreiðslu fjárlaga heimild til kaupa á 500 eintökum af dagblöðum. Áætlaður kostnaður vegna þessa verði 50 millj. kr." Hv. þm. Páll Pétursson flutti við lokaafgreiðslu fjárlaga tillögu um að auka kaup ríkissjóðs á dagblöðum umfram þau 250 eintök sem áður höfðu verið keypt þannig að nú væru keypt 500 til viðbótar eða 750 eintök samtals. Þessi tillaga kostaði 50 millj. kr. Og það stóð ekki á því að hver einasti stjórnarliði greiddi henni atkvæði, hver einasti.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að stofnunum á vegum fjmrn. virðist ekki haldið í böndum, svo notuð séu orð hæstv. fjmrh. sjálfs, með líkum hætti og gert er við ýmsar aðrar stofnanir sem fjær honum liggja. Útþensla á rekstri þessa ráðueytis er meiri en maður hefði fyrir fram látið sér til hugar koma.

Ég tel eðlilegt að við 2. umr. þessa máls verði tekið til athugunar hvernig farið hefur verið með úthlutað fé af hinu svokallaða ráðstöfunarfé ráðherra sem er í hverju ráðuneyti. Ég get greint frá því að upplýsingar um þetta eru komnar frá ýmsum ráðuneytum en ekki öllum. Þegar það liggur fyrir mun fjvn. væntanlega taka til athugunar hvort þessi fjárlagaliður á rétt á sér eða ekki. Mér sýnist að í þessu fjáraukalagafrv. sé farið fram á ýmsa styrki, ýmsa smástyrki jafnvel, sem eðlilegt er og raunar var ætlast til að gætu fallið undir þennan fjárlagalið um frjálst ráðstöfunarfé einstakra ráðherra. Svo að gripið sé niður í til að mynda menntmrn. þá sést að þar eru t.d. útgáfustyrkir, samtals um 10 millj. kr., sem farið er fram á í þessu fjáraukalagafrv. Ég hef ekki séð enn þá skrá yfir þessa útgáfustyrki, en hér er auðvitað dæmigert viðfangsefni til þess að fella undir hið svokallaða ráðstöfunarfé ráðherra.

Með bréfi er skipt fjárlagalið sem ætlað er til þessa verkefnis og í það er lögð vinna af fjvn. Gjarnan er það svo að þá er eftir skilið nokkurt fé sem er óskipt. Það fé hefur ráðherra hverju sinni haft til frjálsrar ráðstöfunar. Nú hefur hæstv. menntmrh. nokkuð rýmilegt fé á fjárlögum til viðbótar. Eðlilegt hefði verið að smáliðir eins og þessir færðust undir slíkan lið sem ráðstöfunarféð er. Ef það er ekki gert, þá er mikil spurning hvort ástæða sé til að halda þessum fjárlagaliðum áfram inni í fjárlögum.

Ég vil svo taka það fram að þetta frv., eins og ég sagði raunar áðan, er eðlilegt í formi og þar með mikil framför frá frv. í fyrra. Ég tók eftir því að hæstv. fjmrh. sagði undir lok sinnar ræðu að ýmsar formbreytingar þyrftu að verða á störfum Alþingis og fjvn. og eðlilegt m.a. að breyta um samkomudag þannig að Alþingi fari að koma saman kannski í byrjun september. Ég er því a.m.k. við fyrstu sýn andvígur. En ég er hins vegar því samþykkur sem hæstv. fjmrh. sagði um að breyta þingskapalögum á þann hátt að fjvn. verði heilsársnefnd þannig að hún geti starfað í fullu umboði á milli þinga en ekki eins og nú er að þegar nefndin kemur saman, þá hefur hún ekki formlegt gildi. Því er eðlilegt að breyta vegna þess að reynslan hefur sýnt að fjvn. þarf iðulega að starfa, og stundum

mikið, þann tíma sem Alþingi situr ekki. Þess vegna tek ég undir þá tillögu í ræðu hæstv. ráðherra en þessi tillaga hefur líka oft verið viðruð áður, m.a. af mér og mörgum fleiri sem höfum reynslu af þessum málum.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það var minnst á það við okkur þm. að stytta mál okkar til að unnt yrði að komast hjá kvöldfundi. Ég mun fara að þeim tilmælum en það veldur því að ræða mín verður ekki svo ítarleg sem ég hefði óskað.

Þegar fjárlög yfirstandandi árs voru í umræðu fyrir um það bil ári, þá benti ég ítrekað á að ýmsar vanáætlanir sem þar væru faldar mundu koma í ljós á þessu ári. Sú spá sannaðist fljótlega og kom að nokkru fram í fjáraukalögum sem voru samþykkt í maí sl. Þau lög voru nokkuð sérstök og þó að þar væru hækkaðir nokkrir liðir sem sýnilega hafði verið vanáætlað til, þá tóku þau þó fyrst og fremst til niðurskurðar á fjölmörgum fjárfestingarliðum og fleiri liðum sem Alþingi hafði lokið við að skipta fáum vikum áður en frv. var lagt fram. Þau fjáraukalög gerðu ráð fyrir lækkun útgjalda ríkissjóðs um 1,7 milljarða. Sú lækkun virðist því ekki muni ná fram að ganga nú. Þau viðfangsefni sem við okkur blasa er hækkun útgjalda um 4 milljarða. Það er að vísu huggun harmi gegn að tekjuinnheimta hefur farið fram úr björtustu vonum, einkum hvað varðar eldri útistandandi skattskuldir. Það eru þó tekjur sem ekki skila sér nema á þessu ári. Þar er ekki tekjustofn til framtíðar.

Það er ljóst að ekki tekst lengur að fela útgjöld vegna breyttra verðlagsforsendna sem hljóta að koma í ljós. En svo má aftur spyrja hvers konar hringlandaháttur sé uppi í fjármálastjórninni, því á sama fjárlagaárinu er komið fram með fjáraukalagafrv. sem í fyrstu eiga að draga saman útgjöld og síðan önnur sem hækka útgjöld. Og menn hljóta að spyrja hversu góð fjármálastjórn sé hjá ríkinu. Er nú ekki hornsteinninn, fjárlög ársins 1990, eitthvað farinn að molna? Það er ljóst að stór hluti viðbótarútgjaldanna, sem talin eru í því fjáraukalagafrv. sem við erum að tala um nú, stafar einkum af þrennu.

Í fyrsta lagi eru þættir sem ekki voru teknir með við sjálfa fjárlagagerðina. Þar má nefna uppgjör vegna endurgreiðslu á söluskatti, sem eru háar upphæðir, og framlög til vegamála, t.d. vegna snjómoksturs. Það mætti telja fleira á þennan veg.

Í öðru lagi er um að ræða áform um lækkun útgjalda sem framkvæmdarvaldið hefur ekki náð fram. Þar má nefna lækkun lyfjakostnaðar sem ekki næst fram nú fremur en áður og sýnist vera undarleg þráhyggja hjá ríkisstjórninni að áætla þennan lið alltaf jafnháan, að það náist fram jafnmikil lækkun á þessu því þetta hefur ekki tekist og tekst ekki. Ég held að það hafi verið uppi áform í fast að því áratug um að ná þessum lið niður og það tekst ekki. Ég tel að það sé réttara að reikna með honum óbreyttum og það gæti þá orðið til tekna ef einhvern tíma tækist að ná honum niður.

Síðan voru inni áform um lækkun stofnkostnaðar í fjáraukalögum frá því í vor sem ekki hefur tekist að ná.

Í þriðja lagi er svo vanáætlun fjárlaganna um rekstrarkostnað einstakra ríkisstofnana. Það var ljóst að framlag til embætta sýslumanna og bæjarfógeta var vanmetið og það er nú komið áþreifanlega á daginn. Kostnaður af samskiptum við EB og EFTA mælist í frv. um 74 millj. kr. Ekki var áætlað fyrir þessu og má það eiginlega furðu gegna þar sem ljóst mátti vera að þessar viðræður yrðu bæði umfangsmiklar og kostnaðarsamar. En hæst ber þó vanáætlunin til heilbrrn. sem nema $1^1/_2$ milljarði í allt. Á það var ítrekað bent í fjárlagaumræðu fyrir ári að þarna mundi skorta fé og svo há sem þessi upphæð er í frv. þá er fjarri því að öll kurl séu komin til grafar enn. Það hefur enn fremur komið fram í viðtölum við fjvn. að mikið virðist vanta enn á til að tryggja að frv., þegar að lögum verður, sýni rétta útkomu í árslok.

Í viðtölum við fjvn. í fyrra kom fram að forsvarsmenn ýmissa ríkisstofnana lýstu sig vanbúna því að meta áhrif virðisaukaskattsins á rekstur þeirra. Kostnaðarhækkanir vegna skattsins hafa í ýmsum tilvikum orsakað verulegan halla á rekstri sem mun fyrirsjáanlega auka útgjöld ríkissjóðs fram yfir það sem hér er talið til. Verra er þó ef rétt er að þessi kostnaður sé ekki hafður í huga við áætlun fjárlaga fyrir næsta ár. Það kann að draga stærri dilk á eftir sér en mönnum er ljóst nú.

Virðulegi forseti. Ég hef dregið hér fram meginorsakir þess að þetta frv. til fjáraukalaga er lagt fram með slíkum upphæðum sem þar er að finna. Og mér þykir augljóst að menn hafi áttað sig á því nú, hafi það ekki verið ljóst áður, að sá hornsteinn efnahagslífsins sem lagður var fyrir ári, fjárlög þessa árs, er haldlítill og fjárlögin eru ekki sá hornsteinn sem hæstv. fjmrh. hefur lýst þau vera. Það hefur nefnilega ekki tekist enn að ná stjórn á ríkisbúskapnum og vantar mikið til þess.

Ég tek vissulega undir það með hæstv. ráðherra að það er mikilsvert að fjáraukalög séu lögð fram á því ári sem þau taka til. Það eru góð vinnubrögð og ættu að leiða til þess að meiri festa væri í fjármálastjórninni. En þetta fjáraukalagafrv. er til komið einkum vegna lélegrar áætlunargerðar, tilhneigingar til að leyna óþægilegum staðreyndum, sem þó ekki tekst, og því að viðamiklir þættir voru ekki hafðir með í dæminu. Eins og það blasir við okkur nú, þetta fjáraukalagafrv., er það í rauninni skýrsla um ástand ríkissjóðs sem bíður þess að vera stimpluð af Alþingi, skýrsla sem leiðir í ljós að hallinn á ríkisbúskapnum er áætlaður um 5 milljarðar og sú tala er ekki ofmetin og á eftir að hækka enn ef ekki finnast nýjar tekjuleiðir eða niðurskurðarmöguleikar. En ég vil enn einu sinni árétta það sem við kvennalistakonur höfum ávallt haldið fram. Það verður að gera gangskör að því að endurmeta markmið og tilgang ýmissa ríkisstofnana og sjóða svo og umfang þeirra og haga síðan áætlanagerð í samræmi við það. Þetta voru að vísu yfirlýst markmið hæstv. fjmrh. er hann tók við sínu starfi en ég auglýsi eftir árangri.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala hér langt mál. Ég fagna því að sá háttur er tekinn upp að reyna að koma öllum þessum fjáraukalögum í gegnum þingið á skikkanlegum tíma á þessu ári þannig að það séu fullar heimildir fyrir þeim greiðslum sem hafa reynst nauðsynlegar umfram fjárlög á yfirstandandi ári.

Ég ætla ekki að ræða hér nema um einn lið. Til okkar þingmanna Norðurl. e. kom fulltrúi frá Leikfélagi Akureyrar og tilkynnti okkur að ef ekki kæmu frekari greiðslur til þeirra í þessu frv., fjáraukalögum, en 2,2 millj., þá mundi starfsemi stöðvast um næstu áramót. Við afgreiðslu fjárlaga sl. vetur, núgildandi fjárlaga, kom ég með tillögu um að hækka framlag til Leikfélags Akureyrar um að mig minnir 7,5 millj. Hæstv. menntmrh. kom upp í ræðustól og sagði að það mundi verða með einhverju móti reynt að mæta þörfum leikfélagsins og það var gert að því marki að það hefur enn þá gengið. En þetta er fyrst og fremst uppgjör við hið opinbera sem það mundi að sjálfsögðu ekki fá ef leikfélagið hætti þannig að hér er ekki um að ræða í sjálfu sér aukin útgjöld heldur bara að ljúka þeirri skuld sem leikfélagið stendur í við hið opinbera og gera þessu leikhúsi kleift að starfa áfram.

Það kom líka fram að það þyrfti að hækka framlagið ögn frá því sem er á fjárlögum nú. Það hefur hækkað á undanförnum árum en þetta er bara reynslan af þessari starfsemi sem er þó, að við teljum, nauðsynleg víðar en hér í Reykjavík. Ég ætla ekki að fara á þessu stigi málsins að koma hér með samanburðartölur hvað er verið að gera þar í samanburði við ýmislegt hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég ætla ekki að gera það núna en það kann að vera að ég geri það ef ég neyðist til þess, eða við — það er ekki ég heldur eru það við þingmenn Norðurl. e. sem gáfu fyrirheit um það að reyna með einhverju móti að koma þessu inn í fjáraukalög, annaðhvort með tillöguflutningi eða við óskum náttúrlega eftir því að hæstv. fjmrh. verði við þeim óskum þannig að við þurfum ekki sjálfir að koma með tillögu heldur að hann komi með hana um þessa lagfæringu.

Ég ætla ekki, þó að það sé ástæða til þess að ræða ýmislegt, að taka lengri tíma. En það er stórt mál í okkar augum og augum fólks fyrir norðan að hægt sé að tryggja starfsemi Leikfélags Akureyrar.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil láta í ljós ánægju mína með hvernig miðar fram þeim nýju vinnubrögðum sem hæstv. núv. fjmrh. tók upp á síðasta þingi, að leggja hér fram og afgreiða fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár, sem er nýmæli í störfum þingsins, þarft nýmæli sem menn hafa rætt um árum saman, en fyrst nú eru tekin til framkvæmda.

Ég vil aðeins í því sambandi láta það koma fram að miðað við þann eðlilega starfstíma þingsins sem verið hefur þegar þing kemur saman þann 10. okt., þá kemur þetta að sjálfsögðu sem hrein viðbót við þau störf sem fjvn. þarf að inna af hendi. Enn fremur eru verkefni þau sem fyrir nefndina eru lögð á ári hverju sífellt að verða viðameiri, enda eðlilegt því að útgjöld og tekjuöflun íslenska ríkisins verða sífellt viðameiri. En nú er málum svo komið að vinnuálag er orðið það mikið á nefndina að menn geta reiknað með því að nefndarmenn séu meira og minna fjarverandi eðlileg þingstörf frá því um miðjan nóvember og þangað til fjárlagaafgreiðslu lýkur. Það er hvorki eðlilegt né æskilegt að nefndarmenn geti ekki tekið þátt í eðlilegum vinnubrögðum á Alþingi og tekið þátt í afgreiðslu þeirra mála sem þeir hafa áhuga á en svona er nú því miður komið.

Hæstv. ráðherra hefur látið í ljós skoðanir um að það þurfi að huga að þessu til breytinga, e.t.v. með þeim hætti að Alþingi komi saman til funda fyrr en gert er á haustin. E.t.v. er hægt að leysa þetta með öðru móti en ég er alveg sannfærður um að ég tala fyrir hönd fjárveitinganefndarmanna allra þegar ég lýsi þeirri skoðun minni að það er orðið nauðsynlegt að takast á við þetta vandamál því að það er ekki æskilegt að níu þingmenn fái ekki nema takmarkaðan kost á að taka þátt í hefðbundnum störfum Alþingis, kannski $1^1/_2$–2 mánuði á ári, vegna mikils vinnuálags í störfum í þingnefndum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með þetta frv. Þó að ég sé ekki í sátt við hvernig það er upp sett þá er það samt áfangi í því að Alþingi taki fastari tökum meðferð fjármuna og rekstur ríkissjóðs. Mér finnst þetta frekar ógreinilegt plagg, ég verð að segja það, og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það væri ekki eðlilegt að alþingismenn fái rekstraráætlun til 31. des. hjá ríkissjóði, nákvæma rekstraráætlun, sem fylgiskjal með þessu frv. til fjáraukalaga. Ég ítreka að slík rekstraráætlun er auðvitað nauðsynleg með fjáraukalagafrv. þannig að menn viti hvort hér er um fjáraukalagafrv. að ræða sem nær til áramóta, sem er auðvitað markmiðið með fjáraukalögum að vera ekki að leggja þau fram mörgum sinnum á ári.

Hæstv. fjmrh. hefur þegar lagt fram frv. til fjáraukalaga einu sinni á þessu ári og ég tel að það hafi verið óeðlilegt. Ég held að það sé eðlilegt, og minn skilningur á fjármálaákvæðum stjórnarskrárinnar er sá, að það eigi að leggja fram ein fjárlög og ein fjáraukalög en ekki mörg af hvoru tagi. Vegna þess að fjáraukalög eru einungis til þess að stemma af fjárlögin einu sinni og eiga þá að ná til 31. des.

Ég tel ekki nauðsynlegt að kalla þing saman neitt fyrr. Það er einfaldlega nauðsynlegt að leggja fjáraukalögin fram um leið og þing kemur saman og afgreiða þau á ekki minna en hálfum mánuði þannig að hér sé um vitræn vinnubrögð að ræða.

Ég tek undir það sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði varðandi Verðjöfnunarsjóðinn. Ég minni hæstv. fjmrh. á það að það voru samþykkt lög hér á Alþingi 5. maí sl. um að ríkissjóður skyldi taka við öllum skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Það er alveg útilokað annað en það verði að taka þetta á gjaldfærslu í ríkissjóði og fyrir því verði Alþingi að gefa heimild.

Ég ætla að rifja hér upp lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þessi lög eru frá 1966. Með leyfi forseta hljóðar 4. gr. þessara laga svo:

„Færslur hvers reikningsárs skal miða við raunverulega skipti ríkisins við aðra aðila, athafnir þess og framkvæmdir, án tillits til þess, hvort greiðsla hefur farið fram í reiðufé. Öll skuldaskipti, sem koma fram við lokun ríkisreiknings, hvort sem eru útistandandi kröfur ríkissjóðs eða skuldir, skulu færð á viðskiptamannareikninga eða aðra reikninga, er gefi tegund kröfuréttindanna til kynna. Reikningarnir skulu sýna stöðu sjóðs og bankareikninga um áramót að afloknum lokunarfærslum, svo sem færslu áfallinna vaxta."

Hér er bæði um að ræða yfirtöku láns og áfallinna vaxta og hvort tveggja vantar í þetta ágæta fjáraukalagafrv. Enn fremur vil ég minna á 30. gr. þessara sömu laga, en þar stendur skýrum stöfum:

„Gjöld skulu færð á því ári, er afhending verðmæta fer fram og hvers konar vinna eða þjónusta er innt af hendi, er hefur í för með sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir ríkið eða greiðslu úr ríkissjóði."

Þessi texti er alveg skýr, hæstv. fjmrh. Gjöld um þennan verðjöfnunarsjóð átti að færa árið 1988 að hluta til, eins og ég sagði þá þegar og hef verið að minna fjmrh. æ síðan á þetta mál. Ég hef komið hér með fyrirspurn og fjmrh. hefur alltaf snúið sig út úr þessu máli, eins og hann er þekktur fyrir að geta snúið sig út úr hlutunum.

Ég má til með að minna á það að það var líka um fleiri atriði að ræða 1988, þ.e. stofnun Hlutafjársjóðs og Atvinnutryggingarsjóðs. Ég tel að það sé ekkert annað að gera fyrir alþingismenn í dag, og ég mun reyna að beita mér fyrir því, en að við sem viljum hafa þetta í lagi krefjumst þess að Ríkisendurskoðun fái löggilta endurskoðendur til að meta höfuðstól þessara sjóða svo að það sé hægt að gjaldfæra það sem er tapað fé, þannig að þjóðin geti fengið að sjá hvað þessir hæstv. herramenn hafa verið að gera. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að einhver ríkisstjórn, t.d. 1991 eða 1992, eigi að draga fram reikning fyrir því sem þessir herrar voru að gera 1988. Það er hvorki í samræmi við lögin um ríkisbókhaldið eða fjárlög og fjáraukalög. Alþingi hefur ekki gefið heimild til þess að þessir peningar væru gefnir. Þetta væri raunverulega það sama og hæstv. fjmrh. mundi fara hér út í búð og fá ísskáp, fara með hann heim og segja: Ég ætla að borga hann seinna — og gæfi síðan út lög um það að hann ætlaði að borga ísskápinn 1992. Svona sukk í ríkisbókhaldi gengur einfaldlega ekki upp.

Það er ekki hlutverk hæstv. fjmrh. að vera einhvers konar yfirjólasveinn yfir fjármálum á Íslandi, þar sem hann er svona yfir því að gefa í skóinn fyrir jólin. Það er hlutverk hæstv. fjmrh. að virða lög um ríkisbókhald og lög um gerð ríkisreiknings og fjármála. Það er frumskylda hæstv. fjmrh. að fara að lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, ásamt því að virða fjármálaákvæði stjórnarskrárinnar til fullnustu. Það er hans hlutverk. Sé það ekki gert þá verða auðvitað þegnarnir og fyrirtækin í landinu fórnarlömb, eins og þau hafa orðið, sérstaklega á landsbyggðinni.

Ég vil enn þá einu sinni minna á það að fjármálaákvæði stjórnarskrárinnar eru jafngild mannréttindaákvæðum og það hefur aldrei orðið hefð að virða þau ekki til fullnustu og kemur aldrei til með að verða. Ég held meira að segja að það sé margt sem bendir til þess að bókhald ríkissjóðs sé ekki bara vitlaust þarna um einhverja milljarða í Verðjöfnunarsjóði og Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði, heldur sé um að ræða miklu meiri skekkjur, og t.d. skuldbindingar Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna tug milljarða hærri en bókhaldið segir til um.

Og hvers vegna skyldi ég vera að minna hæstv. fjmrh. á þetta? Það er vegna þess að ætli tiltekin áhöfn að sigla skipi til hafnar, eins og hæstv. ríkisstjórn segist alltaf vera að gera, þá verður að byrja á því að viðurkenna hvar skipið er statt. Að öðrum kosti geta þeir ekki reiknað sig til hafnar. Ég verð því að ítreka þá kröfu mína á hendur hæstv. fjmrh. að þjóðinni verði sýndur reikningurinn fyrir athafnir þessara háu herra, það sem þeir voru að gefa hér í upphafi síns ferils 1988, og held ég því þó ekki fram að ekki hafi verið nauðsynlegt að gera eitt og annað fyrir atvinnulífið. En fjármálaákvæði stjórnarskrárinnar verða að standast. Þjóðin á að fá að sjá hvað þessir hæstv. herramenn voru að gera 1988. (Gripið fram í.) Ég vil láta fara fram úttekt á þessum sjóðum sem hv. þm. var að minna á. Það er óþolandi með öllu og ófært að ríkisstjórn geti falið reikninginn fyrir sínum ráðstöfunum einhvers staðar ofan í skúffum í fjmrn. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur og það er hlutverk alþingismanna að sjá til þess að þjóðin fái að sjá hvað er í skúffunum, hvað þeir hafa verið að gera.

Svo koma þessir ágætu herramenn og baða sig í fjölmiðlaljósinu og lýsa því yfir að núna sé svo voðalega gott ástand í sjávarútvegi t.d. Auðvitað er þetta allt saman þessum hæstv. herramönnum að þakka, Steingrími og Ólafi Ragnari, að sjávarafurðaverð hafi hækkað um 30% á árinu. Hver skyldi draga það í efa að þessir töframenn hefðu getað hækkað markaðsverð á sjávarafurðum um 30%? Það dregur enginn í efa, hæstv. fjmrh. Og kjarasamningarnir sem gerðir voru í vor, um þjóðarsátt. Auðvitað er þetta allt saman þessum hæstv. herramönnum að þakka. En hér í umræðum um fjáraukalög verð ég að ítreka það að það gengur ekki að ríkisbókhaldið sé falsað og raunveruleikinn falinn í skúffum fjmrn. Ég geri kröfu til þess að þessir sjóðir verði metnir og mun sjá til þess að það verði gert þannig að þjóðin fái að sjá hvað þessir hæstv. herramenn hafa verið að aðhafast.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þau orð sem hér hafa fallið til stuðnings þeim vinnubrögðum sem felast í því að leggja fram fjáraukalagafrv. á yfirstandandi ári. Ég tel mjög mikilvægt að það myndist breið samstaða hér á Alþingi um þessa nýskipan ríkisfjármála. Ég er sannfærður um að hún er veigamikil forsenda þess að hægt verði á næstu árum að ná betri árangri í meðferð ríkisfjármála, sem er sameiginlegt markmið okkar allra.

Hins vegar eru örfá atriði sem mig langar til að víkja að í örstuttu máli. Þegar ég mælti fyrir fjárlagafrv. fyrir næsta ár gerði ég grein fyrir því að ýmis veigamikil vandamál bíða næstu ára, og jafnvel næstu tveggja til þriggja kjörtímabila eins og hv. þm. Pálmi Jónsson vék hér að. Hv. þm. hefur hins vegar bæði í umræðunni um fjárlagafrv. fyrir næsta ár og eins í þessari umræðu vitnað til þessarar greinargerðar minnar og stílfært hana á þann veg að ég hafi þar verið að tala um vandamál sem þessi ríkisstjórn skilur eftir sig. Það er satt að segja voðalega erfitt að reyna að koma á vitrænni umræðu um ríkisfjármál ef snúið er út úr fyrir manni með þessum hætti.

Ég var þarna að víkja m.a. að byggingarsjóðunum og Lánasjóði ísl. námsmanna svo að ég nefni nú bara tvennt. Það vita það auðvitað allir hv. alþm. að þau vandamál sem þessir sjóðir munu eiga við að glíma á næstu árum eru ekki nema að mjög litlum hluta skrifuð á reikning núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég vil nefna sem dæmi greinargerð sem embættismenn fjmrn. lögðu fyrir þáv. fjmrh., Þorstein Pálsson, 1986 þegar verið var að vinna að tillögum um Byggingarsjóð ríkisins í tíð þáv. ríkisstjórnar. Í þessari greinargerð kom fram að það hlaut að verða veigamikill vandi þessa sjóðs á næstu árum og þar var sá vandi reiknaður tíu ár fram í tímann. Ég ætla ekkert að deila um það hér hvort þinginu var gerð grein fyrir þessu eða ekki á sínum tíma. Ég var ekki á þingi þá þannig að ég ætla ekki að tjá mig um það mál. Það er hins vegar staðreynd að það lá ljóst fyrir þegar var verið að vinna að lögunum 1986, að það mundu á næstu 10–15 árum verða stórfelld vandamál í málefnum þessa sjóðs. Sama gildir um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það hefur auðvitað verið ljóst árum saman að það yrðu vandamál varðandi framtíðarskipan þess sjóðs. Ég held að það sé sameiginlegt hagsmunamál allra hér á Alþingi að gera bæði þinginu og þjóðinni með sannferðugum hætti grein fyrir orsökum þeirra vandamála, þeirra stóru vandamála, sem við verður að glíma hér á næsta áratug við meðferð ríkisfjármála. Og það mun reynast mjög erfitt að fá samstöðu um þær erfiðu lausnir á þessum vandamálum ef telja á fólki og þinginu trú um það að erfiðleikarnir séu bara vegna einhverrar ríkisstjórnar sem hér hefur setið í tvö ár þegar ljóst er að hér er um uppsafnaðan vanda, jafnvel síðustu 10–15 ára, að ræða. Menn verða ekki reiðubúnir að taka á sig þær byrðar sem þarf á næstu 4–8 árum ef reynt er að telja mönnum trú um að orsakirnar séu svona einfaldar. Ég nefni þetta ekki hér til þess að fara að efna til langrar umræðu um þetta mál en ég fer þess hins vegar vinsamlegast á leit við hv. þm. Pálma Jónsson að þegar við ræðum um þessi stóru vandamál, ríkisfjármál á næstu árum, þá reynum við í sameiningu, sem rétt er, að greina orsakirnar. Og það veit hv. þm. að þær liggja miklu dýpra og lengra aftur í tímann en þau tvö ár sem núverandi ríkisstjórn hefur setið.

Sama gildir varðandi umræðurnar um lyfjasparnaðinn. Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði hér að þær sparnaðartillögur sem lagðar voru fram af hæstv. heilbrrh. í fyrra varðandi lyfjakostnað hefðu mistekist. Það er ekki rétt. Framkvæmd þeirra tillagna hefur tekist nokkuð vel. Vandinn er hins vegar sá að annars staðar í lyfjakostnaðarkerfinu hafa hlutirnir farið langt fram úr. Ég vil bara nefna tvö dæmi þessu til skýringar.

Nýtt lyf er að koma á markaðinn sem áður var óþekkt. Þetta lyf getur forðað hjartasjúkdómum og hjálpar til að lækna þá. Miðað við útbreiðslu slíkra sjúkdóma og löngun manna til að koma í veg fyrir þá mundi almenn notkun þessa lyfs hér á landi hafa í för með sér um það bil 200 millj. kr. viðbótarútgjöld á ári fyrir ríkissjóð bara út af þessu eina lyfi. (**PJ:** Það hlýtur nú annað að sparast um leið.) Nei, það getur tekið lengri tíma, hv. þm., að ná þeim sparnaði fram. Ég er aðeins að vekja athygli á þeirri staðreynd að hér geta komið á markaðinn lyf sem ná á skömmum tíma, eðlilega, mikilli útbreiðslu en eru mjög dýr. Og ég vil nefna annað dæmi. Það varðar einn sjúkling. Lyfjakostnaður vegna hans á ári, hans eins, er um 30 millj. Tíu slíkir sjúklingar mundu hafa í för með sér 300 millj. kr. viðbótarútgjöld. Það má ekki rugla umræðuna um tilraunir til sparnaðar í ríkisrekstri með því að segja að það sem verið er að gera hafi mistekist þótt ýmislegt annað hafi komið upp vegna þess að núv. hæstv. heilbrrh. hefur, að mínum dómi, reynt með góðum árangri að knýja fram sparnað víða í heilbrigðiskerfinu þótt það sé mjög erfitt og óvinsælt verk, eðlilega, vegna þess að þar er verið að glíma við einhvern viðkvæmasta þáttinn í mannlegu samfélagi og líf einstaklinganna.

Ég vakti athygli á því hér áðan að miðað við þær kröfur sem gerðar eru í okkar þjóðfélagi um heilbrigðisþjónustu, um aðhlynningu fyrir aldraða og sjúka, um bætur, þá er það alveg ljóst að það mun reynast mjög erfitt verkefni á næstu árum að reiða fram allt það fé sem krafist er í þeim efnum, hvað þá heldur að ná fram þeim sparnaði sem menn eru að tala um. Og það þjónar ekki þeim tilgangi, held ég, til lengdar að reyna að gera þau mál einföld vegna þess að þau eru erfið og mjög flókin og viðkvæm í okkar þjóðfélagi. Ég gæti greint hér frá margvíslegum viðræðum sem ég hef átt við forustumenn í heilbrigðiskerfi, læknastétt og forsvarsmenn ýmissa samtaka sem sýna mjög vel hve erfið þessi mál eru. Og það er alveg rétt sem hv. þm. Pálmi Jónsson vék hér að. Það er komin enn á ný ósk frá ríkisspítölunum um viðbótarfé á þessu ári þótt forsvarsmenn ríkisspítalanna hafi sagt við bæði fjmrn. og fjvn. í maímánuði sl. að ef þeir fengju þá viðbótarupphæð sem ákveðið var að veita þeim í fjáraukalögunum mundi hún duga. Og ég vek athygli á því að þótt það fjáraukalagafrv. væri eingöngu vegna kjarasamninganna var ákveðið að taka ríkisspítalana eina út úr, af öllum stofnunum ríkisins, og veita viðbótarfé til þeirra þótt engin önnur sérstök fjárveiting væri í því fjáraukalagafrv. Engu að síður koma ríkisspítalarnir nú nokkrum mánuðum síðar og segja: Við þurfum meira. Það endurspeglar kannski mjög vel hve erfitt þetta verkefni er, hve fjárfrekt þetta svið er í okkar þjóðfélagi, og hve viðkvæmt það er.

Fjmrn. hefur ekki tekið afstöðu til þessarar óskar ríkisspítalanna, enda ekki haft tækifæri til þess að fara

yfir hana nákvæmlega. En ég tel mjög mikilvægt fyrir fjvn. og fjmrn. að gera það í sameiningu, sem og heilbrrn. sérstaklega.

Hv. þm. Pálmi Jónsson vék hér einnig að virðisaukaskatti á ríkisrekstur og ríkisstofnanir. Ég vil í því sambandi lýsa því yfir að ég tel ekki sjálfgefið að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eigi að fá virðisaukaskattinn bættan sérstaklega með viðbótarframlögum úr ríkissjóði. Það hlýtur að vera verkefni hverrar stofnunar og sviðs fyrir sig að taka á því alveg eins og það er fyrir fyrirtækin í landinu og aðra rekstraraðila. Það getur verið misjafnt frá einni stofnun til annarrar, en mér finnst ekki eðlilegt að þeirri almennu reglu sé einfaldlega beitt að þar eigi að koma viðbótarframlög á móti.

Hv. þm. Pálmi Jónsson gerði einnig nokkuð mikið mál úr því að fjmrn. væri hér næsthæst í viðbótarútgjöldum. Auðvitað er hægt að búa til einfalda mynd með þessum hætti. Það vill nú hins vegar svo til að stærstu upphæðirnar á þessari skrá fjmrn. eru ekki hluti af rekstri fjmrn. Ég vil t.d. nefna að ein hæsta upphæðin, *130 millj., er uppbætur á lífeyri alþingismanna* og ráðherra, framlag til lífeyrisgreiðslna hér á Alþingi, þótt það sé bókfært í fjárlögunum hjá fjmrn. Mér finnst það nú frekar ósanngjarnt að nota þá tölu til þess að fá út einhverja aukningu á kostnaðarútgjöldum fjmrn. þegar verið er að bæta upp lífeyri alþingismanna og ráðherra sem starfað hafa hér á Alþingi.

Annað dæmi er að liðurinn Launa- og verðlagsmál er hækkaður um 140 millj. vegna þess að ekki hefur tekist niðurskurður hjá öðrum ráðuneytum sem áformaður var. Það er vissulega alveg rétt að það hefur ekki tekist að ná þeim niðurskurði sem þessari upphæð nemur almennt í ríkiskerfinu, aðallega hjá öðrum ráðuneytum, vegna þess að langminnsti hlutinn af þessu var í fjmrn. En vegna þess hvernig fjárlögin og ríkisreikningurinn eru sett upp þá er þetta bókfært hjá fjmrn. Þetta er liður upp á 140 millj. kr.

Þriðja dæmið er um fasteignir ríkissjóðs. Hér er sótt um viðbótarupphæð aðallega vegna húsnæðis annarra ráðuneyta, þ.e. menntmrn., umhvrn. og Hagstofu. Það er bókfært hjá fjmrn. Þetta eru þrír liðir sem eru um það bil 40% af þeirri upphæð sem hér er færð undir fjmrn. og við vitum auðvitað öll sem í þessum sal erum að þetta er ekki hluti af rekstrarumfangi fjmrn., heldur eru þetta allt saman liðir sem heyra undir aðra, undir Alþingi, undir önnur ráðuneyti, þótt samkvæmt hefð og venju séu þeir bókfærðir hjá fjmrn.

Fjórði stærsti liðurinn er vissulega hluti af rekstri þeirra stofnana sem heyra undir fjmrn. en það er viðbótarkostnaður skattkerfisins vegna virðisaukaskattsbreytingarinnar og vegna innheimtuaðgerða. Vissulega má segja að það hefði mátt ætla fyrir því fyrir fram en þó er það nú þannig, bæði á þessu sviði og öðrum, að kostnaðurinn við Skýrsluvélar ríkisins, tölvubókhaldið og aðra slíka þætti hjá hinu opinbera, fer sívaxandi, meira en menn hafa gert sér grein fyrir, þannig að um það bil helmingurinn af þeirri upphæð sem færð er undir fjmrn. er nú af þessum orsökum. Ég tel þess vegna að það sé eins með fjmrn. og allan þorra ríkisstofnana að það hafi tekist nokkuð vel að halda þessu innan þeirra banda sem almennt er í fjárlögunum, en það geta auðvitað alltaf komið fyrir einstakir liðir sem nauðsynlegt er taka á.

Hv. þm. Pálmi Jónsson vék einnig að ráðstöfunarfé ráðherra. Ég vil nú segja af fullri vinsemd við virðulega fjvn. að ég vona að hún fari ekki að efna til þess að þessi liður verði lagður af. Hann er til kominn vegna þess samkomulags sem hér var gert, bæði milli ráðuneyta og í þinginu, að afnema þann áratuga gamla sið aukafjárveitinga sem allir voru að gagnrýna um árabil og vildu að hætti. En þá lá auðvitað í hlutarins eðli að það varð að skapa eitthvert svigrúm til þess að einstakir ráðherrar og ráðuneyti gætu mætt uppáfallandi vandamálum og var hér þó eingöngu um að ræða mjög smáar upphæðir, örfáar milljónir í hverju ráðuneyti. Ég tel að þessi ákvörðun þingsins, fjvn. og fjmrn. í fjárlögum yfirstandandi árs hafi verið skynsamleg vegna þess að hún hefur auðveldað fjmrn. og fjvn. að verjast fjölmörgum óskum ráðuneytanna um viðbótarútgjöld með því að vísa á það að þarna væru upphæðir, *þótt litlar séu, sem ráðherrarnir gætu hver og einn fyrir sig ráðstafað í þágu* þeirra verkefna sem upp koma í þeirra ráðuneytum. Ég óttast satt að segja að ef þessi liður væri tekinn í burtu mundi ásóknin af hálfu ráðuneytanna í viðbótarfé aukast. Ég vona að við getum rætt þetta mál mjög rækilega milli fjvn. og ráðuneytisins áður en það verður lagt inn á þá braut að leggja þetta nýmæli niður.

Ég vil sem dæmi taka hvað varasamt getur verið að fara út á þá braut sem hv. þm. Pálmi Jónsson gerði. Hann vék að liðnum Útgáfustyrkir, 10 millj. og taldi að það væri ágætt dæmi um hlut sem ætti að falla undir þetta ráðstöfunarfé. Þessi liður sem hér er í fjáraukalögunum, og væntanlega verður skýrt fyrir fjvn., er til kominn vegna þess að aðstandendur útgáfu sérstakra menningar- og söguritverka, ritverka í mörgum bindum um þjóðmenningu Íslands, um sögu Íslands, um íslenska sjávarhætti og um hátíðina á Þingvöllum 1974, hafa komið til fjmrn., menntmrn., forsrn. og lýst útgáfuvanda þessara stóru ritverka sem öll eiga það sameiginlegt að vera langtímaverkefni í útgáfumálum og tilheyra sögu landsins og þjóðmenningu. Það er nokkuð ljóst að einstök útgáfufyrirtæki hjá einkaaðilum eða samtökum eins og Íslenska bókmenntafélaginu geta ekki risið til lengdar undir slíkri útgáfustarfsemi. Hluti er líka hjá útgáfuforlagi ríkisins, Menningarsjóði, sem skyldaður var til þess að gefa út bókina um hátíðina á Þingvöllum 1974 þótt hún hafi því miður reynst lítil söluvara. Það er því margra milljóna króna halli á þeirri útgáfu. Þessari upphæð er ætlað að vera framlag til að taka á þessum afmarkaða vanda, tiltekinna þriggja tegunda af ritverkum sem unnið er að í þágu íslenskrar menningar og íslenskrar sögu. Hér er ekki um að ræða almenna útgáfustyrki til einstaklinga eða samtaka í þeim stíl sem menn þekkja, nokkur hundruð þúsund, hálf milljón eða ein milljón til hvers aðila fyrir sig.

Ég vona að virðuleg fjvn. fari ítarlega yfir þetta vandamál vegna þess að það er því miður of algengt í okkar landi að mikilvægum ritverkum sé ekki lokið

og þjóðin eignist ekki yfirlit yfir sögu sína og menningu með þeim hætti sem eðlilegt er. Uppáhaldsdæmi mitt um þetta, ef ég má, með leyfi forseta, slá á aðeins létta strengi, er sú ákvörðun Landsbanka Íslands fyrir rúmlega 20 árum síðan eða svo, ef ekki 30, að láta skrá og gefa út ævisögu Tryggva Gunnarssonar. Það verk hefur verið unnið í nokkra áratugi á vegum Landsbankans og hafa nokkrir af bestu fræðimönnum og sagnfræðingum Íslendinga komið að því verki. Það hafa nú þegar komið út nokkuð mörg bindi, mörg hundruð blaðsíður hvert bindi, sem fjalla ítarlega um ævi Tryggva, en hann er enn ekki kominn í bankann, þannig að með sama áframhaldi munu líða nokkuð margir áratugir þar til því verki verður lokið.

Annað dæmi sem menn þekkja er Saga Íslands sem Hið íslenska bókmenntafélag hóf að gefa út í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 og hefur eðlilega gengið seinna en vonir stóðu til vegna þess að slíkt verkefni er æði dýrt og fjárfrekt.

Hv. þm. Pálmi Jónsson vék síðan í nokkuð löngu máli hér að deilu okkar um hvernig eigi að bókfæra yfirtöku ríkissjóðs á láni Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Ég ætla ekki að eyða löngu máli í þessa bókfærsludeilu hér. Staðreynd málsins er hins vegar sú að á þessu ári verður ekki greidd út ein einasta króna úr ríkissjóði vegna þessa máls, ekki ein, þannig að í öllum venjulegum skilningi útgjalda ríkissjóðs fer ekki króna úr ríkissjóði vegna þessa máls. Ég vek hins vegar athygli á því að allir aðrir liðir sem í þessu fjáraukalagafrv. er að finna eru útgjaldaliðir sem greiddir verða út úr ríkissjóði á þessu ári.

Hvort um formlegt skuldabréf er að ræða í venjulegum skilningi þess orðs eða staðfesta yfirtöku og skuldbindingu af hálfu fjmrn. og sjútvrn., staðfesta af þeim ráðuneytum, tel ég ekki vera höfuðatriði þessa máls vegna þess að hv. þm. veit eins og ég að þau eru margvísleg formin á yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum, á hverju vinnustigi þessara mála, þar til þeim er komið í endanlegan búning. Má ég þar t.d. nefna skuldbindingar vegna Útvegsbanka Íslands sem hafa farið gegnum ýmiss konar form á undanförnum árum. Hér er þess vegna ekki verið að leyna raunverulegum útgjöldum, eins og sagt var. Því fer víðs fjarri. Þetta er einfaldlega spurning um það, á að bókfæra þetta þegar greiðslurnar eru inntar af hendi, sem ég tel nú samrýmast heilbrigðri skynsemi, eða á að bókfæra alla upphæðina þegar lánið er tekið? Við skulum bara taka dæmi af heimilisbókhaldi, af því að hv. ræðumaður sem talaði hér síðast á undan mér tók líkingu af því að fjmrh. keypti sér ísskáp, ágætis dæmi. Við skulum segja að fjmrh. taki til þess lán sem hann ætti að greiða á næstu fimm árum, fyrstu greiðsluna eftir þrjú ár og svo á fjórða ári og fimmta ári. Þá sjá menn auðvitað í hendi sér að það væri ekki í samræmi við almennar venjur og heilbrigða skynsemi að það væri bókfært í heimilisbókhaldinu með þeim hætti að allt lánið væri greitt í ár og ekkert greitt á þriðja ári, fjórða ári eða fimmta ári, þegar á að greiða lánið samkvæmt skilmálunum. Þannig er nú þetta mál vaxið.

Við höfum ýmsa ágæta menn í þjóðfélaginu sem eru sérfræðingar í ríkisreikningsfræðum og bókhaldsfræðum. Þeir sitja í sérstakri ríkisreikningsnefnd. Þar sitja þeir á löngum fundum og ræða fram og aftur, samkvæmt ýmsum kenningum í bókfærslu, hvernig eigi að færa hluti og hvenær og í hvaða dálkum og eftir hvaða leiðum og með hvaða rökum o.s.frv. Þetta eru lærðir og góðir menn og bókhaldsfræðin er hin merkustu fræði, eins og við vitum sem námum kennslubók Gylfa Þ. Gíslasonar í þeim fræðum hér í Menntaskólanum á sínum tíma. En það er nú einmitt verkefni ríkisreikningsnefndar og þeirra sérfræðinga sem við höfum í stjórnkerfinu íslenska til þess að fjalla um þessi mál að ákveða með hvaða hætti þessir hlutir skuli bókfærðir. Og það má ekki fara að rugla umræðuna með því að taka hluta af þeim tæknilega ágreiningi eða mismunandi sjónarmiðum inn í umræður um það hvort hallinn á ríkissjóði í ár sé meiri eða minni vegna þess, eins og ég segi, að það kemur ekki króna til greiðslu af þessum skuldbindingum í ár. Ég veit að vísu að þeir sérfræðingar í ríkisreikningsfræðum eru til sem vilja láta færa allar skuldbindingar á því ári sem þær eru gerðar. Og samkvæmt þeim fræðum hefði átt að færa lánaskuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Kröfluvirkjunar, sem ríkissjóður yfirtók allar á því eina ári sem gengið var frá samningunum og þeir undirritaðir. Við sjáum auðvitað í hendi okkar að slíkt er ekki eðlilegt eða sanngjarnt þótt það séu til sérfræðingar í ríkisreikningsfræðum sem halda þessu fram. Á sama hátt má þá spyrja: Hvernig á þá að færa skuldbindingar gagnvart Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna sem nema tugum milljarða kr.? Á að færa þær allar á einu ári? Eða á að færa þær á þeim árum þegar lífeyrisgreiðslurnar eru raunverulega inntar af hendi?

Þetta er allt hin skemmtilegasta umræða sem ég kýs nú frekar að hafa hjá þeim sérfræðingum sem eru meistarar í þessum fræðum og una sér við það eins og prófessorar í guðfræðideildum að ræða testamentin fram og aftur, en breytir ekki þeirri einföldu staðreynd að þegar við erum að ræða við þjóðina og þingið og okkur sjálfa um halla á ríkissjóði og ekki halla, hvað hann er mikill, þá eigum við nú venjulegast við þær greiðslur sem út úr ríkissjóði fara á því ári og þær tekjur sem inn í ríkissjóð koma á því ári. Og ekki má rugla þá mynd með tilviljanakenndum færslum langtímaskuldbindinga á það ár þegar þær eru gerðar samkvæmt þeirri kenningu sem hér var haldið fram. Segjum að ríkissjóður ákvæði á næsta ári að taka lán upp á 10 milljarða til langtímaverkefnis og greiða af því láni á árunum 2000–2010, þá ætti samkvæmt þessum kenningum að færa þá 10 milljarða alla sem útgjöld ríkissjóðs á árinu 1991 þótt greiðslurnar kæmu ekki fyrr en á næstu öld. Ég vona þess vegna að við förum ekki að standa í löngum umræðum hér á þingi um þetta atriði því að ég tel skynsamlegast að um þessi bókfærsluatriði sé rætt í ríkisreikningsnefndinni og af þeim sérfræðingum sem að þessu máli koma, sérfræðingum fjmrn., sérfræðingum Ríkisendurskoðunar, sérfræðingum ríkisbókhalds, sérfræðingum Seðlabankans, hagstofustjóra og öðrum þeim embættismönnum sem að þessu verki eru að vinna.

Hv. 5. þm. Austurl. Kristinn Pétursson vék að þessu sama máli en var með aðra kenningu. Hans kenning var sú að þetta hefði allt átt að færast á árinu 1988 og við allir hér á Alþingi og Ríkisendurskoðun og fjmrn. og allir aðrir heiðursmenn hefðum falsað ríkisreikninginn vegna þess að þetta hefði ekki allt verið fært á árinu 1988. Ég tel þess vegna þetta vera tæknilegan ágreining um það hvenær hlutirnir séu færðir og hvenær ekki sem ég ætla í sjálfu sér ekki að tjá mig meira um á þessu stigi en er hluti af miklu víðtækari umræðu um eðli ríkisreikninga í endanlegri gerð í samræmi við ýmsar kenningar í bókhaldsfræðum. Ég kýs að halda mig við heimilisbókhaldið og tala um útgjöld sem raunveruleg útgjöld og tekjur sem raunverulegar tekjur á því ári sem þær eiga sér stað.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði hér um Leikfélag Akureyrar. Af því máli er það að segja að það er rétt hjá hv. þm. að það er eins með Leikfélag Akureyrar og nokkrar aðrar menningarstofnanir að þær eiga í miklum fjárhagsörðugleikum. Leikfélag Akureyrar hefur reyndar eins og ýmsir aðrir leyst rekstrarvanda sinn með því að greiða fyrst og fremst önnur gjöld heldur en opinber gjöld. (Gripið fram í.) Ég sagði önnur gjöld en opinber gjöld, í trausti þess að það væri þá hægt að fá peninga frá hinu opinbera á móti opinberu gjöldunum. Þetta er auðvitað ekki góður siður, að safna bara skuldunum á opinberu gjöldin í trausti þess að það sé bara hjá hinu opinbera sem séu ekki viðbótarútgjöld, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson kallaði það. Hins vegar er þetta ekkert einsdæmi fyrir Leikfélag Akureyrar. Þetta á við um ýmsa aðra sem grípa til þessa ráðs í erfiðri stöðu. Þessi mál eru til umfjöllunar milli bæjarstjórnar Akureyrar, Leikfélags Akureyrar, fjmrn. og menntmrn. Í þeirri umfjöllun er verið að reyna að koma viðunandi framtíðarskipan á þessi mál og ég reikna með að áður en þetta ár er á enda verði komin einhver niðurstaða í því. En það er mjög mikilvægt að hún sé skýr vegna þess að það eru fleiri aðilar sem leita eftir því við ríkið að það greiði úr rekstrarvanda þeirra með þessum hætti og það verður að vera ákveðin samkvæmni milli þess sem gert er fyrir einn aðila og þess sem gert er fyrir aðra. Þessi mál eru þess vegna til umfjöllunar og ég átti fund með fulltrúum bæjarstjórnar Akureyrar um síðustu helgi þar sem þetta mál var eitt af mörgum sem þar bar á góma. Ég vona að á næstu vikum muni það skýrast nánar.

Ég vil svo, virðulegi forseti, endurtaka þakkir mínar fyrir þær almennu og góðu viðtökur sem þetta frv. hefur fengið hvað snertir form þess og venju, sem nú er að skapast, að leggja það hér fram. Ég bæði vona og veit að virðuleg fjvn. mun afgreiða það vel og fljótt í samræmi við þann vilja sem fram hefur komið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

8. fundur, miðvikudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Norræn fjárfestingarlán, 1. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 95.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána. Með lögum nr. 77/1982 og 69/1986, um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna, var ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að ábyrgjast hluta Íslands gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda. Hafði ráðherranefnd Norðurlanda áður breytt samþykktum fyrir bankann með tilliti til þessa. Á grundvelli þessara tvennra laga gerði Ísland síðan ábyrgðarsamninga við bankann.

Vegna aukinna umsvifa hefur ráðherranefndin samþykkt að hækka hámarksheimild bankans vegna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda og ábyrgða á slíkum lánum úr 700 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 1000 millj. SDR. Af þessum 1000 millj. ábyrgjast Norðurlöndin 900 millj., mest 90% af hugsanlegu lánsfjártapi. Við þetta eykst ábyrgð Íslands vegna ofangreindrar verkefnastarfsemi enn einu sinni, nú úr 5 milljörðum 350 millj. í 8 milljarða 50 millj. SDR.

Með frv. þessu er með sama hætti og áður leitað eftir lagaheimild fyrir aukinni ábyrgð. Á grundvelli slíkrar heimildar yrði síðan gerður nýr ábyrgðarsamningur milli Íslands og bankans. Sá samningur mundi leysa eldri samning milli aðilanna af hólmi.

Sem fskj. með frv. eru birtar breytingar á samþykktum fyrir bankann sem tengjast ofangreindri ábyrgðaraukningu, svo og tvær aðrar breytingar. Önnur snertir nafn bankans á ensku en hin varamenn.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um efnisatriði frv. en mælist hins vegar til þess að að lokinni 1. umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.-og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Opinber réttaraðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 55. mál. — Þskj. 55.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um opinbera réttaraðstoð sem flutt er á þskj. 55. Tilgangur-

inn með því að leggja fram þetta frv. til laga um opinbera réttaraðstoð er að veita efnalitlu fólki möguleika á að leita sér lögfræðiaðstoðar þannig að það fólk þurfi ekki, vegna fátæktar, að missa þau réttindi sem það annars á að hafa.

Ef hafa á í heiðri þá grundvallarreglu íslensks réttarfars að allir séu jafnir fyrir lögunum, þá verður að búa svo um hnútana að allir geti leitað réttar síns án tillits til efnahags. Réttaraðstoð af þessu tagi er jafnframt varnaðarstarf. Meiri líkindi eru til þess að mál leysist farsællega á frumstigi, þ.e. án þess að til málshöfðunar þurfi að koma, ef fólk fær fullnægjandi lögfræðilega aðstoð sér að kostnaðarlitlu í tæka tíð. Raunar má benda á að hér á landi er tiltölulega sjaldgæft að leitað sé lögfræðiaðstoðar í sumum málaflokkum, svo sem í sifjamálum, en algengt er erlendis að leitað sé lögfræðiaðstoðar vegna þessara mála þar sem settar hafa verið reglur um opinbera réttaraðstoð. Löggjöf um lögfræðiaðstoð við almenning hefur verið í gildi í flestum nágrannalöndum okkar í 15–20 ár.

Það frv. sem hér er lagt fram er samið af nefnd sem Jón Sigurðsson dómsmrh. skipaði í maí 1988. Í nefndinni sátu Björn Friðfinnsson, þáv. aðstoðarmaður dómsmrh., Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður og Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Haustið 1989 bættist Sigurður Jónsson, núv. aðstoðarmaður dómsmrh., í nefndina. Ritari nefndarinnar hefur verið frá upphafi Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af lagareglum um þetta efni á Norðurlöndum. Fyrir um það bil hálfu öðru ári, eða 17. apríl 1989, samþykkti Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum. Undanfarið hefur og verið nokkuð rætt um nauðsyn aðstoðar við brotaþola í nauðgunar- og líkamsárásarmálum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að settar verði reglur um einn þátt þessarar aðstoðar, þ.e. um lögfræðilega aðstoð við þolendur tiltekinna afbrota. Það er ekki ætlun mín að rekja hér öll efnisatriði frv. en ég mun þó geta helstu atriða að nokkru.

Í frv. er gert ráð fyrir að allir þeir einstaklingar sem fasta búsetu hafa hér á landi eigi rétt til opinberrar réttaraðstoðar. Í II. kafla frv. er fjallað um almenna ráðgjöf við almenning en samkvæmt frv. er hér um að ræða munnlegar leiðbeiningar sem veittar eru af lögmönnum eða á vegum samtaka lögmanna. Fyrirkomulagið er hugsað á þann veg að dómsmrh. semji við lögmenn eða samtök þeirra um að skipuleggja slíka ráðgjöf á ákveðnum tímum, t.d. einu sinni til tvisvar í viku, 2–3 tíma í senn. Ráðgjöf þessi er veitt að kostnaðarlausu fyrir þá sem hana nýta sér en ekki er gert ráð fyrir að hún kosti ríkissjóð mikið fé.

Í III. kafla frv. er fjallað um aðstoð hins opinbera í einstökum málum. Er framkvæmd þeirra ákvæða sá þáttur frv. sem mestan kostnað mun hafa í för með sér. Þar er gert ráð fyrir að í samráði við samtök lögmanna verði ákveðið af ráðherra hvaða lögmenn láti aðstoð í té og skal birta lista um nöfn þeirra. Þeir sem leita aðstoðar snúa sér til lögmanns eða lögmanna sem skráðir eru á listann og þeir kynna sér hvort um er að ræða aðila sem rétt á á aðstoð. Aðstoðin er síðan látin í té og lögmaðurinn snýr sér til sýslumanns og leggur þar fram umsókn um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs.

Í IV. kafla er um nýmæli að ræða sem ég kom lítillega að í upphafi máls míns. Nauðsyn þykir til þess að þeir sem orðið hafa fyrir tilteknum refsiverðum brotum njóti lögmannsaðstoðar við kærumeðferð og gerð bótakröfu. Þetta á við um ýmis kynferðisafbrot, grófar líkamsárásir og/eða ólögmæta frelsisskerðingu.

Ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í XI. kafla laga um meðferð einkamála í héraði frá 1936 eru nú úrelt orðin og er í V. kafla frv. leitast við að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna. Lagt er til að veiting gjafsóknarleyfis sé miðuð við efnahag umsækjanda, eins og nú er aðalreglan, en formlegri reglur verði settar um tekju- og eignarmörk. Einnig skal taka tillit til annarra atriða og er lagt til að sérstök nefnd verði sett á fót til þess að veita umsagnir um gjafsóknarbeiðnir og til að móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa. Felld eru niður ákvæði um gjafsókn til kirkna, skóla, sjúkrahúsa, hreppsfélaga og fleiri aðila og um skilyrði fyrir gjafsóknarleyfi til erlendra ríkisborgara.

Lagt er til að lög þessi taki gildi 1. jan. 1991 að undanskildum III. kafla. Það er ljóst að erfitt verður að áætla kostnað af framkvæmd III. kafla og því er lagt til að hann taki ekki gildi fyrr en 1. júní 1992. Hafa verður í huga að hér er, ef frá eru talin ákvæðin um gjafsókn og gjafvörn, um að ræða algera nýjung í íslenskum rétti sem brýn þörf er að vísu á en óhjákvæmilegt er að láta reynsluna skera úr um hvort þær reglur sem hér er gerð tillaga um leysi nægilega úr þeirri þörf sem þeim er ætlað að leysa. Að öðru leyti vísa ég til frv. og athugasemda sem því fylgja og vil að svo mæltu, hæstv. forseti, fara þess á leit að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 56. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 56.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Frv. það sem hér er til umræðu er endurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en sá kafli laganna fjallar um kynferðisbrot.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta Alþingi og varð þá ekki útrætt. Nú er frv. endurflutt óbreytt og raunar í þriðja sinn því að það hafði einnig verið lagt fyrir 111. löggjafarþing.

Aðdragandi frv. er sá að þegar nauðgunarmálanefnd skilaði skýrslu sinni í nóvember 1988 var meðal til-

lagna nefndarinnar frv. til laga um breytingu á 194.–199. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þeim breytingum sem fram komu í frv. nauðgunarmálanefndar og því að á Alþingi vorið 1988 var frv. um breytingu á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar, ákvað þáv. dómsmrh. að láta endurskoða aðrar greinar XXII. kafla hegningarlaganna áður en frv. nefndarinnar yrði lagt fyrir Alþingi.

Fyrstu sjö greinar frv. um breytingu á heiti XXII. kafla laganna og um endurskoðun 194.–199. gr. hegningarlaganna eru í frv. þessu óbreyttar frá því sem nauðgunarmálanefnd samhljóða lagði til.

Þær meginbreytingar sem frv. þetta felur í sér eru í fyrsta lagi að öll ákvæði kaflans eru nú gerð ókynbundin. En í gildandi lögum eru margar greinar þannig að einungis konur njóta refsiverndar og karlar einir geta verið gerendur. Tilgangur þessara breytinga er sá að auka réttarvernd almennt gagnvart kynferðisbrotum og eru tillögurnar í samræmi við réttarþróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði í öðrum löndum. Þótt þessi brot bitni nær eingöngu á konum er ekki ástæða til að ætla að víðtækari refsivernd raski á nokkurn hátt réttarstöðu kvenna. Ákvæði frv. eiga því jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna eftir því sem við á.

Í öðru lagi felst í frv. aukin réttarvernd þar sem á því er byggt að samræði verði skýrt rýmra en samkvæmt gildandi lögum, svo sem rakið er í greinargerð með frv., og að í frv. er lagt til að lögfest verði að „önnur kynferðismök" verði lögð að jöfnu við samræði. Með „öðrum kynferðismökum" er átt við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Átt er við athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Þá eru í frv. ný ákvæði um kynferðislega áreitni sem ekki er slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Hér er fyrst og fremst átt við káf ýmiss konar, þukl og annars konar líkamlega snertingu, ljósmyndun af kynferðislegum toga o.s.frv. Í gildandi hegningarlögum eru ekki bein ákvæði um þetta en verknaðir sem falla undir framangreindar verknaðarlýsingar hafa verið heimfærðir undir 209. gr. hegningarlaganna sem fjallar um að særa blygðunarsemi.

Í þriðja lagi eru ákvæði um sifjaspell flutt úr XXI. kafla laganna í þennan kafla þar sem þau þykja betur eiga heima, enda oft nátengd öðrum kynferðisbrotum.

Ég mun nú víkja að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. er lagt til að heiti XXII. kafla laganna verði breytt þannig að tekið verði upp heitið: Kynferðisbrot í staðinn fyrir „Skírlífisbrot". Rétt þykir að miða heiti kaflans frekar við einkenni háttseminnar en hin siðrænu viðhorf til brots og brotaþola.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til verulegar breytingar á 194. gr. hegningarlaganna, þ.e. þeirri grein sem fjallar um nauðgun. Í fyrsta lagi er lýsing verknaðaraðferða rýmkuð verulega með rýmri túlkun á samræði og með því að leggja önnur kynferðismök að jöfnu við samræði, svo sem áður er að vikið. Auk þess tekur þetta nýja ákvæði frv. um nauðgun nú, auk beinnar valdbeitingar, til allra refsiverðra ofbeldishótana sem í gildandi lögum eru refsiverðar samkvæmt 196. gr. laganna. Þá felst einnig rýmkun í því að ekki er lengur áskilið að hótun veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð.

Í öðru lagi er í þessari grein sú grundvallarbreyting að lagt er til að ákvæðið verði tvískipt, í 1. mgr. almennt ákvæði og refsihækkunarákvæði í 2. mgr. með sjálfstæðum refsimörkum. Núgildandi ákvæði er með refsilágmarki sem lagt er til að fellt verði brott. Með þessu er ekki verið að draga úr því að um alvarleg brot sé að ræða heldur er talið að refsiverndin verði virkari með þessum hætti. Skal það rökstutt nánar.

Þegar ákveðið refsilágmark er í lögum, svo sem í núgildandi 194. gr., er ákveðin hætta til staðar á því að brot verði ekki kært vegna refsilágmarks. Hætta er á að ákært sé fyrir brot gegn öðrum greinum laganna sem hafa vægari refsimörk eða jafnvel að dómstólar heimfæri brot undir aðrar greinar þar sem refsimörk eru vægari. Í Danmörku var refsilágmark fellt brott fyrir 15–20 árum af framangreindum ástæðum. Áður var gerð viðamikil rannsókn á dómum um kynferðisbrot og voru niðurstöður hennar að framangreind atriði ættu við rök að styðjast. Þá hefur það verið almenn löggjafarstefna hér og í nágrannalöndum að fella brott refsilágmark, nema við alvarlegustu brotum. Má í því sambandi benda m.a. á 110. gr. og 142. gr. almennra hegningarlaga. Með því að fella niður refsilágmark er ekki verið að leggja til að dómstólar taki upp vægara refsimat en nú er gert.

Varðandi 3.–7. gr. vísa ég til þess sem fram kemur í greinargerð með frv.

Í 8. gr. frv. er fjallað um sifjaspell. Meginefni núgildandi 190. gr. er flutt í þessa grein. Auk þess er tekið upp í greinina nýtt ákvæði um kynferðislega áreitni, en áður hefur verið fjallað um það hugtak. Þá eru í greininni, eins og í 2. og 3. gr. frv., önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði.

Í núgildandi ákvæði er sifjaspell refsivert bæði fyrir foreldri og barn sé barnið komið á sakhæfisaldur. En í þessu ákvæði frv. er refsiábyrgð barna og annarra niðja felld brott. Rökin eru m.a. þau að alla jafna eru það börn og ungmenni sem sæta misnotkun af hálfu hinna eldri er skáka í skjóli aldurs og reynslu. Ákvæðið á jafnt við brot gagnvart skilgetnum og óskilgetnum börnum. Ef ofbeldi eða hótun um það er beitt er einnig refsað fyrir brot gegn 194. gr., sbr. 2. gr. frv. Ef barn er yngra en 14 ára er jafnframt refsað fyrir brot gegn 202. gr., sbr. 10. gr. frv. Refsimörk eru nokkuð þyngd frá núgildandi lögum.

Í 3. mgr. eru ákvæði varðandi systkini. Er þeim breytt frá núgildandi ákvæðum á þann veg að refsimörk eru hert en jafnframt heimilað að fella niður refsingu þess eða þeirra sem ekki hefur náð 18 ára aldri í stað 16 ára í núgildandi lögum.

9. gr. frv. svarar til 201. gr. núgildandi laga með

þeirri breytingu, eins og í ýmsum öðrum greinum frv., að bætt er við ákvæðum um önnur kynferðismök og kynferðislega áreitni. Þá er í upptalningu barna bætt við stjúpbarni og sambúðarbarni.

Þær meginathugasemdir sem allshn. þessarar deildar bárust við frv. þetta þegar það var flutt á 111. þingi vörðuðu 8. og 9. gr. frv. Þessar athugasemdir og brtt. voru ekki samhljóða en meginefni þeirra var að afnuminn skyldi mismunur á sifjaspelli og samræði og öðrum kynferðismökum við börn og ungmenni sem eru í uppeldis- eða tilfinningatengslum við brotamann auk þess sem ákvæði í 1. mgr. 9. gr. frv. skyldu útvíkkuð enn frekar. Í öðru lagi að refsihámark þessarar greinar skyldi hækkað. Og í a.m.k. einni athugasemd var lagt til að afnumin skyldu refsiákvæði um samræði eða önnur kynferðismök á milli systkina.

Af þessu tilefni er rétt að vekja athygli á að brotalýsing þessara greina er ekki að öllu leyti eins. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. frv. er samræði og önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja ávallt refsivert, án tillits til aldurs barns eða niðja viðkomandi. En samkvæmt 1. mgr. 9. gr. er samræði og önnur kynferðismök þar til greindra aðila ekki refsiverð eftir 18 ára aldur kjörbarns, stjúpbarns o.s.frv. Að hækka refsihámark þessara greina þannig að þau verði slitin úr samhengi við refsihámark annarra greina hegningarlaganna er ekki líkleg aðgerð til að bæta refsivernd eða til að þyngja refsingar fyrir þessi brot almennt. Jafnframt verður að hafa í huga að brot á þessum greinum getur jafnframt verið brot á öðrum greinum þessa kafla hegningarlaganna sem hafa þyngra refsihámark og að í slíkum tilfellum ber jafnframt að refsa fyrir brot á þeim greinum.

Ég tel að sú aðgreining sem er að finna í 8. og 9. gr. eigi við rök að styðjast. Ef ástæða þætti til mætti athuga hvort samræma eigi refsihámark í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. frv.

Varðandi 10.–17. gr. er vísað til þess sem segir í athugasemdum við þær greinar. Þó tel ég rétt að fara nokkrum orðum um 1. mgr. 13. gr. frv. þar sem segir að hver sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum. Hvorki samkvæmt gildandi hegningarlögum né samkvæmt frv. þessu er vændi sem slíkt refsivert. Refsiákvæðin taka til þess að stunda vændi sér til framfærslu. Í athugasemdum við frv. þetta á síðasta ári var lagt til að fella brott að ákvæðið um vændi til framfærslu væri refsivert. Voru forsendur þær að það væru ytri aðstæður sem neyddu fólk til að hafa framfærslu sína af vændi og í flestum tilfellum væri það kaupandinn sem væri að misnota seljandann og ekki ætti að refsa veikari aðilanum en sleppa þeim sterkari. A.m.k. í einni athugasemd var bent á að athugað yrði hvort ekki ætti að gera kaup þjónustunnar refsiverð. Ljóst er að mál þetta á sér margar hliðar og er viðkvæmt. Ég tel að þetta ákvæði sé í samræmi við þau almennu siðgæðisviðhorf sem ríkja hér á landi og tel nauðsynlegt að þau komi fram með þeim hætti í löggjöf. Ég er ekki viss um að menn átti sig almennt á afleiðingum þess að þetta ákvæði yrði fellt brott.

Hæstv. forseti. Í frv. þessu eru refsimörk fyrir kynferðisafbrot almennt þyngd frá því sem er í gildandi lögum, þó með einstökum frávikum sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við viðkomandi greinar. Verði frv. þetta að lögum verða refsimörk fyrir kynferðisafbrot hér á landi með þeim þyngstu á Norðurlöndum.

Ég gat þess í upphafi máls míns að hvatinn að frv. þessu hefði verið tillögur frá nauðgunarmálanefnd um breyting á 194.–199. gr. almennra hegningarlaga. Í skýrslu og tillögum nauðgunarmálanefndar er mikil áhersla lögð á aukna réttarvernd og aðra aðstoð við fórnarlömb eða þolendur kynferðisbrota. Að bæta réttarstöðu þeirra verður ekki gert með því einu að breyta hegningarlögum. Öll hegningarlög fjalla fyrst og fremst um háttsemi geranda og hvernig eigi að bregðast við gagnvart honum. Í þessum kafla hegningarlaganna skiptir viðhorf þolenda þó meira máli en víðast annars staðar í hegningarlögunum. Í þessu frv. eru ákvæði þar sem almenn siðferðisviðhorf og þjóðfélagsviðhorf skipta máli, bæði varðandi mat á einstökum verknuðum og alvarleika þeirra. Lögð hefur verið áhersla á að gera frv. þannig úr garði að viðunandi friður og jafnvægi megi haldast um viðkvæm siðferðisviðhorf jafnframt því að bæta réttarvernd þeirra sem fyrir kynferðisbrotum verða.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekki margt sem ég ætlaði að gera athugasemdir við í þessu frv., sem vafalaust er á flestan hátt til bóta. Þó finnst mér það dálítið skrýtið að það skuli ekki vera ólöglegt að stunda vændi almennt talað á Íslandi en bara ólöglegt að stunda vændi sér til framfærslu. Mér finnst að þetta „til framfærslu" ætti að detta út úr þessari grein. Þetta er 13. gr. á bls. 3 í þessu frv.

Og í 3. mgr. 13. gr. þar sem segir: „Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti," hefði mér fundist ástæða til að við bættum líka „innflutningi í þessu skyni" í þessi lög. Jafnframt fyndist mér að það ætti ekki að vera löglegt að flytja út fólk í slíkum tilgangi þó viðkomandi sé orðinn 21 árs. Samkvæmt þessu frv. ætti það að vera löglegt að flytja út fólk til vændis ef það er yfir 21 árs aldri. Það finnst mér ekki heldur réttlátt. Mér finnst að það ætti að standa þarna eingöngu að það sé ólöglegt að flytja út eða inn fólk í þessu skyni. Það væri hreinna mál. Jafnvel þó að það sé löglegt í sumum löndum að stunda vændi þá finnst mér að við ættum ekki að hafa það í okkar lögum að það sé löglegt að hjálpa til við slíkt athæfi.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir þessar athugasemdir. Ég get út af fyrir sig fallist á að þær eigi fyllilega rétt á sér og þær munu fara náttúr-

lega til hv. allshn. Það verða vísast allmörg atriði sem þar koma til álita. Hins vegar vil ég leggja áherslu á það að þetta mál er nú hér flutt í þriðja sinn og ég vil mælast til þess við hv. allshn. að hún leggi áherslu á það að afgreiða málið úr þessari deild á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, 1. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 102.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir frv. til laga um samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Frv. þetta hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið og hefur verið fjallað um það ítarlega við þá aðila sem þetta mál snertir sérstaklega. Frv. er 99. mál þessa þings og birtist á þskj. 102.

Talsverð umræða hefur verið á undanförnum árum um táknmál heyrnarlausra og notkun þess. Má segja að tvær stefnur hafi verið uppi, önnur sú að heyrnarlausir eigi eingöngu að nota talmál og varaaflestur og hin um notkun táknmáls heyrnarlausra. Hefur þróunin mjög verið í þá átt að táknmálið hefur styrkst og notkun þess. Þetta er þróun sem hefur átt sér stað í heiminum víða og æ fleiri þjóðir hafa gert heyrnarlausum kleift að nota það mál sem mörgum þeirra er eðlilegast, þ.e. táknmál heyrnarlausra. Þessi þróun hefur einnig verið í gangi hér á landi um nokkurt árabil og umræður hafa verið talsverðar.

Vorið 1989 fól menntmrh. nefnd þriggja embættismanna úr félmrn., heilbr.- og trmrn. og menntmrn. að semja drög að reglugerð um starfsemi samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þá var ætlunin að reglugerðin yrði sett á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Nefndin skilaði drögum að reglugerð í september 1989. Þar var gert ráð fyrir því að stöðin heyrði undir félmrn. og ætti stoð í lögum nr. 43/1983, um málefni fatlaðra. 20. nóv. 1989 voru drögin send til umsagnar fjölmargra aðila, þ.e. Félags heyrnarlausra, Öryrkjabandalags Íslands, Heyrnarhjálpar, Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands, Heyrnleysingjaskólans, Námsgagnastofnunar, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og auk þess svæðisstjórnanna um málefni fatlaðra í öllum umdæmum, Reykjavík, Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi og loks til stjórnarnefndar um málefni fatlaðra í félmrn.

Hinn 7. des. 1989 voru reglugerðardrögin tilbúin eftir að farið hafði verið yfir athugasemdir þær sem borist höfðu. En eftir áramótin síðustu tóku að berast óskir frá þeim sem einkum munu nota samskiptamiðstöðina um að hún mundi heyra undir menntmrn. því að þarna væri um að ræða menntun, skóla og rannsóknir. Um nokkurt skeið leituðum við leiða til þess að leysa þetta vandamál. M.a. var kannað hvort hugsanlegt væri að stöðin heyrði undir menntmrn. þó að hún ætti stoð í lögunum um málefni fatlaðra. En þegar upp var staðið og leið á þetta ár kom í ljós að það var erfitt, ef ekki óframkvæmanlegt. Þá leitaði ég enn leiða til að koma þessari stofnun á laggirnar án þess að setja um hana sérstök lög, þ.e. að hún yrði í raun og veru starfrækt á grundvelli reglugerðar. Þá hafði ég í huga reglugerð á grundvelli laganna um Heyrnleysingjaskólann. Það tókst ekki að finna þessu stoð í lögunum um Heyrnleysingjaskólann og þess vegna ákvað ríkisstjórnin að leita til Alþingis með því stjfrv. sem hér liggur fyrir.

Fjallað hefur verið um það að undanförnu hvar þessi starfsemi gæti orðið til húsa, ef af yrði. Gert er ráð fyrir því að til bráðabirgða, ef Alþingi fellst á þetta frv., geti hún fengið aðsetur í húsnæði Heyrnleysingjaskólans. Ríkisstjórnin féllst á þessi mál efnislega í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 en þar er gert ráð fyrir því að veita 5,3 millj. kr. til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þar er um að ræða annars vegar nokkra lækkun á kostnaði við Heyrnleysingjaskólann sjálfan upp á 3 millj. og hins vegar 2,3 millj. sem er viðbótarframlag til þessa verkefnis af hálfu ríkisins frá því sem verið hefði að óbreyttu.

Í frv. er farið yfir þessi mál eins og við er að búast grein fyrir grein. Það er fyrst lögð á það áhersla að markmið frv., ef að lögum verður, sé að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Helstu hlutverk þessarar stofnunar eru í raun og veru fjögur:

1. Að framkvæma rannsóknir á íslensku táknmáli, en þær hafa verið litlar.
2. Að stuðla að kennslu táknmáls.
3. Að annast og vera miðstöð fyrir táknmálstúlkun hér á landi.
4. Að sinna ýmiss konar annarri þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta.

Gert er ráð fyrir því í 2. gr. að um skipan þjónustunnar í einstökum atriðum verði fjallað í reglugerð og lögð á það áhersla að stofnunin hafi samstarf við ýmsa aðila sem þegar eru starfandi hér á landi, þ.e. svæðisstjórnirnar um málefni fatlaðra, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi þau málefni sem snerta starfsemi þeirra. Sömuleiðis á stofnunin að hafa samstarf við félög áhugamanna, eins og það er orðað í frv.

Í 3. gr er gert ráð fyrir því að stofnuninni sé skipuð fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Í stjórninni verði í fyrsta lagi einn fulltrúi tilnefndur af Félagi heyrnarlausra, í öðru lagi einn fulltrúi tilnefndur af Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra, í þriðja lagi einn fulltrúi tilnefndur af félmrh., í fjórða lagi einn fulltrúi tilnefndur af heilbrrh. og í fimmta lagi einn fulltrúi tilnefndur af menntmrh. sem skal vera formaður stjórnarinnar. Varamenn verði skipaðir á sama hátt.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því að forstöðumaður stofn-

unarinnar verði skipaður til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður eigi sæti á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti og sjái um framkvæmd á ákvörðunum hennar en annist jafnframt daglegan rekstur miðstöðvarinnar.

Í frv. er gert ráð fyrir því að samskiptamiðstöðin geri fjárhags- og framkvæmdaáætlun til allt að fimm ára í senn og að stjórn miðstöðvarinnar staðfesti áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Gert er ráð fyrir því að menntmrh. geti, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir einhvern hluta af þeirri þjónustu sem stofnunin veitir. Það yrði vafalaust mjög lítill hluti af starfsemi stofnunarinnar sem þyrfti á slíkri skrá að halda. Væntanlega yrði helst um það að ræða ef stofnanir eins og t.d. Alþingi óskuðu eftir því að njóta þjónustu stofnunarinnar við að túlka umræður á Alþingi fyrir heyrnarlausa eða heyrnarskerta með táknmáli, þá væri eðlilegt að ætlast til þess að þessi stofnun, Alþingi, greiddi fyrir það.

Í prentun frv. hefur því miður fallið niður fyrir mistök grein sem átti að vera 7. gr. og orðast svo:

"Lög þessi öðlast þegar gildi" eða: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1991" sem í sjálfu sér fer eftir því hvenær málið yrði afgreitt hér á Alþingi.

Eins og sakir standa eru hér á Íslandi um 300 Íslendingar heyrnarlausir og táknmál er það mál sem þeim lætur best að nota. Táknmálið er sjálfstætt mál með eigin formgerð og lýtur eigin reglum. Enn þá er ekki boðið upp á formlega kennslu í táknmáli. Námsefni hefur ekki verið til, kennara hefur vantað, nauðsynlegar rannsóknir á íslensku táknmáli skortir og það er skortur á táknmálstúlkum. Það er gert ráð fyrir því að þessi samskiptamiðstöð geti bætt möguleika heyrnarlausra og heyrnarskertra til samskipta við heyrandi. Það er tilgangurinn með því að setja þessa miðstöð á laggirnar. Hún á að annast táknmálsrannsóknir, m.a. í samvinnu við málvísindamenn. Rannsóknir á táknmálinu eru auðvitað grunnforsenda þess að hægt verði að kenna táknmál og undirbúa og annast menntun táknmálstúlka í samvinnu við háskólastofnun, sem væri þá væntanlega Kennaraháskóli Íslands aðallega.

Það er gert ráð fyrir því að miðstöðin geti haldið fræðslunámskeið um heyrnarlausa og heyrnarleysi, að hún gefi út og semji ritlinga og gefi út myndbönd sem geti auðveldað samskipti heyrnarlausra og heyrandi og að stofnunin annist túlkaþjónustu. Það er auðvitað mjög mikilvægt að gott samstarf sé við þá aðila sem þjóna heyrnarlausum og við félagasamtök heyrnarlausra og heyrnarskertra. Það er sérstaklega undirstrikað í lagagreininni sem ég vitnaði til áðan.

Málefni heyrnarlausra heyra eins og sakir standa undir þrjú ráðuneyti. Þess vegna tel ég að það sé eðlilegt að stjórnarmenn séu tilnefndir af öllum þessum ráðuneytum, auk þeirra hagsmunaaðila sem hér eiga hlut að máli.

Eins og ég sagði áðan hefur verið fjallað ítarlega um þetta mál. Fyrir liggur nákvæm kostnaðaráætlun við stofnun samskiptamiðstöðvarinnar. Talið er að rekstur stofnunar þessarar muni kosta um 5,4 millj. kr. á fyrsta ári að meðtöldum kostnaði við tæki og búnað eða stofnkostnaði sem talið er að verði 1,6 millj. kr. Raunverulegur rekstrarkostnaður yrði sem sagt 3,7 millj. kr.

Fyrir liggja margvíslegar skýrslur um þetta mál, m.a. skýrsla um samskiptamiðstöð heyrnarlausra frá sérstökum starfshópi sem í áttu sæti Valgerður Stefánsdóttir, Berglind Stefánsdóttir og Jóhann V. Ólafsson. Þau gengu frá þessari skýrslu 22. júlí 1990. Þar kemur fram með mjög skilmerkilegum hætti hver vandi er hér á ferðum að því er varðar stöðu heyrnarlausra í okkar samfélagi og hvernig skynsamlegast er að taka á þeim vanda. Mun ég koma þeirri skýrslu í hendur nefndarinnar sem um málið fjallar.

Ég hef haldið á undanförnum mánuðum marga fundi með fulltrúum aðila og niðurstaðan hefur sem sagt orðið þessi að flutt var frv. um samskiptamiðstöðina til þess að bæta úr þeim vanda sem augljóslega blasir við. Ég hef ástæðu til að ætla það að um þetta mál geti orðið allgóð samstaða hér á hinu háa Alþingi og leyfi mér að láta þá von í ljós að frv. geti orðið að lögum fyrir áramótin. Hér er um að ræða í raun og veru einfalt mál og skýrt sem ekki ætti að þurfa að liggja lengi yfir. Það má segja að með flutningi þessa frv. um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra sé í raun og veru stigið fyrsta skrefið í þá átt að viðurkenna táknmálið sem tjáningarmál hér á landi við hliðina á íslensku, móðurmálinu. Það er auðvitað mjög mikilvægt skref, jafnréttisskref í þágu heyrnarlausra hér á landi. Við leggjum mjög mikla áherslu á að það skref verði stigið og að Alþingi taki vel þessu frv. um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sem ég mæli hér fyrir.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fagna því að þetta frv. er fram komið. Það eru nokkur atriði sem ég hef efasemdir um og vil að komi fram strax við 1. umr. þó ég hafi aðstæður til í hv. menntmn. að fylgja þeim eftir.

Í fyrsta lagi varðandi fyrirsögnina. Talað er um frv. til laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, og kemur reyndar fram í 2. gr., þá er hér fyrst og fremst um að ræða táknmálskennslu, táknmálstúlkun og táknmálsrannsóknir. Þess vegna er ég efins um að þetta eigi að ná líka til heyrnarskertra, heldur sé hér fyrst og fremst um að ræða Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, það sé kannski réttara að orða það svo.

Í öðru lagi er það í 2. gr. varðandi samstarf það sem stofnunin á að hafa við aðrar stofnanir. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þessar stofnanir, eins og t.d. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, séu ekki meira á sviði heilbrigðismála og hvort það er í sjálfu sér ástæða til þess að þarna eigi að fara fram samstarf á milli. Mér finnst samstarf við Heyrnleysingjaskólann mjög eðlilegt, en mér er spurn: Er hitt það mikils virði að það sé ástæða til þess að setja það inn í lög að stofn-

unin skuli hafa samsarf við þá aðila?

Þá er í þriðja lagi það sem ég vildi nefna og velti fyrir mér varðandi stjórn þessarar stofnunar. Miðað við frv. á meiri hluti stjórnar að vera frá ráðuneytum en minni hluti frá Félagi heyrnarlausra og Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra. Mér fyndist eðlilegra að meiri hlutinn kæmi frá þeim aðilum og minni hutinn aftur á móti frá ráðuneytunum. Þá hefði ég kannski talið eðlilegast að heilbrrn. félli út. Það er eðlilegt að það sé einn fulltrúi tilnefndur af félmrh. og ég geri ekki athugasemdir við það, eins og kemur fram í elið, að menntmrh. skipi einn fulltrúa án tilnefningar sem verði formaður.

Þetta eru, hæstv. forseti, þau atriði sem ég vildi koma hér á framfæri. En ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi að ég fagna því mjög að þetta frv. skuli vera fram komið og vonast til að það eigi greiða leið í gegnum þingið.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fagna því að þetta frv. er komið fram. Táknmál er, að því er fróðir menn segja mér eða réttara sagt frótt heyrnarlaust fólk hefur sagt mér, sú aðferð við að tjá sig og þau samskipti sem því lætur albest.

Sú stofnun sem verið er að leggja til að sett verði á fót á mjög mikið verk fyrir höndum. Hún á ekki bara fyrir höndum það sem nefnt er hér rannsóknir á íslensku talmáli, kennslu táknmáls og táknmálstúlkun. Hún á líka fyrir höndum mikið verk við að vinna námsgögn og við að kynna táknmálið og vinna því fylgi meðal þjóðarinnar. Það er til fólk núna sem efast um að táknmálið sé hið rétta heldur eigi að kenna fólki að lesa af vörum og tala á þann hátt. Það er kannski engin furða því að það hefur verið iðkað hér og því verið trúað lengi að þetta væri besta aðferðin. Því veit ég að þessi Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra — ég tel ekki ástæðu til að stytta þetta nafn vegna þess að það er alltaf hægt að deila um hvar mörkin eru á milli heyrnarlauss og heyrnarskerts manns — á mjög mikið verk fyrir höndum.

Ég veit að sl. vetur var mjög mikið verk í gangi, tilraun hjá Þroskaþjálfaskólanum. Það var nemandi þar sem fékk sérstaka aðstoð við að kryfja til mergjar mál og tjáningu sína en þessi nemandi er heyrnarlaus stúlka. Það er sem sagt nú þegar byrjað á slíkum rannsóknum sem talað er um hér. Og ég efast ekkert um að þetta er hin rétta leið til að efla táknmálskennsluna og kynna hana. En það þarf ekki síst að kynna hana á milli okkar hinna sem höfum enn sem komið er heyrn og aðra tjáningarmöguleika því að það er ekkki nóg að kenna þeim sem heyrnarskertir eru málið heldur líka okkur hinum til að geta deilt geði og skipst á orðum við þá sem heyrnarskertir eru. En í heild er þetta mál hið besta mál og ég styð það af alhug.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 18. þm. Reykv. fyrir góðar undirtektir við þetta mál. Ég ætla aðeins að víkja að athugasemdum sem fram komu hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. og þá fyrst varðandi fyrirsögn frv.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að átta sig á því, eins og hv. 18. þm. Reykv. gat um, að markatilvikin eru svo mörg að það er í raun og veru ekki hægt annað en að orða þennan þátt svona. Ég hef hins vegar velt því fyrir mér hvort fyrirsögnin sé villandi að því leytinu til að hún eigi aðallega að stuðla að samskiptum milli heyrnarlausra og heyrnarskertra. En tilgangurinn er sá að hún á að stuðla að samkiptum milli heyrnarlausra og heyrnarskertra annars vegar og heyrandi hins vegar. Ég veit að í hv. menntmn. eru margir orðhagir einstaklingar sem hafa glögga innsýn í þetta mál og mér þætti ekkert verra þótt menntmn. fyndi á miðstöðina annað heiti sem væri kannski gagnsærra að því er varðar hlutverk hennar en þetta heiti er hér. Ég tel engan veginn að þetta heiti sé eins og það lítur út yfir gagnrýni hafið.

Varðandi aðra athugasemd hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um það að óþarfi væri að hafa Heyrnar- og talmeinastöðina þarna inni í þá held ég satt að segja að það sé ekki vegna þess að hún er með hjálpartæki sem nýtast heyrnarskertum. Ég held að það sé mjög eðlilegt að það sé leitað til hennar. Spurningin er hins vegar um það, og það getur verið álitamál, hvort það eigi að segja í frv. eða lögunum „skal" hafa samstarf við þessa stofnun, heldur væri kannski nægilegt að orða þetta þannig að miðstöðin eigi samstarf við þær stofnanir og þá aðila sem í hlut eiga eða í hlut geta átt án þess að vera að telja þær upp vegna þess að sú upptalning verður aldrei tæmandi eða kannski of löng vegna þess að þá er verið að tala um stofnanir eða miðstöðvar sem einungis í undantekningartilvikum yrði haft samstarf við á vegum þessarar miðstöðvar. Þetta er mál sem mér finnst auðvitað sjálfsagt að hv. nefnd athugi.

Varðandi þriðju athugasemd hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um það að þeir aðilar sem njóta þjónustunnar eigi að hafa meiri hluta í stjórninni en ráðuneytin minni hluta þá er það út af fyrir sig sjónarmið. Vandinn er hins vegar sá að ráðuneytin eiga að bera hér alla stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð. Við meðferð málsins, bæði hjá þeim sem þjónustunnar eiga að njóta og hjá ráðuneytunum, hafa engar hugmyndir komið fram um aðra skipan stjórnar en þarna er. En ég er ekkert að segja þar með að það fyrirkomulag sé fullkomið sem menn eru þarna að gera tillögu um. Auðvitað mætti hugsa sér að breyta aðeins samsetningu stjórnarinnar og um leið þá hlutverki hennar. Það mætti líka hugsa sér að menn fækkuðu í stjórninni þannig að í henni væru einungis fulltrúar frá menntmrn. og félögunum með þeim rökum að ráðuneytin eigi að eiga sér annan samstarfsvettvang, sem er ríkisstjórn á hverjum tíma og ýmsar samstarfsnefndir um málaflokka sem óneitanlega snerta málefnið Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. En ég heyrði það á báðum hv. þm. að þær voru almennt hlynntar efni frv. og ég endurtek þakkir mínar fyrir það og vænti þess að það sé til marks um að hv. deild treysti sér til þess að afgreiða þetta frv. á nokkuð skömmum tíma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

8. fundur, miðvikudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Tímabundin lækkun tolls af bensíni, 1. umr.

Stjfrv., 91. mál. — Þskj. 94.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):
Virðulegi forseti. Það frv. sem hér um ræðir fjallar um tímabundna lækkun tolls á bensíni. Þann 5. okt. sl. ritaði fjmrh. Verðlagsráði bréf og skýrði frá því að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir breytingu á tollalögum þannig að hlutur ríkisins af aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti hækki ekki í krónutölu frá því sem var við síðustu verðlagningu bensíns. Í fskj. með frv. er umrætt bréf til Verðlagsráðs birt.

Þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar er tekin í samráði við helstu samtök launafólks og samtök atvinnurekenda og er ætlað að styrkja það samkomulag um kjaramál sem kennt er við þjóðarsátt. Verði frv. þetta að lögum er gert ráð fyrir að þau gildi til áramóta en ætla má að heimsmarkaðsverð á olíu lækki til muna á þeim tíma frá því háa verði sem spákaupmennska í tengslum við Persaflóadeiluna hefur nú leitt til og er ánægjulegt að olíufélögin ákváðu í gær að óska ekki eftir þeirri hækkun sem horfur voru á að þau mundu óska eftir. Styður sú ákvörðun enn frekar þá hugsun sem í þessu frv. felst. Það er lagt fram vegna óvissunnar í olíumálum á heimsmarkaði um þessar mundir.

Samkvæmt gildandi reglum er veittur gjaldfrestur á innflutningsgjöldum af bensíni og er því lagt til í frv. að heimildin um tímabundna tollalækkun verði afturvirk frá 1. okt. og gildi til 31. des. í ár. Tollur af bensíni er nú 50% en að samþykktu þessu frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði að lækka hann í um 30–35%. Þetta mun hafa í för með sér um 50 millj. kr. tekjutap á mánuði fyrir ríkissjóð, þrátt fyrir hærri tekjur af bensíni og virðisaukaskatti, ef miðað er við það háa innkaupsverð sem horfur voru á þegar frv. var samið á sínum tíma. Hins vegar getur tekjutapið orðið minna ef verðlagsþróun verður með öðrum hætti.

Fulltrúar ASÍ, BSRB og VSÍ hafa að undanförnu rætt við ríkisstjórnina og fjmrn. um þessi mál. Til grundvallar þeim viðræðum hefur legið mat ráðuneytisins á áhrifum hærra bensínverðs á verðlag og afkomu ríkissjóðs. Aðilar hafa verið sammála um að varanleg hækkun á bensínverði hefði veruleg áhrif á öllum sviðum efnahagslífsins og þar með talda tekjuskerðingu hjá ríkissjóði.

Jafnframt finnst mér, virðulegi forseti, rétt að benda á að hagfræðingar og alþjóðlegar hagstofnanir hafa ítrekað varað við því að gripið sé til opinberra aðgerða í því skyni að greiða niður til langtíma hækkun olíuverðs til neytenda. Þessi sjónarmið komu m.a. fram í máli fulltrúa á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sl. haust. Í samþykktum ársfundarins segir m.a. að tilraunir til að halda niðri olíuverði í einstökum ríkjum með niðurgreiðslum eða verðlagshöftum eða að bæta upp hærra olíuverð með krónutöluhækkunum á kaupi muni aðeins efla verðbólgutilhneigingar í hagkerfi hvers ríkis og verða til þess að síðar meir yrði þörf á harðneskjulegri aðgerðum í peninga- og skattamálum en ella.

Mér finnst nauðsynlegt að benda á þessa einróma niðurstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna þeirrar orkukreppu sem hugsanlega kann að verða á næstu mánuðum og missirum.

Ég tel, virðulegi forseti, ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um efnisatriði frv. og mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Byggðastofnun, 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 30. mál (kvennadeild). — Þskj. 30.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):
Virðulegi forseti. Á síðustu áratugum hefur staða kvenna í þjóðfélaginu tekið stórfelldum stakkaskiptum, einkum þar með tilliti til atvinnu. Heimilið er ekki lengur aðalstarfsvettvangur þorra kvenna. Þá staðreynd verður að viðurkenna, hvaða augum sem hún annars er litin. Konur hafa hópast út á atvinnumarkaðinn bæði til sjávar og sveita og það er ekki rétt að segja að það sé alfarið að þeirra eigin ósk. Oft hafa þjóðfélagslegar aðstæður knúið þær til þess, svo sem það hve dýrt er að koma upp húsnæði, kröfur um aukna menntun almennings, sem kostar fé, og kröfur atvinnumarkaðsins til vinnuframlags þeirra svo og löngun þeirra til að nýta sína eigin menntun.

Nú er staðan nokkuð að breytast. Samdráttur í landbúnaði veldur fólksfækkun í sveitum landsins. Nýbúgreinarnar hafa barist í bökkum og eru jafnvel aflagðar að mestu. Sú staða bitnar á heimilum og þá jafnt á konum sem körlum þar sem þær eru líka í fyrirvinnuhlutverkinu. Atvinnuleysi er nú meira í þorpum og á þéttbýlisstöðum en áður hafa sést tölur um og ekki er fyrirsjáanlegt að úr því rætist á næstunni. Á mörgum sveitaheimilum, einkum þar sem ekki eru ung börn, hefur konan, þó hún sé ein um heimilisforsjá, oft tíma aflögu sem hún kysi að nota fyrir sjálfa sig til að læra eitthvað, til að endurhæfa sig eða beinlínis til vinnu

heima eða utan heimilis í þeim beina tilgangi að drýgja tekjurnar. Þetta síðasttalda er oftar en ekki af brýnni nauðsyn þó svo efnahagslegar aðstæður bændakvenna séu afar mismunandi.

En hvað er í boði fyrir sveitakonu að mæta þessum þörfum? Innan flestra landbúnaðarbyggðarlaga hafa myndast þéttbýliskjarnar og sums staðar eru sjávarpláss í nánd. Þéttbýlisstaðir til sveita eru oft í kringum ylrækt eða gróðurhús, þar sem konur leggja fram drjúga vinnu, eða þá umhverfis skóla, hótel, elliheimili eða þjónustu af einhverju tagi. Sveitakonur sem þurfa að drýgja tekjur heimilisins leita í störf á þessa staði sem kennarar, sem leiðbeinendur eða starfsstúlkur og í mörgum sveitum eru þetta einu atvinnutækifæri kvenna utan heimilis. En þau hafa flest þá ókosti að vera árstíðabundin, óviss og illa launuð. Konur á sveitabæjum í námunda við sjávarpláss leita einnig nokkuð í vinnu þangað, í sumum tilvikum við svipuð störf og ég hef nú nefnt, en auk þess í nokkrum mæli til fiskvinnu. Í þeirri grein er yfirleitt litið á þær sem varavinnukraft og dragi úr atvinnu þá eru það þær sem fyrst er sagt upp.

Það sem ég hef nú sagt undirstrikar mikilvægi þess máls sem hér er til umræðu, en það eru varanlegar úrbætur til að treysta atvinnuöryggi kvenna á landsbyggðinni því konur vantar vinnu.

Atvinnulíf landsmanna utan höfuðborgarsvæðisins er víðast hvar einhæft. Sums staðar stendur byggðarlagið og fellur með einni atvinnugrein eða jafnvel einu fyrirtæki. Þessi fábreytni í atvinnulífinu hefur orðið enn afdrifaríkari með breyttum þjóðfélagsháttum, ekki síst með aukinni þátttöku kvenna í störfum utan heimilis. Það er löngu tímabært að taka mið af þeirri staðreynd.

Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa fyrir löngu áttað sig á vanda landsbyggðarinnar og svara því kalli. Þar eru viðamiklar aðgerðir í fullum gangi til þess að mæta atvinnuþörf dreifbýlisins og hvorki sparað fé né fyrirhöfn. Þar er ekki spurt hvort eigi að halda landsvæðum í byggð heldur hvernig. Niðurstaða þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á þeim málum er sú að öllu skipti að konur fáist til að búa þar og til þess þurfi þær að hafa atvinnu. Vilji konur ekki búa í byggðinni, og það gera þær ekki hafi þær ekki atvinnu við sitt hæfi að hverfa að, þá er byggðin fallin.

Rannsóknir sýna að ungar stúlkur taka þá ákvörðun nokkuð snemma hvort þær vilja vera kyrrar eða fara, jafnvel um fjórtán til fimmtán ára aldur. Þess vegna er nauðsynlegt að atvinnulíf sé ekki einhæft, það sé eitthvert val og þær sjái einhverja þá atvinnumöguleika sem höfða til þeirra þá þegar. Rannsóknir sýna einnig að þær hugmyndir gefast best til framkvæmda sem koma frá fólkinu sjálfu. Tilbúnar lausnir að sunnan gefast sjaldan vel. Þess vegna verður að vera til einhver aðili sem svarar frumkvæði og staður þar sem hægt er að leita til með ráðgjöf og fjármagn.

Það er einmitt þetta sem það frv. sem hér er til umræðu miðar að. Einnig þarf að vera fyrir hendi vilji til að taka áhættu með aðilanum og það er líka til umræðu hér. Þetta á ekki síst við um konur, sem eru gætnar að eðlisfari, varfærnari í fjárfestingum og hika við að leggja heimili sín og hagsmuni fjölskyldunnar að veði. Þessi gætni þeirra í fjárfestingum hefur aftur á móti sýnt sig að vera hagur fyrir þann sem lánar. Reynslan sýnir einmitt að konur eru skilvísar og orðheldnar og standa við sitt og leggja ekki út í áhættusöm ævintýr. Konum er það metnaðarmál að standa við gefin heit og skuldbindingar, það er reynsla þeirra sem farið hafa með sérsjóði til atvinnuuppbyggingar kvenna. Hvergi er skilvísi meiri. Kannanir frá Bandaríkjunum sýna þetta mjög glögglega.

Til þess að koma á fót traustu og fjölbreyttu atvinnulífi á landsbyggðinni verður að huga að nýsköpun. Álit margra iðnráðgjafa er að tregða manna til að leita inn á nýjar brautir utan hefðbundinnar atvinnustarfsemi sé hemill á nýsköpun í atvinnulífinu. Þetta ætti ekki að standa konum í vegi eins og körlum því hvar sem þær koma að atvinnuuppbyggingu eru þær í rauninni nýjar. Þær hafa ekki átt greiðan aðgang að uppbyggingu fyrirtækja hingað til. Reynsluheimur kvenna hefur ekki mótað atvinnuuppbyggingu fram til þessa og nauðsyn er að þær fái aðgang til að koma sínum hugmyndum á framfæri til að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Árið 1986 var atvinnuþátttaka kvenna hér á landi 90,1%. Þátttaka giftra kvenna í atvinnu utan heimilis hafði aukist úr 20% árið 1960 í 84% árið 1986. Nú fer atvinnuleysi hins vegar vaxandi og kemur harðar niður á konum en körlum. Skráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla. Þar að auki er vitað mál að dulið eða óskráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, einkum í dreifbýli. Það er vert að benda á að 40% lögbýla í landinu bera aðeins eitt ársverk eða minna. Allt ber því að sama brunni, það vantar ný störf fyrir konur.

Ætla mætti að einhverjir ráðamenn hafi komið auga á fyrrnefndar staðreyndir, samanber eftirfarandi setningu í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar: „Sérstakt átak verður gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni." Vissulega bólar nú á efndum í því máli því að fé hefur verið sett á fjárlög til að mæta þessari atvinnuþörf í einhverjum mæli. Þótt þar sé ekki um háar upphæðir að ræða er það þó viðleitni.

Vegna þess að konum finnst seint ganga höfum við þingkonur Kvennalistans lagt hér fram á þskj. 30 frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun, sem hljóðar svo:

„1. gr. Við II. kafla laganna bætist ný grein, er verði 13. gr. og orðist þannig:

Við Byggðastofnun starfar deild sem hefur það hlutverk að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur. Til starfsemi deildarinnar skulu renna a.m.k. 20% af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar og skal þeim varið til reksturs deildarinnar, ráðgjafar, lána, styrkja og annarrar fyrirgreiðslu vegna atvinnustarfsemi kvenna.

Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar setur ráðherra með reglugerð.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1991."

Í 3. gr. laga um Byggðastofnun segir svo, með leyfi

hæstv. forseta: „Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m.a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum, koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fara í eyði.“

Þetta verkefni sem við erum hér með er því hreint byggðaverkefni og algerlega í samræmi við markmið Byggðastofnunar. Stofnun sérstakrar deildar við Byggðastofnun, sem eingöngu fjalli um málefni kvenna, er ein leiðin til að fást við þann vanda sem leiðir af núverandi fábreytni og skorti á störfum fyrir konur. Það er eðlilegt að konur hafi frumkvæði í þessum efnum en hvatning, ráðgjöf og bætt skilyrði eru nauðsynleg. Konur skortir sjálfstraust á þessum vettvangi. Þær hafa lítið sótt í atvinnuþróunarsjóði og eignarleysi kvenna hindrar þær í að stofna til skulda.

Fyrsta verkefni kvennadeildar Byggðastofnunar yrði að efla frumkvæði hjá konum, t.d. með fræðslufundum, hugmyndasamkeppni, almennri fræðsluráðgjöf og handleiðslu á námskeiðum fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Þannig má minnka það forskot sem karlar hafa í þessum efnum. Tryggja þarf skilning á sérstöðu kvenna. Þess vegna er nauðsynlegt að við deildina starfi konur sem hafa reynslu af kvennaráðgjöf og jafnréttismálum.

Fræðsla fyrir konur þarf að miðast við reynslu þeirra og þá staðreynd að konum henta betur vinnu- og kennsluaðferðir sem byggjast á hópvinnu og óformlegum samskiptum og efla frumkvæði og áræði. Það er ekki nóg að breyta orðinu „hann“ í „hún“. Á óþekktu sviði eiga konur sérstaklega erfitt með að meta hvað þær geta og hvað ekki og hverjar eru þeirra veiku og sterku hliðar.

Kvennadeild Byggðastofnunar yrði hreint byggðaverkefni. Þess vegna teljum við flutningskonur mikilvægt að hún hafi aðsetur utan höfuðborgarsvæðisins og við bendum á Akureyri sem kjörinn stað í því skyni. Rökin fyrir því eru þau að þar hefur á undanförnum árum verið unnið að samnorræna verkefninu „Bryt“ eða „Brjótum múrana“ sem er þróunarverkefni á sviði jafnréttismála. Þá er á Akureyri útibú frá Byggðastofnun og á sama stað er svo aðsetur Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar sem unnið hefur markvisst að atvinnuþróun á Eyjafjarðarsvæðinu.

Flutningskonur leggja því til að sett verði ákvæði í reglugerð um að kvennadeildin starfi við útibú Byggðastofnunar á Akureyri. Enn fremur verði í reglugerð ákvæði um að við deildina starfi konur með reynslu í jafnréttisstarfi og kvennaráðgjöf sem hafi með höndum rekstur deildarinnar, meti umsóknir um aðstoð, veiti ráðgjöf og handleiðslu og annist námskeið fyrir konur. Einnig komi fram í reglugerð ákveðin stefna þar sem t.d. þær hugmyndir fái forgang sem stuðla að nýjungum í atvinnurekstri byggðarlagsins eða byggjast á hráefni eða annarri auðlind byggðarlagsins. Einnig væri hugsanlegt að veita þeim konum forgang sem fara út í óhefðbundinn atvinnurekstur, annaðhvort óhefðbundinn fyrir byggðarlagið eða óhefðbundinn fyrir konur.

Átak til eflingar atvinnu fyrir konur í dreifbýli getur vissulega fallið undir almenna starfsemi Byggðastofnunar. Reynslan hefur þó sýnt að hætt er við að önnur verkefni fái sjálfkrafa forgang. Þess vegna þarf að marka kvennadeild sérstakan sess með lögum, deild sem vegna sérstöðu sinnar ætti auðveldara með að tileinka sér og tryggja ný vinnubrögð sem eru aðgengileg fyrir konur.

Á ráðstefnu um atvinnumál kvenna í dreifbýli komu fram athyglisverðar niðurstöður ýmsar. En athyglisverðast þótti mér að heyra og sjá hugmyndaauðgi kvennanna um möguleika á margvíslegri atvinnustarfsemi fyrir konur. Og langsamlega athyglisverðast hvernig þær hugsuðu sér uppbyggingu þess. Hugmyndir þeirra byggjast yfirleitt allar á samvinnu kvenna. Atvinnurekstur inn tæki mið af börnum og heimili og því að störfum skuli hagað þannig að konur séu ekki knúnar til að varpa frá sér ábyrgð á fjölskyldulífi.

Við getum litið á það aftur á móti hvernig karlar byggja gjarnan upp atvinnufyrirtæki. Þar eru konur, börn og þarfir þeirra ekki inni í myndinni þó að gengið sé út frá því að vinnuframlag kvenna sé nýtt. Þó er ávallt vísað til karlanna sem hinna ábyrgu aðila. Konur miða við að byrja smátt, en efla reksturinn hægt og örugglega. Karlar vilja byrja stórt, verða ríkir strax og sorglegar afleiðingar þess hugsunarháttar blasa allt of víða við.

Landsbyggðinni er nú bráður og stórkostlegur vandi á höndum um atvinnumál og atvinnuuppbyggingu sem ég fæ ekki séð að verði leystur nema með atbeina stjórnvalda í einhverjum mæli. En heimamenn verða sjálfir að eiga frumkvæði, hugmyndir og tillögur um hvað gera skuli. Þar verða konur að hafa frumkvæði að sínum hluta og hugmyndirnar skortir þær ekki. Það skiptir öllu máli um framtíð landsbyggðarinnar að tillit sé tekið til þess að þannig þarf að búa að konum að þær geti komið inn í atvinnulífið á eigin forsendum, að atvinnuuppbyggingin taki mið af því hvað hentar konum því án þátttöku kvenna verður ekki um neinar raunhæfar úrbætur að ræða í atvinnumálum dreifbýlisins. Og með tilvitnun til þeirra orða í stjórnarsáttmálanum, að sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni, skora ég nú á hæstv. ríkisstjórn að láta athafnir fylgja orðum og tryggja þessu frv. framgang.

Í stjórnarsáttmálanum eru einnig fyrirheit um að taka fyllsta tillit til byggðamála við uppbyggingu atvinnulífsins og einnig um það að stuðlað verði að æskilegri byggðarþróun, sem hlýtur að þýða að vilji ráðamanna er að byggð haldist sem víðast um landið. Til þess að svo verði þarf nýja strauma og stefnur í atvinnulífinu og að því miðar þetta frv. Það skiptir meira máli um byggðafestu en margir gera sér ljóst að konur um landið allt, til sjávar og til sveita, eigi kost á atvinnu sem miðast við þarfir þeirra. Konur vantar að vinnu.

Að loknu máli mínu, hæstv. forseti, vil ég vísa þessu frv. til fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 78. mál (vínandamagn í blóði ökumanns). — Þskj. 80.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér frv. til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, ásamt þeim hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, Geir Gunnarssyni, Kristínu Einarsdóttur og Jóni Kristjánssyni.

Í frv. er gert ráð fyrir að 1. gr. í núgildandi umferðarlögum breytist allnokkuð. Tillaga er um að 2. mgr. 45. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,25‰ eða meira telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega."

2. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991."

Greinargerð er stutt en segir í raun megnið af því sem segja þarf um þetta frv. Ég ætla að lesa greinargerðina, með leyfi forseta:

„Í frv. þessu er lagt til að leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanns verði lækkað úr 0,50‰ í 0,25‰. Flutningsmenn telja eðlilegt að skekkjumörk við mælingu verði 0,05‰.

Tilgangurinn með flutningi frv. er að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur um áfengisneyslu og akstur bifreiða. Verði þessi breyting að lögum þarf enginn að velkjast í vafa um að ekki má aka bifreið eftir að hafa drukkið áfengi, hversu lítil sem neyslan hefur verið.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þessarar breytingar. Umferðarslysum af völdum ölvunaraksturs hefur farið fjölgandi. Núgildandi umferðarlög valda því að ökumaður verður hverju sinni að meta sjálfur, eftir að hafa neytt áfengis, hvort hann er hæfur til að aka bifreið eða ekki. Þetta mat varð mun erfiðara eftir að bruggun áfengs öls var leyfð hér á landi. Með þessari breytingu verður eftirlit með framkvæmd laganna mun auðveldara en áður.

Sú lækkun á vínandamagni í blóði, sem hér er lögð til, kemur ekki í veg fyrir að almenningur geti notað lyf með vínanda í eða drukkið léttan pilsner.

Ölvunarakstur er nú orðinn þvílíkt vandamál í mörgum löndum, ekki síður en á Íslandi, að víða hefur leyfilegt vínandamagn í blóði verið lækkað og tekin upp ný viðmiðun 0,0‰.

Með þessu frv. er á afdráttarlausan hátt staðfest að neysla áfengis og akstur fer ekki saman.

Í fylgiskjali með þessu frv. eru kaflar úr bók sem kom út í maí á þessu ári og er eftir Árna Einarsson. Bókin nefnist „Eftir einn ... ei aki neinn". Útgefandi er Bindindisfélag ökumanna."

Varðandi ýmislegt sem fram kemur í þessari greinargerð vil ég nefna sem dæmi að flm. telja eðlilegt að skekkjumörk við mælingu verði 0,05‰. Þetta er gert í þeim tilgangi, og í samráði raunar við þá vísindamenn sem gerst þekkja til þessa málaflokks og telja að mæling verði ekki örugg nema við 0,30‰. Eigi að fara neðar í mælingu muni það kosta mikla fjármuni og tækni sem við ráðum yfir að mjög litlu leyti. Þess vegna eru þessi skekkjumörk komin þarna inn og í raun er hér verið að ræða um 0,30‰ sem yrði þá leyfilegt áfengismagn í blóði.

Ég vil geta þess, vegna umræðu sem hefur orðið vegna sjónvarpsþáttar á Stöð 2 í gær þar sem sýnt var að með því að drekka úr hálfri dós af maltöli mundi mælast áfengismagn — ekki í blóði heldur í andardrætti manna. Það er ekki refsivert að vera með vínandamagn í andardrætti heldur er það blóðsýnið sem gildir, þannig að ef viðkomandi maður hefði verið tekinn og úr honum tekið blóðsýni og það rannsakað þá hefði hann ekki mælst yfir mörkum þó að blástursaðferðin hefði sýnt svo vera.

Herra forseti. Mig langar til að nefna nokkur atriði varðandi ölvunarakstur hér á landi. Á árabilinu 1978–1987 slösuðust 1100 manns í umferðarslysum á Íslandi sem beint má tengja áfengisneyslu. Ég endurtek, 1100 manns. Þar af létust 66 í umferðarslysum sem tengja má áfengisneyslu. Þetta er óstjórnlegur tollur og enda þótt tryggingarfélög bæti tjón á eignum manna eftir slík slys verður aldrei bætt um vegna þeirra sem látast.

Ég vil einnig geta þess að árlega eru teknir hér á landi 2400–2500 ökumenn grunaðir um ölvun við akstur. Mikill meiri hluti þeirra, eða rösklega 2000, missir ökuréttindi vegna ölvunar við akstur. Þess ber að geta að það er almenn skoðun meðal löggæslumanna og þeirra sem eru sérfróðir á þessum vettvangi að þetta sé aðeins brot af ísjakanum, þetta sé aðeins örlítið brot af þeim fjölda manna sem aka undir áhrifum áfengis. Stundum er talað um að það séu þrefalt fleiri sem aka ölvaðir eða undir áhrifum áfengis en þeir sem nást.

Ég vil láta það koma alveg skýrt fram í þessari umræðu að hér er ekki um það að ræða að flm. séu að hvetja til þess að fólk dragi almennt úr áfengisneyslu. Það á ekkert skylt við þetta mál, ekki neitt. Það eina sem hér er í raun gert er að draga mjög skarpa markalínu á milli áfengisneyslu og aksturs hvers konar ökutækja. Það á auðvitað að vera regla hjá hverjum einasta hugsandi manni að hann hreyfi ekki ökutæki eftir að hann hefur neytt áfengis, nákvæmlega sama hve magnið er lítið sem viðkomandi drekkur.

Með þessu frv. er heldur ekki verið að skerða rétt einstaklinga til þess að meta og vega sjálfir hvort þeir eru færir um að aka bifreið eftir að hafa neytt áfengis. Einstaklingnum er einfaldlega gert ljóst að hann má ekki aka bifreið eftir að hafa neytt áfengis. Það verður að segja hins vegar að sjálfsmatið er frá honum tekið með þessu frv., ef það verður að lögum, enda held

ég að leiða megi að því mjög gild rök að sjálfsmat einstaklinga hlýtur að skerðast verulega við neyslu áfengis, sjálfsmatið gagnvart því hvort viðkomandi er fær um að aka bifreið eða ekki.

Með þessu frv. er heldur ekki verið að skerða rétt einstaklinga til að bera ábyrgð á sjálfum sér og eigin gerðum. Á þessum vettvangi ber hann ekki aðeins ábyrgð á sjálfum sér, einstaklingurinn sem neytir áfengis og ekur bifreið, heldur tugum og hundruðum annarra einstaklinga í umferðinni. Þetta vil ég að komi mjög skýrt fram hjá flm. þessa frv. og menn skilji það að hér er ekki verið að leggja hömlur af neinu tagi á einstaklingana. Það er hins vegar verið að gera mönnum ljóst að áfengisneysla og akstur bifreiðar eða hvers konar ökutækis getur aldrei farið saman, má ekki fara saman og á ekki að fara saman. Það er alveg ljóst af könnunum sem gerðar hafa verið að mikill meiri hluti almennings í þessu landi telur að áfengisneysla og akstur ökutækja fari ekki saman.

Mig langar, herra forseti, í örstuttu máli að fara yfir nokkrar staðreyndir sem ég held að sé nauðsynlegt að komi fram áður en þetta mál verður rætt frekar og tekið til skoðunar í nefnd. Það eru til tölur um ölvaða ökumenn síðan 1968. Þar kemur fram að skráður ölvunarakstur á Íslandi er hlutfallslega tíðari en á hinum Norðurlöndunum. Það kann hins vegar að stafa af því að eftirlit með ölvunarakstri sé betra hér en yfirleitt á hinum Norðurlöndunum og að við séum betur á varðbergi gagnvart þessum þætti mannlífsins en frændur okkar á hinum Norðurlöndunum. Það kemur í ljós í þessari könnun að 16% Íslendinga hafa ekið undir áhrifum áfengis á móti 6–7% á hinum Norðurlöndunum. Það má ráða af tölum um fjölda þeirra sem teknir eru árlega vegna ölvunaraksturs að um 1% þjóðarinnar sé kært fyrir meintan ölvunarakstur á hverju ári, en þetta er þrisvar til fjórum sinnum hærra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum. Það er erfitt að skýra af hverju þetta er svo, en nefnt hefur verið að okkar ágæta land sé strjálbýlt, samgöngur strjálar. En á það ber hins vegar að líta að mun fleiri eru teknir ölvaðir við akstur hlutfallslega í Reykjavík en annars staðar á landinu.

Önnur leið til þess að meta og kanna hversu algengur ölvunarakstur er er að kynna sér hve oft fólk hefur verið í bíl með ölvuðum ökumanni. Í könnun nefndar um átak í áfengisvörnum og heilbrrn. í janúar 1989 sem endurtekin var í október sama ár segjast tæp 10% aðspurðra hafa verið í bíl með ölvuðum ökumanni einhvern tímann síðustu 12 mánuði.

Í könnun sem Hagvangur gerði 1989 fyrir Umferðarráð var m.a. spurt hvort fólk hefði einhvern tímann setið í bíl með ölvuðum ökumanni. Þar svöruðu 29,5% játandi, 69% neituðu og 1,6% töldu sig ekki vita hvort svo væri.

Samkvæmt skýrslum Umferðarráðs um þá sem aka ölvaðir eru um 85% karlar og 15% konur. Það er sem sagt mjög áberandi hversu karlar aka miklu oftar undir áhrifum áfengis en konur. Og yngri ökumenn eru í miklum meiri hluta þeirra sem aka ölvaðir.

Einnig er áberandi hve margir þeirra sem teknir eru hafa mikinn vínanda í blóði. Á árunum 1985 til 1988 voru að meðaltali 420 ökumenn með 2–2,49‰ vínanda í blóði og 180 með 2,5‰ eða meira.

Þess ber einnig að geta, herra forseti, að hlutfall áfengistengdra dauðaslysa, eins og það er orðað á fagmannamáli, í umferðinni er um 25% og um 18% af slysum með miklum meiðslum. Hér er um lágmarkstölu að ræða því ekki eru gerð ölvunarpróf á ökumönnum sem lenda í slysum nema grunur leiki á að þeir séu ölvaðir.

Það er líka fróðlegt að nefna afstöðu almennings til ölvunaraksturs, en í þeirri könnun sem ég hef nú vitnað til var spurt um afstöðu fólks til reglna um leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanna. Í janúarkönnun svöruðu 47% því til að reglurnar ættu að vera strangari en um 43% í októberkönnuninni.

Í könnun sem ég hygg að Bindindisfélag ökumanna hafi gert á ölvunarakstri var m.a. spurt hve mikið áfengi ætti að leyfa ökumönnum að drekka. 52,4% sögðu að ekki ætti að leyfa neitt áfengi, 31,8% töldu að leyfa ætti áfengismagn sem næmi áfengismagni í einum bjór og 9,4% áfengismagn í tveimur bjórum.

Það er sem fyrr ljóst að konur eru miklu ákveðnari fylgjendur algers áfengisbanns stjórnenda ökutækja en karlar. Þannig kemur í ljós að 62,3% kvenna vilja að menn hafi ekki heimild til að neyta áfengis af nokkru tagi, en 46,5% karla.

Í annarri könnun sem gerð var kemur fram hvað margir segjast hafa ekið ölvaðir án þess að vera stöðvaðir. Þannig segjast 12,74% hafa ekið ölvuð einu sinni og 14,29% tvisvar eða oftar án þess að hafa verið teknir. Þetta gefur til kynna, herra forseti, að þetta vandamál sé miklu víðtækara en okkur grunar og tölur um töku manna sem aka ölvaðir gefa til kynna. Flestir þeirra sem teknir eru eru að koma af veitingastöðum eða 48% en 40% eru að koma úr heimahúsum. 5% eru þó á leið úr vinnu.

Flestir þeirra sem setjast ölvaðir undir stýri virðast treysta því að lenda ekki í klóm lögreglu. Þrjátíu og sex gefa þá skýringu á ölvunarakstri sínum, en 32% telja sig hafa verið undir löglegum mörkum. Þarna kemur þetta stóra vafaatriði. 32% halda að þeir hafi verið undir leyfilegum mörkum sem segir mér a.m.k. þá sögu að það þurfi að draga þarna miklu, miklu skarpari markalínu þannig að aldrei sé vafi á því, þegar maður stígur upp í bifreið eftir að hafa neytt áfengis, að hann er að brjóta lög. Það þarf að vera mjög ákveðin og skörp regla um það.

Í þessari könnun sem ég er nú að fjalla um er niðurstaðan sú að tæpur helmingur fólks sem tók þátt í könnuninni hafði ekið bíl undir áhrifum áfengis. Þetta er auðvitað mjög umhugsunarverð niðurstaða ef hún gefur mynd af því hvernig ástandið er í þessum efnum í þjóðfélaginu almennt.

Þátttakendur í þessari könnun voru líka beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar „Ölvaður ökumaður er hættulegur í umferðinni". Rösklega 89% voru mjög sammála þessari fullyrðingu og 8,9% sammála. Það skiptist þarna í mjög sammála og sammála, eða samtals 98%.

Það er mjög eftirtektarvert einnig í þeim könnunum sem gerðar hafa verið, þar sem fólk hefur verið spurt að því hvort herða ætti reglur varðandi ölvunarakstur, að það er unga fólkið sem er miklu ákveðnara í því að reglurnar eigi að vera strangari en þær eru nú en hinir fullorðnu. Þetta segir mér einfaldlega þá sögu að unga fólkið tekur á þessum málum á miklu raunsærri hátt en margir hinna fullorðnu sem eiga kannski að baki langa sögu í neyslu áfengis og líta á áfengi sem sjálfsagðan hluta af hinu daglega lífi og jafnvel svo sjálfsagðan að þeir megi aka undir áhrifum áfengis.

Herra forseti. Ég hirði ekki um að hafa mikið fleiri orð um þetta. Ég ítreka og endurtek það sem ég sagði í upphafi, að hér er fyrst og fremst verið að draga skarpa markalínu, gera öllum ljóst, það sem ég hygg að langflestum sé í raun ljóst, að áfengisneysla og akstur ökutækja fer ekki saman. Hér er verið að reka endahnút á tilraunir löggjafans til að gera almenningi ljósa grein fyrir því að akstur eftir neyslu áfengis er ólögmætur, óskynsamlegur, ábyrgðarlaus og veldur stórfelldri hættu úti í umferðinni, og hvar sem er, og hefur sannanlega valdið þessu þjóðfélagi feiknalegu tjóni, bæði í mannslífum og eignalega séð.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég kem nú hér upp fyrst og fremst til að þakka flm. fyrir að vekja athygli á mjög alvarlegu vandamáli þó að ég sé ekki sammála þessum tillöguflutningi eða frv. Ég tel að frekar eigi að fara áróðursleiðina, að gera fólki betur grein fyrir afleiðingum neyslu áfengis yfir þeim mörkum sem nú eru leyfileg og gera því fyllilega grein fyrir sínum gjörðum. Í því efni má t.d. nefna að fjölmargir eru teknir fyrir svokallaðan ölvunarakstur án þess í raun að hafa hugmynd um að þeir falli undir slíkt. Þá á ég kannski fyrst og fremst við þá sem hafa kannski tekið svona íslenska helgi, laugardagskvöld, allhressilega, eins og gerist æði oft hér, og fara síðan að keyra kannski um miðjan sunnudag, eru teknir, haldandi sjálfir að þeir séu fyllilega löglegir en í blóðinu er enn þá áfengismagn yfir þeim mörkum sem leyfileg eru. Fyrir slíkum hlutum á auðvitað að reka áróður og gera fólki grein fyrir þeim, en það á ekki að fara út í slíkar öfgar eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur á frekar, eins og ég segi, að auka áróðurinn og þá ef eitthvað er að þyngja refsingarnar.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv., en vissulega er margt hægt að segja um það. Það kom mjög skýrt fram í máli 1. flm. að ekki á að vera nokkur vafi í neins manns huga um að áfengi og akstur fara ekki saman. Sem sagt, það á ekki að bragða dropa af áfengi. Þetta kom alveg skýrt fram og kemur reyndar nokkuð skýrt fram í greinargerðinni. En ég spyr: Því er skrefið ekki stigið til fulls? Af hverju er verið að hafa þetta 0,25‰ en sagt engu að síður að ekki megi fara dropi inn fyrir varirnar?

Ég hlýt þá að minna á að þessa dagana er haldið kirkjuþing. Það verður nokkuð athyglisvert að sjá auglýsingarnar frá prestunum, þegar verið er að kalla sóknarbörnin til altaris og bjóða þeim að dreypa á blóði Krists, um að menn vinsamlegast skilji bílana eftir því að þeir megi ekki keyra þaðan í burt. Það er akkúrat og nákvæmlega það sem 1. flm. sagði hér áðan, ekki dropi af áfengi. Ef dropi, þá má ekki keyra. Það er nákvæmlega það sama sem skeður ef við verðum nú það kirkjuræknir að fara og dreypa á blóði Krists. Og þetta tel ég að verði að skila sér inn á kirkjuþing og að mjög áríðandi sé að kirkjuþing fjalli um þetta, því að þeir verða náttúrlega að bregðast við þessu og hafa þá alkóhólfría drykki við altarið. Sé þetta vandamál eins stórt og af er látið skil ég ekki af hverju lög þessi eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. júlí 1991. Ef þetta er svona aðkallandi hljóta þau að taka gildi strax.

Það er einnig athyglisvert að skekkjumörk eiga að vera aðeins í aðra áttina. Ég tel að þau ættu að vera í báðar áttir, bæði í plús og mínus.

Þegar hér var verið að ræða t.d. um bjórinn fyrir tveimur til þremur árum kom ég hér upp í ræðustól með poka af sælgæti sem fyllt er með áfengi, þrælsterku áfengi reyndar, yfir 40%. Þetta er selt í verslunum. Það getur hvert mannsbarn, undir eða yfir lögaldri, keypt þetta og bragðað á. Þetta verður nákvæmlega jafnólöglegt. Flutningsmenn verða að gera sér grein fyrir að þeir verða að taka þetta sælgæti út af markaðnum líka.

Reyndar er skekkja í greinargerðinni þar sem talað er um matið. Með leyfi forseta stendur hér: „Núgildandi umferðarlög valda því að ökumaður verður hverju sinni að meta sjálfur, eftir að hafa neytt áfengis, hvort hann er hæfur til að aka bifreið eða ekki. Þetta mat varð mun erfiðara eftir að bruggun áfengs öls var leyfð hér á landi.“ Hún hefur alltaf verið leyfð hér á landi. Þarna á sjálfsagt að standa: eftir að sala áfengs öls var leyfð hér á landi.

Herra forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta mál og ætla því ekki að hafa langt mál um frv. að sinni, en ég vildi koma hér upp til þess að lýsa andstöðu minni við það. Ég tel að þau mörk sem nú eru í lögum séu nógu lág. Það þarf hins vegar að auka áróðurinn og mín vegna mætti gjarnan þyngja refsingarnar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að þetta frv. var lagt fram og kemur hér til umræðu. Ég horfði á þátt um umferðarmál hér á dögunum þar sem einn varðstjórinn drakk úr maltflösku og svo var prófað hvort eitthvert áfengismagn mældist í blóðinu, og fram kom að það var vottur af því. Ég hygg nefnilega að verði frv. að lögum muni fólk frekar skilja að það er alls ekki óhætt að bragða neitt sem áfengi er í. Þá getur það átt á hættu að lenda í höndum lögreglunnar og að meira magn mælist í blóðinu en það telur sjálft að sé fyrir hendi.

Ég held að einmitt það að þessi mörk eru lækkuð ofan í 0,25‰ sé af því góða og það muni í reynd verða til þess að hvetja fólk til að passa sig betur en nú er.

Það var auðvitað vitað, þegar bjórinn var leyfður, að þá yrðu fleiri sem freistuðust til að drekka bjór, jafnvel í þeirri trú að ekkert áfengismagn mundi finnast í blóðinu, a.m.k. eftir tiltölulega stuttan tíma. Þetta hefur bara reynst á annan veg. Þess vegna mun ég styðja frv., tel tímabært að leggja það hér fram og að líklegt sé að það muni verða til þess að menn fari varlegar og slysum fækki jafnvel af völdum áfengisneyslu.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég efast ekki um að gott eitt vakir fyrir flm. frv. og þeir vilji úrbætur á þessu sviði. Það er sannarlega full þörf á því að gera allt sem hugsanlegt er til þess að draga úr brotum á umferðarlagakerfinu, fækka umferðarslysum og þar fram eftir götunum. Ég held þó, þrátt fyrir það að þessi mál séu aldrei of rædd né of oft minnt á hve hættulegt er að aka ölvaður, að með flutningi þessa máls skjóti flm. yfir markið. Það er nefnilega miklu meira virði að framfylgja þeim lögum sem í gildi eru, oft og tíðum og yfirleitt, en að herða viðurlög, jafnvel úr hófi fram.

Ég vek athygli á að ekki er einungis bannað nú að aka ökutæki með ákveðið áfengismagn í blóði. Einnig er bannað að neyta áfengis við akstur. Þessi regla hefur verið túlkuð þannig af dómstólum að bannað sé að aka bíl í beinu framhaldi af neyslu áfengis, enda þótt ekki sé um áfengismagn að ræða í blóði, þ.e. þá er kannski maður sem vill verja sig kvefi og sýpur á koníaki að morgni dags og fer svo beint út í bílinn og ekur orðinn brotlegur, jafnvel þótt hann hafi spýtt koníakinu út úr sér eftir munnskolun.

Nú sagði hv. 1. flm. að frv. væri ekki flutt til þess að reyna að draga úr áfengisneyslu. Það ætti ekkert skylt við það að minnka áfengisneyslu. Þá virðist markmiðið aðeins vera að herða viðurlögin.

Þá kom það fram í máli annars hv. alþm. hér að vel mætti þyngja refsingarnar. Og það er rétt að það liggur í landi hér á hv. Alþingi, ef eitthvað ber út af í ýmsum efnum, að þá sé það eitt ráð og heillaráð að herða viðurlög af öllum mætti. Þetta tel ég í mörgum tilfellum ekki hið rétta ráð. Það er miklu meira virði, ég endurtek það, að framfylgja þeim lögum sem í gildi eru. Og ég held að þau lög sem gilda í dag séu allströng að þessu leyti hér hjá okkur.

Í þessu efni vek ég athygli á að nú erum við að fjalla um margvísleg málefni í fjvn. og þar er nú heldur betur hart lagt að mönnum að skera framlög til ýmissa mála við nögl. Ég hef orðið var við það að svo hart er gengið að löggæslumönnum og sýslumönnum í þessum efnum að þeim er hótað uppsögn ef þeir leyfa sér að fara krónu fram úr því fé sem þeim er ætlað til að sinna löglegum störfum. Það hefur verið haft orð á því í hv. fjvn. á undanförnum morgnum að skilyrðislaust ætti að stilla þessum sýslumönnum upp, bæjarfógetum og lögreglustjórum sem leyfa sér að fara krónu fram úr áætluðu fé sem þeir hafa til þess að sinna löglegum skyldustörfum sínum og reka þá, ef svo bar undir.

Ég bendi á að það er alveg sama hvað þessi viðurlög eru hert mikið. Það kemst aldrei regla á þessi mál nema löggæslumenn fái hóflegt fé til þess að sinna þeim og þar á meðal að það sé lifandi lögregluefirlit í umferðinni sí og æ. Það sé haft vakandi auga með umferðinni og löggæslumönnum, þeim sem hafa þau störf á hendi, sé gert kleift að sinna skyldustörfum sínum að þessu leyti.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þarf kannski ekki að taka það fram að ég styð þetta frv. þar sem ég er einn af flm. En ég má til að vekja athygli á nokkrum atriðum sem fram hafa komið hér í máli manna. Það fyrsta sem mig langar að segja er að auðvitað er ég viss um að allir flm. þessa frv. mundu sjálfsagt vilja draga almennt úr notkun áfengis þó þetta frv. sé alls ekki um það. Þarna er fyrst og fremst verið að tala um að leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanns verði lækkað. Það þýðir að fólk þarf ekki að velkjast neitt í vafa, það veit að ekki er um að ræða að drekka hvorki einn bjór, eitt vínglas eða neitt og fara svo út að keyra. Það er einmitt það sem fólk hefur alltaf verið að velta fyrir sér. — Ég get örugglega tekið einn bjór, það gerir ekkert til og svo get ég keyrt. — En nú þarf ekki að vera vafi í huga fólks.

Ef mörkin væru 0‰ gæti fólk ekki einu sinni tekið lyf sem alkóhól væri í, það gæti ekki drukkið malt eða pilsner. Aðaláherslan sem við leggjum á hér er að akstur og áfengi fer ekki saman og fólk á ekki að þurfa að velta því fyrir sér.

Vegna orða hv. 2. þm. Vesturl. Friðjóns Þórðarsonar vil ég segja að ég er viss um að löggæslan yrði ódýrari og miklu auðveldara fyrir löggæslumenn vegna þess að núna er fólk að taka áhættuna. Það er miklu erfiðara fyrir fólk að meta það hvort það getur keyrt eða ekki keyrt en það á að vita að um leið og það ákveður að drekka áfengi þá á það ekki að keyra.

Vegna messuvínsins sem hv. 5. þm. Vesturl. var að tala um áðan gildir að sjálfsögðu það sama og með lyf að það er allt í lagi þó fólk taki einn lítinn sopa eða eina teskeið af messuvíni, það hækkar ekki vínandamagnið í blóðinu. Það er nákvæmlega það sama og lyf eða pilsner eða malt sem ekki hækkar vínandamagnið í blóði upp fyrir það mark sem hér er gert ráð fyrir. Það hlýtur að vera greinilegt og stendur í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Sú lækkun á vínandamagni í blóði, sem hér er lögð til, kemur ekki í veg fyrir að almenningur geti notað lyf með vínanda í eða drukkið léttan pilsner.“ Þetta hlýtur hv. þm. að geta skilið og þarf ekkert að vera að hártoga það sem hér stendur. Ég tel það vera langt frá því að vera neitt út í öfgar að leggja til að lækka þau vínandamörk sem mega vera í blóði ökumanna sem þarna er um að ræða.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu. Ég átti von á því að umræða yrði mikil um þetta frv. og ég spái því að hún eigi eftir að verða enn meiri á síðari stigum málsins. Ýmislegt hefur hér kom-

ið fram sem ber vott um annaðhvort fordóma eða skilningsleysi á tilgangi þess sem fram kemur í frv. Ég held að fólk verði fyrst og fremst að átta sig á því að hér er um að ræða forvarnir. Um það snýst nánast allt starf, t.d. innan heilbrigðiskerfisins á Íslandi, að reyna að beita meiri forvörnum en gert hefur verið, frekar en að þurfa að greiða þann gífurlega kostnað sem til fellur vegna lækninga á hvers konar meinum. Hér er um að ræða mein í samfélaginu sem er rétt að koma í veg fyrir, beita forvörnum gagnvart, koma í veg fyrir að slysin verði, að óhöppin verði o.s.frv.

Ég tók eftir því að hv. 5. þm. Vesturl. sagði eitthvað á þá leið að þetta væri mjög slæmt vegna þess fólks sem hefði kannski ekki drukkið mikið áður en það færi upp í bifreið og gæti ekki gert sér grein fyrir því hvort það væri undir áhrifum áfengi eða ekki. Þetta er nákvæmlega það sem frv. snýst um. Það snýst um það að koma í veg fyrir að fólk þurfi að velkjast í vafa. Það stendur í greinargerðinni. Um það snýst allt málið að fólk þurfi ekki að beita sjálfsmati til þess að gera sér grein fyrir því hvort það er hæft til þess að aka bifreið eða ekki. Auk þess er mjög veruleg hætta á því, og það vitum við allir sem neytum áfengis, að maður sem drekkur áfengi og ætlar sér ekki að drekka nema einn bjór, að sjálfsmatið brenglist eftir bjórinn og þá komi annar bjór og sá hinn þriðji og síðan þarf ekki að spyrja að leikslokum.

Hv. 5. þm. Vesturl. spyr: Hví er skrefið ekki stigið til fulls? Hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur nú svarað þessu að hluta til. Það er til þess að fólk geti m.a. notað lyf sem áfengi er í, drukkið léttan pilsner, fengið sér konfektmola með áfengi í og jafnvel gengið til altaris. Það er ekki verið að koma í veg fyrir það að fólk geti sinnt og gert það sem kannski er nauðsynlegt í daglegu lífi vegna þessara laga.

Mér fannst nú duggulítið fyndið að hlusta á fyrrv. hv. sýslumann, Friðjón Þórðarson, tala um það að þetta frv. kæmi í veg fyrir það að kvefsæknir Íslendingar gætu drukkið einn sopa af koníaki að morgni dags til þess að koma í veg fyrir kvef og spýttu síðan út úr sér. Ég mundi nú ráðleggja þeim sem það gera að jafnaði að hafa koníakið heldur ódýrt. Erfitt á ég með að sjá fyrir mér þá menn sem skola í sér munn með koníaki og spýta því síðan út úr sér. Það er hlutur sem ég hygg að ekki margir geri. En ég get þá sagt hv. þm. það að enda þótt vínandamagn fari yfir mörk í öndun fólks, þá er ekki þar með sagt að það fari yfir mörk þegar blóðsýni eru tekin og mæld. Það er tvennt ólíkt. Það sást greinilega í sjónvarpi í gær að maður sem tekur nokkra gúlsopa af malti mælist með vínandamagn í öndunarprófi, en sá hinn sami maður mælist ekki með vínandamagn í blóðprófi. Þarna verða menn að draga mjög skarpa markalínu.

Af hverju er gildistaka 1. júlí 1991? Jú, ástæðan er einföld. Við viljum hafa tíma til þess að kynna málið, til þess að allur almenningur geri sér grein fyrir því að það eru komnar nýjar reglur. Það eru komin ný lög. Sú kynningarstarfsemi verður að fara fram svo að enginn gæti borið því við, ef hann yrði tekinn, að hann hefði ekki vitað af hinum nýju lögum.

Rétt kann að vera hjá hv. 5. þm. Vesturl. að í greinargerðinni hefði átt að „standa bruggun og sala áfengs öls“ og verður þess gætt að leiðrétta það.

Hv. þm. nefndi líka að það væri sinn vilji að fremur ætti að auka áróður og þyngja refsingar. Ég er sammála honum um fyrra atriðið, að auka áróður, það á að gera. En ég er ekki refsiglaður maður. Ég er algerlega mótfallinn þeirri skoðun að það eigi að þyngja refsingar við áfengisbrotum í umferðarlögum frá því sem nú er. Við þekkjum fjöldamörg dæmi þess að ungt fólk, sem hefur verið dæmt til frelsissviptingar í fangelsi vegna þess að það hefur ekið bifreið undir áhrifum áfengis, er flokkað með öðrum mönnum sem fara í fangelsi þar sem þeir verða að taka út hegningu sína, með mönnum sem verða að teljast óheppilegir félagar. Þetta er kannski eitt af stóru málunum sem nú eru rædd í sambandi við fangelsismál. Og það kemur mér svolítið á óvart að heyra þetta frá hv. 5. þm. Vesturl. vegna þess að hann hefur beitt sér í þessum málaflokki og hann þekkir til, t.d. í stærsta fangelsi landsins á Litla-Hrauni, þar sem stærsti vandinn er sá að það er ekki hægt að flokka í sundur menn sem eru í raun ekki afbrotamenn heldur hafa slysast til þess að aka ölvaðir, kannski tvisvar sinnum, kannski þrisvar sinnum, og þurfa að taka út refsingu með afbrotamönnum sem eru forhertir glæpamenn. Ég er því algerlega mótfallinn því að menn láti refsigleði sína koma fram í þessu máli. Í þessu frv. er ekki kveðið á um refsingar. Það er eingöngu kveðið á um það að lækka prómilltölu í blóði manna.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. talaði um þetta fræga dæmi, maltið og öndunarprófið. Þar gildir það sama og ég nefndi áðan. Það mælist í öndun en það mælist ekki í blóði.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson segir hér: Það á að fækka umferðarslysum. Flm. er búinn að benda á það að á 10 ára bili hafa orðið 1100 umferðarslys sem tengd eru áfengisneyslu, í þeim hafa 66 látist, 66 mannslíf vegna ölvunaraksturs. Ef menn segja í fyrsta lagi: Það á að fækka umferðarslysum, en eru síðan mótfallnir tillögum sem fram koma um það hvernig eigi að gera það, þá er ég ekki með á nótunum. Hann telur að með þessu frv. sé skotið yfir markið. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvaða mark hv. þm. er að tala um. Ég held að markið eða markmiðið sé fyrst og fremst það að draga úr umferðarslysum og það gerum við m.a. með þessum hætti, með þessu lagi, með þessari aðferð. Hv. þm. segir að það eigi að framfylgja þeim viðurlögum og þeim lögum sem fyrir hendi eru. Það er gert, eins og mögulegt er. En sá leikur yrði miklu, miklu auðveldari, svo margfalt auðveldari, ef þetta frv. yrði að lögum. Þá eru ekki til nein vafaatriði. Þá er fólki algerlega ljóst að ef það drekkur áfengi þá á það ekki að keyra bíl. Þetta er svo einfalt og þetta liggur svo ljóst fyrir að hver maður sem hugsar þetta mál að einhverju leyti hlýtur að gera sér grein fyrir að þessi leið er miklu skynsamlegri en sú leið sem hér hefur verið lögð til, að auka refsingar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að rökræða meira um þetta. Þetta mál fer í nefnd og hún kallar

væntanlega til þá aðila sem gerst þekkja til þessa málaflokks. Að baki flutningi þessa frv., svo að menn viti það gjörla, liggur m.a. ósk löggæslumanna, manna sem starfa að umferðaröryggismálum og þeirra sem þurfa að horfa upp á og fylgjast með m.a. alvarlegum afleiðingum umferðarslysa sem verða vegna ölvunaraksturs.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir kom inn á það að þetta mundi efla löggæslu og eftirlit. Ég sé hreinlega ekki hvernig þetta eflir löggæslu og eftirlit, (**KE:** Auðveldar.) alls ekki eftirlitið. Og ég sé ekki hvernig það er auðveldara heldur. Lögreglunni er uppálagt að fylgjast með ökumönnum og gera athugasemdir við þá sem keyra á einhvern hátt þannig að það kallar á að athugasemdir séu gerðar. Þetta hjálpar ekkert við það, ekki á nokkurn einasta hátt, þannig að þessi röksemd í þessu máli er algerlega út í hött.

Mér þykir leitt að kollegi minn úr Vesturlandi, hv. þm. Friðjón Þórðarson, er farinn því að hann gerði hér að umræðuefni koníaksskolun á munni. Ég er nú sammála flm. þessa frv. að mér finnst illa farið með ágætar veigar að spýta því síðan út úr sér og hvet til þess að slíkt sé ekki gert, sérstaklega kannski í ljósi þess að sjálfur hef ég örlítilla hagsmuna að gæta þar.

Fyrsti flm. sagðist ekki vera refsiglaður maður. Það er ég ekki heldur. Hann hlýtur að gera sér grein fyrir því alveg eins og ég að það þarf ekki endilega að taka alla þá sem staðnir eru að verki við ölvunarakstur og stinga þeim beint inn á Litla-Hraun, eða inn á níuna á Skólavörðustíg eða einhverja aðra slíka staði. Það eru til aðrar leiðir til að refsa mönnum en að stinga þeim í fangelsi. Það má setja þá hér út á götur að sópa eða eitthvað slíkt, sem þeim þætti sennilega öllu verra en að fara í fangelsi, þannig að það þarf ekki endilega að stinga þeim í félagsskap með forhertustu glæpamönnum þjóðarinnar. Og frelsissvipting er þá ekki til staðar lengur þannig að þegar ég er að tala um að auka refsingar, þá er það ekki endilega í þá veru eins og gamla kerfið býður upp á, eingöngu að stinga mönnum í fangelsi.

Mér þykir skjóta skökku við þegar flm. þessa frv. eru að reyna að segja það að messuvín sé ekki áfengi. Mér finnst það bara gersamlega út í hött, gersamlega. Fyrir það fyrsta heitir það nú vín, fyrir það annað er það ekki selt gegn lyfseðli gegnum apótek, þetta er ekkert lyf. Það segir enginn að messuvín sé lyf. Fyrir það þriðja er þetta einkasöluvara, seld í ÁTVR og þar með staðfest sem áfengi. Þá hlýtur maður að spyrja: Hvar eru mörkin? Í einu falli segja: Það má ekki drekka áfengi. Ef þú drekkur áfengi, þá máttu ekki keyra bíl. Næst að segja: Jú, þú mátt drekka ákveðna tegund áfengis. Ákveðna tegund máttu drekka. Þú mátt drekka messuvín. Þetta passar bara engan veginn saman og þá hlýtur maður að segja: Hvar eru mörkin? Má ég drekka svona mikið af sjerrí, eitthvað smávegis? Eða má ég drekka svona mikið? Þetta er alls ekki ljóst þannig að ég ítreka að það verður náttúrlega að fá álit kirkjuþings á þessu. Þetta er mjög alvarlegt mál fyrir kirkjuna í landinu.

Hv. flm. kom inn á það sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni að mönnum væri það kannski ekki ljóst hvort þeir væru með ólöglegt alkóhólmagn í blóði eða ekki. Auðvitað sneri hann út úr því fyrir mér eða hlustaði ekki, ég veit ekki hvort það var. En ég taldi mig lýsa því svona þokkalega í fyrri ræðu minni að það sem ég var með í huga var það þegar menn hafa farið á hreinræktað íslenskt fyllerí, svo að maður noti nú bara íslensku, hreinræktað íslenskt fyllerí, eru að sumbli á skemmtistað, sem eru opnir til kl. 3, eru komnir heim við skulum segja fjögur–hálffimm, sofnaðir, við skulum lofa þeim að sofa dálítið lengi, segjum til hádegis, kl. 1, keyra bílinn sinn kl. 4–5 um eftirmiðdag daginn eftir. Þeir eru ólöglegir. Það er of mikið magn í blóðinu, en þeir gera sér ekki grein fyrir því. Það er þarna sem ég var að segja að ætti að reka beinskeyttari áróður, gera mönnum grein fyrir því hve alkóhól er lengi í blóði einstaklings. Það var þetta sem ég var að tala um, ekki að menn fengju sér í glas og færu síðan að keyra nokkrum tímum seinna. Það er mikill greinarmunur á því.

Allir sem um þetta mál fjalla vilja að sjálfsögðu draga úr slysum. En ég er ekki sannfærður um það að þetta dragi úr slysum, ég er alls ekki sannfærður um það og til þess að fá þá fullvissu um það mundi ég vilja vita hve margir voru valdir að slysum á þessu bili, frá því að vera með 0,25‰ alkóhólmagn í blóði og upp í 0,5‰ sem verið er að lækka það úr. Ég tel að þær upplýsingar þurfi nauðsynlega að liggja fyrir.

Sælgæti var tekið hér út úr af flm. áðan. Hér er selt sælgæti með fljótandi vínanda í og það er þekkt að menn sem vakna illa haldnir á sunnudagsmorgnum kaupa sér heilu kassana af þessu og éta þetta til þess að halda sér við, heilu kassana af þessu. Auðvitað verður að taka þetta út, þetta er áfengi og ekkert annað. Menn verða að stíga skrefið til fulls, menn verða að meina það sem þeir eru að segja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allsh.n. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

11. fundur, fimmtudaginn 1. nóv., kl. 10 árdegis.

Friðarvika Sameinuðu þjóðanna, ein umr.

Fsp. DS, 16. mál. — Þskj. 16.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1988 var gerð samþykkt þess efnis að sú

vika sem innihéldi 11. nóv. yrði alþjóðleg vika vísinda í þágu friðar. Óhugnanlegt er að hugsa til þess að stærstu vísinda- og tækniuppgötvanir í heiminum hafa iðulega tengst þróun í framleiðslu á vígvélum, enda hafa ráðamenn ekki horft í peningana þegar vopn eru annars vegar. Það er löngu tímabært að hverfa af þessari braut og neyta til þess allra krafta. Með viku vísinda í þágu friðar gera Sameinuðu þjóðirnar tilraun til að brjóta upp þessa hugsun og fá vísinda- og tæknimenn til að skoða störf sín sérstaklega með tilliti til friðsamlegrar notkunar.

Friðarvika þessi hefur verið haldin með einhverjum hætti í 20 til 30 ríkjum frá 1986. En eins og áður sagði var hún samþykkt árið 1988 hjá Sameinuðu þjóðunum sem alþjóðleg friðarvika.

Aðalritari Sameinuðu þjóðanna beindi, í framhaldi af því, þeim tilmælum til ríkisstjórna aðildarríkjanna að sjá til þess að m.a. stofnanir eins og háskólar og aðrar menningar- og vísindastofnanir standi að fyrirlestrahaldi og umræðufundum þar sem rætt yrði með hvaða hætti hagnýta megi vísinda- og tækniframfarir í þágu friðar. Fyrirspurn var gerð hér á Alþingi þann 23. nóv. sl. um þetta efni og upplýsti hæstv. forsrh. þá að málið hefði aldrei borist hæstv. menntmrh., það hefði hvergi fundist í ráðuneytunum. Hins vegar kvaðst hæstv. forsrh. hafa formlega vakið athygli hæstv. menntmrh. á málinu og óskað þess um leið að því yrði sinnt í framtíðinni. Ekkert hefur þó frést enn af undirbúningi í þá veru að tilhlutan ráðuneytis menntamála.

Því spyr ég hæstv. menntmrh.: „Á hvern hátt mun menntmrh. stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðarviku Sameinuðu þjóðanna í nóvember nk.?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er tíðkað hjá Sameinuðu þjóðunum að gera samþykktir um ár og vikur og daga til þess að minnast og gera átak í tilteknum mikilvægum málum. Þannig er um friðinn eins og margt fleira. Hef ég undir höndum lista yfir átök af því tagi sem Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið, eða öllu heldur beint til aðildarríkja sinna að sinna sérstaklega.

Það er brotalöm á því í stjórnkerfi íslenska ríkisins, og sjálfsagt annarra ríkja líka, hversu þessum málum er sinnt. Ég geri ráð fyrir því að það séu utanríkisráðuneytin sem að jafnaði eigi að fylgjast best með því sem kemur fram á þingum Sameinuðu þjóðanna og síðan er væntanlega ætlunin að þau komi þeim málum áleiðis til viðkomandi ráðuneyta.

Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um í inngangsræðu sinni er gert ráð fyrir því að friðarvikur verði að jafnaði í nóvembermánuði ár hvert til þess að leggja áherslu á friðarboðskapinn, friðarinnihaldið í baráttu og starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Af því tilefni hefur menntmrn. fyrir sitt leyti ákveðið að þessi þáttur verði hafður til hliðsjónar þegar ákveðin er stefna Íslendinga í vísinda- og tæknimálum sem verður til meðferðar á næstu vikum og mánuðum, m.a. á ársfundi vísindaráðs og rannsóknaráðs. Þannig er komið til móts við þau grundvallaratriði sem minnst var á í samþykkt Sameinuðu þjóðanna þegar hún var í upphafi gerð.

Hins vegar er það svo að í okkar stjórnkerfi eru auðvitað viss takmörk fyrir því hvað menn komast yfir og hvað það er sem menn geta lagt áherslu á með einhverjum myndarskap. Á þessu ári, að þessu sinni höfum við ákveðið að leggja megináherslu á alþjóðaár læsis, sem ég vona að hafi ekki farið fram hjá hv. þm., alþjóðaár lestrar, sem er ákveðið í beinu framhaldi af málræktarátaki sl. árs og í beinum tengslum við menningarhátíðir á landsbyggð sem framkvæmdar hafa verið og hafa verið í gangi að undanförnu. Við höfum tekið þetta ár læsis út úr að okkar leyti.

Ég tel hins vegar að fsp. hv. þm. eigi fyllilega rétt á sér og þakka henni fyrir að minna á málið, svo mikilvægt sem það er. Á undanförnum árum hefur talsvert verið rætt um almenna friðarfræðslu og hv. þm. Samtaka um kvennalista hafa iðulega hreyft því máli hér á hinu virðulega Alþingi. Í þeim efnum hafa komið upp mjög skiptar skoðanir. Aðalatriðið í þeim efnum er það að námsskrá og námsstefna sé á hverjum tíma ekki rígbundin heldur sveigjanleg, þannig að það sé svigrúm til þess að takast á við einstök mikilvæg verkefni sem upp kunna að koma á hverjum tíma. Sú aðalnámsskrá grunnskóla, sem við gáfum út vorið 1988, er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að taka á málum af því tagi innan hins almenna grunnskóla.

Mér er ljóst að svarið er ekki fullnægjandi en þetta er það svar, virðulegi forseti, sem ég hef á þessu stigi málsins.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svar hans sem, eins og hann sjálfur gat um, var ekki fullnægjandi. Það er leitt að heyra um þá brotalöm sem er á því að utanrrn. komi því til skila til annarra ráðuneyta til hvers Sameinuðu þjóðirnar ætlast af þeim þjóðum sem eru innan vébanda þeirra. Hins vegar þykir mér aftur á móti gott að heyra að það er fyrirætlun menntmrh. að koma með nokkrum hætti til móts við þá samþykkt sem hér er til umræðu.

Vissulega er gott og þarft að taka upp ár læsis en þetta er þriðja árið, árið í ár, sem ekkert sérstakt er gert til að fylgja eftir þeirri samþykkt að hafa alþjóðlega friðarviku og minnast þess hve rík þörf er hjá þjóðum fyrir að finna einhvern farveg fyrir friðarumræðu. Það blæs kannski byrlegar í þeim efnum nú eða hefur gert en oft áður þó vissulega séu yfirvofandi ýmsir þeir atburðir sem aftur á móti ekki orka til friðar. Ég held að það sé brýnt málefni að vekja upp á ný umræðu um frið í heiminum.

Verslunarfyrirtæki í dreifbýli, ein umr.

Fsp. MB, 25. mál. — Þskj. 25.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. viðskrh. um bætta aðstöðu verslunarfyr-

irtækja í strjálbýli. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að efla það fyrirheit sitt að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli?

2. Ef engin slík aðgerð hefur verið gerð, hverra úrbóta má þá vænta og hvenær?"

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, sem mynduð var 28. sept. 1988, segir: „Unnið verður að því að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli," og ég vil ætla að þó einhver breyting hafi orðið á ríkisstjórninni hafi ekki verið horfið frá þeim ásetningi að bæta þjónustu verslunarfyrirtækja.

Mér er kunnugt um hvaða nefnd var skipuð í þessu sambandi. Hún skilaði áliti svo ég þarf ekki að spyrja um það. Hitt veit ég að ástand og horfur í strjálbýlisverslun eru afar slæmar og ljótt útlit hjá margri strjálbýlisversluninni. Margar hafa þær gefist upp að fullu og öllu og hinar, sem enn eru starfandi, flestar hverjar, búa við mjög slæma stöðu. Þjónusta verslunar er í ríkari mæli að færast frá þessum strjálbýlli héruðum, og jafnvel flestum landsbyggðarhéruðum, hingað á höfuðborgarsvæðið. Svo er hitt aftur önnur saga að verslun er mjög að færast úr landi hér af höfuðborgarsvæðinu og mörgum er það mikið áhyggjuefni. Gæti ég komið inn á það síðar þegar tími vinnst til og þá undir öðrum kringumstæðum en í sambandi við svarið við þessari fsp.

Virðulegi forseti, ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. hafi eitthvað nýtt að segja í þessum efnum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda var nefnd skipuð á sl. ári til þess að gera athugun á afkomu og stöðu verslunarfyrirtækja í strjálbýli og til þess að gera tillögur um það hvernig bæta megi stöðu þeirra. Nefndin skilaði allítarlegu áliti 27. nóv. 1989 ásamt tillögum til úrbóta. Hún lagði þar áherslu á ráðgjafarþjónustu, á sameiningu og hagræðingu fyrirtækja, á bætta stöðu þeirra í skattalegu tilliti, ekki síst gagnvart skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er skemmst frá því að segja að ekki fékkst fjárveiting á fjárlögum yfirstandandi árs til þess að hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd en það hefur verið leitað leiða til þess að byrja a.m.k. á fyrstu aðgerðum.

Í frv. til fjáraukalaga, sem nú er til meðferðar hjá þinginu, er gert ráð fyrir 2 millj. kr. fjárveitingu til viðskrn. til þess að kosta ráðgjafarþjónustu fyrir verslun í strjálbýli en nefndin taldi einmitt slíka þjónustu mikilsverðan þátt í þeim aðgerðum sem hún gerði tillögur um.

Ég vona að það fáist síðar nauðsynlegt fjármagn til þess að halda áfram aðgerðum til að treysta verslunarþjónustuna í strjálbýli, sem ég er sammála fyrirspyrjanda um að er eitt af grundvallarskilyrðum þess að byggðin dafni. Ég vænti þess líka að Byggðastofnun sýni málefnum verslunar- og þjónustufyrirtækja meiri áhuga og treysti á gott samstarf við hana. Ég nefni það líka að þeir sem áttu hlut að þessari nefnd, fulltrúa samtaka verslunar, verða hafðir með í ráðum þegar þessi ráðgjafarþjónusta, sem ég vona að þingið veiti fé til, hefur sín störf.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin en ósköp var þetta dapurleg niðurstaða. Hæstv. viðskrh. skipaði nefnd 22. febr. 1989. Sú nefnd lauk störfum og skilaði tillögum til ráðuneytisins 27. nóv. á sl. ári, svo það er nú senn liðið eitt ár frá því að nefndin lauk sínum störfum. Nefndin lagði til að endurgreiðsla færi fram á sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem lagður er á verslunarhús í strjálbýli, þ.e. á verslunarsvæðum þar sem íbúafjöldi er um eða innan við 1500 íbúa og hefur verið það undanfarin fimm ár. Jafnframt lagði nefndin til að á fjárlögum þessa árs, ársins 1990, yrði í tilraunaskyni sérstök fjárveiting að upphæð 25 millj. kr. og yrði Byggðastofnun falin ráðstöfun hennar við framangreind verkefni, að fengnum tillögum þriggja manna nefndar sem viðskrh. skipar. Eigi bæði samvinnu- og einkaverslun fulltrúa í nefndinni. Nefndin gerði einnig að tillögu sinni að fjárhæðinni yrði varið þannig að 10 millj. renni til að borga fyrir ráðgjafarþjónustu við verslunarfyrirtæki í strjálbýli og allt að 10 millj. kr. yrði varið til þess að greiða fyrir sameiningu verslunarfyrirtækja og hagræðingu verslunarþjónustu og allt að 5 millj. kr. samtals yrði varið til þess að veita styrki til breytinga og endurbóta á verslunarhúsnæði og til rekstrarstyrkja vegna verslunarþjónustu. Ekkert af þessu var gert, þrátt fyrir tillögur nefndarinnar, þrátt fyrir það að ríkisstjórnin skipar þessa nefnd. Nú segir hæstv. viðskrh. að lagt sé til að verja 2 millj. kr. í fjáraukalögum til viðskrn. til hagræðingar í verslunarrekstri. Þetta finnst mér vera dapurleg niðurstaða, hæstv. viðskrh.

Hæstv. viðskrh. benti á að rétt væri að Byggðastofnun tæki meira að sér í þessum efnum. Hér eru málefni hennar ekki til umræðu en það verður síðar. Hún hefur verið gjörsamlega svelt með fjárveitingar í mörg undanfarin ár og hefur þar af leiðandi ekki getað bætt á sig nýjum verkefnum. En ég þori að fullyrða það að öll stjórn Byggðastofnunar er reiðubúin til þess að taka slík verkefni að sér ef hæstv. ríkisstjórn vildi leggja henni lið í þeim efnum. Svo þakka ég að nýju fyrir svörin.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að gera svo glögga grein fyrir nefndarálitinu sem skilað var í nóvember á liðnu ári, hann tók af mér ómakið. Ég vona að í þessu sannist að jafnvel hinar lengstu ferðir byrji á einu skrefi og bið nú hv. þm. að deila þeirri von minni með mér að úr þessu geti ræst og að mjór sé mikils vísir í þessu máli eins og svo mörgum öðrum.

Ég endurtek það sem ég sagði, ég er alveg sannfærður um það að Byggðastofnun þarf að sinna þessum þætti byggðamálanna betur en gert hefur verið. Það er rétt hjá hv. þm. að málefni hennar eru ekki til umræðu, en ég vek athygli á því að hún kom einmitt við

sögu í nefndarálitinu sem hv. þm. vitnaði til. Ég treysti á það að við náum góðu samstarfi um málið og vilji finnist í þinginu til þess að leggja þessu máli lið. Það er með þetta eins og fleira að það eru mörg verðug erindi sem koma fyrir fjvn. Þetta er eitt af þeim. Þar verða menn að velja og hafna. Það gildir líka hjá Byggðastofnun. Spurningin er hvort forgangsröðin hafi alltaf verið rétt.

Almannatryggingar, ein umr.

Fsp. MálmS, 27. mál (framlagning frumvarps). — Þskj. 27.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Nú eru tvær eða þrjár vikur síðan hæstv. heilbrrh. kynnti endurskoðuð almannatryggingalög, eða frv. til þeirra, í fjölmiðlum og lagði þau fram til kynningar í þingflokkum stjórnar sinnar. Hins vegar hefur ekki verið gert neitt af hans hálfu til þess að drög þessi kæmu fyrir augu stjórnarandstöðunnar og þykir mér það miður. Þessi háttur sumra ráðherra, að kynna þingmál í fjölmiðlum áður en þau eru lögð fram á þingi, er vægast sagt mjög óviðfelldinn. Ekki er hægt að skoða hann öðruvísi en sem lítilsvirðingu við Alþingi.

Sá tími sem liðinn er síðan ráðherra kynnti lagafrv. er orðinn um það bil þrjár vikur, eins og ég sagði áðan, og ekki er það enn komið á borð þingmanna. Eigi það að fá afgreiðslu fyrir jól, sem mér skilst að sé nauðsyn vegna fjárlaga, þá fer tíminn að verða naumur til að skoða svo viðamikið plagg. Auk þess bíða margir landsmanna þess að sjá hvort þetta frv. boði breytingar sem vonast hefur verið eftir að næðu fram að ganga um ýmis brýn réttindamál fólks. Því hef ég leyft mér á þskj. 27 að beina þeirri spurningu til hæstv. heilbr.- og trmrh. hvenær megi vænta þess að nýtt frv. um almannatryggingar verði lagt fram á Alþingi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir hefur beint til mín fsp. sem hún hefur nú gert grein fyrir varðandi frv. til nýrra laga um almannatryggingar. Eins og þingheimur veit hefur nú um tíma starfað nefnd að endurskoðun á þessari viðamiklu og mikilvægu löggjöf, eða allt frá því í árslok 1987. Nefnd sú hefur nýlega lokið störfum og skilað nefndaráliti í formi lagafrv. til heilbrrh.

Það er vissulega svo að hér er um að ræða stórt mál sem varðar alla þjóðina, varðar alla þegna þjóðfélagsins hversu til tekst um almannatryggingalöggjöf. Almannatryggingalöggjöfin er að stofni til frá 1971 og hefur á nánast hverju einasta þingi síðan tekið einhverjum breytingum, meiri eða minni. Þess vegna hlaut þetta endurskoðunarstarf að taka nokkuð langan tíma. En nú er því sem sagt lokið og með bréfi sem ég fékk nýlega sent frá nefndinni með hennar tillögum kemur fullbúið frv. fram. Vil ég leyfa mér að lesa þetta bréf sem stílað er til heilbrrh. og hljóðar svo:

„Nefnd sú, sem þér skipuðuð 17. des. 1987 til þess að endurskoða lög um almannatryggingar, hefur nú lokið störfum. Nefndin skilar hér með af sér fullbúnu frv. til laga um almannatryggingar ásamt greinargerð með frv., kostnaðarútreikningi og samanburðarútgjöldum, samkvæmt frv. og gildandi lögum, ásamt skýringum á einstökum greinum frv. Ekki náðist fullkomið samkomulag í nefndinni. Þó stendur mikill meiri hluti nefndarinnar að frv. eins og það er hér lagt fyrir, þó með fáum undantekningum við einstaka þætti frv. Þær athugasemdir fylgja hér með.

Minni hluti nefndarinnar, fulltrúar ASÍ og VSÍ, skilar séráliti og fylgir það einnig hér með. Guðmundur H. Garðarsson er sammála séráliti ASÍ og VSÍ og skrifar undir afgreiðslu málsins frá nefndinni á sambærilegum forsendum og fram kemur í því áliti."

Undir þetta skrifa Finnur Ingólfsson, sem var formaður nefndarinnar, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Árni Gunnarsson, Benedikt Davíðsson, Bolli Héðinsson, Guðmundur H. Garðarsson, Helgi Seljan, Hrafnhildur Stefánsdóttir, Kristján Guðjónsson og Sigurður Hermundarson. Þetta var það fólk sem starfaði í nefndinni eins og hún var fullskipuð síðari hluta þess tímabils sem hún vann.

Nú er það svo, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að þetta nefndarálit hefur verið kynnt. Í fyrsta lagi hefur það verið lagt fram í ríkisstjórn og síðan hefur það sem slíkt verið kynnt fjölmiðlum. Getur það varla talist óeðlilegt að svo viðamikið starf, eins og hér er um að ræða, sé kynnt í fjölmiðlum en ég undirstrika að hér er aðeins um að ræða nefndarálit, þó að það sé í formi lagafrv. Þetta nefndarálit hefur síðan verið sent til kynningar í þingflokkum ríkisstjórnarinnar og er þar núna til meðferðar. En ég mun að sjálfsögðu taka til athugunar þá athugasemd, sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að það væri eðlilegt að slíkt mál fengi líka umfjöllun eða væri sent til kynningar í þingflokkum stjórnarandstöðunnar. Mun ég taka það mál til skoðunar og finnst sjálfsagt að verða við því því að hér er um stórt og viðamikið mál að ræða.

En ég vil undirstrika það á þessu stigi að hér er um að ræða nefndarálit. Þetta er ekki enn þá í því formi að það sé lagt fram sem fullbúið frv. af minni hálfu. Það gæti auðvitað tekið breytingum, ekki ólíklegt að það geri það að einhverju leyti í meðförum þingflokka ríkisstjórnarinnar. En það er líka rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta mál þarf ítarlega umfjöllun á Alþingi. Því þyrfti það fyrr en seinna að koma hér inn til umfjöllunar og ég vona að það líði ekki mjög langur tími þar til hægt verður að leggja málið fram. Mér er þó ljóst, og ekki síst fyrir þær sakir að um þetta var ekki fullkomið samkomulag í nefndinni sem vann þessa vinnu, að það tekur einhvern tíma í meðförum þingflokka stjórnarinnar.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans og vænti þess að það fari svo sem hann sagði, að

stjórnarandstaðan fái að sjá þetta nefndarálit, sem hann kýs nú ekki að kalla frv. Þó það kæmi frá nefndinni, að hann segir, sem fullbúið frv. telur hann að ekki sé hægt að leggja það fram í því formi sem það er. En það var að skilja í kynningu að þetta væri fullbúið til framlagningar á þingi og var nokkuð erfitt að skilja þann drátt sem á því er orðinn.

Ég vil undirstrika það enn að í þessu frv. eru, eftir því sem kom fram í kynningu á því, ýmis ákvæði sem snerta fjárlögin. Mér sýnist að nokkuð erfitt verði að samþykkja fjárlög ef ekki er búið að ákveða hvort af ýmsum ráðstöfunum verður sem þetta frv. ber í sér að því er varðar tekju- og gjaldahlið fjárlagafrv. Hins vegar dettur mér ekki í hug að þetta frv. renni athugasemdalaust í gegnum þingið. Þetta er mál sem allir landsmenn, held ég, hafa sérskoðun á og það kann að verða erfitt að samræma sjónarmið þannig að allir geti á þau sæst.

En allt um það þá þakka ég ráðherra svör hans og vænti þess að við sjáum þetta frv. fyrr en seinna.

Bætur vegna afturvirkni skattalaga, ein umr.

Fsp. GHH, 13. mál. — Þskj. 13.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. fjmrh.:

„Hyggst fjmrh., eins og hann gaf í skyn í sjónvarpsviðtali 8. ágúst sl., bæta mönnum tjón sem þeir urðu fyrir vegna ákvæða í lögum nr. 79/1989 og lögum nr. 117/1989 þegar réttur til húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar var felldur niður með afturvirkum hætti?"

Eins og menn rekur eflaust minni til, virðulegi forseti, voru hér gerðar breytingar á þessum lögum á síðasta ári. Það kom á daginn að í þeim lögum voru afturvirk ákvæði sem refsuðu fólki aftur í tímann, fólki sem hafði gert fjárhagslegar ráðstafanir vegna húsnæðisöflunar og gert ráð fyrir húsnæðisbótum, vaxtaafslætti eða vaxtabótum með öðrum hætti en síðar kom í ljós.

Á síðasta þingi flutti ég ásamt fleirum frv. um að hnekkja þessum afturvirku ákvæðum og leiðrétta þetta gagnvart þeim einstaklingum sem hlut áttu að máli. Það frv. fékk ekki hljómgrunn. Þegar álagning fór fram í byrjun ágúst sl. kom í ljós að hér var stór hópur fólks sem átti hlut að máli og hafði verið þessum rangindum beittur. Hér gat verið um að ræða verulegar upphæðir fyrir hvern og einn, fyrir þá einstaklinga sem höfðu í góðri trú gert fjárhagslegar skuldbindingar vegna íbúðaröflunar. Þegar þetta mál kom til umræðu í fjölmiðlum gaf fjmrh. í skyn að hann gæti hugsað sér að gera einhverjar leiðréttingar í þessu efni. Það færi að vísu eftir því hvað hópurinn væri stór, kom fram í viðtali í sjónvarpinu, og hvers eðlis kvartanirnar væru, hvort hér væri um að ræða venjulegt launafólk o.s.frv. Eða eins og ráðherra orðaði það, með leyfi forseta: „Fólk sem hefur með eðlilegum hætti rétt á því að þess mál séu skoðuð sérstaklega."

Þarna kemur fram sú nýlunda að það sé allt í lagi að beita fólk afturvirkum ákvæðum skattalaga ef það hafi efni á því að verða fyrir slíku en aftur á móti komi til greina að leiðrétta afturvirknina gagnvart einhverjum einstökum aðilum sem ráðherra eru þóknanlegir.

Ég hef ekki orðið var við að það bóli neitt á þessum leiðréttingum og hef þess vegna borið fram þessa fsp. til þess að fá það fram hjá ráðherra hvað hann hafi hugsað sér að gera í þessu efni. Hafi hann hins vegar eitthvað lítið á prjónunum eða ekki hugsað sér að gera neitt býð ég honum upp á það hér á þessum fundi að styðja það frv. sem útbýtt var í morgun sem ég hef flutt og samið um að láta þessar leiðréttingar koma til framkvæmda með skynsamlegum hætti gagnvart öllum einstaklingum sem hlut áttu að máli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja að það er sérkennileg notkun á þingsköpunum að flytja fsp. sem svarað er sæmilega fljótt, en vera svo búinn að flytja frv. um málið áður en fsp. er svarað. Við hefðum því kannski getað sparað okkur þessa umræðu, hv. þm., og rætt um málið þegar mælt verður fyrir frv. En látum það vera þó að þetta sé tekið fyrir svona með þessum hætti. Ég skal á fimm mínútum reyna að svara þeirri spurningu sem hér er borin fram.

Lögin um vaxtabætur voru samþykkt á Alþingi 31. maí 1989. Í tengslum við þau og framkvæmd þeirra hafa menn leikið sér að því að toga hugtakið afturvirkni yfir á alveg nýtt merkingarstig. Auðvitað er hægt að rugla málin þannig því afturvirkni er frekar neikvætt orð og því er gefin ný merking sem með engum hætti samræmist þeirri almennu venju sem tíðkast hefur hér á landi varðandi lagasetningu. Það er alveg ljóst að með þessum lögum var með engum hætti brotið gegn þeim almennu venjum sem hér hafa tíðkast um áratugi varðandi lög og réttarfar.

Í lögunum voru felld ur gildi ákvæði eldri laga um vaxtaafslátt og húsnæðisbætur. Þó var kveðið á um það í þessum lögum að allir þeir sem fengið hefðu úrskurð um húsnæðisbætur fyrir gildistöku laganna skyldu halda þeim rétti að fullu í þau sex ár sem hann gilti. Þessum aðilum var hins vegar gefinn kostur á að koma inn í vaxtabótakerfið við álagninguna árið 1990, enda ljóst að það nýja kerfi mundi koma mun betur út fyrir einstaklinga með þunga vaxtabyrði og miklar skuldir. Einnig var í því nýja kerfi ekki um að ræða tímamörk á réttindunum eins og var í eldri lögum. Það er því alveg ljóst, ef kerfin tvö eru borin saman, að það nýja kerfi sem tekið var upp með lögunum frá því í fyrra er mun hagstæðara fyrir einstaklinga sem hafa raunverulega þunga vaxtabyrði samanborið við þeirra tekjur. Hjá þeim einstaklingum sem hugsanlega kunna að fara verr út úr vaxtabótakerfinu en húsnæðisbótakerfinu, þegar þessi tvö kerfi eru borin saman, er ástæðan annaðhvort sú að vaxtagjöld einstaklinganna ná ekki lágmarksviðmiðun, þ.e. 6% af tekjum, eða vaxtagjöldin eru kannski engin — það er auðvitað mjög sérkennilegt þegar verið er að tala um aftur-

virkni gagnvart einstaklingum sem hafa engin vaxtagjöld — eða þá að skuldlausar eignir eru umfram lágmarksviðmiðun.

Það er auðvitað rétt að menn átti sig á því þegar verið er að tala um eitthvert misrétti í þessum samanburði að annaðhvort eru menn þá að tala um einstaklinga sem hafa lítil eða jafnvel engin vaxtagjöld eða þá að skuldlausar eignir eru umfram lágmarksviðmiðun. Hins vegar má segja að við þessa breytingu, eins og ýmsar aðrar breytingar, geti komið fram tilvik, einhver fáein, gagnvart einstaklingum sem hægt er að líta á.

Rétt er þó að vekja athygli á því að um áraraðir hafa verið gerðar breytingar á skattalögum, varðandi skatthlutfall, barnabætur, vaxtaendurgreiðslu og annað, og hefur iðulega verið gert þegar viðkomandi tekjuári er lokið. Að þessu leyti er enginn munur á þeim lögum sem sett voru hér í fyrra og skattalögum sem sett hafa verið á Alþingi um langt árabil, enda sérfræðingar samdóma í þeim efnum.

En eins og ég var að víkja að hér, virðulegi forseti, þá er rétt að vekja athygli á því að með lögum nr. 117/1989 var gerð breyting á því hvaða vextir teldust til vaxtagjalda og var þar um þrengingu að ræða. Þá var ákveðið að hvorki teljist til vaxtagjalda hjá seljanda áfallnar, uppsafnaðar verðbætur á lánum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar, áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs. Ákveðið var að þessi breyting tæki til vaxta sem greiddir voru á árinu 1989. Þetta getur hafa haft það í för með sér að einstakir menn hafa fengið lægri vaxtabætur á árinu 1990 en verið hefði ef umrædd breyting hefði ekki gilt frá 1. jan. 1989. Þess vegna má telja að sanngjarnt hefði verið að umrædd breyting hefði ekki komið til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1990. Ég hef því ákveðið að leggja fyrir hv. Alþingi frv. þar sem kveðið verður á um það að framangreind breyting öðlist ekki gildi fyrr en 1. jan. 1990 og að heimilt verði að hækka vaxtabætur á árinu 1990 vegna vaxta sem greiddir voru á árinu 1989, í þeim tilvikum þar sem það á við.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að það svar sem hæstv. fjmrh. veitti hér gefi jákvæða vísbendingu að hluta til. En ég vil jafnframt spyrja hann að því hvernig farið verði með þann hóp sem lenti á milli skips og bryggju í þessari lagagerð, þ.e. hópinn sem tilheyrði ekki fyrra kerfi og var búinn að gera sínar ráðstafanir um húsnæðiskaup eftir því kerfi þegar lög um vaxtabætur voru sett. Þ.e. hópurinn sem gerir sínar ráðstafanir á fyrri hluta árs 1989. Það er nauðsynlegt í þessari umræðu að fá úr því skorið hvað verður um þennan hóp sem nýtur ekki þeirra réttinda sem þeir höfðu áætlað sem þá gerðu sínar ráðstafanir í húsnæðismálum, þær standa ekki. Þess vegna er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort þessi hópur fái sams konar meðhöndlun og sá hópur sem tilheyrir lögunum sem giltu fyrir árið á undan.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Svar fjmrh. einkenndist venju samkvæmt æði mikið af útúrsnúningum og skítkasti í garð þeirra sem hafa gagnrýnt hann í þessu máli. Það liggur alveg fyrir að það er ekkert verið að deila hér um mismuninn annars vegar á vaxtabótakerfi og húsnæðisbótakerfi. Málið snýst ekkert um það. Það snýst einfaldlega um það að lögin um að breyta úr húsnæðisbótum yfir í vaxtabætur voru sett með afturvirkum hætti. Það var fullt af fólki á árinu 1988 og fyrri hluta árs 1989 sem gerði ráðstafanir til húsnæðisöflunar í þeirri góðu trú að lögin, sem þá giltu, héldu gildi sínu áfram.

Sama er að segja um þá sem gerðu ráðstafanir með tilliti til ákvæða um skilgreiningu á vaxtagjöldum, eins og ráðherrann útskýrði hér áðan. Ég vil nota tækifærið og fagna því að hann hefur séð að sér varðandi þetta tiltekna atriði og ætlar að breyta gildistöku þeirra ákvæða og bæta fólki þar með upp það tjón sem það varð fyrir þegar sett voru í desember á síðasta ári, að hans undirlagi, lög sem giltu fyrir allt árið í fyrra. Ef þetta er ekki afturvirkni skattalaga og ef það þarf að fara hér í einhverjar orðskýringar og viðhafa einhverja orðaleppa um það hvað orðið afturvirkni þýði þá held ég að fjmrh. standi höllum fæti í slíkri umræðu.

Ég held að það sé ástæða til að benda á að vegna þeirrar deilu sem upp kom í sumar og vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið þá hefur a.m.k. tekist að fá ráðherrann til þess að leiðrétta þetta mál að hluta til þó þar sé auðvitað ekki nærri nógu langt gengið. Ég býð honum enn á ný til samstarfs um að afgreiða það frv. sem nú liggur fyrir á borðum manna frá þeim sem hér stendur um að afgreiða þessa afturvirkni og leiðrétta hana gagnvart öllum, en ekki bara sumum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ef það hefði verið ætlun hv. þm. Geirs H. Haarde að fá afstöðu mína hér til þess frv., sem dreift var í morgun, að mér skilst, og ég hef ekki séð, þá hefði verið skynsamlegra að kynna mér og fjmrn. frv. fyrir fram svo hann gæti vænst einhverrar afstöðu hér í umræðunni. Mér finnst nú ekki sanngjarnt að spyrja hér um afstöðu til frv. sem mun hafa verið dreift í morgun. (**GHH:** Ég spurði þig ekkert um það, ég bað þig bara að kynna þér þetta.) Nú, það er ágætt. Ég kynni mér öll frv., einnig frá hv. þm. Og það þarf ekkert að fara sérstaklega hér upp í ræðustól til að bjóða mönnum að kynna sér frv., það er bara almenn skylda hér í þinginu.

Ég verð hins vegar að segja það að þessi túlkun á hugtakinu afturvirkni er alveg makalaus, eins og hún kemur fram hjá hv. þm. Hún er á þann veg að einstaklingar sem ákvæðu að eignast barn saman og væru að horfa á það að það væri ákveðið kerfi barnabóta í gangi í landinu og væru þess vegna búin að reikna sér það að á næstu 10–15 árum mundu þeir fá ákveðnar barnabætur með þessu barni og hefðu þess vegna ákveðið að geta saman barn. Síðan, eins og alltaf gerist í okkar landi, er lögum breytt um tekjuskatt og barnabætur. Ættu þá þessir einstaklingar að geta gert

kröfu í nafni afturvirkni um það að það barnabótakerfi sem var við lýði þegar þeir ákváðu að geta barnið yrði áfram næstu 10–15 ár? Og hvers konar kerfi yrði þá hér í landinu eiginlega? Það sjá auðvitað allir í hendi sinni að þetta er fáránleg skilgreining á hugtakinu afturvirkni. En það er sá skilningur sem hv. þm. hefur talað fyrir hér í þessu máli.

Hins vegar hefur það alltaf verið ljóst að bæði ég og embættismenn fjmrn. og skattkerfisins væru reiðubúnir að skoða sérhverja löggjöf og gera á henni betrumbætur út frá almennum sanngirnissjónarmiðum. Það höfum við gert í þessum efnum, reynum að bæta verkin og löggjöfina með eðlilegum hætti án þess að ganga gegn þeim almennu lagareglum og réttarfarsreglum sem þurfa að vera í okkar landi. Í anda þeirrar sanngirni og eðlilegra vinnubragða höfum við ákveðið að leggja til þessar breytingar.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það sem auðvitað er um að ræða er spurningin um það hvort afturvirk ákvæði séu til íþyngingar eða ívilnunar. Þetta er grundvallaratriði í allri lagasetningu, ekki síst í skattamálum. Og afturvirkar íþyngingar standast ekki, þó fjmrh. vildi kannski gjarnan að svo væri. Og það er um þetta sem málið snýst. Það er ekkert athugavert við að gera breytingar sem horfa fram í tímann, en það er margt athugavert við það að gera breytingar sem svipta fólk rétti aftur í tímann, rétti sem það hafði áður byggt á, á grundvelli þeirra laga sem giltu þegar fólk gerði sínar ráðstafanir.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að staðfesta skilning minn á hans orðum. Hann var að tala fyrir þeirri kenningu hér að þær barnabætur sem væru í gildi þegar ákveðið er að geta barnið gildi fram til 16 ára aldurs barnsins. Það megi hins vegar auka bæturnar á þeim tíma en það megi ekki minnka þær. Þannig að samkvæmt hans skilningi, af því að nú eru í gildi sérstakar barnabætur fyrir hátekjufólk með 400–500 þús. kr. mánaðarlaun, að ef slíkt hátekjufólk ákveður að eignast barn á gildistíma þessara barnabóta skuli slíkar sérstakar barnabætur handa hátekjufólki vera í gildi næstu 16 ár.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, ein umr.

Fsp. DS og MálmS, 63. mál. — Þskj. 65.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Frá og með 1. júní sl. hætti félmrn. að endurnýja samninga við stuðningsfjölskyldur á þeirri forsendu að fé það sem áætlað var til þessa málsliðar væri uppurið. Þrátt fyrir að þessu hafi verið kippt í liðinn frá og með 1. ágúst til 1. nóv. hefur greiðsla verið skert úr því að vera fyrir fimm sólarhringa á mánuði niður í þrjá og var þó þessi greiðsla grátlega lág fyrir. Jafnframt er óvissa um framhald greiðslu eftir 1. nóv., sem er nú í dag.

Þessi hringlandaháttur hefur valdið foreldrum fatlaðra barna miklum óþægindum og hefur jafnvel orðið þess valdandi að stuðningsfjölskyldur hafa íhugað að hætta. Þetta veldur svæðisstjórnum einnig ómældum erfiðleikum þar sem alls ekki er auðvelt að útvega stuðningsfjölskyldur sem fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru. Eftirsókn eftir þessari aðstoð frá foreldrum fatlaðra barna fer vaxandi og mikil nauðsyn að henni sé sinnt. Foreldrum er þessi aðstoð ómetanleg og oft eina úrlausnin sem þau hafa til vistunar barna sinna.

Þessi börn eru í hættu að einangrast frá öðrum börnum og þeim venjulegu daglegu samskiptum sem heilbrigð börn eiga við samfélagið. Þeim er nauðsyn að kynnast öðrum heimilum en sínu eigin og foreldrum er oft brýn þörf á hvíld, þó ekki sé nema dag og dag, frá erfiðri og krefjandi umönnun.

Ég veit að það er vilji hæstv. ráðherra að komið sé til móts við þessar þarfir. Hins vegar gerir sú óvissa, sem ríkir um þessi mál, svæðisstjórnum mjög erfitt um skipulagningu starfsins í þessum geira og foreldrar bíða milli vonar og ótta um hvernig mál þeirra skipist. Því hef ég leyft mér á þskj. 65, að spyrja hæstv. félmrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Hvers vegna hætti félmrn. að endurnýja samninga við stuðningsfjölskyldur fatlaðra barna 1. júní sl.?

2. Hvers mega stuðningsfjölskyldur og fjölskyldur fatlaðra vænta 1. nóv., þegar núverandi millibilsástandi lýkur?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Sem svar við fsp. á þskj. 65 um greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, frá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur, vil ég segja eftirfarandi:

Fjárheimild fjárlagaliðarins Vistanir, sem ætlaður er til greiðslu á samningum við stuðningsfjölskyldur fatlaðra, er á fjárlögum þessa árs tæpar 3 millj. kr. Þessi upphæð var byggð á reynslu ársins 1988 enda lá ekki fyrir sú mikla aukning sem varð á árinu 1989 þegar fjárlagatillögur vegna þessa árs voru unnar en milli áranna 1988 og 1989 hækkuðu þessar greiðslur um rúmlega 200%.

Í júní sl. höfðu verið greiddar 5,6 millj. kr. vegna samninga við stuðningsfjölskyldur. Þegar það lá fyrir tilkynnti ráðuneytið með bréfi dags. 25. júní til svæðisstjórna um málefni fatlaðra að ráðuneytið sæi sér ekki fært að samþykkja frekari greiðslur til stuðningsfjölskyldna. Með hliðsjón af breyttri meðferð og hertum reglum varðandi aukafjárveitingar taldi ráðuneytið ekki annað fært en að bregðast svo við. Í bréfinu var tekið fram að þessi ráðstöfun hefði ekki áhrif á samninga sem þegar höfðu verið samþykktir. Þessi ákvörðun þýddi hins vegar að þeir samningar sem voru með gildistíma til 30. júní sl. yrðu ekki endurnýjaðir fyrst um sinn. Alls var um að ræða 20–25 samninga en í maímánuði var greitt vegna 95–100 samninga. Í júlímánuði var leitað leiða til lausnar þessu máli. Var það m.a.

rætt við greiðsludeild fjmrn., þar sem vænta mátti greiðslustöðvunar, í ljósi þess að greiðslustaða viðfangsefnisins var komin langt umfram fjárheimild. Eftir þær viðræður, þar sem boðað var að sótt yrði um aukafjárveitingu vegna þessa viðfangsefnis, tilkynnti ráðuneytið með bréfi til svæðisstjórna þann 28. ágúst að það heimilaði endurnýjun samninga frá 1. ágúst með þeim takmörkunum að aðeins yrði samið um þriggja sólarhringa vistun í mánuði á tímabilinu 1. ágúst–31. okt., en það er meginregla reglugerðarinnar um stuðningsfjölskyldur.

Í þessu sambandi má benda á að í nefndri grein er heimilað að semja um lengri dvöl enda fari sú dvöl ekki fram yfir 15 sólarhringa á þriggja mánaða tímabili. Þróun undanfarinna mánaða hefur hins vegar verið sú að þessi heimild til að víkja frá þriggja sólarhringa vistun í mánuði var orðin að meginreglu. Þannig hljóðuðu 70–75% allra samninga á tímabilinu janúar–júní á þessu ári upp á fimm sólarhringa vistun í mánuði. Ljóst er að þessi þáttur í framkvæmd reglugerðarinnar hefur vegið þyngst í því að greiðslur hafa orðið mun meiri en ráðuneytið hefur ætlað.

Í frv. til fjáraukalaga sem nú er til meðferðar í þinginu er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 5,8 millj. kr. vegna vistana. Með þeirri fjárhæð er hægt að framlengja alla samninga til áramóta miðað við þriggja sólarhringa vistun í mánuði, eins og meginregla reglugerðarinnar kveður á um. Ráðuneytið mun einnig, þegar nauðsyn krefur, heimila á þessu tímabili fjögurra sólarhringa vistun sem reynt verður að finna svigrúm til innan annarra fjárlagaliða ráðuneytisins á yfirstandandi ári til að ekki þurfi að koma til frekari aukafjárveitinga.

Reglugerð um stuðningsfjölskyldur fatlaðra er nú í endurskoðun og er unnið að því að tryggja fjármagn á næsta ári sem tryggir að ekki verði um skerðingu á þessari þjónustu að ræða frá því sem verið hefur. Stefna ráðuneytisins í þessu máli er að efla þennan þjónustuþátt við aðstandendur fatlaðra ungmenna eins og kostur er og fjárheimildir hverju sinni leyfa. Mikilvægið er ótvírætt og felst ekki síst í því, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, að þjónusta stuðningsfjölskyldna léttir álagi af mörgum aðstandendum fatlaðra barna og gerir þeim þannig kleift að hafa börn sín lengur í heimahúsum en ella. Því er mjög mikilvægt að tilskilið fjármagn fáist til að ekki þurfi að koma til þeirrar skerðingar á næsta ári sem þurfti að grípa til á þessu ári og að því er nú unnið í ráðuneytinu.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Ég veit raunar að hún hefur fullan hug á að leysa þessi mál eins og kom fram í hennar máli. En eins og ég benti á, og hún líka, hefur þessi þörf eða eftirsókn farið vaxandi, þörfin hefur auðvitað verið fyrir hendi, en fólk hefur verið smám saman að skilja að það átti þennan rétt og þá eykst náttúrlega eftirsóknin eftir að nýta hann.

Ég vil í ljósi þess sem hæstv. félmrh. sagði, að þetta er vitanlega undir fjárveitingarvaldinu komið, heita á þingmenn að leggjast allir á það mál að þessi þáttur fái viðhlítandi úrlausn í fjárlagagerð fyrir nk. ár.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka bæði fyrirspyrjanda og hæstv. félmrh. fyrir svarið. Ég efast ekki um að hæstv. félmrh. muni í þessum málaflokki vinna hörðum höndum að því að stuðningsfjölskyldur fatlaðra barna fái þá aðstoð sem þörf er á. Þessi málaflokkur er erfiður og ég tel þetta góða aðferð til þess að styðja þær fjölskyldur og koma í veg fyrir að þær brotni undan því álagi sem þar er. Jafnframt spari þetta ríkinu stórfé, vegna þess að í þeim tilfellum er ekki til nema ein leið, að þau börn lenda á sólarhringsheimilum, sem eru mjög dýr í rekstri og jafnframt hefur það alvarlegar afleiðingar hjá fjölskyldum ef slíkt gerist. Ég vil því hvetja þingmenn hér og nú til að styðja félmrh. við að fá fjárveitingar til þessa verkefnis. Það eru ekki það háar fjárhæðir sem fara til þessa. Það er gífurlegur sparnaður á mörgum sviðum við að hafa þessa skipan mála. Ég fagna því að hæstv. félmrh. skuli vinna vel að þessum málum.

Flugmálaáætlun, ein umr.

Fsp. EgJ, 26. mál. — Þskj. 26.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég hef borið fram svofellda fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Hver er ástæða þess að eftirtöldum framkvæmdum í Austurlandskjördæmi hefur samkvæmt bréfi flugmálastjóra til fjvn. ýmist verið frestað eða þær felldar niður árið 1990: Egilsstaðir, ný flugbraut, 30 millj. kr., Vopnafjörður, tækjageymsla, flutningur, 4,8 millj. kr., Bakkafjörður, lenging flugbrautar, 5,5 millj. kr., Fáskrúðsfjörður, flugbraut, 7,9 millj. kr., Borgarfjörður, öryggissvæði, 3,4 millj. kr. Samtals 51,6 millj. kr.

2. Hvar eru fengnar heimildir til að víkja frá flugmálaáætlun, sem var afgreidd á Alþingi 4. maí sl., eins og að framan er greint?"

Þessi fsp. byggir á samanburði milli þál. um flugmálaáætlun sem var afgreidd á Alþingi 4. maí og bréfi flugmálastjóra til fjvn. frá 8. okt. Við nánari athugun verður ekki séð að nein sérstök regla finnist fyrir þeim breytingum sem hér hafa verið gerðar, t.d. til samræmis við grundvallarmarkmið flugmálaáætlunar um röðun framkvæmda. Það verður heldur ekki séð að skuldastaða flugvalla eða framkvæmda frá fyrra ári réttlæti þessa ákvörðun heldur virðist hér miklu frekar um handahófsákvarðanir að ræða.

Nú er það svo að í fleiri tilvikum sem þessum eru afgreiddar áætlanir á Alþingi um sérstaka málaflokka. Ég minni t.d. á vegáætlun sem jafnan er lögð mikil vinna í og miklar hefðir eru á um framkvæmd hennar. Engu hefur verið breytt í þessum efnum sem væri hægt að sækja fordæmi fyrir til fyrri ákvarðana. Hér virðist þess vegna um sérstæða og einstæða ákvörðun að ræða og þess vegna er þessi fyrirspurn komin hér

fram. Í framhaldi af því hlýtur enn fremur að vakna sú spurning hvernig hæstv. samgrh. hyggst gefa þinginu, með formlegum hætti, skýringar á þeim ákvörðunum sem hér hafa verið teknar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Þetta mál var nú á dagskrá í utandagskrárumræðu fyrir nokkru síðan og í raun hið sama efni rætt þá. Enn fremur hafa fundir verið haldnir með fjvn. og þingmönnum þannig að ég vænti þess nú að málið hafi eitthvað skýrst frá því sem var þegar fyrirspurnin var borin fram. Það er engu að síður ljúft og skylt að svara henni. Þar vil ég fyrir það fyrsta segja og taka fram að engar endanlegar ákvarðanir hafa enn verið teknar þar sem hér eru á ferðinni tillögur frá Flugmálastjórn um það hvernig sé vænlegast að bregðast við breyttum forsendum og þeirri stöðu sem upp er komin varðandi framkvæmdir í einstökum tilvikum.

Þar er í raun og veru fyrst og fremst um nokkrar tilfærslur að ræða innan þess tveggja ára tímabils sem flugmálaáætlunin tekur yfir og skipt er á framkvæmdir. Þegar upp er staðið yrði um tiltölulega litlar breytingar að ræða í framkvæmdum þegar tímabilið í heild væri skoðað. Það er jafnan svo að um einhverjar slíkar tilfærslur, vegna uppákoma sem verða vegna breyttra aðstæðna, er jafnan að ræða jafnvel þó tiltölulega nákvæmar framkvæmdaáætlanir liggi fyrir og svo hefur lengst af verið, t.d. bæði um vegamál, flugmál og fleira. Að sjálfsögðu er æskilegast að fylgja fram sem allra mest og nákvæmlegast framkvæmdaáætlun hvers árs, en ég hygg að hv. alþm. þekki það af eigin raun að gjarnan þarf þó að viðhafa einhvern sveigjanleik í þessum efnum vegna breyttra aðstæðna. Ég ræddi það nokkuð síðast hvað þarna hefði helst komið til sem gerir það að verkum að Flugmálastjórn leggur til nokkra tilfærslu og fjölyrði ekki um það. En í fæstum tilvikum, og ekki nema að mjög litlu leyti hvað upphæðirnar snertir, er verið að leggja til varanlegar breytingar á framkvæmdum. Þó gæti það verið skynsamlegt að bera undir Alþingi og afla þá heimildar til þess að fella alveg út tilteknar framkvæmdir þar sem mönnum sýnist að breyttar aðstæður geri það að verkum að ástæða sé til að endurskoða framkvæmdaáætlun.

Það hafa sem sagt engar endanlegar ákvarðanir verið teknar. Flugmálastjórn er hér að leggja til ákveðnar tilfærslur og lagfæringar vegna breyttra forsendna. Telji menn ástæðu til að afla samþykkis fyrir slíku með formlegri afgreiðslu fyrir breytingum eða viðauka við gildandi flugmálaáætlun, þá stendur að sjálfsögðu ekki á samgrn. að undirbúa slíkt, en ég hygg nú að það sé matsatriði hvort hér sé um svo veigamiklar tilfærslur að ræða að ástæða sé til slíks. En þá yrði sem sagt heimilda aflað, ef það þætti nauðsynlegt, og svara ég þannig seinni spurningu hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Í svari hæstv. samgrh. fólst ein mikilvæg niðurstaða þar sem ráðherrann segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar um þær breytingar sem Flugmálastjórn leggur til í bréfi fjvn. Nú er mér hins vegar fullkunnugt um að sumum þeim framkvæmdum sem ekki voru inni á flugmálaáætlun í ár er búið að ljúka eða er verið að vinna að. Hvernig má það vera að hæstv. samgrh. komi hér upp og segi það eitt að ekki sé búið að taka ákvarðanir þegar jafnvel er búið að vinna framkvæmdirnar? Og ráðherrann segir enn fremur að það sé þá ástæða til þess að líta eftir því hvort afla eigi heimilda til þess að gera þær breytingar sem til þarf.

Það er alveg augljóst af þessu svari að málið er í miklu erfiðari stöðu en ætla mátti því ráðherrann sjálfur virðist ekki hafa fallist á að gerðar yrðu þær breytingar sem hér um ræðir, og spurt er um, og að hér hafi verið um einhendis ákvarðanir Flugmálastjórnar að ræða. Þá fer nú málið að líta virkilega alvarlega út ef embættismenn gera þær breytingar á ákvörðun Alþingis sem hér liggur fyrir að gerðar hafa verið. Og það er alveg augljóst að slíkar ákvarðanir hafa verið teknar mjög fljótlega eftir að Alþingi afgreiddi flugmálaáætlun á sl. vori. Það hlýtur því að koma til álita og ákvörðunar þessa þings hvort hér verður látið staðar numið eða þær breytingar gerðar og ákvarðanir teknar sem eru í samræmi við þær venjur og þær reglur sem gilda um ákvarðanir Alþingis, um framkvæmdaáætlanir, t.d. vegáætlun og flugmálaáætlun.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og fremst undirstrika það að flest þau frávik sem orðið hafa frá áður áformuðum framkvæmdum skv. flugmálaáætluninni stafa af því að ákveðin verkefni sem í gangi hafa verið hafa reynst kostnaðarsamari en til stóð og það hefur verið mat manna í framkvæmdinni að ekki væri um annað að ræða en ljúka þeim framkvæmdaáföngum sem þar áttu í hlut. Einnig þarf varla að útskýra að sumarið er háframkvæmdatíminn og það var ekki fyrr en með haustinu sem heildarmynd fékkst af því hvernig framkvæmdirnar stæðu. Það er þó rétt, sem hér kom fram hjá hv. þm., að í einstökum tilvikum, þar sem í hlut á tækjabúnaður sem tengist öryggismálum í flugi, hafa verið teknar ákvarðanir um ráðstafanir af slíku tagi sem hafa haft í för með sér kostnað umfram það sem áætlað hafði verið í frv. Mér dettur ekki í hug að neita því að slíkt hafi verið gert t.d. hvað varðar öryggisbúnað ýmsan og útbúnað á Reykjavíkurflugvelli, eins og vararafstöð, slökkvitæki og fleiri hluti. En stærstu framkvæmdaliðirnir tengjast framkvæmdum við lagningu slitlags á Ísafjarðarflugvelli og Vestmannaeyjaflugvelli og brautarframkvæmdir á nokkrum stöðum þar sem kostnaður við yfirstandandi verkáfanga hefur farið eitthvað fram úr áætlun. Þar er að sjálfsögðu um að ræða verkefni og framkvæmdir sem eru inni á flugmálaáætluninni og ætlaðir voru ákveðnir fjármunir í á þessu ári þó þeir dygðu ekki. Ég held að hv. alþingismenn verði að sýna nokkra sanngirni gagnvart því, sem jafnan er, að það er erfitt að áætla nákvæmlega upp á krónur og aura slíka framkvæmdaþætti. Ég spurði að

því úr þessum ræðustóli um daginn, og get endurtekið það, hvað menn telji að Flugmálastjórn beri að gera þegar þannig háttar til að það vantar kannski nokkrar milljónir til þess að ljúka lagningu bundins slitlags á Vestmannaeyjaflugvöll eða Ísafjarðarflugvöll, að ljúka þeirri framkvæmd þó svo að verkið fari eitthvað fram úr kostnaðaráætlun sem lögð er til grundvallar eða stoppa og hafa flugvellina lokaða. Lái mönnum hver sem vill þó að þeir ætli að Alþingi geri ráð fyrir slíku svigrúmi innan hinnar samþykktu áætlunar. Þetta er fyrst og fremst spurning um það hversu nákvæmir menn vilja vera, hversu harðar kröfur menn vilja gera, eða hvaða svigrúm menn ætla framkvæmdaraðilunum, Vegagerðinni, Flugmálastjórn, byggingaraðilum stofnana o.s.frv., þegar áætlanir eru mótaðar. Ég held að Flugmálastjórn og samgrn. muni ekkert skorast undan, fyrir sitt leyti öðrum aðilum fremur, að framfylgja upp að því marki sem menn telja skylt slíkum áætlunum. Þá er fyrst og fremst nauðsynlegt að það svigrúm sem fyrir hendi er liggi ljóst fyrir. Ef menn ætla að binda þetta nánast við krónur og aura í hverjum einstökum framkvæmdaflokki er að mínu mati óhugsandi annað en að breyta uppsetningu slíkra áætlana og heimila framkvæmdaraðilanum ráðstöfun á einhverjum óskiptum lið sem er þá upp á að hlaupa þegar þannig ber undir. Öðruvísi er að mínu mati óhugsandi að svo viðamikill framkvæmdaflokkur geti gengið eðlilega fyrir sig ár frá ári. Ég teldi það að mörgu leyti skynsamlegri tilhögun að það væri regla að 15–20% af framkvæmdafé hvers árs væri slíkur óskiptur og ómerktur liður sem framkvæmdaraðilinn hefði þá forræði á til þess að mæta breyttum aðstæðum og óvæntum uppákomum sem jafnan verða í þessum efnum eins og ýmsum öðrum. En ég held og vona að þetta mál sé allt að skýrast með eðlilegum hætti í samskiptum framkvæmdarvaldsins og fjvn. og ekki síst hafi nú kaffitíminn í fjvn. Alþingis í morgun verið mjög gagnlegur í þeim efnum.

Sumarvegur um Sprengisand, ein umr.

Fsp. JGS, 33. mál. — Þskj. 33.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. samgrh. á þskj. 33 sem lögð er fram af Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni varaþm. Framsfl. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað hefur verið gert til þess að fylgja eftir skýrslu, unninni af Trausta Valssyni í samvinnu við Landsvirkjun og Vegagerð ríkisins, um gerð varanlegs sumarvegar í tengslum við lagningu háspennulínu yfir Sprengisand?"

Hér á hv. Alþingi hafa farið fram umræður um hálendisvegi, ekki síst í tengslum við þáltill. frá fyrirspyrjanda á 111. löggjafarþingi. Nú þarf að líta þetta mál í nýju ljósi og í tengslum við nýjar aðstæður, þar sem með væntanlegri byggingu álvers, eða við skulum segja hugsanlegri byggingu álvers og virkjanaframkvæmdum því samfara, þá hefur verið ákveðið að hönnunarvinna fari í gang þegar í þessum mánuði vegna byggingar Sprengisandslínu og áfram norður Bleiksmýrardal. En áður hafði verið reiknað með að þessi vinna færi fram á árinu 1994–1995. Landsvirkjun áætlar að um 125 millj. kr. fari í línuveginn og það er því ákaflega mikilvægt að þetta fjármagn glatist ekki sem framlag í framtíðarveg þessa leið, en það mundi það gera ef ekki kemur til viðbótarfjármagn frá Vegagerð ríkisins. Þá er ég að tala um þokkalegan sumarveg og með því má segja að brotið yrði blað í samgöngumálum og þar með ferðamálum hér á landi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda lá ekkert fyrir um það og var reyndar ekki á áætlun af hálfu Landsvirkjunar að leggja þessa línu með tilheyrandi vegagerð fyrr en um miðjan síðasta áratug aldarinnar. Þegar skýrsla kom út um hálendisvegi haustið 1988, unnin af Trausta Valssyni í samráði við samgrn., Vegagerð og Landsvirkjun, töldu menn því allnokkurn tíma til stefnu til þess að vinna úr þeirri skýrslu og fylgjast með framvindu málsins og það var reyndar gert og rætt, t.d. milli Vegagerðar og ráðuneytis og við fleiri aðila. Þegar síðan kom í ljós á þessu ári að áform um virkjanir gætu breytt verulega tímaáætlun í þessum efnum var málið tekið upp á nýjan leik og samstarfshópur um þessa vegarlagningu hefur hist og fundað og ritað ráðuneytinu bréf, eða ráðuneytum og ráðherrum því að hér koma að sjálfsögðu fleiri við sögu en samgrn. eitt. Þannig fengum við 24. okt. sl. erindi frá þessum starfshópi, forsrh., samgrh., iðnrh. og umhvrh., þar sem þessum hugmyndum er fylgt eftir og minnt á nauðsyn þess að taka þær nú upp á borðið ef af áformum um að hraða línulögn og vegarlagningu norður yfir hálendið verði. Í framhaldi af þessu var haldinn fundur í samgrn. í síðasta mánuði með ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra, sérfræðingum frá Vegagerð og verkfræðingi frá Landsvirkjun og Trausta Valssyni skipulagsfræðingi. Þar var rætt um nauðsyn þess að koma strax á samstarfi þeirra aðila sem hlut eiga að máli þannig að í allri undirbúningsvinnu og hönnunarvinnu, sem kynni þá að hefjast undir lok þessa árs, yrði sá möguleiki hafður í huga að Vegagerð ríkisins kæmi inn í framkvæmdaáform Landsvirkjunar og þar yrði því um að ræða eitthvað vandaðri og betur skipulagðan veg en einfaldan línuveg, eins og það er kallað.

Það lítur út fyrir að unnt sé að ná með tiltölulega litlu viðbótarfjármagni, sem þá kæmi frá Vegagerðinni, talsverðum árangri í því að gera slíkan veg betur úr garði. Þá erum við sérstaklega að hugsa um að vegarstæðið sjálft sé valið með það í huga að þar geti í framtíðinni byggst upp öflugri vegur. Það liggur í hlutarins eðli að það er af praktískum ástæðum, hvað kostnað snertir, æskilegt að haga því þannig, en það er líka að okkar mati umhverfisverndarmál að ekki sé byrjað á því að leggja ófullkominn, krókóttan veg sem

síðan þurfi e.t.v. að afleggja og leggja nýjan og beinni veg í landinu. Þarna eru menn ekki síst að hugsa um vegarstæðið niður Bleiksmýrardal svonefndan, ef hann yrði fyrir valinu sem aðaltenging af hálendinu sunnan lands, eða miðhálendinu, niður til Norðurlands samsíða þá raflínulögn niður þann sama dal sem er einna lengstur og fegurstur allra norðlenskra dala, eins og kunnugir menn þekkja, og teygir sig langleiðina inn undir Fjórðungsöldu.

Ég vona að það svari fyrirspurninni að það eru þegar í gangi aðgerðir til þess að reyna að tengja þessa aðila saman ef af því verður að hraða svo þessum áformum að ekki er góður tími til stefnu til þess að menn hefðu þá möguleika á því að undirbúa slíkt samstarf í rólegheitum á næstu árum ef framkvæmdin kæmi ekki til sögunnar fyrr en að nokkrum árum liðnum.

En ég legg á það áherslu að hér er fyrst og fremst verið að ræða um að koma þessu samstarfi á í sambandi við hönnun og skipulagningu á fyrsta stigi. Hvað úr framkvæmdum af hálfu hins opinbera, þ.e. Vegagerðar ríkisins, verður er svo að sjálfsögðu sjálfstætt ákvörðunaratriði í tengslum við afgreiðslu vegáætlunar og fjárlaga.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er nú svolítið vont að þurfa að koma hér upp og gera aðeins stutta athugasemd við þær fullyrðingar sem hafa komið fram í báðum ræðum fyrirspyrjanda. T.d. það að eitthvert fé glatist þó að lagður verði línuvegur um hálendið vegna fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar Landsvirkjunar. Ég veit ekki til þess að eitt eða neitt fé hafi glatast þó að línuvegur hafi verið lagður frá Sigöldu niður í Borgarfjörð eða í Hvalfjörð. Hann er þar og gerði ekki mikil umhverfisspjöll, herra ráðherra. Þessi mikli áhugi þingmanna Norðurl. e., sumra hverra, á að koma á samgöngum yfir hálendið finnst mér að hljóti að vera af einhverjum öðrum toga en að verið sé að hugsa um það að spara. Ekki virðist hann vera af þeim toga að byggja upp Öxnadalsheiði eða Öxnadal eða koma því til leiðar að vegurinn um Norðurárdal á leiðinni norður til Akureyrar verði byggður upp. Getur verið að það sé af því að Akureyringar eða aðrir á Norðurl. e. kæri sig ekkert um að hafa samband við Skagfirðinga, Húnvetninga eða Vestlendinga og æskilegt sé að byggja upp samgönguleið sem fari fram hjá þessum svæðum, hvað þá þegar hugmyndin kemur nú á þann veg að þessi hálendisvegur liggi líka ofan á Hérað, þá geta Norðlendingar sleppt því alveg að hafa nokkur viðskipti við Sunnlendinga. Að brotið sé blað í sögu samgöngumála og ferðamála með aðgerð sem hér er verið að leggja til finnst mér náttúrlega alveg fráleitt. Ef við viljum byggja upp ferðamál á Íslandi þurfum við fyrst og fremst að byggja upp landið, hringinn, landið allt, ekki leggja neina sérstaka áherslu á það að komast sem stysta leið milli Mývatns, Landmannalauga og Gullfoss. Ég hélt að átroðningurinn á þeim svæðum væri nógu mikill fyrir þótt ekki væri verið að bæta og byggja upp, flýta þeim möguleika sem einhvern tíma getur komið í framtíðinni að það verði hálendisvegur. Fyrst þarf að leysa vandamálin í kringum Mývatn, Landmannalaugar, Gullfoss, Geysi og Þingvelli áður en verður farið að flýta málum á þann veg að þarna verði átroðningur enn þá meiri en er í dag.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér er nú algerlega óskiljanleg þessi viðkvæmni hv. 4. þm. Vesturl. í sambandi við þetta mál því að þetta er mál sem varðar okkur öll. Ef það yrði að veruleika að þarna fengist þokkalega góður sumarvegur vil ég benda hv. 4. þm. Vesturl. á það að það myndast fleiri hringvegir. Það opnast sá möguleiki að fara hálendisveg norður fyrir fólk sem býr hér á suðvesturhorninu og Vesturland suður, eða þótt það væri nú á hinn veginn. Ég er sem sagt hrædd um að það sé af misskilningi sem hv. 4. þm. Vesturl. tekur þennan pól í hæðina.

Um svar hæstv. ráðherra vil ég segja það að mér finnst kannski að hann gefi það ekki nógu mikið til kynna í sínu svari að þetta mál kalli á nokkuð skjót viðbrögð. Það er í sjálfu sér um þrennt að ræða. Þ.e. í fyrsta lagi að þarna leggi Landsvirkjun veg upp á 125 millj. sem nýtist ekki almenningi í landinu sem skyldi. Það vantar ekki nema 124 km upp á að þarna geti komið þokkalegur sumarvegur. Þetta er sem sagt einn kosturinn. Annar kosturinn er sá að bæta þarna við nokkrum, við skulum segja 20–30, millj. kr. þannig að vegarlagningin verði á framtíðarvegarstæði og mundi þannig nýtast. Þriðji kosturinn er að fylgja þeim kostnaðaráætlunum og framkvæmdaáætlunum sem liggja fyrir frá Vegagerðinni. Þar yrði náttúrlega um mikið meira verk að ræða og kostnaðarsamara og gæti verið kannski upp á og yfir 300 millj. kr.

Nú er ég kannski ekki fyrst og fremst að tala um að kosta svo miklu til því að ég veit að við eigum mjög mikið ógert í landinu í vegamálum, heldur finnst mér miðkosturinn sem miðjumanneskju álitlegur í þessu sambandi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að það hefur oft áður komið fram af minni hálfu þegar þessi mál hafa verið rædd, tengist vegalagningu yfir hálendið, að það mál er ekki á forgangsverkefnalista í íslenskum vegamálum, ósköp einfaldlega vegna þess að það hafa ekki af hálfu Alþingis, hvorki í vegáætlunum til skemmri tíma né í langtímaáætlunum, verið áform um stórfelldar fjárveitingar til þessara framkvæmda. Að sjálfsögðu erum við á Vegagerð ríkisins og í samgrn. þess vegna að vinna að þessum málum út frá þeim ákvörðunum sem Alþingi hefur tekið á liðnum árum um forgangsröðun verkefna í vegamálum. Þar eru ekki inni fjárveitingar svo að neinu nemi í þessi verkefni. Þess vegna höfum við litið á það sem eðlilegri hlut að við reyndum að koma þessum sjónarmiðum að í sambandi við hönnun og skipulagningu og undirbúning þessara mála en létum allt sem héti ákvörðun um fjárveitingu, eðli málsins samkvæmt, bíða

þess að Alþingi tæki á því hvort og þá í hvað miklum mæli það vill láta peninga í þessi verkefni. Þannig stendur það. Ég tek fram að ég tel auðvitað mjög æskilegt að sem best samstarf takist milli Landsvirkjunar og Vegagerðar ríkisins um hönnun og skipulagningu þessa samgöngukerfis á hálendinu, sem er í vaxandi mæli að verða það umfangsmikið að ástæða væri til að taka á því máli sérstaklega og gera alveg sérstakt skipulag um þessar vegarslóðir um hálendið. Línuvegirnir verða væntanlega lagðir fyrr eða síðar, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það er viss galli í stjórnkerfinu hvað þetta snertir að Vegagerð ríkisins, sem að mínu mati á og þarf að vera hinn eini stóri samræmingaraðili þessara mála, hefur ekki lögsögu í sjálfu sér yfir því hvernig Landsvirkjun eða aðrir slíkir aðilar haga sinni vegalagningu. Það er fyrst og fremst iðnrn. sem samþykkir framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar og síðan þá Náttúruverndarráð eða umhvrn. sem hefur, miðað við núverandi skipulag, yfir því að segja. Þetta höfum við rætt í samskiptum milli þessara aðila að þarna þurfi að koma á betra sambandi. Og ég held að það breyti engu um það þó að við komum á þessu samstarfi. Eftir sem áður er þörfin fyrir uppbyggingu hringvegarins og hins almenna vegakerfis í byggð jafnmikil.

Við verðum samt að horfast í augu við þá staðreynd að umferðin á hálendinu er vaxandi ár frá ári, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Spurningin er því þessi: Hvernig eru vegirnir sem hún er á, hvernig eru þeir lagðir, hvernig eru þeir skipulagðir og kannski að einhverju leyti hve snemma á vorin opnast þeir og hve seint á haustin lokast þeir? Það getur ráðist dálítið af því hvað lagt er í þessa vegi, en enn sem komið er hef ég ekki heyrt neinn tala um annað en sumarsamgöngur á þessu svæði. Ég lít nú svo á að um það sé enn þá alger samstaða að ekki sé á dagskrá að fara út í einhver ævintýri af því tagi að hugsa þarna um heilsársamgöngur. Ég tel því þrátt fyrir allt að um þetta sé ekki mikill skoðanaágreiningur í reynd í þjóðfélaginu og spurningin snúi meira að því hvernig að þessum málum er staðið skipulagslega og hvernig framtíðin á þessu sviði er undirbúin. En ég vil leggja á það áherslu, sem ég hef reyndar komið hér inn á áður, að ég tel nauðsynlegt að taka á þessum málum skipulagslega séð og þar þurfi aðilar eins og iðnrn. og orkufyrirtækin, samgrn. og Vegagerðin og umhvrn. og Náttúruverndarráð að taka höndum saman til þess að afstýra því að þetta vegakerfi á miðhálendi landsins verði meira hrafnaspark en orðið er.

Póstflug frá Ísafirði til Hólmavíkur og Reykhóla, ein umr.

Fsp. ÞK, 42. mál. — Þskj. 42.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég hef hér leyft mér að gera fyrirspurn til hæstv. samgrh. um póstflug frá Ísafirði til Hólmavíkur og Reykhóla. Með fyrirspurn þessari er leitað svara hæstv. samgrh. um hvað gert hafi verið til að komið verði á póstflugi frá Ísafirði til Hólmavíkur og Reykhóla. Hér er um að ræða mál sem varðar samgöngur innan Vestfjarðakjördæmis og er því mikilvægt þeim sem það varðar.

Nú er haldið uppi póstflugi frá Ísafirði til allra þéttbýlisstaða á Vestfjörðum nema Hólmavíkur. Ekki er heldur um að ræða póstflug til Reykhóla, en þar er miðstöð byggðarlaganna í Reykhólahreppi og Austur-Barðastrandarsýslu svo sem kunnugt er. Og á Reykhólum er fyrir hendi flugvöllur sem gerir mögulegt að þangað verði um að ræða póstflug eins og til þéttbýlisstaðanna.

Það þarf ekki hér að fjölyrða um mikilvægi þessa máls fyrir greiðar póstsamgöngur og enn fremur á að geta fylgt þessu póstflugi einhver þjónusta við flutning vöru og farþega.

Á þingi fjórðungsþings Vestfjarða var samþykkt 1. sept. sl. svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Þingið ályktar að komið verði á fót póstflugi frá Ísafirði til Hólmavíkur og Reykhóla með svipuðum hætti og er til annarra þéttbýlisstaða á Vestfjörðum."

Tilvitnun er lokið en það er óskað svars hæstv. ráðherra um hvað þessu máli líði.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Um miðjan síðasta mánuð barst samgrn. bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga þar sem sú ályktun, sem fyrirspyrjandi vitnaði í, var send um að flugfélaginu Erni hf. yrði auðveldað að koma á fót póstflugi á leiðinni Ísafjörður-Hólmavík-Reykhólar. Í bréfinu sagði að þess væri vænst að ráðuneytið stuðlaði að því að komið yrði á viðræðum milli flugfélagsins Ernis og póstmálayfirvalda og eftir atvikum yrði unnið að því að koma á umgetnu póstflugi. Þetta bréf sendi ráðuneytið ásamt ályktun þingsins Póst- og símamálastofnuninni til umsagnar. Í svari stofnunarinnar segir svo:

„Með skírskotun til bréfs ráðuneytisins dags. 15 þ.m.", þ.e. októbermánaðar, „og þar greindra fylgiskjala skal upplýst að af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar hefur ávallt verið áhugi á því að reglulegu póstflugi yrði komið á milli Ísafjarðar, Hólmavíkur og Reykhóla. Um þennan áhuga er flugfélaginu Erni hf. fullkunnugt. Með hliðsjón af þessu skal tekið fram að Póst- og símamálastofnunin er reiðubúin að greiða fyrir póstflutninga til þessara staða með sama hætti og gert er á öðrum leiðum félagsins innan Vestfjarða og er reiðubúin til viðræðna við það um þetta efni. Greiðslur fyrir póstflutninga munu þó aldrei geta numið nema hluta af kostnaði við slíkar ferðir", segir í bréfi Póst- og símamálastofnunar. Þessi umsögn Póst- og símamálastofnunar er nýkomin til samgrn. og mun ráðuneytið taka þetta mál upp við flugfélagið og koma í framhaldinu af því á þessum viðræðum milli flugfélagsins og fulltrúa Póst- og símamálastofnunar.

Hins vegar er alveg ljóst að hér er um að ræða það litla flutninga miðað við kostnað við flugrekstur á leiðinni að núverandi greiðslur Póst- og símamálastofnun-

ar fyrir þessa þjónustu munu ekki duga til þess að halda þarna uppi, að því er virðist, ábatasömum eða lífvænlegum rekstri. Þess er og að geta að umrætt flugfélag á í vissum erfiðleikum sem komið hefur fram. Svipað má reyndar segja um fleiri landsbyggðarflugfélög. Þar er við erfiðar aðstæður haldið úti rekstri sem er gríðarlega mikilvægur fyrir samgöngur á viðkomandi svæðum en rekstrarlegur grundvöllur er mjög tæpur. Ráðuneytið hefur þess vegna verið að skoða stöðu svæðisflugfélaganna út frá þjónustu við fámennustu og afskekktustu staðina sérstaklega. Það eru fordæmi fyrir vissum stuðningi frá hinu opinbera, t.d. til flugs til Grímseyjar eftir að ferjusamgöngur lögðust þar af á sínum tíma og til flugfélagsins Ernis, en samvinnunefnd samgöngumála úthlutaði nokkurri fjárhæð á fjárlögum þessa árs sem að mestu leyti hefur verið varið til að styrkja loftflutninga til einangraðra staða á Vestfjörðum. Vissulega getur því komið til greina að horfa á þetta í því ljósi og að til viðbótar því sem Póst- og símamálastofnun getur greitt í gegnum venjulega gjaldskrá fyrir slíka flutninga kæmi til einhver beinn stuðningur hins opinbera ef það er af samgöngupólitískum ástæðum metið svo mikilvægt að koma á eða viðhalda slíkum samgöngum.

Ég vil þess vegna segja að lokum að ég tel að áður en endanleg ákvörðun er tekin í þessu tilviki, sem og öðrum sambærilegum, þurfi að meta þörfina eftir bestu getu, hve mikið þurfi til að þær samgöngur sem þarna um ræðir komist á og sá rekstur geti gengið eðlilega fyrir sig. Menn verða líka að hafa í huga þegar póstsamgöngurnar sjálfar eru ræddar að tæknin kann að breyta ýmsu, og er reyndar þegar farin að breyta ýmsu, í þessum efnum. Tilkoma myndsendinga af ýmsu tagi um þráð eða með örbylgjum hefur gert bréfleg samskipti möguleg með áður ókleifum hætti milli staða. Þess vegna þarf að sjálfsögðu, ekki síður en að horfa á ástandið eins og það er í dag, að reyna að meta hvernig aðstæður verða í framtíðinni og það erum við að sjálfsögðu tilbúnir til að gera. En áhugi bæði ráðuneytis og Póst- og símamálastofnunar liggur fyrir og spurningin um það hvort þetta reynist kleift eða ekki snýr miklu frekar að því hvort unnt verður að brúa það bil sem virðist vera á milli sjáanlegra tekna af flugrekstrinum og óhjákvæmilegs kostnaðar.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka undirtektir hæstv. samgrh. undir þetta mál. Hann fjallaði um það með nokkrum orðum og ég hef ekkert að athuga við það sem þar kom fram. Auðvitað þarf, eins og hann benti á, að athuga rekstrargrundvöllinn en hann benti líka á að fordæmi væri fyrir því að styrkja loftflutninga til einangraðra staða og ég geri ráð fyrir að hann hafi ekki verið að nefna það nema vegna þess að hann hefði í huga að slíkt úrræði væri til í þessu tilfelli sem hér um ræðir, þ.e. að koma á póstflugi frá Ísafirði til Hólmavíkur og Reykhóla.

Mér þykir gott til þess að vita að ráðuneytið skuli hafa áhuga á þessu máli og ég verð að segja að ég treysti hæstv. ráðherra fullkomlega til að fylgja þessu máli eftir og má ég segja að ég gæti látið mér koma til hugar, og vona það reyndar, að hann geri sitt til þess að flýta afgreiðslu þessa máls. Og ég ætla að honum verði ekki skotaskuld úr því, þessum hæstv. ráðherra sem gat flýtt jarðgöngum á Vestfjörðum um nokkur ár.

Skógræktarátak, ein umr.

Fsp. BÍG, 65. mál. — Þskj. 67.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar segir í kafla um umhverfismál á bls. 10: „Samvinna hins opinbera, einstaklinga og frjálsra samtaka um skógrækt og landgræðslu verður efld. Ríkissjóður mun leggja fram fjármagn til sérstaks skógræktarátaks næstu þrjú árin og mun helmingur fjárins renna til skógræktarfélaga."

Ég held að óhætt sé að segja að þessar setningar í málefnasamningnum hafi valdið mikilli ánægju hjá skógræktaráhugafólki. Reyndar bar vel í veiði að fá slíkt loforð því að á vegum Skógræktarfélags Íslands var einmitt um þessar mundir, þegar þetta var skrifað, verið að undirbúa sérstakt skógræktarátak í tilefni af 60 ára afmæli Skógræktarfélagsins á þessu ári. Þetta skógræktarátak hefur farið fram með mjög myndarlegum hætti nú á þessu ári og verður vonandi upphafið að stærri átökum á þessu sviði. En þar sem nú eru tvö ár liðin af því tímabili sem sérstaklega var nefnt í málefnasamningnum og frv. til fjárlaga liggur fyrir varðandi þriðja árið hefur mér þótt rétt að bera fram svofellda fsp. til hæstv. landbrh.:

„Hvernig hefur það loforð í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar að ríkissjóður muni leggja fram fjármagn til sérstaks skógræktarátaks næstu þrjú árin og helmingur fjárins renni til skógræktarfélaga verið efnt? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hversu mikið hefur runnið til skógræktarfélaga?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Sem svar vil ég segja almennt að tekist hefur á þessum árum sem um er að ræða og stefnir áfram í á árinu 1991 að auka talsvert heildarfjárframlög til skógræktar, en hins vegar má segja að þær fjárveitingar hafi farið að nokkru leyti í annan farveg en fyrirheit í stjórnarsáttmála gerðu ráð fyrir og tel ég eðlilegast að viðurkenna það hreinskilnislega og gera grein fyrir hvernig það hefur þróast.

Þannig er að ný verkefni og ný átök hafa fengið mest af þeirri aukningu sem hér um ræðir. Á ég þar sérstaklega við skógræktarátak á Fljótsdalshéraði. Ég vænti þess að menn muni meta það að verðleikum þó svo að þar sé um að ræða nokkuð annan farveg fyrir fjárveitingarnar en upphaflega voru hugmyndir um þegar málefnasáttmáli ríkisstjórnarinnar var skráður á

haustmánuðum 1988.

Aukið hefur verið nokkuð við fjárveitingu til Skógræktar ríkisins og hefur sú aukning farið ekki síst til ýmiss konar sérverkefna, bæði rannsóknaverkefna og tilraunaverkefna, en að nokkru leyti runnið til Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

Fjárveitingar í gegnum landgræðslu- og landverndaráætlun og Landgræðslusjóð eru sem hér segir á þeim árum sem hv. fyrirspyrjandi spyr um, þ.e. landgræðsluáætlun, og hlutur Skógræktar ríkisins í henni, er árið 1989 12 millj. 300 þús. kr., árið 1990 15 millj. 273 þús. kr. og í frv. fyrir árið 1991 16 millj. kr. Af þessum fjárveitingum renna 20% til skógræktarfélaga.

Landgræðslusjóður hefur á sömu árum fengið 2 millj. 45 þús. kr. árið 1989, 3 millj. 724 þús. kr. árið 1990 og árið 1991 er í frv. gert ráð fyrir 3 millj. kr. Þessar fjárveitingar úr Landgræðslusjóði renna 100% til skógræktarfélaga, eitthvað um 40–45 skógræktarfélaga, á árunum 1989 væntanlega til og með árinu 1991.

Síðan er, undir liðnum Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi, fjárveiting til Skógræktarfélags Íslands. Á árinu 1989 fékk Skógræktarfélagið 1270 þús. kr., árið 1990 1480 þús. kr. og í frv. ársins 1991 er gert ráð fyrir 1580 þús. kr. Þá má nefna að landgræðsluskógaátakið er með fjárveitingu á þessu ári upp á 653 þús. kr. Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði hefur hins vegar fengið í aukafjárveitingu á árinu 1989 6 millj. 56 þús. kr., á fjárlögum ársins 1990 og með viðbótarfjárveitingu af óskiptum fjárlagalið ríkisstjórnar samtals 24 millj. 700 þús. kr. og í frv. ársins 1991 var samkomulag orðið um að talan sem inn í frv. kæmi yrði a.m.k. 25 millj. kr., en fyrir ákveðin mistök í vinnslu stendur talan 15 millj. 710 þús. Í greinargerð fjárlagafrv. er hins vegar gerð grein fyrir því samkomulagi sem orðið var um hærri fjárveitingu.

Aukningin hefur sem sagt fyrst og fremst komið fram á þessum fjárlagalið og landgræðsluskógaátaksins. Þess má svo til gamans geta að líklegur árangur af hinni miklu söfnun Átaks 1990, landgræðsluskóga á árinu er um 50 millj. kr. og fyrir það söfnunarfé hafa þegar verið gróðursettar um 1,3 millj. plantna og í framleiðslu eru um 1,1 millj. plantna sem verða gróðursettar næsta vor og sumar.

Ég vona að ég hafi að einhverju leyti svarað fsp. hv. þm. Ég get sannarlega viðurkennt að ég hefði gjarnan viljað sjá enn þá meira ávinnast í þessum efnum, en þó hefur, eins og ég sagði, tekist að auka allverulega fjárveitingar til skógræktarmála á þessu tímabili, þó að viðurkenna megi að þær fjárveitingar hafi að nokkru leyti farið í annan farveg en gert var ráð fyrir. Ég minni þó á að í stjórnarsáttmálanum eru nefndir einstaklingar og félagasamtök og það er nákvæmlega það sem á við um bæði skógræktarátökin á Fljótsdalshéraði og asparskógatilraunir og verkefni á Suðurlandi. Þau eru unnin í góðri samvinnu við einstaklinga, þ.e. bændur og gróðrarstöðvar og samtök þessara aðila.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og ég þakka honum líka fyrir þá hreinskilni að viðurkenna að við þetta loforð sem gefið var í málefnasamningi hefur ekki verið staðið. Það er að vísu rétt að komið hafa auknar fjárveitingar til skógræktar en þeim hefur verið beint í annan farveg en upphaflega var lofað, þ.e. fyrst og fremst í skógræktarátak á Fljótsdalshéraði og önnur verkefni sem hæstv. ráðherra nefndi.

Það kemur glögglega fram af þeim tölum sem hæstv. ráðherra bar hér fram að þáttur ríkisins í þessu mikla skógræktarátaki Skógræktarfélags Íslands hefur verið sáralítill. Það eru 50 millj. sem söfnuðust frá einstaklingum en ekki nema tiltölulega lítil fjárhæð sem hefur komið frá ríkinu. Það sakar ekki að geta þess í þessu sambandi að ríkið hefur innheimt um 7 millj. kr. í virðisaukaskatt af þeim trjáplöntum sem ræktaðar hafa verið og settar í þetta skógræktarátak. Hér hefur því verið um nettó tekjulind fyrir ríkissjóð að ræða þrátt fyrir það að maður hefði ætlað hið gagnstæða miðað við það sem lofað var í upphafi.

SAMEINAÐ ÞING

12. fundur, fimmtudaginn 1. nóv., að loknum 11. fundi.

Vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð, fyrri umr.

Þáltill. MB, 24. mál. — Þskj. 24.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram till. til þál. um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð. Þessi tillaga er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að framkvæmdir við vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð hefjist af fullum krafti vorið 1992. Þegar verði hafist handa um að ljúka forhönnun þessara framkvæmda og í framhaldi af því að undirbúa útboð.

Við endurskoðun vegáætlunar á þessu þingi verði gert ráð fyrir þessum framkvæmdum og áhersla lögð á að þeim ljúki á þremur árum."

Ég flyt þessa tillögu til að leggja áherslu á að tími sé kominn til að hefja framkvæmdir og taka inn á vegáætlun vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð. Þetta verkefni hefur verið í undirbúningi í alllangan tíma. Alþingi hefur veitt fé til rannsókna á brúar- og vegarstæði yfir Gilsfjörð allt frá árinu 1985 og þessar rannsóknir hafa staðið yfir síðan og verið allítarlegar. Hins vegar hefur það komið fram á fjölmörgum fundum þingmanna Vestfirðinga og Vestlendinga að þeir hafi talið að ekki væri hægt að fara í þessar framkvæmdir af fullum krafti fyrr en lokið væri að mestu þeirri stórframkvæmd sem nú stendur yfir með brúar- og vegargerð yfir Dýrafjörð.

Á sl. vetri komu sendimenn úr Austur-Barðastrandarsýslu á fund þingmanna þessara beggja kjördæma og

þá tók ég fram fyrir mitt leyti, og mér skildist að aðrir þingmenn tækju undir það, að ekki kæmi til greina að hægt væri að útvega fjármagn til þessara framkvæmda fyrr en lokið væri að mestu eða að verulegu leyti við framkvæmdirnar í Dýrafirði því að við gætum ekki búist við að farið yrði jafnhliða jarðgangagerðinni í tvö önnur stórverkefni samhliða.

Nú er málum svo komið að búið er að byggja brú yfir Dýrafjörð og hafin er af fullum krafti uppfylling á vegi yfir fjörðinn. Aðalfjármunir í þetta verkefni hafa verið á þessu ári og sömuleiðis á næsta ári. Það er talið að þessari framkvæmd muni verða lokið seint á næsta hausti að öðru leyti en því að eftir er þá að leggja bundið slitlag sem gert verður árið 1992.

Íbúar Austur-Barðastrandarsýslu hafa mjög kvartað yfir lélegum vegi fyrir Gilsfjörð og sýnt mikinn áhuga á vegar- og brúargerð yfir fjörðinn. Tvær leiðir hafa verið kannaðar. Sú fyrri var að byggja veg frá Kaldrana í Króksfjarðarnes sem er 48 km, frá Ólafsdal að svokölluðum Digramúla sem er 16,8 km vegalengd. Þessar vegalengdir eru miðaðar við Króksfjarðarnes í Reykhólahreppi og Neðri-Brunná í Saurbæjarhreppi. Vegurinn fyrir Gilsfjörð er hins vegar 24,9 km á milli þessara staða sem ég hér nefndi.

Ég vísa til greinargerðar með þessari tillögu um þær rannsóknir sem unnið hefur verið að á undanförnum árum. Þar er byggt á umsögn sem Vegagerðin lét mér í té og unnin var af Jóni Helgasyni yfirverkfræðingi. Allt bendir til þess að ekkert sé því til fyrirstöðu, tæknilega séð, að hefja þessar framkvæmdir á árinu 1992. Mín skoðun er sú að ekki komi til greina nema ein leið, þ.e. frá Kaldrana í Króksfjarðarnes, en það mun stytta þessa vegalengd fyrir fjörðinn um tæpa 17 km eða nákvæmlega 16,9 km.

Þó að fjármagn vanti víða til vegagerðar held ég að langmikilvægast af öllu sé að búa þannig um hnútana að hægt verði að fara í framkvæmd sem þessa. Það er mikil samvinna á milli Austur-Barðastrandarsýslu, eða Reykhólahrepps, og Dalasýslu. Barðstrendingar þurfa að sækja alla læknishjálp til Búðardals og læknar í Búðardal verða að inna þar af hendi þjónustu við Heilsugæslustöðina á Reykhólum. Enn fremur eru margvísleg önnur og vaxandi samskipti á milli þessara tveggja héraða á öðrum sviðum, bæði hvað varðar mjólkurflutninga og eiginlega öll hugsanleg félagsleg samskipti á milli þessara sýslna.

Ég vil benda á það að vegurinn um Gilsfjörð þarfnast mikilla endurbóta og byggja þarf brýr þar fyrir ef ekki verður farin þessi sjálfsagða leið að stytta veginn um 17 km. Þessi vegur er ónýtur að kalla og verður ekki hjá því komist að leggja í hann stórfé. Gilsfjörður er mikill farartálmi og einmitt nú, eftir að þing hófst, ók ég þessa leið og þrátt fyrir það að við höfum nú lifað eitthvert besta haust sem hefur komið var töluverð ófærð á Svínadal, fyrir Gilsfjörð og í Reykhólasveitina þá daga sem ég var þar á ferð. Þá sannfærðist ég einu sinni enn um það hve brýnt verkefni er að leysa úr því öngþveiti sem oftast skapast í samgöngum milli þessara staða.

Ég vil taka fram að íbúar Austur-Barðastrandarsýslu hafa tekið þessum málum af mikilli þolinmæði og sett sig í spor þeirra sem eru að bíða eftir framkvæmdum. En ég vil líka benda á að þó að góður flugvöllur hafi verið byggður á Reykhólum, þá er ekkert áætlunarflug þangað heldur er hann fyrst og fremst öryggisvöllur þegar eitthvað kemur fyrir og einu samgöngur þessa landshluta við akvegakerfið og við höfuðborgina eru fyrir Gilsfjörð. Þetta er langerfiðasti farartálminn á þessari leið allri.

Það hafa orðið afar miklar breytingar á vegagerð og slitlagsframkvæmdum. Frá Reykjavík og upp í Borgarfjörð er nú komið alveg samfellt slitlag. Miklar framkvæmdir hafa verið í Dalasýslu á undanförnum árum en á tvo kafla er nú eftir að leggja slitlag, þ.e. yfir Bröttubrekku og á verulegan kafla Svínadals. Í Reykhólasveit hefur verið lögð klæðning á vegi en eftir er kafli frá Hólum og í Króksfjarðarnes og þessi kafli sem hér er um að ræða að Neðri-Brunná í Dölum.

Ég vænti þess og treysti því að hæstv. samgrh. leggi þessu máli lið og fylgi því eftir að taka þetta upp. Þetta mál er flutt í þeim tilgangi að framkvæmdir við að stytta vegi, eins og gert hefur verið og er verið að gera í Dýrafirði og lagt er til með þessari till., verði ekki stöðvaðar. Í því felst mjög mikill sparnaður. Hér er um snjóþunga vegi að ræða sem er erfitt að halda opnum og vetrarviðhald því mjög dýrt. Því er skynsamlegt allra hluta vegna að hraða þessum framkvæmdum. Hér er um framkvæmdir að ræða sem fólkið á þessu svæði er búið að krefjast og biðja um með undirskriftasöfnun, ekki einu sinni heldur margoft. En við þingmenn höfum ekki treyst okkur til að leggja á það áherslu fyrr en eftir næsta ár að verkefnum við Dýrafjörð verður að mestu lokið.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari fyrri umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. fjvn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég get verið sammála hv. flm. um það að þetta sé ein þarfasta framkvæmd sem bíður þess að ráðist verði í í okkar vegakerfi. Má um það margt segja og ég hygg að þeir sem kynna sér aðstæður þarna, keyra fyrir Gilsfjörð og kynna sér nokkuð hagi fólksins í byggðarlögunum báðum megin við, þurfi ekki langa dvöl á þessum slóðum né hitta marga að máli til þess að sannfærast um hvílíkt gífurlegt stórmál og hagsmunamál fyrir viðkomandi landsvæði þessar samgöngubætur eru.

Ég tel líka skynsamlegt og til fyrirmyndar, eins og við mátti búast af hálfu hv. flm., að hér er ekki lagt til að rokið verði til strax á morgun og framkvæmdir hafnar af fullum krafti heldur horfst í augu við það með raunsæjum hætti að þetta verkefni verður auðvitað að koma með einhverjum hætti inn í framkvæmdaröðina þar sem viðráðanlegt er. Ég tek það fram að ég teldi sjálfur mjög æskilegt að koma hlutum þannig fyrir að þessi framkvæmd kæmi í sem beinustu framhaldi af stórframkvæmdum í Dýrafirði og öðrum meiri háttar framkvæmdum sem nú eru í gangi. Hér er á ferðinni brúargerð og uppfylling yfir fjörð af því tagi sem nefnd er sérstaklega til sögunnar í einum af þremur

undirflokkum stórverkefnaflokks samkvæmt nýrri vegáætlun. Þess vegna er það ljóst að ákvörðun um vegagerð yfir Gilsfjörð er sameiginleg ákvörðun sem þarf að taka með þeim hætti að afgreiða í álvktun Alþingis. Hér er þess vegna í raun stærra mál á ferðinni en venjubundin uppröðun framkvæmda innan hvers einstaks kjördæmis, enda eiga hér fyrir það fyrsta í hlut tvö kjördæmi þar sem mörkin skiptast um Gilsfjörð. Síðan er stærðargráða framkvæmdanna, eins og hér kemur fram í fskj., allveruleg, a.m.k. hálfur milljarður kr., ef ég man þetta rétt.

Nú ber svo vel í veiði að vegáætlun fyrir næsta fjögurra ára tímabil skal koma hér til skoðunar á Alþingi á þessum vetri. Sömuleiðis er, eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt, verið að leggja drög að nýrri langtímaáætlun um vegagerð og er hvort tveggja í undirbúningi og vinnu. Ég tel þess vegna æskilegt að þessi tillaga, sem væntanlega verður vísað til hv. fjvn., komi til skoðunar í tengslum við endurskoðun þessara áætlana sem ég hef nefnt og tek það fram að náist um það samstaða hér á hv. Alþingi að setja þessa framkvæmd á þann stað eða svipaðar slóðir í framkvæmdaröð sem hv. flm. leggur til, þá mun ekki skorta mitt samþykki fyrir því.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að vekja hér máls á þessu mikilvæga samgöngumáli. Þetta mál hefur, eins og hann réttilega sagði, verið lengi til umræðu og íbúar beggja vegna Gilsfjarðar hafa lagt á það þunga áherslu að þessi samgöngubót næði fram að ganga og yrði að veruleika.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni var í fyrra haldinn fundur í Króksfjarðarnesi sem m.a. hæstv. samgrh. sótti. Þann fund sóttu allir þingmenn Vesturl. en því miður voru forföll, af fullkomlega eðlilegum ástæðum að sjálfsögðu, hjá þingmönnum Vestfjarða þannig að aðeins einn þeirra kom því við að sækja fundinn. Það var heldur óheppilegt en við því var auðvitað ekkert að segja.

Á þessum fundi kom fram mjög eindreginn vilji og mjög eindregin samstaða hjá þeim sem þar voru um nauðsyn þessarar framkvæmdar. Því eins og hv. flm., 1. þm. Vestf., réttilega rakti í sinni ræðu, þar sem hann gerði góða grein fyrir forsendum málsins, er fjörðurinn farartálmi hinn versti. Vegurinn um Gilsfjörð er beinlínis mjög hættulegur á vetrum og segja má að það sé mesta mildi að þar skuli ekki hafa orðið slys. Þessi framkvæmd er í rauninni forsenda byggðar á þessu svæði. Þetta er jaðarsvæði sem nú á í vök að verjast af ýmsum ástæðum og þetta er forsenda þess að fólk haldi áfram búsetu á þessum slóðum.

Við getum talað endalaust um byggðastefnu og nauðsyn þess að þar sé skynsamlega á málum haldið, en þegar öllu er á botninn hvolft og allt kemur til alls þá eru það samgöngurnar sem eru undirstaða byggðastefnunnar. Góðar og greiðar samgöngur eru undirstaða búsetu á þessum stöðum. Og þær eru ekki bara undirstaða búsetu, þær eru undirstaða búrekstrar, sem er aðalatvinnugreinin á þessum slóðum, og þær eru undirstaða allrar annarrar starfsemi á sviði þjónustu og iðnaðar eða annars rekstrar.

Ég held að menn hafi mjög til þessa vanmetið samgönguþáttinn í byggðastefnunni. Ég held að menn séu fyrst núna að vakna til vitundar um það að engri byggðastefnu verður fylgt af neinu viti nema samgöngur séu í góðu lagi. Þær eru forsenda alls annars sem á eftir kemur. Ég held að við höfum of seint gert okkur grein fyrir þessu og þess vegna vanrækt samgönguþáttinn, varið fjármunum til ýmissa annarra hluta sem ekki hafa skilað sér sem skyldi vegna þess að samgönguþátturinn var ekki í nægilega góðu lagi.

Ég lýsti á fundinum í Króksfjarðarnesi stuðningi við að haldið yrði á málum með mjög svipuðum hætti og þessi tillaga gerir ráð fyrir, þ.e. að framkvæmdir gætu hafist á þeim tíma eða þar um bil, ef ekkert annað hindrar, sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Ég veit að íbúar þessara svæða treysta þeim loforðum sem á þessum fundi voru gefin. Ég mun a.m.k. gera mitt hér á hinu háa Alþingi til þess að við það verði staðið.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð fleiri, en ítreka þakkir til flm., 1. þm. Vestf., fyrir að hafa tekið málið hér upp og þykir aðeins miður að ekki skuli fleiri af félögum mínum úr Vesturlandskjördæmi vera hér til að taka undir í þessu máli.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hans undirtektir við þetta mál og vinsamleg orð sem hann lét falla um nauðsyn þessara framkvæmda. Það er mér og vafalaust öllum þingmönnum og íbúum þessara héraða, bæði Barðastrandarmegin sem Dalasýslumegin, mikil ánægja að heyra jafnvelviljaðar undirtektir.

Sömuleiðis vil ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir þau orð sem hann lét hér falla og tek undir allt það sem hann sagði í þessu sambandi og þann fund sem hann vitnaði í. Seinna um veturinn varð fundur aftur, í febrúar eða mars, með þingmönnum úr báðum þessum kjördæmum. Ég vitna til þess í greinargerð að á sl. vetri var haldinn fundur með alþingismönnum þessara tveggja kjördæma og fulltrúum heimamanna sem þá knúðu á þingmenn um framkvæmdir í þessu mikilvæga samgöngumáli. Á þeim fundi kom skýrt fram að allir þingmenn vildu hraða framkvæmd þessari en töldu litlar líkur á að fjármagn fengist fyrr en vegar- og brúargerð yfir Dýrafjörð væri um það bil að ljúka. Síðan er sagt frá því að sú langþráða framkvæmd sé komin á fullt og vonir standi til að henni ljúki á næsta hausti að því undanskildu að slitlag verður ekki komið á fyrr en 1992.

Ég vil aðeins benda á það til viðbótar því sem ég sagði áðan um ástand vega í Gilsfirði að þarna er mikil snjóflóðahætta og skriðuföll sem hafa oft nærri valdið stórslysum. Fólk segir: Af hverju er ekki farið í framkvæmd eins og þessa fyrr? Af hverju er henni ekki lokið? Það er þetta sama svar að við höfum ekki þá peninga, þessi þjóð.

Ég tek undir það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði að áhugi manna og skilningur er að aukast á því að samgöngumál, og þá sér í lagi vegamál, eru byggðamál og

jafnvel meiri byggðamál en nokkuð annað. Og ég held að framtíð byggðar í Reykhólahreppi eða í hinni gömlu Austur-Barðastrandarsýslu, og framtíð byggðar á norðanverðum Vestfjörðum sé komin fyrst og fremst undir þessum tveimur framkvæmdum, framkvæmdum fyrir Gilsfjörð og jarðgöngum gegnum Breiðadals- og Botnsheiði. Ég held að þegar fólkið sér ekki og finnur ekki að neitt eigi að gera, þá gefist það upp og þá þurfi menn ekki að hafa áhyggjur af þessum byggðum lengur. Þetta vona ég að þingmenn, hvaðan sem þeir eru af landinu, komi til með að skilja mun betur en gert hefur verið og mér finnst einhvern veginn það liggja í loftinu að þessi skilningur sé mikið að aukast.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Læknisþjónusta á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. MB, 23. mál. — Þskj. 23.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram till. til þál. um læknisþjónustu á landsbyggðinni. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkistjórninni að ganga nú þegar svo frá hnútum að fullnægt sé læknisþjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu."

Það hefur sýnt sig að á undanförnum árum hefur orðið erfiðara að manna ýmis læknishéruð í dreifbýli landsins. Ég nefni í greinargerðinni staði eins og Þingeyri, Flateyri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörð, Fáskrúðsfjörð og Djúpavog. Þetta veldur fólki sem býr á þessum svæðum miklum áhyggjum og það er órói ríkjandi að búa við slíkt öryggisleysi á síðustu árum 20. aldarinnar að fólk hafi ekki lækni.

Þessum áhyggjum hefur verið lýst yfir með undirskriftasöfnunum á hinum ýmsu stöðum. M.a. fékk ég sendan undirskriftalista í júníbyrjun frá íbúum í Þingeyrar- og Mýrahreppi um það að þeir uni ekki öllu lengur að búa við ófremdarástand að hafa ekki lækni og hjúkrunarfræðing búsettan og starfandi á staðnum. Þeir benda á það, þessir íbúar, að á sl. vetri hafi ekki verið fært á milli fjarða svo vikum skipti þannig að lítið öryggi var í því þó læknir væri starfandi á næsta firði. Og þeir enda þetta bænarskjal sitt á því að skora á heilbrigðisyfirvöld og heilbrrh. að ráða bót á þessu vandamáli hið allra bráðasta. Undir þennan lista skrifa 236 manns í þessum tveimur hreppum. Þetta sýnir mjög glöggt að áhyggjur fólksins sem þarna býr eru miklar. Það hefur lækni kannski eina, tvær, jafnvel upp í þrjár vikur og síðan hverfur hann. Þá er bent á lækni á einhverjum öðrum stað sem á að þjóna og það við þær aðstæður sem eru.

Það eru auðvitað til ýmsar lausnir á þessum vanda. Í fyrsta lagi að hækka laun þeirra lækna sem störfum gegna í áðurnefndum héruðum. Í öðru lagi má sameina læknishéruð. í þriðja lagi mætti hugsa sér að breyta H1-stöðvunum í H2-stöðvar þannig að þar starfi minnst tveir læknar hverju sinni. En hitt er alveg ljóst, og raunar þarf ekki að taka það fram, að það þarf launahækkun til lækna sem vinna á þessum H1-stöðvum. Það er eðlilegt og sanngjarnt að miða við laun aðstoðarlækna á sjúkrahúsum sem gegna vaktastörfum en taka um leið tillit til þess að þessir menn vinna einir og þurfa í raun og veru að vera á vakt allan sólarhringinn.

Í ráðuneytum, bæði heilbrrn. og fjmrn., liggja frammi hugmyndir sem settar hafa verið fram af fulltrúa kjaranefndar heimilislækna í samráði við lækna í einmenningshéruðum. Þessar hugmyndir miðast við að laun heilsugæslulækna skuli miðuð við laun yfirlækna á sjúkrahúsum sem hafa, eins og flestir heilsugæslulæknar í dag, jafnlangt sérnám að baki. Auk þess sinna heilsugæslulæknar stjórnunarstörfum hver í sínu héraði hvað varðar heilbrigðismál og heilsugæslu og hafa þar af leiðandi heilmikla ábyrgð hvað varðar þessa þætti.

Nú er ekki svo málum komið að samfélagið hafi gleymt þessum stöðum því með lögunum um heilbrigðisþjónustu sem Alþingi samþykkti 1973 og komu til framkvæmda 1. jan. 1974 var lögð áhersla á það að byggja upp heilsugæslustarfsemi úti um landið. Það viðamikla verkefni var framkvæmt á tiltölulega skömmum tíma þannig að það var gerbylting hvað snertir aðstöðu fyrir lækna og aðrar heilbrigðisstéttir að vinna í þessum heilsugæsluumdæmum. Það er því ekki það sem gerir það að verkum að starfandi læknar fást ekki á þessar H1-stöðvar, sem ég legg hér áherslu á, heldur hitt að launakjörin eru með þeim hætti að menn sækja frekar í störf á þéttbýlissvæðunum en að fara út í þetta strjálbýli heilsugæslustöðvar H1. Því verður að bregðast þarna við. Menn mega ekki draga fæturna svo mánuðum og jafnvel árum skiptir við að gera þarna úrbætur því það fólk sem byggir þessi svæði á fullkomlega rétt til þess að njóta þeirrar þjónustu sem löggjafinn sjálfur ætlaðist til þegar lögin um heilbrigðisþjónustu voru sett. Ég man svo langt að allir þeir þingmenn sem töluðu þegar það frv. var flutt lögðu einmitt áherslu á þennan sameiginlega rétt allra landsmanna. En rétturinn er í raun og veru enginn ef það er ekki vinnandi vegur fyrir menn að fara út í þessi læknishéruð, út í þessar heilsugæslustöðvar, nema bera minna úr býtum en þeir hafa hér í þéttbýlinu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. félmn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er skaði að heilbrrh. skuli ekki vera nærstaddur umræðuna, og hefði þá getað skýrt okkur frá því sem til skoðunar hefur verið og mér er kunnugt um á vegum heilbrrn. og samræðum sem átt hafa sér stað milli heilbrrn. og fjmrn. um þetta tiltekna vandamál sem er undirrót tillöguflutningsins. Ég get þó

upplýst að þar hafa menn rætt og skoðað vandamál H1-stöðvanna og þeirra heilsugæsluumdæma sem verst hefur gengið að manna á undanförnum árum og mörg voru nefnd af hv. flm.

Þar ber margt til. Eitt af nokkrum atriðum sem að sjálfsögðu hljóta að koma til skoðunar eru einfaldlega launakjör þeirra lækna sem við þessar aðstæður starfa. Því miður hefur nú tekist svo óhönduglega að á síðustu árum hefur launamunur í raun vaxið, þessum afskekktu einmenningslæknishéruðum í óhag, frá því sem áður var. Gengur það auðvitað þvert á það sem vera þyrfti og þvert á þá tilhneigingu, sem í æ ríkara mæli verður vart við, að menn mikla fyrir sér þau erfiðu starfsskilyrði sem að mörgu leyti eru búin starfsmönnum í einmenningslæknishéruðum og ekki þarf að fjölyrða neitt um.

Ég vil þakka hv. flm. fyrir að taka þetta mál hér upp og finnst það skaði, þó ég sé ekki að lasta félagsskapinn sem hér er nema síður sé, að ekki skuli fleiri láta sig þetta mál varða. Ég held að hér sé á ferðinni mjög stórt mál í samhengi við það sem stundum er rætt undir samheitinu byggðamál eða byggðastefna. Það kemur einmitt inn á sjálfar rætur umfjöllunar um þau efni að mínu mati. Ég hef nú gjarnan viljað skilgreina byggðastefnu sem eitthvert vit væri í þannig að hún ætti að taka til og sjá um með fullnægjandi hætti þau undirstöðuatriði þjónustu og uppbyggingar á sviði samgangna og slíkra hluta sem samfélagið allt stæði á bak við og samkomulag væri um í þjóðfélaginu að allir landsmenn stæðu jafnir gagnvart án tillits til búsetu, kynferðis, aldurs eða slíkra hluta. Þar held ég að heilbrigðisþjónustan sé einmitt eitt besta dæmið, ef ekki það besta, sem til er um það, þar sem svo rík rök, jöfnuðarrök, sanngirnisrök og mannúðarrök og hvað eina, mæla með því að samfélagið allt standi á bak við þessa þjónustu og tryggi mönnum jafnan rétt og jafnan aðgang eftir því sem kostur er án tillits til búsetu. Reyndar gerir okkar löggjöf ráð fyrir því að svo sé, að sjálfsögðu þó með þeim fyrirvörum sem alltaf hljóta á að verða vegna mismunandi aðstæðna eftir staðháttum og enginn gerir kröfu til að verði nokkurn tíma jafnaðir út að fullu og öllu.

Þess vegna gætir nú sívaxandi gremju og óánægju íbúanna í þessum byggðarlögum með það að lögbundinni þjónustu á þessum sviðum skuli ekki vera haldið uppi. Og þetta fólk spyr ósköp einfaldlega: Hvers eigum við að gjalda og af hverju eigum við að sætta okkur við það að ríkið standi ekki við þá þjónustu sem lögum samkvæmt ber að halda uppi í okkar byggðarlögum? Erum við eitthvað verri skattborgarar, einhverjir annars flokks þegnar í þessu landi? Og ef svo er, hvers vegna? Ætlar þá ekki bara hið háa Alþingi og ríkisstjórn að gera svo vel og viðurkenna það og segja okkur að það sé bara svoleiðis? Við hér við Þistilfjörð eða á Flateyri eða einhvers staðar annars staðar séum bara þarna í einhverjum öðrum flokki og það sé allt í lagi að ríkið sjái ekki um sinn þátt opinberrar þjónustu á okkar svæði.

Og ég held að menn verði ósköp einfaldlega að svara fyrst spurningunni: Ætla menn að standa við ákvæði heilbrigðislaga, grunnskólalaga og aðra slíka þætti? Ef svarið er já, þá verða menn að gera svo vel að kosta því til sem til þarf svo hægt sé að halda uppi þessari þjónustu með sómasamlegum hætti.

Ég tek það auðvitað fram og vona að það skiljist af mínu máli að ég er þeirrar skoðunar að nákvæmlega svona eigi að fara í þetta mál. Við eigum að svara þeirri spurningu fyrst: Ætlum við að halda uppi lágmarksheilsugæslu, fræðslustarfsemi og öðrum slíkum grundvallarþáttum opinberrar þjónustu og velferðarkerfisins? Og ætlum við að láta landsmenn standa jafnt að vígi, eftir því sem kostur er að breyttu breytanda, gagnvart slíkum þáttum? Ef svarið er já, þá verða ríkisstjórnir og hið háa Alþingi og fjárveitingavaldið að gera svo vel og átta sig á því að þetta kostar peninga og leggja til þá peninga sem til þarf.

Ég vil ítreka þakkir mínar til hv. flm. og lýsa því yfir að ég vonast til þess að á þessu máli verði tekið á þessum vetri í tengslum við fjárlagaafgreiðslu og eftir því sem tilefni er til að öðru leyti. Og ég vænti þess að það starf sem unnið hefur verið á vettvangi heilbrrn. og í samskiptum heilbrrn. og fjmrn. skili einhverjum niðurstöðum og tillögum sem unnt verði að hrinda í framkvæmd til að ráða bót á því ófremdarástandi og óviðunandi ástandi sem ríkt hefur í þessum efnum á ákveðnum svæðum í landinu. Svo býð ég utanrrh. velkominn til fundar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Flutningar varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, fyrri umr.

Þáltill. EE o.fl., 48. mál. — Þskj. 48.

Flm. (Ellert Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 48 um flutning varnarmálaskrifstofu utanrrn. Meðflm. mínir eru hv. 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson, hv. 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttir og hv. 11. þm. Reykn. Hreggviður Jónsson. Þetta eru þingmenn Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta flytja svo fljótt sem kostur er varnarmálaskrifstofu utanrrn. frá núverandi aðsetri til Keflavíkur."

Tillögunni fylgir greinargerð þar sem gerð er ítarleg grein fyrir verkefnum skrifstofunnar og er vísað þar í mörg lög og lagabálka er varða framkvæmd varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna.

Það hefur löngum verið kappsmál margra íbúa utan höfuðborgarinnar að fá í sitt heimahérað starfsemi ríkisstofnana og jafnvel ráðuneyta. Nokkur hreyfing virðist nú vera um þessar mundir í þá átt. Norðlendingar t.d. sækjast eftir öflugri háskóla og telja að hið nýstofnaða umhvrn. mundi sóma sér vel á Akureyri.

Hvers konar fjarvinnsla og nýtískutækni gerir hluti framkvæmanlega í dag sem útilokaðir voru fyrir fáum árum. Og vel má taka undir með Norðlendingum í þessu efni án þess að gera lítið úr eða hallmæla höfuðborginni. Ríkisvaldið þarf að flytja umsvif hins opinbera frá Reykjavíkurkjördæmi í önnur.

Reykjaneskjördæmi hefur góða möguleika á móttöku opinberra stofnana. Þar eru mörg öflug sveitarfélög og þéttbýliskjarnar og samgöngur ágætar. Nýlegar kannanir sýna að aðalvandi margra þéttbýlisstaða er atvinnuleysi kvenna. Eðli málsins samkvæmt sækja konur í þjónustustörf frekar en stóriðnað og þungaiðnað. Það er því augljóst hagsmunamál kvenna og margra byggðarlaga að framboð verði aukið á þjónustustörfum og léttari iðnaði, jafnt af hálfu ríkisvaldsins sem og einkarekstursins. Þar kemur flutningur ríkisstofnana sterklega til greina sem góður kostur.

Ein er sú stofnun á vegum utanrrn. þar sem langstærstur hluti samskiptaaðila er búsettur í Reykjaneskjördæmi en það er varnarmálaskrifstofan. Skrifstofan er nú til húsa í utanrrn. við Hverfisgötu í Reykjavík. Þangað þurfa allir að koma vilji þeir á annað borð ná tali af forstöðumönnum eða starfsfólki skrifstofunnar. Varnarmálaskrifstofan fjallar um mál er snerta framkvæmd varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna. Einnig lagaframkvæmd á varnarsvæðinu, þar á meðal lögreglumál, dómsmál, tollmál, póst- og símamál, radarstöðvamál og heilbrigðis- og félagsmál. Sérstök verkefni sem þessi skrifstofa hefur til umfjöllunar eru:

1. Herfræðileg og hertæknileg málefni er lúta að upplýsingaöflun og rannsóknum, þannig að hægt sé hverju sinni að leggja hlutlægt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna.
2. Þátttaka í starfi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, samstarf við varnarliðið og yfirstjórn Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi um gerð áætlana varðandi varnir Íslands. Samskipti við varnarmálaráðuneyti ríkja eftir ákvörðun utanrrh.
3. Skýrslugjöf og ráðgjöf fyrir ríkisstjórn.
4. Samstarf við almannavarnaráð og Landhelgisgæslu.
5. Yfirstjórn ríkisstofnana er starfa á og eru í tengslum við varnarsvæðin og heyra undir utanrrh.
6. Eftirlit með verktökum og þjónustuaðilum er starfa á varnarsvæðunum. Samskipti við nágrannasveitarfélög sem eru í nábýli varnarsvæðanna og stofnanir og aðila er hafa hagsmuna að gæta vegna veru varnarliðsins.

Eins og þessi upptalning ber með sér eru verkefni skrifstofunnar fjölþætt. Starfsmannahald, samskipti við verktaka og nágrannasveitarfélög varnarsvæðanna fara að langmestu leyti fram á Suðurnesjum. Um það bil 1800 ársverk eru unnin á Keflavíkurflugvelli á vegum verktakafyrirtækja varnarliðsins, flugfélaga og ríkisstarfsmanna af íslenskum starfsmönnum. Svo viðamikil starfsemi erlendra og innlendra aðila kallar á mikil samskipti við fulltrúa varnarmálaskrifstofunnar sem er framvörður Íslendinga á varnarsvæðunum.

Flutningur skrifstofunnar til Keflavíkur hefur stórsparnað í för með sér og þá sérstaklega fyrir Suðurnesjamenn. Mörg samstarfsverkefni eru t.d. í dag unnin á Suðurnesjum af sveitarfélögunum sjö, þ.e. hinum íslensku, og hinu áttunda sem er bandarískt. Þar skal nefna sameiginlega sorpeyðingu, skipulagsmál, heilbrigðismál, búfjárvörslu, almannavarnir, slökkviliðs- og sjúkraflutninga og mjög margt annað er heyrir til samreksturs sveitarfélaga á Íslandi. Á það skal einnig bent hér að Bandaríkjamenn sjá um allan rekstur og viðhald millilandaflugvallar Íslendinga, Keflavíkurflugvallar.

Glataðar vinnustundir og ferðakostnaður þeirra aðila sem átt hafa viðskipti við þessa skrifstofu á undanförnum áratugum hefur verið ómældur og er mál að linni. Það hlýtur að vera metnaðarmál hverrar ríkisstjórnar, þrátt fyrir að hér sé um að ræða samskipti við erlenda aðila, að þeir flytji og dreifi valdinu og verkefnum ríkisins í sem flest kjördæmi.

Starfsemi varnarmálaskrifstofunnar og þeirra sem þar starfa hafa í gegnum tíðina verið Suðurnesjamönnum yfirleitt vel þóknanleg. Við höfum átt mjög gott samstarf við þá starfsmenn sem þar starfa, bæði fyrrverandi og núverandi, og höfum ekkert annað en allt gott um þá að segja. Þetta fólk og starfsemi þessarar skrifstofu er sérstaklega velkomið til Keflavíkur og við mundum fagna því að sjá það gerast sem fyrst,

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til flutnings er till. til þál. um flutning varnarmálaskrifstofu utanrrn. sem er flutt af okkur þingmönnum Sjálfstfl. í Reykjanesi. Hún hljóðar einfaldlega svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta flytja svo fljótt sem kostur er varnarmálaskrifstofu utanrrn. frá núverandi aðsetri til Keflavíkur."

Tillagan sem hér er flutt er eðlileg og sjálfsögð vegna þess að verkefni þessarar skrifstofu eru að stærstum hluta ýmiss konar samskipti við aðila á varnarsvæðinu. Þó ber að geta þess að skrifstofan er hluti af utanrrn. og starfsemi þess en meginhlutinn af vinnunni sem fer fram er við menn á Keflavíkurflugvelli. Stefnan í þessari till. er skýr og lýtur að því að hafa starfsemi ríkisins á þeim stað þar sem hún fer fram að mestum hluta. Í þessu tilfelli er augljóst og eðlilegt að staðsetning skrifstofunnar sé í Keflavík.

Auðvitað væri hægt að halda alllanga tölu til frekari stuðnings því að þessa starfsemi eigi að flytja til Keflavíkur en að sinni verður það ekki gert. En ég tel mikilvægt að í ljósi þeirrar stefnu, sem hefur átt að ríkja hjá núverandi ríkisstjórn, að flytja starfsemi ríkisins út í hinar dreifðu byggðir, verði starfsemi varnarmálaskrifstofu utanrrn. flutt til Keflavíkur, enda hefur hæstv. forsrh. skilgreint það dreifbýli þegar komið er suður fyrir Straumsvík. Það liggur því í augum uppi að við, dreifbýlisþingmennirnir, óskum eftir því að þessi starfsemi verði flutt þegar í stað til Keflavíkur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það kom mér nokkuð á óvart að heyra að hv. þm. og núv. bæjarstjóri Keflvíkinga, Ellert Eiríksson, veit ekki hvar Varnarmálaskrifstofan er til húsa. Hún er ekki í aðalstöðvum utanrrn. við Hverfisgötu. Hún er í beitarhúsum við Skúlagötu.

Í annan stað er álitamál um form þessarar tillögu, að Alþingi álykti að fela ríkisstjórn að flytja deild úr einhverju ráðuneyti milli staða. Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands er ríkisstjórn ekki fjölskipað stjórnvald. Þessi mál heyra undir utanrrh. og það er praktískt úrlausnarefni hvar skrifstofum er fyrir komið, en ekki ákvörðunarefni ríkisstjórnar Íslands.

Málið sjálft er út af fyrir sig athyglisvert. Það var fyrst tekið upp við utanrrh. af fyrrv. bæjarstjóra Keflavíkur, Guðfinni Sigurvinssyni, sem reyndar flutti fyrstur manna um það tillögu í bæjarstjórn Keflavíkur 18. sept. sl. En hann hafði hreyft þessu máli mun fyrr og það hefur verið rætt. Á það var þá bent að þetta skyldi tekið til velviljaðrar athugunar. Hægt væri að gera ýmislegt með litlum fyrirvara. Að öðru leyti yrði að undirbúa slíkt mál, m.a. við fjárlagagerð og ákvörðun fjárlaga. Jafnframt var bent á að fyrir dyrum stendur að Ratsjárstofnun setji upp bækistöðvar sínar á Suðurnesjum og rétt væri að íhuga frambúðarlausn með samnýtingu á húsnæði stofnunarinnar fyrir starfsemi bæði Ratsjárstofnunar og Varnarmálaskrifstofu.

Því næst er á eftirfarandi að benda: Varnarmálaskrifstofan hefur skrifstofuhúsnæði á leigu í Ytri-Njarðvík sem nú er notað af ráðningarskrifstofu Varnarmálaskrifstofunnar. Varnarmálaskrifstofan er þegar með verulega starfsemi á svæðinu, svo sem ráðningarskrifstofu og kaupskrárnefnd. Síðan eru þessi áform uppi um flutning Ratsjárstofnunar svo allt er þetta nú á réttu róli.

Í fyrri athugunum um þetta mál hafa verið settar fram tillögur um að gera þetta í áföngum, byrja á því að staðgengill skrifstofustjóra verði framvegis þrjá daga í viku á skrifstofu Varnarmálaskrifstofu í Njarðvík. Formaður kaupskrárnefndar verði þar áfram, en hann sinnir sem kunnugt er öllum kjaramálum, og almenn afgreiðsla skrifstofunnar yrði áfram opin alla virka daga í umsjá tveggja starfsmanna og varnarmálafulltrúi sæti svo á skrifstofunni tiltekinn dag. Þetta er unnt að gera og þetta verður gert mjög fljótlega. Framtíðarlausn tekur síðan nokkuð mið af því hvenær Ratsjárstofnun verður flutt í heilu lagi. Þetta er ekki stórt mál. Þetta er lítið mál, praktískt mál, var vel á veg komið fyrir, enda hefur það verið rætt við forsvarsmenn Keflavíkurkaupstaðar, fyrrv. bæjarstjóra, fyrir alllöngu síðan.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Mér finnst svolítið sérstök kynning þeirra þingmanna, hv. þm. Hreggviðs Jónssonar og hv. þm. Ellerts Eiríkssonar á flm. og hvaða flokki þeir tilheyrðu, eða frá hvaða kjördæmi þeir eru kjörnir. Ég get náttúrlega ekki borið á móti því að sú athöfn hefur farið fram að hv. þm. Hreggviður Jónsson hefur gerst þingmaður Sjálfstfl., en hvort hann verður þannig sjálfkrafa þingmaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi átta ég mig ekki alveg á. Það má segja að það sé nokkur munur á því hvort hann er þingmaður og kjörinn sem þingmaður Sjálfstfl. eða genginn í Sjálfstfl. eftir að hafa verið kjörinn sem þingmaður Borgaraflokksins á svipaðan máta og hæstv. utanrrh. var að benda á að í texta tillögunnar: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni", ekki utanrrh., að framkvæma þetta verk, væri um hlut að ræða sem sé kannski formsins vegna ekki alveg fullkominn. Mér finnst þessi tillaga seint á ferðinni. Við höfum fylgst með því í fréttum fjölmiðla undanfarnar vikur, og síðast í morgun, að herstöðvar vítt og breitt um heiminn eru að verða til hinna mestu vandræða. Þær eru að verða til vandræða vegna þess að sú góða þróun er að það er verið að leggja þær niður. M.a. er verið að leggja niður herstöð ekki langt frá okkur, þ.e. flugvöllinn í Syðri-Straumsfirði. Grænlendingar eru í miklum vandræðum með hvernig á að halda þeim flugvelli gangandi eftir að ameríski herinn hættir að greiða kostnað við hann og sjálfsagt koma þar *upp vandamál í sambandi við starfsfólk kringum flug*völlinn. Mér finnst þess vegna að þessi tillaga sé allt of seint á ferðinni, vegna þess að það er trú flestra að herstöðvum muni fækka áfram, þessi þróun muni halda áfram, og við vonumst eftir því að ein af þeim herstöðvum sem fyrst verður þannig ástatt um verði herstöðin í Keflavík. Ég held að það væri því hálfgerður bjarnargreiði við Keflvíkinga ef ætti að fara að flytja Varnarmálaskrifstofuna, sem hér er lagt til, til Keflavíkur. Það er nóg fyrir Keflvíkinga að horfa upp á það að missa atvinnuna sem þessi staður skaffar þeim, eins og nú er, án þess að farið verði að auka umsvifin í Keflavík nú á, vonandi, þeim síðustu dögum sem þessi herstöð verður.

Ég sé að hv. þm. Ellert Eiríksson setur nú á sig þanniglagaðan svip að hann trúi því kannski ekki að þróunin verði sú að herstöðin verði lögð niður. En ég hef mikla trú á því og ekki síst vegna þess að fyrir nokkrum dögum var miðstjórnarfundur þess flokks sem ég er nú félagi í, Alþb., haldinn á Akureyri og mér er sagt það, ég var nú því miður ekki á þeim fundi, að líkast til í fyrsta skipti sem Alþb. hefur haldið miðstjórnarfund og gert stjórnmálaályktun hafi ekki verið minnst á að herstöðin á Miðnesheiði ætti að leggjast af. Mér sýnist því flest benda til þess að þeir menn sem hafa góða yfirsýn og að bestu manna yfirsýn, séu hlutirnir að snúast á þann veg að þessi herstöð verði lögð niður. Þess vegna tel ég að þessi tillaga sé óþörf og jafnvel hættuleg fyrir Keflvíkinga og langt frá því að vera sá góði hlutur sem frsm. fyrir tillögunni og flm. hafa verið að benda á.

Flm. (Ellert Eiríksson):

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. hér áðan um þann tíma sem runninn er upp í alþjóðasamskiptum að herstöðvar séu að verða úreltar í veröldinni, þá vil ég taka undir með honum og fagna því ef það er tímanna tákn og þeir taka mark á því, leiðtogar risaveldanna, að Alþb. á Íslandi álykti ekki um *það í fyrsta skipti í sinni sögu að herstöð skuli fara úr*

Keflavík og það sé grunnur fyrir því að þetta haldi áfram get ég fallist á að það sé hið besta mál. Hins vegar, því miður, líst mér ekki á það að ályktun Alþb., eða engin ályktun, verði þess valdandi að eftirlitsstöð NATO í Keflavík hætti starfsemi á næstu árum eða áratugum. Ég sé það ekki fyrir mér enn. En það má vel vera að mér skarpari menn sjái.

Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir innkomu hér í þetta mál. Ég þakka honum fyrir að líta það sömu augum og ég að hér sé praktískt og gott mál á ferðinni. Það er hárrétt og skal ekki úr dregið að Guðfinnur Sigurvinsson, fyrrv. bæjarstjóri í Keflavík og núv. aðili að varnarmálanefnd utanrrn., hann situr í varnarmálanefnd, hafði rætt þetta áður við ráðherra og bæjarstjórn Keflavíkur, ekki Guðfinnur með leyfi, flutt um það tillögu, sem ég sendi hæstv. utanrrh., þess efnis að skora á ráðherrann að sjá um það að skrifstofan yrði flutt til Keflavíkur.

Ég biðst velvirðingar á því að hafa ranglega staðsett þessa skrifstofu hér í höfuðborginni, að hún sé ekki á Hverfisgötunni. Ég hef komið í þetta ágæta hús við Skúlagötu og átt þar ágætis viðræður. En skrifstofan er á öðrum stað í Reykjavík. Það er hárrétt og ég tek að sjálfsögðu þeirri ábendingu.

Ráðningarskrifstofan er búin að vera um langan aldur í Njarðvík, ráðningarskrifstofan sem sér um ráðningar til varnarliðsins. Það gleður mig að Ratsjárstofnun sé á leiðinni og það gleður mig sérstaklega að skrifstofustjóri Varnarmálaskrifstofunnar ætlar að hafa þriggja daga viðveru í viku á skrifstofunni í Njarðvík. Ég sé á þessu að þetta er allt hið besta mál og sýnilega skaðar ekki flutningur þáltill.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að það var hálfgerður sparðatíningur hjá hæstv. utanrrh. þegar hann var að toga til formlega hvernig tillagan er flutt. Ég vil benda honum á að það er alkunn regla á Alþingi Íslendinga að Alþingi ályktar að fela eða skora á ríkisstjórnir að gera hitt eða þetta. Þetta er venjan á Alþingi og veit ég ekki annað en hér liggi fyrir nokkrar ályktanir með svipuðum hætti og allmargar verið lagðar fram með svipuðum hætti síðan ég kom á þing. Það breytir því ekki að einstakir ráðherrar fara með sitt einskipaða vald, eins og hæstv. utanrrh. komst réttilega að orði. En þetta er auðvitað sparðatíningur og bar keim af því að hæstv. utanrrh. var að ýja að því að verið væri að taka þessi mál frá alþýðuflokksmönnum. Þeir hefðu einir hugsað um þessi mál og gert eitthvað í þeim. Ekki efast ég um að hæstv. utanrrh. er sammála þessu máli, eins og kom hér fram, og vill alla góða hluti varðandi utanríkismál.

Hins vegar kom hv. 4. þm. Vesturl. hér upp og hélt undarlega ræðu, enda ekki nema von þegar komið hefur í ljós að Alþb. er búið að tapa herstöðinni út úr sinni ályktun í fyrsta skipti, eins og hv. þm. sagði, og er horfið frá því að tala nokkuð um herstöðina því að það sjá allir að hún hefur orðið okkur til bóta. Eins og hv. þm. benti hér réttilega á hefur það náttúrlega kostað stórfé að reka Keflavíkurflugvöll og við höfum ekki þurft að inna þær greiðslur af hendi heldur hafa þær verið greiddar úr sameiginlegum sjóðum Bandaríkjanna og NATO. Ég varpa þessu fram í þessari umræðu því að ég tel að tími sé kominn til að menn viti hverjir borga brúsann og hvaðan fjármagnið kemur.

Hitt er annað mál að það verður erfitt fyrir Alþb. að lifa af þennan vetur þegar félagarnir í austri eru farnir og félagarnir um alla Evrópu eru farnir og þeir standa hér einir eftir og meira að segja án herstöðvarinnar í ályktun sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1990, frh. 1. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Vegakerfið milli Ísafjarðar- og Patreksfjarðarsvæða, fyrri umr.

Þáltill. ÞK, 43. mál. — Þskj. 43.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Þessi till. til þál. fjallar um vegamál á Vestfjörðum. Lagt er til að Alþingi ályki að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að mörkuð verði stefna um vegakerfið milli Ísafjarðar- og Patreksfjarðarsvæða þar sem tekin verði afstaða til jarðgangaleiðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, svo og hvernig háttað verði vegagerð þaðan til þéttbýlisstaðanna á Patreksfjarðarsvæði og til Brjánslækjar.

Það er margt sem telja má upp og miklu varðar í daglegu lífi til þess að fólk megi una hag sínum og byggð megi haldast og eflast á Vestfjörðum. En alla jafnan er það eitt sem fyrst ber á góma þegar maður talar við mann eða úrlausnar er þörf. Það eru samgöngumálin, samgöngur innan héraða og samgöngur við aðra landshluta. Þetta er ekkert nýtt fyrirbæri. Svo hefur þetta lengi gengið.

Það var engin tilviljun að þegar Vestfjarðaáætlunin kom til á sínum tíma voru það samgöngumálin sem tekin voru fyrir. Vestfjarðaáætlunin var um átak í samgöngumálum, vegagerð, hafnargerð og flugvallargerð. Slík voru verkefnin og svo höfðu Vestfirðingar dregist aftur úr miðað við aðra landshluta að nauðsyn var að vinna það upp ef nokkur von ætti að vera til þess að hægt væri að forðast það uggvænlegasta um framtíð byggðarinnar.

Þá var enginn tími til stefnu. Ástandið var þannig að það þoldi enga bið. Það var of lítið sem miðað gat

eftir hefðbundnum leiðum. Hlutur Vestfjarða dugði ekki af reglubundnum ríkisframlögum til samgöngumála. Annað fjármagn þurfti að koma til og það var fengið frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins.

Þótt grettistaki hafi verið lyft með Vestfjarðaáætlun og stórvirki hafi síðan verið gerð í samgöngumálum Vestfjarða blasa samt í dag við gífurleg verkefni. Sumpart er nauðsyn mikilla átaka til þess að halda til jafns við það sem gert hefur verið í öðrum landshlutum til framfara í samgöngumálum. Og ekki síður er þörf vegna þeirrar sérstöðu sem Vestfirðingar hafa í samgöngumálum svo sem í mörgu öðru. Landshættir eru slíkir á Vestfjörðum að jarðgöng verður að gera þar í langtum ríkara mæli en í öðrum landshlutum. Sama er að segja um framkvæmdir til þess að brúa firði. Í slíkar framkvæmdir þarf að ráðast á Vestfjörðum til þess að svara þörfum og þeim kröfum sem gerðar eru um samgöngur í dag þar sem byggð á að haldast.

Nú um þessar mundir standa yfir mikilvægar framkvæmdir við Dýrafjarðarbrúna. Aðrar framkvæmdir eru að hefjast, svo sem jarðgöngin í Breiðadals- og Botnsheiði, sem eru að sjálfsögðu það mikilvægasta. Aðrar framkvæmdir eru á næsta leiti svo sem hin aðkallandi brú yfir Gilsfjörð.

Ein meginforsendan fyrir byggð á Vestfjörðum er samtenging byggðarlaga og byggðarsvæða með öruggum daglegum akvegasamgöngum sem tengjast aðalsamgöngukerfi landsins. Í kjölfar jarðganga á Ísafjarðarsvæði, brúar yfir Dýrafjörð og hinnar nýju ferju á Breiðafjörð þarf nú að marka stefnuna um vegakerfi milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar þar sem tekin verði afstaða til jarðgangaleiðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, svo og hvernig háttað verði vegagerð þaðan til þéttbýlisstaðanna á Patreksfjarðarsvæðinu og til Brjánslækjar.

Vegagerð ríkisins hefur gert nokkrar lauslegar athuganir á þessu verkefni. Í september 1981 fór fram jarðfræðiathugun á þessu jarðgangasvæði. Til að bæta vetrarsamgöngur milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar var athugaður sá kostur að gera jarðgöng einhvers staðar í gegnum fjöll þau er aðskilja firðina. Hugsanlegar jarðgangaleiðir sem voru kannaðar voru fjórar.

Hin lauslega jarðfræðiathugun sem fór fram þótti gefa vissar ábendingar um möguleika til jarðgangagerðar. En hér bíða frekari athuganir og rannsóknir. Ef hugsa á um jarðgöng á þessum stöðum í fullri alvöru er nauðsynlegt að gera jarðfræðirannsókn um gerð jarðlagasniða sem mæld yrðu í giljum og dölum í innri hluta fjarðanna og reyna að tengja þau saman og rekja þannig einstök lög þvert í gegnum fjallið. Það eru slíkar margháttaðar rannsóknir sem er nauðsynlegt að gera áður en endanlega verður tekin afstaða til jarðgangaleiðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar eins og lagt er til með þessari þáltill.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi jarðganga á þessum stað fyrir samgöngur á milli fjarðanna. Einkum er ein leið höfð í huga og talin koma til greina. Það er innst í fjörðunum báðum, Dýrafirði og Arnarfirði. Leiðin þar mundi styttast um 25–30 km og munar um minna. Þá ber að hafa í huga að hér er um að ræða þjóðbrautina milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.

Jarðgöngin sem hér um ræðir eru aðeins annar hluti af vegakerfinu milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar. Hinn hlutinn er leiðin frá jarðgöngunum til þýttbýlisstaðanna á Patreksfjarðarsvæði og til Brjánslækjar. Sá hlutinn er í engu þýðingarminni en sjálf jarðgöngin. Hins vegar er það margslungnara viðfangsefni hvernig þar verður komið við vetrarsamgöngum og litlar sem engar forathuganir hafa farið fram á því. Það verður að marka stefnuna hvernig farið verður með Dynjandisheiði og aðra fjallvegi á þessu svæði og hvaða möguleikar eru til að ná settu marki með vegagerð með sjó fram. Þessar athuganir þurfa að hefjast strax því að ekki tjóar að hlutur suðursvæðisins liggi eftir í þeim efnum sem tillaga þessi til þál. fjallar um.

Hér er farið fram á að mótuð verði stefnan í einu af stærstu málunum sem skipta sköpum fyrir byggðaþróun á Vestfjörðum. Það er ríkur skilningur og brennandi áhugi hjá Vestfirðingum á þessu máli. Fjórðungsþing Vestfirðinga samþykkti 1. sept. sl. ályktun um þetta efni.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum taka fram að með þessari þáltill. er ekki lagt til að taka ákvörðun um framkvæmdir. Samþykkt þessarar tillögu felur ekki í sér að neitt sé tekið fram fyrir hinar mikilvægu framkvæmdir sem ég áður nefndi og ýmist standa yfir, eru að byrja eða eru á næsta leiti. Ekki heldur er til þess ætlast að víkja til hliðar öðrum framkvæmdum í vegamálum á Vestfjörðum sem þegar eru ákveðin. Hins vegar felur þessi tillaga í sér að mörkuð verði stefnan í tilteknum vegakerfum á Vestfjörðum til þess að þar sé hægt að taka til hendi án tafar, strax og röðin kemur þar að framkvæmdum.

Ég leyfi mér að leggja til, hæstv. forseti, að þessari tillögu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hér er hreyft einu af mörgum, stórum og mikilvægum málum á sviði samgangna og vegagerðar. Það er nú reyndar svo, sem eðlilegt má kallast með tilliti til mikilvægis samgangnanna, að fyrir þessu Alþingi, sem enn hefur ekki starfað nema þrjár vikur réttar, liggja nú fyrir allmargar tillögur um samgöngumál á landi í mismunandi landshlutum.

Hér er 43. mál um vegakerfið milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar. Í morgun var svarað fyrirspurn um gerð sumarvegar yfir Sprengisand. 45. mál er um stefnumörkun um jarðgangagerð á Austurlandi og heildarútboð framkvæmda. 52. mál er tvöföldun Reykjanesbrautar, 62. mál er könnun á gerð jarðganga og vegarlagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, 24. mál er um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð, 71. mál er um brúarframkvæmdir á Suðurlandi og kann vel að vera að mér hafi yfirsést eitthvað í bunkanum þegar ég hljóp í gegnum hann áðan.

Þetta segi ég ekki til að draga athyglina frá þessu þarfa og ágæta máli sem hér er verið að víkja að og ég hef sjálfur hugleitt, heldur til þess að minna menn

á hversu víða samgöngurnar koma við og margir eiga þar mikilla hagsmuna að gæta. Ég held að það sé alveg hárrétt metið hjá flm. að það er eðlilegt að horfa með nokkuð nýjum hætti til skipulags framtíðarsamgangna á Vestfjarðasvæðinu núna í kjölfar ákvarðana um að hefja og hraða jarðgangaframkvæmdum á norðanverðum Vestfjörðum með tilkomu brúar yfir Dýrafjörð og vonandi vegtengingu um utanverðan Gilsfjörð innan tíðar. Með tilkomu ferju yfir Breiðafjörð hafa ýmsar aðstæður breyst eða munu breytast á næstu árum. Og hér er bætt við upplýsingum um fleiri vegamál sem mætti telja, svo sem í Árneshreppi norður.

Með þessum breytingum sem ég var að nefna held ég að sé komið tilefni til þess að líta á nýjan leik á Vestfjarðasvæðið og þá ekki síst hvar aðaltenging norðanverðra Vestfjarða inn á þjóðvegakerfi landsins og til höfuðborgarsvæðisins eigi að liggja. Ef tækist að tengja norðursvæðið með auðveldum hætti, t.d. með jarðgangagerð milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og vegabótum áfram suður, mundi það að sjálfsögðu stytta leiðir og greiða mjög samgöngur norðursvæðisins hingað suður á bóginn.

Hér er á ferðinni, eins og reyndar kom fram hjá flm., framtíðarverkefni sem ekki verður ráðist í á næstunni heldur fyrst og fremst þarf að skoða og marka stefnu um þannig að menn viti á hvað á að stefna í þessum efnum.

Reyndar er ýmiss konar starf í gangi á vegum samgrn. sem miðar einmitt að því að líta til lengri framtíðar þegar verkefni í samgöngumálum almennt eru lögð niður, hvort sem það er í vegagerð, hafnagerð, flugmálum, á sviði fjarskipta eða annars staðar. Um þetta hefur talsvert verið rætt á undanförnum árum og ég get upplýst það hér að ég á von á nú í haust eða snemma þessa vetrar áfangaskýrslu eða niðurstöðu frá nefnd sem vinnur að því að skoða allt samgöngusvið með það í huga að leggja niður einhverja heildstæða stefnumörkun á því sviði fram til aldamóta a.m.k. Og þetta er einmitt mál af því tagi sem þarf að takast þeim tökum að með góðum fyrirvara séu aðstæður skoðaðar og stefna mörkuð um það hvert beri að halda.

Það ber reyndar vel í veiði þar sem svo stendur á að á þessu þingi, á þessum vetri eiga að koma hér til endurskoðunar bæði vegáætlun til næstu fjögurra ára og sömuleiðis er verið að vinna að gerð nýrrar langtímaáætlunar um vegagerð og vegamál sem mundi þá endast eitthvað inn á næstu öld. Að sjálfsögðu tel ég það rétt og skylt að allar tillögur sem þessi verði teknar til skoðunar í tengslum við þá vinnu sem væntanlega fer hér fram á þinginu í vetur um stefnumörkun í vegáætlun, bæði til næstu fjögurra ára og líka langtímaáætlun í vegagerð. Þá á ég til að mynda við að menn reyni að gera sér grein fyrir því hversu mikil verkefnin eru sem fram undan bíða á þessu sviði, þá er ég að tala um vegamálin í heild, og Alþingi hafi þar af leiðandi eins traustar forsendur og hægt er þegar það ákveður hve stórum hluta þjóðarteknanna er rétt og nauðsynlegt að ráðstafa til þessa málaflokks á næstu árum. Það er kannski sú stærsta ákvörðun sem þarf að taka þegar forsendur nýrrar langtímaáætlunar um vegagerð verða markaðar, hversu mikið fé, hversu stóran hlut af okkar þjóðartekjum og þjóðarverðmætum á næstu árum er hægt að setja í þennan málaflokk því ég held að enginn deili um að verkefnin eru næg og þörfin er ærin.

Ég vildi koma þessum almennu athugasemdum hér á framfæri í tengslum við þessa umræðu sem eru að hluta til þær sömu og ég gerði þegar annað dagskrármál var rætt hér fyrr á fundinum.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Vegna misskilnings var ég ekki viðstaddur í morgun þegar umræða fór fram um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð, enda munu þá aðeins hafa verið þrír í salnum að mér er tjáð. Ég átti ekki von á því að það mál yrði tekið fyrir fyrr en eftir kl. 2 samkvæmt upplýsingum sem mér voru gefnar. En það kemur nokkuð í einn stað niður því að hér er fjallað um vegamál á allbreiðum grunni og bæði hv. 4. þm. Vestf. og hæstv. ráðherra hafa einmitt vikið að því máli, vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að minnast á það mál í þessari umræðu.

Satt að segja finnst mér að því máli hafi nokkuð verið vikið til hliðar á síðari árum og það dregist úr hömlu því það er ekki nýtt af nálinni. Ég minni á tillögu sem flutt var um það efni á 105. löggjafarþingi 1982–1983, það var 165. mál. Þar var flutt till. til þál. um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð. Flm. þá voru hv. alþm. Sigurlaug Bjarnadóttir, Alexander Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Skúli Alexandersson og Friðjón Þórðarson. En þetta mál hefur verið mjög mikið rætt núna að undanförnu og það ekki að ástæðulausu.

Hæstv. samgrh. er vel kunnugt um þetta mál, m.a. frá fundum og umræðum um það fyrir vestan á sl. sumri. Sjálfur minntist hann í ræðu sinni hér áðan á að innan tíðar yrði hugað að vegartengingu við utanverðan Gilsfjörð. Þótti mér þetta nú ekki fast að orði kveðið og get ég vitnað til samtala við hæstv. ráðherra fyrr og síðar um þetta efni. (**Landbrh.:** Þú áttir að ræða þetta í morgun.) Það er satt. En ég greindi frá því áðan hvers vegna það hefði því miður ekki orðið.

Ég ætla ekki að fara að telja upp rök í þessu Gilsfjarðarmáli, sem svo má nefna, en þau eru mörg og sterk og þung þegar til þess er tekið að það er búið að tengja Vestfirði með nýrri ferju suður yfir Breiðafjörð, það er búið að gera mikinn og góðan veg yfir Steingrímsfjarðarheiði og nú hefur verið ákveðið að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum eins og öllum þingheimi er kunnugt. Ég ætla að allir þingmenn Vestfjarða og Vesturlands standi saman um Gilsfjarðarmálið. Ég efast ekki um það. Ég ætla aðeins að minna á einn fund í því sambandi sem við héldum sameiginlega um það efni í Þórshamri 9. mars sl. Gestir þess fundar voru úr Dala- og Austur-Barðastrandarsýslum. Þar samþykktu allir viðstaddir og voru á einu máli um að Gilsfjarðarverkefnið yrði tekið inn á vegáætlun við endurskoðun hennar árið 1991. Og við í fjvn. sem fórum um

Vestfjörðu á sl. sumri sáum gjörla að Dýrafjarðarbrúnni miðar góðu heilli vel áfram. Því verki verður jafnvel lokið á undan áætlun, þ.e. á næsta ári, og þá er komið að því að hefja framkvæmdir við Gilsfjörðinn á árinu 1992, eins og segir í þeirri tillögu sem rædd var hér í morgun.

En ég vil ítreka það að á þessum fundi í Þórshamri, sameiginlegum fundi þingmanna Vestfirðinga og Vesturlands, var ítrekað og bókað að Gilsfjarðarvegur og brú eigi að koma umsvifalaust á eftir Dýrafjarðarbrú, eins og það er orðað. Og nú skulum við athuga hvað orðið „umsvifalaust" merkir samkvæmt Íslenskri samheitaorðabók. Það merkir gagngert, hiklaust, krókalaust, orðalaust, strax, tafarlaust, án tafar, umbúðalaust, umyrðalaust, undir eins, vafningalaust, viðstöðulaust, vífilengjulaust. Og þarna er að verki hinn ágæti, orðhagi rithöfundur sem allir kannast við, Þórbergur Þórðarson. Þess vegna vænti ég þess að allir skilji, eins og raunar allir vita, að íslenskan er orðafrjósöm móðir. Og orð skulu standa, þingmenn góðir. Þetta vænti ég að hæstv. ráðherra og allir þingmenn hafi í huga.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. minntist hér á Gilsfjarðarbrúna. Ég tek undir hvert einasta orð sem hv. þm. sagði um það mál og ég minnist alls þess sem hann sagði um góða fundinn í Þórshamri. Ég vil taka undir þær frómu óskir og þá ákveðnu afstöðu sem þessi hv. þm. hefur til þessa máls og ég ætla að við tveir höfum alltaf haft álíka afstöðu.

Ég vildi svo standa upp til þess að þakka hæstv. samgrh. fyrir það sem hann sagði. Ég tek undir hinar almennu athugasemdir sem hann gerði um framkvæmd vegamála, undirbúning og áætlanagerð. Sérstaklega tek ég undir það sem hann sagði um tillögu þá sem hér er til umræðu og þakka honum fyrir hans ágætu undirtektir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð mála á Alþingi, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 6. mál. — Þskj. 6.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegur forseti. Góður þingheimur. Ég flyt hér í annað sinn till. til þál. um þinglega meðferð allra mála á Alþingi. Flutningur þessa máls kemur ekki til af góðu. Stöðugt er verið að gera grín að þingmönnum með því að leyfa þeim að leggja fram mál sem aldrei fá þinglega meðferð, aldrei eru rædd, þeim er aldrei lokið í þingsölum. Þegar ég tala um þinglega meðferð á ég ekki við að málin eigi endilega að hljóta samþykki þingsins heldur það að þingheimur fái að fjalla um málin, hafna þeim eða samþykkja þau.

Það er sama hversu mikið ég velti fyrir mér eðli Alþingis, ég kemst alltaf að þeirri niðurstöðu að það sé hlutverk þingsins að fjalla um málin frá upphafi til enda, ekki að láta þau sofna í nefndum þar sem ríkisstjórnin hefur sett þungavigtarmenn til þess að gæta þess að mál fari ekki úr nefndunum heldur sofi þar vært og verði aldrei tekin til lokaafgreiðslu í þingsölunum. Þess í stað megum við alþingismenn stöðugt vera kallaðir á vettvang til þess að greiða atkvæði með málum sem ríkisstjórnin sjálf leggur fram. Við sem styðjum ríkisstjórn á hverjum tíma erum kölluð til á hvaða tíma sólarhringsins sem atkvæðagreiðsla er til þess að flýta fyrir afgreiðslu mála. Stjfrv. eru stöðugt tekin og sett fremst á dagskrá á meðan mál þingmanna sjálfra mega bíða. Það er á þennan hátt sem stöðugt er verið að gera grín að alþingismönnum. Þess vegna hef ég lagt fram þessa tillögu til að reyna að rétta þeirra hlut á þinginu, til þess að reyna að losa þá undan því ægivaldi sem ríkisstjórnir og stjórnarandstaðan hafa yfir hinum einstöku þingmönnum.

Það er til gömul regla sem ég lærði þegar ég var að byrja að læra veitingahúsarekstur og hljóðar svo á ensku: First comes first gets, þ.e. þann fyrsta í röðinni á að afgreiða fyrst. Það er engin undantekning til frá þeirri reglu. Hér hef ég hins vegar lýst þeim undantekningum sem gilda að ríkisstjórnin hefur stöðugan forgang á þingmenn. Þessi regla hefur því miður fengið að þróast hér og ég er alveg hissa á því að þingmenn hafi ekki einhvern tíma á þeim ferli síðan þing var endurreist reynt að rétta sinn hlut.

Í greinargerðinni með þessari tillögu segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi er löggjafarþing og hlutverk þess er að setja íslensku þjóðinni lög. Alþingi lýsir líka vilja sínum með ályktunum sem eru bindandi fyrir þingið og aðra valdhafa í landinu. Alþingi er málstofa fyrir umræður og fyrirspurnir. Þingheimur er kallaður saman til þessara verka og önnur verk alþingismanna eru því hjáverk. Alþingismenn fá greitt þingfararkaup fyrir setu í þingsölum og störf í þingnefndum. Þetta er hlutverk Alþingis og alþingismanna.

Alþingismenn gegna líka ýmsum öðrum trúnaði á vegum þingsins. Ráðherrar eru oftast valdir úr hópi alþingismanna og þingmenn sitja einnig í fjölþjóðanefndum, svo sem Norðurlandaráði og ýmsum þingmannasamtökum. Ýmis annar trúnaður er alþingismönnum sýndur. Þessi trúnaðarstörf þingmanna eru hins vegar öll hjáverk og mega því ekki hafa áhrif á hlutverk Alþingis."

Þrátt fyrir það hefur þinghald verið fellt niður heilu vikurnar vegna þess að erlend mót á borð við Norðurlandaþing eða eitthvað slíkt stendur einhvers staðar yfir og fjöldi þingmanna er þar bundinn. Ekki er það til þess að liðka fyrir því að mál gangi í gegnum þingið með því að gefa þingheimi frí á þennan hátt.

Oft hefur verið gert að skilyrði að viðkomandi ráðherra sé í sal þegar mál eru flutt sem undir hann heyra. Þetta er að mínu mati hinn mesti óþarfi. Það ætti að vera nóg að formaður viðkomandi þingnefndar eða þingnefnda fylgdist með málflutningi á hverjum tíma. Ráðherra veitir ekkert af sínum tíma til þess að sinna ráðuneytunum. Það er liðin sú tíð að menn á borð við Gissur Ísleifsson biskup fæðist með þessari þjóð en um

biskupinn var sagt að úr honum mætti auðveldlega gera þrjá menn: Bónda, víkingahöfðing og kennimann og gæti hann sinnt öllum þessum þremur verkefnum jafn vel. Ég sé ekki fyrir mér þá þingmenn sem geta bæði sinnt þingmennsku og ráðherradómi og jafnvel formennsku í sínum eigin flokki án þess að það bitni á starfinu á einhverjum af þessum þrem póstum.

Virðulegi forseti. Flm. þessarar tillögu hefur talað fyrir mörgum þingmálum hér í salnum og án þess að viðkomandi ráðherrar hafi heiðrað hann með nærveru sinni í þingsal. Það kemur ekki að sök því að ég tel að þingmenn eigi fyrst og fremst erindi hver við annan og við fólkið í landinu, ekki endilega við ráðherra. Þingmönnum er leyft að leggja fram ný þingmál allt undir lok hvers þings. Þó er ljóst að þau þingmál fá aldrei afgreiðslu. Þau verða tæplega afgreidd í nefndum og tæplega tekin fyrir í nefndum, enda eru þess mörg dæmi að mál sem hafa verið lögð fram í þinginu hafi ekki einu sinni verið sett á dagskrána og fylgt úr hlaði. Samt sem áður er þingmönnum gefinn kostur á þessu. Það er haldið áfram að gera grín að þingmönnum. Fyrir bragðið leggja þingmenn ekki fram sín mál öll til þess að sjá fyrir endann á þeim, heldur til þess að sýnast í fjölmiðlum. Þetta er orðið eitt allsherjar fjölmiðlaþing frekar en löggjafarþing. Menn vita það ósköp vel að hin ýmsu mál sem eru lögð fram, seint fram komin, geta af tæknilegum ástæðum aldrei náð fram að ganga, aldrei hlotið endanlega afgreiðslu í þingsal. Samt eru málin lögð fram. Þau eru ekki lengur lögð fram sem þingmál heldur sem ódýr auglýsingamálflutningur. Þetta er blettur á Alþingi og þetta er til vansa. Þetta er eitt af því sem þarf að laga í meðförum þings á málum þingmanna.

Andinn á bak við þingræðið er sá að Alþingi ráði málum til lykta með lögum. Þannig tryggir þjóðin lýðræði sem Íslendingar hafa kosið í landi sínu og skiptir í þrjá þætti: Löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þingheimur velur sér svo ráðherra til þess að stjórna ríkinu í umboði Alþingis og framkvæma vilja þingsins. Alþingi er hin raunverulega valdastofnun fólksins í landinu og alþingismaðurinn er þar hornsteinn.

Nú stendur yfir 113. löggjafarþing. Það eru liðin 1060 ár frá stofnun Alþingis. Fyrsti ráðherrann tók hins vegar ekki við embætti á Íslandi fyrr en fyrir 87 árum og fyrsta ríkisstjórnin fyrir 74 árum. Þannig er Alþingi miklu, miklu eldri stofnun en bæði ráðherrar og ríkisstjórn. Alþingi getur vel stjórnað án ráðherra, en ráðherrar geta aldrei stjórnað án Alþingis. Löggjafarvaldið er æðra en framkvæmdarvaldið. Þetta er andi þingræðisins og honum mega alþingismenn aldrei glata. Hins vegar hefur framkvæmdarvaldið því miður vaxið stöðugt í þjóðfélaginu og seilst til meiri áhrifa á hlut og kostnað löggjafarvaldsins. (**KrP:** Með þinni aðstoð.) Með minni aðstoð — og þinni líka, Kristinn. Ég hef séð þína hönd hér oft á lofti.

Alþingismenn hafa því ekki staðið vörð um Alþingi sem löggjafarþing og eru stöðugt að afhenda stærri hlut af valdi þingsins umboðsmönnum sínum í ríkisstjórn. Það er komin slagsíða á löggjafann með þessu móti. Ráðherrar sæta lagi að leggja fram lagabálka sem enda oft að viðkomandi ráðherra eða ráðuneyti sé falið að semja reglugerð þar sem nánari útfærsla og oft það sem skiptir höfuðmáli í viðkomandi lagabálki er fest á blað. Síðan er það afhent einum starfsmanni í ráðuneytinu og Alþingi sér aldrei þessa niðurstöðu. Reglugerðir eru aldrei bornar undir Alþingi. Þær eru þó oft veigamesti hluti laganna. Þetta er eitt af því sem þarf að breyta. Alþingi þarf að fjalla um allar reglugerðir því að þær eru stór hluti af viðkomandi lögum.

Virðulegi forseti. Á þingfundum á hv. Alþingi í fyrra leið mér oft eins og hverjum öðrum merktum grip í eigu ríkisstjórnarinnar, nákvæmlega eins og myndirnar sem hanga á veggjunum, og ísskápurinn frammi er með litlum límmiða á sem stendur á Alþingi og eitthvert númer. Á sama hátt fannst mér ég stundum vera eins og eins konar bandingi í klóm stjórnarandstöðunnar, sérstaklega fyrir jólin þegar stjórnarandstaðan setti þau skilyrði að menn skyldu ekki búast við sæmilegum friði hér um jól við afgreiðslu fjárlaga og annarra mála nema hin og þessi mál fengju einhvers konar afgreiðslu. (**RH:** Er nú betra að vera bandingi í klóm ríkisstjórnarinnar?) Báðir hópar eru jafnslæmir, frú Ragnhildur. Ekki geri ég upp á milli þeirra, enda eru oft hröð mannaskipti á milli hópanna. Einn getur verið stjórnarsinni í dag og stjórnarandstæðingur á morgun án þess að skipta um föt.

Kjarni málsins er sá að stjórnarandstaðan er minnihlutahópur á Alþingi. Stjórnarsinnar á hverjum tíma og ríkisstjórnin leggja fram mál sem meiri hlutinn hefur komið sér saman um að nái fram að ganga. Þegar minnihlutahópur setur sig gegn málum á þennan hátt er hann að beita sömu vinnubrögðum og flugvélaræningar hafa gert og terroristahópar til að þröngva sínum málum fram. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm. Reykvíkinga úr Sjálfstfl. afsökunar. Ég heyri því miður ekki hvað þeir eru að segja því að ég er að tala sjálfur. Hvað um það.

Hér höfum við, fyrir síðustu jól, hlustað á óskyldar kröfur stjórnarandstöðunnar sem ekki snertu þingmál. Því aðeins boðaði stjórnarandstaðan sæmilegan vinnufrið um jól að mál sem tengdust ekki Alþingi næðu fram að ganga. Þau snertu spítala, Borgarspítalann. Má rifja þetta upp í viðtali við Ólaf G. Einarsson þingflokksformann í Morgunblaðinu, að ég held 21. des. í fyrra. Þar kemur fram hvað ég á við. Því miður er ég ekki með greinina við hendina.

Ég lýsti því áðan hvernig mér hafi liðið sem gísli og hvernig mér hafi liðið sem hverjum öðrum grip í einkaeign ríkisstjórnarinnar. Af þeirri líðan er þessi tillaga mín sprottin. Ég tel að sú meðferð sem þingmál fá sé ekki í þinglegum anda. Það hljóti að vera fyrsta og síðasta verkefni Alþingis að ljúka hverju máli, á sama hátt og það kann ekki góðri lukku að stýra í þjóðfélaginu ef fyrirtæki og stofnanir ljúka ekki sínum vinnudegi, klára öll mál sem koma upp á borð í fyrirtækjunum þann daginn áður en næsti dagur rennur upp. Þetta gerir þingið ekki. Þingið er með sérskipaða og þjálfaða menn í að svæfa mál og geyma. Stjórnarsinnarnir, nefndarformenn ríkisstjórnarinnar, hafa það

eitt hlutverk að gæta þess að þingmannafrumvörp sjái ekki dagsljósið á meðan þingmönnum er smalað saman, stjórnarsinnum, hvenær sem á þarf að halda til að tryggja málum ríkisstjórnarinnar framgang. Því vil ég að öll mál hafi sama rétt, að þau verði tekin fyrir í þeirri röð sem þau berast.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka þessu með því að lesa orðrétt VIII. gr. í greinargerðinni:

Með flutningi þessarar þáltill. gerir flm. þær kröfur að öll þingmál, sem fram koma fyrir síðasta skiladag nýrra þingmála í vor, fái þinglega meðferð og sæti lokaafgreiðslu á Alþingi Íslendinga sem nú situr. Frumvörp til laga, þingsályktunartillögur, beiðnir um skýrslur og fyrirspurnir, eða önnur þau mál sem Alþingi fjallar um, hverju nafni sem nefnast. Greidd verði atkvæði um frumvörpin, tillögur og beiðnir og fyrirspurnum svarað. Forsetar Alþingis ásamt formönnum þingflokka tryggi alþingismönnum þessi málalok með breyttri skipan mála og dagskrá fram að þinglausnum. Alþingi sitji lengur en áætlað er, ef þessi gerist þörf, til að ná þessu marki.

Virðulegi forseti. Ég þakka gott hljóð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni áminna þingmenn um að ávarpa ekki hver annan hér í þingsal heldur er samkvæmt þingskapalögum gert ráð fyrir að þingmaður ræði við forseta þingsins. Þá tel ég að nokkur orð hafi fallið í ræðu hv. síðasta ræðumanns sem fara nálægt því að vera brigslyrði um hv. þm. Forseti sá ekki ástæðu til að nefna vítur í því sambandi en þar munaði mjóu.

Ellert Eiríksson:

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd. Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. 16. þm. Reykv., þá frábið ég mér sem þingmaður stjórnarandstöðunnar að vera kallaður hér terroristi eða öfgamaður sem noti sömu vinnubrögð og þessir hópar til að ná málum fram. Það er útilokað og rétt, eins og kom fram hjá forseta, að þetta jaðraði við að kalla á vítur á hv. þm. að hafa þessi orð í frammi. Það liggur í hlutarins eðli að þegar mál eru til umfjöllunar á Alþingi, og hvar sem er á málþingum, að menn notfæra sér þann rétt sem þeir hafa til að koma sínum málum fram. Ég treysti því að forsetar Alþingis líði ekki terroristahátt eða öfgaskap hér á þessu hv. þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, fyrri umr.

Þáltill. HJ o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi tillaga til þingsályktunar um tvöföldun Reykjanesbrautar. Flutningsmenn eru auk mín Ingi Björn Albertsson og Ellert Eiríksson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Skal gert ráð fyrir því að lögð verði önnur akbraut við hliðina á hinni gömlu þannig að fullkomin hraðbraut með algerlega aðskildum aksturstefnum og tveimur akreinum í hvora átt tengi saman þessa tvo staði. Stefnt verði að því að ljúka verkinu fyrir árslok 1993. Fjármagna skal verkið með sama hætti og veggöngin í Ólafsfjarðarmúla."

Í greinargerð segir:

Tillaga þessi var fyrst flutt af Kolbrúnu Jónsdóttur og Júlíusi Sólnes á þinginu 1987–1988, af Júlíusi Sólnes og Hreggviði Jónssyni á þinginu 1988–1989 og af Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni á síðasta þingi. Tillagan er nú flutt í fjórða sinn því að það er mat flutningsmanna að hér sé um mjög brýnt mál að ræða.

Reykjanesbrautin frá Hafnarfirði til Keflavíkur er fyrsti vegarkafli þjóðvegakerfisins á Íslandi með bundnu slitlagi. Lagning vegarins á árunum 1963 og 1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Ekki mátti draga það öllu lengur að leggja fullkominn veg milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkur. Þegar fyrir 20 árum var umferðin á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins orðin svo mikil að malarvegurinn gamli var orðinn ófullnægjandi.

Með tilkomu nýja vegarins varð mikil breyting til batnaðar. Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð bíla milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins varð miklu greiðfærari. Þetta olli straumhvörfum í öllum samskiptum milli íbúa þessara svæða og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og nýi vegurinn var tekinn í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar. Hafa því allir flugfarþegar, sem koma og fara frá Íslandi, átt leið um Reykjanesbrautina. Reykjanesbrautin er því þjóðvegur allra landsmanna.

Umferð um Reykjanesbrautina hefur aukist jafnt og þétt, bæði fólksflutningar og vöruflutningar. Í vaxandi mæli eiga vöruflutningar til landsins með flugi þátt í því. Samstarf atvinnufyrirtækja á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig vaxið og það hefur í för með sér aukna umferð. Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja atvinnulíf þessara tveggja landsvæða saman, þannig að Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið geti orðið að einu og sama atvinnusvæði. Þetta skiptir höfuðmáli í sambandi við byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta til fullnustu þá kosti sem hin nýja Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hefur verið talað um tollfrjáls atvinnusvæði í námunda við flugstöðina og eins um byggingu miðstöðvar fyrir erlend viðskipti. Atvinnulíf hefur átt erfitt uppdráttar seinni árin á Suðurnesjum. Mikill samdráttur hefur verið í útgerð og iðnaður og verslun ekki styrkst að sama skapi. Með tilkomu nýs álvers á Keilisnesi er mikilvægi Reykjanesbrautarinnar enn meira og umferðarþunginn mun aukast. Tvöföldun Reykjanesbrautar mundi og gjörbreyta allri aðstöðu fyrir Suðurnesjamenn og er næg

réttlæting fyrir því að hraða þessari framkvæmd.

Reykjanesbrautin í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim kröfum sem verður að gera til höfuðsamgönguæðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Aksturskilyrði á Reykjanesbrautinni eru oft mjög slæm. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð. Á veturna myndast oft mikil hálka á örfáum mínútum. Sérstök hætta er á Reykjanesbrautinni vegna hinna snöggu veðurfarsbreytinga sem gera það að verkum að ökumenn eiga mjög erfitt með að átta sig á breyttum aðstæðum. Þá er og orðið brýnt að lýsa þessa fjölförnu þjóðleið. Umferðarslys orsakast þá af framúrakstri og útafakstri vegna þess að á veginum er umferð í báðar áttir. Með vaxandi umferð hefur umferðarslysum farið mjög fjölgandi. Á þessum 50 km af 8.300 km þjóðvegakerfi landsins verða 12,3% allra umferðarslysa.

Á fskj. I er birt mynd er sýnir slys á Reykjanesbraut á árunum 1970–1990 og í þeim dálkum sést glögglega að umferðin er nú komin að þeim mörkum sem talið er hámark án þess að brautin sé tvöfölduð. En 1988 var mesti umferðarþungi 8632 bílar og 1989 7806.

Eftir nokkra stöðnun á árunum 1978–1982 fer því umferð á Reykjanesbraut greinilega ört vaxandi. Að byggja fullkomna hraðbraut með aðskildum aksturs-stefnum er nú jafnnauðsynlegt og það var fyrir 20 árum að leggja veg með bundnu slitlagi milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Sérfræðingar Vegagerðarinnar telja að þegar mesta umferð á sólarhring sé komin í 8.000–10.000 bifreiðar þurfi að skilja akstursstefnur að. Í september 1988 mældist mesta umferð á sólarhring 8.632 bifreiðar. Ekki er ólíklegt að talan verði komin upp í 10.000 bifreiðar á næstu árum, enda þekkja þeir sem þurfa að fara um Reykjanesbraut endalausar lestir bifreiða alla leið frá Keflavík til Hafnarfjarðar eða öfugt á mestu annatímum. Sem fyrst þarf því að fullgera aðra vegbraut og gera nauðsynleg umferðarmannvirki þannig úr garði að nýja flugstöðin við Keflavík og höfuðborgarsvæðið tengist með hraðbraut samkvæmt bestu erlendum fyrirmyndum, hraðbraut sem þolir mikla umferð og mikinn akstурshraða við hagstæð skilyrði. Það skref, sem yrði stigið með því að tvöfalda Reykjanesbrautina, er ekki lokaskref. Gera verður ráð fyrir því að stórauknar samgöngur og vöruflutningar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar muni eflaust áður en langt um líður kalla á enn fullkomnari samgöngur. Þá mun umferðin aukast enn frekar með tilkomu álvers á Keilisnesi.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er talið að lagning nýrrar akbrautar við hliðina á hinni gömlu með nauðsynlegum lagfæringum og ráðstöfunum vegna flokkunar vegarins sem hraðbrautar kosti um 1,2–1,4 milljarða kr. en tvö síðustu ár hefur ríkisstjórn Íslands tekið af lögbundnu vegafé sömu upphæð, eða um 1,2 milljarða kr., sem hefði nægt til þessarar vegalagningar.

Með því að bjóða verkið út til stórra verktaka, jafnt erlendra sem innlendra, má eflaust lækka þennan kostnað verulega. Til samanburðar má geta þess að veggöngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla munu kosta nálægt 1,2 milljörðum króna. Veggöngin eru um 3.400 m með vegskálum. Um Ólafsfjarðarmúla fara um 250 bílar á dag þegar umferð er mest, en íbúar þar eru um 1.150 manns. Á Suðurnesjum búa hins vegar um 18.000 manns og 130.503 erlendir ferðamenn fóru til og frá Keflavíkurflugvelli árið 1989 og 142.579 Íslendingar eða í allt 273.082 ferðamenn sem fara fram og til baka eftir Keflavíkurveginum. Áætla má að umferðin verði fjótlega orðin 10.000 bílar á dag þegar mest er, en er nú um 8.000 bílar.Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri en tel að þetta mál sé bæði brýnt og mjög mikilvægt, ekki hvað síst þegar litið er til þess að þarna hafa orðið mjög alvarleg umferðarslys og mörg banaslys hafa átt sér stað á þessum vegi. Það er því brýnt að draga úr þeirri slysahættu og koma í veg fyrir það mikla tjón sem hefur orðið vegna mikillar umferðar.

Ég legg að lokum til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Ellert Eiríksson:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins leggja nokkur orð í belg um þáltill. sem hv. 11. þm. Reykn. mælti hér fyrir um tvöföldun Reykjanesbrautar. Hann gerði hér glögga grein, eins og gert er í greinargerð sem fylgir þáltill., fyrir þeirri þörf sem er á tvöföldun þessa þjóðvegar. Ég vil aðeins, með leyfi forseta, lesa hér örstutt úr greinargerðinni sem ég tel vera mikinn og mikilvægan punkt í því að þetta verk nái fram að ganga. Þar segir:

„Reykjanesbrautin í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim kröfum sem verður að gera til höfuðsamgönguæðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Aksturskilyrði á Reykjanesbrautinni eru oft mjög slæm. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð. Á veturna myndast oft mikil hálka á örfáum mínútum. Umferðarslys orsakast þá af framúrakstri og útafakstri vegna þess að á veginum er umferð í báðar áttir. Með vaxandi umferð hefur umferðarslysum farið mjög fjölgandi. Á þessum 50 km af 8.300 km þjóðvegakerfi landsins verða 12,3% allra umferðarslysa."

Því miður hefur þessi slysatíðni orðið til þess að það orðspor sem fer af Reykjanesbrautinni sem samgönguæð er ekki nægilega gott. Margir vegfarendur, og þá sérstaklega konur, bera kvíðboga fyrir því þegar haustar að aka Reykjanesbrautina frá Keflavík til Reykjavíkur og öfugt og draga það við sig að fara eða leita annarra leiða. Það má kannski segja að það sé gott mál fyrir sérleyfishafa og aðra að slíkt ástand komi upp að einhver vegur sé svo hættulegur að hann þarfnist sérstakra umferðarfarartækja svo að menn geti komist leiðar sinnar. En það er rétt að ítreka það að þau slys sem verða oftast á Reykjanesbrautinni, eða mjög oft, eru útafakstur í hálku. Menn fara út af út í hraun. Það er öðruvísi umhverfi við Reykjanesbraut en t.d. á Suðurlandsvegi. Þarna er mikið af úfnu hrauni þannig að þau slys sem verða, þessi 12,3%, verða oft miklu alvarlegri en prósentuhlutfallið gefur til kynna.

Annar þáttur er að ferðamönnum sem koma til Íslands á reiðhjólum og koma með flugi hefur fjölgað

stórlega hin seinni ár. Og við sem ökum þennan veg daglega eða oft á dag lendum í því jafnt þegar við erum að mæta löngum bílalestum að annaðhvort mætum við löngum lestum reiðhjólamanna sem eru að koma til landsins eða fara af landi brott. Eitt af því sem vekur ótta margra við að lenda í umferðarslysum eru þessir ágætu hjólreiðamenn. Að sjálfsögðu eru þeir velkomnir en það er ekki heppilegt að þeir þurfa að fara þennan eina veg til þess að komast á eitthvert annað horn landsins til að skoða, sú gífurlega umferð sem þarna á sér stað. Þá eru álagspunktar í umferðinni. Hún er að jafnaði kannski 6, 7–8 þús. bílar á sólarhring, en það koma álagspunktar á morgni og síðdegis þar sem umferðin fer upp í 30–40 þús. bíla. Það eru hinar stanslausu lestir sem ganga á milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Það er réttilega bent á það að verði álver byggt á Keilisnesi muni álag aukast enn þá meir á Reykjanesbraut sem umferðaræð frá aðaluppskipunarhöfnum hér á höfuðborgarsvæðinu, sem byggingarefnið verður sjálfsagt flutt um að hluta eða önnur vara sem til álversins þarf. Þar að auki, ef byggingartími þessa álvers verður styttur eins og nú stendur til, úr þremur árum í tvö þá fjölgar að sjálfsögðu þeim starfsmönnum sem þurfa að vera samtímis við vinnu. Það er talið að það þurfi allt að 2500 starfsmenn samtímis til að koma þessu álveri af á tveimur árum í staðinn fyrir áætlaðan tíma áður, þremur.

Hæstv. forseti. Ég tel tvöföldun Reykjanesbrautarinnar vera núna komna í brennidepil og framkvæmdir þar séu þjóðhagslega hagkvæmar, hvort sem litið er til umferðaröryggis eða flutningsgetu. Það er von flm. að hæstv. samgrh. hrindi verkinu í framkvæmd af fullri festu og sem fyrst.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegur forseti. Tvöföldun Reykjanesbrautar er málefni sem oft hefur verið rætt hér á Alþingi og ég fullyrði að allir þingmenn Reykjaness hafa mikinn áhuga á og hafa margoft rætt á fundum með vegamálastjóra. Hins vegar vekur það athygli mína þegar maður les hverjir bera fram þessa tillögu að hv. þm. Salome Þorkelsdóttur hefur ekki verið boðið að vera með, þrátt fyrir að hún sé ein þeirra manneskja sem hvað mest hafa sýnt þessu máli áhuga. Kannski má rekja það til þess að prófkjör er væntanlegt hjá Sjálfstfl. Önnur skýring getur varla verið fyrir hendi.

Það er ástæða til að geta þess að Reykjanesbraut hefur eyðst mjög illa á undanförnum árum. Þó er þetta braut sem sennilega hefur farið hvað minnst viðhald í síðan hún var byggð vegna þess að hún var byggð úr steinsteypu. Þær endurbætur sem nú eiga sér stað og hafa verið framkvæmdar nú í sumar hafa orðið vegna þess að þingmenn Reykjaneskjördæmis töldu rétt að leggja áherslu á það nú að hefja endurbætur, gera brautina akfæra, verja fjármunum í það sem að mestu leyti koma af viðhaldsfé nú vegna þess að menn sáu það fyrir að ekki voru til fjármunir til nýframkvæmda, ekki af vegafé Reykjaness alla vega núna þetta árið og eitthvað áfram.

Þingmenn Reykjaness létu gera könnun á ástandi Reykjanesbrautar. Frá Vegagerðinni kom stutt greinargerð um brautina. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú þegar er orðið erfitt með framúrakstur á vissum tímum dagsins og skapar það hættu fyrir umferðina. Ef gerðar yrðu þær úrbætur sem lýst er í næsta kafla, þyrfti ekki að tvöfalda brautina fyrr en umferð verður orðin 8–10 þúsund bílar á dag að meðaltali allt árið. Ef umferðaraukning verður svipuð og sýnt er á mynd 1," — sem er í þessari skýrslu og mönnum var afhent á sínum tíma, — „þá þarf að tryggja aðra braut á árunum 2005–2010. En hafa þarf í huga að þessi umferðarspá getur hæglega breyst t.d. vegna byggðaþróunar og atvinnustarfsemi á Suðurnesjum."

Þá er farið nokkrum orðum um kostnaðinn þar sem hann er metinn í fyrra 950 millj. en síðan er rætt um það hvað skuli gera til þess að brautin verði betri, til þess að hún verði ökufær. Hún var orðin vart ökufær vegna þess hversu steinsteypan hafði eyðst. Þá er lagt til að ljúka klæðningu á axlir en eftir er að leggja klæðningu á kaflann frá Kúagerði að flugstöð eða samtals um 23 km. Og síðan segir: „Stefnugreina og lýsa öll helstu gatnamót," og eru þau talin upp í þeirri röð er undirritaður telur að eigi að vera forgangsröðun, þ.e. Rögnvaldur Jónsson. Hann telur síðan upp þá staði og það er fyrirhugað að gera þetta. 11 gatnamót eru talin upp og er meiningin að verði haldið áfram að gera brautina öllu betri.

Um fleira sem þarf að gera segir hann:

3. Gera framúrakstursreinar til að auðvelda og gera framúrakstur öruggari. Líklega væri rétt að byggja reinar með 5 km millibili og að lengd hverrar reinar verði um 1,5–2 km. Samtals gæti því lengd þessara framúrakstursreina verið um 16 km.

4. Setja þarf stærri og betri leiðamerkingar á og við öll gatnamót svo að ökumenn eigi ekki í neinum erfiðleikum með að finna gatnamótin.

5. Eftir að framúrakstursreinar hafa verið byggðar er rétt að breyta yfirborðsmerkingum þannig að hindra eins og hægt er framúrakstur án þess þó að banna hann nema á framúrakstursreinum.

6. Setja vegstikur með stærra og meira endurskini heldur en nú er.

7. Auka vetrarviðhaldsþjónustu þannig að byrjað sé að þjónusta veginn áður en umferð byrjar á morgnana.

Þetta eru verkefni sem þigmenn Reykjaneskjördæmis fengu framgengt að verða framkvæmd. Byrjað hefur verið á þessu og búið er að leggja að mestu það lag á brautina sem þurfti að gera en annað er eftir. Ég vænti þess að það gangi fljótt fyrir sig. Það mun bæta brautina allmikið. Sérstaklega þarf að huga að því að laga axlir vegarins þannig að þær verði úr varanlegu slitlagi. Tilfellið er að flest slysin hafa gerst við það að menn hafa ekið út af og mundi slysum fækka ef axlirnar yrðu malbikaðar.

Það kemur líka fram í því sem vegagerðarmenn segja að helsta ástæðan fyrir slysum er hraðakstur. Hraðakstur er geysilegur á brautinni og ég tel að löggæsla ætti að vera þar meiri. Það er líka allnokkuð um það að menn lenda í óhöppum vegna þess að áfengi

hefur verið haft um hönd.

Þetta eru þau viðfangsefni sem þingmenn Reykjaness hafa talið brýnast að framkvæma til þess að gera veginn skaplegri. Hins vegar er það hugsjón okkar, ég býst við allra, að brautin verði tvöfölduð og það verður að gera eins fljótt og unnt er. Það leysist ekki með þáltill. örfárra þingmanna án samráðs við aðra, ég tala nú ekki um þeirra sem hafa sýnt þessu hvað mestan áhuga. Ég vænti þess að samstaða takist um það að þessi vegur verði tvöfaldaður. Ég minni á það líka að úr þéttbýlinu kemur mest fé í Vegasjóð og þar er nauðsynin mest að umferðin verði greið því að þar eru bílarnir flestir. Þær röksemdir sem hv. flm. setti hér fram eru allar réttar og var það ágætlega gert. En ég minni á það að til þess að ná fram framkvæmdum í þessu þarf að tryggja fé, það þarf að tryggja fjármuni, það þarf að koma því til vegar að staðið verði að verki þannig að brautin verði lögð á sem allra stystum tíma. Á meðan það er ekki tryggt verða menn væntanlega að leggja til nýjar fjáröflunarleiðir.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í ræðu hæstv. samgrh. þegar var verið að fjalla um þáltill. um samgöngubætur á Vestfjörðum er stór hluti þeirra mála sem nú eru lögð fyrir hv. Alþingi mál sem fjalla um samgöngubætur og þá fyrst og fremst um vegamál. Þingmenn kjördæma, oft sameinaður hópur allra þingmanna kjördæma og í öðrum tilfellum eins og hér blandaður hópur, með í hópnum þingmaður utan kjördæmisins eins og hv. 5. þm. Vesturl., og svo á hinn veginn einnig að þingmenn eru að bera fram málefni einir eins og það mál sem ég nefndi hér áðan sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson flutti í sambandi við vegamál á Vestfjörðum. Allt bendir þetta til þeirrar áttar að staðan í þessum málaflokki sé ekki alveg sem skyldi og vandamálin vítt og breitt um landið mikil.

Ég tel að tími sé kominn til þess að fjalla um efni þeirrar tillögu sem hér er til umræðu og taka um það ákvörðun að leggja í framkvæmdir til þess að bæta vegaástandið á Suðurnesjum, eða leiðina Keflavík-Reykjavík. En staðreyndin er sú að þetta er líka hægt að segja um þá tillögu sem ég nefndi hér áðan, tillögu Þorvaldar Garðars um vegabætur á Vestfjörðum. Og óræddar hér á dagskrá tillaga hv. þm. Kristins Péturssonar um vegabætur á Austfjörðum. Alls staðar er það á þann veg að verkefnin eru það stór að við sjáum ekki út fyrir þau með því fjármagni sem er skammtað til þessara hluta, ekki í ár og ekki á næsta ári. Tillögur í fjárlagafrv. eru ekki það háar að það séu líkur fyrir því að farið verði inn á nein ný verkefni umfram það sem er í vegáætlun. Má gott heita, ef sú upphæð sem nú er í fjárlögum verður ekki hækkuð, að staðið verði við vegáætlun á næsta ári. Þetta leiðir hugann að því hvernig hefur verið staðið að þessum málum á síðustu árum.

Eins og kemur hér fram og við vitum var Reykjanesbrautin lögð á árunum 1963–1965. Síðan liðu 20 ár án þess að verulegar framkvæmdir væru gerðar í vegamálum. Reyndar mun það hafa verið á árunum 1972–1974 sem vegurinn um Skeiðarársand var lagður, Suðurlandsvegur. Síðan kom samtenging hringvegarins og svo var í tiltölulega litlum áföngum lagður vegur austur yfir fjall. Reyndar mun ekki hafa verið komin samtenging að Selfossi fyrr en í kringum 1980. En 1981 er samþykkt á hv. Alþingi till. um langtímaáætlun í vegagerð og það er gerð langtímaáætlun í vegagerð á árunum 1982–1983. Eftir þeirri langtímaáætlun hefur verið farið að miklu leyti, eða hún hefur verið ramminn í kringum framkvæmdirnar.

Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir til vegaframkvæmda 2,24% af vergri þjóðarframleiðslu. Það var þó ekki eins mikið og hafði verið lagt til þessara framkvæmda á tímabilinu þegar var verið að leggja veginn um Skeiðarársand. Þá mun hafa verið farið upp í 2,3% af vergri þjóðarframleiðslu í 2–3 ár.

En þrátt fyrir að hv. Alþingi hafi gengið út frá því að þessir fjármunir skyldu lagðir til vegagerðar hefur aldrei verið staðið við þá áætlun. Á síðustu árum hefur þetta framlag farið allt niður í 1,16% af vergri þjóðarframleiðslu. Hv. þm. og framkvæmdarvaldið hafa ekki treyst sér til að standa við það fyrirheit sem sett var upp með langtímaáætlun 1983. Vitaskuld erum við að súpa seyðið af þessu núna og allar þessar till. sem hér eru lagðar fram í dag, í aðfarandi kosningum, eru áminning um að hér hefur ekki verið staðið við hlutina á þann veg sem þjóðin ætlaðist til og jafnvel eins og þingmenn ætluðust til og þótti ekkert mikið þegar var verið að ræða um þessi mál hér á hv. Alþingi 1983.

Það er greinilegt að það verkefni sem hér er til umræðu þolir ekki langa bið, að farið verði í það verkefni að tvöfalda Reykjanesbraut. Og ekki kannski síst ef af því verður að byggð verði álverksmiðja á Keilisnesi, sem allt virðist nú stefna í. En hvað gerist ef við þurfum kannski eftir eitt eða tvö ár að fara að byggja upp þá vegi sem byrjað var á í upphafi uppbyggingar vega á landinu? Það getur varla þýtt annað en það að þær framkvæmdir sem þegar eru komnar inn á vegáætlun, eða a.m.k. í hugum manna að eigi að gera á næstu kannski fimm árum eða næsta áratug, hljóta að dragast nema gerð verði gangskör að því að auka það fjármagn sem lagt er til vegagerðar á landinu. Það eru fleiri verkefni hér í kringum Reykjavík, hér á þéttbýlissvæðunum, sem bíða þess að hafist verði handa um framkvæmdir. Það eru allar líkur á því að ekki líði á löngu þar til við tölum um t.d. að byggja þurfi aðra akrein austur fyrir fjall, eða a.m.k. á ákveðnum hluta þeirrar leiðar. Þá stöndum við frammi fyrir því að ekki er einu sinni búið með hringveginn. Og stórir hlutar þjóðbrauta, sem eru með yfir 100 bíla umferð á dag, eru þannig að þeim verður ekki við haldið nema með bundnu slitlagi, meginhluti þess akvegakerfis er óunninn enn þá, eða um 70% þjóðbrauta.

Ég tel að núna á þessu þingi þurfi að verða stefnubreyting, hvað sem stendur í fjárlagafrv. Hv. þm. eiga að sýna það að við búum ekki við þá stöðu sem hefur verið í vegamálum. Við getum ekki búið við annað en að þar verði á breyting. Miðað við að við ætt-

um að vera með 2,24%, eins og áður var útreikningur, af vergri þjóðarframleiðslu þá þyrftum við að vera með 6,6 milljarða til vegamála. Í fjárlagafrv. eru þetta rúmlega 4,6 milljarðar, þ.e. við erum 2 milljörðum undir áætluninni sem við gerðum okkur 1983. Við þingmenn ættum nú að sameinast um að lyfta þessari tölu og að á kosningaári verði nú í fyrsta skipti framkvæmt fyrir þá fjárhæð sem áætluð var á árinu 1983 til vegagerðar á Íslandi.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mjög eðlilegt að þessu máli sé hreyft hér á hinu háa Alþingi. Hins vegar þykir mér það svolítið einkennilegt, ef menn ætlast til árangurs og þess að málið nái fram að ganga, að það skuli aðeins flutt af þremur þingmönnum, sem nú eru í einum flokki. Mér finnast það svolítið einkennileg vinnubrögð og hygg að í flestum öðrum kjördæmum hefðu þingmenn kjördæmisins úr öllum flokkum staðið saman að slíkum tillöguflutningi til þess að sýna samstöðu og til að leggja áherslu á hvers eðlis málið er, og gefa málinu þunga og sýna mikilvægi þess. Þess vegna verð ég að segja það að mér finnast þetta svolítið einkennileg vinnubrögð. En það er auðvitað ekkert við því að segja. Þetta er val þeirra flm. um vinnuaðferðir.

Eins og ég sagði í upphafi er mjög eðlilegt að þessu máli skuli hreyft. Reykjanesbrautin, eins og svo margir aðrir vegir í okkar vegakerfi, er varasamur vegur að mörgu leyti. Þar er mikil umferð og þar, eins og víða annars staðar, það er ekkert sérstakt fyrir Reykjanesbrautina, verða snögg umskipti, myndast snögglega hálka. Það gerist í Hvalfirðinum og það gerist miklu víðar. Það gerist á fjallvegum og nánast hvar sem er, það er ekkert sérstakt fyrir Reykjanesbrautina. (**SkA:** Og undir Hafnarfjalli.) Já, ekki síður undir Hafnarfjalli, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson minnir á.

En það eru nokkur atriði í þessu máli sem mig langar til að víkja að. Reykjanesbrautin var fyrsti alvöruþjóðvegurinn sem við eignuðumst hér á landi þegar hún var steypt, og takið eftir, hún var steypt. Það varð til þess að hún þurfti nánast ekkert viðhald fyrr en 20–25 árum eftir að hún var lögð. Það sýnir betur en allt annað hverja kosti það hefur, þó stofnkostnaður sé meiri, að nota steinsteypu við vegagerð á fjölförnum vegum. Það hefur sýnt sig líka hér við Reykjavík og á leiðinni t.d. upp í Mosfellssveit að í rauninni er endingin svo margföld að núna þegar verið er að malbika ofan í hjólförin sem myndast hafa í Reykjanesbrautina, og var þó búið að fræsa hana einu sinni, a.m.k. að hluta ef ekki alla, að það hefði áreiðanlega annars þurft að malbika þennan veg á 4–5 ára fresti. Ef notað hefði verið sama efni og notað var í brautina að nýju flugstöðinni þá hefði þurft að malbika þennan veg annað hvert ár ef ekki árlega. Ég sé að hv. 1. þm. Reykn. kinkar kolli því að hann veit að þetta er rétt.

Það má veigamikil rök að því leiða að nauðsynlegt sé að ráðast í tvöföldun á þessari braut. Það er vissulega rétt. Ég hygg hins vegar að það megi líka leiða rök að því að sá tími sé ekki alveg kominn, a.m.k. samkvæmt þeim útreikningum sem sérfræðingar Vegagerðarinnar miða við. En hann sé samt á næsta leiti og rétt að hefja undirbúning málsins. Ég minni á það að við eigum mjög mörgum öðrum verkefnum ólokið. Og eins og segir hér í grg.: „Reykjanesbrautin er því þjóðvegur allra landsmanna.“ Ég veit ekki betur en þjóðvegirnir séu þjóðvegir allra landsmanna. Ég veit ekki betur en vegurinn vestur Mýrar t.d., þar sem mikil verkefni eru óunnin, sem er í mjög slæmu ásigkomulagi, sé líka þjóðvegur allra landsmanna. Ég held að því verði ekki á móti mælt.

Með þessum samanburði er ég ekki að gera lítið úr nauðsyn þess að ráðast í framkvæmdir við Reykjanesbrautina. Þær munu áreiðanlega kosta 1,5 milljarða a.m.k. Það er alveg ljóst að við verðum þá að grípa til einhverra nýrra ráða til þess að fjármagna vegaframkvæmdir ef við ætlum að gera þetta strax. Vegna þess að önnur verkefni hafa líka ríkan forgang. Mér er það alveg ljóst að mikið af tekjum til vegamála verður til hér á þessu svæði. Það er alveg rétt. En það þýðir ekki að aðrir vegir eigi að sitja endalaust á hakanum. Við verðum þá á hinu háa Alþingi að taka ákvarðanir um að gera þetta með einhverjum öðrum hætti en við höfum gert.

Mig langar til að nefna það að lagning Reykjanesbrautarinnar á sínum tíma var fjármögnuð með alþjóðlegu láni, fyrir utan vegafé. Mér þykir leitt að hæstv. samgrh. skuli ekki vera hér til að fylgjast með þessari umræðu. Ég held að ég fari þar með rétt mál, og það hafi raunar komið fram á fundi í gær, að afborganir af þessu láni, sem notað var til að leggja Reykjanesbrautina, hafi ekki komið af vegafé, þær hafi komið úr ríkissjóði. Staðreyndin er sú að nokkur kjördæmi hér á landi hafa notið, ég vil segja, þeirra forréttinda að fá meiri háttar vegaframkvæmdir utan við vegafé, eins og það hét einu sinni, eða vegáætlun, eins og það heitir nú. Þar er Reykjanesbraut. Þar er vegurinn austur yfir fjall, sem var lagður fyrir lán frá Alþjóðabankanum sem ekki hefur verið, ef mig ekki misminnir, greitt af vegafé. Þar voru vegaframkvæmdir á Vestfjörðum, hin sérstaka Vestfjarðaáætlun. Þar var hringvegurinn, vegurinn yfir Skeiðarársand, sem var fjármagnaður með happdrættisfé. Á Norðurlandi eystra munu einhverjar vegaframkvæmdir hafa átt sér stað. Hafísvegur t.d., sem var sérstaklega fjármagnaður, ég hygg að ég fari þar með rétt mál, sá vegur sem kallaður var hafísvegur, og kannski eitthvað fleira, en þó ekki jafnmikið og í öðrum kjördæmum. Svo eru aftur önnur kjördæmi, eins og Vesturlandskjördæmi, þar sem stórframkvæmdir, t.d. Borgarfjarðarbrúin, voru í upphafi fjármagnaðar eingöngu af vegafé kjördæmisins, sem fór þá niður úr öllu valdi. Seinna var því breytt, eftir tvö fyrstu árin, að ég hygg, og þá fjármagnað með öðrum hætti.

Ég held að við þurfum að leiða hugann að því í fullri alvöru hvernig við fjármögnum svona stórverkefni. Það er greinilegt að við gerum það ekki með þeirri aðferð sem við notum nú. Við gerum það ekki með því að búa til langtímaáætlun í vegamálum, eins og hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Vesturl., vék að, og setja okkur markmið sem við stöndum svo aldrei við.

Við gerum það ekki heldur með því að taka til fasta tekjustofna og skerða þá síðan, eins og ýmis dæmi eru um, ekki varðandi vegamál kannski sérstaklega, heldur varðandi ýmsa aðra merkta tekjustofna. Hér verðum við að leita einhverra nýrra leiða og láta ekki deigan síga vegna þess að þessi mál eru ekki aðeins undirstaða byggðastefnu, samgöngustefnan, heldur ríður líka á miklu að umferðarmannvirki séu í samræmi við þær kröfur sem umferðin gerir þannig að slysahætta verði ekki meiri en óhjákvæmilega fylgir því að vera í umferð.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, lengja þetta mikið frekar. Ég legg áherslu á mikilvægi þess að þetta er framkvæmd sem er nauðsynleg, en bendi jafnframt á að það eru líka aðrar framkvæmdir sem eru ekki síður nauðsynlegar þó að bílafjöldinn þar sé ekki eins mikill og fólksfjöldinn, sem í hlut á, ekki jafnmikill.

Það var aðeins eitt atriði sem ég vildi spyrja hv. 1. flm. um vegna þess að í töflunni hér um umferð og slys á Reykjanesbraut sé ég ekki betur, og les tölurnar þannig, að milli áranna 1988 og 1989 hafi umferðin á Reykjanesbrautinni minnkað. Hér er meðaldagsumferð 1988 8632 bílar á dag og 7806 árið eftir, á dag umferð 4974, 4789 1989, þ.e. umferðin hefur minnkað töluvert mikið, ekki kannski töluvert mikið en þó nokkuð. Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Eftir nokkra stöðnun á árunum 1978–1982 fer því umferð á Reykjanesbraut greinilega ört vaxandi.“ Nú er bara tvennt til. Annaðhvort eru þetta prentvillur eða hv. flm., sem væntanlega hefur skrifað grg., hefur alls ekki lesið töfluna. Vegna þess að ég sé ekki hvernig hægt er að segja það, það getur vel verið að hér séu einhverjar sérstakar undantekningar, en engu að síður er umferðin skv. þessari töflu, ef hún er rétt, minni 1989 en 1988.

Það er rétt að ef verður af byggingu álvers í Keilisnesi þá mun umferð aukast nokkuð. Hún mun ekki aukast, held ég, eins mikið og menn halda, m.a. vegna þess að um leið og verður búið að koma upp hafnaraðstöðu munu auðvitað sem næst allir efnisflutningar, bæði steypuefni og annað, fara fram sjóleiðina að mjög miklu leyti, allir mestu þungaflutningarnir. Það hlýtur að verða lögð áhersla á að koma upp hafnaraðstöðu og síðan verður umferðin að Keilisnesi auðvitað úr báðum áttum og í báðar áttir, menn skyldu ekki gleyma því.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Því miður missti ég af upphafi þessarar umræðu, ég var við önnur störf hér í húsinu, og heyrði því ekki alla umræðuna, en vil samt fá að leggja nokkur orð hér í belg. Ég vil taka til að byrja með undir orð hv. þm. Eiðs Guðnasonar í upphafi ræðu hans hér áðan að miðað við hvernig við höfum starfað í þingmannahópnum í Reykjanesi þá hefði ekki verið óeðlilegt að öðrum þingmönnum kjördæmisins hefði verið boðið að vera með á þessari till. Ég vek athygli á því að þegar þessi mál voru rædd í þinghópnum fyrir sennilega tveimur árum síðan og aftur fyrir liðlega ári náðist samkomulag um það á hvern hátt yrði staðið að viðhaldi brautarinnar og nú er í gangi þriggja ára áætlun um að koma núverandi vegi í betra horf en hann er í í dag. Eins og flestir hér inni vita þá hefur hann verið í mjög slæmu ástandi alveg fram undir þessa viðgerð sem nú er hafin. Ég held að það hefði út af fyrir sig tryggt öruggari og fjótvirkari framgang málsins. Ég vil eftir sem áður, þó að ég segi þetta, lýsa yfir fullum stuðningi við þessa tillögu að fela samgrh. að hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautarinnar.

Það eru ýmis atriði sem hér hafa verið nefnd til rökstuðnings þess að tvöfalda brautina. Umferðin samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar er ekki talin ná tíu þús. bíla umferð á dag, sem þeir telja skilyrði fyrir því að það þurfi að tvöfalda brautina, fyrr en, ef ég man rétt, árið 2005. Þeir miða það við meðaltal á sólarhring. Þeir sem keyra brautina daglega, eins og ég og fleiri hér inni gera, vita að umferðin skiptist raunverulega á tvo þunga punkta á sólarhring. Það er snemma á morgnana og aftur síðdegis. Þannig að ég held að það verði að taka tillit til þess þegar menn eru að reikna út meðaltal akstursins á sólarhring að það er mjög þung umferð fyrst og fremst á tveimur tímapunktum. Það er vegna flugumferðarinnar á Keflavíkurflugvelli, vegna farþegaflutninganna, og í öðru lagi vegna starfsfólksins sem vinnur hjá verktökum og varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Ég er hins vegar ekki alveg sammála Eiði Guðnasyni í því að álverksmiðjan muni ekki nema fyrst í stað valda mikilli aukningu á umferð. Auðvitað mun umferðin vegna starfsmanna skiptast frá Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. En það er talið að þarna verði liðlega 650 starfsmenn og það er alveg augljóst mál að þeir munu keyra brautina, kannski frá sitt hvorum enda, en umferð um brautina mun aukast mjög verulega.

Ég held að mjög brýnt sé að hefja þennan undirbúning hið allra fyrsta og gera áætlanir þannig að menn geri sér grein fyrir því í fyrsta lagi hver kostnaður við slíkt verk er og í öðru lagi á hvern hátt er hægt að fjármagna það. Ekki ætla ég að gera lítið úr þeirri vegalagningu sem þörf er á víðs vegar um landið. En menn skulu ekki gleyma því að þetta er ekki bara vegurinn til að komast til Suðurnesja. Þetta er líka þjóðvegurinn til þess að komast á þann eina alþjóðlega flugvöll sem við höfum hér á landi, enn þá a.m.k. Miklir þungaflutningar fara líka þarna fram og þeir eiga trúlega eftir að aukast mjög mikið á næstu árum.

Það er eitt atriði sem ég minntist á hér á þinginu fyrir allmörgum árum og þyrfti raunverulega að taka til athugunar, kannski um leið og svona tillaga er könnuð hjá samgrn. Við fluttum tveir þingmenn, ég og Þórarinn Sigurjónsson, fyrrv. þm. Suðurl., þáltill. fyrir nokkrum árum þar sem lagt var til að könnuð yrði hagkvæmni þess að leggja rafknúna járnbraut frá Reykjavík að flugstöðinni og jafnframt frá Reykjavík og austur fyrir fjall. Sú tillaga náði þá ekki fram að ganga og verður að segjast eins og er að ég held að allmörgum þáv. þingmönnum hafi þótt þetta heldur

brosleg tillaga um járnbraut hér á landi. Ég held að með Flugstöð Leifs Eiríkssonar væri það mjög til athugunar að skoða þann möguleika. Það er náttúrlega mikill fjöldi farþega sem fer bara á flugstöðina og síðan beint í bæinn og á sama hátt mundu, ef slíkt yrði ofan á og yrði talið hagkvæmt, trúlega farþegar til Suðurnesja taka þessa járnbraut suður eftir og síðan mundi verða útbúið samgöngunet á vegum sérleyfisbifreiða Keflavíkur um Suðurnesin. Kosturinn við þá aðgerð yrði náttúrlega fyrst og fremst sá að slík lest mundi geta farið með slíkum hraða að trúlega þyrfti ekki meira en 20 mínútur til að komast þessa leið. Það þarf að taka endanlega afstöðu til slíkra hugmynda innan skamms tíma þannig að það verði enn þá pláss fyrir endastöð hér á Reykjavíkur-, Kópavogs- og Hafnarfjarðarsvæðinu því að til þess að slík lest sé hagkvæm þarf hún að geta farið frá einum stað og suður eftir, án margra stoppa á leiðinni.

Það var líka minnst áðan á mismuninn á því að steypa slíkan veg og malbika hann. Ég held að við þurfum ekkert að eyða mörgum orðum í hver mismunur er á því. Það er eitthvað hærri stofnkostnaður við að steypa en ég held að við Suðurnesjamenn höfum kynnst því mjög vel. Kafli af brautinni er malbikaður, gegnum Njarðvíkurnar og upp á Stapann, og ég held að það megi fullyrða að ef vel ætti að vera mætti ekki líða meira en 2–2$^1/_2$ ár á milli þess að sá vegarhluti væri malbikaður þó að stundum hafi það kannski dregist í 3–3$^1/_2$ ár.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við tillöguna og mun gera mitt til þess að greiða framgang hennar hér í þinginu.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð hér inn í þessa umræðu. Það má segja að það hafi komið hér fram hjá hv. 4. og 8. þm. Reykn. það sem ég ætlaði nú að leggja megináherslu á.

Fyrst það að hér er auðvitað mjög stórt og mikilvægt mál til umræðu, þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautar, en vegna þess að mitt nafn var nefnt hjá hv. 4. þm. Reykn. og vakin athygli á því að ég væri ekki einn af flm. þessarar tillögu þótti mér nauðsynlegt að láta það koma fram að það er ekki vegna þess að ég hafi ekki áhuga á þessu máli heldur er það nú þvert á móti, en af einhverjum ástæðum var ekki leitað til mín að vera meðflm. Mér dettur ekki í hug að það hafi verið gert af vondum hug hjá hv. 11. þm. Reykn. Ástæðan hlýtur að vera einhver önnur.

Það kemur náttúrlega skýrt fram í upphafi grg. þáltill. hvernig hún er til komin upphaflega þegar hún er flutt fyrst á þinginu 1987–1988, ekki af þingmönnum Sjálfstfl., og ætla ég ekki að rekja það neitt frekar. Það er alveg ástæðulaust að gera það.

En ég vildi aðeins taka undir það sem hér hefur komið fram um samvinnu þingmanna um málefni sem snúa að kjördæmum þeirra. Það er nú einu sinni svo að þingmenn hafa miklar skyldur við kjördæmi sín, eins og við vitum öll, og þarf ekki að segja þingmönnum það, en það þarf kannski stundum að koma því á framfæri út fyrir veggi Alþingis. Ég verð að lýsa því yfir að samstarf okkar þingmanna í Reykjaneskjördæmi hefur verið með eindæmum gott um öll málefni kjördæmisins. Við erum vön því að vinna saman og leita eftir góðu samstarfi ef um slík mál er að ræða. Þannig höfum við unnið í samgöngu- og vegamálum sem, eins og hér hefur komið fram, er stór þáttur, mikilvægur og fjárfrekur, sem snýr að þessu kjördæmi sem liggur í gegnum og er á höfuðborgarsvæðinu, getum við sagt, og tengist höfuðborginni þar sem umferðarþunginn er svo gífurlegur, bæði innan borgarmarkanna og kringum borgarmörkin, að á sumum köflum aka, ef ég man rétt, líklega 60 þús. bílar á dag. Það segir sig sjálft að það hlýtur að þurfa að aðlaga skipulag samgangna og uppbyggingu mannvirkja í vegagerð með tilliti til þessa og þetta kostar mikið fjármagn. Og mikið fjármagn hefur farið í Reykjaneskjördæmi einmitt til þess að reyna að bregðast við þessum breyttu aðstæðum. Þetta þekkja þeir sem aka um Reykjanesbrautina eða til Suðurnesja í gegnum Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð og áfram suður úr. Þarna hefur mikið verið unnið á undanförnum árum og miklu meira þarf til. Reykjanesbrautin er einn af þeim þáttum sem við höfum verið að fjalla um og þessi greinargerð, sem Vegagerðin samdi að beiðni þingmannanna, er einmitt um það mál sem hér er verið að fjalla um, vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að það kemur að því að það verði að sinna þessu verkefni. Og nú hefur það gerst að allar líkur eru á því að álverið verði reist á Keilisnesi og auðvitað er það einn þáttur sem gerir það að verkum að enn brýnna verður að flýta verkefninu.

Ég sé að hv. 4. þm. Reykn. er ekki hérna í salnum en ég ætlaði svo sannarlega að bera fram örlítið þakkarávarp til hans fyrir hvað hann lét vinsamleg orð falla í minn garð og lét mig njóta sannmælis í þeim efnum að ég væri áhugamanneskja í þingmannahópnum um umferðaröryggismál. Ég vil staðfesta að það er rétt hjá honum og ég þakka honum fyrir að hafa látið það koma hér fram. Það hefur verið mitt baráttumál hér á Alþingi, eins og innan þingmannahópsins, að reyna að beita mér fyrir úrbótum miðað við aðstæður á hverjum tíma. Þegar fjármagnið er takmarkað að reyna þá að gera það sem kemur fyrst að notum, ef hægt er, t.d. varðandi lýsingu vega, vegamóta og annars slíks sem kostar kannski minna en mikil og stór mannvirki í vegagerð. Þetta höfum við lagt áherslu á. Við höfum verið sammála um þetta allir þingmenn kjördæmisins og unnið að þessu og ég tel að töluvert hafi áunnist og aukið umferðaröryggið að því leyti.

Þetta vildi ég láta koma fram, hæstv. forseti, vegna þess að þegar málið kom upp og nafnið mitt var nefnt sat ég í forsetastóli og hélt að ég mundi ekki fá tækifæri til að taka til máls. Nú kom það upp í hendurnar á mér og mér þótti því rétt að láta þetta sjónarmið mitt koma hér fram um leið og ég vil ítreka það að ég held að við, allir þingmenn kjördæmisins, gerum okkur fyllilega grein fyrir mikilvægi málsins og munum örugglega vinna sameiginlega að því í náinni framtíð.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Þær hafa á margan hátt verið fróðlegar og varpað ljósi á vegamál og uppbygginu þeirra og hugsun margra þingmanna í þeim málum. Það liggur ljóst fyrir eftir þessa umræðu að það er víða þörf á átaki í vegamálum. Það er þörf á því að ráðist verði í stórátök í vegalagningu á einstökum stöðum.

Ég get einnig tekið undir það og fagnað því að hér skuli hafa komið fram stuðningur frá þingmönnum, mjög eindreginn, við að fara út í tvöföldun Reykjanesbrautar og hefur raunar aldrei áður í umræðum um þetta mál, þetta er nú fjórða árið sem það er flutt, verið svona eindreginn stuðningur við það.

Ég gæti rifjað hér upp bæði fyrsta og annað árið, sem ég man sérstaklega eftir, sem þetta mál var flutt, umræður um það og hvernig málið varð til. Það var ekki jafneindreginn stuðningur þá og er nú. Ég fagna því að svo skuli vera orðið.

Auðvitað hefði verið æskilegt að fleiri hefðu verið á till. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir svona eindregnum stuðningi almennt. Að vísu hélt ég að í þingflokki Sjálfstfl. væru ákveðin vinnubrögð með að leggja slíkt fram. Menn óskuðu þá eftir að verða meðflm., þannig að það eru nú mistök að Salome Þorkelsdóttir skuli ekki vera hér með á frv. Ég hafði ekki áttað mig á því að það þyrfti að óska eftir því að menn væru með á því sem slíkir. Miðað við þær umræður sem hafa átt sér hér stað, þá er kominn tími til þess að við þingmenn Reykjaness sameinumst um þetta mál og ég fagna því að það skuli vera svo eindreginn stuðningur við það, eins og hér hefur komið fram.

Mér datt í hug þegar hv. 8. þm. Reykn. var að ræða um járnbraut á milli Keflavíkur og Reykjavíkur, að ég átti þess kost í sumar að ræða við forstjóra járnbrauta Svíþjóðar og járnbrauta Noregs og spurði þá um kostnað við lagningu á járnbrautum. Í þeim tölum sem þeir gáfu mér upp var ljóst að undirbygging og gerð teina fyrir járnbrautir var svo há tala að í fljótu bragði var það nokkuð ljóst að það mundi ekki vera á næstu árum sem við hefðum fjármagn til þess að hefja járnbrautarlagningu, og var þá ekki tekinn með búnaður og tæki, þ.e. lestirnar sem slíkar.

Ég vek athygli á því að í töflunum hér um umferðarslys kemur fram að þeim hefur fækkað miðað við 1987–1989. Ástæðan fyrir þessu er sú að á miðju ári 1988 var tekin upp ný skipan mála varðandi skráningu á slysum, þ.e. þetta eru bara slys sem lögregla hefur skráð. Þau slys eða árekstrar sem verða með þeim hætti að það er gefin skýrsla beint til tryggingarfélaga eru ekki hér með. Ég áttaði mig ekki á því þegar ég var að skrifa greinargerðina að láta það koma fram.

Varðandi umferðina þá er það svo að umferð milli tveggja ára er ekki marktæk sem slík. Það er umferðin yfir tímabil og umferðin yfir tímabil sýnir þennan stígandi. Hún getur auðvitað verið minni eitt árið en annað en það er ekki meginmálið. En aðalatriðið er það að það er stígandi í umferðarþunganum og það er það sem skiptir máli.

Ég tek einnig undir það sem hefur verið sagt hér um að tryggja fjármuni til þessara hluta með einhverjum öðrum hætti en gert hefur verið, eða með þeim hætti að það sé hægt að fara í slík stórverkefni. Í grg. með till. gerði ég ráð fyrir því að það væri hægt að fjármagna þessa framkvæmd með sama hætti og sambærilega framkvæmd sem þegar hefur verið farið út í og var samþykkt hér orðalaust á síðasta vori og þótti mönnum ekkert að því að samþykkja þá aðferð. Í till. er þess vegna aðeins vikið að því að það verði farið út í fjármögnun með sama hætti og var samþykkt sl. vor með þá framkvæmd. Ég ætla ekki að hafa þessi orð um það öllu lengri.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að það er ánægjulegt að heyra í þingmönnum í sambandi við vegagerð og að menn geri sér grein fyrir því hvað þörfin er brýn með þennan málaflokk. En ég veit ekki hvort, ég hef nú ekki hlustað á allar þessar umræður, menn hafa gert sér grein fyrir því að ef vegafé yrði það á næstu fjárlögum sem það er merkt nú, þá mundi það taka a.m.k. 30 ár að gera það sem Vegagerðin telur mjög brýnt. Og ég vil taka undir með hv. þm. Eiði Guðnasyni að þessar stærri framkvæmdir verða tæpast gerðar öðruvísi en að fá fjármagn utan vegáætlunar.

Ég tiltek jarðgöngin á Vestfjörðum og Austfjörðum, sem er mjög nauðsynleg framkvæmd ef menn meina eitthvað með því sem þeir eru að tala um, að það þurfi að halda byggðinni í sem líkustu horfi og hún er nú. Ég held að ef menn athuga hvaðan gjaldeyrisöflunin kemur fyrir þessa þjóð muni þeir átta sig á því að það þarf sérstaklega að halda þessum sjávarplássum við og þar þyrfti fólki meira að segja að fjölga. En þessi sjávarpláss standast ekki nema strjálbýlið í kringum þau haldist einnig. Þetta er ein kenning.

Þá er bara spurningin hvernig eigi að raða þessu upp. Það þýðir ekkert hér á hinu háa Alþingi að koma með þáltill. um að gera þetta og gera hitt, en hugsa ekkert um það aftur á móti hvernig eigi að fjármagna þær framkvæmdir. Það verður höfuðverkurinn. Þáltill. sem eru samþykktar hér en ekki ætlað fjármagn í eru marklausar. Þær eru viljayfirlýsing en ekki lög. Ég vonast til þess að þegar verður farið að ræða þessi mál almennt þá geti menn af sanngirni, hvar sem þeir búa, reynt að raða því upp miðað við þörfina og þannig verði staðið að slíkum framkvæmdum.

Það er líka rétt sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði um hafísveginn. Það fór fjármagn í hann utan við vegaféð í þrjú ár. Það átti að gera mikið meira miðað við þá tillögu sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi 1968 en var tekið af eftir þriggja ára fjárveitingu. Og þá var komið að Austurlandi því að þessu var skipt þannig að fyrstu þrjú árin fóru $^2/_3$ á Melrakkasléttuna á milli Kópaskers og Raufarhafnar en $^1/_3$ fór aftur á svæðið austan Þórshafnar. Svo átti það að snúast við þegar Sléttan væri búin en þá var fjármagnið tekið af. Ég vil bara minna á hvernig þetta gerðist.

Ég endurtek það að þeir sem hér hafa talað skilja þörfina fyrir vegagerð. En við megum ekki tala ein-

ungis miðað við hvar við eigum heima á landinu, fyrir hvaða kjördæmi við erum að vinna. Það verður að líta á þörfina, hvar hún er mest og fara eftir því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimilisiðnaðarráðgjafar, fyrri umr.

Þáltill. SnG o.fl., 88. mál. — Þskj. 91.

Flm. (Snjólaug Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 91, um heimilisiðnaðarráðgjafa. Flm. ásamt mér eru þingkonur Kvennalistans Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsrh. að stofna embætti heimilisiðnaðarráðgjafa til starfa á landsbyggðinni. Laun og annar kostnaður vegna starfsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Helstu verkefni heimilisiðnaðarráðgjafa verði eftirfarandi:

1. Að kanna stöðu heimilisiðnaðar og minjagripagerðar á landsbyggðinni.
2. Að leita uppi gamlan fróðleik um gerð ýmissa þjóðlegra muna með það að markmiði að þjóðleg handíð varðveitist og þróist áfram.
3. Að veita faglega ráðgjöf með því að efna til námskeiða þar sem kunnáttufólk leiðbeinir um rétt vinnubrögð og handtök við gamla heimilisiðnaðinn og mikilvægi þess að nota hráefni sem er sérstakt fyrir Ísland.
4. Að leggja sérstaka áherslu á vinnslu íslensku ullarinnar með því að standa fyrir tóvinnunámskeiðum.
5. Að sækja aðstoð til hönnuða og hugmyndasmiða í leit að nýsköpun í heimilisiðnaði.
6. Að aðstoða fólk við fjármögnun og markaðssetningu.
7. Að hafa samstarf við atvinnumálaráðgjafa þar sem þeir eru starfandi."

Tillagan sem hér er mælt fyrir er eitt af því sem hægt er að gera til að efla atvinnu á landsbyggðinni. Markmiðið með flutningi hennar er að sjá til þess að þeir sem fást við heimilisiðnað og minjagripagerð fái markvissa og faglega aðstoð og að sá handiðnaður og minjagripir sem seldir eru ferðamönnum séu þjóðlegir og Íslendingum til sóma.

Forsenda fyrir sjálfstæði hverrar þjóðar er að hún varðveiti þá menningu sem þróast hefur með henni. Íslendingar státa af glæstum bókmenntaarfi sem þeir hafa lagt mikla rækt við. Það gleymist hins vegar oft að þjóðin byggir menningu sína ekki síður á þeirri verkmennt sem hefur þróast í aldanna rás og að mikilvægt er að hlúa að hinum verklega þætti menningarinnar og varðveita hann. Konur hafa gegnt og gegna enn í dag mikilvægu hlutverki við varðveislu menningarinnar. Þær hafa átt stóran þátt í að ferja þjóðlegan fróðleik, þekkingu og verkkunnáttu frá einni kynslóð til annarrar.

Um árabil starfaði heimilisiðnaðarráðunautur á vegum Búnaðarfélags Íslands sem vann ómetanlegt starf. Það var Halldóra Bjarnadóttir sem ferðaðist um landið sem ráðunautur almennings í heimilisiðnaðarmálum og safnaði fróðleik um vinnubrögð og gerð heimilisiðnaðar frá því um aldamót og nokkuð fram eftir 20. öldinni. Einkum voru það ullarvinnubrögðin og handofnir munir sem Halldóra lagði áherslu á að varðveita ásamt fjölmörgu öðru. Einnig ferðuðust handmenntakennarar á vegum Kvenfélagasambands Íslands um landið og veittu tilsögn í mörgum greinum handmennta.

Handíðaskólinn var settur á stofn árið 1940, en eitt af höfuðmarkmiðum hans var að bjarga því sem bjargað yrði úr fornu listhandverki okkar, auka við það og færa til samræmis við nútímaþarfir. Þróun hans varð reyndar önnur í þessum efnum en ætlað var í upphafi. Hann þróaðist í það að verða myndlistarskóli og var það út af fyrir sig mjög gott. En við það dreifðist sú kennsla sem Handíðaskólinn veitti nemendum sínum í nánast öllum greinum handmennta á aðra staði eins og til hinna ýmsu iðngreina og handavinnudeildir skólans fluttust til Kennaraskóla Íslands, nú Kennaraháskóla Íslands. Þannig dreifðust greinarnar á fleiri en einn stað og markmið menntunarinnar varð annað.

Húsmæðraskólarnir unnu einnig gagnmerkt starf við handmenntir en síðan flestir þeirra voru lagðir af er engin stofnun á vegum hins opinbera sem sinnir þessu starfi sem skyldi. Heimilisiðnaðarskóli Íslands er sá skóli sem aðallega sinnir nú gamalli íslenskri handmennt, svo sem vefnaði, tóvinnu, útskurði, baldýringu og fleiru. En þar sem skólinn berst í bökkum fjárhagslega er oft erfitt að borga leiðbeinendum, kennurum og skólastjóra laun sem skyldi. Námskeiðagjöld hafa verið það há að margar konur sem gjarnan vildu læra það sem þarna er kennt hafa orðið frá að hverfa af þeim sökum. Einnig hefur orðið erfitt að kosta námskeið á landsbyggðinni og sjaldnast hægt. Þessi fjárskortur veldur því að skólinn á í miklum erfiðleikum með að ná markmiðum sínum.

Í fjárlagaumræðunni í janúar 1989 lögðu kvennalistakonur til að Heimilisiðnaðarskóli Íslands fengi 2 millj. kr. til viðbótar við þær 370 þús. kr. sem honum voru ætlaðar á fjárlögum þess árs. Sú tillaga var ekki samþykkt. Ekki er vitað hvaða fjármuni Heimilisiðnaðarskóli Íslands fær á fjárlögum næsta árs en óskandi er að Alþingi verði rausnarlegra nú en áður.

Eins og ég sagði áðan sinnir Heimilisiðnaðarskóli Íslands nú gamalli íslenskri handmennt við bág kjör. Myndlista- og handíðaskóli Íslands starfrækir nú textíldeild. Kennaraháskóli Íslands sinnir vissulega handmennt og útskrifar handavinnukennara sem starfa á grunnskólastiginu. Nauðsynlegt er að ofangreindir aðilar taki höndum saman og vinni að því markmiði að samræma menntun kennara á sviði heimilisiðnaðar og ættu stjórnvöld að hafa frumkvæði að slíkri samvinnu.

Nú eru orðin þau þáttaskil vegna breyttra heimilishátta og fólksfæðar á heimilum að verkkunnáttan berst

ekki lengur sjálfkrafa milli kynslóða. Það skiptir því sköpum að þessi þáttur menningarinnar glatist ekki og einhver aðili hafi það hlutverk að sjá um að hann varðveitist og þróist áfram. Kvennalistinn vill með þessari tillögu benda á mikilvægi þessa þáttar en ekki síður hitt að þessa þekkingu og kunnáttu má nýta til atvinnusköpunar um land allt. Vegna samdráttar í landbúnaði er nú þegar umtalsvert atvinnuleysi í sveitum og fyrirsjáanlegt að það muni enn aukast ef ekki verða fundnar nýjar leiðir til atvinnusköpunar.

Kannanir hafa sýnt að margar konur í sveitum komast oft ekki frá heimilum sínum til vinnu en þær vilja og þurfa atvinnu sem styrkir tekjuöflun fjölskyldunnar, atvinnu sem þær geta stundað heima og gefur möguleika á sveigjanlegum vinnutíma. Heimilisiðnaður sem atvinnugrein uppfyllir mætavel þessar þarfir sveitakvenna.

Mig langar að vitna í könnun sem Halla Aðalsteinsdóttir, Elín Líndal og Lísa Thomsen unnu í maí 1989 á vegum landbrn. og heitir „Konur í landbúnaði", með leyfi forseta:

„Það er einróma álit nefndarinnar að atvinnuleysi meðal kvenna í landinu er mun meira en opinberar skýrslur og atvinnuleysisskrár gefa til kynna. Margháttaðar breytingar í þjóðlífi okkar, erfiðleikar og samdráttur í atvinnulífinu eru aðalástæður fyrir þessari stöðu kvenna í dag." Síðar í nefndaráliti kvennanna þriggja segir m.a.: „Af svörum þeirra kvenna sem tóku þátt í umræddri könnun er ljóst að áhugi þeirra fyrir eflingu atvinnulífsins er verulegur. Af 701 þátttakanda voru það 87,5% sem annaðhvort höfðu áhuga fyrir vinnu eða töldu nauðsyn að efla atvinnu, eigi byggðin að standa."

Athyglisvert er að margar kvennanna sem rætt var við í fyrrgreindri könnun bentu á í svörum sínum að smáiðnaður ýmiss konar, eins og handavinna, minjagripagerð, matargerð og saumaskapur, væri æskileg leið til atvinnusköpunar fyrir konur. Í leitinni að nýjum störfum hefur Kvennalistinn einmitt margoft bent á að smáiðnaður af ýmsu tagi er vænlegur kostur, ekki síst fyrir konur. Ein tegund smáiðnaðar er heimilisiðnaður sem byggir bæði á íslenskri verkmennt og hráefni sem til fellur á heimilum eða finnst úti í náttúrunni. Í þessu sambandi langar mig til að minna á íslensku ullina sem er að margra mati eitt besta handiðnaðarhráefnið sem völ er á. Með leyfi forseta vil ég lesa úr grein sem Karl Sigurgeirsson, verkefnastjóri átaksverkefnis Vestur-Húnvetninga, skrifaði í blaðið „Hugur og hönd":

„Nú í haust kom nokkur hópur bænda saman í héraðinu og ákváðu þeir að hefja markvissa söfnun á haustull og koma henni í markaðshæft form, þvo hana og pakka í sölupakkningar. Búa á til litakort fyrir mislita ull þannig að kaupendur geti valið sauðalit eftir númerum. Einnig kemur til greina að bjóða þel og tog í söluumbúðum.

Þá er í athugun í héraðinu sá möguleiki að framleiða handiðnaðarband sem byggði sérstöðu sína á ullargæðum, sauðalitum og mildum þvotti."

Síðar í greininni segir: „Til að hefja ullina aftur til vegs og virðingar þurfa bæði framleiðendur ullar, sauðfjárbændur og söluaðilar að taka höndum saman því enginn hlekkur framleiðslunnar má bregðast. Þá munu aðrir sækjast eftir ullinni til hvers kyns úrvinnslu."

Flest bendir því til þess að hægt verði að fá úrvalsullarband til handiðnaðar innan tíðar og því mikilvægt að fólk hafi aðgang að ráðgjafa sem leiðbeint getur við gerð handunninna muna úr íslenskri ull.

Enn er til fólk sem kann að búa til fallega muni úr beinum, hornum, hrosshári og fleiru. Mikilvægt er að fá þetta fólk til að kenna öðrum áður en það er um seinan. Margt fallegt er hægt að gera úr steinum og hrauni. Benda má á að í Þjóðminjasafninu og byggðasöfnum víða um land er varðveittur gamall heimilisiðnaður, menningararfur, sem sækja má hugmyndir til og taka mið af þegar leitað er hönnunar og nýsköpunar því mikilvægt er að þeir munir sem framleiddir eru til sölu handa erlendum ferðamönnum séu þjóðlegir og úr íslensku hráefni.

Víða er autt húsnæði í sveitum þar sem fólk getur fengið aðstöðu til að vinna við handavinnu og minjagripagerð og komið á fót eins konar verkstæði handverksmanna. Í húsmæðraskólum, þar sem vefstólar og áhöld til vefnaðar eru fyrir hendi, væri hægt að starfrækja vefstofur sem tækju að sér að vefa áklæði og fleira í ýmsar opinberar stofnanir og kirkjur þar sem handofnir munir eiga vel við.

Á síðasta ári komu 131.000 útlendingar hingað til lands sem er 82% aukning frá árinu 1981. Allt bendir til þess að um 5% aukning verði svo á þessu ári að því ógleymdu, sem ekki er síður mikils virði, að Íslendingar sjálfir ferðast æ meira um eigið land. Með þessum aukna straumi ferðamanna, bæði íslenskra og erlendra, skapast enn stærri markaður og þörfin eykst fyrir vandaða handunna muni og minjagripi.

Til útskýringar á liðum 6 og 7 í tillögunni vil ég segja að okkur flm. finnst eðlilegt að heimilisiðnaðarráðgjafi hafi samvinnu við atvinnumálaráðgjafa og búnaðarráðunauta þar sem þeir eru til staðar um leiðir til fjármögnunar og markaðssetningar. Verkefni af því tagi eru fremur í þeirra verkahring og rétt að þessir aðilar hafi með sér samvinnu ef verkast vill.

Virðulegi forseti. Ég tel mig nú hafa gert grein fyrir tilgangi og markmiði þessarar tillögu og legg til að henni verði vísað til atvmn. að lokinni þessari umræðu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hefði kosið að eiga orðastað við einhvern annan hv. þm. Kvennalistans vegna þess að ég þekki ekki svo mjög til skoðana hv. 6. þm. Vesturl. Snjólaugar Guðmundsdóttur. En ég get ekki stillt mig um að fagna nú þeirri hugarfarsbreytingu sem orðin er í herbúðum Kvennalistans varðandi handmennt og heimilisiðnað.

Sú var tíðin, þegar við sem vorum með heimili og ung börn þegar kvenréttindahreyfingin gekk vaskast fram, að þá varð það fljótlega svo að allt sem hét heimilisiðnaður og handmennt var nánast skammaryrði og beinlínis hlegið að þeim sem lögðu tíma í að

sauma og prjóna og vinna önnur slík verk. Þetta viðhorf hefur vitaskuld fylgt öðrum breytingum í þjóðfélaginu.

Það leiðir af sjálfu að þegar konur fara nánast allar út á vinnumarkaðinn og hætta þar með að verulegu leyti störfum sem stjórnendur heimila og uppalendur barna sinna, þá breytir það auðvitað öllum heimilisiðnaði og handmennt, það leiðir af sjálfu. Og ég get ekki varist því að mér hefur stundum fundist, og ég hef áður sagt það hér í þingsölum, pólitík Kvennalistans vera í dálítið afmörkuðum hólfum þar sem höfuðbaráttumál þeirra hefur verið frelsi kvenna til þess að vera úti á vinnumarkaðinum og gera nánast hvað sem þeim sýndist og skal ég ekkert hafa á móti því. En það hefur vantað í alla þá umræðu: Hvernig breytum við þá þjóðfélaginu í samræmi við það? Við getum náttúrlega ekki bæði setið á vinnustað 8–10 tíma á dag og jafnframt alið upp börnin okkar og stundað handmennt, það segir sig sjálft. Ég er ekki einungis að ásaka þarna kvennalistakonur eða kvenréttindakonur almennt heldur einnig þjóðfélagið allt sem hefur auðvitað hvergi komið til móts við þá umtalsverðu þjóðfélagsbreytingu sem hefur orðið á síðustu áratugum.

En ýmislegt það, og því verður ekkert neitað, sem kvennalistakonur m.a. hafa barist fyrir hefur haft hliðarverkanir sem hafa reynst ákaflega neikvæðar. Nægir þar t.d. að nefna baráttu sem upp hófst þegar grunnskólalögin voru sett, að vitaskuld skyldi kenna drengjum og stúlkum hið sama. Þar með skyldu drengir prjóna og sauma og stúlkur smíða og annað þess háttar. Síðan hefur það komið í ljós að þessi þróun hefur orðið afar slæm. En það er ekki við þær að sakast hvernig þetta var gert. Drengir og stúlkur fengu jafna kennslu í öllum handmenntum en tímafjöldi var þar með skorinn niður um helming hjá báðum aðilum.

Í tilefni af þessari þróun bar ég fram till. til þál. á 110. löggjafarþingi um könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólum eftir gildistöku laga um grunnskóla nr. 63/1974. Þar fór ég fram á að ástand þessara mála yrði skoðað því ég sá það af eigin reynslu á mínu heimili, og ég býst við að margir foreldrar hafi uppgötvað slíkt hið sama, að stúlkur sem komnar eru næstum því að lokum grunnskóla eru ófærar um að festa á sig tölu, svo vægt sé til orða tekið. Og leiðir af sjálfu hvernig staðan er hjá hinum ungu drengjum. Úr því varð að menntmrn. lét gera könnun sem gerði auðvitað ekkert annað en að staðfesta það sem ég var að segja og ég hafði svo sem haft fregnir af frá handmenntakennurum landsins. M.a. studdist ég við grein eftir Arndísi Jónsdóttur, varaþingmann Sjálfstfl. á Suðurlandi, í því þskj. sem till. mín var í. Síðan átti ég þess kost að sitja marga fundi með handmenntakennurum sem urðu mjög glaðir að einhverjir sinntu þessum málum. Þar töluðu allir í einum kór um að þetta væri í megnasta ólestri og svo er komið því miður handmenntakennslu í grunnskólanum í dag.

En mér þykir ánægjulegt að fleiri en ég hafa tekið eftir því að þarna sé kannski eitthvað að. Og mér þykir ágætt að sjá það hér í þskj. frá kvennalistakonum að húsmæðraskólarnir hafi einnig unnið gagnmerkt starf. Það eru næstum engir húsmæðraskólar lengur til vegna þess, og það var nú eitt, að það þótti á tímabili hreint ekkert fínt að fara í húsmæðraskóla og orðið húsmóðir varð næstum bannorð. En það er ágætt að hugarfarsbreyting er að verða. Hér segir einnig í greinargerð frá flm., með leyfi hæstv. forseta: „Konur hafa gegnt og gegna enn í dag mikilvægu hlutverki við varðveislu menningarinnar. Þær hafa átt stóran þátt í að ferja þjóðlegan fróðleik, þekkingu og verkkunnáttu frá einni kynslóð til annarrar.“ Þetta er aldeilis alveg rétt. Sannleikurinn er bara sá að konur næstum því fyrirurðu sig fyrir að iðka þessa iðju um langt árabil og lögðu litla áherslu á, eðlilega og þar af leiðandi, að færa hana næstu kynslóð. Og ég hika ekki við að leyfa mér að segja að væri könnun gerð meðal ungra stúlkna í dag þá yrði þar skelfileg niðurstaða um kunnáttu í handmennt, bæði vegna þess að skólakerfið hefur brugðist og konurnar, mæðurnar, hafa ekki haft tíma og kannski ekki einu sinni áhuga á að færa þessa kunnáttu milli kynslóða.

Ég vil taka það strax fram að að mínu viti er nóg til af ljótum minjagripum sem Íslendingar selja, mig langar ekki í meira af því á þann markað. Minjagripi þarf að gera af kunnáttu, í það þarf að fá lærða og menntaða hönnuði, þannig að það er ekki málið sem þetta snýst um. Það er hins vegar eðlilegur þáttur í uppeldi hverrar manneskju að hún sé fær um að nota hendurnar á sér til skapandi starfa. Og ekki síst til þess eins að hafa ofan af fyrir sér. Við eigum öll eftir að verða gömul og börn þurfa að hafa ofan af fyrir sér mikinn tíma þar til þau fara út á vinnumarkað. Það er gleðin í sjálfu sér yfir að búa eitthvað til sem hver einasta manneskja á að geta notið. En í öllum bænum frábið ég mér meira af heimatilbúnum minjagripum á markaðinn, það held ég að sé ekki nauðsynlegt.

Hitt er svo annað mál að fólk lærir auðvitað ekki hönnun eða neina iðn öðruvísi en að menn hafi alist upp við að rækta formskyn sitt, rækta notkun eigin handa, það er það fyrsta sem börnum er kennt á dagvistarheimilum, og að þekkja efni og form. Það er of seint að byrja að kenna fólki þetta þegar það er harðfullorðið, komið í tækniskóla. Auk þess sem hverri einustu manneskju er eðlislæg löngun, listræn löngun til að sjá árangur af eigin sköpunarverki. Og þetta var þáttur í skólakerfinu hér á árum áður og á að vera það og miklu sterkari þáttur en hann er nú. Þess vegna lýsi ég svo sannarlega stuðningi mínum við það að heimilisiðnaður verði aukinn og allt gert til þess að hvetja hann. En heimilisiðnaðarráðgjafar, það er mál sem ég hef ekki áhuga á að styðja. Reynsla okkar af iðnráðgjöfum sem hér voru lögskipaðir fyrir nokkrum árum hefur verið, svo vægt sé til orða tekið, afar misjöfn. Það kann vel að vera að einhvers staðar hafi sést einhver árangur af því starfi, ég hef leitað dálítið og ekki orðið margs vísari. Ég held því að þarna þurfi ekki að koma til neinar stöðuskipanir heldur þurfi fyrst og fremst að verða sú hugarfarsbreyting að við viljum ekki of langan vinnutíma, of mikla neyslu, en vinnum að því að konur, og auðvitað karlmenn líka, hafi tíma til að gera eitthvað annað en að stunda launavinnu, að

vinnudagur styttist, betur sé búið að börnunum okkar á dagvistarheimilum, í skólakerfinu og að áhugi vakni á því að framleiða í stað þess að kaupa það sem konur framleiða nú í verksmiðjum vegna þess að það er enginn sem framleiðir það sem áður var framleitt á heimilunum. Og ég vil þess vegna einungis segja þetta: Það er ekki hægt að bæta fyrir áratuga misskilning og vanrækslu með því að skipa 5–6 manneskjur til þess að brúa bil sem ég hygg að taki marga áratugi að brúa. Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. 13. þm. Reykv. mælti margt viturlegt hér áðan um hvernig hefur verið staðið að útrýmingu handavinnukennslu í skólum og skilningi okkar á mikilvægi heimilisiðnaðar. Margt af því sem hún sagði var rétt. Hitt er annað mál að ýmislegt voru furðulega miklar rangfærslur, eða rangur skilningur ætti ég kannski frekar að segja. Mér er ekki kunnugt um að Kvennalistinn hafi gert lítið úr heimilisiðnaði. Ég geri ráð fyrir að hv. 13. þm. Reykv. hafi ekki verið á fundum hjá Kvennalistanum og þar af leiðandi ekki séð þær sitja að handavinnu eins og oft sést á fundum hjá okkur.

Hitt er annað mál að það var til mikils vansa þegar því var breytt með nýjum grunnskólalögum að sess handavinnunnar skertist mjög. Ég vil halda því fastlega fram að það sé ekki fyrir áhrif kvenréttindahreyfinga eða kvenna almennt að það gerðist. Á hinn bóginn veit ég ekki betur en að piltar hafi um langan aldur á Íslandi lært ýmsa handavinnu kvenna, a.m.k. var það svo í minni sveit fyrir norðan að þeir lærðu að prjóna og sauma út svo að það voru engin nýmæli þó það hafi kannski verið nýmæli hér á Reykjavíkursvæðinu að þeir fengju slíka kennslu.

Ég vil líka bera það af mér að við höfum vanmetið húsmæðraskólana og þeirra störf. Ég hef í starfi mínu sem fullorðinsfræðslumanneskja oft þurft að halda fyrirlestra um sögu fullorðinsfræðslunnar á Íslandi. Eitt af því sem hefur verið aðalpósturinn í því sem ég hef sagt hefur einmitt verið mikilvægi kvennaskólanna hér áður fyrr. Það verður aldrei ofmetið. Það hef ég svo margsinnis sagt að ég hlýt að geta fundið marga sem mundu vitna um það. Enda er það sannleikur.

Mig langar að víkja aftur að því máli sem hér var lagt fyrir, þáltill. um heimilisiðnaðarráðgjafa. Það er langt síðan að íslenskur heimilisiðnaður, þ.e. aðallega ullariðnaður, var ein aðalstoðin undir útflutningi okkar Íslendinga. Á meðan við fluttum út prjónles og vaðmál og það var eftirsótt um víða Evrópu, þá var heimilisiðnaðurinn mjög mikilvægur fyrir okkur. Hann var það síðan lengi vel og rætur íslensks heimilisiðnaðar eru bæði langar og sterkar. Það er alrangt að nú sé svo slitið á þau tengsl að það sé ekki hægt að hnýta þau áfram. Ég held að það sé rangur skilningur hjá hv. 13. þm. Reykv.

Einmitt þetta, að við skulum eiga þessar rætur, að við skulum eiga þessa arfleifð að byggja á, gerir það að verkum að það skiptir máli fyrir okkur að fá heimilisiðnaðarráðgjafa. Ræturnar eru ekki slitnar og við getum haldið áfram. Fagrir minjagripir frá ýmsum heimilum víða um heim sjást í minjagripabúðum. Það er ekki bara hér á Íslandi sem fólk hugsar sér að gera slíkt og gerir slíkt, að framleiða minjagripi á heimilum. Kannski má segja að fegurstu minjagripirnir séu einmitt unnir heima. Það held ég að þingmenn hér inni viti afskaplega vel. Það eru einmitt þeir minjagripir sem unnir eru hér t.d. á norðurhveli jarðar heima hjá því fólki sem hefur ekki týnt sjálfu sér í iðu stórborganna. Það að vinna minjagripi í verksmiðjum einhvers staðar eða flytja þá inn frá Hong Kong er ekki framtíð íslensks minjagripaiðnaðar. (**GHelg:** Við eigum að hafa listamenn til þess.) Ég álít að hér sé þörfu máli hleypt af stokkum. Ég álít að ef við ætlum að halda áfram að vera menningarþjóð, verkmenningarþjóð, þá eigum við einmitt að hlúa að íslenskum heimilisiðnaði og nýta hann þar sem við á.

Það er mikilvægt að þessi heimilisiðnaður sé góður. Þar er ég algerlega sammála hv. 13. þm. Reykv. En ég held að það sé ekki rétt að við getum ekki framleitt slíkan iðnað, síður en svo, vegna þess að sá iðnaður sem nú er til og mikið af því skársta sem er framleitt í íslenskum minjagripaiðnaði í dag er einmitt unnið á heimilum. En við erum ekki eingöngu að tala um minjagripi, við erum að tala um ýmsa nytjahluti líka. Það er ekki eingöngu verið að hugsa um minjagripagerð heldur hluti sem geta nýst til gagns en ekki bara gleði og skemmtunar fyrir augað. Íslenskur heimilisiðnaður á framtíð fyrir sér ef rétt er á haldið og við skulum ekki draga úr því.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það vekur satt að segja undrun að hv. 13. þm. Reykv., sem svo sannarlega hefur oft látið málefni kvenna duglega til sín taka og lagt þeim málum lið á margvíslegan hátt, skuli gera sig uppvísa að því að hafa ekki fylgst betur með í íslenskri kvennabaráttu en það að hún hafi ekki tekið eftir umtalsverðum stefnubreytingum í þeirri baráttu.

Hún sagði hér í upphafi máls síns að það hefði orðið hugarfarsbreyting hjá Kvennalistanum, nú vildu þær sinna kvenlegri menningu og því sem konur hefðu sinnt hingað til og það væri hugarfarsbreyting sem hún fagnaði, ég hygg að þarna sé verið að rugla saman tvennu. Hafi einhver kvennahreyfing haft það á sinni stefnuskrá að gera sem minnst úr kvennamenningu þá var það forveri Kvennalistans, þ.e. rauðsokkahreyfingin.

Nú ætla ég ekki endilega að sakast við þær, það er eðlilegt að þegar verið er að reyna að ryðja nýjar brautir gæti oft ýmiss konar öfga. Við í Kvennalistanum höfum oft skilgreint það sem svo að rauðsokkahreyfingin hafi tekið upp þau sjónarmið að á þann einn máta gætu konur náð jafnrétti í þjóðfélaginu að þær hegðuðu sér sem karlmenn gera í einu og öllu.

Það vita allir sem vilja vita eða hafa kynnt sér það að þegar Kvennalistinn var stofnaður var lögð áhersla á einmitt hið gagnstæða, að jafnrétti ætti ekki að vera á forsendum annars kynsins heldur skyldu bæði kyn-

in lögð að jöfnu. Ég vil fá að lesa fyrstu setninguna í stefnuskrá Kvennalistans máli mínu til sönnunar. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Markmið Kvennalistans er að gera viðhorf, reynslu og menningu kvenna að stefnumótandi afli í samfélaginu, ekki síður en reynslu, menningu og viðhorf karla.“ Þetta felur auðvitað í sér að allt það sem konur hafa verið að gera, öll þau störf sem þær hafa sinnt, allar þær skyldur sem þær hafa axlað sé hluti af þessum menningarheimi sem beri að meta og gera sýnilegan. Að draga þá ályktun að Kvennalistinn hafi haft það markmið að útrýma öllum kvenlegum dyggðum er misskilningur. Ég vona að hann stafi af því að hv. þm. hafi hreinlega ekki kynnt sér það nóg og að hún tali ekki þarna þvert á betri vitund.

Við höfum flutt fjölmargar till. sem hafa gengið einmitt í þá átt sem hv. þm. talaði um, þ.e. að styðja við ýmislegt sem okkur finnst vera að týnast af menningu kvenna. Ég vil minna á það að á næstsíðasta þingi var lögð fram till. til þál. um heimilisrekstrarbrautir í framhaldsskólum. Við kvennalistakonur höfum marggagnrýnt það að húsmæðraskólar skyldu lagðir niður í stað þess að breyta innihaldi þeirra þannig að þeir yrðu skólar sem gæfu réttindi. En okkur fannst einmitt harla lítið gert úr þeirri iðju sem þar var kennd og hún öll gerð ómerk með því að lýsa því beinlínis yfir að það þyrfti enginn að læra hana.

Í þessari till. segir m.a., með leyfi forseta: „Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu örar og gagngerar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu varðandi fjölskyldur og heimili á síðustu áratugum. Þessar breytingar koma m.a. fram í því að nú er minna um það en áður var að börn og unglingar læri á heimilunum þau störf sem þar eru unnin, þ.e. heimilisstörf.“ Seinna segir: „Hússtjórnarskólarnir voru einu skólarnir þar sem var samfellt nám í hússtjórn og heimilisrekstri. Nú eru þeir flestir aflagðir. Orsakir þess verða ekki raktar hér en þörfin fyrir það nám, sem þar fór fram, er og verður ávallt fyrir hendi. Þegar húsmæðraskólarnir voru lagðir niður voru gefin fyrirheit um að námsefni þeirra yrði flutt inn í framhaldsskólana. Sú hefur þó ekki orðið raunin. Því er þessi þáltill. flutt og jafnframt gerð tillaga að innihaldi og skipulagi námsins,“ sem síðan er gert í fjölmörgum liðum sem ég ætla ekki að eyða tíma núna í að telja upp.

Ég vil líka minna á það hér að við höfum lagt á það mjög ríka áherslu að list- og verkmenntakennsla í skólum verði stóraukin og við höfum flutt margvíslegar tillögur í því sambandi. Það er því mjög ómaklegt og úr lausu lofti gripið að við höfum ekki sinnt þeim málefnum og höfum sýnt þeim nánast fyrirlitningu. Við höfum gert það sem við höfum getað til þess að hefja þessi störf aftur til virðingar. Ég minni á, eins og reyndar hv. 18. þm. Reykv. benti hér á á undan mér, að það hefur löngum þótt aðhlátursefni að á myndum sem birtast frá fundum Kvennalistans sitja konur oft við saumaskap eða prjónles. Það hefur nú þótt heldur broslegt og eiga lítið skylt við opinbert og pólitískt líf. En við fyrirlítum það þó ekki meira en svo að við teljum okkur fullsæmdar af því að stunda handiðn á fundum okkar meðan við hlustum á aðrar konur.

Það er alveg rétt að vissulega hafa orðið miklar breytingar á heimili og fjölskyldulífi í kjölfar þess að konur eru í æ ríkari mæli úti á vinnumarkaði. Við kvennalistakonur höfum viljað vísa því að hluta til til þjóðfélagsins að bregðast við breyttum aðstæðum. Við höfum líka viljað höfða til karlmanna um að þeir öxluðu þá aukna ábyrgð á heimilisstörfum og heimilishaldi, barnauppeldi og öðru slíku, en höfum ekki viljað viðurkenna að það væru einungis konur sem hefðu svikið og hlaupist undan ábyrgð og þeirra væri að fara til baka og axla hana aftur. Ég hygg að flestar konur reyni að gera það meðfram sinni vinnu, en auðvitað megna þær ekki að gera það einar og óstuddar eftir langan vinnudag. Það væri óskandi að hv. þm. tæki frekar undir kröfu um breytt gildismat í þjóðfélaginu og breytt viðhorf þjóðfélagsins til barna og uppeldis þeirra og umönnunar og þeirra starfa sem fram fara inni á heimilinu. Nú ætla ég ekki að saka hv. þm. um að hafa ekki lagt málinu lið. Ég byrjaði mál mitt á því að lýsa því yfir að það hefði hún margoft gert en þess vegna einmitt er ég undrandi á því að hún skuli opinbera svo — ég vil leyfa mér að segja — fáfræði sína um stefnuskrá og öll helstu mál Kvennalistans.

Hvað því viðkemur að minjagripaframleiðsla inni á heimilum sé nokkuð sem við séum búin að fá nóg af, þá get ég ekki stillt mig um að lýsa því yfir að mér finnst gæta nokkurrar fyrirlitningar þar einmitt í garð þeirra kvenna sem hafa verið að stunda þetta. Í till., sem hér er til umræðu, er lögð áhersla á að kunnáttufólk leiðbeini einmitt til þess að bæta þessa framleiðslu, auka hana og bæta. Hér er talað um að veita faglega ráðgjöf, efna til námskeiða þar sem kunnáttufólk leiðbeini. Það er talað um að sækja aðstoð til hönnuða og hugmyndasmiða í leit að nýsköpun í heimilisiðnaði. Það er einmitt verið að leggja áherslu á það hér að reyna að hefja þessi verk til vegs og virðingar og bæta þá framleiðslu sem þarna er fyrir hendi og auka hana. Það væri fróðlegt að vita hvort hv. þm. hefur aðrar tillögur betri til þess að bæta úr því atvinnuleysi sem konur í sveitum búa við. Það er ekki auðvelt fyrir þær að stunda atvinnu sem þær þurfa að sækja langt frá heimili. Hv. flm. till. benti einmitt á að oft væri ónotað húsnæði í sveitum sem væri þá í nágrenni heimila þessara kvenna. Þangað gætu þær farið en ekki kannski mikið lengra.

Vissulega væri fagnaðarefni ef það væru fleiri góðar tillögur um hvernig hægt væri að draga úr þessu atvinnuleysi. Það er þegar byrjað í smáum stíl sums staðar um landið, og m.a. í heimasveit hv. flm. Konur hafa þar tekið upp ýmsan heimilisiðnað sem þær síðan selja í kaupfélagi staðarins. Ég veit ekki betur en það hafi mælst mjög vel fyrir og það er auðvitað að halda áfram á þeirri braut og gera það markvissara sem inntak þessarar tillögu er. Ég skora nú á hv. 13. þm. Reykv. að taka höndum saman við aðrar konur því að vissulega eigum við allar, hvar sem við stöndum í flokki, að reyna að sameinast um þau mál sem geta bætt hag kvenna, bætt hag barna og um það eigum við að standa saman, ekki bítast þar um smáatriði.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi tillaga, ef samþykkt verður, geti gert verulegt gagn. Ég þekki til þess, t.d. í Norður-Þingeyjarsýslu, að þar hafa kvenfélögin staðið fyrir námskeiðahaldi einmitt til þess að reyna að kenna og halda við þessum gamla iðnaði okkar með ágætis árangri. Ég á t.d. muni frá þessum konum sem ég tel að mjög gaman sé að eiga og þær hafi fulla sæmd af að hafa gert.

Það er nú svo með þetta eins og annað að við þurfum öll að læra og við þurfum að fá tilsögn. Það er líklegt að þetta geti orðið einmitt til þess að auka tekjur þeirra heimila sem hafa of litlar tekjur vegna þess að aðstaðan er orðin þannig að þau hafa ekki rétt til þess að framleiða til þess að það dugi fyrir framfærslu fjölskyldunnar. Hins vegar er ég í vafa um að það sé endilega rétt að það sé forsrh. að stofna þetta embætti, en auðvitað þarf ríkisstjórn og Alþingi að styðja að því. En ég varpa því fram til umhugsunar, ég ætla ekki að koma með neina tillögu, hvort ekki væri eðlilegra að hafa þetta embætti á vegum Búnaðarfélags Íslands, vegna þess að þá hefði þessi fulltrúi, eða fulltrúar, ég held að einn sé ekki nóg ef þetta ætti að koma að gagni, aðstoð þar að ýmsu leyti og hægt að ná sambandi við þær — ég segi þær því að ég álít að það verði fyrst og fremst konur sem muni sinna þessu verki. Það er reynsla fyrir þessu. Það hefur orðið til þess að ýmsar, sem annars hefðu farið úr sveit, hafa fengið þarna atvinnu og þetta er ein leið til þess að afla tekna og halda við okkar menningararfleifð.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég verð eins og fleiri hér að lýsa undrun minni á reiðilestri hv. 13. þm. Reykv. og því sem hv. þm. telur að hafi verið framlag Kvennalistans og varða menningu kvenna. Ekkert af því sem þar kom fram er nálægt því sem ég þekki Kvennalistann af frá byrjun þess að Kvennalistinn var stofnaður. Hér hafa þegar verið nokkrar leiðréttingar á gerðar og ég ætla aðeins að geta eins í viðbót.

Við höfum beitt okkur fyrir því og alltaf haldið því fram að konur jafnt sem karlar, fjölskyldurnar í landinu, foreldrarnir og börnin, eigi val, eigi að geta framfleytt sér án óhóflegs vinnuframlags. Þar vil ég sérstaklega nefna það að til þess að svo sé og þetta val sé fyrir hendi þarf að hverfa frá þeirri láglaunastefnu sem er í landinu og tryggja fjölskyldum eðlilega framfærslu. Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því að í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Hagstofu Íslands, „Lífskjör og lífshættir á Íslandi", er tafla á bls. 64. Þar eru þeir spurðir sem vinna lengri vinnudag en þeir kjósa hver sé ástæðan fyrir því að vinnudagur þeirra sé svo langur og lengri en æskilegt væri. Það eru fyrst og fremst fjárhagsástæður sem valda því að konur vinna lengri vinnudag en þær vilja. Það er langalgengasta ástæðan sem þær gefa upp, 48,3% kvenna gefa upp að fjárhagurinn sé langhelsta ástæðan. Aftur á móti horfir málið öðruvísi við hjá karlmönnum. Þeir telja nefnilega að langi vinnudaguriinn þeirra sé nauðsynlegur vegna starfs þeirra. Ég vil bara benda á þennan áherslumun.

Við kvennalistakonur höfum lengi bent á það að ábyrgðin á fjölskyldunni hvílir fyrst og fremst á konum. Við viljum beita okkur og leggja okkar af mörkum til þess að öllum sé ljóst að barneignir og fjölskyldumál eigi að vera ábyrgð allra og þá ábyrgð ber að axla m.a. með því að greiða betri laun fyrir þau störf sem unnin eru í þjóðfélaginu. Og þá erum við komin að því hvernig störf eru metin.

Hefðbundin kvennastörf sem kvennalistakonur hafa mjög haldið á lofti eru yfirleitt metin sem láglaunastörf. Þau eru lítils metin. Menning kvenna, hannyrðir þar á meðal, og önnur listsköpun þykir lítilvæg þegar verið er að meta starf til fjár. Þetta er atriði sem við höfum verið óþreytandi við að benda á að þurfi að lagfæra og leiðrétta. Það er okkar von að konur jafnt sem karlar eigi val í framtíðinni hvernig þau hagi vinnudegi sínum og hvaða störf þau kjósi og eigi það val að geta verið með börnum sínum.

Þá vil ég aðeins víkja að því sem hér kom fram áður í umræðunni um að hvaða leyti minjagripagerð og hefðbundin störf kvenna tengjast. Sú tenging er mikilvæg ef vel er á málum haldið. Enn er til menningararfleifð sem er fyrst og fremst byggð á handverki kvenna og á henni væri hægt að byggja góða minjagripagerð og ekki veitir af. Um landið ferðast gestir, íslenskir og erlendir, sem eiga úr litlu að velja þegar minjagripir eru skoðaðir. Þar er aðeins fjöldaframleiðsla en lítið um góða gripi. Það eru ekki allir sem geta eða vilja kaupa verk eftir listamenn sem kannski eru aðeins framleidd í einu eintaki en vilja vissulega fá fallega minjagripi. Þannig að listiðn og list eru ekki andstæður heldur eiga að vera saman. Og það á að hlúa að þessu hvoru tveggja.

Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa komið í Halldórustofu á Blönduósi en þar er að sjá mikið af fallegum listaverkum eftir konur, listiðnaði sem varð til, ekki síst vegna þess að konur víða um land nutu góðrar ráðgjafar í heimilisiðnaði. Ég held að hver sá sem heimsækti þá stofu mundi vera þess fullviss að það er hægt að skapa fallegan listiðnað á Íslandi á gamalli hefð, listiðnað sem mundi vera öllum til ánægju og landinu til sóma. Þetta er það sem sú till. sem hér liggur fyrir tengist verulega. Við eigum fordæmi sem lofa góðu en við megum ekki glata okkar menningararfi og því sem konur hafa verið að gera.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því nú eindregið að ég hafi lesið hér einhvern reiðilestur. Ég veit ekki til að ég hafi verið neitt reið þegar ég flutti mál mitt.

Það sem kom mér til að taka til máls varðandi þessa till. er það að mér finnst hún yfirborðsleg. Mér finnst hún yfirborðsleg á sama hátt og öll málafærsla Kvennalistans er í mínum huga vegna þess að hún tekur aldrei með gagnrýni á því hvaða afleiðingar það hefur haft að konur hafa snúið sér nær alfarið út á vinnumarkaðinn og þeim lítið verið sinnt. Og það eigum við konur sjálfsagt allar sameiginlegt að því hefur lítið verið sinnt að skoða með gagnrýni hvað hefur gerst.

Hér áður fór fram mikil framleiðsla inni á heimilum á matvælum, á fatnaði, svo að eitthvað sé nefnt, að ég nú ekki tali um barnauppeldið. Hvað hefur svo gerst með frelsun okkar kvenna? Það hefur gerst að það sem áður var framleitt inni á heimilunum framleiða nú konur í verksmiðjum heimsins fyrir einhver allra lægstu laun sem á boðstólum eru. Og svo getum við allar velt því fyrir okkur hvort þetta var það sem við vildum.

Ég get auðvitað verið sammála þeim kvennalistakonum um marga hluti og við höfum oft verið það. En það fer auðvitað ekki hljóðalaust yfir neitt samfélag þegar öll heimilismenning, og alla vega öll heimilismennt, beinlínis fellur niður því að það hefur hún gert. Og ég auglýsi eftir einu: Hér á árum áður voru handavinnusýningar algengar. Hvar eru þær núna? Þær eru á elliheimilum landsins og ég tek undir það með þeim kvennalistakonum að margt af því sem þar er að sjá er sérdeilis fallegt. En það er gamla fólkið sem vinnur þessa vinnu. Í fyrsta lagi vegna þess að það hefur tíma til þess og í öðru lagi vegna þess að það kann það.

Mér er nefnilega stórlega til efs að konur kunni þetta lengur og ég vil benda á ósköp einfalda staðreynd. Hér í höfuðborginni voru þangað til fyrir svona 15 árum tugir verslana sem seldu garn og handavinnu. Ég má segja að þær eru þrjár eða fjórar í dag. Það leggst niður svona ein á ári. Og af hverju skyldi þetta nú vera? Það er vegna þess að konur kunna ekki lengur að prjóna. Og það hafa sagt mér verslunarmenn í þessari grein að þegar konur séu að kaupa garn, konur núna svona um fertugt, þá verði að kenna þeim að fitja upp vegna þess að þær hafa aldrei prjónað, svo að eitt dæmi sé tekið.

Auðvitað hefur þetta valdið ýmsu öðru, svo sem þeirri gífurlegu neyslu sem er í þjóðfélaginu því að fólk þarf áfram að ganga í fötum og þau eru keypt á uppsprengdu verði, föt sem áður voru unnin inni á heimilunum. Það var ekki launað starf en það skyldi nú aldrei vera að það hafi verið mikil búbót fyrir þær fjölskyldur sem þessarar vinnu nutu. Ég held að það hafi verið lítið gert í því að rannsaka hver áhrif þetta hefur haft á hagvöxtinn í landinu. Konur hafa aldrei þorað að ræða þessi mál á gagnrýninn hátt því hvað sem við viljum og segjum, auðvitað var þessi vinna unnin fyrst og fremst af konum, um það er ég alveg hjartanlega sammála. Og ég óttast að ýmislegt í þeirri handmenntahefð sem um aldaraðir þróaðist hér í þjóðfélaginu sé í hættu. Ég sagði kannski gáleysislega hluti hér um minjagripi og vil nú taka það fram að þá á ég ekki við það prjónles t.d. sem er framleitt á íslenskum heimilum. Ég lít ekki á það eins og minjagripi. Ýmislegt annað kom mér nú til hugar, sem ég hef orðið að berja augum þegar ég hef verið á ferð um, þó ekki væri nema flugstöðina hér suður í Keflavík og mætti nú margt af því missa sig. Auk þess sem ég læt ekkert af því, eins og ég hef áður sagt, að auðvitað eigum við að nýta listamenn þjóðarinnar og veita þeim aðstöðu til þess að framleiða hluti sem við getum verið stolt af og er svo sannarlega boðleg útflutningsvara, eins og margt annað.

Ég er auðvitað alveg hjartanlega sammála hv. 18. þm. Reykv. að eina leiðin til þess að leiðrétta þau mistök sem gerð hafa verið, því það eru mistök, er að bæta hag fjölskyldnanna, stytta vinnutíma og gera fólki kleift að vera meira á heimilum sínum. Þá held ég að það kæmi nú kannski af sjálfu sér að fjölskyldan leitaðist við að hafast ýmislegt það að sem til heimilismennta má telja. Okkur greinir því ekkert á um það að við viljum endurvekja þá, við skulum segja, kvenlegu mennt sem a.m.k. ég hef áhyggjur af að við séum um það bil að týna niður. En ég er ekki sammála kvennalistakonum um aðferðir. Ég held að heimilisiðnaðarráðgjafar gerðu ekkert í því. Það held ég að næði til lítils hóps manna og kæmi að litlu gagni. Ég held að það væri miklu nær að við tækjum öll höndum saman, og ekki síst hv. þm. af karlkyni, um að reyna að auka veg fjölskyldunnar þannig að hún geti í sameiningu stundað slíkar menntir. Það er nú kannski af því að ég hef enn ekki komið auga á neitt sem bætir hag barna og kvenna sem ekki bætir um leið hag karla. Mér er alveg fyrirmunað að skilja hvað getur bætt hag barna og kvenna sem ekki bætir um leið hag karla. Þannig að það getur svo sannarlega verið að okkur greini ekki á í veigamiklum atriðum.

Hins vegar held ég að það sé löngu kominn tími til á þessari öld rannsókna á öllum sköpuðum hlutum að það sé virkilega rannsakað hver áhrif það hefur haft í beinhörðum peningum, hvað varðar hagvöxt landsins og þjóðarinnar, að konur hafa lagt niður að miklu leyti vinnu inni á sínum eigin heimilum. Ég held að þar gætum við komist upp í stærðir sem enga okkar kannski órar fyrir. Neysluþjóðfélagið er engin tilviljun. Það var búið til vísvitandi og vitandi vits. Það er nefnilega svo að hlutir gerast ekki. Þeir eru gerðir og það er hlutverk stjórnmálamanna að vísa þjóðinni fram á veginn, reyna að hafa einhverja yfirsýn yfir afleiðingar gerða okkar. Við getum ekki breytt veigamiklum þáttum í samfélaginu án þess að leiða að því hugann hvaða afleiðingar það hefur. Ég held nefnilega að hérna sé gott dæmi um það, þar sem kannski var farið af stað með einum of miklum gassagangi án þess að sjá fyrir afleiðingarnar.

En ég skal svo sannarlega standa með kvennalistakonum um allt sem lýtur að því að handmenntakennsla í landinu verði aukin og fólki verði gefinn tími til að stunda slíkt því að ég held að það sé fátt sem er meira virði hverri einustu manneskju en að geta haft ofan af fyrir sér og sínum og til gagns fyrir bæði land og þjóð. Ágreiningur okkar er því ekki mikill að öðru leyti en því að ég dreg mjög í efa gagnsemina af að til svo yfirborðslegra ráða sé gripið eins hér er lagt til.

Flm. (Snjólaug Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. góðar undirtektir við till. og ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir hans góðu orð til þessarar till. Það er mjög athugandi að heimilisiðnaðarráðgjafi starfi með búnaðarráðunautunum sem starfa á vegum búnaðarsamtakanna.

Ég þakka hv. 13. þm. Reykv. fyrir margt af því sem hún sagði og var margt rétt en annað ekki, að mínu

mati. Ég vil benda henni á, varðandi gamla fólkið og vinnu þess, að það vinnur vel en hætta er á að verkkunnátta glatist. Í ræðu minni sagði ég, með leyfi forseta: „Enn er til fólk sem kann að búa til fallega muni úr beinum, hrosshári, hornum og fleiru. Mikilvægt er að fá þetta fólk til að kenna öðrum áður en það er um seinan.“ Og þá á ég bara einfaldlega við áður en það deyr.

Varðandi það að ráða heimilisiðnaðarráðgjafa sé ekki það sem við eigum að gera í þessum efnum vil ég bara benda á það mikilvæga starf sem Halldóra Bjarnadóttir vann hér fyrr á öldinni. Ég tel heimilisiðnaðarráðgjafa alveg eins geta unnið að slíkum störfum í dag eins og þá.

Ég vil svo gera orð þingmanna Kvennalistans, sem hér hafa talað, að mínum orðum og sé ekki ástæðu til að bæta við þau. Svo vil ég leggja frekari áherslu á að það skiptir sköpum um framtíð byggðanna að átak sé gert í málefnum kvenna á landsbyggðinni. Ef konurnar hafa ekki vinnu leita þær annað og karlarnir fylgja á eftir. Þannig hefur þróunin orðið í nágrannalöndunum og hún verður og er nú þegar orðin sú sama hér á landi. Landsbyggðin þarf á allri þeirri atvinnu að halda sem völ er á. Þær hugmyndir sem upp koma um atvinnu, jafnt stórar og smáar, þarf að athuga og reynist hugmynd raunhæf þarf að koma henni í framkvæmd með ráðgjöf og fjármagni.

Að lokum vil ég ítreka það sem segir í grg. með till.: „Kvennalistakonur telja ráðningu heimilisiðnaðarráðgjafa eina af þeim leiðum sem vænlegt er að fara til að virkja sköpunarþrá fólks og leiðbeina því við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd eftir farvegi sem byggir á þjóðlegri verkkunnáttu.“

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

13. fundur, mánudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf frá forseta Nd.:

„Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á vegum Byggðastofnunar og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Pétur Bjarnason fræðslustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og ég býð hann velkominn til starfa.

Þá hefur einnig borist eftirfarandi bréf frá forseta Nd.:

„Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Birgir Dýrfjörð, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Birgir Dýrfjörð hefur einnig tekið sæti á Alþingi áður á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Meðferð mála á Alþingi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Vegakerfið milli Ísafjarðar- og Patreksfjarðarsvæða, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞK, 43. mál. — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HJ o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Heimilisiðnaðarráðgjafar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SnG o.fl., 88. mál. — Þskj. 91.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til atvmn. með 40 shlj. atkv.

Jarðgangagerð á Austurlandi, fyrri umr.

Þáltill. KrP, 45. mál. — Þskj. 45.

Flm. (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. um stefnumörkun í jarðgangagerð á Austurlandi sem hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta nú þegar undirbúa heildarútboð jarðgangaframkvæmda á Austurlandi. Skal undirbúningur útboðsins fela í sér eftirfarandi meginverkefni:

1. Hraða jarðgangarannsóknum og hönnun þeirra á Austurlandi.

2. Stefna að alþjóðlegu útboði jarðgangaframkvæmda á Austurlandi þar sem nauðsynlegustu jarðgöng verði boðin út í einu heildarútboði. Fjármögnun til 40 ára með hagstæðu láni verði skilyrt innifalin í útboðinu, afborgunarlaust fyrstu sjö árin eftir afhendingu jarðganganna.

3. Fela Iðntæknistofnun Íslands að meta eftirtalin atriði: a. Aukna framleiðni og afkomubata fyrirtækja með tilkomu jarðganga. b. Áhrif til lækkunar vöruverðs vegna minnkandi lagerhalds verslunar og aukinnar samkeppni. c. Aukna verðmætasköpun með tilkomu fiskmarkaðar á Austurlandi og aukið samstarf og sérhæfingu fiskvinnslufyrirtækja. d. Sparnað þjóðarinnar vegna minni snjómoksturs. e. Meta heildaráhrif þessara samgöngubóta í bættum lífskjörum og sterkari samkeppnisstöðu fólks og fyrirtækja. f. Sparnað vegna minni fjárfestingar opinberra aðila og bættrar rekstrarstöðu sveitarfélaga með auknu samstarfi þessara aðila. g. Meta hvort gjaldtaka ætti að fara fram

af umferð um jarðgöngin og þá með hvaða hætti.

4. Skila Alþingi skýrslu um arðsemismat og tilhögun heildarútboðs jarðganga á Austurlandi þar sem stefnt verði að útboði á síðari hluta framkvæmdartíma aðrennslisganga að stöðvarhúsi Fljótsdalsvirkjunar, síðari hluta árs 1993."

Bættar samgöngur eru besta leiðin til þess að treysta byggð og stuðla að bættri samkeppnistöðu fyrirtækja á Austurlandi.

Eðlilegt er að Alþingi marki skýra stefnu í samgöngumálum og hvernig bættum samgöngum verður komið í framkvæmd. Ekki er nóg að tala um þessa hluti heldur ber að marka skýra stefnu til lengri tíma, þannig að strax í dag geti einstaklingar, fyrirtæki, sveitarfélög og ríkisvaldið stefnt markvisst að langtímamarkmiðum í bættum samgöngum.

Íslenska þjóðin hefur ekki efni á öðru en að fjárfesting í samgöngumannvirkjum taki mið af langtímasjónarmiðum svo að ekki sé verið að kasta fjármunum í skammtímalausnir sem nýtast ekki til lengri tíma.

Eftirfarandi atriði eru mjög mikilvæg varðandi einstaka liði:

1. Að jarðgangarannsóknum verði hraðað þannig að stefnumörkun til lengri tíma geti komist í framkvæmd eins fljótt og unnt er.

2. Með því að stefna að alþjóðlegu heildarútboði jarðganga á Austurlandi má koma þessu mikilvæga máli í framkvæmd með eins ódýrum hætti og mögulegt er. Að hafa fjármögnun skilyrt innifalda í útboðinu tryggir að fjármögnun verði með hagkvæmustum kjörum sem mögulegt er að fá.

3. Réttur aðili til þess að meta arðsemisliði, sparnað og hagkvæmni af framkvæmd sem þessari er Iðntæknistofnun Íslands. Stofnunin hefur sannað gildi sitt í framleiðni- og arðsemisrannsóknum. Mjög mikilvægt er að meta arðsemisgildi jarðgangaframkvæmda út frá öllum þeim jákvæðu kostum sem slík samgöngubót hefur. Ber þar hæst möguleika sjávarútvegsfyrirtækja til þess að auka sérhæfingu, samstarf og skapa eigin fiskmarkað á Austurlandi þannig að þessum fyrirtækjum gefist kostur á að kaupa hráefni sem ella færi til vinnslu á erlendum mörkuðum.

Auknir samstarfsmöguleikar sveitarfélaga eru svo miklir í þessu sambandi að rétt er að láta stofnun eins og Iðntæknistofnun meta gildi slíks samstarfs auk annarra þátta sem þeirri stofnun þætti rétt að vekja athygli á.

4. Brýna nauðsyn ber til að skila Alþingi skýrslu um arðsemismat og tilhögun heildarútboðs jarðganga á Austurlandi á síðari hluta framkvæmdartíma aðrennslisganga að stöðvarhúsi Fljótsdalsvirkjunar. Þessi tímasetning er mjög mikilvæg þar sem alþjóðlegt útboð tæki mið af sterkri samkeppnisstöðu væntanlegs verktaka við aðrennslisgöng Fljótsdalsvirkjunar. Þessi málsmeðferð á þannig að tryggja það að hagkvæm tilboð berist í heildarútboð jarðganga á Austurlandi.

Austfirðir eru góður valkostur fyrir stóriðju með tilliti til stuttra siglingaleiða til meginlandsins og nálægðar hagkvæmra virkjunarkosta. Sú staða verður enn þá sterkari verði mörkuð skýr stefna í bættum samgöngum. Öll þjóðin hefur hag af því að samkeppnisstaða Austurlands á alþjóðlegan mælikvarða batni við þá stefnumörkun sem hér er lagt til að verði samþykkt. Hér er því um málefni að ræða sem er eitt af brýnustu hagsmunamálum Austfirðinga og þjóðarinnar allrar.

Hæstv. forseti. Ég vil minna sérstaklega á í sambandi við þessa þáltill. að hagur þjóðarinnar vænkast mikið vegna aukinnar framleiðni fyrirtækja og fleiri atriða sem Iðntæknistofnun Íslands er ætlað að meta fáist þessi tillaga samþykkt. Þessi aukna framleiðni atvinnulífs og sveitarfélaga er ekki inni í núverandi arðsemisútreikningum á bættum samgöngum. Það er mjög miður að svo er ekki, en þetta er staðreynd. Arðsemi þjóðarinnar af bættum samgöngum er því mun meiri en hingað til hefur verið talið og hingað til hefur hún verið talin með því besta sem við getum sett fjármagn í. Því er brýn nauðsyn að hér komi til nýjar áherslur. Ég fullyrði það t.d. að fjárfesting í drulluleðju stenst ekki alþjóðlega viðurkenndar verklýsingar um mannvirkjagerð og þannig séð er oft verið að kasta fjármunum á glæ þegar verið er að fjárfesta í óvaranlegri vegagerð. Ég tel að svona meðferð á fjármunum gangi ekki. Varanleiki fjárfestinga í samgöngumannvirkjum verður að standast alþjóðlega viðurkenndar verklýsingar. Ég óska þess að hv. alþm. og hæstv. ráðherrar sem ábyrgð bera á þessum málum hugsi þessi málefni upp á nýtt og endurmeti þau vinnubrögð að vera að sletta fjármunum í drullumallvegagerð eftir handahófskenndum ákvörðunum, teknum í tímahraki oft og tíðum.

Sl. fimmtudag urðu hér ágætar umræður um samgöngumál. M.a. var minnst á það að Alþjóðabankinn hefði lánað fjármagn í vegaframkvæmdir hér á landi. Það var Keflavíkurvegurinn svokallaði eða Reykjanesbraut og vegurinn frá Reykjavík til Selfoss veit ég líka að var fjármagnaður af Alþjóðabankanum. Í báðum tilfellum er mér kunnugt um það að verkið varð að vinna eftir alþjóðlega viðurkenndum verklýsingum. Skýringin sem einu sinni var gefin á þessu var sú að þeir sem lánuðu peningana sögðust ekki ætla að lána fjármagn aftur eftir tíu ár til þess að byggja nýjan veg vegna þess að menn hefðu gert þennan veg svo illa tíu árum áður.

Ég vil í þessu sambandi, hæstv. forseti, koma inn á málefni sem er náskylt bættum samgöngum, sérstaklega á Austur- og Vesturlandi. Ég minni á að viðræður standa yfir við EFTA en því miður ekki tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið eins og við sjálfstæðismenn höfum margítrekað. Ég er hér með tölur um samanburð á verði á breskum þorskflakamarkaði í síðustu viku, ég ítreka, þorskflakamarkaði, en vegna 18% tolls á ferskum þorskflökum höfum við hingað til ekki getað nýtt þann markað. Ég tel að okkar framtíðarsýn eigi að vera sú að við fljúgum með fersk flök víðs vegar um Evrópu þegar við höfum náð að semja um niðurfellingu þessara tolla. Þetta er náskylt bættum samgöngum. Við Íslendingar flytjum líklega út í ár um 100 þús. tonn af bolfiski og þar af fara um 20 þús. tonn frá Austurlandi, áætlað á þessu ári, á erlenda

markaðinn. Ég upplýsi hins vegar hér að í síðustu viku, á miðvikudaginn var, nánar tiltekið, var meðalverð á ferskum þorskflökum með roði 421 kr. á sama tíma og verð á frosnum þorskflökum frá frystitogurum var 320 kr. Það hefur hingað til verið talið eitt af því betra sem hægt er að gera við íslenskan þorsk. Verð á landfrystum roðflökum af sömu tegund er 270 kr. Við sjáum verðmuninn því verðið er hér 421 kr., 320 kr. og 270 kr.

Hæstv. forseti. Mín framtíðarsýn að bættri nýtingu auðlindar okkar, fiskstofnanna, er sú að strax að lokinni margumræddri samningagerð við EFTA eða Evrópubandalagið munum við nýta okkur ferskflakamarkaðinn í allri Evrópu. Við munum senda fersk flök á þann markað með flugvélum og auka þannig okkar þjóðartekjur verulega. Tekjur sveitarfélaga mundu líka aukast, atvinna mundi aukast og afkoma fyrirtækja batna. Hvorki ríkissjóður Íslands né einstök sveitarfélög fá tekjur af vinnu sem unnin er í erlendum þjóðfélögum. Og við skulum ekki gleyma margfeldisáhrifunum, svo sem ávinningi íslenskra iðnfyrirtækja sem hafa getið sér gott orð í smíði rafeindavoga, nýjum vinnslulínum og öðrum tæknibúnaði og framförum í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Allt þetta samofið og margfeldisáhrif þess að vinna auðlindir okkar hér á landi getur aukið tekjur þjóðarinnar og bætt kjör landsmanna.

Ég verð að minnast á þetta hér í þessari umræðu, hæstv. forseti, um jarðgöng, vegna þess að það er hlutverk og skylda okkar alþingismanna að hafa heildaryfirsýn yfir hagsmuni íslensku þjóðarinnar en ekki bara að gefa í skóinn fyrir jólin eins og sumir virðast stundum halda. Þetta er ekki sagt neinum til hnjóðs heldur til að minna á það að samningaviðræður um margnefnda tolla eru hafnar og markmiðið er að ná árangri í þeim. Ég tel því að hægri höndin verði að vera meðvituð um hvað sú vinstri er að gera því þegar þessir samningar hafa náðst, um niðurfellingu tolla, verður samgöngukerfið á Austurlandi, Vestfjörðum og víðar á landinu að hafa tekið breytingum þannig að við hittum í mark, bæði með samningunum og samgöngukerfinu. Það er lágmarkskrafa að heildarstefna og heildaryfirsýn sé alla vega þannig að Austfirðir múrist ekki inni, ef þannig mætti orða það, og við búum þannig til vandamál vegna fyrirhyggjuleysis.

Hæstv. forseti. Sú framtíðarsýn sem ég hef dregið hér upp um samgöngumál er nauðsynleg því spyrja má: Hvar erum við og hvert ætlum við? Við leysum ekki vandamál þjóðarinnar nema með framsýni og heildaryfirsýn. Í reynd má líkja þessari stefnumörkun í jarðgangagerð við að setja flæðilínu í frystihús. Afkoma fyrirtækisins batnar með nýrri og varanlegri fjárfestingu en eldri fjárfesting er lögð til hliðar. Það skiptir ekki máli hvort það eru fleiri núll á bak við dæmið. Lögmálið er það sama. Stofnkostnaður er að vísu hár í jarðgöngum, en reksturskostnaður er mjög lágur og fjárfestingin í þessu tilfelli endist í mörg hundruð ár.

Nýlegt dæmi um stefnumörkun með fjárfestingu er kaup Flugleiða á nýjum flugvélum. Ég tel að líkja megi þessu saman. Stofnkostnaður er hár, reksturskostnaður lækkar verulega og alþjóðleg lánastofnun samþykkti aðgerðina með fjármögnun sinni. Lántaka til jarðgangagerðar er réttlætanleg vegna þess að mannvirki sem eign stendur á móti lántökunni. Það er því ekki nóg að segja að erlendar skuldir þjóðarinnar aukist vegna þess að eign þjóðarinnar eykst um leið. Það er rétt að hv. alþm. hafi það í huga. Gjaldtaka mundi væntanlega verða í göngum eins og þessum og engan hef ég hitt sem sér eftir því að borga gjald í Akraborgina svo ég taki dæmi. Þó hún sé ekki jarðgöng þá er hún samgöngubót sem fólk kýs að nota sjálfviljugt og borgar fyrir það. Fjárfestingin skilar arði til þess að borga lántökuna. Að vísu getur það tekið lengri tíma en 40 ár, en í mínum huga er það allt í lagi vegna þess að mannvirkið stendur um ókomin ár og skilar þjóðinni arði til þess að borga niður væntanlegt lán.

Við ættum líka að hugleiða stofnun sérstaks samgöngumannvirkjasjóðs og þá í samstarfi við t.d. Alþjóðabankann. Hlutverk slíks sjóðs gæti verið að innheimta gjald af umferð um jarðgöng og önnur sérstök samgöngumannvirki, t.d. með sérstökum vegkortum eða jarðgangakortum. Á tölvuöld er slíkt mögulegt, jafnmögulegt og að komast inn í bílastæði hv. alþm. Einnig gæti slíkur sjóður innheimt alla eyrnamerkta tekjustofna til vegagerðar, eins og bensíngjald, þungaskatt o.fl., og skilað þeim fjármunum á réttan stað og dregið þannig úr sukki og stefnuleysi í ríkisfjármálum en við höfum orðið vitni að því að eyrnamerktir tekjustofnar Vegagerðarinnar séu notaðir til þess að fjármagna halla ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég hef hér lýst þeirri hugsun og þeirri framtíðarsýn sem ég sé með þeirri stefnumörkun sem hér hefur verið lýst. Ég sleppi því að tala um byggðastefnu og félagsleg sjónarmið vegna þess að ég tel það allt saman innifalið í þeirri mynd sem ég hef hér dregið upp.

Ég vil svo leyfa mér, vegna mikils annríkis hv. fjvn., sem stundum fær tillögur sem þessar, að leggja til við hæstv. forseta að hv. allshn. fái þetta mál til frekari umfjöllunar.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Jarðgangagerð á Austurlandi, eins og þessi tillaga fjallar um, er eitt af baráttumálum fólksins í þessum landshluta fyrir bættri framtíð og auknum möguleikum. Ég hlýt því að styðja alla tillögugerð sem miðar að því marki að framkvæmdir hefjist í jarðgangagerð á Austurlandi. Þessar framkvæmdir er ekki hægt að mæla á mælistiku venjulegra vegaframkvæmda. Hér er verið að breyta sambúðinni við landið, breyta landsháttum, og það er auðvitað ekkert smámál. Að breyta landsháttum hefur miklu meiri breytingar í för með sér en að komast á bílum milli tveggja staða. Þetta hefur hv. flm. enda rakið hér. Þegar þéttbýlisstaðir sem hafa búið við einangrun á vetrum um árabil komast í öruggt heilsárssamband, jafnvel með innan við hálftíma akstur hvor frá öðrum, þá myndast skilyrði fyrir framþróun sem ekki hefur áður verið fyrir hendi.

Þessi tillögugerð, sem hér er til umræðu, er ekki sú fyrsta sem flutt er um jarðgangagerð á Austurlandi. Á 111. löggjafarþingi flutti Jónas Hallgrímsson, sem þá sat hér í forföllum Halldórs Ásgrímssonar, tillögu ásamt öllum öðrum þingmönnum Austurlands um rannsókn á jarðgangagerð á Austurlandi og framkvæmdum í því efni og mat á þjóðfélagslegum aðstæðum í jarðgangagerð. Síðan hefur það skeð að jarðganganefnd er að störfum. Hún er reyndar að meta hagkvæmni jarðganga á Vestfjörðum en einnig á Austurlandi.

Tillaga sú, sem hér er til umræðu, kveður á um það að rannsóknum verði hraðað og þessar framkvæmdir verði boðnar út í einu heildarútboði.

Þetta tengist að sjálfsögðu fjármögnun vegagerðar almennt og fjármögnun stórframkvæmda í vegagerð. Mun ég aðeins víkja að þeim þætti í lok máls míns. Ég er ekkert sannfærður um það að við mat á þjóðfélagslegum aðstæðum og ávinningi, sem er nauðsynlegt, sé það endilega Iðntæknistofnun sem á að annast það. Ég er ekki viss um að hún sé rétta stofnunin til þess. Mér finnst þetta frekar vera verkefni samgrn. og Byggðastofnunar. Hins vegar er óþarfi að hafa mörg orð um það við 1. umr. málsins. Það má taka til umræðu og meta í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar.

En ég vil víkja að þeim þætti þessa máls sem er drifkraftur alls sem gera skal og það er fjármögnunin. Sl. fimmtudag sat ég hér ásamt fleiri hv. þm. lengi dags undir umræðum um stórframkvæmdir í vegagerð og stefnumörkun til lengri tíma í þeim efnum. Bar þar margt á góma sem kostaði mikla fjármuni. Allt voru þetta mjög nauðsynlegar framkvæmdir og koma til góða í þeim landshlutum þar sem þær eru fyrirhugaðar. Þessar umræður sýna áhugann fyrir vegaframkvæmdum og þörfina, en þær leiða líka hugann að fjármögnuninni. Ekkert af þessum framkvæmdum verður að veruleika, og eru þá jarðgöng á Austurlandi meðtalin, nema menn séu tilbúnir til þess að veita vegamálum forgang í opinberum framkvæmdum eða innheimta meiri tekjur til vegamála, til beinna framlaga eða til þess að standa straum af lántöku. Forgangur þýðir á mæltu máli að það þarf að skera niður annars staðar. Ef menn vilja ekki skera niður annars staðar, þá verða hv. þm. að vera tilbúnir til þess að leggja meiri álögur á þjóðina til að standa straum af þessari vegagerð.

Ég held að við getum ekki blekkt okkur á því að standa hér í umræðum um stórframkvæmdir í vegagerð á næstu árum án þess að leiða hugann að þessum þætti í alvöru. Við getum ekki hér á Alþingi flutt hverja tillöguna eftir aðra um framkvæmdir í vegagerð sem kosta milljarða án þess að svara því hvort við séum tilbúnir til þess að skera þá aðrar opinberar framkvæmdir niður eða leggja meiri álögur á þjóðina og innheimta meira fé til vegagerðar. Ég er einn af þeim sem eru tilbúnir til þess að innheimta meira, en ég held að það dugi ekki til. Við verðum að veita samgöngumálum vissan forgang í opinberum framkvæmdum. Ég hygg að það verði að innheimta meiri tekjur af umferðinni til vegamála.

Það má geta þess að á árunum 1972–1974 þegar miklar framkvæmdir voru í vegagerð, m.a. á Skeiðarársandi, var varið 2,3–2,35% af þjóðarframleiðslu til vegamála. En á árinu 1989 er þetta hlutfall 1,34% samkvæmt upplýsingu úr ársskýrslu Vegagerðarinnar. Séu menn ekki tilbúnir til að breyta þessu og tala um slíkt í alvöru, þá er allt þetta tal hér á hv. Alþingi núna síðustu dagana um vegamál innantómt hjal. Þetta segi ég ekki til að draga úr mikilvægi tillöguflutnings hv. 5. þm. Austurl., síður en svo. Ég lýsti yfir stuðningi við hans tillögu og vil skoða hana rækilega í nefnd og leggja mat á ýmsa þætti hennar. Hins vegar vil ég benda rækilega á alvöru þessa máls. Lántökur eru góðar og gildar en lántökur verður að greiða.

Ég ætla ekki að syndga upp á náðina með því að hafa þessi orð fleiri að sinni. Ef þessi tillaga kemur til allshn. þá hef ég tækifæri í þeirri nefnd til að fjalla um hana. Ég vona að hún fái þar sem vandaðasta meðferð.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Öll umræða hér á hv. Alþingi um samgöngubætur, þar á meðal jarðgangagerð, er vissulega góðra gjalda verð og fagna ég því að hv. 5. þm. Austurl. hefur flutt hér tillögu um málið. Við þurfum hins vegar að hafa vel í huga hvar svona mál eru á vegi stödd og ég er ekki alveg sannfærður um að tillaga um þetta efni einmitt nú hitti naglann á höfuðið að því leyti að málið er ekki þannig statt varðandi undirbúning á Austurlandi að það sé kannski hægt einmitt á þessum mánuðum að álykta um að undirbúa heildarútboð jarðgangaframkvæmda á Austurlandi, en ekki sakar að ýta á eftir.

Á Austurlandi er nú starfandi að tilhlutan hæstv. samgrh. nefnd, raunar með þátttöku Vegagerðar ríkisins, að því að undirbúa rannsóknir og ákvarðanir, stefnumótun, varðandi jarðgangagerð á miðsvæðinu austan lands. Sú nefnd hefur ekki lokið störfum. Hún var skipuð fyrir rösku ári líklega og er að vinna að málum. Ég held að það skipti mjög miklu að álit þeirrar nefndar, með aðild Vegagerðarinnar, liggi fyrir áður en farið er að undirbúa heildarútboð jarðgangaframkvæmda eins og hér er lagt til. Þetta segi ég ekki vegna þess að ég vilji draga úr málinu, síður en svo. Fáum ætti að vera það jafnljóst hvaða þýðingu það hefur að fyrr en seinna takist að koma af stað jarðgangagerð á Austfjörðum til þess að tengja byggðarlögin þar saman. Ég á heima handan við einn hæsta fjallveginn og á þar oft leið um og auðvitað hugsum við oft um það að einnig þar, þótt þar séu jarðgöng í 600 metra hæð, þyrfti að vera greiðari gata á milli byggðarlaga.

Varðandi fortíðina í þessu máli og undirbúning að jarðgangagerð ætla ég ekki að fara að rekja það hér í einstökum atriðum. Það hafa verið fluttar tillögur og það fyrr en hv. 3. þm. Austurl. gat um hér þó þær séu allar góðra gjalda verðar sem fram hafa komið. Það sem skiptir sköpum í þessum málum á undanförnum árum er frumkvæði núv. hæstv. samgrh. í þessum efnum. Ég held að það taki enginn af honum að hann hef-

ur lagt mjög ríka áherslu á jarðgangagerð og hann hafði fullan stuðning Alþb. til þess að ganga fram með þeim hætti sem gert var á hans vegum.

Það liggur líka fyrir að Austfirðingar eru reiðubúnir að taka undir þá stefnu að Vestfirðir hafi forgang í sambandi við næsta stórátak í jarðgangagerð, þ.e. nú að loknum jarðgöngum undir Ólafsfjarðarmúla. Ég hef a.m.k. ekki heyrt að menn ætluðu að fara að togast á um þá röðun framkvæmda og ég vona að sú samstaða haldi en jafnframt að við, sem stillum okkur þarna í annað sæti miðað við framtíðarátak í þessum málum, verðum ekki látnir gjalda þess, heldur njótum fulls stuðnings annarra til þess að myndarlega verði tekið á málum þegar jarðgöngum undir Breiðadalsheiði og Botnsheiði er lokið.

Nú kann að vera að menn telji sig ráða við það að hafa í gangi framkvæmdir í báðum landshlutum. Síst mundum við Austfirðingar lasta það ef sá stórhugur væri í málum, en ég held að það teldist til bjartsýni, miðað við þá stöðu sem hefur verið í fjárveitingum til samgöngumála á undanförnum árum, ætti það að takast. Sjálfsagt er auðvitað að taka þátt í athugun slíks máls.

Ég vil jafnframt nefna það að það skiptir máli hvernig raðað er stórframkvæmdum í landinu, hvað það er sem menn hafa undir í þeim efnum, því að það hlýtur að vera heildarráðstöfunarfé þjóðarinnar sem skiptir máli í þessum efnum, möguleikarnir á stórvirkjum, möguleikarnir á að taka stórt á og það eru takmörk fyrir hvað efnahagskerfið í landinu tekur á móti. Í þessu sambandi hlýt ég að minna á það sem tengist umræðum um stórt álver hér við Faxaflóa. Þeirri umræðu tengist stórfelldur niðurskurður til opinberra framkvæmda á næstu árum. Það er ekkert farið dult með það að það eru vegaframkvæmdirnar og samgöngumálin sem eru alveg sérstakur skotspónn í sambandi við þau mál. Og ég verð að minna hv. alþm. á það að það tengist því sem hér er til umræðu og einmitt mjög náið því að þegar menn er að líta til arðsemi framkvæmda í landinu og arðsemi fjármagns er nú kannski ástæða til þess að átta sig á því hver er þjóðhagsleg arðsemi þeirra framkvæmda, sem mikið eru umræddar, í sambandi við álbræðslu og virkjanir því tengdar annars vegar og hins vegar samgöngubóta í landinu. Ætli það gæti ekki verið fróðlegt að fara yfir þá þætti og átta sig á því hvar fjármagnið skilar sér í raun best fyrir þjóðfélagið?

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega að vonum að það komi fram jákvæð viðbrögð frá þingmönnum Austurlands gagnvart þeim tillöguflutningi sem hv. 5. þm. Austurl. Kristinn Pétursson hefur haft hér í frammi. Ekki þarf ég að taka það fram, svo sjálfsagt sem það er, að auðvitað er ég stuðningsmaður till. Það er góður kostur við þessa till. að þar er fjallað með nokkuð nýlegum hætti um leiðir til þess að fjármagna þessa framkvæmd.

Það sem gerði það sérstaklega að verkum að ég skundaði hér upp í ræðustólinn var það föðurlega yfirbragð sem var á ræðum þeirra samþingmanna minna af Austurlandi sem styðja núv. ríkisstjórn. Var þó margt vel mælt í máli þeirra sem ég er þeim sammála um.

Hv. 3. þm. Austurl. Jón Kristjánsson sagði m.a. að það væri mikil ástæða til þess að menn gerðu það vel upp við sig að ef það ætti að auka fé til vegamála þá þyrfti einhvers staðar að skera niður þar á mót. Væri nú ekki betra, hv. þm., að snúa orðalaginu aðeins við og orða þessa föðurlegu áminningu á þann hátt að segja að ef við ættum að ná árangri í vegamálum þá yrði að hætta að skera niður fjárveitingar til þess málaflokks? Og af því að hv. 2. þm. Austurl. komst svo spaklega að orði að tala sérstaklega um frumkvæði núv. samgrh. í jarðgangagerð og nýjum leiðum í vegamálum er ástæða til þess að taka þessar framsetningar í einu lagi hjá þessum hv. tveimur stjórnarþm. og góðum vinum mínum af Austurlandi. Því að mér virðist að það merkasta í forustu núv. samgrh. í vegamálum sé að skera niður framkvæmdir við fjárlagagerð og vegáætlun um nokkurn veginn sömu upphæð og áætlað er að kosti að byggja jarðgöng um Vestfirði. Ég held að ég muni það rétt að sá kostnaður sé áætlaður einhvers staðar í kringum 2,7 milljarða kr. Þegar verður búið að gera upp dæmið fyrir árið í ár hygg ég að á stjórnarferli núv. samgrh. sé búið að skera niður frá vegáætlun og frá fjárlögum upphæð sem nálgast þrjá milljarða. Þetta er náttúrlega mikið frumkvæði og söguleg niðurstaða. Og það er vissulega ekki að ófyrirsynju að menn komi hér í ræðupontu með föðurlegu yfirbragði og segi að það verði að skera niður einhvers staðar annars staðar þegar tekjustofnar til Vegagerðarinnar fá ekki að vera í friði fyrir þeim sem stjórna landinu þessa dagana. Þetta er náttúrlega grundvallaratriði. Ég er alveg sammála því sem fram kemur í þessum efnum að meðan menn eru við þessa iðju þá náttúrlega sýnist það ekki þjóna miklum tilgangi, öðruvísi en þá að þingmenn með því lýsi vilja sínum, að vera að bera fram góð mál varðandi samgöngubætur í þessu blessaða landi okkar.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna orða hv. 4. þm. Austurl. um fjármögnun til vegagerðar. Ég hef enga ástæðu til þess að breyta orðalagi mínu í þeim efnum. Málið er einfaldlega það að við höfum skorið niður fjármagn til vegagerðar. Það fjármagn hefur væntanlega verið notað einhvers staðar annars staðar í ríkiskerfinu, ef það hefur verið innheimt. Ef það hefur ekki verið innheimt þá þarf að auka álögur á þjóðina og innheimta þetta fé. Þetta er hinn einfaldi sannleikur þessa máls. Menn geta aldrei slitið hvorki vegaframkvæmdir eða annað út úr heildarmynd fjármála ríkissjóðs. Peningarnir verða ekki notaðir nema einu sinni. Þeir peningar, sem er ekki skilað til vegamála, eru notaðir einhvers staðar annars staðar. Ef á að skila þeim til vegamála þarf væntanlega að innheimta fé í þau verkefni sem þessu fé hefur verið varið til. Menn tala oft um ríkissjóð, og hv. þm. tala oft þannig, eins og einhverja hít, eitthvert svart op. En þessu fjár-

magni er varið til ýmissa hluta og menn skulu bara gera sér grein fyrir því. Og það þarf annað tveggja að skera þá þau verkefni niður eða auka álögur á þjóðina. Það er einfaldlega það sem ég átti við.

Flm. (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég þakka samþingmönnum mínum fyrir austan fyrir undirtektirnar. Ég vil nú nota tækifærið til þess að ítreka hér örfá sjónarmið í sambandi við þessar umræður almennt.

Það er í fyrsta lagi varðandi það að skila vegafé í Vegasjóð. Ég tel það vera algera skyldu stjórnvalda þegar búið er að marka tekjustofna að halda sig við það, vera ekki að hræra það eins og graut og reka eins og þetta sé allt saman einhver vellingur. Þá skilja menn þetta heldur aldrei neitt, eins og sumt af núverandi hæstv. stjórnarliði greinilega gerir ekki. Þetta er allt saman í einum graut, hrært í einn graut. Svona á ekki að umgangast fjármuni. Það á að skila vegafé í Vegasjóð og það á að skila kirkjunni því sem kirkjan á, o.s.frv.

Auðvitað er mér vel kunnugt um það að lántöku verður að greiða. En ég fullyrði það að fólk er tilbúið, fólk á Austurlandi og Vesturlandi sérstaklega, til að borga fyrir bættar samgöngur alveg eins og fólkið sem býr á Akranesi er tilbúið til að borga fyrir það að fara þægilegri ferð til Akraness. Hvað kostar að fara með ferjunni yfir á Akranes? Það sparar í sjálfu sér ekki mikinn tíma en er miklu þægilegra. Ég ráðlegg fólki bara að kynna sér það. Hvað kostar að fara með bíl, með ferju?

Það er fyrst og fremst það sem skilar þessari þjóð arði og það er skylda okkar alþingismanna, eins og ég var að segja áðan, ég vil ítreka það, að horfa til framtíðarinnar. Við erum búnir að tala hér úr þessari ágætu pontu og eyða mörgum vinnustundum í að tala um samskipti okkar við Evrópubandalagið sl. tvö ár. Hvað skyldi það kosta, af því að það er verið að tala um kostnað? Hvað kostar að standa hér á hv. Alþingi? Það kostar töluverða peninga að reka Alþingi, talandi hér um samskiptin við Evrópubandalagið. Jafnhliða þessu verðum við að vita, hægri höndin verður að vita hvað sú vinstri ætlar að gera, eða þannig. Við verðum að vera tilbúin til að takast á við það að vinna okkar afurðir hérlendis þegar við höfum náð þessum tollum niður. Ég ítreka það að verð á ferskflakamarkaðinum í Evrópu er það hagstæðasta sem við getum komið íslenskum sjávarafurðum á. Það er framtíðin. Það er sú framtíðarsýn sem við eigum að stefna á. Það er okkar hagur af því að semja við EB. Það er ekki bara verið að semja við EB eða EFTA af því bara. Þessi umræða og þessi kostnaður — kostar ekki orðið 70 millj. á þessu ári viðræðurnar við EFTA? Til hvers? Til þess að við getum komið íslenskum ferskum flökum á erlenda markaði. Er það ekki? Og væntanlega verðum við þá að aðhafast lagfæringar á samgöngukerfinu til samræmis við það, þannig að við getum komið þessum hlutum í framkvæmd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Viðurkenning á fullveldi Eistlands, Lettlands og Litáens, fyrri umr.

Þáltill. ÞP o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

Flm. (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt hópi annarra þingmanna Sjálfstfl. á þskj. 10 till. til þál. um viðurkenningu á fullveldi Eistlands, Lettlands og Litáens og stjórnmálasamband við þessi ríki. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að árétta formlega viðurkenningu Íslands á fullveldi Eistlands, Lettlands og Litáens og taka tafarlaust upp stjórnmálasamband við þessi ríki með því að tilnefna íslenska sendiherra í þeim og veita viðtöku sambærilegum sendimönnum þeirra. Þá felur Alþingi ríkistjórninni að vinna að því að önnur ríki sýni með sama hætti stuðning við fullveldi og sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna."

Segja má að nú sé aðeins eitt viðfangsefni óleyst í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Það er viðurkenning á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þriggja. Fyrir skömmu var leyst eitt stærsta viðfangsefnið, sem var óleyst afleiðing síðari heimsstyrjaldarinnar, þ.e. sameining þýsku ríkjanna. Það vandamál hefur nú verið farsællega til lykta leitt og menn hljóta þá að beina sjónum sínum að þessu viðfangsefni og freista þess að leysa þau viðfangsefni öll sem enn eru óleyst eftir styrjöldina.

Eystrasaltsríkin þrjú fengu sjálfstæði og fullveldi árið 1918, sama ár og við fengum fullveldi. Þau voru hins vegar innlimuð í Sovétríkin árið 1940 á grundvelli griðasáttmála Hitlers og Stalíns og þau hafa verið með ólögmætum hætti að alþjóðalögum hluti af Sovétríkjunum í 50 ár. Þessi þrjú ríki hafa því að alþjóðalögum allan rétt til þess að endurheimta sjálfstæði og fullveldi. Þau hafa skýra sögulega tilvísun til sjálfstæðis, skýran sögulegan rétt, og hafa fært fram gild söguleg og lagaleg rök fyrir kröfum sínum um að endurheimta sjálfstæðið.

Í vor sem leið tóku Litáar frumkvæði í sjálfstæðisbaráttu þessara ríkja með því að lýsa yfir endurheimt sjálfstæðis. Alþingi Íslendinga varð fyrst allra löggjafarþinga til þess að fagna þessari ákvörðun og lýsa yfir samstöðu með Litáum. Það var mjög ánægjulegt að um það skyldi takast samstaða hér á Alþingi að bregðast með þeim hætti við þessari ákvörðun því að ég lít svo á að okkur Íslendingum beri skylda til þess fyrir margra hluta sakir að sýna þessum þjóðum fullan stuðning. Hvort tveggja er að hér er um smáþjóðir að ræða sem hafa þurft að berjast fyrir sjálfstæði sínu. Þær fengu sjálfstæði sama ár og við fengum fullveldi og með tilliti til alls þessa lít ég svo á að við höfum miklum skyldum að gegna í þessu efni. Þess vegna var

þessi samstaða ánægjuleg. Önnur Eystrasaltsríki, bæði Lettland og Eistland, hafa fylgt í kjölfar Litáa.

Á síðasta þingi fluttum við, nokkrir þingmenn Sjálfstfl., tillögu um viðurkenningu á sjálfstæði Litáa. Sú tillaga fékk ekki þinglega meðferð, en ég vænti þess að tillagan í breyttri mynd með hliðsjón af breyttum aðstæðum fái nú þinglega meðferð og verði samþykkt á þessu þingi. Hér er gert ráð fyrir því að þessi ríki verði formlega viðurkennd og stjórnmálasambandi verði komið á. Þau mótrök, sem helst hafa verið færð fram gegn þessu, hafa falist í upprifjun á því að Danir viðurkenndu þessi ríki á sínum tíma meðan þeir enn fóru með utanríkismál í okkar umboði. Ég lít svo á að þessi mótbára sé fyrst og fremst formlegs eðlis. Ég tel eðlilegt að Ísland staðfesti á nýjan leik viðurkenningu á þessum ríkjum og það sé aukaatriði að draga þennan þátt inn í þessa umræðu, enda kemur það hvergi fram af hálfu þeirra sem bera þessa mótbáru fyrir sig að þeir líti svo á að sú viðurkenning hafi átt sér stað sem leiði til eðlilegrar stofnunar á stjórnmálasambandi milli ríkjanna. Ég tel eðlilegt að láta þennan liðna atburð liggja á milli hluta. Ég held að hann skipti ekki höfuðmáli í þessari umræðu.

Önnur röksemd, sem borin hefur verið fram, er að óeðlilegt sé og óheppilegt að trufla umbótastarf leiðtoga Sovétríkjanna, Gorbatsjovs. Hann hefur sýnt fulla andstöðu gagnvart sjálfstæðiskröfum þessara ríkja og það hefur verið sjónarmið margra að ekki væri rétt af Íslands hálfu að ganga gegn óskum hans og vilja. Ég lít hins vegar svo á að viðurkenning á sjálfstæði þessara ríkja væri miklu fremur stuðningur við umbótaviðleitnina í Sovétríkjunum. Þessi ríki eru ugglaust reiðubúin að styðja þá umbótaviðleitni sem góðir grannar en ekki sem undirokuð þjóð. Í raun og veru finnst mér það í miklu ósamræmi við þá atburði sem nýlega hafa gerst, þegar leiðtogi Sovétríkjanna fékk friðarverðlaun Nóbels, að hann skuli nú ganga fram gegn lögmætum sjálfstæðiskröfum þessara ríkja og þegar af þeirri ástæðu alveg augljóst að við getum ekki tekið tillit til þessarar andbáru.

Í þriðja lagi hefur verið á það bent að sum af stærri ríkjunum í Atlantshafsbandalaginu hafi ekki viljað ganga jafnlangt og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Innan Atlantshafsbandalagsins er ekki ágreiningur um að viðurkenna og styðja Eystrasaltsríkin, en a.m.k. stærri ríkin í Atlantshafsbandalaginu hafa ekki viljað ganga jafnlangt og þessi tillaga gefur tilefni til. Það veldur að vissu leyti vonbrigðum, á sér m.a. þá skýringu, ugglaust, að stærri ríkin í Atlantshafsbandalaginu hafa fram til þessa viljað láta önnur viðfangsefni njóta forgangs, eins og sameiningu Þýskalands, og hafa ugglaust ekki viljað tefla því máli í tvísýnu með öflugum stuðningi við sjálfstæðiskröfur Eystrasaltsríkjanna. Hér er því ekki um að ræða ágreining um stefnuatriði heldur ágreining um það hversu hratt og langt skuli ganga. Ég tel eðlilegt að við sem smáþjóð, lítil þjóð í þessu samstarfi, göngum fram til fyllsta stuðnings við aðrar smáþjóðir hvað sem líður afstöðu stærri ríkjanna í Atlantshafsbandalaginu og get ekki tekið góðar og gildar röksemdir af þessu tagi gegn þessari tillögu.

Eystrasaltsríkin eiga nú í viðræðum við Sovétstjórnina um sjálfstæðiskröfur sínar. Þar hefur komið fram að Sovétstjórnin hefur þverskallast í þeim viðræðum. Hún ítrekar kröfur sínar um einingu Sovétríkjanna og hefur í reynd hafnað öllum kröfum af hálfu Eystrasaltsríkjanna og því hefur lítið miðað raunverulega í þessum viðræðum. Það er á hinn bóginn deginum ljósara og hefur komið fram í viðræðum við forustumenn þessara ríkja að þeir líta svo á að viðurkenning á sjálfstæði þeirra frá einu eða fleiri ríkjum mundi mjög styrkja þá í samningaviðræðunum við Sovétstjórnina. Þeir telja að styrkur þeirra yrði meiri, þunginn á bak við kröfur þeirra yrði meiri ef eitt eða fleiri ríki mundu á samningsferlinum viðurkenna sjálfstæði þeirra. Þeir líta líka svo á að það yrði til að styrkja samstöðu þeirra innbyrðis í þeim mikla vanda sem þessar þjóðir eru óneitanlega staddar í, annars vegar gagnvart sjálfstæðismálinu og hins vegar vegna þeirrar umbyltingar í efnahagsmálum sem þeirra bíður.

Hingað hafa komið fulltrúar frá Eystrasaltsríkjunum og þangað hafa farið fulltrúar íslenskra stjórnmálaflokka á undanförnum mánuðum til viðræðna. Sjálfur átti ég þess kost að heimsækja þessi ríki í haust og segja má að þar hafi komið fram óskir af þeirra hálfu um fjögur mjög mikilvæg atriði varðandi frambúðarsamskipti við Ísland og önnur Norðurlönd.

Í fyrsta lagi skýra krafan um fulla viðurkenningu.

Í öðru lagi ósk um aðild að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu og stuðning okkar við þá ósk þeirra. Af hálfu utanrrh. hefur því verið lýst yfir að Ísland styðji þá málaleitan. Ég tel að þar hafi verið stigið mjög mikilvægt skref af Íslands hálfu og ég varð var við það í viðræðum við forustumenn þessara ríkja að þeir meta mjög mikils þá afstöðu og það frumkvæði sem utanrrh. Íslands sýndi með afstöðu í þessu efni.

Í þriðja lagi hafa þeir sett fram óskir um áheyrnaraðild að Norðurlandaráði. Ég er þeirrar skoðunar, og hef lýst því áður, að ég tel eðlilegt að Norðurlandaráð taki afstöðu til þessarar beiðni. Mín skoðun er sú að það eigi að gera á jákvæðan hátt og við eigum að stefna að því að Eystrasaltsríkin verði áheyrnaraðilar í fyrstu að Norðurlandaráði með það að markmiði að þau geti síðar orðið fullgildir aðilar ef þau óska þess. Því miður hafa viðbrögð við þessari málaleitan ekki verið jafnjákvæð og skyldi þó að þess megi vænta að ríkjunum verði boðið að koma á næsta fund Norðurlandaráðs sem gestir. Það er takmarkað skref en ekki fullnægjandi. Vera má að það þurfi að breyta samþykktum Norðurlandaráðs, eða Helsinki-sáttmálanum, til þess að þetta megi verða en ég tel þá rétt og skylt að gera það í þessum tilgangi.

Í fjórða lagi hefur verið rætt af þeirra hálfu um víðtækara samstarf á ýmsum sviðum, bæði menningarmála, umhverfismála og þeir hafa sérstaklega rætt við okkur um mögulegt samstarf varðandi nýtingu á jarðhita.

Mér finnst að Norðurlandaráð hafi ekki tekið óskum Eystrasaltsríkjanna nægjanlega vel. Í fréttaskeytum af nýlegri ferð fulltrúa Norðurlandaráðs til Sovétríkjanna og Eystrasaltsríkjanna kemur fram að sendi-

nefnd Norðurlandaráðs sagði á blaðamannafundi í Moskvu að erindi hennar til Eystrasaltsríkjanna væri ekki að ræða pólitísk viðfangsefni, heldur einvörðungu atriði er lytu að umhverfismálum og menningarmálum. Ég þykist vita að þeir hafi ekki komist hjá því þegar þeir komu til Eystrasaltsríkjanna að svara fyrirspurnum um pólitísk viðfangsefni. En mér finnst yfirlýsing af þessu tagi, ef hún er rétt og ef rétt er frá henni greint í fréttaskeytum sem send hafa verið út frá sendiráði Íslands og utanrrn., beri ekki vott um nægjanlega ótvíræða afstöðu og nægjanlegan skilning á mikilvægum kröfum Eystrasaltsríkjanna.

Ég er þeirrar skoðunar að ef við lítum á þessi mál til lengri framtíðar þá fari ekki á milli mála að Eystrasaltsríkin munu ná fullu sjálfstæði. Þeir sem hafa kynnst fulltrúum þessara ríkja, sem standa í eldlínu þessarar baráttu, vita að þessar þjóðir eru svo staðráðnar og ákveðnar í því að endurheimta sjálfstæði sitt að ekkert vopnavald, engin neikvæð afstaða og engar úrtöluraddir geta á endanum komið í veg fyrir að þær nái markmiðum sínum.

Ég tel, með hliðsjón af þeirri öru þróun sem nú á sér stað í Evrópu, að eðlilegt sé að Norðurlöndin leiti víðtækara samstarfs við þessi ríki og í framtíðinni geti samstarf Norðurlandanna orðið víðfeðmara en það er nú. Það geti þróast yfir í víðtækara samstarf með þátttöku þessara sjálfstæðu ríkja í framtíðinni og Norðurlandaráð geti þannig orðið sterkari heild í evrópsku samstarfi hvernig svo sem það fer fram. Þess vegna, með tilliti til framtíðarhagsmuna í þessu efni, tel ég m.a. mikilvægt að allt verði gert sem unnt er til að hraða því að þessar þjóðir nái markmiðum sínum í sjálfstæðisbaráttunni. Einn þáttur í því er að Ísland stígi þetta skref. Við eigum kost á því, Íslendingar, með ótvíræðum stuðningi við þessar þjóðir að hafa áhrif á alþjóðavettvangi. Þetta skref yrði metið af hálfu þessara þjóða og virt og mundi hafa verulega þýðingu fyrir viðræður þeirra og baráttu fyrir fullu sjálfstæði.

Ég legg svo til, frú forseti, að þessari tillögu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar í hv. utanrmn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Stefna ríkisstjórnarinnar varðandi málefni Eystrasaltsríkja var seinast sett fram í ræðu utanrrh. á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 24. sept. á þessu hausti. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á meðan ný Evrópa er í mótun skulum við ekki loka augunum fyrir þeirri arfleifð eftirstríðsáranna sem enn þá hefur staðið af sér umbreytingaröflin. Afstaða Eystrasaltslýðveldanna er dæmi þessa. Þau voru sjálfstæð ríki, viðurkennd sem slík af samfélagi þjóðanna. Þeirri staðreynd fá hernám og innlimun ekki breytt.

Þegar til langs tíma er litið er engin lausn á þessu vandamáli önnur en sú að réttur Eystrasaltslýðveldanna til sjálfstæðis sé viðurkenndur að fullu. Það er fagnaðarefni að nú hefur verið komið á pólitískum viðræðum milli Eystrasaltslýðveldanna, sovéskra stjórnvalda og lýðvelda Sovétríkjanna sem vonandi greiðir fyrir skipulegu afturhvarfi til fyrra ástands. Íslendingar vilja, eins og aðrir Norðurlandabúar, að samvinna verði höfð við Eystrasaltsríkin á hinum ýmsu stigum. Einnig væri það Íslendingum ánægjuefni ef Eystrasaltslýðveldunum yrði veitt full aðild að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu."

Í þessari yfirlýsingu koma fram þrjú meginatriði.

1. Hvað varðar viðurkenningu Íslands á fullveldi Eystrasaltsríkjanna lítum við svo á að hernám og innlimun þeirra í Sovétríkin hafi engu breytt um réttarstöðu þeirra og er viðurkenning Íslands í fullu gildi að þjóðarétti.

2. Við teljum að leysa beri mál Eystrasaltsríkjanna friðsamlega með beinum viðræðum milli þeirra og Sovétríkjanna.

3. Við höfum lýst því yfir að við styðjum fulla aðild Eystrasaltsríkjanna á ráðstefnunni um samvinnu og öryggi í Evrópu.

Um þann þátt málsins er þess að geta að nú þann 19.–21. nóv. verður haldinn ríkisleiðtogafundur Evrópuríkja sem þátttökurétt hafa í ráðstefnunni um samvinnu og öryggi Evrópu. Þar liggja fyrir tillögur um að stofnanabinda þetta samstarf, m.a. með því að setja upp þrjár stofnanir í hinum ýmsu höfuðborgum Mið- og Austur-Evrópu. Ein þessara stofnana á að vera stofnun til lausnar á svæðisbundnum árekstrum, „Center for conflict solution", eins og það heitir. Allar horfur eru á að þessari stofnun verði komið á laggirnar og hún taki til starfa að loknum fundinum. Þar verður hins vegar tekist á um það hvernig verksvið hennar verði tilgreint. Þar er okkur ofarlega í huga að með því að tryggja aðild Eystrasaltsríkjanna að ferlinu eigi í framhaldinu að fela þessari stofnun, innan ramma ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu á grundvelli hinna tíu meginreglna Helsinki-sáttmálans, að stuðla að friðsamlegri lausn sem feli í sér að Sovétríkin semji við lýðræðislega kjörnar ríkisstjórnir Eystrasaltsríkjanna um að innan ákveðins tímaramma verði þeim gert kleift að framfylgja í reynd sjálfstæðisyfirlýsingum sínum með fullu sjálfsforræði yfir landsvæði sínu. Þetta er að sjálfsögðu meginmál.

Þess ber að geta að sú regla gildir í samstarfi þessara 34 Evrópuríkja, sem eru þátttakendur í ráðstefnunni um samvinnu og öryggií Evrópu, að þar verður engu máli komið fram nema með allsherjarsamstöðu, „consensus". Það er álitamál hvort hætta eigi á að Sovétríkin grípi til neitunarvalds og komi þannig í veg fyrir aðild þessara ríkja að ráðstefnunni eða hvort freista eigi þess að ná samkomulagi, þannig að ekki reyni á neitunarvaldið, um áheyrnarfulltrúastöðu að sinni en jafnframt freista þess að fá þessi mál tekin upp innan þeirrar stofnunar, sem ég gat um áðan, sem á að hafa það verkefni að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála.

Þetta er ekki fyrir okkur, sem velviljuð erum og hlynnt sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsþjóðanna, að taka ákvörðun um heldur fyrir þá sjálfa. Þess ber að geta að það er ekki fullkomlega sama skoðun, eða mat, milli ríkisstjórna Eystrasaltsríkjanna allra þriggja í þessu efni. En ég segi einfaldlega: Ég mun fyrst og fremst ganga fram í þessu máli í samráði við ríkisstjórnir

þessara landa og ekki ganga þar framar en þau telja sjálf, eða ríkisstjórnir þessara landa, að samræmist best hagsmunum sínum.

Tillaga sú, sem hér liggur fyrir, er um það að Ísland taki upp formleg diplómatísk samskipti, svo sem að fela sendiherra, sem starfaði utan Eystrasaltsríkjanna, að fara með stjórnmálasamband við þau og gæti þá einnig falið í sér að við freistuðum þess að fá viðurkennda ræðismenn sem störfuðu í þessum ríkjum.

Nú er það svo, og það er auðvitað vandinn í málinu, að í hálfa öld hafa þessi ríki búið við hernám og hernámsstjórn þótt sú hernámsstjórn hafi linað tökin á undanförnum árum. Þrátt fyrir umbætur og breytingar, sem trúlega eru á byrjunarstigi innan Sovétríkjanna og innan svokallaðra sjálfstjórnarlýðvelda innan Sovétríkjasambandsins á undanförnum árum, er það enn svo að Eystrasaltsríkin eiga við ramman reip að draga í viðleitni sinni til að koma fram sem jafningjar annarra ríkja á alþjóðavettvangi. Af þeim sökum er óvíst hvort ríkisstjórnir þessara landa nú geti á þessari stundu staðið við skuldbindingar gagnvart öðrum ríkjum að þjóðarétti, t.d. að því er varðar stjórnmálasamband. En ýmsar þjóðréttarskyldur eru í því fólgnar að efna til stjórnmálasambands, svo sem að tryggja að fulltrúar erlendra ríkja geti stundað störf sín frjálst og óhindrað.

Í þessu efni vek ég athygli hv. þm. á sambærilegu máli. Til eru þeir hv. þm. sem hafa krafist þess að íslenska ríkið viðurkenndi ríki Palestínuaraba samkvæmt sjálfstjórnaryfirlýsingu þeirra og með vísan til þess að þeir hafa komið á fót útlagastjórn og með vísan til þess að fjölmörg ríki hafa viðurkennt það ríki. Í því efni höfum við Íslendingar stuðst við hefðir, þá hefð þjóðaréttar að viðurkenna ekki ríkisstjórnir heldur ríki og því aðeins að viðkomandi ríki hafi ótvírætt óumdeilt forræði á því landsvæði sem það gerir tilkall til að stjórna og ljóst sé að viðtökuríkisstjórnin geti í reynd tryggt að erlendir sendimenn fái þar starfað. Því er ekki til að dreifa í þessu tilviki. En ég nefni þetta dæmi vegna þess að í þessum efnum verða ríkisstjórnir að vera sjálfum sér samkvæmar í afstöðu sinni og aðgerðum.

Í tillögu hv. tíu þm. er lögð áhersla á tvö meginatriði, að formleg viðurkenning Íslands á fullveldi Eystrasaltsríkjanna verði áréttuð og að Ísland taki tafarlaust upp stjórnmálasamband við þessi ríki.

Eins og margoft hefur komið fram á opinberum vettvangi þá er viðurkenning Íslands á fullveldi Eystrasaltsríkjanna í fullu gildi og af minni hálfu og hálfu ríkisstjórnarinnar er ekki talin ástæða til þess að gefa ítrekaðar yfirlýsingar að því er það varðar. Mér er kunnugt um af viðræðum við fulltrúa þessara ríkisstjórna að þeir eru sammála því mati út af fyrir sig. Beint stjórnmálasamband Íslands við Eystrasaltsríkin mundi ekki renna frekari stoðum undir viðurkenningu okkar á fullveldi þeirra nema því aðeins að hægt væri að tryggja framkvæmd slíkra diplómatískra samskipta í reynd. Þess vegna er það álitamál hvernig á málinu skuli haldið. Ég segi um þetta efni aðeins það að af hálfu utanrrn. eru ýmsir kostir til skoðunar í þessu efni. Þá mun ég ekki ræða hér frekar fyrir opnum tjöldum. Ég er fús að ræða þá í utanrmn., enda hér um viðkvæmt mál að ræða. Í því efni verður að hafa náið samráð við ríkisstjórnir þessara landa og gæta þess vandlega að ganga ekki framar en þeir sjálfir telja að samrýmist sínum hagsmunum. Um markmiðið sjálft og stefnuna sjálfa hygg ég að sé ekki ágreiningur, um það hef ég ekki heyrt.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að minna á að Alþingi Íslendinga var fyrsta löggjafarsamkoman í heiminum sem sendi þjóðþingi Lithaugalands heillaóskir um leið og sjálfstæði þeirra hafði verið lýst yfir hinn 11. mars á sl. ári. Ég rifja einnig upp að samtímis skrifaði ég utanríkisráðherra Sovétríkjanna fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og skoraði á hann að taka þegar upp samninga við lýðræðisleg stjórnvöld í Litáen þess efnis að freista þess að gefa raunverulegt innihald í sjálfstæðisyfirlýsingu Lithaugalands.

Að því er varðar spurninguna um viðurkenningu þá hefur það þegar verið rætt svo ítarlega að ekki er þörf á að árétta það. Hún var formlega staðfest á árunum 1921 og 1922 samkvæmt samþykkt íslensku ríkisstjórnarinnar en komið á framfæri á þeim tíma af danska utanríkisráðuneytinu. Í framhaldi af því voru gerðir og eru í gildi formlega viðskiptasamningar við öll ríkin þrjú.

Ekki er ágreiningur um það, eftir því sem ég best veit, í hópi lýðræðisríkja á Vesturlöndum að forsendan fyrir hernámi og innlimun þessara þriggja landa í Sovétríkin var hin alræmdi leynisamningur Molotov-Ribbentrop samningurinn. Ég nefni hann hér vegna þess að það er athyglisverð staðreynd að þjóðþing Sovétríkjanna hefur lýst þann samning með öllu löglausan og ógildan, en á grundvelli þess samnings voru þessi lönd innlimuð. Þetta þýðir það að út frá bæjardyrum Sovétríkjanna sjálfra, æðsta valds Sovétríkjanna, þjóðþingsins, hefur verið viðurkennt að hér var um löglausar athafnir að ræða. Þessi staðreynd er grundvallarstaðreynd þegar meta skal þjóðréttarlega stöðu ríkjanna.

Við höfum lýst því yfir að þessi viðurkenning sé enn í fullu gildi. Við höfum aldrei viðurkennt hernám og innlimun þessara ríkja og við höfum áréttað það á opinberum vettvangi við nánast hvert tækifæri að þetta sé okkar afstaða. Ég minni á að sennilega hefur enginn gengið framar í því efni að styðja málstað Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi en utanrrh. Íslands. Ég gerði það fyrst á sameiginlegri ráðstefnu utanríkisráðherra Vestur- og Austur-Evrópu sem haldin var á vegum Evrópuráðsins í Lissabon og vakti þar athygli að t.d. utanríkisráðherrar hinna nýfrjálsu Austur-Evrópuríkja þögðu þar þunnu hljóði. Ég hef í hvert einasta skipti sem haldinn hefur verið ráðsfundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins tekið þetta mál upp og sett þar fram kröfur um samræmda afstöðu Atlantshafsbandalagsríkjanna, sem væri byggð á grundvallarreglum þjóðaréttar, byggð á rétti þessara þjóða, en jafnframt hvatt mjög eindregið til þess að þessi ríki beiti áhrifum sínum á Sovétstjórnina til þess að fá hana, ekki aðeins að samningaborðinu, heldur til þess

að leita í alvöru eftir samningum á grundvelli þess að þessi ríki njóta sérstöðu. Staða þeirra er önnur en ýmissa annarra sjálfstjórnarlýðvelda Sovétríkjanna og mun þar af leiðandi ekki leiða til þess að önnur sjálfstjórnarlýðveldi innan Sovétríkjanna geti byggt kröfur sínar á sömu þjóðréttarlegu rökum.

Sérstaklega tók ég þetta mál upp á undirráðstefnu ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu, sem fjallaði um mannréttindamál í Kaupmannahöfn í byrjun júní sl. Þá lá fyrir í fyrsta sinn umsókn Eystrasaltsríkjanna um áheyrnaraðild en gestgjafaþjóðin, Danir, afgreiddi það með þeim hætti að ræða það óformlega við sendinefndir aðildarríkjanna. Við lýstum að sjálfsögðu stuðningi við þá ósk en Sovétmenn sögðu þá að þeir mundu beita neitunarvaldi sínu ef það kæmi fram. Danska ríkisstjórnin gat því ekki komið því máli fram og efa ég þó ekki að hugur hafi fylgt máli í yfirlýsingum þeirra um að það vildu þeir gjarnan.

Þá er þess að geta að á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna tók ég þetta mál upp sem og á undirbúningsfundi að leiðtogafundi ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu, sem var haldinn í New York í lok októbermánaðar, þar sem ég lýsti afstöðu Íslands á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við getum ekki látið eins og vandamál Eystrasaltsríkja geti legið gleymd og grafin. Hin einfalda staðreynd er sú að mannréttindi og réttindi þjóða eru óaðskiljanleg. Við getum ekki lýst stuðningi við þessi almennu gildi á þann veg að þau eigi að láta í té sem forréttindi sem sumir megi njóta en öðrum verði meinað. Það er óumdeild söguleg staðreynd að Eystrasaltsþjóðirnar voru sjálfstæð ríki sem nutu viðurkenningar sem slík í hinu alþjóðlega samfélagi, þar á meðal Þjóðabandalaginu. Á styrjaldarárunum urðu þau að þola þau örlög að vera hernumin og innlimuð með hernaðarofbeldi. Sovéska þingið hefur nú þegar, því til mikils hróss, viðurkennt ólögmæti þessara aðgerða. Þess vegna er engin lausn ásættanleg á þessu vandamáli, sem er samrýmanleg bókstaf og anda Helsinki-sáttmálans, önnur en full viðurkenning á rétti Eystrasaltsþjóðanna til sjálfstæðis. Á sama tíma ber að taka réttmætt tillit til öryggishagsmuna Sovétríkjanna á Eystrasaltssvæðinu og semja um það. En valdbeiting af hvaða tagi sem er, hvort heldur hún er hernaðarleg eða efnahagsleg, sem hefur þann tilgang að þröngva þessum þjóðum ólöglega og gegn vilja þeirra til þess að una óbreyttu ástandi, er brot á anda og samstarfsreglum ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu og mun stofna í hættu frekari framförum í átt til hins nýja öryggiskerfis Evrópu sem við öll óskum eftir. Það væri ekki einasta ógæfa Eystrasaltsþjóðanna heldur einnig Sovétríkjanna og Evrópu allrar. Samningaviðræður án fyrirframskilyrða milli sovésku ríkisstjórnarinnar og hinna lýðræðislega kjörnu ríkisstjórna Eystrasaltsþjóðanna eru þess vegna prófsteinn á vilja og heilindi Sovétstjórnarinnar gagnvart grundvallarreglum um friðsamlegar umbætur og gildi lýðræðis."

Meginmál ríkisstjórna Eystrasaltsþjóðanna þriggja þessa stundina er að fá fram viðurkenningu annarra ríkja Vestur-Evrópu á rétti þeirra til þátttöku í ráðstefnunni um samvinnu og öryggi í Evrópu, eins og ég hef þegar vikið að. Íslenska ríkisstjórnin hefur heitið þeim fullum stuðningi við það mál og mun bera það fram í fullu samráði við ríkisstjórnir þessara landa en ekki reka það sem einkaerindi á eigin vegum.

Þá er þess að geta að utanrrh. Íslands hefur lýst því yfir, að höfðu samráði innan ríkisstjórnarinnar, að við séum reiðubúnir til að beita okkur fyrir samstarfi Norðurlandanna um þetta mál, þ.e. að freista þess að fá samstöðu ríkisstjórna Norðurlandanna fimm til þess að styðja þessa kröfu á leiðtogafundinum um aðild að ráðstefnunni um öryggi og samstarf í Evrópu, auk þess sem við höfum einnig lýst okkur jákvæða gagnvart óskinni um áheyrnarfulltrúastatus í Norðurlandaráði.

Virðulegi forseti. Það er stundum erfitt að vera sjálfum sér samkvæmur þegar kemur að siðferðilegum málefnum í pólitík og alþjóðamálum. Það er ástæða til þess að nefna það hér að þegar ríkisstjórn Íraks fyrirvaralaust og án áreitni greip til þess að hernema með ofbeldi og innlima nágrannaríki sitt Kúvæt þá brást heimsbyggðin við, hið alþjóðlega samfélag, Sameinuðu þjóðirnar, því sem næst einróma. Fyrir forgöngu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hafa verið samþykktar fleiri en tíu ályktanir í því máli og aðildarríkin hafa komið á með sér samstöðu um viðbrögð sem eru afdráttarlaus. Hernám og innlimun Kúvæts hefur nú staðið á þriðja mánuð. Hernám og innlimun Eystrasaltsþjóðanna hefur nú staðið í bráðum hálfa öld. Og maður spyr: Hvar er samkvæmnin gagnvart grundvallarreglum mannréttinda og þjóðaréttar ef Sameinuðu þjóðirnar bregðast svo mynduglega við gagnvart Kúvæt en kjósa að þegja um örlög Eystrasaltsþjóðanna af einhverjum annarlegum ástæðum?

Þetta dæmi úr samtíðinni stillir öllum forustumönnum lýðræðisríkja í heiminum frammi fyrir því að ef þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir og vera trúir þeim grundvallarreglum sem á að leggja sem hornsteina að nýju öryggiskerfi Evrópu þá er ekki hægt að segja: Við fylgjum fram grundvallarreglunum gagnvart Kúvæt og Írak en af einhverjum öðrum ástæðum kjósum við að þegja að því er varðar Eystrasaltsríkin og Sovétríkin.

Virðulegi forseti. Þessari tillögu verður væntanlega að loknum þessum umræðum vísað til hv. utanrmn. Þar getum við, innan ramma trúnaðarreglna utanrmn., rætt betur þá kosti sem eru til skoðunar á vegum ráðuneytisins en ekki er unnt að ræða hér frekar og byggja fyrst og fremst á því að meta í samráði við ríkisstjórnir Eystrasaltslandanna hvernig skynsamlegast er að fylgja þessum málum fram.

Að lokum þykir mér við hæfi að geta þess að eftir að rödd Íslands hafði heyrst í þessu máli á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á sl. hausti og á ráðstefnu 34 ríkjanna um undirbúning leiðtogafundarins um samvinnu og öryggi í Evrópu, þá barst utanrrn. svohljóðandi orðsending frá samtökum útlægra Eystrasaltsbúa í Bandaríkjunum:

„Ræða utanrrh. Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær ætti að vera öðrum ríkisstjórnum fyrirmynd að fylgja við stefnumótun gagnvart Eystra-

saltsþjóðunum. Þjóðir Lettlands, Lithaugalands og Eistlands munu ævinlega vera þakklátar íslensku ríkisstjórninni fyrir að vera fyrsta vestræna ríkisstjórnin sem styður skilyrðislaust sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna á þessum sögulegu örlagatímum. Megi samskipti Íslands og Lettlands vaxa og dafna frá þessari gleðilegu byrjun. Megum við enn á ný tjá dýpstu þakkir lettnesku þjóðarinnar til ríkisstjórnar Íslands fyrir hugrakka framgöngu byggða á virðingu fyrir grundvallarreglum."

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að segja frá því að ég er sammála meðferð ríkisstjórnarinnar og hæstv. utanrrh. á þessu máli. Þar að auki vil ég segja það að ég tel að okkur beri að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Ef þjóðir ákveða með lýðræðislegum hætti að taka upp stjórnarform finnst mér að þær eigi að hafa til þess fulla heimild. Ef það er vilji þeirra þjóða, sem byggja þessi umræddu Eystrasaltslönd, að vera sjálfstæðar, þá finnst mér að við eigum að virða það og það eigi að vera þeirra heilagur réttur. Ég get enn fremur sagt frá því að ég hef hina mestu samúð með þjóðum Eystrasaltsríkjanna, hef reyndar haft tækifæri til þess að ferðast þar um nokkuð og hitta ráðamenn nú fyrir örfáum dögum. Það er mjög eðlilegt að Íslendingar reyni að aðstoða þær eftir mætti þar sem við getum komið því við. Hún er enn í fullu gildi, eins og hæstv. utanrrh. upplýsti hér áðan, sú viðurkenning sem Danir gáfu fyrir okkar hönd á sínum tíma. Við höfum aldrei dregið þá viðurkenningu til baka og því er í sjálfu sér óþarfi að árétta hana hér eða nú.

Það er mikil spenna í lofti í samskiptum Sovétsambandsins og Eystrasaltsríkjanna. Ég hef enga trú á því að hún verði leyst nema með samningum þeirra á milli. Það er fjöldi praktískra mála sem þarf að leysa, viðræður eru í gangi og ég held að við verðum að vonast eftir að þeirra framvinda verði eðlileg. Hins vegar held ég að íhlutun af því tagi sem samþykkt þessarar tillögu væri yrði olía á eld. Ég held að við eigum að reyna eftir því sem við mögulega getum að stuðla að eðlilegri framvindu samninga þessara aðila. Þarna eru tvö öfl sem takast á og ég held að við getum ekki lokað augunum fyrir því að Sovétríkin eru líka í vanda stödd. Það eru fleiri í vanda en Eystrasaltsríkin. Þeir menn sem eru í fyrirsvari í Sovétsamveldinu, Gorbatsjov og hans menn, eru í miklum vanda staddir. Ekki einungis í stjórnmálalegum vanda heldur einnig efnahagslegum. Efnahagslegur vandi Sovétríkjanna er óskaplegur. Vandi þeirra í umhverfismálum einnig og allt ber þetta að sama brunni. Þarna er við mikla erfiðleika að etja. Ég vona sannarlega að þeim takist að finna á þeim lausn sem er viðunandi fyrir alla aðila, bæði þau ríki sem óska sjálfstjórnar og eins þau öfl sem vilja friðsamleg samskipti í heiminum.

Ég tel að það væri ekki heppilegt af okkur að fara að reyna að stuðla að leiðtogaskiptum í Sovétríkjunum. Ég á ekki von á því að vísu að það sé vilji flm., en í öllu falli er tekin þarna ákveðin afstaða gegn þeirri pólitík sem Gorbatsjov hefur haft uppi í þessu efni. Nú er sjálfsagt ekki allt gott hjá honum og ég ætla ekki að fara að vera neinn sérstakur málsvari hans. En ég hef ekki von um það að eftirmaður hans verði heiminum hentugri en núverandi ráðamenn í Sovétríkjunum.

Ég átti þátt í sendiför til Eystrasaltsríkjanna nú fyrir nokkrum dögum, sendinefnd frá Norðurlandaráði. Það var gengið mjög skýrt frá verkefni okkar í erindisbréfi sem við höfðum í okkar farteski á mörgum fundum forsætisnefndar. Mér fannst sjálfum að það erindisbréf væri óþarflega þröngt en í forsætisnefnd varð þó eining um að orða það svo. Það er rétt sem hv. 1. flm., 1. þm. Suðurl., sagði hér áðan að okkur var falið að ræða einkum um efnahagsmál, umhverfismál og menningarmál og koma á samstarfi um þessi málefni. Við hlustuðum að sjálfsögðu á mál manna og stöðvuðum þá ekkert ef þeir vildu tala um annað. En við höfðum ekki umboð til þess að hefja umræður um utanríkismál eða varnarmál. Þeir menn sem við hittum í Eystrasaltslöndunum settu fram mjög ákveðnar óskir um aðstoð á mörgum sviðum. Það er fullur vilji, held ég að ég megi segja, hjá Norðurlandaráði, a.m.k. var það hjá þeim fulltrúum úr Norðurlandaráði sem tóku þátt í þessari sendiför, að aðstoða Eystrasaltsríkin svo sem við megum. Við komum til með að bjóða heim fulltrúum þinga Eystrasaltsríkjanna til næsta þings í Kaupmannahöfn.

Það er rétt sem hv. 1. þm. Suðurl. greindi frá að í samþykktum Norðurlandaráðs er ekki gert ráð fyrir þeim samskiptareglum að þeir yrðu fastagestir heldur yrðu þeir væntanlega boðnir til þessa sérstaka þings, þar sem við höfum ekkert annað form á þeirri aðild. Hv. 1. þm. Suðurl. lagði til að þessar þjóðir yrðu með tímanum fullir aðilar að Norðurlandaráði ef þær óskuðu. Ég vil nú bæta því við að ég held að það sé ástæða til þess fyrir Norðurlandaþjóðirnar að hafa eitthvað um það að segja sjálfar. Það yrði sjálfsagt að vera eftir samkomulagi allra aðila, ekki bara einhliða ákvörðun Eystrasaltsþjóðanna, hvort þær yrðu aðilar að Norðurlandaráði eða ekki. Það yrði að vísu ekkert Norðurlandaráð lengur eftir að þær væru gengnar þar inn. En það gæti vel verið að þessar þjóðir mynduðu með sér eitthvert annað ráð, Eystrasaltsráð eða eitthvað þvílíkt, sem ég vil ekkert skjóta loku fyrir að gæti skeð einhvern tímann í framtíðinni.

Ég held að það séu fjölmörg svið þar sem Norðurlandaráð og Norðurlandaþjóðirnar geti aðstoðað og komið á samvinnu og hjálp, ekki síst í þeim efnum sem okkur var falið að ræða í þessari sendiför, þ.e. samvinnu um umhverfismál, menningarmál og efnahagsmál. Ég tel að það sé eðlilegt fyrir Íslendinga að reyna að styðja að friðsamlegri og farsælli lausn þessara samskiptamála Eystrasaltsríkjanna og Sovétríkjanna hvarvetna á alþjóðavettvangi, eins og hefur verið lína ríkisstjórnarinnar, góðu heilli. Ég held að við eigum að efla viðskipti og samskipti við þessar þjóðir eftir því sem mögulegt er, styðja þátttöku þeirra í alþjóðastofnunum þar sem þær geta komið fram með sín sjónarmið. Ég tel eðlilegt að Íslendingar hafi samflot með öðrum nágrannaþjóðum í þessu efni. Hins

vegar held ég að samþykkt þessarar till. flýti með engu móti fyrir sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna eða létti þeim vandasama sjálfstæðisbaráttu þeirra. Í besta falli er samþykkt till. þýðingarlaus. Í versta falli kynni hún að magna þær deilur sem til staðar eru. Þess vegna væri þessi till. að mínum dómi betur óflutt. Ég held að við þurfum að haga okkur í meðferð utanríkismála þannig að reyna að láta taka okkur alvarlega á alþjóðavettvangi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu hið þýðingarmesta mál sem snertir samskipti Íslands við Eystrasaltsríkin sem nú eru að leitast við að brjótast undan hernámi sem þar hefur ríkt um áratugi við hinar erfiðustu aðstæður. Og skylda okkar er sannarlega mikil í þessum efnum.

Það hefur verið ánægjulegt að starfa að þessum málum í utanrmn. Alþingis, þar sem þessi mál hafa verið til umræðu undanfarna mánuði, og tekist hefur góð samstaða um málsmeðferð af Íslands hálfu. Ég get lýst stuðningi við þann málflutning sem hæstv. utanrrh. hafði hér uppi varðandi hans málafylgju í þessum efnum, því hann hefur gengið feti framar en ýmsir forustumenn, bæði á Norðurlöndum og eins meðal svokallaðra vestrænna þjóða, í stuðningi við málstað Eystrasaltsríkjanna. Ég vil jafnframt lýsa yfir stuðningi við allt það sem af hálfu okkar Íslendinga getur orðið viðleitni þessara þjóða til sjálfstæðis til framdráttar. Ég tel að við eigum að vanda hvert skref í þessum efnum, sem við tökum, og setja okkur sem allra best inn í aðstæður og fylgjast vel með framvindu mála í þessum ríkjum.

Ég tel að sú till., sem hér er rædd, sé einn af þeim kostum sem við eigum að vega og meta þegar við erum að líta yfir sviðið og átta okkur á því hvað við getum gert sem megi verða þessum ríkjum til stuðnings í sjálfstæðisbaráttu sinni. Ég tel fullkomlega eðlilegt að ræða það sem fram kemur í þessari till. í utanrmn., eins og önnur þau skref sem þar eru til umræðu varðandi þessi efni, og vil ekki vísa neinu fyrir fram á bug í þeim efnum.

Við áttum okkur auðvitað á því að hér er við rammann reip að draga. Saga þessara ríkja, bæði undanfarna hálfa öld, og reyndar litið lengra til baka, ber þess vitni að þau hafa átt mjög erfitt uppdráttar í sjálfstæðisbaráttu sinni. Eiga aðeins yfir tvo áratugi að líta sem þau máttu lifa við sæmilegt sjálfstæði en þess utan undir hælnum á stórveldinu í austri í meira og minna mæli og hafa búið við gífurlegt harðræði. Auðvitað hafa málin ekki orðið auðveldari við þá þróun sem gengið hefur yfir þessi ríki á undanförnum áratugum sovésks hernáms í þessum löndum, þar sem fjöldi fólks hefur flutt frá Sovétríkjunum, sjálfsagt með skipulögðum hætti að talsverðu leyti, inn í þessi lönd og lifir þar sínu lífi sem þátttakendur í atvinnulífi og öðru. Og sú staðreynd t.d. að í höfuðborg Eistlands er meiri hluti inn af rússnesku bergi brotinn, eða slavnesku bergi brotinn, segir sína sögu þó að það sé aðeins um þriðjungur þjóðarinnar sem er þannig aðfluttur. Þessi breyting hefur orðið á þeirri hálfu öld sem þessi ríki, og Eistland í þessu tilviki, hafa verið undir oki Sovétríkjanna.

Saga þessara mála hefur verið mikið rædd að undanförnu og það er fullkomlega réttmætt. Hún er í senn dapurleg en hún lýsir líka aðstæðum smáþjóðar sem ekki fær áheyrn heimsins varðandi sitt mál og sem þarf að lúta oki og ofbeldi stórveldis.

Við Íslendingar eigum auðvitað alveg sérstakar skyldur við lönd sem þannig er ástatt með, við þjóðir sem búa við slíkt harðræði. Og við eigum að líta til eigin sögu þegar við erum að meta aðstæður þeirra og ganga hiklaust feti framar öðrum ef við teljum að það megi koma að gagni. Í þessu tilviki líta Eystrasaltsríkin sérstaklega til Norðurlanda, bæði varðandi aðstoð í sinni sjálfstæðisbaráttu en einnig sem fordæmis fyrir smáþjóðir sem hafa megnað að halda sjálfstæði sínu og ná fram þokkalegum efnahag í sínum löndum.

Ég er þeirrar skoðunar að Norðurlöndin ættu og eigi að styðja viðleitni þessara ríkja með ráðum og dáð. Ég tel að það sé ekki um neina einhlíta hagsmuni Eystrasaltsríkjanna að ræða, heldur um gagnkvæma hagsmuni, vegna þess að eftir því sem smáþjóðunum fjölgar sem standa vörð um sitt sjálfstæði og tekst að halda því, þeim mun styrkari stoðum standa þau. Og það er ánægjulegt til þess að vita að hugmyndir og ábendingar hafa komið einmitt frá þessum ríkjum um þörfina á því að smáþjóðir heimsins taki höndum saman til þess að halda sínu í samskiptum við hinar stærri þjóðir.

Ég hef orðað það, oftar en einu sinni, á vettvangi Norðurlandaráðs, á Norðurlandaráðsþingum, að okkur beri að veita Eystrasaltsþjóðunum formlega áheyrnaraðild að Norðurlandaráði ef þær svo kjósa. Ég tel það vera eitt drýgsta framlagið sem við getum framreitt, Norðurlönd og Ísland í þessu samhengi, að opna þennan vettvang fyrir Eystrasaltsþjóðunum og það fyrr en seinna. Við eigum ekki að bíða eftir því að niðurstaða fáist úr viðræðum, sem yfir standa og sem vonandi leiða til þess að þessi ríki nái rétti sínum, heldur eigum við að gera það nú þegar og minna valdhafa í Sovétríkjunum á orð sem þeir létu falla, m.a. Gorbatsjov forseti, haustið 1989, að hann kysi einmitt góð samskipti Norðurlandaráðs við þjóðirnar við Eystrasalt innan Sovétríkjanna og vísaði, fannst mér, með þeim hætti veginn.

Vegna þess að nafn forseta Sovétríkjanna hefur borist inn í þessa umræðu, þá tel ég að við höfum tæpast efni á því að vera að vega og meta hver valdhafi situr í Moskvu, hvernig hann sé sinnaður, hvað sé líklegt af honum. Við eigum að vera samkvæmir í stuðningi okkar við málstað þessara þjóða burt séð frá því hver er við völd í stórveldinu austan við þau.

Ég átti þess kost að heimsækja Eistland í júnímánuði sl. Fór þangað sem gestur, sem ferðamaður, og náði þar fundi fremstu manna í baráttu Eistlendinga, ráðamanna þar í landi. Auðvitað varð sú heimsókn til þess að auka skilning bæði á stöðu þessarar þjóðar og þeim vanda sem hún er að glíma við, en einnig á þeirri menningu, þeirri dýrmætu þjóðlegu menningu, sem þetta ríki, eitt af þremur Eystrasaltsríkjunum, leggur

alla áherslu á að vernda og hefur tekist að vernda þrátt fyrir ofríkið úr austri og þrátt fyrir áróðursmáttinn í gegnum fjölmiðla, hervald og hvað eina sem á þeim hefur mætt um aldir í raun og veru.

Ég hef leyft mér að koma frásögn af þessari ferð á framfæri við hv. alþm. til þess að það liggi hér fyrir. Til þess að menn geti áttað sig á því hvað kom fram í þessu ferðalagi. Ég gerði utanrmn. grein fyrir því strax og ég kom heim þaðan og tel að það sem þar liggur fyrir í rauninni staðfesti það sem fram hefur komið opinberlega og ítrekað frá ráðamönnum í Eistlandi og raunar í öllum ríkjunum þremur.

Ég tel að það sé gagn að flutningi þessarar till. sem hér liggur fyrir. Hún veitir tækifæri til að ræða þessi mál hér á Alþingi Íslendinga og ég tel enga ástæðu til að vísa henni frá að óathuguðu máli sem þarflausri. Ég er hins vegar ekkert sannfærður um það að hún sé tímabær, eins og aðstæður eru núna, en ég er reiðubúinn að skoða það opnum huga, eins og aðra kosti sem orðið gætu til þess að greiða götu Eystrasaltsþjóðanna til fulls og óskoraðs sjálfstæðis.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagsvandi byggingarsjóðanna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hér hefst nú að ósk hv. 17. þm. Reykv. umræða utan dagskrár um fjárhagsvanda byggingarsjóðanna. Umræðan fer fram skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapalaga.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka forseta fyrir að leyfa þessa umræðu sem var upphaflega farið fram á fyrir tíu dögum síðan þegar umræða varð hér um fjárlagafrv., 1. umr. Frá því að við skildum hér á síðasta vori hafa komið fram tvær skýrslur á opinberum vettvangi um fjárhagsvanda og fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Það er auðvitað fullt tilefni til að ræða slíkar skýrslur hér á hinu háa Alþingi. Það hlýtur að teljast tilefni til að slík umræða fari fram utan dagskrár, sérstaklega í ljósi þess að engin sérstök þingmál þessu viðvíkjandi hafa enn þá verið lögð fram. Ég skal leitast við að vera stuttorður, virðulegi forseti. En ég sé og heyri að ýmsum þingmönnum hér liggur eitthvað á hjarta varðandi þessi málefni.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að fjárhagsvandi byggingarsjóðanna tveggja er hrikalegur. En það er enn þá hrikalegra að ríkisstjórnin sem nú situr heykist við að taka á vandanum og virðist ekki ætla að grípa til neinna þeirra ráðstafana sem duga til þess að snúa við þeirri þróun sem við blasir í málefnum sjóðanna. Ég þarf ekki að minna þingmenn á það neyðaróp sem þingflokkunum barst frá húsnæðismálastjórn, stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, í júní sl. þegar húsnæðismálastjórn var að ganga frá sínum fjárlagatillögum og greip til þess óvenjulega ráðs að senda þær ekki til fjmrn. eins, heldur til allra þingflokka sömuleiðis.

Það hefur lengi legið fyrir, virðulegi forseti, að byggingarsjóðirnir ættu við fjárhagsvanda að etja. Og skýrslurnar tvær, sem ég gat um, staðfesta það. Þær staðfesta jafnframt að það er fyrir aðgerðarleysi núv. hæstv. félmrh. undanfarin þrjú ár að málin eru komin í það horf sem nú er. Álit sérstakrar nefndar félmrh., sérstakra trúnaðarmanna félmrh., sem gert var opinbert 22. júní sl., er þess vegna áfellisdómur yfir aðgerðarleysi ráðherrans, sem skýrsla Ríkisendurskoðunar frá því í september staðfestir. Í áliti nefndarinnar, sem skilaði áliti í júní, segir, með leyfi forseta, að ekki sé „ráðlegt að víkjast lengur undan því að koma jafnvægi á rekstur sjóðsins og eigið fé sjóðsins, 15 milljarðar kr., muni að óbreyttu verða horfið um aldamót." Í greinargerðinni segir jafnframt:

„Eins og kunnugt er hefur verið búið þannig um hnútana í fjárhagsmálefnum Byggingarsjóðs ríkisins á undanförnum árum að fjárhagsstöðu sjóðsins er stefnt í voða ef ekkert verður að gert."

Þá segir réttilega í þessu nefndaráliti að leiðir til að laga rekstrarstöðu sjóðsins séu tvær. Annars vegar að tryggja sjóðnum árlegt framlag úr ríkissjóði til að mæta rekstrarhalla og hins vegar að hækka vexti á útlánum sjóðsins. Allt frá árinu 1987 hefur blasað við að hvort tveggja þyrfti að gera. En viðbrögð félmrh. og þeirra ríkisstjórna sem setið hafa frá 1988 hafa aftur á móti verið kákið eitt í þeim efnum. Ríkisframlagið er komið niður í 50 millj. á þessu ári, sem er að líða, og niður í ekki neitt á næsta ári. Það er búið að þurrka Byggingarsjóð ríkisins út úr fjárlagafrv. fyrir næsta ár og félmrh. hefur með kjafti og klóm, vil ég leyfa mér að segja, streist gegn óhjákvæmilegum, en auðvitað jafnframt óvinsælum hækkunum á útlánsvöxtum hjá sjóðnum. Þess vegna er nú komið sem komið er.

Það sætir auðvitað furðu að yfir þessu öllu skuli tróna sem forsrh. sá maður sem á árinu 1986 samdi sérstaklega við aðila vinnumarkaðarins um að koma á nýju húsnæðislánakerfi, hann skuli tróna yfir þessu aðgerðarleysi berandi þó ábyrgð á því að við aðila vinnumarkaðarins var á sínum tíma samið um þetta mál. En hæstv. núv. forsrh. virðist ekki hafa metnað til þess að standa við það sem um var samið á þeim tíma.

Þess vegna liggur fyrir, virðulegi forseti, að með raunhæfum aðgerðum þegar á árinu 1987, með því að vísu að taka óvinsæla ákvörðun þá um að hækka útlánsvextina, hefði verið hægt að koma í veg fyrir stóran hluta af þeim vanda sem nú blasir við. Það er vissulega athyglisverð spurning hvernig staða Byggingarsjóðs ríkisins væri í dag ef þetta hefði ekki verið trassað með þeim hætti sem gert var. Mér er kunnugt um að það urðu umræður í ríkisstjórn Íslands haustið 1987 þar sem fram kom vilji á því að hækka þessa vexti en félmrh. fór undan í flæmingi og treysti sér ekki til þess að standa að slíkri tillögu.

Það liggur þess vegna fyrir að vandi byggingarsjóðanna, bæði Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, hefur verið ljós um langan tíma. En það er trassaskapur, sem skrifast á ábyrgð núverandi valdhafa, að ekki hefur verið gripið í taumana. Það hefur

verið flotið sofandi að feigðarósi í þessu máli, vissulega þó hraðbyri. Ríkisstjórnin og félmrh. hafa svo sannarlega setið þar á 1. farrými en almenningur, þessi átta þúsund manns sem bíða í biðröðinni, hafa mátt dúsa í lestinni á 3. farrými á þessari siglingu. Og það sem verra er, allt bendir til þess að það eigi að halda siglingunni áfram fram yfir kosningar. Það hefur ekkert komið fram af hálfu félmrh. annað en það að réttast væri að loka húsnæðislánakerfinu frá 1986 en það sé fráleitt að grípa til þeirra ráða sem duga og samræma innláns- og útlánsvextina þar sem vaxtamunur er orðinn allt of mikill eins og öllum er kunnugt. Spurningin er: Ætlar félmrh., ætlar forsrh. og ríkisstjórnin öll, að halda áfram að láta sjóðunum blæða út? Á að láta þjóðina horfa upp á það að þessum miklu sjóðum, byggingarsjóðum ríkisins með 15 milljarða eigið fé, blæði út, að eigið fé fjari út og verði að engu? Á að láta þessa peninga gufa upp á nokkrum árum?

Ég fullyrði það að ekki hafi verið tekið á þessu máli þó að mönnum sé vandinn ljós. Hvað segir til að mynda í fjárlagafrv. fyrir næsta ár um þennan vanda? Hver er niðurstaðan í stefnumarkandi plaggi ríkisstjórnarinnar, fjárlagafrv., um þetta mál? Þar segir eftirfarandi: „Aðgerða er því þörf í málefnum byggingarsjóðanna." Það eru nú meiri tíðindin. Það eru nú meiri fréttirnar sem fluttar eru í fjárlagafrv. um þetta mál. En það er ekki þannig að ríkisstjórnin ætli sér að gera neitt í málinu. Það er viðurkennt að grípa þurfi til aðgerða en það er ekki samkomulag um neinar aðgerðir. Hvað segja nú framsóknarmennirnir sem stóðu að samkomulaginu 1986 um þetta mál, til að mynda hæstv. fyrrv. félmrh. Alexander Stefánsson og aðrir þingmenn Framsfl.? Ætla þeir að taka á sig ábyrgðina á því að sjóðunum blæði út? Ef það er svo þá eru lítil geð þeirra guma sem gumuðu mest af nýja húsnæðislánakerfinu frá 1986.

Ég hef sagt, virðulegi forseti, að það hafi verið óhjákvæmilegt allt frá árinu 1987 að hækka útlánsvexti hjá Byggingarsjóði ríkisins. Ég er reyndar ekki eini maðurinn sem hefur sagt það. Til að mynda segir framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins í viðtali í Þjóðviljanum 28. sept. sl. eftirfarandi:

„Ég lít þannig á að ríkisstjórn Íslands hefði fyrir mörgum árum átt að taka ákvörðun um breytingu á vöxtum á útlánum okkar og reyndar hlýt ég að rifja það upp að einmitt vorið 1987 þegar viðræður um myndun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar stóðu yfir, þá lýsti ég þeirri skoðun minni í fjölmiðlum að það bæri brýna nauðsyn til að taka ákvörðun um breytingar á útlánavöxtum okkar til að tryggja fjárhag byggingarsjóðanna. Á þessu tímabili hafa setið tvær ríkisstjórnir. Ég taldi nauðsynlegt að samræma útláns- og innlánsvexti stofnunarinnar. Ég átti við það að við tökum lán hjá lífeyrissjóðunum með mjög háum vöxtum og endurlánum það með lágum vöxtum. Fjölmiðlar skildu það sem svo að ég væri að tala fyrir hækkun á útlánavöxtum stofnunarinnar og það var alveg rétt túlkað. Ég fer ekkert í launkofa með það að ég vildi þá þegar að vextirnir yrðu hækkaðir."

En félmrh. og samflokksmaður framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar hefur heykst á því að taka þessa óvinsælu ákvörðun þó svo að þetta hafi legið fyrir allan þennan tíma. Og það er auðvitað alveg ljóst að frekari dráttur í þessu efni, frekari dráttur á því að grípa til samræmingar á innláns- og útlánsvöxtum sjóðanna eykur á vandann og þá minnkar eigið fé hraðar en ella.

En það má með sanni segja í þessu efni, virðulegi forseti, að bragð er að þá blessað barnið finnur, því að meira að segja Kvennalistinn er loksins búinn að átta sig á kjarna þessa máls, eins og ályktun Kvennalistans frá fundi þeirra um helgina ber með sér. Það er vissulega fagnaðarefni að Kvennalistinn skuli horfinn frá villu síns vegar í þessu efni því að það er Kvennalistinn, því miður, sem ber ábyrgð á þeirri fráleitu ákvörðun, sem tekin var í desembermánuði sl., þegar vextir af útlánum sjóðsins voru hækkaðir eingöngu á nýjum lánum en ekki eldri lánum, frá 1984 og síðar, þó svo ákvæði í skuldabréfum á bak við þau lán gerðu ráð fyrir slíkum breytingum. Kvennalistinn tók á sig ákveðna ábyrgð vorið 1989 þegar húsbréfafrv. svokallaða var samþykkt og gerði samkomulag við ríkisstjórnina um að svona skyldi staðið að vaxtaákvörðun. Ég tel að það samkomulag og sú ákvörðun sem félmrh. tók á þeim grundvelli hinn 5. des. sl. hafi verið mikil mistök. Og ég fagna því að kvennalistakonur skuli hafa séð að sér í þessu efni og skuli nú loks taka ábyrga afstöðu í þessu máli, því að ég tel að hér sé ábyrg afstaða á ferðinni, og ég býð þær velkomnar í hóp þeirra sem taka vilja raunhæft og ábyrgt á þessum vandamálum.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að þetta vandamál hefði lengi legið fyrir. Vissulega er það rétt að það var tekin ákveðin áhætta hér á hinu háa Alþingi vorið 1986 þegar húsnæðislánakerfinu var komið á laggirnar. Það var tekin ákveðin áhætta og það kom á daginn, strax sumarið eftir, 1987, að það var verið að reyna að gera of mikið í þessu kerfi fyrir of marga. En það er auðvitað fáránleg ósvífni af hálfu bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., eins og báðir ráðherrarnir gerðu sig seka um í umræðunum um fjárlög, að ætla að halda því fram að fjmrh. vorið 1986, Þorsteinn Pálsson, núv. 1. þm. Suðurl., hafi leynt Alþingi einhverjum upplýsingum um þetta mál. Allar upplýsingar um málið og allir útreikningar lágu fyrir í þeirri undirbúningsnefnd sem undirbjó þetta frv. á sínum tíma og öll gögn þessarar nefndar stóðu þingnefndum opin. Ég minnist þess að við hv. 8. þm. Reykn., sem nú gekk í salinn, sátum báðir í þessari undirbúningsnefnd og gerðum sérstakan fyrirvara á sínum tíma að því er varðaði útlánsvexti sjóðsins og töldum það eðlilegt og skynsamlegt að þeir yrðu breytilegir á hverjum tíma en ekki yrði bundið í lög að vextirnir mættu ekki vera hærri en 3,5% eins og var krafa aðila vinnumarkaðarins á þeim tíma.

Við ákvörðun ríkisstjórnarinnar í desember sl. um að breyta vöxtum á óteknum lánum hjá byggingarsjóðnum gerðu ráðherrar Borgfl. sérstaka bókun og andmæltu þessari breytingu, töldu hana ástæðulausa og vildu í staðinn fara aðra leið, sem sé þá að hækka vexti á öllum teknum lánum frá árinu 1984 jafnt. Aldrei þessu vant höfðu ráðherrar Borgfl. rétt fyrir sér í þessu

máli. Enda hefur komið á daginn að það er erfiðleikum bundið á fasteignamarkaði að versla með íbúðir sem eru alveg nákvæmlega eins að öðru leyti en því að hafa áhvílandi annars vegar lán frá því fyrir 5. des. sl. og hins vegar eftir, vegna þess að á þeim hvíla mismunandi þung lán, því vextirnir eru mismunandi frá hendi Húsnæðisstofnunar. Þetta var auðvitað tómt rugl. Ég sé ekki betur en ef Borgfl. stendur við sína ályktun og Kvennalistinn fylgir fram hinni nýju stefnu sinni frá því í gær, þá sé þingmeirihluti fyrir að breyta þessu og það mun vissulega verða látið á það reyna.

Nú bíða, virðulegi forseti, um átta þúsund umsóknir afgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, í Byggingarsjóði ríkisins. Ég hygg að ekki sé fráleitt að ætla að bak við þessar umsóknir séu um 20 þúsund manns, jafnvel fleira fólk. Þetta fólk býður í fullkominni óvissu eftir því að ríkisstjórnarnefnan geti mannað sig upp í að taka einhverja afstöðu og móta einhverja stefnu gagnvart húsnæðislánakerfinu. Það hafa 2300 af þessum umsækjendum fengið lánsloforð en hvað á að gera við hina 5700? Hvað ætlar ráðherrann að segja við þetta fólk?

Það kom fram í tilvitnuðu bréfi frá Húsnæðisstofnun ríkisins, sem þingflokkum barst og dagsett er 15. júní sl., að það væri brigð við þetta fólk að loka nú kerfinu, loka dyrunum á nefið á þessu fólki þvert ofan í gefnar yfirlýsingar. Ætlar ríkisstjórnin að standa að þeim brigðum? Það stendur hér orðrétt:

„Þá skal einnig á það bent að þegar húsbréfakerfið hóf göngu sína var hinu almenna lánakerfi ekki lokað. Stjórnvöld eru því að koma aftan að þeim umsækjendum sem ekki vilja fara í húsbréfakerfið og telja sig eiga rétt á lánum úr almenna kerfinu ef ekki verður hægt að gefa út frekari lánsloforð."

Spurningin er, virðulegi forseti, til félmrh., til forsrh. ef hann væri nú hér: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum? Hvað ætla þessir virðulegu ráðherrar að gera til þess að leysa þennan vanda? Ekki væri nú síður gagnlegt að heyra svör fjmrh. við því.

Ég er þeirrar skoðunar almennt, virðulegi forseti, að það sé ekki heppileg lausn á vandamálum að grýta í þau peningum til þess að reyna að leysa þau. Ég held að það sé heldur ekki heppileg leið almennt séð, virðulegi forseti, að reyna að slökkva eld með því að kasta á hann peningum. Það er því ekki leið út úr þessum vanda að ausa milljörðum ofan á milljarða í þetta kerfi. En það stendur auðvitað fyrst og fremst upp á ríkisstjórn Íslands, þá ráðherra sem hafa tekið á sig ábyrgð á þessum málum, að koma með tillögur um að leysa vandann. Og hvað ætlar þetta fólk að gera? Hvað á að halda þúsundum Íslendinga í mikilli óvissu lengi varðandi þetta mál? Hvenær fáum við hér á hinu háa Alþingi einhver svör við því hvenær vænta megi raunhæfra aðgerða?

Það hefur ekkert skort á það, virðulegi forseti, af hálfu núv. félmrh. að það sé boðið upp á nýja kosti varðandi félagslegt húsnæði. Það hefur verið markviss stefna af hálfu núv. ráðherra að reyna að koma sem flestum inn í slíkt húsnæði, jafnvel einstaklingum sem kæra sig ekki um að búa í slíku húsnæði. Það hefur verið leynt og ljóst unnið að því hér á Alþingi, ekki síst á síðasta þingi og undanfarin ár reyndar, að koma sem flestum Íslendingum inn í félagslegt íbúðarhúsnæði, helst leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga eða samvinnubúsetafélaga. Það vantar ekki að það hafi verið unnið í þeim efnum. Meira að segja er búið að taka úr lögum, með sérstakri lagabreytingu að það megi veita þeim sem búa við sérstaklega erfiðar fjárhagseða fjölskylduaðstæður viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna, úr verkamannabústaðakerfinu. Það má ekki einu sinni hjálpa þeim í því kerfi sem þó vilja það ef þessir aðilar standa höllum fæti eða eiga við að glíma sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður. Um þetta var sérstök atkvæðagreiðsla hér í vor og þó að fyrrv. félmrh. hafi stutt tillögu mína um að þetta ákvæði fengi að halda sér í lögunum, þá voru þeir ekki margir framsóknarmennirnir sem það gerðu.

En þetta er ekki sú stefna, virðulegi forseti, sem þorri Íslendinga vill. Þorri Íslendinga vill að vísu og telur eðlilegt og sjálfsagt að það sé valkostur á félagslega sviðinu fyrir þá sem standa höllum fæti eða mega sín minna í samfélaginu og það sé samfélagsleg hjálp við þá aðila. Það þykir okkur öllum vonandi sjálfsagt og eðlilegt. En það er óeðlilegt að reyna að þvinga með beinum og óbeinum hætti alla, eða sem flesta, líka þá sem vilja standa á eigin fótum, inn í slíkt kerfi. En það er það sem hefur verið gert beint og óbeint af hálfu núv. ríkisstjórnar þegar fólki er annaðhvort vísað í húsbréfakerfi, þar sem er krafist ákveðinna lágmarkseigna í raun og veru til þess að geta fengið þar viðunandi lán, ellegar í hið félagslega kerfi.

Ég hyggst standa við fyrirheit mitt, virðulegi forseti, og efna ekki hér til allsherjarumræðu um húsnæðismálin þó svo vissulega væri fullt tilefni til þess að ræða þau mál öll á breiðum grundvelli. En spurningin í þessari umræðu er: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að leysa þennan vanda? Hvernig ætla hæstv. forsrh., félmrh. og fjmrh. að taka á þessum vanda sem við hefur blasað svo lengi og sem þessi ríkisstjórn og sem félmrh. allt frá árinu 1987 hefur trassað og því miður heykst við að taka á?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. hefur vitnað hér í tvær skýrslur sem báðar staðfesta hrun lánakerfisins frá 1986. Í fyrsta lagi er það úttekt sem ég lét gera á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins í júní 1990 og síðan er það skýrsla Ríkisendurskoðunar frá því í september.

Hv. þm. sagði hér í ræðustól að aðgerðarleysi núv. félmrh. mætti kenna um hrun lánakerfisins frá 1986. Ég held, hv. þm., að málið sé nú ekki svo einfalt. Þær upplýsingar sem fram koma í þessum skýrslum sýna að það þarf mjög mikið ríkisframlag á næstu árum til að halda þessu kerfi gangandi. Það þarf um 15 milljarða í ríkisframlög á næstu tíu árum ef þetta kerfi á að starfa áfram og reyndar þarf 7 milljarða þótt því væri lokað strax. Þessar skýrslur sýna einnig að lántökur þurfa að vera gífurlega miklar á næstu tíu árum ef þetta kerfi á að starfa áfram, eða um 174 milljarðar, en

ef því yrði lokað þyrfti um 30 milljarða í lántökur.

Skýrslurnar sýna líka, sem er meginatriðið í þessu, að forsendur sem lánakerfið frá 1986 byggði á brugðust algjörlega og kerfið sprakk hreinlega á fyrstu mánuðum eftir gildistöku laganna. Í forsendum frv. frá 1986 var gert ráð fyrir lánveitingu til 3.800 íbúða fyrstu tvö árin, en eftir fyrstu tvö árin yrðu lánveitingar 3.600 íbúðir á ári. Frv. gerði ráð fyrir að fresta um helmingi af lánveitingum til þeirra sem áttu íbúð fyrir þannig að heildarlánveitingar áttu að vera um 2.700 á ári. Allar forsendur um þann fjölda lánveitinga brugðust. Þegar fyrstu fjóra mánuðina frá því að kerfið fór af stað, 1. sept. til 31. des. 1986, urðu umsóknir tæplega 4.000 og til ársloka 1989 urðu þær um 20.000. Þetta kerfi er nefnilega þannig uppbyggt að hátekju- og eignafólk raðaði sér í biðröðina eftir gjafalánum á kostnað þeirra sem þurftu nauðsynlega á fyrirgreiðslu að halda.

Í grg. með frv. kemur fram að því átti að breyta að stjórnvöld gætu stýrt útlánum byggingarsjóðsins með breytingu á hlutfalli lána, byggingarkostnaði og með ákvörðunum um fjölda útlána. Kemur fram í grg. að gert var ráð fyrir að lánsfjárhæðir væru lögfestar með vísan til verðlags á fyrsta fjórðungi hvers árs og þær breyttust síðan í hátt við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Orðrétt segir að þetta hafi í för með sér að möguleikar stjórnvalda til að stýra útlánum og að hafa áhrif á íbúðabyggingar og fasteignaviðskipti, sem heppileg eru talin með hliðsjón af framvindu efnahagsmála og efnahagsstefnu stjórnvalda, væru takmarkaðri en nú er og því eðlilegt að ekki sé kveðið á um lágmarksframlag ríkissjóðs í lögum. Af þessu má ljóst vera að gengið var út frá því að ekki væri hægt að takmarka fjölda útlána frá því sem gert var ráð fyrir eða lækka lánsfjárhæðir. Í útreikningum sem lágu fyrir á þessum tíma var gert ráð fyrir að þær forsendur um fjölda lána sem frv. byggði á, þ.e. 3.800 fyrstu tvö árin, kostuðu ríkissjóð um 2,6 milljarða á verðlagi 1986 en það jafngildir 5,2 milljörðum í ríkisframlag í ár. Þessir útreikningar komu ekki fram í grg. með frv. Í þessum útreikningum kemur fram verulega hærri kostnaður við lánveitingar en fram kemur í grg. með frv. Í útreikningunum kemur fram að áætlaðar lánveitingar kosti á ári 5,5 milljarða en í grg. með frv. er miðað við 4,5 milljarða miðað við sama fjölda útlána.

Í minnisblaði því sem hv. þm. vitnaði til frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun frá því í febrúar 1986 til þáv. fjmrh. kemur fram enn hærri fjárþörf vegna sömu lánveitinga, eða um 6,3 milljarðar króna, til Byggingarsjóðs ríkisins. Eru þessar áætlanir Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um tveimur milljörðum hærri en grg. með frv. gerði ráð fyrir ef miðað er við neðri mörk þess. Ef miðað er við hærri mörk um útlánaþörf en frv. gerði ráð fyrir munar þarna um einum milljarði króna. Þetta minnisblað sýnir því mun meiri þörf fyrir ríkisframlag en sýnt er í frv. og raunar einnig í þeim útreikningum sem lágu fyrir á þessum tíma. Staðreyndin virðist því vera sú að menn hafa verið að reyna að finna leiðir til þess að reikna sig niður til þess að ríkisframlagið þyrfti ekki að vera nema einn milljarður króna. Til þess var áætluð fjárþörf vegna útlána skrúfuð verulega niður í frv. og gert ráð fyrir að fresta helmingi af lánveitingum til þeirra sem eiga íbúð fyrir sem gengur gegn þeirri röksemd í frv. að takmarka möguleika stjórnvalda til að stýra útlánum. Þess í stað hefur útlánum verið stýrt til að reikna sig niður í eins milljarðs kr. ríkisframlag í stað nærri þriggja milljarða sem útreikningar sýndu að nauðsyn væri á frá upphafi. Fjöldi útlána dróst líka verulega saman á árunum 1986 til 1989 frá því sem var 1985 og 1986. Árið 1985 voru veittar heimildir til 6.500 íbúða, 1986 voru veittar heimildir til 6.763 íbúða en 1987–1989 var fjöldi lánveitinga rúmar 4.000 til 4.800. Ljóst er því að áhrif 1986-kerfisins koma fram í hærri fjárhæðum á hvert lán á kostnað færri lánveitinga og þar með lengri biðraða.

Í þessu minnisblaði Fjárlaga- og hagsýslustofnunar kemur líka fram miklu meiri fjárþörf en grg. með frv. gerði ráð fyrir þótt gengið sé í báðum tilfellum út frá sama íbúðafjölda á ári. Forsendur frv. um að fjöldi þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn væri helmingur umsækjenda brugðust einnig. Af 20.000 umsækjendum 1986–1989 voru rúmlega 11.000 í forgangshóp en um 8.600 í víkjandi hóp. Einnig eru í þessu minnisblaði sýndir útreikningar miðað við að byggingarsjóður láni út fjóra milljarða árlega í tíu ár á jafngreiðslukjörum miðað við að vextir af þeim lánum séu 3,5%, en byggingarsjóðurinn endurgreiði sín lán með 5% vöxtum. Í þessu dæmi er gengið út frá fjórum milljörðum í útlán sem er svipuð fjárhæð og frv. gerði ráð fyrir með því að fresta hluta af fjárveitingum til þeirra sem áttu íbúð fyrir. Engu að síður kemur í þessu minnisblaði Fjárlaga- og hagsýslustofnunar fram verulega meiri fjárvöntun og þörf á ríkisframlagi en frv. gerði ráð fyrir. Frv. byggði á vaxtamismun sem væri 2,25% og ríkisframlagið þyrfti að vera 1 milljarður kr. En þó minnisblaðið byggi einungis á 1,5% vaxtamun inn- og útlána kemur þar fram að ríkisframlag þarf að fara hraðvaxandi. Árið 1990 er gert ráð fyrir rúmlega 1,5 milljörðum í ríkisframlag á verðlagi 1986 sem má gera ráð fyrir að séu um 3 milljarðar króna á verðlagi yfirstandandi árs.

Frv. fór í gegnum Alþingi á fimm dögum og ekki gafst mikið svigrúm til að skoða ýmsa útreikninga. Því hefði verið nauðsynlegt að mínu mati að slíkt gagn, sem fyrir lá í Fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem og aðrir útreikningar sem lágu fyrir hjá nefndinni sem hafði frv. til skoðunar, hefðu fylgt með í grg. frv. eða a.m.k. komið hér fyrir hv. Alþingi.

Ljóst er að þeir útreikningar sem lágu fyrir nefndinni sem og það gagn sem ég hef vitnað til frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun er mun nær því að sýna raunveruleikann í þessu máli og er miklu nær þeim niðurstöðum sem fram komu í sumar í úttekt sem ég lét gera og í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar frá því í haust sem sýndi fram á gjaldþrot byggingarsjóðanna.

Staðreyndin er sú að það var lofað meiru en hægt var að standa við án þess að horfst væri raunsætt í augu við staðreyndir málsins. Því er haldið fram, m.a. af hv. þm. Geir Haarde, að ég hafi ekki fallist á neina

vaxtahækkun til dagsins í dag. Ég vil segja um það efni að vaxtamismunur var, þegar kerfið fór af stað 1986, 2,5–3% en er í dag 1,5–2%. Ástæða þess að vextir voru ekki hækkaðir fyrr en á síðasta ári var sú að ég taldi rétt að koma á kerfi, m.a. vaxtabótakerfi, áður en vextir yrðu hækkaðir til að hlífa fólki með lágar tekjur við aukinni greiðslubyrði.

Staðreyndin er einnig sú að sá milljarður sem gengið var út frá að dygði í ríkisframlag til þess að þetta kerfi gengi upp hefur ekki reynst nægilegur. Þegar hafa verið veittir í ríkisframlag frá árinu 1986, fyrir utan niðurgreiðslur í skattakerfinu, um 3,5 milljarðar kr. og útreikningar sýna að það þarf ríkisframlög upp á 7 milljarða til viðbótar næstu tíu árin þó kerfinu yrði lokað. Útreikningar sýna einnig mjög miklar lántökur frá lífeyrissjóðunum, eins og ég sagði, ef þessu kerfi verður haldið áfram.

Ég er sammála hv. þm. Geir H. Haarde að það á ekki að ausa milljörðum og aftur milljörðum í þetta kerfi frá 1986 sem ekki gengur upp. Og af því að hv. þm. vitnaði í biðröðina þá bíða núna 5.500 umsækjendur og vaxtahækkun núna, sem þingmaðurinn vitnaði til, mundi ekki leysa það að þetta fólk fengi afgreiðslu á sínum umsóknum í lánakerfinu frá 1986. Ég hef líka bent á það að þó við settum tvo milljarða í ríkisframlög, sem gengju þá beint í útlán en ekki til þess að mæta rekstrarhalla, mundu þeir einungis duga til þess að afgreiða 800 af þessum 5.500 umsækjendum.

Ég minni líka á það að minni ríkisframlög en gert var ráð fyrir hafa ekki bitnað á íbúðarkaupendum vegna þess að aukning á heildarlánum í Húsnæðisstofnun ríkisins hefur orðið um 54% að raungildi frá 1986, eða úr 7.800 millj. í 12 milljarða á sambærilegu verðlagi.

Hv. þm. fór hér nokkrum orðum um Byggingarsjóð verkamanna. Ég tel að á þessu kjörtímabili hafi mikið áunnist að því er varðar uppbyggingu á félagslegum íbúðum og var þar full nauðsyn á. Það lætur nærri að félagslegar íbúðir hér á landi séu einungis um 7–8% af heildarfjölda íbúða, eða um 6.500 íbúðir. Núna á þessu ári, vegna næsta árs, hafa Húsnæðisstofnun borist liðlega 1.500 umsóknir. En það er áætlað að umsóknir um félagslegt húsnæði á landinu öllu á yfirstandandi ári séu alla vega um 2.000 fleiri en umsóknir sveitarfélaga og félagasamtaka um lán og því er áætlað að 2.500 til 3.000 fjölskyldur séu nú á biðlista eftir félagslegu húsnæði.

Varðandi vaxtamismun í því kerfi, af því að hv. þm. heldur því fram aftur og aftur að það hvernig komið sé fyrir þessum byggingarsjóðum sé aðgerðarleysi núverandi félmrh. að kenna, þá vil ég minna hv. þm. á að það var samþykkt ný löggjöf um félagslega húsnæðiskerfið sl. vor sem einmitt kveður á um að það megi endurskoða vexti hjá þeim sem hafa verið í félagslegri íbúð í sex ár. Á næsta ári munu koma til endurskoðunar vextir hjá fólki sem fékk félagslega íbúð á árinu 1984, þannig að hjá um 300–400 af þeim sem fengu félagslega íbúð 1984 munu vextir af þessum íbúðum koma til endurskoðunar þegar á næsta ári, og sá fjöldi mun síðan fara vaxandi. Það er heimild í þessum lögum að hækka vexti hjá þessu fólki upp í allt að 4,5% ef það fer yfir tekjumörkin.

Það sem mér fannst liggja í orðum hv. þm., og reyndar fleiri sjálfstæðismanna þegar þeir tala um félagslega kerfið, að það sé verið að koma á einhverri leiguliðastefnu með því að efla félagslega íbúðakerfið, er auðvitað alrangt. Ég minni t.d. á kaupleigukerfið sem er eignarform í félagslega íbúðakerfinu. Þar er láglaunafólki gert kleift að eignast íbúð á viðráðanlegum kjörum með 15–20 þús. kr. greiðslu á mánuði en vera ekki ofurselt okurleigu á almenna markaðinum þar sem það þarf að greiða 35–50 þús. kr. í mánaðarleigu. Hér er bara um að ræða annað eignarform og raunverulega leið til þess að viðhalda sjálfseignarstefnunni sem íhaldið talar ávallt fyrir. Ég hef sýnt fram á hve mikil þörf er á þessum félagslegu íbúðum og mun auðvitað áfram leggja áherslu á uppbyggingu á þeim.

Hvað á að gera við þessa 5.500 umsækjendur sem nú bíða? 8.000 nefndi hv. þm. Það eru 5.500 sem ekki hafa fengið lánsloforð, hinir hafa fengið lánsloforð og við skuldbindingar gagnvart þeim verður staðið. Er þessum 5.500 umsækjendum vísað út á kaldan klakann? Svar mitt við því er nei. Það hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana til þess að tryggja hag þeirra. Þessum umsækjendum stendur öllum til boða að fara yfir í húsbréfakerfið þrátt fyrir að þeir hafa fest kaup á eða hafið byggingu íbúðar. Ég tel að allir útreikningar sýni fram á að húsbréfakerfið geti leyst lánakerfið frá 1986 fyllilega af hólmi. Hagur íbúðakaupenda er í flestum tilvikum jafngóður eða betri í húsbréfakerfinu ef tekið er tillit til íbúðakaupa í heild svo og vaxtabóta.

Ef þær hugmyndir verða að veruleika sem nú eru á döfinni og liggja fyrir þingflokkunum, um breytingu á húsbréfakerfinu þannig að íbúðakaupendur sem kaupa minni íbúðir, á bilinu 5–6 millj., fái hærra lánshlutfall í húsbréfakerfinu, minnkar greiðslubyrði íbúðakaupenda verulega. Jafnframt felst í því frv., sem væntanlega verður lagt fljótlega fyrir þingið, að íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum verði veittur tímabundinn aðgangur að húsbréfakerfinu. Þeim verður með þeim hætti gefinn kostur á að fá húsbréf til að greiða upp skuldir sínar og endurfjármagna þannig íbúðakaup sín en með því er talið að unnt verði að koma í veg fyrir gjaldþrot fjölmargra fjölskyldna. Staðreyndin er sú að stór hópur fólks er með meðalskuldir upp á 3,5 millj. kr., þar af skammtímaskuldir upp á nærri 1,5 millj., sem það ræður ekki við. Mánaðarleg greiðslubyrði hjá þessu fólki er 100 þús. kr. á mánuði og ef allar skammtímaskuldir þess væru greiddar upp með húsbréfum, eins og ráð er fyrir gert í þessu frv., þá verður greiðslubyrðin um eða undir 30 þús. kr. á mánuði í staðinn fyrir 100 þús. kr. Þannig að ég vísa því á bug að þessir 5.500 umsækjendur séu settir þarna út á kaldan klakann.

Ég vil líka minna á það að nokkur hundruð umsækjendur sem bíða í lánakerfinu frá 1986 hafa farið inn í húsbréfakerfið. Útreikningar sýna að greiðslubyrði þeirra hefur verið um 40–60% af tekjum þó þeir hafi fengið lán úr 1986-kerfinu. En ef þeir fara inn í húsbréfakerfið þá lækkar greiðslubyrðin niður í 15%.

Því er auðséð að lánakerfið frá 1986 hefði ekki leyst vanda þessa fólks þar sem fljótlega hefði stór hluti þeirra lent í greiðsluerfiðleikum aftur.

Ég vil koma inn á það sem hv. þm. vék að hér, til hvaða aðgerða á að grípa vegna vanda byggingarsjóðanna og ásakana hans á mig að ég hafi ekki viljað grípa til vaxtahækkana.

Í fyrsta lagi hef ég margsinnis lýst því yfir, m.a. hér á Alþingi, að ég telji ekki neina skynsemi í öðru en að loka lánakerfinu frá 1986. Og ég tel nauðsynlegt að Alþingi fái tækifæri til þess að taka afstöðu til þess hvort það vill halda þessu lánakerfi áfram eða loka því. Þeir sem vilja halda þessu lánakerfi áfram verða þá að sýna fram á hvernig það er hægt. Það er ekki eingöngu hægt með því að hækka vexti, hv. þm. Það verða einnig að koma til stóraukin ríkisframlög. Er Sjálfstfl. tilbúinn til að standa að því? Það er nefnilega svo undarlegt að Sjálfstfl. upplýsir aldrei hver er hans stefna í húsnæðismálum. Hann talar stöðugt um sjálfseignarstefnu, en hvernig sjálfseignarstefnu vill hann viðhalda? Vill hann viðhalda þessu kerfi frá 1986? Berst hann fyrir því? Eða styður hann að hér taki við húsbréfakerfi? Ég held að kjósendur Sjálfstfl. eigi heimtingu á að vita hvaða stefnu þessi flokkur hefur í húsnæðismálum. Mér er það alls ekki ljóst og ég vildi gjarnan fá það upplýst hér við umræðuna. Það mundi skýra margt ef það kemur í ljós að Sjálfstfl. vill viðhalda kerfinu frá 1986.

Til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda verður að gera annað tveggja, eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, það verður að koma til vaxtahækkun eða ríkisframlag eða sambland af þessum tveimur liðum. Mat sérfræðinga sem unnu að úttekt á 86-kerfinu var að vextir þyrftu að hækka í 5,5% frá 1. júlí 1984 ef lánakerfið frá 1986 á að starfa óbreytt og 5% ef lánakerfinu væri lokað. Ályktun flokksþings Alþfl. var að nú þegar þurfi að taka ákvörðun um lokun lánakerfisins frá 1986. Þrátt fyrir lokun yrði að koma til ríkisframlög og/eða vaxtahækkun. Jafnframt ályktaði flokksþingið að við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu vegna þjóðarsáttar um kjaramál væri ekki unnt að leggja til að vextir í almenna húsnæðislánakerfinu hækki að svo stöddu en vextir verði endurskoðaðir að loknu tímabili núgildandi þjóðarsáttar.

Ég tel að hækkun vaxta gangi þvert á kjarasamninga. Hækkun vaxta t.d. um 1% mundi þýða verulega aukna greiðslubyrði fólks. Ef vextir lántakenda eru hækkaðir úr 3,5 í 5% eykst greiðslubyrði þeirra sem fengið hafa hámarksnýbyggingarlán úr Byggingarsjóði ríkisins um 51 þús. kr. á ári. Sú hækkun er tvöföld launahækkun launþega sem hefur um 80 þús. kr. mánaðarlaun á fyrsta ári þjóðarsáttarinnar. Og ef vextir yrðu hækkaðir í 5,5% hækkar greiðslubyrðin um 68 þús. kr. á ári. Augljóst er því að með vaxtahækkun á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins mundi vera tekinn aftur verulegur hluti launahækkunarinnar samkvæmt kjarasamningum hjá mörgum lántakenda. Því tel ég að jafnframt því að loka lánakerfinu frá 1986 strax þurfi ríkisframlag að koma til til að snúa við þeirri þróun sem við blasir um gjaldþrot Byggingarsjóðsins ef ekki næst samstaða um vaxtahækkun að loknu tímabili kjarasamninga á næsta ári.

Við heyrum viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar nú við þeirri vaxtahækkun sem boðuð hefur verið hjá Íslandsbanka og ég er alveg sannfærð um það að verkalýðshreyfingin mundi á þessum tíma mótmæla mjög harkalega ef farið væri út í vaxtahækkun, 1% vaxtahækkun eða 1,5%, nú á þessum tíma þar sem þrengt hefur verið verulega að fólki í kjarasamningum og launahækkunum. Og eins og ég hef sýnt fram á mundi slík hækkun gera mikið meira en að taka til baka þá litlu launahækkun sem þetta fólk fær á einu ári.

Hv. þm. Geir Haarde segir að ég hafi ekkert viljað gera að því er varðar vaxtahækkanir. Ég hef sýnt fram á að vaxtamismunur nú er 1,5–2% en var þegar 86-kerfið fór af stað 2,5–3%. Ég minni á þá erfiðleika sem þurfti að ganga í gegnum hér á sl. ári þegar ég lagði til þessa 1% hækkun á lánum. Sumir vildu láta þessa hækkun ná til 1. júlí 1984 og hafa þá vaxtaprósentuna lægri. Ég man að Borgfl. nefndi 3,8–3,9%. Staðreyndin er sú að slík hækkun upp á 3,8 eða 3,9% hefði ekki bætt neitt betur stöðu byggingarsjóðanna en sú hækkun upp í 4,5% sem var ákveðin frá desember sl.

Einnig lá það fyrir, sem ég tel ástæðu til þess að rifja upp, að ríkisstjórnin hafði ákveðið að vextir af teknum lánum mundu ekki hækka þegar vaxtahækkunin kom til framkvæmda í byrjun desember sl. Fyrir lá, að mig minnir frá því í maí 1989, álit meiri hl. fjh.- og viðskn. um það að vextir yrðu að hámarki 4,5% í 86-kerfinu og mundu ekki ná til þegar tekinna lána. Ég man að það var af sumum hér í þessum þingsal kölluð svívirðileg ákvörðun að hækka vexti á þeim tíma. Ég vísa því auðvitað á bug að ekkert hafi verið gert í því máli. Þar fyrir utan hefur verið komið á húsbréfakerfi sem er með 5,75% vöxtum þannig að þetta tvennt hefur þó komið til þegar verið er að ræða um það að ég hafi heykst á því gegnum þau þrjú ár sem ég hef verið í stól félmrh. að gera nokkuð í því að taka á vanda byggingarsjóðanna. (**FrS:** Hafa vextir á húsbréfum ekkert með þjóðarsáttina að gera?) Vextir á húsbréfunum, 5,75%, komu til áður.

Ég vil einnig nefna vaxtabótakerfið sem ég tel að sé mikið jöfnunartæki og sem ég taldi nauðsynlegt að yrði komið á áður en vextir yrðu hækkaðir í almenna lánakerfinu. (**FrS:** Veit hæstv. ráðherra ekki hvaða vextir eru á húsbréfunum?) Fastir vextir á fasteignaveðbréfum eru 5,75%. Ég er að tala um fasta vexti af því sem fólk þarf að borga sem skrifar upp á fasteignaveðbréf og skiptir því fyrir húsbréf. (**FrS:** 7% vextir.) Og ég vil vísa hér í vaxtabótakerfið sem ég taldi nauðsynlegt að kæmi til áður en vextir yrðu hækkaðir. Allir útreikningar sýna að raunvextir hjá fólki með lágar og meðaltekjur eru að jafnaði 2–3% í húsbréfakerfinu vegna þess að fólk þarf að taka þar mun minna af skammtímalánum en áður. Útreikningar t.d. fjmrn. sýna að um 10.400 hjón fengu vaxtabætur á yfirstandandi ári. Meðalmánaðartekjur þeirra voru um 180 þús. kr. og meðaleign um 3,5 millj. kr.

Gagnrýnendur húsbréfakerfisins hafa oft sagt að það kerfi þjóni best þörfum hinna tekjuhærri og eigna-

meiri. Þetta er rangt. Þær tölur sem ég vitna hér til sanna, svo að ekki verður um villst, að svo er ekki. Aðstoð hins opinbera fer beint til þeirra sem þurfa á aðstoðinni að halda. Um $^2/_3$ þessara 10.400 hjóna sem fengu vaxtabætur eiga skuldlausa eign undir 4 millj. kr., eða um 7000 manns, en rúmlega 3000 áttu eignir yfir 4 millj.

Varðandi einstæða foreldra þá eru um 1500 einstæðir foreldrar sem hafa fengið vaxtabætur á árinu og um 700 hafa fengið húsnæðisbætur. Meðaleign þeirra sem fengu vaxtabætur er undir 2 millj. kr. og meðalmánaðartekjur um 85 þús. kr. Um $^2/_3$ þessara einstæðu foreldra voru með að meðaltali skuldlausa eign upp á *tæplega 1 millj. kr. Svipuð hlutföll eru uppi á teningnum* varðandi einhleypa. Þegar þetta er skoðað í heild, að um 15 þús. einstaklingar og hjón hafa fengið vaxtabætur, kemur í ljós að af þessum 15.700 einstaklingum, einstæðum foreldrum og hjónum, eru um $^2/_3$ eða 10.459 í hópi þeirra sem teljast til lágtekjufólks eða fólks með meðaltekjur.

Ég held líka, hv. þm., af því að það er alltaf vísað hér í þessum ræðustól af hv. þm. til aðgerðarleysis núv. félmrh., að reynslan af húsbréfakerfinu sýni að það geti vel leyst af hólmi 86-kerfið. Það var áætlað af sérfræðingum þegar húsbréfakerfinu var komið á að líkleg útgáfa á húsbréfum yrði um 8 milljarðar á ári. Eftir fyrstu tíu mánuðina er reynslan sú að greiðslumat hefur verið gert hjá um 4000 umsækjendum en húsbréfaskipti hafa orðið hjá um *1100*, eða rúmlega 25%, og húsbréfaskipti hafa farið fram fyrir um 4 milljarða kr. á tíu mánuðum en áætlað var á heilu ári um 8 milljarðar. Og reynslan sýnir einnig að um 40% af útgefnum húsbréfum hefur gengið í önnur íbúðakaup eða sparnað og ekki komið fram á fjármagnsmarkaði. Stór hluti af því sem þá stendur eftir er notaður til greiðslu skammtímaskulda og lána frá lífeyrissjóðunum.

Ég vildi draga þetta fram hér, virðulegi forseti, í lokin. Ég tel að þegar verið er að ræða um að húsbréfakerfið *muni* verða viðbót við það sem fer til húsnæðislána, þá sé það alrangt. Reynslan sýnir að ef lánakerfinu frá 1986 verður lokað, og úttekt hefur farið fram sem sýnir það, þá verða lántökur Húsnæðisstofnunar ríkisins hjá lífeyrissjóðunum um 14 milljörðum kr. minni á ári en ella til aldamóta. Áætlað er að með tilkomu húsbréfakerfisins verði lántökur íbúðakaupenda hjá bönkum, lífeyrissjóðum og með handhafaskuldabréfum um 4,5 milljörðum kr. lægri en ella. Og einnig er áætlað að ráðstöfunarfé banka og lífeyrissjóða muni aukast samtals um allt að 18 milljarða kr. á ári með lokun lánakerfis-ins frá 1986 og með tilkomu húsbréfakerfisins.

Það sýnir sig sem sagt, og vil ég segja það hér í lokin, að 14 milljörðum minna þarf á ári næstu tíu árin í lántökur hjá lífeyrissjóðunum, sem fer þá allt út á markað, sem er hærri tala en áætluð heildarútgáfa húsbréfa á ári. Og þar til viðbótar þurfa íbúðarkaupendur um 4–5 milljörðum minna að láni hjá bönkum og lífeyrissjóðum.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta sýni einnig að ég hef ekki heykst á að taka á vandanum, eins og hv. þm. sagði aftur og aftur hér í ræðustól. Það hefur þvert á móti verið tekið mjög raunhæft á þeim vanda sem við blasti að lá fyrir, að þetta kerfi frá 1986 mundi ekki ganga upp þó að það yrði mokað í það milljörðum og aftur milljörðum. Það sýnir þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar. (**FrS:** Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?) Ég hef lýst því, hv. þm., hvað ég tel nauðsynlegt að gert verði í þessu máli. (**FrS:** Hvað er það? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?) Ég hef lýst því hér í mínu máli hvað ég tel nauðsynlegt að gert verði í þessu máli. Ég hef líka lýst því hér úr þessum ræðustól að ég er ósammála því sem fram kemur í fjárlögum um stöðu byggingarsjóðanna. (**FrS:** Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?) Það skal hv. þm. spyrja hæstv. forsrh. um. Ég lýsti því hvað ég tel að þurfi að gera í þessu máli. Þau mál eru til athugunar enn í ríkisstjórninni. Forsrh. verður þá að svara fyrir sig en það liggur ljóst fyrir hvað ég vil gera í þessu máli og það hefur alla tíð legið fyrir.

Umræðu frestað.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf:

„Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á vegum Byggðastofnunar og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna veikinda 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju, Jóhann A. Jónsson framkvæmdastjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þá hefur borist símskeyti:

„Vegna veikinda tek ég ekki sæti Stefáns Valgeirssonar.

Pétur Þórarinsson,
Arnarsíðu 10c,
Akureyri."

Annað símskeyti hefur borist:

„Vegna mikilla anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Stefáns Valgeirssonar á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Auður Eiríksdóttir,
Heiðargarði,
Eyjafirði."

Jóhann A. Jónsson framkvæmdastjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár, frh.
Fjárhagsvandi byggingarsjóðanna.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér vanda byggingarsjóða ríkisins. Ég þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir að kveðja sér hljóðs utan dagskrár um þetta mál. Ég tel mjög nauðsynlegt að ræða vanda byggingarsjóðanna og hefði mátt gera það miklu fyrr. Það mátti auðvitað öllum vera ljóst fyrir lifandi löngu að þessi vandi mundi blasa við og hefur raunar blasað við mjög lengi. Það þarf enga sérfræðinga eða reiknispekinga til að skilja það að ef tekin eru lán með 6–7% vöxtum og þau lánuð aftur með 3,5% vöxtum eins og gert er hjá Byggingarsjóði ríkisins þá verða að koma til fjármunir einhvers staðar frá til þess að greiða þennan vaxtamun. Ég vil benda á það að í athugasemdum með frv. sem var samþykkt sem lög frá Alþingi árið 1986, stendur, með leyfi forseta:

„Niðurgreiðsla vaxtakostnaðar hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna hefur viðgengist um langt skeið. Eins og nú háttar eru vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins 3,5% en 1% hjá Byggingarsjóði verkamanna. Vextir af skuldabréfum þeim, sem lífeyrissjóðirnir kaupa af byggingarsjóðunum tveimur, eru nú 6–9%. Vaxtamunurinn er því nú 2,5–5,5% hjá Byggingarsjóði ríkisins og 5–8% hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þess ber þó að geta að þessi mikli vaxtamunur hefur staðið í tiltölulega skamman tíma. Á árunum 1980–1981 var vaxtamunurinn hjá Byggingarsjóði ríkisins 1% og um 1,25–1,75% á árunum 1982–1983.

Síðar stendur: „Þeir útreikningar sem gerðir hafa verið á vegum nefndarinnar, sem vann að máli þessu, benda til að verði mismunurinn á vöxtum á teknum málum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins meiri en 2–3% til lengdar muni lánakerfið sligast. Þannig sýna dæmi sem tekin hafa verið um 5–6% vaxtamun til langs tíma að slík niðurgreiðsla krefðist sífellt meiri ríkisframlaga og lántöku hjá lífeyrissjóðum. Þetta gæti aðeins staðið mjög skamma hríð og hlyti að kalla á gagngera endurskoðun þessara mála og breytingu á lögum."

Þetta stóð í athugasemdum með þessu frv. þannig að ég á erfitt með að átta mig á því hvers vegna talað er um að þetta sé óvænt og að ekki hafi legið fyrir frá upphafi að þetta gengi ekki upp. Það gengur ekki upp nema að til komi ríkisframlag sem nemi þessum vaxtamun. Þetta bentu kvennalistakonur á þegar fjallað var um þetta frv. á sínum tíma og m.a. þáv. þingmaður Kristín Halldórsdóttir sem vakti athygli á þessu atriði í umræðum um þetta mál. Ég á því ákaflega erfitt með að átta mig á allri umræðu um að þetta hafi ekki verið ljóst, því þetta kom greinilega fram í athugasemdum með þessu frv.

En einmitt um þetta atriði var ekki staðið við það sem lofað hafði verið, þ.e. ríkisframlagið kom ekki. Strax fyrsta árið, þegar fjárlög fyrir árið 1987 voru lögð fram, var byrjað að svíkja loforð um það ríkisframlag sem þurfti að koma til sjóðanna til þess að þeir gætu staðið við það að hafa aðeins 3,5% vexti. Þannig að auðvitað hefur sú ríkisstjórn sem fór frá árið 1987 líka svikið loforðin sem fólust í því samkomulagi sem þarna var gert við aðila vinnumarkaðarins, að ríkisframlagið ætti að standa undir þessum vaxtamun.

Ríkisstjórnir sem síðan hafa setið, sem eru orðnar einar þrjár frá þessum tíma, hafa allar svikið meira og minna að standa við að ríkisframlagið stæði undir þessum mismun á vöxtum byggingarsjóðanna. Og síðustu tvö árin hefur alveg keyrt um þverbak. Á fjárlögum þessa árs t.d. eru eftir því sem mér sýnist einungis 45 millj. sem fara til Byggingarsjóðs ríkisins og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 er ekki króna. Hæstv. félmrh. hefur upplýst að þetta sé til umræðu í ríkisstjórninni en ekkert annað liggur fyrir en það að ekki ein einasta króna eigi að fara til Byggingarsjóðs ríkisins. Þetta þýðir einungis að verið er að ýta vandanum á undan sér.

Það er líka talað um það í skýrslu frá Ríkisendurskoðun að þó svo að sjóðirnir hætti útlánastarfsemi sinni strax og framlag ríkissjóðs félli alveg niður, eins og virðist eiga að gera samkvæmt fjárlagafrv., þá muni þurfa árið 2028 að leggja byggingarsjóðunum um 62 milljarða kr. Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni. Við getum ekki borið ábyrgð á því að ýta þessum vanda, sem er uppsafnaður vandi frá 1986, áfram til þeirra sem eftir okkur koma. Og þá er spurning: Frammi fyrir hverju stöndum við og hvað getum við gert? Jú, það er hægt að grípa til ýmissa ráða. Það mætti svo sem láta sér detta í hug að hækka enn vexti á þeim sem eru að taka lán núna. Það getur varla verið að nokkur einasti maður geti samþykkt að það eigi að hækka vexti almennt í þjóðfélaginu. Ekki þarf annað en að vitna til þeirra mótmæla sem koma fram nýlega hjá verkalýðshreyfingunni, það hljóta allir að vera á móti því að hækka vexti almennt. Enda kemur það auðvitað ekki til greina og ekkert réttlæti að fólk sem nú er að taka lán eigi að greiða hærri vexti til þess að þeir sem hafa tekið lán áður greiði lægri vexti. Það er hægt að ýta vandanum á undan sér, eins og gert hefur verið hingað, en það er auðvitað allsendis óviðunandi. Auðvitað er hægt að hækka framlag ríkissjóðs og vonandi verður það gert. Síðan er hægt að samræma vexti á lánum frá Byggingarsjóði ríkisins, þ.e. að hækka vexti frá því 1984, þar sem það stendur í skuldabréfum sem fólk hefur skrifað undir að það sé leyfilegt. Ég lýsi því yfir að ég tel fyllilega koma til greina að það verði gert ásamt því að hækka framlag ríkissjóðs. Það gengur auðvitað ekki að það verði ekki ein einasta króna, eins og gert er ráð fyrir í frv til fjárlaga eins og það liggur á borðum þingmanna nú.

Þeir sem hafa tekið lán frá miðju ári 1984 muni þá greiða sömu vexti og aðrir frá næsta ári, frá 1991. Þetta er leið sem ég tel fyllilega koma til greina því aðstoð ríkisins til húsnæðiskaupenda á fyrst og fremst að koma til þeirra sem minna mega sín en ekki með því að greiða niður vexti eins og gert er jafnt til allra. Þá fá þeir sem hafa háar tekjur og eiga meiri eignir jafnmikið og aðrir sem eru með meðaltekjur og lágar. En þeir síðarnefndu þurfa auðvitað frekar á aðstoð að

halda en hinir við að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Auðvitað á meginreglan að vera sú að kjörum sé ekki breytt þegar fólk hefur gert sínar áætlanir og að forsendum sé ekki breytt eftir á. Þess vegna er mjög mikilvægt að ef þessi leið verður valin, þ.e. að hækka vexti, þá muni þeir sem eru með meðaltekjur og lægri fá vaxtabætur sem svari þeirri hækkun sem verður á lánum þeirra eða þeim afborgunum sem þeir þurfa að greiða af lánum frá Húsnæðisstofnun. Með vaxtabótum er tekið tillit til bæði tekna og eigna og þannig er hægt að láta aðstoð ríkisins koma beint til þeirra sem helst þurfa á henni að halda.

Vaxtabætur voru teknar upp á þessu ári. Það hefur ekki legið fyrir hvernig þær hafa dreifst á tekjuhópa. Ég hef lagt fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh. um þessar vaxtabætur sem liggur hér á borðum þingmanna á þskj. 97. Einnig hef ég óskað eftir því að reiknað verði ákveðið dæmi, þ.e. að athugað verði hve miklar vaxtabætur fólk, sem var með hámarkslán frá Húsnæðisstofnun ríkisins frá árinu 1984, hefur fengið í ár og hversu miklar vaxtabætur það fólk fengi ef lán þess bæru, ég tók sem dæmi 5% vexti frá árinu 1991. Ég valdi 5% vexti vegna þess að talað hefur verið um að það muni duga til að forðast gjaldþrot byggingarsjóðanna ef vextir af þessum lánum hækkuðu upp í 5%. Við kvennalistakonur teljum það mjög mikilvægt að ef farin verður sú leið að hækka vexti, sem ég segi að við teljum fyllilega koma til greina, þá lendi það ekki á þeim sem eru í lægri tekjuhópunum. Þess vegna finnst okkur mikilvægt að vaxtabætur komi þar upp á móti.

Það kom fram í máli hæstv. félmrh. að greiðslubyrðin hækkaði um 51 þús. kr. á ári hjá lántakendum með hámarkslán. En það kom ekki fram hversu mikið vaxtabætur mundu aukast við þessa auknu greiðslubyrði, sem skiptir auðvitað mjög miklu máli. Þetta þarf allt að vega og meta þegar teknar eru ákvarðanir og það er ekki hægt að taka ákvarðanir alveg án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á einstaklingana.

Á síðasta ári var tekið upp nýtt húsnæðislánakerfi, svokallað húsbréfakerfi. Þótt ekki sé búið að taka ákvörðun um það hér á Alþingi þá er í raun búið að loka kerfinu frá 1986. Húsnæðisstofnun hefur ekki gefið út nein lánsloforð undanfarna mánuði enda er það ekki hægt þar sem ekkert fé kemur úr ríkissjóði til að hægt sé að lána fólki. En til þess að allt þetta gangi upp verður að efla félagslega húsnæðislánakerfið. Það þýðir ekki að hætta allri aðstoð ríkisins í gegnum almenn húsnæðislán nema efla um leið félagslega íbúðalánakerfið. Eins og við höfum svo margoft sagt þá verður að gefa fólki tækifæri til að velja um það hvort það býr í eigin húsnæði eða vill leigja. Það eru nefnilega ekki allir sem vilja leggja það á sig að koma sér upp eigin húsnæði, þeir vilja gjarnan fá að leigja. Þess vegna þarf auðvitað að fjölga leiguíbúðum og taka upp húsnæðisframlag til þeirra sem leigja, ekkert síður en til hinna sem eru að kaupa.

Meginatriðið í öllu þessu máli er það að tekið sé á þeim vanda sem við blasir varðandi byggingarsjóðina. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því að þetta er mikill vandi og það er ekki hægt að láta eins og vandinn sé ekki til. En við lausn á vandanum verður að gæta þess að taka tillit til allra þátta málsins. Ekki taka ákvarðanir sem augljóslega ganga hvorki upp fyrir fjölskyldurnar í landinu né heldur fyrir ríkissjóð.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er þörf umræða sem er tekin hér upp um húsnæðismál. Það er þörf umræða vegna þess að húsnæðismálin og lánamál húsbyggjenda og kaupenda brenna á fjölmörgum fjölskyldum. Það er þörf umræða vegna þess að húsnæðismálin eru með þeim hætti í dag að þau hafa aldrei verið jafntorskilin og óaðgengileg fyrir almenning.

Hæstv. félmrh. auglýsti eftir stefnu Sjálfstfl. í húsnæðismálum. Hæstv. félmrh. skilur auðvitað ekki að Sjálfstfl. hefur stefnu. Hún er miklu einfaldari en það sem hæstv. félmrh. hefur framkvæmt með því lagaverki sem hún hefur lagt hér fram á Alþingi og breytt lögum um Húnæðisstofnun ríkisins í þá veru að verða frumskógur og frumskógur með þeim hætti að hann er nær ófær venjulegu fólki.

Hæstv. félmrh. hefur hins vegar ekki svarað því hver stefna ríkisstjórnarinnar er í þessu máli. Hæstv. félmrh. vísaði því til hæstv. forsrh., sem er fjarstaddur eins og er, hver stefna ríkisstjórnarinnar væri. Stefna ríkisstjórnarinnar er ekki nein. Hún hefur ekki fundist. Þó að félmrh. hafi frómar óskir og hafi látið þær koma fram hér, þá er það ekki stefna ríkisstjórnarinnar. Það hefur hvergi komið fram að ríkisstjórnin hafi stefnu í húsnæðismálum.

Það er sorglegt til þess að vita að með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á húsnæðiskerfinu hafa verið hafðir fjármunir af fjölda fólks sem berst nú í bökkum. Það er með þeim hætti, hæstv. félmrh., að með breytingu á húsnæðisbótum, vaxtabótum, eignarsköttum — allt er þetta tengt sama málinu — þá er svo komið að greiðslubyrði húseigenda og húsbyggjenda er einhver sú hæsta sem um getur í heiminum.

Hæstv. félmrh. gaf tóninn í húsnæðismálunum þegar hún dró 100 millj. út úr Byggingarsjóði ríkisins með aukafjárlögum 1989. Það var eini liðurinn sem hún sá ástæðu til þess að minnka í félmrn. þegar svokallað blekkingarfrv. ríkisstjórnarinnar um sparnað í ríkisrekstri var lagt hér fram haustið 1989. Því hefur ekki verið svarað, hæstv. félmrh., af hverju þurfti að taka það úr Byggingarsjóði ríkisins. Því hefur heldur ekki verið svarað, en það þyrftu að koma svör við því, af hverju framlög til venjulegra íbúðarbygginga hafi verið stórlækkuð miðað við aukninguna sem hefur farið til félagslegra íbúða. Hlutfallið þar á milli hefur breyst töluvert mikið og virðist nú 1991 vera komið í það horf að nálgist það sem fer til byggingarlána úr Byggingarsjóði ríkisins. Svo er komið samkvæmt því sem ég hef hér undir höndum og var birt í Morgunblaðinu sl. sunnudag. Það er 4589 millj. sem fara til hins almenna kerfis og 3509 millj. til félagsmálakerfisins. Svo lítið hefur ekki farið í þennan málaflokk, þ.e. til Byggingarsjóðs ríkisins, lengi. Það er háskaleg stefna ef á að gera hlutina með þeim hætti sem hæstv. félmrh. hefur stefnt þessum málum í, að reyna að beina öllum í

félagslegt íbúðarhúsnæði, frá sjálfseignarstefnunni, með breytingum á skattalögum, með auknum eignarsköttum, með breytingum á lánskjörum og bið eftir lánum. Allt hefur þetta áhrif. Það er ekki hægt að tala um húsnæðismál og lán til húsnæðismála án þess að taka með alla þá liði sem tilheyra þessum málaflokki.

Samþykkt hefur verið að koma á laggirnar svokölluðu búsetakerfi. Þar kemur fram að það sé eins hagstætt að búa í búsetaíbúð eins og að kaupa eigin íbúð og þá ekki teknir með þeir skattar sem falla á venjulegt fólk sem á sínar eigin íbúðir. Og nú vil ég spyrja hæstv. félmrh: Þarf búseti að borga eignarskatta? Ég held að það væri fróðlegt að fá þeirri spurningu svarað hér og það væri fróðlegt að vita hvort þeir sem búa í slíkum íbúðum hafa sambærileg kjör og fólkið sem á sínar eigin íbúðir. Það hlýtur að vera krafa að ekki sé verið að mismuna fólki í þessum efnum.

Það er líka sagt frá því í 1. tbl. Búseta 1990 að á döfinni séu lög um húsaleigubætur. Og væri fróðlegt að fá upplýst í þessari umræðu um hvað er að ræða því það er alveg greinilegt að með þessari húsaleigulöggjöf er verið að minnka tekjur. Dregið er úr tekjum þeirra sem eru með meðaltekjur og þar fyrir ofan með þessari löggjöf og ýmiss konar tilfærslum á fjármunum þannig að í raun endar það þannig að þeir sem hafa hærri tekjur enda sem lágtekjumenn þegar þeir eru búnir að borga allar þær aukaálögur og skatta sem lagt eru á þá. Þetta er grundvallaratriði sem verkalýðshreyfingin hlýtur að standa frammi fyrir, það er ekki nóg að taxtar séu mishair og eigi að gefa mynd af menntun og ábyrgð, eins og það heitir á máli verkalýðssinna, ef ríkisvaldið tekur þennan mismun í burtu frá fólkinu með mismunun í skattalöggjöf, eins og nú er verið að gera hér á Alþingi.

Það er verið að hæla sér af því að fólk geti verið í kaupleiguhúsnæði fyrir 15–20 þús. á mánuði á sama tíma sem fólk í eigin húsnæði verður að vinna fyrir 20 þús. kr. tekjum á mánuði til þess að geta staðið skil á þeim sköttum sem opinberir aðilar leggja á það. Það er ekki rétt stefna í húsnæðismálum ef svo er. Og það er ekki óeðlilegt að húsaleiga á almennum markaði sé há þegar haft er í huga að á sama tíma og þeir sem eiga skuldlaust íbúðarhúsnæði og þurfa að leigja það út, þurfa að greiða í skatta það háar upphæðir að til að ná jafnstöðu við ríkisskuldabréf í fjárfestingum þá þurfa þeir að hafa leiguna svo háa. Þess vegna er húsaleigan miklu hærri en annars yrði.

Þó að við séum að tala um að vextir af húsnæðislánum séu raunvextir, sem er auðvitað rétt stefna, þá verður að koma til móts við það fólk sem er með há húsnæðislán með vaxtafrádrætti. Og það má ekki mismuna því með þessum hætti eins og núv. ríkisstjórn hefur gert.

Í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og fleiri löndum eru vextir frádráttarbærir til skatts. Og þar er ekki jafnflókið kerfi og hér og ekki jafnóréttlátt. Þessi mál eru með þeim hætti að með núverandi eignarsköttum eru þeir látnir borga sem hafa viljað halda vel á sínum fjármunum, spara, fara vel með, þeim er í hvert einasta skipti hegnt fyrir það. Í vaxtabótunum kemur það fram að þú mátt ekki hafa nema ákveðnar tekjur. Þá er þér hegnt fyrir það, þá færðu engar vaxtabætur. Ef þú átt eitthvað og hefur ætlað að spara og fara vel með fé og eiga eitthvert fjármagn til að leggja í íbúðina, þá er þér líka hegnt fyrir það því að þú mátt ekki eiga nema lágmark til að njóta þessara vaxtabóta. Þetta eru grundvallaratriði í íslenskum stjórnmálum og það hlýtur að vera krafa um það að allt fólk í landinu standi jafnfætis hvað þetta varðar.

Það er sorglegt hvernig er búið að fara með þá löggjöf sem hv. 1. þm. Vesturl. kom hér á laggirnar ásamt fleirum. Það er sorglegt til þess að vita. Hún var þó þannig gerð að hún mismunaði ekki fólki. Þar voru menn ekki dregnir í dilka eftir því hvort þeir voru einhleypir eða með tvö eða þrjú börn o.s.frv. Þar fór rétt röð fram og þar fengu menn lán á réttu róli. Og í öllum löndum er það þannig að þegar um húsnæðislán er að ræða er einungis litið á greiðslugetu. Það hefur ekki verið gert hér því að það er meginstefna núv. hæstv. félmrh. að þess minni möguleikar sem eru til þess að menn standi skil á lánunum, þess framar fara þeir í flokkinn til þess að fá lánin. Þetta er röng stefna. Það er röng stefna í þessum húsnæðismálum á allan hátt. Þó er einn jákvæður hlutur. Það eru húsbréfin sem hæstv. félmrh. fékk nú hugmynd að úr frv. Borgfl. sem hæstv. umhvrh. Júlíus Sólnes flutti á sinni tíð um húsnæðismál. Hún fékk lánaðan hluta úr því frv., sem eru húsbréfin, sem er til bóta.

En það verður að taka þessi mál gagngert til endurskoðunar með þeim hætti að hver einast maður viti hvar hann stendur og hann þurfi ekki að eyða dögum og vikum í það að bíða eftir svörum og lánsloforðum frá misvel reknum opinberum stofnunum. Það er kominn tími til þess að ríkisstjórn Íslands segi okkur hver er stefnan í þessum málum. Það er kominn tím til þess að mönnum verði ekki mismunað með alla vega mismunandi lögum um alla vega mismunandi kerfi eftir því hvernig veðrið stendur hverju sinni á þeim bæ sem heitir stjórnarheimili.

Nú vil ég beina því til hæstv. félmrh. að húsbréfin eru ekki með vexti upp á 5,75%. Þeir eru miklu hærri vegna þess að hæstv. félmrh. hefur ekki sagt okkur hvað þau verða með afföllum. Hún hefur haldið því fram að það væri langtum hagstæðara að taka lán samkvæmt húsbréfum. Ég hef hins vegar séð aðra útreikninga um að það er nú ekki alveg svo.

Það hef ég séð hér, og ég vísa til, með leyfi forseta, útreikninga sem hafa komið frá Búseta þar sem er sýnt fram á það að árleg greiðslubyrði er hærri í húsbréfakerfinu en í almenna lánakerfinu. Það er hærri greiðslubyrði. Þegar við erum að tala um lán upp á 4 millj. 494 þús. úr almenna lánakerfinu, þá er mánaðarleg greiðslubyrði 20.617 kr. en af lægra láni, upp á 4 millj. 225 þús., í húsbréfakerfinu er mánaðarleg greiðslubyrði 26.758 kr. Þar munar 6000 kr. Það er því alveg ljóst að það er ekki rétt sem hæstv. félmrh. er að halda fram. Greiðslubyrði í húsbréfakerfinu er hærri. Hins vegar er lægri greiðslubyrði af ýmsum öðrum þáttum en ég ætla ekki að koma inn á það.

Ég hef séð það reiknað á fleiri stöðum, að það er hærri

greiðslubyrði, þegar allt er reiknað með, af húsbréfunum en af almenna lánakerfinu eins og það er í dag. Fram hjá þessu verður ekki gengið. Og ef hæstv. félmrh. heldur öðru fram, þá er það rangt.

Ef við komum síðan að því hvernig þessum málum hefur verið skipað af hæstv. félmrh. er það alveg ljóst að það verður að gera algera byltingu í þessum málaflokki. Ég held að við verðum að gera það með þeim hætti að allir sitji við sama borð. Þeim sé ekki mismunað stórlega eftir ýmsum ákvæðum sem félmrh. hefur nú búið til, hvenær þeir fá lán, hvað þeir þurfa að bíða lengi. Það er ekkert réttlæti í því að mönnum sé mismunað hvað þeir þurfa að bíða lengi. Það hlýtur að vera krafa um að menn sem fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins sitji við sama borð. Og það hlýtur að vera krafa um það að þessu kerfi verði gerbylt og að tekið verði mið af því hvernig þetta er í öðrum löndum. Það er ekki rétt að búa til einhverja vitleysu og langloku hér uppi á Íslandi og halda að það sé lausnin á öllu. Við þurfum ekkert að finna upp hjólið. Það hefur þegar verið fundið upp. Í nágrannalöndunum eru til mjög góð kerfi að mínu mati sem við getum vel farið eftir. Að vísu hefur hæstv. félmrh. fengið að láni hluta af slíku kerfi en það er ekki nóg. Hæstv. félmrh. verður að hugsa um alla þegna þjóðfélagsins, alla þegna. Það má ekki mismuna fólki með þessum endalausu skattalagabreytingum sem hafa gert aðstöðu fólks þannig að það er ógerningur fyrir marga að búa í eigin húsnæði. Eignarskattar, mismunur á vaxtabótum, niðurfelling á húsnæðisbótum o.s.frv. Þetta er ekki gott.

Það er krafa til ríkisstjórnar Íslands að hún leggi fram stefnu í þessum málum. Hæstv. félmrh. getur ekki sagt að það sem hún er að segja sé stefna ríkisstjórnarinnar, þó hún hafi óskir um eitthvað. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar. Það er bara óskalisti félmrh. Hæstv. forsrh. hefur valið þann kost að vera ekki við þessa umræðu svo að hann þurfi ekki að svara því hver er stefna ríkisstjórnarinnar, sem er engin. (**Gripið fram í:** Bara sækja hann.) Ég mundi nú ekki vilja láta sækja hann, ég held að hann mundi ekki svara neinu því það er engin stefna hjá ríkisstjórninni. Annars sæti hæstv. forsrh. hér og hann mundi svara því hver væri stefna ríkisstjórnarinnar. Hún er engin. (**Gripið fram í:** Hann er búinn að ráðstafa kvöldinu.) Það má vel vera að hæstv. forsrh. hafi ráðstafað kvöldinu, en það eru fleiri sem hafa gert það en gegna sínum þingskyldum engu að síður þegar þingið býður svo að það séu þingfundir. Ég hefði gjarnan viljað vera annars staðar en ég gegni minni þingskyldu eins og aðrir þingmenn þannig að hæstv. forsrh. hefði auðvitað getað gert að líka. En sannleikurinn er sá að það er engin stefna hjá þessari ríkisstjórn í þessu máli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hæstv. forsrh. kom að máli við forseta fyrir fundarlok í kvöld og skildi eftir símanúmer þannig að til hans mætti ná ef á lægi. Hann hafði hins vegar ráðstafað sér á þessu kvöldi en sé þess sterklega óskað er forseti fús til þess að hafa samband við hæstv. forsrh.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Staða Byggingarsjóðs ríkisins er alvarlegt vandamál sem ekki verður vikist undan að taka afstöðu til. Á byggingarsjóðunum byggist húsnæðiskerfið og þetta mál varðar því ekki einungis fjárhag ríkisins og á þann hátt allra landsmanna heldur fyrst og fremst allar þær fjölmörgu fjölskyldur sem vilja eignast og hafa á síðustu árum eignast þak yfir höfuðið. Ég hygg að fæstum blandist hugur um hver spurningin er sem við stöndum frammi fyrir nú: Hvernig á að bjarga fjárhag byggingarsjóðanna? Og ég bæti við: Hvernig má gera það án þess að það bitni mest á fjölskyldunum í landinu sem allt of margar búa við kröpp kjör? Með framlögum úr ríkissjóði kannski? Þau þurfa að vera rífleg en ekki niðurskorin eins og fjárlagafrv. segir til um. En varla er hægt að leysa allan vanda byggingarsjóðanna með þeim hætti. Með lokun almenna húsnæðislánakerfisins frá 1986? Það er væntanlega óhjákvæmilegt að það verði að gerast. Vera má einnig að óhjákvæmilegt sé að hækka vexti af lánum sem tekin eru hjá Byggingarsjóði ríkisins eftir mitt ár 1984 þegar teknir voru upp breytilegir vextir, t.d. frá næstu áramótum, til samræmis við þá vexti sem þeir þurfa að greiða sem nú taka lán úr sjóðnum. Lítum á ástandið.

Fyrir liggur að eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins muni að óbreyttu ganga til þurrðar á næstu 15 árum. Til að standa einungis undir núverandi skuldbindingum þyrfti árlega að greiða til hans 460 millj. á núvirði í þessi 15 ár. Ef gengið yrði á eigið fé sjóðsins yrði það uppurið á skömmum tíma og varla annað að leita en í ríkissjóð.

Ekki má gleyma sér yfir reikningsdæminu heldur verður jafnframt að svara því hvaða aðgerðir eru raunhæfar, bæði fjárhagslega og með tilliti til þeirra sem húsnæðiskerfið nota, fjölskyldnanna í landinu. Ef við skoðum fyrst samræmingu vaxta lána nú og annarra almennra húsnæðislána frá því eftir 1984, þá spyr ég fyrst og fremst: Hvernig kæmu slíkar ráðstafanir niður á því fólki sem greitt hefur tiltölulega lága vexti ef það færi að greiða hærri vexti? Er hægt að ætlast til að það axli þær byrðar?

Tekjur fólks eru mismunandi. Það vitum við. Sumir mundu áreiðanlega geta axlað þær byrðar án þess að ganga of nærri sér. En þá verður að líta á hvort vaxtabæturnar duga til þess að gjaldþoli lágtekjufólks sé ekki ofboðið. Fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. Kristínar Einarsdóttur til fjmrh. á þskj. 97 um vaxtabætur og húsnæðisbætur munu væntanlega leiða í ljós svör við ýmsum af þessum spurningum.

Það má alls ekki gleyma öðru máli sem þessu er mjög skylt. Það er launastefnan í landinu. Hvers vegna er svo mikil þörf á að greiða niður lán eða vaxtabyrði vegna jafnsjálfsagðra mannréttinda og þeirra að fólk geti útvegað sér húsnæði án þess að stefna fjárhag sínum í voða? Er það rétt stefna hjá stéttarfélögum og ríkisvaldinu í nafni kjarasamninga að vísa vandanum yfir á ríkissjóð og líta á það sem sjálfsagðan hlut að kjör fólks séu svo léleg að mörgum sé það ofviða að komast í öruggt húsnæði? Væri ekki nær að krefjast í al-

vöru hærri launa í stað neyðaraðgerða í formi niðurgreiddra vaxta fyrir stóran hóp fólks sem hefur meðaltekjur? Mér er ljóst að standa verður vörð um þær vaxtabætur sem fólki standa nú til boða ef endar eiga að ná saman hjá fjölskyldum og gæta þess að afkomu þeirra verði ekki stefnt í voða enn einu sinni, t.d. með því að skerða bætur eða taka þær af á meðan ekki eru greidd hærri laun í landinu en reyndin er.

Við kvennalistakonur höfum margoft vakið máls á því hve áherslur í kjaramálum eru rangar. Það sýnir sig best þegar verið er að ræða að það þurfi á aðgerðum að halda eins og vaxtabótum í stað launastefnu sem tryggi öllum sómasamleg laun fyrir dagvinnu. Ég held því að það væri tímabært að snúa sér að þeim vanda sem brýnast er að leysa, að smánarlaun eru greidd í landinu. Væri ekki nær að ríkið gengi á undan með góðu fordæmi og greiddi starfsfólki sínu mannsæmandi laun fyrir vinnu sína svo að það gæti borgað fulla vexti í stað þess að vera með tilfærslur og leiðréttingar í gegnum húsnæðiskerfið, og reyndar fleiri kerfi, tilfærslur sem alltaf er hætta á að reynist ekki haldbærar og geti jafnvel verið teknar af fólki? Það hefur því miður sýnt sig oft í félagsmálapökkum og samkomulagi við ríkisstjórnir að á þessu er hætta. En þangað til skynsamleg og sanngjörn launastefna kemst á í landinu verður að líta á staðreyndir dagsins í dag. Við stöndum frammi fyrir því að fjárhagur fólks, unga fólksins, sem er að koma yfir sig húsnæði og ýmissa annarra, er lélegur, launin eru býsna lág hjá mörgum.

Það er hlutverk stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga, að verja þeim fjármunum sem fara til húsnæðismála eins skynsamlega og unnt er og styðja þá sem mest þurfa á að halda með byggingu félagslegs húsnæðis til leigu eða sölu, enn fremur með því að greiða niður vexti þeirra sem hafa lágar tekjur eða meðaltekjur — því meðaltekjur eru lágar. En það þarf að spyrja spurningarinnar hvort þurfi að greiða niður vexti fyrir þá sem hafa háar tekjur. Þó þeir séu alls ekki of margir þá eru þeir svo sannarlega til í þjóðfélaginu og launabilið í þjóðfélaginu fer sífellt vaxandi.

Lokun húsnæðiskerfisins frá 1986 er út af fyrir sig varla nein sérstök þrautalending. Flest bendir til að aðrir kostir, svo sem húsbréfakerfið, sem á að fjármagna sig sjálft, búseturéttaríbúðir og bygging félagslegs húsnæðis á vegum ríkis og sveitarfélaga til leigu eða sölu, komi til móts við þarfir þeirra sem á annað borð er brýnast að liðsinna. Vaxtabætur eru því aðeins góður kostur fyrir fólk með meðaltekjur og lægri að hægt sé að treysta því að þær verði greiddar á sanngjarnan hátt, ekki aðeins núna heldur einnig í framtíðinni.

Það er ekkert launungarmál að hagfræðingum ber ekki saman um hvort ástæða er til að óttast að vaxtabótakerfið standist ekki til lengri tíma eða hvort það muni standast. Því þarf að vera vel á verði ef vextir verða hækkaðir að tryggja að vaxtabætur nái tilgangi sínum og fólki verði ekki enn einu sinni vísað á kaldan klaka vegna þess að enginn hafi viðurkennt að fjármagn skorti til fleiri en örfárra ára.

Ég hef haldið mig fyrst og fremst við þær stærstu lausnir sem rætt er um vegna vanda byggingarsjóðanna en það má að sjálfsögðu ekki líta fram hjá smærri aðgerðum. Rekstrarkostnaður húsnæðisstjórnar er að margra mati alveg óskaplega hár. Á þessu ári er búist við að hann verði a.m.k. 262 millj. kr. en heyrst hafa einnig töluvert hærri tölur í því sambandi. Kostnaðurinn hækkaði um 92% á árunum 1985–1989. Ekki er með nokkru móti hægt að skrifa nema hluta þeirrar hækkunar á aukin verkefni. Ríkisendurskoðun telur líka ástæðu til þess að fram fari stjórnsýsluendurskoðun hjá stofnuninni.

Fleira mætti tína til en ég ítreka að mér finnst meginmálið í þessari umræðu vera að gripið verði til skynsamlegra ráðstafana vegna fyrirsjáanlegs gjaldþrots byggingarsjóðanna án þess að launafólk verði enn einu sinni látið borga brúsann. Við eigum varla skárri úrræði nú en lokun kerfisins frá 1986, hækkuð framlög ríkisins og við verðum að skoða hvort vænlegt sé að samræma vexti almennra lána húsnæðiskerfisins eftir 1984. Og þá með þeim formerkjum að vaxtabótum sé deilt til þeirra sem þurfa að nýta þær og miða ekki við nauðþurftamark. En við verðum jafnframt að muna að mergurinn málsins er sú smán að hér á landi ríkir láglaunastefna. Við þurfum að spyrja gagnrýninna spurninga um hvernig málum verði best fyrir komið í framtíðinni, en ekki að líta framhjá því að launamálin tengjast húsnæðismálunum beint og það þótt við séum nú að fjalla um bráðavanda sem leysa þarf.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að koma hér inn í þessar umræður. Þó skal ég lofa því að hafa ekki hér langt mál. Það er ekki ástæða til þess í þessari stöðu. Sjálfsagt verða húsnæðismálin rædd nánar síðar á þinginu, bæði að því er varðar fjárlög og eins lánsfjárlög. Þá gefst tækifæri til þess að ræða þau af meira samhengi.

Ég vil þó rifja það upp, sem vi ðist vera fjarlægt hjá sumum aðilum, að það húsnæðiskerfi sem við erum að tala um frá 1986 var sett á eftir samkomulag aðila vinnumarkaðarins hér á landi. Þá voru lífeyrissjóðirnir tengdir húsnæðiskerfinu með sérstökum hætti, sem öllum hv. alþm. á að vera kunnugt, sem gerði það að verkum að stóraukið fjármagn var sett inn í húsnæðismálin. Lán sem tekin voru áður, t.d. fyrir 1983, voru aðeins 13–17% af kostnaðarverði íbúðar. Þau hækkuðu skyndilega upp í 70% og menn fengu greiðan aðgang að húsnæðiskerfi gegnum lífeyrisrétt sinn. Þarf ég ekki að ræða nánar um það.

Ég vil undirstrika það vegna ýmissa ummæla sem uppi eru höfð að frv. sem var lagt til grundvallar lögunum 1986 var lagt þannig fram að hvert einasta atriði sem var grundvöllur þeirra laga var skýrt í athugasemdum með frv. Og í greinargerð sem fylgdi var hvert einasta atriði tíundað, hvað lá að baki og hver greiðslubyrðin yrði og að hverju væri stefnt. Það var því alveg ljóst þegar Alþingi samþykkti þessi lög svo til samhljóða 1986 hvað þetta kostaði í öllum atriðum. Þar voru engar leynitölur á bak við. Allar forsendur þessarar lagabreytingar voru tilfærðar með frv. þannig

að hver einasti aðili hér á hv. Alþingi vissi hvernig þetta var byggt upp og við hvað var miðað. Það var því einnig alveg ljóst að ef stjórnvöld, sem gerðu þennan samning við aðila vinnumarkaðarins á breiðum grunni, vildu standa við þessi lög, sem voru byggð, eins og ég sagði áður, á fjármagni lífeyrissjóðanna, þurfti að standa vörð um þetta kerfi og þá víðtæku samstöðu aðila vinnumarkaðarins sem náðist.

Þá var einnig ljóst að ef ríkisstjórn á þessum tíma teldi ekki mögulegt að standa við bein framlög ríkissjóðs, sem var megingrunnur þeirra breytinga sem þarna voru gerðar, til Byggingarsjóðs ríkisins yrði að taka upp annan þátt þessara laga sem skýrt var í frv., þ.e. að hafa breytilega vexti til að tryggja framtíð byggingarsjóðanna. Á þetta var ljóslega bent í nefndaráliti með frv. í umræðum hér á hv. Alþingi. Ég þarf ekki að lýsa þessu nánar, en til þessa hafði ríkisstjórnin fulla heimild í lögunum frá 1986 og þurfti ekki að leita neinna lagabreytinga þar um.

Það sem er hins vegar rétt að rifja einnig upp, af því að það er ekki komið fram fyrr í dag, að á þessum tíma lýsti Alþfl. í heilu lagi og núv. hæstv. félmrh. því yfir að fyrsta verkið sem flokkurinn mundi standa að og viðkomandi ráðherra í viðtakandi ríkisstjórn yrði að leggja þetta kerfi niður. Þetta er hægt að lesa í þingtíðindum frá þessum tíma í ræðu eftir ræðu og þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Hins vegar verður að viðurkenna, og hefði e.t.v. verið nægjanlegt fyrir hæstv. utanrrh. hér í eldhúsdagsumræðum ekki alls fyrir löngu, að tíunda þetta sem afrek Alþfl. nr. 1, að eyðileggja húsnæðiskerfi sem aðilar vinnumarkaðarins byggðu upp á sínum valdaferli. Það er sannleikurinn. Ríkisstjórnir sem þessir aðilar stóðu að hafa báðar heykst á því að standa við samninginn við aðila vinnumarkaðarins um að verja kerfið frá 1986 á raunhæfan hátt með þeim aðgerðum sem ég áður lýsti, annaðhvort með beinu framlagi úr ríkissjóði, sem tíundað er með frv., eða hitt að taka upp breytilega vexti til að tryggja framtíð byggingarsjóðanna, þ.e. ekki aðeins Byggingarsjóðs ríkisins heldur einnig Byggingarsjóðs verkamanna.

Þetta eru staðreyndir sem ég tel nauðsynlegt að rifja upp um leið og ég minni á þær breytingar sem hafa gengið yfir á húsnæðiskerfinu síðan þetta varð. Það er hægt að tala um kaupleiguíbúðirnar sem voru ekki aðeins settar við hliðina á verkamannabústöðum heldur einnig í almenna kerfið. Og þannig mætti lengi telja upp allt til þess að draga fjármagnið út úr almenna kerfinu sem þurfti til að styrkja það kerfi og byggja það upp.

Síðan er hægt að minna á húsbréfakerfið sem kom hér eins og vindgustur inn í Alþingi. Það má vel vera að hv. 11. þm. Reykn. Hreggviður Jónsson hafi fundið einhvern skyldleika með því og því sem hæstv. umhvrh. flutti hér inn á Alþingi, þ.e. húsbréfakerfið, en það gleymdist að geta eins sem er náttúrlega mál málanna. Og það er í rauninni merkileg staðreynd þegar við tölum almennt um breytingar á svo viðamikilli löggjöf eins og húsnæðislöggjöfin er í raun og veru, að húsbréfakerfið fékk mikla umfjöllun og raunverulega fékk alla umræðu sem hægt er að hugsa sér um slíkt kerfi með öllu því sem þá gekk á án þess að nokkur grein væri gerð fyrir því hvað það kostaði ríkissjóð, eða þá áhættu sem leiddi af lögunum fyrir ríkissjóð í sambandi við ríkisábyrgðina. Þessi úttekt hefur aldrei farið fram og aldrei kom neitt slíkt inn í umræðuna. Menn hlustuðu ekki á það að þetta húsbréfakerfi er allt öðruvísi upp byggt hér en í nágrannalöndunum. Það væri hægt að færa nægjanleg rök fyrir því. Það var búið að skoða þau kerfi áður, það var búið að skoða hvernig nágrannaþjóðirnar hafa byggt þau upp. Við þurfum ekki annað en fara til Noregs til þess að skoða norska húsbankann. Við getum farið hér um alla Skandinavíu og hérna í nágrannalöndunum og skoðað hvernig þeir byggja þetta upp. Það byggist ekki á ríkisábyrgð. Það byggist á hreinum veðum og útboðum sem er á allt annan hátt en í þessu kerfi.

Því var jafnvel haldið fram hér í umræðum á Alþingi við þá sem voru að malda í móinn og vildu fara sér hægar og skoða málin betur að þetta kostaði ríkissjóð ekki neitt. Það væru aðilar úti í bæ, húseigendur eða aðrir slíkir, sem legðu til fjármagnið. Ríkissjóður gerði ekki annað en gefa út bréf og stimpla þau og bera ábyrgðina á þeim. Úttektin sem ég er að tala um hefur aldrei farið fram. Hvernig er ástandið núna í Landsbankanum? Vita menn að þar er upp undir milljarður sem selst ekki af húsbréfum? Þau eru farin að hafa áhrif á almenn útlán bankanna. Vita menn þetta ekki? Það er ekki minnst á þetta frekar en það sé ekki til. Þetta vandamál er ekki til í okkar þjóðfélagi. Nei, nei. Það skal bara breyta þannig að húsbréfakerfið skal koma í staðinn fyrir almenna kerfið og þá verður allt í lagi. Allir geta fengið svar eftir viku eða tíu daga. Einn hringdi nú utan af landi í mig í dag og sagðist vera búinn að bíða í þrjá mánuði og svarið sem hann fékk í dag var það að hann gæti reiknað með því að þurfa að bíða a.m.k. fjórar vikur í viðbót og þá vafasamt hvort hann fengi lánið í gegnum húsbréfin.

Nei, þetta er alvarlegt mál í raun og veru. Mér finnst það dálítið kaldhæðnislegt, ég verð að segja það alveg eins og er, að þegar fyrir liggur hvað þurfti að gera til þess að verja húsnæðiskerfið, sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu gífurlega vinnu í og lögðu metnað sinn í það að tryggja að lífeyrissjóðir landsins fjármögnuðu þetta kerfi, þá skuli það liggja fyrir í dag að ekkert hefur verið gert til þess að tryggja framtíð þessa kerfis, ekkert, heldur bara einfalt: Við leggjum þetta kerfi niður og komum með annað í staðinn sem ekki er einu sinni ígrundað, því miður. Og margir hv. alþm. virðast láta þetta afskiptalaust. Ég verð að segja það alveg eins og er að það er furðulegt að vera í þingflokki framsóknarmanna, stundum jafnvel einn á báti, þó að það séu stundum 3–4 með mér, í því að rökræða þessi mál því við verðum að samþykkja þetta því að annars dettur ríkisstjórnin í sundur. Hæstv. félmrh. hefur tak á henni þannig að ef ríkisstjórnin vill ekki samþykkja þetta, þá er ég farin út. Alþingi hefur fylgst með þessu og þjóðin öll. En jafnvitlaust er það að gefa sér ekki tíma til að skoða þessi mál í rólegheitum og átta sig á stöðunni hvernig hún raunverulega er.

Ég vil koma því að hér, meðan ég man eftir því, að meðal frv. frá ríkisstjórninni í sambandi við húsnæðismál er eitt frv. um að auka við húsbréfakerfið. Það á allt í einu að fara að hjálpa fólki út úr erfiðleikum sem áður var gert með því að taka til þess lán í lífeyrissjóðakerfinu eða fá til þess sérstakar fjárveitingar. Nú á allt í einu að fara að láta það versla um vandræðaástandið hjá sér með húsbréfum með þeim afföllum sem þar verða. Ég ætla ekki að verða til þess að stoppa þessa hugmynd en mér finnst hún svo vitlaus sem eitt getur verið. Ég hefði talið að það væri bara einfaldur þáttur í þessu máli ef stjórnvöld vilja hafa góð samskipti við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðina að fara þess á leit að lífeyrissjóðirnir láni, hvort það er 300 eða 500 millj., til þess að lagfæra stöðu fólks sem riðar til falls í sambandi við þessi mál. Á örstuttu árabili, frá 1985 þegar þáv. ríkisstjórn setti upp ráðgjafarþjónustu í húsnæðismálum, þá var það hvorki meira né minna en yfir 5 milljarða sem staða hjá þessu fólki var lagfærð. Þó ekki nema að litlu leyti með beinum framlögum úr húsnæðisstjórn heldur með því að semja við banka, sparisjóði og aðrar opinberar stofnanir til að lagfæra þessi mál. Það tókst. Þetta væri auðveldari aðferð en vera að flækja á þennan hátt.

Af því að ég minntist á þetta þá langar mig til þess að segja frá því að í umræðunni um þessi mál í þingflokki framsóknarmanna samþykkti þingflokkurinn að senda bréf til forseta Sþ. og fara fram á það að Ríkisendurskoðun yrði falið ákveðið verkefni. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa þetta upp:

„... í sambandi við húsbréfakerfið samkvæmt gildandi lögum og áform stjórnvalda um að það kerfi yfirtaki hið almenna húsnæðiskerfi, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins.

1. Gerð sé athugun ef hægt er á því hvort húsbréfakerfi geti tekið við allri lánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins og hversu miklir fjármunir mundu verða veittir í vaxtaafslátt gegnum skattakerfið við slíka breytingu.

2. Óskað er eftir að lagt sé mat á áhættu ríkissjóðs sem felst í ríkisábyrgð á húsbréfum, útgefnum af Húsnæðisstofnun ríkisins, í framtíðinni, gjarnan miðað við að taka 25 ára tímabilið til athugunar.

3. Gerð sé sérstök grein fyrir mati Ríkisendurskoðunar á þeirri áhættu sem ríkissjóður tekur á sig umfram almennar reglur um ríkisábyrgðir vegna greiðsluerfiðleikalána. — Þetta er atriði sem ég minntist á hér áðan, en þarna viljum við fá hlutlaust mat á þetta atriði.

4. Er það rétt að veikleiki húsbréfakerfisins geti orðið mikill skaðvaldur í íslensku efnahagslífi ef það lánakerfi fær að starfa eitt og sér í fullu umfangi?

5. Samanburður verði gerður á húsbréfakerfi í nágrannalöndunum, t.d. Norðurlöndum og e.t.v. víðar, við húsbréfakerfið sem lögfest hefur verið hér á Íslandi."

Þetta er sent fyrir hönd þingflokksins og ég á ekki von á öðru en að forsetar Alþingis greiði götu þessa erindis. Svo mikið er víst að Ríkisendurskoðun er tilbúin að vinna þetta verk, sumt hratt þannig að svar geti komið fljótt, og sumt með meiri ígrundun.

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að segja frá þessu því að það tengist þeirri umræðu sem hér fer fram um þessi mál. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það alveg furðulegt að húsbréfakerfið skuli hafa verið tekið upp í þeirri mynd sem það er í gildandi lögum án þess að ítarleg umfjöllun færi fram um það og úttekt og rannsókn á því hvernig þetta er í nágrannalöndum okkar. Eins og hv. þm. Hreggviður Jónsson sagði þá voru þeir borgaraflokksmenn búnir að sækja hugmyndir til Norðurlanda. En það var bara einn anginn af þessu máli þannig að þær hugmyndir sem þeir voru með voru ekki fullmótaðar þó margt væri þar ágætt miðað við það sem niðurstaðan hefur svo orðið.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig benda hv. þm. á það að hæfur hagfræðingur hér á landi, Jóhann Rúnar Björgvinsson, hefur skrifað mikið um þessi mál. Hann gaf að ég hygg flestum þingmönnum gula bók í apríl 1989 sem fjallaði eingöngu um húsbréfin og allt sem þeim viðkemur, hlutverk þeirra og hvaða ályktanir hann dregur af þessu kerfi. Hann hefur ýmislegt fyrir sér í þeim málum. Hann hefur einnig skrifað mjög ítarlega grein og vel upp setta í Morgunblaðið í október sl. þar sem hann dregur fram kosti beggja þeirra kerfa sem við búum við. Niðurstaða hans er sú að þetta séu að mörgu leyti lík kerfi en þó hefur hann það sín lokaorð að veikleiki húsbréfakerfisins, eins og það er byggt upp hjá okkur, geti orðið skaðvaldur í íslensku efnahagslífi. Hann rökstyður það nánar í þessari grein. Ég tel ástæðu til að benda hv. alþm. á að kynna sér þetta mál um leið og við fáum væntanlega skýr svör frá Ríkisendurskoðun um hvernig þessi mál líta út í raunveruleikanum.

Virðulegi forseti. Ég skal stytta mál mitt. Ég er alveg viss um að sú umræða sem hér hefur farið fram í dag á rétt á sér. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á því hvar þetta mál stendur. Það er einnig ljóst að ríkisstjórnin getur ekki leyst þetta mál. Það kemur fram í fjárlagafrv. Ég ætla ekki að tefja tímann með að lesa það upp, en þar kemur fram raunveruleg skoðun ríkisstjórnarinnar, að a.m.k. hluti ríkisstjórnarinnar gerir sér grein fyrir því að þetta mál er orðið svo stórt að það verður að gefa sér góðan tíma, og langan tíma eins og stendur í greinargerð frv., til að finna nýja stefnu í húsnæðismálum til að leysa þessi mál. En mér dettur ekki í hug að halda því fram að það sé ekki hægt að gera það. Það hefði verið hægt að gera það strax 1987 ef þáv. ríkisstjórn og sú sem tók við 1988 hefði áttað sig á staðreyndunum í málinu. Þá væri þetta mál ekki vandamál hér nú. Það getur hver maður sagt sér það sjálfur að þegar heill flokkur og viðkomandi ráðherra sem stendur að þeim flokki er búinn að gefa yfirlýsingar um það að leggja það kerfi að velli sem var gert samkomulag um við aðila vinnumarkaðarins, þá var ekki ástæða til að halda að hægt væri að ná samkomulagi um neitt sem væri gert með viti til þess að lagfæra þetta kerfi. Og því fór sem fór.

Ég vil segja það alveg eins og er að mér finnst kominn tími til að setjast niður og skoða stefnuna í húsnæðismálum. Ég get tekið undir það sem hér hefur

komið fram, og ég hef raunar staðið að því sjálfur að segja það hér í þessum ræðustól, að það er löngu kominn tími til að átta sig á því hvort ekki er eðlilegt að fela bankakerfinu í landinu almenna húsnæðiskerfið. Ég held að það sé orðinn svo sjálfsagður hlutur, um leið og við tryggjum það að húsnæðissjóðirnir geti staðið við þær skuldbindingar sem þeir hafa tekið á sig. Þeir sem trúa á það að loka því og taka upp opið kerfi, sem ekki hefur fengið neina stefnumótun til framtíðar, bera þá mikla ábyrgð. Það er engin vafi á því, eins og hér hefur komið fram frá fleirum en mér, að vel er hægt að hugsa sér að sá tími sé kominn að bankakerfið eða almenna lánakerfið í landinu geti tekið við þessu hlutverki. Og það er enginn vafi á því að það er hægt að setja ýmsar skorður þannig að fólk geti gengið þarna inn og gert samning um eðlileg lán með hæfilegum vöxtum til langs tíma sem gerir því kleift að eignast húsnæði. Við getum haft ákveðið félagslegt húsnæði, félagslega löggjöf, í gangi. Ég hef sagt það áður að betri lög en verkamannabústaðalögin höfum við ekki átt. Þau hafa gert meira en að tryggja láglaunafólki húsnæði með hæfilegum kjörum. Þau hafa einnig á undangengnum árum gert láglaunafólki í landinu kleift að eignast þetta húsnæði. Og það er vissulega mál sem má ekki gleymast.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Ég hef haldið uppi harðri gagnrýni á þessi vinnubrögð í mínum þingflokki, það hefur ekki farið fram hjá neinum hér á hv. Alþingi, og tekið þátt í því með öðrum að gera tilraun til þess að lagfæra þetta og koma í veg fyrir þau upphlaup sem orðið hafa í þjóðfélaginu. En ég tel að nú sé kominn tími til fyrir almenning í landinu að það séu settar skorður við ævintýramennsku í þessum málum. Og húsbréfakerfið, eins og það hefur verið byggt upp og á að leysa öll þessi mál hér, er ekki fært um það, það þori ég að fullyrða. Við skulum bíða eftir skýrslunni.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð þeirra sem hafa haldið því fram að þessi umræða sé meira en tímabær. Það er full ástæða til þess að hér sé rætt um aðgerðarleysi hæstv. félmrh. og mistök sem fram hafa komið af hennar hálfu þegar hún hefur haldið á þessum málum í tíð núv. ríkisstjórnar og reyndar í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Ég vil rifja það upp að haustið 1987, þegar við sátum saman í ríkisstjórn, voru þessi mál iðulega til umræðu. Í septembermánuði það ár var það rætt mjög alvarlega í þáv. ríkisstjórn að taka þyrfti á málinu og nefndu menn þá, ekki síður úr flokki hæstv. ráðherra en menn úr Sjálfstfl., að kominn væri tími til þess að hækka vexti, a.m.k. á sumum lánanna, ekki síst vegna þess að raunvextir fóru hækkandi. Frá upphafi eða allt frá því að samningar voru gerðir á almenna vinnumarkaðinum 1986, var ljóst að vaxtastigið á húsnæðislánunum átti að fylgja almenna vaxtastiginu í landinu. Sá munur sem á milli var, sem gat orðið 1,5–2% eða eitthvað um það bil og hæstv. ráðherra var að minnast á áðan, hlaut að lenda á ríkissjóði.

Hæstv. ráðherra sagði þá að nefnd væri starfandi að málinu. Reiknað væri með að sú nefnd skilaði áliti síðar á því ári, 1987. Það var síðan um vorið 1989 sem Alþingi fjallaði um þær tillögur sem komu frá nefnd sem starfaði undir forustu Kjartans Jóhannssonar, þáv. alþingismanns. Með öðrum orðum, það liðu tæplega tvö ár án þess að nokkuð væri tekið á þessu máli og var þó öllum ljóst að það þurfti að gera og ekki síst hæstv. ráðherra sem lét undir höfuð leggjast að taka á þessu máli. Ég minni á að fyrri partinn á þessu tímabili, þ.e. á árunum 1987–1988, var fjmrh. úr röðum Alþfl. Hæstv. utanrrh. var þá fjmrh. Það hlaut þess vegna að vera fyrst og fremst á ábyrgð þessara tveggja ráðherra að koma þessum málum heim og saman. En hæstv. ráðherrar létu undir höfuð leggjast að gera það. Það var beðið og beðið og beðið þótt málið væri löngu komið í eindaga. Loksins, vorið 1989, var skipt yfir í húsbréfakerfi sem út af fyrir sig var allt í lagi ef það hefði ekki verið gert með samningum sem eru samningar sem eru dæmi um það hvernig ekki á að gera samninga því það hefur nánast ekkert verið staðið við samningana sem þá voru gerðir á milli hæstv. félmrh. og Kvennalistans. Þessir samningar hafa oft verið til umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi. Þetta voru samningar sem gerðir voru 1. maí 1989 í því skyni að fá Kvennalistann til að fallast á húsbréfakerfið. Kvennalistinn fór fram á að vextir yrðu ekki hækkaðir af lánum sem þegar hefði verið úthlutað úr Byggingarsjóði ríkisins þegar húsbréfakerfið kæmi í framkvæmd.

Það voru þrír aðrir liðir í þessu samkomulagi og í umræðum sem urðu um þetta mál á síðasta þingi upplýstist að ekki hefði verið staðið við það samkomulag af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég ætla ekki að rifja upp hvaða þættir það eru en ég er með þetta samkomulag hér fyrir framan mig, undirritað 1. maí 1989. Hæstv. ráðherra lagði til fyrir tæpu ári síðan að hækka vexti af lánum sem þá höfðu ekki verið tekin um 1%, eða úr 3,5% í 4,5%. Þetta gerðist í desemberbyrjun á sl. ári. Rökin voru auðsæ: Raunvextir höfðu hækkað í þjóðfélaginu og það þurfti að vera minni munur á vöxtum húsnæðiskerfisins og þeim vöxtum sem ríktu í þjóðfélaginu, m.a. þeim vöxtum sem lífeyrissjóðirnir lána húsbyggingarsjóðunum á.

Þegar þetta gerðist varð umræða hér á hinu háa Alþingi og á það bent að auk þess að vera algjörlega siðlaus, sem þessi ákvörðun er, var hún að margra mati löglaus. Hæstv. ráðherra kom þá hér í pontu og sagðist bundinn af samkomulagi við Kvennalistann. Nú hefur það gerst, ef ég hef skilið fréttir frá Hrafnagili rétt, að Kvennalistinn sé tilbúinn til að ræða það hvort hækka skuli vexti af húsnæðislánum allt frá árinu 1984. En frá þeim tíma hafa öll skuldabréf sem gefin hafa verið út af Húsnæðisstofnun ríkisins verið með ákvæði þess efnis að um breytilega vexti sé að ræða. Og það vita allir sem taka lán í bankakerfinu, ef lánið er með breytilegum vöxtum, að fólk verður að sætta sig við þá vexti sem gilda á hverjum tíma. Þetta hefur ekkert með afturvirkni að gera einfaldlega vegna þess að vextirnir eru reiknaðir frá þeim degi sem vaxtabreytingin á sér stað, hvort sem þessi vaxtabreyt-

ing er til hækkunar eða lækkunar.

Hæstv. ráðherra kaus að fara ekki að þessum ráðum þá og benti á að það væri samningur við Kvennalistann. Nú hefur Kvennalistinn, ef ég skil niðurstöðurnar frá Hrafnagili rétt, ákveðið að opna þennan möguleika og þá hlýtur hæstv. ráðherra að eiga leikinn. Hann verður að spyrja sig hvað hann ætli til bragðs að taka, eða hvort hæstv. ráðherra ætlar áfram að sitja aðgerðarlaus í þessu máli og kenna öðrum um. Það verður að segjast eins er, og það hefur valdið mér og mörgum öðrum vonbrigðum, hvernig ráðherra hefur leikið þessi mál. Það er lítill vandi að efna til aðgerða sem kosta peninga og kosta aukin útlát og hæstv. ráðherra hefur ekki sparað það. Enginn hefur oftar og meira en hæstv. ráðherra efnt til aðgerða í húsnæðismálum sem kostað hafa aukin fjárútlát, en þegar kemur að því að gera óvinsælar aðgerðir er sífellt bent á aðra. Síðasta dæmið var hér í dag þegar hæstv. ráðherra var spurður að því hver væri stefna ríkisstjórnarinnar og til hverra aðgerða hæstv. ríkisstjórn ætlaði að grípa nú þegar ljóst er að ekki er ein einasta króna á fjárlögum til Byggingarsjóðs ríkisins. Og hvað sagði hæstv. ráðherra? Tók hann ekki á málinu eins og vera ber og sagði: Hér er ég, ráðherra húsnæðismála og ég er með tillögur í málinu? Nei, hún sagði: Það vita allir hvað ég vil, en það er hæstv. forsrh. sem á að svara, ekki ég því það er óvinsælt. Það er bara ég þegar eitthvað er vinsælt, en það er forsrh. og fjmrh. sem eiga að svara þegar eitthvað er óvinsælt. Þetta er því miður staðreynd í þessu máli.

Við horfðum reyndar á það í sjónvarpinu ekki alls fyrir löngu á íþróttamóti suður í Hafnarfirði sem kallað er landsþing eða flokksþing Alþfl. og fer þannig fram að fyrst kastar varaformaðurinn skít í formanninn og síðan stendur formaðurinn upp og kastar skít í varaformanninn og svo endar þetta með gífurlega löngum og skemmtilegum sáttatilraunum, eins konar sáttakossi, og því er lýst yfir að þetta hafi allt verið í gamni og reikningurinn er síðan sendur á Lánasjóð ísl. námsmanna ef maður skilur fréttina rétt. Þetta er það litla sem maður hefur séð að undanförnu um stefnu Alþfl. í húsnæðismálunum.

Ég held að tími sé kominn til þess, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra manni sig upp í að koma hér upp og segja okkur hvernig eigi að leysa þessi mál. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að segja: Ég er hættur í ríkisstjórn ef ekki verður farið eftir því sem ég segi — á meðan engin lausn kemur fram. Og það er auðvitað ákaflega ógeðfellt þegar lagt er fram á haustin fjárlagafrv. og hæstv. ráðherra segir: Ég styð ekki þetta fjárlagafrv. og ég ætla að hætta í ríkisstjórninni ef þessu verður ekki breytt. Auðvitað á hæstv. ráðherra að sjá um að fjárlagafrv. sé frá upphafi með þeim hætti að hæstv. ráðherra geti staðið við það. Annars er fjárlagafrumvarpið ekki stjfrv. Hafi hins vegar hæstv. ráðherra fallist á að frv. væri lagt fram sem stjfrv. ber hæstv. ráðherra ábyrgð á hverju einasta orði sem í þessu frumvarpi er. það er bara leikaraskapur gagnvart kjósendum, sem ekki vita betur, að segja annaðhvort í fjölmiðlum eða annars staðar og segja: Ég ber ekki ábyrgð á þessu. Ég ætla bara að bera ábyrgð á því sem er vinsælt, ekki á hinu sem er óvinsælt. Það eru hinir, fjmrh., forsrh. Þessi leikur hefur allt of lengi verið leikinn í þessu máli.

Það sem hæstv. ráðherra getur hælt sér af er að hafa aukið mismuninn í húsnæðiskerfinu eins og best kemur fram hjá þeim sem hafa fengið mest út úr kerfinu að undanförnu. Ég kýs í því sambandi, virðulegi forseti, að lesa hér nokkur orð eftir Jón Rúnar Sveinsson í blaði sem heitir Búsetinn og er málgagn húsnæðissamvinnufélaga, þetta er 1. tölublað 1990, en þar segir greinarhöfundur þetta orðrétt: „Með hinum nýju lögum hafa stjórnvöld markað þá ótvíræðu stefnu að leiguíbúðir skuli framvegis njóta betri kjara en eignaríbúðir. Það sést af því að lán til leiguíbúða eru nú til 50 ára en til félagslegra eignaríbúða [þ.e. verkamannabústaða] er lánstíminn 43 ár. Þá eru lán til þeirra kaupleiguíbúða sem eru í leigu til 50 ára en aðeins til 43 eða 40 ára ef íbúðirnar eru seldar.“ Og síðar segir greinarhöfundur svo, með leyfi forseta: „Flest bendir til að dagar einhliða séreignar í húsnæðismálum Íslendinga séu taldir. Hverjar svo sem breytingar verða á skipan ráðherrastóla og ríkisstjórna í framtíðinni, þá mun öflug hreyfing eins og búsetahreyfingin, með þúsundir félagsmanna innan sinna vébanda og fastar rætur um allt land, hafa góða möguleika að standa af sér veðrabrigði í stjórnmálum sem reyndar kunna að vera skammt undan.“

Að vísu má segja það hv. greinarhöfundi til hróss að hann spáir hruni og falli þessarar hæstv. ríkisstjórnar, hér er verið að þakka hæstv. ráðherra það sem hæstv. ráðherra hefur tekið af skattgreiðendum og afhent sumum þeirra sem hafa aðgang að félagslega kerfinu. Sumum þeirra. Sami hæstv. ráðherra skilur Byggingarsjóð ríkisins eftir með þeim hætti að í honum er eitt stórt núll í fjárlögum fyrir næsta ár. Eitt stórt núll. Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra, það er algerlega út í hött, að kenna hæstv. forsrh. um eða hæstv. fjmrh. og jafnvel hæstv. utanrrh. vegna þess að hæstv. félmrh. ber ábyrgð á því stjfrv. sem er fjárlagafrv. fyrir íslenska ríkið á næsta ári.

Staðreyndin sem blasir við eftir þessar umræður er sú að hæstv. ráðherra hefur með aðgerðaleysi sínu og mistökum, því ég ætla ekki að hæstv. ráðherra hafi viljandi gert öll þau mistök sem hafa gerst í þessu kerfi, orðið til þess að nú blasir við slíkur vandi í þessu kerfi að ekki er séð hvernig núv. eða næstu ríkisstjórnir geta leyst þennan vanda. Og það sem verst er er að hæstv. ráðherra heldur áfram að berja höfðinu við steininn og neitar að grípa til aðgerða við hæfi vegna þess að hæstv. ráðherra vill ekki, eða öllu fremur þorir ekki, að koma með tillögur sem duga. En hæstv. ráðherra þorir ekki einu sinni að bera ábyrgð á slíku heldur kennir Kvennalistanum um og segir: Ég get ekki lagt til að vextir hækki af því að Kvennalistinn vildi það ekki þegar ég samdi við hann fyrir einu og hálfu ári síðan. Nú hefur Kvennalistinn opnað þetta mál upp á nýtt og þess vegna hlýtur hv. Alþingi að spyrja hæstv. ráðherra: Hvar eru nú tillögurnar? Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera?

Ég minni á í þessu sambandi að hv. þingmenn Borgfl. lýstu því yfir að þeir væru tilbúnir til að hækka vexti af öllum lánum, líka þeim sem tekin voru fyrir 1. des. í fyrra. Ég minni á það að hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson lýsti því yfir að þingmenn úr Framsfl. væru einnig tilbúnir til þess. Með öðrum orðum, það gæti verið meiri hluti á hv. Alþingi fyrir því að reyna að bjarga þessum sjóði ef hæstv. ráðherra þessara mála er tilbúinn til þess að láta bjarga honum. Ég hef hins vegar grun um það, eins og flestir aðrir, að hæstv. ráðherra vilji ekki bjarga þessum sjóði. Og hver skyldi vera ástæðan? Ástæðan er sú að hæstv. ráðherra sagði strax í upphafi síns stjórnartímabils: Þetta kerfi getur ekki gengið upp. Ég er á móti þessu kerfi og þess vegna er um að gera að haga sér þannig að það fari beint lóðrétt á hausinn. Auðvitað hlýtur maður að álykta sem svo fyrst ekki er gripið til neinna aðgerða heldur aðeins öðrum kennt um. Það er auðvitað ekkert skemmtiverk að þurfa að koma eftir fjölmörg ár — ég skil það vel að hæstv. ráðherra hlaupi hér úr salnum og kjósi að hlusta ekki á það sem hér er sagt — hvorki stjórnarandstöðuþingmenn né aðra þingmenn, og lýsa skoðunum sínum með þessum hætti. Það er ekki vinsælt að segja að það þurfi að hækka vexti. Og það er ekki vinsælt að þurfa að segja sannleikann í þessu máli.

Mér þykir nú leitt, virðulegur forseti, að svo sé komið að jafnvel hæstv. félmrh. skuli ekki hlusta. Hér kemur hann þó í gættina. Mér hefði fundist vera viðeigandi líka að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur og reyndar hæstv. fjmrh. því hæstv. félmrh. hefur vísað til þessara hæstv. ráðherra og þó einkum hæstv. forsrh. og sagt að hæstv. forsrh. eigi að svara þeirri spurningu sem til hæstv. félmrh. var beint hér rétt fyrir hlé.

Ég spyr, virðulegur forseti: Er ekki þess að vænta að hæstv. forsrh. komi hér í salinn? Hann sat hérna, ef ég má rifja það upp, undir þessum ummælum, sat hér í sínu sæti þegar hæstv. félmrh. benti á hæstv. forsrh. og sagði: Hæstv. forsrh. mun svara þessum spurningum, það á að beina þeim til hans, þ.e. hvað ríkisstjórnin ætlaði sér að gera og hver væri stjórnarstefnan í þessum málum. (**Forseti:** Forseti hefur áður í kvöld lýst því að hæstv. forsrh. hafði fyrir löngu ráðstafað þessu kvöldi. Hann skildi hins vegar eftir símanúmer og sagði að leyfilegt væri að ná í sig ef brýn nauðsyn krefði. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann telji að svo sé og þá mun hæstv. forsrh. verða sóttur.) Ætli það sé ekki best, virðulegur forseti, að ég orði það þannig: Telur hæstv. forseti það vera brýnt að ná í hæstv. forsrh. þegar hæstv. félmrh. hefur sagt að hæstv. forsrh. þurfi að svara hér spurningum sem beint var til hæstv. ríkisstjórnar? Ég vil leggja það í dóm hæstv. forseta hvort það sé brýnt eður ei. En á meðan forseti hugsar sitt ráð ... (**Forseti:** Forseti hefur þegar hugsað sitt ráð, hefur áður lýst því í dag að fram undan eru miklar umræður um Húsnæðisstofnun ríkisins og byggingarsjóðina þar sem innan tíðar verða lögð fram frv. þannig að nokkur áhöld voru um hvort ástæða væri til að leyfa þessa löngu umræðu hér í dag. Forseti féllst þó á það og telur raunar að þess gefist nægur kostur að ræða þessi mál nú á allra næstu dögum. Forseti setur það hins vegar í vald hv. 1. þm. Reykv. að ákveða hvort hann óskar eftir að forsrh. verði sóttur.) Virðulegi forseti. Ég þakka það mikla traust sem mér er sýnt með því að það er lagt í mitt vald að ákveða hvort kalla skuli á hæstv. forsrh. Ég heyri það að hæstv. forseti býr yfir þeirri þekkingu að vita að hér verða lögð fram frv., þá væntanlega í þeirri deild sem ræðumaður er í því að það er lítið gagn í því ef málið lendir í Ed. ef ég þarf að eiga orðastað við hæstv. forsrh. En ég mun að sjálfsögðu una því að hæstv. forsrh. verði ekki hér viðstaddur ef gera má ráð fyrir slíkri umræðu í Nd. alveg á næstunni. Ég minni á það, virðulegi forseti, að hv. 1. þm. Vesturl. upplýsti að þingflokkur framsóknarmanna hefði beint fjölmörgum spurningum til Ríkisendurskoðunar og þetta mál er með slíkum ósköpum að það verður að fást úr því skorið hver stjórnarstefnan er og til hvaða aðgerða ríkisstjórnin ætlar að grípa og hvort Framsfl. hafi verið að víkja þessum spurningum til Ríkisendurskoðunar vegna þess að Framsfl. sé óánægður með stjórnarstefnuna undir stjórn hæstv. félmrh. Þessum málum þarf auðvitað að svara og svara sem allra fyrst. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa eftir viðtal við hæstv. félmrh. um þessa umræðu sem hér fer nú fram að hæstv. félmrh. fullvissaði forseta um að vegna þess að hv. málshefjandi hér í dag er í Nd. munu þessi frv. koma fram í Nd.) Ég þakka fyrir, virðulegi forseti.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að endurtaka það sem hér hefur verið sagt, en það er eitt að lokum sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og varðaði húsbréfin. Mig langar til þess að geta þess hér af því að ég sit í bankaráði stærsta viðskiptabankans og það virðist ekki hafa komið fram hjá öðrum að til skamms tíma hefur horft til vandræða með húsbréfin. Ávöxtunarkrafan er rúmlega 7% þannig að það þýðir ekkert að vera að tala um einhverja nafnvexti eða vexti sem eru lægri. Sú ávöxtunarkrafa sem gerð er til þessara bréfa er liðlega 7% og menn verða að átta sig á því að á þessum markaði gerist það að ríkissjóður er mjög stór aðili og það er alveg út í bláinn að vera að tala um einhverja lægri prósentutölu þegar ljóst er að um stórkostleg afföll er að ræða. Menn þurfa því aðeins að hugsa sinn gang. Það er svo komið að ef þessi bréf seljast ekki á næstunni hygg ég að viðskiptabankarnir séu knúnir til þess að snúa sér til hæstv. ríkisstjórnar og biðja um einhverja endurskoðun á þessum málum einfaldlega vegna þess að bréfin eru föst. Ég þekki það í Landsbankanum að þetta er komið yfir þau mörk að til hættu horfir. Vonandi rætist samt úr en þar skiptir auðvitað miklu máli hvernig ríkissjóður stendur og hvernig ríkisstjórnin hæstv. bregst við.

Þetta vildi ég láta koma fram því það var svo að skilja á máli hæstv. félmrh. að hann hefði ekki hugmynd um þetta og hefði reyndar ekki hugmynd um þá ávöxtunarkröfu sem gerð er til þessara bréfa. A.m.k. endurtók hæstv. ráðherra sífellt vaxtastigið án þess að geta affallanna.

Í trausti þess, virðulegi forseti, að þetta mál verði áfram til umræðu innan tíðar og þá verði svörin held-

ur skýrari en þau sem komu frá hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. verði tilbúinn til þess að segja hver stefna ríkisstjórnarinnar sé, en hæstv. félmrh. beindi þeirri spurningu til hæstv. forsrh., sé ég ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en við munum að sjálfsögðu sjá til þess, þingmenn Sjálfstfl., að það komist botn í þessi mál innan mjög skamms tíma því það má ekki lengur við það una að áfram verði haldið í þessum málum með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert undir forustu hæstv. félmrh. sem er sú leið aðgerðaleysis og mistaka sem hver ræðumaður á fætur öðrum hefur lýst hér í umræðunum í dag.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur ýmislegt komið fram í þessari umræðu sem ástæða er til að svara. Ég vil byrja á því að fara nokkrum orðum um það sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. Hv. þm. orðaði það svo að enginn hefði áður efnt til aðgerða í húsnæðismálum, ef ég skildi hann rétt, sem kostuðu svo mjög aukin fjárútlát. Ég vísa því auðvitað alfarið á bug sem fram kom hjá hv. ræðumanni og bið hann að líta til þeirra aðgerða sem hafa verið gerðar í húsnæðismálum sem eru húsbréfakerfið en það er ekki eins fjárfrekt kerfi og lánakerfið frá 1986. Allar skýrslur og úttektir sem hafa verið gerðar á þessum kerfum og samanburður á þeim sýna það.

Hv. þm. talaði um vexti á húsbréfunum. Það sem ég ræddi hér um í dag var vextir af fasteignaveðbréfunum, það sem sá þarf að greiða sem kaupir íbúð gegnum húsbréfaviðskipti, og vextirnir á því eru 5,75% þó ávöxtunarkrafan á húsbréfunum sé hærri. Ef ávöxtunarkrafan er hærri og vextirnir eru þarna 5,75% ætti það að hluta til kannski að koma fram í fasteignaverði. Það hefur enn ekki gert það vegna þess að fasteignaverð hefur enn sem komið er ekki hækkað. (**Gripið fram í:** Hver borgar mismuninn?) Síðan eru það afföllin sem hafa líka verið í eldra kerfinu. Menn skyldu líka horfa til þess að áður fyrr, áður en húsbréfakerfið kom til, var útborgunin vaxtalaus hjá fólki og þá má auðvitað líka horfa til þess að það voru afföll af því. Og þá má auðvitað einnig horfa til þess að seljandinn sem fær húsbréfin og verður fyrir afföllum fær íbúðina miklu fyrr greidda upp en var í lánakerfinu frá 1986. Yfirleitt eru þessar íbúðir greiddar þannig að þær eru greiddar upp kannski á 10 mánuðum í mörgum tilfellum. Það er því vegið og metið þegar verið er að ræða þessi afföll.

Mér heyrist í þessari umræðu að aftur og aftur komi íhaldsmenn hér í ræðustól og kenni mér um hvernig komið er fyrir byggingarsjóðunum, aðgerðaleysi mitt í þessum málum sé ástæða þess hvernig komið er. Og þar er sérstaklega til tekin vaxtahækkun sem er tilgreind í þessu efni. Vaxtahallinn uppsafnaður er 700 til 800 millj. kr. núna á þessum tíma. Það er náttúrlega alveg ljóst, hv. þm., að jafnvel þó að til hefði komið vaxtahækkun til þess að brúa þetta bil hefði það ekkert bjargað þessu lánakerfi. Við hefðum verið með jafnlanga biðröð eftir sem áður. Ég trúi því ekki að íhaldsmenn vilji bjóða fólki upp á það að bíða í biðröð, ungu fólki, í 2–3 ár til þess að koma sér þaki yfir höfuðið, en það er það sem þetta kerfi kallar á og hefði kallað á jafnvel þó að til hefði komið vaxtahækkun.

Ég skýrði það, hv. þm., einnig í dag að ég taldi nauðsynlegt, þó það hefði tekið lengri tíma en ég hefði kosið, að koma á kerfi sem stæðist til frambúðar með þá vaxtabótum sem gætu létt greiðslubyrðinni af fólki með lágar og miðlungstekjur. Þannig er sú vaxtahækkun sem kom til t.d. í desember að fólk með lágar og miðlungstekjur fær hana bætta.

Ég hef margsinnis tilgreint það hér úr ræðustól hverjar ástæðurnar voru fyrir því að ekki var farið út í það að hækka vexti á þegar tekin lán. Það er raunar ekkert einfalt. Því var lýst hér í ræðustól, að mig minnir af hv. þm. Geir H. Haarde, að þetta hefði þurft að koma til strax 1987. Þegar þetta lánakerfi kom á 1986 var einmitt mjög mikið lagt upp úr ráðgjöf hjá fólki, að það vissi hvað það væri að ganga út í. Og það sem hér hefur þá verið krafist er að strax nokkrum mánuðum eftir að þetta lánakerfi var komið á hefði átt að breyta grundvellinum í þeim áætlunum sem fólk hafði gert með því að hækka vextina. Við erum hins vegar komin með kerfi núna sem bætir fólki það ef vextirnir eru hækkaðir, því sem er með lágar og miðlungstekjur, og því er það allt annað mál nú.

Ég vil fara nokkrum orðum um það sem fram kom hjá hv. þm. Hreggviði Jónssyni. Mér finnst það nokkuð sérstakt hvernig menn sjá aftur og aftur, t.d. íhaldsmenn, ofsjónum yfir því hvað framlög til félagslega íbúðakerfisins hafi aukist. Ég held það hafi bara hreinlega verið kominn tími til. Hvað eru margar félagslegar íbúðir hér á landi? Kannski 6.500 til 7.000. Hver er þörfin? Það eru sennilega fjórir um hverja íbúð, t.d. hér í Reykjavík og þetta er fólk sem hvorki getur eignast húsnæði í almenna lánakerfinu frá 1986 eða í húsbréfakerfinu. Hvert á að vísa þessu fólki? Á að vísa því bara á almenna leigumarkaðinn, að borga 35–50 þús. kr. mánaðargreiðslur sem er kannski meira en helmingur, kannski 60% af kaupi þess? Hv. þm. Hreggviður Jónsson orðaði það svo að það verði að hugsa um alla þegna þjóðfélagsins. Það er einmitt það sem er verið að gera með því að byggja upp félagslega íbúðakerfið.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson ræddi um Búseta og hvort þar væru greiddir eignarskattar. Það fyrirkomulag er með þeim hætti að húsnæðissamvinnufélög borga eignar- og fasteignaskatt en síðan innheimta félögin þau gjöld hjá íbúum gegnum leiguna. Þar eru því þessi fasteignagjöld auðvitað líka greidd gegnum leiguna.

Greiðslubyrðin er þyngri í húsbréfakerfinu en í almenna lánakerfinu. Þetta kom fram hjá hv. þm. Hreggviði Jónssyni. Ég ætla að leyfa mér í því sambandi að vitna til skýrslu sem samin er í Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem var gerður samanburður á greiðslubyrði í húsbréfakerfinu og lánakerfinu frá 1986 og þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Niðurstöðurnar eru að greiðslubyrði er í flestum tilvikum lægri í húsbréfakerfinu. Lítill munur er á greiðslubyrði fyrir lágtekju- og meðaltekjufólk ef fest

eru kaup á íbúð sem kostar um eða undir 5 millj. kr. þegar tillit er tekið til vaxtabóta. Lánakerfið frá 1986 er hins vegar hagstæðara fyrir hátekjufólk ef það festir kaup á þetta ódýrri íbúð. Húsbréfakerfið er líklega í flestum tilvikum hagstæðara fyrir íbúðarkaupendur sem þurfa að bíða eftir afgreiðslu láns úr lánakerfinu frá 1986, þ.e. þeir sem ekki hafa fengið lánsloforð."

Þetta segir orðrétt í þessari úttekt frá Húsnæðisstofnun. Það ber auðvitað til þess að líta að þegar menn eru að bera saman þessa greiðslubyrði er það gert með þeim hætti að það eru skoðaðir vextirnir á fasteignabréfunum í húsbréfakerfinu, 5,75%, síðan fara menn og taka 3,5% vextina í almenna lánakerfinu og fá þannig út að almenna lánakerfið sé hagstæðara. Þetta er auðvitað alrangt, í fyrsta lagi vegna þess að það er ekki tekið tillit til vaxtabótanna. Í annan stað þarf fólk að taka miklu hærra skammtímalán í bönkum ef það fær lán úr almenna húsnæðislánakerfinu frá 1986. Það hefur verið reiknað út að þótt fólk fái lán úr almenna lánakerfinu frá 1986 sé meðalvaxtabyrði hjá þessu fólki 6–7% sem er hærra en í húsbréfakerfinu. Og það hefur verið reiknað út hjá fólki með lágar og meðaltekjur að með vaxtabótunum, ef það fer í húsbréfakerfið, eru raunvextir hjá þessu fólki um 2–3%. Um þetta liggja fyrir útreikningar.

Ég vil í lokin fara hér nokkrum orðum um það sem kom fram hjá 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánssyni. Ég fer nú fyrst nokkrum orðum um það sem hann nefndi hér til, að þingflokkur framsóknarmanna hefði óskað eftir því að Ríkisendurskoðun svaraði nokkrum spurningum sem hann tiltók. Ég verð nú að segja það að mér finnst hér mjög einkennilega staðið að verki. Í fyrsta lagi á þingflokki Framsfl., og þar með hv. þm. Alexander Stefánssyni, að vera kunnugt um að það er starfandi nefnd sem er að kanna áhrif húsbréfakerfisins, ekki í fyrsta sinn, það hefur verið gert nokkrum sinnum frá því að húsbréfakerfið komst á laggirnar og áður, og skoða forsendur þess að það taki við af lánakerfinu frá 1986. Og hverjir eiga sæti í þessari nefnd? Það er fulltrúi frá forsrh., Bolli Héðinsson, það er fulltrúi fjmrh., það er fulltrúi frá húsnæðismálastjórn, það er fulltrúi Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og það er fulltrúi frá félmrn. Þessi nefnd er að kanna flesta þá þætti sem fram koma í spurningunum frá þingflokki Framsfl. Þessi nefnd skilar sinni skýrslu væntanlega í þessari viku. Hér á að nota sömu aðferðina og hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði í ágústmánuði. Þá lá fyrir, í júní eða júlí, úttekt sem hafði verið gerð á stöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Engu að síður bað hv. þm. Þorsteinn Pálsson um að Ríkisendurskoðun gerði úttekt og ég get ekki séð annað en að í þessum úttektum komi fram mjög sambærileg niðurstaða. Það er nokkuð sérstakt að spyrja Ríkisendurskoðun. Menn verða að átta sig á hvað þeir eru að fara. Ríkisendurskoðun er spurð hvort rétt sé að veikleiki húsbréfakerfisins geti orðið skaðvaldur í íslensku efnahagslífi ef það lánakerfi fær að starfa eitt og sér í fullu umfangi. Er það nú hlutverk Ríkisendurskoðunar að leggja mat á það? Væri þá ekki nær ef hv. þm. eða þingflokkur Framsfl. vill spyrja um slíkt að spyrja þá rétta aðila, t.d. Þjóðhagsstofnun, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabankann? En það er farið í Ríkisendurskoðun með þetta mál. Og aðrar spurningar sem hér koma fram: Óskað er eftir að lagt sé mat á áhættu ríkissjóðs sem felst í ríkisábyrgð á húsbréfum, útgefnum af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þeirri spurningu er hægt að svara án þess að leita til Ríkisendurskoðunar með það. Reynslan af útlánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins er sú að útlánatöp sjóðsins hafa verið um 0,1% af heildarútlánum. Í húsbréfakerfinu fer fram miklu nákvæmara mat á greiðslugetu fólks. Það er ríkisábyrgð á öllum útlánum í lánakerfinu frá 1986. Það er ekkert nýtt sem var verið að taka upp með húsbréfakerfinu. Það er ríkisábyrgð á útlánum. Útlánatöpin eru 0,1% af heildarlánum. Samt fer fram mat í lánakerfinu frá 1986 kannski tveimur til þremur árum áður en fólkið fær lánið. Hér fer fram miklu nákvæmara mat á greiðslugetu fólks. Því er engin ástæða til þess að ætla að ríkissjóður taki einhverja verulega áhættu í því að ríkisábyrgð sé á húsbréfum.

Þess vegna er þetta hið furðulegasta að þingflokkur Framsfl. fari fram á slíkt. Öllum þessum spurningum er svarað hjá þeirri nefnd sem er að skoða þetta mál og mun skila niðurstöðu nú í vikunni. Þess vegna er þetta bara aukinn kostnaður og aukin vinna sem er verið að leggja á Ríkisendurskoðun að óþörfu. Það kostar sitt að gera sérstaka útreikninga, eins og hér er um beðið, þegar þeir liggja fyrir og veit ég það með vissu að t.d. skýrsla, sem Ríkisendurskoðun gerði fyrir hv. þm. Þorstein Pálsson, kostaði verulegar fjárhæðir. (Gripið fram í.) Þegar hv. þm. Alexander Stefánsson kvartar yfir því að ekki hafi verið gerðar úttektir á þessu kerfi liggja þær fyrir. Ekki ein, ekki tvær, heldur þrjár, og þær úttektir sem voru gerðar áður en frv. var samþykkt á þingi. Hvað kom fram í þeirri skýrslu? Það kom fram að áætlað var að líkleg útgáfa á húsbréfum yrði um 8 milljarðar á ári. Reynslan er hins vegar sú, á þeim tíu mánuðum sem eru liðnir, að hún er a.m.k. helmingi minni. Og reynslan sýnir að um 40% af útgefnum húsbréfum hafa gengið í önnur íbúðakaup eða sparnað og ekki komið fram á fjármagnsmarkaði og stór hluti af því sem þá stendur eftir er notaður til greiðslu á skammtímaskuldum og lánum frá lífeyrissjóðunum. Þetta mátti allt sjá í skýrslu þessara sérfræðinga og það hefur allt gengið eftir. Það eru um 4000 umsækjendur sem hafa fengið greiðslumat en húsbréfaskipti hafa orðið hjá 1100 af þessum 4000 umsækjendum eða rúmlega 25% og fjárhæð sem skipt hefur verið af fasteignabréfum yfir í húsbréf var í lok september 3,4 milljarðar króna. Ég tel því að spár þeirra sem afgreiddu málið með þeim einfalda hætti að þetta yrði bara fóður fyrir gráa markaðinn hafi alls ekki gengið eftir.

Það er alveg ljóst að verulegur mismunur er á þessum kerfum og kerfið frá 1986 kallar á miklu meiri útgjöld af hálfu ríkissjóðs. Bein ríkisframlög í húsbréfakerfið þarf ekki en koma aftur á móti í gegnum vaxtabótakerfið. Vaxtabótakerfið er miklu réttlátara en þau kerfi sem við höfum búið við með jafnri niðurgreiðslu til allra og síðan þannig kerfi gegnum skattinn að fólk fær meira að segja endurgreiðslu eða húsnæðisbætur

jafnvel þó það hafi ekki vaxtagjöld.

Hv. þm. Alexander Stefánsson sá ofsjónum yfir því að koma ætti á í gegnum húsbréfakerfið greiðsluerfiðleikalánum, að fólk sem væri í miklum greiðsluerfiðleikum gæti létt sínum skuldum af sér, þungum skammtímaskuldum, með húsbréfum og vísaði til lífeyrissjóðanna í því sambandi. Það er bara stór hluti af íbúðakaupendum og húsbyggjendum þannig staddur, sem byggði t.d. á tímabilinu frá 1985 og hefur fengið lán í gegnum almenna lánakerfið að það hefur ekki dugað til, þetta fólk hefur þurft að taka þung skammtímalán. Skuldir þessa fólks eru verulegar, um 3,5 millj., þar af skammtímaskuldir um 1,5 millj., og greiðslubyrði hjá þessu fólki er um 100 þús. kr. á mánuði. Fólkið ræður ekki við þetta og er að missa íbúðir sínar. Að taka upp tímabundið í húsbréfakerfinu að heimila húsbréfaskipti vegna greiðsluerfiðleika í eitt ár, eins og ráð er fyrir gert í því frv. sem væntanlega kemur fljótlega fyrir þingið, mun létta greiðslubyrðina hjá þessu fólki allt niður í 30 þús. Þetta fólk hefur þann möguleika núna að það getur selt íbúð sem hvíla á þung skammtímalán sem það ræður ekki við, farið yfir í húsbréfakerfið og keypt sér sambærilega íbúð. Því er hér verið að auðvelda fólki að halda þeirri íbúð sem það gjarnan vill vera í með þessum hætti. Ég held, eða ég vænti þess, að sú leið sem hér er lýst og væntanlega kemur fram í frv. fljótlega hafi stuðning hér í þinginu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar. Ég hef sagt varðandi lánakerfið frá 1986 að ég tel enga skynsemi í öðru en að loka því og eyða þeirri óvissu sem 5500 umsækjendur eru í. Ríkisstjórnin hefur enn ekki tekið af skarið í því efni hvort það eigi að loka kerfinu eða ekki. En það er náttúrlega alveg ljóst að ef á að halda þessu lánakerfi áfram þá kallar það á milljarða og aftur milljarða í ríkisframlög. (**Gripið fram í:** Hvenær ætlar ríkisstjórnin að taka upp skattinn?) Ég get ekki svarað fyrir ríkisstjórnina, hv. þm. Ég hef lagt fram tillögu í ríkisstjórninni um það að þessu lánakerfi verði lokað. Ríkisstjórnin hefur enn ekki tekið afstöðu til þeirrar tillögu þannig að ég get ekki svarað fyrir það hvenær það verður gert. Ég get ekki pínt út úr þessum mönnum að segja já eða nei við því. Ég hef lagt tillögu fram um það að eyða þessari óvissu sem þetta fólk er í og að lánakerfinu verði lokað. Það viðurkenna það allir, líka þeir sem hafa staðið hér í þessum ræðustól, að þetta kerfi gengur hreinlega ekki upp.

Ég hef sagt það hér þó hér sé kallað eftir vaxtahækkun að ég tel ekki rétt eða eðlilegt við þær aðstæður sem eru núna í þjóðfélaginu og þegar þrengt hefur verið verulega að launafólki að það eigi að koma fram með einhverja verulega vaxtahækkun nú. Ég hef ekki neitað vaxtahækkun en ég tel að það sé ekki tímabært á þessari stundu, þegar við erum á þessum tímum þjóðarsáttar og hert er að launafólki, að það eigi líka að koma fram með vaxtahækkun á þessu stigi málsins. (**GHH:** Bjarga ekki vaxtabæturnar því?)

Ég hef lokið máli mínu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hún hefur gert ráðstafanir til þess að ná í hæstv. forsrh.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Meginástæðan fyrir því að ég stend upp og kveð mér hljóðs er lokaorð hæstv. félmrh. þegar hún segir m.a. að það eigi að loka lánakerfinu frá 1986. Þessi yfirlýsing er þess eðlis að það er vert að staldra nokkuð við hana vegna þess að hún snertir ekki aðeins ákvarðanir hv. alþm. eða þær tillögur sem hæstv. ríkisstjórn kann að vera með í sambandi við húsnæðismál heldur kemur þessi yfirlýsing inn á ákveðna samninga sem gerðir voru milli aðila vinnumarkaðarins í ársbyrjun 1986 sem fólu það m.a. í sér að verkalýðshreyfingin undirgekkst þann samning að skuldbinda lífeyrissjóði á samningssviði aðila vinnumarkaðarins til að afhenda 55% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna inn í húsnæðismálakerfið. Mér finnst þess vegna full ástæða til að undirstrika það að ég tala hér sem aðili að þessum málum úti á vinnumarkaðinum sérstaklega en ekki endilega sem alþingismaður. Því finnst mér full ástæða til þess að bæta við það sem hæstv. ráðherra sagði, að það ætti að loka lánakerfinu, þeirri setningu að þá væri líka eðlilegt að hæstv. ráðherra beitti sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að Húsnæðisstofnun ríkisins yrði lögð niður. Það er rökrétt í framhaldi af því sem gert var árið 1986 að leggja niður Húsnæðisstofnun og færa allt það sem hér um ræðir inn í banka og sparisjóði. Mun ég koma nánar inn á það hér á eftir. Það er nefnilega alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði, að það á að loka þessu lánakerfi frá 1986. Ekki vegna þess að það út af fyrir sig hafi ekki þjónað ákveðnum og þörfum tilgangi í upphafi þess kerfis heldur að fenginni reynslu.

Mikið er rætt um það að Ísland eigi að ganga í Evrópubandalagið eða tengjast Evrópubandalaginu, þ.e. tileinka sér frjálsari viðskiptahætti en við höfum vanist, sérstaklega á sviði peninga- og fjármála. Þess vegna er það rökrétt í þeirri umræðu sem fram fer hér á hinu háa Alþingi að vekja athygli á því að það kerfi sem við höfum búið við í húsnæðismálum stríðir algerlega gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem tíðkast í Evrópu um viðskipti á þessu sviði. Þess vegna vil ég segja, virðulegi forseti, að þegar hæstv. félmrh. talaði um hinar miklu biðraðir sem væru í núverandi kerfi vegna þeirra miklu ágalla sem eru á því kerfi, þá stafar það náttúrlega fyrst og fremst af því að kerfið er úrelt. Öll kerfi hafa reynst úrelt þar sem ríki og hið opinbera hefur afskipti af og á það ekki hvað síst við í þessum málum. Sem sagt, kerfið er vitlaust og á að leggjast af.

Í umræðunni hefur mikið verið talað um húsbréfakerfið og það hvernig það kunni að hafa reynst. Ég held að hæstv. félmrh. hafi ekki áttað sig á því að á sama tíma og hún hefur beitt sér fyrir því að sífellt meiri hluti af því fjármagni sem hefur farið í húsnæðismál fer beint inn í félagslegar íbúðir þá þrengist mjög um í hinu almenna lánakerfi og þar með einnig í húsbréfakerfinu. Nema það gerist, sem ég veit að hæstv. ráðherra er kunnugt um og ég mun víkja að hér á eft-

ir, að á sama tíma sem er aukið fé fyrir félagslegar íbúðir á lágum vöxtum, þar sem allt er bundið, þá minnkar það sem er í almenna kerfinu og framkallar hærri vexti.

Háir vextir birtast í ýmsum myndum. Þeir birtast í því m.a. að vextir eru ákveðnir með þeim hætti sem hér hefur verið lýst, jafnframt því sem affallavextir koma til viðbótar. Um það hafa hv. þm. farið eins og köttur í kringum heitan graut og líka hæstv. ráðherra. Ég vildi nú gjarnan að hæstv. ráðherra væri hér viðstaddur þegar ég fjalla um þann þátt sem lýtur að húsbréfakerfinu og þeim viðskiptavaka sem sér um þetta fyrir hönd Húsnæðisstofnunar, sem er Landsbanki Íslands. Vaxtaáhrifin hljóta þess vegna að verða þau sem hér hefur verið til umræðu, að vextir í hinu almenna kerfi hækki. Það er alrangt að sjálfstæðismenn séu að kalla eftir vaxtahækkunum út af fyrir sig. Þeir hafa hins vegar vakið athygli á því að ef hin rökrænu, efnahagslegu lögmál eiga að gilda í núverandi stöðu, þá þýðir það að hækka þarf vexti á almennu lánunum, því miður. En það þýðir ekki að sjálfstæðismenn hafi verið að kalla eftir vaxtahækkunum. Þeir voru að skýra það ástand sem er og bentu á það m.a. í leiðinni að vextir þyrftu að hækka til þess að koma á jafnvægi. En það eru til fleiri leiðir í því en notast við núverandi gallað kerfi.

Í mínum huga ætti þessi umræða að vera óþörf. Raunverulega ættum við sjálfstæðismenn að leggja áherslu á í þessari umræðu að þessi lánsviðskipti öll fari fram á hinum frjálsa markaði, þ.e. að framboð og eftirspurn ráði vöxtum. Það á að vera tillaga sjálfstæðismanna hér á hinu háa Alþingi um lausn þessa máls, þ.e. að leggja niður núverandi húsnæðismálakerfi. Þar með erum við ekki að segja að ekki eigi að hafa ákveðið félagslegt kerfi til þess að tryggja þá sem miður eru staddir í því að reyna að eignast íbúð eða fá þak yfir höfuðið. Þess vegna ætti að vera óþarfi að þrasa við hæstv. ráðherra um þessi mál. Við sjálfstæðismenn munum leggja áherslu á þessa grundvallarstefnu okkar með því að leggja fram frv. til laga um grundvallarbreytingu í húsnæðismálum þjóðarinnar.

Hv. þm. Alexander Stefánsson kom hér inn á það í sinni ræðu m.a. að hann væri þeirrar skoðunar, ef ég skildi hann rétt, að líklega væri eðlilegast að fela bankakerfinu að taka við þessum viðskiptum. Ég undirstrika þessa skoðun hv. þm. sem á sínum tíma var félmrh. þegar húsnæðismálakerfið var sett á laggirnar árið 1986. Með þessari yfirlýsingu er hv. þm. Alexander Stefánsson, sem tók þátt í samningum við verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur í ársbyrjun 1986, að lýsa því yfir að hann telji að sú stefna okkar sjálfstæðismanna að fara með þetta inn á hinn frjálsa markað, þ.e. út í banka og sparisjóði, sé hin eina, sanna og rétta stefna í þessum málum. Ég fagna þessari yfirlýsingu og tel hana mjög þýðingarmikla í allri umræðunni.

Ef litið er á það í rökréttu framhaldi af því að maður legði niður húsnæðismálakerfið í núverandi mynd, þá mundi strax koma í ljós að það mundu sparast hundruð milljóna við að leggja niður núverandi kerfi. Ég hef ekki tiltækar tölur um hvað það kostar að reka núverandi kerfi en það kæmi mér ekki á óvart að það hafi verið 400–500 millj., sem er gífurlegt fé. Þess vegna hlýtur maður að spyrja hvað mundi sparast ef þessi starfsemi yrði öll flutt yfir í banka og sparisjóði. Hér hefur verið lögð áhersla á það að fækka bönkum til þess að auðvelda þeim meiri rekstrarhagkvæmni og sýna betri árangur gagnvart viðskiptavinum, hvort sem það væri í sambandi við lægri útlánavexti eða hærri vexti á innlánum.

Hversu mikið mætti t.d. lækka vexti við það að einfalda núverandi kerfi? Hversu mikið væri hægt að lækka allan tilkostnað við það að bankar og sparisjóðir semdu beint við þá sem ráða yfir fjármagninu, sem eru fyrst og fremst lífeyrissjóðir landsins? Þetta hefur ekkert verið rætt hér í þessari umræðu en þetta er auðvitað grundvallaratriði vegna þess að allur sparnaður, öll einföldun og útfærsla þessa kerfis, hlýtur að hafa í för með sér lægri vexti sem er auðvitað meginmál í allri þessari umræðu.

Varðandi húsbréfakerfið væri hægt að flytja hér langt mál. Ég fyrir mitt leyti var því fylgjandi á sínum tíma að reynt væri að koma hér upp þessu svokallaða húsbréfakerfi vegna þess að ég átti von á því að það mundi valda meira framboði af fjármagni sem aftur mundi hafa í för með sér lægri vexti. En þetta dæmi gekk bara ekki upp. Það gekk ekki upp vegna þess að þegar tekinn var verulegur hluti af því fé, sem lífeyrissjóðirnir vildu verja til þessara mála, til félagslegra íbúða, þá minnkaði svo mikið það framboð af peningum sem var til þess að kaupa húsbréf auk þess sem ég vil segja ákveðin andstaða var við þetta kerfi innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég hef ástæðu til að halda að sumir lífeyrissjóðir hafi ekki viljað eiga viðskipti við Landsbankann í sambandi við húsbréfakerfið. Ástæðan er hugsanlega þessi. Og þá vaknar spurningin: Hvers vegna ganga bréfin ekki út? Hvers vegna vill verkalýðshreyfingin ekki taka þátt í því, í gegnum lífeyrissjóðina, að kaupa húsbréfin?

Eftir því sem ég best veit munu vera óseld bréf fyrir að upphæð um það bil 1000 millj. kr., 900–1000 millj. kr., þ.e. 1 milljarð. Ég tel að þessi upphæð sé nú e.t.v. of há. Ég get ímyndað mér að óseld bréf væru kannski 600–700 millj. Hvað torveldar þessi viðskipti? Er það vegna þess að vextirnir eru ekki nægilega háir? Eru afföllin kannski ekki nægilega mikil? Eða er það hugsanlegt að þeir sem eru viðskiptavakar treysti sér ekki til þess að eiga þessi viðskipti eða láta þau fara fram vegna þess að þá kæmi í ljós að raunvextir væru ekki 7–8% heldur 10–12%? Gæti það hugsanlega verið að ríkisbankarnir, sem eiga að annast þessi viðskipti, treystu sér ekki til þess að láta þetta koma í ljós? Ég varpa fram þessum spurningum hér vegna þess að það er full ástæða til að spyrja sig að því: Hvers vegna seljast þessi bréf ekki? Hvers vegna fara viðskiptin ekki fram? Á hverjum stendur? Þetta eru auðvitað spurningar sem hæstv. ráðherra verður að svara. Er það hugsanlega rétt að húsbréfaviðskipti geti ekki átt sér stað nema á grundvelli 11–12% raunvaxta?

Þá kemur auðvitað sú spurning í allri þessari um-

ræðu: Hverjir eru þeir sem eru raunverulega að hækka vexti í landinu? Eru það einkabankar? Eru það ríkisbankar? Eru það viðskiptavakar fyrir húsbréf o.s.frv.?

Hér talaði áðan hv. þm. Friðrik Sophusson sem situr í bankaráði Landsbankans. Hann talaði um að ávöxtunarkrafa í sambandi við húsbréf væri að lágmarki 7% plús afföll. Það er kannski erfitt fyrir hv. þm. að ræða það hér hver hugsanleg afföll þyrftu að vera til þess að viðskipti gætu átt sér stað. Ég ætla ekki að leggja þá spurningu fyrir hann því að hann er náttúrlega ekki mættur hér til þess að svara fyrir Landsbankann. En ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvort hann hefur hugleitt nokkuð hver er ástæðan fyrir þessari tregðu og erfiðleikum í sambandi við húsbréfaviðskiptin.

Nei, virðulegi forseti. Það er mín skoðun að hægt sé að bjarga því sem Byggingarsjóður ríkisins á raunverulega að standa fyrir án þess að hækka vexti. Það gerist, virðulegi forseti, með kerfisbreytingu. Það á í fyrsta lagi að afnema kaupskyldu lífeyrissjóðanna. Það á í öðru lagi að koma á frjálsum samningum við þá sem ráða yfir fjármagni þannig að þeir geti komið þessu fjármagni til þeirra sem þörf hafa fyrir það í húsnæðismálum. Og í þriðja lagi er þetta spursmál um rétta og eðlilega og æskilega framkvæmd. Það er til nægilegt fé til að fullnægja þeirri eftirspurn sem er fyrir fjármagn í íbúðakerfið. Það þarf að breyta framkvæmdinni. Það þarf að fela bönkum, sparisjóðum og öðrum löggiltum aðilum á fjármálasviði að annast þessi mál. Með því mundi tilkostnaður verða minni, meira fjármagn yrði til ráðstöfunar og vextir mundu lækka.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað á ræður manna um þetta blessaða húsnæðiskerfi og hef ýmsar athugasemdir við það sem fram hefur komið. Hins vegar átti ég þess ekki kost að koma hér strax eftir hlé, en ætla þess í stað að fara yfir það sem rætt var áður og tengdist mínum flokki, Borgfl.

Það var fullyrt af hv. þm. Geir Haarde að Borgfl. væri þeirrar skoðunar að það ætti að hækka vexti og hafi samþykkt þá ályktun á sínum tíma. Það er út af fyrir sig rétt. Þegar sú tillaga kom fram að ný lán frá Húsnæðisstofnun mundu bera 4,5% vexti en gömlu lánin halda áfram með 3,5%, þá lögðum við í þingflokki Borgfl. það frekar til að jafna út hækkuninni þannig að öll lán sem tekin höfðu verið frá Húsnæðisstofnun mundu bera 3,8–3,9% vexti. Með því móti væri hægt að ná sömu fjármunum inn í Húsnæðisstofnun eins og með því að hækka vexti í 4,5% á nýjum lánum. Þetta er svar við þeirri fullyrðingu hv. þm. Geirs Haarde.

Ég vil hins vegar minna þingmenn, og þá sérstaklega hv. þm. Geir Haarde, á að árið 1988 lagði þingflokkur Borgfl. fram í Ed. mjög viðamikið frv. um húsnæðismál þar sem gert var ráð fyrir því að fyrirgreiðsla til húsnæðismála yrði tvískipt. Annars vegar yrði stofnaður húsbanki og hins vegar yrði starfsemi Húsnæðisstofnunar breytt og hún sæi aðeins um félagslega þáttinn en húsbankinn mundi sjá um að lána til þeirra sem betur væru staðir og afnema með öllu það fyrirkomulag sem verið hefur, að vel stætt fólk fengi lán frá Húsnæðisstofnun eins og verið hefur frá 1986. Því miður náðu þessar tillögur ekki fram að ganga á þeim tíma. Hins vegar var þessi hugmynd sem við lögðum fram tekin af núverandi félmrh. og þáverandi líka og lagt til það kerfi sem nú er. Við erum að sjálfsögðu mjög hrifnir og sammála því að koma hér á húsbréfum. Hins vegar er það form sem er í núgildandi lögum ekki það sem við vildum á sínum tíma og viljum ekki enn, enda teljum við að ríkið eigi ekki að gefa út þessi húsbréf, heldur eigi það að vera lífeyrissjóðir, tryggingafélög og aðrir þeir sem hafa peninga á milli handanna. Ríkið á sem mest að koma sér út úr lánakerfi af þessu tagi sem og öðru lánakerfi eins og með atvinnuvegasjóði og annað. Það á ekki að fara með ríkisábyrgð eins og gert hefur verið.

Hér hefur verið rætt mikið um fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins og hvernig eigi að leysa hann. Við í þingflokki Borgfl. höfum að sjálfsögðu rætt þessi mál í tilefni þeirrar skýrslu sem hefur verið lögð fram. Við útilokum þar ekkert og viljum að vandinn verði frekar leystur með því að hækka vexti en með nýjum sköttum, en um það tvennt er að ræða. Það sem lagt er til í skýrslunni sem Ríkisendurskoðun gerði, er að annaðhvort þyrfti ríkið að leggja fram peninga í þetta kerfi eða þá að hækka vexti af lánunum.

Það er miklu eðlilegra og skynsamlegra að þeir borgi sem njóta lánanna í stað þess að leggja á aukaskatta til að brúa þetta bil sem er hjá byggingarsjóðum ríkisins. Með vísan til þessa höfum við lagt til að skynsamlegra væri að hækka vexti.

Það er alveg ljóst að við verðum á þessu þingi að horfast í augu við þær staðreyndir sem blasa við um vandamál húsnæðiskerfisins. Við viljum stuðla að því að sá vandi verði leystur á næstu árum en það er ljóst að vandi húsnæðiskerfisins sem komið var á 1986 verður ekki leystur á einu ári. Við viljum leggja til að vextir verði sem fyrst hækkaðir, þó svo það megi líta þannig á, eins og hæstv. félmrh. sagði hér áðan, að þar væri verið að brjóta þá þjóðarsátt sem gerð hefur verið á milli aðila vinnumarkaðarins. Ég vil frekar líta þannig á, með hagsmuni allra fyrir brjósti, að það sé þó skynsamlegri leið en að ríkið með auknum álögum leggi á alla þegna landsins auknar byrðar. Þriðja leiðin er sú að brúa þetta bil, þessa fjárhagsþörf, með því að taka lán erlendis og velta ábyrgðinni yfir á komandi kynslóðir.

Þetta er það sem ég vildi segja í þessari umræðu og svara því sem um minn flokk hefur verið fjallað. Ég vona að þessi mál sem önnur sem þessi ríkisstjórn hefur þurft að glíma við megi hljóta farsælan endi.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hér hafa átt sér stað býsna fróðlegar umræður um það efni sem ég hóf máls á síðdegis í dag þótt enn sé þeirri spurningu ósvarað hvað ríkisstjórnin ætli að gera til að leysa fjárhagsvanda byggingarsjóðanna. Þeirri spurningu er ósvarað. Kannski er það vegna þess að hæstv. forsrh. hefur ekki haft að-

stöðu til að vera hér fyrr en nú í kvöld, en alla viðstadda rekur minni til þess að hæstv. félmrh. vísaði spurningu um það efni til hæstv. forsrh. Ég vænti þess að hann svari þeirri spurningu hér á eftir hvernig eigi að taka á þessum vanda. Félmrh. hefur ítrekað það í annarri ræðu hér í kvöld að hún geti ekkert svarað fyrir *„þessa menn"*, *eins og hún orðaði það um samráðherra sína* í stjórninni, í ríkisstjórn Íslands. Hún hafi sínar tillögur og hún geti ekkert svarað fyrir það hvort „þessir menn" svokölluðu fallist á þær tillögur eða vilji fara einhverjar aðrar leiðir. Einn þessara manna, fremstur meðal jafningja, situr nú hér á sínum stað og ég treysti því að hann svari þessu.

Það var annars býsna fróðlegt, virðulegur forseti, að hlusta hér á orðaskipti hv. 1. þm. Vesturl. og núverandi félmrh., því það er með hreinustu ólíkindum að þessir tveir hv. þm. skuli telja sig í stuðningsliði sömu ríkisstjórnar. Það er eiginlega með fádæmum að bjóða öðrum þingmönnum upp á það að þetta sé eitthvert samstarfsfólk sem standi saman að baki stefnu ríkisstjórnar um þessi mál. Það er sko eitthvað annað hér uppi á teningnum, virðulegi forseti.

Ég ætla ekki að rekja hér svör félmrh. við því sem fram kom í mínu máli fyrr í dag. Ég bendi þó aðeins á að þegar ráðherrann talar um að það vanti 15 milljarða til þess að húsnæðislánakerfið geti staðið undir sér, eins og fram kom í hennar máli og mun vera tilvitnun í skýrslu nefndar hennar sem skilaði áliti í júnímánuði sl., þá er sú tala miðuð við það að útlánsvextirnir verði óbreyttir. Það gengur reyndar þvert á tillögu nefndarinnar sjálfrar sem lagði til að vextirnir yrðu hækkaðir og það strax í júnímánuði sl. Þetta var nefnd sérstakra trúnaðarmanna hæstv. félmrh., en á þá hefur auðvitað ekkert verið hlustað af hálfu hæstv. ráðherra.

Ráðherrann gerði mikið úr því að húsnæðislánakerfið frá 1986 hefði aldrei getað gengið upp. Það er út af fyrir sig forvitnilegt að fá það hér fram enn á nýjan leik. Og það væri auðvitað gaman að heyra hvaða skoðun hæstv. forsrh. hefur í því efni, því eins og fram kom í máli mínu fyrr í dag var hann sem slíkur, sem forsrh. á árinu 1986, ábyrgur fyrir þeim samningum sem gerðir voru við aðila vinnumarkaðarins um að lögbinda það samkomulag sem þeir höfðu gert um þetta efni. Ég hef í mínum fórum bréf frá hæstv. forsrh. þar sem hann skipar tiltekna einstaklinga í nefnd til þess að vinna frekar úr þeim hugmyndum sem aðilar vinnumarkaðarins *höfðu orðið ásáttir um*.

En það voru reyndar fleiri sem höfðu trú á kerfinu 1986, þó að vissulega hafi verið uppi efasemdarraddir á þeim tíma, bæði innan Stjórnarráðsins og utan. Mætti ég nefna, virðulegi forseti, ummæli eins af verkalýðsforingjum Alþfl. sem situr á Alþingi nú og gerði reyndar þá líka, hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar. Hann sagði í umræðum í Ed. 23. apríl 1986 við 2. umr. um málið, með leyfi forseta:

„Það væri ástæða til að tala lengi vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað og þess skilningsskorts í málflutningi sem hér hefur átt sér stað. Það virðist vera sem hér tali nátttröll í mörgum tilvikum, einkum þegar rætt er um kjarasamninga og þá byltingu sem er verið að gera í húsnæðismálum nú. Það virðist vera sem sumir þingmenn hér séu fullir andstyggðar á því að gerðar séu úrbætur í húsnæðismálum vegna þess að verkalýðssamtökin áttu frumkvæðið að því. Það virðist vera sem mönnum sé ekki sama hvaðan gott kemur."

Ég sá hæstv. utanrrh. á ganginum fyrir augnabliki síðan, formann Alþfl. Hann lét þetta mál auðvitað ekki fram hjá sér fara á sínum tíma og var þó í stjórnarandstöðu vorið 1986. Og hvað sagði hæstv. núv. utanrrh. um þetta mál á þeim tíma? Ég skal lesa það, virðulegi forseti, með þínu leyfi, örstutt:

„Þetta frv. sem hér liggur fyrir og sætir vissulega nokkrum tíðindum er einn mikilvægasti árangur síðustu kjarasamninga. Þeir kjarasamningar eru nokkuð umdeildir en kannski ætti þetta frv. að nýrri lausn á húsnæðisvandanum að verða til þess m.a. að sýna þeim sem hvað harðast hafa gagnrýnt kjarasamningana að sú gagnrýni var ekki rökrétt." — Formaður Alþfl., þáv. og núv., að tala.

En kannski er nú eðlilegast, virðulegi forseti, að vitna bara beint í hæstv. núv. félmrh. um þetta mál sem lét sig það að sjálfsögðu miklu varða, enda sat ráðherrann þá í félmn. Nd. sem fjallaði um þetta mál á sínum tíma. Reyndar fjölluðu nefndirnar sameiginlega um málið. Haldnir voru fundir í Borgartúni 6 þar sem nefndirnar unnu af kappi í þessu frv. Það er mér minnisstætt því ég kom á einn slíkan fund sem starfsmaður í fjmrn. á sínum tíma. Ég ætla ekkert að rekja allt það langa mál sem hæstv. núv. félmrh. flutti um þetta frv. á sínum tíma. En það sem skiptir máli í öllum þeim málflutningi er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þó að nokkrir ágallar séu á frv. að því er takmörkun á lánsrétti varðar sem og að fjármögnunarþáttur ríkissjóðs til að tryggja að við ákvæði frv. verði hægt að standa er í mikilli óvissu styður Alþfl. frv. og þar með það samkomulag sem gert var í nýgerðum kjarasamningum um húsnæðismál."

Alþfl. studdi þetta frv. á sínum tíma, þrátt fyrir allt sem hefur verið sagt síðan um þetta mál.

Og Svavar Gestsson, hæstv. núv. menntmrh., sagði við þetta sama tækifæri, með leyfi forseta:

„Ég tel að það samkomulag í húsnæðismálum sem varð á þessum vetri sé í rauninni með stærstu tíðindum sem orðið hafa í samningum verkalýðshreyfingarinnar í þessu landi á undanförnum áratugum undir stjórn af því tagi sem nú situr í landinu, hægri stjórn. Ég vil jafna þessu samkomulagi til samninganna um framkvæmdanefnd byggingaráætlunar á sínum tíma og samkomulagsins um Atvinnuleysistryggingasjóð árið 1955. Ég tel að hér sé um að ræða stórtíðindi í húsnæðismálum en vissulega felst í þessu samkomulagi áfangi en ekki endapunktur vegna þess að um leið og þetta samkomulag er sett í framkvæmd kallar það á að ýmsar aðrar ráðstafanir verði gerðar varðandi húsnæðiskerfið í heild til þess að aðlaga það þessum breytingum sem hér er verið að gera á Húsnæðisstofnun ríkisins."

Hafi það nú verið svo að allir hafi séð það fyrir að þetta kerfi fengi ekki staðist, þá voru það a.m.k. ekki þm. Alþfl. né Alþb. sem sátu á Alþingi vorið 1986. Svo mikið er víst.

Hér hef ég leiðara úr DV þetta sama vor, 17. apríl 1986, þar sem segir m.a., með leyfi forseta: „... til þess að spara tíma og tryggja framgang þessa stórmerka frv. áður en Alþingi fer í sumarfrí er skynsamlegt að 3,5% raunvextir verði samþykktir úr því þeir eru í uppkastinu. Síðar má breyta lögunum ef menn telja aðra raunvexti heppilegri." — Í lok þessarar greinar segir, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir gallana er frv. hið merkasta. Það verður að vísu dýrt í framkvæmd en endurlífgar tækifæri þjóðarinnar til að eignast þak yfir höfuðið."

Það voru ýmsir sem höfðu skoðun á þessu máli á þeim tíma og töldu að þetta væri hið merkasta mál og þarfasta mál. En það lá alla tíð ljóst fyrir, eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir las hér áðan upp úr grg. frv. á sínum tíma, að þetta kerfi þyldi ekki nema takmarkaðan vaxtamun, ella mundi það sligast. Þar stendur blessaður hnífurinn í kúnni. Og það var sagt í framsögu hæstv. félmrh. þáverandi, núverandi hv. 1. þm. Vesturl., að til þess mætti ekki koma. En þegar á átti að herða, þegar þetta var komið í ljós eftir stjórnarskiptin 1987, þegar það lá fyrir að ríkisstjórnin sem þá tók við var ekki lengur bundin af neinu samkomulagi um það atriði, vegna þess að það var eingöngu samkomulag út kjörtímabilið, og þegar á átti að herða þá reyndist ekki kjarkur eða vilji hjá hæstv. páv. félmrh. til þess að standa við þá hlið málsins varðandi vaxtamuninn og hefur ekki verið síðan. Þetta er nú því miður hinn beiski sannleikur þessa máls.

Hitt kann svo vel að vera að þrátt fyrir það að allir hafi á þeim tíma talið að þetta kerfi frá 1986 væri hið besta mál þá hafi mönnum yfirsést. Og eins og ég sagði í ræðu minni fyrr í dag þá var með þessu kerfi reynt að gera of mikið fyrir of marga á of stuttum tíma. Það var kannski ekkert óeðlilegt að stórir hópar manna sæktust eftir því að komast í niðurgreitt fé. Eftirspurnin var mikil í þessu kerfi, vissulega. En ríkisstjórnin hafði það í hendi sinni, og þær ríkisstjórnir sem yfir þessu hafa trónað hafa haft það í hendi sér að hafa hemil á eftirspurninni með því að stilla vaxtamuninum þannig, eins og um var rætt, vegna þess að hann var auðvitað aðalástæða þessarar eftirspurnar.

Sömuleiðis hefur það komið fram og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að við loforðin og fyrirheitin um ríkisframlag var alls ekki staðið. Það var 1000 millj. kr. ríkisframlag á árinu 1987 og ríkisstjórnin þáverandi, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, með formann Sjálfstfl. sem fjmrh., gekk þannig frá því máli. En síðan hefur þetta verið samfelldur vandræðagangur að því er varðar ríkisframlagið og meira að segja þannig að á næsta ári er ekki gert ráð fyrir krónu í þetta verkefni, Byggingarsjóð ríkisins, og búið að þurrka liðinn út úr fjárlögunum. Fjmrh. gerði sér bara lítið fyrir og afnam liðinn Byggingarsjóður ríkisins úr fjárlagafrv. Það kom fram í kjölfar minna spurninga um það efni hér við 1. umr. fjárlaga, að félmrh. lýsti því yfir úr þessum stóli, eins og hún hefur ítrekað hér í dag og í kvöld, að hún styður alls ekki fjárlagafrv. á þessum grundvelli. Hvers konar fjárlagafrv. er það, hvers konar stjórnarfrv. er það þar sem einn ráðherrann veður uppi og segir: Ég ber enga ábyrgð á þessu frv. af því að ég er ekki ánægð með mína liði hér í frv.? Og hvers konar stjórnarfar er það sem verið er að innleiða hér ef einstökum ráðherrum líðst að gera slíka fyrirvara um sín málefni? Það segi ég óháð þessu tiltæka málefni. Hver er staða þess fjmrh. og þess forsrh. sem láta slíkt yfir sig ganga?

Ég spurði fjmrh. við þá umræðu hvort hann hygðist fara að samþykkt flokksþings Alþfl. um að leggja Byggingarsjóði ríkisins til fé úr Lánasjóði námsmanna. En hann svaraði því að bragði úr sæti sínu að það kæmi ekki til greina. Hann svaraði hins vegar ekki þeirri fyrirspurn minni hvernig hann hygðist bregðast við tillögu frá félmrh. sem hún hefur boðað um að hún muni sem óbreyttur þingmaður leggja fram tillögu um að breyta framlaginu í Byggingarsjóð ríkisins og hækka það úr því að vera 0 kr. upp í eitthvað ótiltekið. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við því þegar einstakir ráðherrar fara að flytja tillögur um að breyta fjárlagaliðum í málaflokkum sem undir þá heyra?

Oft hefur stjórnarfarið verið slæmt og ekki var nú ástandið burðugt veturinn 1988–1989 þegar ríkisstjórnin páv. hékk á horriminni og þurfti að treysta á álfkonur og álfameyjar og huldukarla í atkvæðakössunum til þess að hanga á sínum meiri hluta. En þegar komið er út í slíka vitleysu sem hér stefnir í þá er náttúrlega ljóst að stjórnarfarið í landinu og allir almennir stjórnarhættir eru í stórkostlegri hættu. Það væri kannski verðugt verkefni fyrir lögspaka menn og sérfræðinga í stjórnarfarsrétti að gera tillögur sem gætu komið í veg fyrir ástand sem þetta hér í sölum Alþingis.

Virðulegi forseti. Margt hefur komið fram sem ástæða væri til þess að nefna en ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið úr þessu. Það hefur komið fram að húsbréfakerfið gangi að ýmsu leyti þokkalega vel og engin ástæða til annars en að fagna því. Við sjálfstæðismenn höfum alltaf bent á það að húsbréfakerfið gæti þjónað ákveðnum tilgangi fyrir tiltekinn hóp manna. En ég tel ekki að sýnt hafi verið fram á að húsbréfakerfið geti þjónað hagsmunum allra sem vilja hasla sér völl á hinum almenna húsnæðismarkaði fyrir utan félagslega kerfið. Og þá á eftir að kanna betur með hvaða hætti ætti að koma til móts við þarfir þess fólks sem ekki stendur undir 7% raunvöxtum, eins og húsbréfakerfið gerir kröfu um, þrátt fyrir að eitthvað af þeim vöxtum sé bætt í gegnum skattkerfið með vaxtabótum.

Við lögðum á það áherslu vorið 1989, þegar frv. um húsbréf var hér á ferðinni, að því yrði frestað um nokkra mánuði þannig að betri tími gæfist til þess að fara ofan í saumana á því máli. Á það var ekki fallist. Komið hefur á daginn að það hafa verið ýmsir framkvæmdaörðugleikar eins og sýndu sig í sumar í því kerfi sem kannski hefði verið hægt að koma í veg fyrir með því að undirbúa málið betur eins og við lögðum

til. En ég fagna því engu að síður ef almenn reynsla af húsbréfakerfinu er eins góð og félmrh. vill vera láta því vissulega er það gott ef hægt er að koma til móts við þarfir þeirra sem standa undir 7% raunvöxtum á stuttum tíma með því að þeir geti gengið í gegnum þau framkvæmdaatriði og það greiðslumat o.s.frv. sem þessu fylgir á nokkrum vikum í staðinn fyrir miklu lengri tíma.

Það hefur komið fram í þessari umræðu eins og margir reyndar vissu, það kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 14. þm. Reykv. og sömuleiðis 1. þm. Reykv., að Landsbanki Íslands situr uppi með tæpan milljarð í óseldum húsbréfum sem hann hefur ekki losnað við. En bankinn er, eins og kunnugt er, viðskiptavaki og honum er skylt að taka við öllum þeim bréfum sem á markaðinn koma, en hann losnar ekki við þessi bréf. Hvað á að gera við þessa peninga, hvað á að gera við þessi bréf? Það liggur alveg fyrir hvað bankinn vill gera. Hann vill hækka vextina þannig að þessi bréf verði meira aðlaðandi og geti keppt við ríkisvíxla, spariskírteini ríkissjóðs og önnur markaðsverðbréf sem bjóða betri kjör. Þá er ekki lengur verið að tala um 7 eða 7,5% heldur eitthvað meira í ávöxtunarkröfu sem auðvitað á endanum lendir á þeim sem með einum eða öðrum hætti fær lán, fær fjármögnun gegnum þetta kerfi. Það þýðir ekkert að hanga hér á einhverjum 5,75% nafnvöxtum sem skipta ekki máli í þessu sambandi. Það sem út úr þessu kemur á endanum er náttúrlega það sem ávöxtunarkrafan er, hún lendir að sjálfsögðu á þeim sem lánið fær, sem fær þessa fjármuni. Þannig að það er nú ekki allt einn rósagarður í sambandi við húsbréfakerfið, hvað sem líður fullyrðingum ráðherrans um það. En ég ætla ekki að fjalla frekar um það efni í kvöld.

Ég ítreka óskir til hæstv. forsrh. um að hann svari þeim spurningum sem fram komu hér fyrr í dag og sem félmrh. hefur vísað til hans. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við þeim vanda sem uppi er í fjárhagsmálefnum byggingarsjóðanna beggja?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í orðum hv. fyrirspyrjanda hygg ég að allir flokkar hafi verið nokkuð sammála um að innleiða þetta kerfi 1986. Það var liður í kjarasamningum. Í mars 1987 kom fram greinargerð frá forstjóra Hagstofu Íslands þar sem vakin var athygli á því að til að þetta kerfi gæti með nokkru móti gengið upp yrði framlag ríkissjóðs að vera að lágmarki 1 milljarður á ári og raunar heldur meira, líklega nær 1300 millj. kr. — þá var eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins orðið neikvætt um 600 millj. — og/eða hækka vexti eða takmarka þann fjölda sem ætti rétt á láni úr Byggingarsjóði ríkisins meira en gert hafði verið ráð fyrir. Það verður bara að segjast eins og er að aldrei hefur náðst samstaða um þessa hluti. Þess vegna er það hárrétt sem kemur fram í orðum hv. fyrirspyrjanda að málefni byggingarsjóðanna eru í hinum mestu erfiðleikum, eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Að sjálfsögðu hefur ríkisstjórnin fjallað um þessi mál. Þau eru nú í meðferð hjá þingflokkunum, m.a. þingflokki framsóknarmanna sem hefur beðið um athugun á húsbréfakerfinu, vill hafa það með í því mati sem fram þarf að fara. Á sl. vetri var gerð tilraun til að rétta lítillega við með því að hækka vexti. Þá náðist ekki samstaða um að hækka vexti á öllum lánum sem heimilt var að hækka vexti á og var að sjálfsögðu sú vaxtahækkun því hvergi nærri nóg.

Tillaga hefur legið fyrir frá hæstv. félmrh. um að veita í byggingarsjóðina 1,5 milljörðum kr. Ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til þess að fallast á það. Slík fjárveiting þýðir ekkert annað en meiri halla á ríkissjóð. Og þó ekki sé gott að safna skuldum í byggingarsjóðunum er ekkert betra að safna skuldum með halla á ríkissjóð. Það er í raun og veru að fara úr einum vasanum í annan með þetta dæmi. Þetta mál verður að leysa á annan veg. Þótt ekki sé komin niðurstaða í þeirri athugun sem núna fer fram, þá er það mín skoðun, og ég er að lýsa henni sem minni persónulegu skoðun, að ekki er um neitt annað að ræða en að hækka vexti á öllum þeim lánum sem heimilt er að hækka vexti á. En það þarf samt að koma til nokkur fjárveiting til að brúa bilið á skikkanlegum tíma.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að vera með tvö kerfi. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að leggja niður hið gamla kerfi, Byggingarsjóð ríkisins. En ég tek fram að þessi mál eru nú til meðferðar í þingflokkunum og hjá ríkisstjórn og endanleg niðurstaða er ekki fengin.

Það er eflaust hárrétt sem hæstv. félmrh. hefur vakið athygli á í þessari umræðu, að það kann að vera erfiðleikum háð að hækka vexti nú vegna þjóðarsáttar. Ég tel að það mál eigi að ræða við aðila vinnumarkaðarins, sem hlýtur að vera jafnljós og öðrum sá mikli vandi sem er hjá þessum byggingarsjóðum. Svo ef það hefur falist í þeirri umræðu sem hér hefur verið, sem ég gat ekki hlustað á nema lítinn hluta af, að það verði að taka á þessu vandamáli þá tek ég undir það. Og það verður áreiðanlega gert að einhverju leyti en það verður ekki leyst á 1–2 eða 3 árum. Það mun taka lengri tíma.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög. Þær hafa um margt verið athyglisverðar en varpa fyrst og fremst ljósi á þann mikla skoðanaágreining sem er á milli stjórnarflokkanna um úrlausn í þessu máli. Ég hygg að ekki fari á milli mála að þessar umræður hafa leitt í ljós að vandi byggingarsjóðanna stafar fyrst og fremst af því að hæstv. núv. félmrh. hefur frá öndverðu neitað að horfast í augu við staðreyndir mála, neitað að framfylgja gildandi lögum á þann veg að vaxtamunur yrði ekki óhæfilegur. Hæstv. ráðherra ber þess vegna ábyrgð fyrst og fremst á þeirri löngu og miklu biðröð með því að hafa viðhaldið óhæfilega miklum vaxtamismun í kerfinu. Jafnframt ber hæstv. ráðherra ábyrgð á því að í fjárlögum þessa árs og aftur í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru allsendis ófullnægjandi fjárveitingar til þess að standa undir lágmarksskuldbindingum, þó ekki sé talað um annað en

að fullnægja þeim skuldbindingum sem þegar er búið að ákveða. Og reyndar hefur það komið nú í ljós að hæstv. forsrh. tekur undir þessa gagnrýni á hæstv. félmrh. með mjög afgerandi yfirlýsingum hér í þinginu. Sætir kannski mestum tíðindum í þessari umræðu sú ofanígjöf sem hæstv. félmrh. fær nú í þeirri ræðu sem hæstv. forsrh. hefur nýflutt. Það hefur líka komið fram að hæstv. félmrh. hefur ráðist á þingflokk Framsfl. fyrir að óska eftir sérstakri úttekt Ríkisendurskoðunar sem hæstv. forsrh. hefur nú lýst að Framsfl. í heild telji nauðsynlegt að gerð verði áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar.

Þannig hefur umræðan varpað ljósi á þá miklu pólitísku erfiðleika sem eru í málinu vegna mismunandi skoðana a.m.k. tveggja þeirra flokka sem aðild eiga að hæstv. ríkisstjórn. Það er ástæða til þess að ítreka þá spurningu, eftir að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að málið verði ekki leyst á annan veg en með að hækka vexti og þar á meðal á lánum aftur í tímann, hvort hæstv. félmrh. ætli enn að berja höfðinu við steininn og neita slíkri aðgerð sem þátt í nauðsynlegri úrlausn. Er óhjálkvæmilegt að ítreka þá spurningu eftir að þau ummæli hafa fallið sem hv. þm. heyrðu í ræðu hæstv. forsrh.

Ég vildi, og það var nú aðalerindi mitt upp í ræðustólinn, víkja aðeins að þeim ummælum hæstv. félmrh. sem lutu að þjóðarsáttinni. Hæstv. félmrh. hefur borið fyrir sig ýmislegt þann tíma sem ráðherrann hefur setið að völdum til þess að komast hjá því að taka á þessu viðfangsefni. Afsakanirnar eru breytilegar frá einum tíma til annars. Sú afsökun sem nú er í gildi er svokölluð þjóðarsátt. Hæstv. ráðherra segir: Á meðan þjóðarsáttin gildir — ef ég hef skilið ráðherrann rétt — er ekki hægt að taka á þessu viðfangsefni.

Ég skildi hæstv. forsrh. á þann veg að kjarasamningarnir sem kenndir eru við þjóðarsátt ættu ekki að vera í vegi fyrir því að vandi byggingarsjóðanna yrði leystur. En hann vék þó að því að það kynni að vera erfiðleikum háð af þeim sökum. Hæstv. forsrh. hefur við ýmis önnur tækifæri, m.a. í umræðum um launamál háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, vikið að því að þegar þjóðarsátt ljúki megi hugsanlega líta á þeirra launamál með öðrum hætti en núverandi bráðabirgðalög gera ráð fyrir.

Að gefnum þessum ummælum frá þessum tveimur hæstv. ráðherrum tel ég nauðsynlegt að fá svör við því hvort hæstv. ríkisstjórn lítur svo á að þjóðarsátt aðila vinnumarkaðarins, sem tryggði lægri verðbólgu á þessu ári en stefndi í samkvæmt efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sé aðeins bráðabirgðafyrirbæri fram yfir kosningar, fram í september á næsta ári og síðan sé það ætlun hæstv. ríkisstjórnar að láta allt fara lönd og leið. Stendur hæstv. ríkisstjórn nákvæmlega á sama um það hvernig hlutir þróast að loknum þessum kjarasamningum? Mín skoðun er sú að það sé allsendis ófullnægjandi að búa við einhverja tímabundna þjóðarsátt um þetta efni. Lág verðbólga verður að vera varanlegur veruleiki hér á næstu árum. Í mínum huga er ekkert sem heitir að þjóðarsátt ljúki á næsta ári, að kosningum loknum. Þjóðarsátt um lága verðbólgu verður að standa. Þess vegna vil ég inna eftir því hvort þessi ummæli og þessar afsakanir í hverju málinu á fætur öðru um að slaka megi á þegar þjóðarsátt lýkur þýði það að hæstv. ríkisstjórn líti aðeins á þetta sem bráðabirgðafyrirbæri. Ég vona að svo sé ekki, en þá hlýtur maður að ætlast til þess að ummæli hæstv. ráðherra falli á annan veg en þennan.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að varpa allri sök á hæstv. félmrh. í þessu máli. Ég held að við séum allir samsekir í því. Ég sem forsrh. nú og hann sem forsrh. 1987–1988 og kannski sem fjmrh. áður. Ég held að staðreyndin sé sú að við færðumst of mikið í fang og réðum ekki við þetta kerfi eins og það var síðan framkvæmt. Ég vek athygli á því að hæstv. félmrh. hefur lagt til nú að lagðar verði fram 1500 millj., sem er nokkurn veginn það sem þarf til þess að halda jafnvægi í kerfinu og rétta eitthvað við. Við höfum ekki treyst okkur til að fallast á þá tillögu. Þetta er út af fyrir sig tillaga, svo að ég vil leiðrétta það þegar hv. þm., eins og hann hefur gjarnan tilhneigingu til, telur að ég hafi verið að varpa allri sök á félmrh. Það er alls ekki. Ég held að þarna eigi allir flokkar sök á og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Um þjóðarsáttina. Sú þjóðarsátt sem nú er gildir fram í september. Sú ríkisstjórn sem nú situr, sem væntanlega situr þá eftir kosningar eins og ég skildi hv. þm., því að hann vildi vita hvort við mundum ekki stuðla að þjóðarsáttinni áfram, mun stuðla að henni, alveg tvímælalaust. En þá verða nýir samningar á hinum almenna markaði og vitanlega verður að byggja þá þjóðarsátt, sem við gerum ráð fyrir að ná þá, á þeirri stöðu sem verður í þjóðarbúinu. Hér verður ekki allt óbreytanlegt. Ég geri ráð fyrir því að þá verði aðrar viðmiðanir hjá aðilunum á hinum almenna vinnumarkaði og tekið inn í það sem þá kann að hafa safnast saman. Við vonum að það verði ekki mjög mikið.

Það sem ég sagði um BHMR vísar að sjálfsögðu til þess að ef sá samanburður verði gerður sem að er unnið. Geti menn skoðað hann og virt hann fyrir sér og þá geti það orðið liður í þjóðarsátt að leiðrétta, ef hann leiðir í ljós ástæðu til leiðréttingar. Ég get ekki svarað þeirri spurningu nú hvort hann leiðir í ljós ástæðu til leiðréttingar.

Ég sagði áðan að ég tel sjálfsagt á meðan við erum í þessari þjóðarsátt að ræða við þá aðila sem eru þátttakendur í henni hvort menn geti ekki fallist á að einhver hækkun á vöxtum verði nú þegar. Ef það er ekki, þá verður tvímælalaust að taka það inn í næstu þjóðarsátt.

Viðurkenning á fullveldi Eistlands, Lettlands og Litáens, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞP o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

Flm. (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil nú byrja á því að þakka fyrir þær

umræður sem fram fóru um þetta efni hér í dag. Þær voru um margt athygli verðar og einkanlega þó svör hæstv. utanrrh. og formanns þingflokks framsóknarmanna, hv. 1. þm. Norðurl. v.

Það var mjög athygli vert á hvern veg fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna töluðu í þessu máli. Bæði fulltrúar Alþfl. og Alþb. tóku jákvætt í stuðning við Litáen og önnur ríki við Eystrasalt, en formaður þingflokks framsóknarmanna var fulltrúi hins svartasta afturhalds í þessu efni.

Ég kemst ekki hjá því að víkja með fáeinum orðum að makalausum yfirlýsingum formanns þingflokks framsóknarmanna um þetta efni þar sem hann sagði að tillaga sem þessi væri íhlutun sem virkaði eins og olía á eld. Íhlutun í hvað? Íhlutun í hvaða málefni er þessi tillaga? Ekki er hún íhlutun í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna. Nei. Hún er þáttur í markvissri viðleitni til þess að styðja við bakið á sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna. Þau hafa öll farið fram á það að hljóta formlega viðurkenningu og að stofnað yrði til stjórnmálasambands. Í hvaða tilgangi? Í þeim tilgangi að styrkja sjálfstæðiskröfurnar í viðræðum við miðstjórnarvaldið í Moskvu. En í hvaða málefni getur þessi tillaga þá verið íhlutun? Hún getur auðvitað verið íhlutun í þá afstöðu miðstjórnarvaldsins í Moskvu að viðhalda ólögmætu hernámi Sovétríkjanna á Eystrasaltsríkjunum. Það eru þeir hagsmunir sem hv. þm. Páll Pétursson er að verja. Hann er að verja ólögmæta hernaðaríhlutun og innlimun Eystrasaltsríkjanna í Sovétríkin. Um það atriði má Alþingi Íslendinga ekki íhlutast af því að það getur skaðað hagsmuni Gorbatsjovs. Það getur skaðað hagsmuni Sovétríkjanna sem nú eru í vanda. Þá er ástæða til þess að víkja til hliðar eðlilegu skrefi til stuðnings ríkjum sem hafa að alþjóðalögum fullan rétt til þess að endurheimta sjálfstæði sitt.

Þegar hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks framsóknarmanna, talar um íhlutun í tengslum við þessa tillögu, þá getur það ekki haft aðra þýðingu en þá að verja hagsmuni þeirra sem hafa með hernaðarlegu ofbeldi innlimað þessi ríki í Sovétríkin og viðhaldið því í 50 ár. Og það er athygli vert að jafnvel fulltrúi Alþb. í þessari umræðu, hv. 2. þm. Austurl., sem ekki hefur verið talinn til frjálslyndustu manna á Alþingi Íslendinga nú um stundir, skuli taka með miklu jákvæðari hætti í þessa tillögu en þingflokksformaður þeirra framsóknarmanna. Það lýsir kannski betur en flest annað þeim raunverulegu aðstæðum sem nú eru í íslenskum stjórnmálum þar sem Framsfl. er í einu og öllu málsvari hins sótsvartasta afturhalds á öllum sviðum, þar á meðal í mikilvægum utanríkismálum eins og þessum.

Hæstv. utanrrh. vék að nokkrum atriðum sem torvelduðu að slíkt skref yrði stigið sem hér er lagt til. Hann minnti á að ríkin búa enn við hernám. Vegna hernaðaríhlutunar Sovétríkjanna er það erfiðleikum bundið fyrir þessi ríki að framkvæma sjálfstæðisyfirlýsinguna. Ég vil þó minna á að öll ríkin hafa tekið ákvarðanir um að koma upp eigin tollgæslu og hafa þegar komið því að hluta til til framkvæmda og falið mönnum slík störf, þótt tollgæsla miðstjórnarvaldsins í Moskvu sé enn ráðandi.

Hæstv. ráðherra vék einnig að því skilyrði að sérhver ríkisstjórn yrði að ráða yfir landi. Það er að sönnu rétt. En hvernig var þetta í Austur-Evrópu meðan Brésnev-kenningin var í gildi? Við viðurkenndum þau ríki þó að margsinnis hafi verið sýnt fram á að yfirráðaréttur þeirra var takmarkaður við vilja miðstjórnarvaldsins í Moskvu, eins og atburðirnir sýndu 1956 í Ungverjalandi og aftur 1968 í Tékkóslóvakíu. Og það má enn fremur minna á, ekki síst vegna þess að utanrrh. tók dæmið af Kúvæt sem íbúum Eystrasaltsríkjanna er tamt að vitna til, enda er samanburðurinn alveg augljós, að þau ríki sem höfðu stjórnmálasamband við Kúvæt og höfðu þar sendiráð lyppuðust ekki niður vegna hótana valdhafa í Írak og sögðu: Nú lokum við okkar sendiráðum og leggjum þau niður. Nei, þvert á móti voru viðbrögð þeirra þau: Við áttum að halda okkar sendiráðum. Við viðurkennum þetta ríki sem sjálfstætt og fullvalda ríki, þrátt fyrir ólögmætt hernám. Og á nákvæmlega sama hátt getum við komið á stjórnmálasambandi við ríki sem þannig er ástatt um, svo að við notum nú samjöfnuðinn við Kúvæt sem hæstv. utanrrh. réttilega minnti hér á, vegna þess að hann sker mjög í augum.

Þegar vikið er að viðurkenningu Dana á sínum tíma á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna kemur það nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er vitnað í það að þessi aðgerð dönsku ríkisstjórnarinnar á þeim tíma feli í sér að íslenska ríkisstjórnin á þeim tíma hafi þá viðurkennt sjálfstæði þessara ríkja og því þurfi ekki á nýrri viðurkenningu að halda. Samt er í hinu orðinu sagt að það megi ekki viðurkenna þessi ríki vegna hagsmuna Gorbatsjovs og miðstjórnarvaldsins í Moskvu. Ég kem þessari röksemd ekki heim og saman. Augljóst er þegar hæstv. utanrrh. hefur fengið þau svör frá ríkjum sem eins er ástatt um, að ekki þurfi að ítreka slíkar yfirlýsingar, að þá er þar um að ræða ríki sem af efnislegum ástæðum vilja ekki á þessu stigi máls stíga þetta skref og skjóta sér á bak við ákvarðanir af þessu tagi frá löngu liðnum tíma. Fyrir þá sök lít ég svo á að við eigum ekki að skjóta okkur á bak við þessa ákvörðun dönsku ríkisstjórnarinnar á sínum tíma.

Ég held að við Íslendingar eigum hér eftir sem hingað til í þessum málum að ganga feti framar en aðrar þjóðir. Það ber að virða það sem nú þegar hefur verið gert. En það er ekki nóg að lýsa almennum stuðningi í orðum en hafna síðan að stíga þau skref sem skipta mestu máli fyrir þessar þjóðir til þess að auka styrk þeirra í baráttunni fyrir sjálfstæði sínu. Spurningin er sú: Viljum við leggja eitthvað af mörkum til þess að styrkja baráttu þessara ríkja? Þau biðja um formlega viðurkenningu vegna þess að þau meta það sem stuðning, virkan stuðning.

Það er ódýrt fyrir hv. 1. þm. Norðurl. v. og formann þingflokks framsóknarmanna að koma hér upp og segja almennum orðum að hann beri hlýjan hug til þessara ríkja, en hann sé á móti öllum virkum stuðningi við sjálfstæðisbaráttu þeirra af því að taka þurfi fram yfir þann lagalegan rétt hagsmuni miðstjórnar-

valdsins í Moskvu. Í þá hagsmuni megi íslensk stjórnvöld ekki blanda sér og þaðan af síður Alþingi Íslendinga. Það er dapurlegt að jafnvel talsmaður Alþb. skuli lýsa frjálslyndari viðhorfum í þessu efni en formaður þingflokks framsóknarmanna.

Frú forseti. Ég vildi aðeins koma þessum athugasemdum á framfæri vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram. Ég fagna því hins vegar að þrátt fyrir neikvæð viðhorf af hálfu framsóknarmanna hafa talsmenn annarra flokka lýst mjög jákvæðum viðhorfum. Í verki hefur hæstv. utanrrh. stigið mikilvæg skref í þessu efni þó að hann hafi ekki enn fengist til þess að lýsa yfir stuðningi við að Ísland stígi þetta mikilvæga skref til stuðnings þessum ríkjum í mikilvægri baráttu þeirra.

Ég vænti þess svo að þessi tillaga fái umfjöllun í hv. utanrmn. og skjóta afgreiðslu þannig að Alþingi geti innan tíðar tekið endanlega afstöðu til hennar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil, eins og ég gerði í fyrra þegar tillaga svipaðs eðlis var flutt, lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu. Því hefur margoft verið lýst yfir að Ísland hafi aldrei viðurkennt innlimun Eystrasaltsríkjanna í Sovétríkin og þess vegna þurfi ekki þessa viðurkenningu Íslands á fullveldi Eystrasaltsríkjanna nú. Þess vegna sé ég ekkert því til fyrirstöðu að okkar afstaða verði gerð skýr með því að gera þetta á formlegan hátt.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram við þessa umræðu, virðulegur forseti, en vil taka undir það sem fram kemur í greinargerð með þessari tillögu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Örfá orð að gefnu tilefni til að leiðrétta misskilning.

Spurningin snýst annars vegar um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi ríkis og hins vegar um það að taka upp virk diplómatísk tengsl við erlent ríki. Það er fullt af ríkjum í hinu alþjóðlegu samfélagi sem Íslendingar vissulega viðurkenna að lögum en hafa ekki við diplómatísk tengsl.

Af því að hv. 1. þm. Suðurl. komst svo að orði að því er varðaði viðurkenningu íslensku ríkisstjórnarinnar á sjálfstæði og fullveldi Eystrasaltsríkjanna að í því efni væri vitnað til aðgerða dönsku ríkisstjórnarinnar, þá vil ég leiðrétta það. Hér er um að ræða ákvörðun íslenskra stjórnvalda frá árunum 1921–1922 sem var komið á framfæri fyrir milligöngu dönsku utanríkisþjónustunnar. Þetta var sérstök ákvörðun íslenskra stjórnvalda, aðskilin frá ákvörðun dönsku stjórnarinnar sem lét í té slíka viðurkenningu nokkrum mánuðum fyrr. Þetta var því íslensk stjórnvaldsákvörðun í samræmi við það fyrirkomulag sem þá var, sem var það að danska utanríkisþjónustan gegndi þjónustuhlutverkinu en þessi ákvörðun var ákvörðun íslenskrar ríkisstjórnar.

Í annan stað kom það fram í máli hv. 1. þm. Suðurl. að því sjónarmiði væri lýst að ekki mætti viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna af því að það kæmi stjórnvöldum í Sovétríkjunum illa eða gæti stuðlað að breytingu á valdhöfum þar o.s.frv. Ég vil bara taka það skýrt fram að þessi sjónarmið eru alla vega ekki mín vegna þess að ég hef aldrei látið mér það um munn fara að ekki megi viðurkenna þessi ríki. Þvert á móti held ég því fram að í fullu gildi sé viðurkenning Íslands á sjálfstæði þeirra og fullveldi.

Sú spurning sem við höfum hér verið að ræða er þessi: Hvernig getum við stigið skrefinu lengra, að taka upp diplómatísk samskipti við þessi ríki? Erum við reiðubúin til þess? er fyrsta spurningin. Eru þau reiðubúin til þess að veita slíkum stjórnarerindrekum viðtöku og gera þeim kleift að starfa? Og eigum við ekki að gera þetta í fullu samráði við þessar ríkisstjórnir og leggja þá á það mat að slík aðgerð mundi koma þeim að gagni í sjálfstæðisbaráttu þeirra? Eða mundi það hugsanlega geta haft áhrif í þá átt að torvelda samninga? Öllum er ljóst að til þess að þessi ríki geti náð raunverulegum árangri, geti gefið sjálfstæðisyfirlýsingum sínum raunverulegt innihald, þá verður ekki hjá því komist að um það verður að semja við Sovétríkin.

Ég hef lagt á það áherslu í málflutningi alls staðar þar sem við getum látið rödd okkar heyrast, ekki síst innan Atlantshafsbandalagsins, að vestræn lýðræðisríki geti ekki leitt þetta mál hjá sér, hljóti að taka það upp, ekki síst í kjölfar þess ávinnings sem orðinn er við endursameiningu Þýskalands og áframhaldandi dvöl Þýskalands í Atlantshafsbandalaginu. Við eigum með virkum hætti að samræma sjónarmið okkar í þessu máli, við eigum að taka það upp við Sovétmenn í þeim margþættu viðræðum sem við eigum við þá, bæði að því er varðar efnahagsleg samskipti, efnahagslega aðstoð, viðskipti, pólitísk sambönd, pólitíska samstöðu, samstarf um að koma á fyrstu stofnunum ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu, nefnilega að þrýsta á um það að sovésk stjórnvöld viðurkenni hin réttu, þjóðréttarlegu rök þessara þjóða og setjist að samningaborði án fyrir fram skilyrða um það að á umsömdum tíma geti þessi ríki endurheimt sjálfstæði sitt, ekki bara de jure heldur de facto. Um það vænti ég að sé ekki ágreiningur meðal stjórnmálaflokka á Íslandi.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Nú er ég ekki að draga það í efa að hv. 1. þm. Suðurl. er frelsisunnandi mannvinur og vill vel. Og í þeim anda hefur hann sennilega flutt þessa tillögu sína. Hann telur að það sé eðlilegt skref sem þar er lagt til að stíga. Ég held því hins vegar fram að það væri víxlspor.

Ég er ekki hér að verja hagsmuni Sovétríkjanna sér á parti. Ég þykist einnig og ekki síður vera að verja hagsmuni Eystrasaltsríkjanna sem ég ber mjög hlýjan hug til. Ég held að við Íslendingar eigum ekki að hlutast til um í þessari deilu á neinn þann hátt sem yki á spennu eða bætti á vandræði við austanvert Eystrasalt. Ég tel að við eigum að aðstoða Eystrasaltsþjóðirnar á hvern þann hátt sem þeim má að gagni koma. Og ég tók það reyndar fram í fáum orðum sem ég sagði fyrr í þessari umræðu. Ég tel hins vegar að sú tillaga sem

hér er til umræðu komi þeim ekki að gagni þó samþykkt yrði.

Ég leiði hjá mér að svara hnýfilyrðum hv. 1. þm. Suðurl. Hann blés sig hér út áðan og skammaðist yfir afstöðu minni en hann var ekki bara að skamma mig, hann var að skamma allan hinn vestræna heim. Afstaða mín er svipuð og afstaða ríkisstjórna Norðurlanda og ég get ágætlega tekið undir sameiginlega yfirlýsingu utanríkisráðherra Norðurlanda. Afstaða mín er svipuð og Bandaríkjamanna og annarra NATO-þjóða þannig að hv. 1. þm. Suðurl. er ekki einasta að skamma mig heldur er hann að skammast yfir þessum þjóðum öllum sem honum hefur þótt býsna góðar fram að þessu.

Ég held að við Íslendingar eigum að stuðla með öllum ráðum sem við höfum tiltæk að friðsamlegri lausn þeirra ágreiningsmála sem eru á milli Sovétríkjanna og Eystrasaltsríkjanna, sem ég tel að séu alvarleg, mjög alvarleg, bæði stjórnmálalega og efnahagslega. Við eigum að reyna að aðstoða og stuðla að friðsamlegri lausn þessara mála þannig að niðurstaðan verði ásættanleg og fullnægjandi. Ég tel hins vegar að þessi tillaga, þó samþykkt yrði, stuðli ekki að lýðræðislegri þróun við austanvert Eystrasalt. Í besta falli er hún gagnslaus. Í versta falli gæti hún orðið til ills. Og mér finnst hún lykta töluvert meira af sýndarmennsku heldur en alvöru í utanríkismálum.

Flm. (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil enn lýsa furðu minni á þröngsýnum viðhorfum formanns þingflokks framsóknarmanna í þessu efni en ætla ekki að eyða frekari orðum að því máli.

Ég vil í lokin aðeins víkja að tveimur efnisatriðum sem auðvitað hafa þýðingu fyrir þetta mál og fram komu í síðari ræðu hæstv. utanrrh. Þá er það fyrst spurningin um það hvort viðurkenning hafi efnislega þýðingu og sé í raun og veru styrkur fyrir Eystrasaltsríkin og hvort ekki sé rétt að gera það að höfðu samráði við ríkin sjálf. Ég tek undir það. Þau skref sem við stígum í þessu efni eigum við aðeins að taka í fullri vissu um að þau þjóni hagsmunum þessara ríkja í sjálfstæðisbaráttu þeirra.

Ég hef átt viðræður, og það hafa fleiri átt, við forustumenn þessara ríkja. Þar hefur ítrekað komið fram að þeir telja mjög mikilvægt að fá slíka formlega viðurkenningu því það muni styrkja stöðu þeirra í viðræðunum við Sovétstjórnina, auka aflið á bak við þeirra kröfur. Og svo oft hefur þetta verið tekið fram af forustumönnum allra ríkja að ég dreg ekki í efa að það er vel yfirvegað mat þeirra sjálfra. En ég dreg ekki úr því að hv. utanrmn. kynni sér það mál frekar í umfjöllun nefndarinnar þannig að menn geti verið þar um vissir, bæði þeir sem hafa átt viðræður við forustumenn þessara ríkja og hinir sem ekki hafa haft tækifæri til þess enn sem komið er.

Hitt atriðið lýtur að þessari viðurkenningu frá fyrri tíma. Tillagan er þannig orðuð að menn geta leitt hjá sér ágreining þar um. Aðalatriðið er að við viðurkenndum sjálfstæði þeirra á sínum tíma. Ríkin voru síðan innlimuð. Við viðurkenndum ekki þá innlimun né þá hernaðaríhlutun að lögum. En við viðurkenndum þá íhlutun í verki. Við viðurkenndum og höfum viðurkennt Sovétríkin að þessum ríkjum meðtöldum. Við höfum komið á þann veg fram við Sovétríkin að við höfum í verki viðurkennt innlimun Eystrasaltsríkjanna. Það er þetta sem Eystrasaltsríkin horfa á. Þó að þau geri sér grein fyrir því að við höfum ekki de jure viðurkennt innlimunina, þá höfum við gert það, eins og aðrar þjóðir, de facto. Og þess vegna líta þær svo á að það sé nauðsynlegt fyrir þær í þessari stöðu að fá áréttaða viðurkenningu þeirra ríkja sem höfðu áður gefið út viðurkenningar vegna þess að þau hafa velflest í verki viðurkennt innlimunina. Þess vegna er nú nauðsynlegt að endurnýja viðurkenninguna frá sínum tíma til þess að hún hafi fullt gildi og sé raunveruleg stoð fyrir Eystrasaltsríkin í þeirra baráttu. Það eru þessar aðstæður sem knýja á um það að hún sé gefin út á nýjan leik.

Frú forseti. Ég vildi aðeins koma þessari athugasemd á framfæri vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um viðurkenningu frá fyrri tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

9. fundur, þriðjudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 82. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 84.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem flutt er á þskj. 84.

Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn 30 manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt. Að mati dómsmrn. uppfylla þeir þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum.

Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar og gilt hafa síðustu árin. Þá liggja fyrir í ráðuneytinu nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt sem ekki uppfylla öll skilyrði sem sett hafa verið fyrir veitingu ríkisborgararéttar og verða þær sendar viðkomandi nefnd.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Gjaldþrotaskipti, 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 100.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um gjaldþrotaskipti. Frv. þetta er samið að tilhlutan dómsmrn. Hefur verið unnið að gerð þess í samráði við réttarfarsnefnd en jafnframt voru drög að því kynnt stjórnum Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Sýslumannafélags Íslands og leitað umsagnar þeirra og ábendinga.

Frv. er ætlað að leysa af hólmi núgildandi gjaldþrotalög nr. 6/1978 og lög um nauðasamninga nr. 19/1924 auk ákvæða um svonefnda skuldaröð í 8. kapítula laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3/1878. Frv. geymir þannig reglur um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti, en með því að meginefni þess varðar gjaldþrotaskipti ræðst heiti frv. af því.

Frv. er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92 frá 1. júní 1989. Ákvæði laga nr. 6/1978 og 19/1924 miðast við þá dómstólaskipan og réttarfar sem líður undir lok við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Í frv. eru þó einnig gerðar tillögur um breytingar frá núgildandi lögum sem eiga ekki beinlínis rætur að rekja til breyttrar dómstólaskipunar, en ýmsar ástæður búa þar að baki og eru þessar helstar:

1. Nefna má að reynslan af framkvæmd laga nr. 6/1978 hefur leitt í ljós að betur geti farið á því að skipa vissum atriðum á annan veg en gert er í lögunum, auk þess að skýrari reglur hefur þótt vanta þar um ýmis álitaefni. Af þessum ástæðum eru gerðar tillögur í frv. um breytingar á reglum um gjaldþrotaskipti frá núgildandi lögum, ýmist til að stuðla frekar að því að upphaflegum markmiðum gjaldþrotalaga verði náð eða til að bæta úr atriðum sem framkvæmd eftir lögunum hefur gefið til kynna að þurfi að haga á annan veg en þar er gert.

2. Þess skal getið að í II. kafla gjaldþrotalaga voru í fyrsta sinn lögfest hér á landi ákvæði um greiðslustöðvun. Í frv. eru lagðar til ýmsar breytingar á reglum um greiðslustöðvun, sem byggja aðallega á fenginni reynslu af þessu úrræði hér á landi, en að nokkru er tekið mið af nýlegum breytingum á reglum um þetta efni í danskri löggjöf.

3. Þá má nefna að fram kom í athugasemdum við frv., sem varð að lögum nr. 6/1978, að þá hafi staðið til að gera sérstakt frv. um breytingar á lögum um nauðasamninga. Í þessum athugasemdum var þess þó getið að umrædd lög hafi ekki haft mikla raunhæfa þýðingu og var sú tilgáta sett þar fram um ástæður þess, að gerð nauðasamninga eftir lögunum hafi verið of flókin og torveld. Ekki varð af því að breytingar yrðu gerðar á lögum nr. 19/1924, en eftir setningu laga nr. 6/1978 hefur komið til þess í stórauknum mæli að nauðasamningar hafi verið gerðir eftir reglum laga nr. 19/1924. Reynslan af beitingu þeirra reglna hefur vissulega leitt í ljós ýmsa vankanta, en úrræðið sem þær bjóða upp á hefur reynst eiga fullan rétt á sér. Er því gert ráð fyrir nýjum reglum um nauðasamninga í þessu frv., en þær eru jöfnum höndum byggðar á fenginni reynslu í framkvæmd hér á landi á þessu sviði og dönskum reglum um þetta efni.

4. Loks má geta þess að samhliða gerð þessa frv. hefur verið samið heildarfrv. til nýrra laga um skipti á dánarbúum o.fl., sem er einkum ætlað að leysa af hólmi fyrrnefnd lög nr. 3/1878, og hefur verið gengið út frá að frv. tvö verði lögð fyrir Alþingi um líkt leyti og hefur raunar þegar verið gert.

Framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum byggist í mjög mörgum atriðum á sömu grundvallarreglum og framkvæmd gjaldþrotaskipta. Í því ljósi hefur þótt rétt að stefna að því að ákvæði þessara tveggja frv. verði hliðstæð í sem flestum atriðum, enda ætti slík tilhögun að stuðla að verulegu hagræði í framkvæmd á báðum sviðum. Þessi stefna hefur í för með sér að vissar breytingar verða óhjákvæmilegar á reglum um framkvæmd gjaldþrotaskipta, en rétt er að benda á að þessar samræmdu reglur frv. tveggja bera stórum meiri keim af núgildandi reglum laga nr. 6/1978 en af ákvæðum laga nr. 3/1878. Þrátt fyrir að frv. geymi þannig ýmsar tillögur um breytingar, þá eru fjölmörg ákvæði þess um gjaldþrotaskipti og greiðslustöðvun efnislega þau sömu og í gildandi lögum. Þess gætir hins vegar í nokkrum mæli að reglur komi fram í annarri röð í frv. en í lögum nr. 6/1978. Stafar þetta einkum af því að í frv. er leitast við að setja reglur fram í þeirri röð sem má ætla að samsvari atburðarás í framkvæmd, en í núgildandi lögum hefur því viðhorfi ekki verið fylgt, sem hefur leitt til talsverðra óþæginda í framkvæmd. Þá á þetta einnig að nokkru leyti rætur að rekja til þess að leitast hefur verið við að samræma efnisröð einstakra reglna í þessu frv. og áðurnefndu frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Ég mun hér í stuttu máli gera grein fyrir helstu breytingunum sem eru lagðar til frá núgildandi reglum. Eins og áður sagði eru ákvæði þessa frv. samin með það fyrir augum að þau falli að breyttri skipan dómsmála og réttarfars samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989. Í athugasemdum við frv. sem varð að þeim lögum kom fram að með ákvæðum þess væri stefnt að þeirri breytingu frá eldri skipan að dómstólar hefðu hvorki með höndum framkvæmdarvaldsstörf né umsýslustörf, heldur kæmi aðeins í hlut þeirra að fást við svokölluð eiginleg dómstörf. Meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði yrði hins vegar falin sýslumönnum að því leyti sem héraðsdómarar höfðu gegnt slíkum störfum og umsýslustörf, sem dómstólar hafa haft með höndum eftir eldri skipan, yrðu ýmist falin sýslumönnum eða öðrum en handhöfum ríkisvalds.

Í frv. er sú leið farin til samræmis við stefnu laga nr. 92/1989 að leggja til að ýmis umsýslustörf sem hingað til hafa verið í höndum héraðsdómara, skipta-

ráðanda, verði færð úr hans höndum. Er þetta gert annars vegar með því að lagt er til í 3. þætti frv. að héraðsdómari skipi hverju sinni sérstakan umsjónarmann með nauðasamningsumleitunum ef heimild er veitt til þeirra í dómsúrskurði og umsjónarmaðurinn annist síðan alla umsýslu á þessu sviði á kostnað skuldarans, en héraðsdómari komi ekki að öðru leyti við sögu nema til að leysa úr vissum ágreiningsefnum í tengslum við samningsumleitanir og kveða upp úrskurð um hvort nauðasamningur verði staðfestur. Hins vegar er lagt til í 4. þætti frv. að héraðsdómarar hafi aldrei með höndum framkvæmd gjaldþrotaskipta, heldur skipi þeir ávallt skiptastjóra til að gegna slíkum störfum og skiptastjórar annist síðan alla umsýslu við gjaldþrotaskiptin gegn þóknun, sem greiðist af eignum þrotabúa. Héraðsdómurum er því ætlað að kveða upp úrskurði um kröfur um gjaldþrotaskipti og skipa skiptastjóra ef slíkar kröfur eru teknar til greina, en að því búnu komi héraðsdómarar ekki nærri gjaldþrotaskiptunum nema til að leysa úr ágreiningsefnum sem rísa í tengslum við þau. Þessi skipan 4. þáttar frv. er sú sama og byggt er á í ákvæðum um framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum í frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í 2. þætti frv. er að finna reglur um greiðslustöðvun, sem er ætlað að koma í stað ákvæða II. kafla laga nr. 6/1978. Þessar reglur frv. byggja um margt á núgildandi reglum, en eins og áður var nefnt eru þó lagðar til ýmsar breytingar sem tilefni þykir til að fenginni reynslu í framkvæmd, auk þess að hliðsjón hefur verið höfð hér af reglum danskrar löggjafar um þetta efni eins og þeim var breytt með lögum nr. 187/1984 þar í landi. Skal nú vikið hér nánar að helstu breytingunum sem eru lagðar til í þessu sambandi.

1. Í II. kafla laga nr. 6/1978 er það skilyrði sett fyrir heimild til greiðslustöðvunar að skuldarinn ráði sér lögmann eða löggiltan endurskoðanda til aðstoðar í tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál sín. Ákvæði laganna eru óljós um það hverju hlutverki aðstoðarmaðurinn eigi að gegna og hefur því ríkt óvissa í framkvæmd í þessum efnum, auk þess að ósamræmis hefur gætt í því hvernig staðið hefur verið að verki að þessu leyti í einstökum tilvikum. Í frv. eru gerðar tillögur til úrbóta í þessum efnum með því að tiltaka nánar til hvers sé ætlast af aðstoðarmanni. Helstu nýmælin að þessu leyti koma fram í 4. kafla frv., þar sem tekið er af skarið um að aðstoðarmaður verði að taka virkan þátt í öllum fjárhagslegum ráðstöfunum skuldarans sem máli skipta meðan á greiðslustöðvun stendur, en með þessu er aðstoðarmaðurinn í reynd gerður ábyrgur gagnvart lánardrottnum fyrir því að ekkert verði hafst að við greiðslustöðvun þeim til tjóns. Þá er aðstoðarmanninum einnig ætlað að hafa talsvert samráð við lánardrottna meðan á greiðslustöðvun stendur en það kæmi einkum til vegna skyldna aðstoðarmanns til að halda fundi með lánardrottnum eftir einstökum reglum í 3. kafla frv.

2. Eins og áður var nefnt voru ákvæði II. kafla laga nr. 6/1978 á sínum tíma nýmæli í íslenskri löggjöf, því þar var í fyrsta sinn mælt fyrir um heimild til greiðslustöðvunar í því skyni að endurskipuleggja fjárhag skuldara svo að komast mætti hjá gjaldþrotaskiptum á búi hans. En meðan á greiðslustöðvun stendur er lánardrottnum óheimilt að koma fram fullnustugerðum fyrir kröfum sínum. Nokkuð hefur borið á að þetta úrræði hafi verið misnotað í framkvæmd, en einkum var um það að ræða á fyrstu árunum eftir gildistöku umræddra laga. Var þá ekki síst um það að ræða að leitað hafi verið heimildar til greiðslustöðvunar gagngert til að fyrirbyggja að fullnustugerðir næðu fram að ganga án þess að neinn ásetningur hafi búið að baki til að reyna að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans með samningum við lánardrottna hans. Í 3. kafla og að nokkru í 5. kafla frv. eru gerðar þær breytingar að gert er ráð fyrir að í byrjun verði skuldara veitt heimild til greiðslustöðvunar í skamman tíma án afskipta lánardrottna, eða til allt að þriggja vikna. Eftir það er lánardrottnum hins vegar tryggður afskiptaréttur af framvindu mála því aðstoðarmanni skuldarans er ætlað að boða þá til fundar við sig og kynna þeim ráðagerðir sínar áður en hann getur leitað framlengingar á heimild til greiðslustöðvunar, sbr. 13., 14. og 18. gr. frv., og lánardrottnum er heimilað beinlínis í 16. gr. að mæta á dómþingi þegar beiðni skuldara um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar yrði tekin fyrir. Er þetta gert að danskri fyrirmynd. Með þessum hætti má ætla að ekki sé aðeins verið að veita lánardrottnum úrræði til að fyrirbyggja að greiðslustöðvun verði misnotuð, heldur sé einnig verið að girða fyrir að skuldari freistist til að verða sér úti um heimild til greiðslustöðvunar án eðlilegs tilgangs. Að auki má telja að þessi skipan geti stuðlað að því að líklegra verði að greiðslustöðvun beri árangur með því að lánardrottnar verði virkari þátttakendur í viðleitni til að koma nýrri skipan á fjármál skuldara og vinni þannig fremur með honum að því en nú er.

3. Ákvæði II. kafla laga nr. 6/1978 um skilyrði fyrir greiðslustöðvun er um margt óákveðin og láta ósvarað ýmsum spurningum um það hvenær eigi að veita heimild til hennar. Í frv. eru skýrari ákvæði um þetta og byggja að mestu á ríkjandi venjum í framkvæmd.

4. Í 8. gr. laga nr. 6/1978 koma fram meginfyrirmælin um réttaráhrif greiðslustöðvunar, bæði um það hvað skuldari megi gera varðandi fjárhagsleg málefni sín meðan hún stendur yfir og til hverra aðgerða lánardrottnar geti gripið í garð skuldarans á þeim tíma. Reglur umræddrar 8. gr. eru ekki langorðar í þessum efnum og hafa gefið tilefni til vafa um ýmis atriði í framkvæmd. Í 4. kafla frv. eru gerðar tillögur um mun nánari reglur um áhrif greiðslustöðvunar, en þær byggjast að verulegu leyti á ríkjandi skoðunum í framkvæmd um skýringu 8. gr. laga nr. 6/1978.

Núgildandi reglur um nauðasamninga koma fram í lögum nr. 19/1924. Eins og vikið var að hér í upphafi er gert ráð fyrir því í frv. að reglur um nauðasamninga verði felldar inn í löggjöf um gjaldþrotaskipti. Þessu er þannig hagað í danskri löggjöf, en fyrir þessu eru þau rök að reglur um nauðasamningsumleitanir eru um margt tengdar reglum um gjaldþrotaskipti og greiðslustöðvun, enda býr sú hugmynd að baki þessum reglum í heild að þegar fjárhagsörðugleikar steðji að geti

skuldari aflað sér heimildar til greiðslustöðvunar til að reyna að greiða úr málum sínum, en ef greiðslustöðvunin ein út af fyrir sig nægi ekki til að ráða bót á örðugleikunum blasi þeir tveir kostir við að skuldarinn leiti annaðhvort nauðasamnings eða gefi bú sitt upp til gjaldþrotaskipta.

Reglur frv. um nauðasamninga koma fram í tvennu lagi. Annars vegar í 3. þætti þess, þar sem mælt er fyrir um gerð nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta, og hins vegar í 21. kafla, þar sem gert er ráð fyrir að gjaldþrotaskiptum geti lokið með því að nauðasamningur komist á fyrir þrotamann.

Ákvæðum 3. þáttar frv. er ekki ætlað að leiða til teljandi breytinga frá þeirri framkvæmd við gerð nauðasamninga sem nú tíðkast á grundvelli laga nr. 19/1924, ef frá er talið að sérstakur umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum færi með þau umsýslustörf sem héraðsdómarar annast nú eftir umræddum lögum. Hefur þó verið leitast við að gera reglur um nauðasamninga aðgengilegri og einfaldari, en hliðsjón hefur verið höfð af dönskum reglum í þessu sambandi. Þess er vænst að ef frv. verður að lögum geti það leitt til þess að oftar verði gripið til þessa úrræðis, bæði fyrir félög eða menn í atvinnurekstri og fyrir menn sem eiga í fjárhagsörðugleikum af öðrum sökum.

Í 4. þætti frv. er að finna reglur þess um gjaldþrotaskipti. Eins og áður sagði eru þau byggð að miklu leyti á ákvæðum laga nr. 6/1978. Af einstökum breytingum sem hér eru lagðar til í þessum efnum má telja þá þýðingarmestu felast í því að ákvæði frv. gera ráð fyrir að sérstakir skiptastjórar annist að öllu leyti og í öllum tilvikum framkvæmd gjaldþrotaskipta og umsýslu í sambandi við þau. Með þessu er lagt til að algerlega verði afnumin sú tilhögun að héraðsdómarar hafi störf sem þessi með höndum.

Hér er engan veginn um alger nýmæli að ræða, enda var stigið þýðingarmikið skref í þessa átt með setningu laga nr. 6/1978 þegar teknar voru upp heimildir til þess að fela bústjórum og skiptastjórum að gegna störfum á þessum vettvangi. Í frv. er hins vegar gengið mun lengra í þessu sambandi, því ætlast er til að skiptastjórar verði ávallt skipaðir við gjaldþrotaskipti en ekki að það verði aðeins gert ef vitað er að einhverjar eignir séu fyrir hendi í þrotabúi.

Fjölmargar röksemdir má færa fyrir þeirri skipan sem er lögð til að þessu leyti í frv. Má í fyrsta lagi nefna að það fengi ekki samrýmst þeirri stefnu laga nr. 92/1989, sem áður hefur verið nefnd, að héraðsdómarar gegni þeim umsýslustörfum við gjaldþrotaskipti sem þeir hafa með höndum eftir lögum nr. 6/1978. Í öðru lagi fara gjaldþrotaskipti fram í þágu lánardrottna þrotamanns, en í því ljósi er nærtækt að skiptin fari þá fram á kostnað þeirra með því að sérstaklega ráðinn maður framkvæmi skiptin og fái þóknun greidda af fjármunum sem hefðu ella komið í hlut lánardrottna. Í þriðja lagi hefur reynslan af störfum bústjóra og skiptastjóra orðið sú í framkvæmd að fjárhagslegur árangur af störfum þeirra, að gjaldþrotaskiptum, hefur að jafnaði orðið stórum betri en þegar héraðsdómarar hafa orðið að leysa slík störf af hendi, auk þess að skiptin hafa yfirleitt tekið skemmri tíma.

Til viðbótar því sem nú hefur verið nefnt má telja sýnt að sú breytta skipan sem hér um ræðir leiði óbeint til þess að það dragi mjög úr tíðni gjaldþrotaskipta hér á landi, þar sem enga þýðingu hefur fyrir lánardrottna að krefjast gjaldþrotaskipta í þeim tilfellum þegar engar eða litlar eignir eru í búi. Til upplýsinga má geta þess, með hliðsjón af framkvæmd í Reykjavík, að í 85–90% tilvika koma engar eignir fram við gjaldþrotaskipti, þannig að skiptum lýkur án þess að lánardrottnar fái greiðslur upp í kröfur sínar. Samkvæmt ákvæðum frv. yrði sá sem krefðist gjaldþrotaskipta að bera kostnað af störfum skiptastjóra og af skiptum að öðru leyti ef eignir kæmu ekki fram til að standa undir þeim útgjöldum. Er hér um verulega breytingu að ræða frá núgildandi reglum sem leiða til þess að ríkið beri meginhluta kostnaðarins í tilvikum sem þessum.

Aðrar ráðagerðir í frv. um breytingar frá núgildandi reglum um gjaldþrotaskipti eru ekki sambærilegar að umfangi við þá sem hér hefur verið fjallað um. En hafa verður í huga að sú skipan að skiptastjórar annist ýmis umsýslustörf, sem héraðsdómarar hafa áður haft með höndum, setur mark sitt á fjölmörg ákvæði frv. Hér má þó nefna eftirfarandi atriði í frv. sem fela einnig í sér tillögur um breytingar frá reglum um gjaldþrotaskipti í lögum nr. 6/1978:

1. Í 11. kafla frv. eru reglur um heimildir til að krefjast gjaldþrotaskipta og um meðferð slíkra krafna fyrir héraðsdómi einfaldaðar nokkuð frá því sem mælt er fyrir í lögum nr. 6/1978.

2. Í 13. kafla frv. koma fram ítarlegri almennar reglur um hæfi og störf skiptastjóra en nú gilda.

3. Í 17. kafla frv. koma fram reglur um innbyrðis rétthæð krafna við gjaldþrotaskipti, eða svokallaða skuldaröð, en núgildandi reglur í þessum efnum er að finna í 8. kapítula laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3/1878. Eins og fjallað er um í athugasemdum með frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl., reynir mjög lítið á þessar reglur á þeim vettvangi en fyrst og fremst hafa þær þýðingu við gjaldþrotaskipti. Tillögur eru ekki gerðar um veigamiklar breytingar á þessum reglum en einstök atriði í þeim efnum eru nánar skýrð í athugasemdum við 109. til og með 115. gr. þessa frv.

4. Í 14. og 18. kafla frv. er að finna mun nánari reglur en í lögum nr. 6/1978 um efni og áhrif innköllunar til skuldheimtumanna við gjaldþrotaskipti, kröfulýsingar þeirra og meðferð krafna. Þessar reglur frv. taka mið af þeirri framkvæmd sem hefur mótast eftir núgildandi lögum auk þess að leitast er við að taka af tvímæli um ýmis atriði á þessu sviði sem óvissa hefur þótt ríkja um.

5. Reglur 19. kafla frv. um ráðstöfun hagsmuna þrotabúa fela að ýmsu leyti í sér tillögur um breytingar frá núgildandi reglum til einföldunar og hagræðingar, m.a. með því að draga nokkuð úr nauðsyn þess að ákvarðanir í þessum efnum verði teknar á skiptafundum með lánardrottnum en þessi breyting er lögð til

með hliðsjón af þróuninni sem orðið hefur í framkvæmd að þessu leyti. Þá felst enn fremur í 19. kafla tillaga um afnám reglna um kosningu sérstakra kröfuhafanefnda, en heimildum laga nr. 6/1978 til þess hefur aldrei verið beitt í framkvæmd svo vitað sé. Loks má nefna að í 129. gr. frv. er gert ráð fyrir sérreglu um aðra ráðstöfun en nauðungarsölu á eignum þrotabúa, sem hafa verið veðsettar fyrir hærri fjárhæðum en megi ætla að þær seljist fyrir. Sambærileg regla er ekki í núgildandi lögum og hefur það þótt valda verulegum erfiðleikum í framkvæmd.

Í 5. þætti frv. koma fram sérreglur um hvernig leyst verði úr ágreiningsmálum sem rísa í tengslum við greiðslustöðvun, nauðasamningsumleitanir eða gjaldþrotaskipti. Þessar reglur eru um margt mótaðar með hliðsjón af framkvæmd á grundvelli núgildandi laga, en nýmæli eru þó óhjákvæmileg um ýmis atriði vegna breyttrar dómstólaskipunar á grundvelli laga nr. 92/1989 og vegna breytts hlutverks dómara við framkvæmd greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana og gjaldþrotaskipta eftir öðrum ákvæðum frv.

Hér hefur verið lýst í meginatriðum þeim breytingum er frv. felur í sér. Um nánari útlistun vísast til grg. með frv.

Ég vil að lokum vekja athygli á því að frv., ef að lögum verður, hefur ekki aukakostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, heldur þvert á móti mun það hafa nokkurn sparnað í för með sér. Til þess liggja einkum tvær ástæður: Gert er ráð fyrir að gjaldþrotaúrskurðum fækki verulega, þar sem eignalaus eða eignalítil bú muni ekki koma til skiptameðferðar. Og í annan stað, sem vegur þyngra í þessu dæmi, er gert ráð fyrir að skiptameðferð, þegar gjaldþrotaúrskurður liggur fyrir, verði í höndum skiptastjóra er fái greidd laun úr búinu.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti en nú hefur þegar verið rakið tel ég að svo stöddu ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir einstökum ákvæðum þessa frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 101.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um meðferð opinberra mála sem flutt er á þskj. 101. Frv. fjallar um réttarreglur í refsimálum.

Á síðasta þingi var frv. þetta lagt fram til kynningar en varð að sjálfsögðu ekki útrætt. Frv. var sent nokkrum aðilum til umsagnar á sl. sumri. Umsagnir bárust frá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, yfirsakadómaranum í Reykjavík, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Umsagnir þessar voru sendar réttarfarsnefnd til athugunar. Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á fyrri gerð frv. og var að nokkru tekið tillit til framkominna umsagna.

Endurskoðun þessara laga er liður í þeirri heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum sem grundvöllur hefur verið lagður að með lögunum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989, er kemur til framkvæmda 1. júlí 1992.

Frv. er ætlað að koma í stað laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en þau lög eru að stofni til lög nr. 27/1951, sem sætt hafa nokkrum breytingum, og þrívegis hafa verið gefin út ný lög, síðast 1974.

Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951 gilti hér á landi í öllum meginatriðum svokallað rannsóknarréttarfar. Megineinkenni þess er að ekki er greint svo skýrt sé á milli ákæruvalds og dómsvalds. Með lögum nr. 27/1951 voru gerðar allveigamiklar breytingar á réttarfari í opinberum málum, m.a. dregið úr ákæruvaldi dómara og ákvörðun um saksókn færð að mestu leyti til dómsmrh., auk ýmissa annarra réttarbóta. Með lögum nr. 57/1961 var gerð sú breyting að ákæruvaldið var fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara ríkisins.

Eftir sem áður var ekki skilið að fullu milli ákæruvalds og dómsvalds þar sem dómarar höfðu stjórn lögreglu með höndum og hófu eða létu hefja rannsókn af sjálfsdáðum. Í flestum málum var enginn til þess að flytja málið af hálfu ákæruvaldsins heldur ákváðu dómarar sjálfir hvaða gögn yrðu færð fram í máli og önnuðust öflun þeirra.

Með stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins, samkvæmt lögum nr. 108/1976, fékkst veruleg réttarbót. Var með því stigið skref í átt að svokölluðu ákæruréttarfari. Þrátt fyrir þessa breytingu stóðu eftir leifar hins gamla rannsóknarréttarfars, einkum utan Reykjavíkur, þar sem dómari fór jafnframt með stjórn lögreglu.

Á vegum réttarfarsnefndar hófst á árinu 1979 vinna að nýjum reglum um meðferð refsimála og voru fyrstu drög að frv. þegar tilbúin á því ári. Í þeim var að sjálfsögðu miðað við núgildandi dómaskipan. Á næstu árum var nokkuð unnið að því að fullgera drög þessi en ekki kom þó til þess að frv. yrði lagt fyrir Alþingi. Eftir að sú stefna var tekin að gerbreyta dómaskipan á landinu var á ný tekið til við að vinna að nýju frv. til laga um meðferð opinberra mála sem væri í samræmi við hina nýju skipun og er árangur þess starfs frv. það sem nú er hér mælt fyrir.

Í frv. er að finna margvíslegar breytingar á gildandi lögum um meðferð opinberra mála. Veigamestu breytingarnar eru þó þessar:

1. Skilið er að fullu milli ákæruvalds og dómsvalds.

2. Reglum um ákæruvald er breytt. Lögreglustjórum er veitt heimild til höfðunar máls í smærri málum. Gert er ráð fyrir að ríkissaksóknari geti falið lögreglustjóra ríkisins að annast flutning mála er hann hefur höfðað. Áfram er ríkissaksóknari þó æðsti handhafi ákæruvalds.

3. Rýmkuð er heimild lögreglustjóra til þess að ljúka

máli með sátt þar sem játning sakbornings liggur fyrir.

4. Málsmeðferð fyrir héraðsdómi er breytt að ýmsu leyti. Gert er ráð fyrir að fulltrúi ákæruvalds mæti í dómi nær undantekningarlaust. Málsmeðferð yrði meira í höndum ákæruvalds og verjanda sakbornings og dómari yrði hlutlausari í meðferð málsins. Tekin er upp svokölluð aðalmeðferð máls líkt og í einkamálum, þ.e. að lokinni gagnaöflun komi vitni fyrir í einu þinghaldi og málflutningur fari fram í beinu framhaldi.

5. Reglur um réttarstöðu sakbornings og um vörn hans og um þvingunarúrræði undir rannsókn máls eru gerðar skýrari.

6. Reglum um málskot til Hæstaréttar er breytt, bæði um kæru og áfrýjun.

Verður nú gerð nánari grein fyrir efni frv., niðurröðun efnis og kaflaskiptingu og vakin athygli á helstu nýmælum.

Í I. kafla er greint frá því til hvaða mála lögin taka. Í fyrsta lagi taka þau til eiginlegra opinberra mála, þ.e. mála sem höfðuð eru til þess að koma fram refsingu á hendur manni fyrir afbrot, svo og mála til að koma fram refsikenndum viðurlögum þótt ekki sé krafist refsingar. Í 2. gr. eru auk þess taldir upp nokkrir málaflokkar sem rétt þykir að fari eftir reglum laganna eftir því sem við á þótt ekki sé um eiginleg opinber mál að ræða.

Í II. kafla frv. er fjallað um dómendur í héraði. Er efni hans í samræmi við ákvæði laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

III. kaflinn fjallar um þinghöld, birtingar og fleira. Engar verulegar breytingar eru gerðar á umræddum atriðum frá gildandi lögum. Nefna má þó að hér er gert ráð fyrir að dómstólar nýti sér tækni, tölvur o.fl. Gert er ráð fyrir að skráning mála verði færð í tölvum sem auðveldar að fá ýmsar tölfræðilegar upplýsingar, svo og eykur það möguleika á betra eftirliti. Einnig er gert ráð fyrir að nota tölvu að einhverju leyti í stað þingbóka er leiða ætti til hagræðis.

IV. kaflinn fjallar um varnarþing. Hér er fjallað um það hvar opinber mál skuli höfða. Höfða má mál þar sem brot er framið, á brotavarnarþingi. Ef hentugra þykir er þó heimilt að höfða mál á varnarþingi þar sem brotamaður er búsettur eða þar sem hann dvelur, heimilis- og dvalarvarnarþingi.

Í V. kafla frv. er fjallað um ákæruvaldið. Hér er um nokkrar veigamiklar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Skv. lögum um meðferð opinberra mála fer ríkissaksóknari fyrst og fremst með ákæruvaldið. Hann gefur út ákærur. Það sérkenni hefur verið á skipan ákæruvalds hér á landi að saksóknarar hafa eigi haft afskipti af rekstri opinberra mála í héraði nema í viðameiri málum. Hefur héraðsdómari, sakadómari, átt að gæta hagsmuna ákæruvaldsins, m.a. með því að taka ákvörðun um hvaða gögn skuli færð fram o.s.frv. Þessi skipan hefur og tengst því að saksóknarar hafa aðeins setið í Reykjavík og þykir ekki við komið nema í hinum stærstu málum að þing sé sótt af hálfu ákæruvalds.

Í þeim réttarfarsbreytingum, sem í lögum nr. 92/1989 felast, er m.a. stefnt að því að dómarar fari alls ekki með ákæruvald og að ákærandi fylgi ákæru sinni eftir við meðferð málsins. Sú breyting er lögð til að lögreglustjórum sé falið ákæruvald, hverjum í sínu umdæmi. Málshöfðunarvald þeirra er takmarkað við mál er rísa af brotum gegn umferðarlögum og áfengislögum, svo og brotum gegn öðrum lögum, nema almennum hegningarlögum, þar sem eigi er lögð þyngri refsing við broti en sektir eða varðhald. Af þeim málum sem hér koma til greina skipta umferðarlagabrotin mestu máli, þar á meðal ölvunarakstur, en slík mál eru mjög verulegur hluti þeirra opinberu mála sem koma til kasta dómstóla. Mál þau sem lögreglustjórar höfða eiga þeir sjálfir að flytja í héraði. Ríkissaksóknari getur einnig falið þeim flutning annarra mála í héraði. Heimildar þessarar mundi sjálfsagt einkum verða neytt í umdæmum sem liggja fjarri Reykjavík. Um framkvæmd ákæruvalds getur ríkissaksóknari sett reglur en einnig gefið fyrirmæli um einstök mál eða tekið mál sjálfur í sínar hendur.

Ríkissaksóknari er eftir sem áður æðsti handhafi ákæruvalds, en honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, saksóknarar og fulltrúar á sama hátt og nú tíðkast. Dómsmrh. hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál en hann getur ekki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um einstök mál.

Það nýmæli er sett í 2. mgr. 26. gr. að þyki ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu máls fjarstæð eða löglaus getur ráðherra lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin verði felld úr gildi og mál höfðað. Þessi heimild nær hins vegar ekki til þess að fella úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara um að mál skuli höfðað.

Í VI. kafla er fjallað um sakborning og verjanda. Í kafla þessum er leitast við að safna í einn stað almennum reglum um sakborning og réttarstöðu hans, þar á meðal rétt hans til málsvara. Að ýmsu leyti er hér um ítarlegri reglur að ræða en eru skv. gildandi lögum, einkum er varðar réttarstöðu sakbornings. Um málsvara sakbornings eru reglur í 34.–44. gr. Er hér greint á milli verjanda, sem dómari skipar, réttargæslumanns handtekins manns, sem rannsóknari tilnefnir, og talsmanns, sem sakborningur ræður á eigin kostnað.

Í 41. gr. frv. segir svo um hlutverk verjanda að það sé að færa fram í máli hvað það sem verða megi sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

VII. kaflinn fjallar um sönnun og er hann í samræmi við XIII. kafla núgildandi laga. Koma hér fram grundvallarreglurnar um að sönnunarbyrðin hvílir á ákæruvaldinu og um frjálst mat sönnunargagna.

VIII. kaflinn fjallar um vitni, mat og skoðun. Kafli þessi svarar til XII. kafla gildandi laga. Nefna má að sú breyting er lögð til að eið- og heitfestingar skuli ekki fara fram nema í undantekningartilvikum.

Í IX. kafla er að finna almennar reglur um rannsókn máls. Með rannsókn er hér átt við þær aðgerðir sem miða að því að gera ákæranda fært að ákveða hvort mál skuli höfðað og að því að afla nauðsynlegra gagna til þess að undirbúa málsmeðferð fyrir dómi. Gert er

ráð fyrir að rannsókn verði að öllu leyti í höndum lögreglu og ákæruvalds, en dómsrannsóknir skv. gildandi lögum verði lagðar niður. Þótt rannsókn að þessu leyti verði ekki í höndum dómara framvegis er þó nauðsynlegt að atbeini dómara komi til í vissum tilvikum. Koma hér fyrst og fremst til greina ummæli um að tilteknar aðgerðir megi ekki fara fram nema skv. dómsúrskurði, t.d. leit og gæsluvarðhald. Í undantekningartilvikum geta yfirheyrslur fyrir dómi á rannsóknarstigi verið nauðsynlegar eða heppilegar, sbr. 74. gr.

Leitast er við að setja nokkru skýrari ákvæði um rannsókn á geðhögum sakbornings. Er gert ráð fyrir að gagnger geðheilbrigðisrannsókn verði því aðeins látin fara fram að sérstakur grunur leiki á því að sakborningur sé ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga, eða að svo standi á sem 16. gr. sömu laga segir. Geðheilbrigðisrannsóknir hafa hingað til verið tíðkaðar í miklu fleiri tilvikum og verður að telja æskilegt að dregið verði úr þeim. Gert er ráð fyrir að þegar ástæða er til fari fram einföld athugun læknis eða sálfræðings á sakborningi og ætti þá í flestum tilfellum að vera hægt að gera sér ljóst hvort þörf er á eiginlegri geðrannsókn.

X. kaflinn fjallar um hald á munum o.fl. Ekki verða raktar hér í einstökum atriðum breytingar sem felast í ákvæðum þessa kafla. Aðeins skal þó bent á ákvæði 36. gr. um hlustun síma og aðrar skyldar ráðstafanir. Umrædd ákvæði eru að verulegu leyti sniðin eftir 71. kafla dönsku réttarfarslaganna.

XI. kaflinn fjallar um leit. Kafli þessi kemur í stað VII. kafla núgildandi laga, en ekki er um verulegar efnisbreytingar frá ákvæðum þess kafla að ræða.

XII. kafli fjallar um handtöku. Reglur núgildandi laga eru miðaðar við það að dómarar fari með rannsókn mála. Í frv. eru því gerðar ýmsar breytingar á reglum um handtöku í samræmi við það að dómarar eiga ekki að stýra rannsókn, heldur lögregla og ákæruvald.

XIII. kafli fjallar um gæsluvarðhald. Reglur um þetta efni eru að verulegu leyti í samræmi við VIII. kafla gildandi laga um meðferð opinberra mála. Að ýmsu leyti er þó hér um skýrari reglur að ræða. Reglur 108. gr. frv. um framkvæmd gæsluvarðhalds koma í stað 70. gr. núgildandi laga og eru töluvert breyttar. Ekki er gert ráð fyrir að gæslufangar hafi verið í einrúmi nema þegar rannsóknarnauðsynjar krefjast þess. Þá eru reglur skýrari um rétt til þess að fá heimsóknir, til þess að taka við bréfum og skjölum og hafa aðgang að fjölmiðlum. Einungis má takmarka þessi réttindi ef nauðsyn er vegna rannsóknarinnar og er það sá sem rannsókn stýrir sem slíkar takmarkanir setur, en ekki dómari eins og gert er ráð fyrir í 70. gr. núgildandi laga, enda stýra dómarar ekki lengur rannsóknum.

109. gr. kemur í stað 71. gr. núgildandi laga um tryggingu í stað gæsluvarðhalds. 110. gr. mælir fyrir um ferðabann sem dómari getur lagt á sakborning, sbr. upphafsákvæði 72. gr. núgildandi laga, enn fremur um vistun sakbornings á sjúkrahúsi eða annarri viðeigandi stofnun ef heilsu eða högum sakbornings er svo háttað að gæsluvarðhaldi verður ekki við komið.

Í XIV. kafla ræðir um saksókn og undirbúning málsmeðferðar þegar mál er höfðað með ákæru, en einnig um það hvenær máli verði lokið án málshöfðunar. Rýmkaðar eru heimildir lögreglustjóra til þess að ljúka máli með sektarákvörðun. Nær heimild lögreglustjóra til sektarákvörðunar, fallist sakborningur á það, vegna brots er lögreglustjóri fer með ákæruvaldið í og ef viðurlög við broti fara ekki fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna, eða sekt af tiltekinni fjárhæð sem dómsmrh. ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Þessi rýmkun ætti að geta orðið til þess að álag á dómstóla léttist töluvert.

Í 3. mgr. 115. gr. frv. er það nýmæli að lögreglustjóri getur valið um það ef sakborningur greiðir ekki sekt, sem hann hefur undirgengist skriflega, að ákveða saksókn fyrir dómi (gefa út ákæru og leggja fyrir viðeigandi dómara) eða þá að krefjast fullnustu sektarinnar með aðför.

Í 116. gr. er mælt fyrir um hina eiginlegu saksókn, þ.e. þegar ákæruvald leggur mál fyrir dóm til úrlausnar. Um form ákæru eru svipaðar reglur og ákvæði í 115. gr. í gildandi lögum.

Í 120. gr. er það nýmæli að dómari ákveði fyrirtöku máls, sem fyrir hann hefur verið lagt, með útgáfu fyrirkalls. Fyrirkallið er yfirlýsing dómara um að málið verði tekið fyrir á tilteknum stað og tíma. Það kemur í stað áritunar þeirrar ákæru sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 115. gr. núgildandi laga. Ef gallar eru á málatilbúnaði má dómari synja um útgáfu fyrirkalls skv. 3. mgr. 119. gr. Getur ákærandi þá bætt úr þeim ágöllum sem dómari telur vera á undirbúningi máls eða krafist úrskurðar dómara um synjunina, en synjunarúrskurð gæti hann kært til æðra dóms skv. 142. gr. Dómari gefur út fyrirkall en lögreglustjóri sér um birtingu þess, sbr. 2. mgr. 120. gr. Gert er ráð fyrir að sakborningur beri fram ósk um verjanda við birtingu fyrirkalls ef því er að skipta. Þetta getur leitt til hagræðingar og flýtisauka. Dómari skipar verjanda, sbr. 121. gr.

Í XV. kafla er að finna reglur um meðferð mála í héraði og er um veruleg nýmæli að ræða. Í 122. gr. frv. segir um upphaf málsmeðferðar. Í fyrsta þinghaldi er mál þingfest með framlagningu ákæru og annarra gagna. Mál má eigi taka fyrir nema fyrirkall hafi verið birt ákærða en undantekning er þó gerð ef hann sækir þing. Skylt er að þing sé sótt af hálfu ákæruvaldsins sbr. 123. gr. Ef það er ekki gert mundi þingfesting að vísu fara fram en málinu yrði ekki lokið, heldur yrði að fresta því.

Í þessu fyrsta þinghaldi ber fyrst að athuga hvort fram kemur krafa um frávísun máls. Dómari getur einnig vísað máli frá af sjálfsdáðum. Ef til frávísunar kemur ber að ákveða hana með úrskurði en ekki dómi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Þá verður með þingfestingu gengið úr skugga um það hvort máli megi ljúka þá þegar skv. 124.–126. gr., en þær greinar geyma ákvæði um sérstaklega hraða meðferð. Ef ákærði sækir þing og játar brot ótvírætt, og brot varðar að mati dómara ekki þyngri refsingu en sekt, má gefa sakborningi kost á að ljúka máli með því að hann

skuldbindi sig skriflega til greiðslu sektar og ákveður dómari þá að ljúka máli með þeim hætti, sbr. 124. gr. frv. Úr kröfu um sviptingu ökuleyfis og um upptöku má leysa með sama hætti. Ákærandi getur þó synjað um slíka afgreiðslu og krafist þess að dómur gangi. Þessi ákvörðun dómara um viðurlög svarar til dómsáttar samkvæmt gildandi lögum. Er þetta fljótvirk leið til þess að fá niðurstöðu í minni háttar málum.

Ef ákærði sækir þing og játar brot skýlaust og hvorki dómari né aðilar telja þörf á sönnunarfærslu má dómari þegar leggja dóm á málið, enda liggi ekki í lögum þyngri refsing við broti en átta ára fangelsi, sbr. 125. gr. frv. Í þeim tilfellum er gert ráð fyrir að dómar verði mjög stuttir.

Í 126. gr. frv. er heimilað að dæma tiltekin mál að sakborningi fjarstöddum. Hér er í verulegum atriðum um nýmæli að ræða, sem miðar að greiðari afgreiðslu einfaldari mála. Þessi heimild nær í fyrsta lagi til mála þar sem einungis kemur til greina að dæma mann í sekt, upptöku eigna eða réttindasviptingu og í öðru lagi mála þar sem ákærði hefur áður komið fyrir dóm, þ.e. á meðan rannsókn máls stóð, og játað brot sitt þar skýlaust, enda verði ekki dæmd þyngri refsing en sex mánaða fangelsi.

Í málum þeim sem lokið verður skv. 124.–126. gr. er yfirleitt eigi skipaður verjandi nema ákærði óski þess. Hafi ákærði ekki verjanda né sjálfvalinn talsmann fer enginn lokamálflutningur fram, ella á að gefa ákæranda og verjanda kost á því að tjá sig stuttlega um lagaatriði og viðurlög áður en mál er tekið til dóms. Ef refsihámark brots sem ákært er fyrir er hærra en átta ára fangelsi, svo og ef ákærði neitar sök að einhverju leyti eða öllu, fer fram aðalflutningur máls. Aðalflutning máls mundi dómari einnig endranær geta ákveðið, t.d. ef hann dregur í efa að játning ákærða sé sannleikanum samkvæm eða telur að sönnunarfærsla og málflutningur sé æskilegur.

Um aðalmeðferð máls eru fyrirmæli í 128.–130. gr. frv. Sé við útgáfu ákæru ljóst að um aðalmeðferð máls verði að ræða ber ákæranda að láta ákæru fylgja skrá yfir gögn sem fram verði færð af hálfu ákæruvaldsins. Við aðalmeðferð er ákærða skipaður verjandi, hvort sem hann óskar þess eða ekki, nema hann hafi sjálfur valið sér talsmann eða honum verði leyft að flytja mál sitt sjálfur. Ætlast er til að aðalmeðferð fari fram í einni lotu. Reglur um aðalmeðferð eru líkar reglum laga um meðferð einkamála í héraði um aðalmeðferð máls.

Munnlegum málflutningi í lok aðalmeðferðar á að haga á sama hátt og nú, sbr. 2. mgr. 135. gr. núgildandi laga. Heimild til þess að flytja mál skriflega ef sérstaklega stendur á er á sama veg og nú er skv. gildandi lögum.

XVI. kafli fjallar um dómsúrlausnir héraðsdómara og kemur í stað XX. kafla gildandi laga. Í 134. gr. er fjallað um ákvörðun dómara og úrskurð. Úrskurður er studdur forsendum en ekki ákvarðanir. Í 135. gr. er fjallað um dóma í minni háttar málum. Þar sem játning liggur fyrir eða mál er dæmt að ákærða fjarstöddum er ætlast til að dómar séu mjög stuttir.

XVII. kafli fjallar um ákæru til æðra dóms. Reglum gildandi laga er lítið eitt breytt.

XVIII. kaflinn fjallar um áfrýjun. Nokkur nýmæli mætti þar nefna. Í fyrsta lagi er í 147. gr. gert ráð fyrir að máli verði áfrýjað með tvennu móti. Í fyrsta lagi má áfrýja máli í heild sinni um: a. sakarmat, þ.e. um úrlausn á því hvort ákærði hafi gerst sekur um það athæfi sem honum er gefið að sök, b. færslu brota til refsiákvæða og um önnur lagaatriði, c. ákvörðun viðurlaga.

En einnig má áfrýja máli einungis um þau atriði sem í b og c greinir, þ.e. um lagaatriði og viðurlög.

Þegar um þessa takmörkuðu áfrýjun eina er að ræða er að því stefnt að málsmeðferð fyrir Hæstarétti geti orðið mun umfangsminni og fljótvirkari en ef máli er áfrýjað í heild sinni.

Hvor aðila getur áfrýjað máli. Er hér raunar um orðalagsmun að ræða frá því sem nú er, en nú áfrýjar ákæruvaldið máli í öllum tilvikum, ýmist af sjálfsdáðum eða eftir kröfu ákærða. Eftir sem áður telst ákæruvaldið sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti og gefur út áfrýjunarstefnu, samkvæmt 155. og 156. gr. frv.

Í 153. gr. er áfrýjunarfrestur ákveðinn fjórar vikur í stað tveggja vikna.

XIX. kafli fjallar um sakarkostnað. Felld eru niður ákvæði um ferðakostnað dómara, þóknun fyrir skjalaþýðingar og dómtúlkun og að gæsluvarðhalds- og flutningskostnaður ákærða teljist til sakarkostnaðar.

Í XX. kafla er fjallað um kröfur borgararéttarlegs eðlis. Þessi kafli er að verulegu leyti í samræmi við gildandi lög.

XXI. kafli fjallar um bætur til handa sakborningi og XXII. kafli fjallar um endurupptöku. Athygli er vakin á 2. mgr. 185. gr. um að ríkissaksóknari geti óskað endurupptöku til hagsbóta fyrir dómfellda. Einnig má benda á ákvæði 2. og 3. mgr. 126. gr. en þar er um sérstaka endurupptökuheimild að ræða þegar mál hefur verið dæmt að sakborningi fjarstöddum.

XXIII. kafli fjallar að lokum um gildistöku og brottfallin lög. Gert er ráð fyrir að gildistaka frv. verði 1. júlí 1992 þegar aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdarvalds gengur í gildi.

Ég hef nú vikið að meginbreytingum er í frv. felast. Í stuttu máli felast þær í því að tryggja sem best réttaröryggi. Jafnframt lúta breytingarnar að auknu hagræði, m.a. með því að gera meðferð minni háttar mála einfaldari. Eðlilegt er að spurt sé hvort breytingarnar auki útgjöld ríkissjóðs. Í stuttu máli skal gerð grein fyrir því.

Málsmeðferð verður dýrari að því leyti að gert er ráð fyrir að ákæruvaldið mæti nær ætíð fyrir dóm í refsimálum. Þetta þýðir þörf fyrir aukinn mannafla, einkum hjá ríkissaksóknara. Ef ríkissaksóknari nýtti sér heimild til þess að fela lögreglustjórum að fara með mál utan Reykjavíkur yrði viðbótarkostnaður minni.

Nokkur atriði í frv. leiða til sparnaðar sem er einkum þessi:

1. Aukin heimild lögreglustjóra til þess að ljúka máli með sektarákvæðum.

2. Ítarlegri ákvæði um kvaðningu ákærða fyrir dóm

og heimild dómara til þess að ljúka máli þótt ákærði mæti ekki í dómi.

3. Gert er ráð fyrir styttri dómum í einfaldari málum.

4. Ákvæði um svokallaðan aðalflutning máls ætti að auka hagræði.

5. Nýjar kæruheimildir ættu að stuðla að fækkun kærumála.

6. Nýjar reglur um áfrýjun, þ.e. möguleiki á að áfrýja hluta máls, þ.e. varðandi lagaatriði og viðurlög, ættu að leiða til sparnaðar.

Til viðbótar þessum atriðum mætti nefna að í ráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdarvalds sem kemur til framkvæmda 1. júlí 1992. M.a. er stefnt að því að taka tölvur í auknum mæli í notkun í þágu dómstóla sem ætti að leiða til skilvirkari vinnubragða og hagræðingar og jafnframt verksparnaðar.

Það sem hér hefur verið talið upp og horfir til sparnaðar ætti að verulegu leyti að vega upp á móti auknum kostnaði vegna aukinna verkefna ákæruvaldsins.

Ég hef, hæstv. forseti, lokið við að mæla fyrir þessu frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið flutt tvö veigamikil mál, réttara sagt tveir lagabálkar um tvö svið lögfræðinnar. Annars vegar er um að ræða frv. til laga um gjaldþrotaskipti og hins vegar frv. til laga um meðferð opinberra mála.

Bæði þessi frv. eru að mínu viti til bóta þeirri framkvæmd sem verið hefur. Þeir sem hafa unnið við störf á sviði lögfræðinnar hafa oft rekist á vegg þegar þessa tvo málaflokka ber á góma. Hér er að vísu verið að ræða um meðferð opinberra mála en ég tel rétt að fara nokkrum orðum líka um gjaldþrotaskipti, frv. það sem lagt var fram hér áðan og rætt var um. En það frv. boðar mikla stefnubreytingu frá því sem verið hefur og þá sérstaklega er varðar hvenær menn skuli teljast gjaldþrota. Ég held að sú skipan sem mælt er fyrir um í frv. sé mjög til bóta því menn eru oft að ósekju fyrir litlar kröfur gerðir gjaldþrota og með því stimplaðir til æviloka sem ógreiðslufærir og óalandi og óferjandi. Einnig tel ég til mikilla bóta að gera alla meðferð miklu skilvirkari eins og lýst er í grg. frv. og ljúka málum með betri hætti en verið hefur.

Það er mjög athyglisvert sem kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh. að í 80–85% af öllum málum sem eru úrskurðuð finnast engar eignir í búum, og nánast til þess eins gert hjá Gjaldheimtunni að fá mann úrskurðaðan að Gjaldheimtan geti afskrifað kröfur. Það er því miður raunin að meginhlutinn af gjaldþrotaúrskurðum, uppkveðnum í Reykjavík, er að kröfu Gjaldheimtunnar til þess eins að Gjaldheimtan geti afskrifað þessar kröfur sínar.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum um frv. til laga um gjaldþrotaskipti, en lýsi þeirri skoðun minni að ég tel það mjög til bóta og vonast eftir að þetta frv., þegar það kemur til meðferðar í hv. allshn., hljóti þar góða umfjöllun og verði afgreitt á þessu þingi.

Frv. til laga um meðferð opinberra mála, sem er með réttu móti hér til umræðu, tel ég einnig til mikilla bóta. Þar er fjallað um mörg atriði sem hafa valdið efasemdum og ruglingi hvort standist þá skipan sem við viljum hafa hér á landi. Þá á ég sérstaklega við það hvort sú skipan ætti að vera að í minni háttar málum sé það dómari sem er í hlutverki ákæruvaldsins. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að í hverju máli, hvort sem málið er lítið eða stórt, þá fylgi ákærandi eða ákæruvaldið málunum eftir.

Ég hef gagnrýnt það kerfi sem er nú, að dómurum skuli falið þetta vald. Dómararnir eiga að vera hinn hlutlausi aðili og eiga ekki að skipta sér af málum af þessu tagi að öðru leyti en að kveða upp dóminn.

Það eru einnig fleiri atriði í þessu frv. sem ég mundi vilja fjalla hér um en tel samt ekki ástæðu til á þessu stigi að fara yfir. Ég mun frekar koma þeim athugasemdum að í meðferð málsins fyrir allshn. En ég vil lýsa yfir stuðningi við bæði þessi frv. enda vel samin. Réttarfarsnefnd hefur lagt mikið starf af mörkum við að koma þessu í mjög aðgengilegt og gott form. Sérstaklega hefur Markús Sigurbjörnsson unnið mjög gott starf við samningu þessa frv. en ég veit að hann lagði a.m.k. grunninn að frv. til laga um gjaldþrotaskipti. Það má benda á það hér að í öðrum löndum þar sem svona lagabálkar eru smíðaðir tekur það mörg mannár að smíða frv. af þessu tagi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, 1. umr.

Stjfrv., 117. mál (breytingar á stofnskrá). — Þskj. 121.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Frv. þetta er á þskj. 121.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, The International Monetary Fund, var stofnaður skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldar og var Ísland meðal stofnaðilanna. Nú eru 154 aðildarríki að sjóðnum, Mongólía og Sviss hafa nýlega sótt um aðild að honum og þess er vænst að Sovétríkin bætist í hópinn innan tíðar. Þá má heita að í sjóðnum séu flest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna.

Starfsemi sjóðsins hefur tekið ýmsum breytingum frá stofnun hans. Í fyrstu beindust kraftarnir að því að útrýma hömlum á gjaldeyrisviðskiptum milli þjóða og greiðslum fyrir innflutning. Góður árangur á því sviði ásamt farsælu samstarfi fjölmargra þjóða um tollalækkun og afnám ýmissa viðskiptahafta og samstarf

iðnríkjanna í efnahags- og framfarastofnuninni OECD hefur án alls efa örvað milliríkjaviðskipti og átt sinn þátt í örum efnahagsframförum á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld.

Þessi þróun hefur ekki síst komið fámennum þjóðum eins og Íslendingum til góða sem byggja sína velferð að miklu leyti á utanríkisviðskiptum. Þegar fastgengisfyrirkomulagið leið undir lok árið 1971 varð mikil breyting á starfsemi sjóðsins þar sem hann lék ekki lengur meginhlutverk í ríkjandi gengisfyrirkomulagi og við gengisákvarðanir einstakra ríkja. Önnur veigamikil breyting varð á starfsemi sjóðsins þegar skuldakreppan í fjölmörgum þróunarríkjum, einkum ríkjum rómönsku Ameríku og í nokkrum ríkjum Austur-Evrópu, hófst árið 1982. Þá gegndi sjóðurinn lykilhlutverki í aðgerðum til að létta skuldabyrði þessara ríkja, og hefur síðan gert, og til þess að finna leiðir og örva hagvöxt og auka útflutningstekjur til að standa undir afborgunum og vöxtum af erlendum lánum. Oft á tíðum hafa frumkvæði og þátttaka sjóðsins með aðgerðum til hjálpar skuldugum þjóðum verið forsenda þess að aðrar fjölþjóðlegar fjármálastofnanir, einstök ríki og einkaaðilar hafa verið reiðubúin að leggja hönd á plóg við lausn slíkra viðfangsefna.

Það er tilefni þessa frv. að sjóðráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykkti hinn 28. júní á þessu ári að breyta stofnskrá sjóðsins og er það í þriðja sinn frá því sjóðurinn var stofnaður. Breyting þessi tekur gildi þegar $^{3}/_{5}$ hlutar aðildarríkjanna, sem til samans ráða 86% af heildaratkvæðamagni í sjóðnum, hafa samþykkt hana. Það er gert ráð fyrir því og að því stefnt að þetta verði eigi síðar en í ársbyrjun 1992. Breytingin á stofnskránni er birt í heild sem fskj. með þessu frv. og vísa ég til þess skjals um orðalag á einstökum greinum.

Ég vil þó hér fara örfáum orðum um meginefni tillögunnar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, líkt og Alþjóðabankinn, getur gripið til þeirra ráða að svipta aðildarríki, sem brýtur gegn ákvæðum stofnskrárinnar, réttinum til að nota fjármagn sjóðsins. Bæti aðildarríkið ekki ráð sitt er heimilt að vísa því úr sjóðnum. Ólíkt Alþjóðabankanum getur sjóðurinn hins vegar ekki gengið skrefið skemur en þetta og svipt aðildarríki tímabundið atkvæðisrétti, brjóti það gegn stofnskránni. Breyting sú á stofnskránni sem hér er til umræðu felur einmitt í sér heimild af þessu tagi. Meginástæða þess að talin er þörf fyrir slíka breytingu er sú að nokkur aðildarríkjanna hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum og ekki endurgreitt lán sem þau hafa fengið úr honum. Þessar vanskilaskuldir fara vaxandi og nokkur af þessum skuldugu ríkjum hafa hafnað því að eiga samstarf við sjóðinn til að leita leiða til að geta staðið í skilum. Vanskilaskuldir við sjóðinn veikja fjárhagsstöðu hans, hækka vexti á lánum til annarra aðildarríkja og gera honum erfiðara um vik að standa við skuldbindingar gagnvart öðrum aðildarríkjum. Tilefni breytinganna er sem sagt að gefa færi á millistigi við það að gera ekkert eða reka ríkið úr sjóðnum.

Ég vil að síðustu geta þess að fyrir þinginu liggur annað frv. til laga um málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er frv. til laga um heimild til ríkisstjórnarinnar að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá sjóðnum og mun ég mæla fyrir því máli hér á eftir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- viðskn. með 12 shlj. atkv.

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 1. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 122.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Frv. þetta er á þskj. 122. Í frv. er óskað eftir heimild til að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 59,6 millj. sérstakra dráttarréttinda, sem er jafnvirði 4.688 millj. kr. miðað við gengi 1. okt. sl., í 85,3 millj. SDR, sem er að jafnvirði 6.709 millj. kr. Jafnframt er Seðlabanka Íslands falið að leggja fram það fé sem nauðsynlegt er til þess að hækka kvótann.

Starfsfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins byggist fyrst og fremst á framlögum, kvótum, aðildarríkja hans sem ákveðin eru með hliðsjón af þjóðartekjum viðkomandi ríkis, umfangi utanríkisviðskipta og örfáum öðrum efnahagsþáttum. Heildarkvótar sjóðsins hafa verið auknir átta sinnum með almennum kvótahækkunum, úr innan við 10 milljörðum SDR á fyrstu árum sjóðsins í núverandi stærð hans sem er 90,1 milljarður SDR.

Með þeirri kvótahækkun sem hér er til umræðu og nú hefur verið ákveðin, níundu kvótahækkuninni, er ætlunin að auka kvótana í 135,2 milljarða SDR. Þessi hækkun tekur mið af aukinni efnahagsstarfsemi og alþjóðaviðskiptum í heiminum frá því áttunda almenna kvótahækkunin var gerð árið 1983 og af fjárhagsstöðu sjóðsins, áætlunum um starfsemi hans og nauðsyn þess að auka ráðstöfunarfé hans á komandi árum.

Þessi hækkun á ráðstöfunarfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur á einkar heppilegum tíma því nú er ljóst að olíuverðhækkun í kjölfar atburðanna við Persaflóa kemur harkalega niður á olíuinnflutningsríkjum, einkum fátækustu ríkjunum í Afríku og ríkjum Austur-Evrópu, og eykur þörf þessara ríkja fyrir lán frá sjóðnum til að mæta greiðsluerfiðleikum gagnvart útlöndum.

Þá er þess að geta að atkvæðavægi aðildarríkja í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fer fyrst og fremst eftir kvóta þeirra. Þar hafa Bandaríkin stærstan kvóta, 20,08% af heildinni, þar á eftir koma Bretar með 6,94%, Vestur-Þýskaland með 6,06%, Frakkland með

5,02%, Japan með 4,73% og svo Saudi-Arabía með 3,59%. Eftir níundu kvótahækkunina og sérstakt samkomulag sem gert var í tengslum við hana um breytingar á stærðarhlutföllum og atkvæðavægi fimm stærstu ríkjanna mun hlutur Bandaríkjanna af heildinni verða 19,6%, Japans 6,1%, Vestur-Þýskalands 6,1%, Bretlands 5,5%, Frakklands 5,5% og Saudi-Arabíu 3,8%. Öll þau ríki sem ég hef nefnt með nafni eiga einn fulltrúa hvert af samtals 22 í framkvæmdastjórn sjóðsins. Norðurlöndin ráða nú til samans um 3,48% af heildarkvótanum í sjóðnum. Sú tala yrði lítillega hærri eftir þessa níundu kvótahækkun eða 3,5%. Þar af er hlutur Íslands 0,07% eða 0,06% eftir níundu kvótahækkunina. Norðurlöndin hafa í krafti þessa atkvæðastyrks sameiginlega einn fulltrúa í stjórn sjóðsins og skiptast á um að skipa hann.

Eins og ég hef þegar nefnt mun kvóti Íslands hækka úr 59,6 millj. SDR eða jafnvirði 4.688 millj. kr. í 85,3 millj. SDR eða jafnvirði 6.709 millj. kr. miðað við gengið í októberbyrjun ef þetta frv. verður að lögum. Samkvæmt 23. gr. laga nr. 36 1986, um Seðlabanka Íslands, er hann fyrir hönd íslenska ríkisins fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og mun því leggja fram það fé sem þarf vegna þátttöku Íslands í þessari kvótahækkun.

Í samræmi við ákvæði í stofnskrá sjóðsins verður fjórðungur hækkunarinnar greiddur í sérstökum dráttarréttindum, SDR, þ.e. fjárhæð sem er nálægt 500 millj. kr., en $^3/_4$ hlutar hækkunarinnar í íslenskum kr. Í raun verður hér ekki um eiginlegar peningagreiðslur að ræða frá Íslandi til annarra landa því sá hluti kvótahækkunarinnar sem greiddur er í sérstökum dráttarréttindum er tekinn af gjaldeyrisforða Seðlabankans og fluttur til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í bókhaldi hans þar sem þessi greiðsla myndar sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá sjóðnum og telst því áfram hluti af gjaldeyrisforða Seðlabankans en er hins vegar til ráðstöfunar ef þörf krefur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hér er því í raun einungis um að ræða breytingu á samsetningu gjaldeyrisforðans. Eins og ég áður nefndi verða $^3/_4$ hlutar kvótahækkunarinnar, tæplega 1.500 millj. kr., ekki af hendi reiddar heldur eignast Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn innstæðu sem nemur þessari fjárhæð í íslenskum krónum hjá Seðlabankanum.

Ávinningur Íslands af að taka þátt í þessari almennu kvótahækkun er einkum tvíþættur.

Í fyrsta lagi geta aðildarríki sjóðsins tekið lán með hagstæðum kjörum hjá honum úr ýmsum lánaflokkum og miðast lánsfjárhæðir við tiltekið margfeldi af kvóta viðkomandi ríkis sem er breytilegt frá einum lánaflokki til annars. Lánveitingar úr sjóðnum eru eingöngu til þess hugsaðar að mæta greiðslujafnaðarerfiðleikum. Íslendingar hafa nokkrum sinnum tekið lán hjá sjóðnum vegna sveiflna í gjaldeyristekjum. Í fyrsta sinn árið 1960 í tengslum við efnahagsaðgerðir sem þá var gripið til. Næst var svo tekið lán hjá sjóðnum þegar síldin hvarf skyndilega af miðunum 1967–1968 og þegar olíuverðhækkanir dundu yfir á áttunda áratugnum miðjum og loks þegar loðnubrestur varð árið 1982. Öll hafa þessi lán nú verið að fullu endurgreidd og er Ísland skuldlaust við sjóðinn.

Í öðru lagi er þátttaka í kvótahækkun nauðsynleg til þess að Ísland haldi sínum hlut í atkvæðavægi í stjórn sjóðsins og þar með í því samstarfi sem við höfum átt við Norðurlönd á þessu sviði og hefur orðið okkur mikils virði og styrkur á marga lund.

Í þriðja lagi má svo segja að með þessu séum við að leggja nokkurn skerf til þess að mæta greiðsluerfiðleikum ríkja þriðja heimsins.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um þetta frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (Hafrannsóknastofnunin). — Þskj. 130.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Frv. þetta er í eðli sínu mjög einfalt. Það gengur út á það að heimila Hafrannsóknastofnun, að fengnu samþykki stjórnar þeirrar stofnunar og sjútvrh., að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

Hér er um að ræða frv. sem er sambærilegt við löggjöf sem hefur verið samþykkt að því er varðar Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Það eru að sjálfsögðu mörg verkefni sem Hafrannsóknastofnun getur tekið þátt í með þessum hætti. Stofnunin hefur í vaxandi mæli aukið samstarf sitt við atvinnulífið um ýmsar rannsóknir, svo sem á fiskstofnum og í mörgum öðrum tilvikum.

Nýlega skiladi sérstök nefnd skýrslu um það með hvaða hætti væri rétt að standa að rannsóknum varðandi eldi sjávarfiska sem er alllangt komið hér á landi þó ljóst sé að við verðum að gera þar verulegt átak ef við eigum ekki að dragast aftur úr öðrum þjóðum. Þessar rannsóknir ganga fyrst og fremst út á það að kanna með betri hætti en hingað til hefur verið gert hvort fyrir því sé grundvöllur að stofna til lúðueldis, þorskeldis, steinbíts- eða hlýraeldis. Hér er um kaldsjávarfiska að ræða sem hafa góð skilyrði hér við land. Þau ánægjulegu tíðindi hafa gerst að Íslendingum hefur tekist að klekja út lúðu. Og þótt þær séu aðeins tvær þá var það sá sami árangur sem Norðmenn náðu 1985, en á síðasta ári tókst þeim að klekja út 50 þús. seiðum.

Það er einnig ljóst af þeim rannsóknum sem þeg-

ar hafa farið fram að mögulegt er að sleppa þorskseiðum og hefur komið í ljós að sá fiskur sem sleppt er veiðist að mestu leyti innan fjögurra km radíusar frá þeim stað sem sleppingin átti sér stað. Benda rannsóknir jafnframt til þess að ef tekst að ala þorskseiði á ódýrari hátt en nú er, en það er því miður allt of dýrt enn, þá muni slíkt eldi geta staðið undir sér í framtíðinni. Þetta er ekki síst áhugavert vegna þess að talið er að þorskstofnar séu margir hér á landi og þeir séu staðbundnir í hinum ýmsu fjörðum. Því er ekki ólíklegt að það megi ala þessa sérstöku stofna á þeim svæðum þaðan sem þeir koma og þannig bæta atvinnu og afkomu sjávarútvegs í framtíðinni.

Þetta verður að hafa í huga með tilliti til þess að talið er að neysla á eldisfiski muni aukast í heiminum á næstu 20 árum úr 10 millj. tonna í jafnvel 30 millj. tonn. Þjóðir eins og Norðmenn hafa sett sér það markmið að auka eldi á fiski upp í 1 millj. tonna eftir 20 ár. Ef þeim tekst það gæti þar verið um að ræða verðmæti upp á 250–350 milljarða íslenskra króna, sem er langt umfram heildargjaldeyristekjur Íslendinga. Og jafnvel þótt ekki mundi rætast nema brot af því er ljóst að hér getur verið um að ræða þýðingarmikla atvinnustarfsemi í framtíðinni ef rétt er staðið að rannsóknum og menn hlúa að þeim strax í upphafi. En að sjálfsögðu eru þetta mál sem taka langan tíma og árangur skilar sér ekki fyrr en að mörgum árum liðnum.

Við ættum að hafa lært það varðandi uppbyggingu ýmissa atvinnugreina í landinu að það er rétt að leggja fjármagn í rannsóknir áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Og ef menn geta ekki lagt fjármagn í rannsóknir sem þessar, sem skapa möguleika inn í framtíðina, þá er líka ljóst að við munum dragast aftur úr í samfélagi þjóðanna. Því með þeim eina hætti að nýta alla möguleika sem eru fyrir hendi getum við tryggt góð lífsskilyrði til frambúðar. Þetta er dæmi um verkefni sem Hafrannsóknastofnun vill vinna að í samvinnu við atvinnugreinina og þetta frv. mun m.a. gera henni það kleift þótt nauðsynlegur fjárstuðningur ríkisins þurfi jafnframt að koma til.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

9. fundur, þriðjudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Brottnám líffæra og krufningar, 1. umr.

Stjfrv., 120. mál. — Þskj. 124.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um brottnám líffæra og krufningar sem flutt er á þskj. 124 og er 120. mál Nd.

Fyrir rétt rúmu ári síðan skipaði ég nefnd sem fékk tvíþætt verkefni, annars vegar að gera tillögur að löggjöf um skilgreiningu dauða og hins vegar að gera tillögur að reglum um brottnám líffæra. Í nefndinni áttu sæti Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri sem var formaður nefndarinnar, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Ásmundsson yfirlæknir, séra Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur, Sigþrúður Ingimundardóttir hjúkrunarfræðingur, Þórður Harðarson prófessor og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum snemma á þessu ári. Eftir vandlega athugun mælti nefndin með því að sett verði lög um ákvörðun dauða og þar staðfest að maður teljist látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Nefndin samdi tvö lagafrumvörp, frv. til laga um ákvörðun dauða og frv. til laga um brottnám líffæra og krufningar sem hér er til umræðu. Bæði frumvörpin voru lögð fram á 112. löggjafarþingi til kynningar en ekki tekin þá til umræðu eða umfjöllunar.

Í gegnum starfsemi norrænu líffæraflutningastofnunarinnar, Scandiatransplant, hafa íslenskir sjúklingar þegið nýru úr nýlátnum einstaklingum allt frá árinu 1971. Í árslok 1989 höfðu samtals 50 nýru verið grædd í 46 sjúklinga. Þrír Íslendingar, tveir karlmenn og ein kona, hafa þegið hjarta eða hjarta og lungu. Ígræðslurnar hafa allar verið gerðar á sjúkrahúsi í Lundúnum. Þrír íslenskir sjúklingar hafa þegið lifur.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að ólíklegt sé að líffæraígræðslur, aðrar en hornhimnuígræðslur sem hér hafa verið framkvæmdar um árabil, verði stundaðar hér á landi í náinni framtíð vegna smæðar þjóðarinnar. Við bestu aðstæður hér á landi verði hins vegar unnt að nema brott líffæri sem send yrðu utan til ígræðslu. Þó að ólíklegt sé að slík líffæri nýttust í íslenska sjúklinga mundi þátttaka Íslendinga í slíku starfi auka líkur íslenskra sjúklinga sem bíða líffæraflutninga. Nefndin taldi hins vegar nauðsynlegt að lögfesta skýr ákvæði um brottnám líffæra til ígræðslu auk þess sem nefndin taldi nauðsynlegt að setja skýrar reglur um hvenær krufning væri heimil.

Frv. það sem hér liggur fyrir skiptist í þrjá kafla, brottnám líffæra, krufningar og almenn ákvæði. Í I. kafla frv. er fjallað um brottnám líffæra. Þó er blóðgjöf og notkun blóðs undanþegið ákvæðum laganna. Gert er ráð fyrir að einstaklingur sé orðinn 18 ára til að geta gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til að nota við læknismeðferð annars einstaklings. Aldrei má þó stofna lífi og heilsu væntanlegs líffæragjafa í hættu. Lækni ber að gefa væntanlegum líffæragjafa upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar. Auk þess skal hann ganga tryggilega úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi hafi skilið upplýsingarnar.

Sé fyrirhugað að nema brott líffæri eða lífrænt efni

úr nýlátnum einstaklingi skal einstaklingurinn fyrir andlátið hafa gefið samþykki sitt til slíkrar aðgerðar. Vottur þarf að geta staðfest munnlegt samþykki. En þó að samþykki liggi ekki fyrir skal brottnám líffæra eða lífræns efnis engu að síður heimilt ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna. Í frv. er sérstaklega tekið fram hverjir skuli teljast nánustu vandamenn í þessu sambandi og er fyrst og fremst átt við maka, sambýlismann eða sambýliskonu. Hafi hinn látni ekki átt maka skal afla samþykkis barna og hafi hann verið barnlaus, þá samþykkis foreldra. Séu foreldrar hins látna ekki á lífi teljast systkini hans nánustu vandamenn. Þannig má ekki nema á brott líffæri eða lífrænt efni úr einstaklingi sem á ekki svo nána vandamenn sem frv. tilgreinir nema hann hafi gefið samþykki sitt áður en hann lést.

Frv. gerir ráð fyrir að andlát skuli staðfest með enn tryggilegri hætti en venja er ef nema á brott líffæri til ígræðslu. Þannig skal andlát staðfest af tveimur læknum, öðrum en þeim sem nema brott líffærin. Frv. setur fram skýrar kröfur um skrá yfir brottnumin líffæri.

Í II. kafla frv. er fjallað um krufningar. Þar er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að krufningu megi ekki gera nema hinn látni hafi samþykkt hana eða vandamenn hans í þeim tilvikum þegar ekki er vitað um vilja hins látna. Jafnframt er lögð sú skylda á lækni sem telur krufningu nauðsynlega að hann kynni vandamönnum tilgang og markmið krufningarinnar. Þá er og gert ráð fyrir því að vandamenn eigi sjálfstæðan rétt til að óska krufningar.

Í III. kafla frv. eru almenn ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að setja reglur um framkvæmd laganna, m.a. um frágang líka að lokinni krufningu. Þykir nauðsynlegt að slíkar reglur eigi sér skýra lagastoð.

Á yfirstandandi kirkjuþingi hefur verið fjallað um dauðann og líffæraflutninga. Fyrir þinginu liggur álitsgerð Rannsóknastofnunar í siðfræði um að skilgreining dauða skuli miðast við algjört heiladrep og að brottnám og ígræðsla líffæra skuli heimiluð að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í álitsgerðinni er því haldið fram að sömu siðferðilegu rökin komi til álita þegar fjallað er um brottnám líffæra úr látnum manni og um brottnám og ígræðslu líffæra þegar lifandi gjafi á í hlut. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að því tilskildu að aðgerðin sé í einhlítu læknisfræðilegu skyni og engin annarleg sjónarmið séu með í för, t.d. verslun með líffæri, þá þjónar hún tvímælalaust góðu og göfugu markmiði, þ.e. að bjarga mannslífi."

Í álitsgerðinni er lögð áhersla á að virða beri yfirlýsta ósk hins látna um að líffæri úr líkama hans verði notað til ígræðslu að því tilskildu að fyrir liggi læknisfræðilegur úrskurður um að líffærið komi að tilætluðum notum. Að sama skapi ber að taka fullt tillit til þess hafi hinn látni lagt bann við að líffæri úr líkama hans verði notað til ígræðslu. Þegar ekki er vitað með vissu um vilja hins látna megi færa rök fyrir því að unnt sé að heimila aðgerðina að uppfylltum tilteknum skilyrðum er lúti að því að ráða í vilja hins látna. Er niðurstaða álitsgerðarinnar sú að með hliðsjón af læknisfræðilegum þáttum og að uppfylltum siðferðilegum skilyrðum sé brottnám líffæra til ígræðslu réttmætt.

Herra forseti. Ég hef hér rakið efni frv. til laga um brottnám líffæra og krufningar. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. til meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ákvörðun dauða, 1. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 125.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ákvörðun dauða sem er flutt á þskj. 125 og er 121. mál Nd., nátengt máli því sem ég hef nú rétt lokið við að mæla fyrir.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um skilgreiningu dauða í nágrannalöndunum. Ástæða þess er m.a. sú að með aukinni tækni í læknisfræði, ekki síst með tilkomu öndunarvéla, er unnt að halda við öndun og hjartslætti sjúklings þó að heilastarfsemi sé sannanlega og endanlega hætt. Þetta hefur kallað á víðtækari skilgreiningu á dauða en hina hefðbundnu sem gerir ráð fyrir að maður sé látinn þegar hjarta hans hættir að slá og öndun hans hættir. Fjölmörg lönd, bæði austan hafs og vestan, hafa af þessum sökum skilgreint dauðahugtakið að nýju á þann veg að maður teljist látinn ef heilastarfsemi hans er hætt og fullljóst að heilastarfsemi getur ekki hafist á ný. Danir og Íslendingar eru einu þjóðirnar í Vestur-Evrópu sem ekki hafa endurskoðað dauðahugtakið. Fyrr á þessu ári var lagt fram á danska þinginu frv. sem gerir ráð fyrir sambærilegri breytingu á skilgreiningu dauða og hér er gert ráð fyrir.

Fyrir rétt rúmu ári síðan skipaði ég nefnd sem fékk það verkefni að gera tillögur að löggjöf um skilgreiningu dauða eins og reyndar kom fram í framsögu fyrir frv. hér á undan. Í þeirri nefnd áttu sæti Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri sem var formaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Ásmundsson yfirlæknir, séra Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur, Sigþrúður Ingimundardóttir hjúkrunarfræðingur, Þórður Harðarson prófessor og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur sem var ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum snemma á þessu ári. Eftir vandlega athugun mælti nefndin með því að sett verði lög um ákvörðun dauða og það staðfest að maður teljist látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Nefndin samdi tvö frumvörp til laga, um ákvörðun dauða sem hér er til umræðu og frv. það sem áðan var mælt fyrir. Bæði frumvörpin voru lögð fram á 112. löggjafarþinginu til kynningar en ekki rædd þá. Með því móti töldum við

sem að frumvörpunum stóðum að þeir sem hefðu áhuga á málinu og vilja til að kynna sér það hefðu möguleika á því og það færi ekki með þeim hraða í gegnum þing sem hefði þurft hefði það átt að afgreiðast í lok síðasta þings.

Frv. gerir ráð fyrir að hér eftir sem hingað til verði það hlutverk læknis að ákvarða dauða manna og rita dánarvottorð. Við ákvörðun um andlát skal læknir nota þá þekkingu og beita þeim ráðum sem tiltæk eru til þeirra verka hverju sinni.

Samkvæmt 2. gr. frv. skal maður teljast látinn þegar heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Þannig verður stöðvun á heilastarfsemi sú viðmiðun sem notuð er jafnvel þótt stuðst sé við hin hefðbundnu dauðaskilmerki, stöðvun hjartsláttar og öndunar, þegar maður er lýstur látinn.

Í 1. mgr. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að staðfesta megi dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi sé hætt. Er hér miðað við að andlát sé staðfest með hefðbundinni aðferð. Rétt er að leggja áherslu á það hér að langflest dauðsföll ber að með þeim hætti að 1. mgr. 3. gr. frv. á við.

Í 2. mgr. 3. gr. er gert ráð fyrir að hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skuli ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt. Í fylgiskjali með frv., sbr. 4. gr. frv., er nánar lýst þeim aðferðum sem beita skal í þessum tilvikum. Gera má ráð fyrir að innan við 20 dauðsföll á ári verði staðfest með þeim hætti sem 2. mgr. 3. gr. frv. skilgreinir.

Samkvæmt 4. gr. frv. skal heilbrrh. setja reglur um það hvaða rannsóknum skuli beita til þess að ganga úr skugga um það að öll heilastarfsemi sé hætt. Þessar reglur skulu vera í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma. Eins og áður sagði fylgja frv. í fylgiskjali drög að reglum um skilmerki dauða. Þar er ítarlega lýst í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu hvaða rannsóknum skuli beita til að ganga úr skugga um það að heilastarfsemi sé hætt.

Á kirkjuþingi því sem nú stendur yfir hefur verið fjallað um dauðann og líffæraflutninga. Á þinginu er til umfjöllunar tillaga flutt af kirkjuráði þar sem lagt er til að þingið samþykki þau meginviðhorf sem fram koma í álitsgerð Rannsóknastofnunar í siðfræði, að skilgreining dauða skuli miðast við algjört heiladrep.

Álitsgerð þessi var samin af nefnd sem í áttu sæti Björn Björnsson, prófessor í guðfræði, Páll Ásmundsson yfirlæknir, Mikael M. Karlsson, dósent í heimspeki, og Vilhjálmur Árnason, lektor í siðfræði. Í álitsgerðinni er bent á að frá fornu fari hafi einkum tvennt verið haft til marks um það hvort maður sé látinn, hjarta hans sé hætt að slá og hann sé hættur að anda. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Tæknilegar framfarir í læknisfræði á síðustu áratugum hafa neytt menn til þess að endurskoða þessi skilmerki og þann skilning sem liggur þeim að baki. Nú orðið er hægt að viðhalda bæði starfsemi hjarta og öndunarfæra með vélrænum hætti og jafnvel setja tækjabúnað í stað þessara líffæra. Oft hefur slíkur vélbúnaður fleytt sjúkum og slösuðum úr lífshættu og hann hefur einnig verið notaður til þess að viðhalda hjartslætti og öndun sjúklinga í djúpu dái þar sem engin sálarstarfsemi, ekkert sálarlíf, á sér stað. Samkvæmt hefðbundnum skilmerkjum dauða eru slíkir sjúklingar lifandi."

Í skýrslunni segir einnig: „Hér verður því að horfast í augu við þá staðreynd að þótt algjört heiladrep feli í sér að öll sálarstarfsemi sé úr sögunni og að manneskja sé skilin við, þá felur það ekki í sér dauða líkamans. Manneskja er látin jafnvel þótt líkami hennar sé enn með lífsmarki. Það er rétt og eðlilegt að ættingjar kveðji hana á þessari stundu því að sálin er farin úr líkamanum og raunar er það rangt gagnvart þeim að láta sem svo að manneskjan sé ekki dáin."

Skýrsluhöfundar taka undir ákvæði lagafrv. þessa sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Ég hef nú reynt að rekja ítarlega efni þessa frv. til laga um ákvörðun dauða og ég leyfi mér að leggja til að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. til meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búminjasafn, 1. umr.

Frv. AS og FÞ, 90. mál. — Þskj. 93.

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Á 111. löggjafarþingi lagði ég ásamt nokkrum þingmönnum úr Vesturlandskjördæmi fram till. til þál. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri. Sú tillaga var nokkuð rædd hér í þinginu og fékk þinglega meðferð og kom út úr þeirri nefnd eins og vera bar og var samþykkt hér í þinginu að vísa þeirri tillögu til ríkisstjórnarinnar og væntanlegs þjóðminjaráðs. Þetta var eins og ég fyrr sagði á 111. löggjafarþingi. Síðan hefur ekkert heyrst um afdrif þessarar tillögu og því hef ég lagt fram fyrirspurn til ráðherra um afdrif tillögunnar og hvers er að vænta í þessu máli. Með tilliti til þess tel ég óraunhæft að taka hér til umræðu frv. til laga um stofnun búminjasafns þar sem fyrir liggur samþykkt þáltill. og vil því fara þess á leit við forseta að þessu máli verði frestað þar til þeirri fyrirspurn sem ég hef lagt fram um afdrif þessa máls verður svarað.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti verður að játa að það er æði óvenjuleg beiðni sem fram er komin um það að fresta umræðu um mál sem með formlegum hætti og á fullkomlega eðlilegan hátt er komið á dagskrá hv. deildar.

Fyrir því er löng reynsla, líklega jafnlöng sögu Alþingis Íslendinga, að þingmönnum er heimilt að flytja hvaða mál sem þeir vilja, hvort sem er í formi frv. eða þáltill. Forseti getur einn og sér ekki haft nein afskipti af því hvort mælt er fyrir frv. sem tekin hafa

verið á dagskrá, hann getur ekki hindrað það með neinum hætti. Það er þingdeildin sjálf sem hefur það vald. Til þess að koma í veg fyrir að mál sé flutt í deild verður þingdeildin sjálf að vísa því frá. Með öðrum hætti verður ekki snúist við slíkum málum og forseti úrskurðar að það sé fullkomlega eðlilegt að hv. 1. þm. Vesturl. mæli fyrir frv. um búminjasafn og gefur honum þar með orðið.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um búminjasafn sem er endurflutt frá síðasta Alþingi. Þetta mál fór í gegnum 1. umr. hér í hv. deild og var vísað til menntmn. Menntmn. fjallaði ítarlega um málið og fékk umsagnir ýmissa aðila en því miður entist ekki þingtími til þess að ljúka þeim störfum þannig að Alþingi gæti tekið endanlega afstöðu til málsins.

Út frá því sem hér hefur komið fram hjá flm. þáltill. á sínum tíma er lítið um það að segja annað en það að hér er um lagafrv. að ræða af þeirri einföldu ástæðu að það lá alveg ljóst fyrir að lausn á þessu máli fólst ekki í þessari þáltill. enda kom það á daginn að nýju þjóðminjalögin eru ekki í stakk búin, hvorki nú eða á næstunni, að taka afstöðu til þessara mála fjárhagslega eða á annan hátt. Því töldum við flm. eðlilegt að fara að ósk skólans og flytja hér frv. til laga um búminjasafn á Hvanneyri. Þess vegna er þetta frv. nú endurflutt og ég vænti þess að um það náist samstaða hér á hv. Alþingi að taka af skarið um þetta mál sem búið er að vera raunar í meðferð í áraraðir.

Frv. gerir ráð fyrir því að stofnað verði búminjasafn sem hafi aðsetur á Hvanneyri. Og eins og stendur hér í 2. gr. er gert ráð fyrir að hlutverk safnsins sé að safna munum og minjum og hvers konar heimildum er snerta íslenskan landbúnað, varðveita og hafa til sýnis almenningi.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að menntmrh. skipi stjórn safnsins eftir tilnefningu Þjóðminjasafns, Búnaðarfélags Íslands, Bændaskólans á Hvanneyri og Bændaskólans á Hólum. Einn stjórnarmaður verði skipaður án tilnefningar.

Það er einnig gert ráð fyrir því að ráðherra skipi forstöðumann safnsins eftir tillögu stjórnar þar um til sex ára í senn og stjórn safnsins ráði safnverði og aðra starfsmenn eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni.

Það er gert ráð fyrir því í 5. gr. að stjórn búminjasafns og forstöðumanni beri að hafa náið samráð við Þjóðminjasafnið um varðveislu minja og skipulega starfshætti safnsins. Og það er einnig gert ráð fyrir því í þeirri grein að Þjóðminjasafni sé heimilt að varðveita búminjar á búminjasafninu ef það telur varðveislu muna og minja nægilega trygga þar.

Í 6. gr. er mikilvægt atriði. Gert er ráð fyrir því að forstöðumaður búminjasafns muni annast kennslu í búnaðarsögu og véla- og verkfærafræði við Bændaskólann á Hvanneyri. Síðan er gert ráð fyrir því að kostnaður við rekstur búminjasafns greiðist úr ríkissjóði.

Það þarf lítið um þetta að segja umfram það sem kom fram hér þegar mælt var fyrir frv. á síðasta þingi. Ég vil geta þess að á sl. ári var Bændaskólinn á Hvanneyri 100 ára. Skólinn hefur alla tíð haft mikil áhrif á þróun landbúnaðar á Íslandi og haft forustu um nýjungar í landbúnaði sem nemendur frá skólanum hafa fylgt eftir til framfara í sveitum landsins. Skólinn hefur ávallt verið undir stjórn hæfustu manna sem af eldmóði hafa mótað uppbyggingu hans. Hann hefur því hlotið viðurkenningu og virðingu landsmanna og á erlendum vettvangi. Þar er nú starfandi búvísindadeild og enn fremur bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Og stefnt er að því að starfsemi á rannsóknasviði landbúnaðar verði flutt að Hvanneyri í vaxandi mæli. Ég vil geta þess að einmitt núna stendur yfir athugun á því hvort ekki er hægt að hefja framkvæmdir við svokallað bútæknihús á Hvanneyri sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins, í gegnum Rannsóknasjóð, hefur veitt fjármagni til og sömuleiðis Stéttarsamband bænda. Þess er vænst að það mál verði tekið hér til umræðu í sambandi við fjárlögin.

Með þessu frv. fylgir sem fskj. I greinargerð frá Bændaskólanum á Hvanneyri um vísi að verkfærasafni við skólann sem mikill áhugi hefur verið á og rakin saga þess gegnum áraraðir. Þessi vísir að safni hefur þegar vakið mikla athygli á ýmsum landbúnaðarsýningum sem hér hafa verið haldnar. Þar kemur einnig fram að sökklar undir verkfærasafn eru til við hlið verkfærahúss Bændaskólans og bíða framkvæmda. Þetta fskj. frá skólanum nr. I er mjög viðamikið. Þar er saga safnsins rakin mjög ítarlega sem ég ætla ekki að ræða hér. Ég rakti það í framsögu þegar frv. var lagt fram á síðasta þingi, en það er mjög merkileg saga og sýnir áhuga fyrir þessu safni sem vantar herslumuninn á að koma upp.

Menntmn. Nd. bárust fjölmargar umsagnir um frv. Flestar þeirra voru mjög jákvæðar. Frá Búnaðarsambandi Borgarfjarðar kom fram að aðalfundur þess samþykkir að skora á Alþingi að lögfesta sem fyrst fyrirliggjandi frv. um búvélasafn á Hvanneyri. Jafnframt lýsir fundurinn yfir ánægju með þann áfanga sem náðst hefur í samstarfi Bændaskólans og RALA, bútæknideildar, í varðveislu gamalla véla og hvetur til áframhaldandi vinnu á þessu sviði.

Síðan er umsögn frá Bændaskólanum. Þar kemur fram að rökstuðning fyrir því að mæla með samþykkt frv. sé að finna í fylgiskjali með frv. Áréttað er að búminjasafn á Hvanneyri hefur mikla þýðingu fyrir kennslu í véla- og verkfærafræði, auk þess sem það hefur almennt gildi sem safn og fellur vel að starfsemi skólans og starfsemi bútæknideildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Búnaðarþing samþykkti einnig um þetta mál. Búnaðarþing mælir eindregið með að lögfest verði frv. til laga um búminjasafn.

Síðan kemur umsögn frá þjóðminjaverði sem ræðir ítarlega um safnið og rekur það í fylgiskjali sem hér fylgir með. Hann gerir athugasemdir við einstakar greinar lagafrv. Þar segir við 1. gr.: „Athugandi er hvort safnið ætti ekki fremur að heita bútækjasafn en

búminjasafn þar sem væntanlega yrðu aðallega hin stærri landbúnaðartæki í safninu. Hin minni áhöld, sem fyrr er minnst á, er nú orðið nær ógerningur að fá. Þau sem eru til eru nánast öll komin á söfn."

Þjóðminjavörður segir enn fremur í sambandi við hlutverk safnsins að það sé erfitt eða nær ógerningur að afla nokkurs að ráði af munum frá íslenskum landbúnaði fyrrum, þ.e. fyrir vélaöld, þar sem þeir gripir eru nær allir komnir á söfn og meiri hlutinn að sjálfsögðu glataður. Hann minnir á hverja þýðingu þetta hefur fyrir íslenskan landbúnað og hann tekur fram í sambandi við 3. gr. hvort athuga ætti — og leggur raunar til — að Byggðasafn Borgarfjarðar tilnefni einn stjórnarmann, þar sem mikilvægt sé að milli þessara safna sé föst samvinna. Ég vil geta þess hér að við flm. höfum ekkert við það að athuga í raun og veru þó að nafninu sé breytt í samræmi við tillögu þjóðminjavarðar og eins að bætt sé við í stjórn safnsins fulltrúa frá Byggðasafni Borgarfjarðar.

Þjóðminjavörður ítrekar að það sé mjög mikilvægt að forstöðumaður sé fyrst og fremst safnmaður sem sinni kennslu, eftir því sem aðstæður leyfa, en sé þó ekki fyrst og fremst kennari, honum sé falin forstaða safnsins, svo sem að framan greinir. Hann leggur áherslu á að það sé alveg ljóst að mikil tengsl verði milli safnsins og skólans, hvort sem safnið verður hluti hans eða sjálfstæð stofnun. Hann vill endurtaka að hann mælir með samþykki frv. með þeim athugasemdum sem hann hefur gert og telur að hér sé verið að vinna vel og myndarlega að málum ef þau verða unnin á annað borð.

Síðan kemur umsögn frá Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal. Í henni segir að Bændaskólinn á Hólum fagni þessu frv. og taki undir mikilvægi þess og hlutverk. „Þróun á vélum, tækjum og tækni til landbúnaðarstarfa á þessari öld og þeirri nítjándu hefur orðið geysimikil og eru þættir í sögu iðnvæðingar á Íslandi, búháttabreytinga, gjörbreyttum lifnaðarháttum og þjóðfélagsskipan. Söfnun og varðveisla verkfæra og tækja frá þessum tíma ásamt vitneskju um notkun þeirra hefur sígilt gildi fyrir atvinnuveginn sjálfan. Hugmyndir hafa verið uppi um söfnun og vörslu landbúnaðarverkfæra og tækja á Hólum og þá í samráði við þáverandi sýslunefnd Skagafjarðar og byggðasafnið í Glaumbæ. Þessar hugmyndir eru engan veginn eins stórtækar og frv. gerir ráð fyrir á Hvanneyri. Telja verður eðlilegt að búminjasafnið eigi sér höfuðmiðstöð á Hvanneyri. Skólinn og staðurinn hér gætu vel tengst því, t.d. með því að á Hólum væru sérstakar deildir, svo sem tæki og búnaður tengdur hrossum, reiðmennsku og notkun hrossa til dráttar og burðar. Þá mætti hugsa sér deild fyrir veiðarfæri og búnað til veiða í ám og vötnum. Hugsanleg söfnun og varðveisla muna á Hólum í samstarfi við byggðasafnið í Glaumbæ ætti vel að geta tengst starfinu við búminjasafnið á Hvanneyri."

Frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun lá fyrir greinargerð með frv. sem var hér síðast til umræðu og ég vísa til þess sem þar segir en jafnframt segir í umsögninni:

„Samkvæmt frv. því er hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að búminjasafnið verði á Hvanneyri. Samkvæmt greinargerð með því eru fyrir hendi margir munir á Hvanneyri sem tengjast sögu og tækniþróun í landbúnaði hér á landi. Ef ríkissjóður hyggst ráðast í stofnun og rekstur safns af þessu tagi má ætla að hagkvæmast væri að það yrði rekið í nánum tengslum við búnaðarskólann, eins og frv. gerir ráð fyrir. Með því móti gæfust möguleikar á að samnýta bæði starfskrafta skólans og húsnæði. Einnig mætti hugsa sér að nemendur skólans gætu þá tekið virkan þátt í varðveislu og viðgerðum á tækjum og munum safnsins. Þannig mætti halda rekstrarkostnaði safnsins í lágmarki samtímis að nýta safnið á virkan hátt í skólastarfinu."

Hagsýslustofnun telur að það muni vera erfitt að gera sér hugmyndir um hver kostnaður yrði af rekstri. Miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja reiknar Hagsýslan með að árlegur launakostnaður yrði um 3,5 millj. kr. á verðlagi síðasta árs. Til viðbótar kæmi annar rekstrarkostnaður. Miðað við þær byggingarframkvæmdir sem nauðsynlega þyrftu að koma gera þeir ráð fyrir að byggingarkostnaður án innréttinga yrði um 9 millj. 600 þús. á því verðlagi eða um 30 þús. kr. á fermetra.

Síðan var umsögn frá Félagi ísl. safnmanna sem gerir nokkrar athugasemdir við slíkt safn. Þeir vísa til búminjalaga og til umsagna sem þeir gáfu 1988 til félmn. Alþingis um þáltill. og leggja áherslu á að óeðlilegt sé að sérstök lög verði sett um búminjasafnið.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara ofan í þetta nánar. Hv. þm. geta lesið sér til. En ég legg áherslu á að það er mjög brýnt að tekin verði ákvörðun um hvort það heiti búminja- eða bútækjasafn á Hvanneyri, það er beðið eftir því. Og það er alveg ljóst eins og ég sagði hér í upphafi að langur tími mun líða áður en hægt er að reikna með því að hin nýju þjóðminjalög geti sinnt þessu verkefni, það hef ég kynnt mér, þannig að gert er ráð fyrir því að þetta safn tengist Þjóðminjasafninu eða þeim lögum sem eru í gildi. Því er engin ástæða til þess að efast um að það ber brýna nauðsyn til þess að um þetta verði sett lög en ekki verði beðið eftir einhverjum svörum við þáltill. sem í raun og veru flækist fyrir málinu.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um búminjasafn á Hvanneyri. Af orðum hv. 5. þm. Vesturl. og þeim orðaskiptum sem hér urðu á síðasta þingi, ef hv. þm. hafa lagt þau á minnið, má ætla að ágreiningur sé í þingmannahópi Vesturlands um þetta mál. Ég hygg að hann sé minni en ætla má. Í niðurlagi greinargerðarinnar segir: „Málið er flutt í Nd. en þingmenn Vesturl. í Ed. munu fylgja málinu áfram í þeirri deild."

Eins og nú er verður ekki fram hjá deildaskiptingu

Alþingis komist, en ég lít svo á að hún ætti fyrir nokkru að vera úr sögunni og Alþingi ætti að skipa eina málstofu og ég veit að margir hv. alþm. eru þeirrar skoðunar.

Það má segja að allt orki tvímælis þá gert er. Og þar sem mál þetta er á undirbúningsstigi tel ég að það hafi alls ekki verið út í hött að flytja um það þáltill. En hvað sem um það má segja varð þróunin sú að flutt var hvort tveggja í senn, þáltill. og frv. til laga um þetta mál.

Ég vil vekja athygli á því að ég hygg að þingmenn Vesturl. starfi óvenjuvel saman. Við erum sex að tölu, hittumst iðulega, höldum gerðabók yfir helstu mál. Ég er alveg viss um að í þessu máli erum við allir á einni línu í meginatriðum. Ég óttast það ekki að jafndugmikill þingmaður og drengur góður og hv. 5. þm. Vesturl. er muni vera langt frá okkur hinum í þessu máli, því raunverulega erum við allir á sama máli. Það er aðeins formsatriði sem greinir á um.

Þetta vildi ég láta koma fram í upphafi máls míns. Ég ætla ekki að fara um þetta frv. mörgum orðum. Hvort tveggja er að fyrir því var gerð grein á síðasta þingi og auk þess hefur hv. 1. þm. Vesturl. gert glögga grein fyrir því nú. Þetta er áhugamál heimamanna og margra annarra. Það þótti vel til fallið að hreyfa þessu máli í framhaldi af 100 ára afmæli Bændaskólans á Hvanneyri.

Ég ætla heldur ekki að rekja greinargerð eða annað sem segir hér um þetta mál svo sem hina fróðlegu grein dr. Bjarna Guðmundssonar um verkfærasafnið á Hvanneyri. Þótt það eigi nokkra forsögu þá er hún ekki ýkja löng því það var nú fyrst í byrjun þessarar aldar sem verkfæri til landbúnaðar fóru að berast til landsins. Í búnaðarsögu landsins fór náttúrlega Torfi í Ólafsdal fremstur og í merku riti Árna G. Eylands um búvélar og ræktun var saga bútækni á Íslandi fram undir 1950 skráð í mikilvægum atriðum. Um þetta mætti fara mörgum orðum sem ekki er ástæða til að rekja hér neitt að ráði.

Um þetta frv. hafa borist margar umsagnir og má segja að þær séu allar á einn veg. Þær sýna að þetta mál er ofarlega í hugum manna. Það mæla yfirleitt allir með því að það nái fram að ganga. Þó eru nokkrar athugasemdir gerðar eins og hér kom fram í ræðu framsögumanns um umsögn frá þjóðminjaverði. Eins er sú athugasemd að hann leggur til að Byggðasafn Borgarfjarðar tilnefni einn stjórnarmann. Veit ég að við flm. getum mjög vel tekið undir þessa tillögu. Minnist ég í því sambandi vinar míns Bjarna Backmanns í Borgarnesi sem hefur unnið mjög gott og gifturíkt starf að söfnun muna og minja í Borgarfjarðarhéraði á liðnum árum. Hygg ég að ekki hafi verið staðið að þeim málum betur í öðrum sýslum landsins.

Ég held að ég reki umsagnir ekki frekar og láti þessi orð nægja að sinni en vona að sjálfsögðu að málið fái góða umfjöllun og greiðan framgang á þessu þingi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að gera smáathugasemd við það sem hæstv. forseti sagði áðan sem svar við beiðni minni um frestun. Mér fannst hann eitthvað mistúlka það. Ég var aðeins að biðja um frest, ekki það að koma í veg fyrir framgang máls eða að það yrði dregið til baka. Mér fannst eðlilegt að umræðu um þetta mál yrði frestað þar til það skýrðist í hvaða farvegi málið er þegar fyrirspurn um búminjasafn á Hvanneyri yrði svarað. Ég vil bara að þetta sé alveg á hreinu, að það var alls ekki meining þess sem hér stendur að koma í veg fyrir framgang þessa máls, enda er það eins og hv. síðasti ræðumaður sagði sameiginlegt áhugamál allra þingmanna Vesturl. að á Hvanneyri rísi búminjasafn. Það er hins vegar meiningarmunur um það hvernig að því verður staðið.

En ég fagna því að þessi umræða er enn á ný komin í gang þó að ég harmi það um leið að þessir tveir ágætu flm. að þessu frv. urðu til þess að Hvanneyri fékk ekki þá 100 ára afmælisgjöf sem efni stóðu til, þ.e. að fá búminjasafn þegar þáltill. var lögð fram. Með flutningi sínum á lagafrv. því sem þeir lögðu fram komu þeir í veg fyrir það og eyðilögðu málið. Ég ætla ekkert að rifja mjög mikið upp þann hamagang sem var hér í þingsal þegar þáltill. kom til umræðu, en það mega þeir hafa á samviskunni, þessir ágætu tveir herrar, að þeir eyðilögðu þá afmælisgjöf hreint og klárt. Og af hverju skyldi það hafa verið? Það var vegna þess að ekki var farið eftir hefðbundinni röð þingmanna í kjördæminu. 1. þm. kjördæmisins gat ekki sætt sig við það að þingmaður nr. 5 skyldi leggja fram þáltill. sem höfðaði til kjördæmisins. Það var eina ástæðan. Honum var gert það fyllilega ljóst að til þess að búminjasafn risi á Hvanneyri þyrfti til þess viljayfirlýsingu Alþingis. Fyrir þinginu voru ný þjóðminjalög og undir þau fellur þetta safn og gerir í dag. Það er staðfest, þannig að þetta frv. í dag er ekkert annað en sýndarmennskan ein. Og að leyfa sér að koma hér upp, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, og lýsa þessu sem vilja allra þingmanna kjördæmisins vegna þess að það stendur í greinargerð að þeir muni fylgja málinu eftir, bæði í þessari deild og hinni, það eru ósannindi, það eru hrein og klár ósannindi. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Þingmenn Vesturl. hafa því ákveðið að flytja þetta frv. til laga um stofnun búminjasafns er hafi aðsetur á Hvanneyri. Málið er flutt í Nd. en þingmenn Vesturl. í Ed. munu fylgja málinu áfram í þeirri deild."

Þetta sem ég hér var að lesa er uppspuni frá rótum. Það eru ósannindi frá rótum og þetta leyfa þessir þingreyndu menn sér að setja inn í greinargerðina. Við mig var ekki talað, fyrstu ósannindi. Við engan þingmann Ed. var talað, engan þeirra. Ég innti þá alla eftir því. Við engan þeirra var talað. Það sem hér stendur í greinargerð er rangt, eru ósannindi. Og ætla svo að nota það sem einhver rök í málinu er gersamlega út í hött og jafnþingreyndir menn og þessir tveir ágætismenn eru eiga ekki að láta slíkt henda sig. Þeim

var reyndar bent á það í fyrra frv. því að þeir beittu sömu brögðum þar en þeir virðast ekkert læra.

Það er kindarleg ástæða fyrir framlagningu frv. Ég ætla að vitna til þess sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði í umræðunni um þáltill. og þann hamagang sem varð í þessum ágætu þingmönnum annars. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Af hverju ætti þetta mál að bíða sem lagt er fram á undan og á að fá alla eðlilega þinglega afgreiðslu á undan því lagafrv. sem lagt var fram í kappi við þetta mál? Það gera sér allir ljóst að það var á þeirri forsendu sem það frv. var lagt fram. Ég hef vissan grun um að ef hv. þm. sem lögðu lagafrv. fram í Nd. hefðu haft aðstöðu til að flytja um það þáltill. hefði það líkast til verið lagt fram á þann hátt."

Þetta var álit hv. þm. Skúla Alexanderssonar á lagafrv. þeirra félaga, lagt fram í kappi við þetta mál, sagði hann. Það er akkúrat málið. Menn gátu ekki þolað það að nr. 5 færi fram fyrir nr. 1 og 2. Það er kjarni málsins.

Við lögðum fram tillögu, hv. þm. Skúli Alexandersson og Danfríður Skarphéðinsdóttir ásamt mér, á 111. löggjafarþinginu um stofnun búminjasafns á Hvanneyri. Tillagan sjálf hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að hefja nú þegar, í samráði við menntmrh., undirbúning að stofnun búminjasafns í tengslum við bændaskólann á Hvanneyri."

Eftir allan hamaganginn hér í þingsal var þessu vísað til nefndar, fékk þar þinglega meðferð og út úr nefndinni kom nál. á þskj. 1016 sem ég ætla að leyfa flm. að heyra, með leyfi forseta:

„Nefndarálit um till. til þál. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri. Frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og sendi það til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Búnaðarfélagi Íslands, Byggðasafni Akraness og nærsveita, Félagi íslenskra safnamanna, skólastjóra Bændaskólans á Hvanneyri og þjóðminjaverði. Umsögn Byggðasafns Akraness og nærsveita fylgdi ítarleg greinargerð dr. Bjarna Guðmundssonar um búminjasafn á Hvanneyri.

Umsagnaraðilar taka vel undir þetta mál og hvetja til að stofnað verði safn á þeim grunni sem vísir er að á Hvanneyri.

Þjóðminjavörður telur að heitið „búvélasafn" nái betur yfir þann stofn muna sem fyrir er og að erfitt sé að koma upp yfirgripsmiklu og alhliða búminjasafni „þar sem allar eldri búminjar, áhöld, verkfæri og ílát fást ekki lengur að neinu marki". „Mér þykir rétt", segir þjóðminjavörður, „að mæla með fyrrgreindri þáltill., enda verði safnið einkum bundið við búvélar og hin stærri tæki frá vélaöld." Síðan telur hann upp ýmis atriði er málið varða, ekki síst að uppbygging slíks safns sé kostnaðarsöm, bæði varðandi stofnkostnað og rekstur. Telur hann að ekki ætti að fara lengra með málið nema tryggt sé að safninu verði búin viðunandi fjárhagsleg skilyrði.

Félag íslenskra safnamanna „telur þó eðlilegt að slíkt safn falli undir það heildarskipulag safnamála sem gert er ráð fyrir í frv. til þjóðminjalaga sem nú liggur fyrir Alþingi".

Í svipaðan streng tekur forstöðumaður Byggðasafns Akraness og nærsveita um leið og hann fagnar tillögunni. „Sjálfgefið er að vísa þessu máli til væntanlegs þjóðminjaráðs eða þeirrar yfirstjórnar minjavörslunnar í landinu sem komið verður á fót verði umrætt frv. að lögum ... Á þessu stigi málsins sýnist því naumast þörf á frekari umræðu um þetta tiltekna mál. Mælt er sérstaklega með samþykkt þáltill. sem viljayfirlýsingar þingsins um að stofnað verði með formlegum hætti búminjasafn á Hvanneyri sem hluti af samræmdri heildarstefnu um uppbyggingu Þjóðminjasafns Íslands."

Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri segir m.a. í umsögn sinni:

„Þó skal á það bent til áréttingar að Búminjasafn á Hvanneyri hefði mikla þýðingu fyrir kennslu í véla- og verkfærafræði, auk þess sem það hefur almennt gildi sem safn og fellur vel að starfsemi skólans og að starfsemi bútæknideildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins."

Nefndin minnir á að á yfirstandandi þingi kom fram frv. til laga um búminjasafn á Hvanneyri, en ekki eru líkur á að það nái fram að ganga. Hins vegar er líklegt að samþykkt verði ný þjóðminjalög með margvíslegum nýmælum, m.a. að því er varðar skiptingu landsins í minjasvæði og samræmda yfirstjórn minjavörslunnar í höndum þjóðminjaráðs.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið flutningsmanna tillögunnar og umsagnaraðila að rétt sé að ganga formlega frá stofnun safnsins á þeim grunni sem vísir er að á Hvanneyri. Slíkt safn þarf að falla að heildarstefnu í safnamálum Vesturlands og á landinu öllu á grundvelli nýrra þjóðminjalaga. Því leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar og væntanlegs þjóðminjaráðs."

Undir þetta rita Hjörleifur Guttormsson, form. og frsm., Eiður Guðnason fundaskrifari, þingmaður Vesturlands, Guðni Ágústsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Hreggviður Jónsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Alexander Stefánsson. Hann ritar undir þetta nefndarálit. Hann sendir þetta mál til þjóðminjaráðs og hann óskar eftir því að safnið verði stofnað á grundvelli nýrra þjóðminjalaga. Síðan kemur hann hér inn með frv. núna. Ég leyfi mér að spyrja: Hvers lags vinnubrögð eru þetta? Þegar frv. kom svo fram var ekkert óeðlilegt, sérstaklega miðað við það sem á undan var gengið að það er skrökvað meðflutningi upp á menn, að þingmönnum Vesturlands bregði við. Þeir eru svo sannarlega sammála, eins og var verið að reyna að segja hér áðan, því fjórir af þingmönnum Vesturl. lögðu fram fyrirspurn um málið. Og það er á grundvelli þeirrar fyrirspurnar sem ég fór fram á frestun á þessu máli, til þess að það verði hægt að ræða þetta í ljósi þeirra upplýsinga sem þá koma fram. En offorsið er svo mikið að það má ekki bíða. Menn eru hræddir við að missa forskotið. Og það er rangt að þetta falli ekki undir nýju þjóðminjalögin. Ég hvet flutningsmenn til þess að lesa þau. Það er það minnsta

sem þeir geta gert ef þeir ætla að beita rökum sem slíkum.

Hæstv. forseti. Lokaorð hv. 1. þm. Vesturl. um þáltill. hér um árið eiga mjög vel við í dag og ég ætla að hafa þau mín lokaorð, alla vega í þessari 1. umr. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Sumir menn eru þannig gerðir að þeir þurfa að reyna að slá sér upp á kostnað annarra."

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 5. þm. Vesturl. vill forseti geta þess að á þessu máli eru engir þeir formgallar og á tilurð þess innan deildarinnar engir þeir formgallar að það réttlæti frestun á umræðunni. Það eina sem hefði samkvæmt þingsköpum réttlætt frestun hefði verið ef hv. 1. flm. frv., eða einhverjir af flm., þeir eru nú aðeins tveir í þessu máli, hefðu óskað eftir frestun á umræðum um málið. Forseti hefur ekki það vald að meina hv. þingdeildarmönnum sem vilja tala fyrir sínum málum og komin eru á dagskrá hv. deildar, að mæla fyrir þeim málum.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Það er ekki meining mín að fara að skattyrðast við hv. 5. þm. Vesturl. og væntanlegan þingmann Reykv. um þetta mál, síður en svo. En ég vil bara minna á það að þingmenn Vesturl. hafa haft vissar skyldur við sitt hérað. Á fundum á Hvanneyri á undanförnum árum höfum við verið beðnir um að taka þetta mál upp, sem kom síðast upp 1987, til þess að reyna að fylgja því eftir. Bændaskólinn á Hvanneyri tók raunar að sér að semja sérstaka greinargerð og sendi það með bréfi sem þingmönnum barst. Ég held að þeir hafi allir fengið afrit af því á sínum tíma eða 1. nóv. 1988. Það dróst hjá þeim sem samdi þessa greinargerð, dr. Bjarna Guðmundssyni, að skila henni af sér þar sem hann var erlendis en það var beðið eftir því. Í bréfinu frá skólanum kemur fram að þegar þeir eru búnir að lýsa nauðsyn þess að þetta safn fái stoð í lögum þá taka þeir það skýrt fram að það er tvennt sem þeir leggja áherslu á. Í fyrsta lagi lög um búminjasafn á Hvanneyri og í öðru leyti fjárveiting til að byggja skála yfir safnið. Þetta voru forgangsefnin. Það er náttúrlega hlægileg fjarstæða að halda því fram að það lagafrv. sem hér var lagt fram á sínum tíma hafi verið til þess að reyna að koma í veg fyrir að Hvanneyri fengi afmælisgjöf á 100 ára afmælinu. Það var frekar hægt að segja það að þingmenn Vesturl. sýndu það í verki, bæði með þáltill. og þessu lagafrv., að menn höfðu áhuga fyrir því að það væri rækilega minnt á það, bæði hér á hv. Alþingi og eins fyrir þjóðina í heild að þetta stæði til og vekja athygli á staðnum, sem svo sannarlega tókst.

Það er alveg ljóst einnig að okkur hv. 2. þm. Vesturl. Friðjóni Þórðarsyni fannst eðlilegt að fara að ósk skólans um að flytja lagafrv. um þetta, enda lá ekkert annað fyrir en að til þess þyrfti lög og liggur raunar ekki fyrir enn í dag annað en þetta sé sjálfsagður hlutur alveg eins og lög um sjóminjasafn o.s.frv. Þess vegna fluttum við frv. að ósk skólans.

Rétt áður en það varð kemur hv. 5. þm. Vesturl. allt í einu með þáltill. sem hann vildi leggja fram. Við skrifuðum ekki upp á þá þáltill. af þeirri einföldu ástæðu að við vorum með lagafrv. sem við gerðum samkvæmt ósk skólans.

Hins vegar, af því að hann var að minnast á niðurstöðu í félmn. Auðvitað hefði mér aldrei dottið það í hug að koma í veg fyrir það að þessu væri vísað til ríkisstjórnarinnar. Mér fannst það eðlilegur hlutur og það er gangur mála hér á Alþingi ef menn eru með þáltill. ef þær daga ekki uppi eða eru þess eðlis að Alþingi er ekki einróma um þær, þá er tekið það ráð til þess að þær sofni frekar hjá ríkisstjórninni heldur en láta þær sofna í viðkomandi nefnd. Og þess vegna var þetta eðlileg þingleg meðferð sem beitt er gjarnan við mál sem eru góð mál en ekki eru möguleikar á að koma í samstöðu í gegnum Alþingi. Engin nefnd leggur til að máli sé vísað til ríkisstjórnar nema því aðeins um sé að ræða að nefndin sé ekki sammála um málið að öðru leyti. Annars hefði hún lagt til að Alþingi samþykkti tillöguna.

En hvað sem því líður, það er aukaatriði. En ég vil bara undirstrika það hér að þó að samþykkt hafi verið þjóðminjalög, sem eru mikil og merkileg lagagerð, og allir náðu endanlega samkomulagi um það á hv. Alþingi, þá er langt í land, því miður, með að framkvæmd þeirra laga verði að veruleika. Við stöndum frammi fyrir því að í þessum málaflokki eru óhemju verkefni sem á eftir að vinna að og kosta gífurlegt fjármagn sem stjórnvöld og Alþingi eru ekki tilbúin að láta af hendi. Þar er sjálfsagt tuga ára uppbygging sem á eftir að fara fram. Þetta mál eitt og sér þolir ekki þá bið vegna þeirrar einföldu ástæðu að ef það verður ekki af því að byggja yfir það safn sem fyrir hendi er þá glatast það. Þess vegna er mjög brýnt, að mati okkar flm., og í samræmi við ósk skólans að þessu máli verði hraðað með lagasetningu og í framhaldi af því framkvæmdum sem eru í lægri kantinum miðað við það sem þarf að byggja annars staðar vegna þess að þetta er ekki eins stórt í sniðum og mörg þessi söfn eru.

Ég vænti þess þess vegna að um þetta mál verði friður og ég trúi ekki öðru á hv. 5. þm. Vesturl., þó hann sé nú að verða þingmaður hér í Reykjavík, en að hann verði jafnáhugasamur og við hinir um að tryggja stöðu þessara mála í héraði og gera Bændaskólanum á Hvanneyri kleift að fá þá lagalegu stöðu sem þarf fyrir þetta safn, jafnhliða því að fá möguleika til að nýta þá starfskrafta og þá aðstöðu sem í slíku safni verður. Ekki aðeins fyrir skólann, sem er merkileg stofnun og þýðingarmikil fyrir íslenskan landbúnað og fyrir þjóðarbúið í heild, heldur og ekki síður fyrir þá aðstöðu sem við erum að knýja fram, að flytja rannsóknastofnanir landbúnaðarins upp að Hvanneyri. Það hefur eins mikla þýðingu að þetta safn komist í lagalegt form og verði að veruleika.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta. Ég heyri að menn vita upp á sig skömmina

og það er gott. Ég vil samt segja vegna lokaorða hv. síðasta ræðumanns: Jú, vissulega stefni ég að því að verða þingmaður Reykjavíkur en ég stefni líka að því að verða áfram þingmaður þjóðarinnar. Og það er það sem ég held að margir ættu að hafa ofarlega í huga, þeir eru ekki einungis kjördæmaþingmenn.

Það var svolítið fróðlegt að fá þessa lexíu um hvað verður um þingmál í nefndum, þáltill. Þær till. sem menn þora ekki hreint og beint að svæfa senda þeir til svæfingarlæknisins, sem er ríkisstjórnin, að mati hv. síðasta ræðumanns. Þetta er mjög athyglisvert og sérstaklega í ljósi þess nefndarálits sem ég las hér upp áðan og hv. þm. skrifaði undir og tók þátt í þá er kannski fróðlegt að rifja það upp að með stuðningi þess hv. þm. í nefndinni hefði þessi till. verið samþykkt.

Hjörleifur Guttormsson, formaður þeirrar nefndar, tók þátt í umræðunni fyrir tveimur árum og lýsti stuðningi við þetta. Hann lýsti stuðningi við þáltill. Hreggviður Jónsson, flokksbróðir minn, gerði það líka. Og Kvennalistinn, með Þórhildi Þorleifsdóttur þarna inni, gerði það líka. Með atkvæði hv. 1. þm. Vesturl. hefði málið því verið samþykkt og ekki þurft að fara til svæfingar.

Það var skondið að heyra aðdragandann að frv. þeirra hér um árið, það var skondið. Og enn er farið frjálslega með sannleikann, eða öfugt. Hv. þm. sagði að par dögum áður en þeirra frv. kom fram hafi ég komið með þáltill., par dögum áður. Og þá hafi þeir tveir verið með frv. í höndunum. Ætlar hv. þm. virkilega að bera þetta á borð fyrir þingheim? Ég á upphaflegu þáltill. undirritaða af öðrum ykkar, það var sko ekkert frv. í höndunum á ykkur þá. Ekki til í dæminu. En þetta er hins vegar dæmi um þann málflutning sem hér er hafður í frammi.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það má segja að misjafnlega bregðist strákar við þegar þeim er hælt. Sýnilegt er að hv. 5. þm. Vesturl. hefur farið allmjög úr jafnvægi í þessum umræðum. Ég stóð í þeirri meiningu að allir þingmenn Vesturl. styddu þetta mál efnislega þó þeir næðu ekki að verða alveg samstiga um málsmeðferð eða form. En nú virðist greinilegt vera að hv. 5. þm. Vesturl., verðandi þingmaður Reykv., vill ræða málið nánar á svörtum nótum og hann um það. Það er ekkert óeðlilegt við það að frv. sé flutt í framhaldi af þáltill., ekki síst til þess að knýja á um framgang mála sem vísað hefur verið til hæstv. ríkisstjórnar. Ég vísa frá afaryrðum hv. 5. þm. Vesturl. um okkur flm. þessa frv. en mun ekki ræða það frekar nú. Ég vona einungis að mál þetta fái þinglega meðferð og efnislega og verði í meginatriðum stutt af sem flestum þingmönnum þjóðarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 1. umr.

Frv. HJ o.fl., 93. mál (afnám laga). — Þskj. 96.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er tekið til umræðu frv. til laga um afnám laga nr. 83 1989 um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Flm. auk mín eru hv. þm. Ingi Björn Albertsson, Kristinn Pétursson og Ellert Eiríksson.

1. gr. frv. hljóðar svo: „Lög nr. 83 1. júní 1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, falla úr gildi."

2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir svo:

„Þjóðarbókhlöðuskattinn á að leggja niður. Með álagningu hans er fólki freklega mismunað. Skatturinn leggst hvað þyngst á einhleypinga og þá sem hafa sýnt ráðdeild og sparsemi. Það er óverjandi að mönnum skuli refsað fyrir að fara vel með fjármuni sína og eignir. Þeim, sem lagt hafa áherslu á að eiga skuldlaust íbúðarhúsnæði, er nú hegnt fyrir það, en það er í flestum tilfellum grundvöllur eignarskatta almennings. Þá er skatturinn miklu hærri á íbúum Reykjaness og Reykjavíkur eða 79,1% af álagningu ársins 1989 (tölur fyrir 1990 liggja ekki fyrir) sem byggist fyrst og fremst á miklu hærra fasteignamati íbúða á því svæði. Framlög til Þjóðarbókhlöðunnar og endurbóta á menningarbyggingum á að greiða eins og önnur útgjöld úr ríkissjóði án sérstakrar skattlagningar.

Athyglisvert er að eignir þeirra hjóna, sem greiða þjóðarbókhlöðuskattinn, bera 132 millj. kr. lægri skatt en ef eignirnar væru í eigu einhleypinga. Hver einhleypingur greiðir 10.625 kr. áður en þessi skattur leggst á sambærilega eign hjóna. Jafnframt hefur komið í ljós að þjóðarbókhlöðuskatturinn hefur ekki runnið til bókhlöðunnar eins og lög mæla fyrir um. Ekki hafa verið hafðir uppi neinir fyrirvarar við afgreiðslu lánsfjárlaga, eins og gert er í „þrátt fyrir"-kaflanum. Það verður einnig að telja álitamál hvort skattgreiðendur eigi ekki endurkröfurétt á ríkissjóð fyrir þann hluta sem ekki hefur runnið beint til Þjóðarbókhlöðunnar."

Í greinargerð kemur enn fremur fram að af innheimtum fjármunum miðað við 1. jan. til 31. okt. 1989 hafa verið innheimtar 445 millj. í þennan skatt en til Þjóðarbókhlöðunnar hafa runnið 206 millj. kr. Þetta tel ég ekki forsvaranlegt.

Einnig er á það að líta að það kemur í ljós að frjálslega hefur verið farið með þessi lög, svo ég hef í dag ritað umboðsmanni Alþingis bréf um þetta atriði.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa þetta bréf:

„Hér með fer ég þess á leit við yður, herra umboðsmaður Alþingis, að þér úrskurðið um lögmæti eftirfarandi atriðis, sem snýr að skattheimtu ríkisins á mig. Þetta varðar álagningu hins svokallaða þjóðarbókhlöðuskatts, sbr. lög nr. 75/1981 og nú lög nr. 83/1989. Í lögum þessum er heimilað að leggja á sér-

stakan skatt sem á að renna til ákveðins verks og verkefna.

Í svari fjmrh. til mín við fyrirspurn á Alþingi um ráðstöfun þessa skatts kemur fram að aðeins hluti hans hefur runnið til þeirra verkefna sem lög kveða á um en svo segir í svarinu," — og er það rakið í bréfinu hvernig hefur verið farið með innheimt fé af þessum skatti og hvað hefur runnið til Þjóðarbókhlöðunnar. Svo segir þar enn fremur: „Nú óska ég álits yðar, herra umboðsmaður, um hvort ég geti krafið fjmrh. endurgreiðslu á því hlutfalli skattsins sem hefur ekki runnið til þeirra sérstöku verkefna sem umrædd lög kveða á um. En mismunurinn hefur verið notaður til almennra útgjalda ríkisins. Þegar talað er um hlutfall eða ef ríkissjóður fær 100 millj. kr. í tekjur af þjóðarbókhlöðuskattinum og notar aðeins helminginn í lögbundin verkefni þá get ég sem greiðandi þess skatts krafið ríkið um endurgreiðslu á helmingi skattsins. Einnig óska ég eftir áliti yðar á framkvæmd þessara laga." Undir þetta bréf rita ég sem einstaklingur.

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að tekið verði á þessum málum. Það verði séð svo um að þessi skattur verði lagður niður og þeim greiðslum sem hefur verið stolið af skattgreiðendum verði skilað til baka.

Það er ekki hægt að setja lög um að innheimta sérstakan skatt sem fer til sérstakra verkefna og taka svo féð og nota í annað. Þetta eru alveg sérstök lög og munu það einu lögin með þessum hætti sem eru hér um skattamál. Þess vegna ber að skila þessum fjármunum aftur. Hins vegar legg ég til að þessu máli verði síðan vísað til fjh.- og viðskn. Nd. þegar það verður tekið fyrir.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta en ég bið menn um að skoða hér töflu sem fylgir um hvernig eignarskattar skiptast og sérstakur eignarskattur og íhuga hvernig í raun er farið með einstaklinga hér á Íslandi vegna þess að eignarskattarnir eru fyrst og fremst skattar á íbúðarhúsnæði. Þess vegna hlýtur að verða að taka þessi mál gagngert til endurskoðunar. Ég óska eftir því að þingmenn, og þeir sem telja sig líka þingmenn þjóðarinnar allrar, eins og hv. þm. hafa verið að boða að þeir væru, taki á þessu máli. Því þó þetta snerti fyrst og fremst Reykjanes og Reykjavík er brýn nauðsyn á því að rekstur íbúðarhúsnæðis verði lækkaður og komið verði í veg fyrir lögbrot sem hér hefur verið framið að mínu mati.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiðrétting á afturvirkum ákvæðum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 1. umr.

Frv. GHH, 105. mál. — Þskj. 109.

Flm. (Geir H. Haarde):

Ég mæli hér fyrir frv. um leiðréttingu á afturvirkum ákvæðum í tvennum lögum sem samþykkt voru hér á sl. ári og bæði vörðuðu breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og snerta útreikning húsnæðisbóta og vaxtabóta auk vaxtaafsláttar. Þessi lög sem um ræðir eru nr. 79/1989 og nr. 117/1989.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, virðulegur forseti, sem þessi mál koma hér til umræðu á Alþingi. Síðast varð umræða um þessi atriði sl. fimmtudag í tilefni af fyrirspurn er ég bar fram til fjmrh. um það hvort hann hygðist beita sér fyrir nokkrum leiðréttingum í þessu efni. Þá kom fram að fjmrh., sem ber ábyrgð á þessum afturvirku breytingum sem ég vil leiðrétta með þessu frv., hefur í nokkru séð að sér að því er ég best skildi og hyggst beita sér fyrir einhvers konar úrlausn gagnvart hluta þeirra manna sem hér eiga hlut að máli, þó ekki öllum.

Auðvitað væri eðlilegast, virðulegi forseti, að fjmrh. væri hér og tæki þátt í umræðum um þetta mál. En þar sem við áttum orðaskipti um efnisatriði málsins sl. fimmtudag ætla ég ekki að gera kröfu um að hann verði sérstaklega kallaður til. En auðvitað væri eðlilegast, fyrst ráðherrann á annað borð er kominn á þá skoðun að hann hafi gert mistök og afturvirknin sem um ræðir sé óréttlætanleg, a.m.k. eitthvað af henni, þá væri eðlilegast að það frv. sem nú er mælt fyrir hlyti samþykki þannig að allur sá hópur manna sem hér á hlut að máli fengi leiðréttingu og fjmrh. tæki höndum saman við flutningsmann og aðra áhugamenn um þetta mál um að breiða yfir þau mistök sem orðið hafa og eru á ábyrgð fjmrh. og ríkisstjórnar og leiðrétta þau.

Nú er það þannig, virðulegur forseti, að þegar flytja skal frv. um að leiðrétta tiltekin ákvæði í skattalögum koma tvær leiðir til álita. Í fyrsta lagi að flytja sérstök ákvæði í skattalög, bráðabirgðaákvæði, um að gera ákveðnar leiðréttingar og breytingar á þeim lögum. Sú leið varð ekki fyrir valinu í þessu tilviki. Í þessu tilviki er valin sú leið að flytja sérstakt lagafrv., frv. til sérstakra laga um þá leiðréttingu sem hér um ræðir, en þau lög yrðu þá búin að gegna sínu hlutverki þegar leiðréttingin væri komin til framkvæmda að öllu leyti. Þannig þyrfti ekki að láta slík bráðabirgðaákvæði sitja í skattalögunum til frambúðar heldur afgreiða málið með sérstökum lögum sem hafa þennan ákveðna tilgang og hafa síðan þjónað tilgangi sínum þegar ákvæðin hafa náð fram að ganga, leiðréttingin komið til framkvæmda.

Eins og ég hef getið um snerta ákvæði frv. annars vegar þá sem rétt áttu á húsnæðisbótum þegar þeir gerðu fjárhagslegar ráðstafanir til húsnæðisöflunar á árinu 1988 og fyrri hluta árs 1989, en sömuleiðis þá sem áttu rétt á vaxtaafslætti, þegar þeir gerðu sínar ráðstafanir til húsnæðisöflunar, eða vaxtabótum á grundvelli ákvæða sem þá giltu. En með lögum nr. 117/1989, sem tóku gildi 28. des. það ár, var skilgreiningu vaxtaútgjalda breytt til þrengingar þannig að stór hópur manna sem á öllu því ári hafði í góðri trú gert sína útreikninga á grundvelli laganna eins og þau voru þá sat uppi með sárt ennið vegna þess að þessi

þrengri skilgreining var samkvæmt þessum lögum látin gilda illu heilli 12 mánuði aftur í tímann, fyrir allt árið 1989, þó svo lögin væru ekki birt fyrr en 28. des. það ár.

Ég hef leyft mér að segja að skattalög af þessu tagi séu hið versta siðleysi og það fái ekki staðist að refsa skattborgurunum og íþyngja þeim með ákvæðum sem virka með þessum hætti aftur í tímann. Menn geta haft misjafnar skoðanir á lögum sem gilda með eðlilegum hætti fram fyrir sig. Það er ekkert við því að segja þó að breytingar séu gerðar á ákvæðum í lögum fram í tímann, hvort sem um er að ræða réttindi eða skyldur manna. Lögum er að sjálfsögðu hvenær sem er hægt að breyta með framvirkum hætti. En í því réttarríki sem við viljum telja að Ísland sé á ekki að vera hægt að breyta lögum eins og hér hefur verið gert með afturvirkum hætti.

Þess vegna gerir þetta frv., herra forseti, ráð fyrir því í 1. gr. að þeir sem áttu rétt á húsnæðisbótum á árinu 1988 en fengu þær einungis til eins árs vegna laga nr. 79/1989 geti, ef það hentar þeim betur, fengið þær bætur með þeim hætti sem lögin gerðu ráð fyrir á árinu 1988, þ.e. að hámarki til sex ára. En einnig að þeir sem áttu rétt á húsnæðisbótum fyrri hluta árs 1989, áður en lög nr. 79 voru samþykkt, geti með sama hætti fengið húsnæðisbætur ef það hentar þeim betur en þær vaxtabætur sem í staðinn komu. Það fólk gat ekki með nokkru móti vitað að til stæði að breyta ákvæðunum um húsnæðisbætur, en þetta fólk var skilið eftir algerlega á köldum klaka og fékk ekki húsnæðisbætur í eitt einasta sinn, en þeir sem voru í þessari stöðu á árinu 1988 fengu þó bæturnar í eitt ár.

Nú má þó vel vera að einhverjum þessara aðila henti betur og hafi gagnast betur að fá vaxtabætur í staðinn en það breytir ekki því grundvallaratriði að það er siðleysi að koma með þessum hætti aftan að fólki og það er eðlilegt að þetta fólk geti þá valið hvort því henti betur húsnæðisbæturnar eins og þær voru eða hinar nýju vaxtabætur sem til komu með lögum nr. 79/1989.

Í 1. gr. frv. eru ákvæði um hvernig standa skuli að þessari leiðréttingu. Skattyfirvöld hafa upplýsingar um alla þá aðila sem fengu á árinu 1989, vegna tekjuársins 1988, úrskurð um húsnæðisbætur í eitt ár. Þær upplýsingar liggja fyrir og því er sú kvöð lögð á skattstjóra í 1. gr. að þeir geri rétthöfum, sem hér eiga hlut að máli, grein fyrir hinum nýja rétti sínum og gefi þeim kost á að ákveða hvort þeir velja að fá þessar bætur samkvæmt ákvæðum greinarinnar eða ekki. Hins vegar er sérstakt ákvæði um að þeir sem koma við þessa sögu á fyrri hluta árs 1989, en ekki er vitað hjá skattyfirvöldum hverjir eru, gefi sig fram og sæki sérstaklega um að fá bæturnar greiddar með þessum hætti og þá í því formi eða á því eyðublaði sem ríkisskattstjóri ákveður.

Það þykir eðlilegt að setja ákveðna fresti í þessu sambandi og þeir koma fram í greininni. Að því er varðar þá sem þurfa að sækja um leiðréttingu samkvæmt ákvæðum greinarinnar er gert ráð fyrir því að þeir geri það í síðasta lagi með skattframtali á árinu 1991, en þeir sem skattyfirvöldum ber að tilkynna um réttinn hafi frest allt þar til kærufrestur samkvæmt 99. gr. skattalaga rennur út vegna álagningar á næsta ári.

Í 2. gr., virðulegi forseti, er síðan fjallað um vaxtabætur og vaxtaafslátt. Þar eru sambærileg ákvæði um að afturvirkni nái ekki fram að ganga og þeir sem borið hafa skarðan hlut frá borði í þessu efni geti leitað til skattstjóra og sótt um leiðréttingu sinna mála. Jafnframt er sérstakt ákvæði í 1. mgr. um að hin afturvirka skilgreining á vaxtaútgjöldum, sem til framkvæmda kom 28. des. á síðasta ári og gilti fyrir allt árið, falli niður. Hún gildi ekki fyrir það ár. Hún gildi sem sagt eingöngu fram í tímann fyrir árið 1990 en ekki aftur í tímann fyrir gildistöku laganna, þ.e. árið 1989.

Gert er ráð fyrir því að menn geti sótt um leiðréttingu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður innan þess frests sem settur er í greininni, þ.e. eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1991. Og sama gildir um þá sem hefðu átt rétt til vaxtaafsláttar en voru sviptir honum vegna ákvæða í 3. gr. laga nr. 79/1989, afturvirkt. Þeir aðilar geti sótt um leiðréttingu sinna mála sömuleiðis eigi síðar en með skattframtali á árinu 1991.

Þetta eru, virðulegi forseti, meginefnisatriði frv. En vegna þess að hér er gert ráð fyrir sérstökum lögum um þetta efni en að þetta verði ekki ákvæði í hinum almennu skattalögum, þá ber nauðsyn til þess að ákveða það með 4. gr. frv. að hin almennu ákvæði skattalaganna um málsmeðferð og almennan rétt manna séu hin sömu og gilda í skattalögum almennt. Þess vegna er kveðið á um það í 4. gr. að ákvæði c-liðar 49. gr. og ákvæði VIII.–XIV. kafla hinna almennu skattalaga haldi gildi sínu gagnvart þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli eftir því sem við getur átt. 3. gr. frv. aftur á móti, virðulegi forseti, er afleiðing hinnar 1. og kveður á um að tiltekið bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 79/1989 falli brott.

5. gr. er síðan gildistökuákvæði þar sem kveðið er á um það að lög þessi öðlist þegar gildi en komi jafnframt þegar til framkvæmda. Með öðrum orðum að skattstjórum sé gert skylt að hefjast þegar handa um að hrinda þessum leiðréttingum í framkvæmd, þó svo að gert sé ráð fyrir að þau verði komin til framkvæmda eigi síðar en á næsta ári með skattálagningu þess árs. Það verði sem sagt hafist handa þegar í stað, ýmist að tilkynna mönnum um rétt þeirra samkvæmt þessum lögum, eða auglýsa að menn geti sótt um leiðréttingu á grundvelli ákvæða þessara laga, ef frv. nær fram að ganga.

Út af fyrir sig má segja að efnisatriði þessa frv. skýri sig að öðru leyti sjálf. Það liggur fyrir hvað vakir fyrir flm. með þessu frv. Það sem fyrir honum vakir er að tryggja að þeir einstaklingar, sem urðu fyrir barðinu á afturvirkni skattalaganna, nái rétti sínum. Reyndar var flutt frv. hér á síðasta þingi til að reyna að koma í veg fyrir að hin afturvirku ákvæði næðu fram að ganga, áður en þau komu til framkvæmda, en það frv. náði ekki fram að ganga. Og þá var ekki á fjmrh. að skilja að hann teldi tilefni til sér-

stakra leiðréttinga vegna þessara ákvæða sem þá var bent á. Nú er látið á þetta reyna enn á ný. Það er vissulega fagnaðarefni að fjmrh. skuli þrátt fyrir allt hafa hér í umræðunni sl. fimmtudag gefið í skyn að hann gæti fallist á tilteknar leiðréttingar í þessu máli.

Ég vil taka það fram að auðvitað skiptir það höfuðmáli að efnisatriði frv. nái fram að ganga, þó svo vera megi að framsetning tiltekinna lagaákvæða geti verið önnur en í þessu frv. er kveðið á um. Og ég er að sjálfsögðu til samninga og viðræðna um orðalagsbreytingar eða önnur slík atriði, komi í ljós að einhverjir hnökrar kunni að vera á frumvarpstextanum eins og hann er í dag, ef það má verða til þess að frv. nái efnislega fram að ganga. En það er auðvitað hinn efnislegi ásetningur og tilgangur frv. að bæta öllum þeim, sem urðu fyrir barðinu á þessum ákvæðum, tjónið en ekki bara sumum þeirra. Það má vel vera að hv. fjh.- og viðskn. eða fjmrn. þyki ástæða til þess að hnika til orðalagi eða gera einhverjar minni háttar breytingar á þessum greinum og er ég, eins og ég segi, til viðræðna og samkomulags um allt slíkt ef það bitnar ekki á efnislegum tilgangi frv.

Það hefur komið í ljós, virðulegi forseti, eins og ég spáði þegar við ræddum þetta mál á síðasta þingi, að við álagningu á síðasta sumri vaknaði stór hópur fólks upp við vondan draum. Það er nefnilega þannig þegar verið er að breyta skattalögum á hinu háa Alþingi að það er ekki stór hópur manna sem hefur það á hraðbergi með hvaða hætti slíkar breytingar hafa áhrif á hag þeirra. Þess vegna benti ég fjmrh. á það hér á síðasta vori að það væri ekki nóg með það að við flm. þess frv. vissum ekki hvað hér ætti margt fólk hlut að máli, og vera mætti að þeir væru býsna fáir, heldur væri það einnig svo að þeir sem ættu hlut að máli vissu það ekki sjálfir vegna þess að það kæmi ekki í ljós fyrr en við álagninguna í ágústmánuði. Þetta kom á daginn. Og fjöldi manna hafði samband við mig til að mynda þegar það rann upp fyrir fólki hvað gerst hafði með ákvæðum laga nr. 75/1989 og nr. 117/1989. Það rann ekkert upp fyrir fólki fyrr en það fékk álagningarseðla sína í hendur hvað hér hafði gerst á Alþingi á síðasta ári. En þá sáu menn auðvitað í hendi sér að hefði frv. það sem við fluttum hér á síðasta vori verið samþykkt hefði mátt koma í veg fyrir þessi afturvirku ákvæði, koma í veg fyrir að þau næðu að taka gildi. Þess vegna var það á síðasta sumri, eftir að álagningin kom fram, að fréttir voru nokkrar fluttar af þessu máli og einstakir þolendur þessara ákvæða skrifuðu m.a. í blöð og létu það koma fram hvert tjón þeirra hefði orðið. Og mér er kunnugt um það að a.m.k. einn aðili ef ekki fleiri hefur skrifað umboðsmanni Alþingis og óskað eftir áliti hans á því hvort afturvirk ákvæði, eins og hér er um að tefla, fái staðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Og eins og hefur margoft komið fram í mínu máli, þá efast ég um að svo sé.

Hins vegar er auðvitað einfaldasta leiðin til þess að leiðrétta þetta og til þess að koma í veg fyrir að slík mál haldi áfram til dómstóla, eins og vænta má að óbreyttu, að samþykkja þetta frv., annaðhvort óbreytt eða með einhverjum smávægilegum breytingum ef menn sjá á því einhverja lögfræðilega hnökra eða annmarka sem ástæða væri til að leiðrétta án þess að gera á því efnisbreytingar.

Fjmrh. sagði í sjónvarpsviðtali í ágústmánuði sl., þegar þetta mál kom upp, að það kæmi til greina að skoða einhverjar breytingar ef hér væri um að ræða stóran hóp fólks, ef hér væri um að ræða fólk sem hefði litlar tekjur og ætti ekki miklar eignir. Eða eins og hann sagði orðrétt: „Fólk sem hefur með eðlilegum hætti rétt á því að þess mál sé skoðað sérstaklega.“ Með þessum ummælum kemur auðvitað glöggt fram hverjar skoðanir hæstv. fjmrh. eru á hinni almennu jafnræðisreglu íslenskra laga, sem sé þeirri reglu að allir skuli jafnir fyrir lögunum, vegna þess að í þessu máli kemur fram að það sé allt í lagi að beita afturvirkum ákvæðum skattalaga gegn fólki ef það er ekki stór hópur fólks eða ef það er fólk sem hefur sæmilegar tekjur eða á einhverjar eignir. Það sé allt í lagi að beita afturvirkni gegn því fólki ef það eru ekki einhverjar sérstakar aðstæður hjá slíku fólki. Þetta er auðvitað alger siðblinda að mínum dómi gagnvart þessari jafnræðisreglu íslenskra laga og gagnvart því fólki sem þarna á hlut að máli og kemur ekki til greina að samþykkja að farið sé í eitthvert geðþóttamat á því hverjir eigi að fá leiðréttingu vegna afturvirkninnar og hverjir ekki. Þess vegna er eðlilegast, eins og ég hef marglátið koma hér fram, að samþykkja með sérstökum lögum leiðréttingu vegna þessara ákvæða sem nái til allra þeirra sem hlut eiga að máli, ýmist með því að skattstjórar tilkynni fólki um sinn rétt eða þá að fólki sé gefinn kostur á að sækja um leiðréttinguna í því formi sem hér er gert ráð fyrir.

Fjmrh. hefur með ýmsum útúrsnúningum reynt að gera lítið úr því að hér sé um afturvirk ákvæði að ræða. En ég spyr: Hvernig er annað hægt en að tala um afturvirkni þegar lög eru samþykkt 28. des., taka gildi 28. des. en gilda fyrir allt árið? Ef það er ekki afturvirkni í skattalögum, þá hygg ég að virðulegur ráðherra verði að leita sér fulltingis hjá Orðabók Háskólans eða einhverjum slíkum aðila til þess að fá úr því skorið hvað orðið afturvirkni þýðir í skattalögum. Reyndar þýðir ekki að fara hér í einhvern orðaleik um það mál. Þetta er hagsmunamál sem brennur á fjölda manns og þessi ákvæði hefðu aldrei átt að koma inn í lögin með þessum hætti, hvað svo sem líður réttmæti þeirra fram í tímann. Því ber brýna nauðsyn til að leiðrétta þessi ákvæði og þessi atriði þannig að það fólk, sem hér átti hlut að máli, komi skaðlaust frá þessum ákvæðum og þessum skattabreytingum sem ríkisstjórnin og fjmrh. sérstaklega bera fulla ábyrgð á.

Ég hyggst ekki hafa þessa framsögu lengri, virðulegi forseti, þó að vissulega hefði verið ánægjuefni að geta tekist á við fjmrh. um þessi mál enn á ný. Það gefst væntanlega tækifæri til þess síðar. Ég vil því ljúka máli mínu með því að leggja til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og jafnframt beina þeim eindregnu tilmælum til nefndarinnar að hún taki þetta mál fyrir í fullri al-

vöru, eins og ég reyndar gerði þegar ég flutti sambærilegt mál á síðasta þingi. En nú er sérstakt tilefni til þess þegar í ljós er komið hversu margir eiga hér hlut að máli og hversu brýnir þeirra hagsmunir eru.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um leiðréttingu á afturvirkum ákvæðum um útreikning húsnæðisbóta, vaxtabóta og vaxtaafsláttar í lögum nr. 79/1989 og í lögum nr. 117/1989, um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, sem hér liggur fyrir og hv. flm. Geir Haarde hefur mælt fyrir, er í framhaldi af því frv. sem ég var flm. að ásamt honum á síðasta þingi. Það var flutt til að reyna að koma í veg fyrir að þessir atburðir mundu gerast. Ég fagna því að hv. þm. hefur flutt þetta frv., hefði óskað eftir því að vera meðflm. en það hefur nú ekki orðið svo. Ég er sammála því sem segir í þessu frv., annars vegar um að þeir sem húsnæðisbæturnar voru teknar af frá og með árinu 1988 með skattframtali 1989, eigi að njóta þeirra réttinda til 1994, og svo einnig um leiðréttingu til þeirra sem féllu fyrir borð, eins og ég vil kalla, lentu milli skips og bryggju eða hefðu átt að eiga rétt á húsnæðisbótum vegna húsnæðisöflunar á tímabilinu 1. jan. 1989 til 14. júlí 1989.

Þessi hópur hafði gert sínar ráðstafanir, hafði gert ráð fyrir að hann gæti treyst því að falla undir þau lög sem voru um húsnæðisbætur. Svo kemur það í ljós að þeir falla raunverulega fyrir borð, eiga engan rétt nema á vaxtabótum sem ná ekki nema til mjög lítils hluta þeirra sem hefðu átt rétt á húsnæðisbótum.

Ég vil segja það og sagði raunar hér í ræðustóli í gær að vaxtabætur og vaxtaafsláttur, eins og þau lög liggja fyrir, og ég benti þegar á þegar þau lög lágu fyrir, ná til mjög þröngs hóps. Það er verið að mismuna fólki mjög verulega. Það er verið að lækka tekjur fólks sem hefur meðaltekjur og hærri og það er verið að taka eignir af fólki. Fólk sem hefur með ráðdeild og sparsemi lagt til hliðar og hefur ætlað að kaupa sér húsnæði eða byggja, það er raunverulega sektað fyrir að ástunda ráðdeild og sparsemi. Þetta er efni þessara laga. Síðan eru þau látin gilda aftur í tímann þannig að þeir sem hafa gert sína útreikninga um húsnæðismál, út frá þeim lögum sem voru í gildi þegar þeir kaupa eða byggja, standa núna uppi með verulegar skuldir, vandamál sem verða ekki leyst nema þeir selji sínar eignir. Það getur verið erfitt einmitt að selja þær eignir sem eru fyrir ofan þau mörk sem vaxtabæturnar gera ráð fyrir að menn megi eiga. Þessi lög eru því bráðnauðsynleg og er raunverulega sorglegt að vita til þess að ríkisstjórn Íslands, eins og kom hér fram í umræðunni í gær, skuli standa að því að setja þannig afturvirk lög á sómakært fólk sem hefur kannski með áralangri elju komið sér upp einhverri smáeign til að stækka við sig eða er eitthvað aðeins launahærra en þetta kvótakerfi hæstv. félmrh. og fjmrh. gefur tilefni til, því þetta er kvótakerfi. Þetta er kvótakerfi húsnæðismála. Þetta er kvótakerfi sem byggist á því að jafnstaða manna er engin. Það er launalækkun sem felst í þessu kerfi og það er eignaupptaka sem felst í þessu kerfi.

Þessi flóknu mál hafa verið samþykkt hér af núverandi stjórnarflokkum, stjórnarþingmönnum, með þeim hætti að ekki verður við unað. Það hlýtur að verða að taka þessi lög upp og breyta þeim á næsta kjörtímabili. Ég tel það óverjandi á allan hátt að þetta kvótakerfi félagshyggjuaflanna skuli ríkja hér á landi sem gerir það að verkum að þeim sem reyna að bjarga sér sjálfir, standa á eigin fótum, er nauðugur einn kosturinn, það er að fara inn í félagslegt kerfi. Þeir geta ekki staðið á eigin fótum. Það er forkastanlegt að ríkisstjórn Íslands skuli standa fyrir þessu.

Ég vil eindregið hvetja þingmenn til þess, meira að segja þá sem telja sig þingmenn allrar þjóðarinnar, að standa einhuga um það að breyta þessum lögum. Það verður ekki við unað að slíkt kvótakerfi verði ríkjandi hér á Íslandi sem kemur í veg fyrir vilja fólks til að framkvæma og byggja sjálft, eiga sitt íbúðarhúsnæði sjálft og standa á eigin fótum. Öllu er beint til ríkis og bæja. Það er röng stefna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

10. fundur, miðvikudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 132.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Egill Jónsson greip hér fram í um leið og ég gekk í ræðustólinn og sagði: „Einn skatturinn enn.“ Þetta er ekki alveg rétt hjá hv. þm. vegna þess að þessi skattur er þeirrar náttúru, umfram alla aðra skatta sem hér eru til meðferðar á Alþingi hefur hann það sérkenni að engir fjmrh. hafa mælt eins oft fyrir honum og fjmrh. Sjálfstfl. Hér er því ekki um að ræða einn skattinn enn, heldur gamlan kunningja sem er búinn að vera á dagskrá þingsins síðan 1978 og kom fyrst til sögunnar þegar hv. núv. forseti deildarinnar var formaður fjh.- og viðskn. á þinginu 1978–1979. Þeir ágætir þingmenn Sjálfstfl. hér í deildinni, sem gegnt hafa formennsku í fjh.- og viðskn. á síðustu 12 árum, hafa mælt fyrir samþykki þessa skatts á sínum tíma og vona ég að það takist nú einhugur í deildinni.

Hér er ég þess vegna í því hefðbundna hlutverki fjmrh. síðustu 12 ára að mæla fyrir því að þessi skattur sé framlengdur, en hann er ólíkur öðrum sköttum að því leyti til að á ári hverju hefur þurft að flytja

um hann sérstakt frv.

Skatturinn hefur, eins og ég sagði áðan, verið lagður á árlega síðan árið 1979. Í ár hefur álagningin og innheimtan farið eftir lögum nr. 127/1989. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1990 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 445 millj. kr. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir að framhald verði á þessari skattlagningu og er þetta frv. þess vegna flutt. Er það efnislega alveg sammála þeim lögum sem nú eru í gildi nr. 127/1989. Hér er því ekki um að ræða neina breytingu á þeirri skipan sem gilt hefur á þessu ári.

Í tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 535 millj. kr. en innheimtan 482 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þennan gamla kunningja, en mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

10. fundur, miðvikudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Brottnám líffæra og krufningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 120. mál. — Þskj. 124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Ákvörðun dauða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Búminjasafn, frh. 1. umr.

Frv. AS og FÞ, 90. mál. — Þskj. 93.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 1. umr.

Frv. HJ o.fl., 93. mál (afnám laga). — Þskj. 96.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Leiðrétting á afturvirkum ákvæðum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, frh. 1. umr.

Frv. GHH, 105. mál. — Þskj. 109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, 1. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 85.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988 sem flutt er á þskj. 85.

Aðdragandi frv. er sá að í áliti frá umboðsmanni Alþingis, dags. 21. sept. sl., fjallar hann m.a. um ákvörðun agaviðurlaga í fangelsum. Kemst hann m.a. að þeirri niðurstöðu að ákvæði í 26. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 geti hæglega farið í bága við ákvæði 5. og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og þarna sé um að ræða meinbugi á íslenskum lögum.

Í athugasemdum við lagafrv. þetta er birtur sá hluti framangreindrar álitsgerðar umboðsmanns er fjallar um þetta atriði.

Í 26. gr. laga um fangelsi og fangavist eru ákvæði um agaviðurlög vegna brota fanga á reglum fangelsis. M.a. er heimilt að beita einangrun í allt að 30 daga vegna agabrota og skv. 1. málsl. 3. mgr. greinarinnar telst sá tími ekki til refsitímans.

Samkvæmt 6. mgr. greinarinnar má einangrun ekki lengja fangavist um meira en þriðjung dæmds refsitíma nema samþykki fangelsismálastofnunar sé fengið og aldrei um meira en helming.

Umboðsmaður telur að þessi ákvæði samrýmist ekki 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, a.m.k. ekki ef slíkur frádráttur lengir í reynd þann tíma sem viðkomandi var dæmdur til fangavistar með dómi. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu umboðsmanns er lagt til að framangreind ákvæði verði felld brott.

Í framangreindri álitsgerð fjallar umboðsmaður einnig um það að í lögum um fangelsi og fangavist séu ekki sjálfstæð ákvæði um málskot á ákvörðunum forstöðumanns fangelsis til fangelsismálastofnunar, eða

ákvörðunum stofnunar til dómsmrh. sem fer með yfirstjórn fangelsismála skv. 1. gr. laganna. Hann tekur þó fram að slíkar ákvarðanir sæti stjórnsýslulegri kæru til dómsmrn. í samræmi við þá meginreglu að ákvarðanir lægra setts stjórnvalds megi kæra til æðra stjórnvalds. Skilja má þessa umfjöllun umboðsmanns á þann veg að hann telji æskilegt að um þessi atriði séu bein lagaákvæði.

Í 25. gr. laganna er fjallað um einangrun á fanga vegna öryggis í fangelsi og, eins og áður er fram komið, fjallar 26. gr. um agaviðurlög. Í 1. gr. frv. og b-lið 2. gr. er lagt til að í lög verði sett ákvæði um að ákvarðanir um einangrun á föngum og um beitingu annarra viðurlaga sæti kæru til dómsmrn. og að fanga skuli skýrt frá því um leið og ákvörðun er birt.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef áður nefnt er í frv. þessu verið að leggja til breytingar á lögum um fangelsi og fangavist í þeim tilgangi að þau lög stangist ekki á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar sem stjórnvöldum er skylt að fara að settum lögum vænti ég þess að frv. þetta fái skjóta meðferð og verði sem fyrst að lögum.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Afreksmannasjóður íslenskra íþróttamanna, 1. umr.

Frv. IBA og HJ, 53. mál. — Þskj. 53.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Hreggviði Jónssyni að leggja fram frv. til laga um afreksmannasjóð íslenskra íþróttamanna, sem er 53. mál þingsins á þskj. 53. Í grg. með frv. segir m.a.:

„Íþróttir eru sívaxandi hluti daglegs lífs hjá almenningi hér á landi. Daglega leggja þúsundir manna á öllum aldri stund á íþróttir um allt land, bæði innan dyra og utan. Með auknum frítíma og áhuga á einstökum greinum íþrótta hefur mikilvægi íþrótta margfaldast fyrir fólkið í landinu. Aflvakinn í þessu öllu eru keppnisíþróttirnar þar sem dugmiklir og fórnfúsir einstaklingar leggja á sig ómælt erfiði og taka oft og tíðum á sig mikil útgjöld. Það má raunar fullyrða að án keppnisíþrótta ætti almenningur þess ekki kost að iðka ýmsar íþróttagreinar í hinum fjölmörgu íþróttamannvirkjum sem reist hafa verið fyrir forgöngu forustumanna íþróttahreyfingarinnar.

Jafnframt hefur geta íslenskra keppnismanna aukist ár frá ári og árangur þeirra vakið athygli víða um heim. Það hefur þó háð markvissri uppbyggingu og langtímaþjálfun afreksmanna okkar að þeir hafa ekki getað gefið sig óskipta að æfingum, t.d. fyrir ólympíuleika og heimsmeistarakeppni, vegna baráttu fyrir daglegu brauði. Fjárframlög ríkisins til íþróttahreyfingarinnar eru sáralítil og hafa verið skorin rösklega niður sl. ár. Ef við berum okkur saman við aðrar Norðurlandaþjóðir geta alþingismenn ekki litið kinnroðalaust framan í æskufólk sem leggur sig í líma við að hefja nafn Íslands til vegs á erlendum vettvangi. Nú er og komið fordæmi fyrir því að afreksmenn njóti náðar Alþingis, en með samþykkt stjfrv. um Launasjóð stórmeistara í skák á sl. þingi er brautin rudd og ber að fagna því. Frv. þetta er af sömu rótum runnið en sniðið að þörfum íþróttahreyfingarinnar."

Ef farið er lauslega yfir greinar frv., sem ekki eru sérstaklega skýrðar, enda tel ég að þær skýri sig sjálfar, þá fjallar 1. gr. um stofnun sjóðsins og hvaða viðmiðun er þar sett, sem eru árslaun 40 háskólakennara, svipað og er hjá skákmönnum, og að tilgangur sjóðsins sé að skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig íþrótt sinni.

Í 2. gr. er farið fram á það að þessi fjárveiting verði fyrst á fjárlögum nú fyrir árið 1991 og síðan hvernig framhald á því verður. En það ætti þá að miðast við hreyfingar og breytingar á launum háskólakennara.

Í 3. gr. er farið yfir þá sem rétt hafa til greiðslu úr sjóðnum að mati stjórnar sjóðsins. Þar er sem sagt komið inn á það að þeir sem sýni ótvíræða hæfileika í sinni íþróttagrein eigi rétt á styrk frá sjóðnum. Er þá rétt að benda á það að þeir sem væntanlega mundu tilnefna styrkþega yrðu væntanlega þjálfarar hinna ýmsu íþróttagreina og einnig kennarar eða leikfimikennarar í skólum sem verða varir við mikinn efnivið hjá ungmennunum.

Í 4. gr. er farið yfir það hvernig stjórnin verði skipuð og gert ráð fyrir því að menntmrh. skipi stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Í henni skulu sitja þrír menn, tveir tilnefndir af Íþróttasambandi Íslands, en einn skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Í 5. gr. er farið fram á að menntmrh. setji reglugerð um framkvæmd laganna og vörslu sjóðsins og úthlutun úr honum.

Hæstv. forseti. Menn tala gjarnan fallega um íþróttirnar og gildi þeirra á tyllidögum en þegar komið er að því að taka á málunum og veita jafnvel fé til þeirra og aðstoða íþróttirnar í landinu þá fer minna fyrir stóru orðunum sem viðhöfð hafa verið úti í þjóðfélaginu.

Ég ætla ekki að fjalla í löngu máli um gildi íþrótta, það væri vissulega hægt að gera það. Ég tel að íþróttirnar í dag séu að nokkru leyti farnar að taka að sér það hlutverk sem skólarnir eiga að gegna, t.d. uppeldishlutverk sem mér finnst orðið mjög ábótavant í skólunum, þ.e. kennsla og leiðbeiningar hvað varðar aga, sem mér finnst einnig mjög ábótavant í skólakerfinu, stundvísi er kennd, snyrtimennska og vinna í hóp eða sér. Þessir liðir allir eiga að vega þungt inni í skólakerfinu sem uppeldisatriði, en því miður er verulegur brestur þar á.

Það þarf ekki að nefna lið eins og forvarnir. Það er

fátt sem virkar betur í forvarnarstarfi gagnvart vímuefnaneyslu, áfengisneyslu eða öðru óhófi en einmitt íþróttastarfið. Þar lærir ungt fólk strax að varast þau efni, hvort sem um er að ræða áfengi, tóbak eða vímuefni, enda hefur það komið í ljós víðast hvar að íþróttafólk notar slíka hluti með varúð ef það yfir höfuð notar þá.

Eins og kemur fram í frv. er ætlast til þess að efnilegir íþróttamenn verði studdir til að ná árangri í sinni íþrótt. Það hefur því miður verið þannig fram til þessa að íþróttamenn hafa verið látnir eiga sig. Þeir hafa getað stundað sína íþrótt einhvers staðar úti í horni, en um leið og þeir fara að ná árangri og verða frægir, þá eigum við í þeim hvert bein og höfum gert allt fyrir þá. Og þá fyrst viljum við fara að styðja þá. En þá er of seint í rassinn gripið. Þá erum við búnir að missa fjöldann allan af efnilegu íþróttafólki burt úr íþróttunum.

Það þarf ekki að nefna liði eins og t.d. landkynningu. Ég held að allir geri sér grein fyrir því hvílík landkynning góður íþróttamaður er. Hægt er að nefna mörg nöfn því til rökstuðnings hér. Það má nefna menn eins og Bjarna Friðriksson í júdóíþróttinni, Ásgeir Sigurvinsson í knattspyrnu, Hauk Gunnarsson í Íþróttafélagi fatlaðra o.s.frv. Og síðast en ekki síst mætti sem dæmi nefna árangur nágrannaþjóðar okkar Færeyinga sem skaut sér heldur betur upp á stjörnuhimininn í knattspyrnu nýverið með því að sigra Austurríkismenn í heimsmeistarakeppninni. Gildi íþróttanna sem landkynningar er því ótvírætt.

Kveikjan að þessu frv. öðru fremur, þó að hugmyndin um afreksmannasjóð hafi blundað í flm. lengi, var auðvitað sú að íþróttunum er mismunað verulega þegar skákíþróttin ein og sér fær þann mikla fjárstuðning sem samþykktur var á síðasta þingi. Það ber auðvitað að viðurkenna að skák er göfug íþrótt en menn verða líka að viðurkenna að hún er íþrótt, hún er íþrótt hugans, og hún er ein og sér tekin út úr. Þannig höldum við flm. okkur við jörðina og förum aðeins fram á sama fjármagn sem þessi eina íþrótt fær. Við förum fram á sama fjármagn til allra hinna íþróttanna. Innan ÍSÍ eru núna hátt í 30 sérsambönd og innan þeirra sérsambanda eru margar mismunandi íþróttagreinar, þannig að ekki er nú verið að biðja um mikið.

Hæstv. forseti. Ég tel að það þurfi ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál. Ég vil hins vegar brýna þá þingmenn sem hafa á tyllidögum þóst bera hag íþróttanna fyrir brjósti að sýna það nú í verki og vil benda mönnum á að það verður vel fylgst með því úti í íþróttahreyfingunni hverjir taka undir þetta mál og hverjir ekki.

Ég vil síðan að lokinni umræðu vísa málinu til hv. menntmn. og 2. umr.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Frv. það til laga um afreksmannasjóð íslenskra íþróttamanna sem hér liggur frammi er flutt hér í annað skipti. Það þarf e.t.v. ekki að hafa mörg orð um það hvert ágæti íþrótta er, svo oft hefur maður heyrt marga af hinum bestu stjórnmálamönnum landsins tala um það við ýmisleg tækifæri. En ég veit ekki hvort áhuginn er sá sem þeir vilja láta í veðri vaka, enda sýnist mér framlög til íþróttahreyfingarinnar hafa orðið með þeim hætti undanfarin ár að varla sé orð á því gerandi.

Það sem við flm. erum að tala um hér, hv. 5. þm. Vesturl. og ég, er að stofna sérstakan afreksmannasjóð fyrir íslenska íþróttamenn. Sá sjóður er hugsaður með svipuðum hætti og launasjóður stórmeistara í skák. Íþróttirnar eru afreksíþróttir um margt. Það eru afreksmennirnir sem hvetja aðra til dáða. Það eru þeir sem hafa úrslitaáhrif á það hve almenningur er áhugasamur um iðkun íþrótta. Afreksíþróttirnar hafa dregið til sín þúsundir ungmenna til að iðka íþróttir um allt land. Þetta er hluti af okkar menningu og þetta er ekki minni menning en leikstarfsemi, Íslenski dansflokkurinn eða Sinfóníuhljómsveit Íslands. Allt eru þetta atriði sem eru inni á fjárlögum og þykir sjálfsagt að hafa þau. Og ég tel að íþróttirnar eigi þar einnig heima.

Ég vil minna á það að þetta er þó öðruvísi en öll sú starfsemi sem er komin inn á fjárlög, að meðtöldum hinum svokallaða Launasjóði stórmeistara í skák, að því leyti til að þorri þeirra manna sem fengju styrk úr þessum sjóði yrði á aldrinum 17–30 ára. Sem sagt það yrði stöðug endurnýjun. Þetta er ekki æviráðning heldur er hér mjög skammur tími oft og tíðum. Það eru 4–10 ár venjulega sem hámark sem menn eru í afreksíþróttum sem hér er um að ræða. Fjárstuðningur gæti valdið úrslitaáhrifum um það hver árangur afreksíþróttamanna yrði á alþjóðlegum vettvangi í framtíðinni. Við sem höfum átt þess kost að starfa í íþróttahreyfingunni, fara með flokkum ungs fólks til keppni erlendis, höfum séð að þetta er glæsileg landkynning og þetta er landkynning sem vekur meiri athygli en margt annað.

Ég tel að þeim fjármunum sem yrði varið til slíks sjóðs yrði vel varið. Það sem við leggjum hér til samsvarar árslaunum 40 háskólakennara. Miðað við Launasjóð stórmeistara í skák væri hér um að ræða 47,2 millj. Þetta er eina viðbótin við eyðslu ríkisins sem ég hef lagt til hér á þingi og hef reyndar verið stoltur af því að vera ekki alltaf með tillögur um að auka útgjöldin, en ég held að þessi menningarþáttur sé þess virði að við leggjum aukið fjármagn til hans.

Ég sagði einhvern tíma hér í ræðu á Alþingi að stjórnmálamenn vissu ekki hvað það væri dýrt og erfitt að vera íþróttamaður. Margir íþróttamenn hafa kostað sig sjálfir, bæði til ferðalaga erlendis og uppihald og það er algengara en ekki að svo sé. Á sama tíma ferðast ráðamenn þjóðarinnar á dýrum dagpeningum sem nemur hundruðum milljóna á hverju ári. Íþróttamenn hafa oft og tíðum átt erfitt með að stunda íþrótt sína þegar þeir hafa verið komnir í afreksíþróttir. Þeir hafa þá áhyggjur af fjármálum og þeir geta ekki lagt sig jafnmikið fram og þarf. Því er nauðsyn að styrkja þá þann tíma sem þeir eru afreksmenn. Og það er kosturinn við þennan sjóð og þá styrki sem eru hugsaðir þarna að þeir standa aðeins stuttan tíma, þeir

eru ekki um aldur og ævi til þeirra sem fá þá. Og síðan koma þessir menn fílefldir inn í atvinnulífið, inn í menningarlífið, inn í þjóðlífið og og gefa til baka þá reynslu sem þeir hafa öðlast innan sinnar íþróttar og í sinni baráttu sem þeir jafnan heyja við erlenda íþróttamenn.

Ég vil minna á það að þegar um íþróttamenn er að ræða sem eru á afreksstigi er hér hópur sem vinnur saman. Það eru einstaklingar sem leggja sig fram. Í þessum ranni er agi og reglusemi og það er reglusemi í mataræði sem menn læra, reglusemi varðandi vímuefni, reglusemi varðandi svefn. Þetta hefur uppeldislegt gildi og það er engin uppeldisstofnun til á landinu sem er jafngóð. Og það er engin hreyfing í landinu sem hefur unnið jafnmikið starf á síðustu árum fyrir jafnlitla fjármuni. Við getum sagt að það sé nánast stærsti hluti þjóðarinnar sem hefur átt þess kost að taka þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar og það er dýrmætara en öll þau dagheimili sem hafa verið byggð því að þetta veitir fleira ungu fólki möguleika á athöfnum og ánægju en nokkur önnur tómstundariðja á Íslandi.

Þegar við lítum t.d. að vetri til til fjalla þar sem þúsundir manna flykkjast til að iðka skíðaíþróttir, þá verðum við að hafa það í huga að áður en þeir möguleikar opnuðust voru það afreksmennirnir sem drógu vagninn. Það voru þeir sem fundu skíðasvæðin. Það voru þeir sem byggðu upp skíðasvæðin og íþróttastaðina. Síðan komu opinberir aðilar þegar ljóst var að almenningur flykktist þangað líka. Þetta hefur þannig margfeldi í för með sér í íslensku þjóðlífi. Þess vegna tel ég að afreksmannasjóður með þessum hætti yrði mikil lyftistöng fyrir þá sem leggja mest á sig og jafnframt yrði það þjóðinni ódýr landkynning því þessir menn hafa borið orðstír landsins víða um heim.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þetta frv. sem hér hefur verið lagt fram. Stundum er rætt um arðsemi fjármagns og ég tel að í þessu tilfelli sé um mjög háa arðsemi í ráðstöfun fjármagns að ræða því hvað er betra fyrir okkur Íslendinga en hraust fólk og sterkt til að taka við framtíðinni. Með þessum sjóði er enn eitt verðugt markmið fyrir ungt fólk til að keppa að, að verða einn af þeim sem kæmu til álita sem styrkþegar afreksmannasjóðs íslenskra íþróttamanna.

Það er líka stundum talað um heilbrigða sál í hraustum líkama og ég held að okkur veiti ekki af hvoru tveggja, heilbrigðum sálum og hraustum líkömum, til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. RG, 106. mál (umferðaröryggi). — Þskj. 110.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum. Í frv. felst að Umferðarráði er falin stefnumörkun í umferðaröryggismálum, frumkvæði að aðgerðum og að vinna að stefnumarkandi áætlun um forvarnaaðgerðir til fjögurra ára í senn. Dómsmrh. er ætlað að leggja fyrir Alþingi till. til þál. um fjögurra ára áætlun í umferðaröryggismálum ásamt skýrslu og lagt er til að ákveðið hlutfall af sektargreiðslum renni til forvarnastarfa í umferðaröryggismálum.

Virðulegi forseti. Greinar frv. hljóða svo:

„1. gr. Við 112. gr. laganna bætast þrír nýir stafliðir svohljóðandi:

k. að móta stefnu í umferðaröryggismálum,

l. að hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta umferðaröryggi,

m. að vinna stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára í senn um forvarnaaðgerðir á sviði umferðaröryggismála sem lögð skal fyrir dómsmrh.

2. gr. Á eftir 115. gr. laganna komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (116. gr.) Dómsmrh. skal á fjögurra ára fresti leggja fyrir Alþingi till. til þál. um áætlun í umferðaröryggismálum að fengnum tillögum Umferðarráðs.

Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna í umferðaröryggismálum.

Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við það skal ráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og árangur í umferðaröryggismálum.

b. (117. gr.) Þriðjungur sektargreiðslna vegna umferðarlagabrota skal renna til forvarnastarfa í umferðaröryggismálum, sbr. 116. gr.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Verkefni Umferðarráðs eru tilgreind í 10 stafliðum í 112. gr. umferðarlaganna og vil ég leyfa mér að lesa þá grein upp hér, með leyfi forseta:

„Dómsmrh. skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn og skal hlutverk þess vera:

að beita sér fyrir bættum umferðarháttum,

að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu,

að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum er vinna að bættri umferðarmenningu til hjálpar og ráðuneytis eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa,

að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi,

að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi og öðrum fjölmiðlum,

að sjá um að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingarfélaga sem ná yfir landið allt,

að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru er umferð varðar,

að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um

umferðarmál,

að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði,

að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi varða. Umferðarráði ber árlega að efna til opinnar ráðstefnu um umferðaröryggismál."

Á eftir þessari upptalningu er eins og fram hefur komið lagt til að komi þrír nýir stafliðir.

Virðulegi forseti. Umferðarslys eru skelfileg. Þau eru vandamál hjá hverri þjóð. Þau eru alvarlegt vandamál hjá okkur hér á Íslandi og há tíðni þeirra er blettur á okkar velferðarþjóðfélagi. Hér á landi slösuðust yfir 800 manns á síðasta ári í umferðinni og á hverju ári látast að meðaltali 25 manns í umferðarslysum.

Þegar við berum okkur saman við Norðurlandaþjóðirnar kemur í ljós að í umferðarmálum stöndum við þeim langt að baki, a.m.k. ef við notum samanburðartölur um slasaða og látna í umferðinni sem mælikvarða. Nýverið kom út Nordisk statistisk aarsbok 1989–1990 sem gefin er út á vegum ráðherranefndar Norðurlanda. Þar getur m.a. að líta samanburðartölur um umferðarslys vegna áranna 1984–1988. Öll þessi ár erum við með hæstu tölur yfir slasaða í umferðinni. Þannig eru tölur miðað við 100 þús. íbúa 371 slasaðir og látnir á Íslandi árið 1988 á móti 244 í Danmörku, 254 í Finnlandi, 269 í Noregi og 280 í Svíþjóð. Þetta er með öllu óásættanlegt fyrir okkur. Okkur ber að taka á þessum vanda af festu.

Í okkar norræna samstarfi hafa umferðaröryggismál fengið aukið vægi. Þannig hefur verið samþykkt framkvæmdaáætlun um aukið umferðaröryggi á vegum Norðurlandaráðs sem hefur það að markmiði að í hverju Norðurlandanna verði umferðaröryggisstarf aukið og bætt þannig að ná megi niður tölum slasaðra og látinna í umferðinni. Í framkvæmdaáætlun sem verið er að vinna fyrir árið 1992–1994 um öruggari umferð á Norðurlöndum koma fram þau markmið sem hvert landanna hefur sett sér. Þar kemur fram að í Danmörk hefur verið sett fram áætlun til 12 ára sem miðar að því að slysum verði fækkað um 15% á tímabilinu 1989–1991, um 15% til viðbótar á tímabilinu 1992–1994 og enn um 10–15% á næstu sex árum þar á eftir. Í Finnlandi var sett á laggirnar sérstök þingnefnd árið 1989 og er henni ætlað að koma með tillögur til að bæta umferðaröryggi og skila skýrslu vorið 1991. Þannig hefur norska Stórþingið einnig samþykkt ákveðin markmið um að ná niður slysatölu þrátt fyrir mikla aukningu í umferðinni þar. Í Svíþjóð miðast áætlanir við það markmið að tala látinna og slasaðra í umferðinni lækki um 4% á ári og að árið 2000 verði tala látinna í umferðinni í hæsta lagi 600 en var 904 á árinu 1989. Fjölda slasaðra á jafnframt að fækka um þriðjung á sama tíma. Í norrænu framkvæmdaáætluninni kemur fram að sérstakt opinbert markmið eða framkvæmdaáætlun liggur ekki fyrir hérlendis þótt á vegum opinberra aðila sé víða unnið að auknu umferðaröryggi. Það kemur einnig fram að Umferðarráð vinnur að samræmingu umferðaröryggismála og getið er nýrrar lagasetningar.

Umferðarráð vinnur nú að áætlun í umferðarmálum, samanber framkvæmdaáætlun Norðurlandaráðs, en með þessu frv. er m.a. lagt til að lögfesta slíka áætlanagerð og taki hún til fjögurra ára í senn. Oft hefur náðst frábær árangur í forvörnum þegar sérstakt átak hefur verið gert. Má þar nefna árið 1968 þegar skipt var yfir í hægri umferð og norræna umferðaröryggisárið 1983. Á Alþingi var samþykkt í mars 1987 þál. um þjóðarátak í umferðaröryggi flutt af hv. þm. Salome Þorkelsdóttur ásamt fulltrúum allra flokka á Alþingi, en þingmaðurinn Salome Þorkelsdóttir hefur látið umferðarmál mjög mikið til sín taka á Alþingi. Var í framhaldi af því skipuð nefnd sem starfaði á árinu 1988 og fylgdi hún m.a. eftir breytingu á umferðarlögunum. Það hefur sýnt sig að þegar umferðaróðar er mikill og stöðugur þá skilar það sér í umtalsverðri fækkun umferðarslysa.

Þrátt fyrir að ríkisvaldið njóti mikilla beinna tekna af umferðinni í formi skatta, en sú upphæð er talin nema um 3 milljörðum kr. á ári miðað við núgildandi verðlag, eru áherslur hins opinbera á forvarnastarf í lágmarki.

Til Umferðarráðs sem, eins og hér hefur komið fram, ber að annast forvarnastarf í umferðarmálum runnu á síðasta ári um 28 millj. kr. Þar af fóru um 8 millj. kr. beint í umferðarskólann Ungir vegfarendur og svipaðri upphæð var varið til reksturs skrifstofu, þar með talið launa fastra starfsmanna. Því er ljóst að það er ekki há fjárupphæð sem Umferðarráð hefur úr að spila til að sinna hlutverki sínu.

Þess ber að geta hér að sveitarfélögin fjármagna umferðarskólann að $^3/_4$ hlutum og að menntmrn. veitir u.þ.b. 3 millj. kr. til forvarnastarfa í skólum landsins. En sú upphæð fer að mestum hluta í launakostnað námsstjóra í umferðarfræðslu auk ferðakostnaðar hans. Þá kosta tryggingafélög einnig að einhverju marki umferðarfræðslu í skólum.

Árlega kosta umferðarslysin samfélagið milljarða króna. Hefur þannig verið reiknað út að eitt dauðaslys sé í samfélagslegum kostnaði metið í krónum talið um 10 millj. og alvarlegt slys sem hefur í för með sér varanleg örkuml um 40–50 millj. kr. Þá er ekki nefndur sá mannlegi harmleikur sem óneitanlega fylgir slíkum slysum og aldrei verður metinn til fjár. Ég vil draga það sérstaklega fram að þó hér sé settur fram áætlaður samfélagslegur kostnaður við umferðarslysin til áréttingar því að meira fjármagni sé veitt til forvarna þá er það fyrst og síðast skylda okkar að reyna að afstýra þeim hörmungum sem alvarleg umferðarslys eru fórnarlambanna og aðstandendanna vegna. Forvarnastarf verður að efla til að árangur náist í baráttunni við umferðarslysin en um helmingur allra þeirra sem slasast er undir 25 ára aldri og þriðjungur á aldrinum 17–20 ára. Öflugt og markvisst forvarnastarf í umferðarmálum skilar árangri þegar til

lengri tíma er litið. Fórnarlömbum umferðarslysanna fækkar og þar með lækka útgjöld í heilbrigðis-, dóms- og félagsmálum.

Til þess að unnt sé að ná árangri verður að tryggja fjármagn til þessa mikilvæga málaflokks. Hér er því lagt til að fjármagn komi frá þeim er umferðarlögin brjóta. Sektir vegna umferðarlagabrota eru ákvarðaðar með þrennum hætti, af lögreglustjóra, með sátt fyrir dómi og með dómi. Lögreglustjóri ákveður sektir samkvæmt viðmiðunarreglum ríkissaksóknara. Í yfirliti frá Ríkisendurskoðun kemur fram að samkvæmt upplýsingum innheimtuembættanna er varlega áætlað að $^{3}/_{4}$ hlutar allra dómsátta og dómsekta séu vegna umferðarlagabrota. Samkvæmt því nema innheimtar umferðarlagasektir árið 1989 liðlega 112 millj. kr. Hér er lagt til að þriðjungur þessara sekta renni til forvarnastarfa.

Í grg. með frv. hef ég sett fram að til vara komi til greina að leggja sérstakt álag á sektir og renni álagið, t.d. 30% álag, óskert til forvarnastarfa í umferðaröryggismálum. Ég geri mér grein fyrir að það er umdeilt bæði að marka málum ákveðna tekjustofna og eins mundi einhver gagnrýna að Umferðarráð eigi að njóta tekna af brotum. Varðandi fyrra atriðið má benda á að hlutfall af skemmtanaskatti rennur til áfengis- og fíkniefnavarna og hluti gjalds af einkasöluvörum rennur í svokallaðan gæsluvistarsjóð. Varðandi síðara atriðið er það skoðun flm. að réttlætanlegt sé að þeir sem umferðarlög brjóta eigi að leggja sitt af mörkum til forvarnastarfa. Sérstakt álag á umferðarlagasektir er frá því sjónarmiði líka réttlætanlegt, ekki síst þar sem það er skoðun margra er að þessum málum vinna að umferðarsektir séu hér fremur lágar.

Virðulegur forseti. Það þarf hugarfarsbreytingu hjá okkur varðandi umferðarmálin. Alþingi hefur látið sig þessi mál varða og á að láta þau enn meira til sín taka. Þess vegna er hér lagt til að dómsmrh. leggi fyrir Alþingi sérstaka áætlun í umferðaröryggismálum til fjögurra ára í senn og skýrslu um hvernig til hefur tekist á tveggja ára fresti. Með þessu á að vera tryggt að Alþingi fylgist reglulega með framvindu mála og marki stefnu í þessum mikilvæga málaflokki.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til allshn.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir flutning þessa máls. Það fer ekki á milli mála að hér er hreyft mjög mikilsverðu máli, þýðingarmiklu, ekki síst í okkar samtíð. Sú var tíð að sjóslys voru mikil við Ísland og mannfórnir á þeim vettvangi voru mikill harmleikur víða um land. Nú er það hins vegar umferðin sem tekur stærsta tollinn. Þess vegna er það áreiðanlega rétt sem flm. leggur hér áherslu á að hér er mikið verkefni fyrir höndum.

Mér sýnist þetta frv. á þann veg upp byggt að það taki einmitt á því á þann veg að árangurs megi vænta. Frv. gerir ráð fyrir því að Umferðarráð fái aukið verkefni um mótun forvarnastarfsins. En eins og kom fram í máli flm. hefur verkefni Umferðarráðs fyrst og fremst verið fræðsla og upplýsingastarfsemi. Hér fengi ráðið nýtt verkefni og hálfu þýðingarmeira. Í annan stað leggur flm. til að annað hvert ár fái Alþingi yfirlitsskýrslu um þennan mikilvæga málaflokk, hvernig gangi, hvernig miði. Áætlun verði gerð til fjögurra ára. Það held ég að sé skynsamlegt. En í þriðja lagi leggur flm. til að það sem skiptir nú kannski ekki síst máli, að þessu starfi verði fenginn ákveðinn skilyrtur tekjustofn. Ef frv. yrði að lögum sýnist mér að þar væri um verulega tekjuöflun að ræða. Því það er náttúrlega augljóst mál að árangursríkt starf af þessu tagi verður ekki unnið á annan veg en þann að tekjustofn sé öruggur.

Mér sýnist sem sagt að flm. leggi á það áherslu sem þýðingarmest er að þessi málaflokkur fái í framkvæmd aukið vægi og til þess vil ég hvetja.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins til að þakka hæstv. dómsmrh. góðar undirtektir við þetta frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

14. fundur, fimmtudaginn 8. nóv., kl. 10 árdegis.

Öryggi í óbyggðaferðum, ein umr.

Fsp. KE o.fl., 58. mál. — Þskj. 58.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Í febrúar sl. var flutt þáltill. af þingmönnum úr öllum þingflokkum um öryggi í óbyggðaferðum. Tillagan hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks. Við undirbúning málsins verði haft samráð við samtök áhugafólks um ferðalög og slysavarnir."

Stuttu síðar eða þann 22. febr. samþykkti Alþingi þessa till. sem ályktun Alþingis. Alþingismönnum þótti mjög brýnt að taka á þessum málum og töldu að eðlilegast væri að samþykkja þessa till. óbreytta einungis viku eftir að hún var flutt hér inn í Alþingi. Hef ég þess vegna spurst fyrir um þetta mál á þskj. 58 með því að spyrja dómsmrh. hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum, sbr. þessa ályktun sem ég hef vitnað til.

Flutningsmenn þessarar till. höfðu ýmislegt í huga þegar þessi till. var flutt. Þann vetur sem þessi till. var flutt höfðu orðið alvarleg slys. Allt of mörg hafa slysin orðið sem hafa leitt til manntjóns og eins til kostnaðarsamrar leitar.

Við höfðum ýmislegt í huga þegar þessi till. var borin fram, t.d. fræðslu fyrir ferðamenn, bæði innlenda og erlenda, um helstu hættur sem orðið geta á vegi þeirra við breytilegar aðstæður og á ólíkum árstímum og hvernig bregðast skyldi við þeim. Slíkar leiðbeiningar er m.a. hægt að færa inn á kort og bæklinga sem ætlaðir eru ferðamönnum. Einnig starfrækslu tilkynningaþjónustu í núverandi eða breyttu formi en það má vekja athygli á því að Landssamband hjálparsveita skáta, Landssamband flugbjörgunarsveita og fyrirtækið Securitas hafa starfrækt tilkynningaþjónustu. Einnig vorum við með í huga hvort tryggingafélög gætu komið inn í myndina og ýmislegt fleira. Margt af því sem þarf að gera til að bæta öryggi í óbyggðaferðum krefst ekki breytingar á lögum heldur skipulagningar og samræmingar. Þess vegna langar mig til að spyrja hvernig þetta mál sé statt nú.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beinir til mín svofelldri fsp. á þskj. 58:

„Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum, sbr. ályktun Alþingis frá 22. febrúar 1990?"

Síðla sumars voru tveir menn, annar úr dómsmrn. og hinn úr samgrn., skipaðir í nefnd til þess að gera tillögur um það hvernig öryggi manna í óbyggðaferðum verði best tryggt. Nefndin hefur haldið nokkra fundi og kallað fyrir sig fjölmarga aðila sem málinu tengjast. En verkefnið er þess eðlis að hafa þarf samráð við ýmsa aðila. Þegar hefur verið rætt við fulltrúa frá Landssambandi hjálparsveita skáta, Félagi leiðsögumanna, Landssambandi flugbjörgunarsveita, Ferðamálaráði, Náttúruverndarráði, menntmrn., Vegagerð ríkisins, Ferðafélagi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands og Landhelgisgæslunni. Þá mun nefndin ræða við fjölmarga aðila til viðbótar sem tengjast málinu nú næstu daga.

Ég er þess fullviss að nefndin mun ljúka störfum innan þess frests sem henni var settur, til 1. des. nk., þó segja megi að það hafi í sjálfu sér ekki verið langur tími. Meðal annars auðveldar það nefndinni störf hve fámenn hún er. Í byrjun desember mun því liggja fyrir allítarleg skýrsla með tillögum til úrbóta á þessu sviði.

Mér er kunnugt um að almennt viðhorf þeirra sem komið hafa til viðtals við nefndina hnígur að því að efla fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar fyrir ferðamenn, t.d. með betri merkingu vega, með því að taka upp daglegar veðurlýsingar á erlendu máli í útvarpi yfir sumarmánuði, með markvissari tilkynningaþjónustu, bættum fjarskiptamöguleikum og fleiru. Þá eru menn fylgjandi auknu eftirliti af hálfu löggæslu en nokkur ár eru síðan byrjað var á sérstöku eftirliti uppi á hálendinu. Hins vegar virðast hugmyndir um að takmarka ferðir, t.d. með tilkynningaskyldu, kaupum á tryggingu og fleiru, eiga litlu fylgi að fagna. Ég vil þó af því tilefni taka fram að mín skoðun er sú að það sé meira en athugunarvert.

Það er sem sé stefnt að því að leggja fram skýrslu um úrræði til að auka öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum í desember nk. eins og ég hef áður nefnt.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra og fagna því að það hefur verið tekið á þessu máli þó að mér finnist nokkuð seint farið af stað og þar af leiðandi kannski fremur lítill tími til að athuga þessi mál. En auðvitað þarf að athuga þetta mjög vel og ekki flana að þessu fremur en öðru.

Ég get alveg tekið undir það sem hæstv. ráðherra sagði að ekki er gott að vera með mikið af boðum og bönnum, og það tókum við flm. fram þegar þessi till. var flutt, að við mælum ekki með ferðabanni. Ég tel það ekki rétt. Hins vegar getur verið réttlætanlegt að loka ákveðnum svæðum í undantekningartilvikum annaðhvort vegna óveðurs eða snjóflóðahættu eða ef einhverjar sérstakar aðstæður skapast. Ég held því að það sé ekki rétt að takmarka ferðir fólks í neinum verulegum mæli nema þá sérstakar aðstæður bjóði. Fræðsla og ráðgjöf og möguleikar fólks til þess að geta tilkynnt sig og fræðsla um það hvar hægt er að fá upplýsingar og ráðgjöf er mjög mikilvægt. Ég vona að þessu máli verði fylgt eftir og það komi eitthvað raunhæft út úr þessu, því fyrr, því betra.

Varaflugvöllur vegna alþjóðaflugs, ein umr.

Fsp. GHG, 59. mál. — Þskj. 59.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég er hér með fsp. til samgrh. um varaflugvöll vegna alþjóðaflugs og hljóðar hún sem hér segir:

„Hvað líður uppbyggingu varaflugvallar utan Stór-Reykjavíkursvæðisins fyrir alþjóðaflug?"

Fyrir tveim árum lagði fyrirspyrjandi ásamt hv. þm. Agli Jónssyni fram þáltill. um byggingu varaflugvallar á Egilsstöðum fyrir alþjóðaflug. Bent var þá á brýna nauðsyn þess vegna breytinga á flugi yfir Norður-Atlantshaf sem og í flugflota Íslendinga að hafa varaflugvöll á öðru veðursvæði heldur en á suðvesturhorni Íslands.

Á þeim tíma var verið að ganga frá og kaupa tveggja hreyfla þotur í stað þeirra gömlu flugvéla sem Flugleiðir höfðu átt. Það lá í augum uppi og var viðurkennt bæði af Flugleiðum sem og þeim sem ábyrgð bera á flugi á Íslandi að þessi nýja tegund flugvéla krefðist þess að það væri meiri nálægð við flugvelli heldur en áður hefði verið, sérstaklega með tilliti til öryggis farþega sem og með tilliti til sparnaðar í rekstri þeirra flugvéla sem voru að koma í notkun.

Því miður fékk þessi þáltill. ekki nægilega góðar

undirtektir og nú stöndum við frammi fyrir því að íslenski flugflotinn hefur verið endurnýjaður, þ.e. þær flugvélar sem eru í alþjóðaflugi. Þörfin fyrir fullkominn varaflugvöll utan veðursvæðis á Suðvesturlandi er því enn brýnni með tilliti til þessara grundvallarbreytinga í sambandi við alþjóðaflug.

Þá er einnig því við að bæta sem bent var á á sínum tíma að alþjóðaflug yfir Norður-Atlantshaf er meira og meira að færast í það horf að flugvélar sem eru með tvo hreyfla, þ.e. þotur, fljúga norðar en áður var þannig að þörfin fyrir slíkan flugvöll er einnig nauðsynleg með tilliti til annarra flugfélaga og farþega sem í þeim ferðast.

Á sínum tíma tóku íslenskir flugmenn mjög eindregið undir þá þáltill. sem við lögðum fram um það að fullkominn varaflugvöllur væri byggður á Íslandi og komu nokkrir staðir til greina, þar á meðal Egilsstaðir. Einnig var á þeim tíma talað um að hægt væri að notast við Akureyrarflugvöll og jafnvel rætt um það að byggja nýjan flugvöll norður í Aðaldal. Ég er því með þessa fsp. í dag og beini henni til samgrh. og spyr: Hvað líður þessu máli? Hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru með tilliti til öryggis farþega og þeirra sem að þessari atvinnugrein standa?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Hæstv. forseti. Ég fagna áhuga hv. fyrirspyrjanda á þessu máli sem bæði nú og áður hefur komið fram. Ég held að ég geti í raun og veru svarað spurningu hv. fyrirspyrjanda, þeirri sem hann bar fram hér síðast, með einu, einföldu og stuttu jái. Ég tel að þær ráðstafanir sem voru í raun og veru á okkar valdi hafi þegar verið gerðar í þessum efnum.

Það urðu kaflaskipti í meðferð þessara mála í framhaldi af ríkisstjórnarskiptum haustið 1988 eins og á fleiri sviðum. Fram að þeim tíma höfðu í raun og veru ekki verið í undirbúningi neinar ráðstafanir af hálfu íslenskra stjórnvalda til þess að leysa þetta svokallaða varaflugvallarmál á okkar forsendum. Hins vegar biðu menn eftir því að hugsanlega kæmi til þess einhvern tíma um miðjan tíunda áratuginn að erlend ríki reistu hér herflugvöll sem unnt væri að nota sem varaflugvöll einnig.

Ég hóf þegar viðræður við Flugmálastjórn á haustmánuðum 1988, skrifaði Flugmálastjórn bréf í byrjun desember og óskaði eftir tillögum og skýrslu frá henni um þetta efni eins og segir í bréfi frá 7. des.: „Í framhaldi af samtölum undafarna daga ítreka ég óskir um að unnar verði tillögur um uppbyggingu flugvallar eða flugvalla sem þjónað geti sem varaflugvöllur eða flugvellir fyrir millilandaflug okkar Íslendinga og allt almennt farþegaflug á okkar slóðum."

Flugmálastjórn brást vel við og skjótt og í janúar 1989 kom út skýrsla á vegum Flugmálastjórnar í framhaldi af ósk minni frá í byrjun desember þar sem gerðar voru tillögur um ráðstafanir til að leysa þetta mál. Þær tillögur tók ég síðan upp í ríkisstjórn og í febrúarmánuði 1989 samþykkti ríkisstjórnin tillögur mínar um ráðstafanir í svonefndu varaflugvallarmáli sem fólu í sér í fyrsta lagi að auka þjónustu, viðbúnað og tækjakost á Akureyrarflugvelli þannig að hann væri betur í stakk búinn til að þjóna því varaflugvallarhlutverki sem hann reyndar þá þegar gerði og hefur lengi gert. Í öðru lagi að við allar framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli, sem þá voru hafnar, yrði tekið mið af því að lagður yrði flugvöllur miðað við ýtrustu afkastagetu tveggja hreyfla þotna og þarfir alls almenns farþegaflugs. M.a. yrði athugað með útvegun lands til þess að hægt væri að lengja flugbrautina. Öll hönnun burðarþols og annarra þátta við uppbyggingu tæki mið af því að flugvöllurinn þyldi snertiþunga þyngstu flugvéla o.s.frv.

Þessar ráðstafanir hafa síðan gengið eftir. Það hefur þegar verið aukinn nokkuð tækjakostur á Akureyrarflugvelli og þyrfti að halda áfram á þeirri braut og núna liggja fyrir fjvn. tillögur ráðuneytis og flugráðs um að auka rekstur og þjónustu á vellinum þannig, og helst þannig, að flugvöllurinn verði opinn allan sólarhringinn. Það er í raun og veru forsenda þess að hann nýtist sem skyldi sem varaflugvöllur að flugvöllurinn sé opinn allan sólarhringinn og brautarskilyrðum sé jafnan haldið uppi með þeim hætti að ekki taki nema tiltölulega mjög stuttan tíma að undirbúa völlinn fyrir lendingu stórra flugvéla.

Þegar svo Egilsstaðaflugvöllur kemur í gagnið, þ.e. sá áfangi sem nú er í byggingu upp á 2000 metra lengd, í síðasta lagi um mitt ár 1992 vona ég, verður að sjálfsögðu endurmetið hvernig haga skuli rekstri annars vegar á Egilsstöðum og hins vegar á Akureyri sem þá verða tveir aðalvaraflugvellirnir í þessu sambandi.

Ég vil því leyfa mér að svara þannig að með þessum ráðstöfunum og reyndar því sem til viðbótar er í gangi varðandi Húsavíkurflugvöll og lengingu þar í 2000 metra og ákvörðun um að flýta lagningu slitlags á Sauðárkróksflugvelli, þá séu allar aðstæður í raun og veru að gerbreytast í þessum efnum og innan fárra ára verði þarna frekar um að ræða þrjá eða fjóra flugvelli heldur en einn.

Ég tel mjög mikilvægt að haldið verði við þá stefnumörkun sem ríkisstjórnin afgreiddi fyrir sitt leyti í febrúarmánuði 1989, að í beinu framhaldi af núverandi framkvæmdum á Egilsstaðaflugvelli verði sá völlur lengdur í 2700 metra eða þar um bil. Þá mun að því loknu í raun og veru verða svo vel fyrir þessum hlutum séð sem nokkur kostur er og nokkur raunhæf ástæða er til.

Þá vísa ég til þess að þegar þannig væri komið gætu allar tegundir flugvéla sem mér eru kunnar lent á vellinum nema geimskutlan, en hins vegar mundu einhverjar takmarkanir vera á því að allra stærstu flugvélar gætu hafið sig til flugs fulllestaðar af eldsneyti og vörum eða farþegum. Það eru hins vegar takmarkanir sem engin minnsta ástæða er til að hafa áhyggjur af þó að það gæti hent sig að júmbóþotur eða aðrar slíkar stærstu flugvélar yrðu að takmarka eitthvað hleðslu sína þegar þær færu aftur í loftið frá slíkum varaflugvelli. Það er auðvitað ekkert vandamál svo fremi sem allar vélar geti lent á vellinum.

Ég vil því leyfa mér að segja að með þeirri stefnubreytingu sem varð við tilkomu núverandi ríkisstjórnar var horfið frá því að mæna á og bíða eftir bjargræðinu af hálfu erlendra hervelda en þegar í stað hafnar aðgerðir til að leysa þessi mál á okkar forsendum hefur mikill tími sparast og af þeim sökum horfir núna til þess að þessi mál leysist með fullnægjandi hætti á allra næstu árum.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir góð svör við minni fyrirspurn og vek athygli á því að af minni hálfu og hv. þm. Egils Jónssonar var meira um að ræða heldur en áhuga á sínum tíma þegar lögð var fram þáltill. í nóv. 1988 varðandi varaflugvöll á Íslandi. Það var raunverulega skylda okkar sem allra annarra hv. þm. að fjalla um málið á þeim tíma með þeim hætti sem gert var. Þó verð ég að segja það, virðulegi forseti, að það er annar blær á þessari umræðu og svörum ráðherra nú heldur en þegar þessi umræða var hér á hinu háa Alþingi veturinn 1988–1989 þegar allt var gert til þess að reyna að gera þetta mál okkar tortryggilegt og blandað inn í það óskyldum málum eins og þeim sem ráðherra kom m.a. inn á áðan, að hér væri fyrst og fremst um áhuga að ræða af okkar hálfu varðandi varaflugvöll eða flugvöll vegna hernaðaratriða. En það kom skýrt fram hjá ráðherra að hann hefur greinilega lært það í sínu embætti að þörfin fyrir varaflugvöll vegna Íslendinga sjálfra og annarra var þess eðlis að það var ekki hægt að blanda því saman.

Hæstv. ráðherra sagði að ekkert hefði verið gert í þessum málum fyrr en núv. hæstv. ríkisstjórn kom til valda haustið 1988. Það er auðvitað hinn mesti misskilningur og alrangt vegna þess að í tíð annarra ráðherra sem fjölluðu um samgöngumál hafði verið unnið að þessum málum, eins og hv. þm. muna og þær umræður sem voru hér veturinn 1988 og 1989 sanna, þannig að það er ekki þessari hæstv. ríkisstjórn að þakka að það skuli hafa gerst núna í tíð hennar sem hæstv. ráðherra var að tíunda þótt svo hann hafi látið útbúa skýrslu í ársbyrjun 1989 til að fjalla um þessi mál. Mér finnst rétt að þetta komi fram þannig að hann vaði ekki í þeirri villu að hann, hæstv. samgrh., hafi komið þessum málum í höfn með þeim hætti sem hann lýsti þó ég viðurkenni auðvitað hlut hans í því í hans núverandi valdatíð.

Varðandi svar ráðherra, þar sem hann fjallar einkum um Akureyrarflugvöll, vil ég minna á það að í skýrslu og áliti flugmanna varðandi varaflugvöll á Íslandi töldu þeir að þótt Akureyrarflugvöllur gæti við ákveðnar kringumstæður gegnt þessu hlutverki þá væru þar ýmsir annmarkar á. Þeir flugmenn, sem sendu skýrslu til þings um þetta mál, lögðu ef ég man rétt áherslu á að þar væri of þröngt og hæpið að treysta á Akureyrarflugvöll sem hinn eina varaflugvöll á Íslandi. Þess vegna var það sem við Egill Jónsson lögðum áherslu á það að Egilsstaðaflugvöllur yrði byggður upp sem varaflugvöllur. Ráðherra gat um það að svo hefði einnig verið gert sem er auðvitað í beinu framhaldi af okkar þáltill. og fagna ég því.

Ég þakka sem sagt ráðherra enn á ný fyrir hans svör og vænti þess að því máli verði lokið sem að var stefnt þegar núv. ríkisstjórn kom til valda haustið 1988.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað alveg ástæðulaust að eyða tíma Alþingis í það að karpa um það hvurs er hvers og hvers var hvurs í þessum málum. Sagan mun leiða það í ljós þegar hún verður skrifuð. Ég sagði eingöngu það sem ég held að sé rétt og verði ekki á móti mælt, að það varð stefnubreyting með tilkomu ríkisstjórnar haustið 1988 vegna þess að því verður ekki á móti mælt að herflugvallarhugmyndirnar voru að þvælast fyrir mönnum í þessum málum. Menn voru til að mynda að hugsa um allt aðrar kröfur sem gera yrði til landrýmis og þvílíkra hluta heldur en nú er og sú stefnubreyting varð að horfið var frá því að bíða eftir slíku og farið að vinna markvisst að því að leysa þessi mál á þann hátt og með þeim forsendum sem okkur sjálfum hentaði og voru viðráðanlegar.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að Akureyrarflugvelli eru takmörk sett vegna aðflugsskilyrða. Það þekkja menn og hafa hundrað sinnum farið í gegnum hér í þingsölum vegna mikillar umræðu um þetta undanfarin ár. Engu að síður er hann sá flugvöllur sem er langbest útbúinn til þess að þjóna varaflugvallarhlutverki eins og stendur og það er enginn vafi á því að það skynsamlegasta og besta sem við getum gert í þessum málum er að auka þannig rekstur og mannahald á vellinum að hann geti verið opinn allan sólarhringinn og þar með nýst íslensku flugfélögunum sem varaflugvöllur vegna áætlana á öllum tímum sólarhrings og öðru flugi sem hér fer um.

Þetta snýst fyrst og fremst um aukið mannahald á vellinum, tvo flugumferðarstjóra eða tvo menn í flugturni og þrjá til fjóra starfsmenn á jörðu niðri plús ákveðin tækjakaup. Þetta þarf helst að gera strax þannig að á þessu ári og hinu næsta geti Akureyrarflugvöllur sinnt þessu hlutverki en síðan liggur það í hlutarins eðli að þegar hinn nýi Egilsstaðaflugvöllur kemur í gagnið á árinu 1992 — í síðasta lagi skulum við vona — þá er skynsamlegt að endurmeta þessar forsendur og taka nýjar ákvarðanir um rekstur annars vegar á Egilsstöðum og hins vegar á Akureyri. Auðvitað er það líka kappsmál að hraða þessari uppbyggingu á Egilsstöðum og sjá til þess að hún tefjist ekki á nokkurn hátt.

Nú hefur orðið sú breyting á samsetningu íslenska millilandaflugflotans að þar eru engar vélar lengur sem ekki geta lent á 2000 metra flugbraut eða 1940 metra eins og er á Akureyri. Þær geta með prýði athafnað sig þar, en það eru fyrst og fremst aðflugsskilyrðin sem setja ákveðin takmörk hvað fráflug snertir frá vellinum og við það verður auðvitað að búa á meðan svo stendur og seint munu nú fjöllin verða flutt. En það sem aðallega takmarkar notagildi flugvallarins í dag er annars vegar opnunartíminn og hins

vegar að geta með meira mannahaldi og tækjakosti haft brautaskilyrðin þannig á hverjum tíma, sérstaklega yfir vetrartímann, að bremsuskilyrði séu fullnægjandi.

Ég held að ég hafi þá ekki meira um þetta að segja, hæstv. forseti, en vona að þetta hafi skýrt nokkuð málin og ég vænti stuðnings hv. þm. og fjárveitingavaldsins við þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í formi fjárveitinga til þess að hægt sé að framkvæma þær tillögur sem ég hef gert grein fyrir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna svari samgrh. hér sem sýnir að hann er nú kominn á rétta braut og hefur tekið undir þáltill. hv. 14. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austurl. sem þeir fluttu um Egilsstaðaflugvöll 1988 sem var þá verið að reyna að halda fram að væri fyrst og fremst að reyna að koma að herflugvelli þar, en það er auðvitað misskilningur. Ég fagna því líka að það skuli nú vera rætt um þetta mál því að það er brýnt að þessi mál verði leyst sem allra best á næstu árum. Ég vara einnig við því að menn setji of mikið traust sitt á flugvöllinn á Akureyri. Það er alveg ljóst að bæði Sauðárkrókur og Egilsstaðir eru mun betri kostir varðandi varaflugvöll, bæði hvað varðar veðurskilyrði og aðflug, þannig að það hlýtur að verða að leggja meiri áherslu á þessa staði til þess að hægt sé að tryggja það strax frá upphafi að þarna séu fullnægjandi flugvellir.

Ég tel að það verði að vinna mjög hratt að þessum málum. Það gerir ferðamennskan og möguleiki okkar að fá aukið flug hér til landsins.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda þessa fsp. Vegna umræðna hérna vil ég láta þá skoðun mína í ljós að ég tel eðlilegt að við höfum samstarf varðandi varaflugvöll við þá aðila sem annast eftirlit hér á Íslandi væntanlega með afvopnun í framtíðinni. Hæstv. utanrrh. hefur bent á möguleika aukins hlutverks Íslendinga í eftirliti með afvopnun í framtíðinni og ég tel fullkomlega eðlilegt að íslenska þjóðin taki þátt í því eftirliti. Það eru skyldur okkar í samfélagi lýðræðisþjóðanna sem leggja það á okkar herðar að annast eftirlit með afvopnun, og allir vilja afvopnun, og er sjálfsagt að við tökum þátt í því.

Það er rétt að minna á það í þessu sambandi að það eru 36 herflugvellir á Kolaskaga sem þarf að fylgjast með. Við skulum vona að þeim gangi vel þarna í átt til lýðræðis fyrir austan tjald en þetta er grátt fyrir járnum enn þá og er rétt að fylgjast með því. Og ég minni aftur á það að það er hlutverk okkar, vestrænna lýðræðisþjóða, að fylgjast með því að afvopnun fari fram og ég tel rétt að við störfum með þeim eins og við höfum gert.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og hæstv. ráðherra svörin. Erindi mitt í þessa umræðu er aðeins að taka undir það og hvetja til þess að þeirri stefnumörkun í flugmálum sem er nú í þessum varaflugvallarmálum verði haldið áfram og henni verði haldið til streitu. Ég hef ekkert á móti því að útbúa Akureyrarflugvöll betur að tækjum og mannafla og tel að það þurfi ekkert að koma í veg fyrir að Egilsstaðaflugvöllur verði vel útbúinn þegar hann kemst í gagnið.

Ég vil líka undirstrika í flugvallarmálum að útbúnaður og mannafli á flugvöllum eykur flugöryggið innan lands ekki síður en í millilandaflugi. Það er náttúrlega mjög mikið öryggi fyrir flugið í heild, allt það flug sem fer hér fram, að í hverjum landshluta sé eins vel útbúinn flugvöllur og völ er á. Ég minni á sjúkraflug og annað erfitt flug í þessu sambandi sem við þekkjum allir vel sem búum úti á landsbyggðinni.

Ég vildi aðeins minna á þennan þátt en að öðru leyti taka undir það að þeirri stefnumörkun sem er nú á þessum málum verði haldið til streitu og styð hana eindregið.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil fyrst og fremst vekja athygli á þeirri mjög svo athyglisverðu yfirlýsingu hæstv. samgrh. um ástæðurnar fyrir því að horfið var frá samráði við Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins um varaflugvöll. Við gagnrýndum hæstv. utanrrh. fyrir seinagang í því efni. Af hans hálfu og talsmanna Alþfl. var því jafnan haldið fram að því máli yrði haldið til streitu og samningar yrðu gerðir þar um.

Við töldum hins vegar að Alþb. hefði komið í veg fyrir að hæstv. utanrrh. gæti tekið slíka ákvörðun. Því var jafnan mótmælt en nú hefur hæstv. samgrh. yfirlýst að um það hafi verið tekin pólitísk ákvörðun, þá þegar við stjórnarmyndunina 1988, að horfið yrði frá öllum slíkum ákvörðunum. Þar með hefur verið skorið úr þessari þrætu og staðfest að okkar gagnrýni á málflutning þeirra alþýðuflokksmanna í þessu efni er rétt og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa hér staðfest þessa niðurstöðu.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég vil að það komi hér fram að Atlantshafsbandalagið óskaði eftir því að reisa hér varaflugvöll árið 1985. Þá var utanrrh. hv. þm. Matthías Á. Mathiesen. Hann heyktist á því að afgreiða það mál. Það var óafgreitt þegar þessi ríkisstjórn tók við eða fyrri ríkisstjórn 1987. Hvers vegna það var geta menn getið sér til um en ég hygg að það hafi verið vegna þess að framsóknarmenn hafi ekki látið hann komast upp með það, hann hafi heykst vegna þess. Mjög líklegt er að vegna þeirra viðbragða hafi áhuginn minnkað fyrir því að byggja hér varaflugvöll. Síðan hefur það komið í ljós vegna umbyltingar í Evrópu að áhuginn hefur horfið en ég vil að það komi hreint til skila að ástæðan fyrir því að framkvæmdir voru ekki hafnar á sínum tíma var aðgerðaleysi utanrrh. Sjálfstfl. sem hreyfði þessu máli ekki neitt þrátt fyrir ítrekaðar óskir vinaþjóða okkar í Atlantshafsbandalaginu að byggja hér stóran varaflugvöll sem

gæti þjónað sínu hlutverki á besta máta.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég heyrði nú ekki ræðu hæstv. samgrh. en eins og hv. 1. þm. Suðurl. túlkaði hans ræðu og hans orð, þá er það auðvitað alrangt — alrangt, það er tilhæfulaus útúrsnúningur úr lausu lofti gripinn að við myndun þessarar ríkisstjórnar hafi verið tekin einhver pólitísk ákvörðun um það að hverfa frá hugmyndum um varaflugvöll af því tagi sem um var rætt á ákveðnu skeiði. Nú hefur það mál tekið aðra stefnu og við því er ekkert að segja.

Ég vildi bara koma hér upp og mótmæla þessum orðum hv. 1. þm. Suðurl. og það er ekki í fyrsta skipti sem ástæða er til að gera það þegar hann viðhefur málflutning af þessu tagi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég kannast nú betur við mig núna þegar umræður um varaflugvallarmálið hníga í þennan farveg. En hv. 1. þm. Suðurl. las nú meira út úr mínum orðum en ég sagði. Ég lýsti fyrst og fremst þeirri stefnumörkun sem var afgreidd í byrjun árs 1989 um að hefja aðgerðir og leysa þetta varaflugvallarmál á okkar forsendum hvað sem öðru liði. Það getur hver og einn túlkað það á þann hátt sem honum sýnist en það er auðvitað alveg ljóst að þá var mörkuð ný stefna í þessum efnum. Það var ákveðið að fara í aðgerðir og ráðstafanir til að leysa þetta mál á okkar forsendum, af okkur sjálfum, en bíða ekki eftir því að aðrir kynnu e.t.v. að gera það fyrir okkur einhvern tíma síðar.

Þessi stefnubreyting og þessi tímamót verða m.a. í sögunni mörkuð við það að upp frá því og frá og með þeim tíma skrýddust skýrslur Flugmálastjórnar rauðri kápu og hafa gert svo síðan. En þessi skýrsla kom sem sagt út í janúar 1989 og sú fyrsta sinnar tegundar í kápu af þessu tagi.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra vera svolítið gleyminn þegar hann fór að draga það í land að í sambandi við myndun núv. ríkisstjórnar var bókstaflega gengið út frá því að það yrði ekki byggður varaflugvöllur á vegum hernámsliðsins. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Ef yrði farið í að byggja varaflugvöll þá yrði byggt á íslenskum forsendum. Þetta var eitt af því sem var lagt fyrir okkur þegar var verið að ræða myndun þeirrar ríkisstjórnar sem tók við völdum 1988.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 1. þm. Suðurl. setur forseta nú í nokkur vandræði. Samkvæmt þingsköpum hafa aðrir þingmenn en fyrirspyrjandi og ráðherra leyfi til að gera athugasemd, eins og þar segir. Fari forseti út í það að leyfa fleiri athugasemdir er þinghaldið komið út fyrir lög um þingsköp. Ég vil nú mælast til við hv. 1. þm. Suðurl. að hann sætti sig við að hafa þegar notað þennan rétt sinn. (**ÞP:** Samkvæmt þingsköpum mega menn bera af sér sakir.) Það er rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. Telji hann að hann hafi verið borinn sökum, þá leyfi ég hér með að hann beri af sér sakir.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Aðeins vegna þeirra ummæla að það hafi verið dregið í utanríkisráðherratíð hv. núv. 1. þm. Reykn. að samþykkja gerð varaflugvallarins vil ég upplýsa að það var fyrst á fundi sem ég átti með aðmírálnum, sem staðsettur er í Norfolk, sumarið 1988 að bandarísk yfirvöld samþykktu þau skilyrði sem Íslendingar hlutu að setja fyrir gerð slíks varaflugvallar. Og fyrst eftir að Bandaríkjamenn höfðu samþykkt þau skilyrði var að minni hyggju hægt að ganga til þess verks að gera þá samninga um þessa framkvæmd sem nauðsyn krafði. Þessu taldi ég nauðsynlegt að koma hér á framfæri, frú forseti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fyrirspurnatímar eru til þess að bera fram fyrirspurnir og fá við þeim svör. Forseta þykir þessi umræða orðin nokkuð sagnfræðileg og vildi nú mælast til að menn færu ekki aftur til síðari heimsstyrjaldar í þessum fyrirspurnatíma.

GATT-viðræður, ein umr.

Fsp. PJ, 67. mál. — Þskj. 69.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Fyrir fáum vikum birtust fréttir af tilboði íslensku ríkisstjórnarinnar um niðurskurð á stuðningi við íslenskan landbúnað í svokölluðum GATT-viðræðum. Ég heyrði fyrst af þessu í útvarpsfréttum í viðtali við hæstv. utanrrh. þar sem hann skýrði málið fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar. Þar var einnig talað við framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda. Fram kom að tilboðið hljóðar upp á það að framlög eða opinber stuðningur við landbúnaðinn hér á landi sé skorinn niður um allt að 65% á meðan um það var fjallað, til að mynda í EB-löndunum, að draga úr niðurgreiðslum á landbúnaðarvörur um 30%, sem þá var fellt af landbúnaðarráðherrum þeirra landa en hefur nú verið samþykkt, samkvæmt fréttum, lítið breytt.

Þessar fréttir bárust sem sagt í fjölmiðlum án þess að þessi mál hefðu á nokkurn hátt komið til kasta Alþingis. Það hefur farið fram hjá Alþingi og er án vitundar þess það tilboð sem hér hefur verið lagt fram. Og það án tillits til þess að hér er verið að leggja fram tilboð sem ekki er um fjallað í íslenskum lögum. Fyrir því hef ég leyft mér að leggja fram þá fyrirspurn sem hér er á þskj. 69 til hæstv. forsrh. svohljóðandi:

„1. Hver af ráðherrum ríkisstjórnarinnar fer með málefni landbúnaðarins í svokölluðum GATT-viðræðum?

2. Telur forsrh. að ríkisstjórnin hafi umboð til að

leggja fram tilboð í þessum viðræðum, sem ekki byggjast á íslenskum lögum, án þess að leita heimildar Alþingis?

3. Telur forsrh. réttmætt að bjóða fyrir hönd Íslendinga meiri niðurskurð á opinberum stuðningi við landbúnaðinn en gert er af hálfu EB-þjóðanna?"

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Í stuttu máli sagt er nákvæmlega eins farið með þessa samninga og alla aðra alþjóðlega samninga sem við Íslendingar stöndum í. Utanrrh. fer að sjálfsögðu með forsvar þessa máls gagnvart GATT. Hins vegar verður ekkert þar lagt fram nema unnið hafi verið í samráði við landbrh. Þannig hefur þetta mál verið unnið hér. Þannig er það í öllum samningum. Þannig er það í samningum okkar núna milli EFTA og EB. Viðkomandi ráðuneyti útbúa viðkomandi mál í hendur utanrrh. sem svo leggur þau þar fram.

Önnur spurning er hvort ég telji að ríkisstjórnin hafi umboð til að leggja fram í þessum viðræðum tillögur sem ekki byggjast á íslenskum lögum. Ég held að það sé varla hægt að segja að það byggist ekki á íslenskum lögum en í öllum þeim viðræðum sem við eigum í er um að ræða mál sem verða að koma fyrir Alþingi. Og mörg hver krefjast breytinga á lögum. Það gera t.d. samningar okkar eða tilraun til að semja um Evrópskt efnahagssvæði. Þess vegna eru allar svona tillögur lagðar fram með fyrirvara um það að Alþingi samþykki eða staðfesti slíka samninga. Og að sjálfsögðu með fyrirvara um það að viðkomandi lögum verði breytt ef um er að ræða nauðsyn að breyta slíkum lögum. Þarna verður alls þess gætt sem ætíð er gætt í öllum þeim alþjóðlegu samningum sem við tökum þátt í að þessu leyti.

Þriðja spurningin krefst dálítið ítarlegri umfjöllunar. Innan GATT er aðstoð við landbúnaðinn flokkuð annars vegar í framleiðsluhvetjandi aðstoð og hins vegar ekki framleiðsluhvetjandi aðstoð. Þetta er mjög breytilegt milli landanna, afar breytilegt. Fjölmörg lönd eru með litla aðstoð sem þar flokkast framleiðsluhvetjandi en mjög mikla sem flokkast ekki framleiðsluhvetjandi. Tökum t.d. Bandaríkin. Víða í Bandaríkjunum eru 65% af tekjum bænda greidd beint af opinberu fé. Það er ekki talið framleiðsluhvetjandi. Víða í Bandaríkjunum, ef ekki alls staðar, er greitt mikið fyrir það að taka úr notkun land, nota það ekki til ræktunar. Það er ekki heldur kallað framleiðsluhvetjandi. Bandaríkjamenn stunda það einnig að kaupa upp umframbirgðir og eiga heil fjöll af korni og smjöri og fleiru. Það er ekki kallað framleiðsluhvetjandi. Það er því tiltölulega auðvelt fyrir Bandaríkjamenn að bjóða 90% lækkun á framleiðsluhvetjandi styrkjum.

Einnig í Noregi er miklu meiri aðstoð sem er ekki talin framleiðsluhvetjandi. Svo er líka í Finnlandi. Hjá okkur hins vegar er langstærstur hluti þeirrar aðstoðar sem samkvæmt skilgreiningu GATT ber að telja aðstoð við landbúnaðinn framleiðsluhvetjandi. Mig minnir að það sé á áttunda milljarð af rúmlega 9 milljörðum.

Ég vil jafnframt nefna það að þessi umfjöllun öll er í nánu samráði við samtök bænda og vitanlega mjög tengd viðleitni landbrh. að gera nýjan búvörusamning. Og í þeirri viðræðu allri hefur einmitt verið talað um það að flytja aðstoð frá því að vera eins og hún er skilgreind innan GATT, framleiðsluhvetjandi, í aðra aðstoð, þ.e. byggðaaðstoð og annað sem í því skyni kemur til greina. Undir þetta hafa fulltrúar bænda tekið og hafa talið þetta skynsamlega leið. Þess vegna kann að vera að þegar við tölum um að fella niður útflutningsbætur á ákveðnum árum eða lækka þær um 45–65% á ákveðnum árafjölda, þá hljómar það ansi mikið borið saman við það sem sumar aðrar þjóðir bjóða. En í þeim tillögum sem hæstv. landbrh. hefur lagt fyrir ríkisstjórn um þetta mál, vitanlega hefur það verið ítarlega rætt í ríkisstjórn og meðal ráðherra í ríkisstjórninni, gerir hann ráð fyrir því að í beinum tengslum við þetta verði slíkur tilflutningur á aðstoð ákveðinn og það í tengslum við búvörusamning.

Ég vil lýsa því að ég tel að þarna sé á allan máta eðlilega með málið farið. Þetta er hins vegar mjög viðkvæmt mál og má alls ekki rasa þar um ráð fram, verður að vinnast í nánu samráði við bændur í landinu og það tel ég vera gert.

Einn stór liður í þessu máli, og má segja að það sé þriðji liður í þeim tillögum sem þarf að gera, er innflutningur. Þar má að vísu segja að við Íslendingar stöndum það vel að við flytjum nú inn um það bil helminginn af þeirri orku sem við neytum í þessu landi og ég hugsa að það sé meira en margar þjóðir gera, langtum meira en t.d. stórveldi eins og Bandaríkin gera. Hins vegar er spurningin hvort við getum eitthvað útvíkkað það, það er ekki afgreitt mál. En í því sambandi er alveg nauðsynlegt að gæta þess að okkur er heimilt að setja upp strangar kröfur um hollustuhætti og öryggi landsins og það eru hlutir sem þarf að vinna miklu betur að mínu mati en gert hefur verið, en það er í undirbúningi.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Varðandi 1. tölul. kemur fram að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson fer með málefni íslensks landbúnaðar í þessum viðræðum fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar. Og ég tel að út af fyrir sig sé það býsna athyglisvert.

Varðandi 2. tölul. sagði hæstv. forsrh. að það væri álitamál hvort þarna væri farið fram hjá íslenskum lögum en sagði þó jafnframt í næstu setningu að samningar sem gerðir yrðu á grundvelli þessara viðræðna mundu krefjast breytinga á lögum og verða lagðir fyrir Alþingi og yrðu gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þetta er út af fyrir sig allt saman rétt en með þeim tilboðum sem sett eru fram er farið fram úr því sem gert er ráð fyrir í íslenskum lögum. Og það er a.m.k. álitamál hvort það sé í jafnstóru máli eins og þessu og viðkvæmu réttmætt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að leggja ekki slík mál fyr-

ir Alþingi á einhverju stigi áður en samningar eru undirritaðir, þó með fyrirvara séu, því að sjaldan er það svo að þeim samningum sé hnekkt á Alþingi eftir að þeir hafa verið gerðir.

Varðandi 3. tölul. kemur fram í svari hæstv. ráðherra að mismunur sé á ýmiss konar stuðningi sem landbúnaður fær, bæði hér á landi og annars staðar. Sumt er talið framleiðsluhvetjandi, eins og hann orðaði það, annað ekki. Í máli hans kom fram til að mynda að hjá Bandaríkjamönnum eru 65% af tekjum bænda beint frá ríkinu, (**Forsrh.:** Víða í Bandaríkjunum.) víða í Bandaríkjunum. Og svo er, þó að það sé kannski ekki nákvæmlega þetta hlutfall, í hinum ýmsu Evrópulöndum, að þar er mikill hluti af tekjum bænda beint frá ríkinu.

Ég tel það afar varasamt að leggja fram tilboð um gífurlegan niðurskurð á framlögum hins opinbera til landbúnaðarins og ætla síðan eftir á að breyta formi þessa stuðnings yfir í eitthvað annað. Ég tel afar vafasamt að það sé hægt, eftir að samið hefur verið um að fella niður svo og svo mikinn hluta af opinberum stuðningi við landbúnaðinn, að taka hann upp á eftir í öðru formi. Það er að minni hyggju stóralvarlegt mál að láta sér detta í hug að halda þannig á málum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að verkaskipting hvað þetta snertir er nákvæmlega sú sama hér innan Stjórnarráðs Íslands og viðgengst í öðrum löndum, þ.e. að utanríkisráðherrar eða utanríkisviðskiptaráðherrar eru formenn sendinefnda á vettvangi GATT en fagráðherrar leggja til hina faglegu vinnu og móta stefnu og móta tillögur um tilboð Íslands innan ríkisstjórnar. Þannig mun þetta vera hjá nágrannalöndunum eins og menn hafa væntanlega fylgst með í umræðum um þetta mál á vettvangi EB.

Ég tel rétt að það komi hér fram að hið formlega tilboð Íslands hefur enn ekki verið lagt fram, enda mun Evrópubandalagið ekki að sínu leyti leggja fram tilboð fyrr en í dag eða á morgun, í fyrsta lagi, vegna þeirra deilna sem þar hafa verið.

Það er jafnframt rétt að upplýsa, vegna þess að mér þótti gæta nokkurs misskilnings í máli hv. fyrirspyrjanda, að hann talaði um að 65% niðurskurður ætti að vera á stuðningi við landbúnaðinn. Það er ekki svo. Í tilboði Íslands hefur verið gert ráð fyrir að varðandi útflutningsuppbætur einar og sér yrði boðinn samdráttur á bilinu 45–65% en varðandi innri stuðning, framleiðsluhvetjandi eða markaðstruflandi stuðning, yrði boðið bilið 15–25%. Ég tel rétt að þetta komi hér fram til þess að misskilnings gæti ekki í umfjöllun um þetta mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Norðurl. v., hefur nú þegar talað tvisvar, en ef honum liggur mikið á hjarta og telur sig þurfa að koma fram athugasemd, þá verður leyft að gera örstutta athugasemd. En hv. þm. hefur nú þegar farið fram yfir sinn tíma í fyrirspurninni.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Það kom auðvitað fram að hæstv. landbrh. leit á það sem eðlilegan og sjálfsagðan hlut að utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson væri talsmaður Íslands í þessum málaflokki á þessum vettvangi.

Ég hlýt að taka það fram að ég nefndi að tilboð Íslands væri um niðurskurð sem væri allt að 65% sem þýðir það að í sumum greinum getur hann verið minni og í því var enginn misskilningur fólginn af minni hálfu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika það að það er á engan máta á annan veg í þessum viðræðum en öðrum. T.d. fer hæstv. utanrrh. með málefni sjávarútvegs, iðnaðar og fjölmargs fleira í viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta er nákvæmlega eins og það er, samkvæmt íslenskum lögum. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði að þessu leyti. Mér fannst hv. þm. vilja tortryggja þetta. Það finnst mér ekki vera réttmætt.

Ég vil taka undir það með hv. þm. að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Ég lagði áherslu á það að þetta er m.a. unnið í samráði við fulltrúa Stéttarsambands bænda og endurskoðun á búvörusamningi og mér finnst vel koma til greina og mjög eðlilegt að t.d. landbúnaðarnefndir þingsins geti fylgst með framkvæmd eins viðkvæms máls.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Mér sýnist einhvern veginn að fulltrúar Sjálfstfl. eða talsmenn hans í landbúnaðarmálum geri sér kannski ekki alveg fulla grein fyrir því hvað það er sem er að gerast í GATT-viðræðunum og að hverju þær miða. Þær miða í fyrsta lagi að því að ná betra jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar, í öðru lagi að skapa raunhæfari tengsl milli framleiðenda og markaðarins og í þriðja lagi að afnema þá bjögun sem er í viðskiptum með búvöru. Þetta er mjög flókið mál, það er ekki verið að semja um bolta og skrúfur eða slíkt, þetta er mjög flókið mál. Það er öllum held ég ljóst.

Þarna eigast við andstæðir pólar, annars vegar Bandaríkin og hins vegar Evrópubandalagið þar sem aðstæður eru mjög ólíkar. Í Bandaríkjunum eru tvær milljónir bænda, í Evrópubandalagslöndunum eru ellefu milljónir bænda. Þar er meðaljarðarstærð um 13 hektarar en hún er nærri 190 hektarar í Bandaríkjunum. Þarna eigast við mjög ólík sjónarmið og við höfum ekki séð enn þá hvað kemur út úr þessu. En bændur í Evrópu gera sér grein fyrir því hvað er hérna á seyði. Þeir horfast í augu við staðreyndir. Ég heyrði formann búnaðarsamtaka Evrópu segja í vor: Hver sem niðurstaða GATT-viðræðnanna verður þá verðum við bændur að vera við því búnir að viðskiptafrelsi aukist, samkeppnin mun aukast á heimamörkuðum okkar en við munum líka njóta annarra kosta sem er aukið útflutningsfrelsi.

Ég held að menn ættu að varast að vera of fullyrðingasamir í þessu máli eins og það nú er vaxið og á því stigi sem það er.

Bláa lónið, ein umr.

Fsp., NL, 47. mál. — Þskj. 47.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Níels Árni Lund varaþingmaður flutti fsp. til heilbrrh. um nýtingu Bláa lónsins við Svartsengi, eins og kemur fram á þskj. 47. Fsp. er svohljóðandi:

„Hvað hefur verið gert til að fylgja eftir ályktun Alþingis um könnun á fjölþættri nýtingu Bláa lónsins við Svartsengi?"

Ályktun Alþingis sem Níels Árni er að vitna til var samþykkt hér á Alþingi 5. apríl sl. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á möguleikum á uppbyggingu við Bláa lónið við Svartsengi með það að markmiði að nýta þá möguleika sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Einkum skal beint sjónum að hvernig megi nýta lækningamátt lónsins fyrir Íslendinga og útlendinga, svo og að fyrirhuguð starfsemi tengist ferðamannaþjónustu almennt.

Við þetta starf verði haft náið samstarf við Hitaveitu Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu kunna að tengjast."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um tilgang og nauðsyn þess að framfylgja þessari ályktun sem Alþingi hefur samþykkt. Ég held að flestir sem hér eru inni þekki það vel til Bláa lónsins og þeirrar trúar að almenningur sem sækir það títt, ekki síst húðsjúklingar eða sjúklingar með húðmein, telur sig hafa mikið gagn af þessu. Það kemur reyndar líka fram í frumrannsókn sem landlæknisembættið beitti sér fyrir að mikill meiri hluti þeirra sem rætt hefur verið við telur að þetta sé til mikilla bóta vegna meinsemda þeirra.

Á sl. ári má reikna með að á milli 50 og 60 þús. manns hafi komið þarna. Þarna er ófullkomin aðstaða fyrir þá sem sækja böð í lóninu. Þar er lítið baðhús sem Hitaveita Suðurnesja byggði fyrir nokkrum árum en þyrfti að sjálfsögðu að vera miklu meiri ef ætti að vera hægt að taka á móti þeim fjölda sem menn trúa að vilji koma þarna. Þá á ég bæði við innlenda og erlenda aðila.

Áður en gengið er til þess að markaðssetja svona lón, eins og Bláa lónið er, þarf náttúrlega að liggja ljóst fyrir, vegna fyrirspurna sem þegar liggja fyrir um það, að það sé bót að þessu fyrir sjúklinga og heilbrigðisyfirvöld mæli með því að sjúklingar noti þessa aðstöðu.

Ég hef fregnir af því að vegna ástandsins sem núna er fyrir botni Miðjarðarhafsins hafi ýmis erlend samtök psoriasis- og exemsjúklinga beint fyrirspurnum hingað um það vegna þess að þau hafa styrkt og að hluta til kostað ferðir meðlima sinna til Dauðahafsins, svo dæmi yrði tekið, og núna vilji þeir færa sig til vegna þess ástands sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafsins.

Ég skal ekki orðlengja þetta, hæstv. forseti. Fsp. liggur nokkuð ljóst fyrir og ég vænti þess að ráðherra gefi svör við henni hér á eftir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. 8. þm. Reykn. hefur hér gert grein fyrir fsp. frá varaþingmanni hans, Níelsi Árna Lund, sem flutt er á þskj. 47 og hljóðar svo:

„Hvað hefur verið gert til að fylgja eftir ályktun Alþingis um könnun á fjölþættri nýtingu Bláa lónsins við Svartsengi?"

Það má auðvitað fyrst segja að hér koma fleiri aðilar að. Þál. var beint til ríkisstjórnar og þetta er auðvitað einnig mál sem varðar ferðamannaþjónustu sem stjórnarfarslega mundi heyra undir samgrh. En Alþingi samþykkti á 112. löggjafarþingi sínu þál. frá fyrirspyrjanda þess efnis að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta gera könnun á möguleikum á uppbyggingu Bláa lónsins við Svartsengi með það að markmiði að nýta þá möguleika sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Einkum skal beint sjónum að hvernig nýta megi lækningamátt lónsins fyrir Íslendinga og útlendinga svo og að fyrirhuguð starfsemi tengist ferðamannaþjónustunni almennt. Þess vegna nefndi ég það hér í upphafi að þetta væri einnig mál þess ráðuneytis sem fer með þann málaflokk.

Nú mun áratugur vera síðan sögur fóru að berast af því að psoriasis-sjúklingar hlytu bata af því að baða sig í Bláa lóninu. Samþykkti Alþingi þál. árið 1981 þar sem heilbrrh. var falið að láta fara fram könnun á lækningamætti lónsins. Var landlæknisembættinu falið að gera könnunina. Niðurstöður gáfu vísbendingar um að böð í Bláa lóninu bættu líðan psoriasis-sjúklinganna. Hafa þessar niðurstöður verið gefnar út af landlæknisembættinu og voru kynntar allshn. þingsins þegar þál. sú sem hér er spurt um afgreiðslu á var rædd á seinasta þingi.

Aðdráttarafl Bláa lónsins er mikið, jafnt meðal Íslendinga sem útlendinga, og fer aðsókn vaxandi. Gefa bæði rannsóknir og aðsókn fyrirheit um að nýta megi hið heita jarðsjávarvatn í Svartsengi til heilsubótar og atvinnuuppbyggingar.

Þetta tengist jafnframt öðrum verkefnum sem unnið er að, bæði á vegum Útflutningsráðs Íslands og nefndar á vegum forsrh., en þessir aðilar kanna nú hvort unnt sé að fá fleiri ferðamenn til landsins sem komi beinlínis í heilsubótarskyni. Ég hef stutt við þetta verkefni, m.a. með því að afla upplýsinga erlendis frá um afstöðu heilbrigðisyfirvalda til svokallaðra heilsuhótela. Eins hef ég greitt götu þeirra sem að þessu máli vinna hér á landi til að þeir geti kynnt sér rekstur og starfsvettvang heilsuhótela erlendis.

Virðulegi forseti. Með vísan til þess sem ég hef þegar sagt hef ég ákveðið í samráði við forsrh. og samgrh. að frekari vinna við að kanna nýtingu Bláa lónsins við Svartsengi verði falin nefnd sem í eigi sæti, auk fulltrúa þessara þriggja ráðuneyta, forsætis-, heilbrigðis- og samgöngumála, fulltrúar frá Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og landlæknisembættinu. Er þetta í samræmi við ályktun Alþingis frá því í vor. Hefur hlutaðeigandi aðilum verið ritað bréf með ósk um tilnefningu. Vænti ég þess að nefndin taki til starfa á næstu vikum og gætu tillögur hennar legið fyrir næsta vor.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka heilbrrh. fyrir svör hans. Eins og kom fram í máli hans er þetta mál búið að vera á dagskrá í þinginu allar götur síðan 1981. Ég vænti þess að sú nefnd sem hann hyggst skipa með aðild þeirra aðila sem hann nefndi hérna áðan, verði skipuð hið allra fyrsta og henni verði settur takmarkaður starfstími, þ.e. að reynt verði að ljúka störfum fyrir þingslit núna í vor, þannig að Alþingi geti fengið að fylgjast með því hvað þarna er á ferðinni. Ég er sannfærður um það að þarna er stórt verkefni fram undan. Ég er líka jafnsannfærður um að ekki má rjúka út í neinar miklar aðgerðir að óathuguðu máli. Það þarf bæði að liggja ljóst fyrir að heilbrigðisyfirvöld mæli með notkun lónsins og geti gefið út einhvers konar „vottorð" fyrir því að það sé til bóta fyrir sjúklinga með húðmein að baða sig þarna. Hitt er svo annað mál að þetta mun líka örugglega tengjast mjög ferðamálaiðnaðinum. Mikill fjöldi erlendra ferðamanna sækist eftir því að koma á nýja staði við nýjar aðstæður. Ég hef sjálfur farið með útlendinga í Bláa lónið og þeir hafa margir hverjir skrifað mér bréf til baka og undrast að við ættum slíka perlu hér heima. Þetta var hápunktur ferðarinnar að komast í að baða sig þarna úti í miðju hrauninu við þær aðstæður sem þarna eru. Eða eins og þeir hafa sumir orðað það að þarna er „ekki nútíma steypt fyrirbæri" heldur er þetta úti í náttúrunni í tengslum við orkuverið sem þarna er við hliðina.

Ég hef engar athugasemdir við það hvernig ráðherra hyggst halda á þessu máli og hvernig hann skipar nefndina. Ég bendi samt á að það væri að mínu viti nauðsynlegt og gott að hafa náið samstarf við Ferðamálasamtök Suðurnesja sem mikið hafa verið að vinna í þessum málum og kynna sér það og hafa fengið fjölmargar fyrirspurnir um á hvern hátt væri hægt að komast í tæri við Bláa lónið, ef ég má orða það þannig.

Innflutningur matvæla með ferðafólki, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 66. mál. — Þskj. 68.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að spyrja samgrh. svohljóðandi spurningar:

„Hvað hyggst samgrh. gera til að draga úr innflutningi matvæla með ferðafólki?"

Samgrn. fer með mál er varða ferðalög, veitingahús, ferðaskrifstofur, umferðarmiðstöðvar og Ferðamálasjóð. Hins vegar veit ég að það er fjmrh. sem gefur út reglugerðir um tollfrjálsan farangur o.s.frv.

Hæstv. samgrh. hlýtur að velta því oft fyrir sér hvernig hægt er að styrkja ferðamannaþjónustu og skapa sem mestar tekjur af henni í landinu. Hann hlýtur einnig að krefjast þess í ríkisstjórninni að íslenskir aðilar sitji alla vega við sama borð og erlendir.

Engin þjóð mun jafnfrjálslynd og við Íslendingar. Hér koma þúsundir útlendinga í landið og það eina sem þeir þurfa að biðja um er aðgangur að salernum. Hingað koma hópar frá Evrópu, ekki síst Þýskalandi, með allan mat með sér, enda gaf fyrrv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, út reglugerð 1988 um að hvert mannsbarn sem í landið kæmi mætti taka með sér 10 kg af matvælum. Þar með vísuðu Íslendingar útlendingum frá eldhúsum sínum yfir í furðulegan skrínukost. Þýsk ferðaskrifstofa sem skipuleggur ferð um Ísland og kemur t.d. með 100 manna hóp kemur oft með mat að þyngd eitt tonn, allt pakkað sameiginlega, flýgur þannig í gegnum tollskoðun, þó þar sé nú frjálslega farið með lögin, anda laganna, og jafnvel reglugerðarinnar líka. Íslensk ferðaskrifstofa keppir ekki við sömu skilyrði, hún kaupir hér dýrari mat og með háum virðisaukaskatti. Leiguflugin taka rými úr flugvélum til að koma koffortunum með matnum hingað með fólkinu. Skipin sem ferja ferðamenn flytja matvörur einnig með. Hér er á ferðinni mismunun og misnotkun og að auki dæmafátt framferði íslenskra yfirvalda og virðingarleysi gagnvart íslenskum aðilum. 10 kg af niðursoðinni matvöru þýða rúmlega 30–40 kg af hrávöru. Ef allir Íslendingar sem fara erlendis kæmu með þetta magn, sem þeim er leyfilegt einnig, væri það 1400 tonn á ári eða kannski 4–6 þús. lestir af matvælum.

Engin þjóð er svo frjálslynd sem við Íslendingar. Margar þjóðir leyfa engan svona innflutning á matvælum. Ég hef heyrt að Bandaríkin leyfi aðeins 1 kg á ferðamann. Við Íslendingar segjum við útlendinga: Taktu matinn með þér, jafnvel bensínið, og kauptu helst ekkert af okkur, við lögum hjólförin og þú teflir frítt við páfann eða bara í móður jörð eins og aðstæður sýna við Gullfoss og víðar.

Hvað hyggst hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin gera til þess að breyta þessu ástandi? Verður reglugerð um tollfrjálsan farangur breytt þar sem hinn mikli matarskammtur verður minnkaður eða afnuminn? Verður staða íslensku ferðaskrifstofanna gerð sambærileg og hinna erlendu?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Eins og þingheimur heyrir þá dró nú

hv. fyrirspyrjandi hvergi af sér í lýsingum á ástandinu, minnti eiginlega meira á upplestur úr Íslendingasögunum á köflum heldur en beinlínis að þetta væri alls staðar í öllum tilvikum svona dökkt. Hitt er alveg rétt sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda að matarinnflutningur, eða leyfilegur matarskammtur sem ferðamönnum er heimilt að taka til landsins, hefur verið nokkuð til umræðu að undanförnu. Réttilega benti fyrirspyrjandi á að þau mál heyra undir fjmrn. sem yfirvald tollamála og það er í gegnum reglugerð um tollfrjálsan varning sem þeim hlutum er stýrt. Við höfum hins vegar, í samgrn. og yfirvöld ferðamála og Ferðamálaráð, rætt þetta ítarlega og beitt okkur fyrir viðræðum við fjmrn. og tollstjóraembættið um þessa hluti. Að mati ýmissa stangaðist nokkuð á annars vegar túlkun tollstjóraembættisins sem fram kom í bréfi á sl. sumri til tollvarða og boðskapur bréfs fjmrn. frá 12. maí sl. um þessi efni. Tollstjóri túlkar í bréfi sínu til tollvarða ákvæði reglugerðar þannig að þar sé átt við sameiginlegan innflutning á mat, allt að 10 kg á hvern farþega, t.d. í hópi. Þetta þýðir að þegar hópur kemur til landsins þá er einfaldlega talið hversu margir eru í hópnum og margfaldað með tíu, þannig fæst út sá kílóafjöldi sem koma má af matvælum með viðkomandi hópi. Þessa túlkun vorum við óánægð með í samgrn. og Ferðamálaráði og töldum að betra væri og réttara að túlka reglugerð og bréf fjmrn. frá 12. maí þannig að þetta magn ætti að bindast við hvern einstakan ferðamann. Þannig til að mynda þyrfti hver og einn að sjá þá um flutning á sínum skammti inn í landið o.s.frv.

Við höfðum þess vegna frumkvæði að því að haldinn var sérstakur fundur um þetta mál með fulltrúum fjmrn. og tollstjóraembættis, samgrn. og Ferðamálaráðs 10. ágúst sl. með það í huga að koma á betri skipan þessara mála fyrir næstu ferðamannavertíð. Á þeim fundi lögðum við mikla áherslu á að þessum ákvæðum væri fylgt svo komið væri í veg fyrir magninnflutning ferðaskrifstofa fyrir heila hópa í senn. Fulltrúi tollstjóra taldi öll tormerki á slíkri framkvæmd og eina raunhæfa leiðin væri þá að draga úr því magni sem þarna væri á ferðinni. Að sjálfsögðu styðjum við slíka breytingu og höfum eindregið lagt til að þessum reglum verði breytt í góðum tíma fyrir næsta sumar. Eðli málsins samkvæmt er heppilegt að slíkar breytingar eigi nokkurn aðdraganda og komi ekki með mjög litlum fyrirvara fram gagnvart erlendum ferðaskrifstofum sem og innlendum sem fyrir löngu hafa farið að undirbúa sína starfsemi fyrir næsta ár.

Það var svo 12. sept. sem okkur barst frá fjmrn. svar við okkar málaleitan. Þar er því lýst yfir að fjmrn., eins og segir orðrétt í bréfinu, „hafi í hyggju að gera breytingar á þessari reglugerð og til að minnka matarskammtinn eitthvað niður úr þeim 10 kg sem hann hefur verið."

Þann 22. okt. sl. upplýsti svo deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu símleiðis að reglugerðarbreyting væri á döfinni og kæmi væntanlega út á næstunni. Og þar væri stefnt að því að lækka skammtinn niður í 3 kg á hvern ferðamann.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil einungis þakka hæstv. ráðherra þau svör sem hann gaf hér og þá vinnu sem þegar hefur farið fram. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við það verði staðið sem fjmrh. heitir þarna í bréfi að breyting eigi sér stað nú á haustmánuðum til þess að menn viti að hvaða leikreglum þeir gangi á næstu ferðamannavertíð.

Ég vil ljúka mínu máli með því að skora á samgrh. að hvetja samráðherra sinn til þess að gefa þessa reglugerð út nú á haustdögum. Því ber að fagna að því er heitið að færa þessi matvæli úr 10 kg niður í 3 kg. Það er mjög gagnlegt og verður áreiðanlega til að auka íslenskum ferðaskrifstofum og hótelum á Íslandi bjartsýni á næstu vertíð.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til þess að þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli. En svo snjall sem hann var í málflutningi fyrri ræðu sinnar því meira bar á þakklætinu í seinni ræðunni fyrir það hvað vel væri staðið að þessum málum af hendi samgrh. og sjálfsagt rétt að taka undir það.

En það sem ég vildi vekja athygli á hér í sambandi við þessa umræðu var út af tveimur setningum hæstv. fyrirspyrjanda. Í fyrsta lagi þegar hann talaði um furðulegan skrínukost sem erlendir ferðamenn væru með og virðingarleysi fyrir íslenskum ferðaskrifstofum sem því fylgdi. Ég vil vekja athygli á því að íslenskar ferðaskrifstofur sýna ferðaþjónustu vítt um landið nákvæmlega sama virðingarleysið. Ýmsar íslenskar ferðaskrifstofur ferðast með skrínukost um landið og treysta ekki viðkomandi veitingastöðum eða hótelum til að þjóna sínum gestum. Ég held að það sé nákvæmlega sama sem þar kemur fram. Íslenskar ferðaskrifstofur eru með furðulegan skrínukost út um landið og það er náttúrlega algert virðingarleysi gagnvart þeirri ferðaþjónustu sem er á boðstólum vítt um landið að íslenskar ferðaskrifstofur skuli halda uppi slíkri þjónustu við sína gesti.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég man eftir því eitt sinn í sumar að fram komu í fréttatilkynningu, frá samgrn. að ég ætla, fréttir um þá heimild sem erlendir ferðamenn höfðu til þess að koma með allt að 10 kg af matvælum til landsins. Ég vissi nú ekki forsögu málsins og mér hnykkti nokkuð við. Ég man eftir því að ég hitti þá Íslending sem löngum er búsettur erlendis og hann sagði við mig: Hvaða nauður rak til að svo mikið magn skyldi heimilað að flytja inn í landið með hverjum ferðamanni?

Ég vil lýsa því að ég tel ástæðu til þess að þakka hæstv. ráðherra fyrir það sem hann hefur gert í því að draga úr þessu, eins og hér kom fram í hans máli, og vænti að svo verði niðurstaðan. Ég tel það alvarlegasta í þessum efnum vitaskuld sjúkdómahættuna ef

hluti af þessum matvælum eru ferskar afurðir sem er stórhættulegt mál. Má minna á að gin- og klaufaveikifaraldur hefur gosið upp, til að mynda í Bandaríkjunum og í Bretlandi, vegna þess að inn hefur verið flutt kannski eitt læri, einn hamborgarhryggur eins og var í Bandaríkjunum eitt sinn. Kostaði óhemjulegt fé og óhemjulega miklar aðgerðir að útrýma veikinni eftir að slík slys höfðu orðið. Það er því ástæða til að fara í þessum efnum með mikilli varúð og er ég þó ekki neitt að draga úr því að þakka ráðherra fyrir það sem betur horfir í þessu efni heldur en verið hefur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég get að sjálfsögðu gert orð síðasta ræðumanns að mínum hvað það snertir að langmestu áhyggjur okkar yfir þessum hlutum varða auðvitað þá hættu sem svona matvælainnflutningi getur verið samfara. En það er væntanlega óþarft að taka fram að að sjálfsögðu er þessi skammtur algerlega bundinn við að um matvæli í leyfilegu formi sé að ræða, þ.e. ekki hrámeti eða annað því um líkt sem bannað er samkvæmt íslenskum lögum að flytja inn í landið. Hér er að sjálfsögðu um að ræða unnar vörur eða þannig matvöru að innflutningur hennar sé á annað borð heimill til landsins.

Það er einnig rétt að það er fjölmargt annað sem ástæða væri til að ræða og taka á sem lýtur að samkeppnisstöðu innlendra aðila á sviði ferðaþjónustu gagnvart hinum erlendu aðilum. Það er verið að skoða marga fleiri þætti en þennan eina, innflutning á ódýrum matvælum sem geti ívilnað hinum erlendu aðilum í gegnum sterkari samkeppnisstöðu. Ég vænti þess að tóm gefist til að greina hv. Alþingi frá því þegar ferðamál koma hér á dagskrá, sem vonandi verður með myndarlegum hætti og rækilegum á næstu vikum þegar fram verður lögð á nýjan leik till. til þál. um stefnumörkun í ferðamálum og væntanlega í kjölfarið endurskoðun á lögum um skipan ferðamála sem sérstök nefnd er að leggja síðustu hönd á þessa dagana. Þá mun gefast tækifæri til að ræða ýmis önnur atriði sem lúta m.a. að samkeppnisstöðu innlendra aðila á sviði ferðaþjónustu og einnig það sem hv. 4. þm. Vesturl. vék að að vissulega skipti það líka máli í sambandi við stefnumörkun á sviði ferðamála að treysta stoðir rekstrar út um landsbyggðina. Þar gætum við svo sannarlega þurft að líta í eigin barm hvað snertir skipan þeirra mála, tilhögun á uppbyggingu ferða á vegum íslenskra ferðaskrifstofa jafnt sem erlendra. En ég vona sem sagt að tækifæri gefist til þess innan skamms að ræða þessi mál mjög ítarlega hér á hinu háa Alþingi í tengslum við meðferð þeirra mála sem ég lýsti áðan.

Málefni geðsjúkra afbrotamanna, ein umr.

Fsp. KSG, 84. mál. — Þskj. 86.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Mér er það ljóst að málefni geðsjúks fólks sem brýtur lög heyra undir tvö ráðuneyti, dómsmrn. og heilbrrn. Ég hef hins vegar kosið að spyrja heilbrrh. sérstaklega. Á þskj. 86 spyr ég: Hvað hefur heilbrrn. aðhafst í málefnum geðsjúkra afbrotamanna?

Ef fólk hefur verið úrskurðað ósakhæft og því sýknað af verknaði sem það hefur framið er það jafnframt úrskurðað til vistunar á viðeigandi hæli, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. sept. 1940. Ótrúlegt en satt. Þrátt fyrir að tilvitnuð lög séu rúmlega 50 ára gömul og eftir þeim hafi verið dæmt í öll þessi ár, þá eru þessi hæli ekki til. Þeir sem sömdu lögin hafa á sínum tíma verið vissulega bjartsýnir hugsjónamenn sem ekki hefur rennt grun í að arftakar þeirra í kerfinu yrðu svo framtakslausir sem raun ber vitni. Þrátt fyrir að fólk sé sýknað af afbrotum vegna sjúkdóma sinna er það vistað í fangelsum, aðallega á Litla-Hrauni, þar sem engin aðstaða er til vistunar þess. Fólki er líka komið fyrir erlendis, t.d. í Svíþjóð þar sem aðstæður munu vera nöturlegar en þó betri en tugthúsvist hér heima. Kostnaður við slíka vistun erlendis mun ótrúlegur. Hins vegar hefur hingað til ekkert verið gert svo ég viti til að veita þessu fólki þau sjálfsögðu mannréttindi sem við hin öll viljum hafa. Ekkert hefur verið gert enn þá til að það sjúka fólk sem fremur afbrot fái viðeigandi læknismeðferð, fái vistun á þann veg sem 50 ára gömul lög gera ráð fyrir.

Ég hef í viðtölum við aðstandendur fengið upplýsingar um að aðstæður þessara sjúklinga eru svo afleitar að með orðum verður ekki lýst. Fyrr á öldum var farið með geðveika líkt og dýr, þeir voru ýmist lokaðir inni í þröngum búrum, geymdir í útihúsum eða á annan hátt útskúfaðir úr samfélagi venjulegra manna. Geðveikir voru haldnir illum öndum að áliti almennings. Oftast voru þessi örlög álitin refsing guðs sökum syndar. Þetta var vilji guðs, refsingin útskúfun.

Nú á tímum vísindahyggju vitum við betur. Okkur finnst aðferðir fyrirrennara okkar ómanneskjulegar og teljum okkur fordómalaus gagnvart geðveikum og þær aðferðir eða refsingar sem við beitum geðveika fanga hljóti að vera þær einu réttu. Við lifum jú í samfélagi þar sem allt er fullt af sérfræðingum sem vita betur en við hin og áhyggjulaust treystum við þeim. En hversu margir haldið þið, hv. þm., að geri sér grein fyrir hverju geðveikir fangar mega sæta?

Tíminn í fyrirspurnartíma er svo stuttur að ég læt staðar numið hér. Hins vegar hef ég heyrt rökstutt að til að fullnægja kvöðum hinna 50 ára gömlu laga sem ég vitnaði í áðan þurfi ekki sérstaka hælisbyggingu, hér á landi sé til fyrirmyndaraðstaða og hæfur mannafli til að sinna þessum sjúklingum. Hins vegar neiti læknar að sinna þessu verkefni. Ég spyr því hæstv. ráðherra einnig: Er það rétt að smákóngapólitíkin í sjúkrahúsunum hér í landinu sé svo grimm að geðsjúku fólki sem hefur ómeðvitað framið glæp sé vísað burt af sjúkrahúsum, að því fólki sé neitað um þá

læknismeðferð sem því er nauðsynleg?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda er hér vakin athygli á máli sem með nokkrum sanni má segja að heyri undir tvö ráðuneyti, þ.e. dómsmrn. annars vegar og heilbrrn. hins vegar. Og vissulega má einnig benda á það að hegningarlög og það að framfylgja ákvæðum þeirra heyrir náttúrlega fyrst og fremst undir dómsmrn.

En ég ætla ekki að gera það að aðalefni svars míns, síður en svo, vegna þess að ég er sammála meginefni því sem kom fram í framsöguræðu hv. fyrirspyrjanda að hér er um óviðunandi ástand að ræða og búið að vera allt of lengi. Málefni geðsjúkra afbrotamanna voru um árabil deiluefni milli dómsmrn. og heilbrrn., einkum vegna þess að fyrri lög um fangelsismál gerðu ráð fyrir að byggt yrði sérstakt ríkisfangelsi sem væri deildaskipt þar sem aðstaða yrði fyrir geðsjúka fanga og þá sem dæmdir yrðu til öryggisgæslu. Eftir að núgildandi fangelsislög tóku gildi, 1. jan. 1988, áttu heilbrrh. og páv. dóms- og kirkjumálaráðherra fund um málið og var þar ákveðið að ráðuneytin tvö mundu leita lausnar á málunum í sameiningu og reyna að finna viðeigandi lausn á meðferð og vistun geðsjúkra afbrotamanna.

Allmiklar kannanir fóru fram á árunum 1988 og 1989. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tók að sér greiðslur vegna vistunar geðsjúkra afbrotamanna sem vistast erlendis og kannaðir voru möguleikar á að koma upp sérstakri stofnun fyrir slíka einstaklinga hér. Varðandi þessa vistun erlendis þá vil ég taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er í raun alls ekki viðunandi lausn. Í fyrsta lagi er hún allt of dýr og í öðru lagi óttast ég að þar sé ekki sú meðferð sem nauðsynleg er og ber að viðhafa við þessa einstaklinga.

Í maí sl. varð það samkomulag milli heilbrrh. og núv. dómsmrh. að skipa nefnd til þess að gera tillögur um fyrirkomulag réttargeðlækninga hér á landi og með hvaða hætti geðsjúkir afbrotamenn skyldu vistaðir. Í nefndinni sitja Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður heilbrrh., sem er formaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Hannes Pétursson, yfirlæknir geðdeildar Borgarspítalans, allir skipaðir af heilbrrh. og Sigurður Jónsson, aðstoðarmaður dómsmrh., Haraldur Johannessen, forstjóri Fangelsismálastofnunar, og Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri dómsmrn., skipaðir af dómsmrh. Nefndin hefur enn ekki lokið störfum en hún hefur sent okkur ráðherrum þessara mála skýrslu um störf sín. Samkvæmt þessari skýrslu flokkar nefndin fangana í þrjá flokka. Í fyrsta lagi þá sem dæmdir eru til vistunar á viðeigandi hæli, þ.e. öryggisgæslumenn. Í öðru lagi geðsjúka afplánunarfanga eða fanga með geðræn vandamál. Í þriðja lagi menn sem úrskurðaðir eru til að undirgangast geðrannsóknir.

Ekki er hér tími til að rekja nánar eða ítarlega hugmyndir nefndarinnar en sú tillaga sem nefndin mun leggja til samkvæmt þessari áfangaskýrslu sem okkur ráðherrum hefur nú þegar borist er að réttargeðdeild verði komið upp í tengslum við annaðhvort geðdeild ríkisspítalanna eða geðdeild Borgarspítalans til að sinna verkefnum samkvæmt þeirri flokkun sem rakin hefur verið hér að framan. Og má þá kannski segja að það undirstriki það sem kom fram í lokaorðum hv. fyrirspyrjanda að nefndin telur að aðstæður séu í raun fyrir hendi á þessum sjúkrahúsum til að koma slíkri stofnun eða hæli eða hvað við viljum kalla það, slíkri þjónustu, á innan þess húsnæðis sem nú er þegar til. En það er mat nefndarinnar að tiltölulega litlar breytingar þyrfti að gera á húsakosti, sem til er á ríkisspítölunum, til að koma upp slíkri deild. Hins vegar mundi rúmum á geðdeildum ríkisspítalanna fækka um 15 en í staðinn kæmu 10–12 rúm á réttargeðdeild sem gæti þá tekið við vistun fanga fyrir dómsmálakerfið.

Og það ber auðvitað að leggja áherslu á það sem hér kemur skýrt fram að með því að taka hér inn slíka þjónustu og slíka deild á annan hvorn ríkisspítalann, Landspítalann eða Borgarspítalann, þá er auðvitað jafnframt sagt og viðurkennt að það þyrfti að ýta annarri þjónustu til hliðar því þar standa ekki auð eða ónotuð pláss. En þetta er þá spurning um það einu sinni enn, og spurning sem ég álít nú að bæði löggjafinn, stjórnendur heilbrigðisþjónustu og starfsfólk þurfi að leggja niður fyrir sér: Hvað eru brýnustu verkefnin? Í hvað viljum við eyða okkar fjármunum og hvar viljum við leggja okkar áherslur? En það er nú stærra mál og varðar miklu fleira en það sem hér er sérstaklega til umræðu.

Ég vil líka nefna það, af því að það kom fram í orðum hv. fyrirspyrjanda, að mér hefur fundist erfitt að eiga við suma starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar, suma lækna, til þess að koma þessum málum fram án þess að ég vilji gera þar hans orð að mínum þegar hann talar sérstaklega um smákóngaveldi, það voru hans orð. En mér hefur fundist þarna gæta ákveðinnar tregðu sem hefur gert málið allt saman erfiðara og tafsamara í framkvæmd og úrlausnum. Og ég vil láta það koma fram hér að ég, og heilbrrn. og landlæknisembættið, höfum átt gott samstarf við yfirlækni geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri en þar hefur einn þessara ógæfusömu manna verið til meðferðar á undanförnum mánuðum.

Það er við því að búast að nefndin skili fullnaðartillögum sínum til okkar ráðherra alveg á næstu dögum og væntanlega nógu snemma til þess að hægt sé að taka málið upp vegna fjárlagagerðar fyrir árið 1991 og það tel ég mjög brýnt.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef aðeins leyfi til að gera hér örstutta athugasemd. Þó væri vissulega full ástæða til að fara nokkrum orðum um þá fyrirspurn sem hv. 4. þm. Reykn. hefur hér borið fram og ástæða er til að þakka honum fyrir.

Þetta er gamalt og nýtt vandamál sem hann vekur hér athygli á með fyrirspurn sinni. Ég má til með að rifja það upp að það eru allar götur síðan 1980 og 1981 sem verið var að fjalla nákvæmlega um þessi

mál hér á hv. Alþingi. Það hefur greinilega ekkert gerst á þessu tímabili, á heilum áratug. Þá flutti þáv. þm. Helgi Seljan þáltill., mjög vel unna, sem þingmenn allra flokka voru meðflutningsmenn að. Þessi till. var samþykkt og í þeirri samþykkt átti að skipa nefnd til þess að gera áætlanir og skipulagningu og úrbætur í þessum málum, m.a. um geðsjúka fanga. Nefndin átti að skila áliti fyrir árslok 1981, sem ég geri ráð fyrir að hún hafi gert. Þá mætti spyrja sig: Hefur ekkert verið hægt að nýta af niðurstöðum þessarar nefndar? Það er alltaf verið að skipa nefndir, alltaf verið að gera kannanir, en það er ekkert gert til þess að bæta úr.

Ég ætla aðeins, hæstv. forseti, að leyfa mér að bæta hér inn í örfáum setningum úr skriflegu svari sem ég fékk við fsp. sem ég gerði til páv. hæstv. dómsmrh. um vistun geðsjúkra fanga. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Hér er um að ræða óleyst vandamál. Segja má í stuttu máli að ráðuneytið telji þá lausn æskilegasta að komið verði upp sérstakri stofnun fyrir geðsjúka fanga í nálægð við sjúkrastofnun og í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld, þannig að slíkri stofnun yrði þjónað bæði af fangelsisyfirvöldum og heilbrigðisyfirvöldum." Og hvað hefur gerst? Ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég vil ekki taka undir það að hér sé um að kenna einhverjum smákóngum í læknastéttinni. Mér finnst ekki við hæfi að nota svona orðatiltæki í þessu máli. Hér er um mjög alvarlegt vandamál að ræða sem er krafa um að bæði heilbrrn. og dómsmrn. finni lausn á.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og einnig ráðherra fyrir hans svör. Það er vissulega smánarblettur á íslensku þjóðfélagi hvernig staðið er að málefnum geðsjúkra afbrotamanna og vissulega tími til kominn að grípa til aðgerða og standa við þau stóru orð og gera eitthvað raunhæft í málinu.

Það kom fram í svari ráðherra að aðstæður eru fyrir hendi í dag á sjúkrahúsunum þannig að ég sé því ekkert til fyrirstöðu að ráðherra stígi það skref til fulls hvort sem einhverjir smákóngar eða aðrir standa í vegi hans. Ég veit að hann er alveg maður til þess að ryðja einhverjum smáhindrunum úr vegi.

Ég hef einnig lagt fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um þessi málefni og m.a. um það hvort á Litla-Hrauni séu vistaðir geðsjúkir afbrotamenn. Reyndar veit ég að það er staðreynd að þar eru vistaðir geðsjúkir afbrotamenn og ég veit ekki betur en það sé lagabrot. Þess heldur er brýnt að á þessu máli verði tekið hið allra fyrsta.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin. Í svari hans kom fram að aðgerða er að vænta. Það kom líka fram að fyrirstaða er hjá ýmsum í heilbrigðisstéttinni fyrir úrbótum í þessu máli. Ég legg á það áherslu að þau fyrirheit sem fram komu í máli hans verði að veruleika og það sem fyrst.

Ég get þó ekki stillt mig um að geta þess að oft hafa verið gefin fögur fyrirheit og áætlanir gerðar um úrbætur. Árið 1961 bað páv. dómsmrh., dr. Bjarni Benediktsson, Valdimar Stefánsson sakadómara um að gera tillögur um úrbætur í fangelsismálum, sem síðan voru lagðar fram sem frv. til laga. Í því var gert ráð fyrir geðdeild fyrir 10 fanga. Er dómsmrh. gerði grein fyrir frv. sagði hann:

„Ég veit að allir alþingismenn eru mér sammála um að landið getur ekki sætt sig við það ástand sem ríkir í fangelsismálum."

Hann hafði rétt fyrir sér, allir voru sammála, það urðu næstum engar umræður. Það sem er einkennandi fyrir meðferð fangelsismála á Alþingi er það hvað allir eru sammála. Það eru allir sammála um það að ástand fangelsanna og framkvæmd afplánunar er ekki eins og best yrði á kosið. Nú þarf athafnir í stað orða. Ég treysti því að ráðherra, og einkum núverandi ráðherra í heilbrigðismálum, leggi sig fram í þessum efnum. Þeir sjúku, þeir sem eru fórnardýr kerfisins, hrópa á úrbætur í stað orða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt. Ég skil það að mönnum er nokkuð heitt í hamsi sumum yfir því ástandi sem í þessum málum ríkir og það hefur lítið gerst á undanförnum árum. Ég get auðvitað ekki svarað mikið fyrir það sem hefur gerst í þessum ráðuneytum og á vettvangi stjórnvalda á undanförnum árum fyrir 1987, en síðan þá hef ég reynt að vinna að þessum málum, ítrekað haldið fundi með þeim sem ég tel að ættu að geta aðstoðað við lausn þeirra. Það er líka rétt hjá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur að nefndir leysa ekki mál. En það er nú einu sinni svo að þeir sem sitja í ráðherrastólum á hverjum tíma þurfa að hafa sína vinnumenn og aðstoðarmenn og ráðgjafa og úr nefndarálitunum ber okkur síðan að reyna að vinna. Það mun ég reyna að gera þegar þessi nefnd hefur endanlega lokið störfum, sem ég hygg að muni geta orðið alveg á næstunni, til að koma þessum málum betur fram en er í dag.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. um að aðstæður væru fyrir hendi, þá vil ég ítreka það aftur að það þýðir auðvitað að við yrðum að setja til hliðar aðra þjónustu. Ef við tökum þessa þjónustu eða húsnæði undir slíka þjónustu inn á sjúkrahúsunum yrði núverandi starfsemi sem þar er fyrir að víkja fyrir þeirri áherslu sem við teldum að þarna þyrfti að koma í staðinn. Aðstæðurnar eru ekki fyrir hendi að öðru leyti en á þennan hátt. Og þegar talað er um að sumir læknar standi í vegi er það kannski fyrst og fremst af þessum ástæðum. Þeir segja: Við erum hér með aðra þjónustu. Þjónusta af því tagi sem hér er verið að tala um fyrir geðsjúka afbrotamenn eða öryggisgæslumenn fellur ekki að þeirri þjónustu sem við erum með hér. Við viljum ákveða það sjálfir hvenær sjúklingar eru teknir inn á sjúkrahúsin og hvenær þeir eru útskrifaðir af sjúkra-

húsunum en ekki láta dómstóla eða dómsmálayfirvöld segja okkur fyrir verkum í því efni. — Þetta er kannski ágreiningurinn í hnotskurn. Mér hefur hins vegar fundist þessi sjónarmið vera of stíf og trúi því ekki að það sé ekki hægt að leysa þessi mál. Ég vænti þess og vonast sannarlega til þess að það takist og viðunandi lausn fáist því ástandið í dag er óviðunandi.

Vernd barna og unglinga, ein umr.

Fsp. AÓB, 95. mál. — Þskj. 98.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að beina fsp. til hæstv. félmrh. er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hyggst félmrh. beita sér fyrir því að Íslendingar gangist undir skuldbindingar 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um sérstaka vernd barna og unglinga gegn líkamlegri og siðferðilegri hættu sem að þeim steðjar?"

Er hæstv. félmrh. lagði fram skýrslu sína frá 76. alþjóðavinnumálaþinginu í Genf sl. vetur fylgdi nokkuð ítarlegt yfirlit yfir þau ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu sem Ísland hefur uppfyllt eða ekki uppfyllt, enn fremur þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist og þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa ekki undirgengist. Það vakti athygli mína, og gat ég þess raunar í ræðu við þessa umræðu, að Íslendingar hafa ekki undirgengist 7. gr. sáttmálans um rétt barna og ungmenna til verndar, en greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í því skyni að tryggja að réttur barna og ungmenna til verndar sé raunverulega nýttur skuldbinda samningsaðilar sig til að:

1. Sjá um að lágmarksaldur til ráðningar í starf sé 15 ár að tilskildum undanþágum fyrir börn sem vinna tilgreinda, létta vinnu sem ekki er skaðleg heilsu þeirra, siðgæði eða menntun.

2. Að sjá um að hærri aldursmörk verði sett til ráðninga í ákveðin störf sem álitin eru hættuleg eða óholl.

3. Að sjá um að fólk sem enn er við skyldunám verði ekki ráðið í vinnu sem hindrað geti það í að njóta námsins til fulls.

4. Að sjá um að vinnutími fólks yngra en 16 ára sé takmarkaður samkvæmt þörf þess til þroska og sérstaklega í samræmi við þörf þess á starfsþjálfun.

5. Að viðurkenna rétt ungs verkafólks og lærlinga á sanngjörnum launum og öðrum viðeigandi greiðslum.

6. Að sjá um að tími sá sem ungt fólk ver til starfsþjálfunar í venjulegum vinnutíma með samþykki vinnuveitanda teljist hluti vinnudags.

7. Að sjá um að vinnandi fólk yngra en 18 ára fái minnst þriggja vikna orlof með kaupi árlega.

8. Að sjá um að fólk yngra en 18 ára sé ekki látið vinna næturvinnu ef frá eru skilin viss störf sem ákveðin eru með lögum og reglugerðum.

9. Að sjá um að fólk yngra en 18 ára sem vinnur störf sem tiltekin eru í lögum eða reglugerðum sé háð reglulegu læknseftirliti.

10. Að tryggja sérstaka vernd gegn líkamlegum og siðferðilegum hættum sem steðja að börnum og ungmennum og þá sérstaklega gegn þeim hættum sem stafa beint eða óbeint af starfi."

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur beint til mín tveimur fyrirspurnum á dagskrá þessa fundar sem báðar varða félagsmálasáttmála Evrópu. Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis sem samþykkt var 1975 var gengið frá aðild Íslands að sáttmálanum 15. janúar 1976. Í fullgildingarskjali var með hliðsjón af 2. mgr. 20. gr. sáttmálans tekið fram að Ísland telji sig skuldbundið af tilteknum greinum sáttmálans og var við það miðað að uppfyllt væru skilyrði um lágmarksfjölda greina eða málsgreina.

Fyrirspurn hv. þm. lýtur að því hvort ég muni beita mér fyrir því að Ísland undirgangist skuldbindingar skv. 7. gr. sáttmálans, en 7. gr. sáttmálans fjallar um rétt barna og ungmenna til verndar og eru í greininni 10 tölusettar málsgreinar. Fyrirspurnin tekur til 10. mgr. sem fjallar um að samningsaðilar skuldbindi sig til að tryggja sérstaka vernd gegn líkamlegum og siðferðilegum hættum sem steðja að börnum og ungmennum og þá sérstaklega gegn þeim hættum sem stafa beint og óbeint af starfi þeirra. Í þessu sambandi vil ég taka eftirfarandi fram:

Við aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu árið 1976 var ekki nægilega vel kannað hvaða skuldbindingar fælust í einstökum ákvæðum sáttmálans. Í ljós hefur komið að af þeim lágmarksfjölda tölusettra málsgreina sem Ísland telur sig skuldbundið af er framkvæmd á Íslandi á fjórum tölusettum málsgreinum ekki í samræmi við kröfu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins sem hefur eftirlit með framkvæmd sáttmálans. Þessu til viðbótar hefur sérfræðinganefndin ekki séð sér fært að skera úr um það hvort framkvæmd samtals átta greina og tölusettra málsgreina sé í samræmi við ákvæði sáttmálans eða túlkun á þeim. Þess skal getið að ítarleg grein er gerð fyrir athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins í fylgiskjali með skýrslu félmrh. til Alþingis um 76. alþjóðavinnumálaþingið sem lögð var fyrir Alþingi í mars sl. Með hliðsjón af framangreindu hefur þótt nærtækara að einbeita sér að því að bæta framkvæmd á þeim ákvæðum sáttmálans sem Ísland hefur þegar skuldbundið sig til þess að framfylgja áður en samþykktar eru skuldbindingar samkvæmt fleiri ákvæðum hans.

Við þetta má bæta þeirri almennu athugasemd að sérfræðinganefnd Evrópuráðsins kaus í upphafi að túlka ákvæði félagsmálasáttmálans nokkuð vítt og setja markið hátt. Af þessari stefnu hefur leitt að aðildarríki sáttmálans hafa ekki verið reiðubúin nema að mjög vel athuguðu máli að samþykkja auknar skuldbindingar samkvæmt sáttmálanum. Þetta á sérstaklega við um nokkrar greinar hans sem hafa orðið tilefni til deilna um túlkun. Ákvæðið í 7. og 8. gr., sem fyrir-

spurn þessi og sú sem er hér síðar á dagskránni lúta að, eru þarna á meðal. Af 17 aðildarríkjum sáttmálans hafa einungis 6 treyst sér til þess að undirgangast skuldbindingar samkvæmt öllum ákvæðum í þessum tveimur greinum og flest eiga í verulegum vandræðum með að uppfylla þær skuldbindingar sem í þeim felast.

Þótt ég sé í öllum meginatriðum sammála þeim markmiðum sem sett eru í félagsmálasáttmála Evrópu tel ég það skynsamlegri vinnubrögð að tryggja að íslensk lög og reglur séu í samræmi við ákvæði sáttmálans áður en gengist er undir frekari skuldbindingar, sem síðar kæmi í ljós að ekki er hægt að standa við. Þetta á við um mörg ákvæði í 7. og 8. gr. sáttmálans.

Nefna má dæmi. Í 1. mgr. 7. gr. er kveðið á um þá skuldbindingu að samningsaðilar sjái svo um að lágmarksaldur til ráðningar í starf sé 15 ár að tilskildum undanþágum fyrir börn sem vinna tilgreinda létta vinnu sem ekki skaði heilsu þeirra, siðgæði eða menntun. Í þessu sambandi má minna á það að á Íslandi eru í gildi sérstakir launataxtar fyrir unglinga yngri en 14 ára. Í 2. mgr. felst skuldbinding um að sjá um að hærri aldursmörk verði sett til ráðningar í ákveðin störf sem álitin eru hættuleg eða óholl. Í 3. mgr. er kveðið á um það að aðildarríkin skuli sjá um að fólk sem enn er við skyldunám sé ekki ráðið í vinnu sem hindrað gæti það í að njóta námsins til fulls. Engin lagaákvæði eru í gildi á Íslandi um þessi atriði.

Hvað varðar spurninguna um það hvort ég sé reiðubúin að beita mér fyrir því að Ísland undirgangist skuldbindingar skv. 10. mgr. 7. gr. get ég svarað þeirri spurningu játandi að því tilskildu að frv. um vernd barna og ungmenna nái fram að ganga. Þar er í fyrsta skipti reynt að samræma ýmis lög sem gilda um vernd barna og leitast við að skilgreina réttarstöðu þeirra betur en áður. Verði frv. að lögum tel ég öll efni standa til þess að hægt sé að skrifa undir skuldbindingar sem felast í 10. mgr.

Aðrar greinar snerta sérstaklega vernd barna og ungmenna til starfa. Til þess að hægt sé að fullgilda þær þarf að setja lög sem banna ráðningu ungmenna yngri en 15 ára til að starfa á almennum vinnumarkaði. Samstarfsnefnd aðila vinnumarkaðarins og félmrn. sem fjallar um aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni og framkvæmd félagsmálasáttmálans hefur fjallað um þetta mál og ekki treyst sér til að svo stöddu að mæla með því að Ísland undirgangist skuldbindingar samkvæmt þessari grein. Eins og ég sagði áðan hafa aðeins 6 af 17 aðildarríkjum sáttmálans treyst sér til þess að undirgangast öll ákvæði greinarinnar. Ekkert Norðurlandanna er í þeim hópi.

Ég vil bæta því við að nú er í gangi endurskoðun á lögum um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum með aðild samtaka vinnumarkaðarins og mun ég fela nefndinni að gefa mér umsögn sína um þann þátt 7. gr. félagsmálasáttmálans sem lýtur að vernd barna og ungmenna á vinnumarkaði áður en lengra er haldið.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa fengið svar við þessari fsp. Raunar var það hugsun mín að hún tæki til allra liða 7. gr. félagsmálasáttmálans þótt orðalag gæfi tilefni til þess skilnings sem hæstv. félmrh. lagði í hana, þ.e. orðalag innan greinarinnar. Ég tel það ekki koma að sök þar sem ég fékk fullnægjandi svar við fsp. minni, einkum um þær greinar sem virðast standa í veginum fyrir að 7. gr. í heild verði samþykkt.

Ég deili að vísu ekki þeirri skoðun að ekki sé hægt að undirgangast þessa grein, en mér þykir gott að hafa fengið skýr svör um þetta og einkum um þau ákvæði sem umdeilt er hvort Ísland muni eða treysti sér til að gerast aðilar.

Vernd kvenna vegna barneigna, ein umr.

Fsp. AÓB, 96. mál. — Þskj. 99.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég hef í framhaldi leyft mér að bera fram aðra fyrirspurn til hæstv. félmrh. um vernd kvenna vegna barneigna o.fl. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hyggst félmrh. beita sér fyrir því að Íslendingar gangist undir skuldbindingar 8. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um sérstaka vernd kvenna í starfi í sambandi við barnsburð og önnur tilvik eftir því sem við á?"

Þessi grein félagsmálasáttmála Evrópu hljóðar svo, með leyfi forseta, svo ég gefi til kynna hvert efnið er:

„Í því skyni að tryggja að réttur vinnandi kvenna til verndar sé raunverulega nýttur skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. Að sjá um að konur fái frí frá störfum í samtals a.m.k. 12 vikur fyrir og eftir barnsburð og sé það gert annaðhvort með fullum launum, nægum greiðslum frá almannatryggingum eða styrk úr opinberum sjóðum.

2. Að álíta ólöglegt að vinnuveitandi segi konu upp starfi meðan hún er fjarverandi í barnsburðarleyfi eða segi henni upp með fyrirvara þannig að fyrirvarinn renni út á slíkum fjarvistartíma hennar.

3. Að sjá um að mæður sem hafa ungbörn á brjósti skuli eiga rétt á nægum tíma í því skyni.

4. a. Að hafa hönd í bagga með næturvinnu kvenna í iðnaði. b. Að banna ráðningu kvenna við námugröft neðan jarðar og eftir því sem við á við öll önnur störf sem ekki hæfa þeim vegna þess að þau eru í eðli sínu hættuleg, óholl eða erfið."

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hvað varðar þessa fsp. hv. þm. vil ég leyfa mér að hluta til að vísa til svars við fyrri fsp. eða 7. máls á dagskrá þessa fundar. Ég vil þó bæta við eftirfarandi:

Þessi fsp. hv. þm. snertir 8. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Þessi grein sem fjallar um rétt vinnandi

kvenna til verndar er í fjórum tölusettum málsgreinum. Ekki er ljóst hvort fyrirspyrjandi á við greinina í heild eða einkum fyrstu þrjár málsgreinarnar sem fjalla um vernd kvenna fyrir og eftir barnsburð. 4. mgr. fjallar um næturvinnu kvenna í iðnaði og bann við ráðningu þeirra við námugröft neðan jarðar og eftir því sem við á við öll önnur störf sem ekki hæfa þeim vegna þess að þau eru í eðli sínu hættuleg, óholl eða erfið. Ég tel að Íslendingar geti undirgengist skuldbindingar samkvæmt 1. mgr. 8. gr., þar sem kveðið er á um að konur fái frí frá störfum í samtals a.m.k. 12 vikur fyrir og eftir barnsburð, og 2. mgr. 8. gr., um að álíta það ólöglegt að atvinnurekandi segi konu upp starfi meðan hún er fjarverandi í barnsburðarleyfi eða segi henni upp með fyrirvara þannig að fyrirvarinn renni út á slíkum fjarvistartíma hennar.

Lög nr. 57/1987, um fæðingarorlof, eiga að tryggja nægilega vernd að því er varðar þessi tilvik. Mun ég því beita mér fyrir því að Ísland gangist undir skuldbindingar samkvæmt þessum tveimur málsgreinum.

Ég tel hins vegar að við séum ekki reiðubúin að svo stöddu, frekar en Danir og Norðmenn, að tryggja að vinnandi mæður sem hafa ungbörn á brjósti skuli eiga rétt á nægum tíma í því skyni. Um þetta atriði eru hvorki ákvæði í lögum eða kjarasamningum. Í þessu sambandi má minna á að á þeim tíma þegar félagsmálasáttmálinn var saminn var barnsburðarleyfið mun styttra en nú er og þar af leiðandi hafði þetta ákvæði mun meira gildi en við núverandi aðstæður þegar leyfið er orðið sex mánuðir.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hennar og fagna því að a.m.k. einhver ákvæði þessarar 8. gr. félagsmálasáttmála Evrópu skuli vera þess eðlis að hún treysti sér til að beita sér fyrir því að Íslendingar undirgangist skuldbindingar samkvæmt þeim.

Hins vegar er það ekkert launungarmál að tilefni þessarar fsp. var að vekja athygli á þessum greinum og reyna að fá fram skýr svör um hvað í hyggju væri, og þau hef ég fengið, og jafnframt að hvetja til þess að þessi ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu verði hluti þess sem Íslendingar telja sig skuldbundna af. Og sú skoðun mín hefur ekki breyst þótt ég hafi heyrt ágæt svör hæstv. félmrh.

SAMEINAÐ ÞING

15. fundur, fimmtudaginn 8. nóv., kl. 1 miðdegis.

Utanríkismál.

Skýrsla utanrrh., 125. mál. — Þskj. 129.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og skýrsla sú um utanríkismál sem hér er lögð fyrir Alþingi ber með sér hafa síðustu sex mánuðir verið óvenju örlagaríkir á sviði alþjóðamála. Í Evrópu hafa orðið alger umskipti frá því sem áður var, hrun kommúnismans og framrás nýfrjálsra ríkja Mið- og Austur-Evrópu í átt til lýðræðis hefur átt sér stað með skjótari hætti en nokkurn óraði fyrir. Í kjölfar þessara breytinga er nú verið að leggja grunn að nýrri skipan öryggismála í Evrópu sem allar Evrópuþjóðir, stórar og smáar, reyna eftir megni að laga sig að.

Nýlega hafa einnig gerst sviplegir atburðir fyrir botni Persaflóa. Víðtæk samstaða ríkja veraldar um að sporna gegn hrottalegri valdbeitingu Íraka gegn Kúvæt hefur eflt með þjóðum traust á alþjóðlegu öryggiskerfi Sameinuðu þjóðanna. Einnig hefur Persaflóadeilan orðið til að minna Íslendinga á að þeir eru ekki óhultir fyrir áhrifum atburða í fjarlægum heimshlutum en þurfa að axla byrðar í samfélagi þjóðanna til að mæta þeirri röskun sem slíkir atburðir óhjákvæmilega kunna að hafa í för með sér.

Hinir einstöku atburðir undanfarna sex mánuði eru höfuðástæða þess að ég legg nú fram skýrslu til Alþingis um utanríkismál, hina aðra í röðinni síðan skýrsla mín um utanríkismál fyrir árið 1990 var lögð fram í mars sl. Þar sem kosningar til Alþingis fara nú í hönd á fyrri hluta næsta árs hef ég talið mikilvægt að í byrjun þings gæfist Alþingi tækifæri til að fjalla almennt um stöðu utanríkismála í ljósi þeirra mikilsverðu tíðinda sem gerst hafa á undanförnu hálfu ári og án þeirrar tímapressu sem oft vill skapast þegar nær dregur lokum þings á kosningaári. Eins og fram kemur í inngangi að skýrslunni tel ég auk þess mikilvægt að á því breytingaskeiði í alþjóðamálum sem nú fer í hönd takist áfram að halda víðtækri samstöðu á Alþingi um meginatriði íslenskrar utanríkisstefnu.

Þar sem ástandið í Sovétríkjunum og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hefur verið í brennidepli hef ég áfram kosið að gera ítarlega grein fyrir pólitískri framvindu mála á því svæði. Kafli um pólitíska samvinnu, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar er einnig allítarlegur að þessu sinni eins og efnisrök málsins gefa tilefni til. Umsvif hafa aukist verulega á undanförnum mánuðum innan ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og einnig hefur náðst umtalsverður árangur í viðræðum um takmörkun vígbúnaðar og afvopnunar. Fjallað er um alþjóðastofnanir í skýrslunni, þar með taldar Sameinuðu þjóðirnar og vaxandi hlutverk þeirra, Evrópuráðið og Atlantshafsbandalagið og svæðisbundin deilumál þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir Írak-Kúvæt-málinu. Kaflar um Norðurlandasamvinnu, um þróunarsamvinnu, um varnarsvæði og hafréttarmálefni eru einnig á sínum stað að venju. Kafli um utanríkisviðskipti er hins vegar styttri að þessu sinni en oft áður þar sem fjallað hefur verið nýlega hér á Alþingi um viðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið í sérstakri skýrslu og efnt til sérstakrar umræðu um það í fyrri viku.

Í skýrslunni er í þetta sinni að finna almennan inngang þar sem fjallað er um meginþætti þeirrar umbyltingar sem við höfum nýlega orðið vitni að í alþjóðamálum og nauðsyn þess að Íslendingar aðlagi sig í auknum mæli að kröfum hins nýja tíma. Inngangur skýrslunnar er því með nokkrum hætti hinn pólitíski meginkafli hennar. Í máli mínu hér á eftir mun ég einungis gera grein fyrir einstökum efnisþáttum en tel ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um hvert einstakt mál heldur vísa til skýrslunnar í því efni.

Virðulegi forseti. Sameining Þýskalands er ekki einungis merkasti viðburðurinn sem orðið hefur í Evrópu undanfarna sex mánuði heldur markar sameining Þýskalands þáttaskil í sögu 20. aldar þar sem stærsta mein eftirstríðsáranna í Evrópu hefur með þeim hætti verið grætt. Það hefur óneitanlega vakið heimsathygli hve skipulega undirbúningur sameiningar Þýskalands gekk fyrir sig. Flokkar þeir í Austur-Þýskalandi sem sameinast vildu sambandslýðveldinu báru sigur úr býtum í fyrstu og síðustu lýðræðislegu þingkosningunum sem þar hafa verið haldnar 18. mars sl. Mynduð var ríkisstjórn undir forustu kristilegra demókrata og var meginverkefni hennar að greiða fyrir sameiningu. Með samruna þýsku efnahagskerfanna 1. júlí sl. má segja að sameiningin hafi farið fram í reynd. Hinn 3. okt. sl. tók gildi samkomulag fjórveldanna, þ.e. sigurvegaranna úr seinni heimsstyrjöldinni, og þýsku ríkjanna tveggja um fullveldi Þýskalands. Fyrstu kosningar sameinaðs Þýskalands verða haldnar 2. des. nk. og nýtt þing kemur þar saman 1. jan. 1991. Við þann atburð verður formlega bundinn endi á þá óeðlilegu skiptingu álfunnar sem Evrópumenn hafa mátt una frá stríðslokum. Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna því að samkomulag tókst um að sameinað Þýskaland yrði áfram innan vébanda Atlantshafsbandalagsins en stefna Þjóðverja mun hafa afgerandi áhrif á stöðu Atlantshafsbandalagsins á næstu árum. Enn á margt eftir að skýrast í þeim efnum, t.d. varðandi kjarnavopn á þýskri grund, en dvöl bandarískra herja í Evrópu gæti ráðist af því hvort samkomulag næst innan bandalagsins um staðsetningu kjarnavopna á meginlandi Evrópu á næstu árum.

Þrátt fyrir að áhrif sameiningar Þýskalands á samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins eigi eftir að koma að fullu í ljós lít ég svo á að bandalagið muni áfram gegna veigamiklu hlutverki við að varðveita jafnvægi og stöðugleika í Evrópu. Framkvæmd væntanlegs CFE-samkomulags mun engu um það breyta að Sovétríkin verða áfram langstærsta herveldið á meginlandi Evrópu, bæði á sviði hefðbundinna vopna og kjarnavopna. Til þess að komið verði í veg fyrir óstöðugleika sem kynni að skapast við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að ríki Norður-Ameríku axli áfram skuldbindingar í varnarsamstarfi með lýðræðisríkjum Evrópu en eins og sagan hefur sýnt er Atlantshafsbandalagið hinn eini vettvangur sem treystir með árangursríkum hætti þau órofabönd sem tengja aðildarríkin yfir Atlantshafið.

Ég bendi hins vegar á það í skýrslu minni að Atlantshafsbandalagið kunni e.t.v. ekki að reynast best til þess fallið að takast á við annað helsta úrlausnarefni sem við blasir á sviði öryggismála í Evrópu um þessar mundir, en það er að tryggja að öll Evrópuríkin, ekki síst hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu, verði meðvirk í ákvörðunum um nýja skipan öryggismála álfunnar. Við upphaf nýs tímabils samvinnu og trausts í samskiptum risaveldanna er ekki síður mikilvægt að Sovétríkin taki fullan þátt í hinni margþættu uppbyggingu friðsamlegrar Evrópu þar sem öryggi eins á ekki að verða á kostnað annars. Í tilraunum til að ná þessu sérstaka markmiði mun ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) hafa úrslitaþýðingu.

CSCE-ferlið, sem 34 ríki eiga nú aðild að, hefur á undanförnum árum rutt sér til rúms sem mikill áhugavaldur í málefnum Evrópu. Eftir því sem æ fleirum skilst að öryggi helgast ekki af hernaðarviðbúnaði einvörðungu heldur einnig af virðingu fyrir mannréttindum og samvinnu á sviði stjórnmála, efnahags- og umhverfismála, mun ráðstefnan um samvinnu og öryggi Evrópuríkja láta meira að sér kveða. Á fundi ríkisoddvita aðildarríkja ráðstefnunnar, sem haldinn verður í París dagana 19.–21. nóv. nk., og það verður fyrsti fundur sinnar tegundar frá undirritun Helsinkilokaskjalsins árið 1975, er búist við ákvörðunum um frekari styrkingu ráðstefnunnar, m.a. með uppsetningu nýrrar stofnunar til að koma í veg fyrir og leysa illdeilur milli ríkja og þjóðernishópa. Ég vil árétta það hér að ráðstefnan um samvinnu og öryggi í Evrópu, RÖSE, mun ekki leysa Atlantshafsbandalagið af hólmi. Án Atlantshafsbandalagsins mundi þessa stofnun skorta þá vestrænu dýpt sem nauðsynleg er til að tryggja í framkvæmd áframhaldandi jafnvægi og stöðugleika á sviði varnarmála. Með auknum umsvifum ráðstefnunnar sem og stofnana hennar fá samráð innan bandalagsins jafnframt meiri pólitíska vídd sem þjónar því markmiði að efla friðsamleg samskipti Evrópuríkja í heild. Ráðstefnan um samvinnu og öryggi í Evrópu og Atlantshafsbandalagið munu því fylgjast að og hagnast hvort af öðru.

Áhrifa hins upprennandi tímabils sátta og samvinnu sem nú fer í hönd hefur gætt utan Evrópu sem innan. Í fyrsta sinn getum við nú e.t.v. búist við að unnt verði að beina þeim kröftum sem hernaðarkapphlaupið dró til sín áður að samvinnu í þágu alls mannkyns. Gagnkvæmt traust í samskiptum risaveldanna ætti að verða til þess að unnt verði að bregðast með árangursríkari hætti við sameiginlegum úrlausnarefnum jarðarbúa, t.d. á sviði þróunar- og umhverfismála.

Við þessar nýju aðstæður er það sérstakt ánægjuefni að Sameinuðu þjóðunum skuli hafa vaxið ásmegin. Samtökunum hefur gefist aukið svigrúm til að beita sér í þágu öryggis í heiminum í samræmi við þær vonir sem við það voru bundnar í upphafi. Ég vil nefna það sérstaklega að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra hefur verið unnið að framgangi ýmissa þeirra hugsjóna sem skipað hafa öndvegi í íslenskum utanríkismálum. Nægir í því efni að nefna mannréttinda- og umhverfismál. Verndun umhverfisins er einmitt eitt þeirra brýnustu úrlausnarefna

sem Sameinuðu þjóðirnar standa frammi fyrir um þessar mundir. Fyrir Íslendinga sem háðir eru auðlindum sjávar öðrum þjóðum fremur varðar verndun umhverfisins lífshagsmuni beinlínis. Af þessum sökum lagði ég m.a. til í ræðu minni á 44. allsherjarþinginu að gerður yrði sérstakur sáttmáli þjóða heims um umhverfisvernd þar sem kveðið yrði á um réttindi og skyldur ríkja sem giltu almennt um öll svið umhverfisverndar. Í framhaldi af þeirri tillögu fékk Ísland því framgengt að í ályktunartillögu um ráðstefnuna um umhverfi og þróun sem halda á á vegum Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu árið 1992 er kveðið á um að eitt af markmiðum ráðstefnunnar verði að kanna möguleika á setningu reglna um almenn réttindi og skyldur ríkja á sviði umhverfismála.

Í þessu sambandi vil ég einnig geta þess að á aðalfundi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í september sl. lögðu Norðurlöndin, að frumkvæði Íslands, fram tillögu um leiðbeinandi öryggisreglur fyrir kjarnorkuknúin skip. Aðdragandi tillögunnar var að í ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í fyrra lagði ég til að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni yrði falið að semja leiðbeinandi alþjóðareglur um öryggi kjarnaofna í skipum. Hinar Norðurlandaþjóðirnar tóku þessari hugmynd vel og t.d. vann sænska utanríkisráðuneytið ötullega að undirbúningi málsins, m.a. á endurskoðunarráðstefnu samningsins í Genf, um að dreifa ekki kjarnavopnum. Bandaríkin voru andvíg því að slík tillaga yrði lögð fram þar sem hún beindist að kjarnorkuknúnum herskipum og tóku mörg önnur vestræn ríki undir það sjónarmið. Að þessu sinni urðum við að sæta því að upphaflegu tillögunni var breytt á þann veg að starfssvið stofnunarinnar var þrengt að því er þessar reglur varðar, þannig að þær ná einungis til farskipa. Eftir nokkrar fleiri breytingar, þar sem tekið var tillit til sjónarmiða einstakra ríkja, var hún hins vegar samþykkt. Í tillögunni er aðalframkvæmdastjóra falið að ráðfæra sig við Alþjóðasiglingamálastofnunina til að kanna þörf á endurskoðun á öryggisreglum um kjarnorkuknúin farskip sem samþykkt var upphaflega árið 1981. Þó tillagan sem endanlega var samþykkt gangi hvergi nærri eins langt og við bundum vonir við, þá felst í samþykkt hennar samt umtalsverður áfangi því að reglur um öryggi kjarnorkuknúinna skipa eru nú til athugunar hjá stofnuninni.

Virðulegi forseti. Endurreisn Sameinuðu þjóðanna á ekki síst rætur að rekja til hins góða árangurs sem samtökin hafa nýlega náð við lausn svæðisbundinna deilumála eins og dæmin í Namibíu og Kampútseu sanna. Hið nýja tímabil Sameinuðu þjóðanna var þó aðeins dagsbrún þegar stríð braust út við Persaflóa.

Innrás Íraka í Kúvæt kom sem reiðarslag og hafa nær öll ríki heims harðlega fordæmt innrás og innlimun Íraks á Kúvæt sem gróft brot á alþjóðalögum og stofnskrá hinna Sameinuðu þjóða. Víðtæk samstaða hefur náðst innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um fordæmingu á framferði Íraks og hefur öryggisráðið samþykkt tíu ályktanir um Írak-Kúvætmálið sem ítarlega hefur verið gerð grein fyrir í V. kafla skýrslu minnar.

Í kjölfar aðgerða öryggisráðsins hafa fjölmörg ríki, með Bandaríkin í broddi fylkingar, sent fjölmennt herlið til Saudi-Arabíu og Persaflóasvæðisins til varnar frekari landvinningum Íraks. Herlið þessara ríkja stendur nú grátt fyrir járnum andspænis írakska hernum. Hernaðaruppbyggingin á Persaflóasvæðinu heldur áfram og á þessari stundu eru afleiðingarnar ófyrirsjáanlegar.

Ein alvarlegasta afleiðing átakanna við Persaflóa er straumur flóttafólks frá Kúvæt og Írak til grannríkjanna. Ríkisstjórn Íslands ákvað því að verja allt að 140 millj. kr. til neyðarhjálpar á svæðinu. Ráðgert er að Rauði kross Íslands ráðstafi um 90 millj. kr. Þar af fari 50 millj. til aðstoðar við flóttamenn í Jórdaníu og 25 millj. til aðstoðar við flóttamenn í Egyptalandi. Ákveðið var að kaupa matvæli og hjálpargögn hér á landi fyrir þessar fjárhæðir. Auk þess var ákveðið að 15 millj. kr. yrði varið til kaupa á vörum fyrir birgðastöð Rauða krossins á Kýpur. Enn fremur var ráðgert að Hjálparstofnun kirkjunnar ráðstafaði 15 millj. kr. til aðstoðar við flóttamenn, einkum í Jórdaníu og Egyptalandi. Um afgang fjárins hafa ekki verið fullmótaðar tillögur. Einn flugfarmur hefur verið sendur frá Íslandi til Jórdaníu en beðið er átekta með frekari sendingar þar sem flóttamannastraumurinn yfir landamæri Íraks og Jórdaníu stöðvaðist skyndilega.

Utanríkisráðuneytið hefur í kjölfar innrásar Íraka í Kúvæt fylgst grannt með framvindu mála þar. Einkum hafa afdrif átta íslenskra ríkisborgara sem urðu innlyksa í Kúvæt verið í brennidepli. Ráðuneytið hefur í samvinnu við utanríkisráðuneyti Norðurlandanna unnið að farsælli lausn málsins. Leyfi írakskra yfirvalda fékkst fyrir flutningi fólksins til Bagdad og síðan fyrir brottför kvenna og barna úr landi en fjölskyldurnar tvær sem um ræðir kusu að vera áfram í Kúvæt fyrst um sinn. Í september var síðan ákveðið að konur og börn yfirgæfu landið. Einn Íslendingur kom til Íslands 13. sept. og annar kom ásamt fjórum börnum sínum til landsins viku síðar. Enn er einn íslenskur ríkisborgari í Kúvæt og er unnið að því að fá hann lausan.

Því er ekki að neita að innrás Íraka í Kúvæt hefur skaðað aðgerðir til að koma á friði milli Araba og Ísraelsmanna og þar með að finna lausn á vandamáli Palestínumanna á hernumdu svæðunum. Ljóst er að Írakar reyna af fremsta megni að tengja hernám Kúvæts Palestínuvandamálinu og vafalaust munu deilur Ísraela og Araba tengjast Persaflóadeilunni á einn eða annan hátt og hafa áhrif á lausn hennar. Írakar hafa og reynt að eggja Araba í andstöðu við Ísrael til þess að fá þá til liðs við sig. Vonandi er að leiðtogum Araba og Arababandalagsins auðnist að standast slíkan þrýsting og þeir sjái við þessum hættulegu áformum.

Virðulegi forseti. Í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna gat ég þess að hernaðarofbeldi það sem við höfum nýlega orðið vitni að við Persaflóa sýndi okkur fram á hve friður í heiminum er ótryggur, jafnvel nú þegar risaveldin hafa tekið sig

saman um að reyna að hafa sameiginlega hemil á ýmsum slíkum hættusvæðum. Óhjákvæmilega minnir þetta okkur á að friður er annað og meira en það ástand þegar ekki er stríð. Forsenda friðar er að hlýtt sé grundvallarreglum í samskiptum þjóða, þar með talið að fullveldi ríkja, sjálfsákvörðunarréttur þeirra og landamæri séu virt. Hvað Evrópu snertir eru þessar meginreglur greyptar í lokaskjal Helsinki-ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Það er ekki síst þess vegna sem Íslendingar fagna sameiningu Þýskalands í samræmi við óskir þýsku þjóðarinnar.

Í ræðu minni minntist ég jafnframt á að meðan ný Evrópa væri í mótun skyldum við ekki loka augunum fyrir þeirri arfleifð eftirstríðsáranna sem enn þá hefur staðið af sér umbreytingaröflin. Ég nefndi aðstöðu Eystrasaltsríkjanna sem dæmi þessa. Þau voru sjálfstæð ríki, viðurkennd sem slík í samfélagi þjóðanna, og þeirri staðreynd fá hernám og innlimun með *ofbeldi ekki breytt. Stefna núverandi ríkisstjórnar* varðandi málefni Eystrasaltsríkjanna byggir á þremur meginatriðum.

Í fyrsta lagi lítur ríkisstjórnin svo á að hernám og innlimun Eystrasaltsríkja í Sovétríkin hafi engu breytt um réttarstöðu Eystrasaltsríkjanna þriggja og sé viðurkenning Íslands á fullveldi þeirra frá árinu 1922 því enn í fullu gildi að þjóðarétti.

Í öðru lagi telur ríkisstjórnin að leysa beri mál Eystrasaltsríkjanna friðsamlega með því að stuðla að beinum samningum milli þeirra og Sovétríkjanna og einstakra ráðstjórnarlýðvelda.

Í þriðja lagi hefur því verið yfir lýst af hálfu Íslands að við styðjum fulla aðild Eystrasaltsríkjanna að ráðstefnunni um samvinnu og öryggi í Evrópu.

Þrátt fyrir umbætur og breytingar innan Sovétríkjanna á undanförnum árum verður því ekki neitað að Eystrasaltsríkin eiga enn við ramman reip að draga í viðleitni sinni til að koma fram sem jafningjar annarra ríkja á alþjóðavettvangi. Er af þeim sökum óvíst enn sem komið er hvort Eystrasaltsríkin geti staðið við skuldbindingar gagnvart öðrum ríkjum að þjóðarétti, t.d. að því er varðar upptöku stjórnmálasambands. Ýmsar þjóðréttarskyldur eru í því fólgnar að efna til stjórnmálasambands, svo sem að tryggja að fulltrúar erlendra ríkja geti stundað störf sín frjálst og óhindrað.

M.a. af þessum sökum tel ég á þessari stundu að beint stjórnmálasamband Íslands við ríkin þrjú muni ekki renna frekari stoðum undir viðurkenningu okkar á fullveldi þeirra nema því aðeins að hægt verði að tryggja eðlileg samskipti í reynd. Að svo stöddu tel ég því heppilegast að Ísland beini kröftum sínum að því að efla þátttöku Eystrasaltsríkjanna í fjölþjóðasamstarfi þar sem minna reynir á framkvæmdaleg atriði af því tagi sem fram koma í tvíhliða samskiptum.

Virðulegi forseti. Á undanförnum mánuðum hefur náðst undraverður árangur í viðræðum um takmörkun vígbúnaðar. Einkum á þetta við um viðræður þær sem standa yfir í Vínarborg um niðurskurð hefðbundins herafla. Bjartsýni ríkir nú um að á fundi ríkisoddvita ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem haldin verður í París innan fárra daga, verði undirritaður fyrsti samningur 22 aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um þetta efni. Í III. kafla skýrslu minnar geri ég ítarlega grein fyrir stöðu mála, bæði í þessum samningaviðræðum og öðrum viðræðum um takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu.

Eitt er þó það svið vígbúnaðar sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á sérstaklega. Vígbúnaður á höfunum er hið eina meginsvið vígbúnaðar sem ekki er á dagskrá sem slíkt í samningaviðræðum um takmörkun vígbúnaðar nú þegar Atlantshafsbandalagið hefur samþykkt að hefja samningaviðræður um skammdræg kjarnavopn við Sovétríkin. Að vísu er það svo að væntanlegur START-samningur mun hafa í för með sér verulega fækkun langdrægra kjarnavopna í kafbátum og þess ber að geta að Bandaríkjamenn hafa fækkað kjarnavopnum í höfunum einhliða.

Ég hef margsinnis á það bent að það leiði af landfræðilegri legu landsins að Íslendingum sé sérstakt hagsmunamál að takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á höfunum verði liður í samningaviðræðunum sem nú standa yfir. Hafsvæðið umhverfis landið hefur lengi verið einhver mikilvægasti vettvangur flotaumsvifa í veröldinni og kjarnorkuvæðing þessa svæðis á sér tæplega hliðstæðu annars staðar í veröldinni.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins í tvíhliða viðræðum, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og á ráðstefnum hafa Íslendingar fært rök fyrir því að samningaviðræður nái einnig til hafsvæðanna. Utanrrn. hafði frumkvæði að og styrkti ráðstefnu um takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á Norðurhöfum sem Alþjóðamálastofnun Háskólans og bandarísk rannsóknastofnun stóðu að hér á landi á Akureyri í ágúst sl. Af hálfu Íslendinga hefur m.a. verið bent á að taki viðræður um takmörkun vígbúnaðar ekki til vígbúnaðar á höfunum geti það haft þær afleiðingar að misvægi myndist milli einstakra svæða í Evrópu hvað öryggi varðar. Auk þess ber að hafa í huga að verði höfin ekki tekin inn í viðræður geti það undir vissum kringumstæðum leitt til aukins vígbúnaðar á höfunum. Frá hernaðarlegu sjónarmiði eru náin tengsl milli lands og hafs, en það felur í sér að standi sjóherinn utan samningaviðræðna er hætta á að farið verði í kringum samninga um land- og flugheri og kjarnavopn með því að auka vígbúnað á höfunum. Af þessu leiðir að samningar um takmörkun vígbúnaðar í Evrópu verða ekki heildstæðir nema þeir taki einnig til sjóherja.

Innan Atlantshafsbandalagsins hefur umræðan um takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á höfunum enn ekki verið til lykta leidd. Atlantshafsbandalagið hefur hvorki samþykkt að taka upp slíkar viðræður né hafnað því. Á ríkisoddvitafundi í London *í júlí sl. var samþykkt að frumkvæði Íslendinga* að bandalagið héldi áfram að kanna möguleika á takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðum á fleiri sviðum. Íslensk stjórnvöld munu leggja áherslu á að slíkar kannanir taki til vígbúnaðar á höfunum,

enda er það eina meginsvið hernaðarumsvifa sem enn er undanskilið. Íslendingar eru ekki einir bandalagsþjóða um þá afstöðu að nauðsynlegt sé að taka höfin inn í samningaviðræður þegar afvopnunarsamningar um hefðbundin vopn hafa náðst. Ljóst er hins vegar að á þessu stigi málsins eiga traustvekjandi aðgerðir á höfunum heldur meiri hljómgrunn en takmörkun vígbúnaðar. Allflest þeirra ríkja, sem eru því hlynnt að taka höfin inn í samningaviðræður, telja raunhæfara að byrja fremur á traustvekjandi aðgerðum en samningum um niðurskurð vígbúnaðar.

Formlegar samningaviðræður um traustvekjandi aðgerðir á höfunum útheimta nýtt erindisbréf fyrir afvopnunarviðræðurnar í heild. Núverandi erindisbréf sem samþykkt var í Madrid 1983 sníður traustvekjandi aðgerðum þröngan stakk þar sem einungis starfsemi sjóherja, sem beinlínis tengist tilkynningarskyldum æfingum á landi, er viðfangsefni samningaviðræðna samkvæmt Madrid-umboðinu. Nýtt og breytt erindisbréf verður væntanlega eitt aðalverkefni endurskoðunarráðstefnu aðildarríkja RÖSE sem fram fer í Helsinki á fyrra helmingi ársins 1992. Það er viðtekin skoðun að málefni sjóherja verði ofarlega á blaði á þeirri ráðstefnu. Fram að þeim tíma er nauðsynlegt að Atlantshafsbandalagið nái að móta samræmda stefnu í málinu og að því mun viðleitni okkar Íslendinga beinast á næstu missirum.

Hagsmunir Íslendinga lúta ekki einungis að öryggi hafsvæða, séð frá hernaðarlegu sjónarmiði, eins og ég gat um hér að framan, heldur einnig að verndun hafsins fyrir geislavirkum efnum, ekki síst hvað varðar slysahættu vegna kjarnakljúfa í skipum og kafbátum. Þrjú slys sovéskra kjarnorkukafbáta í Norðurhöfum á árinu 1989 eru til vitnis um mögulegar hættur frá kjarnakljúfum í höfunum fyrir lífríki sjávar. Sem betur fer hafa slík slys enn sem komið er ekki haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífsbjörg Íslendinga en ljóst er að sú hætta vofir stöðugt yfir. Jafnvel grunur um að sjávarafurðir væru mengaðar af völdum geislavirkni gæti haft alvarleg áhrif á markaði erlendis. Nútímamarkaður er í vaxandi mæli viðkvæmur fyrir grun um mengun og við Íslendingar eigum ekki annarra kosta völ en taka tillit til þessara staðreynda. Innan utanríkisráðuneytisins er nú unnið að undirbúningi tillögugerðar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þess efnis að sérfræðingum á vegum samtakanna verði falið að kanna þær hættur sem umhverfi sjávar kann að stafa af slysum í tengslum við kjarnakljúfa í sjó.

Virðulegi forseti. Skipta má helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsafurðir í sex svæði: Evrópubandalagið, EFTA-ríkin, Austur-Evrópu, Bandaríkin, Japan og önnur lönd. Verulegar breytingar hafa orðið á vöruútflutningi til þessara markaðssvæða ef miðað er við fyrstu sex mánuði síðasta árs annars vegar og fyrstu sex mánuði þessa árs hins vegar. Talsverður samdráttur er í vöruútflutningi til EFTA-ríkjanna ef miðað er við heildarverðmæti vöruútflutnings, en fyrstu sex mánuði ársins 1989 var þetta hlutfall 12,7% en 9,5% á sama tíma á þessu ári. Meginskýringin er samdráttur í útflutningi áls til Sviss, en einnig má nefna samdrátt í saltsíldarsölu til Svíþjóðar, loðnumjöls til Finnlands og loðnulýsis til Noregs.

Veruleg aukning varð á vöruútflutningi til Evrópubandalagsins borið saman við árið á undan. Heildarverðmæti vöruútflutnings til Evrópubandalagsríkja jókst úr 53,7% í 66,5% milli ára. Hér er um aukningu að ræða sem nemur tæplega 24% sem er afar mikil aukning á einu ári. Aukninguna má rekja til aukins útflutnings til bandalagsins á ferskum fiski, frystum fiskflökum og blautverkuðum saltfiski.

Mest aukning í verðmætum talið er til Bretlands en Bretland er sem fyrr stærsti kaupandinn innan Evrópubandalagsins. Hins vegar var mesta hlutfallsleg aukning í útflutningi til Spánar. Athygli vekur að Þýskaland er nú orðið annar stærsti kaupandi íslenskra útflutningsafurða ef bornir eru saman fyrstu sex mánuðir áranna 1989–1990 og hefur Þýskaland þar með tekið sæti Bandaríkjanna. Hlutur Bandaríkjanna hefur verið að minnka jafnt og þétt undanfarin ár með litlu fráviki á síðasta ári og eru þau nú þriðji stærsti kaupandi íslenskra útflutningsafurða.

Þær miklu breytingar sem nú eiga sér stað í efnahags- og viðskiptalífi í ríkjum Austur-Evrópu munu vafalaust eiga eftir að hafa mikil áhrif á viðskipti okkar við þessi ríki. Breytingar í átt til frjálsra gjaldeyrisviðskipta hafa nú þegar haft þær afleiðingar að utanríkisviðskiptin hafa dregist saman vegna mikils gjaldeyrisskorts. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessu. Útflutningur til þessara ríkja hefur dregist saman auk þess sem greiðsludráttur fyrir íslenskar útflutningsvörur hefur verið tilfinnanlegur. Árið 1985 voru vöruviðskiptin við ríkin í Austur-Evrópu um 8% heildarvöruviðskipta en fyrstu sex mánuði þessa árs var þetta hlutfall komið niður í 5,5%.

Mikilvægasti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsafurðir í Austur-Evrópu er í Sovétríkjunum. Í byrjun október fóru fram í Reykjavík samningaviðræður við Sovétríkin um nýja fimm ára viðskiptabókun. Undirbúningur hófst í vor og var af hálfu Íslendinga óskað eftir því að viðræður gætu farið fram í júní sl. Sovétmenn gátu ekki fallist á það og hófust viðræður ekki fyrr en 8. okt.

Af Íslands hálfu var lögð áhersla á að ná samningi um viðskiptabókun til fimm ára, hliðstæða fyrri samningum, með vörulistum þar sem tilgreind yrði magn- eða verðmætaviðmiðun. Áður en til samningaviðræðna kom höfðu aðilar skipst á tillögum að nýrri viðskiptabókun og átti sendiráð Íslands í Moskvu ítarlegar viðræður við sovésk stjórnvöld um þær áður en samningaviðræður hófust.

Af hálfu Sovétmanna kom fram að þeir væru aðeins reiðubúnir til viðræðna um viðskiptabókun til tveggja ára með leiðbeinandi vörulistum án magn- eða verðmætaviðmiðunar. Sögðu þeir miklar breytingar í viðskiptaháttum vera fram undan í Sovétríkjunum og væri ætlunin að hverfa frá miðstýrðum innkaupum með opinberum fjárveitingum. Gætu þeir því ekki tryggt fjárveitingar til áframhaldandi kaupa sovéskra fyrirtækja sem Íslendingar hafa skipt við. Yrðu fyrirtækin nú í auknum mæli að útvega fjármagn sjálf til

vöruinnflutnings. Sovéska viðræðunefndin taldi að þetta mundi skýrast þegar fyrir lægju ákvarðanir varðandi ríkisbúskap, markaðskerfi og framtíðarskipan ríkjasambandsins sem nú eru til meðferðar á sovéska þinginu. Þá kom jafnframt fram að vegna mikilla gjaldeyriserfiðleika væri þess vart að vænta að sovéskum fyrirtækjum yrði úthlutað fjármagni og gjaldeyri í sama mæli og áður til hliðstæðra viðskipta og verið hefði.

Eftir viðræður í heila viku var þeim frestað fram í nóvember og mun sovéska viðræðunefndin kanna hvort heimild fáist hjá sovéskum stjórnvöldum til að gera tveggja ára samning með sams konar vörulistum og fylgt hafa fyrri samningum. Það ber þó að viðurkenna að menn eru ekki á þessu stigi málsins bjartsýnir á greiða lausn þessara mála.

Greiðsluvandamál í viðskiptum við Sovétríkin hafa verið mikið til umfjöllunar vegna verulegs greiðsludráttar sem orðinn var á sölu á freðfiski, lagmeti og ullarvörum. Vegna þess mikla vanda sem þetta hafði í för með sér fyrir íslenska útflytjendur fór sérstök nefnd á vegum utanrrn. undir forustu ráðuneytisstjóra til Sovétríkjanna til að freista þess að finna lausn á greiðsluvandræðunum. Nefndin átti ítarlegar viðræður við fjölmarga aðila, bæði í stjórnkerfi Sovétríkjanna og bankakerfinu.

Skömmu áður en viðræður íslenskra og sovéskra stjórnvalda hófust í Reykjavík barst tilkynning um greiðslu fyrir þann freðfisk sem afgreiddur hafði verið til Sovétríkjanna og hluta af lagmetinu. Hins vegar ríkir enn óvissa um greiðslu fyrir lagmeti og ullarvörur, svo og fyrir þær birgðir af íslenskum vörum sem sérstaklega hafa verið framleiddar fyrir sovéskan markað. Framleiðsla á freðfiski fyrir Sovétríkin hefur nú verið stöðvuð þar til séð verður hvernig úr greiðsluvandanum rætist.

Nýlega hafa þau skilaboð borist til íslenskra fiskútflytjenda frá viðsemjendum þeirra í Sovétríkjunum að gjaldeyrisreikningum þeirra, þ.e. hinna sovésku viðsemjenda, hafi verið lokað hjá viðskiptabanka þeirra í Moskvu og allar gjaldeyrisyfirfærslur stöðvaðar. Tilkynnti sovéska innflutningsfyrirtækið að þeir gætu hvorki veitt viðtöku þeim vörum sem þegar hefðu verið framleiddar fyrir það upp í gerða samninga, né vörum sem óframleiddar væru upp í samninga. Jafnframt yrði ekki um neinar greiðslur af þeirra hálfu að ræða í náinni framtíð. Sendiráð Íslands í Moskvu hefur þegar hafið viðræður við stjórnvöld í Sovétríkjunum um lausn þessara mála með það grundvallaratriði í huga að staðið verði við gerða samninga.

Virðulegi forseti. Einungis fáeinar vikur eru nú til loka svokallaðra Uruguay-viðræðna GATT, alþjóðatollamálasambandsins, en þeim lýkur með ráðherrafundi þann 3.–7. des. nk. í Brussel ef áætlanir standast. Viðræðurnar, sem hafa staðið í fjögur ár með þátttöku yfir 100 ríkja, eru þær langviðamestu og flóknustu sem ráðist hefur verið í á vettvangi GATT hingað til. Miklar vonir hafa verið bundnar við að niðurstaða úr þeim mætti verða til þess að örva heimsviðskipti í krafti skýrari reglna og aukins frelsis á sem flestum sviðum viðskipta til hagsbóta fyrir þjóðir heims og ekki síst þjóðir þriðja heimsins. Landbúnaðarmálin eru eitt af þessum verkefnum. Um þau fjallar sérstök nefnd, ein af 14 undirnefndum, og hafa þau reynst vandmeðfarið mál í Uruguay-viðræðunum og slá má því föstu að framvindan í landbúnaðarnefndinni hafi mikil áhrif á heildarútkomu þeirra viðræðna. Þótt einhugur ríki um nauðsyn úrbóta með þeim hætti að dregið verði úr vernd og stuðningsaðgerðum á sviði landbúnaðar og greitt fyrir auknum viðskiptum í heiminum með landbúnaðarafurðir og unnar landbúnaðarafurðir ríkir enn verulegur ágreiningur um leiðir og hversu langt eigi að ganga í umbótum. Lengst af hefur lausn strandað á getuleysi Evrópubandalagsins til þess að ná sameiginlegum niðurstöðum. Ráðherraráð Evrópubandalagsins hefur setið á maraþonfundum út af þessum málum en þau tíðindi urðu nú fyrir tveimur sólarhringum að samkomulag tókst innan bandalagsins um fyrsta tilboð af hálfu þess þannig að á næstu dögum er þess að vænta að önnur ríki skili tilboðum sínum þannig að samningaviðræður geti farið að hefjast í alvöru.

Virðulegi forseti. Í inngangi skýrslu minnar vék ég máls á því að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að fara í enn ríkara mæli en áður að huga að mótun samræmdrar heildarstefnu í viðskipta- og öryggismálum en Ísland er nú með nokkrum hætti á krossgötum þar sem val um markmið og leiðir kann að ráða miklu um fararheill þjóðarinnar á næstu árum. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna hefur verið hornsteinn íslenskrar öryggis- og varnarmálastefnu á tímabilinu frá styrjaldarlokum. Í augum bandamanna hefur varnarstöð Atlantshafsbandalagsins verið áþreifanlegasta dæmið um framlag Íslands til sameiginlegra varna þrátt fyrir að á Íslandi hafi verið litið á varnarstöðina og aðildina að Atlantshafsbandalaginu sem aðskilin en tengd mál. Atburðir á pólitíska sviðinu í Evrópu kunna að leiða til þess að skilin milli þessara tveggja stoða varnarstefnunnar skerpist enn frekar.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að gaumgæfa að fram er komið nýtt afl í öryggismálum Evrópu, ráðstefnan um samvinnu og öryggi í Evrópu sem sett verður upp með formlegum hætti á ríkisleiðtogafundinum í París og byrjar sín fyrstu skref með því að setja á laggirnar sérstakar stofnanir sem ætlað er að leysa svæðisbundin deilumál. Styrking ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu mun leiða til þess að lögð verður meiri áhersla á samvinnuþáttinn í samskiptum Evrópuríkja í heild en það hefur í för með sér að sinna þarf þessm þætti utanríkisstefnunnar mun meir en hingað til. Aukið vægi ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu hefur ýmsan ávinning í för með sér fyrir hin fámennari ríki í Evrópu. Ákvarðanir innan RÖSE-ferilsins krefjast samstöðu allra þátttökuríkja en það gefur hinum smærri ríkjum færi á að beita áhrifum sínum ekki síður en hinum fjölmennari. Á vettvangi RÖSE hefur Ísland t.d. haft frumkvæði að málflutningi þess efnis að Eystrasaltsríkjunum verði veitt full aðild.

Í öðru lagi hefur Evrópubandalagið, eins og áður segir, látið öryggis- og varnarmál meira til sín taka, en innan bandalagsins á sú skoðun vaxandi fylgi að fagna að hæpið sé að skilja að sameiningu í efnahagsmálum og samvinnu í öryggismálum. Aukinna samráða ríkja Evrópubandalagsins hefur ápreifanlega orðið vart, bæði á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og innan RÖSE þar sem ríkin tólf fylgjast að í málflutningi. Á þessari stundu er ógerningur að segja með vissu fyrir um hver þróunin verður með tilliti til öryggispólitískrar samvinnu Evrópu. Stóraukin umsvif RÖSE munu þó vafalítið verða til þess að við mótun stefnu í öryggismálum þarf að taka aukið tillit til ríkja utan Atlantshafsbandalagsins. Einnig gætu aukin afskipti Evrópubandalagsins af öryggis- og varnarmálum að öðru óbreyttu haft þær afleiðingar að ríkin á meginlandi Evrópu mörkuðu sér sérstefnu innan Atlantshafsbandalagsins en sundurgreining Atlantshafssvæðisins, þar sem miðsvæði og suðurvæng yrði gert hærra undir höfði í samanburði við norðurvæng, yrði Íslendingum sérstakt íhugunarefni. Vaknar m.a. sú spurning hvort tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna kunni að verða enn þýðingarmeiri en áður, en á næsta ári minnumst við þess að 40 ár verða liðin frá undirritun þess samnings.

Heilsteypt stefnumörkun í utanríkismálum krefst þess um þessar mundir að hugað verði að varnar- og viðskiptahagsmunum Íslands í víðu samhengi. Í varnarmálum hefur mikilvægi tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna aukist en jafnframt er það Evrópubandalagið sem er orðið stærsti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur. Ólíkt því sem gerist meðal bandamanna í Vestur-Evrópu þar sem horfur eru á frekari samtvinnun efnahagssamstarfs og samvinnu á sviði öryggismála er nú hætt við að þessir tveir þættir íslenskrar utanríkisstefnu greinist að í vaxandi mæli. Hvort sú verður raunin ræðst ekki einungis af stefnumótun Íslendinga heldur einnig af því hverju fram vindur í samskiptum Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna/Kanada í framtíðinni. Tveir kostir a.m.k. eru hugsanlegir í því efni. Evrópubandalagið kynni þegar til lengdar lætur að taka við hlutverki Atlantshafsbandalagsins í varnar- og öryggismálum Evrópuríkjanna og halda áfram á braut viðskiptalegrar samkeppni við Bandaríkin. Misklíð milli fyrrum bandamanna vestan hafs og austan gæti haft varhugaverðar afleiðingar fyrir Ísland sem kynni að standa frammi fyrir afar erfiðu vali. Við slíkar aðstæður yrði óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að öryggi landsins yrði tæpast tryggt í varnarsamstarfi með ríkjum Evrópubandalagsins einvörðungu. Hagsmunir í varnarsamstarfi við Bandaríkin og viðskiptum við bandalag Evrópuríkja kynnu á hinn bóginn að togast á með óæskilegum hætti. Af ýmsum ástæðum er þó ólíklegt að kostur þessi verði að veruleika.

Líklegri kosturinn er sá að ríki Evrópubandalagsins sjái sér áfram hag af varnarsamstarfi við ríki Norður-Ameríku á vettvangi Atlantshafsbandalagsins þrátt fyrir það að Evrópa taki í vaxandi mæli ábyrgð á eigin öryggis- og varnarkerfi. Í þessu tilviki mun Ísland hnattstöðu sinnar vegna áfram gegna veigamiklu hlutverki í vörnum Vesturlanda. Nauðsynlegt er hins vegar að Ísland leggi á það ríka áherslu í samskiptum við ríki Evrópubandalagsins að óeðlilegar tálmanir verði fjarlægðar í viðskiptum ríkja sem samleið eiga í öryggis- og varnarmálum en eins og fram kemur í 2. gr. stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins ber aðilum þess að eyða ágreiningi um efnahagsstefnu þeirra á alþjóðavettvangi og hvetja til efnahagssamvinnu.

Virðulegi forseti. Þeir sem þessi orð settu inn í Atlantshafssamninginn hafa verið framsýnir menn og á það kann að reyna í vaxandi mæli í framtíðinni.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Á þessu ári er þess minnst að 50 ár eru liðin frá því að utanríkisþjónusta Íslendinga var sett á stofn eins og fram kemur í þeirri skýrslu um utanríkismál sem hér er til umræðu. Það er að sönnu ástæða til þess að minnast þessara tímamóta og geta þeirra í þeirri umræðu sem hér fer fram. Utanríkisþjónustan hefur gegnt svo veigamiklu hlutverki á þessum tíma. Hún hefur fyllilega staðið við þær vonir sem til hennar voru gerðar. Ugglaust hefur það verið svo þegar það bar mjög brátt að að við þurftum að taka meðferð utanríkismálanna í eigin hendur að ýmsir hafa haft uppi efasemdir um getu okkar í þeim efnum. En staðreyndirnar tala sínu máli. Utanríkisþjónustan hefur verið sterk og öflug og gætt okkar hagsmuna í hvívetna. Hún hefur á margan hátt unnið afrek. Það var mikið verk og mikið átak fyrir þessa fámennu þjóð í kjölfar styrjaldarinnar að móta utanríkisstefnu, taka ákvarðanir um aðild að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin. Það var mikið átak að hefja baráttuna fyrir útvíkkun landhelginnar og vinna á alþjóðlegum vettvangi að lokum fullan sigur og fá viðurkenningu þjóðanna á rétti okkar í þessu efni.

Á þessum sviðum hefur utanríkisþjónustan og starfsmenn hennar unnið mikið starf og á þessu afmælisári er sannarlega ástæða til þess að fram komi frá Alþingi þakkir til starfsmanna utanríkisþjónustunnar bæði fyrr og síðar fyrir mikilvæg störf í vörn og sókn fyrir landsréttindum.

Sá maður sem öðru fremur telst vera faðir utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins er Bjarni Benediktsson. Hann komst á sínum tíma þannig að orði að áhrif smáþjóða á alþjóðavettvangi væru í öfugu hlutfalli við mælgi þeirra. Ég hygg að það megi segja um okkur Íslendinga að okkur hefur tekist að ávinna okkur traust og virðingu þrátt fyrir fámenni, m.a. vegna þess að við höfum haft þetta í huga. Við höfum lagt meira upp úr að sýna stefnufestu, byggja breiða samstöðu meðal þjóðarinnar á bak við þær mikilvægu ákvarðanir sem teknar hafa verið, hvika ekki frá einum tíma til annars en styðja jafnan á alþjóðavettvangi lýðræði og mannréttindi og hika ekki við að taka ákvarðanir til þess með virkum hætti að standa vörð um þessar grundvallarhugsjónir. Þessi stefnufesta og sú breiða samstaða sem hefur tekist, þrátt fyrir harða andstöðu minnihlutahópa fyrr á árum, hefur fyrst og fremst

áunnið okkur traust og virðingu á alþjóðavettvangi.

Hér liggur fyrir skýrsla um utanríkismál sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram og mælt fyrir. Það vekur athygli nú þegar þessi skýrsla er lögð fyrir Alþingi að á henni hefur verið gerð ein breyting. Ég hef í tvígang gert við það athugasemdir þegar hæstv. núv. utanrrh. hefur lagt fram skýrslur sínar um utanríkismál að þær hafa byrjað á tilvitnun í stjórnarsáttmála hæstv. núv. ríkisstjórnar um utanríkismál, en svo sem kunnugt er er hann byggður á veikari forsendum en aðrir sáttmálar ríkisstjórna því að í fyrsta sinn síðan við gerðumst aðilar að Atlantshafsbandalaginu var í stjórnarsáttmála komist hjá því að geta þess að Íslendingar eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Að mínu mati veikti þetta álit okkar út á við og veikti um leið stöðu hæstv. utanrrh. til að fylgja eftir þeirri grundvallarstefnu sem mikill meirihlutastuðningur er fyrir á Alþingi og meðal þjóðarinnar og fylgt hefur verið í hans tíð í ráðuneytinu, en óneitanlega var stjórnarsáttmálinn til þess fallinn að veikja þá innri samstöðu.

Það er þess vegna fagnaðarefni að tilvitnun í stjórnarsáttmálann að þessu leyti skuli nú vera felld úr skýrslunni og ber það ótvírætt vitni um að sá hugur sem er að baki þeirrar viðurkenndu utanríkisstefnu sem við höfum fylgt er nú sterkari. Vera má að þau tíðindi sem átt hafa sér stað í Alþb., sem nýverið *afnam stefnuskrá sína, séu að nokkru leyti ástæða fyrir* þessu og vera má að einmitt í þeim flokki sem hefur haldið uppi andstöðu bæði við aðildina að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamninginn við Bandaríkin sé nú orðin sú stefnubreyting að á þeim bæ sé ekki lengur talin ástæða til að fylgja þessum gömlu stefnumálum eftir. Það væri fagnaðarefni ef það væri rétt. Í verki hafa þessir minnihlutahópar ekki látið í sér heyra á undanförnum árum. Þeir hafa í reynd viðurkennt þá miklu samstöðu sem er að baki utanríkisstefnunni en fagnaðarefni væri ef þeir hefðu einnig viðurkennt það á pappírnum. Vonandi ber þessi breyting sem er á framsetningu skýrslunnar vott um þetta.

Skýrslan gerir á skilmerkilegan hátt grein fyrir þeirri utanríkisstefnu sem við höfum fylgt og meginatriðunum sem eðlilegt er að Íslendingar hafi í huga á þeim miklu breytingatímum sem við lifum nú og ég tek fram af minni hálfu að ég er í meginatriðum mjög svo sammála þeirri skýru stefnumótun sem er skýrð í þessari skýrslu.

Ástæða er til þess að vekja á því athygli að í skýrslunni er með mjög ótvíræðum hætti lögð á það áhersla að aðildin að Atlantshafsbandalaginu hefur verið hornsteinn utanríkisstefnunnar, svo og tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkin. Engum vafa er undirorpið að varnarsamstarf lýðræðisþjóðanna og staðfesta þeirra er fyrst og fremst ástæðan fyrir þeim miklu umskiptum sem átt hafa sér stað í alþjóðamálum. Samstarf lýðræðisþjóðanna í varnarmálum tryggði frið í Evrópu og hefur tryggt frið í Evrópu í fjóra áratugi. Árangurinn af starfi Atlantshafsbandalagsins hefur afsannað hrakspár og getsakir andstæðinga þess og gert að engu málflutning þeirra sem áratugum saman börðust gegn samstarfi lýðræðisþjóðanna á þessu sviði og varnarsamstarfinu við Bandaríkin enda eru raddir þeirra nú að mestu þagnaðar. Hins vegar er að sönnu ástæða til að taka þetta skýrt fram og gera bæði þingi og þjóð enn á ný grein fyrir hversu mikil áhrif þessi sameiginlega varnarstefna hefur haft og hversu mikla þýðingu það hefur haft fyrir Íslendinga að vera þátttakendur í þessu varnarsamstarfi.

Þeir atburðir sem átt hafa sér stað undanfarin missiri í alþjóðamálum og við fögnum öll eru afleiðing og árangur af þessu starfi. Þó er það svo að fyrir aðeins örfáum árum myndaðist í Evrópu fylking fólks sem freistaði þess að brjóta samstarf Atlantshafsbandalagsþjóðanna niður og knýja fram í lýðræðisríkjunum ákvarðanir um einhliða afvopnun sem augljóslega hefði raskað jafnvæginu. Öllum má vera ljóst nú að við stæðum ekki í þeim sporum og hefðum ekki náð þeim árangri í afvopnun og takmörkun vígbúnaðar sem við stöndum frammi fyrir í dag ef lýðræðisþjóðirnar hefðu látið undan og hopað í þessu efni. Því miður átti þessi hreyfing þó nokkra málsvara hér á Alþingi sem freistuðu þess að knýja fram stefnubreytingu að þessu leyti einnig hér á Alþingi Íslendinga. Sem betur fer var þeirri atlögu hrundið og þess vegna höfum við getað staðið einarðir í samstarfi lýðræðisþjóðanna og fyrir vikið blasir við sá mikli árangur sem við höfum nú fyrir augum í þessu efni. En auðvitað hlýtur sá árangur sem náðst hefur, bæði að því er varðar takmörkun vígbúnaðar og eins að því er varðar lýðræðisþróunina í Austur-Evrópu, að kalla á endurmat á hlutverki Atlantshafsbandalagsins og mótun varnarstefnu á næstu árum. Í skýrslunni er réttilega bent á að Atlantshafsbandalagið bregst eðlilega við þessum nýju viðhorfum með því að draga úr viðbúnaði en leggja um leið meiri áherslu á að hafa aðstöðu til að kalla saman herlið með skömmum fyrirvara. Jafnframt er bent á að kjarnavopn hafa nú ekki jafnmikla þýðingu og áður og er nú aðeins stefnt að því að grípa til þeirra í nauðvörn og jafnframt bent á að Atlantshafsbandalagið hefur haft frumkvæði að því að rétta fram sáttahönd til Sovétríkjanna og treysta sættir og vináttu með pólitískum samskiptum.

Ég er þeirrar skoðunar að hér sé lögð réttileg áhersla á þau nýju viðhorf sem hljóta að móta stefnu og hlutverk Atlantshafsbandalagsins á næstu árum. Það er einnig ljóst að bæði á vettvangi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og innan Evrópubandalagsins munu fara fram vaxandi umræður um öryggismál. Eðlilegt er að nýfrjálsu þjóðirnar í Austur-Evrópu og Sovétríkin verði þátttakendur í umræðum um öryggi Evrópu á næstu árum og ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu er eðlilegur vettvangur til slíkra umræðna.

Þó að umræður innan Evrópubandalagsins verði ugglaust talsverðar um öryggismál er einsýnt að Evrópuþjóðirnar munu áfram leggja á það áherslu að öryggissamstarfið og varnarsamstarfið verði áfram á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og samstarf Evrópuþjóðanna og þjóða Norður-Ameríku verði áfram unnið innan Atlantshafsbandalagsins. Ég fagna því að í

þessari skýrslu er með ótvíræðum hætti tekið undir þessi sjónarmið. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Til þess að komið verði í veg fyrir óstöðugleika sem kynni að skapast er nauðsynlegt að ríki Norður-Ameríku axli áfram ákveðnar skuldbindingar í varnarsamstarfi við Evrópuríkin en Atlantshafsbandalagið er eini vettvangur sem treyst getur með árangursríkum hætti hin órofa bönd er tengja aðildarríkin yfir Atlantshafið. .... Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu mun þó ekki leysa Atlantshafsbandalagið af hólmi. Án Atlantshafsbandalagsins mundi ráðstefnuna skorta þá vestrænu dýpt sem nauðsynlegt er til að tryggja í framkvæmd áframhaldandi jafnvægi og stöðugleika á sviði varnarmála."

Ég tek undir þá skýru stefnumörkun sem hér er sett fram og tel að hún sé mjög mikilvæg á þeim tímamótum sem við lifum nú.

Ég veit auðvitað ekki hvort skýrsla utanrrh. að þessu sinni lýsir stefnu hæstv. ríkisstjórnar eða hvort á bak við þessa stefnumótun er meiri hluti ríkisstjórnarflokkanna. Ég minnist þess að aðeins fyrir örfáum mánuðum talaði hæstv. fjmrh., formaður Alþb., mjög fjálglega um það að nú, þegar þær breytingar hafa orðið í Evrópu sem raun ber vitni, væri ljóst að hlutverki Atlantshafsbandalagsins væri lokið. Menn spurðu eðlilega sjálfa sig þeirrar spurningar hvort þar væri talað fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands.

Með þeirri skýrslu sem hér hefur verið lögð fram hafa verið tekin af öll tvímæli í því efni. Ég vona sannarlega að þau umskipti hafi orðið innan Alþb. að það geti nú tekið undir svo skýra stefnumörkun og að hæstv. fjmrh. og formaður Alþb. geti étið ofan í sig þær hrakspár sem hann hafði fyrir aðeins nokkrum mánuðum um áframhaldandi hlutverk Atlantshafsbandalagsins, eins og þeir alþýðubandalagsmenn hafa þurft að éta ofan í sig allar fyrri fullyrðingar og árásir á utanríkisstefnu Íslands.

Það er einnig ljóst að þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa verður hlutverk tvíhliða varnarsamstarfs við Bandaríkin áfram mikið og að ýmsu leyti kann það að aukast í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa. Í skýrslunni er gerð mjög rækileg grein fyrir þessum áherslum og mikilvægi áframhaldandi varnarsamstarfs við Bandaríkin. Þar er bent á að hernaðarlegt mikilvægi Íslands byggist á hnattstöðu landsins. Í fyrsta lagi segir að fylgjast megi með umferð skipa og kafbáta og flugvéla um hið svokallaða GIN-hlið, hafsvæðið á milli Grænlands, Íslands og Noregs. Og í öðru lagi sé Ísland óhjákvæmilega tengt varnaráætlunum Atlantshafsbandalagsins er lúta að liðs- og birgðaflutningum. Hlutverk varnarstöðvar Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli er því fyrst og fremst að tryggja varnir landsins og svæðanna umhverfis það, auk þess sem stöðin er mikilvægur hlekkur í eftirlits- og aðvörunarkerfi Atlantshafsbandalagsins.

Á öðrum stað segir um hlutverk varnarliðsins að í varnarmálum hafi mikilvægi tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna aukist, en jafnframt er það Evrópubandalagið sem hefur orðið stærsti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur. Vafalaust er rétt að þær breytingar eru nú að verða að markaðshagsmunir okkar verða í miklu ríkari mæli í Evrópu en verið hefur lengi og það hefur dregið úr þýðingu Ameríkumarkaðarins en að sama skapi verður mikilvægi varnarsamstarfsins við Ameríku ekki síður mikilvægt á næstu árum en það hefur verið á undanförnum árum. Þessi skýra stefnumörkun er fagnaðarefni og ég fullyrði að á bak við hana er mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar og mikill meiri hluti hér á hinu háa Alþingi.

Ég ætla ekki að ræða einstök verkefni á sviði varnarsamstarfsins að öðru leyti en því að ég kemst ekki hjá að minnast hér á þá samninga sem gerðir voru á liðnu sumri um breytingar á Aðalverktökum og breytingar á einokun á verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Mínar athugasemdir eru tvenns konar. Í fyrsta lagi hef ég litið svo á að það væri eðlilegt að breyta fyrirkomulagi verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli þannig að hún yrði frjáls og opin á grundvelli útboða. Þetta er hin almenna regla sem gildir um verktakastarfsemi. Við eigum mörg öflug og góð verktakafyrirtæki sem geta sinnt þessum verkefnum og gamla einokunarfyrirkomulagið, sem átti rétt á sér á sínum tíma, stenst því ekki lengur. Ég hefði talið eðlilegt að gera breytingar í þá veru að auka þetta frelsi en þær breytingar sem nú hafa verið gerðar ganga í þveröfuga átt því að einokunin, sem aðeins gilti frá einu ári til annars, hefur nú verið fest í sessi til fimm ára. Að mínu mati hefur þarna verið gengið í þveröfuga átt við eðlilega þróun. Í annan stað geri ég þær athugasemdir að ríkisstjórnin skuli taka einhliða ákvarðanir um að nýta úthlutaðan arð í þeim tilgangi að auka eignarhluta ríkisins í Aðalverktökum. Eðlilegt er að Alþingi taki ákvarðanir um það hvernig tekjum ríkissjóðs er ráðstafað. Arður af rekstri fyrirtækja sem ríkið á aðild að á að falla í ríkissjóð og fjárveitingavaldið, Alþingi, á að taka ákvarðanir um hvernig honum er ráðstafað. Það er óeðlilegt að ríkisstjórnin taki einhliða ákvörðun um að nýta ákvarðanir um úthlutun arðs í þeim tilgangi að auka hlutdeild ríkisins í þessu tiltekna fyrirtæki. Þar er rétt og eðlilegt að Alþingi komi til skjalanna og taki ákvarðanir um þetta eins og ráðstafanir á öðrum tekjum sem eiga að renna í ríkissjóð.

Þessar athugasemdir vil ég gera nú þegar við þessar ákvarðanir þó ég geri ráð fyrir því að þær komi sérstaklega til umræðu þegar Alþingi ræðir skýrslu um þessi viðskipti síðar.

Í skýrslunni er gerð rækileg grein fyrir þeim viðræðum sem nú fara fram um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Við þá grg. er fátt athugasemda. Við hljótum fyrst og fremst að fagna þeim markvissu störfum og því víðtæka samkomulagi sem hefur tekist um raunhæfar aðgerðir á þessum sviðum.

Það er minnst á Sameinuðu þjóðirnar og því haldið fram í skýrslunni, og kom reyndar fram í ræðu hæstv. utanrrh., að hlutur Sameinuðu þjóðanna hefði vænkast nokkuð að undanförnu og þær hefðu sýnt að þær séu nokkurs megnugar í samræmi við upphaflegt

hlutverk og upphaflegar vonir manna.

Satt er og rétt að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur tekist mjög traust samstaða til þess að mæta árásum Íraka á Kúvæt og hernaðarbrölti Íraka í Kúvæt. Ég er þó ekki þeirrar skoðunar að sú samstaða, sem þarna hefur tekist á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, beri órækan vott um að Sameinuðu þjóðirnar hafi náð þeim styrk sem menn bundu vonir við í upphafi. Ég held að meiri reynsla verði að koma á störf Sameinuðu þjóðanna áður en menn geta fellt dóma af þessu tagi. Þótt þessi samstaða sé ánægjuleg byggir hún auðvitað fyrst og fremst á því að Bandaríkin og Sovétríkin hafa náð saman um viðbrögð við hernaðarbrölti Íraka og stefnt með mjög ákveðnum hætti að því að tryggja sjálfstæði Kúvæts. Það er fyrst og fremst samstaða Bandaríkjanna og Sovétríkjanna sem hefur skapað þessi skilyrði og það á eftir að reyna á það að mínu mati hvort Sameinuðu þjóðirnar sem stofnun rísa undir upphaflegu hlutverki sínu.

Hér er einnig rætt um Norðurlandaráð. Mín skoðun er sú að samvinna Norðurlandaþjóðanna, sem hefur verið mjög mikilvæg fyrir þær allar, sé á nokkrum krossgötum. Fyrst og fremst fyrir þá sök að samstarfið er nú í föstu fari. Þar er lítil nýsköpun, hún á sér stað á öðrum vettvangi. Breytingarnar og hreyfingarnar í alþjóðlegu samstarfi eru fyrst og fremst á efnahagssviðinu og Norðurlandaþjóðirnar hafa starfað saman fyrst og fremst innan EFTA á því sviði, en miklu síður innan Norðurlandaráðs.

Ég held að þetta sé umhugsunarefni og Norðurlandaþjóðirnar þurfi að átta sig á þessari stöðu. Fullkomin ástæða er til að menn leiði hugann að því hvernig styrkja megi samstarfið innan Norðurlandaráðs á efnahagssviðinu, þannig að Norðurlöndin verði í væntanlegu samstarfi Evrópuþjóðanna sterkur samstarfsaðili, heild sem starfi innan nýrrar efnahagsskipunar í Evrópu, hver svo sem endanleg niðurstaða verður af samningum í þeim efnum.

Í þessu sambandi þykir mér einnig rétt að víkja nokkrum orðum að afstöðu til Eystrasaltsríkjanna. Fyrir Alþingi liggur tillaga um að árétta viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þriggja og að taka upp stjórnmálasamband við ríkin. Ísland hefur átt markvert frumkvæði að því að mæta sjálfstæðiskröfum Eystrasaltsríkjanna. Fyrst með því að senda þingi Litáens heillaóskir eftir sjálfstæðisyfirlýsinguna sl. vor og með því að styðja heils hugar óskir Eystrasaltsríkjanna um aðild að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að full ástæða sé fyrir okkur, sem fámenna þjóð, að styðja baráttu Eystrasaltsríkjanna með meiri þunga en við höfum gert. Ég er þeirrar skoðunar að við getum haft nokkuð að segja á alþjóðavettvangi með því að árétta á ný viðurkenningu okkar á fullveldi þessara ríkja og með því að taka upp stjórnmálasamband við þau.

Það hefur komið fram í viðræðum við forustumenn ríkjanna að þeir telja það mjög mikilvægt í viðræðum við Sovétstjórnina að hafa slíka viðurkenningu í farteskinu. Viðræður Eystrasaltsríkjanna við Sovétstjórnina snúast ekki um það að fá Sovétstjórnina til að viðurkenna sjálfstæði þessara ríkja. Sjálfstæði þeirra er forsenda fyrir viðræðum við miðstjórnarvaldið í Sovétríkjunum. Viðræðurnar snúast á hinn bóginn um efnahagslegt samstarf, um það að Sovétríkin dragi til baka heri sína og aflétti ólögmætri hernaðaríhlutun sem var grundvöllur innlimunar ríkjanna. Það er þess vegna á misskilningi byggt að Eystrasaltsríkin ætli að semja við Sovétríkin um sjálfstæði sitt. Þau hafa tekið ákvörðun um að endurheimta það. Það er ekki samningsatriði við Sovétríkin. Samningarnir við Sovétríkin lúta að öðrum mikilvægum viðfangsefnum sem auðvitað eru forsenda fyrir því að sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna geti orðið virkt. Því hefur verið haldið fram að viðurkenning Íslands á sínum tíma, 1921 eða 1922, sé enn í fullu gildi og nægjanlegt af Íslands hálfu að vísa til hennar. En á það er að líta í því efni að innlimun Eystrasaltsríkjanna í sovéska ríkjasambandið hefur staðið í hálfa öld og þrátt fyrir viðurkenningu okkar á sínum tíma þá höfum við í verki viðurkennt innlimun ríkjanna í sovéska ríkjasambandið með stjórnmálasamskiptum okkar við Sovétríkin. Þó að yfirlýsingin á sínum tíma standi enn de jura þá höfum við de facto viðurkennt innlimunina. Og ef við viljum nú sýna í verki að við ætlum okkur að breyta þeirri afstöðu sem við höfum haft í framkvæmd þá verðum við að árétta það með nýrri yfirlýsingu. Annars stendur enn viðurkenning í verki sem fram kemur í stjórnmálasambandi okkar við Sovétríkin. Þetta er ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að árétta þessa yfirlýsingu.

Flestir flokkar hér á þinginu hafa tekið jákvætt í þá tillögu sem flutt hefur verið um viðurkenningu og sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þó að af hálfu einstakra aðila hafi verið bornar fram efasemdir um að unnt sé að framkvæma slíka ákvörðun. Aðeins talsmaður eins flokks hefur haldið því fram hér á Alþingi að þessi tillaga sé íhlutun í málefni þeirra ríkja sem hér eiga hlut að máli. Fulltrúi Framsfl., formaður þingflokks framsóknarmanna, lýsti hér á Alþingi svörtustu afturhaldsafstöðu sem hugsast gat í afstöðu til þessarar tillögu og hélt því fram að hún væri íhlutun í málefni þeirra sem hér eiga hlut að máli. Ekki er hún íhlutun í málefni Eystrasaltsríkjanna því þau eru að óska eftir því að fá slíka viðurkenningu. En að mati Framsfl. er slík tillaga þá íhlutun í málefni Sovétríkjanna. Ég harma þá neikvæðu afstöðu sem fram hefur komið af hálfu formanns þingflokks framsóknarmanna í þessu efni, en vona eigi að síður að samstaða geti tekist í utanrmn. um að stíga þetta skref, því ég er sannfærður um að við getum, Íslendingar, haft, þó fámennir séum, raunveruleg áhrif til þess að hjálpa þessum þjóðum í sjálfstæðisbaráttu sinni ef við stígum skref af þessu tagi þó að það sé að ganga feti framar en ýmsar aðrar þjóðir, bæði á Norðurlöndum og innan Atlantshafsbandalagsins, hafa treyst sér til að gera.

Ég tel líka að það sé okkar skylda einmitt vegna þess að við erum fámenn þjóð og eigum að hafa meiri samstöðu með öðrum fámennum þjóðum sem

eru að brjótast til sjálfstæðis.

Frú forseti. Það er ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um þær mikilvægu viðræður sem nú eiga sér stað um tengsl okkar við Evrópubandalagið. Nýverið hafa farið fram hér á hinu háa Alþingi umræður um það efni, en nauðsynlegt er að árétta hér í þessari umræðu að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki að mínu mati gert nægilega skýra grein fyrir því hvernig hún ætlar að bregðast við breyttum aðstæðum í þessu efni.

Hæstv. ríkisstjórn lagði á það höfuðáherslu þegar þessar viðræður hófust að hagsmunir Íslands yrðu tryggðir með sameiginlegri kröfu EFTA-þjóðanna um fríverslun með fisk. Það var talinn meiri háttar stjórnmálasigur að hafa fengið EFTA-þjóðirnar til þess að bera þá kröfu fram og því var haldið fram að aldrei yrði gengið til samninga nema Evrópubandalagið féllist á þessa kröfu. Strax í upphafi var á það bent að flest benti til þess að sá árangur, sem í því fólst að ná samkomulagi um þetta atriði innan EFTA, hafi verið meira að formi en efni og ólíklegt væri að Evrópubandalagið mundi fallast á fríverslun með fisk og þar af leiðandi afnám allra styrkja á allra næstu árum.

Nú er komið í ljós að bæði EFTA-þjóðirnar og Evrópubandalagið gera heldur lítið úr þessari samþykkt. Norðmenn hafa ekki notað aðlögunartímann fram til þessa til þess að lækka styrki til sjávarútvegs, heldur þvert á móti hækkað þá. Og Evrópubandalagið hefur nýlega hafnað því að viðræðurnar fari fram á grundvelli kröfunnar um fríverslun með fisk. Þá brá svo við að þegar Evrópubandalagið lýsti því yfir að það hefði hafnað þessari kröfu þá var það aftur orðinn meiri háttar stjórnmálasigur fyrir Íslendinga. Það skortir á að hæstv. ríkisstjórn hafi gert nægilega skýra grein fyrir því hvernig hún ætlar að tryggja íslenska hagsmuni í þessum viðræðum því að eitt meginatriðið af okkar hálfu hlýtur að vera það, í tengslum okkar við Evrópumarkaðinn, að tryggja hindrunarlausan útflutning á sjávarafurðum. Án þess að fá viðurkenningu á sjávarafurðum á þann veg að þær séu jafngildar og jafnsettar iðnaðarvarningi annarra þjóða er þess ekki að vænta að fallist verði á nokkra samningsniðurstöðu.

Hæstv. ríkisstjórn hefur heldur ekki gert nægjanlega grein fyrir því hvernig hún muni bregðast við þeim breyttu aðstæðum, sem augljóslega eru að verða með vaxandi umræðum innan annarra EFTA-ríkja um fulla aðild að Evrópubandalaginu, sem benda til þess að staða okkar sé að vissu leyti þrengri nú en fyrir ári ef til að mynda Svíar og Norðmenn sækja á næstu 3–4 árum um aðild að Evrópubandalaginu. Þá erum við í þeirri sérkennilegu stöðu að hafa ekki enn mótað afstöðu til þess hvar við eigum að standa í kjölfar slíkra breytinga. Jafnvel þó að samkomulag náist um Evrópska efnahagssvæðið er einsýnt að það verður aðeins bráðabirgðalausn. Og hvernig ætlum við að móta okkar afstöðu þegar í ljós kemur að sá bráðabirgðatími er á enda runninn? Allt eru þetta atriði sem skipta máli því að því lengur sem við drögum að móta farveg fyrir kröfugerð Íslands og samninga Íslands, því meiri hætta er á að við drögumst aftur úr öðrum þjóðum. Flestir eru sammála um að einmitt þessir samningar og sú þróun sem hér á sér stað sé þess eðlis að við, eins og aðrir, verðum að fylgjast með og gæta þess að dragast ekki aftur úr. Þessi sjónarmið vildi ég árétta þó að ástæðulaust sé á þessu stigi, vegna þeirrar umræðu sem þegar hefur farið fram um þessi efni, að fara mjög mörgum orðum um Evrópubandalagssamningana. Væntanlega gefst enn frekara tækifæri til þess síðar á þinginu.

Í skýrslunni er síðan vikið að viðskiptasamningum, m.a. við Sovétríkin. Að sumu leyti er sú frásögn spaugileg því að þar segir að af Íslands hálfu hafi verið lögð áhersla á að ná samningum um viðskiptabókun til fimm ára þar sem tilgreind yrði magn- eða verðmætaviðmiðun. Þetta var krafa Íslands en sjónarmið Sovétríkjanna voru þau að það væri eiginlega ekki nokkur leið að ræða kröfur af þessu tagi því Sovétríkin væru að hverfa frá miðstýrðum innkaupum og að markaðskerfi. Þetta er að vísu svolítið ýkt mynd af þeim aðstæðum sem hér eru uppi en óneitanlega nokkuð skondin aðstaða.

Auðvitað er það svo að Sovétviðskiptin hafa verið okkur um margt hagstæð og um margt nauðsynleg. Það urðu nokkrar deilur á síðasta þingi um það hvernig hæstv. ríkisstjórn stóð þá að samningum við Sovétríkin. Við sjálfstæðismenn lögðum til að mynda áherslu á að reynt yrði að tengja saman samninga um olíukaup og sölu á síld til Sovétríkjanna. Því var hafnað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hún taldi að einmitt með því að slíta þessa samninga í sundur væri verið að styrkja samningsstöðu Íslands. Við héldum hinu gagnstæða fram og gagnrýndum ríkisstjórnina fyrir þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í þessum samningum. Á daginn kom auðvitað að samningapólitík hæstv. ríkisstjórnar dugði ekki í þessu sambandi.

Enn hljóta þær spurningar að vakna, ef halda á þessum viðskiptum áfram, hvort þá sé ekki óhjákvæmilegt að tengja saman olíukaupin og viðskiptasamninginn að öðru leyti, sölu á sjávarafurðum og öðrum afurðum til Sovétríkjanna, eða knýja það fram að heimild verði til skuldajöfnunar í þessum viðskiptum. Hæstv. utanrrh. sagði þó í ræðu sinni að því miður væri ekki ástæða til bjartsýni í þessum viðskiptum. Þá vaknar upp sú spurning hvort ástæða sé til, að því er varðar olíuviðskiptin, að halda áfram óbreyttu fyrirkomulagi. Ef það er rétt mat, sem hér kemur fram um viðskiptastöðu okkar að þessu leyti, þá tel ég að sá tími geti verið kominn að rétt sé að hætta þessum opinberu innkaupum á olíuvörum, sem bundin eru við Sovétríkin og deilt niður á olíufélögin eftir kvótareglum á grundvelli viðskiptastærðar hvers fyrirtækis, og gefa olíuviðskiptin einfaldlega frjáls, leyfa olíufélögunum að kaupa olíu þar sem þeim sýnist, í Sovétríkjunum eða hvar sem er annars staðar, og helst að keppa um verð sín á milli. Ég er þeirrar skoðunar, eins og málum er komið, að full ástæða sé til þess að íhuga breytingar af þessu tagi. Hér er um mjög veigamikið og stórt mál að tefla og ég spyr hæstv. utanrrh. hvort hann geti fallist á að tími sé kominn til að

huga að slíkum grundvallarbreytingum með tilliti til þess í hvaða stöðu þessir samningar eru komnir og með tilliti til þess að Sovétríkin eru að hverfa frá miðstýrðum þjóðarbúskap yfir í markaðskerfi. Og hvort ástæða sé til þess fyrir Íslendinga að ríghalda í miðstýrð opinber innkaup lengur en Sovétríkin.

Að lokum aðeins um GATT-viðræðurnar. Ég hef áður lýst því yfir að ég tel mikilvægt að við séum þátttakendur í þeim viðræðum og tel eðlilegt að við leitum eftir því að hafa samstöðu með öðrum Norðurlandaþjóðum um farsæla niðurstöðu á því sviði, m.a. að því er varðar samninga um landbúnaðarafurðir. En ég teldi rétt að hæstv. utanrrh. gerði þinginu nánari grein fyrir afstöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni, þeim tillögum sem hún mun flytja inn á þennan vettvang og hvaða áhrif þær muni hafa á íslenskt efnahagslíf. Það er full ástæða til þess að óska eftir því að hæstv. ríkisstjórn geri nánari grein fyrir þessu. Ég tel að það samkomulag sem vonandi tekst á þessu sviði sé mikilvægt fyrir okkur eins og aðrar þjóðir og við eigum að taka þátt í því. En auðvitað skiptir máli hver afstaða Íslands verður og hvaða tillögur það hefur fram að færa. Mín ósk er sú að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar í því efni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að þakka ber starfsliði utanríkisþjónustunnar fyrir mjög mikil og vel unnin störf oft við erfiðar aðstæður. Staðreyndin er vitanlega sú að öll umsvif í utanríkismálum okkar Íslendinga hafa stórlega aukist á síðustu árum. Framan af var þetta einkum innan Norðurlandaráðs, Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðs, en bæði hafa umsvif mjög aukist á þessum sviðum og fjölmörg önnur hafa bæst við. Við erum orðnir langtum virkari þátttakendur á sviði Atlantshafsbandalagsins svo eitthvað sé nefnt og erum núna einnig virkir þátttakendur í því sem kallað er ráðstefna um öryggismál Evrópu.

Sömuleiðis hefur sú staðreynd að utanríkisviðskiptin voru færð yfir í utanrrn. og sameinuð utanríkisþjónustunni stórlega aukið umsvif utanríkisþjónustunnar. Ég er sannfærður um að þetta var rétt ráðstöfun og tel þó að það eigi enn þá eftir að efla og styrkja ráðuneytið þannig að það megi sinna þessum mikilvæga þætti enn betur en gert hefur verið.

Ég ætla ekki í þessum orðum að fara yfir þessi svið hvert fyrir sig, sem ég tel öll mikilvæg að vísu, heldur minnast á nokkur atriði sem ég álít umhugsunarverð á þessu stigi mála. Ég sagði áðan að við hefðum beitt okkur eins og við hefðum getað innan Atlantshafsbandalagsins fyrir því að samkomulag verði á milli stórveldanna og milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um afvopnun, um fækkun kjarnorkuvopna ekki síst. Við höfum stutt og fagnað hverju sem náðst hefur að þessu leyti. Við höfum hins vegar, eins og kemur fram í skýrslu utanrrh., lýst áhyggjum yfir því að afvopnun á höfunum hefur ekki verið tekin með í þessar mikilvægu umræður. Við höfum að vísu náð nokkru fram, m.a. á leiðtogafundi í London nú í sumar, þar sem eftir veruleg átök og deilur fékkst tekið inn í samþykktina að grundvöll áframhaldandi afvopnunarviðræðna skyldi endurskoða. Að sjálfsögðu erum við þá með í huga að afvopnun á höfunum verði þar tekin með. Ég tel afar mikla nauðsyn fyrir okkur Íslendinga að leggja áherslu á þessi mál og jafnvel meiri en við höfum gert til þessa. Ég er sannfærður um að það eru réttar skýrslur, sem nú hafa borist, um það að kjarnorkukafbátar sem sökkva eða er sökkt tærast miklu fyrr en kjarnorkuveldin hafa viljað halda fram. Allt bendir til þess að það gerist á örfáum árum miklu frekar en öldum eins og stundum hefur verið látið í veðri vaka. Það er einnig vitað mál, þótt ekki sé að fullu upplýst, að kjarnorkuveldin hafa stundað það að sökkva úreltum kjarnorkukafbátum, að vísu tekið eldsneytið úr en eftir er kjarnorkumengað kælivatn og allt umhverfi kjarnakljúfans. Þetta tærist og breiðist um höfin ef ekki er stöðvað. Það er vitað mál að þegar eru orðnar verulegar áhyggjur af þessum ástæðum, m.a. í Bretlandi. Ég tel þess vegna að við eigum að auka enn, ekki aðeins innan Atlantshafsbandalagsins heldur á öllum sviðum umhverfismála, okkar áherslu á það að umferð kjarnorkuknúinna kafbáta verði stórum minni um Norður-Atlantshafið en hún hefur verið til þessa.

Ég kemst ekki hjá því að fara fáeinum orðum um afstöðu framsóknarmanna til Eystrasaltslandanna vegna ummæla hv. 1. þm. Suðurl. áðan. Það er mikill misskilningur að Framsfl. sé á nokkurn máta andsnúinn því að við Íslendingar beitum okkur eins og við frekast megum til þess að þessi lönd megi endurheimta sitt sjálfstæði. Ég vek athygli á því að mjög góðar og gagnlegar umræður fóru fram hér á landi nýlega þegar Landsbergis, forseti Litáens, var hér í heimsókn. Ég er sannfærður um að það er rétt, sem m.a. kom fram í þeim viðræðum, að það er mikilvægast fyrir framtíð þessara landa að ná raunhæfum samningum við risann í austri, Sovétríkin. Þetta skilja þessi lönd mætavel og þar hefjast núna það sem kalla má alvöruviðræður um næstu mánaðamót. Þær hafa dregist allt of lengi. Ég tel að eitt af því besta sem við getum gert sé að þrýsta á Sovétríkin að þau gangi af krafti til þessara viðræðna og þar verði sá árangur sem tryggi sjálfstæði þessara þjóða. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel alveg ljóst að okkar viðurkenning á sjálfstæði þeirra liggur fyrir og ég álít ekki aðalatriði hvort hún er endurtekin. Ég tel hitt miklu mikilvægara að við réttum fram hjálparhönd þar sem við getum, t.d. með samningum á viðskiptasviðinu og menningarsviðinu og með því að beita okkur á alþjóðlegum vettvangi fyrir því að á Sovétríkin verði þrýst í þessu sambandi. Ég tel t.d. eðlilegt að við beitum okkur fyrir því að þessi lönd fái a.m.k. áheyrnaraðild að öryggismálaráðstefnu Evrópu ef ekki fulla aðild, en ég hygg að það muni verða nokkrum erfiðleikum háð á þessu stigi. Ég tel einnig eðlilegt að við beitum okkur fyrir því þar að sú deild eða stofnun, sem um er rætt að setja á fót innan þessarar ráðstefnu, um meðferð á deilusvæðum, á svæðum í Evr-

ópu þar sem deilur eru, líti einmitt á mál eins og Eystrasaltslandanna. Það er að mínu mati einkennandi svæði, einkennandi mál, fyrir þá stofnun að fást við. Svo að ég tel að við getum á ýmsan slíkan máta styrkt þessi lönd miklu betur en samþykkja á ný sjálfstæðisviðurkenningu af okkar hálfu.

Ég nefndi ekki áðan, en það tilheyrir þó vissulega utanríkismálum á ýmsan máta, mjög vaxandi umsvif á sviði umhverfismála sem munu og fara mjög vaxandi á næstunni. Í ljós hefur komið, sem ég lagði mikla áherslu á þegar ég flutti hér frv. um stofnun umhverfisráðuneytis, að ekki síst á því sviði yrði þörf skipulegrar þátttöku okkar. Þetta hefur komið mjög greinilega fram á fundum og ráðstefnum sem við höfum sótt og hefur einmitt sýnt sig að okkur hefur tekist að fá þar nokkru framgengt, t.d. á nýlegri ráðstefnu sem haldin var hér í Reykjavík um mengun í hafinu og á ráðstefnu um mengunarmál sem haldin var í Bergen í aprílmánuði. Þar tókst okkur að fá inn breytt orðalag um bann við því að varpa skaðlegum efnum í hafið, að vísu ekki nálægt því eins ákveðið og við hefðum viljað en þó spor í áttina. Og við höfum nú á ráðstefnu, sem umhvrh. sækir erlendis, skrifað undir samkomulag um það að útstreymi á CO_2 verði um næstu aldamót ekki meira en það er í þessum löndum nú. Ef um þetta næst samkomulag, ef lönd eins og Bretland og Bandaríkin fallast á þessa stefnumörkun, þá er þetta gífurlega stórt skref fram á veg en þetta leggur vitanlega töluvert mikinn vanda á okkar herðar. Við þurfum þá að draga verulega úr slíkri mengun þrátt fyrir það að hún er að heildarmagni til mjög lítil hér á landi sem betur fer. Njótum við þar m.a. þess að við framleiðum ekki raforku með kolum eða olíu eins og svo víða er gert.

Um þessi mál hefur líka verið fjallað hjá Sameinuðu þjóðunum og verður fjallað á leiðtogafundi öryggisráðstefnu Evrópu í París sem hefst 19. þ.m. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur utanrrh. gert það að tillögu okkar Íslendinga að alþjóðlegur sáttmáli um umhverfið verði gerður. Við eigum að halda því mjög til streitu og ég mun leggja áherslu á það í því sem ég segi, m.a. á fyrrnefndum fundi í París. Vitanlega má segja að að þessu er unnið með ýmsum undirbúningsráðstefnum fyrir umhverfisráðstefnu þá sem verður á vegum Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu 1992. En ekki er þó enn þá svo frá gengið að sú ráðstefna leiði til alþjóðlegs sáttmála, eða alþjóðalaga, sem bindur allar þjóðir að þessu leyti en það hlýtur að verða mikið markmið hjá okkur.

Það er varla hægt að ræða um utanríkismál án þess að minnast á þá mjög alvarlegu stöðu sem er í Mið-Austurlöndum. Vitanlega vonum við Íslendingar, og væntanlega allur heimurinn, að það mál leysist án styrjaldar. Því miður horfir ekki allt of vel þar. Ég vil nota tækifærið og taka undir það sem kemur fram í skýrslu utanrrh. um ástandið á herteknum svæðum í Mið-Austurlöndum, þ.e. á svæðum Palestínumanna, og hlýt að fordæma það blóðbað sem þar varð nýlega. Það er algerlega óafsakanlegt. Það hlýtur að verða og vera, eins og verið hefur, viðleitni okkar Íslendinga hvar sem við komum fram að fá Ísraelsmenn til að ræða við Palestínumenn um lausn þessara mála. Við hljótum að hafa þar að markmiði sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna eins og sjálfsákvörðunarrétt baltnesku landanna og hverrar annarrar þjóðar sem um er að ræða í slíku sambandi. Það hefur verið grundvallarstefnumið okkar Íslendinga að sjálfsákvörðunarréttur þjóða eigi að fá að ráða og svo hlýtur að vera í slíkum tilfellum.

Ég nefndi það áðan að utanríkisviðskipti hafa orðið mjög veigamikill þáttur í utanríkisþjónustunni og kemur þetta vitanlega fram á fjölmörgum sviðum. Það kemur fram í viðræðum okkar við Evrópubandalagið um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Ég ætla ekki að ræða það hér að neinu marki, enda var það nýlega rætt hér á hinu háa Alþingi og verður eflaust rætt oftar í vetur. Ég verð hins vegar að lýsa því að ég er ekki sammála því sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. að okkur Íslendingum hafi orðið á einhver mistök í þeirri meðferð allri. Ég er sannfærður um að við erum þar á réttri braut. Ég er sannfærður um að það var rétt og nauðsynlegt að fá EFTA-löndin til að samþykkja fríverslun með fisk, jafnvel þótt það sé rétt hjá hv. þm. að Noregur fullnægi ekki þeim kröfum sem verður að gera til fríverslunar. Það er allt annað mál út af fyrir sig og hlýtur að koma að því fljótlega að Norðmenn verða tilneyddir að taka á þeim málum eins og vera ber. Því miður eru hins vegar fjölmargar undankomuleiðir frá því að standa að fríverslun eins og vera ber. Við vitum það að styrkir eru veittir til byggða, tekjustyrkir og fleira, sem munu vera leyfðir samkvæmt þeim reglum sem gilda um fríverslun.

Mér sýnist algerlega óþarfi að óttast eitthvað í þessu sambandi, a.m.k. á þessu stigi mála. Hvort sem viðræðurnar við EC leiða til sameiginlegs efnahagssvæðis, þar sem okkar hagsmuna verður, er ég sannfærður um, gætt, eða til sérsamninga okkar Íslendinga ef þessar viðræður mistakast, þá erum við á réttri braut. Ég vil leggja á það mikla áherslu að ég sé enga ástæðu til þess að við hér á hinu háa Alþingi séum að deila um þessi mál á þessu stigi. Þessi mál koma hér aftur fljótlega þegar meira liggur fyrir um það hvert horfir með þessa samninga.

Ég vil hins vegar ræða aðeins um viðskipti á ýmsum öðrum sviðum og tek í því sambandi reyndar undir það sem kom fram hjá frægum sænskum iðjuhöldi og fjármálamanni, Peter Wallenberg, sem var hér nýlega á opinberum fundi og lagði mikla áherslu á það að við Íslendingar ættum, eins og aðrar þjóðir, að fara að taka þátt í samstarfi og fjárfesta í fyrirtækjum erlendis á sviðum þar sem við höfum þekkingu. Ég held að þetta sé mjög stórt mál og þegar við opnum okkar land inn þá eigum við líka að nota okkur það að opna það út.

Við höfum að vísu gert þetta í litlum mæli óbeint með því að veita tækniaðstoð til að þróa sjávarútveg á Grænhöfðaeyjum og erum nú með slíkt samstarf í Namibíu. Þar starfa núna, ef ég man rétt, átta íslenskir sérfræðingar. Það er athyglisvert að svo var eftir því tekið að forseti Namibíu kom sérstaklega til mín

þegar ég var á fundi Sameinuðu þjóðanna nýlega og þakkaði fyrir mikilvæga aðstoð Íslendinga á þessu sviði. Það er tekið eftir slíku og við erum á réttri braut með því að beina okkar aðstoð að einhverjum ákveðnum þáttum en ekki að týnast í miklu víðtækari aðstoð. En ég ætla að koma síðar að þessari þróunaraðstoð okkar Íslendinga.

Það hefur einnig orðið mjög vaxandi samstarf á sviði þróunar jarðvarma. M.a. var það eitt aðalatriðið sem tékknesk yfirvöld lögðu áherslu á í opinberri heimsókn minni þangað í apríl. Þar var skrifað undir viljayfirlýsingu í því sambandi. Þessu hefur verið haldið áfram og það eru komnir núna samningar á milli íslenska fyrirtækisins Virkir-Orkint og tékkneskra yfirvalda um þróun jarðvarma í Slóvakíu í mjög stórum stíl. Slíkir samningar hafa verið gerðir í Ungverjalandi og tekist hefur að útvega fjármagn til þessa verks, m.a. hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Þarna erum við að flytja út þekkingu. Á sumum þessum sviðum hefur verið ákveðið að stofna til sameiginlegra fyrirtækja í notkun jarðvarma.

Nýlega er komin til landsins sendinefnd frá þessu fyrirtæki, sem ferðaðist um Sovétríkin, m.a. alla leið til Kamtsjatka og Kúrileyja, sem hafa verið lokuð svæði en virðast nú hafa opnast algerlega. Það er athyglisvert að þar, á þeim afskekkta stað, líta menn til Íslands númer eitt, ekki aðeins um þróun víðtæks jarðvarma sem má nota þar og spara olíu á köldum svæðum í mjög stórum stíl, heldur í samvinnu í fiskveiðum og spyrja beinlínis: Vilja Íslendingar koma og vinna með okkur að þróun slíks atvinnureksturs?

Það er meira að segja búið að stofna félag, vináttufélag Íslands og Kamtsjatka, þó ég viti ekki til þess að nokkur Íslendingur hafi komið þangað fyrr, en það var tilbúið þegar þeir komu.

Ég tel að við getum átt mjög stóra möguleika með slíkri þátttöku, einmitt að selja í raun og veru, eða flytja út, þá miklu þekkingu sem við Íslendingar höfum aflað okkur á þessum sviðum, mjög mikla þekkingu sem ég hygg að sé viðurkennd sem einhver sú fremsta sem til er.

Hér var minnst á það áðan að samningar við Sovétríkin um viðskipti eru í miklum erfiðleikum vegna þeirra efnahagserfiðleika sem þar eru. Við skulum vona að úr því leysist því það er afar mikilvægt fyrir íslenska síldarframleiðendur og, eins og komið hefur fram, eru stjórnvöld að leita allra leiða til að ná þeim samningum. M.a. hef ég átt í viðræðum við sendiherrann og mun gera það sem í mínu valdi stendur til að stuðla að þessum samningum. En ég held að meiri líkur séu til þess að það megi takast ef við erum jafnframt reiðubúnir að taka þátt í ýmiss konar þróunarstarfi sem nú er mjög aðkallandi í ýmsum ríkjum Sovétríkjanna. Ég held að við eigum að tengja þetta í raun saman.

Ég er ekki sammála því sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. að af hálfu stjórnvalda sé verið, að því er mér skilst, að neyða íslensk olíufélög til að kaupa olíu frá Sovétríkjunum. Þau hafa óskað mjög eindregið eftir því að stjórnvöld beittu sér fyrir samningum við Sovétríkin um olíukaup. Og ég vek athygli á því að 1975, hygg ég að það hafi verið, var horfið af þessari braut og leitað út fyrir Sovétríkin um ýmis kaup, sem þar voru áður, og ég hygg að allir hafi verið sammála um það þegar upp var staðið að það var verulegt fjárhagstjón fyrir okkur Íslendinga. Ástæðan fyrir því að olíufélögin leggja áherslu á þetta, ekki síst nú, er að þau telja mjög mikið öryggi í því fólgið að hafa samninga við Sovétríkin, sem alltaf hafa staðist, um afhendingu á olíu. Það er mjög mikil óvissa í þessum málum núna fram undan.

Ég vil fullvissa hv. þm. um það að a.m.k. af minni hálfu verður enginn neyddur til þess að kaupa olíu frá Sovétríkjunum ef hann vill það ekki. Það er engin ástæða til þess, ekki nokkur. En olíufélögin hafa beinlínis óskað eftir þessum viðskiptum og telja í þeim fólgið mikið öryggi. Sovétríkin geta örugglega selt sína olíu auðveldlega ef við kaupum hana ekki. Við höfum reynt að leggja á það áherslu að þarna verði jafnvægi í viðskiptum, en því miður þá hefur ekki mikið verið á það hlustað einmitt af þeirri ástæðu að svarið sem við fáum er það að olían sé auðseljanleg hvort eð er og Sovétmenn þurfi út af fyrir sig ekki á þessari sölu til okkar að halda.

Ég sagði áðan að ég vildi gjarnan fara nokkrum orðum um þróunaraðstoð okkar Íslendinga sem ég tel vera okkur til skammar, ef ég má orða það svo. Við samþykktum, líklega fyrir sjö árum eða svo, að veita 0,7% okkar þjóðartekna til þróunaraðstoðar og gengum þar til móts við markmið sem við samþykktum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þegar allt er tínt saman núna þá mun aðstoðin vera eitthvað í kringum 0,07% þjóðartekna. Hér er vissulega um erfitt mál að ræða því að hér er mikil þörf fyrir fjármagn á fjölmörgum sviðum velferðar í okkar eigin landi og menn hafa ekki séð leiðir til þess að skera það niður, eða orðið sammála um það, eða hækka skatta í þessu skyni.

Ég tók nýlega þátt í ráðstefnu um velferð barna þar sem við leggjum afar lítið af mörkum, við höfum líklega lagt fram 6–8 kr. á hvern íbúa þessa lands en Norðmenn á sama tíma um 600 kr. Ég hef rætt þetta nýlega við fjvn. og ég heyri að þar er vilji til að skoða þetta betur og þykir mér það gott. En staðreyndin er engu að síður sú að í heildina þá er okkar framlag svona lítið. Ég hef varpað fram þeirri hugmynd hvort til greina komi að við greiðum vissulega af opinberu fé allt sem er samnings- og lögbundið í alþjóðlegt samstarf en að við Íslendingar leggjum hins vegar einhvern lítinn hundraðshluta af okkar tekjum í alveg sjálfstæðan og sérstakan sjóð til þess að sinna þessari þróunaraðstoð. Ég hef reifað þetta innan ríkisstjórnarinnar og hyggst leggja þar fram ákveðnar tillögur í þessu sambandi. En ég vil líka benda á það að slík þróunaraðstoð er alls ekki einstefna. Slík þróunaraðstoð, eins og ég hef reyndar lauslega nefnt, leiðir mjög oft til vaxandi viðskipta við það land sem veitir þróunaraðstoðina. Ég er ekki að mæla með því að það verði í blindni gert, en ég held, og veit reyndar, að það er mikið horft til slíkra landa um ýmiss

konar samstarf sem getur verið afar mikilvægt. Þess vegna held ég að við eigum að skoða þetta mjög vandlega.

Ég skal nú ekki lengja þetta. Þetta er að mörgu leyti ánægjuleg skýrsla vil ég leyfa mér að segja og ég vil taka það skýrt fram að ég er að sjálfsögðu, og við framsóknarmenn, henni mjög sammála. Við erum m.a. sammála því sem þarna kemur fram um breytt hlutverk Atlantshafsbandalagsins. Við teljum hins vegar mjög vel koma til greina að við Íslendingar höfum frumkvæði að því að ræða við Atlantshafsbandalagið og Bandaríkin um breytta stöðu, m.a. breytta stöðu okkar. Við höfum oft sagt að mikilvægi Íslands muni breytast frá því að vera varnarstöð í það að verða eftirlitsstöð með gerðum samningum. Og það er vitanlega afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að þeir samningar sem kunna að verða gerðir, t.d. um umferð kjarnorkuknúinna kafbáta um Norður-Atlantshafið, séu þá haldnir eða flug véla um íslenskt yfirráðasvæði. En ég held að það komi vel til greina að við tökum frumkvæði að því að ræða þessa breyttu stöðu og hvernig við komum inn í það mál. Ég vek athygli á því að rekstur radarstöðvanna verður í íslenskum höndum og mjög mikill fjöldi íslenskra tæknimanna vinnur við þann hugbúnað sem er ætlað að nota í þessu sambandi. Ég held að það komi vel til greina að við skoðum þetta á breiðari grundvelli.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Síðasta ár hefur verið um margt viðburðaríkt á sviði utanríkismála. Fáa hefði órað fyrir þeim breytingum sem hafa átt sér stað í Mið- og Austur-Evrópu þótt vissulega hafi breytingarnar átt sér vissan aðdraganda. Enn ríkir mikil óvissa með framhaldið. Hvernig tekst þessum þjóðum sem hafa lyft af sér okinu og hafnað miðstýringu og einveldi að vinna úr þeim breytingum sem orðið hafa? Það sem hlýtur að vekja bjartsýni í hugum allra er að með breytingunum í austurhluta Evrópu verði afvopnun og varanlegur friður nær en vonir stóðu til fyrir aðeins nokkrum árum. Óvinaímyndin hverfur og ekki þarf lengur að magna upp þá mynd að Varsjárbandalagið og Atlantshafsbandalagið þurfi að vígbúast hvort gagnvart öðru með stórveldin í broddi fylkingar.

Það vekur athygli að í skýrslu utanrrh. ber ákaflega lítið á friðarvilja frekar en í þeirri skýrslu sem við ræddum í mars sl., né bjartsýni á að fram undan væru betri tímar í heiminum vegna þeirra miklu breytinga sem átt hafa sér stað.

Við lestur þessarar skýrslu er það þó ósamkvæmnin og mótsagnirnar sem vekja mesta athygli. Í upphafi talar hæstv. ráðherra um þær umbyltingar sem orðið hafa í alþjóðamálum og eins og segir á bls. 7: „... hefur vakið vonir um nýja skipan friðar og stöðugleika í álfunni. Áhrifa hins upprennandi tímabils sátta og samvinnu hefur gætt utan Evrópu sem innan. Í fyrsta sinn getum við nú ef til vill búist við að unnt verði að beina þeim kröftum, sem hernaðarkapphlaupið dró til sín áður, að samvinnu í þágu alls mannkyns."

Þetta hljóta allir að geta tekið undir. Og síðar segir hæstv. ráðherra á bls. 8: „Í einni svipan hefur nú sovéska heimsveldið dregið saman seglin. ... Síðast en ekki síst er nú verið að leggja lokahönd í Vínarborg á fyrsta samninginn um niðurskurð hefðbundins herafla, sem binda mun endi á getu Sovétmanna til skyndilegra sóknaraðgerða á meginlandi Evrópu." — Óvinurinn er sem sagt horfinn.

Grundvöllurinn að hernaðaruppbyggingu vesturveldanna er brostinn og engin ástæða lengur til að vígbúast, mætti lesa úr þessum orðum. En það þarf ekki að lesa lengi til að finna annan tón. Strax á næstu síðu reynir hæstv. ráðherra að viðhalda óvinaímyndinni. Þar segir, með leyfi forseta: „Framkvæmd væntanlegs CFE samkomulags", sem er um hefðbundinn herafla í Evrópu, „mun engu um það breyta að Sovétríkin verða áfram langstærsta herveldið á meginlandi Evrópu, bæði á sviði hefðbundinna vopna og kjarnavopna. Til þess að komið verði í veg fyrir óstöðugleika, sem kynni að skapast við slíkar aðstæður, er nauðsynlegt að ríki Norður-Ameríku axli áfram ákveðnar skuldbindingar í varnarsamstarfi við Evrópuríkin, en Atlantshafsbandalagið er hinn eini vettvangur sem treyst getur með árangursríkum hætti hin órofa bönd er tengja aðildarríkin yfir Atlantshafið.

Hvort telur hæstv. ráðherra að endi sé bundinn á sóknargetu Sovétmanna, eins og hann segir á einum stað, eða að þeir séu enn höfuðóvinurinn eins og segir á öðrum?

Hæstv. ráðherra er tíðrætt um tengingu öryggismála og viðskipta og segir að síðustu ár hafi þess gætt að viðskipta- og efnahagsmál séu í auknum mæli tekin að hafa áhrif á stefnumótun í öryggismálum. Hvað á ráðherrann við? Orðrétt segir á bls. 10: „Í samningum við bandamenn um aðgang að mörkuðum var einnig tekið tillit til lykilhlutverks Íslands í vörnum Vestur-Evrópu." Hvaða samninga er þarna átt við? Er hann e.t.v. að tala um viðskipti Íslands við Evrópubandalagið? En á bls. 11 segir: „Á hinn bóginn kynni Evrópubandalag, sem hefði varnarmál á stefnuskrá sinni, einnig að sjá sér hag í auknum samskiptum við Ísland í ljósi hernaðarlegs mikilvægis landsins, en slíkt kynni að greiða fyrir samningum um viðskipti Íslands og Evrópubandalagsins." Hvernig hafa þessi mál komið inn í samninga við Evrópubandalagið? Ég tel nauðsynlegt að hæstv. ráðherra varpi ljósi á þetta við þessa umræðu.

Hér eru einnig mótsagnir sem bera þess merki að hæstv. ráðherra veit ekki sitt rjúkandi ráð. Ég vitna enn í skýrslu ráðherrans: „Í varnarmálum hefur mikilvægi tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna aukist, en jafnframt er það Evrópubandalagið sem er orðið stærsti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur." Síðan segir enn fremur: „Misklíð milli fyrrum bandamanna vestan hafs [og þá er hann væntanlega að tala um Bandaríkin] og austan [og þá er hann væntanlega að tala um Evrópubandalagið] gæti haft varhugaverðar afleiðingar fyrir Ísland sem kynni að standa frammi fyrir afar erfiðu vali." Og síðan segir: „Hagsmunir í varnarsamstarfi við Bandaríkin og

viðskiptum við bandalag Evrópuríkja kynnu á hinn bóginn að togast á með óæskilegum hætti."

Hvað er hæstv. ráðherra að fara í þessu sambandi? Telur hann að viðskipti milli þjóða geti ekki farið fram með eðlilegum hætti nema þær séu saman í hernaðarbandalagi? Telur hann að ef svo fer sem horfir að NATO liðist í sundur og Evrópubandalagslöndin taki upp sameiginlega utanríkisstefnu án samvinnu við Bandaríkin muni viðskipti milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna stöðvast? Mér er eiginlega ómögulegt að skilja hvað ráðherrann er að fara í þessum kafla. Og enn þá síður skil ég hver óvinurinn er þá ef Evrópubandalaginu og Bandaríkjamönnum er stillt upp sem tveimur andstæðum öflum sem geta ekki haft samskipti sín á milli. Hvers vegna vaknar hjá ráðherranum sú spurning hvort tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna kunni ekki að vera enn þýðingarmeiri en áður? Hvernig samræmist þetta þeirri fullyrðingu að við kunnum að þurfa að standa frammi fyrir því að velja milli EB og Bandaríkjanna — og valið meira að segja talið afar erfitt? Ég skil það mjög vel. Þetta er alveg með ólíkindum. Hvað um viðskipti við Mið- og Austur-Evrópu og hvað með Austur-Asíu? Þetta þarfnast nánari skýringar.

Ekki virðist örla á þeirri hugsun að Ísland geti staðið utan við öll hernaðarbandalög eða að þau muni heyra sögunni til innan tíðar. Það virðist gengið út frá því að Ísland verði að kasta sér í fang annaðhvort Bandaríkjanna eða Evrópubandalagsins, um annað sé ekki að velja. Og hæstv. ráðherra tekur meira að segja fram að valið verði erfitt. Þarna lýsir hann Íslandi sem ósjálfstæðu peði í ólgusjó.

Þegar kemur svo að kaflanum um varnir Íslands er ekki hægt að sjá að neitt hafi breyst í friðarátt í heiminum. Sá kafli er á bls. 44 í skýrslu ráðherrans, en þar segir með leyfi forseta:

„Eftir sem áður verða tryggar land-, loft- og tundurduflavarnir nauðsynlegar til þess að tryggja íslenska varnar- og öryggishagsmuni og sjóflutningaleiðir yfir Atlantshafið.

Reglubundnar liðsaukaæfingar bandarískra varnarliðsins (ARICE) á Íslandi munu áfram vera forsenda þess að framkvæma megi varnaráætlanir fyrir Ísland á hættu- eða ófriðartímum."

Ég hélt að hættu- og ófriðartímar væru liðnir hjá í þessum heimshluta. Mig langar að vekja athygli á þessum reglubundnu liðsaukaæfingum og nú sakna ég hæstv. fjmrh. sem steig hér aðeins í ræðustól áðan þar sem ég hefði gjarnan viljað spyrja þá alþýðubandalagsmenn um þessar reglubundnu liðsaukaæfingar. Ég minni á að síðast þegar þær voru hér voru uppi miklar deilur. Það væri fróðlegt að vita hvað er ráðgert í þessum efnum og hvort búið sé að velja þjóðhátíðardag Íslendinga aftur fyrir þessar æfingar eins og gerð hefur verið. Sérstaklega langar mig til að vita hver hugur alþýðubandalagsmanna er til þessa máls en e.t.v. er ekki rétt að vera að trufla þá með miklum spurningum þar sem þeir eru nú búnir að afnema stefnuskrá sína þannig að þeir vita kannski ekki hvaða stefnu þeir hafa í þessu máli fremur en öðrum.

Í þessum kafla um varnir Íslands örlar ekki á sjálfstæðri varnarstefnu. Spurningin er hve stór þáttur af því viðhorfi sem þarna kemur fram er tengdur efnahagslegum áhrifum Bandaríkjahers hér á landi en þau eru auðvitað veruleg.

Ég hef allt aðra sýn til þessara mála. Ísland á að standa utan við öll hernaðarbandalög og önnur bandalög sem hefta viðskipti og önnur samskipti milli þjóða. Við eigum að vinna gegn hugarfari hermennskunnar og stefna að friðlýsingu Íslands án vígbúnaðar. Okkar verkefni er að uppræta hugarfar hermennskunnar í stað þess að ala á því eins og gert hefur verið hingað til af ráðandi öflum.

Það var mikið ánægjuefni þegar það fréttist að hæstv. utanrrh., studdur dyggilega af hæstv. forsrh., setti fram þá kröfu að takmörkun vígbúnaðar á höfunum væri tekin með í afvopnunarviðræðurnar og þær væru ekki einungis bundnar við landher. Atlantshafsbandalagið hefur neitað að taka undir þetta sjónarmið Íslendinga og eru það helst Sovétmenn sem styðja þá í þessari kröfu ef marka má það sem stendur í skýrslu utanrrh. Þó stendur á bls. 26, með leyfi forseta:

„Íslendingar eru ekki einir bandalagsríkja um þá afstöðu að nauðsynlegt sé að taka höfin inn í samningaviðræður, þegar afvopnunarsamningar um hefðbundin vopn hafa náðst."

Mig langar að spyrja ráðherrann hvaða bandalagsríki hafi stutt þessa kröfu okkar eins og þarna er sagt að þau hafi þó gert. Annars mun hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson gera frekari grein fyrir þessum þætti síðar í umræðunni.

Þrátt fyrir friðarhorfur í okkar heimshluta er ástandið mjög slæmt í öðrum hluta heimsins. Eftir innrás Íraka í Kúvæt hefur ástandið við Persaflóa verið þannig að jafnvel er búist við að upp úr sjóði á hverri stundu. Auðvitað vona allir að hægt verði að leysa vandann án þess að til frekari átaka þurfi að koma. Aðgerðir Sameinuðu þjóðanna virðast fremur lítinn árangur hafa borið enn þá. Við verðum að leggja okkar af mörkum til að forða hernaðarátökum. Það getum við gert m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég er hins vegar algjörlega á móti því að Ísland blandist inn í átök við Persaflóa eins og mér sýnist mega ráða af því sem kemur fram á bls. 41 í þessari skýrslu. Þar segir, með leyfi forseta: „Einnig hefur ýmiss konar herafli eyrnamerktur vörnum Atlantshafsbandalagsins verið sendur til Persaflóa." Hvað er þarna á ferðinni? Lítur NATO á sig sem einhvers konar alþjóðalögreglu? Er það stefna Íslands að fara með beinar hernaðaraðgerðir inn á þetta svæði? Er samstaða um þessa stefnu innan NATO? Þarna er farið inn á mjög hættulega braut.

Það eru hins vegar fleiri ríki en Írakar sem beita þjóðir vopnavaldi. Ísraelsmenn halda palestínsku þjóðinni undir hervaldi. Einnig þar eiga Íslendingar að beita sér. Hvað hefur hæstv. utanrrh. um þetta mál að segja í skýrslu sinni? Hann telur að ástandið sé óviðunandi og áhyggjuefni hvernig Ísraelsmenn hafa hagað sér. Lengra nær það nú ekki. Veit ráðherrann ekki

að ísraelskir hermenn hafa á þremur árum drepið um 900 óbreytta borgara, þar af yfir 160 börn, sært og limlest í kringum 100 þúsund manns? Veit ráðherrann að Ísraelsmenn hafa lagt í rúst allt palestínskt skólakerfi og vinna að því er virðist markvisst að því að útrýma palestínsku þjóðinni?

Hvað á ráðherrann við þegar hann segir að Arabar og Ísraelsmenn verði sjálfir að hafa forgöngu um að finna friðsamlega lausn á deilunni eins og hann kallar það? Og hvernig getur hann talað um að fólk undir hernámi sé deiluaðili? Telur hæstv. ráðherra ályktun Sameinuðu þjóðanna um friðarráðstefnu um Miðausturlönd einskis virði? Í ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 1989, nr. 44, um friðarráðstefnu í Miðausturlöndum, segir m.a., með leyfi forseta, þegar verið er að ræða um þessi mál:

„Kölluð verði saman alþjóðleg friðarráðstefna um Miðausturlönd með þátttöku allra deiluaðila, þar með talin frelsishreyfing Palestínu auk hinna fimm föstu meðlima öryggisráðsins." Og síðar: „Brottflutningur Ísraels frá landsvæðum í Palestínu sem hernumin voru 1967", einnig „að tryggt sé öryggi allra ríkja á svæðinu, þar með talin þau sem nefnd eru í ályktun nr. 181 frá 29. nóv. 1977, innan öruggra landamæra sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu, og leyst verði vandamál Palestínuflóttamanna í samræmi við ályktun allsherjarþingsins, nr. 194 frá 11. des. 1948, og síðari ályktanir þar um, og að rifnir verði niður bústaðir Ísraels á landsvæðum sem hernumin hafa verið síðan 1967."

Öll Norðurlöndin greiddu atkvæði með þessari ályktun. Er ráðherrann ekki sammála þessari ályktun? Ísland greiddi þó atkvæði með henni. Hve lengi ætlar Ísland að líða það sem á sér stað á herteknu svæðunum?

Í Morgunblaðinu þann 6. nóv. 1990 birtist frásögn af einu dæmi um það hvernig Ísraelsmenn beita hinum hrottalegustu aðferðum. Þar segir, með leyfi forseta: „Ísraelskir hermenn særðu 300 Palestínumenn á Gazasvæðinu um helgina, 20 þeirra lífshættulega, og skutu a.m.k. einn til bana. Eru það blóðugustu átök sem orðið hafa frá því mótmæli Araba gegn morðum á 18 Palestínumönnum á Musterishæðinni 8. okt. sl. hófust. Hermennirnir skutu plasthúðuðum stálkúlum á mótmælendur og táragasi. Enn fremur var táragassprengjum og grjóti sturtað yfir mannfjöldann úr herþyrlum báða dagana." Við Íslendingar getum ekki setið hjá og látið sem okkur komi þetta ekki við. Við höfum skyldum að gegna í þessum efnum. Við eigum að gera ríkisstjórn Ísraels ljóst að við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir þau mannréttindabrot sem framin eru á herteknu svæðunum. Hingað til hefur ríkisstjórn Íslands með óbeinum hætti lagt blessun sína yfir það sem þarna er að gerast.

Alþingi hefur látið til sín taka í þessu máli þó að af veikum mætti hafi verið. Þann 8. maí 1989 var samþykkt ályktun hér á Alþingi þar sem m.a. er mælst til þess að Ísland hafi vinsamleg samskipti við frelsissamtök Palestínumanna, PLO. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að framfylgja þessari ályktun? Ég tel eðlilegt að Ísland sláist í hóp þeirra ríkja sem viðurkenna rétt Palestínumanna til sjálfsákvörðunar og til ríkis síns þannig að við þurfum ekki að horfa lengur upp á það sem þarna er að gerast. Allir ættu að geta fallist á viðurkenningu Íslands á tilverurétti og sjálfstæði Palestínu og það sé ekki síður mikilvægt en stuðningur okkar við sjálfstæðisviðleitni annarra ríkja þó nær okkur séu.

Ísland er hluti af samfélagi þjóðanna og okkur ber að axla þá ábyrgð sem því fylgir. Gæðum jarðar er misskipt og réttlætið fótum troðið. Íslendingum ber að taka afstöðu á alþjóðavettvangi gegn misrétti og kúgun í hvaða mynd sem er. Ofnýting jarðargæða, skortur og offjölgun mannkyns kallar á nýjar lausnir. Bilið milli ríkra og fátækra vex og það eru konur og börn og hinir eignalausu og valdalausu sem þjást mest.

Framlag Íslands til þróunaraðstoðar hefur verið skammarlega lágt og enn hefur ríkisstjórnin ekki á prjónunum að bæta þar um. Það eina sem heyrst hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar er það sem forsrh. minntist á hér áðan, að stofna sérstakan sjóð og þá væntanlega með sérstökum skatti á þjóðina í þessu sambandi. Ef sú hugmynd verður að veruleika mun varla líða á löngu að farið verði að hirða þann markaða tekjustofn eins og af öðrum, t.d. af Þjóðarbókhlöðu, öldruðum, ferðaþjónustu og fleirum. Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir mun síðar í umræðunni gera þennan þátt að frekara umtalsefni.

Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. sem hann sagði hér áðan, hve mikilvæg umhverfismálin eru í alþjóðasamhengi. Ég get líka tekið undir það að mikilvægt er að gerður verði alþjóðasáttmáli um umhverfismál. Við megum samt ekki gleyma því að taka til í okkar eigin garði. Við megum ekki vera upptekin af að segja öðrum hvernig þeir eigi að bregðast við í umhverfismálum á sama tíma og við látum hjá líða að gera kröfur hérna heima. Það er áætluð umhverfismálaráðstefna í Brasilíu árið 1992 og mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. hvað líði undirbúningi fyrir ráðstefnuna og hvernig að þeim undirbúningi hafi verið staðið og hvernig ætlunin er að þátttaka Íslands verði í þeirri ráðstefnu.

Það eru fjölmargir þættir, virðulegi forseti, í þessari skýrslu sem hefði verið rétt að gera að umtalsefni, en ég ætla ekki að gera það að svo stöddu. Ég verð þó að fara örfáum orðum um utanríkisviðskipti okkar. Það er þó ekki langt síðan við ræddum þau hér í þinginu í tengslum við skýrslu utanrrh. um samningana milli EFTA og Evrópubandalagsins. Þá lýsti ég þeirri skoðun minni að þær samningaviðræður muni ekki tryggja hagsmuni okkar. Íslendingar eiga meira undir utanríkisviðskiptum komið en flestar aðrar þjóðir. Frjáls vöruviðskipti eru því þjóðinni hagkvæm og mikilvægt að geta stundað tollfrjálsa verslun með útflutningsafurðir. Um $^3/_4$ hlutar gjaldeyristeknanna eru fyrir sjávarafurðir. Miklar sveiflur hafa verið í útflutningi til einstakra heimshluta á þessari öld. Um tíma var mikið magn sjávarafurða flutt út til Banda-

ríkjanna og Austur-Evrópu, en að undanförnu hefur vægi markaða í löndum Evrópubandalagsins aukist mikið og nýir markaðir verið að opnast, m.a. í Japan.

Það er keppikefli fyrir Íslendinga að eiga tollfrjálsan aðgang fyrir afurðir sínar á öllum þessum mörkuðum. Af sögunni má læra að skynsamlegt er að binda sig ekki um of við eitt markaðssvæði heldur eiga möguleika sem víðast. Þannig styrkjum við stöðu okkar út á við og treystum efnahagslegt sjálfstæði. Gæta þarf þess að missa ekki þá fótfestu sem við höfum haft fyrir fiskafurðir á Bandaríkjamarkaði og víða, m.a. í Mið- og Austur-Evrópu, geta verið að opnast nýir markaðir.

Sérstaða Íslands sem fiskveiðiþjóðar veldur því að afar óskynsamlegt er að binda þjóðina einum markaði eða efnahagsbandalagi sem þrengt gæti svigrúm hennar í utanríkisviðskiptum. Þvert á móti þjónar það hagsmunum okkar að vera óháð í samskiptum út á við og leita sem bestra samskipta með beinum samningum við einstök ríki og markaðsheildir.

Þetta á við um samskipti Íslands við Evrópubandalagið sem farið hafa vaxandi og eru þjóðinni mikilvæg. Við Evrópubandalagið þurfa Íslendingar að ná hagstæðum viðskiptasamningum og gagnkvæmum samskiptum á öðrum sviðum, þar á meðal í rannsóknum, menntun og umhverfismálum. Við eigum eðlilega kröfu á hendur EB að veita okkur tollfrjálsan aðgang með fiskafurðir hliðstætt því sem við gerum með innflutning iðnaðarvarnings þaðan. Hitt ætti að vera jafnljóst að það getur ekki þjónað hagsmunum Íslendinga sem smáþjóðar að tengjast Evrópubandalaginu nánum böndum, hvað þá að ganga í bandalagið.

Við eigum að leggja áherslu á gott samstarf við aðrar þjóðir án þess að stefna efnahagslegu og menningarlegu sjálfstæði okkar í hættu. Við eigum að halda þétt utan um sjálfstæði okkar og fullveldi. Aðeins þannig getum við nýtt þá möguleika sem land okkar býr yfir.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í skýrslu utanrrh. er vikið að þeirri nýju heimsmynd sem blasir við á nær öllum sviðum alþjóðamála. Orsakir þessarar þróunar eru margvíslegar. Þær felast ekki aðeins í hruni kommúnismans í Austur-Evrópu og þeim fjölþættu lýðræðishreyfingum sem þar hafa komið fram. Þær felast ekki aðeins í því að tilvist hernaðarbandalaganna er nú á meiri brauðfótum en verið hefur frá því að til þeirra var stofnað, heldur felst hún einnig í því að æ fleiri skynja það að sameiginlegt öryggi heimsbyggðarinnar allrar felst í nýjum vinnubrögðum og viðhorfsbreytingu og lífsháttabreytingu jarðarbúa. Afleiðing iðnþróunarinnar og efnahagsþróunarinnar á undanförnum áratugum er sú að snemma á næstu öld geta áhrif eyðingar ósonlagsins og gróðurhúsaáhrifin verið orðin slík að fjölmenn svæði jarðarinnar, sem í dag eru blómlegar byggðir, verða óbyggileg. Þessi nýja sameiginlega öryggiskrafa um að vernda heimsbyggðina alla og forða henni frá þeim skaðvænlegu umhverfiseyðingaráhrifum sem við blasa er e.t.v. þegar til lengdar lætur sterkasta orsökin að því að um veröldina alla velta menn nú fyrir sér nýjum aðferðum og *nýjum leiðum til þess að treysta alþjóðlegt samstarf*, alþjóðlega samvinnu og sameiginlegt öryggi jarðarbúa allra.

Þessi þróun felur það í sér að í reynd er nauðsynlegt að endurskoða nær allar hugmyndir sem hafa verið ríkjandi í utanríkismálum á síðustu áratugum, sérstaklega í okkar heimshluta. Það er alveg ljóst að sú ógn sem var á sínum tíma orsökin að stofnun Atlantshafsbandalagsins er ekki lengur til staðar. Tök Sovétríkjanna á ríkjum Austur-Evrópu eru úr sögunni og reyndar er vafamál hvort Sovétríkin verði til í núverandi mynd sinni innan fáeinna ára. Eitt er víst að sameiginlegur herafli Austur-Evrópuríkjanna allra sem stefnt væri til innrásar í Vestur-Evrópu er ekki lengur til.

Þróun mála í kjölfar innrásarinnar í Kúvæt sýnir líka að stórveldin telja sig hafa beina hagsmuni af mjög náinni samvinnu sín á milli til að forða því að átök í einstökum heimshlutum stofni í hættu því nýja öryggiskerfi sem nú er verið að reyna að þróa. Það er líka ljóst að tæknikunnáttan til að smíða kjarnorkuvopn er nú orðin svo útbreidd að nú þegar gætu allmörg ríki til viðbótar þeim sjö sem hafa yfir kjarnorkuvopnum að ráða í dag komið sér þeim vopnum upp á mjög skömmum tíma. Auk hinna fimm hefðbundnu kjarnorkuvelda er ljóst að bæði Ísrael og Suður-Afríka hafa nú þegar yfir kjarnorkuvopnum að ráða. Lönd eins og Indland, Pakistan, Argentína og Brasilía gætu komið sér upp kjarnorkuvopnum á 1–2 mánuðum til 1–2 ára og allmörg ríki til viðbótar gætu á fimm ára tímabili bæst í hóp kjarnorkuveldanna. Þar með er auðvitað ljóst að sú gagnkvæma tryggingarkenning sem löngum var talin réttlæting fyrir hinum mikla kjarnorkuvopnabúnaði stórveldanna og kjarnorkuveldanna fimm er ekki lengur gild.

Það er athyglisvert að í nýútkominni ævisögu sinni rekur Ronald Reagan, fyrrv. Bandaríkjaforseti, þá hugmynd sína að í reynd hefði hann aldrei skilið grundvallarröksemdina í fælingarkenningu og kjarnorkuvígbúnaðaruppbyggingu Bandaríkjanna eða stórveldanna. Þess vegna hefði hann verið reiðubúinn á Reykjavíkurfundinum, fundi hans og Gorbatsjovs, að semja um útrýmingu allra kjarnorkuvopna í veröldinni.

Ég nefni þetta hér í upphafi vegna þess að allir þessir þættir hljóta nú þegar og á næstu árum að hafa afgerandi áhrif á umræður um utanríkismál hér á Íslandi og um þá stefnu sem Íslendingar hljóta að móta í utanríkismálum. Það er nú þegar orðið tímabært að viðurkenna að þær meginforsendur sem voru að baki stofnunar Atlantshafsbandalagsins á sínum tíma og samningsins milli Íslands og Bandaríkjanna um herstöðvar á Íslandi eru ekki lengur gildar. Það má vel vera að menn finni sér nýjar forsendur til að réttlæta áframhaldandi tilvist Atlantshafsbandalagsins og áframhaldandi tilvist erlendra herstöðva á Íslandi, ég skal ekkert um það segja hér og nú, en ljóst er að eldri

forsendurnar eru ekki lengur fyrir hendi.

Utanríkismálin hafa, eins og allir vita hér í þessum sal, skipt íslensku þjóðinni í andstæðar fylkingar. Ekkert hefur verið jafnhatrammt deilumál í þessum sal eða með þjóðinni allri í röska fjóra áratugi eins og deilurnar um utanríkisstefnuna. Þegar meginforsendur þeirra deilna eru úr sögunni er það auðvitað skylda okkar allra sem erum í þessum sal og reyndar þjóðarinnar allrar að hefja umræðu, sem er nú þegar orðin tímabær og nauðsynleg, um nýja utanríkisstefnu Íslendinga, nýja utanríkisstefnu sem yrði hornsteinninn í íslenskum stjórnmálum inn á næstu öld. Vonandi berum við gæfu til þess að móta þessa nýju utanríkisstefnu í slíkri samvinnu að Íslendingar geti innan tíðar orðið samferða þeim þjóðum þar sem mjög breið og sterk samstaða ríkir um utanríkisstefnuna.

Ég er þess vegna sannfærður um það að eitt af brýnustu verkefnum íslenskra stjórnmála á næstu missirum og árum er mótun þessarar nýju utanríkisstefnu, nýrrar utanríkisstefnu sem lýsir því hvernig við sem smáþjóð ætlum að skipa okkur í sveit þjóðanna þar sem hernaðarbandalögin hafa ekki lengur tilverugrundvöll og þar sem réttlæting erlendra herstöðva er úr sögunni. Slíkar spurningar um nýja utanríkisstefnu eru auðvitað erfitt viðfangsefni fyrir okkur öll vegna þess sem ég sagði áðan, að í fjörutíu ár hefur deilan um þá utanríkisstefnu sem nú heyrir fortíðinni til í reynd verið sterkasti krafturinn, sterkasta hreyfiaflið, í stjórnmálaumræðunni í landinu.

Það er ekkert eins erfitt í stjórnmálum eins og að hugsa nýja hugsun vegna þess að það eru svo miklir hagsmunir, það er svo mikil saga, það er svo mikill vani á bak við hina gömlu hugsun að þægilegast er að halda henni áfram þótt veröldin í kringum mann hafi breyst með þeim hætti að nánast er kjánalegt að orða þá hugsun með sama hætti nú og gert var áður.

Hrun kommúnismans í Austur-Evrópu, sú staðreynd að Varsjárbandalagið er ekki lengur til sem hernaðarbandalag, sú staðreynd að samvinna Sovétríkjanna og Bandaríkjanna er meiri en ágreiningur þeirra, sú staðreynd að í Evrópu leita menn nú að sameiginlegu öryggiskerfi Evrópu allrar, öryggiskerfi sem hlutlausu ríkin og bandalagsríkin eldri taki þátt í í sameiningu, allt þetta hlýtur að knýja á um það að við hér á Íslandi hefjum umræður milli stjórnmálaflokka, við almenning í landinu og hér innan þingsins um þær nýju forsendur sem við viljum leggja til grundvallar í utanríkisstefnu framtíðarinnar.

Ég er sammála því sjónarmiði sem fram kom hjá forsrh. hér áðan að Íslendingar hljóti að leita eftir viðræðum við Bandaríkin um brottför bandarísks herliðs af Íslandi. Slíkar viðræður eiga að mínum dómi hins vegar ekki aðeins að vera við Bandaríkin. Þær eiga að vera við ríkin öll í nágrenni okkar, þær eiga að fara fram innan ramma þess samstarfs sem er að þróast um öryggismál í Evrópu allri og þær eiga líka að tengjast þeirri þróun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem nú er í fyrsta sinn frá stríðslokum verið að gera virkt það öryggiskerfi sem skráð var inn í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Innan þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr hefur verið breið samstaða um það að krafan um afvopnun á höfunum hlyti að vera forgangskrafa Íslendinga í alþjóðamálum. Ég fagna því að í samstarfi okkar síðan ríkisstjórn var mynduð hér haustið 1988 hafa ríkisstjórnarflokkarnir allir lagt áherslu á þessa nýju kröfu Íslands á alþjóðavettvangi. Utanrrh. og forsrh. hafa fylgt fram þessari stefnu innan Atlantshafsbandalagsins þar sem hún hefur því miður ekki enn hlotið nægilegan hljómgrunn. Það er í sjálfu sér athyglisvert að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur það gerst í fyrsta sinn að Íslendingar hafa með virkum hætti beitt sér innan Atlantshafsbandalagsins til að knýja á um breytingar á þeirri vígbúnaðarstefnu sem þar er ríkjandi. Við höfum að vísu fengið hljómgrunn hjá einstaka ríkjum við þessa kröfu en öflugustu ríkin innan Atlantshafsbandalagsins hafa hingað til ekki viljað samþykkja að þetta yrði sett á oddinn. Krafa Íslands um viðræður við Bandaríkin, krafa Íslands um viðræður við önnur ríki í Norður-Evrópu um þróun öryggismála hlýtur að vera eðlilegt framhald af kröfu okkar innan Atlantshafsbandalagsins um afvopnun á höfunum. Við getum ekki unað því að á sama tíma og stórfelldasta afvopnun sögunnar á sér stað á meginlandi Evrópu haldi áfram hernaðaruppbyggingin í höfunum í kringum Ísland. Það er engin stjórnmálaleg, öryggisleg eða hernaðarleg forsenda fyrir því að sú uppbygging haldi áfram. Hún er líka hættuleg frá sjónarmiði umhverfisverndar.

Við vitum það öll hér í þessum sal að það hafa átt sér stað slík slys og slíkar bilanir hjá kjarnorkuknúnum kafbátum, skipum með kjarnorkuvopn, í höfunum í kringum Ísland að litlu hefur munað að það ógnaði efnahagslegu öryggi okkar.

Sú stefna Íslendinga sem utanrrh. flutti á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að krefjast alþjóðasamnings um umhverfismál, sérstaklega umhverfisverndun hafanna, á líkan hátt og gert var með hafréttarsáttmálann á sínum tíma, er líka rökrétt framhald af þessari kröfu.

Ég nefni þessi atriði hér í umræðum um skýrslu utanrrh. vegna þess að á undanförnum áratugum hefur það verið venja hér á Alþingi að þessi skýrsla kæmi á dagskrá seint á þinginu, hún væri hluti af þeim lokaverkum sem unnin væru í þingsölum, en hún væri ekki upphafið að nýjum verkum og nýrri umræðu. Ég vona að sú nýbreytni að flytja skýrsluna hér snemma á þingi verði til þess að menn noti nú þingtímann til að hefja þessa nýju umræðu sem við þurfum öll óhjákvæmilega að taka þátt í.

Innan fáeinna ára rennur út gildistími þess samnings sem gerður var um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og um útbreiðslu kjarnorkuvopna. Samningurinn, sem á ensku ber heitið The Non-Proliferation Treaty. Það er þessi samningur sem margir hafa talið að héldi í böndum útbreiðslu kjarnorkuvopnanna. Gildistími hans rennur út eftir fimm ár. Árið 1995 verða öll aðildarríki samningsins laus skuldbindinga. Þess vegna gæti hafist kapphlaup um útbreiðslu kjarnorkuvopna sem menn hafa ekki séð

eða gert sér í hugarlund að gæti átt sér stað.

Meginforsenda þess að hægt sé að varðveita þennan samning inn á næstu öld er að samið verði um allsherjarbann við öllum tilraunum með kjarnorkuvopn og á síðustu árum hefur smátt og smátt verið að vaxa fylgi þeirri kröfu að samningnum frá 1963, sem Kennedy og Krútsjov gerðu á sínum tíma og var fyrsti samningur stórveldanna um afvopnunarmál, verði breytt á þann veg að hann banni ekki aðeins tilraunir með kjarnorkuvopn í andrúmsloftinu eða tilraunir með kjarnorkuvopn neðan sjávar, heldur banni hann einnig tilraunir með kjarnorkuvopn neðan jarðar. Það var reyndar ætlun Kennedys og Krútsjovs í aðdraganda samningsgerðarinnar að samningurinn yrði á þann veg að hann bannaði allar tilraunir með kjarnorkuvopn. Sagan sýnir hins vegar að það voru hershöfðingjarnir, bæði í Bandaríkjunum og í Sovétríkjunum, sem komu í veg fyrir það að þessi stefna Kennedys og Krútsjovs næði fram að ganga og niðurstaðan var aðeins hluti af því sem þeir ætluðu sér í upphafi. Þeir gengu þó þannig frá samningnum undir forustu Averells Harrimans, sem var samningamaður Kennedys, að gert var ráð fyrir að hægt væri að breyta samningnum síðar meir og gera hann að allsherjarsamningi sem bannaði allar tilraunir með kjarnorkuvopn.

Nú hafa yfir 40 þjóðir lagt fram formlega breytingartillögu við þennan samning í samræmi við upphafleg ákvæði hans. Og í janúarmánuði á næsta ári fer fram í New York formleg samningaráðstefna allra aðildarríkja þessa samnings þar sem tekin verður afstaða til þess hvort þjóðir heims vilja breyta honum á þann veg að allar tilraunir með kjarnorkuvopn verði bannaðar. Ísland er aðildarríki að þessum samningi og það er mjög mikilvægt að á ráðstefnunni og samningafundunum í janúar komi það skýrt fram að það sé stefna Íslands að allar tilraunir með kjarnorkuvopn séu bannaðar.

Það er einnig rétt að geta þess hér að þær þjóðir sem gætu eignast kjarnorkuvopn innan skamms tíma, t.d. Indland, Pakistan, Brasilía og Argentína, hafa nær allar lýst því yfir að þær væru tilbúnar að gerast aðildarríki að samningnum sem bannar útbreiðslu kjarnorkuvopna, The Non-Proliferation Treaty, ef samningnum frá 1963 verður breytt í samning sem bannar allar tilraunir með kjarnorkuvopn. Þannig hafa menn núna formlegan möguleika á næstu missirum til þess að koma í veg fyrir að það öryggiskerfi sem bannar útbreiðslu kjarnorkuvopna leysist upp eftir fimm ár þegar samningurinn The Non-Proliferation-Treaty rennur út.

Á síðustu mánuðum hefur það gerst, eins og ég vék að áðan, að það öryggiskerfi sem höfundar samningsins um hinar Sameinuðu þjóðir höfðu í huga hefur loksins farið að virka. Það er mjög ánægjulegt að ríkisstjórn Íslands og Alþingi hafa eindregið verið þeirrar skoðunar að Íslendingar ættu að styðja af alefli þær ályktanir sem gerðar hafa verið í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og þær aðgerðir sem aðalritari Sameinuðu þjóðanna hefur beitt sér fyrir á grundvelli samþykktar öryggisráðsins.

Það öryggiskerfi sem sett var upp í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar gerði ráð fyrir því að sameiginlegur herafli hinna Sameinuðu þjóða yrði undir stjórn hernefndar sem fyrst og fremst bæri ábyrgð gagnvart yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðinu. Kalda stríðið kom í veg fyrir það að þetta öryggiskerfi gæti virkað. Nú stöndum við hins vegar frammi fyrir þessu: Eru þjóðir heims reiðubúnar að leggja fram fjármuni til að byggja þetta öryggiskerfi upp, *fjármagna öryggissveitir Sameinuðu þjóðanna, fjármagna* þann búnað og þá aðstöðu sem þarf til þess að slíkar öryggissveitir geti gegnt hlutverki sínu í öllum hlutum heims? Þar hljótum við Íslendingar þess vegna að standa frammi fyrir þessu: Erum við reiðubúnir að leggja fram fjármuni til að standa, þó að í litlu sé, straum af kostnaðinum við hið nýja öryggiskerfi Sameinuðu þjóðanna, friðargæslusveitirnar og öryggissveitirnar sem þar þarf að þróa og gera fjölmennari, öflugri og sterkari á næstu missirum og árum? Ég segi það hiklaust hér að ég tel bæði rétt og óhjákvæmilegt að Íslendingar sýni stuðning sinn við hið nýja öryggiskerfi Sameinuðu þjóðanna með því að vera reiðubúnir að leggja fram verulegt fé til að standa undir kostnaðinum við slíkar öryggisveitir.

Á næstu vikum mun koma saman forustusveit leiðtoga Evrópu til að ræða hið nýja öryggiskerfi í Evrópu. Eins og hér hefur komið fram hefur Ísland tekið mjög virkan þátt í þessari þróun. Og ég vil eindregið lýsa þeirri skoðun hér að ég tel mjög mikilvægt að Ísland verði fullgildur aðili að því nýja öryggiskerfi sem þróað verður sameiginlega á grundvelli þeirra viðræðna. Á þann hátt gætum við lagt í senn grundvöll að víðtækri samstöðu hér innan lands um öryggis- og utanríkisstefnu framtíðarinnar og jafnframt tekið þátt í því að í Evrópu allri verði tímabili hernaðarbandalaganna og erlendra herstöðva lokið og í staðinn komi samstaða, skipulögð og sterk, sem fest er formlega í sessi í nýju öryggiskerfi.

Allt það sem ég hef hér sagt felur það í sér að nú þegar er nauðsynlegt að hefja umræður um það með hvaða hætti bandarískri herinn fer af Íslandi og ég orða það nákvæmlega á þennan hátt, ekki hvort hann fer, heldur með hvaða hætti hann fer því það liggur í hlutarins eðli, í öllu því sem hér hefur verið fagnað og lýst yfir stuðningi við í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar í dag, að tími erlendra herstöðva á Íslandi er senn liðinn.

Ég hef lagt það til innan ríkisstjórnarinnar að skipuð yrði nefnd fulltrúa allra flokka sem hæfi umræður um það með hvaða hætti undirbúningur að brottför bandarísks hers á Íslandi væri skipulagður, hvað ætti að gera við þau mannvirki sem þar eru, í hvaða áföngum það ætti að gerast og hvernig eftirliti með vígbúnaðinum í höfunum í kringum Ísland verður háttað. (**ÞP:** Hvaða afstöðu tók ríkisstjórnin?) Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til þessarar hugmyndar, enda hefur ekki verið knúið á um það, virðulegur 1. þm. Suðurl., vegna þess að þessi tillaga er ekki sett fram til þess að knýja á um einhverja afstöðu í ein-

hverri skyndingu. Þetta er hugmynd sem er sett fram í því skyni að leiða öllum fyrir sjónir og fá fram víðtæka samstöðu um það sem verður að takast á við, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Ég held einmitt að sú vinna sem þarf að fara fram að mótun nýrrar utanríkisstefnu á Íslandi og ég vék að hér í upphafi megi ekki vera í þeim anda að menn knýi strax á um það að fá svör við því sem lagt er fram. Sú vinna á kannski fyrst og fremst að felast í því að spyrja spurninga og leita sameiginlega eftir svörunum eða ná samstöðu um það hvaða spurningar eru mikilvægastar. (**ÞP:** En hvað sagði utanrrh.?) Eins og hv. 1. þm. Suðurl. veit er það nú ekki venja að rekja hér í þingsölum einstakar umræður á ríkisstjórnarfundum. Ég hef hins vegar átt ágæta samvinnu við hinn virðulega utanrrh. um mjög margt í þróun þeirra nýju hugmynda sem við erum báðir sammála um að þarf að bregðast við vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í heiminum.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur sagt með réttu: „Stjórnkerfi kommúnismans í Austur-Evrópu er hrunið.“ Hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur sagt: „Herinn er hér til að verja Ísland árás hinna kommúnistísku ríkja.“ En ef þau eru hrunin, hin kommúnistísku ríki, til hvers er þá herinn? Til varnar gagnvart einhverju sem er ekki lengur til? Er það þannig, hv. þm. Þorsteinn Pálsson? Eða er það þannig að sumum gengur erfiðlega að átta sig á því að hún gamla Grýla er dauð? — Hún er bara dauð. Er það kannski þannig að sumir vilja áfram hafa sína gömlu þulu vegna þess að þeir vilji lifa áfram í sinni barnatrú? Það er auðvitað skýrast í hverri barnatrú að vita hvar hinn vondi er, en þegar mönnum er sýnt fram á að hann er ekki lengur til er tími til kominn fyrir menn að átta sig á því að barnaárin og æskan eru að baki og þeir eru orðnir fullorðnir menn. Mér finnst þessi frammíköll hv. þm. Þorsteins Pálssonar gefa það til kynna að hann sé enn þá á gelgjuskeiðinu í þessum efnum. Vonandi færist hann nú af því stigi og getur tekið þátt í umræðum með okkur hinum sem þurfa að fara fram, með hvaða hætti Íslendingar skipuleggja brottför bandaríska hersins af Íslandi því að það er verkefni næstu ára.

Bandaríska þingið mun ekki vilja fjármagna dýrar herstöðvar á Íslandi, dýrar framkvæmdir á Íslandi, vegna einhvers óvinar sem bandaríska þingið er sannfært um að sé ekki lengur til eða virkur. Ætlar hv. þm. Þorsteinn Pálsson að bíða eftir því að bandaríska þingið fari að hugsa fyrir hann? Auðvitað ekki. Auðvitað vill hann eins og við hin hugsa sjálfur.

Það hefur verið hér mikill titringur af hálfu Sjálfstfl. í þingsölum í hálft annað ár út af varaflugvelli. Þeir vildu endilega fá hérna varaflugvöll, kostaðan af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, voru síðast að reyna að knýja á um það núna í prófkjörsslag Sjálfstfl. í Reykjavík. Eru menn búnir að gleyma því að það kom í útvarpinu kl. 8, í morgunfréttunum, fyrir nokkrum mánuðum síðan að Bandaríkjamenn væru bara hættir við þennan varaflugvöll, þeir væru bara hættir? Það hefur tekið Sjálfstfl. hálft ár að átta sig á því að Bandaríkjamenn séu bara hættir við þennan varaflugvöll. Þeir eru enn að spyrja um þetta hér á Alþingi og í blöðunum. Vilja þeir að þetta verði eins með herinn, að þeir heyri bara í morgunfréttunum einn góðan veðurdag kl. 8 að Bandaríkjamenn séu búnir að ákveða að fara bara í burtu með hann, eins og þeir hafa farið með herinn sinn burt úr mörgum löndum og hafa lýst sig reiðubúna til þess fyrir skömmu síðan að flytja allan sinn her frá Filippseyjum og hefðu það nú einhvern tíma þótt tíðindi að Bandaríkin væru reiðubúin að flytja allan sinn her í burtu frá Filippseyjum.

Við viljum hafa hér sjálfstæða nýja íslenska utanríkisstefnu. Hún felst í því að við tökum frumkvæðið í því að hugsa nýja hugsun. Við mótum okkar eigin stefnu en bíðum ekki eftir því að einhverjir aðrir ákveði hvað eigi að gerast. Og ástæðan fyrir því að þetta er mjög brýnt er auðvitað sú að herstöðin á Suðurnesjum hefur verið veigamikill þáttur í atvinnulífinu á Suðurnesjum. Það tekur tíma að byggja upp þá þætti í atvinnulífi á Suðurnesjum sem þurfa óhjákvæmilega að taka við þeim mannafla sem á vinnumarkaðinn kemur þegar — ég segi ekki ef, heldur þegar — bandarískri herinn hverfur á brott frá Íslandi í sinni núverandi mynd, allur eða að mestum hluta.

Ég ítreka þess vegna það sem ég sagði áðan, að sú hugmynd forsrh. að Íslendingar óski eftir viðræðum við Bandaríkin um framtíð herstöðvarinnar á Íslandi er mjög mikilvæg og það er nauðsynlegt að menn ræði hana í fullri alvöru og ég bæti við, eins og ég hef gert hér áður, þeirri hugmynd að fulltrúar allra flokka myndi nefnd sem hefji þegar umræður um það með hvaða hætti Íslendingar vilja taka á þeim verkefnum sem blasa við vegna samdráttarins í herafla Bandaríkjanna og hugsanlegrar brottfarar bandarískra hersins af Íslandi, og einnig hér innan þingsins og úti í þjóðfélaginu hefjist víðtæk umræða um þá nýju utanríkisstefnu sem við þurfum að móta vegna breyttra aðstæðna í heiminum og leggja til grundvallar í afstöðu Íslendinga á nýrri öld.

Virðulegi forseti. Hér hefur nokkuð verið vikið að þróunaraðstoð Íslendinga. Við vitum það öll að hún hefur verið feimnismál. Framlag okkar til hinna vanþróuðu ríkja hefur verið svo lítið að við höfum helst viljað forðast það að menn nefndu það á alþjóðlegum vettvangi. Sú hugmynd hefur komið fram að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu utan við almennt kjör á fulltrúum til þings þar sem þjóðin væri spurð um það hvort hún væri sammála því að hver maður legði fram tiltekna upphæð í sérstakan sjóð sem varið væri til þess að efla aðstoð Íslands við hin vanþróuðu lönd. Þessi hugmynd er góð og ég tel að áður en þinginu lýkur í vor eigi þingið að taka afstöðu til hennar. Það eigi að móta tillögu um stofnun sérstaks sjóðs sem fengi beinar tekjur frá almenningi í landinu og þeim tekjum væri síðan ráðstafað í samvinnu þróunarstofnana hér innan lands, Hjálparstofnunar kirkjunnar, Þróunarsamvinnustofnunar, Rauða krossins og annarra stofnana sem sinna þróunarmálum. Þessar tekjur kæmu ekki inn í ríkissjóð, þeim yrði haldið algjörlega utan

við það fjárstreymi sem inn í ríkissjóð fer, heldur rynnu þær beint í þennan þróunarverkefnasjóð og væru aðferð Íslendinga til að geta með reisn, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem þjóðir heims koma saman, vísað til framlags okkar til hins fátæka heims.

Ég tel líka nauðsynlegt að fram fari endurskoðun á þeim áherslum sem eru í þróunaraðstoð Íslendinga. Ég held að við verðum að horfast í augu við það að margt af því sem þar hefur verið gert hefur ekki skilað nægilega góðum árangri. Það hefur ekki verið nægilega markvisst unnið að þeim verkefnum og nauðsynlegt er að endurskoða sérstaklega þær áherslur sem þar eiga að ríkja á næstu árum.

Ég er sannfærður um það eftir viðtöl mín við fjölmarga fulltrúa ríkja þriðja heimsins að Íslendingar eiga mikla möguleika til að byggja upp þróunaraðstoð á sviði sjávarútvegs. Og það vill svo til að sú þróunaraðstoð getur líka orðið okkur sjálfum tekjuauki. Hún getur beinlínis orðið gjaldeyrisskapandi fyrir þjóðina sjálfa þegar til lengdar lætur. Fjölmargir fulltrúar ríkja í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku hafa áhuga á að stofna með Íslendingum fyrirtæki um þróun sjávarútvegs þar sem Íslendingar láta í té eða selja tæknikunnáttu og tæki og láta jafnvel í té skip sem annast veiðar og kennslu fyrir sjómenn þessara ríkja.

Ein af þeim hugmyndum sem ég vil varpa hér fram er að Íslendingar kanni möguleikana á því að hluti íslenska fiskiskipaflotans fari til veiða undan ströndum Asíu og Afríku. Gerðir verði samningar við lönd eins og t.d. Indland um veiðar íslenskra skipa í indverskri landhelgi vegna þess að þar eru stofnar sjávardýra, t.d. rækju sem Indverjar nýta ekki en er dýr vara á mörkuðum í Vestur-Evrópu og í Japan sem Íslendingar með sínu þróaða markaðskerfi gætu komið í verð og þannig fengið stórfelldar tekjur af slíkum viðskiptum jafnhliða því sem hluti íslenska fiskiskipaflotans og togaraflotans yrði nýttur með árangursríkum hætti. Ýmsar aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu eru að hugsa um að fara inn á þessa braut. Ástæðan er sú að undan ströndum Asíu eru mjög stór og nánast ekki bara vannýtt fiskimið heldur fiskimið sem ekki eru nýtt að neinu leyti. Þjóðirnar sem þar búa hafa hvorki tæki, kunnáttu né fjármagn til að nýta þau. Þannig væri ekki verið að ganga á fiskstofna sem þessar þjóðir nýta, heldur þvert á móti verið að skapa þeim sjálfum gjaldeyristekjur með því að greiða annaðhvort fyrir það að veiða þar, fast gjald sem miðað væri við afla, eða þá að í staðinn kæmu leiðbeiningar og kennsla sjómanna og þróun fiskiskipaflota og vinnslustöðva í þessum ríkjum.

Ég teldi mjög athyglisvert ef stjórnvöld og fulltrúar sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi mynduðu sameiginlega nefnd sem hefði það verkefni að kanna í alvöru möguleikana á því að Íslendingar gerðu slíka fiskveiði- og þróunarsamninga við lönd í fjarlægum heimsálfum. Ástæðan fyrir því að við höfum kannski meiri möguleika til að gera slíka samninga en aðrar þjóðir er að við erum lítil þjóð og það óttast okkur enginn. Það er nefnilega mikill kostur í nútímanum að vera smáir og fáir vegna þess að slík þjóð ber ekki með sér neinn annarlegan farangur sem skapar ótta hjá þeim ríkjum sem hún á viðskipti við. Og vegna þess að við njótum virðingar sem lýðræðisríki, við höfum náð sterkri efnahagslegri stöðu og erum fremstir meðal þjóða í nútímasjávarútvegi standa okkur mjög margar dyr opnar á þessu sviði. Þess vegna eigum við að geta tvinnað saman þróunaraðstoð annars vegar og gjaldeyrissköpun og hagvöxt fyrir okkur sjálfa hins vegar.

Virðulegi forseti. Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að víkja að ýmsum af þeim þáttum sem hér hafa verið nefndir og greina frá nokkru af því sem við teljum vera mikilvægast á sviði íslenskra utanríkismála á næstu árum.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Þær stórstígu breytingar sem átt hafa sér stað í Evrópu sl. mánuði hafa kallað á breytingar um allan heim. Kommúnisminn eða ríkissósíalisminn sem milljónir manna bundu vonir við um miðja öldina og fyrr er hruninn. Það er nú öllum ljóst að þetta hugmyndakerfi Marx og Lenins stenst ekki. Það að harðstjórar kerfisins hafa hvarvetna hneppt þjóðir sínar í ánauð kerfisins, drepið niður frjálsa hugsun, kúgað þjóðir sínar.

Í áratugi hafði kommúnismi Ráðstjórnarríkjanna mikil áhrif á stjórnmál hér á landi og er nú fróðlegt að fletta gömlum og tiltölulega nýjum eintökum af Þjóðviljanum. Þar má sjá hve trúin, sannfæringin um ágæti Sovétkerfisins, var sterk hjá þeim sem á sínum tíma skrifuðu það blað. Kalda stríðið, afkvæmi útþenslustefnu kommúnismans, sem á sínum tíma hertók nokkur Evrópuríki setti svip á alla umræðu um utanríkismál.

Íslendingar, góðu heilli, gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Sú ákvörðun kostaði átök og deilur sem mörkuðu íslensk stjórnmál í áratugi. Átökin um veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu og veru varnarliðsins hér eru nú að baki. Það er hins vegar skringilegt og jafnvel broslegt þegar horft er á stöðu mála í dag og gerður samanburður við nokkur undanfarin ár að á sínum tíma var mönnum skipt í vinstri og hægri menn eftir því hvort þeir voru með vestrænni samvinnu eða á móti.

Hrun kommúnismans hefur á örfáum missirum breytt stjórnmálum um alla Evrópu. Kommúnistaflokkar Vestur-Evrópu eru horfnir eða eru að gufa upp líkt og arftaki íslenska Kommúnistaflokksins sem á sér fáa formælendur og sér nú þessa dagana á eftir sínum bestu mönnum til starfa á heilbrigðari vettvangi, vettvangi framtíðarinnar.

Skýrsla utanrrh. greinir í ítarlegu máli frá umbyltingu sem átt hefur sér stað í alþjóðamálum. Það er ánægjuefni mikið að Sameinuðu þjóðunum hefur við þessar breytingar vaxið ásmegin. Það var hugsjón þeirra er stofnuðu bandalag hinna Sameinuðu þjóða að innan þeirra færu fram umræður og skoðanaskipti sem kæmu í veg fyrir hörmungar stríðsátaka og villimennsku. Styrkur Sameinuðu þjóðanna mun í fram-

tíðinni mótast mjög af þeim viðfangsefnum sem fram undan eru, einkum ef þeim tekst að halda forustunni sem þær hafa tekið í Persaflóadeilunni. Jafnframt er eðlilegt að Vestur-Evrópuríki sem mynda Atlantshafsbandalagið efli frumkvæði sitt eftir megni. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, sem 34 ríki mynda, mun vafalaust gegna þýðingarmiklu hlutverki í næstu framtíð.

Ljóst er að Atlantshafsbandalagið er að breytast og mun taka miklum breytingum í næstu framtíð. Eins og fram kemur í skýrslunni hefur styrkur og sjálfstæði Evrópu gagnvart Bandaríkjunum og Kanada aukist mjög. Svo gæti farið að samkeppni Evrópulanda við Bandaríkin og Kanada á viðskiptasviðinu hefði í för með sér nokkra tortryggni milli aðila. Íslendingar gætu þegar svo er komið lent í nokkrum vanda sem ástæða er til að hugleiða. Ég legg áherslu á að Íslendingar missi ekki sjónar á vinsamlegum samskiptum okkar við Bandaríkin og Kanada. Þá vináttu þarf enn að styrkja og efla. Vænti ég þess að þrátt fyrir eða jafnframt þátttöku í því að breyta Atlantshafsbandalaginu í takt við umbyltinguna í Evrópu leggi Íslendingar ríka áherslu á styrk samskipti við vinaþjóðir okkar í vestri.

Það var sagt hér áðan að óvinaímyndin væri horfin að fullu. Fulltrúi Kvennalistans talaði af mikilli vandlætingu um það að í skýrslunni er bent á gífurlegan herstyrk Sovétríkjanna. Ég er algerlega ósammála þeim sem boða andvaraleysi í varnarmálum. Ekki þarf annað að gerast austur í Sovét en að Rauði herinn geri byltingu. Það er allt mögulegt í þeim efnum. Þá væri líklegt að rússneski björninn sýndi varnarlausum ríkjum klærnar.

Það er athyglisvert að eitt helsta fréttaefni fjölmiðla úr skýrslu utanrrh. voru fjármál Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í skýrslunni kemur fram að fjárhagur þessarar nýju og glæsilegu flugstöðvar er mjög erfiður. Greiðsluhalli miðað við 31. júlí 1990 er rúmar 226 millj. kr. Þessi tala er auðvitað rétt en segja má að þetta sé spurning um bókhaldslegar tilfærslur. Mér er kunnugt um að allt frá því að núv. fjmrh. tók við hefur óskum utanrrn. og tillögum um fjárhagsmál stöðvarinnar verið hafnað eða einfaldlega ekki sinnt. Sýnist mér það gert gagngert til að koma neikvæðri mynd af flugstöðinni á framfæri. Ekki má gleyma því að Alþb. var mjög andvígt byggingu stöðvarinnar og ekki vafi á því að afstaða þess seinkaði mjög samningum um byggingu hennar á sínum tíma. Ég vek athygli á því að rekstri stöðvarinnar er skipt í tvö fyrirtæki, Flugmálastjórn og flugstöð. Flugmálastjórn skilar ríkissjóði á þessu ári 38 millj. í tekjur. Ekkert vit er í öðru en að hafa þetta eitt fyrirtæki, enda sama starfsfólkið og sama umsetning í báðum tilvikum.

Þá vek ég athygli á því að verslunarrekstur í flugstöðinni skilar gífurlegum tekjum í ríkissjóð. Fríhöfnin skilar í ár 270 millj. í ríkissjóð auk annarra tekna sem fyrirtæki í flugstöðinni skila ríkissjóði. Tekjur Fríhafnar jukust verulega með tilkomu nýrrar flugstöðvar. Aðrar tekjur ríkisins hafa vafalaust einnig aukist mikið. Hvergi þar sem ég þekki til tíðkast það fyrirkomulag sem hér ríkir, t.d. er Kastrup-flugvöllur í Danmörku rekinn þannig að allar tekjur sem verða til í þeirri flugstöð fara til reksturs flugstöðvarinnar. Þar gefur fríhöfnin af sér miklar tekjur. Allt þetta fjármagn fer til uppbyggingar á Kastrup-flugvelli og ferðaþjónustu tengdri flugvellinum. Ég tel að sami háttur eigi að vera hér á landi. Væri það gert sýndi Flugstöð Leifs Eiríkssonar verulegan tekjuafgang og miklar fjárhæðir fengjust til uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Minni ég á að gera þarf þar syðra verulegar úrbætur til að unnt verði að flytja innanlandsflug til Keflavíkurflugvallar og reka það þaðan. Það er margur sem látið hefur í ljós undrun á því að þessi aðstaða skuli ekki vera fyrir hendi. Því er til að svara að hvergi tíðkast það að hafa utan- og innanlandsflug í sömu byggingu. Það þarf vegna tollafgreiðslu og fleira að vera aðskilið. Það hefur að vísu tekist með hvers konar tilfæringum að koma málum þannig fyrir að unnt er að stunda innanlandsflug með aðstöðu í flugstöðinni en það er ekki til frambúðar. Við hlið flugstöðvarinnar er lóð sem ætluð er til byggingaraðstöðu fyrir innanlandsflug. Vonandi verður bráðum byggt á lóðinni svo aðstaða fáist til þess að flytja innanlandsflugið suður á Keflavíkurflugvöll.

Hvað varðar greiðsluhalla flugstöðvarinnar er hann tilkominn vegna blekkjandi bókhalds. Flugstöðin sem slík og rekstur sem þar á sér stað skilar margfalt meiru en gefið er í skyn. Þá er líka rétt að fram komi að ríkissjóður makar krókinn af farþega- og eldsneytisgjöldum sem verða til vegna flugstöðvarinnar. Mér er kunnugt um það að yfirstjórn flugstöðvarinnar hefur í samráði við Fjárlaga- og hagsýslustofnun gert tillögur um breytingar sem hefðu í för með sér mikla tekjuaukningu en á þær hefur fjmrn. ekki hlustað. Rétt er að vekja athygli á því að árið 1992 fellir Evrópubandalagið niður tolla af flestu eða öllu sem selt er í fríhöfnum í Evrópu. Er talið að vegna þess þurfi flugvellir þar að hækka lendingargjöld um 25% til að mæta því tekjutapi sem á sér stað þegar flugvellirnir hætta að fá þær gríðarlegu tekjur sem þeir í dag fá af fríhafnarrekstri.

Í töflu yfir fjölda íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu kemur fram að 31. ágúst verða þar 1175 manns og á sl. ári hafa starfað þar 1099 manns. Í skýringu kemur fram að aukningin er vegna sumarleyfisráðninga. Staðreyndin er sú að fastráðnu starfsfólki hjá varnarliðinu hefur fækkað um 75 manns. Er það tilkomið vegna ákvörðunar Bandaríkjaþings um sparnað í varnarmálum. Þann 22. jan. sl. var tilkynnt um algert bann við nýráðningu starfsmanna. Þrátt fyrir það hefur enginn samdráttur átt sér stað í verkefnum hjá varnarliðinu og hefur því fækkun starfa komið niður á því starfsfólki sem þar er fyrir. Verkalýðsfélögin og starfsfólkið sjálft hafa harðlega mótmælt þessum vinnubrögðum. Veit ég að utanrrn. hefur einnig mótmælt þessu því að þessi sparnaður kemur mjög harkalega niður á fólki auk þess sem atvinnutækifæri tapast á meðan fjöldi manns er atvinnulaus á Suðurnesjum. Þessi ráðstöfun kallar á vangaveltur um

það hvaða hlutverk herstöðinni er ætlað á næstu árum. Mér hefur verið tjáð að Bandaríkjamenn telji varnarstöðina eina af tíu þýðingarmestu varnarstöðvum sínum og Atlantshafsbandalagsins. Sé farið rétt með er ástæða til að ætla að þrátt fyrir niðurskurð og lokun 150 bandarískra herstöðva víða um heim, sem gerst hefur á undanförnum mánuðum vegna breytinganna í Evrópu, verði varnarstöðin hér rekin um ókomin ár. Hitt er víst að almennur sparnaður í starfsmannahaldi varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna kemur fram í auknu álagi á íslenskt verkafólk. Slík ráðstöfun mun enda með sprengingu sem hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Í skýrslu utanrrh. er lítið fjallað um málefni Evrópubandalagsins. Það eru rök fyrir því vegna þess að ráðherra lagði fram sérstaka skýrslu um þau mál og fór fram sérstök umræða um Evrópubandalagið hér í Sþ. Þá er starfandi sérstök Evrópunefnd sem er, eins og segir í þáltill. þeirri er nefndin byggir á, ætlað að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað. Síðan segir í þál.: „Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir 1. apríl 1990."

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að í utanrmn. eru þessi mál einnig mikið rædd. Utanrmn. er að mínu mati réttur vettvangur umræðu um þessi mál. Ástæðulaust er með öllu að hafa umræðuna í tveimur hólfum. Það er líka athyglisvert að flestir þeir sem eru í utanrmn. eru líka í Evrópunefndinni. Samkvæmt fyrrgreindri þál. er hlutverki nefndarinnar í raun lokið eða hefði átt að ljúka 1. apríl sl. Ég er þeirrar skoðunar að leggja beri Evrópunefndina niður og fela utanrmn. að fjalla um öll Evrópubandalagsmál. Ástæða er líka til að spyrja utanrrh. eða þá forseta þingsins hvaða útgjöld hafa verið af nefndinni nú í ár og hvernig þeim útgjöldum var varið.

Í V. kafla skýrslunnar er fjallað um svæðisbundin deilumál. Þar er eðlilega fyrst fjallað um hina hrottalegu árás Íraka á Kúvæt. Þar eru líka tilgreindar tíu ályktanir öryggisráðsins sem frá 10. ágúst sl. hafa verið samþykktar. *Ég tel nauðsynlegt að íslenska þjóðin* standi fast að baki þeim ályktunum og að innrás Íraka í Kúvæt verði brotin á bak aftur. Ef það verður ekki gert er eins víst að drottnunargirni Íraka muni halda áfram og verða öðrum sem fordæmi um að sá sterki og voldugi geti í friði stigið ofan á þá smáu, kúgað og eytt smáríkjum. Þessa stefnu okkar Íslendinga á ekki að binda við einstaka atburði. Við verðum að vera sjálfum okkur samkvæmir og berjast hvarvetna *gegn valdbeitingu og árásargirni.*

Í skýrslunni er örfáum línum, svona í framhjáhlaupi, eytt í ástandið í Ísrael og Palestínu og þykir mér það heldur smátt. Sannleikurinn er sá að alveg frá 1948 hefur öryggisráðið verið að fordæma þá villimennsku sem ráðamenn í Ísrael hafa beitt Araba. Samtals hefur öryggisráðið samþykkt 27 ályktanir þar sem Ísrael er fordæmt, krafið skýringa eða skorað á það að láta af hernaðaraðgerðum.

Árið 1970 gerðist hliðstæður atburður og árás Íraka á Kúvæt. Þá réðist Ísrael á Líbanon og óð yfir land þeirra. Þá samþykkti öryggisráðið að fordæma stórfellda og þaulhugsaða árás Ísraels á Líbanon sem brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna og varaði við frekari aðgerðum öryggisráðsins ef slíkir atburðir endurtækju sig. Það gerðist hins vegar ekki neitt. Ísrael fékk í friði að myrða nágranna sína, eyða híbýlum fólksins, eyðileggja þorp og borgir og standa að óhugnanlegum fjöldamorðum. Það hefði líka mátt minnast á það að á sl. þrem árum hefur Ísraelsríki drepið um 900 óbreytta borgara, þar af eru 160 börn, sært um 90 þús. manns og valdið fötlun 6–7 þús. manna, lagt í rúst allt palestínskt skólakerfi, gert upptækt yfir 50% af landinu á herteknu svæðunum, haft í haldi yfir 50 þús. manns, þar af þúsundir án dóms og laga, rekið þúsundir í útlegð, jafnað hundruð heimila við jörðu.

Íslendingar studdu dyggilega stofnun Ísraelsríkis. Íslendingar hafa í áranna rás haft mikla samúð með gyðingum sem hafa verið ofsóttir um allan heim. Ég er einn þeirra sem stutt hafa gyðingaþjóðina og tel að ríki þeirra eigi að njóta fyllsta öryggis. Ég geri líka þá kröfu til Ísraels að það sýni umburðarlyndi og láti af ofsóknum gegn saklausu fólki. Það fer ekki á milli mála að Ísraelar óvirða Sameinuðu þjóðirnar þegar þeim sýnist. Þeir óvirða öll þau alþjóðalög og samþykktir sem þeim sýnist. Þeir haga sér í dag á sama hátt og nasistar gerðu gagnvart gyðingum á sínum tíma. Mér er það ljóst að allt í kringum Ísraelsríki eru þjóðir hvar einræðisherrar ráða ríkjum án tillits til þegna sinna. En það er engin afsökun fyrir Ísrael til að drepa og misþyrma fólki.

Síðasta dæmið um yfirgang þeirra gagnvart Aröbum sem nú búa á herteknu svæðunum er óheftur flutningur rússneskra gyðinga til Ísraels sem síðan reka Arabana frá heimkynnum sínum til að setjast að þar sjálfir. Ég vænti þess að íslensk yfirvöld veiti þessu athygli, geri ráðstafanir til að gera Ísraelsmönnum það ljóst að við krefjumst þess af þeim að þeir hagi sér eins og menn og virði þær reglur sem öðrum ríkjum eru sett, virði ályktanir öryggisráðsins, virði alþjóðalög.

Í *tilefni* af þeim kafla í ræðu Þorsteins Pálssonar sem fjallaði um Íslenska aðalverktaka þarf að koma fram að þær breytingar sem utanrrh. gerði á því fyrirtæki eru einu raunhæfu breytingarnar sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir á undanförnum 35 árum. Margir hafa talað um að breyta þyrfti Íslenskum aðalverktökum. Mörg orð hafa fallið en athafnir hafa aldrei fylgt fyrr en nú. Ég vek á því athygli að fyrirhugað er að gera Íslenska aðalverktaka að almenningshlutafélagi þegar fimm ára aðlögunartíma er lokið. Tal hv. 1. þm. Suðurl. um að áður hafi einokunaraðstaðan aðeins verið tryggð í eitt ár í hvert sinn er fjarri raunveruleikanum því fyrirtækið gat alltaf treyst á sjálfkrafa endurnýjun leyfisins. Samningurinn um fimm ára aðlögunartíma er að mínu mati skynsamlegur einkum með tilliti til atvinnuöryggis starfsmanna fyrirtækisins. Breytingin á Íslenskum aðalverktökum sem utanrrh. stóð fyrir var mikið happaverk sem engum hefur tekist áður.

Skýrsla utanrrh. í heild er hins vegar góður vitnisburður um farsæla stefnu í utanríkismálum. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum utanrrn. farsæl störf, oft við erfiðar aðstæður. Jafnframt vil ég þakka utanrrh. skeleggan framgang í þágu íslensks málstaðar á alþjóðavettvangi.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem nú stendur yfir hófst með ítarlegri yfirlitsræðu hæstv. utanrrh. um utanríkismál. Stofninn í hans ræðu var skýrsla utanrrh. sem hér er á dagskrá. Skýrsla hæstv. utanrrh. er fyrir margra hluta sakir merkilegt plagg. Þar er að finna ýmsan fróðleik um ástandið í Sovétríkjunum og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Sovétríkjunum eru gerð skil og Eystrasaltsríkjunum og svo koma hin ríkin hvert af öðru: Búlgaría, Pólland, Rúmenía, Tékkóslóvakía og Ungverjaland. Kaflinn um pólitíska samvinnu, afvopnun og afmörkun vígbúnaðar er og athyglisverður. Þar er að finna ýmsar handhægar upplýsingar um ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu. Enn fremur er þar minnst á tvær ráðstefnur aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins sem haldnar hafa verið. Tíundaðir eru ýmsir atburðir sem gerst hafa í afvopnunarmálum og takmörkun vígbúnaðar.

Sá hluti skýrslunnar sem helgaður er alþjóðastofnunum, Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu er einnig góðra gjalda verður. Sama má segja um hin svæðisbundnu deilumál sem gerð er grein fyrir, hvort heldur það er Írak og Kúvæt, Kambódía eða annað sem þar er talið upp. Hin hefðbundnu viðfangsefni sem hér er um að ræða láta sig ekki vanta, svo sem Norðurlandasamvinna, samvinna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, utanríkisviðskipti, þróunarsamvinna og hafréttarmálefni. Allt þetta skal móttekið þakksamlega. En jafnframt hrópar þetta á það sem saknað er í skýrslu þessari og hefði ekki mátt missa sín.

Skýrslan gerir ekki skil nýjum viðhorfum til öryggis- og varnarmála landsins með hliðsjón af hinni öru þróun heimsmála um þessar mundir. Að vísu er í skýrslunni fjallað í sérstökum kafla um starfsemi tengda varnarsvæðum Atlantshafsbandalagsins. Þar er drepið á ýmis atriði svo sem varnarmálaskrifstofuna, ríkisstofnanir á varnarsvæðum og framkvæmdir á vegum varnarliðsins. Jú, allt er þetta með. Ekki er samt nema hálf síða í öllu þessu mikla ritverki hæstv. utanrrh. helgað sjálfri varnarstöð Atlantshafsbandalagsins hér á landi, eftirlits- og varnarhlutverki og vörnum Íslands. Er þar ekkert bitastætt að finna nema þá það helst að hernaðarlegt mikilvægi Íslands byggist á hnattstöðu landsins, eins og það er orðað, ef einhver skyldi ekki hafa vitað það áður. Ekki er minnst á hin breyttu viðhorf sem fylgja nýjum samskiptum risaveldanna, þverrandi stríðsbúnaði, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, þ.e. með tilliti til eðlis og hlutverks varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Að sjálfsögðu verður þessi dularfulla þögn um framtíð varnarstöðvarinnar ekki skýrð með því að hæstv. utanrrh. geri sér ekki grein fyrir aðstæðum í alþjóðamálum og að aðstæður í alþjóðamálum hafa gerbreyst á ótrúlega skömmum tíma. Í Evrópu hafa átt sér stað afgerandi umskipti. Hrun kommúnismans hefur borið að með skjótari hætti í Mið- og Austur-Evrópu en nokkur átti von á. Þetta hefur verið undirstrikað af mörgum hér í þessum umræðum. En þetta hefur vakið vonir um nýja skipan friðar og stöðugleika í álfunni. Áhrifa hins upprennandi tímabils sátta og samvinnu hefur gætt utan Evrópu sem innan. Þessar nýju aðstæður hafa hin margvíslegustu áhrif.

Það er sérstakt ánægjuefni sem hér hefur áður verið tekið fram af öðrum að Sameinuðu þjóðunum skuli hafa vaxið ásmegin. Samtökunum hefur gefist aukið svigrúm til að beita sér í þágu öryggis í heiminum í samræmi við þær vonir sem við þær voru bundnar í upphafi. Hér er vissulega orðin mikil breyting á frá því þegar augljóst var að öryggiskerfi Sameinuðu þjóðanna megnaði ekki að hindra útþenslustefnu Sovétríkjanna og Atlantshafsbandalagið var stofnað til sjálfsvarnar þeim ríkjum sem að því stóðu. Samstaða ríkja Atlantshafsbandalagsins hefur skilað umtalsverðum árangri þó ekki sé nú meira sagt.

Þegar langþráð markmið bandalagsins eru í höfn er óhjákvæmilegt að bandalagið sjálft taki stakkaskiptum. Aðlögun bandalagsins að nýjum kringumstæðum er nú þegar byrjuð. Unnið er að yfirgripsmiklu endurmati á varnarstefnu bandalagsins.

Allt kom þetta fram í hinni yfirgripsmiklu ræðu hæstv. utanrrh. Enn fremur að á sviði hefðbundins herafla verður dregið úr vígbúnaði og áhersla lögð á aðstöðu til að kalla saman herlið með skömmum fyrirvara í stað virkra framvarna. Meir er þó um vert að Atlantshafsbandalagið hefur rétt Sovétríkjunum og fyrri fylgiríkjum þeirra í Varsjárbandalaginu hönd sátta og vináttu og áréttað að pólitísk samvinna verði eftirleiðis í öndvegi. Þetta þarf ekki að segja hæstv. utanrrh., allt veit hann þetta. Þetta er allt að finna í skýrslunni góðu sem við nú ræðum.

En hæstv. utanrrh. veit meira. Hann veit að nauðsyn er að taka tillit til nýrra viðhorfa, m.a.s. ber einn kaflinn í skýrslu utanrrh. heitið „Aðlögun að breyttum aðstæðum". Þar kennir ýmissa grasa. Með tilliti til aðlögunar er lögð áhersla á tiltekin atriði. Bent er á að verndun umhverfisins sé eitt þeirra brýnustu úrlausnarefna sem Sameinuðu þjóðirnar standi frammi fyrir um þessar mundir. Fyrir Íslendinga sem háðir eru auðlindum sjávar öðrum þjóðum fremur varði verndun umhverfisins lífshagsmuni. Allt eru þetta kunn sannindi.

Það er tekið fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að Evrópa hafi styrkst og sé nú farin að bjóða Bandaríkjunum birginn sem forustuafl í alþjóðaefnahagslífi. Af þeim sökum verði samstaða ríkja Atlantshafsbandalagsins í framtíðinni að miklu leyti undir því komin hvernig þeim tekst að leiða til lykta efnahagsleg viðskipti sín innbyrðis. Þannig er haldið áfram að benda á hinar breyttu aðstæður sem við Íslendingar þurfum að aðlaga okkur að. Enn er sagt að nauðsynlegt sé að gaumgæfa að fram sé komið nýtt afl í öryggismálum Evrópu, ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Þá þykja aukin afskipti Evrópubandalagsins af öryggismálum orka tvímælis fyrir Íslendinga. Fari bandalagið inn á verksvið Atlantshafsbandalagsins kunni það að draga úr möguleikum Íslendinga sem standa utan Evrópubandalagsins til þess að hafa áhrif á stefnumótun Evrópuríkja í öryggismálum og stuðla þannig að einangrun landsins. Já, margt kemur til athugunar. Þannig er haldið áfram að boða aðlögun að breyttum aðstæðum og klykkt út með því að segja að á því breytingarskeiði sem nú fari í hönd í heiminum sé þörf fyrir áframhaldandi árvekni Íslendinga í utanríkismálum.

Allt er þetta sjálfsagt og rétt. Allt er þetta gott og blessað. En það er hrópandi spurning hvers vegna ekki er minnst einu orði á breytingar á hlutverki og stöðu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli þegar fjallað er um aðlögun að nýjum viðhorfum í hernaðarmálum heimsbyggðarinnar. Það er svo furðulegt að næst er að spyrja hver sé ástæðan, hver sé hinn óttalegi leyndardómur. Það getur engum blandast hugur um að hinir heimssögulegu viðburðir á meginlandi Evrópu hafa bæði bein og óbein áhrif á íslensk öryggismál. Hrun kommúnismans og upplausn í röðum Varsjárbandalagsins gera það að verkum að pólitískar forsendur fyrir beitingu hervalds af hálfu Sovétmanna gegn vestrænum ríkjum eru tæpast fyrir hendi. Umfangsmikill niðurskurður hefðbundinna herja Mið-Evrópu ásamt brottkvaðningu herja Sovétmanna frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hefur afgerandi áhrif í þá átt að draga úr hættunni á ófriði. Ég ætla að þessu sé hvergi mótmælt. Menn getur greint á um það hvað mikið það dragi úr hættunni en alls ekki um þessi heildaráhrif.

Það er augljóst að allt þetta hefur í för með sér að yfirburðastyrkur Varsjárbandalagsins til skyndiárása og hernáms landsvæða á meginlandinu er ekki lengur fyrir hendi. Einnig hefur sá aðvörunartími sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa til þess að svara hugsanlegri árás aukist verulega þar sem Sovétríkin kæmu til með að þurfa að flytja liðsauka til hernaðaraðgerða í Vestur-Evrópu lengri veg. Samdráttur á sviði hefðbundins herafla í Evrópu dregur stórlega úr þeirri hernaðarógn sem Atlantshafsbandalagið hefur staðið frammi fyrir.

Þróun í stjórnmálum Evrópu hefur síðustu missiri öll verið í sömu átt. Það er ekkert nú sem bendir til að stöðugleika sé ógnað. Eðlilegt er því að gera ráð fyrir að þróunin haldi áfram í núverandi farvegi. Haldi stjórnmálaþróunin í Evrópu fram sem horfir er augljóst að það öryggiskerfi sem hefur verið við lýði í Evrópu mestallan tímann frá stríðslokum tekur verulegum breytingum. Hverjar þær breytingar verða í einstökum atriðum mun tíminn skera úr um. En gera má ráð fyrir að vægi pólitískra þátta muni aukast jafnframt því sem dregur úr hernaðarlegum þáttum. Með tilliti til þessa eru ríki Atlantshafsbandalagsins að endurmeta varnarþörfina. Þegar svona er komið gefur auga leið að nú er nauðsyn að endurmeta hlutverk og stöðu varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og veru bandaríska varnarliðsins hér á landi.

Öll ríki verða að láta landvarnir til sín taka með einum eða öðrum hætti. Ísland er engin undantekning í þessu efni. Við Íslendingar höfum leyst þetta viðfangsefni, að tryggja öryggi landsins út á við, með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og samningi við Bandaríkin um varnarlið hér á landi. Eitt veigamikið verkefni varnarliðsins er nú að annast margs konar eftirlitsstörf til öryggis og gæslu. Ýmsum þessara starfa erum við Íslendingar færir um að gegna sjálfir. Þau störf sem varða landvarnir og til mála kemur að við Íslendingar tökum í eigin hendur eru bæði margháttuð og mikilvæg. Sum höfum við þegar tekið að okkur, svo sem flugumferðarstjórn á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórn á Keflavíkurflugvelli og rekstur ratsjárstöðvanna. Ekkert er svo til fyrirstöðu að Íslendingar geti annast þá þyrluþjónustu sem rekin er nú af björgunarsveit varnarliðsins. Við Íslendingar eigum að geta tekið við öryggissveitum á Keflavíkurflugvelli, stjórn slökkviliðsins þar og eftirlitsstarfsemi sem þaðan er haldið uppi með haf- og loftsvæðum umhverfis Ísland. Það þarf undirbúning að sjálfsögðu til að takast á hendur svo veigamikil verkefni. Þjálfun manna til slíkra verka tekur í sumum tilvikum nokkra mánuði, í öðrum nokkur ár. Ekkert er eðlilegra en að þeir hinir sömu sem njóta góðs af öryggisgæslu í okkar heimshluta, svo að friður megi haldast, standi undir kostnaði af þessari umsýslu. Hér gæti þá verið um að ræða skipan ekki óáþekka þeirri sem nú er á umsýslu okkar Íslendinga á hinu víðáttumikla svæði flugumferðarstjórnar á Norður-Atlantshafi sem Alþjóðaflugmálastofnunin ber kostnað af.

Slíkar aðgerðir sem þessar eru nú þegar tímabærar með hliðsjón af þeirri öru þróun heimsmála um þessar mundir sem taka ber tillit til í viðhorfum til öryggis- og varnarmála landsins. Í landvörnum okkar fer stríðsviðbúnaður þverrandi en umsýsla eftirlits og hvers konar gæslu vegur meira. Þannig flyst áherslan frá því sem við erum sjálfir ófærir um til þess sem er innan marka hins mögulega fyrir okkur sjálfa.

Hér er ekki gengið út frá að hernaðarlegt mikilvægi Íslands minnki í náinni framtíð nema síður sé. Nauðsynlegt er að eftirlitshlutverk varnarstöðvarinnar í Keflavík verði virkt eftir sem áður. Hér er verið að tala um þátttöku okkar sjálfra í þessu eftirlitshlutverki. Það er ekki verið að tala um að rýra sjálft eftirlitshlutverkið. Það er verið að tala um að við öxlum ábyrgð sem frjálst og fullvalda ríki til að fara með þau varnarmál sem við erum fær um.

Ég hefði ætlað að þessum nýju viðhorfum í varnarmálum Íslands yrðu gerð einhver skil í skýrslu hæstv. utanrrh. En það vottar ekki fyrir slíku. Um það er ekki aukatekið orð. Samt er skýrslan sjálf að meginefni skilmerkileg greinargerð um þá byltingarkenndu heimsþróun sem í senn er ástæða og forsenda fyrir gerbreytingu á meðferð okkar á varnarmálum landsins. Það er engin ályktun dregin af því sem hefur verið að gerast úti í hinum stóra heimi á þann veg að það gefi tilefni til breytinga í rekstri varnarstöðvarinnar með tilliti til þátttöku Íslendinga í eigin landvörnum. Ekkert er um þessi efni hér í skýrslu hæstv. utanrrh. Það er ekki einu sinni ýjað að því. Hvenær

hefði átt að skenkja þessu hugsun ef ekki nú?

Öllum er ljóst og við blasir að mikil og söguleg þáttaskil eru að verða. Kalda stríðinu er lokið. Óhjákvæmilega leiðir það til þess að við hljótum að endurskoða stöðu okkar í eigin landvörnum. Við getum ekki gert ráð fyrir öllu óbreyttu. Þó að við vildum það sjálfir eigum við ekki víst að aðrir sem koma við sögu vilji það. Meira að segja er það ekki fyrir fram gefið að Bandaríkjamenn fýsi að hafa hér á landi herstöð um langa framtíð. Það er ekki fyrir fram gefið, við höfum enga tryggingu fyrir því. Við ráðum ekki þeim á Bandaríkjaþingi. Og við verðum að gera ráð fyrir þeim möguleika að það geti tekið endi eins og er um ýmsar aðrar herstöðvar Bandaríkjanna víðs vegar um heim. Þessu breytir ekki þó að um þessar mundir liggi ekki fyrir neinar breytingar á vilja Bandaríkjamanna í þessu efni hvað viðkemur herstöðinni hér á landi. En við Íslendingar verðum að vera viðbúnir því sem koma vill og við getum ekki verið viðbúnir nema við finnum til þeirrar ábyrgðar sem hvert fullvalda ríki verður að bera á sínum eigin landvörnum. Sú ábyrgð hlýtur óhjákvæmilega að vera í því formi sem efni okkar og ástæður leyfa, hvort sem um er að ræða varnarsamning við Bandaríkin, herstöð Atlantshafsbandalagsins eða alþjóðlega eftirlitsstöð eins og hreyft hefur verið af sumum í umræðum. Kjarni málsins, hvað okkar sjálfa áhrærir, er hvert okkar eigið framlag og þátttaka verður í því sem viðkemur okkar eigin landvörnum.

Hér er slíkt stórmál á ferðinni að hlýtur að skipta sköpum fyrir land okkar og stöðu í samfélagi þjóðanna. Ég er ekki að gera því skóna að svo umfangsmiklu máli sem þessu væru gerð full skil í þeirri greinargerð sem hæstv. utanrrh. gefur okkur í skýrslu sinni. Ég er ekki einu sinni að gefa í skyn að umtalsverða meðferð þessa mikla máls hefði átt að finna í venjubundinni skýrslu utanrrh. eins og hér er til umræðu. Hér er um slíkt stórmál að ræða að sérstaka skýrslu þyrfti um það og raunar margar áður en öll kurl væru komin til grafar. En engu að síður legg ég áherslu á að í þessari skýrslu sem við nú ræðum hefði átt að vekja athygli á þessu og því mikla viðfangsefni sem biði okkar við að móta framtíðarstefnu fyrir eigin þátttöku í vörnum landsins. Hér er einmitt um að ræða viðfangsefni sem kallar á meðferð stjórnvalda og krefur úrlausnar. Hér er um að ræða mál sem leitar á hugi fólksins í landinu. Þjóðin lætur sig varða þau mál sem snerta varnir landsins. Það þarf ekki að minna á að engin mál hafa snortið þjóðina meir allt lýðveldistímabilið en einmitt varnarmálin. Ekkert hefur valdið meiri ágreiningi. Varnarmálin hafa klofið og sundrað þjóðinni um það sem mestu varðar fyrir frelsi og öryggi landsins. Þessi ágreiningur hefur valdið mestum innanlandsátökum síðari tíma. Slíkt ástand er hættulegt hverri þjóð sem er, hvað þá heldur smáþjóð sem okkur Íslendingum sem varðar mestu að samstaða gæti ríkt um það sem varðar lífshagsmuni og tilveru þjóðarinnar.

Nú eru þáttaskil í þróun varnarmála. Stefnan sem fylgt hefur verið í rás tímans hefur sannað gildi sitt. Tímum hins hættulega ágreinings og átaka á að vera lokið. Viðfangsefni nútímans og framtíðarinnar bíða úrlausnar. Þau varða fyrst og fremst þátttöku okkar Íslendinga í eigin landvörnum. Um slíkt viðfangsefni ætti þjóðin að geta sameinast. Hæstv. utanrrh. þekkir ekki sinn vitjunartíma þegar hann lætur hjá líða að geta þessa viðfangsefnis í skýrslu sinni sem við nú ræðum. En það er ekki nóg með þessa vanrækslu hæstv. utanrrh. Skýrsla hans gengur í þveröfuga átt, og taki menn eftir, skýrslan gengur í þveröfuga átt. Hann virðist svo rígbundinn í viðjum kalda stríðsins hvað viðkemur okkar eigin landvörnum að hann eygi ekki framtíðarlandið. Þó að hann lýsi þróun mála og heimsástandinu með ágætum virðist hann draga þær öfugsnúnu, órökréttu ályktanir af öllum breytingunum sem hafa orðið í umheiminum að allt eigi að sitja í sama farinu með landvarnir Íslands og þátttöku Íslendinga sjálfra í þeim. Við engu má hrófla. Þetta heitir, hæstv. utanrrh., að þekkja ekki sinn vitjunartíma.

Lítum nánar á málin. Getur nokkur verið andsnúinn því að við Íslendingar önnumst sjálfir, eins og önnur fullvalda ríki, eigin landvarnir svo sem við erum færir um og kostur er á? Gerir nokkur ráð fyrir að erlent varnarlið verði í landi okkar um alla framtíð? Ef svo er ekki er spurningin aðeins sú hvenær varnarliðið eigi að halda á brott. Höfum þá í huga að hernum var í upphafi ekki ætlað að vera í landinu á friðartímum og lögð var áhersla á að svo skyldi aldrei verða. Er þá næsta spurning: Hvenær eru friðartímar? Þykir mér þá engin goðgá að tekið sé til athugunar hvort þeir tímar séu ekki einmitt nú eða hvort þróun heimsmála stefni ekki nú til þess að svo verði, ef það þá nokkurn tíma getur orðið. Menn gerðu ráð fyrir að það gæti þó orðið. Þess vegna var í upphafi talað um að herinn skyldi ekki vera á friðartímum. Ég leyfi mér að fullyrða að svo sé og byggi m.a. á lýsingum þeim á ástandinu og þróun heimsmála sem er einmitt að finna í skýrslu utanrrh. og ég hef hér áður greint frá. Ég leyfi mér að fullyrða að það komi til álita hvort nú séu ekki friðartímar eða friðartímar í uppsiglingu. Það fer ekkert á milli mála að friðvænlega horfir. En þá ber annað við en vænta mátti, því í skýrslu hæstv. utanrrh. segir að þrátt fyrir þetta muni verkefni bandarískra varnarliðsins ekki minnka. Þetta er bein fullyrðing í skýrslu utanrrh. Þetta er og í fullu samræmi við það sem sagði í skýrslu hæstv. utanrrh. á þessu ári, frá því í mars sl. Þar sagði að hinar miklu breytingar sem orðið hefðu og væru um það bil að eiga sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu gefi Íslendingum ekki tilefni til að hrófla — takið eftir, þetta er orðalag skýrslunnar, — til að hrófla við því fyrirkomulagi sem þeir hafi stuðst við í öryggis- og varnarmálum undanfarna áratugi. Þannig er það nú orðað. Þá vita menn skoðun hæstv. utanrrh. Manni verður í raun og sannleika orða vant við slíkar yfirlýsingar og það má hver sem er lá mér það.

En eru aðrir ráðherrar sammála hæstv. utanrrh. í þessu efni? Á að skoða þetta sem stefnu ríkisstjórnarinnar? Er þetta stefna allra ríkisstjórnarflokkanna?

Eru þingmenn stjórnarflokkanna sammála þessu? Það væri fróðlegt að heyra. Eða getur verið að búið sé að stinga alla stjórnarþingmenn slíku svefnþorni í varnarmálunum að engu megi breyta, ekki hrófla við neinu, eins og það er orðað í skýrslu hæstv. utanrrh.

Sú var tíðin að gengið var út frá því að erlent varnarlið yrði ekki í landinu um alla framtíð. Sú var tíðin. Sú var tíðin að gengið var út frá því að erlent varnarlið yrði ekki í landinu á friðartímum, sú var tíðin. Ég vil fullyrða að slík grundvallarsjónarmið hafi verið ríkjandi hjá öllum ríkisstjórnum landsins fram til þessa. Ég vil fullyrða að þetta grundvallarsjónarmið hafi verið ríkjandi. Með skýrslu hæstv. utanrrh. er hér brotið í blað. Það virðist koma fram það grundvallarsjónarmið að hvort heldur friðartímar gangi í garð eða ófriðvænlega horfi skuli hlutverk hins erlenda varnarliðs vera hið sama, sem þýðir að því verði haldið varanlega í landinu á hverju sem gengur. Hvort heldur er þetta nýja sjónarmið hæstv. utanrrh. stefna ríkisstjórnar, ríkisstjórnarflokka og stjórnarþingmanna eða ekki? Ætla menn kannski að láta sem ekkert sé?

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög ítarlega skýrslu um utanríkismál. Jafnframt vil ég þakka fyrir þá nýbreytni að láta leggja slíka skýrslu fram í upphafi þings en ekki í lok þingsins. Ég held að það sé mikill léttir fyrir okkur öll sem störfum hér á Alþingi að fá skýrsluna og umræðu um utanríkismál á þessum tímapunkti en ekki í lok þingsins. Jafnframt er það mikill léttir fyrir okkur sem störfum í utanrmn. að fá svo ítarlega skýrslu vegna starfa okkar í nefndinni.

Ég ætla mér ekki þá dul að rekja öll atriði sem farið er yfir í skýrslunni en ég ætla að drepa á nokkur atriði.

Eins og fram hefur komið hjá öllum ræðumönnum sem hér hafa talað á undan mér hafa orðið miklar breytingar í alþjóðamálum. Þýskaland hefur verið sameinað, Berlínarmúrinn hrundi, lýðræði er að komast á í flestum Austur-Evrópuríkjanna og gott samband er að nást á milli Mið-Evrópu og Austur-Evrópuríkjanna við Evrópuráðið og Evrópuþingið. Er það allt til mikilla bóta enda hefur það gersamlega breytt öllum viðhorfum á öllum sviðum, ekki síst á milli stórveldanna sem núna — ja, maður gæti næstum haldið að væru öxl í öxl, væru vinir í samanburði við það sem var fyrir örfáum mánuðum síðan. Ef einhver okkar hér inni hefði spáð þessu fyrir kannski ári síðan eða líðlega það þá efast ég um að menn hefðu tekið okkur mjög alvarlega.

Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu miðar vel áfram og reiknað er með því að undir samning verði ritað um miðjan þennan mánuð í París þegar leiðtogar þessara 34 ríkja hittast. Er það mikill áfangi í afvopnunarmálum og öllum þeim aðgerðum sem til friðar horfa sem við getum búist við á skömmum tíma. Ég sé fyrir mér að Varsjárbandalagið er nánast búið að vera. Það hefur aldrei verið nema ein skrifstofa í Kreml sem hefur stjórnað hernaðarmætti þessara Austur-Evrópuríkja, samanborið við Atlantshafsbandalagið, þar sem stór hluti af samstarfi þeirra ríkja hefur verið á pólitískum vettvangi.NATO mun halda áfram að lifa um einhvern tíma þó einhverjar breytingar verði á starfsemi þess.

Ég hef átt þess kost að taka nokkurn þátt í þingum og fundum Þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsríkjanna ásamt fleiri félögum mínum héðan úr þessu húsi. Þar höfum við reynt að koma fram sjónarmiðum Íslendinga á sem flestum sviðum. Það mál sem þar hefur einna efst verið á baugi núna upp á síðkastið hefur verið traustvekjandi aðgerðir og afvopnunarmál. Höfum við þar reynt að þrýsta á um að taka höfin, traustvekjandi aðgerðir og afvopnun á höfunum, inn í þá umræðu. Það hafa verið gefnar út nokkrar skýrslur á vegum stjórnmálanefndar þessara samtaka sem ég hef átt aðild að og ég er sannfærður um að sá þrýstingur á þessum vígstöðvum, eins og ég held að íslenskir þingmenn geri á öllum þeim fundum sem þeir sækja erlendis, muni hafa áhrif til þess að ráðherrar okkar nái fram þeim málum sem við erum þó sammála um, en góð samstaða hefur nú verið hjá þinginu og undanförnum ríkisstjórnum um framkvæmd utanríkismála.

Þá átti ég þess kost líka að sækja ráðstefnu sem haldin var norður á Akureyri á vegum Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands og styrkt var af utanrrn. um afvopnun í höfunum. Ég tel að þar hafi náðst verulegur árangur í því að kynna sjónarmið okkar Íslendinga og þeirra þjóða sem hafa tekið þátt í þessu samstarfi með okkur. Við höfum átt þar í harðri baráttu við — við skulum segja fulltrúa ýmissa stórvelda, sérstaklega Bandaríkjanna og Breta, sem hafa talið að ekki mætti koma neitt nálægt höfunum. Þetta væri þjóðbraut sem þyrfti að vera opin og mætti ekki að neinu leyti takmarka umferð um hana. En eins og forsrh. lýsti yfir þegar hann átti í nokkrum orðasennum við Margréti Thatcher, forsætisráðherra Breta, á leiðtogafundinum í London í júní sl., þá erum við Íslendingar að sjálfsögðu sammála því að höfin eigi að vera þjóðbraut heimsins og eins frjáls og nokkur kostur er á, en það er samt nauðsynlegt að reglur gildi á öllum þjóðvegum, hvar sem er í heiminum.

Ég átti þess kost fyrir stuttu að sitja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í tæpar tvær vikur. Það er ljóst í mínum huga að verulegar breytingar eiga sér nú stað hjá Sameinuðu þjóðunum. allsherjarþingið hefur á undanförnum árum gefið út hverja ályktunartillöguna á fætur annarri en í raun hefur ekki náðst samkomulag um að framfylgja mörgum af þessum ályktunartillögum þó að margar góðar hafi náð fram, m.a. vegna þess að í raun hefur ekkert framkvæmdarvald verið hjá Sameinuðu þjóðunum, það hefur í raun engin ríkisstjórn verið yfir Sameinuðu þjóðunum. Mér virðist að sú breyting sem hafi orðið hjá Sameinuðu þjóðunum síðan ég átti þess kost að sitja þar um stuttan tíma árið 1980 sé að öryggisráðið sé orðið miklu virkari aðili í að koma ályktunum allsherjarþingsins fram sem byggist m.a. á því að stórveldin beita nú afar sjaldan neitunarvaldi sínu til þess að hindra fram-

gang mála. Jafnframt hafa þeir samningar sem tekist hafa milli stórveldanna og þær breytingar sem hafa orðið í Austur-Evrópu fært þessi ríki mjög saman þegar síðan hefur komið til ófriðar, eins og t.d. hefur gerst núna hjá Írak og Kúvæta. En þar hafa Sameinuðu þjóðirnar, með öryggisráðið í broddi fylkingar, stigið saman þá braut hvernig eigi að hegða sér í því erfiða máli. En það sýndi mér líka hvers Sameinuðu þjóðirnar eru megnugar og hversu þjóðir virða Sameinuðu þjóðirnar mikils að meðan ég var þarna var flutt ein ályktunartillaga af öllum Arabaríkjunum sem þau voru öll flutningsmenn að. Og það kom mér dálítið á óvart, þrátt fyrir mikla — ja, hvernig eigum við að orða það, mikla óvináttu á milli Íraka og Kúvæta, að báðar þjóðirnar voru skráðar á þessa ályktunartillögu. Þetta kom mér dálítið á óvart en sýnir samt vissan styrkleika Sameinuðu þjóðanna að þarna er hinn frjálsi vettvangur til þess að ná fram nauðsynlegum málum. Og það merkilega var að það var fulltrúi Kúvæts — gamla Kúvæts, sem var talsmaður Arabahópsins við að flytja þessa tillögu. Þetta sýnir okkur að Sameinuðu þjóðirnar eru sá vettvangur sem er kannski best til þess fallinn að tryggja frið í heiminum og koma fram ályktunum sem þjóðirnar eru sammála um.

Ég átti þess kost á þessum fundi að eiga viðræður við allmarga þingmenn, en það eru fleiri en Íslendingar sem senda þingmenn sem áheyrnarfulltrúa til þess að kynna sér starfsemi Sameinuðu þjóðanna, leggja að vísu misjafnlega mikla áherslu á fjölda og tímalengd. Norðurlandaþjóðirnar voru yfirleitt með sína fulltrúa, mikinn fjölda flestar hverjar, í upp undir mánuð. Þær voru flestar þeirra jafnframt með áheyrnarfulltrúa frá ýmsum samtökum, ungliðahreyfingum, kvennahreyfingum, verkalýðshreyfingunni og ýmsum slíkum stofnunum. Ástralir t.d. eru með nokkra þingmenn þarna sem sitja allt allsherjarþingið frá upphafi í september fram til jóla.

Sú skoðun kom fram hjá allmörgum þingmönnum sem ég hitti þarna að það hlyti að fara að koma mjög fljótlega til athugunar hvort ekki væri rétt að breyta skipun fulltrúa á allsherjarþingið þannig að þetta yrði í raun þing hinna Sameinuðu þjóða og þingmenn yrðu beinlínis kjörnir í heimalandi sínu til setu hjá Sameinuðu þjóðunum svipað og gerist hjá Evrópuþinginu núna. Á þann hátt sé betur hægt að tryggja að menn séu raunverulega meðvitaðir og tengist betur þjóðfélaginu sjálfu um þá hluti sem eru að gerast hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég kasta þessu fram hérna vegna þess að þetta kom fram hjá allmörgum þingmönnum sem ég hitti þarna. Ég hef ekki gert upp hug minn til þessarar hugmyndar en tel að hún sé allrar athygli verð og beri að skoðast nánar.

Ég ætla ekki að ræða hér neitt um EB-EFTA viðræðurnar, þau mál voru ítarlega rædd hér um daginn og eiga eftir að ræðast hér örugglega oftar í vetur. Sama gildir um Norðurlandasamvinnuna. Henni er ég ekki nægilega vel kunnugur til þess að taka mikinn þátt í þeirri umræðu, en ég held að Norðurlandasamvinnan sé, næst á eftir samvinnu okkar hjá Sameinuðu þjóðunum, mikilvægasta alþjóðasamvinna sem við tökum þátt í.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um Eystrasaltsríkin, þ.e. Lettland, Litáen og Eistland, og vil minna á að Alþingi Íslendinga varð fyrst þjóðþinga í heiminum til að senda litáísku þjóðinni heillaóskaskeyti þegar hún gekk frá sjálfstæðisyfirlýsingu sinni. Síðan hefur margt gerst. Hæstv. utanrrh. hefur reynt að greiða götu Litáa að eins miklu leyti og kostur er á alþjóðavettvangi og m.a. mælt með því að þeir fengju áheyrnarfulltrúa í sem flestum alþjóðlegum stofnunum, ásamt því að Norðurlandaráð hefur tekið þeirra mál mjög upp á sína arma.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson flutti hér ásamt fleiri þingmönnum sjálfstæðismanna tillögu um daginn um sjálfstæðisyfirlýsingu þessara þriggja ríkja. Ég vil segja það hér að sú tillaga verður að sjálfsögðu skoðuð gaumgæfilega í utanrmn. og munum við örugglega, svipað og við gerðum þegar við náðum samstöðu strax á fyrsta degi eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Litáens um heillaóskaskeyti til þeirra, reyna að ná samstöðu um afgreiðslu á því máli á einn eða annan veg og mun ég beita mér mjög fyrir því að það verði gert hið fyrsta. Ég vil jafnframt minna á að eins og þáltill. um heillaóskirnar hljóðaði, þ.e. síðasta málsgreinin í þeirri þingsályktun þar sem Alþingi fagnar endurheimtu sjálfstæði Litáens og væntir góðrar samvinnu við lýðræðiskjörna fulltrúa þess, þá vil ég beina þeim tilmælum til forseta Alþingis sem ég veit að hafa rætt þetta nokkuð að kanna möguleika til þess annars vegar að bjóða fulltrúum þessara þjóðþinga hingað til Íslands og hins vegar hugsanlega þá í framhaldi af því að senda fulltrúa frá Alþingi Íslendinga í heimsókn til þessara ríkja. Ég hef orðið var við það hjá þingmönnum sem ég hef hitt sem áður voru og eru búsettir austan járntjaldsins, eins og við kölluðum það, að þá skortir að ýmsu leyti þessa lýðræðislegu uppbyggingu sem hefur verið strikuð út í hálfa öld hjá þeirra þjóðum og skortir aðstoð og leiðbeiningar, ef ég má orða það þannig, til þess að koma þingum sínum aftur í eðlilegan farveg, eins og t.d. Alþingi Íslendinga og þing annarra vestrænna ríkja starfa.

Í skýrslu utanrrh. er allmikill kafli um starfsemi á Keflavíkurflugvelli, m.a. hjá Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þar kemur fram að greiðsluhalli sl. þrjú ár, eða til júlíloka á þessu ári, þar með talið árin 1988–1989, er rúmar 226 millj. kr. Það kemur líka fram í skýrslunni að Flugmálastjórn, sem er rekin sjálfstætt og með sjálfstætt reikningshald, er með hagnað upp á 30 millj. og Fríhöfnin er með hagnað upp á um 280 millj. Ég tel að þegar menn ræða um fjárhag Flugstöðvarinnar, þá eigi menn að ræða um rekstur ríkissjóðs og ríkisins í Flugstöðinni sem eina heild. Það er spurning hvort rekstur slíkrar stofnunar getur í raun nokkurn tíma greitt til baka að fullu stofnkostnað hússins. Ég dreg það í raun í efa nema á mjög löngum tíma. Þess vegna finnst mér há prósenta að taka 58% af tekjum af millilandaflugi beint í ríkissjóð, 12% í rekstur vallanna og einungis 30% til Flugstöðvarinnar. Ég held að

það ætti að reka ríkisfyrirtækin í Flugstöðinni öll á einum reikningi eða hafa samræmda reikninga á þeim. Ef um hagnað af sjálfum rekstrinum er að ræða eigi að nýta hann til þess að auka þá þjónustu sem þarna fer fram og jafnframt því að gera það sem unnt er til þess að auka viðskipti við Flugstöðina og flugvöllinn sem slíkan. Það er alveg ljóst að Flugstöðin getur annað miklu meiri viðskiptum heldur en hún gerir í dag. Ég tala nú ekki um ef því yrði dreift að einhverju leyti meira yfir sólarhringinn, en það eru tveir toppar á öllum lendingum á Keflavíkurflugvelli, eins og hv. alþm. allir vita, snemma á morgnana og svo síðdegis. Það má benda á ýmislegt fleira sem gæti orðið meiri hagnaður af í þessum rekstri jafnvel þótt ekki yrði veruleg aukning. M.a. hefur mér dottið í hug, og reyndar verið bent á af nokkrum aðilum, að það er í raun og veru furðulegt í sambandi við millilendingarnar frá Bandaríkjunum til Íslands að raunverulega endastöðin skuli ekki vera í Keflavík og farþegar látnir stoppa þar eilítið lengur en þeir gera. Nú stoppar vélin ekki nema rétt innan við klukkutíma áður en hún heldur áfram, til Evrópu eða til Bandaríkjanna eftir atvikum. Þannig mætti ná trúlega meiri viðskiptum innan þessara stofnana sem ég minntist á áðan. Ýmislegt fleira mætti eflaust gera til þess að ná tekjum af þeim farþegum sem um völlinn fara því það er tilgangurinn með rekstri slíkrar stofnunar eins og flugstöð er á hverjum tíma.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Karli Steinari hér fyrr á fundinum að auðvitað þarf að stefna að því að það verði aðstaða til þess að reka innanlandsflug líka að verulegu leyti — e.t.v. ekki öllu leyti — frá Keflavíkurflugvelli. Það samræmist að vísu ekki vel þessari flugstöð eins og hún er hönnuð. En ég minnist þess þó að þegar ég í eitt skiptið sat í nefnd ásamt hæstv. fjmrh. til þess að reyna að koma byggingu flugstöðvar í gang, sem þá var nokkurt pólitískt deilumál, þá kölluðum við hönnuði byggingarinnar á fund til okkar og ein spurningin sem lögð var fram á þeim fundi var sú hvort eitthvað væri því til fyrirstöðu að rekstur innanlandsflugsins yrði frá þessari flugstöð líka. Ég held að ég muni það rétt, hæstv. fjmrh. leiðréttir mig ef það er rangt munað hjá mér, ég held að svarið hafi verið alveg skýrt að á því væru engin vandkvæði. Vandkvæðin eru hins vegar augljós hjá öllum þeim sem þarna hafa farið um. Ég hef rætt þetta við flugvallarstjórann og starfsmenn tollsins, en það er augljóst mál að það þarf að gera verulegar breytingar á þessu húsi til þess að unnt sé að afgreiða innanlandsflug svo að vel megi fara. Það þarf því að reyna að koma þessu máli betur fyrir en gert er í dag.

Það er annað sem skortir mjög suður frá og hefur verið vandamál lengi. Það er búið að aðskilja störf varnarliðsins og hins almenna flugs algerlega og nokkur íslensk fyrirtæki sem áður voru innan varnarsvæðisins, þ.e. varnarliðsmegin við flugvöllinn, eru nú komin á flugstöðvarsvæðið sjálft þannig að þar er lítið um árekstra. En það er tvennt sem orðið hefur út undan. Það er annars vegar að ganga frá aðstöðu fyrir einkaflugið og það litla leiguflugfélag og kennsluflugfélag sem starfar á Keflavíkurflugvelli, Suðurflug, við flugstöðina þannig að þeir sem eiga viðskipti við það flugfélag þurfi ekki að fara inn á varnarsvæðið sjálft eða inn á þann hluta flugvallarins sem varnarliðið er á. Það hefur kostað ýmiss konar erfiðleika og mikið liggur á að kippa þessum málum í lag og skapa þeim aðstöðu á flugstöðvarsvæðinu. Sama gildir líka um allt viðhald á flugvélum.

Nú er það svo að Flugleiðir hafa leigt hluta af stóru flugskýli sem varnarliðið á. Það er alls ekki nægilegt fyrir Flugleiðir. Í öðru lagi tel ég mig hafa vissu fyrir því að varnarliðið vilji taka þetta svæði til eigin notkunar. Það þyrfti að sameina þá krafta, bæði hjá flugvirkjunum sjálfum og flugvirkjafélaginu, Flugleiðum og ríkissjóði og e.t.v. fleiri aðilum, til að reisa nauðsynlega starfsaðstöðu til viðhalds flugvéla á flugstöðvarsvæðinu sjálfu. Það hefur þegar verið gengið þar frá flugvélastæðinu sjálfu, þ.e. að malbika allt svæðið þar sem sú skemma á að vera. Þetta er mjög nálægt flugstöðinni. Ég er sannfærður um það að ef sú aðstaða væri fyrir hendi, þá væri í fyrsta lagi hægt að vera með miklu betri þjónustu fyrir Flugleiðir á þeirra eigin flugflota, jafnframt því að hægt væri að taka að sér ýmiss konar þjónustu fyrir erlend flugfélög. En það hefur verið ýmsum vandkvæðum bundið þegar erlend flugfélög hafa lent hér og reynt að fá viðgerðarþjónustu. Þá hefur orðið að fara yfir á varnarsvæðið og fá sérstakt leyfi til þess að fara með flugvélar þar inn. Það hefur skapað tafir sem flugfélög geta oft ekki beðið eftir. Þetta eru þau tvö mál sem ég tel að þyrfti að bæta svo sem kostur er hið allra fyrsta. Og ég hef vitneskju um það að t.d. Flugvirkjafélag Íslands er reiðubúið að taka að verulegu leyti þátt í hlutafélagi sem hugsanlega yrði stofnað til þess að reisa slíka aðstöðu.

Í því sambandi má minnast á það að íslenskum flugvirkjum hefur fjölgað mjög mikið á undanförnum árum. Þar að auki hefur þeim fjölgað sem, við getum sagt sem svo, eru komnir úr flugvélunum. Með nýjum flugvélum Flugleiða er hætt að vera með þriðja mann um borð í flugstjórnarklefanum. Þeir flugvirkjar koma allir aftur niður á jörðina til starfa og þá er takmörkuð aðstaða og verkefni fyrir þá. Þetta eru menn sem langsflestir hafa lært í Bandaríkjunum og það er ábyggilega vert að kanna það hvort ekki er unnt að skapa þeim vinnu hjá varnarliðinu að einhverju leyti við að gæta þeirra flugvéla. Þó svo það sé hugsanlega öryggisatriði hjá varnarliðinu að þeir komi ekki nálægt herflugvélum þeirra, þotunum, þá finnst mér ekki ólíklegt að það mætti ræða a.m.k. um þyrlurnar þeirra, björgunarþyrlurnar, að þeir taki að sér að annast viðhald á þeim að einhverju leyti. Þá gæti a.m.k. einhver hluti þeirra fengið vinnu við sitt fag. Og af því að ég minnist á þyrlurnar hjá Bandaríkjamönnum, björgunarþyrlurnar, sem hafa unnið geysilega mikið og gott verk á undanförnum árum, ekki síður fyrir okkur Íslendinga en aðrar þjóðir sem hafa lent í vandræðum hér á landi eða í kringum landið, þá liggur fyrir núna, eins og kemur fram í

skýrslu ráðherrans, að það er verið að endurnýja þyrluflota þeirra hjá björgunarsveitinni. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort ekki væri unnt að ná a.m.k. góðri samvinnu, sem ég reyndar veit að er nú á milli Landhelgisgæslunnar og björgunarsveitarinnar. Þegar ég segi samvinnu á ég við hvort ekki væri unnt að samræma þessi störf betur og jafnvel að íslenskir aðilar fengjust til að starfa við þessar flugvélar, og þá á ég ekki bara við viðhaldið. Ég á líka þá við hugsanlega læknisþjónustu, jafnvel við flug og ýmislegt fleira.

Íslendingar hafa yfirtekið mörg störf á Keflavíkurflugvelli hjá varnarliðinu. Ég get nefnt þar slökkviliðið sem er algerlega skipað Íslendingum. Radarstöðvarnar verða algerlega skipaðar Íslendingum og svona mætti telja fleira þar sem Íslendingar hafa verið að taka yfir. Mér er spurn, er ekki unnt að koma því þannig fyrir að þátttaka Íslendinga í rekstri björgunarþyrlanna yrði meiri? Það yrði okkur ómetanleg reynsla vegna hugsanlegrar aukningar á þyrlueign okkar Íslendinga sem er mjög brýn, stærri flota. Þá fengju okkar menn verulega góða reynslu og hugsanlega mætti nýta þessi tæki sameiginlega að einhverju leyti.

Af því að ég er að tala um störf á Keflavíkurflugvelli þá hefur verið, eins og komið hefur fram hér í fyrri ræðum, mikil sparnaðarráðstöfun í öllu kerfi Bandaríkjamanna, í öllum varnarstöðvum þeirra víða um heiminn. Það hefur að sjálfsögðu komið niður á okkur Íslendingum líka og þar höfum við misst allmörg störf, þ.e. ekki hefur verið ráðið í störf þar sem menn hafa hætt án þess að störfum hafi fækkað. Maður verður að virða það. Eins og Alþingi sjálft er að reyna að ná fram sparnaði í rekstri ýmissa fyrirtækja hér á landi þá ætlast bandarískir þingmenn sjálfsagt til þess að sparnaður fari fram í rekstri hjá þeim. En það sem kemur mér á óvart er það að það hefur dálítið verið um það að erlendir starfsmenn hafi gengið í þessi störf sem Íslendingar hafa unnið áður. Það hefur ekki fengist leyfi til að ráða Íslendinga en erlendir starfsmenn verið ráðnir í staðinn. Það þarf náttúrlega að fylgjast mjög vel með þessu því ég veit ekki betur en að þegar varnarsamningurinn var endurskoðaður á sínum tíma hafi verið gengið út frá því að Íslendingar tækju eins mörg störf að sér og kostur væri. Og ég held að því fleiri störf sem við tökum að okkur fyrir varnarliðið í núverandi stöðu, þeim mun betur tryggi það okkur við þær breytingar, sem ekki er ólíklegt að verði á rekstri varnarstöðvarinnar vegna þeirra breytinga sem hafa orðið í veröldinni, að þetta verði kannski alþjóðleg eftirlitsstöð með þeim samningum sem gerðir eru. Ég er sannfærður um að eftirlitsstöð verður rekin frá Keflavíkurflugvelli um fyrirsjáanlega framtíð. Þá er ljóst að við getum á meiri og betri hátt tekið þátt í slíku starfi og lagt okkar af mörkum í því.

Ég tek undir það með fyrri ræðumönnum að við þurfum að taka okkur taki í allri þróunaraðstoð. Því miður hefur á undanförnum árum allt of litlu fé verið veitt til hennar, að sjálfsögðu vegna þess að við höfum verið í vandræðum með fjármagn til ýmissa annarra góðra verka. En ég held að það ætti að fá góðan starfshóp til að kanna þær hugmyndir sem fram hafa komið, annars vegar um að stofna sérstakan sjóð, skattleggja þjóðina að einhverju leyti sérstaklega, en tryggja jafnframt að sá sjóður yrði aldrei skertur með einum eða neinum bandormi eins og við höfum orðið að gera við samþykkt fjárlaga í allmörg ár.

Um hafsbotnsmálin aðeins örfá orð. Það er ekki langt síðan menn töluðu í hálfkæringi um kröfur okkar til aðildar að Hatton-Rockall svæðinu. Ég var einn af þeim sem fannst þetta kannski vera að teygja sig fulllangt, en því betur sem ég hef kynnst þessu máli, þeim mun sannfærðari er ég um að þær þjóðir sem kröfu hafa gert til aðildar að þessu svæði munu ná einhverju samkomulagi um samnýtingu á svæðinu, hver svo sem sú nýting kann að verða. Það má vera að okkar hlutur verði ekki stór en ég held að brýnt sé að halda þessu máli áfram. Þeir fundir sem haldnir hafa verið með breskum og dönskum embættismönnum um þetta mál benda til þess að þjóðirnar allar vilji í raun ná samkomulagi um samnýtingu. Enda má búast við því að ef ekki næst samstaða þeirra landa, sem að Hatton-Rockall svæðinu liggja, verði á þetta litið, eins og hafréttarsáttmálinn reyndar gerir ráð fyrir, sem opið hafsvæði og allar þjóðir geti þá komið þangað inn. Það er ekki bara hugsanleg nýting á þessu svæði. Það er ekki minna atriði að tryggja það að svæðið verði ekki notað sem ruslakista og hætta á mengun sem þá mundi berast norður til okkar, að fiskisvæðunum hér norður frá.

Í utanrmn. var gengið frá upplýsingamöppu um þetta mál fyrir nokkru síðan, þ.e. mappa sem hafði verið gerð fyrir nokkrum árum var endurprentuð og endurbætt. Hún var send til allmargra aðila, bæði innan lands og erlendis og ég vænti þess að allir þingmenn hafi fengið eintak af henni. Ég hef fengið, sem formaður utanrmn., nokkur bréf og talsvert af símtölum frá ýmsum innlendum og erlendum aðilum þar sem þeir þakka fyrir þetta framtak okkar og vilja fá að fylgjast með öllu sem fram vindur í málinu.

Ég vil að lokum einungis þakka starfsmönnum utanríkisþjónustunnar fyrir þeirra störf oft við erfiðar aðstæður og einkum og sér í lagi þakka þeim fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt mér í starfi mínu sem formanni utanrmn. og sem hefur verið ómetanleg. Að lokum þakka ég hæstv. ráðherra fyrir ítarlega skýrslu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur þegar fjallað um meginþætti skýrslu hæstv. utanrrh. og mun ég því einbeita mér að einum þætti þessarar skýrslu. Það er sá kafli sem fjallar um þróunarsamvinnu. Sá kafli er að sönnu afskaplega stuttaralegur og sama má segja um umfjöllun hæstv. utanrrh. um umræddan málaflokk, sér í lagi þann þátt sem heyrir undir þróunaraðstoð.

Það má segja að þetta sé samhæfður og vel útfærður stíll og endurspeglast auðvitað í frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 sem nú liggur fyrir Alþingi. Bæði fjárveitingar og umfang umfjöllunar um þau mál sem

heyra undir þróunaraðstoð eru í hróplegu ósamræmi við það ástand sem ríkir í svokölluðum þróunarlöndum, þar sem dagleg neyð er hinn hversdagslegi raunveruleiki milljóna og aftur milljóna barna, kvenna og karla. Einnig er misræmið og tvískinnungurinn hjá ráðamönnum, í orðum þeirra og athöfnum, alvarlegur, en ef til vill lýsandi dæmi um þann samhæfða og vel útfærða stíl að ekki sé samræmi milli orða og athafna. Mýmörg dæmi má taka þar um á innanlandsvettvangi stjórnmálanna, en ekki er nú ætlunin að gera það að umræðuefni hér. Þó er ekki hægt að verjast þeirri hugsun hvort sá siðferðisbrestur sem virðist sjálfsagður hjá stjórnmálamönnum hér á landi, og er jafnvel rómaður og mærður, birtist ekki einmitt hvað best í fjárframlögum til þróunaraðstoðar. Það er skortur á siðferði að rétta ekki fólki í neyð hjálparhönd þegar maður er aflögufær. Það dugir ekki að leyfa því að hirða molana sem falla af allsnægtaborðinu.

Árið 1985 samþykkti Alþingi Íslendinga ályktun þess efnis að auka reglubundin framlög hins opinbera til þróunarsamvinnu á næstu sjö árum. Markmiðið skyldi vera að framlög yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Nú er tvö ár eftir af þessum umræddu sjö árum. Það þarf ekki að orðlengja það að við höfum ekki einu sinni nálgast þetta markmið.

Í skýrslu hæstv. utanrrh., sem var til umræðu á síðasta þingi, var fylgiskjal sem sýndi samanburð á framlögum OECD-ríkjanna til þróunarsamvinnu árið 1988. Það er skemmst frá því að segja að í þeim samanburði opinberast ódugnaður Íslands í þeim efnum, 0,05% af þjóðarframleiðslu er framlag okkar. Eftir tölum að dæma erum við enn á líku róli. 0,20% af þjóðarframleiðslu er næstlægsta framlagið sem um er getið í þessum samanburði. 0,80% af þjóðarframleiðslu og þar yfir eru framlög þeirra ríkja sem við berum okkur helst saman við. Svo hið margyfirlýsta markmið, að við gerum okkur gildandi í samfélagi þjóðanna og getum þar borið höfuðið hátt, nær greinilega ekki til þróunarsamvinnu. Framlag okkar til þeirra mála er einn ljótasti bletturinn á okkar samfélagi. Um $^1/_3$ hluti þessara peninga fer til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, eða rúmlega 78 millj. kr. Meginstarf hennar hefur verið á vettvangi sjávarútvegs, fiskirannsókna, fiskveiða og í ýmsu öðru tengdu þeirri atvinnugrein. Þar búum við að sönnu að eigin kunnáttu í þeim efnum og getum lagt af mörkum bæði dýrmæta reynslu og tækjakost.

Að hinu ber að gæta að ekki sé um of farið á skjön við atvinnuhætti og menningu viðkomandi þjóða sem við veitum aðstoð. Það hefur oft sætt gagnrýni, bæði í þróunaraðstoð Íslendinga og annarra, að ekki sé gætt nóg að venjum viðkomandi þjóðfélags. Brögð eru að því að þróunaraðstoð sé með þeim hætti að um of sé raskað hefðbundnum atvinnuháttum. Oft er tekið sem dæmi að Vesturlandabúar skilji ekki mikilvægi kvenna í framfærslu fjölskyldna í þriðja heiminum og leggi um of áherslu á verkaskiptingu eins og ríkjandi er í eigin löndum. Ýmsir hafa líka orðið til að gagnrýna að bæði aðferðir, áherslur og meðferð fjár sé ekki eins og best verður á kosið.

Nú er starfandi sérstakur starfshópur á vegum utanrrn. og fjmrn. sem vinnur að athugun á málefnum er snerta þróunaraðstoð og alþjóðlegt hjálparstarf. Árangurs þeirrar vinnu er að vænta nú fljótlega. Vonandi hefur þar verið farið vel ofan í saumana á öllum þessum málum. Bæði er það nauðsynlegt að þróunaraðstoð, hvaða nafni sem hún nefnist, sé með þeim hætti að hún njóti trausts allrar þjóðarinnar en veki ekki grunsemdir um að fé sé illa og ómarkvisst varið. Hitt er ekki síður brýnt að hverri einustu krónu sé vel varið, svo dýrmætar sem þær eru því fólki sem fjárins nýtur. Flest framlög, svo smá sem þau eru, til þróunarmála og alþjóðlegs hjálparstarfs eru til stofnana og sjóða á vegum Sameinuðu þjóðanna. Allt eru það mál sem verðugt er að leggja lið. Þar er ýmist um að ræða sjóði sem bæta þegar unninn skaða, aðrir eru til þess ætlaðir að bæta ástand til frambúðar, þ.e. að leggja þjóðum lið við þróunarmál ýmiss konar.

Það þarf ekki að orðlengja það og ætti að vera öllum ljóst að misskipting auðæfa jarðarinnar bitnar hvað harðast á börnum. Á 44. þingi Sameinuðu þjóðanna var samþykktur svokallaður alþjóðlegur samningur um réttindi barna og við Íslendingar eigum aðild að þeim samningi. Að mörgu er að hyggja í eigin búi. Börn eru svo sannarlega ekki í kastljósi stjórnmálanna hér á landi en hörmulegar aðstæður barna víðs vegar í heiminum eru þó viðfangsefni hér í þessari umræðu. Fskj. 3 með skýrslu hæstv. utanrrh. er stefnuyfirlýsing ríkisoddvitafundar Sameinuðu þjóðanna varðandi afkomu, vernd og þroska barna og áætlun um aðgerðir til að hrinda í framkvæmd stefnu varðandi afkomu, vernd og þroska barna 1990–2000. Hæstv. forsrh. Íslands sat þennan fund. Það verður ekki hjá því komist að nefna þann lystauka sem fylgdi fréttinni af þessum fundi ríkisoddvitanna. Tíunduð var í fjölmiðlum dýrðleg máltíð sem þeir neyttu áður en þeir hófu að ræða hungur, sjúkdóma og dauða barna. Er skemmst frá því að segja að þessi lystauki vakti hneykslun og andúð allrar þjóðarinnar.

Í umræddri stefnuyfirlýsingu er margt athyglisverðra staðreynda, ljótra staðreynda, sem hljóta að snerta samvisku hvers einasta hugsandi manns. Mig langar, með leyfi virðulegs forseta, að vitna stuttlega í umrædda stefnuyfirlýsingu. Fyrsta grein hennar hljóðar svo: „Við erum saman komin á ríkisoddvitafundi um málefni barna til að taka á okkur sameiginlegar skuldbindingar og til að skora á allan heiminn að gefa öllum börnum betri framtíð.“ Síðan er ástand þessara mála tíundað og því vel lýst hve hörmulegt ástandið er.

Þarna er sérstakur kafli sem ber titilinn „Vandamálið“. Í honum segir: „Á hverjum degi eru ótal börn um allan heim útsett fyrir hættum sem ógna vexti þeirra og þroska. Þau þjást gífurlega vegna stríðs og ofbeldis; sem fórnarlömb kynþáttafordóma, aðskilnaðarstefnu, árásarstefnu, erlendrar hersetu og innlimunar; sem föttamenn eða uppflosnuð, neydd til að yfirgefa heimili sín og átthaga; vegna fötlunar; eða sem fórnarlömb vanrækslu, grimmdar og misnotkunar. Á hverj-

um degi er milljónum barna ógnað af fátækt og efnahagskreppu, hungri og heimilisleysi, drepsóttum og ólæsi, og versnandi umhverfisskilyrða. Á þeim bitna af fullum þunga hrikaleg áhrif þjóðarskulda og skortur á hagvexti og efnahagslegum stöðugleika margra þróunarríkja, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin. Á hverjum degi deyja 40.000 börn vegna vannæringar og veikinda, þar á meðal eyðni, vegna skorts á hreinu vatni og ófullnægjandi hreinlætis og sem afleiðing eiturlyfjavandans." Það er vert að skjóta því hér inn í að sýking vegna neyslu á menguðu drykkjarvatni er algengasta dánarorsök ungbarna í þriðja heiminum.

Nokkru seinna segir í skýrslunni: „Bætt heilsa og næring barna er fyrsta skylda, og lausn þess vanda er nú innan seilingar. Bjarga má á degi hverjum lífi tugþúsunda drengja og telpna, þar sem þau deyja af ástæðum sem auðvelt væri að koma í veg fyrir. Dánartíðni barna og ungbarna er of há í mörgum heimshlutum en gæti lækkað verulega með aðferðum sem þegar eru þekktar og auðtiltækar." Skömmu seinna segir: „Sterkari staða kvenna á öllum sviðum og trygging jafnréttis kynjanna mun koma börnum heims til góða. Gefa verður stúlkum sömu skilyrði og tækifæri og drengjum alveg frá byrjun." Enn segir: „Í dag eru meira en 100 milljónir barna án allrar menntunar og tveir þriðju hlutar þeirra eru stúlkur." Enn fremur: „Hálf milljón mæðra deyja á ári hverju af barnsförum og tengdum orsökum."

Ég vík þá aðeins að þeim kafla sem ber heitið „Skuldbindingin". Þar segir: „Velferð barna krefst ákvarðana á æðsta stigi stjórnmála. Við erum staðráðin í að ráðast til atlögu. Við skuldbindum okkur hér með persónulega til að gefa forgang réttindum barna, afkomu þeirra, verndun og þroska. ... Við munum vinna að því að bæta skilyrði barna til vaxtar og þroska með aðferðum sem útrýma hungri, vannæringu og hungursneyð og losa þannig milljónir barna undan hörmulegum þjáningum í heimi sem hefur efni á að fæða alla sína þegna. Við munum vinna að því að styrkja stöðu og hlutverk kvenna. ... Við munum vinna að því að hlutverk fjölskyldunnar í umönnun barna verði virt ... Við munum vinna að áætlun sem minnkar ólæsi" ... Ég get þess, virðulegur forseti, að ég stikla þarna á setningum. Ég les ekki allt orðrétt.

Seinast er svo kafli sem nefnist „Næstu skref". Þar segir: „Ríkisoddvitafundur um málefni barna hefur skorað á okkur að hefjast handa. Við erum ásátt um að taka þeirri áskorun. Við viljum samvinnu við marga en leggjum þó sérstaklega áherslu á börnin sjálf." Skýrslan endar með þessum orðum: „Ekkert verkefni getur verið göfugra en það að veita öllum börnum betri framtíð."

Athyglisvert er hve miklu fleiri orð eru notuð til að lýsa ástandi en til að lýsa því hvernig staðið skuli að því að bæta úr. Þó að í öðru orðinu sé fullyrt að til þess séu þekktar leiðir og sums staðar þess jafnvel getið að það sé auðvelt. Því er margoft haldið fram að úrræði séu fyrir hendi, en það skortir augljóslega fé. Þ.e. féð skortir ekki, það rennur bara ekki til barnanna. Það er allra góðra gjalda vert að stofna nýjan sjóð sem eigi að notast til að hjálpa börnum og bæta úr sárustu neyð og búa þeim betri framtíð. En hvenær verður hann til og því er ekki reynt að koma til móts við þessa stefnuyfirlýsingu ríkisoddvita á fjárlögum? Því gerir hæstv. utanrrh. málefni barna og annarra, sérstaklega í þróunarlöndum, ekki að umræðuefni? Er það kannski svo skammarlegt hvernig við höfum hingað til staðið okkur í þróunaraðstoð að hann skirrist við að nefna þessi mál? Eða er bara betra að geyma börn og konur í sérstökum hólfum sem eru ekki opnuð nema á hátíðarstundum? Og til að bíta höfuðið af skömminni lækka flest framlög sem renna til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi, þ.e. þau mál sem eru undir liðnum 03 391 í fjárlagafrv. Ég tek sem dæmi að framlag til Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar, UNICEF, lækkar um 200 þús. kr. Á móti vil ég geta þess að framlag til UNIFEM hækkar um 100 þús. kr. sem er helmingi lægri en lækkunin til Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar. Er það furða þó að efasemdir vakni um að hugur fylgi máli þegar hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. tala fagurlega um þróunaraðstoð eins og þeir hafa gert hér í umræðunni? Ég undrast satt að segja kokhreystina.

Það verður nú æ meira áberandi að viðurkennt sé að mikilvægasta og árangursríkasta þróunaraðstoð, sem hægt sé að veita, sé aðstoð við konur. Sú aðstoð nýtist best. Að hjálpa konum er að hjálpa öllum, ekki síst börnum, því að á herðum kvenna hvílir fjölskyldan. Þetta er meira að segja viðurkennt í títtnefndri stefnuyfirlýsingu, þ.e. í lýsingunni á ástandinu en því miður ekki í áformunum.

Um $^2/_3$ hlutar allra fjölskyldna í þróunarlöndum eru á framfæri kvenna einna. Aðstæður þær sem þessar konur búa við í viðleitni sinni að sjá börnum sínum farborða og koma þeim upp eru oftar en ekki ólýsanlegar. Fátækt, atvinnuleysi og ólæsi er hlutskipti þeirra flestra. Dagurinn endist þeim vart til að sinna frumþörfum. Hjá mörgum fer obbinn af deginum í að ná í vatn. Það að þreskja og mala korn, svo að hægt sé að seðja sárasta hungrið, er margra tíma verk.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna er nú starfandi sérstakur sjóður, UNIFEM. Í fyrra var stofnað félag UNIFEM hér á landi. Það var gert 18. des., en þann dag voru tíu ár liðin síðan undirritaður var sáttmáli um afnám alls misréttis gagnvart konum hjá Sameinuðu þjóðunum. Framhaldsaðalfundur UNIFEM á Íslandi var svo á degi Sameinuðu þjóðanna 24. okt. sl. Viðurkenning þessa félagsskapar birtist á fjárlögum sl. árs þegar UNIFEM fékk eina millj. kr. á fjárlögum. Það er hlutverk þessa sjóðs, sem einungis nýtur framlaga eða styrkja frá ýmsum aðildarlöndum og félagasamtökum en fær ekki fastar fjárveitingar frá Sameinuðu þjóðunum, að beina aðstoð til kvenna í ljósi þess, sem ég sagði áðan, að aðstoð til þeirra sé hvað árangursríkust. Þetta er einfaldlega líka ódýrasta lausnin því að það þarf oft svo lítið fé og litlar úrbætur til þess að stórbreyta högum þessara kvenna og þar af leiðandi barna þeirra. Bara hlutir eins og vatnsdælur eða handsnúnar myllur geta gert þeim kleift að nota

einhvern hluta dagsins til menntunar eða til þess að afla einhvers konar atvinnutekna ef þær aðstæður eru fyrir hendi. Þau eru auðvitað óþrjótandi verkefnin sem þarna þarf að sinna. Það þarf að útrýma ólæsi. Það þarf að veita fræðslu um heilbrigðismál, um getnaðarvarnir og margt fleira mætti telja, en fljótvirkasta, árangursríkasta og ódýrasta leiðin til úrbóta er aðstoð við konur, því að fljótlega mundi hver einasta króna í raun skila sér til barnanna.

Margt fleira mætti um þetta segja, um hroðalegar aðstæður barna, ekki síst stríðshrjáðra. Þar eru þau saklausir þolendur átaka þjóða og þjóðarbrota í milli*um en eiga þó enga sök. Enginn deilir um* að það sé verðugt verkefni að snúa sér að þessu verkefni sem ríkisoddvitarnir samþykktu af alefli. En óskandi væri að maður sæi hér í verki meiri áhuga þannig að maður tryði því að eitthvað byggi að baki orðunum sem þeir sögðu. Meðan beðið er eftir ákvörðun um sérstakan sjóð til að vinna að úrbótum fyrir börn heimsins væri hægt að sýna lit, t.d. með því að auka framlög til þeirrar þróunaraðstoðar sem við þegar tökum þátt í, ekki síst til UNIFEM, minnug þess sem segir í lok stefnuyfirlýsingar ríkisoddvitanna að ekkert verkefni geti verið göfugra en það að veita öllum börnum betri framtíð.

Virðulegi forseti. Þó orð séu til alls fyrst verða menn þó dæmdir af verkum sínum þegar öll kurl koma til grafar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Utanríkismálaumræðan sem staðið hefur hér í dag hefur að vonum snúist að verulegu leyti um þá þróun mála sem nú á sér stað í Evrópu, bæði á sviði viðskipta og stjórnmála en þó ekki síður á sviði afvopnunarmála, eða því sem bjartsýnni menn en hæstv. utanrrh. Íslands hafa kallað „afvopnunarkapphlaupið". Í þessum málaflokkum sitjum við Íslendingar enn einu sinni hjá. Eins og svo oft áður er daufheyrst við áherslum okkar og því sem okkur er lífsnauðsynlegt, afvopnun í höfunum. Svo sem kunnugt er hefur illa gengið að fá þennan málaflokk ræddan í mikilvægum afvopnunarumræðum, svo sem á ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, eða RÖSE, og það þó að mikið hafi verið reynt og margir hafi sýnt mikla elju.

Ég ætla ekki að fjölyrða um hvaða leið er vænlegust til árangurs til þess að ræða afvopnunarmál í beinum samningaviðræðum, hvort tíðinda er að vænta frá París þann 19. þ.m. eða dagana þar á eftir, né fjölyrða um hvort afvopnunarviðræðum væri betur komið ef RÖSE yrði stofnun fremur en fundir og samningaferli. Ég ætla heldur ekki að eyða orðum að því hvort þörf sé á stofnun né hvers eðlis líklegt væri að hún yrði. En mér finnst nauðsynlegt að geta þó að einhverju þeirra leiða sem hafa verið reyndar til þess að þoka okkur áfram í þeirri eilífu biðstöðu sem okkur er sífellt ætlað að vera í í afvopnunarmálum.

Það virðist vera með Ísland í afvopnunarmálum eins og konur í kjaramálum. Viðkvæðið er sífellt: Bíðið á meðan við leysum öll hin málin fyrst. Bíðið. Það stendur ekki vel á einmitt núna. Seinna. Í augnablikinu táknar þetta seinna árið 1992, eða réttara sagt, þá getur svo farið að röðin komi að afvopnun í höfunum í RÖSE-viðræðunum, kannski. Í öðrum viðræðum eru horfurnar ekki svona bjartar eftir því sem ég best veit.

Svo sem kunnugt er hafa bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu verið helsti þröskuldur í vegi okkar að hagsmunamálum okkar, afvopnun á höfunum, og það hefur raunar verið margstaðfest hér í dag. Svo ég taki dæmi af START-viðræðunum um takmörkun langdrægra eldflauga, sem m.a. eru í kafbátum, leyfi ég mér að vísa til rits sem Öryggismálanefnd gefur út. Þetta tölublað var gefið út í mars sl. og heitir „Upplýsingar um öryggis- og utanríkismál". Þar segir í frásögn af START-viðræðunum í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

„Spurningin er því ekki hvort fækkað verði í sjóherjum, heldur hvort það verði gert með samningum eða einhliða, hvort meiri fækkun náist með samningum en einhliða ákvörðunum. Sá eðlismunur er hér á að umsamin fækkun væri bundin í samningum sem jafnframt fælu í sér ákvæði um gagnkvæman eftirlitsrétt. Jafnvel þótt einhliða ákvarðanir skiluðu sömu eða meiri fækkun en samningar hafa þeir því þann kost fram yfir einhliða aðgerðir að erfiðara er að snúa við blaðinu og byggja aftur upp flotastyrk."

En það skýtur nokkuð skökku við í þessum bjartsýnistóni að heyra það sem næst kemur um stefnu Bandaríkja*manna*.

„Hörðust andstaða við fækkun í sjóherjum og skorðum við athafnafrelsi flota á úthafinu kemur frá flotaveldum NATO, Bandaríkjamönnum, Bretum og Frökkum." Og nokkru seinna: „Í desember sl. sagði Brent Scowcroft, öryggismálaráðgjafi Bandaríkjaforseta, að flotaþarfir Bandaríkjanna yrðu endurmetnar í takt við breytingar í heiminum, „en ekki með samningum". Einnig sagði Colin Powell, formaður bandaríska herráðsins, í janúar að hann væri „ekki reiðubúinn til að semja um skorður við umsvifum Bandaríkjaflota eða fækkun í honum. Fækkun í flotanum er mál sem við þurfum að leysa sjálfir innan stjórnarinnar, í viðræðum við þingið og í samráði við bandamenn okkar". Þá sagði James Baker, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þegar hann svaraði fyrirspurnum á sovéska þinginu í febrúar, að svo lengi sem Bandaríkjamenn hefðu hersveitir í Evrópu þyrfti nægan flotastyrk til að tryggja öryggi þeirra. Það að samningar tækjust um niðurskurð hefðbundinna herja í Evrópu mundi því ekki í sjálfu sér leiða til þess að Bandaríkjamenn yrðu hlynntari samningum um sjóheri en áður."

Jafnvel þó verið sé að boða hér fækkun í flota, þá er engin trygging og ekkert eftirlit sem liggur þar að baki. Ég spyr: Eigum við að búast við að þetta dugi okkur? Eigum við samleið með þessum þjóðum sem ekki eru einu sinni tilbúnar að fara í samningaviðræður um afvopnun á höfunum heldur vilja gera allt einhliða og eftir sínu höfði og þannig að við getum ekki fylgst með? Fyrir þjóð sem geymir 70% af efnahags-

lífinu í sjónum, í óveiddum fiski, eru þetta að sjálfsögðu ill tíðindi en ekki ný. Við vitum gjörla hvaða afleiðingar kafbátaslys, eins og í fyrra, geta haft. Ekki bætir úr skák að heyra boðskap hæstv. forsrh. sem boðar að tæring háskagripa á borð við kjarnorkukafbáta sé ekki eitthvað sem gerist á öldum þeim sem við arfleiðum afkomendur okkar að heldur á árunum sem við sjálf lifum. Það er undarleg huggun að vera að eyðileggja fyrir okkur sjálfum en ekki framtíðinni og ég held raunar að það hafi verið annar boðskapur í máli hans.

Við höfum fulla ástæðu til að óttast geislavirkni í höfum. Réttilega hefur verið bent á hve skaðvænleg áhrif jafnvel minnsti grunur um geislavirkni getur haft á markaði okkar og raunar er farið að íhuga hvernig grípa megi til neyðaráætlana ef slíkt kemur upp. Að sjálfsögðu á að beina athyglinni fyrst og fremst að því sem er vandinn, orsökinni, kjarnorkuvopnunum í höfunum, en ekki aðeins afleiðingunum. Við megum ekki við neinu slysi. Höfin umhverfis Ísland eru viðkvæm. Við þekkjum vítin til að varast. Það er geislavirkni í úthöfum nú þegar, t.d. í Suður-Kyrrahafi þar sem í kringum ósnortnar og fallegar Suðurhafseyjar er eyðing í hafinu og sjúkdómar mjög alvarlegir á landi.

Ég vil ekki gera lítið úr þeim áföngum sem stjórnmálamenn og embættismenn hafa náð í erfiðri baráttu sinni við að koma á einhvers konar afvopnun með viðræðum í sambandi við höfin. Hins vegar finnst mér hart að heyra að afvopnunarmálin skuli vera tengd í sífellt meira mæli einhverjum efnahagsmunum þjóða austan og vestan við okkur því afvopnunarmálin eru engin verslunarvara. Og mér finnst hart að við skulum þurfa að vera að ræða á þeim nótum, eða skulum vera að því, því að ég tel ekki að við þurfum það, við þjóðir sem við eigum að vera í samstarfi við á jafnréttisgrundvelli. Það er hart að sitja hjá í þeim afvopnunarviðræðum sem nú eiga sér stað og ég tel að sú sé raunin. Þetta minnir óneitanlega svolítið á það að það er markmið að á Íslandi skuli ekki vera her á friðartímum. Þarna er í rauninni verið að gera það að nauðsyn sem ekki er nauðsyn, hvort sem verið er að tala um verslun með sjálfsögð réttindi eins og þau að hafa ómenguð höf í kringum okkur og friðvænleg.

Árið 1951 var, undir yfirskini ófriðar í Kóreu, tekinn her hér á land. Ég óttast að ítök herja, hernaðarbandalaga og markaða séu sífellt að verða stærri á Íslandi. Við megum ekki sætta okkur við slíkt hlutskipti. Okkur er best borgið utan hernaðarbandalaga og þeirra efnahagsbandalaga, hverju nafni sem þau nefnast, sem þau bjóða okkur upp á einhliða samninga, þar sem við ákveðum ekkert og aðrir allt. Við verðum líka að skilja það að einörð friðarstefna er stefna sem hægt er að vænta einhvers af.

Hægfara viðræður, eins og getur um í skýrslu hæstv. utanrrh., eru vissulega ein leið að markinu en aðeins ein leið. Hún er nauðsynleg en í þeim farvegi er ef til vill ekki eins mikið rúm fyrir hugsjónir og samninga og þar sem þörfin er, sú knýjandi þörf til breytinga, og sá eldmóður sem stundum þarf til að breyta heiminum. Hún er ef til vill ekki til staðar í sama mæli í hefðbundnum samningaviðræðum þótt góður vilji og góð tækni séu þar.

Ég held að við verðum að rifja upp það sem gerst hefur í Evrópu á undanförnu einu og hálfu ári. Þróun mála í Evrópu er einmitt gott dæmi um viðbrögð við þrýstingi sem var orðinn svo mikill að jafnvel Berlínarmúrinn féll, ýmsum til undrunar. Margir voru búnir að spá því að slíkt mundi ekki gerast, síst af öllu að þróunin yrði aðra leið en einhverja hefðbundna samningaleið. Vissulega hafa verið í gangi umræður um skipan mála í Evrópu. En þegar hlutir fara að gerast hratt er það vegna þess að það er brennandi þörf fyrir að breyta hlutum, breyta heiminum.

Við höfum horft upp á svipaða vakningu í umhverfismálum á undanförnum árum og ég bendi á það að afvopnun í höfunum tengist bæði friðar- og umhverfismálum. Það er okkar að leiða umræðuna inn á þá braut að afvopnun í höfunum verði baráttumál friðarsinna og umhverfissinna sem hafa þokað málum mjög langt á örskömmum tíma. Utanríkismál eru ekki aðeins stofnanir og samningaferli heldur einnig hugarfar og vilji, þekking á umhverfinu og vilji til þess að breyta því sem aflaga fer. Það hefur sýnt sig. Þannig er samtakamætti best beitt en ekki gegn sameiginlegum óvinum eins og heyrðist hér í ræðu áðan.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. skýrsluna og finnst margt athyglisvert í henni. Ég ætla bara að fjalla um tvo þætti.

Í fyrsta lagi samskipti íslensku þjóðarinnar við vestrænar lýðræðisþjóðir. Ég tel að það hafi reynst farsælt samstarf að öllu leyti í gegnum árin. Það hefur komið í ljós að sá eini íslenski stjórnmálaflokkur, Alþb., sem hefur barist gegn vestrænni samvinnu hefur farið með rangan málstað og haft rangt fyrir sér að öllu leyti, tel ég, í sambandi við það mál. Sovétskipulagið byrjaði fyrir hálfu öðru ári síðan að brotna innan frá og reynir nú að snúa til vestrænni stjórnarhátta. Við vonum auðvitað öll að þeim gangi vel að útrýma sósíalismanum endanlega. En við skulum minnast þess, hæstv. forseti, að breytingin á sovéska kerfinu getur tekið jafnvel áratugi og sovéski herinn er enn þá grár fyrir járnum, t.d. skulum við minnast þess að það eru 36 flugvellir á Kolaskaga einum með tilheyrandi herbúnaði.

Sagan frá 1917, ég hef rifjað það upp hér áður í Alþingi, er allt annað en glæsileg. Það er talið að á þessu tímabili hafi sovéski herinn valdið dauða a.m.k. 50 milljóna manna í eigin samfélagi, saklausra borgara, að meðtöldum börnum, konum og gamalmennum. Og þetta eru 73 ár og því 26.600 dagar og mér sýnist það, noti maður stærðfræði við að reikna þetta út, að sovéski herinn hafi afrekað það að myrða 1870 manns að jafnaði af eigin borgurum á hverjum einasta degi síðan 1917 og tvístra fjölskyldum og heimilum með tilheyrandi þjáningum.

Mér finnst, hæstv. forseti, þetta ekki glæsilegt en ég

tel rétt að minna á þetta og draga þessar ógeðfelldu staðreyndir fram í dagsljósið því að þannig er umræðan stundum um öryggis- og varnarmál að það er rétt að minna á hver sagan er í þessum efnum. Og þangað til alvörulýðræði er orðið í Sovétríkjunum, þá höldum við okkar vakt, vestrænar þjóðir, og gerum skyldu okkar í samræmi við þá samninga sem við vestrænar þjóðir höfum komið okkur saman um. Atlantshafsbandalagið er, eins og ágætur maður, Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur orðað það, mikilvægasta bandalag mannkynssögunnar. Og ég samgleðst íslensku þjóðinni að við skulum vera aðilar að þessu mikilvæga bandalagi.

Við vonum svo auðvitað öll að afvopnun haldi áfram og að í framtíðinni verði friðvænlegra í heiminum. En forsenda friðar og öryggis er lýðræðið eitt, eins og reynslan hefur sýnt, og ég vona að lýðræðið muni vinna á í heiminum á kostnað einræðis í framtíðinni.

Ef ég kem hér aðeins að þeim kafla skýrslunnar sem varðar útflutning á ferskum fiski á bls. 50–51, þá langar mig til þess að spyrja, hæstv. forseti: Hvernig skyldi standa á því að hægt er að borga hærra verð fyrir fisk þegar hann er kominn á Humber-svæðið en hér heima á Íslandi? Skyldi ekki vera tímabært að fara að skoða þessa hluti í alvöru? Ég tel að aðalástæðan sé sú að við eigum ekki kost á að nýta ferskflakamarkaði í Evrópu vegna 18% verndartolls Evrópubandalagsins. Við mundum nýta þessa markaði væri þessi tollur ekki fyrir hendi. Við mundum senda þessi flök í flugvélum væntanlega og við mundum stórauka virðisauka og framleiðslu íslensku þjóðarinnar með því að koma þessum tolli fyrir kattarnef. Ég vil upplýsa hér verð í síðustu viku í Bretlandi. Opinbert skráð verð á ferskum þorskflökum með roði var 421 kr. að meðaltali. Á sama tíma var verð á sambærilegum sjófrystum þorskflökum með roði, í öllum tilvikum, 320 kr. en landfrystum 270 kr. Það sjá allir að þessar tölur tala sínu máli. Fersk matvæli eru dýrari á mörkuðum en frosin. Það er framtíð okkar að nýta ferskflakamarkaði í Evrópu og ég verð að gera þær kröfur á hæstv. utanrrh. að hann láti einskis ófreistað til þess að íslensk stjórnvöld taki harðar á þessum málum en gert hefur verið og geri íslenskum fyrirtækjum kleift að nýta þessa ferskflakamarkaði í Evrópu, hvort sem er í Englandi eða annars staðar. Hvort sem þarf að tala við EFTA eða reyna að semja beint við Evrópubandalagið um þessa tolla þá skiptir það auðvitað engu máli. Það verður bara að tala við þá sem þarf að tala við til þess að koma öllum tollum fyrir kattarnef. Og ég fullyrði það hér að ekkert mál er eins mikilvægt fyrir íslensku þjóðina um þessar mundir og það að við getum fengið að nýta þessa ferskflakamarkaði í Evrópu til þess að bæta afkomu fólks og fyrirtækja. Virðisauki okkar mundi margfaldast af nýtingu íslensku fiskstofnanna. Og ég tel að stefnumörkun í þessu máli af hálfu utanrrn. og Útflutningsráðs Íslands til lengri tíma vanti alveg hér. Það vantar stefnumörkun til lengri tíma varðandi þessi tollamál.

Mín framtíðarsýn er sú að fiskvinnslustefna íslenskra stjórnvalda verði sú að við gerum stórátak, stjórnvöld og útflytjendur sameiginlega, í að efla sölu á ferskflakamörkuðum í Evrópu, bæði í Englandi og annars staðar, og setjum nú þegar meiri kraft í það að krefjast þess að þessir tollar, svikamylla Evrópubandalagsins, verði felldir niður. Við sjáum það í bíómyndum sem maður horfir á sér til afþreyingar þegar mafían í New York er að kúga fólk til þess að borga fyrir stæðin í götunni eða eitthvað annað. En hver er munur á tollamafíu Evrópubandalagsins og mafíunni í New York í bíómyndunum? Þessi tollamafía Evrópubandalagsins stórskaðar íslensk fyrirtæki og íslenskan almenning. Ég tel að við eigum að bera höfuðið hátt og krefjast beinna viðræðna við Evrópubandalagið um þessa tolla og að þeir verði felldir niður. Við þorðum að færa landhelgina út í 200 mílur fyrir 15 árum. Við eigum líka að þora þetta og setja sama kraft í málið. Og við færðum ekki landhelgina út í 200 mílur til þess að hleypa mönnum hér inn bakdyramegin. Raunverulega hefur Evrópubandalagið nú þegar náð tökum á 100 þús. tonna kvóta hér á Íslandi. Höfum við gert okkur grein fyrir því? Við erum að flytja út vegna þess hvernig þetta er allt saman, þá kemur þrýstingur á það að flytja út fisk því að það er borgað hátt fyrir hann á Humber-svæðinu, því að þeir sem kaupa fisk þar geta nýtt þessa ferskflakamarkaði. Þess vegna geta þeir borgað svona hátt. Raunverulega eru þeir komnir inn bakdyramegin með 100 þús. tonn. Mér finnst satt að segja allt of lítill skilningur á mikilvægi þessa máls.

Ég ítreka það að þetta er brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar. Verðmismunurinn sem ég nefndi áðan, t.d. á ferskflakamarkaði í síðustu viku og frosinni hefðbundinni framleiðslu, er sá að það er 56% hærra verð á ferskflakamörkuðum. En mismunur aftur á landfrystum og sjófrystum flökum er 18% og hefur það nú hingað til þótt gott og ástæða til þess að vinna frekar fiskinn úti á sjó þess vegna.

En ég ítreka það að hér verður að taka fast á málunum svo íslensk fyrirtæki og almenningur þurfi ekki að búa við lakari lífskjör í framtíðinni vegna óbilgirni þessarar tollamafíu á meginlandinu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sitthvað athyglisvert hefur komið fram í þessari umræðu um utanríkis- og alþjóðamál. Sumt af því er af því taginu að við höfum nýlega fjallað um það mjög rækilega hér á Alþingi áður. Það á t.d. við um samningaviðræður okkar ásamt EFTA-ríkjunum við Evrópubandalagið, þannig að ég mun ekki fjalla um það frekar hér. Það á einnig við um stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart Eystrasaltsríkjunum og sjálfstæðisbaráttu þeirra sem við höfum einnig rækilega fjallað um og munum fjalla um enn betur á næstunni í utanrmn.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka það fram strax í upphafi að engin tillaga hefur verið lögð fram á vettvangi ríkisstjórnar, né rædd þar þar af leiðandi, um uppsögn á varnarsamningnum við Banda-

ríkin. Þessi ríkisstjórn var ekki mynduð um það mál og hefði ekki verið mynduð ef þeirri kröfu hefði verið haldið til streitu. Þetta er nauðsynlegt að segja alveg skýrt vegna þess að ummæli hæstv. fjmrh. mátti misskilja á þann veg.

Ég vil taka það fram að að frumkvæði hæstv. forsrh. var flutt tillaga um að setja saman starfshóp til þess að skoða hvaða kostir væru fyrir hendi til þess að nýta betur þá aðstöðu sem Íslendingar hafa á Keflavíkurflugvelli til þess að efla atvinnulíf þar, bæði varðandi útflutningsstarfsemi, ferðamannaþjónustu o.s.frv. Í tengslum við umræðu um þá tillögu reifaði hæstv. fjmrh. þau sjónarmið sín að æskilegt væri að setja upp hóp manna á vegum ríkisstjórnar til þess að skoða ný viðhorf að því er varðar framtíð og hlutverk varnarliðsins. En það var ekki tillaga um það mál heldur hugleiðingar af allt öðru tilefni.

Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum sem ég skal hér leitast við að svara. Í fyrsta lagi var spurt hvað íslensk stjórnvöld hefðu gert til þess að framfylgja ályktun Alþingis frá 18. maí 1989, um deilur Ísraels og Palestínumanna. Svarið við þessu er þetta: Íslenska ríkisstjórnin hefur mótað þá afstöðu að leitað verði friðsamlegrar pólitískrar lausnar á þessum deilum, þar sem taka verði tillit til tveggja grundvallarsjónarmiða. Í fyrsta lagi þeirrar nauðsynjar að tryggja Ísraelsríki tilverurétt og öryggi innan umsaminna landamæra. Í annan stað að taka fullt tillit til eðlilegra krafna Palestínumanna um rétt þeirra til sjálfstjórnar. Við höfum haldið á þessu máli í samræmi við þessi grundvallarsjónarmið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem við höfum haft tækifæri til að tjá okkur um þau mál.

Að sjálfsögðu er það afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar að það verði í þessu máli, eins og öðrum, að knýja stjórnvöld í Ísrael til þess að virða grundvallarmannréttindi og alþjóðasamþykktir, svo sem um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Íslenska ríkisstjórnin hefur harðlega fordæmt þau hörmulegu mannsmorð sem átt hafa sér stað á svæðinu og jafnframt fylgt því eftir með öðrum hætti. Þannig er rétt að skýra frá því að ég hef sem utanrrh. skrifað utanríkisráðherra Ísraels, David Levy, sérstaklega um þessi mál og látið í ljós þá ósk að ríkisstjórn Ísraels tryggi vernd á lífi og limum og réttindum íbúa herteknu svæðanna, jafnframt því sem við höfum haldið fram þeim sjónarmiðum sem m.a. voru sett fram í ályktun Alþingis.

Virðulegi forseti. Hér var einnig spurt hvernig hefði verið haldið á málum af Íslands hálfu varðandi þátttöku í og undirbúningi að hinni fyrirhuguðu ráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, sem ákveðið er að halda í Brasilíu árið 1992. Svarið við því er að af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar lýstum við ákveðinni tillögu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Tillagan var um nýjan alþjóðasáttmála, sem byggði á reynslunni af hafréttarsáttmálanum, sem tæki til umhverfismála, skilgreindi réttindi og skyldur þjóða í alþjóðlegu samstarfi á sviði umhverfismála og þegar sá sáttmáli hefði verið gerður og undirritaður og staðfestur af nægilega mörgum ríkjum þá fengi hann lagagildi. Við höfum að sjálfsögðu fylgt þessu máli eftir og m.a. það áunnist að í ályktun um verkefni ráðstefnunnar hefur þessari hugsun verið haldið til haga. Í annan stað hafa Íslendingar fengið sinn fulltrúa í aðalundirbúningsnefnd ráðstefnunnar þar sem hann hefur vettvang til þess að fylgja þessu máli eftir.

Sérstaklega var þeirri spurningu beint til mín að gera nánari grein fyrir stefnumótun stjórnvalda að því er varðar þá samninga sem nú standa fyrir dyrum og kenndir eru við GATT og Uruguay-lotuna.

Það er sjálfsagt að verða við því en áður en ég geri það vil ég nefna sérstaklega, út af umræðum sem hér hafa orðið um smánarlega lítinn hlut Íslendinga að því er varðar þróunarhjálp, að sennilega er ekki hægt að stíga stærra skref til þess að rétta hlut hinna fátæku þjóða í þessum heimi en með því að opna markaði hinna ríku og þróuðu þjóða fyrir meginútflutningsvörum þessara þjóða, sem eru yfirleitt hráefni og matvæli. Það eru því bein tengsl þarna á milli. Sú stefna að greiða fyrir viðskiptum með hráefni og matvæli gæti gert meira en nokkur þróunarhjálp í formi fjárframlaga frá þróuðum ríkjum til þess að hjálpa fátæku fólki til sjálfshjálpar, til þess að ná bjargálna stigi að eigin frumkvæði. Og vildi ég mega vænta þess að þeir, t.d. talsmenn Kvennalistans hér í þessum umræðum, sem einkum beindu athygli sinni að framlögum til þróunarhjálpar reyndust nú sjálfum sér samkvæmir og fylgdu því eftir með stuðningi við það mál þegar það kemur til kasta Alþingis í formi samnings um opnun fyrir alþjóðaviðskipti með landbúnaðarafurðir. En af því að spurt var um það mál er rétt að skýra frá því í örstuttu máli um hvað það snýst.

Fyrst er að taka það fram að þetta snýst ekki bara um landbúnaðarmál. Við erum hér að fjalla um stærsta átakið sem gert hefur verið með þátttöku meira en 100 þjóða til þess að efla fríverslun um heim allan á mjög breiðu vörusviði. Margar nefndir eru að störfum, 14 talsins reyndar, um sérstök viðfangsefni. Ein af þessum 14 fjallar um landbúnaðarmál. Ein af undirnefndum þeirrar nefndar fjallar síðan um tilraun til samræmingar á heilbrigðisreglugerðum og stöðlum sem varða alþjóðaverslun með landbúnaðarafurðir. Það sem þarna er um að ræða er eftirfarandi: Óskað hefur verið eftir því að hver þjóð geri grein fyrir heildarstuðningi innan lands við landbúnaðinn. Við höfum orðið við því þannig að upplýsingar hafa verið afhentar um heildarstuðning innan lands við landbúnað hér samkvæmt þeim flokkunarreglum sem GATT hefur komið sér saman um. Niðurstaðan er sú að heildarstuðningur íslenskra skattgreiðenda við landbúnaðinn er um 13 milljarðar kr. á verðlagi ársins 1990. Er þó vitanlega ekki allt talið, þ.e. ekki áhrif þeirrar innflutningsverndar sem felst í banni við innflutningi á landbúnaðarafurðum, þannig að hér er um gríðarlega háar upphæðir að ræða. Í annan stað hefur verið beðið um að þjóðir leggi fram tilboð sem flokka má í þrennt:

Í fyrsta lagi hversu langt hver þjóð er reiðubúin að

ganga í þá átt að draga úr heildarstuðningi við landbúnað.

Í annan stað hversu langt þjóðir eru reiðubúnar að ganga til þess að draga úr því sérstaka styrkjaformi sem nefnist útflutningsbætur og er verra en önnur styrkjaform vegna þess að það hefur auðvitað mjög spillandi og truflandi samkeppnisáhrif.

Í þriðja lagi, og það er aðalatriði málsins, er þess óskað að ríkin leggi fram tillögur þar sem þau skuldbindi sig til að falla frá viðskiptabanni hvort heldur það er lögbundið eða fólgið í kvótum eða takmörkunum á innflutningi eða hreinlega banni á viðskiptum og verslun með landbúnaðarafurðir og unnar afurðir. Í staðinn er hins vegar unnt samkvæmt samstarfsreglum í GATT að breyta banni í það sem kallað hefur verið „tarification" eða tollígildi. Þetta dulmál merkir að viðkomandi landi er þá heimilt að setja á breytileg innflutningsjöfnunargjöld sem væru til þess fallin að vega upp þann mun sem er á niðurgreiddu verði vegna meiri stuðnings við landbúnað í landi A en í landi B sem flytur inn vöruna þannig að unnt er að jafna út muninn að því er varðar áhrif styrkja og niðurgreiðslna. Þar að auki er hverju landi auðvitað frjálst að setja tolla á þessar afurðir. En síðan er um það að ræða að reikna verndunaráhrifin í tollígildi. Niðurstaðan yrði sú að upp væri tekin sú meginregla að heimila verslun með landbúnaðarafurðir, unnar afurðir sérstaklega, en hvert land getur varið sig fyrir niðurgreiðslum eða „dumping" ef ástæður þykja til. Þannig yrðu samkeppnisáhrifin fyrst og fremst þau að þótt innlend landbúnaðarframleiðsla nyti áfram verndar breytist hún með vissum hætti í þá átt að framleiðslufyrirtæki, einkum þau sem framleiða unnar landbúnaðarafurðir eða neysluvörur úr hráefni landbúnaðar, verða að keppa um það innbyrðis en gera það á grundvelli sanngjarnra samkeppnisreglna þannig að ekki er hægt að leita eftir slíkum viðskiptum á grundvelli niðurgreiðslna og ríkisstyrkja.

Þetta er verkefni sem fyrir liggur að gera. Tilboð sem lögð verða fram með þessum hætti eru lögð fram án skuldbindinga og með öllum fyrirvörum. Þau eru nauðsynleg til að unnt sé að hefja samninga. Tímaáætlun er komin nokkuð úr skorðum en upphaflega var gert ráð fyrir að þessi tilboð lægju fyrir á bilinu 1.–15. okt. og samningum yrði lokið fyrir lok þessa árs. Áætlað er að ráðherrafundur um þetta mál hefjist í Brussel 2. eða 3. des. Hingað til hefur málið strandað mest á Evrópubandalaginu sem fylgir mjög rótgróinni verndarstefnu að því er varðar landbúnaðarmál. Ráðherraráð Evrópubandalagsins hefur gert ítrekaðar tilraunir til að ná samstöðu og setið marga næturfundina án árangurs allt þar til að fyrir tveimur dögum náðist samkomulag um lágmarkstilboð af hálfu Evrópubandalagsins. Það felur í sér tilboð um að lækka heildarstuðning við landbúnaðarframleiðslu um 30% og að afnema útflutningsbætur á þessum umsamda tíma til 1996 auk þess sem þriðji þátturinn felst í því að vera reiðubúnir til breytinga til þess að hverfa frá kvótum og magntakmörkunum og breyta því í tollígildi. Staðan er þá sú að í þessum samningaviðræðum er nánast um að ræða þríhyrning. Þeir sem hafa frumkvæði að fríverslun eru fyrst og fremst bandarísk stjórnvöld sem hafa lagt fram tilboð um að minnka stuðning við landbúnaðarframleiðslu um 75%, afnema að sjálfsögðu allar útflutningsbætur og breyta banni og kvótum og magntakmörkunum yfir í tollígildi og lækka það í áföngum á næstu árum. Evrópubandalagið er íhaldssamast í þessum efnum og gengur einna skemmst og sumar EFTA-þjóðirnar eru á svipuðu róli. Sem kunnugt er hafa Norðurlandaþjóðirnar t.d. fylgt mjög afturhaldssamri verndarstefnu á þessu sviði. En nú er tákn nýrra tíma og t.d. hefur sænska ríkisstjórnin lagt fram fimm ára áætlun um að hverfa frá þessari verndarstefnu og taka stór skref í átt til opnunar.

Að því er okkur Íslendinga varðar hefur þegar tekist samkomulag um að leggja fram tilboð um að draga úr útflutningsbótum allt að 65% á þessu árabili og að minnka heildarstuðninginn um a.m.k. fjórðung. Eftir er hins vegar að senda inn tilboð varðandi þriðja þáttinn sem fæli þá í sér með hvaða hætti við mundum haga verðjöfnunargjöldum og tollum í stað innflutningsbanns. Ef þeim hugmyndum yrði framfylgt sem eru mest í umræðu á vettvangi íslenskra stjórnvalda þá mundi það þýða milljarða sparnað fyrir skattgreiðendur strax vegna minni styrkja og niðurgreiðslna, auk þess sem þetta væri þýðingarmesta skrefið sem stigið yrði í þá átt að tryggja neytendum í landinu, í skjóli samkeppni, lægra verð á lífsnauðsynjum. En það er sem kunnugt er eitt þeirra mála sem mest hafa verið á dagskrá hvernig við getum bætt raunveruleg lífskjör, ekki síst þeirra fjölskyldna sem þyngsta hafa framfærslubyrði, með því að lækka verð á lífsnauðsynjum.

Það er þetta sem GATT snýst um þannig að ég hef þar með svarað fyrirspurn hv. 1. þm. Suðurl. um aðalatriði þess máls.

En að lokum vil ég árétta að þetta mál snýst ekki bara um skynsemi þess og hagkvæmni, ekki aðeins fyrir neytendur heldur fyrir framleiðendur landbúnaðarvara þegar til lengri tíma er litið, með því að opna heimsviðskipti í þessum atvinnugreinum. Það er eftirtektarvert að ef menn bera saman þá byltingarkenndu framþróun sem átt hefur sér stað, auknu framleiðni og lækkun raunverðs að því er varðar iðnaðarvöru og þjónustu og berum það saman við landbúnað þá hefur framleiðni legið þar eftir, framleiðslukostnaður verið mjög hár, einmitt vegna þessarar verndarstefnu. Við höfum því ástæðu til að ætla að ef frá henni verður horfið muni það þýða raunverulega nýtt vaxtarskeið, ef við lítum á landbúnað og matvælaframleiðslu á heimsvísu, fyrir utan að það mun tryggja betur en ella hagsmuni neytenda. En stærst í þessu máli er að sjálfsögðu að þær þjóðir sem skemmst eru á veg komnar í efnahagslegri þróun, þar sem fátækt er mest, eru fyrst og fremst framleiðendur landbúnaðarafurða, matvæla og hráefna. Þeim hefur verið haldið niðri í efnahagslegu tilliti með því að loka fyrir þeim mörkuðum hinna ríku þjóða. Það er meginskýringin á því að lífskjörum hefur þar farið

hnignandi á sl. áratug á sama tíma og lífskjör hafa farið hraðbatnandi í hinum þróaða heimi. Þannig að það er ekkert eitt mál sem gæti orði þeim meir að liði en árangursríkur alþjóðasamningur um örvun heimsviðskipta að því er varðar viðskipti með hráefni og matvæli.

Að því er varðar afvopnun á höfunum og tillögur okkar Íslendinga um traustvekjandi aðgerðir og afvopnun á höfunum vil ég aðeins segja þetta. Það er mikil andstaða við þetta mál af hálfu hinna hefðbundnu flotavelda. Það er stuðningur við það að hluta til af hálfu ýmissa minni ríkja í Evrópu og þar með innan Atlantshafsbandalagsins. Þetta mál var talsvert átakamál á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í London á sl. vori af sérstökum ástæðum. Á þeim fundi var Atlantshafsbandalagið að samþykkja stefnuyfirlýsingu sem gilda átti út þennan áratug um áætlun bandalagsins um afvopnun, að því er varðar hefðbundin vopn, kjarnavopn, efnavopn o.s.frv. Fyrir fundinum lá stefnuyfirlýsing þar sem skýrt kom fram að stærsta málið í það skiptið var að ná allsherjar samkomulagi við Sovétríkin og ríki Austur-Evrópu um endursameiningu Þýskalands og um það að endursameinað Þýskaland gæti með samkomulagi haldið áfram sem aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu. Til þess að auðvelda það ákváðu ríki Atlantshafsbandalagsins að leggja fram tilboð að frumkvæði þýsku ríkisstjórnarinnar um verulega fækkun í herjum á þýsku landsvæði eftir sameiningu, umfram það sem áður hafði verið á borðum samningamanna í Vín. Þessi stefnuyfirlýsing byggði á því að áfram skyldi unnið á grundvelli óbreytts umboðs frá því í Madrid 1983 varðandi afvopnun. En það umboð útilokar höfin nema því aðeins að um sé að ræða sjóheri sem eru í tengslum við landheri þannig að það má heita að umboðið útiloki afvopnun á höfunum. Af sjálfu leiðir að mönnum var mjög í mun að ekki yrðu tafir á afvopnunarsamningunum, þ.e. sem kenndir eru við CFE 1 og 2, vegna þess að það hefði vafalaust tafið sameiningu Þýskalands og af ótal ástæðum öðrum. Það varð samkomulag um það að menn vildu hraða þessum afvopnunarsamningum, m.a. vegna þess að undirskriftaðir afvopnunarsamningar voru af hálfu Vesturveldanna skilyrði fyrir því ríkisleiðtogaráðstefnan yrði haldin nú í haust á vegum ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu, um að stofnanabinda þá ráðstefnu, setja upp stofnanir til þess að leysa svæðisbundin deilumál, setja upp stofnanir til þess að sinna umhverfisverndarskyldum þjóðanna, stofnanir til þess að stuðla að lýðræðislegri þróun í hinum nýfrjálsu ríkjum Austur-Evrópu.

Í raun og veru hefði verið eðlilegt að Íslendingar flyttu tillögu um breytingu á þessu umboði, en þess var ekki að vænta að við gætum fengið stuðning við það vegna þess að mönnum lá á að ná árangri í afvopnunarsamningunum en breyting á umboðinu svo flókið mál, það tók t.d. þrjú ár að ná samkomulagi um það umboð sem nú gildir, að það hefði augljóslega tafið málið. Við áttum þess vegna ekki annarra kosta völ en fyrst og fremst að tryggja það að ekki yrði látið við það sitja að samþykkja afvopnunaráætlunina eins og hún lá fyrir að óbreyttu umboði heldur að fá samkomulag um það og yfirlýsingu um það frá Atlantshafsbandalagsríkjunum að þau muni áfram kanna möguleika á því að útvíkka þetta svið afvopnunarviðræðna þannig að það næði til annarra sviða. Þetta er að vísu pólitískt dulmál en merkir þó það að leiðin stendur opin fyrir áframhaldandi vinnu að því að fá fram samningaviðræður um afvopnun á höfunum, vegna þess að þetta er eina meiri háttar svið vígbúnaðar sem er utan við það umboð sem nú er starfað eftir.

Þetta er sennilega í fyrsta sinn sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir því að þurfa að leita eftir stuðningi bandalagsþjóða innan Atlantshafsbandalagsins í harðri andstöðu við forusturíki bandalagsins á sviði flotamála, Bandaríkin og Bretland, og tókst að vinna þann varnarsigur að ekki var lokað á það til frambúðar að áfram væri hægt að vinna að þessum málum.

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, flutti hér um margt athyglisverða ræðu. Hann átaldi að í skýrslu utanrrh. hefði ekki verið fjallað með viðhlítandi hætti um framtíðarhlutverk varnarstöðvar á Íslandi í ljósi þeirra gerbreyttu kringumstæðna í alþjóðamálum sem rækilega eru tíundaðar í skýrslunni og hv. þm. lýsti samþykki sínu við. Ef ég skildi hv. þm. rétt þá taldi hann að það væri tímabært að við Íslendingar endurskoðuðum hlutverk varnarstöðvarinnar, eftirlits- og gæsluhlutverk hennar, sérstaklega út frá þeirri spurningu að hve miklu leyti við Íslendingar gætum sjálfir tekist á hendur það verkefni að sinna þessu gæslu- og eftirlitshlutverki. Þetta er fullkomlega réttmæt spurning og vissulega umræðu og rannsóknar virði. Ég get hins vegar ekki fallist á það að fram hjá þessu hafi hreinlega verið gengið í skýrslu minni, vegna þess að á það er bent að þær breytingar sem nú hafa átt sér stað og munu halda áfram að eiga sér stað þær koma auðvitað til með að hafa áhrif á hlutverk þessarar eftirlitsstöðvar. Fyrst um sinn mun þó ekki reyna á þetta. En þar sem meginhlutverk hennar hefur verið að tryggja öryggi siglingaleiða og tryggja öryggi liðs- og vopnaflutninga frá meginlandi Ameríku til Evrópu, ef og þegar til ófriðar kæmi á þeim slóðum, þá er það út af fyrir sig svo að þessu hlutverki þarf áfram að sinna. Ef niðurstaðan verður sú að eftir því sem hið nýja öryggiskerfi Evrópu þróast yrði bandarískur her fluttur frá meginlandi Evrópu er eitt sjónarmiðið það að þá væri enn þýðingarmeira en ella að tryggja öryggi þessara siglingaleiða vegna þess að þá lengist sá tími sem þarf til þess að bregðast við hættuástandi sem kynni að skapast og það reynir meira á að tryggja þessar siglinga- og flutningaleiðir. Þetta svarar þó ekki spurningunni að öllu leyti en ég minni á að það er ekki bara að við eigum að svara þeirri spurningu: Eru nú upprunnir þeir friðartímar að raunverulega sé ástæða til að spyrja: Er ástæða til þess að segja upp varnarsamningnum, endurskoða forsendur hans og hverfa aftur til fyrra horfs um aðskilnað annars vegar spurningarinn-

ar um aðild að Atlantshafsbandalaginu og hins vegar veru varnarliðs á friðartímum? Það er ein spurningin. Hin spurningin er sú hvort Íslendingar eigi sjálfir að annast þetta hlutverk og þá innan óbreytts ramma með samkomulagi innan Atlantshafsbandalagsins. Þriðja spurningin gæti verið sú hvort sú stund kunni að renna upp að samningar hefjist um afvopnun á höfunum. Gerum ráð fyrir að þeir mundu takast. Við vitum hins vegar að þeir mundu taka langan tíma. Þá kynni að fara svo að forsendur mundu skapast fyrir því að eftirlit með framkvæmd slíkra afvopnunarsamninga, sem eru reyndar mun flóknari en afvopnunarsamningar um hefðbundin vopn á landi, mundu kalla á alþjóðlegt samkomulag um eftirlitsstöð, t.d. á Íslandi. Allt eru þetta stórar og þýðingarmiklar spurningar en það sem ég vil um það segja á þessu stigi málsins er þetta:

Þrátt fyrir allt sem sagt er um þær byltingarkenndu breytingar sem átt hafa sér stað þá erum við raunverulega við byrjun þessa breytingaferils. Það er kunnugt af sögunni að þegar nýlenduveldi leysast upp gerist það sjaldnast með skipulegum eða friðsamlegum hætti. Og nú þegar við horfum til þess að nýlenduveldi Sovétríkjanna leysist upp og stjórnkerfi og hugmyndakerfi þess sem byggði á valdbeitingu hrynur þá er þess að gæta að þessar breytingar eru gríðarlega vandasamar. Þeim munu fylgja mjög sársaukafullar breytingar. Það er ekki ólíklegt að áður en ástandið batnar eigi það eftir að versna. Margir þykjast eygja stóra hættu á því að í þessu upplausnarástandi muni koma til harðra átaka milli þjóðríkja sem haldið hefur verið nauðugum í ríkjasambandinu mikla, eða þjóðernislegra minnihlutahópa, þannig að menn geta engan veginn slegið því föstu að þetta gerist með friðsamlegum hætti. Með þessum orðum vil ég undirstrika að fram undan er mikil óvissa. Meðan svo er þá er ekki hægt að slá því föstu að tímabært sé að leysa upp þau varnarsamtök sem skilað hafa svo frábærum árangri eins og raun ber vitni að því er varðar Atlantshafsbandalagið eða það sameiginlega öryggiskerfi lýðræðisþjóðanna sem það er samnefnari fyrir. Spurningarnar sem hv. þm. vakti eru, eins og ég segi, vissulega umræðu virði. Þær ber að kanna og þær ber að taka alvarlega, en það er ekki tímabært að gefa sér fyrir fram niðurstöðu um það til hvers sú könnun leiðir. Það er nú fyrst og fremst það sem ég vildi segja um það mál að svo stöddu.

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. komst svo að orði í ræðu sinni hér áðan að eitt það erfiðasta sem henti manninn á lífsferlinum væri að nema nýjar hugsanir á gamalsaldri. Þetta minnir mig á spakmæli sem haft er eftir John Maynard Keynes, þekktasta hagfræðihugsuði þessarar aldar, en hann sagði að það erfiðasta sem gæti hent mannskepnuna væri að „aflæra" hugmyndakerfi eða þekkingarkerfi sem menn hefðu lært á ungum aldri. Ég hygg að það sé mikill vísdómur í þeim orðum.

Þegar við hugsum til baka um nokkra áratugi til sögu Evrópu þá höfum við upplifað það á æviskeiði tveggja kynslóða að upp hafa risið og fallið tvö alræðishugmyndakerfi og stjórnkerfi sem hafa skilið eftir sig sviðna jörð og valkesti af líkum og kostað ógurlegar blóðfórnir. Hið fyrra var nasisminn. Viðbrögð lýðræðisríkjanna við uppgangi og valdatöku nasismans voru mikil lexía. En sú staðreynd að lýðræðisríkjunum tókst ekki að koma á sameiginlegu öryggiskerfi til þess að kveða hann niður áður en honum gafst ráðrúm til þess að steypa heiminum í vítisloga seinni heimsstyrjaldarinnar mótaði raunverulega hugmyndir og reynsluheim manna eftir stríð. Nasisminn kostaði meira en 50 millj. mannslífa. Viðbrögð lýðræðisríkjanna urðu þau að láta sér þetta að kenningu verða. Og þegar Sovétríkin, mesta herveldi heims á þeim tíma, höfðu fært út landamæri sín og hneppt í fjötra hundruð milljóna manna, náð því með ofbeldi að tryggja yfirráð hamars og sigðar yfir þriðjungi heimsbyggðarinnar, þá brugðust þau við á þann veg að efla með sér sameiginlegt öryggiskerfi.

Ef við lítum nú til baka þá þurfum við út af fyrir sig ekki að undrast að Sovét-kommúnisminn er fallinn. Það eru auðvitað heimssöguleg tíðindi að þetta hugmyndakerfi, þetta stjórnkerfi, hefur hrunið innan frá vegna þess að það var siðferðilega rotið innan frá, það var kerfi byggt á valdbeitingu. Sovéska ríkjasambandinu og sovéska nýlenduveldinu var haldið saman með ofbeldi, ofbeldi Rauða hersins, ofbeldi lögreglunnar. Það var ríkjasamband sem byggði á hugmyndum sem voru manneskjufjandsamlegar. Í krafti einhvers stórasannleiks um yfirburði þessa þjóðfélags voru öll mannréttindi afnumin. Rétturinn til að hugsa upphátt, rétturinn til að tala, réttur til samtaka, réttur til tjáningar, ferðafrelsi og öll mannréttindi. Allt átti þetta að gerast í nafni þess að þetta þjóðfélagskerfi hefði einhverja þá yfirburði að það mundi skila fólki allsnægtum undir lokin ef þessar fórnir yrðu færðar. Nú vita menn betur. Þetta kerfi skilaði engum vörum. Það var byggt á ranghugmyndum einnig að því er varðar framleiðslustörf og efnahagskerfið. Það er efnahagslega líka í rúst. Rúmum 70 árum eftir rússnesku byltinguna kom það á daginn að Sovétríkin gátu ekki brauðfætt sig.

Þetta höfum við upplifað en það er ástæða til að staldra við það að þjóðfélag sem byggir tilveru sína á ofbeldi er auðvitað hættulegt heimsfriðnum í sjálfu sér. Það er hættulegt fólki og það er hættulegt nágrönnum sínum. Lýðræðisríki eru í eðli sínu síður til þess líkleg að beita ofbeldi af þeirri einföldu ástæðu að lýðræðisleg vinnubrögð, lýðræðisleg gagnrýni, opin þjóðfélög setja valdhöfunum þröng takmörk.

Annars vegar höfum við upplifað hrun þessara allsherjarkerfa stórasannleiks sem boðuð voru kappsamlega af falsspámönnum. Hins vegar hefur okkur smám saman lærst að skilja hvílíkir eru langtímayfirburðir hins opna og lýðræðislega þjóðfélags. Berum saman árangurinn annars vegar af samrunaferlinum í Evrópu, berum saman árangurinn af lífskjarabyltingunni í Evrópu, minnumst þess að í 2000 ára blóðugri sögu Evrópu hefur aldrei gerst að uppi væri samfellt 50 ára tímabil friðar, eins og tryggt var á forsendum og á grundvelli öryggiskerfis lýðræðisríkjanna, berum þetta

saman við reynsluna af sovésku tilrauninni í austri. Annars vegar var hrun þess kerfis vegna þess að það var siðferðilega rotið og féll innan frá. Hins vegar var aðdráttarafl hins opna, lýðræðislega þjóðfélags Evrópu.

Ef menn tala um það að nú sé þörf á að endurskoða hugmyndir, nú sé þörf á því að læra af reynslunni, þá hljóta menn fyrst og fremst að staldra við það að þeir þurfa fyrst og fremst að læra sem standa núna uppi á öskuhaugum sögunnar með hugmyndir sem reyndust rangar, síður hinir sem geta litið til baka og sagt með sanni: Okkar hugmyndir hafa staðist. Þær hafa skilað árangri. En á öllum tímum þurfa menn að geta litið á þróun mála með opnum huga. Það hljómar dálítið ankannalega ef þeir sem helstir hafa verið talsmenn hinna úreltu hugmynda tala mest um nauðsyn þess að hinir þurfi nú að endurmeta þær hugmyndir sem vel hafa gefist og sannað gildi sitt í reynd.

Virðulegi forseti. Við lifum á spennandi tímum og andi þeirra tíma kemur vel fram í upphafsorðunum á sögulegri yfirlýsingu leiðtoga Atlantshafsbandalagsins frá umræddum fundi í Lundúnum 5.–6. júlí þar sem boðaður er vilji leiðtoga lýðræðisríkjanna til þess að rétta bróðurlega sáttahönd leiðtogum hinna nýfrjálsu ríkja í Austur-Evrópu sem nú eru að byrja að stíga fyrstu skrefin úr rústum alræðisins í átt til manneskjulegs þjóðfélags sem byggt væri á hugmyndum um lýðræði, fjölflokkakerfi, réttarríki og valddreifingu í efnahagsmálum. þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nýtt skeið er hafið í sögu Evrópu, fullt fyrirheita. Ríki Mið- og Austur-Evrópu eru að varpa af sér oki áþjánar. Sovétríkin eru að stíga fyrstu skrefin í átt til frjáls samfélags. Múrarnir, sem áður héldu fólki föngnu og hindruðu frjáls skoðanaskipti, eru að hrynja. Evrópumenn eru nú að skapa sér örlög sjálfir. Þeir hafa valið frelsið, frjálst efnahagskerfi og frið. Atlantshafsbandalagið verður að breytast og aðlagast í samræmi við þessa þróun.

Atlantshafsbandalagið hefur verið árangursríkasta varnarbandalag sögunnar. Nú, þegar fimmti áratugurinn í starfsemi bandalagsins er að hefjast og það horfir fram á við til nýrrar aldar, verður bandalagið að viðhalda áfram sameiginlegum vörnum. Bandalagið hefur átt mikinn þátt í því að skapa nýja Evrópu. Enginn getur með vissu spáð fyrir um þróun mála í framtíðinni. Við verðum að standa saman og framlengja hið langa friðarskeið sem við höfum notið síðustu fjóra áratugi. Þrátt fyrir það verður bandalagið að vera æ meiri hvati breytinga. Það getur hjálpað til við að reisa máttarviði samstæðari álfu og stutt öryggi og jafnvægi með öllum þeim styrk sem sameiginleg trú á lýðræði, rétt einstaklingsins og friðsamlega lausn deilumála veitir. Við ítrekum það álit okkar að öryggi og jafnvægi eru ekki eingöngu hernaðarlegs eðlis. Það er ætlun okkar að styrkja pólitískan þátt í starfsemi bandalagsins, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. stofnsáttmála þess."

Nokkrum vikum áður hafði svipuð orðsending verið send frá utanríkisráðherrafundinum í Turnberry í Skotlandi og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við, utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsins, erum staðráðnir í að færa okkur í nyt þau sögulegu tækifæri, sem hinar umfangsmiklu breytingar í Evrópu hafa skapað, í þeim tilgangi að stuðla að nýju og friðsamlegu framtíðarfyrirkomulagi í Evrópu, byggðu á frelsi, réttlæti og lýðræði. Í þessum anda réttum við fram hönd sátta og samstarfs til þjóða Sovétríkjanna og allra annarra Evrópuríkja."

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessa umræðu sem hér hefur farið fram í dag um utanríkismál en ég hef hlustað á hana af athygli. Það er greinilega komið nokkurt nýtt hljóð inn í umræðuna og það er ekki að undra eftir þá stórkostlegu atburði sem hafa átt sér stað í heiminum á síðustu mánuðum.

Það sem ég ætlaði að gera hér að umtalsefni í örstuttu máli var nokkuð sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh., núna í seinni ræðunni, þar sem bar nokkuð mikið í milli miðað við orð hæstv. forsrh. í morgun þegar hann svaraði fyrirspurn varðandi GATT-viðræðurnar. Hæstv. forsrh. sagði að meining hæstv. ríkisstjórnar væri að færa styrki til landbúnaðar úr svokölluðum framleiðsluhvetjandi styrkjum í það að vera byggðastyrkir, eins og þekktir eru hjá mörgum þjóðum, þannig að ekki væri um það að ræða að minnka fjármagn til styrkja í landbúnaði, enda hefur það komið fram að þeir eru ekki meiri hér en gengur og gerist hjá okkar nágrannaþjóðum. Það hefur einmitt komið fram núna í tengslum við þá vinnu sem fer fram í GATT-samningunum. Aftur á móti talaði hæstv. utanrrh. um það að þarna ætti að draga verulega úr styrkjum, um einhverja milljarða jafnvel.

Auk þess hefur minn skilningur varðandi svokölluð innflutningsjöfnunargjöld verið sá að varðandi búvörur sem kæmu til með að keppa við íslenskar búvörur yrði fyrst og fremst á grundvelli gæða en ekki verðs vegna innflutningsjöfnunargjaldanna auk þess sem strangar kröfur yrðu að sjálfsögðu gerðar af hálfu íslenskra yfirvalda hvað snerti heilbrigði og hollustu vörunnar, t.d. í sambandi við notkun eiturefna og hormóna og fleiri slíkra efna. Þetta vildi ég að kæmi hér fram, hæstv. forseti, þar sem mér finnst þetta skipta verulega miklu máli og það gangi ekki að á sama deginum komi hér tveir hæstv. ráðherrar og tali svona sinn í hvora áttina.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Já, það er merkilegt að hlusta á tvo hæstv. ráðherra tala svo út og suður eins og hv. síðasti ræðumaðumaður, 5. þm. Norðurl. e., benti á. Það er nú ekkert nýtt innan þessarar ríkisstjórnar. Hún talar yfirleitt út og suður í svo mörgum málum. En ég tók eftir því að þarna bar mjög mikið á milli og mjög einkennilegt að heyra hvernig þarna var farið með varðandi GATT-viðræðurnar. Væri fróðlegt að fá að vita hvað í raun og veru er þarna á ferðinni. Hvort á maður að taka meira mark á því sem hæstv. utanrrh. segir eða hæstv. forsrh.?

En það vakti athygli mína að hæstv. utanrrh. taldi að það jafnaðist á við aukna þróunaraðstoð af hálfu Íslendinga að komið yrði á óheftum viðskiptum með landbúnaðarvörur. Þetta þótti mér ákaflega langsótt og átti mjög erfitt með að skilja það sem hann átti við. Nú heyrir hæstv. utanrrh. að vísu ekki mitt mál þar sem hann er ekki í salnum en e.t.v. skiptir ekki máli hvort hann er hér eða er hér ekki, þar sem hann hefur greinilega ekki fylgst neitt með því sem ég sagði fyrr í umræðunni þar sem hann hirti ekki um að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Ég vildi einungis vekja athygli á þessu. Ég spurði um ákveðin atriði í skýrslunni og eitt af því sem ég spurði um var hvernig öryggismál hefðu komið inn í samninganna við Evrópubandalagið, þar sem fullyrt er í þessari skýrslu að í samningum við bandalagið um aðgang að mörkuðum væri tekið tillit til hlutverks Íslands í vörnum Vestur-Evrópu. Ég spurði beint að þessu en hann svaraði því engu.

Það stendur einnig í skýrslunni orðrétt, með leyfi forseta: „Á hinn bóginn kynni Evrópubandalagið, sem hefði varnarmál á stefnuskrá sinni, einnig að sjá sér hag í auknum samskiptum við Ísland í ljósi hernaðarlegs mikilvægis landsins, en slíkt kynni að greiða fyrir samningum um viðskipti Íslands og Evrópubandalagsins.“ Ég spurði hæstv. utanrrh. að þessu. Hann leiddi hins vegar algerlega hjá sér að svara þessu. Þetta þótti mér mjög slæmt.

Ég spurði einnig við hvað væri átt á bls. 12 í þessari skýrslu þar sem hann fullyrðir að við stöndum frammi fyrir afar erfiðu vali að velja okkur samstarfsaðila í öryggis- og varnarmálum og er þá að bera saman bandamenn austan og vestan hafs. Þetta hirti hann ekki um að ræða heldur.

Mig langaði líka til að vita hvaða ríki Atlantshafsbandalagsins hefðu tekið undir kröfu Íslendinga um afvopnun á höfunum. Hann svaraði því heldur ekki. Það voru fleiri spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra en hann kaus að leiða þær hjá sér. Hann heyrði e.t.v. ekki hvað ég sagði frekar en hann heyrir núna hvað ég segi. Hann er e.t.v. ekki vanur að hlusta á það sem konur hafa að segja. Hann skilur það ekki.

Það sem ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á, og hefði kannski fremur átt að segja í minni fyrri ræðu en mér láðist að geta þess, er að það eru tvö hugtök sem ég á erfitt með að átta mig á sem koma fram á bls. 9 og 20 í þessari skýrslu og e.t.v. víðar, þar sem talað er um sérstakt „stofnvirki til að koma í veg fyrir og leysa illdeilur“. Ég skil þetta því miður ekki. Þetta orðalag kemur fyrir á tveimur stöðum og mér er alveg hulin ráðgáta hvað þarna er átt við. Ég vil gjarnan koma í veg fyrir og leysa illdeilur, en ég skil ekki hvaða stofnvirki það er sem þarna er átt við. Einnig langar mig til að vita hvað átt sé við með hugtakinu „vestræn dýpt“. En hún er talin nauðsynleg til að tryggja framkvæmd áframhaldandi jafnvægis og stöðugleika á sviði varnarmála. Þetta voru þau tvö hugtök sem mig langaði til að vekja athygli á. Má ég bíða þangað til hæstv. ráðherra kemur? (**Forseti:** Forseti vill nú leggja til að hv. þm. bíði með þau atriði sem hæstv. utanrrh. verður endilega að heyra. Það hefur áður verið beðið í ræðustól.) Þó að ég hefði margt fleira um þessi mál að segja, þá hafði ég ekki ætlað mér að hafa mörg orð að sinni nema eingöngu það sem varðaði spurningar beint til hæstv. utanrrh. svo að ég kýs að bíða.

Ég var að vekja athygli hæstv. forseta á því að ég hefði ekki fengið svör við nokkrum af mínum spurningum. Ekki veit ég hvort ég á að endurtaka þær, hvort það hefur einhverja þýðingu, en það sem ég hafði ekki vakið athygli á í minni fyrri ræðu voru hugtök sem ég átti fremur erfitt með að skilja í ræðunni og reyndi ég að athuga hvort einhverjar skýringar kæmu á þeim, en það varð ekki. Annað var hugtakið „stofnvirki“. Það er notað í tveim stöðum í skýrslunni, alla vega á bls. 9 og bls. 12 þar sem rætt er um stofnvirki sem geti komið í veg fyrir og leyst illdeilur. Þetta var mér mjög torskilið. Þrátt fyrir að ég hafi lesið bæði það sem á undan fór og eftir mörgum sinnum skil ég ekki hvað þarna er átt við. Ég tek það fram að auðvitað vil ég koma í veg fyrir og leysa illdeilur en þetta hugtak skil ég ekki. Það var einnig annað hugtak sem ég get ekki skilið og það er „vestræn dýpt“ sem er svo nauðsynleg til að tryggja í framkvæmd áframhaldandi jafnvægi og stöðugleika á sviði varnarmála. Þessa vestrænu dýpt átti ég fremur erfitt með að skilja og átta mig ekki á hvað þarna væri átt við.

Ég veitti því einnig athygli í VIII. kafla skýrslunnar, sem sérstaklega var gerður að umtalsefni hér af hv. 4. þm. Vestf., um herstöðina á Miðnesheiði að hún er kölluð varnarstöð Atlantshafsbandalagsins. Ég velti því fyrir mér síðan hvenær hún heitir þetta. Ég veit ekki betur en hér sé um að ræða bandaríska herstöð, enda er um tvíhliða samninga milli Íslands og Bandaríkjanna að ræða varðandi þessa herstöð og er margoft talað um það í þessari skýrslu. Það getur því varla verið rétt að kalla herstöðina varnarstöð Atlantshafsbandalagsins, hvorki í þessari skýrslu né heldur á vegskiltum Vegagerðarinnar sem vísa veginn til herstöðvarinnar og blasa við á leið að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um ástæðuna fyrir þessum nafnabreytingum. Það má vel vera að hún hafi verið einnig í fyrra í skýrslu ráðherrans.

Það eru líka fleiri nafnabreytingar í skýrslunni eða ný orð notuð. Hæstv. ráðherra notaði ýmist þjóðarleiðtogar eða ríkisoddvitar og ég átta mig ekki alveg á hvort ríkisoddvitar eru þá forsætisráðherrar eða hvort utanríkisráðherrar eru einnig þar taldir með eða aðrir hæstv. ráðherrar.

Þetta eru atriði sem ég vildi vekja athygli á, virðulegur forseti. Ég vil að lokum taka fram varðandi málefni Palestínu að ég er því algerlega ósammála hæstv. utanrrh. að þar hafi verið tekið á með eðlilegum hætti. Ég tel að allt of lítið hafi verið gert af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar varðandi málefni Palestínu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hafi ég verið spurður um merkingu hugtaksins stofnvirki í fyrri ræðu hv. þm. þá hefur það farið fram hjá mér, ég biðst þá velvirðingar á því. Þetta er sérviskulegt orð og merking þess er eftirfarandi: Ráðstefnan um samvinnu og öryggi í Evrópu er að breytast í eitthvað sem heitir stofnun, institution. Undir þeirri regnhlíf er síðan verið að setja upp aðrar undirstofnanir, þannig að stofnvirki merkir hér undirstofnun.

Að því er varðar hvað merki hin vestræna dýpt þegar verið er að ræða annars vegar þennan vísi að nýju öryggiskerfi Evrópu sem heildar með þátttöku 34 ríkja og hins vegar hin hefðbundnu varnar- og öryggissamtök vestrænna ríkja, þá þarf ekki að leggjast djúpt eftir merkingunni. Þarna er einfaldlega verið að undirstrika að sá er munurinn á að Atlantshafsbandalagið er samtök Vestur-Evrópuríkja og ríkja Norður-Ameríku sem hefur staðið í tæpa fimm áratugi. Hins vegar er verið að koma á samstarfsvettvangi ríkja sem styðjast við ýmsar ólíkar forsendur. Í þeim hópi verða hlutlaus ríki, í þeim hópi eru fyrrverandi aðildarríki Varsjárbandalagsins, í þeim hópi eru Sovétríkin sjálf. Við höfum sagt, og það er mín afstaða, þetta tvennt útilokar ekki hvort annað. Það ber að óbreyttu að viðhalda Atlantshafsbandalaginu sem samtökum, hinni vestrænu dýpt í hinu nýja öryggiskerfi, þótt hlutverk þess muni vafalaust breytast.

Þriðja spurning var sú af hverju talað væri um varnarstöð NATO. Það er rétt sem hv. þm. segir. Varnarstöðinni er komið á með tvíhliða varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. En það er gert innan ramma samstarfs Atlantshafsbandalagsríkjanna og innan ramma öryggiskerfis þess þannig að þessi varnarstöð starfar undir sameiginlegri herstjórn Atlantshafsbandalagsins og er þáttur í öryggiskerfi Atlantshafsbandalagsins. Þess vegna er í fyllsta máta eðlilegt að tala um hana sem varnarstöð Atlantshafsbandalagsins eins og gert er.

Að því er varðar fjórðu spurninguna um ríkisoddvita þá merkir ríkisoddviti forsætisráðherra.

SAMEINAÐ ÞING

16. fundur, mánudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Unnur Hauksdóttir, 2. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki setið lengur á Alþingi í forföllum Karvels Pálmasonar óska ég þess með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Björn Gíslason, taki sæti á Alþingi í minn stað."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Björn Gíslason hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Kosning eins manns í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í stað Margrétar S. Björnsdóttur til 25. maí 1993, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki var stungið upp á fleirum en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvgr.:

Ingunn Anna Jónasdóttir, Brekkubraut 10, Akranesi.

Viðurkenning á fullveldi Eistlands, Lettlands og Litáens, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞP o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Forgangur Vestfirðinga til samninga við Grænlendinga, fyrri umr.

Þáltill. ÞK, 41. mál. — Þskj. 41.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem ég er flm. að um forgang Vestfirðinga til samninga við Grænlendinga. Þar er gert ráð fyrir að fela ríkisstjórninni að taka upp viðræður og leita samninga við grænlensk stjórnvöld um samvinnu og sameiginlega aðild Grænlendinga og Vestfirðinga að ráðstöfunum, framkvæmdum og viðskiptum til hagnýtingar auðlinda og aðstöðu beggja aðila til gagnkvæmra hagsbóta. Þá er gert ráð fyrir að haft verði samráð við Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Það er margt sem tengir Ísland og Grænland, þó maður fari nú ekki að rekja söguna allt frá fundi Grænlands. Á síðustu árum hafa samskipti landanna aukist mjög og tekið á sig myndir sem leiðir af því að Grænlendingar hafa fengið sína heimastjórn. Á Alþingi 1984 var samþykkt ályktun um sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga. Þar var ríkisstjórninni falið að kanna til fullnustu möguleika á samkomulagi við Grænlendinga um sameiginleg hagsmunamál. Norræni þróunarsjóðurinn fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland var stofnaður 1986. Alþingi samþykkti 1988 ályktun um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta. Þá er samningurinn um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands og Íslands og Jan Mayen, svo að eitthvað sé nefnt. Allt eru þetta mál á vettvangi hinna almennu samskipta milli landanna beggja, Grænlands og Íslands.

Sú till. til þál. sem hér er lögð fram er annars eðlis. Hér er um að ræða mál sem varðar viðskipti Grænlendinga og Vestfirðinga sérstaklega. Till. þessi til þál. helgast af landfræðilegri legu Vestfjarða og nálægð við Grænland. Það er eðlilegast og hagkvæmast af þessum ástæðum að beina sem mestu af viðskiptum Íslendinga og Grænlendinga um Vestfirði. Er þess að gæta að þau samskipti sem hér er átt við eru þess eðlis að því minni sem fjarlægðin er milli aðila, þeim mun sjálfsagðara er náið samband um þau efni sem hér koma helst til álita. Er af mörgu að taka í þessu tilliti.

Umskipanir á Vestfjörðum vegna hugsanlegrar námuvinnslu á Grænlandi má með sanni nefna. Hafnarskilyrði geta verið ákjósanleg á fleiri en einum stað á Vestfjörðum til að anna slíkum þörfum. Umskipun á öðrum afurðum Grænlendinga getur verið báðum aðilum til hagræðis og hagsbóta og þá ekki síst fiski til fiskvinnslustöðva. Slík viðskipti varða Vestfirðinga miklu hvort heldur þar er um að ræða tekjur af hafnargjöldum, skipaafgreiðslum, olíuviðskiptum, sölu á vistum eða viðgerðarþjónustu fyrir fiskiskip.

Þá hafa Vestfirðingar tök á að veita Grænlendingum mikilvæga ráðgjöf um fiskvinnslu. Má þar nefna hönnun, smíði og uppsetningu vinnslukerfa og rekstrarráðgjöf kunnáttumanna. Ekki má heldur gleyma að Vestfirðingar eru sérlega vel færir um að veita Grænlendingum hina mikilvægu rafeindaþjónustu með sitt brautryðjendafyrirtæki í þeirri grein. Sama er að segja um veiðarfærasölu þar sem um er að ræða t.d. hina ágætu netagerð sem fyrir hendi er.

Vestfirðingar eiga á að skipa sérhæfðum iðnaðarmönnum og verktökum sem hafa ekki of mikið verkefni alltaf en ættu að geta sinnt byggingarverkefnum á Grænlandi. Í þessu sambandi er sérstaklega að geta

möguleika á skipasmíði fyrir Grænlendinga sem Vestfirðingar eru færir um að sinna með sinni fullkomnu skipasmíðastöð og vélsmiðjum.

Flugþjónusta kemur inn í þessa mynd og þá spurningin um hvort Vestfirðingar geti ekki með eigin flugfélagi gegnt veigamiklu hlutverki í flugsamgöngum við Grænland. Sérstaklega er áhugavert að tengja Vestfirði Grænlandi í ferðamálaþjónustu.

Umboðssala á afurðum Grænlendinga kemur til greina, t.d. á ferskum og frosnum fiski, en Vestfirðingar hafa þegar fyrirtæki sem geta tekið að sér slík hlutverk. Í þessu sambandi orkar ekki tvímælis mikilvægi millilandaflugvallar í Dýrafirði sem á eftir að verða að veruleika.

Margt fleira má að sjálfsögðu nefna sem getur orðið til hagsbóta báðum aðilum, Vestfirðingum og Grænlendingum. Grænlendingar mættu t.d. eiga eignarhlut í vestfirskum fyrirtækjum og öfugt. Það gæti verið eins gott að fá fiskvinnslufólk frá Grænlandi til starfa á Vestfjörðum og að sækja það til Ástralíu og Nýja-Sjálands.

Hér verður engin tæmandi upptalning gerð á möguleikum á samvinnu Vestfirðinga og Grænlendinga. Á þessu máli er víðtækur skilningur og áhugi hjá Vestfirðingum. Fjórðungsþing Vestfirðinga samþykkti 1. sept. sl. eftirfarandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Vestfirðinga 1990 fer fram á að Vestfirðingum verði veittur forgangur til samningagerðar við Grænlendinga á sviði atvinnu, viðskipta og þjónustu. Í því gæti m.a. falist eignaraðild að atvinnu- og þjónustusviði hér á landi og tengst hagnýtingu auðlinda. Þingið bendir á að nú fara fram forkannanir á flugvallarsvæði í Dýrafirði og ef þær rannsóknir lofa góðu opnast möguleikar á millilandaflugi. Með tilkomu jarðganganna yrði því greiður aðgangur milli hafna á svæðinu."

Að lokum skal tekið fram að þó að þessi þáltill. snerti Vestfirðinga sérstaklega hefur hún að sjálfsögðu mikið gildi fyrir samvinnu og viðskipti beggja þjóðanna í heild, Grænlendinga og Íslendinga. Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að þessari tillögu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og til hv. utanrmn.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi þáltill. er fram komin. Fyrst og fremst vegna þess að ég held að það sé löngu tímabært að við gerum okkur ljósa grein þess að samskipti okkar við Grænlendinga eru orðin nokkur, munu fara vaxandi og eru að mínu viti mjög æskileg fyrir Íslendinga ekki síður en Grænlendinga. Og það að fela Vestfirðingum forgang eða veita þeim forgang til samninga við Grænlendinga er kannski fyrst og fremst staðfesting á því sem Vestfirðingar hafa verið að gera. Það hafa verið býsna mikil samskipti við Grænlendinga af hálfu Vestfirðinga. Sem dæmi um það vil ég nefna að vinabær Ísafjarðar á Grænlandi heitir Nanortalik og milli þeirra bæja hafa verið öflug og góð samskipti um margra ára bil. M.a. kom sendinefnd allfjölmenn fyrir tveimur árum og átti viðræður við bæjarstjórn og ýmsa aðila á Ísafirði um ferðamál og samskipti og kynningu á ýmsum atvinnuháttum á báðum stöðum. Í framhaldi af því var síðan stór hópur skólamanna núna í vetur í heimsókn á Ísafirði og kynnti sér það sem þar er að sjá, atvinnuhætti, menningu og sögu. Þessi viðskipti eru gagnkvæm þannig að Ísfirðingar hafa á sama hátt farið utan og kynnt sér það sem er að gerast þarna sem er okkur að mörgu leyti mjög fróðlegt því margt í skipulagi og stjórnun þarna er þess eðlis að við getum lært af því, þó að ekki sé svo um allt.

Ég bendi á þetta til að ítreka það að Vestfirðingar hafa haft mikil og vaxandi og mjög góð samskipti við Grænlendinga. Í gegnum flugvöllinn á Ísafirði hefur Flugfélag Norðurlands reyndar annast mjög viðamikla þjónustu við Grænlendinga en Ísafjarðarflugvöllur er núna sá sem liggur einna best við. Og eins og bent er á hér er flugvöllur í Dýrafirði sá flugvöllur sem sennilega mundi taka við stærstu hlutverki í millilandaflugi á Vestfjörðum en hann liggur mjög vel við samgöngum við Grænland.

Af því að hér er getið um atvinnugreinar sem hentugt væri að þjónuðu Grænlendingum þá vil ég taka undir það að Netagerð Vestfjarða er orðið mjög öflugt fyrirtæki, hefur reyndar tekið frumkvæði, ekki bara í netagerð heldur líka með neðansjávarrannsóknum ýmsum. Í sjónvarpi núna fyrir skömmu var einmitt greint frá því sem þeir hafa verið að vinna með neðansjávarmyndavél. Þeir hafa unnið að veiðafæraranns óknum og þróun og eru mjög framarlega í sinni grein. Og ekki er þá síður fyrirtækið Pólstækni, sem er eitt af leiðandi fyrirtækjum í rafeindatækni fyrir sjávarútveg og sjávaraflavinnslu, þannig að á margan hátt held ég að Vestfirðingar geti átt þarna gott hlutverk til þess að þjóna Grænlendingum.

Þá vil ég benda á að þessi þáltill. rímar ósköp vel við frv. til laga sem lagt var fram hér á þessu þingi, 100. mál á þskj. 103, sem er um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands. Þessi tvö mál fara ósköp vel saman því þar er verið að leggja til að færeysk og grænlensk fiskiskip verði undanþegin ákvæðum gamalla laga sem banna þeim að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra. Þetta gæti einmitt farið mjög vel saman því að því hefur oft verið slegið fram fyrir vestan að við gætum haft meiri samskipti við Grænlendinga. Við vitum af kvóta sem þeir eiga til sjávarfangs við miðlínu sem liggur tiltölulega vel við Vestfjörðum. Þar má nefna t.d. loðnukvóta. Sú hugmynd hefur komið upp að Íslendingar eða Grænlendingar eða þjóðirnar í sameiningu gætu byggt og rekið loðnuverksmiðju t.d. á Vestfjörðum, Flateyri hefur verið nefnd, þar sem saman færu hagsmunir þessara tveggja þjóða um vinnslu þessa afla sem Grænlendingar yrðu ella að sigla með um langan veg til síns heimalands eða þá í erlend verksmiðjuskip við Grænlandsstrendur. Hvorugt er okkur hagkvæmt en aftur á móti gæti þetta fyrirkomulag verið okkur á margan hátt mjög hagstætt.

Það er ítrekað hér að haft verði samband við Fjórð-

ungssamband Vestfirðinga. Ég tek undir það vegna þess að þrátt fyrir ýmsar fréttir af áliti sveitarstjórnarmanna og landshlutasamtaka verðum við ekki vör við annað á Vestfjörðum en að Fjórðungssamband Vestfirðinga standi vel fyrir sínu sem sameiningartákn og samvinnutákn vestfirskra sveitarfélaga. Því held ég að það sé mjög æskilegt að samráð verði haft við það í þessu máli.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég er algerlega andvígur þessari till. Mér finnst gegna furðu að menn skuli flytja till. um að veita forgang til samninga við erlend ríki og á það sér vart hliðstæðu. Ég er hins vegar mjög sammála því að efla tengsl með Íslendingum og Grænlendingum. Báðir geta haft mikið gagn af því og ég er viss um að Grænlendingar vilja fá að ráða því hvert þeir leita um viðskipti við Íslendinga. Það eru nefnilega í lögum frá 1922 eða 1924 ákvæði um að ráðherra skuli einn geta veitt heimild til þess að erlend fiskiskip geti landað hér. Það er í krafti þessara laga sem Grænlendingar eru þvingaðir til þess að hafa samskipti við Vestfirðinga eina nema í undantekningartilfellum.

Ég vil að það komi hér fram að Grænlendingar hafa mjög leitað til Hafnfirðinga um þjónustu. Þar hefur þeim verið veitt hvers kyns þjónusta með miklum ágætum og þeim líkað það mjög vel og vilja þangað helst koma eða a.m.k. ekki síður en annað. Ég minni á það líka að hvers konar aðstaða er fyrir hendi þar og annars staðar til þess að veita þá þjónustu sem hér er tilgreind.

Ég var staddur á Grænlandi í sumar og ræddi m.a. við Grænlendinga um þessi samskipti. Þar kom greinilega fram að þeir vilja fá að ráða því sjálfir hvert þeir leita. Og ég er sannfærður um það að ætlum við að koma á góðum samskiptum þurfa báðir aðilar að ráða því við hverja þeir tala.

Ég minni líka á það að ekki þarf að horfa nokkur ár fram í tímann hvað varðar gerð millilandaflugvallar, hann er fyrir hendi hér og við eigum náttúrlega að nota hann. Ég minni á það að maður sem ætlar að fara til Grænlands eða frá Grænlandi til Íslands verður að koma við í Reykjavík, þannig að það yrði nú að æra óstöðugan að ætla að átthagabinda það hvar menn koma að landi eða við hvern þeir hafa samskipti.

Nokkrum sinnum hafa verið fluttar tillögur hér um að afnema þær hömlur sem lögin gömlu frá 1922 eða 1924 hafa í för með sér. Ég tel sjálfsagt að svo verði gert vegna þess að það er gersamlega úrelt og nær ekki nokkurri átt að það sé í hendi ráðherra hvar menn landa og hvar þeir hafa viðskipti. Og ég skil ekki þá miðstýringaráráttu sem þarna er að baki.

Það er eitt í grg. sem vekur furðu mína þar sem segir: „Það gæti verið eins gott að fá fiskvinnslufólk frá Grænlandi til starfa á Vestfjörðum eins og að sækja það til Ástralíu og Nýja-Sjálands.“ Þarna er eiginlega látið að því liggja að það sé sjálfsagt að menn sæki útlendinga til vinnu hingað. Ég held að það væri öllu nær að stuðla að því að fiskvinnslan gæti greitt sæmileg laun, góð laun handa verkafólki svo það fáist í vinnu. Ef það eru ekki launin sem hamla þá hlýtur það að vera of mikill fiskur, sem Vestfirðingar segja reyndar að sé ekki. Ég tel alveg ótækt að það skuli vera hátt á þriðja hundrað manns, útlendingar, sem starfa við fiskvinnslu þar um slóðir. Við eigum ekki að fjölga slíkum störfum, þau eiga að falla í hlut Íslendinga og þeir eiga að njóta þeirra kjara sem fyrirtæki fyrir vestan virðast geta greitt útlendingum, sem hlýtur að vera kostnaðarsamara en að hafa Íslendinga í vinnu.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessa till. Ég er henni algerlega andvígur en legg áherslu á að það verði gert allt sem mögulegt er til að ná góðum samskiptum við Grænlendinga, auka þau og efla báðum til hagsbóta, en ekki að binda þau í átthagafjötra og miðstýringu.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég hef nú heyrt mál hv. 4. þm. Reykn. og satt að segja rekur mig í rogastans að heyra slíkan ágætisþingmann mæla svo sem hann hefur gert í þessu máli.

Það er ekkert við það að athuga að einn þingmaður sé á móti ákveðnu þingmáli og á móti þessari þáltill. sem við hér ræðum. Auðvitað geta verið skiptar skoðanir í því efni. En þegar hv. þm. tekur svo mikið upp í sig og færir ekki minnstu rök fyrir fullyrðingum sínum, en allt sem hann minnist á er hreinn misskilningur og útúrsnúningur út úr því sem hér hefur verið sagt og till. þessari og tilgangi hennar, þá kastar fyrst tólfunum.

Hv. þm. telur það einhverja goðgá að Vestfirðingar séu sérstaklega nefndir í viðskiptum við Grænland. Ég tók það skýrt fram að ástæðan fyrir því væri sú að það helgaðist af landfræðilegri legu Vestfjarða og nálægð við Grænland. Ekki getur hv. 4. þm. Reykn. neitt breytt þessari landfræðilegu afstöðu. Ég tók fram að það væri eðlilegast og hagkvæmast af þessum ástæðum að beina sem mestu af viðskiptum Íslendinga og Grænlendinga um Vestfirði, en þá væri þess að gæta að það væri átt við þau viðskipti þar sem fjarlægð milli viðskiptaaðila skipti máli.

Hv. þm. talaði um það og hélt fram þeirri fjarstæðu að þessi till. fæli í sér einhverja tilburði til þess að þvinga Grænlendinga til ákveðinna viðskipta við Íslendinga og við ákveðna landshluta hér á landi. Hvernig dettur hv. þm. slíkt í hug, að það sé hægt að þvinga Grænlendinga til eins eða neins? Þessi till. byggir á því að það séu viðræður og samskipti milli landanna sem geta verið báðum aðilum til hagsbóta, báðum aðilum. Auðvitað getur ekki verið um neina þvingun að ræða í þessu efni, slíkt er gjörsamlega út í hött. Og yfirleitt eru allar þær mótbárur sem hv. þm. var með byggðar á misskilningi og gjörsamlega út í hött.

Eitt var það sem hv. þm. gerði veður út af að ég sagði að það gæti verið eins gott að sækja fiskvinnslufólk frá Grænlandi til starfa á Vestfjörðum eins og frá Nýja-Sjálandi eða Ástralíu. Ég hélt að þetta væru nú eiginlega svo augljós sannindi að það þyrfti ekki að gera annað eins fjaðrafok úr þessu og hv. þm. gerir og gerir mér upp þá skoðun að ég vilji að það verði sem

mest af erlendu verkafólki á Vestfjörðum. Það þarf töluvert mikið hugmyndaflug til þess að geta snúið hlutunum svona við. Auðvitað er þessu slegið fram til þess að benda á augljósar staðreyndir. Það er styttra að sækja verkafólk til Grænlands en til Ástralíu eða Nýja-Sjálands, ef þar er verkafólk fyrir hendi sem kærir sig um að vinna á Vestfjörðum. En að halda því fram að þessi till. feli í sér einhverja viljayfirlýsingu um að það eigi að vera sem mest af útlendingum við vinnu í hraðfrystihúsum eða annarri vinnu á Vestfjörðum, það er slíkur útúrsnúningur að það tekur ekki tali í raun og veru að vera að svara þessu.

Hv. þm. var svo eitthvað að fjasa um miðstýringaráráttu í þessu sambandi. Það er erfitt að koma þeirri hugsun heim og saman við það sem við erum að ræða. Og hann var eitthvað að nefna Hafnfirðinga í sömu andránni og Vestfirðinga. Jú, ekkert hef ég á móti því en það breytir ekki því sem er meginefni þessarar þáltill. að gerðar séu ráðstafanir til að taka upp viðræður og samninga við Grænlendinga um sameiginleg mál sem mættu verða báðum aðilum til hagsbóta.

Og svo, hv. 4. þm. Reykn. gengur náttúrlega algerlega fram hjá því að Vestfirðingar eru ekki sér þjóðflokkur. Vestfirðingar eru hluti af íslensku þjóðinni. Og ég tók það rækilega fram að það sem gæti verið til hagsbóta í viðskiptum Vestfirðinga og Grænlendinga gæti orðið til hagsbóta þjóðunum báðum í heild, bæði Íslendingum og Grænlendingum. Allt er þetta nú svo augljóst mál að ég verð eiginlega að biðja afsökunar á að tefja þingheim með svo sjálfsögðum hlut eins og ég hef þurft að drepa hér á.

Unnar Þór Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er mál á ferðinni sem flokkast í þrengsta skilningi undir hörðustu byggðamálin. Ég held að það væri ástæða til að tala hreinskilnislega um þessa hluti og segja beint út að einhverra hluta vegna færðust viðskipti af Vestfjörðum suður á Suðurnes. Einhverjir stýrðu því, hvort sem það var hið háa Alþingi eða menn á þess vegum, en það gerðist engu að síður.

Það sem réttlætir öðru fremur að Vestfirðingar eigi að sitja að viðskiptum við Grænland er landfræðileg staða þeirra. Þeir eiga sameiginleg fiskimið, eru nálægt hvorir öðrum. Ef við lítum á hlutina á eðlilegan hátt er það eðlilegasta leiðin, hverju svo sem öðrum kann að þykja ástæða til að halda fram og hvað sem svo upp á verður þegar búið er að fjalla um hlutina.

En alveg greinilegt er að stjórnun á sér alltaf stað, stjórnun ræður því hvernig hlutirnir velta, stjórnun ræður því hvort byggð verður á Vestfjörðum eða ekki. Þar af leiðandi er það stjórnvalda að stýra málunum þannig að landshlutarnir búi við nokkuð jöfn skilyrði. Það má segja það að Vestfirðingar eigi rétt á því að sitja að þessum viðskiptum við Grænlendinga á sama hátt og þeir eiga rétt á því að fá sinn eðlilega skerf út úr þeim gjöfulu fiskimiðum sem undan Vestfjörðum eru. Með öðrum orðum, mér finnst hér vera mjög eðlileg tillaga á ferðinni og ég styð hana alls hugar.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Það kemur mér á óvart að hv. flm. virðist misskilja sína eigin tillögu en hún fjallar, eins og fyrirsögnin segir hér, „um forgang Vestfirðinga til samninga við Grænlendinga“, sem þýðir náttúrlega það að þeir eigi að hafa forgang umfram aðra Íslendinga til að semja við Grænlendinga, það mundi merkja það á íslensku máli yfirleitt.

Ég tel og að ég hafi ekki gert honum upp neinar skoðanir því hann lætur að því liggja, eins og ég sagði réttilega, að það sé sjálfsagt að útlendingar vinni hér og ég stend við það að textinn hljóðar svo. En ég tel aftur á móti að menn eigi að vinna að því að hafa sem allra fæsta útlendinga í fiskvinnslunni, eigi heldur að reyna að freista þess að íslenskt verkafólk fái mannsæmandi laun til þess að lifa af. Þá hlýtur eitthvað annað að vera að ef það er ekki það að fólk fæst ekki til vinnu þar í fiskiðnaði. Ég er sannfærður um að þeir útlendingar sem þarna vinna eru dýrari fyrir fyrirtækin en íslenskir.

Ég tel að það eigi að vera frelsi í þessum viðskiptum, frelsi eins og hv. flm. er annað slagið að boða. Það á að vera frelsi fyrir menn að skipta við okkur og okkur við aðra. Það á ekki að átthagabinda það. Það getur aldrei orðið hagkvæmt fyrir hvorugan aðilann. Ég tel reyndar að það sé mjög óhagkvæmt fyrir Grænlendinga að vera bundnir við einn landshluta og þeir telja það sjálfir.

Það var rætt um fjarlægð á milli landa. Menn skyldu gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir að það sé styst milli stranda frá Vestfjörðum þá er byggðin næstum því öll vestan megin á Grænlandi og atvinnulífið er mestallt vestan megin. Í hlutfalli við það er fjarlægðin svo afar lítið styttri en menn skyldu ætla. Fiskimiðin eru sameiginleg, það er alveg rétt og Vestfirðingar eiga að njóta þessa alveg eins og aðrir en ekki hafa neinn forgang.

Ég er stuðningsmaður þess að Vestfirðingar njóti í fyllsta mæli allra þeirra viðskipta sem þeir geta mögulega haft. En að bera fram tillögu hér um það að einhver einn landshluti skuli hafa forgang fram yfir aðra finnst mér með ólíkindum og þess vegna er ég ósammála þessari tillögu. Ég er mjög sammála því að auka viðskipti við Grænlendinga og efla þau sem kostur er á. Þeir munu geta fengið alla þá þjónustu sem þeir vilja hvarvetna á landinu. Ég bendi á það enn einu sinni að þau fornu lög, þau gömlu úreltu lög sem ákveða að ráðherrar geti ákveðið hvert skip fer frá Grænlandi, ber að afnema. Grænlendingar óska mjög eftir því að geta fengið að ráða því hvar þeir landa. Það er kallað frelsi, sem hv. flm. boðar annað slagið, eða gerði.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ekki tök á því að gera þær athugasemdir sem vert væri við mál hv. 4. þm. Reykn. Ég vil aðeins segja að mér finnst það kasta tólfunum þegar hv. þm. segir ítrekað og heldur fram ítrekað úr þessum ræðustól að ég sé einhver áhugamaður fyrir því eða það sé mín stefna að það eigi að notast við erlent

verkafólk á Vestfjörðum. Ég mótmæli þessu og vænti þess að þingheimur taki meira mark á því sem ég sjálfur segi um mína eigin skoðun og stefnu í þessu máli en því sem ranglega er borið fram af hv. 4. þm. Reykn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlaunasjóðir einstaklinga, fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 64. mál. — Þskj. 66.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef hér leyft mér að leggja fram þáltill. sem ég flyt ásamt hv. þm. Alexander Stefánssyni og Stefáni Guðmundssyni um eigin eftirlaunasjóði einstaklinga. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skipa nefnd sem fái það hlutverk að móta reglur um eigin eftirlaunasjóði allra landsmanna og gera tillögur um hvernig hægt væri að gera upp réttindi launþega í núverandi lífeyrissjóðum."

Þessi tillaga var flutt á 112. löggjafarþingi, síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd.

Oft er sagt að við stjórnmálamenn séum uppteknir við að ræða liðna tíð eða vandamál líðandi stundar. Hér er þó flutt mál sem snýr beint að framtíðinni, einu stærsta máli sem snertir hagsmuni, ekki síst þess fólks sem fætt er eftir síðari heimsstyrjöld. Málefni sem kallar á það að menn þori að taka á ákveðnum vandamálum til að forða miklu slysi sem annars mun af hljótast.

Svo ég ræði hér í stuttu máli þá hugmynd sem við leggjum fram um nýtt kerfi þá vil ég fyrst segja það að auðvitað leggjum við til að lífeyrissjóðakerfið, eins og það stendur, verði gert upp og teljum ýmsar leiðir þar fyrir hendi. En það kerfi sem við viljum að taki við eru þessir eigin eftirlaunasjóðir. Hugmyndin er þessi:

1. Við upphaf ævistarfs eignast hver einstaklingur eigin eftirlaunareikning í umsjón banka, tryggingafélags eða þeirra aðila sem til þess hafa hlotið tilskilin leyfi, og fylgir eftirlaunareikningurinn viðkomandi einstaklingi út starfsævina. Í sjóðinn skal greiða iðgjald sem er 10% af öllum launatekjum hvers launþega og reiknuðum launatekjum þeirra sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda. Að því er varðar skiptingu hjá öðrum en þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur skulu 6% greidd af atvinnurekanda en 4% af launþega. Sem sé, við leggjum til að svipað hlutfall fari af launanum og gerist í dag.

2. Eftirlaunasjóðir verði verðtryggðir og ávaxtaðir á bankareikningum eða með verðbréfum skráðum á opinberu verðbréfaþingi.

3. Þegar einstaklingur verður 65–70 ára gamall er farið að endurgreiða eigandanum eftir ákveðnum reglum úr sjóðnum og er hann endurgreiddur að fullu á t.d. 20 ára tímabili.

4. Allar greiðslur úr eigin eftirlaunasjóðum yrðu skattfrjálsar, enda búið að skatta þessar tekjur sem laun einu sinni.

5. Við andlát er eftirlaunasjóðurinn eign maka eða erfðafé aðstandenda. Þarna leggjum við til að það verði viðurkennt að þessir peningar séu eign eigenda sinna og farið með þá eins og bílinn, húsið eða hverja aðra eign.

6. Eigin eftirlaunasjóðir eru sameign meðan hjónaband eða sambúð varir en skiptast til helminga við skilnað eða búskipti.

7. Ríkið stofnar tryggingasjóð sem tekur við tryggingarþætti lífeyrissjóðanna, örorkubótum, barna- og makalífeyrisgreiðslum. Sjóðurinn starfi við hliðina á eða yrði felldur undir Tryggingastofnun ríkisins. Hér yrði um að ræða gegnumstreymissjóð og yrðu greiðslur til hans innheimtar í staðgreiðslunni.

Við teljum að ekki sé síður hægt að reikna það út hvað öryrki þarf til lífsviðurværis og í rauninni eigi að gera það. Þeir sem hafa fulla heilsu eigi að greiða í sérstakan gegnumsteymissjóð og þannig komi peningar til þess fólks sem hefur af einhverjum ástæðum misst starfsgetu sína.

Við leggjum fram útreikninga um það hvernig þessir sjóðir mundu ávaxta sig á löngu tímabili, verðtryggðir með 5% vöxtum umfram verðbólgu. Einhverjum kann kannski að þykja 5% vextir umfram verðbólgu mikið en ég vek athygli á því að á þessari stundu munu lífeyrissjóðirnir krefjast hærri vaxta en flestir aðrir og gera samninga um raunvexti á bilinu 7–8%.

Við vekjum hér athygli á því að launamenn sem hafa sparað með þessum hætti í 45 ár, annar með mánaðarlaunin 70 þús. kr. og legði þá fyrir 7 þús. kr. á mánuði ætti eftir þennan starfstíma 13,5 millj. kr. Hinn sem hefði 100 þús. kr. í mánaðarlaun á þessu sama tímabili og borgaði þá mánaðarlega 10 þús. kr. ætti 19,2 millj. kr.

Sé miðað við mánaðarlegar endurgreiðslur á eftirlaunaaldrinum, sömu vexti og 20 ára endurgreiðslutíma mundi maður sem hefði 70 þús. kr. mánaðarlaun njóta um 87 þús. kr. á mánuði í eftirlaun en hinn 125 þús. kr. á mánuði. Þetta væru skattfrjálsar tekjur eins og ég sagði áðan.

Það má líka vekja athygli á því að ef þetta væri greitt hægar upp, t.d. á 30 ára tímabili, mundi lægri tekjumaðurinn hafa skattfrjálst 72 þús. kr. en sá sem hafði 100 þús. kr. mundi hafa liðlega 100 þús. kr. eða þeir mundu halda á eftirlaunaaldrinum sömu launum og þeir höfðu í starfinu næstu 30 árin eftir að þeir láta af störfum.

Menn geta spurt: Hvers vegna flytja menn svona tillögur? Ég segi að ég geri það unga fólksins vegna sem nú er að hefja sitt lífsstarf og einnig ungra manna sem munu lenda í óvissu í framtíðinni ef ekki verður tekið á þessu mikla máli. Þetta fólk greiðir til lífeyrissjóðanna í góðri trú um að það sé að kaupa sér öryggi í ellinni og tryggingu í lífinu. En getur það, ágætu alþingismenn, gerst eftir 25–30 ár að þá verði lífeyrissjóðirnir tómir og gjaldþrota? Hinir færustu reiknimenn eru í engum vafa, þeir hafa sýnt fram á að þetta muni gerast ef við sofum á verðinum, eins og mér því

miður sýnist að Alþingi Íslendinga ætli að gera í þessum efnum.

Við verðum búnir að brenna timbrið úr björgunarbátnum sem unga fólkið trúir að verði til taks þegar það eldist. Allir peningar búnir í sjóðunum sem það hefur lagt fyrir á starfsævinni. Þá verður þetta sama unga fólk annaðhvort að éta það sem úti frýs eða leggja drápsklyfjar á börnin sín til að framfleyta hinni öldruðu kynslóð á þriðja og fjórða tug næstu aldar. Vilja Íslendingar almennt að þessari siglingu verði haldið áfram? Vilja alþingismenn staldra við og reyna að móta hér nýja löggjöf og nýjar reglur þannig að fólkið sem nú er á góðum aldri geti treyst því að það sé að kaupa sér öryggi?

Það má líka spyrja, og menn auðvitað spyrja: Hvers vegna flytja menn svona tillögu, er eitthvað að? Það liggur fyrir að yfirlit til sjóðfélaga um greiðslustöðu þeirra hafa ekki verið send um árabil í mörgum tilfellum. Erfitt hefur reynst fyrir einstaka sjóðfélaga að fá upplýsingar um réttindi sín í sjóðunum. Margir launþegar hafa vaknað upp við vondan draum, vinnuveitandinn greiddi ekki gjaldið til sjóðsins. Iðulega hringir ungt fólk í mig eftir að aðgangi að Húsnæðisstofnun var breytt og segir: Ég á engin réttindi því ég stend í fjögurra, fimm ára stríði við vinnuveitandann minn. Hann tók af mér lífeyrisgreiðslurnar en hann skilaði þeim ekki af sér.

Það er líka ljóst að í rekstrarvanda fyrirtækjanna hafa skuldir hrannast upp við lífeyrissjóðina. Rekstrarkostnaður sjóðanna er allt of hár þó misjafn sé. Dæmi er um að þriðja hver króna sem tekin er af sjóðfélaga fari beint í reksturinn. Bókhaldsóreiða hefur kostað ýmsa sjóði og sjóðfélaga verulega fjármuni í greiðslur til endurskoðenda umfram það sem eðlilegt má teljast. Ég ætla ekki að fara að rekja þau sorglegu dæmi hér á hinu háa Alþingi. En því miður hefur það gerst víða um land á síðustu árum að slíkt ástand hefur komið upp á yfirborðið og orðið lýðum ljóst.

Ég vil líka vekja athygli á því sem mun gerast í framtíðinni. Það er aldursskipting Íslendinga. Hún mun breytast verulega. Sú ástæða ein væri næg rök til þess að menn settust niður og íhuguðu þetta stóra mál. Í dag eru 26 þús. Íslendingar 65 ára og eldri. Árið 2020 er talið að 50 þús. Íslendingar verði 65 ára og eldri. Þá fer nú að kárna gamanið og hirslur að tæmast ef við höldum þessari siglingu áfram.

Ég spyr: Eigum við að halda þessu óbreytta kerfi áfram og taka þá áhættu sem því fylgir, bara miðað við þessa breytingu á aldursskiptingu þjóðarinnar? Og það þarf að horfa á hitt að það er ljóst að þegar þessi aldursskipting verður skollin yfir, þá verður sama hlutfall Íslendinga á vinnumarkaði og er í dag og þeir verða þá með vinnu sinni að bera uppi þetta mikla vandamál sem skapast.

Nú er það ljóst að lífeyrissjóðirnir segja: Það er enginn vandi að breyta þessu kerfi. Það þarf bara að hækka gjaldtökuna af launanum, ekki taka 10%. Með því að taka 18 eða 20% af launanum til lífeyrissjóðanna er hægt að koma í veg fyrir gjaldþrotið og sjóðþurrðina. Þetta er það sem maður heyrir úr ýmsum áttum og þessa leið nefna margir sem færa leið til að forða þessu slysi.

Ég veit að hlutverk lífeyrissjóðanna, hef rakið það hér, er tvíþætt. Það er eftirlaun og örorkutrygging og við, í þessu nýja kerfi sem við leggjum hér til, bendum á hvort tveggja og leiðir til þess að mæta því. Við teljum að rekstrarkostnaður nýja kerfisins, sem við hér bendum á, yrði sáralítill þar sem bankarnir mundu varðveita þessa peninga eins og hverja aðra sparisjóðsbók. Og ég er sannfærður um að þessi leið mundi einnig styrkja unga fólkið inni í peningastofnunum landsins. Þar ættu menn sína sjóðbók. Ég óttast ekki að innheimtan yrði slæm því að ég treysti einstaklingnum til að fylgja því eftir að þetta væri greitt. Ég hef líka nefnt hugmyndir í því sambandi að hægt væri af ríkinu, Seðlabanka, að gefa út sérstakt hefti til þeirra sem reka atvinnufyrirtæki og eiga að greiða launþegum og þar með fengju þeir þetta og yfirstrikuðu ávísun og legðu það sjálfir inn í bankann og það væri hvergi hægt að leysa það út nema í bankanum sjálfum.

Ég vek líka athygli á því að ef menn efast um að þessi leið gangi, þá er kerfið að molna í dag því að það er talið að jafnvel 15% manna á vinnumarkaði greiði ekki í einn einasta lífeyrissjóð.

Ég hef farið hér yfir þessar hugmyndir okkar og bent á ýmsa af helsu vankönturn núverandi kerfis. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. félmn. En ég hvet hv. alþm. til þess að skoða þessa tillögu með jákvæðu hugarfari og íhuga þann mikla vanda, sem ég hef hér bent á, sem mun skella þungt á unga fólkinu sem er að ganga út í lífið og því fólki sem fætt er eftir seinni heimsstyrjöldina á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brúarframkvæmdir á Suðurlandi, fyrri umr.

Þáltill. EH o.fl., 71. mál. — Þskj. 73.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um brúarframkvæmdir á Suðurlandi svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að hraða hönnun og öðrum undirbúningi brúarframkvæmda á Suðurlandi í þeim tilgangi að eftirtaldar framkvæmdir verði ákveðnar sem hér segir við endurskoðun vegáætlunar í vetur:

1. Ný brú á Markarfljót verði byggð og henni lokið á árinu 1991 vegna þeirrar miklu hættu sem stafar af skemmdum á gömlu brúnni frá því í sumar.

2. Ný brú á Kúðafljót verði byggð í beinu framhaldi af framkvæmdum við Markarfljót.

3. Brú á Hvítá hjá Bræðratungu verði byggð samkvæmt nánari tímaáætlun í framhaldi af verklokum við Kúðafljót.

4. Áformum um byggingu göngubrúar yfir Ölfusá

hjá Selfossi verði hrint í framkvæmd árið 1991."

Ný brú á Markarfljót er á gildandi vegáætlun þar sem gert er ráð fyrir að hún verði byggð á árunum 1991 og 1992 og ætlað fjármagn til hennar þessi ár. Í sumar bilaði núverandi brú og var gert við hana til bráðabirgða, en óvíst er hversu lengi sú viðgerð dugar. Með nýrri brú styttist vegalengdin um 5 km.

Þessi tillaga er fyrst og fremst flutt til að undirstrika nauðsyn þess að byggingu brúarinnar ásamt tengingu verði lokið á næsta ári í ljósi þeirra atburða er gerðust í sumar. Ný Markarfljótsbrú hefur of lengi verið sett til hliðar í brúarframkvæmdum á Suðurlandi. Veldur því m.a. hinn stöðugi niðurskurður á fé til vegamála, en einnig að ýmsir sérfræðingar og stjórnmálamenn hafa talið hana svo trausta að ekkert lægi á. Brúin minnti hins vegar á sig sjálf í sumar og ber að fagna því. En jafnframt ber að þakka að ekki hlaust af slys. Þessi atburður vakti menn loks til umhugsunar um að það þyrfti að taka til hendinni.

Frá þeim tíma er brúin bilaði hefur Vegagerðin verið að skoða málið. Á fundi Vegagerðarinnar með þingmönnum Suðurlands sl. fimmtudag voru niðurstöður Vegagerðarinnar kynntar. Með leyfi hæstv. forseta segir svo í minnisblaði um Markarfljót:

„Samkvæmt skýrslu um ástand brúar á Markarfljóti kemur eftirfarandi fram: Niðurstöður vettvangsskoðunar: Ástand yfirbyggingar er sæmilegt og gefur ekki tilefni til neinna sérstakra ráðstafana nú. Hins vegar eru nokkrir sökklar illa farnir og sig brúarstöpuls í sumar bendir til að staurar undir brúnni séu að gefa sig. Brúin er nú orðin 57 ára gömul og það flóð sem var í ánni í sumar var ekki nærri því að vera eitt af stórflóðum sem komið hefur í ána.

Hversu lengi getur núverandi brú dugað?" spyr Vegagerðin. „Niðurstöður: Yfirbygging er í nothæfu ástandi en ástand fimm sökkla að austan er slæmt og hefur sökkull einn þegar sigið um 15 cm. Mestar líkur eru á því að einn eða fleiri staurar hafi gefið sig í stöpli eitt þegar hann seig. Ástand stöpuls tvö er mjög slæmt og sökklar þrjú til fimm eru rétt á vetur setjandi. Nú í haust verður að styrkja stöpla eitt og tvö. Ef stöplar þrjú, fjögur og fimm eiga að standa undir umferð meira en til næsta hausts verður einnig að setja grjót að þeim." Og síðan er undirstrikað: „Grjótvörn við stöplana er á engan hátt trygging fyrir að stöplarnir standi vegna þess að í flóðum getur hún skolast í burtu."

Svo mörg eru þau orð. En í lok minnisblaðsins leggur Vegagerðin til að byggð verði brú á Markarfljót 1991, þ.e. á næsta ári. Hafist verði handa í mars og brúnni lokið í október. Útboð á vegi og varnargörðum verði hins vegar ekki fyrr en síðari hluta árs 1991. Kostnaður 1991 er áætlaður 140 millj. kr. Áður er fram komið í minnisblaðinu að heildarkostnaður við brúna ásamt vegi og varnargörðum sé 289 millj.

Ef þessar tillögur ná fram að ganga verður brúin ekki tekin í notkun fyrr en hálfu til heilu ári eftir að henni er lokið. Það virðist eiga að bíða í marga mánuði eftir vegi og görðum. Er þetta hægt, Matthías, var einhvern tíma sagt. Þeirri spurningu mætti varpa fram ef hv. 1. þm. Vestf. væri enn samgrh. En þá var nú öldin önnur þegar hann fór með þessi mál. T.d. var lagt á 300 km slitlag eitt ár en á því ári sem nú er að líða eru þeir víst ekki nema 100. Hæstv. núv. samgrh. er ekki viðstaddur, því miður. En í framhaldi vil ég segja: Það er ekki hægt að bjóða upp á að hafa brúna sjálfa tilbúna í október 1991 en taka hana ekki í notkun fyrr en í fyrsta lagi á miðju sumri 1992. Það verður að hefjast handa um vegi og varnargarða miklu fyrr þannig að brú og vegur komist í gagnið snemma árs 1992. Þessa verður að krefjast af stjórnvöldum, að mál verði leyst með þeim hætti. Benda má á í þessu sambandi að útboð eftir áramótin nú gætu verið hagkvæm miðað við þann hægagang sem er t.d. í álversmálinu. Eins má minna á hættuna sem vatnsveitunni til Vestmannaeyja og landbroti stafar af ánni, sem leysist með nýrri brú og tilheyrandi varnargörðum.

Auk Markarfljóts fjallar tillaga mín um Kúðafljót, brú á Hvítá hjá Bræðratungu og göngubrú á Ölfusá svo sem fram kemur í tillgr. Ný brú á Kúðafljót er ekki inni á núverandi vegáætlun. Vegagerðin gerir ráð fyrir að hún verði byggð fyrir sunnan Skaftártunguna, þannig að nýr Suðurlandsvegur á þessum kafla mundi ekki liggja um Skaftártunguna eins og hann gerir nú. Skaftártungan er snjóþyngsti kaflinn á leiðinni frá Reykjavík og austur á firði. Sérstaklega sker hún sig nú úr eftir að nýr vegur var gerður yfir Mýrdalssand, mun sunnar en gamli vegurinn. Hin nýja brú verður því ekki aðeins mikil samgöngubót fyrir austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu heldur einnig fyrir alla Austfirði. Stytting vegna nýrrar brúar á Kúðafljót er í kringum 7 km.

Nýlokið er byggingu nýrrar brúar á Tungufljót við bæinn Krók í Biskupstungum. Þessi brú leysir af hólmi gamla brú, sem er nokkru ofar, eða við fossinn Faxa. Með þessu er þó aðeins hálf sagan sögð. Nauðsynlegt er að byggja líka brú á Hvítá á móts við Bræðratungu. Með byggingu brúar á þessum stað yrði komið á tengingu milli miðstöðva tveggja stærstu hreppanna í uppsveitum Árnessýslu. Samanlagður íbúafjöldi í þessum tveimur hreppum er rúmlega 1100 manns. Ekki þarf að fjölyrða um hve mikil lyftistöng þessi tenging yrði fyrir atvinnulíf þessara sveitarfélaga ef þau yrðu eitt atvinnusvæði, en fátt er jafnbrýnt um þessar mundir og einmitt efling atvinnulífs í sveitum landsins til þess að mæta samdrætti í framleiðslu landbúnaðarafurða.

Göngubrú á Ölfusá á Selfossi var upphaflega á vegáætlun 1990. Framkvæmdum var hins vegar frestað vegna byggingar nýrrar brúar á Múlakvísl sem ekki var inni á vegáætlun. Nauðsynlegt er hins vegar að byggja þessa brú vegna ört vaxandi byggðar Selfoss norðan Ölfusár. Er hér um að ræða bæði íbúðar- og iðnaðarhús. Á næsta ári eru 100 ár frá byggingu Ölfusárbrúar og jafnframt afmæli byggðar á Selfossiog er því verðugt verkefni að taka í notkun nýja göngubrú á þeim tímamótum. Kostnaður við allar þessar brýr mun samtals nema um 800 millj. kr.

Með vegáætlun 1989–1992 var mörkuð viðunandi stefna að því er varðar árin 1990–1992, en með breytingu á vegáætlun fyrir 1990, sem afgreidd var í fyrra,

voru framlög til vegamála skorin niður af stjórnarliðum um tæpan milljarð. Samkvæmt fregnum úr stjórnarherbúðum á enn að vega í sama knérunn og skera milljarð í viðbót af fé til vegamála samkvæmt samþykktri vegáætlun. Ætli stjórnarliðið að halda sér við þann ásetning við afgreiðslu vegáætlunar síðar í vetur er engin önnur leið til að leysa jafnþýðingarmikil verkefni og nýja brú á Markarfljót, ásamt vegtengingu og varnargörðum, en með auknum lántökum.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að tillögunni verði vísað til hv. fjvn.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Því er ekki að leyna að prófkjörin hafa fætt af sér mörg sérstæð mál hér á hv. Alþingi á þessu hausti. Ég ætla ekki að munnhöggvast hér við ágætan vin Eggert Haukdal um þá þáltill. sem hér er lögð fram, en því er ekki að leyna að ég undrast það að jafnreyndur þingmaður skuli í fyrsta lagi ganga einn fram með slíka tillögu. Í öðru lagi að hann skuli vera með inni í tillögunni verkefni sem þegar eru ákveðin, verkefni sem fyrst og fremst er málefni þingmannanna í kjördæminu að leysa við Vegagerðina. Að vísu kann það að vera að hv. þm. hafi meiri trú á ríkisstjórninni en þingmannahópnum og skori því sérstaklega á hana að taka á þessum málum.

Ég vek athygli á því við þessa umræðu að við þingmenn Suðurlands vorum í síðustu viku inni í Vegagerð þar sem við vorum að ræða um Markarfljótsbrú. Eins og þingmaðurinn segir er gert ráð fyrir í vegáætlun að þessi brú verði byggð á árunum 1991–1992. Á þessum þingmannafundi með Vegagerðinni vorum við að ræða hugmyndir og menn skildu á þeim fundi staðráðnir í því að Markarfljótsbrúin yrði að fullu byggð á næsta sumri. En að auki var rætt um það hvort tæknilega væri hægt að ljúka öllum framkvæmdum, varnargörðum og vegi til og frá þessari brú, en menn töldu að það yrði of dýrt og tæknilega erfitt í framkvæmd. Þess vegna féllust þingmenn á álit Vegagerðarinnar um það að hægt væri, ef neyðarástand skapaðist, að taka einnig brúna í notkun næsta sumar ef eitthvað gerðist við gömlu brúna. En menn féllust á rökin að fjárhagslega og tæknilega væri rétt að þessi framkvæmd stæði yfir öllu lengur og brúin og þessi vegur yrðu að fullu tekin í notkun árið 1992. Ég álít þess vegna að inni í þessari þáltill. sé umræða um Markarfljót óþörf. Þar liggi allt fyrir og sé í höndum þingmanna kjördæmisins. Ég hygg að hæstv. samgrh. sé fylgjandi því sem rætt var í Vegagerðinni á dögunum með okkur þingmönnum, ekki síst af þeirri sök að það hefur komið í ljós að gamla Markarfljótsbrúin, sem menn höfðu hingað til talið alltrausta, er miklu lélegri, eins og hér kom fram í ræðu hv. þm., en áður var talið. Þar eru stöplar að gefa sig.

Ég vil einnig segja það um göngubrúna á Ölfusá sem hann hefur inni í þessari till. sinni, hv. þm., að um hana var einnig rætt á þessum fundi. Þingmennirnir í sjálfu sér bera sök á því að sú brú er ekki komin. Þeir sáu sig knúða til að taka þá peninga sem varið var til göngubrúarinnar og verja þeim í aðra brúargerð þar sem neyð skapaðist í kjördæminu. En á þessum þingmannafundi var það einnig rætt að finna leiðir til að hraða göngubrúnni og framkvæma hana á næsta sumri, ekki síst vegna þeirrar miklu slysahættu sem er á Ölfusárbrú fyrir gangandi vegfarendur og líka af hinu tilefninu að höfuðstaður Suðurlandsundirlendisins, Selfossbær, fagnar 100 ára afmæli á næsta sumri, sem tengist brúarframkvæmdunum því þarna var fyrst byggð brú 1891. Væntum við þess að þingmannahópurinn finni þarna leiðir til þess að hraða byggingu göngubrúarinnar og hún líti dagsins ljós á næsta sumri. Hvað hinar tvær brýrnar varðar, Kúðafljótsbrúna, sem er auðvitað næsta stórverkefni Sunnlendinga í brúargerð, ég held að þingmenn séu sammála um það, en það verður ekki ráðist í þá framkvæmd fyrr en Markarfljótsframkvæmdinni er lokið. Þá er það brú á Hvítá hjá Bræðratungu, sem menn auðvitað sjá einhvers staðar í framtíðinni. Hv. þm. minntist hér á brú sem nú er byggð yfir Tungufljót og verður væntanlega tekin í notkun á næstunni. Auðvitað ræðum við það, Árnesingar, að það verði mikilvægt byggðalega að tengja uppsveitirnar með brú yfir Hvítá hjá Bræðratungu. Þannig mundu Biskupstungur, stórt og mikið sveitarfélag, og Hrunamannahreppur og Flúðir tengjast og þetta yrði eitt atvinnusvæði, sterkara svæði, á eftir. Þetta er verkefni sem þingmannahópurinn er auðvitað að byrja að ræða og verður á næsta áratug til aldamótanna að veruleika. Þessi tvö mál styð ég sem framtíðarverkefni en ég hef hér reynt að vekja athygli á því að tillöguflutningurinn um hin verkefnin var óþarfur og kannski vart sæmandi við þær aðstæður sem blasa við í þeim verkefnum, eins og ég hér hef rakið.

Unnar Þór Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Bættar samgöngur á Suðurlandi eru eitt stærsta hagsmunamál Sunnlendinga. Það er nú þannig ástatt að þetta hérað, sem er hvað þéttbýlast af dreifbýlishéruðum landsins, skera stórfljót í sundur og það að brúa þessi stórfljót er eitthvert mesta hagsmunamálið. Hvort þessi till. hefur verið frumhlaup eða ekki ætla ég ekki að gera að umræðuefni hérna. Ég held fyrst og fremst að þarna sé þörf umræða í gangi. Það er rétt, sem kom hér fram hjá 5. þm. Suðurl. áðan, að það hefur verið tekin ákvörðun um það af þingmönnum Suðurlands hvernig farið skyldi með Markarfljótsbrúna og held ég að það sé vel ásættanleg lending sem þar náðist. Það er einfaldlega þannig að hún verður byggð á næsta ári og tekin í samband ef stórslys verður. Það mál tel ég því fyllilega komið í höfn.

Mig langar til að gera það að umræðuefni hversu mikið hagsmunamál það er fyrir sveitir Suðurlands að þessum málum verði sinnt. Ég tel að á Suðurlandi, þangað til viðunandi lausn hefur náðst í samgöngumálum, eigi að vera ein stórbrúarframkvæmd í gangi hverju sinni. Brú á Hvítá við Bræðratungu er ekki bara hagsmunamál þeirra byggðarlaga sem þar eru heldur er það þjóðhagslega hagkvæm fjárfesting. Þessi byggð-

arlög, fjórir hreppar í uppsveitum Árnessýslu, standa saman að atvinnuuppbyggingu á mjög sérstæðan hátt. Hafa stutt við bakið hvor á öðrum í því að leita sameiginlegra leiða í þeim málaflokki sem atvinnumálin eru og sem er líka að skila sér í mjög bættri stöðu í atvinnumálum á þessum svæðum. Félagslegt samstarf þessara sveitarfélaga er mjög mikið og yrði enn þá meira með bættum samgöngum. Síðast en ekki síst mundi í skólamálum verða alger bylting með brú á Hvítá við Bræðratungu. Sem dæmi þar um vil ég nefna það að þá yrðu aðeins 14 km á milli stærstu skólanna á þessu svæði. Með öðrum orðum gerði hún mögulegt að samnýta þá skóla sem þarna eru í stað þess að fara út í stórfelldar viðbótarbyggingar eða byggingu nýrra skóla. Ég bendi líka á byggðaáætlanir og alls konar ráðstafanir í byggðamálum og atvinnumálum. Það virðist einhvern veginn vera þannig að það er aldrei tekið á þessum málum fyrr en þau eru komin í hnút. Í uppsveitum Árnessýslu eru málin ekki í neinum hnút í dag. Þarna er þróttmikið fólk að berjast áfram og sem betur fer hefur hagað þannig til að því hefur tekist að verjast þeim þunga fólksflutninga sem eru á höfuðborgarsvæðið. En ég óttast það að þetta sama fólk fái ekki áheyrn þjóðarinnar fyrr en málin eru komin í það mikið öngstræti að það horfi til vandræða. Með öðrum orðum er ég að benda á hvort ekki sé betra að hraða þessum framkvæmdum sem geta stutt fólkið í því að sinna atvinnumálum, og félagslegu málahliðinni og skólamálum, á ódýrari hátt og þann hátt að það fullnægi kröfum þess fólks sem í byggðunum býr.

Að lokum vil ég bara minna á það að Samband sunnlenskra sveitarfélaga hefur hvað eftir annað ályktað í þessa átt. Við þurfum á því að halda að færa byggðirnar saman, við þurfum að stytta vegalengdir milli stórra sveitarfélaga jafnt sem smárra. Og ég minni á það að á Suðurlandi, þótt þar séu ekki fjallgarðar eða firðir sem skilja að héruð eða sveitir, eru þar stórfljót og þessi stórfljót verður að brúa.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræður. Flutningur þessarar till. var nú ekkert bundinn við prófkjör. Hún var einfaldlega borin fram af nauðsyn vegna þeirrar bilunar er skyndilega kom fram í sumar á Markarfljótsbrú og vegna þess að stjórnvöld virtust við þann atburð hreyfa sig lítt. Það er kjarni málsins. Ég óskaði eftir við samþingmenn mína að þeir væru með á till. Þeir treystu sér ekki til þess, þar á meðal ekki hv. 5. þm. Suðurl. Þeir virtust ekki treysta sér til, þar á meðal hann, að ljúka Markarfljótsbrú á einu ári. Sem þó þarf vegna brýnnar nauðsynjar. Ekki að ljúka göngubrú á Ölfusá á þessu ári. Ekki að taka til við Kúðafljót á eftir Markarfljóti og marka þá stefnu. Ekki að ljúka hönnun við Hvítá þannig að hún geti komið á eftir Kúðafljóti. Mál hv. þm. verður fyrst og fremst að skoðast í ljósi þeirra brigða sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt í vegamálum. Þar hefur allt verið skorið niður frá því sem um var talað. En vegamálin eru, eins og við vitum, eitt mesta byggðamálið. Það er vissulega eðlilegt að jafnágætur þingmaður og hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson fari hjá sér í þessari stöðu og skammist sín fyrir meðferð stjórnarliðs á samgöngumálunum. Orð hans hér í ræðustól verða að skoðast í ljósi þess.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. 3. þm. Suðurl. Eggerts Haukdals, þar sem hann vakti athygli á því í ræðu sinni að hann hefði beðið þingmenn Sunnlendinga að skrifa upp á þessa þáltill., þá er það rétt. En það er líka rétt að ég vakti athygli þingmannsins á því að ég treysti mér ekki til þess af þeirri sök að Markarfljótsbrú væri þegar inni á vegáætlun og starf í gangi í þingmannahópnum og Vegagerðinni að því að finna leiðir til að ljúka því máli á næsta ári. Þannig að mér þótti sá málflutningur óþarfur í þáltill. inni á Alþingi. Og vart kannski eðlilegt að slíkt væri gert. Sama var að segja um göngubrú yfir Ölfusá. Svo fullyrðir hv. þm. hér að við höfum ekki viljað ganga í að hraða þessum framkvæmdum. Ég vakti hér athygli alþingismanna á því að á síðustu vikum höfðum við lokið því í rauninni að taka ákvörðun um að Markarfljótsbrú yrði byggð á næsta sumri. Við tókum ákvörðun um það í síðustu viku. Kjarkleysi okkar og aumingjaskapur var nú ekki meiri en það. (**EH:** Hann er sá að ljúka þessu ekki á einu ári.) Ljúka þessu á einu ári. Við féllumst á, hv. þm., rök Vegagerðarinnar um það að af tæknilegum ástæðum og ekki síður til að fara vel með fjármagn ríkisins væri varla gerlegt að ljúka því. Enda lögðu þeir fram aðra áætlun, sem hv. þm. Unnar Þór vakti hér athygli á, að ef til neyðarástands kæmi væri hægt að taka brúna í notkun. (Gripið fram í.) Þeir röktu það í Vegagerðinni og við féllumst á þau rök. Þess vegna hef ég hér rakið það að mér finnst tillöguflutningurinn um þetta bera vott um einhvern skjálfta þegar menn grípa þegar ákveðin verkefni og flytja hér inn aftur í deildina í þátill. Ekki dettur mér í hug að fara að flytja till. um það að byggja á ný brú yfir Óseyrarnes við Ölfusá, enda framkvæmdum lokið.

Mér sýnist að fleiri þingmenn hafi verið á þeim buxunum, eins og ég, af þessum sökum að treysta sér ekki til að skrifa upp á þáltill. Þar hefur hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, flokksbróðir þingmannsins, verið sömu skoðunar svo og við allir aðrir þingmenn kjördæmisins, að hér væri verið að flytja inn í þingið mál sem þegar væri ákveðið og töldum það óeðlilegt.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegur forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að halda áfram að karpa við hv. 5. þm. Suðurl. um þetta mál. Höfuðkjarni þessa máls er sá að það kom upp stórfelld bilun á þessari gömlu brú. Hið eina og rétta viðbragð í þeirri stöðu var að taka til hendinni og ljúka þessari framkvæmd á einu ári. Brúin er stórhættuleg yfirferðar. Það tókst samkomulag um að brúa hana en síðan á að bíða hátt í eitt ár eftir vegi og görðum. En það er líka brýnt að hraða görðum vegna stórfelldrar hættu sem er við Markarfljót gagnvart fleiri hlutum svo sem vatnsveitunni til Vestmannaeyja og landbroti.

Þannig að við þessar aðstæður var myndarlegt af þingmönnum Suðurlands að taka til hendinni og framkvæma þetta strax. En það situr að völdum ríkisstjórn sem setti fram fyrirheit um að standa sæmilega að vegamálum en hefur fallið frá öllum hlutum í þessum efnum. Það var skorinn milljarður í fyrra og það á að skera aftur milljarð nú. Þetta er kjarni málsins og það þýðir ekki fyrir hv. 5. þm. Suðurl. að vera að fara í kringum þetta. Þetta veldur því að framkvæmdir í vegamálum í landinu eru gersamlega allar farnar úr böndunum og verður ekki mætt nema með minni niðurskurði eða auknum lántökum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegur forseti. Það var aðeins út af síðustu orðum hv. þm. Eggerts Haukdals um vegafé á undanförnum árum og ráðstöfun núv. ríkisstjórnar og niðurskurð hennar á því fé. Þá held ég að það sé rétt að það komi fram, án þess að ég sé að mótmæla því að núv. ríkisstjórn hafi ekki staðið sig nógu vel í útvegun fjár til vegamála, að enn þá verra var það nú á tímabili þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. studdi, þ.e. ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og þeirrar ríkisstjórnar sem þar var á undan, ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, en staðan er í þessum málum núna. Það munu þó verða 1,5% af vergri þjóðarframleiðslu sem verður varið til þessara framkvæmda í ár en það fór niður í 1,16%, virðulegi þingmaður, á tímabili fyrri ríkisstjórnar eða á árinu 1986. Þannig að þó þeir skeri illilega núv. ráðherrar er það þó ekki eins illilega gert og þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sátu hér að völdum. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm., ef hann vill ekki taka þetta trúanlegt, að fletta bara upp í þeim gögnum sem liggja fyrir hjá Vegagerð ríkisins um þessa hluti. Er mjög auðvelt að sjá það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynning á vörum frá vernduðum vinnustöðum, fyrri umr.

Þáltill. SkA, 70. mál. — Þskj. 72.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja svohljóðandi þáltill. á þskj. 72 ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Stefáni Guðmundssyni, Karvel Pálmasyni, Kristínu Einarsdóttur, Salome Þorkelsdóttur og Huldu Jensdóttur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir sérstöku átaki til vandaðrar kynningar á vörum frá vernduðum vinnustöðum. Sömuleiðis að ríkisstjórnin sjái fyrir því að ríkisstofnanir og opinber fyrirtæki beini innkaupum sínum í sem ríkustum mæli að hinum fjölbreyttu vörum sem þessir vinnustaðir framleiða og hafa á boðstólum. Þannig verði rekstrargrundvöllur verndaðra vinnustaða best styrktur, atvinna fatlaðra betur tryggð og beinna styrkveitinga ríkisvaldsins ekki þörf í eins ríkum mæli."

Með þessari tillögu fylgir svohljóðandi grg.:

„Í skýrslu, sem unnin var á vegum félmrn. og lögð var fram í júní 1990 er sagt að hægt sé að skipta vernduðum vinnustöðum í þrjá flokka eftir markmiðum:

1. Þjálfunar- og endurhæfingarstaðir.
2. Langtímavinnustaðir fyrir fólk sem á í erfiðleikum með að fá vinnu á almennum markaði.
3. Báðir fyrri þættir saman.

Þessir vinnustaðir eru orðnir allmargir, eins og fram kemur í meðfylgjandi fskj., og verkefni þeirra og framleiðsla eru fjölbreytt.

Margir aðilar í þjóðfélaginu hafa not fyrir þá vöru sem þessi fyrirtæki framleiða. Ganga má út frá því sem vísu að fyrirtæki jafnt sem einstaklingar mundu að öllu jöfnu velja frekar framleiðslu verndaðra vinnustaða en t.d. innflutta vöru sömu tegundar til sinna þarfa eða rekstrar.

Mikil nauðsyn er á góðri og vandaðri kynningu sameiginlega á möguleikum þessara fyrirtækja til að uppfylla með framleiðslu sinni ýmsar þarfir opinberra aðila, einkafyrirtækja og almennings. Ekkert er eðlilegra en að slík kynning sé skipulögð og kostuð af ríkissjóði.

Ótvíræð skylda ríkisvaldsins er sú að koma sem best til móts við verndaða vinnustaði, m.a. með innkaupum frá þeim svo sem framast má verða.

Á ári hverju er varið talsverðum fjármunum í beina styrki til að standa undir rekstri þessara vinnustaða. Það er því beinn hagur hins opinbera að stuðla að betri rekstri fyrirtækjanna með því að vinna að aukinni sölu á framleiðsluvörum þeirra á þann hátt sem lagt er til með þessari þáltill."

Eins og ég nefndi áðan kom á sl. sumri út skýrsla sem unnin var af nefnd sem félmrh. fól að kanna atvinnumál fatlaðra á vernduðum vinnustöðum og á almennum vinnumarkaði. Í skýrslunni koma fram margvíslegar upplýsingar um stöðu þessara mála. Skýrslan og starf nefndarinnar er góður grunnur fyrir áframhaldandi starf að málefnum fatlaðra. Þessi þáltill. okkar um kynningu á vörum frá vernduðum vinnustöðum tengist niðurstöðum skýrslunnar en þar segir m.a.:

„Nefndin leggur til að félmrn. beiti sér fyrir átaki í upplýsingamiðlun. Fræðsla og kynning á atvinnumálum fatlaðra verði stóraukin. Leitað verði nýrra leiða við þetta kynningarstarf, t.d. með útgáfu bæklinga um möguleika fyrirtækja og einstaklinga hvað varðar styrki og aðstoð. Þá verði einnig um að ræða beinar auglýsingar í fjölmiðlum."

Niðurstaða nefndarinnar beinist að því að kynna þurfi almennt stöðuna í atvinnumálum fatlaðra. Sá þáttur sem tillaga okkar fjallar um er ekki beint nefndur. Það er skoðun okkar flm. að efling vernduðu vinnustaðanna sé það snar þáttur í atvinnumálum fatlaðra að leita þurfi sem flestra ráða til að gera rekstur þeirra sem bestan. Ef litið er yfir fskj. með tillögu okkar, lista yfir verndaða vinnustaði sem eru fjórtán, eru þar aðeins þrjú til fimm fyrirtæki sem almenningur þekkir vel og kannast við framleiðsluvörur þeirra. Þar eru þekktust gamalgróin fyrirtæki eins og Blindravinnustofan,

Reykjalundur og Múlalundur. Á því er ekki nokkur vafi að almenningur og fyrirtæki beina viðskiptum sínum til þessara fyrirtækja vegna þess að þau eru vel þekkt sem fyrirtæki sem bæta stöðuna í atvinnumálum fatlaðra, jafnframt því sem fyrirtækin framleiða úrvalsvörur.

Ég tel að hin fyrirtækin ellefu á fskj. bjóði öll góða vöru en þau eru flest lítið þekkt og njóta þess ekki að hafa fest sig í þjóðarvitundinni eins og þau fyrirtæki er ég nefndi. Framleiðslan er breytileg, sum framleiðslan fyrir lokaðan markað en flest eru með framleiðslu sem þarf að selja á almennum markaði.

Á 25. þingi Sjálfsbjargar, sem haldið var á sl. sumri, var m.a. samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Sjálfsbjörg verður að neyta allra bragða til þess að koma í veg fyrir að hér á landi skapist stétt atvinnuöryrkja. Uppbygging verndaðra vinnustaða er trúlega ein farsælasta leiðin til að forða því að slíkt ástand skapist. Þessir vinnustaðir eru jafnframt því að vera langtímavinnustaðir þjálfunar- og endurhæfingarstaðir til að gera fólk fært til að taka að sér störf úti á almennum vinnumarkaði. Saga Reykjalundar sýnir það að út frá vernduðum vinnustað geta komið öflug framleiðslufyrirtæki, jafnvel með framúrstefnu á framleiðslu eins og plaströrin frá Reykjalundi voru og eru jafnvel enn."

Í grg. með till. koma fram í stuttu máli rök okkar flm. fyrir nauðsyn þess að kynna framleiðsluvörur og starfsemi þessara þjóðþrifafyrirtækja og skyldur ríkisvaldsins til að standa fyrir slíkri kynningu.

Ég bið félmn., sem ég legg til að fái þessa till. til umfjöllunar, að fjalla um hana sem fyrst til að tryggja það að hún fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft nauðsynjamáli. Eins og fram kom í ræðu flm. hefur vernduðum vinnustöðum fjölgað mjög á undanförnum árum og um leið hafa lífsskilyrði fatlaðra batnað. Það er sjálfsögð þörf og krafa hvers manns að fá tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og skapa sjálfum sér um leið bætta stöðu til þess að lifa sem sjálfstæður, fullgildur þjóðfélagsþegn.

Verndaðir vinnustaðir hafa átt þátt í að bæta möguleika fatlaðra á ýmsum sviðum. Á tímum nokkurs atvinnuleysis eiga fatlaðir oft erfitt með að komast inn á hinn almenna vinnumarkað og vex því hlutverk vernduðu vinnustaðanna í hlutfalli við það. Svo mikil er aðsókn að vernduðum vinnustöðum í dag að hinir fötluðu fá oft aðeins tímabundna vinnu þar, með reglulegu millibili þó, en ekki stöðuga vinnu eins og ef til vill væri æskilegt fyrir suma þeirra. Öðrum þræði er litið á verndaða vinnustaði sem endurhæfingarstaði, eins og fram kom í máli hv. flm., og vonast er til að sá sem hættir á vernduðum vinnustað komist að úti á hinum almenna vinnumarkaði. En því bregður oft til beggja vona og fjölmargir eru þeir sem alls ekki eiga heima úti á almennum vinnumarkaði.

Ýmsir verndaðir vinnustaðir hafa átt við verkefnaskort að etja að undanförnu og ég vil bæta því við þá tillögu sem hér hefur verið lögð fram að ríkisstjórnin mætti mjög gjarnan beina verkefnum sínum, og raunar önnur fyrirtæki, til þessara vinnustaða. Það er augljóst hversu hagkvæmt það er fyrir þjóðina að allir þessir vinnustaðir hafi yfrin verkefni. Að auki vita þeir sem viðskipti eiga við verndaða vinnustaði, og ég er ein af þeim sem hafa átt viðskipti við verndaða vinnustaði sennilega í áratug, að vinnan sem kemur frá þessum stöðum er mjög vönduð. Hún er yfirleitt eins vönduð og hægt er að hugsa sér. Það er því mikil þörf á að kynna þessar vörur og kynna möguleika sem fyrirtæki og einstaklingar hafa á að nýta sér þjónustu vernduðu vinnustaðanna. Mér kemur til hugar að hugsanlega væri rétt að til væri, a.m.k. hér á Reykjavíkursvæðinu, einn útsölustaður fyrir verndaða vinnustaði þar sem fólk gæti komið og kynnt sér það sem á markaðnum væri. Mér hefur oft virst að fólk vildi gjarnan kaupa vörur frá vernduðum vinnustöðum en vissi ekki alveg hvernig það ætti að snúa sér í því máli.

Ég legg til að ríkisstjórnin athugi hvort ekki væri hægt að koma upp slíkum kynningar- og útsölustað. En sú þjónusta sem vinnustaðirnir veita er, eins og ég sagði áðan, í hinu besta lagi í alla staði og því engin goðgá að vænta þess að við viljum heldur kaupa þessa vönduðu vinnu sem oftast er ekki mjög dýr því það er ekki mikið á hana lagt. Vinnustaðirnir reka sig þannig að þeir ætla að reyna að standa undir kostnaði þó að þeir geri það í rauninni alls ekki. Ég held að með því að samþykkja þessa till. þá værum við að ýta á eftir mjög mikilvægu máli.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þessa till. til þál. um kynningu á vörum frá vernduðum vinnustöðum og fagna því mjög að hún skuli vera fram komin og vonast til að hún fái hinn besta framgang.

Það hefur löngum verið svo að við höfum glímt við fáfræði og fordóma gagnvart fötlun þrátt fyrir það að forfeður okkar hafi verið miklu framsýnni því að í Hávamálum voru menn farnir að gera sér grein fyrir því að menn gætu ýmislegt á einu sviði þó þeir væru kannski fatlaðir á öðrum, sbr. „haltur ríður hrossi", „hjörð rekur handarvanur" o.s.frv. Þetta hefur samt sem áður veist okkur býsna erfitt að viðurkenna í reynd og framkvæmd. Hér hefur verið rætt um þessa vinnustaði og hvernig þeir framleiða á margan hátt gagnlega og góða vöru sem fer á markað. Það er alveg rétt að hana þarf að kynna, en það eru fleiri þættir í þessu máli en bara varan sem framleidd er og vinnan sem þar er unnin.

Þetta orð, „verndaður vinnustaður", það sem þar er unnið og þeir sem þar vinna, ég held að við þurfum líka að opna augu okkar fyrir því að það eru fordómar ríkjandi gagnvart þessu. Of margir ráðamenn og of margir af almenningi hafa þá skoðun að verndaðir vinnustaðir séu fyrst og fremst eins konar hæli þar sem þeir sem þar vinni séu bara í endurhæfingu og séu eins konar styrkþegar. Þetta er viðhorf sem þarf að eyða og útrýma og einmitt þessi kynning þyrfti að beina spjótum sínum líka að þessum fordómum og reyna að eyða

þeim. Ekki síst vegna þeirra sem þar starfa. Þeir verða auðvitað fyrst og fremst að hafa það á tilfinningunni að aðrir meti það eins og þeir að það sem þeir starfa á þessum vinnustöðum sé þjóðfélagslega hagkvæm vinna og arðbær. Yfirleitt, eins og kom fram hér í ágætri grg., er um að ræða vöru sem stenst fyllilega samkeppni við hvað sem er. Þetta vita þeir sem vinna þetta og það þarf að styrkja þá í þeirri tilfinningu.

Hvað snertir það að erfiðleikar séu á vinnu nema hluta úr degi og verkefnaskortur sé hjá þessum vinnustöðum sem hafa fengið þennan stimpil að vera verndaðir vinnustaðir, gæðastimpil vil ég segja, og veita þar með þá þjónustu, þá aðstoð sem þarf, þá vil ég minna á að það er líka hugtak sem kalla má vernduð atvinnutækifæri. Það held ég að sé hlutur sem við þurfum að gefa miklu meiri gaum. Ég hef oftar en einu sinni orðið vitni að því að einstaklingar, sem höfðu árum saman og jafnvel áratugum saman verið hælismatur og voru afskrifaðir af þjóðfélaginu, fengu tækifæri til þess að stunda vinnu með aðstoð þeirra sem þar störfuðu, án þess að þar væri um að ræða löggiltan eða sérstakan verndaðan vinnustað, með þeim árangri að á fáum árum náðu þeir fullum tökum á vissum þætti þeirrar starfsemi. Í dag eru þetta einstaklingar sem eru sjálfstæðir. Eftir að hafa alist upp og starfað á fullorðinsárum ósjálfbjarga fjárhagslega og félagslega eru þeir nú farnir að vinna fyrir þó nokkuð góðum tekjum, eru í þann veginn að festa kaup á eigin húsnæði og þeirra tilvera hefur gjörbreyst, auk þess sem þjóðfélagið hlýtur að hafa hagnast mjög á þessum umskiptum.

Þetta er kannski sá hlutur sem getur leyst einmitt atvinnuerfiðleikana á þessum vernduðu vinnustöðum, að jafnframt verði kannað að hvaða leyti almennir vinnustaðir geti veitt vernduð atvinnutækifæri innan sinna veggja. Það er þar að auki líka hagkvæmt fyrir þá sem þessa vinnu stunda að vera ekki eingöngu á sérstökum og lokuðum vinnustöðum, þó góðir séu, enda er auðvitað takmarkið með marga þessa vinnustaði að hleypa mönnum síðan út á almennan markað en hjá öðrum er það þó þannig að þeir sem þar starfa munu starfa þar áfram við sín sérhæfðu störf.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið undir þessa till. og komið með ýmsar ábendingar sem ekki eru í till. okkar né grg. Ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. þm. Pétur Bjarnason nefndi hér um vernduð atvinnutækifæri. Í þeirri skýrslu sem ég nefndi hér áðan, Atvinnumál fatlaðra á vernduðum vinnustöðum og á almennum vinnumarkaði, er fjallað um þann þátt málsins líka jöfnum höndum. Það er kannski erfitt að gera þar upp á milli en báðir þessir þættir eru mjög mikilsverðir og mikilsvert að þeir séu athugaðir án nokkurra fordóma og staðið að því að þeir sem möguleika hafa til þess að vinna á hinum almenna vinnumarkaði hafi til þess aðstöðu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu, aðeins undirstrika tillgr. okkar um það að hvetja ríkisstjórnina til þess að beina því til sinna stofnana að þær hafi frekari viðskipti við verndaða vinnustaði og kaupi þeirra framleiðsluvörur og svo að hinir vernduðu vinnustaðir og framleiðsluvörur þeirra verði betur kynntar og verði kynntar á vegum ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun orkukostnaðar, fyrri umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 86. mál. — Þskj. 89.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um jöfnun orkukostnaðar á þskj. 89. Flm. eru fimm af þingmönnum Vesturl., Friðjón Þórðarson, Alexander Stefánsson, Skúli Alexandersson, Ingi Björn Albertsson og Danfríður Skarphéðinsdóttir. Hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason taldi sig ekki geta verið meðflutningsmann að þessu sinni þar sem hæstv. iðnrh. hefur skipað hann formann í nefnd sem á að athuga þessi mál og hafa hraðan á að ljúka störfum. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að markvisst verði unnið að jöfnun orkukostnaðar í landinu og stefnt að því að allir landsmenn greiði sama orkuverð óháð búsetu."

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Flm. voru þá allir þingmenn Vesturl. Henni fylgdi ítarleg greinargerð ásamt fylgiskjölum. Sú greinargerð fylgir henni og sömu fylgiskjöl, eins og ég kem nánar að síðar.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni, síður en svo. Það hefur verið rætt mikið á síðustu árum. En kveikjan að þessari tillögu eins og hún liggur fyrir nú var sú að á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem haldinn var í Borgarnesi haustið 1989, var einróma samþykkt að beina þeirri áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að markvisst verði unnið að jöfnun húshitunarkostnaðar í landinu og stefnt að því að allir landsmenn greiði sama orkuverð óháð búsetu. Telja samtökin þetta mál vera mjög brýnt mál til jöfnunar lífskjara og mjög vel til þess fallið að veita jöfnuð og styrkja búsetu á landsbyggðinni.

Tillagan sem hér er flutt er alveg samhljóða þessari yfirlýsingu samtakanna að öðru leyti en því að hér er fjallað um jöfnun orkukostnaðar almennt í stað húshitunarkostnaðar eingöngu. Okkur er öllum ljóst að meginforsenda þess að fólk geti búið í strjálum byggðum landsins er sú að næg atvinna sé fyrir hendi og að fólk búi við svipaða aðstöðu hvað snertir öflun brýnustu lífsnauðsynja. Nú á tímum er orkunotkun orðin svo mikil og almenn að verðið á orkunni vegur þungt og skiptir miklu máli á búreikningi hverrar fjölskyldu. Það getur jafnvel ráðið úrslitum um það hvar fjölskyldan ákveður að velja heimili sínu stað til frambúðar og munum við öll þekkja dæmi þess. Til þess að hægt sé að gera verulegt átak í jöfnun orkuverðs þarf að sjálfsögðu vilja meiri hluta alþingismanna og ríkisstjórnar. Svo vel vill til að nægar heimildir eru fyr-

ir hendi sem hafa að geyma ótvíræðar yfirlýsingar íslenskra stjórnmálamanna um þessi efni. Ég mun vitna í örfá sýnishorn af slíkum yfirlýsingum, bæði úr ríkisstjórnarsáttmálum og yfirlýsingum alþingismanna fyrr og síðar. Ég hef satt að segja ekki hugsað um það að ná í nýjar yfirlýsingar af þessu tagi en þær eru nægar fyrir hendi, einnig eftir að þessi tillaga var flutt. En ég læt nægja að vitna í nokkur af þeim atriðum sem hér getur í greinargerðinni.

Má þá fyrst nefna hæstv. ríkisstjórn og málefnasamning hennar. Þar segir m.a. að framfylgja beri árangursríkri byggðastefnu sem komi betra jafnvægi á byggðaþróun í landinu. Þegar hæstv. núv. ríkisstjórn var endurskipulögð var lögð áhersla á það „að gera sérstakar ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu". Um þetta má allt lesa í málefnasamningi sem ég nefndi, sem vonandi er rifjaður upp af einhverjum hv. alþm., jafnvel bæði kvölds og morgna eins og hér var eitt sinn talað um.

Fulltrúar Framsfl., flokksþing og miðstjórnarfundir hafa margoft lagt sérstaka áherslu á jöfnun orkuverðs í landinu. Hér er ein samþykkt sem ég ætla að hafa yfir, með leyfi virðulegs forseta. Hún er frá kjördæmisþingi Alþfl. í Vesturlandskjördæmi sem haldið var í Röst á Akranesi 30. sept. 1989. Það samþykkti stjórnmálaályktun sem birtist í Alþýðublaðinu 10. okt. Þar segir svo í 4. tölul.:

„Kjördæmisráðið beinir því til iðnrh. að hann vinni ötullega að jöfnun orkuverðs í landinu, enda er það ein meginforsendan fyrir áframhaldandi búsetu fólks á landsbyggðinni. Sama orkuverð á að gilda um land allt án tillits til búsetu."

Í fórum Sjálfstfl. er að finna margar ályktanir frá ýmsum tímum um þetta efni. Get ég farið alla leið aftur í landsfundarsamþykkt frá 1953, en þar segir m.a. að fundinum sé ljóst að raforka sé eitt mikilsverðasta atriðið til þess að skapa lífsþægindi og vinna gegn því að fólkið flytji úr sveitum og kauptúnum landsins til kaupstaðanna. Þegar Sjálfstfl. varð sextugur á sl. ári voru þessi atriði meira og minna endurtekin og lögð áhersla á þau. Og Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað lýst því yfir að íbúar landsins, landsmenn allir, eigi að búa við sem allra jöfnust lífsskilyrði, hvar sem þeir eiga heima í lífvænlegum byggðum landsins.

Það er m.a. hér frá afmælisári flokksins að hann vilji treysta búsetu í landinu og jafna aðstöðu í landshlutunum með markvissum aðgerðum. Í því gegna sveitarfélögin viðamiklu hlutverki, segir þar, og borg og byggð eiga að vaxa og dafna eðlilega og styðja hvort annað.

Ég held að ég reki ekki fleiri af slíkum yfirlýsingum þó að af nægu sé að taka. En ég vil aðeins vitna í það hvað embættismenn og aðrir sem við þessi málefni eiga að vinna segja um þetta atriði. Ég vitna hér í Raforku, fréttarit Sambands ísl. rafveitna. Þar hefur orðið Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Vestfjarða. Hann segir m.a.: „Við skulum minnast þess að ef við ætlum að lifa sem ein þjóð í þessu landi í sátt og samlyndi þá verður að skipta gæðum landsins sem jafnast meðal allra íbúanna." Og hér segir Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins, með leyfi hæstv. forseta: „Dreifing raforku og hagkvæm nýting hennar er undirstaða velferðarþjóðfélagsins. Nánast allir hlutir, bæði í atvinnulífi og á heimilum, eru háðir raforkunni. Gæði raforkunnar og þjónusta í dreifingunni eru því lykillinn að betra mannlífi." Svo djúpt er tekið í árinni en munu þó margir geta undir þetta tekið.

Þó ég hafi ekki hér vitnað í alla stjórnmálaflokka, sem auðvelt væri, þá má ljóst vera að allir flokkarnir eru hlynntir því að jafna orkuverð til landsmanna, að ekki sé meira sagt. Til nánari skýringar fylgdi á sl. ári bréf svæðisrafveitustjóra á Vesturlandi dags. 30. jan. 1990 ásamt línuriti um húshitunartaxta eða sérstök hugleiðing um orkuverð. Þessi fylgiskjöl eru prentuð með tillögunni eins og hún er fram borin og fyrir henni talað í dag. Þar lætur svæðisrafveitustjóri m.a. orð falla á þá leið að hann voni að „farsæl niðurstaða fáist við þá umræðu sem fram undan er og að orkukaupendur á hinum „köldu svæðum" fái rétt sinn hlut miðað við orkukaupendur á hagstæðum hitaveitusvæðum. „Hætt er við enn frekari búseturöskun en hana má m.a. rekja til orkukostnaðar," segir þar.

Ég vona að nefnd sú sem hæstv. iðnrh. hefur sett á fót undir forustu hv. 3. þm. Vesturl. Eiðs Guðnasonar fjalli fljótt og vel um þessi mál. Heyrst hefur að hún eigi að ljúka störfum fyrir jól og er það vel ef unnt er.

Ég legg svo til, þegar þessari umræðu er lokið, að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins árétta það sem raunar kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., þ.e. skýringuna á því hvers vegna ég er ekki í hópi flm., sem eru fimm þm. Vesturl., og var þó með á þessari tillögu sem einn flm. þegar hún var flutt í fyrra. En skýringin er sú að nú starfar nefnd allra þingflokka að því verkefni að gera tillögur um jöfnun raforkukostnaðar í landinu og mér fannst einfaldlega ekki við hæfi að gerast flm. á tillögu þar sem skorað er á ríkisstjórnina að vinna markvisst að jöfnun orkukostnaðar þegar ég sjálfur starfa að þessu sama verkefni í nefnd. Má auðvitað hverjum finnast um það sem hann kýs, en ég taldi það ekki eðlilegt að skrifa samtímis upp á þessa tillögu og vera í forsæti fyrir nefnd sem er að sinna þessu verkefni. Og ég held að það sé raunar mjög eðlileg afstaða.

Þessi nefnd sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka var skipuð 1. okt. sl. Hún hefur þegar haldið þrjá fundi og heldur væntanlega sinn fjórða fund í næstu viku. Á vegum hennar hefur verið unnin töluverð undirbúningsvinna. Það er rétt í þessu sambandi að það komi fram að þingflokkunum öllum var ritað bréf 12. júlí í sumar. Það var hins vegar ekki fyrr en undir mánaðamótin eða í byrjun október að tilnefningar höfðu borist frá öllum þingflokkum þannig að nefndin tók vonum seinna til starfa. Það hefði sannarlega verið æskilegt að hún hefði getað hafið störf á miðju sumri eða fljótlega eftir að þingflokkunum var skrifað.

Ég ætla ekki hér, virðulegi forseti, að fara út í langar umræður um efni þessa máls. Eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl. þá er ekki ágreiningur um markmiðið að jafna orkuna. Hann vitnaði hér réttilega í yfirlýsingar stjórnmálaflokkanna. Mér þótti það raunar athyglisvert að hann vitnaði í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá 1953 og síðan í aðra samþykkt þeirra sjálfstæðismanna frá því í fyrra, eða 36 árum síðar. Auðvitað hefur ýmislegt gerst á þessum tíma, en það hefur samt ekki tekist að þoka þessu máli eins langt áleiðis og menn hefðu kosið. Hver er skýringin á því? Allir flokkar hafa um þetta ályktað og allir hafa lýst vilja sínum til að orkuverð í landinu verði jafnara. En hver er þá skýringin á því að þetta hefur ekki tekist? Skýringin á því er fyrst og fremst sú að hér er alls ekki um einfalt mál að ræða. Hér kemur inn í bæði uppbygging raforkukerfisins, þau mörgu fyrirtæki sem þar koma við sögu, og alltaf endar þetta á þessari spurningu: Hver á að borga? Hvaðan á að taka það fé sem nota á til þess að jafna orkukostnaðinn? Ef þetta væri einfalt mál og ef þetta væri eins einfalt mál, virðulegur forseti, og sumir hv. þm. hafa látið í veðri vaka, þá væri auðvitað búið að þessu fyrir langa löngu. Undanfarin ár hafa allir stjórnmálaflokkar, að undanskildum Kvennalista, verið í ríkisstjórn ef við lítum dálítið langt aftur, en samt hafa menn ekki náð því markmiði sem allir segjast vilja stefna að.

Hinu skulum við þó ekki gleyma að það hefur miðað verulega í átt til orkuverðsjöfnunar og raunverð raforkunnar hefur farið lækkandi. Ef horft er á þessi mál í dag þá hefur munurinn, allt frá 1980, ekki verið minni en nú er. Í kringum 1981–1982 var munurinn miklu, miklu meiri. Hann var svo mikill þá að ég hygg að miðað við óniðurgreidda olíu hafi hann verið allt að sexfaldur. Nú háttar þannig til varðandi heimilisrafmagn að munurinn er u.þ.b. 1,3-faldur en sé miðað við niðurgreidda raforku til húshitunar og taxta Hitaveitu Reykjavíkur þá er munurinn núna u.þ.b. 2,5-faldur. Ef miðað er við vegið meðaltal hjá hitaveitum er munurinn u.þ.b. tvöfaldur. Og ég segi aftur: þessi munur hefur ekki verið minni í annan tíma, en hann þarf að minnka enn verulega.

Þegar ákveðin var niðurgreiðsla á raforku til húshitunar, árið 1985 að ég hygg, þá nam hún 63 aurum á kwst. Þessi upphæð hefur ekki verið verðbætt þannig að hún hefur verið óbreytt. Ef þessi niðurgreiðsluupphæð hefði tekið verðbreytingum með breyttu verðlagi í landinu og verðbólgu þá væri ástandið í þessum efnum miklu nær því að vera viðunandi en það er í dag.

Verðmunurinn hefur sem sagt minnkað frá því sem var en betur má ef duga skal. Ef við lítum á það hvaða leiðir eru færar í þessum efnum þá eru þær kannski ekki svo margar. Það er í fyrsta lagi að auka niðurgreiðslur úr ríkissjóði og taka þetta beint af almennu skattfé. Í öðru lagi mætti auðvitað hugsa sér að Landsvirkjun tæki þátt í að jafna þennan kostnað, t.d. með því að dreifa afborgunum af sínum lánum á heldur fleiri ár.

Nefndin hefur látið vinna margvíslega útreikninga um mögulegar leiðir í þessum efnum. Þær umræður í nefndinni eru ekki komnar á það stig að tímabært sé að greina frá þeim en það verður vonandi áður en langt um líður og kappkostað verður að þessi nefnd geti lokið störfum sem allra fyrst. En reynslan segir okkur það og sú staðreynd að þetta skuli ekki hafa tekist betur en raun ber vitni sýnir það auðvitað að hér er ekki um einfalt mál að ræða, annars hefði þetta auðvitað verið gert í tíð fyrrv. iðnrh., eins og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og hv. þm. Friðriks Sophussonar, sem báðir hafa gegnt þessum embættum og lýst vilja sínum til að gera þetta. Menn verða bara að játa að þetta er verkefni sem er flókið. Það eru tiltölulega fáir menn sem gjörþekkja orkukerfið og verðlagninguna. Því er þetta vandasamt verk og það er til margs að líta. En ég mun beita mér fyrir því og ég veit að það er vilji þeirra sem eiga sæti í þessari hv. nefnd að þetta starf nú geti skilað verulegum árangri. En það tekur nokkurn tíma vegna þess að málið er ekki einfalt eins og ég sagði áður.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé hverju orði sannara að nú sé svo komið að ekki sé ágreiningur um það markmið sem stefnt er að í þessum málum. Menn hamast við að lýsa því yfir að allir séu þeir sammála um að hér þurfi að breyta, hér þurfi að jafna aðstöðu, bæði í sambandi við almennan orkukostnað í landinu svo og sérstaklega vegna húshitunar sem er auðvitað það sem kemur þyngst niður á almenningi. Þrátt fyrir það gerist lítið annað en það að gerðar eru samþykktir á fundum samtaka sveitarfélaga í öllum landshlutum, svipaðar og sú samþykkt sem gerð var á fundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi á sl. hausti. Flokkarnir lýsa yfir stuðningi sínum við þessar tillögur og ríkisstjórnir eru myndaðar sem hafa í stefnuskrá sinni hástemmd orð um það að hér þurfi að breyta og hér skuli breyta.

Í grg. þeirrar till. sem hér er til umræðu er tekið upp úr málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. sept. 1988, þar sem sagt er: „Höfuðverkefni hennar [þ.e. ríkisstjórnarinnar] er að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi.“ Staða landsbyggðarinnar er þarna viðurkennd sem undirstaða velferðarríkis á Íslandi. Og síðar segir: „Gerðar verði ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu.“ Húshitun er þarna eitt *af aðalatriðunum og stóru punktunum.* Og enn eru í málefnasamningi nýrrar ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 10. sept. 1989 þessir hlutir ítrekaðir. Þrátt fyrir þennan mikla vilja þessara tveggja ríkisstjórna Steingríms Hermannssonar gerist það ekki fyrr en 12. júlí 1990 að það er ákveðið að fara að gera eitthvað, huga að einhverju markvissu starfi. Þá skrifar hæstv. iðnrh. þingflokkum ríkisstjórnarinnar og óskar eftir því að tilnefndir verði menn í nefnd til þessa verkefnis. Og það er ekki fyrr en 1. okt. sl. sem þessi nefnd er skipuð.

Getur það nú verið þrátt fyrir að allar þessar yfirlýsingar, góðu yfirlýsingar, og myndina sem ég hef

verið að draga hér upp af tveimur ríkisstjórnum Steingríms Hermannssonar, að vilji til framkvæmda sé ekki meiri en þetta? Að það líði næstum því tvö ár frá því að hástemmd yfirlýsing er gefin þar til farið er að huga að því að undirbúa aðgerðir, markvissar aðgerðir? Sjálfsagt hefur verið hugsað um einhverjar aðgerðir, en ég tel að einmitt sú nefndarskipan sem varð til 1. okt. sl. sé fyrsti vísirinn að því að það eigi að vinna eitthvað markvisst að þessu. Eru nú líkur fyrir því að sú hæstv. ríkisstjórn sem núna situr fái í hendurnar tillögur frá þessari virðulegu nefnd til þess að hún hafi möguleika til að sýna einhverjar aðgerðir áður en gengið verður til kosninga, nýir þingmenn og jafnvel nýir ráðherrar komi og setjist í ráðherrastóla.

Því miður er sú umræða sem hefur farið fram um þessi mál á undanförnum árum allt of mikið með þessu marki brennd. Ég er ekki að gera þar neitt upp á milli flokka. Það eru alveg jafnhástemmdar yfirlýsingar frá Alþb., þó þær séu ekki taldar upp hér í fskj., eins og frá öðrum flokkum.

Mér sýnist sú grg. sem hér fylgir vera fyrst og fremst undirstrikun á því hvernig hefur verið staðið að þessum málum og að það sé einmitt í þeirri mynd sem ég hef verið að nefna. Hér eru taldar upp samþykktir flokksþinga og miðstjórna Framsfl. og svo eru taldar upp samþykktir Sjálfstfl., en þær benda okkur til nokkurs annars tíma eins og hv. þm. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., benti á áðan. Árið 1953 gerir Sjálfstfl. samþykkt en hann er ekki að gera samþykkt um jöfnun orkukostnaðar, ég undirstrika það, heldur er hann þá að gera samþykkt um dreifingu raforkunnar um landið. Þá hafði það gerst, sem gerist því miður oftast og kannski ekki mjög óeðlilegt, að landsbyggðin verður að bíða ýmissa þæginda í langan tíma eftir það að þéttbýlið og þó fyrst og fremst þéttbýlið hér við Faxaflóa hefur fengið þá fyrirgreiðslu. En fátæka þjóðin, og fámennari þjóð sem bjó í landinu á tímabilinu frá 1950 og fram yfir 1960, sjálfsagt fram undir 1970, hafði það þó af að jafna þessa stöðu. Inn á hvert heimili í landinu er búið að tengja raforku. Það voru lagðar línur þvert og breitt um landið, háspennu- og lágspennulínur, og inn á hvern einasta sveitabæ sem í byggð er. Við erfiðari aðstæður en núna eru tókst þjóðinni að jafna þessa stöðu. En við tölum um það núna þing eftir þing við mikið betri aðstöðu, mikið meiri möguleika til þess að jafna þá stöðu sem við erum að tala um hér, og látum það eiga sig á annan máta en þann að gera samþykktir.

Ég vil þó ekki bera á móti því, og tek undir það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að það er ekki eins mikill mismunur á orkuverði núna og var fyrir tíu árum síðan. Það er heldur betri staða, þó það nú væri. En ég vil undirstrika það að það sem okkur tókst að gera á tímabilinu frá 1953 og fram undir 1970, að jafna stöðuna í orkumálum landsbyggðarinnar með því að leggja rafmagn heim á næstum því hvert einasta heimili, það þarf okkur að takast og ætti okkur að vera búið að takast núna við mikið betri aðstæður sem þjóðin hefur yfir að ráða og við að búa.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það má kannski telja merkilegt að á undanförnum þingum og núna á undanförnum árum hefur það komið í hlut Vestlendinga oftar en flestra annarra að rífja þetta mál hér upp á hv. Alþingi og mæla fyrir áherslum í sambandi við þetta mál. Ekki af því að Vesturland sé verr í sveit sett hvað þetta varðar en aðrir landshlutar en þar finna menn illilega fyrir þessum mismun. Og almenningur lætur í sér heyra. Enn er svo að það er 2,8 sinnum dýrara að kynda með raforku á Vesturlandi en t.d. hér á ódýru svæðunum.

Ég ætla ekki að flytja langt mál hér um þessa þáltill. Okkur fannst sjálfsagt að endurflytja hana vegna þess að hún tekur á þessu vandamáli því stór hluti þjóðarinnar reiknar með að einhvern tímann komi að því að Alþingi manni sig upp í að finna lausn sem jafni þennan óþægilega mismun á lífskjörum. Og það kom meira að segja fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. ekki alls fyrir löngu að hann taldi að þetta ætti að vera alveg framkvæmanlegt eins og t.d. bensín og olía er á sama verði hvar sem er á landinu og mjólk og mjólkurvörur o.s.frv. Svo einfalt er nú málið þegar farið er að skoða það.

Það sem ég held að sé orsök þess að ekki hefur náðst árangur sem skyldi í þessu máli er það að mér finnst að landsbyggðarþingmenn hafi ekki sýnt nógu mikla samstöðu þegar á hefur þurft að halda til þess að knýja fram aðgerðir, því til þess hafa þeir atkvæðamagn hér á hv. Alþingi og hafa haft á undanförnum árum.

En ég get tekið undir að þetta er ekkert einfalt mál, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. Og auðvitað er engin einföld lausn til í þessu máli. Sennilega er fljótvirkasta lausnin þó að fyrirskipa Landsvirkjun að taka fyrsta skrefið í þessu máli sem væri kannski viðráðanlegt eða ásættanlegt þangað til önnur lausn finnst.

En ég ætlaði að endurtaka það sem ég hef sagt áður og það er svo um fleiri hv. þm. veit ég um, að það er útilokað á þessu þingi að samþykkja nýjar stórvirkjanir í landinu ef þetta mál verður ekki komið á það stig að hægt sé að sætta sig við það sem fram undan er. Og ég endurtek það hér að ég verð ekki tilbúinn að samþykkja nýjar stórvirkjanir ef það verður ekki búið að finna lausn á þessum málum. Ég veit að hæstv. iðnrh. gerir sér grein fyrir þessu því það er svo um fleiri landsbyggðarþingmenn. Þetta er aðeins smámál í sambandi við það sem fram undan er og ég a.m.k. vil treysta því að þessi þó síðbúnu viðbrögð, hvort sem það hefur verið í júlí eða núna í október, sýni að ríkisstjórninni er alvara með að leysa þetta mál. Þess vegna held ég að þessi þáltill. eigi fyllilega rétt á sér, hún þrýstir á aðgerðir. Ég vænti þess núna fremur en nokkurn tímann áður þegar menn í alvöru vita hvað fram undan er í orkumálum að þá sameinist þingmenn um að leysa þetta mál á viðunandi hátt áður en Alþingi fer heim í vor. Öðruvísi verða vandræði að koma hinu stóra málinu í gegn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu þáltill. sem von-

andi flestir alþingismenn geta tekið undir, a.m.k. allir þeir sem hér hafa tekið til máls gera það. Ég er einnig í þeim hópi. Mér finnst þó að þessi till. gangi varla nógu langt, þ.e. hún fjallar aðeins um aðra hliðina, *markmiðið, en ekki um hina hliðina, hvernig eigi að* því að fara. Eða eins og hv. 3. þm. Vesturl. vakti athygli á er ekki fjallað um hver eigi að borga brúsann. Ég býst við að hingað til hafi þetta mál strandað á því.

Ég hef átt þátt í því að flytja mál á síðustu þingum um þetta. *Fyrst þáltill. og síðan frv. til laga í Ed. á síð*asta þingi. Því frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar með yfirlýsingu iðnrh. um að hann ætli að skipa nefnd í málið sem. Eins og hér hefur komið fram er hún nú þegar tekin til starfa og skilar vonandi af sér viðunandi niðurstöðu á næstu vikum. *En í þeirri tillögu og* frv. sem ég stóð að að flytja ásamt fleiri hv. þm. var reynt að taka á hinni hliðinni, þ.e. hvernig ætti að fjármagna þetta. Þar var bent á Landsvirkjun með þeim rökum að Landsvirkjun hefur fengið vatnsréttindin. *Hún hefur einkaleyfi til allra stærri virkjana í þjóðfé*laginu og hefur hingað til fengið vatnsréttindi á silfurfati, getum við sagt. Okkur var tjáð af fulltrúa Landsvirkjunar, sem situr þá nefndarfundi sem nú standa yfir, að á sínum tíma hefðu öll vatnsréttindi í Þjórsá verið metin á eina *milljón dollara og afhent* þannig eignaraðilum Landsvirkjunar sem aðeins er að hálfu í eigu ríkissjóðs. Og að meta öll vatnsréttindi í Þjórsá á 55 millj. kr. er vitanlega sama sem að gefa þau. Þegar fyrirtæki fær þannig þessi réttindi sem við landsmenn allir eigum jafnt þá er ekki nema eðlilegt að það taki þá skyldu að sér að sjá um jöfnun á orkuverðinu á móti.

Eins og hér hefur verið rætt um er mismunur orkuverðs nú minni en oftast áður þótt okkur finnist enn þá of langt í land. Ef við aðeins tækjum þá niðurgreiðslu sem farið var að veita 1985 og hefur verið 63 aurar á kwst. til upphitunar og hún hefði haldið verðgildi sínu væri bilið ekki ýkja mikið í dag. Vandinn er ekki stærri en þetta þannig að manni sýnist að Landsvirkjun ætti ekki að vera ofvaxið að sjá um þetta mál.

Ég hef orðað það þannig að það muni aldrei verða friður í þjóðfélaginu fyrr en þarna kemst á betri skipan. Ég held að okkur öllum sem höfum áhuga á því að þetta réttlætismál nái fram að ganga sé það auðvitað fagnaðarefni hvar sem áhugi kemur fram um að vinna að því eins og sá sem kemur fram í þessari þáltill. þó að þar sé Alþingi ekki ætlað að taka á vandanum þar sem því er bara beint til ríkisstjórnarinnar. Ég held, eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði, að Alþingi sem nú situr verði að gera það og ganga þannig lengra en þessi tillaga fjallar um.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað hverju orði sannara eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Suðurl. að hér er sannarlega um mikið réttlætismál að ræða. Mér finnst það deginum ljósara að þetta þing lýkur ekki störfum, fer ekki heim án þess að afstaða verði tekin og þetta mál með einhverjum hætti afgreitt. Ég held að það sé alveg deginum ljósara og skýrt í huga okkar allra sem störfum í þessari nefnd, og ekki bara okkar, heldur líka allra þeirra sem sitja hér á hinu háa Alþingi og vilja ná fram auknu réttlæti í þessum efnum. Um það þarf ekki að hafa mörg orð.

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. sem talaði hér eins og ekkert hefði verið gert í þessu máli fyrr en þessi nefnd var skipuð nú í haust eða óskað tilnefningar í hana á miðju sumri, þá er auðvitað rétt og skylt að láta það koma fram að yfirtaka skulda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða á sínum tíma hafði auðvitað veruleg áhrif, það að ríkið tók þessar skuldir að sér hafði auðvitað veruleg áhrif til að draga úr þeim mun sem annars væri á taxta þessara fyrirtækja og annarra rafveitna í landinu. Þetta er *alveg nauðsynlegt að komi fram vegna þess að hv. þm.* Skúli Alexandersson, sem nú gengur í salinn, talaði eins og ekkert hefði verið gert. Og ég ítreka það að yfirtaka skulda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hafði auðvitað veruleg áhrif til þess að *draga úr mun á töxtum þeirra fyrirtækja og annarra raf*veitna í landinu. Því mótmælir held ég enginn sem kynnt hefur sér þessi mál.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir það mál sem er hérna til umræðu vegna þess að mér finnst ófært annað en rödd Vestfirðinga heyrist því að fáir landshlutar eru jafnháðir raforkunni og eiga jafnmikið undir því að jöfnuður fáist í þeim efnum eins og við Vestfirðingar, *bæði hvað snertir raforku til heimilis*nota, húshitunar og ekki síður til framleiðslu.

Ég skal ekki tala langt mál. Hérna hafa komið fram flest þau rök sem styðja þetta. Það sem hefur kannski komið fram hvað skýrast og veldur þá umhugsun er það að í greinargerð er þess getið að æðstu *valdastofn*anir Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. hafi tekið mjög skýra afstöðu þar sem kveðið er á um að orkuverð skuli jafnað. Það er að vísu ekki getið um það hjá Alþb. sem ég sá hérna, en hitt veit ég að það hefur verið á stefnuskrá þess *flokks líka svo að mér virðist það nokkuð* ljóst að það er fullur vilji fyrir að gera þetta. Það kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl. að það vantaði kannski að finna leiðir, en það fer ekki hjá því að séu allir þessir flokkar sammála um það, og reyndar á ég von á að *aðrir flokkar sem ekki eru hér nefndir og ég tala ekki* um, ég veit að flestir flokkar sem hafa ályktað um orkumál hafa haft uppi þessa stefnu.

Sé það svo að þetta sé eindreginn vilji allra þessara flokka þá hlýtur að verða að finna leiðir. Hérna er *stefnan mörkuð og þeir hafa markað sér hana sjálfir.* Mér þótti því vænt um að heyra það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði: Alþingi fer ekki heim án þess að taka afstöðu. Ef þingmenn þessara stjórnmálaflokka eru sjálfum sér samkvæmir í ályktun þeirra flokka, þá *hljóta þeir að taka afstöðu með þessu máli og þá verða* þeir að gera svo vel að finna leiðir og hrinda þessu máli í framkvæmd.

Ég tek undir það að ýmislegt hefur verið gert. Við sem búum á þessum svæðum finnum það best á buddunni okkar að þrátt fyrir allt hefur áunnist eitt og ann-

að í jöfnunarátt, en það þarf að gera betur ef duga skal og ég fagna því að þetta er komið fram og ég treysti því að Alþingi muni taka afstöðu og í samræmi við vilja þeirra sem þar sitja.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og tekið vel í þetta mál. Ég fagna sérstaklega skipan nefndarinnar sem hér hefur verið getið um frá 1. okt. sl. Ég fagna því einnig að formaður hennar er hv. 3. þm. Vesturl. sem við þekkjum að er ötull og duglegur við að ýta málum áfram.

Hann sagði hér áðan að ekki væri auðvelt verk að framkvæma hlutina þó að allir vildu jöfnuð í þessum málum og jöfnuður hefði aukist. Það er rétt en betur má ef duga skal. Það er kannski erfitt að finna leiðir en ég vil benda á eitt. Nú stendur til að reisa álver á Keilisnesi og það á að vera mikið gróðafyrirtæki. Sumir segja að það ógni jafnvægi í byggð landsins. Væri ekki tilvalið að taka eitthvað af þeim gróða sem þar til fellur og veita út um byggðir landsins til að byggja upp? Þar á meðal mætti hafa þetta mál í huga á svipaðan hátt og gert var þegar álverið fór af stað í Straumsvík og við munum eftir.

Hv. 4. þm. Vesturl. og fleiri ræddu um að hér hefðu aðeins verið orð viðhöfð en ekki framkvæmdir. Við verðum að sætta okkur við það alþingismenn og lærum það fljótt að „vort ferðalag gengur svo grátlega seint" og það er oft langt á milli þess að tillaga er flutt og þar til hún kemur til framkvæmda. Ég nefni dæmi af Vesturlandi að gamni mínu.

Heydalsvegur komst í tölu þjóðvega 1944. Hann var talinn einn allra auðveldasti fjallvegur landsins en þó leið röskur aldarfjórðungur þangað til sá vegur var opnaður til umferðar 11. nóv. 1971.

Allir hv. ræðumenn tóku undir það að jafna bæri þennan óþægilega mun á lífskjörum. Hv. 2. þm. Suðurl. benti á að þessi tillaga væri svona nánast orð en ekki væri bent á neinar raunhæfar leiðir til úrbóta. Ég vil benda hv. þm. á að fletta upp í greinargerðinni neðst á bls. 3. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„En vera má að það vefjist fyrir mönnum á hvern hátt það skuli gert," þ.e. að jafna orkuverðið. „Þar koma vafalaust fleiri en ein leið til greina. Nefna má að fyrir þessu þingi liggur frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun. Það er 264. mál þingsins. Þar er gert ráð fyrir því „að smásöluverð fyrir hverja tegund afnota verði hvergi meira en 5% hærra en vegið meðaltal á landinu öllu", sjá nánar þskj. 470", sem hv. þm. vel kannast við, enda var hann 1. flm. ef ég man rétt.

Ég hef svo ekki fleiri orð um það en endurtek þakkir mínar og vona að þetta réttlætismál, sem svo hefur verið nefnt hér í þessum umræðum, verði athugað vel og vandlega og nái fram að ganga sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrbætur á aðstæðum ungmenna, fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 103. mál. — Þskj. 106.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla. Flm. auk mín eru Salome Þorkelsdóttir, Unnur Halksdóttir, Skúli Alexandersson, Guðmundur Ágústsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Valgeirsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshóp á vegum ráðuneyta þeirra sem fjalla um fræðslumál, uppeldismál, félagsmál, heilbrigðismál og lögreglumál til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða þau ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla og eru nú vegalítil og sum á vergangi.

Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda."

Greinargerð með tillögunni er svohljóðandi:

„Kennarar, félagsráðgjafar og aðrir þeir, sem vinna að fræðslu- og æskulýðsmálum, hafa með ugg í brjósti horft upp á það á undangengnum árum að sívaxandi hópur nemenda dettur út úr skólakerfinu áður en skólaskyldu þeirra lýkur.

Á öllum tímum hefur hluti nemenda horfið úr skóla áður en lög leyfðu. En sá hópur, sem það gerir nú, fer stækkandi og það er álit þeirra sem til þekkja að þær brautir, sem þeir lenda á, séu hálli en fyrr. Því veldur aukin vímuefnaneysla ungmenna og henni fylgir vergangur þegar verst fer.

Þau ungmenni, sem lenda í vímuefnum og á vergangi, eru alls ekki öll úr höfuðborginni heldur munu ýmis þeirra vera af landsbyggðinni en hafa leitað að heiman eftir „frjálsræði" og spennu, sbr. upplýsingar í viðtölum við starfsfólk Rauða kross hússins í dagblaðinu Tímanum 16. okt. sl.

Samkvæmt skrám Hagstofunnar mun ekki vitað um afdrif 148 ungmenna sem hurfu úr skóla á Íslandi árið 1985 án þess að hafa lokið grunnskólanámi. Árið 1986 munu 173 nemendur hafa horfið á sama hátt úr skýrslum Hagstofunnar, 1987 var samsvarandi tala 235 og árið 1988 hurfu 172 nemendur úr skólaskýrslum án þess að vitað væri hvar þeir höfnuðu.

Ýmis þessara ungmenna munu hafa flutt úr landi með foreldrum sínum. En á undanförnum árum hafa mjög margar fjölskyldur flutt til útlanda í atvinnuleit. En það, að 235 nemendur gufi upp úr skýrslum á einu ári í þessu fámenna landi, hlýtur að vekja spurningar um það hvort íslensk uppeldis- og skólamál séu ekki á villigötum.

Því verður þó ekki haldið fram með réttu að ekkert hafi verið gert til að bæta úr ástandinu. Um það vitnar t.d. starfsemi Unglingaheimilis ríkisins, starfsemi neyðarathvarfs í Réttarholtsskóla þar sem 7 ungmenni áttu athvarf 1989, starfsemi Rauða kross hússins við Tjarnargötu í Reykjavík er veitir bæði húsaskjól og ráðgjöf, sem og starfsdeild í Breiðholtsskóla sem unnið hefur mikið og gott verk við að halda nemendum að

skóla og frá lausagangi. Þessi síðastnefnda deild getur tekið við 10–11 nemendum á ári. Loks ber að nefna það að á vegum landlæknisembættisins og fleiri aðila er verið að kanna feril þeirra ungmenna sem hverfa úr skólakerfinu.

Á hinn bóginn er ljóst að stórátak þarf að gera til þess að veita þessum ungmennum og foreldrum þeirra aðstoð. Enn fremur þarf að byrja forvarnastarf mjög snemma á leið barnanna, áður en í óefni er komið.

Hér þurfa allir að leggja hönd á plóg, en sérstök ábyrgð hlýtur að hvíla á þeim ráðuneytum sem nefnd eru í þátill. og nauðsyn að þau vinni saman að þessu verkefni til þess að fjármunir og kraftar nýtist sem best."

Í þáltill. segir að ýmis ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla séu vegalítil og sum á vergangi. Ekki er vitað með vissu hve margir unglingar það eru sem hér um ræðir en tölurnar 30–40 hafa verið nefndar. Þau munu öll vera háð vímuefnum.

Nýlega birtu fjölmiðlar frétt um könnun sem hafði leitt það í ljós að drykkjuskapur ungmenna hefði aukist um 40% eftir að sterkur bjór var lögleiddur hér á landi. Einnig hefur komið fram að ungmenni sem ánetjast vímuefnum nú á tímum hefja neyslu 10–14 ára gömul. Við eigum því von á auknum vanda nú alveg á næstunni því að eftir bjór kemur sterkara áfengi og síðan eiturlyf og einhvers staðar á þessari leið kemur brotthvarf úr skóla. Þegar lengra er komið er horfið að heiman og brautin er bein út á vergang og afbrot. Gegn þessu þarf sterkt, sameiginlegt átak. En löngu, löngu áður en út í þessi óefni er komið sjást merki þess sem dunið gæti yfir barnið. Gangi því illa í skóla, námslega eða félagslega, svo að ekki sé talað um ef hvort tveggja á sér stað, þá er hætta á að barnið verði tapari sem í öryggisleysi leitar út í ógöngurnar. Því eru forvarnir óendanlega mikilvægar fyrir æsku þessa lands.

Ég vona að þessi þáltill. fái greiðan gang í gegnum þingið og fer þess á leit, hæstv. forseti, að henni verði að lokinni umræðu vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get nú ekki orða bundist. Hér er komið að því að ræða mjúku málin og hér eru staddir í þingsal fjórir hv. þm. auk forseta sem allir eru kvenkyns og að auki einn hv. þm. sem er karlkyns og skólamaður og væntanlega gerir sér grein fyrir því hvað hér er mikilvægt mál á dagskrá. Það vill stundum verða svo að stjórnmálamenn festa sig í farvegi umræðunnar um hörðu málin, svokölluð efnahagsmál, hagvöxtinn, framleiðniaukninguna eða hjöðnun verðbólgunnar, svo að dæmi séu tekin. Auðvitað verður að leggja áherslu á þessa þætti sem varða afkomu íslenska þjóðarbúsins. En þegar menn sem teljast sérfræðingar í þessum svokölluðu hörðu málum eru farnir að kveðja sér hljóðs á fjölmennum fundum og gerast málsvarar mjúku málanna þá hlýtur að vera ástæða til að gefa því gaum. En þetta upplifði ég fyrir skömmu á fjölmennum fundi, að einn af málsvörum hörðu málanna kvaddi sér hljóðs og gat þess sérstaklega að honum væri eiginlegra að tala um hörðu málin, hagvöxtinn og framleiðnina, en mjúku málin en nú gat hann ekki orða bundist. Hann hafði nefnilega hlustað á viðtal við prest þar sem hann var að gera grein fyrir því ástandi sem ríkir hjá stórum hópi grunnskólabarna á aldrinum 8–12 ára. Þar kom fram að þriðja hvert barn, eftir því sem mér var tjáð, ég tek fram að ég hlustaði ekki á viðtalið, gengur sjálfala á daginn. Og 20% af aðspurðum börnum, þetta voru börn á aldrinum 8–12 ára, hlökkuðu ekki til framtíðarinnar.

Það var kannski von að þessi ágæti maður gæti ekki orða bundist og ég verð að segja það að ég held að það sé ástæða fyrir fleiri að fara að huga að þessum málum og gera sér grein fyrir því að það er ekki nóg að hafa góðan hagvöxt, auka framleiðni og ná niður verðbólgu ef börn framtíðarinnar verða ekki í stakk búin til þess að njóta betra þjóðarbús hjá okkur. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, hæstv. forseti. Það er líka dæmigert að það er ekki gert ráð fyrir langri umræðu um þetta mál af því að það er eitt af mjúku málunum. Þess vegna er okkur ekki ætlaður langur tími enda ekki margir sem þurfa að ræða þessi mál hér.

En ég vil ítreka það og um leið þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að hafa frumkvæði að að flytja þessa till. hér og gefa mér m.a. kost á að vera meðflm. því ég tel að hér sé svo alvarlegt og mikilvægt mál á ferðinni að það verði að vinda bráðan bug að því að finna einhverjar lausnir til sameiginlegra forvarna gegn þessum vanda.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir mjög margt af því sem hv. 6. þm. Reykn. sagði um þetta mál. Því miður var mér það ekki ljóst fyrr en um hádegi að þetta mál væri á dagskrá hér í dag og stafar nú kannski af því að ég er hér hálfgerður utangarðsmaður eins og menn vita. En ég vil eindregið taka undir þessa ályktun. Það hefði vissulega verið þess virði að ræða þetta miklu ítarlegar hér á þingi. Hins vegar vænti ég þess og veit að þetta fær og verður að fá mjög ítarlega umfjöllun í nefnd og hún mun vinna þetta mál eins og mögulegt er að gera.

Þó vil ég aðeins geta þess að í grg. er rætt um skrár Hagstofunnar og nefndar tölur um ungmenni sem hurfu úr skóla á Íslandi í nokkur ár. Þar vil ég aðeins skýra það atriði að þessar tölur eru því miður ekki nægilega áreiðanlegar sem stafar af því að í skólakerfinu hefur þeim sem þar fara með mál ekki tekist að ná nægilega virkri skráningu um það hvar nemendur eru í skóla og hvernig tilflutningum er háttað. Reynt hefur verið að koma á samræmdri nemendaskráningu núna um nokkurra ára bil en m.a. vegna mannaflaskorts og fleiri örðugleika hefur það ekki tekist svo að fullnægjandi sé, auk þess sem ég á von á því að inni í þessum tölum séu núverandi 10. bekkjarnemendur sem veitt hefur verið heimild til að hverfa frá grunnskólanámi samkvæmt ákvæðum laga þar um. Þessi heimild er nefnilega yfirleitt nýtt aðeins að hálfu, þ.e. nemendum er veitt leyfi til þess að hverfa frá grunnskólanámi í eitt ár til þátttöku í atvinnulífinu, eins og segir í lögunum,

en ekki hafa verið tök á því að fylgja því eftir að eftir þetta ár komi þeir inn í grunnskóla eða aðra skólastofnun aftur. En í þessum tölum mun vera þó nokkuð af nemendum sem hafa gert þetta. Meginreglan er sú að þessir nemendur fara beint í atvinnulífið og eru þar e.t.v. eitt, tvö, fimm eða tíu ár en stór hluti af þeim, við vitum ekki hversu stór, fer síðan í öldungadeildir eða á annan hátt nýtur þeirra möguleika sem fullorðinsfræðsla er núna. Þetta hefur mjög mikið batnað frá því sem áður var.

Í tengslum við þetta er ekki hægt annað en að nefna það að grunnskólarnir í landinu búa við það að kennaraskortur er viðvarandi, landlægur, sérstaklega í sumum umdæmum. Og það svo, svo ég nefni Vestfjarðaumdæmi sérstaklega, að þar hafa undanfarin þrjú ár verið helmingaskipti í hópi þeirra sem kenna þessum ungmennum, sem við erum að hafa áhyggjur af. Helmingur þeirra hefur til þess menntun og hefur til þess lært að kenna þessum nemendum, hinn helmingurinn ekki. Úr hópi þeirra sem ekki hafa menntun til þess eru fjöldamargir sem hafa ekki öllu meiri menntun í skóla en þeir nemendur sem þeir eiga að leiðbeina. Sumir aftur á móti hafa bætt við sig lífsreynslu, þeir hafa bætt við sig þekkingu á því að ala upp eigin börn og ýmislegt fleira, en það sér hver maður sem vill sjá það að þetta ástand getur ekki verið nægilega gott.

Ég held að ef við erum að hugsa um þessi alvarlegu mál sem snerta unglingana okkar þá þurfum við að hugsa um aðdragandann að því líka og hvað það kostar okkur að búa þannig að þeim sem eiga að annast þetta fólk, þ.e. kennurunum sem eiga að vinna með þeim, veita þeim þroska, leiðbeina þeim á lífsbrautinni. Ef við sinnum því ekki að veita þeim starfsskilyrði sem eru slík að þeir komi til starfa, þá getum við kannski ekki búist við því að það starf sem þeim er ætlað að vinna með unglingunum beri fullnægjandi árangur. Þetta á reyndar ekki bara við um kennara, þetta á líka við um ýmsa sérfræðinga aðra sem eiga að starfa og vinna fyrirbyggjandi störf. Það má nefna sálfræðinga, það eru sömu vandamálin að fá þá út á landsbyggðina eins og kennarana. Sálfræðingar eru þó jafnvel enn þýðingarmeiri en kennarar í þessum efnum vegna þess að þeirra starf, þegar þeir fást til starfa, er fyrst og fremst fólgið í því að ræða við þessa unglinga sem eru kannski á leið að flosna út úr skóla eða hafa flosnað frá skóla og reyna að leysa þeirra vandamál.

Þá vil ég líka nefna stofnanir hér á landinu sem hafa legið undir áföllum um mörg ár. Það eru héraðsskólarnir. Menn hafa bæði í ræðu og riti veist að þessum stofnunum, sagt þetta vera steinbörn í kerfinu og þetta séu úreltar stofnanir sem eigi ekki lengur rétt á sér. En af mínum kynnum af héraðsskólunum get ég fullyrt að þeir hafa leyst ótrúlega mörg vandamál og þeir hafa með fyrirbyggjandi aðgerðum gert það að verkum að þessar tölur sem við erum að velta fyrir okkur um fjölda þessara ungmenna eru mun lægri en ella hefði verið. Því þrátt fyrir það að héraðsskólarnir búi við þröngan kost hvað snertir tæki og sérstaklega sérmenntaðan mannafla þá hefur þeim samt tekist ótrúlega vel að leysa vanda margra unglinga og með því móti hafa þeir komið í veg fyrir aðgerðir sem eru bæði sársaukafullar og dýrar síðar meir.

Ég vildi nefna það í þessu samhengi að ég tel að við þurfum að líta á þetta mál, sem ég tek að öðru leyti fyllilega undir, við þurfum að líta á það í nokkuð breiðara samhengi og skoða fleira en bara það vandamál sem komið er upp. Við skulum skoða feril þessara ungmenna og sérstaklega kennaramálin og starfsmannamálin, mál þeirra sem eiga að aðstoða þau þegar að þessu kemur.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem varðar þá sem eiga sér fáa málsvara. Í samfélagi þar sem ætlast er til að allir spjari sig upp á eigin spýtur hlýtur að vera erfitt að heyra til hópi ungmenna sem ekki uppfylla kröfur miðlungsins eða þaðan af hærri kröfur né falla að því fari sem flestir eru mótaðir í. Á athyglisverðri ráðstefnu um velferðarsveitarfélagið sem félagsmálastjórar stóðu fyrir í síðustu viku var m.a. fjallað um skyldur samfélagsins við þá sem þurfa stuðning til þess að verða ekki undir. Meðal þess sem fjallað var þar um var hvort íslenskt samfélag væri örðugra fyrir þá sem eiga undir högg að sækja en ýmis þau samfélög sem standa okkur næst, hvort dugnaður og sjálfstæðisdýrkunin setji þá sem minna mega sín hjá eða veki með þeim vonir og drauma sem e.t.v. eru óraunhæfir.

Vinnudagur Íslendinga er lengri en gerist víðast hvar annars staðar. Ekki einungis vegna þess að allir séu svo uppteknir af lífsgæðakapphlaupinu, heldur einnig vegna þess að lágtekjufólk býr við mjög léleg kjör. Bara til að tryggja sér öruggt húsnæði, þar sem séreignarstefna er allsráðandi, þarf að vinna langan vinnudag og þar sem skattlagning matvæla er staðreynd er erfitt að ná endum saman nema með óralöngum vinnudegi. Og hverjir eru svo fórnarlömb í vinnulúnu samfélagi? Það eru auðvitað ekki síst unglingarnir sem njóta ekki þeirra samvista við fjölskyldur sínar sem sumir hverjir þyrftu.

Samfélagið hefur alls ekki komið til móts við vinnuálag fjölskyldna. Allt of lítið bólar á að stytting vinnudags sé baráttumál í kjarabaráttu eða í annarri pólitík. Skólakerfið er gjörsamlega vanbúið að mæta þörfum einstaklinga með margbreytilegar óskir, ekki vegna þess að þar starfi ekki hæft fólk og ekki vegna þess að þar sé ekki vilji fyrir hendi, heldur vegna þess að það er hreinlega allt of sjaldan gert ráð fyrir að þessar kröfur séu uppfylltar. List- og verkmenntagreinum er ekki gert hátt undir höfði í skólakerfinu og þar af leiðandi er ekki alltaf til reiðu framhaldsnám fyrir alla nemendur. Illa er búið að námsráðgjöf og sálfræðideildum skóla þannig að varla gefst færi á öðru en neyðaraðstoð í stað markvissra forvarna. Unglingar sem lenda utan garðs gera það að sjálfsögðu af margvíslegum ástæðum. Sá hópur sem ég er hér að tala um er e.t.v. ekki sá stærsti en hann er engu að síður hópur sem ástæða er til að hafa áhyggjur af.

Þessir unglingar eiga oft langa og erfiða leið fyrir höndum. Sumir finna því miður leiðarenda í vitlausri

átt, enda við blindgötu, óreglu og umhirðuleysi. Ég fagna því þessari þáltill. og tel þann hóp sem hér er lagt til að verði settur á laggirnar hafa mjög brýnum erindum að sinna.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem gáfu sér tíma og gerðu sér það ómak að taka þátt í þessari umræðu. Það er rétt sem þeir hafa sagt að málið er brýnt og svo nauðsynlegt að allir geri sér grein fyrir því að það þyrfti miklu lengri tíma til að ræða það. Vissulega verður það rætt betur í nefnd og í síðari umræðu og vonandi gefst meiri tími til þess að ræða þessi mál á þingi því það eru margar hliðar á þeim og margt sem þyrfti að taka til meðferðar hér í þessum sal.

Það er auðvitað hárrétt hjá hv. 2. þm. Vestf. að talan 235 er misvísandi af því að nemendur fara í ýmsar áttir og skila sér sumir aftur. En mér er kunnugt um það, og þekki það mjög vel úr fullorðinsfræðslunni, að sumir koma aftur og reyna upp á nýtt og detta út aftur vegna þess að þeim var ekki gefið það tækifæri í grunnskólanum sem þeir þurftu til þess að geta komið inn. Þar á ég fyrst og fremst bara við að nemendum hafa ekki verið kennd nógu vel undirstöðuatriði eins og lestur og stærðfræði.

Það mætti meira um þetta segja, en ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra nú en þakka kærlega fyrir góðar undirtektir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

11. fundur, þriðjudaginn 13. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 73. mál (rektorskjör). — Þskj. 75, n. 138.

Frsm. menntmn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Eins og kom fram við 1. umr. málsins felur þetta frv. aðeins í sér að sníða af nýsettum lögum agnúa sem í ljós komu þegar þau skyldi framkvæma og þá fyrst og fremst rektorskjör. Það er fært í svipað horf og nú gildir um rektorskjör við Háskóla Íslands.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildarlög). — Þskj. 108.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl. á þskj. 108. Helsta viðfangsefni frv. er að mæla fyrir um hvernig staðið verði að aðgerðum við skipti á dánarbúum. Að auki hefur það að geyma reglur um skipti við slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar og félagsslit ef ekki semst um þau milli hlutaðeigenda, en slík skipti fara að miklu leyti eftir sömu reglum og gilda um skipti á dánarbúum.

Frv. er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl. nr. 3 frá 1878. Auk þess tekur það til efnis nokkurra annarra laga. Umrædd lög voru að mestu þýðing á dönskum lögum um sama efni er sett voru skömmu áður í Danmörku. Lögum nr. 3/1878 hefur tiltölulega lítið verið breytt frá upphafi ef frá er talin endurskoðun á reglum VIII. kafla um skuldaröð sem átti sér stað við setningu laga nr. 32/1974 og nr. 23/1979. Þótt núgildandi lög um skipti dánarbúa hafi að meginstofni til staðið óbreytt í meira en eina öld eru þau af augljósum ástæðum vegna breyttra staðhátta orðin úrelt í fjöldamörgum atriðum.

Frv. er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92 1. júní 1989. Þau lög leiða til umfangsmikilla breytinga á skipan dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði og gera nauðsynlegt að fram fari endurskoðun á allri réttarfarslöggjöfinni, þar á meðal lögum um skipti á dánarbúum. Að auki er þörf endurskoðunar á ýmsum ákvæðum laganna þar sem þau eru aldurs síns vegna orðin úrelt í mörgum atriðum.

Samhliða þessu frv. hefur verið samið heildarfrv. til nýrra laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og hefur það frv. þegar verið lagt fram hér á Alþingi. Hefur verið leitast við að samræma ákvæði þessara frv. í þeim mæli sem unnt er, enda fjalla þau um náskyld lagasvið. Ein helsta breytingin frá núgildandi lögum, sem stefnt er að í frv., felst í því hverjir annist störf sem tengjast skiptum á sviði frv. Í núgildandi lögum eru þessi störf nánast öll lögð í hendur dómara, skiptaráðenda, sem m.a. taka við tilkynningum um andlát, veita leyfi til setu í óskiptu búi og einkaskipta á dánarbúum, annast framkvæmd opinberra skipta, leggja á erfðafjárskatt og innheimta hann, auk þess að leysa úr ágreiningi í héraði í dómsmálum sem verða rekin eftir sérreglum laga um skipti á dánarbúum.

Frv. þetta er, sem fyrr segir, m.a. byggt á þeim grunni sem var lagður með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Eins og fram

kemur í athugasemdum með frv., sem varð að þeim lögum, eru ein þýðingarmestu markmið þeirra annars vegar að framkvæmdarvaldsstörf verði tekin úr höndum dómara og hins vegar að breytt verði eðli ýmissa umsýslustarfa, sem dómarar hafa haft með höndum og hafa talist dómstörf, þannig að þau verði talin til starfa framkvæmdarvaldshafa í framtíðinni eða falin að einhverju marki öðrum en handhöfum ríkisvalds. Með þessu munu héraðsdómstólar framvegis svo til eingöngu fást við eiginleg dómstörf.

Handhafar framkvæmdarvalds ríkisins í héraði, sýslumenn, munu annast fjölmörg önnur verk sem dómarar hafa haft með höndum til þessa. Af þeim störfum sem dómarar annast nú í tengslum við skipti á sviði þessa frv. verða aðeins sárafá talin til eiginlegra dómstarfa. Af þeim má einkum nefna annars vegar ákvörðun um hvort opinber skipti fari fram og hins vegar úrlausn ágreiningsmála sem rísa í tengslum við skipti. Önnur störf, sem núgildandi lög fela dómurum í þessu sambandi, eru hins vegar almennt því marki brennd að vera annaðhvort framkvæmdarvaldsstörf, t.d. álagning og innheimta erfðafjárskatts, eða umsýslustörf, sem eiga fátt ef nokkuð skylt við almennt hlutverk dómara, t.d. að taka við *dánartilkynningum*, veita ýmis leyfi og framkvæma opinber skipti.

Til samræmis við grundvöll laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds er byggt á því í frv. að héraðsdómstólar muni nánast aðeins fást við fyrrnefnd eiginleg dómstörf en önnur verk á sviði þess verði ýmist í höndum sýslumanna eða falin sérstökum skiptastjórum. Nánar tiltekið er gert ráð fyrir því í frv. að sýslumenn muni hafa með höndum mikinn hluta þeirra starfa á sviði þess sem skiptaráðendur annast eftir núgildandi lögum, annarra en eiginlegra dómstarfa, og að störf þessi verði þannig talin til framkvæmdarvaldsathafna. Af helstu viðfangsefnum, sem sýslumönnum eru ætluð á þessum vettvangi, má nefna að ákvæði frv. fela þeim m.a. að taka við andlátstilkynningum, veita leyfi til setu í óskiptu búi eða einkaskipta, skipa sérstaka lögráðamenn eða málsvara fyrir erfingja sem þess þurfa með, annast skráningu og mat á eignum dánarbúa, hafa með höndum forræði á málefnum dánarbúa frá andláti þar til frekari aðgerðir við skipti hefjast, veita erfingjum leiðbeiningar og aðhald varðandi frágang mála og leggja á og innheimta erfðafjárskatt.

Þau störf, sem hér um ræðir, verða eftir eðli sínu að teljast fara betur í höndum framkvæmdarvaldshafa en dómara, enda eiga þau ekkert skylt við almenn störf dómara. Að auki getur verið hætta á að ágreiningur verði um framkvæmd þeirra sem er ófært að einn og sami embættismaður annist og kveði síðan upp dómsúrskurð um réttmæti sinna eigin aðgerða. Að auki verður ekki litið hjá því að þessi störf eru um margt þjónusta við almenning sem sýslumenn munu einmitt annast í ríkum mæli á öðrum sviðum í framtíðinni. Störf dómara er lúta að skiptingu dánarbúa yrðu fyrst og fremst skv. frv. að leysa úr ágreiningi er kynni að koma upp við skiptin og kveða upp úrskurð um hvort opinber skipti á búi skuli fara fram.

Skv. gildandi lögum annast dómarar, skiptaráðendur, framkvæmd opinberra skipta. Í frv. er gert ráð fyrir að sérstaklega skipaðir skiptastjórar, sem dómari tilnefnir að gengnum úrskurði um að opinber skipti fari fram, annist framkvæmd opinberra skipta. Jafnframt er gert ráð fyrir að þóknun til skiptastjóra greiðist af verðmæti búsins. Þessi skipan er í samræmi við framkvæmd skipta á gjaldþrotabúum, sbr. frv. um gjaldþrotaskipti, sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi, en bæði þessi frv. fjalla um náskyld lagasvið.

Telja má að margt vinnist með því að fela sérstökum skiptastjóra framkvæmd opinberra skipta fremur en að starfsmaður ríkisins, sýslumaður, hafi verkið með höndum. Vísast nánar um það til grg. með frv. Nefna má þó eftirfarandi því til stuðnings. Reynslan við framkvæmd gjaldþrotaskipta hefur sýnt að skiptastjórum sé hægara en starfsmönnum ríkisins að gæta hagsmuna búa gagnvart öðrum og skipti hafa almennt tekið skemmri tíma og gefið betri fjárhagslegan árangur. Skiptastjórar eru einnig almennt í góðri aðstöðu til að leitast við að ná sáttum um ágreiningsefni við skipti. Ákvæði frv. og ýmissa núgildandi laga hafa í för með sér að sýslumenn muni gegna fjölbreytilegum störfum sem mundu samræmast því illa að þeir annist framkvæmd opinberra skipta.

Í IV. kafla frv. er t.d. gert ráð fyrir að sýslumenn krefjist opinberra skipta á dánarbúum ef erfingjar hlutast ekki sjálfir til um skiptin. Sýslumenn munu einnig annast álagningu og innheimtu erfðafjárskatts, hvort sem dánarbúi yrði skipt í einkaskiptum eða opinberum skiptum. Þá hafa sýslumenn með höndum innheimtu opinberra gjalda í fjölmörgum umdæmum landsins og reynslan er sú að slíkar kröfur beinast mjög oft að búum sem eru til opinberra skipta. M.a. af þessum ástæðum getur sýslumaður þurft að gegna skyldum embættis síns vegna sem væru ósamþýðanlegar því að framkvæma opinber skipti og hafa þannig með höndum forræði á málefnum dánarbús.

Ákvæði frv. miða að því að draga verulega úr nauðsyn opinberra skipta á dánarbúum í tilvikum sem erfingjar æskja þeirra ekki sjálfir og má ætla að talsvert minna verði um þau fyrir vikið. Má þannig telja sennilegt að ef frv. verður að lögum muni opinber skipti einkum koma til að ósk hlutaðeigenda, eftir atvikum vegna ágreinings eða ósamkomulags þeirra um hvernig staðið verði að verki þótt vissulega geti aðrar ástæður leitt til opinberra skipta.

Í *lögum nr. 3/1878* er byggt á því að dánarbú teljist formlega vera til opinberra skipta frá andláti hlutaðeiganda þar til eftirlifandi maka hans er veitt leyfi til setu í óskiptu búi, erfingjum hans veitt leyfi til einkaskipta, eða skiptum annaðhvort lokið án frekari aðgerða vegna eignaleysis dánarbúsins eða í reynd með opinberum skiptum. Af þessum sökum miða ákvæði núverandi skiptalaga við að skiptaráðandi fari með forræði bús frá andláti þar til eitthvað af framangreindu hefur átt sér stað og að hann hefjist handa um framkvæmd opinberra skipta ótilkvaddur ef erfingjar hlutast ekki til um aðrar ráðstafanir innan skamms tíma frá andláti.

Þótt þessar reglur laganna standi óbreyttar má heita

að í framkvæmd hafi að mörgu leyti verið horfið frá því að fylgja ætlan þeirra fyrir áratugum síðan. Að vísu hefur ekki verið vikið frá þeirri grundvallarreglu að skiptaráðandi hafi formlegt forræði á málefnum dánarbús frá andláti fram til þess tíma að maki þess látna eða erfingjar kunni að taka við því forræði á grundvelli áðurnefndra leyfa. Á hinn bóginn heyrir til undantekninga að skiptaráðandi hefjist handa um beinar aðgerðir við skiptin nema fram komi beiðni erfingja um það. Af þessum sökum hefur hlutverk skiptaráðenda að mestu beinst inn á þá braut að eftir viðtöku andlátstilkynninga fylgjast þeir með og veita aðhald um að erfingjar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að ljúka skiptum og gefa erfingjum eftir þörfum heimildir til þessara ráðstafana.

Hefur framkvæmdin þannig þróast á þann veg að skiptaráðendur hafa fremur gegnt eftirlitshlutverki en að eiga þátt í framkvæmd skipta, nema í þeim tilvikum sem opinber skipti eiga sér stað í eiginlegri mynd. Síðasta áratuginn hafa opinber skipti hins vegar almennt ekki átt sér stað, nema erfingi hafi beinlínis leitað eftir því, enginn erfingi hafi gefið sig fram eða vegna ákvæða skiptalaga sem skylda annars að opinber skipti fari fram við ákveðnar aðstæður.

Ákvæði frv. mótast mjög af þeirri framkvæmd sem hér hefur verið lýst. Kemur þetta einkum fram í því að eftir frv. munu dánarbú ekki teljast sjálfkrafa vera til opinberra skipta frá andlátsstund hlutaðeiganda, heldur skapast við andlátið millibilsástand, þar sem sýslumaður hefur til bráðabirgða forræði á málefnum dánarbúsins. Jafnframt er sýslumanni ætlað að gegna því hlutverki við eftirlit og gæslu almannahagsmuna varðandi skipti dánarbúa sem skiptaráðendur hafa annast til þessa í framkvæmd, bæði meðan á fyrrnefndu millibilsástandi stendur og í framhaldi af því við einkaskipti. Þetta hlutverk sýslumanna skv. frv. felst nánar tiltekið í því að þeim er ætlað að taka við andlátstilkynningum og veita um leið leiðbeiningar um hvernig staðið verði að framhaldi aðgerða og málalokum.

Málalok geta orðið þau að dánarbú verði talið eignalaust og skiptum þess verði þá lokið þegar í stað fyrir sýslumanni. Þau geta einnig orðið á þann veg að maki þess látna fái leyfi sýslumanns til að setjast í óskipt bú. Þá getur sýslumaður orðið við umsókn erfingja um að veita þeim leyfi til einkaskipta, en að fengnu slíku leyfi öðlast erfingjar heimild til að ráða fyrir hagsmunum dánarbúsins í stað sýslumanns og ljúka síðan skiptunum með því að afhenda sýslumanni gögn og greiða erfðafjárskatt.

Loks getur farið svo að krafist sé opinberra skipta á dánarbúinu og að dómsúrskurður gangi um slíka kröfu eftir ákvæðum IV. kafla frv. Ef krafan verður tekin til greina verða skiptin upp frá því í höndum sérstaks skiptastjóra sem tekur við forræði á dánarbúinu af sýslumanni.

Þótt sú skipan frv. sem hér er lýst feli í sér allnokkra breytingu að formi til frá fyrirmælum núgildandi laga líkist hún mjög þeirri framkvæmd sem hefur verið ríkjandi áratugum saman. Eins og getið var hér á undan miða ákvæði laga nr. 3/1878 við það að dánarbú séu alltaf talin vera til opinberra skipta frá því að andlát ber að höndum og þar til slíkum skiptum lýkur, eða skiptaráðandi veitir maka þess látna leyfi til setu í óskiptu búi, eða erfingjum hans leyfi til einkaskipta. Tölulegar upplýsingar um framkvæmd skipta á dánarbúum frá 1988 og 1989 benda til þess að raunveruleg opinber skipti á dánarbúum fari fram í tiltölulega fáum tilvikum. Í frv. er tilvikum fækkað þar sem lögskylt er að bú fari í opinbera skiptameðferð. Má því ætla að þetta hafi í för með sér að talsvert dragi úr aðgerðum við opinber skipti dánarbúa, ef frv. verður að lögum.

Þótt þannig sé gert ráð fyrir að ákvæði frv. leiði til talsverðrar fækkunar á tilvikum, þar sem opinber skipti dánarbúa fara fram, gefa þau ekki tilefni til að vænta sambærilegra breytinga á tíðni opinberra skipta við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar, eða félagsslit, enda eru opinber skipti aldrei lögskyld við þessar aðstæður, heldur koma þau alltaf til að kröfu einhvers hlutaðeiganda skv. reglum skiptalaga.

Í ákvæði núverandi laga um skipti á dánarbúum og fleira er gerður verulegur greinarmunur á því hvernig staðið verði að framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum eftir því hvort erfingjar þess látna lýsi yfir að þeir taki á sig ábyrgð á skuldbindingum hans eða ekki. Þessi munur er um margt óeðlilegur, m.a. vegna þess að ekkert tillit er tekið til þess af hvaða ástæðum ábyrgð erfingjanna fæst ekki. Í frv. er ekki gerður meiri munur á framkvæmd opinberra skipta eftir því hvort erfingjar lýsi yfir ábyrgð á skuldbindingum dánarbús eða ekki en telja má óumflýjanlegt. Um þetta vísast nánar til grg. með frv. Við gerð frv. hefur því viðhorfi verið fylgt, sem núgildandi lög byggja á, að í skiptalöggjöf eigi að koma fram reglur um verklag við framkvæmd skipta, svokallaðar formreglur, meðan önnur lög geymi reglur sem kveði á um tilkall til muna eða verðmæta við skiptin, svokallaðar efnisreglur. Þýðingarmestu efnisreglurnar, sem reynir á í tengslum við skipti á sviði þessa frv., eru reglur um erfðaréttindi, sem er að finna í erfðalögum nr. 8/1962, og reglur um fjármál hjóna, sem koma einkum fram í lögum um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, en að auki reynir á margvíslegar efnisreglur af öðrum meiði, t.d. reglur félagaréttar þegar um skipti til félagsslita er að ræða, reglur fjármunaréttar þegar um skipti til félagsslita er að ræða, reglur fjármunaréttar varðandi kröfuréttindi annarra við búskipti o.s.frv.

Ég mun nú í örfáum orðum lýsa hvernig efni frv. er skipað niður í efni og kafla og víkja að einstökum atriðum.

1. þáttur frv. hefur að geyma fyrstu þrjá kafla þess sem fjalla um almenn atriði um skipti dánarbúa. Í I. kafla frv. koma fram reglur um lögsögu við skipti dánarbúa. Ákvæði frv. um þessi atriði eru mun ítarlegri en núgildandi reglur og eru m.a. gerð til að taka af skarið um atriði sem vafi hefur leikið á um í framkvæmd.

Í II. kafla frv., sem geymir ákvæði um það tímaskeið sem dánarbú á undir forræði sýslumanns eftir að andlát hefur borið að höndum, koma fyrst fram mun nánari reglur en í núgildandi lögum um hverjar upp-

lýsingar þurfi að veita þegar andlát er tilkynnt, hvernig staðið verði að tilkynningunni sem slíkri og hver gögn þurfi að leggja fram í sambandi við hana. Reglur frv. um þessi atriði taka að miklu leyti mið af því hvernig þessu hefur verið hagað í framkvæmd á liðnum árum. Hér er að finna ítarlegri reglur um skipun sérstaks lögráðamanns, svo og skipun málsvara til að gæta hagsmuna erfingja. Í þessum kafla koma fram almennar reglur um hvernig verði staðið að skrásetningu og mati á eignum dánarbúa, sem eru mun ítarlegri en sambærileg ákvæði gildandi laga og taka að nokkru mið af venjum sem hafa myndast í þessum efnum í framkvæmd.

Í III. kafla frv. er að finna reglur sem varða sérstök réttindi erfingja við skipti dánarbúa. Ákvæði 33. gr. geyma heimild til að tryggja maka þess látna og óuppkomnum börnum rétt til að halda vissum verðmætum, án tillits til skipta. Þessi regla er mun rýmri en skv. *núgildandi lögum.*

Í 2. þætti frv., sem nær yfir IV.–X. kafla þess, eru reglur þess um opinber skipti á dánarbúum. Áður hefur verið minnst sérstaklega á ýmis atriði frv. sem ætlað er að leiða til breytinga á framkvæmd opinberra skipta og óþarft er að víkja frekar að hér.

Í IV. kafla frv. koma fram reglur um upphaf opinberra skipta. Af helstu nýmælum um þetta má í fyrsta lagi nefna að í 37. gr. er mælt fyrir um hvenær sýslumaður skuli eiga frumkvæði að opinberum skiptum vegna gæslu almannahagsmuna, en í framkvæmd hefur þótt skorta skýrari reglur um hvenær og hvernig eigi að hefjast handa um opinber skipti við hlíðstæðar aðstæður án frumkvæðis erfingja.

Í öðru lagi er tekin upp heimild í 40. gr., sem skortir með öllu í lögum nr. 3/1878, til að lánardrottinn þess látna geti krafist opinberra skipta að liðnum vissum tíma frá andláti. Í núgildandi lögum er staða lánardrottna lítt tryggð ef dánarbú er ekki tekið til opinberra skipta af öðrum sökum og leyfi er ekki veitt erfingjum til einkaskipta eða maka til að setjast í óskipt bú.

Þá er loks í þriðja lagi kveðið skýrar á um það í 42.–45. gr. en í núgildandi lögum hvernig staðið verði að kröfu um opinber skipti og farið með hana fyrir dómi. Að auki er þar mælt fyrir um að héraðsdómari kveði upp úrskurð um slíka kröfu í stað þess að taka afstöðu til hennar með ákvörðun eins og nú er tíðast.

Í V. kafla frv. er að finna almenna reglu um störf og stöðu skiptastjóra sem, eins og áður hefur komið fram, er ætlað að annast framkvæmd opinberra skipta.

Í VI. kafla frv. eru reglur um fyrstu aðgerðir við opinber skipti.

Í VII. kafla frv. eru sérreglur um meðferð krafna á hendur dánarbúum þegar erfingjar taka ekki að sér *ábyrgð á skuldbindingum þess.* Hér er að finna nokkur nýmæli sem varða innköllun, kröfulýsingu o. fl.

Í VIII. kafla frv. er að finna reglur um meðferð krafna skuldheimtumanna ef erfingjar hafa tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum dánarbús. Þessar reglur eru áþekkar ákvæðum IV. kapítula núgildandi laga að öðru leyti en því að ef innköllun er gefin út til skuldheimtumanna þá annast skiptastjóri það verk. Einnig má benda á sambærileg nýmæli og er að finna í VII. kafla.

Í IX. kafla frv. eru reglur um hvernig staðið verði að ákvarðanatöku um ráðstöfun á hagsmunum dánarbúa við opinber skipti. Í núgildandi lögum er byggt á að ákvarðanir sem þessar verði teknar á skiptafundum sem skiptaráðandi heldur fyrir dómi, ýmist með skuldheimtumönnum eða erfingjum eftir því hvort erfingjar hafa tekið ábyrgð á skuldbindingum bús, en skiptaráðandi framfylgi síðan slíkum ákvörðunum og komi fram sem fyrirsvarsmaður búsins þegar það er gert.

Ákvæði IX. kaflans fela þá meginbreytingu í sér að skiptastjóri haldi þessa skiptafundi utan réttar og gegni að öðru leyti því hlutverki sem skiptaráðandi hefur með höndum í þessum efnum eftir núgildandi lögum. Að öðru leyti er reglum IX. kafla ætlað að leiða í fyrsta lagi til þeirra breytinga að erfingjar fái rétt til afskipta til jafns við skuldheimtumenn af ráðstöfunum á *hagsmunum búsins þótt þeir taki ekki ábyrgð á* skuldbindingum þess. Þessi réttur fellur þó niður ef afráðið hefur verið skv. 62. gr. frv. að fara með búið eftir reglum um framkvæmd gjaldþrotaskipta því að þá fara *skuldheimtumenn einir* með *þetta ákvörðunarvald.*

Í öðru lagi veita ákvæði kaflans skiptastjórum mun rýmri heimildir til sjálfstæðrar ákvörðunartöku, án þess að bera ráðstafanir undir skiptafundi, en núgildandi fyrirmæli laga nr. 3/1878 veita skiptaráðendum að þessu leyti. En þessar breytingar eiga sér nokkra fyrirmynd í ákvæðum gjaldþrotalaga og er ætlað að draga úr þyngslum í þessum efnum.

Þá er í þriðja lagi leitast við að setja mun ítarlegri reglur en nú gilda um hvernig verði brugðist við ef skiptafundur kemst ekki að einróma niðurstöðu um ákvörðun, eða ef ákvörðun þykir óeðlileg í garð þeirra sem eiga hagsmuna að gæta en hafa ekki átt þátt að henni. Í framkvæmd hefur verið talið að þau sjónarmið ættu við, sem er lagt til að verði lögfest, að þessu leyti en fyrir því hefur þó skort nægilega skýra lagaheimild.

Í X. kafla frv. er að finna reglur um hvernig opinberum skiptum verði lokið, til hvaða ráðstafana skiptastjóri þurfi að grípa til að ljúka hlutverki sínu og að hverju marki verði heimilað að taka opinber skipti upp á ný þegar þeim hefur verið lokið.

Í 3. þætti frv. eru reglur um framkvæmd og lok einkaskipta sem erfingjar annast sjálfir að fengnu leyfi sýslumanns, svo og um réttarstöðu erfingja og þeirra sem telja til réttinda á hendur dánarbúi meðan á einkaskiptum stendur. Þessar reglur eru í flestum atriðum sambærilegar ákvæðum núgildandi laga og þeirri framkvæmd sem hefur mótast á grundvelli þeirra.

Í 4. þætti frv. koma fram reglur um opinber skipti þegar ekki er um dánarbú að ræða, en þær taka nánar *tiltekið til opinberra skipta við fjárslit milli hjóna og* fólks í óvígðri sambúð og við slit á félögum þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum. Fyrirmælum þessa þáttar er ætlað að telja með tæmandi hætti hvenær opinber skipti geti farið fram eftir ákvæðum frv. á öðrum búum en dánarbúum, þannig að beinlínis verður ályktað að opinber skipti komi ekki til álita

undir öðrum kringumstæðum, t.d. við slit hlutafélaga eða annarra félaga þar sem félagsmenn bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum. Þýðingarmestu ákvæði þessa þáttar frv. koma fram í XIV. kafla sem tekur til opinberra skipta við fjárslit milli hjóna og fólks í óvígðri sambúð.

Núgildandi fyrirmæli í VI. kapítula laga nr. 3/1978 um opinber skipti við skilnað hjóna hafa ekki átt við þá skipan á fjármálum hjóna sem var tekin upp með lögum nr. 20/1923 og gildir enn, þannig að lítið sem ekkert hefur verið fært að styðjast við þau frá þeim tíma. Helstu núgildandi lagaákvæði, sem verður fylgt í þessum efnum, koma fram í VII. kafla laga nr. 20/1923, sem varðar skipti milli hjóna við andlát annars þeirra eða skilnað, og í VI. kafla sömu laga, sem varðar svonefnd slit á fjárfélagi hjóna án þess að um skilnað eða andlát annars þeirra sé að ræða. Reglur þessar hafa ekki gefið nægilega skýra mynd af því hvernig verði staðið að aðgerðum við slík skipti í einstökum atriðum. Að auki verður að telja þeim ranglega komið fyrir í lögum sem kveða aðallega á um efnisleg réttindi milli hjóna í stað þess að vera skipað í löggjöf sem fjallar um sjálfa framkvæmd skiptanna. Með frv. er lagt til að þessar reglur færist í löggjöf um framkvæmd skipta, auk þess að leitast er við að gera þær mun skýrari og fyllri.

Í 5. þætti frv. er kveðið á um meðferð ágreiningsmála sem rísa við skipti fyrir dómstólum. Reglum þáttarins er skipt í þrjá kafla. XVI. kafla, þar sem mælt er fyrir um hvaða mál verða borin undir úrlausn dómara eftir sérreglum frv. og hver aðdragandi er að því, XVII. kafla, þar sem kveðið er á um afbrigði frá almennum reglum um meðferð einkamála í héraði við meðferð þessara mála, og XVIII. kafla, sem fjallar um málskot úrlausna héraðsdómara til æðra dóms.

Í 6. og síðasta þætti frv. koma fram reglur um gildistöku, ef það verður að lögum, brottnám og breytingu annarra laga og bráðabirgðaákvæði sem varða tengsl eldri laga og yngri.

Hæstv. forseti. Ég hef þá lokið að mæla fyrir þessu frv. og legg að því búnu til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

11. fundur, þriðjudaginn 13. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, 1. umr.

Stjfrv., 130. mál. — Þskj. 134.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. til laga um hlut Íslands í stofnfé endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, European Bank for Reconstruction and Development á enska tungu, sem er á þskj. 134 og ég mæli nú fyrir, er flutt í tengslum við tillögu sem hæstv. utanrrh. mun flytja til þál. um heimild til að fullgilda samning um stofnun þessa banka.

Samningur fjörutíu þjóðríkja og tveggja alþjóðastofnana um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu var undirritaður í París hinn 29. maí sl. Hlutverk bankans er að stuðla að endurreisn efnahags og lýðræðis í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Stofnun hans er táknræn fyrir þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í þessum ríkjum á aðeins einu ári. Þær hafa verið bæði örari og meiri en nokkurn hefði órað fyrir. Þjóðirnar varpa af sér oki kommúnisma og miðstýringar, frelsisvindar feykja burt þrúgandi andrúmslofti einangrunar og ofstjórnar kommúnismans. Austur- og Vestur-Þýskaland heyra nú sögunni til en nýtt ríki hefur orðið til með sameiningu þeirra. Sovétríkin virðast varla geta brauðfætt þjóðirnar sem þau mynda og gætu þá og þegar liðast í sundur. Þjóðir Mið- og Austur-Evrópu hafa goldið það dýru verði að treysta á hagskipulag sem byggðist á miðstýrðum áætlunarbúskap. Kommúnisminn drap framtak einstaklinga í dróma og gat alls ekki tryggt almenningi svipuð lífskjör og þjóðir Vestur-Evrópu hafa náð.

Um leið og þjóðir Mið- og Austur-Evrópu taka upp fjölflokkalýðræði í stað einræðis kommúnismans freista þær þess að breyta sínu hagskipulagi á þann hátt að leysa markaðsöflin úr læðingi og virkja þau til að auka hagsæld almennings. Í stað efnahagslegrar einangrunar stefna þessar þjóðir nú að því að verða hluti af hinu alþjóðlega hagkerfi, hinu alþjóðlega viðskiptakerfi, og efla sín utanríkisviðskipti. Slík umbreyting mun ekki ganga þrautalaust fyrir sig. Reyndar eru engar leiðbeiningar til um það hvernig best fari að gerbreyta hagskipulagi á þennan hátt á skömmum tíma. Þó virðist það ljóst að afnám ríkiseinokunar á framleiðsluþáttum og frjáls verðmyndun á grundvelli markaðslögmála sé lykilatriði í þessum breytingum. Hætt er við að umbreytingunni fylgi aukin verðbólga og atvinnuleysi fyrst í stað meðan þjóðfélagið lagar sig að þeirri breytingu að búa ekki lengur við verðstýringu og stórlega niðurgreitt verð á lífsnauðsynjum, matvöru og húsnæði. Þá er ljóst að endurreisnin og umbreytingin mun krefjast mikilla fjármuna. Verksmiðjur í þessum löndum eru flestar úreltar, samgöngumannvirki léleg og önnur þjónusta, sem hið opinbera lætur vanalega í té, eins og vatn, rafmagn og fjarskipti, er öll í lamasessi. En þetta er í reynd forsenda þess að einkaframtak fái notið sín eins og það gerir á Vesturlöndum. Þetta allt er vanþróað í þessum ríkjum. Þá hefur komið í ljós, sem ekki er síður alvarlegt, að umhverfisspjöll og mengun af ýmsum toga er mun alvarlegri í þessum ríkjum en nokkurn grunaði og brýn þörf er á meiri háttar hreinsunaraðgerðum og umhverfisvörnum.

Það er ljóst að alþjóðastofnanir eins og Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin og Evrópubandalagið og

stofnanir þess, einkum Evrópski fjárfestingarbankinn, munu gegna mikilvægu hlutverki í því endurreisnarstarfi sem er fram undan í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og ýmist lána þessum þjóðum fé eða leggja fé í atvinnurekstur eða veita þeim tæknilega aðstoð. Þá munu einnig einstök iðnríki leggja sitt af mörkum í sama skyni.

Þrátt fyrir þetta allt þótti vestrænum ríkjum og þykir enn ástæða til að setja á laggirnar sérstaka fjármálastofnun til þess að greiða fyrir umbreytingunni í þessum ríkjum. Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, sem hér er gerð tillaga um að Ísland leggi til nokkurt fé, svipar á ýmsan hátt til annarra fjölþjóðlegra þróunarbanka, t.d. Þróunarbanka Afríku, Þróunarbanka Asíu, Ameríska þróunarbankans og að sjálfsögðu Alþjóðabankans. En öðrum þræði er hann annars eðlis því honum er fyrst og fremst ætlað það pólitíska hlutverk að styðja lýðræðisþróunina í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þá er bankinn einnig að því leyti til sérstakur að þetta er í fyrsta sinn síðan 1945, þegar Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn voru stofnaðir, að vestræn ríki og ríki Austur-Evrópu standa saman að stofnun sameiginlegrar fjármálastofnunar á alþjóðavettvangi.

Í starfi bankans, samkvæmt stofnskrá hans, verður höfuðáherslan lögð á það að efla starfsemi einkaaðila í efnahagslífi ríkja Mið- og Austur-Evrópu. Honum er þó heimilt að veita lán til aðgerða, hvort sem þær eru á vegum einkaaðila eða opinberra aðila, sem eru til þess fallnar að markaðshagkerfi geti starfað eðlilega. Í þessu sambandi má nefna opinberar framkvæmdir á sviði samgöngumála, veitu- og fjarskiptakerfa. Þá er bankanum líka ætlað að veita fjárhagslegan stuðning við verkefni á sviði umhverfismála. Bankinn getur bæði lánað og lagt hlutafé í einkafyrirtæki og ríkisfyrirtæki sem verið er að einkavæða til þess að greiða fyrir slíkri breytingu eða til þess að stuðla að þátttöku erlendra aðila í slíkum fyrirtækjum. Þá er honum einnig heimilt að ábyrgjast hlutafjárútboð eða lántökur einkafyrirtækja eða ríkisfyrirtækja sem verið er að breyta í einkafyrirtæki. Heildaraðstoð bankans við opinber fyrirtæki á hverju tveggja ára tímabili er þó takmörkuð við 40% af samanlagðri fjárhagslegri aðstoð bankans. Sama hámark gildir um hans aðstoð við opinber fyrirtæki í hverju landi en í þeim útreikningum er hins vegar ekki miðað við hvert ár heldur hvert fimm ára bil. Það er mikilvægt í þessu sambandi að lán, ábyrgðir eða eigin fjárframlag til ríkisfyrirtækja sem verið er að einkavæða og lán til opinberra lánastofnana sem endurlána til einkafyrirtækja, verða ekki talin með fjárhagslegri fyrirgreiðslu við hið opinbera í þessum löndum.

Það er með öllu ljóst að bankinn getur orðið mikilvæg uppspretta fjármagns og annarrar fyrirgreiðslu fyrir samstarfsverkefni, sérstaklega, svo ég nefni dæmi, jarðhitaverkefni á milli íslenskra aðila og aðila í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Hann gæti þannig stuðlað að útflutningi á íslensku hugviti og verkþekkingu um leið og hann liðsinnir ríkjum í þessum heimshluta. Ég get nefnt í þessu sambandi t.d. samstarf sem tekist hefur á milli íslenska fyrirtækisins Virkir-Orkint og ungverskra aðila um jarðhitaverkefni í Ungverjalandi og um áform þessara aðila um sameiginlega landvinninga í Mið- og Austur-Evrópu.

En bankinn verður líka annað og meira en uppspretta fjármagns. Hann verður mikilvægur nýr vettvangur fyrir skoðanaskipti og miðlun þekkingar frá vestrænum sérfræðingum til starfsbræðra í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu um ýmis atriði á sviði efnahagsmála, fjármála og fyrirtækjastjórnunar. Á öllum þessum sviðum er óhætt að fullyrða að síðarnefndu ríkin standi Vesturlöndum langt að baki.

Ein forsenda þess að umbreytingin yfir í markaðsbúskap heppnist, eins og vonir standa til, er að þjóðirnar öðlist þekkingu á því hvernig best sé að nýta sér þá kosti sem valddreifing og markaðsbúskapur bjóða umfram miðstýrðan áætlunarbúskap.

Ég vík þá nokkrum orðum að stofnun bankans, stærð hans og stjórnskipulagi.

Stofnendur bankans eru eins og ég hef þegar nefnt 42, nánar tiltekið 24 aðildarríki Efnahags-, framfara- og samvinnustofnunarinnar OECD, en að auki eru svo Egyptaland, Ísrael, Kýpur, Lichtenstein, Malta, Marokkó, Mexíkó og Suður-Kórea og átta ríki úr Mið- og Austur-Evrópu: Austur-Þýskaland, Búlgaría, Júgóslavía, Pólland, Rúmenía, Sovétríkin, Tékkóslóvakía og Ungverjaland, auk tveggja stofnana Evrópubandalagsins, Efnahagsbandalags Evrópu og Evrópska fjárfestingarbankans.

Stofnfé hins nýja banka mun nema 10 milljörðum evrópskra mynteininga, ECU, sem er jafnvirði um 748 milljarða króna miðað við gengi 1. okt. sl. Hlutur Bandaríkjanna er stærstur, um 10%, en síðan koma Bretland, Frakkland, Ítalía, Japan og Vestur-Þýskaland með rúmlega 8,5% hvert ríki. Samanlagt leggja aðildarríki Evrópubandalagsins, Efnahagsbandalag Evrópu og Evrópski fjárfestingarbankinn fram 51% af stofnfénu. Hlutur Íslands í stofnfénu verður 0,1%. Bankaráð skipað einum fulltrúa frá hverjum af stofnendum bankans mun fara með æðsta vald í málefnum hans. Bankastjórn skipuð 23 mönnum mun fara með daglega stjórn mála fyrir hönd bankaráðsins. Aðildarríki Evrópubandalagsins og stofnanir þess munu skipa 11 fulltrúa í bankastjórnina, EFTA-ríkin, Kýpur, Malta og Ísrael skipta með sér fjórum fulltrúum, ríki Mið- og Austur-Evrópu skipa fjóra fulltrúa og loks ríki utan Evrópu aðra fjóra. Það hefur tekist um það samkomulag milli Íslendinga og Svía að þessar þjóðir standi saman að kjöri fulltrúa í bankastjórn. Framkvæmdastjórn bankans verður í höndum eins bankastjóra og náðist samkomulag um að ráða Frakkann Jacques Attali, fyrrverandi ráðgjafa Mitterands Frakklandsforseta, til þessa starfs. Auk bankastjórans verður dagleg stjórn bankans í höndum eins eða fleiri aðstoðarbankastjóra.

Svo ég víki nánar að lagafrv. sem hér er til umræðu vil ég taka fram að samkvæmt II. kafla stofnskrár bankans skal stofnfé hans vera 10 milljarðar ECU, eða jafnvirði 748 milljarða króna eins og ég hef þegar nefnt. Hlutur Íslands í stofnfénu, hinu upphaflega

stofnfé, yrði 10 millj. ECU, eða jafnvirði 748 millj. kr. Af þessari fjárhæð er greiðsluhlutafé 3 millj. ECU eða 224 millj. kr. og skal inna greiðslurnar af hendi á fimm árum með jöfnum ársgreiðslum, í fyrsta sinn árið 1991.

Áætlað er fyrir þessari fyrstu greiðslu í frv. til fjárlaga sem nú liggur fyrir þinginu. Þar er ætlað fyrir 44 eða 45 millj. kr. Ábyrgðarhlutafélð, 7 millj. ECU, eða 524 millj. kr., þarf aðeins að inna af hendi að öllu leyti eða hluta til ef á þarf að halda vegna fjárhagslegra áfalla eða slita bankans. Það má taka fram að ákvæði stofnsamningsins um ábyrgð taka mið af samsvarandi ákvæðum í stofnsamningum Alþjóðabankans. Þótt Ísland hafi verið aðili að Alþjóðabankanum um áratugaskeið, nánar tiltekið frá árinu 1945, hefur aldrei reynt á ábyrgðarskuldbindingar landsins eða á loforðið um ábyrgðarhlutafé.

Vegna skuldbindinga í 54. gr. stofnsamnings Evrópubankans, sem eru sambærilegar skuldbindingum Íslands vegna aðildar að ýmsum öðrum alþjóðastofnunum, þarf nú að leggja fram sérstakt lagafrv. um réttarstöðu bankans svo og friðhelgi, forréttindi og undanþágur er tengjast honum og starfsliði hans. Drög að lagafrv. um þessi atriði almenns eðlis hafa verið samin í viðskrn. og send utanrrn. og dóms- og kirkjumrn. til nánari athugunar. Það er að því stefnt að leggja þetta frv. fram innan tíðar.

Virðulegi forseti. Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu er ætlað að greiða fyrir þeim stórkostlegu og langþráðu breytingum sem eru að verða í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hann á vafalaust eftir að gegna þar veigamiklu hlutverki. Íslendingum ber, sem velmegandi lýðræðisþjóð, að styðja stofnun bankans líkt og önnur iðnvædd lýðræðisríki gera. Um leið og Evrópubankinn nýi kemur ríkjum Mið- og Austur-Evrópu til góða, kann hann einnig að ljúka upp dyrum fyrir íslenskum fyrirtækjum og sérfræðingum til að starfa á alþjóðavettvangi og vinna að verkefnum í samvinnu við erlenda aðila með stuðningi bankans.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu frv. verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu. Hæstv. iðnaðar- og viðskrh. hefur lýst hér nákvæmlega og í skýru máli aðdraganda að stofnun þessa banka og þeim samningi sem fyrir liggur á milli þjóða og hvernig bankinn hyggst starfa. Reyndar kemur það mjög ítarlega fram á þskj. 151 með till. til þál. sem er 145. mál þingsins en það er till. til þál. um samning um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu eins og hæstv. ráðherra vék að í sínu máli.

Við 1. umr. þessa máls er ekki ástæða til þess að hafa langa umræðu um málið. Frv. fer, eins og hæstv. ráðherra gat um og gerði tillögu um, til hv. fjh.- og viðskn. Þar verður það skoðað og ég er viss um að mikil samstaða ríkir um þetta mál og það verður fljótafgreitt af hv. nefnd.

Ég vil einungis láta það koma fram að það er full ástæða til þess að fagna því að Ísland skuli geta gerst aðili að þessu samstarfi sem er ákaflega mikilvægt og merkilegt. Það hlýtur að vera skylda okkar nú á þessum tímum að taka þátt í því ásamt öðrum þjóðum að breyta hagskipulagi þeirra þjóða sem áður voru fyrir austan svokallað járntjald sem dregið hefur verið frá á undanförnum missirum. Það hlýtur að vera skylda okkar að hjálpa þessum þjóðum og taka þátt í að breyta hagskipulaginu með því að stuðla að því að þær geti tekið upp svokallaðar „vestrænar leikaðferðir“ í efnahagsmálum sem stundum hefur borið á góma. Það er ekki út í bláinn að kalla þetta „vestrænar leikaðferðir“ í efnahagsmálum, ég geri það að yfirlögðu ráði vegna þess að þetta orðalag var notað á sínum tíma, við upphaf stjórnartímabils hæstv. ríkisstjórnar sem nú starfar, þegar hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni að slíkar leikaðferðir gætu ekki gilt hér á landi.

Ég held að með því að taka þátt í því ásamt öðrum þjóðum að breyta hagskipulagi Austur-Evrópu- og Mið-Evrópuþjóða getum við sýnt að aðrir geta af okkur lært og að það hlýtur að vera sameiginlegt markmið allra þessara þjóða að stuðla að því að markaðsskipulagi verði komið á og frjálsræði aukið. Eða með öðrum orðum að vestrænum leikaðferðum verði beitt í efnahags- og atvinnumálum. Með því ætti okkur að takast að tryggja frið og frelsi og framfarir í Evrópu framtíðarinnar.

Það er ástæðulaust að fara frekari orðum um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Auk þess gefst tækifæri síðar til þess að ræða þáltill. þegar hún kemur til umræðu. Þó hygg ég að ástæða sé til þess á þessari stundu að spyrjast fyrir um það hvernig á því standi, án þess að verið sé að gera athugasemdir við það í sjálfu sér, að Íslendingar hafi gert samkomulag við Svía um að standa að kjöri stjórnarmanns. Hvers vegna samkomulagið var þá ekki víðtækara og náði til annarra þjóða sem Íslendingar hafa mikið samstarf við? Á ég þá kannski ekki síður við Norðmenn og jafnvel aðrar þjóðir í EFTA-samstarfinu. Að öðru leyti, virðulegi forseti, fagna ég því að þetta frv. er lagt hér fram á Alþingi og hygg að það eigi greiða leið í gegnum þingið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir stuðning við málið sem hér er flutt. Hann beindi til mín þeirri spurningu hvernig á því stæði að Íslendingar hefðu gert samkomulag við Svía um að standa saman að kjöri stjórnarmanns í bankastjórn Evrópubankans nýja en ekki átt aðild að víðtækara samkomulagi, t.d. við Norðmenn eða aðrar Norðurlandaþjóðir eða aðrar EFTA-þjóðir. Svarið er að þegar kom að því að skipta hlutafénu og áhrifum í bankanum milli aðildarþjóðanna kom í ljós að Norðurlöndin gátu fengið tvo stjórnarmenn, þau sem standa utan Evrópubandalagsins, auk þess sem Danir eiga þarna aðild í gegnum Evrópubandalagið. Með því að skipta hópnum í tvennt: Norðmenn og Finnar saman, Íslendingar og Svíar saman, geta þau best nýtt sitt atkvæðamagn. Þetta felur líka í sér að Íslendingar munu jafnan eiga fulltrúa í fram-

kvæmdastjórn bankans sem ég tel mikilsvert fyrir okkur, bæði vegna þess að þar með gefst okkur tækifæri til að taka þátt í starfsemi þessa banka sem í sjálfri sér er ágæt en líka þannig að við getum þarna átt farveg fyrir okkar eigin útflutningsstarfsemi, okkar eigin iðnað til beinna samstarfsverkefna við þjóðir Austur-Evrópu og þátttöku við aðra í yfirfærslu tækni, þekkingar og ráðgjafar.

Þetta eru ástæðurnar. Þær eru ákaflega einfaldar. Þetta er einfaldlega besta hagsmunagæsla sem Ísland gat haft í frammi við þessar aðstæður. Hefðum við ekki gert þetta svona, hefðum við átt sjaldnar og rýrari aðild að stjórn bankans.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi skýru svör við fyrirspurn minni. Þau liggja nokkuð í augum uppi þegar frá þeim er sagt hér.

Ég minntist á það í minni ræðu, kannski meira í gamni en alvöru, að það væri full ástæða fyrir okkur til þess að taka þátt í því, í sambandi við aðrar þjóðir sem ekki hafa unnið í efnahags- og atvinnumálum á grundvelli vestrænna leikaðferða, að breyta þeirra hagskipulagi. En kannski mætti segja frá því í leiðinni að einnig væri ástæða til þess fyrir Íslendinga að kynna sér nákvæmlega hvernig þessi breyting kemur til með að eiga sér stað í Austur- og Mið-Evrópuríkjunum sem áður voru undir kommúníska stjórn. Og nú segi ég í fullri alvöru að það gæti farið svo að Íslendingar gætu lært af því hvernig þessar þjóðir breyta sínu hagskipulagi úr því horfi sem er nú, frá miðstýringu og yfir til aukins frjálsræðis, markaðsbúskapar, aukinna samskipta og viðskipta við önnur ríki. Þetta segi ég vegna þess að það hefur örlað á því, og meira en örlað á því, það hefur beinlínis komið fram sem mjög sterkur þáttur í stefnu sumra stjórnmálaflokka hér á landi, meira að segja sumra þeirra sem hafa farið með völd í þessu landi, að vestrænar leikaðferðir, aukið frjálsræði, markaðsskipulag og markaðsbúskapur eigi ekki við hér á landi. Fyrir vikið hefur því verið haldið fram að Íslendingar séu nokkuð aftarlega á merinni þegar rætt er um þessa hluti.

Ég veit að ég og hæstv. ráðherra erum á sama máli. Við teljum að aukið frjálsræði, minni miðstýring — öllu heldur fráhvarf frá miðstýringunni — meiri markaðsbúskapur, aukin viðskipti milli þjóða hljóti að leiða til bættra og betri lífskjara hér á landi eins og annars staðar því þá getum við notið sérhæfingarinnar. Og ég tel að það sé full ástæða til þess fyrir okkur, einmitt vegna þess hve sterk ítök hér á landi slíkar stefnur eiga sem hafa frekar viljað halda í okkar einangrun og miðstýringu, að skoða það hvernig svona þróun á sér stað með það fyrir augum að nýta okkur þá möguleika sem felast í auknu frjálsræði.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að varpa neinni fyrirspurn til hæstv. ráðherra um þetta efni. En komi hann hér upp og taki undir þessi sjónarmið má segja að við séum á sama báti hvað varðar þessi efni og eigum þá sameiginlegar hugsjónir hvað þetta varðar. Og ég vil bæta við að það kæmi jafnvel til greina, þetta er kannski ábending til hæstv. ráðherra sem er valdamikill maður í landinu um þessar mundir, að kanna hvort Íslendingar ættu ekki jafnvel að skoða það mjög rækilega hvernig lögum hefur verið breytt í Austur-Evrópu til þess að koma á markaðsskipulagi og meira frjálsræði í atvinnu- og efnahagslífinu með það fyrir augum að Íslendingar gætu lært af því hvernig þeir fóru að.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Svo lengi lærir sem lifir. Hugleiðingar hv. 1. þm. Reykv. gefa mér tilefni til að segja að það sem hann kallar „vestræna leikaðferð", sem ég kýs nú að kalla frjálsa aðferð í efnahagsmálum, miklu einfaldara og íþróttamannslegra orðalag sem ég veit að hv. þm. styður mig í, það er hin frjálsa aðferð sem gildir. En einu skulu menn þó aldrei gleyma: að markaðurinn er tæki en ekki tilgangur. Markaðsbúskapurinn er til fyrir fólkið. Og við verðum jafnan að gæta þess að hann valdi ekki rangsleitni, gangi ekki á auðlindaforða sem þjóðirnar eiga sameiginlegan og getur spillst ef markaðsöflin ein fá að ráða. Þetta á t.d. við um hinar sameiginlegu auðlindir sjávar sem eru okkur svo dýrmætar.

Þetta vildi ég segja um leið og ég tek undir það með hv. 1. þm. Reykv. að menn geta lengi lært af því að sjá hvernig aðrir fara að þegar þeir haga sínum búskap eins og þeir telja að best verði gert og ég mun alls ekki halda því fram að við getum ekki lært af því sem þjóðir Austur-Evrópu eru nú að glíma við. Ég er reyndar sannfærður um að það geta allar þjóðir Vestur-Evrópu og Vesturheims lært nokkuð af því. Reyndar er það svo að í lok þessa mánaðar mun Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin OECD standa fyrir stóru málþingi um þessa umbreytingu hagkerfa Mið- og Austur-Evrópu til frjálsari markaðsbúskapar þar sem einmitt verður farið yfir reynslu Vestur-Evrópuríkja, hvað af þeim megi læra í þessum efnum. Þar munu taka þátt fjölmargir efnahags- og fjármálaráðherrar, atvinnumálaráðherrar Austur-Evrópuríkja ásamt starfsbræðrum sínum úr Vesturheimi. Ég mun taka þátt í þessari ráðstefnu fyrir hönd Íslendinga og reyndar stýra umræðum um nákvæmlega það sem hér var nefnt: Hvað má læra af reynslu Vesturlanda í þessu efni? Þess vegna tek ég undir það að hugleiðingar hv. 1. þm. Reykv. eiga fyllilega rétt á sér hér og ég vona að við getum náð góðri samstöðu um að samykkja þetta frv. En ég endurtek: Markaður er ekki tilgangur heldur tæki. Hann er ekki til sjálfs sín vegna heldur fyrir fólkið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki teygja þessa umræðu lengi. Ég tel að hún hafi verið gagnleg og ýmislegt komið fram sem skiptir máli. Kannski ýmislegt sem sjaldan og of sjaldan er rætt hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem komu fram í hans síðustu ræðu. Ég tel það áhugavert að hann skuli taka þátt í þeirri ráðstefnu sem fyrirhuguð er og einmitt fjallar um þessi atriði. Vonandi kemur hann til með að skila hingað heim þeim lær-

dómi sem hann verður vísari á þeirri ráðstefnu.

Ég vil rifja upp, virðulegi forseti, að ein af ástæðunum fyrir því að ég tók til máls var einmitt að vekja athygli á að við upphaf núverandi stjórnarsamstarfs leyfði hæstv. forsrh. sér að segja það í stefnuræðu að vestrænar leikaðferðir ættu ekki við hér á landi. Ég er sammála hæstv. viðskrh. að í stað þess að kalla þetta vestrænar leikaðferðir mætti kannski kalla þær frjálsar leikaðferðir og það er ugglaust íþróttalegra orðalag. En tímarnir hafa breyst. Nú er ekki verið að ræða um stefnu hæstv. ríkisstjórnar né þau orð sem þá voru látin falla. Nóg hefur verið gert í þeim efnum enda var það áður en brotinn var niður múrinn sem skildi að vestrænar þjóðir í Vestur-Evrópu og hinar sem voru fyrir austan járntjald.

En vegna þess að hæstv. ráðherra talaði um það að markaðurinn væri tæki en ekki takmark vil ég þó benda á að frelsið sem markaðurinn hvílir einmitt á er í senn bæði tæki og takmark. Það er tæki eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra vegna þess að með frjálsræðinu, með meira frelsi, með markaðsskipulaginu getum við náð bættum lífskjörum. Það er tæki til þess að auka á sérhæfinguna, tæki til þess að hver og einn geti lagt sig fram og geti í sínu vali á hinum almenna markaði náð fram lægra verði og meiri gæðum og þannig bættum lífskjörum. En frelsið er líka takmark. Það er takmark vegna þess að í frelsinu sjálfu, því að vera frjáls, því að fá að velja, felst hamingjan, lífshamingjan að okkar áliti, a.m.k. margra, og þess vegna megum við ekki gleyma því að þótt frelsið sé tæki og sé gott tæki á markaðnum, tæki til þess að ná betri lífskjörum, þá er frelsið takmark í sjálfu sér einmitt vegna þess að frjáls maður er hamingjusamari en sá sem er ófrjáls.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd. Frelsið er vissulega bæði tæki og takmark í sjálfu sér. En það sem ég vildi vara við er að gera það sem hv. 1. þm. Reykv. gerði hér áðan að leggja frelsið og markaðinn að jöfnu. Það er ekki rétt. Frelsið er markaðinum æðra, lýðræðið er markaðinum æðra, manneskjan er markaðinum æðri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 1. umr.

Stjfrv., 132. mál (auglýsingar). — Þskj. 136.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem er á þskj. 136. Þetta frv. á sínar rætur í þál. um auglýsingalöggjöf frá 18. mars 1987. 1. flm. þeirrar þáltill. var Steingrímur J. Sigfússon.

Þetta frv. var lagt fram seint á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Á liðnu sumri var frv. svo sent til umsagnar menntmrn., Verðlagsstofnun, Verðlagsráði, Neytendasamtökum, fjölmiðlum, Sambandi ísl. auglýsingastofa, Verslunarráði Íslands, Félagi ísl. stórkaupmanna, Barnaverndarráði Íslands, Barnaverndarnefnd Reykjavíkur og til fleiri aðila. Umsagnir bárust frá Neytendasamtökunum, Barnaverndarráði og Verslunarráði Íslands. Stjórn Neytendasamtakanna lýsti yfir eindregnum stuðningi við frv. en gerði eina athugasemd sem ég mun víkja að síðar í minni ræðu. Barnaverndarráð fagnaði frv. í ljósi þess að ráðið hafði eindregið hvatt til þess að Alþingi tæki auglýsingar sem snerta börn sérstaklega til ítarlegrar umfjöllunar. Ráðið gerði reyndar eina athugasemd sem vikið verður að síðar. Verslunarráð Íslands gerði örfáar athugasemdir sem ég vík einnig að hér á eftir.

Eftir athugun á athugasemdum þessara aðila þótti ekki fullnægjandi ástæða til að gera breytingar á frv. og er það því hér lagt fram efnislega óbreytt. Gildistökugrein þess hefur að sjálfsögðu verið breytt. Lagafrv. samdi nefnd sem ég skipaði 15. mars 1988. Í því eru ákvæði sem byggja á hinni almennu grein verðlagslaganna um villandi auglýsingar, en það gengur þó lengra og felur í sér ýmis nýmæli. Það tekur reyndar á ýmsum öðrum grundvallaratriðum, t.d. nauðsyn varúðar í auglýsingum sem höfða til barna og nauðsyn þess að auglýsingar séu ekki aðeins á lýtalausri íslensku í sjónvarpi og hljóðvarpi heldur hvar sem þær birtast.

Þá þótti rétt að hafa fá ákvæði í hinum almennu auglýsingalögum en setja ítarlegri útfærslu á lagaákvæðunum í reglugerð sem auðvelt væri að breyta eftir þörfum í tímans rás. Í reglugerðinni skyldi m.a. byggt, eins og fram kemur í greinargerð, á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi sem eru mjög ítarlegar. Þá er í frv. gerð tillaga um kerfi til þess að taka á úrlausnaratriðum um auglýsingar. Kerfið byggist á virku valdi og starfi auglýsinganefndar sem nýtur aðstoðar Verðlagsstofnunar, þeirrar opinberu stofnunar sem einna helst er ætlað að sinna neytendavernd hér á landi. Það má ætla að þetta kerfi verði bæði virkara og liprara en núverandi kerfi og bind ég vonir við það að þessi auglýsinganefnd geti gert mikið gagn til að bæta auglýsingar og til að búa til farveg fyrir neytendur að koma á framfæri athugasemdum sínum.

Markmiðið með hinum nýju ákvæðum í lögum og reglugerð er að stuðla enn frekar en nú er gert að heilbrigðri samkeppni á auglýsingamarkaðinum og vernda betur hagsmuni neytenda, fyrst og fremst barna, eins og fram kemur í frv. Það er ekki vanþörf á því að gefa hagsmunum barna sérstakan gaum á okkar tímum þegar áhrif fjölmiðlanna eru jafnrík og raun ber vitni. Auglýsingaákvæði annarra íslenskra laga eða reglna byggjast ekki endilega á þessum sömu sjónarmiðum.

Sú athugasemd Verslunarráðs Íslands að í frv. séu engin veigamikil ný ákvæði um auglýsingar sem þegar er ekki lagarammi um virðist mér ekki standast. Hér vil ég undirstrika að með þessu frv. er lagður grundvöllur að því að unnt sé að setja ítarlegar reglur um

auglýsingar sem snerta börn með hliðsjón af siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins og jafnvel öðrum erlendum heimildum. Án skýrrar lagastoðar væri ekki unnt að setja ítarlegar reglur um þetta efni í reglugerð.

Þá er einnig með frv. lagður grundvöllur fyrir setningu ítarlegra reglna um auglýsingar almennt með tilvísun í siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins og aðrar erlendar heimildir, en engin slík tilvísun er í gildandi lögum. Að þessu leyti getur ný almenn auglýsingalöggjöf horft mjög til framfara, bæði varðandi auglýsingar almennt og þó einkum varðandi auglýsingar sem snerta börn.

Ég vík þá, virðulegi forseti, að nokkrum einstökum þáttum frv. og mun einkum geta helstu nýmæla sem í því er að finna.

Í a-lið 1. gr. felst það nýmæli að ákvæði laga og reglugerðar verði ítarlegri en áður, m.a. um auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi, þar sem ýmsar reglur hafa þó verið settar eins og þingheimi er kunnugt. Þá verður meira samræmi milli krafna um auglýsingar, hvort sem þær birtast í sjónvarpi eða hljóðvarpi annars vegar eða öðrum fjölmiðlum hins vegar. Þar hefur nokkur mismunur verið á og reyndar hafa kröfur til auglýsinga sem birtast í hljóðvarpi og sjónvarpi verið mun strangari en til annarra auglýsinga. Mér þykir sjálfsagt að samræma þessa kröfugerð.

Með b-lið 1. gr. eru tekin upp í íslensk lög hefðbundin ákvæði reglugerðar um auglýsingar í sjónvarpi en samkvæmt þeim skulu auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi vera á lýtalausri íslensku en erlendur söngtexti má þó vera hluti auglýsingar. Samkvæmt gildandi reglum má erlent tal ekki vera hluti auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi. Var ekki talið fært að gera vægari kröfur í þessu frv. en gerðar hafa verið hér á landi að undanförnu til þessarar greinar auglýsinga. Verslunarráð Íslands hefur bent á að afar erfitt sé að framfylgja ákvæðinu um lýtalausa íslensku svo að vit sé í. Óþarflega mikið þykir mér þeir gera úr þeim erfiðleikum. Tel ég farsælla að stuðla að því að málfar í auglýsingum sé vandað. Reyndar er síst ástæða til þess að slaka á þeim kröfum á tímum málræktarátaks.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi að í inngangi að tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 1989 um sjónvarpsstarfsemi kemur fram að aðildarríki bandalagsins geta gert sérstakar kröfur varðandi tungumál í auglýsingum. Þannig yrði ekki ósamræmi að þessu leyti milli íslensks réttar og Evrópubandalagsréttar. Í reglugerðinni um auglýsingar í útvarpi er fjallað um það að þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött eða móttökustöð frétt með dagskrárefni er sýnir atburði er gerast í sömu andrá skulu auglýsingar, sem eru hluti af slíku dagskrárefni, vera undanþegnar íslensku kröfunni sem finna má annars í reglugerðinni. Sama mun samkvæmt eðli máls leiða af ákvæðum þessa frv., þó með þeim fyrirvara að unnt kann að vera að taka á auglýsingum sem beint er sérstaklega að Íslandi eins og fram kemur í athugasemdunum með frv.

Það nýmæli felst einnig í b-lið 1. gr. að þar er sett fram sem aðalregla að aðrar auglýsingar en auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skuli einnig vera á lýtalausri íslensku. Þegar sérstaklega stendur á má auglýsingatexti þó vera á erlendu máli, t.d. þegar auglýsingum er aðallega beint til erlendra manna.

Í c-lið 1. gr. er byggt á gildandi ákvæðum verðlagslaganna um rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Ekki þykir ástæða til að sinna athugasemd Verslunarráðs Íslands þess efnis að ákvæðið um viðnám gegn ófullnægjandi upplýsingum í auglýsingum sé erfitt í framkvæmd, valdi ómældum leiðindum og verði líklega marklaust. Ákvæði þetta hefur verið í verðlagslögum um margra ára skeið og hefur ekki verið sýnt fram á það með rökum að þessi gagnrýni standist. Ákvæði verðlagslaganna og frv. er í samræmi við lög hinna Norðurlandanna og tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 1984 um villandi auglýsingar sem ég vitnaði til áðan og svo síðast en ekki síst siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins.

Ákvæði í d-lið 1. gr. eru þess efnis að auglýsingar skuli vera þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingu sé að ræða og þær skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Þessar reglur eru efnislega samhljóða ákvæðum reglugerðar um auglýsingar í útvarpi og er þarna annað dæmi um að setja sem almenna reglu það sem nú gildir fyrir eina grein fjölmiðlunar. Ákvæði frv. eru víðtækari en reglurnar í útvarpinu þar sem þau ná ekki einungis til auglýsinga í sjónvarpi og hljóðvarpi. Í þessu felst nýmælið.

Í d-lið 1. gr. er einnig lögfest það ákvæði reglugerðar um auglýsingar í útvarpi að auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skuli fluttar í sérstökum auglýsingatímum. Í 3. gr. þeirrar reglugerðar segir að auglýsingatímum skuli jafnan haga þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi efnis. Því virðist ekki útilokað samkvæmt gildandi reglum að auglýsingar geti tengst dagskrá að einhverju leyti. Ekki þykir ástæða til að taka til greina tillögur stjórnar Neytendasamtakanna um að bæta við d-lið 1. gr. setningunni, og ég er hér með beina tilvitnun, með leyfi forseta: „Ekki má rjúfa útsendingu kvikmynda eða einstakra þátta í sjónvarpi til flutnings auglýsinga. Þetta á þó ekki við um beinar útsendingar þegar eðlileg rof verða á útsendingu.“ Mér þykir eðlilegra að útfærsla á lagagreininni verði í reglugerð sem auðvelt sé að breyta með tilliti til tíðarandans.

Í e-lið 1. gr. frv., sem yrði 49. gr. verðlagslaga, felst það mikilvæga nýmæli að lögfest er að ákvæði varðandi auglýsingar sem höfða til barna verði fest séstaklega í lögum. Það ákvæði að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og sérstakrar varúðar skuli gætt þegar þær höfða til þeirra á sér fyrirmynd í reglugerð um auglýsingar í útvarpi en nær því ekki einungis til þeirra heldur til auglýsinga almennt og jafnvel ekki aðeins í fjölmiðlum. Þá telst til bóta að mínu áliti að útfæra má þetta ákvæði í reglugerð eftir því sem þurfa þykir og m.a. byggja á ákvæðum siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi. Í þeim reglum er að finna ýmis ákvæði sem varða börn og auglýsingar, m.a. ákvæði um það að auglýsingar skuli ekki innihalda neitt sem hvatt geti til ofbeldis-

verka eða stutt slíkt athæfi.

Svipaðar athugasemdir eiga við um það ákvæði í eliðnum að þess skuli gætt þegar börn koma fram í auglýsingum að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er. Hér er um að ræða lögfestingu á ákvæðum er ná til fleiri tegunda auglýsinga en verið hefur. Þetta ákvæði má, eins og fram kemur í textanum, einnig útfæra nánar í reglugerð. Barnaverndarráð lagði til breytingu á athugasemd í e-lið 1. gr. frv. þess efnis að þar skyldi standa að útfæra ætti barnagrein frv. í reglugerð en ekki að útfæra mætti þessa grein. Þar eð ljóst þykir að greinin verði útfærð í reglugerð þykir mér ekki ástæða til að breyta orðalaginu í athugasemdunum en að sjálfsögðu mun þingnefndin fjalla um þetta eins og önnur atriði í málinu. Það er reyndar eitt meginmarkmið þessa frv. að huga betur að og veita ákveðnara aðhald að auglýsingum sem snerta börn.

Þá þótti rétt að hafa í f-lið 1. gr. ákvæði um uppsetningu auglýsinga á mannvirkjum. Það er nýmæli í íslenskum lögum.

Í g-lið 1. gr. er mælt fyrir um það að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd auglýsingaákvæða í reglugerð sem byggist m.a. á títtnefndum siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði og nýmæli í okkar lögum sem mér virðist að Verslunarráðinu hafi yfirsést.

Ákvæði siðareglnanna sjálfra eru svo birt í öðrum viðauka með þessu frv. Jafnframt er dreift sérstaklega með frv. í takmörkuðu upplagi erlendum reglum sem greint er frá í yfirliti yfir viðauka aftast í þessu frv.

Í h-lið 1. gr. segir að ábyrgðin á því að ákvæði í lögum og reglugerð séu haldin hvíli á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu eða útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum birtingaraðila. Þetta ákvæði er líka nýmæli í lögum, a.m.k. formlega séð. Þykir mér nauðsynlegt að taka þar af tvímæli hver það sé sem ábyrgð beri á auglýsingagerðinni.

Í i-lið 1. gr. er gert ráð fyrir því að viðskrh. skipi til fjögurra ára í senn fimm menn og jafnmarga varamenn í auglýsinganefnd er gegni lykilhlutverki í því að framfylgja ákvæðum verðlagslaga og reglugerðar á grundvelli þeirra að því er varðar auglýsingar. Auglýsinganefndin tæki á sviði auglýsinga samkvæmt frv. við hlutverki Verðlagsráðs sem skipað er níu mönnum. Reyndar er nefndinni ætlað að gegna mun víðtækara hlutverki varðandi auglýsingar en Verðlagsráði þar eð byggt er á fleiri ákvæðum í lögum og ítarlegri reglugerð. Mitt álit er að nýju ákvæðin muni auka skilvirkni í meðferð auglýsingamála þegar einstaklingar telja sig eiga þar réttar að reka.

Veigamesta athugasemd Verslunarráðs Íslands varðandi frv. byggist á því sem ég tel vera misskilning, að Verðlagsráð og auglýsinganefnd starfi samkvæmt frv. samhliða að auglýsingamálum. Svo er að sjálfsögðu ekki. Auglýsinganefndin mun leysa Verðlagsráð af hólmi að því er auglýsingar varðar, verði þetta frv. að lögum.

Samkvæmt j-lið 1. gr. er Verðlagsstofnun ætlað að sinna þjónustuhlutverki við auglýsinganefndina.

Úrræði auglýsinganefndar samkvæmt k-lið í 1. gr. eru svipuð að eðli og umfangi og úrræði Verðlagsráðs í lögum nú, m.a. bann, jafnvel að viðlögðu févíti, krafa um útsendingu leiðréttingar eða viðbótarskýringar og svo sátt. Það nýmæli felst í ákvæðinu að formaður auglýsinganefndar, sem er lögfræðingur, eða starfandi formaður getur bannað auglýsingu til bráðabirgða ef hún er ekki talin vera í samræmi við ákvæði laga eða reglugerðar með vissum skilyrðum og þá um stuttan tíma. Sé vafi á ferðum mundi formaður eða starfandi formaður kalla auglýsinganefndina saman í stað þess að grípa til bráðabirgðabanns. Ekkert mundi banna auglýsinganefndinnni eða formanni hennar að birta skriflegt og rökstutt bann opinberlega en reynslan hefur sýnt að birtingin ein gæti reynst áhrifarík.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Vænti ég þess að ekki verði ágreiningur um ákvæði þess sem fyrst og fremst hafa þann tilgang að vernda betur hagsmuni neytenda, fyrst og fremst barna, og stuðla enn frekar en nú er gert að heilbrigðri samkeppni á auglýsingamarkaðnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 114. mál (reiðvegaáætlun). — Þskj. 118.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á vegalögum með síðari breytingum. Flm. með mér eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson og Alexander Stefánsson. 1. gr. þessa frv. hljóðar svo:

„40. gr. laganna, sbr. 72. gr. laga nr. 87/1989, orðist svo:

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

Vegagerð ríkisins skal sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgrh. lætur gera í samráði við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Kostnaður við gerð reiðvega skal greiddur af hóffjaðragjaldi skv. 2. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, og sérstökum fjárveitingum á fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það frv. sem hér er um að ræða er flutt samhliða frv. um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar og þáltill. um reiðvegaáætlun.

Hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda. Umferð ríðandi manna er víða orðin mjög mikil, einkum í ná-

grenni þéttbýlisstaða. Sambýli umferðar ríðandi manna og aukinnar umferðar bifreiða getur verið örðugt. Nauðsynlegt er að taka tillit til hestamennsku í umferðinni umfram það sem gert hefur verið. Óhjákvæmilegt er því að gera sérstaka reiðvegaáætlun þar sem forgangsröð framkvæmda kemur fram. Gerð reiðvega er yfirleitt ekki dýr, en framkvæmd þarf að vera með skipulegum hætti.

Í vegalögum er einungis fjallað um reiðvegi í 46. gr. en þar segir:

„Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt."

Með flutningi þessa frv. eru tekin af öll tvímæli um að Vegagerð ríkisins skuli annast gerð reiðvega, enda er hún sá aðili í þjóðfélaginu sem best er búinn til að taka að sér slíka framkvæmd. Jafnframt er með sérstöku frv. gert ráð fyrir að fjár sé aflað til gerðar reiðvega umfram fé á fjárlögum til reiðvegagerðar. Gerir það frv. ráð fyrir sérstöku „hóffjaðragjaldi". Samhliða þessum frv. tveimur flytur flutningsmaður þáltill. um að samgrh. verði falið að láta gera sérstaka reiðvegaáætlun í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Í reiðvegaáætlun skal koma fram forgangsröð framkvæmda.

Árlega hafa verið takmarkaðar fjárveitingar á fjárlögum ákveðnar af Alþingi í þál. um vegáætlun. Landssamband hestamanna ákveður skiptingu þessarar fjárveitingar milli hestamannafélaga og umdæmisverkfræðingar Vegagerðar ríkisins fylgjast með því að áætlaðar framkvæmdir séu inntar af hendi og greiða féð út. Einnig eru dæmi um að Vegagerðin annist framkvæmdir fyrir hestamannafélögin. Undirritað var 7. maí 1982 samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Samkomulag þetta er fylgiskjal með þessu frv. Ágreiningur varð fljótlega um túlkun þessa samkomulags.

Vandkvæði hafa þannig verið ýmis við gerð reiðvega og ástæða er einnig til að leggja áherslu á hlut sveitarfélaga og þátt reiðvega í skipulagi, en sveitarfélög eru öll skipulagsskyld samkvæmt skipulagslögum frá 1978.

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frv. um breytingu á vegalögum þar sem gert er ráð fyrir að Vegagerð ríkisins sé gert skylt að annast gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. þessu verði vísað til hv. samgn. að lokinni umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 115. mál (hóffjaðragjald). — Þskj. 119.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 119 um breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1984. Flm. auk mín eru hv. þm. Guðni Ágústsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Alexander Stefánsson. 1. gr. frv. orðast svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — hóffjaðragjald — af hóffjöðrum. Gjald þetta skal nema 2 kr. á hverja hóffjöður. Innlendir framleiðendur skulu einnig greiða hóffjaðragjald. Innflutningsgjaldið skal greitt í tolli en gjalddagar innlendra framleiðenda skulu vera tveir, 1. janúar og 1. júlí ár hvert, en eindagi mánuði síðar.

Hóffjaðragjald skal fylgja vísitölu byggingarkostnaðar.

2. gr.: 2. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðist svo:

Gjöld samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun nema tekjum skv. 2. gr. sem skal varið til að gera reiðvegi samkvæmt reiðvegaáætlun sem samgrh. lætur gera til fjögurra ára í senn í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga. Ríkissjóður skal að auki leggja til gerðar reiðvega jafnvirði hóffjaðragjalds næsta ár á undan.

3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frv. það sem hér um ræðir er flutt samhliða frv. um breytingu á vegalögum og þáltill. um gerð reiðvegaáætlunar.

Með frv. til breytinga á vegalögum er Vegagerð ríkisins ótvírætt falið það verkefni að sjá um gerð reiðvega samkvæmt reiðvegaáætlun sem samgrh. lætur gera í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga. Sú áætlun á að fela í sér forgangsröðun verkefna og vera gerð til fjögurra ára í senn.

Það frv., sem hér er flutt, nær til tekjuöflunar vegna reiðvegagerðar. Reiðvegafé 1989 er um það bil 4 millj. kr. og engan veginn nægjanlegt til framkvæmda þegar hestamennska er svo vinsæl og vaxandi sem raun ber vitni og umferð ríðandi manna eykst jafnhliða umferð bifreiða.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að lagt verði á sérstakt „hóffjaðragjald". Gera má ráð fyrir að 7–8 þús. manns stundi hestamennsku um þessar mundir og eigi hver að meðaltali um fjóra hesta. Ef gert er ráð fyrir að 30 hóffjaðrir fari í járningu og járnað sé að jafnaði fimm sinnum á ári gæti tveggja króna gjald á hverja hóffjöður gefið tekjur til reiðvegagerðar sem nema um 10 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að gjaldið fylgi byggingarvísitölu. Þannig gæti féð ásamt reiðvegafé á fjárlögum bætt mjög úr og aukið framkvæmdir, en gera verður ráð fyrir að sveitarfélög verji nokkru fé einnig til reiðvegagerðar.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu er hestamennska mjög vaxandi og áhugi á hestamennsku mjög mikill. Gera má ráð fyrir að hann aukist enn á næstu árum. Ljóst er að gerð reiðvega hefur farið mjög hægt og nauðsynlegt að bæta þar úr. Ástæð-

an fyrir flutningi þessa frv. er fyrst og fremst sú að gera má ráð fyrir að í erfiðleikum ríkissjóðs verði óhægt að ná fram fé til reiðvegagerðar nema hestamenn leggi nokkuð af mörkum sjálfir. Með hverjum hætti það skal gert kann að orka að einhverju leyti tvímælis. Þær upphæðir sem hér er um að ræða eru ekki háar. Þó er það nokkru meira fé en varið hefur verið til reiðvegagerðar að undanförnu og mun bæta mjög úr ef að lögum verður að innheimta þessar tekjur. Hygg ég að þar með sé kominn rökstuðningur til að bæta frekar úr þessu brýna máli. Verji hestamenn sjálfir nokkru fé til framkvæmdanna er eðlilegt að ríkið leggi fé á móti. Ég ítreka það að gerð reiðvega er ekki dýr framkvæmd. Hún er hins vegar nauðsynleg og nauðsynlegt að gera um það forgangsáætlun með hverjum hætti þessar framkvæmdir verða. Þótt ekki sé hér um miklar fjárhæðir að ræða, í rauninni fjárhæðir sem engan munar um að greiða, munu þær valda mikilli breytingu á þessum málaflokki ef að lögum verður.

Virðulegi forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

17. fundur, þriðjudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Forgangur Vestfirðinga til samninga við Grænlendinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞK, 41. mál. — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Eftirlaunasjóðir einstaklinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 64. mál. — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Kynning á vörum frá vernduðum vinnustöðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SkA o.fl., 70. mál. — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 40 shlj. atkv.

Brúarframkvæmdir á Suðurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. EH, 71. mál. — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til fjvn. með 41 shlj. atkv.

Jöfnun orkukostnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 86. mál. — Þskj. 89.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til allshn. með 41 shlj. atkv.

Úrbætur á aðstæðum ungmenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 103. mál. — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til félmn. með 42 shlj. atkv.

EFRI DEILD

12. fundur, miðvikudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 73. mál (rektorskjör). — Þskj. 75.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF, 76. mál (útgreiðsla tryggingabóta). — Þskj. 78.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 67 frá 1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum. Breytingin sem ég legg hér til að gerð verði á þessum lögum er við 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna, þar sem fjallað er um greiðslur tryggingabóta, og hljóðar svo: „Bætur skal greiða mánaðarlega, að jafnaði 1. hvers mánaðar."

Í 2. gr. frv. segir síðan að gildistími laganna skuli vera frá 1. jan. 1991. Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Í 57. gr. laga um almannatryggingar er fjallað um hvenær greiða skuli tryggingabætur til tryggingarþega. Þar segir: „Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á." Framkvæmd þessa ákvæðis laganna hefur verið með þeim hætti að greiðslur eru inntar af hendi 10. hvers mánaðar.

Í því frv. sem hér er flutt er gerð sú breyting á 1. mgr. 57. gr. að ákvæði er sett inn þess efnis að bætur skuli greiddar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta dag hvers mánaðar.

Öryrkjar hafa óskað eftir því að þeir fái að njóta sama réttar og aðrir launþegar ríkisins sem nær allir fá launagreiðslur sínar fyrsta dag hvers mánaðar. Öryrkjabandalagið hefur farið fram á þessa breytingu og verið vel tekið en lagabreytingu þarf til þess að af þessu geti orðið.

Áformað er að leggja fram frv. um breytingar á lögum um almannatryggingar sem hafa nú um árabil verið til endurskoðunar. Það frv. er hins vegar ekki komið fram og óvissa um innihald og afgreiðslu. Á meðan búa tryggingarþegar áfram við þessa níu dýru daga.

Það er í raun sjálfsagt réttlætismál að greiðslur á tryggingabótum fari fram fyrsta dag hvers mánaðar, eins og greiðslur til annarra launþega, ekki síst í ljósi þess að gjalddagar ýmissa fastra útgjaldaliða heimilanna eru miðaðir við mánaðamót. Því er þetta frv. flutt hér að þessi hópur þjóðfélagsþegna fái þessa nauðsynlegu leiðréttingu á kjörum sínum."

Virðulegi forseti. Frv. þetta er ekki í löngu máli og skýrir sig í raun sjálft. Öryrkjabandalagið hefur ítrekað sett fram þessa sjálfsögðu kröfu um breyttan greiðsludag tryggingabóta, nú síðast við heildarendurskoðun laga um almannatryggingar, enda hefur það verið svo á undanförnum árum að nær öllum brtt. við þessi ágætu lög hefur verið vísað til þessarar heildarendurskoðunar laganna, bæði hér á hv. Alþingi og í viðkomandi ráðuneyti. Nú er afrakstur endurskoðunar að koma í ljós og má búast við að fjallað verði um þær brtt. sem þar er að finna hér í vetur. Það eru hins vegar ákveðin atriði sem ekki þurfa að bíða þessarar afgreiðslu en eru brýn réttlætismál fyrir þá aðila sem hlut eiga að máli.

Erindi Öryrkjabandalagsins til heilbr.- og trmrn. um fastan greiðsludag hefur verið vel tekið en þó ekki afgreitt. Flestir launþegar fá laun sín greidd með mánaðarlegum greiðslum 1. hvers mánaðar. Það hefur haft það í för með sér að gjalddagar ýmissa fastra útgjaldaliða heimila og einstaklinga taka mið af þessum útborgunardegi. Það hefur einnig gilt gagnvart bótaþegum þó að þeir fái ekki sínar greiðslur fyrr en 10. hvers mánaðar. Tryggingarþegar hafa því yfirleitt lent í vandræðum vegna fastra útgjaldaliða, þar sem gjalddagi er miðaður við mánaðamót, og hafa þurft að bera aukakostnað vegna þeirra daga sem líða þar til þeir fá sínar greiðslur. Því tala þeir oft um hina níu dýru daga.

Ég hef ekki í höndum í dag hver kostnaður ríkisins yrði við að gera þessa breytingu. Hann mun verða einhver en þó líklega ekki mikill ef tekið er mið af þeim kostnaði sem tryggingarþegar hafa borið vegna þessa misréttis sem þeir hafa óneitanlega búið við.

Á seinni árum hefur verið lögð áhersla á ýmsar úrbætur í málefnum þeirra hópa þjóðfélagsþegna sem ekki hafa notið réttinda til jafns á við þá sem hafa fulla heilsu, tíma og getu til að stunda vinnu til að sjá sér og sínum farborða. Það er því erfitt að skilja hvers vegna breyting sú sem hér er lögð til á lögum um almannatryggingar hefur ekki fyrir löngu síðan orðið að veruleika, ekki síst vegna þess að hér er um mikið jafnréttismál að ræða.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Endurgreiðsla á gjaldi af erlendum lántökum, 1. umr.

Frv. HBl, 80. mál. — Þskj. 82.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það frv. sem ég endurflyt hér er stutt og skýrt. Það fjallar um það að gjald af erlendum lánum, sem tekin voru til skipasmíða hér á landi skv. lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. lög nr. 101/1988 og lög nr. 51/1989, skuli endurgreiðast úr ríkissjóði þegar í stað.

Ástæðan fyrir þessu er mjög einföld. Þetta gjald hefur lent á þrem skipasmíðastöðvum samkvæmt upplýsingum sem fjh.- og viðskn. barst á síðasta þingi frá Sambandi málm- og skipasmiðja. Samkvæmt þeim upplýsingum nemur umrætt lántökugjald vegna nýsmíða á téðu tímabili samtals 8 millj. 97 þús. kr. og skiptist þannig: Slippstöðin hf., Akureyri, 5 millj. 800 þús., Skipasmíðastöð Marsellíusar hf., Ísafirði, 1 millj. 737 þús., Vélsmiðja Seyðisfjarðar hf., Seyðisfirði, 560 þús. Það er nauðsynlegt að taka fram að þessar fjárhæðir eru allar skráðar á verðlagi þess tíma sem lántökugjaldið var innheimt. Ef við tökum einstakar greiðslur hjá Slippstöðinni kemur fram að þær greiðslur voru hæstar á fyrri hluta árs 1988, þannig að það eru rúmlega tvö ár síðan sú skipasmíðastöð varð að inna þær greiðslur af hendi, síðasta greiðslan féll 2. maí 1989. Ef við tökum Vélsmiðju Seyðisfjarðar þá féllu greiðslurnar frá 10. ágúst 1988 til 25. apríl 1989

og ef við tökum Skipasmíðastöð Marsellíusar féllu greiðslurnar frá 6. nóv. 1988 til 20. mars 1989.

Þessar fjárhæðir eru auðvitað verulega hærri ef við framreiknum fjárhæðirnar og leggjum síðan eðlilega vexti, fjármagnskostnað, á þær. Ég hygg að hv. þingdeildarmönnum sé kunnugt að skipasmíðaiðnaðurinn á undir högg að sækja og af þeim sökum er fjármagnskostnaðurinn meiri en menn geta búist við, án þess að taka inn í dæmið þá erfiðleika sem því fylgja í rekstri að verða uppiskroppa með almennt lausafé, eða rekstrarfé, og verða kannski að sætta sig við erfið greiðslukjör. Ég hygg að Slippstöðin á Akureyri liggi með fé, ef allt er fullreiknað, sem sé einhvers staðar í kringum 10 millj. kr. sem er að sjálfsögðu ekki lítil fjárhæð.

Á síðasta þingi var þetta frv. sent til umsagnar fjögurra aðila, Sambands málm- og skipasmiðja, Landssambands iðnaðarmanna, Félags málmiðnaðarmanna á Akureyri og svo loks til fjmrn. Umsagnir bárust frá Sambandi málm- og skipasmiðja, Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri. Ég grennslaðist eftir því í morgun og það kom í ljós að svar fjmrn. við beiðni fjh.- og viðskn. Ed. hafði enn ekki borist. Það sýnir auðvitað, herra forseti, að virðing þingsins er mátulega — hvað á ég að segja — lítil þegar svo er komið að ráðuneytið sem beðið er svara um skattamál og beðið um skýringar um útfærslu á álagningu sérstaks skatts, heimildarákvæði, skuli ekki sjá ástæðu til þess að svara þingnefnd. Það lýsir betur en flest annað hvernig komið er fyrir þessari ágætu stofnun og lýsir því kannski líka hvað þingmenn verða að sætta sig við ef stjórn þingsins er ekki í nógu föstum skorðum.

Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri svaraði stutt og laggott og mælti með því að umrætt frv. yrði samþykkt. Síðan þetta gerðist, 6. des. á sl. ári, hefur Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri með formlegum hætti sent erindi til þingmanna kjördæmisins vegna þeirrar þungu áhyggju sem félagið hefur út af erfiðri stöðu járn- og skipasmíðaiðnaðar á Akureyri og einstakir stjórnarmenn í Félagi málmiðnaðarmanna hafa átt einkasamræður við einstaka þingmenn og spurt þá hvort einhverjar líkur séu fyrir því m.a. að þessum rangláta skatti verði létt af Slippstöðinni á Akureyri, sem fellur með fullum þunga á það fyrirtæki. Þessi skattheimta hefur m.a. verið notuð til þess að sverta stöðu og orðspor fyrirtækisins þegar rætt hefur verið um það í hvaða verði það fiskiskip stendur sem hafin var smíði á fyrir rúmum tveim árum til þess að reyna að halda uppi atvinnu á Akureyri, á þeim tíma þegar það var viðkvæmt á Íslandi að verulegt atvinnuleysi yrði viðvarandi á einstökum stöðum. En nú er svo komið hagstjórninni í landinu að það þykir ekki lengur tiltökumál þótt fyrirtækjum sé lokað, fjöldi manns atvinnulaus, lífskjör hrapi um 20% á tveim árum.

Þriðji aðilinn sem sendi inn umsögn um frv. var Landssamband iðnaðarmanna og til þess að skýra málið, rifja það upp fyrir einstökum þingmönnum tel ég óhjákvæmilegt að lesa það upp í heild sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Landssamband iðnaðarmanna og Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hafa fengið ofangreint frv. til umsagnar og hafa ákveðið að svara því sameiginlega. Samtökin mæla eindregið með frv. og færa fyrir því eftirtaldar ástæður:

Þegar lögin um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 10/1988, þar sem er að finna ákvæði um gjald af innlendum lántökum, voru sett, höfðu þau að geyma undantekningarákvæði, þar sem kveðið var á um að lántökur vegna hráefniskaupa til útflutnings- og samkeppnisiðnaðar svo og afurðalán skyldu verða undanþegnar gjaldinu. Allan þann tíma, sem lögin voru í gildi, var mjög erfitt ef ekki alveg ókleift fyrir skipaiðnaðinn að nýta sér þessa heimild laganna. Þetta stafaði fyrst og fremst af því að lán til skipasmíða og viðgerða eru tekin til kaupa á hráefni og vinnu í einu lagi, þ.e. vegna verkefna en ekki vegna kaupa á hráefninu einu saman. Þegar svo háttaði að erlend lán væru fyrst og fremst tekin til kaupa á hráefnum, eins og tíðkast í mörgum greinum, var hins vegar tiltölulega auðvelt að nýta sér þessa undanþágureglu. Því má einnig bæta við að skilgreining auglýsingar þeirrar sem kvað á um hvaða vörur skyldu teljast hráefni í þessu sambandi var mjög þröng, þannig að mjög margar vörutegundir, vélar og tæki, sem notaðar voru í skipaiðnaðinum, lentu utan undanþágunnar. Af ofangreindum ástæðum kom lántökugjaldið verr niður á skipaiðnaðinum en ýmsum öðrum samkeppnisiðnaði, svo og öðrum atvinnugreinum, svo sem fiskvinnslu og landbúnaði. Eðlilegt hefði verið að meðhöndla þessi verkefnabundnu lán eins og um afurðalán væri að ræða, sem eru ekki eingöngu tekin út á hráefnakaup heldur fullunnar afurðir.

Með breytingum sem gerðar voru á gjaldinu, lög nr. 101/1988, var ákveðið að undanþiggja lántökur vegna kaupa og reksturs á kaupskipum og flugvélum.“ Ég endurtek: „... var ákveðið að undanþiggja lántökur vegna kaupa og reksturs á kaupskipum og flugvélum. Líklega hafa samkeppnisástæður valdið þar mestu um. Á þeim tíma mæltu undirrituð samtök með því að sjálfsagt og eðlilegt væri að fella þetta gjald niður af fiskiskipasmíði með ofangreindum rökum, svo og með vísan til þess að skipaiðnaðurinn á við mjög óvægna og ósanngjarna samkeppni, niðurgreiðslur erlendis, að stríða.

Að undanförnu hafa verið að koma í ljós ýmsir erfiðleikar í skipaiðnaðinum hér á landi. Um ástæðurnar verður ekki fjölyrt hér. En öllum má ljóst vera að hvert og eitt atriði sem skekkir samkeppnisstöðu hans gagnvart erlendum keppinautum getur valdið úrslitum um að hve miklu leyti tekst að snúa þróuninni við. Ofangreindar röksemdir ættu að sýna fram á að umrætt lántökugjald var íþyngjandi fyrir skipaiðnaðinn. Alþingi hefur nú tækifæri til að leiðrétta það óhagræði sem af þessu gjaldi stafaði fyrir hann.“

Undir þetta skrifa Haraldur Sumarliðason, forseti Landssambands iðnaðarmanna, og Jósef H. Þorgeirsson, formaður Félags dráttarbrauta og skipasmiðja.

Í þessum umsögnum vekur athygli í fyrsta lagi að stjórnvöld virðast ekki víla það fyrir sér að skerða samkeppnisstöðu skipasmíðastöðva hér á landi, þegar

um fiskiskip er að tefla, á sama tíma og slíkur iðnaður er greiddur verulega niður erlendis. Enda var það um svipað leyti og verið var að salta frv. mitt á síðasta þingi og síðan drepa það hér í deildinni, að hæstv. iðnrh. lýsti því yfir að eðlilegt væri að útgerðarmenn reyndu að nýta sér það hagræði sem þeir hefðu af niðurgreiðslu á fiskiskipum erlendis og verkefnum og viðhaldi á fiskiskipum erlendis.

Í öðru lagi er eftirtektarvert að það kostaði mjög mikil áflog hér í deildinni að fá hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. til þess að endurgreiða lántökugjald vegna viðhalds og viðgerða á fiskiskipum á sl. ári. Áflogin voru svo mikil að þegar málið var tekið fyrir með formlegum hætti í Sþ., formleg fyrirspurn var lögð fyrir hæstv. fjmrh. um dagsetningar, fjárhæðir og annað í sambandi við endurgreiðslur á gjaldi af lántökum vegna viðhalds á fiskiskipum þóknaðist hæstv. fjmrh. að fara rangt með staðreyndir og úrskurður forseta Sþ. var á þá lund að Alþingi hefði engin tök á því að krefja ráðherra svara ef honum þóknaðist að halda leyndum upplýsingum jafnvel þótt um þær upplýsingar væri beðið með formlegum hætti. Sú stjórn þingsins sem við búum nú við hefur með öðrum orðum lýst því yfir fyrir hönd sinnar stofnunar að hún sættir sig við athugasemdalaust að framkvæmdarvaldið, sem vinnur í umboði Alþingis, einstakir ráðherrar, haldi upplýsingum sem beðið er um með formlegum hætti í fyrirspurnatíma í Sþ.

Áður en þetta mál hafði verið lagt fram á síðasta þingi höfðu einstakir stjórnarþingmenn lýst því yfir, bæði í ræðustól og í einkasamtölum, að ríkisstjórnin mundi nýta heimildir laga til þess að endurgreiða gjald af erlendum lántökum vegna nýsmíði fiskiskipa hér á landi. Af þeim sökum var óhjákvæmilegt fyrir mig að taka málið upp í fyrirspurnatíma í Sþ. Ummælum hæstv. viðskrh. og iðnrh. og ummælum fjmrh. bar ekki saman. Þá lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að hann teldi sig ekki hafa lagaheimildir til að endurgreiða þennan rangláta skatt. Þess vegna var frv. flutt.

Í röðum stjórnarþingmanna eru einstaklingar sem í orði kveðnu, herra forseti, hafa borið skipaiðnaðinn fyrir brjósti. Í trausti þess að því fylgdi nokkur alvara beið ég með það að málið yrði tekið út úr fjh.- og viðskn., gerði einstökum þingmönnum aðvart um að meiri hl. fjh.- og viðskn. hefði snúist gegn málinu og spurði einstaka þingmenn úr röðum stjórnarliða, sem hafa lýst því yfir að þeir beri hag skipasmíðaiðnaðarins fyrir brjósti, hvort þeir hefðu aðra skoðun á málinu en einstakir nefndarmenn í fjh.- og viðskn. Hafði maður þó talið að sumir þeir sem skrifuðu undir nál. um að fella þetta frv., sem ég er hér að tala um, þekktu til skipasmíðaiðnaðarins. Það kom fyrir ekki. Þetta frv. var fellt á síðustu dögum þingsins.

Ef litið er til þess staðar þar sem þetta lántökugjald er hæst kemur í ljós að rétt um 500 manns hefur verið sagt upp störfum hjá þrem fyrirtækjum í þeim bæ á síðustu missirum. Það þarf því ekki frekari lýsingar á ástandinu til að gera sér grein fyrir því að atvinnulífið á Akureyri er mjög veikt. Það er að vísu svo að Slippstöðin á Akureyri er að meiri hluta til í ríkiseign, en margendurteknar yfirlýsingar einstakra ráðherra um að þeir ætli að gera eitt eða annað fyrir skipasmíðina hafa reynst haldlausar með öllu þannig að ekki er að treysta á þá sem bera eigendaábyrgð á Slippstöðinni til þess að koma inn með öðrum hætti.

Nú gladdi það mig mjög, herra forseti, að sjá það að hæstv. forseti hefur skrifað formönnum nefnda Ed. bréf, þar sem hann brýnir fyrir þeim að miklar annir séu fram undan og fer fram á það að menn nýti tímann vel í nefndum. Það hefur verið gert í fjh.- og viðskn. Ed. Einföld stjfrv., sem hafa verið lögð fyrir nefndina, hafa verið afgreidd og ég hygg að það sé búið að afgreiða þau hér úr þessari deild meðan ég var erlendis.

Nú hittist svo á um þetta frv. að umsagnir liggja fyrir. Það er þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu í fjh.- og viðskn. þannig að það geti borist nægilega snemma til Nd. til þess að það geti einnig fengið afgreiðslu þar fyrir áramót, ef vilji þingsins stendur til þess að sýna skipasmíðaiðnaðinum þá sanngirni að þessum skipasmíðastöðvum séu endurgreiddir þeir fjármunir sem ranglega hafa verið af þeim teknir.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 148. mál (húsbréf). — Þskj. 154.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti. Frv. þetta er samið í félmrn. með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er af húsbréfakerfinu á því eina ári sem liðið er frá því að lög þar um tóku gildi.

Frv. fjallar um eftirfarandi atriði: Húsbréf er taki til endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði. Húsbréf miðist við allt að 75% af matsverði verðminnstu íbúða. Heimiluð verði tímabundin aðstoð við íbúðaeigendur í greiðsluerfiðleikum.

Áður en ég lýsi einstökum greinum frv. vil ég fara nokkrum orðum um reynsluna sem komin er af húsbréfakerfinu á því eina ári sem liðið er frá því að lög um það tóku gildi og hvaða áætlanir eru gerðar um framtíð þessa lánakerfis. Ríkisstjórnin skipaði starfshóp í júní sl. til að leggja mat á niðurstöður þeirra athugana sem þá höfðu verið gerðar á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Starfshópurinn fékk einnig það verkefni að fjalla almennt um stöðu húsnæðismála og koma með tillögur um hvernig best væri að standa að hinu opinbera húsnæðislánakerfi. Í starfshópnum voru fulltrúar félmrn., fjmrn. og forsrn. Niðurstöður

starfshópins voru í megindráttum eftirfarandi:

Eftirspurn eftir lánum úr lánakerfinu frá 1986 hefur að mestu dottið niður. Um 11–12 milljarða kr. þarf til að afgreiða þær 5500 umsóknir sem bíða afgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, en skv. reglugerð, sem ég gaf út og tók gildi 1. júní sl., geta þeir sem bíða afgreiðslu láns fært umsóknir sínar yfir í húsbréfakerfið, hvort sem þeir hafa fest kaup á húsnæði eða ekki. Í þessu sambandi ber þess þó að geta að meginkrafan í húsbréfakerfinu er sú að kaup hafi ekki farið fram eða bygging hafin áður en sótt er um húsbréfalán.

Starfshópurinn komst því að þeirri niðurstöðu að unnt væri að loka lánakerfinu frá 1986 og afgreiða einungis þegar gefin lánsloforð. Starfshópurinn áætlaði að heildarútgáfa húsbréfa á ári verði um 12 milljarðar kr. þegar húsbréfakerfið hefur að fullu tekið við af lánakerfinu frá 1986 svo að líkleg sala á húsbréfamarkaði verði rúmir 9 milljarðar kr.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til þess að ætla að ríkissjóður verði fyrir kostnaði vegna ríkisábyrgðar á húsbréfum. Ástæðan fyrir því er að skil á innheimtum hafa batnað á yfirstandandi ári. Lántökugjald í húsbréfakerfinu er 1% og er ætlað til að standa undir rekstrarkostnaði húsbréfadeildar og áætluðum útlánatökum og síðast en ekki síst er greiðslugeta umsækjenda í húsbréfakerfinu metin gaumgæfilega áður en umsækjendur kaupa eða hefja byggingu íbúða.

Starfshópurinn mat það svo að ef lánakerfinu frá 1986 yrði lokað og aukin umsvif húsbréfakerfisins, þá gæti það haft jákvæð áhrif á fjármagnsmarkaðinn, þar sem losna mundi mikið fjármagn lífeyrissjóða og viðskiptabanka. Þetta gæti leitt til lækkunar vaxta. Lántökur Húsnæðisstofnunar hjá lífeyrissjóðum munu verða um 14 milljörðum kr. minni en ella að jafnaði á ári til aldamóta. Áætlað er að lántökur húsnæðiskaupenda hjá bönkum, lífeyrissjóðum og með handhafaskuldabréfum verði um 4,5 milljörðum kr. lægri á ári. Þannig er áætlað að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða og banka muni aukast um samtals allt að 18 milljarða kr. á ári ef lánakerfinu frá 1986 yrði lokað og með auknum umsvifum húsbréfakerfisins. Til samanburðar er áætlað að sala húsbréfa á markaði verði rúmir 9 milljarðar kr. á ári eða um 5 milljörðum minna en lántökur Húsnæðisstofnunar þyrftu að vera á ári ef lánakerfið frá 1986 starfaði óbreytt áfram.

Einnig er vert að geta þess að nákvæm athugun á greiðslugetu og greiðslubyrði samfara íbúðakaupum í húsbréfakerfinu hvetji til aukins sparnaðar íbúðakaupenda. Húsbréfakerfið hefur hingað til ekki leitt til hækkunar á íbúðaverði. Svo virðist sem íbúðaseljendur hafi ekki tekið á sig þau afföll sem eru á húsbréfum og meta það svo að meira virði sé að fá íbúðirnar greiddar og fá þær greiddar mun fyrr en áður. Starfshópurinn lagði til að lánakerfinu frá 1986 yrði lokað og húsbréfakerfið tæki alfarið við á hinum almenna fasteignamarkaði. Starfshópurinn lagði einnig til að það frv. sem ég hér mæli fyrir verði samþykkt.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv. en eins og áður sagði tekur það til þriggja þátta. Það er í fyrsta lagi að meiri háttar endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði verði lánshæfar í húsbréfakerfinu. Í öðru lagi að húsbréf geti numið allt að 75% af matsverði verðminnstu íbúða og í þriðja lagi að íbúðaeigendur í greiðsluerfiðleikum geti fengið fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu. Í lánakerfinu frá 1986 var ekki gerður greinarmunur á endurnýjun eða endurbótum á notuðu íbúðarhúsnæði og viðbyggingum við notaða íbúð. Hvort tveggja er lánshæft að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

1. júlí 1980 tóku gildi lög um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem viðbyggingar og endurbætur á notuðu íbúðarhúsnæði rúmuðust innan sérstaks lánaflokks. Fram að þeim tíma var ekki lánað vegna endurbóta. Síðan þá hafa verið veitt lán til 2000 viðbygginga og endurbótalán úr Byggingarsjóði ríkisins. Meðallán á árinu 1990 voru um 1200 þús. kr. Í rauninni er lítill munur á endurbótum á notuðu íbúðarhúsnæði eða viðbyggingu við notaða íbúð. Í báðum tilvikum er verið að gera notaða íbúðarhúsnæðið hæfara til íveru. Því þykir eðlilegt að endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði rúmist innan húsbréfakerfisins á sama hátt og hingað til hefur þótt rétt að þetta tvennt rúmist innan sama lánaflokks hjá Byggingarsjóði ríkisins.

2. gr. fjallar um að húsbréf miðist við allt að 75% af matsverði verðmestu íbúða. Þess misskilnings hefur oft gætt hjá þeim sem gagnrýnt hafa húsbréfakerfið að halda að það lánakerfi útiloki fleiri frá íbúðakaupum á hinum almenna markaði en lánakerfið frá 1986. Svo er ekki. Hvort sem íbúðakaupendur fá lán úr lánakerfinu frá 1986 eða gefa út fasteignaveðbréf, sem unnt er að skipta fyrir húsbréf, þurfa kaupendur að eiga ákveðið fjármagn í útborgun. Sumir hafa gert athugasemdir við það að unnt sé að fá hærra lán í lánakerfinu frá 1986 en í húsbréfakerfinu þegar verðmestu íbúðirnar eiga í hlut, eða allt að 70% af matsverði íbúða í lánakerfinu frá 1986 en 65% í húsbréfakerfinu. Hámarkslán í lánakerfinu frá 1986 er hins vegar aðeins um helmingur af hámarksláni í húsbréfakerfinu. Þessi gagnrýni á rétt á sér. Þó ber þess að geta að þegar tillit er tekið til vaxtabóta jafnast þessi munur að miklu leyti út fyrir fólk með lágar eða miðlungstekjur. Um það vil ég fara nokkrum orðum.

Fyrr á árinu skipaði ég starfshóp, sem í voru fulltrúar félmrn. og Húsnæðisstofnunar ríkisins, til að bera saman greiðslubyrði íbúðakaupa í húsbréfakerfinu annars vegar og í lánakerfinu frá 1986 hins vegar. Niðurstöður þessa starfshóps voru að mánaðarleg greiðslubyrði vegna íbúðakaupa fyrstu árin er lægri í húsbréfakerfinu ef kaupverð íbúðar er yfir 5 millj. kr., að gefnum ákveðnum forsendum þegar íbúðakaup í heild eru skoðuð. Greiðslubyrðin er svipuð í báðum lánakerfunum fyrir lágtekju- og meðaltekjufólk sem á litlar eignir, að teknu tilliti til vaxtabóta ef kaupverð íbúðar er innan við 5 millj. kr. Greiðslubyrðin er hins vegar lægri í lánakerfinu frá 1986 fyrir hátekjufólk ef það festir kaup á ódýrum íbúðum.

Í þessum samanburði hefur það mikil áhrif að unnt er að fá hærra langtímalán í húsbréfakerfinu en sam-

kvæmt lánakerfinu frá 1986. Þörf íbúðakaupenda fyrir skammtímalán minnka þar með en skammtímalánin hafa mikil áhrif á greiðslubyrðina fyrstu árin og þar með á þá möguleika sem íbúðakaupendur hafa á að eignast þær íbúðir sem þeir festa kaup á. Þessar niðurstöður breyta því þó ekki að ávallt er nauðsynlegt að leita leiða til að aðstoða þá sem þurfa aðstoð við íbúðakaup eins og frekast er unnt. Viðmiðunarmörk í húsbréfakerfinu eru nú 65% af eðlilegu matsverði íbúða. Að mínu mati er reynslan af húsbréfakerfinu hingað til það góð að lítil hætta er á auknum útlánatöpum húsbréfadeildar ef viðmiðunarmörkin eru hækkuð í 75% fyrir verðminnstu íbúðirnar.

Starfshópur ríkisstjórnarinnar sem kannaði ýmsa þætti húsnæðiskerfisins, sem ég nefndi hér áðan, komst að sömu niðurstöðu. Í frv. er gert ráð fyrir að viðmiðunarmörk hækki í 75% einungis ef matsverð íbúða er 6,2 millj. kr. eða lægra en sú fjárhæð sem þá fæst er nokkuð hærri en hámarkslán úr Byggingarsjóði ríkisins í dag. Ef matsverð er 7 millj. 154 þús. kr. eða hærra verði unnt að skipta húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf fyrir allt að 65% af matsverði eins og hingað til. Ef matsverð er á bilinu 6,2 millj. til 7 millj. 154 þús. kr. geti fjárhæð fasteignaveðbréfs verið allt að 4 millj. 650 þús. kr. sem þýðir að viðmiðunarmörkin lækka hlutfallslega úr 75% í 65%. Greiðslubyrði íbúðakaupenda minnkar verulega ef viðmiðunarmörk útgefins fasteignaveðbréfs sem húsbréfadeild tekur í skiptum fyrir húsbréf hækkar úr 65% í 75% vegna verðminnstu íbúðanna eða um 10–15%. Möguleikar lágtekju- og meðaltekjufólks til að kaupa íbúð á hinum almenna markaði aukast verulega vegna þessa, en það er megintilgangur þessara breytinga.

Í ákvæði til bráðabirgða í frv. er fjallað um að tímabundið verði heimilt að aðstoða íbúðaeigendur í greiðsluerfiðleikum með því að gefa þeim kost á að nýta sér húsbréfakerfið til að endurfjármagna íbúðakaup sín. Það er þekkt að mestallan þennan áratug, sem nú er að líða, hafa margar fjölskyldur í landinu átt í miklum greiðsluerfiðleikum. Fjöldi gjaldþrota er til vitnis um það. Ástæður þessara erfiðleika eru margar en mér þykir ekki rétt að fara út í þá sálma hér og nú. Staðreyndin er sú að vandinn er til staðar og við honum verður að bregðast. Greiðsluerfiðleikar íbúðaeigenda hafa í för með sér mikla erfiðleika, jafnt fyrir viðkomandi fjölskyldur og þjóðfélagið í heild. Afleiðingarnar eru oft og tíðum hjónaskilnaðir, upplausn fjölskyldna, veikindi og vinnutap. Gjaldþrot blasir við mörgum íbúðaeigendum sem eru í greiðsluerfiðleikum. Sumir þeirra geta leyst vanda sinn með því að selja íbúðir sínar og fest kaup á annarri íbúð með því að nýta sér húsbréfakerfið. Mörgum íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum gengur hins vegar oft illa að selja þær íbúðir sem teknar hafa verið til uppboðsmeðferðar. Fjárnám og lögtök draga oft úr áhuga íbúðakaupenda. Það frv. sem hér er mælt fyrir getur komið í veg fyrir nauðungaruppboð og gjaldþrot hjá mörgum fjölskyldum.

Allt frá árinu 1985 hafa íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum verið veitt sérstök lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Lánað hefur verið svo til stöðugt úr þeim lánaflokki frá því hann var stofnaður. Lengst af hefur verið veitt sérstakt framlag úr ríkissjóði til fjármögnunar þessa lánaflokks. Samtals hefur íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum verið lánað um 2,8 milljarðar kr. úr þessum lánaflokki, uppreiknað til september 1990. Það má fullyrða að vel hafi tekist til við úthlutun þessa fjármagns en það hefur verið gert í nánu samráði við viðskiptabanka og sparisjóði. Margir íbúðaeigendur hafa fengið úrlausn sinna mála með þessum lánum. Íbúðaeigendur í greiðsluerfiðleikum hafa getað fengið allt að 600 þús. kr. lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Samkvæmt upplýsingum frá ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins eru meðalskuldir íbúðaeigenda í greiðsluerfiðleikum, sem hafa sótt um aðstoð hjá stofnuninni sl. tvö ár, um 3,5 millj. kr. Um 1200 þús. kr. eru skuldir hjá Húsnæðisstofnun, um 800 þús. skuldir við lífeyrissjóði og skammtímalán eru að meðaltali um 1450 þús. 600 þús. kr. lán vegna greiðsluerfiðleika hefur í mörgum tilfellum því ekki dugað til að snúa greiðsluerfiðleikunum nægjanlega vel við hjá mörgum.

Á síðustu missirum hefur það orðið æ algengara að fólk sem hefur fengið lán úr lánakerfinu frá 1986 hafi þurft að sækja um lán vegna greiðsluerfiðleika hjá Húsnæðisstofnun. Þetta stafar af því hvað íbúðaeigendur hafa þurft að taka mikið af skammtímalánum með þeim lánum sem þeir hafa fengið frá Byggingarsjóði ríkisins. Með þeirri leið sem hér er lögð til í frv. er ljóst að húsbréfakerfið getur boðið upp á nýja leið til þess að aðstoða íbúðaeigendur í greiðsluerfiðleikum.

Ég er þeirrar skoðunar að með því að gefa íbúðaeigendum, sem eru í greiðsluerfiðleikum, kost á að endurfjármagna sín íbúðakaup með því að nýta sér húsbréfakerfið sé hægt að koma í veg fyrir mörg nauðungaruppboð og gjaldþrot sem hætta er á að geti verið í uppsiglingu. Ráð er fyrir gert að íbúðaeigendum verði gefinn kostur á því næstu 12 mánuði eftir gildistöku laganna, ef frv. þetta verður að lögum, að gefa út fasteignaveðbréf sem unnt verði að skipta fyrir húsbréf. Þannig geti þeir, sem verði lánshæfir, greitt upp eða inn á þær skuldir sem valda mestri greiðslubyrði. Fjárhæð fasteignaveðbréfsins verði þó aldrei hærri en þörf er á til að umsækjandi geti staðið undir greiðslubyrði skulda sinna miðað við þær reglur sem húsbréfadeild setur um greiðslugetu íbúðakaupenda. Skilyrði fyrir afgreiðslu er að fjárhagsvandi umsækjenda sé til kominn vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði miðað við fjölskylduaðstæður, fyrirliggjandi skipti á húseignum fyrir fasteignaveðbréf leysi greiðsluvanda umsækjenda, skuldaeigendur samþykki greiðslu skulda umsækjenda með húsbréfum, umsækjandi uppfylli skilyrði um greiðslugetu og að íbúð uppfylli skilyrði um veðhæfni.

Að lokum vil ég segja, virðulegi forseti, að ég tel að með samþykkt frv. muni húsbréfakerfið í verulegum mæli geta leyst af hólmi lánakerfið frá 1986. Fleiri munu eiga möguleika á íbúðakaupum á hinum almenna markaði en eiga möguleika á því samkvæmt

lánakerfinu frá 1986. Með þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um félagslega íbúðarkerfið sl. vor og með samþykkt þessa frv. hefur það bil sem var á milli félagslega kerfisins og lánakerfisins frá 1986 að mestu verið brúað.

Með frv. þessu er einnig verulega komið til móts við fjölda íbúðaeigenda sem eiga í greiðsluerfiðleikum og sjá að óbreyttu fram á gjaldþrotauppboð á eignum sínum verði ekkert að gert.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég skildi ekki allar þær lykkjur sem komu á ræðu hæstv. félmrh. þegar hann var að bera saman hvaða kjör húsbyggjendur byggju við eftir því hvenær þeir keyptu sínar íbúðir. Það var að heyra á hæstv. félmrh. að þau greiðsluvandamál sem hefðu hlaðist upp hér á landi vegna íbúðakaupa eða bygginga væru til komin vegna laganna frá 1986. Það væri þungi þeirra sem hefði lent í sérstökum greiðsluerfiðleikum. En hæstv. ráðherra minntist ekki einu einasta orði á það að aðalþunginn af greiðsluerfiðleikalánunum á sér lengri sögu, á rætur sínar til þess að Alþfl. beitti sér fyrir því að öll húsnæðislán voru verðtryggð og vísitölutryggð að fullu. Þetta er ekki fyrsti húsnæðisráðherra Alþfl. sem hefur leikið Byggingarsjóð ríkisins grátt. Við munum eftir viðskilnaði Magnúsar Magnússonar meðan hann gegndi því embætti og við munum auðvitað líka eftir viðskilnaði Svavars Gestssonar.

Ég veit satt að segja ekki hvað ég á að fara langt aftur í máli mínu til þess að hrekja einstakar fullyrðingar hæstv. ráðherra. Staðreyndin er sú að hæstv. félmrh. hefur vanrækt þær embættisskyldur sínar að treysta fjárhagslegan grundvöll Byggingarsjóðs ríkisins. Hann hefur fallist á það að framlög til þessa sjóðs af fjárlögum hafa verið skorin við nögl. Mig minnir að í fjárlagafrv. nú sé ekki ein einasta króna til Byggingarsjóðs ríkisins. Hann hefur vanrækt að afla fjár til þess að sjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þeim mönnum sem höfðu sótt um lán úr sjóðnum samkvæmt þeim samningi sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu 1986. Og hann hefur með margvíslegum öðrum hætti unnið að því að skapa margvísleg og mjög mismunandi kjör þess fólks sem þarf að kaupa, leigja eða reisa sér hús. Við búum við margvísleg kerfi.

Nú skulum við líta á eina fullyrðingu ráðherrans. Hann segir að þeir sem búi við húsbréf, samkvæmt þessu frv., muni búa við betri aðstæður en þeir sem keyptu hús samkvæmt lögunum 1986. Það væri fróðlegt að fá fyllri upplýsingar um það. Samkvæmt lögunum frá 1986 var gert ráð fyrir því að lán með 3,5% vöxtum til 40 ára mættu vera allt að 70% hjá þeim sem ekki áttu byggingu fyrir. Hér er talað um í 2. gr. fyrir allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteigna ef matsverð er kr. 6,2 millj. eða lægra, fyrir allt að 4 millj. 650 þús. ef matsverð fasteignar er á bilinu 6,2–7,1 o.s.frv. Og enn er skorið niður ef c-liður er lesinn. Það er auðvitað alveg ljóst að þarna er verið að skerða möguleika húskaupenda og húsbyggjenda til lántöku.

Það er líka alveg út í hött þegar ráðherra segir að það sé billegra, lægri greiðslubyrði á láni sem er með 7% vöxtum og afföllum að auki og er til 25 ára en láni sem er til 40 ára með 3,5% vexti. Eigum við að hugsa okkur það að maður kaupi hús og þurfi að taka að láni hjá Húsnæðisstofnun 5 millj. kr. Benjamín Eiríksson skrifar um það í Morgunblaðið í gær þegar hann er að svara spurningum hæstv. forsrh. að stundum verði að tala barnamál. Ef vextirnir eru 7% af 5 millj. eru þeir sennilega 350 þús. á ári. Ef vextirnir eru helmingi lægri, 3,5%, maður deilir með 2 í 7 og fær 3,5 og deilir síðan með tveimur í 350 þúsund, þá verða vextirnir auðvitað helmingi lægri, 175 þús. kr. Ef við viljum svo leika okkur svolítið lengur. Greiðslubyrði af jafnháu láni, 5 millj. kr., sem er til 40 ára er 125 þús. kr. Greiðslubyrði af láni sem er upp á 5 millj. og er til 25 ára eru 200 þús. kr. Þó ég taki ekki tillit til neinna affalla sem eru á húsbréfum, þá eru vextir og greiðslubyrði af húsbréfaláninu 500 þús. en vextir og greiðslubyrði af láninu samkvæmt lögunum frá 1986 300 þús. kr. Það munar 200 þús. kr.

Hvað skyldi nú t.d. kennari þurfa að vinna lengi fyrir 200 þús. kr. sem hann ekki ætti nettó? Skatturinn hjá ríkisstjórninni núna er kominn upp í 40%. 60% eru þá 200 þús. Við getum prófað að deila með 6 í 200. Þá fáum við út úr því 333 þús. 333 kr. eða 34 eftir því hvort ríkisféhirðir hækkar upp. Hver eru mánaðarlaunin hjá kennurum? Eru þau 60 þús. á mánuði? Ef þau eru það, þá tekur það kennara fimm mánaðarlaun að vinna fyrir þeim mismun sem er á greiðslubyrðinni samkvæmt lögunum frá 1986 og húsbréfunum. Þó tökum við ekki inn í dæmið afföllin á húsbréfunum. En hver eru þau? Áður en ráðherrann hækkaði vextina núna í nýja lánaflokknum, þá voru afföllin af húsbréfunum, með þeim sköttum sem ríkið tók, þó maður sleppi þinglýsingunni og þeim sköttum sem þar liggja, stimpilgjaldinu og öllu því, bara það sem var tekið í veðdeild Landsbankans og á þeim slóðum 12,33%. Þannig að af hverri millj. sem viðkomandi fékk í húsbréf tók ríkissjóður til baka 123 þús. 300 kr. Það er ekki svo lítið.

Ég hafði staðið hér upp til þess að taka undir með hæstv. ráðherra að nauðsynlegt er að koma til móts við þá sem eru í greiðsluerfiðleikum. Fólk er í greiðsluerfiðleikum af ýmsum sökum. Fólk sem hefur verið að byggja, fólk sem á íbúðarhúsnæði, getur orðið fyrir margvíslegum áföllum sem hafa valdið því að fólki gengur illa að standa við skuldbindingar sínar. Það er auðvitað rétt hjá ráðherra að sumir sem keyptu íbúð, eða byggðu, og fengu lán samkvæmt lögunum frá 1986 hafa lent í greiðsluerfiðleikum. Það hefur líka fólk gert sem fær verkamannabústaði. Ástæðan fyrir því að fólk sem fær verkamannabústaði lendir í greiðsluerfiðleikum til að byrja með og þarf kannski á aðstoð að halda er mjög einföld. Það er ekki óalgengt ef fólk kaupir í verkamannabústöðum nýja íbúð, þriggja herbergja íbúð, að það þurfi að staðgreiða eina millj. áður en það fær að fara inn í íbúðina. Og auð-

vitað gefur það auga leið að fólk sem hefur verstu kjörin á erfitt með að standa undir slíkum greiðslum um leið og það kemur inn í íbúðina líka vegna þess að þetta fólk var illa undir það búið að leggja í slíka fjárfestingu.

Ég get ekki séð, herra forseti, að þetta nýja kerfi sé betra en það gamla. Gamla kerfið var þannig að sá sem átti í greiðsluerfiðleikum fékk lán með 3,5% vöxtum, mig minnir til 40 ára, eða var það til 25? Sá sem fær greiðsluerfiðleikalán nú verður að greiða 7% vexti og verður að sæta 10% afföllum samkvæmt yfirlýsingu ráðherra sjálfs. Ríkið byrjar því fyrst á að taka 100 þús. kr. af fyrstu milljóninni áður en hægt er að nota þessa peninga til þess að mæta greiðsluerfiðleikum. Ég er á hinn bóginn sammála hæstv. ráðherra um það að nauðsynlegt sé að koma til móts við þetta fólk og óverjandi að hrekja það út úr sínum íbúðum í aðrar íbúðir til þess að geta komist inn í húsbréfakerfið úr því að búið er að leggja niður, fyrir atbeina hæstv. ráðherra, þau eðlilegu húsnæðislán sem stofnað var til með lögunum frá 1986.

En það er annað í þessu sem er nauðsynlegt að íhuga líka. Þegar lögin frá 1986 voru sett, og ég tala ekki um þegar tekjuskattslögunum var breytt þannig að húsnæðisbætur voru teknar upp í stað þess að hafa fjármagnskostnað frádráttarbæran, voru kjör manna á hinum almenna húsnæðismarkaði tiltölulega jöfn. Þegar við vorum að ræða um það að við ætluðum að reyna að halda vöxtum af húsnæðislánum niðri í 3,5% var það út frá þeirri hugsun að við gætum á hverjum tíma fylgst með því í gegnum fjárlagaafgreiðslu hversu háum fjárhæðum við verðum til þess að greiða niður vextina. Það var með öðrum orðum gert ráð fyrir því að leita eftir lánunum út á hinn almenna lánamarkað, til lífeyrissjóðanna. Síðan var hugmyndin að Alþingi legði í byggingarsjóðina nægilegt fjármagn til þess að ekki safnaðist upp, eins og nú er oft sagt, uppsafnaður vandi þar, til þess að Alþingi gæti á hverjum tíma fylgst með því hversu niðurgreiðslurnar af húsnæðislánunum væru miklar. Og auðvitað var þetta rétt hugsun svo langt sem hún náði. Þetta var rétt hugsun ef gengið var út frá því að Alþingi og ríkisstjórn vildu horfast í augu við þær skuldbindingar sem ríkissjóður og byggingarsjóðirnir tóku á sig með því að fjármagna húsnæðiskerfið með kaupum á skuldabréfum úti á hinum frjálsa markaði, aðallega hjá lífeyrissjóðunum. Nú hefur það gerst á meðan þessi hæstv. félmrh. situr sem nú er að ríkisstjórnin hefur gefist upp við þetta verkefni. Ráð ráðherrans eru að hækka vexti á öllum þeim lánum sem veitt eru í gegnum Byggingarsjóð ríkisins.

Við skulum aðeins núna átta okkur á hvernig myndin blasir við. Ef keypt er í gegnum félagslega kerfið — og nú þarf ég auðvitað ekki að taka það fram hér í þessum ræðustól svo oft sem ég hef gert það að ég tel nauðsynlegt að við séum með verkamannabústaði, félagslegt kerfi, til þess að hlaupa undir bagga hjá þeim sem verst eru staddir, til þess að þeir geti eignast húsnæði, borið höfuðið hátt eins og hver og einn vill. Þeir sem eru í félagslega kerfinu, verkamannabústöðum, kaupleiguíbúðum, búsetaíbúðum, borga 1% í vexti og þau lán eru til 50 ára. Afborgunarlaus, ef ég man rétt, fyrstu tvö eða þrú árin a.m.k. verkamannabústaðirnir. Ef við tökum 5 millj. kr. lán þýðir það það að vextir eru 50 þús. og afborgun er 100 þús. á þeim lánum sem eru til 50 ára, 150 þús. kr. afborgun á ári. Við erum að tala um innan við 13 þús. kr. greiðslubyrði á mánuði af 5 millj. kr.

Síðan er annar málaflokkur fyrir næsta hóp sem ráðherra vill að hafi það gott, það heita búsetaíbúðir og ég held kaupleiguíbúðir sem ráðherrann vill að njóti sérstakra kjara. Þá erum við að tala um 4,5% vexti ef viðkomandi hefur mjög háar tekjur, má hafa eins háar tekjur og verkast vill. Ráðherrann hefur stundum talað mikið um tannlækna, það getur þess vegna verið að tveir tannlæknar gifti sig, þeir fá að búa við 4,5%, og eru ekki þau lán einnig til 50 ára? Er það rétt munað? Síðan kemur allur almenningur, þeir sem ekki falla inn í hugsjónaramma ráðherrans. Það er fólk sem á í greiðsluerfiðleikum. Það á að bera 7% vexti og 10% afföll. Og það eru aðrir þeir sem kaupa íbúðarhúsnæði úti á hinum almenna vinnumarkaði. Það fólk á að borga af 5 millj. 350 þús. kr. í vexti á móti 50 þús. kr. hjá þeim sem heppnastir eru.

Nú sjá auðvitað allir að mismunun þegnanna af þessu tagi gengur ekki upp. Og alls ekki þegar svo er komið í fyrsta lagi að búið er að hækka tekjuskattinn svo að hann er orðinn 40% af tekjum. Með því sem lífeyrissjóðir og verkalýðsfélög taka til sín erum við farin að tala um 45–47% af tekjum, fyrir utan það að ríkisstjórnin hefur mjög skorið við nögl það sem skattfrjálst er, fært skattleysismörkin niður á sl. tveimur árum. Síðan hefur skattbyrðin í landinu vaxið um 120 þús. kr. á fjögurra manna fjölskyldu. Fólk hér á landi núna sem lifir af launum sínum, kaupmáttur hefur rýrnað um 20%, hefur ekki fjármuni til þess að greiða þennan mismun bótalaust, hefur bara ekki peninga til þess. Og úr því að það er komið í ljós að ráðherrum og meiri hluta Alþingis hefur ekki verið trúandi fyrir því að passa upp á fjárhagslegan grundvöll byggingarsjóðanna er nauðsynlegt að vextir verði á nýjan leik frádráttarbærir í gegnum skattkerfið. Þá verður ríkissjóður þvingaður til þess að horfast í augu við þau útgjöld frá ári til árs sem því fylgir að hafa niðurgreidda vexti og koma þar með til móts við þá sem eru að reyna að eignast þak yfir höfuðið. Þá kemur auðvitað meira í hlut þeirra sem hafa þyngri vaxtabyrðina, þetta er augljóst. Eins og þetta er núna er húsnæðiskerfið byggt upp þannig að þeir sem búa við bestu kjörin að þessu leyti njóta mestu vaxtabóta og eftir því sem efnin vaxa og greiðslubyrðin þyngist af óhagstæðari lánum minnkar hagræðið og þeir sem verst eru staddir fá ekki eyri endurgreiddan. Ég veit að þetta er augljóst fyrir öllum þeim sem þekkja til þess að ungt fólk hefur svo lengi sem elstu menn muna reynt að koma fótunum undir sig hér á landi með því að vinna mikið, leggja mikið á sig og í gegnum þær tekjur sem mikil vinna skapar tekist að búa sæmilega vel um sig.

Ég hygg, herra forseti, að ég hafi hér gert grein fyrir mínum sjónarmiðum með fullnægjandi hætti. Úr því sem nú er komið er óhjákvæmilegt að gefa fólki kost

á að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum með húsbréfum. Auðvitað er það dýrari lausn en hin sem áður var, að veita greiðsluerfiðleikalánin eins og þau voru veitt, dýrari fyrir fólkið. En ríkisstjórnin hafði ekki hug á að mæta þeim þörfum nú á þessu ári. Í orðaskiptum sem fóru fram milli mín og hæstv. ráðherra á vordögum kom fram að ríkisstjórnin hefur ekki hugsað fyrir því að mæta þörfum þeirra sem ekki höfðu lagt fyrir umsóknir um greiðsluerfiðleikalán í febrúar, ef ég man rétt. Það hefur ekki verið afgreitt eitt einasta greiðsluerfiðleikalán hygg ég í Húsnæðisstofnun í eitt ár eða svo, eða a.m.k. ekki hjá því fólki sem sótti um eftir 28. febr., kannski fyrr. Margir hafa lent í verulegum erfiðleikum af þeim sökum. Sumir eru nú við það að missa húsnæði sem höfðu ástæðu til að ætla að þeir gætu fengið úrlausn hjá Húsnæðisstofnun á þessu ári. Ég held því að það sé nauðsynlegt að hraða þessu frv., hæstv. forseti, um leið og einstök atriði eru gaumgæfð. Þetta er það sem þessi ríkisstjórn treystir sér til að ganga lengst fyrir þetta fólk og við megum auðvitað engan tíma missa til að koma því til hjálpar.

Að síðustu aðeins þetta. Það er alltaf gaman að heyra hæstv. ráðherra fara með tölur. Ég tala nú ekki um þegar hæstv. ráðherra vitnar í einhverjar nefndir úti í bæ sem komast að þeirri niðurstöðu að það sé betra að borga 7% vexti en 3,5%. Ég er hins vegar ekki nægilega mikill, hvað á ég að segja, reiknimeistari til þess að ég nenni svona á stundinni að reyna að taka afföllin af húsbréfunum inn í dæmið en ég held að það væri greiði hæstv. ráðherra við það orðspor sem fer af málflutningnum að hætta þessum samanburði og reyna að halda sig við reikningslegar staðreyndir. Ég held að við verðum hér eftir sem hingað til að sætta okkur við að tvisvar sinnum tveir eru fjórir og tveir plús tveir eru fjórir og getum ekki breytt þeim grundvallarstaðreyndum í íslenskri reikningslist.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er þessi árlegi viðburður hér á hv. Alþingi sem er kominn á dagskrá hjá okkur, þ.e. hæstv. félmrh. leggur fram sitt árlega bútafrv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það hefur margoft komið fram og verið gagnrýnt hversu slæmt það er að það skuli alltaf þurfa að vera að betrumbæta og lappa upp á þetta frv. sem er greinilega löngu, löngu búið að ganga sér til húðar og þarf allsherjar uppskurðar við ef á að bæta úr í þessum efnum.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur nú í ítarlegu máli fjallað í raun og veru efnislega um ástandið í þessum málum eins og þau birtast okkur þessa síðustu daga. Við höfum einnig fengið að heyra það í fréttum hversu erfitt hæstv. félmrh. hefur átt uppdráttar innan ríkisstjórnarinnar til þess að fá skilning á sínum viðhorfum til þessara mála þar.

Frv. var dreift í gær og hér er, eins og fram hefur komið, um mjög mikilvægt mál að ræða. Þess vegna hefði auðvitað verið æskilegt og nauðsynlegt fyrir þingmenn að fá tíma til að kynna sér einstök efnisatriði í þessu frv. til þess að vera fær um að ræða það hér efnislega í einstökum atriðum. Það hefði verið freistandi að óska eftir því að fresta umræðu um þetta mál og ég verð að viðurkenna að það voru í raun og veru mín fyrstu viðbrögð þegar ég sá að málið var komið á dagskrá. En ég ætla samt ekki að biðja um það. Ég ætla að sætta mig við að málinu verði vísað til nefndar nú því ég tel að það sé brýnt að fjalla um þetta mál og gaumgæfa einstaka þætti þess í þeirri trú að hér sé þó verið að bæta um, sérstaklega fyrir þá aðila sem þurfa mest á skjótum úrbótum að halda og eru mjög illa settir varðandi fyrirgreiðslu í þessum málum, eins og kom reyndar skýrt fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. Það gefst þá væntanlega tími til þess að ræða frekar og almennara um húsnæðismál okkar Íslendinga, eða húsnæðislánamál, við 2. umr. þessa máls. En ég get ekki neitað því að mér finnst þetta eiginlega vera farið að horfa þannig við gagnvart því fólki sem þarf að leita eftir lánum til þess að eignast þak yfir höfuðið að það minnir á einhvers konar betligöngur eins og margir kvörtuðu undan og ekki síst sveitarstjórnarmenn þegar þeir þurftu að leita til fjvn. Alþingis á hverju hausti og þótti mörgum miður og allir voru sammála um að þyrfti að breyta varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. En þannig er það með þennan málaflokk að það er eins og fólk sé að betla peninga en ekki að það sé sjálfsagður hlutur að geta gengið inn í bankann sinn og fengið þar fyrirgreiðslu til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er sennilega langt í að maður sjái þann draum rætast. En vonandi kemur þó að því fyrr en síðar að þetta kerfi verði það einfalt að ekki þurfi þessa flóknu pólitísku úthlutunarstofnun sem Húsnæðisstofnun er eins og henni er fyrir komið í dag.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að fjalla frekar um þetta mál hér við 1. umr. eins og ég sagði áðan. Ég hafði nefnt það í tveggja manna tali við hæstv. ráðherra að ég mundi jafnvel óska eftir að þessari umræðu yrði frestað en ég ætla ekki að óska eftir því. Ég mun heldur reyna að taka mér tíma síðar til þess að gaumgæfa þessi mál.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, 6. þm. Reykn., þá kom þetta frv. inn á borð til okkar síðdegis í gær. Því hefur ekki gefist tími til að íhuga það sem skyldi en mun vafalaust verða gert bæði í nefnd og í seinni umræðum.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að undirstrika að ég álít að það sé mjög nauðsynlegt að fólk sem hefur litla tekjumöguleika hafi líka möguleika á að fá þak yfir höfuðið á sama hátt og allt annað fólk. Það fólk hefur aðeins einn möguleika á því og það eru félagslegu íbúðirnar. Því skulum við ekki gera of lítið úr þeim möguleikum sem félagslega íbúðarkerfið getur veitt fólki. Á hinn bóginn er mér líka ljóst að 7% vextir geta verið mjög þungur baggi á venjulegu húsbréfafólki. Og ekki síst að það skuli vera 10% afföll af húsbréfunum, þ.e. að maður skuli þurfa að borga 10%, 100 þús. kr., af hverri milljón í afföll. Þetta finnst mér vera dálítið sár galli.

Mér virðist það vera mjög gott að í 1. gr. þessara laga skuli standa að endurbætur á notuðu íbúðarhúsnæði skuli líka falla undir þessi lög því fjöldinn allur af fólki sem hefur fengið lán til þess að kaupa gamalt húsnæði fékk hungurlús þegar þau voru veitt, þ.e. G-lánin svokölluðu sem veitt voru hér í byrjun þessa áratugar voru svo lág að þau hjálpuðu fólki lítið í kaupum á íbúð. Nú hefur það fólk möguleika á að rétta hlut sinn að nokkru.

En þetta frv., eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi réttilega, gengur eins langt og núv. ríkisstjórn treystir sér til að ganga. Og þó við vildum gjarnan að það gæti gengið lengra þá fagna ég því að það er fram komið og held að það sé nauðsyn.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég fór vitlaust með tölur sem ég kann betur við að leiðrétta þegar í stað. Húsbréfin hafa verið 5,75% og eru 6% að nafnverði, en það þýðir 7% raunvextir. Þannig að sá samanburður sem ég gerði á 7% raunvöxtum og 3,5% stendur. Á hinn bóginn er ekki um frekari afföll að ræða. Ég vil að þetta komi fram. Þarna var um smámisminni að ræða sem ég biðst afsökunar á.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta frv. og þær undirtektir sem það hefur fengið. Sérstaklega fagna ég orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. um að þessu frv. verði hraðað í gegnum þingið. Ég sé þó ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara nokkrum orðum um það sem fram kom í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals og þær tölur og þann samanburð sem fram kom í hans máli hér sem ég tel vægast sagt mjög villandi.

Ég tel, hv. þm., að það sé mjög villandi að bera saman 3,5% vexti í þessu almenna lánakerfi frá 1986 og tala síðan um 7% raunvexti í húsbréfakerfinu og reikna dæmið einungis út frá þeim forsendum. Hv. þm. verður einnig að taka með í reikninginn heildarskuldir viðkomandi vegna íbúðaröflunar. Á því er reginmunur hvað lánshlutfall í lánakerfinu frá 1986 getur verið hátt og hvað hátt er það fasteignaveðbréf sem fólk getur skipt fyrir húsbréf.

Í lánakerfinu frá 1986 fær fólk hámarkslán vegna notaðrar íbúðar 3,2 millj., ef það er að kaupa í fyrsta sinn, annars einungis 2,2 millj. Hvað þýðir þetta, hv. þm.? Þetta þýðir að fólk þarf í verulegum mæli að leita til bankanna eftir viðbótarlánum, eftir skammtímalánum til að brúa það bil sem er á þeim lánum sem það fær úr Byggingarsjóði ríkisins og verði íbúðarinnar. Fólk þarf því að leita eftir skammtímaláni í bönkum, kannski upp á 1–2 millj., til viðbótar því sem það fær úr 86-kerfinu til þess að geta keypt sér íbúð. Og það hefur verið reiknað út að fólk borgar ekki 3,5% vexti þegar það kaupir sér íbúð. Ef heildarskuldir þess eru skoðaðar eru meðalraunvextir, þegar þessi skammtímalán eru einnig tekin, 6–7% en ekki 3,5%. Og það er einmitt það sem ég var að ræða um, hv. þm., þegar ég sagði að m.a. mætti rekja þá greiðsluerfiðleika sem fólk er í til þess að það hefur fengið mjög lágt hlutfall af íbúðinni lánað. Og fólk sem hefur t.d. fengið lán úr lánakerfinu 1986 er komið í greiðsluerfiðleika þess vegna.

Ég vil líka segja það, hv. þm., að greiðsluerfiðleikalánin, það hafa verið um 600 þús. sem fólk hefur fengið, leysa ekki vanda a.m.k. mjög margra sem eru í miklum greiðsluerfiðleikum nú. Vegna hvers ekki? Vegna þess að meðalskuldir hjá þessu fólki eru 3,5 millj., skammtímaskuldir 1450 þús. í bönkum sem þetta fólk getur ekki nema að hluta til losnað við með 600 þús. kr. láni sem það hefur fengið hjá Húsnæðisstofnun, ekki nema að hluta til. Og þetta fólk verður fljótlega komið í greiðsluerfiðleika aftur. Ég tel að hér sé um raunhæfa leið að ræða til að leysa varanlega greiðsluerfiðleika þessa fólks vegna þess að með húsbréfunum væri t.d. hægt að leysa skammtímaskuldir upp á 1,5 millj., sem er það þyngsta hjá þessu fólki, með því að fara þá leið sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Á þessu er því verulegur munur og ég tel að þó að við hefðum kannski einn milljarð til þess að veita hin hefðbundnu greiðsluerfiðleikalán, sem væru að upphæð 600 þús. kr., þá gerði það miklu minna til þess að leysa vanda þessa fólks en ef farin yrði sú leið sem ég hér mæli fyrir.

Við verðum líka til þess að líta að þó vextirnir séu hærri í húsbréfakerfinu en lánakerfinu frá 1986 fyrir þetta fólk, þá fær fólk með lágar og meðaltekjur vaxtabætur. Og af því að hv. þm. nefndi það að vaxtabæturnar væru bara fyrir hátekjufólk, ef ég skildi hann rétt, þær væru mestmegnis fyrir hátekjufólk, þá liggur fyrir úttekt frá fjmrn. um hvert þessar vaxtabætur gengu á síðasta ári. Þetta voru um 15 þús. einstaklingar, einstæðir foreldrar og hjón sem fengu þessar vaxtabætur og að $^3/_4$ hlutum runnu þessar upphæðir, vaxtabæturnar, til fólks með lágar og meðaltekjur. Einstæðir foreldrar voru að meðaltali með um 800 þús. kr. í tekjur og eign upp á milljón. Og svipað var hjá einhleypum. Þar voru meðalmánaðarlaun um 90 þús. kr. og skuldlaus eign upp á eina milljón. Hjá hjónum voru meðalmánaðarlaun 177 þús. kr. og meðaleign þessa fólks 2 millj. Það er til þessa hóps fólks sem ég hér nefni sem verulegur hluti af vaxtabótunum gekk. Þessi hópur telur um 10 þús. af þeim 15 þús. sem fengu vaxtabætur sem voru með tekjur á þessu bili: Einstæðir 80–90 þús. og hjón með saman um 177 þús. og eignir þessa fólks 1–2 millj. kr. Það er þetta fólk sem fékk að verulegu leyti vaxtabæturnar.

Ég vil einnig nefna það, vegna þeirra orða sem hér féllu um að þetta væri það lengsta sem ríkisstjórnin gæti gengið til að bjarga þessu fólki og maður mátti skilja að hin hefðbundna leið sem hefði verið farin í gegnum greiðsluerfiðleikalánin væri betri og þetta mundi kannski ekki leysa vanda þessa fólks. Það þyrfti að borga 5,75% vexti o.s.frv., var hér sagt. Hvaða vexti þarf þetta fólk að borga núna af þessari 1,5 millj. sem það er með að meðaltali í skammtímaskuldir? Hvaða vexti þarf þetta fólk að borga? Hverjir eru vextirnir t.d. í bönkunum? Allt að 9,5% meðalraunvextir í

bönkum, af verðtryggðum skuldabréfum 8,2%. Hér erum við að tala um 6% vexti. Þetta fólk fær lánað til 25 ára og þetta mun leysa skammtímaskuldir þess.

Og ég vil í lokin, virðulegi forseti, ræða hér um afföllin sem fram komu hjá hv. þm. Halldóri Blöndal og hjá hv. 18. þm. Reykv. Mér finnst gæta verulegs misskilnings þegar verið var að ræða um þessi afföll. Staðreyndin er sú að þeir íbúðakaupendur sem hingað til hafa fengið sína fyrirgreiðslu í gegnum húsbréfakerfið hafa ekki borið þessi afföll. Þeir hafa alls ekki borið þessi afföll vegna þess að þeir skrifa undir fasteignaveðbréf með 5,75% vöxtum. Það eru þeir vextir sem þetta fólk greiðir. Ef íbúðaverð hefði hækkað á þessum tíma, ef þetta fólk sem er að kaupa íbúðirnar hefði þurft að bera þetta í hækkuðu íbúðaverði, þá væri hægt að tala um afföll. En íbúðaverð hefur ekki hækkað vegna þess að seljendur fá greiðslu fyrir sínar íbúðir á tiltölulega skömmum tíma, innan við ári oft, sem má heita nánast staðgreiðsla. Þess vegna er ekki rétt hjá hv. þm. að tala um afföll í þessu sambandi. Og af því að ég sé að hv. þm. trúir ekki orðum mínum og hristir höfuðið, þá vil ég bera fyrir mig Morgunblaðið, hans eigið málgagn, sem hann væntanlega trúir á. Þar kemur fram í fréttaskýringu sem er skrifuð af Þórhalli Jósefssyni, sem mér skilst nú að sé einn af húsnæðisspesíalistum Sjálfstfl., niðurstaða af könnun sem Morgunblaðið hefur látið gera. Þar er verið að bera saman húsbréfin og hefðbundin kjör og afföll í því sambandi, og segir í fyrirsögn, hv. þm., að hér sé um nánast sömu afföll að ræða og verið hefur með hinum hefðbundnu kjörum áður en húsbréfakerfið kom til. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að hv. þm. skilji og þeir sem tala hér hátt um afföll af húsbréfum. Hér er þetta borið saman mjög nákvæmlega og þar er talað um að fólk fékk, áður en húsbréfakerfið kom til, 75% af verði íbúðarinnar borguð út á heilu ári, vaxtalaust, og afganginn fékk seljandinn í handhafaskuldabréfi, óverðtryggðu. Niðurstaðan af þessum samanburði sem Morgunblaðið fékk tvo óskylda aðila til að gera, þ.e. Fasteignamat ríkisins og Landsbréf hf., er athyglisverð. Þessir aðilar komast að nánast sömu niðurstöðu, að núvirði sem seljandi fær vegna íbúðar sem kostar 7 millj. er nánast það sama með hinum hefðbundnu kjörum og með kaupum á húsbréfum. Og það er vegna þess að seljendur fá þetta nánast staðgreitt. Þess vegna hefur þetta ekki kallað á hækkun á fasteignaverði. Þess vegna hafa íbúðarkaupendur ekki þurft að bera þessi afföll. Þess vegna eru þeir vextir sem íbúðakaupendur bera gegnum húsbréfakerfið ekki 7% heldur hafa verið 5,75 og eru í næsta flokki 6%. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að fólk skilji og eins það að þó að vextirnir séu 6% þá er fólk núna í þeirri stöðu sem er að missa sínar eigur að það er með skammtímaskuldir í bönkum sem bera töluvert hærri vexti þannig að þetta fólk hlýtur að vera miklu betur sett ef þetta frv. verður að lögum. Ég tel reyndar ljóst að þetta geti forðað mörgum fjölskyldum frá því að missa íbúðir sínar í gjaldþrot.

Þetta finnst mér mikilvægt að fram komi og ítreka að það er villandi og ósanngjarnt að bera saman vextina í 86-kerfinu og í húsbréfakerfinu. Hv. þm. verður að taka með hvaða fyrirgreiðslu fólk fær, hvað hátt lánahlutfallið er í báðum kerfum fyrir sig og hvað mikil skammtímalánin eru sem fólk þarf að leita eftir í bönkum ef fyrirgreiðslan er í gegnum 86-kerfið. Annars er samanburðurinn villandi og ósanngjarn, hv. þm.

Í lokin þakka ég fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um þetta mál og vænti þess að þetta frv. fái fljóta og góða afgreiðslu hér í hv. deild.

Halldór Blöndal:

Það eru einungis þrjú atriði, herra forseti. Ég er fullkomlega sammála hæstv. félmrh. um að fjöldi fólks er að missa íbúðir sínar og það er auðvitað átakanlegt að ríkisstjórnin skuli ekki hafa treyst sér til þess að halda áfram að veita greiðsluerfiðleikalán á þessu ári. Nú verður þetta fólk að sæta því að fá greiðsluerfiðleikalánin með afföllum, með 10% afföllum er hér talað um, sem gerir 7% raunvexti á greiðsluerfiðleikalánunum. Og ég skora á hæstv. ráðherra að neita því. Er það ekki rétt að samkvæmt reikningum félmrn. verða þessi bréf með 10% afföllum og raunvextir þar með 7% hjá greiðsluerfiðleikafólkinu? Þetta er bara það sem er gefið upp af sjálfu ráðuneytinu og enginn tilbúningur, hvorki frá mér né öðrum hér inni. (**Félmrh.:** Taktu vaxtabætur með og vexti af skammtímalánum.) Vaxtabætur koma ekki á greiðsluerfiðleikalán. Þetta er nú alger misskilningur. Og 9% vextir koma þessu máli ekkert við. Staðreyndin er sú að ráðherrann hefur ekki staðið við að útvega fjármagn á þessu ári til þess að hægt væri að halda áfram að veita greiðsluerfiðleikalán með eðlilegum hætti. Og nú eru þau veitt með 7% raunvöxtum í stað 3,5% raunvaxta áður. Svo einfalt er það.

Ég held að ég verði bara aftur að vitna í kunnan hagfræðing. Ég held að ég sé ekki góður kennari að mér skuli ekki takast að útskýra fyrir ráðherranum að það sé verra að borga 7% vexti en 3,5% vexti. Þá þarf greinilega einhvern betri kennara til þess en mig.

Í öðru lagi er það ljóst að fram að þessu hefur verið hægt að fá lífeyrissjóðslán. Ef við tölum um gamla kerfið með 3,5% vöxtum, afborgunarlaust í þrjú ár, með annuitets-lánum til fjögurra ára, þá hefur greiðslubyrðin verið léttari og jafnari til að byrja með heldur en með því að kaupa húsbréf með þeim afföllum sem við erum að tala um. Afföllin voru 12,33% meðan vextirnir voru 5,75%. (Gripið fram í.) Við getum auðvitað leikið okkur að tölum. Það er auðvitað hægt að finna upp einhverjar tölur. En aðalatriðið er þetta að ráðherranum finnst rétt að þeir sem eru að afla sér íbúðarhúsnæðis greiði 7% vexti af fénu. Og ráðherrann telur rétt að laga fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins með því að hækka lánin sem þar hafa verið veitt. Ráðherrann telur að 3,5% vextir af húsnæðislánum séu of lágir vextir. Þessu er ég einfaldlega ósammála.

Úr því að við heykjumst á því að halda við þá stefnu er óhjákvæmilegt, eins og ég sagði áðan, að vextir séu frádráttarbærir. Ef við tökum 7% vextina, hvað er það af 5 milljónum? Það eru 350 þús. kr. Heldur ráðherrann að einhver sem hefur 80 þús. kr. á mánuði hafi

efni á því að greiða slíka vexti af sinni íbúð? Það fólk sem svo háa vexti greiðir fær engar vaxtabætur. Það er kjarni málsins.

Og svo þetta síðasta, þegar ráðherrann segir að seljandinn borgi ekki afföll af húsbréfum og heldur því fram að hann hafi ekki hækkað íbúðarverð. Getur ráðherrann útvegað mér þriggja herbergja íbúð á sama verði og í fyrra? Eigum við að fara hér á markaðinn, tala við byggingarverktakana? Eigum við að spyrja verktakana að því hvort nýjar íbúðir núna séu á sama verði og í fyrra, þriggja herbergja íbúð, ný? Ekki er hún það hjá verkamannabústöðunum. Er þá félagslega kerfið að svindla á fólkinu? Úti á hinum almenna markaði hafa íbúðir hækkað. Í staðinn fyrir það að menn gátu áður keypt íbúðir með 3,5% vöxtum til 40 ára, annuitets-lán, afborgunarlaus í þrjú ár, verða þeir núna að sætta sig við 7% raunvexti eftir þeim hugmyndum sem ráðherrann er með. Þetta er kjarni málsins. Þetta er það sem ríkisstjórnin býður. Við þetta verður fólkið að sætta sig en vonandi ekki lengur en fram í apríl. Þá verða kosningar og þá kemur önnur tíð og blíðari með blóm í haga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

12. fundur, miðvikudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Einkaleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 133. mál (heildarlög). — Þskj. 137.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Með frv. því sem ég mæli hér fyrir er lagður grunnur að einkaleyfalöggjöf sem er ætlað að svara betur þörfum atvinnulífs og almennings en núgildandi lög um þetta efni sem eru frá árinu 1923. Það er líka tilgangur frv., sem ég mæli hér fyrir, að stefna að því að samræma okkar löggjöf einkaleyfalöggjöf sem gildir annars staðar á Norðurlöndum og í helstu iðnríkjum Evrópu.

Þetta frv. var lagt fram til kynningar í lok síðasta þings. Í framhaldi af því sendi iðnrn. þeim aðilum sem málið helst varðar frv. til umsagnar. Skriflegar umsagnir bárust frá nokkrum aðilum og lýstu þeir allir stuðningi við efnisatriði frv. Umsagnir sem hafa að geyma sérstakar athugasemdir og ábendingar eru prentaðar sem fylgiskjöl með frv. Ábendingar og athugasemdir sem fram komu snertu einkum gildistökuákvæðin.

Eins og frv. nú liggur fyrir hafa sumar þessara athugasemda verið teknar til greina að fullu. Í einu tilfelli, sem varðar gildistökuákvæði frv., eru þó skoðanir nokkuð skiptar hjá hagsmunaaðilum. Þetta snertir þá spurningu hvenær ákvæði frv. um einkaleyfi fyrir lyfjum skuli taka gildi. Í því efni hefur verið reynt að fara bil beggja og er í frv. gert ráð fyrir að fimm ár líði frá gildistöku laganna þar til hægt verður að veita hér einkaleyfi fyrir lyfjum. Eftir að frestur til að skila athugasemdum rann út og búið var að ganga frá frv. til framlagningar bárust athugasemdir frá réttarfarsnefnd um réttarfarsatriði í frv. Er það ætlun mín að þeim athugasemdum verði komið sérstaklega á framfæri við hv. iðnn. þessarar deildar.

Eins og ég hef lýst hafa margir aðilar þegar haft tækifæri til þess að kynna sér efni frv. og sú umfjöllun sem það hefur þegar fengið meðal sérfróðra manna og hagsmunaaðila í atvinnulífinu ætti að auðvelda okkur meðferð þess hér á hv. Alþingi.

Umfjöllun um endurskoðun á núgildandi einkaleyfalögum má rekja allt aftur til ársins 1981, en þá var settur starfshópur til þess að fjalla um þörfina fyrir endurbætta löggjöf á þessu sviði. Síðan hafa, að ég tel, þrjár nefndir verið skipaðar til að takast á við þetta verkefni. Sá starfshópur sem síðast vann að málinu lauk störfum í júlí 1989 og skilaði til ráðuneytisins drögum að frv. ásamt skýringum við einstakar greinar. Starfsmenn einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnrn. bjuggu frv. til flutnings í þeirri mynd sem það er nú.

Ég mun, með leyfi forseta, rekja helstu nýmæli og breytingar miðað við núgildandi einkaleyfalöggjöf á einfaldan hátt og ætla að telja hér upp nokkur atriði.

Í fyrsta lagi er skýrar kveðið á um umfang og takmörk einkaleyfisverndar. Þetta er gert í 1.–3. gr.

Í öðru lagi er heimilað að veita einkaleyfi fyrir lyfjum og næringarefnum, eins og ég hef þegar vikið lítillega að.

Í þriðja lagi er nú betur skilgreint hvað talist getur einkaleyfishæf uppfinning með tilliti til nýlundu og frumleikastigs þess sem sótt er um einkaleyfi fyrir. Þ.e. að hve miklu leyti uppfinning teljist frábrugðin þekktri tækni.

Í fjórða lagi eru skýrari ákvæði um frágang einkaleyfisumsókna og meðferð þeirra á öllum stigum. Þau ákvæði eru í II. kafla frv.

Í fimmta lagi er lagt til að umsóknir verði gerðar aðgengilegar almenningi í síðasta lagi 18 mánuðum eftir að þær hafa verið lagðar inn. Um þetta er fjallað í 22. gr. Í núgildandi lögum er þessi frestur sex mánuðir.

Í sjötta lagi eru í frv. mun ítarlegri ákvæði um andmæli gegn veitingu einkaleyfis og ágreiningsmál sem rísa kunna vegna réttar til einkaleyfis.

Í sjöunda lagi gerir frv. ráð fyrir að aðild Íslands að alþjóðasamningi um einkaleyfisumsóknir verði að veruleika. Í samningnum felst m.a. að sama umsókn geti tekið gildi í mörgum löndum samtímis. Um þetta er fjallað í III. kafla frv.

Í áttunda lagi verður hægt að halda einkaleyfi, skv. ákvæðum frv., í gildi í 20 ár frá umsóknardegi. Skv. núgildandi lögum hefur gildistími að hámarki verið 15

ár frá útgáfudegi. Um þetta er fjallað í 40. gr.

Í níunda lagi eru svo fyllri ákvæði um nytjaleyfi og rýmkuð eru skilyrði fyrir veitingu svonefndrar nauðungarleyfa. Ég bendi í þessu sambandi á 43.–50. gr. frv.

Í tíunda og síðasta lagi vil ég svo nefna að ýmsar breytingar verða á gjaldtöku fyrir umsóknir og einkaleyfi. Þar á meðal er gert ráð fyrir greiðslu árgjalda af einkaleyfisumsóknum á meðan þær eru til meðferðar. Um þetta er fjallað eða að þessu vikið í 8., 20., 25., 40.–42. og 51. gr. frv. Með þessari upptalningu hef ég gert grein fyrir helstu breytingum sem í frv. felast.

Eins og vænta má hefur skipan einkaleyfamála á alþjóðavettvangi tekið afar miklum breytingum frá því lögin voru sett um einkaleyfi á Íslandi árið 1923. Iðnríkin hafa yfirleitt kappkostað að breyta löggjöf sinni til samræmis við breytingar í tækniþróun. Það er þannig orðið löngu tímabært að við færum okkar löggjöf á þessu sviði til nútímahorfs. Þar kemur hvort tveggja til, annars vegar þær skuldbindingar sem Parísarsáttmálinn um vernd eignarréttinda í iðnaði leggur okkur á herðar og hins vegar hagsmunir íslensks atvinnulífs og iðnaðarins ekki síst.

Þeir sem hafa haslað sér völl hér á landi í nýjum greinum, ég nefni þar líftækni, rafeindatækni og tölvutækni, verða að eiga þess kost að geta sótt um einkaleyfisvernd á hugsanlegum nýjungum í sínu starfi. Sama máli gegnir vitanlega um þá mörgu hugvitsmenn sem hér vinna að ýmiss konar endurbótum og nýsköpun í okkar hefðbundnu atvinnugreinum. Íslendingar gerðust aðilar að Parísarsáttmálanum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar árið 1961.

Í þessu frv., eins og ég hef þegar nefnt, er gert ráð fyrir að Ísland gerist aðili að svonefndum samstarfssáttmála um einkaleyfi, „Patent Cooperation Treaty", yfirleitt skammstafað PCT. En þessi sáttmáli var gerður í Washington árið 1970. Eins og ég lýsti áðan fela ákvæði III. kafla frv. í sér lagagrundvöll til þess að hægt sé að framfylgja sáttmálanum á Íslandi. Meginmarkmið PCT-sáttmálans er að koma í veg fyrir tvíverknað við rannsóknir á einkaleyfisumsóknum sem lagðar eru inn samtímis í mörgum ríkjum. Sænska einkaleyfastofnunin mun annast rannsókn alþjóðlegra umsókna fyrir Norðurlönd og líka er gert ráð fyrir að hún taki að sér rannsókn á íslenskum alþjóðaumsóknum.

Fyrir þann sem vill sækja um einkaleyfi er einn helsti kostur við aðild okkar að sáttmálanum sá að umsókn í einu aðildarlandi getur, ef umsækjandinn óskar þess, tekið gildi samtímis í þeim löndum sem hann hefur áhuga á að fá einkaleyfisvernd. Þetta losar umsækjanda við umstang sem fylgir því að leggja inn sjálfstæða umsókn í hverju landi.

Ákvæði þessa PCT-sáttmála eru nokkuð flókin í framkvæmd. Því þarf að miða undirritun hans við það hvenær einkaleyfayfirvöld hér á landi eru undir það búin að framfylgja honum. Uppfinningum í iðnríkjum hefur fjölgað ár frá ári og einkaleyfisumsóknum að sama skapi. Einnig taka umsóknir stöðugt til flóknari fyrirbæra. Þetta þýðir að rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinninga verður stöðugt yfirgripsmeiri og vandasamari. Stjórnvöld í hverju landi hafa reynt að bregðast við þessari þróun með því m.a. að hagnýta alþjóðastofnanir og alþjóðasamninga á þessu sviði og með því að endurskipuleggja starfsemi einkaleyfastofnananna. Þá hafa stofnanirnar lagt mikla áherslu á að auka þekkingu starfsmanna sinna, bæta gagnasöfn og hagnýta upplýsingatækni sem opnar aðgang að stórum gagnabönkum.

Með nýjum einkaleyfalögum, með aðild að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi, má gera ráð fyrir að verkefni þeirrar deildar iðnrn. sem nú fer með einkaleyfamál aukist til muna. Iðnrn. hefur að undanförnu gert ýmislegt til þess að búa betur að þessari starfsemi. Á árinu 1989 var einkaleyfa- og vörumerkjadeild flutt úr húsnæði ráðuneytisins í Arnarhváli í sérstakt húsnæði að Lindargötu 9. Jafnframt var ráðinn lögfræðingur og verkfræðingur til skrifstofunnar. Með þessum verklegu skipulagsbreytingum og tölvuvæðingu starfseminnar undanfarin ár hefur nú verið lagður grunnur að betri og sérhæfðari þjónustu á þessu sviði en verið hefur.

Það er ekki gert ráð fyrir í þessu frv. að ríkið taki á sig þann kostnaðarauka sem af því leiðir. Gjöld fyrir vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar hafa á síðustu árum verið ákvörðuð með hliðsjón af því meginmarkmiði að þau stæðu að verulegu, eða helst að öllu leyti undir kostnaði við þjónustuna. Til marks um það að þetta hefur tekist vil ég nefna að á árinu 1989 stóðu gjöld fyrir vörumerki, einkaleyfi og aðra þjónustu að fullu undir rekstrarkostnaði við deildina og ég geri ráð fyrir að svo verði einnig á yfirstandandi ári. Sama máli gegnir um árið 1991. Rekstur einkaleyfa- og vörumerkjadeildar er nú færður upp sem sérstakt viðfangsefni á fjárlögum. Starfsemin hefur þannig í reynd verið skilin frá annarri starfsemi ráðuneytisins.

Ég hef nú ákveðið að festa þá skipan í sessi með því að setja reglugerð um sjálfstæða einkaleyfaskrifstofu sem heyri undir iðnrn. Það verður lögð áhersla á að þróa skrifstofuna, ekki eingöngu sem skráningarstofnun í þröngri merkingu heldur og ekki síður að hún geti orðið miðstöð fyrir þekkingar- og upplýsingamiðlun um tæknileg efni sem komi einstaklingum, fyrirtækjum, rannsóknar- og þróunarstofnunum að notum.

Ég tel rétt að fara hér nokkrum orðum um þá þróun sem er að gerast í heiminum í kringum okkur á sviði hugverkaréttinda og það sem á döfinni er í iðnrn. í því samhengi. Það er augljóst að með auknum samskiptum þjóða fá hugverkaréttindin aukið vægi. Gildir þar einu hvort um er að ræða höfundarrétt samkvæmt Bernarsáttmálanum eða réttindi í iðnaði samkvæmt Parísarsáttmálanum. Helstu hugverkaréttindi auk einkaleyfa tilheyra eignarréttindum á sviði iðnaðar, eru vörumerkjavernd, mynsturvernd, vernd á iðnhönnun „Industrial design" á ensku máli, og smáeinkaleyfi sem einnig hafa verið kölluð nytjamynstur, sbr. danska heitið „brugsmønster" og þýska orðið „Gebrauchsmuster". Vernd á svokölluðum smárásum, rafeindarásum, liggur á mörkum höfundarréttar og iðnaðarréttinda.

Það vantar enn talsvert á að okkar löggjöf um vernd eignarréttinda í iðnaði sé jafnvíðtæk og í þeim löndum sem við höfum mest skipti við. Hér er eingöngu, eins og þingheimi er kunnugt, löggjöf um einkaleyfi og vörumerki. Framleiðendum og aðilum í viðskiptalífi þessara landa er mjög í mun að þeir geti fengið hér á landi hliðstæða vernd á hugverkum sínum og þeir eiga kost á í sínu heimalandi. Fyrirspurnir um þessi mál berast ráðuneytinu ýmist frá sendiráðum viðkomandi ríkja, frá erlendum fyrirtækjum eða umboðsaðilum þeirra hér á landi. Þróunin á sviði hugverkaréttinda er mjög ör í Evrópu um þessar mundir og það skiptir ákaflega miklu máli að við fylgjumst vel með því sem þar er að gerast.

Úrbætur og samræming löggjafar um hugverkaréttindi hefur komið talsvert við sögu í þeim umræðum og þeim viðræðum sem nú fara fram milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Sem dæmi um þetta vil ég nefna að EFTA-ríkin hafa skuldbundið sig til þess gagnvart Evrópubandalaginu að setja sérstaka löggjöf um einkaréttarvernd á smárásum, rafeindarásum. Slík vernd hefur mikla þýðingu fyrir fyrirtæki sem framleiða háþróaðan rafeindabúnað. Og þótt íslenskur rafeindaiðnaður hafi enn ekki náð því þróunarstigi að löggjöf um vernd smárása hafi teljandi þýðingu fyrir hann þá er nauðsynlegt að við stöndum við skuldbindingar okkar í þessu efni eins og önnur EFTA-ríki. Iðnrn. og menntmrn. vinna nú saman að undirbúningi lagafrv. um þetta efni. En eins og ég nefndi áðan þá er hér enn ekki um beina hagsmunagæslu að ræða fyrir íslenskan iðnað vegna þess að okkar rafeindaiðnaður flytur inn sínar smárásir. En auðvitað getur að því komið síðar að við þurfum á slíkri réttarvernd að halda vegna okkar eigin hagsmuna en við þurfum líka að bjóða erlendum hugvitsmönnum og framleiðendum réttarvernd í þessu efni.

Annars staðar á Norðurlöndum og í mörgum ríkjum Evrópu hefur lengi verið í gildi löggjöf um svokallaða mynsturvernd sem verndar útlit, form og skreytingu vörunnar. Ýmis hagsmunasamtök í iðnaði hér á landi hafa lagt að stjórnvöldum að hraða setningu slíkrar löggjafar. Frv. um þetta efni sem byggt er á norrænni löggjöf frá árinu 1961 er nú á lokastigi í iðnrn. Einkaleyfayfirvöld annars staðar á Norðurlöndum hafa nú ákveðið að gera gagngerar breytingar á sinni mynsturlöggjöf með hliðsjón af löggjöf um sama efni sem nú er verið að móta í ríkjum Evrópubandalagsins. Ég tel því ekki rétt að leggja mynsturverndarfrv., sem ég nefndi áðan, fram að sinni í þeirri mynd sem það er nú, heldur vil ég að við tökum þátt í samstarfi okkar nágrannaþjóða um mótun nýrrar löggjafar um vernd á iðnhönnun.

Smáeinkaleyfi er verndarform sem lítið hefur verið kynnt hér á landi, ég nefndi það stuttlega hér áðan. Bæði Danir og Finnar eru í þann veginn að setja löggjöf um þetta efni. Hér er um að ræða eins konar millistig milli mynsturverndar og tæknilegra einkaleyfa. Verndin er frábrugðin mynsturvernd að því leyti að hún tekur líka til tæknilegra eiginleika uppfinningarinnar, ekki eingöngu mynstureiginleika hennar eða útlits. Verndin getur átt vel við minni háttar uppfinningar sem ekki uppfylla kröfur um vernd skv. einkaleyfalögunum. Rannsókn á skráningarhæfi er takmarkaðri og um leið ódýrari en þegar um fullkomna einkaleyfisumsókn er að ræða.

Þá vil ég líka nefna að hér skortir tilfinnanlega lagareglur um réttarstöðu manna sem starfa í þjónustu annarra að uppfinningum. Undirbúningur frv. um þetta efni er á verkefnaskrá iðnrn. en ég vil geta þess að samningur um þetta efni milli Bandalags háskólamanna og ríkisins hefur verið gerður hvað varðar starfsmenn á nokkrum stofnunum og þá nefni ég Iðntæknistofnun. Ráðuneytið mun leggja áherslu á að afla sem gleggstra upplýsinga um þau verndarform sem ég hef hér nefnt stuttlega og reynslu annarra þjóða af þeim. Þessum upplýsingum mun verða komið á framfæri við hagsmunaaðilana en Parísarsamþykktin kveður svo á að aðildarlöndin hafi lágmarksskyldur varðandi vernd hugverkaréttinda. Það er hins vegar mjög mikilvægt að samtök iðnaðarins og aðrir hagsmunaaðilar meti af raunsæi hver þeirra verndarforma, sem ég hef hér nefnt, sé skynsamlegt að innleiða hér með þeirri fyrirhöfn sem því fylgir.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að frv. þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 130. mál. — Þskj. 134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 132. mál (auglýsingar). — Þskj. 136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Vegalög, frh. 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 114. mál (reiðvegaáætlun). — Þskj. 118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 115. mál (hóffjaðragjald). — Þskj. 119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 136. mál (fjárhagsaðstoð við einstæða foreldra). — Þskj. 141.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 72 frá 1982, um námslán og námsstyrki. Flm. með mér eru hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Guðrún Helgadóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Jóhann A. Jónsson. Þetta er í annað skipti sem frv. er flutt því það náði ekki fram að ganga á síðasta þingi, hlaut ekki afgreiðslu.

Megininntak þessa lagafrv. er að við 2. gr. laga um námslán og námsstyrki bætist eftirfarandi málsliður: „Jafnframt er heimilt að veita einstæðum foreldrum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms, óháð aldri þeirra og eðli námsins."

Í athugasemdum við frv. þetta er nánari útskýring á inntaki þessarar greinar. Þar er gert ráð fyrir að vikið sé frá núgildandi úthlutunarreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna, bæði hvað varðar aldur lánþega og eðli námsins í því skyni að gera einstæðum foreldrum kleift að afla sér almennrar menntunar eða sérmenntunar til undirbúnings frekara námi eða starfi. Þarna er átt við nám sem er að öllu jöfnu ekki lánshæft nú. Til samræmis þyrfti að breyta 2. gr. reglugerðar um námslán og námsstyrki þannig að almennir framhaldsskólar yrðu þar á lista yfir þá skóla þar sem nám telst námshæft, þ.e. ef um einstæða foreldra væri að ræða, og eins ýmiss konar starfsþjálfunarnám og námskeið þar sem skólagjalda er krafist, ef um er að ræða einstæða foreldra. Þyrfti þá sérstaklega að setja í reglugerð ákvæði um lágmarks- og hámarksviðmiðun skólagjalda og endurgreiðsluákvæði vegna námskeiðagjalda.

Þarna er vissulega um undanþáguheimild að ræða sem gerði einum hópi í þjóðfélaginu kleift að fá námslán við skilyrði sem öðrum hópi bæri ekki, þ.e. að einstæðir foreldrar gætu fengið námslán þar sem aðrir hópar gætu ekki fengið slík lán. Fyrir því liggja nokkuð augljósar ástæður. Þessi hópur, þ.e. einstæðir foreldrar, sker sig frá öðrum hópum þjóðfélagsins hvað nokkur atriði varðar. Það sem er mest áberandi er það að þessi hópur er upp til hópa fjárhagslega verr staður en aðrir hópar þjóðfélagsins, þó vissulega sé ekki hægt að setja þarna alla undir sama hatt. Í skýrslu sem félagsvísindadeild Háskóla Íslands gerði fyrir félmrn. og var birt í maí 1984 komu fram margar athyglisverðar upplýsingar um kjör og aðstæður þessa hóps. Það sem helst er athyglisvert er auðvitað að fjárhagsleg staða þeirra markar félagslega stöðu þeirra að öðru leyti þannig að bæði húsnæði og annað er þessum hópi þungt í skauti. Þetta frv. hér tekur aðeins til eins þáttar, þ.e. að gera þessum hópi greiðara að afla sér menntunar.

Nú er það svo að í þessari skýrslu kemur einmitt fram að um 78% einstæðra foreldra á aldrinum 20–29 ára hafa aðeins grunnskólamenntun eða minna. Þetta er talsvert frávik frá sambærilegum aldurshópi í þjóðfélaginu, þ.e. það er miklu stærra hlutfall einstæðra foreldra á þessum aldri sem hefur ekki skólagöngu umfram skylduskólagöngu en hjá aldurshópnum í heild.

Þegar þess er gætt að einstæðir foreldrar í landinu eru um 7500 og þar af eru 7000 einstæðar mæður og þær hafa á framfæri sínu 9700 börn er ljóst að þarna er um verulega stóran hóp að ræða sem hefur forsjá með börnum og hefur svo litla menntun sem raun ber vitni. Þá þarf ekki að sökum að spyrja að framfærslumöguleikar þessara foreldra eru lakir þar sem fólk sem ekki hefur lengri menntun en þetta telst að sjálfsögðu til ófaglærðs fólks og er þar af leiðandi í launalægstu hópum þjóðfélagsins.

Upp á síðkastið hefur orðið vart við mjög aukinn þunga hjá félagsmálastofnunum landsins. Auðvitað er öllum þingmönnum kunnugt um að ásókn í félagslega hjálp hefur aukist, svo sums staðar nemur mörgum tugum prósenta. Af þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér hjá félagsráðgjöfum virðist ljóst að það séu einstæðar mæður sem eru ákaflega áberandi í hópi þess fólks sem sækir um aðstoð hjá félagsmálastofnunum, þ.e. þarna er í flestum tilfellum að tala um konur sem vinna fulla vinnu og reyna allt hvað þær geta til að sjá börnum sínum farborða, en hafa svo lág laun að þau nægja engan veginn og það þarf að leita eftir opinberri aðstoð.

Þessir félagsráðgjafar segja m.a. að ákaflega algengt sé að þessar konur láti í ljósi ósk um að þær gætu aflað sér meiri menntunar til þess að verða færar um að sjá fyrir sér og börnum sínum en þá eru ýmsar hindranir í veginum. Þær vantar mjög oft menntun til þess að komast í lánshæft nám. Af sjálfu leiðir, þar sem svo stór hluti þeirra hefur aðeins grunnskólamenntun, að oft þarf að brúa margra ára nám áður en kemur að lánshæfu námi. Það gefur auga leið að jafnframt því að sjá fyrir barni og vera kannski eini umsjónar- og forsjármaður barns er efitt að samhæfa vinnu, umönnun barns og nám.

Í þessari skýrslu sem ég hef rætt um eru tekin fjölmörg dæmi af aðallega konum, eðli málsins samkvæmt, sem láta í ljósi ósk um lengra nám eða að afla sér aukinnar menntunar og fyrst og fremst er borið við bágum fjárhagsaðstæðum að þær geta ekki uppfyllt þær

óskir sínar. Að vísu verður að taka fram að þó nokkrar þeirra segja að þær hafi getað klárað nám með aðstoð foreldra. En það er nú einmitt eitt af meginmarkmiðum Lánasjóðs ísl. námsmanna að gera öllum kleift að stunda nám óháð fjárhag foreldra, þannig að afskaplega æskilegt væri að það gilti um þennan hóp líka. Þó að þarna væri um aukin útgjöld að ræða, þá má líka reikna með því að það sparaði útgjöld annars staðar, samanber það sem ég sagði um félagsmálastofnanir og félagsmálaaðstoð og eins að því færara sem fólk er til þess að afla sér tekna, þeim mun meira skilar sér aftur í ríkiskassann í formi skatta. Þetta yrði því ekki allt aðeins aukin útgjöld og svo auðvitað kemur þetta til endurgreiðslu í Lánasjóðnum eins og önnur námslán. Þó að þarna sé um undanþágu að ræða er spurning hvort hún er ekki réttlætanleg í þessum tilfellum einmitt til þess að gera þetta fólk hæfara til þess að sjá sér sjálfu og börnum sínum farborða og komast yfir þann hjalla sem oft hindrar þetta fólk í að afla sér framhaldsmenntunar.

Í frv. er líka gert ráð fyrir því að nám á ýmiss konar námskeiðum og í styttri skólum geti verið lánshæft. Það getur verið mikils virði fyrir konur að afla sér starfsþjálfunar á slíkum námskeiðum og getur munað talsvert miklu þegar kemur að því að fá vinnu og laun fyrir þá vinnu.

Það er líka hætt við að félagslegar aðstæður gangi í arf þannig að þessi stóri hópur barna sem er á framfæri einstæðra foreldra, sem greina sig menntunarlega frá öðrum hópum, sé að nokkru leyti dæmdur til sömu félagslegu aðstæðnanna og foreldrarnir. Því að af sjálfu leiðir að sá sem litla hefur menntun er oft ekki eins hvetjandi og þyrfti ef til vill við börn til þess að afla sér menntunar. Þar að auki getur auðvitað fjárhagur ráðið miklu um menntun. Við værum þess vegna ekki einungis að gera foreldrana hæfari til eigin framfærslu heldur værum við líka að búa í haginn fyrir börn þessara foreldra. Auk þess megum við ekki gleyma að menntun er ekki bara til þess að geta aflað sér meiri tekna í lífinu, heldur er innihald hennar og tilgangur miklu meiri og er þá oft um að ræða það sem við mundum kalla lífsfyllingu eða andlegan þroska sem þessi hópur á ekki síður rétt á en aðrir.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta þar sem þetta er í annað skiptið sem ég mæli fyrir þessu frv. en ég hvet þingmenn til þess að kynna sér þessa skýrslu um kjör og aðstæður einstæðra foreldra, sem var gefin út árið 1984, því að í henni er að finna mjög merkilegar upplýsingar um þennan hóp sem ættu að ýta við okkur öllum, sem hér störfum, að reyna að leggja af mörkum til þess að bæta hag þessa stóra hóps einstæðra foreldra og barna þeirra. Samtals eru þetta hátt í 20 þúsund manns og í ekki stærra þjóðfélagi en Íslandi er það vissulega stór hópur og verðskuldar að að aðstæðum hans sé hugað og reynt að bæta þar úr.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu sé vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Þó þetta sé í annað sinn sem þetta frv. er flutt, eins og fram kom í máli 1. flm. og frsm. hér áðan hef ég hug á að blanda mér stuttlega í þessa umræðu, enda málið þess eðlis að þörf er á að gefa því gaum eins og fram kom hér fyrr.

Þetta frv. miðar að því að Lánasjóði ísl. námsmanna sé heimilt að veita einstæðum foreldrum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms óháð aldri þeirra og eðli námsins. Það hefur komið fram í greinargerð og framsögu að þarna er verið að vísa til almenns framhaldsnáms, svo sem í mennta-, fjölbrauta- og verslunarskólum, og stuðnings við styttra nám og námskeið þar sem skólagjalda er krafist. Það er vissulega mat okkar flutningsmanna að þessu frv., og tökum við undir það með 1. flm., að þessi undanþága sé réttlætanleg.

Ég mun ekki hafa mörg orð um þetta frv. en ég bendi þó á það sem fram kemur í greinargerð um meðaltekjur kvenna þar sem bent er á að þær losa rétt 60% af meðaltekjum karla, samkvæmt þeirri skýrslu sem framsögumaður vísaði hér til áðan, og að yfir 70% einstæðra foreldra er ófaglært verkafólk eða stundar störf á sviði verslunar og þjónustu án sérmenntunar.

Það er alveg ljóst að stuðningur sem þessi skilar sér margfalt til baka. Við skulum einnig athuga það að oft voru ungar konur ekki einu sinni komnar í fastan farveg á vinnumarkaði þegar þær sátu uppi með ábyrgð á barni eða börnum. Það getur verið erfitt þegar þarf að hafa ákveðin próf eða ákveðna skólagöngu að baki til að hægt sé að komast í það framhaldsnám sem hugur stendur til og sýnu verra þegar fjárhagsaðstæður stöðva það að hægt sé að ná sér í þau próf sem þarf til að fara inn í þetta framtíðarnám.

Það hefur sýnt sig í þeim tilfellum sem ég þekki til að stuðningur, bæði félagslegur og fjárhagslegur, skiptir máli þegar erfiðar aðstæður koma upp, en stuðningurinn verður og á alltaf að vera hjálp til sjálfshjálpar. Það er það sem mér finnst að þetta frv. snúist um. Fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms getur í þessu efni verið það skref til nýrrar framtíðar fyrir viðkomandi sem þarf til.

Ég bendi líka á að það skortir ekkert á að konur séu mjög meðvitaðar um þýðingu þess að bæta við þekkingu sína og nota sér þau tækifæri sem gefast þegar hægt er. Það hefur því aukist mjög að konur sæki hin ýmsu námskeið sem bjóðast í tengslum við störf þeirra eða stéttarfélög. Kannski var það fyrst og fremst vegna þess að mig langaði að koma því á framfæri að ég kom hér í ræðustól því að í skýrslu frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu er einmitt sagt frá þátttakendum á önnum frá 1. okt. 1988 til 30. sept. 1989 og þar kemur fram að þátttakendur í Félagsmálaskóla alþýðu á þessu tímabili, þ.e. þremur önnum og níu námskeiðum, voru 133. Þar af voru konur 44% og karlar 56%. Á trúnaðarmannanámskeiðunum voru þátttakendur 350 og þetta voru alls 25 námskeið. Þar voru konur 233 og karlar 117. Á öðrum námskeiðum og fræðslufundum, sem voru alls 24, voru konur 243 og karlar 137 og að lokum má nefna það að í Tómstundaskólanum, sem starfaði á haustinu 1988 með 56 námskeið, en þar eru bæði frístunda- og starfsnámskeið, voru konur 480 á móti 130 körlum og á vorinu 1989 á 70 námskeiðum

voru konurnar 530 á móti 165 körlum. Þátttaka kvennanna og fjöldi þeirra hefur verið með þeim hætti á þessum námskeiðum að nærri hefur valdið áhyggjum þeirra sem námskeiðin hafa haldið vegna óska þeirra um blöndun og að sem flestir úr atvinnulífinu á hverjum tíma taki þátt í þeim.

Þetta segir okkur hvernig konur eru tilbúnar að gera það sem þær geta, bæta við þekkingu sína og nám þegar þær eiga möguleika til og í mörgum tilfellum, varðandi þau námskeið sem ég benti á, eru námskeiðsgjöldin greidd af stéttarfélagi eða fyrirtæki.

Eins og hefur komið fram, bæði við fyrri umræðu þegar þetta mál var flutt í fyrra sinn og eins nú í framsöguræðu hv. 12. þm. Reykv., sem er eins og áður sagði 1. flm. frv., getur það gjörbreytt stöðu ungs einstæðs foreldris varðandi atvinnumál að eiga kost á fjárstuðningi til að ljúka almennu námi eða til að sækja sérhæfð námskeið og því vona ég að þetta frv. nái fram að ganga.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Eins og sést á þingskjali því sem hér er til umræðu er ég einn af meðflutningsmönnum og vil einungis ítreka stuðning minn við það. Allar skýrslur sýna svo ekki verður um villst að töluvert skortir á menntun fjölmargra einstæðra mæðra og skýring liggur afar nær. Konur hætta oft í skóla vegna barneigna, vegna þess að ábyrgðin virðist lögð á þeirra herðar fremur en föðurins og er það alkunn saga og þarf ekki að fjölyrða um það. Og þó að von okkar allra sé að slík viðhorf kynnu að breytast þá virðist nú vera dálítið í það.

Ég held að almennt sé það mikið áhyggjuefni hvernig aðbúnaður margra íslenskra barna er, allt of margra. Það nægir að nefna að um 10.000 börn í landinu eru nú alin upp hjá einstæðu foreldri. Og þegar við lítum á það að við lifum í þjóðfélagi þar sem tvo einstaklinga þarf til að vinna fyrir heimili svo að nokkur mynd sé á segir sig sjálft að þessi 10.000 börn búa við allt aðrar aðstæður en önnur börn í landinu. Og það er auðvitað atriði sem okkur ber að líta á.

Gerðar hafa verið ýmsar tilraunir til að greiða fyrir einstaklingum sem hafa orðið út undan í skólakerfinu. Minnist ég þess að ákvæði var og er held ég enn þann dag í dag í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð að veita megi styrki til endurmenntunar en sannleikurinn er nú sá að að þeim sjóði hefur verið svo kreppt að ég hygg að minna hafi orðið úr því en til var ætlast og getur hv. 11. þm. Reykv. e.t.v. upplýst það betur en ég, en einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að það ákvæði hafi lítið nýst, allt of fáum. Hér er því alveg tvímælalaust atriði sem þarf úr að bæta ef við ætlum að búa öllum börnum í þessu þjóðfélagi sem svipuðust uppeldisskilyrði.

Í þessu sambandi vil ég einungis vekja athygli á því, og mun gera það enn frekar þegar ég tala innan nokkurra daga fyrir frv. til laga um umboðsmann barna, að ég hef miklar áhyggjur almennt af stöðu íslenskra barna í þjóðfélaginu. Ég held að við stingum öll höfðinu í sandinn og trúum því og teljum okkur trú um það að þar sé allt í lagi en ég held að það sé langt því frá og ástandið í barnaskólum landsins er á þann veg að ég held að hið háa Alþingi verði nú að fara að ræða þau mál í einhverri alvöru. Við skulum ekki lengur telja okkur trú um að það sé allt í lagi með uppeldi íslenskra barna. Hvenær sem við heyrum eitthvað um vandamál skólanna eða heyrum í börnum komumst við að raun um að þessi mál eru á miklu, miklu verra stigi en okkur óraði fyrir, þó við kunnum, mörg okkar, að hafa haft grunsemdir um ýmislegt slíkt. Nægir þar að nefna t.d. atriði eins og málþroska sem er satt að segja að verða skelfilegur. Ég veit ekki hvort menn vilja trúa því eða vilja horfast í augu við það að hér er að alast upp stór hópur af börnum sem kann ekki að tala. Og fólk sem ekki kann að tala kann ekki heldur að lesa. Það er ekki af því að þessi börn séu neitt heimskari en börn hafa verið heldur hefur enginn tíma til að tala við þau. Þau heyra ekkert tungumál nema í hæsta lagi úr erlendum fjölmiðlum og það segir sig sjálft hvaða áhrif þetta hefur. Við erum að ala upp, eins og aðrar þjóðir í kringum okkur, lágstétt sem fylgist ekki með í þjóðfélaginu, lágstétt sem getur ekki fylgst með. Hún kann að hafa skoðanir á hlutunum en hún kann ekki að tjá þær, hún kann ekki að skýra sitt mál. Ekki alls fyrir löngu horfði ég á sjónvarp þar sem nokkur börn voru að tala og ég verð að segja það hreinskilnislega að mér féll allur ketill í eld. Þar var ekki annað sýnna en að börnin væru að tala táknmál eins og fatlað fólk. Nokkur barnanna voru ófær um að koma frá sér heilli setningu, gripu til líkamstjáningar, sem auðvitað er nýtileg þegar um heyrnarlaust fólk er að ræða eða mállaust en skelfilegt að horfa upp á þegar um er að ræða barn sem á allan hátt er líkamlega vel á sig komið.

Ég held að við hér á hinu háa Alþingi höfum allt of lengi lokað augunum fyrir þessu. Við könnumst öll við það að þegar málefni barna ber á góma höfum við venjulega setið hér, kvenkynið í þessum virðulega þingsal, og talað hver við aðra en minna borið á áhuga annarra hv. alþm. Ég held hins vegar að hér séum við komin á krossgötur þar sem við verðum einfaldlega að fara að velja leiðina út.

Þessi umræða hefur verið mjög á dagskrá í Danmörku á síðustu árum. Danir eru heiðarlegri en við. Þeir hafa bara ósköp einfaldlega sagt: Þetta er of seint. Við erum búin að missa af lestinni. Við bara sættum okkur við þetta. Ég trúi ekki að Íslendingar séu komnir svo langt út á villigötur í þessu efni að við getum ekki snúið við ef við viljum. En það er auðvitað ekki sýnilegt að mikið sé gert í því á meðan við reynum að halda sem allra mest niðri kennarastétt landsins sem hefur nú axlað þennan klafa eins og hægt er að ætlast til. Auðvitað getur hún þó aldrei komið í staðinn fyrir foreldra barnanna og heimilin. Ég held þess vegna að hvert einasta mál sem styrkir heimili íslenskra barna á einhvern hátt beri að styðja. Og þetta frv. er eitt af þeim. Við verðum að bæta hag einstæðra foreldra í þessu landi því að hann nálgast ekki þær aðstæður sem fólk í sambúð hefur. Þar með er ég ekki að segja að þeir foreldrar sem einstæðir eru séu síður samviskusamir. Þeir reyna áreiðanlega allt hvað þeir geta að

sinna sínum börnum einmitt vegna þess að þeir vita um lakari stöðu. Um það ætla ég ekki að gerast dómari, en hitt er annað mál að það leiðir af sjálfu að það er mikilsvert að fólk sem er eitt um að bera ábyrgð á uppeldi barna sinna hljóti öll þau skilyrði sem þjóðfélagið getur boðið upp á. Og þess vegna getur það ekki verið slíkur útgjaldaliður hins íslenska ríkis að styðja við bakið á þeim einstæðu foreldrum sem þennan kost kjósa að það komi fjárhag þjóðarinnar til skaða. Ég vænti þess því að hv. alþm. afgreiði þetta mál fljótt og vel ásamt þeim öðrum málum sem hér munu koma til umræðu á næstu dögum og snerta hag íslenskra barna.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Vegna þess sem hv. 13. þm. Reykv. sagði varðandi Atvinnuleysistryggingasjóðinn er það náttúrlega satt að við erum óskaplega blönk. Í þeim fáu tilfellum sem svona máli hefur verið skotið til okkar hér í aðalstjórninni megum við hins vegar eiga það að við höfum alltaf tekið afstöðu með þeim sem til okkar hefur leitað. Hins vegar held ég að mjög vanti á skipulag, að það sé skipulagt að fólk sem missir atvinnuna sé hvatt til náms og þeir námsmöguleikar notaðir sem eru kannski fyrir hendi. Ég tel þetta ákaflega þarft mál, mjög þarft. Við vitum það öll sem erum eldri að margir af þessum einstæðu foreldrum eru fólk sem fer mjög ungt út í hjúskap, hættir í skólum, hefði þurft að öðlast meiri þroska og þarf mjög á því að halda að bæta við sig þekkingu. Ég held að það mundi sýna sig að þetta væri fjárfesting sem borgaði sig og það fljótt.

Út af því sem sagt var um Menningar- og fræðslusamband alþýðu, þá er sá skóli, Félagsmálaskóli alþýðu, orðinn vel skipulagður og hefur ágætis kennslukrafta. En það sem ég held að geri að færri konur sækja hann en karlar er það að skólinn er í Ölfusborgum sem út af fyrir sig er mjög gott, það er mjög gott að hafa skólann þar, en konurnar sem eru með börn, yngri konurnar, treysta sér ekki til að fara frá heimilum sínum yfir þetta langan tíma. Þess vegna mæta þær ekki þar. Hins vegar sýnir þetta sig með Tómstundaskólann, þar sem þær geta verið á heimilum sínum og sótt skólann út frá þeim, að þær sækja hann miklu betur. Þetta sýnir það náttúrlega líka að ábyrgð heimilanna er mikið meira á höndum konunnar og auðvitað líka það að karlmenn eru oft önnum kafnir við vinnu og geta ekki sinnt heimilunum. Það er þessi langi vinnudagur hjá okkur sem rænir þá möguleikum til þess.

Ég held líka að allt skipulag vanti á það að fólk sem stundar t.d. vaktavinnu hafi meiri möguleika til að sækja námskeið eða skóla. Mér er það minnisstætt frá því að við vorum fyrst að reyna að koma á Sóknarnámskeiðunum hversu erfitt var að samræma þau þannig að vaktavinnufólkið gæti komist á námskeiðin eins og hitt fólkið. Sem betur fer smáglæddist nú skilningur á þessu og ég held að það sé ekki beint orðið til fyrirstöðu en það er bara mikil vinna í kringum það að koma því skipulagi á og vekja áhuga á því.

Ég vil taka undir með 13. þm. Reykv. að það er afskaplega sorglegt þegar talað er um fjölskyldumál yfirleitt hvað karlmennirnir flýta sér burtu úr salnum. Og það eru virðingarverðir menn sem sitja eftir og hlusta, enda kannski barnakarlar sjálfir og sjá að þetta hreinlega hæfir þeim, að vera við.

Ég vildi óska þess að alþingismenn tækju þetta mál svolítið alvarlega, hugsuðu hvað á bak við þessa tillögu býr. Mér er minnisstætt sjálfri þegar ég hóf störf á Pósthúsinu í Reykjavík sem bréfberi, þá einstæð móðir. Þetta starf var mér ofviða eftir um það bil tvö ár vegna þess að það var hreinlega svo líkamlega erfitt að ég entist ekki í því lengur. Þá sótti ég um að fá að komast inn á Pósthúsið. Þetta virtist þá ekki neitt sérstaklega vandasöm vinna, að raða bréfum og þess háttar. Ég gat ekki fengið vinnuna af því að ég hafði ekki gagnfræðapróf. Ég var bara með minn grunnskóla og barnaskóla sem ég er með enn. Það stóð í veginum fyrir því að ég gæti haldið áfram að vera þarna á vinnustað þar sem mér satt að segja líkaði að mörgu leyti mjög vel. Það strandaði á þessu, ég hafði engin próf. Ég hygg að það sé sama sagan enn og kannski er hún reyndar bara orðin algengari, að fólk getur ekki skipt um vinnu af því að það vantar ákveðin próf, ákveðið nám og ákveðin próf. Þetta varð mér kannski ekki til tjóns af því að kannski sæti ég enn og sorteraði bréf ef ég hefði haft próf, en svona var þetta samt sem áður.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Varðandi frv. það til laga sem hér liggur fyrir tel ég að hér sé hið besta mál á ferðinni og vil gjarnan, fyrir mitt leyti, mæla með því að það verði samþykkt. Það hefur verið gerð ágæt grein fyrir því hér og ég kom ekki upp fyrst og fremst til þess. Ég vildi þó reyndar vekja athygli á að það er smámisræmi, eftir því sem mér virðist, í greinargerð hvað snertir einstæða foreldra í landinu. Þar er sagt að þeir séu alls 7.500, þar af rúmlega 500 einstæðir feður en 7.000 einstæðar mæður, en af tölum sem á eftir koma að dæma hafa þessir 500 feður ekki nema um 300 börn til þess að annast svo að ég fæ ekki alveg séð hvernig þetta kemur heim og saman. Hér er sennilega um prentvillu að ræða sem ég vek athygli á, efst á bls. 2.

Tilefni þess að ég kem hérna upp eru ummæli hv. 13. þm. Reykv. sem hér féllu og alls ekki að ástæðulausu og er þetta ekki í fyrsta sinn sem þau eru viðhöfð um grunnskólana, en hv. þm. sagði að í grunnskólunum væru menn meira og minna ólæsir, óskrifandi og ófærir um að tjá sig. (Gripið fram í.) Þá hef ég kannski tekið rangt eftir, en að þarna væru nemendur sem þetta mætti segja um. Þeir væru ólæsir, óskrifandi og ófærir um að tjá sig í ræðu eða riti. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. 13. þm. Reykv. og ekki kem ég hérna upp til þess að hnekkja þessu, síður en svo. Hins vegar vil ég árétta það að ekki má alhæfa um of og það má ekki líta svo á að þetta eigi við um grunnskólanemendur á Íslandi almennt, síður en svo.

Mig langaði hins vegar aðeins, og til þess kom ég hér upp, að velta vöngum yfir þessu: Hvernig má það vera að svona sé þó til í skólunum? Hvaða aðstæður

eru það í grunnskólum Íslands sem valda því að ummæli eins og þessi er kannski ekki með öllu hægt að hrekja og það er illt? Það er vafalaust mjög margt sem kemur til greina, en það sem ég vildi nú kannski byrja á núna að nefna hér á þinginu er sú staðreynd að grunnskólarnir hafa verið eins konar afgangsstærð í íslenska ríkiskerfinu alllengi, og eru enn, með þeim afleiðingum að okkur gengur alls ekki neitt að fá fólk til þess að vinna þar, síst úti á landi. Það gengur betur hér í þéttbýlinu. Þetta rímar kannski svolítið við þau ummæli sem hér féllu áður, hjá hv. 13. þm. Reykv. líka, um mjúku málin og hverjir sætu hér í þingsölum þegar rætt væri um þessi mjúku mál, um skólamál, um málefni barna og kvenna, einstæðra foreldra. Það er nefnilega orðið þannig að þessi málefni, málefni grunnskólans, eru að því leyti orðin mjúk mál að það eru fyrst og fremst konur sem þar starfa og það er kannski eðlilegt að þess vegna séu það konur sem hafi meiri áhuga á því sem þar gerist. Þetta er þróun sem hefur orðið á mörgum árum og margir vilja kenna það launastefnu sem rekin hefur verið í íslenskum grunnskólum.

Nú er gott tækifæri til þess hjá alþingismönnum að gefa þessu gaum því að ég veit að hér liggur til skoðunar og umsagnar álitsgerð frá fræðslustjórum um kennaravandann á landsbyggðinni og þar með tilmæli til alþingismanna, hvort þeir vilji ekki leggja þessu máli lið og veita fjármagn til þess að reyna að bæta úr. Ég reikna ekki með því að það muni leysa allan vandann en það gæti þó orðið upphaf að sókn til þess að fá fólk aftur inn í grunnskólana vegna þess að við eigum nóg af kennurum. Við eigum nóg af menntuðum kennurum í landinu til að starfa í grunnskólunum. Það sem vantar er fyrst og fremst að fá þá þangað til starfa. Og það er dálítið sérkennilegt að við erum á sama tíma að ræða um kennaravandann á landsbyggðinni og vanda heilsugæslulækna á landsbyggðinni við H1-stöðvarnar. Þetta er hvort tveggja mikið vandamál. Þetta er hvort tveggja mikið nauðsynjamál að leysa.

Við erum að tala um launamál þessa fólks og án þess að ég ætli að halda því fram að heilsugæslulæknar séu ofhaldnir með allt það álag sem á þeim hvílir, þá miklu ábyrgð sem þeir verða að sinna, viljum við samt upplýsa að það þarf eina 4–6 grunnskólakennara til þess að hafa laun eins heilsugæslulæknis. Þetta skyldu menn aðeins hafa í huga þegar verið er að tala um að kennarastéttin sé kannski stundum með óheyrilegar kröfur. Það er síður en svo.

Launamál eru alls ekki allt í þessu. Það er fleira sem við skulum skoða í þessu efni. Fyrir nokkrum árum var tekin upp blöndun í bekki sem þýðir það að við röðum ekki í bekki eins og gert var hér áður fyrr. Þegar ég byrjaði að kenna var A-bekkur, B-bekkur, ég byrjaði í skóla sem í voru 1.500 börn hér í Reykjavík, og langt aftur eftir stafrófinu. Í 7 ára bekk var þannig raðað eftir lestrarkunnáttu í A-bekkinn o.s.frv. Þetta hét að raða í bekki. Það var reyndar ekki raðað svo áfram þannig að þessi röðun og skipan manna eftir greind eða árangri stóðst ekki þegar á skólahaldið leið nema að því leyti til að oft og tíðum fengu A-bekkirnir betri þjónustu skólanna. Þetta var aflagt og það var ákveðið að blanda í bekki þannig að ekki skyldi raðað í bekki eftir námsárangri og það er sú stefna sem við lýði er núna og sú stefna sem flestir telja góða séu þau skilyrði uppfyllt sem með því þurfa að vera.

Þar komum við að einu atriðinu. Þau skilyrði sem þurfa að vera til þess að hægt sé að raða í bekki eru að nemendafjöldi sé viðráðanlegar og það er síður en svo. Það eru of margir nemendur í hverjum bekk hér einmitt á Reykjavíkursvæðinu og í þéttbýlinu til þess að hægt sé að sinna þessum nemendum eins og vert væri og þörf er á. Því aðeins er hægt að blanda í bekki að þessum skilyrðum sé fullnægt þannig að við erum ekki komin nema hálfa leið að þessu marki.

Ég gat áður um kennaraskortinn úti á landsbyggðinni, en það er oft sagt sem svo að landsbyggðarvandinn svonefndi sé sá einn að fólki fækki á landsbyggðinni. Það fer hingað suður til Reykjavíkur og þetta sé vandi landsbyggðarinnar sem sé erfitt við að glíma og sé fyrst og fremst það sem landsbyggðarmenn séu alltaf volandi út af alla daga. En það kynni þó ekki að vera að börnin sem hér voru nefnd áðan, börnin sem eru ólæs og óskrifandi og eiga erfitt með að tjá sig, komi kannski ekkert frekar af landsbyggðinni, úr litlu skólunum. Ég held að lítið sé um að þessi börn komi þaðan vegna þess að þar eru kennsluhættir aðrir og þar er ekki þessi fjöldi í bekkjum. En skyldi það ekki vera einn hluti af landsbyggðarvandanum að þessi mikli fjöldi sem flykkist í þéttbýlið hér syðra kemur inn í ofsetna skólana, í bekki sem eru þegar of stórir? Ætli þetta sé ekki einn hluti vandans, að landsbyggðarvandinn sé líka hér syðra? Þetta held ég að væri mjög gott að taka inn í þessa miklu umræðu. Vandinn er líka í því fólginn að þéttbýlið er alls ekki viðbúið því að taka á móti öllu þessu fólki sem flykkist svo ört og án undirbúnings hingað. Í umræðunni eru augu manna að opnast verulega fyrir því að þetta er tvíþætt vandamál. Þetta er ekki bara vandamál okkar sem byggjum landsbyggðina. Þetta er líka vandamál hinna sem hér sitja og glíma við sívaxandi umferð á ofsetnum götum, það vandamál að húsnæði vantar fyrir skóla, sjúkrahús, dagvistunarheimili og svo mætti lengi telja.

Ég held að þessi atriði sem ég hef nefnt og kannski mörg fleiri komi einmitt inn í það sem hér var talað um áðan. Út af fyrir sig harma ég það ekki að þetta skyldi koma hér upp vegna þess að ég held að þetta sé mál sem hafi mjög margar hliðar og þurfi að taka á í afar víðtæku samhengi.

Ég lýk svo máli mínu með því að endurtaka að frv. sem hér liggur fyrir tel ég vera mjög þarft og tímabært fyrir löngu og vænti þess að það fái betri afgreiðslu nú en í það fyrra sinn sem það var lagt fram.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það kann nú að virðast að við séum komin ansi langt frá frv. hv. 12. þm. Reykv., en ég tek undir það með hv. 2. þm. Vestf. að það er engin leið að tala um þann þátt sem frv. fjallar um án þess að koma inn á svo ótal marga aðra vegna þess að það er ekki af tilviljun að frv. er fram komið.

Mér þótti afar gott að heyra að hv. 2. þm. Vestf. gerir sér sem skólamaður fullkomlega ljóst hvernig ástandið er sem við öll höfum viljað loka augunum fyrir, og hann drap á það að til þessa ástands lægju margar ástæður og auðvitað er það rétt. Sumar þeirra liggja nokkuð í augum uppi. Það er nú gamall og nýr sannleikur að af því læra börnin málið að það er fyrir þeim haft og með þeirri gjörbyltingu sem orðið hefur í íslensku þjóðfélagi hefur það gerst að það er enginn á heimilunum til að tala við börnin. Það er ekki hægt að ætlast til að grunnskólinn taki að sér allt það sem heimili með kannski fleiri en einni kynslóð hafði áður upp á að bjóða fyrir börnin.

Það er auðvitað alveg rétt sem hv. þm. sagði um námsgetu. Ég minnist þess og gekk sjálf í gegnum það skólakerfi þar sem raðað var í bekki eftir námsgetu. Sannleikurinn er sá að ég hygg að grunnskólinn sé kannski áhugalausari um það nú nákvæmlega hvaða námsárangri börnin ná því að það er einungis hægt að leggja mikið nám á börn sem hafa sterkt bakland heima hjá sér. Við vorum keyrð áfram og ætlast til að við næðum háum einkunnum ef við mögulega gátum og við vorum skömmuð og rekin áfram og það hafði enginn áhyggjur af því vegna þess að ástina og umhyggjuna fengum við heima hjá okkur.

Ég hef einhvern veginn á tilfinningunni að skólinn hafi að sumu leyti breyst á þann veg að námsárangurinn sé hreinlega orðinn annars flokks atriði vegna þess að kennararnir hafa að sumu leyti gengið börnunum í föður- og móðurstað og eru að reyna að sinna þessum litlu greyjum meira tilfinningalega heldur en verið sé að troða í þau þekkingu. Þetta kann að vera tóm vitleysa og ekki er ég skólamanneskja, en ég ætla samt að voga mér að segja þetta hér vegna þess að mér hefur sýnst að illa launaðir kennarar okkar sem við förum svívirðilega með, eins og allir vita, hafi bókstaflega tekið þann pól í hæðina að aumka sig yfir þessi börn sem enginn annar hefur tíma til að sinna. Og þetta er auðvitað alveg skelfilegur dómur yfir því þjóðfélagi sem við lifum í og auðvitað er þetta frv., þó að lögum verði, engin lausn á neinu máli. Lausnin er að foreldrar geti unnið styttri vinnudag og haft meiri tíma til að vera með börnunum sínum og líka kannski með foreldrum sínum, þ.e. ömmum og öfum barnanna sem við nú hömumst við að koma í einhverjar séríbúðir eða vistheimili vegna þess að það er heldur ekkert pláss fyrir þau. Ég held að þetta sé ekki það þjóðfélag sem nokkurt okkar langar til að búa í.

Fyrir mér er það ákveðið ferli að kunna að tjá sig. Ég held að það byrji með því að börn byrja að hugsa um eitthvað af því að það er eitthvert tilefni til þess. Síðan læra þau að tjá þessar hugsanir, þ.e. þau læra að tala og þegar því er lokið fara þau að læra að lesa og eftir það læra þau að skrifa. Ef eitthvað af þessu ferli bilar, þá bilar það allt saman.

Af því að það var vikið að því hér og við höfum oft gert það hér, konur, að mjúku málin svokölluðu séu okkar mál og við sitjum hér og tölum hver við aðra, eða stöndum, þá er þetta ekkert mjúkt mál. Þetta er beinhart mál því að það er gagnslítið að byggja hér alúminíumverksmiðjur eða hvaða mannvirki sem er ef við höfum ekki vel menntað fólk til að vinna í þeim. Og við þurfum ekki á fólki að halda sem kann hvorki að tala, lesa né skrifa og þar með ekki að hugsa. Það eina sem er arðbært í einu þjóðfélagi, ég leyfi mér að segja það eina sem er raunverulega arðbært, eru sterkir, heilbrigðir einstaklingar sem geta hugsað, talað, skrifað og lesið sjálfstætt. Án þess er ekkert þjóðfélag nokkurs virði. Og eins og ég hef áður getið hér í ræðustól er svo komið fyrir ríkasta ríki heimsbyggðarinnar, Bandaríkjunum, að þeir sækja nú stúdenta sína til að fylla háskólana í Bandaríkjunum til útlanda vegna þess að grunnmenntun þeirra sjálfra er hrunin. 40% af nemendum við MIT, hinn fræga háskóla í Bandaríkjunum, eru útlendingar og ég hef engan annan fyrir mér í þessu en einn kunnasta Íslending og fræðimann í Bandaríkjunum, Sigurð Helgason, prófessor í Boston. 40% hafa verið sóttir til útlanda af því að Ameríkanar geta ekki sjálfir menntað sitt fólk. Við í okkar litla en ríka þjóðfélagi eigum ekki að detta í þennan farveg.

Þessu vildi ég aðeins bæta við það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði. Ég vona að sem allra flest frumvörp sem hér eru flutt verði til þess að eins ágætar umræður og hér hafa farið fram í dag verði fleiri og ég veit að hv. 1. flm. misvirðir það á engan hátt þótt við höfum gengið dálítið stóran hring í kringum umrætt frv. en það er svo sannarlega til úrbóta í þeirri hættulegu þróun sem ég held að íslenska fjölskyldan sé í í dag.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þessi orð síðasta hv. ræðumanns, að við höfum kannski tekið hér nokkurn hring í umræðunni en það hefur verið góður hringur. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur orðið og sérstaklega um málefni barna og fjölskyldunnar sem vissulega eru samtvinnuð en ég mun ekki blanda mér frekar í þá umræðu þó ég sé sammála því sem hér hefur komið fram.

Það sem hvatti mig til að koma hér í ræðustól aftur voru viðbrögð hv. 11. þm. Reykv. við fyrirspurn þar sem hún sagði að það skorti trúlega nokkuð á að atvinnulaust fólk sé hvatt til náms eða til að nýta þau tækifæri sem bjóðast í námskeiðahaldi eða skólum þegar það er atvinnulaust og þetta veit ég að er rétt. Það fékk mig samt, kannski sökum þeirrar umræðu sem hefur verið svo frjó og góð hér í dag, til að koma hér til að segja ykkur frá tilraun sem gerð var í minni heimabyggð fyrir örfáum árum og ég hef óspart haldið á lofti. Þannig var að atvinnumálafulltrúi bæjarins tók eftir því eitt haust þegar var erfitt árferði í atvinnumálum að mjög margt ungt fólk var komið á atvinnuleysisskrá. Þetta var ungt fólk sem flosnað hafði upp úr skóla og þetta virtist vera ungt fólk sem flosnaði fyrst úr vinnu þegar harðnaði á vinnumarkaði.

Nú háttar þannig til hjá okkur í Kópavogi að hjá Félagsmálastofnuninni, sem ég vildi frekar skíra um fjölskyldustofnunina vegna þeirra verkefna sem mér finnst að slík stofnun hafi og þess starfs sem þar er, hjá þessari stofnun eru vistuð öll fjölskyldumál, þ.e. barna- og

dagvistarmál, unglinga- og íþróttamál, öldrunarmál, atvinnumál, málefni fatlaðra og skráning, atvinnuleysisskráning og atvinnuleit, bæði fullfrískra og fatlaðra. Þegar atvinnumálafulltrúinn uppgötvaði að öll þessi ungmenni voru komin þarna á skrá var það mjög auðvelt að snúa sér til samstarfsfólks í þessari stofnun og taka það mál upp. Einnig var skólaskrifstofan til húsa innan sömu veggja á þeim tíma. Þetta varð til þess að þarna hófst samstarf Félagsmálastofnunar og skólaskrifstofu bæjarmálayfirvalda og menntmrn. um að gera eitthvað í þessu máli, ekki bara bíða eftir að árferði batnaði og þetta unga fólk kæmist til vinnu.

Það var komið á laggirnar námskeiðahaldi í Ölfusborgum, vikudvöl þessara ungmenna. Það var styrkt þannig að þessi dvöl kostaði þau ekkert. Þarna voru meðal annarra ungar einstæðar mæður. Á þessi námskeið mættu fulltrúar t.d. allra framhaldsskólanna, þar með talið stýrimannaskóla, búnaðarskóla o.s.frv. Það voru haldin námskeið um námsframboð í landinu. Þessi vika varð auðvitað mjög þýðingarmikil, ekki bara sem upplýsingavika heldur einnig sem félagsleg aðgerð fyrir þetta unga fólk vegna þess sem líka fór fram eftir námskeiðahald að kvöldi dags, samverustundir þar sem þau komu fram sjálf o.s.frv. Þó nokkur hluti þessa unga fólks fór í nám að loknum þessum námskeiðum og þeir sem ekki fóru beint í nám á þessum vetri gerðu það margir hverjir síðar og margir tóku nýja stefnu í sínum málum, þar með talið atvinnumálum.

Ég vil líka benda á það að seinna, ég held að það hafi verið tveimur árum seinna, var reynt að hafa sama form á hér í bænum, eða réttara sagt í Kópavogi, og það var reynt að bjóða upp á þetta reyndar þvert yfir mörkin, sem eðlilegt er, en það gafst ekki nándar nærri eins vel að vera með þessa tegund námskeiðahalds hér á mölinni. Það var of margt sem freistaði. En vegna þeirrar stefnu sem umræðan um þetta ágæta frv. hefur tekið og hvað við, sem hér höfum talað, höfum komið víða við í því sem tengist óumdeilanlega innbyrðis í málefnum fjölskyldunnar og barna þá langar mig að koma þessu á framfæri, þ.e. að þeir sem hér hafa tekið þátt og hlustað hafi þetta líka með í því sem hægt er að gera.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim sem til máls hafa tekið og þakka þær góðu undirtektir sem frv. þetta hefur fengið. Varðandi það að hér hafi ef til vill verið farið í stóra hringi umhverfis málefnið vil ég taka fram að ég tel ekki eftir mér þetta hringsól þegar um málefni barna eða fjölskyldunnar er að ræða. Þau eru allt of sjaldan hér til umræðu og er því miður oft stutt umræða og henni sýndur lítill áhugi. En því er ekki að neita að oft situr maður hér undir ýmsu sem manni þykir heldur tilgangslaust hringsól en eins og ég sagði, ef það tengist þessum málefnum, þá tel ég það ekki eftir mér en óska einungis eftir því að við konur hefðum hér fleiri karlmenn með okkur í þessum hringdansi.

Ég ætla að byrja á því að ræða um það sem hv. 2. þm. Vestf. gerði hér að umtalsefni, þ.e. prentvillu í frv. Nú er það svo að það er ekki um prentvillu að ræða en aftur á móti eru tölur rúnnaðar af til þess að þær séu auðveldari aflestrar en tölur sem það eru ekki. Hér var fylgt þeirri gömlu reglu, sem við lærðum, varðandi krónur og aura að hækka upp eða lækka eftir atvikum og sá háttur var nú hafður á með þessa tölu og því kemur þessi skekkja út. Við sjáum að það þarf ekki annað en að lækka töluna 9700 niður í 9600 og rúmlega 10.000 börn, 10.100, þá erum við farin að nálgast rétta tölu. (**Gripið fram í:** Það var jafnréttisviðleitni.) Var það jafnréttisviðleitni? Ég held að þarna hafi ekki hallað á einstæða feður. Þeir eru með svo fá börn að það hallar lítið á þá.

En þó að umræðan hér hafi snúist upp í það að vera helst um börn og þeirra hag er það auðvitað hluti af inntaki þessa frv., þ.e. þó að það nái til foreldra í þessu tilfelli þá er það auðvitað ekki síst til þess að bæta hag barna þessara foreldra, þannig að vissulega snýst þetta frv. um börn og þeirra hag. Það fer auðvitað ekki á milli mála að það sem konur geta gert til að bæta sína aðstöðu kemur börnum þeirra til góða. Vil ég í því sambandi bara minna á þá umræðu sem verið hefur í sambandi við þróunarsjóði. Þar er þessi staðreynd viðurkennd að hjálp til kvenna komi öllum til góða. Það gildir svo sannarlega í þessu tilviki líka.

Það komu fram fróðlegar upplýsingar í máli hv. 9. þm. Reykn., þ.e. um aðsókn að námskeiðum Félagsmálaskóla alþýðu og námskeiðum Tómstundaskólans. Það sem hún sagði hér er auðvitað til vitnis um það að konur eru reiðubúnar til að auka við þekkingu sína, sjálfsagt bæði sjálfum sér til ánægju en einnig til þess að bæta kjör sín ef það er mögulegt. Það er ástæða til þess að minna á í því sambandi að því var lengi vel borið við að laun kvenna væru svo miklu lægri en laun karla, sem raun ber vitni, af því að þær hefðu ekki sambærilega menntun.

Nú er það því miður svo að konur hafa í æ ríkari mæli sótt sér menntun. Þá á ég ekki við að það sé miður að þær hafi sótt sér menntunina, heldur hitt að það hefur ekki orðið til þess að minnka þetta bil og segir okkur náttúrlega það að það er matið á störfum kvennanna sem er rangt, þar sem þær hafa hlýtt þessu kalli svo vel. Allir framhaldsskólar landsins munu hafa fleiri nemendur af kvenkyni en karlkyni og þeim fjölgar sífellt á æðri menntastigum, þannig að þessi rök munu fljótt bresta, ef þau eru ekki þegar brostin, að þarna sé að finna ástæðuna fyrir launamuninum.

Hér hefur bæði menntunarástand barna og ástand skóla verið gert að umræðuefni. Ég vil taka undir það sem hv. 13. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni, þ.e. þroski barna, m.a. málþroskinn, almennt menningarstig barna. Hv. þm. sagðist hér mundu bráðum mæla fyrir frv. um umboðsmann barna. Þar verður vissulega tekið á hluta þessa vanda. Og það verður vissulega að gera stórátak í skólamálum. Þá get ég ekki stillt mig um að minnast á það að á síðasta þingi þegar hér var grunnskólafrv. til umræðu var þingsalur nánast tómur og einungis þeir sem líklega áttu sæti í menntmn. deildarinnar voru hér til þess að taka til máls og hlusta á umræður. Engir aðrir voru viðstaddir eins og svo gjarnt er þegar mál sem snerta mjúku málin, eins og

við kannski köllum þau, eða málefni barna og kvenna eru til umræðu. En hversu mikið sem við bætum skólana og hversu mikla áherslu sem við leggjum á það, og það er vissulega brýn þörf á að svo verði gert, þá megum við ekki gleyma því að skólarnir geta aldrei tekið við hlutverki fjölskyldunnar, fyrir utan að við mundum ekki vilja það þó það væri hægt. Þeir munu aldrei koma í staðinn fyrir þann tilfinningalega bakhjarl sem heimilið er hverju barni. Hversu vel sem kennarar eru menntaðir, hversu mikið sem þeir leggja sig fram við einstaklingshjálp og alúð þá mun það aldrei koma í stað heimilis. Þess vegna er allt það sem styrkt getur heimilið líka mikið nauðsynjamál. Við þurfum ekkert að tíunda hér langa vinnudaginn, lágu tekjurnar, tvær fyrirvinnur o.s.frv., allt það sem gerir það að verkum að foreldrar hafa allt of lítinn tíma með börnum sínum og það liggur í augum uppi að einstæðir foreldrar hafa þeim mun minni tíma en þar sem tveir eru til staðar. En það er þó athyglisvert að allir skuli gera ráð fyrir því að börn einstæðra foreldra fái minna atlæti en börn sambýlisfólks eða hjóna. Það er greinilega ekki reiknað með hinum aðilanum. Ef fólk er ekki í sambúð þá er eins og ekki sé reiknað með að þessi börn eigi feður. Það er kannski eitthvað sem við þyrftum í almenningsáliti og umræðu að reyna með öllum ráðum að breyta að feður, sem ekki búa á sama heimili og börn þeirra, séu ábyrgari fyrir umönnun þeirra og velferð.

En það er ljóst að fjöldi íslenskra barna er eftirlitslaus meiri hluta dagsins. Við vitum að skóladagur er hér stuttur, börn dvelja þar aðeins hluta úr degi og það samræmist engan veginn vinnutíma foreldra. Það kom fram í skýrslu landlæknis, sem ég og fleiri höfum oft gert hér að umtalsefni, að milli 60 og 70% barna á aldrinum 7–12 ára eru eftirlitslaus heima þann tíma dagsins sem þau eru ekki í skóla. Þetta er auðvitað óviðunandi ástand. Þetta hefur tengst mörgum málum. Þetta kom til umræðu hér þegar verið var að ræða um skólamáltíðir, þegar verið var að ræða um tannskemmdir, um umferðarslys, sem eru miklu tíðari hér en annars staðar. Allt ber þetta að sama brunni, að þessi einvera barnanna leiðir til svo margs ills.

Í umræðu í fjölmiðlum undanfarið, sem ég veit svo sem ekki enn þá hvað hefur við mikil rök að styðjast en það er alla vega athyglisverð umræða, hefur íþróttakennari við Kennaraháskóla Íslands vakið athygli á því að líkamlegt atgervi barna fari minnkandi og hann kennir um því að þau leiki sér ekki eins mikið og þau hafi gert. Þau kunni ekki hópleiki og þroska sé í rauninni haldið í skefjum vegna þess að þau hreyfi sig ekki nóg, leiki sér ekki nóg. Margir telja að börn eyði allt of miklum tíma fyrir framan sjónvarpsskerm, annaðhvort við að horfa á myndbönd eða sjónvarp. Ég vil minna á það, og það tengist auðvitað málþroska þeirra, að allt of stór hluti þess efnis sem er á boðstólum fyrir börn er á erlendum tungumálum. Ég minni á að ég hef tvisvar borið fram fyrirspurnir hér á Alþingi um barnaefni í fjölmiðlum. Það eru ógnvekjandi tölur sem þar koma fram. Þar kemur fram að barnaefni í þessum sterka fjölmiðli, sjónvarpi, er aðallega erlendar teiknimyndir sem ætlaðar eru börnum. Þegar kemur að unglingunum eru helst á boðstólum myndbönd sem eru til þess að auglýsa plötur, þ.e. svokölluð poppmyndbönd. Það gefur auga leið að ekki er þetta það vænlegasta efni sem fyrirfinnst til þess að auka þroska barna.

Væntanlega gefast tækifæri til þess að ræða þessi mál ítarlega hér fljótlega. Auðvitað eru oft tækifæri til að ræða sérstaklega málefni barna vegna þess að við megum ekki gleyma því að flestar ákvarðanir hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á líf barna. Við getum því aldrei tekið þau og sett þau í sérhólf og sagt að það séu einungis örfá mál sem þau snerta. Ég vil benda á að í gærkvöldi var í sjónvarpnu mjög athyglisverður þáttur þar sem tekið var meðferðar það vandamál þegar börn borga öðrum börnum fyrir að vernda sig gegn ofbeldi. Bara það að svona mál skuli koma upp og vera tekið til umræðu í sjónvarpi sýnir okkur náttúrlega það að ástandið hér er stóralvarlegt. Hv. 13. þm. Reykv. orðaði það þannig áðan að við stæðum á krossgötum og ég vona svo sannarlega að það verði ekki örlög okkar, eins og hún sagði að hefðu orðið örlög dönsku þjóðarinnar, að hún hefði verið komin svo langt frá krossgötunum að ekki varð snúið við aftur.

Í þessum þætti í gær talaði m.a. hjúkrunarfræðingur sem iðulega hefur komið fram í fjölmiðlum til þess að ræða málefni barna og benda á þeirra aðstæður og skoðanir hennar og málflutningur er allrar athygli verður. Hún hefur mikla þekkingu á þessum málum og lætur sig þau miklu varða og alvara hennar og þungi þegar hún talar um þessi mál fer ekki fram hjá neinum sem á mál hennar hlýðir. Læt ég það verða lokaorð mín nú að vonandi heyrðum við fleiri raddir eins og hennar og að það væri betur eftir þeim hlustað.

Ég vil enda á því að þakka aftur fyrir undirtektir við þetta mál, sem auðvitað leysir einungis örlítinn vanda, og þakka þeim sem hér hafa tekið til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

18. fundur, mánudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Steingrímur Hermannsson forsrh. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er að fara til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Níels Árni Lund hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Samningur um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, fyrri umr.

Stjtill., 145. mál. — Þskj. 151.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fullgildingu samnings um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu sem er á þskj. 151. Þessum banka, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, er ætlað það hlutverk að stuðla að umbreytingu í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu í átt til markaðshagkerfis og lýðræðis. Bankanum er ætlað að stuðla að auknu einkaframtaki og stuðningi við smá og meðalstór fyrirtæki. Bankinn mun einnig leggja til tæknilega aðstoð við undirbúning heppilegra verkefna og stuðla að þróun fjármagnsmarkaðar í þessum löndum. Stofnaðilar bankans eru 42 að tölu, þar á meðal átta ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Ég hef þegar flutt hér í hv. Nd. frv. til laga um hlut Íslands í stofnfé bankans en mæli nú fyrir þessari till. til þál. fyrir hönd utanrrh. Eins og kom fram þegar gerð var grein fyrir frv. um hlut Íslands í stofnfénu er stofnfé bankans ætlað 10 milljarðar evrópskra mynteininga eða jafnvirði nálægt 750 milljarða kr. Hlutur Íslands yrði 0,1% eða 10 millj. evrópskra mynteininga, ECU, en af þeirri fjárhæð yrðu 3 millj. mynteininga greiddar á næstu fimm árum. Afgangurinn er ábyrgðarfé sem ekki ber að greiða nema á ábyrgðarskuldbindingar reyni vegna fjárhagslegra áfalla í starfsemi bankans.

Fyrir þessum atriðum öllum gerði ég ítarlega grein með frv. um hlut Íslands í stofnfénu, en vegna kafla í stofnsamningnum um réttarstöðu bankans mun ég síðar flytja frv. til laga um friðhelgi, forréttindi og undanþágur er tengjast starfsemi hans.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 34 shlj. atkv.

Evrópusáttmáli um sjálfsstjórn sveitarfélaga, fyrri umr.

Stjtill., 146. mál. — Þskj. 152.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fullgildingu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Tilgangur þessa sáttmála er að vernda réttindi sveitarfélaga og þar með veita borgurum tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir er snerta þeirra næsta umhverfi. Þessi sáttmáli er mikilvægur þáttur í starfi Evróparáðsins sem miðar að því að bæta virðingu fyrir mannréttindum.

Í fyrsta hluta sáttmálans er kveðið á um stjórnskipulegan og lagalegan grundvöll fyrir sjálfsstjórn sveitarfélaga. Fjallað er um vernd staðarmarka sveitarfélaganna, hvernig sveitarstjórnir geti ákveðið eigið stjórnkerfi, um starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna, um eftirlit stjórnvalda með starfsemi sveitarstjórna, um tekjustofna sveitarfélaga, um rétt sveitarstjórna til að stofna samtök og lögvernd sjálfsstjórnar þeirra.

Ákvæði samningsins eru að fullu í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, og lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989. Samband ísl. sveitarfélaga hefur eindregið mælt með því að sáttmálinn verði fullgiltur af Íslands hálfu.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessari þáltill. verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mikið um það að við Íslendingar fullgildum samninga sem skrifað hefur verið undir af okkar ráðherrum með fyrirvara um samþykki þingsins. Mjög er það misjafnt hversu upplýstir við erum um þá hluti, hvað í þeim samningum stendur, og varðandi sjálfstæði sveitarfélaganna hlýtur það að vera fyrsta spurningin hvaða rétt ríkisvaldið og Alþingi Íslendinga hafa til að leggja niður sveitarfélög gegn þeirra vilja.

Eins og allir vita erum við búnir að marka því allákveðna stefnu undir hvaða kringumstæðum heimilt er að sameina sveitarfélög en sá fyrirvari var þó í þeim lögum að hægt væri að mynda þjónustulega heild þeirra sveitarfélaga sem sameinuð hafa verið. Ég tel að það væri mjög fróðlegt ef hæstv. ráðherra, sem gerði hér grein fyrir þessu máli, mundi upplýsa þingheim um það hvort ákvæði um rétt sveitarfélaga til að fá að vera áfram sjálfstæðar einingar sé eitt af þeim efnisatriðum sem tekið er fyrir í þessum samningi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Meðal þeirra atriða sem fjallað er um í þeim sáttmála sem hér er leitað heimildar til að staðfesta og fullgilda fyrir Íslands hönd eru ákvæði um staðarmörk sveitarfélaga. Það segir svo í 5. gr. sáttmálans, með leyfi virðulegs forseta:

Yfirskrift greinarinnar er: „Vernd staðarmarka sveitarfélaga".

„Ekki skal gera breytingar á staðarmörkum sveitarfélaga án þess að leita fyrst álits viðkomandi sveitarfélaga, svo sem með almennri atkvæðagreiðslu þar sem lög leyfa."

Með þessu ákvæði virðist mér að komið sé til móts við það sjónarmið sem hv. 2. þm. Vestf. lýsti hér áðan og reyndar er vel kunnugt að í okkar sveitarstjórnarlöggjöf er þessu sjónarmiði vel til skila haldið.

En ég vildi, virðulegi forseti, beina því til hv. þingheims að um þetta atriði og önnur sem að þessu lúta væri mjög heppilegt að fjallað yrði í hv. utanrmn. þegar hún fjallar um málið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að bregðast svo vel við þessari athugasemd, en það orðalag sem notað er á 2. bls. um 5. gr. er kannski ástæða þess að ég spurði, vegna þess að það má mjög deila um hvað felst í orðinu „samráð". Samráð hefur af sumum verið túlkað á þann veg að báðir aðilar þyrftu þá að ná samkomulagi. Ef sú túlkun er til staðar verða sveitarfélög ekki sameinuð gegn vilja þeirra verði þessi sáttmáli undirritaður.

Ég hallast að því að orðið „samráð" hafi enga merkingu þarna nema sá sé skilningurinn að vilji beggja þurfi að vera til staðar. (Gripið fram í.) Ég vek athygli á því að samþykkt þessa samnings er þá jafnframt ákvörðunartaka um það að nema úr gildi ákvæði í núgildandi lögum um fjölmennismörk í sveitarfélögum. Ég leggst ekki gegn því en mér þætti vænt um það ef ráðherra treystir sér til að tala mjög skýrt um það hugtak, hugtakið „samráð", því að á það mun vafalaust reyna fyrir dómstólum síðar meir hver merking þess sé.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í minni framsögu fyrir þessari þáltill. er hún og sáttmálinn sem hér er um að ræða í fullkomnu samræmi við okkar sveitarstjórnarlöggjöf að áliti þeirra sem um hafa fjallað. Vegna tilvitnunar hv. 2. þm. Vestf. í 5. gr. sáttmálans leyfi ég mér að endurtaka að þar er áskilnaður um það að fyrst þurfi að leita álits viðkomandi sveitarfélaga ef fyrirhugaðar eru breytingar á staðarmörkum, svo sem með almennri atkvæðagreiðslu þar sem lög leyfa, eins og reyndar er áskilið í okkar sveitarstjórnarlögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Samningur um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, fyrri umr.

Stjtill., 147. mál. — Þskj. 153.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fullgildingu samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga á þskj. 153. Það er tilgangur þessa samnings að tryggja sérhverjum manni rétt til einkalífs og verndar á friðhelgi þess gagnvart vélrænni vinnslu persónuupplýsinga um hann. Samningurinn nær einkum til vinnslu upplýsinga milli landa og vinnslu upplýsinga erlendis. Er gert ráð fyrir því að aðildarríki samræmi framkvæmd réttarreglna á þessu sviði. Telja verður að lög um meðferð og skráningu persónuupplýsinga nr. 121/1989 uppfylli skilyrði í samningnum um vernd persónuupplýsinga. Að því er varðar ákvæði samningsins um upplýsingastreymi milli landa er heimild í lögum til að setja reglugerð um þær reglur sem greindar eru í samningnum. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að unnt sé að framfylgja þessum samningi hér á landi.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur frammi um fullgildingu samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga er að sönnu tímabær. Hins vegar mótmæli ég því hér, og hef nú reyndar skrifað um það blaðagrein að lög nr. 121/1989 standist ekki þau skilyrði sem þessi samningur fjallar um. Í þeim lögum eru töluvert mörg atriði sem skara þennan samning að mínu mati og ég tel að þau fullnægi alls ekki því sem um er að ræða í þessum samningi.

Þá vil ég sérstaklega benda mönnum á 6. gr. þessa samnings sem heitir „Sérstakir flokkar upplýsinga", en þar segir, með leyfi forseta: „Persónuupplýsingar sem varða kynþátt manna, stjórnmálaskoðanir eða trúarbrögð eða annan átrúnað, svo og persónuupplýsingar varðandi heilsuhagi manna eða kynlíf, má ekki vinna vélrænt nema lög geri ráð fyrir viðeigandi verndarákvæðum. Sama gildir um persónuupplýsingar varðandi dóma í sakamálum."

Ég vil fullyrða það að flest af þeim atriðum sem hér

standa eru ekki vernduð með þeim hætti sem þessi sáttmáli gerir ráð fyrir. Ég minni á þjóðskrána þar sem sérstaklega eru skráðar sumar af þeim upplýsingum sem hér eru teknar fram. Ég minni á skrá stjórnmálaflokka sem ganga alveg á svig við það sem hér er talað um og ég minni á þær skrár sem hafa verið settar saman hér um heilsu manna og sem ég er ekki viss um að standist þetta ákvæði. Í því sambandi minni ég á nýlegt mál sem kom hér upp varðandi verndun, þ.e. upplýsingar sem komu fram á svokölluðum svörtum lista, sem hefur verið lagður fram til þeirra sem óska eftir, eftir sérstaka vinnslu og upplýsingar frá bönkunum. Í þeim lista eru atriði sem standast alls ekki þennan samning. Ég minni á t.d. að þar er skráð ef maður hefur hugsanlega fengið dóm, eða réttara sagt ef mál hefur verið dómtekið en maðurinn hefur ekki raunverulega fengið dóm, þá er það skráð sem dómur á manninn en það stenst ekki þau ákvæði sem þessi samningur tekur til. Ég held að full ástæða sé til þess að Alþingi Íslendinga skoði þessi mál mjög náið.

Ég gæti og bent á nokkur fleiri atriði í þessum samningi sem er mjög mikilvægt að verði skoðuð og þau lög sem hér eru fyrir hendi en lögin frá 1989 nr. 121 standast alls ekki þau ákvæði og þær kröfur sem eru gerðar í þessum samningi. Þess vegna er það krafa að þessi lagabálkur verði tekinn upp og hann samræmdur ákvæðum í þessum samningi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 11. þm. Reykn. stuðning við þá tillögu sem hér er flutt. Ég tek það fram að ég tel ástæðu til þess að hv. utanrmn. kanni þær ábendingar sem hann kom hér með í sinni ræðu. Það er álit þeirra lögfræðinga sem um málið hafa fjallað af hálfu utanrrn. og dómsmrn. að lögin um skráningu og meðferð persónuupplýsinga frá 1989 nr. 121 uppfylli skilyrðin í samningnum. Það er mjög mikilvægt að við fullgildum þennan samning og að sjálfsögðu ekki síður mikilvægt að við gætum þess að íslensk lög og framkvæmd þeirra séu í fyllsta samræmi við hann.

En ég leyfi mér að benda á, virðulegur forseti, að í þessum samningi er fyrst og fremst fjallað um vinnslu og úrvinnslu gagna og upplýsinga um persónuhagi manna sem fara milli landa og vinnslu í öðru landi fremur en það sem innan lands er. Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að skráning upplýsinga er eitt, vélræn úrvinnsla þeirra og birting annað. En með þessu geri ég alls ekki lítið úr þeim ábendingum sem hér hafa fram komið, tek undir það að það sé æskilegt að hv. utanrmn. kveðji til sérfróða menn þegar hún fjallar um málið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, fyrri umr.

Stjtill., 150. mál. — Þskj. 156.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fullgildingu bókunar við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem er á þskj. 156.

Hinn 15. des. 1989 var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna bókun við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi varðandi afnám dauðarefsingar. Ísland gerðist árið 1979 aðili að alþjóðasamningnum sem þessi viðbótarbókun hefur nú verið samþykkt við. Samkvæmt henni skal dauðarefsingu ekki framfylgt innan lögsögu aðildarríkjanna og ber sérhverju aðildarríki að afnema dauðarefsingu innan lögsögu sinnar. Undantekningu má gera þegar um er að ræða hernaðarleg brot mjög alvarlegs eðlis sem framin eru á stríðstímum.

Dauðarefsing var numin úr íslenskum lögum árið 1928 og hafði henni þá ekki verið beitt um langan aldur. Ísland hefur þegar fullgilt viðbótarsamning við mannréttindasáttmála Evrópu um afnám dauðarefsingar. Ríkisstjórnin telur því í alla staði eðlilegt og æskilegt að bókunin verði fullgilt af Íslands hálfu.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Yfirstjórn öryggismála, fyrri umr.

Þáltill. ÞK o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samhæfða yfirstjórn öryggismála. Till. þessa flyt ég ásamt Matthíasi Á. Mathiesen, Friðjóni Þórðarsyni og Ólafi G. Einarssyni.

Lagt er til að könnuð verði og undirbúin setning löggjafar um yfirstjórn öryggismála. Ætlunin er að ná fram skilvirkri stjórnun með samhæfingu einstakra þátta öryggis- og löggæslu.

Tilgangurinn er tvíþættur. Annars vegar er miðað við að nýta megi sem best mannafla og tækjabúnað fyrir það fjármagn sem til þessara mála er veitt. Hins vegar er stefnt að því að efla megi öryggi ríkisins og almennings í landinu með nýjum aðferðum og nýjum vinnubrögðum eftir því sem breyttir tímar og staða landsins á hverjum tíma gera nauðsynlegt. Gert er ráð fyrir sérstakri yfirstjórn öryggismála sem hafi það hlutverk að fara með skipulega samstjórn lögreglumála, landhelgisgæslu og mála er varða tollgæslu, almanna-

varnir og aðra öryggisgæslu.

Til að undirbúa setningu löggjafar um yfirstjórn öryggismála er lagt til að sett verði á fót nefnd sjö þingmanna sem kosin verði hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi. Kveðið er á um að nefndin skuli á haustþingi 1991 leggja fram á Alþingi áfangaskýrslu um störf sín sem þar verði tekin til umræðu. Að því loknu á nefndin að halda áfram störfum sínum og ljúka við frumvarpsgerð svo fljótt sem auðið verður, en eigi síðar en 1. febr. 1992.

Till. þessi til þál. var flutt síðla á síðasta þingi. Allshn. Sþ. fékk till. til meðferðar. Nefndin sendi hana til ýmissa aðila sem málið varðar og fékk ítarlegar umsagnir um það. Hins vegar vannst ekki tími til þess að vinna þetta umfangsmikla mál frekar og hlaut till. því ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Nú endurflytja sömu flutningsmenn þessa till. til þál. með aðeins breyttu ákvæði um tímasetningu sem leiðir af því að málið er nú síðar á ferðinni en upphaflega var gert ráð fyrir.

Ég mælti fyrir þessari till. til þál. í mars sl. og gerði þá ítarlega grein fyrir þeim sjónarmiðum og viðhorfum sem liggja til grundvallar. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem ég þá sagði þegar svo stuttur tími er um liðinn. Ég ætla að hv. þm. sé þetta allt nokkuð í fersku minni, enda eru þessu gerð skil ítarlega í grg. sem till. fylgir.

Ég mun því nota tímann nú til að auka við það sem ég áður hef sagt um þetta með því m.a. að greina frá, svo sem kostur er í stuttu máli, því sem þær stofnanir ríkisins og samtök ríkisstarfsmanna, sem málið varðar sérstaklega, hafa um það að segja. Þetta má gera með því að vekja athygli á þeim mörgu umsögnum sem allshn. bárust um þessa till. til þál. Þar kennir ýmissa grasa.

Umsögn frá dómsmrn. er jákvæð. Sérstök áhersla er lögð á að undirbúningur að setningu löggjafar um samhæfða yfirstjórn öryggismála sé vandasamt verk og mikilvægt sé að til þess veljist hæfir menn sem bæði séu þátttakendur í stjórn landsins og hafi mikla innsýn í þessi mál. Ráðuneytið tekur fram að heppilegt sé að alþingismenn verði hér kvaddir til eins og lagt er til í till.

Hæstv. dómsmrh. áréttaði jákvæða afstöðu ráðuneytisins í umræðunum um málið á síðasta þingi. Hann lagði áherslu á að þessi till. fengi þinglega meðferð og alla þá umfjöllun sem henni bæri.

Landhelgisgæsla Íslands gaf umsögn þar sem talið var mjög tímabært að kanna hvort ekki sé rétt að samhæfa ýmsa þætti öryggis- og lögreglumála til að ná fram sem bestri hagræðingu í nýtingu tækja og mannafla. Bent var á hvert gagn aukin samhæfing gæti haft.

Í umsögn Lögreglufélags Reykjavíkur segir að eðlilegt sé að öryggismálum hér á landi verði nánar gaumur gefinn og þá sérstaklega að horft verði til framtíðar í þeim efnum eins og fram komi í till. Félagið er sammála því að ástæða sé að kanna hvort ekki sé þörf á að samhæfa þá stjórnsýslu sem lýtur að öryggis- og löggæslu ríkisins, stofnana á þess vegum og almennings.

Lögreglustjórinn í Reykjavík segir í sinni umsögn að í kjarna þessarar till. til þál. birtist hugmyndir að víðtækari yfirstjórn lögreglu, landhelgisgæslu, tollgæslu, almannavarna og landvarna en dæmi séu til í nágrannalöndum okkar. Segir hann að till. sé verð góðrar umfjöllunar því að aðeins með stöðugri athugun á frammistöðu stofnana og á skipulagi þeirra megi ætla að búið sé við það skásta hverju sinni.

Í umsögn Rannsóknarlögreglu ríkisins er þessari till. til þál. fagnað. Segir að fyllsta ástæða sé til að huga rækilega að yfirstjórn og samhæfingu allra þeirra aðila sem að öryggisgæslu starfa á vegum ríkisvaldsins. Enn fremur segir að víst sé að þessi könnun sé tímabær og æskilegt væri að henni lyki svo tímanlega að afrakstur könnunarinnar gæti tekið gildi hinn 1. júlí 1992, þ.e. um leið og lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði taka gildi, svo og væntanlega ný lög um meðferð opinberra mála. Fleiri athyglisverðar og gagnlegar ábendingar er að finna í þessari umsögn Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Starfsmannafélag Landhelgisgæslunnar sendi umsögn þar sem segir að ekki megi horfa fram hjá því að þjóð sem ekki hafi her þurfi enn frekar á skipulegri löggæslu að halda til að vernda þegnana. Enn segir þar að samræmd yfirstjórn leiði örugglega til aukinnar og bættrar samvinnu löggæslumanna ríkisins sem telja verði af hinu góða.

Það verður að segjast að umsagnir þeirra aðila sem hér hefur verið vikið að eru mjög jákvæðar. Í umsögnum Sýslumannafélags Íslands, Landssambands lögreglumanna, Tollgæslu og Tollvarðafélags Íslands er lýst efasemdum eða menn treysta sér ekki til á þessu stigi málsins að fjalla mjög náið um þessa till. til þál.

Er þá ótalin ein umsögn sem er frá Varnarmálaskrifstofu utanrrn. Þar er tekið skýrt fram að Varnarmálaskrifstofan geri engar sérstakar athugasemdir við meginefnið í sjálfri þáltill. Engar athugasemdir við meginefni í sjálfri þáltill. Hins vegar er komið á framfæri athugasemdum við ýmis atriði í grg. þeirri sem fylgir þáltill. sjálfri. Hér kennir ýmissa grasa sem ég á ekki kost á að ræða nú í einstökum atriðum. En samnefnari þessara athugasemda er settur fram í lok umsagnarinnar með tilvísun í skýrslu utanrrh. til Alþingis í mars sl., þar sem fjallað er um stöðu Íslands í ljósi breyttra kringumstæðna. Er vitnað í VII. kafla skýrslunnar sem segir „... að þær breytingar sem orðið hafa og eru um það bil að eiga sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu gefi Íslendingum ekki tilefni til að hrófla við fyrirkomulagi sem þeir hafi stuðst við í öryggis- og varnarmálum undanfarna áratugi."

Hér er um að ræða grundvallarágreining við þau sjónarmið sem liggja að baki þessari till. til þál. og lýst er í grg. sem henni fylgir. Við Íslendingar þurfum nú að hafa hliðsjón af þeirri öru þróun heimsmála um þessar mundir sem taka verður tillit til í viðhorfum til öryggis- og varnarmála landsins. Stríðsviðbúnaður fer þverrandi en umsýsla eftirlits og hvers konar gæslu vegur meira. Þannig flyst áherslan frá því sem við erum sjálfir ófærir um til þess sem er innan marka hins mögulega fyrir okkur sjálfa. Við þurfum að vera þess viðbúnir að geta aukið hlutdeild okkar í því sem varð-

ar öryggi og varnir landsins. Það gerum við svo best að koma á fót skipan sem miðar að því að hægt sé að taka við þeim verkefnum sem eru þess eðlis að við getum annast þau sjálfir. Til þess þarf markvissan undirbúning. Það gerum við með því að koma á laggirnar þeirri samhæfðu stjórn öryggismála sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þess vegna er tillagan líka tímabær og aðkallandi. Þannig verðum við Íslendingar viðbúnir til að mæta þeim kröfum sem til okkar eru gerðar sem fullvalda þjóðar.

Þessi þáltill. kveður ekki á um veru varnarliðsins hér á landi. Það er hins vegar gert ráð fyrir að þessi samræmda gæsla sé þannig að skipulagi og framkvæmd að hún sé þess umkomin að taka við verkefnum af varnarliðinu eftir því sem við verður komið og allri öryggis- og löggæslu á Keflavíkurflugvelli þegar til þess kemur að varnarliðið hverfur af landi brott. Það er hvorki gengið út frá því að erlent varnarlið verði í landinu um alla framtíð né að innlendum her verði komið á fót.

Sú skipan öryggis- og löggæslu sem hér er lagt til að stofnað verði til tekur mið af eðlismun einstakra þátta löggæslunnar og margbreytileika. Engin breyting er gerð á skipun umboðsstarfa lögreglustjóra þannig að gjaldheimta og tollheimta heyra undir þá sömu og áður, hvort sem um er að ræða fjmrh. eða aðra aðila. Eftir sem áður helst skipting landsins í lögsagnarumdæmi. Ekki er lögð til breyting á valdsviði og hlutverki lögreglustjóra einstakra lögsagnarumdæma. Þeir málaflokkar sem ekki fara eftir skiptingu lögsagnarumdæma, svo sem gæsla landhelginnar, lúta stjórn án umdæmaskiptingar eins og hingað til. Sama er að segja um almannavarnir og ýmiss konar öryggisþjónustu.

Gert er ráð fyrir að með yfirstjórn allra öryggis- og löggæslumála fari forstjóri, eða öryggismálastjóri, sem heyri undir dómsmrh. Það er hlutverk öryggismálastjóra að samhæfa hina margslungnu þætti öryggis- og löggæslu.

Að því er varðar þau verkefni sem hingað til hefur verið sinnt má líkja þessu hlutverki öryggismálastjóra við það sem dómsmrn., eða ráðuneytisstjóri þess, hefur leitast við að inna af hendi með samkomulagi og samvinnu ýmissa aðila. En sá er munurinn að staða öryggismálastjóra á að vera miklu sterkari til að skipa niður sameinuðum liðsafla til sérstakra verkefna, sem upp kunna að koma, og ráðstafa eftir þörfum tækjabúnaði, sem á að vera til sameiginlegra nota.

Það gefur hlutverki öryggismálastjóra aukið vægi að gert er ráð fyrir að leggja megi undir hina samhæfðu yfirstjórn öryggismála alla þætti þessara mála, hvort sem þeim hefur verið sinnt hingað til eða ekki. Á þetta ekki síst við um allt sem lýtur að landvörnum. Jafnframt hinni styrku stöðu yfirstjórnar öryggismála er gert ráð fyrir að hlutdeild almennings í öryggis- og gæslustörfum verði ekki minni en áður, nema síður sé. Er þá átt við hið mikilvæga hlutverk Slysavarnafélags Íslands, Hjálparsveitar skáta og flugbjörgunarsveita og lögbundna hlutdeild almennings, svo sem almannavarnanefndir og aðra slíka skipan sem til kann að koma.

Hér er um að ræða mikið og margslungið mál. Víðfeðmi málsins er slíkt að í mörg horn er að líta. Við byggjum að sjálfsögðu á margháttaðri reynslu sem við höfum á meðferð okkar í hinum ýmsu greinum okkar öryggismála. Við getum í þessum efnum, sem svo mörgum öðrum, sótt okkur fyrirmyndir til annarra þjóða sem okkur eru skyldastar að stjórnarháttum. En um sumt erum við sérstæð í hópi þjóðanna, svo sem að hér er engum her til að dreifa og ekki er ætlunin að koma honum á fót. Það fer því ekki hjá því að það skipulag öryggismála sem við komum til með að búa okkur hlýtur í ýmsum efnum að vera einstætt, svo frábrugðnar eru hér allar aðstæður frá því sem annars staðar gerist.

Hæstv. forseti. Ég er að ljúka máli mínu en vil aðeins segja að með tilliti til þessa sem ég hef nú sagt er allur undirbúningur að setningu löggjafar um yfirstjórn öryggismála vandmeðfarinn. Till. þessi til þál., sem við nú ræðum, ber þess einmitt glöggan vott. Þar er að finna ákvæði um alveg óvenjulega aðferð og vinnutilbúnað til að undirbúa setningu löggjafar. Meira að segja nefndin sem ætlað er að vinna verkið er í hæsta máta óvenjuleg, bæði að tilurð og formi. Vandaður undirbúningur lýsir sér í því að nefndin skal skipuð alþingismönnum kjörnum til verksins af sjálfu Alþingi. Þá er sá málatilbúnaður, að ætla má, nær eindæmi að á Alþingi er ætlað að ræða áfangaskýrslu nefndarinnar, þannig að þar verði komið við skoðunum, hugmyndum og áliti einstakra þingmanna sem nefndin getur unnið úr áður en frumvarpsgerðinni er lokið.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að till. þessi til þál. hljóti góða og trausta málsmeðferð svo hún megi verða samþykkt á þessu þingi. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um till. til þál. um samhæfða yfirstjórn öryggismála. Þar er lagt til að Alþingi álykti að könnuð verði og undirbúin setning löggjafar um yfirstjórn öryggismála. Það er ekki ástæða til að hafa mörg orð um till. á þessu stigi mála. Hvort tveggja er að henni fylgir löng og ítarleg grg. og annað hitt að hv. 1. flm., 4. þm. Vestf., hefur fylgt henni skilmerkilega úr hlaði. En hitt má benda á, hvað efni þessarar till. er mikilvægt og þarfnast íhugunar allra hugsandi manna.

Það er sagt að til þess að um ríki geti verið að ræða þurfi land, fólk og lögbundið skipulag, en til þess að ríki geti talist fullvalda þarf að vera fyrir hendi ríkisvald. Nú veit ég að menn eru ekki allir sammála um það að óska eftir sterku ríkisvaldi. Flestir hugsandi menn munu þó vera inni á því að ríkisvaldið þurfi að vera traust. Hér á landi hafa þessi mál þróast nokkuð með sérstökum hætti og lög sem lúta að lögreglu, landhelgisgæslu, tollgæslu og almannavörnum hafa þróast á sinn hátt. Er ekki neitt við það að athuga að slík mál gangi fram með nokkuð misjöfnum hætti eftir því um hvaða land er að ræða.

Það segir hér að gert sé ráð fyrir að með yfirstjórn allra öryggis- og löggæslumála fari forstjóri, eða ör-

yggismálastjóri, sem heyri undir dómsmrh. Á þessu er gripið hér. Nú er að mínu áliti ekki alveg nauðsynlegt að hér verði nákvæmlega hagað málum í samræmi við þetta. Ég álít meginstyrk þessarar till. vera þann að fá menn til þess að hugleiða þessi mikilvægu mál. Ekki endilega að það komist allir að sömu niðurstöðu. Þó var þess getið af hv. frsm. að umsagnir um þessa tillögu hafa yfirleitt verið mjög jákvæðar. En ég tel þó að vel megi athuga aðrar leiðir. Verst af öllu er að fljóta sofandi að feigðarósi í þessum efnum því hér er um lífshagsmuni þjóðarinnar að ræða sem enginn alþingismaður getur látið fram hjá sér fara án þess að gefa þeim gaum.

Ég vil í þessu efni minnast á það að fyrir skömmu síðan rakst ég á grein í blaði sem skrifuð er af gagnmerkum embættismanni. Þar grípur hann á því að það sé með öllu óforsvaranlegt að við stjórnarmyndanir sé dómsmrn., sem hefur óneitanlega í hendi sér innsta kjarna og stjórn öryggismálanna, notað sem afgangsstærð eða skiptimynt, eins og því miður hefur gerst við stjórnarmyndanir. Ég er hræddur um að ýmsum eldri og reyndari alþingismönnum hefði ekki hugnast slík aðferð. Ég tel hana hv. alþm. til lítils sóma því þetta er mál sem þeim ber skylda til að hugleiða og kasta ekki höndum að.

Hvað sem um þetta má ræða, og það má vissulega halda langa tölu um þetta málefni, þá hreyfir þessi till. mjög mikilvægu máli. Hún er tímabær og aðkallandi. Hún þarf langa og markvissa umfjöllun sem bæði ráðamenn þjóðarinnar og raunar hver frjálsborinn einstaklingur þarf að taka þátt í. Ef við Íslendingar ætlum að halda fullveldi okkar og frelsi þá verðum við að vera tilbúnir til að mæta þeim kröfum sem til okkar eru gerðar sem fullvalda þjóðar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft mjög stóru máli og á því eru margir fletir. Við vitum að þegnunum getur stafað hætta af upplausnaröflum undir ýmsum kringumstæðum. Þeim getur stafað hætta af skæruliðastarfsemi, sem er alþjóðleg, varðandi flugrán og margt fleira, og einnig getur orðið bein árásarhætta á landið. Það er vitað að Íslendingar hafa með samningum og þátttöku í NATO reynt að tryggja sig gagnvart beinni árásarhættu á landið.

Sú hugmynd sem hér kemur fram bendir til þess að það eigi að miðstýra öryggismálum með mun ákveðnari hætti en gert hefur verið, því eins og kom fram í ræðu hv. flm. þá þarf að leita viss samráðs þegar ráðuneytisstjóri dómsmrn. hefur verið að samhæfa aðgerðir. Nú er það svo að sé horft á heiminn og hugsað sem svo að það sem gerist erlendis getur einnig gerst hér þá blasir það við að þingræðinu hefur oft stafað ærin hætta af öryggissveitum framkvæmdarvaldsins. Jafnfram hefur framkvæmdarvaldinu oft og tíðum stafað ærin hætta af öryggissveitunum, þ.e. sveitirnar hafa ráðist gegn skapara sínum og valdataka hers og lögreglu hefur verið vinsæl á ýmsum stöðum jarðarkringlunnar.

Hér hefur ekki verið sá styrkleiki til staðar að á það hefði reynt hvort áhugamenn um valdarán leituðu eftir því að verða toppaðilar í svona stöðu og kanna hvern styrk þeir hefðu. Við höfum því auðvitað ekkert í höndunum sem segir að slíkt mundi gerast hér á landi þó að þetta yrði gert. Hins vegar er hægt að fullyrða það að eitt og annað hefur verið framkvæmt meðal lýðræðisþjóða Evrópu sem okkur þætti allógeðfellt hér á landi. M.a. hefur breska leyniþjónustan verið staðin að því að halda uppi umfangsmikilli njósnastarfsemi og í sumum tilfellum áróðursstarfsemi í pólitískum tilgangi. Hafa það verið foringjar Verkamannaflokksins og gjarnan ráðherrar sem hafa orðið fyrir barðinu á hennar starfsemi.

Ég segi þetta hér vegna þess að mér er ljóst að hugsunin á bak við þetta er sú að tryggja hér öryggi og sú hugsun er góðra gjalda verð. Hins vegar játa ég það að þó að margir vilji hafa ríkisvaldið sterkt þá hefur mér alltaf fundist að því meir sem við ykjum miðstýringuna, þeim mun meiri hætta væri á misnotkun valdsins gagnvart þegnunum.

Ég hygg að við Íslendingar höfum sem betur fer sloppið nokkuð vel í þeim efnum þó að vissulega sé hægt að finna dæmi þess hér á landi, eins og annars staðar, að manni finnst að framkvæmdarvaldið hafi verið lausbeislað. Verður mér þar m.a. hugsað til þeirra afskipta sem Íslendingar höfðu á sínum tíma af málum sem áttu sér stað í Evrópu og á Norðurlöndum eftir stríð þegar við unnum að því að láta sýkna þar Íslendinga sem innlend stjórnvöld þeirra landa höfðu talið að hefðu brotið verulega af sér.

Ég segi þess vegna að ég hef vissar efasemdir gagnvart því að þetta málefni eigi að vera forgangsmálefni á okkar tímum. Hins vegar finnst mér að margt bendi til þess að æskilegt væri að kanna hvernig okkar öryggisvarsla mundi bregðast við hinum ýmsu utanaðkomandi atvikum þannig að menn hefðu gleggri mynd af því en þeir hafa í dag hverju Íslendingar gætu varist með þeim mannafla sem þeir hafa í sinni öryggisgæslu og ættu þess vegna auðveldara með að meta hvað beri að gera, hverju beri að breyta.

Ég ætla ekki að fara út í að diskútera það hversu sterkt ríkisvaldið eigi að vera á hverjum tíma, en auðvitað held ég að það sé nú samt okkar viðhorf að löglega kosið ríkisvald eigi að halda velli á hverjum tíma þar til þingræðið ákveði þá aðra skipan á stjórn landsins.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ástandið á húsbréfamarkaðnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hér hefst nú utandagskrárumræða um ástandið á húsbréfamarkaðnum. Umræðan fer fram að beiðni hv. 17. þm. Reykv. skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapalaga sem þýðir að hún má standa í allt að hálftíma.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það fer ekki fram hjá neinum að hinir alvarlegu atburðir á húsbréfamarkaði fyrir helgina hafa vakið verulega athygli. „Geggjað ástand á húsbréfamörkuðunum," segir til að mynda í fyrirsögn í DV á laugardaginn og Morgunblaðið skýrir frá því að afföll af húsbréfum hafi verið allt að 14,7%.

Húsbréfakerfið hefur verið óskabarn núv. félmrh. og það er óhjákvæmilegt að ráðherrann útskýri fyrir Alþingi og þar með fyrir þjóðinni hvað hér hefur verið að gerast. Ráðherrann hefur lagt mikla áherslu á að húsbréfakerfið verði allsráðandi sem almennt húsnæðislánakerfi hér á landi og það beri að loka Byggingarsjóði ríkisins og lánakerfinu frá 1986. Þeirri stefnu var reyndar hafnað af Framsfl. nú um helgina og er ekki annað en sjá en að þessi mál séu í algjöru uppnámi í ríkisstjórninni og ekki samstaða um nokkurn hlut.

Félmrh. vill að húsbréfakerfið eitt verði starfandi. En er það ekki nokkuð langt gengið, virðulegi ráðherra, í ljósi atburðanna fyrir helgi að ætlast til þess að þeir sem eru að afla sér húsnæðis og taka húsbréfalán til 25 ára skuli þurfa að sæta dagprísum á bréfum sínum og það skuli ráðast af því hvort viðskipti eiga sér stað fyrir eða eftir hádegi hver vaxtakjörin eru og hvort menn tapa jafnvel tugum þúsunda? Á tímabundið erfiðleikaástand á verðbréfamarkaði að ráða vöxtum á íbúðarhúsnæði í 25 ár þegar fólk er jafnvel að ráðstafa aleigu sinni og ævisparnaði? Er þetta hugsjón Alþfl. um fyrirgreiðslu við unga fólkið í húsnæðismálum?

Þegar húsbréfakerfinu var komið á fót var fullyrt að hinn svokallaði viðskiptavaki mundi sjá til þess að alltaf yrði unnt að selja húsbréfin. Sl. fimmtudag tilkynnti hins vegar viðskiptavakinn, verðbréfafyrirtækið Landsbréf, að búið væri að kaupa það magn af húsbréfum sem samningur gerði ráð fyrir og meira yrði ekki keypt í þessum mánuði. Lá þá fyrir að markaðurinn var orðinn yfirfullur af bréfum sem ekki seldust þrátt fyrir hækkandi ávöxtunarkröfu. Félmrh. sá þá ástæðu til að kalla til sín bankastjóra Landsbankans og knýja þá til að halda þessum viðskiptum áfram. Þegar markaðir opnuðust síðan á ný á föstudag var búið að taka upp breytileg afföll á bréfunum innan dagsins. Þetta er að mínum dómi hreinn ruddaskapur gagnvart fólki í fasteignaviðskiptum og gengur þvert á allt sem því fólki hefur verið talin trú um og ráðherra hlýtur að bera á þessu fulla pólitíska ábyrgð.

Ástæðan fyrir þessum erfiðleikum nú er auðvitað sú að það hefur verið gífurlegt offramboð á húsbréfum og það var ónógur undirbúningur fyrir þetta kerfi. Það hefur verið farið allt of geyst af stað í húsbréfakerfinu án nægilega öflugs markaðsátaks og kynningar á því hvernig best er að nýta þessi bréf á fasteignamarkaðnum. Við þessu vöruðu sjálfstæðismenn þegar kerfið var lögfest. Við vildum fara hægar í sakirnar og undirbúa málið betur.

Húsbréfin seljast ekki sem skyldi, m.a. vegna þess að þau hafa átt í harðri samkeppni við önnur bréf sem ríkissjóður býður upp á. Viðskiptavakinn situr uppi með mikið óselt magn af bréfum einmitt þegar húsbréfakerfið er opnað fyrir nýbyggingar og búast má við miklu magni viðbótarbréfa á markaðinn. Og þrátt fyrir að vitað sé um þetta offramboð er lagt hér fram í þinginu, þennan sama dag í síðustu viku, frv. sem gerir ráð fyrir enn meira framboði á bréfum, nú fyrir þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Það virðist stefna félmrh. að bjóða fólki í greiðsluerfiðleikum að leysa sín vandamál með því að selja húsbréf með 15% afföllum. Það er mikið kostaboð eða hitt þó heldur.

En mér sýnist, virðulegi forseti, að niðurstaðan af atburðarásinni í síðustu viku sé m.a. sú að það sé ekki unnt að byggja á húsbréfakerfinu einu til frambúðar, a.m.k. ekki gagnvart því unga fólki sem er að afla sér eigin húsnæðis í fyrsta sinn. Eftir það sem nú hefur komið fram er ekki hægt að bjóða upp á húsbréfakerfið sem eina valkostinn fyrir þetta fólk. Það verður að vera fyrir hendi einhver annar kostur fyrir þá sem hvorki eiga heima í félagslega kerfinu né ráða við að leggja fram 35% eigið fé og standa jafnframt undir 7–8% ávöxtunarkröfu í húsbréfakerfinu.

En aðalatriðið er auðvitað það, virðulegi forseti, að ábyrg stjórnmálaöfl taki nú höndum saman um að afstýra frekara tjóni á húsbréfamarkaðnum og mynda breiða samstöðu um að finna framtíðarlausn á þessum vanda.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er nú varla hægt að ætlast til þess að ég svari á tveimur mínútum því sem fram hefur komið hér í máli hv. fyrirspyrjanda og þeim makalausu ummælum sem hafa komið fram hjá ýmsum þingmönnum sem hafa tjáð sig um þetta mál á undanförnum dögum og æsifréttum í einstaka fjölmiðlum í kringum þetta mál.

Það er alveg ljóst og ég hef haldið því fram að aðgerðir Landsbréfa eru ámælisverðar og vanhugsaðar og samræmast ekki skyldum viðskiptavaka sem ber að hafa ávallt skráð sölu- og kaupgengi á húsbréfum. Ég tel að aðgerðir þeirra hafi einnig verið ástæðulausar. Þegar gripið var til þessara aðgerða tel ég að lífeyrissjóðirnir hafi verið að taka við sér með kaup á húsbréfum og það hafi vakað þá í málinu að Seðlabanki Íslands mundi koma inn í og greiða fyrir viðskiptum með húsbréf. Þessar klaufalegu aðgerðir Landsbréfa sköpuðu óróa og hræringar þar sem aðrir aðilar á verðbréfamörkuðum nýttu sér þessi mistök Landsbréfa og spenntu óeðlilega upp ávöxtunarkröfuna á húsbréfum. Allt bendir hins vegar til þess að ávöxtunarkrafan sé nú í toppi og muni fljótlega ganga niður. Og það er engin ástæða til að ætla annað en að húsbréfakerfið muni mjög fljótlega leita jafnvægis aftur og væntanlega mun á morgun skýrast hvernig Seðlabankinn mun greiða fyrir húsbréfaviðskiptum eins og ég hef óskað eftir.

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda talar hann eins og sumir aðrir um offramboð á húsbréfum og afföll. Það mætti mjög margt um þetta segja. Það er ekki offramboð á húsbréfum vegna þess að áætlað var að sala á markaði á þessu ári yrði 4,5–5 milljarðar. Hún er 2,7–3 milljarðar nú. Ástæða þess er fyrst og fremst að lífeyrissjóðirnir hafa ekki keypt húsbréf sem skyldi eins og þeim er heimilað að gera þrátt fyrir það að

þetta er hagstæðasti ávöxtunarkosturinn fyrir þá. Markaðskynningu og markaðssetningu Landsbréfa hefur einnig verið ábótavant.

Ég vil segja það varðandi afföllin að það er hrein rangtúlkun á þeim hvernig þetta er orðað af ýmsum. Íbúðakaupendur hafa ekki þurft að sæta afföllum þegar þeir kaupa sér íbúðir gegnum húsbréfakerfið. Íbúðaverð hefur ekki hækkað og þar af leiðandi hafa íbúðakaupendur ekki þurft að sæta afföllum. Seljendur hafa fengið sínar íbúðir nánast staðgreiddar og hver voru afföllin, hv. þm., fyrir húsbréfakerfið? Þá þurftu seljendur að sæta þeim afföllum að fá 75% af útborguninni vaxtalausa og eftirstöðvar án verðtryggingar á fjórum árum. Og ég tel að viðtöl við fólk, t.d. í Morgunblaðinu núna fyrir helgi, sem hefur gert sín íbúðakaup gegnum húsbréfakerfið, staðfesti að íbúðakaupendur hafa ekki þurft að sæta afföllum. Þegar þeir, seljendur einnig, láta húsbréfin ganga upp í næstu íbúðaskipti koma ekki til afföll. Þetta liggur hér fyrir, t.d. í viðtali við formann Félags fasteignasala. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta: „Ég man ekki eftir einu einasta dæmi hjá mér þar sem menn hafa í svona áframhaldandi viðskiptum þurft að sæta afföllum." Það er fyrst og fremst ef ekki er um slík viðskipti að ræða, og ég tel að það sé sumpart fasteignasölum að kenna, að hvetja ekki fólk til þess að láta húsbréfin ganga upp í næstu viðskipti, að fólk hefur þurft að sæta afföllum. Ef það leysir út sín húsbréf hefur það þurft að sæta afföllum og m.a. greiða óþarfa söluþóknun sem það þurfti ekki að gera ef það lét þetta ganga upp í næstu viðskipti. Ef þetta er látið ganga upp í næstu viðskipti eru húsbréfin á reiknuðu verði. Það er reiknað eins og húsbréf hafa hækkað með vísitölu og vöxtum. Ég tel að það sem hefur verið að ske hér á húsbréfamarkaðnum á undanförnum dögum sé ekki fyrst og fremst áhyggjuefni heldur æsifréttaskrif sumra fjölmiðla og hreinlega vankunnátta einstakra þingmanna í því hvernig húsbréfakerfið gengur fyrir sig.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau tíðindi gerðust í síðustu viku að Landsbréf lýstu því yfir að á þeim bæ yrði ekki um meiri húsbréfakaup að ræða. Félmrh. átti fund með ráðamönnum þar og að honum loknum var tilkynnt að Landsbréf mundu hefja húsbréfakaup að nýju en nú á dagprísum. Skýringin á þessu var m.a. sú að húsbréfin væru ekki nógu góður kostur fyrir viðskiptavini verðbréfamarkaða. T.d. væru ríkisskuldabréfin vænlegri vegna betri vaxta.

Með þessu er eiginlega verið að segja að ríkið sé syndaselurinn þar sem það setji í gang samkeppni innbyrðis milli tveggja kosta og dæmi annan kostinn úr leik fyrir fram með því að búa honum verri skilyrði. Afleiðingin sé m.a. sú að lífeyrissjóðirnir hafi ekki keypt húsbréf eins og skyldi. En úr því sem komið er hefur ekkert upp á sig að finna blóraböggulinn heldur að bæta unninn skaða. Með áðurnefndri ákvörðun Landsbréfa var fótunum allt í einu kippt undan fjölda fólks, fólks sem hefur staðið í fasteignaviðskiptum nýlega eða hefur í huga að gera það bráðlega og nota til þess húsbréfakerfið. Sú óvissa sem nú hefur skapast er ófyrirgefanleg.

Ásóknin í húsbréfin hefur sýnt að þetta kerfi er kostur sem fjöldi fólks vill nýta og treystir sér til að standa í skilum í þessum viðskiptum. Svo er einnig um Húsnæðisstofnun ríkisins sem metur greiðslugetu væntanlegra íbúðakaupenda í húsbréfakerfi. Nóg hefur nú gengið á í málefnum Húsnæðisstofnunar og fasteignaviðskipta þó þetta bættist ekki við.

Almennir íbúðakaupendur og seljendur verða að geta treyst því kerfi sem um er að ræða. Sá skaði sem nú hefur verið unninn verður e.t.v. seint bættur. Yfirlýsingar þess efnis að nú geti skipt máli hvort bréf eru seld í dag eða á morgun, að ég tali nú ekki um hvort viðskiptin eiga sér stað fyrir eða eftir hádegi, vekja óróa og skapa vantraust.

Það að koma sér upp þaki yfir höfuðið er í flestum tilfellum mesta fjárfesting í lífi alls þorra fólks og það er ekki í peningaspekúlasjónum heldur einfaldlega að sinna þörfum sínum og fjölskyldu sinnar. Þessi allt að því skyldufjárfesting Íslendinga krefst oftar en ekki útsjónarsemi og ráðdeildar ef þannig á til að takast að byrðin verði ekki óbærileg. Það er lítil huggun harmi gegn að segja fólki að nú taki nokkra mánuði, allt upp í hálft ár, að skapa aftur ró og jafnvægi á markaðnum og því sé ráðlegt að bíða með sölu á húsbréfum í bili. Venjulegt fólk hefur ekki það fé milli handanna að það geti beðið. Það getur verið ágætis ráðlegging fyrir spekúlanta og spákaupmenn, stöndug fyrirtæki og sjóði, en ekki fyrir almenna íbúðakaupendur og seljendur. Það eina sem hægt er að gera nú er að skapa það traust sem húsbréfakerfi og notendum þess er nauðsynlegt og reyna að bæta skaðann og sjá til þess með fastari reglum og fyrirmælum en nú er að Seðlabanki Íslands gegni sínu hlutverki sem viðskiptavaki og sjái til þess að aðrir viðskiptavakar geri það líka eins og þeim reyndar ber að gera samkvæmt lögum. Ég ætla að lesa hér upp 66. gr. laga um húsbréf þar sem kveðið er á um þetta, með leyfi forseta:

„Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga um verðbréf og verðbréfasjóði, nr. 20/1989. Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabanki skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf."

Þetta töldu þingmenn fullnægjandi skilyrði þegar húsbréfakerfið var samþykkt á Alþingi, en nú hefur komið í ljós að svo er ekki og þá vaknar sú spurning hvort ekki þarf að herða þessi fyrirmæli og hvort hæstv. félmrh. hafi einhver áform uppi um slíkt.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Manni líður nú bara eins og jólin séu komin þegar maður heyrir þennan bjölluhljóm. En það eru hins vegar ekki jól hjá húsbyggjendum sem hafa fengið yfir sig húsbréfakerfið sem er hálfkarað kerfi. Ég minni á það kerfi sem hv. 7. þm. Reykn., hæstv. umhverfisráðherra, talaði fyrir, um húsbréfakerfi og húsbanka. Það var ljóst, og það hefur sannast núna, að

án þess að fullkomlega sé gengið þannig frá þessum málum að það sé sett í eitt heildstætt kerfi sé þetta ónýtt eins og það er gert í dag með húsbréfin. Það er ekki nægilegt að taka hluta af einhverju kerfi og henda því inn á hinn almenna markað. Það er ófært og það er ófært að ganga þannig frá málunum að fjöldi manna sé ekki betur settur en áður. Ég er hins vegar ekki á móti því að dagvextir séu á húsbréfum. Ég tel auðvitað að framboð og eftirspurn eigi að ráða því að það liggur í augum uppi að við sem viljum frjálsan markaðsbúskap viljum auðvitað dagvexti eins og er víðast hvar annars staðar á slíku. Hitt er annað mál að með því að setja skattalög á sem hafa mismunað fólki stórlega hefur þessi ríkisstjórn gert húsbréfin og önnur mál er varða húsbyggjendur með þeim hætti að menn standa uppi þannig að það fer allt eftir því hvernig skattalögin taka á þeirra málum hvernig þeir standa. Hitt stendur jafnóhaggað sem ég hef haldið fram að menn standa verr í húsbréfakerfinu hvað varðar árlega greiðslubyrði en í almenna lánakerfinu eins og útreikningar sýna og ekki hefur það batnað við þetta. Það er því verulega mikil þörf á því að hér verði komið á heildstæðu húsnæðiskerfi sem taki á öllum þörfum íbúa og þeirra sem þurfa að byggja þannig að menn standi ekki frammi fyrir því að lenda í verulegum erfiðleikum eins og hefur verið á undanförnum árum. Ég held að það hljóti að vera krafa um að menn taki höndum saman og myndi eitt heildarkerfi.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessari utandagskrárumræðu get ég ekki látið hjá líða að minna á tillögur okkar borgaraflokksþingmanna sem við fluttum á fyrsta þingi sem við sátum haustið 1987. Þá lögðum við til uppstokkun á húsnæðiskerfinu sem gerði ráð fyrir tvenns konar kerfi, í fyrsta lagi að ríkisvaldið sæi einungis um húsnæðislán til þeirra hópa sem þurfa á hjálp að halda, þ.e. lágtekjuhópa, aldraðra, fatlaðra og hugsanlega þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Allir aðrir ættu að vera með sín húsnæðislán hjá almennum lánastofnunum sem væru fyrst og fremst í umsjón lífeyrissjóðanna sjálfra. Við lögðum þar af leiðandi fram frv. til laga um sérstakt húsnæðislánakerfi eða húsnæðisbanka sem væri í umsjón lífeyrissjóðanna og þar kom í fyrsta sinn fram á Alþingi Íslendinga sú hugmynd að fjármagna slík lán með húsbréfum. Þaðan er það hugtak og það orð komið. Því miður var farin allt önnur leið. Ég get út af fyrir sig vel sætt mig við að sú leið hafi verið farin til þess að gera tilraun með fjármögnun húsnæðislána með húsbréfum, en ég sannfærist frekar og frekar um að það kerfi og sú tillaga sem við komum fram með haustið 1987 hafi verið hin rétta. Ég tel því að það sé orðið tímabært að prófa þá aðferð líka.

Síðan langar mig aðeins til að víkja að misræmi sem virðist hafa orðið með upptöku húsbréfakerfis á Íslandi. Það er að í staðinn fyrir að vísa húsbréfunum á kaupendurna hafa húsbréfin fallið í hlut seljendanna. Þetta hefur ekki verið gert annars staðar en á Íslandi og mér sýnist að sú reynsla sé slæm. Ég vil t.d. benda á að flestar Norðurlandaþjóðirnar sem eru með húsbréfakerfi byggja fjármögnun húsnæðislána á því að húsbréfin eru seld fyrir fram og síðan fær kaupandi íbúðar bein peningalán. Hvorki kaupandi né seljandi þurfa yfirleitt nokkurn tíma að hugsa um sjálf húsbréfin. Þau eru eins og hver önnur markaðsvara sem er seld og keypt á verðbréfamörkuðum og liggur sem undirstaða að þeim húsnæðislánum sem síðan er hægt að veita. En hvorki kaupandi né seljandi þurfa að hafa hinar minnstu áhyggjur af því að meðhöndla nokkru sinni þessi húsbréf.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Mér kemur ekki á óvart sú staða sem er komin upp í húsbréfakerfinu. Ég benti á það í umræðum þegar um þetta var fjallað og greiddi atkvæði á móti þessari leið. Þetta er auðvitað ein leið en þá þarf líka að setja vextina fasta eins og er gert með verðbætur á laun. Önnur leið er ekki til. Og þetta frelsi sem meiri hluti þingsins vill hafa í sambandi við fjármagnið — Ísland er eina ríkið í Evrópu þar sem ekki er greiddur tekjuskattur af vaxtatekjum — það er algert frelsi og þess vegna hlaut þetta að fara svona eins og hefur sýnt sig. Við sjáum það og ég þekki það að það eru margir núna í hengjandi vandræðum út af þessu vaxtaokri, því að það er bara okur þegar afföllin eru orðin 12–14%.

Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð var sett í stjórnarsáttmálann að raunvextir færu ekki yfir 6%. Hvað eru þeir? Þeir eru yfir 10% núna hjá þeim sem eru í erfiðleikum og þurfa að skuldbreyta. Þetta er það ástand sem er búið að skapa af aumingjaskap alþingismanna.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar ég hef verið spurð að því á þessu hausti hvernig þessi vetur verði, þá er verið að vísa til þess að það er kosningavetur sem er að ganga í garð hér á hv. Alþingi. Ég hef þá bent á það að samkvæmt skrifum sjálfstæðismanna á liðnu sumri verði húsnæðismálin það mál sem þeir muni gera að helsta ágreiningsmálinu í þinginu. Það sem af er þingi hefur þetta gengið eftir. Sjálfstæðismenn hafa notað öll tækifæri sem þeir hafa fundið til að hafa uppi ágreining um húsnæðismál og oftar en einu sinni höfum við lent í utandagskrárumræðu um þau.

Það er svolítið merkilegt þegar maður skoðar hvernig umræða er höfð uppi, eins og þessi í dag, að gengi á bréfum skiptir máli fyrir fólk, hvort það á viðskipti með húsbréf fyrir eða eftir hádegi. Og á hvaða strengi er slegið? Að þarna sé um að ræða aleigu fjölskyldunnar og lífssparnað. Dettur nokkrum manni í hug að sá sem á fullorðinsárum er að selja, við skulum segja íbúð út á húsbréf, sé í þeirri stöðu að hann þurfi að meta það hvort hann fari fyrir hádegi til að selja bréfin eður ei? Þeir sem á annað borð hafa fylgst með þeim skrifum sem átt hafa sér stað núna eftir að þessi ósköp dundu yfir, að Landsbréf stöðvuðu kaup og sölu á húsbréfum, vita betur en svo. Viðtöl hafa birst við fólk sem hefur keypt og selt í gegnum húsbréfakerfið og engin afföll eru þar sem bréfin ganga áfram til

kaupa, sem er í langflestum tilfellum.

Og ég vil aðeins að lokum, virðulegi forseti, gera orð formanns fasteignasala að mínum þegar hann segir í blaðagrein í Tímanum fyrir helgi: „Öll umræðan gengur hins vegar út á það að hver einasti maður selji öll húsbréf.“ Allar fréttir snúast um afföllin og þetta skapar hreina móðursýki.

Ég læt þetta duga, virðulegi forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að færa megi full rök að því sem hæstv. ráðherra sagði, að hvorki seljendur né kaupendur hafa skaðast af húsbréfaviðskiptunum eins og þau hafa verið. Hins vegar blasir það við að húsbréf eru seðlaútgáfa. Það hlýtur að vera spurning um það hvaða sparnaður á sér stað í landinu, hversu mikið hægt er að kaupa af slíkum bréfum af fjármagnsmarkaðinum í landinu. Og auðvitað liggur það í hlutarins eðli, ef um frjálsan markað er að ræða, að þessi afföll sveiflist eitthvað til.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að þetta kerfi gæti ekki gengið upp nema ef þeir sem ættu húsbréfin mundu í mjög ríkum mæli geyma þau í staðinn fyrir að selja þau. En ég stend hér upp fyrst og fremst til að vara við því að menn láti sér detta í hug að Seðlabanki Íslands eigi að vera skyldugur að kaupa húsbréf og fastsetja þar með gengi bréfanna. Ef það er gert er það ákvörðun um gífurlega seðlaprentun sem mundi fljótlega skapa verulega þenslu hér innan lands.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir upplýsingar sem komu frá hæstv. umhvrh. Auðvitað er það hárrétt sem hann hélt fram að þetta er allt öðruvísi uppbyggt hér en í nágrannalöndunum og það lá fyrir þegar Alþingi samþykkti þessi lög. En því miður vildu menn ekki hlusta á rök. Það er dálítið undravert að hlusta á það í fjölmiðlum og hér á hv. Alþingi að hæstv. ráðherra segir: Hagstæðasti kostur til ávöxtunar eru húsbréfin fyrir þá sem vilja græða peninga og safna peningum. En hvað um fólkið sem er þolandinn, sem á að greiða þessi háu lán og standa undir þessum bréfum í 25 ár? Það er eins og það komi málinu ekkert við.

Við meðferð þessa máls hér á hv. Alþingi fékkst hvorki tími né ráðrúm til þess að gera raunhæfa úttekt á þessu kerfi og hvað af því mundi leiða. Það hefur ekki fengist enn. Með lokun á húsnæðiskerfinu frá 1986, sem virðist vera áform, er alveg ljóst að lífeyrissjóðir landsins eru með einu pennastriki leystir undan kaupskyldu sinni fyrir 55% af sínu ráðstöfunarfé sem átti að standa undir þessu kerfi. Þeir geta hætt að kaupa þessi bréf strax ef slík ákvörðun yrði tekin.

Virðulegi forseti. Það er ekki tími til að ræða þetta mál efnislega, en ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, sem er raunar krafa þingsins, að það verði tekið á því með rólegri íhugun hvernig hægt er að leysa húsnæðismálin til frambúðar miðað við þann hnút sem búið er að setja þau í á undanförnum árum. Það er verkefni sem Alþingi verður að leysa en það gerist ekki á nokkrum dögum eða vikum. Það verður fyrst að setjast niður og hætta þessum óróa og þessum sífelldu bráðabirgðalausnum sem verið er að gera við þetta kerfi. Og húsbréfin leysa engan vanda.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það vakti athygli að hæstv. ráðherra skyldi í engu svara þeim tilmælum hv. málshefjanda að þess yrði freistað að ná hér víðtækri samstöðu um stefnumörkun í húsnæðismálum til þess að taka á því óvissuástandi sem þar er ríkjandi og því stríðsástandi sem er um stefnuna í húsnæðismálum. Það segir mikla sögu hvernig hæstv. ráðherra leiddi hjá sér að ræða þau tilmæli.

En kjarni málsins er kannski sá að hér enn ein staðfestingin á því í hverri upplausn þessi mál eru. Það liggur fyrir, vegna þess að vaxtamismun hefur verið haldið óeðlilegum og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki tryggt eðlilegar fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins, að hann stefnir í gjaldþrot. Og það liggur fyrir að þetta nýja kerfi uppfyllir ekki þær glansmyndir sem hæstv. ráðherra hafði teiknað og prentað og birt þjóðinni þar um. Það skortir líka á að hæstv. ríkisstjórn hafi gefið skýr svör við því hvað hún ætli að gera og hvernig hún ætli að bregðast við. Hæstv. félmrh. sagði hér fyrir skömmu í þinginu að hæstv. forsrh. ætti að svara fyrir stefnuna í húsnæðismálum og skýtur þá nokkuð skökku við.

Hæstv. félmrh. hefur lagt til að gamla húsnæðiskerfið frá 1986 verði lagt niður en vextir verði ekki hækkaðir eða vaxtamismunur ekki minnkaður. Hæstv. forsrh. hefur tekið undir kröfuna um það að húsnæðiskerfið verði lagt niður en á hinn bóginn talið sjálfsagt að minnka vaxtamismuninn og bent á að það sé ein af ástæðunum fyrir því í hverjar ógöngur er komið að það skyldi ekki hafa verið gert fyrr.

Nú hefur flokksþing framsóknarmanna hafnað þessari tillögu og þá hljóta menn að spyrja, þegar aðstandendur ríkisstjórnarinnar svara svona út og suður um stefnuna í húsnæðismálum þegar allt er í upplausn: Hvenær á að gefa Alþingi skýr svör um það hvernig við á að bregðast? Eða er það ætlan ríkisstjórnarinnar að láta málin halda áfram í þessum farvegi og í þessari upplausn og gefa engin svör á Alþingi og taka engar ákvarðanir til þess að koma málum úr því ófremdarástandi sem þau eru í dag?

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það kemur ekki á óvart í þessari umræðu að hæstv. ráðherra skuli kenna öðrum um það ástand sem nú ríkir í þessum málum. Það kemur ekki á óvart að hlusta á það að aðgerðir Landsbréfa hafi verið ámælisverðar. Það kemur ekki á óvart að hlusta á það þegar hún talar að það sé fasteignasölum að kenna hvernig komið er. Og það kemur ekki á óvart að hlusta á hana segja að það séu einstakir þingmenn sem beri hér sök.

Ég vil minna á það, virðulegi forseti, að Landsbréf höfðu ekki aðrar skyldur en þær að kaupa húsbréf fyrir 300 millj. kr. á mánuði. Það stóð þannig á þegar lokað var að búið var að kaupa þennan kvóta og sátu þá

Landsbréf uppi með um það bil 1 milljarð í óseldum bréfum. Og þá er komið að kjarna málsins og hann er þessi: Sá aðili sem hefur tæmt þennan markað, sem hefur selt svo mikið af bréfum á yfirstandandi ári að ekki er hægt að koma húsbréfum út á þeim vöxtum sem til stóð að selja þau á, er ríkissjóður. Ríkissjóður hefur líklega fjármagnað sig um a.m.k. fjóra, ef ekki vel á fimmta milljarð umfram fyrri áætlanir á þessum markaði. Með sölu á spariskírteinum, ríkisskuldabréfum, á ríkisvíxlum hefur það gerst að hann sópaði nánast allt fjármagn af markaðnum á fyrri hluta þessa árs. Þetta verða menn að hafa í huga þegar rætt er um það hverjum hér sé um að kenna.

Hæstv. ráðherra veit að það vantar fjármagn í almenna húsnæðiskerfið. Það er ekki grænan eyri að finna í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. ráðherra hefur reynt að þvo hendur sínar af því, en jafnframt hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir að hann vilji ekki hækka vexti nema þegar íbúðasölur eiga sér stað.

Ráðherra hefur jafnframt lýst því yfir að loka eigi gamla kerfinu. Framsfl. hefur lýst sig andstæðan þeirri hugmynd. Það er eingöngu verið að fara fram á það, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra, og reyndar aðrir hæstv. ráðherrar, geri hreint fyrir sínum dyrum. Það er kominn tími til þess að fólk hér á landi fái að vita hver sé stefna ríkisstjórnarinnar. Það er kominn tími til að hæstv. ráðherra segi okkur hér á þessu þingi, hér á hv. Alþingi, hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera, en komi ekki sífellt hér upp og kenni öðrum um það sem aflaga hefur farið.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka fyrir þessar umræður vil ég aðeins draga saman það sem ég tel að sé meginniðurstaðan úr þessu spjalli okkar hér í dag. Húsnæðismálaráðherrann, hæstv. félmrh., nefndi hér einar fjórar ástæður fyrir því hvernig komið væri í þessum efnum:

1. Að Landsbréf hefðu gert mistök sl. fimmtudag.
2. Að Landsbréf hefðu ekki staðið nægilega vel að markaðssetningu húsbréfa.
3. Að fjölmiðlar hefðu blásið upp þetta mál og gert það að því sem það var orðið hér síðustu dagana fyrir helgi.
4. Að þau væru einhverjir vitlausir þingmenn sem ekki botnuðu í þessu kerfi, skildu hvorki upp né niður í því hvað væru húsbréf og væru að þvæla einhverja vitleysu um þessi mál.

Og svo eru að sjálfsögðu fasteignasalarnir sem auðvitað vita ekkert hvað þeir eru að gera frekar en aðrir, ef marka má það sem ráðherrann heldur fram.

Ég verð nú að segja, virðulegi forseti, að mér blöskrar þessi málflutningur. Og mér er það mikið undrunarefni hvernig ráðherra dettur í hug að svara málefnalegri umræðu og gagnrýni um þetta mál á þessum nótum. Það er auðvitað ekki boðlegt að bjóða þetta fram. Hér hafa skapast ákveðin vandamál og þau verður að leysa. Það er fjöldi manns úti á markaðnum í fasteignaviðskiptum í mikilli óvissu um sína framtíð og um það hvernig eigi að standa að því að fjármagna fasteignakaup og húsnæðisviðskipti til 25 ára. Þetta er fyrst og fremst vandamál unga fólksins en ekki gamla fólksins. Það er fólkið sem er að binda sér bagga til 25 ára sem hér á hagsmuna að gæta fyrst og fremst.

Það hefur komið fram í máli mínu að eðlilegt væri að ábyrg stjórnmálaöfl tækju höndum saman um að reyna að leysa þennan vanda. Hann verður auðvitað að leysa, það verður að eyða þeirri óvissu sem upp er komin. Það hefur ekki komið fram áhugi á því að leita slíkra lausna hér í þessari umræðu. Og það er athyglisvert að það skuli enginn fulltrúi Alþb. sjá ástæðu til þess einu sinni að taka til máls, hvað þá meir, í þessari umræðu. Einu sinni lét sá flokkur húsnæðismál sig einhverju varða.

Virðulegi forseti. Hér hefur skapast ófremdarástand. Ég kenni því um hvernig að þessu máli var staðið frá upphafi, ónógum undirbúningi og því að það var farið allt of geyst af stað. Menn ætluðu sér allt of mikið varðandi þessi húsbréf alveg frá byrjun. Þau eiga vissulega rétt á sér. En það hefur verið boðið of mikið fram á þessum markaði. Framboðið hefur verið of mikið og það þýðir ekkert fyrir ráðherrann að segja: Áætlanir gerðu ráð fyrir miklu meira magni og það er ekki búið að kaupa nema svo og svo mikið af því sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Það sem skiptir máli er auðvitað hverju markaðurinn tekur við þegar á reynir. Og hann hefur ekki viljað taka við meiru en raun ber vitni um. Þess vegna þýðir ekkert að demba fleiri húsbréfum inn á þennan markað eins og sakir standa núna með nýbyggingum og greiðsluerfiðleikalánum. Það gengur ekki upp. En það verður að eyða óvissunni sem skapast hefur, það verður að koma ró á þennan markað, það verður að eyða þeirri óvissu sem nú ríkir. Við sjálfstæðismenn erum tilbúnir til að taka þátt í því starfi, en það reynir auðvitað á forustu félmrh. Og miðað við undirtektir í þessari umræðu leyfi ég mér að efast um að viðkomandi ráðherra hafi áhuga eða burði til þess að leiða slíkt samstarf.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæðulaust hjá sumum ræðumönnum að snúa út úr orðum mínum áðan og tala um að ég hafi verið að kenna hinum og þessum um það ástand sem nú hefur orðið á markaðnum. Þetta er rangt. Ég sagði fyrst og fremst að ég hefði áhyggjur af því hvernig sumir fjölmiðlar fjölluðu um húsbréfakerfið og einstakir þingmenn. Það hefur ekki farið fram hjá mörgum að bæði af fjölmiðlum og einstaka þingmönnum hefur verið rætt um það að íbúðakaupendur hafi þurft að sæta miklum afföllum af húsbréfum. Ég vitnaði til formanns Félags fasteignasala og fólks sem hefur þurft að standa í íbúðakaupum. Þeirra orð eru að það hafi ekki þurft að sæta afföllum og ég rakti ástæður fyrir því hér áðan sem ég skal ekki endurtaka. Ég rakti líka áhyggjur mínar af því að ég hef haft þær fréttir að sumir fasteignasalar hafi ekki gert fólki nægilega grein fyrir því að það sé réttara hjá því að láta húsbréfin ganga upp í næstu fasteignaviðskipti fremur en að breyta því í peninga á markaði. Þetta voru mín orð hér áðan. Ég hef líka áhyggjur af því

hvernig einstaka þingmenn fjalla um húsbréfakerfið, eins og t.d. kemur fram í fréttaskýringu hjá DV, þar sem vitnað er í einn hv. þm., Alexander Stefánsson. Þar segir hann að íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum yrði gerður lítill greiði með því að láta þá glíma við húsbréf með afföllum og sveiflum sem þeim fylgdu. Þetta kom fram hjá hv. þm. og ég hef reyndar heyrt þetta hjá fleirum. Það er eins og íbúðakaupendur sem skipta á fasteignaveðbréfum og húsbréfum séu háðir afföllum og sveiflum á húsbréfum í 25 ár. Þetta er bara rangt vegna þess að þeir taka á sig fasteignaveðbréf með föstum vöxtum sem þeir þurfa að greiða en eru ekkert háðir sveiflum á húsbréfum í 25 ár. Þetta er auðvitað alrangt.

Ég vil líka segja það að mér finnst menn hafa lítinn skilning á greiðsluerfiðleikum hjá fólki þegar þeir vilja heldur bjóða upp á það fyrirkomulag, sem var áður, að fólk fái einungis 600 þús. kr. í greiðsluerfiðleikalán sem getur ekki leyst vanda hjá fjölda af heimilum sem eru í greiðsluerfiðleikum. Hér er verið að tala um það að fólk geti nýtt sér húsbréfakerfið til þess að greiða upp skammtímaskuldir í bönkum sem eru hjá mörgum um 1,5 millj. og meðalskuldir fólks 3,5 millj. Þetta er eina leiðin til þess að bjarga því. Það fólk þarf að sæta háum vöxtum, kannski 8–9% vöxtum, á 1,5 millj. sem það skuldar en hér er verið að bjóða upp á allt aðra leið og allt aðra lausn.

Það er þetta sem ég vildi láta koma fram. Og af því að verið er að tala hér um húsbréf sem seðlaútgáfu vil ég að menn hafi það líka hugfast að ef húsnæðiskerfinu frá 1986 er lokað þá þarf 14 milljörðum minna á ári í lántökur frá lífeyrissjóðunum, sem væntanlega ella fer þá út á markaðinn, en líkleg sala á húsbréfum þegar það kerfi er komið í fullt gagn er um 12 milljarðar. Það liggur líka fyrir að fólk hefur þurft í gegnum banka, gegnum lífeyrissjóði og með handhafaskuldabréfum á hverju ári að taka lán sem nemur 8,5 milljörðum en með tilkomu húsbréfakerfisins minnkar þetta um helming. Þetta liggur fyrir frá þeim sem hafa gert úttekt á þessu kerfi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er þessari utandagskrárumræðu lokið. Eins og forseti minnti á í upphafi umræðunnar þá má hún aðeins standa í allt að hálftíma. Hún hefur nú þegar staðið í 39 mínútur svo að forseti getur ekki leyft frekari umræður. (**AS:** Ég þarf að bera af mér og fleirum sakir.) Hv. 1. þm. Vesturl. óskar eftir að bera af sér sakir og verður honum leyft að gera það.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hæstv. félmrh. hér áðan þar sem kom fram að hún ber ekki aðeins vissa þingmenn hér, og þar á meðal þann sem hér stendur, heldur einnig alla fjölmiðla og allt kerfið sökum fyrir óvönduð vinnubrögð í sambandi við meðferð þessara mála þá vil ég í fyrsta lagi, um leið og ég fullyrði það að húsbréf eru peningar sem eru háðir verðbréfamarkaði á hverjum tíma, eins og það er sett upp hér, bara minna hv. þm. á að það er hægt að lesa blaðaskrif og viðtöl í fjölmiðlum 1986–1987 sem sýna hvernig hæstv. félmrh. núv. meðhöndlaði þau mál sem hann er að bera sig upp undan núna við þann sem hér stendur og marga fleiri í fjölmiðlum í dag. Þau voru allt öðruvísi þau skrif, líklega? Ég hygg að það mætti fá margan fróðleik úr þeirri upprifjun. Því miður hefur hæstv. félmrh. ekkert lært miðað við það að taka við þessu embætti, miðað við það sem hann sagði í þessum fjölmiðlum 1987–1987, svo að vægt sé til orða tekið.

Yfirstjórn öryggismála, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞK o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs varðandi 5. dagskrármálið, þáltill. um yfirstjórn öryggismála, sem er 3. mál Sþ. á þskj. 3, og sem hv. 4. þm. Vestf. mælti hér fyrir fyrr í dag og var í miðri umræðu þegar utandagskrárumræðan hófst.

Eins og fram kom í máli hans er um að ræða endurflutning till. til þál. um samhæfða yfirstjórn öryggismála. Till. var hér til umræðu í marsmánuði sl. en varð þá ekki útrædd eða afgreidd af þinginu.

Hér er til umfjöllunar einn grundvallarþátturinn í rekstri hvers ríkis og er því rétt, sem víða kemur fram í grg. sem fylgir till. að nýju, að um margt er þróun og staða þessara mála hér á landi með öðrum hætti en með flestum öðrum þjóðum. Það kom einnig vel fram í máli frsm. og raunar einnig hv. 2. þm. Vesturl. sem er meðflm. að þessari till.

Engu að síður er hver þessara þátta, sem hér eru sérstaklega til umræðu, jafnþýðingarmikill hér og hvarvetna í öðrum löndum. Löggæsla og þar með talin tollgæsla, landhelgisgæsla og almannavarnir eru allt hyrningarsteinar er saman mynda þá öryggisgæslu sem ríki og þjóð er alger nauðsyn á. Það er þess vegna síst ofmælt að hér er tekið til umfjöllunar eitt þýðingarmesta mál hverrar þjóðar og það er í rauninni vonum sjaldnar sem mál af þessu tagi eru tekin hér til rækilegrar umfjöllunar eða reynt að brjóta þau til mergjar. Mig langar hins vegar, þó að hér gefist tiltölulega stuttur tími, til þess að minna á í þessu sambandi það skipulag sem við höfum hér á landi komið upp varðandi almannavarnir og nú er nokkur reynsla á komin. Að minni hyggju hefur þar svo til tekist að það hefur orðið óvenjueinfalt en jafnframt afar ódýrt og prýðilega skilvirkt í þau skipti sem til þess hefur þurft að grípa.

Þegar lög um almannavarnir voru sett hér árið 1962 mótuðust þau af því að þau tóku við af lögum stríðsáranna um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættu af hernaðaraðgerðum. Lögin gerðu ekki ráð fyrir viðbúnaði af hálfu almannavarna vegna náttúruhamfara nema til kæmu sérstök fyrirmæli í því sambandi. En árið 1967 var lögunum breytt þannig að hlutverk almannavarna var einnig að bregðast við annars konar vá en vegna hernaðaraðgerða, m.a. vá vegna náttúruhamfara. Það skipulag sem tekið hefur verið upp

hér á landi um almannavarnir og nú er komin á nokkur reynsla hefur að minni hyggju reynst vel.

Öryggismál eru hér sem í öðrum löndum bæði mjög yfirgripsmikil og mjög mikilvægur málaflokkur. Almannavarnir, landhelgisgæsla og löggæslan eru þeir þættir sem öryggisgæslan hér á landi hvílir á. Þátttaka okkar í NATO og dvöl bandarískra varnarliðsins hér er einnig þáttur öryggisgæslunnar hér á landi sem engin ástæða er til að draga undan. Öryggismálin þurfa því sífellt að vera í skoðun og umræðu, bæði meðal þjóðarinnar sjálfrar og ekki síður hér á hinu háa Alþingi.

Af þeirri ástæðu vil ég endurtaka það sem ég sagði hér í mars sl. Ég fagna flutningi þeirrar tillögu sem hér er um að ræða. Ég vil þó ekki gefa neinar sérstakar yfirlýsingar um það í hvaða farveg sú athugun, sem hún beinist að, mun falla. Það er augljóst hvert er aðalatriði till. Það er meiri samhæfing öryggismála þjóðarinnar í heild en er í dag.

En ég vil endurtaka það sem ég þá sagði. Ég mæli eindregið með því að till. fái þinglega meðferð og nú er vitaskuld miklu meiri tími til stefnu en þá var því að á seinasta þingi var hún flutt undir þinglok en er nú 3. mál þingsins.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það sem hann sagði hér í ræðu sinni, skilning hans á mikilvægi málsins og ítrekaðar óskir af hans hálfu um að málið fái vandaða og þinglega meðferð. Ég þarf ekki að ræða við hæstv. dómsmrh. um einstök atriði þessa máls. Það kom ekki fram neinn ágreiningur milli okkar um þessi efni.

Að sjálfsögðu þarf ég heldur ekki að svara neinu sem meðflm. minn, hv. 2. þm. Vesturl., sagði. Hann lagði áherslu á að þó að það væri í grg. með till. og í máli mínu bent á ýmsar leiðir sem til greina koma um skipun þessara mála, þá er það af hálfu okkar flm. ekki meint á þann veg að ekki geti aðrar leiðir komið til greina. Ég mun kannski ekki hafa í þessari umræðu lagt áherslu á þetta sjónarmið, en ég gerði það í mars sl., þegar ég mælti í upphafi fyrir þessari till., að það er auðvitað augljóst að margir leiðir geta verið færar í einstökum atriðum í svo veigamiklu máli sem hér um ræðir. Og það er einmitt með tilliti til þessa sem flm. till. leggja áherslu á svo vandaðan undirbúning að frv. um þetta efni sem gert er ráð fyrir í till. og ég gerði grein fyrir hér áðan í minni framsöguræðu.

Hv. 2. þm. Vestf. ræddi nokkuð um málið og ég vil þakka honum, eins og öðrum ræðumönnum, fyrir framlag hans. Þó kemst ég ekki hjá því að gera örlitla athugasemd við það sem hv. þm. sagði. Ég skildi hv. þm. svo að í grundvallaratriðum væri hann samþykkur tilgangi till. um að öryggismálin væru tekin til meðferðar. En hann taldi að það væri ekki ástæða til þess að gera þetta mál að einhverju forgangsmáli. Ég er honum algerlega ósammála um það og vísa í því efni til þess sem ég áður sagði um mikilvægi þess að málið fengi hér afgreiðslu og það yrði ekki dregið á langinn. Ég benti líka á umsagnir aðila sem málið varðar, sem ég gerði grein fyrir, og lögðu áherslu á að málið væri aðkallandi og þyrfti úrlausnar nú á næstunni eins og till. gerir ráð fyrir.

Hv. 2. þm. Vestf. hafði sérstakar áhyggjur af því að það kynni að vera að með framkvæmd þessarar till. yrði ríkisvaldið of öflugt og þá stæðum við frammi fyrir þeirri hættu að þeir sem færu með öryggismálin snerust gegn ríkinu sjálfu og, að manni skildist, gerðu byltingu og tækju völdin. Ég verð að segja það að það er nokkuð langt gengið hjá hv. 2. þm. Vestf. þegar hann er að gera sér upp hættu af þessu og er þetta naumast svaravert. Því að það vitum við allir, þó að hv. 2. þm. Vestf. kunni að vita það ekki, að ríkisvaldið hjá okkur er ákaflega veikt og verður ákaflega veikt þó að þessi till. verði framkvæmd, sem hér er til umræðu, miðað við ríkisvaldið í þeim löndum sem okkur standa næst og eru sambærilegust í stjórnarháttum við okkur sjálfa, þar sem þau hafa her sem við gerum ekki ráð fyrir. Og ef mesta hættan fylgir því að það sé haldið uppi einhverju ríkisvaldi þá er ég hræddur um að hér sé ekki verið að tala um neitt sem er raunhæft og raunar ekki svaravert.

Hv. þm. er úti að keyra í þessu efni og sem kom líka mjög glöggt í ljós þegar hann fann ástæðu til þess að tengja þetta mál því, eins og hann orðaði, að við Íslendingar hefðum eftir stríðið farið þess á leit að það yrðu leystir úr haldi á Norðurlöndum tilteknir eintaklingar sem þar hefðu verið taldir hafa brotið lög á stríðstímanum. Ég verð að segja að mig brestur algerlega hugarflug til þess að finna nokkurt samhengi í þessu máli og geri ekki minnstu tilraun til þess að svara slíkum hugleiðingum.

En ég endurtek það að ég er ánægður yfir því að það hefur í raun og veru engin bein andstaða komið fram við þessa till. Það gefur mér vonir um að það muni rætast, sem ég óskaði eftir í framsöguræðu minni, að málið fengi góða og örugga afgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukinn þáttur bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi, fyrri umr.

Þáltill. MF, 74. mál. — Þskj. 76.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 76 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um aukinn þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á landbrh. að kanna möguleika á að auka þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi með því að þeir taki að sér verkefni sem núna eru unnin af ríkisstofnunum og jafnframt beiti ráðherra sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í því skyni."

Í grg. með tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur verulegur samdráttur

verið í hefðbundnum búskap um allt land, sérstaklega í sauðfjárrækt, og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun eins og drög að búvörusamningi bera með sér. Áherslu þarf að leggja á að finna ný störf til að styrkja búsetu til sveita, og þar kemur til greina að virkja bændur í landgræðslu- og skógræktarstarfi. Það er fátt sem mælir á móti því að bændur taki að verulegu leyti við verkefnum sem núna eru unnin af ríkisstofnunum. Þeir þekkja landið, þeir eiga nauðsynlegan tækjabúnað og þeir kunna til verka og eru þess vegna vel í stakk búnir til að takast á við þessi verkefni.

Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins sjá að mestu leyti um framkvæmdir í landgræðslu og skógrækt. Þarna gæti sú breyting orðið að bændur kæmu að ræktunarstarfinu sem verktakar en stofnanir ríkisins sæju um stefnumótun og áætlanagerð og hefðu faglega umsjón með verkefnum. Starfsmenn ríkisstofnananna fengju það hlutverk að meta ástand gróðurlendanna í samráði við heimamenn á hverjum stað og gera áætlanir um úrbætur þar sem svæðum og verkefnum er raðað niður eftir forgangi. Verkefnin sjálf yrðu unnin af bændum samkvæmt samningum.

Verði þessi breyting að veruleika vinnst margt. Í fyrsta lagi væri verið að virkja fleiri aðila en áður í landgræðslu- og gróðurbótastarfi um leið og atvinnulíf yrði styrkt um landið.

Í öðru lagi mundi breytingin leiða til aukins skilnings á ræktunarstarfinu, sérstaklega meðal þeirra sem nýta landið.

Í þriðja lagi yrði ræktunarstarfið markvissara og öflugra. Áhersla yrði lögð á áætlanagerð og skýrar verklýsingar og auk þess fæli þetta nýja skipulag í sér meira eftirlit með framkvæmdum og árangri einstakra aðgerða. Það fyrirkomulag, sem nú er unnið eftir, er með þeim hætti að sami aðili metur þörfina fyrir verkefni, skipuleggur aðgerðir, vinnur verkið og dæmir síðan sjálfur um árangurinn.

Í fjórða lagi mun bein aðild bænda að ræktunarstarfinu, þar sem þeir koma að sem ábyrgir verktakar, draga úr þeirri togstreitu sem óneitanlega hefur átt sér stað á milli bænda og þeirra sem vinna að gróðurverndarmálum.

Fátt bendir til að skógrækt geti komið í staðinn fyrir annan búskap, eins og t.d. sauðfjárrækt, þótt sú skoðun hafi þó heyrst á undanförnum árum. Skógrækt er hins vegar valkostur ef hún er skoðuð sem aukabúgrein til styrktar annarri starfsemi á bújörðum. Möguleikar skógræktar til nytja felast í því að nýta land sem ekki er til annarra nota og skapa tímabundna vinnu og tekjur sem draga úr kröfum um tekjur af annarri starfsemi á jörðinni. Áratugum síðar, þegar skógur er fullvaxinn, skapast aðrir og meiri möguleikar til skógarbúskapar. Á síðustu árum hafa bændur tekið að sér einstök verkefni á vegum Skógræktar ríkisins, t.d. plöntuframleiðslu fyrir ákveðin skógræktarverkefni. Þar hefur vel tekist til og er ekkert sem bendir til annars en að þeir gætu sinnt þessari vinnu eins vel og þær stofnanir ríkisins sem sjá um plöntuframleiðsluna. Áhugi bænda hefur aukist eins og best sést á því að bændur hafa ráðist í stórt skógræktarverkefni austur á Héraði.

Eins og segir í upphafi grg. þarf að leggja áherslu á að finna ný störf til að styrkja búsetu til sveita í kjölfar þess samdráttar sem orðið hefur í hefðbundnum búgreinum. Það þarf þó ekki að þýða stofnun nýrra fyrirtækja. Með því að færa hluta þeirra starfa, sem í dag eru unnin á vegum ríkisins hjá Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, yrði hér aðeins um að ræða tilfærslur.

Ákvörðun sem þessi gæti líka haft í för með sér að um minni byggðarröskun yrði að ræða þar sem áfram er gert ráð fyrir að bændur nýti jarðir sínar."

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið fjallar þessi till. til þál. um möguleika á að auka þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi. Á undanförnum árum hefur verulegur samdráttur verið í hefðbundnum búskap um allt land, sérstaklega í sauðfjárrækt, og ljóst að þessi þróun heldur áfram. Samdrættinum í sauðfjárrækt hefur ekki verið stýrt með skipulegum hætti, það má jafnvel segja að riðuveikin hafi ráðið afar miklu. Stjórnvöld hafa yfirleitt beitt flötum skerðingum þegar draga hefur átt úr framleiðslu á kindakjöti og minnka ríkistryggðan framleiðslurétt. Enn þá er framleiðsla á kindakjöti mun meiri en markaður er fyrir en framleiðsluréttur einstakra bænda nægir þó ekki lengur til framfærslu búanna.

Ég þekki t.d. bónda sem rak bú sitt nær hallalaust fyrir örfáum árum, en núna skuldar hann lánardrottnum sínum yfir 20 millj. kr., eingöngu vegna þess að búið er að skerða framleiðsluréttinn aðeins of mikið. Þennan bónda vantar nokkur ærgildi til að láta dæmið ganga upp. Það eru margir í sömu stöðu og hann og ekkert hefur komið í stað skerðingarinnar. Slík vinnubrögð ganga ekki lengur. Það verður að skipuleggja sauðfjárrækt með þeim hætti að þeim sem hana stunda verði gert kleift að lifa sómasamlega af vinnu sinni.

Ég lagði fram till. til þál. á síðasta þingi þar sem skorað var á landbrh. að takmarka sauðfjárhald við lögbýli, en vegna anna þingsins komst hún ekki á dagskrá. Þarna var um að ræða eitt skref í þá átt að færa framleiðsluréttinn til þeirra sem á honum þurfa að halda frá þeim sem eru að framleiða kindakjöt sér til skemmtunar. Það er alveg ljóst að með einhverju móti verður að tryggja að sauðfjárbændur geti framfleytt sér og sínum af vinnu sinni og það verður varla gert án þess að einhverjir hætti framleiðslu, ef tekið er mið af markaðnum eins og hann er í dag. Og þá þarf að tryggja að þeir sem verða að hætta fái aðstoð við uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi á jörðum sínum. Að hanga á horriminni, geta hvorki hætt né haldið áfram, er það versta sem þessu fólki er gert.

Í þeirri till. til þál. sem ég legg hér fram er verið að leita leiða til að finna ný störf til að styrkja búsetu til sveita. Lagt er til að bændur taki virkan þátt í landgræðslu- og skógræktarstarfi, og þá hef ég aðallega sauðfjárbændur og garðyrkjubændur í huga.

Um það er ekki lengur deilt að jarðvegs- og gróðureyðing er verulegt vandamál á Íslandi. Þetta er almennt viðurkennt, en einnig sú staðreynd að það er hægt að snúa dæminu við og endurheimta að minnsta kosti hluta þeirra landgæða sem tapast hafa. Viðhorf

bænda eru einnig mun jákvæðari til gróðurverndar og landgræðslumála en áður. Nægir þar að nefna samþykktir og ályktanir sem gerðar hafa verið á aðalfundum Stéttarsambands bænda á undanförnum árum. Þar hefur áhersla verið lögð á að land verði nytjað þannig að gróðri fari fram og að búskap verði háttað í samræmi við landgæði. Þessar samþykktir sýna skilning á því að gróðurvernd felur ekki í sér ósættanleg sjónarmið heldur er hún allra hagur.

Vissulega hefur margt unnist í gróðurvernd og landbótum í þau rúmlega 80 ár sem opinberir aðilar hafa unnið að þessum málum. Landgræðsla ríkisins hefur staðið sig vel miðað við þær aðstæður sem henni hafa verið búnar og oft unnið þrekvirki. Aðgerðir Landgræðslunnar hafa til dæmis bjargað mörgum byggðarlögum frá eyðingu. Þar er hægt að nefna Meðalland í Skaftafellssýslu, Vík í Mýrdal, Rangárvelli, Þorlákshöfn og byggð í Öxafirði. Á þessum stöðum væri núna öðruvísi um að litast ef Landgræðslunnar hefði ekki notið við. En þrátt fyrir rúmlega 80 ára starf opinberra aðila er gróður og jarðvegur enn að eyðast á landinu og ástand gróðurlenda mjög víða slæmt. Landgræðslu- og skógræktarstarfið gæti verið mun öflugra og árangursríkara en það er nú. Við getum bætt það mjög mikið með breyttum vinnubrögðum og nýjum áherslum. Með það að leiðarljósi er þessi tillaga um aukinn þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi flutt.

Í till. er gert ráð fyrir að bændur komi að ræktunarstarfinu sem verktakar en stofnanir ríkisins sæju um stefnumótun og áætlanagerð og hefðu faglega umsjón með verkefnum. Núna sjá Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins að mestu um framkvæmdir í landgræðslu og skógrækt. Það má jafnvel segja að Skógrækt ríkisins sé að stórum hluta plöntuframleiðslu- og plöntunarfyrirtæki í stað þess að vera sá faglegi leiðbeinandi sem gildandi lög um skógrækt gera ráð fyrir. Í dag er engin ástæða til þess að ríkið sé með allar framkvæmdir á eigin vegum, þótt ástæða hafi e.t.v. verið til þess fyrir áratugum síðan.

Það fyrirkomulag sem þessum málum er búið núna getur jafnvel verið hemill á eðlilega þróun. Ef t.d. tölur um starfsemi Skógræktar ríkisins eru skoðaðar bera þær með sér að endurskoða þurfi starfshætti þeirrar stofnunar. Heildarframlög ríkissjóðs til skógræktar hafa aukist jafnt og þétt síðastliðin 50 ár miðað við fast verðlag. Framlög til skógræktar voru t.d. meira en þrefalt hærri á þessu ári en þau voru fyrir 30 árum. Þessi auknu fjárframlög virðast þó ekki hafa skilað sér í aukinni gróðursetningu. Ársskýrslur skógræktarstjóra sýna að gróðursetning á vegum Skógræktar ríkisins hefur ekki breyst að ráði undanfarin 30 ár. Hún hefur verið um 300 þúsund plöntur að jafnaði en sveiflast þó heilmikið á milli ára. Minnst var hún á ári trésins 1980, um 100 þús. plöntur, en mest árin 1961–1963 og 1988, um 500–600 þús. plöntur. Stóraukin fjárframlög ríkisins, bættur tækjabúnaður og bygging nýtískulegra gróðrarstöðva hafa greinilega ekki skilað þeim ávinningi sem búist var við. Kostnaður við hverja gróðursetta plöntu virðist hafa margfaldast. Þegar svo er komið að aukin fjárframlög skila sér ekki í auknu starfi verður að staldra við og meta stöðuna.

Með því að flytja þessa tillögu vil ég láta skoða þann möguleika að framkvæmdir í landgræðslu og skógrækt, sem unnar eru fyrir opinbert fé, verði að miklu leyti á vegum bænda en ríkisfyrirtækin verði faglegir leiðbeinendur og eftirlitsaðilar. Þau einbeiti sér að stefnumótun og áætlanagerð, meti ástand gróðurlenda í samráði við heimamenn á hverjum stað og geri heildaráætlun fyrir landið allt, þar sem svæðum og verkefnum er raðað niður eftir forgangi. Jafnframt leggi þau áherslu á að meta árangur af einstökum framkvæmdum en þar hefur óneitanlega verið misbrestur á. Stofnanir ríkisins hafa ekki lagt nægilega áherslu á að halda skipulega um reynsluna af ræktunarstarfinu. Í mjög mörgum tilfellum er til dæmis ekki vitað hvaða meðferð ákveðið land hefur fengið á árum áður. Þetta á jafnt við um land innan landgræðslu- og skógræktargirðinga. Skortur á skipulegu skráningarstarfi gerir það að verkum að mikilvægar upplýsingar fara forgörðum og þá erfitt að læra af reynslunni.

Efasemdir hafa heyrst um getu bænda til að sjá um framkvæmdir í landgræðslu- og skógræktarstarfi. En um hvers konar verkefni er verið að ræða? Þær framkvæmdir sem um er að ræða frá Landgræðslu ríkisins eru aðallega fólgnar í girðingarvinnu og fræ- og áburðardreifingu. Einnig má hugsa sér ræktun trjá- og runnagróðurs í því skyni að styrkja gróðurlendi og sporna við gróður- og jarðvegseyðingu. Með skýrar verklýsingar í höndum ætti bændum ekki að verða skotaskuld úr því að vinna þessi verk. Þeir kunna til verka og eiga yfirleitt nauðsynlegan tækjabúnað.

Í dag hefur Landgræðslan hafið samstarf við bændur og það hefur gefist vel. Sama er að segja um framkvæmdir í skógrækt. Sunnlenskir bændur hafa t.d. sýnt að þeir geta framleitt skógarplöntur ekki síður en ríkisfyrirtækið. Nokkrir garðyrkjubændur framleiddu á síðasta ári skógarplöntur fyrir svokallaða landgræðsluskóga fyrir mun lægra verð en áður þekktist. Afföll í þessari ræktun voru sambærileg við það sem gerist hjá Skógrækt ríkisins og var þetta þó frumraun þessara manna. Framleiðsla á skógarplöntum yrði vel þegin búbót fyrir garðyrkjubændur, sem margir hverjir standa frammi fyrir verulegum erfiðleikum í rekstri vegna verkefnaskorts. Á sama tíma er ríkisstofnunin að framleiða og selja garðplöntur í samkeppni við þá, sem verður að teljast mjög óeðlilegt.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var að Flúðum nú í sumar, ályktaði í þessa veru og beindi þeim eindregnu tilmælum til landbrh. og fjmrh. að þeir sæju til þess að ríkið byði út og leitaði ævinlega hagkvæmustu leiða fyrir plöntuframleiðslu sína. Núna einokar ríkisfyrirtækið þessa framleiðslu og hefur sjálfdæmi um verðlagningu.

Í fjárlögum þessa árs er um 14 millj. kr. veitt til „nytjaskóga á bújörðum“ og Skógrækt ríkisins falin umsjón með þeim peningum. Mér skilst að þau viðskipti fari þannig fram að stofnunin afhendi plöntur og millifæri upphæðina í bókhaldi, og þá að sjálfsögðu á sínu verði sem er hærra en það verð sem bændur hafa fengið fyrir plöntur sínar. Peningarnir skila sér því ekki

að fullu til bænda sem þeir mundu líklega gera ef þessari einokun yrði aflétt.

Plöntuframleiðsla getur einnig komið öðrum bændum til góða en garðyrkjubændum. Ég ætla að nefna eitt dæmi, sögu af ágætum sunnlenskum bónda sem ætlaði á sínum tíma í loðdýrarækt en var svo heppinn að eyða tíma í að kynna sér fagið áður en ákvörðun var tekin um framhaldið og verðhrun varð á þeim tíma svo hann hætti við. Fullvirðisrétt sinn hafði hann leigt vegna þess að hann var ekki nægur til að framfleyta fjölskyldunni og bóndinn, sem býr á vildarjörð, fór á sjóinn í stað þess að nytja jörðina. Á jörðinni er 300 fermetra gróðurhús án nokkurs búnaðar. Fyrir ári síðan gerði þessi bóndi samning við Rannsóknastöðina á Mógilsá um framleiðslu á skógarplöntum. Hann fékk leiðbeiningar og hóf framleiðslu haustið 1989. Í þessu litla húsi framleiddi hann á þessu ári rúmlega 200 þús. asparplöntur og fékk samkvæmt samningi 12 kr. fyrir plöntuna. Þá var opinbert verð Skógræktar ríkisins á sams konar plöntum 18 kr., sem er 50% hærra en bóndinn fékk, og á verð Skógræktar ríkisins þó að vera kostnaðarverð. Vinna við þessa framleiðslu bóndans samsvarar einu ársverki og tímakaupið sem fékkst fyrir vinnuna, eftir að búið var að borga rekstrarkostnað, var hærra en greitt er hjá ríkinu fyrir sams konar vinnu. Plönturnar sem bóndinn skilaði voru mjög góðar, enda urðu þær að uppfylla ákveðnar gæðakröfur samkvæmt þeim samningi sem gerður var, en slíkar kröfur eru ekki gerðar til framleiðslu ríkisins. Afföll í ræktuninni hjá honum voru 3–7%, sem er betri árangur en náðst hefur hjá ríkinu.

Þessi viðbót við búreksturinn gerir bóndanum kleift að búa áfram á sinni jörð. Þetta eina ársverk gerir gæfumuninn og kemur í staðinn fyrir þau ærgildi sem vantaði upp á að framleiðslurétturinn væri nægjanlegur. Og ríkissjóður sparaði rúmlega eina milljón með því að fá bóndann til að framleiða í stað þess að fela ríkisfyrirtækinu verkið. Verkefnið veitti húsmæðrum á næstu bæjum vinnu og þó hér væri aðeins um tímabundin hlutastörf að ræða komu þau sér vel.

Mætti ekki reyna þetta víðar í stað þess að láta ríkissjóð byggja risastórar gróðrarstöðvar og reka þær, gróðrarstöðvar sem eru búnar fullkomnustu tækjum og þurfa ekki á mannafla að halda? Sú leið er ekki til þess fallin að styrkja byggð í sveitum landsins. En því miður virðist skammsýni ætla að ráða því að þrátt fyrir þessa góðu reynslu af samskiptum ríkis við bændur er hætta á að ekki verði um frekara áframhald eða aukningu á þessum verkefnum að ræða. Ef slík ákvörðun er tekin er hún varla af vitrænum toga.

Áhugi bænda á skógræktarstarfi hefur aukist eins og best sést á því að bændur hafa ráðist í stórt skógræktarverkefni austur á Héraði. Um þetta verkefni var mikið fjallað á síðasta ári á þeirri forsendu að þarna kæmu skógræktarverkefni í staðinn fyrir sauðfjárrækt.

Í grg. með till. minni vara ég við þessu sjónarmiði. Það er fátt sem bendir til að skógrækt geti komið í staðinn fyrir annan búskap, eins og til dæmis sauðfjárrækt. Skógrækt er hins vegar valkostur ef hún er skoðuð sem aukabúgrein til styrktar annarri starfsemi á bújörðum. Þegar ákvarðanir eru teknar um skógrækt er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir eðli atvinnugreinarinnar og ég nefni hér þrjú meginatriði:

1. Mikið land. Skógrækt er landfrekur búskapur. Skógrækt í atvinnuskyni er því ekki á færi annarra en þeirra sem hafa mikið land til umráða. Þetta er því álitlegur kostur fyrir bændur. Þetta er búgrein sem gerir kröfu til lands, ólíkt ýmsum öðrum greinum, eins og t.d. loðdýrarækt eða fiskeldi. Við skulum minnast þess að fólk býr á jörðum sínum til að nytja þær, en ekki í þeim eina tilgangi að dreifa byggð um landið eins og stundum mætti halda þegar hlustað er á hugmyndir um ný störf í sveitum.

2. Lítill kostnaður. Skógrækt kostar ekki mikið. Heildarkostnaður við ræktun skóga er núna um 100–150 þús. kr. á hvern hektara lands. Ef gert er ráð fyrir að skógræktarland á bújörð sé um 100 hektarar að flatarmáli þá kostar aðeins um 10–15 millj. kr. að klæða hana skógi. Þar af er beinn launakostnaður vegna gróðursetningar aðeins um 2–4 millj. kr.

3. Lítil vinna. Skógrækt er ekki mannfrek. Algeng afköst við gróðursetningu skógarplantna hérlendis eru um 800 plöntur á dag. Samkvæmt því er fimm daga vinna að gróðursetja í 1 hektara lands. Ein vika, ef helgarfrí er reiknað með. Með öðrum orðum þá bjóðast aðeins tvö ársverk við gróðursetningu á 100 hektara meðaljörðinni.

Ályktun sem dregin verður af þessum einföldu staðreyndum er skýr: Skógrækt getur ekki komið í staðinn fyrir annan búskap, eins og til dæmis sauðfjárrækt, biðtíminn frá gróðursetningu að afurðum er of langur. Bóndi getur haft framfæri af ræktunarstarfi á jörð sinni í 2–3 ár, á meðan verið er að gróðursetja í landið. Eftir það og þangað til skógurinn fer að gefa af sér tekjur er aðeins um að ræða vinnu við umhirðu.

Það verður að horfa á landgræðslu- og skógræktarverkefni sem viðbót við önnur störf á bújörðum. Þarna eru möguleikar á að skapa tímabundna vinnu og tekjur sem draga úr tekjukröfum af annarri starfsemi á bújörðum. Það er hægt að nýta þessa möguleika til að styrkja búsetu í sveitum ef rétt er á haldið, en þá verðum við að endurskoða skipulag landgræðslu- og skógræktarmála og breyta hlutverki ríkisins.

Eins og áður segir er megintilgangur með þessari till. til þál. að benda á nýjar leiðir til að styrkja búsetu til sveita í kjölfar þess samdráttar sem orðið hefur í hefðbundnum búgreinum og bæta hag bænda, sérstaklega þeirra sem stunda sauðfjárrækt og garðyrkju í dag. Jafnframt er verið að benda á leiðir til að bæta gróðurverndarstarfið á vegum þess opinbera.

Þessi tillaga felur ekki í sér stofnun nýrra fyrirtækja né stóraukin fjárframlög úr ríkissjóði þar sem hér er að mestu um að ræða tilfærslur á störfum og verkefnum sem núna eru unnin á vegum ríkisins hjá Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reiðvegaáætlun, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 113. mál. — Þskj. 117.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um gerð reiðvegaáætlunar. Flm. ásamt mér að þessari tillögu sem fyrir liggur á þskj. 117 eru alþingismennirnir Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Páll Pétursson, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson og Jóhann Einvarðsson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga gera reiðvegaáætlun. Áætlun þessi skal gerð til fjögurra ára í senn.

Samgrh. skal í því skyni skipa nefnd er hafi það hlutverk að vinna reiðvegaáætlun og endurskoða hana reglulega.

Í starfi sínu taki nefndin meðal annars mið af eftirfarandi atriðum:

1. Gera skal reiðvegaáætlun til fjögurra ára í senn og forgangsraða verkefnum.

2. Hafa skal nána samvinnu við m.a. Landssamband hestamannafélaga, samtök sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráð, Landgræðslu, Skógrækt ríkisins, skipulagsstjórn og Ferðaþjónustu bænda sem og einstök sveitarfélög og landeigendur.

3. Bæta skal aðstöðu hestamanna á þjóðvegum og haga þannig að öryggi gegn slysum verði sem mest.

4. Viðurkenna skal í raun umferð ríðandi manna sem hluta af samgöngum landsmanna.

5. Friðlýsa þarf fornar reiðleiðir og halda þeim við.

6. Við mat umferðar á hestum skal höfð hliðsjón af hesthúsahverfum, skeiðvöllum, hrossabúum, hagagöngu, staðsetningu gisti- og ferðamannastaða og veitinga- og útivistarstaða.

7. Hafa skal hlið á girðingum þar sem alfaraleiðir og girðingar skerast.

8. Tryggja skal vernd svæða og leiða sem hafa gildi vegna náttúrufegurðar og skilyrða sem gera þau eftirsóknarverð sem reiðland.

9. Umferð ríðandi manna má eigi spilla ræktuðu landi, túnum, görðum eða skógrækt og ekki ónáða búfé."

Þessi þáltill. sem hér er lögð fram er flutt samhliða tveimur frv. til laga er bæði lúta að gerð reiðvega. Annars vegar er um að ræða breytingu á vegalögum þar sem kveðið er á um að Vegagerð ríkisins skuli sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun. Hins vegar er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar en þar er gert ráð fyrir að leggja á sérstakt hóffjaðragjald til að afla fjár til reiðvegagerðar.

Þessi þáltill. sem hér er flutt hefur það hlutverk að fela samgrh. í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga að láta gera reiðvegaáætlun og forgangsraða verkefnum en Vegagerðin vinni síðan í samræmi við þá reiðvegaáætlun.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda og hestaeign fer vaxandi. Ekki verður hjá því komist að taka tillit til ríðandi manna í umferðinni en aukin bílaumferð á þjóðvegum landsins gerir það nauðsynlegt að slíkt sé gert með skipulögðum hætti.

Það mun hafa verið árið 1982 sem gert var samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Það samkomulag er fylgiskjal með frv. um breytingu á vegalögum. Reynsla af þessu samkomulagi hefur ekki orðið nægilega góð og nauðsyn er að skýra málin frekar og koma þeim í fast horf. Bæði er að fé til gerðar reiðvega hefur verið mjög af skornum skammti sem og að nauðsynlegt er að kveða skýrar á í lögum um hver beri veg og vanda af reiðvegagerð, hvernig fjár sé aflað til hennar og hverjir vinni áætlun um reiðvegagerð og ákveði forgang verkefna.

Óhjákvæmilegt er að umferð ríðandi manna verði í raun viðurkennd sem hluti af samgöngum landsmanna. Til þess að þetta sé unnt verður að taka tillit til umferðar ríðandi manna við skipulagningu vegakerfis landsins. Sérstaklega þarf að hafa hliðsjón af staðsetningu hesthúsahverfa, skeiðvalla, hrossabúa, hagagöngu, gisti- og veitingastaða og útivistar- og ferðamannastaða.

Mikilvægt er einnig að friðlýsa fornar reiðleiðir og halda þeim við. Með þeim hætti er varðveittur ákveðinn þáttur í menningarsögu landsins. Mikilvægt er einnig í þessu sambandi að tryggja að gróður spillist ekki og sjá til þess að saman geti farið vernd og notagildi. Hestamennska og hestaíþróttir eru sem fyrr segir mjög vaxandi. Íslenski hesturinn er í auknum mæli orðinn útflutningsvara en jafnframt koma erlendir ferðamenn hingað í vaxandi mæli til hestamannamóta og ferða á hestum. Fram hjá þeirri staðreynd geta Íslendingar ekki litið og þurfa að bregðast rétt við, enda getur hesturinn einmitt orðið mikilvægur þáttur í uppbyggingu ferðamannaiðnaðar í landinu í nánustu framtíð. Í því sambandi er auðvitað mikið starf óunnið og margt sem þarf að hafa í huga. Eigendur veitingastaða þurfa víða að gera hestamönnum kleift að njóta þeirrar þjónustu sem þeir hafa á boðstólum. Til þess þurfa þeir að koma upp góðri hrossarétt, vel malarborinni og með skjólgirðingu sem er t.d. $1^1/_2$ metri á hæð. Aðstaða þarf að vera til að brynna hestum og æskilegt að hey geti verið til sölu. Við gististaði, tjaldstæði og orlofsbúðir þarf að hafa aðstöðu til hagbeitar. Þar þurfa að vera hrossaréttir og geymslur fyrir reiðtygi.

Ferðaþjónusta bænda þarf að geta veitt hestamönnum fyrirgreiðslu af ýmsu tagi og ekki aðeins leigt mönnum hross heldur einnig haft hagbeit til sölu. Sveitarstjórnir og upprekstrarfélög eiga mörg góða skála á fjöllum, skála sem nýta mætti betur og leigja ferðafólki og gætu fallið vel inn í ferðir ríðandi manna um landið. Þannig mætti hugsa sér eins konar net náttstaða á hálendinu en hey þyrfti að vera til sölu á sem flestum stöðum svo að gróður spillist ekki.

Við gerð reiðvega þarf að hafa í huga að vegir sem hægt er að fara allt árið eru nauðsynlegir í nágrenni hesthúsabyggða. Slíkir vegir eru eðlilegt viðfangsefni viðkomandi sveitarfélaga, hestamanna og Vegagerðar.

Talsvert aðrar kröfur þarf að gera til slíkra vega en þeirra sem aðeins eru notaðir stuttan tíma á ári vegna þess að umferð getur orðið mikil á takmörkuðu svæði vetur og vor þegar blautt er um. Slíkir vegir þurfa að falla vel inn í skipulag en gera má ráð fyrir að mest álag sé á þessa vegi næst hesthúsum, 5–10 km umhverfis þau, en fjær dreifist álagið verulega.

Vel má hugsa sér að reiðvegir í þéttbýli geti verið meðfram þjóðvegum eða lagðir sérstaklega um útivistarsvæði en áherslu verður að leggja á að friða alla reiðvegi fyrir umferð vélknúinna farartækja og kveða þarf skýrt á um umferðarrétt með merkingum þar sem reiðmenn þurfa að fara þvert á veg. Víða eru gömlu malarvegirnir ágætir reiðvegir þegar þeir eru opnir. Við gerð reiðvega þarf sérstaklega að gera ráð fyrir áningarstöðum, helst með því móti að víkja megi spölkorn frá vegi.

Árið 1986 fluttu þingmennirnir Páll Pétursson og Ólafur Þ. Þórðarson till. til þál. um áætlun um gerð reiðvega. Sú þáltill. er fylgiskjal með þessari. Tillaga sú var ekki útrædd á Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu um þessa þáltill. um gerð reiðvegaáætlunar verði henni vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

13. fundur, þriðjudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, 2. umr.

Stjfrv., 117. mál (breytingar á stofnskrá). — Þskj. 121, n. 157.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 157 um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Frv. um það mál var lagt fram hér í Ed. á þskj. 117.

Nefndin fjallaði um frv. og mælir með samþykkt þess, enda er hér aðeins um að ræða að breyta þeirri fjárhæð sem Ísland leggur til í þennan sjóð og á fjárlögum er gert ráð fyrir þeim peningum sem hér er mælt fyrir um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 2. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 122, n. 158.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Þetta frv. er með sama sniði og hið fyrra og er nefndin sammála því að mæla með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 2. umr.

Stjfrv., 35. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 35, n. 159.4807

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 157 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 17 3. apríl 1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána. Þegar þessi lög voru samþykkt hér síðasta vor kom í ljós mjög fljótlega að það voru ýmsir annmarkar á lögunum og því varð að ráði í sumar að gefa út bráðabirgðalög til þess að breyta þeim ákvæðum sem í blóra gengu við upphaflegan tilgang. Í bráðabirgðalögunum segir svofellt um breytingu á 2. mgr. 8. gr. laganna:

„Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. málsl. 1. mgr. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar, sem fiskeldisfyrirtækin hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda, falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Jafnframt því að yfirtaka þær einföldu ábyrgðir, sem Tryggingasjóður fiskeldislána hefur gefið út til handa Framkvæmdasjóði Íslands, skal ábyrgðadeild fiskeldislána yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir sem Framkvæmdasjóður hefur undirgengist gagnvart lánastofnun á grundvelli þeirra.“

Ástæða fyrir þessari bráðabirgðalagasetningu var einmitt spurningin um hvernig færi með ábyrgðir Framkvæmdasjóðs vegna fiskeldislána. Með þessum bráðabirgðalögum var tekinn af allur vafi í þeim efnum.

Nefndin fjallaði um efni frv. og fékk á sinn fund Jóhann Antonsson frá ábyrgðadeild fiskeldislána og Vilhjálm Guðmundsson frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva og mæltu þeir eindregið með samþykkt frv. og var nefndin sammála því. Á fundi nefnd-

arinnar við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal en aðrir nefndarmenn leggja til að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 44, n. 160, brtt. 161.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 160 og brtt. á þskj. 161 um frv. til laga um Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar. Í nál. segir m.a.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Í ljós kom við yfirlestur þess að ákveðins ósamræmis gætti í texta frv. þar sem norræna fjármögnunarfélagið er stundum nefnt „félag" og stundum nefnt „sjóður". Nefndin leggur til að orðinu „sjóður" í þremur greinum frv. verði breytt í „félag" til samræmis við orðalag í samningi Norðurlandaþjóðanna um stofnun fjármögnunarfélagsins.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þessum breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þskj."

Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nál. rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Eins og fram kemur í nál. eru þær breytingar gerðar að á þremur stöðum er í staðinn fyrir „sjóður" tekið upp orðið „félag", enda samræmist það betur þeim félagssamþykktum sem eru um þetta félag og til að gæta samræmis í frv. Nefndin leggur til að frv. þetta, með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj., verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 161,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 161,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 161,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Norræn fjárfestingarlán, 2. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 95, n. 162.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 162 um frv. til laga um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna.

Nefndin fjallaði um frv. og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu að heiti frv. verði: „Frumvarp til laga um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum". Teljum við nefndarmenn að það sé miklu skýrara og lýsi betur um hvað frv. fjallar. En frv., sem er mjög stutt, einungis þrjár greinar, fjallar um ábyrgð Íslands gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

Í 2. gr.segir: „Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr." Síðan er 3. gr. um gildistöku laganna.

Eins og áður sagði leggur fjh.- og viðskn. til að frv. þetta verði samþykkt. Það skal tekið fram að Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarverandi afgreiðslu þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 162 (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1991, 1. umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 174.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga. Þau eru nú sem fyrr mótuð af niðurstöðum fjárlaga og þeirri efnahagsstefnu stjórnvalda sem felst í fjárlögum á hverjum tíma.

Að þessu sinni eru helstu einkenni frv. til fjárlaga sem snerta lánsfjármál eftirfarandi:

1. Sparnaður innan lands hefur verið ört vaxandi á undanförnum árum og lagt grunn að innlendri lánsfjármögnun ríkissjóðs og opinberra sjóða án þess að þrengt hafi verið að öðrum aðilum á lánamarkaði.

2. Hrein lánsfjáröflun ríkissjóðs mun lækka nokkuð á árinu 1991 þrátt fyrir aukna útgáfu húsbréfa sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir. Góðar líkur eru á að hennar verði aflað alfarið innan lands án hækkunar á vöxtum.

Það er vissulega verulegur árangur að hafa mótað þá stefnu í verki að afla lánsfjár ríkissjóðs alfarið á innlendum mörkuðum og geta jafnframt um leið stuðlað að þeirri raunvaxtalækkun sem orðið hefur á verðbréfum ríkisins á undanförnu $1^1/_2$ ári. Þær tvær staðreyndir endurspegla vel það jafnvægi sem hér hefur náðst á peningamarkaði í kjölfar þeirrar stjórnarstefnu sem tekin var upp haustið 1988.

3. Frv. felur í sér að erlendar skuldir ríkissjóðs lækka á árinu 1991, annað árið í röð. Það er einnig

mjög mikilvægt að geta haldið áfram að fylgja fram þeirri stefnu að lækka erlendar skuldir ríkissjóðs ár frá ári.

Betra jafnvægi ríkir nú á innlendum lánamarkaði en hér hefur ríkt um margra áratuga skeið. Um þessa staðreynd eru allir sérfræðingar í peningamálum sammála. Það jafnvægisástand er enn einn viðbótarvitnisburðurinn um þann mikla árangur sem efnahagsstjórnin á síðustu tveimur árum hefur skilað. Þannig jukust útlán lánastofnana í heild um 4,3 milljarða kr. frá síðustu áramótum til júníloka, eða um 9%. Meira en 90% af þessari útlánaaukningu, ég vek athygli á því, var fjármögnuð með innlendum sparnaði en hann hefur aukist um 39 milljarða kr. eða um 13%. Hreint erlent lánsfé, þ.e. nýjar lántökur að frádregnum afborgunum af eldri lánum, jókst á sama tíma um 3,5 milljarða kr. í bankakerfinu. Útlán hafa því vaxið hægar en peningalegur sparnaður það sem af er þessu ári. Þessi niðurstaða um markaðsstarfsemina í peningamálum er líka enn einn vitnisburðurinn um þann stöðugleika sem hér er að skapast.

Upp undir helmingur aukinna útlána á fyrri hluta ársins 1990 fór til heimila. En skuldir heimilanna hafa verið vaxandi allan þennan áratug af ýmsum ástæðum, m.a. vegna framkvæmda í húsnæðismálum. Tæplega þriðjungur, eða 13,3 milljarðar kr., fór til atvinnufyrirtækja en það sem eftir stendur, um það bil fjórðungur, fór til ríkisins. Það er athyglisverð staðreynd í ljósi þess að margir hafa fullyrt að ríkissjóður væri svo umsvifamikill á lánamarkaðnum að hann væri aðalgerandinn í þeim atburðum sem sumir hafa viljað kalla óróa á peningamarkaðnum síðustu vikurnar. Staðreyndirnar tala hins vegar öðru máli. Aðeins um fjórðungur af útlánunum fór til ríkisins og ríkissjóður var í ágústmánuði búinn að afla þess innlenda lánsfjár sem honum var ætlað að afla. Síðan þá, eða á haustmánuðum og þessum vetrarmánuðum, er ríkissjóður lítt virkur á lánamarkaðnum vegna þess að hann hefur einfaldlega uppfyllt sínar þarfir. Má í því sambandi geta þess að þeir samningar við lífeyrissjóðina um kaup á spariskírteinum, sem gerðir voru í sumar, fela í sér að í nóvember og desembermánuði munu lífeyrissjóðirnir kaupa um það bil 300 millj. kr. af spariskírteinum frá ríkinu. Til samanburðar má geta þess að heildarráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á þessu ári er 25 milljarðar. Þá sjá menn að kaup lífeyrissjóðanna af spariskírteinum síðustu tvo mánuði ársins, eða $^1/_6$ ársins, eru aðeins örlítið brot af heildarráðstöfunarfé sjóðanna á þessu ári.

Það sem er hins vegar gleðilegast við það sem hefur verið að gerast í lánsfjármálum ríkisins eru þær geypilegu vinsældir sem áskriftarkerfið að spariskírteinum ríkisins nýtur hjá almenningi. Sú hugmynd að bjóða almenningi áskrift að spariskírteinum ríkisins í gegnum greiðslukortafyrirtæki er íslensk nýjung. Það er hugmynd sem fæddist hjá okkur í fjmrn. sem ein af nýjum aðferðum til þess að styrkja innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs. Hugmynd sem vakið hefur mikla athygli erlendis, bæði á peningamörkuðum erlendis, hjá þeim fyrirtækjum sem starfandi eru á þeim markaði, og hennar hefur verið getið í kynningarritum greiðslukortafyrirtækja og í gögnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra slíkra stofnana.

Þeir menn sem ásamt okkur mótuðu þessar tillögur fyrir rúmu ári bjuggust kannski við því að hægt væri að ætlast til þess að um það bil 700–1000 Íslendingar mundu gerast þátttakendur í áskriftarkerfinu að spariskírteinum ríkissjóðs. Núna eru um 8.000 Íslendingar orðnir áskrifendur að spariskírteinum ríkissjóðs. Það er um tífalt meiri fjöldi en bjartsýnustu menn bjuggust við þegar kerfinu var ýtt úr vör fyrir rúmu ári síðan. Það er mikið fagnaðarefni að þessari nýjung skuli hafa verið tekið jafnvel af almenningi í landinu og svona stór hluti skuli nú vera orðinn reglulegur þátttakandi í þessu sameiginlega sparnaðarkerfi okkar landsmanna. Ég get þessa hér vegna þess að þessi nýjung hefur orðið að keppa við almenn skilyrði á peningamarkaði. Það hefur ekki verið beitt neinum þvingunum eða öðrum óeðlilegum aðferðum við að afla henni vinsælda, heldur er hér fyrst og fremst árangur af hinni almennu markaðsstarfsemi fjmrn. á peningamarkaðina í landinu í samkeppni við aðra aðila. Það sýnir að með nýjum vinnubrögðum og hugmyndaauðgi er hægt að ná verulegum árangri á innlendum peningamarkaði með jafntraustar vörur og spariskírteini ríkissjóðs eru.

Ég mun nú, virðulegi forseti, víkja nokkuð að lántökum opinberra aðila. Skv. lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 eru heildarlántökur opinberra aðila og sjóða áætlaðar 39,2 milljarðar kr. Þessar lántökur skiptast þannig að 32,6 milljarðar yrðu fjármagnaðir á innlendum lánamarkaði en 6,6 milljarðar erlendis. Hrein lánsfjárþörf, þegar frá eru dregnar afborganir erlendra lána, er talin verða um 21,1 milljarður kr. Þar af er stefnt að að 20,4 milljarðar verði á innlendum markaði og aðeins 0,7% erlendis. Það er lægsta hlutfall sem menn hafa séð hér um langt árabil af erlendum lántökum, af hinni hreinu lánsfjárþörf opinberra aðila, aðeins í kringum 3% af heildarupphæðinni. Hreinar lántökur þessara aðila svara þannig til í heild 5,7% af áætlaðri landsframleiðslu 1991 samanborið við 6,4% á yfirstandandi ári og er því hér um lækkun að ræða.

Þessi mikilvæga lækkun á lánsfjárþörf hins opinbera er enn á ný vitnisburður um þann stöðugleika sem hér hefur skapast í peninga- og lánamálum. Þó er þess að geta að í fyrrnefndri lánsfjáráætlun næsta árs er gert ráð fyrir útgáfu húsbréfa fyrir 10 milljarða kr., en ríkissjóður er ábyrgðaraðili þeirra bréfa eins og kunnugt er. Af þeirri fjárhæð eru 5 milljarðar kr. umfram kaupskyldu lífeyrissjóða af Húsnæðisstofnun sem samkvæmt eldri tilhögun hefði verið fjármögnuð af lífeyrissjóðum og bankakerfi.

Miðað við áætlun um innlendan sparnað, sem ég mun fjalla um hér á eftir, má telja líklegt að þessi áform sem ég hef nú lýst geti gengið eftir án neinnar röskunar á innlendum lánamarkaði. Þó ríkir nokkur óvissa um eftirspurn eftir lánsfé frá fyrirtækjum en hún hefur verið með minnsta móti á yfirstandandi ári. Er það m.a. afleiðing af gífurlegri fjárfestingu fyrirtækjanna á þensluárum að undanförnu og svo einnig það að

stjórnendur fyrirtækja hafa blessunarlega lært þá lexíu að það borgar sig að ráðstafa fjármunum fyrirtækjanna með öðrum hætti en óhóflegri fjárfestingu ef framtíðararður á að skapast í fyrirtækjunum. Fyrirliggjandi áætlanir um fjárfestingu á næsta ári benda heldur ekki til mikillar lánsfjáreftirspurnar hjá fyrirtækjunum. Á hinn bóginn má reikna með að gjaldeyrisstaða þjóðarbúsins rýrni nokkuð á næsta ári og lakari gjaldeyrisstaða muni að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á lausafjárstöðu innlánsstofnana á því ári.

Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 er áætluð 11,9 milljarðar kr. og lækkar um 0,5 milljarða kr. frá yfirstandandi ári. Þessu lánsfé er ætlað í fyrsta lagi að mæta afborgunum af eldri lánum og nemur sú upphæð 7 milljörðum kr. Afborganir aukast á milli ára um 2,5 milljarða, sem skýrist aðallega af aukinni innlausn spariskírteina. Afborganir af erlendum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 1,3 milljarðar líkt og í ár. Í annan stað er nýjum lántökum ríkissjóðs ætlað að standa undir veittum lánum til fyrirtækja og sjóða í B-hluta. Veitt ný lán, umfram innheimtar afborganir af áður veittum lánum, nema um 1,1 milljarði og þar af um hálfur milljarður í skammtímalán á viðskiptareikningi. Loks er nýjum lántökum ríkissjóðs ætlað að standa undir halla á ríkissjóði en hann er í fjárlagafrv. fyrir næsta ár áætlaður 3,7 milljarðar kr.

Stefnt er að því að afla alls þessa lánsfjár innan lands á árinu 1991. Þegar við tókum við haustið 1988 stefndi í það að 80% af lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði mætt með erlendum lántökum. Á árinu 1989 tókst að snúa þessari þróun við þannig að á því ári var 80% af lánsfjárþörfinni mætt hér innan lands, hjá okkur sjálfum. Í ár, 1990, er nú orðið ljóst að lánsfjárþörfinni verður 100% mætt hér innan lands, og jafnvel rúmlega það, vegna þess að horfur eru á því að hægt verði að greiða til baka til Seðlabanka og afborganir af erlendum lánum með innlendri lánsfjáröflun, hér á markaði hjá okkur sjálfum.

Þessari stefnu verður haldið áfram á næsta ári og ég vona að hún verði fordæmi sem aðrir muni ekki víkja frá á þeim árum sem fara í hönd svo að hér verði algerlega fest í sessi sú stefna að ríkissjóður afli alls þess lánsfjár sem hann þarf á innlendum peningamarkaði og hætti þeirri röngu stefnu, sem hér hefur verið fylgt um árараðir, að taka erlend lán fyrir lánsfjárþörf ríkissjóðs. Sumir hafa viljað binda þessa nýju stefnu í lög. Ég tel hins vegar mikilvægara að sýna hana í verki. Það hefðu fáir trúað því á á árinu 1988, þegar hér var allt að fara um koll, að tveimur árum síðar væri hægt að ná þeim árangri á frjálsum innlendum peningamarkaði af hálfu ríkissjóðs að mæta allri lánsfjárþörfinni með sölu verðbréfa innan lands, til landsmanna sjálfra, og brjóta þannig í blað og marka fordæmi sem þær ríkisstjórnir sem á eftir þessari koma verða að fylgja ef stöðugleiki á að haldast í efnahagsmálum okkar Íslendinga. Það var áformað að selja spariskírteini ríkisins fyrir 6,6 milljarða kr. og þegar hafa verið seld spariskírteini fyrir þá upphæð.

Þá hefur einnig verið mikil sala í ríkisvíxlum og hefur ríkissjóður að stærstum hluta fjármagnað þörf sína fyrir árstíðabundið lánsfé með sölu ríkisvíxla þannig að ríkissjóður hefur getað hætt hinum gömlu, hefðbundnu árstíðabundnu viðskiptum sínum og lántökum í Seðlabankanum og í staðinn fjármagnað sveiflukennda fjárþörf sína algerlega með sölu ríkisvíxla á innlendum samkeppnismarkaði. Það eru þess vegna nokkur tíðindi að ríkissjóður skuli geta rekið sig með slíkum samkeppnishætti á innlendum peningamarkaði án þess að eiga nokkur sérstök viðskipti við Seðlabankann.

Þá hefur verið ákveðið, eins og ég gat um áðan, að fjármagna 2 milljarða kr. skuld ríkissjóðs við Seðlabankann, vegna greiðsluhalla ársins 1989, með innlendu lánsfé í stað erlendrar lántöku eins og þá hafði verið áformað fyrir árið 1989. Ég vil einnig geta þess að boðuð hefur verið útgáfa ríkisbréfa sem eru nýir verðpappírar, frá sex mánuðum og til þriggja ára, og verða boðnir með nafnvöxtum og eiga að geta orðið enn frekari viðbót við þann stöðugleika á peningamarkaði sem lánsfjáröflun ríkissjóðs hefur verið að festa í sessi.

Hrein lánsfjárþörf byggingarsjóðanna, að viðbættri útgáfu á húsbréfum, er áætluð um 17 milljarðar kr. á árinu 1991. Lánveitingar til húsnæðismála með ábyrgð ríkissjóðs eru hins vegar tæpir 19 milljarðar kr. Til samanburðar má nefna að fjárfesting í íbúðarhúsnæði er áætluð 16,5 milljarðar kr. og er þá gert ráð fyrir 5% aukningu framkvæmda á milli ára. Þetta er þó ekki eini stuðningur hins opinbera við húsbyggjendur þar sem í fjárlagafrv. 1991 er gert ráð fyrir rúmum 3 milljörðum í húsnæðis- og vaxtabætur og framlag til Byggingarsjóðs verkamanna. Það er athyglisvert að það gleymist stundum þegar verið er að ræða um fjármögnun húsnæðislánakerfisins hér á hv. Alþingi, að ég tali nú ekki um í fjölmiðlum landsins, að í gegnum tekjuskattskerfið ver ríkissjóður á hverju ári allnokkrum milljörðum í vaxtabætur og húsnæðisbætur sem eru eiginleg framlög ríkissjóðs til reksturs þessa kerfis.

Hvað varðar aðra opinbera lánasjóði nema afborganir af eldri lánum um 1 milljarði kr. hærri fjárhæð en fyrirhugaðar nýjar lántökur.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, hefur innlendur sparnaður stöðugt farið vaxandi undanfarin ár. Í árslok 1989 var stofn peningalegs sparnaðar á lánamarkaðinum kominn yfir 300 milljarða kr. eða 94% af landsframleiðslu. Þar af var svokallaður kerfisbundinn sparnaður um 165 milljarðar kr. en þar er auðvitað fyrst og fremst um lífeyrissjóðina að ræða. Frjáls sparnaður, sem er einkum bankainnlán, kaup á ríkisskuldabréfum og markaðsverðbréfum, nam hins vegar um 138 milljörðum kr. Til samanburðar má nefna að í árslok 1980 var þetta hlutfall 47% en er hins vegar 94% af landsframleiðslu nú. Samanburðurinn á þeim tveimur tölum sýnir í hnotskurn þann mun sem hér er á.

Samkvæmt áætlun Seðlabankans er talið að innlendur sparnaður muni aukast um 35 milljarða kr. á þessu ári og 38 milljarða kr. á því næsta þannig að í árslok 1991 verður sparnaðarhlutfallið orðið 113% af landsframleiðslu. Þessi spá byggist á forsendum þjóðhagsáætlunar um raunstærðir og verðlag en sjálfstæðum

áætlunum um ýmsa þætti sparnaðar, svo sem lífeyrissparnað. Nýr sparnaður héldist samkvæmt þessu sem svipað hlutfall af landsframleiðslu á þessu ári eða um 10,5% samanborið við 7% árið 1989. Áframhaldandi þróun til aukningar á þessu sparnaðarhlutfalli er líka enn einn vegvísirinn um þann stöðugleika í efnahagsmálum sem hér hefur tekist að mynda. Þessar raunstærðir mundu ekki koma fram á þeim frjálsa peningamarkaði sem hér er í landinu nema raunverulegur stöðugleiki væri orðinn staðreynd, bæði í hagkerfinu og ekki síður í hugum fólksins.

Grunnvextir verðtryggðra lána hafa haldist nær óbreyttir frá fyrra ári. Grunnvextir ríkisskuldabréfa hafa almennt verið á bilinu 6–7% en vextir á verðtryggðum bankalánum eru á bilinu 7,25–9,5%, allt eftir mati á lánstrausti lánþega.

Í tengslum við söluátak á spariskírteinum á miðju ári bauð ríkissjóður ávöxtun á spariskírteinum sem var á bilinu 6,85% til 7,05% til stærri kaupenda sem keyptu fyrir umtalsverðar upphæðir í spariskírteinum. Slíkum sértilboðum til stórkaupenda hefur nú verið hætt og ég legg á það ríka áherslu vegna þess að ég hef orðið var við þann útbreidda misskilning, sérstaklega í umræðum um húsbréfakerfið og svörum forsvarsmanna Landsbréfa, að því er haldið fram að þessi sérstöku tilboð um spariskírteini ríkisins séu enn í gildi. Svo er ekki. Þeim var hætt fyrir allnokkru síðan og nú eru eingöngu í boði spariskírteini með 6–6,2% vöxtum. Raunvextir verðtryggðra skuldbindinga miðað við framfærsluvísitölu hafa á þessu ári verið nokkru lægri en á því síðasta enda minni munur á hækkunum á lánskjaravísitölu og framfærsluvísitölu á þessu ári en á árinu 1989. Raunvextir óverðtryggðra útlána hafa á þessu ári verið hærri en í fyrra, en þá voru þeir með lægsta móti.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að þær þúsundir einstaklinga sem hafa verið að bætast inn í áskriftarkerfi spariskírteina ríkisins af fúsum og frjálsum vilja á síðustu vikum og mánuðum hafa gert það á grundvelli þeirra vaxta, 6–6,2%, sem ég gat um áðan. Það er mikilvægt að menn hafi það í huga að það vaxtastig hefur dugað til þess að draga þúsundir nýrra Íslendinga í hverjum mánuði inn í áskriftarkerfi spariskírteina ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Hvað snertir erlend lán eru horfur á að erlendar lántökur til lengri tíma verði um 20,4 milljarðar kr. á árinu 1990 en það er um 2,5 milljörðum kr. minna en gert var ráð fyrir í áætlun lánsfjárlaga. Þessi munur, að erlendu lántökurnar verða minni í ár en gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum, skýrist fyrst og fremst af því að áformin um lántökur ríkissjóðs á erlendum markaði hafa í framkvæmd verið minni en ætlað var. Með lánsfjárlögum og fjárlögum var ríkissjóði heimiluð 2,4 milljarða kr. erlend lántaka. Nú stefnir allt í það að ríkissjóður taki engin erlend lán í ár, þ.e. hinn eiginlegi ríkissjóður. Ríkissjóður er hins vegar milligönguaðili um 900 millj. kr. lántöku fyrir sveitarfélög og fyrirtæki og sjóði í B-hluta sem fara um Endurlán ríkissjóðs. En hinar eiginlegu lántökur ríkissjóðs verða engar erlendar á þessu ári. Samdrátturinn í fjárfestingum atvinnuvega og bætt staða viðskiptabanka hefur auðveldað ríkissjóði að mæta lánsfjárþörfinni innan lands, eins og ég gat um áðan.

Afborganir af erlendum lánum eru taldar verða um 11 milljarðar kr. og hreint innstreymi langra lána nemur því 9,4 milljörðum kr., sem er um 2,8% af landsframleiðslu á árinu 1990. Árið 1991 eru erlendar lántökur þjóðarbúsins áætlaðar 17,1 milljarður kr. og lækka um 16% frá árinu í ár. Aftur á móti aukast afborganir af fyrri lánum um 37% og nema um 15,1 milljarði kr. sem er afleiðing af þeirri efnahagsstefnu sem rekin var hér fyrr á árum og mun væntanlega leiða til þess að syndir þeirrar efnahagsstefnu munu skila sér í auknum afborgunum af erlendum lánum á næstu árum. Hreint innstreymi langra lána verður því um 2 milljarðar kr. eða 0,5% af landsframleiðslu á árinu 1991. Ríkissjóður mun á næsta ári ekki heldur taka neitt erlent lán frekar en á þessu ári og ekki heldur til þess að greiða afborganir eldri lána, sem nema 1,3 milljörðum kr., vegna þess að reynt verður að mæta því með innlendri lántöku.

Virðulegi forseti. Hvað snertir greiðslujöfnuð þjóðarbúsins er í þjóðhagsáætlun 1991 reiknað með að viðskiptahallinn verði um 5,7 milljarðar kr. eða um 1,6% af áætlaðri landsframleiðslu 1991 í stað 2% sem reiknað var með í ár. Minni viðskiptahalli stafar að nokkru leyti af samdrætti í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara, einkum flugvéla. Á árinu 1991 er gert ráð fyrir að hreint innstreymi langra erlendra lána verði aðeins um 3,2 milljarðar kr. og vantar þá um 3,9 milljarða kr. til að fjármagna viðskiptahalla ársins. Hér er gert ráð fyrir að erlendar skammtímaskuldir aukist um 2,9 milljarða og fjármagnsjöfnuðuður verði jákvæður um 4,9 milljarða. Samkvæmt því mun gjaldeyrisstaðan breytast um 1 milljarð kr. árið 1991.

Stöðugt gengi og minnkandi viðskiptahalli ásamt lækkun á erlendum skuldum ríkissjóðs mun leiða til þess að hrein skuldastaða þjóðarbúsins, þ.e. löng erlend lán og skammtímaskuldir að frádreginni gjaldeyriseign þjóðarinnar, mun lækka á næsta ári, annað árið í röð. Ég tel mikilvægt að vekja athygli á þessari staðreynd vegna þess að hvað eftir annað les maður á opinberum vettvangi þá fullyrðingu að í ár og á næsta ári muni skuldastaða þjóðarbúsins erlendis aukast. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli. Þær lækka í ár og einnig á næsta ári. Hrein skuldastaða íslenska þjóðarbúsins gagnvart útlöndum nam 48,4% af landsframleiðslu í lok ársins 1989, er áætluð 48% í ár og verður 46% á næsta ári. Greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum hefur breyst í hátt við skuldastöðuna á undanförnum árum. Hæst fór greiðslubyrðin árið 1985, í góðærinu, í 10% af landsframleiðslu en fór síðan lækkandi vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum þannig að meðalvextir erlendra lána, sem voru um 10% 1983–1984, lækkuðu í 7,8% 1987 og 1988.

Virðulegi forseti. Í samræmi við markaða stefnu í frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 um skerðingu lögboðinna framlaga er í II. kafla þessa frv. mælt fyrir breytingum á ákvæðum viðkomandi laga í stíl við það sem

gert hefur verið í lánsfjárlögum um langt árabil. Hér er um að ræða skerðingu á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem bundin eru í sérlögum. Þess ber þó að gæta að í undirbúningi eru frv. til laga um breytingar á nokkrum þessara sérlaga. Ef þær breytingar verða samþykktar hér á Alþingi mun það leiða til endurskoðunar eða niðurfellingar á nokkrum þeim skerðingarákvæðum sem hér eru tilgreind. Þannig eru lög um málefni fatlaðra nú í endurskoðun. Einnig mun heilbrrh. væntanlega leggja fram frv. til laga um breytingar á lögum um málefni aldraðra og loks mun dóms- og kirkjumálaráðherra á næstunni leggja fram frv. til laga um kirkjugarða og frv. um breytingar á lögum um sóknargjöld.

Virðulegi forseti. Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 tekur mið af þeim árangri sem náðst hefur í að bæta jafnvægi á innlendum lánsfjármarkaði og stuðlar það að því að bæta enn frekar og styrkja þann stöðugleika sem hér hefur myndast. Nú er svo komið í okkar þjóðfélagi að jafnhliða auknu frjálsræði í peningakerfi landsmanna er fylgt þeirri opinberu stefnu sem í verki hefur reynst svo árangursrík að opinberir aðilar og sjóðir geta nú nær alfarið mætt lánsfjárþörf sinni á samkeppnismarkaði hér innan lands án þess að það leiði til hækkunar á vöxtum. Það hefur stundum verið sagt að markaðurinn sé harðasti dómarinn um árangur efnahagsstefnunnar. Nú hefur peningamarkaðurinn í landinu kveðið upp sinn eigin dóm um árangur þeirrar stjórnarstefnu sem hér hefur verið fylgt og vona ég að þeir menn hér í þingsölum sem hæst og lengst hafa talað um ágæti peningamarkaðarins muni sætta sig við niðurstöður þess dóms sem hann hefur í verki kveðið upp yfir ágæti þeirrar efnahagsstefnu sem hér hefur verið fylgt á síðustu tveimur árum vegna þess að dómur markaðarins er væntanlega hlutlaus. Hann er einstaklingunum og fyrirtækjunum í hag og niðurstaða hans er ótvíræð. Hún er jákvæðasti úrskurður sem sá dómur hefur fellt hér í þrjá áratugi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Satt best að segja þykja mér umræður um alvarleg fjármál og annað slíkt ekkert óskaplega skemmtilegar. Ég átti þess vegna ekki von á því að hérna yrði skemmtileg stund í dag en það er orðið æði gaman að hlusta á hæstv. fjmrh. lýsa ágæti markaðsbúskapar. Hann útlistaði það og ljómaði allur út undir eyru þegar hann lýsti því hve geysilega gleðilegar þær væru hinar gífurlegu vinsældir og sérstaklega meðal almennings vegna vaxtanna og allrar þessar blessunar sem hefur verið dengt yfir fólkið. Það væri bara bókstaflega þannig að nú væri þjóðin orðin skuldlaus nánast, skildist manni, skuldirnar væru eiginlega að hverfa. Og það væri svo ánægjulegt að núna væru skuldirnar bara eiginlega allar á heimilunum. Hann sagði að innlendar lántökur hefðu eiginlega sáralitlar verið hjá atvinnuvegunum, enda ástæðulaust að styrkja þá, við þurfum enga atvinnuvegi. En það var mjög ánægjulegt, sagði hæstv. ráðherra, að nú skyldi þetta allt saman lenda á heimilunum. Skuldir heimilanna hafa farið vaxandi. Og hann útlistaði þetta með fleiri orðum og áhrifaríkari en þetta skrifaði ég niður hjá mér. Skuldir heimilanna hafa farið vaxandi, skuldir atvinnuveganna minnkandi, lántökur atvinnuveganna eru gleðilega litlar, þ.e. lítið er fjárfest í atvinnuvegum landsins. Það er af hinu góða að það skuli vera fáir atvinnuvegir og fá fyrirtæki, það skuli vera máttlaus fyrirtæki, það skuli vera samdráttur í atvinnuvegunum, það skuli vera kreppa í atvinnuvegunum. En það er af hinu góða, og það er rétt að fólk festi sér það í minni, að skuldir heimilanna hafa farið vaxandi. Og skyldi þá ekki hagur heimilanna hafa batnað með vaxandi skuldum? Það skyldi maður þó ætla að væri í samræmi við hina kenninguna, beint framhald hennar, ein og sama kenningin, að hagur fólksins hefði farið gífurlega batnandi því að skuldir heimilanna hafa vaxið.

Við vitum að skuldir heimilanna hafa vaxið, það þurfti ekki að segja okkur það. Skuldir heimilanna hafa vaxið með þeim hætti að það eru fjöldagjaldþrot heimilanna, ekki bara í hundruðum heldur þúsundum. Það er ávöxturinn af starfi þessa herra á síðustu tveimur árunum. Og hann segir það sjálfur og viðurkennir það héðan úr þessum stól.

Ég sagði áðan að það væri gaman ef væri hér gleðistund, það er kannski öfugmæli. Ég átti kannski heldur að segja hitt að hann væri að upplýsa um hryllilegasta þáttinn í stjórnarstefnunni, heimatilbúna kreppu hjá þessari þjóð sem gæti verið ríkasta þjóð heimsins. En að hinu leytinu má kannski segja að maður getur ekki annað en brosað að sjá og heyra hæstv. ráðherra fjármála vera að tíunda ágæti þess sem hann kallar peningafrelsi. Það er ekkert peningafrelsi þegar peningar eru skammtaðir. Peningar eru það eina sem ekki má skammta vegna þess að þá fá þeir peningana á bestum kjörum sem eru í náðinni en hinir fá enga peninga eða þá að það er okrað á þeim með vöxtum þegar ekki er frjálsræði í peningamálum, og það er ekki á Íslandi. Það eru ekki frjáls peningaviðskipti. Það streyma að vísu inn erlendir peningar og kannski er ekki mjög langt í það að peningamálin verði frjálsari hér eins og er í öllum öðrum löndum.

Það er að koma alheimsmarkaður í peningamálum. Það er rétt. En það er ekki fyrir tilstuðlan þessa hæstv. ráðherra. Það er að gerast um víða veröld að peningar eru frjálsir. Það getur enginn stöðvað til langframa streymi peninga af þeirri einföldu ástæðu að þeir eru ekki að verða til í gömlu merkingunni. Nú ganga færslur fjármuna í gegnum tölvur og nútímatækni og þess getur verið skammt að bíða að menn hafi enga peninga í fórum sínum nema kannski smápeninga í strætó. Því að flestir nota greiðslukort sem líka var vikið hér að að væri einhver mesta uppgötvun í sögu peningamarkaðar alheimsins. Sagði ráðherrann nær orðrétt að íslenska ríkisstjórnin hefði fundið það upp að afla sparifjár frá borgurunum í gegnum tölvuviðskipti og greiðslukort? Það væri gífurlega merkilegt mál og eitthvað hafði hann um það orð á þá vegu að sérfræðingar í peningamálum erlendis stæðu alveg agndofa yfir þessu og væru nú að kynna sér þessa hugmyndaauðgi íslensku ríkisstjórnarinnar í peningamálum. Hugmyndaauðgi er nákvæmlega orðið yfir alla þá stefnu

sem þessi hæstv. ráðherra hefur fylgt síðan hann varð ráðherra. Hugmyndaauðgi í skattlagningu, í skattheimtu, í okurvöxtum, í ofstjórn og ofstjórnarbrjálæði. Það er orðið yfir þá stefnu sem þessi ríkisstjórn hefur fylgt.

Nú er kannski hæstv. ráðherra líka að hugsa um það sem boðað er af yfirboðara hans, sjálfum hæstv. forsrh. Hvað boðaði hann núna á flokksþingi flokks síns, ósköp ánægjulegum flokksfundi, segja þeir framsóknarmennirnir? Hann sagði umbúðalaust: Það verður að hækka skatta. Það er auðvitað það sem þeir eru alltaf að gera þó þeir þykist vera að lækka þá. En hæstv. forsrh. er auðvitað miklu hreinlyndari maður en hæstv. fjmrh. nokkru sinni hefur verið eða mun verða. Hann sagði umbúðalaust hvað verið væri að gera og hvað þyrfti að gera. Það hefur verið hækkun á sköttum nærri því á hverjum einasta degi, og hækkun á verðlagi raunar líka og aukning á erlendum skuldum. Að vísu skal ég koma á eftir að því. Það hefur líka verið aukning á innlendum lántökum. Það er alveg rétt. En þetta eru þeir allt saman að segja og þeir hafa verið að framkvæma það. Forsrh. á þakkir skildar fyrir að aðvara þjóðina núna einmitt af því að kosningar eru í vændum og að segja nákvæmlega hvað fyrir honum og núv. hæstv. ríkisstjórn vakir. Það vakir fyrir þeim að hækka nú enn þá skattana, skerða enn þá kjörin, setja minna fé í atvinnuvegina, auka skuldir hjá borgurunum. Hvernig ætla þeir að auka fé? Jú, þeir ætla að lána þeim eitthvað meira, á okurvöxtum, þangað til allir eru komnir á hausinn.

Þetta er stefnan sem þessi hæstv. ráðherra er að boða og forsrh., yfirboðari hans, gerir algerlega opinberlega. Hann sagði að vísu við flokksmenn sína og stoppaði við í ræðupúltinu, eins og ég skal gera núna, og sagði: Haldið þið ykkur nú. Ég hugsa að allmargir Íslendingar hafi heyrt hann og séð á því augnabliki og hann sagði: Það verður að hækka skattana til þess að geta haldið við velferðarkerfinu, velferðarkerfinu sem er nú t.d. með þeim hætti að það eru tæmdar heilu deildirnar á spítölunum þó alls staðar sé fólk sem þarfnast læknis. Það er nú bara eitt smádæmi. Velferðarkerfi þar sem þannig er búið að fátæku fólki að það hefur bókstaflega ekki nóg að borða. Ellilífeyrisþegar hafa það ekki. Og það er velferðarkerfi sem er þannig, og ég held að allir a.m.k. sem eru komnir á miðjan aldur viti það, að það er meiri fátækt, það er meiri mismunun í þessu þjóðfélagi, það er erfiðara fyrir fátækt fólk að komast af en hefur verið í áratugi. Þetta er afraksturinn af störfum þessa hæstv. ráðherra sem kemur hér, ber sér á brjóst og segir að allt sé í sómanum. Já, það er hugmyndaauðgin. Gleymum ekki þessu orði. Notum það. Það passar nákvæmlega yfir allt það sem verið er að bardúsa daginn út og daginn inn, öll þau lög sem verið er að setja eða afnema og öll þau lög sem verið er að skrumskæla til þess að ná auknu fé af borgurunum yfir í ríkishítina þar til bæði atvinnuvegir og heimili eru gjaldþrota.

Þetta er það sem að er stefnt og sem verður barist um í kosningum í vor. Vilja menn áframhald þessarar stefnu sem þeir eru að sjá framan í núna? Á að herða á, á enn að rýra kjörin? Á að falsa vísitölur og gera fólkinu ókleift að lifa í þessu landi og á að sverfa svo að atvinnuvegunum að þjóðartekjurnar fari lækkandi ár frá ári, sem þær gera og það er líklega eina OECD-landið sem svo er ástatt um. Það eru framfarir í öllum nágrannalöndum, við vitum það, og aukin framleiðsla og auknar þjóðartekjur. Hér fer þetta allt saman minnkandi og það er svo indælt líf, segir þessi hæstv. ráðherra. Hann brosti meira að segja, annars er hann nú alvörugefinn á svipinn núna. Hann er kannski farinn að hugsa aðeins hvað hann var að segja. Af því að það hugsa nefnilega allir núna og skilja hvað hann var að segja. Það fór ekkert á milli mála. Þeir ætla sér að halda þessari stjórn áfram — til hvers? Til að fullkomna verkið. Og menn vita hvert stefnir. Það er enginn maður til á þessu landi sem heldur því fram að kjör hafi ekki stórversnað jafnt og þétt. Það þýðir ekkert að koma með einhvers konar þjóðarsáttarboðskap. Hann er ekki til. Það er búið að afsanna það að það séu raunverulegar kjarabætur eða stöðugt efnahagslíf í þessu þjóðfélagi.

Þetta er kannski alveg nóg þó af mörgu sé að taka í orðum ráðherrans. Og ég vil bara vekja á því athygli að hann vitnaði sérstaklega til eins árs, þegar hörmulegt hefði nú verið umhorfs í ríkissjóði og ríkisfjármálunum, ársins 1988. Hvers vegna nefndi hann það ár sérstaklega? Ég er sammála honum um það að þá var verst stjórnað fjármálum landsins um langa tíð, eða kannski frá upphafi, á því ári þangað til þessi hæstv. ráðherra tók við. Þá keyrði um þverbak. Og geta menn getið upp á því hvers vegna hann nefndi einmitt þetta ár? Skyldi hann hafa verið að reynan að ná sér niðri á mér eða sjálfstæðismönnum? Hver var fjmrh. það ár? Muna menn það? Getur þessi hæstv. ráðherra svarað mér því? Hver var fjmrh. árið 1988? Af hverju velur hæstv.fjmrh. það ár sérstaklega? (**Fjmrh.:** Það vitum við báðir.) Já, og þú veist það að sjálfsögðu og þess vegna velurðu það, af því að þetta eiga nú að heita samherjar, hann og núv. hæstv. utanrrh. Þeir eru nefnilega alltaf með rýtinginn hver í bakinu á öðrum, þessir sem eiga að vinna saman og stjórna af sanngirni, heiðarleika og réttsýni þessu þjóðfélagi og svo eru þeir stöðugt að tala um stöðugleikann og stöðuglyndið, sjálfsagt á heimilinu hjá þeim, stöðugleikann í íslensku þjóðfélagi. Þar sé sko allt í sómanum og hafi aldrei verið annað eins dýrðarríki hér og einmitt núna.

Málið sjálft er alveg ljóst. Þetta var útúrdúr hjá hæstv. ráðherra sem ég var aðeins að svara. Þetta frv. er svo sem ekki mikið öðruvísi en þetta frv. hefur alltaf verið. Þetta á auðvitað að vera hluti af fjárlögum landsins. Um það erum við hæstv. ráðherra sammála, held ég, að þetta er bara skrumskæling á ríkisfjármálunum. Það er verið að falsa hér allar mögulegar tölur og nota seðlabanka og einhverja aðra reiknimeistara til að aðstoða við að blekkja fólkið þannig að enginn botni neitt í neinu. Og ég er hér um bil viss um það að það var ekki nokkur einasti maður hér inni, sem var þó búinn að reyna að þræla sí gegnum þessar tölur og skilja þær fyrir fram, sem skildi orð af þessum talnalestri hæstv. ráðherra áðan, hvað snýr upp og hvað

snýr niður. Ég þori alveg að leggja hausinn að veði að hér inni er ekki einn einasti maður sem skildi það, heldur ekki hann sjálfur. Þetta var allt þvælingur og tilvitnanir í einhverja reiknispekinga hjá tölvunum í Seðlabankanum.

En þetta mál fer auðvitað til fjh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. Þar verður auðvitað um það þjarkað, eins og alltaf áður. Síðan bíður það þangað til búið er að afgreiða fjárlögin sjálf eða á því sama augnabliki þegar gott samkomulag er milli manna. Það er ekki hægt að afgreiða annað málið án hins, þau hanga algerlega saman. Þetta er platfrv. sem notað er til þess að stela t.d. allra handa framlögum. Það stendur í mörgum greinum: Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skal nú ekki standa við lögin. Þá skulu lögin brotin og fólk ekki fá peningana sem því ber. Þetta er ekkert hæstv. ráðherra einum að kenna. Þetta var komið til löngu fyrir hans tíma og þetta var liður þá í að falsa fjárlög til þess að geta sagt að þau væru hallalaus, sem þau reyndar aldrei voru. Hann segist sjálfur ætla að vera með ríkissjóð með halla upp á 3,7 milljarða, sem mér skilst muni verða. Það var víst á þessu ári, var það ekki hæstv. ráðherra? (**Fjmrh.:** Það var á næsta ári.) Á næsta ári. (**Fjmrh.:** Þetta er frv. fyrir næsta ár.) Já, en þessi tala sem hann nefndi sérstaklega, 3,7 það er fyrir næsta ár. Hvað skyldi það hafa verið á þessu ári? Það væri gaman að fá að vita það þó hann hafi það víst ekki á þessari stundu. Það er áreiðanlegt. Það verður náttúrlega miklu hærri upphæð þegar allt er saman tekið og þar með þetta frv. sem er hér til umræðu. Við getum svo deilt um það þegar þar að kemur en látið það kyrrt liggja nú.

Það væri ekki heiðarlegt af mér að hafa engin góð orð um það sem gerst hefur. Það er út af fyrir sig alveg rétt að það hefur orðið nokkru meira frjálsræði í peningamálum af því að það gat enginn ráðið við annað. Það hlaut að verða. Það hefur komið inn í landið eitthvað af erlendu fé og þróunin er í þá átt að hér verður auðvitað frjáls peningamarkaður. Það er af hinu góða og ég hef barist fyrir því og skammast mín síst af öllu fyrir það. Ég hef líka bent á það að það væri ekkert athugavert við það, um eitthvert árabil, að ríkissjóður væri rekinn með halla ef það væri gert til þess að lækka skatta — ég endurtek, til þess að lækka skatta, ekki síst neysluskatta, t.d. vörugjaldið, og þá skatta sem hafa bein áhrif á verðlagið það mikið að verðbólgan gufaði upp án þess að kjör fólksins væru skert. En hæstv. ráðherra hefur montað af því að vera að framkvæma mína stefnu, þ.e. fyrri hluta hennar, að reka ríkið með halla með opnum augum eitt eða tvö ár eða lengur þannig að það fé sem þannig áynnist yrði notað til að lækka skatta nægilega mikið til að verðbólgan gufaði upp. Það er einfalt mál. En hann gerir hvort tveggja. Hann eykur skattana stöðugt, í sífellu eykur hann skattana en tekur samt stórfé að láni, ekki frá fólkinu svo mikið, það er mest frá lífeyrissjóðum og auðugu fólki sem hann nær í þessa peninga á háum vöxtunum, með fullri ríkistryggingu. Hann nær þeim þannig. Hann keyrir verðbólguna áfram samhliða því sem hann aflar aukinna skatta og svo segir hann að ég hafi boðað þessa stefnu. Ég endurtek: Ég hef margsinnis sagt, ég held að fyrsta greinin sem ég skrifaði um það hafi verið í júlímánuði 1978, var að leiðbeina væntanlegum ráðherrum þá, það voru Framsókn og fleiri góðir sem mynduðu svo stjórn um haustið og hækkuðu auðvitað skatta, sérstaklega neysluskattana, í sífellu og verðbólgan náttúrlega rauk upp úr öllu valdi.

Þessi hæstv. ráðherra er klókur. Það hef ég lengi vitað og þótt mjög gaman að honum. Við höfum oft haft gaman af að spjalla saman og m.a. um þessi málefni. Hann sér að þetta er nokkuð góð leið að fara nú á markaðinn, ná peningunum til sín, þjarma þannig að atvinnuvegunum að þeir þurfi enga peninga, og láta fólkið að einhverju leyti, og svo þá sem auðugri eru og lífeyrissjóðina og aðra sjóði, lána sér fjármagnið, en í leiðinni bara hækka skattana þannig að eignarrétturinn að auðlegð þjóðfélagsins færist allur yfir í ríkishítina alveg öfugt við það sem er að gerast í flestum öðrum löndum, þar á meðal í dýrðarríkjunum þarna fyrir austan tjald. Þar eru menn meira að segja að átta sig á því að það gengur nú ekkert að hafa fólkið allt eignalaust. Til langframa una menn því ekki. Þetta finnur hæstv. ráðherra af hyggjuviti sínu og hefur verið að framkvæma. Og svo ætlar hann að kenna mér um ósköpin öll sömul.

Ég mundi nefnilega, hæstv. ráðherra, ef ég réði, gera allt þveröfugt við það sem þú gerir, alla hluti. Ég mundi þar að auki náttúrlega reyna að segja sannleikann. Ég held að ég mundi stundum líkjast hæstv. forsh. sem segir bara hreint út: Við getum ekkert annað en bara stórhækkað skattana, annars hrynur allt velferðarkerfið, og eins og það er nú beysið fyrir. Það hrynur ef skattarnir eru ekki stórhækkaðir. Það er hans sannleikur.

Nú vill svo til að þarna í næstu sveit, á Reykjanesinu, verða þessir ráðherrar líklega einhvers staðar í sviðsljósinu og þeir boða þetta: áframhaldandi skatta. Þeir lofsyngja dýrðina sem er alltaf að verða meiri og meiri frá degi til dags, frá klukkutíma til klukkutíma og nú lofa þeir því að stórhækka skattana, dengja þessu yfir þjóðina við náttúrlega fagnaðarlæti fólksins. Ég vona að það verði fagnaðarlæti þegar talið verður upp úr kjörkössunum.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegur forseti. Þó ríkisstjórnin hafi margt gert til úrbóta verð ég nú að viðurkenna að framtíðin er ekki eins björt og hæstv. fjmrh. lýsti hér áðan. Þó verðbólgan hafi náðst niður þá má að verulegu leyti segja að það sé grundvöllur þeirrar þjóðarsáttar sem gerð var á sínum tíma. En það er margt að varast og sérstaklega í ríkisfjármálin.

Ég hef oft velt því fyrir mér og sérstaklega nú þegar það ætlunarverk hefur tekist að stoppa erlendar lántökur og ná ríkisfjármálum niður með innlendum lántökum, hvað það hefur kostað.

Það er alveg ljóst að þeir vextir sem ríkissjóður býður fást hvergi annars staðar á lánamarkaðinum. Það þýðir ekki fyrir fjmrh. að bera saman útlánsvexti bankakerfisins og vextina af spariskírteinum ríkisins.

Þar er um tvennt ólíkt að ræða. Það ætti frekar að bera saman innlánsvexti bankanna og vextina af spariskírteinum ríkisins. Bankarnir bjóða ekki 6% eða 6,5%. Þeir bjóða 4–5% í mesta lagi svo að það er að mínu viti einn af þeim þáttum sem hafa leitt af sér að ekki hefur tekist að ná hér niður raunvöxtum af þessari spennu sem er á markaðnum, m.a. vegna ákafa manna í fjmrn. að koma ríkisskuldabréfum á markað. Mig undrar það ekki að 8.000 manns hafi verið áskrifendur að spariskírteinum ríkissjóðs þar sem þetta er langhagstæðasti kosturinn á markaðnum. Eins og ég sagði áðan eru þau með 6–6,5% vöxtum þegar bankakerfið getur ekki boðið nema í mesta lagi 5%. Svo að það er ekkert að undra þó að almenningur kaupi ríkisskuldabréf. Í ofanálag er þetta ríkistryggt þannig að fólk tekur ekki nokkra áhættu með því að kaupa þessi bréf. Að mínu viti hefðu þau átt að vera lægri en innlánsvextirnir.

Þetta er það sem ég vildi segja í þessari umræðu. Ég er formaður fjh.- og viðskn. og þetta mál verður krufið en mér finnst að hið sanna og rétta eigi að koma í ljós þegar rætt er um þessi mál og reyna að finna lausnir og ræða um þessi mál af sanngirni og reyna að koma réttum skoðunum og réttum staðreyndum á framfæri.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og vissulega gæfi hún tilefni til að fara dálítið ítarlega yfir þessi mál. Það er alveg rétt sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði hér áðan að hann mundi gera þveröfugt við allt það sem við höfum gert. Þess vegna var verðbólgan 30% þegar Sjálfstfl. réði. Þess vegna var halli á viðskiptum við útlönd þegar Sjálfstfl. réði. Þess vegna voru raunvextirnir 9–10% þegar Sjálfstfl. réði og voru reyndar á sumum pappírum 14–18%. Og þannig gæti ég haldið áfram að telja vegna þess að Sjálfstfl., þegar hann fór með ríkisfjármálin, lækkaði vissulega skattana en hann jók ríkisútgjöldin á sama tíma og hann fjármagnaði hallann með erlendum lánum. Og það er þessi stefna, 1985–1987, sem Efnahags- og framfarastofnunin, virtasta efnahagsstofnun Vesturlanda, fordæmdi í þeirri skýrslu sem hún gaf út um efnahagsstjórnina á Íslandi. Það er nefnilega tiltölulega létt verk að koma hér upp og flytja „popúlistískar" ræður um að lækka skattana. Það getur hver einasti maður gert. Ég ber hins vegar mikla virðingu fyrir hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni og ég vona að í næstu ræðu útskýri hann hvar hann ætlar að skera niður á móti í útgjöldum ríkisins. Ég skal leggja honum til skrá, reyndar þarf ég ekki að gera það, hún er í fjárlagafrv. sem liggur á borði hans, yfir helstu útgjaldaflokka ríkisins. 40% af útgjöldunum eru greiðslur til almannatrygginga, til gamla fólksins, og til ýmissa annarra sem eru jöfnunargreiðslur til að bæta kjörin í okkar þjóðfélagi. Varla ætlar hann að skera það. Önnur 40% eru gjöldin til heilbrigðiskerfisins, skólakerfisins, samgöngukerfisins og annarra mikilvægra þátta sem Sjálfstfl. hefur talið að hann vildi auka útgjöldin til. Þá eru eftir 20%. Rúmlega 10% af því eru vextir af erlendum lánum og innlendum sem ríkisstjórnir fyrri tíðar hafa tekið og restin er framkvæmdir, fjárfestingar í landinu.

Sjálfstfl. boðar nefnilega skattalækkun án þess að segja hvar á að skera. Frambjóðendur Sjálfstfl. í prófkjöri í Reykjavík svöruðu flestir játandi, nema Geir Haarde og það verður að virða hann fyrir það, hann er eini maðurinn í prófkjöri Sjálfstfl. sem þorði að vera pínulítið nálægt sannleikanum, allir hinir, þegar þeir voru spurðir: Eruð þið fylgjandi því að afnema þá skatta sem hafa verið lagðir á í tíð núverandi ríkisstjórnar? Þeir sögðu allir já. Og hugmyndaríkur maður spurði: Er það líka virðisaukaskatturinn sem á að leggja af? En jafnvel þó við sleppum honum hefur Sjálfstfl. reiknað þetta upp á 13 milljarða og það er 5 milljarða halli á ríkissjóði þannig að það er þá 18 milljarða vandi ef á að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð svaraði kjósendum Sjálfstfl. því líka að hann ætlaði líka að leggja niður skattana sem voru lagðir á í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur því lofað kjósendum sínum í Reykjavík að minnka tekjur ríkisins um rúma 20 milljarða, en hann hefur ekki sagt orð um það hvar hann ætlar að skera niður á móti, ekki orð. Hann talaði mikið um sannleikann og lygina hérna áðan, sakaði mig og ýmsa aðra um að vera boðbera lyginnar. Er ekki rétt að segja kjósendum í Reykjavík líka sannleikann, hvar á að skera niður á móti, eða á kannski bara að taka erlend lán fyrir 20 milljarða halla á ríkissjóði? Hvað er það nákvæmlega sem Sjálfstfl. er að boða í ríkisfjármálum? Morgunblaðið spurði að því í leiðara á sunnudaginn af því að Morgunblaðið vissi ekki hver stefna Sjálfstfl. í ríkisfjármálum er. Morgunblaðið sagði í leiðara: „Það er tími til kominn að Sjálfstfl. geri grein fyrir því hver er stefna Sjálfstfl. í ríkisfjármálum." Meðan Morgunblaðið veit ekki hver hún er er varla von að við hinir eða þjóðin viti hver hún er, en reynslan talar sínu máli. (**SalÞ:** Veit ráðherrann ekki að Morgunblaðið er blað allra landsmanna?) Morgunblaðið styður stefnu Sjálfstfl. þó að það styðji ekki Sjálfstfl. sem skipulagsheild. Og í Morgunblaðinu má sjá mjög rækilega stuðninginn sem þar er við málstað Sjálfstfl. og forustu Sjálfstfl. með margvíslegum hætti og það veit hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, en ég skil vel að þetta sé viðkvæmt mál fyrir Sjálfstfl.

Það er nefnilega þetta sem er kjarninn í því sem forsrh. og aðrir sögðu. Þeir menn sem boða hérna skattalækkun verða að leggja fram tillögur um það hvar þeir ætla að skera niður á móti, en það gerir enginn af talsmönnum Sjálfstfl. Það er þess vegna sem allt þetta tal um skattalækkanir, án þess að leggja fram um leið skrá yfir ríkisútgjöldin sem á að skera niður, er marklaust lýðskrum og alls ekki samboðið mönnum sem vilja láta taka sig alvarlega í stjórnmálaumræðum í landinu.

Ég hef hingað til tekið hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson alvarlega og hann veit það. Ég hef reynt hér í þingsölum að eiga við hann orðastað um stefnu hans í peningamálum og fjármálum, sem meira að segja hans

eigin flokksmenn hafa ekki viljað ræða við hann, af því að ég hef tekið hann alvarlega. En þá bið ég um það að sá sem kemur hér í ræðustól og boðar það, og boðar það í prófkjöri Sjálfstfl. og fær verulegt fylgi út á þá stefnu eins og niðurstaða prófkjörsins sýnir, sýni okkur hvar hann ætlar að skera niður þessa 20 milljarða, nákvæmlega, ekki með einhverjum almennum orðum um eyðslu og óhóf, heldur nákvæmlega. (**EKJ:** Ég ætla að svara hæstv. ráðherra á eftir.) Að sjálfsögðu, og ég mun bíða eftir svarinu og það munu fleiri bíða eftir svarinu og Morgunblaðið bíður líka eftir svarinu. (Gripið fram í.) En þá duga ekki almennar fullyrðingar. Það verða að vera framlögin til almannatrygginga, framlögin til sjúkrahúsanna, framlögin til skólanna, og ég vil bara taka sem dæmi að rekstur ríkisspítalanna eins og Borgarspítalans er bara $^1/_3$ af þessari upphæð sem hv. þm. ætlar að skera niður. Þótt rekstri framhaldsskólanna og grunnskólanna sé bætt við dugir hann ekki upp í þennan niðurskurð. Hér er þess vegna ekki um litlar upphæðir að ræða.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ætlar að skera niður sem nemur helmingnum af öllum útgjöldum til heilbrigðis- og skólakerfisins í landinu, nema hann ætli að skera niður hjá gamla fólkinu og sjúkum í tryggingakerfinu og fötluðum og öðrum sem fá greiðslur sínar frá Tryggingastofnun ríkisins, nema hann ætli að hækka verðlagið á landbúnaðarvörum, mjólki og kjöti, með því að leggja niður niðurgreiðslurnar. Ég verð að spyrja, vegna þess að Sjálfstfl. hefur ekki lagt fram eina einustu tillögu um þennan niðurskurð. Og ef hann gerir það ekki en boðar þjóðinni þessar 10–20 milljarða skattalækkanir, eftir því hvaða þingmaður Sjálfstfl. talar, mun annað tveggja gerast eftir kosningar: Annaðhvort verður efnahagslífið sett hér á hvolf ef ekki kemur niðurskurður á ríkisútgjöldum á móti, með sama hætti og Sjálfstfl. setti efnahagslífið á hvolf þegar hann fór með ríkisfjármálin, eða þá að Sjálfstfl. svíkur auðvitað kosningayfirlýsingar sínar. Það er spurningin: Hvort mun Sjálfstfl. setja efnahagslífið á hvolf eða svíkja þessar yfirlýsingar? Eða þá, sem er þriðji kosturinn, að hann segi hvar hann ætlar að skera þetta niður.

Mér fannst satt að segja ræða hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar vera vitnisburður um það að Sjálfstfl. virðist bara ekki botna neitt í því hvað þarf til að heilbrigt efnahagslíf sé rekið. Hann er að básúna yfir því að ég skuli hafa talið það kost að lántökur fyrirtækjanna hafi minnkað. Af hverju er það kostur? Vegna þess að það hefur verið eitt meginmein íslensks efnahagslífs og atvinnulífs um margra ára bil að fyrirtækin styrkja ekki eiginfjárstöðu sína áður en þau fara út í fjárfestingar heldur taka bara hlutina að láni. Það sem er einmitt að gerast núna í efnahagslífinu og atvinnulífinu er að fyrirtækin eru að styrkja eiginfjárstöðu sína og eru þess vegna hætt að taka lán. Þessi staðreynd er þess vegna eitt mesta heilbrigðismerki sem sést hefur á atvinnulífinu á Íslandi, að eigin fé fyrirtækjanna er loksins farið að vaxa. Sama gilti þegar hv. þm. var að fjargviðrast yfir því sem ég sagði hér um lántökur heimilanna. Af hverju hafa þær aukist? Af því að heimilin hafa farið út í fjárfestingu. Einstaklingarnir hafa farið að fjárfesta í ýmsu sem þeir höfðu ekki trú á eða traust áður, vegna þess m.a. að einstaklingarnir sjá það að núna loksins er höfuðstóll lánanna farinn að minnka, ár frá ári, af því það hefur tekist að ná vöxtunum þannig niður að stig af stigi minnkar höfuðstóllinn þegar menn greiða af lánunum. Nú hittir maður þúsundir einstaklinga sem segja: Í fyrsta sinn um árarаðir sé ég lánin mín minnka. — Og af því að menn hafa trú á því að þessi efnahagsstefna haldi áfram hefur þetta gerst.

Það er eins og hv. þm. skoði ekki hvað er á bak við tölurnar. Hann talar um það að hér séu skammtaðir peningar. Það eru engir skammtaðir peningar í dag. Bönkunum er fullkomlega frjálst að lána þessa peninga sem þeir hafa út úr bönkunum, en staða peningastofnana hefur verið að styrkjast vegna þess að atvinnulífið er farið að starfa á heilbrigðum grundvelli. Það er þess vegna sem fjármálastaðan í bankakerfinu hefur styrkst. Það eru engir peningar skammtaðir.

Hitt er svo rétt hjá hv. þm., og ég er sammála honum um það, að það er kominn tími til þess að leyfa útibúum erlendra banka að starfa hér á Íslandi og veita fákeppnisbönkunum sem Sjálfstfl. og Framsfl. hafa stýrt hér um árarаðir eðlilega samkeppni, því hverjir hafa stýrt fákeppnisbönkunum á Íslandi aðrir en fyrst og fremst Sjálfstfl. og Framsfl.? Það eru þeir sem í áratugi hafa borið ábyrgð á þessu óhagkvæma og stirðnaða íslenska bankakerfi. Og það er auðvitað athyglisvert að það er þá fyrst þegar Sjálfstfl. fer úr ríkisstjórn sem stigin eru þessi frjálsræðisskref í peningamálum sem hv. þm. var að fagna hérna áðan. Þau voru ekki stigin meðan Sjálfstfl. var í ríkisstjórn. Þau voru stigin eftir að Sjálfstfl. fór úr ríkisstjórn.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er alltaf að spá gífurlegum halla hjá núv. fjmrh. Ég ætla nú að hlífa hv. þm. við að lesa upp fyrir hann spána sem hann flutti hérna á þinginu 1988–1989 um hallann á árinu 1989. (**EKJ:** Ég skal lesa hana upp sjálfur ef hæstv. ráðherra vill.) Það er gott að hv. þm. geri það hér á eftir, lesi sjálfur upp þá spá sem hann hafði um það hver hallinn yrði á ríkissjóði árið 1989 þegar hann spáði 13–14 milljarða halla og sagði að fjmrh. vissi ekkert hvað hann væri að tala um en auðvitað vissi hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hvað hann væri að tala um. Veruleikinn sýndi hins vegar að fjmrh. vissi meira hvað hann var að tala um en hv. þm. Og enn á ný er hv. þm. að koma með þessa sömu spádóma.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hér áðan væri tímanum vissulega vel varið hér í hv. deild til þess að fara yfir efnahagsmálin vegna þess að þetta er alvörumál og ég tek hv. þm. alvarlega og hlýt þess vegna að spyrja: Er hann virkilega að boða það að sú gamla stefna Sjálfstfl. sem fékk hér að ráða á árunum 1983 til 1988, í fimm ár, verði tekin upp á ný? Er það virkilega það sem á að bjóða fólki í næstu alþingiskosningum af hálfu Sjálfstfl.?

Ég sá í gær erlenda útgáfu af niðurstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um breytingarnar í efnahagsstjórninni á Íslandi á síðustu tveimur árum. Það var mjög

fróðleg lesning. Það er jákvæðasta umsögn um efnahagsstjórnina á Íslandi sem hér hefur sést í langan tíma. Eða er það orðið þannig að Sjálfstfl. tekur ekki lengur neitt mark á viðurkenndum vestrænum efnahagsstofnunum? Er það orðið þannig að Sjálfstfl. sé orðinn svo heimóttarlegur og vandræðalegur í málflutningi sínum og tilveruvandamálum sínum hér á Íslandi að hann vísi á bug niðurstöðum virtustu vestrænna stofnana á sviði efnahagsmála, hvort sem það er Efnahags- og framfarastofnunin eða Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða aðrar slíkar stofnanir? Vegna þess að niðurstaða þessara aðila er öll á sama veg: Varist efnahagsstefnuna sem hér var við lýði þegar Sjálfstfl. réð, haldið áfram að fylgja þeirri stefnu sem fylgt hefur verið síðustu tvö ár. Þetta er niðurstaðan hjá þeim öllum. Eða er það þannig að allir þessir vestrænu efnahagssérfræðingar hafi vitlaust fyrir sér en forusta Sjálfstfl. rétt?

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Ágústsson vék hér aðeins að vaxtastiginu á spariskírteinum ríkissjóðs. Ég vil aðeins vekja athygli á því að fyrir þremur til fjórum árum voru þeir vextir sem boðnir voru á spariskírteinum ríkissjóðs 9–10% raunvextir. 9–10% raunvextir voru þeir vextir sem boðnir voru á spariskírteinum ríkissjóðs þegar Þorsteinn Pálsson var hér fjmrh. Það hefur tekist með samræmdri efnahagsstefnu að ná fram þeirri breytingu að nú eru boðin spariskírteini á 6% raunvöxtum og seljast eins og heitar lummur. Það sýnir muninn á þeirri efnahagsstjórn sem fylgt var þá og þeirri sem er fylgt nú.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég verð nú að verða við ósk hæstv. ráðherra um að svara honum lítillega. Að vísu veit hann mitt svar og hefur vitað mjög lengi.

Ég hef ekki verið neinn sérstakur niðurskurðarmaður, eins og hann kallar það, hvorki í stjórnarandstöðu eða í stjórn. Ég hef nefnilega þá trú að það þurfi ekki að skera niður þjónustu við borgarana ef almennilega er stjórnað og atvinnuvegirnir geta aukið sínar tekjur og haldið þeim eftir til einmitt fjárfestinga til þess að auka rekstur og umsvif þjóðfélagsins. Það er nú bara grundvöllurinn að því hvort menn eru sjálfstæðismenn eða sósíalistar. Þetta er reginmunurinn. Sósíalistar, eins og hæstv. fjmrh., trúa því að svo best farnist þjóðinni að sem mest af fjármagninu sé hjá ríkinu sem útdeili, skammti og skeri niður, eftir þörfum, og fjármagnið sé svo takmarkað og afköstin að það þurfi að stjórna þessu öllu saman. Samt segja þeir nú í hina röndina að kannski séu nú afköstin meiri í frjálsu þjóðfélagi en engu að síður verði nú að hafa þessa stefnu.

Mergurinn málsins er einfaldlega sá að í ofstjórn er ekki sá afrakstur af atvinnuvegunum sem verður í frjálsræðinu. Það er þess vegna stefna Sjálfstfl. auðvitað frá upphafi og kjörorð Jóns Þorlákssonar „frá örbirgð til bjargálna“ byggðist á því að frelsi þjóðfélagsins og frelsi borgaranna yrði nægilegt til þess að menn fengju notið sinna hæfileika og þess að fá frjálsir að afla auðæfa. Það er nefnilega auðugt þjóðfélag sem getur séð fyrir borgurunum. Það er ekki af mannvonsku sem hæstv. fjmrh. eða í þessu tilfelli hæstv. heilbrrh. er að loka heilu deildunum á spítölunum. Það er ekki af mannvonsku, mér dettur það ekki í hug. Þeir bara trúa því að þetta sé algjörlega nauðsynlegt vegna þess að þjóðfélagið geti ekki risið undir þessu. (**Gripið fram í:** Heilbrrh. lokar ekki deildum.) Hver gerir það þá? (**Gripið fram í:** Það er ekki hans ákvörðun.) Hver tekur ákvörðun um það? Ég veit það ekki. Ef það er ekki ráðherrann. Ég veit ekki hver er æðri honum í heilbrigðismálum. Ef það er ekki ráðherrann ... (**Gripið fram í:** Forstöðumenn deildanna.) Forstöðumennn deildanna? Ætli þeir fái ekki einhvers staðar fyrirmæli? Ef það eru forstöðumenn deildanna verða menn bara að halda það. Ég held allt annað. Ég held það sé enginn forstöðumaður deildar sem rýkur í að loka henni nema hann hafi fyrirmæli eða einhvers konar ákvarðanir hafi verið teknar á æðri stöðum um að það yrði að gera. Við skulum ekki fara lengra út í þá sálma.

Mergurinn málsins er þessi, og kannski mundi ráðherrann hlusta af því að hann þykist ekki þekkja mínar skoðanir: Ofsköttun leiðir til þess að afrakstur þjóðfélagsins verður minni en ella. Hófleg sköttun, sem nauðsynleg er, að sjálfsögðu, hjá öllum þjóðfélögum, leiðir til þess að afrakstur eykst og umsvif aukast, bjartsýni og dugnaður og framfarir aukast. Þetta þjóðfélag er auðvitað hæfara til þess, þegar til lengdar lætur í öllu falli, að sjá vel fyrir sínum borgurum, þ.e. fátæka fólkinu sem þarf á lífeyri að halda og ýmiss konar fyrirgreiðslu og sérstökum kjörum kannski varðandi húsnæðislán o.s.frv. Þetta held ég að allir skilji ef þeir hugsa um það. Nú er ráðherrann byrjaður að lesa — hann veit þetta allt sem ég er að segja svo að ég held bara áfram. Það er alveg sama hvort hann er inni eða úti. Hann veit þetta allt saman og talaði alveg þvert um hug sinn þegar hann hélt að ég væri að meina eitthvað allt annað en það sem ég var að segja. Þetta er nefnilega alveg augljóst. Ég skal endurtaka það sem ég sagði úr þessum ræðustóli um árið 1987 og skatta hæstv. núv. utanrrh. Ég sagði nákvæmlega það sama og í ræðu minni áðan, að þá hefðu skattar keyrt um þverbak og verið þeir allra verstu og ástandið í stjórn peningamála líklega það allra versta í sögunni fram til þess tíma að þessi hæstv. ráðherra tók við.

Og hvers vegna var það? Þetta var stjórn sem ég átti mjög ríkan þátt í að stofna, gekk á milli manna til þess að fá þá til að mætast nú. Ég meira að segja lagði það á mig að tilkynna bæði hæstv. núv. forsrh. og hæstv. núv. utanrrh. að ég skyldi gera það að tillögu minni að skattar yrðu — og haldið ykkur nú — hækkaðir um einn milljarð til þess að ná þessari stjórn saman. Þeir gátu ekki náð stjórninni saman af því að þeir voru búnir að tala svo illa um minn flokksforingja, hv. þm. Þorstein Pálsson, að það væri svo illa komið fjárhagnum hjá honum að það yrði að stórauka skatta og við féllumst á þessar fyrstu aðgerðir, eins og þeir kölluðu það alltaf. Hér inni og úti um allt land muna menn að það var alltaf talað um að fyrstu aðgerðir yrðu það að vera. Það var stjórnarkreppa og ekki hægt að ná neinum flokkum saman. Fyrstu aðgerðir, sögðu báðir þessir

herramenn sem ég var að nefna og þið munið þetta öll sömul. Ég tók það að mér að flytja tillögu um einn milljarð í skattahækkunum af því að allir vissu að ég teldi þetta vera rangt. En það var þó þess virði og þjóðfélagið gat borið það gegn því að menn næðu saman og mynduðu heilbrigða stjórn með því algera skilyrði, og stendur skýrt og skorinort í málefnasamningi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, að engir skattar skyldu hækkaðir eftir að stjórnin var mynduð. Síðan voru skattar hækkaðir, fyrst og fremst neysluskattar, um 5 milljarða eða svo 2–3 mánuðum seinna. Ég sagði þá bæði við vini mína í Sjálfstfl. og aðra menn. Þetta verður banabiti stjórnarinnar sem því miður varð. Og ég gerði ekki neitt í þessu auðvitað, að það yrði hennar banabiti, en ég óttaðist það og það varð þannig. Síðan hefur allt keyrt um þverbak af því að látið var undan kröfu þessara tveggja hæstv. núv. ráðherra sem ekki stóðu við loforðið, og kannski ekki okkar ráðherrar heldur, um að hækka alls ekki skatta. Það stóð í stjórnarsáttmálanum og af því að hæstv. sjútvrh. glottir þá er það auðvitað rétt. Stjórnin í heild ákvað á fundi — það hefur sýnilega glatt þennan hæstv. ráðherra mjög mikið — að dengja yfir um það bil 5 milljörðum í nýjum sköttum sem auðvitað fór með allt úr skorðum. Þeir sögðu að hallinn á fjárlögunum væri svo mikill. Hann gat orðið 3 milljarðar en til vonar og vara skyldu þeir leggja á 5 til að hafa borð fyrir báru. Hann var nefnilega miklu meiri hjá hæstv. utanrrh. eins og hæstv. núv. fjmrh. segir.

Þetta sannar því mína kenningu nákvæmlega. Ástandið versnar en batnar ekki með auknum sköttum. Halli ríkissjóðs eykst þegar skattar fara upp fyrir ákveðið mark. Þetta hefur sannast ár eftir ár og er að sannast núna. Nú er bara hallinn falinn með auknum innlendum lántökum. Það er alltaf betra en erlendar lántökur. Þetta er svona auðvelt. Þetta hafa sjálfstæðismenn vitað núna í 60 ár og verið þeirra meginboðorð, að svigrúm fólksins yrði það mikið að það gæti skapað auðlegð sem nægði til þess að þjóðin lifði farsælu lífi. En svo náttúrlega eru til kennisetningar allra mögulegra hagfræðinga. Það er alveg rétt en ég tek nú ekki nema takmarkað mark á því öllu, hvað sem stofnunin heitir, að þessir menn viti einhver ósköp um efnahagslífið á Íslandi og að upplýsingarnar sem við fáum hjá stofnununum hérna séu eitthvert guðsorð. Það hefur nú verið alla tíð meira og minna, og ég sagði það hér áðan, að lánsfjárlög voru beinlínis tekin upp til að plata þessa karla þarna úti í heimi. Þetta var bara tekið út úr fjárlögunum. Hérna í gamla daga voru bara fjárlög og engin lánsfjárlög voru til. Þessi leikur með fjárlögin er hreint ekkert nýr. Og ég skal svo gjarnan, þegar við tökum hér rispu seinna, sýna fram á það að það sem ég sagði um hinn eiginlega halla var ekki síður staðreynd en það sem ráðherrann sagði. Hann hefur verið að aukast allan tímann og hagur fólksins er að versna allan tímann. Fjármagn þjóðfélagsins er að hverfa frá fólkinu yfir í stofnanirnar og hítina.

Ég ætla mér ekki að skera allt niður. Ég ætla að auka þjónustu en ég ætla að lækka hana í hundraðstölu. Ég ætla að lækka gjöld fólksins í hundraðstölu. En afköstin eru það mikil eftir örfá ár og örfá missiri, að það er hægt að auka við útgjöldin í raunpeningum þó þau séu lækkuð í hundraðshlutum. Og nú skulu menn athuga það að eiginlega allir skattar á Íslandi eru hundraðstölur. Þegar maður fer með 100 kr. út í búð þá verður hann fyrst að borga 25 kr. af þeim. Áður er auðvitað búið að taka staðgreiðsluna og af því að verið var að nefna tölur, að 80 væru nú bundnar í þrem eða fjórum liðum ríkisins og þá eru bara 20 eftir. Ég fullyrði að þessi ríkisstjórn hefur tekið þessar 20 kr. af fólkinu og það hafa ekki orðið eftir nema 20 kr. vegna allra þeirra kjaraskerðinga sem orðið hafa á síðustu 2–3 missirum. Þá voru ekki orðnar eftir nema þessar 20 kr. sem fólkið hafði til þess að lifa mannsæmandi lífi þegar það var búið að borga húsnæðiskostnað og brýnustu nauðsynjar, sem maður verður nú að telja t.d. sjónvarp, síma, útvarp og einhverja bíltík, þá voru einmitt þessi 20% kannski eftir til þess að hafa fyrir mat og brýnustu lífsnauðsynjum. Þær voru teknar. Þess vegna er það sem fjöldi heimila er gjaldþrota, atvinnuvegirnir eru gjaldþrota. Einmitt af því að hæstv. ráðherra nefndi þetta að ríkið ætti nú ekki nema bara 20% eftir þegar það væri búið að borga þessa fjóra stóru liði sem auðvitað eru frumnauðsynjar hvers þjóðfélags, þá væri það ekki eftir fyrir ríkið. En hvað er horft á hvað eftir er hjá fólkinu þegar kjörin eru skert um 10–15%? Hvað er eftir af þessum einu 20% sem það áður hafði til þess að geta leyft sér eitthvað? Er ég þá náttúrlega að tala um láglaunafólk. Aðrir hafa getað leyft sér meira. En tölurnar eru allar saman reiknaðar út frá hundraðshlutum og þær eru teknar æ ofan í æ. Ráðherrann byrjar á því auðvitað að taka staðgreiðsluna. Hvað er hún mikil? Síðan þegar einhver fer út í búð, fátækur eða ríkur, þá borgar hann 25% af því sem þá er eftir beint í virðisaukann og þá er hann búinn að borga svo og svo mikla tolla og öll möguleg og ómöguleg gjöld út og suður alls staðar þar sem við verður komið. Þar er skattur og þar er aftur skattur. Þá hverfur það eina sem fólkið hefur til þess að geta lifað mannsæmandi lífi og það vita þessir herrar sem eru að boða það að auka þetta allt saman og ætla að gera það núna með tilstyrk fólksins með vorinu. Það tekst þeim ekki.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ef á að taka hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson alvarlega (**EKJ:** Það á að gera það.) þá er þetta auðvitað tilefni til mjög ítarlegrar umræðu. (**EKJ:** Já.) Ég velti hins vegar fyrir mér hvort á að taka þingmanninn alvarlega vegna þess að þessi kenning hans hér áðan að lánsfjárlög hefðu verið fundin upp til að plata menn í útlöndum er auðvitað mjög merkileg kenning. En ég veit að hv. þm. tóku eftir því, eins og ég spáði, að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson treysti sér ekki til þess að nefna eitt einasta atriði sem hann mundi skera niður af ríkisútgjöldum. (**EKJ:** Ég sagði að ég væri ekki að boða niðurskurð.) Nei, ég ætla einmitt að koma að því. Ekki eitt einasta atriði sem hann ætlar að skera niður. Hann ætlar að lækka skattana um 20 milljarða en ætlar ekkert að skera niður. Og

hvar ætlar hann að fá þessa 20 milljarða? Í skatt af atvinnulífinu. Hann ætlar að auka skattana á atvinnulífinu inn í ríkissjóðinn um 20 milljarða í viðbót á næstu 2–3 árum. (**EKJ:** Það sjá nú allir í gegnum þetta kjaftæði.) Nei, þetta var það sem hv. þm. sagði en það er hins vegar alveg rétt hjá þingmanninum að það sjá allir í gegnum þetta helvítis kjaftæði. Það er alveg rétt. Vegna þess að hv. þm. sagði það: það á að verða hérna þannig breyting í atvinnulífinu að miðað við óbreyttar skattaprósentur á atvinnulífinu mun atvinnulífið skila þeim viðbótarsköttum inn í ríkissjóð sem nemur þessum 20 milljörðum sem á að lækka skattana á einstaklingunum. Þetta var það sem þingmaðurinn sagði. Ég hefði gaman af því að sjá forustumenn atvinnulífsins, sem alltaf eru að koma til mín og boða nauðsyn þess að lækka skattana á atvinnulífinu á Íslandi í krónum á næstu árum, fjalla um þessa kenningu Eyjólfs Konráðs Jónssonar að það eigi að auka skattana á atvinnulífið um 20 milljarða á næstu 2–3 árum. Ég hugsa að sjútvrh. þætti það nú skemmtilegur boðskapur.

Vegna þess að hvað er það sem sjávarútvegsfyrirtækin eru að gera núna með hagnaðinn hjá sér? Borga skuldirnar. Borga skuldirnar sem þau söfnuðu á stjórnarárum Sjálfstfl. Þannig að þeim arði sem kemur hér inn í sjávarútvegsfyrirtækin, t.d. á næstu árum, verður aðallega varið til að borga niður skuldirnar frá óstjórnarárum Sjálfstfl. Það veit Einar Oddur. Það veit Kristján Ragnarsson. Það vita aðrir forsvarsmenn sjávarútvegsins á Íslandi. Og ef einhver hlær (Gripið fram í.) Nei, það er alveg rétt að hv. þm. Halldór Ásgrímsson var sjútvrh. (**SalÞ:** Hver var forsrh.?) Þorsteinn Pálsson var forsrh. og áður Steingrímur Hermannsson. (**SalÞ:** Nú, er það?) Já, en munurinn á þeim og Sjálfstfl. er að þeir áttuðu sig á vitleysunni. (Gripið fram í.) Hv. þm. getur auðvitað kallað fram í hvaða slagorð sem hún vill. En það breytir ekki þeim efnahagslegu staðreyndum. Það breytir því ekki að þessi málflutningur sýnir hér í þingsalnum hvað Sjálfstfl. er fullkomlega óábyrgur, annaðhvort óábyrgur í að boða gegn betri vitund það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var að boða eða trúa því sem hann var að boða. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. að þetta er ákveðin kenning. Og það er nú einu sinni þannig að hún hefur nefnilega líka verið prófuð í útlöndum. Hún hefur ekki bara verið prófuð hjá Sjálfstfl. hér á Íslandi. Hún hefur verið prófuð í útlöndum. Þetta er sú kenning sem Ronald Reagan fylgdi á forsetaárum sínum. Kenningin um það að með því að lækka skattana væri hægt að auka svo virknina í atvinnulífinu að þjóðarframleiðslan mundi vaxa með þeim hætti að þrátt fyrir lækkaðar skattaprósentur kæmi meira inn í ríkissjóðinn. (**EKJ:** Rétt.) Rétt, segir hv. þm. Ég kann alveg þessa kenningu. Vandinn er bara sá að hún passar ekki við veruleikann. Af hverju er búin að vera núna margra mánaða kreppa milli þings og forseta í Bandaríkjunum vegna fjárlaganna? Vegna þess að í ríkisstjórnartíð Ronalds Reagans jókst fjárlagahallinn meir en nokkru sinni áður þannig að þessi stefna Ronalds Reagans hafði í för með sér meiri aukningu á halla ríkissjóðs en nokkru sinni áður í sögu Bandaríkjanna. Það mikinn halla að hann er líklegast að ganga af núverandi forseta Bandaríkjanna pólitískt dauðum og þingið og forsetinn geta ekki komið sér saman.

Og hvað hefur gerst? Það sem hefur gerst er það að núna höfum við horft upp á það vikum og mánuðum saman í fréttum að bandaríska þingið og forsetinn ná ekki saman. Jafnvel þótt leiðtogar í þinginu reyni að gera samkomulag við forsetann þá er því samkomulagi hrundið af þinginu. Og Repúblikanaflokkurinn sem boðaði þessa stefnu, sem nú hefur fengið að prófa sig í Bandaríkjunum, býr við fylgishrun þannig að Demókrataflokkurinn hefur aldrei verið sterkari í bandaríska þinginu en hann er núna vegna þess að í síðustu þingkosningum dæmdi bandaríska þjóðin þessa efnahagsstefnu Ronalds Reagans.

Veruleikinn er nefnilega harður húsbóndi, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Og það er vandinn við þá sem boða kenningar að stundum kemur að því að veruleikinn kveður upp sinn dóm. Veruleikinn hefur kveðið upp sinn dóm yfir því ranga kerfi sem var við lýði í Austur-Evrópu, sem betur fer. En veruleikinn hefur líka kveðið upp sinn dóm yfir þessari efnahagskenningu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var hér að boða og hefur leitt til meiri fjárlagahalla í því landi sem kenningin var prófuð í en nokkru sinni fyrr, efnahagsöngþveitis, hárra vaxta og pólitískrar kreppu í landinu. (**GHG:** Eru það Bandaríkin eða hvað?) Það eru Bandaríkin já, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. (Gripið fram í.) Já, enda hef ég tekið eftir því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur alltaf haft vit á því að taka aldrei undir þessa kenningar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar hérna í þingsalnum.

Ég tek þennan boðskap dálítið alvarlega. Ef Sjálfstfl. fær umboð í næstu alþingiskosningum til að framkvæma þessa stefnu þá verður á einu ári búið að innleiða á ný óðaverðbólguna á Íslandi, vaxtabrjálæðið á Íslandi, viðskiptahallann á Íslandi og stóraukinn halla á ríkisfjármálum á Íslandi. Þetta eru staðreyndir málsins. Er það þetta sem Sjálfstfl. er að boða? Já. Það er greinilega þetta sem hann er að boða samkvæmt þeirri stefnu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti hér áðan og enginn þingmaður Sjálfstfl. hér í deildinni hefur mótmælt. Ég tek hins vegar eftir því að Geir Haarde hafði aðspurður í viðtali við kjósendur Sjálfstfl., í prófkjörinu, um þetta vissar efasemdir.

Það er hins vegar misskilningur hjá hv. þm. að staðgreiðslan fari aðallega til ríkissjóðs í þessari dramatísku skattalýsingu sem þingmaðurinn fór með hérna áðan um hvernig fjmrh. kæmi með krumluna í staðgreiðsluna fyrst o.s.frv. Hver fer aðallega með krumluna í staðgreiðslu Reykvíkinga? Borgarstjórinn Davíð Oddsson. Það er staðreynd málsins. Meginhlutinn af því sem fyrst er skráð hjá ríkinu í staðgreiðslunni er borgað út aftur af ríkinu í formi persónuafsláttar, barnabóta og vaxtabóta. Það sem situr eftir af staðgreiðslunni eru því 12 milljarðar hjá sveitarfélögunum, stærsti hlutinn af því hjá Reykjavíkurborg, og 10 milljarðar hjá ríkinu. Þegar búið er að gera staðgreiðsludæmið upp þá er það krumlan á borgarstjóranum sem situr með stærsta fenginn í sinni hendi, svo

að ég noti líkingu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Þannig að ef hann ætlar að flytja hér miklar ræður um það að það þurfi að minnka þann hlut sem fer í gegnum staðgreiðsluna frá fólkinu til hins opinbera þá á hann fyrst að minnka hjá meðframbjóðanda sínum, leiðtoga Sjálfstfl. í Reykjavík, Davíð Oddssyni, sem er með stærsta krumlufenginn út úr þessari staðgreiðslu. Því ríkið borgar obbann út aftur í sínum jöfnunargreiðslum til barnafjölskyldna, til þeirra sem eru að byggja og til þeirra sem fá persónuafsláttinn. Þetta eru staðreyndir málsins. En það er kannski eins með þessar staðreyndir og aðrar að Sjálfstfl. vilji bara ekki hlusta á þær af því að hann vilji ekki vera flokkur staðreyndanna í íslenskum stjórnmálum. Hann vilji bara lifa í einhverjum kenningalegum draumaheimi líkt og ýmsir lifðu hér áður á einhverjum falskenningum, fyrir mörgum áratugum síðan. En íslensk þjóð hefur auðvitað ekki efni á því.

Fáum við lýsingu á þessari afstöðu Sjálfstfl.? Hvað er það sem hann vill breyta í staðgreiðslunni ef hann vill að meira sitji eftir hjá fólkinu? Á þá ekki að byrja á útsvörunum í Reykjavík? Því það mesta sem tekið er frá Reykvíkingum í gegnum staðgreiðsluna eru útsvörin. Það eru staðreyndirnar. Sé litið á þennan málflutning hv. þm. Sjálfstfl. virðist hann vera, ef einhver heil brú er í honum, að það eigi að minnka hlutdeild sveitarfélaganna í staðgreiðslunni.

Virðulegi forseti. Ég sagði það áðan að við ættum að taka okkur tíma til þess að ræða þessa efnahagsstefnu Sjálfstfl. Það fara nefnilega kosningar í hönd og þá höfum við ekki efni á því, þá hefur þjóðin ekki efni á því, að hér í þingsalnum sé látið ómótmælt þeim falskenningum sem Sjálfstfl. heldur fram eða þeim óábyrga áróðri sem hann hefur í frammi hér innan þingsala og utan. Ef hann er tekinn á orðinu þá er hann að segja að hann ætli aftur að innleiða efnahagslega kollsteypu á Íslandi, nema hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson telji sig vera slíkan snilling að það sem samanlagðri forustu Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum tókst ekki, og það sem Ronald Reagan tókst ekki á átta árum þegar hann hafði allt umboð og allt vald til að framkvæma þessa stefnu, og fékk að framkvæma hana, sem leiddi til meiri fjárlagahalla og meira efnahagsöngþveitis en nokkru sinni fyrr í sögu Bandaríkjanna, þá sé það líka byggt á því að það sé allt saman misskilningur í mönnum í útlöndum. Voðalegt er þetta fyrir Sjálfstfl. að vera svona misskilinn af umheiminum, misskilinn af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, misskilinn af Efnahags- og framfarastofnuninni, misskilinn af Repúblikanaflokknum í Bandaríkjunum, misskilinn af Ronald Reagan. Hvar eru þeir menn sem skilja Sjálfstfl. á Íslandi? Hvar eru þeir? (**EKJ:** Ronald Reagan, hann er frændi minn er mér sagt.) Það er kannski þess vegna sem hv. þm. hefur tekið upp þessa stefnu? Ég ber þessa spurningu fram í mikilli alvöru. Hvar eru þeir menn sem fást til að staðfesta það að stefna Sjálfstfl. sé efnahagslega skynsamleg? Ég auglýsi eftir þeim. Það er enginn íslenskur hagfræðingur með sjálfsálit og sjálfsvirðingu sem hefur fengist til þess að ganga fram og segja að hún sé skynsamleg. Eini hagfræðingurinn sem náði ofarlega í prófkjöri Sjálfstfl. í Reykjavík afneitaði stefnu Eyjólfs Konráðs Jónssonar, Geir H. Haarde, enda datt hann í prófkjörinu. Og ég spyr hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson: Hvar eru þeir innlendir og erlendir sérfræðingar sem vilja blessa þessa stefnu? Eða ætlar Sjálfstfl. kannski að blása á alla þekkingu í veröldinni í efnahagsmálum og segja að Sjálfstfl. sé búinn að uppgötva þannig patent að hann geti gengið gegn öllu í vestrænni þekkingu í efnahagsmálum? Það var stundum sagt um þá sem voru lengst til vinstri í íslenskum stjórnmálum að þeir afneituðu grundvallarlögmálum hagfræðinnar og niðurstöðum vestrænna rannsókna í efnahagsmálum. En nú sýnist mér Sjálfstfl. ætla sér að ganga í þessi björg. Nema hann sé svo óábyrgur að hann ætli að ljúga þjóðina fulla fyrir kosningar og gera svo allt annað eftir kosningar. Í vetur verður að draga fram þessi svör frá Sjálfstfl. hér í þinginu, í hverri umræðunni á fætur annarri svo það komi alveg skýrt fram áður en þinginu lýkur hvert er innihaldið í því sem hér er verið að boða og hvort Sjálfstfl. sem heild og forusta hans heldur virkilega fram þeirri stefnu sem hér hefur verið boðuð í umræðunni fyrir hönd Sjálfstfl. því hún mun leiða til nýrra efnahagslegra ófara fyrir Íslendinga.

Ég sagði hér í minni framsöguræðu: Markaðurinn er harður húsbóndi, markaðurinn er harður dómari. En það er markaðurinn sem hefur kveðið upp sinn dóm yfir þeirri efnahagsstefnu sem hér hefur ríkt á síðustu tveimur árum. Og ég mun hvenær sem er reiða þann dóm fram og bera hann saman við dóm markaðarins þegar Sjálfstfl. stjórnaði hér á Íslandi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að standast þá freistingu að koma hér í ræðustólinn á eftir hæstv. fjmrh., sem nú hefur talað eins og sá sem valdið hefur, og einu sinni enn að vekja athygli á því að hans aðaláhugamál er Sjálfstfl. og stefna hans. Mættum við sjálfstæðismenn hér á hv. Alþingi vel við una og þakka honum sérstaklega fyrir. Ég hef gert það reyndar oft áður úr þessum ræðustól við svipuð tækifæri að þakka honum sérstaklega fyrir að hann skuli nefna nafnið okkar eins oft og raun ber vitni. Og ekki gleymir hann að nefna okkar ágæta borgarstjóra, Davíð Oddsson, í leiðinni þó mér finnist að hann mætti stundum nota svolítið kurteislegra orðalag og hóflegra sem einn af þeim sem vill vera fyrirmyndin í íslensku þjóðfélagi í dag. Ég tala nú ekki um í mestu virðingarstofnun þjóðarinnar, á hv. Alþingi.

Hann gerir kröfu um það að stefna Sjálfstfl. verði tekin til umræðu á hv. Alþingi. Ekki munum við sjálfstæðismenn telja það eftir okkur að fá slíkt tækifæri. Ég hef ekki enn þá orðið þess vör að hægt væri að setja á dagskrá þingfundar að stefna einhvers stjórnmálaflokks, sem þar á sína fulltrúa, verði tekin til sérstakrar umræðu. Vissulega væri það kærkomið tækifæri fyrir okkur til þess að koma skýrar, markvissar og betur okkar stefnu á framfæri og þá ekki síst til eyrna hæstv. fjmrh.

Það sem mér hefur fundist einkenna hans ræður hér,

fyrir utan þennan áhuga hans á mínum ágæta flokki, er þetta með útlönd. Þar hefur hann sérstakan áhuga, þar er hugurinn og þar veit hann allt. Honum er kærara að tala um Reagan og stefnu hans og stefnu Bandaríkjastjórnar og hann veit meira um allt slíkt, enda sést hann oft hér í þingsölum lesa Times eða einhver önnur ágæt erlend blöð og tímarit. Hann veit greinilega meira um þau mál en hagsmuni þeirra sem minnst mega sín í íslensku þjóðfélagi í dag. Og hann lætur sig meira varða um slík mál á alþjóðavettvangi en fátæktina sem aldraðir og sjúkir búa við, margir hverjir, í þessu þjóðfélagi. Og það er ástæða til að vekja athygli á því.

En svo að ég snúi mér að því máli sem er hér á dagskrá og heitir frv. til lánsfjárlaga, þá langar mig að vekja athygli á II. kafla þessa frv. sem fjallar um öll skerðingarákvæðin. Það er sérstaklega athyglisvert að þá erum við fyrst og fremst komin að þessum mjúku málum sem snúa að t.d. öldruðum og sjúkum. Ég tala nú ekki um þjóðkirkjuna og ég veit ekki betur en að hæstv. fjmrh. hafi átt mörg viðtöl við og fengið heimsóknir væntanlega frá þeim aðilum. Það er athyglisvert í þessu frv. að 22 greinum er slegið saman í eina grein í athugasemdunum. Þar er verið að reyna að draga yfir það sem verið er að gera. Það er gert með því að talað er um að væntanlega verði flutt frv., eða svo ég vitni beint í athugasemdir, með leyfi hæstv. forseta. Hér stendur í 2. mgr.: „Lög um málefni fatlaðra eru í endurskoðun, þar með ákvæði um Framkvæmdasjóð fatlaðra, hlutverk og verkefni í uppbyggingu aðstöðu fyrir fatlaða. Þá mun heilbrrh. væntanlega leggja fram á Alþingi frv. til laga um breyting á lögum um málefni aldraðra m.a. þess efnis að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra megi ráðstafa til reksturs og almenns viðhalds auk stofnframkvæmda. Verði breyting gerð á hlutverki þessara sjóða gætu ákvæði 28. og 29. gr. þessa frv. fallið niður í meðförum Alþingis."

Mér finnst þetta svolítið óvenjuleg vinnubrögð að vera að tala um að það megi skerða þennan og hinn sjóðinn af því að væntanlega verði lagt fram frv. og hugsanlega verður það í þá veru að þetta og hitt gæti fallið niður. Það kemur málinu ekki nokkurn skapaðan hlut við. Það sem skiptir máli er að það er verið að taka — það er beinlínis verið að stela þessu fjármagni með þessari skerðingu á þeim sjóðum sem um er talað og eiga samkvæmt lögum að fá ákveðnar tekjur, en þær eru alltaf skertar. Ég er ekki að segja að þetta sé í fyrsta sinn sem það gerist en það er endurtekið hjá þessari hæstv. ríkisstjórn sem telur sig vera ríkisstjórn félagshyggjunnar, ef ég man rétt, og hugsa um hag þeirra sem minna mega sín o.s.frv. Biskupinn yfir Íslandi, herra Ólafur Skúlason, hefur mótmælt fyrir hönd þjóðkirkjunnar að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, nota bene, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, ríkisstjórn Framsóknaráratugarins, hefur skert tekjur sókna og kirkjugarða um 86,5 millj. á þessu ári, tekjur sem kirkjunni ber samkvæmt samkomulagi sem var gert við upptöku staðgreiðslukerfisins 1988. Og enn á að skerða og bæta við. Það á að skerða sóknargjöld um 5% og kirkjugarðsgjöld um 15%. Þetta nær auðvitað til annarra trúfélaga og söfnuða í landinu eins og fríkirkjusafnaðarins. Við höfum m.a. fengið bréf frá fríkirkjusöfnuðinum í Reykjavík sem er dags. 14. nóv. þar sem er bent á að sá söfnuður hefur fengið sínar tekjur samkvæmt þessum lögum. Ríkið hefur tekið 1% í innheimtu fyrir það en nú á að taka 5%. Ég vil leyfa mér að mótmæla slíkum vinnubrögðum og þau eru ekkert afsakanlegri fyrir það þó að það hafi gerst einhvern tíma áður. Það tek ég fram.

Þá má nefna Framkvæmdasjóð aldraðra. Hvað á að skerða hann mikið? Eru það ekki einar 130–150 millj. sem á að taka frá þeim sjóði? Og niður á hverjum kemur það? Ég vænti þess að ég þurfi ekki að svara fyrir hæstv. fjmrh. Ef hann vildi aðeins leiða hugann inn á íslenska grundu og reyna að beina huganum til þess sem er að gerast hér í þjóðfélaginu þá gerir hann sér væntanlega grein fyrir því hvað hann er að gera. Framkvæmdasjóður fatlaðra má ekki fá meira en 225 millj. á árinu 1991. Þar á að skerða. Þannig mætti lengi telja.

Ég vildi, hæstv forseti, aðeins benda á þessar greinar í II. kafla frv. til þess að minna á hvaða mál er hér á dagskrá. Það er ekki stjórnarstefna Reagans, fyrrv. Bandaríkjaforseta. Það er heldur ekki stefna Sjálfstfl. þó hún birtist væntanlega í ræðum þeirra þingmanna sem sitja á Alþingi fyrir Sjálfstfl. Ég get fullvissað hæstv. fjmrh. um að hann þarf ekki að kvíða neinu um það, hann fær skýra stefnu Sjálfstfl. inn á borð hjá sér hvenær sem tækifæri gefst og það mun koma fram á næsta vori hvaða stefna verður ofan á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

13. fundur, þriðjudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 73. mál (rektorskjör). — Þskj. 75.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 75 sem er 73. mál Ed. og hefur fengið þar meðferð á þessu þingi. Í frv. er gert ráð fyrir því að sníða af lögunum um Kennaraháskóla Íslands framkvæmdarlega agnúa sem hafa komið í ljós að því er varðar rektorskjör. Á þessi ákvæði reynir í fyrsta skipti við kosningu rektors sem fram á að fara í janúar 1991. Um rektorskjör er fjallað í 3. gr. laganna. Fyrstu þrjár mgr. kveða m.a. á um kjörtímabil rektors, kjörgengi, hverjir eigi atkvæðisrétt og heimild til endurkjörs.

Í 4. mgr. er síðan áskilið að til þess að ná kjöri í fyrstu umferð þurfi atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna auk ákvæðis um þátttöku a.m.k. tveggja þriðju sama hóps. Þetta er sama skilyrði og gilti samkvæmt reglugerð skólans frá 1974 en þess er að gæta að samkvæmt þeim lögum sem sú reglugerð studdist við, nr. 38/1971, var rektor kjörinn af mun þrengri hópi en samkvæmt nýju lögunum. Áður var rektor kosinn af skólastjórn, þar sem auk rektors, fastra kennara Kennaraháskólans og skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans sátu einungis fáeinir fulltrúar nemenda. Nú eiga allir skrásettir nemendur atkvæðisrétt með tilteknu vægi atkvæða.

Það virðist því mjög ströng krafa og líkleg til að gera rektorskjörið óþarflega flókið að áskilja atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna til að ná kjöri. Eðlilegra sýnist að kveða á um meiri hluta atkvæða með vísun í 2. mgr. þar sem kveðið er á um vægi atkvæða. Þetta er sama skipan og um er að ræða samkvæmt þeim lögum sem gilda um Háskóla Íslands.

Ég vænti þess að hv. Nd. taki þessu frv. vel og henni auðnist að afgreiða málið í tæka tíð og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, 1. umr.

Stjfrv., 144. mál (heildarlög). — Þskj. 150.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í lögum nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, er gert ráð fyrir því að lögin verði endurskoðuð á tilteknum tíma samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum. 17. jan. 1990 skipaði menntmrh., nefnd til að endurskoða þessi lög í samræmi við fyrrgreint ákvæði. Nefndin lauk störfum í september sl. Í henni áttu sæti Hörður Lárusson, deildarstjóri í menntmrn., sem var formaður nefndarinnar, Sigurður Helgason deildarstjóri, Birna Sigurjónsdóttir grunnskólakennari og Magnús Þorkelsson framhaldsskólakennari.

Þær breytingar sem felast í frv. miða að því að einfalda framkvæmd laganna og taka af tvímæli þar sem um slíkt er að ræða. Fjölmargar lagfæringar hafa verið gerðar á orðalagi og texti hefur víða verið einfaldaður. Vænti ég þess að hv. þm. geti með auðveldum hætti áttað sig á þessum breytingum eins og grg. frv. er upp sett.

Uppeldis- og kennslufræði er þáttur í námi kennara sem mikil áhersla er lögð á, einkum af hálfu kennarasamtakanna. Er gerð krafa um árs nám eða 30 einingar í þessum greinum sem er óbreytt frá gildandi lögum. Við framkvæmd núgildandi laga hefur verið gengið ríkt eftir því að kennarar uppfylltu þetta skilyrði. Þetta hefur leitt til þess að upp hafa komið erfiðleikar, einkum í framhaldsskólum og listaskólum. Listaskólarnir leggja mikið upp úr því að fá til starfa þekkta listamenn en þeir hafa í fæstum tilvikum lagt stund á uppeldis- og kennslufræði og verður að telja mjög hæpið að gera kröfur um slíkt. Sumir kennaranna hafa þó lokið þessu námi, einkum þeir sem eru ákveðnir í því að gera kennsluna að ævistarfi. Listaskólarnir hafa því verið felldir út úr frv. en ákvæði um þá eru í 7. gr. gildandi laga.

Nám á framhaldsskólastigi er mjög fjölbreytt og á sumum sviðum, ekki síst í iðnfræðslu, þurfa skólarnir á að halda sérfræðingum úr atvinnulífinu til kennslu. Um marga þeirra gildir það sama og listamennina að þeir hafa ekki tekið uppeldis- og kennslufræði. Það hefur því verið nauðsynlegt að fá undanþágu frá ráðuneytinu til að mega ráða þessa menn til starfa og hefur sumum mislíkað stórlega sú málsmeðferð. Einnig hafa þeir fengið lægri laun en starfsfélagar þeirra sem lokið hafa námi í uppeldis- og kennslufræði.

Í nefndinni sem samdi frv. kom fram tillaga um að liðka verulega til hvað varðar meðferð undanþágubeiðna, bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, en um það náðist ekki samstaða þar sem kennarasamtökin voru því andvíg. Þó er um nokkra tilhliðrun að ræða hvað varðar framhaldsskólakennara, eins og fram kemur í 2. mgr. 13. gr. frv.

Fjölmargar undanþágubeiðnir berast ráðuneytinu árlega, um það bil 700 undanþágubeiðnir fyrir kennara við grunnskóla og um 450 undanþágubeiðnir fyrir kennara við framhaldsskóla. Í nefndinni sem undirbjó frv. var rætt um þann möguleika að sérfræðingar sem fengnir væru til kennslu í fáar stundir á viku héldu sínu starfsheiti og tækju jafnvel laun samkvæmt því. Niðurstaðan varð sú að þetta væri mál sem yrði að taka upp í kjarasamningum og afgreiða þar sérstaklega.

Kennarar sem lokið hafa prófi frá Kennaraskóla Íslands og síðan lokið námi í sérgrein frá háskóla, t.d. Háskóla Íslands, teljast ekki hafa réttindi til kennslu í framhaldsskóla samkvæmt gildandi lögum þar eð uppeldis- og kennslufræðin í námi þeirra er aðeins metin til 15 eininga. Í frv. er kveðið svo á að þessir kennarar fullnægi skilyrðum til kennslu á framhaldsskólastigi og horft fram hjá því að eitthvað kunni að vanta upp á námið miðað við tímalengd. Enda verður að telja eðlilegt að fullgild kennarapróf frá fyrri tíma haldi gildi sínu þó lög breytist. Af þessu leiðir að nokkrir kennarar, sem hefur verið synjað um leyfisbréf á undanförnum 3–4 árum, munu fá það verði þetta frv. að lögum.

Í allmörgum greinum sem kenndar eru í framhaldsskólum er ekki um að ræða sérstakt nám fyrir kennara hér á landi. Í frv. er kveðið svo á að nefnd sem hefur það hlutverk að meta nám kennara til kennsluréttinda samkvæmt 4. gr. skuli ákveða hvaða kröfur skuli gera um menntun þeirra sem ekki eiga kost á námi til kennsluréttinda, sbr. síðustu mgr. 5. gr. frv. Dæmi um þessa kennara eru t.d. kennarar í vélritun við framhaldsskólana.

Fyrir nokkru var komið á fót námi fyrir skólastjórn-

endur við Kennaraháskóla Íslands og nú stendur yfir námskeið í skólastjórnun fyrir stjórnendur framhaldsskóla á vegum Háskóla Íslands. Því er í frv. kveðið á um að sá sem lokið hefur viðurkenndu námi fyrir stjórnendur skuli að öðru jöfnu ganga fyrir um ráðningu í stöðu skólastjórnanda. Mikilvægt er að þessi starfsemi verði fastur liður í starfi Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands og e.t.v. geta skólarnir á síðari stigum sameinast um að bjóða fram slíkt nám.

Í frv. er víða lögð áhersla á að kennarar skuli fyrst og fremst kenna þær greinar sem þeir hafa sérhæft sig í. Samkvæmt gildandi lögum hafa nokkrir fengið leyfisbréf enda þótt vafasamt væri að þeir hefðu sérnám í einhverri námsgrein sem kennd er í framhaldsskólum eða grunnskólum eða fullnægjandi sérnám á tilteknu sviði. Tilgangurinn með fyrrnefndum áherslum er að stuðla að því að þetta gerist ekki og að kennarar kenni þær greinar sem þeir hafa sérhæft sig í. Hér er fyrst og fremst um að ræða stefnumarkandi atriði, það er aldrei hægt að koma í veg fyrir að kennarar kenni aðrar greinar en sínar sérgreinar, þar eð þetta er að sjálfsögðu háð aðstæðum í hverjum skóla fyrir sig. Vanti t.d. enskukennara getur verið nauðsynlegt að grípa til efnafræðikennarans ef hann kann eitthvert lítilræði í ensku.

Með þessu frv. er með öðrum orðum reynt að sníða helstu agnúana af gildandi lögum um starfsréttindi og starfsheiti grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Í 1. gr. er kveðið á um það hverjir hafi rétt til þess að kalla sig grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

Í 2. gr. er farið nánar út í það hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til þess að geta heitið grunnskólakennarar.

Í 3. gr. er á sama hátt farið nánar út í það hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til þess að geta heitið framhaldsskólakennarar.

Í 4. gr. er fjallað um matsnefndir þegar um er að ræða vafamál og álitamál. Matsnefnd skal skipa til fjögurra ára í senn. Nefnd fyrir grunnskólakennara er skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Að því er varðar framhaldsskólakennara er um að ræða nefnd sem einnig er skipuð til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi er tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af Bandalagi kennarafélaga og einn skipaður af ráðuneytinu án tilnefningar.

Í 5. gr. er farið ítarlega yfir starfsréttindin sem slík hvað varðar grunnskólakennara og sömuleiðis í 6. gr. að því er varðar framhaldsskólakennarana.

Í 7. gr. er kveðið á um það að eftir eins árs starf við grunnskóla eða framhaldsskóla með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjórnenda og skólanefndar sé heimilt að fastráða eða skipa viðkomandi kennara.

Í 8. gr. er kveðið á um það að til þess að verða ráðinn eða settur skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skuli umsækjandi hafa kennsluréttindi og kennslureynslu á viðkomandi skólastigi.

Í sömu grein er ákvæði það sem ég nefndi áðan og er nýlunda, þar sem segir: „Sá umsækjandi, sem lokið hefur viðurkenndu stjórnunarnámi fyrir skólastjórnendur við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands eða aðrar viðurkenndar menntastofnanir, skal að öðru jöfnu sitja fyrir um ráðningu í stöðu skólastjórnanda."

Í 10.–15. gr. eru ákvæði um ráðningarreglur. Í 12. gr. kemur m.a. fram að menntmrh. skipi undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Og í 13. gr. er á sama hátt fjallað um þá nefnd sem ræðir undanþágumál að því er varðar framhaldsskólann. Er hún skipuð með hliðstæðum hætti. Í 15. gr. er kveðið upp úr með það til hvaða skóla þessi lög taka, en þar segir: „Lög þessi taka til allra grunnskóla, framhaldsskóla og sérskóla á framhaldsskólastigi að undanskildum Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Tónlistarskólanum í Reykjavík, Leiklistarskóla Íslands og öðrum listaskólum."

Síðan segir að lögin öðlist gildi 1. jan. 1991. Það er auðvitað mál sem hv. nefnd þarf að fjalla um með hliðsjón af því hversu langan tíma tekur að fara yfir málið á Alþingi.

Í grg. frv. er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í frv. þessu frá gildandi lögum. Á bls. 6 í þskj. er farið vandlega yfir helstu breytingarnar í frv. í átta töluliðum. Þar er um að ræða skrá yfir þau atriði sem ég hef þegar minnst á og tel ekki ástæðu til að rekja frekar.

Ég hygg að segja megi að um þessi mál hafi verið nokkur deila í samfélaginu á undanförnum árum, eða kannski fyrr, en nú sé um þau allgóð samstaða. Eins og frv. lítur út er um það góð samstaða við kennarasamtökin og þá sem hlut eiga að máli, Félag skólastjóra og yfirkennara. En að sjálfsögðu hlýtur hv. menntmn. að ræða við fulltrúa þessara aðila. Ég held að mjög mikilvægt sé að það takist að afgreiða málið á þessu þingi þannig að það sé hægt á næsta skólaári, 1991–1992, að hafa hliðsjón af þeim breytingum sem hér er gerð tillaga um í þessu frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. þetta, sem er um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, er eflaust bót fyrir þessar stéttir en það er þó ýmislegt sem þarf að huga að í þessu máli.

Núna á föstudag og laugardag átti ég þess kost að sitja merka ráðstefnu um menntastefnu til ársins 2000. Þar var margt reifað og margt talað og voru þar til umfjöllunar drög að starfsáætlun sem hefur verið undirbúin á vegum menntmrn. Því er ekki að neita að víða fannst manni þar gæta nokkurs einstrengingsháttar í málefnum kennara og því hverjir mættu koma nálægt uppeldis- og kennslumálum. En þó er aðeins eitt sem

mig langar að gera hér að umtalsefni. Það varðar bæði starfsheitin, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari. Nú er það svo að í þessum drögum að menntastefnu til ársins 2000, í aðalnámsskrá sem var samþykkt hér í fyrra, ef ég man rétt, og í umfjöllun um grunnskólalög sem lögð voru fyrir Alþingi í fyrra hefur verið lögð áhersla á stóraukna list- og verkmenntakennslu, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Það mátti vel lesa það út úr þessum drögum að menntastefnu til ársins 2000 að fullur vilji væri til þess að framkvæma þetta. M.a. var kveðið þar á um að stórauka þyrfti þátt leiklistar í menntum. Bæði tónmennt og myndmennt hafa verið hefðbundnar námsgreinar í grunnskólum. Það hefur verið hægt að taka þær líka í framhaldsskólum, í sumum skólum sem valgreinar, og það hefur reyndar verið hægt að taka leiklist þar líka sem valgrein.

Það var aftur á móti ljóst, að mér fannst, í þessari menntastefnu, eða drögum að menntastefnu, að gert var ráð fyrir því að grunnskólakennarar önnuðust sjálfir leiklistarkennslu. Það var lögð áhersla á að það þyrfti að efla nám í myndmennt og tónmennt en síðan var lagt til að til sérstakra námskeiða yrði stofnað fyrir kennara. Í þessu frv. til laga er ekki minnst á þessa kennara eða hverjir eiga að kenna leiklist sem þó er sagt að eigi að stórauka í bæði grunnskólum og framhaldsskólum. Nú er að vísu hvergi kostur á því hér á landi að mennta kennara í leiklist. Ef til vill verður sú raunin þegar og ef listaháskóli tekur til starfa en þó mun víst að þó að kennarar í leiklist verði menntaðir í þeim skóla muni þeir ekki anna kennslu í þessari grein ef ætlunin er að taka hana upp í öllum grunnskólum og framhaldsskólum. Auk þess sem leiklistarháskóli mun auðvitað fyrst og fremst sinna menntun leikara, aðrar deildir hafa ekki mikið verið ræddar við þann skóla. En ef þessi drög að menntastefnu eiga að koma til framkvæmda, og það er ætlunin að það gerist á næstu tíu árum, þá verður að vera með einhverjum hætti ljóst hvernig á að annast þá kennslu sem þarna er stefnt að. Það er útbreiddur misskilningur meðal kennara að þeir kunni það fyrir sér í leiklist að þeir geti kennt leiklist og er þá oft, að ég hygg, verið að rugla saman tvennu. Eflaust stafar það að nokkru leyti af fákunnáttu. Annars vegar er verið að ræða um nokkuð sem hefur verið kölluð leikræn tjáning og sem er víða farið að nota að verulegu marki til þess að gera alla almenna kennslu, ég vil ekki segja markvissari en oft kannski skemmtilegri eða til þess að nemendurnir tileinki sér námið betur með því að tjá á einhvern hátt í leikrænu formi. Einhver orðaði það svo að leikræn tjáning væri fólgin í því að til þess að nemendur sem byggju í péttbýli vissu hvað kýr væri þá mundu allir nemendurnir leggjast á fjóra fætur og baula og þar með væri búið að sýna það í leikrænni tjáningu hvernig kýr væru og þeir mundu ekki gleyma því upp frá því.

Þetta er allt saman ágætt og ekki ætla ég að kasta rýrð á þennan hátt á kennslu eða nauðsyn þess að nota leikræna tjáningu en aftur á móti er það alveg ljóst að leiklist kenna ekki almennir kennarar. Það er fag eins og allt annað og hér eru fög viðurkennd. Hér er verið að viðurkenna menntun kennara og því situr síst á kennurum að viðurkenna ekki menntun og faglega þekkingu annarra. Þess vegna langar mig nú að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig ætlunin er að standa að þessum ákvæðum í drögum að menntastefnu, og jafnvel aðalnámsskrá, ef leiklistarfólki verður algjörlega meinað að kenna sitt fag og það ekki sjálft viðurkennt sem hæft fólk. Hvernig á þá að framkvæma þessar áætlanir um að stórauka hlut leiklistar í grunnskóla og framhaldsskóla?

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. þá er það flutt í samræmi við ákvæði sem er í gildandi lögum frá 1986 þess efnis að þau lög skuli endurskoðuð innan ákveðins tíma. Sú vinna hefur verið unnin í ráðuneytinu, eins og gert er grein fyrir í grg., og niðurstaðan liggur fyrir í þessu frv.

Þessi lög sem nú eru endurskoðuð voru sett árið 1986. Þau voru mjög umdeild hér á Alþingi á sínum tíma og reyndar mjög umdeild í þjóðfélaginu almennt. Eins og Alþingi gerir stundum til þess að friða samvisku sína ef hún er ekki allt of góð, þá var sett ákvæði til bráðabirgða í lögin frá 1986 þess efnis að þau skyldu endurskoðuð eftir að mig minnir fjögur ár. Þessi lög voru umdeild en sú gagnrýni sem þau fengu beindist ekki gegn kennurum á neinn hátt né starfi þeirra, heldur fyrst og fremst gegn þeirri stefnu í þjóðfélaginu, sem hefur verið framfylgt í æ vaxandi mæli, að lögvernda bæði starfsheiti og starfsréttindi ákveðinna stétta og þar með er verið að skipta þjóðfélaginu upp í æ ákveðnari hólf. Sennilega var þetta einn stærsti bitinn sem Alþingi hafði borist um langa hríð þegar þetta frv. kom fram 1986 og þess vegna vildu menn gjarnan staldra við.

Nú er komin nokkur reynsla af þessum lögum. Ég efast ekkert um að kennarar telji að þeir hafi með þessum lögum náð fram miklu réttindamáli, enda hygg ég að flutningur þessa frv. á sínum tíma hafi staðið í beinu sambandi við lausn á kjaradeilu við kennara. Hins vegar held ég að það sé alveg ljóst að þeim sem hafa unnið með lögin eins og þau hafa verið hefur fundist að lögin væru of stíf og sköpuðu ýmis vandamál í framkvæmd. Mér sýnist á frv. eins og það liggur hér fyrir að með því sé verið að reyna að sníða af helstu vankanta sem á framkvæmd þessara laga hafa verið.

Ég vil aðeins nefna hér örfá atriði í frv. sem mér finnast verð til umhugsunar og byrja þá á ákvæði til bráðabirgða sem er á þá leið að þrátt fyrir ákvæði 6. gr., þ.e. þeirrar greinar sem fjallar um lögverndun á starfsréttindum kennara við framhaldsskóla, megi fastráða sem framhaldsskólakennara þá kennara sem náð höfðu 55 ára aldri 1. jan. 1987 og höfðu þá verið settir kennarar í fjögur ár eða lengur og höfðu lokið fullgildum prófum í kennslugrein sinni. Þetta á sem sagt við um framhaldsskólakennara. Ég fagna því að samkomulag skuli hafa náðst um ákvæði af þessu tagi því það er enginn vafi á því að það hafa komið upp mjög mörg og erfið dæmi, eins og reyndar er skýrt frá í grg.,

þar sem menn sem jafnvel hafa kennt meira og minna alla sína ævi, hafa ekki fengið réttindi. Oft er um að ræða menn sem hafa menntun í ákveðinni sérgrein, t.d. í verklegu fagi eða listgrein, og hafa kennt sína grein en hafa ekki lokið námi frá Kennaraháskólanum né frá Háskólanum í uppeldis- og kennslufræðum og þess vegna var þeim synjað um réttindi og stóðu nánast uppi réttindalausir og sviptir sínu ævistarfi. Þess vegna fagna ég því að þetta ákvæði skuli hafa komið þarna. En mér finnst umhugsunarvert hvort ekki eigi að huga að hliðstæðu ákvæði um grunnskólakennara og er rétt að athuga það nánar í nefndinni.

Ég hygg þó að þetta mál sé öllu meira vandamál í framhaldsskólunum og ég vek einmitt athygli á því, sem hv. 12. þm. Reykv. gat um í sinni ræðu hér áðan, að þetta er alltaf spurningin um hvort er meira virði fyrir þann sem stendur í kennslu að hafa sérhæft sig í viðkomandi grein, hafa próf í viðkomandi grein, t.d. leiklist eða einhverri verklegri grein, eða hafa fengið próf í uppeldis- eða kennslufræði. Þetta er sú eilífa spurning sem menn standa frammi fyrir. Ég tel að við framkvæmd á reglum eins og þessum verði að vera ákveðin sveigja þannig að hægt sé að meta það nám og þau störf sem menn hafa innt af höndum. Þess vegna fagna ég því að ákvæðið til bráðabirgða skuli hafa verið sett í þetta frv.

Af svipuðum toga reyndar er annað ákvæði í þessum lögum, þ.e. 13. grein. Í 1. og 2. málsgr. stendur, með leyfi forseta: „Óheimilt er að ráða eða skipa til kennslu við framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara. Undanþágu frá þessu m
á þó gera að því tilskildu að auglýst hafi verið ítrekað eftir framhaldsskólakennara en án árangurs og að um sé að ræða kennslustarf sem er átta stundir á viku eða minna og að skólastjóri og allir skólanefndarmenn séu sammála að ráða til kennslustarfa umsækjanda sem eigi fullnægir ákvæðum þessara laga."

Ég hygg að í þessu tilviki sé um að ræða í mjög mörgum tilvikum einmitt kennara sem hafa stundað kennslustörf en eru menntaðir í sínu sérfagi fyrst og fremst en eru ekki menntaðir kennarar. Og þess vegna fagna ég því að það skuli hafa verið opnuð þarna smuga sem er þó ekki mjög víð, því það er aðeins um að ræða átta kennslustundir á viku eða minna.

Ég tek eftir því í grg. að það kemur fram að í nefndinni sem endurskoðaði lögin hafi komið fram tillaga um að hliðstæð breyting yrði gerð á undanþágum fyrir grunnskóla en um það hafi ekki náðst samkomulag. Þetta er auðvitað atriði sem þarf að kanna betur í þeirri nefnd sem fær mál þetta til umfjöllunar, þ.e. menntmn. þessarar deildar.

Ég vil aðeins vekja athygli að lokum á 8. gr. frv., þ.e. lokamálsgrein þeirrar greinar, þar sem segir að sá umsækjandi, það er verið að fjalla um skólastjórnendur, sem lokið hafi viðurkenndu stjórnunarnámi fyrir skólastjórnendur við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands eða aðrar viðurkenndar menntastofnanir skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um ráðningu í stöðu skólastjórnenda.

Það kemur fram í grg. að um þetta hefur verið allmikið rætt í nefndinni og segir í grg.: „Þá er bætt við ákvæði þess efnis að umsækjandi sem lokið hefur viðurkenndu stjórnunarnámi fyrir skólastjórnendur skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um ráðningu í stöðu skólastjórnanda. Það álit kom fram hjá fulltrúum KÍ og HÍK að ekki væri tímabært að setja um þetta ákvæði. Það nám sem nú væri boðið upp á væri aðeins ætlað starfandi skólastjórnendum en nauðsynlegt væri að allir sem hefðu kennaramenntun ættu kost á að fara í námið. Niðurstaðan varð sú að láta ákvæðið standa í því trausti að komið yrði á fót námi fyrir skólastjórnendur sem væri opið öllum sem kennaramenntun hefðu."

Ég tel það reyndar mjög brýnt að slíkt nám verði opnað þannig að kennarar eigi kost á því að sækja slíkt nám þó þeir stundi ekki skólastjórnun fyrir. En mér finnst satt að segja afar vafasamt að setja ákvæði af þessu tagi inn í lögin í trausti þess að eitthvað gerist í náinni framtíð. Þannig að ég hef tilhneigingu til þess að vera sammála kennarasamtökunum í þessu tilviki, enda vilja þau þarna opna meira en frv. gerir ráð fyrir, og teldi að þetta ætti að kanna mjög rækilega einnig í nefndinni sem fær málið til umfjöllunar.

Ég vil, virðulegi forseti, láta þessar athugasemdir duga hér við 1. umr., en á sæti í menntmn. þannig að þar er hægt að taka þessi atriði, og reyndar fleiri, til umræðu síðar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Varðandi það sem fram kom hér hjá hv. 12. þm. Reykv. þá er því til að svara að í fyrsta lagi þá er náttúrlega verið að opna fyrir listamenn til þess að þeir geti starfað sem kennarar á framhaldsskólastigi en þeir heita núna leiðbeinendur. Ég tel að með þessu ákvæði frv. sé komið stórkostlega til móts við listamenn miðað við það sem verið hefur, hvort sem um er að ræða listamenn sem starfa á framhaldsskólastigi eða í listaskólunum sjálfum. Þetta er breyting sem er sömu ættar og sú sem hv. 2. þm. Reykv. gerði einkum að umtalsefni hér í sínu máli áðan.

Varðandi það hins vegar hvernig á að treysta stöðu list- og verkgreina í skólum á komandi árum þá er það að segja að í rauninni er alveg augljóst mál að okkur vantar þegar mikinn fjölda af fólki til starfa í skólunum til þess að kenna list- og verkgreinar af ýmsu tagi og enn fleiri vantar þegar og ef þarna verður á nokkur aukning. Það sem ég að mörgu leyti óttast í sambandi við þær breytingar sem menn eru að tala um á grunnskólanum er að þar sem skortur er á kennurum í list- og verkgreinum þá muni hinar hefðbundnu greinar fylla út í stundaskrána jafnóðum og hún þenst út af öðrum ástæðum. Og sömuleiðis þá held ég að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að þarna vantar ekki aðeins kennara til starfa heldur oft á tíðum nægilegan skilning á mikilvægi þessara greina.

Hitt er líka ljóst að viðmiðunarstundaskráin eins og hún hefur verið fyrir grunnskólann hefur verið lítið eða ekkert breytt núna um margra áratuga skeið. Ef breyting á að verða á stöðu þessara greina í grunnskólum þá þarf að breyta samsetningu viðmiðunarstundaskrárinn-

ar og ég er þeirrar skoðunar að það eigi að gera. Viðmiðunarstundaskráin eigi að vera mikið sveigjanlegri en hún er núna og það eigi að opna fyrir það að skólar geti tekið inn list- og verkgreinar í auknum mæli frá því sem nú er ef aðstaða er til þess að öðru leyti að því er varðar húsnæði og kennslukrafta.

Ég tel með öðrum orðum að þetta frv., að svo miklu leyti sem það snertir þau mál sem hv. 12. þm. Reykv. nefndi, komi til móts við þau sjónarmið að efla list- og verkgreinar að því er varðar framhaldsskólana, á því sé enginn vafi. Að því er hins vegar varðar grunnskólann þá gerum við ráð fyrir því í þeirri menntastefnu, sem við höfum kynnt og getum rætt hér næstu daga þegar grunnskólafrv. verður dreift hér í þinginu og verður væntanlega tekið til meðferðar í næstu viku, að kennaramenntunarstofnanirnar hafi skipulagt samstarf við listaskólana þannig að þekking þess fólks sem út úr þeim skrifast nýtist í grunnskólanum, ef til vill að viðbættum tilteknum einingafjölda í uppeldis- og kennslufræðum í Háskólanum eða í Kennaraháskólanum. Ég held að þetta sé út af fyrir sig eitt af því sem þurfi almennt að reyna að átta sig á, hversu marga við þurfum í þessar greinar á komandi árum og reyna að skapa samstöðu um að fjölga þessu fólki verulega á næstu árum og auðvitað eru það listamennirnir sjálfir sem þurfa að koma þarna til liðs í verulegum mæli.

Um hitt aftur á móti, sem menn kunna að láta sér detta í hug, að breyta þessu frv. þó að hvorugur hv. þm. sem hér hefur talað hafi nefnt það, en einhverjum gæti kannski dottið í hug að breyta þessu frv. í því skyni sem hér hefur aðeins verið talað um, vil ég bara segja þetta: Eins og hv. 2. þm. Reykv. gat um eru lögin eins og þau eru. Þau eru afurð af kjarasamningum, það er í raun og veru um það að ræða að menntmrn. samdi á sínum tíma um þessi mál við kennarasamtökin, og það má líka segja að þetta frv. sé afurð af samtölum og samkomulagi sem náðst hafi í öllum meginatriðum við kennarasamtökin um þessi mál þannig að æskilegt er að gera eins litlar breytingar og mögulegt er nema þá um það takist sæmileg samstaða. Þar er ekki einasta um að ræða kennarasamtökin sjálf heldur líka Félag skólastjóra og yfirkennara sem er auðvitað veigamikill aðili að þessu máli.

Eitt helsta vandamál skólakerfisins í landinu er að mínu mati það að það hefur kannski ekki verið farið nægilega vel yfir það með hvaða hætti mætti treysta stöðu stjórnenda skólanna til skipulegrar vinnu og það er í raun og veru ekki mikið um það að þeir sem stjórna skólum hafi lagt að baki stjórnunarnám eða stjórnunarnámskeið af einhverju tagi þó að það fari mjög vaxandi. Það er í gangi núna, eins og kom fram í framsöguræðu minni, nám fyrir skólastjórnendur, bæði við Kennaraháskólann og sömuleiðis fyrir stjórnendur framhaldsskóla á vegum Háskóla Íslands. Og ég slæ því alveg föstu að námskeið og nám af þessu tagi verði fastur liður bæði í starfsemi Háskólans og Kennaraháskólans á komandi árum. Það er eins og verið að kvitta fyrir það nám með þeirri grein sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi áðan, síðustu mgr. 8. gr., og ég tel út af fyrir sig mikilvægt að viðurkenna það sjónarmið að reynsla í stjórnun eða stjórnunarnám er mikils metið þegar verið er að ráða fólk til þess að stjórna skólum. En auðvitað er þetta eins og annað, hv. þingnefnd verður að meta málið út frá þeim forsendum sem hún telur sig hafa og komast að niðurstöðum í þessu efni, enda geri ég fastlega ráð fyrir að hún ræði við fulltrúa þessara samtaka þannig að hv. alþm. fái að heyra beint frá fulltrúum samtakanna þriggja sem ég nefndi, og e.t.v. annarra ef menn telja ástæðu til, hvaða sjónarmið liggja að baki þeim efasemdum sem fram koma af hálfu kennaranna um það að þessi málsgrein, þ.e. síðasta málsgrein 8. gr., ætti rétt á sér.

Ég heyrði í rauninni ekki að þeir hv. þm. sem hér töluðu væru með alvarlegar efnisathugasemdir við frv. þannig að ég geri út af fyrir sig ráð fyrir að það fái hér góðar undirtektir. Það er alveg rétt sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, þessi starfsréttindamál eru flókin mál og það berast stöðugt til ráðuneytanna beiðnir um að lögfesta starfsréttindi þessara og hinna hópanna. Og ég minnist þess nú ekki að ráðherrarnir hafi verið mjög duglegir við að bíta það frá sér, úr hvaða flokki svo sem þeir hafa verið. Við ákváðum í núverandi ríkisstjórn fyrir einu ári eða svo, ef ég man rétt, að kanna það hvort ekki væri hægt að setja heildarstarfsréttindalög um ýmsa hópa frekar en að vera að setja ein lög um þennan hóp og önnur um hinn. Einhver vinna kann að vera í gangi í þeim efnum en alla vega hefur þetta verið snúið og færst mjög í vöxt eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gat um áðan. En þessi mál hér eru að mínu mati sérstaks eðlis. Hér er um að ræða þetta fagmenntaða starfslið skólanna og á þau sjónarmið hefur Alþingi í raun og veru fallist og ég vona að svo verði einnig nú í sambandi við þetta frv. sem er óneitanlega í þá átt að liðka til og laga málin í ljósi fenginnar reynslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listamannalaun, 1. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 145.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það var 20. júlí 1989 sem skipuð var nefnd til að gera tillögur að nýrri skipan listamannalauna. Nefndin skilaði áliti 30. nóv. 1989. Nefndin var þannig skipuð að formaður var Ragnar Arnalds alþm. en aðrir í nefndinni voru Eiður Guðnason alþm., Brynja Benediktsdóttir, forseti Bandalags ísl. listamanna, Gerður Steinþórsdóttir kennari og Guðný Magnúsdóttir myndlistarmaður. Kristni Hallssyni, starfsmanni í menntmrn., var falið að starfa með nefndinni, en hún naut einnig aðstoðar Sigurðar Reynis Péturssonar hrl. við endanlega gerð frv.

Það er mjög langt síðan skiptar skoðanir fóru að koma fram, jafnvel óánægja, meðal listamanna um útdeilingu listamannalauna. Sú saga verður ekki rakin hér, enda þjónar það engum tilgangi. Á það hefur hins

vegar verið bent að listamenn mismunandi listgreina hafi ekki setið við sama borð og þessi mál hafa verið mikið rædd innan samtaka listamanna og menn hafa óskað lagfæringa og breytinga á þeirri skipan sem hér hefur verið um nokkurt skeið.

Launasjóður rithöfunda og Starfslaunasjóður myndlistarmanna eru þegar fyrir hendi og í mörg ár höfðu svo tónskáld ítrekað sótt um að fá sérstakan tónskáldasjóð. Þessir þrír hópar hafa, eins og kunnugt er, hvað mesta þörf fyrir starfslaun.

Í því frv. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að starfslaunasjóðir verði þrír, þ.e. Launasjóður rithöfunda, Launasjóður myndlistarmanna og Tónskáldasjóður sem er nýr sjóður. Fjórði sjóðurinn yrði svokallaður Listasjóður eins og hann heitir samkvæmt frv. en honum er ætlað að veita auk starfsstyrkja verkefnastyrki, náms- og ferðastyrki og jafnframt styrki til listamanna sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár.

Í frv. er gert ráð fyrir að starfsstyrkir og laun miðist við 840 mánaðarlaun. Árið 1989 voru veitt starfslaun sem námu 764 mánaðarlaunum og hækkun fjárframlags sem samkvæmt frv. mun vera um 15 millj. kr. eða hækka í um 60 millj. kr. úr 45 millj. kr. eins og þetta var á síðasta ári. Síðan er gert ráð fyrir að um reglubundna hækkun verði að ræða árlega í fimm ár en að lögin verði síðan endurskoðuð að loknum fimm árum frá gildistöku þeirra.

Í frv. er gert ráð fyrir að skipuð verði þriggja manna stjórn. Henni er ætlað að annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald þeirra. Sérstakar úthlutunarnefndir veita fé úr sérgreindu sjóðunum en stjórnin úthlutar fé úr Listasjóði. Bandalag ísl. listamanna og Háskóli Íslands tilnefna aðila í stjórn en einn er skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Varðandi heiðurslaun listamanna er gert ráð fyrir því í frv. að þau verði áfram veitt af Alþingi en í frv. er miðað við að nýir heiðurslaunaþegar verði að hafa náð 65 ára aldri er þeir hefja töku heiðurslauna.

Það ber að taka það fram að mjög mikið af tillögum og öðrum gögnum bárust þeirri nefnd sem undirbjó frv. Nefndin leitaði sjálf upplýsinga um á hvern hátt væri farið með þessi mál í ýmsum löndum, m.a. á Norðurlöndunum. Einnig var höfð hliðsjón af tillögum sem Bandalag ísl. listamanna hafði lagt fram fyrir nokkrum árum og tillögur nefndarinnar voru áður en þær voru frágengnar sendar ýmsum aðilum og kynntar í félögum og samtökum listamanna.

Í starfi sínu tók nefndin sérstaklega mið, tel ég vera, af þeim umræðum sem fram hafa farið um langt árabil innan Bandalags ísl. listamanna og það ber að geta þess að Tónskáldafélag Íslands hafði barist fyrir stofnun sérstaks tónskáldasjóðs allt frá árinu 1982 og lagt fram tillögur að lagafrv. og greinargerð þar að lútandi. Þess vegna var mikið af gögnum og tillögum og vinnu sem lá fyrir þessari nefnd um launa- og styrkjakerfi í þágu listamanna.

Eins og ég sagði var leitað upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála á Norðurlöndum en sömuleiðis í Hollandi og Frakklandi og víðar og nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þær reglur sem gilda um þessi mál í Finnlandi mætti einna helst hafa til hliðsjónar við gerð þessa frv. og var það gert.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara ítarlega yfir einstök ákvæði frv. umfram það sem ég hef þegar gert. Það er gert ráð fyrir því í 1. gr. að það sé Alþingi sem veitir fé á fjárlögum til listamannalauna, að Alþingi veiti listamönnum heiðurslaun og þeir skulu hafa náð 65 ára aldri, í 3. gr. að sjóðirnir séu fjórir, rithöfunda, myndlistarmanna, tónskálda og svo Listasjóður sem er almennur sjóður sem auk starfslauna veiti verkefnastyrki til ýmissa listgreina, enn fremur aðra styrki og framlög sbr. 10. gr. frv. Þar er m.a. mikilvægt ákvæði þar sem segir: „Listasjóður veitir einnig verkefnastyrki, náms- og ferðastyrki og jafnframt sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Í 4. gr. er svo ákvæði um stjórnkerfið, í 5. gr. er ákvæði um launin, þ.e. við hvað starfslaunin skuli miðast, og gerð grein fyrir því í greinargerð frv. Gert er ráð fyrir að starfslaun verði miðuð við tiltekin lektorslaun við Háskóla Íslands og með því mundu mánaðarlaunin hækka úr 70.950 kr. á mánuði í 77.922 kr. á mánuði samkvæmt þeim töxtum sem nú er unnið eftir.

Þá er einnig gert ráð fyrir að ýmsir styrkþegar sem ekki eru félagar í lífeyrissjóði geti öðlast lífeyrisréttindi í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Í 12. gr. er ákvæði þar sem segir: „Stjórn listamannalauna skal vinna markvisst að því að sveitarfélög og fyrirtæki veiti listamönnum starfslaun eða leggi fram fé í Listasjóð.“ Þetta tel ég að sé mikilvægt ákvæði, að fela stjórninni að sinna þessu verkefni að reyna að fjármagna þessa sjóði sérstaklega og loks er auðvitað gert ráð fyrir að um leið og þetta frv. yrði að lögum, ef samþykkt verður, falli úr gildi þau lög sem nú eru í gildi um listamannalaun, frá árinu 1967, og svo lög nr. 29 frá 20. maí 1975, um Launasjóð rithöfunda.

Hér er um að ræða stórt mál sem snertir ekki aðeins hag listamanna heldur má segja menningarlegan hag þjóðarinnar allrar og ég vænti þess að hv. menntmn. taki frv. vel og hið virðulega Alþingi sýni þessum málaflokki fullan sóma. Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og öllum er kunnugt held ég að menn hafi verið nokkuð sammála um að það fyrirkomulag sem gilt hefur hingað til um laun til listamanna, sumir hafa kallað það styrki til listamanna, hefur ekki verið til fyrirmyndar og þessi úthlutun á listamannalaunum sem við höfum orðið vitni að snemma á hverju ári allmörg undanfarin ár hefur í hvert skipti vakið upp spurningar um að fyrirkomulaginu þurfi að breyta.

Nú liggur hér fyrir frv. um breytt fyrirkomulag. Ég ætla ekki að ræða það mjög ítarlega þar sem ég á sæti í nefndinni sem fjallar um málið og fær það til með-

ferðar. Ég vek athygli á að hér er gert ráð fyrir allverulegri breytingu frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að Launasjóður rithöfunda sem þegar er fyrir hendi haldi sér. Einnig starfi Starfslaunasjóður myndlistarmanna sem nú er til en annast fyrst og fremst úthlutun fylgiréttargjalds vegna listmunauppboða. Gert er ráð fyrir að stofna sérstakan tónskáldasjóð og eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh. er það í samræmi við mjög eindregnar óskir til margra ára frá tónskáldum um sérstakan tónskáldasjóð. Þá er gert ráð fyrir að stofna nýjan sjóð, þ.e. Listasjóð, sem á þá væntanlega að taka við hlutverki hinna gömlu listamannalauna og hann veiti auk starfsstyrkja bæði verkefnastyrki, náms- og ferðastyrki og jafnframt sérstök framlög til listamanna sem hlotið hafa listamannalaun undanfarin ár og hafa náð vissum aldri.

Auðvitað má endalaust um það ræða hvernig best sé að koma fyrir launum til listamanna og ég vil á þessu stigi ekki gera neinar sérstakar athugasemdir við það fyrirkomulag sem hér er lagt til. Ég vil hins vegar lýsa mig andvígan nú þegar einu atriði í þessu frv. og það er varðandi þau sérstöku heiðurslaun sem Alþingi veitir. Alþingi hefur nú um langt árabil veitt listamönnum sérstök heiðurslaun. Það er venjulega gert í tengslum við afgreiðslu fjárlaga undir áramótin og það eru menntamálanefndir beggja deilda sem koma saman til þess að gera tillögur til þingsins um hverjir skuli njóta sérstakra heiðurslauna. Venjan hefur verið sú að þegar menn einu sinni hafa komist á þessa skrá yfir heiðurslaunalistamenn hafa þeir notið heiðurslauna svo lengi sem þeir lifa. Um þetta er gjarnan tekist á í menntmn. og sem betur fer hefur — ég vil segja oftast nær, með örfáum undantekningum — náðst góð samstaða í nefndinni þó að auðvitað hafi ekki allir náð sínum sjónarmiðum fram.

Ég hygg að það séu 17 listamenn á þessari heiðurslaunaskrá. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það eigi að takmarka þessa tölu frekar en hitt. Ég hef ekki viljað útvatna þennan sérstaka heiðurstitil til listamanna sem Alþingi útdeilir og því eigi að fara mjög varlega í að stækka þennan lista. Mér líst hins vegar ekki á þá tillögu sem fram kemur hér í 2. gr., að með lögum eigi að binda hendur Alþingis við tiltekinn aldur. Hér stendur nú að nýir heiðurslaunahafar skuli hafa náð 65 ára aldri. Það eru auðvitað rök fyrir því að listamenn sem hafa gegnt sínu starfi við góðan orðstír í hvaða listgrein sem er á langri starfsævi eigi að loknum vinnudegi að geta átt kost á sérstökum heiðurslaunum sem Alþingi veitir. Það eru hins vegar líka mörg dæmi um það að listamenn eigi fyllilega skilið að fá heiðurslaun frá Alþingi þó að þeir hafi ekki náð 65 ára aldri, enda hefur reynslan sýnt að Alþingi hefur þótt ástæða til að heiðra listamenn, ég vil segja langt undir þessum aldri sem þarna er lagt til að miðað verði við. Þess vegna segi ég það strax í upphafi meðferðar þessa máls að ég er andvígur því að takmarka þetta við þetta aldursmark og tel að Alþingi eigi að hafa óbundnar hendur hverju sinni þegar það ákveður hvaða listamenn eigi að hljóta þessi heiðurslaun.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta frv. er nú komið hér fram. Það er raunar löngu tímabært að gerð sé bragarbót í þessum málum, bæði vegna fjárskorts og eins vegna fyrirkomulags á þessum málum. Það er ekkert launungarmál að það hefur verið mikil óánægja í röðum listamanna um útdeilingu listamannalauna, bæði um upphæðirnar og hvernig að því hefur verið staðið. Er mála sannast að þar hafi verið um upphæðir að ræða sem réðu ekki úrslitum um það hvort menn gátu starfað við sína list eða ekki.

Hér eru ýmsir sjóðir sem fyrir voru felldir inn í þetta frv., svo sem Launasjóður rithöfunda og Launasjóður myndlistarmanna, þó að nú eigi að fjármagna hann með öðrum hætti en áður var, og bætt er við Tónskáldasjóði og Listasjóði, sem mér sýnist, eins og hér háttar til, vera einhvers konar samruni listamannalauna og annarra fjárframlaga smærri sem farið hafa til listamanna.

Í 2. gr. þessara laga þar sem kveðið er á um heiðurslaun vil ég strax lýsa því yfir að mér finnst það mjög til bóta að þarna skuli tekin af öll tvímæli um það að heiðurslaun fari til manna sem álitið er að hafi að mestu lokið sínu lífsstarfi. Mér hefur fundist það skjóta skökku við að heiðurslaun, sem hefð er fyrir að menn haldi eftir að þeim hafa verið veitt þau af Alþingi, renni til manna sem eru á besta aldri og halda fullum sköpunarkrafti og eðlilegt að þeir njóti starfsstyrkja fremur en að þiggja heiðurslaun.

Nú hef ég átt sæti í menntmn. frá því ég tók sæti á Alþingi og ég hef sjálf sett mér þessar starfsreglur, þar sem í rauninni voru engar reglur til um útdeilingu þessara heiðurslauna. Býst ég við að menn hafi haft ýmsar forsendur, en sjálf hef ég litið á heiðurslaun sem nokkurs konar eftirlaun og finnst gott að þarna skuli það staðfest. Hitt er svo annað mál að mér finnst að það hefði átt að tryggja skattfrelsi þessara heiðurslauna því að eflaust eru ekki margir listamenn á þessum aldri sem hafa miklar tekjur af sínum verkum og þegar upp undir 40% af heiðurslaunum fer aftur í ríkiskassann þá er kannski harla lítið eftir. Þetta stæði betur undir nafni sem heiðurslaun ef kveðið væri á um skattfrelsi þessara launa.

Eins er ég efins um að halda eigi þeirri tilhögun að Alþingi veiti þessi laun. Það má ef til vill segja að Alþingi geti sýnt vilja sinn og virðingu með því að ákveða upphæðir en mér hefur fundist heldur ógeðfellt að hér væru menn að bítast um listamenn og fyndist nær að það væri í annarra höndum. Ef til vill mætti hugsa sér að það væri í höndum þessarar þriggja manna stjórnar að útdeila launanum eftir að Alþingi hefur ákvarðað upphæðina eða að fram færi einhvers konar tilnefning af aðildarfélögum BÍL og sérstaklega kjörin stjórn muni síðan taka afstöðu til þessara tilnefninga. Ég hef svo sem ekki fullmótaðar skoðanir á þessu en fyndist það vel athugunar virði að taka útdeilingu þessara launa úr höndum Alþingis.

Ég geymi aðeins 3. gr. og fer í 4. gr. Mér sýnist nokkuð vel til hagað hvernig þessi þriggja manna stjórn skuli skipuð en vil strax viðra hugmynd varð-

andi það að einn skuli skipa samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna. Hún er sú að sett sé inn ákvæði um það að um þann fulltrúa sé skipt og hann flytjist úr einu félagi í annað. Annars er hætt við að þarna geti fulltrúi sama hóps listamanna setið árum saman.

Hér er framlag til þessara mála í heild hækkað og fagna ég því að sjálfsögðu og að starfslaun skuli nú miðuð við lektorslaun þannig að þau komi þá þeim sem þeirra njóta að einhverju gagni en séu ekki eins og sporsla sem að þeim er rétt. Eins er mjög til bóta að þeir sem starfslaun hljóta skuli eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda en að því þarf ef til vill að hyggja hvort það geti ekki fleiri listamenn fengið. Að það sé ekki bara bundið útdeilingu starfslauna, því það mun mála sannast að afskaplega margir listamenn eiga ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði.

7. og 8. gr. eru raunar til þess að staðfesta það að nú séu Launasjóður rithöfunda og Launasjóður myndlistarmanna felldir inn í þetta frv. og í 9. gr. er nýmæli sem varðar Tónskáldasjóðinn.

Í 10. gr. segir að Listasjóður veiti starfslaun og styrki sem svari til 180 mánaðarlauna, sem mér reiknast til að muni vera 14 millj. kr., og að úr þessum listasjóði skuli einnig veittir verkefnastyrkir, náms- og ferðastyrkir, og jafnframt sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og hafa náð 60 ára aldri. Nú segir mér svo hugur um að það séu allmargir sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár. Í rauninni hefur sú hefð skapast að listamannalaun voru tvískipt, annars vegar var flokkur sem var hreyfanlegur en þeir sem komust í efri úthlutunarflokk voru þar yfirleitt til frambúðar. Mér er ekki kunnugt um hvað mundi fara af fé til þessara umræddu listamanna, þ.e. þeirra sem hafa notið listamannalauna undanfarin ár og hafa náð 60 ára aldri, né hve há framlög er verið að ræða um, en vissulega er þessum hluta, þ.e. Listasjóði, ætlaður verulega stór hlutur. Bara orðið verkefnastyrkur hlýtur að vera nokkuð hár útgjaldaliður ef hann á að standa undir nafni og ef hann á að auki koma til náms- og ferðastyrkir, að ég tali nú ekki um þessi þegar bundnu framlög, þá er líklega harla lítið til skiptanna.

Ég vil nú gera að sérstöku umtalsefni einn hluta þessa máls sem er það að hér er ein listgrein, og sú sem skipar nú ekki minnstan sess í hugum þjóðarinnar tel ég, skilin undan. Það er leiklistin. Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan að þeir þrír hópar sem hér eru tilgreindir, þ.e. rithöfundar, myndlistarmenn og tónskáld, hefðu mesta þörf fyrir starfslaun. Nú er þetta í sjálfu sér órökstudd fullyrðing og mig mundi sjálfa skorta rök fyrir því að fullyrða að þeir hefðu meiri þörf fyrir starfslaun en leiklistarfólk. Nú veit ég að því mun borið við að margt leiklistarfólk njóti fastra launa. Það gerir nokkur hópur en verulegur minni hluti þess fólks sem starfar við leiklist nýtur fastra launa af nokkru tagi. Hér er talað um að Tónskáldafélag Íslands hafi barist fyrir stofnun sérstaks tónskáldasjóðs og ætla ég vissulega að samgleðjast tónskáldum að hafa nú náð þessum áfanga. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á að hér á hinu háa Alþingi hefur tvisvar sinnum verið flutt frv. um að stofnaður skyldi starfslaunasjóður leikhúslistafólks. Á það er ekki einu sinni minnst í grg. að sá vilji hafi komið fram. Þannig að vissulega hefur líka verið barist fyrir því að sá hópur fengi starfslaun.

Það stendur íslenskri leiklist stórlega fyrir þrifum að íslenskt leiklistarfólk skuli hvergi hafa vinnuaðstöðu nema innan stofnana sem eru tvær í Reykjavík og ein á Akureyri, nú undanskil ég í þessu tilviki útvarp og sjónvarp, og þar hafa ekki verið þau fjárráð og ef til vill ekki vilji heldur til þess að standa að nýsköpun. Það er t.d. verulegt vandamál í íslenskri leiklist hvað nýliðun er lítil, bæði í hópi leikstjóra og leikara. En þeir sem helst mundu nýta þessi starfslaun eru eflaust leikstjórar í samvinnu við annað leiklistarfólk, svo sem leikmyndateiknara og leikritahöfunda. Leikritahöfundar hafa ekki átt greiðan aðgang að rithöfundasjóðnum. Það hefur nánast verið gert að skilyrði að um væri að ræða útgefin prentuð leikrit en leikrit hafa afskaplega lítið komið út á prenti á Íslandi. Það er þá helst þegar þau eru komin nokkuð til ára sinna eða höfundur orðinn viðurkenndur eða virtur. Væri fróðlegt að sjá á því úttekt hvernig leikritahöfundar hafa farið út úr rithöfundasjóðnum. Ég svo sem hef engar tölur yfir það en þetta hafa leikritahöfundar fullyrt. Það verður líka að hafa það í huga að leikrit eru venjulega ekki skrifuð heima í stofu reynslulaust. Sagan kennir okkur það að þeir hafa náð mestum árangri í leikritun sem hafa unnið að leiklist og haft hana með einhverjum hætti að sínu starfi, þ.e. auk ritstarfa. Má nú fyrstan frægan telja William Shakespeare sem starfaði alltaf með leikflokki og skrifaði fyrir þann leikflokk. Síðan getum við fetað okkur í gegnum leiklistarsöguna, við getum nefnt til sögunnar menn eins og Molière, sem líka var með sinn eigin leikflokk. Við getum nefnt mann eins og Berthold Brecht sem starfaði með leikflokki. Án þess að það hafi reyndar verið gerðar mjög fræðilegar úttektir kemur það í ljós að þeir rithöfundar hafa náð mestum árangri sem hafa kynnst lífi og starfi í leikhúsinu innan frá. Ibsen má líka nefna til sem sinnti mjög lengi alls konar störfum í leikhúsi áður en hann sneri sér að ritstörfum af fullum krafti og náði verulegum árangri sem leikritahöfundur. Þess vegna er hér á landi mjög nauðsynlegt að skapaður sé vettvangur fyrir leikritahöfunda til þess að vinna með leiklistarfólki, vinna með leikstjórum og leikurum. Við getum kallað það ýmist tilraunastarf eða nýsköpunarstarf, þróunarstarf, sem ekki er sinnt. Ég held að allir stjórnendur leiklistarstofnana á Íslandi gætu borið um það að það skortir ekkert á hugmyndir leiklistarfólks um alls konar leiklistarviðburði, sýningar, dagskrár og hvað það nú heitir allt, en það skortir aðstöðu til framkvæmda, fé til framkvæmda.

Nú munu svokallaðir frjálsir leikhópar hafa haldið uppi umfangsmikilli leiklistarstarfsemi undanfarin ár við mjög þröngan kost, svo þröngan að þeir eiga þess engan kost að bjóða fólki til svona starfa heldur verða alltaf að flýta sér eins og mögulegt er, koma sýningu upp sem fyrst og helst að reyna að selja hana sem best.

Svona starf er aldrei hægt að vinna ef það þarf að taka of mikla áhættu fjárhagslega. Það er þess vegna undarleg yfirlýsing að þessir þrír hópar hafi mesta þörf fyrir starfslaun og undanskilja þar einn hóp listamanna og minnast ekki einu sinni á tillögur sem komið hafa fram um þessi mál og leggja það ekki að jöfnu við eindregnar óskir tónskálda.

Ég sagði hér áðan að það yrðu ef til vill helst leikstjórar, eða aðrir þeir sem stjórna þeirri sköpunarvinnu sem fram fer í leikhúsi, sem mundu leita eftir svona styrkjum í samvinnu við aðra. Það háttar nú þannig til í íslensku leikhúsi að það eru tveir íslenskir leikstjórar sem sinna því starfi sem fullu starfi og hafa fyrir það laun. Þjóðleikhúsið hefur haft tvo leikstjóra fastráðna í upp undir tvo áratugi og þar hefur alltaf setið sama fólkið. Í raun má segja að það séu einungis tveir leikstjórar á Íslandi sem hafa haft aðstæður til þess að sinna sínu starfi með einhverjum sóma.

Þetta frv., sem lagt var hér fram á þingi í fyrra í annað skipti, um starfslaunasjóð leikhúslistamanna var sent út til umsagnar til fjölmargra aðila. Má þar nefna Félag ísl. leikara, Félag leikstjóra á Íslandi, Leiklistarsambandið, Bandalag ísl. leikfélaga, Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, sjónvarp og útvarp og Bandalag ísl. listamanna. Ég veit ekki hvort þetta er tæmandi listi en þetta man ég hér og nú. Það er skemmst frá því að segja að verulega sterkt var tekið undir innihald þessa frv. og lýstu allir eindregnum stuðningi við það og nauðsyn á því að leiklistarfólk ætti aðgang að einhverjum slíkum sjóði. Til þess að allt komi fram þá voru í tveimur eða þremur umsögnum gerðar athugasemdir við eina eða tvær greinar en það breytir ekki því að eindregnum stuðningi var lýst við innihald frv. Nú mun þetta mál sem hér er til umræðu auðvitað koma til menntmn. og verður sent til umsagnar ýmissa aðila og þá á ég auðvitað von á því að þessar athugasemdir komi fram um nauðsyn þess að það sé ein deild í sjóðnum í viðbót. Í frv. um starfslaunasjóð leikhúslistafólks var lagt til að hér yrði um 15 meðalárslaun lektors við Háskóla Íslands að ræða og vonandi að þessi hópur listamanna fái sömu undirtektir við sín mál og aðrir hópar listamanna.

Fleiri athugasemdir mun ég ekki gera um þetta frv. en eins og ég sagði sit ég í þeirri nefnd þar sem það kemur til umfjöllunar. Að endingu lýsi ég ánægju með frv. en vonast auðvitað til að sjá það fullkomnara þegar það kemur aftur til umræðu hér í deildinni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta frv. til laga um listamannalaun. Greinilegt var að það komu fram sjónarmið sem nauðsynlegt er að taka tillit til við meðferð málsins í hv. menntmn. Í sjálfu sér þá veit ég ekki hvort ég á að fara út í einstök atriði málsins á þessu stigi, vil þó segja það að í ummælum þingmannanna að því er varðar 2. gr. komu fram nokkuð þekkt sjónarmið um heiðurslaunin. Annars vegar hafa menn haldið því fram að þetta ættu einkum að vera eldri menn sem færu inn í þennan flokk, 65 ára er miðað við hér, og hins vegar kom fram það sjónarmið að óeðlilegt væri að setja þau mörk vegna þess að Alþingi hefði oft viljað veita yngri mönnum heiðurslaun, eins og dæmin sanna.

Ég hygg að það séu í sjálfu sér ekki efni til þess að fara út í rökræður um þetta hér í hv. deild. Það sé eðlilegra að mörgu leyti að þeir sem um þetta vilja fjalla nákvæmlega eigi kost á því og geri það í hv. menntmn. þar sem báðir hv. þm. sitja og sömuleiðis formaður þeirrar nefndar sem samdi það frv. sem hér er til umræðu.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir hreyfði því sjónarmiði hvort það væri yfir höfuð rétt að Alþingi veitti heiðurslaun. Ég hef í sjálfu sér mikla samúð með því sjónarmiði eftir þá reynslu sem ég hef haft af þessum málum þann tíma sem ég hef setið á Alþingi. Það er afar vandasamt fyrir þingið að veita þessi heiðurslaun. Þótt það hafi yfirleitt tekist nokkuð vel að ná lendingu er það engu að síður ljóst að stundum hefur þetta verið með þeim hætti að fjölmargir aðilar hafa gagnrýnt þingið í þessu efni. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort það er rétt að þingmenn ákveði með lögum að taka á sig svona úthlutunarstarfsemi. Ég vildi a.m.k. ekki standa að því, segjum að ráðuneytið gerði það eða ráðherrar. Ég held að það sé almennt séð heppilegra að það séu nefndir sem fjalli um mál af þessu tagi. Segja má að í 2. gr. frv. sé reynt að fara bil beggja. Annars vegar er gert ráð fyrir því að þetta haldi áfram en hins vegar gert ráð fyrir því að takmarka þetta nokkuð frá því sem verið hefur.

Hv. 12. þm. Reykv. setti fram ábendingu varðandi 4. gr. frv. þar sem hún minnti á að til greina gæti komið að taka fram að fulltrúar Bandalags ísl. listamanna yrðu frá mismunandi aðildarfélögum bandalagsins. Það er út af fyrir sig sjónarmið sem sjálfsagt er að ræða. En ég bendi á að það er kannski aðalatriðið, eða hvað, að þeir sem eru þarna fyrir bandalagið eigi sjálfir ekki hagsmuna að gæta. Ég held að það sé meginregla sem þyrfti að koma í löggjöf af þessu tagi, hvort sem um er að ræða listamannalaun eða Kvikmyndasjóð, svo að ég nefni dæmi.

Það er auðvitað líka hugsanlegt, ef menn vilja setja ákvæði um að menn megi ekki sitja í nefndinni nema takmarkaðan tíma eins og var í frumvarpsdrögum um Kvikmyndasjóð sem við ræddum á síðasta þingi. Það er þá mál sem hv. nefnd tekur til skoðunar. Ég tek fram að frv. eins og það lítur út núna er nákvæmlega eins og það var þegar það kom frá þeirri nefnd sem vann málið fyrir mig samkvæmt því skipunarbréfi sem var gefið út í ráðuneytinu 20. júlí 1989.

Hv. 12. þm. Reykv. gerði athugasemdir við það að leiklistin væri ekki hér með. Ég bið hann afsökunar á því að hafa ekki nefnt það frv. sem hún gerði hér að umtalsefni og hefur komið fram í þinginu, að ég hygg aftur og aftur á undanförnum árum. Það var ekki ásetningssynd heldur yfirsjón. Það hafa auðvitað margs konar frv. komið fram á undanförnum árum og áratugum um þessi mál, listamannalaun og hvernig með þau skuli fara. Ég fór yfir það hvernig þessum málum hefur verið háttað og fletti þingtíðindum, vegna þess að ég

hafði ekki margt annað að gera á vissum fundi sem ég var á síðdegis í gær og menn geta ímyndað sér hver var, fletti þingtíðindum, þykkum doðröntum og fór yfir alls konar mál sem hafa komið fram í þinginu um listamannalaun á undanförnum árum og áratugum. Ég játa það að ég var greinilega ekki kominn nægilega nálægt nútímanum en hefði auðvitað átt að muna eftir því frv. sem hv. þm. gat um og hefur flutt og beitt sér fyrir af miklum myndarskap hér. Það hefur fengið ágætar undirtektir. Ég leyfi mér hins vegar, mér til málsbóta og frv., að benda á að fólk, ekki mjög fjarskylt leiklist, kom að því að semja þetta frv. þar sem er um að ræða forseta Bandalags ísl. listamanna og formann nefndarinnar.

Ég tel að þau sjónarmið sem hv. þm. hefur flutt hér í frumvarpsformi eigi að taka til alvarlegrar umræðu í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar. Hv. þm. hlýtur, eins og hún reyndar gerði grein fyrir, að leggja þau fram við meðferð málsins í hv. menntmn. Það er erfitt í raun og veru að setja mörkin í þessu efni eins og öðrum, en það kann vel að vera að hv. menntmn. takist að ná samstöðu um lendingu í þessu máli sem sé betri en sú sem hér liggur fyrir. Ég segi samstöðu vegna þess að það skiptir mig mjög miklu máli og ég held að það skipti listamenn líka mjög miklu máli upp á framtíðina að það sé í grundvallaratriðum samstaða um það kerfi sem verið er að taka upp, kerfið sem slíkt, fyrst og fremst vegna þess að við höfum af því áratuga reynslu að það er vont fyrir listamenn og menningarlífið í landinu að þau kerfi sem unnið er eftir á þessu sviði séu stöðugt bitbein t.d. pólitískra átaka. En það þarf líka að gæta þess að menn rati meðalhófið að því er varðar samtök listamanna sjálfra. Með þeim hætti sé haldið á hlutunum að um málið sé sem víðtækust samstaða á vegum listamannanna, þ.e. í Bandalagi ísl. listamanna í þessu tilviki, því hér er í raun og veru ekki valin sú leið að flytja frv. um hverja grein eins og mönnum hafði dottið í hug löngum áður, heldur er reynt að ná hér yfir miklu víðara svið en áður hefur verið gerð tilraun til.

Ég vænti þess að hv. menntmn. geti tekið til óspilltra málanna við að fjalla um frv. og afgreiða það, gera á því þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að teljast þannig að frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 152. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 164.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um flutning Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntmrn. sem er flutt á þskj. 164 og er 152. mál Nd. og reyndar endurflutt frv. frá fyrra ári. Ég get því verið stuttorður um frv. það sem hér liggur frammi um flutning þessara skóla til menntmrn. Frv. þetta er endurflutt frá síðasta þingi en það var lagt fram á ofanverðu þinginu og hlaut ekki afgreiðslu vegna ónógs tíma.

Með frv. er lagt til að þeir skólar, þ.e. Lyfjatæknaskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands, sem enn eru starfræktir á vegum heilbr.- og trmrn. verði færði í það ráðuneyti sem lögum samkvæmt ber að annast starfsemi skóla, menntmrn. Á vegum heilbr.- og trmrn. hafa verið reknir nokkrir skólar sem eiga það sameiginlegt að veita heilbrigðisstéttum svokallað starfsréttindanám. Þessir skólar voru flestir sex. Auk þeirra skóla sem þegar eru nefndir var um að ræða Hjúkrunarskóla Íslands, Röntgentæknaskóla Íslands, Sjúkraliðaskóla Íslands og Ljósmæðraskóla Íslands.

Röntgentæknaskólinn hefur þegar verið fluttur yfir til menntmrn. og annast Tækniskóli Íslands kennsluna. Hjúkrunarskólinn var fluttur yfir til menntmrn. fyrir nokkrum árum en hefur nú verið lagður niður eftir að hjúkrunarnám var sett á háskólastig.

Þótt frv. fjalli aðeins um yfirfærslu Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntmrn. tekur það enn fremur á málefnum Ljósmæðraskólans og Sjúkraliðaskólans. Þannig er mál með vexti að Sjúkraliðaskóli Íslands hefur þegar verið lagður niður á vegum heilbr.- og trmrn. en það gerðist hinn 1. þessa mánaðar. Helgaðist það af því að sjúkraliðanám hefur um nokkurt skeið einnig verið stundað í fjölbrautaskólum landsins og var því ekki lengur talin þörf á Sjúkraliðaskóla Íslands. Hvað snertir Ljósmæðraskóla Íslands er gert ráð fyrir því að lög þar að lútandi, lög nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, falli úr gildi 31. des. 1992 þannig að sá hópur sem hóf nám í haust verði síðasti hópurinn sem lýkur námi úr þeim skóla, en því námi lýkur vorið 1992. Þegar hefur verið hafin athugun á framtíðarskipan ljósmæðranáms á vegum menntmrn., hugsanlega í tengslum við námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

Vegna ofangreindra breytinga á starfsemi Ljósmæðraskóla Íslands og Sjúkraliðaskólans er nauðsynlegt að breyta lögum þar að lútandi, annars vegar lögum nr. 35/1964, um Ljósmæðraskólann, og ljósmæðralögum nr. 67/1984. Hins vegar lögum um sjúkraliða nr. 58/1984, vegna þess að þar er skólanna sérstaklega getið. Verður að laga lögin að breyttum aðstæðum.

Hvað snertir hina skólana tvo sem eru aðalefni frv., Lyfjatækniskólann og Þroskaþjálfaskólann, hefur náðst samkomulag við menntmrn. um yfirtökuna og er ætlunin að nám lyfjatækna verði tengt einhverjum þeim framhaldsskólum sem fyrir eru og að Þroskaþjálfaskóli Íslands starfi áfram sem sérstök stofnun. Til þess að koma öllum þessum breytingum á þarf að breyta fimm lögum, þ.e. lögum sem ég hef þegar talið upp varðandi Sjúkraliðaskólann og sjúkraliða og Ljósmæðraskólann og ljósmæður, en auk þess þarf að breyta lögum nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands og 15. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, þar sem er að

finna lagastoð fyrir Lyfjatæknaskóla Íslands. Þær breytingar eru í sjálfu sér einfaldar. Annars vegar breyting á 2. gr. laga nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, þannig að í stað „heilbr.- og trmrh." komi: menntmrh., og hins vegar varðandi 15. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, þar sem fram kemur að menntmrn. starfræki við framhaldsskólana nám í lyfjatækni í samvinnu við samtök lyfsala í stað heilbrrn. Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi hinn 1. júlí 1991, nái þau fram að ganga, þ.e. við lok yfirstandandi skólaárs, og verði þá fjármunir fluttir á milli ráðuneytanna í samræmi við það.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til heilbr.- og trn. með ósk um að nefndin hraði störfum þannig að tækifæri gefist til þess að afgreiða frv. fyrir áramót, en æskilegt væri að ráðuneytið hefði nokkurn tíma til þess að koma formlegri yfirfærslu í höfn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Læknalög, 1. umr.

Stjfrv., 153. mál (sérfræðileyfi og sjúkraskrár). — Þskj. 165.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á læknalögum nr. 53/1988, með breytingu nr. 50/1990, sem flutt er á þskj. 165 og er 153. mál deildarinnar.

Frv. þetta sem ég mæli hér fyrir um, breytingu á læknalögunum með síðari breytingum, er að hluta til endurflutningur á frv. sem lagt var fram hér á Alþingi í mars sl. og aðeins hlaut afgreiðslu að hluta til. Í áliti heilbr.- og trn. Nd. við afgreiðslu frv. sl. vor kom fram að of skammur tími hafi verið til umfjöllunar um fyrstu þrjár greinar frv. Með vísun til þessa var ákveðið að leggja frv. fram á ný með hliðsjón af þremur fyrstu greinum þess auk þess sem ákveðið var að leggja til breytingar á ákvæðum um afhendingarskyldu, sem reyndar var breytt í vor, þannig að þau standi ekki í vegi fyrir því að landlækni og öðrum opinberum aðilum sem samkvæmt lögum er falið að athuga kærur vegna læknismeðferðar verði afhentar sjúkraskrár sem færðar voru fyrir gildistöku læknalaganna nr. 53/1988 sem var 1. júlí það ár.

Þau atriði sem frv. þetta fjallar um snerta í fyrsta lagi fjölgun tillöguaðila um viðbótarnám læknakandídata til að öðlast lækningaleyfi og um nám sérfræðinga. Í öðru lagi breytta meðferð umsókna um lækningaleyfi og sérfræðileyfi og að tillit verði tekið til samnings um gagnkvæm starfsréttindi innan heilbrigðisþjónustunnar á Norðurlöndum, sem Ísland hefur verið aðili að varðandi lækna frá árinu 1982. Í þriðja lagi er lagt til að 2. mgr. 16. gr. læknalaga, eins og henni var breytt með 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1990, verði breytt þannig að hún standi ekki í vegi fyrir því að landlæknir og aðrir opinberir aðilar sem samkvæmt lögum er falið að athuga kærur vegna læknismeðferðar verði afhentar sjúkraskrár sem færðar voru fyrir gildistöku laganna nr. 53/1988. Vil ég hér á eftir gera nánari grein fyrir þessum þáttum.

Með þeim breytingum sem koma fram í 1. og 3. gr. frv. er ætlunin að fjölga þeim aðilum sem gera eiga tillögur til heilbrrh. um reglur um viðbótarnám á heilbrigðisstofnunum til þess að geta hlotið lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Samkvæmt gildandi lögum er þetta eingöngu hlutverk læknadeildar Háskóla Íslands en gerð er tillaga um að bæði landlæknir og Læknafélag Íslands geri einnig tillögur hér að lútandi. Ráðuneytið telur öll rök mæla með því að landlæknir, sem er faglegur eftirlitsaðili með læknum, hafi þennan tillögurétt og jafnframt fagfélag lækna, Læknafélag Íslands.

Enn fremur eru gerðar tillögur um breytta meðferð umsókna um almennt lækningaleyfi. Samkvæmt gildandi ákvæðum skal þriggja manna nefnd skoða umsóknir um almennt lækningaleyfi en langflestir umsækjenda hafa lokið námi frá læknadeild Háskóla Íslands. Í nefndinni er einn fulltrúi læknadeildar Háskólans, einn fulltrúi landlæknis og einn fulltrúi Læknafélags Íslands.

Það sem skoða þarf vegna umsóknar um lækningaleyfi er hvort umsækjandi hafi lokið viðbótarnáminu, þ.e. kandídatsári, í samræmi við settar reglur. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að gildandi fyrirkomulag sé óþarflega tafsamt því það sem eingöngu þarf að kanna eru skilyrðin um viðbótarnám en þau liggja yfirleitt fyrir. Gerir því ráðuneytið tillögu um það að læknadeildin ásamt landlækni geri tillögu um afgreiðslu þessara umsókna í staðinn. Hins vegar þykir ráðuneytinu rétt sbr. 3. gr. frv. að fela þriggja manna nefnd, skipaðri landlækni sem formanni og fulltrúum tilnefndum af Háskóla Íslands og Læknafélagi Íslands, að meta umsóknir um sérfræðileyfi. Eins og kunnugt er stunda íslenskir læknar sérfræðinám víða um heim og er því eðlilegt að sérstök nefnd kanni gaumgæfilega umsóknir þeirra um sérfræðiviðurkenningu. Með því að gera landlækni að formanni nefndarinnar er umsagnarferillinn einfaldaður. Eins og fyrirkomulagið er í dag fara allar umsóknir um sérfræðileyfi fyrst til ráðuneytisins, þaðan til landlæknis og til læknadeildar frá landlækni og síðan sömu leið til baka. Ráðuneytinu þykir eðlilegt að fulltrúi Læknafélags Íslands eigi aðild að þessari nefnd, líkt og á sér stað um önnur fagfélög heilbrigðisstétta þegar um er að ræða sambærilegar leyfisveitingar.

Ísland hefur um nokkurt skeið verið aðili að norrænum samningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar hvað snertir lækna og lyfjafræðinga. Samkvæmt þessu hefur Ísland skuldbundið sig til að viðurkenna lækningaleyfi og sérfræðileyfi sem gefin eru út annars staðar á Norðurlöndum. Þetta þýðir í raun að íslenskur læknir sem stundað hefur framhaldsnám í einhverju Norðurlandanna og fengið sérfræðiviðurkenningu þar getur í krafti samningsins fengið sams konar

leyfi hér á landi jafnvel þótt einhver munur kunni að vera á milli landanna á námsfyrirkomulagi í viðkomandi grein, en yfirvöld Norðurlandanna eru sammála um að hér sé um sambærilega menntun að ræða. Læknadeild Háskóla Íslands hefur túlkað ákvæði samningsins svo að þrátt fyrir sérfræðiviðurkenningu frá einhverju Norðurlandanna skuli deildin leggja sjálfstætt mat á það hvort veita eigi viðkomandi íslenskt sérfræðileyfi. Og vegna þess að oft er einhver munur á milli landanna á námsfyrirkomulagi í einstökum greinum og lengd námsins ekki alltaf sú sama hefur læknadeild í nokkrum tilvikum synjað íslenskum læknum um meðmæli þótt þeir hafi þegar fengið sérfræðiviðurkenningu á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega í Svíþjóð.

Samkvæmt læknalögum er krafist meðmæla læknadeildar. Nú standa mál þannig, eftir kæru íslensks læknis sem synjað var um leyfi samkvæmt ofanrituðu, að heilbr.- og trmrn. er sakað um að hafa brotið gegn samningnum. Hefur þeim tilmælum verið beint til ráðuneytisins að málið verði endurskoðað og sérfræðileyfið veitt. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ráðuneytisins til þess að leysa málið hefur það strandað á því ákvæði læknalaga sem gefur læknadeild Háskólans algert vald um veitingu sérfræðileyfa og um setningu reglna um nám sérfræðinga. Ráðuneytið hefur farið þess á leit, til þess að sleppa við kæru, að hin Norðurlöndin bíði átekta og sjái hverju fram vindur um lagabreytingar. Það er skoðun ráðuneytisins að náist ekki fram þær breytingar sem hér eru lagðar til varðandi norræna samninginn sé ekki um annað að ræða en að taka hann til gagngerðrar endurskoðunar eða jafnvel að segja honum upp. Með því er viðbúið að íslenskum læknum sem fara í framhaldsnám til hinna Norðurlandanna, sérstaklega Svíþjóðar, verði gert að starfa við heilsugæslu í strjálbýli þar í allt að ár til þess að fá læknaleyfi, en starfstíma við heilsugæslu í strjálbýli hér á landi hefur ekki verið krafist frá árinu 1985. Þannig er viðbótarnám hér á landi styttra en á hinum Norðurlöndunum. Sér hver sem sjá vill að með þessu yrði framhaldsnámi íslenskra lækna á Norðurlöndunum stefnt í hættu, það gert tafsamara. Það er því mikilvægt að lausn fáist á því máli sem hér er rætt um því að það varðar jafnt þá lækna sem fara til Norðurlandanna í framhaldsnám sem og íslenska lækna sem fara í sérfræðinám þangað.

Í 4. gr. frv. er gerð tillaga um breytingu á nýsamþykktri 2. mgr. 3. gr. læknalaga, sbr. það sem ég sagði hér áður um afhendingarskyldu á sjúkraskrám. Í vor var ákveðið að hún skyldi miðast við gildistöku læknalaga sem var 1. júlí 1988. Þar er jafnframt kveðið á um að sama gildi gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt ber að athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Landlækni hefur verið neitað um afhendingu sjúkraskráa með stoð í þessu fortakslausa ákvæði um afturvirkni. Það liggur ljóst fyrir að landlækni og reyndar öðrum opinberum aðilum sem hér eiga hlut að máli er fyrirmunað að sinna eftirlitshlutverki sínu verði lögunum ekki breytt. Er því lagt til að ákvæði um afturvirkni gildi ekki um opinbera aðila eins og landlækni, þannig að þeir geti krafist sjúkraskráa óháð hinum takmarkandi ákvæðum um afturvirknina. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingu á lögunum miðað við þær breytingar sem þingið gerði í fyrra um afhendingu sjúkraskráa aftur í tímann til einstaklinga eða umboðsmanna þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara um frv. þetta fleiri orðum en legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. með beiðni um að afgreiðslu þess verði hraðað sem mest enda brýnt að fá úr því skorið hvort ráðuneytið geti starfað samkvæmt áðurnefndum samningi um gagnkvæm starfsréttindi lækna eða hvort grípa þurfi til annarra ráða, jafnvel uppsagnar. Enn fremur að landlæknir og aðrir opinberir aðilar geti rækt störf sín samkvæmt lögum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek til máls vegna fréttar í hádegisútvarpi í dag þar sem gefið var í skyn að Alþingi hefðu orðið á mikil mistök við setningu laga nr. 53/1988 og síðan við setningu laga um breytingu á þeim sömu lögum. Ég hygg nauðsynlegt að skýra þetta í stuttu máli svo það sé fært til bókar í þingtíðindum.

Fyrsta atriði þessa máls er það að umboðsmaður Alþingis fékk til meðferðar mál einstaklings sem krafðist að fá að sjá sjúkraskýrslur sínar og varði mál sitt með 2. mgr. 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 og studdist við þau lög. Varðandi umboðsmann Alþingis, og það er fyrsta atriðið sem ég ætla að gera hér að umræðuefni, þá er það mjög algengur misskilningur að umboðsmaður Alþingis setji sig í spor löggjafans og bendi alþingismönnum á hverjar skoðanir þeir eigi að hafa í hinum og þessum málum. Þetta er auðvitað rangt, enda er þetta ekki verkefni umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður Alþingis bendir á þegar lög eru ekki nógu skýr. Hann biður þá löggjafann að skýra lögin. Í þessu ákveðna tilviki krafðist maður að fá að sjá sjúkraskýrslur sínar. Í skýrslu umboðsmanns Alþingis segir, með leyfi hæstv. forseta: „Umboðsmaður leit svo á, að skýra ætti 2. mgr. 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 svo, sbr. meginreglur 1. og 5. mgr. 3. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, að lækni, sem ekki teldi rétt að verða við beiðni sjúklings eða forráðamanns sjúklings um afhendingu sjúkraskrár, bæri að afhenda landlækni „sjúkraskrá til frekari fyrirgreiðslu". Kæmi þá í hlut landlæknis að taka ákvörðun um afhendingu. Voru það tilmæli umboðsmanns, að landlæknir og heilbr.- og trmrn. myndu sjá til þess að nefndum lagareglum yrði fylgt, að því er beiðni A [sem svo er nefndur] varðaði, en umboðsmaður var þeirrar skoðunar, að 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 ætti við allar sjúkraskrár, hvort sem þær hefðu verið færðar fyrir eða eftir gildistöku laganna."

Vitnað er í læknalög frá 5. maí 1988. Í 16. gr. þeirra laga er ekkert ákvæði sem þrengir afhendingarskyldu eða eins og segir hér, með leyfi hæstv. forseta: „Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Leiki vafi á nauðsyn afhendingar

sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu. Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands."

Þannig hljóðaði 16. gr. þessara laga. Það er því aldeilis hárrétt hjá umboðsmanni Alþingis að samkvæmt þessum lögum á sjúklingurinn tvímælalausan rétt á að fá að sjá allar sjúkraskýrslur, hvort sem þær eru nýjar eða gamlar, en lækni er heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn ef einhver vafi þykir leika á um að það séu hagsmunir sjúklings að afhenda gögnin.

Umboðsmaður bendir á að þetta séu óskýr lög og þá er gerð breyting á læknalögum á þinginu 1990 sem verða síðan að lögum nr. 50/1990. Hið upphaflega frv. ráðuneytisins er í þá veru að umrædd grein hljóði svo, með leyfi forseta, mjög svipaðs efnis og hún áður var: „Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta, og sama gildir gagnvart opinberum aðilum." En síðan segir í frv. hæstv. ráðherra: „Gildir þetta einnig um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga." Hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir að hvort sem er sjúklingur eða landlæknir geti fengið allar sjúkraskrár, hvort sem þær eru gamlar eða nýjar.

Og þá kemur að hlut Alþingis. Alþingi er ósammála þessu og um þetta urðu verulegar umræður. Þingmenn töldu, man ég úr þeirri umræðu, að menn skrifuðu öðruvísi sjúkraskrár ef þeir vissu að sjúklingur ætti eftir að geta fengið þær hvenær sem er. En hæstv. ráðherra leggur til með frv. um breytingu á lögum sem voru nýsett að þetta gildi um allar sjúkraskrár. Í meðferð málsins hafa þingmenn á því aðra skoðun. Og lögin sem eru gefin út, nr. 50/1990, segja eins og áður að lækni sé skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. En síðan kemur inn nýtt ákvæði: „Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga," og varðar það sjúklingana.

Síðan kemur í 3. gr. þeirra laga: „Nú telur læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár og skal læknir þá án tafar" — og nú er honum ekki lengur heimilt heldur skal hann án tafar — „afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu."

Þarna er verið að tryggja betur stöðu landlæknis, að hann geti fengið þessar skrár þótt sjúklingur geti það ekki. Þá eru gerð mistök, og það eru einu mistökin sem gerð hafa verið í málinu og þess vegna er alrangt að væna hv. Alþingi um að hafa ekki farið að óskum umboðsmanns. Það sem þarna gleymist í hinum nýju lögum er að það er ekki tekið fram að landlæknir eigi rétt á að sjá eldri sjúkraskrár. Og því er fram komin breyting í 2. mgr. 4. gr. þess frv. sem hæstv. ráðherra nú er að flytja, og mun hún væntanlega skýra málið endanlega. Ákvæðin um að sjúklingur fái ekki sjúkraskrár sem skrifaðar eru fyrir gildistöku laganna eru óbreytt, en breytingin í 2. mgr. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta, sé sjúkraskráin færð eftir 30. júní 1988." Og síðan segir í þessu frv. sem hæstv. ráðherra hefur rétt talað fyrir: „Lækni er skylt, án tillits til aldurs sjúkraskráa, að afhenda landlækni og öðrum opinberum aðilum sjúkraskrár, sé þeim með lögum falið að athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna læknismeðferðar."

Þá er það orðið alveg ljóst. Þetta er það flókið mál að ég taldi rétt að skýra það hér. Sjúklingur getur skv. frv. fengið skrárnar sem skrifaðar eru eftir gildistöku laganna í júní 1988 en landlæknir getur og skal hafa heimild til að fá allar sjúkraskrár.

Í fréttum í dag var þessu máli slegið upp í þá veru að hið háa Alþingi hefði hunsað vilja umboðsmanns. Hér er svo alvarlegur misskilningur á ferðinni á hlutverki umboðsmanns Alþingis að ég taldi rétt að gera þessa 4. gr. að umræðuefni. Hv. þm. mega ekki halda að umboðsmaður Alþingis sé að troða skoðunum upp á hv. alþm. Hann benti hins vegar aldeilis réttilega á að lagagreinin sem umræddur kvörtunaraðili benti á heimilaði honum að fá allar sínar sjúkraskrár. Og það var alveg hárrétt. Umboðsmaður Alþingis sneri sér því til hins háa Alþingis og taldi að nema þessu væri breytt til einhverrar þrengingar væri það tvímælalaust að maðurinn ætti rétt á þessu. Alþingi brást því alveg nákvæmlega eins við, og hæstv. ráðherra þar með, og ætlast er til. Þegar umboðsmaður Alþingis bendir á einhvern skavanka í lögum þá ber okkur að taka það til greina og bæta um betur. Það eina sem segja má að hafi misfarist í meðferð þingsins á þessum síðustu þingdögum 1990 var að taka ekki fram leyfileg aldursmörk þeirra sjúkraskráa sem landlæknir skal eiga aðgang að þótt heimild til sjúklingsins sé þrengri.

Þetta vil ég gera alveg skýrt vegna þess að ég á von á því að síðar í dag verði bæði hæstv. ráðherra og sú sem hér stendur í útvarpsþætti um þetta mál og ég varð mjög vör við það að bæði fréttamaðurinn og ýmsir sem um þetta mál hafa fjallað telji að umboðsmaður bendi þingmönnum á ýmislegt sem heppilegt sé að lögfesta í þjóðfélaginu. Það er ekki hans hlutverk, enda veit ég ekki til að hann hafi nokkurn tíma gert það. Hans hlutverk er að benda á lög sem ekki er hægt að vinna eftir og ef einhver er rangindum beittur. Það gerði hann og ég vil leggja á það áherslu að Alþingi og hæstv. ráðherra brugðust við því nákvæmlega á þann hátt sem vera ber. Þetta vil ég biðja hv. þm. að hafa í huga ef þessi umræða heldur áfram. Nokkur blaðaskrif hafa orðið um þetta mál og sum þeirra hafa einmitt borið keim af þessum sama misskilningi að umboðsmaður Alþingis setji sig í hlutverk löggjafans og bendi á það sem betur megi fara í þjóðfélaginu. Það er ekki hans hlutverk og verður ekki, það held ég að hann sé alveg fullviss um sjálfur. Því bið ég menn nú, einnig vegna fram kominna þingmála þar sem sami misskilningur er á ferðinni, að þingmenn hafi það mjög í huga hvert hlutverk löggjafans sé og hvert sé hlutverk umboðs-

manns Alþingis.

Ég bið hv. þm. afsökunar hversu langt mál ég hef flutt um þessa 4. gr. en ég taldi alveg nauðsynlegt að þetta atriði kæmi fram. Hæstv. ráðherra hefur þegar gert grein fyrir öðrum greinum frv. og ég skal ekki lengja mál mitt með því en þetta tel ég mjög mikilvægt að komi fram.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 13. þm. Reykv. fyrir ágætar athugasemdir. Það var að vísu ekki það sem knúði mig til að koma hér í stólinn í dag. Þó ég eigi og muni hafa tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í nefnd og mun því ekki hafa mörg orð um það sem mér liggur á hjarta nú vil ég aðeins gera athugasemdir varðandi þær greinar sem fjalla um sérfræðiréttindi og mat á þeim. Miklar umræður urðu í hv. heilbr.- og trn. Nd. á síðasta þingi vegna þessa máls. Þá lágu fyrir þær upplýsingar sem hér eru lagðar til grundvallar, sá málarekstur sem hafði verið út af einstöku tilfelli. Ég sé ekki að neitt nýtt hafi komið í þessari umræðu og ítreka að hv. heilbr.- og trn. treysti sér ekki til að afgreiða þetta úr nefnd miðað við þær aðstæður og þær upplýsingar sem þá lágu fyrir.

Nú skal ég ekki leggja dóm á hvað ítarleg umfjöllun innan nefndar mun hafa í för með sér. En ég legg áherslu á að það var hv. nefnd sem treysti sér ekki til þess að taka ákvörðun í þessu máli á síðasta þingi. Ég tel að þetta mál hafi ekki verið útrætt innan nefndarinnar og þar af leiðandi hafi ekki verið grundvöllur fyrir því að afgreiða það. Þetta mál mun þurfa ítarlega umfjöllun í viðbót innan nefndarinnar. Hér er greinilega um mikið álitamál að ræða og sú er ástæðan fyrir því að þetta mál fékk ekki afgreiðslu. Því vara ég við því ef ætlunin er að þetta mál hljóti skjóta umfjöllun innan nefndarinnar, það var ekki að ástæðulausu að þær miklu umræður sem urðu á síðasta þingi voru og ég vonast til þess að hv. nefnd fjalli á faglegan hátt og afli sér mikilla upplýsinga áður en ákvörðun verður tekin í þessu máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Fyrst aðeins út af orðum hv. 10. þm. Reykn., þá er ég þingmanninum alveg sammála um það að ég vonast til þess að heilbr.- og trn. fari ítarlega yfir þetta mál og skoði það gaumgæfilega. Til þess er að sjálfsögðu ætlast um öll lagafrv. og það er einmitt ástæðan fyrir því að þetta mál er nú flutt aftur í upphafi þessa þings þó það næði ekki afgreiðslu í lok seinasta þings og nefndin hafi vísað þessum tilteknu lagagreinum frá. Hún gerði það með því fororði að of skammur tími hafi verið til umfjöllunar um fyrstu þrjár greinar þess frv., sem eru jafnframt fyrstu þrjár greinar þessa frv. Það kom ekki fram í nál. að nefndin hafi verið á móti málinu eða hafnað því þess vegna, heldur vegna þess að hún taldi sig þurfa meiri og betri tíma til þess að vinna það. Ég undirstrika það að ég ætlast til þess og vonast til þess að nefndin geri það, en vil gjarnan að hún geri það fljótt og vel. En hún verður auðvitað að taka sinn tíma til þess, það er mér ljóst og ég skil það en bið menn, og þá sérstaklega nefndarmenn, að hafa í huga að ákveðin mál liggja óafgreidd þangað til í ljós kemur hvort Alþingi treystir sér til að gera nauðsynlegar lagabreytingar, lagabreytingar sem ég og þeir sem hafa undirbúið frv. í heilbrrn. telja nauðsynlegar. Því finnst mér frekar liggja á málinu en hitt en ekki svo að ég ætlist ekki til þess að það fái ítarlega umfjöllun.

Varðandi 4. gr. frv. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv., gerði að aðalumtalsefni og fór ítarlega yfir, þá þakka ég henni fyrir þá sögu sem hún rakti og gerði grein fyrir því sem á undan hefði gengið í málinu.

Þó langar mig að gera það enn ítarlegra eða alveg ljóst að í frv. sem ég lagði fram í fyrravor, eða seint á seinasta þingi, þá var það afstaða mín og ráðuneytisstarfsfólksins sem hafði unnið að málinu og var reyndar líka samhljóða áliti umboðsmanns Alþingis, ekki það að ég er algerlega sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að umboðsmaður Alþingis segir Alþingi að sjálfsögðu ekki fyrir verkum heldur kemur með ábendingar, og það hef ég nú þegar látið í ljósi í umræðum við fjölmiðla út af þessu máli sem hafa verið í gangi í dag, en okkar skoðun var sú að það ætti að kveða ótvírætt á um það að afhending sjúkraskráa væri afturvirk og ekki ætti að setja á þetta þá takmörkun sem Alþingi síðan komst að niðurstöðu um að skyldi verða.

Aðalatriði í mínu máli á síðasta þingi var reyndar að fá það alveg skýrt hvort heldur ætti að vera. Að það væri ekki óljóst eins og í gömlu lögunum, eða í lögunum frá 1988, þar sem segir: „Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.“ Síðan var ekkert kveðið á um það hvenær eða frá hvaða tíma það skyldi gert.

Ráðuneytið lenti strax í deilu við aðila í þjóðfélaginu um það hvernig bæri að túlka þessa grein og þess vegna varð að taka af tvímæli. Og það var það sem Alþingi gerði í fyrra þó að það væri ekki samhljóða því sem frv. gerði ráð fyrir og þeim tillögum sem ég lagði hér fyrir heldur alveg hið gagnstæða.

Niðurstaða heilbr.- og trn. þá og þingsins síðan varð sú að þetta skyldi ekki vera afturvirkt, ekki lengra en til gildistöku laganna frá miðju ári 1988. En þá fer þessi breyting þannig fram að ekki er gætt nægjanlega vel að því að landlæknisembættið og opinberir aðilar sem þurfa að rannsaka mál hafi til þess ótvíræða heimild.

Það hefur nú þegar komið í ljós frá samþykkt laganna í fyrravor að landlæknisembættið á í erfiðleikum með að fá aðgang að sjúkraskrám. Þess vegna töldum við nauðsynlegt að gera breytingu á lögunum hvað þetta varðaði til þess að það væri þá alveg skýrt einnig og tekin af öll tvímæli í því sambandi. Ég vona að Alþingi verði mér sammála um það núna að frv. fari fram eins og hér er lagt til að þessu sinni, enda ekki breytt þeirri ákvörðun eða gerð nein tillaga um það að breyta þeirri ákvörðun sem Alþingi tók í fyrra um það að afturvirkni skyldi ekki vera gagnvart einstaklingnum

og/eða umboðsmönnum hans nema til gildistöku laganna frá miðju ári 1988.

Vona ég, herra forseti, að þetta sé nokkuð ljóst öllum aðilum og skoðun mín á málinu.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég stend hér aðeins upp til þess að taka undir orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Ég vil lýsa furðu minni á því ef það hefur komið fram í fréttum útvarpsins í dag í hádeginu, sem ég heyrði ekki, að Alþingi hafi orðið á mistök vegna þess að það hafi ekki farið eftir tilmælum umboðsmanns Alþingis. Ég held að það hljóti að vera algerlega skýrt og verði að vera fréttamönnum útvarpsins einnig ljóst hverjir það eru hér í þessu landi sem setja lög. Það er vissulega ekki umboðsmaður Alþingis heldur hið háa Alþingi Íslendinga og þeir þingmenn sem það sitja.

Hvað þetta mál sérstaklega varðar, þ.e. afhendingu sjúkraskráa eða meðferð upplýsinga í sjúkraskrám, eins og það hét nú eftir meðferð heilbr.- og trn. á þessu máli, þá komu fram tilmæli eða túlkun umboðsmanns Alþingis varðandi þau lög sem þá voru í gildi og viss viljayfirlýsing ráðuneytis þess efnis að óskýr lög skyldu breytast á þann hátt að allur vafi skyldi tekinn af því að réttur sjúklinga væri ótvíræður til að athuga sínar sjúkraskrár aftur í tímann. Enginn nefndarmanna í heilbr.- og trn. tók undir þetta sjónarmið á sínum tíma þannig að niðurstaðan var ljós frá nefndarinnar hálfu. Hún gerði tillögu um það til Alþingis að sjúklingum skyldi einungis vera heimilt að leita til sinna sjúkraskráa frá og með gildistöku laganna en ekki fyrir þann tíma. Ástæður nefndarinnar voru ljósar. Þær voru þær að læknar höfðu fært þessar skýrslur í trausti þess að þær yrðu ekki opnar fyrir aðstandendum sjúklinga eða sjúklingum sjálfum nema eftir mjög erfitt ferli í gegnum landlækni og annað slíkt. Nefndin var ekki þeirrar skoðunar að skoðun sjúkraskráa skyldi gerð afturvirk að þessu leyti. Alþingi tók síðan afstöðu með nál. heilbr.- og trn. þannig að atriði varðandi þetta eru ljós. Hið háa Alþingi skar upp úr með það hvernig skuli fara með upplýsingar í sjúkraskrám.

Hvað snertir viðurkenningu á sérfræðiréttindum þá er það rétt sem komið hefur fram í máli talsmanna hér á undan, hæstv. ráðherra og hv. annarra þm., að heilbr.- og trn. treysti sér ekki til þess að skera úr um þetta mál á þeim tíma sem henni var veittur til afgreiðslu málsins á sl. vori. Það höfðu farið fram ítarlegar umræður en menn voru ekki tilbúnir, voru ekki í stakk búnir til að taka ákvörðun á því stigi. Þetta mál kemur nú aftur fyrir nefndina og ég er fullviss um að það kemur þar til ítarlegrar umfjöllunar og ég vonast til að það hljóti þá afgreiðslu sem það á skilið eftir mínu áliti, þ.e. að við göngum eftir þeim samningum sem við höfum gert við aðrar Norðurlandaþjóðir og viðurkennum sérfræðiréttindi á Íslandi sem menn hafa öðlast þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 100. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 103.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja frv. til laga um breytingar á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands. Þó að heiti þessa frv. sé á þennan veg þá fjallar sú brtt. á þessum lögum sem hér er lögð fram ekki um aukinn rétt annarra þjóða til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Það mál sem hér er verið að flytja snertir fyrst og fremst það að fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi megi óhindrað selja Íslendingum afla úr sínum skipum. Á sínum tíma þegar þessi lög voru sett var landhelgi Íslendinga svo lítil að það var veruleg vernd í því að gera skipum sem stunduðu veiðar við landið ókleift að njóta hér hafnaraðstöðu. Sú hugsun ætti ekki að vera til staðar í dag þegar við erum komnir með 200 mílna fiskveiðilandhelgi, enda hygg ég að varla mundi það gerast að þeir sem hér eru meðflm. létu sér detta það í hug að fara að stuðla að auknum veiðum innan íslensku landhelginnar.

Hitt er svo á að líta að hagsmunir þeirra sem reka hér fiskvinnslustöðvar er að geta fengið keyptan fisk. Hagsmunir þeirra sem reka hér iðnfyrirtæki eru að geta stundað sinn iðnað og haft sem blómlegust viðskipti. Ég hygg að fleiri en ég hafi tekið eftir því að Færeyingar voru að gera þjónustusamninga við hluta af þeim rússneska úthafsflota sem stundar fiskveiðar fyrir utan íslensku landhelgina. Þessi þjónustusamningur mun vafalaust koma skipasmíðaiðnaði Færeyja að verulegu gagni. Á sama tíma hefur okkur Íslendinga skort víðsýni til þess að sjá þessa hagsmuni í réttu ljósi. Ég á þó ekkert sökótt við Nd. Alþingis í þessum efnum því að hún hefur afgreitt þetta frv. frá sér til Ed. þá það hefur komið hér fyrir. En Ed. hefur því miður ekki stutt málið og það hefur þess vegna strandað.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því að 4. sept. 1990 var samþykkt úti í Þórshöfn ályktun sem hv. 3. þm. Norðurl. e. beitti sér fyrir. Þessi ályktun varðar landanir fiskiskipa og vil ég, með leyfi forseta, lesa hana:

„Vestnorræna þingmannaráðið fer þess á leit við vestnorrænu löndin að þau meti möguleika á samningum þeirra á milli um gjaldalausar landanir svo að fiskiskip geti óheft selt afla sinn í löndunum þremur."

Ég lít svo á að samþykkt þessarar tillögu á þeim vettvangi sýni að menn eru farnir að hugsa í stærri einingum í þessum efnum. Og ég vænti þess nú að það gerist á þessu þingi að menn átti sig á því að það eru stórir hagsmunir fyrir okkur Íslendinga að auka mjög samskipti okkar við þessar þjóðir, Færeyinga og Grænlendinga. Við erum hið stóra móðurskip sem vissulega á að líta svo til þessara þjóða að samstarfið hljóti að auðga okkur ekki síður en þá.

Með leyfi forseta óska ég svo eftir að frv. þetta fari til sjútvn. Nd.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vildi út af þessu máli taka það fram að það hefur verið reynt, eftir því sem við hefur verið komið, að greiða fyrir löndunum skipa hér á landi frá bæði Grænlandi og Færeyjum. Ísland hefur fylgt þeirri stefnu sem í reynd EFTA-ríkin hafa tekið upp í samningum við Efnahagsbandalagið að það væri öllum frjálst að landa afla hér á landi, enda væri afli sem ekki fenginn úr sameiginlegum stofnum sem ekki hefði náðst samkomulag um. Frá þessu hafa þó verið gerðar þær undantekningar hér á landi að Grænlendingar hafa fengið heimild til þess að landa hér úr stofni sem er sameiginlegur á milli landanna, þ.e. stofni sem kenndur er við Dohrn-banka.

Það verður að hafa í huga í þessu sambandi að Ísland og Grænland eiga sameiginlegan karfastofn og Grænlendingar hafa framselt þessi aflaréttindi að langmestu leyti til Efnahagsbandalagsríkjanna. Hér hefur verið um verulegt magn að ræða en afli hefur hins vegar verið sáralítill. Eftir því hefur verið sótt, m.a. af Þjóðverjum, að fá að landa þeim afla hér á landi, enda alla tíð verið ljóst að það er mun betra að gera út við Austur-Grænland frá Íslandi en frá Austur-Grænlandi, enda hafnir þar nánast engar.

Þegar samkomulag náðist milli Íslendinga, Grænlendinga og Norðmanna í loðnumálinu svokallaða þá var það eitt af því sem þar var tekið skýrt fram að öllum þjóðunum væri heimilt að landa þeim afla í hvaða landi sem er. Þannig er þeim skipum sem samninguriinn nær til heimilt að landa afla sínum hér á landi. Það hefur engin fyrirstaða verið á því að afla sem kemur úr öðrum stofnum, t.d. rækju frá Svalbarða hefur ávallt verið heimilt að landa hér á landi og þau leyfi verið mjög auðfengin.

Ég vildi aðeins benda á þetta, virðulegur forseti, því að í þessu sambandi er vissulega um samningamál að ræða sem verður að taka tillit til. Ísland hefur mótað ákveðna stefnu og Fríverslunarbandalagið tekið þá stefnu upp í þeim samskiptum sem hafa verið við Efnahagsbandalagið. Ég vil taka undir með hv. þm. um það að okkur ber að rækja samskiptin við Færeyinga og Grænlendinga alveg sérstaklega. Á það er lögð mikil áhersla af Íslands hálfu að ná samkomulagi við Grænlendinga um þá sameiginlegu fiskstofna sem við höfum enn sem komið er ekki samið um, þ.e. rækju og karfa. Þegar það samkomulag hefur náðst er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að landanir á þeim afla verði algerlega frjálsar og án allra afskipta með sambærilegum hætti og gerðist með loðnuna. Hingað til hafa samskiptin við Grænland verið góð og öll þau vandamál sem upp hafa komið hafa verið leyst á milli okkar og þeirra og samskiptin hafa farið batnandi á undanförnum árum. Ég vænti þess að svo megi verða í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.

Frv. JSS, 110. mál (aðild að lífeyrissjóði). — Þskj. 114.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Þetta mál var flutt á síðasta þingi en var því miður ekki afgreitt úr nefnd.

Eins og kunnugt er hefur þróun lífeyrissjóða á Íslandi verið með afar misjöfnum hætti. Með tíð og tíma hafa orðið til yfir 90 lífeyrissjóðir, stofnaðir á mismunandi tímum með mismunandi reglugerðum og mismunandi fjárhagsgetu. Niðurstaðan fyrir bótaþegann eru svo mismunandi bætur jafnvel þótt greiddar séu sömu upphæðir í iðgjöld um jafnlangt æviskeið. Það er því augljóst að ekkert jafnrétti ríkir fyrir þegna þessa lands í lífeyrismálum.

Vegna þess að aðild að lífeyrissjóðunum er háð starfi og stéttarfélagsaðild á maður á ellilífeyrisaldri það undir tilviljun æviferils síns en ekki undir heildargreiðslum sínum í einstaka lífeyrissjóði hverra tekna hann nýtur um ævikvöldið. Þetta eru augljós sannindi sem hafa leitt til þess að krafan um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, sem mundi bæta úr öllum þessum ágöllum, hefur hvað eftir annað komið fram. Þar mundu allir búa við sama rétt eins og stjórnarskráin mælir fyrir um að Íslendingar skuli gera.

Það hefur reynst með eindæmum erfitt að losna úr viðjum ríkjandi lífeyriskerfis. Frv. endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðakerfis sem tók um áratug að semja er nú loksins komið fram, þ.e. það kom fram á síðasta þingi og var þar flutt til sýnis. Það frv. var þá lagt í milliþinganefnd og eftir vinnuhraða þeirrar nefndar að dæma er ekki að sjá að það muni verða lagt fram öðruvísi en til sýnis öðru sinni ef það kemur þá yfirleitt fram á þessu þingi. Yrði það að lögum mundi það bæta stórlega úr ágöllum núverandi kerfis þó það leiddi ekki til þess fyrirkomulags sem flutningsmaður teldi skynsamlegast í lífeyrismálum, en það er eitt samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem væri byggt á svokölluðu gegnumstreymi.

Verstu ágallar núverandi kerfis og einnig samkvæmt því fyrirkomulagi sem frv. fjmrh. gerir ráð fyrir, þ.e. frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða, eru þeir að fólkið á ekkert val um það í hvaða lífeyrissjóði það lendir. Það er háð tilviljun starfsferils þess hvaða laun það hlýtur í ellinni því að hverjum og einum launamanni er gert að skyldu að vera í lífeyrissjóði stéttarfélags síns og verður hann þá að hlíta því eins og hluta af sínum kjörum að lífeyrissjóður hans sé öðruvísi en annarra. Í þessu felst töluvert ranglæti þegar menn eru í raun og veru að kaupa sér þessi réttindi, að þeir fái ekki að ráða hvað þeir eru að kaupa. Hluti af þessu ranglæti er að launamanni er gert að slíta sinn iðgjaldaferil í sundur ef hann skiptir um starf og skipta um leið um lífeyrissjóð. Honum er gert að hefja nýjan feril þótt hann

kæri sig ekkert um þessa röskun á högum sínum. Þetta hefur því leitt til ýmissa vandræðamála og leiðinda í þjóðfélaginu sem auðvelt væri að komast hjá ef frelsi ríkti í þessum málum.

Nýjasta dæmið í þessum efnum má sjá í frétt Morgunblaðsins fimmtudaginn 8. nóv. sl., með leyfi forseta, en þar kemur fram að starfsmenn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem eru í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar vilja losna við að flytjast í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna. Í fréttinni er vitnað í orð Jóhönnu Júlíusdóttur, formanns Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, þar sem hún afhenti Halldóri Jónssyni bæjarstjóra undirskriftir um 200 félagsmanna sem vinna á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þeir skora á bæjarstjórn Akureyrar að beita sér fyrir því að þeir geti áfram verið í Lífeyrissjóði Starfsmannafélags Akureyrarbæjar í stað þess að flytjast yfir í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eins og gert er ráð fyrir í lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Jóhanna Júlíusdóttir sagði að fólk væri almennt afar óánægt með þá tilfærslu á greiðslum í lífeyrissjóð sem fyrir dyrum stæði. Hún vonaði að bæjarstjórn Akureyrar gæti fengið einhverju áorkað í lífeyrissjóðsmálinu því að það sé mikið hagsmunamál að halda þessum peningum í byggðarlaginu og að félagarnir geti sótt þjónustu heima í héraði. „En það er einhvern veginn," sagði Jóhanna, „eins og landsbyggðarfólk lygni bara aftur augunum og á meðan renna allir hlutir í burtu frá okkur suður." Þetta er aðeins einn flötur á þessu máli sem hér er flutt. Grundvallaratriðið er auðvitað það að fólk hafi frelsi til að velja hvar það kaupir sín réttindi, eftirlaun í ellinni.

Það er þar að auki heldur ankannalegt að skylda launamenn til iðgjaldagreiðslna ef þeir hafa hafið töku lífeyris. Það er því lagt til í þessu frv. að þeim launamönnum sem eru lífeyrisþegar nú þegar sé ekki gert skylt að greiða á sama tíma iðgjöld til lífeyrissjóðs nema þeir kæri sig um það. Frv. sem hér er lagt fram hljóðar svo:

„1. gr. Í stað 1. málsl. 2. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir svohljóðandi:

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði að eigin vali, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Einungis lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps skal þó skylt að veita launamanni aðild að sjóðnum, en engum lífeyrissjóði skal heimilt að segja launamanni upp aðild óski hann áframhaldandi aðildar þar þótt hann skipti um starf." Það er sérstaklega þessi grein sem mundi eiga vel við hjá þeim Akureyringum sem ekki kæra sig um að vera skikkaðir til að fara í allt annan lífeyrissjóð en þeir eru í. Og áfram segir í frv.: „Launamönnum, sem hafa hafið töku lífeyris, er ekki gert skylt að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð."

Í 1. málsl. er lögð til sú breyting að launamanni sé ekki lengur gert skylt að vera í lífeyrissjóði starfsstéttar sinnar eða starfshóps, heldur hafi hann rétt til að velja sér þann lífeyrissjóð þar sem hann telur hag sínum best borgið. Lögð er sú kvöð á lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps skv. 2. málsl. að veita launamanni aðild en öðrum sjóðum er það í sjálfsvald sett. Hugsanlegt væri að fella þetta síðastnefnda ákvæði niður að einhverjum tíma liðnum. Þá er launamanni gefið frjálst val um að vera áfram í sínum gamla lífeyrissjóði, ef honum sýnist svo, enda þótt hann skipti um starfsvettvang.

Í 2. gr. segir svo: „Í stað orðanna „náð 75 ára aldri" í 2 málsl. 5. gr. laganna komi: hafið töku lífeyris." Þarna er gert ráð fyrir að heimild til setningar reglugerðar um endurgreiðslur iðgjalda einskorðist ekki við þá sem hafa náð 75 ára aldri, heldur verði víkkuð út þannig að hún nái til allra lífeyrisþega. Þetta á við það að menn sem eru komnir á lífeyrisaldur þurfi ekki lengur að greiða iðgjöld heldur þiggi lífeyri frá sínum lífeyrissjóði án þess að liggja undir greiðslukvöð iðgjalds. Það virðist eðlilegt að þeir þurfi ekki að liggja undir þeirri greiðslukvöð ef þeir kæra sig ekki um það, enda fá þeir á þeim tíma sinn lífeyri frá réttum lífeyrisaldri.

Að lokinni þessari umræðu vildi ég leggja til, virðulegur forseti, að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

14. fundur, miðvikudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, 3. umr.

Stjfrv., 117. mál (breytingar á stofnskrá). — Þskj. 121.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 3. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 122.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 3. umr.

Stjfrv., 35. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 35.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er öllum þingdeildarmönnum kunnugt að miklir erfiðleikar steðja að fiskeldisfyrirtækjum. Fyrir því eru margvíslegar ástæður. M.a. hafa markaðir fyrir eldislax reynst ótryggir og verð staðið í stað og jafnvel fallið verulega á erlendum mörkuðum. Á hinn bóginn hafa ýmsir rekstrarerfiðleikar steðjað að fiskeldisfyrirtækjum. Eldið sjálft hefur reynst erfiðara en menn áttu von á og greinilegt er að við Íslendingar vorum ekki jafnvel búnir undir þennan atvinnurekstur og við vildum sjálfir telja okkur trú um. Við hér á Alþingi höfum tvívegis staðið frammi fyrir því að ríkisstjórnin hefur viljað koma myndarlega til móts við fiskeldisfyrirtækin með því að veita ríkisábyrgð á afurðalánum til fiskeldisstöðva. Í bæði skiptin hefur legið mjög mikið á því að afgreiða slík mál gegnum þingið, verið talað um að menn séu að tefja fyrir nauðsynlegri lagasetningu og þar fram eftir götunum, en síðan hefur lengi staðið á þeim ráðherra sem málið hefur heyrt undir að gefa út nauðsynlegar reglugerðir eða koma í framkvæmd þeim lagabókstaf sem hér hefur verið hlaupið til og greidd atkvæði með. Við þekkjum þetta og við vitum að þetta hefur valdið ómældu tjóni, röskun í þessari atvinnugrein og almennu tjóni í þjóðfélaginu. Af þessari ástæðu var það að ég óskaði eftir því í stjórn Byggðastofnunar að forsrh. yrði skrifað bréf og vakin athygli hans á þeim erfiðleikum sem fiskeldisfyrirtæki stæðu frammi fyrir um leið og honum væri gerð grein fyrir því að sá kostnaður sem því fylgir að eiga viðskipti við ábyrgðadeild fiskeldislána er svo gífurlegur að fyrirtæki hafa nánast ekki ráð á að þiggja þá tryggingu sem sjóðurinn veitir.

Það kom fram á fundi Byggðastofnunar í gær að forstjóri sjóðsins, Guðmundur Malmquist, hefði rætt þessi mál við forsrh. og í framhaldi af því var hann fullvissaður um að skipuð yrði ráðherranefnd til að kynna sér þessi mál og fjalla sérstaklega um það með hvaða hætti sé hægt að tryggja það sæmilega að fiskeldisfyrirtæki fái nauðsynleg bankaviðskipti til afurðalána, afurðalánaviðskipti, án þess að á viðkomandi fiskeldisfyrirtæki séu lagðar svo þungar klyfjar að fyrirtækin geti með engum hætti risið undir slíku.

Það gerðist á fundi stjórnar Byggðastofnunar nú í haust að meiri hluti stjórnarinnar samþykkti að veita rekstrarlán eða afurðalán til tveggja fyrirtækja. Þetta var hugsað sem skammtímaráðstöfun í ljósi þess að einstakir stjórnarmenn í Byggðastofnun töldu fiskeldisfyrirtæki sæta slíkum afarkostum í ábyrgðadeild fiskeldislána að nauðsynlegt væri að reyna að koma betri skipan á þau mál. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram að við fulltrúar Sjálfstfl. vorum þessu andvígir, töldum að Byggðastofnun ætti ekki að fara inn á þessa braut, en fulltrúar ríkisstjórnarinnar í stjórn Byggðastofnunar töldu nauðsynlegt að fara þessa leið og þá til bráðabirgða í trausti þess að ríkisstjórnin mundi bregðast við og greiða svo fyrir viðskiptum fiskeldisfyrirtækja við ábyrgðadeild fiskeldislána að hægt væri að búast við því að einstök fiskeldisfyrirtæki gætu átt eðlileg viðskipti við deildina.

Nú er auðvitað gott tækifæri til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. hvað þessu máli líði. Mér skilst að hann sé, ég veit ekki hvort ég á að segja formaður ráðherranefndarinnar eða sá maður sem eigi a.m.k. að knýja ráðherranefndina áfram. Þessi mál heyra beint undir sjútvrh. í ríkisstjórninni, þessari óformlegu ráðherranefnd. Ef ég hef haft réttar upplýsingar tel ég nauðsynlegt að spyrja hæstv. sjútvrh. hvaða hugmyndir séu uppi í ríkisstjórninni varðandi þetta atriði, hvort hafi komið til tals að einhver opinber sjóður, Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður eða einhver annar sjóður, kannski Fiskveiðasjóður, taki almennt að sér að veita afurðalán til fiskeldisfyrirtækja og þá á öðrum forsendum en ábyrgðadeild fiskeldislána hefur starfað á eða hvort það sé mat ráðherrans að þessi viðskipti gangi fyrir sig með eðlilegum hætti og það hafi því verið misskilningur hjá meiri hluta stjórnar Byggðasjóðs að veita þá afurðalánafyrirgreiðslu sem einstökum fyrirtækjum var veitt á sl. hausti.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég taka það fram að það er mikill misskilningur að sjútvrn. hafi verið í forustu fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu fiskeldisfyrirtækja eða afurðalána til þeirra. Hitt er svo annað mál að hæstv. forsrh. lagði fram í ríkisstjórn, að því er ég best man, fyrri hluta síðustu viku skýrslu um stöðu fiskeldis í landinu sem tekin var saman af starfsmönnum Framkvæmdasjóðs Íslands eftir því sem ég best veit.

Í þessari skýrslu kom fram mjög alvarleg staða þessarar greinar og þar kemur skýrt fram að margir fjárfestingarlánasjóðir eiga mikið fé hjá þessum fyrirtækjum. Ég held að það sé alveg ljóst að sumt af þessu fé mun seint innheimtast vegna stöðu greinarinnar og þeirrar arðsemi sem þar hefur verið. Hins vegar eru margir fjárfestingarlánasjóðirnir í þeirri stöðu að þeir telja það þjóna hagsmunum sínum að viðhalda þeim stofnum sem þar eru lifandi og koma þeim annaðhvort í eðlilega slátur stærð eða viðhalda þeim til frekara eldis. Mér er kunnugt um það að margir fjárfestingarlánasjóðanna hafa þurft að endurmeta stöðu sína í því ljósi og telja það samrýmast betur hagsmunum sínum að leggja fram nokkurt fé að láni til þess. Án þess að ég þekki þau dæmi sem hann nefndi hér um Byggðastofnun vænti ég þess að líkt sé farið um þann fjárfestingarlánasjóð sem á verulegt fjármagn útistandandi hjá fiskeldinu.

Nú er þessum málum ekki þannig háttað, að mínu mati, að þeim verði kippt í lag með frekari afurðalánum eða rekstrarfjármögnun. Vandinn er miklu djúpstæðari en svo og ég sé enga leið aðra en þá að þeir sem hafa lánað fé til þessara framkvæmda og sett fé í þessa atvinnugrein þurfi að vera ábyrgir fyrir því og tel ljóst að þeir muni verða fyrir verulegum skakkaföllum. Það er hins vegar rétt að hæstv. forsrh. lagði það

til að skipaður yrði samstarfshópur á vegum nokkurra ráðuneyta til að fara yfir málið og meta stöðuna og taka afstöðu til þeirra tillagna sem komu fram í þessari skýrslu en þar voru ákveðnar tillögur um það sem gera skyldi. Þessi nefnd hefur af skiljanlegum ástæðum ekki enn þá tekið til starfa en ég vænti þess að svo muni verða alveg á næstunni.

Ekki veit ég hvort þetta svarar spurningum hv. þm. en ég vænti þess að nokkrir molar séu í það sem hann var að leita eftir.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. sjútvrh. að þetta voru nokkrir molar. Ég hafði auðvitað gert mér grein fyrir því eða tel mig muna það að ábyrgðadeild fiskeldislána heyrir undir landbrn. (**Gripið fram í:** Fjmrn.) Var það fjmrn.? Ég vissi að það var ekki sjútvrn. en það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er að viðskiptavinir þessarar deildar sæta slíkum afarkostum að sýnt hefur verið fram á að reksturinn stendur ekki undir þeim kostnaði sem því fylgir að eiga viðskipti við ábyrgðadeild fiskeldislána. Af þeim sökum óskaði ég eftir því að Byggðastofnun vekti sérstaka athygli forsrh. á því að lagasetningin hefði algerlega mistekist, ekki náð sínum tilgangi.

Nú heyri ég það, gagnstætt því sem mér var sagt á fundi Byggðastofnunar í gær, að þetta sérstaka málefni sem stjórn Byggðastofnunar vakti athygli forsrh. á er ekki eitt af þeim verkefnum sem ráðherranefnd er ætlað að fjalla um. Mér skildist á ráðherra að niðurstaða væri í rauninni fengin. Um frekari rekstrarfjármögnun gæti varla orðið að ræða sem ég skil svo að það sé skoðun ráðherra að ástæðulaust sé að greiða fyrir því að þau fyrirtæki sem hafa kannski nýlega verið stofnuð á rústum annarra geti fengið eðlileg afurðalánaviðskipti, en eitthvað er um það, ég veit a.m.k. um eitt fyrirtæki sem stofnað hefur verið á rústum annars og ekki hefur fengið bankaviðskipti.

Má vera að það verði talið þjóðhagslega hagkvæmt að við drögum algerlega í land og reynum ekki að stuðla að frekara fiskeldi hér á landi. Ég tel þó að við höfum lagt þvílíka fjármuni í fiskeldið að varasamt sé að loka öllum slíkum stöðvum nema þá kannski ef einstakir sjóðir telja óhjákvæmilegt að halda rekstri eitthvað áfram til þess að forðast enn frekara tap. Að viðhorfið til fiskeldisins sé með öðrum orðum á neikvæðum forsendum en ekki jákvæðum. En ég vil helst ekki horfa á fiskeldið með því hugarfari. Þó svo að erfiðlega gangi á erlendum mörkuðum nú um sinn og þó svo að aðeins tvær litlar lúður lifi hjá Fiskeldi Eyjafjarðar, þá eru það þó tvær litlar lúður.

Ég vildi gjarna óska eftir því, herra forseti, að þingið hefði milligöngu um það að einstakir þingmenn geti fengið þá skýrslu í hendur sem ráðherra lýsti að gerð hefði verið af Framkvæmdasjóði, er það ekki rétt skilið? (**Sjútvrh.:** Jú.) Í stjórn Framkvæmdasjóðs eru fulltrúar tveggja ráðuneyta og Seðlabankans. Ég geri þess vegna ráð fyrir því að stjórnin telji að þar sé um trúnaðarmál að ræða. Ég tel á hinn bóginn, herra forseti, að málið sé svo viðamikið og þýðingarmikið að eðlilegt sé að a.m.k. fjárhags- og viðskiptanefndarmenn fái þessa skýrslu í hendur til að meta þá alvarlegu stöðu sem hæstv. sjútvrh. talaði hér um. Það er auðvitað alveg óþolandi þegar verið er að tala um jafnþýðingarmikið mál og þetta hversu mikil hula eða leynd á að hvíla yfir einstökum málum gagnvart þinginu.

Ég get nefnt annað dæmi, herra forseti. Ég fór fram á það í sambandi við álmálið, viðræður við hina erlendu aðila, Atlantsálshópinn, við iðnrn. að fá í hendur ákveðna skýrslu sem mér var kunnugt um að væri í höndum réttra manna og höfðu birst glefsur úr í blöðum. Ég vildi fá þá skýrslu í hendur sem alþingismaður með eðlilegum og formlegum hætti. En að sjálfsögðu var ekki hægt að verða við þeirri beiðni. Á hinn bóginn er það að verða heldur leiðinlegur vani ráðherra að hlaupa fyrir framan sjónvarpsmyndavélar út á hvað eina, enda er þessi ríkisstjórn að verða heimilisplága hjá öllum sjónvarpseigendum hér á landi, og má segja að ég eigi ekki að lasta það svo mjög því að það á m.a. ríkan þátt í því mikla fylgishruni sem stjórnarflokkarnir hafa orðið fyrir hversu oft einstakir ráðherrar birtast á sjónvarpsskerminum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að það hendi ekki hv. þm. að láta sjá sig í sjónvarpinu því að eftir því sem hann segir gæti það orðið til þess að draga mjög úr fylgi hans. En svo sleppt sé öllu gamni þá tók ég lokaorð hv. þm. sem slík, sem er nú líka nauðsynlegt að viðhafa einstaka sinnum þótt hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða. En ég vil leiðrétta þann misskilning hjá honum að það hafi falist í mínum orðum að komin væri niðurstaða í málinu. Svo er alls ekki. Þess vegna bað forsrh. um að þessi nefnd yrði sett saman, að tekin væri afstaða til þeirra tillagna sem koma fram í þessari skýrslu.

Nú er það áreiðanlega rétt hjá hv. þm. að þessi skýrsla er trúnaðarmál. Hún er sérstakt trúnaðarmál vegna þess að hún fjallar um fjárhagsmálefni einstakra fyrirtækja og það er mjög mikilvægt hvað svo sem öllum öðrum trúnaðarmálum líður og ég veit að hv. þm. er mér sammála í því að það er mikilvægt að með slíka skýrslu sé farið sem slíka. En ég get tekið undir það með honum að þingnefndir verða að sjálfsögðu að hafa aðgang að trúnaðarmálum. Ég kannast ekki við það að slíkum trúnaðarmálum sé haldið fyrir þingnefndum í mikilvægum störfum þeirra. Ég tel eðlilegt að fjh.- og viðskn. biðji um slíkar upplýsingar og auðvitað fer nefndin með þær eins og önnur trúnaðarmál sem sú ágæta nefnd þarf iðulega að fjalla um.

Ég vil jafnframt taka það fram að í orðum mínum fólst ekki að það bæri að neita eðlilegri rekstrarfjárfyrirgreiðslu til þessara fyrirtækja. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að það beri að greiða fyrir því, enda séu fjármál viðkomandi fyrirtækja í því lagi að trú sé á því að þau muni standast til lengri framtíðar. Þá er ég ekki að tala um það lægsta verð sem er í dag heldur á grundvelli þess mats sem menn hafa á framtíðarhorfum slíkra fyrirtækja. Og ég veit að hv. þm. er mér

sammála í því að mörg þessara fyrirtækja hafa fjárfest svo mikið og skulda svo mikið af þessari fjárfestingu að það er lítil von um að þau geti greitt það í náinni framtíð. Þess vegna tel ég eðlilegt að endurskipuleggja fjárhag þessara fyrirtækja, afskrifa þær skuldir sem á þeim hvíla með einum eða öðrum hætti, hvort sem það er í gegnum nauðasamninga, gjaldþrot eða með öðrum hætti, og lána þeim í framhaldi af því til eðlilegrar uppbyggingar því að ég er alveg sammála hv. þm. í því að við megum ekki afskrifa þessa atvinnugrein á einu bretti þótt þar hafi orðið veruleg áföll. Þau áföll eru staðreynd en það er ekki þar með sagt að ekkert geti gengið í þessari grein í framtíðinni. Ég tel þvert á móti að þar séu margvíslegir möguleikar sem beri að nýta, þar með talið að koma lífi í enn þá fleiri lúður af þeim stofni sem hann nefndi og mér er vel kunnugt um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, 3. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 180.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum, 3. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 179.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

14. fundur, miðvikudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Starfsmannamál, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (framkvæmd kjarasamninga og félagsaðild). — Þskj. 172.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er um breytingar á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og um breytingar á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Þetta frv. felur í meginatriðum í sér valddreifingu er birtist í því að verið er að veita fjmrh. almenna heimild til að fela einstökum ríkisstofnunum að annast framkvæmd kjarasamninga fyrir sína hönd. Með framkvæmd kjarasamninga er í þessu samhengi átt við útreikninga á launum og launavinnslu, eða þær ráðstafanir sem gera þarf til þess að unnt sé að borga starfsmönnum laun. Úrvinnsla á bókunum í samningum með öðrum atriðum sem vísað hefur verið til nefndar til nánari umfjöllunar og túlkun kjarasamninga falla utan við framkvæmd kjarasamninga samkvæmt þeim skilningi sem hér er lagður til grundvallar.

Um sl. áramót varð starfsfólk, sem ráðið hafði verið af sveitarfélögum eða stofnunum í samrekstri ríkis og sveitarfélaga, ríkisstarfsmenn eða starfsmenn ríkisins á grundvelli laga nr. 87/1989. Átti þetta við um starfsfólk heilsugæslustofnana, framhaldsskóla og fræðsluskrifstofa sem ekki voru þegar á launaskrá hjá ríkinu. Sjúkrasamlög voru lögð niður og sjúkratryggingar færðust til Tryggingastofnunar ríkisins sem hluti af almannatryggingakerfinu.

Launavinnslan fyrir allt það starfsfólk, um 800 manns, sem skipti um vinnuveitanda þann 1. jan. 1990 á grundvelli framangreindra laga var færð til Launaskrifstofu ríkisins. Nokkrar umræður urðu um það hvort þessi þróun væri æskileg og var niðurstaðan sú að svo væri ekki. Því var ákveðið að nýta það tækifæri sem býðst nú með breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 75/1990, þegar tæplega 3000 starfsmenn skipta um vinnuveitanda um nk. áramót og færast til ríkisins, til að stíga fyrstu sporin til fráhvarfs frá miðstýringu á launavinnslunni.

Allt frá því á síðustu öld annaðist ríkisféhirðir greiðslu launa ríkisstarfsmanna. Í fyrstu var um greiðslu á föstum árslaunum að ræða þar sem annað þekktist ekki. Með auknum umsvifum ríkisins um eða eftir síðari heimsstyrjöld voru greiðslur ríkisféhirðis á launum einskorðaðar við þá starfsmenn sem samþykktir voru á fjárlögum hverju sinni. Mjög fór í vöxt að þeim starfsmönnum ríkisins fjölgaði sem ekki voru samþykktir þar og fengu þeir þá greidd laun hjá hlutaðeigandi stofnun. Með tilkomu tölvutækninnar samtímis sem launagreiðslur urðu flóknari samfara margbrotnari samningsgerð varð þróunin fljótlega sú að launagreiðslur fluttust til launadeildar fjmrn. Er nú svo komið að nær allar launagreiðslur ríkisins og ríkisstofnana fara um það kerfi.

Sú tækniþróun sem nú hefur orðið með fjarvinnslu gerir það mögulegt að launaafgreiðslum sé dreift til stofnana á nýjan leik. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 eru stigin mikilvæg skref í þá átt að auka fjárhagslega ábyrgð stjórnenda stofnana og aðild þeirra að ráðstöfun fjárveitinga. Þáttur í því gæti verið að veita stjórnendum stofnana meira svigrúm til að afgreiða laun til

starfsmanna sinna. Almenn heimild til að fela einstökum ríkisstofnunum að annast framkvæmd kjarasamninga opnar leið til að halda launa- og starfsmannamálum sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í starfstengslum við þau sem mest heima í héraði eins og verið hefur.

Í frv. er auk þess lagt til í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var með l. nr. 128/1989, um breyt. á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að starfsmenn sem skipta um vinnuveitanda og gerast starfsmenn ríkisins eða ríkisstarfsmenn á grundvelli laga nr. 75/1990, fái að halda sinni stéttarfélagsaðild ef þeir óska. Loks er lagt til að forstöðumönnum eða stjórnendum stofnana verði heimilað að staðfesta ráðningarsamninga starfsmanna sinna en fram að þessu hafa ráðningarsamningar verið staðfestir af hlutaðeigandi fagráðuneyti og fjmrn. Með þessari tilhögun, bæði hvað varðar framkvæmd kjarasamninga og að fela stofnunum að staðfesta ráðningarsamninga, er verið að hverfa frá miðstýringu í og auka ábyrgð ríkisstofnana. Frv. felur því að meginstofni til í sér valddreifingu, þ.e. heimild til að hverfa almennt frá miðstýringu á launavinnslu og auka á þann hátt ábyrgð stofnana.

Hér er verið að stíga fyrstu skrefin í átt til þeirrar valddreifingar sem rætt hefur verið um hér á Alþingi um nokkurt skeið og m.a. hefur komið fram, bæði í grg. fjárlagafrv. og einnig í skýrslum Ríkisendurskoðunar, um æskilega þróun ríkisfjármála. Þess vegna þótti ástæða til að fela fjmrn. ákveðið eftirlitshlutverk með framkvæmdinni og heimild til afturköllunar ef ekki yrði farið að settum reglum. Þessi mál eiga efalaust eftir að þróast í framtíðinni en hyggilegast er að stíga fyrstu sporin af varfærni. Fjmrn. fer áfram með gerð kjarasamninga við þau stéttarfélög sem hér eiga hlut að máli. Því má öllum vera ljós nauðsyn þess að ráðuneytið geti fylgst með og haft áhrif á hvernig samningar eru framkvæmdir og túlkaðir.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 136. mál (fjárhagsaðstoð við einstæða foreldra). — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 73. mál (rektorskjör). — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Listamannalaun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 144. mál (heildarlög). — Þskj. 150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Flutningur Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 152. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Læknalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 153. mál (sérfræðileyfi og sjúkraskrár). — Þskj. 165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 100. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Frv. JSS, 110. mál (aðild að lífeyrissjóði). — Þskj. 114.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

15. fundur, miðvikudaginn 21. nóv., að loknum 14. fundi.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, 1. umr.

Stjfrv., 117. mál (breytingar á stofnskrá). — Þskj. 121.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Frv. þetta sem kemur frá hv. Ed. er á þskj. 121. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, á ensku The International Monetary Fund, var stofnaður skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldar og Ísland var einn af stofnaðilum hans. Nú eru 154 ríki aðilar að þessum sjóði. Mongólía og Sviss hafa nýlega sótt um aðild að sjóðnum og þess er vænst að þau og Sovétríkin bætist í hóp aðildarríkja áður en langt um líður.

Starfsemi sjóðsins hefur tekið ýmsum breytingum frá því hann var stofnaður. Í fyrstu beindust kraftar hans að því að útrýma hömlum á gjaldeyrisviðskiptum milli þjóða, einkum venjulegum greiðslum fyrir vörur og þjónustu. Góður árangur á því sviði ásamt farsælu samstarfi margra þjóða um tollalækkun og afnám ýmissa viðskiptahafta og samstarf iðnríkjanna í Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD, allt þetta starf hefur án efa örvað milliríkjaviðskipti og átt sinn þátt í örum efnahagsframförum á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er mikilvægur hluti af því alþjóðaviðskiptakerfi sem hefur reynst lýðræðisríkjunum farsælt. Þessi þróun hefur ekki síst komið smáum ríkjum eins og Íslandi til góða sem byggja velferð sína að miklu leyti á utanríkisviðskiptum. Þegar fastgengisfyrirkomulagið leið undir lok árið 1971 varð nokkur breyting á starfsemi sjóðsins þar sem hann lék ekki lengur aðalhlutverk í ríkjandi gengisfyrirkomulagi en áður hafði hann verið akkeri fyrir fastgengisstefnu sem ríkti um stærstan hluta jarðar. En svo varð önnur veigamikil breyting á verkefnum sjóðsins þegar skuldakreppa í fjölmörgum þróunarríkjum, einkum ríkjum rómönsku Ameríku og í nokkrum ríkjum Austur-Evrópu, reið yfir á árinu 1982.

Sjóðurinn hefur gegnt lykilhlutverki í aðgerðum til þess að létta skuldabyrði þessara ríkja, finna leiðir til að örva hagvöxt og auka útflutningstekjur þeirra, þannig að þau fái staðið undir afborgunum og vöxtum af erlendum lánum. Oft og tíðum hafa frumkvæði og þátttaka sjóðsins í aðgerðum til hjálpar skuldugum þjóðum verið forsenda þess að aðrar fjölþjóðlegar fjármálastofnanir, einstök ríki og einkaaðilar væru tilbúin að leggja einnig hönd á plóg. Þannig hefur sjóðurinn verkað sem hvati til fjárhagslegrar endurskipulagningar hjá mörgum ríkjum.

Tillagan sem hér er flutt á sér þá sögu að sjóðsráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykkti 28. júní sl. að breyta stofnskránni. Sú breyting er hin þriðja frá því að sjóðurinn var stofnaður. Þessi breyting tekur gildi þegar $^{3}/_{5}$ hlutar aðildarríkjanna, sem til samans ráða 85% af heildaratkvæðamagni í sjóðnum, hafa samþykkt hana. Það er gert ráð fyrir því að það verði eigi síðar en í byrjun næsta árs.

Breytingin á stofnskránni er birt í heild sem fskj. með frv. og ég vísa til þessa skjals um orðalag á einstökum greinum. Ég vil þó fara hér örfáum orðum um meginefnið en það er að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, líkt og Alþjóðabankinn, getur nú gripið til þeirra ráða að svipta aðildarríki sem kann að brjóta gegn ákvæðum stofnskrárinnar réttinum til að nota fjármagn sjóðsins. Bæti aðildarríkið ekki ráð sitt er svo heimilt að vísa því alfarið úr sjóðnum. En ólíkt Alþjóðabankanum getur sjóðurinn hins vegar ekki gengið mildilegar fram, gengið skrefi skemur og eingöngu svipt aðildarríki tímabundið atkvæðisrétti án þess að vísa því úr samtökunum. Breytingin á stofnskránni, sem hér er gerð tillaga um að samþykkt verði, felur í sér heimild einmitt af þessu tagi. Meginástæða þess að talin er þörf á slíkri breytingu á stofnskránni nú er að nokkur aðildarríki hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum og látið hjá líða að endurgreiða lán sem þau hafa fengið frá honum. Þessar vanskilaskuldir fara nú vaxandi og nokkur af þessum skuldugu aðildarríkjum hafa hafnað því að eiga skipulegt samstarf við sjóðinn til þess að finna leiðir til að þau geti staðið í skilum. Vanskilaskuldir við sjóðinn veikja að sjálfsögðu fjárhagsstöðu hans, hækka vexti af lánum til annarra aðildarríkja og gera honum yfirleitt erfiðara um vik að standa við skuldbindingar sínar gagnvart öðrum aðildarríkjum.

Ég vil að síðustu, virðulegur forseti, geta þess að fyrir þinginu liggur annað frv. til laga um málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, nefnilega frv. til laga um heimild ríkisstjórnarinnar til að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá sjóðnum. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.-

og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 1. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 122.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Frv. er á þskj. 122 og það kemur frá hv. Ed. Í frv. er óskað eftir heimild til að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 59,6 millj. sérstakra dráttarréttinda, SDR, sem er að jafnvirði 4.688 millj. kr. þegar miðað er við gengið í byrjun október sl., í 85,3 millj. SDR, sem er að jafnvirði 6.709 millj. miðað við sama gengi. Þá er Seðlabankanum falið að leggja fram það fé sem nauðsynlegt kann að vera til þess að framkvæma þessa hækkun.

Starfsfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins byggist fyrst og fremst á framlögum, kvótum aðildarríkja hans sem eru ákveðnir með hliðsjón af þjóðartekjum viðkomandi ríkis, umfangi utanríkisviðskipta þess og örfáum þáttum öðrum sem varða greiðsluviðskipti þess. Heildarkvótar sjóðsins hafa verið auknir átta sinnum frá því að sjóðurinn var stofnaður með almennri kvótahækkun eða úr innan við 10 milljörðum SDR á fyrstu starfsárunum í núverandi umfang sem svarar 90,1 milljarði SDR. Með þeirri kvótahækkun sem nú hefur verið ákveðin og leitað er staðfestingar á, níundu kvótahækkuninni, er ætlunin að auka kvótana í heild í 135,2 milljarða SDR. Þessi hækkun miðast við aukna efnahagsstarfsemi og umsvif í alþjóðaviðskiptum í heiminum frá því áttunda almenna kvótahækkunin var ákveðin árið 1983 og fjárhagsstöðu sjóðsins, áætlanir um starfsemi hans og nauðsyn þess að auka ráðstöfunarfé hans á komandi árum.

Þessi hækkun á ráðstöfunarfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur nú á afar heppilegum tíma, ef samþykkt verður, því ljóst er að olíuverðshækkun í kjölfar Persaflóabardagans og deilna sem af honum hafa hlotist kemur harkalega niður á olíuinnflutningsríkjunum, einkum hinum fátækustu ríkjum í Afríku og ríkjum Austur-Evrópu, og auka þörf þessara ríkja fyrir lán og fyrirgreiðslu hjá sjóðnum til þess að mæta greiðsluerfiðleikum í utanríkisviðskiptum sínum.

Þá er þess að geta að atkvæðavægi aðildarríkjanna í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fer fyrst og fremst eftir framlögum þeirra eða kvóta. Þar hafa Bandaríkin stærstan hlut, 20,08% af heild, þar á eftir koma Bretar með 6,94%, Vestur-Þjóðverjar, nú Þjóðverjar, 6,06%, Frakkland 5,02%, Japan 4,73% og svo Saudi-Arabar með 3,59%. Eftir níundu kvótahækkunina og sérstakt samkomulag sem gert var í tengslum við hana um breytingu á atkvæðavægi fimm stærstu ríkjanna mun hlutur Bandaríkjanna af heildinni lækka lítillega eða verða 19,6%, Japan verður með 6,1%, Vestur-Þýskaland með 6,1%, Bretar með 5,5%, sömuleiðis Frakkar, og Saudi-Arabar með 3,8%. Öll þessi ríki hafa nú hvert sinn fulltrúa af samtals 22 í stjórn sjóðsins. Norðurlöndin ráða nú saman yfir 3,48% af heildarkvóta í sjóðnum. Sá hlutur verður 3,5% eftir níundu kvótahækkunina. Hlutur Íslands sérstaklega er 0,07%, verður lítillega lægri, 0,06% eftir níundu kvótahækkunina. Norðurlöndin hafa sameiginlega einn fulltrúa í stjórn sjóðsins, skiptast á um að skipa hann.

Eins og ég nefndi áðan mun kvóti Íslands hækka úr 59,6 millj. SDR í 83,5 millj., sem er að jafnvirði 6.709 millj. kr. miðað við gengið í októberbyrjun, ef þetta frv. verður að lögum.

Skv. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, er bankinn fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og mun hann því leggja fram það fé sem þarf vegna þátttöku Íslands í þessari kvótahækkun. Í samræmi við ákvæði í stofnskrá sjóðsins er fjórðungur hækkunarinnar greiddur í sérstökum dráttarréttindum, eða sem svarar rúmlega 500 millj. kr., en $^{3}/_{4}$ hlutar í íslenskum krónum. Í rauninni verður ekki um neinar eiginlegar peningagreiðslur að ræða frá Íslandi, því sá hluti kvótahækkunarinnar sem greiddur er í SDR er tekinn af gjaldeyrisforða Seðlabankans og fluttur til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem greiðslan myndar sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá sjóðnum og telst áfram hluti af gjaldeyrisforða Íslands. Er því í rauninni einungis um að ræða breytingu á samsetningu gjaldeyrisforðans. $^{3}/_{4}$ hlutar kvótahækkunarinnar, eða tæplega 1.500 millj. kr., verða ekki af hendi reiddar í reiðufé, heldur eignast Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn innstæðu sem nemur þessari fjárhæð í Seðlabankanum.

Ávinningur Íslands af því að taka þátt í þessari almennu kvótahækkun er einkum þrenns konar:

Í fyrsta lagi geta aðildarríki átt kost á aðgangi að fjármagni sjóðsins, tekið hagstæð lán hjá honum úr ýmsum lánaflokkum til þess að bregðast við greiðsluvandræðum, og miðast þá lánsfjárhæðirnar, eða réttur inn til aðgangs að lánsfénu, við tiltekið margfeldi eða hlutfall af kvóta hvers ríkis, sem er reyndar breytilegt frá einum lánaflokki til annars.

Ísland hefur nokkrum sinnum tekið slík lán hjá sjóðnum. Í fyrsta sinn árið 1960 í tengslum við efnahagsaðgerðir sem þá var gripið til. Næst var svo tekið lán hjá sjóðnum þegar síldin hvarf skyndilega af miðunum 1967–1968 og svo loks þegar olíuverðshækkanir dundu yfir á áttunda áratugnum og allra síðast þegar loðnubrestur varð árið 1982. Öll þessi lán hafa verið að fullu endurgreidd og er Ísland skuldlaust við sjóðinn. Þá er þess líka að geta að með því að taka þátt í þessari kvótaaukningu heldur Ísland hlut sínum í atkvæðavægi í sjóðnum og sæti sínu, í þátttöku með Norðurlandaþjóðum, í stjórn hans. Loks er líka ástæða til að geta þess að með því að taka þátt í þessari kvótaaukningu eru Íslendingar að leggja sinn skerf til þess að greiða fyrir lausn á vandræðum skuldugustu ríkj-

anna, ekki síst nú þegar olíuverðshækkun hefur enn dunið yfir.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Lausafjárkaup, 1. umr.

Frv. JSS o.fl., 111. mál (gallar í steinsteypu). — Þskj. 115.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram frv. til laga um breytingu á lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922, um að ný svohljóðandi mgr. bætist við 54. gr. laganna:

„Kröfur vegna galla í steinsteypu, sem keypt var tilbúin frá framleiðanda, fyrnast á tíu árum frá afhendingu vörunnar, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast vöruna lengri tíma eða haft svik í frammi."

Þetta frv. var einnig flutt á síðasta þingi en fékkst því miður ekki afgreitt úr nefnd. Frv. var þá og er einnig nú flutt að frumkvæði Húseigendafélags Reykjavíkur. Það felur í sér að fyrningarfrestur krafna sem rísa kunna vegna galla í steinsteypu lengist úr einu ári í tíu ár frá afhendingu. Tilgangur frv. er sá að auka vernd húsbyggjenda og annarra kaupenda steinsteypu gagnvart göllum er leynast kunna í steypunni og auka ábyrgð framleiðenda, verktaka og eftirlitsaðila að sama skapi.

Á síðari árum hefur æ fleirum orðið ljóst að ákvæði 54. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, er kveður á um eins árs fyrningarfrest krafna vegna galla á seldum hlut eða vöru sem meginreglu, er óeðlilegt og fresturinn of skammur hvað varðar galla á vissum vörutegundum, t.d. byggingarefni, þar sem vitað er að gallar, sem voru á vörunni er kaup fóru fram, geta hæglega dulist kaupanda þótt hann hafi beitt eðlilegri árvekni við kaupin og mjög langur tími liðið þar til þeir koma fram. Er þetta því bagalegra þar sem hér er oft um afar mikil verðmæti að ræða og gallinn getur hæglega valdið kaupanda illbærilegu tjóni ef honum reynist ókleift að rétta hlut sinn gagnvart seljanda. Einkum hefur tilbúin steinsteypa til mannvirkjagerðar komið til umræðu og athugunar í þessu sambandi, ekki síst í tilefni af kunnum málaferlum fyrir nokkrum árum þar sem mjög reyndi á ákvörðun fyrningarfrests vegna alvarlegra galla á keyptri steinsteypu til íbúðarhússbyggingar. Varð niðurstaðan sú í dómi Hæstaréttar frá 27. júní 1983 að krafa húsbyggjandans var talin fyrnd samkvæmt ákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922, um árs frest til kröfugerðar frá því að kaup tókust, en mörg ár liðu hins vegar þar til húsbyggjandinn varð gallans var sem hafði í för með sér stórtjón fyrir hann. Vakti þessi niðurstaða m.a. mikla umræðu í fjölmiðlum og kom fram í máli margra að niðurstaða í þessa átt gæti verið óréttlát gagnvart neytendum enda þótt ekki yrði vefengt að Hæstiréttur hefði einungis farið eftir gildandi lögum. Var tillögum til úrbóta jafnframt hreyft á Alþingi án þess þó að þar fengist nein niðurstaða um réttarbætur. Er þessu frv. því ætlað að leysa tiltekinn vanda á umræddu sviði ef að lögum verður.

Þegar hugað er að breytingum á 54. gr. laga nr. 39/1922 í fyrrnefnda átt er ljóst að örðugt getur verið að ákvarða þær vörutegundir sem til álita kemur að setja um sérstakt ákvæði þar sem fyrningarfrestur sé lengdur til muna frá því sem algengast er í lausafjárkaupum. Hefur orðið að ráði að miða hér einungis við tilbúna steinsteypu, sökum þess að þar birtist vandamálið í skýrustu ljósi og ætla má að gallar á því sviði hafi verið og séu allalgengir, sbr. umræður sem fram hafa farið um hinar svokölluðu alkalískemmdir. Er þá miðað við það í 1. gr. frv. að um þessa sérstöku vörutegund gildi tíu ára fyrningarfrestur, sem reyndar er hinn almenni fyrningarfrestur samkvæmt lögum nr. 14/1905, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim lögum. Jafnframt þykir eðlilegt að hafa sama fyrirvara og nú er í 54. gr. um sérstaka ábyrgð seljanda til lengri tíma en tíu ára og um svik seljanda, en um svik gildir þá að öðru leyti ákvæðið í 7. gr. laga nr. 14/1905. Rétt þykir hér einnig, til þess að taka af öll tvímæli, að miða upphaf fyrningarfrestsins við afhendingu vörunnar, svo sem gert er í 54. gr. laga nr. 39/1922, en reglur laga nr. 14/1905 um það efni eru hins vegar ekki nægilega ljósar. Verður almennt að ætla að ákvæði um tíu ára fyrningarfrest á umræddri vöru muni hvort tveggja í senn verða framleiðendum sérstök hvatning til vöruvöndunar og nákvæms gæðaeftirlits og leiða til fullnægjandi réttarbóta fyrir neytendur í flestum tilvikum, þótt hins vegar séu dæmi þess, svo sem í fyrrnefndu dómsmáli, að sá frestur sé ekki nægilega langur sökum þess hve gallar í steinsteypu geta verið lengi að koma fram. Á hitt ber þó að líta að seljendur þessarar vöru sem annarrar hafa augljósa hagsmuni af því að reglur um fyrningarfrest séu glöggar og einnig að fresturinn verði ekki ákveðinn mjög langur, t.d. langt umfram tíu ár, því að það mundi skerða réttaröryggi þeirra um of.

Meðal annarra Norðurlandaþjóða stendur nú yfir endurskoðun hinna almennu laga um lausafjárkaup og hafa sumar þjóðirnar nýlega lögtekið endurskoðaða lagabálka um það efni. Hefur þetta endurskoðunarstarf farið fram í norrænni samvinnu sem íslensk stjórnvöld hafa haft tækifæri til að fylgjast með þótt ekki hafi þar verið um beina þátttöku að ræða. Hefur verið leitast við að hafa sem mest samræmi milli texta hinna nýju norrænu laga á þessu sviði, en ljóst er þó að um algert samræmi verður þar ekki að ræða. Ætla verður að á næstu árum muni íslensk stjórnvöld hlutast til um endurskoðun núgildandi laga um lausafjárkaup. Má þá telja víst að í flestum efnum verði tekið mið af meginreglum hinna endurskoðuðu kaupalaga grannþjóða okkar, en jafnan verður þó að taka nægilegt tillit til ís-

lenskra séraðstæðna þar sem það á við. Ákvæði það um viðbót við núverandi 54. gr. kaupalaga, sem hér er borið fram í frumvarpsformi, mun tvímælalaust eiga fullan rétt á sér í endurskoðuðum lögum um lausafjárkaup, en ástæðulaust er að bíða þeirrar endurskoðunar hvað þetta ákvæði varðar sökum þess að um brýna réttarbót er að ræða sem verndar hag neytenda á mikilvægu viðskiptasviði.

Flutningsmenn gera sér ljóst að ævinlega er vandasamt að kveða í löggjöf á um ábyrgð einstakra aðila að almennum viðskiptum. Verslun með steinsteypu er mjög mikilvægt svið viðskipta hér á landi þar sem iðulega eru miklir hagsmunir í húfi enda algengt að húsbyggjendur leggi aleigu sína að veði þegar ráðist er í húsbyggingu. Því er brýnt að hugað sé að vernd þeirra sem neytenda, en þó þannig að gætt sé eðlilegs jafnvægis milli hagsmuna kaupenda og seljenda. Sala og meðferð steinsteypu er nú mun þróaðri tæknilega en áður var. Ljóst er og að ending steypu er ekki einvörðungu háð gæðum framleiðslunnar sem nú er venjulega dælt í steypumót úr flutningstæki, heldur einnig meðferð hennar á byggingarstaðnum. Því þarf að vega og meta hvernig ábyrgð á hugsanlegum göllum skuli skipt milli framleiðenda og annarra er að verkinu koma, sem og eftirlits- og úttektaraðila.

Flutningsmenn telja eðlilegt að í þingnefnd verði farið nánar í saumana á þessum atriðum og kallað eftir áliti tæknimanna á þessu sviði.

Þess má að lokum geta að tvö þingmál nátengd þessu málefni voru flutt á Alþingi fyrir nokkrum árum. Annars vegar frv. á 107. löggjafarþingi sem Sighvatur Björgvinsson o.fl. fluttu og hins vegar till. til þál. á 106. löggjafarþingi, en það mál fluttu Birgir Ísl. Gunnarsson o.fl.

Flutningsmenn, sem ásamt mér eru Geir H. Haarde, Ásgeir Hannes Eiríksson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Jón Kristjánsson og Þórhildur Þorleifsdóttir, leggja til að eftir umræðu í hv. deild verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vaxtalög, 1. umr.

Frv. SV, 116. mál (hámarksvextir). — Þskj. 120.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Ég óska eftir því að bankamálaráðherra verði viðstaddur þessa umræðu. Ég mun leggja fyrir hann spurningar út af þessu máli og tel mjög erfitt að taka það fyrir án þess að a.m.k. hæstv. bankamálaráðherra sé hér viðstaddur. Ég hefði líka viljað hafa forsrh. en hann er víst erlendis svo ekki er um það að ræða. (**Forseti:** Forseti telur að þetta sé eðlileg ósk af hálfu flm. og hefur gert ráðstafanir til þess að fá hæstv. viðskrh. til að vera hér en skv. töflu forseta hefur ráðherra farið úr húsinu. Þess hefur verið óskað að haft verði upp á ráðherra og honum tjáð hver ósk ræðumanns er.) Má þá ekki bara fresta málinu og taka fyrir næsta mál? (**Forseti:** Já, ræðumaður óskar eftir að málinu verði frestað þar til ráðherra kemur í húsið og verður að sjálfsögðu orðið við því.)

Umræðu frestað.

Umboðsmaður barna, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 137. mál. — Þskj. 143.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég mæli nú fyrir í þriðja sinn liggur frammi á þskj. 143 og er 137. mál þingsins. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Árni Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Jón Kristjánsson. Þegar frv. var flutt í fyrsta sinn voru meðflutningsmenn mínir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran og Hjörleifur Guttormsson og í annað sinn voru það þeir hv. þm. Árni Gunnarsson og Hjörleifur Guttormsson þar sem hv. þm. Kristín S. Kvaran er horfin af þingi og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir orðin ráðherra. Að þessu sinni hafa hins vegar bæst við nýir liðsmenn og það er því von mín að þetta frv., sem þegar hefur fengið verulega meðferð hér í þinginu, nái nú fram að ganga á þessu þingi.

Frv. sjálfu fylgir allítarleg greinargerð og í bæði skiptin sem ég talaði fyrir því gerði ég nokkra grein fyrir því líka. Ég mun því í ræðu minni nú aðallega víkja að þeim breytingum sem orðið hafa á frv. frá því að það var fyrst flutt. Það kann að vera hálfgerð kaldhæðni að minna menn á að þeir hafi heyrt ræður mínar fyrr þar sem nú er sama staða í þingsal Nd. að það eru örfáir sem hlýða á þessa ræðu eins og gerst hefur undanfarin ár. Verður nú enn að ítreka það að það lítur út fyrir að mjög mikil þreyta sæki á hv. þm. þegar talað er um málefni barna og hefur það áður komið fram hér í umræðu.

Þegar þetta frv. var fyrst flutt árið 1986, og raunar einnig 1987, var ráð fyrir því gert að embættinu yrði fundinn staður í dómsmrn. Þar gekk flm. það fyrst og fremst til að þeir óttuðust að frv. næði síður fram að ganga ef menn ættu von á viðbót við hið opinbera kerfi. Frá því að frv. var flutt fyrst hefur það gerst að umboðsmaður Alþingis hefur tekið til starfa. Flutningur þessa frv. hefur verið ræddur við Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis, og var m.a. um það rætt við hann hvort embætti umboðsmanns barna mætti koma fyrir innan embættis umboðsmanns Alþingis. Niðurstaða þeirra viðræðna varð þó sú að verkefni umboðsmanns barna væru allt annars eðlis en verkefni umboðsmanns Alþingis og því væri eðlilegt að umboðsmaður barna starfaði sjálfstætt og umfram allt óháð framkvæmdarvaldinu. Það er því ráð fyrir því gert í þessu frv. að umboðsmaður barna heyri beint undir Alþingi eins og umboðsmaður Alþingis. Viðfangsefni umboðsmanns Alþingis, hvort sem þau varða börn eða

fullorðna, yrðu eftir sem áður í verkahring embættis hans, enda engin krafa gerð um að embætti umboðsmanns barna skipi löglærður aðili eins og er um umboðsmann Alþingis.

Þá er þess að geta að frv. það sem nú liggur fyrir 113. löggjafarþingi til laga um vernd barna og unglinga, og nær vonandi samþykki á þessu þingi, tekur enn frekar fyrir að verkefni umboðsmanns barna, barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs kynnu að skarast og er það vel. Eins og fram kemur í 4. gr. frv. er hlutverk umboðsmanns barna fyrst og fremst að gæta hagsmuna barna á öllum sviðum við stjórnvaldsákvarðanir en honum er ekki ætlað að vinna að einstökum einstaklingsmálum heldur vísa þeim til fagmanna sem þar kunna með að fara.

Menn deila tæpast um það að í löggjöf þjóðarinnar skuli tillit tekið til þarfa allra þjóðfélagsþegna svo að þeir megi allir þrífast sem best í landinu. Því síður deila menn um mikilvægi þess að vel sé í haginn búið fyrir þá sem eru að vaxa úr grasi og eiga að taka við af okkur hinum eldri. Það má þó ljóst vera að börnin sjálf eru ekki á sama hátt í stakk búin til að fylgja eftir sjálfsögðum mannréttindum sínum í samfélaginu og hinir sem eldri eru og þroskaðri. Aðbúnaður allur og uppvaxtarskilyrði þeirra eru á ábyrgð okkar hinna fullorðnu.

Tilgangurinn með því frv. sem hér er til umræðu er því að stíga mikilvægt skref í áttina til þess að börnin eigi sér málsvara sem taka verður tillit til. Í þeirri greinargerð sem fylgdi frv. upphaflega og fylgir nú enn með því er í raun og veru fátt sem þarfnast breytinga þó að þessi greinargerð sé orðin fjögurra ára gömul. Það vekur hins vegar athygli að þá fylgdi frv. mannfjöldaspá þar sem Hagstofa Íslands spáði því að öldruðum fjölgi mjög en börnum hljóti að fækka. Þó að þessi spá sem birtist með frv. upphaflega sé ekki nema fjögurra ára gömul hefur hún svo sannarlega ræst. Nú eru í landinu 253.785 manns en árið 1985 voru þeir 241.500 og þeim hefur því fjölgað. Börn á aldrinum 0–6 ára eru nú 29.490 eða 11,6% en voru þá 30.200 eða 12,5%. Börn á aldrinum 7–15 ára eru nú 33.955 eða 13,4% en árið 1985 voru þau 37.300 eða 15,4%. Þessar tölur tala sínu máli og eru í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands sem fylgdi hinu upphaflega frv. Þær sýna svo að ekki verður um villst að börnum á aldrinum 7–15 ára fækkar í landinu á sama tíma og þjóðin nær æ hærri lífaldri. Fólki þykir ekki fýsilegt að ala upp barnahóp við þær aðstæður sem því eru til þess búnar og getur hver séð sjálfur hverjar afleiðingar það hefur fyrir framtíðarþjóðfélagið að æ færri verða vinnufærir meðan þeim sem lokið hafa starfsdegi fjölgar stöðugt.

Þetta ástand er víðar að finna en hér á landi. Trú mín er hins vegar sú að við séum dálítið öðruvísi að þessu leyti. Ég held að það sé miklu meira eftir af vilja Íslendinga til þess að eiga stórar fjölskyldur. En ég geri mér fullkomlega grein fyrir, og ég held að það hljótum við öll að gera, að það er ekki efnilegt fyrir ungt fólk að stofna til stórrar fjölskyldu þar sem svo til engin þjónusta er við þetta unga fólk sem ætlast er til að vinni úti á vinnumarkaðinum, oft óheyrilega langan vinnudag. Það fær skólavist fyrir börnin sín sem á engan hátt hentar fjölskyldunni þegar litið er til vinnudags allra fjölskyldumeðlima. Alþingi Íslendinga telur sex mánuði nægjanlegan tíma til að finna þau tengsl sem hafa áreiðanlega úrslitaáhrif fyrir hverja lifandi manneskju allt lífið með því að fæðingarorlof er einungis sex mánuðir og svo mætti lengi telja og hefur þó verið úr þessu bætt síðan frv. var fyrst flutt þar sem þá var einungis um að ræða þriggja mánaða fæðingarorlof. Því hefur einfaldlega ekki verið svarað hvert á að senda barnið þegar þeim tíma lýkur. Þjóðfélagið hefur ekkert svar við því. Það er ætlast til að það fari eitthvað, flækist á milli dagmæðra þar sem vistin kostar kannski helminginn af launum annars foreldrisins fyrir heils dags vinnu o.s.frv. Svo mikið er búið að tala um húsnæðismál hér á hinu háa Alþingi nýlega að ég ætla ekki að fara að víkja að því líka. En það er í raun og veru sama hvert er litið. Foreldrar standa einfaldlega ráðþrota með börnin sín miðað við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu. Og ég held að Alþingi Íslendinga sé til neytt að taka á þessum málum af alvöru og gera sér ljóst að það er löngu kominn tími til að a.m.k. einn starfsmaður í þjóðfélaginu hafi þá ábyrgð að fylgjast með því að réttindi barna séu tryggð og tillit tekið til þarfa þeirra við þær ákvarðanir sem teknar eru. Það er að mínu viti nokkuð sem á eftir að skila árangri því að einhvers staðar segir í fornum bókum að illt sé þeim sem á ólandi er alinn. Og það er ekki annað að sjá af nýlegum blaðaskrifum en að við séum að búa börnum okkar hér óland.

5. sept. sl. er viðtal í DV við Sólveigu Ásgrímsdóttur sálfræðing. Tilefni þess var umræður um ofbeldi meðal barna. Sólveig er t.d. spurð að því hvað hún telji að valdi þessu upplausnarástandi sem hún segir vera í samfélaginu. Og hún er m.a. spurð að því hvort ofbeldismyndir muni hafa áhrif á þetta. Sólveig Ásgrímsdóttir sálfræðingur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta getur hvort tveggja átt sér einhverja stoð en það sem ég held að skipti máli er að þessi börn sem eru hvað verst farin af vídeóglápi hafa verið í stjórnlausri vídeóneyslu þar sem fullorðnir hafa ekki horft á þessar myndir með þeim. Það skiptir mjög miklu máli að fullorðnir séu með þegar börnin eru að horfa á sjónvarp til þess að stjórna á hvað þau horfa, hve mikið og einnig til að útskýra og ræða hvað þarna fór fram og vinna með það áfram. Þó eru ákveðnar myndir sem eru handan allra velsæmismarka og eiga ekkert erindi til barna."

Síðan er hún spurð hver sé ástæðan fyrir því að svona ung börn beiti ofbeldi en það kemur fram í þessari grein að 11, 12 og 13 ára börn beiti og verði fyrir ofbeldi. Og Sólveig Ásgrímsdóttir heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er nokkuð viss um að þessi óskaplega vinna foreldra skaðar börn því að foreldrar geta ekki fylgst með þeim. Ég var skólasálfræðingur 1983 þegar vísitala á launum var afnumin og þann vetur komust margir í mjög miklar fjárhagskröggur og maður horfði hrein-

lega á fjölskyldu eftir fjölskyldu hrynja. Þá sagði ég einhvers staðar að það mætti mikið vera ef við fengjum ekki þessi börn sem nú eru að alast upp á vergangi í hausinn þegar þau yrðu eldri. Það hversu illa er búið að börnum hvað varðar umhyggju og gæslu er tímasprengja í samfélaginu. Börn sem fá ekki umönnun og aðhlynningu á aldrinum frá fæðingu til 12 ára aldurs og eru sett á guð og gaddinn eru í mikilli hættu á að skaðast og geta lent í einhverjum ógöngum af eigin hvötum eða leiðst út í þær með öðrum."

Þetta eru hörð orð sálfræðings sem starfar meðal skólabarna í höfuðborg landsins, að hún minnist á eina ákveðna stjórnvaldsákvörðun sem tekin var 1983 þegar vísitala á launum var afnumin. Og hún fullyrðir að hún hafi séð merkjanlegan skaða á börnum fjölskyldna beinlínis af þessum ástæðum. Hefði þarna verið umboðsmaður barna hefði hann kannski getað bent á hver áhrif slíkar ákvarðanir hafa á velferð fjölskyldunnar.

Hér er ég með úrklippu úr dagblaðinu Tímanum og hún er nýrri, frá 13. nóv. Þar er talað við einn kunnasta skólamann í Reykjavík, Anton Bjarnason, núverandi lektor við Kennaraháskólann. Hann hefur áhyggjur af því að börn nú til dags fái of litla hreyfingu og telur að það gæti hamlað námsárangri síðar meir. Það eru gömul og ný sannindi að samhengi sé á milli líkamlegrar velferðar og andlegrar og „heilbrigð sál í hraustum líkama" er gamalt orðtæki sem flestir kannast við. Hann talar um að hann sjái þess merki að börn eigi erfitt með að leika sér í hópi nú orðið. Þau séu úthaldslaus. Hann skýrir frá, og ég ætla að vitna orðrétt í hann, með leyfi hæstv. forseta, hvernig þolleysið lýsti sér þegar hann ætlaði að láta börn fara í leiki eins og hann gerði áður og hreyfa sig í 40 mínútur. Hann segir: „Mörg þeirra héldu ekki út í 10 mínútur. Í miðjum stórfiskaleik t.d. sem tekur ekki nema 3–4 mínútur hrundu sum hver niður við rimlana. Og þegar að var gáð gátu þau ekki meira." Þetta er að mínu viti mikið áhyggjuefni og vitaskuld er þetta árangur af því að börn eru allt of mikið ein heima, vinnudagur foreldra er of langur, það stjórnar því enginn hvort börnin fara út að leika sér og auðvitað sækja þau mörg í að sitja yfir vídeótækjum og sjónvarpi og öðru slíku af því að það er enginn til þess að hvetja þau til að leika sér. Börn eru ekki dugleg við að finna sér afþreyingu, eins og við öll könnumst við, og þau hafa mikla þörf fyrir að fullorðnir vísi þeim leið til þess.

Síðan segir einnig í þessari grein og ég vitna enn í Anton Bjarnason, lektor við Kennaraháskólann, að hann sjái mikla breytingu á því sem var og sérstaklega það hve streita fullorðinna hefur mikil áhrif á börnin. Hann segir einnig að hreyfiþroski og námsárangur fari saman. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Allar rannsóknir sýna að þau börn sem byrja í skóla líkamlega vel á sig komin standa sig betur í námi." Og hann benti á tölur frá Danmörku sem styðja þetta. Þar var gerð könnun árin 1983, 1984 og 1985 á sex ára börnum. Hann segir að skýr fylgni hafi reynst vera á milli námsárangurs og hreyfiþroska.

Ég hef áður gert hér að umtalsefni kunnáttu barna í handmennt og ég minntist einnig á það þegar ég talaði fyrir þeim málum hér að reynt yrði að efla handmenntakennslu í skólum landsins, því að sú þjálfun sem börn fá á eigin höndum við að vinna eitthvað í höndunum er auðvitað einn anginn af þessu eins og íþróttir og leikir þjálfa líkamann almennt.

Það mætti finna margar blaðagreinar þar sem vitnað er í sérfræðinga á þessum sviðum. Ég lagði ekki vinnu í það en það er auðvelt að minna á umræðu sem hér varð fyrir um það bil ári síðan þegar kennarar höfuðborgarinnar hófu upp ramakvein yfir því að börn væru vannærð, skólabörn fengju ekki morgunmat, þau hefðu ekki með sér nesti, og skólalæknar ráku sig á það að börn voru beinlínis van- og illa nærð. Ef við sem sitjum hér á hinu háa Alþingi ætlum að horfa upp á það, án þess að eitthvað sé í því gert, að verið sé að ala upp kynslóð í þessu ríka landi, kynslóð barna sem er úthaldslítil, vannærð, með lélegan málþroska, sem áður hefur komið hér til umræðu, þá veit ég í raun og veru ekki hvernig við lítum á ábyrgð okkar sem alþingismanna. Við vitum það öll að menningarlega hafa börn ævinlega orðið afgangs og þarf ekki annað en líta til ríkisfjölmiðlanna sem telja sig ekki hafa efni á að framleiða hollt og gott menningarefni fyrir börn. Því að það er rangt, alveg eins um börn og um fullorðna, að börnin vilji lélegt efni. Þau mundu heldur kjósa gott efni ef það væri á boðstólum. Það hefur verið margreynt, t.d. í bókaútgáfu í þessu landi, að keppa við lélegt efni og ég hef ekki orðið vör við annað en að það hafi tekist með ágætum vel. Nú er verið að sýna hér íslenska barnakvikmynd sem ég hygg að njóti mikilla vinsælda, enda einn kunnasti barnarithöfundur landsins þar á ferðinni, Herdís Egilsdóttir kennari. Vitaskuld sækja börnin slíkt efni ef það er fyrir þeim haft.

Um þessa hluti væri hægt að tala mikið og lengi og ég skal ekki taka meiri tíma, hæstv. forseti. Ég vil hins vegar geta þess að borist hefur bréf, sem fylgir með í frv. á eftir greinargerð, frá Foreldrasamtökunum í Reykjavík þar sem mjög er hvatt til þess að þetta frv. nái nú fram að ganga og stofnað verði embætti umboðsmanns barna. Við erum hér að fara fram á að við stjórnvaldsákvarðanir verði tekið tillit til fjórðungs þjóðarinnar. Við skulum vona að börnin verði áfram fjórðungur þjóðarinnar en óneitanlega eru ýmsar blikur á lofti, að börn kynnu að verða miklu minni hluti hennar.

Ég vil því skora á hv. þm. að skoða frv. vel og veita því brautargengi á þessu þingi. Ég held að Alþingi væri til sóma að þetta mál næði fram að ganga hér eins og það hefur gert annars staðar á Norðurlöndum og reynst mjög vel þar enda vandað til ráðningar slíks umboðsmanns og vil því að lokum, hæstv. forseti, leggja til að frv. fari að lokinni 1. umr. til umfjöllunar í hv. allshn. eins og áður.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka 1. flm. þessa frv. og jafnframt láta í ljósi ánægju yfir því að fá að vera meðflutningsmaður að því og leggja þessu máli lið.

Undanfarið hafa komið nokkur mál til meðferðar á

Alþingi sem snerta hag barna mjög mikið. Það er ástæða til þess að harma að þau skuli ekki vekja meiri athygli og áhuga en raun ber vitni því að það mun mála sannast að við höfum ekki allt of mikinn tíma. Það eru of margar blikur á lofti til að við getum látið það afskiptalaust. Hættumerkin berast í sífellu, en það stendur svo sannarlega á viðbrögðum þessarar samkundu.

Frv. sem hér er til umræðu tekur auðvitað bara á fáeinum þáttum þessa mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir í uppeldi barna okkar og unglinga og í málefnum fjölskyldna á Íslandi. En ekkert eitt mál getur auðvitað leyst allan vandann og því ber að leggja hverju því máli lið sem tekur á einhvern hátt á vandanum.

Í greinargerð með frv. er farið nokkuð vítt yfir völlinn og tæpt á helstu málum þar sem alvarlega horfir og færa þarf til betri vegar. Ég vil sérstaklega gera hér að umræðuefni þann þátt sem verður að fylgjast mun betur með en hingað til hefur verið gert og stórbæta. Það er einmitt það efni sem börn eiga kost á í fjölmiðlum. Ég hef að vísu þegar rætt það við 1. flm. frv. að ég hefði kosið að sjá tilgreinda fleiri aðila sem kæmu í ráð það sem skal vera umboðsmanni til ráðgjafar og vil ég þá sérstaklega nefna til tvo. Í fyrsta lagi held ég að það gæti verið hollt að í þessu ráði væri einhver fulltrúi fjölmiðla. Það efni sem tilreitt er fyrir börn og unglinga í meira að segja ríkisfjölmiðlum okkar er til háborinnar skammar. Það er lítið, en það er ekki nóg með það, það er líka vont að flestu leyti. Það heyrir til undantekninga ef hér er í sjónvarpi — ég vil að vísu undanskilja hljóðvarp, en við vitum öll að því miður er hlustun á slíkt efni í útvarpi kannski ekki mikil en þeim mun meira fylgjast börn með sjónvarpi og þess vegna geri ég það nú aðallega að umræðuefni. Þar er þannig haldið á málum að það er ekki bara að það láti börn afskiptalaus eða sé meinlaust. Það beinlínis vinnur gegn börnum.

Í fyrra var flutt á Alþingi þáltill. um könnun á ofbeldi í myndmiðlum þar sem lagt var til að kannaðar yrðu sérstaklega tíðni og tegund ofbeldis sem sýnt væri í dagskrá ríkissjónvarps, og það talar náttúrlega sínu máli að það skuli þurfa að flytja slíka tillögu, auk þess í dagskrá Stöðvar 2, í kvikmyndahúsum og á þeim myndböndum sem eru á boðstólum í myndbandaleigum.

Það hefði svo sannarlega ekki veitt af að einhver löggiltur aðili fylgdist með þessu efni og sæi til þess, þó ekki væri nema að lögum væri framfylgt, því ég er sannfærð um að ef svo væri væri stór hluti efnis Ríkissjónvarps dæmdur úr leik. Því miður náði þessi tillaga ekki að ganga fram í óbreyttu formi, þótti of dýrt, of mikil útgjöld, og væri nú betur að þingmenn væru alltaf eins aðsjálir og þeir eru þegar kemur að málefnum barna.

Ábyrgð þessara fjölmiðla er mikil vegna þess að við vitum það að börn eyða miklum tíma fyrir framan fjölmiðla, ýmist við þá dagskrá sem í boði er eða myndbönd að eigin vali. Þróuninni verður auðvitað ekki snúið við. Við getum ekki fjarlægt þessa fjölmiðla eða dæmt þá úr leik, heldur verðum við að reyna að stýra efni þeirra og notkun þessara miðla. En eins og hv. flm. kom inn á þá er sá tími mjög takmarkaður sem foreldrar hafa aflögu, oft og tíðum, til að fylgjast með hvað börn horfa á og verða þeir oft að treysta á að aðrir annist það eftirlitshlutverk. Þá stendur auðvitað eftir sá vandi þegar börn eru oft og iðulega að horfa á efni sem þeim er torskilið og fá kannski skilaboð í gegnum þessa fjölmiðla sem þau átta sig ekki á og hafa e.t.v. engan til þess að deila þeim hugrenningum með sem vakna með þeim við horfun.

Slíkt eftirlit með dagskrá þarf ekki einungis að ná til barnaefnis heldur líka þess efnis sem ætlað er fullorðnum. Það hefur m.a. orðið umræða um það að fréttir séu oft og tíðum svo yfirfullar af ofbeldi að það sé ekki verjandi að börn horfi á þær. Ég vildi nú e.t.v. ganga lengra og segja að ekki væri heldur verjandi að fullorðnir horfðu á það. En mestu varðar nú að börn geri það ekki.

Málið sem fyrir börnum er haft í fjölmiðlum er auðvitað ekki alltaf eins og skyldi, en þó er það nú kannski ekki versti hlutinn. Nú er það svo að meiri hluti efnis ætlaður börnum er auðvitað erlent efni og er textað með rittexta og því geta alls ekki öll börn tileinkað sér innihald. Eflaust ætti þess vegna að reyna að talsetja allt efni þó það liggi við að maður hugsi stundum: Guði sé lof að barnið skildi þetta ekki. Oft er vitleysan slík að maður þakkar næstum fyrir að hún skuli þó vera á erlendu tungumáli.

Fyrst og fremst er það ofbeldið sem fyrir þeim er haft og vitleysan. Það er svo mikið af heimskulegu efni og það að tala niður til barna, hvort sem er í tóni eða efnisvali, er alls ekki hin rétta leið. Ég held að við sem höfum t.d. komið nálægt einhvers konar listsköpun fyrir börn, og það hafa bæði ég og hv. 1. flm. gert, vitum að því betra efni sem framleitt er fyrir börn því betri eru viðbrögðin og þeim mun meira gaman hafa þau af efninu. Það þarf ekkert að hlífa börnum andlega. Það er ekki það að ekki megi sýna þeim dökku hliðar mannlífsins og jafnvel ganga dálítið langt í þeim efnum svo framarlega sem það er vel fram sett og höfðar til þeirra tilfinningalega en er ekki bara kalt ofbeldi sem oftar en ekki er framreitt eins og ekkert sé sjálfsagðara og jafnvel oft á þann máta að það sé sjálfsagt og eðlilegt og eina leiðin til þess að leysa úr deilum fólks t.d. sé ofbeldi.

Ég vissi af því um daginn að drengjum nokkrum á aldrinum 12–13 ára gömlum var gefin klámmynd í vídeóleigu. Klámmynd af andstyggilegustu gerð. Svo andstyggileg að jafnvel þessum strákpottormum, sem héldu fyrst að þetta væri bara sniðugt og þeir mundu svona vera dálítið mennilegir við að horfa á þetta, blöskraði svo að þeir þorðu ekki að horfa. En hvert er nú eftirlitið þegar í fyrsta lagi svona myndir eru á boðstólum inni á vídeóleigunum og í öðru lagi þegar börnum er gefið svona efni? Sem betur fer í þessu tilfelli komst þetta upp í skóla viðkomandi drengja og skólinn ætlar að bregðast við. En þetta segir náttúrlega sína sögu hvar foreldrar standa í dag jafnvel þó þeir sjálfir reyni að leggja af mörkum ef eftirlitshlutverkið er svona

slæmt. Þarna er t.d. bara eitt dæmi um það hvernig svona umboðsmaður, eins og hér er lagt til, gæti gripið inn í því þarna er sannarlega verið að brjóta lög.

Hinn aðilinn sem ég vildi gjarnan að kæmi þarna við sögu er fulltrúi listamanna því ég held að það sé mál til komið að við tengjum betur saman líkamlega og andlega velferð barna. Það er auðveldara að taka á hinni líkamlegu velferð, þó vissulega sé þar oft pottur brotinn, en þótt hin andlegu verðmæti og andlegt umhverfi barna verði aldrei mælt eða vegið endanlega þá megum við ekki skirrast við að taka á því að þeim sé líka búið heilbrigt andlegt umhverfi. Við erum öll sammála um það að við viljum helst ekki að börnin okkar neyti eiturefna, hvort sem það er í formi vímugjafa eða jafnvel bara óæskilegra efna í mat. Við viljum helst ekki heldur að þau þurfi að anda að sér mjög óhreinu lofti. En við þurfum að vera jafnvakandi fyrir því að hugur þeirra og tilfinningalíf sé líka í hreinu lofti. Það menningarlega svelti sem börnum er haldið í á Íslandi hefur líka afleiðingar. Það hvað lítið þau kynnast sögu, menningu og arfleifð sinnar eigin þjóðar gerir þau fortíðarlaus og þá um leið auðvitað framtíðarlaus vegna þess að enginn getur ímyndað sér framtíð nema hann spegli þá framtíð í fortíð. Ef við ætlum okkur að búa sem þjóð í þessu landi þá verðum við m.a. að gefa þeim þennan fortíðarspegil.

Ég hef líka þá trú að börn sem fá þroskavænlegt uppeldi, sem inniber m.a. listneyslu og listupplifun og sköpun, séu betur í stakk búin til þess að skilja flest annað sem að þeim snýr í lífinu vegna þess að þau öðlast við það meiri tilfinningaþroska. Þau öðlast dýpri og betri skilning á lífi og kjörum annarra, bæði í sínu nánasta umhverfi og víðar í heiminum, en það er einmitt þessi skilningur á högum annarra sem okkur er svo nauðsynlegur til þess að geta lifað í friði og sátt í þessum heimi. Andlega fátækur maður er lítið betur staddur þó að séð sé fyrir líkamlegri velferð hans.

Sem betur fer hefur undanfarið oft verið rætt nokkuð um þessi mál hér og margt tínt til. Hv. flm. talaði hér áðan um þegar kennarar vöktu athygli á því í fyrra að hér gengju um vannærð börn, sem er náttúrlega eins og háðung í velferðarþjóðfélagi að við skulum ekki einu sinni geta nært börn okkar sæmilega. Samt treysta menn sér ekki til að koma hér á skólamáltíðum þó að vitað sé að stór hluti foreldra er ekki heima í hádeginu til þess að gefa börnum sínum að borða, enda er skólatíma í mörgum tilfellum hagað þannig að börnin komast ekki heim.

Það eru ýmis fleiri merki. Hér eru tannskemmdir meiri en þekkjast í sambærilegum löndum. Hér eru umferðarslys á börnum tíðari en þekkist annars staðar. og nú mun svo komið að um 10% þeirra nemenda sem koma í framhaldsskóla að loknu grunnskólaprófi eru ólæs. Þetta kom m.a. fram á fundi sem menntmn. þingsins voru á í morgun í Menntaskólanum við Sund. Þar hafa verið gerðar talsverðar rannsóknir á því hvers vegna brottfall nemenda er svona mikið og komist að þeirri niðurstöðu að hvorki meira né minna en 10% nemenda væru ólæs. Það segir okkur náttúrlega ýmislegt um skólakerfi landsins en það segir okkur líka mikið um ástand fjölskyldna landsins vegna þess að það er vafasamt að draga þá ályktun að það sé vegna gáfnaskorts sem svona stór hluti barna lærir ekki að lesa. Þar veldur m.a. ástand fjölskyldna. Bæði að börnum líður illa, geta ekki einbeitt sér að námi, festa sig ekki við það og eins að þau fá ekki hvatningu eða hjálp heima við eins og þau þurfa. Við getum ekki bara skellt skuldinni á skólakerfið.

Það er svo sem gleðilegt sem fram kom í drögum að menntastefnu til ársins 2000 á ráðstefnu um sl. helgi, að nú stendur fyrir dyrum að stórauka list- og verkmennt í skólum. Vona ég svo sannarlega að það reynist meira en orðin tóm og gert verði stórátak þannig að þær greinar fái sama vægi í skólum og bóklegar greinar hafa núna. Það hefur sjaldan verið meiri þörf fyrir þessar greinar en einmitt núna þegar heimilin verða sífellt verr í stakk búin til þess að taka t.d. handmennt eða verkmennt að sér. Börnin læra þær ekki lengur heima. Listgreinarnar, eins og ég sagði áðan, eru auðvitað vel til þess fallnar að ýta undir þroska þeirra og gera þá hæfari einstaklinga sem ná betri andlegum þroska en þeir mundu gera ella.

Ég vildi vekja athygli á þessum tveim atriðum. Það mætti ef til vill huga að þeim þegar þetta frv. kemur til umræðu í nefnd. Auðvitað væri, ég segi eins og hv. flm. sem talaði hér á undan mér, hægt að tala um þetta endalaust því vandfundið mun það mál í þjóðfélaginu, eða sú ákvörðun sem tekin er, sem ekki snertir börn með einu eða öðru móti. Ég vil þó ljúka máli mínu í þetta sinn með því að ítreka að þannig er komið málum að það fólk sem hér hefur valist til starfa má ekkert tækifæri láta ónotað til þess að leggja sitt af mörkum til þess að betur sé búið að börnum þessa lands og að við getum skilað þeim sómasamlegum til fullorðinsára.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta er nú það stórt og mikið mál að við förum ekki mikið ofan í það á svona fundi, enda eru fáir sem hlusta. Ég hef farið yfir þetta frv. og ég er ekki viss um að það muni ná sínum tilgangi öðruvísi en að breyta því nokkuð. Sérstaklega held ég að það sé nauðsynlegt að í 3. gr., þar sem segir að ákveðnir aðilar skuli tilnefna ráð eða ráðgjafa, sé sett inn ákvæði um að þetta ráð verði að koma saman ekki skemur en eitthvað tiltekið til þess að bera saman bækur sínar. Það er engin trygging fyrir því að það vinni, eins og ég veit að flm. hv. ætlast til, öðruvísi en að tiltekið sé að það skuli koma saman. Ég ætla ekki að nefna neitt en málið er svo hrikalegt að það er engin ástæða til annars en að ákveða að það sé nokkuð oft á hverju ári. Til þess að upplýsa mál, til þess að fá yfirsýn yfir hvernig þessi mál standa. Þetta tengist mikið öðru máli sem ekki hefur heldur verið sinnt sem skyldi og það er fjölskylduráðgjöf. Þetta tvennt tengist saman. Það hafa ekki fengist fjárveitingar til þess að sinna þessu verkefni. Ég kannski veit ekki nægilega vel hvernig þetta er í Reykjavík en mér er sagt að það sé bara á einum stað á landinu sérstakur félagsráðgjafi sem sinnir þessu verkefni og það er á Akureyri. En þar sem ég þekki

marga félagsráðgjafa sem eru í nánu sambandi við mig þá veit ég dálítið um það hvernig þessi mál standa. Ef maður er með opin augun, bara í hverfinu sem maður býr, þá sér maður hvað sum börn eru bæði vannærð og eru á útigangi. Þeim er ekki sinnt. Og ég hef lent í því að krefjast þess að foreldrar sæki barn sem er með dóttursyni mínum vegna þess að honum er ekki sinnt í lengri tíma, kannski allan daginn.

Ég held að það þurfi að fara ofan í þetta frv. Það er spurning hvort hægt er að tengja það átaki í sambandi við fjölskylduráðgjöf. En það er a.m.k. alveg sjálfsagt mál og nauðsynlegt að það sé ákveðið hvað oft þessi ráðgjafanefnd á að koma saman og, ef þetta verður að lögum, þar sem náttúrlega umboðsmaður verður í öndvegi. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að það er spurning, til þess að fá umræðu um þetta í þjóðfélaginu, hvort ekki ætti t.d. að boða áheyrnarfulltrúa annað slagið, a.m.k. ríkisfjölmiðlana, til þess að kynna sér málin og geta um þau skrifað.

Ég ætla ekki að fara ofan í þetta mál frekar. Ég vil bara benda flm. á að mínar hugrenningar í þessu máli. Það er ekki ofsagt að þetta er er kannski stærsta mál þessa þings. En náttúrlega er sú spegilmynd af þjóðlífinu sem hér hefur komið fram fyrst og fremst sú að við erum eiginlega ekki búin að ná fótfestu eftir það að bændasamfélagið hrundi. Afarnir og ömmurnar og langafarnir eru hætt að kenna börnunum. Það er allt einangrað.

Ég held að það sé ekki fleira sem ég hef að segja um þetta en mér þætti vænt um að ég gæti eitthvað fylgst með þessum málum í nefnd.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram athyglisverð umræða um málefni barna og þá skipan sem við höfum á ýmsum málum. Vissulega er það satt og rétt, sem hér hefur komið fram, að víða eru lög brotin og eftirlit ekki sem skyldi. Hitt er svo annað mál að ég veit ekki hvort allir þeir þættir yrðu leystir þó að þetta frv. yrði að lögum. Hins vegar staldra ég mjög við það að íslenskt þjóðfélag er nauðbeygt að forgangsraða verkefnum. Við höfum ekki efni á öllu. En við höfum heldur ekki efni á því að láta suma hluti vera eins og þeir eru. Ég tel t.d. að það sé gersamlega óverjandi að hafa ekki skólamáltíðir fyrir börn á barnaskólaaldri. Ég tel það gjörsamlega óverjandi og ég hygg að það sé rétt sem hér kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv. að það er *eitt af þeim málum sem íslenskt samfélag getur ekki* verið þekkt fyrir að láta vera í því fari sem það er.

Persónulega hef ég aldrei skilið að það sé hægt að setja það þannig upp að þjóðfélagslega séð kosti það peninga að börnin fái mat í skólanum nema þá sé litið svo á að það sé samkomulag um það að börnin fái ekki mat. Það er vitað að þarna er aðeins um tilfærslur að ræða. Hins vegar liggur tilfærslan í því að sé komið á skólamáltíðum má ætla að matarvenjur unglinga verði betri en þær eru og þar kemur margt á eftir, m.a. ástand tannanna sem er kannski það heilbrigðisvandamál sem íslensk börn eiga í mestum vandræðum með. Það er nú svo að áhrif Morgunblaðsins eru mikil og ég minnist þess að ég las það í því blaði að það var enskur dómari sem dæmdi strák sem hafði vanist á óknytti til að borða hollan og eðlilegan mat. Og Bretarnir urðu hissa þegar þeir sáu niðurstöðuna því strákur lagði niður óknyttina. Það hvarflar nú kannski að manni að hann hafi ekki fengið þennan mat og orðið að afla sér fæðu með öðrum hætti af og til.

Ég hef vissulega horft á hinn mikla umferðarvanda sem hefur verið en viðurkenni að ég hef e.t.v. dálítið aðrar skoðanir á því en þær sem hafa verið mest í áherslunni. Ég held að við náum ekki umferðarhættunni niður nema með stórátaki í vegagerð á Íslandi, bæði innan borgarmarka og utan. Ég held að það blasi við að áhersluatriðin sem við höfum verið að leggja mest upp úr, m.a. hraði, eru atriði sem vissulega verður að leggja upp úr miðað við aðstæður vegakerfisins í dag. En það land Evrópu sem er með minnsta umferðarskaðann er Þýskaland með sínar hraðbrautir og sinn mikla hraða, en jafnframt með sína góðu vegi, jafnt innan bæjar sem utan, sem tryggir það að skilin á milli gangandi umferðar og akandi eru hreinni en annars staðar.

Ég ætla einnig af því að þessi umræða hefur gripið til margra þátta að víkja að fjölmiðlunum. Að mínu viti er það eitt alstærsta málið til að styrkja menningararfleifð Íslendinga og stöðu barna þegar þau hefja grunnskólanám að farið verði í að talsetja allt það efni sem ætlað er ungum börnum í sjónvarpi. Ég held að það sé grundvallaratriði að þetta sé gert. Og satt best að segja finnst mér Ríkisútvarpið hafa brugðist í þessum efnum og það verður að segja þeim á Stöð 2 til hróss að þeir hafa lagt fjármuni í það að talsetja efni fyrir börn. Og það er ekkert vafaatriði að sjónvarpið, myndböndin og kvikmyndirnar, þ.e. þessi tækni nútímans, eru það sem mótar verulega allt í okkar samfélagi. Þess vegna spyr maður sjálfan sig: Hlýtur það ekki að vera rökrétt að almenningsbókasöfn þessa lands taki það upp sem eitt af sínum stóru verkefnum að safna góðum myndböndum, þá á ég við góðum í þeirri merkingu að myndirnar hafi gildi, hafi listrænt gildi, þó að vafalaust takist gott og illt oft og tíðum á í þeim myndum, og hafi þessar myndir til leigu á hóflegu verði? Ég held að það þýði ekki að snúast gegn straumnum. Ég held að ekki þýði eins og sumir hafa haft trú á og var algengara áður að menn vildu fyrst og fremst skamma þessa tækni. Ég held að við eigum að taka hana í þjónustu okkar. Þetta gerist ekki með öðru móti. Ef við *gerum þetta mun það sjálfkrafa gerast að mínu viti að* þeir aðilar sem hafa blómstrað á hæpnum forsendum í leigu á kvikmyndum standast ekki samkeppnina nema þá með gjörbreyttum vinnubrögðum.

Ég vil líka bæta því við að auðvitað eru skiptar skoðanir á því hvernig við eigum að nálgast það að vernda börn og unglinga í þeim fíkniefnavanda sem er og ég játa það að ég á enga algilda lausn hvernig við sleppum út úr því öngþveitisástandi sem við erum komnir í. Það hvarflar stundum að mér hvort íslenskt samfélag geri ekki allt of lítið að því að hlusta á krakkana sjálfa, jafnaldra þeirra, hvað þeir leggi til að gert sé. Og oft er það svo að þeirra hugmyndir eru skil-

virkari en margra annarra. Það er t.d. mikil spurning hvort ungmenni sem er staðið að því að hafa smyglað eiturlyfjum til landsins gæti ekki með réttu setið uppi með þann dóm að það hefði ekki ferðafrelsi til útlanda vissan tíma eða, ef slíkt ferðabann væri ekki talið samrýmast alþjóðlegum lögum, að það sæti þá uppi með það að þurfa að yfirgefa landið ef það færi utan, líka vissan tíma.

Þegar ég segi þetta varpa ég hér fram atriði sem unglingar hafa sagt við mig en ég hef ekki kannað hvort gæti átt rétt á sér. En það er ömurlegt til þess að vita hvað eiturefnin flæða yfir og hve miklum skaða þau valda. Ég játa það að ég hef verið að því leyti til skeptískur á þetta frv. að ég hef efað það mjög að það hefði hagnýtt gildi nema e.t.v. hér á höfuðborgarsvæðinu. Þó vil ég segja það að Reykjavíkurborg hefur eytt þó nokkrum fjármunum í fyrirbyggjandi starf og ég vil ekki gera lítið úr því sem þeir hafa verið að reyna að gera á því sviði því að ég hef þekkt menn sem hafa unnið fyrir borgina og veit að þeir hafa virkilega lagt sig fram í því að reyna að hafa áhrif á unglinga. En að sumu leyti hafa skólarnir brugðist. Þeir hafa kannski brugðist vegna þess að stundum gerist það hreinlega, eins og allir vita sem fengist hafa við kennslu, að þeim sem kennsluna stunda er léttir að losna við ákveðna nemendur, að þeir gráta það ekki þó að þeir hætti að koma í tíma. Það er vandamál sem tengist þessum hlutum.

Við höfum búið við það kerfi á Íslandi að barnaverndarnefndum er ætlað mikið starf og mikil völd. Það er lýðræðislegt fyrirkomulag. Spurningin er: Höfum við tryggt þeim næga starfskrafta til að geta sinnt þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna? Ég hygg að það sé rétt að svo sé ekki. En auðvitað er hægt að finna þess dæmi að barnaverndarnefndir hafi ekki skilað sínu starfi en mjög oft hafa þær líka gert það. Og kannski skiptist landið dálítið í svæði í þessum efnum eftir því hversu fjölmennt það svæði er sem viðkomandi barnaverndarnefnd er ætlað að glíma við og þar af leiðandi hversu auðvelt er að glíma við þann vanda sem um er að ræða.

Ég vil aftur á móti taka undir það sem hér hefur komið fram að auðvitað er mál af þessum toga, eins og það sem hér er til umræðu, eitt af stóru málunum í okkar samfélagi og ég fellst ekki á þá skoðun að ástæðan fyrir því að fáir eru í þingsalnum sé að verið sé að ræða um málefni barna. Ég held bara að því miður gerist það harla oft, þegar búinn er aðalhasarinn í afgreiðslu mála í deildum, fækki hér heldur skjótt í þingsalnum og það er vissulega vandamál þingsins að skapa þá virkni að menn fylgist meira með málum en gert er.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki ofsögum sagt af því að málefni barna koma mjög sjaldan til umræðu á hinu háa Alþingi og það er fátt um þingmenn í sölum þingsins þegar að því kemur. Ég minnist þess þegar ég árið 1978 flutti till. til þál. um málefni barna, að þá var líkt farið og nú. Þá voru fáir þingmenn í þingsal og það voru ekki margir sem tóku til máls. Sú þáltill. náði þó til miklu fleiri atriða en umboðsmanns barna. Hún var upptalning á einum 14 eða 15 atriðum um málefni sem gætu horft til betri vegar fyrir börn í þessu landi.

Ég minnist þess að í þessari tillögu var gert ráð fyrir að ríkisstjórnin beitti sér fyrir banni á innflutningi leikfanga sem minntu á vopn og stríðstól. Þetta þótti sumum þingmönnum ákaflega fyndið. Í tillögunni var líka ráð fyrir því gert að ríkisstjórnin beindi kröftum sínum að því að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af barnamat og ýmsu því sem þarf til þegar umönnun ungbarna er annars vegar.

Kannski segir þetta áhugaleysi okkur nokkra sögu um það gildismat sem ríkir í íslensku þjóðfélagi, gildismat sem hefur verið að taka þvílíkum breytingum á síðustu árum á umbrotatímum sem þessi þjóð hefur lifað að með ólíkindum er. Þetta gildismat hefur breyst í þá veru að við höfum litið á lífsgæðastuðulinn sem hið endanlega markmið í allri okkar tilveru. Hið dæmafáa strit og þrældómur sem fólk í nútímasamfélagi hefur orðið að leggja á sig til að halda uppi þessum lífsgæðastuðli hefur komið niður á börnunum. Það hefur í raun dæmt fjöldamörg börn til útlegðar frá heimilum sínum. Þessi hópur á sér ekki marga málsvara. Þessi hópur kýs sér ekki fulltrúa á þing. Þessi hópur fær að vera nokkuð í friði í þjóðfélaginu. Við höfum hins vegar á stundum, til þess að friða samvisku okkar, horft til þess sem ég stundum kalla stofnanapólitík og við viljum láta leysa þau vandamál sem við höfum skapað með þessari óstjórnlegu hagvaxtarkröfu sem í raun er að keyra hér allt í strand með tilliti til fjölskyldu, fjölskyldulífs og allra mannlegra samskipta. Stórfjölskyldan er horfin, stofnanir hafa tekið við ungum og öldnum og þeim sem ekki geta staðið í hinu daglega striti.

Við verðum að spyrja okkur: Er þetta rétt stefna? Þessi spurning vaknar í mínum huga iðulega þegar verið er að fjalla um vandamál barna og unglinga í þessu þjóðfélagi. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort við erum í raun ekki að stika stórhættulega braut, ekki bara vegna barnanna okkar heldur umhverfis okkar alls og þeirrar kröfu að auka látlaust hagvöxtinn á kostnað náttúrunnar sem við erum farnir að blóðmjólka og á kostnað alls þess sem í raun skiptir máli og viðheldur lífi.

Ég vildi varpa þessu fram því að eitthvað í þessum dúr talaði ég árið 1979 þegar ég flutti þáltill. um umbætur í málefnum barna. Hún var ekki mikið rædd og hún varð ekki afgreidd frá hinu háa Alþingi af því, að ég hygg, að það var allt of lítill áhugi fyrir málefnum barna þá og ég spyr sjálfan mig: Hefur áhuginn aukist og hefur hann aukist svo að þetta frv., sem ég tel spor í rétta átt, nái fram að ganga?

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það hefði verið freistandi að taka upp þessa umræðu um stofnanalausnir á málefnum barna og fjölskyldna en það er því miður ekki tími til þess og óskandi að við getum tekið upp þráðinn aftur um það efni seinna.

Mig langar aðeins til að gera hér athugasemd við

mál hv. 2. þm. Vestf. þar sem hann ræddi um áhrifamestu vörnina gegn slysum sem væru greiðari samgöngur, betri vegir. Nú fyrir skömmu komu menn frá Vegagerð ríkisins til þess að kynna sína áætlun og ég spurði þá m.a. að því hvort bættar samgöngur og það að teknar væru hættulegar beygjur, hættulegar brýr o.s.frv. af vegum hefðu dregið úr slysum. Svarið var að slysatíðnin per einhvern ákveðinn tiltekinn fjölda bíla hefur haldist óbreytt í 20 ár og ekki er neinn merkjanlegur munur á slysum vegna bættra samgangna svo að þá leiðréttist nú sá misskilningur. (**ÓÞÞ:** Nei, hann leiðréttist ekki ...) Við erum ekki hér í samræðum, þær eru ekki leyfilegar. Hitt mun mála sannast að slysatíðni á börnum í þéttbýli á Íslandi sem er meiri en nokkurs staðar annars staðar er rakin fyrst og fremst til þess að börn eru ein á ferð út um allt allan daginn. Og við vitum að ástæðan er sú að það er ónóg dagvistun, við vitum að ástæðan er sundurslitinn og stuttur skóladagur. Ég þarf ekki að rekja þetta einu sinni. Við þekkjum þetta öll, að þar í liggur þessi háa slysatíðni á börnum og ég vil bara tilnefna nokkrar tölur hérna máli mínu til stuðnings: Um 50% barna, þetta eru ekki alveg nýjustu tölur, á aldrinum 7–12 ára ganga sjálfala allan daginn og þegar kemur að einstæðum foreldrum er það $^1/_4$ hluti barna á aldrinum 0–6 ára sem gengur sjálfala eða enginn gætir nema í besta falli eldri systkini og um 64% barna einstæðra foreldra á aldrinum 7–12 ára eru gæslulaus alla daga. Þetta talar sínu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim athugasemdum sem hv. 12. þm. Reykv. kom hér með en verulegrar einsýni gætti samt í þeim málflutningi. Það liggur fyrir að víða í okkar gatnakerfi er leyfður akstur í báðar áttir þó að umferðarþungi á viðkomandi götu sé kominn hátt yfir alla staðla sem miðað er við erlendis í þeim tilfellum. Og það liggur fyrir að mörg börn slasast sem eru í bifreiðum sem lenda í árekstri. Ég held að það sé dálítið barnaleg skýring að segja: Þrátt fyrir að beygjunum hefur verið fækkað er slysatíðnin sú sama. Hver einasti maður sem horfir á umferðina hér í Reykjavík og hefur þokkalegt minni þarf ekki að vera hér lengi til að átta sig á því hvað hún hefur vaxið svakalega á örfáum árum. Hún hefur vaxið það mikið að það er með ólíkindum. Auðvitað hafa lagfæringarnar skilað sínum árangri en umferðarþunginn hefur vaxið það mikið að það vegur upp á móti.

En hitt stendur óhaggað sem ég sagði áðan að sú þjóð Evrópu sem mestum fjármunum hefur varið til þess að gera sitt vegakerfi betra er líka með minnstu slysatíðnina. En ég ætla ekki að standa hér og lýsa því yfir að það sé allt í lagi að krakkarnir gangi sjálfala á götunni. Auðvitað skapar það gífurlega slysatíðni og auðvitað eru þau rök sem komu fram hjá hv. 12. þm. Reykv. í þeim efnum fullkomlega rétt. Það er allt annað mál. Hins vegar tel ég að það blasi við það viðhorf sem gjarnan heyrist hjá fólki, það vill setja fjármuni í ýmis mál, m.a. heilsugæslu, tryggingastarfsemi og slíka hluti, en það hikar þegar rætt er um hvað fyrirbyggjandi aðgerðir í umferðarmálum, með því að betrumbæta vegakerfið, skili miklu. Ætli Arnarneshæðin verði ekki eitt af dæmunum um það þegar frá líður að sú breyting sem þar var gerð eigi eftir að draga verulega úr slysum? Ég tek þetta dæmi vegna þess að það er svo nærtækt að jafnvel þeir sem hafa ekki skyggni yfir landið allt ættu í það minnsta að hafa skyggni yfir það svæði.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég skal virða það að hér er kominn tími til þingflokksfunda. Ég vil aðeins þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls í þessari umræðu fyrir vinsamlegar undirtektir og ég vona svo sannarlega að orð hv. 6. þm. Norðurl. e. eigi stoð í veruleikanum, að hér sé á ferðinni eitt stærsta mál þingsins.

Ég skal ekki halda hér langa ræðu. Ég vil aðeins taka undir þá ábendingu hv. 6. þm. Norðurl. e. að vel má vera að í 3. gr. frv. þurfi að koma skýrt fram hve oft og hvenær ráðgjafarnefndin komi saman. Ég hygg að ég hafi nú hugsað það við samningu frv. að það ákvæðu nefndin og umboðsmaður sín í milli en það er auðvitað öruggara að hafa það ljóst í sjálfum lögunum, ef svo skyldi fara að frv. yrði að lögum.

Ég get tekið undir allt það sem hér hefur fram komið. Ég vil aðeins upplýsa, vegna þess að ég eyddi ekki löngum tíma í e.t.v. einn alvarlegasta þáttinn sem varðar aðstöðu barna, slysatíðnina, sem er miklu meiri en víðast hvar annars staðar, og vegna þess að aðrir komu inn á það mál að ég er með í höndunum skýrslu um umferðarslys á Íslandi árið 1989. Á bls. 29 í því riti er aldursdreifing látinna í umferðarslysum á árunum 1972–1989. Það er skelfilegt til þess að vita að á þessum árum létust á aldrinum 0–6 ára 35 börn og á aldrinum 7–14 ára 38, þ.e. 73 börn létust í umferðarslysum á þessum tíma. Og þá getum við rétt hugsað okkur hversu mörg hafa slasast og bera kannski örkuml ævilangt. Þessi þáttur er því auðvitað alveg sérkafli.

Einmitt þarna ætti umboðsmaður barna að koma inn. Ég hef dálítið fylgst með starfi umboðsmanns barna í Noregi. Það er ekki langt síðan yfirvöld í Óslóborg höfðu skipulagt íbúðahverfi í landi utanvert í borginni þar sem börn höfðu gjarnan stundað skíðaíþróttir. Umboðsmaður barna skarst í þann leik og hafði það í gegn með dyggri aðstoð barnanna í hverfinu að þessum skipulagsáformum var breytt og svæðið ekki lagt undir húsbyggingar.

Eins og fram kom í máli mínu áðan er ábyrgðarhluti til þess að vita að hægt sé að benda á stjórnvaldsaðgerð eins og 1983, þegar launavísitalan var tekin úr sambandi, að það skuli vera hægt að benda á það eftir orðum sálfræðings hér í borginni að hún hafi séð raunverulega, eins og hún orðar það, hvernig fjölskylda eftir fjölskyldu hrundi. Þessi stjórnvaldsaðgerð er aðeins ein af mörgum sem virkilega hafa áhrif á líf og starf fjölskyldnanna í landinu.

Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. held ég að það sé engu síður þörf fyrir þetta embætti fyrir fólk úti á landi. Og ég get nú, svo að ég taki ekki tíma, sýnt honum frekar í viðtalinu við Anton Bjarnason, lektor við Kenn-

araháskólann, sem ég vitnaði í áðan að þar tekur hann skýrt fram að samkvæmt rannsóknum hans á líkamlegu ástandi barna mun það engu betra úti á landi og hann vitnar þar í rannsókn sem hann gerði á Norðausturlandi.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Það er auðvitað allt rétt sem hér hefur fram komið. Þó vil ég aðeins vitna í orð hv. 3. þm. Norðurl. e. Ég kynnti mér mjög vel þá þáltill. sem hann gerði hér að umræðuefni, sem hann sjálfur flutti ásamt fleirum, um ýmislegt sem til úrbóta gæti orðið fyrir börn. Ég get glatt hann með því að ýmislegt sem þar var upp talið hefur svo sannarlega komist í framkvæmd. Við getum alltaf huggað okkur við það, hv. þm., að allar umræður um mál verða til þess fyrr eða síðar að eitthvað er í þeim gert, eða það skulum við a.m.k. vona. Það er áreiðanlega hægt að telja upp um það bil helming þeirra atriða sem hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði að umræðuefni í sinni tillögu sem þegar hefur komist í framkvæmd.

Ég skal ekki hafa þetta lengra, hæstv. forseti. Ég vil hins vegar fara fram á það við hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því, og ég vil gjarnan óska eftir því að það verði gert að reglu, að umræður um þau mál sem flutt eru og send til nefnda fylgi með frv. til nefndarinnar. Fæstir þingmanna hafa heyrt þessa umræðu í dag og ég tel það í raun og veru sjálfsagða skyldu hv. nefndarmanna að lesa þessa umræðu. Ég held að það væri ágæt regla og satt að segja undrast að við skulum aldrei hafa beitt okkur fyrir því að umræður um mál fylgi með gögnum til nefndanna þannig að þeir hv. þm. sem þar sitja geti lesið og eigi greiðan aðgang að umræðunni.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þm. sem hér hafa talað og vona að nú nái þetta mál fram að ganga á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

19. fundur, fimmtudaginn 22. nóv., kl. 10 árdegis.

Ráðstafanir vegna ungmenna sem flosna upp úr skóla, ein umr.

Fsp. GJH, 87. mál. — Þskj. 90.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þessari öld hefur skólaskylda sífellt verið að lengjast hvað varðar árafjölda sem hverju ungmenni er skylt að sækja skóla. Eins hefur fjöldi skólagöngumánaða ár hvert aukist og einnig hefur kennslustundum á viku fjölgað. Það er því ljóst að skólanum hefur verið ætlað sífellt stærra hlutverk í uppeldi, þroska og almennri menntun æskulýðs. Að sama skapi hefur ábyrgð skóla og skólayfirvalda vaxið. Þegar skólakerfinu tekst ekki að valda hlutverki sínu gagnvart nemanda sem hverfur úr skóla án þess að hafa lokið skólaskyldu er sýnu stærra skarð fyrir skildi í dag heldur en áður þegar uppeldi og fræðsla var meira í höndum annarra aðila í samfélaginu.

Á undanförnum árum sýna skýrslur Hagstofunnar að 150–235 nemendur á skólaskyldualdri hafa horfið úr skýrslunum án þess að vitað sé hvert þeir fóru. Flest þessi tilvik munu vera með eðlilegum skýringum en langt er frá að svo sé um öll. Skólafólk og aðrir sem veita eiga ungmennum leiðsögn og fræðslu hafa áhyggjur af þeim stóra og sívaxandi hópi sem verður vímuefnum að bráð. Og það að til skuli vera nemendur sem hefja áfengisneyslu 10 ára er alvörumál og áhyggjuefni fyrir alla þjóðina.

Það hefur komið fram áður í þessum þingsal í haust að hópur þeirra sem leiðast út í slíka neyslu fer sífellt vaxandi og endar með vergangi og afbrotum þá oft um leið þegar verst lætur. Því er spurt um það hér hvaða úrræða hæstv. menntmrh. og ráðuneyti hans hafi leitað í þessum efnum og til hvaða úrræða annarra verði gripið á næstunni. Málið er brýnt og sífellt meira knýjandi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir það að vekja athygli á þessu máli hér í fyrirspurnatíma vil ég leyfa mér að þakka fyrir þær umræður sem fram hafa farið hér á hinu virðulega Alþingi um málefni barna að undanförnu, bæði varðandi barnaumboðsmann og fleiri þætti sem lúta að kjörum barna. Það er mikilvægt að Alþingi ræði þessi mál og enn þá mikilvægara væri nú ef menn kæmust síðan að niðurstöðu og tækju ákvarðanir sem gætu haft veruleg áhrif á kjör barna. Til þess gefst enn frekara tækifæri núna næstu daga í hv. Nd. þegar frv. til grunnskólalaga kemur til umræðu.

Varðandi það mál sem hér er spurt um er fyrirspurnin tvíþætt:

„1. Hvaða ráðstafanir hafa yfirvöld menntamála gert til að aðstoða þá nemendur á skólaskyldualdri sem flosnað hafa upp úr skólakerfinu?

2. Eru uppi áætlanir um frekari ráðstafanir? Ef svo er, þá hverjar?“

Það er auðvitað ljóst að margvíslegar ráðstafanir hafa verið gerðar fyrir þá nemendur sem flosna upp úr skólakerfinu. Það á við um þá starfsemi sem þegar er rekin á vegum Unglingaheimilis ríkisins af ýmsu tagi þar sem er meðferðarheimili, skóli og fleiri þættir sem eru á vegum Unglingaheimilisins.

Í öðru lagi er það ljóst að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta grunnskólans á að sinna þessum verkefnum. Fræðsluskrifstofurnar eiga að sinna þessum verkefnum. Skólastjórum er skylt að hafa eftirlit með því að þau börn sem skólana eiga að sækja skili sér þangað. Ef þau gera það ekki, þá leiti skólastjórarnir upplýsinga um af hverju það stafar.

Fyrir utan þessar ráðstafanir sem gerðar hafa verið eru ýmsar fleiri á döfinni og hafa verið á döfinni um langt skeið. Það sem ég ætla að nefna í þessum stutta fyrirspurnatíma, virðulegi forseti, er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að hér á landi eru mörg börn, sennilega a.m.k. tíu talsins að jafnaði, sem eru vegalaus, börn sem enginn getur haft eða enginn vill hafa. Það hefur verið fjallað um það á vettvangi ríkisstjórnarinnar núna um nokkurt skeið að komið verði upp sérstöku heimili fyrir vegalaus börn. Kostnaður við stofnun þess yrði 20–30 millj. kr. og áætlaður rekstrarkostnaður um 15 millj. kr. samkvæmt þeim áætlunum sem unnar hafa verið á vegum menntmrn., félmrn. og fleiri aðila. Þetta mál er, eins og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er háttað núna, í raun og veru sveitarfélagamál og hefur þess vegna átt að vera og verið á forsjá félmrh. en málið hefur verið unnið að talsvert miklu leyti í menntmrn.

Í öðru lagi höfum við tekið sérstaklega á vanda þeirra barna sem hér um ræðir á þéttbýlissvæðinu og myndað framkvæmdahóp um málefni barna og unglinga. Fulltrúar í þeim hópi koma frá dómsmrn., félmrn., heilbrrn., menntmrn., félagsmálayfirvöldum og æskulýðsyfirvöldum sveitarfélaga. Markmið þessa hóps er að hafa yfirsýn yfir ástandið í málaflokknum, safna upplýsingum, miðla þeim og styðja rannsóknaverkefni, að stuðla að samræmdri stefnumörkun í málefnum barna og unglinga, benda á og vinna að mótun nýrra úrræða og fylgjast með þróun þessara mála í grannlöndum okkar. Ástæða þess að hópurinn hefur orðið til er auðvitað sú að vandamál barna spyrja ekki um ráðuneyti, þau hólfast ekki niður eftir stjórnkerfi. Þau eru víðar. Þau ganga þvert á ráðuneyti. Þess vegna töldum við í menntmrn. mikilvægt að svona hópur yrði til. Hann er farinn af stað og ég tel mikilvægt að hann starfi áfram með þeim hætti sem ákveðinn hefur verið.

Í þriðja lagi hef ég núna nýlega — og reyndar hefur það gerst oftar en einu sinni í minni tíð í menntmrn. að ég hef sagt við fræðslustjórana: Þið eigið að fylgjast með þessu. Þið eigið að hafa samband við skólana og skólastjórana og skólastjórarnir eiga að passa upp á þessa hluti. Ég tel að það hafi ekki verið nægilega vel gert. Þess vegna höfum við ákveðið fyrir nokkru að reynt verði að koma upp skilvirkara skráningarkerfi þeirra sem eru í skóla, þeirra sem fara úr skóla á hverjum stað og síðan verði í raun leitað skýringa á því af hverju þetta og þetta barnið skilar sér ekki inn í grunnskólann. Það er auðvitað hneyksli, að ekki sé fastar að orði kveðið, að það skuli geta gerst í þessu litla þjóðfélagi, tiltölulega opna og lýðræðislega þjóðfélagi, að fólk týnist. Það er fyrir neðan allar hellur að það skuli gerast í landi sem státar af tiltölulega góðu velferðarkerfi, og hefur í raun og veru að mörgu leyti gott velferðarkerfi og gott menntakerfi, að í þessu landi skuli það vera þannig að börn týnist út úr skóla þar sem þau eiga að vera samkvæmt lögum. Þess vegna tel ég að það sé mjög mikilvægt að þessu skilvirkara skráningarkerfi verði komið upp.

Loks er svo að nefna nýju lögin um framhaldsskóla sem auðvelda að halda utan um þessi mál. Veruleg breyting er fyrirhuguð á innra starfi framhaldsskólans frá því sem verið hefur. Loks er svo auðvitað grunnskólinn og skólastefna til nokkurra ára sem við munum ræða hér eftir nokkra daga.

Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um eru þær tölur sem fram hafa komið í þessum efnum ekki mjög nákvæmar. Í raun og veru er það þannig að um er að ræða mismun á tveimur stórum tölum, annars vegar fjölda í árgangi samkvæmt þjóðskrá og hins vegar fjölda þeirra sem skráðir eru í lokaárgangi hvers grunnskóla. Hér er um að ræða mjög óskilgreindar tölur sem þarna ber á milli. Þeir sem þarna er um að ræða eru nemendur hæfingar- og þjálfunarskóla sem eru ekki skráðir í nemendaskrá eins og hún hefur verið. Þarna er um að ræða þó nokkra nemendur sem af einhverjum ástæðum hefur seinkað um bekk. Þarna er um að ræða nemendur sem hafa flutt úr landi. Þarna er um að ræða nemendur sem hafa fengið frest til að ljúka skólaskyldu, skv. 8. gr. grunnskólalaga og þarna er um að ræða margs konar mistök í skráningu og vinnslu gagna. Engu að síður er það ljóst að þarna er um að ræða nokkra einstaklinga. Það er ekki ljóst hversu margir fá ekki þá þjónustu sem þeir eiga að fá samkvæmt lögum, eiga rétt á og sem skólum og líka foreldrum og aðstandendum er í raun og veru skylt að tryggja þessu fólki.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi svarað þessari fsp. hv. þm. Guðrúnar Halldórsdóttur.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör hans. Það er augljóst að hann skilur vel vanda þessara ungmenna og ég átti nú raunar von á því. Þó það væru ekki nema tíu vegalaus börn á skólaskyldualdri, en ég hef grun um að þau séu kannski fleiri, er það hræðilegt í þessu litla landi okkar.

Ég fagna því að sá framkvæmdahópur sem hann nefndi er kominn á laggirnar. Það er stutt síðan ég lagði fram þáltill. ásamt nokkuð mörgum öðrum hv. þm., þingmönnum úr öllum flokkum raunar, um álíka hóp, en hugmyndin er sem sagt sú sama og hans. Ég vissi ekki að hann væri með þetta í undirbúningi þegar við lögðum þáltill. fram. En ég geri ráð fyrir að það sé mjög líkt sem þessi framkvæmdahópur hefur á sinni könnu og það sem við höfðum hugsað okkur að sá samstarfshópur sem við vorum að stinga upp á hefði að hluta til.

Það er mjög gott að koma upp skilvirkara skráningarkerfi og er í rauninni nauðsynlegt. En ég veit að það er ekki nóg að hafa gott skráningarkerfi. Það sem skiptir öllu máli er að hafa góð viðbrögð við því sem skráningarkerfið sýnir okkur.

Framhaldsskóli fyrir alla er kjörorð sem við heyrum núna oft. Það er líka markmið sem bæði ég og sjálfsagt allir hér inni vilja stefna að. Við í menntamálanefndum þingsins heyrðum frá því sagt í Menntaskólanum við Sund í gær að inn í þann skóla kæmu 300 nemendur ár hvert og 100 þeirra hefðu ekki erindi sem erfiði, þeir hyrfu frá skólanum strax á fyrsta

ári. Síðan hyrfu nú ekki margir á næstu árum þar á eftir. En það að einn þriðji hluti nemenda komi inn í menntaskóla án þess að eiga þangað erindi segir okkur að ráðgjöf og leiðbeining á grunnskólastigi er ekki eins og vera skyldi. Því þarf að efla þá ráðgjöf þannig að nemendur gangi ekki út úr skólakerfinu á fyrsta ári eftir grunnskóla með brotið sverð og rofinn skjöld, eins og hann sagði, sá ágæti kennari sem sagði okkur frá þessu inni í Menntaskólanum við Sund. Það þarf augljóslega líka að auka leiðbeiningar og leiðsögn inni í grunnskólakerfinu til mikilla muna.

Það er augljóst að ábyrgð menntmrh. og skólafólks er stór. Þessir aðilar verða að leggja sig alla fram í átökunum um sálarheill og fararheill ungmenna í lífinu. En þess ber líka að minnast rækilega, eins og raunar hæstv. menntmrh. benti á, að samfélagið í heild ber stóra ábyrgð á því hvernig komið er, brotin heimili, óhóflega langur vinnudagur foreldra og ungmennanna sem í skólunum eru. Áhyggjur og öryggisleysi ungra sem eldri eiga stóran hlut að þessu. Því þarf ekki bara nýja skólastefnu, sem er allra góðra gjalda verð, heldur nýja þjóðfélagslega stefnu sem setur hin mikilvægu, mannlegu gildi í öndvegi.

Fræðsla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði, ein umr.

Fsp. AÓB, 89. mál. — Þskj. 92.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja hér fram fsp. til hæstv. mennntmrh. um fræðslu í efsta bekk grunnskóla og fyrstu bekkjum framhaldsskóla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Er fyrirhugað að taka upp fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og framhaldsskólum?

2. Hefur nefnd sú, er mótar stefnu í námsráðgjöf og starfsfræðslu á vegum menntmrn., komið með tillögur um slíka fræðslu, sbr. rökstuðning í nál. á þskj. 1160 á síðasta þingi er þáltill. um réttindi og skyldur á vinnumarkaði var vísað til ríkisstjórnarinnar?

3. Er fyrirhugað að leita samstarfs við Félagsmálaskóla alþýðu og MFA um fræðslu í skólum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði?"

Svo sem sjá má af texta fsp. er ég fyrst og fremst að leita eftir upplýsingum um hvort verið sé að vinna að því að koma þessari fræðslu inn í skólakerfið. Og ef svo er, með hvaða hætti fyrirhugað er að staðið verði að slíkri fræðslu.

Þáltill. okkar kvennalistakvenna um að gera átak til kynningar á réttindum og skyldum á vinnumarkaði var í fyrra vísað til ríkisstjórnarinnar með afskaplega jákvæðri umsögn um málið og fyrirheitum um að ýmsar aðgerðir væru fyrirhugaðar sem tryggðu að efni tillögunnar kæmist í framkvæmd. M.a. voru gefin ákveðin fyrirheit um að skipulögð yrði fræðsla um þessi mál innan skólakerfisins, annaðhvort í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu eða á annan hátt. Því beini ég nú fsp. minni til hæstv. menntmrh.

Sífellt er verið að vísa fleiri mikilvægum verkefnum til skólanna. Alltaf er álitamál hve lengi er hægt að ætlast til þess að nýjum hlutverkum sé bætt á starfsfólk skóla að óbreyttu. Því er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvort ætlast er til að kennarar bæti við sig kennsluefni um réttindi og skyldur á vinnumarkaði á þéttsetna verkefnaskrá eða hvort leita verður annarra leiða í slíkri fræðslu.

Þekking á vinnumarkaðinum í öllum sínum margbreytileik hlýtur að vera nauðsynlegt veganesti út úr efsta bekk grunnskóla og nauðsynlegt námsefni innan framhaldsskólanna. Það er því ekki verjandi að hika við að skipuleggja einhverja fræðslu um vinnumarkaðsmál innan skólakerfisins og því vonast ég til að svör hæstv. menntmrh. leiði í ljós hvort eitthvað hefur verið aðhafst innan menntmrn. í þessum málum síðan í vor. Það mál þolir ekki bið.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem hér er lögð fram er í þremur þáttum.

„1. Er fyrirhugað að taka upp fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og framhaldsskólum?"

Svarið er já. Það er ætlunin að gera það og það hefur reyndar verið í undirbúningi lengi því að það er um það bil eitt og hálft ár síðan ég skipaði nefnd sem á að móta stefnu í námsráðgjöf og starfsfræðslu. Nefndin er að vinna að skýrslu með stefnumörkun í þessum málum og sú skýrsla verður tilbúin í vor. Auk þess höfum við bætt inn á grunnskólann og framhaldsskólann dálitlum upphæðum til þess að efla námsráðgjöf og starfsfræðslu sem er að nokkru leyti kannski líka svar við þeim ábendingum sem fram komu hér undir síðasta dagskrárlið hjá hv. 18. þm. Reykv.

Í öðru lagi er spurt: „Hefur nefnd sú, er mótar stefnu í námsráðgjöf og starfsfræðslu á vegum menntmrn., komið með tillögur um slíka fræðslu, sbr. rökstuðning í nál. á þskj. 1160 á síðasta þingi er þáltill. um réttindi og skyldur á vinnumarkaði var vísað til ríkisstjórnarinnar?" Eins og ég sagði áðan þá hefur þessi nefnd verið að störfum og hún mun skila áliti. Auk þess höfum við þegar aukið við verulega námsráðgjöf og starfsfræðslu í öllum framhaldsskólum með því að tvöfalda kvótann til námsráðgjafar í framhaldsskólunum. Það gerðum við frá og með haustinu 1989. Í haust er um það að ræða að í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir námsráðgjöf í grunnskólum sem ekki hefur áður verið og tilgangurinn er auðvitað sá að opna, í tengslum við grunnskólana, aukinn skilning á tengslum þeirra við atvinnulífið í landinu.

Í þriðja lagi er spurt: „Er fyrirhugað að leita samstarfs við Félagsmálaskóla alþýðu og MFA um fræðslu í skólum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði?" Því er til að svara að það er raunar þegar hafið samstarf við MFA um þessi mál í starfskynningarnámskeiðum

sem tveir kennarar í Æfingadeild Kennaraháskóla Íslands, Hannes Sveinbjörnsson og Páll Ólafsson, hafa staðið fyrir. Þessi námskeið eru kostuð af menntmrn. og nokkrum fyrirtækjum og stofnunum. Þar hefur MFA m.a. staðið fyrir námskeiði um réttindi og skyldur launamanna, unnið námsefni í samvinnu við stjórnendur og séð um kennslu þess fyrir bekki í síðasta árgangi grunnskóla. Það námsefni mun geta nýst sem stofn í námsefni fyrir skólana almennt.

Loks er þess að geta að ég hef beitt mér fyrir sérstökum fundum með sjútvrn. um sjávarútvegsfræðslu, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla og skólastigunum yfirleitt. Það má því segja að þau mál, sem hér er spurt um, eru öll á nokkurri hreyfingu. Spurningin er hins vegar auðvitað fyrst og fremst um það hversu miklir fjármunir eru til á hverjum tíma til þess að vinna þessi verkefni, en þar held ég að hafi verið aukið talsvert við frá því sem áður var.

Að lokum vil ég segja það, virðulegi forseti, að eitt af brýnustu verkefnum menntamálayfirvalda í landinu er að efla og auka skilning milli atvinnulífs og skóla. Ég hef orðið var við það, bæði af hálfu atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, að á því er skilningur af þeirra hálfu líka og vaxandi í seinni tíð. Ég tel að það sé nauðsynlegt að treysta þann skilning enn frekar til þess að rjúfa einangrun skólanna frá atvinnulífinu eða atvinnulífsins frá skólunum, hvernig sem menn vilja orða það. Þess vegna hef ég sett fram hugmynd um það við aðila vinnumarkaðarins og sérstaklega fulltrúa Alþýðusambands Íslands að það verði til fastanefnd menntmrn. og aðila vinnumarkaðarins til þess að fara yfir þau mál sem upp kunna að koma á hverjum tíma í samskiptum því að það getur oft orðið til misskilningur og vandamál, auk þess sem svona fastanefnd gæti orðið farvegur fyrir nýjungar og nýjar áherslur í skólum og atvinnulífi, báðum aðilum til góða.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Mér þykir málið mér skylt þar sem ég er formaður stjórnar Félagsmálaskóla alþýðu og líka formaður stjórnar MFA og hrærist því mjög í þessum málum. Ég tel að aukin fræðsla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði sé mjög mikil nauðsyn og bendi á að þegar er þessu nokkuð sinnt og það fer mjög eftir skólum hvernig því er sinnt, skólastjórnendum, vegna þess að áhuginn er mjög misjafn. Menningar- og fræðslusambandið hefur alltaf verið reiðubúið til samstarfs um þessi mál og ég er mjög skotinn í þeirri hugmynd, sem hér er sett fram af menntmrh., að setja á stofn fastanefnd um það hvernig er staðið að þessari fræðslu. Ég tel að það gæti margt gott komið frá slíkri nefnd. Þetta þarf að gerast í samstarfi því að sjónarmið þarf að samræma um það hvernig að þessu skuli staðið.

Það er átakanlegt oft og tíðum hversu nemendur eru illa að sér um vinnumarkaðinn, um veruleikann úti í lífinu, og þótt verkalýðshreyfingin hafi lagt sig alla fram um það að sinna þessum málum þá er ekki nóg að gert. Sú fræðsla kemur einkum til þeirra sem í félögunum eru. Það er fyrirhugað að gera mikið átak í þeim efnum og ég vænti þess að það átak muni láta gott af sér leiða.

Ég fagna því hugarfari sem kemur fram hjá menntmrh. í þeirri hugmynd að setja á stofn fastanefnd. Þessi fræðsla þarf að vera markviss. Þessi fræðsla þarf að vera á þann veg að hún kveiki áhuga nemenda fyrir því hvernig veruleikinn er fyrir utan veggi skólanna.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. menntmrh. Þau svara hluta af því sem fyrirspurnin fjallaði um en því miður er ekki alveg ljóst, eins og raunar kom fram í máli hv. 4. þm. Reykn., hvernig hluta þessa máls reiðir af innan skólakerfisins. Á ég þá sérstaklega við þann hlut er varðar fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði en ekki bara tengsl við atvinnulífið, starfsval og námsráðgjöf sem er mjög mikilvægur þáttur en ekki nákvæmlega sá sami og ég var hér að spyrja um. Öll slík fræðsla hlýtur að sjálfsögðu að vera af hinu góða.

En tilefni þáltill. kvennalistakvenna í fyrra og þessarar fyrirspurnar er fyrst og fremst þessi spurning: Finnst okkur forsvaranlegt að senda unglinga, eða jafnvel fullorðið fólk, út á vinnumarkaðinn án þess að það geri sér grein fyrir hvaða réttindi t.d. greiðslur í lífeyrissjóði og uppsöfnun orlofs færir þeim og hvaða áhætta er tekin ef þessar greiðslur eru ekki inntar af hendi? Því miður fjölgar þeim sífellt sem eru úti á vinnumarkaðinum upp á einhver óljós býti, ekki síst ungu fólki. Það er ráðið í vinnu á veitingastöðum eða í sérhæfðustu verkefni, svo sem námsefnisgerð, án þess að njóta réttinda almennra launþega eða fá þau bætt með nógu háum greiðslum til þess að mæta þeim umframkostnaði sem hlýst af sjálfstæðri verktakastarfsemi. Vinnumarkaðurinn verður sífellt margslungnari og við því verður að bregðast, m.a. í skólakerfinu, og því beini ég þessum ábendingum sérstaklega vegna þeirrar fastanefndar sem hæstv. menntmrh. nefndi og vonast til þess að tekið verði af miklum myndarskap, og í góðri samvinnu við þá aðila sem eru þessum málum kunnugastir, á þessu alvarlega máli.

Búminjasafn á Hvanneyri, ein umr.

Fsp. IBA o.fl., 102. mál. — Þskj. 105.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á 111. löggjafarþinginu lögðum við þrír þm. Vesturl. fram þáltill. um að stofnsetja búminjasafn á Hvanneyri. Þingmennirnir sem fluttu málið með mér voru þau Skúli Alexandersson og Danfríður Skarphéðinsdóttir. Hugmyndin að baki þeirri tillögu var að í tilefni af 100 ára afmæli Bændaskólans á Hvanneyri, sem var 1989, yrði gefið loforð um að setja upp búminjasafn á Hvanneyri.

Það var klofningur í þingmannahópi Vesturlands um þetta. Tveir af þingmönnum kjördæmisins gátu ekki sætt sig við þessa aðferð og lögðu fram frv. um sama

mál og má segja að með þeirri framlagningu hafi þeir eyðilagt málið fyrir þessum þrem þingmönnum sem lögðu fram þáltill.

Um það stendur reyndar enn þá deila hvort til þess þurfi að koma að setja sérstaka löggjöf um slíkt safn. Við höfum talið að það þyrfti ekki og þetta félli undir þjóðminjalögin nýju. Reyndar kom það fram í máli hv. 1. þm. Vesturl. um daginn að með því að þessari þáltill., sem við fluttum hér fyrir tveim árum, var vísað til ríkisstjórnarinnar væri þar með verið að svæfa málið. Það var hans skilningur á því hvað yrði um mál sem væri vísað til ríkisstjórnarinnar. Það kemur væntanlega í ljós hér í svari hæstv. ráðherra á eftir.

Fyrirspurnin er svohljóðandi: „Hvað líður athugun stjórnvalda og þjóðminjaráðs skv. samþykkt Alþingis frá 5. maí 1989 á stofnun búminjasafns á Hvanneyri?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Auðvitað er það þannig að hægt er að stofna búminjasafn á Hvanneyri á grundvelli gildandi laga, þ.e. laganna um þjóðminjavernd, þjóðminjasafnslaganna. Og því miður er það ekki þannig að það sé trygging fyrir framkvæmd hlutanna að þeir séu í lögum. Það sjáum við kannski best af hinum nýju lögum um Þjóðminjasafn, sem mættu vera alþm. nokkurt umhugsunarefni.

Það voru alþingismenn sem beittu sér fyrir því að sett voru ný lög um Þjóðminjasafn Íslands og þjóðminjavernd en framkvæmd þeirra mála hefur hins vegar til þessa, og bersýnilega enn um nokkurt skeið, strandað á fyrst og fremst skorti á fjármunum. Með öðrum orðum framkvæmd þessa málaflokks strandar ekki á skorti á lagaákvæðum heldur á skorti á fjármunum. Það hygg ég að sé nú reyndar tilfellið með mörg önnur mál sem koma hér til umræðu á hv. Alþingi.

Þessi mál, sem varða búminjasafn á Hvanneyri, eru til meðferðar í menntmrn. og ákvarðanir um skipan þeirra mála verða teknar m.a. með hliðsjón af öðrum ákvörðunum, þ.e. í fyrsta lagi um skipulag og framtíðarstöðu sjóminjasafns, sem hafa verið til meðferðar í ráðuneytinu. Við höfum fyrir nokkrum mánuðum óskað eftir því við stjórn Sjóminjasafnsins að fá tillögur um skipan þeirra mála sem varðar vernd sjóminja. Þær tillögur eru enn ekki komnar í ráðuneytið en þeirra mun skammt að bíða.

Í öðru lagi hefur svo ráðuneytið verið með til meðferðar núna um nokkurt skeið drög að reglum um byggðasöfn. Undirbúningur að setningu þeirra reglna er fyrir nokkru hafin og drög að þessum reglum hafa verið send byggðasöfnunum og nokkrum öðrum söfnum til umsagnar. Það er miðað við að þessar reglur verði settar fyrir árslok. Þegar allt þetta er komið í hús, þ.e. tillögur um sjóminjasafnið og framtíðarskipan þess, tillögur um byggðasöfn og framtíðarskipan þeirra, þá er auðvitað ekkert að vanbúnaði af okkar hálfu að taka ákvörðun um stjórnskipulega stöðu hugsanlegs búminjasafns á Hvanneyri. Hins vegar er rétt að nefna að þjóðminjavörður hefur í sínum umsögnum um þetta mál lagt á það áherslu að það safn sem rætt hefur verið um á Hvanneyri sé í raun og veru frekar landbúnaðartækjasafn en búminjasafn. Ég geri ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi þekki vel viðhorf þjóðminjavarðar en þjóðminjavörður skrifaði félmn. Sþ. 26. jan. 1989 í tilefni af þeirri þáltill. sem aftur er tilefni þeirrar fyrirspurnar sem hér er til umræðu. Ég tel þess vegna í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að fara ítarlega yfir nýja greinargerð þjóðminjavarðar um þetta efni en vil bara segja að lokum, virðulegi forseti:

1. Það er verið að vinna að þessum málum og koma þeim í eðlilegan stjórnskipulegan farveg.

2. Það að stofna búminjasafn, eða landbúnaðartækjasafn á Hvanneyri hvort heldur sem menn vilja kalla það, mun auðvitað kosta fjármuni og samkvæmt úttekt, sem ég hef látið Þjóðminjasafnið gera, þá kostar það 3–4 starfsmenn í vinnu á ári að því er mér er tjáð auk rekstrarfjár. Það er talið að kostnaður við rekstur búminjasafns eða landbúnaðartækjasafns á Hvanneyri yrði á bilinu 20–30 millj. kr.

Þetta er sem sagt svarið um það hvernig að málinu hefur verið unnið í menntmrn. Ég vænti þess að það gefi að svo miklu leyti sem unnt er upplýsingar í samræmi við þá fyrirspurn sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur hér borið fram.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans sem voru sjálfsagt eins greinargóð og þau geta verið í þessari stöðu eins og málin eru í dag. Ég tel að ég hafi fengið það upplýst, sem var kannski meginpunkturinn í þessari fyrirspurn, að fá það fram hvort til þyrfti að koma löggjöf eða ekki. Það kemur fram í máli ráðherra að það þarf ekki. Þess vegna tel ég alveg einsýnt, sérstaklega þegar þessi mál og þetta búminjasafn er nú ekki á leiðinni upp eftir svari ráðherra að dæma, að nú geti þingmenn í friði sameinast um þáltill. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri og því ber að fagna sérstaklega.

Ég ætla hins vegar ekki að fara að ræða þjóðminjalögin eða framkvæmd þeirra sérstaklega við ráðherrann og heldur ekki það sem allir gerðu sér grein fyrir, að hlutirnir kosta peninga. Hjá því verður ekki komist. En hér er náttúrlega um slíkt stórmál að ræða í raun og veru, þ.e. verndun búminja og sögu byggðarinnar í landinu, að menn ættu nú ekki að horfa of mikið í þá aura miðað við þær upphæðir sem sóað er í alls konar vitleysu og óhóf í þjóðfélaginu í dag.

Landgræðsla á Vestfjörðum, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 107. mál. — Þskj. 111.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. um landgræðslu á Vestfjörðum. Fyrirspurnin er svo hljóðandi:

„1. Hvernig ástand er á girðingum Landgræðslunnar á Vestfjörðum?

2. Hvað miðar uppgræðslu í þeim?

3. Hvenær er talið að uppgræðslu verði lokið samkvæmt áætlun þar um?

4. Hvenær má í síðasta lagi gera ráð fyrir að landi innan girðinganna verði skilað til eigenda?"

Ástæða þess að þessi fyrirspurn er borin fram er að á einum bæ í Rauðasandshreppi hefur Landgræðslan haft land í 40–50 ár. Þegar það land var afhent Landgræðslunni á sínum tíma voru skýlaus ákvæði í lögum um að skila bæri landinu aftur þegar það væri uppgrætt. Jafnframt voru skýlaus ákvæði um það að það bæri að gera áætlun um uppgræðsluna.

Ef ekki er staðið við slíka hluti er um hreinan þjófnað af hálfu ríkisins á landi að ræða. Og í þessu tilfelli er málið það alvarlegt að vegna þess að undirlendi er mjög takmarkað á viðkomandi jörð blasir það við að fáist þessi mál ekki á hreint, hvort landinu verður skilað eða ekki, mun það fyrirbyggja að aðrir aðilar taki við jörðinni.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst það dálítið skrýtið ef ríkið getur ekki afhent slíkt land þar sem jafnframt liggur fyrir að jarðareigandi hefur í gegnum tíðina kostað allan þann áburð sem notaður hefur verið til uppgræðslu innan þessar girðingar.

Nú er mínum tíma lokið og ég ætla ekki að ganga á rétt forseta en ég vona að hæstv. landbrh. geri sér grein fyrir því hvaða alvara fylgir þessu máli.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef undirbúið svar við þessari fsp. í beinu samræmi við þær spurningar sem fram voru lagðar en ekki þá ræðu sem hv. fyrirspyrjandi flutti hér núna vegna þess að ég hafði ekki annað til að styðjast við þegar undirbúið var svar við fsp. en spurningarnar eins og þær hljóða. Þær eru svohljóðandi:

„1. Hvernig er ástand á girðingum Landgræðslunnar á Vestfjörðum?

2. Hvað miðar uppgræðslu í þeim?

3. Hvenær er talið að uppgræðslu verði lokið samkvæmt áætlun þar um?

4. Hvenær má í síðasta lagi gera ráð fyrir að landi innan girðinganna verði skilað til eigenda?"

Þessum spurningum ætla ég að svara en ráðlegg fyrirspyrjanda ef hann vill spyrja um tiltekið efni, eins og t.d. eina ákveðna landgræðslugirðingu, að gera það þá í hinni skriflegu fsp., en ætlast ekki til svara um sértæka hluti án undirbúnings af hálfu þess sem svörin veitir.

Svörin eru þessi: Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað frá Landgræðslu ríkisins er staðan í landgræðslugirðingum á Vestfjörðum sem spurt var um svohljóðandi:

Á vegum Landgræðslu ríkisins, og áður Sandgræðslu Íslands, hafa eftirtaldar girðingar verið gerðar á Vestfjörðum frá upphafi og til og með nú:

Í Bolungarvík árið 1914, girðingar að lengd 6,9 km, stærð 145 ha. Skráningarnúmer þeirrar girðingar var 5.

Í Sauðlauksdal var girt 1929 og aftur stækkað 1972. Lengd girðingar er alls 14 km, stærð 500 ha og skráningarnúmer 19.

Í Holti í Önundarfirði var girt 1946. Lengdin er 6 km og stærð 130 ha. Númer þeirrar girðingar er 102.

Í Breiðavík 1953. Lengd 12 km, stærð 850 ha, skráningarnúmer 41.

Í Kollsvík 1953. Lengd 6,2 km, stærð 700 ha, skráningarnúmer 42.

Girðingin í Bolungarvík er ekki lengur í umsjá Landgræðslunnar enda að hluta til komin undir byggð.

Girðingunum í Breiðavík og Kollsvík hefur ekki verið haldið við af Landgræðslunni og er þætti Landgræðslunnar í uppgræðslu á þessum stöðum lokið.

Girðingarnar í Sauðlauksdal og Holti eru báðar í umsjá Landgræðslunnar og er ástand þeirra, þ.e. girðinganna, nokkuð gott og fá þær eðlilegt viðhald og eftirlit árlega.

Unnið hefur verið að sáningu og áburðardreifingu í þessum girðingum en á báðum þessum svæðum er því miður það mikið sandfok úr fjöru að vart er hægt að vænta þess að uppgræðslu ljúki í eitt skipti fyrir öll. Flugvellir eru innan beggja þessara girðinga og saman fara því landgræðslustörf Landgræðslunnar og starfsemi Flugmálastjórnar og nauðsyn þess að tryggja friðun á landi umhverfis flugvellina. Þess vegna er þess tæplega að vænta að friðun ljúki á þessum svæðum nema á einhverjum takmörkuðum hlutum þeirra á næstu árum.

Landgræðslan hefur safnað miklu melfræi í Sauðlauksdalsgirðingunni á undanförnum árum. Þessi girðing hefur verið ein af þeim bestu sem Landgræðslan hefur yfir að ráða til söfnunar melfræs.

Það er rétt að taka það fram, og það kom reyndar fram í máli fyrirspyrjanda hér áðan, að hluti af landi í girðingunni í Sauðlauksdal er úr landi jarðarinnar Hvalskers og hefur reyndar eigandi þeirrar jarðar nýtt, eftir því sem hann hefur óskað, hluta síns lands til slægna.

Að því er varðar svar við fjórðu spurningunni vísast til 12. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, en þar segir: „Þegar land, sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., er svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi Landgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins."

Á grundvelli þessa lagaákvæðis og með vísan til þess sem ég áðan sagði um ástandið bæði í Sauðlauksdalsgirðingunni og girðingunni að Holti er, vegna ástands lands í þessum girðingum a.m.k. að verulegum hluta þess, þess tæplega að vænta því miður að unnt verði að skila landinu aftur eða taka það úr friðun. Það er reyndar svo að sandfok veldur vandræðum við rekstur þessara flugvalla beggja. Ef eitthvað er er þörf á auknu átaki til uppgræðslu í þessum girðingum, bæði til þess að varna landfoki og sandfoki og tryggja betur rekstur flugvallanna sem innan girðingarsvæðisins eru.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Sú fsp. sem ég bar hér fram innihélt

allt sem ég þurfti að fá upplýsingar um þannig að ræða mín var öll innan þess ramma. Hitt er athyglisvert að þegar lesið var upp hvaða sandgræðslugirðingar eru á Vestfjörðum þá var jörðin sem ég beindi sérstaklega augum að ekki talin með. Það var talið að hún væri innan landgræðslugirðingarinnar í Sauðlauksdal. En það kom aftur á móti fram að þetta væru einhverjar bestu girðingarnar til meltekju og það sagði það sem segja þurfti. Ríkisvaldið virðist líta svo á að það beri að stela þessu landi, það beri að stela því vegna þess að þarna er hægt að taka mel. Ég hef séð bréfaskriftir þar að lútandi. Mér er líka ljóst að sú aðferð sem ábúandinn hefur haft við að græða upp sitt land er betri en Sandgræðslunnar því sá er og munurinn að það land er slétt en hitt er allt í hólum.

Að halda því fram að það séu hagsmunir flugvallarins að þetta land tilheyri ekki jörðinni er náttúrlega haugalygi og það er alveg makalaust að ráðherra skuli leyfa sér úr þessum stól að halda slíkum hlutum fram. Ég skora á hæstv. ráðherra æru sjálfs sín vegna að endurskoða þetta mál og meta það hvort hann ætlar að virða stjórnarskrána eða vera ber að því að brjóta lögin og virða ekki stjórnarskrá Íslands um eignarrétt í þessum efnum.

Starfsemi Sorpeyðingarfélags höfuðborgarsvæðisins, ein umr.

Fsp. JE, 123. mál. — Þskj. 127.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera svohljóðandi fsp. fram til hæstv. umhvrh.:

„Hefur Sorpeyðingarfélagi höfuðborgarsvæðisins verið veitt starfsleyfi til fyrirhugaðrar starfsemi í Álfsnesi?"

Það er öllum ljóst sem fylgst hafa nokkuð vel með hér á landi að sorpeyðingarmál hafa verið í ólestri hjá okkur Íslendingum í langan tíma. Það er því verulega jákvætt þegar átta sveitarfélög ná samkomulagi um að gera þar bragarbót á. En það þarf hins vegar að vera ljóst líka að nauðsynleg starfsleyfi séu fyrir hendi. Þess vegna er fsp. lögð fram. Mér er kunnugt um það að bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur beint áskorun til félagsins að leita að öðrum urðunarstað þar sem íbúar í Mosfellsbæ hafa áhyggjur af því að það geti verið bæði sjónmengun og lyktarmengun og önnur óþægindi af þessari starfsemi þarna. Ekki skal ég leggja dóm á hvort það er tilfellið en samkvæmt lögum skal liggja fyrir starfsleyfi frá réttum yfirvöldum áður en starfsemin hefst. Framkvæmdir eru vel á veg komnar, bæði með þökkunarstöðina og þegar hafnar við urðunarstaðinn. Í ljósi þess er fsp. lögð fram.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Það var nú í sumar, nánar tiltekið 31. júlí sl., að Hollustuvernd ríkisins barst umsókn um starfsleyfi annars vegar fyrir móttöku og flokkunarstað svo og fyrir urðunarstað fyrir sorp og hins vegar fyrir móttökustöð fyrir umhverfismengandi úrgang. Samkvæmt mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 veitir umhvrh. starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Þess vegna er þessi starfsleyfisumsókn til komin.

Eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda er gert ráð fyrir því að sjálf flokkunar- og móttökustöðin verði í Gufunesi en urðun hefur verið valinn staður í Álfsnesi. Á sínum tíma var á vegum byggðasamlagsins Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins settur á laggirnar starfshópur sem samanstóð af fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði, Náttúrufræðistofnun, borgarverkfræðingi Reykjavíkur og bæjarverkfræðingi Hafnarfjarðar svo og Skipulagi ríkisins sem vann að greinargerð og kortlagningu við val á urðunarstað. Þar var unnið fræðilegt umhverfismat á þeim stöðum sem helst þóttu koma til greina fyrir slíka starfsemi, þ.e. urðun á bögguðu sorpi, á svæðinu frá Hvalfirði og suður á Reykjanes. Þeir þættir sem voru taldir takmarkandi fyrir val slíks urðunarstaðar og tekið var tillit til voru eftirfarandi: umhverfissjónarmið, náttúruvernd, menningarminjar, gerð jarðvegs og berggrunns, grunnvatnsstreymi og nálægð við vatnsból, nálægð við byggð og þau svæði sem fyrirhugað er að byggja á meðan urðunarstaður er í notkun og nálægð við matvælaframleiðslu.

Við val á urðunarstað fyrir væntanlega sorphauga Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins var þar með í fyrsta skipti hérlendis gerð sérstök skipulagsáætlun um undirbúning, framkvæmd og landnotkun fyrir urðunarstað úrgangs þar sem tillit var tekið til umhverfis- og mengunarvarnaþátta.

Starfshópurinn komst síðan að þeirri niðurstöðu að Álfsnesið væri heppilegasti staðurinn fyrir slíka urðun af þeim stöðum sem voru rannsakaðir.

Ég er hins vegar ekkert sérlega hrifinn af þeim stað sem var valinn, m.a. vegna þess að þegar ég var formaður stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var á vegum samtakanna unnið að gerð svæðisskipulags fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var síðan gefið út og kynnt á árunum 1985 og 1986. Þar kom m.a. fram að Álfsnesið er talið einhver heppilegasti valkostur fyrir aukna byggð á höfuðborgarsvæðinu á næstu áratugum. Þannig að út frá því sjónarmiði get ég ekki fallist á að þessi staður sé sérlega heppilega valinn. Hins vegar hlýt ég að beygja mig fyrir þeim rökum sem starfshópurinn tók saman þegar hann komst að þessari niðurstöðu. Út frá þeim sjónarmiðum sem ég greindi frá áðan er staðarvalið sennilega það heppilegasta sem um var að ræða.

Varðandi meðhöndlun starfsleyfisins, þ.e. undirbúning að útgáfu starfsleyfis og meðhöndlun umsóknarinnar, þótti umhvrn. skynsamlegt og ráðlegt, með hliðsjón af því hvað hér er um viðkvæmt mál að ræða og hversu miklar deilur hafa verið uppi bæði um staðarval og sjálfa aðferðina við sorpeyðinguna að leita hlutlausrar ráðgjafar. Í samvinnu umhvrn. og mengunarvarnasviðs Hollustuverndar svo og aðilanna sjálfra var

því ákveðið að fá ráðgjafa frá Þýskalandi til þess að fara mjög ítarlega yfir allan ferilinn, þ.e. flokkunar- og móttökustöðina og urðunina í Álfsnesi. Leitað var til þýsku verkfræðistofunnar Geoplan og þýsks ráðgjafarfyrirtækis prófessors Dr. Ing. Jessbergers í Þýskalandi til þess að skila umhvrn. og Hollustunefnd slíkri faglegri umsögn.

Í október sl. var staddur hérlendis fulltrúi frá þýska ráðgjafarfyrirtækinu. Átti hann fund með öllum þeim aðilum sem hafa komið nálægt hönnun fyrirhugaðra hauga í Álfsnesi og sorpböggunarstöðvarinnar. Jafnframt fékk hann afhent öll gögn sem varða tæknilegar hönnunarforsendur. Geoplan og firma prófessors Dr. Ing. Jessbergers mun síðan yfirfara og meta hönnunina og prófa mismunandi þætti hennar með starfsleyfishæfni í huga. Þar munu þeir einnig taka mið af þeim stöðlum og kröfum sem eru í dag notaðir í Evrópu og þá sérstaklega í Þýskalandi. Umsögnin sem við eigum von á núna innan tíðar mun taka til eftirfarandi þátta: sorpmagns, samsetningar sorps o.fl., meðferðar sorpsins áður en það kemur á urðunarstað, grunnþéttingar, framræsingar, syturlagna og jarðvatnslagna, meðferðar yfirborðsvatns, þ.e. sigvatns, uppbyggingar hauganna og losunartækni, tækjabúnaðar og reksturs, innri uppbyggingar hauganna, aðstæðna á staðnum og yfirborðsþéttingar. Verið er síðan að vinna að starfsleyfistillögum fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi hjá Hollustuvernd og umhvrn. Búist er við að tillögunum verði lokið um næstu áramót. Starfsleyfið ætti því að geta farið í auglýsingu seinni hluta janúar 1991.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna orða hæstv. ráðherra. Mér þótti ekki koma alveg skýrt fram hversu mikið og hvernig tekið væri á því tilliti sem taka verður til annarrar byggðar í grenndinni. Að vísu kom fram í upptalningu hæstv. ráðherra að tekið væri mið af nálægð við byggð og hugsanlegum byggingarsvæðum en mig langar til þess að biðja um ögn gleggri upplýsingar þar sem þetta mál er sérstaklega til komið vegna sérstakra athugasemda frá nágrannabyggðinni, Mosfellsbæ, og fá að vita hvernig vænta má að tekið verði á samstarfi við nágrannabyggðirnar og þeirri sjálfsögðu vinnureglu að fara eftir ábendingum þeirra sem málið snertir mest.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Það sem gerir þetta mál e.t.v. dálítið snúið er að varðandi þau atriði sem hv. 10. þm. Reykn. tók til þá heyra þau undir félmrh. og eru raunar hluti af skipulagsmálum þessa svæðis. Eins og ég gat um í mínum upphafsorðum þá var gert á miðjum síðasta áratug sérstakt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið sem ég tel að rekist nokkuð á þessi áform. Hins vegar var það svæðisskipulag aldrei staðfest og sveitarfélögin hafa í sjálfu sér ekki náð neinu samkomulagi um að fylgja því eftir. Hvað varðar umkvörtun íbúa Mosfellsbæjar þá er þeim beint til félmrh. sem fer með þennan málaflokk fram til 1. jan. nk. Að sjálfsögðu hefði verið þægilegra og auðveldara fyrir þann sem veitir starfsleyfið að huga að þeim málum samhliða en það getum við því miður ekki gert fyrr en eftir næstu áramót.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir greinargóð svör við fsp. minni. Ég ítreka að ég tel að að ýmsu leyti hafi verið staðið vel að þessu hjá sveitarfélögunum átta að reyna að ná samstöðu og reyna að koma sorpeyðingarmálum í betra horf en þau hafa verið á þessu svæði sem víðar á landinu í langan tíma. En ég legg áherslu á að það er út af fyrir sig óheppilegt að framkvæmdir skuli vera vel á veg komnar áður en starfsleyfið er gefið út. Ef ég skildi ráðherrann rétt þá verður starfsleyfið ekki gefið út fyrr en í byrjun næsta árs og þá verður búið að framkvæma stóran hluta af því verki sem þarna stendur til að framkvæma.

Í öðru lagi tek ég undir með hv. 10. þm. Reykn. að það er náttúrlega nauðsynlegt að gæta grenndarsjónarmiða í þessu og að bæjarstjórn Mosfellsbæjar fái öll gögn um þetta mál, t.d. um þá rannsókn sem núna fer fram á vegum umhvrh. og fái að tjá sig um niðurstöður hennar áður en endanlegt starfsleyfi verði gefið út. Það tel ég brýnt að gera á þessu stigi þó ég að öðru leyti taki undir og fallist á rök starfshópsins sem ráðherrann minntist á í staðarvalinu. En áður en framkvæmdir hefjast þarf starfsleyfið að sjálfsögðu að liggja fyrir og það er náttúrlega útilokað, alveg gjörsamlega útilokað af ástæðum sem eru vegna lagabreytinga, að þetta heyri undir tvo ráðherra. En það breytist um næstu áramót. Það verður þá að óska eftir því að hæstv. umhvrh. hafi náið samráð við félmrh. áður en gengið verður endanlega frá þessu starfsleyfi.

Neyðaráætlun vegna olíuleka, ein umr.

Fsp. AÓB, 124. mál. — Þskj. 128.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. umhvrh. um viðbrögð við olíuleka á sjó og landi. Tilefni þessarar fsp. ætti að vera öllum ljóst. Mikill olíuleki var við Laugarnes í september í haust. Eftirlit virðist allsendis ófullnægjandi. Jafnvel nýjar olíuleiðslur, aðeins tveggja ára gamlar, virðast geta farið að leka án þess að nokkur hafi andvara á sér og viðbrögð eru að því er virðist ekki markviss, ekki samkvæmt fyrirframgerðri áætlun. Ég vil leyfa mér að vitna til orða Eyjólfs Magnússonar, fulltrúa í mengunardeild Siglingamálastofnunar, í Þjóðviljanum 28. sept. sl., en þar segir hann orðrétt „að mikið vanti upp á að á Íslandi sé búnaður til þess að bregðast við olíuslysum af stærri gerðinni“: „Til þess vantar fjárveitingar fyrir tækjakaupum upp á tugi ef ekki hundruð milljóna króna. Fyrir því hefur ekki verið vilji hingað til, enda þótt líta megi á nauðsyn þessa búnaðar svipuðum augum og nauðsyn þess að hafa slökkvilið ávallt í viðbragðsstöðu. Fáar þjóðir eru eins viðkvæmar og Ís-

lendingar fyrir mengunarslysum á hafinu." Enn fremur er í sama blaði haft eftir Hannesi Valdimarssyni, hafnarmálastjóra í Reykjavík: „Verði alvarlegt slys við strendur landsins er engin von til þess að yfirvöld geti brugðist rétt við, hvorki til þess að hindra útbreiðslu olíunnar né til þess að ná henni upp. Einhver tími mun ávallt líða þar til aðstoð berst frá öðrum löndum, en fyrstu viðbrögðin eru mikilvægust og þau eru á ábyrgð Íslendinga sjálfra."

Afleiðingar alvarlegrar olíumengunar á sjó eða landi eru öllum ljósar. Það kom fram í umræðunni nú í haust að þegar alvarlegri slys en þessi hafa orðið hafa tugþúsundir fugla orðið fórnarlömb þeirra. Er þar skemmst að minnast þess að mikill fugladauði varð er breskur togari strandaði við Mánáreyjar árið 1968. Þá sem nú höfðu yfirvöld ekki til neinnar áætlunar að grípa.

Fugladauði er alvarlegur í sjálfu sér. Auk þess er þarna er um að ræða rof í lífkeðju og mikla ábyrgð gagnvart lífi fugla og ímynd landsins. Og ég vil bara minna á það að við eigum ekki síður alvarleg tilvik í sambandi við olíumengun á landi og vísa þá til nýjustu dæmanna um olíuleka við Gunnólfsvíkurfjall, Bolafjall og hve mikil hætta er á mengun í sambandi við vatnsból Suðurnesja.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Siglingamálastofnun ríkisins hefur um árabil stuðlað að uppbyggingu olímengunarvarnabúnaðar í höfnum landsins. Fyrstu áætlun um uppbyggingu slíks búnaðar samdi Siglingamálastofnun og lagði fram árið 1979 á ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga. Vegna fjárskorts gekk hins vegar erfiðlega að koma þeirri áætlun í framkvæmd. Í samvinnu við Hafnasamband sveitarfélaga og Hafnamálastofnun hefur verið leitað hagkvæmari lausna. Nú er unnið eftir áætlun sem var samin af starfshópi sem skilaði tillögu um það efni í apríl í vor sem leið. Í megindráttum ráðgerir þessi nýja endurskoðaða áætlun um olíumengunarvarnir í höfnum landsins að lágmarks olíumengunarvarnabúnaður sé í hverri höfn, nægjanlegur til að fást við minni háttar olíumengun í sjó og geti stöðvað útbreiðslu olíu í sjó verði meiri háttar olíumengun. Auk þess hefur verið samin svonefnd köllunarskrá yfir alla þá aðila sem þarf að hafa samband við í skyndi verði olíumengunaróhapp í höfn.

Fjórar meginbirgðastöðvar eru áætlaðar í landinu, ein í hverjum landsfjórðungi, þaðan sem fluttur verður í skyndi aukinn búnaður til þeirra hafna þar sem olíumengun sjávar hefur orðið og viðkomandi höfn ræður ekki við. Hin fyrsta af þessum birgðastöðvum sem komin er upp er birgðastöð Siglingamálastofnunar og Reykjavíkurhafnar við Reykjavíkurhöfn. Siglingamálastofnun hefur aukið við mengunarvarnabúnaðinn í birgðastöðinni árlega eins og fjárveitingar í fjárlögum hafa leyft. Birgðastöðin við Reykjavíkurhöfn er eina birgðastöðin fyrir olíumengunarvarnabúnað á landinu öllu, að undanskildum búnaði varnarliðsins í Helguvík og Hvalfirði og er oftsinnis á ári gripið til þessa búnaðar og hann jafnvel fluttur landshornanna á milli þar sem veruleg olíumengun hefur orðið í sjó.

Við endurskoðun hafnalaga frá árinu 1984 var, til að auðvelda höfnum að eignast olíumengunarvarnabúnað, tekið inn ákvæði um að ríkissjóður greiði allt að 75% af stofnkostnaði við mengunarvarnir hafna. Þrátt fyrir þetta ákvæði hafnalaga um að ríkisframlagið nemi allt að 75% hefur gengið mjög hægt að fá hafnir landsins til að afla þessa búnaðar. Einkum er borið við að búnaðurinn sé dýr og fjárskortur hrjái hafnirnar. Segja má að utan Reykjavíkur og olíuhafnanna í Helguvík og Hvalfirði sé mjög takmarkaður búnaður til að fást við olíumengun í sjó.

Auk ofannefnds búnaðar hafa verið gerðar áðurnefndar köllunarskrár fyrir hverja höfn, þ.e. skrá er yfir alla þá aðila sem þarf að hafa samband við í skyndi verði olíumengunaróhapp inni í höfn, svo sem hafnaryfirvöld, lögreglu, slökkvilið, björgunarsveit, Siglingamálastofnun og aðra sem málið varðar. Slík skrá skal liggja frammi sem víðast við viðkomandi höfn og hjá öllum aðilum sem eru á skránni. Flestar hafnir á landinu hafa þegar samið viðeigandi köllunarskrár og tilkynnt Siglingamálastofnun það.

Þar fyrir utan er formlegt samstarf milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð verði veruleg olíumengun í sjó hjá einhverju aðildarlandanna. Þetta samkomulag er nefnt Kaupmannahafnarsamkomulagið. Ísland er ekki beinn aðili að þessu samkomulagi en hefur átt þar áheyrnarfulltrúa síðan 1977, en ráðgert er nú að þetta samkomulag verði endurskoðað og muni þá Íslendingar gerast fullgildir aðilar að því á næsta ári. Þá er unnið að því hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, í London að semja alheimssamþykkt um alþjóðlega samvinnu og viðbúnað vegna olíumengunar í sjó.

Síðan langar mig til að geta um eftirfarandi ályktun sem var samþykkt á 21. ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga 19. okt. sl.:

„Leitað verði eftir samstarfi við Siglingamálastofnun og olíufélögin um útboð og kaup á mengunarvarnabúnaði við hafnirnar í samræmi við tillögur starfshóps frá 9. apríl 1990.

Siglingamálastofnun beiti sér fyrir því að ríkissjóður veiti fjármagn til kaupa á mengunarvarnabúnaði í hafnir óháð öðrum fjárveitingum til hafnagerða."

Þetta síðasta atriði tel ég að sé mjög mikilvægt, þ.e. að í fjárlögum verði hverju sinni sérstakur fjárlagaliður sem verði til innkaupa á mengunarvarnabúnaði.

Að lokum vil ég aðeins geta þess að eftir olíumengunarslysið sem varð hér í haust út af Laugarnestanga hefur ráðuneytið óskað eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands að stofnunin taki saman greinargerð og semji tillögu um sérstakar aðgerðir sem hægt sé að grípa til verði olíumengunarslys þannig að hægt verði að bregðast við fljótt og vel til að bjarga fuglum sem lenda í hættu þegar olíumengunarslys verða í sjó.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans svör. Því miður gefa þau ekki tilefni til mikillar bjartsýni þar sem hann vísaði einkum til þess sem þegar er fyrir hendi. Þó tek ég undir það, og vona að af

verði, að mengunarvarnir eru ekki sérmál hafna heldur verður að vera staðið að því á landsvísu, því þetta er okkar sameiginlega ábyrgð.

Það kemur fram í þeirri grein sem ég vitnaði hér upphaflega til að um 25 skip koma með olíu til Reykjavíkur árlega. Farmur þessara skipa getur verið allt að 35 þús. tonn af olíu. Eyjólfur Magnússon, fulltrúi í mengunardeild Siglingamálastofnunar, segir að búnaðurinn í Reykjavík nú sé aðeins hæfur til að bregðast við minni háttar óhöppum á hafnarsvæðinu og annars staðar á landinu sé ástandið jafnvel verra og þar sé afskaplega lítið gagn að hafa. Hér er því í rauninni lágmarksbúnaður sem dugar engan veginn og fyrstu aðgerðir varða mestu. Auk þess hefur í þessu svari ekkert verið fjallað um forvarnir sem hljóta óhjákvæmilega að vera mikilvægur hluti af áætlun um mengunarvarnir og ekki um hvað beri að gera á landi. Þar geri ég mér grein fyrir að er um mjög flókið mál að ræða en engu að síður vil ég gera athugasemdir við þetta.

Ég vil að lokum, vegna þess að við höfum einkum fjallað hér um sjóinn og það er í rauninni kveikjan og vakinn að þessari fyrirspurn, benda á að við verðum að læra af reynslu sögunnar og við þolum ekki að vera ekki viðbúin við alvarlegu mengunarslysi því að sé um mjög alvarlega mengun að ræða og aðgerðir vegna hennar eru ekki fullnægjandi getum við jafnvel verið að stefna öllu lífríki sjávarins í hættu.

Við stóðum frammi fyrir því undir lok seinustu aldar að þá varð mikið slys af öðrum toga í Faxaflóa og víða við strendur landsins þegar fiskimiðin voru nánast hreinsuð upp við landsteinana og togarar gereyddu öllu lífi. Við höfum það í okkar valdi að láta ekki alvarlegt slys henda aftur við strendur landsins og við verðum að taka af mikilli ábyrgð á þeim hættum sem við þekkjum og eru fyrirsjáanlegar.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég vildi geta þess til viðbótar því sem ég sagði áðan að nefnd er starfandi sem fjallar um aukið eftirlit með olíubirgðastöðvum og olíulögnum og hvernig megi setja strangari reglur um frágang og búnað í slíkri starfsemi, þ.e. í olíubirgðastöðvum. Ég hef óskað eftir að þessi nefnd geri tillögur um það með hvaða hætti megi auka eftirlit með þessari starfsemi. Gert er ráð fyrir að skylt verði að rannsaka allar olíulagnir sem eru neðan sjávar einu sinni á hverju ári a.m.k. til að ganga úr skugga um að það sé enginn veikleiki kominn í lögnina en hingað til hefur slíkt eftirlit ekki átt sér stað nema með margra ára millibili. Eins og kom fram í sambandi við olíumengunarslysið sem átti sér stað út af Laugarnestanga var þar um nýja lögn að ræða sem var aðeins fjögurra ára gömul en þó hafði orðið alvarleg tæring á samskeytum og það olli slysinu. Þess vegna er mjög brýnt að viðhaft sé strangt eftirlit sem við teljum að verði að eiga sér stað a.m.k. árlega og í undirbúningi er reglugerð þar að lútandi.

Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri og taka undir hugmyndir sem nýlega var hreyft, líklega í sjónvarpinu, af núv. bæjarstjóra í Keflavík. Spurningin er: Er ekki orðið tímabært að koma upp einni olíuhöfn þar sem öll uppskipun olíu ætti sér stað með því að skip gætu lagst að viðlegukanti og dælt olíunni beint á tanka án þess að hún þyrfti að fara í gegnum leiðslur í sjó?

Greiðsla sérfræðiþjónustu fyrir fatlað fólk, ein umr.

Fsp. MálmS, 149. mál. — Þskj. 155.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru var vakin athygli mín á þeim mun á greiðslu fyrir sérfræðiþjónustu fyrir fatlað fólk sem er nú. Fötluð börn innan við 16 ára aldur greiða 900 kr. fyrir hvert viðtal við sérfræðing. En þegar komið er yfir 16 ára þrepið greiða þessir fötluðu einstaklingar mun lægra gjald, 600 kr., sem sumum þykir þó ærin upphæð ef oft þarf að leita læknis.

Fötlun barna er af ýmsum toga. Hún kann að vera afleiðing slysa, afleiðing veikinda eða þá meðfædd. En á aldrinum til 16 ára fer greining slíkrar fötlunar fyrst og fremst fram og þá eru heimsóknir til sérfræðinga tíðar og kostnaðarsamar. Því hef ég leyft mér á þskj. 155 að leggja fram spurningar til hæstv. heilbr.- og trmrh. á þennan veg:

„1. Hver er ástæða þess að fötluðu fólki innan 16 ára aldurs er gert að greiða hærri fjárhæð fyrir viðtal við sérfræðing en fatlað fólk 16 ára og eldra?

2. Hver er ástæða þess að sjúkraþjálfun fatlaðra barna er ekki metin sem sérfræðiþjónusta?"

Fötluð börn þurfa mjög oft á sjúkraþjálfun að halda. Úti á landi er sums staðar langt á milli staða sem veita slíka þjónustu. Fæstar heilsugæslustöðvar geta boðið upp á hana og alls ekki öll sjúkrahús. Þó eru nokkrir sjúkraþjálfarar sem starfa sjálfstætt en þeir eru fáir. Þeir foreldrar sem þurfa að aka börnum sínum langa leið til sjúkraþjálfunar fá enga greiðslu fyrir aksturinn en aftur á móti er akstur greiddur fyrir ferðir til sérfræðinga.

Mér er kunnugt um að fyrir 1986 voru tilvik þar sem akstur til sjúkraþjálfara var greiddur. En árið 1986 var tekið fyrir það og var ástæða þess sú að talið var að lagaheimild skorti til slíkrar greiðslu. Þó er þetta í mörgum tilvikum umtalsverður kostnaður fyrir foreldra, bæði í beinum útlátum og vinnutapi ofan á þá ómældu erfiðleika og sálarstríð sem þeir eiga við að búa sem eru að reyna að gera börn sín, meira og minna fötluð, að hlutgengum þegnum í samfélaginu.

Nú er það álitamál að margra dómi hvort ekki beri að flokka sjúkraþjálfun fatlaðra barna undir sérfræðiþjónustu. Þetta er þjónusta sem ekki geta aðrir leyst af hendi en sérmenntað og sérhæft fólk, ekki almennir læknar né hjúkrunarfólk, en kann að vera ómissandi þáttur í að efla getu einstaklingsins til að takast á við líf í hörðum heimi seinna meir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín fsp. á þskj. 155 sem hv. þm. hefur nú gert grein fyrir. Fsp. er í tveimur liðum og er fyrri liðurinn svohljóðandi: „Hver er ástæða þess að fötluðu fólki innan 16 ára aldurs er gert að greiða hærri fjárhæð fyrir viðtal við sérfræðing heldur en fatlað fólk 16 ára og eldra?"

Samkvæmt reglugerð nr. 62/1990, sbr. breytingu nr. 187/1990, um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í læknishjálp o.fl., samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga, skulu sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, greiða fullt gjald fyrir sérfræðiþjónustu. Þetta gjald er nú 900 kr. eins og hv. þm. greindi frá. Reglugerðin undanskilur hins vegar, eins og fram kom, ellilífeyrisþega, þ.e. þá sem eru 67 ára eða eldri, og örorkulífeyrisþega, þ.e. þá sem eru á aldrinum 16–67 ára og metnir hafa verið til 75% örorku eða meira, og skulu þeir greiða lægra gjald, 300 kr. Sömuleiðis skulu þessir aðilar aldrei greiða meira en 3.000 kr. samtals á hverju almanaksári vegna heimsókna til sérfræðinga, rannsókna og röntgengreininga. Það er sem sagt sett þak á greiðslu þessara einstaklinga.

Með reglugerð nr. 187/1990 var sett þak á þann kostnað sem sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegarnir, skulu á ári hverju greiða vegna sérfræðilæknishjálpar, rannsókna og röntgengreininga. Samkvæmt reglugerðinni skal kostnaður vegna þessa aldrei verða meiri en 12.000 kr. á ári. Það er sem sagt mismunurinn á þaki þeirra sem greiða lægra gjaldið, 300 kr. Þeir greiða mest 3.000 kr. innan almanaksársins og þeir sem greiða 900 kr., fullt gjald, greiða þó aldrei meira en 12.000 kr. Þar er einnig hámarksupphæð. Einstaklinga undir 16 ára aldri er ekki unnt að meta til fullrar örorku en heimilt er að greiða örorkustyrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs og er það skýringin á því að þessir einstaklingar, 16 ára og yngri, greiða hærra gjaldið en ekki hið lægra, af því að þeir hafa ekki verið metnir 75% öryrkjar. Einstaklinga yfir 16 ára aldri er hins vegar unnt að meta til örorku og er þar að finna skýringuna.

Fatlaður einstaklingur, eldri en 16 ára, sem borgar lægra gjald hefur verið metinn 75% öryrki en sá sem yngri er en 16 ára fær aðeins örorkustyrkinn.

Auðvitað má spyrja hvort hér sé ekki misrétti eða ósamræmi á ferðinni, en þegar þessi reglugerð var samin var talið að þeir sem eru orðnir 16 ára og bera þá meiri ábyrgð en hinir yngri þeir ættu að njóta þessa lægra gjalds en börnin eru væntanlega á framfæri foreldra eða aðstandenda sem vonandi eru fullfrískir og fullfærir um að taka þátt í þessum kostnaði en þó með þessu þaki sem ég hef nú greint frá.

Seinni liður fyrirspurnarinnar var: „Hver er ástæða þess að sjúkraþjálfun fatlaðra barna er ekki metin sem sérfræðiþjónusta?"

Hér mun vera átt við það af hverju sjúkraþjálfun fatlaðra barna sé ekki metin sem sérfræðiþjónusta vegna reglna um endurgreiðslu ferðakostnaðar.

Í 1. gr. reglna um ferðakostnað sjúklinga innan lands, reglugerð nr. 70/1982, segir að taka skuli þátt í ferðakostnaði þurfi sjúklingur ítrekað að takast ferð á hendur til þess að njóta óhjákvæmilegrar sérfræðilegrar meðferðar eða eftirlits hjá lækni eða í sjúkrahúsi.

Í 2. gr. reglnanna eru talin upp nokkur dæmi um meðferð og eftirlit sem endurgreiðslan nái til. Það kemur skýrt fram í 2. gr. að upptalningin sem þar er er ekki tæmandi því heimilað er að endurgreiða vegna annarra sambærilegra tilfella.

Ráðuneytið lítur svo á að sjúkraþjálfun falli undir orðalag reglnanna um „óhjákvæmilega sérfræðilega meðferð" sem greint er frá eftir upptalningu í þessari tilvitnuðu grein og sé sambærileg við þau dæmi sem þar eru talin upp. Ráðuneytið telur því að ferðakostnað vegna óhjákvæmilegrar sjúkraþjálfunar beri að greiða eftir reglum um ferðakostnað sjúklinga innan lands.

Nú eru til umfjöllunar í ráðuneytinu nýjar tillögur tryggingaráðs um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga innan lands. Er þess að vænta að þessar nýju og skýrari reglur liggi fyrir eigi síðar en í byrjun næsta árs. Ég mun einnig gera tryggingaráði grein fyrir afstöðu ráðuneytisins varðandi hina gildandi reglugerð en vonandi lítur ný reglugerð, og þá nýjar reglur, um meðferð þessa ferðakostnaðar ljós hið fyrsta.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svör hans. Varðandi fyrri lið spurningar minnar og það svar sem hann gaf þar má náttúrlega um það deila hversu réttlátt mat þetta er á skiptingu á greiðslunni, hverjir greiða hærra og hverjir greiða lægra. Margt og mikið er gert fyrir fötluð börn og foreldra þeirra en það fólk sem ég hef verið að tala um, foreldrar fatlaðra barna, sem þarf ef til vill að aka börnum sínum langar leiðir til þjálfunar, býr við mismunun t.d. gagnvart fólki á þéttbýlissvæðum. En nú hefur ráðherra upplýst það mér til mikillar gleði að þetta muni falla undir skilgreininguna á því að þetta sé greiðsluskylt en þannig hefur það ekki verið túlkað þar sem ég þekki til, fólki til undrunar og angurs, því eitt sinn var þetta greitt. En úr því að þetta svar liggur nú fyrir þá verð ég að fagna því að foreldrar megi nú vænta þess að eiga kost á því að fá þessar endurgreiðslur og ítreka þakkir mínar til ráðherra fyrir svörin.

Lögreglustöðin í Grindavík, ein umr.

Fsp. KSG, 142. mál. — Þskj. 148.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég hef á þskj. 148 borið fram fyrirspurn svohljóðandi:

„Hvenær hyggst ráðherra láta bjóða út innréttingar í nýju lögreglustöðina í Grindavík og hvenær er fyrirhugað að ljúka framkvæmdum?"

Ástæða þessarar fyrirspurnar er sú að í tvö ár hefur húsnæði sem dómsmrn. keypti fyrir nýja lögreglustöð

staðið ónotað en kostnaður við húsnæðið hlaðist upp vegna hita- og rafmagnskostnaðar o.fl. Ástandið í þeirri lögreglustöð sem enn er notuð í dag er slíkt að það er ekki mönnum bjóðandi. Fangagæslum lögreglunnar í Grindavík var lokað að kröfu heilbrigðiseftirlitsins þann 8. nóv. 1989 þar sem ekki þótti við hæfi að vista fanga þar sökum ástands hússins. Lögreglumenn í Grindavík fullyrða að fangageymslurnar líti samt betur út en það húsnæði sem lögreglumennirnir sjálfir starfa í. Nú þurfa lögreglumenn að flytja alla fanga til Keflavíkur, 25 km leið. Oftast er lögreglan í Keflavík fengin til að koma á móti lögreglunni í Grindavík og þurfa lögreglumenn að flytja fangann eða fangana milli lögreglubíla. Þetta er gert til að hafa lögreglumenn frá Grindavík sem stystan tíma í burtu því Grindavík er löggæslulaus á meðan á þessum fangaflutningum stendur.

Lögreglumenn og fangar eru oft í mikilli hættu þegar flytja þarf fanga milli bíla þar sem fangar eru oftast í misjöfnu ástandi þegar færa á þá í fangageymslur og hrein tilviljun að ekki hefur hlotist slys af.

Vinnueftirlit ríkisins hefur gert mjög alvarlegar athugasemdir við vinnuaðstöðu og aðbúnað á gömlu lögreglustöðinni. Þær athugasemdir eru í tólf liðum. Þessi úttekt var gerð árið 1988 og þess krafist að lagðar verði fram tímasettar áætlanir um fullnægjandi úrbætur á árinu 1989. Þessu hefur ekki verið sinnt þrátt fyrir ótvíræða lagaskyldu. Viðhald á núverandi lögreglustöð hefur ekkert verið í tvö ár. Hún hefur drabbast niður og eins og ég sagði áðan er aðstaðan ekki mönnum bjóðandi.

Heilbrigðiseftirlit hefur einnig krafist úrbóta. Því hefur heldur ekki verið sinnt þrátt fyrir ótvíræða lagaskyldu.

Það má geta þess sem eins af atriðunum að það er sprunga í gólfi stöðvarinnar. Þaðan leggur þvílíkan óþef að með ólíkindum er. Slíkur þefur er vafalaust alltaf af upphituðu skolpi. Að slíkt skuli viðgangast í opinberri stofnun er með ólíkindum, bæði hvað varðar starfsmenn og þá sem þjónustu þurfa að sækja hjá lögreglunni. Ég ásaka ekki dómsmrh. því ég veit að hann hefur barist fyrir fjárveitingum í umrætt verkefni, en ég játa að mér hefur þótt seint ganga. Það er með ólíkindum að þegar um er að ræða neyðartilfelli, eins og hér er um rætt, skuli ekki mögulegt að sinna málum fyrr og bregðast skjótar við. Ég veit að fjárveitingar hafa verið tryggðar og þess vegna ber ég fram fyrrgreinda fyrirspurn.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Reykn. beinir til mín fsp. á þskj. 148 svohljóðandi:

„Hvenær hyggst ráðherra láta bjóða út innréttingar í nýju lögreglustöðina í Grindavík og hvenær er fyrirhugað að ljúka framkvæmdum?"

Eins og fyrirspyrjanda er vel kunnugt og raunar kom fram í máli hans, þá er það svo að fjárveitingar til þessa verks hafa ekki verið nægar enn þá. Hins vegar hillir undir það í fjárlagafrv. því sem nú er til umfjöllunar hér á Alþingi að það verði tryggt með samþykkt næstu fjárlaga. Miðað við það hefur verið unnið að þessu máli á þann hátt að leitað hefur verið til samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdar um leyfi til þess að hefja þetta verk og nú hefur sú heimild fengist. Í framhaldi af því hefur ráðuneytið óskað eftir því við framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins að innrétting í aðalhæð í húsi því er keypt var í Grindavík til nota sem lögreglustöð, og fram kom í máli fyrirspyrjanda, verði boðin út núna strax. Stefnt er að því að verkinu ljúki fyrri hluta árs 1991.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég þakka dómsmrh. svörin. Reyndar hef ég áður heyrt að þetta væri alveg að koma. Ég vænti þess að það sé staðreyndin núna. Ég legg áherslu á að það er mjög mikil nauðsyn að strax verði hafist handa og þessu lokið sem allra fyrst. Grindavík er ein stærsta verstöð landsins og eru verkefni lögreglunnar mikil. Ég vil geta þess að á síðasta ári voru útköll 1181 og lögregluskýrslur samtals 520 og þar voru í fyrra 12 verbúðir yfir vetur og aðkomumenn 706. Ég gæti haldið lengi áfram en stilli mig um það vegna tímaskorts. En ég vænti þess að nú verði hafist handa og hvergi tafir á málum.

Staðfesting á samningi gegn ólöglegri verslun með fíkniefni, ein umr.

Fsp. RG, 143. mál. — Þskj. 149.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni og skynvilluefni sem haldin var í Vínarborg 25. nóv. 1988 var gerður samningur milli aðildarríkjanna um aðgerðir gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni. Má segja að þarna hafi fulltrúar þjóða heims saman leitað leiða til að afstýra því að fíkniefni komist á markað, afstýra því að vágesturinn komist á götuna. Tilgangur samningsins er að stuðla að samvinnu aðilanna svo þeir fái beitt sér með áhrifaríkari hætti að hinum ýmsu þáttum er varða ólöglega verslun með þessi efni. Framkvæmd skuldbindinga samkvæmt samningnum felur m.a. í sér ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Samningurinn er ítarlegur, fjallar m.a. um afbrot og viðurlög, refsivald, upptöku, framsal, gagnkvæma dómsmálaaðstoð, samvinnu og þjálfun.

5. gr. samningsins fjallar um upptöku og m.a. heimild til að gera upptækan ávinning, sem leiddur er af refsiverðum brotum, eða eign, sem að verðmæti svarar til slíks ávinnings.

Hér á landi er t.d. ekki til löggjöf um þetta efni en sérstök löggjöf hefur verið sett víða um lönd. Bretar gerðu svo mikið fjármagn upptækt á fyrstu árum sinnar löggjafar að það fjármagnaði að stórum hluta vinnuna við fíkniefnamálin hjá þeim.

Í grein eftir Arnar Jensson lögreglufulltrúa hefur komið fram að talið er að markaður fíkniefna á Íslandi

velti ekki minni upphæð en 350 millj. árlega. Að fíkniefnaviðskipti hafi orðið skipulagðari síðustu ár hér á landi og því erfiðari viðfangs. Á sama tíma hefur þrengt að löggæslu. Í skýrslunni „Ungir fíkniefnaneytendur, hvaðan koma þeir og hvert fara þeir?" sem unnin var að frumkvæði landlæknis kemur fram að allt að 500 unglingar 13–19 ára séu djúpt sokknir í fíkniefnaneyslu og að ástandið hafi versnað mjög hin síðustu ár.

Virðulegi forseti. Fjölmargir aðilar eru að leggja sitt af mörkum til forvarnarstarfa en skýr löggjöf og aukið fjármagn þarf að koma til. Með aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna felst skuldbinding um lagasetningu og aðrar framkvæmdir. Því er spurt hvort það sé ætlun íslenskra stjórnvalda að staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna og þá hvenær megi vænta þess að tillögur þar um verði lagðar fyrir Alþingi.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 9. þm. Reykn. beinir til mín fyrirspurn svohljóðandi:

„Er það ætlun íslenskra stjórnvalda að staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem gerður var í Vínarborg 1988? Ef svo er, hvenær má vænta þess að tillögur þar um verði lagðar fyrir Alþingi?"

Það er staðföst ætlun íslenskra stjórnvalda að fullgilda ofangreindan samning. Samningurinn sem slíkur öðlaðist gildi 11. nóv. 1990 og eru 26 ríki aðilar að honum. Fjögur vestræn ríki hafa gerst aðilar en þau eru: Bandaríkin, Kanada, Kýpur og Spánn. Hin ríkin sem eru aðilar að samningnum eru þessi: Bahamaeyjar, Bahrein, Bangladesh, Bútan, Bólivía, Chile, Ecuador, Ghana, Hvíta-Rússland, Indland, Jórdan, Kína, Mexíkó, Katar, Nígería, Nicaragua, Paraguay, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Senegal, Togo, Túnis og Úganda.

Stjórnvöld hafa á þessu ári unnið að undirbúningi fullgildingar samningsins af Íslands hálfu en það starf er tvíþætt. Annars vegar þarf að undirbúa málið fyrir Alþingi á þann hátt að leitað verði heimildar til þess að mega staðfesta samninginn. Hefur samningurinn verið þýddur á íslensku og mun hann fylgja væntanlegri till. til þál. Hins vegar er ljóst að breyta þarf ákvæðum ýmissa laga til þess að unnt verði að fullgilda samninginn. Er það mjög flókið lagatæknilegt úrlausnarefni hvaða lögum þarf að breyta og á hvern hátt. M.a. þarf að huga mjög vel að lögsöguákvæðum og tilteknum nýmælum í samningnum. Frá árinu 1988 hafa starfsmenn dómsmálaráðuneyta á Norðurlöndum haft náið samstarf um þær lagabreytingar sem talin er þörf á vegna fullgildingar samningsins. Fyrsta þjóðþingið á Norðurlöndum sem nú hefur fengið þessi mál til umfjöllunar, sænska þingið, er að byrja það verk í sínu þingi. Undirbúningur og athuganir á væntanlegum lagabreytingum er flókið og umfangsmikið starf og mikil nákvæmnisvinna og þess er ekki að vænta að því verði lokið hér á landi fyrr en eftir nokkra mánuði.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér er til umræðu tel ég ástæðu til að fram komi upplýsingar sem mér hafa borist frá meðferðarstöðinni á Vogi og varða þetta mál mjög. Þar kemur m.a. fram að á fjórum árum, 1984–1987, komu 1155 einstaklingar á Vog sem misnotað höfðu kannabisefni og 689 sem höfðu misnotað amfetamín. En neysla þessara tveggja efna fer oft saman. Um stöðu þessara mála segir Þórarinn Tyrfingsson læknir m.a., með leyfi forseta, og mun ég verða stuttorður:

„Mikil stökkbreyting varð á því hversu miklu fleiri leituðu sér meðferðar í fyrsta sinn vegna áfengissýki eða annarrar vímuefnamisnotkunar á Íslandi með tilkomu sjúkrastöðvar SÁÁ 1978. Þá hljóp tala þeirra skyndilega upp fyrir 600 á ári. Í fyrstu var ekki óeðlilegt að álykta sem svo að við aukna möguleika á að komast í meðferð væri þetta tímabundin sveifla sem mundi draga úr. En það hefur farið á annan veg því nú 13 árum seinna er talan 650 og hefur verið það öll þessi ár. Tölur um nýgengi hafa þannig verið stöðugar og þær tölur sem nú fást verða að teljast nokkuð ábyggilegar. Á þessu tímabili, 1978–1990, er hægt að áætla að um 8000 manns hafi leitað sér meðferðar í fyrsta sinn.

Það sem hefur gert það að verkum að talan helst stöðug er einkum tvennt: Í fyrsta lagi aukinn fjöldi kvenna sem leita sér meðferðar. Í öðru lagi að vímuefnaneysla önnur en áfengisneysla hrekur nú mun fleiri til meðferðar á ungum aldri.

Meðalaldur hefur því lækkað um tvö ár hjá körlum eða úr 37 árum í 35. Konum hefur fjölgað í hópi nýliða og eru nú 27% en voru 22% árið 1978."

Virðulegi forseti. Ég taldi ástæðu til að þessar upplýsingar kæmu fram.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli, innrás vímuefnavandans, innrás sem leggur heimilið í rúst, innrás sem brýtur niður einstaklinga, sérstaklega ungt fólk. Það kom fram fyrir nokkru að um 500 unglingar eiga nú við bráðan vímuefnavanda að stríða. Unglingar falla æ meira úr skóla, afbrot unglinga aukast og þeir verða æ yngri að sífbrotamönnum. Unglingar flosna upp af heimilum og lenda á götunni. Bak við vímuefnavandann leynast ófyrirleitnir viðskiptamenn, fíkniefnasalar, allt frá stóru eiturlyfjabarónunum sem framleiða og flytja út varninginn og niður gegnum ótal milliliði af misfínni gerð. Eiturlyfjasala og neysla er stærra vandamál en menn grunar, fórnardýrunum fjölgar sífellt, vandamál þeirra og aðstandenda eru hrikaleg. Þar liggur dauðinn við dyrnar. En í þessum efnum finnst fjárveitingavaldinu of dýrt að bjarga mannslífum. Það er hægt að efla forvarnarstarf gríðarlega mikið. Það kostar nokkra fjármuni sem eru hreinir smámunir miðað við það sem þjóðfélagið þarf að eyða vegna þeirra sem komnir eru í tölu fórnardýranna.

Eitt lítið dæmi að lokum um andvaraleysið og skilningsleysið. Keflavíkurflugvöllur er eini alþjóðaflugvöllur okkar. Áreiðanlegt er að þar er fíkniefnum smyglað í verulegum mæli til landsins. Yfirvöld toll-

gæslu þar hafa margóskað eftir því að fá sérþjálfaðan leitarhund til aðstoðar. Nei og aftur nei er svarið í þeim efnum. Í fyrra var eini sérþjálfaði leitarhundur landsins, sem er í Reykjavík, fenginn með eftirgangsmunum í tólf skipti til Keflavíkurflugvallar. Tilefnið var ekkert sérstakt. Það var tilviljum hvernig hundurinn kom. En viti menn. Hundurinn fann fíkniefni í fjögur skipti af þessum tólf. Það er þjóðfélaginu dýrt að spara í forvarnarstarfi. Það er dýrt að horfa á smáupphæðir þegar velferð unglinga og heill heimila er í veði.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka undirtektir þeirra sem hér hafa komið með athugasemdir og ég þakka dómsmrh. jákvæð svör hans. Ég fagna því að það er staðföst ákvörðun ríkisstjórnarinnar að staðfesta samninginn og er sannfærð um að Alþingi mun samþykkja að staðfesta hann þegar eftir því verður leitað hér. Ég skil það að það muni verða tímafrekt að fullgilda samninginn en ég bind líka miklar vonir við nýmælin í honum.

Ég vona að okkur hér á hv. Alþingi takist líka að stuðla að því að efla þá starfsemi í landinu sem spornar gegn því að þessi ólánsefni komi inn í landið. Mín skoðun og margra annarra er að starfsemi fíkniefnalögreglunnar þurfi að fá svipaðan sess og tollgæslan hefur. Þó ég hafi hér fyrst og fremst hreyft við því sem fylgir aðild að samningi og að afstýra að efnið komist á göturnar er það hins vegar svo að fræðsla og forvarnarstarf er það sem skilar mestum árangri í þessari baráttu.

SAMEINAÐ ÞING

20. fundur, fimmtudaginn 22. nóv.,
að loknum 19. fundi.

Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, fyrri umr.

Þáltill. SvS o.fl., 62. mál. — Þskj. 62.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi hafði Sverrir Sveinsson, varaþm. Framsfl., forgöngu um það að flutt yrði till. til þál. um könnun á gerð jarðganga og vegarlagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla. Við urðum flm. með honum að þessari tillögu Jón Sæmundur Sigurjónsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnar Arnalds, Árni Gunnarsson og Pálmi Jónsson og höfum nú endurflutt tillöguna. Ég hygg að ég fari rétt með að þessir þingmenn hafi einnig verið á tillögunni á sl. þingi.

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er sú að það hefur smátt og smátt verið að koma í ljós með aukinni tækni hver hagkvæmni er að jarðgangagerð þar sem hún á við. Það er skoðun okkar flm. að Siglufjörður sé mjög einangrað byggðarlag miðað við nútímakröfur og við teljum brýnt að þetta bæjarfélag komist í náið samband við aðrar byggðir við Eyjafjörð. Ég vil minna á það að ekki eru nema 20 km frá Siglufirði til Ólafsfjarðar ef jarðgöng verða sprengd upp Árdal í Ólafsfirði, inn af Kleifum, yfir í Héðinsfjörð í svokallaðan Víkurdal. Slík jarðgöng yrðu 1,6 km á lengd. Hins vegar yrði vegur lagður niður Víkurdal og inn með Héðinsfjarðarvatni að vestan og þá kæmu göngu til Skútudals, um 2,6 km að lengd. Fyrri göngin yrðu í um 280 metra hæð yfir sjó en hin síðari kæmust upp í tæplega 200 metra hæð yfir sjó eins og hugmyndir liggja nú fyrir, en lausleg áætlun var gerð um slík jarðgöng af Hauki Tómassyni, forstjóra vatnsorkudeildar Orkustofnunar, og Birgi Jónssyni, formanni Jarðgangafélags Íslands, í október sl.

Tillagan var send til allshn. á síðasta þingi sem sendi hana til umsagnar. Fékk hún jákvæðar undirtektir, bæði frá bæjarráði Siglufjarðar, sem mælir eindregið með samþykkt tillögunnar, og bæjarstjórn Ólafsfjarðar, sem fagnar öllum áföngum í samgöngumálum sem kæmu bæjarfélaginu í betra samband við næstu nágranna. Leggja þeir í bæjarstjórn Ólafsfjarðar áherslu á brýna nauðsyn bættra samgangna milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Sömuleiðis hefur Fjórðungssamband Norðlendinga tekið undir að þessi athugun verði gerð sem hér er gerð tillaga um.

Það er auðvitað erfitt að gera sér grein fyrir hversu kostnaðarsöm slík vegtenging yrði milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Í lauslegri áætlun sem gerð hefur verið í Vegagerðinni er gert ráð fyrir því að jarðgöng yrðu um 4 km og gæti kostnaður numið um 1,2 milljörðum kr. Forskálar mundu kosta 300 millj., vegir, 12 km, um 180 millj. og annað, hönnun o.fl., um 320 millj. Samkvæmt þessari lauslegu áætlun er því gert ráð fyrir 2 milljarða kr. kostnaði. Ég vil minna á að í Siglufirði búa 1800–1900 manns. Ef þetta svæði tengdist Eyjafjarðarbyggðum væri svo komið að á þessu svæði, frá Akureyri til Siglufjarðar, byggju nærfellt 10% þjóðarinnar. Það mætti koma við sameiginlegum vinnumarkaði á þessu svæði. Á fiskmarkaði, sem mundi eflast við slíka tengingu, yrði auðvelt að koma við margvíslegri verkaskiptingu í sambandi við nýtingu sjávarafla sem mundi treysta innlendan fiskiðnað í þeirri hörðu samkeppni sem hann á í við lönd Evrópubandalagsins, en ferskfiskútflutningur þangað fer mjög vaxandi, og þannig mætti lengi telja.

Einmitt um þessar mundir er í athugun gerð langtímaáætlunar í vegamálum. Það er eðlilegt að samhliða því fari fram athugun á hversu slíkum jarðgöngum yrði best komið fyrir og sá kostur borinn saman við aðra, bæði með hliðsjón af stofnkostnaði, notagildi, viðhaldskostnaði, byggðarþróun, félagslegum sjónarmiðum, samtengingu þéttbýlisstaða og styttingu vega, eins og segir í þáltill.

Ég þarf ekki að hafa um þetta, hæstv. forseti, fleiri orð. Ef hugmyndin er sú og vilji þingsins stendur til þess að reyna að efla Siglufjörð, byggðina þar, sem

óneitanlega hefur staðið höllum fæti, er nauðsynlegt að treysta samgöngur á landi. Siglufirði verður ekki betur komið í samband við aðra þéttbýlisstaði og þá þjónustu sem þar er að fá en með því að tengja Siglufjörð byggðum Eyjafjarðar með jarðgöngum um Héðinsfjörð. Það mundi, eins og ég segi, valda því að þar gæti orðið sameiginlegur vinnumarkaður, sameiginleg hagnýting sjávarafla og þjónusta yrði sótt gagnkvæmt milli þeirra þéttbýlisstaða sem við fjörðinn standa.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Þjónusta Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, fyrri umr.

Þáltill. SkA o.fl., 81. mál. — Þskj. 83.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 83 höfum við þingmenn Vesturl. flutt till. til þál. um aukna þjónustu Ríkisútvarpsins á Vesturlandi. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Ríkisútvarpið ráði til starfa fréttamann til öflunar frétta fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps. Fréttamaðurinn starfi með fréttariturum útvarps og sjónvarps á Vesturlandi þegar því verður við komið. Kannað verði hvort koma megi á fót hljóðstofum á Akranesi eða í Borgarnesi og á Snæfellsnesi og taka húsnæði á leigu eða kaupa til starfseminnar og þá í því augnamiði að síðar verði starfrækt reglulegt svæðisútvarp á Vesturlandi á vegum Ríkisútvarpsins."

Erfitt er að meta mikilvægi fréttaþjónustu til góðs eða ills eftir atvikum. Umsögn í fréttum um menn eða málefni hefur afgerandi áhrif. Áhrifin eru meiri eftir því hve öflugur fréttamiðillinn er. Ríkisútvarpið hefur í 60 ár flutt fréttir um menn og málefni líðandi stundar, jafnt innlendar sem erlendar. Á þessu tímabili hefur Ríkisútvarpið eða fréttastofa þess verið öflugasti fréttamiðill okkar Íslendinga. Fréttastofum útvarpsins hefur tekist vel í þessu mikilvæga starfi, kvartanir eða gagnrýni á starfsemi þeirra hefur verið mjög lítil. Allt fram á síðustu ár var meginhluta fréttanna safnað saman og þær unnar innan veggja fréttastofunnar. Með aukinni tækni og tilkomu sjónvarpsins varð á þessu mikil breyting. Í sumum tilfellum var frétt ekki boðleg í gegnum einhvern millilið sem sagði fréttamanni frá atburðum. Sá sem flutti fréttina í útvarpið þurfti sjálfur að hafa aflað fréttarinnar, helst verið eins nærstaddur atburði og mögulegt var.

Þessi þróun hefur kallað á breytingar í starfsemi fréttastofu útvarps. Sú krafa hefur frá upphafi verið gerð til Ríkisútvarpsins að það væri útvarp allra landsmanna. Sú krafa er ekkert ný og ekki tilkomin eftir að fleiri útvarpsstöðvar hófu starfsemi. Ríkisútvarpið brást við nýjum kröfum í innlendri fréttaöflun með því að koma á fót útvarpsstöðvum á fleiri stöðum en í höfuðborginni, Reykjavík.

Svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins er nú starfrækt á Vestfjörðum, Austfjörðum og á Akureyri. Útvarp frá þessum stöðum fyllir út í aðaldagskrá Ríkisútvarpsins, bæði með almennu útvarpsefni og fréttum eða fréttatengdum þáttum. Á því er enginn vafi að efnið frá svæðisútvarpsstöðvunum bætir mjög dagskrá útvarpsins jafnframt því sem efni dagskrárinnar höfðar betur til fleiri hlustenda vítt um allt land með landshlutatengdu efni frá fréttariturum frá svæðisstöðvunum.

Ég sagði í upphafi að erfitt væri að meta mikilvægi fréttaþjónustu til góðs eða ills eftir atvikum. Nokkuð er undan því kvartað að fréttamat fréttamanna sé neikvætt, gert sé mikið úr neikvæðum fréttum en jákvæðum fréttum sé ekki haldið til haga. Ég held að því miður sé nokkuð til í þessu. Oft er hamrað á neikvæðum fréttum en sem betur fer verður slíkt oft broslegt og hefur ekki gildi sem frétt. Þannig er t.d. með Suðureyrarfréttirnar. Ef lagðar væru saman tölur um fjölda brottfluttra íbúa á Suðureyri við Súgandafjörð samkvæmt fréttum væri íbúatala þessarar byggðar komin þó nokkuð mikið í mínus. Samt er þar enn svipaður íbúafjöldi og verið hefur undanfarin ár. Broslegar voru líka síendurteknar fréttir af snjóþyngslum og kaffenni á Flateyri sl. vetur. Þannig mætti sjálfsagt nefna ýmislegt fleira.

Ófgafréttir geta haft áhrif bæði á heimafólk og utanaðkomandi til vandræða fyrir viðkomandi byggð. Á sama hátt geta fréttir sem greina vel frá uppbyggingu, menningarviðburðum, atvinnulífi, hinu venjulega brauðstriti hvar sem er á landinu, haft mjög jákvæð áhrif. Sagan af áhrifum fréttaþjónustu fréttaritaranna frá tveimur byggðum á Austfjörðum sannar það. Fréttaritari í Austfjarðabyggð hafði í áraraðir sent Ríkisútvarpinu fréttapistla um það merkasta sem var að gerast í byggðinni, hafnargerð, vegabætur, skólabyggingar, heimsókn góðra gesta, skólasetningu og skólaslit og góðan námsárangur o.fl., o.fl. Í þeirri byggð hélt fólki áfram að fjölga ár frá ári og uppbygging var þar mikil. Í nágrannabyggðunum, þaðan sem útvarpið flutti engar fréttir, stóð mannfjöldinn nánast í stað og fólki jafnvel fækkaði. Þá tók sig til áhugamaður í einni byggðinni og fór að senda fréttir í svipuðum tón og sá fyrrnefndi. Það var ekki lengi að segja til sín. Strax á fyrsta ári varð veruleg fólksfjölgun og uppbygging á staðnum. Sú þróun stendur yfir enn. En sagan er ekki öll sögð. Fyrstnefndi fréttaritarinn flutti af staðnum, ungur maður nýfluttur í byggðina tók að sér fréttaþjónustuna. Nú komu fréttir um að sokkið hefði trilla í höfninni, vegur hefði farið í sundur í vatnavöxtum, fokið þak af prestshúsinu og jafnvel fóru snjóþyngsli að gerast mjög fréttnæm. Ósköpin dundu yfir, fólkinu í byggðinni tók að fækka. Svo gerist breyting á hög-

um þessa nýja fréttamanns. Hann settist í sveitarstjórnina og um leið breyttist tónn fréttanna. Nú komu fréttir af skógrækt, gatnagerð, íþróttastarfsemi o.s.frv. Fólki tók aftur að fjölga í þeirri byggð og fjölgar enn.

Ég nefni þessi dæmi til að undirstrika mikilvægi fréttaþjónustunnar. Ríkisútvarpinu hefur ekki enn tekist að halda uppi fréttaöflun af öllu landinu. Á þeim stöðum eða landshlutum þar sem svæðisútvörp eru verður varla krafist aukinnar uppbyggingar en vera má að breyta megi og bæta rekstur þeirra stöðva t.d. með því að skipuleggja samstarf starfsfólks svæðisútvarpanna við fréttaritara í viðkomandi landshluta betur en nú er gert. En það eru heilir landshlutar sem njóta ekki þjónustu svæðisútvarps og stundum fylgir það með að Ríkisútvarpið hefur ekki sinnt því að afla sér fréttaritara í þeim landshlutum þar sem svæðisútvarp er ekki starfrækt og fréttastofurnar hér í Reykjavík gleyma því að þeim ber að þjóna þessum landshlutum og fólkinu sem þar býr.

Það fer ekki hjá því að viðskiptavinum Ríkisútvarpsins, hv. hlustendum í þeim landshlutum sem ekki hafa fengið svæðisútvarp, finnist þeir nokkuð afskiptir. Á þessu þyrfti að verða breyting. Ekki er þar með sagt að sú breyting þyrfti að vera í því fólgin að koma upp fleiri svæðisútvarpsstöðvum. Svo stóran áfanga þyrfti ekki að taka í fyrstu.

Fyrir Vesturland, sem hefur verið afskipt á þessu sviði, væri það nokkur áfangi ef Ríkisútvarpið réði til starfa fréttamann með búsetu og starfsaðsetur í landshlutanum sem annaðist öflun frétta og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps. Á Vesturlandi eru fréttaritarar útvarps og sjónvarps nokkuð víða. Þeir eru eins og annað fólk mismunandi áhugasamir í breytilegri stöðu til að fylgjast með fréttum og afla þeirra. Meira að segja er einn skráður fréttaritari sjónvarps nú orðinn bankastjóri í virðulegu bankaútibúi í Garðabæ. Fréttamaður útvarpsins á svæðinu gæti aðstoðað fréttaritara bæði útvarps og sjónvarps og því ekki aðeins bætt tengsl útvarpsins við Vesturland með beinni fréttamennsku heldur einnig styrkt þá starfsemi útvarpsins sem þegar er fyrir hendi.

Í tillgr. er lagt er til, auk þess að fréttamaður verði fastráðinn í starf á Vesturlandi, að kannað verði hvort koma megi á fót hljóðstofum á tveimur stöðum á svæðinu. Þessi ábending er lögð til til að vekja athygli á því að koma þarf í veg fyrir að þessi starfsemi festist eða lokist af á takmörkuðu svæði í landshlutunum. Íbúar á Vesturlandi telja sig eiga rétt á að fá svipaða þjónustu frá hendi Ríkisútvarpsins og íbúar annarra landshluta. Nokkuð skortir á að dagskrá útvarpsins geti kallast dagskrá eða útvarp allra landsmanna meðan svipuð þjónusta í vinnslu frétta og dagskrárefnis sem víðast á landinu er ekki til staðar.

Nú sem stundum fyrr er fjallað um það að jafna þurfi aðstöðu til búsetu. Till. er flutt fyrst og fremst í þeim tilgangi. Í 60 ár hefur Ríkisútvarpið átt stóran þátt í að tryggja að byggð haldist út um okkar dreifðu byggðir. Á fyrstu árum og áratugum starfseminnar var ekki erfitt að halda þannig á málum að ekki hallaðist á í þjónustu Ríkisútvarpsins milli landshluta. Með breyttri tækni og auknum kröfum er erfiðara að leysa þessi mál en varla er það svo kostnaðarsamt eða svo stórt í sniðum að hér þurfi mikið meira en viljann til að gera það sem lagt er til í þessari till. að gert verði.

Vonandi er gagnkvæmur áhugi á þessu málefni. Dagskrár útvarpsins hafa á undanförnum árum, með auknu efni og aukinni þjónustu við landsbyggðina, styrkt þá von og jafnvel trú að Ríkisútvarpið sé og verði útvarp allra landsmanna. Fréttamenn í fullu starfi eins og hér er lagt til á fleiri stöðum á landinu en nú er mundu enn bæta þá ímynd og tiltrú.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og félmn.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Sem meðflutningsmaður að þessari till. þykir mér rétt að taka undir þann málflutning sem hv. 1. flm. viðhafði hér um leið og ég þakka honum fyrir að taka þetta mál upp á þingi enda um þarft mál að ræða. *Í sjálfu sér hef ég litlu við hans orð að bæta.* En það má kannski aðeins hnykkja betur á þessu. Við þingmenn Vesturl. vorum til að mynda á fundi með bæjarstjórn Akraness fyrir nokkrum dögum. Þar kom fram mikill stuðningur við þessa till. og þingmenn kjördæmisins voru mjög hvattir til þess að beita sér fyrir framgangi hennar og fá hana samþykkta. Ég tel að þessi mikli stuðningur við till. sé víðar í kjördæminu enda mikið réttlætismál að Vesturland sitji við sama borð og ýmsir aðrir landshlutar sem hafa þessa þjónustu í dag. Ég tel það reyndar alveg skilyrðislaust að rödd þessa landshluta eigi að heyrast eins og annarra.

Því er ekki að neita að fréttir af Vesturlandi hafa verið með ákveðið neikvæðan stimpil yfir sér að undanförnu, sérstaklega frá svæðum eins og Akranesi. Menn hafa ekki alveg nógu vel getað borið hönd fyrir höfuð sér. Með tilkomu og samþykkt slíkrar till. mundi þetta lagast mikið og menn gætu tekið hin ýmsu málefni er varða kjördæmið og landshlutann og gert því betur skil og komið því betur út til þjóðarinnar hvað er í rauninni á döfinni.

En ég ætla ekki að fara að gagnrýna Ríkisútvarpið. Ég tel að það hafi í sjálfu sér staðið sig ágætlega en betur má ef duga skal. Og m.a. þess vegna er þessi till. fram komin. Ég kom hér fyrst og fremst upp til að ítreka það að sjálfsögðu styð ég þetta mál, enda meðflutningsmaður að því, og vona að þingheimur sýni því meiri áhuga en fram kemur í mætingu hér í þingsal, þar sem aðeins sitja tveir þingmenn aðrir en sá sem hér talar og eru báðir þingmenn Vesturlands.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég er sannfærður um að þótt hér sé fátt í þingsalnum, auk forseta er hér aðeins helmingur flm. þessarar ágætu till., þá endurspegli það ekki sérstaklega áhugaleysi þingheims á því máli sem hér er um að ræða.

Sem einn af flm. málsins þakka ég hv. 1. flm. fyrir að taka þetta mál upp með þessum hætti og vona svo

sannarlega að það fái greiðan gang í gegnum þingið. Það sem hér um ræðir er fyrst og fremst að fá staðfestan vilja þingsins og viljayfirlýsingu um að lýsa því yfir að auka beri þjónustu Ríkisútvarpsins á Vesturlandi. En það er svo að sjálfsögðu ákvörðun réttra yfirvalda í Ríkisútvarpinu, útvarpsstjóra og útvarpsráðs geri ég ráð fyrir, að hrinda þessu í framkvæmd.

Ríkisútvarpið hefur mjög aukið þjónustu við landsbyggðina á undanförnum árum þannig að eftir hefur verið tekið og til mikilla bóta hefur verið. Þar sem starfsemi svæðisútvarps hefur hafist hygg ég að það hafi notið ómældra vinsælda hjá heimamönnum enda er það bæði þörf og nauðsynleg þjónusta. En ekki sitja allir landshlutar við sama borð í þessum efnum eins og fram hefur komið í ræðum þeirra tveggja hv. þingmanna sem hér hafa þegar talað og hlutur Vesturlands hefur þar nokkuð orðið eftir. Þess vegna er brýnt að breyta þessu og auka jafnræði landshlutanna með því að koma á fót svæðisútvarpi fyrir Vesturland og ráða fréttamann sem starfaði sérstaklega á því svæði með fréttariturum útvarps og sjónvarps, eins og raunar segir í sjálfri tillgr.

Ég kynntist því allvel þau 11 ár sem ég starfaði við fréttamennsku á vegum Ríkisútvarpsins hve miklu það skiptir að hafa fréttaritara sem geta sinnt því starfi og eru vakandi, hafa opin augu og eyru fyrir því sem er fréttnæmt. Þetta var auðvitað eins misjafnt og menn voru margir. Áreiðanlega tóku hlustendur og áhorfendur sjónvarps vel eftir því að sumir staðir voru mun oftar í fréttum en aðrir. Það var eingöngu vegna þess að þar voru duglegir og vakandi menn sem höfðu auga með því sem var fréttnæmt, höfðu það sem einu sinni var kallað fréttanef, og komu því á framfæri. Ég held að þetta hafi haft mikil og jákvæð áhrif fyrir þá staði sem voru svo heppnir að slíkir menn bjuggu þar.

Hitt er svo rétt, sem fram kom í ræðu 1. flm., að þróunin hefur breyst og fréttamatið hefur breyst. Ég hygg að ef skoðaðar væru landsbyggðarfréttir á árunum 1966 og nokkuð langt fram eftir kæmi í ljós að þorri þeirra frétta var það sem ég mundi kalla jákvæðar fréttir. Nú skal því alls ekki haldið fram að þegja beri yfir hinu neikvæða, alls ekki. Það er auðvitað frásagnarvert líka, en það má ekki verða þannig að menn leggi svo mikla áherslu á það sem neikvætt er að allt hið jákvæða gleymist. Stundum hefur mér fundist að sú væri raunin. Það er frétt þegar framkvæmdum lýkur eða verið er að vinna við framkvæmdir til hagsbóta fyrir íbúana á staðnum eða svæðinu. Og satt besta að segja, ef menn eru vakandi og hafa opin augun, þá eru fréttir býsna víða. Kannski ekki í hinum neikvæða skilningi heldur jákvæðar fréttir. Það hættulega er að menn hugsi um of sem svo: ja, þetta er engin frétt. Hvaða frétt er það þó verið sé að taka í notkun þetta eða hitt? Það er engin frétt, það er búið að segja frá þessu áður. En það er frétt og getur verið góð frétt. Og það er miður að þessi þróun skuli hafa átt sér stað, þessi breyting, leyfi ég mér að segja, á fréttamati. En því breytum við ekki með þáltill. þó hún geti auðvitað verið spor í þá átt. Það er fyrst og fremst hugsunarháttur þeirra sem stýra fréttastreyminu, sem velja og hafna fréttum. Það er hluti af starfi fréttamanns og það er fyrst og fremst hugsunarháttur hjá þeim sem ég held að þurfi að breytast. Það á líka að leggja áherslu á hið jákvæða.

Ég held að Ríkisútvarpið hafi staðið sig allvel á þessu sviði. En hér á það við að betur má ef duga skal og sú aukna þjónusta Ríkisútvarpsins á Vesturlandi sem þessi till. gerir ráð fyrir og stefnir að er ekki bara hagsmunamál Vestlendinga einna. Hún á að vera metnaðarmál fyrir Ríkisútvarpið, útvarp allra landsmanna, sem umfram aðra ljósvakamiðla gerir sér réttilega far um að þjóna öllu landinu og sinna öllu landsins fólki. Það er meginatriði og ég vona og trúi því að þessi till. verði ekki bara samþykkt hér á hinu háa Alþingi heldur muni hún mæta velvild og skilningi hjá yfirmönnum Ríkisútvarpsins og þessari breytingu verði hrint í framkvæmd og það fyrr en síðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Skráningarkerfi bifreiða, fyrri umr.

Þáltill. JSS, 108. mál. — Þskj. 112.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um skráningarkerfi bifreiða sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að þjónusta við skráningu bifreiða verði aukin þannig að hinir gömlu einkennisbókstafir skráningarsvæða verði innleiddir að nýju án þess að afnema kosti hins nýja fastnúmerakerfis."

Þetta er ekki fyrsta till. þessa eðlis á Alþingi Íslendinga. Tvær aðrar till. svipaðs eðlis hafa verið fluttar, annars vegar af þáverandi hv. 1. þm. Suðurl. Árna Johnsen og hins vegar af hv. 1. þm. Norðurl. v. Páli Péturssyni. Þær voru báðar fluttar á síðasta þingi.

Víða um land má heyra raddir fólks sem saknar gömlu staðarmerkinganna í skráningarkerfi bifreiða. Menn vilja gjarnan bera þau kennsl á vegfarandann að vita hvaðan hann kemur. Það má vera að hér sé fyrst og fremst um tilfinningalegar ástæður að ræða, en hiklaust má finna margar þarfar ástæður fyrir því að bifreiðar verði aftur skráðar eftir svæðum.

Nú eru vissulega margir góðir kostir því samfara að hafa föst skráningarnúmer bifreiða og er óþarfi að telja þá upp. Það er heldur ekki lagt til að það kerfi verði lagt niður, þvert á móti. Í fyrrgreindum till. sem fluttar hafa verið hefur það hins vegar verið lagt til. Í grg. með till. hv. 1. þm. Suðurl. Árna Johnsens segir að hið gamla skráningarkerfi bifreiða, sem var lagt af með núgildandi kerfi, hafi verið fyrirkomulag sem hafi áunnið sér sess í íslensku þjóðlífi á persónulegum grunni. Bæði miðaði gamla kerfið við staðarmerkingu að ákveðnu marki og bíleigendur áttu sitt númer svo lengi sem þeir vildu. Þetta fyrirkomulag gerði bílaflota

landsmanna persónulegri því menn sáu á bílnúmerum líkur fyrir því hver væri á ferð. Þetta eru mjög svipaðar röksemdir og ég hef fært fyrir þeirri þáltill. sem ég flyt hér.

Þá segir enn fremur í grg. hv. 1. þm. Suðurl. að tillagan um einkarétt og íslenskt sérkenni á skráningarkerfi bifreiða miði að því að þó að bókhaldsleg skráning núverandi kerfis verði áfram við lýði geti bíleigendur, ef þeir vilja greiða fyrir þá þjónustu, keypt sér fast númer með staðarmerkingu og númeri í stíl við gamla kerfið, t.d. við nafnskráningu. Sagt er að gamla númerakerfið sé persónulegt og auka þurfi þjónustu til þess að hjálpa mönnum að halda slíku við. Í Bandaríkjunum og í Svíþjóð geti menn notið slíkrar þjónustu ef þeir vilja kaupa hana. Flm. sagði líka að hlaupið hefði verið allharkalega í breytingar til núverandi kerfis og full ástæða sé til þess að bjóða upp á meiri möguleika í stíl við hefðir íslensks samfélags.

Í minni þáltill. hef ég ekki lagt til að þessir möguleikar verði í boði en ég vil mjög eindregið beina því til viðkomandi nefndar, væntanlega allshn., að þeir kostir séu athugaðir að menn eigi kost á því að kaupa sér það númer sem þeir kæra sig um, kannski gegn hærra gjaldi, líkt og Árni Johnsen sagði í grg. með sinni tillögu. Ég er eindregið fylgjandi því fyrirkomulagi að slíkir möguleikar séu í boði.

Svipuð rök notar hv. 1. þm. Norðurl. v. í sinni grg. með þeirri tillögu sem hann lagði fram. Þar segir að mörgum bifreiðaeigendum sé eftirsjá að gamla númerakerfinu enda sé það gleggra og þjóðlegra en hin erlenda eftiröpun.

Ég get ekki tekið undir það að það sé endilega þjóðlegra því ég þekki mörg skráningarkerfi í öðrum löndum sem eru mjög svipuð því gamla númerakerfi sem við Íslendingar höfðum. Séu þau þjóðleg, og okkar þá líka þjóðlegt, má segja að þau séu öll alþjóðleg, því a.m.k. eru þau mjög svipuð og er þá spurning hvaða númerakerfi sé þjóðlegra en annað. Ég held að það sem flm. hafi átt við sé að við erum orðin vön okkar gamla kerfi og þess vegna hafi honum fundist það þjóðlegt.

Báðar þessar tillögur sem ég minntist á frá hv. þm. Árna Johnsen og Páli Péturssyni miða að því að taka aftur upp gamla kerfið. Ég sagði áðan að sú tillaga sem ég flyt miði ekki að því heldur þvert á móti. Ég benti á að á hinum nýju fastnúmerum bifreiða er fyrsta sætið autt. Það er ætlað fyrir skjaldarmerki eða sýslumerki. Þá koma tveir bókstafir og síðan þrír tölustafir, t.d. BC-123. Tilfellið er að þetta auða fyrsta sæti er langsjaldnast notað af nokkrum bifreiðareiganda þannig að flestir vegfarendur sjá aðeins eyðuna. Á örfáum bifreiðum sést eitthvað lítið merki sem varla má greina hvað er. Þar er þá að ræða um viðkomandi skjaldarmerki sem enginn, eins og ég sagði, getur greint hvað er eða hvaðan það kemur.

Samkvæmt þeirri hugmynd sem ég hef hér lagt til væri auða sætið notað fyrir einkennisbókstaf svæðis sem við þekkjum frá gömlu skráningarnúmerunum, t.d. fyrir bifreiðar frá Akureyri með númeri sem ég minntist á hér áðan, BC-123, væri fyrsta sætið notað fyrir einkennisstafinn A sem væri fyrir Akureyrarsvæðið og Eyjafjörð, númerið yrði þá ABC-123, þ.e. þrír bókstafir og þrír tölustafir þar sem fyrsti bókstafurinn sýndi ávallt af hvaða svæði bifreiðin kæmi. Einkennisbókstafinn mætti líma á númersplötuna líkt og gert er með skoðunarmerkið í dag. Ef bifreið er seld milli skráningarsvæða heldur hún fasta númerinu en límmerkið gamla er rifið af og annað sett í staðinn með hinum nýja einkennisbókstaf. Ef bifreiðin frá Akureyri, ABC-123, er t.d. seld til Reykjavíkur yrði hið nýja númer RBC-123. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að mínu áliti að sameina kosti hins gamla og nýja skráningarkerfis bifreiða og miðar því ekki að því, eins og tillögur þær sem ég minntist á áðan frá hv. þm. Árna Johnsen annars vegar og Páli Péturssyni hins vegar, að leggja niður hið nýja kerfi og taka aftur upp hið gamla, heldur að sameina kosti beggja kerfanna. Þó er margt athyglisvert í tillögum þeirra félaga, eins og ég sagði áðan, t.d. að menn hafi möguleika gegn eitthvað hærra gjaldi að kaupa sér það númer sem þeir helst vildu hafa á sinni bifreið ef tölvan hjá Bifreiðaeftirliti Íslands leyfir slíkt.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og allshn.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka flm. þessarar tillögu fyrir málflutning hans og það að hafa flutt þessa till. á hv. Alþingi. Ég tek undir efni hennar að meginhluta til og tel að hér sé verið að laga mikið til og bæta þá ákvörðun sem þingið tók þegar skráningarkerfi bifreiða var breytt.

Ég tók þátt í umræðu í nefnd um það mál og líka í umræðu í hv. Ed. og lagðist þar gegn þeirri breytingu sem þar var lögð til og síðan var samþykkt. Ég taldi að þeir kostir sem upp voru taldir í sambandi við nýja skráningarkerfið mundu ekki vega upp á móti mörgum góðum kostum sem fylgdu gamla kerfinu og við gætum haft skráningarkerfi líkt og það sem við búum við núna sem opinbert kerfi á bifreiðum, haft það svona sem leyndarkerfi, bak við gamla kerfið eins og reyndar var búið að gera í mörg ár. En þó að við værum nokkrir hér hv. þm. sem andæfðum gegn þessari breytingu þá varð það úr að þingið samþykkti breytinguna og við erum að sjá fleiri og fleiri bíla með hinni nýju merkingu. Mér finnst að í æ ríkara mæli finnist fyrir göllunum, sérstaklega þegar maður kemur út á landsbyggðarvegina og hefur áhuga fyrir því að vita hver er að nálgast og mæta manni, en þá er þetta bara eitt ruglingslegt númer sem gefur engar upplýsingar um hver er á ferðinni.

Sú till. sem hér er lögð fram held ég að mundi laga þennan galla æði mikið. Ég tel þó að það væri ekki rétt að hafa það í því formi sem hv. þm. leggur til, að bifreið sem væri merkt á Akureyri væri merkt ABC-123. Ég tel að héraðsnúmerið þyrfti að vera betur aðgreint, fyrsti stafurinn væri stakur og síðan gæti upplýsing um skoðunartíma eða þess háttar verið þar á milli þannig að það væri í þó nokkuð góðri fjarlægð hægt að greina héraðsnúmerið án þess að það rynni saman við þá bókstafi sem væru aðalnúmer bifreiðarinnar. En þetta er

aukaatriði, tillagan er að mínu mati góð og þörf.

En fyrst ég er farinn að ræða um þessa breytingu og þá breytingu sem gerð var á bifreiðaskoðunarlögunum vil ég aðeins nefna það að þegar verið var að færa rök fyrir því að breyta þessu kerfi þá var það ekki aðallega númerabreytingin sem lá á bak við, heldur það að kostnaður við skoðunina mundi minnka, það yrði mjög ódýrt fyrir bifreiðareigandann að fá skoðað og því yrði hætt að ríkið notaði þetta sem skattaleið. Eftir því sem ég kemst næst og eftir þeim umræðum sem hafa átt sér stað í þjóðfélaginu um kostnað hefur þarna farið á nokkuð annað veg. Er það miður vegna þess að þetta var aðalatriðið í sambandi við þá breytingu sem gerð var. Númerabreytingin var aukaatriði. Fyrst og fremst var verið að stefna að því að minnka kostnaðinn við skráningu og skoðun bifreiða og gera hana einfaldari. Jafnframt var þá rætt um það að aðstaða til bifreiðaskoðunar sem við bjuggum við þá væri ekki boðleg og þar þyrftu að verða breytingar á. Ekki get ég borið á móti því að ég gerði mér ekki alveg grein fyrir því hvað var verið að tala um í sambandi við hinar nýju skoðunarstöðvar sem áttu að byggjast upp, fyrst hér í Reykjavík og síðan ein í hverju kjördæmi. En nú þarf maður ekki lengur að efast um það hvað um var verið að tala og upp á hvað var verið að bjóða, það er hin glæsilega og vel búna skoðunarstöð sem hér er uppi við Hestháls. Ég tel að hver sá sem þangað hefur komið og notið þjónustu skoðunarmanna þar hafi varla getað verið annað en mjög ánægður með þá þjónustu sem þar er boðin fram og þá tækni sem notast er við við skoðunina. Ég tel að þar hafi verið farið inn á góðan vettvang og sá þáttur þessa máls, gagnvart Reykvíkingum og þeim sem á auðveldan máta geta notað skoðunina hér, þar hafi verið staðið vel við þau fyrirheit sem gefin voru. Hinn þátturinn, kostnaðurinn, virðist því miður hafa farið á þann veg að kostnaður bifreiðaeigenda er ekki minni en áður var, jafnvel heldur meiri.

Þessi tillaga fjallar fyrst og fremst um númerin og skráningarkerfið. Ég ítreka stuðning minn við þessa tillögu og vil auk þess benda á að sú tilraun til merkingar á heimabyggð viðkomandi bíleiganda sem bifreiðaskoðunin býður upp á, þ.e. að merkja með skjaldarmerki eða sýslumerki viðkomandi byggða, finnst mér vera allt að því mistök vegna þess að enginn greinir það í umferð úti á vegum hvort þarna er merki frá Siglufirði, Akureyri eða Snæfellsnesi. Menn verða helst að vera í kyrrstöðu og geta horft á þá merkingu til þess að gera sér grein fyrir því hver hún er. Og ekki aðeins það, heldur er gamla kerfinu, þ.e. sýslukerfinu, líka breytt. Þannig er það t.d. hjá okkur á Snæfellsnesi að okkur er boðið upp á Snæfellsmerki, sem mun vera Þórshamarinn, svo er félögum mínum fyrir innan Ólafsvíkurenni boðið upp á merki Ólafsvíkurbæjar, Stykkishólmi er boðið upp á merki Stykkishólmsbæjar, þannig að úr þessu verður dálítið mikill héraðaruglingur og að mínu mati kemur þessi merking að mjög litlu gagni.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir mundi greinilega merkja bifreiðarnar út frá afmörkuðum svæðum, þ.e. gömlu umdæmunum, og ég held að það sé einmitt það sem flestir sem vilja þarna á breytingu séu fyrst og fremst að leita eftir, ekki að það eigi að skipta landinu niður í enn þá fleiri svæði en áður var.

Ég endurtek þakklæti mitt fyrir forgöngu flm. fyrir þessu máli og vænti þess að þetta mál verði afgreitt hér á þinginu og á þann veg að við fáum jafnvel á næsta ári gömlu merkinguna aftur að hluta.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli sem er allrar athygli vert og hefur mikið verið til umræðu hér á hinu háa Alþingi enda þótt svo kunni nú að vera að ekki þyki öllum málið mjög stórvægilegt. Engu að síður hefur þetta verið hitamál og svolítið tilfinningamál. Það voru margir hér á Alþingi sem andmæltu þegar samþykkt voru lög um að breyta númerakerfinu og ég hygg að það hafi verið mjög ákveðin fylgni milli þeirrar andstöðu og þeirra sem þá höfðu lág númer eða með einhverjum hætti sérkennileg númer á sínum bílum. Ég hygg að sú fylgni hafi verið afar augljós og nægi í þeim efnum að skoða mælendaskrá þegar málið var hér til umræðu og hvernig skoðanir skiptust. Það fer ekki á milli mála.

Gamla kerfið var óþjált og önugt að mörgu leyti. Það kostaði umstang og vesen vildu menn halda sínu númeri, sem mjög margir vildu sem áttu númer sem þeir höfðu tekið tryggð við af einhverjum ástæðum, t.d. ef númer voru eins, tveggja eða þriggja stafa þar sem bílar voru margir og númer kannski fjögurra og fimm tölustafa. Engu að síður hygg ég að hagræðið sem varð af þessari breytingu sé óumdeilt. En mér sýnist að samkvæmt þessari tillögu, verði hún samþykkt, megi að skaðlausu fara þarna bil beggja þannig að menn hafi umdæmisstafinn sinn fremstan, bókstafirnir verði þrír, og síðan við sölu eða flutning milli umdæma líma menn einfaldlega nýjan staf yfir þann gamla. Bókstafirnir verða þrír en það eru þeir tveir síðari sem gilda að því er varðar lögskráningu ökutækisins. Mér sýnist þetta vera nokkuð snjöll hugmynd og geta komið til móts við þá sem vilja hafa héraðsmerkið.

Hv. þm. Skúli Alexandersson vék að því hér áðan að honum þætti miður að sjá ekki hverjum hann er að mæta á þjóðvegunum í Vesturlandskjördæmi. Það er út af fyrir sig skiljanlegt sjónarmið en hitt má benda á að þegar menn mæta bíl á þjóðvegum landsins, þá er skynsamlegra að hafa augun annars staðar en á númeraplötu bílsins sem kemur manni í mót. Það er betra á vegunum eins og þeir eru víðast hvar að hafa hugann við mætinguna og hugsa um kantinn og eðlilegt bil á milli bílanna frekar en vera að horfa á númerið, þó að það geti auðvitað verið fróðlegt og skemmtilegt, kannski einkum þegar alþingismenn eiga í hlut sem gjarnan vilja heilsa sínum kjósendum þegar þeir mæta þeim á förnum vegi.

Ég hygg að kostir nýja kerfisins séu óumdeildir. Mér finnst, og hef nefnt það hér áður í ræðustól á Alþingi, að það hefði átt að gefa mönnum kost á gegn ákveðnu gjaldi að kaupa númer og velja sér númer eftir því sem hægt er, velja t.d. upphafsstafi sína eða eitthvað sem þeir kysu. Ég held að í framkvæmd væri slíkt ákaflega

auðvelt með tölvutækni þeirri sem notuð er við þessa skráningu. Ég held að það séu engin vandkvæði á því. En einhverra hluta vegna hafa menn ekki treyst sér til þess að gera þetta. Hins vegar hefur komið í ljós, og er óyggjandi að ég held og munu því máli raunar hafa verið gerð einhver skil í fjölmiðlum þó að það hafi að vísu farið fram hjá mér, að svo virðist sem ákveðnir menn geti fengið að velja sér númer í þessu nýja kerfi. Slíkt er auðvitað gersamlega ótækt. Í þessu efni eiga allir að sitja við sama borð. Það hafa verið nefnd um það dæmi og við þurfum kannski ekki, hv. þm., mjög langt að leita, bara hér út á bílastæði Alþingis til þess að sjá slík dæmi. Slíkt er auðvitað óþolandi. Annaðhvort eiga allir að eiga þess kost að velja sér númer gegn ákveðnu gjaldi eða enginn. Þetta kerfi á ekki að snúast um Jón og séra Jón eins og mér sýnist svolítið vera farið að gera og ég endurtek: Það er óþolandi. Sú var ekki ætlunin þegar þessi breyting var samþykkt. Það eru sem sagt einhverjar gloppur í kerfinu sem gera það að verkum að því er virðist að sumir geta valið sér númer og aðrir ekki. Hér eiga allir að sitja við sama borð. Þessu þarf að breyta.

Hv. þm. Skúli Alexandersson vék að Bifreiðaskoðun Íslands og þeirri breytingu sem þar varð. Rétt er að komið hefur fram margvísleg gagnrýni á þessa stofnun, einkum varðandi þann kostnað sem er skoðuninni samfara, svo og þjónustunni við landsbyggðina. Þessi gagnrýni er að sumu leyti réttmæt en að öðru leyti er hún óréttmæt. Stofnun eins og Bifreiðaskoðun Íslands sem er í eðli sínu einokunarstofnun þarf auðvitað að vera háð ströngu eftirliti um kostnað. Svo vill til að ég hef tvisvar sinnum notfært mér þjónustu þessarar stofnunar. Í annað skiptið var það í hinni nýju og fullkomnu skoðunarstöð hér í höfuðborginni. Þar var þjónustan óaðfinnanleg og skoðunin ítarleg og góð. Og ég segi það hispurslaust, mér finnst það ekki mjög mikið að borga 2700 kr. fyrir að fá fullvissu um það að ekki stafi mengun frá bílnum, að hemlabúnaður og stýrisbúnaður sé í góðu lagi. Þetta var betri skoðun en nokkurn tíma fór fram hér áður við þær aðstæður sem voru hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þar voru ekki aðstæður til slíkrar skoðunar. Mér finnst nokkuð fyrir það gefandi.

Ég hef líka notfært mér skoðun úti á landi í hinni færanlegu skoðunarstöð. Ég hef heldur ekki undan neinu að kvarta varðandi þá þjónustu. Skoðunin var af eðlilegum ástæðum kannski ekki jafnítarleg og hún er í skoðunarstöðinni en hún var gaumgæfileg og vel framkvæmd og ekkert undan því að kvarta. Þar sem um dísilbíl var að ræða, þar sem ekki var hægt að mæla mengunina, kostaði þetta 2400 kr. ef ég man rétt. Það má auðvitað deila um það hvort það er mikið eða lítið en mér finnst það ekki ósanngjarnt.

Miklar hækkanir urðu á verði á skoðun á vörubílum og stórum fólksflutningabílum og sérbúnum bílum. Það er ekkert óeðlilegt. Það er miklu meiri vinna að skoða þessa bíla, þá þarf að skoða betur og satt best að segja voru þau mál algerlega í lamasessi þangað til þessi skoðunarstöð kom og engar aðstæður til að skoða slíka bíla. Ég er ekki að sakast við þá starfsmenn sem þessi verk áttu að vinna. Aðstæðurnar voru bara ekki fyrir hendi, það var ekki hægt að skoða þá. Við minnumst þess úr fréttum fyrir einu og hálfu ári eða svo að slys voru býsna tíð þar sem stórir fólksflutningabílar komu við sögu, hemlabúnaði var ábótavant og ýmislegt fleira var að. Hræddur er ég um og hætt er við að það hafi verið vegna þess að það var ekki aðstaða til slíkrar skoðunar. Ef menn hafa breytt bílum sínum frá því sem þeir voru framleiddir, þeir eru komnir í einhverja allt aðra mynd með öflugri vél, stærri hjólbarða, hærri, þá er eðlilegt að slíkir bílar þurfi ítarlegri skoðun og fyrir það borgi menn nokkru meira.

Þjónustan við landsbyggðina er ekki nægilega góð af hálfu þessarar stofnunar eins og nú er. Ég hef kosið að líta á það sem vaxtarverki og byrjunarörðugleika og að þetta eigi eftir að batna. Og ég segi ekki bara það, heldur segi ég: Þetta verður að batna frá því sem nú er. Þessi stofnun þarf auðvitað að vera háð ströngu eftirliti varðandi verðhækkanir þar sem hún er ein á markaðnum og menn eiga ekki í annað hús að venda varðandi þessa þjónustu. En ég tek undir og ítreka það sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði um þá þjónustu sem veitt er hér í skoðunarstöðinni í höfuðborginni, að hún er góð. Sömuleiðis finnst mér það gjald sem þar er tekið í rauninni ekki vera ósanngjarnt.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa fleiri orð um þessa tillögu. Ég held að hún sé allrar athugunar verð og komi til móts við sjónarmið sem haldið hefur verið fram tilfinningalegs eðlis og mæti nokkru af þeim rökum sem fram hafa komið gegn hinu nýja kerfi. En ég endurtek það að ég held að kostir nýja kerfisins séu ótvíræðir umfram hið gamla.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég heyri að þingmenn eru enn að biðja um orðið. Ég hélt að fleiri mundu ekki taka þátt í þessari umræðu en engu að síður vil ég nota tækifærið núna að þakka þær undirtektir sem fram hafa komið við mál mitt.

Það kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að honum þætti málið ekki stórvægilegt. Ég tek undir það. Þetta er auðvitað ekki stórvægilegt mál. Eins og hv. þm. sagði hefur þessi breyting á númerakerfinu valdið talsverðu róti, sértaklega úti á landsbyggðinni. Það var einmitt það sem ég tók fram í byrjun minnar greinargerðar með þessu máli að þetta væri e.t.v. fyrst og fremst tilfinningamál, þó svo það mætti sjá á því ýmsar þarfar hliðar.

Það kom fram sú hugmynd hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni að réttara væri e.t.v. að aðgreina svæðisnúmerið frá hinu lögbundna skráningarnúmeri eins og við höfum það í dag þannig að það sé greinilega fjarlægt frá hinum bókstöfunum og kannski þankastrik í milli líkt og gerist með þýsku bifreiðanúmerin. En þá væri íslenska númerið orðið nærri nákvæmlega eins og það þýska. Ég veit ekki hvort það er endilega mjög gott. Það hjálpaði e.t.v. þingmanninum úti á vegunum að sjá hvaðan bifreiðin kemur. Auðvitað er rétt athugasemdin hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að það á að hafa augun við veginn en engu að síður er oftast hægt

að greina vel hvaðan bifreiðar þær koma sem eru að mæta manni úti á vegum ef númerið er auðkennilegt. Og auðvitað er það sá kostur fyrst og fremst sem við viljum hafa á númerunum að við sjáum hverjir eru á ferð einmitt úti á vegunum.

Nokkuð var vikið að öðru máli sem er að vísu skylt en ekki beinlínis innifalið í þessari þáltill., þ.e. hugleiðingar varðandi skoðunarkerfið. Ég get tekið algerlega undir það sem hv. samþingsmenn mínir hér á undan sögðu um það kerfi. Það er til mikilla bóta. Það fer ekki hjá því að þegar komið er upp fullkominni skoðunaraðstöðu eins og gerist sérstaklega hér í höfuðborginni að kostnaður verði meiri. Allur sá stofnkostnaður sem þurfti að leggja í hefur auðvitað þurft að finna sér stað einhvers staðar og hann skilar sér ekki nema með gjöldum þeirra sem nota þá þjónustu.

Það er einnig rétt eins og kom fram hjá báðum hv. þm. að þó svo að þessi þjónusta hafi batnað til muna úti á landsbyggðinni einnig þarf mikið að gera til þess að hún sé jafngóð og sú sem fer fram hér í höfuðborginni. Ég geri ekki ráð fyrir því að komið verði upp jafnfullkomnum stöðvum úti um héruð landsins en ég held að það megi gera mikið, mjög mikið til að bæta þá þjónustu sem höfð er uppi í dag á þeim vettvangi.

Mig langar til víkja aðeins að þeirri hugmynd sem hv. þm. Skúli Alexandersson kom inn á varðandi skjaldarmerkið og sýslumerkið. Ég sé ekki eftir þeim í því sæti sem þau eru núna, enda geri ég tillögu um að annað fyrirkomulag komi þar til. Hins vegar, úr því að Skúli minntist aðeins á kerfi sem er mjög svipað þýska kerfinu, þ.e. að aðgreina staðarnúmerið, þá hafa Þjóðverjar skjaldarmerkið á sínum bílnúmerum áfram en það er á milli bókstafanna og tölustafanna. Þar er núna skoðunarmerkinu komið fyrir hjá okkur. Ég sé enga ástæðu til þess að flytja skoðunarmerkið úr glugganum eins og það hefur verið um áraraðir. Ef við viljum endilega halda í þessi skjaldar- eða sýslumerki okkar mætti svo sem finna þeim stað milli bókstafa og tölustafa. En þetta er nú kannski mál fyrir nefndina til að athuga þegar þar að kemur.

Ég vil eindregið taka undir hugmyndir beggja hv. þm. um, eins og ég sagði líka í minni greinargerð, að það væri gott að allir hefðu þann kost gegn eitthvað hærra gjaldi að geta valið sér sitt eigið númer ef tölvan hjá Bifreiðaskoðun leyfir það en auðvitað er það algerlega ófært ástand, ef rétt er, að sumir fái að velja sér númer en aðrir ekki. Sérstaklega ef þar er um að ræða einhverja fáa útvalda sem fá slíka kosti meðan fjöldinn er útilokaður, þá nær það auðvitað ekki nokkurri átt. En það væri skemmtileg tilbreyting, ef hægt væri að koma því á, að menn ættu þess kost að velja sitt eigið númer ef tölvan leyfir það.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil koma hér til að lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu. Það er ljóst að margir sakna þess að geta ekki séð hvaðan vegfarendur koma, hvort þeir eru eigin landsmenn og úr hvaða sýslu eða héraði þeir koma. Sérstaklega saknar maður þess við akstur úti á landi. Mér sýnist að þarna sé komin ágætis tillaga sem getur sameinað bæði kosti gamla kerfisins og nýja kerfisins. Ég vil líka taka undir það að einhver leið verði fundin til þess að aðgreina þennan bókstaf frá sjálfu númeri bílsins. Ég er ekki svo kunnug þessum nýju bílnúmerum að ég geti sagt hvar er autt pláss eða hvar ætti að setja slíka merkingu. Ég treysti fróðari mönnum en mér til þess að finna út úr því. Kannski verður nefndarfundur haldinn úti á plani til þess að athuga hvernig þessu skyldi best háttað.

En hér segir hv. flm. að fyrir óskum um að breyta númerakerfinu aftur liggi fyrst og fremst tilfinningaleg rök. Síðan virðist hann örlítið feiminn við það að viðurkenna það sem gild rök og segir: „... hiklaust má finna margar þarfar ástæður fyrir því að bifreiðar verði aftur skráðar eftir svæðum.“ Mér finnst engin skömm að því að nota í þessu tilviki tilfinningaleg rök og ég held að þau ein gildi hér að flestir Íslendingar bara sakni gamla kerfisins og við skulum alveg vera óhrædd við að viðurkenna það. En það geta verið fleiri hliðar á þessu. Mínar tilfinningar eru t.d. blendnar vegna þess að ég saknaði gamla kerfisins en um leið losaði nýja kerfið mig undan áráttu sem ég hef barist við árangurslaust frá því að ég var barn sem lýsti sér þannig, og var mér alltaf sjálfri óskiljanleg, að ég þurfti að lesa hvert einasta bílnúmer sem fram hjá mér fór, helst að ná að leggja það saman, finna þversummuna eða eitthvert kerfi í hverju einasta númeri. Mér var þetta algerlega óskiljanlegt þar sem ég hef engan áhuga á bílum umfram notagildi þeirra, að komast frá einum stað til annars. Nú er ég algerlega laus við þessa áráttu því nýju bílnúmerin vekja hana ekki hjá mér. Ég er sem frelsuð manneskja þegar ég keyri núna um vegi landsins og hlýt að vera miklu betri bílstjóri þar sem athygli mín er ekki sífellt bundin við bílnúmer. Þess vegna vildi ég eindregið vara hv. þm. Skúla Alexandersson við því að vera að óska aftur eftir kerfi þar sem hann og ég, af mismunandi ástæðum kannski, mænum sífellt á bílnúmer. Honum ætti t.d. að nægja að vita hverjir eru á ferð úr hans kjördæmi en ekki endilega hver það er og hvort það er atkvæði eða ekki atkvæði.

Ég vil sem sagt þakka fyrir það að nýtt kerfi hefur losað mig undan þessum veikleika og ónáttúru sem ég hef aldrei skilið, en jafnframt þakka ég fyrir þessa tillögu sem getur sameinað bæði kosti og galla.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Þetta er að verða þó nokkur umræða um þetta mál sem við erum sammála um að sé nú ekki mjög stórt mál, en þó að mati þeirra sem hér hafa tekið þátt í umræðunni mjög þarft. En umræðan hefur snúist svolítið á þann veg, og ég leiddi hana kannski þangað, að ræða um meðferð málsins hér á hv. Alþingi þegar nýju bifreiðaskráningarlögin voru samþykkt. M.a. er uppi fullyrðing frá hv. 3. þm. Vesturl. um að þeir sem töldu þessa breytingu ekki af hinu góða hafi verið þeir bíleigendur sem voru með lág númer. Einn stendur hér núna í ræðustól með lágt númer og andæfði gegn þessari breytingu. En ég marglýsti því yfir og ég tel að það hafi verið skoðun flestra þingmanna að númerstalan skipti engu máli í

sambandi við þá umræðu og andstöðu okkar. Ég geri það enn, jafnvel þó að hv. þm. Eiður Guðnason brosi út af þessari fullyrðingu. Mér væri alveg sama hvort fyrir framan töluna 43, sem er á mínum bíl, bættust 2–3 tölur ef ég aðeins fengi að halda P-merkinu mínu. Og um það er verið að fjalla hér. Það er verið að fara fram á það að við fáum að merkja bílana okkar út frá heimasvæði og ég heyri ekki betur en hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu taki mjög undir þetta.

Ég hef ekki verið haldinn neinum vandræðum með það að leggja saman tölur á bílnúmerum eða leita að þversummu eða slíku. Ég hef fyrst og fremst litið á bókstafinn og merkið, sýslumerki bifreiðanna þegar ég hef verið að huga að því hvaðan bílar koma.

Sá þáttur umræðunnar hér að við sem værum andstæð þessum málum værum að berjast fyrir lágu númerunum okkar færði þessa umræðu niður í svolitla lágkúru. Menn voru ekki að ræða um þessa hluti, menn voru að ræða um merkingu bílanna út frá byggðum og svæðum. Í sambandi við skjaldarmerkið tel ég að hv. flm. hafi aðeins misskilið það sem ég sagði. Ég tel að skjaldarmerkin séu algerlega óþörf og eigi að falla niður. Það þarf mikið á sig að leggja eins og ég sagði. Við mundum bara alveg hætta að horfa á veginn, sem hv. þm. Eiður Guðnason benti á að við ættum fyrst og fremst að horfa á en ekki númerin, ef þessi skjaldarmerki eiga að fá að vera á bílnúmerunum og menn séu að leita eftir því hver þau eru. Ég er alveg viss um að það er þó nokkur slysahætta í því að hafa þessi skjaldarmerki og það mundi minnka þá hættu að hverfa frá þeim og koma með fulla stærð bókstafs í staðinn.

Það má náttúrlega halda þessari umræðu heilmikið áfram, ég veit ekki hvað ég á að nefna fleira. Ég tek undir það sem nefnt var hér af flm. og hv. 3. þm. Vesturl. að það er náttúrlega alveg fráleitt ef einhverjir einstakir menn, kannski þar í hópi þingmenn, hafa mögguleika til þess að velja sér sérstök númer úr þessu tölvuvædda skráningarkerfi sem við búum við núna. Og mér finnst það líka alveg fráleit hugmynd að einhverjir sem hafa nóga peninga geti keypt sér sérnúmer. Mér finnst það jafnfráleitt. Þetta á að vera jafnt fyrir alla og menn eiga að ganga inn í þetta kerfi sem jafningjar, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir.

Um kostnaðinn má vitaskuld lengi deila. Ég er á þeirri skoðun að það hafi ekki verið staðið við þær yfirlýsingar sem gefnar voru í sambandi við þessa breytingu þegar talað var um að kostnaður mundi minnka. Í mínum huga eru nú hlutirnir á þann veg að þegar tæknin eykst og fullkomnari tæki koma til hverrar vinnu sem er þá megi búast við því að kostnaðurinn minnki en aukist ekki. Það getur tekið ákveðinn tíma að borga niður ný tæki, en það á að gera sér grein fyrir því að tæknin hlýtur alltaf að vera á þann veg að hægt sé að gera hlutina á ódýrari máta en gert var áður þegar ekki var hægt að beita tækninni. Hver skoðun tekur mikið styttri tíma við þær aðstæður sem núna er boðið upp á. Það liggja miklu minni vinnulaun á bak við hverja skoðun en áður var vegna tækninnar og það ætti að koma út á þann máta að kostnaðurinn yrði minni. Það er hægt að deila um það hvort þessi þjónusta er þess virði sem hún er verðlögð á. Ef hún hefur verið dýr þegar gamla aðstaðan var notuð þá held ég að hún sé dýr enn þá.

Fyrst hæstv. dómsmrh. er mættur og undir hann heyrir þetta málefni sem við erum að fjalla um hér, þá væri ekki úr vegi að spyrja hæstv. dómsmrh. hvaða áætlanir séu uppi um það að byggja fleiri skoðunarstöðvar eins og um var rætt þegar þessi lög voru samþykkt hér á hv. Alþingi. Megum við vænta þess að skoðunarstöðvar í líkingu við þá sem hér er risin í Reykjavík, og við höfum verið að hæla hver sem betur getur hér hv. þm., rísi innan tíðar í öðrum kjördæmum?

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það er auðvitað fráleitt hjá hv. 4. þm. Vesturl. að gera því skóna að þó svo að mönnum gæfist kostur á að kaupa sér eða velja sér ákveðið númer gegn einhverju gjaldi, þá sé verið að koma á einhverri stórfelldri mismunun. Það er grundvallarmisskilningur. Það er verið að gefa mönnum kost á að þjóna sínum duttlungum með því að greiða svolítið viðbótargjald. Ég held að það væri mjög skynsamlegt að gera þetta og nota þær tekjur sem þessi tekjustofn gæfi til þess að bæta þjónustu Bifreiðaskoðunar Íslands við bifreiðaeigendur á landsbyggðinni.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Fyrst örfá orð um þá tillögu sem hér er til umfjöllunar. Ég held að hún sé allra góðra gjalda verð og vil fyrir minn hlut taka undir hana. Ég held að það væri til bóta ef menn fengju þá breytingu sem hún gerir ráð fyrir þrátt fyrir hugsanlega tilfinningasemi sem að baki býr.

En ég kveð mér aðallega hljóðs til þess að svara fyrirspurn sem hér kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. um það hvaða áætlanir væru uppi um hinar nýju skoðunarstöðvar. Það er rétt sem hér hefur komið fram að skoðunarstöðin hér í Reykjavík er mikil og góð nýjung og ég held að það fari ekkert á milli mála að í starfsemi hennar þann stutta tíma sem hún hefur starfað er um að ræða markverðar nýjungar til bóta.

Næst er áformað að slík stöð rísi á Akureyri og þegar er búið að fá lóð undir slíka stöð fyrir austan fjall, á Selfossi. Ég held að eins og málin horfa núna séu þetta þær ákvarðanir sem þegar er búið að taka á þessum vettvangi.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að hér er ekki tími til langrar umræðu um þetta efni þó að vert væri. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur umræðuna sökum anna í fjvn. en ég vil ekki láta hjá líða að lýsa eindregnum stuðningi mínum við þessa tillögu, a.m.k. að þessi mál verði athuguð rækilega.

Það má vel vera að skoðunin sjálf sé í allgóðu lagi víða hvar við þær reglur sem nú ríkja ef reglur skyldi kalla. Þessi mál eru öll í meira og minna ólestri og eru dæmi um aðgerðir af hálfu Alþingis þar sem eru gerðar breytingar breytinganna vegna. Ég álít að svo hafi

verið þegar sú samþykkt var gerð að leggja niður Bifreiðaeftirlitið í þeirri mynd sem það var og setja þær reglur sem nú gilda um einkennisbókstafi skráningarsvæða. Það hefur verið hrapað mjög að málunum, enda var ég ekki á landinu þegar þetta var gert. En ég vil ekki taka tímann frá Alþingi til þess að ræða þetta í einstökum atriðum. Ég endurtek það að ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við þessa tillögu. Hér er þörf á úrbótum til að ráða fram úr því ófremdarástandi sem ríkir í þessum málum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Yfirstjórn öryggismála, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞK o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Aukinn þáttur bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF, 74. mál. — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Reiðvegaáætlun, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 113. mál. — Þskj. 117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Ferðamálastefna, fyrri umr.

Stjtill., 164. mál. — Þskj. 177.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um ferðamálastefnu á þskj. 177, 164. mál. Tillaga þessi var lögð fram á 112. löggjafarþingi hér á sl. vori til kynningar og er hér endurflutt með smávægilegum breytingum. Hv. atvmn. Alþingis fékk tillöguna til meðferðar sl. vor og sendi hana út til umsagnar fjölmargra aðila.

Með umfjöllun Alþingis og samþykkt á ferðamálastefnu er að því stefnt að skýra viðhorf þingsins til ferðaþjónustu sem atvinnugreinar. Í tillögunni eru sett fram nokkur samfélagsleg markmið er varða atvinnugreinina og bent á margar leiðir sem fara þarf til að ná þessum markmiðum. Í grg. og fylgiskjölum eru síðan settar fram nánari skýringar á einstökum liðum tillögunnar og upplýsingar um stöðu og þróun ferðaþjónustu hér á landi og þróunarhorfur. Stefnumótun í ferðamálum á bæði að vera opinberum aðilum og þeim sem starfa við ferðaþjónustu að gagni. Stefnuna þarf svo að endurskoða með reglubundnum hætti í ljósi fenginnar reynslu.

Þáltill. um ferðamálastefnu sem hér er flutt er samin af nefnd sem samgrh. skipaði þann 1. júní 1989 og voru verkefni nefndarinnar tilgreind þannig í skipunarbréfi: Að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli og stefnumörkun í þeim. Felur nefndarstarfið m.a. í sér eftirfarandi þætti:

1. Könnun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin.
2. Endurskoðun á opinberri stefnu í ferðamálum og tillögur um æskilega þróun þeirra mála.
3. Endurskoðun laga um ferðamál.

Í ferðamálanefndina voru skipuð: Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, formaður, Árni Þór Sigurðsson, deildarstjóri í samgrn., Áslaug Alfreðsdóttir, hótelstjóri á Ísafirði, Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri, Bjarni Sigtryggsson ferðamálafræðingur, Friðjón Þórðarson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Reynir Adolfsson framkvæmdastjóri, Akureyri, og Unnur Stefánsdóttir verkefnisstjóri. Nefndinni var ekki afmarkaður starfstími en hún ákvað í samráði við ráðuneytið að skipta verkefni sínu í áfanga og ljúka störfum haustið 1990.

Nefndin hefur enn fremur samið frv. til laga um ferðaþjónustu sem ég bind vonir við að lagt verði fyrir hið háa Alþingi á þessu haustþingi, en það frv. er nú til skoðunar hjá þingflokkum ríkisstjórnarinnar.

Ég leyfi mér þá að fara nokkrum orðum um helstu markmið ferðamálastefnunnar. Skilningi stjórnvalda og annarra á þjóðhagslegu gildi ferðaþjónustu og þeim vaxtarmöguleikum sem hún býr yfir, ef rétt er á málum haldið, hefur í mörgu verið ábótavant. Málefni ferðaþjónustu verðskulda ekki síður athygli en hefðbundnar greinar eins og sjávarútvegur og landbúnaður. Sérstaklega þarf að taka tillit til þess við stjórnvaldsaðgerðir að hér er um útflutningsatvinnugrein að ræða sem ekki má mismuna með tilliti til samkeppnisstöðu og líta ber á í sambandi við meðferð efnahagsmála, þar með talið varðandi gengisákvarðanir. Ferðaþjónusta sem atvinnugrein á fyrst og fremst að standa á eigin fótum án opinberrar íhlutunar um málefni einstakra fyrirtækja. Tímabundinn stuðningur af hálfu ríkis eða sveitarfélaga getur þó verið nauðsynlegur og jákvæður, m.a. vegna aðstæðna í dreifbýli og við að koma fyrirtækjum á legg. Þá er óhjákvæmilegt að Ferðamálaráð leggi í samvinnu við sveitarfélög og aðra aðila fram fjármagn til að koma upp aðstöðu á ýms-

um ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Fjárhagslegur stuðningur af hálfu ríkisins þyrfti þó fyrst og fremst að beinast að sameiginlegri yfirstjórn, skipulagi, menntun og rannsókna- og þróunarstarfi í ferðamálum. Þennan fjárstuðning þarf að auka til muna frá því sem nú er, a.m.k. á meðan verið er að koma ferðaþjónustu á viðunandi grundvöll og bæta úr margháttaðri vanrækslu. Brýnt er að Ferðamálaráð og starfsemi sem því tengist fái á næstu árum óskertan þann markaða tekjustofn sem lög um skipulag ferðamála nú kveða á um eða hliðstætt framlag. Einnig þarf að fá fjármagn til uppbyggingar á öðrum sviðum sem tengjast ferðamálum, m.a. til fræðslumála.

Ferðamennska hefur vaxið gífurlega síðustu áratugi og er að verða snar þáttur í lífi flestra. Aðstaða til ferðalaga og tilkostnaður við þau eru því hluti af lífskjörum almennings. Fyrir cyþjóð eins og Íslendinga skipta samgöngur til og frá landinu afar miklu máli. Á því sviði eiga sér stað umtalsverðar breytingar sem skipta ferðaþjónustuna verulegu máli. Flugsamgöngur eru þar efstar á blaði.

Framboð á ferðum innan lands hefur ekki síður gildi, jafnt fyrir landsmenn sjálfa og útlendinga. Gott skipulag á samgöngum og samgöngubætur eru allra hagur og forsenda þess að sem flest byggðarlög geti átt hlut að ferðaþjónustu. Stefnt er að því að ferðaþjónustan hafi í heild jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna. Uppbygging ferðaþjónustu innan lands getur á tvennan hátt haft bætandi áhrif á viðskiptajöfnuð Íslendinga við útlönd. Ferðir um eigið land draga úr gjaldeyrisnotkun og beina neyslunni þess í stað inn í innlent hagkerfi og útlendingar sem hingað koma færa þjóðinni gjaldeyristekjur. Svo framarlega sem ferðaþjónustan innan lands ofbýður hvorki náttúru né umhverfi og leiðir ekki til óarðbærra fjárfestinga er hún þarft verkefni til að stuðla að jöfnuði í viðskiptum okkar við önnur lönd. Ferðaþjónusta þarf að búa við hliðstæð kjör og aðrar samkeppnisgreinar, m.a. um skattlagningu. Lækkun kostnaðarliða í ferðaþjónustu bætir samkeppnisstöðuna og er líkleg til að hafa hagstæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna. Matvælaverð er enn tilfinnanlega hátt hérlendis og fyrir ferðaþjónustuna skiptir miklu máli að það lækki. Framboð í ferðaþjónustu þarf að miða við að laða hingað viðskipti. Það verður best gert með því að auka fjölbreytni í afurðum og afþreyingu er höfði til erlendra ferðamanna.

Náttúra landsins er sú auðlind sem laðar útlendinga til Íslandsferða öðru fremur og sama gildir um skemmtiferðir Íslendinga innan lands. Verndun umhverfis er því undirstöðuatriði að því er varðar framtíð ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er að við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu sé verndun náttúru og umhverfis höfð að leiðarljósi. Hingað til hefur allt of mikið verið horft fram hjá þessum grundvallarþætti. Þetta varðar alla þætti umhverfis, loft, vatn og land. Allt er þetta í nokkurri hættu að spillast og við því þarf að bregðast með viðhlítandi aðgerðum. Sem dæmi má nefna að fjöldi ferðamannastaða er í niðurníðslu og umgengni er víða mjög ábótavant. Ferðamennskan á hér hlut að máli, en önnur umsvif og almennt ástand umhverfismála skiptir vitaskuld miklu í þessum efnum einnig.

Ferðaþjónusta er margþætt atvinnugrein og tengist ýmissi annarri starfsemi. Hún er því vel fallin til að auka fjölbreytni í störfum og atvinnuframboði en á því er veruleg þörf, m.a. vegna samdráttar á öðrum sviðum atvinnulífs. Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustu og ástæða er til að ætla að svo geti orðið áfram ef rétt er að málum staðið. Mikið vantar hins vegar á kjölfestu í greininni, m.a. að því er varðar menntun og þjálfun starfsfólks og námsframboð innan lands, svo og rannsókna- og þróunarstarf. Enn fremur ber að hafa hugfast að mikil árstíðabundin sveifla er í ferðaþjónustu hérlendis og endurspeglast hún í breytilegri eftirspurn eftir vinnuafli í greininni þar sem mikið er um hlutastörf og árstíðabundin verkefni. Þetta þarf hins vegar ekki endilega að falla illa að íslenskum vinnumarkaði.

Ferðaþjónusta getur fallið vel að því yfirlýsta markmiði stjórnvalda í byggðamálum að viðhalda byggð sem víðast á landinu. Innlendir sem erlendir ferðamenn vilja öðru fremur kynnast náttúru landsins og lífsháttum fólks í byggðarlögunum. Því á að vera unnt að tryggja dreifingu ferðamanna á álagstímum og gera sem flestar byggðir með einhverjum hætti þátttakendur í ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan á að geta styrkt nauðsynlega þjónustu við heimafólk í byggðum en til þess þurfa heimamenn að eiga hlut að henni og grunnþjónusta að njóta hagnaðar af árstíðabundnum tekjum af viðskiptum við ferðafólk. Auknar ráðstöfunartekjur heimilanna og samningsbundið orlof hafa gert almenningi kleift að njóta útivistar, ferðalaga og orlofsdvalar. Mikilvægt er að tryggja öllum hópum þjóðfélagsins aðgang að slíkri aðstöðu, einnig þeim sem vegna fötlunar sinnar eða sjúkdóma, bágs fjárhags, félagslegrar einangrunar eða skorts á þeim réttindum sem samtök launafólks veita geta ekki notið orlofs síns með sama hætti og aðrir. Sérstaklega þarf að huga að málefnum hreyfihamlaðra og fatlaðra í þessu sambandi, bæði varðandi byggingar, farartæki, útivistarsvæði, vegi og brautir. Sjá verður fyrir þörfum þessara hópa þegar settar eru reglugerðir, við skipulag og ekki síst byggingu mannvirkja og útbúnað tækja.

Svipuðu máli gegnir um aldraða, að taka þarf sérstakt tillit til þeirra við uppbyggingu ferðaþjónustu. Öldruðu fólki fer fjölgandi meðal ferðamanna og líkur eru á að sú þróun haldi áfram. Hér er því um umtalsverðan hluta af markaði ferðaþjónustunnar að ræða sem á eðlilega kröfu á þjónustu miðað við sínar aðstæður.

Miklar breytingar eiga sér nú stað í Evrópu og geta þær haft margvísleg áhrif hér á landi, m.a. á ferðaþjónustu. Þar er einkum um að ræða tilkomu sameiginlegs innri markaðar í Evrópubandalaginu og þær miklu breytingar sem ganga yfir í Austur-Evrópu. Sameiginlegur markaður Evrópubandalagsins felur m.a. í sér að afnumin verða landamæri og hindranir fyrir vörur, fjármagn, þjónustu, einstaklinga og fyrirtæki milli þeirra 12 ríkja sem mynda Evrópubandalagið. Samkeppni mun fara harðnandi innan bandalagsins með til-

komu innri markaðar, svo og við önnur lönd og svæði.

Hæstv. forseti. Möguleikar Íslands sem ferðamannalands eru margvíslegir. Ferðamennska í heiminum hefur breyst allnokkuð á síðustu árum. Ósnortin víðerni, saga og menning, heilbrigði og manngildi eru þættir sem eru orðnir eftirsóknarverðir og er ljóst að Ísland á ekki síður möguleika í þessu efni en önnur lönd. Fundir og ráðstefnur og verðlaunaferðir fara einnig í vöxt og er þá gjarnan verið að leita að einhverju framandi og ævintýralegu. Einnig á þessu sviði hefur Ísland aðdráttarafl. Þróun ferðaþjónustu er hins vegar þolinmæðisverk og til að nýta vaxtarmöguleika hennar þarf skilning af hálfu stjórnvalda og góð starfsskilyrði. Ferðaþjónustan er atvinnugrein í örum vexti. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum nema nú um 10% af útfluttri vöru og þjónustu og verða þannig ríflega 10 milljarðar íslenskra króna á þessu ári. Störfum í ferðaþjónustu fer enn fremur jafnt og þétt fjölgandi en erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir fjölda starfsmanna í ferðaþjónustu þar sem mörg störf eru aðeins að hluta tengd ferðaþjónustunni í gegnum aðrar atvinnugreinar. Þó er varla ofáætlað að um 5% af mannafla sinni ferðaþjónustu og fer þetta hlutfall hækkandi. Það er því ekki seinna vænna að mótuð sé opinber stefna í ferðamálum, atvinnugreinin skilgreind sem og verkaskipting ríkis og einkaaðila. Þáltill. sem hér liggur fyrir er einmitt ætlað að bæta úr í þessu efni.

Ég hef nú, virðulegi forseti, í stuttu máli gert grein fyrir helstu markmiðum með mótun opinberrar stefnu í ferðamálum. Um einstakar leiðir til að ná þessum markmiðum vísa ég til tillögunnar og ítarlegrar grg. með henni.

Ég vil að lokum færa nefndinni, sem að þessu starfi hefur verið undanfarna mánuði og missiri, þakkir mínar fyrir vel unnin og mikil störf. Ég vænti þess að hv. alþm., sem og öðrum þeim sem áhuga hafa á málefnum ferðaþjónustunnar, þyki nokkur fengur í því starfi sem þar hefur verið unnið, þyki gagnlegar þær upplýsingar sem dregnar hafa verið saman og birtar eru m.a. hér í ítarlegri grg. og í fskj. með tillögunni. Þá munu enn fremur ýmsar upplýsingar og gögn sem þessu máli tengjast væntanlega fylgja frv. til laga um skipan ferðamála sem nú er til skoðunar hjá þingflokkum eins og áður sagði.

Ég bind miklar vonir við það að þetta starf, bæði heilstæð stefnumörkun á sviði ferðaþjónustu með samþykkt Alþingis, ef svo vill verða, um ferðamálastefnu sem og heildarendurskoðun löggjafar á þessu sviði verði ferðaþjónustu í landinu til framdráttar sem vaxandi atvinnugreinar og megi vonandi skapa henni þann sess meðal annarra atvinnugreina þjóðarinnar sem hún verðskuldar og á skilið. Það væri að mínu mati mikil skammsýni íslenskra stjórnvalda um þessar mundir þegar þannig háttar til að víða eru erfiðleikar og jafnvel samdráttur í okkar stærstu og hefðbundnu greinum atvinnulífs að horfa ekki á og nýta þá miklu möguleika sem ferðaþjónustan sannanlega og óumdeilanlega býr yfir. Það að þessi grein skuli ár frá ári hafa vaxið og fært aukin verðmæti inn í okkar þjóðarbú þrátt fyrir það sem ég held að verði ekki hægt að kalla annað en takmarkaðan skilning ráðamanna á högum greinarinnar sýnir okkur betur en flest annað hvaða möguleikar þarna liggja.

Árið sem nú er að líða verður og er reyndar nú þegar orðið metár í komu erlendra ferðamanna hingað til landsins. Það verður væntanlega sömuleiðis metár hvað snertir tekjur íslenska þjóðarbúsins af ferðaþjónustu og allt ætti þetta að verða okkur hvatning til þess að taka á málefnum þessarar greinar með myndugum hætti.

Ég vænti þess að hv. Alþingi taki þess vegna vel þessari tillögu og þessari stefnumörkun. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að lokinni þessari umræðu að leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil færa hæstv. ráðherra þakkir fyrir að leggja þetta mál fram og jafnframt þeirri nefnd sem að þessu máli hefur unnið. Ég tel að hér liggi til grundvallar mikil vinna og það verður að segjast eins og er að hverjum sem hugleiðir þessi mál má ljóst vera að hér er stórmál á ferðinni.

Samkvæmt skoðunum sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna má gera ráð fyrir því að það muni ekki fjölga meira í nokkurri atvinnugrein til næstu aldamóta en þeirri sem hér er til umfjöllunar. Þetta leiðir hugann að því að sú mikla sókn sem hefur verið í aðsókn að landinu ef svo mætti komast að orði, þ.e. hin mikla fjölgun ferðamanna erlendra til Íslands er ekki sérlenskt fyrirbrigði í þeirri merkingu. Þróunin er sú að menn ferðast miklu meira í þessum heimi og þetta er þess vegna að hluta til spurningin um það hvort við getum haldið hlut okkar í þessari þróun og ef til vill bætt.

Ég held aftur á móti að við stöndum frammi fyrir því að ekki verður undan því komist að leggja í verulegar fjárfestingar, bæði til að ofbjóða ekki landinu og eins til þess að við getum tekið sómasamlega á móti þeim sem hingað koma.

Ég var á ráðstefnu uppi í Borgarnesi þar sem fjallað var um byggðamál. Þar talaði meðal annarra forstöðumaður Ferðaþjónustu bænda. Og ein setning í hans máli vakti verulega undrun mína en hann fullyrti að tveir af hverjum þremur sem væru að spyrja um ferðir til Íslands sem tengdust Ferðaþjónustu bænda hættu við þegar þeir fengju að vita um verð á bílaleigubílum á Íslandi. Þetta vakti undrun mína og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. samgrh. láti fara ofan í saumana á því hvort erlendir aðilar sem reka bílaleigur í sínu landi hafi einhverja aðstöðu fram yfir þá sem hér reka bílaleigubíla sem gerir þennan gífurlega mismun. En auðvitað er hin hliðin á þessu máli til staðar og þarf ekki rannsóknar við, hún blasir við hverjum manni, að okkar vegakerfi er því miður ekki í nægilega góðu standi.

Ég vil taka sérstaklega undir það í máli hæstv. ráðherra að sé hugað að stöðu dreifbýlisins á Íslandi þá er það svo að sum þau svæði sem eiga við hvað mestan vanda að stríða vegna samgönguleysis og strjálbýlis eru einmitt ákjósanlegustu svæðin til þess að taka á móti auknum ferðamannastraumi. Þau hafa yfir nátt-

úrufegurð að ráða. Ég get nefnt eitt dæmi um slíkt svæði sem ég er sannfærður um að óhemjufjöldi ferðamanna, bæði innlendra og erlendra, mundi heimsækja ef aðstæður væru betri. Það er Árneshreppur á Ströndum. Það blasir við að vegakerfið þangað norður eftir er í slíku ástandi að venjulegir fólksbílar komast ekki þá leið nema eiga á hættu stórskemmdir.

Ég ætla líka að vekja athygli á því að það er mikil spurning hvort íslenskt atvinnulíf þarf ekki almennt að búa sig undir það að erlendir ferðamenn eigi einhverja möguleika á að kynnast því. Ég minnist þess að þegar hvalveiðar voru stundaðar við Ísland var eitt af því sem útlendingum var gjarnan sýnt starfsemin hjá þessari hvalveiðistöð. Ég hygg að áhugi erlendra ferðamanna á því t.d. að fá að skoða fiskverkun Íslendinga sé til staðar og veit reyndar að leitað hefur verið eftir því hvort menn eigi tök á að fá að skoða slíka starfsemi. Það er svo margt í þessum efnum sem þarf að taka til athugunar og endurskipulagningar.

Ég ætla einnig að víkja talinu aftur að hálendinu á Íslandi. Ég held að við séum komnir á viss tímamót varðandi ferðalög um hálendið. Ég held að það sem verið hefur við lýði, að menn hafa lygilega frjálst fengið að ferðast um hálendi Íslands, gangi hreinlega ekki upp nema með stórauknu eftirliti. Og ég er sannfærður um að ef við þrjóskumst við að fylgja þessu eftir með eftirlitið mun skaðinn verða mikill á næstu árum.

Einn er sá staður á Vestfjörðum sem að mínu viti hefur e.t.v. eitthvert mesta aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn af öllum stöðum í þessu landi og það er Látrabjarg. Það er eitt af þeim svæðum þar sem Náttúruverndarráð, Ferðamálaráð, heimamenn og önnur opinber stjórnvöld þurfa sérstaklega að gaumgæfa hvernig á að standa að málum í framtíðinni. Þar sem erlendir ferðamenn hafa verið látnir svara því hvar þeim hafi fundist athyglisverðast að koma hefur það komið í ljós að hafi Látrabjarg verið á þeim spurningalista, þ.e. að þeir hafi komið þangað, hafa mjög margir merkt við þann stað. Ég veit að það er ekki staður né stund til þess að fara hér í mikla upptalningu og það var ekki ætlun mín með því að koma hér í ræðustól heldur fyrst og fremst að færa þakkir fyrir framlagningu þessarar þáltill. sem ég vona að muni marka tímamót í ferðamálum á Íslandi þegar hún hefur verið samþykkt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um að mörkun ferðamálastefnu er bæði tímabær og nauðsynleg í landi sem a.m.k. í öðru orðinu er rómað sem ferðamannaland framtíðarinnar. En það eru nokkur atriði varðandi ferðamál sem mér finnst nauðsynlegt að komi fram við þessa umræðu. Auk þess vænti ég þess að fá tækifæri til að fylgjast með málinu í hv. atvmn. þar sem ég er áheyrnarfulltrúi. Fyrst vil ég þó lýsa þeirri skoðun minni að ferðaþjónusta sé sú atvinnugrein og sú gjaldeyrisöflun sem ástæða er til að binda hvað mestar vonir við í framtíðinni verði rétt að málum staðið. Á ferðamálaráðstefnu á Egilsstöðum í febrúar sl. kom fram að gjaldeyristekjur okkar af ferðaþjónustu hafi verið 9–10 milljarðar á sl. ári. Ársverkum í ferðaþjónustu fjölgar sífellt.

Til þess að ferðaþjónusta verði atvinnugrein framtíðarinnar í reynd þarf að gæta vel að ýmsum atriðum. Umhverfismálin koma þar fyrst upp í hugann. Ég vil sérstaklega vísa til þeirra upplýsinga sem fram komu sl. vor er hv. 6. þm. Vesturl. Danfríður Skarphéðinsdóttir bar fram fsp. um skipulegar hópferðir erlendra aðila um hálendi Íslands. Þar kom fram hve alvarlegt ástand er víða á hálendi Íslands, einkum á fjölsóttum og viðkvæmum stöðum. Þessu máli skyldur er sá mikli innflutningur matvæla sem verið hefur með erlendum ferðamönnum sem fara á sínum vel búnu bílum yfir viðkvæmar slóðir og skilja ekki einu sinni eftir gjaldeyristekjur í landinu. Þetta mál hefur raunar hlotið nokkuð mikla umfjöllun nú á haustþingi og vissulega er það fagnaðarefni að til stendur að minnka þann matarskammt sem erlendum ferðamönnum er heimilt að taka með inn í landið. Ég held að ég muni það rétt að það sé úr 10 kg í 3 kg, en eftir stendur það að það er fyrst og fremst hátt verðlag á matvöru sem veldur þessum gífurlega innflutningi á matvörum og ekkert eftirlit, og því er raunar víða ábótavant, kemur í stað þeirrar aðgerðar að lækka verð á matvöru með niðurfellingu matarskatts. Ég fagna því að heyra hæstv. samgrh. taka undir það sjónarmið. En orð ein duga skammt. Lækkun matarverðs er öllum til hagsbóta og ekki síst bráðnauðsynleg aðgerð í vaxandi ferðamennsku.

Fram kom í störfum nefndarinnar og ræðu hæstv. samgrh. að menntun starfsfólks í ferðaþjónustu er eitt brýnasta verkefni sem blasir við nú. Ég fagna þeim tillögum sem fram koma í þáltill. um ferðamannastefnu en sakna þess að sjá ekki fastmótaðri hugmyndir um framhaldsnám í ferðaþjónustu. Mér er m.a. kunnugt um að við Háskólann á Akureyri er áhugi á að koma á laggirnar ferðamálanámi. Mig langar því að vekja athygli á því hér í þessari umræðu.

Einnig finnst mér brýnt að tekið verði sérstaklega tillit til hinna sérstöku aðstæðna á Íslandi, tiltölulega ósnortinnar náttúru, í ferðamálanámi á Íslandi. Við stöndum frammi fyrir því nú að margir sækja framhaldsnám í ferðamálum til annarra landa þar sem e.t.v. eru að einhverju leyti aðrar aðstæður en á Íslandi þótt margt megum við vissulega læra af því sem gert er þar og þar vil ég m.a. nefna Bandaríkin eins og fram kemur í fylgiskjölum með þáltill. Skortur á vel menntuðu fólki í ferðaþjónustu getur orðið okkur dýrt spaug þegar fram í sækir.

Á hverju ári stendur fjvn. frammi fyrir því að þurfa að taka afstöðu til fjárveitingabeiðna frá heilsárshótelum víða úti um landið sem eiga í miklum rekstrarvanda vegna erfiðra aðstæðna og rekstrarskilyrða og oft þarf að bregðast við og veita þeim neyðarhjálp. Því fé sem varið er í björgunaraðgerðir væri án efa betur varið í aðstoð við markaðsöflun, sölu og til aðstoðar við rekstur og skipulagningu rekstrar og sú aðstoð mundi áreiðanlega nýtast fleirum en þeim sem nú hafa leitað hjálpar.

Mig langar til að gera eitt enn að umtalsefni. Það er

sá þáttur ferðaþjónustu sem ég held að væri mjög æskilegt að Íslendingar huguðu sérstaklega að en það er uppbygging heilsuræktar- og heilsuverndarhótela. Hér er um að ræða mjög sérhæfða ferðaþjónustu sem hentar mjög vel á Íslandi. Íslenski jarðhitinn er vel nýtanlegur í þessu skyni og nægir að nefna Bláa lónið í því sambandi. Þrátt fyrir að margt hafi verið gert þar nú þegar hefur verið þar erfiður rekstur og það gefur auga leið að þörf er á átaki í markaðssetningu, góðri menntun og skipulagðri uppbyggingu ef við eigum að geta nýtt okkur þennan mjög svo ákjósanlega kost í ferðamálum.

Að lokum vil ég nefna þau lög um ferðamál eða þá löggjöf sem nú mun vera til skoðunar hjá þingflokkum. Ég vænti þess að þar sé um að ræða þingflokka stjórnar en ekki stjórnarandstöðu.

Oft hefur borið á því að stjórnarandstöðuþingmenn frétti fyrst af slíkri umfjöllun í fjölmiðlum. Það er þó alla vega nær lagi að slíkt skuli þó koma til tals á Alþingi, en ákjósanlegast væri auðvitað að stjórnarandstaðan gæti einnig fengið tækifæri til að fjalla um og skoða og móta sér skoðun á því sem hugsanlega verður lagt fram í formi lagafrv. síðar. Ég vek athygli á þessu sérstaklega vegna þess að þetta kom hér fram í umræðu áðan, en þetta er svo sannarlega ekki eina tilfellið sem þarna er á ferðinni og kannski ekki einu sinni það versta því að oft er það þannig að stjórnarandstöðuþingmenn hafa orðið að fara ýmsar krókaleiðir til að afla sér þeirra gagna sem fjölmiðlamenn virðast hafa í höndunum svo og ýmsir aðilar úti í þjóðfélaginu. Ég vil bara koma þessari ábendingu hér á framfæri að gefnu tilefni.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hefur fylgt úr hlaði till. til þál. um ferðamálastefnu. Að þessari tillögu hefur unnið ferðamálanefnd samgrn. sem svo er kölluð. Þetta er geysimikið og fjölþætt mál og mætti ræða það á löngum tíma í einstökum efnum, en þó mun ég aðeins hafa um það nokkur orð að sinni.

Ég hef átt sæti í þessari nefnd af hálfu Sjálfstfl. Hún hefur unnið mikið starf að mínum dómi. Ég er ekki alveg ókunnugur þessum málum því að ég var formaður þeirrar nefndar sem endurskoðaði núgildandi löggjöf sem ég að sjálfsögðu viðurkenni að er áfátt í ýmsum efnum en þó barn síns tíma. Þessi mál hafa verið í örri þróun og mótun að undanförnu og ekki óeðlilegt að löggjöf um þau efni taki ýmsum breytingum.

Ég heyrði utan að mér þegar ég kom hér í þingsalinn að einn ágætur flokksbróðir minn var með þetta skjal í höndum og hafði orð á því að þetta væri nú ljóti sósíalisminn eða eitthvað í þá veru. Ég held að þetta sé reginmisskilningur. Ég minnist þess ekki að á allri þessari löngu leið í starfi nefndarinnar hafi nokkru sinni verið minnst á pólitík, hvað þá heldur að í þessum málum hafi komið upp stjórnmálalegur ágreiningur. Nei, það sem að sjálfsögðu vakti fyrir okkur var að fylgja skipunarbréfi nefndarinnar og reyna að móta ferðamálastefnu, skapa almenn skilyrði til þess að einstaklingar og samtök þeirra geti notið sín í þessari atvinnugrein, eða eins og segir hér í greinargerðinni neðst á bls. 8, með leyfi forseta:

„Ferðaþjónusta sem atvinnugrein á fyrst og fremst að standa á eigin fótum án opinberrar íhlutunar um málefni einstakra fyrirtækja. Tímabundinn stuðningur af hálfu ríkis eða sveitarfélaga getur þó verið nauðsynlegur og jákvæður, m.a. vegna aðstæðna í dreifbýli og við að koma fyrirtækjum á legg. Einnig er eðlilegt að opinberir aðilar eins og Skógrækt ríkisins og Náttúruverndarráð sjái um rekstur og eftirlit á völdum svæðum, svo sem í þjóðgörðum og í ríkisskógum. Þá er óhjákvæmilegt að Ferðamálaráð leggi í samvinnu við sveitarfélög og aðra aðila fram fjármagn til að koma upp aðstöðu á ýmsum ferðamannastöðum utan þéttbýlis."

Hlutverk nefndarinnar var að móta slíka almenna ferðamálastefnu og reyna að skapa henni skilyrði og farveg til að þróast á eðlilegan máta. Um þetta má að sjálfsögðu hafa mörg fleiri orð. Það verða allir að viðurkenna að þetta er vaxandi atvinnugrein, atvinnugrein sem við getum ekki horft fram hjá, atvinnugrein sem við verðum að styðja af öllum mætti ef vel á að fara.

Það er ýmislegt sem má benda á sem er þessari atvinnugrein óhagstætt, t.d., eins og hér hefur verið nefnt í þessum umræðum, að matarverð sé of hátt, einnig að erlendum ferðamönnum sé leyft að taka með sér inn í landið of stóran matarskammt. En þetta vona ég að standi til bóta. Þetta er gjaldeyrisskapandi grein og við verðum að líta á málið frá því sjónarmiði.

Ég sagði stundum í þessari vinnu okkar að núgildandi ferðamálalöggjöf væri hreint ekki svo slæm og ég stend að sjálfsögðu við það. Hitt er annað mál að sá tekjustofn sem hún byggði á brást. Því miður fundum við í þessari nefnd samt ekki annan betri tekjustofn á að byggja og höfum því lagt þetta svolítið í vald nútíðar og framtíðar, hvernig að þessum málum verður staðið. Það er vikið að því hér í greinargerðinni að fjárhagslegur stuðningur af hálfu ríkisvaldsins eigi fyrst og fremst að beinast að sameiginlegri yfirstjórn, skipulagi, menntun, rannsóknar- og þróunarstarfi í ferðamálum. Vissulega er þetta rétt. Þennan fjárstuðning þarf hins vegar að auka til muna frá því sem nú er á meðan verið er að koma þessari ungu atvinnugrein á traustan grundvöll og bæta úr vanrækslu okkar frá liðnum árum. Það er lágmark að Ferðamálaráð og starfsemi sem því tengist fái á næstu árum óskertan þann markaða tekjustofn sem núgildandi lög um skipulag ferðamála kveða á um eða annað hliðstætt framlag. Einnig þarf að sjálfsögðu fjármagn til uppbyggingar á öðrum sviðum sem tengjast ferðamálunum, m.a. fræðslumála. Þetta er að vísu meginatriði sem við verðum að horfast í augu við. Hins vegar má segja að þetta gildi að nokkru leyti um flest frumvörp sem við fjöllum um hér á hv. Alþingi.

Ég tel að þessi nefnd sem hér hefur verið að verki hafi unnið mikið starf. Það má sjálfsagt gagnrýna það á ýmsan veg. Nefndin hefur rætt við fjölmarga aðila eins og hér sést á bls. 91: Viðmælendur ferðamálanefndar samgrn. Það þarf ekki annað en að renna aug-

um yfir nöfnin til að sjá að hér hefur þurft langan tíma til að ræða við alla þessa aðila.

Ég vona að þessari till. til þál. verði vel fagnað og hún fái ítarlega meðferð hjá atvmn., en eins og ég sagði í upphafi eru fjölmörg efni sem þarf að skoða og hér er um fjallað í þessari tillögu, t.d. það sem kom fram hjá síðustu ræðumönnum sem fjölluðu um umhverfisvernd og hálendið og löggæslu á hálendinu. Allt eru þetta aðeins nokkrir angar af þessu stóra og mikla máli. Það er ekki nóg með það að hér sé á ferðinni óvenjulega ítarleg till. til þál. um ferðamálastefnu, heldur er einnig af hálfu nefndarinnar svo til fullgert frv. að nýrri löggjöf um ferðamál sem ég vona að verði sem fyrst sýnt hér á hv. Alþingi og hljóti þá meðferð sem þessu mikla máli þarf að sýna og því hæfir.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt í sambandi við þakkir til hæstv. samgrh., ferðamálaráðherra, og þeirrar nefndar sem hefur undirbúið og unnið þessa þáltill. fyrir það mikla verk sem greinilega liggur á bak við till.

Ef aðeins er litið á fyrstu síðuna og aðra opnuna þar sem taldar eru upp leiðir sem till. gerir ráð fyrir til að ná þeim markmiðum sem þar hafa verið nefnd, þá er það um þróun og fjármögnun ferðaþjónustu, rannsóknir og markaðsstörf, umhverfisvernd, viðskiptajöfnuð, byggðaþróun og ferðaþjónustu, jafnrétti og neytendavernd, fræðslu og menntun. Hér er um svo yfirgripsmikið mál að ræða og lagt í svo mikið að það er erfitt að finna nafn á þessa till. sem maður getur fellt sig við. Mér finnst hálfleiðinlegt að kalla slíka stefnu opinbera stefnu, einhverja ríkisstefnu eða þess háttar, heldur er þetta ein allsherjarstefna þeirra sem hafa áhuga á ferðamálum og vilja stuðla að uppbyggingu þeirrar atvinnugreinar. Vitaskuld þarf hún að koma þessa leið hér inn í gegnum hv. Alþingi og vera unnin á þann veg sem mér virðist þessi till. hafa verið unnin á. Ég vil sem sagt endurtaka þakklæti fyrir það að þetta mikla plagg er komið hér enn á ný til umræðu.

Það sem kom mér til þess að biðja um orðið við upphaf umræðna um þetta mál var umfjöllunin um byggðaþróun og ferðaþjónustu. Ég tel að ferðaþjónustan sé mjög mikilsvert mál í sambandi við byggðaþróun og í sambandi við viðhald byggðar á landinu. En eins og stendur í dag er alls ekki bjart þar yfir, það er langt í frá. Fjöldi ferðamanna kemur tiltölulega lítið út um hinar dreifðu byggðir landsins. Honum er fyrst og fremst þjónað hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyrar- og Mývatnssvæðinu. Aðalferðaruntur ferðaskrifstofanna með ferðamenn er Reykjavík-Gullfoss-Geysir, stundum Þingvellir með, og Reykjavíkurferðaþjónustan sinnir þessu fyrst og fremst á þennan máta. Það eru kannski ákveðin rök fyrir því að þannig er staðið að. Það er erfitt að fara út frá þessu svæði með ferðamenn sem eru vanir því að ferðast á malbikuðum vegum, vegum með bundnu slitlagi. Og það er eðlilegt að ferðaþjónustumenn óttist það að fara t.d. með ferðalanginn sinn eða ferðahópinn norður á það svæði sem hv. 2. þm. Vestf. nefndi hér áðan, t.d. norður í Árneshrepp, og taka það trúanlegt að inn í þá sveit og inn í þá byggð sé vegur í einhverri líkingu við það sem ferðakortin benda á. Þar sé sæmilega akfær vegur fyrir hvaða farartæki sem er. Eða þá fara vestur á Snæfellsnes, vestur fyrir jökul, um það dýrðarsvæði og hossast á þeim vegum sem þar eru.

Einmitt í sambandi við umræðu og skoðun þessarar till. þá er sjálfsagt gott og blessað að hugsa til framtíðar eins og meginhluti till. hér gerir. En við verðum líka að líta á nútíðina og eftir því sem við vinnum í nútíðinni þá getum við haldið á málum með einhverri vissu til framtíðar. Ef við ætlum að fjölga mjög mikið ferðamönnum hér á Íslandi á næstu árum og standa að uppbyggingu samgöngukerfisins á þann máta sem nú blasir við þá líst mér ekki á framhaldið. Ef við eigum að halda áfram að fara með ferðalangana sem koma til Íslands fyrst og fremst leiðina Gullfoss-Geysir-Þingvellir og ekki treysta okkur til þess að fara með þá mikið út á þau svæði sem ég var að nefna hér eða önnur lík, þá held ég að við ættum að draga úr því að fleiri komi til Íslands.

Þetta tengist því að það þýðir lítið að vera að tala hér um uppbyggingu aukinnar ferðaþjónustu ef við tökum ekki um leið á samgöngunum í landinu. Núna er skv. fjárlagafrv. skerðing á framlögum til vegagerðar um hátt í milljarð miðað við það sem langtímaáætlun gerir ráð fyrir, a.m.k. rúman hálfan milljarð. Ef þannig á að halda á málum, bæði gagnvart almennri atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og gagnvart þessum eina og sérstaka þætti, þá tel ég að þau markmið sem eru sett hér fram í þessu ágæta plaggi þjóni tiltölulega litlum tilgangi.

Það eru ýmsir aðrir þættir sem vitaskuld þarf að hugsa um í sambandi við byggðaþróunina og ferðaþjónustuna. En ég tel að þetta sé grundvallarþáttur. Ég gæti haft nokkuð fleiri orð um það en ég heyri að minn ræðutími er svo gott sem búinn. Þess vegna vil ég aðeins undirstrika það, sem hv. 2. þm. Vestf. nefndi hér áðan, hvað bílaleigubílar væru dýrir á Íslandi. Það gæti nú verið ef bílaleigubílar væru með skikkanlegri verðlagningu að einn og einn ferðamaður mundi trúa því að það væri sæmilegur vegur í kringum Snæfellsnes og norður í Árneshrepp eða út á Langanes og ef þessi farartæki væru verðlögð á svipaðan máta og þessi þjónusta fæst fyrir í nágrannalöndunum þá gæti verið að hægt væri að vega pínulítið upp á móti því sem er að gerast í uppbyggingu vegakerfisins. En því miður hefur þetta ekki verið þannig á undanförnum árum. Eftir því sem ferðaþjónustumenn úti á landsbyggðinni segja mér þá kemur einmitt það hvað bílaleigubílar eru dýrir hér, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði, iðulega í veg fyrir að ferðamaður komi til Íslands.

Ég vil svo endurtaka það að ég þakka fyrir þessa till. og vænti þess að hún fái góða umfjöllun bæði hér í hv. Sþ. og svo í þeirri nefnd sem henni verður vísað til.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir efni þessarar þáltill., tel hana hreyfa mjög merku máli. Ég veit að að

baki hennar liggur mikil vinna þeirrar nefndar sem undirbjó hana og þau markmið sem fram eru sett eru mjög ítarleg. Ég átti þess kost að sitja ferðamálaráðstefnu í fyrravetur þar sem drög að þessari till. voru til umræðu og menn luku þar einum munni upp um þetta. Hér er fjallað um atvinnugrein sem er í vexti og mér er fullkunnugt um það að ef þessi atvinnugrein væri ekki fyrir hendi væri mjög mikið þrengra um á vinnumarkaðnum, t.d. yfir sumarmánuðina. Það er reynslan úr mínum landshluta þar sem ferðaþjónustan er farin að skipta verulegu máli í atvinnulífinu. Það er þróun sem hefur skeð á síðasta áratug. Áður var ferðaþjónustan minni háttar en hún hefur vaxið og er farin að skipta verulegu máli. En sú auðlind sem ferðaþjónustan byggist á er auðvitað landið okkar og það er náttúrlega fyrsta boðorðið að varðveita það sem best þannig að það sé aðlaðandi fyrir ferðamenn. Eigi að síður var það erindi mitt í þessa umræðu að benda á að við þurfum að tengja ferðaþjónustuna betur en gert hefur verið atvinnulífinu í landinu. Hv. 2. þm. Vestf. tók að nokkru leyti af mér ómakið og minntist á þetta. Mér er kunnugt um að víða erlendis eru atvinnufyrirtæki og sérstæð atvinnustarfsemi aðdráttarafl fyrir ferðamenn. En við höfum lítið farið inn á þessa braut enn þá. Við höfum afar sérstætt atvinnulíf hér miðað við iðnaðarþjóðir Evrópu. Við höfum atvinnulíf sem er í nánum tengslum við náttúru landsins og náttúrufar. Ég vil t.d. benda sérstaklega á sjávarútveginn í þessu efni, hvort það sé mögulegt að tengja sjávarútveginn betur ferðamennskunni. Ég er viss um að ferðamenn hafa áhuga fyrir að kynnast þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar. Ég vildi undirstrika þetta alveg sérstaklega og reyndar hefur verið komið inn á þetta í umræðunni.

Það hefur verið bent á það einnig hér í þessari umræðu að ferðamennskan, hv. 4. þm. Vesturl. benti á það, væri bundin mjög mikið við suðvesturhornið. Ég hygg að þetta sé nú allmikið að breytast og það sé a.m.k. um háannatímann veruleg umferð víðar. En eigi að síður koma flestir ferðamenn sem koma hingað með flugi til Keflavíkur og gera út héðan.

Það er náttúrlega alveg grundvallaratriði í þessu sambandi að fjölga flugvöllum úti á landi sem geta tekið á móti beinu leiguflugi, eins og var byrjað á á Akureyrarflugvelli sl. sumar. Ég held að fyrir erlenda ferðamenn sem koma hingað í heimsókn sé það ekkert áluhjálparatriði að koma inn í landið hér á suðvesturhorninu, nema síður sé. Þeir vilja alveg eins gera út einhvers staðar annars staðar frá. Sú uppbygging sem verið hefur í flugvallamálum styður þetta. Og það er grundvallaratriði að henni verði haldið til streitu. Það mál er í réttum farvegi og ég vil undirstrika það í þessari umræðu í sambandi við ferðamál að eftir því sem ferðamenn koma víðar inn í landið þá jafnast álagið. Álagið af ferðamönnum jafnast einnig við það að beina ferðamönnunum að fleiri stöðum og beina þeim að atvinnulífi landsmanna. Það er óneitanlega svo að auglýsingastarfsemi um Ísland hefur mikið beinst að hálendi landsins og ferðamenn sækja mikið inn til miðhálendisins á álagsstaði sem kannski þola ekki nema takmarkaðan hóp ferðamanna.

Það mætti auðvitað tala langt mál um ferðamálin í landinu. Þar er af nógu að taka. En ég ætla ekki að lengja mál mitt. Það hefur verið rætt hér að verðlagið í landinu sé hemill á aðdráttarafl landsins fyrir ferðamenn. Auðvitað er það mest áríðandi að halda okkar efnahagslífi í jafnvægi, bæði matarverði og öðru verðlagi, þannig að menn muni það ekki helst frá heimsóknum sínum hingað að hér er hátt verðlag og breytilegt verð. Jafnvægi í efnahagsmálum er náttúrlega lífsnauðsyn fyrir ferðaþjónustuna. Ferðaþjónustan er mjög viðkvæm, t.d. fyrir breytilegu gengi og sveiflum í verðlagi. Framtíð ferðaþjónustunnar tengist þess vegna mjög almennum málum hér heima, bæði uppbyggingu vegakerfis, flugmála og annarra slíkra þátta og efnahagslífinu almennt.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu öllu frekar. Ég tek undir efni till. og tel hana byggða á mjög vandaðri og góðri vinnu. Hún setur reyndar mjög almenn en þó ákveðin markmið í ferðaþjónustunni. Og ég vil hvetja til þess að hún fái hér vandaða meðferð og allra síst að hún komi í pólitíska umræðu í einhverjum hálfkæringi. Hér er mál á ferðinni sem er auðvelt fyrir alla að sameinast um hvar í flokki sem menn standa. Þetta er framtíðarmál og þetta er atvinnugrein sem á áreiðanlega framtíð fyrir sér hér á landi. Hún er þó viðkvæm og það verður að halda rétt á henni ef vel á að fara.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur mikil till. frammi um ferðamálastefnu. Það er að vísu svo að það er þykkur pappír sem liggur hér fyrir, fróðlegar upplýsingar, töflur og mörg orð sem standa í þessu og allt er það ágætt út af fyrir sig. En þetta er í rauninni alveg gagnslaust plagg nema fjármagn sé fyrir hendi. Og fjármagnið kemur ekki úr opinberum sjóðum því hæstv. samgrh. hefur sannað það að hann vill draga úr vegamálum, og dregið markvisst úr þeim í tíð þessarar ríkisstjórnar, með minni fjárveitingum til vegamála, eins og réttilega kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. sem gagnrýndi harðlega stefnu núv. ríkisstjórnar í vegamálum og það er að sönnu rétt.

Þessi till. hefur þó þann kost að það er settur á blað óskalisti sem þarf að sönnu að setja fram út af fyrir sig en hefur ekki neitt gildi að öðru leyti. Það sem hefur gildi er það að hér verði stofnuð fyrirtæki með fjármagni og samvinnu við erlenda aðila um að setja á laggirnar öfluga ferðamannaþjónustu í landinu. Ég minni á það að hér er alveg óplægður akur t.d. í skíðamálum. Ég minni á sumarskíðamennsku sem fjöldi manns fer til á hverju ári, t.d. til Ástralíu, Nýja-Sjálands og Argentínu og borgar stórfé fyrir. Ef slík aðstaða væri til hér á landi, sem kostar töluvert fjármagn að byggja, þá mundu þeir gjarnan vilja koma hingað. Ég hef sjálfur átt hlut að því að koma með töluvert marga útlendinga til að skoða hér aðstæður og þeir hafa verið mjög ánægðir með þann þáttinn er lýtur að snjónum sem er talinn mjög góður hér á sumrin, en í þetta vantar auðvitað fjármagn. Það verður ekkert úr slíku nema fjármagn sé fyrir hendi.

Það er alveg ljóst að ferðamálastefna er ágæt í svona

pappírsplaggi en gagnslaus ef ekki fylgja peningar með og hæstv. samgrh. hefur nú markvisst unnið að því að draga fjármagnið frá ferðamálunum, úr samgöngumálunum og þannig vegið að rótum ferðamálastefnunnar. Þess vegna er nú hálfankannalegt að hann skuli birta hér ferðamálastefnu í þáltill., sennilega bara til að geta hampað því í kosningunum á vori komanda að það hafi verið lögð fram vönduð og mikil ferðamálastefna.

Það hefur komið hér fram í ræðum nokkurra þingmanna að þeir eru voðalega óhressir með þessa ferðamenn sem koma hér og kaupa lítinn mat. Má það nú vera að mönnum þyki matur góður, en ef menn vilja fá hina auðugu ferðamenn hingað til landsins, þá kostar það töluvert fjármagn að byggja upp slíka ferðaaðstöðu. Það kostar ekki 100 millj. eða 200 millj., það kostar kannski milljarða að byggja upp slíka aðstöðu og séu menn tilbúnir með það fjármagn þá auðvitað fáum við þá ferðamenn sem vilja borga fyrir slíkt, en meðan við erum með lítið fjármagn og fátæklega aðstöðu fyrir ferðamenn þá fáum við minna af þeim ferðamönnum sem hafa peninga, svo einfalt er það. Hitt er annað mál að slík skýrsla sem þessi er þörf. Menn hafa á einum stað tölulegar upplýsingar um ýmislegt og ýmsar þingsályktanir og margt sem er gaman að hafa svona í riti, en að öðru leyti er þetta vita gagnslaust nema það komi peningar til. Það er náttúrlega ósköp gaman að fletta þessari skýrslu og sjá allar þessar töflur með súluritum o.s.frv. og sitja svo uppi með samgönguráðherra sem hefur markvisst unnið að því að reyna að draga úr ferðamennsku með því að minnka fjármagn til samgöngumála en gott vegakerfi sem er auðvitað grundvöllur fyrir því að menn geti ferðast um landið. Og svo er það líka einn aðalgrundvöllurinn að verðlag sé nokkuð skaplegt til þess að ferðamenn fáist til að koma til landsins. Og núv. ríkisstjórn hefur nú verið allskörp í því að hækka verðlag t.d. á matvælum með matarskattinum fræga sem hæstv. samgrh. barðist með oddi og egg gegn á sinni tíð en samþykkti þegar hann komst í ríkisstjórn. Á því sést að þetta plagg er raunverulega bara markleysa. Það er verið að leggja hérna fram eitthver falleg súlurit, línurit, tölur og hugsanir sem eru frómar út af fyrir sig. En það er alveg gagnslaust ef ekki fylgir fjármagn á eftir. Þess vegna segi ég að það má alveg samþykkja þetta plagg eins og það liggur fyrir vegna þess að það er alveg gagnslaust nema veittir verði miklir fjármunir og tryggt að það komi fjármagn í ferðamál hér á Íslandi. Og þeir hafa yfirleitt komið í gegnum erlenda aðila. Tökum t.d. Flugleiðir. Þeir hafa fengið lán í sínar flugvélar frá erlendum aðilum. Það hefur verið byggt upp á erlendu fjármagni. Ég fagna því auðvitað að samgrh. skuli sjá það að við þurfum meira fjármagn til þessara hluta. Hann vill náttúrlega erlent fjármagn hér inn í landið, þykist ég vita, því að öðruvísi verður ekki byggð upp ferðamálastefna. Svo einfalt er það.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta er í annað sinn sem þetta mál kemur hér fyrir þingið, till. til þál. um ferðamálastefnu, og nú í svolítið breyttu formi, þ.e. nokkrum atriðum hefur verið aukið við tillögukaflann eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra sem mælti hér fyrir till. Og í grg. með till. er bætt við nokkrum atriðum og nýjum köflum jafnvel frá því sem var þegar till. var flutt síðla á síðasta þingi. Þessi endurskoðun er afrakstur af umsögnum og frekari umræðu um efni þessarar till. þar sem mjög margir hafa komið að máli.

Ég ætla ekki að rekja þetta í einstökum atriðum en ég vil nota tækifærið til þess að þakka þann ágæta og jákvæða anda sem hefur komið fram í meðferð þessa máls við fjölmarga hagsmunaaðila og eins hér á hv. Alþingi. Þegar till. var rædd í fyrra, þá sveif sá andi yfir vötnum að menn teldu að það væri nokkuð á sig leggjandi til þess að ná saman um svona ferðamálastefnu sem megingrundvöll fyrir þróun ferðamála í landinu sem löggjöf yrði síðan byggð á og einstakar aðgerðir og það var auðvitað ásetningur okkar sem að þessu störfuðu í nefnd að reyna að verða við þessum óskum með okkar vinnu.

Það hefur verið mjög ánægjulegt að vinna að þessu verki í nefndinni sem starfaði á vegum samgrn. því að þar hefur tekist full samstaða um markmið og leiðir í þessum efnum. Nefndin er langt komin í sínu starfi, hefur skilað til hæstv. ráðherra, og til ríkisstjórnar eru komnar tillögur að nýrri löggjöf um ferðaþjónustu sem væntanlega sjá dagsins ljós hér á hv. Alþingi innan skamms.

Vegna þess sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykn. sem talaði hér næst á undan mér, þá finnst mér að hann hafi kannski sett sig svolítið í varnarstellingar gagnvart þessu þingskjali. Þó las ég út úr orðum hans efnislegt samþykki við þessa stefnumörkun sem hér liggur fyrir, en hann hnykkti á um það að hún væri til lítils nema fjármunir fylgdu. Undir þetta er vissulega hægt að taka. En ég held að það sé jafnnauðsynlegt að hafa markaðar leiðir, hafa ákveðin markmið og skilgreindar leiðir hvernig hið opinbera á að koma að þessari atvinnugrein og leitast við að styðja hana með almennum aðgerðum, til þess að það fjármagn sem til greinarinnar er lagt hverju sinni nýtist sem best og falli inn í einhverja hugsaða heild út frá mótuðum þjóðhagslegum sjónarmiðum og þeirri nauðsyn sem er á að vernda þá auðlind sem ferðamennskan byggir á hjá okkur, þ.e. náttúru landsins. Þannig vil ég taka öllu sem hefur komið fram í rauninni sem jákvæðu framlagi inn í þessa umræðu þrátt fyrir nokkrar ábendingar og viðleitni til gagnrýni af hálfu síðasta ræðumanns hér, hv. 11. þm. Reykn.

Það hafa komið fram hér í umræðunni fáein atriði sem ég nefni. Hæstv. ráðherra mun vafalaust víkja hér almennt að málinu á eftir, en það eru örfá atriði sem ég sé ástæðu til að koma hér að og það er kannski fyrst af öllu gagnrýni hv. 10. þm. Reykn. sem kvartaði undan því að stjórnarandstaðan hefði ekki komist að málinu og ekki fengið upplýsingar sem skyldi um málið, sérstaklega um frv. sem væri komið til stjórnarflokka. Ég mundi skilja þá gagnrýni ef þingflokkur Kvennalistans hefði ekki átt fulltrúa í nefndinni sem samdi þær tillögur. Sú stefna sem hér liggur fyrir er flutt óbreytt

frá því sem samstaða var um í þessari undirbúningsnefnd og sama gildir að ég best veit um þær tillögur sem nefndin skilaði í síðustu viku í formi frv. til laga um ferðaþjónustu. Og ég veit ekki til þess að fulltrúar flokka í nefndinni eða þeir sem tengjast þingflokkunum hafi verið undir neinum þagnareiði í sambandi við undirbúning eða efni. Við höfum þvert á móti reynt að vinna þetta mál mjög opið gagnvart öllum aðilum og það gagnvart hagsmunaaðilum eins og listinn langi yfir viðmælendur nefndarinnar ber vott um. Þetta vildi ég nú bara nefna hér til upplýsingar um þetta en ég met þau ágætu orð sem komu fram hjá hv. 10. þm. Reykn. almennt varðandi málið og þar kom fram fullur stuðningur eins og hjá öðrum hv. ræðumönnum.

Það var eitt atriði í hennar máli sem ég vildi þó bæta aðeins við. Það er varðandi fræðslumálin og fræðsluþáttinn. Það var vikið að því að það væru ekki nógu skilmerkilegar tillögur varðandi þróun fræðslu og menntunar í ferðaþjónustu. Það kann að vera að þar þyrfti fastar að kveða í tillögu sem þessari. En þó vil ég vekja athygli á því að það er sérstakur kafli í leiðum sem varðar fræðslu og menntun og auk þess er ítarleg frásögn í grg. á bls. 13 í þskj. og sérstakt fskj. nr. IV sem fjallar um fræðslumálin. Ein af leiðunum sem bent er á í tillögutextanum varðandi fræðslu og menntun er sú að sett verði á fót fræðsluráð ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi skv. lögum um framhaldsskóla og samin námsskrá vegna fræðslu í ferðaþjónustu. Við ræddum ítrekað við fulltrúa menntmrn. um þennan þátt málsins og af hálfu þeirra kom fram að þeir teldu ekki skynsamlegt að auka við sérstökum tillögum í lögum, og vissulega hefði það komið til álita, né ganga lengra en gert er hér í tillögunni varðandi þennan þátt sérstaklega. Það eru almennar heimildir í lögum um framhaldsskólastig að setja á fót fræðsluráð vegna atvinnugreina og fullur stuðningur af hálfu menntmrn. að svo verði gert vegna ferðaþjónustunnar. Það er gert um sjávarútveginn og slíkt fræðsluráð er starfandi varðandi málefni sjávarútvegs en heimild til að bæta slíku við og væntanlega verður það einn ávöxturinn af þessari tillögu að svo verði gert varðandi þennan fjölskrúðuga akur ferðaþjónustunnar sem auðvitað þarf að sinna í fræðslukerfi landsins.

Þá var það einn þáttur sem vikið var að af tveimur hv. ræðumönnum að ég hygg sem töluðu um þýðingu þess að tengja ferðaþjónustuna við atvinnulíf landsmanna, að nýta þá möguleika sem í því felast að kynna ferðamönnum atvinnustarfsemi í landinu vegna þess að hún er forvitnileg fyrir ferðafólk og oft ekki aðgengileg sem skyldi þannig að það þarf að taka tillit til þess og greiða fyrir því að svo geti orðið. Að þessu efni er sérstaklega vikið í tillögutextanum sjálfum á bls. 3 í kafla sem ber yfirskriftina „Byggðaþróun og ferðaþjónusta". Þar er ein aðgerðin sem vísað er til að „varðveita sögulegar minjar í landinu og gera ferðafólki kleift að kynnast menningu og atvinnuháttum að fornu og nýju". Um þetta efni er síðan rætt nánar á bls. 12 í tillögutextanum með svofelldum orðum:

„Atvinnulíf til lands og sjávar hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn og með samvinnu við það má skapa framboð á viðfangsefnum fyrir ferðafólk. Dæmi um það er þátttaka ferðamanna í dagróðrum eða lengri veiðiferðum eða ígrip í landbúnaðarstörf. Sveitarstjórnir og ferðamálanefndir á þeirra vegum geta haft milligöngu um slíkt framboð og félög áhugamanna á ýmsum sviðum geta lagt sitt af mörkum."

Þetta nefni ég til að vísa til þess að einnig er á þessu máli tekið í tillögugreininni sjálfri og í grg.

Það eru ágæt dæmi sem eru vegvísandi í þessum efnum. Það er fyrirtæki í fiskvinnslu á Ísafirði, Íshúsfélag Ísfirðinga. Það fyrirtæki hefur einmitt greitt götu ferðamanna og unnið með ferðamálaaðilum á Ísafirði með því að skapa skilyrði fyrir ferðafólk að heimsækja fyrirtækið án þess að valda þar röskun á starfseminni með átroðslu og slíku. Og það eru einmitt svona dæmi sem geta hjálpað okkur á leið í sambandi við að tengja saman ferðaþjónustuna og atvinnulífið, raunar báðum aðilum til hagsbóta því að auðvitað skiptir það máli að þeir sem okkur sækja heim fái vissu um það að við stöndum vel að okkar útflutningsiðnaði t.d. og frystiiðnaðurinn er þar dæmi þannig að þetta tengist um leið markaðsöflun fyrir okkar útflutningsafurðir og við skulum vona að vel sé að staðið og til fyrirmyndar þannig að það verði til framdráttar.

Í þessari till. er víða vikið að umhverfisverndinni og enn frekar mun það koma fram í væntanlegu frv. þar sem tekið er sérstaklega á þeim málum að styrkja þann þátt í tengslum við ferðaþjónustuna og þar þarf að leggja nokkuð af mörkum af opinberri hálfu. En vegna þess sem hér hefur komið fram um nauðsynina á fjármögnun, þá er það eins og hv. 2. þm. Vesturl. vék að í skilmerkilegu máli hér áðan, að það er ekki verið að gera ráð fyrir ríkisforsjá í þessari atvinnugrein eða að farið verði að verja stórum upphæðum til fyrirtækja í greininni. Þvert á móti er það meginhugsun þessara tillagna að ferðaþjónustan megi ná þannig stöðu að hún verði arðgæf á heildina litið og það verði einstaklingar og félög einstaklinga, það verði fyrirtæki í landinu sem byggi upp ferðaþjónustuna, en jafnnauðsynlegt er það að af opinberri hálfu verði henni sköpuð starfsskilyrði eins og öðru því atvinnulífi sem byggt hefur verið upp og við þurfum á að halda.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að lengja mál mitt. Ég talaði við umræðu í fyrravetur þegar málið var lagt fram hið fyrra sinn og get vísað til þess. Ég ítreka þakkir til þeirra sem tekið hafa jákvætt undir það mál sem hér liggur fyrir og til samgrn. sem leitaðist við að búa okkur sem að þessu unnum sæmilegar aðstæður til að vinna að þessu verki. Alveg sérstaklega var ánægjulegt hve góð samstaða tókst um þetta á milli þeirra fulltrúa sem sumpart voru tengdir stjórnmálaflokkunum að koma þessu verki áfram og leggja það fyrir þingið í þeim búningi sem ráðherra hefur valið, að taka tillögur nefndarinnar eins og hún skilaði þeim af sér.

Ég held að þetta sé rétt röð á málum að almenn stefna sé mótuð eins og hér liggur fyrir og síðan fjalli þingið um löggjöfina, lagabætur í sambandi við ferðaþjónustu, eins og væntanlega verður hér á vettvangi þingdeilda innan skamms.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu neitt. Hins vegar langar mig til að þakka fyrir upplýsingar sem ég fékk nú í sambandi við þá löggjöf sem ég kvartaði undan að ekki kæmi fyrir okkar sjónir. Nú mun verða undantekning á því þar sem við kvennalistakonur eigum fulltrúa í þeirri nefnd. Ég hafði ekki skilið ráðherra svo að það væri sama nefndin sem mótaði þetta og biðst velvirðingar ef þetta er einhver misskilningur hjá mér.

En eftir stendur að það er ekki að ástæðulausu að stjórnarandstöðuþingmenn eru oft mjög tortryggnir vegna fregna um ýmis lagafrv. vegna þess að svo iðulega hefur það gerst að fyrstu fregnir um ákveðin, mikilvæg lagafrv. fær maður úr fjölmiðlum og það hefur verið vandkvæðum bundið oft og tíðum að afla sér upplýsinga. Þetta á ekki við í þessu tilviki og ég er að sjálfsögðu mjög ánægð með að heyra það.

Í öðru lagi er það varðandi námið. Ég átti raunar ekki við nám í framhaldsskólum heldur framhaldsnám, sem væntanlega mun þá vera á háskólastigi. Ég las mjög vel það sem stóð í þáltill. um mótun ferðamálastefnu um framhaldsnám og þykir að mörgu leyti mjög gott það sem þar er getið. Það er hins vegar fyrsta nám í ferðamálum sem á sér stað í framhaldsskólum. Framhaldsnám hlýtur að vera á öðru stigi og ég var einungis að vekja sérstaka athygli á að þar þyrfti að gæta þeirrar sérstöðu sem Íslendingar hafa og að byggja þetta upp á einhverjum ákveðnum stað á landinu. Þar af leiðandi fannst mér sérstök ástæða til að geta þess.

Að öðru leyti vil ég þakka þá umræðu sem hefur orðið hér í dag. Ég tel að hún hafi að mörgu leyti verið upplýsandi og muni koma að gagni í störfum þeirrar nefndar sem um hana fjallar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem orðið hefur um þessa till. og þær undirtektir sem hún hefur fengið í máli velflestra ef ekki allra ræðumanna. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við að bæta þá framsöguræðu sem ég flutti hér fyrir till. áðan en vil drepa á fáein atriði sem hv. ræðumenn nefndu og e.t.v. væri unnt að skýra örlítið.

Hv. 2. þm. Vestf. vék m.a. í máli sínu að því að verðlag á bílaleigubifreiðum væri hér mjög hátt og það kynni að fæla frá jafnvel í verulegum mæli væntanlega eða mögulega ferðamenn sem spyrðust fyrir um ferðamöguleika til Íslands en hrykkju frá þegar þeir fréttu um verðlag á bílaleigubílum. Ég held að ekki sé annað að gera en viðurkenna að nokkuð er til í þessu. Vel að merkja ferðast ekki nema hluti ferðamanna sem hingað koma með bílaleigubílum, mikill meiri hluti nýtir sér væntanlega aðra ferðamöguleika, fer með flugvélum, áætlunarbifreiðum o.s.frv. En það hentar ýmsum að nýta sér þann möguleika að leigja bíl og sjá sjálfur um akstur á sér og sínum um landið. Og ekki síst gæti það átt við einmitt um þann hóp sem hv. þm. vitnaði til að gæti hugsað sér að eiga viðskipti við aðila eins og Ferðaþjónustu bænda. Ég held að það sé tvennt sem rétt sé að athuga þegar verðlag á bílaleigubílum er til umræðu. Það er auðvitað annars vegar sú almenna staðreynd, sem við verðum að læra að venja okkur við og ekki verða alltaf jafnhissa á og er ósköp einföld staðreynd sem er gegnumgangandi í okkar þjóðlífi og efnahagslífi, að Ísland er dýrt land. Hér er almennt frekar hátt verðlag á hlutum hvort sem eru vörur eða þjónusta. Við erum í hópi dýrari landa hvað þetta snertir og það er í raun sama hvar borið er niður. Þess misskilnings gætir allt of oft að það séu bara matvæli eða bara leigubílar eða bílaleigubílar eða aðrir hlutir sem séu hér dýrir. Sönnu nær er að viðurkenna að við erum almennt með hátt verðlag á vörum og þjónustu. Og undantekningarnar eru miklu færri hygg ég á þessari reglu frekar en hitt að hið háa verðlag sé undantekning.

Hitt er svo örugglega rétt, að í ýmsum öðrum löndum eru miklu meiri ívilnanir á ferðinni gagnvart rekstri bílaleiga. Þar er sums staðar um að ræða jafnvel algera niðurfellingu á öllum aðflutningsgjöldum og tollum þannig að bílaleigur eiga kost á að kaupa nýja bíla til sinnar starfsemi nánast á verksmiðjuverði, án nokkurra opinberra gjalda. Þetta hygg ég t.d. að skýri það óvenjulága verð sem er á þjónustu bílaleigufyrirtækja í smáríkinu Lúxemborg, sem við höfum talsverð samskipti við á þessu sviði. Síðan er þetta misjafnt og sjálfsagt er það rétt að hér á Íslandi séu minni ívilnanir frá hinum almennu skattareglum hvað snertir rekstur bílaleigufyrirtækja en víða annars staðar.

Hv. 2. þm. Vestf. nefndi einnig stöðu mála á hálendinu og inn á það komu fleiri og nauðsyn þess e.t.v. að setja þar einhverjar takmarkandi reglur. Það hef ég áður rætt og það hefur verið til skoðunar á vegum ferðamálaaðila með aðild ráðuneytisins. Það kann vel að fara svo að sérstaklega stærri ferðaskipuleggjendum, þeim sem hafa á sínum snærum hópferðir, fjölmenna hópa, verði að setja einhver takmörk um atriði eins og t.d. náttun á hálendinu og beina stærri hópum frekar í gistingu í byggð eða a.m.k. frá hinum viðkvæmustu stöðum á hálendinu. Með slíkum aðgerðum má hafa áhrif á umferðina án þess beinlínis að takmarka aðgang manna. Svo er það líka í þessu sambandi, sem kemur inn á það sem hv. 4. þm. Vesturl. o.fl. ræddu um tengsl ferðaþjónustu og byggðamála, mikilvægt af þessum sökum einnig að dreifa álagi ferðaþjónustunnar um landið.

Þegar hafa nú í raun komið fram svör við því hvers eðlis sú vinna hefur verið sem hér er til umræðu. Það er annars vegar þáltill. og hins vegar endurskoðun laga og frv. sem fram er komið og er til skoðunar hjá þingflokkum stjórnarliðsins. Ég hygg að með einum eða öðrum hætti megi tengja alla stjórnmálaflokka eða flokka sem fulltrúa eiga á Alþingi við það starf sem þarna hefur verið unnið. Þess vegna sé ekki mikil ástæða til að kvarta yfir því að að þessu starfi hafi verið þannig staðið að menn hafi ekki haft sæmilega möguleika til að fylgjast með því og hafa áhrif á það. En ástæðan fyrir því að þetta var sent stjórnarflokkunum er að sjálfsögðu sú að ætlunin er að leggja þetta frv. fram sem stjfrv. samkvæmt venju þegar um vinnu

á vegum ráðuneytis er að ræða. Þá er málsmeðferðin að sjálfsögðu sú að senda það fyrst þingflokkum stjórnarliðsins til umfjöllunar.

Hér var líka margt réttilega sagt af hv. 4. þm. Vesturl., 1. þm. Vesturl. o.fl., um tengsl samgöngumála, byggðamála og ferðaþjónustu. Ég vísa í það sem ég áður sagði, ég tel að í ferðaþjónustunni felist kannski einhverjir vænlegustu möguleikar atvinnulífsins á næstu árum, ekki síst úti um landsbyggðina. Og staðreynd er, sem ástæða er til að vekja athygli hv. þm. á, að ferðaþjónustan er ein fárra atvinnugreina sem á undanförnum árum og yfirstandandi ári hefur verið í vexti og hverrar vöxtur hefur hlutfallslega farið fram ekki síður og reyndar í meira mæli á landsbyggðinni. Ég held að það sé nokkuð borðleggjandi ef tölur eru skoðaðar um það að hlutfallslega hefur vöxtur ferðaþjónustunnar á hinum síðari árum verið meiri á landsbyggðinni en hér á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan væntanlega fyrst og fremst sú að hér varð uppbyggingin fyrr á ferðinni að ýmsu leyti og hefur farið hægar hin síðari ár en mjög hröð uppbygging átt sér stað víða úti um landið á undanförnum árum, til að mynda í Austfirðingafjórðungi eins og hv. 3. þm. Austurl. nefndi.

Hv. 11. þm. Reykn. fór hér í smáæfingar í sambandi við fjárveitingar til samgöngumála og ferðamála. Ég ætla ekki að taka tíma undir lok þessarar umræðu til að rökræða framlög til vegamála við hv. 11. þm. Reykn. Ég get tekið undir með honum og öðrum sem það rökstyðja að þessi framlög séu ekki nóg, þau þyrfti enn að auka. Það er auðvitað alveg augljóst mál. Og það sem hv. 4. þm. Vesturl. vék að er rétt, að það vantar enn nokkuð upp á að framlög séu í samræmi við upphafleg markmið langtímaáætlunar um vegagerð. Þau hafa hins vegar heldur aukist nú tvö sl. ár frá því sem var árin þar næst á undan og eru nokkuð meiri að raungildi en þau voru t.d. góðærisárið mikla 1987, en þá hafa framlög til vegamála á hinum síðari árum orðið lægst að raungildi í landinu.

Ef skoðuð eru framlög til ferðamála sést að þau hafa aukist milli ára. Ef skoðað er yfirstandandi ár borið saman við árin 1988 og 1989 mun láta nærri að skil af mörkuðum tekjum til Ferðamálaráðs, sem vera skulu samkvæmt lögum 10% af vörusölu í Fríhöfninni, hafi farið niður í 2–3% í stað þessara 10% sem þarna á að skila. En árið 1990 lætur nærri að þetta hlutfall sé u.þ.b. 3,5% og miðað við þá tölu sem nú er í fjárlagafrv., sem til umfjöllunar er í fjvn., yrði framlagið á næsta ári samkvæmt áætlun nálægt 5%. Þar er þó verið að þoka málinu í rétta átt þó sannarlega þurfi að gera betur og ná alla leið í mark á sem allra stystum tíma.

Hv. 11. þm. Reykn. hafði ekki mikla trú á því að hér yrðu framfarir í ferðaþjónustu nema til kæmi erlent fjármagn. Ég skildi hann svo að það yrði þá í raun og veru í formi fjármögnunar, ekki bara lántöku, heldur eignaraðildar útlendinga í þessari atvinnugrein. Ég er ekki sammála honum um það. Ég bendi á að ferðaþjónustan hefur verið í örum vexti undanfarin ár án þess að erlend eignaraðild kæmi til sögunnar, án þess. Það merkilega er að íslensk ferðaþjónusta er sennilega ein þeirra greina þar sem hvað minnst fer fyrir erlendu fjármagni í formi eignaraðildar á síðustu árum og hefur þó þessi grein byggst ört upp og vaxið og skilar hér árlega auknum tekjum inn í þjóðarbúið. Það er því greinilega ekki lögmál, þvert á móti því sem skilja mátti af máli hv. 11. þm. Reykn., að ekkert geti gerst í þessum efnum nema til komi erlent fjármagn. Ég er ekki að tala um þetta út frá því að það sé bannorð í mínum huga en ég tel þó að breyttu breytanda að fullt forræði Íslendinga í þessum málum gegnum eignaraðild þeirra sjálfra að atvinnuuppbyggingunni á þessu sviði hafi verið farsælt og ætti að geta reynst okkur farsælt í framtíðinni. Það sýnir sig að vel rekin fyrirtæki á þessu sviði í landinu hafa greiðan aðgang að erlendu lánsfjármagni ef þau þurfa á því að halda til sinna fjárfestinga, svo sem gríðarlegar fjárfestingar Flugleiða á síðustu árum hafa sýnt. Ég held að þegar þannig er ástatt sé ekki ástæða til þess að sækja eftir, umfram það sem hagstætt er talið hverju sinni, aukinni eignaraðild útlendinga að þessari grein. Hér er að mörgu leyti á ferðinni viðkvæm þjónusta sem tengist mjög umhverfismálum og ásýnd landsins og ég held að þar sé farsælast að við Íslendingar sjálfir reynum að hafa sem mest forræði á hlutunum.

Að lokum þakka ég á ný, hæstv. forseti, umræður sem hér hafa orðið og góðar undirtektir við þessa þáltill. og það starf sem unnið hefur verið að ferðamálum á vegum sérstakrar nefndar undir samgrn. Ég færi þeirri nefnd aftur þakkir mínar svo og öllum þeim sem þar hafa lagt hönd á plóginn og vona að það verði þeirri atvinnugrein sem hér um ræðir til nokkurs gagns á komandi árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum, fyrri umr.

Stjtill., 160. mál. — Þskj. 173.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um staðfestingu samnings um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum sem er á þskj. 173.

Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum, International Maritime Satellite Organization, venjulega skammstafað INMARSAT, er alþjóðasamtök sem stofnuð voru til að annast rekstur gervitungla til þess að bæta fjarskipti við skip og að því leyti sem hagkvæmt kann að reynast einnig fjarskipti við flugvélar. Markmið samtakanna er að þjóna öllum þeim svæðum á jarðarkringlunni sem hafa þörf fyrir fjarskipti við skip eða flugvélar. Samningurinn um stofnunina var undirritaður í London 3. sept. 1976 en tók gildi 16. júlí 1979.

INMARSAT veitir talsíma-, telex-, telefax- og gagnasendingarþjónustu um gervitungl, þar með tald-

ar neyðar- og öryggissendingar. Þjónustan er fyrst og fremst ætluð skipum og mannvirkjum meðfram ströndum. Fyrir þessa starfsemi hefur INMARSAT leigt tvö gervitungl en mun í framtíðinni nota sín eigin gervitungl.

Það er frá því að segja að nokkur íslensk kaupskip hafa þegar búnað til þess að eiga fjarskipti um gervitungl. Slíkur búnaður er hluti af framtíðarkerfi neyðarfjarskipta fyrir skip sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.

INMARSAT hefur líka komið á þjónustu við loftför en með gervitunglanotkun er unnt að bæta núverandi sambönd og m.a. gefa flugfarþegum kost á símaþjónustu.

Hagur Íslands af aðild að stofnuninni er ótvíræður. Með slíkri aðild verður auðveldara að fylgjast með á þessu sviði og tryggja að íslenskir notendur eigi kost á nýjustu og bestu möguleikum til fjarskipta. Ekki síst skiptir það máli að Íslendingar eigi aðild að framtíðarkerfi fjarskipta fyrir siglingar í neyðartilfellum.

Aðild Íslands er fjárhagslega viðráðanleg og að mínu áliti áhættulítil eða áhættulaus. Íslandi verður gert að eignast lágmarkshlut í samtökunum sem er 0,05%. Þessi upphæð nam um síðustu áramót nálægt 8,5 millj. ísl. kr. Á næstu árum mun INMARSAT fjárfesta í gervitunglum og til þess mun þurfa að auka hlutaféð nokkuð. Reiknað er með að framlag Íslands nái hámarki á árinu 1993 og verði þá samtals um 18,3 millj. kr. Eftir það mun arður og endurgreiðsla á fyrri framlögum nema hærri fjárhæð en ný framlög. Á árinu 1997 mun greiðslustraumurinn snúast Íslandi í hag. Það mun vera stefna INMARSAT-samtakanna að greiða 14% arð af því fé sem liggur bundið hverju sinni. Með hliðsjón af þessu fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samningsins fyrir hönd Íslands.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að till. þessari verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum, fyrri umr.

Þáltill. RG, 135. mál. — Þskj. 140.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta semja *námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir* 10. bekk grunnskólans og framhaldsskólann og gera fræðslu um hana að skyldunámsgrein í efsta bekk grunnskólans og kjarnagrein í framhaldsskólanum. Markmið fjármálafræðslunnar verði:

a. að taka til meðferðar sem flest er viðkemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talið gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,

b. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar, með því m.a.:

1. að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,

2. að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,

3. að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða."

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í grg. með till. er tilgangur hennar að stuðla að því að ungt fólk verði betur undir það búið að verða fjárráða og þá fjármálalegu umsýslu sem fylgir fullorðinsárunum. Þegar við lítum til baka hefur feikileg breyting á íslensku þjóðlífi átt sér stað. Þá breytingu má m.a. merkja í gjörbreyttri fjármálaumsýslu heimilanna í landinu. Það eru ekki margir áratugir síðan rekstur heimilisins var eins konar staðgreiðslurekstur. Það þekktist naumast að fólk tæki fé að láni, síst til neyslu, nema þá á þá lund að vera í föstum matarreikningi. Þetta átti eftir að gerbreytast í darraðardansi óðaverðbólgunnar á þeim tímum þegar sparnaður brann á verðbólgubáli en skuldir eyddust svo til af sjálfu sér að sama skapi. Á þeim árum var auðvelt að auka útgjöld sín og skuldir í trausti þess að þetta blessaðist einhvern veginn. Og í flestum tilfellum blessaðist það. Fólk sem nú er á miðjum aldri man tímana tvenna í þessu efni og þekkir vel það ábyrgðarleysi eða kæruleysi í fjármálum sem fylgdi verðbólguárunum, þ.e. þeim árum þegar inn- og útlán voru óverðtryggð.

Með fullri verðtryggingu runnu þeir dagar upp að fólk þurfti að greiða sínar skuldbindingar að fullu. Svo er helst að sjá að kynslóð verðbólguáranna hafi gengið illa að semja sig að breyttum háttum. Við getum spurt okkur hvort á hafi skort að hún hafi skilað til næstu kynslóðar þeim viðhorfum um ábyrgð í fjármálum sem nauðsynleg eru. Án þess að alhæfa um þessi mál er það alla vega alvarlegt umhugsunarefni hve mikið er um að fólk stofni til skulda umfram greiðslugetu.

Hér á hv. Alþingi hefur mikið verið fjallað um fjárhagsvanda og greiðsluerfiðleika fólks og vænlegar aðgerðir til úrbóta, eins hvernig aðstoða megi gjaldþrota fólk og eignalaust. Umfjöllun um greiðsluerfiðleika hefur oft tengst húsnæðismálum og sérstakir lánaflokkar hafi orðið til vegna þessa, svo sem greiðsluerfiðleikalán Byggingarsjóðs ríkisins.

Það hefur komið fram í skýrslum að vandi þeirra sem leitað hafa til Húsnæðisstofnunar vegna greiðsluerfiðleika er af ýmsum toga. Þannig hefur vandinn verið flokkaður í vandi ófyrirséður, vandi fyrirséður og annað. Ef við skoðum það sem kallast vandi fyrirséður er t.d. um að ræða skilgreiningu um offjárfestingu, óreiðu, óskipuleg íbúðarkaup eða húsbyggingarframkvæmdir, bifreiðarkaup eða óskiljanlegt og jafnvel nám. Annað getur verið vandi vegna atvinnurekstrar eða að umsækjandi er í vanda vegna skulda annars að-

ila, þ.e. hefur gengist í ábyrgð að láni eða lánum. Þegar um offjárfestingu er að ræða má oft rekja hana til vanþekkingar eða kæruleysis í meðferð fjármála. Kostnaðar- og greiðsluáætlanir hafa ekki verið gerðar eða ekki eftir þeim farið.

Það taldist til undantekninga hér fyrr á árum að fólk væri lýst gjaldþrota nema þegar um fyrirtækjarekstur var að ræða, en stöðugt fleiri einstaklingar hafa orðið gjaldþrota upp á síðkastið vegna húsnæðisöflunar eða jafnvel vegna neysluskulda. Því miður hefur það einnig aukist mjög að einstaklingar sem gerst hafa ábyrgðarmenn á skuldum vina eða ættmenna sinna hafa lent í erfiðleikum eða jafnvel misst eigur sínar vegna þess að lántakandinn stóð ekki við skuldbindingar sínar eða reyndist ekki borgunarmaður að þeim.

Margir segja að rót þess vanda sem ég er að lýsa hér sé hve bankar séu fúsir til að lána, að bankar geri kröfu til að eignamenn séu ábyrgðaraðilar lána, en umfram það sé lítið gert til að henda reiður á hvort lántakandinn sé borgunarmaður, hvort greiðslugeta viðkomandi leyfi lántökuna. E.t.v. skortir líka á að bankar hafi fulla yfirsýn yfir fjárhagsstöðu viðskiptavinar þar sem algengt hefur verið hjá okkur að einstaklingar séu með mörg lán í mörgum bönkum.

Hér á landi fara ungmenni fyrr út á vinnumarkaðinn en þekkist víða annars staðar. Vísa ég þá í hið sérstaka og þarfa fyrirkomulag sem vinnuskólar eða svokölluð unglingavinna sveitarfélaga er auk hefðbundinnar sumarvinnu ungmenna almennt. Við höfum hreykt okkur af því að okkar skólafólk hafi meiri þekkingu á atvinnulífinu, vegna eigin þátttöku, en jafnaldrar þeirra erlendis. Það er óhugsandi að nokkur fari í gegnum langskólanám hjá okkur óðruvísi en að samhliða því hafi hann kynnst vinnumarkaðnum af eigin raun meðan það er algengt víða um lönd að ungt fólk fer þá fyrst út á vinnumarkað þegar námi er lokið. Þegar litið er til þessara staðreynda verður það enn óskiljanlegra að svo víða sé pottur brotinn í fjármálaumsýslu. Ég nefndi áður lánveitingar banka en hef ekki nefnt tilboðin um afborgunarkjör sem mörgum hafa reynst erfið freisting. En verstu dæmin hafa e.t.v. verið sjálftökulánin og á ég þá m.a. við greiðslukortaeyðslu. Við erum með met í svo mörgu og eitt af því skilst mér að sé fjöldi gjaldþrota hérlendis miðað við nágrannalönd.

Í frv. til laga um gjaldþrotaskipti sem liggur nú fyrir Alþingi kemur m.a. fram að í 85–90% tilvika komi engar eignir fram við gjaldþrotaskipti þannig að skiptum er lokið án þess að lánardrottnar fái greiðslur upp í kröfur sínar.

Það sem er einna alvarlegast varðandi gjaldþrot er hve ungum þrotamönnum fjölgar ört. Hjá embætti borgarfógeta í Reykjavík voru tekin til gjaldþrotaskipta 588 bú á tímabilinu 1. jan. til 31. ágúst á þessu ári. Þar af voru bú félaga 175 en bú einstaklinga 443. Samkvæmt upplýsingum embættisins var aldursskipting þannig að 17 voru fæddir 1969 eða síðar, 46 voru fæddir 1966–1968, 76 voru fæddir 1961–1965, 139 voru fæddir 1951–1960 og 165 voru fæddir 1950 eða fyrr. Því miður hef ég ekki upplýsingar um fjölda gjaldþrota hjá öðrum embættum. En það hlýtur að vera okkur öllum mikið umhugsunarefni að á ekki lengri tíma en átta mánuðum skuli 139 einstaklingar undir þrítugu vera lýstir gjaldþrota hjá þessu eina embætti og þar af skuli 63 vera yngri en 24 ára. Mér er kunnugt um að við eitt af fógetaembættum landsins tók einn starfsmaður skiptaréttar upp ný vinnubrögð þegar gjaldþrotum ungs fólks fjölgaði. Þar er alltaf tekin skýrsla og síðan er gefinn frestur til að reyna að leysa málin. Hefur mér verið sagt að gjaldþrotum þessa hóps hafi þá fækkað verulega. Fæst okkar gera sér grein fyrir því að ungt fólk hefur meira að segja ekki alltaf vitað að búið var að gera það gjaldþrota. Það má því e.t.v. segja að nauðsyn beri til að kenna grundvallaratriði laga og réttar, kenna að fylgjast með útgáfu laga sem snúa að almenningi svo fólk kunni einfaldlega að fylgjast með þessum málum. Um það er þó ekki gerð tillaga hér.

Virðulegi forseti. Mér hefur borist í hendur haustdagskrá starfskynningarnámskeiða sem haldin eru í Gerðubergi tvisvar í viku. Námskeiðin eru tilraunaverkefni með stuðningi menntmrn. í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í atvinnulífinu. Fyrirtækin leggja til öll námsgögn og kennara. Reykjavíkurborg leggur til húsnæði í Gerðubergi og tveir kennarar annast kennslufræðilega ráðgjöf og hafa umsjón með námskeiðunum á vegum ráðuneytisins. Á þessu hausti eru sjö námskeið í boði og er eitt þeirra um starfsemi banka og sparisjóða. Á því námskeiði er m.a. sparnaðar- og útlánaþjónusta bankanna kynnt, ræddir ýmsir sparnaðarmöguleikar, reiknaðar út mismunandi ávöxtunarleiðir og hvað kostar að fá peninga að láni. Þarna er líka komið inn á tékkareikninga, vanskil og farið yfir greiðslubyrði skuldabréfs við ákveðin kaup og sparnað til sömu kaupa.

Þetta starfskynningarnámskeið, sem kostað er af einum bankanna, er spor í átt að þeim markmiðum sem sett eru fram í þeirri till. til þál. sem hér er til umræðu.

Virðulegi forseti. Þó ég hafi dregið hér upp fremur dökka mynd varðandi almenna fjármálaumsýslu fólks legg ég áherslu á að varast ber að alhæfa og á engan hátt er vegið að öllum þeim sem standa við sitt. En bara þær tölur sem ég hef kynnt frá embætti borgarfógeta segja okkur að mikil þörf er á að auka fræðslu um almenna fjármálaumsýslu. Það er skoðun mín að sú fræðsla eigi að hefjast í efsta bekk grunnskóla og síðan eigi að fylgja henni eftir í framhaldsskóla.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu óska ég eftir að till. verði vísað til hv. félmn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við þessa till. til þál. Ég held að hún sé mjög svo tímabær og harma nú reyndar að hæstv. viðskrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu þó hér sé um að ræða kennslu í skólum. Ég held að þetta sé svo nátengt öllu efnahagsástandi þjóðarinnar að það hefði verið ástæða til þess að eiga við hann orðastað um ástandið í þeim málum.

Þegar hv. alþm. taka ákvarðanir um ýmis mál í þjóðfélaginu hefur það óneitanlega oft áhrif á afkomu fjölskyldnanna í landinu. Í umræðu í gær um embætti umboðsmanns barna vitnaði ég í sálfræðing hér í bæ sem lýsti því yfir að hún hefði séð merkjanlega breytingu á ástandi barna og unglinga í bænum eftir að launavísitalan var tekin úr sambandi. Og hún heldur því fram að þau börn sem þá urðu fyrir þeirri upplausn sem því fylgdi séu nú vandamálaunglingar hér í landinu.

Ég var tiltölulega nýr þingmaður þegar greiðslukort hófu starfsemi sína hér á landi. Ég stóð hér í þessum stól og varaði við því að þessu yrði hleypt af stað án þess að það hefði stoð í lögum. Enn eru ekki til lög um notkun greiðslukorta. Hér liggur að vísu nú frammi frv. til laga um greiðslukortastarfsemi, en vegna þess að engin lög hafa verið í gildi hefur þessi notkun auðvitað farið úr öllum böndum og trúa útlendingar satt að segja ekki þeim lýsingum sem maður neyðist til að gefa á notkun slíkra korta hér. Það t.d. telst til undantekninga að hægt sé að kaupa matvöru með greiðslukortum erlendis og því síður er hægt að biðja kaupmenn að geyma greiðslukortanótur. Menn eru farnir að taka lán — yfirleitt að lifa á lánum í fyrsta lagi, og jafnvel að draga greiðsluna enn lengur en ætlast er til þegar þessi kort eru annars vegar.

Það er alveg laukrétt hjá hv. flm. þessarar tillögu að ungt fólk í þessu landi veit ekkert um peningamál almennt og yfirleitt. Mér hefur skilist að sá unglingur finnist ekki yfir 17–18 árum sem ekki er með greiðslukort upp á vasann og notar það á börum bæjarins og hvar sem er. Það getur auðvitað hver heilvita manneskja séð að þetta nær ekki nokkurri átt. Vissulega væri full ástæða til þess að setja einhverja lágmarksupphæð sem leyfilegt sé að greiða með greiðslukortum. Unglingar nota þetta, skrifa út 250–300 kr. hvar og hvenær sem er og það segir sig auðvitað sjálft að þessir unglingar hafa ekkert yfirlit yfir það hverju þeir eyða. Því held ég að svo sannarlega sé ástæða til þess að hefja reglulega kennslu í meðferð peninga hér á landi.

Varðandi það sem sagt er um gjaldþrot í greinargerð vil ég aðeins segja það að ég skil í raun og veru ekki lengur hvað þarf til að verða gjaldþrota. Ég tek undir það með hv. flm. að þegar við vorum að alast upp heyrði það til undantekninga að einhver yrði gjaldþrota, og þá var það einhver sem hafði haft einhvern rekstur með höndum. Á það var litið mjög alvarlegum augum. Ég minnist í mínum fæðingarbæ að það hvíldi skuggi yfir nokkrum einstaklingum þar, og þeim örfáum raunar, sem höfðu orðið fyrir þeim ósköpum að verða gjaldþrota. Þessir menn voru allt lífið að reyna að vinna fyrir þeim skuldum sem þeir urðu að skilja eftir við gjaldþrotið. Nú sýnist mér að ungt fjölskyldufólk geti lýst sig gjaldþrota ef það er í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðismála og oft og ekki síst vegna einkaneyslu. Það er allt gert til þess að fá fólk til þess að eyða peningum umfram það sem það ræður við. Menn geta farið til útlanda í sumarleyfisferðir út á krít til allt að því eins árs, skilst mér. Menn geta bókstaflega keypt hvað sem er ef þeir hafa þetta litla kort í veskinu sínu. En það segir sig sjálft að það hugsar enginn til enda hvernig fólk eigi að standa straum af þessu. Það er því svo sannarlega góðra gjalda vert að reyna að fara að koma einhverju viti í þessa hluti. En það dugir auðvitað skammt ef þetta verður látið ganga eins og verið hefur, að menn geti fengið lán svo langt umfram það sem þeir hugsanlega geta greitt miðað við tekjur sínar, þá er auðvitað til lítils að ætla að fara að kenna unga fólkinu meðferð fjár ef það sér svo allt í kringum sig að foreldrarnir og aðrir ættingjar eyða langt umfram það sem þeir hafa möguleika á að greiða nokkru sinni.

En þessi till. til þál. er svo sannarlega þakkarverð og eins og ég segi, ég harma að hæstv. viðskrh. skuli ekki vera hér vegna þess að ég hefði gjarnan viljað eiga við hann orðastað um hvort ekki sé ráð að lagfæra þá hluti enn. — Og nú kemur hæstv. ráðherra í salinn sem ég saknaði svo mjög.

En til þess að endurtaka ekki það sem ég hef áður sagt, þá fagna ég þessari tillögu hv. 9. þm. Reykn. en ég óttast að í þeirri fjármálaóreiðu sem er í þessu þjóðfélagi kynni að vera dálítið erfitt að ætla að fara að kenna unga fólkinu að eyða ekki meiru en það hefur hugsanlega möguleika á að greiða. Og ég rakti aðeins margítrekaðar kröfur mínar um löggjöf um greiðslukortanotkun, og er nú með í höndunum hér frv. til laga um þá notkun, loksins. Ég spáði því hér fyrir mörgum árum, og þótti ekki með reyndari þingmönnum þá, að þessi hömlulausa notkun greiðslukorta mundi stórhækka vöruverð og leggja fjárhag fjölskyldna landsins í rúst og það hefur komið á daginn. Þessi gjaldþrot, sem nú virðast vera næstum því einn sjálfsagður kostur fjölskyldu sem er í greiðsluerfiðleikum, eru að verulegu leyti ofneysla og of miklar lántökur sem eru úr öllu samhengi við mögulega fjárhagsgetu fjölskyldnanna. Það hlýtur auðvitað að vera verkefni hæstv. viðskrh. að koma einhverju viti hér í.

Menn kaupa hér allt á kortum, taka lán eftir lán, kaupmenn leika sér með greiðsludaga kortanna. Þetta veður áfram hömlulaust og auðvitað getur þetta ekki endað í neinu nema einu allsherjar gjaldþroti. Fyrst væri nú kannski þörf að koma einhverju viti í þessi mál en það er jafnnauðsynlegt að gera tilraun til að kenna unga fólkinu að svona getur þetta ekki gengið. Og ég vil þess vegna þakka hv. 9. þm. Reykn. fyrir að hafa borið fram þessa tillögu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég hygg að hér sé á ferðinni mjög þörf till. til þál. og flm. hafi hreyft mjög markverðu máli sem full ástæða er til að Alþingi taki til meðferðar. Ég fyrir mitt leyti hvet til þess að málið fái hér ítarlega skoðun og verði sem fyrst afgreitt frá þinginu svo að undirbúningur geti hafist að þeirri fræðslustarfsemi sem hér er lagt til að tekin verði upp í skólum landsins.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau neikvæðu viðhorf sem hv. 13. þm. Reykv. hafði hér í frammi. Ég skildi ræðu hans helst á þá leið að helsta

ráðið til þess að koma á góðri skipan í þjóðfélaginu væri að koma á sem mestum boðum og bönnum og sem mestri forsjá í málefnum einstaklinga af opinberri hálfu. Ég held að það sé ekki leiðin og þau viðhorf leiði ekki til farsællar skipunar, hvorki í heimilishaldi né þjóðarbúskap. Það er að sönnu rétt að hver einasta fjölskylda í landinu þarf að sýsla um fjármuni í stórum og smáum stíl, ekki síst varðandi húsakaup, varðandi kaup á bílum og heimilistækjum af ýmsu tagi. Og það er í fyllsta máta eðlilegt að skólakerfið veiti fólki fræðslu um þessi efni og má furðu gegna að það skuli ekki hafa verið gert fyrr, svo ríkur þáttur sem fjármálaumsýsla er í daglegu lífi hverrar einustu fjölskyldu í landinu.

En ég er þeirrar skoðunar að fræðslustarfsemi af þessu tagi þurfi að vera víðtækari og vildi beina því til hv. flm. og þeirrar hv. nefndar sem fær málið til meðferðar að taka það til athugunar að færa tillögu þessa nokkuð út og gera þá fræðslustarfsemi víðtækari sem hér er verið að tala um. Ég er þeirrar skoðunar að auk almennrar grundvallarþekkingar um fjármálaumsýslu eins og hér er verið að leggja til þurfi skólakerfið að veita almenna fræðslu um undirstöðuatriði í almennri þjóðhagfræði.

Mjög verulegur hluti af allri þjóðmálaumræðu snýst um efnahagsmál, úrræði í efnahagsmálum og mismunandi leiðir í þeim efnum. Þegar kjósendur taka ákvarðanir í kosningum er það að verulegu leyti með tilliti til þess sem stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn hafa fram að færa um úrræði í efnahagsmálum og úrræði í þeim efnum eru jafnan undirstaða þess að menn geti tekið á á ýmsum öðrum sviðum í þjóðfélaginu, félags- og menningarlegum efnum. En um þessi efni er afar lítil fræðsla í skólakerfinu. Það eru tiltölulega mjög fáir nemendur sem ljúka skólanámi og hafa fengið fræðslu um undirstöðuatriði í almennri þjóðhagfræði. Ég tel að á þessu þurfi að gera bragarbót. Fyrir allmörgum árum var hvatt til þessa í forustugreinum tveggja dagblaða, Morgunblaðsins og Vísis, án þess að það megnaði nokkru að lyfta hjá yfirvöldum menntamála en því fremur er ástæða til þess að fagna að nú skuli hafa verið flutt um þetta efni þáltill. hér á hinu háa Alþingi. Ég vil hvetja flm. og nefnd til þess að fjalla með jákvæðum hætti um efni tillögunnar og færa hana út þannig að sú ályktun sem Alþingi kemur til með að gera í þessu efni taki einnig til fræðslu um undirstöðuatriði í almennri þjóðhagfræði. Ég hygg að það skipti mjög miklu máli fyrir þjóðfélagsumræðu og lýðræðisþróun í landinu að fólkið í landinu taki ákvarðanir á grundvelli þekkingar og skólakerfið er réttur vettvangur til að veita þá þekkingu.

Sjónvarpið gerði fyrir þó nokkuð mörgum árum tilraun til alþýðufræðslu á þessu sviði sem þeir önnuðust, Ásmundur Stefánsson og dr. Þráinn Eggertsson prófessor. Það var jákvæð viðleitni en úr því varð ekki annað en nokkurra þátta röð í sjónvarpi.

Niðurstaða mín er sem sagt þessi að hér sé hreyft mjög merku máli og ég vil hvetja til þess að um það skapist samstaða á Alþingi, það verði afgreitt sem fyrst, þannig að raunverulegur undirbúningur að því fræðslustarfi sem hér er verið að tala um geti hafist.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú þáltill. sem hér liggur frammi um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum frá hv. 10. þm. Reykn. Rannveigu Guðmundsdóttur er mjög merk tillaga og þörf. Ég er algerlega sammála því að það þurfi að fara fram mjög víðtæk fræðsla í skólum um fjármálaumsýslu. Ég þarf ekki að rekja það hér að það er því miður allt of lítið um að fólk geri sér grein fyrir því hvað debet og kredit er. Þess vegna væri nauðsynlegt að hver einasti maður lærði undirstöðu í bókhaldi ásamt fleiru, því að það er eitt af grundvallaratriðum í nútímaþjóðfélagi.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði hér um almenna þjóðhagfræði. Ég man eftir því að þegar ég átti þess kost í fyrsta skipti að læra almenna þjóðhagfræði og lesa hina kjarngóðu bók Ólafs Björnssonar, fyrrv. þm. Sjálfstfl. og prófessors, um almenna þjóðhagfræði, þá opinberuðust manni nýir heimar. Þessi bók er einhver snilldarlegasta bók á sínu sviði, stutt, auðskilin og öllum auðveld aflestrar. Ég held að það þurfi að taka upp kennslu í almennri þjóðhagfræði því að það muni víkka sjóndeildarhring þeirra sem eru í skólum og gera þeim grein fyrir því að það er nauðsyn að vita svolítið meira en fólk hefur hingað til verið frætt um.

En ég tel að það hefði líka verið full ástæða til þess að taka bæði þingmenn og ráðherra alveg sérstaklega í kennslustund í þessum málum og kenna þeim grundvallaratriði í þessum fræðum og þá alveg sérstaklega í almennri þjóðhagfræði sem ég held og sýnist að hefði ekki verið vanþörf á hér eins og stjórn landsins er komið í dag. Það hefði kannski verið betri skikkur á fjármálum þjóðarinnar ef svo hefði verið. Þeir hefðu allir gott af því að lesa hina ágætu bók Ólafs Björnssonar um almenna þjóðhagfræði. Það mundi kenna þeim smávegis hvernig á að fara með fjármuni.

Í gærkvöldi var í sjónvarpinu mjög merk mynd um fjármál. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa horft á þá mynd. En þar kom fram fyrrv. ríkisstjóri, Connally, og var einmitt að ræða um þessi mál, maður sem féll af tindi háum og niður á botninn, varð gjaldþrota. Það var athyglisvert hvað hann sagði og margir viðmælendur í þessari kvikmynd. Og þær tölur sem voru birtar í þessum þætti ríma nokkurn veginn við þessar tölur sem hér eru um gjaldþrotamenn. Þannig að hlutfallið á milli Bandaríkjanna og Íslands virðist vera mjög líkt að þessu leyti og það var einmitt fróðlegt að sjá viðtal við það fólk sem hafði látið greiðslukortin stjórna sínu lífi of mikið, hvernig tekið var á því vandamáli og fólk varð að gera sér grein fyrir því að það varð að lifa af þeim tekjum sem það hafði á milli handanna.

Ég tel að slíkt námskeið þyrfti einnig að ná til þeirra sem stjórna ríkisfyrirtækjum. Miðað við þá stjórn sem hefur verið á mörgum þeirra á gengnum árum er ég hræddur um að margir af þeim viti bara ekkert um fjármálaumsýslu eða undirstöðuatriði í almennri þjóðhagfræði. Það þyrfti að skikka alla slíka menn til að fara á námskeið í þessum atriðum og læra eitthvað um fjár-

mál. Ég hef oft velt þeirri spurningu fyrir mér af hverju verið er að lögvernda starfsheiti — hjúkrunarfræðingur er lögverndaður, læknir er lögverndaður o.s.frv. — en þegar kemur að því að fara með fjármál og fjármálaumsýslu þá er engin lögverndun. Þá getur bara hvaða maður sem er gengið inn af götunni og sýslað með fjármál, t.d. í ríkisfyrirtækjum. Þar eru menn sem hafa ekkert lært um fjármál og í gegnum þeirra hendur fara jafnvel hundruð milljóna. Ég held að það sé athyglisvert fyrir þingheim að velta fyrir sér hvað sé á ferðinni. Er ekki gerð nein krafa til slíkra manna? Og ekki er síður athyglisvert að sjá hvað gerist þegar menn hafa stjórnað fyrirtækjum illa og þau orðið gjaldþrota því að venjulega er þessum sömu mönnum lyft hærra og þeir fá meiri umsvif og mannaforráð en nokkru sinni áður. Ég tel ástæðu til að þessir hlutir verði skoðaðir. Sérstaklega ættu ráðherrarnir að íhuga þetta.

Ég vil að lokum segja það að þessi þáltill. er þörf og ég vona að hún fái hraða afgreiðslu í gegnum þingið með þeirri viðbót að menn verði látnir læra almenna þjóðhagfræði og bókfærslu sem er eitt það nauðsynlegasta sem menn læra í dag því að án þessara þátta eru menn ekki starfhæfir í nútímaþjóðfélagi. Þetta er grundvöllur þess að menn geri sér grein fyrir því að debet og kredit verða að standast á.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi lýsa fyllsta stuðningi við þessa góðu þáltill. sem hv. 9. þm. Reykn. flytur hér. Hún er sannarlega tímabær. En það er rétt sem kom fram hjá hv. 13. þm. Reykv. að hér hefur ríkt á undanförnum árum og kannski áratugum nokkur ruglandi og óreiða í fjármálum. Af hverju skyldi það vera? Það er af því að í tjái og tundri verðbólgunnar er erfitt að henda reiður á fjármálum jafnt heimila sem *hins opinbera*.

En 1. nóv. s.l. ætti í raun og veru að vera prentaður með rauðu í almanaki íslenskra efnahagsmála því þann dag var í fyrsta sinn frá árinu 1972 tólf mánaða breyting vísitölu framfærslukostnaðar undir 10%. Þetta er vitnisburður um að það hafi náðst hér verulegur árangur í efnahagsmálum gagnstætt því sem maður skyldi ætla af því sem hv. 11. þm. Reykn. sagði hér áðan.

En ég verð að segja það eins og er að sumt af því sem kom fram í máli hv. 13. þm. Reykv. um forsjá his opinbera á fjármálum fjölskyldna held ég að sé ekki rétta leiðin. Það er hins vegar tímabært að það frv. um greiðslukortastarfsemi sem liggur fyrir hv. Ed. verði að lögum. Það var lagt hér fyrir þingið í fyrra, fékk þá ítarlega meðferð en náði ekki fram að ganga. Með þeim tillögum eru settar skipulegar leikreglur fyrir þennan mikilvæga þríhyrning í greiðsluviðskiptum heimilanna, milli korthafans, kortafyrirtækisins og þess sem selur vöru eða þjónustu.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. 13. þm. Reykv. að ábyrgð korthafa og kortaútgáfufyrirtækja á viðskiptunum hefur ekki verið nægilega skýr. Það hefur allt of mikið tíðkast að út hafi verið gefnir opnir tryggingarvíxlar af þriðja aðila. Það er ekki skynsamleg leið. Það er nauðsynlegt að kortin séu útgefin á gjaldtraust, á greiðslutraust þeirra sem kortin nota og að ábyrgð beri þeir einir á þeim. Þetta er kannski mikilvægasta breytingin. En það er líka í þessu frv. tillaga um að jafna sanngjarnlega niður kostnaðinum af þessari greiðslumiðlun þannig að hann lendi á þeim sem kortin nota en ekki hinum sem greiða út í hönd. En mikilvægast af öllu er þó að um þennan mikilvæga greiðslufarveg í landslagi viðskiptanna, þar sem kannski 70% af daglegum greiðslum fjölskyldna fara um þessa leið, er nauðsynlegt að setja reglur, ekki til þess að bjóða eða banna heldur til þess að mönnum sé ljóst að hverju þeir ganga. Ég á von á því að það ásamt fræðslu um fjármálaumsýslu, eins og tillagan gengur út á, muni geta bætt bæði hag heimilanna og þjóðarinnar. Það er alveg rétt sem fram hefur komið hér í máli fyrri ræðumanna, einkum hv. 1. þm. Suðurl., að það að auka kennslu í hagfræðigreinum í framhaldsskólum landsins held ég að væri mjög þarft. En ég held að sú ábending sem þáltill. felur í sér, að beina athyglinni ekki síst að hagfræði heimilanna, muni verða árangursríkast. Og þess vegna er þetta mjög tímabært. Þetta er framfaramál á grundvelli þess efnahagslega stöðugleika em við höfum náð. Þess vegna er tillagan tímabær, þess vegna er hún þörf, þess vegna á hún að fá skjóta og góða meðferð.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil, eins og fleiri sem hér hafa stigið í pontu, þakka fyrir þessa þáltill. og lýsa því yfir að hún er bæði tímabær og þörf. Ég vil nú samt, eins og fleiri hafa gert hér, gera það aðeins að umræðuefni hvort þessi tillaga er nógu víðtæk en ég er hrædd um að það sem ég hef um það að segja sé ekki alveg í takt við það sem ýmsir hafa sagt hér á undan, þ.e. um *nauðsyn þess að taka upp kennslu í þjóðhagfræði í öllum skólum*. Ekki mundi ég svo sem beita mér gegn því þó að slík tillaga kæmi fram. En það er ýmislegt annað sem mér finnst tengjast þessum málum sem ætti að koma fyrst.

Aftur á móti hefur nú hver af öðrum lýst yfir að nauðsyn sé á því að sem flestir nemi þjóðhagfræði. Ég hélt að síst væri skortur á slíku fólki hér inni á Alþingi og þess vegna ætti einmitt þeirrar menntunar að gæta mjög mikið hér. Ég er ekki viss um að það sé rétt að beina athyglinni svona mikið að þessari hlið stjórnmála. Það verður að vísu að segjast eins og er að þetta er sú hlið sem þingmenn ganga mjög hart fram í að beina athyglinni að. Efnahagsmoldviðrinu er þyrlað upp alveg stanslaust og kannski dimmir þá svo fyrir augum að það vefst fyrir mörgum að skilja að pólitík snýst um margt annað en efnahagsmál. Þau eru auðvitað nauðsynlegur grunnur sem annað byggist á, en m.a. má merkja það hér í þingsölum að fjölmargir alþingismenn virðast álíta að stjórnmál snúist ekki um neitt nema efnahagsmál. Væri betur ef sumir þeirra færu á námskeið í ýmsu öðru sem tengdist meira mannlegu lífi og aðstæðum fólks.

Það kann vel að vera að visst samhengi sé milli

þessarar áherslu á efnahagsmál og sífells tals um peninga og aftur peninga, að það sé viss tenging milli þess og einmitt þess að fólk eyðir um efni fram. Það má með nokkrum rétti segja að trúarbrögð nútímans séu hlutir og peningar, þ.e. efnaleg verðmæti. Og undir þá skoðun ýtir stjórnmálaumræðan svo sannarlega. Það er von að fólk haldi að það sé mælikvarði, bæði á hvernig því vegnar í lífinu og hvernig því líður, hvað það hleður í kringum sig af munum. Það er því ekki víst að gjaldþrot og ýmis önnur óhamingja sem af fjárskorti eða umframeyðslu leiðir sé endilega vegna kunnáttuleysis heldur er þetta kannski fyrst og fremst gildismat. Neyslusamfélagið byggir á því að ýta undir sem allra mesta neyslu sem allra flestra. Hvernig á þá fólk, t.d. ungt fólk sem hefur alist upp við þetta sjónarmið, mjög breytt verðmætamat, allt í einu að spyrna við fótum og staldra við og hugsa: Nú, er bara allt sem mér hefur verið sagt, allt sem mér hefur verið kennt, er það bara vitleysa? Á ég ekki að eyða svona miklu? Er ekki hamingjan fólgin í því að kaupa mér allt? T.d. þessi stefna sem rekin hefur verið hér í húsnæðismálum að það sé blátt áfram nauðsyn hverjum og einum að eiga sitt húsnæði. Manni skilst að það sé bara lykillinn að lífshamingjunni og rekur fólk kannski ótímabært út í að afla sér húsnæðis, enda má líka segja að það sé ekki mikið úrval á leigumarkaði. En það er örugglega orsakasamhengi á milli þeirrar hugmyndafræði sem haldið er að ungu fólki og t.d. þessara gjaldþrota. Þetta er ekkert út í bláinn, það er ekki tilviljun að gjaldþrotum fjölgar svona mikið og að ungt fólk er svona fjölmennt í hópi þeirra sem verða gjaldþrota. Og það virðist ekki vera vegna þess að það sé verið að stofnsetja fyrirtæki eða annað slíkt heldur einfaldlega vegna annaðhvort húsnæðiskaupa eða neyslu. Það eru nefnilega skuggahliðar á neysluþjóðfélaginu. Það er ekki bara neyslugleðin ein, það hefur svo sannarlega ýmsar afleiðingar, ekki bara efnalegar heldur andlegar líka sem miklu minna er hirt um.

Hæstv. viðskrh. sagði að nú hefðu náðst tök á verðbólgunni og það væri til marks um hvað fjármálastjórn væri góð. Hann er nú menntaður maður í þessum fræðum og ætti að hafa vit einmitt á þeirri hlið mála og efa ég ekki vit hans þar, en það er athyglisvert að þessum árangri er alltaf lýst einungis sem björtum, þ.e. honum er lýst fyrst og fremst út frá, mér liggur við að segja sjónarhóli verðbólgunnar, verðbólguhólnum. Minna er hirt um það hvernig almennt launafólk og ég tala nú ekki um þá sem skipa lægstu flokka hafa farið út úr þessari svokölluðu þjóðarsátt og á hvers kostnað hún er gerð. Þannig að það er nú ekki bara birtan ein sem ríkir í þeim málum. Það getur vel verið að margir hefðu gott af því að fara á þjóðhagfræðinámskeið en ýmsir, bæði stjórnmálamenn og aðrir, hefðu líka gott af að fara á annars konar námskeið. T.d. dettur manni í hug að námskeið í siðfræði gæti verið hollt námsefni fyrir ýmsa bæði innan þessara veggja og utan því þar virðist oft vera mikill skortur á, einmitt þegar kemur að ákvörðunum og ýmissi hegðun t.d. stjórnmálamanna.

En svo við snúum okkur aftur að þessari till., sem í sjálfu sér er mjög góð og ég vil strax lýsa stuðningi við, þá langar mig samt að ræða ýmislegt annað í þessum efnum sem hugsanlega mætti taka til greina og það er almenn fræðsla fyrir ungt fólk um margt fleira sem lýtur að heimilishaldi heldur en fjárreiður. Það er nú einu sinni svo að fyrir flestum á að liggja með einum eða öðrum hætti að stofna til fjölskyldu og það er náttúrlega ekki vansalaust að við skulum ekki uppfræða ungt fólk örlítið um hvernig að barnauppeldi skuli staðið, í næringarfræði og ýmsu öðru sem lýtur að heimilishaldi. Auk þess eru líka hlutir sem ég vil nefna hér, eins og upplýsingar um fasteignir, skráningu fasteigna. Það er t.d. athyglisvert að ákaflega fáar konur virðast vita það að þær eiga ekki fasteignir sem menn þeirra eru skráðir fyrir, að þær eiga þær ekki í raun, fyrr en kemur til skilnaðar. Mörg konan hefur farið illa út úr því að vita ekki sinn rétt í þeim málum. Þess vegna væri það eitt af því sem þyrfti að brýna fyrir ungu fólki, að huga að því t.d. að báðir aðilar séu skráðir fyrir fasteignum sem báðir sannanlega leggja fé af mörkum til að afla. (Forseti hringir.)

Já, tími minn er útrunninn en ég hefði aðeins viljað minnast hér á þá sem skrifa upp á annarra manna skuldir og hvernig stendur á því að bankinn skuli ekki vera ábyrgur í því heldur alltaf einstaklingar. Það má þá spyrja hvort bankar landsins beri ekki ábyrgð í sínum viðskiptum, hvort þeir séu að varpa þeirri ábyrgð yfir á einstaklinga. En ekki ætla ég nú að reyna meira á þolinmæði forseta og læt þessu lokið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt vegna ummæla hæstv. viðskrh. hér áðan. Að vísu hljóp hann út úr salnum eftir að hann hafði haft þau í frammi. En það var athyglisvert að maður sem er lærður í hagfræði skuli halda því fram sem hann hélt hér fram, og skuli leyfa sér það á Alþingi Íslendinga að hæla sér af því að ná verðbólgunni niður með þeim hætti sem hann gerði. Það vita allir sem hafa lært almenna þjóðhagfræði að eitt af þeim atriðum sem er talið að sé hægt að ná verðbólgu niður með er að lækka laun fólks og hækka skatta. Þetta hefur hæstv. ríkisstjórn gert með miklum glæsibrag og náð verðbólgunni niður. Svo einfalt er það. Ummæli hæstv. ráðherra hér áðan eru því í raun inni manni sem á að teljast nokkuð lærður á þessu sviði til vansa. Og hann verður náttúrlega að gefa skýringu á því af hverju hann heldur slíku fram því þetta er grundvallaratriði og undirstöðuatriði í kennslu í almennri þjóðhagfræði. Ef hann skyldi ekki vita það þá verður hann bara að læra sitt fag upp á nýtt. Maður getur spurt sig: Er þessi maður hæfur til þess að stjórna landinu? Hann hefði bara gott af því að nema upp á nýtt og lesa almenna þjóðhagfræði eftir Ólaf Björnsson, sem hann gæti þá lært svolítið af. Þetta er alveg grundvallarhugtak í almennri þjóðhagfræði. Og ef hæstv. ráðherra veit ekki betur þá verður hann bara að fara að lesa sitt fag upp á nýtt. Svo einfalt er það.

Ég verð að lýsa algerri undrun á slíkum málflutningi hjá menntuðum manni sem gefur sig út fyrir það að vera sérfræðingur á þessu sviði og hefur staðið í

forsvari við virðulegustu stofnun landsins, Þjóðhagsstofnun, um árabil. Undrar mann nú e.t.v. ekki af hverju hæstv. ráðherra hefur ekki náð árangri á meðan hann var þar. Og hælir sér af því að með sameiginlegu átaki verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda hafi verið ákveðið að ná verðbólgunni niður á kostnað launþega, með dyggri hjálp núv. ríkisstjórnar sem hefur lagt á hærri skatta en hafa verið lagðir á í 20–30 ár. Þetta eru staðreyndir málsins. Og þess vegna er verðbólgan lág. Menn verða að gera sér grein fyrir því að þetta grundvallaratriði í almennri hagfræði geta menn lesið í hvaða kennslubók sem er.

Ég ætla ekki að öðru leyti að hafa nein frekari orð um þetta en vil ítreka það fyrst ég er kominn hér í ræðustól á annað borð að ég tel að þessi till. sé þörf og enn þá þarfara væri að kenna ráðamönnum þjóðarinnar eitthvað í almennri hagfræði og bókfærslu og fjármálastjórn eftir það sem ég hef heyrt hæstv. ráðherra segja hér.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa til máls um þessa þáltill. og fyrir þau innlegg sem komið hafa í máli þeirra inn í þetta mál.

Hv. 13. þm. Reykv. spurði einfaldrar spurningar: Hvernig verður fólk gjaldþrota án reksturs? Það er kannski líka það inntak sem var í minni ræðu. Og af því tilefni langar mig að nefna það að sá starfsmaður skiptaréttar sem ég nefndi í framsöguræðu minni sagði mér að honum hefði fundist það einna erfiðast þegar ungt fólk kom inn að borðinu og spurði: Hvernig fer ég að því að láta gera mig gjaldþrota?

Einnig kom það fram hjá hv. 12. þm. Reykv. að það þyrfti kannski að koma með fleira, meiri almenna fræðslu um það sem lýtur að heimilishaldi utan fjárreiðunnar. Ég get tekið undir það að það sem vantar e.t.v. í okkar kennslufræði í dag er almenn raunveruleg fræðsla um að verða fullorðinn og standa á eigin fótum, hvað bíður og hvers er ætlast til af manni. Ég treysti mér ekki til þegar ég var að fjalla um þessa till. eða valdi að hafa hana afmarkaða, en ég mun koma á framfæri í nefndinni þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram í umræðum, bæði hvað varðar undirstöðuatriði í þjóðhagfræði og eins því sem lýtur að eignamálum og almennri fræðslu í heimilishaldi eða því að standa á eigin fótum.

Mig langar til þess að undirstrika það, af því að talið barst hér að verðbólgu eða ekki verðbólgu, að auðvitað er það að sumu leyti undirrótin að þessum vanda hjá okkur, vanda gagnvart okkar börnum eða okkar unga fólki, að þau eiga ár að baki þar sem aldrei var kennt að spara fyrir því sem draumurinn stóð til. Ef barn átti að fá reiðhjól þá vissi foreldri að það borgaði sig að kaupa reiðhjól strax og borga það seinna. Og það er sá andi sem þessi börn hafa alist upp við sem hv. 13. þm. Reykv. hefur komið inn á í þessari umræðu og reyndar annarri, nokkurs konar skemmdarsjónarmið sem heil kynslóð hefur e.t.v. alist upp við.

Mig langar að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, með því að vitna hér örfáum orðum í grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær. Ung kona sem titlar sig nema og rithöfund nefnir einmitt það sjónarmið bankanna að veita sömu einstaklingunum lán á lán ofan þegar sýnt er að viðkomandi hafi enga möguleika á að greiða þau, aðeins ef sá hinn sami getur fengið einhvern ættingja eða vin til að ábyrgjast viðkomandi, oft og tíðum án þess að vita um ástæður skuldarans.

Á öðrum stað í greininni segir greinarhöfundur: „Til þess að lifa í okkar þjóðfélagi í dag þurfa menn helst að vera fjármálasnillingar“. Og enn á öðrum stað: „Það er til fullt af fólki, ekki síst ungu fólki, sem aldrei hefur safnað peningum fyrir hlut heldur alltaf keypt fyrir tekjurnar sem afla á á morgun.“ Þetta er merkilegt, þetta er merkilegt fyrir þær sakir að í raun fjallar greinin um allt annað en það sem er til umræðu hér hjá okkur í dag, en þessir litlu partar úr henni er einmitt það sem málið snýst um í framsögu minni í till. minni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

21. fundur, mánudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi, Sigrún Jónsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Sigrún Jónsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf hennar skv. 4. gr. þingskapa. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Sigrúnar Jónsdóttur sem hlaut kosningu sem 2. varaþm. Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi við síðustu kosningar, en það er óskað eftir að hún taki sæti á þingi í fjarveru Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Kjörbréfanefnd hefur engar athugasemdir að gera við þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Sigrúnar Jónsdóttur samþ. með 45 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Sigrún Jónsdóttir hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður. Henni ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Sigrún Jónsdóttir, 10. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Sigrún Jónsdóttir hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hún er boðin velkomin til starfa.

Um þingsköp.

Sérprentun á húsnæðislögunum.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það kann að vera álitamál hvort erindi mitt hingað heyri beinlínis undir liðinn þingsköp. Nær væri kannski að kalla þetta þingglöp eða alla vega er um að ræða afglöp framkvæmdarvaldsins, í þessu tilfelli félmrn., við afgreiðslu lagafrv. sem þingið hefur samþykkt og gengið frá.

Mér var að berast í hendur, virðulegi forseti, sérprentun á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem út hafa verið gefin í samræmi við ákvörðun Alþingis á síðasta vori og felld saman í ein lög, áður gildandi lög með þeim breytingum sem Alþingi hefur gert. Hins vegar segir hér, með leyfi forseta, í neðanmálsgrein í þessari sérprentun á bls. 24, þar sem vitnað er til 100. gr. laganna, eftirfarandi:

„Í yy-lið 3. gr. laga nr. 70/1990 er ranglega vísað í 2. mgr. 102. gr."

En í textanum sjálfum hefur þessari tilvitnun í 2. mgr. 102. gr. verið breytt og þar stendur nú í hornklofa: „101. gr."

Nú er það svo, virðulegi forseti, að vitaskuld er heimilt að leiðrétta augljós pennaglöp eða vélritunarvillur sem verða við meðferð eða frágang mála hér á Alþingi og ég hygg að fræðimenn á þessu sviði telji slíkt ekki fara í bága við þær reglur sem um þessi efni gilda. En það er að sjálfsögðu óheimilt, ámælisvert og aðfinnsluvert þegar eitt af ráðuneytunum tekur það upp hjá sjálfu sér að breyta með þessum hætti ákvörðunum Alþingis vegna þess að hér er ekki um neina augljósa pennavillu að ræða. Tilvitnunin í þessari grein varðar ákveðna reiknireglu og snertir kaupskyldu húsnæðisnefnda á íbúðum sem fólk í þessu húsnæði vill selja. En hins vegar er sú tilvitnun, sem er í lögunum eins og þau voru afgreidd á Alþingi, í aðra reiknireglu þannig að það er alls ekki augljóst að þarna hafi orðið mistök.

Ég hygg að vísu að það hafi hvorki verið ætlun ráðuneytisins né löggjafans hér á síðasta vori að gera breytingu frá því sem áður var í þessu efni. Sú breyting var eigi að síður gerð og er auðvitað til marks um það hversu illa var staðið að afgreiðslu þessa máls á síðasta vori og hversu þetta frv., sem nú er lög nr. 70/1990, var illa undirbúið. Þessi breyting var gerð og hún verður auðvitað ekki aftur tekin nema með lögum. Félmrn. hefur ekki leyfi til þess að gefa út í sérprentun aðra útgáfu á lögum frá Alþingi en þá sem Alþingi hefur sjálft samþykkt. Og ég mælist til þess við hæstv. forseta að hann hlutist til um að á þessu verði gerð breyting og sú bragarbót — til að mynda í tengslum við eitthvað af þeim frumvörpum sem hæstv. félmrh. er hér að flytja í þinginu og ætla má að verði að lögum — að þessari tilvísun verði breytt með lögum.

Það kann vel að vera að sumum finnist að svona sérprentun sé ekki merkilegt plagg. Hún hefur ekki sama lagagildi og Stjórnartíðindin og að því leyti til má líkja henni við handbók til notkunar fyrir þá sem við þessi verkefni vinna. Ef farið yrði í mál út af þessu, þá mundi auðvitað útgáfan í Stjórnartíðindum gilda. En þetta er plagg sem er ætlað til nota fyrir þá sem við þessi mál starfa og það er auðvitað gersamlega ólíðandi að ráðuneytið skuli taka það upp hjá sjálfu sér að breyta lagatextanum í þessu efni þegar ekki er augljóst að um pennaglöp eða einfaldar vélritunarvillur hefur verið að ræða. Og ég beini því til forseta að hann hlutist til um að hér verði kippt í taumana og þessum málum breytt þannig að Alþingi hafi sóma af þessari meðferð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti þakkar hv. 17. þm. Reykv. fyrir þessa ábendingu og mun að sjálfsögðu setja embættismenn í að rannsaka þetta mál. Forseta var ekki kunnugt um að hér hefðu orðið á mistök en mun láta kanna þau.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg óþarfi hjá hv. þm. að vera að beina slíku til forseta Sþ. Þetta eru hlutir sem við vitum alveg af í félmrn. og er í undirbúningi að breyta og koma með hér fyrir þingið. Hugmynd okkar í ráðuneytinu var að óska eftir því við þá nefnd sem fjallaði um þetta frv. að hún flytti þessa breytingu sem er tilvísun í grein eins og hv. þm. nefndi og það verður gert. Það var í undirbúningi þegar okkur barst þessi sérprentun, sem var unnin hér í þinginu, að steypa saman þessum lögum þar sem þetta kom fram, að búið var að leiðrétta þetta án þess að þingið hefði verið með rétta tilvitnun á síðasta þingi. Við vissum alveg um þetta og í undirbúningi er að breyta þessu og óska eftir því við félmn. að hún flytti þessa breytingu á tilvitnun þannig að ég held að það sé óþarfi, hv. þm., að vera að beina þessu til forseta Sþ. Við munum flytja þetta mál hér inn í þingið.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég skildi ummæli hæstv. ráðherra húsnæðismála svo að félmrn. hefði með vilja gefið út þessa sérprentun í samræmi við hugsanlegar breytingar á lögunum síðar. Var það rétt tekið eftir? (**Félmrh.:** Útúrsnúningur.) Ha, útúrsnúningur? (**Gripið fram í:** Það þarf einstaka nefnd í það.) Mér heyrðist það vera þannig.

Ráðuneytinu er kunnugt um að þessi sérprentun er villandi. Hún gefur því fólki sem fær sérprentunina í hendur rangar upplýsingar um hvað séu lög í landinu. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem vakti máls á þessu fyrir hans frumkvæði og vil vænta þess að forseti Alþingis geri ráðstafanir til þess að dreifing þessarar sérprentunar verði stöðvuð og Alþingi geri ráðstafanir til þess að knýja á framkvæmdarvaldið að dreifa annarri sérprentun þangað sem framkvæmdarvaldinu er kunnugt að þetta plagg hefur farið.

Ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti í sögu Alþingis sem ráðherra lýsir því yfir að hann láti sig engu gilda hvað séu lög í landinu og ósvífni hæstv. ráðherra húsnæðismála hér áðan er náttúrlega slík að engu tali tekur. Ef ég man rétt, þá starfar ríkisstjórnin í umboði Alþingis. Það minnir raunar á annað. Ég hef heyrt einstaka þingmenn úr stjórnarherbúðunum tala um það að kosningar verði ekki fyrr en í maímánuði. Þó er það svo samkvæmt stjórnarskrá að kosningar ber að halda í aprílmánuði. Nú er forsrh. ekki hér viðstaddur, og væri fróðlegt kannski að fá umræður um það líka nú, en auðvitað hlýtur landskjörstjórn að auglýsa kjördag ef ríkisstjórnin lætur það undir höfuð leggjast. Eins er það um ráðherra húsnæðismála. Hann verður að sætta sig við hvað eru lög í landinu og ég mælist til þess við forseta að hann sjái um að dreifing þessarar sérprentunar verði stöðvuð og félmrn. knúið til þess að hlíta landslögum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða vill forseti ítreka að hann harmar að svo hafi farið að ekki beri saman sérprentun og Stjórnartíðindum og mun að sjálfsögðu beita sér fyrir því að dreifing þessarar sérprentunar verði tafarlaust stöðvuð og málið leiðrétt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka frummælanda fyrir þær upplýsingar sem hann kom með hér og jafnframt forseta fyrir að hafa tekið á því máli eins og eðlilegt hlýtur að teljast. Hins vegar hafa fleiri fréttir komið hér og sumar hljóta að vera sérprentaðar, því að sú stjórnarskrá sem ég hef lesið minnist hvergi á það sem stjórnarskráratriði að kjósa skuli í apríl. Ég veit ekki hvar sú sérprentun hefur farið fram. En ég vona að forseti upplýsi það því að við þurfum að sjálfsögðu annaðhvort að eignast eintak af þeirri sérprentun eða þá að fara í það að leita okkur leiða hjá okkur fróðari mönnum hvar hægt sé að fá þetta staðfest.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem hæstv. forsrh. er ekki staddur hér vildi nú forseti fara þess á leit að umræður hæfust ekki hér um væntanlegan kosningadag. Forseta hefur ekki borist nein nákvæm dagsetning á væntanlegum kosningadegi og getur því ekki haft mikið um það að segja á þessu stigi máls. En forseti mun að sjálfsögðu gefa hv. þm. færi á að eiga orðastað við hæstv. forsrh. um það efni sem og önnur.

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum, frh. fyrri umr.

Stjtill., 160. mál. — Þskj. 173.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og til samgn. með 43 shlj. atkv.

Ferðamálastefna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 164. mál. — Þskj. 177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til atvmn. með 43 shlj. atkv.

Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum, frh. fyrri umr.

Till. RG, 135. mál. — Þskj. 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til félmn. með 43 shlj. atkv.

Könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, fyrri umr.

Þáltill. EH og HJ, 61. mál. — Þskj. 61.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, sem ég flyt ásamt hv. 11. þm. Reykn.

Till. var flutt í lok síðasta þings, mælt var fyrir henni en hún fór ekki til nefndar. En till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á því hvort ákvæði um Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins eða önnur ákvæði heimili fjárveitingar til bættra samgangna, vega, stórbrúa og jarðgangagerðar sem nauðsynlegs hluta varnarkerfis landsins. Jafnframt verði kannað hvort fordæmi eru fyrir fjárveitingum í öðrum ríkjum bandalagsins til samgangna, fjarskipta og flugvallargerðar af hálfu þess."

Í till. er fjallað um hluti sem í sjálfu sér verða að teljast til grundvallaratriða í vörnum hvers lands. Það er átt við greiðar og góðar samgöngur. Á það við hvort sem um er að ræða ástand á hættutímum eða í þágu almannavarna landsins, þar sem um er að ræða ráðstafanir sem allar þjóðir álfunnar hafa lagt mikla áherslu á að byggja upp, ekki aðeins vegna hugsanlegs hernaðarástands heldur einnig vegna annarrar almannahættu vegna náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta eða eldgosa sem hætta er á hér á landi öðrum fremur.

Í umræðunum sem átt hafa sér stað hér á landi um varnir landsins hafa þessir þættir mála legið furðumikið í láginni af einhverjum ástæðum. Er það mjög til vansa hve við höfum vanrækt að koma hér upp öflugu almannavarnakerfi. Með öðrum þjóðum hafa almannavarnir og varnir landsins verið tengdar saman í mun meira mæli en hér á landi. Nægir í því efni að vitna til reynslu Norðmanna og samstarfs þeirra við Atlantshafsbandalagið á þessum sviðum. Þó er það svo, og það er mergurinn málsins, að mikið samstarf hefur átt sér stað milli varnarliðsins og íslenskra aðila á liðnum áratugum varðandi verklegar framkvæmdir. Nægir þar að nefna hina umfangsmiklu starfsemi Aðalverktaka, ríkasta félags landsins sem annast hefur yfirstjórn og framkvæmdir fyrir milljarða króna á hverju ári fyrir varnarliðið. Nýjasta dæmið um það er höfnin í Helguvík, ratsjárstöðvar, olíugeymar, flugskýli og íbúðarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Leika þær framkvæmdir á 3–4 milljörðum árlega. Slíkt hefur þótt eðlilegt og sjálfsagt enda eru þær framkvæmdir eðlilegur hlekkur í varnarstefnu landsins. Þær framkvæmdir hafa hins vegar verið í höndum fámenns verktakafélags sem einokunaraðstöðu hefur haft á þessum markaði.

Það skýtur þess vegna mjög skökku við og sýnir málefnalega tvöfeldni, svo ekki sé meira sagt, þegar menn leggja blessun sína yfir slíkar framkvæmdir áratugum saman en kenna hugmyndir um eflingu samgangna, vega, brúa og jarðgangagerðar, sem gagnast almannavörnum og þjóðinni allri, við hermang og annað verra. Erfitt er að sjá rökvísina í málflutningi þeirra sem þannig tala og lagst hafa á undangengnum árum gegn því að Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins gangi til samninga við Íslendinga um önnur brýn varnarverkefni en þau sem Aðalverktakar hafa hingað til unnið fyrir varnarliðið. Hér er vitanlega um algjörlega sambærileg mál að ræða og því fásinna ein að kenna þær hugmyndir sem reifaðar eru í þessari till. við það að með því séu Íslendingar að hagnast óeðlilega á varnarliðinu sem hér dvelst í okkar þágu. Í slíkri gagnrýni felst ekkert annað en hræsni og yfirdrepsskapur á sama tíma og grænt ljós er gefið á byggingu nýrra ratsjárstöðva í öllum landsfjórðungum og byggingu hinnar stóru olíubirgðahafnar í Helguvík. Þetta ætti öllum að vera ljóst sem ofstækislaust líta á þessi mál.

Til ítrekunar þessum orðum og gagnvart þeim rökum að dagar varnarbandalaga séu taldir eftir atburðina í Austur-Evrópu vil ég vitna í grg. till., með leyfi hæstv. forseta:

„Flestir þeir sérfræðingar, sem um alþjóðamál fjalla, eru þeirrar skoðunar að sú mikla og merkilega þróun, sem átt hefur sér stað í ríkjum Austur-Evrópu síðasta missirið, muni ekki leiða til þess að varnarbandalög álfunnar verði lögð niður. Hlutverk þeirra muni hins vegar verða annað og breytt í framtíðinni. Þannig má gera ráð fyrir að með aukinni afvopnun stórveldanna á höfunum verði enn meiri þörf en nú er á virku eftirliti með því að slíkir alþjóðasamningar verði haldnir. Mikilvægi Norður-Atlantshafsins í þessum efnum mun ekki fara minnkandi. Eftir sem áður verður það mikilvægasta birgðaflutningaleiðin milli Ameríku og Evrópu. Hlutverk Íslands mun því að margra dómi verða enn þýðingarmeira en áður við eftirlitsstörf með umsvifum þeirra þjóða sem hér eiga í hlut. Atlantshafsbandalagið fær hér nýtt og aukið hlutverk á þessu sviði og engin ástæða er til að ætla að það hverfi af sjónarsviðinu af þessum sökum um alllanga framtíð. Aðild

okkar að því mun áfram tryggja varnar- og öryggishagsmuni okkar í þeirri afvopnunarþróun sem nú er sem betur fer að hefjast."

Í grg. með þáltill. er nokkuð fjallað um hlutverk varnarbandalaga svo sem Atlantshafsbandalagsins í framtíðinni.

Þegar till. var upphaflega flutt á síðasta Alþingi sáum við upphaf mjög merkilegrar þróunar í málefnum Evrópu sem hefur síðan leitt til algjörrar uppstokkunar og endurskipulagningar á því ríkja- og valdakerfi sem þar hefur ríkt allt frá styrjaldarlokum. Austur-Evrópu hefur nú hlotnast frelsi, þýsku löndin tvö eru sameinuð og Varsjárbandalagið hefur liðast sundur í kjölfar þessara merku og mikilvægu atburða. Það er hins vegar ljóst og því hefur verið lýst yfir af forustumönnum vestrænna ríkja að Atlantshafsbandalagið muni hafa áfram mikilvægu öryggishlutverki að gegna. Þá hugsa menn e.t.v. ekki síst um nauðsyn þess að halda friðinn í öðrum hlutum veraldar en Evrópu svo sem átökin við Persaflóa hafa undirstrikað. Ríki álfunnar bæði fyrir austan og vestan, ef svo má að orði komast, þurfa að hafa með sér samtök til þess að gæta slíkra sameiginlegra hagsmuna og eru í raun túlkun á stefnumiðum hinna Sameinuðu þjóða. Um það hefur verið nokkuð rætt hvort ekki væri skynsamlegra að hverfa frá samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins og leggja þess í stað áherslu á að byggja upp ráðstefnuna og samtökin um öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu, RÖSE, sem þegar eru fyrir hendi. Engar líkur eru þó til þess að svo verði gert þótt þau samtök muni áfram gegna mikilvægu samráðshlutverki í öryggismálum svo sem ráðstefna leiðtoga þeirra í París nú nýverið undirstrikaði.

Ég hygg að stefnan í þessum málum af hálfu okkar Íslendinga sé vel ljós. Hún kom raunar fram á mjög ótvíræðan hátt í umræðum um skýrslu utanrrh. um utanríkismál sem hér fóru fram þann 8. þessa mánaðar. Þar lýstu bæði fulltrúar ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðu þeirri skoðun sinni að Atlantshafsbandalagið mundi áfram hafa mikilvægu hlutverki að gegna, ekki síst sem eftirlitsstöð, og þá yrði hlutverk Íslands ekki minna í þessum efnum en verið hefur. Þess vegna hníga öll rök að því að landið verði áfram aðili að bandalaginu sem fá mun nýtt hlutverk en engu ómerkara en verið hefur. Mikilvægi Íslands sem eftirlitsstöðvar verður ótvírætt og aðstaða bandalagsins hér á landi því íslensku þjóðinni mikilvæg í framtíðinni. Af þessum sökum er eðlilegt að horft sé til framtíðar þegar rætt er um Mannvirkjasjóð bandalagsins og það nýja hlutverk sem hann mun fá í þessum efnum.

Þessu næst vil ég fara nokkrum orðum um vegamálin. En ástand þeirra gaf mér m.a. tilefni til flutnings þessarar till. Efni þáltill. hefði þó fyrir löngu þurft að vera komið til framkvæmda. Í vegamálum blasir við stórfelldur niðurskurður framkvæmda frá samþykktri vegáætlun þannig að ekki hefur horft eins illa um árabil. Gildir þar einu þó settar séu á blað tillögur um flýtingu á framkvæmdum án þess að nokkurt fjármagn standi þar á bak við. Það eru ný sannindi ef hægt er að stórflýta framkvæmdum í vegamálum á sama tíma og fé er stórskert til framkvæmdanna. Ef horft er aðeins til baka má minnast þess að 1981 sameinuðust þingmenn allra flokka á Alþingi um till. til þál. og að undirbúin skyldi langtímaáætlun í vegagerð. Höfðu legið fyrir þingunum þar á undan tillögur í vegamálum sem náðu nú fram að ganga í einni tillögu. Í henni voru sameinuð sjónarmið stjórnar og stjórnarandstöðu um fjármögnun hennar og þannig lagður góður grunnur að máli sem þingheimur sameinaðist um. Að loknum undirbúningi og á grundvelli fyrrnefndrar till. var lögð fram á þinginu 1982–1983 till. um langtímaáætlun í vegagerð. Skyldi samkvæmt henni varið til vegamála árinu 1983 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu. Á árinu 1984 skyldi þetta hlutfall verða 2,3% en árin 1985–1994 2,4%. Fjármagninu var skipt á þrjú tímabil á árunum 1983–1984. Skipting útgjalda var og tímasett með sama hætti og skipti á verkefnum. Áætlunin skyldi endurskoðuð fjórða hvert ár og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess sem lauk.

Í tillögum sjálfstæðismanna frá 1978, sem tekið var tillit til við samningu langtímaáætlunar, er sett fram það markmið að leggja bundið slitlag á hringveginn, tengingu í alla fjölbýlisstaði svo og fjölförnustu dreifbýlisvegi á næstu 10–15 árum. Vegna óstöðugleika í stjórnarfari um þetta leyti var langtímaáætlun aldrei afgreidd. Eigi að síður hefur verið höfð hliðsjón af henni eins og hún hefði verið samþykkt.

Þrátt fyrir þá samstöðu sem náðist um langtímaáætlun hefur brugðist að standa við fjármögnunina. Þannig voru fjárveitingar til vegamála árið 1982 1,76% af vergri þjóðarframleiðslu í stað 2,2% en er nú komið niður undir 1% í stað 2,4%. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn til vega tókst þó að leggja á varanleg slitlög þessi árin eins og hér segir: Árið 1986 279 km, 1987 305 km, 1988 256 km, 1989 152 km og í ár, 1990, mun það vera í kringum 100 km. Er þetta slæm þróun síðustu tvö árin.

Sem dæmi um hvernig að málum þessum hefur verið staðið í tíð núv. stjórnar er að á sl. ári voru 700 millj. kr. sem lagðar voru á umferðina teknar beint í ríkissjóðshítina. Eftir atvikum mátti þó una við framkvæmdir árið 1990 ef það hefði staðið sem samþykkt var í maí fyrir ári síðan. En því er ekki að heilsa. 1 milljarður var skorinn á árinu 1990 og annað eins stendur til að gera fyrir það ár sem í hönd fer.

Ég vil þessu næst, með leyfi hæstv. forseta, vitna örfáum orðum í erindi sem einn af virtustu embættismönnum landsins, Helgi Hallgrímsson aðstoðarvegamálastjóri, flutti á mannvirkjaþingi árið 1990. Eftir að hafa skýrt frá áætlun um fjármögnun til framkvæmda 1990 segir hann:

„Á föstu verðlagi er þetta heldur minna en var á síðasta ári. Á hinn bóginn er þetta miklu minna en vera átti á þessu ári, 1990, skv. vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Raunminnkun er um 1 milljarður kr. og veldur hún miklum höfuðverk hjá alþingismönnum um þessar mundir, en þeir þurfa að beita hnífnum óspart. Enn fremur veldur þetta miklum vanda hjá þeim sem undirbúa, skipuleggja og framkvæma eiga verkin."

Og enn fremur segir Helgi Hallgrímsson: „Þrátt fyrir lögboðna tekjustofna gengur ekki allt of vel að skapa festu í fjármálin. Stundum ákveður Alþingi að nota peningana í annað þrátt fyrir lögin, stundum skirrast menn við að hækka stofnana í takt við verðlagsþróun. Þetta skeður þrátt fyrir að vegáætlun sé æ ofan í æ samþykkt með þeirri stefnumörkun að nýta skuli tekjustofna til fulls og ráðast í nýja fjárfreka verkefnaflokka. Ein slík stefnumörkun var samþykkt við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi sl. vor [þ.e. vorið 1989]. Þar var ákveðið að ráðast af auknum krafti í ýmis stórverkefni, svo sem jarðgöng, stórbrýr og vegagerð á höfuðborgarsvæðinu. Miðað var við að fjármagn ykist að því marki að almenn vegagerð og bundin slitlög héldu sínum hlut að mestu. Var það reyndar grundvallaratriði vegna þess hve mikið er þar enn ógert. Þessi aukning skilar sér ekki á þessu ári eins og fram kom hér á undan. Væru tekjustofnar fullnýttir gæfu þeir 500–700 millj. kr. í viðbót við það fjármagn sem nú er til umráða."

Í lok máls síns segir Helgi Hallgrímsson: „Tilgangur þessa mannvirkjaþings er að fá yfirlit um líklegar framkvæmdir á árinu 1990. Mig langar þó í lokin að skyggnast aðeins lengra. Í Vegagerðinni höfum við reynt að meta þörf fyrir fjárfestingu í vegamannvirkjum á næstu 20 árum. Áætlaður kostnaður við uppbyggingu vegakerfisins: Höfuðborgarsvæðið 15 milljarðar, jarðgöng 14 milljarðar, stórbrýr og fjarðarþveranir 3 milljarðar, stofnbrautir, önnur verkefni 21 milljarður, þjóðbrautir 16 milljarðar, samtals 69 milljarðar. Sum þessara verkefna eru mjög brýn og öll æskileg. Sé miðað við að ljúka þessu á 20 ára tímabili þarf 3,5 milljarða á ári."

Helgi Hallgrímsson heldur áfram: „Hafa ber einnig í huga að útgjöld vegna þjónustu í vegakerfinu, rekstur þess og viðhalds mun fara vaxandi á næstu árum. Ljóst er því að nýta verður núverandi tekjustofna til fulls. Jafnframt verður að huga að nýjum tekjuöflunarleiðum. Má þar nefna veggjald eins og verið hefur til umræðu í Hvalfirði eða svæðisbundið bensíngjald eins og rætt hefur verið um í tengslum við jarðgöng á Vestfjörðum. Í hugum okkar Vegagerðarmanna er ekki vafi á því að kröfur til vegakerfisins og þjónustunnar þar munu fara vaxandi á næstu árum. Til að standast þær kröfur þarf verulega aukið fjármagn."

Á síðasta vori var samþykkt vegáætlun fyrir 1989–1992 skorin niður um tæpan milljarð. Fyrirhugað er að hafa sama háttinn á fyrir árið 1991, þ.e. að skera hátt í milljarð í viðbót. Sporin hræða og þessi niðurskurður er gerður með einu pennastriki án þess að stjórnarliðar blikni. Að þessu sögðu er ekki ástæða til, nú þegar fyrir liggur að stjórnvöld hafi hálfgefist upp við að leysa fjárhagsvanda samgangna á landi, að horfa til fleiri tekjustofna og þá að minnast þess að með góðum samgönguleiðum um land allt eru raunverulegar varnir og almannavarnir landsins tryggðar.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum leggja til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. utanrmn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Efni þessarar þáltill. er tvíþætt: Í fyrsta lagi að fram fari könnun á lögum og reglum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins um heimildir til fjárveitinga og samgöngubóta sem rökstyðja mætti með nauðsyn varnarkerfis landsins og í annan stað hvort fordæmi væru fyrir fjárveitingum í öðrum bandalagsríkjum til samgöngukerfa þeirra landa. Af þessu tilefni vildi ég gjarnan taka fram eftirfarandi:

Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins og hafa að því leyti sérstöðu meðal aðildarríkjanna. Ég hef áður að gefnu tilefni upplýst hvaða kvaðir það fæli í sér ef við gerðumst aðilar. Framlög aðildarríkja miðast við þjóðartekjur og fólksfjölda. Ef Ísland gerðist fullgildur aðili að sjóðnum mætti búast við að hlutfall Íslands í heildarframlögum til sameiginlegs hluta hans yrði um 0,185% eða svipað hlutfall og t.d. Lúxemborg greiðir. Heildarframlög eru reiknuð með tilliti til framkvæmda hverju sinni.

Áætlanir Mannvirkjasjóðsins taka að jafnaði til sex ára í senn og er framkvæmdum skipt í flokka eftir tegundum mannvirkja. Áætlanir hafa að sjálfsögðu þegar verið gerðar fyrir tímabilið 1985–1990 í þeim flokki framkvæmda sem varðar Ísland. Væri gert ráð fyrir því að hlutdeild Íslands í sameiginlegum kostnaði af þessum framkvæmdum yrði 0,185% eins og áður sagði, þá þýddi það að framlag Íslands til Mannvirkjasjóðsins ætti að nema 38 millj. ísl. kr. á ári eða 226 millj. á sex ára tímabili.

Gerðist Ísland fullgildur aðili að Mannvirkjasjóðnum hefði það í för með sér að Ísland, en ekki Bandaríkin eins og nú er, yrði opinbert gistiland framkvæmda af hálfu sjóðsins hér á landi. Við slíkar aðstæður þyrfti að semja í hverju einstöku tilviki um skiptingu kostnaðar milli Íslands og Mannvirkjasjóðsins og kæmi sá kostnaður til viðbótar framlögum til sameiginlegs hluta sjóðsins. Engin algild hlutfallsregla á við í þessu efni. Mannvirkjasjóðurinn hefur t.d. út frá spurningunni um fordæmi greitt að fullu fyrir byggingu flugvalla Atlantshafsbandalagsins í afskekktum byggðarlögum Noregs, mannvirkja sem ekki þjóna almennri flugumferð nema þá að mjög takmörkuðu leyti.

Á hinn bóginn hafa önnur ríki, þar á meðal t.d. Ítalía og Danmörk, tekið á sig að greiða nokkurn hluta kostnaðar vegna byggingar flugvalla bandalagsins í þessum löndum, flugvalla sem jafnframt hafa þjónað almennri flugumferð. Ýmis óbeinn kostnaður mundi bætast við beinan kostnað vegna sameiginlegs hluta sjóðsins og hugsanlegra framkvæmda á Íslandi. Aðild að sjóðnum fylgir m.a. sú kvöð að taka þátt í störfum mannvirkjasjóðsnefndar og fjárhags- og þróunarnefndar, en þessar nefndir fást við langtímaáætlanir Mannvirkjasjóðsins og taka afstöðu til einstakra framkvæmda. Þátttaka í slíkri starfsemi mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér aukin umsvif og kostnað fyrir utanrrn.

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að varnir hernaðarlega mikilvægra staða á Íslandi verði tryggðar með samgöngubótum á borð við það

sem þáltill. gerir ráð fyrir og þess vegna ekkert á móti því að fram fari könnun af því tagi sem hér er farið fram á. Það er mat manna að ef slík könnun yrði sett af stað fljótlega mætti búast við því að niðurstöður hennar gætu legið fyrir við þinglausnir í vor. Hitt ber svo að hafa í huga að vegna þeirra sögulegu breytinga sem átt hafa sér stað í Evrópu á undanförnum missirum, þá eru allar fjárveitingar úr Mannvirkjasjóði í heildarendurskoðun. Á þessari stundu er ekki talið líklegt að fé fáist úr sjóðnum til annars en viðhalds á þeim mannvirkjum sem þegar eru fyrir hendi og er skemmst að minnast breyttrar stefnu af hálfu Atlantshafsbandalagsins og stjórnar Mannvirkjasjóðs, t.d. varðandi áformin um byggingu varaflugvallar fyrir Norður-Atlantshafssvæðið á Íslandi eða Grænlandi eins og áform voru uppi um, en þau hafa nú verið lögð á hilluna um ófyrirsjáanlegan tíma. Eins og ég segi, ef slík könnun færi fram þá má búast við því að niðurstöður gætu legið fyrir svona um þinglausnir en fyrir fram væri ekki ástæða til að ætla að sú könnun leiddi í ljós að við gætum vænt stórra framlaga að óbreyttum aðstæðum þótt við gerðumst aðilar.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú þáltill. sem við flytjum hér, hv. 3. þm. Suðurl. og ég, um könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins er löngu þörf tillaga. Það hefði verið mjög áhugavert að hafa hér á Alþingi til umræðu hvaða fjármunum er varið til þessara hluta og hefur verið varið og hvort við hefðum haft aðgang að þeim, sem að sjálfsögðu hefði verið ef við hefðum verið aðilar að Mannvirkjasjóðnum, en ég tel að við séum ekkert verri en Norðmenn. Þeir hafa gert sér ljóst mikilvægi varna á norðurslóðum og vegna smæðar þjóða hefur þessi sjóður m.a. verið settur upp til þess að styrkja mannvirkjagerð á þeim stöðum þar sem ekki eru fjármunir fyrir hendi til að koma slíkum mannvirkjum upp.

Það var athyglisvert sem hæstv. utanrrh. sagði og það gleður mig að heyra að hann sé að gera því skóna að það sé möguleiki á því að þessi könnun verði gerð og henni verði lokið fyrir þinglausnir í vor. Það væri óneitanlega fróðlegt að sjá hvað hér er á ferðinni og við gætum þá tekið afstöðu til þess hvort Alþingi Íslendinga óskar eftir því að gerast aðili að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Reyndar hef ég orðað það áður í ræðu á Alþingi að það væri nauðsynlegt að vera það. Þar sem við erum fullgildir aðilar að Atlantshafsbandalaginu, þá hljótum við að taka þátt í öllu því starfi sem þar fer fram og við þurfum ekkert að vera hræddir um það. Ef fjármunir eru þar á lausu til að styrkja samgöngur hér á landi, þá eigum við auðvitað að falast eftir því fjármagni og vera óhræddir við það.

Þessi tillaga fjallar hins vegar fyrst og fremst um könnun á þessum málum og eins að kannað verði fordæmi um fjárveitingar til samgangna almennt í þessu sambandi. Ég tel mjög mikilsvert að ef Ísland er þátttakandi í alþjóðasamstarfi þá tökum við þátt í því heils hugar og án þess að vera hræddir við það að fá fjármuni frá þeim stofnunum ef það á annað borð er okkur til hagsbóta. Við eigum auðvitað að ganga með fullri reisn í slíkt samstarf og ég held að það hefði verið miklu meiri reisn yfir þessu samstarfi í gegnum árin ef við hefðum ráðið okkar mannvirkjagerð sjálfir og stýrt þeim í stað þess að það hefur ávallt verið svo að þau mannvirki sem hér hafa verið byggð hafa farið beint í gegnum bandaríska herinn sem er auðvitað ekki það sem við hefðum óskað eftir.

Ég vil ekki á þessu stigi segja öllu meira en þetta en þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau orð sem hann lét hér falla og á von á því að hann muni styðja það að þessi könnun verði gerð og lögð fyrir þingið í vor.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þessi tillaga fjallar fyrst og fremst um könnun og það er fagnaðarefni að heyra á ráðherra að niðurstöður úr henni gætu legið fyrir við þingslit í vor.

Hitt er svo annað mál að fyrir löngu hefðu stjórnvöld átt að vera búin að taka betur til hendinni í þessu máli. Þetta hefði fyrir löngu átt að liggja fyrir og vera unnið samkvæmt því á mörgum undangengnum árum og við fengið meira fjármagn til raunverulegra varna sem samgöngumálin eru liður í. En það þarf líka og hefði löngu þurft að vera búið að eyða þeim tvískinnungi hér á Íslandi að það sé aðeins hægt að fá fjármagn í ákveðnar framkvæmdir sem ákveðnir einstaklingar hafa tekjur og gróða af. Meginmál í þessu samstarfi er að sjálfsögðu að við höldum hér varnarsamstarfi, tökum eðlilegan þátt í því og leggjum til land, en þjóðin sjálf þarf líka að njóta góðs af þessu samstarfi en ekki aðeins örfáir einstaklingar. En ég þakka hæstv. ráðherra og vona að það verði tekið til hendinni í þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 34 shlj. atkv.

Lögfræðilegt álit umboðsmanns á bráðabirgðalögum um launamál, fyrri umr.

Þáltill. SV, 112. mál. — Þskj. 116.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 116 hef ég leyft mér að leggja fram till. til þál. um að fela forsetum Alþingis að afla lögfræðilegs álits umboðsmanns Alþingis á bráðabirgðalögum nr. 89/1990, um launamál. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi samþykkir að fela forsetum Alþingis að afla lögfræðilegrar umsagnar og álitsgerðar hjá umboðsmanni Alþingis, skv. heimild í 11. gr. laga nr. 13 frá 1987, um hvort bráðabirgðalög um launamál, nr. 89/1990, brjóti í bága við grundvallarreglur um stjórnskipun lýðveldisins og stjórnarskrá þess.

Álitsgerð umboðsmanns skal kunngerð Alþingi fyr-

ir næstu umræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar um staðfestingu á bráðabirgðalögunum."

Á Alþingi hefur nú verið lagt fram frumvarp ríkisstjórnarinnar um staðfestingu á bráðabirgðalögum um launamál, nr. 89/1990. Efasemdir hafa komið fram um stjórnskipulegt gildi bráðabirgðalaganna og hvort þau standist gagnvart grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 47. gr. stjórnarskrárinnar skal hver alþingismaður vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. Slíkt heit var m.a. undirritað í fundarbyrjun hér á hv. Alþingi í dag.

Lög samþykkt á Alþingi eru dauð og ómerk stangist þau á við grundvallarreglur stjórnskipunarréttar og ákvæði stjórnarskrár. Hvorki í ríkisstjórn né á Alþingi sitja nú menn sem getið hafa sér viðurkenningu á sviði lögvísinda eða í stjórnskipunarrétti.

Lögvísindamenn hafa dregið í efa stjórnskipunarlegt gildi bráðabirgðalaganna með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar, þ.e. 2. gr., 28. gr., 67. gr. og 73. gr. Mál er nú til meðferðar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem snýst um lögmæti bráðabirgðalagaútgáfunnar en vegna seinagangs í íslensku réttarfari og meðferðar mála fyrir dómstólum mun ekki að vænta niðurstöðu fyrir þann tíma þegar Alþingi verður að taka mál þetta til endanlegrar afgreiðslu.

Ekki má það henda Alþingi Íslendinga að láta undir höfuð leggjast að leita eftir því að umboðsmaður Alþingis fái málið til umsagnar eða liggi fyrir álitsgerð frá þeim sérfræðingum í lögvísindum á þessu sviði sem til eru í landinu.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, er heimild til þess að afla álitsgerðar umboðsmanns um hvort meinbugir séu á gildandi lögum. Bráðabirgðalögin hafa verið gildandi síðan 3. ágúst 1990.

Með hliðsjón af framangreindu er mjög brýnt fyrir alþingismenn, og skylda þeirra að öðru jöfnu, að afla sér lögfræðilegrar álitsgerðar og umsagnar hlutlauss aðila áður en frv. ríkisstjórnarinnar um staðfestingu á áðurgreindum bráðabirgðalögum verður tekin til frekari meðferðar á Alþingi.

Flutningsmaður treystir sér ekki til að standa að samþykkt frv. fyrr en álitsgerð umboðsmanns Alþingis liggur fyrir og að niðurstaða hans verði sú að bráðabirgðalögin samræmist íslensku stjórnarskránni og hafi samkvæmt efni sínu og formi stjórnskipulegt gildi.

Ég vil taka það fram að umboðsmaður Alþingis er doktor í lögum og er því öðrum fremri að gera slíka álitsgerð enda heyrir það mál undir valdsvið hans en að vísu er í lögunum ákvæði um að það sé á hans valdi hvort hann gefi slíka skýrslu eða álitsgerð en þá liggur það fyrir að hann mundi vísa því frá.

Þetta mál er hreint klúðursmál frá upphafi. Ríkisstjórn hefur gert samning við sína starfsmenn, síðan er gerð hin svonefnda þjóðarsátt og þá liggur þessi samningur fyrir og auðvitað hefði þá átt að taka á þessu máli eins og öðrum málum sem þjóðarsáttinni tengjast. Þetta var ekki gert. Það voru hin eðlilegu vinnubrögð. Síðan er farið með þetta mál á það æðsta dómstig sem er í þessum málum, félagsdóm, og félagsdómur fellur sinn úrskurð. Hver er hann? Og þá er gripið til þess af sömu mönnum sem skrifuðu undir að setja bráðabirgðalögin. (**Gripið fram í:** Það þarf að fá ráðherrana í salinn.) Þeir eru nú yfirleitt annars staðar en í salnum.

Það er enginn vafi á því að siðferðilega er þetta rangt og eftir því sem ég velti þessu meira fyrir mér, þó ég sé ekki neinn lögspekingur, þá hallast ég að því að þetta geti ekki staðist samkvæmt stjórnarskrá enda hafa komið raddir fram í mörgum fjölmiðlum og í þessum launþegasamtökum, enda nú þegar orðið dómsmál, að svo sé. Ég vil ekki láta það henda mig að greiða atkvæði frumvarpi sem ég hef miklar efasemdir um að standist gagnvart stjórnarskránni. Það kann að vera að ef svo færi, sem ég vil ekki trúa að óreyndu, að umboðsmaður Alþingis vísi þessu frá og vilji ekki láta neitt frá sér fara, þá kann að vera að það séu til í þessu landi hlutlausir vísindamenn á þessu sviði. Ég segi hlutlausir því þeir mega þá ekki vera í þessum samtökum sem stóðu að samningnum, að mínu mati, og ekki á vegum framkvæmdarvaldsins. En það er einmitt umboðsmaður Alþingis sem er í sjálfu sér engum háður samkvæmt lögunum. Ég vil alla vega flytja þetta mál. Svona vinnubrögð mega ekki koma fyrir, þau mega ekki endurtaka sig og það er alltaf hætt við því, ef þetta fer hljóðalaust í gegn, að meiri hluti hér á Alþingi skeyti því ekki hvort það kunni að verða álit dómstóla að þetta standist ekki gagnvart stjórnarskrá. Ég vil ekki vera í þeim hópi og ég vil gera grein fyrir mínu áliti í tíma.

Þegar talað var við mig um þessa lagasetningu þá var ég með varnaðarorð. (Gripið fram í.) Það var gert. Og það eina sem ég vildi gangast inn á var að þessum greiðslum væri frestað á meðan verið væri að athuga og úrskurða hvort það væri hægt, hvort það væri löglegt stjórnskipulega séð að svipta þá þessum rétti samkvæmt samningi sem fjmrh. í umboði ríkisstjórnarinnar skrifaði undir.

Að þessu sinni ætla ég að láta þetta duga, virðulegi forseti. Ég legg til að þessari till. verði vísað til síðari umr. og félmn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í till. þeirri til þál. sem hér liggur fyrir segir m.a. að Alþingi samþykki að fela forsetum Alþingis að afla lögfræðilegrar umsagnar og álitsgerðar hjá umboðsmanni Alþingis, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 13/1987, um hvort bráðabirgðalög um launamál brjóti í bága við grundvallarreglur um stjórnskipun lýðveldisins og stjórnarskrá þess.

Tillöguna má skilja á þann hátt að í 11. gr. laga um umboðsmann Alþingis sé að finna heimild til handa forsetum Alþingis til þess að afla lögfræðilegra álitsgerða frá umboðsmanni Alþingis um lögfræðileg vandamál sem kunna að rísa.

Í 11. gr. laganna um umboðsmann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráð-

herra eða sveitarstjórn."

Greinin verður hins vegar ekki skilin öðruvísi en svo að umboðsmaður Alþingis hafi heimild til þess að benda á meinbugi í gildandi lögum svo framarlega sem slíkt samræmist hlutverki umboðsmanns ef hann telur ástæðu til. Umboðsmaður metur af sjálfsdáðum og án kvörtunar hvort ástæða sé til að benda á meinbugi í lögum verði hann var við slíkt. Hvergi er að finna í greininni skyldu umboðsmanns til þess að hlíta boði frá forsetum Alþingis né neinum öðrum um mat á því hvort meinbugir séu á gildandi lögum.

Í 4. gr. laganna um umboðsmann segir:

„Umboðsmaður er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi."

Þessi grein er skýr og ótvíræð. Umboðsmaður Alþingis þarf ekki að hlíta boði Alþingis um að gera álitsgerð um form og efni laga.

Um hlutverk umboðsmanns Alþingis segir m.a. í 2. gr. laga nr. 13/1987:

„Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins."

Í þál. um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sem samþykkt var á Alþingi 2. maí 1988 og birt var í A-deild Stjórnartíðinda sem auglýsing nr. 82/1988, er hlutverk umboðsmanns enn frekar afmarkað. Í 1. tölul. 3. gr. reglnanna kemur m.a. fram að starfssvið umboðsmanns nái ekki til starfa Alþingis. Í 4. tölul. sömu greinar kemur einnig fram að starfssvið umboðsmanns nái ekki til dómstarfa. Með samþykkt þessara reglna hefur Alþingi kveðið upp úr með það að störf Alþingis og störf dómstóla séu ekki á starfssviði umboðsmanns Alþingis.

Frv. til laga um launamál, 40. mál yfirstandandi þings, var lagt fram nú í haust í hv. Nd. í samræmi við ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar og hefur málinu verið vísað til fjh.- og viðskn. og fjallar hún nú um málið.

Fjh.- og viðskn. mun að lokinni umfjöllun gefa út nál. um þetta frv. sem og önnur mál sem nefndin afgreiðir. Með samþykkt þáltill. þeirrar sem nú er til umfjöllunar sýnist sameinað þing vera að taka fram fyrir hendur þingnefndar þeirrar sem nú fjallar um málið í hv. Nd.

BHMR hefur höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þar sem reynir m.a. á gildi bráðabirgðalaga um launamál gagnvart stjórnarskránni. Umboðsmaður Alþingis lýsir þeirri stefnu sinni á bls. 9 í fyrstu starfsskýrslu sinni til Alþingis fyrir árið 1988 að hann muni ekki fjalla um atriði sem lagt hefur verið fyrir dómstóla og að hætta umfjöllun um kvörtun um leið og efni hennar hefur verið lagt fyrir dómstóla.

Af þessu er ljóst í fyrsta lagi að forsetar Alþingis hafa enga heimild í lögum til þess að fela umboðsmanni Alþingis að semja lögfræðilegar álitsgerðir fyrir Alþingi, í öðru lagi að samþykkt þessarar till. til þál. bindur á engan hátt umboðsmann Alþingis, í þriðja lagi að frv. til laga um launamál er til eðlilegrar umfjöllunar í hv. Nd. og í fjórða lagi að mál hefur verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þar sem reynir á gildi bráðabirgðalaga um launamál, nr. 89/1990.

Með vísan til ofanritaðs og þess að umboðsmaður Alþingis gæti ekki orðið við þeirri áskorun, sem felst í tillögu þessari, af ástæðum sem ég hef nú þegar rakið, legg ég til að samþykkt verði að vísa þessu máli frá með rökstuddri dagskrá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.

Ég afhendi hæstv. forseta tillögu um rökstudda dagskrá.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu snýst kannski fyrst og fremst um það hvort hæstv. forsrh. sagði rétt frá á sl. sumri þegar hann lýsti því yfir við þjóðina að það væri meiri hluti á hinu háa Alþingi fyrir þeim bráðabirgðalögum sem hann ásamt sinni ríkisstjórn hæstv. ákvað að setja þegar fyrir lá dómsniðurstaða félagsdóms vegna máls sem varð til þegar árekstur varð á milli ríkisstjórnarinnar hæstv. og launþegasamtakanna BHMR. Hæstv. forsrh. sagði þá að það væri meiri hluti á hinu háa Alþingi. Sú yfirlýsing hlaut að þýða að það væri meiri hluti í hv. neðri deild. Nú hefur það verið upplýst að tveir hv. þingmenn, annar þeirra er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, hann hefur þegar talað í viðkomandi máli, hinn er hv. þm. Geir Gunnarsson, báðir þessir hv. þm. hafa lýst því yfir að þeir muni greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögunum. (Gripið fram í.) Báðir hafa lýst því yfir. Ég sagði báðir hafa lýst því yfir að þeir muni greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögunum. (Gripið fram í.) Það er mitt orðalag hér og við það vil ég standa. Það liggur fyrir — og ég ætla að endurtaka þetta því það virðist hafa farið fram hjá forseta og hv. þm. Geir Gunnarsson heyrir til mín, hann situr hér og getur þá gert athugasemd við þau orð sem ég segi hér. Ég held því fram að þeir tveir hv. þm. sem ég nefndi hafi lýst því yfir að þeir muni greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögunum. Ef það er ekki rétt sem ég segi hér þá geta þeir auðvitað leiðrétt það og munu væntanlega gera það ef ástæða er til hér í þessari umræðu. Ef það fer síðan svo að hv. þm. Stefán Valgeirsson greiðir atkvæði gegn þessum bráðabirgðalögum hefur komið í ljós að meiri hluti sá sem hæstv. forsrh. minntist á er ekki fyrir hendi á hinu háa Alþingi og það er það sem skiptir afar miklu máli þegar þetta mál er rætt.

Hæstv. forseti sameinaðs þings, Guðrún Helgadóttir, hefur flutt hér tillögu sem mér finnst ástæða til að samþykkt verði þegar við þessa umræðu þar sem ég er sammála öllum þeim atriðum sem komu fram í ræðu hæstv. forseta sameinaðs þings. Ég vil bæta því við sem frekari málsástæðu að það mun ekki vera hægt fyrir umboðsmann að taka fyrir mál sem þriðji aðili bendir á að þurfi að taka fyrir því að annaðhvort verður umboðsmaður að taka það mál upp hjá sjálfum sér ellegar að sá sem málið varðar verður að beina því til umboðsmanns Alþingis. Þetta kemur glöggt fram í 5. gr. laganna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða af sjálfs sín frumkvæði. Kvörtun getur

hver sá borið fram við umboðsmann sem telur stjórnvald hafa beitt sig rangindum."

Þess vegna getur Alþingi ekki beint þessum tilmælum til umboðsmannsins, enda er umboðsmaðurinn sjálfstæður eins og kemur greinilega fram í 4. gr. laganna og hæstv. forseti minntist á. Einu rangindin sem hér gætu hafa átt sér stað er það að hæstv. forsrh. hafi farið rangt með þegar hann var að telja sauðina sína í hv. Nd. og talið hv. þm. Stefán Valgeirsson með í meiri hlutanum. En nú hefur hv. þm. Stefán Valgeirsson lýst því yfir að hann treysti sér ekki til þess að greiða atkvæði með bráðabirgðalögunum nema fyrir liggi umsögn umboðsmanns og sú umsögn verður aldrei lögð fyrir því það er ómögulegt, eins og rakið hefur verið í mjög skýru máli, síðast hjá hæstv. forseta.

Það er þess vegna alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. og framsögumanni og flm. þessa máls að aðalatriðið er að siðferðilega var rangt að þessum málum staðið. Það sagði hv. þm. sjálfur og hv. þm. getur ekki skotið sér á bak við umboðsmann Alþingis. Þetta mál er fyrir dómstólum og hv. þm. verður að segja það sem einn af hv. þm. stjórnarliðsins sem mun hafa verið talinn með þegar var verið að reikna út meiri hlutann í hv. deild — og vitna ég þá til hæstv. forsrh. — hann verður að segja frá því, helst ekki seinna en við þessa umræðu, hvort hann styður bráðabirgðalögin eða ekki. Það er útilokað fyrir hv. þm. að skjóta sér á bak við umboðsmann Alþingis. Umboðsmaður Alþingis mun aldrei leggja fram skýrslu í þessu máli því að hann hefur ekki heimild til þess samkvæmt þeim lögum sem Alþingi samþykkti og samkvæmt þeirri reglugerð sem Alþingi samþykkti sem þál. á sínum tíma en var síðan birt sem reglugerð í Stjórnartíðindum.

Þetta vildi ég, hæstv. forseti, að kæmi fram. Ég vil að öðru leyti taka undir það sem hæstv. forseti Sþ. sagði hér í sínu máli og tel fyllstu ástæðu til þess að styðja þá tillögu sem fram hefur verið lögð um það að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég var dálítið hissa á hv. 1. þm. Reykv. hér áðan. Hvorki hann né aðrir munu segja mér fyrir verkum eða hvað ég eigi að gera eða segja. Ég hef alltaf rekist illa og a.m.k. mun ekki láta hv. þm. Sjálfstfl. segja mér hvað ég skuli gera.

En ég var líka hissa á hæstv. forseta og raunar hv. 1. þm. Reykv. Það kom ekki fram í þeirra máli að neitt væri athugavert við það að greiða atkvæði með svona lögum eða þau vildu fá umsögn annarra sem hafa sérfræðilega þekkingu á þessu máli. Það finnst mér athyglisvert. Ég mótmæli því sem kom fram hjá bæði hæstv. forseta og hv. 1. þm. Reykv. að Alþingi geti ekki óskað eftir því að umboðsmaður Alþingis segi sitt álit eða gefi skýrslu í svona máli. Ég tók það fram í minni ræðu að það væri alveg undir honum komið hvort hann gerði það. Það liggur ljóst fyrir. Og það kom fram í minni ræðu að ég mundi sætta mig við það ef aðrir, sem til þess hefðu sérstaka þekkingu, mundu leggja fram slíka álitsgerð.

Hæstv. forseti sameinaðs Alþingis og hv. 1. þm. Reykv. eru sammála um að vísa málinu frá vegna þess að þau þora ekki — þau þora ekki að fá slíka álitsgerð. Það er málið. (**KP:** Það er málið.) Það er málið. Ég mótmæli því að þessi tillaga sé þannig fram borin að hún sé ekki alveg eðlileg. Eðlilegast væri að nefnd fjalli um málið og leggi fram breytingu, ef henni sýnist, og málið sé skoðað hér í þinginu. En það er dálítið merkilegt með hæstv. forseta Sþ. að hann hefur ekki lagt neina tillögu fram svo að ég hafi séð hér á borðum alþingismanna eins og venja er þegar um slíkt er að ræða. Það er því dálítill flumbruháttur í þessu öllu saman. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti hafi leitað til einhverra lögmanna til að fjalla um þetta mál. Það væri þá gaman að vita hverjir þeir væru og hvaða þekkingu þeir hafa sérstaka á svona uppákomu. Ég segi: Þetta er einstakt mál á Alþingi eins og að því hefur verið unnið, það er einstakt. Ég er búinn að skoða það. Og siðferðilega er það rangt og það er aumingjaskapur Alþingis að láta ekki kanna þetta í nefnd, ekkert annað, að þora ekki að láta það koma fram hvað lögspekingar á þessu sviði telja. Þeir ætla sér sjálfsagt að samþykkja það. Þeir um það. Það er alls ekki 100%, ekki 90% hvernig þessi úrskurður fer.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. flm. þeirrar tillögu sem hér er til umræðu að þingmenn hafa auðvitað heimild til þess að flytja hvaða mál sem þeir óska inn á Alþingi, hvort sem það er í frumvarpsformi eða formi þáltill. Hins vegar er svo með það mál sem við ræðum nú að í fyrsta lagi er það með öllu óþinglegt að Sþ. vísi því til umboðsmanns Alþingis. Það dæmi gengur bara ekki upp. Fyrir því eru rök sem ég ætla ekki að fara með. Ég vil þó benda hv. þm. á það að embætti umboðsmanns Alþingis er fyrst og fremst fyrir almenning í landinu til þess að leita réttar síns gagnvart lögum, gagnvart framkvæmdarvaldinu o.s.frv. Ég hygg að það yrði býsna mikið aðhlátursefni ef Alþingi Íslendinga, sameinað þing, þyrfti að vísa máli til umboðsmanns Alþingis til þess að fá úrskurð hans á því.

Í öðru lagi, og það sem í mínum huga vegur enn þyngra, er þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og er rekið þar sem dómsmál. Það er gersamlega útilokað að umboðsmaður Alþingis geti gefið út úrskurð sinn í máli sem nú er fyrir dómstólum þessa lands. Það gengur alls ekki upp.

Ég vildi benda hv. þm. á það að í 41. gr. þingskapa er heimild fyrir þingmanninn til að draga þetta mál til baka. Og ég vildi nú gjarnan að hann hugsaði það áður en frávísunartillagan kemur til atkvæða að hann dragi þetta mál til baka. Í 41. gr. þingskapa segir:

„Frv., hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og till. til þál. og brtt. má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill."

Ég geri það að tillögu minni, svo ekki þurfi að ganga atkvæði í Sþ. um þessa þáltill., að hv. 6. þm. Norðurl. e. dragi hana til baka. Ég hygg að það væri langsamlega besta lausnin á þessu máli og þá færu

menn allir nokkuð heilskinnaðir frá þessum leik.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Mér kom á óvart þessi ræða hæstv. forseta Nd. Það er ekki verið að tala um neinn úrskurð. Hvar er í till. talað um úrskurð? Getur umboðsmaður Alþingis í sjálfu sér kveðið nokkurn tíma upp úrskurð? Hefur hæstv. forseti Nd. virkilega ekki lesið till.? Það er ekki um úrskurð að ræða. Það er álitsgerð sem er beðið um. Ef vinnubrögðin hefðu verið eðlileg hér á hv. Alþingi og forsetar væru sammála um að þetta væri óeðlileg tillaga, þá væri þetta röng meðferð, þá hefði átt að leggja það fyrir þingið hvort leyfa ætti þessa þáltill.

Ég tel það óviðeigandi vinnubrögð að nefndin skuli ekki fá að fjalla um málið og gera þá sínar ráðstafanir í því, leita álits ef henni sýndist svo. Hér virðist vera nokkurs konar salómonsdómur forseta þingsins um málsmeðferðina og er auðvitað vegna þess að það má alls ekki skoða þetta mál. En hvernig mundi þeim svo líða sem vilja ekki láta kanna málið, ekki einu sinni í nefnd, ef dómsniðurstaða yrði sú að þrátt fyrir ábendingar, þrátt fyrir umræður, þrátt fyrir allt það klúðursmál sem hér er til umræðu, að þeir hafi samþykkt þessi lög.

Ég beini því enn til hæstv. forseta Sþ. að hún dragi sína tillögu til baka en það stendur ekki til að ég geri það, það stendur ekki til. Ég vil fá þennan úrskurð. Málið er erfitt. Þetta er klúðursmál og ég vil ekki greiða atkvæði þannig að hægt sé að segja þegar fram líða stundir að ég hafi greitt atkvæði, jafnvel vitandi vits, um að það orki tvímælis hvort þessi lög standist stjórnarskrána.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að standa hér og karpa um form þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu. Það er ljóst að nú þegar hafa margir lögfræðingar tjáð sig um málið. Þó svo að við bættist álit umboðsmanns Alþingis yrði þar auðvitað ekki um dóm að ræða. En eins og fram hefur komið í umræðunni er mál þetta nú fyrir dómi hér í Reykjavík.

Öll rök hníga að því að setning bráðabirgðalaganna sé ekki bara siðlaus, eins og hér hefur komið fram, heldur það sem alvarlegra er að hér er um brot á a.m.k. tveimur greinum stjórnarskrár lýðveldisins að ræða. Það hlýtur að vera okkur alvarlegt umhugsunarefni hvort Íslendingar þurfi að treysta á það að sækja rétt sinn stöðugt til meginlands Evrópu.

Það var mikið fát á ríkisstjórninni í sumar þegar hún setti þessi lög. Hæstv. ráðherrar voru fljótir að skipta um skoðun, það sést ef lesin eru dagblöð frá þessum tíma, en það virðist ganga eitthvað hægar að koma því inn hjá hæstv. ríkisstjórn að hér er auðvitað um alger mistök að ræða.

Þetta mál er nú til meðferðar hjá hv. fjh.- og viðskn. Nd. Ég vil nota tækifærið hér til að skora á hv. þm. sem þar eiga sæti að knýja þetta mál áfram þannig að það komi til atkvæðagreiðslu hér í þinginu. Ég treysti því að hv. þm., hvort sem er í stjórn eða stjórnarandstöðu, skoði hug sinn vel. Og ég vil ekki trúa því fyrr en ég sé það gerast hér, þá í hv. Nd. væntanlega, að hv. þm. treysti sér til þess að standa að afgreiðslu þessara bráðabirgðalaga með því að greiða þeim atkvæði sitt, þ.e. hvorki stjórnarliðar né stjórnarandstæðingar. Ég tel brýnt, til þess að þetta mál verði leiðrétt og þessi mistök, bráðabirgðalögin, verði felld úr gildi, að þetta mál komi sem allra fyrst til afgreiðslu hér í Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um till. á þskj. 197, sem var of seint fram komin, samþ. með 33 shlj. atkv.

Rökst. dagskrá á þskj. 197 samþ. með 28:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JBH, JHelg, JK, JónS, MF, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, SighB, StG, NL, VS, ÞP, ÁrnG, BÍG, EH, EG, EKJ, FrS, GeirG, GHH, GuðmÁ, GGÞ, GuðnÁ, HJ, PP, GHelg.

nei: KP, SkA, SV.

KE, MálmS, ÞÞ, SigJ, DS, GJH greiddu ekki atkvæði.

26 þm. (JE, JóhS, JSS, JúlS, KSG, KrP, MB, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, RG, SalÞ, SJS, SvG, ÞK, AðB, AS, ÁHE, EgJ, FÞ, GB, HÁ, HBl, HG, IBA, GHG) fjarstaddir.

Virðisaukaskattssvik, fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ og StG, 129. mál. — Þskj. 133.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að leggja hér fram till. til þál. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna umfang virðisaukaskattssvika og „svartrar atvinnustarfsemi“ á Íslandi.“

Í grg. segir svo:

„Á þessu kjörtímabili hafa átt sér stað miklar kerfisbreytingar í innheimtu skatta. Virðisaukaskattur tók við af söluskatti, staðgreiðsla skatta tók við af eftirágreiðslu. Margt bendir til að þessar skattalagabreytingar hafi skilað árangri í innheimtu og komi að einhverju leyti í veg fyrir undanskot og skattsvik.

Hinu er ekki að leyna að víða verður þess vart að nótulaus viðskipti eru í gangi og viðskiptavinum sé boðið upp á borgun með eða án virðisaukaskatts. Nú er komin það mikil reynsla bæði á staðgreiðslukerfið og virðisaukaskattinn að full ástæða er til að kanna umfang skattsvikanna, með svipuðum hætti og gert var 1984–1986 af sérstökum starfshópi. Það er mikilvægt fyrir Alþingi og ríkisstjórn að fá upplýsingar um nýjar innheimtuaðferðir, hvernig og hvort þær skila þeim árangri sem búist var við. Líklegt er að slíka úttekt megi gera með tiltölulega ódýrum hætti eftir þá miklu vinnu sem starfshópurinn vann 1984–1986. Slíka úttekt mætti gera með spurningakönnun sem einnig var

notuð að hluta 1984–1986 og sagði starfshópurinn þá að gagnlegt gæti verið að gera slíka könnun árlega. Hér eru mörg fyrirtæki orðin mjög þróuð í að gera margvíslegar kannanir sem reynst hafa marktækar. Enn fremur liggja fyrir aðferðir og upplýsingar erlendis frá um mjög marktækar spurningakannanir um umfang skattsvika og nótulausra viðskipta.

Samkvæmt könnuninni 1984–1986 var niðurstaðan sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis væri á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu. Tap þess opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts var áætlað 2,5–3 milljarðar króna árið 1985. Ríkissjóður er rekinn með halla og sífellt er rætt um að skattlagningu verði að auka þess vegna. Sé það hins vegar svo að einhverjir milljarðar króna séu á ferðinni í undirheimum þjóðfélagsins utan við lög og rétt sem skapar aðstöðumun einstaklinga og fyrirtækja verður að gera allt til að upplýsa og koma í veg fyrir slíkt. Fyrsta skrefið er að kortleggja og mæla skattsvikin, annað skrefið að koma í veg fyrir þau með hertum reglum, sektum eða sviptingu á atvinnuleyfi."

Svo mörg eru þau orð, hæstv. forseti. Tilefnið er auðvitað það að þess verður mjög vart þrátt fyrir hinar miklu kerfisbreytingar að skattsvikin virðast vera töluverð. Þótt jafnvel ráðherrar fullyrði að svo sé ekki þá verður hinn almenni maður í þjóðfélaginu var við það að nótulaus viðskipti og undanskot eiga sér stað í kannski ótrúlega miklum mæli. Ég ætla ekki að fullyrða um hversu almennt það er en við leggjum hér til að þetta verði mælt og kannað.

Í hinni miklu vinnu sem þessi starfshópur innti af hendi árin 1984–1986 var bent á ýmsar leiðir, bæði til tekjuöflunar og til varnar gegn skattsvikum. Þar finnst mér að menn hafi farið eftir annarri leiðinni um að einfalda með ákveðnum hætti. Þess vegna var það eftir kosningarnar 1987 þegar ný ríkisstjórn var mynduð að menn heimtuðu að hér yrði tekinn upp matarskattur til þess að koma í veg fyrir skattsvik. Það var gert. En síðan hafa menn ekki farið eftir þeim ábendingum sem nefndin sendi frá sér um ýmsar úrbætur á öðrum sviðum.

Ég er með hér fyrir framan mig ábendingar nefndarinnar og ætla, með leyfi forseta, að benda á nokkur atriði. Þar er talað um að til þess að framfylgja hertu eftirliti þyrfti að gera breytingu á skattalögum til einföldunar, gæta þess að ýmsir skattstofnar væru ekki ofnýttir, fækka skatttegundum, breyta skipulagi skattayfirvalda o.s.frv. Ég vek athygli á því að þessi nefnd, sem þarna skilaði frá sér áliti, taldi ekki síst þörf á því að hér yrðu tekin upp ný refsiákvæði og sett inn í hegningarlög þannig að þeir sem yrðu uppvísir að skattsvikum og undanskotum fengju þyngri refsingar fyrir slíkt. Þarna finnst mér að Alþingi og ríkisstjórn hafi ekki fylgt eftir þeim tillögum þó það hafi að hluta til verið gert á öðrum sviðum.

Ég held að það sé afskaplega brýnt að fólkið í landinu hafi tilfinningu fyrir því, og að fyrirtækin í landinu hafi einnig tilfinningu fyrir því, að menn sitji við sama borð og það sé vel vakað yfir því að þeir sem ætla að skjóta sér undan lögum og reglum samfélagsins verði sóttir til saka fyrir slíkt athæfi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti. En að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til atvmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Framleiðsla vetnis, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 134. mál. — Þskj. 139.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framleiðslu vetnis. Flutningsmenn þessarar tillögu eru allar þingkonur Kvennalistans sem nú sitja á Alþingi. Að vísu er Snjólaug Guðmundsdóttir í þeim hóp en hún var varamaður Danfríðar Skarphéðinsdóttur og sat hér á þingi þegar þessi tillaga var lögð fram. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja skipulagðar rannsóknir og undirbúning að framleiðslu vetnis til notkunar sem eldsneyti til innanlandsnota og til útflutnings. Jafnframt verði athugað hvaða breytingar þurfi að gera á bifreiða-, skipa- og flugvélaflota og öðrum vélakosti landsins til að notkun á vetni sem eldsneyti yrði möguleg, umfang þeirra breytinga og kostnaður við þær."

Mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að renna styrkari stoðum undir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar. Miklar vonir eru bundnar við orkulindir landsins í því sambandi. Áætlað hefur verið að aðeins sé búið að virkja 10–15% af þeirri orku í fallvötnunum sem hagkvæmt er talið að virkja þegar tekið hefur verið tillit til umhverfissjónarmiða. Þetta er að sjálfsögðu aðeins áætlun og fer allt eftir því hvernig matið er gert hversu mörg prósent er talið að við séum búin að virkja. Hafa margir nefnt tölur undir 10% en ég tel ekki hægt að gera ráð fyrir svo mikilli nýtingu. Það er að sjálfsögðu einungis mat að það séu um 10–15% sem búið er að virkja og fer allt eftir því hversu strangar kröfur maður gerir til umhverfismála að því er virkjanir varðar. Það er því eðlilegt með tilliti til þessa að nýta þessa auðlind til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

Æ meiri áhersla er nú lögð á það víða um heim að finna mengunarlaust eldsneyti. Mengun vegna olíubrennslu er mikil og af þeirri ástæðu talið nauðsynlegt að draga úr notkun hennar. Auk þess eru olíulindir jarðar taldar geta gengið til þurrðar eftir hálfa öld ef ekki dregur verulega úr notkun á olíu. Það er því mat sérfræðinga að tilbúið eldsneyti verði verulegur hluti þeirrar orku sem notuð verður í framtíðinni, jafnvel strax í byrjun næstu aldar. Í þessu sambandi má minnast þess að margir telja að eftir 20–30 ár verði allar olíulindir gengnar til þurrðar nema olíulindir í Arabalöndum. Þetta er því talið síst ofætlað, að olíulindir

verði gengnar til þurrðar eftir um það bil hálfa öld.

Árið 1980 komu út skýrslur um framleiðslu eldsneytis á Íslandi og um vetni og vetnissambönd á vegum Orkustofnunar og skýrsla á vegum iðnrn. með tillögu að rannsóknaáætlun varðandi hugsanlega framleiðslu eldsneytis hérlendis með hliðsjón af orkubúskap landsmanna. Ekki hefur því sem fram kemur í þessum skýrslum verið fylgt eftir sem skyldi af hálfu stjórnvalda, en nú er nauðsynlegt að gera átak í þessum efnum og byggja á þeim grunni sem er til staðar. Við verðum að fylgjast vel með á þessu sviði og vera þátttakendur.

Mörg efni hafa verið nefnd til sögunnar sem eldsneyti framtíðarinnar. Nú hallast flestir að því að fyrir valinu verði hreint vetni en ekki efni sem innihalda kolefni vegna þess að þau munu halda áfram að auka koldíoxíðmagn andrúmsloftsins og þar með hættu á gróðurhúsaáhrifunum svonefndu. Vetni er framleitt með rafgreiningu á vatni. Nú er gert ráð fyrir að flytja það á milli landa sem hreint vetni en ekki tengt öðrum mengandi efnasamböndum eins og talað var um fyrir nokkrum árum. Þegar vetni brennur myndast aðeins vatn. Erfitt er að gera sér í hugarlund að betri lausn finnist á þeim eldsneytisskorti sem blasir við í náinni framtíð.

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförnum árum á möguleikum þess að nota vetni sem eldsneyti. Tækni til að framleiða, meðhöndla og nota vetni hefur fleygt svo fram á síðustu árum að nú er ekkert því til fyrirstöðu tæknilega að hefja notkun slíks eldsneytis í miklu magni. Hins vegar hefur vetni eða annað tilbúið eldsneyti ekki verið talið samkeppnisfært við olíu reiknað á þröngan efnahagslegan mælikvarða. Í þeim útreikningum sem gerðir hafa verið er ekki gerð tilraun til að meta kostnað vegna mengunar sem hlýst af notkun olíu sem eldsneytis og þá þeim kostum sem vetni hefur þar fram yfir vegna þess að þarna er um mengunarlaust eldsneyti að ræða.

Árið 1986 ákváðu nokkrir háskólar í Evrópu ásamt þýskum fyrirtækjum að kanna möguleika á að setja af stað rannsóknarverkefni þar sem gerð yrði tilraun um framleiðslu og notkun vetnis. Áætlað var að framleiða verulegt magn vetnis úr vatni með raforku, þar sem hún er framleidd án mengunar, og flytja það með tankskipum til borgar í Þýskalandi. Hafa þessir aðilar samið um kaup á 100 megavöttum af raforku í Kanada til að framleiða vetni, flytja það til Hamborgar, nota í orkukerfum borgarinnar og til að knýja 900 strætisvagna. Einnig á að gera tilraun með vetnisflugvél og er miðað við að hún fari í loftið eigi síðar en 1996. Þarna er um að ræða Airbus-vél og er verið að gera á henni nauðsynlegar breytingar til að hún geti notað vetni. Hins vegar þarf að sjálfsögðu að gera miklu víðtækari breytingar ef farið verður að nota vetni í meira magni en þarna er gert ráð fyrir, en þarna er bara gert ráð fyrir að gera tilraun með eina vél. Þá þarf að sjálfsögðu að hanna flugvélar með tilliti til þessa. Í þessari tilraun er gert ráð fyrir að nota vél og kanna þá möguleika sem vetni hefur sem eldsneyti fyrir flugvélar.

Þessi tilraun á að geta gefið raunverulega mynd af möguleikum vetnis sem eldsneytis eftir að tilraunatímabilinu lýkur, en það er áætlað sjö ár. Í útreikningum þeirra sem standa að tilraunaverkefninu er gert ráð fyrir að kaupa orkuna á 18 mill hverja kwst. til ársins 1995 en 36 mill eftir það. Þetta er verulega hærra verð en það sem nefnt hefur verið í tengslum við raforkusölu til nýs álvers á Keilisnesi og hafa nýlega heyrst enn hærri tölur í þessu sambandi. Hafa heyrst tölur allt upp í 29 mill. Þetta hef ég nú eingöngu heyrt á skotspónum og hef ekki fengið það staðfest. Þarna er alla vega verið að ræða um verulega hærra verð en við höfum heyrt að því er varðar raforkusölu til álvers hér á landi.

Frekari tilraunir með vetnisframleiðslu eru fyrirsjáanlegar og gætu Íslendingar orðið þátttakendur í þeim tilraunum ef rétt er á málum haldið. Eru það Þjóðverjar sem virðast vera komnir langlengst í þessum málum og hafa sýnt áhuga á samvinnu við Íslendinga.

Hér á landi er vetnisframleiðsla vel þekktur iðnaður. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur framleitt vetni í nær 40 ár. Hér höfum við mikla möguleika á að framleiða raforku og íslenskir vísinda- og tæknimenn standa framarlega á þessu sviði. Við Háskóla Íslands hafa vísindamenn unnið að rannsóknum og könnun á aðferðum til að framleiða eldsneyti og flytja milli heimshluta. Þessar rannsóknir ber að styðja og gera íslenskum vísindamönnum kleift að hafa samvinnu við erlenda vísindamenn og taka þátt í rannsóknarverkefnum á þessu sviði. Mikilvægt er að við tökum virkan þátt í rannsóknum og undirbúningi að þessu mikilvæga máli.

Ég tók eftir því, virðulegur forseti, að í frv. til fjárlaga sem nú liggur fyrir þinginu kemur fram á bls. 349 að áætlað hefur verið að hækka framlag til iðnaðarrannsókna um 20% miðað við fjárlögin 1990 og er sagt að hækkunin skýrist m.a. af 4,4 millj. kr. framlagi sem ætlað er til athugunar á möguleikum á framleiðslu vetnis hér á landi. Þetta er auðvitað mjög ánægjulegt þó að 4,4 millj. séu ákaflega lítil upphæð miðað við þær upphæðir sem hafa verið notaðar til þess að reyna að selja erlendum aðilum raforku til álframleiðslu. Þó að þær tölur liggi engan veginn fyrir grunar mig að þær séu nokkru hærri en þarna er ætlað, en auðvitað ber að fagna því að þarna skuli eiga að taka frá fjármuni til athugunar á vetnisframleiðslu hér á landi. Það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að á Íslandi verði framleitt vetni með íslenskri orku, hráefni og hugviti. Ég vil í því sambandi benda á að við hér á landi höfum ýmislegt fram að færa sem aðrir hafa ekki. T.d. höfum við jarðgufu en talið er vera um 15% ódýrara að nota jarðgufu til að þétta vetni en hefðbundnar aðferðir við þéttingu. Við höfum þess vegna ýmislegt hér á landi sem við getum fært fram sem aðrir hafa ekki.

Með notkun vetnis í stað olíu er hægt að draga verulega úr mengun í heiminum. Hér er um að ræða stóriðju sem veldur engri mengun ef undan er skilið jarðrask af völdum byggingarframkvæmda og landnotkun vegna virkjana. Íslendingar flytja inn verulegt magn af olíu og bensíni eða um þriðjung af heildarorkunotkuninni sem er um 10 teravattstundir. Talið hefur verið

hagkvæmt að framleiða hérlendis um 20–25 teravattstundir af raforku með vatnsafli á ári og vil ég taka fram að þessar tölur eru auðvitað mjög mismunandi eftir því hvaða forsendur maður gefur sér. Sumir hafa talað um allt að 30 teravattstundir en mér þykir það of hátt ef tekið er tillit til umhverfissjónarmiða. Jarðvarmi á að geta gefið um 20 teravattstundir og er því fyrirsjáanlegt að við getum ekki aðeins fullnægt innanlandsþörf heldur getum við einnig flutt út orku t.d. í formi vetnis.

Kosturinn við að nota vetni í stað olíu er einnig sá að hægt er að nota það á vélar sem nú eru í notkun án þess að þurfa að gera á þeim verulegar breytingar. Aðeins þarf að breyta eldsneytisgeymum og gera ytri breytingar á vélinni.

Í skýrslu sem ég minntist á áðan, um vetni og vetnissambönd, og gefin var út í ágúst árið 1980 er fjallað um framleiðslu og hugsanlega notkun á vetni í stað innflutnings á eldsneyti. Þar er einmitt talað um þetta atriði og er þá sérstaklega rætt um vetni á skip, en það hefur fremur lítið verið kannað í heiminum fyrst og fremst vegna þess væntanlega að heildareldsneytisnotkun á skip er mjög lítil miðað við heildareldsneytisnotkun heimsins. Fremur lítið hefur þess vegna verið gert af tilraunum í því sambandi. Þó er í þeirri skýrslu gerð tilraun til að bera saman notkun á vetni miðað við annað eldsneyti og virðist sem ótrúlega lítið þurfi að breyta vélum til að hægt sé að nota vetni í stað olíu.

Einn af kostum vetnisframleiðslu er að vel getur hentað að byggja nokkrar fremur smáar verksmiðjur. Stórar einingar eru tiltölulega lítið hagkvæmari en litlar. Þetta þýðir að hægt er að hafa verksmiðjurnar allvíða um landið, t.d. við hafnir, og gera þannig skipaflotanum auðvelt að sækja eldsneyti í sjálfa verksmiðjuna fremur en að flytja það langar leiðir með miklum tilkostnaði. Þetta mundi veita fólki víða um land atvinnu.

Það er kominn tími til að leita nýrra leiða í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Undanfarin ár hafa ráðamenn verið svo uppteknir af byggingu álvers að ekkert annað hefur komist að. Orkusölumennirnir hafa verið ótrúlega einsýnir og virðast ekki hafa komið auga á aðra kosti til að koma orku fallvatnanna í verð en að lokka hingað mengandi stóriðju. Íslendingar eiga að leggja áherslu á að koma hér upp iðnaði sem ekki er mengandi, nýtir íslenskt hráefni og hugvit og er í sátt við landið og það fólk sem það byggir.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegur forseti, legg ég til að þessari tillögu verði vísað til 2. umr. og hv. atvmn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. um framleiðslu vetnis gefur mér tilefni til nokkurra athugasemda og ábendinga um það athyglisverða mál sem þar er hreyft.

Það er vissulega rétt að samhliða aukinni stóriðju gæti í framtíðinni orðið skynsamlegt að nýta raforku til þess að framleiða vélaeldsneyti, ekki síst vegna flutninga og sjávarútvegs á Íslandi en reyndar einnig til útflutnings. Hvort af þessu verður ræðst m.a. af tækniþróun sem við Íslendingar ráðum ekki en getum e.t.v. haft einhver áhrif á. Ég tel mikilvægt að við fylgjumst náið með framvindu mála á þessu sviði og mig langar til að benda á að í iðnrn. og stofnunum þess hefur að undanförnu verið fylgst mjög vandlega með möguleikum á þessu sviði auk þess sem rætt hefur verið við erlenda aðila um samstarf í þessu efni.

Fyrir milligöngu iðnrn. og að þess frumkvæði komu hingað til lands í júlí á þessu ári fulltrúar frá þýsku fyrirtækjasamtökunum Dechema og frá Evrópubandalaginu og Hamborgarkaupstað til þess að ræða hugsanlegt samstarf við Íslendinga um athuganir á hagkvæmni vetnisframleiðslu á Íslandi. Vegna þess sem 1. flm. þessarar þáltill. sagði hér áðan um samstarf Þjóðverja og Kanadamanna vil ég taka fram nokkur atriði um það samstarf því að mér finnst að sú lýsing sem fram kemur í greinargerð þáltill. og í máli 1. flm., hv. 6. þm. Reykv., sé ekki rétt.

Nokkur orð um þetta, virðulegur forseti. Þessi fyrirtækjasamtök, Dechema, hafa stjórnað fyrsta verkþætti í samvinnuverkefni milli framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalags Evrópu og stjórnar Québec-fylkis í Kanada um vetnismál. Þetta verkefni byggir á hugmynd sem upphaflega kom fram og var þróuð í rannsóknastofnunum Evrópubandalagsins. Verkefnið er unnið í 20 fyrirtækjum og stofnunum í Evrópu og átta í Québec. Það er gert ráð fyrir að þetta verkefni verði unnið í fjórum þáttum eða áföngum. Hinn fyrsti var frumáætlun sem lauk í mars 1987. Annar var nánari skilgreining verkefnisins og verk- og kostnaðaráætlun fyrir það, en það er einmitt sá þáttur sem nú er í framkvæmd og það er áætlað að þeim áfanga ljúki í mars á næsta ári. Þriðji áfanginn er svo verkfræðileg hönnun og gerð útboðsgagna. Gert er ráð fyrir að sá áfangi taki a.m.k. 1–2 ár. Fjórði og síðasti áfanginn í þessu samstarfsverkefni Evrópubandalagsins og Québec-fylkisstjórnar í Kanada er framkvæmdirnar sjálfar og gert er ráð fyrir að þær taki 4–5 ár.

Kostnaður við annan verkþáttinn, þann sem nú stendur yfir, var áætlaður um 3 millj. evrópskra mynteininga, ECU, eða um 230 millj. kr. sem skiptist jafnt á Efnahagsbandalagið, Québec og fyrirtækin sem taka þátt í verkefninu. Kostnaður við verkþætti 3 og 4, sem ég nefndi áðan, þ.e. verkhönnun og framkvæmdir, er hins vegar talinn verða um hálfur milljarður ECU sem jafngildir um 38 milljörðum íslenskra króna. Og það er einmitt þarna sem enn eru óleyst mál því að fjármögnun þessara verkþátta er enn alls óráðin. Það er gert ráð fyrir að helmingur þeirrar fjárhæðar þurfi að koma frá iðnfyrirtækjunum sjálfum þannig að hinir opinberu aðilar, landið Hamborg í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, Sambandsstjórnin í Þýskalandi og Evrópubandalagið, væru fúsir til að leggja fé á móti.

Það er rétt að benda á að verkefnið snýst að verulegu leyti um það að sýna fram á að hægt sé að framleiða, flytja, geyma og dreifa vetni og nota það til þess að framleiða raforku, til þess að framleiða varma og í stað eldsneytis á ýmiss konar flutninga- og samgöngu-

tæki. Auðvitað er framleiðsla á vetni með rafgreiningu í sjálfri sér ákaflega vel þekkt, Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur t.d. framleitt vetni með þeirri aðferð í áratugi. En það eru þessir aðrir þættir sem ég nefndi sem nauðsynlegt er að taka á ef á að gera þetta að framkvæmanlegum hlut.

Ég tel líka alveg nauðsynlegt, virðulegur forseti, að benda á að það er ekki rétt sem kemur fram í greinargerð með tillögunni, að samið hafi verið um kaup á 100 megavöttum af raforku í Kanada til að framleiða vetni. Slíkur samningur hefur ekki verið gerður, hvað þá að samið hafi verið um orkuverð eins og þar er gefið í skyn og 1. flm., hv. 6. þm. Reykv., endurtók héðan úr ræðustólnum áðan. Allur samanburður við íslenskt orkuverð er því alveg út í hött og allsendis ótímabær.

Það er líka rétt vegna tímaáætlana í þessu máli að benda á að í heimsókn fulltrúa iðnrn., Háskólans og fleiri íslenskra aðila til Airbus-fyrirtækisins í Hamborg í lok októbermánaðar sl. kom fram að fyrirtækið telur unnt að flugvél knúin vetni gæti hafið sig til flugs eftir tíu til fimmtán ár, en ekki í síðasta lagi árið 1996 eins og fram kemur í grg. Þetta er byggt á beinum viðtölum við þá menn sem vinna nú að því að hanna þennan farkost, þessa vetnisflugvél.

Í ágúst sl. kom einn framkvæmdastjóra Evrópubandalagsins, Martin Bangemann, í opinbera heimsókn til Íslands. Honum voru kynntir möguleikar til þess að nýta innlendar orkulindir, m.a. til þess að framleiða vetni. Ég ræddi þá ítarlega við hann um möguleika á samstarfi Íslendinga og Evrópubandalagsins á þessu sviði. Það var ákveðið að stefna að því að koma á fót samstarfsverkefnum milli íslenskra stjórnvalda og Evrópubandalagsins, m.a. hvað varðar tilraunaframleiðslu á eldsneyti. Í framhaldi af þessu fóru svo fulltrúar frá iðnrn., Landsvirkjun, Iðntæknistofnun, Járnblendifélaginu og Háskóla Íslands á fund í vetnisfélaginu í Hamborg, sem er félag fyrirtækja og áhugamanna um nýtingu vetnis í orkubúskap Þjóðverja, til þess að kynna sér stöðu rannsókna á nýtingu vetnis sem eldsneytis og möguleika á að nýta orkulindir Íslands til að framleiða vetni. Þar var reyndar skrifað undir sameiginlegt minnisblað um samstarf við þetta vetnisfélag, Gesellschaft zur Förderung der Wasserstoffswirtschaft, um möguleika á framleiðslu vetnis á Íslandi.

Nú er verið að vinna að gerð áætlunar um verkefni sem í verður ráðist í þessu sambandi með þátttöku ýmissa innlendra aðila. Það er gert ráð fyrir því að markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar og iðnrn. muni verja fé til verkefna á þessu sviði á næsta ári, eins og raunar kemur fram í fjárlagafrv. fyrir næsta ár þar sem nefnd er fjárhæðin 4,4 millj. kr., til athugana á möguleikum á framleiðslu vetnis, eins og hv. 6. þm. Reykv. nefndi hér áðan.

Notkun vetnis sem eldsneytis er a.m.k. enn sem komið er óhagkvæm fjárhagslega í samanburði við hefðbundið eldsneyti. En auðvitað er það líka rétt að þá eru ekki metnir þeir eðliskostir vetnisins að það er mengunarlaust þegar það er nýtt í sprengihreyflum. Þá er líka rétt að hafa í huga, sem ég hef ekki séð í því efni sem fylgir þessari þáltill., að enn sem komið er fylgir því veruleg sprengihætta við geymslu og átöppun á efninu á farkostina.

Við verðum líka jafnan að hafa það í huga að vetnið er orkuberi eins og raforkan, en ekki orkulind eins og vatnsorkan og olían. Það er óljóst hvaða aðferðir yrðu notaðar til að framleiða vetni í framtíðinni ef það á að koma í stað olíu og kola sem eldsneyti framtíðarinnar. Ég leyfi mér að benda á að þar eru aðrar leiðir til athugunar og rannsókna en rafgreining sem hér er aðallega rætt um.

Það er rétt að benda á að Evrópubandalagið vinnur að fleiri verkefnum á þessu sviði en þessu kanadísk-evrópska samstarfsverkefni. M.a. má ég nefna þar framleiðslu vetnis með sólarorku í Norður-Afríku. Það er líka rétt að benda á að geysimikla orku þyrfti til að framleiða vetni ef það ætti að koma í verulegum mæli í stað notkunar jarðefnaeldsneytis, t.d. kola, olíu og jarðgass. Það er talið að framleiða mætti með allri tæknilega nýtanlegri vatnsorku í heiminum vetni sem gæti komið í stað e.t.v. 10% af áætlaðri þörf fyrir það sem ég kalla jarðefnaeldsneyti árið 2020.

Það er auðvitað rétt, eins og fram kemur í tillögunni, að það er mjög mikilvægt að Íslendingar fylgist náið með og stundi rannsóknir á aðferðum til að framleiða eldsneyti með nýtingu innlendra orkulinda fyrir augum. En ég leyfi mér að benda á að það er unnið skipulega að þessu máli. Það er stefnt að samstarfi við erlenda aðila, einkum Evrópubandalagið, í þessu skyni.

Eins og ég sagði áðan, og hv. flm. tók fram, þá er hér gert ráð fyrir nokkru fé til athugunar á möguleikum til framleiðslu á vetni, auk þess sem stofnanir þær sem að jafnaði fást við orkurannsóknir og við það að markaðssetja orku á erlendum vettvangi munu að sjálfsögðu sinna því.

Varðandi athuganir sem lúta að nauðsynlegum breytingum á vélum til að brenna vetni verðum við að sjálfsögðu að leggja aðaláherslu á að fylgjast með, enda þarf sterkan, öflugan og þróaðan iðnað að bakhjarli eigi að ná verulegum árangri með slíkum rannsóknum.

Virðulegi forseti. Þetta athyglisverða mál gefur mér tilefni til þess að benda á að nýtingu okkar Íslendinga á okkar eigin orkulindum, okkar orkubúskap, má í aðalatriðum skipta í þrjá áfanga eða tímabil. Á fyrsta tímabilinu var höfuðáherslan lögð á rafvæðingu landsins, lagningu hitaveitna á þéttbýlisstöðum þar sem auðvelt og ódýrt var að virkja jarðvarma. Á næsta tímabili var farið að nýta orkulindirnar til þess að treysta undirstöðu þjóðarbúsins með því að virkja, einkum vatnsorkuna, til stóriðju. Þetta stig stendur enn. Á þriðja tímabilinu í kjölfar olíukreppunnar 1973–1974 var dregið úr þýðingu olíunnar í orkubúskapnum með því að nýta innlendar orkulindir, fyrst og fremst jarðvarma og vatnsorku, í stað innfluttrar olíu. Nú er svo komið að innlendar orkulindir hafa svo til algjörlega komið í staðinn fyrir olíu í húshitun og um 90% af olíunotkuninni er í dag vegna samgangna og fiskveiða. Það er einmitt þess vegna sem við þurfum að búa okkur undir nýtt tímabil, fjórða tímabilið, sem gæti ein-

kennst af framleiðslu vélaeldsneytis. Ég tel eðlilegt að þessari tillögu verði sinnt í hv. atvmn. en efast um að önnur afgreiðsla en sú að vísa henni til ríkisstjórnarinnar sé skynsamleg.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vona nú að hv. atvmn. fjalli um þessa tillögu og taki afstöðu til hennar, án þess að taka sérstaklega tillit til þeirra orða hæstv. iðnrh. að henni yrði vísað beint til ríkisstjórnarinnar. Ég tel mjög eðlilegt að Alþingi fjalli um þessa tillögu og hún verði samþykkt og vona ég að svo verði.

Ég vil samt þakka hæstv. iðnrh. fyrir það sem hann talaði um varðandi tillöguna. Ég tel það mjög mikilvægt að tekið verði á þessu máli og því verði sinnt á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Að sjálfsögðu tel ég mjög mikilvægt að stjórnvöld geri það ekki eingöngu innan ráðuneytisins, heldur að einnig verði höfð samvinna við Háskóla Íslands og við þá vísindamenn sem þar hafa unnið og þeim verði gert kleift að sinna þessum rannsóknum í samvinnu við erlenda háskóla. Auðvitað er mikilvægt að Landsvirkjun og iðnrn. og aðrir komi líka inn í þetta mál en það verður þó að virða sjálfstæði vísindamannanna en styðja þá eins mikið og mögulegt er.

Ég tel mjög mikilvægt að við verðum þátttakendur í þessum tilraunum og rannsóknum sem verið er að gera varðandi vetnisframleiðslu. Ég tel ekki nægjanlegt að við fylgjumst einungis með hvað verið er að gera. Við þurfum að vera virkir þátttakendur. Í því sambandi langar mig til að minnast á það að þessi tilraun sem verið er að gera í samvinnu Evrópufyrirtækja er fyrst og fremst í Þýskalandi, þótt að sjálfsögðu sé hægt að kalla það Evrópubandalagið því að það hefur styrkt þetta líka. Tilraunin með Hamborg og Kanada er tilraun sem við væntanlega getum ekki komist inn í þar sem búið er að taka svo mikið af ákvörðunum. Mínar heimildir segja að búið sé að semja um kaup á 100 mw. af raforku. Það sé búið að ákveða að fara út í þetta verkefni og þar af leiðandi sé ekki hægt fyrir okkur að taka beinan þátt í því. Hins vegar hafa Þjóðverjar og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari tilraun áhuga á að halda áfram með þetta verkefni og gera tilraunir á þessu sviði eftir að þessu lýkur. Þá getum við mjög gjarnan verið virkir þátttakendur.

Ég tel að við verðum að taka þátt. Við erum mjög háð innflutningi á eldsneyti fyrir okkar fiskiskipaflota. Breytingar eru mjög skammt undan. Það er ekki spurning um það. Tíu ár er ekki langur tími. Við verðum að vera með. Þetta er bara handan við hornið og við getum ekki beðið með hendur í skauti þangað til eftir tíu til fimmtán ár og sagt: Við erum nú búin að vera að fylgjast með en nú þurfum við e.t.v. að gera eitthvað hér á landi og breyta skipum, bílum og öðru. Við verðum að byrja nú þegar.

Ég veit ekki hvaða heimildir hæstv. iðnrh. vitnar í þegar hann segir að ekki sé búið að ákveða neitt varðandi þetta verkefni. Þær heimildir sem ég hef segja að þarna sé um tilraun að ræða sem nú þegar er búið að ákveða að fara út í.

Varðandi sprengihættu af vetni þá er hún auðvitað fyrir hendi, sem og sprengihætta af öðru eldsneyti. Það er auðvitað veruleg sprengihætta einnig af bensíni og öðru eldsneyti sem við notum hér. Það er líka sprengihætta af vetni en hún er ekki talin verulega mikið meiri en af bensíngeymum. Að sjálfsögðu þarf samt að hafa það í huga og það þarf að hafa sterkari geyma til að geyma fljótandi vetni en annað eldsneyti. Það er hluti af kostnaðinum. Bæði þarf að hafa stærri geyma og þá þarf að hafa sterkari.

Það er alveg ljóst og flestir eru mér sammála um að það sé mjög líklegt að vetni verði eldsneyti framtíðarinnar. Við verðum þar af leiðandi að taka virkan þátt í tilraunum og þó svo að við gætum ekki verið útflytjendur á vetni í miklu magni þá mundi það strax vera mjög hagkvæmt fyrir okkur að geta sparað að flytja inn alla þá olíu og bensín sem við þurfum, bæði á fiskiskipaflotann og bílaflotann.

Ég tel á allan hátt jákvætt það litla sem ætlað er að gera hér á landi og iðnrn. hefur gert í þessu máli. Ég get ekki annað en lýst ánægju minni með það og endurtek það sem ég sagði áðan að auðvitað er ég ánægð með að sjá að það skuli vera teknar frá fjárhæðir á fjárlögum fyrir rannsóknir varðandi vetni en ég hefði viljað sjá þá upphæð miklu hærri.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Örfá orð um stöðu þessa samstarfsverkefnis sem flm. þáltill. hafa mjög vitnað til. Þetta er samstarfsverkefni Evrópubandalagsins og fylkisstjórnarinnar í Québec í Kanada. Aðalþátttakandi frá þeirri hlið er helsta raforkufyrirtæki fylkisins, Hydro Québec.

Ég hef átt þess kost að ræða við báða aðila málsins, bæði fulltrúa Evrópubandalagsins og fulltrúa Kanadastjórnar, og málið stendur, eins og ég lýsti hér áðan, enn á undirbúningsstigi. Það hafa ekki verið gerðir neinir efnahagslega bindandi samningar, einfaldlega af því að fjármögnun verkhönnunar og framkvæmda er enn óleyst. Það er ekki búið að finna þá aðila sem vilja leggja fram helminginn af kostnaðinum við þetta mikla verk, sem kannski er af stærðargráðunni 500 millj. ECU, án þess að eiga nokkurn tímann von á að fá þetta til baka. Spurningin er sú hvort svo rausnarlegur aðili finnst. Það er þá helst verið að hugsa til Evrópubandalagsins og Sambandslýðveldisins Þýskalands, og Hamborgar, en þá þarf iðnaðurinn að koma á móti og það hefur iðnaðurinn enn ekki viljað gera upp við sig. Þess vegna er ekki hægt að lýsa þessu á þann hátt sem hér er gert.

En auðvitað er það líka rétt að margir aðilarnir að þessu verkefni, sem taka náttúrlega þátt í því af því að þeir eru rannsóknarmenn og hafa áhuga á því, líta fyrst og fremst til Íslands sem möguleika af því að þeir hafa hugmynd um að ýmsir viðskiptaaðilarnir í verkinu hefðu frekar áhuga á því. Þetta gildir án alls efa um Hamborgarstað sem hefur frá fornu fari samband við Ísland og hefur kannski meiri áhuga á því að leysa verkið í samstarfi við Íslendinga, auk þess sem Ísland liggur miklu nær meginlandi Evrópu en Kanada. Þetta

á allt eftir að koma í ljós. Þannig vilja sumir Þjóðverjanna líta á þetta sem valkost við þetta kanadíska samstarf. Aðrir segja að íslenskt verkefni geti verið framhald eða viðbót. Þetta er allt saman óráðið en auðvitað er það rétt að það væri ákaflega hagstætt ef sú tækni finnst og þau efnahagsskilyrði verða að það sé hægt að nýta innlenda orkugjafa sem orkubera í samgöngum og sjávarútvegi. En það er hins vegar ekki rétt að gefa í skyn að það sé handan við hornið. Það er heldur ekki rétt að gefa í skyn að við getum, jafnvel með rausnarlegum fjárveitingum, fengið því framgengt að þetta yrði. Þetta þýðir hins vegar alls ekki að við leggjum árar í bát. Það sýnir allt okkar starf á þessu ári. Það sýnir tillagan í fjárlagafrv. Þess vegna er þessi tillaga sem hér liggur fyrir fyrst og fremst þörf sem umræðugrundvöllur um það sem verið er að gera og að því leyti ástæða til að þakka fyrir hana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

15. fundur, þriðjudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 2. umr.

Frv. GHG, 50. mál. — Þskj. 50, n. 181.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 181 um frv. til laga um breytingar á lögum um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Þetta nál. er frá fjh.- og viðskn. En svo segir í nál.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og studdist við afgreiðslu þess við umsagnir frá síðasta þingi. Nefndin afgreiddi frv. sl. vor, en það hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu í neðri deild. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Eiður Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nefndarálitið skrifa Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Skúli Alexandersson, Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal.

Það skal tekið fram að þetta frv. flutti Guðmundur H. Garðarsson hér á síðasta þingi og einnig núna og í því felast breytingar varðandi ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Þeir aðilar sem komu fyrir nefndina í fyrra mæltu eindregið með samþykkt frv. enda felst í því miklu betri regla á þeim málum sem það fjallar um. Haukur Hafsteinsson, formaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, tjáði nefndinni þá að þetta væri einn liður í þeirri heildarendurskoðun sem væri á lífeyrissjóðum og þetta mál mundi auðvelda þá endurskoðun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

16. fundur, þriðjudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, 1. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 180.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir frv. til laga um staðfestingu á samningi sem Íslendingar eru aðilar að um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar.

Virðulegi forseti. Það var í ársbyrjun 1989 að umhverfisráðherrar Norðurlanda ræddu um hvernig mætti draga úr umhverfismengun sem berst til Norðurlandanna frá grannríkjum í Austur-Evrópu. Embættisnefnd umhverfisráðherra á Norðurlöndunum kannaði ýmsar leiðir til þess að nýta norrænt fjármagn sem best í þessu augnamiði. Sýndi sú könnun m.a. að lánsfé til umhverfisverndandi framkvæmda í löndum Austur-Evrópu er mjög takmarkað vegna lítils lánstrausts margra ríkjanna og vegna hárra vaxta á verkefnisútflutningslánum.

Þá var þeirri hugmynd hreyft að setja á stofn sérstakan norrænan sjóð til að niðurgreiða vexti af fjárfestingarlánum til umhverfisverndandi framkvæmda í Austur-Evrópu. Niðurstaða embættismannanefndarinnar og síðar ráðherranefndarinnar, þ.e. umhverfisráðherranna, varð hins vegar sú að leggja til að stofna skyldi norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfismála. Með þessu móti skyldi stefnt að því að koma á fót framleiðslu á umhverfisverndandi tækjabúnaði í löndum Austur-Evrópu og draga þannig úr þörf landanna á erlendum gjaldeyri til að kaupa slíkan búnað og aðra tækniþekkingu. Tillögur um stofnun slíks félags voru síðan ræddar á aukaþingi Norðurlandaráðs sem var haldið á Álandseyjum í nóvembermánuði 1989. Þar fékk þessi hugmynd og þær tillögur, sem þá voru tilbúnar, góðar viðtökur.

Málið var síðan rætt áfram á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík 28. febr. 1990 þar sem lá fyrir form-

leg ráðherranefndartillaga um stofnun þessa félags. Sú tillaga var samþykkt og var síðan samningur um stofnun félagsins undirritaður af umhverfisráðherrum hinn 1. mars 1990 í Reykjavík með fyrirvara um samþykki þjóðþinga allra Norðurlandanna.

Mengun í lofti og vatni virðir engin landamæri. Þrátt fyrir verulegt átak einstakra ríkja í umhverfismálum heima fyrir vex mengun lofts og hafs víða vegna aðgerðarleysis grannríkja. Víða í Austur-Evrópu eru umhverfismál í mesta ólestri eins og svo áþreifanlega hefur komið í ljós eftir að landamæri þar opnuðust og múrar hrundu. Hreinsibúnaður vegna útblásturs verksmiðja og orkuvera er í lágmarki og grunnvatni og vatni í ám er víða stórlega spillt. Þótt áhrifanna gæti mest í heimalandinu berast óhreinindi til grannlandanna með loftstraumum og með ánum til sjávar. Sérstaklega safnast mengunin saman í litlum innhöfum eins og í Eystrasaltinu. Sem dæmi má nefna að töluverður hluti brennisteinssambanda í úrkomu á Norðurlöndum er talinn koma frá Austur-Evrópu.

Talið er að með tiltölulega ódýrum aðgerðum megi draga verulega úr skaðlegum efnum í frárennslisvatni og útblæstri verksmiðja og orkuvera í Austur-Evrópu þótt ekki verði gerðar jafnstrangar kröfur um hreinsibúnað strax og gilda á Norðurlöndum. Lítið gagn er þó í því að flytja hreinsibúnað frá Norðurlöndum og setja upp á stöku skorstein þar eystra. Mestum árangri má væntanlega ná með því að koma á fót fyrirtækjum í hinum ýmsu löndum Austur-Evrópu sem framleiða hreinsibúnað eða stuðla á annan hátt að umhverfisverndandi framkvæmdum. Með því að leggja fé í stofnun slíkra fyrirtækja er vonast til að árangurinn verði margfalt meiri en ef sama fjármagni væri veitt t.d. í hreinsibúnað á einstök orkuver eða til einstakra sorphreinsunarstöðva.

Markmið stofnunar fjármögnunarfélagsins er því að auka umhverfisverndandi framkvæmdir og uppbyggingu framleiðslu á t.d. hreinsibúnaði fyrir verksmiðjur í Austur-Evrópu. Félagið mun leggja fram áhættufjármagn, t.d. hlutafé, ábyrgðir og lán, sem í vissum tilvikum geta verið víkjandi, til samstarfsfyrirtækja í eigu norrænna fyrirtækja og heimamanna. Þessi fyrirtæki geta unnið að framleiðslu á hreinsibúnaði, verklegum framkvæmdum, umhverfisbætandi verkefnum og ráðgjöf. Samstarfsverkefnin þurfa að vera arðbær og tæknilega framkvæmanleg. Fyrst um sinn mun stuðningur félagsins bundinn við samstarfsfyrirtæki eða samstarfsverkefni með norrænum hagsmunum sem gætu átt sér stað í Austur-Þýskalandi, Póllandi, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi. Gert er ráð fyrir að Norræni fjárfestingarbankinn í Helsinki sjái um rekstur fjármögnunarfélagsins.

Hvað varðar íslenska hagsmuni í þessu sambandi, þá eru þeir augljósir þar sem íslensk fyrirtæki hafa þegar leitað eftir verkefnum í Austur-Evrópu og má m.a. geta þess að íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint hefur gert samninga um samstarfsverkefni í Ungverjalandi með innlendum aðilum í Búdapest um verkefni á sviði vinnslu jarðvarma sem falla mjög vel að þeim fyrirætlunum og áformum sem hinu nýja fjármögnunarfélagi er ætlað að styðja.

Til þess að kynna þetta betur fyrir íslenskum fyrirtækjum sem starfa á þessum vettvangi gekkst umhvrn. fyrir sérstökum fundi í Reykjavík 1. júní sl. Þangað kom sem gestur ráðuneytisins Þorsteinn Ólafsson sem nú er framkvæmdastjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins í Helsinki. Hann hefur einmitt unnið mjög að verkefnum á þessu sviði og hefur fyrir hönd okkar Íslendinga átt sæti í þeirri undirbúningsnefnd sem hefur undirbúið stofnun hins nýja fjármögnunarfyrirtækis.

Ef litið er þröngt á hagsmuni einstakra Norðurlanda má halda því fram að stofnun fjármögnunarfélagsins nýtist hinum Norðurlöndunum betur en Íslandi. Hins vegar ber að minnast á nauðsyn þess í náinni framtíð að stórauka rannsóknir á mengun Norður-Atlantshafsins og umhverfi þess. Með þátttöku í fjármögnunarfélaginu, sem miðar að hreinsun Eystrasalts og að draga úr loftmengun á hinum Norðurlöndunum, geta Íslendingar auðveldlega farið fram á sameiginleg fjárframlög Norðurlanda til umhverfisverkefna í Norður-Atlantshafi þegar þar að kemur, fyrir svo utan þá beinu hagsmuni, eins og ég gat um áðan, sem íslensk fyrirtæki gætu haft af því að leita eftir verkefnum í Austur-Evrópu og fá til þess stuðning hins nýja fjármögnunarfélags.

Hvað varðar afstöðu Íslands til fjármögnunarfélagsins þá féllst ríkisstjórnin á tillögu ráðherranefndarinnar fyrir sitt leyti á fundi sínum 23. febr. sl. vor. Hinn 23. apríl sl. barst svo umhvrh. bréf frá utanrrn. þar sem á það var bent að nauðsynlegt mundi að leggja fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi frv. til laga um þetta mál og jafnframt þáltill. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninginn um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndarmála. Þegar þetta gerðist var farið að líða að þinglokum og því ekki talið að auðið mundi að fá málið afgreitt á því stigi. Upphaflega hafði þó verið hallast að því að lagasetning um þetta atriði væri ekki nauðsynleg.

Reyndar má líta svo á að Alþingi hafi efnislega samþykkt aðild að samningnum með því að á fjárlögum ársins 1990 var veitt fé til greiðslu á framlagi Íslands samkvæmt ákvæðum samningsins. Til þess að árétta þennan skilning enn frekar ritaði utanrrn. bréf til aðstandenda fyrirtækisins í Helsinki og staðfesti aðild Íslendinga að fyrirtækinu í ágústmánuði sl. Engu að síður er talið nauðsynlegt að leggja hér fram frv. til laga til að staðfesta aðild Íslands að þessu félagi, enda er um að ræða ákvæði í þeim samningi sem var undirritaður í Reykjavík þann 1. mars sl. sem kveður á um vissa undanþágu frá ýmsum skattaákvæðum sem eru í lögum hér á landi.

Í 6. gr. samningsins sem var undirritaður í Reykjavík segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagið skal undanþegið greiðslu- og gjaldeyrishömlum og ráðstöfunum á lánsfjármarkaði sem gætu komið í veg fyrir eða torveldað starfsemi þess. Eignir og tekjur félagsins skulu undanþegnar skattlagningu. Að því er fjármögnunarstarfsemina varðar skal félagið undanþegið stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til

hins opinbera."

Stofnfé þessa fyrirtækis er 36 millj. sérstakra dráttarréttinda, SDR, og skiptast framlög Norðurlanda þannig að Danmörk greiðir 7,8 millj., Finnland 7,4 millj., Ísland 0,4 millj., Noregur 7 millj. og Svíþjóð 13,4 millj. Er gert ráð fyrir því að þessar greiðslur verði inntar af hendi sex sinnum, þ.e. á ári hverju næstu sex árin. Framlag Íslendinga er því um það bil 5 millj. kr. árlega næstu sex árin.

Að öðru leyti skýrir lagafrv. sig sjálft. Í 1. gr. frv. er einungis staðfestur sá ásetningur að stofna fjármögnunarfélagið samkvæmt þeim samningi sem var undirritaður, en 2.–4. gr. frv. fjalla um þær nauðsynlegu undanþágur sem þetta fyrirtæki verður að fá í samræmi við þær venjur sem hafa skapast um slík alþjóðleg fyrirtæki sem við eigum aðild að. Í þessu sambandi vil ég geta þess að í Ed. voru gerðar smávægilegar lagfæringar á frv. þar sem inn í frumvarpstextann hafði læðst svolítil brenglun á hugtakinu „sjóður" og „félag". Það var fært til betri vegar í Ed. og alls staðar í staðinn fyrir orðið „sjóður" sett orðið „félag" því að hér er um fjármögnunarfélag að ræða og sjóður hefur ekki verið nefndur í því sambandi.

Ég held, virðulegur forseti, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta mál en leyfi mér að lokinni þessari umræðu að vísa málinu til 2. umr. og til meðhöndlunar í fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Lausafjárkaup, frh. 1. umr.

Frv. JSS o.fl., 111. mál (gallar í steinsteypu). — Þskj. 115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Umboðsmaður barna, frh. 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 137. mál. — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 192.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir frv. til laga um grunnskóla. Þetta frv. var einnig lagt fram á síðasta þingi og hefur tekið nokkrum breytingum síðan en ekki miklum. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til þess að fara yfir einstakar greinar frv. eins og ég gerði á síðasta þingi en þá fóru fram ítarlegar umræður um málið hér á hv. Alþingi í þessari virðulegu deild, 4. og 6. apríl 1990. Ég mun því í ræðu minni núna aðallega fara yfir þær breytingar sem orðið hafa á frv. frá því á síðasta þingi og vísa þá í fyrsta lagi til þess sem fram kemur í grg. frv. en þar eru þær breytingar ítarlega tíundaðar. Jafnframt mun ég ræða sérstaklega um 50. gr. frv. sem lýtur að efnisgjöldum í skólum í framhaldi af niðurstöðu umboðsmanns Alþingis og í framhaldi af því síðan niðurstöðu menntmrn. Ég mun einnig fjalla ítarlega um kostnað við framkvæmd þessa frv. sem mikið hefur verið gert úr og að lokum fjalla almennt um frv. og efni þess.

Ég vil þá, virðulegi forseti, í fyrstu víkja að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. frá síðasta þingi en frv. hefur verið í vinnslu í ráðuneytinu núna á undanförnum mánuðum þar sem starfsmenn ráðuneytisins hafa farið yfir allar umsagnir sem borist hafa og átt viðræður við fulltrúa fjölmargra samtaka, Kennarasambands Íslands, Sambands ísl. sveitarfélaga auk þess sem haldinn var sameiginlegur fundur með Kennarasambandinu, Félagi skólastjóra og yfirkennara, fræðslustjórum, fulltrúum Kennaraháskóla Íslands, Félagi ísl. skólasálfræðinga, Félagi ísl. námsráðgjafa og Félagi skólasafnskennara. Á þessum fundum komu fram fjöldamargar gagnlegar ábendingar bæði skriflegar og munnlegar sem þessi starfshópur í ráðuneytinu hafði til hliðsjónar við lokagerð frv.

Þetta frv. byggir á þessari vinnu, þeim umsögnum sem komu fram, en fyrst og fremst byggir það á margvíslegum hugmyndum og áherslum sem fram hafa komið hér á Alþingi á undanförnum árum þar sem þessi mál hafa verið rædd hvað eftir annað með býsna ítarlegum hætti.

Í sambandi við frv. sem slíkt vil ég vísa til greinargerðar menntmrn. frá nóvember 1990 sem var dreift hér á hv. Alþingi í gær eða fyrradag og ber yfirskriftina: „Til nýrrar aldar. Drög að framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins í skólamálum til ársins 2000." Í þessu skjali er vitnað til þeirra flokkssamþykkta sem gerðar hafa verið á vegum allra stjórnmálaflokka um þau mál sem hér eru á dagskrá og þar er einnig vitnað til skólastefnu Kennarasambands Íslands sem er satt að segja veigamikið grunngagn við samningu þessa frv. frá upphafi.

Í skólastefnu Kennarasambands Íslands er lögð áhersla á að allir grunnskólar í landinu verði einsetnir og ítrekuð er nauðsyn þess að skóladagur nemenda sé samfelldur og lengri en nú er hjá yngstu nemendunum.

Í stefnuskrá Kvennalistans í landsmálum frá árinu 1987 segir m.a. um grunnskólann að Kvennalistinn vilji að grunnskólar verði einsetnir og að vinnudagur nemenda verði samfelldur og samræmdur vinnudegi

foreldra og nemendum gefinn kostur á máltíðum í skólum.

Í ályktun flokksþings Framsfl. frá nóvember 1988 segir m.a. að þingið leggi áherslu á að komið verði á einsetnum skóla sem allra fyrst og að skóladagur barna á yngri stigum grunnskólans verði lengdur og gerður samfelldur.

Í ályktun landsfundar Sjálfstfl. frá 1989 segir m.a.: „Samræma ber vinnutíma foreldra og barna með því að koma á samfelldum skóladegi og einsetnum skóla. Lengja verður daglegan skólatíma yngra og miðstigs grunnskóla."

Í yfirliti um stefnumál Alþfl. fyrir alþingiskosningar 1987 segir m.a.: „Stefnt verði að því að skólar verði einsetnir og skóladagur samfelldur í grunnskólum."

Í ályktunum frá 9. landsfundi Alþb. frá nóvember 1989, um uppeldi og menntun í breyttu samfélagi, segir m.a. að aukið fjármagn til grunnskóla verði notað til að gera grunnskóla að einsetnum heilsdagsskólum þar sem vinnutími og viðvera nemenda og kennara er samfelld og skóladagur yngstu barnanna verði lengdur verulega frá því sem nú er.

Í þessu sambandi er einnig vert að minna á að samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál leggur til í áfangaskýrslu sinni um skóla- og dagvistarmál frá 1988 að komið verði á samfelldum skóladegi og að allir grunnskólanemendur njóti skóladvalar í a.m.k. sex klukkustundir á dag.

Ég taldi, herra forseti, nauðsynlegt að minna á þessi meginatriði í upphafi umræðunnar um málið, sem sé þau að það er víðtæk pólitísk samstaða um málið. Það vilja allir að sögn koma á einsetnum samfelldum skóladegi sem samrýmist sem best má vera vinnutíma foreldra og aðstæðum barna.

Núna eru starfandi í landinu 214 grunnskólar með samtals um 47 þúsund nemendum á skólaskyldualdri. Í 75 skólum eru nemendur færri en 50, í 35 skólum eru nemendur 51–100, í 70 skólum eru rúmlega 100–400 nemendur, í 30 skólum eru 400–650 nemendur, í átta skólum eru 650–1000 nemendur og í tveimur grunnskólum eru 1000–1500 nemendur. 28 skólanna eru heimavistarskólar að hluta eða öllu leyti og eru þeir með rúmlega 1600 nemendur eða 4% allra grunnskólabarna í landinu. Sums staðar til sveita eru auk þess starfrækt svonefnd skólasel sem eru lítil útibú annarra skóla eins og kunnugt er. Árlegur skólatími flestra grunnskóla á landinu er níu mánuðir en þó stundar tæplega fjórðungur allra grunnskólanemenda í landinu nám í skólum með styttri starfstíma, þ.e. átta og hálfan mánuð eða átta mánuði.

Starfstími skóla 1988–1989 var þannig að í skólum með 77% nemendanna var starfstími níu mánuðir, í 14% tilvika var hann í átta og hálfan mánuð og í átta mánuði í skólum þar sem voru 9% nemendanna.

Í því skjali sem dreift hefur verið hér til hv. þm. varðandi áherslur menntmrn. um þróun grunnskólastigsins á næsta áratug eru eftirfarandi þættir tíndir til sem meginatriði:

1. Einsetinn samfelldur skóli, lengri skóladagur yngstu nemendanna og skólamáltíðir.

2. Að skólinn geti í rauninni þjónað öllum grunnskólanemum.

3. Aukinn hlutur lista, verkmenntagreina og líkamsræktar.

4. Bætt námsgögn.

5. Sjálfstæði skólanna og á grundvelli þess skólaþróun.

6. Bætt mat og eftirlit með skólastarfi og innra starfi skóla og gæðum skólastarfs.

7. Unglingastigið og aukin áhersla á tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

Í grg. frv. er gerð grein fyrir helstu breytingunum á frv. frá því sem það var á síðasta þingi. Breytingarnar eru þessar:

1. Samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga er fengið stærra hlutverk. Henni er einkum ætlað að gera áætlun um hvernig þeim markmiðum um einsetinn skóla, lengri og samfelldari skóladag, skólamáltíðir og fleira, sem sett eru fram í ákvæði til bráðabirgða, verði náð. Þessi markmið eru þess eðlis að ríki og sveitarfélög verða að leggjast á eitt og vera samstiga í framkvæmdum.

2. Lagt er til að fræðsluráð fái nýtt hlutverk. Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga breyttu hlutverki og verksviði fræðsluráða og skólanefnda í veigamiklum atriðum. Í frv. er lagt til að fræðsluráð verði samstarfsvettvangur skóla og sveitarfélaga í viðkomandi fræðsluumdæmum.

3. Hlutverk skólanefnda markast nú af lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í frv. er lagt til að um kosningu skólanefnda fari samkvæmt sveitarstjórnarlögum og ákvæði um samsetningu og fjölda skólanefndarmanna verði einfölduð. Þá er gert ráð fyrir að skólanefndir geti gert tillögur og komið með ábendingar um umbætur í skólastarfi á sama hátt og áheyrnarfulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra geta beint tillögum til skólanefnda um úrbætur í aðbúnaði.

4. Fræðsluskrifstofum og fræðslustjóra er ætlað ákveðnara hlutverk, svo sem um skólaþróun, kennararáðningar, eftirlit með skólum og skólastarfi. Horfið er frá því að tala eingöngu um ráðningu kennara og skólastjórnenda í stað skipunar eða setningar eins og gert var í frv. vorið 1990. Engu að síður er framkvæmd ráðninga færð til þess horfs sem hefur verið að þróast að undanförnu en gert ráð fyrir að menntmrn. skipi í stöður eins og hingað til.

5. Horfið er frá orðalaginu „reglulegur starfstími grunnskólanemenda skal vera" og orðalag gildandi laga látið halda sér, sbr. 44. gr. þessa frv. Hið sama á við um ákvæði um jólaleyfi í grunnskóla, sbr. 46. gr.

6. Bætt er inn nýrri grein um að kennsla skuli vera ókeypis og að nemendur skuli fá námsbækur í skyldunámi sér að kostnaðarlausu, sbr. 50. gr.

7. Ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekk eru færð inn í fjármálakafla frv., enda eru þær viðmiðanir grundvöllur fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir. Miðað er við hámarkið 28 nemendur í 4.–10. bekk í stað 30.

Aðrar breytingar frá frv. því sem lagt var fram á Al-

þingi vorið 1990 eru þær helstar að kaflaheitum hefur verið breytt, greinar og greinahlutar færðir til og uppröðun greina hefur verið breytt til að mynda rökrænni röð efnisatriða innan kafla.

Helstu breytingar sem frv. hins vegar felur í sér frá grunnskólalögum eru raktar ítarlega í grg. frv. Breytingarnar snerta marga þætti:

Í fyrsta lagi kostnaðarskiptingu þar sem eru mjög skýr ákvæði um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Í öðru lagi eru ákvæði um einsetinn skóla.

Í þriðja lagi um grunnskólaráð.

Í fjórða lagi um samráðsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Í fimmta lagi er fjallað um fræðsluskrifstofurnar og breytta stöðu þeirra.

Í sjötta lagi um kennsluráðgjafa sem er nýtt ákvæði.

Í sjöunda lagi um kennslugagnamiðstöðvar sem er einnig nýtt ákvæði.

Í áttunda lagi um fræðsluráð, en þar er um að ræða breytt hlutverk og skipan og þau verða samráðsvettvangur sveitarfélaga og skóla hvers umdæmis.

Í níunda lagi um breytingu á skólanefndum í kjölfar breyttra verkaskiptalaga.

Í tíunda lagi er fjallað um skólahverfi og fjölmennari sveitarfélögum skipt í skólahverfi miðað við að hámark verði 10–15 þúsund manns í hverju skólahverfi.

Síðan er fjallað sérstaklega um þátt foreldra, en hlutur foreldra í þessu frv. er stóraukinn frá því sem er í gildandi lögum, enda lítum við svo á að það sé einn hornsteinn farsæls skólastarfs að foreldrar geti haft virk áhrif á starfsemi skólans á hverjum tíma.

Þá er fjallað um ráðningar kennara með breyttu fyrirkomulagi. Það er fjallað um námsráðgjafa. Það er fjallað um árgangastjóra, fagstjóra og leiðsögukennara sem einnig eru ný ákvæði, loks um kennsluafslátt vegna aldurs, fjölgun kennslustunda, en þar er um að ræða nokkra breytingu frá gildandi lögum, og fjallað á annan hátt um lágmarksákvæði vegna kennslu en er í gildandi lögum. Síðan er rætt um námsgögn eins og ég kem að nánar á eftir, um nemendafjölda í bekk þar sem viðmiðunartala í 1.–3. bekk er lækkuð úr 30 nemendum í 22 nemendur, í 4.–10 bekk úr 30 nemendum í 28 nemendur. Þá er fjallað um samkennslu í fámennum skólum þar sem ákvæði eru rýmkuð til aukins sveigjanleika. Það er fjallað sérstaklega um sérkennslu og það er fjallað um nemendaverndarráð.

Hér er með öðrum orðum komið víða við og ég tel ekki ástæðu til þess með hliðsjón af þeim miklu umræðum sem fóru fram um þetta mál á síðasta þingi að tíunda einstaka þætti mikið nánar en ætla að fara hér yfir örfá atriði.

Það er þá fyrst um 3. gr. frv. sem lýtur að samvinnunni við sveitarfélögin. Það hefur verið gerð tilraun til þess að varpa í rauninni rýrð á það starf sem unnið hefur verið með þessu frv. með því að segja: Hér er verið að varpa allri ábyrgð á sveitarfélögin. Því er til að svara að það er rangt. Ríkið greiðir meginhlutann af öllum kostnaði grunnskólanna, launakostnaðinn. Það sem liggur hjá sveitarfélögunum er hins vegar byggingar- og rekstrarkostnaðurinn. Og þess vegna er þarna gert ráð fyrir sérstökum samráðsvettvangi ríkis og sveitarfélaga eða eins og segir hér í grg.: „Í samræmi við lög nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er sveitarstjórnum gert að ákveða hvort skólinn skuli starfa sem ein stofnun eða vera skipt í einingar.“ Hér er með öðrum orðum verið að undirstrika þá þætti sem lúta að skiptingu skólans.

Það sem ég ætlaði að fara hér í, herra forseti, var aðallega um 10. gr. sem fjallar um samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Þar segir:

„Ákvæði í 9. gr. gildandi laga um samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga sem fjallar um fjárhagslega framkvæmd grunnskólalaganna er gert ítarlegra og lögð áhersla á mál sem lög nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, taka til. Samráðsnefndinni er fengið stærra hlutverk en áður, m.a. með því að henni er ætlað að gera áætlun um einsetinn skóla, lengdan og samfelldan skóladag og skólamáltíðir, sbr. bráðabirgðaákvæði frv., svo og um skólasöfn, heimavistir og félagsstörf nemenda og aðstöðu til sérkennslu. Slík áætlun, sem gerð er af ríki og sveitarfélögum í sameiningu, ætti að tryggja skjóta úrlausn mála, samræma aðgerðir og auka líkur á að framkvæmdir verði samstiga.“

Hér er með öðrum orðum verið að viðurkenna það meginatriði sem ákveðið var með verkaskiptalögunum vorið 1989 að grunnskólinn er núna félagsbúskapur ríkisins og sveitarfélaganna. Til þess að sá félagsbúskapur geti skilað eðlilegum árangri í góðu skólastarfi í þágu barnanna, þá er nauðsynlegt að það sé til vettvangur ríkisins og sveitarfélaganna til að fara yfir þessi mál. Þetta er atriði sem ég hef kynnt fyrir Sambandi ísl. sveitarfélaga sérstaklega, m.a. rætt við stjórn þess, formann og gerði grein fyrir þessum málum á ráðstefnu sem Samband ísl. sveitarfélaga hélt fyrir nokkrum dögum og það er alveg ljóst að á vettvangi sveitarfélaganna er skilningur á nauðsyn þess að ríkið og sveitarfélögin samræmi aðgerðir sínar á þessu sviði.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, víkja aðeins að 50. gr. frv. sem er í raun og veru ný og fjallar sérstaklega um námsgögn. Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 23/1990, um Námsgagnastofnun, segir:

„Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn til eignar eða afnota samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.“

Þetta ákvæði hefur verið túlkað á mismunandi hátt. Sumir hafa viljað skilja þetta þannig að allar námsbækur og öll önnur gögn, svo sem pappír sem nemendur í skyldunámi þurfa yfirleitt á að halda, eigi að vera ókeypis hvaðan sem þau koma. Aðrir líta svo á að ákvæðið eigi við um þau gögn sem Námsgagnastofnun framleiðir eða útvegar fyrir það fé sem stofnunin hefur til ráðstöfunar í fjárlögum hverju sinni.

Í 5. gr. laga um Námsgagnastofnun, þar sem fjallað er um hlutverk hennar, segir m.a.:

„Stofnunin annast gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún kaupir og framleiðir fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra.“

Og enn fremur segir: „Hún kaupir, selur og dreifir náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum."

Í álitsgerð umboðsmanns Alþingis, dags. 31. ágúst 1990, sem fjallar um kaup á námsbókum, viðurkenningu á námsbókum og efnisgjöld, kemst umboðsmaðurinn að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að láta nemendur í skyldunámi kaupa námsbækur. Að menntmrn. hafi borið, samkvæmt eldri lögum um Námsgagnastofnun, að annast viðurkenningu á námsgögnum og að óheimilt sé að ætla nemendum að greiða svokallað efnisgjald. Niðurstöður sínar varðandi námsbækur og viðurkenningu á þeim byggði umboðsmaður einkum á því ákvæði 9. gr. laga nr. 45/1970, um Námsgagnastofnun, að skólum sé heimilt að nota önnur námsgögn en þau sem Námsgagnastofnun gefur út ef þau hafa hlotið viðurkenningu ráðuneytisins. Niðurstaða umboðsmanns var eftir sem áður sú að óheimilt væri að ætla nemendum að greiða námsgögn þótt þau hefðu fengið viðurkenningu menntmrn. Þetta ákvæði um viðurkenningu á námsgögnum er ekki lengur í lögum um Námsgagnastofnun og var reyndar fellt niður úr lögum 1990.

Kaup á námsbókum og öðrum námsgögnum, viðurkenning ráðuneytis á námsgögnum og innheimta svonefndra efnisgjalda í skólum eru álitamál og sú var ástæða þess að þau komu til kasta umboðsmanns Alþingis. Það eru skiptar skoðanir um skilgreiningu á orðinu „námsgögn" og menn getur jafnvel greint á um skilgreiningu á því hvað er „námsbók". Skilgreining á því hvað er skyldunám eða skyldunámsgrein er heldur ekki skýr. Námsgagnastofnun hefur t.d. ekki úthlutað ókeypis námsbókum í valgreinum, enda afar erfitt í framkvæmd í ljósi þess hve margar og fjölbreyttar valgreinar eru í boði, en eins og kemur fram í athugasemd við 49. gr. frv. voru á skólaárinu 1986–1987 76 mismunandi valgreinar í boði í grunnskólum landsins.

Ýmsar skilgreiningar eru uppi á því hvað svokölluð efnisgjöld fela í sér. Fyrir þá fjármuni eru oftast keyptar pappírsvörur, möppur, stílabækur, litir og fleira sem nemendur hafa fram til þessa útvegað sjálfir. Einnig eru gjarnan keyptar t.d. matvörur vegna heimilisfræði og efni til að nota í mynd- og handmennt, enda neyta nemendur matarins sjálfir og eiga þau myndverk, smíðisgripi eða hannyrðir sem þeir búa til úr efninu. Í slíkum tilvikum er álitamál hvort líta beri á efni sem námsgögn.

Eftir að ráðuneytinu hafði borist álitsgerð umboðsmanns Alþingis var leitað umsagnar fleiri aðila sem málið varðar, svo sem Námsgagnastofnunar, Sambands ísl. sveitarfélaga og fleiri aðila. Enn fremur var kannað í grunnskólum hvaða námsefni nemendur höfðu verið látnir kaupa og hvaða efnisgjald hefði verið innheimt skólaárið 1989–1990 og haustið 1990. Að vandlega athuguðu máli var niðurstaða okkar í ráðuneytinu um kaup á námsgögnum eftirfarandi:

Fallist er á að Námsgagnastofnun eigi að láta nemendum í skyldunámi í té ókeypis námsgögn. Þessi niðurstaða er kjarninn í álitsgerð umboðsmanns Alþingis og þýðir að óheimilt er að láta grunnskólanemendur kaupa námsgögn. Með skyldunámi er átt við þær námsgreinar og námsþætti sem grunnskólalög og aðalnámsskrá gera ráð fyrir að kenndar séu í grunnskólum. Námsgögn eru samkvæmt skilgreiningu í aðalnámsskrá grunnskóla námsbækur, kennsluleiðbeiningar, handbækur, myndbönd, hljómbönd, veggspjöld, tölvuforrit, efni til list- og verkgreina og önnur slík gögn sem nauðsynleg eru í skyldunámi. Námsgagnastofnun lætur nemendum í skyldunámi í té ókeypis námsgögn nema til verklegrar kennslu sem sveitarfélög greiða. Framlag ríkisins til námsgagna fer einungis til Námsgagnastofnunar. Framkvæmdin og mat á því hvað teljast nauðsynleg gögn, svo og ákvarðanir um nýtingu fjármuna er lögbundið verkefni námsgagnastjórnar. Þar eiga sæti fulltrúar Kennarasambands Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Félags skólastjóra og yfirkennara, Kennaraháskóla Íslands, fræðslustjóra og menntmrn. auk áheyrnarfulltrúa foreldra.

Um efnisgjald: Fallist er á álit umboðsmanns Alþingis um efnisgjald. Skólum er ekki heimilt að krefja nemendur um fé til að standa straum af kostnaði sem fellur undir almennan rekstur skóla. Sveitarfélögum ber að greiða rekstrarkostnað grunnskóla. Í því felst m.a. efniskaup til verklegrar kennslu, kaup á kennslutækjum og búnaði, svo og pappír og ritföngum sem notuð eru í sameiginlegri starfsemi skólans og eru í hans vörslu. Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, bæði í skóla og heima, og hefð er fyrir að foreldrar útvegi.

Um viðurkenningu á námsgögnum: Lagaákvæði sem þessi niðurstaða byggir á var í lögum nr. 45/1979, um Námsgagnastofnun, sem nú eru fallin úr gildi. Formleg gæðastimplun á öll námsgögn þýðir óhjákvæmilega rækilega miðstýringu, mikinn kostnað og í raun eftirlit með starfsemi Námsgagnastofnunar og kemur auðvitað ekki til greina að fallast á. Þetta er ekki vænleg lausn og síst til þess fallin að stuðla að þróun námsefnisgerðar eða auka sjálfstæði skóla. Engu að síður þarf að vera til vettvangur til að leysa ágreiningsefni um gæði námsgagna, vettvangur sem foreldrar, nemendur, kennarar og útgefendur geta skotið málum til og vettvangur sem þessir aðilar geta treyst.

Í samræmi við þessar niðurstöður sem ég hef hér rakið, virðulegi forseti, og haft það svo ítarlegt vegna þess hve málið var umdeilt og umrætt, bæði hér á hv. Alþingi og úti í þjóðfélaginu, er tekið af skarið um það í 50. gr. frv. að nemendur í skyldunámi skuli ekki greiða fyrir kennslunámsgögn eða annað efni sem þeim er gert skylt að nota. Þetta þýðir í raun að skólar eiga að fá öll námsgögn frá Námsgagnastofnun eða fyrir milligöngu hennar. Í 79. gr. frv. þessa er lagt til að kveðið sé á um skyldur sveitarstjórna varðandi kostnað við efni til verklegrar kennslu, pappírskostnað og annað sem fellur undir rekstur. Þá er lagt til að sérstök nefnd verði sett á stofn til að skera úr um vafamál varðandi gæði námsgagna. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi fullnaðarúrskurð í málum sem til hennar er skotið, enda lagt til að hún sé þannig skipuð að nefndarmenn eða þeir sem tilnefna þá hafi ekki beinna hagsmuna að gæta. Gert er ráð fyrir að nefndin leiti álits sérfræðinga eftir eðli máls hverju sinni.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir þessu atriði varðandi niðurstöður umboðsmanns Alþingis, virðulegi forseti.

Þessu næst vil ég víkja að kostnaðarþætti frv. en um hann hefur margt verið sagt. Ég mun koma á framfæri við nefndina álitsgerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um málið. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir því að heildarkostnaður við framkvæmd frv., eins og það var í fyrra, sé 74 millj. kr. Þar af hefur ríkið þegar tekið inn í fjárlög ársins 1990 og 1991 u.þ.b. helming af kostnaðinum með því að sex ára börnin eru orðin skólaskyld. Kostnaðurinn við það eitt er 33 millj. kr. á ári, auk kostnaðar Námsgagnastofnunar við að útbúa námsgögn fyrir sex ára börnin sem talið er að geti numið
10–12 millj. kr. á þessu ári.

Meginkostnaðarþættirnir samkvæmt umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar eru þessir:

1. Kostnaður vegna tíu ára skólaskyldu sem felur í sér að forskóli er reiknaður með sama hætti og aðrar bekkjardeildir og það hefur Alþingi þegar samþykkt. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í frv. er gert ráð fyrir fjölgun kennslustunda og hún komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laganna. Í fjárlögum ársins 1990 og 1991 er fjárveiting til þessarar kennslu þannig að raunverulegur kostnaðarauki miðað við fjárlög að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar er 60 millj. kr. á verðlagi fjárlagaársins 1990.

2. Kostnaður vegna fjölgunar bekkjardeilda í 1.–3. bekk er áætlaður 70 millj. kr. Bekkjardeildum fjölgar vegna þess ákvæðis að hámarksfjöldi nemenda í hverri bekkjardeild verði lækkaður úr 30 í 22 nemendur en það mun nær eingöngu hafa áhrif í stærstu sveitarfélögunum. Ráðgert er að þetta ákvæði komi til framkvæmda í áföngum.

3. Stöður námsráðgjafa. Ef miðað er við eina stöðu námsráðgjafa á hverja 650 nemendur eins og menntmrn. áætlar þá verða stöðugildi samtals rúmlega 60 og kostnaður u.þ.b. 75 millj. kr. á ári. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að þetta komi til framkvæmda á fimm árum.

4. Aðrir smærri kostnaðarliðir, svo sem rýmkun kennsluafsláttar, níu mánaða starfstími allra grunnskóla, rekstur sumarskóla, aukin skólaþróun og fleira, fela í sér kostnaðarauka sem ætla má að sé á bilinu 50–55 millj. kr. Þessi viðbótarkostnaður deilist einnig niður á fimm ár frá gildistöku laganna.

Það er niðurstaða Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að frv. eins og það var áður en 10. bekkurinn var samþykktur feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð upp á 1–1,8% á ári næstu fimm ár eða samtals 6–7% yfir tímabilið.

Frv. kveður eins og kunnugt er einnig á um það að allir grunnskólar verði einsetnir og að stefna skuli að því að nemendur í hverjum skóla skuli ekki vera fleiri en 650. Ráðgert er að þetta ákvæði laganna samkvæmt bráðabirgðaákvæði komi til framkvæmda á tíu árum. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur áætlað að stofnkostnaður sveitarfélaga vegna einsetningar og hámarksfjölda nemenda í hverjum skóla geti numið á tíu ára tímabili 2–3 milljörðum kr. Það felur í sér skuldbindingar á hendur sveitarfélögum um að verja 250–300 millj. kr. árlega á næstu tíu árum til byggingar grunnskóla. „Þetta er lægri upphæð en ríkissjóður“ — ég er að lesa hér orðrétt, virðulegi forseti, upp úr áliti Fjárlaga- og hagsýslustofnunar — „lagði fram á hverju ári til byggingar grunnskóla allt til ársins 1989. Frá ársbyrjun 1990 yfirtóku sveitarfélög alfarið byggingu grunnskóla með lögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það virðist því ljóst að sveitarfélögin þurfa ekki að veita meira fjármagni til byggingar grunnskóla en ráðgert hafði verið samkvæmt áætlunum um kostnaðarskiptingu vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.“

Síðan geta menn kannski velt því fyrir sér, nú erum við að tala um skólaþróun til tíu ára eða svo, hvernig hefur þetta verið á tíu árum? Hvernig var þetta? Hvernig fóru menn með þessa hluti, t.d. hér á hv. Alþingi í fjvn. á sínum tíma? Hvernig þróuðust framlög til skóla?

Á árunum 1980–1989 hækkuðu framlög til menntakerfis á Íslandi í raun um 43%, eða um 4,3% að meðaltali á ári. Hér er verið að tala um 1–1,8% á ári. Framlög til grunnskólans hækkuðu á þessum tíma um 2,8% á ári eða 28% á öllum tímanum. Ég er að tala um raunframlög. Framlög til framhaldsskóla hækkuðu á þessum tíma, 1980–1989, um 36% í raun, eða 3,6% á ári. Framlög til háskólastigsins hækkuðu um 65% í raun á þessum tíma, eða um 6,5% á ári. Þar af til Háskóla Íslands um 61% og Kennaraháskóla Íslands um 41%. Og af því að menn eru mikið að tala um sveitarfélögin og leikskólana, sem rétt er að nefna í þessu sambandi, þá var það þannig að raunframlög til leikskóla á síðasta áratug hækkuðu um 14% á ári að meðaltali.

Með öðrum orðum: Í þeirri skólastefnu sem þetta frv. er hluti af er ekki verið að auka stórkostlega við framlög miðað við það sem verið hefur. Hér er um að ræða raunsætt frv. sem kemur til móts við pólitískar áherslur flokkanna, eins og þær hafa verið, og vilja þjóðarinnar í þessum efnum. Og það sem mestu skiptir: þarfir barnanna.

Nú geta menn sagt sem svo: Þetta eru gríðarlegir peningar eftir sem áður fyrir sveitarfélögin og þau algjörlega í keng undir þessu og ráða ekkert við þetta. Hvernig ætli þetta sé núna? Ástæðan til þess að ég fer ítarlega yfir þetta, virðulegi forseti, er auðvitað fyrst og fremst sú að menn hafa verið að tala í raun og veru gegn þessu frv. á þeim forsendum að sveitarfélögin réðu ekkert við þetta. Hvernig ætli þetta sé núna, á árinu 1990, eftir breytta kostnaðarskiptingu? Ég hringdi í nokkur sveitarfélög núna í hádeginu og í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það voru mjög fróðlegar upplýsingar sem þá komu fram. Það kemur fram að framlög Jöfnunarsjóðs vegna skóla í minni sveitarfélögunum eru 46,5 millj. kr. í ár, en það er 50% af kostnaði þessara skóla. Stuðningur Jöfnunarsjóðs við stærri sveitarfélög nemur 19 millj., en það eru 20–25% af heildarkostnaði við þá skóla sem þar eru. Samtals er hér um að ræða skólaframkvæmdir í þessum sveitarfélögum,

sem tengjast Jöfnunarsjóði, upp á 177 millj. kr. í ár. Ég er bara að tala um grunnskóla. Ég er ekki að tala um íþróttabyggingar, ekki sundlaugar. Hvernig er það þá í stóru sveitarfélögunum? Hve miklu fé ætli sé varið t.d. til grunnskóla í Reykjavík á þessu ári? Á þessu ári er varið 467 millj. kr. til byggingar grunnskóla í Reykjavík og hefur auðvitað ekki undan vegna þess að fólk er að flýja hingað í stórum stíl og hefur verið að á undanförnum árum byggðarröskunarinnar. Það er eitt alvarlegasta vandamál skólanna í Reykjavík, byggðarröskunin á landsbyggðinni, en það er svo kapítuli út af fyrir sig.

Það er varið 467 millj. kr. í grunnskólabyggingar í Reykjavík einni. Í Hafnarfirði eru framlög til grunnskólabygginga á þessu ári 95 millj. Í Kópavogi 27 millj. Og á næsta ári líklega 90–100 millj. Á Akureyri 16 millj. Síðan náði ég sambandi við Ísfirðinga og þar er framlagið í ár 12,5 millj. kr. Þannig að heildarframlög þessara sveitarfélaga, stærstu sveitarfélaganna annars vegar og minnstu sveitarfélaganna hins vegar, eru á þessu ári líklega um 800 millj. kr. Og ef það er hægt að gagnrýna þessa áætlun um tíu ára uppbyggingu einsetins skóla fyrir eitthvað þá er það það að hún gangi of hægt miðað við þann framkvæmdavilja sem þegar hefur komið fram í sveitarfélögunum á undanförnum tíu árum og í ár. Þess vegna er það auðvitað alveg fráleitt að gagnrýna þetta frv. fyrir það að verið sé að ofgera sveitarfélögunum. Það er alls ekki. Ég tel að það séu úrtölur sem eigi engan rétt á sér.

Eitt megineinkenni þessa frv., virðulegi forseti, er valddreifing. Við flytjum vald til skóla, til fræðsluumdæma og til foreldra. Megingagnrýni sú sem við fáum þessa dagana í sambandi við stefnu fyrir grunnskólana er ekki um það að við reynum ekki að dreifa valdi. Menn telja þetta andmiðstýringarfrv. eins og það liggur fyrir. Það er viðurkennt af öllum sanngjörnum mönnum.

Hitt aftur á móti er ljóst að í þessu frv. og í umræðum um skólastarf almennt á undanförnum árum, eða missirum, hefur of lítið verið rætt um hvernig á að framkvæma mat á skólastarfi. Hvernig á að tryggja gott skólastarf? Hvað þarf að gera til þess?

Í öðrum löndum, t.d. Bretlandi, hefur um áratuga skeið þróast gæðamatskerfi á skólastarfið þar sem menn fara vandlega yfir það, eins og hægt er, með reglubundnum hætti hvernig skólastarf er og hvernig börnin fara í gegnum skólann. Hvað gerist í skólanum fyrir börnin og vegna barnanna? Hvaða áhrif hefur það á þau þegar þau hafa lokið námi? Hvaða áhrif hefur skólastarfið haft á börnin?

Staðreyndin er sú að umræða um þennan þátt skólastarfs hefur verið sorglega lítil hér á landi. Ég tel satt að segja að um leið og við eignumst heildarstefnu í þessum málum, um rammann, þá þurfi að fara fram ítarleg umræða um gæði skólans og mat á þeim gæðum. En ég segi það hins vegar fyrir mig að ég vil ekki að menntmrn. skrifi upp þá mælikvarða, framleiði þau mælitæki. Það á að vera hlutverk skólanna sjálfra og þeirra sem þar starfa.

Þetta frv. sem ég tala hér fyrir, virðulegi forseti, er hluti af þeim málum sem við höfum verið að vinna að í menntmrn. á undanförnum liðlega tveimur árum. Það ber að líta á það sem hluta af heild, þar sem um er að ræða leikskólamál, grunnskóla, aðalnámsskrá grunnskóla, valddreifingu og breytingu á grunnskólanum sem m.a. kemur fram í aukinni sérkennslu og lengri skóladegi yngstu barnanna. Þessi stefna inniheldur líka ákvæði um framhaldsskólann með breyttum lögum og nýjum reglugerðum þar sem er verið að gjörbreyta honum. Framhaldsskólinn á að geta tekið við öllum samkvæmt lögum sem voru samþykkt 1988 og þess vegna þarf að breyta námsframboði í framhaldsskólum í grundvallaratriðum.

Einn þáttur þessara mála er háskólinn og sjálfstæði hans sem hefur verið aukið og eflt, m.a. með lagabreytingum á Alþingi. Í því frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að háskólarnir hafi verulega aukið sjálfstæði um ráðstöfun á fjárveitingum sínum. Auk þess ber að líta á þessa umræðu sem hluta af því verki sem snýr að endurmenntun og fræðslu.

Ég vil benda á það að lokum, virðulegi forseti, að á fundi menntamálaráðherra OECD, sem var haldinn fyrir 10–12 dögum, og á alþjóðaþingi kennarasamtaka, sem haldið var í Reykjavík fyrir tveimur mánuðum, stóð það sama upp úr á báðum þessum stöðum, það að til sé heildarstefna í skólamálum, ekki stefna þar sem allt er skrifað upp í eitt skipti fyrir öll, heldur stefna sem er stöðugt til umræðu, stöðugt á dagskrá, stöðugt til meðferðar. Ég held að slíkt sé í rauninni mjög brýnt frá sjónarmiði barnanna sem okkur er skyldast að sinna með þessum hætti vegna þess að auðvitað eru grunnskólalög ekkert annað en ákvæði um lágmarksmannréttindi þeirra barna sem í grunnskólanum eiga að vera, en fyrir utan þá þætti sem snerta grunnskólann er það heildin sem menn leggja áherslu á í skólanum. Og að lokum þetta: Ég er sannfærður um það, virðulegur forseti, að slík heildarstefna til langs tíma er líka hagkvæmari í framkvæmd, beinlínis í fjármunum mælt, fyrir þjóðina en það að ákvarðanir í skólamálum þá og þá séu teknar eftir tilviljunum og dyntum þeirra sem ferðinni ráða hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. menntmrh. er þetta frv. nú flutt í annað sinn. Frv. til laga um grunnskóla var flutt á síðasta vorþingi og urðu þá mjög ítarlegar umræður um það í 1. umr. hér í þessari hv. deild. Ég get því sagt eins og hv. ráðherra að ég þarf ekki að fara mjög ítarlega ofan í frv., grein fyrir grein. Ég gerði það í langri ræðu í aprílmánuði sl. og tel því ekki ástæðu til að gera það nema í nokkrum atriðum sem ég tel veigamikil.

Ég vil þó áður en ég ræði um það víkja að því að á vegum Sjálfstfl. hafa verið fluttar hér á Alþingi á þessu kjörtímabili allmargar brtt. við grunnskólalögin. Innan Sjálfstfl. hafur farið fram mjög mikið starf í sam-

bandi við skólamál. Ég minni í því sambandi á samþykktir landsfundar flokksins bæði árið 1987 og 1989. Sem angi af því þá var mjög mikilvægt starf unnið í þessum efnum á vegum sérstakrar nefndar sem Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl., skipaði þegar hann var forsrh. Sú nefnd hét Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál og átti að vinna tillögur í samræmi við ítarlegan kafla í málefnasamningi þeirrar ríkisstjórnar um málefni fjölskyldunnar. Formaður þeirrar nefndar var Inga Jóna Þórðardóttir. Nefndin skilaði áfangaskýrslu um skóla- og dagvistarmál. En þegar sú ríkisstjórn sem nú situr tók við völdum var þessi nefnd lögð niður og hefur verið unnið að þessum málum með öðrum hætti síðan. En frá því þessi skýrsla var gefin út hafa þingmenn Sjálfstfl. flutt frumvörp og tillögur um málefni grunnskólans sem eru byggð á þessu nefndaráliti. Helstu atriðin í tillögum sjálfstæðismanna eru eftirfarandi:

1. Skólaskylda sex ára barna, en um hana voru samþykkt sérstök lög hér á Alþingi á sl. vori, í fullu samkomulagi allra flokka, og var frv. um það sérstaklega flutt af menntmn. neðri deildar.
2. Lenging daglegrar skólavistar.
3. Almenn heimild til forskóla fyrir fimm ára börn.
4. Nákvæmari ákvæði um einkaskóla.
6. Aukin samvinna foreldra og skóla.
7. Níu mánaða skóli hjá öllum og samfelldur skóladagur.

Þetta vildi ég rifja upp áður en ég ræddi frv. sem hér liggur fyrir sérstaklega. Ég gat þess áðan að um þetta mál hefðu farið fram mjög ítarlegar umræður í aprílmánuði og þá kom ég á framfæri athugasemdum við allmargar greinar frv. Ég sé, eftir að hafa farið yfir frv. núna, að það hefur tekið verulegum breytingum og ég vil segja til bóta. Ég sé að það hefur verið tekið tillit til mjög margra þeirra athugasemda sem ég og reyndar ýmsir aðrir hafa gert við frv. og ég tel að hæstv. ráðherra hafi gengið mjög til móts við ýmis þau sjónarmið sem hafa verið reifuð á hv. Alþingi og fagna því. Þó eru enn atriði sem mér finnst rétt að gera nokkuð að umtalsefni.

Veigamesta breytingin er auðvitað í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ég held að ég hafi sagt eitthvað á þá leið, þegar þetta mál var til umræðu hér í vor, að svo virtist sem lögin um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefði ekki borist menntmrn. því að mér fannst að í frv., eins og það lá þá fyrir, væri ekkert tillit tekið til þeirrar nýskipunar sem samþykkt var á Alþingi vorið 1989. Nú hefur það hins vegar gerst. Þessi lög hafa greinilega borist ráðuneytinu og það breytt frv. í þá veru að tekið er tillit til hinnar nýju verkaskiptingar.

Ég ætla aðeins að fjalla nokkuð um einstakar greinar frv. og vek athygli á því að í 3. gr. eru enn orð sem ég felli mig ekki alveg við og tel að ræða eigi sérstaklega hvort halda eigi inni í frv., en það eru orðin „Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn". Ég tel að huga eigi dálítið betur að þessu orði, heildstæður, sem þýðir auðvitað að stefnt skuli að því að hver skóli hafi alla aldursflokka innan sinna vébanda. Þetta er greinilega stefna sem hlýtur þá að verða framfylgt, en um þetta eru mjög skiptar skoðanir í hópi skólamanna. Við höfum t.d. smábarnaskóla hér eins og við þekkjum, skóla Ísaks Jónssonar, svo að ég nefni dæmi. Við skulum t.d. líta á eitt af okkar nágrannasveitarfélögum, Garðabæ, þar sem ekki er heildstæður skóli og mér skilst á forráðamönnum þess skóla að þeir eigi erfitt með að hugsa sér að breyta því fyrirkomulagi sem þar er og telji það mjög til bóta að hafa unglingana í sérstöku skólahúsnæði en yngri börnin í öðru. Þetta tel ég að þurfi að ræða nokkuð betur í nefndinni.

Í 10. gr. er fjallað um samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara. Þetta er nýmæli, eins og hæstv. ráðherra gat um í sinni ræðu hér áðan, og tel ég það mjög til bóta og auðvitað viðurkenningu á því að þetta er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga að reka grunnskólakerfið og því nauðsynlegt að samskipti þar á milli séu eins greið og mögulegt er og aðilar viti hvor af öðrum í þessu sambandi.

Í 12. gr. er fjallað um fræðsluráðin og hlutverki þeirra er allmikið breytt eins og fram kemur í grg. með frv. Ég vek athygli á því að það þarf auðvitað að kanna sérstaklega þær aðstæður sem eru hér í Reykjavík. Reykjavíkurumdæmi er eitt fræðsluumdæmi, þ.e. eitt fræðsluumdæmi í einu sveitarfélagi, og er það alveg einstakt því að fræðsluumdæmin ná, að Reykjavík undantekinni, yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Þess vegna tel ég að ræða þurfi það sérstaklega hvernig fara eigi með Reykjavík að þessu leyti og vek athygli á að hér í Reykjavík starfar bæði fræðsluráð, sem hefur verið á vegum ráðuneytisins, og svo sérstakt skólamálaráð, sem hefur verið á vegum sveitarfélagsins. Þarf að kanna það við borgaryfirvöld hvort ekki sé hægt að sameina starfsemi þessara ráða.

Ég fagna því að nú er breytt fyrirkomulag um kosningu í fræðsluráð. Þetta er fyrst og fremst samráðsvettvangur og hlutverki þess hefur verið breytt frá því sem var í frv. áður.

Í 17. gr. frv. finnst mér að þurfi að huga betur að þeirri sérreglu sem þarna er óneitanlega verið að setja fyrir Reykjavík, þ.e. um skólahverfin. Sú sérregla sem þarna er sett er að sveitarfélag sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla telst eitt skólahverfi séu íbúar færri en 10 þús. Fjölmennari sveitarfélögum skal skipta í skólahverfi og annast viðkomandi sveitarstjórn þá skiptingu með samþykki menntmrn. Miða skal við að íbúar í hverju skólahverfi séu að jafnaði ekki fleiri en 15 þús. Ég hygg að ekkert sveitarfélag annað en Reykjavík muni falla undir þessa reglu og þess vegna þurfi mjög nána samvinnu við Reykjavíkurborg um það hvernig þetta verði framkvæmt.

Í 19. gr. er fjallað um skólanefndir. Þar hafa orðið á allmiklar breytingar frá því í frv. í vor. Þá voru í frv. flóknar reglur um kjör skólanefndarmanna. Þær hafa nú verið felldar brott og vísað til sveitarstjórnarlaga um kjör skólanefnda. Það tel ég mjög til bóta.

Ég vil vekja athygli á að í 20. gr. er fjallað um starfsemi eða verkefni skólastjóra og það skilgreint. Það tel

ég gott. Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar og ber ábyrgð á starfi hans undir yfirstjórn menntmrn. Hann hefur í starfi sínu samráð við kennara, skólanefnd og fræðslustjóra. Hér er sem sagt um að ræða almenna stefnuyfirlýsingu um að skólastjóra beri að hafa í starfi sínu samráð við kennara, skólanefnd og fræðslustjóra. Ég er alveg sammála þessu orðalagi eins og það er í frv. En ég vek athygli á því að á nokkrum stöðum í frv., og mun nefna dæmi um það á eftir, er hnykkt á þessu, að skólastjóri þurfi sérstakt samráð við kennara um ákveðnar, tilteknar ákvarðanir. Mér finnst það draga úr þessu almenna stefnuákvæði sem þarna er að tilgreina það sérstaklega um vissar ákvarðanir og reyndar draga úr valdi skólastjórans, sem mér finnst ekki ástæða til að gera. Ég tel þvert á móti að við eigum að setja fulla ábyrgð á skólastjóra varðandi þær ákvarðanir sem hann þarf að taka en ekki að draga úr henni.

Ég vek enn athygli á því sem ég gerði þegar þetta mál var til umræðu hér í fyrravetur, sem er smámál, ég tek það alveg skýrt fram, en það fer óskaplega í taugarnar á mér að menntmrn. skuli þurfa að staðfesta nafngift skóla. Það stendur hér að skólanefnd geri tillögu um nafn skóla, menntmrn. staðfestir nafngift að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ef menn eru að hugsa um valddreifingu á annað borð, af hverju eiga skólarnir og sveitarstjórnir ekki að hafa vald til þess að gefa skólum sínum nafn? Hvers vegna þarf að leita til menntmrn. um staðfestingu á því og áskilja með lögum að leita þurfi umsagnar örnefnanefndar? Þetta eiga heimamenn auðvitað að ákveða og þeir eiga að ráða því sjálfir hvort þeir vilja leita til örnefnanefndar. En eins og ég sagði, þetta er auðvitað ekkert stórmál en mér finnst þó mál af þessu tagi stinga nokkuð í augu.

Í 30. gr. er fjallað um ráðningu skólastjóra. Menntmrn. ræður skólastjóra að fengnum rökstuddum tillögum og umsögnum skólanefnda, kennararáðs og fræðslustjóra sem í hlut eiga. Ég óttast dálítið að kennararáð veiti umsagnir af þessu tagi. Ég held það sé einmitt mjög nauðsynlegt fyrir margar stofnanir að fá stjórnendur að utan og ég held það séu mjög litlar líkur á því að kennararáð í ákveðnum skóla sé reiðubúið að taka við skólastjóra frá öðrum skóla eða utanaðkomandi ef starfsmaður viðkomandi skóla gefur kost á sér til starfans. Ég held að reynslan sýni þetta. Þess vegna tel ég að vafasamt sé að áskilja umsagnir af því tagi sem þarna er gert ráð fyrir.

Í 33. gr. er fellt út það ákvæði að menntmrn. staðfesti ráðningu kennara og annarra starfsmanna sem var í fyrra frv. Nú er það fræðslustjóri sem á að staðfesta ráðningu kennara og annarra starfsmanna. En maður spyr auðvitað sjálfan sig: Af hverju ekki að stíga skrefið til fulls? Af hverju þarf slíka staðfestingu? Það er auðvitað sjálfsagt að skólastjóra beri að tilkynna til fræðslustjóra um ráðningar slíkra starfsmanna en mér finnst það ekki í anda valddreifingar að skólastjóri og skólarnir skuli ekki sjálfir alfarið ákveða slíkar ráðningar.

Í 34. gr. er fjallað um námsráðgjafa. Þetta er nýmæli og tel ég það mjög mikilvægt, ekki síst í efri bekkjum grunnskóla, eins og umræður hafa nýlega farið fram um hér á hv. Alþingi, þar sem ljóst er að úr grunnskólum í framhaldsskóla koma margir nemendur sem þar eru augljóslega á villigötum. Og þá væntanlega vegna þess að þeir hafa ekki átt kost á nægilegri ráðgjöf í sambandi við hvaða kostir henta þeim best í framhaldsskólum.

Í 36. gr. er fjallað um að fræðslustjóri auglýsi stöður skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem teljast ríkisstarfsmenn. Það er auðvitað sjálfsagt að fræðslustjóri auglýsi stöður skólastjórnenda, eins og það heitir, þetta er ekki fallegt orð og vitnar vafalaust til þess að þarna er átt við bæði skólastjóra og svo aðstoðarskólastjóra, en maður spyr sjálfan sig: Hvers vegna þarf fræðslustjóri að auglýsa stöðu kennara og annarra starfsmanna grunnskóla? Af hverju ekki að dreifa þessu valdi til skólanna sjálfra þannig að þeir fara bæði með auglýsinga- og ráðningarvaldið?

Í 38. gr. er vald skólastjóra skert. Þar er dæmi um það sem ég gat um áðan. Í 20. gr. er almennt ákvæði um samráð við kennara. Það er síðan ítrekað af og til varðandi einstakar ákvarðanir í lögunum en hérna stendur: „Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund." Þarna er augljóslega verið að draga úr valdi skólastjóra sem mér finnst vafasamt.

V. kaflinn fjallar um starfstíma grunnskóla og reglulegur starfstími er níu mánuðir. Það kemur í ljós, eins og fram kemur í greinargerð og hæstv. ráðherra gat um áðan og ég skal ekki ítreka hér, að þessu er nokkuð misjafnt farið. Þó hefur þróunin mjög verið í þá átt að allir skólanemendur fái níu ára skóla en betur má ef duga skal í þeim efnum og þetta ákvæði er í fullu samræmi við sérstaka þáltill. sem við nokkrir þingmenn Sjálfstfl. fluttum um þetta mál á síðasta þingi.

Í 45. gr. er fjallað um daglegan og vikulegan kennslutíma. Þar er rætt um að kennslutími skuli að lágmarki vera eins og þar greinir. Hér er sem sagt kveðið á um lágmark. Ég vek athygli á að í því frv. sem þingmenn Sjálfstfl. fluttu var notað hugtakið „sem næst" og nokkuð hærri viðmiðunartölur nefndar. Það finnst mér rétt að athuga dálítið nánar í nefnd.

VI. kafli frv. fjallar síðan um námsskrá og kennsluskipan og þar hafa verið gerðar nokkrar breytingar, þó fyrst og fremst að því er snertir ákvæði um námsskrána, aðallega breytingar á uppsetningu. Það er fjölgað greinum. Í 47. gr. eru tilgreind áhersluatriði í starfi skóla. Ég minnist þess að í minni ræðu hér í fyrra vakti ég sérstaka athygli á áliti kennslumálanefndar Háskóla Íslands á þessum greinum, þ.e. 47. og 48. gr. eins og númerin eru nú, og kom fram nokkur gagnrýni á þær. Ég rakti þetta nokkuð ítarlega í minni ræðu þá og skal ekki ítreka það hér en tel nauðsynlegt að nefndin athugi það sérstaklega.

Kennslumálanefndin var enn fremur með ákveðnar breytingartillögur um hvernig þetta ætti að orðast og mér fannst að hennar tillögur eða hennar hugmyndir um orðalag væru betri og skýrari en það sem fram kom í frv. þá og virðist vera endurtekið hér meira og minna

óbreytt núna.

Ég vek sérstaka athygli á því að í 48. gr. fara út úr frv. miðað við núgildandi lög hugtök eins og Íslandssaga, landafræði og mannkynssaga og ég staldra dálítið við þessa breytingu í ljósi þess ágreinings sem varð í íslenska skólakerfinu, t.d. um Íslandssögu og samfélagsfræðina og þessa svokölluðu samþættingu hér fyrir nokkrum árum. Orðalag g-liðs 48. gr. er mjög loðið að þessu leyti. Þar stendur að í aðalnámsskrá skuli setja ákvæði um „mannlegt samfélag, samfélagshætti, umheim og umhverfi nær og fjær í fortíð og nútíð, einkum með hliðsjón af Íslandi". Kennslumálanefnd Háskóla Íslands hefur viljað að sett væri ákvæði um „fræðslu um mannlegt samfélag og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti, landafræði, kristinfræði, siðfræði og um önnur helstu trúarbrögð". Mér fellur mun betur þetta orðalag sem þarna kemur fram og tel nauðsynlegt að athuga þetta mál í nefnd.

Í 50. gr. er síðan vikið að máli sem hefur verið allmikið í opinberri umræðu að undanförnu og hæstv. ráðherra gerði mjög ítarlega grein fyrir í ræðu sinni hér áðan, enda er mjög nákvæmlega farið ofan í þetta mál í greinargerð, þ.e. um námsgögn og hver skuli láta þau í té og hver sé svo niðurstaðan varðandi greiðslur fyrir slík gögn. Í stórum dráttum má segja að í frv. sé það staðfest að Námsgagnastofnun láti nemendum í skyldunámi í té ókeypis námsgögn. Þá er skólum ekki heimilt að krefja nemendur um fé til efniskaupa sem falli undir almennan rekstur skóla. Opinberum aðilum er hins vegar ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota sem eru talin upp hér í greinargerð. Dæmi um slíkt eru stílabækur, reikningsbækur, blýantar o.s.frv.

Í greinargerð segir: „Í samræmi við þessar niðurstöður er tekið af skarið um það í 50. gr. frv. að nemendur í skyldunámi skuli ekki greiða fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem þeim er gert skylt að nota." Þetta þýðir í raun að skólar eiga að fá öll námsgögn frá Námsgagnastofnun eða fyrir milligöngu hennar. Þetta finnst mér vera of fortakslaust. Við þekkjum það að vafalaust í öllum skólum hafa kennarar útbúið námsefni fyrir sína nemendur. Ég held að tvær meginástæður séu fyrir því að kennarar hafa gert þetta. Önnur er sú að vöntun hefur verið á námsefni og þá hafa kennarar hlaupið undir bagga og látið það í té. Við skulum vona að úr því verði bætt. Hin ástæðan er vafalaust önnur og ekki síður mikilvæg og það er sköpunargleði kennaranna. Enginn vafi er á því að kennarar hafa í mjög stórum stíl útbúið efni til uppfyllingar í kennslu og þannig komið sínum persónulegu kennsluaðferðum á framfæri. Ef við erum að tala um valddreifingu í skólakerfinu, ef við erum að tala um sjálfstæði skóla, ef við erum að tala um sjálfstæði kennara í störfum, þá er það afleitt að taka þetta frá kennurunum, að þeir megi ekki undir nokkrum kringumstæðum útbúa námsefni af þessu tagi. Fyrir það er tekið með þessu ákvæði eins og það er orðað þarna í lögunum. Þetta er í raun, ég vil segja ofsaleg miðstýring á námsefni í skólum. Ég tel alveg nauðsynlegt að nefndin fari rækilega ofan í þetta mál því að ég tel að þarna sé verið að ganga, ég vil segja á hefðir í skólanum, ég tala nú ekki um t.d. smábarnaskólanum, ef á alveg að taka fyrir að kennarar geti útbúið námsgögn af þessu tagi.

Í VII. kafla, virðulegi forseti, er fjallað um réttindi og skyldur nemenda, síðan kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu og um námsmat. Varðandi kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu vara ég aðeins við því að stefnt sé að því að fræðsluskrifstofurnar séu gerðar að miklum báknum. Mér sýnist vera dálítil hætta á mikilli útþenslu í þeirri starfsemi eins og frv. lítur út og mér finnst að menn þurfi að hafa það í huga að kennarar eru sérfræðingar á sínu sviði, eru með sérfræðimenntun í kennslu og við ættum að varast að vanmeta hæfni þeirra og koma upp einhverju flóknu eftirlits- og ráðgjafarkerfi fyrir kennara. Það er nauðsynlegt á sumum sviðum, en ég hygg að við megum ekki ganga of langt í þá átt.

Í 72. gr. eru ákvæði um einkaskóla. Ég gerði athugasemdir við það ákvæði eins og það var orðað í frv. í apríl og geri enn athugasemdir við það. Ég vek athygli á að það orðalag sem fram kom í frv. þingmanna Sjálfstfl. sem flutt var af Ragnhildi Helgadóttur og fleirum á 112. löggjafarþingi, 27. máli, var miklu betra og skýrara. Það er nýmæli samkvæmt þessu frv. að ráðherra þurfi að samþykkja skólagjöld í einkaskólum. Hann þarf ekki að gera það nú og hefur reyndar engar heimildir til þess samkvæmt núgildandi grunnskólalögum. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að hann eigi að samþykkja skólagjöld, þau séu háð samþykki hans, en jafnframt að einkaskólar eigi ekki kröfu til styrks af almannafé. Í rauninni er ráðherra settur í þá stöðu að geta sett einkaskóla gjörsamlega á kné. Við höfum reyndar dæmi um það, að vísu ekki skóla sem hefur verið starfandi en dæmi um skóla sem sótt var um að setja á stofn, þ.e. svokallaðan miðskóla í Reykjavík fyrir um $1^1/_2$ ári síðan. Þá var skólanum fyrst synjað um framlög úr ríkissjóði. Þar með var skólinn settur í þá stöðu, ef hann ætlaði að geta starfað, að þurfa að hækka sín skólagjöld en þá var honum synjað um leyfið á þeim grundvelli að skólagjöldin væru of há þannig að þarna var raunverulega búinn til vítahringur sem gengur auðvitað ekki upp. Ákvæði af þessu tagi þarf þess vegna að mínu mati að skoðast betur í nefnd.

Í 74. gr. eru ákvæði um nemendafjölda í bekk. Ég er í miklum vafa um að rétt sé að setja ákvæði af þessu tagi í lög. Þetta á auðvitað að vera þáttur í sjálfstæði skólanna, að taka ákvarðanir af þessu tagi, hversu margir nemendur séu í hverri bekkjardeild. Aðstæður eru svo ótrúlega mismunandi eftir stöðum og skólum út um allt land að ég hygg að mjög vafasamt sé að setja slík ákvæði í lög. Ég vil þó vekja athygli á að ef á annað borð eru sett ákvæði af þessu tagi í lög, þá held ég að huga þurfi dálítið betur að sex ára börnunum í þessu sambandi. Í leikskóla eru að jafnaði svona þrjár fóstrur á 22 börn. Það gæti verið atriði í framkvæmd að möguleiki sé á að hafa fleiri kennara eða jafnvel fóstrur til aðstoðar í bekkjum sex ára barna. En sjálfsagt er að athuga það mál betur í nefnd.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið hér yfir nokkrar greinar frv., greinar sem ég sá ástæðu til að gera athugasemdir við. Sumt af því er ítrekun á því sem ég sagði hér þegar frv. eða sambærilegt frv. var til umræðu í vor. Ég ítreka að frv. hefur tekið breytingum til bóta í mörgum greinum þó að enn sé ástæða til að gera vissar athugasemdir.

Ég vil að lokum fjalla örlítið um sjálfstæði skóla og valddreifingu. Hæstv. ráðherra hefur lagt mikla áherslu á það í sínu máli, gerði það reyndar strax í vor, að þetta væri frv. valddreifingar, frv. til að færa vald frá ráðuneytinu til sveitarfélaga og skóla. Ég sýndi fram á það í vor að svo var ekki í raun varðandi það frv. sem þá var til umræðu vegna þess að valdinu var ekki dreift heldur haldið hjá ráðuneytinu. Í mesta lagi var það fært út til fræðsluskrifstofa sem nú eru orðnar einhvers konar útibú frá ráðuneytinu þannig að raunverulega var ekki mikið vald fært yfir til sveitarfélaga eða skóla. Þessi útgáfa á frv. er þó betri að þessu leyti en sú útgáfa sem við höfðum í vor.

Það er hins vegar alveg ljóst að ráðuneytið er mjög hikandi í því hversu langt eigi að ganga í að veita skólum meira sjálfstæði. Í því sambandi vil ég vitna í það rit sem hæstv. ráðherra vitnaði í hér áðan, þ.e. drög að framkvæmdaáætlun menntmrn. í skólamálum til ársins 2000 sem gefin hefur verið út í menntmrn. núna í þessum mánuði og var afhent þingmönnum fyrir nokkrum dögum síðan. Þar er sérstakur kafli um sjálfstæði skóla. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með auknu sjálfstæði og aukinni ábyrgð skóla er hér m.a. átt við að skólar hafi svigrúm til þess að fara eigin leiðir og skapa sér ákveðna sérstöðu á eigin ábyrgð og öðlast þar með meiri metnað til að gera vel."

Þetta eru góð orð og falleg stefnumörkun, en ef maður les áfram sér maður það mikla hik sem er á ráðuneytinu í þessum efnum því síðar í þessum sama kafla segir, með leyfi forseta:

„Það er álit menntmrn. að talsverð miðstýring sé nauðsynleg í grunnskólakerfinu til þess að tryggja öllum nemendum jafna aðstöðu til náms og auðvelda nemendum að fara á milli skóla. Það er engu að síður álit ráðuneytisins að stefna skuli að því að auka sjálfstæði og ábyrgð skóla um framkvæmd og útfærslu daglegs skólastarfs innan laga og aðalnámsskrár í þeim tilgangi að bæta starfið í skólum. Ljóst er að ákveðnum breytingum verður ekki miðstýrt þannig að tryggt sé að árangur náist, svo sem með samskiptum og með samvinnu kennara, viðhorfsbreytingum, breyttum kennsluháttum, endurmenntun kennara o.s.frv." Síðan segir aftar í þessum kafla: „Til þess að ná þessu markmiði [þ.e. um aukið sjálfstæði skóla] vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref er varða rýmkun viðmiðunarstundaskrár, rýmkun á möguleikum skóla til að ráðstafa framlögum til sérkennslu, þróunarsjóð grunnskóla, aukna leiðsögn við skóla og kennara."

Allt yrði þetta gott og blessað og vissulega skref í átt til sjálfstæðis skóla en þetta eru ekki stór eða djarflega stigin skref í átt til skólasjálfstæðis. Ég held að þess vegna sé alveg ljóst af því sem hér segir, og eins og maður hefur fylgst með þróun þessa frv., að hjarta ráðuneytisins slær með miðstýringu í skólamálum en á móti kemur kall tímans um aukna ábyrgð skóla og aukið sjálfstæði þeirra, ekki bara sjálfstæðisins vegna, heldur vegna þess að menn trúa því, ég hef trú á því, að með því að veita skólunum sjálfstæði náum við betri árangri. Þá fáum við betri skóla og náum betri árangri í skólastarfi.

Ég vitnaði í, þegar við töluðum um þetta hér í vor, nýjar breytingar sem hafa verið gerðar í Danmörku, og reyndar skilst mér að svipaðar breytingar hafi verið gerðar í Svíþjóð núna ekki alls fyrir löngu, þar sem ráðuneytinu er ætlað það eitt að hafa eftirlit, gefa út reglugerðir, gefa út viðmiðunarstundaskrár
og annað þess háttar, en sveitarfélögin taka síðan alfarið yfir rekstur skólanna. Og ekki nóg með það, heldur taka sveitarfélögin yfir launasamninga við kennarana sem ég held að sé mjög mikilvægt mál einnig.

Mér er auðvitað ljóst að við stígum ekkert slíkt skref á þessari stundu í okkar skólamálum. Ég held að það þurfi að eiga sér stað miklu ítarlegri viðræður við sveitarfélögin og tryggja aðferðir til þess að jafnrétti verði til náms hvort sem menn búa í litlu eða stóru sveitarfélagi. Ég er hins vegar alveg sannfærður um það að sú verður þróun hér hjá okkur að við stígum sömu spor eins og allar nágrannaþjóðir okkar gera í þessum efnum og ég er alveg sannfærður um það að við komumst aldrei út úr þeirri miklu sjálfheldu, sem launamál og kjaramál kennara eru í og hafa verið í um alllangt skeið, fyrr en við leysum upp þetta miðstýrða launakerfi sem við búum nú við á vegum ríkisins og að það verði samið í miklu smærri einingum, ég segi ekki í einstökum skólum, en alla vega að það verði sveitarfélögin sem taki þann þátt mála að sér.

Þetta segi ég hér og ítreka að ég geri mér grein fyrir að við afgreiðum slíkt mál ekkert hér á þessu þingi í tengslum við afgreiðslu á þessu grunnskólafrv. en ég vildi engu að síður setja þessar hugleiðingar mínar hér fram.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla meira um þetta frv. en mun að sjálfsögðu í menntmn. koma með ýmsar fleiri athugasemdir sem mér þykir rétt að gera við frv. en þótti ekki ástæða til þess að tefja fund með hér nú í hv. deild.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Frv. um grunnskóla var lagt fram á síðasta þingi þegar komið var undir vor og fékk þá allítarlega umræðu. En raunin varð svo sú að einungis var tekið eitt ákvæði út úr því frv. og samþykkt í vor, þ.e. að lögfesta skólaskyldu sex ára barna og nú hefur frv. verið lagt aftur fram með nokkrum breytingum. Af því sem ráða má af fyrstu yfirferð yfir þetta frv., þá virðast þær vera til bóta og að talsvert tillit hafi verið tekið til ýmissa athugasemda sem komu fram við umræður í fyrra.

Það er alveg ástæða til þess að nefna það að það hefur verið mjög mikil vinna í menntmrn. um málefni skóla undanfarið, ekki bara grunnskóla heldur annarra skóla, og nægir að nefna í því efni ráðstefnuna þar sem drögin um menntastefnu til ársins 2000 voru kynnt.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt að svona mikil einbeiting, mikill áhugi sé á því að bæta skólakerfið eins mikið og unnt er.

Ég ætla ekki að staldra mikið við einstakar greinar í þessu frv. Það gerði ég mikið í fyrra og mun gera það í nefndinni þar sem ég tel ástæðu til, en ég ætla fyrst að víkja að því sem hæstv. menntmrh. gerði að umræðuefni í upphafi sinnar ræðu er hann var að lýsa því að við öll sem sætum á Alþingi hefðum þetta sameiginlega baráttumál, að stefna að einsetnum grunnskóla þar sem skóladagur verði ekki sundurslitinn. Hann vitnaði til stefnu flokka í þessum málum og m.a. gerði hann að umræðuefni að nokkrir hefðu tilgreint í þessu sambandi um einsetna, samfellda skóla að samræma þyrfti vinnudag nemenda og foreldra.

Nú er það svo að jafnvel þó að svo hafi það verið orðað í stefnuskrá Kvennalistans árið 1987, þá er nú svo komið að ég hef vissar efasemdir um þetta orðalag. Það virðist ekkert benda til þess að vinnuáþján aflétti hér á landi í nánustu framtíð og því má leiða að því rök að það geti verið varasamt að orða þetta svona því að sannarlega býst ég við að ekkert okkar vildi sjá nemendur sitja á skólabekk 10–12 klukkustundir á dag. Betra væri e.t.v. að taka upp orðalagið „að samræma vinnudag foreldra veru nemenda í skólum" og það væri verðugt stefnumál fyrir okkur öll að sameinast líka um *það þegar við stefnum að einsetnum, samfelldum skóla.*

Í grg. eru tíunduð ýmis frumvörp sem fram hafa komið um sama mál, þ.e. um málefni grunnskóla, og enn eru nokkur atriði sem voru í frv. sem þingkonur Kvennalistans í Ed., Guðrún Agnarsdóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir, fluttu sem ég hefði kosið að sjá í þessu frv. Svo að ég taki það lauslega eftir þeirri röð sem það kemur hér fyrir, þá lögðu kvennalistakonur áherslu á það að takmarka stærð skóla, að stefna að því að nemendafjöldi í hverjum skóla fari ekki yfir 400 og *í skólum fyrir yngri nemendur fari fjöldi ekki yfir 300.* Að vísu er svo stefnt að því í þessu frv. að allir skólar skuli vera það sem hér er kallað heildstæðir og vil ég nú leyfa mér að efast um að það sé endilega hin rétta stefna að allir aldurshópar skuli vera í sama skóla. Það getur bæði háttað mismunandi til í byggðarlögum og svo sannarlega æskilegt að sérstaklega yngri nemendur eigi sem styst að fara þó að það geri kannski eldri nemendum minna til þó að vegalengdir séu meiri. En það má líka leiða hugann að ýmsum vandamálum sem koma upp í skóla þar sem *allir aldurshópar* eru saman. Það hefur verið mjög til umræðu undanfarið vaxandi ofbeldi í skólum og á skólalóðum og eru það þá yfirleitt elstu nemendurnir sem herja á þá yngri. Auðvitað er hin endanlega lausn vandamálsins ekki sú að skilja aldurshópana að. Aðrar lausnir væru betri en fyrst og fremst þarf kannski að reyna að grafast fyrir um orsök vandans og taka á þessum vanda með ýmsu móti, en samkvæmt ýmsum upplýsingum sem komið hafa fram, m.a. um einelti í skólum og annað slíkt, þá er ljóst að það er oft yngri nemendum *til mikillar hrell*ingar að vera innan um svo stóra krakka eða þessa eldri nemendur. En aðstæður eiga auðvitað fyrst og fremst að ráða þessu, en það þarf ekki að vera ófrávíkjanleg stefna. Að vísu skal tekið fram að hér er aðeins sagt „stefnt skal að".

Við kváðum fastar að orði um ýmsa aðstöðu nemenda heldur en gert er í þessu frv. og ég gerði einmitt hér að umtalsefni í fyrra stærð kennslustofa, hvort nóg væri hugað að því að hver nemandi hefði visst svigrúm inni í kennslustofum. Á það er líka lögð áhersla í frv. kvennalistakvennanna að gert skuli ráð fyrir aðstöðu til að njóta málsverðar og hvíldar. Og þar er reyndar kveðið á um að það skuli komið upp mötuneytum í hverjum skóla og ráðið starfsfólk til þess. Og þó að það komi fram í þessu frv. að vilji sé nú til þess að stefna að því að taka upp skólamáltíðir, þá hefði verið stoð að því að hafa skýrari ákvæði um aðstöðu til þess inni í skólunum.

Sú lenging skóladagsins sem er til í þessu frv. nær ekki lengra en að vikulegur kennslutími á hvern nemanda skuli vera frá 1000 mínútum upp í 1400 mínútur. Við kvennalistakonur höfðum gert ráð fyrir heldur hærra hlutfalli, að stefnt yrði að 1200 mínútum fyrir þá yngstu og síðan stighækkandi upp í 1440 til 1480 mínútur fyrir þá elstu. Sú viðmiðun, sem er í frv. menntmrh., gerir sem sagt ráð fyrir 25 kennslustundum á viku fyrir yngstu börnin og um 36 stundum fyrir þau elstu, en við gerðum ráð fyrir 30 stundum á viku fyrir þau yngstu, en 36 til 37 fyrir þau elstu og með tilliti til þess að það er *sífellt* verið að fjölga greinum í skólum og gera meiri kröfur til skólanna, bæði að þar séu fleiri námsgreinar og ýmsu uppeldisstarfi sé líka sinnt þar, þá hvarflar það að manni að þetta hlutfall sem hér er lagt til reynist of lágt þegar til kemur.

Sama máli gegnir um fjölda nemenda í bekkjum. Í þessu frv., sem hér liggur frammi, er gert ráð fyrir að hámarksfjöldi nemenda verði þegar þetta hefur náð fram að ganga 22 og 28 í efri bekkjum. Sérstaklega veldur þetta áhyggjum í yngri bekkjunum, bæði með *tilliti til þess að gert er ráð fyrir blöndun í bekki og* líka með tilliti til þeirra umskipta sem verða í lífi barns þegar það fer t.d. úr leikskóla og í grunnskóla. Það eru miklu, miklu færri börn sem gert er ráð fyrir að séu í umsjón hverrar fóstru í leikskólanum heldur en þarna er gert ráð fyrir að verði í skólunum. Og það er spurning hvort þessi aðlögunartími ætti ekki að vera mýkri og hvort ekki ætti að taka þetta í fleiri áföngum.

Hvað blöndun viðkemur þá hygg ég að flestir séu sammála þeirri hugmyndafræði sem að baki blöndun *liggur en það hefur auðvitað margkomið fram, og kom* mjög skýrt fram á títtræddri ráðstefnu um drög að menntastefnu um daginn, að mjög margir sem starfa að skólamálum töldu að í þeim málum hefði lítið annað gerst heldur en eins og einhver orðaði það: Það var blandað og svo var ekkert annað gert. Því að forsenda blöndunar var að það yrði veruleg fækkun í bekkjum og að kennarar réðu við að hafa í sinni umsjón nemendur á mismunandi stigum, bæði hvað varðaði þroska og námsgetu, og kom greinilega fram að skólafólk telur upp *til hópa* að þessu markmiði hafi ekki verið náð og því hafi í rauninni blöndunin ekki náð sínum tilgangi. Þess vegna er e.t.v. umhugsunarefni hvort hugmyndafræðin nægir þarna ein þegar svona skortir á

framkvæmd. Og þegar ljóst er að ekki á að fækka meira í bekkjum en hér kemur fram, þá verða efasemdirnar enn sterkari um það að blöndunin nái tilgangi.

Ég sagði hér áðan að ég ætlaði lítið að fjalla um einstakar greinar og ég ætla að standa við það en gera þó einstaka athugasemd hér og þar. Þegar verið er að ræða um stærð skóla og nemendafjölda í bekkjum, þá er kveðið svo á í 17. gr. að íbúar í hverju skólahverfi skuli að jafnaði ekki vera fleiri en 15 þús. Við höfðum kosið að sjá þarna töluna 10 þús. í staðinn.

Í IV. kaflanum, um starfslið grunnskóla, þar sem kveðið er á um ráðningu skólastjóra, þá vil ég aftur varpa því fram sem ég gerði hér í fyrra hvort ekki væri ástæða til þess að huga að takmörkuðum ráðningartíma skólastjóra við grunnskóla. Í síauknum mæli hefur verið ráðið í ýmsar stjórnunarstöður takmarkað, það hefur gilt fjögurra ára regla og heimild til endurráðningar einu sinni, í einhverjum tilfellum eru það fimm ár og heimild til endurráðningar, og það er íhugunar virði hvort ekki er ástæða til þess a.m.k. að athuga þetta varðandi skólastjóra. Þá má haga því með mörgu móti, t.d. að enginn væri skólastjóri lengur en einhvern ákveðinn tiltekinn tíma í hverjum skóla þannig að sífellt sé viss endurnýjun í skólastjórninni og mönnum gefist ekki tími til að setjast í hægan sess og e.t.v. staðna. Bara það að skipta um skóla, koma í nýtt umhverfi með nýju samstarfsfólki, er örvandi og það væri e.t.v. hægt að hugsa sér það sem fyrsta skref í þessa átt.

Ég vil aftur minna aðeins á það sem nú er 40. gr. þar sem kveðið er á um hvenær kennsluskylda minnkar. Ég ætla ekki að tíunda það en hér er tekið fram að til þess að öðlast þennan rétt þurfi tíu ára kennsluferil. Þetta er ákvæði sem kemur konum sérstaklega til góða vegna þess að eins og við vitum, þá hefja þær oft seint sinn starfsferil og nokkuð oft er hann sundurslitinn svo að það er gott til þess að vita að þær geti áunnið sér þessi réttindi með þessum hætti sem nú er kveðið á um hér.

Hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni innihald 50. gr. Nú eru tekin af öll tvímæli um það hver skal greiða fyrir hvað og vonandi koma ekki upp deilur af þeim toga sem gerðist nú í haust um útgjöld foreldra skólabarna.

Í 51. gr., sem var 43. gr. ef ég man rétt, þar sem kveðið er á um tómstunda- og félagsstarf, hefði ég vissulega kosið að sjá einhver merki frv. sem ég var fyrsti flm. að, en meðflm. voru reyndar úr öllum þingflokkum, og flutt var bæði í fyrra og hittiðfyrra um samstarf skóla og listastofnana. Ég veit að eitthvað í þá veru er komið í framkvæmd, þó í litlum mæli sé, á vegum Bandalags ísl. listamanna en ég hefði kosið að sjá það neglt aðeins betur niður í lögum að þessi starfsemi skuli fara fram.

Í VIII. kafla er kveðið á um kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Ég held að í þessum ákvæðum um kennsluráðgjöf og faglega umsjón og eftirlit felist engin niðurlæging fyrir kennara. Ég held að það hljóti einmitt að vera til bóta að starf þeirra sé sett undir mæliker öðru hvoru og vil minna á fund sem haldinn var í Háskóla Íslands í gær fyrir menntmn. þingsins en þar var einmitt verið að lýsa starfsmati eða mati á kennurum sem nemendur standa að. Ég er nú ekki að segja að nemendur í grunnskóla séu til jafns færir um það og nemendur í háskóla, en þegar viðkomandi starfsmaður Háskólans var að lýsa árangri þessa mats þá er greinilegt að þetta er mjög gott aðhald og er mjög örvandi fyrir kennara að fá eitthvert viðlíka mat á sín störf, ekki bara til að benda á þá kennara sem e.t.v. standa sig ekki nógu vel eða eitthvað misferst, heldur ekki síður fyrir þá sem vinna störf sín vel og af miklum áhuga. Það er líka gott fyrir þá að fá sönnun þess öðru hvoru að eftir því sé tekið og það sé einhvers metið. Um þá þróun sem m.a. getur falist í einhverju slíku mati þarf ekki að fjölyrða, það verður aldrei fundið upp endanlegt skólakerfi eða kennsluaðferðir og því er sjálfsagt að hafa þar alltaf opin augun.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að að fimm árum liðnum frá gildistöku þessara laga skuli menntmrh. gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.

Ég gerði það að umtalsefni í fyrra og mun gera það aftur nú að ég tel að þetta ætti að vera oftar sem menntmrh. gerði grein fyrir stöðu mála vegna þess að ef í ljós kemur að helmingur tímans sem ætlaður er til þessara breytinga, þ.e. 10 ár, er liðinn áður en við hér á Alþingi fáum tækifæri til þess að kynnast því hvaða árangur hefur náðst, þá er e.t.v. of seint að grípa í taumana. Það getur vel verið að það valdi vissu vantrausti að svipuð áætlun var gerð í sambandi við dagvistun hér um 1980. Það átti líka að vera 10 ára áætlun og hún stóðst aldrei og það er langt í frá að þau markmið sem þá voru sett hafi náðst enn þá. Aðhald við menntmrn. og fjárveitingavaldið er vissulega nauðsynlegt í þessum efnum og ég held það væri ekki ofverk, hvorki ráðherra né þingmanna, að fá þessa greinargerð oftar.

Í grg. er vikið að helstu breytingum þessa frv. frá því frv. sem lagt var fram í fyrra. Þar er m.a. kveðið á um aukið hlutverk samstarfsnefndar menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga og er það vel. Þar kemur fram að þessari nefnd er einkum ætlað að gera áætlun um hvernig markmiðum um einsetinn skóla, lengri og samfelldari skóladag og skólamáltíðir og fleira verði náð.

Þessi mál hafa verið svo lengi á döfinni og verið áhugamál svo margra að ef vel væri þá ætti auðvitað þessi áætlun að liggja fyrir en það má auðvitað segja að betra er seint en aldrei. En því skýrari sem markmiðin eru sem keppt er að og því skýrari sem leiðirnar eru sem á að fara, þeim mun meiri líkur eru á því að markmið náist. Vona ég svo sannarlega að þessi nefnd vinni bæði fljótt og vel þannig að það liggi von bráðar fyrir hvernig unnið skuli að þessu ásamt kostnaðaráætlun og öllu því sem tilheyrir.

Ég vil líka varpa fram í því sambandi þeirri hugmynd hvort ekki er ástæða til að gera sérstaka áætlun

og setja þá á stofn einhvers konar samstarfsnefnd sem skyldi vinna að slíkri áætlun, þ.e. hvernig á að ná þeim markmiðum sem sett eru um stóraukna kennslu og stóraukna áherslu á list- og verkmenntagreinar. Ég held að þar sé ástandið svo slæmt að það þurfi að gera sér áætlun um þau mál. Ég vil minna á skýrslu sem tekin var saman af menntmrn. fyrir nokkrum árum, reyndar að beiðni minni og annarra þingmanna, um stöðu list- og verkmenntagreina. Þar kom svo greinilega fram að ástandið er verulega slæmt og þess vegna þarf auðvitað sérátak þar ef þessi markmið eiga að nást og ég held að það væri til bóta ef einhverri sérstakri nefnd eða einhverjum sérstökum hópi væri falin einhvers konar áætlunargerð, sérstök drög að menntastefnu í list- og verkmenntagreinum. Það hafa auðvitað fjölmargar tillögur verið lagðar fram um ýmis mál sem það varðar en það er ljóst að bæði er skortur á aðstöðu fyrir þessar greinar og skortur á kennurum í þessum greinum og ekki nógu ljóst hvernig standa skal að menntun þeirra eða hverjir skuli kenna þessi fög og því full þörf að taka fast á því. Ég minni t.d. á tillögu um samræmingu og samhæfingu tónlistarskóla og tónmenntakennslu í skólum sem samþykkt var hér og mér skilst að nefnd sem sett var í framhaldi af því hafi skilað niðurstöðu. Það hlýtur t.d. að vera gott veganesti í svona vinnu.

Að lokum vil ég aðeins nefna hér námsráðgjafa en ákvæði um þá er nýtt í þessum lögum og er það vel að námsráðgjafar skuli nú starfa lögum samkvæmt í grunnskólum. Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan að það væri ætlaður einn námsráðgjafi á hverja 650 nemendur, ef ég hef skilið hann rétt. Ljóst er að það er mikil þörf á þessu starfi í skólunum.

Fyrir nokkrum dögum fóru einmitt menntamálanefndir Alþingis í heimsókn í Menntaskólann við Sund og þar kom ýmislegt markvert fram, m.a. það að af hverjum 300 nemendum sem hefja nám í þeim skóla hætta 100, þ.e. einn þriðji nemenda fellur brott á fyrsta ári. Hluti skýringar á þessu brottfalli virðist vera sú að nemendum er ekki ljóst í hvers konar nám þeir eru að fara þegar þeir fara t.d. inn í menntaskóla eða kannski er þeim ekki ljóst hvert þeir vilja stefna með sínu námi og m.a. þess vegna er það brýnt að námsráðgjöf komi til á lægri skólastigum. Eins mundi námsráðgjöf eflaust draga úr ýmsum öðrum vandamálum sem gera vart við sig, t.d. námsleiða, slæmum námsárangri af ýmsum ástæðum og ýmislegu þess háttar sem mætti eflaust úr bæta ef einhver hefði það á sinni könnu að grafast virkilega fyrir um orsakir og reyna að bæta úr.

Það kom líka fram á þessum fundi að í þessum skóla töldu skólamenn að um 10% nemenda sem kæmu til náms í þeim skóla — ég veit ekki hvort það er orðað svo — þjáðust af ólæsi. Og þar var auðvitað líka komin önnur skýring á þessu mikla brottfalli. Nú er auðvitað alveg ljóst að það getur ekki verið að svo hátt hlutfall nemenda í grunnskóla hafi ekki til þess getu að læra að lesa. Til þess liggja auðvitað ýmsar aðrar orsakir og námsráðgjafar gætu eflaust verið m.a. liður í því að bæta þarna úr og reyna að kanna hvernig stendur á þessu.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég enn gera að umræðuefni þessi ákvæði til bráðabirgða um hvaða markmiðum skuli ná á tíu árum, þ.e. markmiðið einsetinn skóli með samfelldum skóladegi, skuli nást á tíu árum. Ég lýsti því hér í fyrra og ég geri það enn að þetta er of langur tími. Við höfum sem betur fer hér á yfirstandandi þingi talsvert oft gert málefni barna að umræðuefni af ýmsum tilefnum. Það er alveg ljóst að það eru svo mörg teikn á lofti um slæmar aðstæður og slæman aðbúnað barna og skólinn er náttúrlega eitt stærsta mannréttindamál barna. Vandamál, sem skapast hjá fjölskyldum og börnum vegna þessa stutta og sundurslitna skóladags, verður að leysa. Ég ætla ekki að tíunda hér og nú margt í því sambandi, það hefur verið gert hér oft og iðulega. En þar sem hæstv. menntmrh. byrjaði nú ræðu sína á því, eins og ég sagði áðan, að lýsa því að þetta væri sameiginlegt áhugamál allra þingflokka á Alþingi og yfirlýst forgangsmál allra þingflokka, þá vil ég beina því til hans hvort hann geti ekki haft frumkvæði að því að kalla þá til fulltrúa frá öllum þingflokkum til þess að leggja á ráðin um það hvernig megi ná þessu markmiði fyrr. Það er alveg ljóst að til þess að svo megi verða þarf að koma til aukið fé og það fé verður að taka einhvers staðar. Og það væri fróðlegt að athuga hvort þingflokkar gætu náð um það samstöðu að ákveða að taka peninga frá einhverjum málaflokki og flytja yfir í þennan málaflokk. Í því þarf ekki að felast sá dómur að þar sem niðurskurði yrði beitt væru vond mál eða ónauðsynleg, síður en svo, einungis væri þetta viljayfirlýsing um hvað væri hið raunverulega forgangsmál og það væri fróðlegt að láta á það reyna hvort allir þingflokkar eru tilbúnir að fylgja eftir yfirlýsingum um nauðsyn þessa máls og að það skuli hafa forgang.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. 12. þm. Reykv. um það að það væri fróðlegt að láta á það reyna hvaða mál hafa raunverulega forgang hér í þessari stofnun. Sérstaklega væri nú fróðlegt að fá að hafa hér umræður um mál eins og þetta fyrir fullum sal og að það væru hér t.d. þeir sem telja sig yfirleitt hafa allra best vit á því sem úrslitum ræður um velferð mannkynsins, þ.e. svokölluðum efnahagsmálum. Það hefur hins vegar löngum verið þannig að því er varðar skólamál og menntamál að við sem höfum verið að sinna þeim í gegnum tíðina, hvort sem við höfum verið að gera það sem þingmenn eða ráðherrar, við höfum lengi ást ein við hér í þessum sölum og ég held að það fyrsta sem gæti verið til bóta í þessu efni væri að reyna að vekja þessa samverkamenn okkar til vakandi áhuga á þessu máli. Þó ég geri náttúrlega ekkert lítið úr því að auðvitað hljóta flokkar að hafa tiltekna verkaskiptingu og ætla mönnum tiltekin verk eins og gengur, þá væri hitt líka fróðlegt að fá hér málstofu um skólana og þá ekki aðeins grunnskóla heldur reyndar líka margt fleira í skólunum. Ég mundi vilja tala um leikskóla hér og vona að við fáum tækifæri til þess áður en langur tími líður og reyndar skólastefnuna í heild. Ég hef aðeins velt því fyrir mér, virðulegi for-

seti, hvort það eru tök á því að koma því við að þessi drög að skólastefnu, sem liggja hér fyrir af hálfu ráðuneytisins, fái hér umræðu, allsherjarumræðu í sameinuðu þingi. Mér finnst þetta vera það stórt mál að það sé ástæða til þess að eyða á það eins og einum degi af starfstíma Alþingis, að tala um skólana. Ég segi það ekki að maður gæti haft þar skyldumætingu þeirra sem ekki eru hér í dag því það er víst ekkert til sem ræður því en ýmislegt dettur manni nú samt í hug í þessu efni.

Vandinn er hins vegar sá í sambandi við þessa framkvæmdaáætlun í skólamálum sem við höfum verið með og ákvæði til bráðabirgða að þetta er ekki aðeins spurning um peninga í núvirði. Við skulum segja að maður hefði alla þessa peninga í núinu til að bæta við grunnskólana á árinu 1991 t.d., þá vantar okkur svo margt fleira. Það þarf að haldast í hendur. Þess vegna er þetta samþætt áætlun, það er húsnæði auðvitað, það eru námsgögn og ég tala nú ekki um menntaðir og hæfir kennarar til að sinna þessu, kennarar líka sem vilja fara í þessa vinnu miðað við þau kjör sem þar hafa verið.

Ég vil aðeins varðandi einstök efnisatriði byrja á því að þakka þeim hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og Þórhildi Þorleifsdóttur fyrir það sem þau hafa sagt og fyrir þann áhuga sem þau hafa sýnt þessu máli eins og öðrum menntamálum og menningarmálum á yfirstandandi þingi. Varðandi einstök atriði í máli þeirra þá ætla ég ekki að fara út í það. Ég get alveg tekið undir þetta með örnefnastofnun og ráðuneytið. Satt að segja tel ég nú bara að það hafi gleymst að strika það út og ég þakka fyrir ábendingar um það og vona að menntmn. muni eftir að losa sig við það.

Ég vil einnig taka það fram í tilefni af því sem hér var sagt að ég tel að það sé sjálfsagður hlutur að þingið og menntmn. fari sérstaklega yfir það frv. sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir hefur flutt hér hvað eftir annað ásamt þingmönnum úr öðrum flokkum og það mál verði skoðað um leið og frv. í heild.

Ég vil enn fremur segja það að ég hlýt að geta leyft mér að óska eftir því að það verði lögð áhersla á það að þetta frv. verði að lögum í vetur. Ég tel að það sé mjög mikilvægt. Það er búið að ræða þetta mál mjög vel og það hefur margt breyst. Það hefur í mörgu tilliti verið komið til móts við sjónarmið þau sem hér hafa verið uppi af hálfu stjórnarandstöðunnar sem ég vænti að geti orðið til að auðvelda málið.

Varðandi einstök atriði önnur þá er það fyrst það sem talað er um lágmarkstíma. Þá bið ég fólk að athuga þann grundvallarmun sem er á orðalagi núgildandi laga og þeirra frv. sem hér hafa verið flutt, bæði frv. Kvennalistans í Ed. og frv. hv. þm. Sjálfstfl. hér í Nd., en í þeim frv. er notað sama orðalag og í grunnskólalögum, þ.e. orðalagið að börn skuli fá „sem næst" þennan tíma eða mínútufjölda í skólum. Við höfum hins vegar kosið að tala um lágmarksrétt, og það er satt að segja af slæmri reynslu, þeirri að þetta orðalag „sem næst" hefur verið notað með þeim hætti að það hefur verið gengið verulega á það tímamagn sem miðað er við í grunnskólalögunum. Þess vegna hefur mér fundist nauðsynlegt að orða þetta svona til þess að það væri alveg skýrt. Börnin eiga rétt á þessu, foreldrarnir eiga rétt á þessu og það er ekkert hér um bil eða kannski í þeim efnum.

Varðandi það að orðalagið um skyldur Námsgagnastofnunar sé of fortakslaust og í því felist ofboðsleg miðstýring vegna þess að það hindri sköpunargleði kennara þá stendur það nú ekkert til eins og hv. þm. getur örugglega sagt sér sjálfur. Það sem er í raun og veru verið að segja er það að það má ekki innheimta gjöld fyrir námsgögnum. Það er verið að segja það. Það er ekki verið að segja að það megi ekki framleiða ókeypis námsgögn í skólum með ljósritun og ýmiss konar annarri nútímatækni. En ef orðalagið gefur það í skyn sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi hér áðan, þá er sjálfsagt að laga það í nefndinni. Við höfum engan áhuga á því í menntmrn., eins og hv. þm. veit, að gefa það í skyn að það eigi að banna mönnum að ljósrita. Það er ekkert slíkt á dagskrá.

Varðandi kostnaðinn og skólagjöldin í einkaskólunum, þá er það samkvæmt gildandi lögum um skólakostnað, gömlu skólakostnaðarlögunum. Þau eru enn í gildi, svo merkilegt sem það er, lögin frá 1954 að mig minnir. Það þyrfti náttúrlega að skoða þau í framhaldi af þessum viðamiklu breytingum sem verið er að gera á skólalöggjöfinni. En þetta orðalag er beint þaðan tekið þannig að þetta er ekki í raun og veru nýlunda í löggjöf þó að þetta sé nýtt í grunnskólafrv.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. um miðstýringu og ekki miðstýringu, þá er ég þeirrar skoðunar að þar eigi menn að ganga eins langt og nokkur kostur er. Það eru ýmsir þættir í þeim efnum sem menn reka sig á. Það hefði verið fróðlegt fyrir þá þingmenn sem áhuga hafa á málinu að fá að heyra umræðuna á menntamálaráðherrafundi OECD um þetta atriði. Þar snerist málið ekki um faglegt sjálfstæði heldur fyrst um réttindi skólabarna til lágmarksþekkingar. Með öðrum orðum, það þarf að vera til löggjöf og stjórnvaldsleiðir til að tryggja jafnan aðgang að þekkingu.

Kollegi minn, menntamálaráðherra Dana, hefur talað fyrir því sjónarmiði að skólarnir fái peningana sjálfir og að þeir séu greiddir út sem föst upphæð á hvern einasta nemanda. Þetta gengi engan veginn á Íslandi, það er algerlega útilokað, vegna þess að með því móti værum við að leggja í rúst meiri hluta skóla í landinu, þó að það sé ekki meiri hluti nemenda sem þar er. Kostnaður við nemanda í grunnskóla hér á landi er fjarska misjafn. Ef við segjum að talan 1 sé meðaltal, þá er kostnaðurinn upp í 4 á nemanda þar sem dýrast er vegna þess hvernig aðstæður eru. Við getum með öðrum orðum ekki leyft okkur svona tal á Íslandi, það er óhugsandi. Við verðum að dreifa peningunum til skólanna eftir einhverjum reglum og við gerum það með hliðsjón af nemendafjölda og nemendum á hvern kennara.

Menn geta spurt sig sem svo: Á t.d. að semja aðalnámsskrá? Er aðalnámsskrá miðstýring? Hv. 2. þm. Reykv. sinnti því sem menntmrh. að koma saman aðalnámsskrá. Er það miðstýring að segja: Það á að læra

íslensku, það á að læra reikning, það á að læra þetta og það á að læra hitt? Nei, við erum sammála um það, geri ég ráð fyrir, að það þurfi að vera einhver þekkingarlegur samnefnari í skólastarfinu af því tagi. Kollegi minn, menntamálaráðherra Dana, svo að ég vitni aftur í hann því ég veit að hv. 2. þm. Reykv. þekkir líka vel til hans, segir: Það á að vera ein aðalnámsskrá. Svo á hvert fræðsluumdæmi í Danmörku að geta samið sína aðalnámsskrá og hent hinni ef því sýnist svo. Út af fyrir sig finnst mér að ræða eigi alla hluti í þessu efni. En við rekumst þarna á tiltekin grundvallargildi að því er varðar jöfnun, jafnan aðgang til þekkingar og að því er varðar gæði í skólastarfi líka, vegna þess að við vitum að það þurfa að vera möguleikar á ráðgjöf til þess að tryggja að gæði í skólastarfi séu sem allra mest, þó það verði náttúrlega aldrei tryggt 100%.

Eitt er það sem við rekumst svo á í þessu efni í sambandi við dreifingu á valdi, og það er ekki tregða stjórnvalda, núverandi stjórnvalda, það er barnaskapur að halda því fram. Vandinn virðist mér aðallega vera sá að fagfélögin vilja hafa heildaryfirsýn yfir kaup og kjör sem greidd eru í skólunum. Þetta kallar í raun og veru enn frekar á miðstýringu en flest annað, enda er út af fyrir sig vandi að sjá hvernig hægt er að koma kjörunum öðruvísi við. Eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan er ekki við því að búast að menn láti hvern skóla fyrir sig semja.

Ég lagði fram í þinginu í fyrra frv. um Þjóðleikhús þar sem gert var ráð fyrir því að sú stofnun hefði sjálfræði um þá peninga sem hún fær en sé svo ekki með opinn krana á ríkissjóð til þess að taka meira. Í fjárlagafrv. fyrir 1991 er gert ráð fyrir því að Háskólinn hafi mikið sjálfstæði um það fé sem hann fær og að mannaráðningavaldið verði að langstærstum hluta fært í Háskólann.

Hv. 12. þm. Reykv. nefndi ýmsa þætti eins og hugmynd um takmarkaðan ráðningartíma skólastjóra. Þetta er auðvitað mál sem yrði að ræða við viðkomandi aðila. Hugmyndin er góð en það er ekki einfalt mál að hrinda henni í framkvæmd og þyrfti að ræða hana við Félag skólastjóra og yfirkennara og kennarasamtökin áður en farið yrði af stað með það.

Hv. 12. þm. Reykv. nefndi líka að það þyrfti oftar en á fimm ára fresti að gera grein fyrir þessum málum. Ég tel að ég hafi þegar svarað því. Ég sé að hv. þm. er farinn úr salnum þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að bæta miklu við það sem ég hripaði niður af hennar ræðu nema það að áætlunin um dagvistir frá árinu 1980 var einmitt dæmigerð um áætlanir sem ekki styðjast við lágmarksforsendur, þær að þeir sem eiga að framkvæma áætlunina hafi skrifað upp á hana. Það þýðir auðvitað ekkert fyrir verkalýðshreyfingu, atvinnurekendur eða þessa aðila saman eða ríkið að framleiða óskalista þar sem einhverjir allt aðrir eiga að borga. Það er auðvitað algert lágmark að menn hafi samráð um gerð hlutanna og það vantaði á þeim tíma.

Í sambandi við list- og verkgreinar sem hv. 12. þm. Reykv. nefndi ætlaði ég bara að vekja athygli á síðum 54–56 í þessu skjali, nýaldarskjali, þar sem farið er lið fyrir lið yfir það hvernig við getum hugsað okkur að mætti efla verk- og listgreinar í skólum.

Hv. 12. þm. Reykv. nefndi svo líka lestrarvandamál sem hefur gert vart við sig í vaxandi mæli í skólum og þjóðfélaginu á undanförnum árum. Til þess að taka á því vandamáli þurfum við auðvitað að auka gæði skólastarfsins en við þurfum líka að setja af stað sérstakar rannsóknir á því af hverju þessi vandamál koma upp. M.a. af þeirri ástæðu er í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 gert ráð fyrir heimild til þess að kaupa húsnæði fyrir Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands. Þar verður sett á stofn lestrarsérdeild þar sem komið verður upp lestrarrannsóknum með skipulegum hætti. Það er óhjákvæmilegur hlutur að það verði gert miðað við þá reynslu sem við þegar höfum.

Virðulegi forseti. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. sem þátt hafa tekið í þessari umræðu og vænti þess að málið fái trygga og trausta afgreiðslu á yfirstandandi þingi og verði að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 1. umr.

Frv. GHH og FrS, 163. mál. — Þskj. 176.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem við hv. 1. þm. Reykv. flytjum um breytingu á jarðalögum, sem eru lög nr. 65/1976, með síðari breytingum. Menn sem hafa langa reynslu hér í þingsölum muna eflaust eftir því þegar þessi lög voru samþykkt á vorþinginu 1976 en þá voru harðar deilur um þetta efni. Fór þá fremst í flokki þeirra sem lýstu andstöðu við frv. hv. núv. 3. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir.

Við sem flytjum þetta frv. leggjum til í því tvenns konar meginbreytingar á núgildandi jarðalögum. Annars vegar er lagt til að úr lögunum falli brott ákvæði sem gera mönnum að skyldu að leita heimildar og samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar í viðkomandi sýslu, vilji þeir selja eða ráðstafa að öðru leyti jörðum sínum eða fasteignaréttindum utan skipulagðra þéttbýlissvæða. Þetta er önnur meginbreytingin. Hin er sú að lagt er til í frv. að niður falli forkaupsréttur sveitarfélaga við sölu fasteignaréttinda, þ.e. þau ákvæði að sveitarfélag geti gengið inn í hæsta boð, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, og leyst til sín þá jörð eða eign sem eigandi vill selja.

Hér er um að ræða tvenns konar meginbreytingar. Þær eru óskyldar að því leyti til að það má hugsa sér að samþykkja aðra efnisbreytinguna án þess að hin fylgi með. Þannig væri hugsanlegt að fella niður núgildandi ákvæði um að leita þurfi samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar án þess að fella niður samtímis ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga og öfugt. Það er hins vegar brugðið á það ráð í þessu frv. að leggja til að hvort tveggja falli brott, enda telja flm. að bæði þessi ákvæði setji óeðlilegar hömlur á ráðstöfun-

arrétt manna yfir eignum sínum.

Allir vita að í 67. gr. stjórnarskrárinnar er sérstakt ákvæði um það að eignarrétturinn sé friðhelgur og engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefjist, auk þess sem til þess þarf lagafyrirmæli og fullt verð verður að koma fyrir. Það er skoðun flm. að þetta stjórnarskrárákvæði verndi þá meginreglu að mönnum sé frjálst að ráðstafa eignum sínum, þar með talið jörðum, sem þeir telja sjálfir heppilegast, enda fari það ekki í bága við svokallaða almenningsþörf. Við teljum að sú kvöð að þurfa að afla samþykkis sveitarstjórnar og sérstakrar jarðanefndar, sem koma þar fram sem fulltrúar nágrannanna, sé óeðlileg hindrun í vegi fyrir því að menn fái neytt þess sjálfsagða réttar að ráðstafa eign sinni að eigin vild í þeim tilgangi að fá fyrir hana sannvirði. Og við teljum að þessi ákvæði séu líkleg til þess að koma frekar í veg fyrir það en hitt að menn geti fengið fullt verð fyrir eignir sínar og það dragi úr því að menn freisti þess að fá keyptar jarðir og séu með ýmsum hætti hindrun í vegi fyrir eðlilegum viðskiptum með fasteignaréttindi utan skipulagðra þéttbýlissvæða.

Við teljum jafnframt að þær hindranir sem eru í núgildandi jarðalögum séu þeim mun óeðlilegri þegar þess er gætt að engar áþreifanlegar viðmiðanir er við að styðjast þegar sveitarstjórn eða jarðanefnd leggur mat á það hvort samþykkja skuli fyrirhugaða ráðstöfun á fasteign. Ég kalla það ekki áþreifanlega viðmiðun sem stendur í 2. mgr. 6. gr. jarðalaganna í dag, að sveitarstjórn eða jarðanefnd geti meinað samþykkis eða hafnað kaupsamningi ef hún telji það, eins og það er orðað í texta gildandi laga, „andstætt hagsmunum sveitarfélagsins". Við teljum mjög hæpið að heimila stjórnvaldi svo mikil afskipti af ráðstöfun manna á eigum sínum án þess að kveðið sé nánar á um efnisskilyrði þess að til afskipta megi koma. Og það er rétt að benda á í því sambandi að sveitarstjórn, ef hún telur óhjákvæmilegt að leysa til sín jörð eða önnur réttindi vegna sérstakra aðstæðna, hefur auðvitað heimild til þess, á grundvelli þess stjórnarskrárákvæðis sem ég nefndi, 67. gr., þegar almenningsþörf svokölluð knýr á um slíka ráðstöfun, þegar um almenningsheill er að tefla. Um framkvæmd slíks eignarnáms, á grundvelli þessa ákvæðis, gilda sérstök lög, frá árinu 1973 að mig minnir, og auðvitað þarf svo í hverju tilviki, eins og stjórnarskrárákvæðið kveður á um, að afla sérstakrar lagaheimildar fyrir hverri ráðstöfun. Ég tel reyndar að þessar heimildir nægi sveitarfélögum til þess að gæta hagsmuna sinna, sem vissulega geta verið fyrir hendi og eru oft fyrir hendi, auk þess sem heimildir í skipulagslögum gera sveitarfélögum kleift að ráða því nokkuð hvernig með land innan þeirra lögsögu er farið.

Ég tel, virðulegi forseti, að það megi líkja núgildandi lagaákvæðum við það að eigendum íbúða í fjölbýlishúsum yrði gert að skyldu að leita samþykkis húsfélags eða annarra nágranna fyrir sölu íbúða sinna. Og raunar jafnframt að húsfélagið hefði forkaupsrétt og gæti krafist mats á því hvort fyrirhugað söluverð væri það sem kallað er „óeðlilega hátt" og síðan fengið lán úr opinberum sjóði til að kaupa eignina sem það mætti svo ráðstafa að vild og jafnvel endurselja á nýjan leik. En forkaupsréttarákvæði jarðalaganna, einkum 30., 34. og 41. gr., eru að dómi okkar flm. einmitt þessa eðlis. Þar er kveðið á um það að það sé hægt að óska eftir sérstöku mati, líki sveitarstjórn, sem hyggst nýta sér forkaupsrétt, ekki umsamið verð. Og þar er jafnframt kveðið á um það að Jarðasjóður megi veita lán til þess að gera sveitarstjórninni kleift að hagnýta sér forkaupsrétt sinn.

Ég tel þessi forkaupsréttarákvæði í jarðalögunum ekki eðlileg, í það minnsta finnst mér vanta mjög á að fyrir þeim séu haldbær rök. Þau eru vissulega mjög óskyld samningsbundnum forkaupsrétti sem þekkist víða í viðskiptum, til að mynda fasteignaviðskiptum í þéttbýli, til að mynda í viðskiptum með hlutabréf þar sem fyrri hluthafar geta fengið forkaupsrétt að bréfum sem út kunna að vera gefin, ef samþykktir viðkomandi hlutafélags kveða á um slíkt. En samningsbundinn forkaupsréttur er sem sagt að mínum dómi allt annað og miklu eðlilegra fyrirbæri en þessi lagaákvæði og þeim væri að sjálfsögðu hægt að koma miklu víðar við. Væri lögunum breytt væri að sjálfsögðu hægt að áskilja með samningsbundnum hætti forkaupsrétt í ýmsum tilvikum þar sem slíkt er ekki gert í dag og menn e.t.v. reiða sig á þessi ákvæði jarðalaganna.

Ég lét þess getið fyrr í ræðu minni, virðulegi forseti, að þessi ákvæði um samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, svo og um forkaupsrétt sveitarfélaga, drægju úr áhuga manna á því að leita eftir kaupum á fasteignum til sveita og þar með úr líkum á því að seljendur slíkra eigna fái sannvirði fyrir þær. Þess má geta, án þess að ég telji ástæðu til þess að tíunda einhver slík dæmi, að það hefur vissulega komið til árekstra vegna þessara ákvæða og jafnvel dómsmála, þar sem menn telja að ákvæði jarðalaga hafi verið á sér brotin eða þeim hafi verið beitt með óeðlilegum hætti.

Það liggur fyrir, virðulegi forseti, tvennt að mínum dómi hvað varðar framboð og eftirspurn á landi og jörðum til sveita. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir því að áhugi þéttbýlisbúa á aðstöðu fyrir orlofsdvöl og útivist fari vaxandi. Og það má benda á að stéttarfélög hafa í mjög ríkum mæli leitað eftir því að byggja upp sumardvalaraðstöðu úti á landi og sömuleiðis ýmsir einstaklingar og áhugamannafélög á hinum ólíkustu sviðum. Það má nefna skógrækt, hestamennsku, aðrar íþróttir o.s.frv. Og það má gera ráð fyrir því eftir því sem samgöngur fara batnandi hér í landi, vegir batna, og eftir því sem frítími almennings eykst, vonandi á komandi árum, þá eigi þessi áhugi eftir að vaxa og þar með eftirspurn eftir landi og jörðum til þessara nota. En á sama tíma er það að gerast, virðulegi forseti, að framleiðsla hefðbundinna búvara fer minnkandi og þeim fer fækkandi sem stunda hefðbundna landbúnaðarframleiðslu. Það er ekki ólíklegt að á næstu árum muni stefna í enn frekari fækkun vegna skipulagsbreytinga og breyttra aðstæðna á markaðinum fyrir þær vörur sem þarna eru framleiddar. Þess vegna er líklegt að þeim fari fjölgandi sem vilji koma jörðum sínum í verð vegna þessara aðstæðna.

Ég tel eðlilegt að greiða fyrir markaðsviðskiptum á

milli manna sem annars vegar vilja bregða búi og selja slíkar eignir af fúsum og frjálsum vilja og hins vegar þeirra sem festa vilja á þeim kaup til að koma sér þar upp útivistar- eða orlofsaðstöðu. En það liggur í eðli málsins og eðli ákvæða gildandi jarðalaga að þau verka hamlandi á slík viðskipti þótt þau hafi ekki stöðvað þau alveg. Það dregur úr mönnum að þurfa að leita samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar og vita að sveitarstjórn getur neytt forkaupsréttar þegar þeir eru að leita sér að landi, en það verður ekki til þess að allir hætti við.

Jafnframt eru þessar tálmanir þess eðlis, að mínum dómi, eins og allar hömlur á ráðstöfun eigna, að þær bitna helst á þeim sem eiga viðkomandi eignir. Þær draga í þessu tilfelli úr líkunum á því að seljendur jarða fái sannvirði fyrir sínar eignir. En það er einmitt eitt af því sem er skráður tilgangur jarðalaga, í 1. gr. gildandi laga, að tryggja að eignarráð á landi séu í samræmi við hagsmuni „þeirra sem landbúnað stunda", eins og það er orðað. Ég tel þvert á móti að það sé ekki í samræmi við hagsmuni þeirra sem landbúnað hafa stundað ef þeir vilja bregða búi sínu að hamla gegn því að þeir fái sannvirði fyrir sínar jarðir. Þvert á móti.

Þá má gjarnan koma hér fram, virðulegi forseti, að í stjórnarsáttmála, eða réttara sagt starfsáætlun, ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var sérstakt ákvæði um að endurskoða ætti jarðalögin í því augnamiði að auðvelda eigendaskipti á bújörðum. Þeirri ríkisstjórn vannst ekki tími til að ljúka því máli og hefur ekki af því spurst síðan í tíð þeirra ríkisstjórna sem hér hafa setið frá árinu 1988. Mér er ekki kunnugt um hvort núv. ríkisstjórn hyggst beita sér fyrir einhverjum breytingum á þessum lögum.

Ég hyggst nú skýra í örstuttu máli, virðulegi forseti, einstakar greinar þessa frv. þó að það sé vandlega gert í grg. með frv.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir nokkurri breytingu á hinni stefnumótandi grein laganna þar sem markmiðum þeirra er lýst. Þar er gert ráð fyrir því að í stað orðanna „eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda" komi: „eigendaskipti á landi og bújörðum geti gengið auðveldlega fyrir sig". Og með þessari brtt. er lögð áhersla á það meginmarkmið frv. að auðvelda frá því sem verið hefur viðskipti með land og jarðir og tryggja þannig betur hagsmuni þeirra sem slíkar fasteignir eiga, svo og þeirra sem þær vilja eignast. Greinin hljóðar í gildandi lögum svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda."

Það er sem sagt lagt til í 1. gr. frv. að síðara hluta þessarar mgr. verði breytt. Brtt. snertir ekki þessar tvær meginefnisbreytingar sem ég hef lýst, en er hins vegar í fullu samræmi við þær og þann megintilgang sem er með þessu frv. Þess vegna tel ég eðlilegt að breyta markmiðsgrein laganna með þessum hætti og því er það lagt til.

Hins vegar er í 2. gr. frv., sem kveður á um breytingar á 6. gr. laganna, komið að fyrri meginefnisbreytingu þeirri sem lagt er til að gerð verði á gildandi lögum. Í 2. gr. frv. er sem sé lagt til að brott falli sú skylda að afla samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til ráðstöfunar á fasteignaréttindum. En eftir sem áður helst, skv. frv., sú skylda að tilkynna þessum aðilum um slíka ráðstöfun. Aðrar breytingar í þessari grein leiða beint af þessari meginbreytingu.

Sama er að segja um 3. gr. frv. Þar er lagt til að 7., 8. og 9. gr. gildandi laga falli brott og er það í beinu samræmi við það sem lagt er til í 2. gr. frv.

4. gr. frv. snertir 12. gr. gildandi laga, en 1. mgr. hennar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Land sem við gildistöku laga þessara er nýtt til landbúnaðar má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af jarðanefnd."

Síðan koma nánari ákvæði um þetta og í 13. gr. núgildandi laga eru ákvæði um það, og reyndar í 12. gr., að eigi megi skipta landi jarða og sameiginlegu landi jarða. Í 13. gr. eru nánari ákvæði um það og hvernig unnt sé að sameina jarðir sem hafi verið skipt. Í 4. gr. frv. er lagt til að þessar greinar báðar falli brott. Það er talið af hálfu flm. vera í eðlilegu samræmi við önnur ákvæði og meginstefnu frv. Þetta er hins vegar ekki hluti af þeim stóru meginbreytingum sem ég hef áður rakið.

Að því er varðar 5. gr. frv., en hún tekur til 18. gr. gildandi laga, þá er lagt til í 5. gr. að brott falli refsiákvæði þau sem í gildi eru í jarðalögunum, en þau er að finna í 18. gr. þeirra. Þar er að finna ákvæði um refsingar og fleira sé fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laganna. Þar sem frv. að öðru leyti gerir ráð fyrir því að ákvæði sem áskilja samþykki við ráðstöfun fasteignaréttinda falli brott, þá er ekki ástæða til þess að hafa í lögunum áfram sérstök refsiákvæði.

6. gr. frv. snertir aftur á móti þá meginbreytingu að brott falli ákvæði í 30. gr. núgildandi laga um forkaupsrétt sveitarfélags. Þarna er sem sagt komin hin meginbreytingin sem er að finna í þessu frv. Það er í 6. gr. frv., sem tekur til 30. gr. laganna, en hún gerir eigi að síður ráð fyrir því að áfram haldi gildi sínu forkaupsréttarákvæði gagnvart leiguliða sem setið hafi jörð í tíu ár eða lengur og gerir ráð fyrir að hann skuli áfram hafa forkaupsrétt að jörðinni, enda taki hann hana til ábúðar og fullra nytja.

7. gr. frv. er í beinu framhaldi af hinni 6. Þar er gert ráð fyrir því að brott falli allt sem varðar forkaupsrétt sveitarfélags, en hins vegar bætt inn í ákvæðum um hvernig með skuli fara forkaupsrétt leiguliða. Það er einmitt athyglisvert í gildandi lögum að þar eru ítarleg ákvæði um hvernig sveitarfélag skuli standa að því að hagnýta sér sinn forkaupsrétt en ekkert um það hvernig leiguliðinn eigi að fara að vilji hann hagnýta sér forkaupsrétt. Úr þessu er bætt í frumvarpsgreininni.

Kem ég þá að 8. gr. frv., virðulegi forseti. Þar er um það að ræða hvort og við hvaða aðstæður og með hvaða skilyrðum forkaupsréttarhafi geti leitað eftir mati dómkvaddra manna á eign sem honum er boðið að neyta forkaupsréttar að. Það er sem sé gert ráð fyrir því í þessu frv. að slík ákvæði mundu þá eingöngu ná til leiguliðans en ekki sveitarfélagsins. Núgildandi orðalag þessa ákvæðis er að dómi flm. vafasamt og býður heim geðþóttakenndu mati á þeim aðstæðum sem kunna að vera fyrir hendi, án þess að flm. vilji fullyrða neitt um að misfarið hafi verið með þessar heimildir. En það er gert ráð fyrir breyttu orðalagi þannig að alveg skýrt sé að forkaupsréttarhafi verði að sanna að kaupverð eða aðrir skilmálar hafi verið ranglega tilgreindir þegar honum var boðið að neyta forkaupsréttar og það hafi verið gert í því skyni að koma í veg fyrir að hann neyti þess réttar síns. Um þetta mundu þá gilda venjulegar sönnunarreglur íslenskra laga.

Í gildandi orðalagi laganna er, eins og ég sagði áðan, boðið heim meiri óvissu en eðlilegt má teljast. Þar er til að mynda talað um „óeðlilega hátt" kaupverð. Hvernig á að meta það? Þar er talað um „ósanngjarna skilmála". Hvernig á að meta þá? Og þar er notað orðalagið: „Ætla má að það sé gert í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá því að neyta réttar síns" o.s.frv. Við flm. teljum eðlilegt að kveða skýrt á um þessa hluti, en bjóða ekki heim geðþóttakenndu mati á þessum aðstæðum, sem ekki er við hæfi hvorki í þessum viðskiptum né öðrum.

Í þessu sambandi má hafa í huga að seljandi jarðar gæti hafa náð hagstæðum samningum um að selja jörð sína miðað við aðrar þekktar jarðasölur, án þess að það sé neitt óeðlilegt eða ósanngjarnt við það. Og ef forkaupsréttarhafi getur knúið fram kaup til sín á lægra verði en um hefur samist væri hann einfaldlega að leggja undir sig verðmæti í eigu seljanda bótalaust. Hins vegar er það auðvitað alveg skýrt að forkaupsréttarhafi á skýlausa kröfu á því að fá réttar upplýsingar um verð og skilmála og geti hann fært sönnur á að hann hafi fengið rangar upplýsingar þá er eðlilegt að hann geti krafist mats óvilhallra aðila og hafi þá heimild til að ganga til kaups á matsverðinu.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 35. gr. gildandi laga. Þar segir að hreppsnefnd eigi rétt á að fá keypt fasteignaréttindi við erfðir, þegar um er að ræða aðra erfingja en börn, barnabörn, kjörbörn, fósturbörn, systkini eða foreldra. Þetta telja flm. óeðlilegt ákvæði og réttast og eðlilegast að um þessar fasteignir, eins og aðrar, gildi sömu reglur gagnvart fjarskyldum erfingjum, eða öðrum þeim sem arfshlut kunna að eiga, hvort sem það er samkvæmt erfðaskrá eða samkvæmt erfðalögum að öðru leyti. Þetta er hins vegar ekki ein af meginbreytingunum í frv. heldur sérstök brtt. um að breyta ákvæði sem flm. telja óeðlilegt í þessum lögum.

Að því er varðar 10. gr. frv. þá er um hana að segja að báðar breytingarnar sem þar eru leiða beint af ákvæðum 6. gr. frv. og lúta að forkaupsrétti sveitarfélaga. Sama er að segja um ákvæði 11. gr. þar sem kveðið er á um að Jarðasjóði sé heimilt að veita sveitarfélögum lán til þess að hagnýta sér forkaupsrétt sinn á jörðum.

Að því er varðar 12. gr. þá fjallar hún um kaup Jarðasjóðs á jörðum og varðar 42. gr. gildandi laga þar sem eru ákvæði um að semjist ekki milli Jarðasjóðs og seljanda þá geti hvor aðili um sig vísað málinu til mats hjá sérstakri nefnd sem starfar á vegum landbrn.

Auðvitað er þarft og eðlilegt að slík nefnd sé starfandi en breytingin sem þetta frv. gerir ráð fyrir er sú að þangað verði málum ekki vísað nema með samkomulagi beggja aðila, þ.e. bæði Jarðasjóðs og seljanda jarðarinnar, þannig að annar hvor aðilinn geti ekki sett hinn í þá aðstöðu að vísa ágreiningi um verð til þessarar nefndar og gert hinum þar með að lúta slíkum úrskurði. Verðið getur verið ráðandi þáttur í því hvort viðskipti takast af þessum toga og í frjálsum viðskiptum er það samkomulagsatriði milli aðila og það er óeðlilegt að annar aðilinn geti knúið hinn til að samþykkja mat gegn vilja sínum. Hins vegar er auðvitað eðlilegt að aðilar geti í samkomulagi skotið máli til slíkrar úrskurðarnefndar. Það er það sem frv. gerir ráð fyrir.

Að því er varðar síðan 13. gr. frv. þá er um hana það eitt að segja að hún er bein afleiðing 6. gr. frv. þar sem fjallað er um forkaupsrétt sveitarfélaga og ástæðulaust að hafa um hana fleiri orð.

14. gr. frv. skýrir sig sjálf.

Ég hef nú lokið yfirferð minni um þetta mál, virðulegi forseti. Ég geri mér vel grein fyrir því að um þessi efni hafa menn skiptar skoðanir og við því er að sjálfsögðu ekki neitt að segja. Ég tel hins vegar þessi ákvæði í jarðalögum, sem hér hafa verið rakin flest hver, þess efnis að þau eigi ekki heima í Lagasafni Íslands, þau séu þess eðlis að þeim beri að breyta í þá veru sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En ég vek athygli á því sem ég sagði í upphafi að innbyrðis eru þessi atriði ekki öll skyld þannig að það má hugsa sér að einhver af þeim nái fram að ganga án þess að þau geri það öll.

Ég ætla ekki að lengja þetta, virðulegi forseti, en geri að sjálfsögðu tillögu um að málið fari til 2. umr. og nefndar. Ég hef hins vegar verið svolítið hugsi yfir því til hvaða nefndar ætti að vísa þessu máli. Í fljótu bragði virðist blasa við að þetta frv. eigi heima í landbn. deildarinnar og þar voru jarðalögin vissulega afgreidd á sínum tíma. Hins vegar er hér að mínum dómi um að ræða í aðalatriðum viss lögfræðileg prinsippatriði og álitamál sem eru fyrst og fremst þess eðlis en snerta ekki atvinnugreinina landbúnað sem slíkan. Þess vegna er það mín tillaga, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Páll Pétursson:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta langa ræðu eins og hv. flm. Ég vil bara láta það koma fram hér við þessa 1. umr. að ég er andvígur þessu frv. og ég held að það gæti nokkuð mikils ókunnugleika og fljótfærni hjá hinum góðu vinum mínum sem flytja þetta mál, það eru valinkunnir sæmdarmenn, hv. þm.

tveir, og ég tel að þeim hafi þarna skotist þó skýrir séu. Það er mjög eðlilegt og nauðsynlegt vegna almannaheillar og góðrar þróunar í landinu að sveitarstjórn og jarðanefndir hafi hönd í bagga með viðskiptum eins og hér er verið að fjalla um og það er ákaflega eðlilegt að sveitarfélag hafi forkaupsrétt. Það er náttúrlega fjarri lagi að halda því fram að seljandi hljóti að verða hlunnfarinn þó þessi ákvæði séu í lögum. Forkaupsréttur er í eðli sínu réttur til að ganga inn í hæsta boð og seljandi fær sitt þó að kaupandi verði e.t.v. annar heldur en seljandi ætlaði í fyrstu.

Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að sveitarstjórn hafi vitneskju um ráðstöfun jarða og jarðahluta innan sveitarfélagsins og eðlilegt að jarðanefnd hafi líka þessa vitneskju. Jarðanefnd ber að stuðla að skynsamlegri og skipulagðri nýtingu jarðanna og sveitarstjórn er til fyrir íbúana í sveitarfélaginu og hlýtur að líta á hagsmuni íbúa sveitarfélagsins. Hagsmunir sveitarfélaganna krefjast þess sem sagt að hér sé nokkurt öryggi á.

Ég vísa algjörlega á bug útúrsnúningi hv. flm. um íbúa í fjölbýlishúsum þar sem hann var að líkja því saman. Það var algjörlega óskylt dæmi sem hann tók.

Það ber að fagna áhuga þéttbýlisbúa á útivist og þeir eru boðnir velkomnir í sveitirnar. Sveitarfélögum er ánægja að því að fá sumargesti og hagur af því í mörgum tilfellum og það er alveg óþarfi fyrir jafnmikla heiðursmenn eins og hv. þm. tvo sem flytja þetta frv. að telja víst að þeir séu óvelkomnir í sveitirnar. Það er mesta fjarstæða. Það er nóg pláss fyrir svona öðlinga í sveitum landsins.

Með jarðalögum er prýðilega tryggður réttur seljenda, kaupenda og samfélagsins og ég held að það væri mikið óhappaverk að fara að skadda þá löggjöf með þeim hætti sem hér er lagt til og þar á ofan er náttúrlega fáránlegt og mjög óþinglegt að vísa þessu til einhverrar annarrar nefndar en landbn. því að sjálfsögðu er þetta upplagt mál til að vísa til landbn. og engrar annarrar.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

22. fundur, miðvikudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóvember 1990 til 31. október 1994, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Davíð Aðalsteinsson bóndi (A),
Ólafur B. Thors, forstjóri, (B),
Ágúst Einarsson prófessor (A),
Guðmundur Magnússon prófessor (B),
Geir Gunnarsson alþingismaður (A).

Varamenn:
Leó Löve lögfræðingur (A),
Davíð Scheving Thorsteinsson forstjóri (B),
Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur (A),
Halldór Ibsen framkvæmdastjóri (B),
Birgir Björn Sigurjónsson hagfræðingur (A).

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Páll Pétursson (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Þorsteinn Pálsson (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Jón Kristjánsson (A),
Hreggviður Jónsson (B).

Varamenn:
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Friðrik Sophusson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Guðni Ágústsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B).

Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti for-

seti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Alexander Stefánsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Málmfríður Sigurðardóttir (B),
Ragnar Arnalds (A),
Ásgeir Hannes Eiríksson (A).

Varamenn:
Stefán Guðmundsson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1990, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Lárus Finnbogason endurskoðandi (A),
Geir H. Haarde alþingismaður (B),
Magnús Benediktsson (A).

Byggðastofnun.
Skýrsla forsrh.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Skýrslu Byggðastofnunar var dreift í lok síðasta þings, en þá vannst ekki tími til þess að fjalla um hana eins og lög gera ráð fyrir. Er það því gert nú og hefur henni verið dreift á ný á borð þingmanna og vísa ég til hennar um ýmsan fróðleik í þessu sambandi.

Byggðastofnun í núverandi mynd var sett á fót haustið 1985 og var þá arftaki byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins eins og hv. þm. þekkja. Það er meginverkefni Byggðastofnunar að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar í landinu og má segja að verkefnið sé tvíþætt. Annars vegar er hún umfangsmikil lánastofnun en hins vegar þróunarstofnun og vegna ýmissa erfiðleika sem verið hafa í rekstri atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni þá hefur alveg sérstaklega starfsemi stofnunarinnar á fyrrgreinda sviðinu, þ.e. lánasviðinu, verið mjög umfangsmikil. Hún hefur veitt fjölmörg lán til að forða því að neyðarástand skapaðist á ýmsum stöðum á landsbyggðinni og reyndar má segja að hún hafi í mörgum tilfellum verið framkvæmdaraðili vegna aðgerða stjórnvalda fyrir útflutningsatvinnuvegina og þá einkum sjávarútveginn. Þessar aðgerðir hafa verið fjármagnaðar fyrst og fremst með erlendum lántökum og á sl. ári þurfti stofnunin að afskrifa 243 millj. kr. af kröfum sínum, hlutafé og ábyrgðum og hefur hún aldrei þurft að afskrifa jafnháa upphæð á einu ári. Það ár tók stofnunin einnig við A-hluta skírteinum Hlutafjársjóðs fyrir 169,2 millj. kr.

Eins og ég sagði áðan hefur þessi starfsemi fyrst og fremst verið fjármögnuð með lántökum. Frá árinu 1981 hafa lántökur yfirleitt numið um $^2/_3$ af lánveitingum hvers árs og er hér tekin með einnig starfsemi byggðadeildar Framkvæmdastofnunar eins og fram kemur á ártalinu, en þetta hlutfall hefur þó hækkað nokkuð jafnt og þétt. Á árinu 1989 voru lántökurnar 14% hærri heldur en lánveitingar en það stafaði m.a. af því að á því ári var notuð heimild til að taka erlend lán til að greiða upp eldri og óhagstæðari lán að upphæð samtals 464,1 millj. kr. Sé sú upphæð dregin frá námu nettólántökur stofnunarinnar 1 milljarði 338,1 millj. kr. eða 84% af lánveitingunum.

Á lánsfjárlögum fyrir árið 1989 var Byggðastofnun heimilað að taka erlend lán til almennra verkefna stofnunarinnar að upphæð 550 millj. kr. Á innlendum lánsfjármarkaði var stofnuninni heimilað að taka 275 millj. kr. Síðan fékk stofnunin ýmsar heimildir til sérstakra verkefna sem ég ætla að fara nokkuð yfir.

Til aukinna verkefna innlendra skipasmíðastöðva var heimild til 200 millj. kr. erlendrar lántöku og 150 millj. kr. sérstök lántaka vegna fiskeldis. Þá var í lánsfjárlögum heimilt að taka ný erlend lán til að greiða upp eldri óhagstæðari lán eins og ég nefndi áðan og var það gert í fyrsta skiptið þá. Með samkomulagi við Framkvæmdasjóð Íslands nýtti stofnunin 100 millj. kr. lántökuheimild sjóðsins vegna fiskeldis. Stofnunin átti þá einnig ónotaða erlenda lántökuheimild að upphæð 180 millj. kr. frá fyrra ári vegna skuldbreytinga í sjávarútvegi. Ríkisstjórnin fól einnig á því ári stofnuninni að aðstoða smábátaeigendur vegna greiðsluerfiðleika þeirra og í því skyni var stofnuninni veitt heimild til erlendrar lántöku að upphæð 100 millj. kr. Undir lok ársins fékk stofnunin heimild til 350 millj. kr. erlendrar lántöku sem ekki var reyndar notuð fyrr en eftir áramótin.

Þegar allt þetta er talið til, þá námu erlendar lántökuheimildir stofnunarinnar á árinu 1989 rúmum tveimur milljörðum kr. en erlend lán sem tekin voru, voru 1 milljarður 670 millj. kr. og heimild Byggðastofnunar á innlendum lánsfjármarkaði nam 275 millj. kr. en samtals nam lánsfjármögnun innlend 132 millj. kr.

Starfsemi Byggðastofnunar hefur verið með svipuðum hætti og fyrr. Starfsmenn hennar eru samtals 34 eða voru á árinu 1989 og þar af eru fjórir í hlutastarfi. Sameiginlegt starfslið er nokkuð með Framkvæmdasjóði Íslands vegna umsjónar með húsnæði, sameiginlegrar tölvu, mötuneytis o.s.frv.

Vergur rekstrarkostnaður Byggðastofnunar árið 1989 var samtals 119,1 millj. kr. og hafði vaxið þá um 24,4% frá fyrra ári. Nokkur kostnaðarþátttaka er í rekstri stofnunarinnar frá Atvinnutryggingarsjóði, Lánasjóði Vestur-Norðurlanda, Norðurlandaráði o.s.frv. og þegar það er dregið frá er nettórekstrarkostnaður stofn-

unarinnar þetta ár 103 millj. kr.

Þess má geta að Byggðastofnun hefur komið sér upp aðsetri á Akureyri og frá sl. sumri einnig á Ísafirði. Er það liður í þeirri viðleitni stofnunarinnar að koma á fót stjórnsýslustöðvum um landsbyggðina og er Akureyrarstöðin sú fyrsta en vísir kominn, eins og ég sagði, að slíku útibúi á Ísafirði. Tvímælalaust er þetta afar mikilvægur liður í því að færa þjónustu til landsbyggðarinnar.

Byggðastofnun hefur á árunum 1989 og 1990 einnig farið með rekstur og reikningshald Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og sömuleiðis rekstur og reikningshald Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Báðar þessar stofnanir starfa sem sjálfstæðar stofnanir með sjálfstæðri stjórn en falla nú um þessi áramót undir Byggðastofnun.

Af því sem ég hef nú rakið um miklar lánveitingar stofnunarinnar og lántökur í því skyni þá er nauðsynlegt að líta nokkuð á efnahag hennar sem er vissulega erfiður. En það er rétt að geta þess áður að á árinu 1989 námu lánveitingar stofnunarinnar 1 milljarði 586 millj. kr., styrkveitingar voru þá 50 millj., hlutabréf voru keypt fyrir 90 millj. og það sem af er þessu ári nú er búið að afgreiða 1200 millj. kr. í lán og 100 millj. kr. í styrki. Fyrir liggur samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar að afgreiða a.m.k. 50 millj. kr. í styrki til viðbótar á þessu ári og 200 millj. kr. í lán. Hlutabréf hafa verið keypt á þessu ári fyrir 50 millj. kr.

Um síðustu áramót var niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar 9 milljarðar 852,4 millj. kr. og hafði hækkað um 42,9% á árinu. Eigið fé stofnunarinnar var 1 milljarður 820 millj. kr. Er þá tekið tillit til 295 millj. kr. færslu á afskriftareikning útlána og hlutafjár. Eigið fé óx um 10,8% á árinu 1989. Hlutfall eigin fjár stofnunarinnar af heildareign var 24,3% í upphafi ársins 1989. Þegar gert var upp í árslok var niðurstaðan sú að þetta hlutfall hafði lækkað í 18,9%. Þessi mikla lækkun er framhald langtímarýrnunar á hlutfalli eigin fjár. Lækkunin stafar annars vegar af miklum lántökum stofnunarinnar en hins vegar af því hversu mikið hefur verið lagt til hliðar í afskriftareikninga til að mæta óhjákvæmilegum töpum. Á mælikvarða lánskjaravísitölu rýrnaði eigið fé Byggðastofnunar á sl. ári um 176,4 millj. kr. eða 8,8%.

Á þessu ári er búið að afskrifa 109 millj. kr. og stefnir nú í að afskriftasjóður, sem var 250 millj. kr. í ársbyrjun, verði tómur um áramót. Stofnunin hefur nú samtals tekið við 188,5 millj. kr. í A-hluta skírteinum frá Hlutafjársjóði og 550 millj. kr. í B-hluta skírteinum. Áætlað eigið fé þann 31. okt. er 1 milljarður 870 millj. kr. eða 50 millj. kr. hærra en í ársbyrjun en þegar tekið er tillit til 80 millj. kr. gjalda vegna verðbótaþáttar er tapið á eigin fé 30 millj. kr. Og miðað við að setja 500 millj. kr. í afskriftasjóð, sem er talið nauðsynlegt vegna mikilla björgunaraðgerða stofnunarinnar, yrði tap ársins 530 millj. kr. og eigið fé fellur þá í 1240 millj. kr. eða 12% af niðurstöðutölum efnahagsreiknings. Það má geta þess að þegar stofnunin tók til starfa 1. okt. 1985 var þetta hlutfall 33%.

Af þessari hröðu yfirferð yfir lántökur og lánveitingar og efnahag stofnunarinnar hygg ég að hv. þm. eigi að vera ljóst að þar hefur vissulega mjög hallað undan fæti og ljóst, eins og ég mun koma að síðar, að grípa verður til aðgerða til að lagfæra eiginfjárstöðu stofnunarinnar. En áður en ég kem að því þykir mér rétt að fara nokkrum orðum almennt um þróun byggðar í landinu, ekki síst þar sem hlutverk stofnunarinnar á næstu árum hlýtur að sjálfsögðu mjög að mótast af því.

Eins og komið hefur fram í mjög ítarlegri vinnu sem unnin var af stofnuninni að beiðni forsrn. til að kanna þróun byggðar og birt var í sérstakri skýrslu sem allir hv. þm. fengu þá varð veruleg breyting á þróun byggðar á síðasta áratug. Eftir að á áratugnum 1970–1980 hafði fjölgun á landsbyggðinni á ýmsum árum þá orðið jafnvel meiri en í þéttbýlinu hefur þetta snúist algjörlega við og hefur síðan hallað mjög undan fæti. Á árinu 1989 t.d. fjölgaði þjóðinni að vísu minna en árið á undan en þetta stafaði af því að það ár fluttu fleiri frá landinu en hingað gagnstætt því sem verið hafði árið áður. Heildarfjölgun í landinu var það ár um 0,7% eða 1761 maður. Í búferlaflutningum til útlanda töpuðust 610 manns. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði hins vegar um 1986 manns eða um 1,4% og sést af þessu að fækkunin varð mjög mikil á landsbyggðinni. Nokkuð dró úr fólksflutningum innan lands á árinu. Þó varð nettótala brottfluttra umfram aðfluttra frá landsbyggðinni 1140 manns, eða um 1% af íbúafjölda. Þess má jafnframt geta um árið í ár að samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands um búferlaflutninga fyrstu átta mánuði þessa árs er í fyrsta lagi nettótap vegna millilandaflutninga um 443 og er það nokkuð minna en var fyrir sama tímabil fyrra árs. En nettótap landsbyggðarinnar í innanlandsflutningum var hins vegar orðið 714 manns og þó að það kunni að verða eitthvað minna en á síðasta ári þá mun þar ekki muna miklu á.

Um þetta má vitanlega hafa mörg orð. Ég skipaði hins vegar í upphafi ársins sérstaka byggðanefnd og fól henni að skoða stefnu og áherslur í byggðamálum með tilliti til þessarar þróunar sem ég hef nú lauslega rakið en ég veit að er öllum þingmönnum vel kunn. Þessi nefnd er skipuð fulltrúum allra þingflokka. Nefndin hefur unnið mikið starf, leitað upplýsinga um land allt og ráðgast við fjölmarga aðila sem að einhverju leyti tengjast þeim málum sem áhrif geta haft á byggðarþróun. Nefndin hefur ekki enn lokið starfi en ég geri ráð fyrir því að ég fái fljótlega frá henni hennar tillögur. Það sem ég vil því segja um breyttar áherslur í þessum málum er því fyrst og fremst frá eigin brjósti en þó styðst ég við það sem ég hef m.a. heyrt, t.d. á ráðstefnu sem ég sat á vegum þessarar nefndar í Borgarnesi þar sem haldin voru fjölmörg erindi um þetta mál og af þeim blöðum sem ég hef fengið frá nefndinni.

Í fyrsta lagi þá er óhjákvæmilegt að jafna enn frekar en gert hefur verið framfærslukostnað um landið allt. Þetta hefur verið gert á ýmsum sviðum, t.d. eru olíuvörur á sama verði um land allt og sömuleiðis landbúnaðarvörur, en svo er ekki um ýmsar aðrar nauð-

synjar og það sem einna helst er nefnt í því sambandi er orkuverð. Þess vegna hefur iðnrh. nú á grundvelli þáltill. sem hér var flutt skipað sérstaka nefnd til að skoða á hvern máta megi jafna orkuverð um landið. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að þetta getur ekki verið mjög flókið mál því eins og ég sagði, okkur hefur tekist að jafna aðra hluti, orkan er jafnframt frá hinum ýmsu landshlutum og eðlilegt að þeir landshlutar njóti hagstæðs verðs ekki síður en þeir sem jafnvel fjærst liggja. Ég á því von á því að frá þessari nefnd, sem vinnur að athugun á jöfnun orkuverðs, komi fljótlega tillögur um hvernig það verður gert.

Þá er enginn vafi á því að það þarf að efla opinbera stjórnsýslu um landið. Ég nefndi það áðan að stjórnsýslustöðvar eru á verkefnaskrá Byggðastofnunar og ein slík er þegar komin á fót. Það þarf að vinna að því að koma þeim víðar og ef ekki tekst að flytja stofnanir frá höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina, sem hefur reynst afar erfitt af ýmsum ástæðum sem hv. þm. þekkja, þá er þarna a.m.k. leið til þess að dreifa þjónustu þeirra stofnana um landsbyggðina. Ég veit að það er fullur vilji til þess að gera það þegar slíkar stofnanir koma á fót, m.a. er það nú í athugun hjá hæstv. félmrh. að þjónusta Húsnæðisstofnunar verði veitt sem víðast um landið, a.m.k. í hverju kjördæmi, og það hygg ég að sé hægt að gera á ýmsum öðrum mikilvægum sviðum opinberrar þjónustu.

Þá hefur það nú mjög komið til umræðu að skipta landinu, kannski ekki formlega en a.m.k. verkefnalega, í atvinnu- og þjónustusvæði. Möguleikar til samvinnu á slíkum svæðum og samstarfs á fjölmörgum sviðum hafa gjörbreyst með stórbættum samgöngum og ég hygg að það muni vera staðreynd að víða hefur t.d. verslunin ekki brugðist eins skjótt við þessu og rétt hefði verið en það er nú mjög að breytast víða um landið. Á slíkum þjónustusvæðum þarf að velja þann stað sem best hentar til að veita sem mesta alhliða þjónustu við það svæði og það ber að efla þann stað með öllum ráðum, m.a. stjórnsýslumiðstöðvum Byggðastofnunar en einnig með flutningi atvinnufyrirtækja þangað eins og frekast er unnt.

Ég ætla að taka sem dæmi Akureyri sem ég hygg að flestir séu sammála um að sé best í stakk búin til þess að verða mótvægi gegn þéttbýlinu hér á höfuðborgarsvæðinu. Þar er menntamiðstöð, þar er kominn háskóli og enginn vafi á því að með því að efla þann háskóla og færa honum verkefni þá mun það hafa mjög mikil áhrif, ekki aðeins á Akureyri heldur á miklu stærra svæði þar um kring. Sjútvrh. hefur þegar fært þangað útibú Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og í sambandi við athugun sem nú fer fram á því að koma hér á fót alþjóðlegri rannsóknastofnun til rannsókna á mengun Norður-Atlantshafsins er gert ráð fyrir að ef úr verður verði sú stofnun á Akureyri og þá tengd háskólanum. Við þennan háskóla er einnig sjálfsagt að styrkja og efla kennslu í ákveðnum greinum matvælaiðnaðarins eins og nú er unnið þar að á vegum sjávarútvegsins og það mun allt hafa hinar jákvæðustu afleiðingar á þessu svæði. Allt slíkt mun skapa betra andrúmsloft fyrir ýmsar atvinnugreinar sem geta þá leitað nálægt sér eftir þeirri þekkingu sem þörf er á á hverju sviði. En sömuleiðis er óhjákvæmilegt að athuga hvaða smærri fyrirtæki má staðsetja á landsbyggðinni án þess að það séu einhverjir ókostir sem koma í veg fyrir það og að þessu er unnið víða um land, m.a. á Norðausturlandi og víðar. Að því er unnið af ráðgjöfum sem staðsettir eru víða um landið.

Sú hugmynd hefur vaknað að ekki væri óeðlilegt að kanna hvort vel útbúnar upplýsingar um ýmsa kosti, sem eru víða á landsbyggðinni ekki síst á slíkum þéttbýlisstöðum, gætu ekki orðið til þess að stuðla að samstarfi við erlenda fjármagnsaðila um rekstur smærri fyrirtækja sem nota sér slíka aðstöðu og þá kosti sem þar eru fyrir hendi. Þetta nefni ég sem eðlileg atriði í myndun þjónustu- og atvinnusvæða um landsbyggðina en mikilvægast er að að þessu sé unnið markvisst, svæðin skilgreind, samgöngur innan svæðanna bættar sem allra mest og sömuleiðis fjarskipti öll innan svæðanna.

Ég vil nefna í þessu sambandi að Byggðastofnun er nú að ósk forsrn. að láta fara fram athugun á því hvort færa megi jafnvel í allstórum mæli fjarvinnsluverkefni sem svo eru kölluð eða tölvuverkefni til landsbyggðarinnar. Nútímafjarskipti gera það í raun mjög auðvelt. Það skiptir ekki miklu máli hvort sá sem vinnur slíkt verkefni situr á Akureyri, Höfn í Hornafirði eða Ísafirði. Þetta fer um glerleiðarann eða með símmyndum á milli á augabragði. Þegar er nokkur slík starfsemi hafin, m.a. hefur viðskrn. látið allstórt verkefni til Norðvesturlands og nú er í athugun hvort ekki megi flytja fleiri slík verkefni á landsbyggðina.

En ég tel að afar mikilvægur þáttur í þessari viðleitni hljóti að verða Byggðastofnun, hún hljóti að verða sú miðstöð sem styrkir og eflir hvern einasta þátt sem getur orðið til að snúa við þeirri óhagstæðu þróun sem verið hefur.

Eins og ég sagði áður þá hefur Byggðastofnun verið mjög önnum kafin við björgunaraðgerðir í erfiðri atvinnustöðu víða á landsbyggðinni og má segja að það hafi bitnað á hinu verkefninu sem ég gat um í upphafi míns máls, þ.e. þróunarverkefni Byggðastofnunar. Óhjákvæmilegt er ef vinna á að þessu á skipulagðan máta að bæta eiginfjárstöðu stofnunarinnar og tryggja henni fjármagn til atvinnuþróunar sem verði skipt á milli landshluta að mati Byggðastofnunar eins og möguleikarnir eru á hverjum stað. Sömuleiðis kann að vera nauðsynlegt að Byggðastofnun geti orðið þátttakandi í stofnun smærri fyrirtækja á landsbyggðinni með einhverju áhættufjármagni, með hlutafé og sömuleiðis er áreiðanlega nauðsynlegt að Byggðastofnun reki sjálfstæða rannsóknastarfsemi sem beinist að því að kanna þá möguleika sem eru til slíkrar atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Ég ætla nú ekki að rekja meira. Það eru ýmsar hugmyndir sem komið hafa fram í þeirri umræðu sem verið hefur um byggðamálin, en ég geri ráð fyrir því að í skýrslu byggðanefndar verði slíkar hugmyndir sem ég hef nú rakið og ýmsar fleiri, og ég geri mér vonir um að ég geti flutt þau mál hér inn á Alþingi í einni mynd eða annarri á því þingi sem nú situr.

Eins og þegar hefur verið rakið er fjárhagur Byggðastofnunar mjög erfiður nú. Ríkisstjórnin hefur lagt til á frv. til fjárlaga að framlag til Byggðastofnunar verði aukið úr 200 í 250 millj. kr. Það hefur aukist nokkuð ár frá ári, en mætti eflaust vera töluvert meira. Í fjárlögum ársins 1989 fékk Byggðastofnun 125 millj. kr., en í fjáraukalögum í lok þessa árs var ákveðið að hækka framlag stofnunarinnar um 50 millj. kr. og var það þá samtals 175 millj. kr. En á árinu sem er nú að líða er framlag til stofnunarinnar 200 millj. kr. Stofnunin hefur sjálf farið fram á að fá 700 millj. kr. framlag og fært rök fyrir því, bæði með nauðsyn þess að bæta eiginfjárstöðu stofnunarinnar og til þess að gera stofnuninni kleift að taka myndarlega þátt í þeim þróunarverkefnum sem eru bæði í skoðun á vegum starfsliðs stofnunarinnar og sömuleiðis á vegum þeirrar byggðanefndar sem ég hef áður getið um.

Ríkisstjórnin mun gera tillögu til fjvn. um að ríkissjóður yfirtaki einhver lán frá stofnuninni. Ég hef fengið frá stofnuninni yfirlit um það sem þar kæmi til greina og er það nú í athugun í fjmrn. og mun verða fjallað um það í ríkisstjórninni einhvern næstu daga.

Á næstunni verður mikil breyting á starfsemi stofnunarinnar, bæði vegna þess að við gerum okkur vonir um að hún geti í vaxandi mæli og reyndar verður hún í vaxandi mæli að geta sinnt þeim þróunarverkefnum sem ég hef nú rakið. Þótt hún haldi áfram þeim björgunaraðgerðum, sem eflaust verða nauðsynlegar á ýmsum sviðum, þá getur þungi þeirra minnkað og áherslan orðið meiri á nýsköpun og þróun nýrra atvinnugreina á landsbyggðinni, þjónustu á hverju sviði og reyndar þróun hverrar þeirrar aðstöðu sem hverjum manni er nauðsynleg á landsbyggðinni ekki síður en á þéttbýlissvæðinu.

Sömuleiðis færast til stofnunarinnar um þessi áramót bæði Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og sömuleiðis Hlutafjársjóður Byggðastofnunar. Þar með verður innan Byggðastofnunar veruleg og reyndar mjög mikil fjárhagsleg þátttaka í rekstri atvinnufyrirtækja um land allt. Ljóst er að skoða þarf skipulag Byggðastofnunar með tilliti til þessa og því hef ég skipað menn til að skoða þau mál og gera tillögur um breytt skipulag Byggðastofnunar og geri mér vonir um að geta flutt á þessu þingi, þó ekki fyrr en eftir áramót, frv. til laga um þær breytingar sem nauðsynlegar teljast á skipulagi stofnunarinnar.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra. Ef einhverjar spurningar koma fram þá mun ég leitast við að svara þeim en mun ljúka þessum orðum mínum með því að leggja áherslu á að Byggðastofnun hefur vissulega til þessa sannað sitt gildi og sína tilveru. Byggðastofnun hefur verið ómetanlegur vettvangur þar sem erfiðleikar landsbyggðarinnar hafa verið ræddir. Ég ætla alls ekki að segja hér að allt það sem Byggðastofnun hefur gert í því sambandi hafi tekist, því fer í raun víðs fjarri, og vel má vera að í sumum tilfellum hafi verið teflt á tæpasta vaðið. En ég er sannfærður um að allt hefur það verið gert í þeim góða tilgangi að bjarga frá þeirri vá sem oft hefur verið fyrir dyrum í ýmsum byggðarlögum landsins og í langflestum tilfellum hefur tekist einmitt að gera það og koma í veg fyrir meiri háttar atvinnuleysi og brottflutninga. Engu að síður hafa þeir verið nokkrir enda aðstaða breytt.

Á áratugnum 1970–1980 færðum við út fiskveiðilögsöguna. Þá voru uppgrip um landið allt og tekjur meiri á landsbyggðinni en á þéttbýlissvæðinu. E.t.v. hefur það átt hvað stærstan þátt í þeirri þróun sem þá varð, að fólksfjölgunin varð meiri þar en í þéttbýlinu. Síðan þetta var hefur margt breyst. Samgöngur hafa stórkostlega batnað og þarf ég ekki að fara mörgum orðum um það. Það þekkja allir. Sömuleiðis hafa fjarskipti stórlega batnað, kominn sjálfvirkur sími á hvern stað og hvern bæ, símsendar eða símbréfsendar o.s.frv. Margir töldu í upphafi síðasta áratugar að þetta væru þau atriði sem mikilvægust væru til að halda jafnvægi í byggð landsins en í ljós hefur komið að það hefur ekki reynst nóg. Hitt er svo alveg ljóst að þessi stórbætta aðstaða hlýtur að gera stórum auðveldara en annars hefði verið að snúa við þróun síðustu ára. Ég tel að á þessum grundvelli sé nú hægt að starfa af krafti og Byggðastofnun hlýtur að vera sú stofnun sem hefur veg og vanda af því starfi.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ársskýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 1989 var lögð hér fram í vor fyrir þinglok en að samkomulagi varð að ræða skýrsluna nú á þessu hausti. Hæstv. forsrh. hefur þegar fylgt henni úr hlaði. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun þá er hún sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsrh. og hlutverk hennar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu og stofnuninni ber að fylgjast með þróun byggðar í landinu. Hún getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. þá hefur starfsemi stofnunarinnar verið mest á þann hátt að bjarga atvinnufyrirtækjum, svo að segja frá mánuði til mánaðar eða frá ári til árs. Á árum áður naut Byggðasjóður verulega meiri framlaga á fjárlögum en nú er, auk þess sem Framkvæmdasjóður Íslands greiddi helming af rekstrarkostnaði. Þessar fjárveitingar voru notaðar til þess að lána til fjárfestinga vítt og breitt um landið. Lánin voru óverðtryggð og með vöxtum sem voru lágir miðað við aðra vexti í þjóðfélaginu. Mestur hluti lánsfjárins var fenginn af ríkisframlagi. Eftir því sem líða tók á starfstíma Byggðasjóðs þá rýrnaði framlagið úr ríkissjóði en lántökur fylltu upp í skarðið til að gera sjóðnum kleift að verða við óskum umsækjenda. Jafnframt varð nauðsynlegt að taka upp verðtryggingu eða gengistryggingu á öllum útlánum.

Mér finnst rétt að minna hér á, sem reyndar má sjá í ársskýrslunni, framlög ríkissjóðs til Byggðasjóðs og Byggðastofnunar á árunum 1972–1989. Raunvirði framlaga til byggðamála á fjárlögum er verulega minna en á árum áður en hefur þó hækkað lítillega núna undanfarin ár. Þetta takmarkar mjög þau verkefni sem hægt er að taka þátt í. Framlagið er starfsemi Byggðastofnunar afar mikilvægt og forsenda þess að hún geti

sinnt því ætlunarverki sem henni er ætlað lögum samkvæmt.

Ef við lítum á það sem er í ársskýrslunni þá var framlag ríkissjóðs hæst á árunum 1975 og 1977. Þá jafngilti það 1000 millj. miðað við verðlag í janúar 1989 en fyrir einu ári var þetta framlag innan við 200 millj. Það má eiginlega margfalda með rúmlega fimm miðað við það sem framlög til þessara mála og þessarar stofnunar voru á árunum 1975 og 1977. Þau voru aðeins lægri 1976 og 1978 en eftir það fara framlög hraðminnkandi, eins og menn sjá á þessari töflu sem er í ársskýrslunni.

Eigið fé Byggðasjóðs og Byggðastofnunar á verðlagi í janúar 1981 hefur rýrnað mjög verulega frá 1981 en rýrnun varð gífurleg á árunum 1981 til ársbyrjunar 1984. Eftir það hefur ekki verið mjög mikil sveifla á eigin fé Byggðasjóðs á seinni árum en það er ekki nema innan við $^2/_3$ þess sem það var á árinu 1981. Eignarfjárhlutfall Byggðasjóðs og Byggðastofnunar hefur einnig farið mjög lækkandi. Þrátt fyrir að eigið fé Byggðastofnunar hafi haldið raungildi á starfstíma þeirrar stofnunar þá hefur eiginfjárhlutfall haldið áfram að lækka. Það stafar af miklum lántökum og afskriftum útlána.

Þegar Byggðastofnun tók við af Byggðasjóði voru öll ný útlán orðin verðtryggð og óverðtryggð útistandandi lán ekki nema lítið brot af lánveitingum. Þess vegna var staða Byggðastofnunar hin sama og annarra opinberra stofnlánasjóða, enda þótt hún ætti töluvert eigið fé sem voru leifarnar frá því tímabili þegar framlögin voru meiri. Fjármagnið var fengið á erlendum lánsfjármarkaði og því þurftu vaxtakjör og öryggi í lánveitingum að vera sambærileg og hjá öðrum. Til Byggðastofnunar hafa aftur á móti alltaf verið gerðar allt aðrar kröfur að því er varðar hversu mikla áhættu henni er ætlað að taka með lánveitingum sínum. Lánveitingarnar hafa mótast mjög af því að tryggja atvinnu í hinum fjölmörgu útgerðarstöðum hringinn í kringum landið sem og víða í sveitum landsins.

Á síðustu starfsárum Byggðasjóðs var enn ekki farið að taka tillit til verðbreytinga í uppgjöri. Því virðist afkoma sjóðsins vera betri þá en uppgjör síðustu ára gefa til kynna. Síðustu heilu fjögur árin sem sjóðurinn starfaði voru hreinar tekjur hans samkvæmt reikningi 507 millj. kr. á verðlagi hvers árs. Hefði verið beitt þeirri aðferð að færa verðbreytingar til gjalda, eins og síðan hefur verið gert, hefði árangurinn ekki verið svona glæsilegur. Þvert á móti hefði verið tap. Sérstaklega var það verðbólguárin 1982–1983 en þá var tapið samtals um 700 millj. á núvirði ef leiðrétt er fyrir verðbreytingarfærslu. Þess ber að geta að á þessum árum var ekkert fé lagt fyrir á afskriftareikningi eins og gert hefur verið í Byggðastofnun og ekki veitt af.

Nú er svo komið að eiginfjárhlutfallið stefnir í að vera undir 10%. Það var 33% þegar stofnunin tók til starfa fyrir fimm árum. Gjörbreytt stefna fjárveitingavaldsins gagnvart Byggðasjóði hefur m.a. valdið þessu. Endalausar lántökuheimildir og sáralítið af framlögum á fjárlögum er að ganga af stofnuninni dauðri ásamt meiri og hærri kröfum um styrk hér og styrk þar, hlutafé, og fleiri kostnaðarsamar aðgerðir fyrir stofnunina. Allt á þetta að framkvæmast fyrir lánsfé og lítil sem engin framlög.

Ég benti á síðast þegar málefni stofnunarinnar voru rædd hér að skatttekjur ríkisins af starfseminni væru álíka og framlagið. Þetta hefur því miður lítið breyst. Stimpilgjöld eru greidd af lánum frá stofnuninni. Lán Fiskveiðasjóðs Íslands og Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina eru aftur á móti stimpilfrjáls. Stofnunin greiðir 0,25% ríkisábyrgðargjald vegna óbeinnar ríkisábyrgðar á lánum hennar meðan Framkvæmdasjóður Íslands greiðir ekki slíkt gjald vegna gamalla lagaákvæða. Það er oftar en ekki hlutskipti Byggðastofnunar að taka aftasta veðrétt þegar gengið er frá stofnlánum, að ekki sé minnst á lán vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar sem er að verða ein ástæða lánveitinga. Það þarf því lítið til að lán reynist án tryggingar þegar til innheimtu kemur. $^2/_3$ hlutar lána Byggðastofnunar eru til útgerðar og fiskvinnslu. Við vitum öll að fiskvinnsluna þarf að endurskipuleggja. En hvernig á að gera það án þess að létta af skuldum frystihúsanna á landsbyggðinni sem ekki geta selt húseignir sínar til annarra nota, eins og fremur er hægt að gera hér á höfuðborgarsvæðinu?

Frá og með næstu áramótum verður lánastofnunum, þar á meðal Byggðastofnun, gert mun torveldara en hingað til að mæta óskum viðskiptavina sinna um lánveitingar en verið hefur. Þetta er vegna þess að 1. jan. nk. ganga í gildi lög um stjórnun fiskveiða en samkvæmt þeim verður heimilt að framselja kvóta varanlega. Samkvæmt núgildandi lögum er meginreglan sú að óheimilt er að framselja kvóta varanlega. Samkvæmt nýju lögunum verður á hinn bóginn heimilt að framselja kvóta varanlega. Þeir veðhafar sem eiga veð í skipi þegar lögin koma til framkvæmda verða að samþykkja framsal kvóta, en ekki þarf samþykki þeirra veðhafa er veð eignast eftir 1. jan. nk. Vegna þessa sáu Byggðastofnun og Fiskveiðasjóður Íslands sér ekki annað fært en að vekja athygli á ákvæðinu með auglýsingu í dagblöðum um síðustu helgi og þá vakti stjórn Sambands ísl. viðskiptabanka athygli sjútvrn. á þessu máli með bréfi nýlega, eða nánar tiltekið 23. nóv.

Eins og hæstv. forsrh. kom inn á þá gera lög ráð fyrir því að Byggðastofnun taki við stjórn Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina um næstu áramót þegar sjóðurinn verður deild í Byggðastofnun með sérstakan fjárhag. Útlán Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina munu nú vera orðin um 8,5 milljarðar eða næstum jafnhá lánum Byggðastofnunar, sem nú er með útistandandi lán að fjárhæð um 9,5 milljarða. Innheimta á lánum frá Atvinnutryggingarsjóði er að hefjast því að vaxtagjalddagar fyrstu lánanna voru síðla sumars og nú á þessu hausti.

Eftir því sem ég heyri gengur innheimta ekki allt of vel. Er ég ekki hissa á því eins og búið hefur verið að útflutningsatvinnugreinunum á undanförnum árum. Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs var sagt vera 1000 millj. kr. en síðan kemur í ljós að það er álit fjmrn. og ríkissjóðs að það sé aðeins 400 millj. kr. því sjóður-

inn eigi sjálfur að endurgreiða Atvinnuleysistryggingarsjóði 600 millj. kr. en ekki ríkissjóður, eins og bæði ég og fleiri höfum haldið. Sjóður eða deild í Byggðastofnun með 4,7% eigið fé eða minna, ég sleppi því að minnast á framlag í afskriftasjóð og kaup á B-deildar skírteinum, er ekki til þess fallin að efla Byggðastofnun. Deildin verður klafi á stofnuninni, jafnvel þó að talað sé um sjálfstæðan fjárhag. Það liggur þegar ljóst fyrir en á auðvitað eftir að liggja ljósar fyrir þegar séð verður, innan eins árs eða tæplega það, hversu mikil vanskil verða þarna. Það þarf því ekki að nefna annað en rekstrarkostnað, þá þjónustu sem Byggðastofnun hefur látið Atvinnutryggingarsjóði í té til þessa.

Ég ætla alls ekki að gera lítið úr því sem Atvinnutryggingarsjóður hefur gert, síður en svo. En ég ætla að benda á það að ég óttast að sagan endurtaki sig og að í ríkari mæli verði nú uppi kröfur og beiðnir frá fyrirtækjum sem hafa fengið afgreiðslu úr Atvinnutryggingarsjóði um að það sé komið á sömu leið. Og nú spyrja menn: Hvernig stendur á því að þetta er svona? Það stendur þannig á því að stjórnvöld bíða oft lengi. Þau héldu dauðahaldi í ranga gengisskráningu, þau tóku ekki tillit til verulegs samdráttar sem varð vegna opinberrar stjórnunar á fiskveiðum, að þau fyrirtæki fóru niður á við. Eiginfjárstaða þeirra hefur rýrnað mjög verulega á undanförnum árum þannig að lánin verða sífellt hærri og hærri og þar með fjármagnskostnaðurinn. Þetta er það sem gerir gæfumuninn, að fjármagnskostnaðurinn er orðinn of mikill fyrir velflest atvinnufyrirtæki, einkum í sjávarútvegi, og líka í öðrum atvinnugreinum. Því fer sem fer. Þarna þarf að taka öðruvísi á en gert hefur verið og mun ég kannski síðar koma að því.

Stjórnmálamönnum og lánastofnunum hefur verið legið á hálsi fyrir þær sakir að stuðla ekki að nýsköpun í atvinnulífinu og koma jafnvel í veg fyrir að tilraunir verði gerðar. Fyrir nokkrum árum sáu menn mikla framtíð í fiskeldi og var farið af stað af miklum stórhug. E.t.v. má segja að kappið hafi verið meira en forsjáin. Nú erum við gagnrýndir fyrir að hafa farið of geyst og þá ekki síst af þeim sem kröfðust þess að farið yrði í fiskeldi. Á það er bent að eftirspurn eftir fiski eigi enn eftir að aukast en hefðbundnar veiðar munu ekki skila meiri afla á land. Þess vegna verður að auka fiskeldi til að mæta vaxandi eftirspurn eftir fiskafla til þess að fæða mannkynið.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands hefur heimsaflinn undanfarin ár verið rúmlega 90 millj. tonn að meðtöldum afla úr fiskeldi, sem er 10–12 millj. tonna. Á tímabilinu 1978–1987 óx heimsaflinn úr 70 millj. tonna í 93 millj. eða um 23 millj. tonna. Á þessu tímabili stóðu veiðar í Atlantshafi í stað, voru um 25 millj. tonna, en afli í Kyrrahafi óx úr 33 millj. í tæplega 50 millj. tonna eða um 17 millj. Og í innhöfum og vötnum óx hann úr 7 millj. í 12 eða um 5 millj. tonna. Þannig má segja að nær öll aukningin á umræddu tímabili hafi orðið í Kyrrahafi og í fiskeldi. Ekki er fyrirsjáanlegt að öllu meiri afli náist úr Kyrrahafi nema þá með ofveiði og við þekkjum það allt of vel.

Þriðja aflahæsta fiskveiðiþjóð veraldar, Kínverjar, er við Kyrrahaf. Þeir hafa lagt stund á fiskeldi, hvorki meira eða minna en sl. 4000 ár, og ætla enn að auka fiskeldi. Heildarafli þeirra 1987 var um 9 millj. tonna, þar af um 4 millj. frá fiskeldi. Stefna stjórnvalda þar í landi er að heildaraflinn verði um aldamótin 18 millj. tonna, þar af 70% úr fiskeldi eða um 13 millj. tonna. Þetta getur kennt okkur það að fiskeldi er ekki talið heyra sögunni til annars staðar í veröldinni þó að móti hafi blásið hér um slóðir um nokkur missiri.

Um síðustu áramót voru á skrá hjá Veiðimálastofnun 105 fiskeldis- og hafbeitarstöðvar, þar af 65 með einhverja starfsemi. Allmörg fyrirtæki í fiskeldi hafa orðið gjaldþrota á síðustu mánuðum. Stofnlán til fiskeldisfyrirtækja nema nú um 4100 millj. kr., þar af um 1900 millj. kr. hjá Framkvæmdasjóði, 950 millj. kr. hjá Byggðastofnun, 750 millj. kr. hjá Fiskveiðasjóði, 160 millj. kr. hjá Iðnþróunarsjóði og erlendar lánastofnanir eru með um 340 millj. kr. Ljóst er því að lánastofnanir hafa lagt talsvert af mörkum til að koma greininni af stað en rekstrarfjárlán hefur skort. Vissulega var farið af stað með mikilli bjartsýni. Þekking á laxastofninum, laxaeldi, var lítil og markaðssetning ómarkviss. En þó svo sé er ekki rétt að leggja árar í bát. Mikið hefur áunnist og mikil reynsla skapast þó hún hafi e.t.v. verið dýru verði keypt. Fiskeldi er í örum vexti í heiminum eins og bent hefur verið á og beinist í auknum mæli að eldi sjávarfiska. Íslendingar mega ekki dragast aftur úr í þeirri þróun.

Mörg vandamál hafa komið upp í rekstrarfjáröflun fiskeldisfyrirtækja og voru miklar vonir bundnar við að þegar ábyrgðadeild fiskeldislána loks komst á laggirnar 1. júlí sl. mundu mörg þessara vandamála leysast. Raunin er önnur því starfsemi ábyrgðadeildarinnar er ekkert nema vonbrigði. Starfsemi deildarinnar er ekkert nema viðbótarfjármagnskostnaður því ábyrgðargjaldið er um 7% og nægir eitt sér til þess að sliga fyrirtækin endanlega. Fiskeldisfyrirtæki búa við svo dýrt afurðalánakerfi að útilokað er að reka fyrirtækin, jafnvel þó rekstur þeirra gangi áfallalaust. Fyrirtækin greiða afurðalánavexti sem eru breytilegir eftir því í hvaða mynt lánin eru tekin. SDR-afurðalán bera 10,5% vexti, lán í íslenskum krónum 12,25%, í dollurum 9,5% og í sterlingspundum 15,25% vexti. Til að komast í afurðalán þurfa fyrirtækin að tryggja fiskinn og er iðgjaldið 5–7% á ári. Iðgjald er reiknað af meðalverðmæti fisks á árinu samkvæmt eldisáætlun. Almenna reglan er sú að sjálfsáhætta er 25%. Þannig fá fyrirtækin ekkert greitt ef einstakt tjón er undir 25% af heildarverðmætum í viðkomandi fiskeldisstöð. Ef mörg smátjón verða fæst ekkert greitt nema samanlögð upphæð tjóna nemi hærri upphæð en 50% af áætluðu hæsta verðmæti fisks í stöðinni. Auk framangreindra afarkosta eru ýmis ákvæði í tryggingaskilmálum sem gera tryggingafélögunum mögulegt að neita greiðslu bóta eins og þegar liggur fyrir í veigamiklum atriðum.

Bankar veita lán til fiskeldisfyrirtækja sem geta numið 30–37,5% af verðmæti fisksins samkvæmt verðmætaskrá tryggingarfélaganna. Lán bankanna eru tryggð með 1. veðrétti í fiskinum. Hins vegar neita bankarnir sumum fiskeldisfyrirtækjum alfarið um

rekstrarlán. Ábyrgðasjóður fiskeldislána veitir ríkisábyrgð á lán til fiskeldis. Ríkisábyrgðin getur numið allt að 37,5% af verðmæti fisksins samkvæmt verðmætaskrá samsteypu íslensku fiskeldistryggingannna. Ábyrgðasjóðurinn tekur ábyrgðargjald sem er breytilegt, 6–7,3%. Ábyrgðargjald reiknast af lánsupphæðinni eins og hún er hæst í hverjum mánuði. Ríkisábyrgðin er tryggð með 2. veðrétti í fiskinum. Mjög erfitt er að fá áheyrn í ábyrgðasjóði fiskeldislána og eru dæmi um að lítil fiskeldisfyrirtæki hafi þurft að greiða allt að 1 millj. kr. í skýrslugerðir til sérfræðinga til að vera tekin gild hjá ábyrgðasjóðnum. Eðlilegra væri að starfsmenn ábyrgðasjóðsins ynnu þessa skýrslu sjálfir þar sem lítið er um verkefni hjá sjóðnum og aðeins örfá fyrirtæki hafa verið afgreidd hingað til.

Rétt er að gera sér nokkra grein fyrir hve mikinn kostnað fyrirtækin bera vegna vaxta af afurðalánum, tryggingaiðgjöldum og ábyrgðargjöldum. Það er gert ráð fyrir að það taki um 44 mánuði að ala lax frá hrognastigi í þriggja kílóa þyngd. Auk þess er reiknað með að bankinn láni 32,5% af tryggingarmati og ríkisábyrgð sé 37,5% og tryggingargjald sé 6%. Eftir að búið er að slægja fiskinn vegur hann 2,7 kg. Skilaverðið að frádregnum flutnings-, pökkunar- og sláturkostnaði er í dag um 260 kr. á kg. Kostnaður vegna vaxta, trygginga- og ábyrgðargjalda er 54 kr. á kg eða um 21% af skilaverði, þ.e. söluverði fisksins. Trygging og ábyrgðargjald er um helmingur af þessum kostnaði. Það er mín skoðun að lögin um ábyrgðasjóð fiskeldislána séu með öllu gagnslaus og betra sé að nema þau úr gildi en að hafa þau eins og þau eru núna.

Þegar aðrar þjóðir styrkja nýjar atvinnugreinar og renna styrkari stoðum undir atvinnulíf sitt, þá tökum við fegins hendi við nýjum greinum eins og þessum, en þetta er það sem þeim greinum er boðið upp á. Alþingi hefur ekki einu sinni heldur tvisvar afgreitt lög í þessum efnum. Á aðvaranir ákveðinna þingmanna hefur ekki verið hlustað. Þetta er árangurinn af starfi meiri hluta alþingismanna hvað þetta snertir. Og mættu þeir nú fara að hugsa örlítið meira um það hvað er hverju sinni verið að taka ákvörðun um og hversu langt er fært að ganga í þessum málum eða öðrum. Þetta er dæmigert sýnishorn af því sem ekki á að gera.

Ég held að það væri rétt, virðulegi forseti, að skýra aðeins frá opinberum styrkjum til atvinnufyrirtækja sem eru notaðir í mjög ríkum mæli í Evrópu svo alþingismenn geti fengið einhverja lykt af því sem er að gerast annars staðar og séð að ekki er hægt að halda áfram á þessari braut eins og gert hefur verið. Opinberir styrkir til atvinnufyrirtækja eru notaðir í mjög ríkum mæli í Evrópu til þess að örva atvinnu á ákveðnum landsvæðum og raunar einnig í ákveðnum atvinnugreinum. Nánast öllum Evrópulöndum er skipt niður í byggðaþróunarsvæði. Þar er með ýmsum hætti leitast við að auka atvinnu og hafa áhrif á búsetu fólks. Í því skyni er árlega varið í Evrópubandalagslöndunum sem svarar hundruðum milljarða íslenskra króna af opinberu fjármagni, oftast í formi beinna stofnfjárstyrkja til einstakra atvinnufyrirtækja. Þessir styrkir frá ríkisstjórnum einstakra landa og frá Evrópubandalaginu geta numið allt að 75% af stofnkostnaði nýframkvæmda við atvinnufyrirtæki í Portúgal og á Spáni en 35% í Bretlandi auk aðstoðar frá sveitarfélögum. Opinberir byggðastyrkir frá Evrópubandalaginu munu tvöfaldast að raungildi samkvæmt áætlun bandalagsins til ársins 1993. Á móti því vegur að greina má tilhneigingu til lækkunar á beinum styrkveitingum frá einstökum ríkisstjórnum í bandalagslöndunum. T.d. gætir þessa í Bretlandi. Fullyrða má þó að í heild fari þessi opinberi beini stuðningur við atvinnuvegina verulega vaxandi í Evrópu. Í því sambandi má minna á að fyrir tæpu ári voru teknar upp nýjar styrkveitingar frá Evrópubandalaginu til fiskvinnslu. Það er því sérstaklega áhugavert fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með opinberum styrkveitingum til byggðamála í Evrópu og líklegri framvindu á því sviði á næstunni.

Í Bretlandi utan Norður-Írlands var varið um 700 millj. sterlingspunda á árinu 1986 í opinbera byggðastyrki frá bresku ríkisstjórninni og að auki 200 millj. á Norður-Írlandi eða rúmlega 90 milljörðum ísl. kr. á núverandi gengi. Ef upphæðinni er deilt niður á íbúana í Bretlandi er hún um 1250 kr. á mann. Sé henni á hinn bóginn deilt niður á þá sem njóta hennar yrði hún um 36 sterlingspund á íbúa eða liðlega 3600 kr. Sambærileg upphæð fyrir landsbyggðina á Íslandi yrði um 400 millj. kr. í hreinum ríkisstyrkjum til greiðslu á stofnkostnaði fyrirtækja. Og beri menn það nú saman við framlög til þeirrar stofnunar sem á að annast þessi mál og sömuleiðis beri þau saman við það fjárlagafrv. sem ekki hefur enn þá hlotið afgreiðslu.

Eins og hæstv. forsrh. gat um réttilega hefur orðið verulegur flutningur á fólki nú á síðustu árum frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Ástæður þessara flutninga eru auðvitað margar og ég ætla ekki að fara að tíunda þær allar hér. En ég tel þó að ein meginástæðan fyrir þessum auknu flutningum sé sá samdráttur sem hefur orðið í atvinnulífi landsbyggðarinnar sem er fyrst og fremst samdráttur í sjávarútvegi, samdráttur í veiðum sem hefur verið um 10% þrjú sl. ár í röð. Það kemur harðast niður á stöðum sem eiga allt sitt undir fiskveiðum og fiskvinnslu. Samdrátturinn nær síður til þeirra svæða þar sem þjónustan er höfuðatvinnuvegur, eins og t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu. Sama má segja um samdrátt víðast hvar úti um land í landbúnaði þar sem hann er fyrir hendi og menn þekkja. Þetta er að mínum dómi ein höfuðástæðan fyrir þessum flutningi.

Svo er líka hitt að það er engin samræmd stefna til, í raun og veru engin stefna til í þessu landi varðandi fiskvinnslu, hún fyrirfinnst ekki. Og það er enginn sem ljær máls á því að taka upp slíka stefnu. Við horfum upp á það að fiskurinn er fluttur í vaxandi mæli óunninn úr landi. Hann er fluttur til svæða þar sem er farið að byggja atvinnu mjög mikið á íslenskum fiski. Það er það sem verið er taka frá fiskvinnslufólkinu í landinu og fiskvinnslustöðvunum og flytja til. Það er uppgangur á Humber-svæðinu núna þar sem var hrun eftir að við færðum út í 200 sjómílur og gerðum samningana um að koma Bretum út úr 200 mílna fiskveiði-

lögsögu. Nú er þar uppgangur. Byggðastofnun eyddi nokkrum peningi í að senda okkur nokkra í fróðleiksferðalag. Það var að vísu erfitt og ekkert farið eftir venjulegum skikkanlegum vinnutíma því að það var svona frá kl. 6 og til 12 á kvöldin. Þrátt fyrir það var það þess virði að fara það. Maður varð margs vísari, bæði á Humber-svæðinu, í Belgíu, Zeebrugge og í Bremerhaven. Eitt voru menn almennt sammála um á öllum þessum svæðum: Þeir byggja á því að auka fiskvinnslu, auka fiskmarkað og fara í stórfelldar framkvæmdir og njóta margvíslegra styrkja, bæði Efnahagsbandalagsins og sinna þjóðlanda hver staður fyrir sig. En mér er óhætt að segja að flestir eða allir þeir aðilar sem við hittum voru mjög áfjáðir um það að við gengjum sem allra fyrst í Efnahagsbandalagið. Frá þeirra sjónarmiði fannst mér það mjög skiljanlegt. En mér finnst að á síðustu vikum sé allur fréttaflutningur og allt tal eins og ákveðið sé að ganga í Efnahagsbandalagið. Ég veit ekki hvort það á að vera fyrir jól eða milli jóla og nýárs. Það getur ekki beðið mikið lengur eins og mörgum mönnum er mál. Menn spyrja ekkert, hvað fáum við? Hvað er verið að biðja um og hvað ætlið þið ykkur?

Ég get sagt það: Við viljum efla samskipti okkar við nágrannaþjóðir okkar og Evrópuþjóðirnar. Samskipti sem mörg hver hafa átt sér stað um aldir. Við viljum eiga greiðan aðgang að hefðbundnum mörkuðum okkar í þessum löndum og efla viðskipti okkar við þær þjóðir sem við höfum skipt við öldum saman og líka við þær þjóðir sem við höfum skipt við skemmri tíma. En við viljum ekki kaupa þau viðskipti því verði að veita þeim forræði yfir auðlindum okkar, hvorki beint eða óbeint. Hvorki með aðgangi að fiskimiðum eða eignarhaldi á fyrirtækjum í sjávarútvegi. Fiskimiðin eru og verða eign íslensku þjóðarinnar allrar, ekki einhverra útvalinna heldur allrar þjóðarinnar. Því má gjarnan bæta við að með sama hætti og við viljum verja þau gegn ásælni útlendinga hljótum við líka að verja þessa þjóðareign gegn innlendri ásælni. Við, þessi litla og vopnlausa þjóð, erum búin að heyja þrjú þorskastríð við þjóðir sem við töldum áður og teljum aftur vera vinsamlegar. Við höfum sigrað í öllum þessum styrjöldum, öllum þessum þorskastríðum, með þeim árangri að við höfum yfir að ráða 200 mílna fiskveiðilögsögu. Og nú spyr ég: Eigum við að hlaupa í fang Efnahagsbandalagsins eins og það séu engir aðrir kostir fyrir hendi? Ég segi nei. Við eigum eðlilega að efla samvinnu við Efnahagsbandalagið, ekki eingöngu á þessum sviðum heldur á fjölmörgum öðrum sviðum eins og frekast er hægt, en halda reisn okkar sem sjálfstæð þjóð. Við eigum að fylgja fast eftir kröfunni um tvíhliða tollasamning. Við náðum góðum tollasamningi á sínum tíma með svokallaðri bókun 6 sem ekki kom til framkvæmda fyrr en við vorum búin að semja við Breta um lausn á þorskastríðinu.

Þegar menn segja, bæði útlendingar og þó nokkuð margar hjáróma raddir í þessu þjóðfélagi, að við þurfum að flýta okkur, við séum að missa af strætisvagninum ef við förum ekki að biðja um — sumir tala um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu. Ég veit ekki til þess að hún sé til. Annaðhvort er aðild eða ekki aðild. Annaðhvort er að vera eða vera ekki. Og það sé ekki um neitt annað að ræða. Þó Efnahagsbandalagið sé voldugt bandalag og hafi margan góðan tilgang, sennilega er þetta efnahagsbandalag að skapa frið í Evrópu, og undir það hljótum við öll að taka. En höfum við ekki neitt annað að snúa okkur til? Ég segi: Þó að þróun dollarans sé óhagstæð nú þá höfum við auðvitað stórkostlega möguleika í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Við höfum líka vaxandi möguleika í Japan og meðal fleiri þjóða. Svo kemur hitt sem er stærsta trompið okkar, langstærsta og veigamesta, það er það að við búum við ómenguð fiskimið. Við framleiðum matvæli sem er óhætt fyrir fólk að neyta. En þjóðir Evrópu verða að fiska á hafsvæði sem er orðið mengað og svo mjög mengað að við köllum það helst af öllu drullupolla, því þeir eru orðnir svo hræðilegir, Norðursjórinn að ég tali ekki um Eystrasalt. Og þá spyr ég: Er hætta á því að menningarþjóðir, sem gera háar kröfur til heilbrigðis og hreinlætis, láti bjóða landsmönnum sínum óhollan mat sem er fiskaður úr menguðum sjó? Nei, krafa þessara þjóða verður sú að kaupa afla sem er ómengaður og veiddur hér í tiltölulega hreinum sjó og mjög hreinum sjó miðað við þann sem þessar þjóðir eru að veiða í. Það verður krafa fólksins í þessum löndum að það sé ekki verið að setja óþarfa innflutningstolla á þessar afurðir.

Ég sé líka fyrir mér að ef við förum í fang Efnahagsbandalagsins þá geta þó nokkuð margir menn og vel menntaðir fengið vel borgaða vinnu hjá Efnahagsbandalaginu. Því verður ekki á móti mælt. En það verða aftur aðrir sem missa atvinnuna sína, fiskverkunarfólkið, fólkið sem hefur unnið í þjónustugreinum sjávarútvegsins. Þar harðnar á dalnum við það. Þar hrynur möguleikinn á því að halda þessu landi í byggð. Sjáum við ekki þróunina á ýmsum öðrum sviðum? Byrjaði ekki strjálbýlisverslunin að kvarta undan því að fólkið væri hætt að versla í heimabyggðunum og farið að sækja á stórmarkaðina í Reykjavík? Ég man eftir því og var mikið um talað. Eru ekki stórmarkaðirnir núna í Reykjavík farnir að kvarta undan því að í vaxandi mæli sé verið að flytja verslunina úr landi í stórmarkaði erlendis? Einhvers staðar sá ég í blöðunum, það er nú ekki allt að marka sem þau segja, að núna fyrir jólin séu flutt inn um 120 tonn af fötum.

Gefur þetta okkur ekki tilefni til þess að hætta að vinna þannig að lagasetningu að spyrja alltaf menn í fjmrn.: Hvað tapar ríkissjóður ef þetta frv. eða hitt er samþykkt? Og þá kemur hvað ríkissjóður tapar en það kemur aldrei hvað ríkissjóður tapar á því að vera með svona óheyrilega tolla þannig að vöruverðið er svo miklu, miklu hærra en í nágrannalöndunum. Ef það væri orðið svipað eða eins og þar, þá mundi draga verulega úr þessum innflutningi og þessari eyðslu allri sem á sér stað. Allt þetta er þáttur í byggðastefnunni.

Virðulegi forseti. Ég biðst forláts á því ef ég hef orðið kannski alllangorður en ég tel að þessi mál séu það mikils virði að nauðsynlegt sé að þau séu rædd ítarlega og lagt út af því og hugað að þeim upplýsingum sem fram hafa komið hér í þessari umræðu.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar fjölgaði íbúum í Reykjavík og á Reykjanesi um 24.000 manns á árabilinu 1980–1989. En í öðrum landshlutum var á sama tíma nánast engin fjölgun, þ.e. ef þessir aðrir landshlutar eru teknir sem ein heild kemur í ljós að þar er fjölgunin aðeins 400 manns.

Fjölgun fólks á suðvesturhorninu var meiri en sem nemur samanlögðum fjölda í tveimur kjördæmum landsins, á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Utan suðvesturhornsins er sem sagt stöðnun og bein afturför á þessu tímabili. Það er líka eftirtektarvert þegar tölur eru skoðaðar frá Hagstofu að utan suðvesturhornsins eru nú orðið verulega miklu fleiri karlar en konur. Þannig eru karlar 3.400 fleiri en konur á svæðinu frá Vesturlandi hringinn í kringum landið til Suðurlands, en í Reykjavík eru aftur á móti tæplega 3.000 fleiri konur. Þetta er auðvitað ekki mjög vel til þess fallið að skapa eðlilega þróun.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir fjallar um rekstur Byggðastofnunar á liðnu ári. Þær tölur sem ég hef hér nefnt eru sannarlega þess eðlis að þær minna okkur á að byggðamálin eru mikilvægari en kannski flest önnur mál í íslenskum stjórnmálum í dag. Það er a.m.k. skoðun mjög margra á landsbyggðinni. Ég tel að athyglisverðast í þessari skýrslu sé það sem hér hefur verið rakið af hæstv. forsrh. og hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að eiginfjárhlutfall Byggðasjóðs fer mjög ört rýrnandi og hefur gert það allan þennan áratug sem eðlileg afleiðing af því að framlög til sjóðsins hafa mjög minnkað. Ég tel að við svo búið megi ekki standa og að brýna nauðsyn beri til að bæta eiginfjárstöðu Byggðasjóðs með því úrræði, sem hæstv. forsrh. nefndi hér áðan, að ríkissjóður yfirtaki nokkuð af skuldum Byggðastofnunar við Framkvæmdasjóð Íslands, en þær munu nema núna um 3.300 millj. kr. í gengistryggðum lánum og eiga að greiðast á næstu 11 árum. Ég held að svo háar fjárhæðir þurfi að afskrifa á næstu árum vegna erfiðrar stöðu margra atvinnufyrirtækja og yfirvofandi gjaldþrota að ekki verði undan því vikist að grípa til þessa úrræðis til þess að tryggja framtíð þessarar stofnunar.

Það er hárrétt sem hv. þm. Matthías Bjarnason rakti hér áðan, að framlög ríkissjóðs til Byggðastofnunar voru fimm sinnum meiri hér áður fyrr en þau eru í dag. Þessi framlög hafa rýrnað sérstaklega mikið á þessum áratug, sérstaklega á seinni hluta áratugarins. Ég tel að ef framlögin væru svipuð í dag og hefðu verið undanfarin ár svipuð og þau voru á árunum 1980–1983, þá gæti Byggðastofnun vel við unað. Það má út af fyrir sig segja það að eiginfjárframlög ríkissjóðs í mörg ár sem næmu 400–500 millj. á ári mundi vera upphæð sem gæti gengið ef svo færi fram í mörg ár. En vegna þess vanda sem nú hefur upp safnast vegna þess að framlögin hafa verið núna seinustu fimm árin langt innan við 200 millj. kr. þá verður ekki undan vikist að grípa til þessara sérstöku ráðstafana, að yfirtaka skuldir sjóðsins.

Byggðastofnun er vissulega helsta stjórntæki Alþingis og ríkisstjórna til að efla byggð víðs vegar um land. Auðvitað er hægt að efla byggðastefnu með öðrum hætti en þeim að veita fé úr Byggðasjóði. Satt best að segja er hægt að halda uppi mjög öflugri byggðastefnu í þessu landi án þess að nokkurt fé komi úr sérstökum sjóði til byggðamála. Eða hvað er byggðastefna? Ég tel að byggðastefna sé sérhver sú aðgerð sem stuðlar að því að snúa við langvarandi öfugþróun í byggðamálum. Það er t.d. byggðastefna að flytja stofnanir ríkisins út á land, þær sem þar eiga heima. Þetta hefur núverandi ríkisstjórn byrjað á að gera. Ég tel að það sé ágæt byggðastefna að flytja Skógrækt ríkisins austur á land og Hagþjónustu landbúnaðarins á Hvanneyri, meðan aftur á móti hitt er mikil öfugstefna í byggðamálum þegar risavaxinni stóriðju er valinn staður á Suðurnesjum.

Það er líka byggðastefna ef rétt er haldið á málum við stjórn landsins hvað fjármál og efnahagsmál snertir. Það hefur veikt landsbyggðina mjög mikið hvernig stefna stjórnvalda í vaxta- og gengismálum var á árabilinu 1984–1988. Þá þrefölduðust raunvextir á nokkrum árum og gengi krónunnar varð mjög óhagstætt fyrir útflutningsatvinnuvegina og af þessu erum við nú að súpa seyðið með mikilli aukningu gjaldþrota. Fátt hefur orðið til að veikja byggðir landsins eins og einmitt það að vextirnir hækkuðu svo upp úr öllu valdi og reynt var að halda gengi krónunnar föstu þrátt fyrir töluverða verðbólgu þannig að útflutningsatvinnuvegirnir lentu í miklum erfiðleikum. Það er staðreynd að hefðbundnir atvinnuvegir standa ekki undir raunvöxtum af stærðargráðunni 7–10%. Þeir þola raunvexti sem eru kannski á bilinu 3–5%, en þegar komið er upp í tvöfalt hærri raunvexti þá hljóta flestar venjulegar almennar atvinnugreinar að bíða lægri hlut fyrr eða síðar. Ég tel það eitt mesta mein í íslenskum efnahagsmálum hvað raunvextir hafa verið háir á liðnum árum. Það hefur landsbyggðin ekki hvað síst orðið að gjalda dýru verði.

Þegar gengismál eru nefnd má stundum sjá þá hugmynd á kreiki að skynsamlegt gæti verið fyrir Íslendinga að tengja íslensku krónuna við annan gjaldmiðil. Ég sá það seinast á fundi með fulltrúum frá Fjórðungssambandi Norðurlands, þar sem réttilega var vakin athygli á mörgum ágætum málum, en þar var nefnt hvort ekki væri skynsamlegt að tengja íslensku krónuna við annan gjaldmiðil. Ég held að fátt yrði landsbyggðinni til jafnmikillar óþurftar og það ef slíku ráði væri fylgt. Ég held að landsbyggðin þurfi einmitt mjög á því að halda að gengið sé rétt skráð á hverjum tíma. Það verður það ekki ef við færum að tengja íslensku krónuna við annan gjaldmiðil og láta aðstæður og þróun í Evrópu eða vestan hafs ráða því á hvaða gengi íslenska krónan væri skráð á hverjum tíma. Þá er ég ansi hræddur um að það kæmu tímabil þar sem okkar útflutningsatvinnuvegir mundu að miklum hluta hreinlega komast í þrot og fátt væri betur til þess fallið að eyða byggð en einmitt stefna af því tagi.

En það er ekki bara stefnan í efnahagsmálum sem skiptir miklu máli fyrir byggðir landsins. Skattamálin skipta líka stóru í því samhengi. Það var mikið áfall fyrir landsbyggðina þegar ríkið fór að seilast í fjár-

muni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þetta gerðist einkum og sér í lagi á árunum 1985–1987, í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þá var farið að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga mjög freklega, allt þar til svo var komið að um það bil helmingurinn af ráðstöfunarfé sjóðsins rann til ríkisins en ekki til sveitarfélaganna. Þessu var ekki kippt í lag fyrr en sett voru ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um Jöfnunarsjóð. Þar var vissulega reynt að koma málum í rétt far á nýjan leik. Það var skynsamleg byggðastefna, mál sem miklu varðaði fyrir dreifðar byggðir landsins.

Núna tel ég að það sé brýnast í skattamálum hvað byggðirnar snertir að ráðast gegn því ranglæti að fyrirtæki og stofnanir sem í raun þjóna landinu öllu greiði mikinn meiri hluta gjalda sinna til Reykjavíkur vegna þess að þau eru staðsett þar. Ég held að það sé mjög brýn byggðastefna að leiðrétta þetta misrétti. Og hvað skattamálin varðar má líka sérstaklega nefna veltuskattinn á matvörur sem lagður var á fyrir þremur árum síðan og hefur aðeins verið af tekinn að hálfu leyti. Því verki þarf að ljúka og það væri mjög mikilvægt fyrir stöðu landbúnaðar, og þar með fyrir stöðu landsbyggðarinnar í heild, ef þessi matarskattur yrði afnuminn með öllu.

Auðvitað skiptir margt fleira máli þegar byggðastefna er annars vegar. Það er vond byggðastefna þegar framlög til hafnamála eru skorin niður ár eftir ár, eins og verið hefur nú í mörg undanfarin ár. Ég tel upphæðina sem er í fjárlagafrv. núna og ætluð er til hafnamála algerlega ófullnægjandi og einn ljótasta blettinn á núv. fjárlagafrv., það verði tvímælalaust að reyna að hækka þá tölu við afgreiðslu fjárlaganna og að þetta sé eitt mesta hagsmunamál sem sveitarfélögin standa frammi fyrir núna og þurfa að berjast fyrir.

Loks má nefna jöfnun þjónustugjalda sem mikið hagsmunamál dreifbýlisins. Ég minni á að á undanförnum árum hafa verið stigin merk spor í þá átt að jafna símagjöld. Það gerðist einmitt núna 1. nóv. sl. að skrefið í langlínusamtali var lengt um 33% þannig að hvert þriggja mínútna samtal lækkaði um 20%. Tekin voru upp sérstök svæðagjöld þannig að símakostnaður innbyrðis milli staða sem liggja nærri hver öðrum víða um land var lækkaður. Þetta er afar mikilvægt mál sem menn hljóta að þakka fyrir. Þetta er partur af heilbrigðri byggðastefnu og ég vil þakka ríkisstjórninni fyrir gott frumkvæði í þeim málum. En ég get ekki þakkað ríkisstjórninni fyrir frammistöðu hennar varðandi jöfnun orkukostnaðar því þó það baráttumál sé í stefnuskrá þessarar stjórnar þá hefur ekkert verið í því máli gert enn. Satt best að segja þótti mér nokkuð seint í rassinn gripið þegar ég uppgötvaði það að hæstv. iðnrh. var fyrir nokkrum vikum fyrst að koma á fót nefnd til þess að undirbúa tillögur um það hvernig best yrði staðið að jöfnun raforkukostnaðar. Auðvitað er hægt að jafna orkukostnað á Íslandi og það ber að gera. Ég tel að einfaldasta leiðin til þess sé sú að Landsvirkjun verði ein látin selja raforku í heildsölu og hún verði látin haga sinni verðlagningu þannig að það geti stuðlað að jafnara raforkuverði en nú er við lýði. Það er langeinfaldasta leiðin að láta Landsvirkjun um að leysa þetta verkefni og hún getur leyst það, hún hefur fjármagn til þess. Landsvirkjun er stofnun sem hefur verið byggð upp á kostnað allrar þjóðarinnar. Orkuverin voru byggð fyrir lán sem orkunotendur á landinu öllu greiddu niður með kaupum á raforku og ég veit ekki til þess að eigendur Landsvirkjunar hafi orðið að leggja nein aukagjöld á íbúa sinna sveitarfélaga til þess að koma Landsvirkjun á stofn. Ég tel að eðli máls samkvæmt beri Landsvirkjun skylda til þess að taka þetta hlutverk að sér og stuðla að því að orkuverð verði jafnt um allt land eða sem jafnast. Þetta er eitt af stóru málunum þegar rætt er um byggðastefnu og kannski það mál sem við hljótum að vænta að verði tekið til úrlausnar nú þegar á næstu vikum.

Margt fleira mætti segja um byggðamál. En vegna þess að fleiri þurfa að komast hér að ætla ég að láta þetta duga.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í gær var ég ásamt fleirum hv. þm. stödd í afskekktu sjávarplássi, líklega því einangraðasta sem þjóð okkar byggir. Þar hafa menn í aldanna rás lifað af því að draga fisk úr sjó, enda ekki um aðra afkomumöguleika að ræða. Hafnarskilyrði hafa verið erfið þarna og harðbýlt nokkuð, en þarna býr dugmikið fólk í góðu samfélagi og hefur skilað, að ég hygg, meiri gjaldeyristekjum á mann í þjóðarbúið en flest ef ekki öll önnur byggðarlög í landinu.

Að undanförnu hefur verið unnið þarna að hafnargerð, dýru mannvirki, það kostar milljónatugi. M.a. hefur Byggðastofnun komið þar við sögu með framlög. Í gær voru menn glaðir og fagnandi, höfnin tekin formlega í notkun og bjart fram undan, öryggi sjómannanna tryggara og aðstaða betri.

En á þeim gleðidegi bárust aðrar fréttir. Nú er ljóst hvernig kvótamálum byggðarlagsins verður háttað á næsta ári. Í stuttu máli er það með þeim hætti að segja má að grundvellinum sé kippt undan byggðinni. Slík er skerðingin hjá þessu fólki sem hefur í enga aðra atvinnu að leita og getur ekki einu sinni selt eignir sínar ef það neyðist til að fara á brott. En fyrirtæki sem á ónýtan togara, bundinn við bryggju í næsta byggðarlagi og hefur ekki verið gerður út í tvö ár, fær 300 tonna aukningu í veiðiheimildum. Er þó síst hægt að segja að það fyrirtæki hafi skort veiðiheimildir áður. Slíkt er það réttlæti sem menn ástunda í þessum efnum.

Ég skynjaði vonbrigði og reiði fólks ákaflega sterkt yfir því misrétti sem það taldi sig beitt. Og ég skynjaði líka, og það mættu fleiri gera, hvílíkur örlagavaldur fólks og byggðarlaga fiskveiðistjórnun getur verið eftir því hvernig henni er beitt. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvaða vit er í slíkum ráðstöfunum hjá stjórnvöldum? Þau rétta fólkinu höfn með annarri hendinni og hrifsa af því lífsbjörgina með hinni. Ég vænti þess ekki að stjórnvöld þurfi að búast við heitum þakkarávörpum frá Grímseyingum, því hvers virði er höfn ef ekki er hægt að lifa af fiskveiðunum? Þessa vildi ég geta hér í upphafi þegar rædd eru byggðamál

því að svo snar þáttur er fiskveiðistjórnunin í því hvernig byggð þróast að fram hjá því má ekki ganga í umræðunni. Og er ekki hv. þm. og hæstv. ráðherrum að verða ljóst að kjarkleysi þeirra eða kæruleysi þegar þeir guggnuðu við að binda veiðiheimildir að einhverju leyti við byggðarlög, sem var tillaga kvennalistakvenna og óskir landsbyggðarbúa, kann að leiða til meiri ófara en séðar verða fyrir?

En annað mál er til umræðu hér, þó að þetta sé að vísu þáttur í því, og það er skýrsla Byggðastofnunar, skýrsla um það hvernig stofnunin hefur á sl. ári farið með það hlutverk sitt að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Um það atriði út af fyrir sig hljóta þó alltaf að vera deildar meiningar. En allt um það er starf Byggðastofnunar mikið umfangs og á mörgum sviðum, svo sem skýrslan greinir og grípur inn á fjölmarga þætti í atvinnulífi landsmanna. Ég vil nota tækifærið til að lýsa ánægju með hversu hnitmiðuð skýrslan er og laus við allar málalengingar og aðgengileg fyrir hvern sem er.

Þessari stofnun hefur frá upphafi verið ætlað beint og óbeint að hamla á móti því ójafnvægi sem er á byggð í landinu og fer vaxandi og að sporna við fólksflutningum á suðvesturhornið, þó hvergi sé það hlutverk í rauninni skilgreint beinum orðum. Augljóst er að miklu fyrr hefði þurft að hefja slíkar aðgerðir því að enn aukast fólksflutningarnir til höfuðborgarsvæðisins þrátt fyrir það starf sem stofnunin hefur unnið, sem ég er alls ekki að vanmeta.

Hv. 1. þm. Vestf. hefur farið yfir fjárhagsstöðu stofnunarinnar svo að ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það. En ég bendi á og undirstrika að fjárhagsstaða hennar fer versnandi og það ríkisframlag sem henni er ætlað á komandi ári veitir henni lítið svigrúm til aðgerða.

Hlutverk Byggðastofnunar er tvíþætt. Hún er annars vegar umfangsmikil lánastofnun en hins vegar þróunarstofnun. Mér virðist að tími sé kominn til að endurskoða fyrra hlutverkið með tilliti til þess sem í skýrslunni stendur. Með leyfi hæstv. forseta stendur þar: „Nú er svo komið að auðvelt er að fjármagna skynsamlega nýfjárfestingu með aðstoð hinna hefðbundnu fjárfestingarlánasjóða banka og er það til bóta frá því sem áður var. Lánakjör þar eru síst verri en Byggðastofnun getur boðið, en menn líta hins vegar til Byggðastofnunar í þeirri von að hún horfi öðruvísi á mál með tilliti til áhættu á lánveitingum en bankar og aðrir fjárfestingarsjóðir, en það getur hún því miður ekki gert lengur."

Lánveitingar Byggðastofnunar á undanförnum árum hafa að miklum hluta farið til þess að forða því að neyðarástand skapist á ýmsum stöðum á landsbyggðinni og þá einkum til aðstoðar við fyrirtæki sem eru undirstaða atvinnulífs á sínu svæði. Þær lánveitingar hafa yfirleitt skilað sér vel og orðið til að treysta byggðina þar sem mörg þessi fyrirtæki eru rekin með það fyrir augum að sjá fólkinu fyrir atvinnu fremur en að einblína eingöngu á gróðasjónarmiðið. Þetta félagslega hlutverk fyrirtækjanna skiptir höfuðmáli víða um land. En í harðnandi samkeppni kann að vera að endurskoða verði það og rækja þann þátt, e.t.v. með aðstoð stjórnvalda. Slíkar skoðanir eiga þó ekki fylgi að fagna hjá þeim sem hafa skammtímagróðasjónarmið að höfuðleiðarljósi.

Athuganir og ábendingar skýrslunnar um atvinnulíf á landsbyggðinni, einkum varðandi fiskvinnsluna, eru athyglisverðar. Fiskvinnsla í þeim löndum sem við seljum óunninn fisk til eflist nú hraðfara með aðstoð opinberra aðila þar meðan hún stendur í stað hér eða tæplega það. Og nú verður hún að keppa við fiskvinnslu Evrópubandalagsins. Það er rétt að geta þess að í upphafi viðræðna EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði var lögð á það ofuráhersla af hálfu íslenskra ráðherra, þar á meðal hæstv. forsrh., að fríverslun með fisk væri meginhagsmunamál Íslendinga. Þess vegna væri mjög mikilvægt að taka þátt í samningaviðræðum við EB ásamt öðrum EFTA-þjóðum. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ríkisstjórn gerir sér grein fyrir hvað felst í fríverslun með fisk. Ef um algera fríverslun er að ræða er alls óheimilt að reisa skorður við útflutningi á óunnum og hálfunnum fiski.

Í skýrslunni er bent á aðstöðu fiskvinnslunnar í nágrannalöndum okkar sem býr við allt önnur kjör en hér og nýtur auk þess góðs af byggðastyrkjum. Er búist við að aðgerðir í byggðamálum muni aukast á næstu árum innan Evrópubandalagsins og þá væntanlega í þessum efnum líka. Síðan er bent á þá hugsanlegu þróun, sem við höfum raunar séð síðan skýrslan kom út, að fiskvinnslan flytjist smám saman úr landi eftir því sem erlend úrvinnsla eflist, sem við styðjum nú þegar dyggilega með því að flytja út óunninn fisk. Stjórnvöld geta komið í veg fyrir þessa þróun en það er e.t.v. að verða of seint. Fyrsta skrefið er að móta stefnu í fiskvinnslu og framkvæma hana, síðan jafnframt stjórnun á fiskveiðum. Það er ekki verjandi, og það er þjóðarskömm, að aldrei skuli hafa verið mynduð og rekin stefna um fullvinnslu og fullnýtingu dýrmætustu auðlindar okkar sem er fiskarnir í sjónum. Sú vinnsla ætti að vera okkar stóriðja. Þetta hafa kvennalistakonur margbent á í ræðu og riti en jafnan fyrir daufum eyrum í þingsölum.

Í skýrslunni eru settar fram hugmyndir um hvernig þetta megi gera og væri ráð að fara að þeim tillögum því að annars rekur allt að því að við ströndum uppi á skeri sem hráefnisframleiðendur fyrir iðnaðarþjóðir Evrópubandalagsins. Er það það sem menn vilja? Vilja menn flytja fiskinn út og láta aðra vinna hann þar og flytja síðan inn súrál og vinna það hér með tilheyrandi mengun, umhverfisspjöllum og byggðaröskun sem af því hlýtur að leiða? Þá ráðamenn sem halda því fram að meiri hluti þjóðarinnar vilji fá álver er rétt að minna á það að af stjórnvalda hálfu hefur ekki verið boðið upp á aðra atvinnukosti. Og menn vilja þetta auðvitað heldur en ekki neitt.

Þeir sem eru að þreifa sig áfram og reyna að koma á fullvinnslu í fiskafurðum eru ekki studdir sem skyldi. Rannsóknastarfsemi er fjársvelt en einmitt í rannsóknum liggja okkar dýrmætustu möguleikar um stóriðju í fiskafurðum, ensímvinnslu og fullnýtingu hvers þess sem hafið gefur okkur. Allt sem unnið er á þessu sviði

nú er fálmkennt og máttlítið vegna þess að stefnuna vantar. Það verður að setja ákveðin markmið svo að fjármagn fáist til og stefna síðan að þeim.

Byggðastofnun hefur unnið að fjölmörgum verkefnum um hin ýmsu mál sem varða byggðir landsins, ekki síst að atvinnumálum. Vonandi megum við sem fyrst sjá árangur af því starfi. Sú skoðun kemur sterkt fram hjá stofnuninni að horfur um þróun byggðar á næstu árum og áratugum séu nú mjög ískyggilegar. Nauðsyn sé að móta nýja byggðastefnu og hefja skipulagðar aðgerðir til að breyta hinni fyrirsjáanlegu þróun. Hér er talað um nýja byggðastefnu. Mér vitanlega hefur heildstæð byggðastefna aldrei verið til hér og er nú mál að taka til höndum ef eitthvað á að gera í því að skapa markvissa stefnu um það að treysta byggð sem víðast um landið.

Ýmsar rannsóknir og kannanir hafa farið fram um orsakir byggðarröskunar og fólksflótta. Til að lækna meinið verður auðvitað að þekkja sjúkdóminn og finna viðeigandi lyf. Á Norðurlöndum hafa menn glímt við þennan sama vanda og er sú barátta þegar farin að sýna árangur. Þeir skilgreindu vanda sinn fyrr en við og nú njóta þeir þess í nokkru. Það er meginþáttur í þeirra stefnu í viðhaldi byggða að auka þurfi atvinnu fyrir konur, færa menntunina sem næst fólkinu og auka fjölbreytni í störfum. Auk þess eru sífelldar rannsóknir þar í gangi á nýsköpun í atvinnu og áætlanir gerðar samkvæmt því. Allt þetta þurfum við líka að gera. Vissulega er skilningur að aukast á mikilvægi þessara mála. Nefndin sem skal móta byggðastefnu hefur skilað inn ýmsum hugmyndum en hún hefur ekki séð enn fjárframlög til að hrinda þeim hugmyndum í framkvæmd, og til hvers er þá unnið?

Ég vil minna á frv. Kvennalistans um sérstaka kvennadeild við Byggðastofnun sem ég er ekki í vafa um að skila mundi árangri. Sömuleiðis annað frv. Kvennalistans um heimilisiðnaðarráðgjafa. Slík starfsemi gæti leyst úr læðingi ónýtta krafta og orðið til aukinnar atvinnu, einmitt í dreifbýli, ef markvisst er unnið.

Virðulegi forseti. Byggðastofnun hefur vissulega unnið gagnmerkt starf á undanförnum árum. Mikill tími og miklir fjármunir hafa að vísu farið í björgunaraðgerðir sem vonandi skila árangri þó að margt bendi til þess að það muni líka kosta áföll fyrir Byggðastofnun. En verkefnin eru ótæmandi. Ég vil benda á að umræður eru uppi um flutning ýmissa ríkisstofnana út á land. Þar gæti Byggðastofnun unnið að með tillögum og skipulagningu. Landsbyggðinni er þörf á að fjölmenntað fólk setjist þar að. Það hefur sýnt sig í öðrum löndum að önnur og/eða ný sjónarmið koma þá til í byggðunum og leiða oft til frjórra og fyllra mannlífs.

Ég vil undirstrika aftur, virðulegi forseti, að ég tel að svo mikilvægt sem hlutverk Byggðastofnunar er sé höfuðnauðsyn að tryggja fjárhag hennar. Eiginfjárstaða hennar fer nú síversnandi og framlag til hennar í frv. til fjárlaga hrekkur skammt ef á að ráðast í eitthvað sem munar um. En mikilvægast er að fé hennar sé ráðstafað framvegis af gætni og yfirvegun að bestu manna yfirsýn.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala mjög lengi en þetta er auðvitað mjög brýnt mál sem verið er að tala um sem allir hljóta að hafa áhyggjur af eins og það stendur nú.

Ég gat ekki hlustað á alla ræðu formanns stjórnar Byggðastofnunar áðan en það sem ég heyrði af henni var einmitt það sem ég hefði viljað segja í sambandi við störf og stöðu Byggðastofnunar. Þess vegna mun ég ekki endurtaka það hér. En í sambandi við ferðir okkar í stjórn Byggðastofnunar til útlanda til að athuga fiskmarkaði og annað í sambandi við okkar útflutningsmál vil ég bæta því við það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði að ég sannfærðist um það í þessari ferð að ekki væri vandi fyrir okkur að selja fisk. Ég sannfærðist um að það mundi verða mjög eftir því gengið að fá fisk frá Íslandi. Eftir að hafa séð þann fisk sem var á fiskmörkuðunum og heyrt í þeim í Hull og Grimsby sannfærðist ég um það að ekkert er eftir þar af fiski nema rusl, eins og það sem er veitt við bryggjurnar og jafnvel enn þá aumara en það. Þeir byggja mjög sína starfsemi í öllum þessum löndum, ekki síst í Vestur-Þýskalandi, á því að fá fisk frá Íslandi. Þeir munu sækja á að við munum fá að flytja fiskinn út án a.m.k. nokkurra verulegra tolla. Auðvitað er fleira í því sambandi sem ég ætla ekki að ræða hér.

Eitt þótti mér mjög athyglisvert og ánægjulegt þegar ég var að hlusta á hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason áðan og það voru þau orð sem hann viðhafði í sambandi við Efnahagsbandalag Evrópu. Þar kom andstæð skoðun við það sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, flokkssystir hans, hélt fram á dögunum þar sem hún lagði til að við drægjum það ekki nema til morguns, að mér fannst þegar hún talaði, að það yrði sótt um inngöngu í Efnahagsbandalagið. (**MB:** Systkin eru ekki alltaf sammála.) Nei, og það er gleðilegt. Ég veit að það munar um hv. 1. þm. Vestf. í þessu máli því eins og horfir held ég að það yrði dauðahöggið á byggðirnar ef við mundum fara þá leið.

Við sjáum hvernig þetta stendur núna. Ég var á fundi á Vestfjörðum og þeir fullyrtu að á þessu ári hefðu flust 600 manns burtu frá Vestfjörðum — á þessu ári. Hvernig endar þetta ef ekki verður eitthvað gert í byggðamálum? Vissulega hefur sú ríkisstjórn sem nú situr gert ýmislegt til þess að þau fyrirtæki sem eru burðarásar í hverju byggðarlagi geti haldið starfsemi sinni áfram, en þau eru samt sem áður nú það veik, sum hver, að það er spurning hve lengi þau geti haldið áfram nema breytt verði um stefnu.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds að það eru fyrst og fremst vextirnir sem ráða mestu um. Það er vaxtastefnan og það hvað hæstv. ríkisstjórn hefur tekið, ég segi linlega á þeim málum og langt frá því sem um var samið þar sem vextir eru jafnvel yfir 10% raunvextir fyrir þá sem þurfa að skuldbreyta. Yfir 10%. Það voru teknir upp þessir kjörvextir, t.d. í Búnaðarbankanum, strax þegar ég var farinn þaðan. Hvað þýddi það? Það þýddi að

þeir hækkuðu til almennings úr 7,5% upp í 8,25%. Það þýddi að ef einhver viðskiptavinur væri það ríkur að hann hefði svo stórt veð að það væri minna en 30% sem hvíldu á eigninni eftir að hann væri búinn að taka lán gat hann fengið það jafnvel með 6,5% vöxtum. En á lán þeirra sem eru komnir í erfiðleika, sem þurfa að láta skuldbreyta, má með leyfi Seðlabankans bæta 2% við þessi 8,25%. Að vísu er misjafnlega að þessu staðið. Ég hef fréttir af því að ekki er farið eftir þessu í öllum útibúum á þann hátt sem ég er að tala um. En það er gert í aðalbönkunum og í flestum útibúum.

Þetta er náttúrlega algjörlega óviðunandi ástand og þetta er skýringin á því að fólk er að missa íbúðir sínar í stórum stíl. Eins og stendur er á landsbyggðinni víða ekki hægt að selja hús fyrir þá sem gefast upp. Mér er sagt að t.d. sums staðar á Vestfjörðum standi íbúðirnar tómar. Það verður nefnilega að taka á þessum málum með öðrum hætti en hefur verið gert.

Eitt af því sem verður að gera — og það hefur verið umsókn og ósk stjórnar Byggðastofnunar — er að ríkið taki við um 3 milljörðum af skuldum Byggðastofnunar við Framkvæmdasjóð og veitir ekki af eins og nú horfir. Það er alveg sama sagan með fiskeldið, það hefur nú alveg mistekist björgunarstarfið í sambandi við Tryggingasjóð fiskeldislána. Það fór eins og manni datt í hug að breytingin sem var gerð var til hins verra en ekki til að leysa málið. Og þær stöðvar sem upp úr standa enn þá og eru í rekstri horfa flestar, þó ekki allar, fram á að það geti verið kannski mánaðar spurning hvenær lokað verður. Eins hefur verið með loðdýraræktina, þau fyrirheit sem voru gefin um skuldbreytingar þar hafa í mörgum tilvikum ekki náð fram að ganga og það fólk er orðið meira en allslaust. Ýmsir fara þaðan slyppir og snauðir og ýmsir sem hafa reynt að hjálpa þeim hafa einnig misst sitt.

Það var minnst á jöfnun orkukostnaðar áðan. Hún er athyglisverð staðan sem þar er. Nefnd er að störfum til að kanna þessi mál. Og upp hefur komið að Landsvirkjun stefnir að því að vera skuldlaus í árslok 2004, þ.e. búin að borga allar sínar skuldir. Það er enginn vandi að jafna að fullu orkukostnaðinn, sem er auðvitað sjálfsagt að krefjast, með því að lengja lánin. Réttast væri að taka Landsvirkjun eignarnámi frá Reykjavík og Akureyri og að ríkið ræki hana. Ef á að fara út í að virkja fyrir stóriðju er réttast að hafa þar sérstakt fyrirtæki sem stendur á bak við það til þess að ekki sé verið að færa á milli, að neytendur orkunnar í landinu þurfi ekki að borga þau afföll sem sýnileg eru ef á að semja á þann veg sem nú stefnir í þeim málum.

En það er margt fleira sem verður að gera ef á að bjarga byggðunum. Það eru ekki síst kvótamálin. Sá sem hér stendur kom með tillögur um það, þegar lög um fiskveiðistefnu voru samþykkt á Alþingi á sl. vori, að hluti af kvótanum yrði færður yfir á byggðirnar. Mér var alveg ljóst að ekki var hægt að taka það alveg af skipunum. En ef þessu heldur áfram eins og nú er verða sumar byggðirnar alveg kvótalausar. Það er fjármagnið sem nær þessu. Þrátt fyrir 1. gr. laganna um að þjóðin eigi fiskinn í sjónum selja þeir kvótann sem fá hann eins og þeir eigi hann. Ef það verður liðið þýðir það að eins fer með það og aðrar eignir að því verður ekki haggað nema að taka kvótann eignarnámi og þá verður að borga verð fyrir eftir mati. Eins og fiskveiðistefnan er mun þetta þróast í það að peningamennirnir nái öllum tökum á þessari auðlegð þjóðarinnar. Og 1. gr. í lögunum reynist þá marklaus vegna þess að valdhafarnir gera ekkert í því að stöðva að kvótinn gangi kaupum og sölum eins og hefur verið á undanförnum árum.

Það er sýnilegt að allt horfir í að stórir hlutar af landsbyggðinni fari í auðn. Ekki er bjartara yfir ef á að fara að byggja álbræðslu á Reykjanesi. Eins og fram hefur komið t.d. hjá Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra verður þá í leiðinni að draga úr framkvæmdum annars staðar til þess að hamla gegn þenslu, verðbólgu. Við vorum á fundi í dag þar sem þessi stefna, þessi skoðun, kom fram hjá embættismanni ríkisins. Ofan á það, svo ég taki aftur Vestfirði, að þar hefur fækkað um 600 manns og margir eru á förum eftir því sem mér er tjáð. Það er ekki séð fyrir hvort sum af þeim aðalfyrirtækjum sem standa undir þeirri atvinnu sem þar er þó, það er nóg atvinna þar núna, en það er öryggisleysið sem verður til þess að fólkið flýr. Ef þetta fer eins og horfir erum við illa stödd.

Ég held að það hafi sýnt sig á undanförnum árum og alla tíð að síðan Byggðastofnun tók til starfa að tillögu Gísla heitins Guðmundssonar hafi hún þó hamlað verulega á móti þeirri röskun sem hefði annars orðið, en þrátt fyrir það er þetta svona. Þrátt fyrir þetta hefur á nokkrum árum fjölgað hér á suðvesturhorninu um 24 þús. manns en aðeins um 400 á sama tíma á landsbyggðinni. Og svo eru menn að tala um að það sé byggðastefna í gangi og eigi að gera eitthvað fyrir byggðirnar á sama tíma og þær ráðstafanir sem eru gerðar, eins og t.d. að byggja álver, auka þetta misvægi, auka enn á fólksflutningana hingað á suðvesturhornið. Og þeir sem fara koma fáir til baka.

Ég held að menn verði að athuga svolítið sinn gang betur. Ég mun tala á næstunni fyrir frv. um vaxtalækkun, sem ég legg til að verði gerð á meðan þjóðarsáttin stendur a.m.k., því það er auðvitað ekki hægt að setja allt í fjötra nema frelsi þeirra sem eiga fjármagnið eins og gert er. En það kann að vera að menn treysti sér ekki í það frekar en að taka á sumum öðrum þáttum í þessu þjóðfélagi.

SAMEINAÐ ÞING

23. fundur, fimmtudaginn 29. nóv., kl. 10 árdegis.

Fjáraukalög 1990, 2. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 57, n. 201 og 211, brtt. 202.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 202. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef hér framsögu fyrir hönd meiri hl. fjvn. á nál. á þskj. 201 og brtt. á þskj. 202. Þar sem formaður fjvn., Sighvatur Björgvinsson hv. 1. þm. Vestf., er forfallaður vegna veikinda hleyp ég í skarðið fyrir hann.

Eins og fram kemur á þskj. 202 hefur meiri hl. flutt nokkrar brtt. Ég mun ég nú gera grein fyrir nál.

„Fjáraukalagafrv. þetta fyrir árið 1990 var lagt fram á Alþingi 22. okt. sl. Nefndin hafði þó allnokkru áður hafið vinnu með drög að frv. sem hún hafði fengið í fjmrn. Var það gert til þess að flýta afgreiðslu þess eins og frekast var unnt. Þetta er í þriðja sinn sem frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár er afgreitt og eru vinnubrögð, sem mörkuð voru af nefndinni við fyrstu afgreiðslu á sl. vetri, farin að falla í fastar skorður.

Í stuttu máli má lýsa vinnubrögðum þannig að nefndin kannaði hvern lið frv. til hlítar og fékk skýringar frá fjmrn. og fagráðuneyti á óskum um greiðsluheimildir. Jafnframt gekk nefndin úr skugga um hvort greiðslur hefðu átt sér stað áður en fjárheimilda var leitað. Svo reyndist ekki vera og er það vissulega mikil framför frá því sem áður hafði tíðkast.“ Og ég tel sérstaka ástæðu til þess að hv. alþm. átti sig á þessu mikilvæga atriði.

„Til viðbótar þessu kallaði nefndin eftir upplýsingum um hvernig ráðstöfunarfé ráðherra hefur verið varið (sbr. fjárlagaliði -998). Hér er um nýtt viðfangsefni að ræða sem tekið var upp í fjárlögum í fyrsta sinn fyrir árið 1990 og er ætlað til þess að unnt sé að sinna ýmsum aðkallandi minni háttar viðfangsefnum sem ekki voru fyrirséð við afgreiðslu fjárlaga, en hljóta óhjákvæmilega alltaf að koma til á árinu. Með sama hætti var kallað eftir upplýsingum um hvernig ráðstöfunarfé ríkisstjórnar hefur verið varið (fjárlagaliður 09-989-110), að fjárhæð 100 millj. kr. Þá óskaði nefndin einnig eftir því að fá nákvæmari sundurliðanir á einstökum útgjaldaliðum, svo sem auknum greiðsluheimildum heilsugæslustöðva og embætta bæjarfógeta og sýslumanna sem í frv. eru sýndar í einni óskiptri fjárhæð. Hvað þessa útgjaldaliði varðar leggur fjvn. til að frv. verði breytt þannig að sundurliðanir á einstök viðfangsefni komi þar inn í stað heildarfjárhæðar til að ljóst sé hvaða greiðslur verði heimilaðar til hvers og eins þeirra og vegna hvers.“ Þessi sundurliðun er á þskj. 202 í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

„Að lokinni þessari yfirferð yfir frv. kallaði nefndin fyrir sig forsvarsmenn ráðuneyta og margra ríkisstofnana. Var þeim gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina upplýsingum um greiðslustöðu ýmissa verkefna og óskum, ef einhverjar voru, um greiðsluheimildir umfram fjárlög og fjáraukalagafrv.“ Þetta taldi nefndin nauðsynlegt til þess að fylgja eftir þeim megintilgangi með fjáraukalögum á hverjum tíma að þær sýni sem mest þær staðreyndir sem fyrir liggja þegar þessi lög eru fram sett. „Einnig bárust nefndinni fjölmörg slík erindi frá einstaklingum, félögum og stofnunum. Samtals bárust 55 erindi og voru óskir um viðbótargreiðsluheimildir alls um 406 millj. kr.

Nefndin hafði nýjustu greiðslustöðu samkvæmt ríkisbókhaldi til hliðsjónar við umfjöllun um þessi erindi auk áætlunar fjárlaga. Þá kallaði nefndin eftir tillögum fagráðuneytanna sem ábyrgð bera á viðfangsefnum og áliti fjmrn. Í flestum tilvikum féllst fjvn. á tillögur ráðuneytanna og mat fjmrn. á greiðsluþörf, enda kallaði nefndin eftir og fékk yfirlýsingu frá fjmrn. um að ef þörf yrði fyrir meiri greiðslur úr ríkissjóði til þessara viðfangsefna og annarra en fjárlög og brtt. fjvn. gerðu ráð fyrir mundu greiðslur þeirra vegna úr ríkissjóði ekki eiga sér stað fyrr en viðbótargreiðsluheimilda hefði verið aflað í nýjum fjáraukalögum.

Rétt er þó að geta þess að nefndin sjálf átti frumkvæði að nokkrum afgreiðslum en þær eru allar minni háttar. Samtals nema tillögur um viðbótargreiðsluheimildir við 2. umr. 157 millj. 705 þús. kr. umfram það sem fjáraukalagafrv. gerir ráð fyrir. Aðeins í einu tilviki er um lækkun á greiðsluheimild að ræða. Hún varðar þing Norðurlandaráðs sem haldið var á sl. vetri en kostnaður við það reyndist nokkru lægri en gert var ráð fyrir.“

Virðulegi forseti. Ég mun í örstuttu máli fara yfir skýringar við einstaka brtt. sem meiri hl. fjvn. gerir tillögur um á þskj. 201.

Í fyrsta lagi er það æðsta stjórn ríkisins. Tekin voru inn nokkur ný viðfangsefni vegna Alþingis. Það er í fyrsta lagi Skrifstofu- og alþingiskostnaður þar sem er bætt við 1,5 millj. kr. vegna kostnaðar við Evrópustefnunefnd. Viðfangsefnið Útgáfa Alþingistíðinda er hækkað um 15 millj. 560 þús. Um er að ræða aukinn útgáfukostnað við Alþingistíðindi vegna virðisaukaskatts. Það er rétt að geta þess að þetta er eina tilvikið þar sem fjvn. féllst á að taka virðisaukaskattinn inn en ekki hafði verið gert ráð fyrir honum. Er hér um tillögu forseta Alþingis að ræða sem eru staðreyndir sem fyrir liggja og á það féllst nefndin.

Viðfangsefnið Þingmannanefndir Evrópuráðsins hækkar um 1,6 millj. kr. Viðfangsefnið Norðurlandaráð lækkaði eins og áður sagði um 6 millj. kr. vegna minni kostnaðar við þingið og viðfangsefnið Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu hækkuðu um 700 þús. vegna ferðakostnaðar sem fyrir liggur.

Í þessu tilfelli er rétt að undirstrika að það er til þess ætlast að fastanefndir Alþingis sem taka þátt í erlendum samskiptum leggi fram nákvæma áætlun um þann kostnað sem þær þurfa að gera ráð fyrir. Það skortir enn nokkuð á að þessar áætlanir séu nógu nákvæmar og það er fullkomin ástæða til að benda á það að hér þarf Alþingi eða viðkomandi aðilar að bæta um þannig að ekki þurfi að vera um fjárhæðir að ræða gegnum fjáraukalög. Það ætti að vera hægt að hafa þetta nokkuð nákvæmt þar sem um er að ræða fastakostnað erlendis sem er í ákveðnum farvegi og ekki ætti að þurfa að vera óvissa um.

Þá kem ég að menntmrn. Þar eru tiltölulega litlar breytingar. Nýtt viðfangsefni var tekið inn í sambandi við stofnbúnaðarkaup vegna Fræðsluskrifstofu Vesturlands sem gert er ráð fyrir í yfirstandandi fjárlögum að

flytji inn í nýtt húsnæði á þessu hausti, en skorti nokkra upphæð til þess að hægt væri að kaupa búnað og ganga frá þeim tilflutningi. Þar er um 2 millj. að ræða.

Þá er liðurinn Ýmis íþróttamál. Þar kom í ljós að inn í framlag á yfirstandandi fjárlögum til Íþróttasambands fatlaðra hafði blandast upphæð til Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík. Þar sem Íþróttasamband fatlaðra var búið að eyða þeirri fjárhæð sem var á fjárlögum þurfti að leiðrétta þetta þar sem það hafði fallið niður í útgáfu fjárlaganna að ætlast var til að Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík fengi 1380 þús. og er það leiðrétt hér með.

Í sambandi við utanrrn. er einvörðungu um tilfærslu að ræða. Í fjáraukalagafrv. voru ætlaðar 7 millj. vegna tölvumála en þessi liður færist inn á Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Eins og fram kemur í brtt. færist sama upphæð, 7 millj. kr., frá utanrrn. til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Þá kem ég að landbrn. Þar er um nokkrar viðbótarfjárhæðir að ræða. Það kom í ljós að í núgildandi fjárlögum var ekki tekið tillit til nokkurra atriða sem eru lögum samkvæmt og ekki er hægt að komast hjá. Þar var um að ræða Búnaðarfélag Íslands sem þurfti að standa fyrir uppgjöri á búreikningum á árinu 1990 vegna sl. árs. Þar af leiðandi þurfti að gera ákveðna breytingu, sem nemur 4,5 millj. kr., til þess að standa undir þessum starfslokum búreikningastofu hjá Búnaðarfélaginu á þessu hausti þar sem sú starfsemi flyst til Hagþjónustu landbúnaðarins sem tekin er til starfa á Hvanneyri.

Í sambandi við landgræðslu- og landverndaráætlun er tekið upp nýtt viðfangsefni sem er Fyrirhleðslur. Það er 2,5 millj. kr. fjárveiting til framkvæmda við Markarfljót. En eins og allir hv. alþm. vita þá er þar hættuástand þar sem fljótið er að brjóta sig inn á svæði sem getur orðið mjög hættulegt ef ekki verður stemmt stigu við. Þess vegna er lögð til aukafjárveiting upp á 2,5 millj. kr.

Í sambandi við jarðræktar- og búfjárræktarlög skortir nokkuð á að staðið sé við ákvæði laganna. Í fyrsta lagi varðandi ráðunautana. Ekki hefur verið gert ráð fyrir greiðslu á aksturskostnaði þeirra sem skv. lögum á að vera um 65% af ferðakostnaði. Þar skortir á 6 millj. kr. Varðandi launahluta þeirra vantar einnig 6 millj. kr. skv. lögunum. Er það hér með leiðrétt í fjáraukalögum af meiri hluta nefndarinnar að þarna verði um að ræða 12 millj. kr.

Þá er hér einnig endurgreiðsla gjalda í landbúnaði. Það er viðfangsefnið Endurgreiðsla söluskatts, aðallega vegna fiskeldis, sem hækkar um 12 millj. kr. Verður þessi liður samtals í fjáraukalögunum 65 millj.

Í sambandi við dóms- og kirkjumrn. er tekinn inn nýr liður undir Lögregluskóla ríkisins. Þar er um að ræða 3 millj. kr. sem er fjárveiting vegna aukins kostnaðar við stundakennslu og kostnaður við gerð námsefnis. Í yfirstandandi fjárlögum hafði ekki verið gerð nægjanleg grein fyrir þessum þætti sem er óhjákvæmilegur kostnaður þar sem Lögregluskólinn er mikilvægur þáttur í starfi lögreglunnar.

Undir liðnum Ýmis kirkjuleg málefni er tekið inn nýtt viðfangsefni. Það er 300 þús. kr. vegna dómprófasts í Reykjavík. Þar urðu embættaskipti þar sem fyrrv. dómprófastur var gerður að biskupi. Það hafði fallið niður að gera grein fyrir þeim kostnaði sem af því hlaust og þarf augljóslega að leiðrétta það. Það er um 300 þús. kr.

Í sambandi við Félagsmál, ýmis starfsemi, er tekið inn nýtt viðfangsefni. Það eru Krýsuvíkursamtökin vegna vist- og dvalarkostnaðar á árinu 1990. Hér er um fjárhæð að ræða sem hefur verið samþykkt af landlækni og lögreglustjóranum í Reykjavík og ekki um neitt annað að ræða en taka þessa fjárhæð inn til leiðréttingar.

Þá kem ég að heilbr.- og trmrn. Þar er gerð breyting fyrir ríkisspítalana. Sértekjur lækka um 40 millj. kr. og tekið er inn nýtt viðfangsefni Legudeildir, svæfingar- og gjörgæsludeildir, 35 millj. kr. sem er vegna kostnaðar við sjúklinga er þurfa dýra lyfjameðferð.

Það væri hægt að ræða ýmislegt um þetta atriði nánar. Ég kem að því í lok minnar ræðu. Til upprifjunar vil ég aðeins skýra frá því að eins og kemur fram í áliti frá ríkisspítulunum kostar blóðfaktor fyrir aðeins einn sjúkling á þessu ári 20 millj. kr. Það er því ekki óeðlilegt að ýmislegt óvænt komi upp í sambandi við rekstur spítalanna sem þarf að huga að að orsaki ekki truflun á öðrum rekstri spítalanna.

Þá er um að ræða sjúkrahús og læknisbústaði, uppgjör á hallarekstri sjúkrahúsa. Fjárveitingarbeiðnin í frv. er um 40 millj. kr. Þetta er hækkað í meðförum meiri hl. nefndarinnar og leggur hann til að fjárveitingin hækki um 7,5 millj. kr. Það er sundurliðun á sérstöku yfirliti í brtt. á þskj. 202 sem sýnir nákvæmlega hvaða sjúkrahús og heilsugæslustöðvar falla undir þennan þátt. Nefndinni þótti eðlilegt að þessi sundurliðun kæmi fram til þess að alþingismenn átti sig á því hvað um er að ræða.

Þá kem ég að samgrn. Þar er hækkun á yfirstjórn aðalskrifstofu um 700 þús. kr. sem er viðbótarkostnaður vegna Óslóar- og Parísarráðstefna sem samgrn. hefur orðið að sækja vegna ýmissa samninga og er óhjákvæmilegt að viðurkenna þá fjárhæð.

Þá kem ég að liðnum Hafnamál. Þar bætist við nýr liður, Hafnarannsóknir og mælingar, 6,3 millj. kr. og viðfangsefnið Hafnamannvirki lækkar um 53,3 millj. kr. og verður 11,7 millj. en tekinn er inn nýr liður, Sjóvarnargarðar, upp á 27,5 millj. kr. Þar af eru 2,5 millj. kr. til framkvæmda við sjóvarnargarða á Stokkseyri. Tekinn er inn nýr liður, Hafnabótasjóður, þar sem er framlag 22 millj. kr. Alls hækka tilfærslur vegna hafnamála frá frv. sjálfu um 2,5 millj. kr. vegna sjóvarnargarðs á Stokkseyri. En það er rétt að skýra það hér að þetta er fyrst og fremst tilfærsluliður eða öðruvísi uppsetning en er í frv. sjálfu. Skiptingin er þannig, til þess að skýra hana nánar, að í fyrsta lagi eru hafnarannsóknir og mælingar 6,3 millj. kr., hafnarmannvirki á Höfn í Hornafirði 11,7 millj. kr. Síðan eru sjóvarnargarðar á Eyrarbakka og Stokkseyri 14,5 millj. kr., í Grindavík 5,8 millj. kr., í Selvogi 1,3 millj. kr. og í Vestmannaeyjum 3,4 millj. kr., eða samtals 25 millj.

kr. Í Hafnabótasjóð vegna Grindavíkur 12 millj. kr. og vegna Hafnar í Hornafirði 10 millj. kr.. samtals 22 millj. kr. Þannig verður liðurinn upp settur í frv. miðað við þessar breytingar.

Ég vil geta þess vegna þess að það er nauðsynlegt að alþingismenn geri sér grein fyrir því að það mikla tjón sem varð á hafnamannvirkjum og sjóvarnargörðum á þessu ári kallar á nýjar breytingar á hafnaáætlun, ekki síst að því er varðar Höfn í Hornafirði. Það er alveg augljóst að við fjárlagagerðina fyrir næsta ár verður að taka tillit til þessara atriða. Það kemur fram síðar.

Þá er það iðnrn. Þar er viðfangsefnið Iðnaðarrannsóknir. Fjárveitingin hækkar um 3,5 millj. kr. og er vegna kostnaðar við staðarval fyrir álver og verður samtals í frv. 13,5 millj. kr. Ég vil aðeins, til að það valdi ekki neinum misskilningi, geta þess að þessi 3,5 millj. kr. fjárveiting er vegna óska frá ráðuneytinu um að koma til móts við þau aðalsvæði sem hafa lagt fram mikið fjármagn vegna staðsetningar álvers. Hér er um að ræða Eyjafjarðarsvæðið og Reyðarfjarðarsvæðið. Sótt var um 10 millj. kr. til þessara rannsókna og vegna þessa kostnaðar. Samkvæmt því yfirliti sem nefndinni barst var gert ráð fyrir að kostnaður vegna Reyðarfjarðar væri 3,5 millj. kr., þetta er vegna „heimamannakostnaðar" skulum við segja, en kostnaður Eyfirðinga er 6,5 millj. kr. Nefndin ræddi þetta og féllst á að taka hluta af þessu sem er 3,5 millj. kr. eins og ég skýrði hér áður og mun verða skipt á milli þessara staða til að bæta þeim upp þann kostnað sem viðkomandi svæði hafa orðið fyrir.

Þá er hér brtt. um jöfnunargjaldið, þ.e. að jöfnunargjald í iðnaði hækki um 10 millj. kr. og verði samtals í frv. 160 millj. kr. í stað 150 millj. kr. Fjárveitingin er til þess að unnt sé að endurgreiða söluskatt í iðnaði til loka nóvembermánaðar fyrir árið 1989. Ég vil geta þess í framhjáhlaupi að allar fjárveitingar til endurgreiðslu á söluskatti eru miðaðar við nóvemberlok 1989 þannig að síðasti mánuður ársins 1989 er enn þá ógreiddur, ef þetta verður samþykkt.

Þá er tekið inn nýtt viðfangsefni hjá Orkustofnun, það er í almennum rekstri, 1,5 millj. kr. Fjárveitingin er til greiðslu biðlauna Ísleifs Jónssonar hjá Orkustofnun. En það er óumdeilanlegt og hefur verið úrskurðað að þessi maður á rétt á þessum launum og því ekki um annað að ræða en að verða við því.

Orkusjóður, þar er tekið inn nýtt viðfangsefni, Styrkur til jarðhitaleitar í Öxarfirði, 1 millj. 400 þús. kr. Á móti þessu gerir meiri hlutinn tillögu um að viðfangsefnið Lán til jarðhitaleitar lækki um sömu fjárhæð. Hér var um að ræða upphæð sem var búið að skuldbinda til þess að greiða í sambandi við jarðhitaleitina í Öxarfirði en hefur legið milli hluta þannig að Orkusjóður taldi sig ekki hafa fjármagn til þess að standa við þá skuldbindingu. Hér er skorið á þann hnút með því að færa þetta til þannig að lán til jarðhitaleitar verða lækkuð um sömu fjárhæð.

Svo er um að ræða að lokum umhvrn., aðalskrifstofu. Þar er gerð tillaga um að fjárveiting hækki um 500 þús. kr. vegna kostnaðar við undirbúning að ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu. Búið er að gera skuldbindingar um að taka þátt í þessari miklu ráðstefnu sem á að vera í Brasilíu og það kemur í hlut umhvrn. að annast það verkefni. Og að sjálfsögðu er ekki hægt að komast hjá því að fjármagna þann undirbúningskostnað sem þegar liggur fyrir á þessu sviði.

Síðasta liðinn, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, var ég búinn að skýra áður. Þar er um að ræða tilfærslu frá utanrrn. en ekki hækkun á fjárveitingum.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara meira ofan í þessa þætti nema tilefni gefist til. Ég vil í lokin segja að það liggur fyrir að enn er óleystur nokkur fjárhagsvandi, eða hvort við köllum það rekstrarhalla, sjúkrahúsa á þessu ári, ekki síst á ríkisspítölum. Hér er um að ræða að verulegu leyti virðisaukaskatt sem sjúkrahús og raunar fleiri opinberar stofnanir virðast ekki hafa gert ráð fyrir að þurfa að greiða á yfirstandandi ári, sem er raunar fyrsta árið sem virðisaukaskatturinn kemur til framkvæmda. Hér er um nokkuð stórar upphæðir að ræða og ég hygg að það sé varlega áætlað að hér séu, a.m.k. það sem fyrir liggur, yfir 100 millj. kr. sem eru augljósar staðreyndir. Þess vegna telur fjvn. og mun leggja það til, alla vega meiri hlutinn, að þetta mál verði skoðað sérstaklega milli 2. og 3. umr. Þar er um að ræða að leggja til viðræður við hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. til þess að átta sig á því hvort hægt er að finna, og þá hvernig, viðráðanlega lausn, ég vil orða það svo, þannig að þetta valdi ekki truflunum á rekstri mikilvægustu stofnana.

Ég tel ástæðu til að taka það sérstaklega fram að þetta mál verður athugað gaumgæfilega milli 2. og 3. umr. og kannað fyrir lokaumræðu fjáraukalagafrv. hvort hægt verður að finna úrræði til lausnar þessu máli. En þetta virðist vera meira vandamál en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi þegar frv. var lagt fram.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Fjvn. hefur nú hafi til meðferðar að undanförnu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990. Nefndin hefur eigi orðið sammála um afstöðu til málsins. Afstaða minni hl. byggist ekki einvörðungu á því að minni hl. sé andvígur öllum þeim brtt. sem fluttar eru af meiri hl. á þskj. 202, heldur ekki síður og raunar fyrst og fremst vegna þess að stjórn á fjármálum ríkisins er þannig í höndum núv. hæstv. ríkisstjórnar að minni hl. getur enga aðild átt að þessu frv. eða öðrum sem lúta að stjórn ríkisfjármála. Hluti af þessu dæmi öllu kemur fram í því frv. til fjáraukalaga sem hér er til 2. umr. Ég held engum þurfi að blandast hugur um það að sú afstaða minni hl. er eðlileg og rökrétt. Minni hl. stendur því ekki að afgreiðslu þessa máls og flytur ekki þær brtt. sem meiri hl. hefur flutt á þskj. 202.

Mér þykir rétt að rifja það upp að þegar frv. til fjárlaga fyrir þetta ár, 1990, var lagt fram fyrir rúmu ári taldi hæstv. fjmrh. að meginákrif af stefnumiðum þess frv. mætti greina í eftirfarandi atriðum:

1. Tekjur ríkissjóðs ættu að lækka á árinu 1990 um 1,5% að raungildi eða um 1500 millj. kr.

2. Útgjöld ríkissjóðs ættu að lækka um 4,2% að raungildi eða um 4 milljarða króna.

3. Halli ríkissjóðs ætti að lækka og verða um 2,9 milljarðar króna.

Hæstv. fjmrh. lýsti þessu afkvæmi sínu, þ.e. frv. til fjárlaga fyrir árið 1990, með býsna fjálglegum orðum og taldi það marka tímamót. Í því væri fólginn nýr hornsteinn jafnvægis og stöðugleika í fjármálum ríkisins. Ég held að rétt sé að rifja það aðeins upp að ári áður hafði þessi sami hæstv. fjmrh. flutt sitt fyrsta fjárlagafrv. Þá lýsti hæstv. ráðherra markmiðum ríkisstjórnarinar á þann hátt að nú skyldi hverfa frá hallarekstri hjá ríkissjóði, hverfa frá eyðslustefnu, hverfa frá því að reka ríkisbúskapinn með halla. Þess í stað yrði tekið upp það vinnulag að nú skyldi ríkissjóður rekinn með jöfnuði og hætt allri eyðslustefnu undangenginna ára. Þá voru gefnar býsna sterkar yfirlýsingar af þessum hæstv. ráðherra sem alþingismenn allir muna eftir. Frv. var þá lagt fram með rekstrarjöfnuði og það var afgreitt sem lög frá Alþingi með rekstrarjöfnuði. Samt tók það hæstv. fjmrh. ekki nema fáa mánuði að kollvarpa því stefnumarki sem hann hafði lýst þegar hann lagði það fjárlagafrv. fram. Niðurstaðan varð sú að hallarekstur hjá ríkissjóði á því ári varð 6–7 milljarðar kr. miðað við verðlag þess árs. Miðað við verðlag nú þegar þetta fjárlagafrv. er flutt, sem hér er til umræðu, eru það um 7,4 milljarðar kr.

Stefnubreytingin hjá hæstv. fjmrh. sem nýjum ráðherra í núverandi hæstv. ríkisstjórn varð að engu á fyrsta ári hans sem fjmrh. og snerist upp í andhverfu sína. Það er því ekkert að undra þó að þau stefnumið sem hann kynnti við framlagningu frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 væru eitthvað málum blandin. Það kom líka fljótt í ljós þegar fjvn. hóf athugun á því frv. að það var losaralega unnið og götótt. Forsendur þess voru afar óljósar og samanburðartölur í ýmsum greinum villandi. Ljóst var þó að skattbyrðin átti að halda áfram að vaxa en ekki minnka, rekstrarumfang ríkisins átti að halda áfram að vaxa og útgjöldin þar með að vaxa en ekki minnka. Á hinn bóginn var tekinn upp nýstárlegur feluleikur í frv. sjálfu til þess að reyna að leyna því í allra lengstu lög hversu mikil hækkun yrði á hinum raunverulegu útgjöldum ríkissjóðs. Þetta var það sem við blasti og þetta voru megineinkenni frv. til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár þegar farið var að kafa í þau gögn öll sem þar lágu fyrir.

Fjárlagafrv. fyrir þetta ár var síðan afgreitt hér á Alþingi með nálega 3,7 milljarða kr. halla. Nokkrar breytingar urðu í meðförum Alþingis, m.a. var hulunni svipt af feluleiknum með gjaldahliðina í ýmsum smærri atriðum. Leiðréttar voru ýmsar augljósar villur sem voru í frv. þegar það var lagt fram. En á hinn bóginn var sama feluleiknum haldið áfram næsta staðfastlega í fjölmörgum og raunar flestum hinna stærri mála. Hvergi var í því fjárlagafrv. né í fjárlögunum sjálfum vegið að rótum vandans í fjármálum ríkisins, þ.e. þenslu í rekstrarumsvifum ríkiskerfisins og eyðslu hjá ráðherrunum sjálfum.

Við sem skipuðum minni hl. fjvn. þá og skipum hann enn gagnrýndum þessa afgreiðslu harðlega og sýndum lið fyrir lið fram á skekkjur í niðurstöðu þar sem stjórnarliðið kaus að loka augunum til þess að geta haldið feluleiknum áfram. Okkar mat var að við afgreiðslu fjárlaga væri halli á fjárlagadæminu eigi minni en 6–7 milljarðar kr. og þó væri gífurlegum vanda í útgjöldum ríkisins slegið á frest og þannig velt yfir á herðar framtíðarinnar.

Það fjáraukalagafrv. sem hér er til 2. umr. er annað í röðinni á þessu ári af slíkum frv. til breytinga á fjárlögum ríkisins. Það fyrsta var afgreitt í byrjun maímánaðar sl. og fól það í sér nokkurn niðurskurð á einstökum útgjaldaliðum en einnig hækkun annarra. En meginbreytingin var þá bæði tekna- og gjaldamegin af þeim orsökum að forsendur höfðu breyst við hina svokölluðu þjóðarsátt sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu mótað.

Svo sem kunnugt er hafði hæstv. ríkisstjórn lagt upp með þá stefnu í fjárlagafrv. fyrir árið 1990 og við þjóðhagsáætlun og kynnt hana sem stefnu ríksstjórnarinnar að verðlag á milli áranna 1989 og 1990 mundi hækka um 16–17% og að erlendur gjaldeyrir mundi hækka á milli sömu ára um 13–14% og laun um 11%. Þetta þýddi samdrátt í kaupmætti launafólks um 5,5% ofan á þá gífurlegu kaupmáttarskerðingu sem orðið hafði árin tvö á undan. Þetta var stefna hæstv. ríkisstjórnar þegar hún lagði fram fjárlagafrv. fyrir þetta ár, árið 1990. Þetta var stefna hæstv. ríkisstjórnar í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1990 og þetta var sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn kynnti fyrir Alþingi og þjóðinni á þessum tíma.

Það var því ekkert að undra þó að aðilar vinnumarkaðarins, sem þurftu að ganga að því verki að móta kjarasamninga, vildu ekki una þessum niðurstöðum. Og það fór svo að þeim tókst að mynda nýjan efnahagsgrundvöll. Og þann efnahagsgrundvöll færðu þeir hæstv. ríkisstjórn og þjóðinni. Í þessum nýja efnahagsgrundvelli var lagt upp með það að verðlagsbreytingar á milli áranna 1989 og 1990 skyldu færast niður í eins stafs tölu í prósentum. Miðað var við að þær færðust niður í 7%. Og að kjaraskerðingunni, kaupmáttarrýrnuninni, skyldi að mestu eytt með þessum nýja efnahagsgrunni. Þetta var sá nýi efnahagsgrundvöllur sem aðilar vinnumarkaðarins færðu hæstv. ríkisstjórn á silfurdiski. Þessum nýja efnahagsgrundvelli fylgdu ekki neinir afarkostir til hæstv. ríkisstjórnar. Í raun fylgdu þessum nýja efnahagsgrundvelli ekki aðrir skilmálar en þeir að hæstv. ríkisstjórn tryggði að hið sama gilti fyrir alla aðila í þjóðfélaginu varðandi kjaramál og að ríkisstjórnin tryggði niðurskurð eða samdrátt í útgjöldum ríkissjóðs sem svaraði um 1 milljarði kr. Það var því létt verk fyrir hæstv. ríkisstjórn að taka við þessum nýja efnahagsgrundvelli. Ekki síður fyrir það að þessi nýi efnahagsgrundvöllur hafði það líka í för með sér vegna breyttra forsendna að útgjöld ríkissjóðs lækkuðu þess vegna um liðlega 2 milljarða kr.

Hæstv. ríkisstjórn flutti sitt fyrsta fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990 til breytinga á fjárlögum til þess að mæta þessum þætti mála. Þar var þó ekki um að ræða þann niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs sem í raun hafði verið gerður að skilyrði vegna þess að niður-

skurðurinn sem birtur var í því frv. og lögfestur í maímánuði sl. var að meira og minna leyti sýndarniðurskurður. Að öðru leyti var um samtíningsniðurskurð að ræða á einstökum liðum opinberra framkvæmda sem síst mátti við hrófla. Á hinn bóginn var hvergi vegið að þeim rekstrarliðum ríkisins eða útgjaldaliðum sem hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar sjálfir höfðu nokkurn veginn til frjálsrar ráðstöfunar og gátu því mest haft áhrif á hvernig með væri farið.

Ég held að ekki þurfi að rifja það upp að það er skoðun mín og okkar sjálfstæðismanna, og ég tel minni hl. fjvn., að þessi nýi efnahagsgrunnur, sem aðilar vinnumarkaðarins mótuðu og kallaður hefur verið þjóðarsátt, hafi verið til mikillar giftu fyrir þetta þjóðfélag. Það er sannarlega til mikillar giftu ef aðilar í þjóðfélaginu taka ráðin af hæstv. ríkisstjórn sem nú situr þegar við kemur efnahagsmálum, þegar við kemur kjaramálum og þegar við kemur ríkisfjármálum. Því hæstv. ríkisstjórn hafði lagt upp, eins og áður sagði, með allt aðrar og verri forsendur, allt aðra stefnu, sem hefði haldið áfram að magna þá verðbólgu sem geisaði hér í þjóðfélaginu og þá úlfúð sem var á milli stétta í þjóðfélaginu.

Þó að þetta fjáraukalagafrv., sem er hér til meðferðar og nú til 2. umr., kunni að breytast eitthvað við 3. umr. frá því sem hér er lagt til af hálfu meiri hl. fjvn., er þó ljóst að hið þriðja fjáraukalagafrv. verður flutt einhvern tímann snemma á næsta ári til þess að leita heimilda fyrir þeim útgjöldum af hálfu ríkissjóðs sem fara fram úr þeim heimildum sem hér er verið að lögfesta. Reynslan frá fyrra ári vísar kannski eitthvað veginn um hvað þá geti gerst þó að þessu sinni sé ekki á nokkurn hátt hægt að segja fyrir um hvernig það fjáraukalagafrv. muni líta út. En reynslan frá fyrra ári segir okkur að þá hafi hæstv. fjmrh. lagt fyrir fjáraukalagafrv. með sambærilegum hætti og nú. Frv. sem að vísu var ófullburða að gerð en var fært í nýtilegt horf og formlega gerð af hálfu fjvn. og Alþingis. En það fjáraukalagafrv. sem var afgreitt 21. desember, 10 dögum fyrir áramót, færði hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn heimildir til útgjalda úr ríkissjóði sem námu 8,5 milljörðum umfram fjárlög. Eigi að síður þurfti hæstv. fjmrh. að koma með nýtt fjáraukalagafrv. snemma á þessu ári til þess að fá lagaheimild fyrir 1.073 millj. kr. sem eyðst höfðu umfram heimildir síðustu 10 daga ársins, þar með talda jóladagana og gamlársdag.

Þannig að þó að þetta frv. sem hér er flutt feli í sér að farið er fram á auknar útgjaldaheimildir fyrir ríkissjóð upp á 4,5 milljarða, ef meðtaldar eru brtt. meiri hl. fjvn., er fullljóst, a.m.k. miðað við fyrri reynslu, að þar eru ekki öll kurl til grafar komin. Ég mun einnig draga fram röksemdir hér á eftir sem sýna þann stórkostlega feluleik sem enn er haldið gangandi varðandi raunveruleg útgjöld þessa árs og verður þó ekki drepið á þau atriði nema í örfáum greinum.

Í nál. minni hl. fjvn. á þskj. 211 er birt tafla sem sýnir skiptingu útgjalda A-hluta ríkissjóðs í þúsundum kr. skv. einstökum ráðuneytum og í heild. Í fyrsta lagi skv. fjárlögum. Í öðru lagi skv. fjáraukalögum í maí. Í þriðja lagi skv. fjáraukalagafrv. sem hér er til meðferðar ásamt þeim brtt. sem fyrir liggja frá meiri hl. nefndarinnar og síðan samandregnar hækkanir.

Þessi tafla sýnir það að þær niðurskurðartillögur sem lögfestar voru með fjáraukalögum í maí hafa orðið að litlu og sumpart engu í höndum hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. miðað við það sem hér er nú til meðferðar Alþingis og ætlunin er að lögfesta. Ég skal ekki fara út í það í mörgum greinum en þessi tafla sannar það að sá niðurskurður sem gerður var í maímánuði hefur að ýmsu leyti verið sýndarmennska og sú meðferð mála sem þessi tvö frv. sýna sannar þann hringlandahátt sem á þessu hefur verið af hálfu hæstv. fjmrh.

Í töflu 2 í nál. minni hl. á þskj. 211 er sýnt fram á breytingar sem orðið hafa í tekjum og gjöldum A-hluta ríkissjóðs miðað við fjárlög, fjáraukalög í maí og fjáraukalagafrv. nú og hvernig þessir liðir hafa áhrif á hallarekstur ríkissjóðs miðað við þessi gögn. Þar sést að fjárlög voru afgreidd með tæplega 3,7 milljarða halla. Þegar fjáraukalögin í maí voru afgreidd þá er hallinn kominn í 4,5 milljarða og miðað við það frv. sem hér er til meðferðar og brtt. hv. meiri hl. fjvn., sést að hallinn er kominn yfir 5,1 eða nærri 5,2 milljörðum. Þrátt fyrir það liggja stórir útgjaldaliðir eftir sem hér skal ekki spáð um að sinni hvernig með verður farið þó það liggi á borðinu með suma þeirra hvernig þá beri að færa í útgjöldum ríkissjóðs.

Þessar töflur sýna að ýmsu leyti haldleysi þeirra fjárlaga sem afgreidd voru fyrir tæpu ári. Þær sanna líka að niðurskurðurinn í fjáraukalögunum í maí var að meira og minna leyti sýndarmennska. Þær sanna enn að hallareksturinn fer vaxandi eftir því sem líður á árið en fer ekki lækkandi eins og hæstv. fjmrh. boðaði við framlagningu fjárlagafrv. fyrir þetta ár.

Ég vek enn athygli á því að þessar tölur ber að skoða í ljósi þess að þjóðarsáttin, sem aðilar vinnumarkaðarins færðu hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn á silfurdiski, hefur orðið til þess að útgjöld ríkissjóðs á þessu ári eru yfir 2 milljörðum lægri heldur en ella væri ef stefnu hæstv. ríkisstjórnar hefði verið fylgt. Þannig að sú staðreynd kemur einnig til athugunar í þessum samanburði.

Það sem hér hefur verið rakið sýnir að það sem hæstv. fjmrh. sagði í frv. til fjárlaga fyrir þetta ár, 1990, um meginárhif af stefnumiðum frv., hefur allt reynst markleysa. Eins og málin liggja nú fyrir við afgreiðslu á þessu frv. er það ljóst að tekjur ríkissjóðs lækka ekki að raungildi á árinu 1990 um 1,5 milljarða kr., eins og ráðherra sagði fyrir ári, heldur hækka þær um 2,5 milljarða að raungildi. Það sannast einnig að útgjöld ríkissjóðs lækka ekki frá árinu á undan um 4 milljarða, eins og hæstv. fjmrh. boðaði, heldur hækka þau yfir 5 milljarða að raungildi. Og það sést að halli ríkissjóðs er kominn yfir 5 milljarða og er þá hvergi nærri öllu til skila haldið.

Þær yfirlætisfullu staðhæfingar hæstv. fjmrh., sem hann viðhafði þegar hann kynnti frv. til fjárlaga fyrir árið 1990, um nýjan hornstein, nýjan grundvöll að jafnvægi og stöðugleika í fjármálum ríkisins o.s.frv., hafa að sjálfsögðu reynst markleysa, eins og þegar

blasti við öllum þeim sem kunna að lesa í þessi mál. Það er nú svo að hverju sinni sem hæstv. fjmrh. leggur fram fjárlagafrv. eða önnur gögn er varða stefnuna í fjármálum ríkisins þá kynnir hann þau gögn sem tímamótafrv. og tímamótagögn og sem nýjan hornstein, nýjan grundvöll að stöðugleika, nýjan grundvöll að jafnvægi. Allt hafa þetta reynst orðin tóm. Allt er þetta skrum og markleysa. Samt er þessi hæstv. ráðherra haldinn þeirri þráhyggju að halda í sífellu áfram að tönglast á sömu einkunnarorðum um eigin verk, þ.e. sín eigin afkvæmi sem eru þau frv. sem hann er að flytja. Hversu oft sem þessi orð eru rekin ofan í hann og hversu oft sem það sannast að þau eru markleysa.

Í þessum orðum felst að hornsteinarnir í stefnu hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar í fjármálum ríkisins eru einhverjir aðrir en þeir sem hæstv. ráðherra tekur sér í munn. Í raun eru hornsteinarnir þenslustefna, útþensla í rekstrarumsvifum ríkiskerfisins. Og skattastefna, útþensla í sköttum á þjóðina. Endalaus hækkun á sköttum til þess að reyna að bera uppi útþenslu í útgjöldum ríkiskerfisins. Það eru hornsteinarnir í stefnu hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar í fjármálum ríkisins.

En þessi stefna hefur einnig mistekist að því leyti að þó skattarnir hafi verið hækkaðir — ég hef sýnt fram á það fyrr að skattar hafa á þremur árum, 1988, 1989 og 1990, miðað við áætlun um útgjöld ríkissjóðs á þessu ári, sem ekki eru að fullu komin í ljós þar sem nokkuð lifir ársins, hækkað um yfir 13 milljarða kr. á verðlagi þessa árs — og samt hefur ekki tekist að ráða við hallann vegna þess að útgjöldin vaxa enn þá meira.

Þessir 13 milljarðar kr., sem almenningur í landinu á erfitt með að gera sér grein fyrir hvað er stór tala, hafa auðvitað mikið að segja í rekstri á því fyrirtæki sem heitir ríkissjóður Íslands. Ef litið er á einhver dæmi af handahófi þá sést að útgjöld annars stærsta ráðuneytisins, menntmrn., eru skv. fjárlagafrv. 15,4 milljarðar. Það dregur því langt í það að skattahækkanir á þremur árum dugi til þess að bera uppi útgjöld menntmrn. í heild, það vantar aðeins tvo milljarða á. Ellegar að þessir 13 milljarðar kr. gera meira en duga fyrir útgjöldum æðstu stjórnar ríkisins, forsrn., utanrrn., landbrn., sjútvrn. og dómsmrn., svo miðað sé við þær tölur sem þessum ráðuneytum eru ætlaðar í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Hér er því ekki um smáar tölur að ræða. Þetta er gífurleg fjárhæð sem á þessum árum hefur lagst á þjóðina í nýjum sköttum og allir hafa fundið fyrir. Samt hefur ekki tekist að ráða við hallann á ríkissjóði. Við sögðum í minni hl. fjvn. við afgreiðslu fjárlaga: Raunverulegur halli verður eigi minni en 6–7 milljarðar á þessu ári og það var varlega áætlað. Þegar er hann kominn á pappírunum sem fyrir liggja hér í þingskjölum yfir 5 milljarða. Hornsteinar hæstv. fjmrh. eru því eins og ég sagði áður auknir skattar, aukið rekstrarumfang, áframhaldandi halli í rekstri ríkissjóðs.

Ég mun þá víkja í nokkrum orðum að afgreiðslu á því frv. sem hér er til meðferðar en með frv. eins og það var lagt fram var farið fram á hækkun útgjalda hjá ríkissjóði um 4056 millj. kr. Í þessum útgjöldum kennir vitaskuld margra grasa og væri ástæða til að fara ofan í saumana á þeim ýmsum hverjum. Ég mun nú ekki víkja að því í mörgum atriðum en ef litið er á einstaka útgjaldaliði, þá ber hæst útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins þar sem farið er fram á auknar heimildir til útgjalda um 1200 millj. kr. Þar af um 1100 millj. kr. til sjúkratrygginga. Um helmingurinn af þeirri fjárhæð er ætlast til að gangi til að bera uppi aukinn lyfjakostnað og það vekur að sjálfsögðu því meiri athygli fyrir þá sök að gert var ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að unnt væri að spara í lyfjakostnaði nálega sömu fjárhæð eða um 500 millj. kr.

Það þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. alþm., sem ég verð þó að segja að hlýða ekki mjög staðfastlega á umræður um fjármál ríkisins, jafnþýðingarmikil mál og þar er um að tefla, að við í minni hl. fjvn. drógum í efa við afgreiðslu fjárlaga að þetta væri raunhæft. Það hefur enda komið í ljós að útgjöldin vegna lyfjakostnaðar hafa farið milli 500 og 600 millj. kr. fram úr því sem fjárlög gerðu ráð fyrir þannig að það sem við sögðum við afgreiðslu fjárlaga hefur í þessu eins og öðru reynst rétt.

Ég hlýt að vekja athygli á því að útgjöld á vegum fjmrn. vaxa um hvorki meira né minna en 909 millj. kr. skv. þessu frv. umfram það sem fjárlög heimila. Ég vék að þessu atriði við 1. umr. um þetta mál hér á Alþingi og dró fram nokkra af þeim liðum sem valda þessari gífurlegu hækkun hjá fjmrn. Ég skal ekki endurtaka margt af því sem ég sagði þá. En það er auðvitað engin afsökun í því hjá hæstv. fjmrh. sem hann bar á borð í þeim umræðum að sumir af þessum liðum væru vegna þess að ekki hefði tekist að ná sparnaði hjá öðrum ráðuneytum. En ástæðan fyrir því að ekki hefur tekist að ná sparnaði er vitaskuld sú að ekki eru nægilega sterk tök á fjármálastjórninni og þó umfram allt hitt að þegar svo veður á súðum hjá fjmrn. sjálfu sem hér kemur fram, þá er ekkert að undra þó eitthvað leki úr böndunum hjá fagráðuneytum þannig að ábyrgðin og orsökin eru að sjálfsögðu hæstv. fjmrh. sjálfs og afsakanir hans um þetta efni voru því næsta klúðurslegar.

Það var heldur engin afsökun í því hjá hæstv. fjmrh. þó að það kæmi í ljós, eins og bent var á hér af okkur fulltrúum minni hl. við afgreiðslu fjárlaga, að það vantaði ýmislegt inn í fjárlögin, eins og t.d. liðinn Uppbætur á lífeyri sem við röktum hér fyrir ári síðan. Svo sagði hæstv. fjmrh. það hér við 1. umr. að þetta væri ekki fjmrn. að kenna, það þyrfti að borga þetta til þess að greiða m.a. lífeyri alþingismanna og ráðherra. Það er auðvitað algjörlega á ábyrgð fjmrn. að sjá til þess að þessir liðir eins og aðrir séu áætlaðir í fjárlögum þannig að það sé raunhæft og á þetta var bent af okkur í minni hl. fyrir ári síðan.

Ég verð hins vegar að segja það að kostnaður fjmrn. við þær skattkerfisbreytingar sem gerðar hafa verið er hreint með ólíkindum og kostnaður fjmrn. við hönnun ýmiss konar hugbúnaðar fyrir tölvukerfi er hreint með ólíkindum og ég held nú að það mætti halda í spottann á einhverju af þessum mikla kostnaði sem þarna er á ferðinni.

Ég kemst ekki hjá því að minna enn á einn af þeim liðum sem þarna eru á blaði af þessum 909 millj. kr. en það er sú heimild sem samþykkt var við lokaafgreiðslu fjárlaga hér fyrir tæpu ári síðan um kaup á 500 eintökum af dagblöðum til viðbótar við þau 250 dagblöð sem áður höfðu verið keypt fyrir stofnanir ríkisins. Hv. þm. míns kjördæmis, Norðurl. v., Páll Pétursson, flutti þessa tillögu og gerðist baráttumaður fyrir því að fá þessa heimild lögfesta. Ég hlýt að vekja á því athygli að útgjöldin koma fram í þessu frv. og þau eru 50 millj. kr. til aukinna kaupa á dagblöðum fyrir stofnanir ríkisins.

Nú er það svo að fyrir 50 millj. kr. má gera ýmislegt. Það hefði t.d. mátt fella niður niðurskurð á öllum þeim tíningi fjárfestingarliða í fjáraukalögum sem samþykkt voru í maí til skólabygginga, til sjúkrahúsa og til hafnamála. Og hefði þeim peningum verið betur varið að mínum dómi til þess að standa við það sem fjárlög höfðu afgreitt í þessum efnum heldur en til að kaupa 500 eintök til viðbótar af því sem áður hafði verið keypt af dagblöðum sem eru sum hver þess efnis að fáir vilja lesa. Þau skulu í starfslið stofnana ríkisins samt.

Niðurskurður var á fjárfestingarliðum sem þegar höfðu verið ákveðnir á fjárlögum. Þegar Alþingi hefur afgreitt tiltekna fjárhæð í einhvern framkvæmdalið, þá þýðir það í fyrsta lagi að eftir að fjárlög eru ákveðin eru í ýmsum tilvikum verk boðin út, kaup eru ákveðin á tækjum, skuldbindingar eru gerðar o.s.frv. Síðan er fjárlögum breytt með fjáraukalögum og í fjölmörgum liðum var í þeim fjáraukalögum breytt ákvörðunum fjárlaga um fjárfestingarliði þannig að þar var um niðurskurð að ræða. Sums staðar um 1 og 2 og 3 millj., sums staðar um stærri fjárhæðir. Og mér er kunnugt um það að sums staðar í ríkiskerfinu, í fjárfestingarliðunum rak þetta í mikil vandræði.

Sem dæmi má nefna að fjárveiting sem ákveðin hafði verið í fjárlögum í svokallað sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip, sem hannað er af hugvitsmönnum í Háskóla Íslands og er stórmerkilegt mál, var skorin af í fjáraukalögum. Þeir aðilar sem að þessu máli standa höfðu pantað tölvu og hún lá á hafnarbakkanum. Og til þess að bjarga málinu þurfti Slysavarnafélag Íslands að láta fé úr sínum sjóðum, láta af sínu gjafafé til þess að leysa þetta mál vegna þess að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðið hér á hinu háa Alþingi hafði ákveðið í fjáraukalögum að skera niður litla fjárhæð sem verið hafði á fjárlögum og menn treystu á að stæði.

Þannig voru mörg dæmi sem sanna það hvað þessi vinnubrögð eru fráleit. Það þótti hins vegar ekki hlýða að skera niður ráðstöfunarfé ráðherra eða þá liði sem ríkisstjórnin sjálf hafði nokkuð til frjálsrar ráðstöfunar í meðferð fjármuna ríkisins. En á sama tíma þótti hlýða að auka kaup ríkisins á dagblöðum um 500 eintök fyrir 50 millj. kr.

Ég segi það eins og er að mér þykir leitt að þingmaður úr mínu kjördæmi, sem því miður er hér ekki viðstaddur, skyldi vilja gerast sporgöngumaður í þessu máli fyrir hæstv. ríkisstjórn. En þetta er dæmi um það hvert mat hæstv. ríkisstjórn leggur á einstaka útgjaldaliði.

Ég skal svo ekki fara ofan í þá einstöku liði fjmrn. sem ráða því að hér er farið fram á aukin útgjöld umfram fjárlög um 909 millj. kr. í því ráðuneyti vegna þess að ég rakti það býsna rækilega við 1. umr. En það verður ekki hjá því komist að segja frá því að útgjöld fjmrn. hafa vaxið með ótrúlegum hraða síðustu tvö árin. Ef það er dregið saman miðað við það sem hér liggur fyrir, og er þó þetta ár ekki komið til loka, þá sést að útgjöld fjmrn. hafa hækkað á tveimur árum, þ.e. frá árinu 1988, um 112% og útgjöld aðalskrifstofu fjmrn. hafa hækkað enn þá meira eða um 129% á meðan útgjöld ríkissjóðs í heild höfðu þó ekki hækkað nema um 54,6%. Er nú furða þegar þannig er haldið á málum af hálfu hæstv. fjmrh. í hans eigin ráðuneyti að þá gangi ekki vel að ráða við hallarekstur ríkissjóðs? Því það höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það. Og ef hæstv. fjmrh. heldur þannig á málum í eigin garði, þá er nú ekki von að hann hafi burði til þess að takast á við útgjöld þeirra ráðuneyta og þeirra stofnana ríkisins sem fjær honum standa.

Þetta er auðvitað alveg lagið til þess að styðja þann hornstein í stefnu hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar, að auka rekstrarumfang og útgjöld ríkissjóðs og ganga svo æ dýpra í vasa skattborgaranna til þess að reyna að fjármagna allan þennan rekstur, svo að maður velji honum ekki önnur orð.

Ég vil greina hér frá því að brtt. meiri hl. fjvn. nema í það heila tekið 157,7 millj. kr. til hækkunar útgjalda. Þegar litið er á þessar brtt. er ljóst að þar er varfærnislega farið í sakir og vekur kannski meiri athygli hvað ekki eru gerðar tillögur um heldur en tillögurnar sjálfar. Sum þeirra mála sem ekki koma fram í brtt. fjvn. eru þess eðlis að það er ekki sýnilegt annað en að þar verði að gera nýjar brtt. við 3. umr. ellegar þá a.m.k. við fjáraukalagafrv. sem flutt verður snemma á næsta ári, en þessi aðferð hæstv. ríkisstjórnar nú og hv. meiri hl. fjvn. sýnir það að enn er starfað eftir þeirri stefnu að gera tilraun til þess að leyna raunveruleikanum eins lengi og fært er.

Ég vil þó taka það fram að frsm. meiri hl. fjvn., hv. 1. þm. Vesturl., greindi hér frá því í sinni ræðu áðan að ástæða væri til að taka til athugunar nokkur atriði á milli 2. og 3. umr. sem sýnir það að honum er þetta ljóst og ég hlýt að fara um það viðurkenningarorðum að hv. frsm. meiri hl. skyldi láta þetta koma hér fram. Það sannar að hann veit auðvitað hvernig málin standa sem reyndur maður og maður sem leggur sig fram við það að fara ofan í málin alveg eins og við í minni hl. Það kom fram í hans máli hér áðan og mér þótti í raun vera stórum betur að fá að heyra það að hv. frsm. nefndarinnar skyldi greina frá þessu sem er í samræmi við raunveruleikann þannig að það er nú ómaklegt af minni hálfu að gera einhverja hríð að honum í þessu efni. En það sem fram er komið í þeim brtt. sem hér liggja fyrir ber auðvitað þess vitni að þar hafa menn lokað augunum fyrir raunveruleikanum, a.m.k. enn sem komið er.

Ég vil taka það fram að langstærst af þeim málum

sem hér eru ekki tekin inn í brtt. meiri hl. er yfirtaka ríkissjóðs þann 1. júní sl. á yfirdráttarskuld Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í Seðlabankanum. Strax og þetta frv. kom fram lét ég þess getið að mér sýndist það eigi standast að þessum yfirtökum ríkissjóðs væri eigi gerð skil í fjáraukalögum og fengin þar lagaheimild fyrir þeim útgjöldum, enda verður eigi hjá því komist að þessi útgjöld sem eru um 1,5 milljarðar kr. komi fram í greiðsluyfirliti ríkissjóðs og í ríkisreikningi. Hjá því verður ekki komist.

Hæstv. fjmrh. hefur á hinn bóginn haldið því fram að það megi meðhöndla þetta mál með þeim hætti að taka það inn án þess að fram komi í greiðsluyfirliti ríkissjóðs og síðan verði það fært á greiðsluyfirlit ríkissjóðs eftir því sem greiðslur af láninu komi til gjalda. Fyrir þessu eru fordæmi að því er lýtur að yfirtöku lána sem eru í fast bundnum skuldabréfum, þ.e. lögformlegum lánsskjölum sem eru í skilum. Fyrir því eru fordæmi að meðhöndla mál á þann hátt þegar um slík lánsskjöl er að ræða. En þær yfirdráttarskuldir sem hér er um að tefla eru lausaskuldir og þeim fylgdu engin lánsskjöl. Þar er aðeins um lausaskuldir að ræða sem eru yfirteknar af ríkissjóði.

Eftir að fjmrh. hafði borið brigður á að ég færi með rétt mál í þessum efnum og hv. meiri hl. fjvn. hafði gefið óljós svör, þá óskaði ég eftir greinargerð Ríkisendurskoðunar um þetta mál og sú greinargerð er prentuð hér með sem fskj. með nál. minni hl. ásamt þeim fylgibréfum er þetta mál varða. Þessi gögn sanna öll atriði málsins.

Í fyrsta lagi að á bak við þennan yfirdrátt í Seðlabankanum standa engin lánsskjöl heldur einungis yfirlýsing undirrituð af tveimur mönnum, að sjálfsögðu valinkunnum mönnum, Árna Kolbeinssyni, ráðuneytisstjóra í sjútvrn., og Ólafi Ragnari Grímssyni fjmrh. Aðeins yfirlýsing um það að ríkissjóður stæði á bak við þessa lántöku.

Í greinargerð Ríkisendurskoðunar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Eins og á stóð er að mati Ríkisendurskoðunar ekki hægt að horfa fram hjá því að ríkissjóður yfirtók gjaldfallna yfirdráttarskuld sjóðsins en ekki ógjaldfallna skuld skv. skuldabréfi." Þar segir einnig: „Því virðist umrætt ákvæði Seðlabankans girða fyrir þennan möguleika." Þ.e. eins og áður kemur hér fram að hægt sé að yfirtaka þessa skuldbindingu á þann hátt að það komi ekki fram í greiðsluyfirliti ríkissjóðs á þessu ári.

Síðar segir í greinargerð Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því sem að framan er rakið lítur Ríkisendurskoðun svo á að ofangreindar skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs hafi allar verið gjaldfallnar þegar ríkissjóður tók þær yfir þann 1. júní sl. Af þeim sökum verður ekki komist hjá því að afla fullgildrar lagaheimildar til greiðslu og lántöku ef með þarf vegna uppgjörs ríkissjóðs á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins við Seðlabanka Íslands."

Hér er ótvírætt niðurstaða Ríkisendurskoðunar þess efnis að ekki verði komist hjá því að afla lagaheimildar til yfirtöku á þessum skuldum, sem verður að gera í fjáraukalögum úr því það er ekki í fjárlögum. Og ef ríkissjóður óskar að afla lánsfjárheimildar, þá mundi það verða gert með lánsfjárlögum. Þetta er ótvírætt. Ég hlýt því að líta svo á og ég trúi ekki öðru en hv. meiri hl. fjvn. taki þessa fjárhæð upp við 3. umr. og hún komi þannig til gjalda hjá ríkissjóði á þessu ári. Það er reyndar viðurkennt af fjmrn. sjálfu að ekki verði hjá því komist að þessi fjárhæð komi fram í ríkisreikningi.

Ég held að ég fari ekki frekar út í þetta mál. Ég tel það liggja alveg skýlaust fyrir. Ég get þó aðeins bætt því við sem hér segir í fylgibréfi frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, þ.e. frá Árna Kolbeinssyni, formanni sjóðsins, þann 6. nóv. 1990. Þar segir m.a. með leyfi hæstv. forseta: „Með lögum nr. 39 15. maí 1990 er Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lagður niður og skal ríkissjóður taka við skuldbindingum sjóðsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga. Samkvæmt því er fullljóst að skuldbindingar sjóðsins samkvæmt fyrrgreindri yfirdráttaryfirlýsingu falla á ríkissjóð og telur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins frekari afskipti af frágangi skuldarinnar því ekki í verkahring sjóðsins."

Hér er einnig algjörlega afdráttarlaus skoðun Árna Kolbeinssonar, formanns þess Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem tók við af hinum gamla sem lagður var niður með lögum, og sá Árni Kolbeinsson er jafnframt *ráðuneytisstjóri sjútvrn. eins og kunnugt er.*

Ég tel þetta mál sem sagt þá liggja gjörsamlega ljóst fyrir og þarf ekki að vera að vefja það með sér að þarna er um að tefla útgjöld ríkissjóðs á þessu ári sem losa 1,5 milljarða kr. og er þar með halli ríkissjóðs bara við þennan eina lið kominn yfir 6,5 milljarða kr. eða 6,7 milljarða kr.

Ég vil aðeins víkja að því eins og hv. frsm. meiri hl. gerði að hallarekstur er mjög alvarlegur hjá mörgum sjúkrahúsum landsins og heilsugæslustöðvum. Sumpart stafar þessi halli af því að virðisaukaskattur leggst mun þyngra á rekstur þessara stofnana en söluskattur gerði áður. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárlögum og sömu sögu er að segja um margar stofnanir í ríkiskerfinu.

Ég tók eftir því að hv. frsm. meiri hl. skýrði það að hjá einni stofnun hefði verið tekið tillit til þessa, eins og kemur fram í brtt. meiri hl., það er hjá Alþingi. Þetta var staðreynd og það varð að viðurkenna í fjáraukalögum, sagði hv. frsm. meiri hl. En skyldi nú ekki þessi kostnaðarauki líka vera staðreynd hjá sjúkrahúsunum og skyldi nú ekki þessi kostnaðarauki vegna virðisaukaskattsins sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið líka vera staðreynd hjá ýmsum öðrum stofnunum ríkisins sem eru undir sömu sök seldar? *Og hafi nú verið rétt áætlað fyrir rekstri þessara* stofnana í fjárlögum plús þeim fjáraukalögum sem hér eru til meðferðar, þá stendur þetta út af. Ef hv. stjórnarliðar ekki koma með tillögur um það hvernig eigi að draga úr starfsemi þessara stofnana á móti því sem þessi skattlagning til ríkisins segir til um, þá myndast auðvitað halli sem á þá að koma inn á gjaldahlið fjárlaga í fjáraukalögum, og ekki um það að tefla að það sé fært að leyna slíkum halla til langframa eða geyma hann þangað til þessi ríkisstjórn er farin frá þó að það

sé auðvitað það sem hæstv. fjmrh. langar til.

Þessi mismunur á kostnaði spítalanna, ekki einungis ríkisspítalanna heldur spítalanna í landinu, sjúkrahúsanna, sem hlýst af virðisaukaskattinum umfram söluskattinn áður er talinn vera um 90 millj. kr. Aðeins hjá sjúkrahúsunum. Og enn þá er ekki sýnt annað en að sjúkrahúsin sem rekin eru af ríkissjóði verði að borga þennan skatt. En þessi skattur er álíka mikill og sú fjárhæð sem þyrfti til þess að halda gangandi 50 legurúmum fyrir aldraða á einu ári. Til þess að geta borgað þennan skatt þyrfti því sem sagt að reka út af spítölunum sem svarar því sem kostar að hafa 50 aldraða í vist á sjúkradeild í heilt ár.

Þó að ég mæli með því að á ýmsan hátt sé reynt að spara í þessu kerfi eins og annars staðar, þá höfum við orðið vör við það að sparnaðurinn lýtur kannski ekki síst að þessu, að reka út af sjúkrahúsunum, að loka deildum og jafnvel svo, eins og fram hefur komið, að það verður að spara þau lyf sem best eru og nota önnur lakari af því að þau eru ódýrari. Hér er því um býsna alvarleg mál að tefla sem ekki er hægt að hafa að gamanmálum eða í flimtingum, heldur eru þau stórkostlega alvarleg og ég fagna því að hv. frsm. meiri hl., 1. þm. Vesturl., lét þess getið að þessi mál mundu verða könnuð og athuguð á milli 2. og 3. umr.

Samkvæmt upplýsingum fjmrn. hafa ráðherrar, þ.e. hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. og væntanlega fleiri hæstv. fagráðherrar, náð samkomulagi um það sem áður hafði verið borið til baka af til að mynda iðnrn. að jöfnunargjald skyldi ekki endurgreitt nema til loka nóvembermánaðar. Jöfnunargjaldið er innheimt í desembermánuði en samkvæmt þessu samkomulagi — og nú hefði ég að sjálfsögðu kosið að hér væri t.d. hæstv. iðnrh. sem þó hefur fjarvistarleyfi eða aðrir ráðherrar fleiri en þeir sem hér eru staddir — en samkvæmt þessu samkomulagi, ef þetta er rétt, þá á ekki að endurgreiða til atvinnuveganna það sem innheimt er í verðjöfnunargjöldum í desembermánuði sem samtals er talið vera um 260 millj. kr. sem ætti að endurgreiðast til allra atvinnugreina, þar af um 50 millj. til iðnaðarins. Með því að taka slíka ákvörðun, þá kemur hún þvert á loforð sem gefin hafa verið, þvert á venjur sem ríkt hafa, þvert á það sem forstöðumenn þessara fyrirtækja, sem hér eiga hlut að máli, hafa treyst á. Með þessum hætti er meiningin að fara inn um bakdyrnar í skattheimtu á atvinnulífið og er eitt dæmið af fjölmörgum um það að þó samkomulag hafi verið gert, þó venjur hafi ríkt, jafnvel þá sé það að engu haft þegar hæstv. ríkisstjórn býður svo við að horfa.

Það eru fjölmörg dæmi um það að lagaákvæði eru sniðgengin af þessari hæstv. ríkisstjórn og skal ég ekki fara í það hér að telja það upp. En það er sannarlega illa komið þegar ráðamenn þjóðarinnar, æðstu valdhafar, virða ekki samkomulag sem gert er við aðila í þjóðfélaginu, virða ekki samninga svo sem kunnugt er og í ýmsum tilvikum virða ekki þau lög sem gilda í landinu. Það er mál til komið að sú hæstv. ríkisstjórn, sem þannig heldur á málum, víki.

Samkvæmt því sem upplýsingar liggja fyrir um við meðferð þessa máls, þá vantar til að standa straum af starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs, þ.e. til atvinnuleysistrygginga eða atvinnuleysisbóta, um 200 millj. kr. til loka ársins. Ekki er gert ráð fyrir því að mæta því við þessa afgreiðslu frv. Á hinn bóginn hafa verið gefnar þær skýringar að ætlunin sé að mæta þessu á þann hátt að selja verðbréf í eigu sjóðsins. Jafnframt hefur verið upplýst að þau muni seljast með svo miklum afföllum að ekki sé líklegt að þau seljist á frjálsum markaði með minna en 30% afföllum. Ef þau ættu að seljast á nafnverði þá væri ljóst að enginn gæti keypt nema ríkissjóður. Sú lausn sem menn hugsa sér að fara í þessum efnum er því meira og minna málamyndalausn.

Það er upplýst að viðbótarfjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna, miðað við það hvernig starfsemi þess sjóðs er rekin, muni vera til loka þessa árs 452 millj. kr. Þessu er reiknað með að mæta með enn aukinni lántöku þessa sjóðs. Á þennan hátt, með sífelldum lántökum sjóða, þar á meðal Lánasjóðs ísl. námsmanna eins og hér kemur fram, er verið að rýra eigið fé sjóðanna, í þessu tilliti Lánasjóðs ísl. námsmanna, og varpa vandanum á herðar framtíðarinnar sem mun þá kosta annað tveggja, stóraukin útgjöld úr ríkissjóði ellegar að þrengt verður að þeim sem eiga að njóta starfsemi þessara sjóða. Aðrar leiðir verða ekki til þegar að því rekur að sjóðirnir stefna í gjaldþrot. Hér er verið að stíga eitt skref á þeirri feigðargöngu.

Í fjárlögum fyrir þetta ár er heimild í 6. gr. til hæstv. fjmrh. um að semja við nokkur stærri sveitarfélög um greiðslu á skuldum ríkissjóðs. Þessar skuldir eru öðru hvoru megin við milljarð. Þess má geta að Reykjavíkurborg ein telur til skulda ríkissjóðs um einn milljarð króna ef fjárhæðin er framreiknuð með verðlagsbótum án vaxta. En ef um fasta tölu væri að ræða væri þetta 600–700 millj. kr. Ýmis önnur sveitarfélög eiga þar einnig stóran hlut að máli þar sem ríkissjóður skuldar vegna fjárfestinga eða framkvæmda í þeim sveitarfélögum.

Samkomulag var gert við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan, fyrir forgöngu hv. 1. þm. Reykv. og hlut áttu að ýmsir fleiri þingmenn, við hæstv. fjmrh. um að taka inn slíka heimild í 6. gr. fjárlaga. Ég hef ekki heyrt eitt eða neitt af því hvernig þeir samningar hafa gengið og hvergi kemur fram að ein einasta króna sé greidd úr ríkissjóði til að fullnægja slíku samkomulagi. Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. fjmrh. hvað þessu máli líður. Það sem hér hefur verið talið í ræðu minni, og einnig er vikið að í nál. minni hl. fjvn. á þskj. 211, sannar að hvergi nærri eru öll kurl til grafar komin um útgjöld ríkissjóðs á þessu ári.

Auðvitað mun hæstv. fjmrh. leitast við að halda feluleiknum áfram, reyna að dylja eftir föngum raunverulega útgjöld ríkissjóðs og ýta því á undan sér af þeim málum sem ég hef hér talið sem mögulegt er. Það er í samræmi við það stefnumið hans, að leitast við að halda þessum útgjöldum sem mest leyndum og láta þau skella á herðum framtíðarinnar, þegar aðrir eru teknir við stjórn landsins. Eigi að síður eru sum af þessum atriðum þess efnis að ekki verður komist hjá því að færa þau inn á greiðsluyfirlit ríkissjóðs. Er þar eins og

áður sagði stærst yfirtaka ríkissjóðs á lausaskuldum Verðjöfnunarsjóðsins sem gerðist þann 1. júní sl. sem er um 1,5 milljarðar króna. Það sést því að þótt nú sé gert ráð fyrir að afgreiða þetta frv. á þann hátt að halli á ríkissjóði á þessu ári verði um 5,1–5,2 milljarðar kr. þá er komið í ljós að sú spá sem við í minni hl. fjvn. lögðum fram við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan um raunverulegan halla á fjárlagadæminu upp á 6–7 milljarða kr. var varfærin eins og við sögðum þá. Þó aðeins þessi eina tala sé tekin inn, um 1,5 milljarðar, er hallinn kominn upp í 6,7 milljarða kr.

Þetta atriði í málflutningi okkar fyrir ári síðan eins og önnur hafa sannast. Ég er auðvitað viss um það að þeir meðnefndarmenn mínir úr hv. meiri hl. sem starfa að þessum málum í fjvn. vissu þetta einnig. En þeir létu undan þeirri stefnu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. að reyna að breiða yfir raunveruleg útgjöld, reyna að leyna raunverulegum útgjöldum í lengstu lög, halda feluleiknum gangandi eins lengi og mögulegt væri, til þess að reyna á pappírnum að sýna skárri útkomu en raunveruleikinn er. En það kemur alltaf að skuldadögum og sannleikurinn kemur í ljós fyrr en síðar. Að hluta er hann nú kominn í ljós, að hluta til á hann eftir að koma í ljós. Við skulum sjá hvernig ríkisreikningur lítur út og við skulum sjá hvernig fjáraukalagafrv. lítur út sem flutt verður hér á nýju ári.

Ég tel auðvitað ekki tímabært að fara hér með neinar fullyrðingar um það hvernig staðan verður þá. Ég hef rakið ýmislegt sem gefur bendingar um það hvernig hún verður. Ég tel heldur ekki tímabært að gefa hæstv. fjmrh. neina lokaeinkunn fyrir fjármálastjórnina á þessu ári. En bæði það sem ég hef sagt hér í þessari ræðu minni og sá sannleikur sem birtist í þingskjölum er varða fjármál ríkisins gefa bendingar um hvernig sú einkunn muni verða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 213, sem var of seint fram komin, samþ. með 32 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. í tveimur liðum á þskj. 213. Þau efnisatriði sem þar koma fram eru gamalkunnug, voru reyndar til umræðu þegar fjáraukalög á fyrri hluta þessa árs voru hér til umræðu á hv. Alþingi. Þá kallaði ég samsvarandi tillögur aftur að ósk hæstv. iðnrh. sem sagðist vera að vinna að málinu í hæstv. ríkisstjórn.

Ég vil fyrst gera grein fyrir þessum tillögum. Í fyrsta lagi er um það að ræða að breyta tekjulið fjárlaga úr 500 millj. kr. í 960 millj. kr. Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er sú að þegar fjárlög voru til lokaafgreiðslu á síðasta þingi var samþykkt í tekjuáætlun að jöfnunargjald gæfi ríkissjóði 500 millj. kr. á yfirstandandi ári. Sú skýring var gefin að sú upphæð jafngilti hálfu jöfnunargjaldi. Síðar hefur hæstv. iðnrh. gefið þá skýringu að samþykkt Alþingis við lokaafgreiðslu fjárlaga hafi verið við það miðuð að jöfnunargjaldið yrði innheimt í hálft ár, þ.e. frá 1. jan. til 30. júní á yfirstandandi ári.

Um þetta urðu miklar umræður á síðasta þingi þegar ég benti á að til þess að tekjuáætlunin stæðist yrði að breyta lögum. Ég mun síðar í ræðu minni víkja að því hvernig þau mál þróuðust og hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur æ ofan í æ í þessu máli farið gegn sínum fyrri yfirlýsingum.

Með þessari fyrri brtt. er ég einungis að fara fram á það að hv. Alþingi samþykki það sem nú er orðinn hlutur, að jöfnunargjaldið gefi 960 millj. kr. Sú tala er fengin úr fjárlagafrv. fyrir næsta ár og er að sjálfsögðu áætluð tala en er sú tala sem fjmrn. gefur upp sem þá upphæð sem næst inn, verði jöfnunargjaldið innheimt allt þetta ár, jöfnunargjald upp á 5%.

Með þessari tillögugerð er ég ekki að sætta mig við það að hæstv. ríkisstjórn hafi gengið á bak orða sinna og ákveðið að innheimta þetta gjald helmingi lengur en til stóð. Ég er að koma í veg fyrir það með þessari tillögugerð að það sé hægt í framtíðinni að nota fordæmi hæstv. ríkisstjórnar, að það sé hægt í framtíðinni að segja Alþingi ósatt þegar verið er að gera tekjuáætlun fyrir ríkissjóð og þegar líða tekur á árið að standa þá ekki við þær áætlanir sem Alþingi samþykkti í upphafi.

Í örstuttu máli má segja að með fyrri tillögunni á þskj. 213 sé einungis verið að gefa hv. Alþingi tækifæri til þess að samþykkja þá tekjuáætlun sem farið hefur verið eftir en ekki þá tekjuáætlun sem gefin var upp fyrir ári síðan þegar fjárlagafrv. var til umræðu. Þá var sagt: Hæstv. ríkisstjórn ætlar aðeins að innheimta jöfnunargjald í hálft ár. Nú er ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlar að innheimta jöfnunargjaldið allt árið og þess vegna ber hv. Alþingi auðvitað að breyta tekjuáætlun fjárlaga til samræmis við það.

Þessi tillaga er því flutt til staðfestingar því að hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að fara út fyrir það sem hv. Alþingi samþykkti á sínum tíma og gefa hæstv. ríkisstjórn, og þá einkum og sér í lagi hæstv. fjmrh., tækifæri til þess að koma í ræðustól og biðjast afsökunar á því að hafa sagt Alþingi rangt til um það hvernig standa skuli að tekjuáætlun fyrir ríkissjóð á yfirstandandi ári.

Kannski þykir mörgum hv. alþingismönnum ekki merkilegt, menn eru orðnir svo vanir því að hæstv. ríkisstjórn umgangist Alþingi með þeim hætti að ekki sé ætlast til þess að tekið sé mark á hæstv. ríkisstjórn. En hér er þó a.m.k. gerð tilraun til þess að hv. Alþingi fái tækifæri til að samþykkja nýja tekjuáætlun sem byggir á þeim staðreyndum sem nú liggja fyrir en þær eru að hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að efna ekki loforð sitt um að hætta innheimtu gjaldsins á miðju ári heldur hefur hún kosið að halda áfram að heimta inn gjaldið. Að þessu máli víkur fyrri hluti till. Um síðari hlutann gegnir öðru máli þótt þessar tvær till. eigi sömu rætur. Með síðari hluta till. er verið að leggja til að ríkissjóður endurgreiði 200 millj. kr. vegna þess uppsafnaða söluskatts sem varð til í iðnfyrirtækjum á sl. ári.

Mörg undanfarin ár hefur það gerst að íslenska ríkið hefur innheimt jöfnunargjald og greitt aftur til iðn-

aðarins upphæð sem svarar til þess söluskatts sem hefur verið greiddur ofan á söluskatt og aðra skatta í rekstri iðnfyrirtækjanna. Sl. haust lofaði ríkisstjórnin því að þessi uppsafnaði söluskattur yrði endurgreiddur. Ég endurtek, hæstv. ríkisstjórn lofaði því, og það loforð átti að efna með fjáraukalögum sem voru til umræðu á hv. Alþingi fyrir nákvæmlega ári síðan. Þá samþykkti Alþingi aukafjárveitingar til þess að standa undir greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti, annars vegar til iðnaðarins og hins vegar til sjávarútvegsins. Þegar kom fram á þetta ár varð ljóst að talsvert vantaði á að ríkið ætlaði sér að standa við endurgreiðslurnar. Strax í marsmánuði varð ljóst að þessar greiðslur hlytu að verða 170 millj. En þegar upp var staðið og reikningar fyrirtækjanna lágu fyrir er ljóst að þessi upphæð er a.m.k. 190 millj. og jafnvel nær 200 millj. þó ekki sé tekið tillit til vaxta í því dæmi.

Í umræðum á síðasta þingi, nánar tiltekið þegar rætt var um fjáraukalög á sl. vori, var þetta mál til umræðu. Þá lagði ég fram samsvarandi till. en kallaði hana aftur vegna þess að hæstv. iðnrh. sagðist vera að vinna að þessu máli í hæstv. ríkisstjórn. Hann sagði að á haustþinginu mundi verða lagt fram frv. til fjáraukalaga þar sem séð yrði fyrir þessari endurgreiðslu. Það hefur nú verið gert með þeim hætti að einungis á að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt samkvæmt reikningum fyrirtækjanna til 1. des. Þegar spurt er að því hvernig á því standi að sleppa eigi desember, sem aldrei hefur gerst fyrr í iðnaðinum, er sagt að ekki sé ástæða til þess að endurgreiða þennan uppsafnaða söluskatt í sjávarútvegi og iðnaði öllu lengur.

Með slíkum svörum er verið að gefa í skyn að sömu reglur eigi að gilda um sjávarútveginn og iðnaðinn, en því fer víðs fjarri. Allt frá 1979 hefur uppsafnaður söluskattur verið endurgreiddur til iðnaðarins, samkvæmt fyrirliggjandi reikningum iðnfyrirtækja. Allir vita að það eru fáein ár síðan að sjávarútvegurinn fékk uppsafnaðan söluskatt greiddan og það er ekki gert samkvæmt reikningum fyrirtækjanna heldur samkvæmt allt annarri formúlu. Þess vegna á sú söluskattsendurgreiðsla ekkert skylt við endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts í iðnaði. Á þetta vil ég leggja áherslu vegna þess að það er bókstaflega gefið í skyn að sömu reglur eigi að gilda um báðar greinarnar.

Allt frá árinu 1981 til ársins 1989 má segja að þriðjungur, helmingur og allt upp í 60% af jöfnunargjaldinu sem innheimt var hafi gengið til þess að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í greininni. Nú gerist það á yfirstandandi ári, og það er kannski mjög athygli vert fyrir þá sem hafa áhuga á því hvernig komið er fram við atvinnulífið í landinu, að gert er ráð fyrir því að 500 millj. kr. innheimtist af jöfnunargjaldi en ekkert fari í endurgreiðslu vegna uppsafnaðs söluskatts. Þegar árinu lýkur stendur dæmið þannig að 960 millj. kr. verða innheimtar, vegna þess að hæstv. ríkisstjórn sveikst um að leggja fram frv. til að leggja af jöfnunargjaldið, en aðeins 160 millj. kr. verða endurgreiddar vegna uppsafnaðs söluskatts ef brtt. meiri hl. fjvn. verður samþykkt. Þar er gert ráð fyrir 10 millj. kr. hækkun, þ.e. að endurgreiðslan verði ekki 150 millj. kr. heldur 160 millj. kr. vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur viðurkennt það að upphæðin til 1. des. er 160 millj. kr. en ekki 150 millj. kr.

Þá kem ég að einum þætti þessa máls sem fáir hafa gefið gaum en hann er sá að mörg þeirra fyrirtækja sem eiga inni og hafa átt inni þessa fjármuni hjá ríkinu mánuðum saman eiga síðan að fá endurgreiðsluna án vaxta. Þetta eru fyrirtæki í útflutningsiðnaði, fyrirtæki í málmiðnaði og mörg þessara fyrirtækja hafa verið í greiðsluvandræðum, þar á meðal hafa þau ekki öll getað staðið skil á greiðslum til ríkisins. Ríkissjóður hefur tekið fulla dráttarvexti af þeim greiðslum en þessi fyrirtæki hafa enga möguleika á því að skuldajafna þó það hafi verið gert um áratug og þyki sjálfsagt að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt.

Þannig kemur hæstv. ríkisstjórn, þannig koma hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh., þeir tveir menn sem bera mesta ábyrgð á þessu, fram við atvinnulífið í þessum greinum.

Fyrir hv. Alþingi liggja nú tvö frv. til laga um jöfnunargjald. Annað frv. er þingmannafrv. sem sá flytur sem hér stendur, hitt frv. er stjórnarfrv. sem gerir ráð fyrir því að gjaldið skuli lækkað frá 1. jan. nk. úr 5% í 4% og lækka síðan niður í 2% frá 1. júlí 1991 og leggjast af í lok ársins. Ef það frv. verður samþykkt stenst tekjuáætlun fjárlaga um 700 millj. kr. innheimtu á jöfnunargjaldi hér um bil. En hæstv. ráðherra hefur ekki séð ástæðu til þess að skýra Alþingi frá því a.m.k. að gert er ráð fyrir því, ef ég veit rétt, í þjóðarsáttarsamningaaukanum að þessi innheimta lækki um 300 millj. kr. Þess vegna þarf strax við 1. umr. málsins, ef þetta er rétt, að lækka eða breyta frv. hæstv. ríkisstjórnar. Ef þetta er rangt sem mér sýnist — ég segi nú ekki heyrist, á hæstv. ráðherra þegar hann hristir höfuðið — ef þetta er rangt sem mér sýnist á hæstv. ráðherra þá held ég að hann þurfi að koma hér í þessari umræðu og gera grein fyrir sínu máli. Kannski væri ekki úr vegi að hæstv. ráðherra gerði í leiðinni grein fyrir því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að efna sinn þátt í þjóðarsáttarviðaukanum sem varð til um daginn, og þá sérstaklega þann þátt sem snýr að skattamálunum. En eins og öllum hlýtur að vera ljóst eru ríkissjóði settar þröngar skorður og kemur að sjálfsögðu ekki til greina að skattheimtan verði aukin vegna þess að ætlast verður til að hæstv. ríkisstjórn standi við sinn hluta þjóðarsáttarinnar.

Í hinu frv., þingmannafrv. sem ég á eftir að mæla fyrir og þarf þess vegna ekki að flytja langt mál um það sem þar stendur, er málið rakið sögulega. Það er ekki hægt að bera neinar brigður á það sem þar kemur fram enda er það að mestu leyti haft eftir viðkomandi hæstv. ráðherrum. Þar er m.a. sagt frá því að þegar hæstv. ríkisstjórn stóð að gerð kjarasamninga á miðju ári 1989, nánar tiltekið í lok aprílmánaðar, skrifaði hæstv. forsrh. í nafni ríkisstjórnarinnar bréf til vinnuveitenda. Þar sagði orðrétt: „Jöfnunargjald af innfluttum vörum verði hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda.“ Með öðrum orðum, hæstv. ríkisstjórn lofaði því að fella jöfnunargjaldið niður við upphaf þessa árs,

sveik það að sjálfsögðu, það þykja nú ekki fréttir, lagði til að 500 millj. kr. mundu heimtast inn á þessu ári, sveik það að sjálfsögðu og heimti inn 1.000 millj. kr. Þá var sagt að þetta yrði bara þetta ár. Nú eru það 700 millj. kr. sem á að heimta inn á næsta ári. Mér er sagt að það eigi að lækka þær niður í 400 millj. kr. en ég yrði ekki hissa þótt hæstv. ráðherra stæði hér upp og segðist líka ætla að svíkja það.

Ég vil rifja það upp fyrir hæstv. fjmrh., og tel það vera hollt fyrir hæstv. ráðherra að hlýða á þetta vegna þess að það er hollt fyrir hann að læra af eigin mistökum og hann má ekki reyna að flýja það því þetta eru staðreyndir sem munu aldrei flýja hæstv. ráðherra þannig að ráðherra getur ekki flúið þær, þá var gert ráð fyrir því þegar virðisaukaskatturinn var lagður á að hann næði inn tekjum sem jöfnunargjaldið hafði áður útvegað ríkissjóði. En hæstv. fjmrh., sem gjarnan er kallaður „skattmann" meðal almennings í landinu, sá auðvitað við saklausum almúganum og dró nýjar kanínur upp úr sínum hatti. Ein var sú að ná í auknar tekjur með svikum af þessu tagi. Með öðrum orðum, að auk peninga sem náð var inn með virðisaukaskattinum var þeim líka náð inn með jöfnunargjaldinu. Og ekki nóg með það heldur var það ætíð í huga hæstv. ráðherra að ná inn helmingi meiri tekjum en hann sagði Alþingi að hann mundi ætla að ná í fyrir u.þ.b. ári síðan.

Auðvitað hlýtur maður að spyrja: Er hægt að treysta svona mönnum til nokkurs hlutar? Svar mitt er augljóst. Það er auðvitað nei. En ég hygg að það sé hollt samt sem áður, þó það sé kannski verið að berja höfðinu við steininn að benda á þessa svikasögu alla, fyrir hæstv. ráðherra að heyra það að þessir hlutir eru ekki gleymdir og hæstv. ráðherra kemst ekkert hjá því að þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum.

Ég tel, virðulegur forseti, það lágmarksskilyrði að hv. Alþingi sjái til þess að hæstv. ríkisstjórn standi við það loforð sem hún gaf iðnaðinum á sínum tíma, að uppsafnaður söluskattur skuli endurgreiddur til greinarinnar vegna framleiðslu ársins 1989. Og það gengur engan veginn að hæstv. ríkisstjórn ætli nú að svíkja þessar greiðslur um einn mánuð, þ.e. því sem nemur framleiðslu í desembermánuði sl. Þarna vantar u.þ.b. 40 millj. kr. á og ég skora á hæstv. ráðherra og hv. meiri hluta, sem hér fer með völd á Alþingi, að endurskoða afstöðu sína og koma til móts — ekki við kröfur iðnaðarins, eins og segir í meirihlutaálitinu, heldur við rétt iðnaðarins til að fá þessar endurgreiðslur enda var alltaf gert ráð fyrir því þegar lögin um jöfnunargjald voru sett að hluti af því fjármagni sem heimtist inn með jöfnunargjaldinu rynni til iðnþróunar. Það hefur ætíð verið gert með þeim hætti að greiða fyrirtækjum til baka uppsafnaðan söluskatt eftir reikningi. Þess heldur þarf hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutinn sem hana styður enn þá, þeim fer nú fækkandi a.m.k. í ýmsum málum, að standa við þetta og að sjá til þess að þetta sé gert þegar það er haft í huga að hæstv. ríkisstjórn fær helmingi meiri tekjur, tvisvar sinnum meiri tekjur, af jöfnunargjaldinu í ár en hæstv. ráðherra ætlaði sér að ná inn á yfirstandandi ári. Við erum þess vegna aðeins að tala um örlítið brot af þessum tekjum sem eigi að ganga til baka. Er ég þá ekki að minnast á allt það óréttlæti sem felst í því að ekki er hægt að skuldajafna þessum rétti fyrirtækjanna og vangreiddum gjöldum sem fyrirtækin eiga að standa skil á til opinberra aðila og er auðvitað sjálfsagt að fyrirtækin greiði.

Ég vona, virðulegur forseti, að þessi sjónarmið hafi komið skýrt fram. Ég veit að þetta mál verður frekar til umræðu á næstunni. Ég hef því miður orðið var við það að fjölmiðlar og þeir sem segja frá þingstörfum átta sig ekki á þessu máli. Sjálfsagt finnst ýmsum þetta dálítið flókið. En málið er í hnotskurn þetta: ríkisstjórnin lofar að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt, ríkisstjórnin ætlar ekki að standa við það. Ríkisstjórnin lýsir því yfir á Alþingi að hún ætli að ná inn ákveðnu gjaldi með því að leggja það á tiltekinn tíma ársins en hæstv. ríkisstjórn efnir það að sjálfsögðu ekki heldur heimtir inn gjaldið allt árið og fær 500 millj. kr. til viðbótar því sem áætlað var. En hún tímir samt sem áður ekki að greiða til baka þær 40 millj. kr. sem á vantar vegna framleiðslu í desembermánuði. Ríkisstjórn sem hagar sér þannig gagnvart atvinnulífinu í landinu á auðvitað ekki skilið að njóta nokkurs trausts. Og það kann einmitt að vera skýringin á því hvernig ýmsir stjórnarþingmenn hafa að undanförnu verið að flýja hæstv. ríkisstjórn. Það kann að vera skýringin á því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur leyft sér að koma fram annars vegar við atvinnulífið og hins vegar við launþegana í landinu.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra komi hér í pontu og lýsi stuðningi við þessar till. mínar. Önnur till. er einungis um að leiðrétta fjárlög sem er handvömm hjá hæstv. ráðherra að láta ekki gera þegar ljóst er að hann hefur viljandi áætlað rangt í frv. Það er tæknilegt atriði. Hitt atriðið er spurning um það réttlæti að nota peninga til þess að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt eins og gert hefur verið mörg undanfarin ár.

Ég ætla að segja það að lokum að ég vona bara að hæstv. ráðherra komi ekki með gömlu ræðuna sína sem hann er búinn að flytja líklega sex sinnum á þessu ári og tvisvar sinnum á síðasta ári, átta sinnum alls ef ég man rétt, um það að hann sé að leggja jöfnunargjaldið á fyrir iðnaðinn vegna þess að í Evrópu eigi sér stað styrkjakerfi til útkjálkahéraða. Einfaldlega vegna þess að styrkja kerfið til útkjálkahéraða, einfaldlega vegna þess ... (**Fjmrh.:** Þetta er fín ræða.) Þetta er fín ræða, segir hæstv. ráðherra, og kallar hér fram í vegna þess að honum þykir alltaf sinn fugl fegurstur. Það má vel vera að honum þyki ræðan fín, en ræðan er svo yfirmáta vitlaus að jafnvel ég, sem er andstæðingur hæstv. ráðherra, þoli vart lengur við að hlusta á slíka vitleysu sem þar kemur fram, vegna þess — og svo ætla ég að ljúka mínu máli þegar ég er búinn að segja af hverju — vegna þess að það er ekki hægt að jafna því saman að ef Skotar fá styrk frá London eða úr Evrópu til að lækka vöruverð þar þá sé réttlæti í því fólgið að hæstv. fjmrh. uppi á Íslandi leggi aukna skatta á Ís-

lendinga til að jafna þennan mun. Niðurstaðan verður einfaldlega sú að vöruverð á Íslandi verður enn þá hærra en vöruverð í Glasgow fyrir vikið. Og það er ein af meginskýringunum á því hvers vegna fólk flykkist þangað til þess að kaupa, það er vegna þess að þar er verðið lægra. Ástæðan er sú að hæstv. ráðherra skilur ekki út á hvað þessir hlutir ganga, því miður. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra flytji ekki gömlu, vitlausu ræðuna sína hér þegar hann kemur til að svara þessu.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði vænst þess að aðalforseti væri við þegar ég kveddi mér hljóðs um þingsköp. (**Fjmrh.**: Þú sást nú hver var í stólnum.) Ég vænti þess að gerðar verði ráðstafanir til að ná í hann. (**Forseti:** Forseti sér ekki ástæðu til þess þar sem aðalatriðið hlýtur að vera það að fundinum sé stjórnað af forseta.) Ég hef nú aldrei heyrt svona fyrr, ef það eru gerðar athugasemdir við þingsköp af þingmanni, þá sé því synjað að ná í aðalforseta. Ég held að forseti verði að lesa betur. Ég held ég verði að óska eftir því að það sé náð í aðalforseta. Við þurfum ekki að vera að taka umræðuna á þessum grundvelli. (**ÁrnG:** Þetta er fullgildur forseti sem situr í stól samkvæmt þingsköpum.)

Hæstv. forseti. Það gerðist í morgun að haldinn var fundur í sjútvn. Ed. að minni beiðni af þeirri ástæðu að smábátaeigendur hafa verið að fá í hendur bréf frá ráðuneyti þar sem gefnar eru upplýsingar um þær veiðiheimildir sem þeir geta vænst að fá á næsta ári. Eigendum smábátanna er gefinn frestur til 15. des. til að senda inn athugasemdir eða leiðréttingar. Það kom fram á fundinum í morgun að þegar eru farnar að berast fyrirspurnir til ráðuneytisins og það kom fram, eins og vænta mátti og ég er ekki að gagnrýna, að sums staðar hefur, kannski af eðlilegum ástæðum, ekki verið tekið tillit til allra staðreynda í sambandi við ákvörðun veiðiréttar. Er það auðvitað nauðsynlegt að eigendum smábáta sem öðrum útgerðarmönnum sé gefinn kostur á því að gera athugasemdir við þær veiðiheimildir sem búist er við að þeir fái á næsta ári. (**Forseti:** Forseti vill gera athugasemd. Þetta getur ekki talist til þingskapaumræðu sem hv. þm. er hér að segja.) Það kemur nú í ljós að það hefði verið betra að ná í aðalforseta. Ég bað um orðið utan dagskrár en forseta þótti eðlilegt að hafa um þingsköp, forseti bað um að það yrði um þingsköp. Það lá alveg ljóst fyrir að ég ætlaði að ná í sjútvrh. til þess að biðja hann að svara hér fyrirspurnum vegna þess að þingnefnd hafði verið synjað um upplýsingar í morgun. Ég held að það verði bara að halda sérstakan forsetafund um það hvað forsetar vilja kalla málið. Það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að aðalforseti gaf mér heimild til þess að hefja hér umræður kl. 12 þar sem ég mundi inna hæstv. sjútvrh. eftir því hvernig á þessu stæði. Til frekari upplýsingar vil ég skýra frá því að ég fékk heimild aðalforseta til að gera hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni aðvart um að þessi umræða mundi byrja kl. 12. Honum er kunnugt um þetta. — Ég heyri að hæstv. forseti segir að þetta sé fjarstæða. Það væri kannski niðurstaðan af þessu öllu saman að þingmenn yrðu að hafa bréfaskriftir við forseta sína til þess að geta komið fram eðlilegum óskum. Það væri svo sem eftir öðru.

Það er ekki kjarni málsins raunar hvort forseti hafi heyrt það sem ég sagði. Aðalatriðið er að á fundi sjútvn. í morgun óskaði ég eftir því að fá í hendur (**StG:** Er þetta umræða um þingsköp?) lista yfir þær veiðiheimildir sem sendar höfðu verið smábátaeigendum í pósti í þessari viku. (Forseti hringir.) Það er kjarni málsins. Ég hafði gert hæstv. sjútvrh. grein fyrir þessu í gær. (Forseti hringir.) Ég vil biðja hæstv. forseta að hætta þessu og reyna að vera til friðs. Það er algerlega óþolandi ef stjórnarandstaðan hefur ekki rétt til þess að koma hér fram lágmarksumræðum. (**Menntmrh.**: Þetta er dónaskapur.) Það er ekki nóg með það að ekki sé staðið við það að umræðan geti hafist kl. 12 (Forseti hringir.), heldur er hæstv. forseti að trufla hér ræðumann hvað eftir annað og væri nær að láta þann forseta setjast í stólinn sem gaf heimild til þess að umræðan yrði haldin. (**StG:** Þú átt að virða þingsköpin ...) (**Forseti:** Það er forseti sem stjórnar fundinum.) Ég var að segja það hér áðan (**ÁrnG:** Það á að fresta fundinum.) að ég hefði ... (**StG:** Nota hamarinn rétt, forseti.)

Ég var að skýra frá því að ég hefði átt viðtal við hæstv. sjútvrh. í gær þar sem ég hefði lagt fram beiðni um að fá þær upplýsingar í hendur sem ég hef nú greint frá. Hann vildi ekki verða við þeirri beiðni. Fulltrúar hans voru mættir á fundi sjútvn. í morgun. Þeir ítrekuðu að sjútvrh. væri ekki reiðubúinn til þess að láta nefndarmönnum í sjútvn. í hendur þau trúnaðargögn sem ég er nú að skýra frá. Ég spurði að því hvort rétt væri að þessi gögn hefðu borist eigendum smábátanna þannig að þeim væri kunnugt um hvaða áætlun væri uppi um veiðikvóta til þeirra á næsta ári. Fulltrúar ráðuneytisins svöruðu því til að eigendum smábátanna væri kunnugt um það hvað áætlað væri að þeir mættu veiða á næsta ári. (Forseti hringir.)

Þá kom það fram hjá fulltrúum ráðuneytis að einstakir sjávarútvegsnefndarmenn mættu fara upp í ráðuneyti og lesa listann þar. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Hins vegar væri nefndarmönnum ekki treystandi fyrir því að hafa þessar upplýsingar í höndum. Þó kom fram að þeir listar sem hér um ræðir hafa farið um hendur mjög margra manna. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Við vorum stödd saman úti í Grímsey núna á þriðjudag þar sem við vorum að fagna því að verið var að taka nýja bryggju í notkun með formlegum hætti. Þegar við komum á bryggjuna, ég og hæstv. forseti (Forseti hringir.), hittum við þar sjómann sem sagði að vel stæði á að vígja bryggjuna á þessu ári. (Gripið fram í.) Það hefði verið svo í Flatey að eftir að nýja höfnin kom þar hefðu allir eyjarskeggjar flutt til lands. (Forseti hringir.) Eins sögðu þessir Grímseyingar við hæstv. forseta þegar hann var í Grímsey sem þingmaður Norðurl. e. að það væri gott að fá nýju höfnina núna því að sennilega mundu allir Grímseyingar flytja til lands á næsta vori því að þeim væri ekki vært lengur í eynni eins og sjávarútvegs-

stefnan væri. (**Forseti:** Forseti verður að biðja hv. 2. þm. Norðurl. e. þess að ljúka þessari umræðu þar sem hún er ekki um þingsköp. Það er vinsamlegast farið fram á það.) (**ÁrnG:** Dónaskapur.) Ég gerði ráðuneytismönnum grein fyrir því að ég mundi ekki una þessu. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég er ýmsu vanur hér í þinginu en ég hef aldrei upplifað það áður að forseti hagi sér með þessum hætti og það er algerlega ljóst að við þetta verður ekki unað. (Forseti hringir.) Og ég spyr enn: Hvernig stendur á því að aðalforseti, sem hér er staddur og heimilaði umræðurnar, kemur ekki í stól þingforseta? Hvernig stendur á því að þingmaður verður að una því að vera með varamann í forsetastól, að aðalforseti skuli sitja hjá, sá sem heimilaði umræðurnar? Hvernig stendur á því að sjútvrh. gengur úr salnum þegar hér fer fram umræða samkvæmt réttum reglum? (**Forseti:** Hv. þm. bað um orðið um þingsköp og hann verður að una því að varaforsetar verða annað slagið hér að stjórna fundum. Hv. 13. þm. Reykv. hefur beðið um orðið um þingsköp ef hv. 2. þm. Norðurl. e. vildi ljúka máli sínu.) Ég óska eftir því að aðalforseti fari í stólinn, sá sem gaf heimildina og úrskurðaði að þetta væri umræða um þingsköp. (**Menntmrh.:** Ertu yfirforseti?) (**ÁrnG:** Hver stjórnar þinginu?) (**Menntmrh.:** Halldór Blöndal.) Ég óska eftir því að aðalforseti fari í stólinn, sá sem veitti mér heimild til þess að tala hér um þingsköp um þetta efni. (**Forseti:** Hv. 2. þm. Norðurl. e. stjórnar ekki þinginu. Hann getur ekki skipað fyrir hver sé í forsetastól hverju sinni. Eins og kom fram áðan hefur hv. 13. þm. Reykv. beðið um orðið um þingsköp. Ef hv. þm. vildi ljúka máli sínu, þá gæti hann fengið að hlýða ...) Ég óska eftir því að fá að gera hlé á ræðu minni, það verði gert hlé á fundinum í 5 mínútur svo að mér gefist tóm til að ræða við forseta þingsins. (**GHelg:** Forseti þingsins situr í stólnum.) (**Forseti:** Forseti hefur ákveðið að gefa hlé í 5 mínútur á fundinum. Fundinum er frestað.) — [Fundarhlé.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill gera alvarlegar athugasemdir við þann dapurlega atburð sem átti sér stað hér áður en fundi var frestað fyrir hádegi. Svo að allar staðreyndir þess máls séu ljósar vill forseti upplýsa eftirfarandi:

Eftir að fundur hófst í morgun kom hv. 2. þm. Norðurl. e. að máli við forseta og óskaði utandagskrárumræðu. Eins og segir í 32. gr. þingskapalaga þarf að bera fram slíka ósk við forseta eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst. Þetta hélt ég að hv. 2. þm. Norðurl. e. vissi. Ég benti honum því á að þetta gæti ekki orðið og spurði hann hvað hann óskaði að ræða. Og skýringin sem forseta var gefin var að á nefndarfundi í morgun hefði honum verið neitað um upplýsingar svo forseti sagði að sjálfsögðu: Það er efni til umræðna um þingsköp. Um frekara efni vissi forseti ekki. Það er fjarri lagi að forseti hafi óskað eftir nærveru hæstv. sjútvrh. hér í þingsal. Það mun hv. þm. að hafa gert sjálfur. Þetta er þá öllum þingmönnum ljóst.

En það sem er e.t.v. alvarlegra í þessu máli er að hæstv. forseti þessa þings, í þessu tilviki hæstv. annar varaforseti sameinaðs Alþingis, rétt kjörinn, reyndi hér að gæta sinna starfa eins og henni bar og gerði það án þess að nokkuð væri athugavert við þau störf, en réttmæti annars varaforseta var dregið í efa sem forseta þessa þings á meðan forseti sameinaðs Alþingis þurfti að gegna öðrum störfum í skrifstofu sinni. Þetta harma ég og vona að annað eins og það komi aldrei oftar fyrir.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er sumt rétt sem sagt var hér, sumt ekki. Það er rétt að ég fór fram á umræður utan dagskrár af því tilefni að sjávarútvegsnefndarmönnum var synjað um upplýsingar. Það er líka rétt að hæstv. forseti sagði að þetta væri þingskapaumræða. Það er rétt að forseti óskaði ekki eftir því að náð yrði í hæstv. sjútvrh. Það er á hinn bóginn líka rétt að ég sagði forseta frá því að ég mundi hafa samband við hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Matthías Bjarnason. Hæstv. forseta var kunnugt um það að hæstv. sjútvrh. var tímabundinn. Ég hafði orð á því við hæstv. forseta þegar klukkan var orðin 12 og forseti taldi að hv. þm. Friðrik Sophusson mundi ljúka máli sínu svo fljótt að ekki kæmi að sök.

Ég hlýt að biðja hv. 5. þm. Norðurl. e. afsökunar ef beiðni mín um það að fá forseta deildarinnar í þingsalinn var tekin svo að það lyti að fundarstjórn. Það var ekki. Forseti Sþ. kom hér í salinn, settist hér niður og ég gerði ekki athugasemdir við það heldur hóf mína ræðu þar sem ég gerði grein fyrir aðdraganda þess að ég óskaði eftir því að taka til máls. Þegar ég var hér um bil búinn að ljúka mínu máli kom í ljós að aðalforseti þingsins hafði ekki greint varaforseta frá efni þingskapaumræðu og má vera að varaforseti hafi tekið svo að ég hafi ætlað að gera athugasemdir við fundarstjórn hans. Svo var ekki.

Ég vil, úr því sem komið er, þar sem ég á bæði erindi við forseta Sþ., ekki varaforseta Sþ. heldur forseta Sþ. ef hann er á landinu, og af því að ég á erindi við hæstv. sjútvrh., óska eftir því að á mánudag verði umræða utan dagskrár, almenn umræða, löng umræða, þar sem hægt sé að fjalla um sjávarútvegsmál og þann trúnað sem þingnefndir og starfsmenn Alþingis hljóta og eiga rétt á að njóta. Ég er síður en svo á móti því að þetta mál verði rætt ítarlega. Á þessu stigi málsins blanda ég mér ekki í umræður um hvort það sé frekar umræða utan dagskrár en þingskapaumræða þegar fjallað er um störf nefnda og þann trúnað sem sjútvn. hljóta að ætlast til að þær njóti hjá ráðuneytum og opinberum aðilum. Ef það er skoðun þingforseta að slíkt umræðuefni sé fremur utandagskrárumræða en þingskapaumræða verð ég að segja: Það er a.m.k. álitaefni og margsinnis hefur það komið fyrir, bæði á síðasta þingi og raunar á öllum þingum, að einstakir þingmenn hafa kvatt sér hljóðs um þingsköp til þess að gera athugasemdir við starf nefnda, kvarta undan því

að meiri hl. liggi á málum, krefjast þess að mál séu afgreidd fljótt og fljótar, með öðrum orðum undir þessum dagskrárlið fjallað um starfshætti þingsins. Hitt má vera að ýmsir þingmenn telji, og þar á meðal ég í morgun, kannski fyrir fljótræði, að þegar við fjöllum um þann trúnað sem einstaka þingnefndir geti vænst af Stjórnarráðinu sé kannski hægt að segja að það eigi að vera utandagskrárumræða.

Ég vil aðeins að síðustu, hæstv. forseti, ljúka máli mínu með því að segja að ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir að forseti Sþ. væri viðstaddur var sú að ég ætlaði að biðja forseta Sþ. að sjá um það að sjútvn. fengju í hendur þær upplýsingar sem einstakir nefndarmenn báðu um á fundum í morgun og sem var tilefni þess að ég óskaði eftir fundi sjútvn. í morgun.

Ég vil svo ítreka. Hafi framkoma mín þegar ég óskaði eftir nærveru forseta Sþ. í morgun verið skilin svo að ég treysti ekki því að varaforseti gæti stjórnað fundi er það misskilningur. Það kom fram þegar forseti Sþ. gekk í salinn að ég gerði ekki athugasemdir við það að hann settist ekki í forsetastól. Ég óskaði einungis nærveru forseta Sþ. Það var af þeirri ástæðu að ég óska eftir því að hann gangi fram í því að sjávarútvegsnefndarmenn fái þær upplýsingar sem ég óskaði eftir að við fengjum, þ.e. skrá yfir þær veiðiheimildir sem vænst er að smábátar eigi rétt á á næsta ári, en þeim upplýsingum hefur verið dreift til smábátaeigenda vítt og breitt um landið. Mikil óánægja hefur komið fram í röðum smábátaeigenda og það er auðvitað óþolandi fyrir þingmenn að þeir geti ekki fengið heillega mynd af því sem þar er að gerast.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirra orða hv. 2. þm. Norðurl. e. að hann muni óska eftir umræðu utan dagskrár við, eins og hann sagði, aðalforseta þingsins ef hann skyldi verða á landinu, þá skal það upplýst að það er aðalforseti alloftast og svo mun einnig verða á mánudaginn. Erindi um utandagskrárumræður eru hins vegar ekki afgreidd héðan úr ræðustól heldur þurfa þau að berast forsetum þingsins í þeirra skrifstofu.

En hvort sem einn forseti eða annar verður á landinu á mánudaginn eða ekki, þá segir í 12. gr. laga um þingsköp: „Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra starf" svo að það sé ljóst að það mun ekki skipta neinu máli.

Ég vil einnig geta þess að forseti Sþ. ræddi við hæstv. annan varaforseta og tilkynnti henni að um umræðu um þingsköp mundi verða beðið og sagði henni, eins og ég hafði skilið það erindi, að það mundi fjalla um skort á upplýsingum eða öllu heldur að upplýsingabeiðni hefði verið synjað í ákveðinni þingnefnd og töldum við báðar það eðlilega umræðu um þingsköp. Um frekara efni sem rætt var hér í morgun hafði hvorug okkar hugmynd um.

En forseta sýnist að best sé að þessari umræðu um þingsköp ljúki. Forseta er auðvitað ljúft og skylt að taka við hvaða erindi sem er frá hv. 2. þm. Norðurl. e., eins og frá öðrum hv. þm., en upplýsingar þyrftu helst að vera betri en hér hefur verið raunin á. Ég vænti að þessari umræðu um þingsköp sé lokið.

Skúli Alexandersson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Hér hefur farið fram sérstök umræða, að sumu leyti með dálítið miklum stóryrðum, kannski ekki fyrst og fremst frá þeim hv. þm. sem hér var í ræðustól heldur stundum frá hv. þm. sem voru að taka þátt í umræðunni utan úr sal, m.a. með tilvísun til hæstv. forseta um það að nota hamarinn rétt og aðrar sérstakar uppákomur sem eru mjög sjaldgæfar hér í þingsölum sem betur fer.

En tilefni þeirrar umræðu sem hér varð finnst mér hafa verið ærin og ekki nema eðlilegt að hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal óskaði eftir því að það færi fram umræða utan dagskrár um það að sjútvn. þingsins var neitað um upplýsingar í nefnd og nefndarmönnum boðið annaðhvort að lesa á nefndarfundi þessar upplýsingar eða koma til ráðuneytisins og kynna sér upplýsingarnar þar. Mér fannst vera ærið tilefni til að hv. þm. hefði verið veitt heimild til þessarar umræðu, jafnvel þó að þingsköp mæli fyrir á annan máta. Að bíða með það að fjalla um þetta mál yfir helgi er ekki gott, eins viðkvæmt og það er nú hjá ótalmörgum aðilum vítt og breitt um landið, mér fannst ekki nema eðlilegt að hæstv. sjútvrh. hefði aðstöðu til þess að svara hv. þm. og okkur úr sjútvn. hvort ekki væri möguleiki að verða að þessari ósk þeirra. Það hefur því miður ekki orðið. Hæstv. sjútvrh. sá sér þann kost bestan að fara hér af fundi meðan hv. þm. Halldór Blöndal var að halda ræðu sína áðan. Því miður stendur þetta mál á þann veg að við, fulltrúar í sjútvn. þingsins, höfum engar frekari upplýsingar og finnst mér það mjög miður.

Það er líka ekki gott að hverfa frá þessari þingskapaumræðu fyrr en við vitum, hæstv. forseti, hvort við fáum umræðu um þetta mál á mánudaginn. Ég óska eftir því að það verði gert fundarhlé og okkur gefið svar við því hvort við fáum umræðu um þennan þátt mála, um svar ráðherra við því hvort við fáum að fylgjast með þessum málum á svipaðan máta og tugir manna jafnvel uppi í ráðuneyti, Fiskifélagi og vítt og breitt um landið. Hvort þessum hlutum sé haldið leyndum fyrir nefndarmönnum í sjútvn. eða hvort við fáum að fjalla um það hér á hv. Alþingi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að lýsa undrun sinni á þessari umræðu um þingsköp. Fyrir þessum fundi, fimmtudaginn 29. nóv. 1990, liggur prentuð dagskrá. Ræða skyldi fjáraukalög 1990 og afgreiða þau til 3. umr. í dag. Engin athugasemd hefur komið fram frá nokkrum hv. þm. eða þingflokksformanni, að á þessu ætti að verða breyting. Engin formleg beiðni um utandagskrárumræðu hefur enn þá borist til forseta fyrr en nú úr ræðustól. Forseti þarf að taka afstöðu til hvort veita skuli ómælda umræðu skv. síðari mgr. eða takmarkaða skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga. Það gerir forseti ekki á meðan hann er að störfum hér í þinginu. Því mun þess vegna auðvitað ekki verða svarað hér og nú.

Forseti hefur hingað til verið mjög fús til að veita

hv. þm. heimild til utandagskrárumræðu ef þess er beiðst með venjulegum hætti en hér er ekkert slíkt um að ræða. Ég vænti þess að hér fari fram til loka það dagskrármál sem nú er til umræðu og menn haldi hér ekki uppi umræðum um allt annað mál fram eftir degi. Ég mun víkja úr stól um stund og taka afstöðu til þessarar beiðni um utandagskrárumræðu nk. mánudag og lýsa því hér síðar á fundinum hvernig verður við henni brugðist. En ég vænti þess að að öðru leyti fái þessi fundur að hafa sinn gang.

Matthías Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst leitt að hér hefur orðið þessi mikli ágreiningur út af því sem enginn ágreiningur átti að verða um. Hitt veit ég og allir þingmenn að einstakir þingmenn hafa beðið um orðið um þingsköp til þess að bera fram kvartanir um skort á upplýsingum eða í sambandi við meðferð mála í þinginu. Það hefur verið látið átölulaust öll þau ár sem ég hef átt hér sæti og þeim orðum oftast verið svarað.

Það sem skiptir hér höfuðmáli er spurningin: Getur framkvæmdarvaldið neitað löggjafarvaldinu um nauðsynlegar upplýsingar? Það er höfuðatriði þessa máls. Um umræðu utan dagskrár um þetta atriði var ekki hægt að biðja fyrr en í morgun því að synjun á upplýsingum lá ekki fyrir fyrr en á ellefta tímanum í morgun. Hér er því um það að ræða að verið er að taka ákvörðun um framtíð og lífsafkomu þúsunda manna vítt og breitt um landið. Það er verið að senda einstaklingum upplýsingar um það hvað á að skammta á árinu 1991. Fulltrúar á löggjafarsamkundu þjóðarinnar, þeir sem eru í þeirri nefnd sem fjallar um þennan málaflokk, óska eindregið eftir því áður en gengið er frá þessum málum að fá í hendurnar, auðvitað sem trúnaðarmál, hvernig starfað er að þessum málum og með hvaða hætti á að vinna hann. Það er til þess að þeir geti myndað sér skoðun en þurfi ekki að fara allra náðarsamlegast upp í hið volduga sjútvrn. og sitja þar með einhverja embættismenn yfir sér sem vilja sjá hvað þeir séu að skoða. Þetta er spurningin um það hvort löggjafarvaldið ætli að láta framkvæmdarvaldið hefta sig í sínum störfum. Á þessu veltur mikið. Ætlar löggjafarvaldið að lyppast niður og láta framkvæmdarvaldið segja sér fyrir verkum?

Ég sé að einn hv. þm. biður um orðið. Það er 3. þm. Norðurl. v. Hann hefur verið afar óstyrkur undir þessum umræðum en enginn gekk lengra en hann í því að gefa forseta til kynna að hann ætti að rota ræðumenn með því að nota hamarinn á réttan hátt, eins og hann hiklaust átti við. Ég vona að hann sé að biðja núna um orðið til þess að biðja afsökunar á því.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur áður tekið fram að athugað mun nú verða hvort hægt sé að leyfa utandagskrárumræðu þegar umræðu um fjáraukalög lýkur og atkvæðagreiðsla hefur farið fram. Ég mælist því til þess að menn leggi af umræðu um þetta mál sem allra fyrst.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég kem ekki í þennan ræðustól til þess að biðjast afsökunar. Þeir verða að bera sinn kosningaskjálfta, hv. 1. þm. Vestf. og 2. þm. Norðurl. e., og þessar þjáningar verða þeir að hafa hjá sér sjálfir. Þessi umræða í morgun hefur verið nokkuð kostuleg. Hún sýnir þó að kraftaverk eru ekki hætt að gerast þegar Halldór Blöndal kemur hingað upp til þess að biðjast afsökunar.

En erindi mitt hingað upp er að skýra frá því sem gerðist í þessu máli þar sem ég er formaður sjútvn. Ed. Halldór Blöndal fór mikinn í gær og kom til mín og óskaði eftir fundi (Gripið fram í.) í sjútvn. þegar í stað. Ég tjáði honum að ég skyldi beita mér fyrir því að fundur í nefndinni yrði boðaður strax morguninn eftir sem ég og gerði og fékk þá aðila til að koma sem gætu skýrt fyrir okkur það efni sem hv. þm. hafði beðið um. Nokkrum dögum áður var haldinn sameiginlegur fundur sjávarútvegsnefnda beggja deilda þar sem ráðherra kom með sínum starfsmönnum til þess að kynna okkur reglugerðir er varða frv. til laga um stjórn fiskveiða áður en þær yrðu lagðar fram. Þeir fóru sem sagt yfir reglugerðirnar með sjávarútvegsnefndarmönnum beggja deilda þingsins. Fyrir það ber auðvitað að þakka. Ég er ekki viss um að við sjáum reglugerðir frá mörgum ráðuneytum áður en þær eru lagðar fram. Ég held ekki. Ég hef a.m.k. ekki orðið var við það í öðrum nefndum.

Um þennan þátt málsins, kvótann og tilkynningar til útgerðaraðila, er rétt að taka fram að þeirri vinnu er ekki lokið í sjútvrn. og hjá þeim embættismönnum sem að því eru að vinna. Okkur var skýrt frá því að það kveður á um það í reglugerðinni að kvartanir og beiðni um leiðréttingar skuli hafa borist fyrir 15. des. ef ég man rétt. Núna er verið að senda út hugmyndir og útreikninga frá ráðuneytinu og fram til 15. næsta mánaðar eiga viðkomandi aðilar möguleika á því að gera athugasemdir við þessa útreikninga.

Mönnum var ekki neitað um aðgang að þessum upplýsingum. Ráðuneytismenn buðust til að sitja með okkur og fletta í gegnum öll þessi plögg og sýna nefndarmönnum þessi plögg. Þeir buðu einnig að okkur sjávarútvegsnefndarmönnum væri öllum heimilt að koma upp í ráðuneyti og fara yfir þessi gögn þar. Það er hins vegar rétt að þeir vildu ekki á þessu stigi, töldu að það væri málinu ekki til neins, að afhenda nefndarmönnum þessi vinnuplögg eins og þau liggja fyrir í dag. Þetta er hið rétta í málinu.

Kristinn Pétursson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp vegna þess að hv. 3. þm. Norðurl. v. minntist á fund sem við nefndarmenn í sjávarútvegsnefndum Ed. og Nd. vorum boðaðir á á mánudaginn var. Þannig var að á laugardagskvöldið var sendur leigubíll frá hinu hæstv. sjútvrn. með sentimetra þykkan bunka af reglugerðum heim til nefndarmanna og þeir boðaðir á fund kl. 9 á mánudagsmorgun til að kynna þeim reglugerðir sem sjútvrn. hyggst gefa út um stjórnun fiskveiða fyrir næsta ár. Ég vil vekja hér á því athygli í umræðum um þingsköp,

hæstv. forseti, hvílík endaskipti búið er að hafa á leikreglum og samskiptum löggjafar- og framkvæmdarvalds þegar hv. alþm. eru settir með þessum hætti í kennslustund hjá starfsmönnum framkvæmdarvaldsins um það hvernig leikreglurnar eigi að vera á næsta ári í hlutum sem hv. alþm. eiga að ákveða sjálfir. Það er búið að hafa alger endaskipti hér á leikreglum í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Það var hlutverk okkar í þessari hv. deild í vor að fjalla um kvótamálið. Hvað fékk þessi hv. deild langan tíma til að fjalla um málið? 42 alþingismenn fengu 24 klukkustundir til þess að afgreiða kvótafrv. ásamt 14 öðrum málum sem var rutt hér út úr deildinni með hrossakaupum sl. vor, við fengum 24 klukkustundir. Einn fund í sjútvn. Nd. í einn klukkutíma í bakherbergi hér í þinginu til að fjalla um þetta mikilvæga mál. Þetta var sá tími sem við fengum. Öllu var rutt yfir í sjútvrn. og síðan erum við teknir í kennslustund hjá starfsmönnum framkvæmdarvaldsins og hæstv. sjútvrh. um það hvernig þessar reglur eigi að vera sem við áttum að ákveða sjálfir og taka þátt í að vinna. Svona endaskipti er búið að hafa á vinnubrögðum í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þetta er dæmigert.

Hæstv. forseti, ég get ekki annað en mótmælt þessu vegna þess að þolendur þessa óskapnaðar eru auðvitað fólkið í landinu. Alþingismenn mega ekki einu sinni fá að sjá hver þessi kvóti á að vera. Nei, hvað þá þolendurnir, ekki enn þann dag í dag, en eftir einn mánuð eiga þeir að byrja að vinna eftir honum.

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt annað en að mótmæla svona vinnbrögðum harðlega.

Árni Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem nú fer fram er að mörgu leyti mjög þörf umræða. Hún er þörf að því leytinu að hv. þm. þurfa auðvitað að taka miklu harðar en þeir hafa gert á undanförnum árum á því hvernig framkvæmdarvaldið er að sölsa undir sig það vald sem löggjafarvaldið á að hafa. Ég bendi t.d. á að það er í vaxandi mæli svo að reglugerðarvald ráðuneyta er að verða svo mikið að ekki nær nokkurri átt. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við þyrftum einnig að taka til umræðu, hvernig reglugerðir í framhaldi af lagasamþykktum eru gefnar út og ganga oft á tíðum lengra en lögin kveða á um. Ég skal taka undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e. að auðvitað eiga þingmenn að fá í hendur allar þær upplýsingar sem þeir óska eftir frá framkvæmdarvaldinu. Um það er engin spurning, ekki nokkur. Og ég mun styðja það hvenær sem er og hvar sem er að það verði gert.

Í öðru lagi vil ég taka fram vegna þeirrar umræðu sem fór fram hér áðan, og ég skal játa að mér hitnaði nokkuð í hamsi vegna orðaskipta hv. 2. þm. Norðurl. e. og hæstv. forseta, að það hefur ugglaust verið vegna þess misskilnings sem ég hygg að hafi legið í þeirri umræðu almennt að flestir töldu að hv. þm. væri að hefja utandagskrárumræðu. Það er misskilningur. Hann taldi sig ugglaust í talsverðum rétti til þess að fara hér fram um þingsköp og ræða það mál sem hann hefur nú gert grein fyrir. Engu að síður varð sú uppákoma ekki til fyrirmyndar, en um það verður ekki rætt meira af minni hálfu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill taka fram að sú umræða sem nú hefur farið hér fram undir lokin er umræða um þingsköp. Það sem forseti gerði athugasemd við í morgun var að langt út fyrir hana var farið og var hæstv. öðrum varaforseta þingsins ekki sýndur sá sómi sem við hæfi er.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að þingmenn hafi áhyggjur af afgreiðslu fjáraukalaga. Ég ætla ekki að fara yfir allar brtt. fjvn. um fjáraukalög en ég get ekki látið hjá líða að ræða sérstaklega um einn málaflokk. Það eru heilbrigðis- og tryggingamálin og hvernig afgreiðslu á þeim málaflokki er háttað. Hér er um smávegis hækkun að ræða til heilsugæslustöðva. Mig langar að beina spurningu til hæstv. heilbrrh., ef hann væri einhvers staðar í námunda við þessa stofnun, hæstv. fjmrh. og hv. meiri hl. í fjvn. Ég hef heyrt á formanni fjvn. á undanförnum árum að það verði að vanda mjög vel til fjárlaga og sjá um að liðir fjárlaga fái staðist. Þess vegna er nauðsynlegt, hefur hann sagt, að vanda þetta mjög vel og vinnubrögð fjvn. hafa verið með þeim hætti að það væri gert. Ég held að þetta sé meira eða minna fullkominn tilbúningur. Ég held að vinnubrögð bæði ráðuneyta og meiri hl. fjvn. séu ekki með þessum hætti.

Fjárlagatillögur fyrir heilsugæslustöðvar fyrir árið 1990 voru gerðar af starfsmönnum heilbrrn. án samráðs eða samanburðar við stjórnendur heilsugæslustöðva. Því komu fljótt í ljós verulegar vanáætlanir í tillögunum. Mér er kunnugt um að á einni heilsugæslustöð var hallinn á rekstrinum á tímabilinu frá 30. sept. á þessu ári 7 millj. 263 þús. kr. og stefnir í 11 millj. kr. rekstrarhalla á þessu ári. Þar hefur verið gætt ýtrasta sparnaðar, enda hefur það komið af sjálfu sér vegna peningaleysis, og þar hefur ekki verið unnt að greiða nema að mjög litlu leyti annað en laun síðan í febrúarmánuði á þessu ári.

Það er búið að breyta öllu fyrirkomulagi á rekstri t.d. sjúkrahúsanna. Þar var heimild til þess að greiða rekstrarhalla eftir ákveðnum leiðum og eftir ákvörðun daggjaldanefndar. Nú er búið að leggja það af. Sjúkrahúsin eru komin inn á fjárlög. Það var sagt að menn vildu fá þau inn á fjárlög af því að það ætti að vanda svo vel allar áætlanir. Er það að vanda áætlanir að búa til áætlun af starfsfólki í miðstýringunni án þess að spyrja þá sem sinna þessari þjónustu, stjórna henni og starfa við hana, um álit eða rökstuðning fyrir því hve mikið þurfi til þess að reka viðkomandi stofnun?

Mér er sagt að í sjúkrahús- og heilbrigðisgeiranum sé áætlað að virðisaukaskatturinn muni nema 90 millj. kr. Það er ekki tekið til þess í fjáraukalögunum. Það þýðir með öðrum orðum að ef herra „Skattmann" ætlar að fá 90 millj. kr. í virðisaukaskatt af sjúkrahúsunum og heilbrigðisgeiranum í heild að framlög ríkisins hafa lækkað í 90 millj. kr. Svona einfalt er málið. Í 1.

gr. laga um heilbrigðisþjónustu sem þessi virðulega stofnun samþykkti á árinu 1973 og tóku gildi 1. jan. 1974 segir:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Svo mörg eru þau orð og þessi lög eru enn í gildi. Hvernig á nú að veita þessa þjónustu með því að draga alls staðar úr, loka deildum, láta hlaðast upp beiðnir um nauðsynlegar aðgerðir þegar biðtími er jafnvel á þriðja ár og fer alltaf versnandi?

Við höfum verið að berjast fyrir því að byggja upp sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Um leið og þetta er tilbúið er jafnharðan brugðist við með því að loka að meira eða minna leyti mörgum þessum stofnunum. Mér er sagt að áhrifamenn í ríkisspítalakerfinu hafi sagt að með sama áframhaldi sé ekki hægt að fullyrða að hægt verði að gefa sjúklingum þau lyf sem dýrust eru vegna þess að peningar eru ekki fyrir hendi. Og er talað um að ákveðnir sjúklingar þurfi svo og svo dýr lyf og menn býsnast yfir því, og það meira að segja hér inni á hv. Alþingi. Er nú ekki nokkuð langt gengið hjá ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju? Á að fara að draga úr þessari þjónustu, á að telja eftir ef einstaka sjúklingur þurfi mjög dýr lyf? Það hlýtur að hafa veruleg áhrif á þann sjúkling ef hann heyrir að samfélagið er farið að telja eftir þá þjónustu sem innt hefur verið af hendi. Ég tel þetta mjög alvarlegt.

Ég hefði líka haldið að hæstv. ráðherrar mættu gjarnan vera á þingi, svona eitthvað lítillega, því þeir eru ekki alltaf allir heima á landinu. Sennilega er þetta eina þjóðin í veröldinni þar sem ráðherrar eru jafnmikið erlendis og hinir íslensku. Það væri gaman að gera slíkan samanburð og sjá. Enda heyrir það frekar til undantekninga ef sjást fleiri en tveir eða þrír ráðherrar hér inni á Alþingi. Hæstv. fjmrh. má þó eiga það að hann situr undir þessari fjárlagaumræðu. En hvar eru hinir? Enginn þeirra sést. (**Gripið fram í:** Þeir eru að vinna.) Þeir eru að vinna, já. Ja, mikið fjandi vinna þeir. Enda eru þeir þreyttir.

Hv. formaður fjvn. hefur ekki haldið aftur af sér að tala um framfarir og framkvæmdir og ég tala nú ekki um þegar kemur að því að beita aðhaldi og sparnaði og búa vel um hlutina. Ég hefði gjarnan viljað heyra álit hans á því hvort þetta sé það sem hann ætlar að vinna að í heilbrigðismálum í framtíðinni, hvort þetta sé það sem hann ætlar að lofa kjósendum sínum og því fólki sem hefur kosið jafnaðarmannaflokkinn sem berst fyrir þá fátæku og smáu. Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra það, nema að hæstv. ráðherra sé tilbúinn að svara fyrir formann fjvn. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að hv. formaður fjvn. hefur tilkynnt veikindaforföll.) Já, hann er lasinn, blessaður. Ég vona að hann fái sem allra fyrst bata og geti þá skýrt frekar þetta fóstur sitt, brtt. við fjáraukalögin, við 3. umr.

Ég verð þó að þakka hv. 1. þm. Vesturl., sem mælti fyrir þessu nál., fyrir það að hann gaf fyrirheit um að þessi mál yrðu skoðuð á milli 2. og 3. umr.

Ég vil líka spyrja hæstv. fjmrh.: Er hann sammála svona vinnubrögðum? Leggur hann blessun sína yfir svona plagg? Þetta er máttlaust plagg. Hver á að standa undir þessum rekstri þegar búið er að hlaða á hann milljóna taprekstri á þessu ári og ekki er byggt á neinum áætlunum í samráði við þessar stofnanir? Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Og hvar er hæstv. heilbrrh.? Er hann kannski lasinn líka? Hann mætti gjarnan láta sjá sig hérna á þingi og standa fyrir sínu máli. Það er ekki alltaf hægt að skamma fjmrh. einan, þó hann sé slæmur. Það þarf líka að fara að tala við þá hina, sem mega ekkert vera að því að vera hérna en láta slík vinnubrögð eiga sér stað.

Virðulegur forseti. Ég vil með þessum orðum láta í ljósi andúð mína á þessum vinnubrögðum og mótmæla hvernig farið er að við afgreiðslu fjáraukalaga. Ég vil fá skýr svör við því fyrir 3. umr. hvernig eigi að afla fjár fyrir allar þessar stofnanir eða hvort það sé ætlun ríkisstjórnar félagshyggju og jafnréttis að loka enn þá fleiri heilbrigðisstofnunum í landinu en þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um frv. til fjáraukalaga þótt nokkurt hlé hafi orðið á henni síðustu tvær klukkustundirnar. Það er vissulega ánægjulegt að þessi nýja venja, að afgreiða fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár, er að festast í sessi hér á Alþingi. Reyndar virðist nýbreytnin orðin svo hversdagsleg að mönnum finnst allt í lagi að rjúfa umræðuna á þann hátt sem gert var hér í dag.

Í raun og veru er verið að ræða hér um nýtt fjárlagafrv. í þeim skilningi að verið er að breyta gildandi fjárlögum. Það væri vissulega tilefni til þess að ræða hér margt og mikið um stjórn efnahagsmála og samhengi ríkisfjármála við þann árangur sem náðst hefur í baráttunni gegn verðbólgunni, baráttunni gegn háu raunvöxtunum sem hér ríktu á gráa markaðnum, baráttunni gegn viðskiptahallanum, baráttunni gegn neikvæðum vöruskiptajöfnuði og mörgu öðru. Staðreyndin er sú að hlutlausir dómarar hafa á síðustu mánuðum kveðið upp sinn dóm í þessum málum. Ég vil í því sambandi minna á tvær skýrslur virtustu alþjóðlegra stofnana á þessu sviði, skýrslu OECD og nýlega skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þetta eru þær tvær stofnanir sem taldar eru traustastar í veröldinni í mati á efnahagslegum árangri. Það er alveg ljóst að í niðurstöðum þessara tveggja stofnana, m.a. í nýlegri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem afhent var íslenskum stjórnvöldum fyrir nokkrum dögum síðan, kemur ótvírætt fram að þessar tvær stofnanir telja að sá árangur sem hér hefur náðst í efnahagsmálum sé að verulegu leyti að þakka breyttri stefnu í ríkisfjármálum á síðustu tveimur árum. Og þótt sá ágæti flokkur, Sjálfstfl., vilji hafa að engu álit þessara viðurkenndu vestrænu efnahagsstofnana þá breytir það ekki niðurstöðum þeirra. Hitt verður hins vegar æ sérkennilegra hve oft og hve lengi Sjálfstfl. neitar viðurkenndum vestrænum hagstjórnaraðferðum og áliti virtustu vestrænu efnahagsstofnana.

Það hefur líka komið fram í þessari umræðu að Sjálfstfl. vill lækka skatta. Það hefur einnig komið fram í þessari umræðu að Sjálfstfl. vill auka ríkisútgjöldin. Hvorugt er nýtt. En það leiðir hins vegar til verulegs halla á ríkissjóði sem mætti telja í tveimur tugum milljarða ef allt er lagt saman sem Sjálfstfl. hefur lagt til. Slíkt hrikalegt gat yrði einsdæmi í Íslandssögunni. Það yrði ekki brúað nema með erlendum lánum. Og eftir eitt ár yrði verðbólgan komin upp í 30%. Svona einfalt er reikningsdæmið þegar efnahagstillögur Sjálfstfl. í þessari umræðu eru lagðar saman. Og það er þetta sem OECD-skýrslan varar við, það er einmitt þetta sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varar við og þarf þess vegna ekki að hafa um það fleiri orð.

Það er hins vegar nauðsynlegt fyrir Sjálfstfl., sem vill láta taka sig alvarlega, að gera þjóðinni grein fyrir því hvort hann ætlar sér virkilega að framkvæma hér stefnu sem felur í sér stórfelldar skattalækkanir upp á rúmlega 13 milljarða og stórfelldar útgjaldahækkanir á sama tíma um marga milljarða í viðbót. Niðurstaðan af slíkri stefnu er ljós. Það væri ný efnahagsleg kollsteypa á Íslandi. (Gripið fram í.) Það eru greinilega fleiri en Einar Oddur sem telja sig þurfa að tala við Sjálfstfl. um þessar mundir.

Virðulegi forseti. Hér hefur verið vikið að nokkrum atriðum í umræðunum sem ég vil drepa lítillega á. Í fyrsta lagi er ég alveg sammála hv. þm. Pálma Jónssyni um það að hinn mikli skýrsluvélakostnaður sem fram kemur í þessu frv., kostnaðarauki vegna skýrsluvinnslu í skattkerfi, greiðsla á gjöldum til Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar, er mikið áhyggjuefni. Það er nauðsynlegt að taka tölvumálefni ríkisins til ítarlegrar athugunar, leita hagkvæmari leiða í þessum efnum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson spurði einnig um hvað hefði verið gert varðandi heimild í 7. gr. og vék þar sérstaklega að viðræðum við Reykjavíkurborg. Ég vil strax taka það fram að ekki hefur verið greidd ein króna út úr ríkissjóði í samræmi við þetta heimildarákvæði. Hins vegar hafa embættismenn fjmrn. og embættismenn Reykjavíkurborgar farið rækilega yfir þessi mál. Borgarstjórinn í Reykjavík og ég höfum rætt þetta mál fyrr á þessu ári, höfum ákveðið að eiga fund til þess að ræða það aftur. Mér er ekki kunnugt um að af hálfu Reykjavíkurborgar hafi verið kvartað yfir meðferð á þessu máli. Það var áberandi í sumar og haust að það kom hlé í þessar viðræður. Það var ekki sök fjmrn. að það hlé varð. Ég vil ekki heldur segja að það hafi verið sök Reykjavíkurborgar. Það átti sér einfaldlega stað. Málin voru í eðlilegri athugun á milli þeirra embættismanna sem fyrst og fremst þurftu yfir þessi mál að fara. Þegar ég tók við embætti fjmrh. gekk ég frá samkomulagi við Reykjavíkurborg sem ekki hafði verið fullfrágengið þegar ég kom í ráðuneytið. Ég veit ekki til þess að neitt hafi staðið upp á fjmrn. á síðustu tveimur árum í þeim samskiptum og borgarstjórinn í Reykjavík og núv. fjmrh. hafa ekki átt í neinum vandræðum með að ræða þau vandamál sem eru milli ríkisins og Reykjavíkurborgar á þessu sviði.

Hér hefur einnig verið rætt nokkuð um jöfnunargjaldið. Kom fram hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni að í tengslum við framlengingu á þjóðarsátt hefði verið lofað að lækka tekjur af jöfnunargjaldi um 300 millj. Það er ekki rétt. Hins vegar kom til umræðu í þeim viðræðum hvort æskilegra væri að láta afnám jöfnunargjaldsins á næsta ári gerast í öðrum áföngum en gert er ráð fyrir í því frv. sem ég hef lagt fyrir þingið til þess að reyna að ná fram skýrari verðlækkunaráhrifum af þeim breytingum. Slíkar hugmyndir eru til skoðunar. Ég vil einnig segja, vegna fyrstu tillögunnar á þskj. 213, sem hv. þm. Friðrik Sophusson flytur, að þegar er búið að reikna inn í tekjuáætlun fjáraukalagafrv. þær viðbótartekjur af jöfnunargjaldi sem koma á þessu ári umfram það sem reiknað var í fjárlagafrv. Sú brtt. sem er nr. 1 á því þskj. frá hv. þm. Friðriki Sophussyni er óþörf því þegar er búið að ætla fyrir þessu atriði í frv.

Hins vegar má lengi ræða það hvernig eigi að gera upp og setja punkt aftan við málefni endurgreidds söluskatts til atvinnuveganna. Ég tel að viðunandi samkomulag hafi tekist milli ólíkra sjónarmiða í þeim efnum, milli þeirra atvinnugreina sem hér um ræðir og farsælast sé að ljúka því máli með þeim hætti sem hefur verið lagt til. Ég leggst því gegn því að brtt. nr. 2 frá hv. þm. Friðriki Sophussyni verði samþykkt.

Hv. þm. Pálmi Jónsson gerði hér að miklu umræðuefni spurninguna um það hvernig eigi að færa í bókhaldi ríkisins yfirtöku á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Það er nauðsynlegt að menn glati ekki efnisatriði málsins í þeim orðaleik um bókhaldsreglur sem þar fer fram. Efnisatriði málsins er mjög einfalt. Mun ríkissjóður á þessu ári reiða fram einhverja greiðslu vegna yfirtöku þessara lána? Svarið er nei. Það verður ekki ein einasta króna greidd út úr ríkissjóði vegna yfirtöku á þessum lánum Verðjöfnunarsjóðs. Fyrsta greiðslan verður á næsta ári og mun þá koma til gjaldfærslu í samræmi við það. Það sem hér er verið að gera mikið mál úr er einfaldlega með hvaða hætti endanlega er frá gengið milli fjmrn. og Seðlabankans í bréfum þeirri yfirtöku á þessum skuldum sem þar er um að ræða og með hvaða hætti slíkt er síðan staðfest hér af Alþingi. Fjmrn. hefur samkvæmt venju rætt við Seðlabankann um það mál. Enginn ágreiningur er milli fjmrn. og Seðlabankans um það atriði að það verður staðfest með samkomulagi milli bankans og fjmrn. að yfirtaka á lánunum verður með þeim hætti, eins og gert hefur verið ráð fyrir frá upphafi, að fyrstu greiðslurnar komi til framkvæmda á næsta ári.

Mér finnst þess vegna miður að það sé verið að þvæla þessu máli svo mikið hér inn í þessa umræðu til þess eins að fá út stærri hallatölur. Þessi umræða snýst nú um það, að telja þjóðinni trú um að hallinn sé meiri en hann er í raun með því að bókfæra í hallanum greiðslur sem alls ekki á að greiða á þessu ári. Ég held að almenningur í landinu sé þeirrar skoðunar að samkvæmt almennri málvenju sé halli á ríkissjóði munurinn á þeim tekjum sem koma inn og þeim gjöldum sem ríkissjóður verður að greiða á árinu. Almenningur í landinu er ekkert mjög vel heima frekar en þingmenn

yfirleitt í hinum hörðu latínufræðum bókhaldsfræðanna og reikningsskilavenja sem eru þannig fræði að þar breytast siðir og venjur mjög frá einu tímabili til annars. Og auðvitað væri mjög auðvelt að sýna fram á með svipuðum rökum og hér er beitt að hallinn væri ekki 4 milljarðar heldur 40 milljarðar og hefði verið hjá Þorsteini Pálssyni á sínum tíma ekki mældur í eins stafs tölu heldur kannski þriggja stafa tölu, 100 milljarðar í halla. Það er allt hægt með slíkum aðferðum.

Það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er hvað við eyðum miklu umfram tekjur á því ári sem til umræðu er. Það er alveg ljóst að vegna þessa máls kemur engin einasta króna til greiðslu á þessu ári. Að sjálfsögðu verður gengið frá þeim málum með þeim hætti að öllum reglum og skilmálum sé fullnægt þannig að þegar árið er á enda sé enginn vafi í þeim efnum, enda kemur það alveg skýrt fram hver skoðun Ríkisendurskoðunar er.

Ég vil þess vegna biðja hv. þm. að vera ekki að tengja þetta umræðunni um hallann. Það má í sjálfu sér ræða þetta mál fram og aftur, en ég vil bara geta þess að það er mikill fjöldi álitamála í ríkisreikningsfræðum um það hvenær og hvernig eigi að færa hinar ýmsu skuldbindingar ríkissjóðs. Ég held að almenningur í landinu yrði nú mjög ruglaður í allri umræðunni ef ætti að fara að blanda þeim reikningsskilafræðum inn í hina hefðbundnu umræðu um hallann á ríkissjóði.

Að lokum ræddi hér hv. þm. Matthías Bjarnason um heilsugæslustöðvar. Það verður því miður að segja þá sögu eins og er að við verkaskipti ríkis og sveitarfélaga voru þær upplýsingar sem fram komu um kostnað við rekstur heilsugæslustöðvanna ekki fyllilega tæmandi þannig að kostnaður ríkisins af yfirtöku þessarar starfsemi hefur reynst vera meiri. Ríkið er nú að fara í fyrsta sinn í gegnum þá reynslu að þurfa að hafa þetta reikningshald allt hjá sér. Auðvitað má hafa á því ýmsar skoðanir þegar við erum staddir í þeirri á miðri, en ég held hins vegar að það sé samdóma álit þeirra ráðuneyta og þingmanna sem um þetta mál hafa fjallað að æskilegt sé að stefna að því að þetta sé sem réttast og áætlanirnar sem traustastar.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, þakka hv. þm. og sérstaklega hv. fjvn. fyrir afgreiðsluna á þessu máli. Ég lýsti því yfir þegar ég mælti fyrir því að það væri mjög mikilvægt að hægt væri að ljúka málinu í nóvembermánuði svo það skapaðist smátt og smátt sú venja að fjáraukalagafrv. væri afgreitt tiltölulega fljótt og afgreiðsla þess biði ekki endanlegrar afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Ég tel þess vegna að þessi önnur för okkar inn í tímabil þessarar nýju siðvenju hafi tekist vel og ef áfram verður haldið á þessari braut eigi þessar starfsaðferðir eftir að treysta í sessi meðferð ríkisfjármála í okkar landi.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði nú ekki að taka til máls við þessa umræðu en vegna þess að hæstv. fjmrh. kom aðeins inn á að efnahagslegur bati, sem ég tek undir að hafi orðið, hefði orðið verulegur vil ég segja í sambandi við það að hann hefði getað orðið enn þá meiri ef tekið hefði verið á þessum málum eins og gert er í öðrum þjóðlöndum þar sem hlutirnir eru nokkuð í lagi. T.d. þegar teknar eru ákvarðanir um efnahagsumhverfi í Svíþjóð er það á þann veg að þeir sem eiga fjármagn hafa mesta hagnaðarvon af því að fara í framleiðslu en ekki að setja peninga sína í banka og sjóði sem lána út fé á háum vöxtum. Efnahagsbatinn hefði líka verið mikið meiri ef það hefði verið farið eftir því sem lofað var, að lækka raunvexti niður í 6% eins og talað var um þegar ég var með öðrum að mynda þessa ríkisstjórn. Við það hefur ekki verið staðið, langt í frá. Af því að hæstv. fjmrh. var ekki hér inni þegar ég ræddi um þessi mál lítillega í gær þá vil ég endurtaka það að t.d. vextir eru þannig að ef hann ætti einbýlishús og á því hvíldi ekki neitt og hann færi í banka og bæði um lán sem væri allt að 30% af verðmæti hússins þá mundi hann eiga kost á því að fá 6,5% vexti. En allur almenningur verður nú að borga allt að 8,25% í raunvexti og þeir sem þurfa að skuldbreyta yfir 10%, því Seðlabankinn hefur leyft að leggja 2% ofan á þessa vexti, og t.d. í Íslandsbanka eru hinir almennu vextir 8,75%. Þetta er nú jafnréttið sem þetta fólk býr við og væri áreiðanlega hægt að gera meira, ná meiru í ríkissjóð með því að hygla ekki svona fjármagninu.

Þegar við vorum úti í Hull og Grimsby hér á dögunum þá var mér sagt að verðbólgan þar væri 10,9% en vextirnir 14–15%, sem sagt meira en helmingi minni raunvextir þar en á Íslandi.

Þetta vil ég mjög átelja og tel rétt að komi fram við þessa umræðu vegna þess að nú er verið að vinna að afgreiðslu fjárlaga og það þarf að fá meiri tekjur í ríkissjóð með einhverjum hætti vegna þess að það er rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan, að sjúkrahúsin, heilsugæslustöðvarnar, hafa ekki fjármagn eða a.m.k. er því ráðastafað á þann veg að þar er ófremdarástand. Það er upp undir 20 mánaða biðlisti, t.d. fyrir þá sem eru bæklaðir, til að komast í meðferð. Þetta er auðvitað algjörlega ólíðandi ástand. Þetta fólk er að brotna niður. Og það eru þeir sem eru verst settir, bæði þroskaheft fólk, fatlaðir og fjölskyldur þeirra. Þar er áreiðanlega þörf á að líta til meira en gert er. Þessir málaflokkar eru ekki í lagi og langt frá því.

Ég mun aldrei mæla með því að ekki séu teknir skattar til þess að halda uppi velferð í þessu þjóðfélagi. Það verður að miða við þessa þörf og það verður náttúrlega að setja aðrar stærðir í þjóðfélaginu eftir því að þetta sé í fyrirrúmi.

Í stjórnarsáttmálanum frá 1987 var talað um að leggja tekjuskatt á fjármagnstekjur. Nú er stutt til kosninga, hæstv. fjmrh., og hvar er það á vegi statt? Hvers vegna er allt í böndum nema frelsi fjármagnsins? Það er frjálst. Allt annað er í böndum.

Ef ég ætti einhverja eign og seldi hana og léti peningana í banka þá þyrfti ég ekki að borga tekjuskatt af því. En af öllum rekstri þarf aftur á móti að borga tekjuskatt. Ég hef upplýsingar um það að þetta sé eina landið í Evrópu sem svona er ástatt með. Þess vegna vil ég leggja þá spurningu fyrir hæstv. fjmrh.: Hvað verður gert í þessum málum? Er eitthvað á döfinni? Er þess að vænta á þessu þingi að á þessu máli verði tek-

ið og á þennan hátt verði reynt að fá fjármagn til þess t.d. að láta í heilbrigðisgeirann þar sem vöntunin mun vera mest?

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. flutti hér stutta ræðu og hófsamlega og svaraði örfáum atriðum sem hér hefur borið á góma í þessum umræðum. Ég sé eigi að síður ástæðu til þess að gera við hana örfáar athugasemdir. Hann spurði hvort Sjálfstfl. vilji lækka skatta um 13 milljarða króna og skera niður útgjöld sem því nemur. Því miður sjáum við ekki, miðað við þær horfur sem eru í fjármálum ríkisins í lok á stjórnartíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar, að hægt sé að leggja af alla skattheimtu vinstri stjórnar, eða þessa 13 milljarða kr. Það væri gott ef svo væri og í samræmi við okkar stefnu en ástand fjármála ríkisins er með þeim hætti að þetta mun ekki verða mögulegt.

Í fyrsta lagi vegna þess að núv. hæstv. ríkisstjórn skilur eftir sig halla í rekstri ríkissjóðs. Við vitum ekki enn þá hvað hann verður mikill á þessu ári. Við í stjórnarandstöðunni höfum spáð 6–7 milljörðum en vafalaust er að raunverulegur halli verður meiri. En ef hallinn er dreginn saman á undangengnum árum, þ.e. á árunum 1988 — og er kannski ósanngjarnt að kenna núv. hæstv. ríkisstjórn um allan halla sem varð á því ári — 1989, 1990 og 1991 skv. fjárlagafrv., þá er þetta á núgildandi verðlagi hallarekstur upp á samtals 25–30 milljarða kr. sem safnast hefur upp að meginhluta í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar. Og þó ég segi það sé ekki sanngjarnt að kenna núv. hæstv. ríkisstjórn um allan halla ársins 1988, því að þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð undir lok september, þá er það nú svo að fráfarandi fjmrh. þeirrar ríkisstjórnar, hæstv. núv. utanrrh., hélt því fram alveg þangað til í lok á því stjórnartímabili að halli ársins yrði ekki nema 693 millj. kr. Það var svo nákvæmt. En við stjórnarskiptin var eins og opnaðist flóðgátt á hirslum ríkissjóðs þar sem fé streymdi út. Niðurstaðan varð að útgjöld ársins fóru yfir 8–9 milljarða fram úr fjárlögum og hallinn varð um 7–8 milljarðar. Þetta er ein ástæðan.

Önnur ástæða er sú að millifærslusjóðir hæstv. ríkisstjórnar sem komið var á í upphafi þessa stjórnartímabils, þar sem teknir voru 8 milljarðar kr. að láni erlendis til þess að borga skuldir, til þess að mæta skuldum í hallarekstri atvinnuveganna, munu skilja eftir sig vanda sem kemur til greiðslu á næstu árum, lítið á næsta ári, að vísu örlitlir vextir á þessu ári, en aðallega á árunum 1992–1993. Ég hef ekki nákvæmt yfirlit yfir það hvað þetta muni verða mikið eða ekki nákvæma spá um það hversu mikið af þessu fé atvinnuvegirnir sjálfir munu geta greitt. En líkur benda til að þarna leggist vandi á herðar ríkissjóðs sem sé eigi minni en um 5 milljarðar kr.

Í þriðja lagi er fjármálastjórnin með þeim hætti varðandi ýmsa samfélagslega sjóði, sem sækja styrk sinn til ríkissjóðs og eru byggðir upp að verulegu leyti og sumir að meginhluta með framlögum úr ríkissjóði, að þeir hafa verið sveltir í framlögum ríkissjóðs á undanförnum árum, bæði á þessu ári, síðasta ári og skv. fjárlagafrv. fyrir næsta ár á næsta ári, skv. stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Þessir sjóðir stefna margir hverjir í gjaldþrot vegna þess að eigin fé þeirra er smám saman að ganga til þurrðar. Allir þekkja hvernig komið er fyrir húsnæðiskerfinu, Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Lánasjóður ísl. námsmanna kom hér til umræðu áðan. Hér á hv. Alþingi kom í gær til umræðu Byggðasjóður og Byggðastofnun, hvernig hæstv. ríkisstjórn er að leika þann sjóð og svona má áfram telja. Það má telja Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og fleira í þessum dúr. Þarna er um milljarða vanda að ræða sem kemur til kasta framtíðarinnar að leysa. Og hæstv. fjmrh. hefur sjálfur sagt að þessi vandi sé svo stór að hann geti reiknað með því að það taki 2–3 kjörtímabil að ráða við hann. Ég hef sjálfur bætt því við þessi orð hæstv. fjmrh. að þannig sé hans viðskilnaður. Hann hefur ekki orðað það þannig sjálfur. Það eru mín orð. Hann lýsir því á þennan hátt hvernig hans viðskilnaður í fjármálum ríkisins er að þessu leyti þegar hann og hans hæstv. ríkisstjórn yfirgefur Stjórnarráðið væntanlega eigi síðar en á komandi vori.

Vegna þessara alvarlegu horfa í fjármálum ríkisins, sem má greina sundur í þessa þrjá liði, þá eru ekki líkur til þess, því miður, að þó að við sjálfstæðismenn tökum við stjórn á fjármálum ríkisins og stjórn landsins þá verði hægt að leggja af þessa 13 milljarða skatta. En við ætlum okkur að koma í veg fyrir það að skattarnir haldi áfram að hækka því að með sama framhaldi hækka þeir stórum á komandi árum og er alveg í samræmi við það sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn boðar, meira að segja hæstv. forsrh., að skattar hér á landi séu svo lágir að það sé ekkert tiltökumál þó að þeir verði hækkaðir stórum á komandi árum. Og það mun ábyggilega verða gert ef þessi hæstv. ríkisstjórn fær áfram umboð til þess að stjórna landinu. Það er ábyggilegt. Og það er ábyggilegt að þó að nú sé fyrir frumkvæði aðila vinnumarkaðarins gert samkomulag sem væntanlega þýðir það, ég segi væntanlega, að lagðar verða til hliðar nokkrar hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um það að leggja nýja skatta á atvinnulífið á næsta ári. Þá er víst að verði þessi hæstv. ríkisstjórn við völd á næsta kjörtímabili þá veit þjóðin hvað verður gert í sambandi við ríkisfjármálin, í sambandi við skattamálin og í sambandi við útgjöld ríkissjóðs. Þetta liggur allt saman fyrir.

Það er markmið okkar sjálfstæðismanna að taka þessi mál nýjum tökum. Það verður að gerast með þeim hætti að útþensla í ríkiskerfinu, í rekstrarumsvifum ríkissjóðs verði stöðvuð, í stað þess að halda áfram að vaxa svo ár frá ári sem gert hefur verið. Og það verður markmið okkar sjálfstæðismanna að láta linna þessum gífurlegu skattahækkunum sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir ár eftir ár og stefnir að að halda áfram fái hún til þess völd.

Þessi þáttur mála, þ.e. ríkisfjármálin, eru að mínum dómi einn af þremur meginþáttum í þeim viðfangsefnum sem bíða næstu ríkisstjórnar. Hin atriðin tvö eru að tryggja það að grundvallaratvinnuvegir þjóðarinnar geti starfað þannig að þeir verði færir um að borga mann-

sæmandi laun, að þeir verði færir um að leggja til með öðrum þáttum þjóðarbúsins, en ekki eins og verið hefur að undanförnu að hinir þættir þjóðarbúsins verði að borga með þeim. Þetta er algert grundvallaratriði.

Þriðja atriðið er það að við verðum að halda þeirri ró og þeim stöðugleika sem vissulega hefur náðst í kjaramálum og verðlagsmálum eftir að þjóðarsáttin komst á, sem gerðist með þeim hætti, eins og ég lýsti hér í minni fyrri ræðu, að aðilar vinnumarkaðarins tóku ráðin af hæstv. ríkisstjórn, neituðu þeim efnahagsgrundvelli sem hún hafði lagt upp, höfnuðu þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hafði boðað með framlagningu fjárlagafrv., með framlagningu þjóðhagsáætlunar fyrir þetta ár og í öllum sínum boðskap, og mynduðu nýjan efnahagsgrundvöll sem færði bæði hæstv. ríkisstjórn og þjóðinni meiri stöðugleika í verðlagsmálum og launamálum en verið hefur um langt skeið. Þessu er nauðsynlegt að halda áfram og þetta er eitt af þeim þremur grundvallarmarkmiðum sem ég tel að Sjálfstfl. muni hafa að leiðarljósi fái hann til þess völd á næsta kjörtímabili.

Ég tel mig þá hafa svarað því sem hæstv. fjmrh. vék að hér í sinni ræðu áðan, sem var út af fyrir sig hófsamleg ræða, sem hann beindi hér til Sjálfstfl. Að vísu var ég nokkuð á hlaupum vegna annarra funda og heyrði kannski ekki allt sem hæstv. ráðherra sagði en þetta eru meginatriðin.

Ég vil svo aðeins víkja að því enn sem hæstv. ráðherra sagði um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Hann sagði hvað eftir annað að almenningur í landinu væri ekki sérstaklega vel að sér um bókhaldskúnstir og ríkisreikningsskil o.s.frv. Þetta er vafalaust rétt og í ljósi þess sýnist hæstv. ráðherra ætla að beita óeðlilegum og óformlegum aðferðum við færslu á yfirtöku lausaskuldar í Seðlabankanum, sem nálgast það að allar venjur um bókhald ríkisins, þ.e. reikningsskilavenjur, séu beittar bolabrögðum. Hvers vegna? Til þess að koma í veg fyrir að fólk í landinu fái að sjá rétta niðurstöðu. Þegar hann var að kasta því til mín að ég væri með þetta tal um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og færslu á þessari yfirdráttarskuld til ríkissjóðs vegna þess að ég vildi sjá aðra niðurstöðu í ríkisútgjöldum og meiri halla þá er nú hægt að snúa því á ýmsa lund. Ég vil bara að þetta sé rétt fært og það eru fleiri en ég sem vilja að það sé rétt fært. Það hefur komið greinargerð um þetta mál frá Ríkisendurskoðun og áður hafði Ríkisendurskoðun látið það í ljós í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga á miðju ári að þarna væri liður sem ekki væri enn færður til gjalda hjá ríkissjóði sem nauðsynlegt væri og óhjákvæmilegt að kæmi yfir á greiðsluyfirlit ríkissjóðs á þessu ári.

Ég tel að það eigi að fara að réttum reglum í þessum efnum og ekki treysta á það að almenningur í landinu sé svo illa að sér í bókhaldsskilavenjum og um færslu á gjöldum ríkissjóðs að það sé óhætt að beita bolabrögðum í þessum efnum. Það væri sannarlega illa komið ef það væri gert.

Ég hef nú fulla trú á því að þó að hæstv. fjmrh. reyni með vafningum að telja fólki trú um það að hægt sé að komast hjá því að færa þessa skuld til gjalda þá muni hv. meiri hl. á Alþingi og meiri hl. fjvn. ekki láta bjóða sér slíkt. Ég hef fulla trú á að svo fari.

Ég skal enn vekja athygli á mismun á því þegar ríkissjóður yfirtekur skuldabréf, sem stundum hefur verið gert, þ.e. fast skuldabréf sem er í skilum og hefur stundum verið yfirtekið af ríkissjóði með þeim hætti að það kemur ekki á greiðsluyfirlit þessa árs nema það sem greitt er af því. Þetta hefur verið gert. En hér er ekki um neitt skuldabréf að ræða. Hér er ekki um nein lánsskjöl að tefla. Hér er aðeins um að ræða yfirdráttarskuld, lausaskuld, án nokkurra lánsskjala og engir pappírar standa á bak við, nema eitt bréf sem birtir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og formanns Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, Árna Kolbeinssonar. Ekki eitt einasta lánsskjal og þar ofan í kaupið áður en yfirtaka ríkissjóðs fór fram hinn 1. júní sl., þá var skuldin öll gjaldfallin. Þetta var ekki þinglýst skuldabréf sem var í skilum. Nei, það er enginn lánspappír, aðeins lausaskuld sem öll er gjaldfallin og yfirtekin af ríkissjóði 1. júní. En samt ætlar hæstv. ráðherra að reyna að telja fólki trú um að það eigi ekki að færa hana til gjalda.

Skrifstofustjóri fjmrn. hefur lýst yfir á fundum fjvn. að eigi verði komist hjá að þessi yfirtekna lausaskuld komi fram í ríkisreikningi. Og forustumenn meiri hl. í fjvn. hafa lýst yfir að það muni einnig ráða um þeirra afstöðu hvort ekki sé þá um leið nauðsynlegt að það sé fært inn á greiðsluyfirlit í fjáraukalögum. Ég held því að við ættum að hætta að tala um þetta og ég held að hæstv. fjmrh. ætti að hætta að tala um þetta á þann hátt að reyna að villa um fyrir fólki. Hann ætti að taka upp þau vinnubrögð að fara að viðurkenndum reikningsskilavenjum og taka tillit til þess sem óháð stofnun sem heyrir undir Alþingi og sett er á laggirnar af Alþingi, Ríkisendurskoðun, segir í sínum greinargerðum og yfirlýsingum.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær ógreinilegu upplýsingar sem fram komu um þá samninga sem ég spurði um við Reykjavíkurborg og hin stærri sveitarfélög. Þar kom fram að engin króna hefur verið greidd á þessu ári, skv. þeirri heimild sem er í fjárlögum þessa árs, og að samningar séu í gangi en væntanlega þá ekki fullgerðir. Og þar kom fram hjá hæstv. ráðherra að Reykjavíkurborg til að mynda hafi ekki látið fram koma neinar kvartanir. Ef svo er þá er þetta mál allt í lagi og var kannski engin þörf á því að gera neitt samkomulag um að setja þetta inn á 6. gr. ef ekki átti neitt að fara að því samkomulagi og allir aðilar eru ánægðir með. En við höfum ekkert heyrt um það sérstaklega hér á þessum fundi frá fulltrúum Reykjavíkurborgar eða öðrum fulltrúum hinna stærri sveitarfélaga sem hér eiga hlut að máli.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegur forseti, að minnast á fleiri atriði. Ég geri ráð fyrir því að það sem hæstv. ráðherra sagði um jöfnunargjaldið og ég ræddi hér í fyrri ræðu minni og síðan hv. 1. þm. Reykv. einnig, að hv. 1. þm. Reykv., muni ræða það frekar ef honum þykir ástæða til.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, umræðu er lokið og

hefst nú atkvæðagreiðsla. (**FrS:** Þetta gengur ekki forseti, ég var búinn að biðja um orðið.) (**Gripið fram í:** Um þingsköp, ég var búinn að biðja um orðið.) Ég bið hv. þingmenn afsökunar. Ætlaði hv. 1. þm. Reykv. að tala um ...? (**FrS:** Ef þetta er tekið sem ég sé að biðja um orðið þá vildi ég biðja um orðið og ég bað um orðið.) Forseta hefur bara yfirsést það, hv. þm., því þingmaðurinn hefur ekki verið skráður á lista. Ég bið auðvitað afsökunar á því. (Bankað í borð.) Vill hv. þm. komast á mælendaskrá? (**HBl:** Ég var búinn að biðja um orðið fyrir löngu.) (**Gripið fram í:** Fyrir löngu?) (**HBl:** Já.) Ég held að þingmenn hafi nú ágæta heyrn. (**HBl:** Það verður kannski að senda miða.)

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég harma það nú að það skuli ekki vera tekið eftir því þegar menn biðja um orðið. Það voru allir vitni að því þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. bað um orðið hér fyrr og eins þegar ég bað um orðið. Og þótt það fari í taugarnar á hv. forseta að umræður skuli hér dragast meira á langinn en hv. forseta finnst réttlætanlegt, þá held ég að hv. forseti verði að átta sig á því að menn hafa hér enn þá málfrelsi. — [Fundi frestað.]

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég sný mér beint að efnisatriðum málsins.

Í ræðu hæstv. ráðherra komu fram nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að minnast örstutt á. Ég veit að það gefst tækifæri síðar til að ræða um sjálft jöfnunargjaldið því að fyrir þinginu liggja tvö frv. um það efni.

Ég lét þess getið í minni ræðu að ég hefði einhvers staðar séð að lækka ætti jöfnunargjaldið á næsta ári og hafði skilið það svo að það yrði lækkað frá því sem áætlað hafði verið í fjárlagafrv. en það reyndist á misskilningi byggt. Það sem ruglaði mig var að aðstoðarmaður fjmrh. sagði í blaðaviðtali að jöfnunargjaldið yrði lækkað um 400 millj. á næsta ári. (**Gripið fram í:** Frá því sem gefið er.) Einmitt eins og réttilega er kallað fram í þá átti að skilja það svo að það væri frá því sem það gæfi ríkissjóði í ár. Reyndar er þetta ekki alveg rétt og það er eðlilegt að ruglast á þessum tölum því að í fjárlagafrv. segir að jöfnunargjaldið gefi 960 millj. í ár en 700 millj. á næsta ári og mismunurinn er ekki 400 millj. heldur 260 millj. En auðvitað hefði verið réttast að orða það þannig að í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir 500 millj. en í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, sem væntanlega verður að lögum fyrir áramót, er gert ráð fyrir 700 millj. eða 200 millj. kr. hækkun á milli ára. Og hef ég þá gefið skýringu á því hvers vegna menn ruglast á þessu.

Ég get heldur ekki fallist á það, virðulegi forseti, að því sé haldið fram að fyrri liður tillögu minnar sé óþarfur vegna þess að gert sé ráð fyrir hækkuninni í heildartekjuaukanum í því frv. sem hér er til umræðu, vegna þess að það verður að gera mun annars vegar á því þegar áætlun stenst ekki og hinu þegar nýjar ákvarðanir leiða til tekjuauka fyrir ríkissjóð. Ég legg áherslu á þetta vegna þess að aukningin á tekjunum varðandi jöfnunargjaldið byggðist á þeirri nýju ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja gjaldið ekki af á miðju ári eins og ráðgert hafði verið í upphafi. Þess vegna tel ég það skyldu að láta það sjást í fjáraukalögum að þessi nýja ákvörðun hafi leitt til aukinna og nýrra tekna.

Ég heyrði að hæstv. ráðherra sagði að Reykjavíkurborg hefði ekki kvartað yfir því að enn hafi ekki verið samið á grundvelli sjöttugreinarheimildar sem heimilar hæstv. ráðherra að semja um greiðslur vegna verkefnaframkvæmda þar sem sveitarfélög hafa lagt út fjármuni sem ríkinu er síðan ætlað að greiða. Ég skil yfirlýsingar hans á þann veg að hann sé tilbúinn til samninga hvenær sem er og þegar Reykjavíkurborg, eða aðrir aðilar sem þarna eiga hlut að máli, en það eru sveitarfélög með fleiri íbúa en 10.000, fara fram á slíka samninga.

Loks, virðulegur forseti, og það var nú kannski aðaltilgangur minn með því að fá að taka hér til máls sem ekki var gert af neinum öðrum hug en þeim að taka þátt í umræðunni um það dagskrármál sem hér er til umræðu, þá vildi ég láta þess getið að ég kallaði tillögu mína aftur til 3. umr. og mun að sjálfsögðu leggja hana fram aftur þá því ég tel að ekki megi afgreiða þessa tillögu að hæstv. iðnrh. fjarstöddum en mér skilst að hann verði kominn til landsins þegar 3. umr. fer fram um fjáraukalög.

Og að allra síðustu þá þykir mér leitt að fyrri hluti ræðu minnar skuli hafa leitt til þessara tafa á fundarstörfum okkar hér í dag.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Klukkan er korter yfir þrjú og manni var sagt það hér fyrr í dag að þessi fundur mundi taka skamman tíma en svo hefur nú ekki orðið af ástæðum sem forsetum þingsins eru kunnugar og skal ég ekki fjölyrða meira um þá hluti í þessari ræðu minni núna. En á hinn bóginn má vera að tilefni gefist til þess áður en langt um líður á þessum fundi að gera starfshætti þingsins, fundarsköp og þingsköp enn einu sinni að umræðuefni til þess að við getum farið svo heim fyrir þessa helgi að bæði þingmenn og forsetar geri sér ljóst til hvers ætlast sé í venjulegum samskiptum einstakra þingmanna og forseta. Ég held að það sé alveg ljóst að við þingmenn eigum rétt á því að virðing sé borin fyrir okkar tíma þegar svo stendur á. Ég er síður en svo á móti því að langar ræður séu haldnar, en á hinn bóginn þykir mér undarlegt þegar maður fer fram á það að fá að gera stutta athugasemd í sambandi við fjáraukalög, að slíkt gefi tilefni til sérstaks forsetafundar, að maður einungis skuli biðja um orðið.

Ég vil vekja athygli á því að í brtt. meiri hl. fjvn. eins og þær liggja fyrir er ekki sinnt jafnsjálfsögðum málum eins og þörfum Leikfélags Akureyrar eða Óperunnar hér í Reykjavík. Ég vil að það sé alveg ljóst að ég mun ekki una því að fjáraukalög verði afgreidd svo á mánudag að þingið ákveði það án atkvæðagreiðslu að Leikfélag Akureyrar verði lagt niður. Og ég geri ráð fyrir því að Óperan eigi líka þá vini hér, þar á meðal

mig, sem munu skilja það að ekki gengur að þessi þröngsýna ríkisstjórn, sem nú situr og við höfum m.a. fengið smjörþefinn af hér í þingsölum í dag, skuli geta ákveðið að leggja slíkt menningarfyrirbæri niður sem íslensk ópera er.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur látið Byggðastofnun gera athugun á því hversu miklir fjármunir fari til menningarmála á Akureyri og hér á höfuðborgarsvæðinu. Það kemur engum þingdeildarmanni á óvart að framlögin eru mjög veruleg, skipta hundruðum milljóna. Ef allt er talið verðum við að fara í enn hærri tölu, verðum við að fara í níu stafa tölu, milljarð, og mæla í milljörðum þegar við ræðum um menningarmálin hér á höfuðborgarsvæðinu. Og það er til marks um rausnarskapinn að viðræður hafa verið í gangi um það nú milli menntmrh. og aðila sem standa í atvinnurekstri að festa kaup á dýrum byggingum til þess að þjóna þeim menningarhagsmunum sem eru hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég þarf ekki að vekja athygli á því hér í þinginu, það vita þingmenn, að Listasafn Íslands er hér á þessum stað með sínar byggingar, sín hús, sín málverk, en á hinn bóginn hefur ekki verið gengið fram í því að Listasafn Íslands og ríkissjóður taki þátt í sjálfsögðum kostnaði við það að úti á landi geti risið myndarlegir myndlistarsalir og að Listasafn Íslands sé aðili að slíkum sal.

Ef við tölum um tónlistina kemur hið sama upp, að ríkisvaldið lætur sig litlu skipta hvernig þeirri starfsemi er háttað úti á landsbyggðinni. Síðast í dag fékk ég í hendur bréf frá fjmrn. þar sem amast er við því og því synjað að standa við fimm ára gamalt loforð um niðurfellingu á sköttum vegna orgelkaupa í kirkju úti á landi. Þannig andar til strjálbýlisins, dreifbýlisins frá þeim sem stjórna. Mér er sagt að framlög t.d. til framhaldsskóla og fjárfestingar á því sviði séu mjög misjöfn. Ég veit að það er ekki efni fjáraukalaga að fjalla um fjárveitingar til framhaldsskóla á næsta ári, en ég vil svona rétt til að sýna fram á sinnuleysi þeirrar ríkisstjórnar sem nú er gagnvart menningarlegri uppbyggingu úti á landi vekja athygli á því að í fjárlagafrv. er einungis gert ráð fyrir litlum 15 millj. kr. til uppbyggingar Verkmenntaskólans á Akureyri, það fer ekki króna til Menntaskólans og með margvíslegum hætti öðrum er reynt að þrengja mjög kosti þeirra sem vilja halda uppi myndarlegri menningar- og menntunarstarfsemi og viðleitni úti á landsbyggðinni. Þess vegna vil ég að það komi alveg skýrt fram hér og nú úr þessum ræðustóli að ég mun ekki sætta mig við það að Leikfélag Akureyrar verði lagt niður án þess að Alþingi taki sérstaklega afstöðu til þess og ég veit að aðrir þingmenn Norðurl. e. eru mér sammála í því og ég vil vænta þess að brtt. þar að lútandi verði lögð fram við frv. til fjáraukalaga af fjvn. við 3. umr. Það er smekklegt. Það hefði auðvitað verið skemmtilegra að sú brtt. hefði komið strax við 2. umr., líka varðandi Óperuna. Það er svona smekklegra fyrir hæstv. fjmrh. og meiri hl. að þingmenn taki ekki sjálfir völdin af þeim og þess vegna legg ég upp úr því að þetta geti gerst.

Ég vil í annan stað vekja athygli á þeim orðaskiptum sem hafa orðið hér í þinginu í dag milli hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssonar vegna þeirra skuldbindinga sem ríkissjóður hefur tekið á sig vegna lántöku Verðjöfnunarsjóðs. Þessi umræða um eðli lántökunnar er ekki ný hér í þinginu. Við munum eftir því að hæstv. fjmrh. var að fegra afkomu ríkissjóðs á sínum tíma með því að segja að styrkveitingar til sjávarútvegsins úr Verðjöfnunarsjóði kæmu ríkissjóði ekki við, ykju ekki halla ríkissjóðs þar sem lánveitingarnar væru teknar af Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Hann kannaðist ekki við að ríkissjóður hefði tekið á sig þessar skuldbindingar. (**Gripið fram í:** Hann sagði já.) Hann sagði það, við getum flett því upp í Ed. ef hæstv. ráðherra vill — það er kannski hægt, úr því að okkur ber ekki saman, fundi hefur nú verið frestað af minna tilefni í dag, að fresta nú fundi og gefa mér svigrúm til þess að fletta upp í ræðum hv. þm. þegar frv. um Verðjöfnunarsjóð var til umræðu á sínum tíma og athuga hvort ég fari rétt með. Mér mundu duga 20 mínútur. Ég veit ekki hvort ég á að taka þögn sem samþykki.

Auðvitað sagði hæstv. fjmrh. að þetta kæmi ríkissjóði ekki við. Þessar fjárhæðir eru hvergi í ríkisreikningi. Hins vegar var það samþykkt á þingi í vor að ríkissjóður með formlegum hætti tæki þessar skuldbindingar yfir. Það var samþykkt með lögum og ekki getur hæstv. fjmrh. búist við því að embættismennirnir sem færa ríkisreikninginn komist hjá því að skuldfæra lánið. Það eru lög um ríkisreikning. Og fjmrh. getur ekki með einhverri handauppréttingu um fjáraukalög breytt lögum um ríkisreikning. Þær skuldbindingnar sem ríkissjóður tekur á sig hljóta að koma inn í bókhaldið. Skuldir ríkissjóðs á hverjum tíma eru bókfærðar. Það liggja fyrir upplýsingar um það hverjar eru skuldir ríkissjóðs á hverjum tíma og þessar skuldir voru færðar yfir á skuldir ríkissjóðs á þessu ári og auðvitað koma þá útgjöld á móti. Þetta er einföld bókfærsla. Og auðvitað verður þetta að koma inn í fjáraukalög. Það er lagaskylda. En ráðherrarnir eru farnir að haga sér með ýmsum hætti.

Það er ekki langt síðan hæstv. félmrh. lýsti því yfir hér í þessum ræðustól að félmrn. hefði af ásetningi gefið út sérprentun af lögum með röngum lagastaf. Og þetta er allt í lagi á Íslandi. Ég hef ekki séð að dagblöðin eða fjölmiðlarnir hafi veitt þessu neina athygli. Erlendis hefði framkoma af þessu tagi dugað til að viðkomandi ráðherra hefði orðið að segja af sér. Og meira að segja leit Alþingi svo alvarlegum augum á þetta á sínum tíma þegar refsilög voru samþykkt að það er sérstök klásúla í refsilögum sem lýtur einmitt að þessu athæfi ráðherrans. Þannig er nú það.

Ég vil í þriðja lagi vekja athygli á því, hæstv. forseti, að ríkisvaldið í gegnum Seðlabankann og bankaeftirlitið hefur gert bönkum, bæði ríkisbönkum sem öðrum, það að skyldu að gera upp reikninginn við lífeyrissjóði starfsmanna bankanna þannig að þar liggi ekki eftir einhverjar uppsafnaðar kvaðir, skyldur sem engin verðmæti standa á bak við. Hæstv. fjmrh. hefur talað um það, þegar hann talar um bankamál, að nauðsynlegt sé fyrir bankana að leggja til hliðar fjármuni

einmitt til þess að mæta slíkum skuldbindingum síðar. Hvað gerir hæstv. fjmrh. í sambandi við skuldbindingar ríkissjóðs, í sambandi við Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna? Hefur hann sett sér svipuð markmið eins og hann ætlast til og ríkisstjórnin ætlast til að bankarnir geri, t.d. að fylla upp í gatið á fimm árum? Það hefur hann ekki gert. Og það sem meira er, hann hefur algjörlega hundsað kröfur, og ég vil segja mjög sterkar kröfur, opinberra starfsmanna um að a.m.k. verði haldið í sama horfi og áður hafði verið.

Ég vil svo að síðustu, hæstv. forseti, aðeins skýra frá því að fram kom á fundi um langtímaáætlun í vegamálum að hæstv. fjmrh. hefði beint þeim tilmælum til einstakra ríkisstofnana að gjaldskrár einstakra stofnana yrðu ekki hækkaðar á næsta ári umfram þá verðbólgu sem búast megi við að þá verði. Það kom fram á fundi okkar í langtímanefnd með aðilum vinnumarkaðarins og ráðuneytisstjóra fjmrn. að þetta mundi þýða verulega erfiða rekstrarstöðu hjá ýmsum opinberum stofnunum. Það kom líka fram á þessum fundi að ríkið hefur stillt svo til að hækkanir á sköttum og gjaldskrám opinberra aðila eigi að falla hinn 1. jan. nk. Og af hverju 1. jan.? Vegna þess að með því að velja þá dagsetningu fá launþegar verðbólguhækkunina ekki uppi borna með hækkuðu kaupgjaldi fyrr en 1. júní á næsta ári. Ef á hinn bóginn hefði verið valin dagsetning eins og 30. apríl eða 30. nóv. hefði ríkissjóður og atvinnurekendur orðið að taka við þessari byrði 1. jan. eftir mánuð, eða 1. júní eftir mánuð. Efnahagsstjórn ríkisins er með öðrum orðum miðuð við það að níðast eftir mætti á þeim litla kaupmætti sem eftir er í landinu, fara í kringum þá samninga sem gerðir voru með þjóðarsáttinni og reyna að kreista kaupmáttinn niður eftir getu án þess að það brjóti beinlínis í bága við þau samningsákvæði sem sett voru. Þetta er auðvitað siðlaust.

Ég tel rétt að það komi fram að ég hef óskað eftir upplýsingum um það, sem ég vænti að fá á miðvikudag, hvaða hækkanir það eru sem ríkisstjórnin hefur áformað 1. jan. nk. og verður fróðlegt að fara yfir þann lista.

Að síðustu vil ég aðeins segja þetta: Við þingmenn megum búast við því það sem eftir lifir til jóla að töluvert verði að gera. Þá er auðvitað mjög þýðingarmikið að ekki aðeins forsetar þingsins heldur einnig formenn þingnefnda standi þannig að verki að sé í samræmi við þingsköp, þingvenjur og góða siði hér á hinu háa Alþingi og ekki sé verið á síðustu stundu að fara á snið við þær reglur sem við viljum setja okkur og reyna þannig að brjóta niður bæði móral og heiðarleg vinnubrögð í þessu húsi. Þetta held ég að sé mjög mikilsvert. Mér er það kunnugt að þessi mál hafa verið rædd á fundi með forsetum og formönnum þingflokka. Það gefur auðvitað auga leið að þessi mál verður að ræða sérstaklega í þeim nefndum og á þeim stöðum þar sem á hefur skort að fyllstu þingskapa sé gætt, reglna sem eru um starfsemi nefnda og jafnframt óska ég eftir því — og nú skal ég ekki krefjast þess að forseti þingsins komi hér inn — að upplýsingar um slíka fundi verði látnar í té ef einstakir nefndarmenn eða þingmenn óska þess.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins geta þess vegna tveggja atriða sem komu fram í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, að athugun hefur farið fram á því hvernig hægt sé að bregðast við fjárhagsvanda Leikfélags Akureyrar og viðræður hafa farið fram milli Akureyrarbæjar, menntmrn. og fjmrn. um það atriði. Það mál hefur verið til umfjöllunar í fjvn. og ég vænti þess að það verði hægt að skoða það mál og jafnvel leiða til lykta á næstu dögum. Akureyrarbær hefur lýst sig reiðubúinn að taka þátt í lausn þessa fjárhagsvanda ásamt ríkinu og við ræddum það m.a. með forsvarsmönnum Akureyrarbæjar, menntmrh. og ég, fyrir skömmu síðan.

Hitt atriðið var fjárhagsvandi Óperunnar. Hann er mikill. Þar hafa komið fram hugmyndir um það að ríkið og Reykjavíkurborg ásamt einkaaðilum fyndu lausn á fjárhagsvanda Óperunnar. Það mál er skemmra á veg komið vegna þess að hingað til hefur Reykjavíkurborg ekki verið reiðubúin að stíga það skref að taka þátt í rekstrarkostnaði og fjárhagsvanda Óperunnar líkt og gert er með Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar. En margir hafa verið þeirrar skoðunar, eins og m.a. kom fram í leiðara Morgunblaðsins í sumar, að eðlilegt væri að Reykjavíkurborg, ríkið og einkaaðilar tækju höndum saman um að tryggja fjárhagsgrundvöll Óperunnar. Ríkið hefur fyrir sitt leyti verið reiðubúið til þess og við bíðum eftir svari frá Reykjavíkurborg um það hvort hún er líka reiðubúin að taka þátt í því að leysa fjárhagsvanda Óperunnar. Ég á ekki von á því að svar fáist í því máli fyrir 3. umr. fjáraukalaganna, en vona hins vegar að málefni Leikfélags Akureyrar geti skýrst fyrir þá umræðu.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins mótmæla því að atkvæðagreiðsla skuli hefjast svo að mér gefist ekki kostur á því að gera athugasemdir við þingsköp. Þetta er ekki í fyrsta skipti á fundinum í dag sem framkoma hefur verið með þeim hætti að ekki samrýmist þingsköpum. Ég geri ekki ráð fyrir því að orð mín skipti neinu máli fyrir stjórn þingsins en vil aðeins að það komi fram að hæstv. forseti hefur enn einu sinni á þessum fundi hagað sér þannig að ekki samrýmist þingsköpum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Norðurl. e. minnist forseti þess ekki í 11 ára tíð sinni hér í þessu húsi að umræður um þingsköp hafi verið leyfðar eftir að hringt hefur verið til atkvæðagreiðslu. Forseti mun alla vega láta athuga hvort fordæmi séu fyrir því en ég hygg að þess séu engin dæmi. Það er að sjálfsögðu ekkert auðveldara fyrir hv. 2. þm. Norðurl. e. en að tala um þingsköp þegar atkvæðagreiðslu er lokið. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning hafði forseti tilkynnt að nú hæfist atkvæðagreiðsla. Eftir það er ekki leyfð umræða um þingsköp fyrr en atkvæðagreiðslu er lokið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:ÓÞG, PP, RG, StG, SV, NL, SJS, VS, AS, ÁrnG, EG, GB, GuðnÁ, JóhS, JHelg, JK, MF, GHelg.

MálmS, ÓE, PJ, ÞP, SigJ, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FÞ, GHH, GJH, HJ, KrP, MB greiddu ekki atkv.

29 þm. (MÁM, ÓÞÞ, RA, RH, SalÞ, SighB, SkA, SvG, ÞK, ÞÞ, AðB, ÁHE, FrS, GeirG, GuðmÁ, GHG, GGÞ, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JBH, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, KE) fjarstaddir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða (50. mál) 1339.
Byggðastofnun (skýrsla forsrh.) 1381.
Drengskaparheit unnið 1309.
Ferðamálastefna (164. mál) 1313.
Fjáraukalög 1990 (57. mál) 1406.
Framleiðsla vetnis (134. mál) 1330.
Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum (135. mál) 1313.
Grunnskóli (174. mál) 1343.
Jarðalög (163. mál) 1372.
Kosning í bankaráð Seðlabankans 1379.
Kosning í Norðurlandaráð 1380.
Kosning í Vestnorræna þingmannaráðið 1380.
Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1381.
Könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins (61. mál) 1313.
Lausafjárkaup (111. mál, gallar í steinsteypu) 1343.
Lögfræðilegt álit umboðsmanns á bráðabirgðalögum um launamál (112. mál) 1320.
Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar (44. mál) 1340.
Rannsókn kjörbréfs 1309.
Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (160. mál) 1312.
Um þingsköp 1310 (sérprentun á húsnæðislögunum).
Umboðsmaður barna (137. mál) 1343.
Virðisaukaskattssvik (129. mál) 1328.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 1309, 1311, 1312, 1433, 1435, 1436, 1437, 1440, 1450, 1456.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1381.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 1311.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 1442, 1456.
Menntmrh. Svavar Gestsson 1344, 1368.
Umhvrh. Júlíus Sólnes 1340.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 1318.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 1333, 1338.
Alexander Stefánsson 1407.
Árni Gunnarsson 1326, 1439.
Birgir Ísl. Gunnarsson 1354.
Danfríður Skarphéðinsdótir 1327.
Eggert Haukdal 1313, 1320.
Friðrik Sophusson 1324, 1425, 1451.
Geir H. Haarde 1310, 1372.
Guðmundur Ágústsson 1339.
Guðni Ágústsson 1328.
Guðrún Helgadóttir 1322.
Halldór Blöndal 1311, 1431, 1434, 1452, 1456.
Hreggviður Jónsson 1319.
Kristinn Pétursson 1438.
Kristín Einarsdóttir 1330, 1337.
Matthías Bjarnason 1388, 1437, 1440.
Málmfríður Sigurðardóttir 1400.
Ólafur G. Einarsson 1309.
Ólafur Þ. Þórðarson 1312.
Páll Pétursson 1378.
Pálmi Jónsson 1412, 1447.
Ragnar Arnalds 1397.
Skúli Alexandersson 1436, 1436.
Stefán Guðmundsson 1438.
Stefán Valgeirsson 1320, 1325, 1327, 1404, 1445.
Þórhildur Þorleifsdóttir 1362.

SAMEINAÐ ÞING

24. fundur, mánudaginn 3. des., kl. 1 miðdegis.

Tilkynningar um afstöðu til bráðabirgðalaga um launamál.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Fá orð hafa fallið jafnoft á undanförnum mánuðum í umræðum í samfélaginu, þar á meðal hér á hv. Alþingi, eins og orðið „þjóðarsátt". Það hefur verið rætt mikið síðustu sólarhringa hvort þessi þjóðarsátt, sem svo er kölluð, fái að standa um hríð eða hvort henni yrði stefnt í það sem þeir sem bera hana fyrir brjósti kalla óvissu.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé ansi mikið holur hljómur á bak við þetta hugtak, þjóðarsátt, eins og til hefur verið stofnað vegna þess að ákveðnir hópar í samfélaginu hafa ekki verið aðilar að henni. Ég tel að með mjög tvísýnum og óréttmætum hætti hafi verið gengið fram í því að setja ákveðna hópa í samfélaginu út fyrir ramma þessarar þjóðarsáttar.

Mikið hefur verið rætt um afdrif frv. um launamál til staðfestingar bráðabirgðalaga sem ætlað er að innsigla þann gjörning sem fram fór á sl. sumri af hálfu stjórnvalda. Ég lýsti þá andstöðu minni við þann gjörning vegna þess að ég taldi, og tel enn, að með þeim hætti sé verið að brjóta eðlilegar leikreglur í samfélaginu. Ég hef ekki fjallað um það mál út frá spurningunni um réttlæti eða ranglæti í launamálum og hlutaskiptum í samfélaginu. Um það mætti margt segja. Eins og menn þekkja sem líta yfir sviðið og sjá hvernig skammtað er, þá er það óréttlætið sem fremur er ríkjandi en réttlæti. A.m.k. finnst mér málin standa þannig.

Ég met mikils að náðst hefur ávinningur í samfélaginu, ávinningur til þess að ná niður verðbólgu, mörgum til hagsbóta, atvinnulífi í þessu landi og þeim sem skuldugir eru, þar á meðal mörgum sem þurfa og hafa þurft að axla miklar byrðar til þess að koma þaki yfir höfuðið og koma sér þannig fyrir að sæmilegt megi teljast í samfélaginu. Ég tel að það ætti að vera eitt brýnasta verkefni stjórnvalda og ríkisstjórnarinnar að tryggja að þjóðarsátt í landinu nái á næstu mánuðum til sem flestra þannig að sæmilega megi við una, að hér takist um það raunverulegur friður til lengri tíma að ná jafnvægi í efnahagsmálum. Jafnvægi sem staðið geti til lengri tíma en nokkurra mánaða.

Ég hef orðið var við það í umræðum síðustu sólarhringa að verið er að fjalla um þessi mikilsverðustu mál út frá því sem ég tel vera skammtímasjónarmið og í rauninni mjög nærsýn sjónarmið, út frá því hvort stjórn eða stjórnarandstaða eða einstakir flokkar geti hagnast á því hvernig lyktir verða hér á Alþingi varðandi frv. um launamál og bráðabirgðalögin frá síðasta sumri. Ég tel að þjóðinni sé þörf á að geta farið yfir þessi efni í sæmilegri ró en ekki í sviptingum nokkurra vikna í kosningabaráttu. Og ég tel umfram allt að stjórnvöldum sé þörf á því að fara yfir þessi efni út frá því markmiði að bæta fyrir þau víxlspor sem stigin voru fyrr á þessu ári og skapa raunverulegan frið meðal samtaka launafólks í landinu um að verja þau markmið sem menn hafa sett sér í sambandi við jafnvægi í efnahagsmálum.

Ég tek eftir því að annar stjórnarandstöðuflokkurinn, Sjálfstfl., hefur fjallað um þessi mál nú síðustu dægur með mjög sérstæðum hætti, svo að ekki sé meira sagt. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara að ræða þau mál efnislega hér, en vissulega er sú staða sem þar liggur fyrir með þeim hætti að það hefur leitt til þeirrar niðurstöðu í mínum huga að þó að ég sé efnislega algerlega andvígur þeirri setningu bráðabirgðalaga sem fram fór á sl. sumri, þá mun ég ekki hér á Alþingi bregða fæti fyrir afgreiðslu þeirra mála. Ég mun ekki taka afstöðu til þeirra við afgreiðslu hér í þinginu, heldur sitja hjá ef til þess kemur að frv. þetta komi til atkvæða. Mér hefur skilist að það skipti máli hver afstaða mín er í þessu efni og því hef ég kosið í upphafi fundar í Sþ. að greina frá þessari niðurstöðu.

Ég vil nota þennan ræðustól til þess að beina þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnarinnar og ráðherra í ríkisstjórninni, hef raunar komið því á framfæri við þá ráðherra sem Alþb. á í ríkisstjórn, að þeir leggi sig fram um það að þolendur þeirra bráðabirgðalaga sem sett voru sl. sumar fái eðlilega meðferð sinna mála og stjórnvöld leggi sig fram um það að víðtæk samstaða geti tekist hér. Fram undan eru stórmál sem Alþingi þarf að hafa ráðrúm til að ræða í aðdraganda kosninga og þjóðin að átta sig á, í raun mál sem eru miklu stærri en sú takmarkaða þjóðarsátt sem ríkt hefur. Þar er ég að vísa til örlagaríkustu mála varðandi samskipti við aðrar þjóðir og í sambandi við efnahagsstefnu í framtíðinni, þar á meðal til fjárfestinga sem varða milljarðatugi og eru meira en flest annað til þess fallnar að stofna jafnvægi í efnahagsmálum í þessu landi í hættu.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að fram kæmi af minni hálfu. Ég vænti þess að orð mín verði til þess að greiða fyrir efnislegri umræðu um vandamál þessarar þjóðar á næstu missirum og á næstu dögum og verði til þess að í kosningum verði ákvarðanir teknar af þjóðinni á vitrænum grunni og með ráðrúm til umfjöllunar, bæði af stjórnmálaflokkum og meðal almennings í landinu.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Mögulegt skipbrot þjóðarsáttarinnar á Alþingi hefur orðið mönnum tilefni til stóryrða og forsrh. til að boða til þingrofs og kosninga um miðjan janúar ef fram fer sem horfir. Nokkrir stuðningsmanna minna hafa komið að máli við mig og lagt áherslu á að ég styddi frv. ríkisstjórnarinnar til staðfestingar bráðabirgðalögunum um kjör félagsmanna BHMR. Það hefði ég viljað gera en allt hefur sín takmörk.

Þjóðarsátt launþega og atvinnurekenda í byrjun þessa árs var fagnaðarefni sem lægði ólgu á vinnumarkaði og stuðlaði að ró í þjóðfélaginu sem gat orðið grundvöllur að bættum kjörum þeirra sem lakast eru settir. Kjör láglaunafólks, barna, elli- og örorkulífeyrisþega, svo og margra annarra, ekki síst á landsbyggðinni, hafa verið slík að þjóðarsátt með eitthvað annað að aðalmarkmiði gat ekki staðið undir nafni.

Nú þegar margir vilja framlengja þjóðarsáttina er ástæða til að athuga hvernig hefur til tekist. Hafa kjör þeirra lakast settu batnað? Hefur aðstöðumunur í þjóðfélaginu minnkað? Svarið er nei. Fyrirheit um lækkun raunvaxta og niðurfellingu lánskjaravísitölunnar, jöfnun orkukostnaðar og fleira hefur ekki gengið eftir. Vaxtaokrið, allt frá 7,25% upp í yfir 10% raunvexti, er að eyðileggja allt, bæði fyrirtæki og heimili. Svo er dekrað við fjármagnseigendur að auki og fjármagnstekjur eru skattfrjálsar einar tekna.

Er ekki ábyrgðarhluti fyrir forustumenn launþega að semja um óbreytt kjör láglaunafólks við þessar aðstæður? Það hlýtur að vera vafamál að festa misrétti í sessi nema því stærri áfangar til kjarabóta séu í augsýn. En því miður bendir ekkert til kjarabóta láglaunafólks. Launamunurinn hefur vaxið stöðugt. Aðstæður eru þær í þjóðfélaginu að ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að þjóðarsátt, sem miðar að stöðugu verðlagi, standi lengi. Vaxtaokrið fer stórvaxandi hlutfallslega, það eru tekjur bankastofnana, halli á viðskiptum við útlönd, halli á ríkissjóði og miklir möguleikar fámennra hálaunamanna til að þrýsta upp kjörum sínum með verkföllum, auknum greiðslum fyrir ómælda yfirvinnu eða hliðstæðum aðgerðum. Allt þetta er líklegt til að eyðileggja árangur þjóðarsáttarinnar.

En yfir tekur þó ef ráðist verður í yfir 100 milljarða framkvæmd við álver og það sem því fylgir að mestu fyrir erlent lánsfé. Þessi atriði munu ekki aðeins torvelda framkvæmd þjóðarsáttarinnar heldur útiloka hana.

Hver er svo staða mín gagnvart staðfestingarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar? Ég hef engar skyldur við ríkisstjórnina í þessu máli. Halldór Ásgrímsson sjútvrh., sem gegndi störfum forsætisráðherra á sl. sumri, ræddi þessi mál við mig. Ég benti honum á að allt þetta mál væri hreint klúður. Í þessu máli hafi ríkisstjórnin alltaf tekið versta kostinn. Þá lá fyrir að BHMR mundi fara í mál ef ríkisstjórnin gæfi út bráðabirgðalög til þess að ógilda launasamning þeirra. Mér var ljóst að það var mjög alvarlegt ef launagreiðslur yrðu framkvæmdar samkvæmt samningnum eins og á stóð. Ég lagði því til við Halldór að bráðabirgðalögin fælu það eitt í sér að fresta greiðslum og reyna til þrautar að ná samningum við BHMR til þess að reyna að koma í veg fyrir þensluáhrif þegar til lengri tíma er litið. Ég taldi mikilsvert samt sem áður að leiðrétta kjör ýmissa lægri hópa innan BHMR, svo sem hjúkrunarfólks, kennara, presta og fleiri. En síðan kom Steingrímur Hermannsson forsrh. til starfa. Halldór sendi mér uppkast að bráðabirgðalögum í póstfaxi. Ég hafði samband við hann og innti hann eftir því hvort hann hefði skýrt Steingrími frá afstöðu minni. Síðan hef ég ekkert um málið heyrt.

Ég hef skyldur við þjóðina og vil vinna að jöfnuði manna og réttlæti. Að sjálfsögðu vil ég vinna með forustumönnum launþega og atvinnurekenda að málum. Hins vegar liggur fyrir yfirlýst af ábyrgum mönnum, bæði á Alþingi og utan þess, að þeir telja frv. ríkisstjórnarinnar brot á stjórnarskránni. Ég hef reynt að frá traust sérfræðilegt álit þar um en stór hluti þingmanna, með forseta Alþingis í forustu, virðast ekki vilja sérfræðilegt álit um mögulegt stjórnarskrárbrot Alþingis og hefur vísað þáltill. minni frá. Hana mátti ekki einu sinni skoða í nefnd.

Þegar skýr og rökstudd svör um að frv. brjóti ekki gegn stjórnarskránni liggja fyrir mun ég ekki hindra samþykkt þess, eins og ég tók fram í umræðum á Alþingi um þetta mál um daginn. Skoðanir lögfræðinga eru skiptar um hvort bráðabirgðalögin standist sum ákvæði stjórnarskrárinnar. Því vil ég fá undanbragðalaust lögfræðilega álitsgerð sem ríkisstjórnin hlýtur að hafa fengið í hendur um þetta mál áður en frv. kemur til 2. umr. í Nd.

Viðbrögð flestra formanna stjórnarflokkanna á Alþingi út af þessu máli eru lærdómsrík og benda til þess að kosningaskjálftinn sé dómgreindinni yfirsterkari. Ég bið um lögfræðilega álitsgerð, sem stjórnarflokkarnir hljóta að hafa fengið, og legg til að umboðsmaður Alþingis láti í té álit sitt um málið eða annar hlutlaus aðili sé til þess fenginn. Þessi tillaga virðist svo eitruð að þeirra dómi að hún megi ekki fara til nefndar, hvað þá meira.

Stjórnarandstaðan sá sér leik á borði og krefst þess að ríkisstjórnin segi af sér. Stjórnarflokkarnir telja þessa beiðni mína svo alvarlega að þeir ræða um að rjúfa þing og efna til kosninga og það um miðjan janúar. Stjórnarandstaðan tekur undir það að kosningar verði í janúarmánuði. Er hægt að sýna með augljósari hætti meira tillitsleysi við fólkið á landsbyggðinni en í þessu felst? (Forseti hringir.) Að efna til kosninga um miðjan vetur þegar allra veðra er von og heyja kosningabaráttu um hátíðarnar. Það er nauðsynlegt að allur almenningur geri sér grein fyrir því hvað á bak við liggur. Það er eitthvað annað en beiðni mín um álitsgerð. (Forseti hringir.) Ég á mjög stutt eftir ef ég má ljúka þessu, virðulegur forseti, en ég get líka hætt hér. (**Forseti:** Forseti vill aðeins benda á að hv. þm. fékk leyfi til að flytja þinginu tilkynningu. Ég vænti þess að þetta sé aðdragandi að henni.) Sú tilkynning hefur þegar komið fram, virðulegur forseti. Ég er að biðja um álitsgerð.

Ég vil að lokum nefna að samtryggingarkerfi gömlu fjórflokkanna í samstarfi við samtök launþega og atvinnurekenda hefur ekki náð því að jafna kjör fólks í landinu. Misrétti hefur stóraukist á þessum áratug sem senn er liðinn. Það er óviðunandi. Samfélagið verður að skipa svo málum að fólk geti unnið fyrir sér. Kjörin verður að jafna. Ég hef á þessu þingi og fyrri þingum lagt fram tillögur um að kanna lágmarksframfærslukostnað í landinu og á þessu þingi liggur frammi frv. um lífvænleg lágmarkslaun. Sú leið hlýtur að verða athuguð ef þjóðarsáttin reynist gagnslaus vegna

þess að valdhafarnir hafa ekki farið eftir þeim samningi sem gerður var í upphafi valdaferils þeirra.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Mig langar til þess að vita hvort það eru nýir hættir sem upp eru teknir í stjórn þingsins að einstakir þingmenn fái leyfi til þess að gefa það sem kallað er yfirlýsingar eða að gefa út tilkynningar úr ræðustóli Alþingis, sem eru ósköp einfaldlega pólitískar ræður um efni sem er til meðferðar í nefnd á Alþingi. Ef svo er að þetta sé aðferð sem upp er tekin þá vil ég leyfa mér að óska þess að þingflokkum verði gert aðvart um það þannig að þeir geti framvegis tekið mið af því. Og þegar um er að ræða mál sem jafnumdeild og mikilvæg eru og það sem hér hefur verið gert að umræðuefni í umræðum utan dagskrár, þótt það sé kallað tilkynningar, er auðvitað alveg ljóst að það er afar óviðeigandi að slíkt fari fram að fjarstöddum forsrh. og án þess að formenn stjórnarandstöðuflokkanna séu látnir af því vita. Við vitum vel að hér hefur verið rætt um mál sem framhald þingstarfa getur oltið á og vissulega framhald starfa ríkisstjórnarinnar.

Ég vil, sem almennur þingmaður, ekki láta hjá líða að vekja athygli á því að mér þykja þetta nýstárlegir hættir. Þyrfti að vera alveg ljóst hvort áframhald getur orðið á slíku og þá munum við vitanlega notfæra okkur þann rétt sem í þessu felst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 3. þm. Reykv. vill forseti taka fram að fordæmi eru fyrir því að einstakir þingmenn hafi fengið að færa fram tilkynningu fyrir hv. þingheimi. Ekki er gert ráð fyrir að um slíkar tilkynningar sé umræða. Eins og hv. þm. heyrði gerði forseti nokkrar athugasemdir eða sló í bjöllu af því að forseta fannst greinargerðir með tilkynningum allítarlegar. Auðvitað hafði forseti ekki séð hvernig þær tilkynningar sem hér voru fram bornar hljóðuðu. En fyrir þessu munu fordæmi og þess vegna held ég að ekkert sé hér óvenjulegt á ferðinni.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Af því að mér þykir nokkru varða hvort hér er um nýja aðferð að ræða eða ekki vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að tilgreina þessi fordæmi. Að því er ég man, og ég man auðvitað ekki öll þau tilvik sem vera kynnu til um þetta efni, en að því er ég best man hef ég ekki vitað af slíku nema í sambandi við yfirlýsingu um að ríkisstjórnin hafi misst meiri hluta sinn, þ.e. þegar ríkisstjórnin hefur haft mjög tæpan meiri hluta hafi þingmaður lýst því yfir að hann styddi ekki lengur þá ríkisstjórn og/eða jafnvel hefði gengið úr tilteknum stuðningsflokki ríkisstjórnar og styðji hana ekki lengur. Ég vil biðja hæstv. forseta að gera þingheimi þann heiður að tilgreina þessi fordæmi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti skal láta fara fram könnun á þessu atriði. Þó minnist forseti eins slíks tilviks en það var þegar hv. 5. þm. Vesturl. tilkynnti hinu háa Alþingi að hann gengi til liðs við annan stjórnmálaflokk. Þegar um er að ræða slík mál hefur verið leyft að þingmenn flyttu hinu háa Alþingi tilkynningar af þessu tagi.

Ég vona því að hér hafi engin þingsköp verið brotin en vil upplýsa að um þetta atriði er raunverulega ekkert í lögum um þingsköp. Það er einungis minnst á í 29. gr. þingskapalaga að ráðherrar geti gert grein fyrir opinberu málefni munnlega en þá má ekki gera neinar ályktanir. Þetta hefur verið fært yfir á þingmenn einnig í fáeinum tilvikum. En forseta er ljúft og skylt að láta taka saman hversu oft slíkt hefur komið fyrir.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. 3. þm. Reykv. Ég hygg að vandfundin séu dæmi þess að þingmönnum hafi verið heimilað að gefa tilkynningar nema alveg af sérstöku tilefni, svo sem vegna stjórnarmyndunar eða vegna yfirlýsingar um að ákveðinn þingmaður eða flokkur hafi breytt afstöðu til ríkisstjórnar. Það kann að vera að það séu fleiri dæmi en þau eru áreiðanlega fá. Það verður fróðlegt að heyra þau þegar hæstv. forseti hefur látið fara fram athugun á því.

Ég stóð upp vegna þess að ég tók eftir því, sem fleiri en ég hafa áreiðanlega tekið eftir, að rétt áðan bað hæstv. fjmrh. um orðið um þingsköp, ætluðu menn, það voru umræður um þingsköp. Hæstv. forseti veitti ráðherra ekki orðið. Þetta gefur mér tilefni til þess að gera fyrirspurn. Í febrúar 1988 voru umræður hér um þingsköp og hæstv. fjmrh. tók þátt í þeirri umræðu. Einn hv. þm. gerði athugasemd við það, taldi að ráðherra hefði ekki heimild til þess að taka þátt í umræðum um þingsköp vegna þess að hann væri ekki alþingismaður. Hæstv. forseti féllst á þessa skoðun og bað þingmann afsökunar á því að honum hefði orðið á að veita hæstv. fjmrh. orðið um þingsköp. Nú vildi ég spyrja hæstv. forseta, til þess að við stöndum ekki í neinni óvissu í þessu máli, hvort enn þá standi úrskurðurinn sem hún kvað upp í febrúar 1988 um að hæstv. fjmrh. væri ekki leyfilegt að tala um þingsköp. Það er þýðingarmikið að vita þetta. Ég skal ekki láta þingheim vera í neinum vafa um mína skoðun á þessu. Ég tel að hæstv. forseti hafi kveðið upp rangan úrskurð og hæstv. ráðherra hafi haft heimild til þess að tala um þingsköp. Hins vegar hefur þessi úrskurður verið kveðinn upp af hæstv. forseta og mín spurning er: Stendur hann áfram?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 4. þm. Vestf. er svarið nei. Forseti lét á sínum tíma fara fram ítarlega athugun á þessu máli því vissulega má um það deila. Ekkert afgerandi er að finna í lögum um þetta atriði en öllum lærðustu mönnum bar saman um að forseti hefði kveðið upp rangan úrskurð. Hæstv. fjmrh. hefði fullan rétt til að ræða um þingsköp. Það hefur hann marggert síðan. Forseti gerði hv. þingheimi grein fyrir því að hann hefði haft rangt fyrir sér. Þá vona ég að það mál sé upp skýrt.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég afturkallaði beiðni mína úr sæti mínu áðan þegar ég hafði gefið forseta merki um að fá að tala um þingsköp. Ég afturkallaði þá beiðni undir ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur. Ég vildi að það kæmi fram vegna orða hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar.

Ég vil svo aðeins segja það að ég held að allur þingheimur hljóti að hafa á því skilning að það var fullkomlega eðlilegt að sú mikilvæga yfirlýsing sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti áðan yrði flutt í sameinuðu þingi, þannig að þær ákvarðanir og þær umræður sem fram hafa farið hér síðustu sólarhringana yrðu skýrari og allir gætu betur áttað sig á því hvernig málin liggja.

Fjáraukalög 1990, frh. 2. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 57, n. 201 og 211, brtt. 202, 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA, frh.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, SV, NL, SJS, VS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GHelg. GuðmÁ, GJH, HBl, HJ, IBA, KrP, KE, MB, MálmS, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, SigJ, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FÞ greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (FrS, GHH, GHG, MÁM, ÓE, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 213 kölluð aftur.

Brtt. 202,1–14 samþ. með 34 shlj. atkv.

3. gr., liður 09-999 118, samþ. með 33:14 atkv., að *viðhöfðu nafnakalli*, og sögðu

já: ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, NL, SJS, VS, AðB, AS, GHelg.

nei: ÁHE, BÍG, EH, EgJ, FÞ, HBl, IBA, KrP, MB, MÁM, PJ, RH, SalÞ, ÞK.

SigJ, DS, GuðmÁ, GJH, HJ, KE, MálmS, SV, ÞÞ, greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (EKJ, FrS, GHH, GHG, ÓE, SvG, ÞP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um styrk til blaðaútgáfu, samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar eins og segir hér í texta, 50 millj. kr. Þetta er til þess að fullnægja heimild í fjárlögum sem lögfest var við 3. umr. fjárlaga fyrir síðustu jól er hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson flutti brtt. þess efnis að auka heimild til kaupa á dagblöðum af hálfu ríkisins úr 250 eintökum upp í 750 eintök, (**SighB:** Árganga.) sem hann skýrði svo að væru árgangar. Þetta er að mínum dómi ákaflega miður farið að verja fé ríkisins í svo stórauknum mæli til þess að kaupa dagblöð sem lesin eru á stofnunum ríkisins, eða ætlast er til að lesin séu vegna þess að sum af þessum dagblöðum eru þess efnis að fáir eða engir vilja lesa. Eigi að síður skulu þau keypt fyrir fé skattborgaranna, ekki einungis 250 eintök eins og áður var, heldur nú 750 eintök. Sú viðbót sem hér er um að ræða, um 50 millj. kr., hefði dugað til þess að halda gangandi nærfellt allt árið í rekstri sem svarar 30 rúmum fyrir aldraða á hjúkrunardeild. Og ýmis önnur verkefni mætti til nefna sem þetta fé dygði til þess að fullnægja. Ég tel hér mjög ranglega með fé ríkissjóðs farið og lýsi sterkri andstöðu minni við þá stefnu sem hér er upp tekin að verja í svo auknum mæli fé til þess að kaupa upp dagblöðin fyrir stofnanir ríkisins og segi nei.

Brtt. 202,15–23 samþ. með 34 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Stjórn fiskveiða.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og forseti hafði áður getið hefst nú umræða utan dagskrár skv. seinni lið 32. gr. þingskapa sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur farið fram á. Umræðan er ómæld og fjallar um stjórn fiskveiða.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. forseta fyrir að hann skyldi hafa séð til þess sl. fimmtudag að sú umræða um þingsköp sem ég hafði þá beðið um skyldi hafa farið fram. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér þá tækifæri til þess að beina þeim tilmælum til hans að forseti beitti sér fyrir að nefndarmenn í sjávarútvegsnefndum fengju skrár yfir þær veiðiheimildir á næsta ári sem einstökum útgerðarmönnum smábáta hafa verið sendar. Þessar veiðiheimildir liggja nú fyrir hjá einstaklingum úti í þjóðfélaginu og ég hafði vænst þess að við í sjávarútvegsnefndum gætum fengið upplýsingar um hverjar þær eru. Ég er þakklátur hæstv. forseta fyrir að umræðan skyldi hafa farið fram. Henni lauk sl. fimmtudag og ég er þakklátur einstökum þingmönnum sem tóku undir þau sjónarmið sem ég setti fram í ræðu minni þá, hv. þm. Skúla Alexanderssyni, hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, forseta Nd. hv. þm. Árna Gunnarssyni og hv. þm. Kristni Péturssyni. Umræðan var mjög málefnaleg sl. fimmtudag undir stjórn forseta þingsins, Guðrúnar Helgadóttur, og ég vil þakka fyrir að sú umræða gat farið fram.

Ég verð á hinn bóginn, gerði það þá og ég veit ekki

hvort ég harma það svo mjög nú, vegna þess að sú umræða sem fer fram í dag um stjórn fiskveiða verður ítarlegri en ég hafði þá búist við. Ég taldi rétt að gera hæstv. sjútvrh. aðvart sl. fimmtudag þegar ég tók málið upp hér í þinginu, sem er í samræmi við gamla hefð. En vegna þess að hann var tímabundinn þurfti hann að hverfa af fundi sem var ástæðan fyrir því að ég kaus að taka málið upp á breiðum grundvelli nú í dag og er hæstv. forseta þakklátur fyrir að hann skyldi hafa gefið heimild til þess að sú umræða gæti verið ótakmörkuð í tíma.

Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli þingheims á því að nú er í fyrsta skipti ákvarðaður sérstakur aflakvóti fyrir báta innan við tíu tonn. Einstakir útgerðarmenn hafa verið að fá bréf og sumir þeirra standa nú frammi fyrir því að þeir fá mun minni kvóta en þeir höfðu vænst og sumir fá engan þó að þeir hafi búist við öðru, m.a. vegna þeirrar aflareynslu sem þeir einstaklingar höfðu á árunum 1985–1987. Eins liggur það fyrir að einstakir eigendur smábáta hafa verið að láta gera við báta sína þar sem þeir hafa talið að þeir mundu fá kvóta á þá.

Það er auðvitað erfitt mig, þó ég eigi sæti í sjútvn., að tala um þetta mál á breiðum grundvelli. Ég veit einungis um einstök dæmi vegna þess að hæstv. sjútvrh. hefur synjað mér um skrárnar, synjað mér um að bera mig saman við aðra og fara yfir þær aflaheimildir sem einstakir útgerðarmenn hafa fengið sendar. Þetta er, hæstv. forseti, ekki í samræmi við þau vinnubrögð sem viðhöfð voru þegar aflakvótinn var samþykktur í þinginu í fyrsta skipti. Þetta er heldur ekki í samræmi við þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í sjávarútvegsnefndum þegar frv. um stjórn fiskveiða var til athugunar í sjávarútvegsnefndum á síðasta þingi. Þvert á móti vann sjútvrn. þá með þeim hætti að það reiknaði út fyrir okkur einstök atriði og ég vissi ekki betur en nefndarmenn í sjávarútvegsnefndum, ég vil segja yfir höfuð að tala, hafi verið menn fyrir þeim trúnaði sem þeim var sýndur. Ég vil taka fram að sennilega vita fleiri menn og hafa undir höndum þær skrár sem ég er hér að tala um en þeir þingmenn sem sæti eiga í sjávarútvegsnefndum Alþingis. Það olli mér verulegum vonbrigðum að hæstv. sjútvrh. skyldi bregðast svo við.

Ég vil í öðru lagi vekja athygli á því að það orkar að sjálfsögðu mjög tvímælis þegar aflakvóta er úthlutað í fyrsta skipti. Ég talaði við einn trillusjómann í Grímsey, sem var ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir þessu, ekki til þess að taka málið upp á opinberum vettvangi heldur til að setja mig inn í málið. Hann sagði mér að aflakvóti hans væri nú 80 tonn en hann hefði veitt 148 tonn. Nú vill svo til að í þessu sérstaka dæmi, samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið hjá starfsmanni sjútvrn., hefur einhver misskilningur orðið. Kvótaúthlutunin er ekki öldungis rétt. Það staðfestir einungis hversu nauðsynlegt er að einstakir þingmenn fái þessa skrá og geti lesið hana yfir sem og önnur þau mál sem upp hafa komið.

Mér er sérstök ánægja, hæstv. forseti, að skýra frá því að fjölmargir útgerðarmenn, bæði eigendur smábáta og stærri báta, hafa haft samband við mig síðan á fimmtudag og vakið athygli mína á ýmsum hlutum sem a.m.k. orka mjög tvímælis. Ég get í því sambandi aðeins vikið að því að nú er á nýjan leik tekinn upp aflakvóti fyrir kola. Má búast við því að á árinu 1992 verði tekinn upp aflakvóti fyrir steinbít? Við vitum að þessi aflakvóti á að bætast við venjulegan aflakvóta. En þá er auðvitað spurningin hvort sú viðmiðun sem er í lögum, reglugerð og almennum reglum sjútvrn. sé ekki of þröng og þar af leiðandi villandi, hvort ekki geti verið nauðsynlegt að hafa viðmiðun víðari en gert hefur verið, láta hana ná yfir lengra tímabil og taka tillit og hliðsjón af útgerðarháttum á hverjum stað og vinnslunni á hverjum stað.

Ég get í þessu sambandi rifjað upp að sá maður í Eyfjafirði sem var brautryðjandi á sviði úthafsrækjuveiða fyrir Norðurlandi. Sá maður býr ásamt með Snorra Snorrasyni. Ég er hér að tala um eiganda báts á Árskógssandi. Þegar hann fékk á sínum tíma árskvóta fyrir sitt skip missti hann auðvitað veiðiheimildir borið saman við aðra vegna þess að hann hafði haldið skipi sínu úti á rækjuveiðum hluta af árinu. Svo hittist á hjá þessum manni að hann hafði skipt um skip þegar aflakvótinn var settur á rækjuveiðar. Þá voru reglur sjútvrh. með þeim hætti að hinn nýi eigandi, sem engan þátt átti í rækjuveiðum fyrir Norðurlandi, fékk rækjukvótann í sinn hlut en aflamaðurinn á Árskógssandi engar rækjuveiðiheimildir vegna þess að hann hafði skipt um skip. Það sjá auðvitað allir að þetta var ranglátt, þarna var farið vitlaust að. Auðvitað vegna þess að þær forsendur sem lágu til grundvallar við aflaúthlutun voru rangar. Tóku ekki tillit til sérstakra aðstæðna. Eins er það nú um úthlutun á kola, það er mjög hætt við því að sú úthlutun geti orkað tvímælis á ýmsum stöðum. Ég tel af þeim sökum að óhjákvæmilegt sé að sjávarútvegsnefndir Alþingis fái upplýsingar um hvernig það mál standi nú og fái að fylgjast með framvindunni eins og hún verður. Ég vil jafnframt minna á að steinbítsveiðar út af Vestfjörðum eru mjög sérstaks eðlis. Við vitum auðvitað öll sem hér erum inni að orðrómur er uppi um að á síðustu árum hafi fiskur verið lagður upp á erlendum mörkuðum þar sem þorskur hefur verið kallaður ýmsum nöfnum öðrum sem ekki byrja á þ, sem byrja t.d. á stafnum steinbítur eða koli. Undir slíkum kringumstæðum yrðu þvílíkar sölur forsenda fyrir nýjum veiðiheimildum á næsta eða þarnæsta ári.

Ég vil rifja það upp að þegar frv. um stjórn fiskveiða var í nefnd í Ed. á síðasta þingi hafði samstarf lengst af verið mjög gott milli stjórnar og stjórnarandstöðu. En þegar dró að úrslitum brá svo við að nefndarmenn meiri hlutans höfðu æ minna við stjórnarandstöðuna að segja og svo lauk, hæstv. forseti, að formenn stjórnarflokkanna, að ég ætla, a.m.k. voru þar ráðherrar úr stjórnarflokkunum uppi í ráðherrabústað og kölluðu fyrir sig, ég veit ekki hvort það var alla nefndarmenn meiri hlutans í sjávarútvegsnefndum, en a.m.k. suma, og sömdu þar um texta sem átti að verða grundvöllur að stjórn fiskveiða hér á landi um næstu ár. (**Gripið fram í:** Það á ekki við um alla.) Það er rétt sem hv. þm. Karvel Pálmason segir, ég hygg að ég

muni það rétt að honum hafi ekki verið treyst til að sitja þennan fund uppi í ráðherrabústað. Við fengum síðan í hendur uppáskrift frá fundinum uppi í ráðherrabústað. Ég spurði þá formann sjútvn., hv. þm. Stefán Guðmundsson, þeirrar spurningar, ég man nú raunar ekki hver var formaður, hvort Karvel Pálmason var formaður, en hv. þm. Stefán Guðmundsson var sá sem réri stjórnarfleyinu í nefndinni, hvort það hefði einhvern tilgang að stjórnarandstaðan hreyfði sérstökum málum, reyndi að koma fram einhverjum lagfæringum eða breytingum á frv. um stjórn fiskveiða til að breikka grunninn og bæta lögin auðvitað að okkar mati. Ég nefndi atriði sem við höfðum oft rætt um. Það vill svo til að í ræðu minni í Ed. var ég spurður um eitthvert þessara atriða og þar vakti ég athygli á því að sú breyting sem gerð var á veiðiheimildum sóknarskipa er svo veruleg að ég vil segja að hún jaðri við eignaupptöku og geti ráðið úrslitum um það að fjárhagur einstaklinga sem slík skip eiga eða fyrirtækja geti ráðið úrslitum um hvernig atvinnuástand sé í einstökum byggðarlögum og hvort þar sé yfirleitt byggilegt.

Ég spurði meiri hlutann að því þá hvort einhver grundvöllur væri fyrir því að við reyndum að gefa sóknarmarksskipum aðlögunartíma. Því var neitað. Algjörlega neitað.

Ég hef í höndum upplýsingar um, vegna þess að hæstv. sjútvrh. var í morgun spurður um Grímsey af fréttamanni í Ríkisútvarpinu og kem ég nánar að því síðar, að 12 tonna bátur sem þar veiddi á sl. ári 240 tonn en á að fá í sinn hlut 100 tonn á þessu ári. Aflaheimildir minnka úr 240 tonnum í 100 tonn. Ég hef jafnframt upplýsingar um það að tveir togarar, ég hef ekki við höndina hvernig einstök skip fiskuðu á sl. ári, ég man það þó um tvo togara að annar þeirra veiddi á sl. ári 3000 tonn, fær 2200, hinn veiddi 4200 tonn, fær 3100 tonn.

Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það að hann skyldi hafa íhugað málefni Grímseyinga. Það er laukrétt sem hann sagði í útvarpinu í morgun, þá var hann spurður um það hvað hægt væri að gera fyrir slíka staði. Hann sagðist ekki hafa sérstaklega tölur fyrir Grímsey en minnti á að mjög hefði verið rætt um það þegar lögin voru sett hvort byggðarlög eins og Grímsey, Bakkafjörður, Borgarfjörður eystri, ættu að hljóta einhverja sérstaka meðferð. Og síðan segir hæstv. ráðherra: Það má segja að því hafi verið hafnað.

Þetta er öldungis rétt hjá ráðherra, því var hafnað og um það hafði enginn meira að segja en hæstv. ráðherra sjálfur. Hæstv. ráðherra minnir síðan á Hagræðingarsjóð, hann sagði réttilega að samkvæmt lögum um hann væri hægt að koma byggðarlögum til hjálpar. Síðan segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „... ef þar blasir við atvinnuleysi og þau hafa misst skip í burtu."

Ég hefði í hans sporum orðað þetta öðruvísi. Ég hefði látið atvinnuleysið koma á eftir vegna þess að í lögum um Hagræðingarsjóð er tekið skýrt fram í 9. gr. að það sé skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnuháttum viðkomandi byggðarlags, þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðarröskun sé yfirvofandi. Þessi grein útilokar að Hagræðingarsjóður geti komið til hjálpar ef um það er að ræða að stórfelldur samdráttur verði í aflaheimildum fiskiskipa vegna þess að þær hafa dregist saman á grundvelli þess að um sóknarmarksskip var áður að ræða sem nú fá aflamark eins og ég hef áður lýst. Ég veit heldur ekki hvort það er ævinlega besta lausnin að bíða þess að staðirnir missi skipin, ég hef ekki sannfæringu fyrir því að slík byggðarstefna sé heilbrigð eða eðlileg.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, taka það fram að ég tel mjög hafa skort á það að hæstv. sjútvrh. hafi haft forustu um það að hér yrði mörkuð fiskvinnslustefna, án þess að ég ætli að fara út í það hér vegna þeirra skorða sem þessari umræðu eru settar.

Ég vil svo að síðustu spyrja hæstv. ráðherra um það hvaða forsendur séu fyrir því að skreiðarverkendur greiði í Verðjöfnunarsjóð. Það liggur fyrir að þeir sitja uppi með birgðir frá sl. ári og enginn vafi á því að verðmæti þeirra hefur rýrnað verulega, m.a. vegna verðfalls dollara auk þess sem mikill vaxtakostnaður hefur fallið á þessar birgðir. Ég vil ítreka beiðni mína til hæstv. sjútvrh. um að nefndarmenn í sjávarútvegsnefndum fái skrá yfir þær veiðiheimildir sem einstökum smábátaeigendum hafa verið sendar til þess að þeir geti rækt starf sitt með sómasamlegum hætti.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér hefur verið beðið um umræðu utan dagskrár vegna þess að sjútvrn. hafi neitað að gefa þingmönnum í sjávarútvegsnefndum þingsins viðhlítandi upplýsingar um veiðiheimildir smábáta. Nú er rétt að taka það fram að sjútvrn. hafði forustu um það að kynna sjávarútvegsnefndum þingsins drög að reglugerð sem gefin var út sl. föstudag um aflaheimildir smábáta. Farið var yfir þessi drög að reglugerð með sjávarútvegsnefndum þingsins. Fram komu athugasemdir sem að einhverju leyti var hægt að taka tillit til, þótt ég vilji ekki fullyrða að á nokkurn hátt hafi verið fullnægt öllum þeim athugasemdum sem nefndarmenn höfðu, enda vart hægt að reikna með því. Þetta var gert að frumkvæði ráðuneytisins og í samræmi við þau vinnubrögð sem áður hafa tíðkast í samstarfi framkvæmdarvalds og löggjafarvalds á þessu sviði.

Hv. þm. Halldór Blöndal fullyrti að þeir bátar sem hér um ræðir hafi fengið tilkynningar um veiðiheimildir þeirra. Nú er svo alls ekki. Að þessu máli hefur verið unnið í samræmi við ákvæði til bráðabirgða 2 í lögum um stjórn fiskveiða sem samþykkt voru 15. maí 1990. Þar kemur fram að sérstök samstarfsnefnd, skipuð fulltrúa tilnefndum af Landssambandi smábátaeigenda, fulltrúa tilnefndum af Fiskifélagi Íslands og formanni skipuðum af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla sérstaklega um málefni þeirra aðila sem hér um ræðir. Hefur þessi nefnd unnið gífurlega mikið starf og skilað bráðabirgðaskýrslu til ráðherra fyrir stuttu síðan.

Þeir aðilar sem hér um ræðir hafa síðan fengið senda svokallaða tilraunaúthlutun miðað við afla þeirra á árinu 1989. Þ.e. smábátunum ber að fá sömu hlutdeild í

heildarafla og þeir höfðu 1989 en þá var hlutdeild smábátanna mest og meiri en á árunum 1987 og 1988. Þessi tilraunaúthlutun hefur átt sér stað og hver einasti aðili hefur fengið sendar til sín niðurstöður úr þessari tilraunaúthlutun. Hér er ekki um lokaúthlutun að ræða og það er vitað mál að það eru villur í þessari tilraunaúthlutun og það er jafnframt vitað mál að ýmsir munu gera athugasemdir við það sem þeir hafa þar fengið.

Við teljum ekki við hæfi að aðilar utan ráðuneytisins fái þennan lista í hendur og við það hefur verið staðið. En að sjálfsögðu munu allir fá þann lista sem verður lokaúthlutun í þessu máli. Það er hins vegar ekki rétt að mönnum hafi verið neitað um upplýsingar í þessu sambandi. Ég minni á það að hv. þm. skýrði hér frá því að hann hefði fengið upplýsingar um tiltekið atriði sem hann spurði um í ráðuneytinu og það hefur alveg ... (Gripið fram í.) Hv. þm., ég hef nú orðið og ég bið hann um að stilla skap sitt. Ég skal reyna að ljúka máli mínu á stuttum tíma þannig að hv. þm. geti fengið orðið aftur. Við höfum ekki neitað um upplýsingar og við höfum ekki neitað hv. þm. í sjútvn. um þær upplýsingar sem þeir hafa spurt um. Við höfum hins vegar neitað því að afhenda þennan lista vegna þess að við vitum að hann er að sumu leyti rangur, það eru villur í honum og einstakar villur í honum hafa áhrif á alla aðra sem á honum eru. Það er verið að skipta tilteknum afla á milli þessara báta og breytingar hjá einum hafa áhrif á annan. Við teljum það mjög óheppilegt að slíkar upplýsingar berist til annarra aðila en þeirra sem í hlut eiga. En ef hv. þm. vilja spyrja um tiltekin atriði, tiltekna báta, þá hefur þeim ekki verið neitað um það.

Ég spyr hv. þm.: Hvaða ástæða er til þess að hann þurfi að fá í hendur þessa tilraunaúthlutun? Hvað liggur þar að baki? Nægir honum ekki að fá upplýsingar um þau atvik og tilvik sem hann vill sérstaklega spyrja um? Hér er um afar viðkvæmt mál að ræða sem skiptir mjög miklu máli fyrir fjölda einstaklinga í landinu. Ég hef tekið þá ákvörðun að þessi listi fari ekki út fyrir ráðuneytið á þessu stigi. Það má vel vera að einstökum aðilum þyki það óeðlilegt að vinnugögn ráðuneytisins, meðan þau eru á þessu viðkvæma stigi, séu ekki afhent með þeim hætti sem þingmaðurinn krefst hér en ég er ekki tilbúinn til þess. Ég veit ekki til þess að það tíðkist í ráðuneytum að vinnugögn þeirra séu afhent á vinnslustigi, ég hef aldrei vitað til þess. Sannleikurinn er sá að hv. þm. hefur í reynd farið með rangt mál þegar hann hefur sagt að honum hafi verið neitað um allar upplýsingar í málinu enda staðfesti hann það hér sjálfur í ræðu sinni áðan að hann hefur fengið slíkar upplýsingar að því er varðar einstök skip.

Hv. þm. gerði nokkuð að umtalsefni aflaheimildir báta á tilteknum stað á landinu, þ.e. í Grímsey. Ég býst við því að það sé tilefni þess að um sé spurt að við hann hafi haft samband aðilar á þeim stað sem eru óánægðir með sinn hlut. Ég vil af því tilefni upplýsa hv. þm. um það á hverju sú tilraunaúthlutun sem nú hefur átt sér stað byggist þannig að menn geti gert sér nokkra grein fyrir því hvernig það kemur hugsanlega við einstök byggðarlög.

Í þessu byggðarlagi eru, eins og annars staðar, árin 1987, 1988 og 1989 tekin til viðmiðunar við útreikning á aflaheimildum einstakra skipa. Á árinu 1987 var afli á þessum tiltekna stað hjá þeim bátum sem hér eiga í hlut, og eru þar ekki bátar yfir 10 brl., 639,5 tonn, á árinu 1988 662,5 tonn og á árinu 1989 tæplega 860 tonn. Í flestum tilvikum er miðað við tvö bestu árin. Ef einhverjir hafa staðið í þeirri meiningu að aflinn á einstaka báta gæti orðið svipaður og hann var á árinu 1989, þá ætti það að vera öllum augljóst að slíkt getur alls ekki orðið af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi eru tvö bestu árin tekin til viðmiðunar en ekki öll árin. Það eru fleiri bátar sem koma inn í úthlutunina og það er aflasamdráttur. Meðalafli áranna 1987–1989 í þessu tiltekna byggðarlagi er ríflega 721 tonn en í þeirri tilraunaúthlutun sem hér hefur verið nefnd eru áætlaðar aflaheimildir miðað við heilt ár í þessu tiltekna byggðarlagi 741,5 tonn eða u.þ.b. 20 tonnum meiri en meðalafli áranna 1987–1989.

Nú er það ljóst að við höfum ekki haft tækifæri til þess að líta á hvert einstakt byggðarlag, enda er þessi vinna enn þá á undirbúningsstigi. En það er alveg ljóst að þessir bátar hafa áunnið sér miklar aflaheimildir á undanförnum árum, bæði með reynslu sinni og einnig hefur þeim fjölgað mjög mikið eins og öllum er kunnugt.

Hv. þm. Halldór Blöndal kom hér og sagði: Veiðiheimildir sóknarmarksskipa eru ekki nægjanlegar og það þarf að auka þær veiðiheimildir, sagði hann nánast hér, og hér er um eignaupptöku að ræða og nefndi tiltekin skip, nefndi hér tiltekna togara án þess að nafngreina þá sem hafa verið á sóknarmarki og nefndi tiltekinn bát. En ég spyr hv. þm.: Frá hverjum vill hann taka þessar aflaheimildir sem hann vill bæta við þessi skip? Nú er það svo að á undanförnum árum hafa smábátarnir unnið mest á. Vill hann taka þær af þeim? Eða hvað vill hann gera? Það dugar ekki, hv. þm., að vera með þessum hætti að halda því fram að þessi og hinn hafi ekki nóg, þeir verði að fá meira. Þetta er nú gamalkunnugt úr umræðum í þjóðfélaginu og ekki mikið mál að taka undir með hverjum og einum sem ekki hefur nóg, hvort sem það er í launum, fiskveiðum eða öðru, og vera sammála öllum sem slíkt segja því að það er nú svo að þegar takmarkað magn og takmörkuð verðmæti eru til skipta, þá geta ekki allir fengið það sem þeir óska eftir að fá.

Um það hefur hins vegar verið rík samstaða að fjölgun þessara báta gangi ekki lengur og það sé nauðsynlegt að skipta aflaréttindunum upp á milli þeirra eins og annarra, enda sé það hagsmunum þessara aðila fyrir bestu. Og ég býst við því að margir vildu óska þess nú að það hefði fyrir löngu verið mögulegt að stöðva fjölgun þessara báta. Ég minni á að tillögur voru uppi um það af hálfu sjútvrn. að hér yrði flutt frv. á sl. hausti til þess að loka fyrir fjölgun smábátanna en eins og oft áður náðist ekki samstaða um það og er ég þá á engan hátt að sakast við stjórnarandstöðuna því að sjálfsögðu bera þeir ábyrgð á því sem að ríkisstjórninni standa.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegur forseti, til þess að hafa um þetta fleiri orð og ætla ekki að fara að hefja hér almenna umræðu um þessi mál sem væri vissulega full ástæða til en tel hins vegar að við höfum orðið við öllum eðlilegum óskum í þessu sambandi. Það hefur ekki verið neitað að veita upplýsingar um þessi mál. Það hefur hins vegar ekki verið ljáð máls á því að afhenda þennan lista og hann verður ekki afhentur einum eða neinum fyrr en hann er fullunninn. Og ég býst við því að það sé í samræmi við almenn vinnubrögð í stjórnsýslunni. En þeir sem vilja fá upplýsingar um tiltekin mál munu að sjálfsögðu fá upplýsingar um þau en það er ekki það sem hv. þm. Halldór Blöndal óskaði eftir, heldur óskar hann eftir því að fá í sínar hendur vinnuskjöl ráðuneytisins og við því verður ekki hægt að verða.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér er hafin má segja að hafi komið til af því að sl. fimmtudag var hér uppi umræða um þingsköp sem hv. þm. Halldór Blöndal hóf. Ég tel að þeirri umræðu hafi lokið þann dag í síðari hluta þeirrar umræðu þegar hæstv. forseti leyfði hér þingskapaumræðu um þetta tiltekna mál, þ.e. um það að þingmenn fengju í hendurnar plögg sem sjútvrn. var með og hafði upplýst sjávarútvegsnefndir þingsins um að til væri listi yfir alla smábáta og úthlutun kvóta til þeirra. Því hafði verið hafnað af ráðuneytinu og ráðherra hefur staðfest það hér í ræðustól að við fengjum ekki þessar upplýsingar í hendur. Okkur var boðið upp á það að skoða þessi gögn á fundi í sjútvn. og einnig að koma í ráðuneytið og líta á þessi gögn. Hv. þm. Halldór Blöndal felldi sig ekki við þá niðurstöðu og eins er með þann sem hér stendur. Mér fannst að þarna væri gengið heldur langt í sambandi við það að neita þingmönnum um upplýsingar þar sem það lá að vissu leyti fyrir að þessar upplýsingar voru í höndum fleiri aðila heldur en þröngs hóps inni í sjútvrn. Þær voru í vinnslu í nefnd í Fiskifélaginu og þó nokkuð stór hópur manna í sjútvrn. var að fjalla um þetta. Mér fannst og finnst enn að þessi gögn hefðu átt að vera afhent þingmönnum sem trúnaðarmál og ekki geri ég lítið úr þeim trúnaði, sem hægt er að sýna starfsmönnum ráðuneytisins um það að þeir sýni ekki nema þeim sem eiga að sjá svona gögn, að það sé ekki hægt að sýna þingmönnum í sjávarútvegsnefndum Alþingis hinn sama trúnað.

Ég tek alveg undir það að það er ekki hægt að gera slík gögn sem þessi að opinberum gögnum og rökum sjútvrh. um það að það sé ekki hægt að ganga út frá því að þessum gögnum verði ekki breytt, þetta sé bráðabirgðaúthlutun. En einmitt á þessu stigi var, eins og hv. þm. Halldór Blöndal nefndi hér áðan, nauðsynlegt fyrir þingmenn að geta haft þessi gögn í höndunum einmitt til þess að geta upplýst kjósendur sína, hvort sem það voru kjósendur vestan af Hellissandi eða úr Grímsey, um það hvernig staða þeirra væri. En því miður, þessi gögn verða víst ekki í höndum okkar fyrr en ýmsir hlutir í kringum þetta mál eru gengnir fram.

Það er ekki rétt að eyða fleiri orðum um þennan hlut málsins, en út frá þessari umræðu samþykkir síðan virðulegur forseti að hér í hv. þingi fari fram umræða utan dagskrár um stjórn fiskveiða. Hér er því verið að ræða um miklu stærra mál heldur en þetta einstaka mál sem var hér til umfjöllunar sl. fimmtudag. Það er verið að óska eftir því að þingmenn fjalli hér almennt um stöðu mála, hvað blasi við þegar hin nýju lög, sem samþykkt voru hér í byrjun maí sl., taka við og hvað hafi verið að gerast í sumar eftir að þessi lög voru samþykkt beinlínis vegna þeirra ákvæða sem í þeim lögum eru.

Mér finnst í sannleika sagt það vera ansi kraftlaus stjórnarandstaða sem lætur það henda sig að henni sé fengið upp í hendurnar eða það sé allt að því óskað eftir því að hún fari að fjalla hér á hv. Alþingi utan dagskrár um þetta stóra mál, það komi hálfpartinn óvart upp í hendurnar á hv. þm. Halldóri Blöndal að fiskveiðistefnan sé tekin hér til umfjöllunar á hv. Alþingi, að stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., þessi ábyrgi stjórnarandstöðuflokkur skuli ekki hafa óskað eftir því á þeim tveim mánuðum tæpum sem þingið hefur setið að fjalla um þetta stóra mál hér á hv. Alþingi, spyrja ríkisstjórnina, hæstv. sjútvrh. hvernig mál standi og að hverju stefni. En Sjálfstfl. þurfti að standa frammi fyrir því eins og kannski — ég segi því miður — ansi oft að hlutirnir gerast á þann veg að atburðurinn dettur yfir þá. Og mér finnst að ræða hv. þm. Halldórs Blöndals hér áðan hafi einmitt verið ljós vottur þess. Hann fjallaði í mjög takmörkuðu máli og í takmörkuðum þáttum um þetta stóra mál — fiskveiðistefnuna.

Það eru rétt sex mánuðir, rétt hálft ár, frá því að Sjálfstfl. veitti núv. ríkisstjórn raunverulega traustsyfirlýsingu hér á hv. Alþingi með því að samþykkja með henni þau fiskveiðilög sem taka gildi 1. jan. (Gripið fram í.) Og það er sérstakt eftir öll þau stóru orð sem hafa fallið undanfarna daga í sambandi við þau bráðabirgðalög, sem eru hér til umfjöllunar í hv. þingi, að Sjálfstfl. skuli við afgreiðslu fiskveiðistefnunnar ekki hafa tekið betur á málum en raun bar vitni um. Hann taldi enga ástæðu til þess þá að breyta fiskveiðistefnunni eða gera neitt af því sem hv. þm. Halldór Blöndal var að nefna hér áðan heldur voru þær brtt. sem t.d. ég flutti í hv. Ed. um lagfæringar á fiskveiðistefnunni felldar einmitt með atkvæðum þessa hv. þm.

Það er sem sagt dálítið sérstakt að um jafnmikilsvert mál eins og þetta, eins og fiskveiðistefnuna, eins og um fiskvinnslustefnu, sem hv. þm. nefndi nú að þyrfti að ræða líka, að Sjálfstfl. skuli ekki hafa notað tækifærið núna þegar styttist að kosningum til að fjalla um þetta mál hér á þingi fyrr en það kemur allt í einu óvart upp í hendurnar á þeim vegna þess að hæstv. sjútvrh. neitaði því að láta einn af flokksmönnum þeirra hafa ákveðin gögn, ekki mjög mikilsverð miðað við hvað málið allt er mikilsvert.

Staðreyndin er nefnilega sú að Sjálfstfl. og þar af leiðandi líka hv. þm. Halldór Blöndal kaus það í vor að verða eitt stórt núll við afgreiðslu þessa máls hér á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Þetta er þvættingur.) (**Gripið fram í:** Ekki allir.) Ekki allir, nei. Það er alveg rétt að undantekningar voru. Það er alveg rétt. En útkom-

an var sú að það var Sjálfstfl. sem kom þessu máli hér í gegn, fiskveiðistefnunni, og stóð að henni. Og getur það verið að þó að þeir neiti núna að fara eftir ráðum þeirra úr Garðastræti 6 þá hafi þeir þá farið eftir ráðum annarra manna úr öðru húsi, kannski úr Hafnarhvoli við Tryggvagötu? Gæti það verið? Gæti verið að LÍÚ sé ábyrgari stofnun fyrir Sjálfstfl. að mynda sína skoðun eftir heldur en að fylgja því eftir sem þeir vilja í Garðastrætinu, þ.e. í Vinnuveitendasambandi Íslands?

Því miður náðist ekki málefnaleg samstaða í þinginu og í Ed., þar sem ég á sæti, um það að breyta frv., hvorki á þann veg sem hv. þm. Halldór Blöndal var að nefna né eftir þeim tillögum sem ég lagði þar fram. Við náðum þó samkomulagi við fulltrúa Sjálfstfl. í deildinni um það að gera tilraun til að fresta þessu máli og ég ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal og Guðmundi H. Garðarssyni (**KP:** Og fleirum.) og fleirum, já — það var líka hv. þm. Karvel Pálmason. (Gripið fram í.) Jú, jú, þetta er þannig að hv. þm. Karvel Pálmason eða þeir sem fluttu tillögu um rökstudda dagskrá voru hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson og Halldór Blöndal. Við gerðum tilraun til þess við lokaafgreiðslu að fá frv. frestað og að það yrði tekið fyrir á sérstöku þingi á sl. sumri. Þessi afgreiðsla fékk ekki náð fyrir augum meiri hl. deildarinnar og okkar rökstudda dagskrá var felld.

Ég gerði þá tilraun til þess að breyta frv. lítillega, sá reyndar að það var komið þar að lokastund og gerði tilraun til þess að fá breytt einu mjög mikilsverðu atriði sem tengist einmitt þeirri umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu hvað mest í sambandi við fiskveiðarnar nú síðustu daga, þ.e. um stöðu smábátanna. Ég lagði þar til að inn í frv. yrði sett ákvæði um það að heimila ekki flutning á aflaheimildum frá minni skipum til stærri skipa. Það mætti flytja aflaheimildir frá stærri skipum til minni.

Ég tel að ef þessi tillaga hefði verið samþykkt þá hefði orðið mikil breyting á þeim lögum sem við förum nú bráðum að vinna eftir. Það hefði verið lokað fyrir þá þróun sem hefur átt sér stað í allt sumar að það sé verið að selja kvóta minni skipanna og þó sérstaklega smábátanna, undir tíu tonnum, yfir til stóru skipanna og breyta þar með aflamunstrinu, sóknarmunstrinu, á þann veg að það sé verið að minnka smáskipaflotann yfir í það að vera að efla stórtogaraútgerðina í landinu.

Samkvæmt heimildum sem Fiskifréttir flytja í síðasta blaði munu um 200 trillukvótar hafa verið seldir frá því að þessi lög voru samþykkt og meginhlutinn af þessum 200 trillukvótum hefur verið seldur til frystitogara eða stórra togara eða stórútgerða. Ég held að þetta sé mjög óheppileg þróun og jafnvel þó það sé alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að á undanförnum árum hefði aflahlutdeild smábátanna aukist mjög mikið eða frá því að vera 13.000–14.000 tonn upp í rúm 40.000 tonn, þá er þessi þróun samt mjög hættuleg. Ef á að stefna að því t.d. að koma aflahlutdeild smábátanna núna niður í það sama og var 1984 þá mundi það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í mörgum byggðarlögum í landinu. Það er ekki hægt að hverfa til þess tíma, þess upphafs þegar kvótakerfið tók gildi vegna þess að einmitt undir þessu kvótakerfi var heimilt að fjölga smábátum og það var ekki gerð nein tilraun til þess af sjútvrn. að koma í veg fyrir það fyrr en á síðustu stundu, þ.e. um áramótin síðustu, líkast til í desember eða í kringum áramótin 1989–1990. Allan hinn tímann gerist það að smábátaflotinn er að stækka og það er verið að byggja upp atvinnugreinar í kringum smábátaflotann.

Ég hef alltaf haft ákveðna tilfinningu fyrir því að það hafi ekki verið mikill vilji hjá sjútvrn. og þeim sem oftast nær hafa verið bandamenn þess í þessum málefnum, þ.e. LÍÚ, að hamla gegn stækkun smábátaflotans. Það hafi ekki verið mikill vilji, enda bar lítið á baráttu forustumanna LÍÚ á síðustu árum fyrir því að stöðva stækkun smábátaflotans. Það voru fyrst og fremst samtök smábátamanna sjálf sem voru að reyna að hamla gegn því og fara fram á það að ekki yrði haldið áfram þessari sífelldu uppbyggingu smábátanna. Einmitt vegna þess sem er að koma í ljós núna, að það eru stóru togararnir sem eru að gleypa smábátaflotann, þá hef ég haft trú á því og talið það liggja raunverulega í augum uppi að þeir hjá LÍÚ, sem hafa sérstaka samúð með stóru frystitogurunum og stóru togurunum, hafi haft áhuga fyrir því að það gerðist á ákveðnu áratímabili að smábátaflotinn stækkaði til þess að það væri auðvelt fyrir þá að gleypa þá á eftir. Það er sem sagt komið í ljós að þessi fjölgun smábátanna hefur gert LÍÚ-mönnum, eigendum frystitogara og stórtogara, auðvelt um vik, að núna á aðeins sex mánaða tímabili eru þeir búnir að sölsa undir sig 3000–4000 tonn af aflakvóta smábátanna. Gæti það verið að þeir hefðu haft svolitla framsýni þegar þeir létu ekkert verða af því að stöðva þessa stórkostlegu uppbyggingu?

Um þessa stöðu, þ.e. um sölu veiðileyfanna, mætti hafa ýmis fleiri orð en þó eru það tvö atriði sem ég vil vekja sérstaklega athygli á til viðbótar. Þau eru kannski ekki beinlínis í tengslum við lagasetninguna um stjórn fiskveiða heldur afleiðing annarra laga. Það er þá í fyrsta lagi spurningin: Hverjir eru að kaupa aflakvóta og hafa verið að kaupa aflakvóta á undanförnum mánuðum? Það skyldu þó aldrei vera þeir aðilar sem höfðu það erfiðan rekstur haustið 1988 að talið var nauðsynlegt að stofna mjög öflugan sjóð sem heitir Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Talið var nauðsynlegt að byggja upp þannig lagað lánakerfi, sem var alveg nýtt í sögunni, að hægt væri að lána þessum fyrirtækjum með ríkisábyrgð, ekki með venjulegum skuldaskilum gegnum viðskiptabanka eða stofnlánasjóði eins og Fiskveiðasjóð, heldur beinlínis með lánum sem ríkissjóður ábyrgðist? Sem sagt að ef viðkomandi fyrirtæki gæti ekki staðið í skilum þá mundi hann ríkissjóður okkar, landskassinn okkar, borga þessi lán. Því miður mun það nú vist vera þannig að það sem er fallið í gjalddaga af þessum lánum núna í lok ársins 1990, sem eru fyrst og fremst vextir og víst eingöngu vextir, það mun vera á ýmsan veg um skil á því. Þannig að t.d. í lánsfjárlögum er ætlast til þess að það

séu útvegaðir peningar, a.m.k. hálfur milljarður eða svo, til að standa undir stöðu Atvinnutryggingarsjóðsins vegna þess að það renna ekki miklir peningar inn í sjóðinn til að standa undir þeim lánum sem sjóðurinn hefur tekið til þess að lána þetta.

Skyldu það nú ekki vera þessir aðilar fyrst og fremst sem eru að kaupa upp smábátakvótann núna og kvóta ýmissa annarra aðila? Getur það verið að ríkisstjórnin hafi raunverulega verið að koma þessu lánaskipulagi á til þess að ákveðnir aðilar yrðu sterkari í þjóðfélaginu, til þess að færa þarna á milli, hefðu aðstöðu til þess að kaupa kvóta úr Grímsey, vestan af Hellissandi eða annars staðar, skilja þar eftir ákveðin svæði kvótalaus en flytja kvótann til þessara fyrirtækja sem við úr hinum sameiginlegu sjóðum höfðum styrkt til þess að geta lifað áfram? Þetta er samt staðreyndin. Þetta er staðreyndin í málum eins og þau blasa við í dag, að það eru einmitt þessi fyrirtæki sem eru fyrst og fremst að sölsa undir sig kvóta vítt og breitt um landið, og kannski fyrst og fremst frá þeim stöðum sem leituðu ekki eftir neinum sérstökum styrk eða fyrirgreiðslu úr Atvinnutryggingarsjóði. Ekki nóg með það. Ég frétti af því að það hefði verið haldinn góður fundur í Keflavík í gær og þar verið rætt um stöðu þessara mála og m.a. að það væri nú ekki nóg með það að kvóti smábátanna væri á hálfgerðu uppboði og það væru margir um boðið en það væri segin saga þegar búið væri að ganga frá kaupum við einhvern um það hvernig frá skyldi gengið — ég heyrði nefnt þarna að það hefði ákveðinn aðili verið tilbúinn að kaupa bát á 10 millj. og borga út í hönd, ekki hef ég fullkomnar upplýsingar um það hvað kvótinn var mikill en hann hefur verið dálítill, þá bara kom allt í einu tilboð frá einu af þessum fyrirtækjum. Ég ætla ekkert að leyna því hvaða fyrirtæki þetta var, það ku heita Fiskiðjan á Sauðárkróki — um það að hún gæti keypt þetta á 12 millj. kr. Fyrirtæki sem einmitt var eitt af þeim fyrirtækjum sem fékk fyrirgreiðslu á þann máta sem ég var að lýsa hér áðan.

Hvernig þjóðfélag erum við að byggja upp ef hægt er að gera hluti eins og þessa og hægt er að storka byggðunum í landinu með því að einhverjir og einhverjir geti raunverulega gengið í ríkiskassann, sótt peninga í ríkiskassann og keypt lífsbjörgina frá öðrum byggðum? Hvers lags þjóðfélag er verið að byggja upp? Þetta þjóðfélag sem við erum að byggja upp á þessum grunni er byggt upp á þeirri fiskveiðistefnu sem við búum við. Hún ber í sér þessa hluti. Hún ber í sér þessa hluti vegna þess að það er verið að setja lífsbjörgina okkar, fiskveiðimöguleikana, á uppboð. Þeir sem hafa mesta möguleika til að sölsa undir sig peninga eða hafa peninga milli handanna, það eru þeir aðilar sem geta komið hvort sem það er til Grímseyjar eða á Hellissand og sagt: Ég er með peningana. Látið mig hafa fiskveiðikvótann ykkar. Ég skal borga ykkur vel fyrir.

Og þessir sömu aðilar hafa síðan ríkisábyrgð fyrir því að þeir peningar sem þeir voru að nota til þessara hluta verða greiddir. Þeir þurfa ekki að vera ábyrgir fyrir því að greiða þá. Öll fiskveiðistefnan frá því að kvótalögin voru sett 1983 byggir á þessari stöðu.

Ekki vantar að það sé bent á ráð til þess að laga hlutina til þegar búið verður að kaupa upp kvótann af Grímseyingum. Hæstv. sjútvrh. kom í útvarpið — mér fannst hann nú vera að flytja framsöguræðu fyrir þessari umræðu sem hér á sér stað, í fréttatíma útvarpsins í morgun, vera raunverulega að svara hv. þm. Halldóri Blöndal frá því hér á fimmtudag — það væri nú ekki mikill vandi að leysa málin þegar að því kæmi að væri búið að kaupa upp fiskveiðikvóta Grímseyinga eða hverra annarra. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi nefnt Bakkafjörð og Borgarfjörð eystra, hann kannski hugsar fyrst og fremst til þeirra staða sem eiga hvað erfiðast í hans eigin kjördæmi en fleiri geta verið tilnefndir. En þá var lausnin einföld. Við verðum að beita Hagræðingarsjóði til þess að bjarga Grímseyingum ef þannig fer að búið er að nota peningana, hvort sem þeir hafa nú verið fengnir með ríkisábyrgð eða á einhvern annan veg, til þess að kaupa lífsbjörgina frá hinum ýmsu byggðum. Þá á sem sagt að fara að koma á félagsmálastofnuninni Hagræðingarsjóði og fara að hjálpa þessum byggðum til þess allra náðarsamlegast, af sjútvrn. og Hagræðingarsjóði, til þess að lifa áfram með því að fá fyrirgreiðslu hjá þessum sjóði til að kaupa sér aflakvóta frá einhverri annarri byggð. Aldrei er það hægt á annan máta. Frá einhverri annarri byggð. Kannski gæti það verið að þegar búið er að kaupa allan kvótann upp frá Grímseyingum þá kæmi hæstv. sjútvrh. með aura úr sínum Hagræðingarsjóði og segði: Ja, það er nú dálítill kvóti þarna vestur á Snæfellsnesi, ég skal láta ykkur hafa peninga, farið þangað og kaupið hann.

Um þessa hluti mætti hafa mörg fleiri orð en mig langar aðeins til þess að minna á að það eru ýmsir hlutir að gerast í þjóðfélaginu sem benda til þess að menn séu kannski pínulítið að átta sig á því að það er ekki endilega nauðsynlegt að fara eftir því sem þeir segja fyrir um í Hafnarhvoli. Það var frétt í Morgunblaðinu í síðustu viku, þar sem Friðrik Pálsson, forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, var að fjalla um þessa stöðu og reyndar á fleiri sviðum heldur en beinlínis um fiskveiðikvótann. En hann lét hafa það eftir sér að sú staða, sem núna blasir við í sambandi við fiskveiðistefnuna, væri að þróa atvinnugreinina inn í það að gera öll atvinnufyrirtæki að bæjarútgerðum. Getur verið að við getum talað um það sem bæjarútgerðir þegar farið verður að bjarga hlutunum á þann máta eins og ég var að lýsa áðan, að sækja kvótann fyrir Grímseyinga vestur á Rif, að sú útgerð, sem yrði sett í gang í Grímsey, yrði á vegum einhverra opinberra aðila? Það liggur svo sem alveg beint fyrir að hugsa sem svo. Ég segi nú bara eins og er að þegar þetta er allt að hrynja þarna fyrir austan tjald, ef við hér ágætir uppi á Íslandi, sem höfum nú alltaf viljað vera svolítið sjálfstæðir, hver fyrir sig, ef við ætlum að fara að byggja upp það kerfi, sem hefur ekki reynst sérstaklega vel þar eystra, þá líst mér nú ekki á blikuna. Ég segi það alveg hreint út hér uppi í ræðustól á hinu hv. Alþingi. En vitaskuld er það ekkert annað sem blasir við. Þetta verður allt á opinberu framfæri ef fram

heldur sem horfir. Ef fram heldur sem horfir að ákveðin fyrirtæki í landinu hafa möguleika á því að sölsa undir sig meginhluta aflakvótans á þann veg sem hefur verið að gerast núna síðustu mánuði, þá getur ekki annað skeð en að hið opinbera, ríkið, verði að fara inn í til þess að bjarga hlutunum. Það getur ekkert annað skeð, hversu mikla vitringa og hámenntaða höfðingja, jafnvel frá háskólum á Norðurlöndum og víðar, sem sjútvrn. fær til þess að útlista það hvernig þessi fiskveiðikvóti okkar á að ganga vel upp og jafna stöðu byggða.

Ég gæti að vísu sagt margt fleira um þessa hluti en fleiri vilja komast hér að til að fjalla um fiskveiðistefnuna og ég held að ég fari að láta þetta gott heita að sinni. En ég tel þó að við verðum að gera okkur grein fyrir því að það sem er að gerast og er að brenna á okkur núna í sambandi við smábátana og smábátaeigendur finna fyrir sérstaklega í dag vegna þess að það er verið að úthluta þeim framtíðarkvótum þeirra, það á eftir að ganga yfir allar byggðir landsins og menn eiga eftir að finna fyrir því í auknum mæli hvað þetta kerfi er fáránlegt þar sem mönnum er boðið upp á það, þeim sem hafa aðstöðu til þess að koma inn í lánastofnanir og sölsa undir sig peninga einhvers staðar í þjóðfélaginu, að þeir hafa möguleika til þess að kaupa lífsbjörgina af öðrum. Þetta er sá hlutur sem getur ekki gengið í okkar litla þjóðfélagi, að þeir sem hafi aðstöðu til þess að fara inn í banka eða fá peninga í gegnum sjóðinn okkar hérna, það dettur nú úr mér nafnið sem ég var að nefna áðan. (**HBl:** Hann heitir Hagræðingarsjóður.) Hagræðingarsjóður — Atvinnutryggingarsjóður (Gripið fram í.), útflutningsgreina já, (**HBl:** Heimilissjóður Stefáns Valgeirssonar.) — að þeir hafi einhverja sérstaka forgangsaðstöðu, þeir sem fá ríkisábyrgðina í tugum milljóna, þeir fái sérstaka aðstöðu til þess að sölsa undir sig veiðiréttinn, lífsréttinn úr byggðinni í Grímsey, Bakkafirði eða vestur á Hellissandi eða Rifi. Það er náttúrlega alveg fráleitt. Og það er svo fráleitt að slík stefna geti aðlagast uppbyggingu atvinnuvega á Íslandi. Frá þeirri stefnu þurfum við að hverfa. Það má segja það að með þeim lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi um að hafa kvótalögin ótímasett og ótímabundin gefur það okkur að vissu leyti von um að við getum risið upp og hrint þessu oki af okkur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil biðja alla viðstadda hér í húsi að klappa ekki, það er ekki leyft hér.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það má kannski byrja á því að segja að það *lífgi* aðeins upp á tilveruna í þessu húsi að fólk skuli finna hjá sér þörf fyrir að klappa fyrir því sem hér var sagt áðan því að það er alveg ástæða til þess.

Í fyrsta lagi vil ég aðeins koma að því: Hvað er kvótakerfi? Hvað er það sem við erum að smíða? Við erum að takmarka atvinnufrelsi borgaranna. Það er sú umfjöllun sem hefur vantað í sambandi við þetta mál. Það hefur vantað faglega umfjöllun um það hvernig er heimilt að takmarka atvinnufrelsi borgaranna og hvaða reglur löggjafarvaldið þarf að uppfylla til þess að geta takmarkað atvinnufrelsi borgara íslenska lýðveldisins. Ég ætla að minna á 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til."

Það er sem sagt skýrt ákvæði um það í íslensku stjórnarskránni að það sé bannað að takmarka atvinnufrelsi manna nema í þágu almannaheilla. Og þá kemur spurningin: Er það kvótakerfi sem nú er búið að smíða hér, og búið að vera meira og minna við lýði í sjö ár, í þágu almannaheilla? Ég spyr. Er það í þágu þjóðarhagsmuna? Er það í þágu hinna einstöku byggðarlaga, þetta kerfi? Er það sniðið fyrir borgara landsins eða er það sniðið fyrir kerfið sjálft? Ég er ekki í neinum vafa um svörin. Þetta er fyrst og fremst sniðið til þess að geta stjórnað og stjórnað og stjórnað og aftur *stjórnað, ofstjórnað*. Þannig er þetta kerfi *smíðað*. Forsendurnar eru, að sagt er, of litlir fiskstofnar og of stór floti. Ég leyfi mér að draga í efa að þessar forsendur séu réttar. Ég get náttúrlega ekki sannað það, en það er mín persónulega skoðun að allir útreikningar um sóknarþunga á Íslandsmiðum séu helbert kjaftæði.

Fyrir 20 árum voru 500 togarar að veiðum á Íslandsmiðum með 90 mm möskva. Menn segja að það sé miklu meiri sóknarþungi í dag þegar kannski 100 togarar með 155 mm möskva eru að veiðum. Er það meiri sóknarþungi? 155 mm möskvi hefur þrisvar sinnum stærra, 300% meira flatarmál en 90 mm möskvi. Sóknarþunginn svokallaði er ekki fundinn út frá svona forsendum. Hann er reiknaður út. Það eru sem sagt engin gögn til í landinu um sóknarþunga af neinu viti. Samt er búið að takmarka atvinnufrelsi borgaranna með jafnafdrifaríkum hætti og er að koma í ljós einmitt þessa dagana. Það eru engar sannanir fyrir því að þessi sókn sé miklu, miklu meiri en hún var fyrir löngu síðan. Það eru enn þá til síðutogarar í landinu sem veiddu 10 þús. tonn af þorski á ári og lönduðu sumir mestu af því erlendis. Svo eru menn svo voðalega hreyknir í dag ef þeir hafa 4 þús. tonna þorskkvóta. Þeir eru ekki einu sinni hálfdrættingar á við þessi gömlu skip, þrátt fyrir alla tæknina.

Þessi grundvallaratriði, hæstv. forseti, eru algerlega í molum. Mér finnst slæmt að hér í hv. Alþingi, hvort sem við ræðum kvótakerfið í sjávarútvegi eða landbúnaði, þá vantar hvernig takmarka má atvinnufrelsi borgaranna, hvernig leikreglur Alþingi má setja. Alþingi Íslendinga, löggjafarsamkoma þjóðarinnar, er til þess að setja framkvæmdarvaldinu leikreglur, t.d. varðandi takmörkun á veiðum smábáta. Stafar íslensku þjóðinni eða stafar fiskstofnunum hætta af þessum smábátum þó veiðar þeirra hefðu verið með óbreyttum hætti miðað við gamla kerfið án þess að setja þetta ofstjórnarskipulag á? Stafar fiskstofnunum hætta af þessum bátum? Ég vil að hver og einn geri það upp við sig hér í þessu húsi hvort fiskstofnunum stafi hætta af þessum bátum. Ég geri ráð fyrir því að heilbrigð skynsemi segi mönnum að fiskstofnunum stafi sennilega ekki hætta af þessum bátum. Og hvað er þá kom-

ið í ljós? Ef það er niðurstaða okkar að fiskstofnunum stafi ekki hætta af smábátum, þá er ekki leyfilegt að takmarka veiðar þeirra nema með almennum reglum eins og var, samkvæmt mínum skilningi á stjórnskipunarrétti.

Hæstv. sjútvrh. talaði mikið áðan um tilraunaúthlutun. Hverjir eru þá tilraunadýrin? Það er ekki skemmtilegt að vera þolandinn í þessari tilraunastarfsemi og hafa ekki hugmynd um það hvað menn fá að hafa í kaup á næsta ári. Hvenær máttu veiða, hvað máttu veiða mikið? Það er alveg gersamlega vonlaust að svona fyrirkomulag geti nokkru sinni gengið upp, fyrirmæli öll ofan úr ráðuneyti um það hvernig menn eiga að haga sér. Það er nógu erfitt að glíma við náttúruna á Íslandi, veður og vinda og hafís, stundum fyrir norðan land og austan stundum, þó menn hafi ekki alla þessa ofstjórn líka.

Ég ætla að minna á það, eins og ég gerði hér í síðustu viku, hvernig málsmeðferðin var hér í Alþingi sl. vor. Sjávarútvegsnefndir Alþingis mættu á nokkra sameiginlega fundi. Og þar sem ég er í Nd., þá fengum við náðarsamlegast að hlusta á efrideildarmenn í sjávarútvegsnefnd. Á fund hjá þessum hv. nefndum komu sömu aðilarnir og höfðu átt þátt í því að búa til upphafleg drög að frv. eins og það lá fyrir til að gefa umsögn. En voru þessir aðilar ekki búnir að gefa umsögn? Þá komu þeir aftur til þess að gefa sitt álit og það var náttúrlega svona upp og ofan. Nd. Alþingis fékk nákvæmlega 24 klukkustundir til að fjalla formlega um þetta mál, 42 þingmenn fengu 24 klukkustundir til þess að afgreiða þetta stóra mál ásamt 14 öðrum málum. Öllu rutt hér út úr Nd. Alþingis með hrossakaupum. Svona vinnubrögð eru náttúrlega ekki til þess fallin að útkoman geti orðið góð.

Síðan voru sjávarútvegsnefndarmenn boðaðir á fund sl. mánudag. Það kom leigubíll keyrandi hingað á laugardagskvöld með sentimetraþykkan bunka af reglugerðum og við áttum að mæta á fundi kl. 8 eða 9 á mánudagsmorgni. Og hvernig var þá fyrirkomulagið? Þá voru mættir fimm aðilar frá framkvæmdarvaldinu og hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar til að taka sjávarútvegsnefndarmenn Alþingis í kennslustund í reglunum sem þeir áttu auðvitað sjálfir að búa til síðasta vor. Það eru alger endaskipti á leikreglum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þegar starfsmenn framkvæmdarvaldsins eru farnir að segja okkur til hvernig þessar reglur séu, sýna okkur þær. Sumt megum við ekki sjá, annað megum við náðarsamlegast fá að sjá, um leikreglur sem við áttum raunverulega að búa til og erum kosnir af Alþingi til þess að setja framkvæmdarvaldinu leikreglur.

Það fer náttúrlega ekki hjá því að maður spyrji hæstv. sjútvrh. hvar fiskvinnslustefnan sé því auðvitað snertir fiskvinnslan þessa kvótastefnu, stjórnun fiskveiða. Hvar er sú fiskvinnslustefna sem er kveðið á um í stjórnarsáttmálanum? Er það nýjasta skýrsla Þjóðhagsstofnunar þar sem kom fram að auka mætti þjóðartekjur um 10 milljarða til viðbótar með því að senda allan afla úr landi? Er það fiskvinnslustefna ríkisstjórnarinnar? Þjóðhagsstofnun heyrir beint undir forsrn. svo maður gæti ímyndað sér að þetta væri vísirinn að henni. Ríkisstjórnin hefur ekki gert neina athugasemd við þessa útreikninga. Og ég spyr því hæstv. sjútvrh. að því hvort hann hafi eitthvað um þetta að segja. Ég verð að segja það að mér finnst það kaldar kveðjur til sjávarútvegs á Íslandi að fá svona skýrslu frá opinberri stofnun eins og Þjóðhagsstofnun. Að það sé hægt að auka þjóðartekjur stórlega með því að hætta að nýta auðlindina hér innan lands. Hvert erum við komin í umræðunni?

Ef við víkjum t.d. að rækjuveiði þá skiptir ekki máli hvort við veiðum 26 þús. eða 28 þús. tonn á ári. Fiskifræðingar hafa upplýst að þorskurinn éti upp 52 þús. tonn á mánuði. Rækjuveiðar hafa aðallega farið fram á afmörkuðum svæðum. Samt er búið að takmarka þetta í kvóta. Ég segi: Var ekki allt í lagi að leyfa frjálsa veiði á þeim svæðum þar sem ekkert álag er og engin rækjuveiði hefur farið fram? Mátti ekki leyfa mönnum að spreyta sig þar? Af hverju ekki? Hvar er svarið við því? Það eru til vannýtt rækjusvæði hér við land. Þó svo að verð á rækju sé ekki hagstætt í augnablikinu þá skiptir það ekki máli. Af hverju stóð til að setja steinbít í reglugerð? Er verið að ofveiða hann? Af hverju er verið að setja kola í reglugerð? Ef ég man rétt eru níu línur í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um kolaveiðar, um ástand kolastofnsins, það eru níu línur. Eru þessar níu línur forsenda fyrir takmörkun atvinnufrelsis?

Auðvitað ætti að leyfa því að vera frjálst sem átti að vera frjálst. Það verður að lagfæra þessa fiskveiðistjórnun og leyfa meira frjálsræði. Smábátum á að stjórna eftir almennum reglum svipað og var. Minni dekkbátar mega kannski vera frjálsir í steinbít og kola, stærri bátar geta verið það einnig, og t.d. má gefa frjálsræði í auknum rækjuveiðum. Togarar geta fengið ákveðið frjálsræði í rækjuveiðum og úthafskarfa sem við erum allt of slappir við að auka nýtingu á. Það er fullt af möguleikum. Það er ekki bara þessi ofstjórn. Það eru ekki nema fjögur ár, hæstv. forseti, síðan við byrjuðum úthafsrækjuveiðar, það eru fjögur ár síðan. Kvótakerfið hefur verið við lýði í sjö ár.

Ég vil sérstaklega koma inn á þátt hafrannsókna. Það hefur allt of litlu fjármagni verið varið til hafrannsókna undanfarin ár. Rannsóknir hafa ekki verið nógu markvissar vegna ómarkvissrar stjórnunar hæstv. sjútvrh. því að hann er yfirmaður þessara mála. Æðsti yfirmaður hafrannsókna á Íslandi er hæstv. sjútvrh. Það er allt of lítil umfjöllun um það að fæðukerfið í sjónum er órannsakað. Það þyrftu auðvitað að fara fram stöðugar rannsóknir á fæðukerfinu og fæðuástandi nytjastofna. Það má helst ekki tala um það að sjö ára gamall hrygningarfiskur fyrir norðan og austan land veiddist í verulegum mæli í vor sem leið sem vigtaði ekki nema tvö kg með hrognum og svilum, með innyflum og öllu saman. Það má helst ekki ræða um það. Það á að vera eitthvert leyndarmál. Ég spyr bara: Erum við á sömu leið og í Noregi? Þar vigtaði sex ára gamall fiskur í vetur sem leið 900 grömm að meðaltali í Norður-Noregi vegna þess að fæðukerfið hrundi þar allt í rúst.

Forstjóri Hafrannsóknastofnunar sagði á aðalfundi LÍÚ að beitilönd loðnu hefðu verið sem eyðimörk undanfarin ár. En hvað með beitilönd annarra nytjafiska? Er ekki nauðsynlegt að við fáum að vita það í sambandi við fiskveiðistjórnunina? Afrakstur fiskstofna hlýtur að byggjast að verulegu leyti á því hvað þeir fá mikið að borða, maður skyldi halda það.

Ef ég vík aðeins að starfsemi aflamiðlunar, þá er eftir langa valdabaráttu sjútvrn. og utanrrn. komið á fót hér aflamiðlun sem ákveður eftir geðþótta hverjir fá að flytja fiskinn úr landi. Ég tel að svona fyrirkomulag standist ekki stjórnskipun landsins. Það er útilokað að það sé hægt að framselja einhverri nefnd geðþóttavald til að ákveða hverjir megi fá hærra verð fyrir fiskinn en allir hinir fá. Það stenst ekki, það er útilokað. Þó að það séu höft á gjaldeyri hér á Íslandi, þá er það ekki svo slæmt að ákveðinn fjöldi heildsala geti fengið gjaldeyri á 20 kr. og það sé einhver gjaldeyrisnefnd sem ákveður hverjir eigi að fá dollarann á 20 kr. þegar allir hinir verða að kaupa hann á 50 eða 54 kr. Það er alveg sambærilegt. Hvaða leið er þá fær? Sumir hafa nefnt 15% á skip. Þá er búið að banna Íslendingum að kaupa þessi 15% svo það gengur ekki heldur. Þá er ekki nema ein leið eftir og það er að selja allan aflann innan lands og leyfa þá einhverjum sem vilja koma hingað til að kaupa fiskinn á íslenskum fiskmörkuðum, koma og kaupa hann með ákveðnum skilyrðum, þannig að íslensk fiskvinnsla standi erlendri fiskvinnslu jafnfætis gagnvart hráefninu. Erlend fiskvinnsla nýtur bæði ríkisstyrkja og tollaverndar og þá verða menn að taka það inn í myndina. Þá erum við komin að tollamálum sem ég ætla ekki að fara út í hér.

En ég vil minna á að allt stefnir í það að alltaf fari meiri og meiri óunninn fiskur úr landi. Árið 1984 voru flutt 7% af óunnum fiski úr landi en á fyrri helmingi þessa árs, fimm árum seinna, var þetta hlutfall komið upp í 21%. Hlutfallsleg aukning á þessu tímabili er 200% eða að meðaltali 25% ár ári. Ef þróunin verður sú sama og verið hefur sl. fimm ár verður allur fiskur fluttur út óunninn árið 1997. Frystingin hefur dregist það hratt saman hér á landi að árið 1995 verða einungis 20% fryst af því sem er í ár ef sama þróun verður áfram innan lands. Þetta skiptir íslenska þjóð miklu máli. Hvert er þetta kerfi allt saman að leiða okkur? Á hvaða leið erum við eiginlega? Íslenskt velferðarþjóðfélag er velferðarþjóðfélag vegna þess að margfeldisáhrif sjávarútvegs eru svo mikil að þau skila bættum hag í gegnum þjónustu, iðnað og verslun. Uppruni fjármagns er í gegnum íslenskan sjávarútveg. Íslensk sveitarfélög fá ekki útsvarstekjur af vinnu sem er unnin í Bretlandi. Íslenskur iðnaður fær ekki að þjóna fyrirtækjum í Bretlandi eða Þýskalandi. Það er þessi virðisauki sem er talað um á fínu máli. Íslenskt þjóðfélag þarf á þessum virðisauka að halda. Íslenskt þjóðfélag þarf á þessu að halda. Við höldum ekki uppi lífskjörum í landinu nema halda áfram að vinna fiskinn hér innan lands. Af hverju skyldi íslenskt verkafólk ekki vera jafnfært um að vinna verkin eins og eitthvert erlent verkafólk á erlendum vettvangi?

Ég verð að segja það hér að lokum, hæstv. forseti, að ég óska þess að sjútvn. Alþingis taki þessi mál upp til bráðabirgðalagfæringar undir eins. Það er hægt að lagfæra sumt af þessu og það er skylda okkar alþm., það er okkar hlutverk að setja framkvæmdarvaldinu leikreglur, eins og ég sagði hér í upphafi. Það er hlutverk alþingismanna og ég verð að krefjast þess að við fáum að sinna okkar hlutverki hér á hæstv. Alþingi.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Árangurinn af fiskveiðistefnunni er alveg örugglega í öfugu hlutfalli við alla þá umræðu sem hér hefur farið fram á þessu kjörtímabili sem senn er á enda. En eins og hv. þm. vita höfum við á þessum stutta tíma tvisvar sinnum afgreitt ný lög um stjórn fiskveiða. Það er mat okkar kvennalistakvenna að stærstu annmarkar núverandi kvótakerfis sé hið siðlausa brask sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og enn á sér stað með þau skip sem hafa veiðiheimildir. Í okkar huga gengur það ekki upp að þeir menn, sem hafa fengið veiðiheimildir ókeypis upp í hendurnar, veiðiheimildir sem hvergi eru taldar til eigna, geti hagnast á þeim um tugi milljóna þegar þeir selja skip sín og að atvinnuöryggi og lífsafkoma fólks í mörgum byggðarlögum sé þannig háð duttlungum eða efnahag þeirra sem fiskiskipin eiga.

Snemma hausts 1987 lögðum við þingkonur Kvennalistans fram okkar hugmyndir og tillögur um stjórn fiskveiða. Eins og þingheimi er ljóst er rauði þráðurinn í tillögum okkar sá að við viljum útvega fiskveiðikvóta til byggðarlaga. Með því viljum við rjúfa það samband sem ég minntist á áðan sem nú er á milli skipanna og kvótans sem hefur það í för með sér að einstaklingar geta selt kvótann að eigin vild og hagnast á veiðiheimildum sem þeir fengu án þess að nokkurt gjald kæmi fyrir. Með tillögum Kvennalistans er fullt tillit tekið til byggðarsjónarmiða og dregið úr ofstjórn og miðstýringu, en mér sýnist einmitt að það sem ég nefndi nú síðast, þ.e. ofstjórn og miðstýring, hafi ekki síst verið tilefni þeirrar umræðu sem hér fer fram í dag.

Í umræðunni um kvótafrumvarpið um áramótin 1987–1988 lögðum við fram þessar brtt. en þær voru allar felldar þrátt fyrir þá augljósu galla sem á frv. voru og þrátt fyrir aukið fylgi við þær úti í þjóðfélaginu. Það var ekki einhugur um málið í þeirri ríkisstjórn sem sat um þær mundir og því ákveðið með sérstöku ákvæði í lögunum að skipuð skyldi önnur nefnd sem fékk það umfangsmikla verkefni að fara aftur í gegnum málið og skyldi hún m.a. skoða vandlega það fyrirkomulag sem er á úthlutun veiðiheimilda og hvort hægt væri að hugsa sér aðrar leiðir.

Við kvennalistakonur áttum eins og aðrir fulltrúa okkar í þessari nefnd sem kynnti þar hugmyndir okkar og tillögur. En það sem hefur einkennt alla vinnuna í kringum fiskveiðistjórnina er því miður það að svo virðist sem fyrir fram sé ákveðið hver skuli vera meginlínan og lítill hugur í fólki að taka nýjar hugmyndir til alvarlegrar umhugsunar og umræðu.

Þrátt fyrir töluverða umræðu, og þá ekki síst um byggðakvótann, í stóru nefndinni sem lauk störfum í

janúar sl. og þeim álitum sem á eftir fylgdu sitjum við uppi með þau lög sem nú eru að ganga í gildi um áramótin.

Það kemur fram í nál. með frv. sem við afgreiddum hér um síðustu áramót að mikill áhugi og stuðningur er við hugmyndir um byggðakvóta og það er aukinn skilningur á nauðsyn þess að tryggja stöðugt atvinnulíf í þeim byggðarlögum sem byggja nánast alla sína afkomu á sjávarútvegi. Ég tel rétt að rifja það upp hér að í tíu af þrettán sérálitum, sem birtust með frv. frá hinum ýmsu fulltrúum í nefndinni, kom fram stuðningur við hugmyndir um byggðakvóta eða jafnvel fiskvinnslukvóta. Þrátt fyrir allt þetta og þá staðreynd að við höfum horft upp á hnignun byggðarlaga sem rekja má beint til stefnunnar í sjávarútvegi var frv. afgreitt sem lög hér frá Alþingi með sömu grunnhugmyndum og í raun í alveg sama farvegi og fyrri lög.

Við kvennalistakonur töldum og teljum enn að hugmyndir okkar um byggðakvóta séu í fullu gildi og hafi með tímanum sannað gildi sitt enn frekar. Því lögðum við þessar tillögur fram enn á ný sl. vor, en það endurtók sig sama sagan, þær voru allar felldar.

Nú er komið að því að fara að vinna samkvæmt þessum nýsettu lögum og útdeila kvóta á skip og báta, stóra og smáa. Eftir því sem mér skildist var það tilefni þeirrar umræðu sem hér fer fram nú að þessa dagana stendur yfir svokölluð tilraunaúthlutun til báta sem eru minni en 10 brl. Það kom okkur fulltrúum í sjútvn. e.t.v. nokkuð á óvart að við skyldum ekki eiga alveg eins greiðan aðgang og við væntum að þeim upplýsingum sem starfsfólk ráðuneytisins var með fyrir helgina um þessa tilraunaúthlutun og ég verð nú að segja það sem mína skoðun að mér hefði þótt það við hæfi að við fengjum þetta sem trúnaðarmál. En okkur stóð til boða, eins og réttilega kom fram hér í máli hæstv. sjútvrh., að fara yfir þessi gögn ásamt embættismönnum ráðuneytisins því þeir töldu nauðsynlegt að útskýra fyrir okkur þær forsendur sem þeir gæfu sér við útreikninga. Mér er fullljóst að við þurfum á slíkum útskýringum að halda en þetta vakti í mínum huga upp spurningar um trúnað og þau trúnaðarstörf sem við gegnum hér inni á Alþingi, hvort það sé einhver efi í huga framkvæmdarvaldsins að við getum haldið trúnað með því að hafa þessar upplýsingar undir höndum. Ég gerði það því að tillögu minni á fundi sjútvn. fyrir helgina að við fengjum að hafa þessi skjöl undir höndum alla vega á einum fundi í sjútvn. og þá útskýringar frá ráðuneytismönnum í stað þess að við færum hvert og eitt að skunda upp í sjútvrn. Veit ég svo sem ekki hver verður niðurstaðan í því máli eða hvort málið er hér með niður fallið, en alla vega höfum við þann möguleika að geta tekið það frumkvæði að skunda til fundar við ráðuneytismenn. En það kom mér örlítið á óvart, ég verð að játa það, að við gætum ekki fengið þetta sem trúnaðarskjöl. En við því er ekkert að gera og við verðum að sætta okkur við þá ákvörðun hæstv. sjútvrh. að við getum fengið handleiðslu og útskýringar hjá hans embættismönnum.

Eins og ég minnti á áðan voru sett hér lög um stjórn fiskveiða um áramótin 1987–1988. Í þeim lögum fólst enn meira vald til handa sjávarútvegsráðherra að setja reglugerðir tengdar lögunum en nú er. Það var þó stigið örlítið skref í jákvæðari átt með setningu þessara laga þar sem mun fleiri atriði voru lögbundin þannig að heimildir ráðherra eru nú ekki nærri eins víðtækar og þær voru áður. En ég minnist þess þó að hv. málshefjandi hér, hv. 2. þm. Norðurl. e., treysti sér til þess um áramótin 1987–1988 að samþykkja þessi lög sem við kvörtuðum mjög undan að hefðu í för með sér allt of miklar heimildir til sjávarútvegsráðherra. Hann treysti sér til þess að fela hæstv. sjútvrh. þetta vald þá en greinilega ekki núna. En þó að mér hafi þótt vera stigið þarna örlítið skref í rétta átt þá ítreka ég það að við kvennalistakonur erum ósammála þessum lögum í grundvallaratriðum og höfum margoft lýst okkar hugmyndum og tillögum og ég hef þegar vikið lítillega að þeim.

Það er enn margt óljóst um það hvernig til tekst með að úthluta kvóta til smábáta í fyrsta skipti og mikil óvissa um hvaða áhrif lögin hafa bæði á einstaklinga og byggðarlög. Það er því auðvitað von að alls kyns viðbrögð berist nú þegar þessi fyrsta tilraunaúthlutun er birt.

Ég minntist á það að ekki hefði verið samstaða um þessi lög en hér er um að ræða hagsmuni allrar þjóðarinnar. Það er sagt skýrum orðum í 1. gr. laganna að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og markmiðið með lögunum er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Ég býst við að þessi 1. gr. sé grein sem allir geta verið sammála um. En þar með er samstöðunni lokið því að henni slepptri hafa menn mjög mismunandi skoðanir á því hvernig á að ná þeim markmiðum sem fram koma í 1. gr. Við kvennalistakonur höfum aldrei séð samhengi milli yfirlýsingarinnar um að fiskistofnarnir séu sameign þjóðarinnar og þess að afhenda þá svo einstaklingum til eigin nota án annarra skuldbindinga en þeirra að halda sig nokkurn veginn innan kvóta. Aldrei hefur heldur verið gefin haldbær skýring á því hvernig þetta getur farið saman.

Markmiðssetning laganna um að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu hefur heldur ekki gengið eftir, enda ekki við því að búast þar sem menn geta selt skip burt úr byggðarlögum og þar með það hráefni sem hefur verið undirstaða vinnslunnar í landi.

Ég verð að segja það að ég er dálítið undrandi á þeim skilningi hv. 4. þm. Vesturl. að það sé svo mikil gæfa að hafa þessi lög ótímabundin, eins og hann orðaði það áðan, að það gefi okkur vonir um að losna undan okinu. Það sem ég óttast er að við séum einmitt búin að afhenda þessa auðlind til afnota fyrir þá einstaklinga sem nú þegar hafa aðgang að henni og þetta verði í raun aldrei sameign íslensku þjóðarinnar þó svo að í lögunum sé ákvæði um að þetta skuli ekki vera „stjórnarskrárvarin eign“, eins og þar segir í einni greininni.

Ég ítreka það að fjölmargir staðir á landinu byggja tilveru sína nær eingöngu á sjávarútvegi og víða hátt-ar svo til að ekki er um aðra útgerð að ræða en á smá-

bátum. Margir staðir eiga allt sitt undir því að atvinnan í landi sé ekki síður lögð til grundvallar en hagsmunir þeirra sem veiðarnar stunda. Það er einmitt rauði þráðurinn í okkar hugmyndum að lögin tryggi að tillit sé tekið til byggðasjónarmiða og aðstæðna á hverjum stað. Ég minni á það, og það hefur reyndar komið hér fram í umræðunni fyrr, að einhvern tímann þóttist hæstv. ríkisstjórn hafa uppi áform um að setja fram fiskvinnslustefnu en ekkert bólar á henni og á meðan fiskvinnsluhús hér standa vannýtt heldur íslensk útgerð uppi fiskvinnslu erlendis.

Ég vil síðan leggja áherslu á það að fari svo að tiltekin byggðarlög fari sýnu verr út úr úthlutun aflaheimilda en önnur og hafi ekki aðra möguleika til atvinnuuppbyggingar er mjög brýnt að sá sjóður, Hagræðingarsjóður, sem stofnaður var í vor í tengslum við lögin verði notaður til þess að treysta atvinnulífið á viðkomandi stöðum.

Það mætti auðvitað ræða ýmislegt fleira tengt sjávarútveginum og þá ekki síst atvinnumálin og það atvinnuleysi sem víða hefur gert vart við sig, ýmist vegna þess að fiskiskipin hafa siglt með aflann og hráefni hefur skort eða að hráefni hefur hreinlega skort vegna þess að skip hafa verið seld burt og eru ekki lengur á staðnum. Það er ljóst að alls staðar er gríðarlegt vinnuálag í fiskvinnslunni og fólk er þar keyrt áfram af miskunnarleysi bónuskerfis í einhverri mynd. Það er trúlega óvíða annars staðar en í fiskvinnsluhúsum jafnrækilega unnið fyrir hverri krónu í launaumslaginu. Það hlýtur að vera spurning hverjum það er í hag að ganga svo nærri bæði starfsorku og heilsu hjá því fólki sem vinnur úr sjávaraflanum. Ég minni líka á að fá störf valda eins mikilli streitu og störf í fiskvinnslu og atvinnusjúkdómar eru tíðir. Þeir sem semja um launakjörin á hverjum tíma sjá hins vegar þau ráð ein til að bæta upp launakjörin að auka hraðann og vinnuframlagið. Það er orðið löngu tímabært að leiðrétta það ranglæti.

En ég vil svo aðeins víkja að einu atriði enn. Ég hef oft á tilfinningunni þegar verið er að setja hér lög að menn virðist sjaldnast vera búnir að velta fyrir sér öllum þeim tilbrigðum sem upp geta komið. Mig langaði að minnast aðeins á það hér að í haust var haldin hér á landi norræn ráðstefna um atvinnumál kvenna í dreifbýli. Það kom mjög greinilega fram hjá þeim norrænu fulltrúum sem þar komu, en þeir voru gjarnan starfsmenn stofnana sem má líkja við Byggðastofnun hér, byggðamálaráðuneyti eða innanríkisráðuneyti, að alls staðar á Norðurlöndunum fara fram miklar rannsóknir á því hvaða áhrif stjórnvaldsaðgerðir hafa bæði á atvinnulífið, mannlífið og ekki síst félagslega þáttinn í byggðarlögunum. Ég held að þeir fulltrúar frá Byggðastofnun hér á Íslandi sem þarna voru staddir hefðu gjarnan óskað þess að þeir gætu einhvern tímann verið í þeirri stöðu að vera að rannsaka mál og reyna að spá fyrir um hvernig þróunin yrði með tilliti til uppbyggingar atvinnulífs í landinu í stað þses að standa sífellt í björgunaraðgerðum.

Í þeirri miklu umræðu sem undanfarin ár hefur farið fram um byggðamál er sífellt hamrað á nauðsyn öflugs og stöðugs atvinnulífs. Sjávarútvegur og landbúnaður eru þær tvær greinar sem halda uppi byggð á mörgum stöðum úti á landsbyggðinni. Báðar þessar greinar hafa á undanförnum árum gengið í gegnum mikil breytingaskeið endurnýjunar og skipulagningar sem hafa valdið mikilli röskun á byggðamynstrinu. Til að tryggja stöðugleika í þessum greinum er nauðsynlegt að við allar breytingar og nýjar ákvarðanir sé tekið mið af byggðarsjónarmiðum. Það er einmitt það sem við kvennalistakonur vildum leggja megináherslu á með okkar tillögum í sjávarútveginum að byggðarlögin fengju úthlutað kvóta þannig að þeir sem ráða heima í héraði gætu skipulagt sjávarútveginn með tilliti til þeirra aðstæðna sem ríkja á hverjum stað. Það er ljóst að það hefur tekist hörmulega til með kvótakerfið, einmitt hvað byggðarsjónarmiðin snertir og e.t.v. ekkert bjartari tíma að horfa fram á í þeim málum ef ekki verða gerðar neinar breytingar á. Það er mjög nauðsynlegt að núna, þegar þessari svokölluðu tilraunaúthlutun lýkur til smábáta og úthlutað verður í alvöru fyrir áramótin, að það verði horft á bæði einstaklinga og byggðarlög, hvernig þeirra staða er og hvort þau eiga sér ekki örugglega lífsvon á þeim tekjum sem þeir væntanlega fá fyrir þann afla sem þeir draga að landi.

Það væri full ástæða til, virðulegi forseti, að ræða miklu fleira sem tengist sjávarútveginum hér en ég ætla ekki að lengja mál mitt í bili. Ég vil ítreka enn og aftur að við leggjum höfuðáherslu á að þessari kvótasölu linni og mannlífið og atvinnulífið í byggðarlögunum verði eflt með því að hægt sé að treysta á stöðugleika en ekki það að einhver geti siglt burtu með aflann og/eða skipin og þau komi ekki aftur.

Ég vil svo að lokum líka benda á vegna þess að sjútvn. var á dögunum í heimsókn hjá aflanýtingarnefnd að það eru enn þá miklir tekjumöguleikar til viðbótar í sjávarútveginum. Burt séð frá því að við fengum að bragða á vannýttum fisktegundum, þá fengum við um það upplýsingar að hugsanlegt væri að auka mætti tekjur af sjávarútvegi um 3–5 milljarða ef betur væri farið með hráefnið og það betur nýtt.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Mér barst í bréfi blaðaúrklippa frá smábátaeiganda á Austfjörðum. Fyrirsögnin á þessu er: "Endurskoða ber lögin um stjórn fiskveiða." Undirfyrirsögn: „Austfirðingar telja mótsagnir í lögunum."

„Austfirðingar innan Fiskifélags Íslands vilja að lögin um stjórnun fiskveiða, sem samþykkt voru sl. vor og eiga að taka gildi um áramót, verði endurskoðuð. Í samþykktum fjórðungsþings fiskideildar Austurlandsfjórðungs sem beint er til Fiskifélagsins til samþykktar segir að greinilegar mótsagnir séu í lögunum og því verði að endurskoða þau.

Fiskiþing hefst í lok þessa mánaðar og eru fjórðungsþing og fundir í hinum ýmsu fiskideildum þegar hafnir til undirbúnings þinginu. Austfirðingar hafa nú skilað inn samþykktum sínum til Fiskifélagsins en þar gagnrýna félagsmenn „þær mótsagnir sem koma fram í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, þar sem segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign

þjóðarinnar.“ Þá segir enn fremur í samþykktinni: „Framkvæmdin er síðan sú að skipa- og bátaeigendum er úthlutað veiðiheimildum sem framseldar eru bæði fyrir eitt ár í senn og til endanlegrar eignar þeirra sem kaupa. Þrátt fyrir að seinna í sömu grein standi: „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Þingið mótmælir þeirri röskun sem óhjákvæmilega verður í atvinnumálum landsbyggðarinnar með hinum nýju kvótalögum sem leitt hefur til sölu fjölda smábáta. Fundurinn bendir á að framkvæmd laganna í núverandi mynd getur kippt grundvellinum undan búsetu manna í heilum byggðarlögum sem byggja afkomu sína á veiðum og vinnslu.

Fundurinn óskar eftir að lögin verði tekin til endurskoðunar með tilliti til ofangreindra staðreynda og byggðarlögum verði á einhvern hátt bættur skaðinn.“

Þá samþykkti fundurinn einnig ályktun þess efnis að sóknarmarksskipum yrðu gefin tækifæri til aðlögunar í einhvern tíma til að draga úr áhrifum afnáms sóknarmarksins.“

Að flestu leyti er ég sammála þeim Austfirðingum í þessu máli og ég vil minna á það í því sambandi að ég flutti nokkrar brtt. við frv. þegar fjallað var um það á sl. vori.

Við 7. gr. var ein brtt., sú að fiskveiðikvótanum yrði skipt á milli fiskvinnslustöðvanna og skipanna. Um þetta var mikið rætt í nefnd sem fjallaði um frv. þegar það var í vinnslu. Ég vildi, og sá maður sem mætti þar fyrir mín samtök, að þessi hlutföll væru 40% fyrir fiskvinnsluna en 60% fyrir skipin. En það varð að samkomulagi þeirra sem náðu samstöðu um málið að skiptin yrðu 30% fyrir fiskvinnsluna en 70% til fiskiskipa.

Í öðru lagi lagði ég til að við 10. gr. bættust tveir nýir málsliðir svohljóðandi:

„Ráðherra getur ákveðið að einungis sé heimilt að flytja út óunninn afla, tiltekið hlutfall af árlegu aflamarki fiskiskips og fiskvinnslustöðvar. Þá getur ráðherra ákveðið að heimilt sé að framselja útflutningsheimildir milli handhafa þeirra.“

Það var hringt í mig núna rétt fyrir hádegið frá Grímsey og sagt að í morgunfréttum hafi það komið fram að verð á smáfiski hér á einhverjum fiskmarkaði hafi verið þrisvar sinnum hærra en þeir fá fyrir fiskinn í Grímsey. Ég veit ekki um sannleiksgildi þessarar fréttar, ég heyrði hana ekki, en þetta er mér tjáð.

Ein af þeim brtt. sem ég bar fram var svohljóðandi:

„Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild fiskiskips eða fiskvinnslustöðvar nema til fiskiskips eða fiskvinnslustöðvar innan sama sveitarfélags.“

Og síðan kom brtt. við 4. gr.: „Annar flutningur á aflamarki er óheimill.“

Ég held að ef þetta hefði verið samþykkt, eða a.m.k. sumt af því, þá stæðum við ekki frammi fyrir þeim vanda sem nú blasir við og ég held að það sé ekki hægt fram hjá því að komast öðruvísi en að þessi lög verði endurskoðuð strax eftir áramótin.

Í mig hafa hringt margir smábátaeigendur víðs vegar um landið, en ég ætla ekki að fara að tíunda það hér frekar. En það hefur verið minnst sérstaklega í þessu sambandi á Grímsey og því vil ég segja það hér að einn af eigendum báts þar fékk í þorskkvóta þegar í fyrsta sinn var úthlutað kvóta 212 tonn af þorski og ufsinn var frjáls. Nú er honum úthlutað 109 tonnum af þorski og 88 tonnum af ufsa. Öðrum báti, sem mun hafa verið keyptur seint á árinu 1988 og mun hafa aflað í ár rúmlega 300 tonn, er nú boðið upp á 73 tonn af þorski.

Þó að ég sé með ýmsar fleiri tölur, þá vil ég ekki fara að tefja tímann með því. Það þjónar engum tilgangi. En þessar tölur tala sínu máli. Ég hef sagt það við hæstv. sjútvrh. áður, og oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að þessi fiskveiðistefna sem er farið eftir, þar sem leyft er að selja kvóta skipanna og það er framkvæmdarvaldið sem leyfir það þrátt fyrir 1. gr. laganna, skapi hættu á því að það verði litið svo á að það skapist hefð á eign á þessum kvóta. Og hvernig verður þá með það farið? Það þekkjum við frá öðrum atvinnurekstri. Þá hygg ég a.m.k. að erfitt verði að eiga við það ef hefð er talin hafa skapast, að það verði þá að beita eignarnámsheimildum, en þá þarf bara að borga fullt verð fyrir. Þetta getur auðvitað ekki gengið. Annars vegar 1. gr. eins og hún er og í öðru lagi að líða það, leyfa það, taka ekki í taumana að það sé hægt að selja til eignar þennan fiskkvóta. Það er alveg auðséð á þeirri þróun sem hefur orðið í þessum málum að þær byggðir sem standa höllum fæti, þeir einstaklingar sem lenda í því að þeir ná ekki sínum kvóta einu sinni sem þeir eru þó ekki ofhaldnir af flestir hverjir, þá missa þeir kvótann, missa þeir bátinn og þeir sem hafa peninga kaupa hann.

Ég held að það hafi verið dálítill misskilningur hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni sem var að tala um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Ég veit að hann þekkir vel þær reglur sem þar eru og þær bjóða ekki upp á það að hægt sé frá þeim sjóði að kaupa neinn kvóta. Það er misskilningur.

En að endingu vil ég leggja tvær spurningar fyrir hæstv. ráðherra: Ætlar ráðuneytið virkilega að líða sölu kvótans þar sem fram er komið, að mér er tjáð, að menn eru farnir að telja hann sér til eignar á skattskýrslum? Sé það rétt, ætlar hann að gera það þrátt fyrir það hvernig lögin eru?

Mín samtök knúðu það fram að í stjórnarsáttmála í september 1988 var sett grein sem hljóðar þannig, með leyfi forseta: „Mörkuð verði sérstök fiskvinnslustefna.“ Hvar er hún? Hvað er um hana? Er það virkilega fiskvinnslustefna að láta flytja aflann í stórum stíl til annarra landa, að mismuna mönnum á þann hátt að sumir fá leyfi til að flytja, aðrir geta það ekki? Væri ekki nær að fara eftir þeirri tillögu sem ég flutti um það að allir hafi sama rétt og geti leigt sinn rétt til annarra sem vilja flytja út? Eða er þetta jafnrétti á milli manna og byggða?

Ég mælist til þess í fullri vinsemd, af því að nú er komin reynsla á þetta, nú eru augu flestra manna að opnast fyrir því til hvers þessi fiskveiðistefna leiðir að öllu óbreyttu, að ráðherrann hafi frumkvæði um breyt-

ingar sem leiða til þess að byggðirnar, sem standa margar hverjar á mjög veikum grunni, það verði á einhvern hátt komið í veg fyrir að síðustu mennirnir fari úr þessum byggðum. Mér er sagt að 600 manns hafi farið frá Vestfjörðum á þessu ári, 68 frá einu byggðarlagi. Er þetta byggðastefna? Er þetta fiskvinnslustefna? Er þetta það sem við viljum?

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Það mál sem hér er rætt er rætt af miklum hita um allt land. Það kemur mönnum í opna skjöldu að fá þær tilkynningar sem nú hafa komið til manna um hvað þeir megi veiða á næstunni og sitt sýnist hverjum. Auðvitað er það svo að það hefur verið erfitt í gegnum árin að móta fiskveiðistefnu. Við höfum þurft að ná sáttum í þeim efnum vitandi það að fiskurinn í sjónum er takmarkaður, þetta er takmörkuð auðlind, þetta er auðlind sem við verðum að skammta. En síðast þegar við samþykktum lögin um stjórn fiskveiða var það gert í nokkuð góðri sátt við hagsmunaaðila eins og sagt er, m.a. Landssamband smábátaeigenda.

Auðvitað kostar það mikla vinnu, kostar það mikil átök að ná slíkri sátt. Tilfellið er að það er sama hvar maður kemur á landið, menn eru yfirleitt hver með sína skoðun á því hvernig skammta skuli þessa hluti. En menn segja samt: Ja, jú, það verður að stjórna fiskveiðunum. Það er ekki nóg af fiski til í sjónum. Það verður að skammta fiskinn.

Hér á Alþingi eru þessi mál mikið rædd og menn skipta um skoðun eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það er reyndar svo að hér hefur verið hópur manna sem hefur haft sérstöðu hvað varðar þessa lagasetningu, en almennt má segja að það hafði náðst nokkuð góð sátt um þessa hluti.

Nú er það hins vegar svo hvað varðar smábátana að það var löngu fyrir séð að menn kæmust í þessi vandræði. Það var löngu fyrir séð að það stefndi í óefni vegna þeirra reglna sem fyrir hendi voru um stærð bátanna. Ég tel að það hefði átt að setja hömlur á fjölgun þessara báta fyrir löngu síðan og ég veit að ráðherra hefur beitt sér fyrir því og Landssamband smábátaeigenda gerði tillögur um það fyrir nokkrum árum síðan. Ég tek undir það sem kom fram á fundi í Keflavík í gær er Arthur Bogason sagði: Hvar var Sjálfstfl. þegar við gerðum tillögur um að stöðva fjölgun bátanna? Það reyndist svo að hann fannst hvergi þá. Þess vegna er vandinn svo miklu meiri núna vegna þess að ekki var kippt í taumana á réttum tíma.

Ég var á fundi suður í Keflavík í gær þar sem mönnum var mjög heitt í hamsi. Það var hátt á annað hundrað manns á fundi, menn sem höfðu fengið tilkynningar um úthlutun vegna sinna báta. Og það verður að segja eins og er að menn voru mjög óhressir. Ég hef heyrt það af svari sjútvrh. að málið er betur statt en ég hélt. Þetta er tilraunakeyrsla, eins og hann sagði áðan. Enda hlýtur það að vera. Það kom fram hjá mörgum á fundinum í gær að sumir fengu núll úthlutað. Og því var bætt við að þeir mættu ekki selja þetta núll næstu fimm árin. Það er auðsjáanlegt að það er einhver maðkur í mysunni. Þetta mál hefur ekki verið unnið sem skyldi.

Hitt er annað mál að ég er nokkuð undrandi á því hvernig að þessu hefur verið staðið frá hendi sjútvn. Það kom fram áðan að af frumkvæði sjútvrh. var haft samráð við sjútvn. um setningu reglugerðar. Gerðar voru nokkrar athugasemdir og það var tekið tillit til þeirra athugasemda. Því furða ég mig nokkuð á því hvernig upphrópanir eru um málið núna. Menn komu inn á það á fundinum í gær að nú þegar verið væri að skammta væri verið að gera ósköp svipaða hluti og gerst höfðu í landbúnaði á sínum tíma. En þá var leitað í vasa skattborgaranna og þeir látnir brúa bilið. Og þá kemur maður að því: Hvernig á að milda þann sársauka sem nú er á ferðinni, eða verður væntanlega, þegar alvöruúthlutun hefur farið fram? Ég vil líka benda á það að þeir sem eru með smábáta eiga að gera vart við sig, þeir eiga að krefjast lagfæringar, þeir eiga að gera grein fyrir sínu máli. Þeir eiga að leita til síns landssambands sem á fulltrúa í þessari úthlutunarnefnd, um það hvernig þeir vilja breyta hlutunum, tína til sínar röksemdir. Það kemur m.a. fram að þeir sem eru á nýjum bátum fá meira en þeir sem hafa verið að róa á viðmiðunartímabilinu. Og ýmiss konar aðrar skekkjur hafa komið í ljós sem áreiðanlega er hægt að leiðrétta og ég treysti því að það verði gert.

Eitt er það sem menn verða að hafa í huga þegar tekin er ákvörðun um þessa hluti og það er að sumir fá væntanlega svo lítið að þeir verða dæmdir til að róa einir á bátnum. Það er vont mál, það er mál sem varðar slysavarnir. Það er mál sem varðar fjölskyldurnar sem heima sitja. Ég tel að það þurfi að taka mjög mikið tillit til þess líka.

Á þessum fundi komu líka fram raddir sem bentu á það að þar sem menn hefðu aflað 250 kg áður fyrr væri komið niður í 50 kg. Fiskgengdin væri svo miklu minni en áður og menn yrðu að huga að því. Þess vegna erum við með þetta skömmtunarkerfi því við óttumst að fiskurinn hverfi. Menn skulu ekkert vera að blekkja sig með því að verið sé að úthluta verðmætum sem sé til nóg af. Það er komið að því að menn geri sér grein fyrir því hvar eigi að bera niður. En það verður að gerast á þann hátt að það verði sem allra mildilegast og gætt verði að hagsmunum hinna ýmsu byggðarlaga. Ég reikna með að á Suðurnesjum séu 100–200 smábátar. Það má reikna með að aflaverðmæti þessara báta sé nálægt aflaverðmæti eins til tveggja frystitogara. Það kom fram líka að 100 bátar færðu mönnum væntanlega um 400 önnur störf. Og það skiptir máli, ef menn þurfa nú að standa yfir rústum þessa útvegs, að menn séu ekki sendir út á gaddinn atvinnulausir. Þar verður að koma til mildi og tillitssemi þar sem því er hægt að koma við.

Það má geta þess að það kom líka fram á fundinum í gær að það var tilnefndur bátur norður á Akureyri sem hafði legið við bryggju í tvö til þrjú ár sem hafði fengið nokkur hundruð tonn, nokkra aukningu í úthlutun. Það sýnir okkur að þetta er eitthvað galið og er, eins og sagt hefur verið og komið hefur fram, tilraunakeyrsla sem er meiningin að leiðrétta.

Það var rétt sem kom fram áðan, ég man ekki hvort fyrirtækið hefur verið nefnt á fundinum sem ætlaði að kaupa. En það var einn ágætur skipstjóri sem þurfti nauðar sinnar vegna að kaupa bát. Hann bauð 10 millj. kr. Hann fékk hann ekki því að stórfyrirtæki, eitt af þessum stóru sem eru að drepa þá smáu, bauð 12 millj. Hann vissi að byði hann 12 millj. þá byðu þeir 14 millj. Hann vissi það að þangað átti báturinn að fara. Svona gengur þetta. Það er mikið vandamál hvernig þeir stóru gleypa þá smáu og þetta er mál sem ekki varðar einstök byggðarlög, þetta mun flæða yfir öll byggðarlög í landinu. Það verður að sporna við þessu því ég leyfi mér að kalla þetta spillingu sem er þarna á ferðinni. Þetta er líka óhagkvæmni. Það er hagkvæmt að smábátaútgerðin geti plummað sig, eins og sagt er, og menn geti þar búið við góðan kost. Það er ekki neinum til góðs að haga málum þannig að allir þurfi að lepja dauðann úr skel.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta. Ég treysti því í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram að hlutir verði lagfærðir. Og það hefur reyndar komið fram að þetta sé tilraunakeyrsla og ég skora á smábátaeigendur að koma sínum athugasemdum á framfæri til þess að hægt verði að gera þessa hluti á betri hátt en mönnum er sýnt núna. Það sem nú er sýnt getur ekki gengið.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það er kannski óþarfi að hafa mörg orð um þetta mál eftir það sem hér hefur komið fram í dag. En mig langar til að bæta örfáu inn í þessa umræðu. Það hlaut auðvitað að koma að því fyrr en seinna að umræða um kvótalögin, eins og þau voru afgreidd á sínum tíma, kæmi upp. Það hlaut að koma að því. Ég hélt að allir þeir sem um málið fjölluðu á sínum tíma hefðu gert sér grein fyrir því að í meginatriðum mátti búast við þeirri útkomu sem hér er verið að tala um. Og mér finnst það einkennilegt að þeir hv. þm. sem um þetta mál fjölluðu, eins og hv. þm. Halldór Blöndal, sem gegnum árin hefur stutt kvótann leynt og ljóst, skuli ekki hafa gert sér grein fyrir því hvað hér var á ferðinni. Það er til máltæki, (**EgJ:** Hann gerði það.) það er til máltæki, hv. þm. Egill Jónsson, sem er eitthvað á þá leið að það geti verið of seint að iðrast eftir dauðann. Það getur verið of seint að iðrast eftir dauðann. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé mjög gott að menn átti sig á því hvað hér var á ferðinni á sínum tíma. Og auðvitað átta menn sig á því eftir því sem þeir eldast meira hvað er að gerast í kringum þá.

Ég tel að þessi umræða nú sé nánast upphlaup þeirra manna sem iðrast hvað mest sinna gerða gagnvart kvótanum. Það hefur a.m.k. ekki vafist fyrir mér allan þann tíma sem kvótinn hefur verið í gildi, sem eru líklega rúm sex ár, 1984 kom hann til framkvæmda ef ég man rétt, allan þann tíma hefur verið að þrengja að mönnum í þessu kerfi. Það hefur verið leynt og ljóst unnið að því að reyra þetta kerfi í þann hnút þar sem tiltölulega mjög fáir einstaklingar geta notið sín. Valdinu hefur verið safnað á fáar hendur, til fárra fjölskyldna í landinu, eins og á einokunartímanum. Það eru tiltölulega fáir útvaldir sem ráða.

Ég hlustaði á hv. 5. þm. Austurl. Kristin Pétursson hér áðan. Ef ég man rétt þá greiddi hann braut kvótakerfinu á sínum tíma, í desember 1987 eða janúar 1988, þegar það var afgreitt endanlega. Þá gat hann ráðið úrslitum um það hvort það kvótakerfi fékk gildi eða ekki. (**KrP:** Það er lygi.) Það er kannski rétt að hv. þm. fletti upp atkvæðagreiðslunni á þessum tíma, frá 1987. Hann greiddi þá atkvæði með kvótanum. Ég skora á hv. þm. að sýna fram á það og segja frá því hér í ræðustól ef þetta er rangt. Hann er auðvitað einn af þeim sem eru að vitkast eftir því sem árin líða. Nú sjá menn eftir þessu. En spurningin er: Er það of seint? Ég óttast að menn séu búnir að innleiða þetta kerfi á þann veg að það verði mjög erfitt út úr því að komast, en það er nauðsynlegt eigi að síður að breyta því.

Það má auðvitað segja að það taki steininn úr þegar mönnum dettur í hug að setja kvóta á nánast ofan í skektur sem ætla að fara á sjó. Þeim mönnum sem datt þetta í hug og þeim mönnum sem afgreiddu málið svona á seinasta þingi er greinilega ekki ljóst hvernig veðrátta á Íslandi er. Ætli sjómönnum almennt sé það ekki ljóst að það er veðurfarið, það er tíðarfarið sem ræður fyrst og fremst hvort þessir bátar geta róið eða róið ekki. Það þarf engar aflatakmarkanir eins og hér hefur verið gert ráð fyrir á þessa báta, veðurfarið sér yfirleitt um það. Og það er auðvitað ekkert nýtt núna í mínum huga þó að komi fram óánægjuraddir um þetta. Það er t.d. greinilegt eftir þeim upplýsingum sem ég hef, og taldi mig raunar vita þegar málið var til umfjöllunar, að stór hluti smærri báta á Vestfjörðum, innan 10 tonna, mun trúlega lækka í aflamagni um helming frá því sem hann hefur í ár.

Er óeðlilegt að menn hrökkvi við þegar þeir loksins átta sig á þessu? Ég vil líka segja það varðandi fulltrúa smábáta þegar málið var til afgreiðslu hér á Alþingi og til umræðu, ég trúi því ekki að menn hafi þá ekki áttað sig á þessu, fulltrúar smábátaeigenda, að þeim hafi ekki þá verið ljóst að hverju stefndi. En ég tek mjög undir það, og mér heyrist það miklu víðar í þjóðfélaginu núna, að menn eru orðnir mjög efins um að það sé gerlegt að halda þessari stefnu áfram eins og hún er nú. Meira að segja þeir sem voru formælendur kvótans, forsvarsmenn hans í hagsmunagreinunum, eru núna farnir að efast mjög um ágæti þessa kerfis. Og ég vil a.m.k. trúa því að þeir sem koma til með að ráða ferðinni í áframhaldinu taki tillit til þessara sjónarmiða, sem eru staðreynd og eru að koma fram, þó menn hafi ekki áttað sig á því þegar þetta var afgreitt og hafi kannski ekki viljað trúa því að þetta kynni að gerast.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið meira. Ég tel ekki ástæðu til þess að kvarta undan því við hæstv. ráðherra þó hann vilji ekki afhenda vinnuskýrslur úr ráðuneytinu. Ekki óska ég sérstaklega eftir því að bera ábyrgð á slíkum gögnum, nóg er nú samt. Því vil ég ekki skamma hann fyrir það. Ég ætla heldur ekkert að verja hæstv. ráðherra, hef ekki gert það, ekki í þessu máli. En hann ber heldur ekki einn ábyrgð á þessu, það

er meiri hluti Alþingis sem ber ábyrgð í þessu máli. Þó hann sé kannski ráðandi aflið í ferðinni er við meiri hluta Alþingis að sakast hvernig þessi mál eru komin nú. Og ég bið þá sem á hlusta og til mín heyra að minnast þess hverjir það eru sem bera ábyrgð í þessu máli. Minnast þess að vori hverjir bera ábyrgðina. Það er kannski eina svarið sem dugar, ef menn muna eftir því að svara fyrir sig þá.

Ég vil ljúka þessu af því að ég veit að tíminn er naumur með því að taka undir það sem hér hefur komið fram. Það er full nauðsyn að endurskoða þetta í ljósi þeirra staðreynda sem menn eru núna að horfa fram í, þeir sem ekki hafa gert sér grein fyrir því áður. Á því er full nauðsyn að skera a.m.k. mestu vankantana af þessu kerfi sem á að taka gildi um áramót. Og það er nánast lífsnauðsyn að breyta þessari helstefnu sem kvótinn hefur innleitt á Íslandi, það er raunar nauðsyn að gera slíkt. (Gripið fram í.) Helstefnu, já.

Ég heyrði held ég rétt að hv. þm. Stefán Valgeirsson var hér að tala um fólksfækkun á tilteknum svæðum áðan. Það er enginn vafi á því að meginástæðan fyrir fólksfækkun t.d. á Vestfjörðum er kvótakerfið, það er enginn vafi á því. Og verði því haldið til streitu þá eru menn á hraðri ferð í þeirri helstefnu sem kvótakerfið hefur innleitt á tiltekin svæði. Á þetta hefur ekki verið hlustað, menn hafa ekki viljað trúa þessu. En núna er komið að því að staðreyndirnar eru farnar að ná til almennings og meira að segja til margra þeirra sem stóðu að því að samþykkja þessa helstefnu fyrir dreifbýlið. — [Fundarhlé.]

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Umræða sú sem fram hefur farið í dag hefur farið vítt og breitt um stjórn fiskveiða. Tilefnið var umkvörtun um að ekki fengjust upplýsingar úr sjútvrn. til nefndarmanna í sjávarútvegsnefndum um fyrirhugaða reglugerð um veiðar smábáta. Um þetta atriði hefur verið rætt á þessum fundi, en það má segja að þegar rætt er um stjórn fiskveiða almennt, þá sé það ekki nema lítill hluti af heildinni. Þó er þetta dæmi um það hvað einstök atriði í framkvæmd kvótakerfisins geta samt verið mikilvæg. Í þessum umræðum hefur ekki verið rætt um það sem er aðalatriðið þegar rætt er um stjórnun fiskveiða. Það hefur ekki verið rætt um það sem er brýnast, að hverfa frá þessari skipan fiskveiðistjórnunar, kvótakerfinu, sem við nú búum við.

Það eru alltaf fleiri og fleiri sem sjá að það er einmitt þetta sem er aðalatriðið. Það hefur líka komið fram hjá ýmsum óbeint í þessum umræðum. Ég nefni t.d. það sem hv. 4. þm. Vesturl. tíundaði hér fyrr í dag um viðureign hans í Ed. á sl. vori þegar framlengd voru lögin um fiskveiðistjórnunina, viðureign hans við helstu unnendur kvótakerfisins. Auðvitað var hv. þm. að telja sér þetta til gildis og hann er góðs maklegur að sjálfsögðu fyrir viðleitni sína í þessa átt. En ég saknaði mjög þess að hann lét niður falla að minnast á það sem mátti helst vera honum til sóma þessa baráttudaga gegn kvótakerfinu á síðustu dögum þingsins í vor. Hvað var það? Það var að hann gerðist meðflm. minn um tillögu til rökstuddrar dagskrár. Hann var í góðum félagsskap þeirra sem stóðu að þessari dagskrártillögu því auk okkar tveggja voru meðflm. hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson og 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason. En af hverju er ég að minna á þetta núna? Það er vegna þess að þessi dagskrártillaga tók á kjarna málsins. Það var ekki verið að hlaupa eins og köttur í kringum heitan graut í kvótamálinu sem oft hendir þegar menn treysta sér ekki til þess að loka augunum fyrir ágöllum kvótakerfisins þó að þeir í framkvæmd séu alltaf staðfastir með því að viðhalda þessum óskapnaði. Og hvað stóð í þessari tillögu til rökstuddrar dagskrár sem við félagar stóðum að? Það stóð að það skyldi vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá í trausti þess að nýtt frv. um stjórn fiskveiða yrði lagt fyrir næsta Alþingi, þ.e. fyrir það Alþingi sem nú stendur. Og það var tekið fram að þetta væri í trausti þess að ríkisstjórnin hlutaðist til um að komið yrði á þeirri skipan sem tryggir verndun fiskstofnanna og miðast við að atgervi þeirra sem sjóinn stunda fái að njóta sín og sjávarútvegurinn geti lagað sig sem frjáls atvinnuvegur að landsháttum og fiskimiðum svo að gefi sem bestan rekstrargrundvöll til að ná hámarksafrakstri af auðlindum hafsins. Tillagan var borin fram í trausti þess að ríkisstjórnin hlutaðist til um að í þessum tilgangi yrði undirbúið annað frv. um stjórn fiskveiða þar sem í stað stjórnar með veiðileyfum kæmi stjórn á stærð fiskiskipastólsins og sóknarstýring á veiðitíma, veiðisvæðum, gerð skipa, útbúnaði veiðarfæra og meðferð afla, eftir því sem heimilaður hámarksafli á hverja fisktegund leyfði. Hér var rökstudd dagskrá sem byggði á því að kvótakerfið væri afnumið. Það var ekki verið að fara í kringum hlutina, heldur beinlínis lagt til að kvótakerfið yrði afnumið. Auðvitað komu kvótavinir þessari tillögu fyrir kattarnef. En hún fjallaði um aðalatriði.

Umræðurnar hér í dag hafa ekkert fjallað um þetta. Þær hafa ekki fjallað um nauðsyn þess að afnema kvótakerfið. (**KP:** Sumir.) Sumir, segir hv. 3. þm. Vestf. sem hefur betri samvisku en flestir aðrir í þessu efni, (**KP:** Það er rétt.) þó að mér hafi stundum fundist að hann helgaði krafta sína of lítið aðalatriði þessa máls, að afnema kvótakerfið, en væri meira að fást við að benda á ágalla þess. (Gripið fram í.) Auðvitað. Og hv. 3. þm. Vestf. má vera stoltur af því að hafa verið meðflm. að þessari tillögu til rökstuddrar dagskrár. En hér í dag hefur ekki verið rætt um aðalatriði. Það hefur verið fyrst og fremst gagnrýni á framkvæmd kvótakerfisins. Það er ekki ofsögum sagt um erfiðleikana á framkvæmd kvótakerfisins. Hér höfum við heyrt í dag gagnrýni um tiltekin umkvörtunarefni. Í dag er það þetta, á morgun er það eitthvað annað og af mörgu er að taka. Það er sama hvar er drepið niður hendi.

Er þetta annað en búast mátti við? Hvort hafa menn gleymt því að menn sögðust ekki vera fyrir fram sannfærðir um gildi kvótakerfisins þegar það var sett. Þess vegna var sagt í upphafi að lögin um fiskveiðistjórnun væru til bráðabirgða, þau væru til reynslu. Auðvitað mátti ætla eftir því að kvótakerfið yrði afnumið ef það reyndist illa og þá tekin upp önnur fiskveiðistefna.

Nú er það deginum ljósara að kvótakerfið hefur ver-

ið meingallað frá upphafi. En menn hafa samt ekki viljað afnema það, ekki tekið það í mál. Í stað þess hefur því verið haldið fram að kerfinu mætti breyta til batnaðar. Við hverja framlengingu laganna um kvótakerfi hefur því verið breytt. Það vantar ekki. En þá höfum við staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að við hverja framlengingu kvótakerfisins hefur breytingin ekki orðið til góðs heldur þveröfugt, gert illt verra. Það er mjög áríðandi að menn geri sér grein fyrir þessum staðreyndum. Þó að takast megi að sníða einn vankant af kvótakerfinu koma tveir í staðinn hálfu verri. Kemur þetta til af þeirri eigind kvótakerfisins að því betur sem það virkar, þeim mun er það verri skipan á stjórn fiskveiða. Og enn eru menn í þessum umræðum að gera því skóna að hægt sé að bæta kvótakerfið. Þetta er að sjálfsögðu vitatilgangslaust, eiginlega aðeins tímasóun. Hins vegar verður aldrei of mikið gert af því að draga fram galla kvótakerfisins og ávirðingar eins og hér hefur verið gert í dag. Það ætti að geta orðið til þess að ýta við mönnum svo að þeir komi til meðvitundar um þann ógnvald sem kvótakerfið er. Það veitir vissulega ekki af að vekja menn til umhugsunar.

Ég ætla ekki í þessum umræðum að gera kvótakerfinu þau skil sem vert væri. En ég minni aðeins á þá galla kerfisins sem allir sjá sem vilja sjá. Grundvallargalli kvótakerfisins er að aflatakmörk eru sett á hvert einstakt skip. Á þessari skipan byggist sú forsjá hafta og miðstýringar sem kvótakerfið er. Það er ekki hægt að bæta þetta kerfi. Meiri miðstýring, sem stjórnvöld hafa gripið til við hverja framlengingu kvótalaganna, hefur verið að fara úr öskunni í eldinn. Arðsemissjónarmiðum er kastað fyrir borð. Hverju einstöku skipi er ekki frjálst að afla og flytja þá björg í bú sem það er fært um innan þeirra marka sem hámarksafli á hverjum einstökum fiskstofni leyfir. Sókn og keppni sjómanna verður ekki komið við. Afburðamennirnir fá ekki að njóta sín. Fiskiklónum er skipað á bekk með fiskifælunum. Meðalmennskan er færð til vegs og virðingar. Skriffinnskan, smámunasemin, hnýsnin, eftirlitið og gæslan er svo snuðrandi við hvert fótmál. En húsum ríður spillingin, lipur og lævís, þessi sígildi fylgifiskur hafta og ofstjórnar í hvaða formi sem er. Og þá er ógetið kvótaviðskiptanna sem ríkisvaldið býður upp á og eru óhjákvæmileg til að gera ástandið bærilegt og halda kvótakerfinu gangandi. Þessi viðskipti eiga sér ekki fordæmi meðal siðmenntaðra þjóða. Réttindi sem veitt eru endurgjaldslaust með stjórnvaldsráðstöfunum eru gerð að verslunarvöru. Hér er ekki einungis um að ræða beina verslun með kvótann, heldur og óbeina í formi uppsprengds skipaverðs. Réttarmeðvitund Íslendinga þolir ekki slíka ráðstöfun á almannaeign sem fiskurinn í sjónum er. Ofan á allt bætist svo fjörráð við einstaka byggðir sem jafnvel hafa bestu aðstöðu til sjósóknar en er fyrirmunað að njóta hennar sem skyldi svo að sjávarútvegurinn megi skila sem mestum arði í þjóðarbúið. Afleiðingin blasir við í skelfilegri byggðarröskun. Dæmin eru mörg. Reynt er svo í nauðvörn hjá einstökum sveitarfélögum að bjarga málum með þátttöku í útgerðinni með einum eða öðrum hætti sem er að sjálfsögðu alger tímaskekkja og unnið fyrir gýg þegar til lengdar lætur.

Þegar allt þetta er haft í huga um kvótakerfið getur maður aðeins sagt: Hvers vegna? Já, hvers vegna? Hvers vegna er haldið uppi svo meingallaðri skipan sem kvótakerfið er? Þá er hugsanlega aðeins eitt svar við þessari spurningu. Það er að kvótakerfið sé nauðsynlegt, þrátt fyrir alla sína galla og skelfingar, vegna þess að með því náist megintilgangur allrar fiskveiðistjórnunar, að annars vegar sé stuðlað að verndun fiskstofnanna og hins vegar náð hámarksafrakstri af fiskveiðum.

Hver er þá reynslan af kvótakerfinu með tilliti til þessa? Við skulum líta á það. Við skulum grandskoða hvort við finnum nokkuð sem getur verið ástæða fyrir því að viðhalda kvótakerfinu. Hver er þá reynslan af kvótakerfinu með tilliti til höfuðmarkmiða allrar fiskveiðistjórnunar, fiskverndar og hámarksafraksturs af fiskveiðum? Því er fljótsvarað. Á fimm ára kvótatímabili fór veiði á þorskafla átta sinnum meira fram úr tillögum fiskifræðinga um veiði en á næstu fimm árum á undan, átta sinnum meira. Þetta er að segja um fiskverndina. Þá er það hámarksafrakstur fiskveiða til að ná því markmiði sem varðar mestu, að minnka sóknargetuna með minnkun fiskiskipastólsins sem er miklum mun stærri en nú gerist þörf. En hver er þá reynslan af kvótakerfinu í þessu efni, já, hver er hún? Á fimm ára kvótatímabili jókst fiskiskipastóllinn helmingi meira en á næstu fimm árum á undan, helmingi meira jókst hann eftir að kvótinn kom til en áður. Hvað er þá orðið okkar starf? Hvers vegna rígbinda menn sig við kvótakerfið? Það er von að spurt sé. Það er hinn óttalegi leyndardómur.

Þrátt fyrir allt er ótvírætt að það stefnir nú í fullkomið öngþveiti og ráðleysi. Það er ekki nema um eitt að gera. Það verður að stöðva vitleysuna áður en lengra er haldið. Og hvað er þá til ráða? Það er ekki um annað að ræða en að hverfa frá miðstýringunni, hverfa frá haftakerfinu. Það verður að taka upp frjálsa samkeppni svo að markaðsöflin fái að njóta sín í aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Allt tal um frelsi, frjálsa samkeppni og markaðsbúskap er marklaust og verra en það nema hugur fylgi máli. Það er grín að alvarlegum hlutum.

Til þess að hverfa frá höftunum og miðstýringunni er aðallega um tvær leiðir að ræða. Annars vegar að taka upp sölu veiðileyfa. Hins vegar að afnema veiðileyfi og taka upp sóknarstýringu. Á þessum leiðum er sá munur sem ræður sköpum í þróun sjávarútvegs á Íslandi.

Það orkar ekki tvímælis að hægt er að koma við frjálsri samkeppni svo að markaðsöflin fái að njóta sín með því að selja veiðileyfi. Þeir sem hafa sterkasta fjárhagsstöðu standa best að vígi í samkeppninni. Það er lögmál markaðarins. Þannig eru fremstir þeir sem eiga hagkvæmustu skipin og reka útgerðina best. Það eru þeir sem skila mestum arði í þjóðarbúið. Í þessu liggur gildi markaðskerfisins fyrir sjávarútveginn.

En með þessu er ekki öll sagan sögð um sölu veiðileyfa. Þeir sem ráða yfir fjármagni sem ekki er runnið frá sjávarútveginum eiga þess líka kost að komast

yfir veiðileyfi, jafnvel umfram þá sem sjóseltu hafa í æðum og hæfastir eru til sjósóknar og útgerðar. Það er engin trygging fyrir því að slíkir handhafar veiðileyfa reki þá útgerð sem skilar mestum arði í þjóðarbúið. Það er meira að segja allsendis óvíst hvað verður um einstaka útgerðarstaði, jafnvel sem sýnt hafa yfirburði til sjósóknar, ef slíku markaðskerfi verður til að dreifa. Það er því ekki að undra þó menn staldri við þegar sett er fram krafan um sölu veiðileyfa. Sú leið er of dýru verði keypt ef henni fylgir minni arðsemi í sjávarútvegi, m.a. vegna ófyrirsjáanlegrar byggðarröskunar, og verður þá að hafa í huga að svo verður arðsemin mest í sjávarútvegi landsmanna að útgerðarstaðir vítt og breitt um landið fái notið bestu aðstöðu og afstöðu sinnar til fiskimiða.

En svo herfilegt er ástandið í dag, svo herfilegt er þetta kerfi sem við búum við í dag og svo óhæf er skipan þeirrar fiskveiðistjórnar sem við nú búum við, að meira að segja er hægt að færa rök fyrir því að jafnvel sala veiðileyfa sé betri kosturinn. Eigum við þá ekki annars úrkosta en að taka upp sölu veiðileyfa? Sem betur fer er nú ekki svo illa komið. Við höfum betri leið út úr ógöngunum.

En það kemur ekki annað til greina en að aflétta miðstýringunni og haftakerfinu og hverfa til frjálsrar samkeppni og að markaðslögmálið fái að njóta sín í þeim atvinnuvegi sem er undirstaða þjóðarbúskaparins. Í stað þess að taka upp sölu veiðileyfa liggur beint við að taka upp fiskveiðistjórnun með sóknarstýringu. Í því felst fiskveiðistefna með almennum aflatakmörkunum í stað einstaklingsbundinna aflatakmarkana. Í stað kvótakerfis kemur fiskveiðistjórnun almenns eðlis sem felur ekki í sér aflatakmarkanir á hvert skip fyrir sig. Fiskveiðar eru þá frjálsar innan þeirra takmarka sem leyfilegt aflamagn á hverja fisktegund heimilar. Aðferðin er fólgin í almennum fyrirmælum um veiðitíma, veiðisvæði, gerð skipa, útbúnað veiðarfæra og meðferð afla. Aðferðin er sóknarstýring eftir almennum reglum. Með þessu móti fá skip með góðan rekstrargrundvöll að skila þeim arði í þjóðarbúið sem efni standa til. Verstöðvar fá að njóta aðstöðu sinnar til fiskimiðanna þannig að stuðlað sé að hagkvæmri verkaskiptingu í atvinnulífi landsmanna eftir byggðarlögum og með því er þjóðhagslegt gildi og heildarafrakstur fiskveiða.

Það er einmitt þessi skipan sem felur í sér það úrval sem þarf að fara fram til að fækka fiskiskipum og minnka þannig sóknargetuna til samræmis við það sem nægir til að fullnýta fiskstofnana. Slíkt úrval geta engar stjórnvaldsráðstafanir gert. Það verður einungis gert í frjálsri samkeppni þar sem hæfni og arðsemi fá að ráða. Þeir halda velli sem kunna best til verka, hinir falla út. Í frjálsum atvinnurekstri geta þeir einir verið þátttakendur sem standast samkeppnina. Þannig verður best tryggður hagkvæmur rekstur sjávarútvegsins, þannig heltast úr lestinni þau skip sem eru óhagkvæm og úrelt til reksturs. Það borgar sig hreinlega ekki að gera þau út. Þannig gæti sóknargetunni miðað, þegar til lengdar lætur, í átt til jafnvægis við fiskstofnana svo að beita þurfi sem minnstum veiðitakmörkunum.

Fjarstæða. Ég hef oft heyrt þetta orð. Fjarstæða, segja menn við því sem ég hef verið að segja nú. Það kveður oftast nær við: Þetta allt er fjarstæða. Þessi aðferð til fiskveiðistjórnunar er óraunhæf og ónothæf. En ég segi: Nei, það er ekki rétt. Þessi frjálsa aðferð, sóknarstýring, er til í veruleikanum og ekki óraunhæfari en svo að hún var viðhöfð. Þessi aðferð var einmitt viðhöfð á árunum 1976–1984 við stjórn fiskveiða í þessu landi. Og þessi aðferð reyndist ekki ónothæfari en svo að vandamál fiskveiðistjórnunar voru þá barnaleikur einn borið saman við erfiðleikana sem nú fylgja kvótakerfinu. Þetta er staðreynd. Þetta viðurkenna allir. Það hafa aldrei verið aðrir eins erfiðleikar í fiskveiðistjórninni eins og í dag.

Ógæfan var sú að hverfa frá sóknarstýringunni 1984 og taka upp kvótakerfið í stað þess að bæta þá aðferð sem fyrir var. Viðfangsefnið nú getur ekki verið annað en að hverfa aftur til sóknarstýringar með endurbættum aðferðum. — Ég endurtek, með endurbættum aðferðum, svo sem þarf til að mæta þeim mikla vanda sem blasir við í dag. Um þessa leið á að geta tekist samstaða. Er það nú ekki lítils um vert. Hin leiðin, að taka upp sölu veiðileyfa, stefnir í öfuga átt. Sú leið hefur þá náttúru að efna til slíks ágreinings að með eindæmum er. Þessi ágreiningsmál kljúfa þjóðina í andstæðar fylkingar eftir mismunandi sjónarmiðum hagsmunaárekstra, siðferðisskoðana, byggðamála og stéttarágreinings. Hér er um að ræða djúpstæð mál sem höfða til réttlætiskenndar og tilfinninga, sem valda sundurþykki, úlfúð og illindum, illvígum deilum og til þess eins fallin að sundra þjóðinni þegar mest á ríður í samstilltu átaki til úrlausnar þeim vanda sem við nú stöndum frammi fyrir í fiskveiðimálum. Og vissulega er það kaldhæðnislegt ef svo miklu yrði fórnað til að koma á sölu veiðileyfa sem nauður rekur ekki til.

Það er svo sem ágætt að hv. þm. lýsi kvótakerfinu og annmörkum þess í einstökum atriðum eins og þeir hafa gert hér í umræðunum í dag. Megi þeir draga fram í dagsins ljós lestina svo sem verða má. Megi þeir gera hróp að óhæfunni. Það hefur verið gert hér í dag. Menn hafa keppst við að draga fram í dagsljósið galla kvótakerfisins. En allt þetta er til vansæmdar meðan menn kunna ekki að draga réttar ályktanir af gagnrýni sinni, meðan þeir eru þeim mun háværari í aðfinnslum sínum sem þeir eru ákveðnari að halda ósómanum áfram með því að viðhalda kvótakerfinu. (**KP:** Þetta á nú ekki við alla.) Það fer ekki saman að lofsyngja frjálsa samkeppni og kosti markaðskerfis og standa vörð um mestu ríkisafskipti, miðstýringu og haftakerfi sem búið hefur verið við í þessu landi frá fyrstu tíð. Þetta fær ekki staðist. Kvótakerfið fær ekki staðist. Það er aðeins spurning hvenær því verður hrundið og það er líka spurning hvað það hefur gert landi og lýð mikinn skaða þegar sú stund rennur upp.

En enn um sinn verðum við að búa um eitthvert skeið við ókjör kvótakerfisins. Á meðan skiptir máli að koma einhverju lagi svo sem verða má á óskapnaðinn. Og vissulega varðar þá miklu m.a. að smábátaeigendur nái rétti sínum. Ég vil gera það að mínum lokaorðum nú að ég legg áherslu á að þessi umræða veki til

umhugsunar um vandamál smábátaeigenda og stuðli að því að þau verði sem best leyst.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Kveikja að þessari umræðu varð til hjá Halldóri Blöndal fyrir nokkrum dögum þegar hann bað hér um orðið utan dagskrár til þess að ræða um störf sjútvn. Þau snerta mig að nokkru leyti þar sem ég er formaður þeirrar nefndar og vil þess vegna aðeins fara yfir hvernig að því máli var staðið.

Staðreyndin í málinu er sú að sjútvrh. óskaði eftir því að koma á sameiginlegan fund sjútvn. beggja deilda þann 26. nóv. fyrir réttri viku síðan til þess að kynna þingnefndum, sjútvn. beggja deilda þingsins, þær reglugerðir sem meiningin er að gefa út vegna stjórnunar fiskveiða. Ég held að ég muni það rétt að það voru ein tvö atriði í reglugerðinni sem menn vildu sérstaklega láta athuga betur. Og staðreyndin er sú að þessi atriði voru bæði tekin inn og með þeim breytingum er reglugerðin gefin út.

Það væri betri siður hér í þinginu að fleiri ráðherrar gerðu slíkt, að kynna þingmönnum og þingnefndum reglugerðir áður en þær væru gefnar út. En ég held að þetta sé eini ráðherrann sem það gerir. Ég kannast ekki við það í nokkurri einustu nefnd sem ég starfa í í þinginu að við fáum að líta reglugerðir áður en þær sjá dagsins ljós. Þess vegna ber vitaskuld að þakka sjútvrh. fyrir það að leyfa þingnefndum að fylgjast svo grannt með málum. (**HBl:** Það er nú ekki hægt að beygja sig í duftið, held ég.) Þú þurftir nú að beygja þig hér fyrir nokkrum dögum, Halldór Blöndal, og þá hafði ég orð á því, hv. þm., að kraftaverk væru ekki hætt að gerast þegar þú sæir ástæðu til að koma upp í þennan ræðustól til þess að biðjast afsökunar. Það gerist ekki á hverjum degi, Halldór Blöndal. (**Gripið fram í:** Það er sjaldgæft.) Menn þurfa að virða leikreglur og haga málum sínum á skikkanlegan hátt. (**HBl:** Við skulum taka upp umræðu um það.) Já, við skulum spjalla. Við getum verið hér í nótt, okkur liggur ekkert á. (**KP:** Á morgun líka.) Já, á morgun líka.

Síðan var það að hv. þm., títtnefndur Halldór Blöndal, kom með offorsi til mín og sagðist krefjast þess að ég boðaði tafarlaust sjútvn. beggja deilda saman til fundar til þess að fjalla um einhver blöð sem hann hefði frétt að væru á sveimi norður í Grímsey. Ég sagði þingmanninum að það væri meira en sjálfsagt mál að boða til fundar í nefndinni og fundur var boðaður strax næsta morgun. Þangað mættu fulltrúar ráðuneytisins, Fiskifélags Íslands og fulltrúi frá Félagi smábátaeigenda. Þeir kynntu okkur nefndarmönnum þær útreikningsreglur sem þeir höfðu farið eftir. Það er rétt að það komi skýrt fram að þessir ágætu menn sem þarna voru sögðu að vitaskuld væru þeir tilbúnir til þess að fara yfir öll gögn málsins fyrir hvern einasta bát, rúmlega 2000 báta. Þeir voru tilbúnir að fara yfir þetta með okkur í herbergjum þingnefnda eða uppi í sjútvrn. sjálfu. Þetta buðu þessir ágætu menn.

Það er hins vegar rétt að þeir voru ófáanlegir til þess að afhenda okkur þingmönnum þessi gögn vegna þess að hér var aðeins um vinnugögn að ræða. Því eins og stendur í reglugerðinni, sem gefin var út, hafa allir aðilar rétt þangað til 15. þessa mánaðar til þess að gera athugasemdir við útsendar upplýsingar. Hér var því og er um vinnuplögg að ræða þannig að mér finnst menn hafa tekið nokkuð mikið upp í sig í þessum efnum. Mér finnst frekar ástæða til þess að þakka þó fyrir það hvað sjútvn. hefur komið að þessu máli frekar en hitt. Það má vitaskuld endalaust deila um það hversu mikið. Það er hins vegar ljóst að enginn, mér er ókunnugt um að nokkur nefndarmaður hafi beðið þessa heiðursmenn að sýna sér útreikninga, farið upp í ráðuneyti til þess að fara yfir gögnin. Mér er ókunnugt um að nokkur einasti þingmaður hafi farið. En mikið var þeim niðri fyrir hér. (**KP:** Sumum.) Já, það er gaman að tala fyrir fjölmiðla fyrir suma menn.

Ég verð einnig að segja það að mér finnst sú umræða vera býsna leiðigjörn sem snýr oft að hæstv. sjútvrh. að menn vilja gjarnan stilla honum upp hér sem einhverjum svörnum andstæðingi smábátaeigenda. Það er undarleg árátta það. Auðvitað er hún komin af vanþekkingu þessara manna sem um þessa hluti blaðra vegna þess að þeir nenna ekki að setja sig ofan í þessi mál. Staðreyndin er sú að sjútvrh. hafði forgöngu um það að Félag smábátaeigenda komst á laggirnar og studdi þá fyrstu sporin. Og nákvæmlega sama á við um stofnun hagsmunafélags fyrir hrefnuveiðimenn. Þetta eru staðreyndir í málunum. Þess vegna er það hart að þurfa ætíð að stilla ráðherra upp sem einhverjum sérstökum andstæðingi þessa hóps. Það er mikill misskilningur.

Ég verð að segja það að mér finnst oft furðuleg umræða sem fer fram í hinu háa Alþingi um sjávarútvegsmál. Hún fer oft fram undir býsna einkennilegum kringumstæðum. Vissulega þurfum við að ræða hér um þessa atvinnugrein og ættum að gera það miklu meira en við gerum, þá atvinnugrein sem allt annað byggist á í þessu landi. En merkilegast er þó af öllu hvernig sjálfstæðismenn tala um stjórnun fiskveiða. Sá flokkur sem hafnar þjóðarsátt og telur sig engu varða þjóðarhag. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi að Sjálfstfl. væri jafnstefnulaus flokkur í svo þýðingarmiklu máli sem stjórnun fiskveiða er. Að Sjálfstfl. er svo gersamlega slitinn frá frumatvinnuvegi þjóðarinnar að hvergi er að finna ákveðna né markaða stefnu í sjávarútvegi er mjög merkilegt út af fyrir sig. Ég held að kompásinn hjá íhaldinu sé bilaður og því er siglingin eftir því.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson talaði hér áðan og ég hef margt við hans málflutning að athuga en ætla ekki að gera það hér í kvöld. Ég gerði það þegar við ræddum um frv. hans sl. vetur, en hann flutti þá frv. um stjórnun fiskveiða sem gekk í allt aðra átt en frv. sjútvrh. Ég held að ég muni það rétt, þingmaðurinn leiðréttir mig þá, ég minnist þess ekki að hann hafi fengið mikinn stuðning samþingmanna sinna í þessu máli. Ég var honum vissulega mjög ósammála. En það verður þó að virða að hann hafði þó skoðun á sjávarútvegsmálum. En það hefur verið svo fróðlegt að fylgjast með því hvernig komið er nú fyrir þessum annars mæta þingmanni. Athyglisvert er að þeir sem harðast

gengu fram gegn þessum hv. þm. eru einmitt þungavigtarmenn íhaldsins í sjávarútvegi, málpípur íhaldsins þar. Það eru mennirnir sem gengu harðast fram gegn hv. þm., þeim eina af öllu þingliði íhaldsins sem var þó með stefnu í sjávarútvegsmálum. Þetta hefðu einhvern tíma þótt tíðindi hjá Sjálfstfl. Hann má muna tímana tvenna.

Hv. þm. Halldór Blöndal spurði: Hvað er hægt að gera fyrir ákveðna staði og nefndi, að mig minnir, bæði Grímsey og Bakkafjörð. Mér finnst nú eins og sumir þingmenn geri sér ekki grein fyrir því að ný lög um stjórnun fiskveiða taka gildi um næstu áramót. Mér finnst menn vera býsna fastir í þeim lögum sem við vinnum nú eftir. En í nýjum lögum um stjórnun fiskveiða segir t.d. í 11. gr. með leyfi, virðulegi forseti. Vegna þess að mikið hefur verið rætt um það að menn hafi verið að selja skip og kvóta þá finnst mér rétt að lesa hér upp nokkur orð sem standa í þessu frv.:

„Eigi að selja fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni til útgerðar, sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi, á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þessa frests. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar í stað gefa útgerðaraðilum sem heimilisfestu eiga í sveitarfélaginu kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leitað tilboða í það."

Hér er vissulega um mikla breytingu að ræða. Hér er kveðið skýrt á um það að það er bannað að selja bát eða togara, ekki ugga af fiski nema auglýst sé og viðkomandi sveitarstjórn hefur forkaupsrétt. Þetta var ekki í upphaflegu drögunum sem hér voru lögð fyrir um stjórnun fiskveiða. Þetta atriði kom hér inn í breytingum í meðferð Alþingis í þessu máli. Ég er sannfærður um það að þetta nálgast mjög sjónarmið margra þeirra sem hér hafa talað í þessari tóntegund.

Það voru einnig samþykkt hér önnur lög um svipað leyti, mig minnir að þetta hafi verið um 5. maí, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Ákveðnir þingmenn Sjálfstfl. töldu að með stofnun þessa sjóðs væri verið að stíga fyrsta skrefið að auðlindaskatti og töldu sig þess vegna þurfa að greiða atkvæði gegn Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. En staðreyndin er sú að hér er ekki stigið fyrsta skref í auðlindaskatti. Hér er aðeins um það að ræða að menn greiða í sjóð innan greinarinnar sjálfrar. Það er ekki á annan hátt. Þetta er innan greinarinnar sjálfrar og fyrst og fremst ætlað til þess að flýta þeirri hagræðingu sem svo mjög nauðsynlega verður að koma á í sjávarútvegi.

Ekki óskylt því sem ég las upp áðan langar mig líka til að vitna aðeins í það sem segir í þessum lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, m.a. í 5. gr. Við skulum segja af því að hv. þm. minntist á Bakkafjörð og Grímsey ef illa áraði hjá þessum stöðum þá vildi ég fá að lesa upp hvað stendur í þessari 5. gr.:

„Hagræðingarsjóður skal árlega úthluta þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á næstliðnu fiskveiðiári vegna álags á aflamark við útflutning á óunnum fiski, sbr. 7. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir þessar skulu þó aldrei vera meiri en 12 þús. þorskígildistonn árlega miðað við verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að helmingur þessara aflaheimilda vera til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr. Að öðru leyti skulu aflaheimildir þessar framseldar skv. ákvæðum 8. gr. til að standa undir kaupum á skipum til úreldingar."

Hér er stigið annað skref til þess að reyna að varna verulegum skakkaföllum. En ég er ekki svo blindur að ég viðurkenni það ekki að þetta hlýtur að koma við einhverja vegna þess að við erum búin að ákveða það hvað við ætlum að draga úr hafinu. Þegar við vorum að afgreiða þetta frv. á sl. vori man ég eftir því að einn af þingmönnunum, sem er í salnum núna, kallaði þennan sjóð, sem átti að koma til og hugsanlega rétta hag hinna smæstu byggðarlaga sem af einhverjum ástæðum færu sérstaklega illa út úr atvinnumálum sínum, aumingjasjóð. Það voru kveðjurnar sem þessir staðir fengu þá, Bakkafjörðurinn og Grímseyjan.

Það er einnig rétt að taka það fram hér að frv. það sem lagt var fyrir Alþingi um stjórnun fiskveiða var í öllum meginatriðum unnið, ekki í sjútvrn., eins og títt er um frv. að þau séu unnin í ráðuneytunum. Þetta mál var unnið af ráðgjafanefnd sem sett var á laggirnar og allir hagsmunaaðilar áttu aðild að. Þessi ráðgjafanefnd starfaði ... (**Gripið fram í:** Kvótaklíkan.) Hvað segir hv. þm.? Kvótaklíkan, ég skal ekkert segja um það. Þetta var ráðgjafanefnd sett saman af öllum hagsmunaaðilum og þessi nefnd starfaði í $1^1/_2$ ár að því að koma saman þessum lögum. Ég verð að segja það að mér finnst það býsna merkilegt hvað þó tókst að ná mikilli samstöðu um þetta mál. Það var ekki einfalt mál. (**KP:** Voru ekki flestir með fyrirvara?) Nei, það voru nokkrir með fyrirvara en þeir fyrirvarar voru ekki mjög, a.m.k. hjá sumum, veigamiklir.

Ég held að við þurfum að átta okkur á því að vandinn í sjávarútveginum er ekki kvótinn, heldur auðvitað fyrst og fremst það hvað við megum taka lítið úr hafinu. Það er vandamálið, að við skulum ekki geta sótt þangað meira. Við verðum að skilja og virða að hafið er ekki ótæmandi auðlind, eins og dæmin sanna. Á okkur þingmönnum hvílir sú skylda að ganga svo frá að stofninn sé ekki ofveiddur.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á fróðlegum upplýsingum sem hv. þm. Halldór Blöndal dreifði í dreifibréfi til hv. kjósenda sinna í Norðurlandskjördæmi eystra, ég held að þetta sé nú mest upp úr því, þessar upplýsingar. Þar var hann að benda fólkinu fyrir norðan, í kjördæminu sínu, á það hvernig komið væri nú fyrir ýmsum þjóðum sem ofveitt hefðu stofnana í hafinu og var að leggja áherslu á það að menn þyrftu að fara varlega. Þar sagði hann að þorskafli Kanadamanna hefði farið úr 700–800 þús. tonnum í 200–300 þús. tonn. Í Barentshafi hefði aflinn fallið hvorki meira né minna en úr rúmum milljón tonnum í 300–400 þús. tonn. Svipað er að segja hjá Norðmönn-

um. Þeir eru að berjast við sama vandamálið. Grænlendingar veiddu um 1960 um 450 þús. tonn en veiddu á síðustu árum rétt um 15 þús. tonn. Þetta segir mér nægilega mikla sögu. Þetta segir mér það að við þurfum að ganga varlega um þennan auð. Slíkt sem þetta má ekki henda við Ísland. Þá væri illa komið fyrir íslenskri þjóð.

Það má öllum hugsandi mönnum vera ljóst að hagræðing verður að verða í sjávarútvegi okkar og ný lög um stjórnun fiskveiða bjóða mun betur upp á það en núgildandi lög gera. Við verðum að koma því svo fyrir að arðsemin aukist í sjávarútveginum. Það er grundvallaratriði. Við verðum að róa lífróður til að búa svo um að íslenskar vinnslustöðvar standist samkeppni við erlenda aðila, m.a. þær vinnslustöðvar sem núna er verið að byggja upp á Humber-svæðinu. Ég veit að sú hagræðing sem hér er talað um kemur við ýmsa. Mér dettur ekki í hug að halda öðru fram. En það mun vera enn verra að aðhafast ekki neitt í málinu. Ég gæti nefnt dæmi, fleiri en eitt og fleiri en tvö, sem sýna svo ótvírætt að breytingar í þessari atvinnugrein eru óumflýjanlegar. Aukin hagræðing og bætt nýting sjávarfangs verður að koma til m.a. til að greiða hærra fiskverð og hærri laun til þess starfsfólks sem í fiskiðnaði vinnur. Þetta er kjarni málsins. Ef við eigum að standast þá hörðu samkeppni sem blasir við okkur í dag þá verðum við að koma meiri hagnaði í sjávarútveginn til þess að hægt sé að standast þessa samkeppni með því að borga hærra fiskverð og hærri laun til þess fólks sem enn þá fæst til þess að vinna í sjávarútvegi. Annars verður skammt í það að við verðum aðeins veiðiþjóð í þessu landi.

Virðulegi forseti. Ég þarf að gefnu tilefni að segja nokkur orð við hv. þm. Skúla Alexandersson. Þingmaðurinn vék í máli sínu hér í dag að Fiskiðju Sauðárkróks og fór þar með rakalaus ósannindi hvað fyrirgreiðslu úr opinberum sjóðum varðar til þessa fyrirtækis og ég harma slík ummæli. En úr því að farið er að tala á þessum nótum þá væri nú aðeins gott um stund, af því að við höfum svo rúman tíma, að líta aðeins um öxl og velta því fyrir okkur hvað þessi maður, hv. þm. Skúli Alexandersson, málsvari Alþb. alls, hvar sem þeir nú annars eru, hafði fram að færa. Hverjar voru tillögur Skúla Alexanderssonar um frv. um fiskveiðistjórn? Hann talaði mjög títt til sjómanna sem hér sitja á pöllum í dag og fylgjast með þessari umræðu. Hann talaði mjög títt til þeirra og fyrir fjölmiðlana. Hann sagði ekki þessum ágætu mönnum, sem hér sitja í kvöld og hafa setið í allan dag, að hans tillaga var sú að taka frá ykkur 30–40% af þeim aflarétti sem þið hafið. Og gera hvað? Hann ætlaði ekki að færa hann einhverjum aumingjastöðum, eins og hann var að tala um, einhverri Grímsey eða Bakkafirði. Nei, hann ætlaði að færa fiskvinnslustöðvunum í landinu þessi 30 eða 40%. Og fékk dyggan stuðning margra þingmanna við þessu.

Ef við förum nú aðeins út á land og á einhverja þessa staði, þá dettur mér í hug af því að hv. þm. er hér og ég horfi á hann, að ef þessar tillögur hefðu náð fram að ganga þá hefði fiskvinnslan á Hellissandi fengið til ráðstöfunar 30–40% af aflanum sem þar hefði verið lagður upp. Hverjir halda menn nú að hefðu fengið að fiska þessi 30–40% sem vinnslan hefði fengið? Halda menn að hann hefði verið settur á stærri skipin, togarana, sem eru í eigu þessara vinnslustöðva og eru bundnir í meira en 100 daga á ári við bryggju? Haldið þið að þessi hefðbundni, stabíli, gamli, góði sjómaður hefði fengið að fiska þessi 30–40%? Nei, ætli vinnslan hefði ekki haft vit á því að nýta sína eigin útgerð og láta hana fiska. Þvílík tvöfeldni í málflutningi er svakaleg. Ég segi það satt að svona málflutningur er alveg ótrúlegur.

Það er rétt að víkja aðeins að Kvennalistanum, ekki má nú gleyma honum. Hann hefur talað hér líka og látið til sín heyra. Hann talaði líka mikið í kvótamálinu og það er nú virðingarvert við hann, fram yfir marga aðra, að hann hafði stefnu þar. Hún var langt frá mér, en hvað vildu þær? Hvað vildu þessar ágætu kvennalistakonur? Hvað haldið þið, sjómenn góðir? Ég sá að þingmaðurinn talaði til ykkar líka, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson, leit ýmist í sjónvarpstækin eða til ykkar sem hér á pöllunum sitjið. Kvennalistinn ætlaði að taka frá sjómönnum og útgerð 80–90% af fiskinum, það voru þeirra hugmyndir, og færa það til sveitarstjórnanna. Það var Davíð borgarstjóri sem átti að fá bitann hér og úthluta honum. Ja, það væri fróðlegt vestur á Granda að vita hverjir fengju að róa og hverjir ekki. Þær gleymdu að segja frá þessu en þetta skiptir kannski engu máli. Í mínum huga er það mikið mál.

Hvernig halda menn, það hefur aldrei fengist rætt, að fari um kjaramál sjómanna eftir að sveitarfélögin og vinnslustöðvar hefðu öðlast meirihlutarétt yfir aflanum og getað ráðstafað honum að eigin vild? Hver halda menn að samningsstaða sjómanna væri eftir slíkt? Því hafa þessir ágætu þingmenn örugglega ekki einu sinni velt fyrir sér, það er ég handviss um, og sjálfsagt talið að það væri ekkert vandamál. Ég sagði það hins vegar sl. vetur þegar rætt var um stjórnun fiskveiða, og ég get sagt það enn og aftur, að ég er ófáanlegur til þess að samþykkja það að rétturinn til hafsins verði tekinn frá sjómönnum og útgerð. Frá þeim er hafa og munu afla á veisluborð þessarar þjóðar. Ég er ófáanlegur til þess.

Þetta er kjarni málsins. Og það væri gaman ef menn kæmu hér upp og segðu eitthvað svipað. En því miður eru það of margir hér inni sem hugsa bara ekki um þessa þætti, slá svonalöguðu fram og halda að þetta sé allt í hinu besta lagi.

Virðulegi forseti. Það féll í hlut Framsfl. að stýra þeim breytingum sem nauðsynlega þurfti að gera bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Það þarf að skipuleggja og hagræða í báðum þessum atvinnugreinum. Í báðum þessum atvinnugreinum verður að skipuleggja og hagræða og það verk verðum við auðvitað að vinna.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held að það væri ekki rétt af mér að segja að ég hafi orðið hissa á þeirri ræðu sem var flutt úr þessum virðulega ræðustól hér síðast á und-

an mér. Nei, ég bjóst við þessu. Það var kannski ekki við öðru að búast frá hendi þeirra framsóknarmanna en að við okkur, sem höfum fjallað hér um sjávarútveg á hv. Alþingi, sé sagt að við séum að blaðra um þessi mál. Og að við séum að stilla okkur hér upp fyrir sjónvarpsáhorfendur og þá ágætu félaga okkar sem hér eru uppi á pöllunum núna. Hvað skyldi hv. þm. Stefán Guðmundsson hafa verið að gera hér í ræðustólnum? Ekki dettur mér í hug að segja að hann hafi verið að fara í þennan ræðustól til þessara verka. Enda eru þeir framsóknarmenn í huga sjálfra sín svo hreinir og góðir að þeir komast ekki í samjöfnuð við einn eða neinn í gæðum. Hvað þá heldur í því að halda á málum sjávarútvegsins þannig að allir hlutir snúist á hinn betri veg.

En því miður eru nú hlutirnir ekki eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson var að lýsa. Þeir eru flestir á hinn öfuga veg. Og það sem hann bar á mig að ég hefði verið að fara með ósannindi er allt á þann veg sem ég lýsti hér áðan. Hv. þm. hristir nú höfuðið og segir að ég hafi farið þar með ósannindi, að fyrirtækið Fiskiðja Sauðárkróks hafi ekki fengið eina né neina fyrirgreiðslu til þess að geta gert þá hluti sem hún hefur verið að gera. Ekki aðeins þennan eina bát sem ég tilnefndi, sem keyptur hefði verið á Suðurnesjum, heldur víðar og það t.d. vestur á Snæfellsnesi. Hún lék nákvæmlega sama leikinn þar. Þegar útgerðarmaður á Snæfellsnesi hafði boðið í bát sem til sölu var í Stykkishólmi þá kom Fiskiðja Sauðárkróks og átti nóga peninga og gat bætt við einni eða tveimur milljónum ofan á það sem hinn treysti sér til að kaupa. Og vegna hvers skyldi það vera? Vegna þess að Fiskiðja Sauðárkróks fékk peninga úr Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, ekkert smávegis. Hún fékk 68 millj. kr. rúmar og gat notað þessa peninga. Vegna þess að hún fékk þessa peninga þá gat hún notað þá til þess að kaupa kvóta á Suðurnesjum og vestur á Snæfellsnesi. Og það var ekki nóg að hún fengi 68 millj. kr., sem var verið að segja að ég hefði farið með ósannindi um, hún fékk líka sérstakt hagræðingarlán upp á 45 millj. kr. Það var vitaskuld alveg ástæðulaust að fara að tíunda þetta sérstaklega en fyrst hv. þm. var að bera á mig ósannindi þá taldi ég nauðsynlegt að þetta kæmi fram.

En því miður er Fiskiðja Sauðárkróks ekki ein í þessum leik. Og það er ekki nema eðlilegt að við þær aðstæður sem við búum við í dag, undir þeirri pólitík sem rekin hefur verið í sjávarútvegi með fulltingi Sjálfstfl. og Framsfl., séu ýmsir merkilegir hlutir að koma upp. Og jafnvel þó við færum nú á þann góða stað, sem einu sinni var málaður rauður, austur á Neskaupstað, þá eru svipaðir hlutir að gerast þar. Menn eru að reyna að bjarga sér á einhvern máta. Síldarvinnslan á Neskaupstað gerði sérstaka stjórnarsamþykkt um það að kaupa nokkur hundruð tonn af trillunum til þess að styrkja rekstrarstöðu sína. Og hvað skyldi þetta fyrirtæki hafa fengið mikið úr Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina? Við skulum gá að því. Austurland, Síldarvinnslan á Neskaupstað fékk nú aðeins 121 millj. kr. til þessara hluta. Það var ekki nema von að hún hefði efni á því að gera sérstaka stjórnarsamþykkt um að hún skyldi kaupa þetta mikið af trillukvóta. Það var ósköp eðlilegt.

Svona má telja upp hringinn í kringum landið. Einmitt þessi fyrirtæki sem fengu þennan hálfgerða ríkisstyrk hafa verið í því að kaupa upp kvóta, ekki aðeins af trillum heldur líka af bátum, og færa það yfir á stórtogara. Komi Stefán Guðmundsson aftur upp í þennan ræðustól og segi mig vera að skrökva þessu, gjöri hann svo vel. Þá er ekki hægt að byggja á því þskj. sem hæstv. forsrh. hefur dreift hér á meðal okkar þingmanna. Ég vona að hv. þm. Stefán Guðmundsson beri ekki ósannindi á sjálfan forsrh. (Gripið fram í.) Ber hann ósannindi á forsrh.? Já, hann stendur við það sem hann segir og ber ósannindi á hæstv. forsrh. Það líst mér nú ekki á.

En hann taldi fulla ástæðu til þess að telja hér upp og undirstrika ágæti fiskveiðistefnunnar sem við förum innan mánaðar að búa við og hún væri svo mikið betri sú fiskveiðistefna sem nú blasir við en sú sem við bjuggum við og búum við í dag. En því miður, breytingarnar eru ekki afgerandi á einn eða neinn hátt. Það er sama stefnan. Það er sama reglan sem byggt er á. Það er sama kerfið. Ég tek alveg undir það sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði hér í ræðu sinni að svona kerfi verður aldrei bætt með einhverjum lagfæringum. Það er kerfið sjálft sem er rangt. Þetta kerfi er svo sem ekki fundið upp af Framsfl. og ekki hægt að kenna honum einum um þessa stöðu og síst af öllu hv. þm. Stefáni Guðmundssyni þó hann taki sig til og verji það. Vitaskuld er þetta samtryggingarkerfi Framsfl. og Sjálfstfl. eins og ég sagði í minni fyrri ræðu. Þetta er samtryggingarkerfi hæstv. sjútvrh. og forustu Landssambands ísl. útvegsmanna.

Þeir sem hafa fylgst með sjávarútvegsmálum á undanförnum árum og áratugum gerðu sér mjög vel grein fyrir því hvað var að gerast þegar fyrstu sporin voru stigin í þessum málum þegar haustið 1983 að þessi mál voru rædd á þingum sjávarútvegsins. Það lá svo sem beint fyrir hvað þar var að gerast. Þegar Framsfl., eða hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson, tók að sér starf sjútvrh. gerði hann sér vel grein fyrir því að hann þurfti ákveðinn stuðning til þess að stjórna sjávarútveginum á Íslandi og hann valdi sér stuðningsaðilana hjá LÍÚ. Milli þessara aðila hefur svo ekki gengið hnífurinn í einu eða neinu. Það er vitað mál að séu einhverjar ráðagerðir uppi í sjútvrn. þá eru þær um leið á vegum LÍÚ. Og séu einhverjar ráðagerðir hjá LÍÚ þá eru þær um leið í sjútvrn. Þetta er það sem hægt er að segja að hafi verið klókt. Hæstv. sjútvrh. treysti ekki flokknum sínum til að standa bak við sig til að stjórna sjávarútveginum á Íslandi. Hann þurfti til þess önnur öfl. Og staðreyndin er sú að það hefur nú gengið á ýmsu með stuðning flokksmanna hans við þetta, m.a. í sambandi við undirbúning frv. sem við vorum að fjalla um í fyrra og þeirra laga sem við komum til með að búa við í fiskveiðistefnu. Svona er nú þetta og við þetta búum við og undan því verður vitaskuld ekki skotist af því að staðreyndin er að þessir höfðingjar komu sér saman um þær tillögur sem voru samþykktar hér í þinginu í fyrravor og hefðu aldrei verið sam-

þykktar á hv. þingi ef forusta Landssambandsins hefði ekki samþykkt þær um leið. Því miður get ég ekki heldur tekið undir það sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði um að frv. sem lagt var fyrir til umræðu í fyrravetur um fiskveiðistefnuna hafi verið unnið af undirbúningsnefndinni sem starfaði — var það ekki í rúmt ár? Vitaskuld var það fyrst og fremst unnið í ráðuneytinu. Allar þær athugasemdir sem komu við frv. þegar það var lagt fram sýndu það að ekki var nein samstaða um þetta frv. Ég birti þær athugasemdir allar í nál. mínu um frv. og við sjáum að það er dálítið þykk bók. Það eru athugasemdir hagsmunaaðilanna við það frv. sem lagt var fram og síðan í meginatriðum samþykkt hér á hv. Alþingi 5. maí sl.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson lét þau orð falla að það þyrfti styrka hendi til þess að stjórna fiskveiðunum og lét í það skína að flestir hlutir hefðu tekist vel. Vandamálið væri ekki fiskveiðistefnan eða kvótinn heldur það að það væru takmörk fyrir því hvað við gætum í sjóinn sótt. Vitaskuld er þetta alveg rétt. En þessi fiskveiðistefna, kvótinn, hefur orðið þess valdandi að það hefur verið gengið á stofnana og m.a. sá fiskstofn sem við byggjum okkar aðalframleiðslu á, þorskurinn, er stöðugt minnkandi. Við höfum verið að skerða ár frá ári þann skammt sem við höfum gefið heimild til þess að veiða þrátt fyrir að það hafi, þar til núna síðustu tvö árin, verið mjög hagstætt ástand í hafinu kringum landið. Ef rétt hefði verið stjórnað og rétt hefði verið haldið á málum þá hefðu fiskstofnarnir átt að byggjast upp í staðinn. Og okkur var gefið fyrirheit um það nærri því á hverju ári. Nú förum við að geta sótt meira í stofnana ef við stjórnum svona. En reynslan hefur verið sú að þorskstofninn hefur minnkað ár frá ári og nú bætist það ofan á að við horfum fram á verri tíð í hafinu. Við horfum fram á það, að ef ekki verður einhver sérstök breyting, að ekki sé nóg með að við séum að skerða þorskstofninn okkar með rangri fiskveiðistjórnun heldur sé líka náttúran okkur ekki hliðholl í uppbyggingu stofnsins.

Og hv. þm. Stefán Guðmundsson minnti mig á fleiri hluti. Hann sagði okkur frá því að hv. þm. Halldór Blöndal hefði skrifað kjósendum sínum og bent á hve illa gengi að stjórna fiskveiðum annars staðar í heiminum, t.d. á Nýfundnalandi, í Barentshafi og við Noregsstrendur. En við sem höfum nú fengist við það að ræða um þessi mál frá því að farið var að tala um kvótann og þessa fiskveiðistefnu sem við búum við munum vel eftir því að fyrirmyndin að þessu kerfi okkar var ekki sótt eingöngu í kollinn á Kristjáni Ragnarssyni og hæstv. sjútvrh. Hún var líka sótt til Noregs. Það voru fengnir hálærðir prófessorar, reyndar íslenskir, frá Noregi til að segja okkur á fundum þegar við vorum að ræða undirbúning að þessu hvað allt væri nú gott í Noregi og það þyrfti að taka sig til og stjórna eins og þar. Vitaskuld er ekki langt á milli þeirrar stjórnunar sem við búum við og eigum að búa við á næsta ári a.m.k. og þeirrar stjórnunar sem hefur átt sér stað í Norðursjónum.

Hvernig er ástandið þar? Það er þannig að við blasir hrun í flestöllum veiðistofnum sem þjóðirnar við Norðursjó hafa veitt á undanförnum árum. Og forustumenn Evrópubandalagsins tala um það að þetta sé vitlaus stefna, kvótastefnan er óraunhæf vegna þess að hún kallar á það að ekki sé hægt að átta sig á því hvað veiðin sé mikil, m.a. vegna þeirrar hættu að alltaf sé kastað meira og minna af þeim afla sem um borð kemur og ýmsar leiðir aðrar farnar fram hjá því að fylgja þessum kvótareglum. Svona má lengi telja. En ég verð þó að lýsa þeirri von minni að þó að við búum nú við þetta kerfi enn, ég vona að sá tími styttist nú, þá komi það ekki fyrir að við förum eins illa út úr því og þær þjóðir sem fiska í Norðursjónum. Ég vænti þess þó að útlitið sé samt mjög dökkt.

En við erum þó á leið sem er að sumu leyti í gangi þar, þ.e. að einstaka aðilar eru að sölsa undir sig þennan litla veiðirétt sem þar er eftir. Við erum nákvæmlega á sömu leiðinni hér. Það eru nokkrir aðilar á fullu í því að sölsa undir sig veiðiréttinn. Þeir sem eiga mikla peninga, eða hafa fengið mikla peninga, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, eru að þessu. Þróunin er á þennan veg. Hæstv. sjútvrh. nefndi það í viðtali sínu við útvarpið í morgun, ég held að ég hafi nefnt það líka í fyrri ræðu minni, að ef svo illa færi að einhverjir keyptu alveg upp kvótann í Grímsey, á Bakkafirði o.s.frv., yrði bara að hafa það. Þá yrði Hagræðingarsjóðurinn, aumingjasjóðurinn, að koma til.

Vitaskuld er þetta ekkert annað en aumingjasjóður ef þarf að hlaupa upp til handa og fóta að bjarga sjómönnum um veiðirétt, þann veiðirétt sem feður þeirra og afar hafa átt, ef það á að hlaupa til með opinberum aðgerðum til að bjarga byggð eins og Grímsey. Þeir þurfi að koma og knékrjúpa fyrir sjútvrh. til að fá fyrirgreiðslu til að geta lifað í byggðinni sinni. Þegar þróunin er orðin á þann veg þá er það ekkert annað en að það er verið að lítillækka það fólk sem þarf að leita þeirra ráða og beinlínis á engan annan máta en þann að það er verið að líta á þetta fólk sem annars flokks fólk. Það þurfi að koma til stóra pabba í Reykjavík og biðja um rétt til að lifa í byggðinni sinni. Mikil reisn er yfir slíkum lögum þegar lagt er til að þannig skuli bjarga og þróunin verði á þann hátt að við megum búast við því að byggð eins og Grímsey, Bakkafjörður eða hver önnur byggð önnur geti farið í eyði og þá komi stóri pabbi í Reykjavík og bjargi þessu fólki aftur um einhvern hluta af þeim rétti sem það átti og hefur átt um aldaraðir.

Hvers lags Ísland erum við að byggja upp? Ég skil það ekki. Ég get ekki ímyndað mér annað, ef við sjáum fram á það að einhver byggð lendir í þeirri stöðu, sem sjálfsagt blasir við, að kvótinn verði keyptur af stóra pabba úr einhverri annarri byggð, en að sú byggð fari í eyði þrátt fyrir þennan svokallaða Hagræðingarsjóð. Það blasir ekkert annað við. Íslendingar hafa þá reisn að þeir munu varla, hvar sem þeir eiga heima, koma á fjórum fótum og biðja hæstv. sjútvrh. um rétt til að sækja fisk í sjóinn.

Það eru ýmsir hlutir fleiri að gerast sem eru uggvænlegir og væri lengi hægt að telja upp hvernig þróunin er. M.a. það sem hv. þm. Stefán Guðmundsson nefndi áðan, hinn svokallaði forkaupsréttur sveitarfé-

laga. Ef það er búið að selja kvótann frá byggðinni, eða stendur til að selja kvótann, eða einhver ríki pabbi einhvers staðar í annarri byggð er með í undirbúningi að kaupa kvótann úr byggðinni, þá hafi sveitarfélagið forkaupsrétt. Hvaða möguleika haldið þið að sveitarfélög vítt og breitt um landið hafi til þess að kaupa kvóta? Hann er ekki fyrir hendi og ég er nærri því viss um að jafnvel lánasjóður eins og Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina mundi ekki lána til þessara sveitarfélaga. Þau eru ekki inni í kerfinu til þess að bjarga svona hlutum. Það mundi verða sagt nei við slíku. Fyrir utan það að burður sveitarfélaganna til þess að standa undir slíkum fjárhagskröfum er ekki fyrir hendi. Þetta er bara blekking og ekkert annað. En ef þetta mundi gerast þrátt fyrir það, og ég tel það mjög ótrúlegt, þá er það að gerast að við erum að stofna nýjar bæjarútgerðir, alveg eins og Friðrik Pálsson, forstjóri Sölumiðstöðvarinnar, sagði á fundi með Fiskiðn. (Gripið fram í.) Það liggur ekkert fyrir ef sveitarfélag neyðist til þess að binda kvóta að einhver aðili heima í sveitinni hafi bolmagn til þess að kaupa kvótann. Þá gerist það sem hefur verið að gerast á fullu hér í kringum okkar, í Hafnarfirði, í Reykjavík, og talið alveg höfuðatriði í þróun atvinnumála að bæjarútgerðir væru lagðar niður. Og sums staðar er þetta lagt til í útlöndum líka, að alls konar miðstýringarfyrirtæki verði lögð niður. En kannski horfum við fram á það að við byggjum upp framtíðarland sósíalismans hér á Íslandi og byggjum upp bæjarútgerðir hringinn í kringum landið eða félagslegar útgerðir út frá kvótakaupum. Ég bið ekki um það. Og ég veit það að aðrir kratar hér í deildinni munu ekki kalla sérstaklega á það. (Gripið fram í.) Þeir eru fleiri.

Það var talað um að fiskveiðilögin sem við förum að búa við um áramótin hafi í ýmsum hlutum verið jákvæð. Ég hef talið upp og hrakið sumt það sem hér hefur verið bent á. Ég ætla að nefna hér aðeins einn, tvo þætti í viðbót.

Það var talað um að það ætti að hamla gegn útflutningi á ferskfiski. Hvað skyldi nú hafa gerst í því? Því miður, þrátt fyrir allt eftirlit og ýmsar tilraunir til þess að hamla gegn þessu, hefur það ekki tekist betur en svo að í fréttum í dag var verið að segja okkur að enn hefði ekki tekist stjórn á þessu betur en svo að þeir sem hafa ráð á fiski hafa verið að flytja út meiri fisk en heimilt var. Þessi fiskveiðistjórnun sem við búum við núna ræður því ekki við þetta og ég sé ekki í hinum nýju lögum neitt sem kallar á þetta annað en það sem er aukin skerðing á kvóta. Ég held þó að eins og málin standa í dag muni það ekki hafa mjög mikil áhrif.

Annað tengist þessum lögum og voru höfð mörg orð um það að nú skyldi sjútvrn. koma á kerfi á vigtun þannig að engin hætta væri á öðru en því að fylgst væri með öllum þeim afla sem veiddur væri hér við Íslandsstrendur. Það var talað um að þarna yrðu engar undanþágur veittar. Eins og hér hefur komið fram hafa ráðuneytismenn verið að kynna okkur ýmiss konar plögg. Það skal undirstrikað að þeir hafa gert það, m.a. tillögu um reglugerð um vigtun á sjávarafla. Hvað skyldi vera í því plaggi? Það er stórt og mikið plagg, margar blaðsíður, en meira og minna er þetta plagg þó fyrst og fremst um undanþágur, hvernig megi nú fela einhverjum öðrum en þeim sem var upphaflega talað um og halda utan um þessi mál. Meginhlutinn alls konar undanþágur. Og af hverju skyldi það hafa verið? Það var vegna þess að vinirnir hjá LÍÚ sáu ýmsa annmarka á því að verið væri að fylgjast með vigtun sjávarafla, meira en þeir kærðu sig sæmilega vel um, sérstaklega á þeim afla sem fluttur er út. (**Gripið fram í:** Þetta eru nú merkar upplýsingar ef réttar eru.) Það er ekkert annað en að lesa þetta plagg hér, sem heitir reglugerð um vigtun sjávarafla, og sjá allar undanþágurnar sem í því eru. T.d. hljóðar 1. gr. þannig, með leyfi forseta:

„Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda sjávarafla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum" — ég tek ykkur vara, nú kemur undanþága — „enda verði því viðkomið vegna stærðar fiskiskips." Í 1. gr. er strax undanþága um það að ekki þurfi nú alveg að standa við þetta sem reglugerðin gerir ráð fyrir, þ.e. að halda tegundum aðgreindum, og þegar í 1. gr. kemur „enda", enda sé hægt að gera þetta á þennan eða hinn mátann.

Í umræðunni um fiskveiðistjórnina hefur mikið verið talað um sókn verksmiðjutogaranna og fjölgun verksmiðjuskipanna, frystitogaranna. Að mínum dómi er ekki langt bil á milli þess að aflinn sé sóttur og frystur úti á miðum og því að aflinn sé tekinn og fluttur út og seldur þar á markaði. Undir sumum kringumstæðum getur það verið hagstæðara að flytja aflann út ef það er beinlínis inn á neytendamarkaði, ef ekki er verið að byggja undir fiskvinnslu viðkomandi staðar eða lands, heldur en að vinna aflann eins og hann er unninn á frystitogurunum. En kannski er það versta af þessu það að nýtingin um borð í þessum togurum er ekki sem skyldi. Jafnvel þannig að sú vinnsluaðferð, sem gæfi kannski 45% í nýtingu, hefur farið allt niður í 40% og jafnvel niður í 38%. Að láta slíkt viðgangast í fleiri ár er voðalegur blettur á fiskveiðistjórninni. Vitaskuld er þetta mismunandi eftir skipum. En ef svo kvótaútreikningur viðkomandi skips er reiknaður með hærri nýtingu, kannski sagt að viðkomandi skip hafi 41–42% nýtingu en er raunverulega ekki með nema 38% eða 40%, hvað er þá að gerast? Ætli ég hafi þetta ekki mín lokaorð.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hafði eiginlega hug á að leiðrétta aðeins örfá atriði sem fram komu í ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar hérna rétt áðan og hefði gjarnan viljað að formaður sjútvn. Ed. hlýddi á mál mitt. (**Forseti:** Forseti skal gera ráðstafanir til að sækja hv. þm.) — (**Forseti:** Þar sem hv. 6. þm. Vesturl. hefur gert hlé á ræðu sinni um stund vill forseti nota tækifærið og minna hv. þm. á ákvæði 35. gr. þingskapalaga að gefnum fjölmörgum tilvikum hér í dag, en þar segir: „Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu." Undantekningar frá

þessu eru síðan útvarpsumræður. Ég vil aðeins ítreka að mér finnst hafa borið nokkuð á því að menn hefðu ekki í heiðri þetta ákvæði þingskapalaga. En ég vona svo að hv. 3. þm. Norðurl. v. komi hér í salinn sem allra fyrst.)

Ég vildi aðeins gera nokkrar athugasemdir, virðulegi forseti, vegna þess sem fram kom í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. sem einnig er formaður sjútvn. Ed. Hv. þm. hefur nú setið hér í dag og hlustað á þessa umræðu en ég hef samt einhvern veginn á tilfinningunni að hann hafi e.t.v. ekki heyrt mál mitt hér fyrr í dag þannig að ég ætla aðeins að leiðrétta misskilning og eiginlega rangtúlkun sem mér fannst koma fram í hans máli.

Í ræðu minni hér fyrr í dag minnti ég á og rifjaði upp þær tillögur sem við kvennalistakonur fluttum við afgreiðslu kvótafrumvarpsins bæði nú sl. vor og einnig um áramótin 1987–1988. Ég taldi reyndar að það væri ekki þörf á að fara út í þessar tillögur í smáatriðum því allir hv. þm. hlytu orðið að þekkja þær út og inn, ekki síst hv. formaður sjútvn. En í ljósi þeirrar vanþekkingar sem kom fram tel ég rétt að rifja enn frekar upp tillögur okkar.

Í fyrsta lagi vil ég benda hv. þm. á að þó að sjútvrn. sjái um að útdeila kvóta á skip núna samkvæmt gildandi lögum og eins samkvæmt þeim lögum sem taka gildi núna um áramótin, þá hlýtur hv. þm. að vera kunnugt um að ráðuneytið sem slíkt stundar ekki útgerð og tillögur okkar fela að sjálfsögðu ekki í sér að borgarstjórinn í Reykjavík eða bæjarstjórinn á Sauðárkróki fari að gera út, þó þeir eða nefndir á vegum sveitarstjórna fengju heimildir til þess að úthluta veiðiheimildum. Það hljóta alltaf að verða fyrirtæki í útgerð og fiskvinnslu eða einstaklingar sem sækja aflann. Markmiðið með tillögum okkar var ekki síst það að draga úr ofstjórn og miðstýringu í sjávarútveginum en færa ábyrgðina og valdið til að deila kvótanum á skip og báta heim í héruðin til þeirra sem best þekkja til aðstæðna og útgerðarhátta á hverjum stað. Með því að færa þetta út í byggðarlögin hafa sveitarstjórnir og íbúar á viðkomandi svæðum möguleika á að halda aflanum heima í héraði þótt skip séu seld burt. Það er kjarninn í þeim tillögum sem við fluttum og með þeim tillögum vildum við tryggja stöðugleika í atvinnulífi byggðarlaganna.

Hv. þm. minntist einnig á að hann vildi ekki taka rétt til að sækja aflann af sjómönnum. Ef hann heldur að okkar tillögur feli það í sér hefur hann misskilið þær alveg frá upphafi. Auðvitað verða það alltaf sjómenn sem sækja aflann en eins og lögin eru nú og eins og ráðgert er að lögin verði sem taka gildi á næstunni er rétturinn fyrst og fremst hjá útgerðarmönnum. Þeir geta síðan ráðið sjómenn á sín skip. En það eru útgerðarmennirnir sem hafa fengið þennan óveidda afla til frjálsrar ráðstöfunar.

Hv. formaður sjútvn. hafði sömuleiðis áhyggjur af rétti sjómanna til að gera kjarasamninga næðu tillögur okkar fram að ganga. Sjútvrn. sér um að útdeila kvóta og mun væntanlega gera það áfram enn um sinn en ég hef aldrei vitað til þess að ráðuneytið taki þátt í gerð kjarasamninga fyrir sjómenn. Og þótt valdið til að deila út kvótanum verði flutt til byggðarlaga sé ég ekki ástæðu til þess að byggðarlögin eða sveitarstjórnir fari að gera kjarasamninga.

Hv. þm. sagði einnig að ég hefði talað hér til smábátaeigenda og skil ég nú ekki alveg fullkomlega hvað hann átti við með því. Í ræðu minni lagði ég áherslu á að byggðarlög og einstaklingar gætu framfleytt sér af þeim kvóta sem þau fá úthlutað. Ég geri mér grein fyrir þeim erfiðleikum sem eru víða. Það er ekki meiri kvóti til ráðstöfunar og það er ekki stöðugt hægt að bæta við á einum stað án þess að um leið sé verið að tala um að taka hann af einhverjum öðrum. Þess vegna minntist ég á Hagræðingarsjóð hér fyrr í dag í máli mínu sem úrræði í slíkum tilvikum. Ég tel að til þess verði að koma að byggðarlög eða jafnvel einstaklingar sem verða mjög illa úti við kvótaúthlutun eigi einhverja möguleika á að fá aukaafla úr þeim sjóði. Til þess var hann stofnaður hér í vor og ég minnist þess að við kvennalistakonur tókum einmitt undir að þarna væri þó aðeins skref í rétta átt. Það væri að vissu leyti verið að gefa möguleika á því að byggðarlög sem af einhverjum ástæðum misstu kvóta ættu einhverja von um að bæta sér hann upp.

Ég lagði sömuleiðis áherslu á það í máli mínu hér fyrr í dag að það þarf að reyna að fá meiri tekjur út úr þeim afla sem við höfum. Minntist ég í því sambandi á heimsókn okkar til aflanýtingarnefndar. Það var mjög ánægjuleg heimsókn vegna þess að þar er verið að gera hluti sem við kvennalistakonur höfum oft minnst á hér í sambandi við sjávarútvegsmálin, þ.e. að nýta betur það sem dregið er úr sjó og byrja að nýta nýjar tegundir.

Í ræðu minni í dag benti ég sömuleiðis á að það þyrfti að efla og auka rannsóknir á því hvaða áhrif svo afgerandi stjórnvaldsaðgerðir hafa á mannlíf og atvinnulíf í byggðarlögum sem sjávarútvegsstefnan auðvitað er vegna þess að þetta er grundvöllur fyrir byggðinni í landinu, það eru þessir sjávarútvegsstaðir sem eru hér meðfram ströndum landsins.

Ég vildi aðeins koma að þessum leiðréttingum. Mér þótti gæta þess misskilnings í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. að sveitarstjórnir ættu nú að setjast um borð og fara að fiska. Svo er alls ekki og hvet ég hann til þess að kynna sér tillögur okkar betur fyrst svo mikill misskilningur hefur verið á ferðinni.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Þessi umræða hófst á því að hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal kvartaði mjög yfir því að ekki hefðu fengist upplýsingar sem hann taldi sig þurfa að fá um tiltekin mál, en ég vænti þess að þau mál hafi nú skýrst allvel enda hefur umræðan að litlu sem engu leyti snúist um það heldur um það hvernig fiskveiðum skuli stjórnað við Íslandsstrendur. Þó hefur umræðan að tiltölulega litlu leyti snúist um það hvernig stjórna eigi fiskveiðum heldur fyrst og fremst um það hvað er að þeirri fiskveiðistjórn sem nú er við lýði. Það hafa vissulega margir komið inn á það hvernig megi betur gera það en að mínu mati hefur

þar, eins og oft áður, verið heldur lítið um heilsteyptar tillögur. Menn hafa beint sjónum sínum fyrst og fremst að útgerð smábátanna eins og oft áður í umræðum hér á Alþingi. Þar er um marga aðila að ræða sem hafa mikilla hagsmuna að gæta og ekkert nema gott um það að menn hafi áhuga fyrir þeim málum.

En það er e.t.v. rétt að rifja aðeins upp hvernig þessi mál hafa gengið hér á Alþingi og skal ég láta vera að fara mjög langt aftur í tímann en minnast á það þegar þau lög sem nú eru í gildi voru til umræðu hér á Alþingi, þ.e. um áramótin 1987 og 1988 og hv. þm. höfðu þá mikinn áhuga fyrir málefnum smábátanna. Þá voru uppi hugmyndir um það að setja kvóta á sem flesta báta en mönnum leist ekki á að setja þar kvóta á hvert einasta horn og reyndu að binda sig við báta sem voru yfir 6 tonn. Aflanum skyldi skipt með tilliti til reynslunnar en meðalkvótar þeirra sem ekki höfðu reynslu skyldu ákveðnir þannig að það væri lífvænlegt.

Sjútvrn. lagði til að þessir meðalkvótar væru tiltölulega lágir og í einhverju hlutfalli við þá reynslu sem af slíkri útgerð hefði fengist. Á það var ekki fallist hér á Alþingi og það má segja að margir hv. þm. hafi haft sigur í því máli að þoka upp allverulega meðalkvótum þessara báta. Sumir hafa getað náð þessum afla á undanförnum árum en flestir hafa ekki getað gert það, en fjárfestingin hefur verið mikil í þessum bátum. Og það hlýtur hver maður að sjá nú þegar verið er að skipta upp á milli u.þ.b. 2100 báta 45 þúsund lestum af þorski, að þar geta ekki allir verið ánægðir. Við skulum segja að menn gætu hugsanlega verið nokkuð ánægðir ef þessi afli væri aukinn um helming og meðalaflinn væri ekki tuttugu og eitthvað lestir heldur fjörutíu og eitthvað lestir, þá þyrfti að sjálfsögðu að ganga á hlut hinna skipanna í flotanum. Þetta hefur hv. þm. verið ljóst og sú nefnd, sem fjallaði um fiskveiðistjórnina og undirbjó þá löggjöf sem tekur gildi um nk. áramót, lagði það til að sett yrði löggjöf á sl. hausti sem stöðvaði fjölgun þessara báta. Það var reynt að koma þessu frv. hér fram á hv. Alþingi og vegna þess að hv. þm. Skúli Alexandersson sagði að sjútvrn. hefði ekkert gert til þess að koma því fram að fjölgun þessara báta yrði stöðvuð, þá hlýt ég að minna hann á það að þingflokkur Alþb. neitaði því að slíkt frv. yrði flutt sem stjfrv. hér á hv. Alþingi.

Landssamband smábátaeigenda sætti sig mjög illa við það að aflaheimildir þeirra báta, sem kæmu til veiða á árinu 1990, yrðu dregnar frá heildarafla smábátanna. Það var óásættanlegt af þeirra hálfu. Um það var fjallað hér á hv. Alþingi og víðar og niðurstaðan varð sú að það skyldi ekki gert og aflaheimildir þeirra báta, sem bæst hafa inn í flotann á árinu 1990, sem eru því miður 140 talsins, skyldu dragast frá heildinni. Þetta var aðalkrafa Landssambands smábátaeigenda og hún fékkst fram við meðferð málsins.

Við undirbúning þeirrar reglugerðar, sem hefur verið í vinnslu síðan löggjöfin var samþykkt hér á hv. Alþingi og hefur tekið allt of langan tíma og reynst miklu vandasamara verk en nokkur gat séð fyrir, þá hafði Landssamband smábátaeigenda uppi kröfur um ýmis atriði samkvæmt bréfi sem frá því kom. Það hefur verið fallist á öll þessi atriði við setningu reglugerðarinnar. En það er ekki þar með sagt að allir sem eiga hlut að máli séu þar með ánægðir. Það er vegna þess að menn hafa ekki séð neina aðra leið og tekið þátt í þessu starfi af fullum heilindum vitandi það að ýmsir af þeirra félögum yrðu ekki ánægðir með niðurstöðuna en vitandi það jafnframt að það að auka afla hjá einum yrði til þess að það drægi úr afla hjá öðrum.

Þeir hv. þm. sem hér hafa talað hafa að sjálfsögðu rætt margar aðrar leiðir til stjórnar fiskveiða. Ég skildi hv. þm. Kristin Pétursson þannig að hann segði einfaldlega: Þetta er helbert kjaftæði. Útreikningurinn á sóknarþunganum er helbert kjaftæði. Ég vona að ég hafi rétt eftir hv. 5. þm. Austurl. Ef þetta er rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. — og ég vona það af mikilli einlægni að þetta sé rétt, en ég hef hins vegar sannfæringu fyrir því að svo sé ekki, án þess að ég ætli að fara nánar út í útskýringar á því sem mundi taka alllangan tíma. En niðurstaða hans er einfaldlega sú að það eigi bara að veiða meira og þar með sé allur heimsins vandi leystur í þessu landi. Það væri ánægjulegt að geta tekið slíkar ákvarðanir og það væri vonandi að sá tími kæmi í okkar landi að menn gætu leyft sér að taka slíka ákvörðun og trúa því að þetta sé nú allt saman spurningin um veðráttuna, vindana og hafísinn. Vissulega hafa náttúruöflin mikið að segja en það vill nú svo til að það hafa verið miklar tækniframfarir í landinu og það sem menn kalla smábáta í dag voru hér á árum áður stórir vertíðarbátar. Og jafnvel ekki eldri menn en ég og hv. 5. þm. Austurl. munum eftir þeirri umræðu að slíkir bátar, sem í dag eru mældir u.þ.b. 9,9 tonn að stærð þóttu afar góðir, stórir bátar hér á árum áður. Menn þurfa því ekki að fara langt aftur í tímann til að sjá þessar breytingar.

Aðrir hv. þm. hafa komið inn á þær leiðir sem þeir vilja fara og sú leið sem sker sig úr eru þær tillögur sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefur verið uppi með hér á Alþingi. Hann hefur verið sjálfum sér samkvæmur í því svo lengi sem ég man í þessari umræðu og ég kannast við allt það sem hann sagði. Það er hins vegar svo að hv. þm. lagði þó til að hluta af aflanum yrði skipt með kvótakerfi, t.d. loðnu, síld, rækju og humri. En botnfiskinum skyldi ekki skipt með þeim hætti, til þess að koma í veg fyrir miðstýringu, eins og hann segir svo gjarnan.

En hvernig á þá að stjórna veiðunum? Jú, það á að stjórna sóknarþunganum. Það á að stjórna því hvað skipin geta sótt mikið, hvernig þau skulu búin, hversu stórar vélarnar skulu vera, hvernig tækin skulu vera um borð, hvernig veiðarfærin mega vera, hvenær skipin mega róa o.s.frv. eins og ég skil hv. þm. Ég hef hins vegar ekki skilið það hver skuli vera upphafspunkturinn í þessu kerfi og hvaða skip skuli fá að róa, í hversu marga daga og með hvaða veiðarfærum.

Það má segja að þetta sé e.t.v. svipað kerfi og er víðast hvar í Efnahagsbandalagslöndunum og hv. þm. Skúli Alexandersson gerði hér að umtalsefni. Þar er ekki kvóti á hvert einstakt skip. Þar eru heildarkvótar og menn reyna að stýra sóknarþunganum. Sá maður

sem ræður hvað mestu um það hvernig þessi sóknarþungi er situr í Brussel og heitir Manuel Marin, en hann þarf hins vegar að ná samkomulagi meðal sjávarútvegsráðherra aðildarþjóðanna. Og nú hefur hann verið uppi með hugmyndir um það að teknar verði upp nýjar sóknartakmarkanir með stækkun möskva og ýmsum öðrum friðunaraðgerðum. Það hefur ekki náðst samkomulag um það og ég óttast það að ef hér ætti að taka upp þá sóknarstýringu, sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefur komið með hugmyndir um hér ár eftir ár, þá þyrfti nú allmikið fyrir því að hafa að koma sér saman um slíka hluti. Og halda menn virkilega að það þyrfti enga miðstýringu til þess? Að það gæti allt byggst á frelsi, sjálfsákvörðunarrétti og öllum þeim fallegu orðum sem menn velja í þessari umræðu og maður les svo oft í Morgunblaðinu þessa dagana þegar þeir eru að ræða um það hvernig þetta skuli nú allt saman gert, annaðhvort í Reykjavíkurbréfi eða leiðurum sem ég ætla að koma aðeins að á eftir?

Nei, auðvitað gengur þetta ekki upp. Og mér þykir leitt að segja það við Þorvald Garðar Kristjánsson þótt ég velji ekki þau sömu orð og hann viðhafði hér um það sem hann var sjálfur að leggja til. Hann sagði eitthvað á þá leið að flestir segðu að þetta gengi ekki upp og ég verð að taka undir það.

Að öðru leyti hefur verið talað um kvótakerfi í einhverri mynd í þessari umræðu. Tveir af þingmönnum Sjálfstfl. hafa haft aðrar lausnir, þ.e. annar þeirra að láta veiða meira og hinn að stýra því með einhverjum undursamlegum hætti hvernig skipin skuli úr garði gerð. Og þá er nú gott að hafa góða Siglingamálastofnun til að vinna í því og þyrfti nú kannski eitthvað að fjölga þar. Hinir hafa verið að tala um kvóta sem skuli að vísu skipt með öðrum hætti.

Fulltrúar Kvennalistans hafa eins og áður lagt það til að fiskveiðiheimildunum skuli skipt að miklu leyti á milli sveitarfélaganna og að sveitarfélögin skuli síðan hafa það verkefni að skipta þeim á milli annarra, og eins og hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir sagði hér, að þær skyldu hafa það hlutverk eða nefnd á vegum þeirra að skipta því á milli útvegsmanna og sjómanna á viðkomandi stað. Það má vel vera að einhverjir trúi því að það verði betra fyrirkomulag að hafa það á vegum einhverrar nefndar í hverju sveitarfélagi. Ætli sú nefnd þurfi þá ekki að viðhafa einhverja viðmiðun? Ætli sú nefnd þurfi þá ekki að taka tillit til afla skipanna á undanförnum árum? Eða hvað hafa hv. þm. í huga? Ætli það mundi ekki reynast mörgum sveitarstjórnunum erfitt að marka stefnu í þeim málum og ætli sé nú ekki hætt við því að aðilar í viðkomandi sveitarfélögum mundu fljótt skipast í flokka eftir því hvort þeir ættu hagsmuna að gæta á togurum, trillum, bátum eða í fiskvinnslu? Ætli það yrðu ekki deilur þar um þessa hluti eins og víðast hvar annars staðar? Og er það rétt stefna að koma þeim málum inn til sveitarstjórnanna sem úrlausnarefni þeirra? Ég er andvígur því og tek ekki undir þau sjónarmið því að þá yrði nú fyrst ófriður í viðkomandi sveitarstjórnum í viðkomandi byggðarlögum.

Síðan eru enn aðrir sem halda því fram að það sé miklu betra að skipta þessum afla upp á milli fiskvinnslunnar, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta. Þar þarf nú væntanlega að hafa einhverja viðmiðun og það er allt annað en létt verk að finna þá viðmiðun hvernig þessu skuli skipt upp á milli fiskvinnslunnar. Og hvaða sjónarmið ætli fiskvinnslan mundi hafa í þeim efnum, að skipta því á milli þeirra aðila sem hefðu róið frá viðkomandi byggðarlagi á undanförnum árum? Ég hef miklar efasemdir um það. Ætli fiskvinnslan vildi ekki ná í aflann með sem ódýrustum hætti og láta þau skip veiða hann sem gætu gert það með sem minnstum tilkostnaði. Ég á von á því að þau sjónarmið yrðu ofan á hjá fiskvinnslunni og ég er andvígur slíkri uppskiptingu.

Síðan koma enn aðrir og segja: Við skulum ekkert vera að vandræðast í þessu. Við skulum bara selja þetta og bjóða þetta upp og láta menn bjóða í. Það er jafnvel gengið svo langt þessa dagana á síðum Morgunblaðsins að þeir vilja nú fara að skattleggja allan afla án þess að hefta framsalsrétt og telja það vera lausn allra mála. Ég spyr: Er þetta að verða hin opinbera stefna Sjálfstfl.? (**Gripið fram í:** Nei.) Það hefur verið mikill stígandi í þessari umræðu í Morgunblaðinu. Þeir segja hér í Reykjavíkurbréfi fyrir nokkru og vitna mjög gjarnan í eitthvert fyrirbæri sem heitir aldamótanefnd Sjálfstfl. sem ég hef skilið að sé eitthvert fyrirbæri sem hefur a.m.k. framtíðarsýn fyrir hönd þessa flokks og ætlar sér að vera þar við völd a.m.k. um næstu aldamót — og það er vitnað í umræðu í þessari aldamótanefnd um þessi mál og í Reykjavíkurbréfi segir að þar sé sumt fróðlegt í þeirri úttekt þó deila megi um niðurstöðurnar enda málið hið flóknasta og erfitt úrlausnar. Bent er á þá leið að stjórnvöld gefi upp heildarkvóta sem mætti veiða á tilteknu tímabili og yrðu þeir þá hlutskarpastir sem best kynnu til verka og mest úthald hefðu ef aðstæður væru ákjósanlegar við veiðarnar. Þessi leið væri hvetjandi og þykir það mikill kostur að sjálfsögðu. Dugnaður og áræði skipstjórnarmanna og sjómanna eigi að njóta sín á miðunum, nýta þurfi rækilega landkosti þeirra byggða sem næst eru bestu fiskimiðunum og helst væri ákjósanlegt að hætta öllum pólitískum afskiptum af framleiðslunni.

Já, þetta er út af fyrir sig tillaga, að menn fari út í hömlulausa samkeppni á miðunum og hætti veiðum þegar menn hafa náð heildarkvótunum. Þá er nú betra að hafa sterk bein til þess að geta stöðvað flotann og skipað honum öllum í land. Ég er hræddur um að aldamótanefndin þurfi að undirbúa sig vel, jafnvel þótt hún hafi nokkur ár til stefnu, ef henni á að takast það mikla verk. Og það gæti vel verið að það væri gott að hafa einhverja vonda miðstýringarmenn í ballestinni a.m.k. til að hafa með í ráðum og hafa með í því hvernig ætti að koma, þó það væri ekki nema Vestfirðingum, í höfn, hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. (**ÞK:** Ég afskrifaði þessa leið.) Já, þú afskrifaðir hana, en [illegible] að benda þér á framtíðarsýn þíns ágæta flokks sem þú hefur nú trúað á hingað til.

En það kemur líka fram í þessari ágætu grein, sem er nú ekki ágæt, þegar farið er að tala um það hvað höfundar Reykjavíkurbréfsins, sem hafa nú verið mjög

mótandi um stefnu Sjálfstfl., ætla að gera. Þá er aðalniðurstaðan þessi: Núverandi kerfi hefur ekki leyst neinn vanda heldur kallað á margvíslega erfiðleika, brask og óhagkvæmni og augljóst — og þá kemur lausnin — að nauðsynlegt er að breyta til og finna lausn sem væri eðlileg, arðsöm og réttlát en þó umfram allt hvetjandi og verndandi en jafnframt hagkvæmari og arðvænlegri en þær reglur sem nú gilda. Það er fínt fyrir aldamótanefndina að hafa þessa leiðsögn frá leiðaraskrifurum og pólitískum forustumönnum, leyfi ég mér að segja, Sjálfstfl. því að Morgunblaðið er að sjálfsögðu hluti af stefnumótun Sjálfstfl. í þessu máli. En þó kemur niðurstaðan í leiðara sl. laugardag þar sem lagt er til með ýmsum orðum að selja öllum þeim og taka skatt af öllum þeim sem róa á miðin hér allt í kringum landið, hvort sem þeir eru á smábátum, togurum eða öðrum fleytum, og við það verði öllu réttlæti fullnægt. Þetta er undarleg framtíðarsýn. Það er fyrst og fremst haft á móti núverandi kerfi að heimilt sé að framselja afla milli skipa og þar komi stundum verð fyrir. (**HBl:** Er ráðherrann hættur að lesa í Morgunblaðinu?) Ja, ég ætlaði að gera hlé á því, hv. þm., en það er ekki oft sem ég hef tafið umræðu hér um stjórn fiskveiða. Ég hef oftast þurft að eyða tíma mínum í það að hlusta á hv. þm. í þeim málum og hef reynt að gera það dyggilega þannig að ég vænti þess að hv. þm. geti hlustað á mig í nokkrar mínútur hér til viðbótar. (**HBl:** Ég segi nú ekki að þetta sé svanasöngur, en ...) Ekki veit ég hvernig ég á að skilja orð hv. þm., hvort hann er sammála þessum upplestri, en ég vænti þess að hjá honum séu nú einhverjir strengir sem slá á móti þessum svanasöng Moggans í málinu þótt ég viti það að strengir sem þessir hafi mikil áhrif inn í flokkinn. Vonandi verður það ekki fyrr en um næstu aldamót.

En aðalgagnrýnisatriðið er að það skuli vera heimilt að framselja afla á milli skipa. Menn kalla það brask, menn kalla að það sé verið að selja mönnum lífsbjörgina. Gott og vel. En ég spyr á móti: Er íslenski fiskiskipaflotinn of stór? Mín niðurstaða er sú að hann sé of stór og skipin séu of mörg. Og það er ekkert vit í því að hafa svona mörg skip. Ef hv. þm. eru sammála því að skipin séu of mörg þá spyr ég: Hvernig ætla menn að fækka þeim? Hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson segir að það eigi að stýra sókninni en ég býst við því að það þurfi að fækka skipunum allmikið í upphafi. Og hver ætlar að bera þann kostnað? Eða halda menn að menn muni sætta sig við það, hvort sem um er að ræða smábátaeigendur eða aðra, að skipin verði einfaldlega tekin af þeim endurgjaldslaust eða lokuð inni í höfnum? Nei, það mun aldrei verða. Eru menn tilbúnir að leggja sérstaka skatta á almenning hér í landinu til að kaupa upp þessi skip og borga þau upp af ríkinu? Nei, menn eru ekki tilbúnir til þess. Og hvaða leið er þá eftir? Eina leiðin er sú að þeim sem í útgerð standa sé heimilt að færa þessar aflaheimildir á milli skipa og það verður ekki gert nema endurgjald komi fyrir. Er hægt að reikna með því að sá maður, sem hefur e.t.v. rétt til þess að veiða 30 tonn af fiski, láti þessi réttindi endurgjaldslaust og sitji uppi með bát sem hefur engar veiðiheimildir og skuldirnar á honum? Eða má reikna með því að það sé einfaldlega hægt að taka þessar heimildir af bátunum, afhenda þær fiskvinnslunni eða sveitarfélögunum í fullkominni óvissu um það hvað skuli gerast næst? Nei, að sjálfsögðu mundi aldrei verða sátt um það. Því er það eina leiðin að skipta þessum rétti upp á milli skipanna, að hafa þennan rétt framseljanlegan og aðilar verða að hafa frelsi til að semja um það sín í milli, með ákveðnum takmörkunum þó.

Það liggur alveg ljóst fyrir að ef menn taka þá ákvörðun að selja þetta allt saman frá sér, eins og sumir hafa verið að láta skína í að fólk t.d. í Grímsey mundi gera, þá getur enginn komið slíku byggðarlagi til bjargar. En hafa menn trú á því að þeir sem hafa þetta að aðalatvinnu, hafa haft þetta að atvinnu og vilja hafa af þessu atvinnu hugsi um það eitt að losa sig við þessi réttindi? Nei, svo er alls ekki. Þeir eru hins vegar áhyggjufullir yfir sinni framtíð, telja sig þurfa meira og það eru eðlilegar áhyggjur sem þessir aðilar hafa. En ætli það sé nú samt ekki betra að hafa þó ákveðin réttindi á skipunum og hafa heimild til þess að slá sér saman og gera út með hagkvæmari hætti? Auðvitað væri best að allir gætu fengið meira, hvort sem það eru togarar sem hafa verið í sóknarmarki, smábátar eða ýmsir aðrir. Þeir sem trúa því að það sé hægt að leysa þetta allt með því að veiða meira, það eru menn sem eru bjartsýnir. Og ef menn trúa á slíkt, þá ættu menn að sjálfsögðu að halla sér að slíkum skoðunum.

Ég vil svo að lokum segja að það var vissulega erfitt skref að stíga að fara út í það að skipta öllum afla upp á milli smábátanna og það hefði verið gott að geta komist hjá því. Ég vil hins vegar benda á það að menn eiga þann kost að velja svokallaðar krókaveiðar og þar hafa menn allmikið frelsi. En það er hins vegar hætta á því að aflinn fari umfram viðmiðunarmörk á næstu þremur árum í þeim flokki og því hafa menn reynt að hafa strangar reglur um það hverjir gætu tekið þátt í veiðunum í þeim flokki, svo strangar að mörgum mislíkar það. Það er einfaldlega vegna þess að bæði ég og margir aðrir sem að þessu koma telja það mjög mikilvægt að geta haft slíkan almennan flokk þar sem hver og einn bátur er ekki nákvæmlega skilgreindur, hvað hann megi veiða. Vonandi verður það svo í framtíðinni að við getum haft slíkan almennan flokk, en það verður því aðeins hægt að vel verði haldið utan um það hverjir geti þar verið.

Ég vil svo ítreka að þótt hér sé um svokallaða tilraunaúthlutun að ræða, þá er sú úthlutun vissulega mjög sterk vísbending um það hverju hver og einn getur átt von á. Við vitum að þar eru ýmsar villur og þar eru atriði sem þarf að skoða betur. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu að sú nefnd, sem að þessu máli hefur unnið, hefur unnið mjög gott starf og hún hefur skilað samhljóða niðurstöðu. Þessi mál hafa verið unnin í eins góðri samvinnu við hagsmunaaðila og nokkur kostur hefur verið.

Menn geta út af fyrir sig gert lítið úr því og haldið því fram, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson, að með því að sjútvrn. hefur samvinnu við Landssamband ísl.

útvegsmanna þá sé verið að fara í einu og öllu að þeirra óskum. Svo er alls ekki. Hins vegar hefur tekist ágæt samvinna við þau samtök. Og það sama á við um Landssamband smábátaeigenda. Það hefur verið ágæt samvinna við þau samtök nú að undanförnu. Ég er ekki þar með að segja að þeir séu ánægðir með alla hluti eða kasta einhverri ábyrgð yfir á þá. Langt í frá. Auðvitað hvílir ábyrgðin á ráðuneytinu og undan henni skal ekki vikist. Það er hins vegar mikilvægt að reyna að leysa þessi mál í sem bestri samvinnu við aðila og fundirnir með sjútvn. voru af okkar hálfu a.m.k. heiðarleg tilraun til þess að hafa góða samvinnu við sjútvn. þingsins um málið þótt við reiknuðum ekki með því að þær væru sammála í einu og öllu því sem verið væri að gera. En nefndunum var skilmerkilega skýrt frá því á hvaða stigi vinnan væri, hvað væri búið að gera, hvernig málið liti út og þær voru beðnar um athugasemdir sem komu og það var a.m.k. að nokkru leyti orðið við þeim athugasemdum, enda er það svo að það koma að sjálfsögðu skynsamlegar tillögur frá þeim mönnum sem lengi hafa komið að þessu máli.

Til mín hefur verið beint ýmsum fyrirspurnum í þessari umræðu en þeir þingmenn sem það hafa gert eru ekki lengur hér í salnum og ég sé því, virðulegur forseti, ekki ástæðu til að svara þeim. Ég vænti þess að fá tækifæri til þess síðar. Það er ekki skortur á vilja til að svara þessum hv. þm. en ég sé ekki ástæðu til að svara fyrirspurnum frá hv. þm. sem ekki eru hér lengur staddir.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst beina orðum mínum til hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefáns Guðmundssonar. Ég held að hann ætti allra síst að minnast á það sem gerðist hér sl. fimmtudag. Ég hafði heimild forseta þingsins til þess að ræða það að hæstv. sjútvrh. hafði synjað nefndarmönnum í sjútvn. um upplýsingar eins og ég skal víkja nánar að og undir venjulegum kringumstæðum hefði ég auðvitað fengið að halda mína ræðu um þetta efni án þess að til truflunar kæmi hér í þingsalnum.

Það er rangt að ég hafi beðist afsökunar á því að halda því til streitu að ég hefði rétt til þess eins og aðrir þingmenn að ræða hér þingsköp og störf nefnda. Á hinn bóginn bað ég þann forseta sem þá sat í stólnum afsökunar ef hann hefði skilið orð mín svo að ég hafi óskað eftir nærveru forseta Sþ. til þess að stjórna fundi. Það var ekki. Forseti Sþ. gekk hér í salinn, settist hér til vinstri handar. Ég gerði ekki athugasemd við það, reyndi síðan í stuttu máli að gera grein fyrir því sem samkomulag hafði orðið um að ég mætti hér tala um. Auðvitað er það ókurteisi af forseta þings ef þingmaður óskar eftir að gera athugasemd við þingsköp vegna nefndarstarfa að hlaupast á brott skömmu áður. Þetta vita allir.

Ég vil líka taka fram að þessu gefna tilefni að ég hef átt orðastað við forseta Sþ. vegna framkomu hans á þessum fundi. Við munum reyna að halda áfram umræðum um það hvar ég fór út af strikinu, hvar ég braut gegn fyrirmælum þingskapa í þeim örfáu orðum, sárafáu orðum sem ég hafði sagt áður en til þess kom að forseti sem þá sat í stólnum greip inn í. Ég þarf ekki að ræða framkomu hæstv. menntmrh. eða ýmissa annarra við þetta tilefni. Á hinn bóginn sjáum við það hér nú á þeim fjölda sem hér er á svölunum að fyrirspurn mín var ekki að ósekju. Það voru menn í þessu þjóðfélagi sem ætluðust til þess að þingmenn fengju upplýsingar um það sem verið er að gera í sjútvrn. í sambandi við smábátana. Það eru menn hér sem ætlast til þess. Það er hins vegar áreiðanlega hvergi í veröldinni til þjóðþing sem er þannig saman sett að formaður sjútvn. heldur hverja rolluna á fætur annarri hér í þingsalnum til þess að verja það að heimildum er haldið leyndum fyrir sjávarútvegsnefnd þingsins. Það er hvergi annars staðar trúi ég í lögjafarsamkundu að slíkt muni gerast. (**StG:** Þetta eru bara rangfærslur.) Ég vil líka taka það fram að ég innti forseta þingsins eftir því um hádegið hvort eitthvað hefði komið út úr því að ég bað hann að skerast í leikinn, gá hvort forseti þingsins, sem ég treysti vel, gæti ekki svolítið mýkt hæstv. sjútvrh. En það hefur ekkert komið út úr því sýnilega.

Nú vil ég segja sjútvrh. að það dugir ekki að koma alltaf hér upp í stólinn þegar verið er að tala um sjávarútvegsmál og segja: Það er ekki hægt að skipta því sem takmarkað er milli allra svo að allir séu ánægðir, og halda að maður beri enga ábyrgð á sínum verkum einungis með því að vitna til þessa. Auðvitað vitum við öll sem hér erum að löggjöfin um stjórn fiskveiða er vegna þess að afkastageta skipastólsins er of mikil. Þetta vitum við. Það var af þeim sökum sem Matthías Bjarnason tók þá ákvörðun þegar hann var sjútvrh. 1978 að banna innflutning á nýjum fiskiskipum til landsins nema önnur færu út úr landinu. Við munum nú hvernig það var brotið niður. Auðvitað er það rétt að best væri að geta komist af með sem minnstar reglur. En ríkisstjórnir eru misjafnar og ég man vel eftir því þegar Framsfl. stóð hér að ríkisstjórn fyrir eina tíð en Sjálfstfl. ekki eftir þetta, að einn þingmaður gerði það að stjórnarslitamáli að enn einn nýi togarinn mætti koma til landsins og var auðvitað greiðlega við því orðið.

Hæstv. ráðherra spyr mig um Morgunblaðið. Hversu margir skyldu þeir þingmenn Framsfl. vera sem hafa komið upp í ræðustól, krafist þess að keypt yrðu ný skip erlendis frá fyrir þetta og þetta byggðarlagið, sem hafa gengið um sveitir landsins og lofað nýjum togurum þannig að það munaði svo sem ekki um eitt skipið í viðbót. Þeir eru ekki fáir. Ég get nefnt dæmi og það veit hæstv. sjútvrh. Hann segir réttilega: Við þurfum að takmarka veiðarnar. Það höfum við sjálfstæðismenn sagt sem með honum höfum unnið að þessum málum, ég þegar ég vann undir leiðsögn ráðuneytisstjóra hans í þeirri nefnd sem hafði með endurskoðun á löggjöfinni um stjórn fiskveiða að gera.

Bæði þá og eins þegar við störfum í sjávarútvegsnefndum bæði fyrr og síðar höfum við látið ráðuneytið gera margvíslegar tilraunir til að sjá hvernig einstök módel, ef svo má segja, komi út í sambandi við stjórn fiskveiða. Við höfum gert það. Við spurðum t.d. hæstv. ráðherra að því á sl. vetri hvernig aflaúthlutun yrði ef

sóknarmark yrði afnumið og mismunandi skiptingar yrðu á þeim hlut sem þá kæmi til skipta. Þetta veit hæstv. ráðherra.

Við fengum þessa lista í hendur, þessi tilraunaplögg, þessi innanhússplögg sjútvrn. þannig að það er rangt hjá ráðherra þegar hann segir að sjávarútvegsnefndir hafi ekki fengið slík plögg í hendur. Ráðherrann segir við okkur hér að ég hafi rangt fyrir mér og að ég segi það ósatt þegar ég held því fram að hann leyni upplýsingum fyrir sjútvn. Alþingis. Hvað sagði hann svo í næsta orði á eftir. Hann sagði: Sjávarútvegsnefndarmenn mega koma upp í ráðuneyti og spyrja um einstök dæmi, einstök skip, — en við megum ekki sjá heildina. Hann, ég tala nú ekki um formann sjútvn., ég vil ekki segja það sem mér datt í hug, en það má kannski segja það sé það dýr sem er afskaplega duglegt við að hlaupa á eftir húsbónda sínum. (Gripið fram í.) Ég var að tala um dýrafræði.

Ég var að segja að það er náttúrlega létt verk að vera að hrósa sér af því að menn úr ráðuneytinu komi með fullsmíðaða reglugerð um smábátana, fullsmíðaða reglugerð upp í ráðuneyti. Það var ekki svo mikið við haft að segja manni áður hvað stæði til. Ekki fékk ég þessa reglugerð í bréfi daginn áður heldur var komið með þetta okkur að óvörum. Okkur var sýnt þetta og það heitir „að hafa samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis". Dettur einhverjum manni hér inni í hug að við höfum getað á þessum eina eða tveim tímum komið svo nálægt þessari reglugerð og uppbyggingu hennar að það yrði að miklu gagni eftir þá yfirlýsingu hæstv. ráðherra að samning reglugerðarinnar hafi tekið lengri tíma en hann hafði viljað, verið seinna á ferðinni en hann hafði viljað vegna þess hversu flókið málið var og aðstæður misjafnar á mismunandi stöðum og hjá mismunandi mönnum? Auðvitað höfðum við ekki tök á því, þó það kæmi einhver hersing ofan úr ráðuneyti á fund sjávarútvegsnefnda, að setja okkur að marki inn í þetta. Tvær reglugerðir, ein um vigtunarmál og önnur um smábáta. Okkur er ekki einu sinni trúað fyrir því að fá skrána yfir úthlutunina, tilraunaskrána. Hvað þá heldur að við megum skoða aðrar heimildir á bak við slíkar skrár. Nei, hæstv. ráðherra. Málið er einfaldlega þannig að pólitískur vilji stendur ekki til þess að leyfa sjávarútvegsnefndum Alþingis að sjá þessi plögg. Ég veit ekki hvaða hvatir liggja þar á bak við.

Gamall vinur minn var að hringja í mig núna rétt áðan. Mér hefði seint dottið í hug að spyrja hvernig hans bátur væri. Það er kannski rétt að hafa orð á þessu af því að hæstv. sjútvrh. var að spyrja að því hvort við héldum að menn sem lifðu af því að vera trillusjómenn mundu selja bátana sína og var að hneykslast á því að nokkrum hér inni skyldi þetta það í hug. Þessi maður sem ég nefndi veiddi á síðasta ári 47 tonn. Hvað fær hann núna? 23 tonn. Ætli það muni ekki um mismuninn? Og svo er um fleiri.

Við óskum eftir því að fá að sjá þessi plögg. Við ætlumst til þess að forseti þingsins leggi okkur lið og taki ekki mark á formanni sjútvn. Ed. þegar um þetta er rætt. Ekki af því að við höfum einhverja sérstaka ánægju af því að finna að verkum hæstv. sjútvrh. heldur vegna þess að við teljum að hann sé ekki óskeikull. Tilraunaplagg, innanhússplagg, segir hæstv. ráðherra. Samkvæmt þessu tilraunaplaggi og innanhússplaggi hefur fjöldi trillusjómanna fengið sín bréf, fjölduinn allur af þeim. Okkur var sagt að ef þeir ekki svöruðu fyrir 15. des. mundi úrskurðurinn standa. Þá væri þetta lögbók sem á þessu tilraunaplaggi stendur. Það er því alveg ljóst að við erum ekki að tala um neitt tilraunaplagg. Við erum ekki að tala um neitt innanhússplagg. Við erum að tala um kvóta smábáta sem gerðir eru út frá Íslandi, svo að maður sé hátíðlegur, eins og ráðuneytið hugsar sér hann í dag. Og þeir einstöku menn sem vilja gera athugasemdir verða að hafa mikið fyrir því. Sumir eru kannski ekki alveg klárir á því hvernig þetta er reiknað út. Þeir eru kannski hræddir við útreikningana, átta sig ekki á því hvernig þeir eigi að leita réttar síns og þar fram eftir götunum.

Í ræðu sinni hér fyrr í dag, ekki þeirri nú í kvöld heldur fyrr í dag, sagði ráðherra að mikill áhugi hefði verið fyrir því að fjölga ekki smábátum. Þingmaður þeirra í Keflavík talaði um það að Sjálfstfl. hefði verið hvergi þegar smábátunum hefði fjölgað og spurði: Hvar var Sjálfstfl. þá? Og í dag sagði hæstv. ráðherra að hann skyldi ekki saka stjórnarandstöðuna um það. Það er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast, segir ráðherra. Með þessum ummælum er verið að gefa eitthvað í skyn varðandi stjórnarandstöðuna. Við lögðum það til í milliþinganefndinni, eins og ráðherra sagði, að fjölgun smábáta yrði bönnuð frá síðustu áramótum. Við vissum ekki annað en hæstv. ráðherra mundi flytja frv. um það. Nú kemur í ljós hvar frv. strandaði, það strandaði hjá ríkisstjórninni. Það er ekki hægt að úthluta nýjum aðilum kvóta nema taka frá öðrum. Eftir því sem ráðherrann sagði er kvóti fyrir þessa nýju báta ekki aðeins tekinn af smábátunum heldur öllum bátum í landinu. Og það er auðvitað fyrir neðan allar hellur þegar sjútvrh. í sinni fyrri ræðu, ég tala ekki um þingmanninn frá Keflavík, er að gefa í skyn að stjórnarandstaðan komi einhvers staðar að þessu máli. Þetta er eitt með öðru sem hefur strandað hjá ríkisstjórninni og það er auðvitað rétt sem sjútvrh. sagði í dag þegar hann svaraði minni ræðu þegar ég talaði um að það væri eignaupptaka að þrengja svo kosti sóknarmarksskipanna eins og búið er að gera í einni svipan, og ég skal standa við það, það er nánast eignaupptaka — þá er það alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það er verið að taka af öðrum. Eða eigum við að segja að verið sé að afhenda aflamarksskipunum hluta af þeim afla sem sóknarmarksskipin höfðu áður. Og hvernig á svo að leysa þetta?

Formaður sjútvn. Ed., fulltrúi Framsfl. í sjútvn. Ed., Stefán Guðmundsson, hafði ekki áhuga á því að vita með hvaða hætti við sjálfstæðismenn vildum koma til móts við sóknarmarksskipin. Svarið var einfalt. Alveg sama hvað þið leggið til, það verður fellt. Smá leiðrétting, stór leiðrétting, skiptir ekki máli, hún verður felld. Það er búið að ákveða þetta uppi í ráðherrabústað. Það voru lokin á vinnunni. Og svo er verið að tala um samráð. Svo er verið að gefa í skyn að við sjálfstæðismenn hefðum getað haggað einhverju sem

máli skiptir í sambandi við reglugerðir smábátanna þegar við fengum að sjá þetta rétt andartak daginn áður en reglugerðin var sett í prentun. Eða eigum við að segja daginn eftir, því að þetta var auðvitað prentað. Það var bara eftir að blessa það. Auðvitað fengum við engu að ráða um þetta. Auðvitað veit ráðherrann það.

Ég get alveg tekið undir það með ráðherra að sumir smábátanna eiga þann kost að fara á krókaveiðar. Ég get vel sagt að ég deili áhyggjum með honum um það að vera megi að þær þröngu skorður sem þessum veiðum eru settar reynist of þröngar þannig að það verði að ganga að hverjum einum. En við skulum líka muna eftir því að krókaveiðarnar eru misgóð lausn eftir því hvar við erum stödd á landinu. Það er ekki það sama að vera á krókaveiðum í Eyjafirði eða eigum við að segja í Bakkafirði, Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði. Þetta er ekki það sama og auðvitað alveg ljóst eins og banndagarnir eru ákveðnir að það er mjög hæpið eftir aflabrögðum að eyfirskur smábátasjómaður geti dregið fram lífið með slíkum veiðiskap öðruvísi en að dveljast langdvölum fjarri heimili sínu. Þessi lausn á því ekki við alls staðar en má vera að hún reynist vel sums staðar. Þannig er nú það.

Ég hafði beint fyrirspurn til hæstv. ráðherra og var hér í salnum þegar hann talaði öðru sinni sem hann sá ekki ástæðu til að svara. Ég spurði hæstv. ráðherra að því, af því að hann hafði gumað af samráðinu við sjávarútvegsnefndir, hvort það væri kannski vegur að sjávarútvegsnefndir mættu fá að vita hvar sú vinna er stödd að ákveða kolakvótann og hvort við gætum fengið þau plögg í hendur sem þar eru lögð til grundvallar. Ég hafði áhyggjur af því, eftir vinnubrögðum sjútvrn. þegar undirbúið var að setja kvótann á úthafsrækjuna, að niðurstaðan yrði ekki að öllu sanngjörn. Og þess vegna spyr ég aftur: Er vegur að sjávarútvegsnefndir Alþingis, jafnvel þótt fulltrúar Framsfl. í nefndunum hafi ekki áhuga á málinu, megi fylgjast með þessari vinnu, hvar hún er á vegi stödd og hvað sé lagt til grundvallar í sambandi við þá ákvörðun? Þetta skiptir miklu, ekki síst vegna þess að þetta er fordæmisskapandi, m.a. varðandi steinbítinn og líka vegna þess að menn sem hafa verið á kolaveiðum nærri heimkynnum sínum á litlum bátum og hafa skipt um báta, standa nú uppi án slíkra veiðiheimilda.

Ég spurði líka hæstv. ráðherra að því hvernig það mætti vera að enn er verið að taka verðjöfnunargjald af skreið sem framleidd var í fyrra. Hvernig skyldi standa á því? Ætli það fáist ekki, ef maður tekur tillit til fjármagnskostnaðar, a.m.k. 15% minna fyrir skreiðina í ár? Ætli það sé mikill hagnaður af þessari skreið?

Mér er sagt að fiskur á ferskfiskmörkuðum í Bretlandi hafi hækkað um 30% milli ára, lítil 30%. Samt hefur þjóðfélagið ekki efni á því að bæta lífskjörin. Þriðjungur þess verkafólks sem er í Alþýðusambandinu hefur innan við 75 þús. kr. á mánuði, ekki er það mikið. Auðvitað eru engin tök á að bæta neitt hag þessa fólks. Það er nú ekki. En ætli skreiðin hafi jafngóða afkomu og þeir sem selja á ferskfiskmörkuðunum í Englandi? Og hvernig er það, úr því að ráðherra vill fara svona vítt og breitt yfir sviðið, hvaða sérstöku áherslu vill hann leggja á það sem kallað hefur verið fiskverkunarstefna? Vill hann leggja mikla áherslu á það að fiskurinn sé unninn hér á landi? Tekur hæstv. ráðherra undir þá kröfu sjómanna að það eigi að klippa algerlega á tengsl veiða og vinnslu og að allur afli sem veiðist hér við landið skuli seljast á opinberum mörkuðum? (Gripið fram í.) Þetta er krafa sjómanna. Ég hefði gjarnan viljað vita hvað hæstv. ráðherra hugsar um þetta. Hitt er auðvitað rétt hjá honum að Morgunblaðið hefur haft þá skoðun að það eigi að taka upp auðlindaskatt eða veiðileyfi í einhverju formi þó þingflokkur Sjálfstfl. og landsfundir sé annarrar skoðunar. En ég hygg á hinn bóginn að samstarfsmenn hans í ríkisstjórninni vilji veiðileiguna, kvótaleiguna, Alþfl., Alþb., um blessaðan Borgfl. skal ég nú ekki segja, hann getur verið alls staðar og hvergi mín vegna — þar eru miklir áhugamenn um kvótaleigu og auðvitað er það rétt sem sumir segja að svo vitlaus getur fiskveiðistjórn verið að við endum á þeim punkti ef menn missa traust á þeim sem hafa framkvæmdina með höndum. Það er alveg deginum ljósara.

Ég verð að lokum að segja aðeins það að ég get ekki talað um úthlutun á kvóta fyrir trillur með jafnmiklu öryggi og hæstv. ráðherra, ég hef ekki fengið að sjá plöggin, ég fæ ekki upplýsingarnar. Eftir því sem mér er sagt verða smábátarnir að þola svona 6–7% skerðingu umfram það sem aðrir verða að þola að meðaltali. Meðaltal segir ekkert í þessu efni. Það sem er forvitnilegt að sjá er hvernig þeir menn sem raunverulega hafa atvinnu af því að vera trillukarlar fara út úr þessu. Hvað veiddu þeir í fyrra? Hvað veiddu þeir í hittiðfyrra? Og hvernig koma þessar reglur við þá nú? Ég óttast að sú mikla óvissa sem hefur verið í þessum málum hafi leitt til þess að ýmsir hafi í fljótræði selt smábáta sína og séu þess vegna á köldum klaka. Ég óttast líka eins og ég sagði í dag að margur hafi lagt í fjárfestingu í sambandi við gamla trillu sem honum er nú bannað að nota. Ég veit dæmi um þetta. Það er því margt að athuga og verður auðvitað ekki leyst hér. Hagræðing er gott orð, hagræðing í flotanum, það er gott að vera með kvóta og vilja nota hann sem stýringu. En hitt er bágt þegar þær reglur sem farið er eftir standa á móti hagræðingunni, t.d. þegar um það er að ræða að skip sem er á síldveiðum á kost á þrem síldarkvótum, hefur veitt tvo en er bannað að veiða þann þriðja nema annað skip komi til sögunnar sem þýðir meiri kostnað. Þannig er margvíslegt óhagræði í fiskveiðistjórninni eins og hún er núna. Það var mjög alvarlegt skref sem stigið var sl. vor með því að gera enga tilraun til þess að koma til móts við þá sem hafa verið á sóknarmarki, skella skollaeyrum við þeirra hagsmunum og þeirra byggðarlaga þar sem þetta fólk hefur búið.

Ég vil svo ítreka það að Hagræðingarsjóðurinn, sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar kalla „aumingjasjóðinn", kemur ekki til hjálpar nema skip sé selt úr byggðarlagi og það hafi veruleg áhrif á atvinnulífið á þeim stöðum, sem sýnir auðvitað að aldrei var ætlunin með þeim lögum að reyna að liðka eða lagfæra til hjá þeim sem mestu tapa í sambandi við sóknarmark-

ið. Það er nú svo einfalt.

Auðvitað blasir það við að mörg byggðarlög standa nú höllum fæti. Hv. 4. þm. Reykn. orðar það svo að það sé maðkur í mysunni, það er dómur hans um sjútvrh. Og hann segir að það sé ekki hagkvæmt að haga fiskveiðum þannig að allir þurfi að lepja dauðann úr skel. Þetta er dómur þeirra sem standa á bak við sjútvrh., *dómur þeirra sem hann ráðfærir sig við í því* stjórnarsamstarfi þar sem hann er núna. Ég geri ráð fyrir því að hann eigi auðvelt með að skilja að hann geti ekki vænst þess að sjálfstæðismenn séu allir einróma um að honum farist allt vel úr hendi sem lýtur að stjórn fiskveiða.

Nú *stendur* svo á að við ætlum að fara að afgreiða fjárlög innan skamms. Ekki er gert ráð fyrir því að ríkissjóður leggi eina einustu krónu til hafnagerðar. Á hinn bóginn á að skattleggja útgerðina um 400 millj. kr. í nýjum sköttum. Ég verð að segja að aumara upplit hef ég ekki vitað á neinum sjútvrh. en þetta. Á sama tíma og framlög til hafna á Íslandi eru þannig algjörlega skorin niður við trog sjáum við það í þeim löndum sem eru að ná í nýja fiskinn okkar, taka vinnuna frá okkur hér á Íslandi, eru að verja milljörðum í uppbyggingu á höfnum í Hull, Grimsby, Zeebrugge, Bremerhaven — ég átti þess kost að heimsækja alla þessa staði um daginn — á öllum þessum stöðum standa yfir miklar hafnarframkvæmdir. Á sumum þeirra er kostnaðurinn við þær margföld fjárlögin íslensku. Og þetta kemur allt saman frá ríkinu, sumt af því frá Evrópubandalaginu. En hér á að skattleggja fiskvinnslufólkið og útgerðina fyrir hafnaframkvæmdunum. Þetta lítilræði sem eftir var er einnig tekið af þessu fólki.

Hvað kostar einn togari? Hvað eru menn að borga fyrir bátana núna? Hvernig eru vátryggingariðgjöldin af fiskiskipunum? Skyldu þau vera óeðlilega há? Hvað ætli það komi oft fyrir að skip verði fyrir tjóni í höfn vegna þess að hún er illa frágengin? Man ég það rétt að það er búið að banna umferð um rúmlega 200 m langan bryggjukant í Ísafirði, sem er að vísu komin til ára sinna, ætli hann sé ekki orðinn hálfrar aldar gamall eða svo. Skyldi það geta verið að eyfirsku skipin hafi flúið inn til Akureyrar í vonda veðrinu um daginn en þar hafi þeir ekki einu sinni verið búnir að ljúka við fiskihöfnina sem þar er verið að gera? Jú, það gæti nú verið að ástandið væri þannig, einmitt þannig.

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort ástæða sé til að tala meira. Ef ráðherra er í stuði væri gaman að vita hvort við fáum meira að heyra. Hitt þykir mér þó þýðingarmeira að hann skilji nauðsyn þess, ekki aðeins fyrir okkur þingmenn, heldur líka fyrir þá menn sem eru í sjávarútvegi, að við fáum lágmarksupplýsingar til að geta fylgst með. Ég hef aldrei misnotað upplýsingar til að hefja árásir af neinu tagi á hæstv. sjútvrh., honum er það kunnugt, hvort sem ég hef verið samherji hans í ríkisstjórn eða andstæðingur. Ég tek það ekki gott og gilt að ég mundi misnota slíka pappíra og að ég sé að reyna að fá þá undir fölsku yfirskini. Svo er ekki. Það eina sem ég er að biðja um er að ég fái að sjá hvernig smábátadæmið lítur út í heild sinni. Ég vil fá að vita hvað þar er að gerast og ég vil fá að geta borið þessa kvóta saman við þau aflabrögð sem verið hafa hjá smábátunum á undanförnum árum. Það er út af fyrir sig rétt að afli smábáta í heild hefur vaxið ár frá ári af því að smábátaflotinn hefur stækkað meira en góðu hófi gegnir. Það er hins vegar ekki á ábyrgð þeirra manna sem hafa verið við þessa útgerð í áratugi, stækkun smábátaflotans er á ábyrgð þess sem fer *með æðstu stjórn þessara mála í umboði Alþingis*, sem er sjútvrh. Ef þingið hefur ekki viljað hlíta hans ráðum var honum auðvitað rétt að segja af sér sem sjútvrh. en láta ekki það ganga fram sem hann vissi að gat ekki gengið, ef hann var þá þeirrar skoðunar sem guð má vita hvort hann hefur verið. En hitt er öldungis ljóst að það að halda slíkum upplýsingum leyndum vekur tortryggni, það sýnir að ráðherrann er búinn að sitja of lengi í stólnum og þarf að fá frí eins og raunar Framsfl. allur. Ég hygg að flestir séu þeirrar skoðunar að sú muni verða niðurstaða næstu kosninga að þeir sem fylgi hljóta telji að ekki sé þörf fyrir þennan flokk í Stjórnarráðinu lengur.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins víkja að því sem hæstv. ráðherra sagði í sinni ræðu áðan. Hann kom nefnilega inn á grundvallaratriði sem er það þýðingarmesta í þessari umræðu og alltaf þegar við ræðum um stjórn fiskveiðimála. Það er spurningin um það hvort við getum leyst kvótakerfið af hólmi með annarri aðferð, með sóknarstýringu.

Hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um þetta atriði og vék að nokkrum atriðum varðandi framkvæmd á stefnunni um sóknarstýringu og taldi sig finna nokkra meinbugi á framkvæmd þeirrar stefnu. Þetta mál er þess eðlis að ég er í mikilli freistingu. Mig langar til að ræða mjög ítarlega um hvert einasta atriði sem hæstv. ráðherra kom inn á (**Gripið fram í:** Blessaður gerðu það, það er nógur tími.) en ég ætla ekki að gera það núna. Ég ætla að leitast við að vera stuttorður en minnast þó á þessi atriði.

Hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um það hvernig ætti að stjórna sóknarþunganum. Hann hafði greinilega nokkrar áhyggjur af því með hverjum hætti slíkt gæti gerst. Hann sagði: Halda menn að enga miðstýringu þurfi við sóknarstýringuna? — Ég hygg að þetta hafi verið hans orð.

Við getum kallað það miðstýringu sem þarf við sóknarstýringu en það er grundvallarmismunur á miðstýringu. Annars vegar er miðstýring sem við getum kallað almennar reglur sem kveða á með almennum fyrirmælum um ákveðna stjórnun, hins vegar er *einstaklingsbundin miðstýring sem kveður á um það* hvernig einstaklingar eiga að haga sér. Þessi mismunur á almennri stjórnun og einstaklingsbundinni stjórnun er mismunurinn á frjálsræði annars vegar og hins vegar ríkisafskiptum. Þó við séum ekki með ríkisafskipti í þeirri merkingu að við skipum hverjum og einum fyrir hvernig hann á að haga sér, eins og var aðall kommúnismans í framkvæmd, þó við höfnum því þá er það ekki þannig að við viljum enga stjórnun. Auðvitað viljum við stjórnun en við viljum hafa stjórn-

un með almennum reglum. Á þessu er grundvallarmismunur. Ég gæti útlistað þetta miklu meira en ég ætla að neita mér um það.

Ráðherra hafði að því er virtist miklar áhyggjur af því hvernig færi með framkvæmdina á því sem sóknarstýringin gerir ráð fyrir, að beitt sé fyrirmælum varðandi útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla. Hann taldi þetta allt upp og mér fannst að hæstv. ráðherra féllust hendur þegar hann var að fara orðum um þetta, það væri ómöguleiki að gera þetta, það þyrfti svo mikil umsvif til þess. En þetta er misskilningur líka. Til þess að stytta mál mitt þá minni ég bara ráðherra á ákvæði í 2. gr. laga um stjórn fiskveiða frá 1986–1987, ég hef þau lög af tilviljun hérna í höndunum. Þar er þetta allt tekið fram sem ég hef lagt áherslu á að væri þungamiðjan í sóknarstýringunni. Í 2. gr. þessara laga segir að það megi setja skilyrði um útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla. Og ég verð að gera þá játningu að þegar ég samdi mitt frv. um stjórn fiskveiða fyrir tveimur árum og notaði þetta orðalag tók ég það upp úr lögunum frá 1986, lögunum sem hæstv. ráðherra sjálfur stóð fyrir og lét lögfesta. Ég held því að áhyggjur hæstv. ráðherra um framkvæmdina í þessu efni séu á misskilningi byggðar.

Þá fór ráðherra nokkrum orðum sem bentu til þess að hann væri eiginlega algjörlega ráðvilltur í því sem sóknarstýringin þýðir. Og hæstv. ráðherra sagði að hann gæti ekki skilið hvar ætti að vera upphafspunkturinn, hvernig ætti að hefja þennan leik, þessa framkvæmd á sóknarstýringunni. Um það gæti ég líka flutt langt mál. En til þess að gera langt mál stutt vísa ég aðeins til þeirrar sóknarstýringar sem var í framkvæmd á árunum 1976–1983. Ég hygg að það væri ekki óskynsamlegt að hafa reynsluna af þessu tímabili sem upphafspunkt og ég bendi hæstv. ráðherra á þetta.

Hæstv. ráðherra sagði svo að ég hefði lagt til að það yrði kvóti á loðnu og humri, ef ég skildi hann rétt, ég hygg að hann hafi átt við að ég hafi gert það í frv. sem ég flutti fyrir tveimur árum um stjórn fiskveiða. (**Sjútvrh.:** Rækju.) Hér er enn um misskilning að ræða hjá hæstv. ráðherra. Þetta frv. gerir ráð fyrir að kvóti falli niður á allar veiðar. Hins vegar er ákvæði í 6. gr. þessa frv. sem heimilar undanþágu frá þessu hvað varðar aðrar fisktegundir en botnfisk. Ég þykist vita að það er þetta ákvæði sem hæstv. ráðherra er að vitna til því þar stendur: „Heimilt er ráðherra að ákveða að enginn megi stunda veiðar á öðrum tegundum en botnfiski, svo sem rækju, humar, skelfiski, síld og loðnu, nema að fengnum sérstökum leyfum.“ Þetta eru ekki fyrirmæli, þetta er heimild og það var með tilliti til þess að ég taldi að ekki væri rétt að setja fortakslaus ákvæði um að aflétta kvótanum á þessum fisktegundum þegar í stað. Stjórnvöldum yrði að gefast umþóttunartími til þessarar framkvæmdar og þess vegna var þetta sett í heimildarformi. Þannig að þessi ummæli hæstv. ráðherra bera raunar vott um það að hann hefur kynnt sér mjög vel þetta frv. sem ég lagði fram fyrir tveim árum og auðvitað er það lofsvert þó að hann áttaði sig ekki á því að það væri um heimild að ræða í sambandi við undanþágu frá því að leysa af kvótann varðandi þessar tilteknu fisktegundir. Tel ég að ég sé þá búinn að leiðrétta einnig þennan misskilning.

Þá hafði hæstv. ráðherra áhyggjur af því hvernig ætti að fækka skipum með sóknarstýringu. Það er mjög gott að það skyldi verða komið inn á þetta atriði og mig langaði nú til þess að ræða það mjög ítarlega. Ég minni á það sem ég sagði í minni fyrri ræðu að á fimm árum eftir að kvótinn kom til hefði skipaflotinn aukist helmingi meira en á næstu fimm árum á undan. Þetta segir sína sögu. En komum nánar inn á það hvernig á að fækka skipum með sóknarstýringu. Þessi spurning hjá hæstv. ráðherra er grundvallarspurning þegar við erum að velta því fyrir okkur, leggja það niður fyrir okkur, hvað við eigum að gera til að ná sem mestri arðsemi í fiskveiðum. Það er auðvitað að minnka fiskiskipastólinn.

Nú er það, og ég mun hafa komið inn á það í minni fyrri ræðu hér í þessum umræðum, að það er einmitt aðalsmerki sóknarstýringarinnar að samkeppnin sem hún gerir mögulega í veiðunum leiðir til þess að skipum fækkar vegna þess að þau skip sem eru úrelt og óhagkvæm heltast úr lestinni smám saman því að þau þola ekki samkeppnina. Þetta er alveg gagnstætt því sem er í kvótakerfinu því að kvótakerfið hefur innbyggðan hvata til þess að vera dragbítur á minnkun fiskiskipastólsins vegna þess að kvótakerfið ýtir undir að hverri fleytu sé haldið á floti af því að hún fær kvóta úthlutaðan. Þannig að það er nú ekki erfitt, sýnist mér, að svara og benda ráðherra á að hann þarf ekki að hafa áhyggjur af sóknarstýringunni í þessu sambandi.

En eitt sagði hæstv. ráðherra, sem var að sjálfsögðu alveg rétt athugað, að þessi þróun, sem ég var að segja að leitt gæti af sóknarstýringunni, gagnstætt því sem er um kvótakerfið, kemur ekki strax fram. Það tekur tíma að aðlaga sóknargetuna, stærð fiskiskipastólsins við þarfirnar til þess að nýta fiskstofnana. Og það þarf í sóknarstýringunni að gera sérstakar ráðstafanir til þess að flýta þessari þróun. Hverjar eru þessar ráðstafanir? Ég hef alltaf í umræðunni bent á það. Það er að hafa öflugan úreldingarsjóð til þess að flýta fyrir þessari þróun. Þetta er líka það sama og er stefna hæstv. ráðherra. Hann vill öflugan úreldingarsjóð. En það er bara það sem gerir gæfumuninn að úreldingarsjóður, eins og ég hugsa hann, undir sóknarstýringu er raunhæfur, en hann getur aldrei orðið raunhæfur undir kvótakerfinu vegna þess að hinn innbyggði hvati, sem ég nefndi áðan sem kvótakerfið hefur til að halda hverri fleytu á floti, vinnur á móti tilgangi úreldingarsjóðsins. Og kvótakerfinu, úreldingarsjóði undir kvótakerfinu og gagnsemi hans, mætti kannski líkja við að ausa vatni í botnlausa tunnu.

Nú hef ég komið inn á helstu atriðin sem hæstv. ráðherra kom inn á og ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hafa einmitt komið í þessari umræðu inn á þessi grundvallaratriði. Ég held að þessir meinbugir sem hæstv. ráðherra óttaðist og kom fram í hans orðum varðandi framkvæmd á sóknarstýringu séu á misskilningi byggðir og ég tel að ég hafi bent á það hér. Og ég

vil nú leyfa mér að vona að svo glöggur maður sem hæstv. ráðherra athugi þetta mál betur en hann hefur kannski gert, þó kann að vera að hann hafi athugað það vel, athugi samt áfram hvort sóknarstýring er ekki eins og málum er komið eina raunhæfa leiðin út úr öllum þessum vandamálum sem við erum að glíma við og alltaf eru að aukast, hvort það er ekki eina leiðin að hverfa frá kvótafyrirkomulaginu og taka upp sóknarstýringu. Ég treysti hæstv. ráðherra vel til þess að athuga þetta, ef ég mætti segja, í nýju ljósi eða betur eða áfram því að mér kemur ekki annað til hugar en svo ábyrgur maður hugsi þetta mál frá öllum hliðum, enda kom hann inn á þetta grundvallaratriði í sinni ræðu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu hér, en ég vænti þess að ég og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson getum átt orðastað um þetta mál áfram, eins og við höfum nú reyndar átt gegnum tíðina, í vinsamlegum tón. Það er alveg rétt hjá honum að þetta eru ekki auðveld mál úrlausnar og það verður alltaf svo að um þau verða skiptar skoðanir.

Ég vildi biðja hv. þm. Halldór Blöndal afsökunar á því að ég hafði ekki skilið hann svo að hann hafi borið fram sérstaka fyrirspurn að því er varðaði skarkolann. En það stendur þannig á með það mál að mjög lítil vinna hefur farið fram að því er það varðar og hún á eftir að eiga sér stað nú á næstu vikum og þarf að ljúka sem fyrst. En að sjálfsögðu verður reynt að miðla upplýsingum um það þegar það mál er lengra komið.

Ég vildi taka fram, út af því sem hann sagði hér um smábátana, að það liggur alveg ljóst fyrir að það er hægt að gefa hv. þm. upplýsingar um það sem hann er að spyrja um ef hann óskar. En hann hefur gengið svo hart fram í því að mínu mati að hann leggur allt upp úr því að fá þennan langa lista með tvö þúsund og eitthvað bátum í sínar hendur og það sé aðalmálið. Ég get því miður ekki orðið við því. En við getum orðið við því að upplýsa hv. þm. um allt það sem skiptir máli, m.a. það sem hann sagði hér að hann vildi geta gert, þ.e. að fara ofan í einstök mál og athuga hvernig þessir útreikningar hafa átt sér stað. Þetta hefur hv. þm. verið boðið.

Út af því sem hann spurði um um Verðjöfnunarsjóð þá er það rétt hjá honum að greiðsla í Verðjöfnunarsjóð er reiknað út frá meðalhækkun á botnfiskafurðum. Þessar hækkanir geta verið misjafnar og þannig kann það að koma út með þeim hætti sem hann skýrði hér frá. Ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér það sérstaklega en ég vænti þess að hægt sé að koma upplýsingum til hv. þm. um það, enda er nægilegt fyrir hann að snúa sér til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og þess starfsmenn sem þar eru til að fá allar upplýsingar um það mál. Ef það nægir honum ekki skal ég reyna að koma því skriflega til hans.

EFRI DEILD

16. fundur, þriðjudaginn 4. des., að loknum fundi í Sþ.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 3. umr.

Frv. GHG o.fl., 50. mál. — Þskj. 50.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sementsverksmiðja ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 138. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 144.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins sem er á þskj. 144. Þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi og hlaut afgreiðslu í þessari hv. deild, Ed. Við þinglausnirnar á sl. vori var það til meðferðar og reyndar á lokastigi í iðnn. Nd., en hlaut þar ekki afgreiðslu vegna tímaskorts. Frv. er hér flutt eins og það var afgreitt frá hv. Ed. á síðasta þingi.

Tilgangurinn með frv. er, eins og kemur fram í heiti þess, að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar í hlutafélag. Frv. er að stofni til byggt á frv. sem samið hafði verið í iðnrn. á árinu 1987 en þó á þeim drögum gerðar nokkrar breytingar. Ég mun reyna að lýsa meginefni frv. í stuttu máli í sex liðum.

1. Lagt er til að sérstök matsnefnd meti eignir Sementsverksmiðjunnar og að þetta mat verði haft til hliðsjónar við ákvörðun fjárhæðar hlutafjár í hinu væntanlega félagi.

2. Lagt er til að stofnað verði hlutafélag um Sementsverksmiðjuna og að hlutverk félagsins verði gert nokkru víðtækara en Sementsverksmiðjunnar í gildandi lögum. Þá verði félaginu heimilað að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum með skýrum og ótvíræðum hætti.

3. Lagt er til að ekki verði heimilt að selja hlutabréfin í Sementsverksmiðjunni hf. nema samþykki Alþingis komi til með lagabreytingu.

4. Lagt er til að við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnar og að lögbundið samráð verði haft við Akraneskaupstað um málefni félagsins.

5. Lagt er til að skipuð verði sérstök undirbúningsnefnd til þess að undirbúa stofnun félagsins er yfirtaki rekstur verksmiðjunnar í ársbyrjun 1992.

6. Lagt er til að stofnfundur félagsins verði haldinn eigi síðar en 31. des. 1991 og hið nýja hlutafélag taki

við rekstrinum miðað við þau áramót.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að reisa hér á landi verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi sem sérstakt ríkisfyrirtæki. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan.

Alþingi kýs nú fimm menn í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára í senn. Iðnrh. skipar einn úr hópi stjórnarmanna sem formann.

Við umræður um þetta mál á síðasta þingi benti ég á nauðsyn þess að tryggja þyrfti betur tengsl starfsmanna og stjórnenda þar sem starfsmönnum væri gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri um aðbúnað og hagkvæmni í rekstri og fleira sem lýtur að daglegri starfsemi í verksmiðjunni. Þetta er gert í 6. gr. frv.

Í öðru lagi vék ég þá að því vegna þess hversu mikilvæg Sementsverksmiðjan er fyrir Akranes og grannbyggðirnar að nauðsynlegt væri að ræða stofnun félagsins ítarlega við fulltrúa bæjarins og kanna áhuga þeirra á einhvers konar lögbundnu sambandi eða samráði milli bæjarins og fyrirtækisins. Þessar viðræður fóru fram og reyndar er tryggt til frambúðar með tillögum í frv. við 7. gr. hvernig haga skuli slíku föstu, lögbundnu samráði.

Í þriðja lagi taldi ég hyggilegt að kveða skýrt á um það hvernig framkvæma skyldi matið á eignum verksmiðjunnar sem lagt yrði til grundvallar við stofnun félagsins og ákvörðun hlutafjár. Við mat á eigum Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg þegar henni var breytt í hlutafélag var farin sú leið að biðja yfirborgardómarann í Reykjavík að tilnefna oddamann í matsnefnd en Félag löggiltra endurskoðenda einn og Fjárlaga- og hagsýslustofnun annan. Þetta var framkvæmdarvaldsákvörðun til þess að tryggja að nefndin sem gerði matið hefði sem óháðasta stöðu þannig að ekki risu síðar deilur um það hvernig að matinu hefði verið staðið. Með þessi sjónarmið í huga tel ég nú hyggilegt að það sé tekið fram í lögunum hvernig standa skuli að matinu. Þetta er gert með tillögunni í b-lið 1. gr. frv. þar sem lagt er til að bæjarfógetinn á Akranesi skipi þriggja manna matsnefnd þar sem a.m.k. einn nefndarmanna sé löggiltur endurskoðandi. Með þessu á að vera tryggt að nefndin hafi óháða stöðu gagnvart því sem meta skal.

Í fjórða lagi taldi ég heppilegt að skipa undirbúningsnefnd til þess að undirbúa félagsstofnunina og annast nauðsynlega samningagerð fyrir hönd hins væntanlega félags og leggja drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

9. gr. í þessu frv. kveður á um undirbúningsnefndina og hennar verkefni. Þetta var gert með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga um að greiða verði helming hlutafjár við stofnun hlutafélagsins. Hlutafjárframlagið er hins vegar fyrst og fremst í formi eigna verksmiðjunnar og því eðlilegt að hlutafélagið verði stofnað samtímis því er yfirtakan á rekstrinum á sér stað.

Í fimmta lagi bendi ég svo á að í 8. gr. er kveðið skýrt á um það að ríkissjóður geti ekki boðið hlutabréfin í Sementsverksmiðjunni til sölu nema fyrir liggi samþykkt Alþingis með beinni breytingu á b-lið 1. gr. frv.

Ég vík svo nokkrum orðum að skattamálum fyrirtækisins. Í núgildandi lögum um Sementsverksmiðju ríkisins er kveðið á um skattagreiðslur verksmiðjunnar, en þau ákvæði mundu niður falla verði þetta frv. að lögum og þá mundi verksmiðjan greiða skatta eins og hvert annað hlutafélag í landinu. En verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta en er að öðru leyti undanþegin skattskyldu. Ef þetta frv. verður að lögum verður meginbreytingin á greiðslu skattanna sú að verksmiðjan mun eftirleiðis greiða aðstöðugjald, eignarskatt og væntanlega tekjuskatt eftir rekstrarafgangi. Ég get nefnt það hér að hlutdeild Akraneskaupstaðar í landsútsvari Sementsverksmiðjunnar miðað við skattárið 1989, rekstrarárið 1988, var 3,5 millj. kr. en alls greiddi þá verksmiðjan 14 millj. í landsútsvar. Hefði verksmiðjan greitt aðstöðugjald eftir þágildandi reglum mundu tekjur Akraneskaupstaðar hafa orðið um 7 millj. kr.

Við umræður um þetta mál hafa komið fram hugmyndir um það að eðlilegt geti talist að aðstöðugjöld eða hliðstæð gjöld af fyrirtækjum sem að öllu leyti eru í eigu ríkisins, landsfyrirtækjum, renni í sameiginlega sjóði, Jöfnunarsjóð eða Byggðasjóð, en ekki í sveitarsjóð heimasveitarfélags fyrirtækisins. Þessar hugmyndir tengjast að sjálfsögðu umræðunum um framtíð aðstöðugjaldsins í heild sem m.a. hefur verið hreyft í nýframkominni skýrslu um breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til þess að þessar umræður eigi að tefja þetta frv., svo þarfar sem þær eru í sjálfu sér. Þetta frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðjuna stendur fyrir sínu óháð þessum umræðum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu frv. Mér virðist það vera mikið framfaramál bæði fyrir verksmiðjuna sjálfa en ekki síður það byggðarlag þar sem hún er staðsett. Ég tel að forsendurnar sem í upphafi voru góðar og gildar fyrir því að reka fyrirtækið á ríkisins ábyrgð sem ríkisfyrirtæki séu nú ekki lengur til staðar og heppilegra sé í nútímanum að reka það með takmarkaðri ábyrgð hlutafélags. Sértilhögunin sem þá var ákveðin helgaðist fyrst og fremst af því að þá var um að ræða sannkallað stórfyrirtæki á íslenska vísu. Stofnun fyrirtækisins og rekstur hafði í upphafi í för með sér mjög miklar breytingar á atvinnuháttum á Akranesi. En nú er fyrirtækið svo sannarlega orðið að grónum borgara í byggðarlaginu og því eðlilegt að það taki þátt með öllum réttindum og skyldum venjulegs atvinnufyrirtækis í atvinnurekstri bæjarins eins og önnur atvinnufyrirtæki gera þar um slóðir.

Ég vil mælast til þess, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar deildar.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þegar frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins var hér til umfjöllunar á

síðasta þingi fjallaði ég lítillega um það og lýsti takmörkuðum áhuga á því. Skoðun mín er óbreytt gagnvart því frv. sem hér er til umræðu, enda rætt um sama frv. Ég tel að hér sé verið að leika sér að óþarfa hlutum, algjörlega ástæðulaust sé að breyta ríkisfyrirtækinu Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag.

Ef taka á mark á yfirlýsingum hæstv. iðnrh. og hv. 3. þm. Vesturl., stjórnarformanns Sementsverksmiðjunnar, við umræður á síðasta þingi um þetta frv., eða það frv. sem þá var lagt hér fram um að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag, um að öll hlutabréf verksmiðjunnar skuli vera og verði eign ríkissjóðs er breytingin ekki önnur en sú gagnvart rekstri og stjórn fyrirtækisins að stjórnarmenn verksmiðjunnar munu tilnefndir af einum ráðherra í staðinn fyrir að stjórnarmenn verksmiðjunnar hafa verið kjörnir af Alþingi. Þeir verða kosnir árlega eftir frv. eins og í hlutafélögum yfirleitt, ekki á fjögurra ára fresti eins og þegar stjórn er kjörin af Alþingi, þannig að þessi þáttur gerir stjórnsýslu verksmiðjunnar greinilega erfiðari en áður var. Það gætu orðið meiri mannaskipti í stjórn fyrirtækisins en ella. Það er því spurt: Er það ómaksins vert að vera með allan þennan málatilbúnað bara til að breyta því hvernig stjórn er valin í fyrirtækinu? Sumir trúa því ekki að svo sé jafnvel þótt ráðherra hafi gaman af því að puða í tilgangslitlum verkum. Hér hljóti eitthvað fleira að liggja að baki. Að því mun ég koma síðar.

Áður en lengra er haldið er kannski rétt að rifja upp sögu þessa málefnis um að breyta eignarformi Sementsverksmiðjunnar sem komið hefur til umfjöllunar sem frv. í fimm skipti hér á hv. Alþingi.

Það frv. sem hér er verið að fjalla um er, eins og þegar hefur komið fram, númer tvö í röðinni sem flutt er af hæstv. iðnrh. Fyrra frv. var samþykkt hér í hv. Ed. á síðasta þingi en hlaut þau örlög að fá ekki fullnaðarafgreiðslu fyrir þinglok í vor frá Nd. Þannig fór um sjóferð þá, eins og hæstv. iðnrh. lýsti hér í ræðu sinni.

Árið 1984, um haustið, flutti Sverrir Hermannsson, þáv. iðnrh. frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins og jafnframt að selja 20% af hlutabréfunum strax. Flestum kom þetta mjög á óvart því um vorið 1984 hafði Sverrir flutt frv. til breytingar á lögum verksmiðjunnar þar sem gert var ráð fyrir að hún yrði áfram ríkiseign.

Haustfrv. fékk mjög eindregna andstöðu. Iðnn. Ed. sendi frv. til umsagnar hjá mörgum stofnunum. Allir sem umsagnir gáfu mótmæltu því, enginn gaf því meðmæli. Áköfust voru mótmælin frá stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, Sambandi byggingarmanna og Starfsmannafélagi Sementsverksmiðjunnar.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins sendi mjög ítarlegt álit gegn frv. Það voru fjórir stjórnarmenn Sementsverksmiðjunnar sem stóðu að álitsgerð þar sem lagt var til að frv. yrði fellt, þeir Skúli Alexandersson, Daníel Ágústínusson, Sigurjón Hannesson og Friðjón Þórðarson, sá síðastnefndi með fyrirvara.

Fyrsti liður álitsgerðarinnar var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við teljum að sú breyting á eignarformi verksmiðjunnar sem frv. gerir ráð fyrir þurfi annaðhvort að byggjast á einhverjum vandkvæðum sem komið hafa upp í rekstrinum á liðnum árum eða að skilmerkileg rök séu fyrir því að breyting verksmiðjunnar í hlutafélag gefi betri rekstrargrundvöll. Hvorugt hefur átt sér stað. Í grg. með frv. felast engin rök fyrir umræddri breytingu og saga verksmiðjunnar í tæp 30 ár talar öll gegn henni."

Og álitsgerðinni lauk með þessum orðum: „Umrætt frv. er að okkar dómi algjör tímaskekkja. Við mælum því gegn frv. og teljum það ekki aðeins þarflaust heldur andstætt hagsmunum verksmiðjunnar og framtíðarhagsmunum hennar."

Þessi rök eru jafngild í dag og 1985. Þau eru jafngild sem rök gegn frv. hæstv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar sem hér er nú til umfjöllunar og frv. Sverris Hermannssonar haustið 1984 og veturinn 1985. Frv. Sverris Hermannssonar var fellt hér í hv. Ed. vorið 1985. Einn þingmaður Sjálfstfl. greiddi atkvæði gegn því og reið það baggamuninn.

Í byrjun árs 1988 semur Friðrik Sophusson frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Nú áttu öll hlutabréfin að vera eign ríkisins við stofnun hlutafélagsins.

Friðrik Sophusson sendi stjórn Sementsverksmiðju ríkisins frv. með bréfi dags. 29. mars 1988. Frv. var rætt á nokkrum fundum. Samþykkt var af meiri hluta stjórnarinnar ítarleg greinargerð gegn frv. á fundi 11. júlí 1988. Í greinargerð stjórnarinnar kemur fram að engin rök hafi verið sett fram fyrir því að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi. Hliðstætt frv. hafi verið fellt á Alþingi 1985. Frá þeim tíma hafi rekstur verksmiðjunnar síður en svo gefið tilefni til breytinga. Raunar hafi hann aldrei gengið betur og skilað mikilli og góðri framleiðslu. Í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta:

„Verksmiðjan hefur fyrir löngu skipað sér í fremstu röð sambærilegra fyrirtækja. Framleiðsla hennar nýtur hvarvetna mikils álits. Afköstin hafa aukist en rekstrarkostnaðurinn lækkað með árunum. Henni er vel stjórnað af áhugasömum og samhentum framkvæmdastjórum og hefur á að skipa þrautreyndu starfsliði með langan starfstíma. Við slíkar aðstæður er mikill ábyrgðarhluti að setja verksmiðjuna á verðbréfamarkað án minnsta rökstuðnings og gegn vilja allra þeirra sem best þekkja til reksturs hennar."

Þetta frv. Friðriks Sophussonar var ekki lagt fram hér á hv. Alþingi. Samstarfsflokkarnir, Alþfl. og Framsfl., voru þá ekki tilbúnir til að samþykkja það að búa til hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins. Friðrik Sophusson bætti svo um betur 1988 og 1989 og flutti þá sem þingmaður frv. um að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag. Þau frv. döguðu uppi bæði tvö hér á hv. Alþingi.

Það frv. sem hér er til umræðu er mjög í sama farvegi og frv. Friðriks og Sverris. Hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson hefur heldur ekki farið í neina launkofa með það að skoðanir hans og þeirra fyrirrennara hans í iðnrn., Sverris Hermannssonar og Friðriks Sophusson-

ar, eru mjög svipaðar hvað varðar eignarhald fyrirtækja. Í Morgunblaðinu 10. apríl sl. birtist t.d. grein eftir hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson þar sem hann fjallar um hlutabréfamarkað og eiginfjármyndun í atvinnurekstri. Þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta, þar sem ráðherra hefur talið upp nokkra möguleika:

„Í fjórða lagi þarf að fjölga almenningshlutafélögum sem geta tekið þátt í að mynda hlutabréfamarkað hér á landi. Hér getur ríkisvaldið gegnt mikilvægu hlutverki með því að breyta ríkisfyrirtækjum og stofnunum í hlutafélög þar sem aðstæður leyfa. Einkum væri hér um að ræða atvinnufyrirtæki sem starfa við skilyrði samkeppni á innlendum markaði eða búa við samkeppni frá innflutningi. Þess þarf auðvitað að gæta að afhenda ekki einokunaraðstöðu til einkaaðila nema tryggilega sé búið um eftirlit með starfseminni. Þótt ríkissjóður hefði í fyrstu eignarhald á öllum hlutabréfum í slíkum hlutafélögum gæti hann smám saman selt hlutabréf sín eftir nánari heimildum frá Alþingi. Einnig má hugsa sér að eignarhlutur ríkisins verði minnkaður smátt og smátt eftir því sem ný hlutabréf eru gefin út og seld á hlutabréfamarkaði í því skyni að afla fyrirtækjunum aukins eignarfjár, m.a. til þess að standa undir arðbærum nýframkvæmdum. Af fyrirtækjum sem koma til greina í þessu sambandi má nefna“ — hv. þm., takið þið nú eftir — „ríkisbankana tvo, Landsbanka og Búnaðarbanka, Áburðarverksmiðju og Rafmagnsveitur ríkisins.“

Svo mörg voru þau orð. Frá Friðriki Sophussyni heyrðist líka á síðum Morgunblaðsins. Hinn 22. des. 1987 var frétt af stofnfundi Fjárfestingarfélagsins Draupnis. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Friðrik Sophusson iðnrh. fagnaði því framtaki sem stofnun þessa félags væri fyrir atvinnulífið. Hann minnti á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar væri gert ráð fyrir því að vinna að sölu á ríkisfyrirtækjum. Hann kvað hins vegar ljóst að í ýmsum tilfellum yrði erfitt að koma slíkri sölu í kring nema með því að breyta viðkomandi fyrirtækjum í hlutafélög, jafnvel þótt sérstök löggjöf þyrfti að koma til þar sem allir hlutir í viðkomandi fyrirtæki yrðu í eigu ríkisins í byrjun. Á eftir mætti hins vegar selja hlut í þessum fyrirtækjum með eðlilegum hætti á hlutabréfamarkaði og kvaðst hann telja félag á borð við Fjárfestingarfélagið Draupni geta orðið mikilvægan þátt í þessari viðleitni ríkisstjórnarinnar.“

Herra forseti. Þessar tilvitnanir í orð þessara tveggja áhugamanna um að breyta ýmsum ríkisfyrirtækjum í hlutafélög segja skýrt og skorinort að framtíðarsýnin sé sú að færa einkaaðilum t.d. Sementsverksmiðjuna til eignar. Þótt í fyrstu séu ákvæði um að öll hlutabréf skuli vera í eigu ríkisins, eins og í því frv. sem við fjöllum um hér um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, þá er leiðin mörkuð í huga núverandi hæstv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar með orðum hans sjálfs: „Þótt ríkissjóður hefði í fyrstu eignarhald á öllum hlutabréfum“ — hv. þm., takið eftir: eignarhald á öllum hlutabréfum, eins og lagt er til í þessu frv. — „gæti hann smám saman selt hlutabréf sín eftir nánari heimildum frá Alþingi.“ Þetta segir hæstv. iðnrh.

Og hv. þm. Friðrik Sophusson, fyrrv. iðnrh., segir næstum alveg það sama. Það er þetta, með leyfi forseta: „... jafnvel þótt sérstök löggjöf þyrfti að koma til þar sem allir hlutir í viðkomandi fyrirtæki yrðu í eigu ríkisins í byrjun. Á eftir mætti hins vegar selja hlut í þessum fyrirtækjum með eðlilegum hætti á hlutabréfamarkaði.“ Það er greinilegt að hverju á að stefna. Markmiðið er að einkaaðilar eignist Sementsverksmiðjuna þótt á því verði einhver bið vegna andstöðu almennings gegn slíkri eignatilfærslu. Ef litið er til þess tíma þegar verið var að berjast fyrir því að stofnsett yrði sementsverksmiðja hér á landi tel ég að aldrei hafi komið í umræðuna að annar eigandi yrði að þeirri verksmiðju en ríkið. Það var jafnmikill einstaklingshyggjumaður og fyrrv. þm. Pétur Ottesen sem stóð fremstur þar í flokki að byggja upp ríkisfyrirtækið Sementsverksmiðju ríkisins. Það er nokkurn veginn víst, og það mun Pétur Ottesen hafa vitað, að verksmiðja sú sem nú er og hefur verið á Akranesi hefði aldrei verið byggð ef hún hefði ekki verið ríkisfyrirtæki og undirbyggð á þann máta sem Pétur Ottesen og fleiri lögðu til.

Það er einnig svo að ef þetta hefði ekki verið ríkisfyrirtæki, ef þeir möguleikar hefðu verið fyrir hendi að einstaklingar hefðu getað byggt fyrirtæki eins og Sementsverksmiðju ríkisins á þessum árum, þá eru engar líkur fyrir því að sú verksmiðja hefði verið byggð á Akranesi. Hún hefði að öllum líkindum verið í Reykjavík. Verksmiðjan var byggð sem ríkisverksmiðja og menn töldu það sjálfsagt vegna þess að þetta var og er einokunarfyrirtæki, fyrirtæki sem átti og á að sinna næstum öllum þörfum okkar fyrir sement og hefur gert það síðan það hóf rekstur og gert það með miklum sóma. Þegar hefur átt að halda verðlagi í skefjum, andæfa gegn því að verðlag hækkaði í landinu, hefur því verið beitt að láta Sementsverksmiðju ríkisins halda niðri verði á sementi og það komu fyrir á stundum ákveðin tímabil að þessi tilhneiging ríkisvaldsins varð til þess að verksmiðjan var rekin með nokkrum halla og var í erfiðleikum með rekstur sinn. Þrátt fyrir að þetta hafi gerst oftar en skyldi stendur Sementsverksmiðja ríkisins mjög vel nú og hefur á undanförnum árum, að undanteknu árinu 1989, og trúlega verður svipað í ár, verið rekin með góðum tekjuafgangi, styrkt eiginfjárstöðu sína eða höfuðstól ár frá ári. Á sama tíma hefur þessi verksmiðja verið að endurbyggja sig og í dag má segja að Sementsverksmiðja ríkisins sé að meginhluta til nýtt fyrirtæki að flestum tækjum og búnaði.

Sementsverksmiðja ríkisins hefur starfað í 32 ár og verið í eigu ríkisins frá upphafi, enda eðlilegt miðað við stærð hennar og þjónustuhlutverk. Þrátt fyrir ýmis vandamál á fyrri árum hefur verksmiðjan sl. 10–15 ár komist á lygnan sjó og sannað ágæti sitt svo að ekki verður um deilt. Svo vel hefur henni tekist að bæta framleiðslu sína að hún stenst samanburð við sement frá flestum löndum í Evrópu. Verðið er einnig svo hagstætt að enginn hefur séð sér hag í því að hefja innflutning á sementi. Það er þó öllum frjálst.

Fjárhagslega stendur verksmiðjan nú vel að vígi.

Hefur hún hin síðustu ár getað lækkað skuldir sínar verulega, aukið höfuðstólinn og bætt rekstrarfjárstöðuna. Á tímum hárra vaxta hefur þetta skipt sköpum fyrir afkomuna. Jafnframt hafa miklar tæknilegar endurbætur verið gerðar á verksmiðjunni sem létta störfin og auka hagkvæmni í rekstrinum. Þar ber hæst er kolabrennsla var tekin upp í stað olíu sem skipt hefur sköpum fyrir afkomu verksmiðjunnar. Þá hefur verið lagt í nokkurn kostnað vegna vöruþróunar sem ætlar að gefa góða raun. Það skiptir miklu máli að verksmiðjan sé rekin með hagsmuni allrar þjóðarinnar fyrir augum en ekki samkvæmt sjónarmiðum fjármagnseigenda. Það verður ekki betur tryggt en með eign og umráðum ríkisins. Margir iðnrekendur hafa á undanförnum árum lagt niður hluta af fyrirtækjum sínum og sumir hætt öllum rekstri. Ýmsir hafa svo aftur á móti hafið innflutning á því sem þeir framleiddu áður og hagnast vel. Sementsverksmiðja ríkisins gæti auðveldlega hafið þennan leik með góðum árangri. Það mundi hún hins vegar aldrei gera meðan Alþingi kýs stjórn hennar sem ber skylda til að taka hagsmuni þjóðarinnar fram yfir einkagróða. Fyrir starfsmenn verksmiðjunnar skiptir stöðugleiki og atvinnuöryggi ákaflega miklu máli. Það eru því engar sérstakar ástæður sem liggja fyrir því að fara að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag. Það er engin þörf á að leita að nýju fjármagni til þessa fyrirtækis frá einhverjum einkaaðilum. Allir hlutir í kringum þetta fyrirtæki núna eru á þann veg að þar er flest — ég vil segja allt, í góðu gengi. Hugmyndir um að fara að breyta þar stjórnarfyrirkomulagi eða einhverju rekstrarfyrirkomulagi eru því algerlega ástæðulausar.

Í tengslum við þessa breytingu á eignarforræði þessarar verksmiðju ríkisins hafa verið umræður um það og út frá því gengið að verksmiðjan hætti að greiða landsútsvar, svo sem kom fram í ræðu hæstv. iðnrh. hér. Í staðinn fyrir að verksmiðjan greiði landsútsvar og gjöld samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga er nú talið að með þessari breytingu fari verksmiðjan að greiða aðstöðugjald til Akraneskaupstaðar.

Ég tel að hér sé um mjög vafasama aðgerð að ræða. Á undanförnum árum hefur sú umræða verið alláleitin og ég held að ég geti svo gott sem fullyrt það að flestir landsbyggðarmenn hafi talið það nauðsynlegt og kom reyndar fram í ræðu hæstv. iðnrh. að um það væri rætt að sem flest stórfyrirtæki sem þjóna öllu landinu greiddu landsútsvar til Jöfnunarsjóðs eða í einhvern sameiginlegan sjóð landsmanna. Við höfum reyndar heyrt þá umræðu að ýmis ríkisfyrirtæki sem eru undanþegin aðstöðugjaldsskyldu t.d. til Reykjavíkur, þar vil ég nefna Ríkisútvarpið, sjónvarpið, að borgarsjóður Reykjavíkur hafi mikinn áhuga fyrir því að fá aðstöðugjald af þessum fyrirtækjum. Þessi fyrirtæki hafa ekki greitt landsútsvar. Það eru önnur fyrirtæki, Áburðarverksmiðja ríkisins, olíufélög og fleiri stórfyrirtæki sem greiða landsútsvar.

Ef horfið verður frá því að telja æskilegt að einokunarfyrirtæki og fyrirtæki sem sinna að meginhluta til eða að öllu leyti þjónustu við landið allt greiði landsútsvar skerðast tekjumöguleikar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Þá er verið að hverfa frá grundvallaratriði sem tekjustofnalögin sem við samþykktum á síðasta ári voru byggð á.

Þessi þáttur tel ég að sé mjög alvarlegur og að menn geri sér ekki grein fyrir því hvað þeir eru að gera þegar lagt er til að með samþykkt þessara laga verði breyting á. Til viðbótar við það sem kom fram í ræðu hæstv. iðnrh. áðan að nú væri rætt um það að leggja jafnvel aðstöðugjald niður sem tekjustofn sveitarfélaga og ef það bætist ofan á það sem er verið að benda á, þá er hér um mjög vafasama breytingu að ræða, ekki aðeins fyrir Akranesbæ heldur fyrir landið allt og tekjumöguleika Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í umræðum á Akranesi hefur mjög verið haldið á lofti þeirri tekjuaukningu sem Akranesbær fengi með því að fá aðstöðugjald af verksmiðjunni. Eftir því sem ég kemst næst er þetta upphæð sem fer varla mikið yfir 4 millj. kr. Það er mismunur þess sem bærinn fær nú þegar beint af landsútsvarinu og í gegnum Jöfnunarsjóð og þess aðstöðugjalds sem verksmiðjan kemur til með að greiða ef þessi breyting yrði á. Jafnvel yrði þetta ekki svo há upphæð sem ég nefndi eftir þeim upplýsingum sem hæstv. iðnrh. gaf áðan, að það mundu verða um 7 millj. kr. sem Akranesbær fengi í tekjur af aðstöðugjaldi en hluti Akranesbæjar af landsútsvari var 3,5 millj. kr. Svo fær Akranesbær vitaskuld óbeint hluta af landsútsvarinu í gegnum Jöfnunarsjóð eftir einhverjum öðrum leiðum.

Nú er rætt um að afnema aðstöðugjald sem tekjustofn sveitarfélaga og allt virðist stefna í þá átt að svo verði innan tíðar. Fyrir Akraneskaupstað yrði það tvöfaldur skaði eftir að búið væri að breyta skattskyldu Sementsverksmiðjunnar svo sem um er talað í frv., bæjarsjóður fengi ekkert aðstöðugjald og hefði tapað sínum hluta af landsútsvari verksmiðjunnar. Flestöll bæjarfélög óska eftir þessu og þykir mjög varið í að fá fyrirtæki eins og Sementsverksmiðju ríkisins til þess að starfa innan sinna marka. Vitaskuld var það sem Pétur Ottesen barðist fyrir, þegar hann kom því til leiðar ásamt fleiri góðum mönnum að Sementsverksmiðja ríkisins yrði byggð á Akranesi, að hún yrði styrk stoð undir byggð á Akranesi. Hún hefur verið það og er það.

Við stofnun Sementsverksmiðjunnar voru strax gerðir sérstakir samningar við Akranesbæ, við vatnsveitu bæjarins, þar sem verksmiðjan tók að sér ákveðinn hluta af rekstri vatnsveitunnar vegna þess að þegar verksmiðjan var byggð þurfti að styrkja vatnsveituna til þess að afla þess vatnsmagns sem verksmiðjan þarfnaðist. Í öðru lagi var verksmiðjan toppstöð fyrir Rafveitu Akraness. Í hvert skipti sem rafmagnseyðslan hjá Rafveitu Akraness nálgaðist það hámark sem samið hefur verið um við Landsvirkjun og að því stefnir að farið verði yfir þann topp, þá slær Sementsverksmiðja ríkisins út vélum eða tækjum þannig að það er komist hjá því að kaupa á sérstökum álagstímum háan topp af Landsvirkjun fyrir Rafveitu Akraness. Þarna er um ómældar fjárhæðir að ræða sem Rafveita Akraness hefur sparað vegna þessara viðskipta við Sementsverksmiðju ríkisins. Það segir enginn að svona verði samið

áfram ef verksmiðjan verður gerð að hlutafélagi. En á meðan fyrirtækið verður allt í höndum ríkisins óttast ég ekki að þar verði á nokkrar breytingar.

En því miður, bak við þessa breytingu liggur sú tilætlun, eins og ég hef bent á, að aðrir aðilar en ríkið komi til með að verða eigendur að þessu fyrirtæki. Jafnvel þótt hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason hafi lýst því yfir á síðasta þingi að það sé stefna hans eða stefna Alþfl. að hlutabréf í Sementsverksmiðju ríkisins verði aldrei seld einkaaðilum. Þetta er góð yfirlýsing og styrkir vitaskuld þá stefnu að halda verksmiðjunni sem lengst í eigu ríkisins. En með því að breyta í þetta eignarform sem hér er lagt til er verið að gefa undir fótinn með eignarhlut annarra. Segjum að Steypustöðin hf., BM Vallá, Hagvirki, ég vil nú ekki nefna það fyrirtæki sem við viljum ekki tala um að hafi verið í hópi steypustöðva hér í umhverfinu — eignuðust hlut í verksmiðju ríkisins, kannski Sementsverksmiðjunni hf., jafnvel meiri hluta. Eru þá líkur fyrir öðru en að fljótlega mundi yfirstjórn verksmiðjunnar — ég vona reyndar að það verði ekki í tíð þeirra ágætu forstjóra sem nú eru hjá verksmiðjunni, Gylfa Þórðarsonar og Guðmundar Guðmundssonar — verða flutt yfir Hvalfjörðinn til Reykjavíkur? Það er mjög auðvelt að gera það og gefur auga leið að um leið og einhverjir hagsmunaaðilar, fjármagnseigendur, gerast eigendur að verksmiðjunni muni þeir seilast til meiri áhrifa. Þetta er einfaldasti og augljósasti þátturinn sem mundi
gerast. Herra forseti. Ég mun ekki nú gera grein fyrir líklegri þróun mála í rekstri Sementsverksmiðjunnar ef svo færi að einkaaðilar eignuðust hana. Ég mun ekki heldur fjalla sérstaklega um greinar þess frv. sem við erum að fjalla um hér, ég læt það bíða 2. umr. um málið. Eitt skal þó nefnt. Samstarf verksmiðjunnar og Akranesbæjar og íbúa Akraness mun breytast. Afstaða ríkisins verður alltaf önnur til félagslegs samstarfs en einkaaðila.

Þessu frv. verður að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. Ýmsar forsendur hafa breyst frá því að um þetta mál var fjallað á sl. vori. M.a. eru nú komnir aðrir fulltrúar í bæjarstjórn Akraness eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Það er því nauðsynlegt að frv. verði á ný sent til umsagnar. Ég treysti því að svo verði gert.

Og í lokin þetta: Meðstjórnarmaður minn í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, Daníel Ágústínusson, sendi mér tíu atriði á blaði og nefnir þau Nokkur minnisatriði um Sementsverksmiðju ríkisins í tilefni af frv. Jóns Sigurðssonar iðnrh. Staðreyndir um rekstur inn í 32 ár, kallar hann hana. Ég tek undir öll þessi tíu atriði Daníels og vil gera orð hans að mínum. Þessi tíu atriði eru svohljóðandi, með leyfi forseta. (**Gripið fram í:** Þú verður að gefa framsóknarmönnum afrit af þessu.) Ég mun gefa bæði framsóknarmönnum og Framsfl. og Sjálfstfl. afrit af þessu ef þeir óska, enda munu sjálfsagt flestir þingmenn geta fengið ef þeir óska afrit af ræðu minni allri. Það mundi ég nú mælast til að sem flestir gerðu.

1. Sementsverksmiðja ríkisins hefur verið einn traustasti hlekkurinn í atvinnulífi Akraneskaupstaðar frá stofnun hennar 1958. Þar hafa að jafnaði starfað um 130 menn og tekjur þeirra verið með þeim hærri í bænum.

2. Í árslok 1989 var eigið fé verksmiðjunnar 670 millj. kr. og langtímaskuldir 208 millj. kr. Verksmiðjan er byggð fyrir lán sem hún hefur sjálf staðið undir.

3. Á starfstíma sínum hefur verksmiðjan skapað ríkissjóði dýrmæta eign sem nam um sl. áramót um 462 millj. kr. nettó. Hún hefur aldrei á starfstíma sínum verið baggi á ríkissjóði sem frá upphafi hefur aðeins lagt henni til 122 þús. kr.

4. Á sl. tíu árum hefur markvisst verið unnið að umfangsmiklum endurbótum á verksmiðjunni, eins og mengunarvörnum, tölvustýringu og annarri sjálfvirkni, kolakynding tekin upp í stað olíu, nýjum byggingum og margt fleira. (**Viðskrh.:** Það er erfitt að hlýða boðorðunum ef maður getur ekki lesið þau.) Það getur nú líka farið að því, hæstv. ráðherra, að maður fari í það að læra þetta utan að og þú þurfir bara ekkert að lesa þetta því að það er nú best með boðorðin. Og ég mundi nú mælast til þess að að þingmenn tækju sig til og lærðu þessa punkta Daníels Ágústínussonar og mundu hafa gott af. — Reksturinn hefur almennt verið færður í mjög nýtískulegt horf og er verksmiðjan þægilegri og vistlegri vinnustaður en áður. Þetta hefur kostað hundruð milljóna sem verksmiðjan hefur sjálft lagt fram af tekjuafgangi sínum og með lántökum án minnstu aðstoðar ríkisins. Framkvæmdir þessar hafa þegar skilað umtalsverðum árangri og eiga eftir að gera það á næstu árum í mun betri rekstursaðstöðu.

5. Framleiðsla verksmiðjunnar hefur alltaf verið háð opinberum verðlagsákvæðum og oft skammtað naumt þegar baráttan við verðbólguna var annars vegar. Sl. 15 ár hefur innflutningur á sementi verið frjáls en enginn farið út í þá samkeppni við verksmiðjuna þótt viljann hafi ekki skort hjá ýmsum. Verksmiðjan hefur þannig staðist samkeppni við erlenda framleiðslu.

6. Um 1980 var hafin blöndun úrgangsefna frá Grundartanga í sementið sem útiloka alkalívirkni í steypunni. Um ágæti framleiðslunnar þarf því ekki að efast lengur.

7. Verksmiðjan hefur frá upphafi verið rekin af ríkinu með stjórn sem kjörin er til fjögurra ára af Alþingi. Þar hafa allir helstu flokkar þingsins átt fulltrúa. Reynslan af þessu rekstrarformi er góð, þar hefur verið gagnkvæmt eftirlit.

8. Verksmiðjan hefur verið þátttakandi í öðrum félögum sem henni eru skyld. Skal þar sérstaklega bent á Sérsteypuna sf. sem er þróunar- og tilraunafélag sem vinnur vörur úr framleiðslu verksmiðjunnar.

9. Rekstrarhorfur verksmiðjunnar nú eru góðar svo framarlega að markaðurinn verði með svipuðum hætti og sl. áratug og verðlagning framleiðslunnar gerð með eðlilegum hætti.

10. Árin 1986–1988 var hreinn hagnaður verksmiðjunnar 128 millj. kr. Hagur hennar batnaði því mjög þessi þrjú ár. Hins vegar var nokkur halli sl. ár sem

m.a. stafaði af því að salan féll niður um rúm 14 þús. tonn. Slíkt ætti ekki að vera varanlegt komist efnahagsmálin í eðlilegt horf.

Framangreind tíu atriði ættu að varpa ljósi á þá staðreynd að Sementsverksmiðja ríkisins hefur í 32 ár gegnt mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu og rekstrarform hennar hefur gefist vel. Staða verksmiðjunnar hefur aldrei verið betri en nú.

Herra forseti. Ég vil ekki við 1. umr. þessa máls leggja til að frv. verði fellt. Sjálfsagt er að skoða það í nefnd og senda það til umsagnar. Ég vænti þess hins vegar að þingmenn átti sig á því að þetta frv. er án merkjanlegs tilgangs ef aðeins er verið að breyta aðferð við stjórnarkosningar í fyrirtækinu með því að samþykkja það. Ef samþykkt frv. á aftur á móti að leiða til þess að hugmyndir þeirra hæstv. iðnrh. og hv. þm. Friðriks Sophussonar, sem ég nefndi hér fyrr í ræðu minni, um að breytingin í hlutafélag væri aðeins nauðsynlegur áfangi á þeirri leið að koma Sementsverksmiðju ríkisins í hendur einkaaðila, og því miður óttast ég að sú sé meiningin með þessu frv., þá er nauðsynlegt að stöðva það með einhverjum ráðum, láta það daga uppi í nefnd eða fella það hér í hv. deild við síðari umræðu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla nú að leyfa mér að fagna þessu frv. þótt heldur lítilfjörlegt sé miðað við t.d. frv. það sem hv. síðasti ræðumaður gat um að Sverrir Hermannsson hefði flutt hér á sínum tíma, 1984 og frv. sem Friðrik Sophusson var með í þinginu, til athugunar alla vega, 1988 hygg ég að það hafi verið, þegar hann var iðnrh. En þetta frv. er þó betra en ekkert og ég tel sjálfsagt að hraða því í gegnum þessa hv. deild þar sem það var skoðað hér í fyrra og afgreitt frá deildinni. En gjarnan mætti koma því í svolítið nýtískulegra horf. Ég hefði ekkert á móti því.

Án þess að ég ætli beinlínis að fara að deila við hv. þm. Skúla Alexandersson, þá kemst ég ekki hjá því að vekja athygli hans á því að ræða hans er ansi gömul. Hún hlýtur að vera 20–30 ára gömul. Það vita allir menn það núna hvar sem er á hnettinum að ríkisrekstur hefur ekki gefist vel og ekki skilað af sér mikilli auðlegð. (**SkA:** Fyrir þá sem búa á Akranesi og vinna í Sementsverksmiðju ríkisins.) Það er þá eina dæmið líklega í veraldarsögunni nú orðið. Það er sama hvaða ríki er og hvaða stjórnmálaafl hefur verið. Það eru allir að breyta yfir í einkarekstur og frjálsræði í atvinnumálum en ekki í einokun ríkisins. En þetta hef ég svo lengi rætt um og hv. þm. Skúli Alexandersson ekki verið sammála mér, en ég hélt að hann væri kannski orðinn það núna því að margir t.d. í Austur-Evrópu sem voru með þjóðnýtingu að sjálfsögðu hafa horfið frá henni. Ég held að hv. þm. sé ekki mikið hrifinn af þjóðnýtingu almennt þó að honum þyki vænt um þetta ákveðna fyrirtæki og ég skal leyfa honum það. En þeir eru auðvitað allir búnir að sjá það að það er ekki leiðin til velfarnaðar og þess vegna er verið að breyta til.

Að því er Pétur Ottesen varðar þá vitum við það öll hér að framsýnni og framgjarnari maður fyrir hönd þjóðar sinnar en Pétur Ottesen var varla til. Það var sama hvort það var í hafréttarmálum eða atvinnumálum. En hann hafði það auðvitað fyrir sið að reyna að koma málum í gegn á þann hátt sem unnt var að koma þeim í gegn miðað við aðstæður þess tíma. Og það var ekki um annað að ræða í þessu þjóðfélagi þegar Sementsverksmiðjan var byggð en annaðhvort ríkisrekstur eða þá einhvers konar samvinnubákn. Auðvitað vildi Pétur Ottesen, eins og allir vita sem hér eru inni og þekkja eitthvað til þingsögunnar, ætíð koma málum fram og þá tók hann þennan kostinn. Og að sjálfsögðu vildi hann gjarnan hafa verksmiðjuna á Akranesi. Hún lá líka beint við t.d. öflun hráefnis í flóanum svo að það var ekkert óeðlilegt. Ég hugsa að einstaklingar hefðu kannski gert þetta líka. En að því er Pétur Ottesen varðar, og dái ég hann nákvæmlega jafnmikið og hv. þm. Skúli gerir áreiðanlega, studdi hann t.d. samvinnurekstur þar sem það átti við. Hann var einn mesti hvatamaður þess að útlendingar reistu álverksmiðjuna í Straumsvík, geysilegur hugsjónamaður. Ég get ekki komist hjá því að rifja það upp að þegar ég var ungur, nýorðinn ritstjóri Morgunblaðsins, þá vildi svo til að ég skrifaði leiðara og gagnrýndi það að bændur væru að byggja stærðar hótel. Þeir ættu að lækka vöruverð eða þá að einhverjir aðrir byggðu þetta.

Þá höfðu þingmenn ekki nein herbergi hér í þinghúsinu eða í nágrenni og Pétur Ottesen, sem var einhver mesti Morgunblaðsmaður sem til var, hafði gjarnan aðsetur í prófarkalestursherberginu. Þar rakst hann á leiðara þar sem ég var að gagnrýna þetta fyrirkomulag og var óskaplega reiður og talaði ekki við okkur Morgunblaðsmenn í viku eða lengur en síðan gleymdi hann því öllu saman. En auðvitað sá hann þá líka að það voru ekki aðrir en einhvers konar samtök sem höfðu mátt til að byggja þetta stóra hótel. Hann byggði það í Reykjavík, því þar var það best komið. Það var hans mál, einlægt hugsjónamál að koma hótelum á stofn á Íslandi alveg eins og hann vildi koma upp stóriðju, ekki bara sementsverksmiðju heldur líka álverksmiðju. Hann var framsækinn á sviði sjávarútvegsmála og einhver mesti hvatamaður okkar aðgerða í hafréttarmálum og væri það áreiðanlega enn ef hans nyti við svo að við þurfum ekkert um það að deila.

Hitt deila menn um, og það er ekkert nema gott um það að segja, hvaða rekstrarform henti nútímanum. Það eru held ég allir flokkar svo til í hinum vestræna heimi stuðningsmenn einkaframtaks í einhverju formi. Ég hef sérstaklega talað um almenningshlutafélög, að reyna að dreifa þjóðarauðnum sem mest meðal almennings þar sem flestir borgaranna séu eigendur atvinnufyrirtækjanna. Og ég held að sú stefna sé ríkjandi í öllum íslenskum stjórnmálaflokkum meira og minna, sem betur fer. Menn skilja þetta. Það var t.d. núna fyrir nokkru ráðstefna um hlutabréfamarkað sem hefur þróast með ótrúlegum hraða, mikil ráðstefna í Holiday Inn í heilan dag, einmitt þennan merka dag sem Sjálfstfl. var að fjalla um annað mál hér (Gripið fram í.) og ég var einmitt þar þegar sú umfjöllun fór fram eins og frægt er orðið. En sleppum því. Ég veit að Skúli Alexand-

ersson hefur gaman af svona svolitlu innskoti þegar menn þykjast vera að rífast. (**Viðskrh.:** Er það ekki að verða útrætt mál í flokkunum?) Nei, við skulum ekki vera allt of alvörugefin alltaf.

Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og ég mun taka þátt í því að athuga hvort hægt er að fá því breytt þannig að fljótlega eða jafnvel strax við stofnun félagsins yrði látið reyna á það hvort almenningur mundi ekki vilja taka þátt í því. Ég er ekki að tala um meirihlutaeign eða neitt slíkt. Þýska undrið gerðist með þeim hætti, svo að nefnt sé dæmi, að fyrirtæki eins og Volkswagen-verksmiðjurnar voru gerð að almenningshlutafélögum, þýski stálhringurinn gerður að almenningshlutafélagi, seldir bankar o.s.frv. Þannig gerðist þýska undrið og hið sama gerðist í japanska undrinu að þar voru almenningi fengin í hendur eignarráð að svo og svo miklum hluta atvinnuveganna. Þetta er allt að rætast og ég held að hæstv. iðnrh. þurfi ekkert að skammast sín fyrir það að fylgja þessari stefnu. Ég veit ekki betur en að allir jafnaðarmannaflokkar aðhylllist þá stefnu sem þeir voru eindregnir andstæðingar á þeim tíma sem við erum að ræða um, þ.e. fljótlega eftir stríðið þegar þýska undrið byrjaði og Erhardt stóð fyrir því. Þá voru kratarnir andstæðingar þeirrar stefnu en þeir snerust mjög fljótt á sveif með öðrum lýðræðissinnuðum flokkum og tóku undir það að almenningur ætti að eiga sem mest í atvinnuvegunum.

Þetta er þess vegna stefna flestra flokka í hinum vestræna heimi og við erum langt, langt á eftir, áratugi á eftir öðrum þjóðum. Það er ein af ástæðunum fyrir þessari heimatilbúnu kreppu sem ég hef nefnt svo. Hún er ekki bara óstjórnin og ofstjórnin. Hún er sú að við höfum ekki lært að fylgjast með tímans rás og hafa frjálsa atvinnuvegi. Raunar eru hlutafélögin ekkert ný af nálinni. Þau eru 200–300 ára gömul. Á Íslandi voru aðalaframfarirnar í byrjun aldarinnar annaðhvort í formi hlutafélaga eins og Eimskipafélagsins og margra annarra stórra hlutafélaga og svo samvinnufélaga. Þetta helst í hendur. Þá áttu einstaklingar að vísu litla peninga en nærri því hver maður varð hluthafi í Eimskipafélaginu og það var kannski eitt merkasta dæmi um almenningshlutafélag, alla vega sem ég þekki. Ég hef lesið mér þó nokkuð til um hlutafélagarétt og sögu hlutafélaganna. Eitt merkasta dæmið um almenningshlutafélag sem þekktist, enn þá merkara en Volkswagen vegna þess að dreifing atkvæðisréttar var mjög mikil í Eimskipafélaginu og fullkomlega rétt að farið í upphafi. Og það veit ég að hv. þm. Skúli Alexandersson vill að valdinu í þjóðfélaginu sé dreift og þá ekki síst hinu efnahagslega valdi þannig að við þurfum ekkert um það að deila.

En ég endurtek, að ég mun að sjálfsögðu greiða fyrir því að þetta frv. fái sem greiðastan aðgang í gegnum þessa hv. deild, en vildi gjarnan að því væri breytt, t.d. í það form sem var á frv. Sverris Hermannssonar á sínum tíma, að almenningur fengi þar strax aðgang að einhverjum hluta félagsins, t.d. 55% eins og þá var talað um eða bara 40–50% svo ríkið gæti í fyrsta umgangi haft yfirráðin ef það vildi beita þeim. Þannig var það raunar í Volkswagen-verksmiðjunum þýsku t.d. að fylkin í Þýskalandi sem áttu þarna hlutabréf og ríkisvaldið hafði meirihlutavald fyrst í stað. En eftirsóknin eftir bréfunum var svo mikil að ríkið losaði sig mjög fljótt við þau og þetta var þá orðið allsherjar almenningshlutafélag. Eins var með þýska stálhringinn. Og af því lærðu menn að versla með hlutabréf og taka þátt í atvinnuuppbyggingu síns ríkis og það var liður í þýska undrinu. Það er kominn tími til þess að íslenska undrið gerist.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér um almenningshlutafélög sem hann fór fögrum orðum um. Auðvitað vitum við það jafn vel, við báðir og allir sem hér eru inni, að raunveruleg almenningshlutafélög eru ekki til hér á Íslandi. Þótt almenningur hafi vissulega keypt hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands á sínum tíma og í Flugleiðum, Loftleiðum og Flugfélagi Íslands á sínum tíma, þá vitum við hv. 8. þm. Reykv. það jafn vel að það eru örfáir og mjög stórir aðilar sem stjórna þessum fyrirtækjum. Og raunar á Eimskipafélag Íslands orðið mjög verulegan og kannski allt of stóran hluta í Flugleiðum. Þannig að ég held að við eigum að kalla hlutina réttum nöfnum. Almenningshlutafélög eru vissulega æskilegt fyrirbæri en það verða þá að vera raunveruleg almenningshlutafélög. Þessi ágætu fyrirtæki og um margt vel reknu og myndarlegu standa því miður ekki alveg undir því nafni. Um það hygg ég að við séum alveg sammála.

Herra forseti. Varðandi það frv. sem hér er til umræðu hefur hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson flutt langa, ítarlega og yfirgripsmikla ræðu um málið, komið víða við og haft söguna að leiðarljósi. Það er áreiðanlega rétt sem hér hefur fram komið að það var skynsamleg ákvörðun og kannski óhjákvæmileg á sínum tíma að Sementsverksmiðjan væri ríkisfyrirtæki, það er áreiðanlega rétt. Það var líka á sínum tíma áreiðanlega rétt og skynsamlegt hjá útgerðarmönnum og fiskverkendum að reka sín fyrirtæki upp á eigin ábyrgð og ekki í neinu félagsformi frekar en þessi ríkisfyrirtæki okkar eru. Það var líka áreiðanlega rétt hjá útgerðarmönnum og fiskverkendum að breyta sínum fyrirtækjum, sínum verkunarstöðvum í hlutafélög, hvort sem þau heita Júpíter, Jökull, Grandi eða Samherji, þá var það áreiðanlega rétt ákvörðun og skynsamleg og í takt við tímann. Ég held sömuleiðis að það sé í takt við tímann og eðlileg og skynsamleg ákvörðun sem er meginefni þessa frv., þ.e. að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag þar sem skýrt er fram tekið að öll hlutabréfin séu í eigu ríkisins og verði ekki boðin til sölu nema Alþingi samþykki það sérstaklega. Ég held að þetta sé tímabær og rétt ákvörðun nú vegna þess að staða þeirra ríkisfyrirtækja sem eru rekin með þessum hætti er óljós og hún er óviss með ýmsum hætti. Það eru t.d. ekki til nein lög um rekstur Sementsverksmiðju ríkisins. Það eru til lög um byggingu Sementsverksmiðju ríkisins. Þetta fyrirtæki á auðvitað að lúta sömu leikreglum og lögmálum og önnur fyrirtæki.

Svo getum við líka haft það í huga, eins og hv. 8.

þm. Reykv. nefndi, að öll þróun í veröldinni, ég tala nú ekki um í Evrópu allri, er í þá átt að breyta hreinræktuðum ríkisfyrirtækjum í hlutafélagaformið og reka þau þannig eftir leikreglum markaðarins og þeirra fyrirtækja annarra sem þar eru. Mér finnst því hv. þingbróðir minn 4. þm. Vesturl. í rauninni vera nú kaþólskari en páfinn og rök hans öll ekki mjög þung á metunum.

Hæstv. iðnrh. hefur gert ítarlega grein fyrir efni þessa máls. Það hefur áður verið rætt og samþykkt hér í deildinni og sé ég því raunar ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um efnisatriði málsins hvert fyrir sig en ítreka að það er tímabært að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélagaform þannig að þau starfi á sama hátt og önnur fyrirtæki, hafi sama rétt og séu háð sömu takmörkunum. Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg hefur þegar verið breytt í hlutafélag. Ég veit ekki annað en að það hafi orðið til góðs í þeim rekstri. Það má nefna fyrirtæki eins og Síldarverksmiðjur ríkisins. Það kann að hafa verið rétt og réttmætt að ríkið stæði í þeim rekstri á sínum tíma. Ég er ekki viss um að það sé ástæða til þess lengur.

Ég held að það sé misskilningur hjá hv. 4. þm. Vesturl. að stjórnsýsla fyrirtækis verði eitthvað verri og þunglamalegri þó það starfi eftir reglum hlutafélaga. Ég held þvert á móti að starf stjórnarinnar yrði kannski með æskilegri hætti að ýmsu leyti. Við vitum það báðir, hv. þm., að stjórn Sementsverksmiðjunnar eins og nú háttar þarf um margt að hafa ekki bara samráð heldur njóta velvilja og skilnings hjá iðnrh. og iðnrn. vegna þess hvernig reglurnar um stjórn fyrirtækisins eru. Nú hefur þetta sem betur fer ævinlega verið í góðu lagi og ekki síst um þessar mundir. En það er ekkert sem segir að svo verði ævinlega.

Mér fannst nokkurrar mótsagnar gæta hjá hv. þm. þegar hann sagði að Sementsverksmiðjan, orðrétt, með leyfi forseta, „var og er einokunarfyrirtæki". En nefndi síðan vissulega að öllum er frjálst að flytja inn sement. Það er auðvitað alveg rétt og hefur verið í 15 ár eins og hann réttilega nefndi. En staðreyndin er sú að það borgar sig ekki. Þrátt fyrir það að á sement hér er lagt jöfnunargjald, sem gerir það að verkum að það er selt við sama verði um allt land, þá er hagkvæmni framleiðslunnar í það góðu horfi og verðlagningin með þeim hætti að sementsinnflutningur hefur ekki verið á dagskrá og er ekki að því er ég best veit vegna þess að verð innlendu vörunnar er lægra og gæði hennar eru óumdeild nú síðustu ár. Innflutningur á sementi á sér því ekki lengur stað nema í algerum undantekningartilvikum þar sem um er að ræða sérþarfasement, eins og vegna sérþarfa borgarstjórans í Reykjavík og ráðhússins. Þá var flutt inn svolítið magn af sementi sem var svo lítið að það borgaði sig ekki fyrir Sementsverksmiðju ríkisins að standa í þeirri framleiðslu. Allt virkjanasement er nú íslenskt og ekki annað vitað en að það hafi gefið góða raun og staðist fyllilega samkeppni við það sem áður var innflutt og væntanlega er það fram undan að sement verður í stórauknum mæli notað hér við virkjanagerð, í stíflugarða, með nýrri tækni þannig að enn mun þar aukast markaður fyrir þessa framleiðslu.

Ég vík aftur að því, herra forseti, að í þessu frv. eru alveg skýr ákvæði um það að hlutabréfin eru í eigu ríkisins og verða ekki seld nema með leyfi Alþingis. Það gætir mjög hræðslu, m.a. í þeirri ræðu sem hv. þm. Skúli Alexandersson flutti hér áðan, að steypustöðvar muni kaupa þessi hlutabréf verði þau til sölu boðin. Ég sé þetta fyrir mér alveg eins á annan veg. Verði Sementsverksmiðjan hlutafélag þá er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að stjórn þess hlutafélags geti ákveðið að kaupa og reka steypustöðvar þyki það hagkvæmt. Og jafnvel byggingarfyrirtæki, vegagerðarfyrirtæki til útlagningar á steyptum vegum og því um líkt. Því skyldi það ekki geta gerst? Það er alveg jafnlíklegt og hitt. Raunar stendur hagur byggingariðnaðarins um þessar mundir ekki í þeim blóma að hann sé til stórræðanna líklegur í þessum efnum, því miður. Þar er flest á brauðfótum þessa daga en stendur vonandi til bóta.

Allt er það rétt sem sagt hefur verið hér um tæknilegar endurbætur, umbætur og góðan rekstur á Sementsverksmiðjunni fram til þessa. Þar hefur verið staðið vel að málum og reksturinn gengið mjög vel. Sementsverksmiðjan, eins og önnur opinber fyrirtæki, er á þessu ári þjóðarsáttar háð takmörkunum á verðlagningu sem miðaðar voru við það að reksturinn stæði í járnum og aðeins rúmlega það. Nú hefur það hins vegar gerst á þessu ári vegna breytinga og þróunar í byggingariðnaði að sementssala hefur orðið minni en áætlanir stóðu til. Að vísu hefur nokkuð ræst úr núna þessar síðustu vikur vegna tíðarfars og hlýinda en samt er sala nokkuð undir áætlun enn sem komið er og breytist kannski ekki mikið úr þessu, en þó ekki eins mikið og horfði um tíma. Og vonir standa til að rekstur fyrirtækisins verði nokkurn veginn í járnum á þessu ári.

Ég held að það sé rangt að ætla að það liggi eitthvað annað að baki flutningi þessa frv. en það sem sagt er. Ég held að það sé alrangt og vísa því á bug. Það er rétt að Akranesbær hefur notið góðs af þessu fyrirtæki á mjög margan veg. Margt af því hefur verið nefnt hér, eins og varðandi vatnsveitu og álagstoppa í raforkunýtingu sem hefur leitt til þess að orkuverð á Akranesi hefur verið mjög hagstætt.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega þá breytingu sem hér er gert ráð fyrir varðandi aðstöðugjald og landsútsvar. Læt mér nægja að vísa til þess sem ráðherra sagði um það mál. Við það er í rauninni litlu að bæta. Auðvitað er það sjálfsagt að ný bæjarstjórn á Akranesi fái þetta frv. til athugunar og umfjöllunar. Það eru bara eðlileg vinnubrögð. En um þetta mál var býsna góð samstaða í þessari hv. deild í fyrra þegar það fór hér í gegn með einni smávægilegri og skynsamlegri breytingu. Og ég vona svo sannarlega að málið fái fljóta og greiða ferð í gegnum þessa hv. deild og þá nefnd sem um málið mun fjalla og þetta verði afgreitt vegna þess að ég held að þetta sé eðlileg breyting í takt við tímann og breyting sem kannski hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu. Og það er eðlilegt að stíga þetta skref með þeim hætti sem nú er gert.

Það getur vel verið að að því komi síðar að Alþingi telji rétt að selja einhvern hluta þessara hlutabréfa í verksmiðjunni eða öll. Það getur vel verið að sá tími komi. Ég ætla ekkert að neita því. Sá tími er ekki núna og ég er ekki tilbúinn til að styðja slíka ráðstöfun, enda felst það ekki í þessu frv. Ég lýsi stuðningi við málið og vona að það fái greiða afgreiðslu.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. það sem við nú ræðum um er um það að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins í það horf sem hæfir best einkarekstri. Breyta rekstrarforminu í hlutafélagsform. Ég held að það sé eðlilegt að álykta sem svo að þetta sé fyrsta skrefið í þá átt að færa Sementsverksmiðju ríkisins í einkaeign. Og það mun gleðja þá sem taka einkaeign fram yfir ríkiseign og ég held að sú þróun hljóti að gleðja hv. 3. þm. Vesturl. ef tekið er mið af því sem hann sagði um kosti einkareksturs fram yfir ríkisrekstur hér í ræðu sinni áðan. Það var mjög vel mælt og ég ætla að það mætti jafnvel segja að í þessu efni væri hv. 3. þm. Vesturl. kaþólskari en páfinn. Og er þetta ekki sagt hv. þm. til lasts.

Þetta frv. sem við nú ræðum er gamall kunningi, eins og við vitum allir, frá síðasta þingi. Ég stóð þá að nál. hv. iðnn. sem mælti með samþykkt frv. En ég hafði fyrirvara að undirskrift minni undir þetta nál, m.a. varðandi skattamálin. Hæstv. iðnrh. kom aðeins inn á þann þátt þessa máls, þ.e. það sem þetta frv. felur í sér að Sementsverksmiðjan greiði ekki landsútsvar eins og verið hefur heldur aðstöðugjald. En hæstv. ráðherra þótti þetta atriði ekki þess eðlis að ástæða væri til þess að fjölyrða mikið um það. Hann sagði með öðrum orðum að þetta atriði ætti ekki að tefja umræður um þetta frv.

En það er einmitt þetta atriði sem ég ætlaði sérstaklega að leyfa mér að gera að umræðuefni. Höfum það í huga að tilgangur þessa frv. er að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar, eins og fram er tekið í grg. með frv. Tilgangurinn er ekki sérstaklega að breyta reglum um skattgreiðslur Sementsverksmiðjunnar. Ef það hefði verið þá var hægt að gera það með hægu móti án þess að breyta rekstrarforminu. En spurningin er því hvers vegna er þetta gert? Hvers vegna er lagt til að breyta skattgreiðslum Sementsverksmiðjunnar?

Um þetta atriði hafði ég fyrirvara á síðasta þingi þegar þetta frv. var rætt og lagði áherslu á að það væri spor aftur á bak að rýra tekjur Jöfnunarsjóðsins með þessum hætti vegna þess að landsútsvarið gengur eins og við vitum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en ekki aðstöðugjaldið. Það voru fleiri sem bentu á þetta og m.a. hefur hv. 4. þm. Vesturl. bent á þetta hér í þessum umræðum líka. Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Vesturl. hefur sagt um þetta efni.

En þó að þessi breyting á skattgreiðslum fyrirtækisins næði fram að ganga á síðasta þingi þá er nú svo komið að það hlýtur að vera annað viðhorf í þessum efnum en var áður. Hvers vegna er það? Það er vegna þess sem skeð hefur frá þeim tíma og varðar skattamál almennt og fram kemur í lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt voru 20. maí sl., eftir að þessi hv. deild afgreiddi frv. um Sementsverksmiðju ríkisins á síðasta þingi. Ég legg áherslu á að þessi lög eru sett eftir að þessi hv. deild tók ákvarðanir sínar. Og hvers vegna er ég að leggja áherslu á þetta? Það er vegna þess að í þessum lögum eru tekin upp ný ákvæði sem ekki voru í fyrri lögum og ekki voru í þeim lögum sem giltu um tekjustofna sveitarfélaga þegar við vorum að ræða þetta mál á síðasta þingi. Það hefur verið gerð breyting sem hæstv. iðnrh. ber ábyrgð á og stendur að vegna þess að breytingin er gerð skv. stjfrv. sem samþykkt var. Hver er þessi breyting og af hvaða tilefni er þessi breyting orðin á?

Þessi breyting er orðin til vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Um leið og ákveðin var ný skipan á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að efla sveitarfélögin gegnum Jöfnunarsjóðinn vegna hinnar nýju verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þetta er beint tekið fram í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga. En hvað segir um þetta efni þar?

Í 13. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga eru tveir liðir sem snerta sérstaklega þetta mál. Í fyrsta lagi liður sem kveður svo á að það skuli úthlutað sérstökum framlögum úr Jöfnunarsjóði til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Í öðru lagi segir í þessari grein að það skuli úthlutað sérstökum framlögum úr Jöfnunarsjóði til að bæta upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

En það er ekki látið nægja að taka þetta svo skýrt fram sem raun ber vitni. Í 16. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga er hnykkt á þessu. Hvers vegna? Af því að þetta var talið svo mikið atriði og litið á það sem forsendu fyrir niðurstöðunni um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að það yrði gætt stöðu dreifbýlissveitarfélaganna með sérstökum framlögum úr Jöfnunarsjóði.

Í 16. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga segir að framlögunum úr Jöfnunarsjóðnum skuli varið til þess að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum. Enn fremur segir í sömu grein: „Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni en áður var."

Ég hygg að ég þurfi ekki að gera frekari grein fyrir þeirri breytingu sem hefur orðið í þessum efnum frá því að við vorum síðast að ræða um skattamál Sementsverksmiðjunnar.

Látum svo vera að það hafi getað verið álitamál hvort ætti að gera á síðasta þingi þá breytingu á skattgreiðslum Sementsverksmiðjunnar sem þá var lögð til. En ég ætla, hvaða álit sem menn hafi þá haft á þessum málum, að það sé augljóst að eins og nú er komið geti það tæpast talist álitamál. Eða á að skilja það svo að það sé ekki meira lagt upp úr hinum nýju

ákvæðum í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem ég hef hér verið að gera grein fyrir, heldur en að prentsvertan á lögunum sé naumast þornuð þegar má fara að svíkja þessi fyrirheit sem gefin voru um leið og ákveðin var ný verkaskipting ríkis og sveitarfélaga?

Ég er ekki að segja að þau fyrirheit sem þá voru gefin verði öll svikin með breytingu á skattgreiðslum Sementsverksmiðjunnar en það munar um það. Það munar um allt í þessu efni. En umfram allt: Fær það staðist að menn geti og ríkisstjórnin geti leikið sér svo með þessa hluti, með loforð sín í þessu efni og með lagasetninguna, sem ég hef hér gert grein fyrir, að það megi láta í dag eins og þetta hafi ekki skeð?

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki megi líta svo á að hæstv. ráðherra sem er góður og skynsamur maður ... (**HBl:** Enda Vestfirðingur.) Enda Vestfirðingur, segir hv. 2. þm. Norðurl. e. sem telur sér nú helst til gildis að eiga rætur líka á Vestfjörðum. Má ég ekki gera ráð fyrir því að hæstv. ráðherra vilji taka þetta til sérstakrar athugunar með tilliti til þess sem ég hef nú bent á vegna þess að við verðum að ganga út frá því að höfuðtilgangur með þessu frv., sem við nú ræðum, sé að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar en ekki skattgreiðslum?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það var rétt til getið hjá hv. 4. þm. Vestf., sem rétt í þessu lauk sinni ræðu, að það er tilgangur þessa frv. að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðjunar en ekki að breyta skattalögum eða hafa sérstök áhrif á tekjustofna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða skattlagningu í þeim skilningi. Það er sannarlega rétt.

Tilgangurinn, og ég vildi leyfa mér að gera þá athugasemd við hina ítarlegu ræðu hv. 4. þm. Vesturl., með frv. er í fyrsta lagi að setja sömu skilyrði og gilda um önnur atvinnufyrirtæki fyrir þetta ágæta atvinnufyrirtæki. Í öðru lagi að auka sveigjanleika í starfsemi félagsins þannig að það hafi fyrst og fremst um hag félagsins að hugsa, Akurnesingum og öðrum landsmönnum til hagsbóta eins og dæmin sanna. Ekki bara héðan heldur líka þaðan. Í þriðja lagi að það sé rétt og skynsamlegt að það sé takmörkuð ábyrgð á þessu atvinnufyrirtæki, eins og öðrum hlutafélögum, en ekki ótakmörkuð ríkisábyrgð. Þetta tel ég að muni stuðla að því að fyrirtækið verði betur rekið og í framtíðinni Akurnesingum og öðrum landsmönnum betri eign.

Það er alls ekki rétt að tilgangurinn sé sá einn að breyta stjórnarkjöri í félaginu, enda geri ég ekki ráð fyrir því, fái ég miklu um ráðið, að þar verði miklar breytingar. Það er ekki kjarni málsins.

Ég vil nú taka það líka alveg sérstaklega fram að ég þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir að kynna svo vel mín sjónarmið á því hvað sé æskilegt eignarform í atvinnurekstrinum. Fyrir það er ég honum mjög þakklátur. Ég hefði ekki getað gert það betur sjálfur. Ég vildi líka taka það fram af því að hann las hér upp langan pistil eftir Daníel Ágústínusson að þótt það væri margt vel um þann lista þá hafði hv. 4. þm. Vesturl. gert betur grein fyrir þeim hugsunum öllum sjálfur í sinni eigin ræðu. Hann hefði ekki þurft að lesa listann eftir Daníel. Ekki það ég amist við honum en ég bendi á það að flest það sem þar var kynnt um eiginleika þessa ágæta fyrirtækis, sem við nú ræðum, mun ekki breytast hætis hót nema þá helst til batnaðar ef fyrirtækið verður gert að hlutafélagi. Það var ekkert í þessum afrekaskrám sem mundi setja niður við það, þvert á móti, öll líkindi til þess að betur mundi til takast því það má lengi bæta það sem vel er gert. Það er mín sannfæring og þess vegna flyt ég frv. en alls ekki þótt það séu hliðarsjónarmið í málinu þessi skattamálefni sem hv. 4. þm. Vestf. gerði hér aðallega að umtalsefni.

Ég vildi líka taka það fram, þótt um það hafi þegar verið rætt, að verði aðstöðugjaldið lagt niður, sem er langvarandi baráttumál íslenskra atvinnufyrirtækja og atvinnuvega af því það er ekki sanngjarn skattur, munu koma skattar í staðinn. Það má ekki setja dæmið upp þannig að ekki komi annar skattur í staðinn, eins og mér virtist að hv. 4. þm. Vesturl. gerði. Það eiga að koma í staðinn sanngjarnir skattar, ekki skattar sem leggjast með uppsöfnun á kostnað fyrirtækjanna.

Ég vík þá að því sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. Mér fannst hálfvegis að hann sakaði hv. 4. þm. Vesturl. um að halda hér gamla ræðu. Ég er ekki alveg viss um að ræða hv. 8. þm. Reykv. hafi ekki heyrst hér fyrr í þingsalnum. Hv. þm. leiðréttir mig ef hann hefur á því máli aðra skoðun. En ekki þar fyrir, virðulegu þingdeildarmenn, að þetta mál sem við hér ræðum er, eins og hv. 4. þm. Vestf. réttilega orðaði það, gamall kunningi. Þess vegna er kannski eðlilegt að við heyrum hér gömlu góðu lögin leikin og sungin. Ég hef ekkert á móti því og tel að þessi umræða hafi að því leyti til alls ekki átt að valda neinum manni vonbrigðum. Þvert á móti tel ég að hún hafi tekist vel og sjónarmiðin skýrst nokkuð þó ég játi það að það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að hv. 4. þm. Vesturl. skuli nú vera harðari í andstöðu sinni við málið en hann var í fyrra og ég vona að það lagist í nefndinni.

Að öðru leyti tel ég ekki, virðulegi forseti, mikla ástæðu til þess að fjölyrða um málið. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið um það og vonast til þess að það fái greiða leið í gegnum þessa hv. þingdeild og minni á það, eins og hér hafa aðrir gert, að málið var samþykkt hér með ágætum frá hv. Ed. í fyrra og ekki ástæða til að ætla annað en að það sigli líka nú hraðbyri í gegnum deildina.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er auðvitað samþykkur því að Sementsverksmiðju ríkisins skuli að forminu til breytt í hlutafélag. Og séu öll hlutabréf í eigu ríkisins til að byrja með er ekkert við því að segja. Það má stíga þetta skref í tveim skrefum, að Sementsverksmiðjan skuli verða frjálst hlutafélag. Ég vil samt gera eina athugasemd í því sambandi. Mér finnst eðlilegt að þingið kjósi stjórn hlutafélags sem er í eigu ríkisins en ekki að ráðherrar fari að öllu leyti með stjórn slíkra félaga. Það er algjörlega óeðlilegt og út í hött ef sú er hugsun ráðherra og ég bið nefnd að athuga það.

Ég vil í öðru lagi vekja athygli á því að mér finnst ekki eðlilegt til frambúðar að Akraneskaupstaður fái ekki sínar tekjur af Sementsverksmiðju ríkisins í gegnum aðstöðugjald eins og önnur sveitarfélög af þeim fyrirtækjum sem þar eru. Nú er ég að vísu ekki nógu kunnugur lögum um Sementsverksmiðjuna til þess að ég þori um það að segja hvort Akraneskaupstað sé það bætt upp með öðrum hætti.

Ég vil í þriðja lagi taka undir það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan að vitaskuld er eðlilegt að brjóta upp Síldarverksmiðjur ríkisins, breyta þeim í hlutafélög. Kannski er eðlilegt að Siglufjörður sé þá *sjálfstætt hlutafélag*, Raufarhöfn *sjálfstætt hlutafélag*, Seyðisfjörður sjálfstætt hlutafélag og þar fram eftir götunum. Um það má auðvitað ræða og hafa skiptar skoðanir. Það er ekki kjarni míns máls en ég vonast til þess að ríkisstjórnin muni fylgja þessu frv. eftir með því að leggja fram frv. um það að einkavæða Síldarverksmiðjur ríkisins.

Ég vil svo aðeins ítreka það sem ég sagði. Mér finnst óeðlilegt að ríkisstjórnir skipi að öllu leyti stjórnir þeirra fyrirtækja sem eru meiri háttar og að öllu leyti í eigu ríkisins.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég lagði spurningu fyrir hæstv. iðnrh. hér áðan. Hún var á þá leið hvort honum þætti ekki eðlilegt að það væri tekið mið af því við afgreiðslu þessa frv. sem við nú ræðum að það hefði orðið breyting á frá því að við ræddum þetta mál á síðasta þingi. Breyting á þann veg að síðan hafa verið samþykkt ný lög um tekjustofna sveitarfélaga þar sem lögð er sérstök áhersla á það að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp þann skaða sem þau hefðu annars getað orðið fyrir við nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ég lagði áherslu á að það færi ekki vel saman að ríkisstjórnin sem bar fram frv. um þetta efni á síðasta þingi og fékk samþykkt þeri nú fram annað frv. sem rýrir gildi þess ákvæðis. Ég bað um svar. Ég fékk ekkert svar en ég ætlast ekkert endilega til þess að við lengjum umræður um þetta mál hér því ef hæstv. ráðherra svarar þessu ekki þá hef ég tilhneigingu til þess að líta á þögn sem samþykki. Það þýðir að ég vænti þess að við getum verið sammála um það að sú þingnefnd sem tekur málið til athugunar athugi þetta sérstaklega.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þó mér virtist það þegar ég var að flytja ræðu mína hér áðan að hv. 2. þm. Norðurl. e. þætti nóg komið af umræðu um þetta mál, þá hefur hann nú komið hér í ræðustól og fjallað um eitt sérstakt málefni, sem er að vísu mjög mikilsvert og góð ábending. Ég gat ekki á mér setið að lengja þessar umræður pínulítið fyrst hv. þm. nefndi þetta sérstaka atriði, þ.e. tilnefningu í stjórn eða aðferðina við það að velja stjórn væntanlegs hlutafélags. Mér fannst ekki ástæða í sjálfu sér til að fjalla um það núna við 1. umr. hvernig framkvæmd á því yrði, en fyrst vakin var athygli á því þá held ég að það sé rétt.

Ég hef nefnilega tilfinningu fyrir því að stjórnarfarslega ætti hæstv. fjmrh. að velja stjórn þessa fyrirtækis ef þetta frv. verður samþykkt. Það sé í verkahring fjmrh. að kalla til fulltrúa ríkisins í stjórn fyrirtækja sem ríkið á og það þurfi alveg sérstaka samþykkt til þess að breyta þessu stjórnsýslulega ákvæði. Þannig að það getur verið fleira sem við þurfum að líta til, sem hv. þm. hafa búist við að lægi alveg í augum uppi. Það væri nú hæstv. iðnrh. sem ætti að tilnefna menn í stjórn. Getur verið að við þurfum að líta á hvort það falli ekki undir önnur ráðuneyti og kannski það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur bent á? Er það *kannski ekki í sjálfu sér óeðlilegt að einn ráðherra hafi* vald til þess að skipa stjórn hlutafélags sem eingöngu er í eigu ríkisins? Ég efast ekki um og er ekki hræddur um, hvort sem það yrði hæstv. núv. fjmrh. eða núv. iðnrh., að sú stjórn mundi ekki vera skipuð á svipaðan máta og gert hefur verið, þ.e. að stjórnmálaflokkarnir fengju að velja þó að síðan ráðherra skipaði. Ég held að það hafi verið vakin athygli á ákveðnum hlut sem beri að skoða í nefndinni, þ.e. hvort það ætti ekki að velja stjórnina á Alþingi eins og gert hefur verið, og svo á hinn veginn, ef meiri hl. Alþingis fellst ekki á það hvort það sé ekki í verkahring hæstv. fjmrh. en ekki iðnrh. að velja stjórnarmenn í fyrirtæki eins og væntanlegt, ef af yrði, hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég taldi að ég hefði svarað hv. 4. þm. Vestf. Það hefur greinilega ekki verið nógu beinlínis gert. Ég get endurtekið það sem var meiningin að gengi fram af mínum orðum.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða sérstaklega skattalög og tekjustofna sveitarfélaga vegna þessa máls. Ég tel að sú umræða sem hefur verið vakin upp um framtíð aðstöðugjaldsins, um tekjustofna Jöfnunarsjóðsins og ég tala nú ekki um það hlutverk hans, sem hv. 4. þm. Vestf. hér nefndi, að tryggja hag dreifbýlissveitarfélaganna sem hafa fengið erfiðari hlut vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga sé mál sem svo sannarlega þarfnast óskoraðrar athygli þingmanna. En ég held að það sé ekki heppilegt að tengja þessi mál saman og endurtek það sem ég sagði að tilgangur þessa frv. er alls ekki sá að breyta þar um. Og ég veit reyndar, eins og þingmenn þekkja, að verði það sem ég vona, að við náum samningum við erlenda viðsemjendur okkar um byggingu nýs álvers á Íslandi mun líka hagur þeirra sem vilja efla atvinnu um allt land og fjárhag sjóða sem jafna aðstöðu byggðanna í landinu vænkast mjög því þá verður miklu fé varið til þeirra mála.

Þetta vildi ég nefna. En vegna þess sem kom hér fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. þá dáist ég sem fyrr að húsbóndahollustu hans en held að hann sé eiginlega orðinn helst til „ivrig i tjenesten" því þetta atriði er nú ágreiningslaust eins og það var afgreitt hér frá deildinni í fyrra. Ég bendi á það að fáir eru ráðherrar til eilífðar og ekki frekar en aðrir við hér sem nefndir vorum og gegnum störfum fjmrh. og iðnrh. Ég bið menn

að athuga þetta mál út frá einhverjum allt öðrum sjónarhól.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem hér upp einungis til þess að segja, til þess að vekja ekki misskilning að ég er algerlega sammála hæstv. iðnrh. um það að þetta frv. gefur ekki tilefni til umræðna um skattamál almennt. En ég bendi á að þetta frv. gefur tilefni til þess að ræða bein ákvæði sem eru í frv. og varða skattamál og það hef ég tekið til umræðu hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 177. mál (Kirkjuhvolsprestakall). — Þskj. 198.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Síðastliðið vor voru afgreidd frá Alþingi ný lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Það frv. var samþykkt hér í Ed. þegar annir voru hvað mestar síðustu dagana. Ég minnist þess frá þeim tíma að ég spurðist fyrir um það þegar málið var tekið til 3. umr. hvort hugmyndin væri sú að það frv. yrði afgreitt sem lög frá Alþingi. Við spurðumst fyrir um það, ég og hv. 4. þm. Austurl., og fengum þau svör að hugmyndin væri ekki sú heldur einungis að leggja málið fram í nefnd í Nd. Ég áttaði mig ekki alveg á því hvaða þýðing væri á bak við það, en síðar kom í ljós að við höfðum fengið rangar upplýsingar, hugmyndin var að knýja frv. fram. Auðvitað er það okkur hv. 4. þm. Austurl. víti til varnaðar eftirleiðis, að ekki skyldi vera staðið við þau orð sem við okkur voru sögð á vordögum að þessu leyti.

Það kemur auðvitað ekki á óvart að í þessum lögum er sitthvað sem þarf að breyta og þarf nánari athugunar við. Frv. var ekki þess eðlis að ástæða væri til að hraða því svo mjög sem gert var. Það er eftirtektarvert að einn virtasti starfsmaður dóms- og kirkjumrn. hefur orð á því í Morgunblaðinu í dag að minna sé vandað til þingmála en áður. Hér sé rennt í gegn þýðingarmiklum málum á síðustu dögum, án þess að þau fái efnislega meðferð eins og rétt sé.

Ég skal ekki við þessa umræðu nú gera það frekar að umræðuefni en mun, hygg ég, hafa ástæðu til þess að gera það síðar við önnur tækifæri.

Skv. lögunum, eins og þau liggja nú fyrir, er gert ráð fyrir að Kirkjuhvolsprestakalli verði skipt upp. Hábæjarsókn á að falla undir Oddaprestakall, Kálfholts- og Árbæjarsóknir skulu leggjast til Fellsmúlaprestakalls. Ráðherra hefur heimild til þess að fresta gildistöku þessa ákvæðis í 49. gr. laganna. Af því tilefni hafa þrjár sóknarnefndir allra sóknanna þriggja farið fram á í fyrsta lagi, eins og segir í bréfi sóknarnefndar Árbæjarsóknar, að séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir verði áfram prestur í Kirkjuhvolsprestakalli. Í öðru lagi mótmæla þessar sóknir því að vera skikkaðar með stjórnvaldsákvörðun í annað prestakall. Bréf frá sóknarnefndunum þrem fylgja sem fskj. með frv. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þau bréf upp frá orði til orðs en legg áherslu á það, herra forseti, að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu vegna þess að það liggur á að þingið taki afstöðu í málinu.

Mér er kunnugt um að fundur verður í allshn. á fimmtudag og vænti þess að málið verði þá tekið fyrir. Ég geri ráð fyrir að fundur verði í Ed. á morgun, eins og áætlun þingsins gerir ráð fyrir, og þá verður hægt að vísa þessu frv. til 2. umr. og nefndar.

Ég skal svo ekki að þessu sinni minna á mörgum orðum að sá prestur sem gegnir prestsstarfi í Kirkjuhvolsprestakalli á sér að því leyti merka sögu að þar er á ferðinni fyrsta konan sem vígð er til prests hér á landi. Það vakti á sínum tíma talsverða athygli, þótti sýna djörfung og dugnað hjá þessari konu að brjóta á bak aftur þá fordóma sem víða voru uppi í þjóðfélaginu gegn því að kona gegndi prestsstörfum. Ég hygg að allir þeir sem hafa kynnst störfum þessarar konu viti að hún er mjög dugleg, leggur sig fram við sín verk og er stétt sinni til sóma. Síðan hún vígðist til sóknarprests hafa margar aðrar konur komið í kjölfarið og orðið sómi sinnar stéttar.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Mér finnst rétt að Alþingi verði við beiðni sóknarnefndanna fyrir austan fjall. Alþingi hefur verið vinveitt þjóðkirkju Íslands og mér er kunnugt um að biskupinn yfir Íslandi er sammála efnisatriðum þess frv. sem ég hef nú mælt fyrir.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins taka undir orð hv. 2. þm. Norðurl. e. varðandi það frv. sem hann mælti hér fyrir og ítreka það að Alþingi geri hér bragarbót á því að ég tel að sú afgreiðsla sem varð á þessu máli á sl. vori hafi verið mistök sem við höfum óafvitandi átt þátt í að gerðust. Ég vil taka undir það sem hann sagði varðandi þann prest sem hér er um að ræða, þ.e. séra Auði Eir, að hún er sú kona sem ruddi brautina. Þeim fer fjölgandi má segja dag frá degi þeim konum sem nú vígjast til prests og það er ekki sóma okkar vegna hægt að standa að því að það verði komið í veg fyrir að þessi ágæti prestur geti haldið áfram störfum í sinni sókn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 178. mál (hjálparbúnaður fyrir sjónskerta). — Þskj. 199.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það var vakin athygli mín á því að þau

tæki sem þeir þurfa að nota sem orðið hafa alvarlega sjónskertir eru mjög dýr, kosta á bilinu 170–340 þús. kr. Þessi tæki eru auðvitað eingöngu ætluð þeim einstaklingum sem ekki geta notast lengur við önnur sjónhjálpartæki. Sjónstöð Íslands hefur fengið lítils háttar fé á fjárlögum til þess að kaupa og lána einstaklingum tæki af þessu tagi, fékk um 5 millj. kr. til þessara þarfa á því ári sem nú er að líða, en á hinn bóginn er búist við að um 30–50 manns bætist við í þennan hóp á hverju ári. Það má nota þessi tæki, myndavél og skjá, fyrir fleiri en einn á dvalarheimilum.

Þetta litla frv. sem ég hef lagt hér fram snýr eingöngu að því að virðisaukaskattur verði felldur niður af þessum tækjum. Til þess að málið liggi ljóst fyrir og gefi ekki efni til tortryggni eða misnotkunar er í frv. sérstaklega tekið fram að þessi tæki skuli vera skv. tollnúmeri 9008 3000. Ég hef rætt þetta mál við forstöðumenn Sjónstöðvar Íslands. Þeir telja að málið sé þarft og leggja áherslu á að mjög gott sé fyrir fólk og raunar nauðsynlegt að það geti fengið tæki af þessu tagi í hendur áður en sjónin hefur daprast of mikið, meðan viðkomandi hefur þrek og þrótt til að læra á tækin og nota þau sér til sem mests gagns.

Ég vil leggja áherslu á að ég geri mér grein fyrir að undanþágur frá ákvæðum laga um virðisaukaskatt eiga að vera fáar um leið og ég hlýt að lýsa því yfir að slík prinsíp séu léttvæg gagnvart þeim sem eru að missa sjónina.

Ég vil, herra forseti, leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. og biðja afsökunar á því að ég gleymdi að leggja til að frv. um breytingu á lögum um prestaköll yrði vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

17. fundur, þriðjudaginn 4. des., að loknum fundi í Sþ.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill fara fram á það við hv. þingdeildarmenn að þeir fari ekki langt á næstu mínútum vegna þess að hér þurfa að fara fram margar atkvæðagreiðslur og er mjög æskilegt að þær nái fram að ganga í dag því að forseti hefur ekki hug á því að halda fund hér í deildinni nk. föstudag og óskar því eftir góðu samstarfi við hv. þingdeildarmenn svo að þingmál megi ná fram að ganga í dag og á morgun.

Vegna fjölmargra fyrirspurna vill forseti einnig geta þess að mál hafa þróast svo varðandi umræður og atkvæðagreiðslur um bráðabirgðalög að það er fyrirsjáanlegt að nál. meiri og minni hl. hv. fjh.- og viðskn. muni koma fram á morgun hér í hv. deild og á fimmtudag er fyrirhugað að loknum fundi í Sþ. að umræður um bráðabirgðalögin hefjist á þann veg að fulltrúar minni og meiri hl. mæli fyrir nál. en síðan verði þeirri umræðu frestað og atkvæðagreiðslu fram á þriðjudag. Ástæðan fyrir þessu er sú að hæstv. forsrh. getur ekki verið viðstaddur hér umræður á fimmtudag en hann mun geta það eftir helgi, væntanlega þá á þriðjudag og þá mun umræðunni verða fram haldið. Þetta er gert í samkomulagi við bæði stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokka.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 180, n. 208.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða staðfestingu á samningi um norrænt fjármögnunarfélag. Þessi samningur er milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála og var hann undirritaður í Reykjavík 2. mars 1990.

Fjh.- og viðskn. deildarinnar hefur athugað þetta frv. Álit hennar liggur fyrir á þskj. 208 og mælir nefndin með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá Ed.

Jón Sæmundur Sigurjónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn undirrita nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, 2. umr.

Stjfrv., 117. mál (breytingar á stofnskrá). — Þskj. 121, n. 209.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyris-

sjóðsins sem samþykkt var af yfirstjórn sjóðsins hinn 28. júní 1990. Á þskj. 209 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um þetta frv. og mælir með samþykkt þess.

Jón Sæmundur Sigurjónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn standa að þessu nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 2. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 122, n. 210.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða heimild fyrir ríkisstjórnina til að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 59,6 millj. SDR í 85,3 millj. SDR og skal Seðlabanki Íslands leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Á þskj. 210 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. sem mælir með samþykkt þessa frv.

Eins og með hin málin var Jón Sæmundur Sigurjónsson fjarverandi við afgreiðslu þess, en Páll Pétursson, Guðmundur G. Þórarinsson, Matthías Bjarnason, Ragnar Arnalds, Þórhildur Þorleifsdóttir og Friðrik Sophusson standa að þessu nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 73. mál (rektorskjör). — Þskj. 75, n. 216.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 79/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

Málið hefur verið tekið til umræðu í nefndinni og nefndin mælir einróma með því að frv. verði samþykkt.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 1. umr.

Stjfrv., 35. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 35.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Eftir að lögin um ábyrgðadeildina voru samþykkt kom upp vafi á því hvernig bæri að túlka 8. gr. laganna, hvaða skuldbindingu ábyrgðadeild fiskeldislána tæki yfir frá Framkvæmdasjóði Íslands.

Það var talið nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög til þess að kveða á um það að ábyrgðadeild fiskeldislána skyldi yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir sem Framkvæmdasjóður hefði undirgengist gagnvart lánastofnunum á grundvelli þeirra.

Það frv. sem hér er til umræðu er flutt til staðfestingar á umræddum bráðabirgðalögum og var frv. afgreitt einróma í hv. Ed. Ég mælist til þess, virðulegi forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn. og óska eftir því að það fái hliðstæða afgreiðslu hér í þessari hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum, 1. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 179.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána og var það flutt í Ed. og afgreitt þaðan samhljóða.

Vegna aukinna umsvifa hefur ráðherranefnd Norðurlandaráðs samþykkt að hækka hámarksheimild Norræna fjárfestingarbankans vegna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda og ábyrgð á slíkum lánum úr 700 millj. SDR í 1000 millj. SDR. Við þetta eykst ábyrgð Íslands vegna ofangreindrar verkefnastarfsemi úr 5 millj. 350 þús. SDR í 8 millj. 50 þús. SDR.

Með frv. þessu er með sama hætti og áður leitað eftir lagaheimildum til að auka þessa ábyrgð. Á grundvelli slíkrar heimildar yrði síðan gerður nýr ábyrgðarsamningur milli Íslands og bankans.

Í fskj. með frv. eru birtar breytingar á samþykktum fyrir bankann sem tengjast ofangreindri ábyrgðarauknингu eins og tvær aðrar breytingar.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. en óska eftir því að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (lækkun gjalds og niðurfelling). — Þskj. 184.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um jöfnunargjald. Í frv. er gert ráð fyrir lækkun jöfnunargjaldsins í áföngum á næsta ári og er lagt til að gjaldið verði fellt úr gildi hinn 31. des. 1991.

Jöfnunargjaldið hefur verið lagt á innfluttar iðnaðarvörur sem keppt hafa við íslenskar frá því á árinu 1978. Gjaldinu hefur verið ætlað að jafna þá röskun sem þátttaka Íslands í fríverslun hafði í för með sér, þ.e. minnkandi tollvernd á íslenskar iðnaðarvörur og af því að virðisaukaskattur hafði verið tekinn upp í helstu viðskiptalöndum okkar á meðan töluverð uppsöfnun söluskatts hafði orðið í innlendri iðnaðarframleiðslu.

Með upptöku virðisaukaskatts hér á landi um síðustu áramót varð mikil breyting á samkeppnisskilyrðum iðnaðarins. Íslensk iðnfyrirtæki sitja nú að mestu leyti við sama borð og helstu keppinautar þeirra að því er varðar uppsöfnun opinberra gjalda í framleiðslu þeirra. Þó eru sterk rök fyrir því að jöfnunargjaldið verði ekki afnumið í upphafi næsta árs eins og rætt hefur verið heldur það lækkað í áföngum á árinu og verður horfið í upphafi ársins 1992.

Í grg. með frv. þessu er að finna grg. um þau uppsöfnunaráhrif sem söluskatturinn hefur enn í rekstri íslenskra iðnfyrirtækja. Í frv. eru lagðir til ákveðnir áfangar á þessari braut í að lækka gjaldið og afnema það á næsta ári. Það getur út af fyrir sig komið til greina að hafa aðra áfanga í þeirri lækkun og mætti skoða það mál í meðferð þess í nefnd, en ég tel ekki ástæðu til þess að hafa frekari orð um þetta mál hér og nú, enda er það vel kunnugt þingmönnum, og mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnunargjald, 1. umr.

Frv. FrS, 151. mál (endurgreiðsla og gildistími laga). — Þskj. 163.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það mál sem ég flyt hér framsöguræðu fyrir fjallar annars vegar um það að iðnfyrirtækjum verði greiddur aftur uppsafnaður söluskattur vegna reksturs á sl. ári og hins vegar um það að lögin um jöfnunargjald falli úr gildi hinn 31. des. 1990.

Frá því að þessu frv. var dreift hefur það gerst að hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram frv. til breytinga á lögum nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum. Í því lagafrv. er gert ráð fyrir því að áfram verði innheimt jöfnunargjald. Það breytist um næstu áramót í 4% úr 5% og verði 4% til 1. júlí 1991, þá lækki það í 2% og hverfi síðan í lok næsta árs. Ástæðan er auðvitað sú að það er ekki heimilt fyrir Ísland að leggja á slíkt jöfnunargjald eftir að virðisaukaskattur var tekinn upp og samkeppnisstaða íslensku fyrirtækjanna hefur breyst.

Munurinn á þessum tveimur frv. er sá að gert er ráð fyrir því í mínu frv. að lögin falli úr gildi strax um næstu áramót en samkvæmt stjfrv. um þarnæstu áramót.

Þótt ekki sé til umræðu stjfrv. ber þó að geta þess, en það kom reyndar fram við umræður um fjáraukalög fyrr í dag, að nýr rökstuðningur kemur fram sem byggir á vinnuskjali frá Þjóðhagsstofnun þess efnis að óhagræði íslenskra fyrirtækja sé meira en áætlað var áður og þess vegna réttlætist að halda áfram að leggja gjald á innflutning til þess að jafna samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart samkeppnisfyrirtækjum bæði í innflutningi og vegna útflutningsiðnaðarins.

Það var athyglisvert fyrr í dag að hlusta á hæstv. utanrrh. viðurkenna það að hann teldi að jöfnunargjald í þeirri mynd sem það hefur verið heimt inn að undanförnu standist ekki þær skuldbindingar sem við höfum gengist undir í samskiptum okkar og samningum við aðrar þjóðir vegna viðskipta við þær, bæði EFTA-þjóðirnar og eins þjóðirnar í Evrópubandalaginu.

Í grg. með þessu frv. er ítarlega rakin saga þessa *máls og það er óþarfi að fara frekari orðum um hana* en gert er þar enda var frv. flutt, að vísu í nokkuð öðrum búningi, á síðasta þingi. Þess ber þó að geta að málið hefur lítils háttar breyst vegna þess að þeir fjármunir, sem í húfi eru, eru meiri en álitið var á fyrri hluta ársins. Þá var gert ráð fyrir að það skorti um 170 millj. kr. til þess að standa undir endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts til iðnaðarins á sl. ári, en nú þegar endanlegar tölur liggja fyrir mun upphæðin vera nær 200 millj.

Það er athygli vert, virðulegi forseti, að hæstv. viðskrh. sagði frá því á ársþingi iðnrekenda fyrr á þessu ári, nánar tiltekið 15. mars, að skuld ríkissjóðs væri 170 millj. kr. og hann sagði þá að hann mundi leggja til að þessir fjármunir yrðu endurgreiddir. En hann gat þess í umræðum um fjáraukalögin að hann hefði fallist á að ljúka málinu með því að greiða 160 millj. og þá standa út af tæpar 40 millj. miðað við nýjustu áætlanir. Þannig ætlar hæstv. ríkisstjórn ekki einungis að svíkja marggefin loforð um að hætta að innheimta jöfnunargjaldið um leið og virðisaukaskattur er tekinn upp heldur einnig loforð sem gefin voru iðnfyrirtækjunum

á sínum tíma um það að hæstv. ríkisstjórn skyldi láta ákveðinn hluta gjaldsins renna til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti.

Í trausti þess, virðulegi forseti, að hv. fjh.- og viðskn., sem fær þetta mál til meðferðar ásamt stjfrv., skoði málið og kalli til sín viðkomandi aðila og sannfærist um að það sem lagt er til í þessu frv. sé betra en hitt sem kemur fram í stjfrv., sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Mér er kunnugt um það að hæstv. iðnrh. er ekki staddur í deildinni og geri engar kröfur til þess að tala við hann, ég hef talað alveg nóg við hann í dag og kæri mig ekkert um að fá hann í deildina til að ræða frekar við hann um þetta mál, til þess gefst tækifæri síðar. Ég á sæti í viðkomandi nefnd og get þess vegna fylgt þessu máli eftir á þeim vettvangi.

Að svo mæltu legg ég til að þetta frv. verði sent til fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

25. fundur, þriðjudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svofellt bréf:

„Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér bréf á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna sérstakra anna 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Alþb., Björn Valur Gíslason stýrimaður, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þá hefur borist svofellt bréf:

„Ég undirritaður, 1. varamaður Alþb. á Norðurl. e., get ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni vegna utanferðar Steingríms J. Sigfússonar landbúnaðarráðherra. Ástæður þess eru sérstakar annir mínar um þessar mundir.

Virðingarfyllst,
Svanfríður Jónasdóttir."

Þá hefur einnig borist annað bréf:

„Ég undirrituð, 2. varamaður Alþb. í Norðurl. e., hef ekki tök á að taka sæti á Alþingi vegna utanferðar Steingríms J. Sigfússonar landbúnaðarráðherra.

Akureyri 3/12 1990.
Sigríður Stefánsdóttir,
Vanabyggð 10 C, Akureyri."

Björn Valur Gíslason hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf hans skv. 4. gr. þingskapa. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið fyrir eitt erindi, kjörbréf Björns Vals Gíslasonar, 3. varamanns Alþb. á Norðurl. e., sem kæmi inn í staðinn fyrir 4. þm. Norðurl. e., þingmann Alþb. Steingrím J. Sigfússon.

Kjörbréfanefnd hefur athugað þetta kjörbréf og sér ekkert athugavert við það og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Björns Vals Gíslasonar samþ. með 39 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Björn Valur Gíslason hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Honum ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Björn Valur Gíslason, 4. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Björn Valur Gíslason, 4. þm. Norðurl. e., hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Ég býð hann velkominn til starfa á Alþingi.

Fjáraukalög 1990, 3. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 217, brtt. 218, 219, 221, 222.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 222. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í framsögu hv. 1. þm. Vesturl., sem mælti fyrir áliti meiri hl. fjvn. við 2. umr., varð að sammæli með fjárveitinganefndarmönnum að taka nokkur atriði sérstaklega til skoðunar á milli 2. og 3. umr.

Þessi atriði vörðuðu í fyrsta lagi áhrif virðisaukaskatts á rekstur ýmissa ríkisstofnana, en í viðtölum við forsvarsmenn ríkisstofnana hafði komið fram að ástæða væri til að skoða það mál nokkru nánar. Í öðru lagi var um að ræða málefni sjúkrahúsa í Reykjavík, einkum ríkisspítala. Í þriðja lagi var um að ræða yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Verðjöfnunarsjóðs. Í fjórða lagi vorum við beðnir að taka fyrir til skoðunar niðurskurð á fjárframlagi vegna sjálfvirkrar tilkynningarskyldu fiskiskipa. Í fimmta lagi féllumst við á að skoða nokkuð betur málefni Leikfélags Akureyrar. Mun ég nú gera grein fyrir því hvaða afdrif hafa orðið í nefndinni eða öllu heldur hjá meiri hl. nefndarinnar því að meiri hl. stendur að þeirri tillögugerð og afgreiðslu sem hér fer fram í þessari athugun á milli umræðna.

Málefni sjúkrahúsanna í Reykjavík eru í sérstakri skoðun hjá fjvn., eins og raunar á við um málefni sjúkrahúsanna allra. Við höfum rætt við stjórnendur Borgarspítala og Landakotsspítala um vanda þessara stofnana og fjvn. hefur haft til meðferðar erindi frá þeim um viðbótarfjárþörf. Með sama hætti hefur nefndin átt fundi með stjórnendum ríkisspítala og nú síðast í gær áttum við varaformaður fjvn. fund með fulltrúum úr stjórnarnefnd ríkisspítalanna, heilbrrh. og fjmrh. um rekstrarvanda stofnunarinnar, en hann er mikill. Tillaga fjvn. um viðbótargreiðsluheimild vegna ríkisspítalanna sem afgreidd var við 2. umr. miðaðist við mjög takmarkaða viðbótarheimild sem má vera að ekki sé nægileg, m.a. vegna áhrifa virðisaukaskattskerfisins til aukinna útgjalda og aukins álags. Hvað virðisaukaskattinn og áhrif hans varðar þá hefur komið í ljós í viðræðum fjvn. við forstöðumenn fjölmargra opinberra stofnana að kerfisbreyting úr söluskatti í virðisaukaskatt hefur komið mjög misjafnlega niður og valdið sumum stofnunum, svo sem sjúkrahúsum, auknum útgjöldum, en aðrar stofnanir hafa fremur hagnast á þeirri breytingu en hitt. Nú við lok fyrsta árs í virðisaukaskattskerfinu telur fjvn. að rétt sé að meta áhrif skattkerfisbreytingarinnar á útgjöld ríkisstofnana og mun nefndin beita sér fyrir því í samvinnu við fjmrn. að það endurmat fari nú fram og tillit verði tekið til þess við afgreiðslu fjárlaga síðar í mánuðinum. Það endurmat á útgjaldaáhrifum virðisaukaskattsins mun að sjálfsögðu einnig ná til sjúkrahúsa.

Í fjárlagafrv. 1991 eru útgjöld vegna sjúkrahúsa í Reykjavík sett fram í einni tölu en ekki sundurliðuð á sjúkrahúsin eins og vanalega. Fjvn. hefur óskað eftir skýringu og sundurliðun eftir viðfangsefni og stofnunum. Nefndin mun skoða gaumgæfilega í því sambandi stöðu hverrar sjúkrastofnunar fyrir sig, bæði með tilliti til fjárþarfar á næsta ári og stöðunnar á yfirstandandi ári. Ýmsar upplýsingar benda til að frekari greiðslur vegna sjúkrastofnana, þar á meðal ríkisspítalanna, umfram heimildir fjárlaga og fjáraukalaga séu óhjákvæmilegar á árinu 1990 og mun fjvn. þá beita sér fyrir því að viðbótargreiðsluheimildar verði aflað svo óhjákvæmilegar greiðslur geti farið fram.

Hvað varðar yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Verðjöfnunarsjóðs er þetta að segja. Óskað hefur verið eftir áliti Ríkisendurskoðunar um það mál og fjvn. hefur fengið það álit. Vitað er að fjmrn. er ekki sömu skoðunar, eins og kemur fram í áliti Ríkisendurskoðunar. Fjvn. hefur ekki haft tíma né tækifæri til að ræða það mál að öðru leyti en því að áliti Ríkisendurskoðunar hefur verið dreift á fundi fjvn. Ég mun beita mér fyrir því að fjvn. ræði sérstaklega álit Ríkisendurskoðunar og afstöðu fjmrn. og haldinn verði um það sérstakur fundur þar sem sjónarmið beggja aðila fái betur að koma fram en tækifæri hefur gefist til hér. Að sjálfsögðu munum við síðan í fjvn. við afgreiðslu á málinu hafa hliðsjón af því áliti sem við munum leita eftir frá Ríkisendurskoðun og ríkisreikningsnefnd um meðferð á þessu máli.

Hvað varðar sjálfvirka tilkynningarskyldu fiskiskipa, þá er það rétt að þar var um niðurskurð á fjárveitingu að ræða. Sá niðurskurður var afgreiddur formlega hér á hinu háa Alþingi í fjáraukalögum á sl. vori, þannig að um þennan niðurskurð hefur Alþingi fjallað og tekið afstöðu til þess að hann skuli gerður. Það hefur valdið Slysavarnafélagi Íslands nokkrum örðugleikum en við gerum ekki tillögu um að Alþingi endurskoði þá afgreiðslu sína sem það gerði á þessu máli í vor, en viljum aðeins taka fram að viðfangsefni þetta er að sjálfsögðu til skoðunar í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 1991.

Að lokum ætla ég að lýsa niðurstöðu fimmta og síðasta viðfangsefnisins sem við skoðuðum sérstaklega, þ.e. málefni Leikfélags Akureyrar. Meiri hl. fjvn., og ég geri ráð fyrir því að sú tillaga njóti stuðnings minni hl. einnig eða ég vænti þess, gerir tillögu um það að fjárveiting vegna mikils rekstrarvanda Leikfélags Akureyrar verði hækkuð úr 2,2 millj. kr., eins og tillaga er gerð um í frv. til fjáraukalaga sem við höfum fjallað um, í 6 millj. kr., eða raunar að fyrir 2 millj. 250 þús. komi 6 millj. Hækkun greiðsluheimildarinnar er þá um 3 millj. 750 þús. Er það eina tillagan sem úr fjvn. kemur við þessa 3. og lokaumræðu um fjáraukalögin.

Virðulegi forseti. Ég hef svo ekki meira um þetta mál að segja að svo stöddu en legg til að þessi brtt. á þskj. 221 verði samþykkt og fjáraukalögin samþykkt þannig breytt.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli frsm. meiri hl. fjvn., hv. 5. þm. Vestf., þá voru gefnar hér yfirlýsingar við 2. umr. af frsm. meiri hl. við þá umr., hv. 1. þm. Vesturl., um það að nokkur atriði er varða afgreiðslu þessa máls, fjáraukalaga 1990, yrðu tekin til athugunar á milli 2. og 3. umr.

Sú athugun hefur að einhverju leyti farið fram en niðurstaða úr þeirri athugun sem hér var skýrð af hv. frsm. meiri hl. við þessa umræðu, Sighvati Björgvinssyni, felur það í sér að ekki er tekið inn í frv. nú nema eitt atriði, þ.e. hækkun til Leikfélags Akureyrar til að fullnægja tilteknu samkomulagi sem þar hafði verið gert. Hin stærri atriðin fá ekki náð fyrir augum meiri hl. að þessu sinni, enda þótt gefið sé í skyn og gefið sé fyrirheit um að þau verði tekin til meðferðar annað tveggja við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár ellegar þá

við afgreiðslu á fjáraukalagafrv. sem flutt verður væntanlega í byrjun næsta árs þar sem farið verður væntanlega fram á heimildir til þess að greiða úr ríkissjóði það sem greitt verður umfram heimildir, sem hér er verið að samþykkja, og umfram heimildir fjárlaga eins og þau liggja fyrir.

Ég sé ástæðu til þess að láta það koma fram varðandi þá yfirlýsingu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson las hér varðandi sjúkrahúsin, að þau mál eru í raun þríþætt. Í fyrsta lagi er hér um að ræða að virðisaukaskattur leggst á sjúkrahúsin, ekki einvörðungu sjúkrahúsin í Reykjavík eða ríkisspítala heldur á sjúkrahúsin í heild og heilsugæslustöðvar með mun meiri þunga en söluskattskerfið gerði áður. Varðandi sjúkrahúsin ein er talið að þessi mismunur nemi í nýrri skattheimtu á rekstri sjúkrahúsanna 90 millj. kr. Það liggur fyrir að það var ekki ætlað fyrir þessari nýju skattheimtu í fjárlögum fyrir þetta ár.

Ég tel það út af fyrir sig góðra gjalda vert að því sé hér lýst yfir að þetta verði tekið til athugunar við afgreiðslu fjárlaga, væntanlega sá þáttur málsins er lýtur að rekstri næsta árs, þ.e. ársins 1991, og við afgreiðslu á fjáraukalagafrv. í byrjun næsta árs að því er lýtur að hinni raunverulegu skuld, hinni raunverulegu skattheimtu ríkisins á þessu ári á hendur sjúkrahúsunum. En þessi tala er það há, 90 millj. kr., að ástæða hefði verið til að taka þegar inn í þessar heimildir a.m.k. nokkuð af þeirri fjárhæð til að mæta sárasta vandanum af þessum hluta sem hér birtist í nýrri skattheimtu á hendur þessum stofnunum. Mér þykir miður að það skuli ekki hafa gerst, enda þótt ég skilji að það geti verið nauðsyn til þess að setja af stað sérstaka rannsókn á því hvernig virðisaukaskatturinn hefur lagst á hinar ýmsu stofnanir ríkiskerfisins umfram það sem söluskattskerfið gerði áður. Því þetta er auðvitað ekki leið til skattheimtu. Það á ekki með skattkerfisbreytingum að sækja sér fé til ríkissjóðs af rekstri stofnana sem ríkissjóður rekur og verða að fá allt sitt fé úr ríkissjóði til rekstrar. Það vitaskuld gengur ekki. Nóg er nú samt um skattheimtu hæstv. ríkisstjórnar.

Annar þáttur þessa máls er sem hér er viðurkennt að það er mjög naumt sem við 2. umr. var samþykkt til þess að mæta rekstrarvanda sjúkrahúsanna. Við höfum heyrt af þeim mikla vanda í fjvn. og almenningur í landinu hefur líka heyrt af þeim mikla vanda vegna þess að það lítur svo út sem það þurfi að loka deildum undir lok ársins, um jólaleytið og senda sjúklinga út og jafnvel ekki vissa fyrir því hvort greiðlega verður opið fyrir bráðamóttöku. En það hefði verið auðveldara mál fyrir sjúkrahúsin að sitja uppi með þennan vanda ef nokkuð hefði verið greitt úr að því er varðar virðisaukaskattinn.

Þriðji þáttur þessa máls lýtur svo algjörlega að fjárlagaafgreiðslu fyrir næsta ár. Ekki að þessu frv. sem hér er til meðferðar heldur afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Það er sá liður fjárlagafrv. þar sem steypt er saman í einn lið sem kallast „Sjúkrahús í Reykjavík". Ríkisspítalar eru nú ekki allir í Reykjavík, t.d. er Kristneshæli ekki enn þá í Reykjavík, það er að mig minnir norður í Eyjafirði, hæstv. fjmrh., sem finnst þetta nú mjög skemmtilegt allt saman. En samt sem áður er þessi stofnun skírð „Sjúkrahús í Reykjavík" og þar er öllu hært saman í eitt með þeim hætti að enginn af forustumönnum þessara stofnana veit hvað hann má búast við að hvert sjúkrahúsið fyrir sig fái til ráðstöfunar í rekstrarfé eða tækjakaupum eða öðrum fjárlagaliðum fyrir næsta ár. Enginn þeirra veit það. Og það er ekki von, fjvn. veit það ekki heldur, það veit enginn. Á þessum tíma er það venja að sjúkrahúsin hafi gert sínar áætlanir sem byggjast á því sem fram kemur í fjárlagafrv. Og á fjárlagafrv. byggja þau venjulega sínar tillögur við úrbætur varðandi rekstrarfé fyrir árið sem er fram undan, en þau geta ekki gert það nú. Þau byggja ekki á neinu því sem kemur fram í fjárlögum því það skilur enginn. Þar er allt saman sett í einn graut, í einn pott sem síðan var ætlun hæstv. heilbrrh. og hæstv. ríkisstjórnar að einhver nefnd á vegum hæstv. ráðherra fengi til meðferðar að deila út á milli þessara stofnana að eigin geðþótta og vild og það eigi að gerast einhvern tímann væntanlega þegar kemur fram á næsta ár og enginn hefur getað byggt upp raunhæfar áætlanir fyrir árið fyrir fram. Þetta er auðvitað alveg forkastanlegt og er auðvitað sett svona upp í þeim tilgangi að leyna þeim vanda sem þarna er við að etja, en ekki til sparnaðar eða hagræðingar, og til þess að villa sem mest um fyrir fólki sem þarf að ráða í þessi mál.

Þess vegna hafa bæði ég sem fulltrúi minni hl. og raunar formaður fjvn. sjálfur krafist þess að fá tillögur um skiptingu á þessu fé áður en gengið verður til afgreiðslu fjárlaga við 2. umr. þannig að við getum sagt hvað hverri og einni stofnun er ætlað í þessum málum. Það er ekki frambærilegt að bera svona tillögur á borð. Þess vegna lýtur þetta atriði, sem hér er inni í yfirlýsingu hv. formanns fjvn., einvörðungu að afgreiðslu fjárlagafrv. en kemur út af fyrir sig þessu frv., sem hér er til meðferðar og lokaafgreiðslu, fjáraukalögum fyrir árið 1990, ekkert við.

Önnur þau atriði sem hér voru nefnd hafa ekki hlotið afgreiðslu. Ég hef hér við fyrri umræður rætt um yfirtöku ríkissjóðs á lausaskuld Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins þann 1. júní sl. þegar sá sjóður var lagður niður. Það var auðvitað kominn tími til þess að það hefði verði tekið á því máli, fengist á því afgreiðsla hjá hv. meiri hl. fjvn. hvort þetta yrði tekið inn á fjáraukalögin eða ekki. Nú segir hv. formaður fjvn. og frsm. meiri hl. að ekki hafi verið tími til þess í fjvn. að halda fund um þetta mál. Vel má vera að það hafi verið svo miklar annir hjá meiri hl. en ég segi nú fyrir mína parta, ég hef alveg haft tíma til að mæta á fund til þess að ræða þetta mál ásamt fulltrúa fjmrn. og fulltrúa Ríkisendurskoðunar sem birt hefur greinargerð um málið. En út af fyrir sig fagna ég því að hv. formaður fjvn. hefur gefið það í skyn í orðum sínum hér áðan að með þetta mál muni farið að áliti sérfræðinga sem um málið fjalla. Það álit út af fyrir sig liggur fyrir þó svo að miðað við þessa afgreiðslu meiri hl. þá bíði það mál til næsta árs að færa það inn á fjáraukalög fyrir þetta ár, árið 1990. Það er auðvitað þarflaust að geyma það til næsta árs vegna þess að yfirtakan á þessari

lausaskuld, sem er um 1500 millj. kr., fór fram 1. júní sl.

Ég mun ekki ræða það frekar. Ég hef skýrt þetta mál mjög ítarlega í fyrri ræðum mínum, en ég er auðvitað mjög óánægður yfir því að ekki skuli á þessu máli tekið nú því að rétt skal vera rétt í reikningsskilum ríkissjóðs og við meðferð mála við afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Eins og kunnugt er voru fluttar hér við 2. umr. brtt. er lúta að jöfnunargjaldi og greiðslu á innheimtu jöfnunargjalda til atvinnuveganna. Þær tillögur hafa ekki hlotið náð fyrir augum meiri hl. og hefði nú verið ákjósanlegt að við þessa umræðu gæti verið hæstv. iðnrh. vegna þess að það hafa borist nokkuð tvíhliða yfirlýsingar frá hans ráðuneyti, svo maður noti nú orð sem kunnugt er úr öðrum málaflokki hér á hinu háa Alþingi. En það hefði verið ákjósanlegt að hæstv. iðnrh. væri hér til að staðfesta það hvort það sé samkomulag hans og hæstv. fjmrh. að innheimta af iðnaðinum um 50 millj. kr. í jöfnunargjald og greiða það ekki til baka í samræmi við venjur og fyrirheit um allt þetta mál. Þær venjur og þau fyrirheit, þau loforð eru brotin með þessum hætti. Sömu sögu er raunar að segja um aðra þætti jöfnunargjalda, sem í heild nema um 260 millj. kr. til allra atvinnugreina, að þau eru ekki endurgreidd fyrir nóvembermánuð. Skatturinn skal greiddur af atvinnuvegunum, af atvinnufyrirtækjunum en endurgreiðslan fer ekki fram.

Ég hlýt að segja það að hér er vitaskuld ómaklega farið að atvinnuvegunum eins og víðar má greina í tiltektum þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa þessi orð fleiri. Ljóst er að þetta frv., sem hér er til lokaafgreiðslu, er að ýmsu leyti með vanburða afgreiðslu þar sem stórir útgjaldaliðir ríkissjóðs, sem þegar liggja fyrir og hljóta að koma inn á greiðsluyfirlit þessa árs, eru ekki hér teknir með, heldur er eins og fyrri daginn reynt að leyna vandanum svo sem mest má verða, reynt að draga það á langinn að láta raunveruleg útgjöld koma í ljós. Ef þessi hæstv. ríkisstjórn hefði nú hrökklast frá þessa dagana þá hefðu þeir væntanlega verið alls hugar fegnir að þurfa ekki að sýna það hver hin raunverulegu útgjöld ríkissjóðs verða á þessu ári, þá hefðu þeir væntanlega getað sagt á eftir: Ja, þetta er bara einhverjum öðrum að kenna.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég tek hér sérstaklega til máls til að gera að umræðuefni málefni sjúkrahúsanna og vekja athygli á þeim orðum sem formaður fjvn. lét hér falla úr ræðustól í ræðu sinni við 3. umr. þessara fjáraukalaga. Með orðum sínum gaf hann ákveðið fyrirheit um lagfæringu, fyrirheit sem ég vil vekja athygli á og ítreka og ætla reyndar að hafa eftir hér, með leyfi forseta, en í ræðu sinni sagði formaður fjvn.: „Ýmsar upplýsingar benda til að frekari greiðslur vegna sjúkrastofnana, þar á meðal ríkisspítalanna, umfram heimildir fjárlaga og fjáraukalaga séu óhjákvæmilegar á árinu 1990. Þá mun fjvn. beita sér fyrir því að viðbótarheimildar verði aflað svo óhjákvæmilegar greiðslur geti farið fram."

Ég hygg að stjórnendur sjúkrahúsanna og ekki síst ríkisspítalanna geri mikið með þessi orð formanns fjvn. og bindi miklar vonir við þá framkvæmd sem á eftir hlýtur að fylgja. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega vekja athygli á því að við afgreiðslu fjárlaga um síðustu áramót flutti formaður fjvn. ræðu þar sem hann fléttaði inn í sína ræðu svipuð fyrirheit um lagfæringu fyrir ríkisspítalana. Í kjölfar þess fyrirheits var mikið fundað um málefni ríkisspítalanna og lokin urðu þau að lagfærð var reikniskekkja sem komið hafði fram í fjárveitingum til ríkisspítalanna þannig að aukafjárveiting var veitt upp á 147 millj. kr., en til þess að miða við að starfsemi ríkisspítalanna gæti verið svipuð á árinu 1990 og hún var á árinu 1989 varð reyndar að reikna með í viðbót við þessar 147 millj., að taka það fé sem ætlað hafði verið til aukinna hjartaskurðaðgerða og glasafrjóvgunar á ríkisspítulum og leggja þar við. Heilbrrh. hefur síðan gripið inn í það mál og fært til fjármuni frá Tryggingastofnun þannig að hjartaaðgerðir hafa verið framkvæmdar í mjög auknum mæli á ríkisspítulunum og stefnir nú óðum í að þær verði svo að segja allar framkvæmdar hér innan lands.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að stjórnendur ríkisspítalanna líta á þá yfirlýsingu, sem hér var gefin af formanni fjvn., með sama hætti og þá yfirlýsingu sem var gefin um síðustu áramót.

Umræða hefur orðið gríðarlega mikil um heilbrigðisþjónustuna á undanförnum missirum og það er eðlilegt. Ríkissjóður býr við erfiða fjárhagsstöðu, halli á ríkissjóði er glettilega mikill og í þeirri umræðu sem á sér nú stað um sparnað og aðhald er eðlilegt að umræðan beinist m.a. að heilbrigðisþjónustunni sem er meðal stærstu útgjaldaliða íslenska ríkisins. En þá verða menn að gæta að því alveg sérstaklega að undanfarið hefur verið gætt mikils aðhalds meðal sjúkrastofnana og ekki síst ríkisspítalanna.

Menn verða að gera sér grein fyrir því að ríkisspítalarnir eru ekki eitthvert ópersónulegt viðamikið bákn sem eyðir miklum fjármunum, heldur eru þeir kjarninn í íslenskri heilbrigðisþjónustu, án þeirra hvorki vilja landsmenn né geta verið. En vandi ríkisspítalanna er gríðarlega mikill og það er ástæða til að vekja athygli á því, einmitt í tengslum við afgreiðslu á þessum fjáraukalögum, að gripið hefur verið til viðamikilla sparnaðar- og aðhaldsaðgerða einmitt á ríkisspítulunum. Ég minni ekki síst á lokanir sjúkradeilda á sl. sumri sem reyndar hafa verið mjög umdeildar og menn varpa jafnvel upp spurningum hversu mikill sparnaður í þeim felist.

Við lokanir sem óhjákvæmilegar hafa verið, bæði vegna sparnaðaraðgerða og vegna skorts á sérhæfðu starfsfólki, hefur verið reynt að hlífa bráðamóttökudeildunum sem mest. E.t.v. voru mest umræddar þær lokanir sem urðu á öldrunarlækningadeildunum en hjá ríkisspítulum var lokað í sumar í þrjá mánuði einni af þremur deildum öldrunarlækningadeildar í Hátúni. Þetta var reyndar í annað skipti sem þeirri deild var lokað því það var gert 1989. Það var þá gert í fullu samráði við starfsfólk deildarinnar og menn gerðu sér

ekki grein fyrir því hvort það þyrfti að framkalla mjög mikla erfiðleika. Sannleikurinn var sá að sumarið 1989 komu fram af öðrum ástæðum ýmsar mildandi aðgerðir, þ.e. að Skjól var að opna sínar vistarverur og taka við vistmönnum. Það dró mjög úr áhrifum lokana 1989 og erfiðleikarnir komu ekki svo skýrt fram fyrr en núna í sumar 1990 þegar engar mildandi aðgerðir voru aðrar í gangi.

Ekki hvað síst var erfitt að geta ekki gripið til hvíldarinnlagna eða hjálpað fólki sem til langframa umgengst og annast aldraða og treystir á hvíldarinnlagnir um tíma á slíkum stofnunum. Það kemur líka í ljós að heimahjúkrun er veikari í Reykjavík en víða úti á landi og nauðsynlegt er að auka hana, jafnframt því sem hjúkrunarheimili fyrir aldraða vantar mjög í Reykjavík og sjúkrahúsin eru þess vegna setin mjög af langlegusjúklingum sem fremur ættu heima á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða.

Ég held að reynslan af þessum lokunum öldrunardeildanna sé slík að stjórnarnefnd ríkisspítalanna muni ekki sjá sér fært að leggja til slíkar lokanir á næstu árum, enda, eins og ég sagði fyrr, sparnaðurinn vafasamur.

En það er erfitt að grípa til þessara aðgerða. Ég get nefnt það hér sem dæmi að að undanförnu hefur stjórnarnefnd breytt til að mynda lýtalækningadeild á Landspítalanum í fimm daga deild og lokað henni um helgar til þess að spara, en núna um síðustu helgi varð að opna hana. Það varð að opna hana vegna þess að það komu 62 bráðatilvik inn á sjúkrahúsið og það varð ekki við það ráðið. Það verður ekki sparað þegar þannig stendur á. Og það er einmitt það sem menn verða að gera sér grein fyrir, eðli heilbrigðisþjónustunnar er þannig að menn verða að taka við sjúkum og hlynna að þeim, nánast hvernig sem stendur á og hvað sem fjárlögin í sjálfu sér segja.

En það eru ekki bara lokanir sem hafa verið notaðar til þess að ná fram aðhaldi og sparnaði. Á ríkisspítulunum hefur verið dregið úr og jafnvel bönnuð yfirvinna, þar hefur verið dregið úr og jafnvel bannað að ráða fólk í afleysingar og svo langt höfum við gengið að við höfum dregið tækjakaupafé af þeim deildum sem fram yfir hafa farið á launum.

Flestir þekkja þær umræður sem þar hafa farið fram um notkun á stimpilklukkum og reglur um vinnuseðlaskriftir hafa verið skýrðar mjög og hert á notkun þeirra. Jafnframt hefur verið í gangi stöðug hagræðingarvinna innan ríkisspítalanna þar sem farið hefur verið yfir deildir og reynt að skoða með hverjum hætti væri unnt að koma fram frekari sparnaði.

Það hefur verið metnaður þeirra sem ríkisspítalana hafa rekið að reka þá innan fjárlaga. Það hefur nánast verið samstaða meðal stjórnenda og starfsmanna að halda þessum stofnunum innan fjárlaga. Það er þess vegna afar erfitt fyrir bæði stjórnendur og starfslið að horfast í augu við það, þrátt fyrir þær miklu og hörðu aðgerðir sem gripið hefur verið til til að beita aðhaldi og sparnaði, að lenda eigi að síður fram yfir á fjárlögum. Ég tel að það hafi mikil áhrif á stjórnun stofnananna í framtíðinni ef menn geta ekki beitt þeirri stjórnunaraðferð áfram að halda sig innan fjárlaga, og þess vegna ekki síst er þessi yfirlýsing formanns fjvn. mjög mikilvæg.

Ég kemst ekki hjá því í þessu sambandi að benda á að það eru leiðir til að spara á ríkisspítulunum umfram þær sem ég þegar hef nefnt og hefur verið beitt mjög. Það kann að vera að það verði til þeirra að grípa en kerfið er þannig upp byggt að horfi menn fram hjá hagsmunum heildarinnar og reyni að reka sína stofnun eina innan fjárlaga, þá getur mönnum tekist að spara glettilega mikið. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna og benda á lið eins og lyfjakostnað.

Lyf verða æ dýrari. Það er algengt að sjúkrahús utan af landi senda til Landspítalans sjúklinga sem þurfa á mjög dýrum lyfjum að halda. Það lendir auðvitað á kostnaði Landspítalans. Ef Landspítalinn aftur á móti breytti sínum starfsaðferðum og léti einfaldlega skrifa út recept fyrir þessa sjúklinga, þá yrðu þeir að leita til lyfjabúðanna, apótekanna, en kostnaður lenti ekki á ríkisspítulunum. Í sjálfu sér væri ekkert rangt við það. En það mundi stórauka kostnað ríkisins í heild vegna þess að álagning lyfjabúðanna kæmi þá fram í allri lyfjasölunni sem nú fer þó fram til sjúklinga beint í gegnum ríkisspítalakerfið.

Ég bendi á að það er aukinn þrýstingur meðal stjórnenda ríkisspítalanna að fara þessa leið. Stjórnendur ríkisspítalanna standa í stöðugum áflogum vegna þessara fjármuna, og það er út af fyrir sig ekki rangt að beina þessum lyfjakaupum eða þessari lyfjanotkun frá ríkisspítulunum, en með því móti mundi heildarkostnaðurinn aukast mjög og það eru slíkir hlutir sem menn verða að hafa í huga. Til að mynda þegar rætt er um nýja hluti eins og hjartaaðgerðir eða glasafrjóvgun, þá segja menn e.t.v.: Hér með er verið að auka kostnað ríkisspítalanna. En menn gera sér ekki grein fyrir því nægilega vel að Tryggingastofnun greiðir þennan kostnað ella og greiðir hann til erlendra sjúkrahúsa. Þá er hann oft meiri þannig að það er heldur sparnaðaraðgerð að flytja þessar aðgerðir heim til ríkisspítalanna. Þó að þeir þurfi meiri fjármuni til að geta framkvæmt það sem um er að ræða, þá verður sparnaður hjá Tryggingastofnun.

Þannig er þetta kerfi samtvinnað og það verður ekki horft á fjármuni einnar stofnunar án þess að skoða heildina. Frekari niðurskurður hjá einni stofnun fram yfir það sem hún ræður við getur þýtt verulega aukinn kostnað fyrir heildina. Það skiptir mjög miklu máli. Það verður heldur ekki fram hjá því horft að biðlistar eru of langir á ýmsum deildum ríkisspítalanna.

Álag hefur aukist mjög á ríkisspítulunum á þessu ári, kannski vegna lokana sem orðið hafa á sjúkrahúsum hér í nágrannabyggðunum, þannig að þrátt fyrir áform um að halda starfsemi ríkisspítalanna í svipuðu horfi og var á árinu 1989, þá lítur út fyrir að legudagar á ríkisspítulunum verði 10 þúsund fleiri á þessu ári en í fyrra. Við því verður ekki spornað. Fjárveitingavaldið verður að gera sér grein fyrir því að sjúklingunum er ekki hægt að beina frá ríkisspítulunum, Landspítalanum í þessu tilviki. Menn hafa ekki lögreglu við dyrnar til þess. Menn verða að taka við sjúkum og slíkt

álag er meira og meiri þjónusta heldur en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. A.m.k. til skamms tíma og á tímabili sparaði ríkissjóður sér nokkuð með því að láta til að mynda ríkisspítalana greiða hærri dráttarvexti til Lyfjaverslunar ríkisins heldur en Lyfjaverslun ríkisins greiðir aftur til ríkissjóðs og þannig eru margir hlutir sem þarna koma inn.

Það væri vissulega tilefni til að gera frekar að umræðuefni ekki síst málefni Landspítalans sem að mínu viti er kjarninn í þessu kerfi okkar öllu saman. Landspítalinn býr við erfiðan og lélegan húsakost að mörgu leyti. Margar deildir hans búa við svo slæman húsakost að ekki væri óeðlilegt að Vinnueftirlitið gerði þar athugasemdir við. Tækjakostur spítalans er of hægt endurnýjaður. Það er ekki fjarri lagi að áætla að ríkisspítalar eigi tækjakost fyrir um 1000 millj. Fé til tækjakaupa hefur iðulega verið á bilinu 40–50 millj. kr. sem þýðir að slíkur tækjakostur er endurnýjaður á 20 ára tímabili og það sjá allir í hendi sér að gengur alls ekki upp þegar horft er til nýtísku lækningatækja sem úreldast og ganga úr sér á miklu, miklu skemmri tíma.

Þessir hlutir koma auðvitað frekar til umræðu við fjárlagafrv. sjálft og afgreiðslu þess en ég vil enn ítreka það og ljúka máli mínu með því að segja að ég bind vonir við þessi orð formanns fjvn., að þau þýði það að menn setjist yfir þann vanda sem enn er óleystur þarna og ég hygg að menn muni sjá það ef þeir grannt skoða að það verður ekki með góðu móti dregið frekar úr þjónustu ríkisspítalanna.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Klukkan að ganga 12 í dag var hringt í mig og ég var beðinn að athuga það hvort á þessum tillögum til fjáraukalaga væri einhver greiðsla til G-samtaka. Ég var þannig staddur að ég gat ekki fengið neinar upplýsingar um þessi mál annað en það að viðmælandi minn sagðist hafa búist við að það kæmi beiðni um þetta frá félmrn. Annað veit ég ekki. En hann sagði: Staðan er slík að þeirri skrifstofu sem þeir reka verður að loka ef ekki fæst einhver fjárveiting til hennar.

Nú vita allir það hvernig ástandið er í þjóðfélaginu og hve margir eru í greiðsluerfiðleikum og hve margir verða gjaldþrota og það er enginn vafi á því að það eru ýmsir sem hafa leitað til þessara samtaka, hafa fengið lausn sinna mála, hjálp og leiðbeiningar og þess vegna tók ég þá ákvörðun þó að seint sé að flytja þessa tillögu. Ég vil beina því til hæstv. fjmrh. að hann líti með velvilja á þessi samtök og reyni að leysa að einhverju leyti þeirra mál. Ef ég hefði vitað af þessu fyrr, þá hefði ég farið aðra leið en það tókst mér ekki.

Ég læt þetta nægja að tala fyrir þessari brtt. Ég held að öllum sé ljóst hver vandinn er og þörfin er brýn, en ég vil taka undir orð hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar í sambandi við sjúkrahúsin. Ég tel að það sé alveg rétt að ekki sé hægt að loka deildum sjúkrahúsa og þó að það hafi verið gert að loka bæklunardeildinni að einhverju leyti og biðlistarnir séu orðnir upp undir 20 mánuðir, þá er slíkt ekki hægt, bæði af mannúðarástæðum og það er dýrt fyrir þjóðfélagið að taka ekki á móti þessum sjúklingum því að margir þeirra eru á vinnualdri, en fara bæði líkamlega og andlega, brotna niður á þessari löngu bið. Ég hef verið þarna inni á þessari deild og ég þekki þessar aðstæður og það eru margir sem eru í vandræðum sem hafa leitað til mín að reyna að koma sér inn og þess vegna vil ég vekja hér athygli á þessu einu sinni enn að þetta er bara ekki hægt. En það er kannski hægt að spara einhvern veginn á öðrum liðum. Það þekki ég ekki og það væri gott ef það væri. En það er ekki hægt annað en taka við sjúklingum sem t.d. þurfa að fara í svona aðgerðir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Frv. til fjáraukalaga fjallar bæði um tekjur og gjöld. Í ræðu minni hér ætla ég að snúa mér að tekjuþætti þessa máls.

Við innheimtum skatta sem beina skatta og óbeina og það heyrist gjarnan sagt að það þurfi að hækka skattana. Þess vegna hlýtur það að vera ærið umhugsunarefni hvort nægilega sé með því fylgst að þeir skattar sem greiddir eru skili sér í ríkissjóð. Þá er ég ekki að tala um hertar innheimtuaðgerðir eða einhverjar sérstakar nýjar aðferðir til að refsa mönnum fyrir það að þeir geti ekki greitt vegna þess að þeir geta ekki greitt, heldur hitt, hvernig er staðið að því að fylgjast með því hvort skattar séu greiddir.

Langstærsti skatturinn sem við höfum er virðisaukaskatturinn. Og nú vil ég, með leyfi forseta, lesa hér upp þær hækkanir sem verða í frv. til fjáraukalaga á beinum sköttum annars vegar og óbeinum sköttum hins vegar.

Beinir skattar hækka um 1 milljarð 419 millj. en óbeinir skattar hækka um 1 milljarð 481 millj. Ef það er aftur á móti skoðað hvaða hlutfall er í fjárlagafrv. sem samþykkt var, þá kemur í ljós að þar eru beinir skattar innan við $^1/_4$ af óbeinum sköttum. Það segir okkur að hafi starfsmenn fjmrn. reiknað rétt, þá hefur orðið verulega meiri velta í þjóðfélaginu en þeir gerðu ráð fyrir, tekjur manna hafa orðið meiri og þess vegna hafa beinu skattarnir hækkað. En óbeinu skattarnir hafa ekki hækkað í neinu hlutfalli við þetta. Hafa þeir áætlað rangt eða ber að skilja það svo að þau undur hafi nú gerst að Íslendingar hafi haft mun rýmri tekjur en áætlað var, en þeir hafi bara lagt peningana til hliðar og þeir komi hvergi fram í veltu í þjóðfélaginu? Það er ekki nóg að hafa lagt þá í banka því að ef þeir hafa verið lagðir í banka, þá verður það líka að hafa verið víst að einhver annar hafi ekki tekið þá að láni og látið þá þannig velta. Þetta hlýtur að leiða hugann að því hvort virðisaukaskatturinn skilar sér eða skilar sér ekki.

Hæstv. fjmrh. hefur nú horfið úr salnum en það er nokkuð brýnt að hann hlusti á þessa umræðu og ég vildi fara fram á það við forseta að hann gerði boð eftir honum.

Eins og allir vita sem fylgst hafa með fréttum útvarps og sjónvarps, þá er búið að gera mikið átak í því að kynna svokallaðar sjóðvélar. Þær hafa verið kynntar á þann hátt að ef ákveðnum leikreglum er fullnægt í meðferð þeirra þá megi gera ráð fyrir því að tryggt sé að sá virðisaukaskattur, sem viðskiptavinur verslunar-

innar greiðir, muni skila sér í ríkissjóð. Mjög mörg fyrirtæki, ég þori ekki að fullyrða hvort það er meiri hlutinn, hafa orðið við þeirri áskorun að koma upp sjóðvélum, enda er fullyrt í reglugerð að það sé skylda að gera það. Hins vegar fer það ekki á milli mála að fjölmargir flýta sér hægt í þessum efnum og koma ekki upp neinni sjóðvél. Þeir þverskallast við og eiga þess vegna að mínu viti mjög auðvelda leið til þess að sleppa við að skila þeim skatti til ríkisins sem kúnninn er búinn að greiða.

Við erum með þungaskatt á vörubifreiðum og þar er strangt eftirlit með aflestri á mælum. Ekki er nú stéttin talin heiðarlegri en svo að þetta sé algjört skilyrði fyrir því að hægt sé að ná þessum skatti. En þegar kemur að blessuðum kaupmönnunum, þá virðist aftur á móti hafa verið ákveðið að segja við þá: Jú, þið skuluð nota sjóðvélar, en það er ekkert refsiákvæði inni ef menn gera það ekki. Þetta vekur mann til umhugsunar um það hvort ekki sé þá rétt að hafa samræmi í löggjöfinni, annaðhvort að breyta þessum álestri á bílunum og segja að það sé frjálst hvort menn hafi þessa mæla þar, þeir sem ekki hafi mælana verði bara að skila því eftir minni hvað þeir eru búnir að keyra mikið, eða þá að menn snúa sér að því í alvöru að ganga svo frá þessu máli að sá skatturinn sem mestu skilar í ríkissjóð og þjóðin borgar mest til komi til eigandans en verði ekki eftir einhvers staðar á leiðinni.

Ég tel að það sé siðlaust athæfi að láta mjög stóran hluta verslunareigenda setja upp þessa kassa en gera svo ekkert í því að fylgja því eftir með hörku að allir sitji við sama borð og þeir sem ekki hafa sett upp kassana verði að gera það líka. Það er hreinlega ekki verjandi að standa frammi fyrir þeim sem bera virðingu fyrir þessari reglugerð, hafa hlýtt henni, og segja við þá: Jú, við vitum að hann Jón í næstu verslun ætlar ekkert að gera þetta af því það er ekkert refsiákvæði.

Ég tel að í þessu máli reyni nú á það hvort fjmrh. geri sér grein fyrir því að þarna er um hina stóru peninga að ræða sem verður að ná inn. Allt tal um að ætla að leggja nýja skatta á þjóðina er þarflaust tal og á ekki við meðan þessi stóri skattur er jafneftirlitslaus í athugun og hann er í dag. Ég beini því mjög ákveðið til hæstv. fjmrh. að hann noti sinn rétt hér í þinginu til þess að gera grein fyrir stöðu þessa máls. Hvers er að vænta? Eða situr allt við það sama að eftirlitsmenn hans rölti hér um götur og segi: Jæja, þið eruð ekki enn þá búnir að setja upp kassa, það er leiðinlegt, við komum aftur eftir þrjú ár og vonum að þá verði kassinn kominn. Þakka ykkur fyrir.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 218 við það frv. sem hér er til umræðu. Þessar brtt. voru fluttar, lagðar fram og fyrir þeim mælt við 2. umr. málsins en áður en til atkvæðagreiðslunnar kom kaus ég að kalla þær aftur. En nú legg ég þær fram á nýjan leik við 3. umr. málsins vegna þess að ég taldi ástæðu til þess að hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh. fengju tækifæri til þess að leggja hér orð í belg og segja sinn hug í þessu máli.

Í mjög stuttu máli skal ég rifja nokkur aðalatriðin upp. Í fyrsta lagi ber að rifja það upp að hinn 1. maí 1989 gaf hæstv. ríkisstjórn, með bréfi hæstv. forsrh. til Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands, út það loforð að hætta skyldi innheimtu á jöfnunargjaldi frá þeim tíma sem virðisaukaskatturinn yrði tekinn upp. Það yrði að vísu hækkað um 60% til þess tíma, eða úr 3% í 5%, en síðan yrði það fellt niður. Þegar virðisaukaskattur var lagður á var gert ráð fyrir tekjutapinu í virðisaukaskattsprósentunni. Tekjutapið vegna jöfnunargjaldsins gerði ríkissjóði ekkert til því það var samþykkt hér á hinu háa Alþingi að tillögu hæstv. ríkisstjórnar að hafa prósentuna á virðisaukaskattinum með þeim hætti að ríkissjóður tapaði ekki tekjum vegna niðurfellingar jöfnunargjaldsins.

Ég tek það síðan fram að allt frá upphafi, a.m.k. í einn áratug, hefur stór hluti gjaldsins farið í að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt iðnfyrirtækja samkvæmt reikningum fyrirtækjanna. Ég undirstrika — samkvæmt reikningum fyrirtækjanna, vegna þess að það er allt annað kerfi sem er í gangi þegar um sjávarútveginn er að ræða. Má segja að endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi sé af allt öðrum toga og ekki sambærileg ákvörðun á sínum tíma.

Þessi ráðstöfun, sem hófst seint á áttunda áratugnum, átti sér rætur í þeim sannindum að Íslendingar höfðu þá ekki tekið upp sams konar söluskattskerfi og var við lýði víðast hvar í Evrópu og það gerði það að verkum að samkeppnishæfni íslensku fyrirtækjanna sem voru í útflutningi eða samkeppni við erlendar greinar var mjög slæm. Þess vegna leiðst okkur það, þrátt fyrir samninga, bæði við Evrópubandalagið og auðvitað þann samning sem við höfðum undirritað og tekið þátt í á grundvelli EFTA-samkomulagsins, að leggja á jöfnunargjaldið.

Nú víkur að því að samþykkt var frv. til fjárlaga fyrir tæpu ári síðan. Í því frv. var, þrátt fyrir fyrri loforð hæstv. ríkisstjórnar um að fella niður jöfnunargjaldið, gert ráð fyrir tekjum upp á 500 millj. kr. Það var síðan skýrt út að ástæðan fyrir því að þessi tala var sett inn í fjárlögin var sú að áætlað var að heimta inn þetta gjald í hálft ár. Kom það m.a. fram í ræðu hæstv. iðnrh. Með öðrum orðum, hæstv. ríkisstjórn ákvað að svíkja það loforð sem hún hafði gefið hálfu ári áður og lagði á jöfnunargjald um tímabundið skeið. Nú leið og beið fram á árið og ekki bólaði á því frv. sem Alþingi beið eftir, þ.e. frv. sem breytti lögunum um jöfnunargjald á þann veg að óheimilt væri að heimta inn gjaldið. Sú ákvörðun, og ég segi og legg áherslu á það, að það var sjálfstæð ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að halda áfram innheimtu gjaldsins. Þetta var til umræðu í hæstv. ríkisstjórn og það var niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar að halda áfram að heimta inn gjaldið. Þetta hefur leitt til þess að sjálfsögðu að það innheimtist helmingi meira gjald í ríkissjóð en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Það er þess vegna, virðulegi forseti, sem samkvæmt öllum almennum reglum hlýtur að vera rétt að flytja fyrri hluta brtt. en hún er á þá leið að breyta tekjuáætlun fjárlaga með þeim hætti að í stað 500

millj. kr. sem eru á fjárlögum yfirstandandi árs komi talan 960 millj. kr. en sú tala er það sem fjmrn. gefur upp að innheimtast muni á yfirstandandi ári þar sem hæstv. ríkisstjórn hafi ákveðið að heimta gjaldið allt árið. Og það er ekki nægilegt, virðulegi forseti, og krefst kannski úrskurðar af hálfu forseta, ég skal ekki um það fjalla, að segja að þetta felist inni í áætlunartölunni sem birt er í tekjuáætlun fjáraukalagafrv., einfaldlega vegna þess að það er munur á áætlunum, sem síðan reynast vera rangar vegna þess að verðlagsbreytingar eða einhverjar aðrar almennar breytingar hafa átt sér stað, og hinu að það er sjálfstæð ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að breyta tekjuáætlun en fylgja ekki sínum fyrri samþykktum. Á þetta legg ég áherslu. Og að þessu lýtur fyrri hluti tillögu minnar.

Þá kem ég að síðari hlutanum en hann fjallar um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti vegna rekstrar á sl. ári. Ég vil fyrst rifja það upp að hæstv. ríkisstjórn lofaði í viðtölum við fulltrúa iðnaðarins að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt. Þetta var gert haustið 1989, fyrir rúmu ári síðan. Það loforð hugðist hæstv. ríkisstjórn efna með því að setja inn ákveðna tölu í fjáraukalög sem voru til umræðu og afgreiðslu á hinu háa Alþingi fyrir u.þ.b. ári síðan. Það voru settar inn, ef ég man rétt, 390 millj. kr., ég verð þá leiðréttur ef ég fer ekki rétt með. Hluti af þeirri upphæð fór til iðnaðarins, ef ég man rétt 100 millj. kr., til þess að standa undir endurgreiðslu ríkissjóðs til iðnaðarins vegna uppsafnaðs söluskatts. Þegar líða tók á yfirstandandi ár kom í ljós að þessi upphæð dugði ekki, dugði reyndar engan veginn. Í áætlunum iðnrn. í mars á þessu ári kom í ljós að talið var að vöntunin væri 170 millj. kr. til iðnaðarins. Og það var einmitt þá sem hæstv. iðnrh. fór á ársfund iðnrekenda, flutti þar ræðu og sagði frá því að það vantaði 170 millj. kr. Hann orðaði það á þessa leið, með leyfi forseta, þetta var hinn 15. mars á þessu ári: „Frá upptöku virðisaukaskatts um síðustu áramót heyrir uppsöfnun söluskatts í aðfangakostnaði iðnfyrirtækja sögunni til. Í fjárlögum fyrir árið 1990 er því ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í iðnaði. Jafnframt hefur verið gert ráð fyrir því að 5% jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur verði fellt niður frá miðju þessu ári." — Síðan bætti hæstv. ráðherra við: „Því er hins vegar ekki að neita að sú fjárhæð sem ákveðin var með fjáraukalögum á síðasta ári til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í iðnaði vegna framleiðslu á árinu 1989 hrekkur ekki til. Samkvæmt áætlununum gæti fjárvöntunin numið allt að 170 millj. kr."

Síðan hélt hæstv. ráðherra áfram, ræddi nokkuð um erfiðleikana sem við væri að etja í ríkisfjármálum en sagði síðan orðrétt í sinni ræðu, með leyfi forseta: „Það er í fullu samræmi við lögin um jöfnunargjaldið, sem enn eru í gildi og ákveða að hluta af tekjum af því skuli varið í þágu iðnaðarins," — þ.e. að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til iðnaðar, og bætti síðan við: „Ég hef undirbúið um þetta tillögu sem ég mun leggja fram í ríkisstjórn á morgun." — „Á morgun" var 16. mars á yfirstandandi ári.

Þetta mál var síðan til umræðu oftar en einu sinni hér á hinu háa Alþingi á vorþinginu, einna mest þó þegar fjáraukalög voru afgreidd. Ég flutti þá samsvarandi brtt. og ég flyt nú í dag, nema þá gerði ég ráð fyrir því að jöfnunargjaldið yrði fellt niður eftir sjö mánuði.

Hæstv. iðnrh. fór þá fram á það að þessar tillögur yrðu kallaðar aftur til þess að honum gæfist ráðrúm innan hæstv. ríkisstjórnar til að vinna þessu máli fylgi með þeim hætti að hægt væri að endurgreiða söluskattinn með eðlilegum aðferðum.

Nú er ljóst, virðulegi forseti, eftir margra mánaða bið hjá iðnfyrirtækjunum að hæstv. ríkisstjórn hefur komist að þeirri niðurstöðu að aðeins eigi að greiða hluta af uppsöfnuðum söluskatti aftur til iðnfyrirtækja. Það á sem sagt að hætta við að greiða uppsafnaðan söluskatt vegna desembermánaðar á sl. ári. Og að því er manni skilst mun ástæðan fyrir þessari skerðingu vera sú að hæstv. ríkisstjórn hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru tök á því að endurgreiða þennan söluskatt vegna þess að þá yrði hún jafnframt að endurgreiða hann til sjávarútvegsins.

Nú er ólíku saman að jafna, virðulegi forseti, vegna þess að endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts í iðnaði hefur ávallt verið tekin af jöfnunargjaldinu. Slíku gjaldi er ekki til að dreifa í sjávarútvegi.

Jafnframt minni ég á að endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í iðnaði hefur ávallt farið fram á grundvelli bókhalds fyrirtækjanna en ekki með þeirri pólitísku aðferð, sem ég leyfi mér að nefna svo, sem á við sjávarútveginn, sem er allt annars eðlis.

Mér fannst, virðulegi forseti, nauðsynlegt hér við 3. umr. að fá spurningum svarað. Í fyrsta lagi vil ég beina máli mínu til hæstv. iðnrh. og spyrja hann að því hvort þessi niðurstaða hafi verið sú sem hann hafi óskað eftir í hæstv. ríkisstjórn. Hvort þetta séu efndir á því sem hann sagðist ætla að gera á ársfundi Félags ísl. iðnrekenda og hvort hann sé sáttur við þessa niðurstöðu. Jafnframt vil ég varpa þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., sem ég reyndar hef gert þrívegis, einu sinni á þskj. sem því miður var ekki hægt að svara vegna þess að þingi var slitið áður en til þess kom, og síðan tvívegis með bréfi til hæstv. ráðherra sem ég veit ekki hvort hefur ratað alla leið. Spurningin er ekki flókin, hún fjallar um það hvort hæstv. utanrrh. telji að hægt sé, vegna samninga sem við höfum gert við aðrar þjóðir, viðskiptaþjóðir okkar, að innheimta jöfnunargjaldið með þeim hætti sem við höfum gert út þetta ár og nú, eins og ráðgert er, fram á hið næsta. Ég hef kynnt mér þau rök sem koma fram í frv. um jöfnunargjald sem liggur fyrir hv. þingdeild og verður til umræðu síðar í dag á deildarfundi sem haldinn verður að loknum þessum fundi hér. Það er ekki hægt að skjóta sér á bak við það sem þar stendur, það er annars eðlis og þarf auðvitað að rannsaka það hvort það er rétt. Sé rétt sem þar kemur fram, þá hefur alla tíð verið vanreiknað það óhagræði sem Íslendingar hafa orðið fyrir vegna mismunandi skatta og annarra reglna sem gilda hér heldur en eru í gildi meðal annarra viðskiptaþjóða þar sem fyrirtæki starfa sem eru í samkeppni við íslensk fyrirtæki.

Ég taldi eðlilegt, virðulegi forseti, þótt ég viti að síðar gefist tækifæri til að ræða þetta mál miklu nánar, að um leið og við afgreiðum fjáraukalögin fái hæstv. ráðherrar tækifæri til þess að tjá sig, ekki síst vegna forsögu málsins, en um þetta mál var rætt verulega þegar síðast stóð yfir afgreiðsla um fjáraukalög á vorþinginu. Reyndar var nú ein aðalástæðan sem þá var vitnað til sú að heiti laganna þá væri með þeim hætti að það væri illmögulegt að troða þessu inn í þau lög. Það vildi svo til síðar í umræðunni að fram kom tillaga um að breyta heiti laganna þannig að út féll það sem var í fyrirsögninni, þ.e. að fjáraukalögin væru eingöngu vegna samninganna sem gerðir voru á sl. vori. Þetta var látið falla niður, m.a. vegna þess að fjáraukalögin tóku til fleiri atriða. Þetta er að sjálfsögðu annað mál en ég rifja þetta upp af því að þetta voru kannski viðamestu rökin fyrir því sem kom fram þá í þessu máli.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til fjáraukalaga hvað varðar yfirdráttarheimild fjmrh. í Seðlabankanum. Í 6. gr. fjárlaga er heimild um yfirdrátt svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1990 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör." Mín brtt. felst í því, hæstv. forseti, að við þennan texta bætist: „enda verði yfirdrátturinn gerður upp fyrir áramót samkvæmt heimildum í lánsfjárlögum þannig að viðskiptareikningur ríkissjóðs verði í jafnvægi."

Hæstv. forseti. Þessi tillaga er flutt í framhaldi af umræðu sem oft hefur orðið hér í þinginu. Ég vil minna hæstv. fjmrh. á það að fyrir tveimur árum og einum mánuði betur lét ég kalla hann hér inn í þessa hv. deild til að spyrja hann að því hvort hann væri kominn fram úr heimildum eða kominn á „fittið" eins og kallað er. Það var einmitt á þeim tíma sem hæstv. forsrh. vissi ekki hvað þetta „fitt" var og hann hafði lýst því yfir á fundi á Hótel Sögu. Þetta er mér minnisstætt. En það er þannig að þegar einstaklingar og fyrirtæki fara fram úr heftinu í bankanum, þá fá þeir svona gula miða senda heim. Það væri æskilegt, alla vega lágmarkskrafa, að þegar fjmrh. fer fram úr heimildum á fjárlögum þá fái hann og Alþingi væntanlega afrit, einhverja gula miða, til þess að vita hvort hann er kominn fram úr heimildum eða ekki. En án gamans, þessi tillaga er flutt í þeim tilgangi að Alþingi staðfesti í alvöru að þau fjáraukalög sem liggja fyrir séu raunverulega marktæk því með samþykkt þessara fjáraukalaga hefur Alþingi samþykkt allar fjárveitingabeiðnir sem hæstv. fjmrh. hyggst nota á árinu 1990. Samþykkt fjáraukalagafrv. af þessu tagi heimilar því fjmrh. ekki að greiða meira úr ríkissjóði en hann hefur aflað sér heimilda til því hann er að afla sér heimilda, hæstv. forseti, til fjáraukalaga og við verðum að vænta þess að hann sé að afla þeirra heimilda sem nauðsynlegar eru. Um þetta eru skýr ákvæði í stjórnarskrá landsins, 41. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Hæstv. forseti. Þessi ákvæði stjórnarskrárinnar eru alveg skýr. Fjmrh. er óheimilt að inna greiðslur af hendi nema samkvæmt heimild í fjárlögum. En eins og orðalagið er í dag í áðurnefndri opinni yfirdráttarheimild er það í reynd framsal á valdi sem Alþingi Íslendinga hefur. Alþingi Íslendinga hefur ekki leyfi til þess að framselja vald sem það hefur í hendur ráðherra. Það er í hæsta lagi leyfilegt að Alþingi framselji vald ef það er með takmörkunum. Tímabundinn yfirdráttur vegna árstíðabundinna sveiflna er t.d. eðlileg heimild en þá þarf að vera hámark á þessari heimild og um áramót verður heimildin að detta út. Slíkar heimildir eru eðlilegar og í samræmi við stjórnarskrána. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því einu sinni enn: Af hverju leggur hann ekki greiðsluáætlun fram með fjárlögum og fjáraukalögum? Af hverju liggur ekki hér fyrir Alþingi greiðsluáætlun, nákvæmlega hvað hann þurfi mikið af peningum til 31. des. til þess að geta lokað fjárlagaárinu með sæmd, til þess raunverulega að geta rekið þetta eins og á að gera það? Ef þessi fjáraukalög duga ekki, af hverju aflar hæstv. fjmrh. sér þá ekki bráðabirgðaleyfis? Hann á að fá leyfi hjá Alþingi til þess að greiða fjármuni úr ríkissjóði. Og ef það er einhver vandræðagangur í kringum þetta á hæstv. fjmrh. að fá bráðabirgðaleyfi. Ég væri fyrir mitt leyti tilbúinn að láta hann hafa það með ákveðnum skilyrðum, með þeim skilyrðum að þessum hlutum yrði komið í lag. Greiðsluáætlun með fjárlagafrv. fyrir árið 1991 ætti t.d. ekki að vera flókið mál. Það er ekkert flókið mál að deila með 12 í rekstur ríkisstofnana.

Öll önnur málsmeðferð í sambandi við fjármál er bara sukk og ekkert annað. (**Gripið fram í:** Er bara hvað?) Sukk. Botnlaus yfirdráttarheimild er ólög með vísan til stjórnarskrárinnar. Þá er verið að ómerkja fjárlögin sem verið er að gera. Það er verið að samþykkja fjárlög, en jafnframt er verið að ómerkja þau með botnlausri yfirdráttarheimild.

Ég tel, hæstv. forseti, að fjármálaákvæði stjórnarskrárinnar séu jafngild mannréttindaákvæðum. Allt tal um hefð í þessu sambandi tel ég vera algerlega út í hött. Ég spyr: Getur hæstv. dómsmrh. öðlast hefð til þess að fangelsa fólk án dómsmeðferðar með því að gera það nógu oft? Það er fráleitt. Þetta er nákvæmlega sama málið. Hæstv. dómsmrh. getur ekki öðlast hefð til að setja fólk í tugthúsið eftir geðþótta. Og hæstv. fjmrh. getur ekki öðlast hefð til að eyða peningum og borga með gúmmítékkum úr ríkissjóði án heimilda. Hefðarréttur í sambandi við þetta eða venjuréttur getur átt við einhverja venju sem ekki stangast á við stjórnarskrá landsins. Það er þessi misskilningur sem er í málinu. Hefðarréttur getur aldrei orðið þegar hann brýtur í bága við stjórnarskrá lýðveldisins.

Í þessu sambandi vil ég minna hér á hæstaréttardóm sem var kveðinn upp 27. febr. 1986 þar sem fjmrh. landsins var með reglugerð leyft, hæstv. forseti, að leggja á þungaskatt án takmörkunar. Og í dómsorði segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í lagagrein þessari er ráðherra veitt heimild til að ákveða með reglugerð að ökumæla skuli setja í bifreiðar sem nota annað eldsneyti en bensín og greiða skuli sérstakt gjald fyrir hvern ekinn km samkvæmt mælum þessum í stað árlegs þungaskatts. Ekki er að finna í lögunum ákvæði er takmarki heimild ráðherra til ákvörðunar á gjaldstigum eða breytinga á þeim.“ Síðan kemur dómsorð, hæstv. forseti: „Fallast ber á það með áfrýjanda að jafnvíðtækt framsal löggjafans á skattlagningarvaldi og hér um ræðir brjóti í bága við 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33 frá 17. júní 1944, og skatttaka því eigi gild að lögum.“

Þetta er dómsorð Hæstaréttar Íslands. Þetta eru náskyld mál. Þau eru sama eðlis. Þau eru um framsal á valdi sem Alþingi hefur.

Af því að hæstv. viðskrh. er svo vænn að vera hjá okkur núna vil ég minna hann á að hann er æðsti yfirmaður seðlabanka þjóðarinnar. Ég tel hann skyldan til þess að stöðva yfirdráttarheimild í Seðlabankanum sem æðsta yfirmann bankamála í landinu samkvæmt þessari tilvitnun sem ég var að vitna hér í áðan. Annaðhvort fer Alþingi með fjárveitingavaldið eða einhver annar. Það getur ekki verið bæði og.

Hæstv. forseti. Yfirdráttarheimild af því tagi sem hér um ræðir er heimild Alþingis til seðlaprentunar eða millifærslu á fjármunum sem hvergi eru til. Og það er einmitt þessi yfirdráttarheimild sem er ógæfuheimild þessarar þjóðar. Við ættum að breyta orðinu í ógæfuheimild. Þessi heimild gefur hæstv. fjmrh. heimild til þess að búa til verðbólgu og háa vexti og sukka með peninga á vegum ríkissjóðs án umboðs Alþingis.

Vill Alþingi Íslendinga koma í veg fyrir vaxtahækkanir í alvörunni? Vill Alþingi Íslendinga raunverulega taka á þeim vanda sem við er að glíma í efnahagsmálum, sukki í ríkisrekstrinum og óreglu af því tagi sem hér um ræðir? Mér finnst Alþingi Íslendinga vera skyldugt til þess að gera þjóðarsáttina að veruleika í framtíðinni með því að virða grundvallaratriði. Fjármálaákvæði stjórnarskrárinnar eru grundvallaratriði í meðferð fjármuna. Eins og máltækið segir: Það sem höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það. Og allt þjóðfélagið fer á eyðslufyllirí á eftir. Ég tel að ekkert mál sé jafnmikilvægt í dag og að koma á reglu í ríkisrekstrinum. Hæstv. fjmrh. hefur mörg orð haft um það að koma þeirri reglu á. Mér finnst hann því skyldugur til þess að standa við það með því að samþykkja að yfirdrátturinn verði tekinn af honum sjálfum. Hæstv. fjmrh. er búinn að fá allar þær heimildir sem hann hefur beðið Alþingi um. Hvað þarf hann meira? Hvers vegna þarf hann að hafa yfirdráttarheimild ofan á allt annað sem hann er búinn að fá? Hæstv. fjmrh. er búinn að koma með tvenn fjáraukalög á þessu ári. Hann er búinn að fá nákvæmlega allt sem hann hefur beðið um. Af hverju þarf að vera botnlaus framsalsheimild til útborgunar peninga fyrir utan þessi tvenn fjáraukalög?

Ég minni í þessu sambandi á frv. hv. fjvn. frá síðasta ári. Hv. fjvn. lagði öll fram mikilvægasta lagafrv. sem hefur verið lagt fram þann tíma sem ég hef verið á Alþingi, einmitt um þessi mál, um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Hv. fjvn. er stærsta nefnd þingsins, níu manna nefnd, og níu manna nefnd flutti einum rómi frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði á síðasta ári sem var svæft í nefnd hér í þinginu, hæstv. forseti, svæft af formanni hv. fjh.- og viðskn., formanni þingflokks Framsfl. Það hefur verið eitthvað í þessu frv. sem ekki var nógu gott til að geta stundað hrossakaup áfram hér í þinginu. Ég vil minna hv. formann fjvn. og Ólaf Þ. Þórðarson á þeirra ræður hér í fyrra í sambandi við þetta frv. Standi þeir nú við það sem þeir sögðu þá. Nú er tækifærið.

Á sama hátt hefur hæstv. fjmrh. ekki umboð Alþingis til þess að undirrita kjarasamninga nema þeir rúmist innan ramma fjárlaga. Hæstv. fjmrh. hefur umboð til þess að starfa í samræmi við þau fjárlög sem hafa verið ákveðin. Þetta eru skýr ákvæði í stjórnarskrá landsins. Og það er engum greiði gerður, flestum þegnum landsins tjón, með því að virða þau ekki. Hæstv. fjmrh. hefur ekki fjárveitingavaldið. Það er Alþingi Íslendinga sem hefur fjárveitingavaldið. Og kjarasamningur sem ekki rúmast innan ramma fjárlaga á að koma til atkvæðagreiðslu hér í þinginu sem fjáraukalög. Þá verður hæstv. fjmrh. að sýna fram á það hvernig hann ætlar að afla tekna fyrir auknum útgjöldum. Þetta er sú vinnuregla sem á hér að koma.

Ráðherrar skuldbinda ríkissjóð í umboði Alþingis, alveg sama um hvaða mál ræðir. Ef ráðherrar undirrita samninga, alveg sama af hvaða tagi þeir eru, sem ekki er leyfi fyrir hjá Alþingi þá eiga þeir að gera það með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þetta er vinnuregla í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem hefur oft verið fótum troðin hér í þinginu en á ekki að gera.

Ég fullyrði að ef gúmmítékkasukk í fjmrn. verður ekki stöðvað verður þessi þjóð ekki fjárhagslega sjálfstæð mörg ár í viðbót. Og ég vil ítreka það að vilji hæstv. fjmrh. ekki samþykkja þessa tillögu þá er hann sjálfur að segja að hans eigin fjáraukalög séu vitlaus nema hann rökstyðji þá hvers vegna hann þarf að hafa heimild umfram þau. Það er hlutverk alþingismanna að stöðva peningasukk hjá hinu opinbera. Fjárlög eru alvörumál og seðlaprentun er þjófnaður af fyrirtækjum og borgurum landsins og stjórnarskrá landsins er alvörumál. (**Forseti:** Forseti vill leyfa sér að spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Samningar höfðu tekist milli hæstv. forseta Nd. um að þessum fundi Sþ. lyki ekki síðar en kl. 4. Ég vildi spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt mál eftir.)

Hæstv. forseti. Ég á ekki langt mál eftir. Ég skal ljúka þessari ræðu. En ég ítreka það, hæstv. forseti, að hér er alvörumál á ferðinni. Hér erum við að tala um grundvallaratriði varðandi fjármál í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þeir sem ekki vilja samþykkja þessa tillögu um að yfirdráttarheimildin detti út um áramót eru að samþykkja það að fjmrh. skuli heimilað að stela verðmætum með seðlaprentun.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín spurningu áðan sem ég mun að sjálfsögðu leitast við að svara. Hann spurði hvort sú niðurstaða sem væri í

þessu fjáraukalagafrv. um fjárveitingu til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts til íslenskrar iðnaðarframleiðslu væri í samræmi við þær tillögur sem ég hefði gert. Af þessu tilefni vil ég láta koma fram að í upphaflegu frv. til fjáraukalaga var gerð tillaga um 150 millj. kr. í þessu skyni. Þá lágu fyrir áætlanir um það hjá iðnrn. og samantekt á reikningum frá iðnfyrirtækjum að miðað við fyrr gildandi reglur næmi heildarfjárhæð endurgreiðslu söluskatts vegna ársins 1989 192,2 millj. kr., ef mitt minni svíkur mig ekki. Þá var gert ráð fyrir því að þessi endurgreiðsla stæði með óbreyttum reglum allt til loka ársins. Í meðförum fjvn. og með mínu samþykki er tillaga nú um 160 millj. kr.

Það er í þessu máli eins og flestum málum af þessu tagi að fjárhagstakmörkun verður að virða. Það er líka gert hér. Ég tel að með þessu sé komið sanngjarnt lokauppgjör á því kerfi endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts sem fylgt hefur söluskattskerfinu frá því á miðjum áttunda áratugnum. Það er vel að nú hefur virðisaukaskatturinn leyst söluskattinn af hólmi. Af þeirri breytingu hefur iðnaðurinn margvíslegt hagræði, hagræði sem að mínu áliti réttlætir það að lokagreiðslan sé sú sem hér er gerð tillaga um, 160 millj. kr.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna ræðu sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson flutti áðan vil ég taka undir með honum að það er alveg rétt að það þarf að bæta mjög eftirlit með sjóðvélum og öðrum þeim tækjum sem notuð eru til að tryggja skil á virðisaukaskatti. Vandinn er sá að í gildandi lögum eru ekki heimildir til þess að grípa til aðgerða ef þessum reglum er ekki fylgt. Hins vegar er verið að smíða frv. þar sem farið er fram á slíkar heimildir. Ég mun á ríkisstjórnarfundi n.k. föstudag leggja fram slíkt frv. Það á að tryggja að þeir aðilar sem eru skyldaðir samkvæmt núgildandi reglugerð að hafa sjóðvélar þurfi að gera það og hægt sé að grípa til viðhlítandi ráðstafana ef það er ekki gert. Þetta mál hefur verið í undirbúningi núna í nokkurn tíma í kjölfar á könnun sem framkvæmd var af skattrannsóknastjóraembættinu í sumar.

Vegna tillögu frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni vil ég beina þeim tilmælum til hans að þetta mál verði tekið til skoðunar við afgreiðslu fjárlaga. Styrkur til einstakra félagasamtaka er eðli málsins samkvæmt mál til þess að fjalla um við afgreiðslu fjárlaga. Þau gögn hafa ekki komið sem þyrftu að koma frá þessum samtökum til þess að geta tengt það afgreiðslu annarra hliðstæðra mála. Ég held að það væri vænlegra að gera það við afgreiðslu fjárlaga en gera það hér vegna þess að þeirri reglu hefur verið fylgt við fjáraukalögin að taka ekki inn í þau beiðnir frá einstökum samtökum sem samkvæmt venju eiga betur heima við afgreiðslu fjárlaga sem fara mun fram hér innan þriggja vikna. Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum til hv. þm. Stefáns Valgeirssonar hvort hann getur ekki sæst á það að bæði fjvn. og viðkomandi ráðuneyti skoði þetta mál vandlega fram að afgreiðslu fjárlaga.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurn vegna álagningar jöfnunargjalds og spurði hvort ég teldi áframhaldandi álagningu og innheimtu þessa gjalds til loka árs 1990 samrýmast skuldbindingum okkar samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna og fríverslunarsamningi við Evrópubandalagið. Svar mitt er þetta:

Álagning jöfnunargjalds átti að vera tímabundin ráðstöfun og því var yfir lýst af okkar hálfu að það yrði lagt af þegar virðisaukaskattur kæmi til framkvæmda. Mitt sjónarmið hefur því verið það að beita mér af nokkurri hörku fyrir afnámi jöfnunargjalds. Það er rétt sem fram kom í máli hv. 1. þm. Reykv. að við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs var ráð fyrir því gert að jöfnunargjald yrði innheimt á fyrri hluta ársins en hins vegar var ekki flutt frv. um afnám þess heldur gjaldið innheimt áfram.

Á þessu ári hafði náðst um það niðurstaða í ríkisstjórn að gjaldið skyldi aflagt í óbreyttu formi en í staðinn átti að kanna betur heimildir sem samræmdust fríverslunarsamningum um upptöku innflutningsgjalda með öðrum hætti.

Samtök iðnaðarins, Félag ísl. iðnrekenda, hefur beitt sér mjög í þessu máli og hélt fram þeim rökum að samkeppnisóhagræði íslensks iðnaðar væri meira en áður hefði verið áætlað og hélt því fram að eðlilegt væri að taka tillit til þess og þar með að gefa iðnaðinum einhvern aðlögunartíma áður en gjaldið yrði lagt af. Þau gögn og þeir útreikningar sem Félag ísl. iðnrekenda lagði fram í þessu máli voru að sjálfsögðu vandlega skoðaðir. Niðurstaðan varð sú að Þjóðhagsstofnun var falið að leggja á það hlutlægt mat hvort þetta væru frambærileg rök sem stæðust gagnrýna skoðun samningsaðila okkar gagnvart fríverslunarsamningum. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er sú að uppsöfnunaráhrifa söluskatts í rekstrarkostnaði iðnaðar gæti enn þrátt fyrir það að við höfum tekið upp virðisaukaskatt um sinn. Í fyrsta lagi vegna fasteigna sem til komu fyrir upptöku virðisaukaskatts. Í öðru lagi vegna viðhalds og endurbóta véla. Og í þriðja lagi vegna flutningatækja.

Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á hversu mikil þessi áhrif eru og samkvæmt niðurstöðum hennar er áætlað að uppsafnaður söluskattur hafi numið 5,6% af framreiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna í iðnaði miðað við árslok 1989. Það má líka geta þess að aðstöðugjald skekkir einnig samkeppnisstöðu iðnaðar þar sem m.a. er um að ræða gjald á rekstrarkostnað en slíkt þekkist ekki í samkeppnislöndum.

Niðurstaðan varð sú að taka þessa útreikninga gilda og af því leiddi að ákveðið var að niðurfelling 5% jöfnunargjalds skyldi verða í áföngum. Þess vegna höfum við lagt til að gjaldið verði 4% frá næstu áramótum og 2% frá byrjun júlí og falli síðan niður í árslok 1991. Þetta mun jafngilda að mati Þjóðhagsstofnunar um 3% jöfnunargjaldi að meðaltali á árinu.

Með því að gjaldið fellur síðan niður endanlega, að loknum aðlögunartíma fyrir íslenskan iðnað samkvæmt þessum rökum, er það mín niðurstaða að skuld-

bindingum okkar gagnvart EFTA-ríkjum og EB verði fullnægt, enda leiki nú ekki nokkur vafi á því að gjaldið verði afnumið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti, ég skal vera stuttorður. Ég þakka hæstv. ráðherrum þeirra svör. Því miður heyrði ég ekki alla ræðu hæstv. iðnrh. en mér skildist á máli hans að hann hefði lagt til í ríkisstjórninni að endurgreiðslan yrði 150 millj. sem nú eru 160 millj. (Gripið fram í.) Ég var ekki kominn þegar þessum hluta var svarað en ég fékk þær upplýsingar hjá sessunaut mínum að hæstv. ráðherra teldi sig bera ábyrgð á og leggja til það sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert í þessu máli og ætlar sér að standa að þeirri tillögu sem er 150 millj. í frv. og 160 millj. eftir breytingu sem gerð var á frv. (Gripið fram í.) Það kemur nú að því að við náum sæmilegu sambandi og þá er best að ég orði þetta aftur: Hæstv. ráðherra segist styðja það að iðnaðurinn fái 160 millj. endurgreiddar vegna uppsafnaðs söluskatts af rekstri sl. árs. Það þýðir að líklega vantar nærri því 40 millj. upp á að greiðslurnar séu jafnvirði þess sem kemur fram í bókhaldi fyrirtækjanna áður en til vaxtareikninga kemur.

Ég heyri að hæstv. ráðherra kýs að koma hér í stólinn og gera betri grein fyrir þessu, sem sjálfsagt er mér að kenna því ég hef ekki hlustað nægilega vel, en sé þetta rétt, eins og ég hef hér lýst, þá kemur í ljós að hæstv. ráðherra ætlar að bregðast þeim loforðum sem gefin voru fyrir rúmu ári þegar hæstv. ríkisstjórn sagðist mundu láta endurgreiðslu vegna uppsafnaðs söluskatts á sl. ári renna til iðnaðarins. Það átti reyndar að gerast á sl. hausti en þá reyndust ekki nægir fjármunir vera fyrir hendi. Þar sem hæstv. ráðherra ætlar að taka til máls aftur sé ég ekki ástæðu til þess að fjalla að svo stöddu meira um þetta. Ég vil þó biðja hæstv. ráðherra að skýra það betur út hvernig á því standi að hann telji það réttlætanlegt að endurgreiða ekki þann hluta uppsafnaða söluskattsins, sem öllum ber saman um að er fyrir hendi, og varð til vegna reksturs í desember 1989.

Þá vil ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýr svör. Hann sagði sjálfur að hann hefði barist af hörku fyrir því að leggja af jöfnunargjaldið í núverandi mynd. Það verður að skilja á þann veg að hann telji að slíkt jöfnunargjald fari í bága við skuldbindingar okkar gagnvart EFTA-EB og jafnvel öðrum viðskiptaþjóðum. Hann sagði að hann hefði samþykkt að það bæri að kanna betur hvort nota mætti aðrar aðferðir til þess að leggja gjöld á innflutning og þá hlýtur maður að álykta sem svo að það frv., sem er stjfrv. og liggur fyrir hv. þingi, sé lagt fram af hæstv. ríkisstjórn allri. Í því frv. er gert ráð fyrir að framlengja jöfnunargjaldið þannig að það verði 4% frá 1. jan. og 2% frá 1. júlí á næsta ári og leggist síðan af í lok næsta árs. Þetta sé gert sem eins konar aðlögun fyrir iðnaðinn, enda hafi Þjóðhagsstofnun komist að þeirri niðurstöðu að óhagræðið sé meira en áður hefur verið haldið fram, einkum og sér í lagi vegna fasteigna, eins og hæstv. ráðherra lýsti hér áður.

Ef skoðuð eru tafla og texti Þjóðhagsstofnunar kemur í ljós að þetta er ákaflega misjafnt eftir greinum. Það hlýtur að blasa við hverjum sem þetta les að hafi einhvern tímann verið efni til endurgreiðslu þá er það á grundvelli þeirra raka sem koma fram hjá Þjóðhagsstofnun. Þess vegna hlýtur maður að þurfa að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki sé eðlilegt, fyrst áfram er haldið að innheimta þetta gjald, að endurgreiða það til þeirra sem hafa þurft að greiða mestan skattinn vegna þess að þetta kemur ákaflega misjafnlega niður á viðkomandi fyrirtæki. Þjóðhagsstofnun segir frá þessu og segir að hlutfallið sé frá 2,3% og upp í 9%. Það munar sem sagt meira en þrefalt á fyrirtækjum eftir greinum.

Það er einmitt þetta sem veldur því að það hlýtur að vera eðlilegt, ef menn eru í alvöru að gera það sem þeir segjast vera að gera, að bæta fyrirtækjunum í samkeppni upp það óhagræði sem verður vegna skattareglna á Íslandi, að jafna þann mun. Ein aðferðin er auðvitað að gera eins og apinn þegar hann skipti ostinum á milli músanna með því að éta ostinn sjálfur. Það kýs hæstv. ríkisstjórn að gera með því að leggja á gjald og láta það renna í ríkissjóð. En það væri hægt að gera þetta með þeirri aðferð að taka gjaldið og jafna á milli greinanna með því að greiða þeim aftur það sem þeim ber til þess að samkeppnisstaða þeirra sé eins og fyrirtækjanna sem þau eru að keppa við, bæði fyrirtæki sem stunda útflutning og fyrirtæki í iðnaði sem eru í samkeppni við innflutninginn.

Þetta finnst mér að vanti í þessa umræðu. Ég geri mér ljóst, virðulegi forseti, að það er hægt að taka þessa umræðu aftur upp síðar þegar það frv. verður til umræðu. En það er samt merkilegt að hér hefur komið fram að hæstv. utanrrh. hefur barist gegn jöfnunargjaldinu í núverandi mynd. Hann hafði betur 1. maí 1989 þegar hæstv. ríkisstjórn gaf út það loforð að fella niður jöfnunargjaldið, enda hafði hæstv. utanrrh. áður sem fjmrh. tekið jöfnunargjaldstekjurnar inn í virðisaukaskattinn þegar kerfisbreytingin átti sér stað þannig að tekjutap ríkissjóðs var ekkert. Hann veit betur en flestir aðrir sem utanríkisviðskiptaráðherra að við erum að brjóta samninga á okkar viðskiptaþjóðum, þ.e. þeim sem við höfum gert sérstaka samninga við.

Niðurstaðan varð samt sem áður sú að ríkissjóður hefur hirt af þessu gjaldi einn milljarð á yfirstandandi ári. Nú fyrst er hæstv. ríkisstjórn að efna að hluta ársgamalt loforð um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Þetta gerist þrátt fyrir að hæstv. utanrrh. hafi barist af hörku gegn jöfnunargjaldinu í núverandi mynd. Hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir hvernig hann ætlar að efna það loforð sem gefið var gagnvart iðnaðinum, að greiða uppsafnaðan söluskatt samkvæmt bókhaldi fyrirtækjanna vegna reksturs á sl. ári. Það hefur auðvitað ekkert með það að gera að menn hafa nýlega komið sér saman um það að óhagræði íslensku fyrirtækjanna sé meira og látið Þjóðhagsstofnun reikna það út, nema að menn samþykki þá í leiðinni að óhagræðið, sem er mjög misjafnt eftir fyrirtækjum og greinum, verði til þess að um jöfnuð sé að ræða, þannig að gjaldið verði notað til þess að greiða aftur þeim fyrirtækjum sem þurft hafa að greiða mestan uppsafnaðan

söluskatt. En það er ekki ætlunin vegna þess að hæstv. fjmrh. ætlar að fara leið apans. Hann ætlar að borða allan ostinn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nú fyrst byrja á því að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. Hann virðist álíta að endurgreiðslukröfur frá iðnfyrirtækjunum á söluskatti samkvæmt því kerfi sem gilti fram til loka árs 1989 væru byggðar á bókhaldi fyrirtækjanna, eins og hann orðaði það. Það er ekki rétt. Það er þannig að endurgreiðslan er byggð á hlutföllum af sölu. Í hverri grein eru hlutföllin metin af Þjóðhagsstofnun. Það er ekki safnað saman tölum um raunverulegar söluskattsgreiðslur fyrirtækjanna. (Gripið fram í.) Ég svara þessu skýrt, virðulegur þingmaður. Það er ekki rétt sem hv. þm. hélt hér fram. Það breytir því hins vegar ekki að þessi tilhögun á sér langa hefð og er miklu snarari þáttur í rekstrarskilyrðum iðnaðarins en sjávarútvegsins og að því leyti hafði hv. 1. þm. Reykv. rétt fyrir sér. En réttlætingin fyrir því að ljúka málinu með því sem ég vil kalla eftir atvikum sanngjarnri lokagreiðslu eftir meira en áratugs endurgreiðslur á söluskattinum er það, sem ég tel ótvírætt, að fyrir mörg iðnfyrirtæki var breytingin þegar virðisaukaskatturinn leysti söluskattinn af hólmi jákvæð breyting og í sumum greinum skilaði hún þegar verulegum bótum í rekstrarskilyrðunum. Það eimir að vísu enn eftir af skattinum í fjármagnskostnaði nokkurra greina, eins og hæstv. utanrrh. vék hér að. En það er nú einfaldlega þannig, eins og ég er sannfærður um að hv. 1. þm. Reykv. skilur ef hann hugsar sig betur um, að það þarf að virða fjárhagslegar takmarkanir, líka þegar um æskileg málefni er að ræða. Það á við hér. Málinu er lokið með sanngjörnum hætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 218,1 felld með 27:8 atkv.
Brtt. 221 samþ. með 32 shlj. atkv.

Stefán Valgeirsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að leysa þetta vandamál í fjárlögum og í trausti þess að það verði gert á þann veg að þessi starfsemi geti haldið áfram dreg ég tillöguna til baka.

Brtt. 222 kölluð aftur.
Brtt. 218,2 felld með 28:11 atkv.
Brtt. 219 felld með 31:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 226).

EFRI DEILD

17. fundur, miðvikudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 138. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, frh. 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 177. mál (Kirkjuhvolsprestakall). — Þskj. 198.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 178. mál (hjálparbúnaður fyrir sjónskerta). — Þskj. 199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 185. mál (samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík). — Þskj. 212.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, sem flutt er á þskj. 212 og er 185. mál Ed.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því að sett verði á laggirnar sérstakt samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, Borgarspítala, St. Jósefsspítala á Landakoti og Ríkisspítala, sem hafi það meginhlutverk að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu þessara sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, gera þróunar- og fjárfestingaráætlanir fyrir þau og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu milli þeirra. Tilgangurinn með þessari skipulagsbreytingu er sá að nýta sem best þá fjármuni sem sjúkrahúsin hafa til ráðstöfunar.

Um nokkurra ára bil hefur kostnaður við heilbrigðisþjónustu verið stærsti einstaki útgjaldaliður á fjárlögum íslenska ríkisins. Útgjaldaaukning í heilbrigðisþjónustu hefur raunar ekki aðeins verið umtalsverð hér á landi heldur meðal allra vestrænna þjóða og verið til umræðu síðasta áratuginn. Ég las nýlega grein í erlendu tímariti þar sem fjallað var um baráttu stjórnvalda í nágrannalöndunum við að leita leiða til að draga úr stöðugri kostnaðaraukningu á sviði heilbrigðismála.

Það virtist vera aðalkeppikefli heilbrigðisyfirvalda og fjármálayfirvalda í þessum löndum að stemma stigu við stöðugt vaxandi útgjöldum til þessa málaflokks. Allir vilja að sjálfsögðu búa við sem besta og fullkomnasta heilbrigðisþjónustu. Tæknin vex stöðugt, kostnaðurinn eykst, ný og dýr lyf koma á markað sem gera starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar kleift að takast á við og leysa viðfangsefni og lækna sjúkdóma sem áður var ekki hægt. Allt hefur þetta þó í för með sér að útgjöld aukast stöðugt. Þessi umræða um kostnaðarauka í heilbrigðisþjónustu er því alls ekki sérístenskt fyrirbæri heldur þekkt meðal allra vestrænna þjóða.

Á þessum áratug höfum við aukið útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu úr 6,6 í 8,5% og eru nú Svíar einir Norðurlandaþjóða með hærra hlutfall en Íslendingar.

Í þjóðfélagsumræðunni að undanförnu hefur nokkuð borið á harðri andstöðu við aukna skattheimtu en jafnframt mjög ákveðnum og háværum kröfum um aukin útgjöld til heilbrigðismála og þeirri kröfu að hér sé ávallt veitt hin besta fáanlega þjónusta með þeim tilkostnaði sem hún að sjálfsögðu kallar á. Þetta eru skiljanleg sjónarmið. Við viljum helst ekki borga hærra hlutfall af tekjum okkar í skatta til ríkisins og við viljum líka krefjast þess að ríkið standi undir velferðarþjóðfélaginu sem við höfum byggt upp á undanförnum árum og eigum erfitt með að horfast í augu við þær staðreyndir að vissir þættir þessa velferðarkerfis kunni að vera svo dýrir að við þurfum að spyrja okkur á hverju við höfum ráð og hvert við stefnum. En þessi tvenn viðhorf, annars vegar að draga úr skattheimtu og hins vegar að auka ríkisútgjöldin, stangast að sjálfsögðu á.

Ég tel hvorki líklegt að heilbrigðismálin fái mikið stærri hlut af landsframleiðslu á næstu árum en orðið er, nema þá að til komi aukinn hagvöxtur, né að samstaða náist um viðbótarskattheimtu til að standa straum af viðbótarútgjöldum til heilbrigðismálanna. Þeir sem hæst hafa talað um að draga þurfi úr skattheimtunni og draga þurfi úr því sem er stundum kallað ríkisbákn hafa líka, a.m.k. á stundum, ekki síður en aðrir aðilar í þjóðfélaginu, krafist þess að velferðarþjóðfélagið okkar standi þó fyllilega fyrir sínu.

Prófessor Þórður Harðarson, yfirlæknir á lyflækningadeild Landspítalans, segir í nýlegu viðtali við dagblaðið Tímann aðspurður um hver séu stærstu vandamálin sem hann sjái blasa við í dag, með leyfi forseta:

„Varðandi lyflækningadeildina hef ég almennt miklar áhyggjur af vaxandi kostnaði við þjónustuna, sífellt dýrari lyf og aðgerðir. Ég óttast að í framtíðinni verði ekki unnt að veita Íslendingum bestu þjónustu sem völ er á vegna vaxandi kostnaðar. Ég get nefnt sem dæmi að lyfjagjöf eins sjúklings hefur kostað Landspítalann á þessu ári 30 millj. kr. Hér er um að ræða mjög dýra lyfjameðferð en sjúkdómurinn er þess eðlis að sjúklingarnir deyja ef þeir fá ekki þetta lyf. En fyrir þessar 30 millj. er hægt að halda öldrunardeild opinni í 4–5 mánuði. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt fyrir okkur og heilbrigðisyfirvöld að vega og meta valkostina. Ég held að við höfum aðeins séð byrjunina á þessari þróun. Nútímatækni, t.d. í genatækni, og próteinsamrunatækni af ýmsu tagi mun vafalaust hafa í för með sér að miklar framfarir verða í þróun lyfja, en slík lyf eiga eftir að verða mjög dýr. Ég óttast að við munum á því sviði reka okkur á vegg þegar fram líða stundir og ekki verði unnt að bjóða öllum sjúklingum dýrustu meðferðarkostina. En þá stöndum við aftur frammi fyrir miklum siðfræðilegum vanda því að ýmsir sjúklingar, sem hafa peningaráð, munu þá óska eftir að greiða lyfin og önnur dýr meðferðarform sjálfir. Hverju eigum við að svara þeim? Það er mjög erfitt fyrir lækni að neita sjúklingi um nauðsynlega meðferð ef ekki strandar á banni stjórnvalda. En þá erum við hins vegar komin með tvenns konar heilbrigðisþjónustu, annars vegar fyrir þá efnuðu og hins vegar fyrir þá sem minna mega sín, og ég veit ekki hvort það er ásættanlegt í íslensku þjóðfélagi."

Síðar í þessu sama viðtali segir prófessor Þórður Harðarson:

„Í lögum okkar um heilbrigðisþjónustu segir að Íslendingar skuli eiga kost á bestu heilbrigðisþjónustu hverju sinni. Íslenskir læknar hafa reynt að vinna í samræmi við þessi lagaákvæði og mér vitanlega hefur Íslendingi ekki verið neitað um meðferðarform hingað til vegna kostnaðar. Ég held að íslenskir læknar væru ófáanlegir til að taka slíka ákvörðun nema standa frammi fyrir fullkominni spennitreyju varðandi fjárveitingar, sem enn er ekki orðið. Ég tel þó að við séum að nálgast það stig að ekki verði hægt að veita öllum allt, eins og ég gat um áðan. Það verður hins vegar mjög erfið ákvörðun og ég er ekki viss um að læknar vilji standa einir að henni og segja til um hverjum eigi að neita um lífsnauðsynlegar aðgerðir. Slíkar ákvarðanir eru svo vandasamar og sársaukafullar að ég er ekki viss um að læknar hér á landi vilji axla þá ábyrgð einir. Ég tel mjög líklegt að slíkar ákvarðanir verði teknar hér í framtíðinni en ég skal ekki segja um hvenær að því kemur."

Hér læt ég lokið tilvitnun í þetta viðtal við prófessor Þórð Harðarson, en vildi láta þessi sjónarmið hans koma hér fram í þessari umræðu vegna þess hversu mikilvægt ég tel það vera fyrir Alþingi Íslendinga og íslenska stjórnmálamenn að horfast fyrr en síðar í augu við þá framtíð sem við blasir á þessu sviði.

Frá því að lög um heilbrigðisþjónustu tóku gildi 1974 hafa verið í þeim ákvæði um skiptingu sjúkrahúsa í flokka eftir tegund og þjónustu. Þar á meðal var heitið svæðissjúkrahús og gert ráð fyrir að svæðissjúkrahús eitt sér eða í samvinnu við önnur veitti sérfræðiþjónustu í öllum eða flestum greinum læknis-

fræðinnar. Með svæðissjúkrahúsi var fyrst og fremst haft í huga að stóru sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík, Landakotsspítali, Borgarspítali og Landspítali, hefðu með sér skipulagða samvinnu. Í lögunum var gert ráð fyrir að ráðherra setti reglugerð um flokkun sjúkrahúsa í landinu öllu í samráði við Landssamband sjúkrahúsa. Drög að slíkri reglugerð voru samin á árunum 1981–1982 en af ýmsum ástæðum og þó einkum deilna um verkaskiptingu sjúkrahúsa í Reykjavík, eins og gert var ráð fyrir henni í reglugerðinni, var aldrei sett. Í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu segir svo í grein 24.3:

„Ráðherra skal með reglugerð kveða á um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga."

Að vel athuguðu máli er það álit þeirra sem um málið hafa fjallað að til viðbótar þessari reglugerðarheimild ráðherra komi inn í lögin nýr töluliður í 24. gr. sem kveði ákveðið á um með hvaða hætti samvinna sjúkrahúsanna í Reykjavík verði. Forsaga þessa máls er sú að árið 1984 var sett á laggirnar svokölluð samvinnunefnd sjúkrahúsa. Í upphafi voru fulltrúar sjúkrahúsanna í Reykjavík eingöngu í nefndinni en síðar bættist við fulltrúi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri auk fulltrúa frá ráðuneyti, landlækni og Tryggingastofnun ríkisins.

Á sl. ári skipaði ég nefnd til að kanna enn á ný alla möguleika á auknu samstarfi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu eða sameiningu þeirra í eina eða fleiri stofnanir. Í nefndinni áttu sæti framkvæmdastjóri stóru sjúkrahúsanna þriggja, þ.e. Borgarspítala, Ríkisspítala og Landakotsspítala, yfirlæknar sömu stofnana, fulltrúi borgarstjórnar í Reykjavík og tveir fulltrúar frá heilbr.- og trmrn. og var annar þeirra formaður í nefndinni. Þessi nefnd lauk störfum nú á haustmánuðum og skýrsla nefndarinnar fylgir með, sem fskj., því lagafrv. sem hér er til umræðu.

Tilefni þess að ég skipaði nefnd þessa í upphafi árs 1989 var í raun það að til mín komu fulltrúar Landakots og Borgarspítala og gerðu mér grein fyrir hugmyndum sínum um hugsanlegt samstarf eða jafnvel sameiningu þessara tveggja sjúkrahúsa. Einnig höfðu gengið á minn fund fulltrúar frá Landspítalanum, þeirra á meðal nokkrir yfirlæknar stærstu sviðanna, sem töldu að hægt væri að ná enn þá meiri hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna en með þeim hugmyndum sem Landakots- og Borgarspítalamennirnir gerðu ráð fyrir. Töldu þeir að mestri hagræðingu og sparnaði í rekstrarútgjöldum væri hægt að ná með því að sameina að fullu starfsemi Landspítalans og Borgarspítalans og eftir atvikum Landakots sem þó skiptir minna máli en sameining stóru spítalanna. Þess vegna taldi ég rétt að setja á fót þessa margumtöluðu nefnd og láta á það reyna hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi milli allra þriggja spítalanna um aukið samstarf eða jafnvel samruna. Ég taldi og tel reyndar enn að með því móti sé hægt að ná enn meiri hagkvæmni og markvissari verkaskiptingu milli þeirra og fá þannig meira fyrir þá fjármuni sem í dag renna til þessara þriggja stærstu sjúkrahúsa í landinu.

Vaxandi þörf er á nýjum fjárfestingum á vegum sjúkrahúsanna í Reykjavík vegna aukinnar tækni og nýrra möguleika. Skapast þá að sjálfsögðu sú hætta að verið sé að koma upp sama eða svipuðum búnaði á öllum sjúkrahúsunum án þess að afstaða hafi áður verið tekin til þess hvort nauðsynlegt sé að öll sjúkrahúsin þurfi á slíkum búnaði og tækjum að halda eða hvort hægt sé með samvinnu og verkaskiptingu að samnýta slíkan búnað og hann sé aðeins keyptur af einni stofnun.

Annað vandamál sem einnig er nauðsynlegt að fjalla um í samskiptum þessara stofnana eru lokanir á deildum sem að verulegu leyti stafa reyndar af manneklu yfir sumarmánuðina þegar sumarfríin standa yfir en einnig vegna þess að fjárveitingar eru ekki nægar til þess að halda öllum þessum stofnunum í fullum rekstri allt árið. Er veruleg þörf á að koma hér á betra skipulagi svo að draga megi úr þessum lokunum eins og frekast er kostur og að náið samstarf sé á milli sjúkrahúsanna og skipulag og aðgerðir til þess að spara útgjöld án þess að loka deildum eða draga úr þjónustu.

Í svo fámennu landi sem Ísland er er viss hætta á að sú dreifing sérhæfðrar þjónustu sem nú er milli spítalanna geti minnkað gæði heilbrigðisþjónustunnar þar sem oft er um svo fá tilfelli að ræða að ekki verður við haldið nægjanlegri þjálfun í meðferðinni. Því er beinlínis rökrétt að slíkar sérgreinar séu aðeins staðsettar á einum stað þar sem greining og meðferð fer fram. Unnt er að koma við mun meiri verkaskiptingu en nú er milli sjúkrahúsanna með því að sameina einstakar sérgreinar á einhverju þeirra. Enn fremur verður að taka skipulag bráðaþjónustu sjúkrahúsanna til sérstakrar athugunar. Með breyttri verkaskiptingu og með því að nýta hverja stofnun betur en gert er í dag er hægt að ná fram auknum sparnaði.

Eins og áður sagði hefur nefnd þessi nú lokið störfum og í bréfi sem fylgdi skýrslu nefndarinnar leggur hún áherslu á að tillögurnar eru málamiðlun sem náðist í nefndarstarfinu en telur þær engu að síður vera mikilvægt skref til aukins samstarfs milli sjúkrahúsanna og til markvissrar verkaskiptingar. Frv. þetta sem hér er nú mælt fyrir gerir ráð fyrir nánast sömu skipan mála og nefndin varð sammála um. Áherslumunur varð hins vegar í nefndinni um það hvernig ráðið skyldi skipað, eins og fram kemur í skýrslu nefndarinnar sem er fskj. með frv. Þar kemur fram að tveir nefndarmenn, fulltrúar ríkisspítala, þeir Davíð Á. Gunnarsson forstjóri og Árni Björnsson yfirlæknir, töldu að samstarfsráðið ætti að vera nokkru stærra og skipað með nokkuð öðrum hætti en meiri hl. nefndarinnar taldi rétt. Gerir frv., eins og það liggur hér fyrir, ráð fyrir svipaðri skipan samstarfsráðsins og tillögur meiri hl. nefndarinnar gerðu ráð fyrir.

Nokkrar umræður urðu um nál. þetta og fyrstu drög að frv. sem ég kynnti á blaðamannafundi rétt eftir að nefndin hafði skilað áliti sínu. Umræður þær einkenndust nú mest af misskilningi og fullyrðingum manna sem virtust ekki hafa kynnt sér nægjanlega vel annars vegar nál. og hins vegar þær hugmyndir sem ég setti fram. Hér var aðeins um örlítinn áherslumun að

ræða þar sem ég vildi gera starf nefndarinnar nokkru markvissara en nál. gerði ráð fyrir og þá fyrst og fremst á þann hátt að ég taldi nauðsynlegt að samstarfsráðið hefði meira með fjárlagagerð og skiptingu fjárveitinga til þessara stofnana að gera svo að það gæti betur fylgt eftir sínu hlutverki og þeim áætlunum sem samstarfsráðinu er ætlað að setja fram. Ég hef síðan átt nokkra fundi með einstökum fulltrúum úr nefndinni, sem samdi skýrsluna, og tel að frv. eins og það liggur nú fyrir sé í fullkomnu samræmi við nál. að undanskildum þeim ágreiningi sem varð um skipan ráðsins. Ég tel að þó e.t.v. hefði mátt kveða nokkuð öðruvísi á um hlutverk samstarfsráðsins sé svo mikilvægt skref að koma því á fót og skapa þannig lagalegan vettvang fyrir samstarf þessara stofnana að hér sé um mikilvægan áfanga að ræða í átt til hagkvæmari reksturs sjúkrahúsanna í Reykjavík og vænta megi þess að með því móti fáum við meiri og betri þjónustu fyrir þá fjármuni sem í dag er varið til reksturs þeirra. Ég mun nú gera nánari grein fyrir einstökum efnisatriðum frv.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir að nýr 3. tölul. komi í 23. gr. laga nr. 97/1990. Þar er gert ráð fyrir að ráðherra skipi fimm manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, þ.e. Borgarspítala, Landakotsspítala og Ríkisspítala. Í þessu ráði eiga sæti formenn stjórna spítalanna þriggja og auk þess tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra til eins árs í senn. Ástæðan fyrir því að ráðherra skipar sína fulltrúa aðeins til eins árs er sú að gert er ráð fyrir því að nýr ráðherra geti skipt um þessa fulltrúa ef honum þykir það nauðsynlegt. Formaður ráðsins er kosinn af ráðinu sjálfu úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn. Gert er ráð fyrir því að ráðið sé tengt því sjúkrahúsi sem formaður kemur frá hverju sinni og að framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss sé framkvæmdastjóri ráðsins þannig að það er ekki gert ráð fyrir neinni nýrri stofnun eða starfsliði kringum þetta samstarfsráð. Með þessu skipulagi er komið í veg fyrir að hér sé verið að stofna til nýrra og aukinna útgjalda með nýju skrifstofubákni, eins og aðeins hefur heyrst talað um, heldur er gert ráð fyrir að skrifstofa þess sjúkrahúss sem formaðurinn kemur frá hverju sinni annist þá þjónustu sem samstarfsráð þarf á að halda. Aðalhlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu þessara þriggja sjúkrahúsa, starfssvið þeirra og verkaskiptingu og áætlanir um fjárfestingar og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna í framtíðinni. Gert er ráð fyrir að tillögur samstarfsráðsins verði lagðar fyrir stjórnir sjúkrahúsanna áður en þær eru sendar til heilbrrn. Þá skal samstarfsráðið fylgjast með að sjúkrahúsin starfi innan þess fjárveitingaramma sem þeim er settur á fjárlögum.

Auk þess sem hér er talið er gert ráð fyrir að samstarfsráðið annist þau verkefni sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs á að hafa með höndum en snertir þessi sjúkrahús þannig að þau munu ekki eiga fulltrúa í heilbrigðismálaráði Reykjavíkurlæknishéraðs. Þetta verður að teljast eðlilegt þar sem verkefni heilbrigðismálaráða eru gerð tillagna og áætlanir um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála, svo og skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraðinu.

2. gr. frv. er um það að 3. tölul. 24. gr. verði 4. tölul. þannig að ráðherra hefur eftir sem áður heimild til þess að ákveða með reglugerð um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Á það þá auðvitað hér eftir, verði frv. þetta að lögum, fyrst og fremst við sjúkrahús utan Reykjavíkur.

Nú má um það deila hvort sú breyting sem hér er lögð til sé nægjanleg til þess að koma á virku samráði milli sjúkrahúsanna í Reykjavík. E.t.v. þyrfti samstarfsráðið að hafa meira raunverulegt ákvörðunar- og framkvæmdarvald en því er falið með þessari lagabreytingu til þess að svo geti orðið. Ég hef þegar heyrt nokkrar efasemdaraddir og veit að sumum nefndarmönnum finnst að hér sé ekki nægjanlega langt gengið og þurfi að taka á þessum skipulagsmálum með miklu róttækari hætti en hér er gert. Ég vænti þess þó að hér sé stigið mikilvægt skref og tel nauðsynlegt að láta á það reyna hvort virkara samstarf með sjúkrahúsunum í Reykjavík næst með þessu fyrirkomulagi áður en aðrar og enn þá róttækari ráðstafanir kunna að verða gerðar.

Það er að mínu áliti afar mikilvægt að menn horfist í augu við þær staðreyndir sem við blasa. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir 9,4 milljörðum kr. til að reka þessar þrjár mikilvægustu heilbrigðisstofnanir okkar. Í áætlunum þeim sem fyrir liggja frá stjórnum þessara sjúkrahúsa um þörf á fjárveitingum á næstu árum er gert ráð fyrir að samtals renni til sjúkrahúsanna á næsta ári 11,8 milljarðar. Sú tala eykst síðan stöðugt samkvæmt þessum áætlunum á föstu verðlagi til ársins 1995 en þá er gert ráð fyrir að þessi upphæð þurfi að vera 12,8 milljarðar kr. eða hækkun um 1 milljarð á næstu fimm árum.

Ég tel að þetta sýni, svo að ekki verði um villst, að menn verði að setjast niður og horfast í augu við það sem fram undan er og velta því rækilega fyrir sér hvaða leiðir séu til úrbóta vegna þess að þróunin verður ekki stöðvuð. Við þurfum að bæta húsakost, við þurfum að endurnýja tækjabúnað og við þurfum að gæta þess að stofnanirnar séu vel mannaðar vel menntuðu og hæfu fólki. Þessu náum við því aðeins fram að við séum viss um að skipulagið sé það besta og hagkvæmasta sem völ er á. Ég er sannfærður um það sjálfur að það má koma því betur fyrir en gert er í dag og liggja fyrir ýmsar áætlanir því til staðfestingar sem sjálfsagt er að leggja fyrir hv. heilbr.- og trn. þegar hún fjallar um málið, óski hún eftir því að fá þær upplýsingar fram við umfjöllun þess í nefnd.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Én óska jafnframt eftir því að nefndin vinni þetta mál eins fljótt og kostur er því að það ber brýna nauðsyn til að frv. fái afgreiðslu og að samstarfsráðið verði skipað hið allra fyrsta svo að það geti tekið til starfa. Hefði sú vinna þurft að tengjast gerð fjárlaga fyrir árið 1991 ef vel ætti að vera.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er óskandi að þetta ráð verði ekki ein silkihúfan ofan á aðra í öllu því nefndafargani sem til er hér á landi. Eigi að síður er ég sannfærð um það að ef hægt er að koma einhverri þeirri skipan á að samstarf milli sjúkrahúsanna yrði eflt og samvinna bætt, væri það af hinu góða. Ég vildi mjög gjarnan gera þessa tilraun því mér skilst á ráðherra að þetta sé tilraun til úrbóta.

Það er fyrirsjáanlegt að það þarf að endurbæta húsakostinn og það þarf að breyta og efla starfsemi sjúkrahúsanna á næstu árum. Til þess að heilbrigðisþjónusta sé góð þarf ekki bara góðan húsakost og góð verkfæri. Það þarf líka góða starfskrafta sem eru sæmilega ánægðir með sín kjör og sæmilega ánægðir með það hvort þeirra raddir fá að heyrast innan þess starfs sem fólkið á að inna af hendi. Því lít ég svo á að þessi samstarfsnefnd ætti að vera dálítið öðruvísi skipuð en hér er gert ráð fyrir. Ég álít að í fyrsta lagi ættu að vera a.m.k. tveir fulltrúar í þessari nefnd sem væru fulltrúar starfsfólks, ekki bara formenn stjórnanna heldur fulltrúar starfsfólks á sjúkrahúsunum. Þeir gætu örugglega komið með afskaplega mikið af praktískum og gagnlegum ráðleggingum í sparnaðarátt. Ég er alveg sannfærð um að væri meira hlustað í öllum stofnunum á starfsfólkið og leitað eftir ráðum frá því mundi það geta haft verulega hagræðingu og sparnað í för með sér. Því lít ég svo á að það ættu a.m.k. að vera tveir fulltrúar starfsmanna þarna.

Auk þess álít ég að það gæti verið til bóta, vegna þess að þessir spítalar sem um er að ræða eru allir hérna á Reykjavíkursvæðinu, að Reykjavíkurborg ætti sinn fulltrúa í þessari nefnd. Þau mál sem þetta ráð á að fjalla um varða svo mjög allt líf og starf hér í Reykjavík að ég held að Reykjavíkurborg ætti að eiga sinn fulltrúa í þessu ráði. Þá væri ráðið auðvitað orðið átta manna en ekki fimm. Stærri stjórnir eru alltaf þyngri í vöfum en þær minni, en ég held samt sem áður að þetta yrði til slíkra bóta að það væri ástæða til þess fyrir ráðherra að skoða þetta mál betur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

18. fundur, miðvikudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Jöfnunargjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (lækkun gjalds og niðurfelling). — Þskj. 184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, frh. 1. umr.

Frv. FrS, 151. mál (endurgreiðsla og gildistími laga). — Þskj. 163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, 3. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 180.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 229).

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, 3. umr.

Stjfrv., 117. mál (breytingar á stofnskrá). — Þskj. 121.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 230).

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 3. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 122.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 231).

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 73. mál (rektorskjör). — Þskj. 75.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 232).

Jarðalög, frh. 1. umr.

Frv. GHH og FrS, 163. mál (jarðanefndir og forkaupsréttur). — Þskj. 176.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á jarðalögum. Flm. eru tveir hv. þm. Sjálfstfl., 17. þm. Reykv. og 1. þm. Reykv.

Það segir að frv. geri ráð fyrir því að gerðar verði tvær meginbreytingar á jarðalögum, annars vegar að úr lögunum falli brott að ekki megi selja eða ráðstafa á annan hátt fasteignaréttindum utan skipulagðra þéttbýlissvæða nema með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar. Hins vegar að niður falli forkaupsréttur sveitarfélaga við sölu fasteignaréttinda.

Ég vil geta þess strax að ég held ég megi fullyrða að um þetta frv. séu skiptar skoðanir í þingflokki Sjálfstfl. Er það ekki í frásögur færandi í sjálfu sér vegna þess að í þeim flokki gildir sú regla að þingmönnum er yfirleitt heimilt að viðra sín hugsjónamál og flytja þau í frumvarpsformi eða á annan veg. Þá taka þeir þá áhættu að sæta andmælum af hálfu sinna flokkssystkina. Og ég ætla að leyfa mér að andmæla þessu frv.

Það er rétt að það er ekki æskilegt að gera allt of miklar takmarkanir á eignarréttinum. Hér vísa flm. í 67. gr. stjórnarskrárinnar sem allfræg er að sjálfsögðu og oft til hennar vitnað, en hún segir svo, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Þetta lætur nú allt saman kunnuglega í eyrum og er gott og blessað. En sannleikurinn er sá að frá fornu fari hefur þótt nauðsynlegt að gera ýmsar almennar takmarkanir á eignarréttinum og er það ekki sérstaklega í frásögur færandi. Í íslenskri löggjöf eru fjöldamargar almennar takmarkanir á eignarréttinum sem taldar eru meira og minna sjálfsagðar.

Ég leyfi mér að fullyrða að ef þessar reglur hefðu ekki verið í jarðalögum þá væri óðruvísi um að litast víða nú í sveitum landsins. Það mikla reynslu hef ég af þessu. Á hinn bóginn er það svo að ákvæði af þessu tagi, svo sem forkaupsréttur og önnur slík, geta verið tvíeggjuð ef þeim er beitt í algjöru tillitsleysi hvernig sem á stendur og má svo raunar segja um mjög mörg lagaákvæði.

Það er álit flm. að þeirra sögn að umrædd ákvæði um samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar svo og um forkaupsrétt sveitarfélaga dragi úr áhuga manna á því að leita eftir kaupum á fasteignum til sveita. Það má vera að svo sé. Það er einnig getið um það í grg. að á undanförnum árum hafi mjög aukist áhugi þéttbýlisbúa á því að koma upp aðstöðu til útivistar og orlofsdvalar til sveita. Þetta er bæði rétt og sjálfsagt. Ef við t.d. förum í smáferð um Vesturland þá er ekki að sjá, ef menn litast um, að það hafi verið lagður steinn í götu þeirra þéttbýlisbúa sem viljað hafa koma sér upp aðstöðu þar, þar sem stórar jarðir hafa verið lagðar undir sumarhús og annað eftir því. Ég segi fyrir mig að ég tel alveg sjálfsagt fyrir þá sem búa úti á landsbyggðinni að fagna því að fá borgarbúa til að setjast þar að með einhverju móti. Hitt er annað að það er ekki sama með hvernig hugarfari menn koma úr þéttbýlisstöðum og vilja helga sér staði úti um sveitir landsins. Það er líka til í dæminu að braskarar af ýmsum toga kaupi upp jarðir, hirði ekkert um þær, hlaði á þær veðskuldum og hlaupi svo burt með allt á hælum sér. Um þetta þekkjum við dæmi. En því ber svo sannarlega að fagna ef þéttbýlisbúar flytjast að einhverju eða öllu leyti út í byggðir landsins og láta þar góð mál til sín taka.

Í grg. er minnt á einn lið í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá 8. júlí 1987 sem lýtur að endurskoðun jarðalaga. Þar segir að jarðalögin verði endurskoðuð í því augnamiði að auðvelda eigendaskipti á bújörðum. Það er alveg rétt að það hefur á undanförnum árum verið áhyggjuefni manna eftir því sem jarðir hafa vaxið í verði hvernig mætti auðvelda eigendaskipti að þeim. En ég hygg að þetta ákvæði sem þarna er tíundað lúti að því að ekki hefur verið ýkja auðvelt að útvega sér lánsfé til þess að kaupa jarðir. Þó að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi veitt lán í þessu skyni þá hafa þau yfirleitt verið allt of lág miðað við verð jarða sem búið er að framkvæma mikið á.

Ég ætla nú ekki að fara að vera svo nákvæmur eins og hv. 17. þm. Reykv. sem hafði framsögu fyrir þessu máli að tíunda hverja einstaka grein og rekja hana sundur og saman ef svo má segja. Ég vildi bara vekja athygli á þessu máli, að hér skuli menn staldra við, athuga hvað hér er að gerast ef þessi ákvæði verða felld úr gildi. Það má vel vera að það þurfi að líta á þetta og e.t.v. haga þessu með einhverjum öðrum hætti. En það er útilokað að mínum dómi að nema þessi ákvæði úr lögum að öllu leyti.

Þetta frv. fer að sjálfsögðu til landbn. Ég hélt að það þyrfti ekki miklar vangaveltur um það. Frv. af þessu tagi hafa yfirleitt farið til þeirrar nefndar og veit ég að svo verður að þessu sinni og vænti þess að um þetta frv. verði fjallað vel og vandlega.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta frv. er nú gamall kunningi. Ég held að þær skoðanir og tillögur sem hér eru á blað settar hafi komið fram strax þegar jarðalögin voru sett og oft eftir það. En ég skildi hv. 1. flm. á þá leið að hann væri ókunnugur öllum þessum málum og þyrfti nú að fara í tíma til að skilja þetta og vita hvernig á því stendur að lögin eru með þeim hætti sem þau voru afgreidd og hvers vegna staðið hefur verið á móti svona breytingum.

Víða á landinu er það á þann veg að ef jarðir fara í eyði eða eru teknar til annarra nytja en búrekstrar get-

ur hrikt í allri byggðinni. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að heimaaðilar, sveitarstjórnir og jarðanefndir, hafi eitthvað um þau mál að segja. Þegar menn eru að tala um frelsi og hampa frelsi í þessu sambandi, þá er það nú dálítið einkennileg kenning því ef þetta frv. væri samþykkt eins og það er mundi það þýða ófrelsi í ýmsum byggðum, þ.e. það gæti orðið þannig að menn yrðu að hætta búskap ef t.d. góðar jarðir væru teknar undir sumarbústaði eða fyrir hrossabændur sem hefðu það bara að sporti og væri ekki búið á þessum jörðum nema að litlu leyti. Það eru þannig byggðarlög, — ég heyri að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er að biðja um orðið. Ég man eftir því að við höfum átt orðaskipti um þessi mál áður. Ég ætla ekkert að draga undan að hún hefur ekki nægilega þekkingu á þessu máli en hún þekkir náttúrlega aftur annað, að menn hér í borginni t.d. eru að sækjast eftir þessum jörðum. Og það er málið. Ég ætla bara að lýsa algerri andstöðu minni við þetta frv. eins og ég hef gert oft áður af þeim ástæðum sem ég hef hér fram borið.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á jarðalögum og eru flm. hv. 1. og 17. þm. Reykv. Mér finnst athyglisvert að það skuli vera þingmenn Reykjavíkur sem flytja þetta frv. í ljósi ýmissa mála sem upp hafa komið á síðustu árum varðandi jarðir í nágrenni Reykjavíkur.

Mínar athugasemdir varðandi frv. lúta fyrst og fremst að forkaupsrétti sveitarfélaga við sölu fasteignaréttinda innan lögsögu sveitarfélagsins. Ætli nokkurt sveitarfélag þekki betur gildi þess að sá forkaupsréttur hefur verið í lögum en Kópavogur og þá bæjarfulltrúar þess sveitarfélags?

Í greinargerð með frv. kemur fram að sú kvöð að afla þurfi samþykkis sveitarstjórnar og sérstakrar jarðanefndar fyrir sölu á jörð eða annarri sambærilegri ráðstöfun fasteignaréttinda sé óeðlileg hindrun í vegi fyrir því að menn fái neytt þess sjálfsagða réttar að ráðstafa eign sinni að vild. Þá kemur einnig fram að fyrrgreindir aðilar hafi ekki áþreifanlegri viðmiðun að fara eftir en hvort ráðstöfunin teljist andstæð hagsmunum sveitarfélagsins. Eins og fyrr segir eru mínar athugasemdir einmitt um þessa hagsmuni sveitarfélagsins.

Verði þetta frv. að lögum tel ég að það geti valdið miklum vanda í þéttbýlum sveitarfélögum þar sem byggð nálgast lönd í einkaeign, lönd sem eru innan lögsagnarumdæmis sveitarfélagsins en liggja jafnframt vel að byggð nágrannasveitarfélags. Í Kópavogi hafa þær þrjár jarðir sem liggja að byggð og voru á sínum tíma framtíðarbyggingarlönd, ég segi á sínum tíma þar sem byggð er nú að hefjast á einni þeirra, allar á aðeins einum áratug tengst áformuðum kaupum annarra aðila en sveitarfélagsins á hverri þeirra um sig með þeim þrýstingi sem það olli á viðkomandi bæjaryfirvöld að fara í ótímabær jarðakaup. Það efast enginn um það sem þekkir til sveitarstjórnarmála hve þýðingarmikið það er fyrir sveitarfélag að hafa umráð yfir þeim löndum sem byggja á í framtíðinni. En færri hugsa út í hve erfitt það getur reynst að verða að leysa framtíðarbyggingarlönd til sveitarfélagsins oft áratugum áður en þau munu koma í byggð og fara að skila arði. Ég veit að fyrir stærsta sveitarfélagið eru mörg þau jarðaverð smápeningar sem eru þung byrði fyrir grannann.

Virðulegi forseti. Leyfist mér í stuttu máli að rekja aðstæður þeirra þriggja jarðakaupamála sem ég áður nefndi. Fyrir einum áratug var jörðin Fífuhvammur boðin bæjaryfirvöldum í Kópavogi til kaups. Mikill ágreiningur var um málið í bæjarstjórn og deildar meiningar um kaupin þar sem jörðin Smárahvammur kæmi fyrr í byggð sökum legu sinnar og byggð í Fífuhvammi yrði naumast á dagskrá næstu 15 árin. Þá var því blákalt haldið fram af hagsmunaaðilum að jörðin yrði keypt til Reykjavíkur ef Kópavogur neytti ekki réttar síns. Þrátt fyrir að við slíka sölu héldi jörðin áfram að vera innan lögsögu Kópavogs óttuðust margir að seinna meir mundi það nást fram að hv. Alþingi mundi breyta lögsögumörkum sveitarfélaganna ef Kópavogur neitaði kaupum á þessum tíma og jörðin yrði seld til Reykjavíkur. Við slíka sölu og ef byggt hefði verið á jörðinni á vegum Reykjavíkur hefðu efri svæði Kópavogs lokast af þar sem jörðin Fífuhvammur liggur milli Breiðholts og Vífilsstaða og hluti Seljahverfis reyndar byggt á skika jarðarinnar. Bæjaryfirvöld keyptu því jörðina og þar með var á þeim tíma bundið fast mikið fjármagn sem er engum arði farið að skila í dag.

Flestir muna betur, enda nær í tíma, þegar Samband íslenskra samvinnufélaga gerði kaupsamning við eigendur jarðarinnar Smárahvamms sem einmitt er næsta byggingarsvæði Kópavogs og ég gat um áðan. Ef frv. það sem hér er til umræðu hefði verið lögfest þá hefði eingöngu verið um tilkynningarskyldu aðila að ræða varðandi þau kaup. En fyrir þær sakir að bærinn átti lögum samkvæmt forkaupsrétt komst hann inn í málið. Það er reyndar sérmál að þarna verðlagði þriðji aðili landið. Við viðræður kom í ljós að ekki var fyrirhugað að nýta landið á næstunni, ekki yrði um það að ræða að starfsemi Sambandsins yrði að neinu marki flutt í Kópavog og segir það okkur betur en annað hvernig sala á slíkri jörð gæti farið fram til þess eins að geyma hana og aftra því að byggð þróist eðlilega eða til að landverð yrði sprengt upp þar sem byggð þróaðist í kring og þrengdi að. Þó ég vari menn við að túlka orð mín svo að þannig hafi háttað í þessu máli bendi ég á þann möguleika kaupandans.

Þriðja dæmið sem ég óska eftir að nefna, virðulegi forseti, er kaupsamningur sem Reykjavíkurborg gerði við eigendur Vatnsenda á síðasta vetri og fjölmiðlar tengdu málefnum Stöðvar 2. Eru þau mál væntanlega öllum í fersku minni. Einnig þá kom fyrirvaralaust kaupsamningur inn á borð bæjaryfirvalda og bænum gert að neyta forkaupsréttar, ella færi jörðin til Reykjavíkur. Það mál var þó flóknara en svo þar sem um Vatnsenda, sem hefur gengið undir nafninu „Óðalsjörðin", gildir erfðaskrá áþekk óðalslögum og því óheimilt að selja jörðina. Í þessu síðasta dæmi hékk það á spýtunni að heimilað yrði að Reykjavíkurborg tæki eignarnámi jörð í lögsögu Kópavogs og höguðu

aðstæður því svo að það mál var látið niður falla milli aðila að sinni svo sem öllum mun í minni.

Í öllum þessum tilfellum hefur fyrirliggjandi kaupsamningur eða áformuð sala orðið til þess að sveitarfélagið leysti til sín eða hélt í rétt sinn til fyrirhugaðra byggingarsvæða. Má segja að sá þrýstingur sem þannig myndast geti verið sveitarfélagi erfiður. Það hefur hins vegar verið tryggt að jörð yrði ekki seld til einkaaðila eða annars sveitarfélags nema viðkomandi sveitarfélagi væri boðið fyrst að ganga inn í kaupsamninginn.

Yrði frv. þetta að lögum mundi staðan gerbreytast og slík sala gæti farið fram. Ég vil benda á að víða háttar svo til með skipulag í þéttbýlum sveitarfélögum að ákveðnir landskikar liggja jafnvel betur við nágrannasveitarfélagi en sveitarfélaginu sem skikinn er í. Þannig teygir sig dýrmætur skiki samkvæmt skipulagi Garðabæjar niður með Hafnarfjarðarvegi og inn í byggingarsvæði sem áformuð eru í suðurhluta Kópavogs. Þessi skiki tilheyrir landi í einkaeign. Þannig er það víðar á mörkum sveitarfélaga, mörkum sem oft á tíðum er búið að semja um í fullri sátt og samlyndi milli sveitarfélaga, þ.e. viðkomandi sveitarstjórna á þeim tíma. Sjá menn ekki fyrir sér hvernig sala á jörðum fram og til baka, óháð samþykki viðkomandi sveitarfélags, getur skapað mikinn vanda varðandi skipulagsmál og byggðaþróun? Er ég þá eingöngu að fjalla um þessi mál frá sjónarhóli þéttbýlissveitarfélaga.

Við skulum líka athuga það að jörð og jörð er ekki það sama miðað við landsvæðið sem hún tilheyrir. Eigandi jarðar þar sem kynslóðir hafa unnið við uppbyggingu og ræktun fær aðeins brot af verði þeirrar jarðar sem er e.t.v. aðeins brúnir melar og nær engin ræktun en sem hefur hlotið verðgildi sitt sökum dugnaðar annarra, sökum þess að byggð hefur dafnað í nágrenninu eða þróast í átt til eða er komin að jarðarmörkum.

Virðulegi forseti. Það má spyrja hvort það sé eðlilegt að þegar jörð er orðin dýrmæt vegna uppbyggingar sveitarfélagsins sem hún tilheyrir, að þá sé hægt að fara með hana á uppboðsmarkað milli sveitarfélaga, en frv. þetta býður upp á að það gerist. Enn mætti svo nefna hvort verðgildi jarða skuli metið eftir því hvort byggð er að þróast að henni eða að þeim og eigendur skattlagðir skv. því. Vísa ég þá til fasteignamatsins sem metur verðgildi jarða í nágrenni byggðar út frá byggðinni sem rís.

Virðulegi forseti. Ég vara eindregið við því að afnema forkaupsrétt sveitarfélaga eins og frv. þetta kveður á um. Sum sveitarfélög eru fjársterkari en önnur. Sum sveitarfélög mundu sjá sér hag í því að nýta lönd í nágrannasveitarfélagi fyrr en viðkomandi sveitarfélag og þar með vera tilbúið að kaupa. Sum sveitarfélög hafa reynst minni sveitarfélögum ógnvaldur í þessum efnum og ég vara við að þeim séu gefnar svo frjálsar hendur sem frv. þetta boðar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er frv. þetta sem flutt er af hv. þm. Geir H. Haarde og Friðriki Sophussyni ekki flutt sem flokksmál af sjálfstæðismönnum. Í þingflokki sjálfstæðismanna gilda þær reglur að einstökum þingmönnum er heimilað að flytja mál þótt þingflokkurinn sem heild standi ekki á bak við þau. Það eru þess vegna eins og fram hefur komið skiptar skoðanir um málið í þingflokki sjálfstæðismanna.

Jarðalögin voru sett árið 1976 og þeim hefur verið breytt lítillega nokkrum sinnum síðan. Þrátt fyrir þær breytingar kann að vera ástæða til þess að endurskoða þessi lög og um það hefur oft verið rætt. Ég vil þó taka fram varðandi það frv. sem hér liggur fyrir að það gengur nokkuð lengra en ég get sætt mig við.

Í frv. felast tvær meginbreytingar. Í fyrsta lagi að fella niður afskipti sveitarstjórna og jarðanefnda af ráðstöfun lands í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Og í öðru lagi, og þá sem fylgir kannski þessu aðalatriði, að fella niður kauprétt sveitarfélaga.

Það er rétt að gera sér grein fyrir því að jarðanefndir voru settar á laggir til þess að aðstoða sveitarstjórnir, í litlum sveitarfélögum einkanlega, í ljósi þess að stundum hafði reynst erfitt fyrir sveitarstjórnir í slíkum sveitarfélögum að fjalla um mál af þessu tagi vegna nábýlis við þau málefni sem um var að tefla þar sem sveitarstjórnarmenn voru kannski annað tveggja næstu nágrannar þess aðila sem var að ráðstafa sínu landi eða sinni jörð eða þá mjög náskyldir. Þess vegna var það tekið upp að setja á laggir svokallaða jarðanefnd sem hefði betri aðstöðu til að taka á málum án slíkra tengsla. Skal ég ekkert um það segja nema ástæða sé til að endurskoða þau ákvæði og raunar sum af þeim ákvæðum er lúta að afskiptum sveitarstjórnar og jarðanefndar af ráðstöfun lands. Það hefur t.d. verið gagnrýnt sem heimilt er samkvæmt jarðalögum, að jarðanefndir og sveitarstjórnir óski eftir mati á landi eða jörð ef sýnt þykir af hálfu þessara aðila að verð sem gefið er upp sé óeðlilega hátt ellegar að skilmálar séu ósanngjarnir.

Nú veit ég ekki til að þessu hafi nokkru sinni verið beitt en þetta ákvæði er eigi að síður í lögum og var sett þar á sínum tíma sem eins konar öryggisatriði gegn því að gefið væri upp allt of hátt verð til þess að bola forkaupsréttarhafa frá að neyta kaupréttar síns þrátt fyrir það að hin raunverulega greiðsla væri önnur.

Að mínum dómi væri eðlilegt að öll þessi ákvæði kæmu til endurskoðunar. Þá kem ég að hinu aðalatriði málsins sem er forkaupréttur sveitarfélaga sem hér er numinn brott. Hann vil ég varðveita með líkum eða sama hætti og hv. síðasti ræðumaður. Lög um forkaupsrétt sveitarfélaga eru gömul og ég held að þau standi á það grónum merg eða fyrir þeim lagaákvæðum séu það gildar ástæður að óskynsamlegt væri að nema þau brott. Ég er þess vegna algerlega andvígur þeim þætti þessa máls sem fjallar um að nema brott forkaupsrétt sveitarfélaga.

Nú tek ég eftir því að hv. flm. hafa ekki lagt til að fella á brott ákvæði um hugsanlegt mat á jörð eða landi ef það lítur þannig út að forkaupsréttarhafa eigi að bola frá að neyta kaupréttar síns, sem í þessu tilviki samkvæmt lagafrv. væri leiguliði, og þær breytingar sem eru á þessum ákvæðum í frv. sýnast mér vera til bóta, t.d. orðalagið á 8. gr. frv., sem er breyting á 34. gr.

laganna. Ég get lesið það, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir að 1. mgr. 34. gr. laganna orðist svo: „Nú er forkaupsréttarhafa boðið að neyta forkaupsréttar en kaupverð er ranglega tilgreint of hátt eða skilmálar ranglega tilgreindir of íþyngjandi í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá því að neyta réttar síns. Forkaupsréttarhafi getur þá, að fengnu samþykki jarðanefndar krafist mats dómskvaddra manna um hæfilegt söluverð jarðarinnar og skilmála. Er honum þá heimilt að neyta forkaupsréttar síns á því verði."

Mér sýnist sú breyting sem hér er lagt til að gerð verði á þessu ákvæði sé til bóta. Þessi ákvæði eru skýrari og gleggri en er í lögunum sjálfum. Þó ég sé andvígur því megininntaki þessara laga að fella niður kauprétt og þar með öll afskipti sveitarfélaga af ráðstöfun lands eða jarðeigna þá er t.d. þessi grein, að mér sýnist, í frv. til bóta. Önnur atriði frv. eru þess efnis að það er eðlilegt að um þau fari fram umræða og þau atriði skoðuð mjög nákvæmlega í þingnefnd.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frekar. Málið gengur væntanlega til nefndar sem ég á sæti í, þ.e. landbn. þessar hv. deildar, og þar verður það vitaskuld tekið til meðferðar með eðlilegum hætti.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram um frv. til laga um breytingu á jarðalögum vekur mjög réttmæta athygli á nauðsyn þess að endurskoða jarðalög. Við lestur á frv. kemur í ljós að það eru ýmsir meinbugir á þeim jarðalögum sem við búum við núna. Ég segi það sem mína skoðun að ég get fallist á þær röksemdir sem koma fram í þessu frv. að úr lögunum, eins og þau eru nú, falli brott ákvæði um að ekki megi selja eða ráðstafa fasteignaréttindum utan skipulagðra þéttbýlissvæða nema með samþykki sveitarstjórna og jarðanefnda. Ástæðan fyrir því að ég er mótfallinn því ákvæði núverandi jarðalaga að ráðstöfunarréttur landeiganda sé skertur á þennan hátt er í meginatriðum sú að ég hygg að á undanförnum árum hafi það gerst æ ofan í æ að landeigendur, m.a. bændur, hafi orðið að þola það að verðmæti eigna þeirra hafi verið stórlega skert vegna þessara ákvæða jarðalaganna. Og ég hygg að það sé nauðsynlegt að endurskoða þennan þátt jarðalaganna, þannig að a.m.k. væri hægt að skjóta málum til einhvers annars yfirvalds sem gæti úrskurðað í átakamálum af þessu tagi sem komið hafa upp.

Ég er hins vegar mótfallinn því að breyta forkaupsréttarákvæðinu í jarðalögunum. Tel það ekki skynsamlegt vegna þess að ég hygg, eins og hér hefur komið fram, m.a. í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, að það geti stórskaðað t.d. sveitarfélög sem vilja halda því landi sem þau hafa í baráttu gagnvart öðrum.

Í þriðja lagi vil ég nefna, herra forseti, 9. gr. frv. sem ég er algjörlega sammála að þurfi breytinga við. Það nær ekki nokkurri átt og getur auðvitað ekki gengið að eigendur landeigna og jarða hafi ekki heimild í erfðaskrá til þess að ráðstafa eignum sínum til annarra en skyldmenna. Núverandi jarðalög koma í veg fyrir það að landeigendur geti ráðstafað eignum sínum til annarra en skyldmenna, eða eins og segir: „.... barna, barnabarna, kjörbarna, fósturbarna, systkina eða foreldra." Ef landeigendur vilja ekki ráðstafa eignum sínum til skyldmenna eða ættingja þá geti hreppsnefnd átt forkaupsrétt að eigninni. Þetta getur ekki gengið. Ég tel að þetta sé andstætt stjórnarskránni vegna þess að eignarrétturinn er helgur og sá sem á eignina, sá sem á landið, hann hlýtur að hafa algjöran rétt á því hvernig hann ráðstafar eign sinni að sér látnum. Auðvitað er bara aftan úr forneskju að setja slík ákvæði í lög. Ég fæ ekki skilið hvaða tilgangi þetta þjónar. Þess vegna tel ég að full ástæða sé til þess í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur orðið og í þeirri nefnd sem fær þetta frv. til meðhöndlunar, hvort sem það verður hv. allshn. eða hv. landbn., að þar verði undinn bráður bugur að því að jarðalögin verði endurskoðuð. Á þeim eru ýmsir ágallar og ég er viss um að flestir hv. þm. viðurkenna það og viðurkenna að það ber brýna nauðsyn til þess að endurskoða jarðalögin. Ef þetta gæti orðið fyrsta skrefið í þá átt er vel af stað farið með þá endurskoðun.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrst láta í ljós mikla ánægju með það að hv. 1. og 17. þm. Reykv. hafa flutt þetta frv. sem hér liggur fyrir til umræðu. Það leiðir enn hugann að öllum þeim stórfelldu göllum sem eru í löggjöf okkar lands og ekki síst í landbúnaðarlöggjöfinni. Með allri virðingu fyrir þeirri ágætu atvinnugrein og mikilvægu þá þurfum við þó að hyggja að því að þar er að finna afskaplega mörg lagaákvæði sem eru vægast sagt afar hæpin séð í ljósi almennra réttinda manna.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessari umræðu en tvö atriði í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. urðu til þess að ég sló í borðbrúnina. Annað var það að hv. þm. minntist á hve neikvætt það væri og fráleitt þegar jarðir væru nýttar til annars en landbúnaðar af því tagi sem hann skilgreindi nú reyndar ekki nánar, nema að það var ljóst að hann taldi það ekki í landbúnaði í sínum skilningi að menn ættu jarðir eða rækju hrossabúskap sér til ánægju. Ég fæ ekki séð að hrossabúskapur sem rekinn er í ábataskyni eða atvinnuskyni sé neitt heppilegri fyrir landið en hrossabúskapur sem menn reka sér til ánægju. Og þá er ég komin að því sem mér finnst mikilvægt atriði í þessu sambandi, fyrir utan hina lögfræðilegu hlið sem snýr að mannréttindum, og það er landverndarsjónarmiðið sem ég hygg að hljóti að hafa náð betri skilningi nú í dag en e.t.v. var á árum áður.

Það er liðin sú tíð, að ég hélt, að mati flestra Íslendinga að byggðir landsins séu eingöngu nýtanlegar til landbúnaðar í hefðbundnum skilningi. Ég hefði haldið eða a.m.k. er það að heyra á máli manna á hátíðlegum stundum að dreifðar byggðir landsins þurfi að bæta. Það þurfi að bæta gæði landsins og gróðurfar með betri umgengni um þetta sama land, forðast ofbeit, græða upp börð og mela og einfaldlega að bæta þannig landið til langrar framtíðar litið. Og það er þetta sjónarmið sem mér finnst vera gengið fram hjá í þess-

um mikla lagabálki. Hér er einungis litið á hagsmuni þess landbúnaðar sem fyrir er, sveitarfélagsins sem í hlut á, þótt þar séu fyrst og fremst bújarðir. Það er ekki verið að líta sérstaklega á það hvort þar sé um að ræða bújarðir eða sveitir sem allar eru í sárum vegna ofbeitar og þar sem menn fást e.t.v. ekki til að búa neinum búskap nema með fleiri hundruð fjár og hafa gert svo e.t.v. öld eftir öld. Menn líta fram hjá því að það séu nú jafnvel íbúar þéttbýlisins, bæði norðan og sunnan heiða, austan og vestan, sem hafa lagt og munu leggja mikið af mörkum til þess að bæta gróðurinn í byggðum landsins, til þess að vinna að landvernd. Ég tel að ákvæði núgildandi laga vinni fremur gegn því sjónarmiði en með því. Þess vegna held ég að með því að losa um þau höft sem nú eru á aðilaskiptum að fasteignum í sveitum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., nái lögin fremur þeim tilgangi að unnt sé að koma við ýmiss konar landverndar- og ræktunaraðgerðum sem fyrst og fremst hafa að tilgangi þau almennu sjónarmið en ekki einungis rekstur búa í venjulegum hefðbundnum skilningi þótt þau séu vissulega nauðsynleg.

Það ber líka öllum saman um að úr fjölda búa hefur þurft að draga, úr ágangi búfjár hefur þurft að draga og ég fæ ómögulega séð hvernig það kemur heim og saman við það sjónarmið sem hér hefur komið fram í máli a.m.k. hv. 6. þm. Norðurl. e., að það sé hinn sanni tilgangur jarðalaga að sjá svo um að landbúnaðinum sé borgið. Vissulega þarf meginatvinnugreinum landsmanna að vera borgið en það þarf að verða breyting á til þess að hægt sé að gera eitthvað af viti og eitthvað sem um munar í ræktun og landvernd utan þéttbýlis.

Þá kem ég m.a. að því sem virðist vera þyrnir í augum ýmissa þeirra sem staðið hafa að gildandi jarðalögum, en það er sumarbústaðabyggð í landinu. Ég fæ ekki betur séð þegar ég ferðast um landið en að einmitt sumarbústaðaeigendur víða um land hafi unnið stórvirki í því að rækta umhverfi sitt og þar með líka sýna öðrum hvað hægt er að gera við ýmsa hrjóstuga skika eða illa farin landsvæði á Íslandi. Þess vegna held ég að menn þurfi að líta til þess að við erum ekki að tala um að hér sé verið að vinna að einhverju sérstöku braski eða leikaraskap, heldur að menn sýni því fullkomið tillit og virðingu að aðrir hagsmunir koma landinu líka til góða en landbúnaðurinn einn í hinum gamla skilningi og þær nefndir sem stjórnað hafa skipulagi á því í sveitum sínum.

Ég læt þá vera að tala að öðru leyti um alla þá skriffinnsku sem gildandi lög hafa haft í för með sér. Alla þá miklu frelsisskerðingu, atriði eins og þau sem síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Norðurl. e. nefndi, að ég ekki tali um öll þau mörgu stórvafasömu atriði sem 1. flm. þessa máls nefndi í sinni framsöguræðu. Ég mun ekki endurtaka þau atriði en það var annað atriði sem varð mér tilefni til að banka í borðið. Það var þegar hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi það að við hefðum áður átt orðastað um þetta mál sem nú er í gildandi jarðalögum. Það er vissulega rétt og hv. þm. nefndi það líka að kannski væri rétt að minna á aðdragandann að þeirri lagasetningu. Ég held að hv. þm. ætti að rifja upp þann aðdraganda og greina frá því hér á Alþingi. Það var nefnilega svo að það frv. sem varð svo að jarðalögum, sem er meginstofn jarðalaga nú, hafði komið hér í þrígang úr höndum þáv. landbrh. ár eftir ár og svo mjög fór það fyrir brjóstið á þingheimi að menn gátu ómögulega hugsað sér að renna þessum ósköpum niður. Það var ekki fyrr en á síðustu dögum þings þegar landbrh. þáv. hafði komið með þetta frv. í þriðja sinn og hér var orðið mjög viðkvæmt andrúmsloft, eins og oft vill verða á síðustu dögum þings, og ég held helst að hæstv. ráðherra þáv. hafi talið það af mannvonsku einskærri sem menn voru að agnúast út í þetta mál eða svo virtist á tímabili. En ég sannfærðist um það síðar að ráðherranum var mætavel ljóst að þetta frv. var meingallað en gallarnir voru einfaldlega svo miklir að það var ógjörlegt fyrir hann þá að bæta úr þeim eins og á stóð. Mér er nær að halda að margir þeirra þingmanna sem þá samþykktu frv., sem varð að lögum, hafi gert það í trausti þess að mörg verstu ákvæðin í því kæmu aldrei til framkvæmda.

Þetta sé ég að hv. 6. þm. Norðurl. e. man, enda er ég hrædd um að hann hafi verið einn í þessum hópi. Hann hafi raunverulega vonað að þessi ósköp kæmu ekki til framkvæmda. Það væri meinlaust að láta ýmis þessi ákvæði standa í lagabálkinum. Þau yrðu hvort sem er aldrei framkvæmd. Þetta yrði lagað smátt og smátt. Ýmislegt það sem síðan hefur verið gert til þess að breyta þessum lögum hefur nú fremur verið í þá átt að rýra frelsi manna en hitt. Ég held því að það sé meira en tímabært að taka málið til gagngerðrar endurskoðunar og fyrst og fremst á þann veg sem lagt er til í þessu frv. Ég hygg að menn muni sannfærast um að það verði síður en svo til trafala þeim sem vinna störf í sveitum landsins, þvert á móti geti það orðið til landbóta.

Ég hef hins vegar ekki vikið að því sjónarmiði sem þeir menn láta uppi sem tala máli sveitarfélaganna hér og það er af skiljanlegum ástæðum. Því að ég sé enga ástæðu til þess að láta sveitarfélögin í landinu bókstaflega ráða ráðstöfunarrétti einstaklinga á eignum sínum á, ég geri ráð fyrir að það sé, ef við lítum yfir flatarmál landsins, meiri hluti hins byggilega svæðis á landinu að flatarmáli til sem skv. lögunum ætti í raun og veru að vera háður umráðarétti sveitarfélaganna og/eða jarðanefndar en í mörgum tilfellum er þar um sama fólkið að ræða. Þetta er náttúrlega þvílíkur sósíalismi sem lýsir afskaplega vel hvað það felur í sér þegar menn telja að allt sem hið opinbera, sem svo er nefnt, gerir hljóti að vera betra en það sem einstaklingar gera af áhuga sínum eða frumkvæði og alveg jafnt þó að hið opinbera sé einhver fámennur hópur manna sem hefur öll ráð manna á þessu sviði í hendi sér. Því að það eru, eins og ég sagði áðan, ekki síst í smærri byggðarlögum oft og tíðum sömu aðilarnir sem eru í sveitarstjórninni og jarðanefndinni. Þannig að einstaklingur sem einhverju vill breyta í högum sínum að þessu leyti skal fara eftir því sem þessir háu herrar segja hvernig sem störfum þess einstaklings, sem vill ráðstafa eign sinni annars, er háttað.

Herra forseti. Það fer vonandi ekki á milli mála að

ég styð þetta frv. af heilum hug og mér þykir það skynsamleg tillaga ef hún hefur komið fram, ég var ekki viðstödd þegar hv. 1. flm. lauk ræðu sinni, en mér þykir ekki ólíklegt að hann hafi lagt til að þetta mál færi til allshn. Mér þykir það eðlilegt því að jarðirnar í landinu eru ekki einungis til landbúnaðar og jarðalögin, sem koma svo mjög við almenn mannréttindi, við eignarrétt manna, erfðarétt, ráðstöfunarrétt og starfsrétt, álít ég að séu meira lögfræðilegs eðlis og slík mál fara venjulega í allshn. Mér finnst engin ástæða til að við lítum til frambúðar á þessi mál sem landbúnaðarmál. Ég tel að þau séu það ekki.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst þetta frv., eins og mörg önnur, þess efnis að það er forvitnilegt. Og vafalaust er það rétt að hér sé hægt að finna ýmsar greinar sem eru jákvæðar. Ég verð að segja eins og er að mér líkaði vel málflutningur hv. 2. þm. Vesturl. og jafnframt skildi ég vel þau sjónarmið sem hér komu fram og taldi þann málflutning mjög góðan einnig sem hv. 9. Reykn. hafði hér í frammi. En hitt fannst mér þó koma mjög glöggt fram að menn vildu ætla sveitarfélögum misjafnan rétt í þessu landi. Sveitarfélög dreifbýlisins skyldu hafa minni rétt en sveitarfélög þéttbýlis. Og ég verð nú að segja eins og er að ég hef aldrei skilið þann hugsunarhátt sem liggur þar að baki.

Frá elstu tímum Íslandsbyggðar hafa verið verulegar kvaðir á landi. Það er hægt að skoða Grágásarákvæði og skilja hinar ýmsu takmarkanir sem þar hafa verið á. Það var umferðarréttur um land. Það var réttur til að hvíla hesta og beita og það voru skyldukvaðir á landinu til sameiginlegrar starfsemi innan viðkomandi sveitarfélags, fjallskil og margt fleira. Ef menn eru að tala um eignarréttinn og að hann sé fótum troðinn þá er hægt að finna það í öðrum lögum. Mjög góð dæmi eru umferðarlög í þeim efnum. Skv. eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar má engan mann svipta eign sinni nema almannaheill krefji og fullar bætur komi fyrir. Nú getum við fallist á það að almannaheill krefjist þess að bíll sé tekinn af vegarbrún. En hann er fjarlægður og engar bætur boðnar fyrir. Hvar eru heimildir fyrir því í íslenskum lögum að hirða eignir af mönnum án þess að borga bætur fyrir? Ef Reykjavíkurborg hirðir bíla hér úti á götum og lætur flytja þá er það skýlaust ákvæði stjórnarskrárinnar að hún hafi heimild til að gera það vegna almannaheilla en jafnframt skyldug til að borga fullt verð fyrir bílinn. Það liggur í hlutarins eðli. Og ég vil nú skora á flm. þessa frv. að gera sér grein fyrir því að það er ekki hægt að finna grófara dæmi um hvernig eignir eru hirtar af manni en í þeim tilfellum. Þetta geta verið bílar upp á milljón sem eru bara hirtir með dráttarbíl og fluttir inn í port og engar bætur. Hvernig stendur á því að forsvarsmenn einstaklingsframtaksins og sjálfstæði eignarréttarins taka sig ekki til og stoppa þetta? Hefur það gleymst að eignarrétturinn er til staðar líka hér í Reykjavík?

Annað eignarréttarákvæði er náttúrlega mjög umhugsunarvert. Það var aðili sem átti sumarbústað og hafði hann á leigulandi. Eignarréttur mannsins á sumarbústaðnum var ótvíræður. Hinn átti landið. Sennilega hefur nú sumarbústaðurinn verið mun verðmeiri en landið sem undir honum stóð en hann var dæmdur til að fjarlægja bústaðinn og eign hans þar með að engu eða litlu gerð. Það er því margt hægt að finna sem bendir til þess að það megi deila um hvernig við verjum eignarréttinn. Bæjarfélög hér á þessu svæði hafa hiklaust skipað mönnum að fjarlægja húseignir og þannig raunverulega gert eign sem áður hafði verðmæti verðlausa. Er hér ekki verið að fótum troða eignarréttinn?

Hvers vegna flytja menn ekki heildstætt frv. þar sem tekið er á þessu máli ef hugsunin er sú að við séum að brjóta stjórnarskrána og eignarréttinn? Ég veit að það er hægt að finna dæmi þess að menn hafi misnotað það vald að sveitarstjórnir hafa leyst til sín jarðir til þess að ráða því hver yrði ábúandi á jörðinni og selt svo öðrum aðila sem hefur síst orðið til þess að bæta um betur. Ég veit um dæmi um það að íslenskir menn hafa af þessum sökum orðið af því að eignast jörð sem hefur lent í eigu útlendinga fyrir vikið. Þessi dæmi eru til. En það breytir engu um það að sú meginregla að sveitarstjórnirnar eigi að hafa þennan forkaupsrétt er byggð á svo gildum viðhorfum að ég tel alveg fráleitt að fara að breyta því.

Það kom fram hjá Árna Gunnarssyni, hv. 3. þm. Norðurl. e., að þetta ákvæði um erfðaskrárnar væri alveg fráleitt. Ég hygg að það hafi verið eitt vinsælasta viðfangsefni hér fyrr á öldum að hafa jarðir af deyjandi gamalmennum með því að láta þau skrifa undir yfirlýsingar á erfðaskrám. Á Vestfjörðum lifir nú enn málshátturinn: Gefur hann enn guðsmaðurinn, Engidal undir Holt. Og ég hygg að það sé hægt að finna fleiri dæmi um þetta. Ég ætla ekki að bera það á kirkjuna í dag að svona vopnaburður sé viðhafður. En ég hef spurt sjálfan mig um trúarsöfnuði sem hafa fengið að starfa í þessu landi og hafa allt í einu getað komið því þannig fyrir að ákveðnir menn hafa arfleitt þá að jörðum. Hvort það hafi allt verið með felldu sem þar var gert. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að taka þetta ákvæði út. Og ég gæti nafngreint jarðir og menn í því sambandi.

Ég sé ekkert athugavert við það að ýmis ákvæði laga séu gerð skýrari eins og hér hefur komið fram að getur verið varðandi hvernig eigi að bjóða forkaupsrétt. Hins vegar hygg ég að það blasi líka við og mætti vera ærið umhugsunarefni af því að það eru lögfræðingar sem flytja þetta. (Gripið fram í.) Að hálfu. Mér sýnist að að hefði verið nær hjá þeim að fara í smiðju til lögfræðinga og afla sér upplýsinga um hvernig þeir hinir klóku menn hafa nú farið í kringum þetta en að standa í þessu puði. Svo get ég ekki tekið undir það vonleysi sem felst í ákveðinni setningu á bls. 3, með leyfi forseta:

„Að lokum má minna á að í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá 8. júlí 1987 eru ákvæði um endurskoðun jarðalaga. Segir þar að „jarðalögin verði endurskoðuð í því augnamiði að auðvelda eigendaskipti á bújörðum." Ekkert sambæri-

legt ákvæði er í málefnasamningum þeirra ríkisstjórna sem setið hafa frá árinu 1988 og er flm. ekki kunnugt um nein áform í þessa veru af hálfu núv. ríkisstjórnar. Er því ljóst að eina leiðin til að fá þessum málum hreyft er sú að flytja þingmannafrv. eins og það sem hér er kynnt." Það er eins og þeir hafi gersamlega tapað trúnni á því að hugsanlegt væri að Þorsteinn Pálsson myndaði nýja ríkisstjórn. Mér finnst nú svona mikið vonleysi varla eiga rétt á sér hjá þessum mönnum og það rétt fyrir kosningar.

Umræðu frestað.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. GHG, 50. mál. — Þskj. 50.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SigJ o.fl., 183. mál (fæðingarstyrkur o.fl.). — Þskj. 206.

Flm. (Sigrún Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 206 um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Meðflm. mínir eru þær Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Lagabreytingar sem frv. kveður á um eru:

1. Að fæðingarorlof eftir fæðingu verði lengt í áföngum um þrjá mánuði, þ.e. úr sex mánuðum í níu.
2. Að öllum mæðrum sé tryggður hvíldartími fyrir fæðingu.
3. Að fleirburamæðrum séu tryggðir tveir mánuðir fyrir fæðingu og þrír mánuðir að auki eftir fæðingu.
4. Að fæðingarorlof til ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra.
5. Veitt verði heimild til þess að foreldrar geti dreift greiðslum fæðingarorlofs eftir ákveðinn tíma þannig að hægt sé að lengja fæðingarorlofið á þann hátt ef foreldrar kjósa það.

Tilgangurinn með flutningi þessa lagafrv. er að tryggja velferð barna og foreldra þeirra og gera foreldrum betur kleift að annast börn sín á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Með því treystum við innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkjum hana á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði. Núgildandi lög um greiðslur í fæðingarorlofi eru frá árinu 1987 en þá var vissulega stigið skref í rétta átt með því að lengja fæðingarorlofið úr þrem mánuðum í sex. Kvennalistakonur lögðu í þrígang fram frv. um lengingu fæðingarorlofs úr þrem mánuðum í sex á síðasta kjörtímabili sem ekki fékkst samþykkt. Skömmu fyrir þingslit og kosningar 1987 voru frv. þáv. heilbrrh., Ragnhildar Helgadóttur, um lengingu fæðingarorlofs lögð fram og samþykkt. Það ber að meta þær breytingar sem orðið hafa til batnaðar en nú er kominn tími til að stíga næsta skref.

Eins og fram hefur komið er lagt til að fæðingarorlof eftir fæðingu verði níu mánuðir. Það mundi lengjast nú þegar í sjö mánuði, þann 1. jan. 1992 í átta mánuði og 1. jan. 1993 í níu mánuði. Að þessu mætti standa með svipuðum hætti og gert var þegar fæðingarorlofið var lengt úr þrem mánuðum í sex. Í grg. með frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Vart þarf að fjölyrða um hversu mikilvægt það er fyrir heilbrigði og framtíð barna okkar að njóta umönnunar foreldra sinna sem lengst. Hér er um að ræða réttindamál barna jafnt sem foreldra og ekki síður hagsmunamál samfélagsins alls. Sú staðreynd að foreldrar þurfa að hverfa aftur til vinnu sinnar að loknu sex mánaða fæðingarorlofi hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um hvað við erum að bjóða ungum börnum okkar. Í mörgum tilfellum eru þau sett í hendur ókunnugra meiri hluta dagsins aðeins sex mánaða gömul. Á þeim aldri þarfnast börn stöðugrar umönnunar sem eðlilegast er að foreldrar veiti. Sex mánaða gamalt barn er enn mjög háð uppalanda sínum, þremur mánuðum síðar hefur það öðlast mun meiri þroska og getur betur tekist á við umhverfið. Rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir þroska barns að náið og traust samband myndist milli þess og móður þess eða nánasta uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungbörn er ótvírætt, bæði til næringar og verndar gegn sýkingum." Í bók sem margir foreldrar eiga eflaust og heitir „Bókin um brjóstagjöf" eftir Mary Messinger og var þýdd af Halldóru Filippusdóttur segir m.a., með leyfi forseta:

„Brjóstamjólk er fullkomnasta næringin sem völ er á fyrir ungbörn. Í henni eru öll efni sem líkaminn þarfnast til vaxtar og hlutföllin eru alltaf rétt."

Rannsóknir benda til þess að börn fái síður ofnæmi ef reynt er að bægja frá þeim ofnæmisvaldandi efnum fyrstu sex til níu mánuðina eftir fæðingu. Í samantekt Helga Valdimarssonar læknis um óbirtar rannsóknir á ofnæmissjúkdómum í börnum segir m.a.:

„Ofnæmissjúkdómar eru mjög algengir í börnum og ýmislegt bendir til að arfgengi þeirra fari vaxandi. Samkvæmt nýlegri rannsókn hérlendis fá um 37% barna umtalsverð ofnæmiseinkenni fyrir tveggja ára aldur. Hér er fyrst og fremst um að ræða astma, ofnæmisbólgur í nefi og augum, exem og önnur ofnæmisútbrot. Enn fremur er ýmislegt sem bendir til að ofnæmi geti verið meðverkandi þáttur í kveisuverkjum, þrálátum bronkítis og eyrnabólgum hjá ungbörnum. Það er því ljóst að ofnæmissjúkdómar standa mörgum einstaklingum og fjölskyldum þeirra fyrir þrifum og eru jafnframt þungur fjárhagslegur baggi á heilbrigðisþjónustunni.

Nýlegar rannsóknir gefa góðar vonir um að unnt sé að beita árangursríkum forvarnaraðgerðum gegn of-

næmi. Margt bendir til að börn fái síður ofnæmi ef reynt er að bægja frá þeim ofnæmisvaldandi efnum fyrstu sex til níu mánuðina eftir fæðingu. Hér vegur þyngst að þessi börn fái að nærast á brjóstamjólk einvörðungu fyrstu sex mánuði ævinnar."

Við sex mánaða aldur eru þau mótefni sem ungabörn fá frá móður nánast upp urin og hæfileiki til mótefnamyndunar hjá barninu er að þroskast. Á þessu aldursskeiði, þ.e. 6–9 mánaða, eru börn því viðkvæm fyrir alls kyns smiti og þá sérstaklega ofnæmisbörn. Þetta hlýtur að hvetja okkur enn frekar til lengingar fæðingarorlofs.

Brjóstagjöf skiptir ekki síður miklu máli til myndunar sterkra tilfinningatengsla milli móður og barns. Í fyrrnefndri bók eftir Mary Messinger segir m.a.:

„Því miður geta smábörn ekki skýrt afstöðu sína í orðum en þau gera það svo sannarlega með hegðun. Það er því vitað að brjóstabörn njóta meiri öryggistilfinningar við að vera í svo náinni líkamlegri snertingu við lifandi veru."

Þó ég hafi fjallað hér töluvert um brjóstagjöf og mikilvægi hennar er ekki þar með sagt að allar mæður geti eða vilji hafa börn sín á brjósti. Ég ætla að leyfa mér að vitna í aðra bók sem fjölmargir foreldrar hér á landi eiga eflaust eða kannast við, en það er bókin Barnið okkar eftir breska sálfræðinginn dr. Penelope Leach sem þýdd var af Sigurði Thorlacius og Jóni Sigurði Karlssyni. Þar segir m.a. um barn á aldrinum 6–12 mánaða, með leyfi forseta:

„Barnið þarfnast nú stöðugrar aðgæslu. Það er ekki aðeins af öryggisástæðum sem það þarf stöðugt athygli þína heldur einnig vegna tilfinningalífs síns. Ekkert dæmi er til um meiri hollustu en hjá sex mánaða gömlu barni sem fengið hefur að tengjast móður sinni innilegum böndum nema hjá sama barni þremur mánuðum síðar." Og nokkru síðar í sama kafla segir: „Því meira sem það [þ.e. barnið] getur elskað núna og fengið ástúð á móti, því betur verður það fært um að veita og þiggja hvers kyns ást alla sína ævi." Þessi skoðun eða kenning er að mínu mati ákaflega trúverðug. Fyrstu mánuðir ævinnar hljóta að setja mark sitt á það sem eftir kemur. Því tel ég nauðsynlegt að lengja þann tíma sem foreldrar geta sinnt ungum börnum sínum án þess að þurfa að hafa miklar áhyggjur af fjárhagslegri afkomu fjölskyldunnar. Hér sem víðar er pottur brotinn í íslensku samfélagi og ekki tekur betra við þegar börnin eldast. Þá koma vandamál vegna dagvistunar, sundurslitins skóladags o.s.frv. Við verðum og eigum að beita öllum tiltækum ráðum til að koma til móts við þarfir barnafjölskyldna. Með samþykkt þessa frv. gæti Alþingi sýnt hug sinn í verki gagnvart yngstu borgurunum.

Sumir segja kannski að nóg sé að gert. Sex mánaða fæðingarorlof sé nægilega langt. Konur hafi hér áður fyrr farið að vinna frá allt að hálfsmánaðargömlum börnum og þær hafi haft börnin á brjósti og hvað eina. Ekki ætla ég að draga úr því að margar mæður hafa nánast gert kraftaverk fyrir börnin sín þegar þjóðfélagið bauð ekki upp á annað. En ég trúi því að þessar mæður og foreldrar kjósi annan og betri aðbúnað fyrir afkomendur sína en þeim sjálfum var boðið upp á.

Ekki er síður brýnt að búa betur að konum á meðgöngutímanum en nú er gert. Það er mikið hagsmunamál fyrir verðandi mæður að hafa skýlausan rétt til þess að fara í fæðingarorlof allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Það getur skipt sköpum bæði fyrir verðandi móður og ekki síður fyrir nýburann að móðirin sé óþreytt þegar að fæðingu kemur. Meðganga er mikið líkamlegt álag og geta ýmsir fylgikvillar gert vart við sig, ekki síst á síðustu mánuðum meðgöngunnar. Þar má t.d. nefna brjóstsviða, verk í nárum, verk í baki og fótum, svefntruflanir og áhyggjur eða hræðslu. Ófrískum konum er ráðlagt að gæta þess að verða ekki of þreyttar. Þær eiga ekki að vinna of mikið á meðgöngunni. En það getur svo sannarlega verið erfitt að vera útivinnandi, vilja standa sig á vinnustað en hafa hreinlega ekki líkamlegt þrek til að stunda vinnu sína.

Nú starfa um 80% kvenna utan heimilis auk þess sem heimilisstörfin hvíla enn að stórum hluta á herðum þeirra. Það mundi því létta mjög á verðandi mæðrum ef þær gætu hafið töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir fæðingu eins og lagt er til í þessu frv. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að fresta því að taka þennan mánuð fyrir fæðingu og lengja þannig fæðingarorlofið eftir fæðingu. Markmiðið er að konur geti hvílst fyrir fæðingu en margt bendir til að hvíld geti verið og sé jafnvel eina meðferðin sem hægt sé að bjóða barnshafandi konum til að draga úr áhrifum ýmissa fylgikvilla á meðgöngu. Í lögum um almannatryggingar segir að konum sé heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Ef ekki er um viðurkennda sjúkdóma að ræða hefur það í för með sér að sá tími sem konan hefur með barni sínu eftir fæðingu styttist sem því nemur. Samkvæmt mínum upplýsingum treystir tryggingayfirlæknir sér ekki til að veita barnshafandi konum rétt til eins mánaðar fyrir fæðingu ef konan þarf hvíldar með samkvæmt áliti læknis nema um skilgreindan læknisfræðilegan sjúkdóm sé að ræða. Sú breyting sem hér er lögð til felst í því að konur hafi skilyrðislausan rétt til að hefja töku fæðingarorlofs mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag án vottorðs frá lækni og að fæðingarorlof eftir fæðingu skerðist ekki við það. Benda má á að sambærilegar reglur eru í gildi á Norðurlöndunum um töku fæðingarorlofs fyrir fæðingu. Ég tel að flestar konur óski þess að geta farið í fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag og reyni á einn eða annan hátt að lengja fæðingarorlofið bæði fyrir og eftir fæðingu. Sumar neyðast til að stytta tímann með barninu eftir fæðingu og byrja t.d. mánuði fyrr í orlofi. Öðrum tekst að fá vottorð hjá lækni um veikindi. Aðrar vinna fram á síðasta dag og margar og allflestar nýta sumarfríið líka sem fæðingarorlof. Óskin er sú sama að ég held hjá flestöllum foreldrum, lengri tími með barninu.

Víkjum þá að fleirburamæðrum. Ljóst er að konum sem ganga með fleirbura er hættara við fyrirburafæðingum en þeim sem ganga með eitt barn. Hættast er við fyrirburafæðingu á tímabilinu frá 30. viku og fram

til 35. viku meðgöngunnar. Þeim sið hefur verið fylgt á Kvennadeild Landspítalans til margra ára að hvetja konur til að hætta að vinna þetta tímabil til þess að minnka þessa áhættu. Í mörgum tilvikum hafa konur verið lagðar inn á meðgöngudeild ef þær hafa fengið fyrirvaraverki á þessu hættuskeiði. Í 3. tölul. 2. gr. fyrrnefndrar reglugerðar um fæðingarorlof, nr. 20 1989, er fjallað sérstaklega um fyrirburðarmæður og þær aðstæður sem þurfa að vera fyrir hendi til að þær geti hafið töku fæðingarorlofs fyrir áætlaðan fæðingardag. Þar segir, með leyfi forseta: „Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni samkvæmt vottorði læknis.“ Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til ættu allar fleirburamæður rétt á að hefja töku fæðingarorlofs a.m.k. tveim mánuðum fyrir áætlaðan fæðingardag. Það er nauðsynlegt að mati flm. þessa frv. að tryggja öryggi þessara barna og mæðra þeirra eins og best verður á kosið og í samræmi við þær kröfur sem fæðingarlæknar telja við hæfi. Það er augljós staðreynd að það er mikið álag fyrir hverja fjölskyldu að eignast fleiri en eitt barn í einu og því þykir okkur rétt að lengja fæðingarorlof um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Hér á landi eru tvíburafæðingar um 40 á hverju ári að meðaltali. Þríburar fæðast hér annað eða þriðja hvert ár og fjórburar hafa fæðst tvisvar hér á landi svo vitað sé. Hér er því ekki um stóran hóp að ræða þannig að kostnaðarauki vegna þessa ætti ekki að vera umtalsverður.

Eðlilegt hlýtur að teljast að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar njóti sama réttar og aðrir foreldrar hvað varðar lengd fæðingarorlofs þar sem þeir og viðkomandi börn þurfa tíma til að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Hér er ekki um mörg tilfelli að ræða á ári svo ekki mun verða um umtalsverða kostnaðaraukningu að ræða. Nú er orlof vegna töku fósturbarna fimm mánuðir en lagt er til að það lengist nú þegar í sjö mánuði, síðan í átta mánuði 1. jan. 1992 og loks í níu mánuði 1. jan. 1993 til samræmis við fæðingarorlof annarra foreldra.

Mörgum foreldrum gæti hentað betur að vera lengur í fæðingarorlofi en í níu mánuði. Því er lagt til að heimilt sé að dreifa greiðslum eftir fyrstu þrjá mánuðina þannig að greiðslutímabilið geti lengst um allt að helming. Þetta er í samræmi við heimild sem starfsmenn hins opinbera hafa, svo fremi að því verði við komið á vinnustað þeirra. Eins þyrfti að gilda hér, þ.e. að um slíka tilhögun yrði samið á vinnustað hvers og eins en við teljum nauðsynlegt að tryggja þennan möguleika í lögunum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim lagabreytingum sem kveðið er á um í þessu frv. Ég vil ítreka það sem áður er sagt að hér er um mikilvægt réttindamál að ræða sem varðar alla þegna þjóðfélagsins. Eins og launakjörum er nú háttað á vinnumarkaðnum er það viðurkennd staðreynd að flest heimili þurfa tvær fyrirvinnur. Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist gífurlega á undanförnum áratugum. Árið 1960 unnu um 29% kvenna utan heimilis. En í sérriti Þjóðhagsstofnunar nr. 1 frá því í janúar 1989 kemur m.a. fram að árið 1985 var atvinnuþátttaka ógiftra kvenna um 79% og 83% meðal giftra kvenna. Ekkert bendir til þess að það hlutfall hafi lækkað síðastliðin ár nema síður sé. Í sérriti Þjóðhagsstofnunar segir enn fremur, með leyfi forseta: „Ef einungis er tekið mið af konum á aldrinum 16–74 ára var atvinnuþátttaka íslenskra kvenna árið 1986 90,1%.“ Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan heimilis til lengri tíma til að sinna umönnun ungbarns á fyrsta æviskeiði þess. Einnig er rétt að minna á að á mörgum heimilum er aðeins ein fyrirvinna. Það er skylda samfélagsins að gera öllum foreldrum fjárhagslega kleift að eignast börn og veita þeim viðunandi umönnun, ekki síst á viðkvæmu skeiði í upphafi æviferils. Greiðslur í fæðingarorlofi í dag eru allt of lágar og óviðunandi er að tekjur fjölmargra fjölskyldna skuli í raun lækka við það að eignast barn. Tekjur sem hjá mörgum eru nú þegar fyrir neðan það sem telst eðlilegt að fjölskyldur þurfi til framfærslu.

Okkur Íslendingum er tamt að bera okkur saman við Norðurlöndin með ýmis málefni sem snerta þjónustu hins opinbera. Varðandi þann málaflokk sem hér er til umræðu kemur í ljós að víðast er fæðingarorlofið lengra en hér á landi. Hér er nokkur munur á milli landa. Svíar hafa nú lengsta fæðingarorlofið á Norðurlöndum, 18 mánuði, þar af getur móðirin tekið 60 virka daga fyrir fæðingu. Þar næst koma Finnar þar sem fæðingarorlofið getur orðið allt að 12 mánuðir. Í Finnlandi eiga konur rétt á að vera frá vinnu í 30 virka daga fyrir áætlaðan fæðingardag. Danir og Norðmenn eru með álíka langt fæðingarorlof, Danir með 6–7 mánuði og Norðmenn með 6–7$^{1}/_{2}$ mánuð. Í Danmörku eiga verðandi mæður rétt á að vera frá vinnu allt að fjórum vikum fyrir áætlaðan fæðingardag. Við Íslendingar rekum síðan lestina með 6 mánaða fæðingarorlof.

Þá er komið að kostnaðarhlið þessa máls. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun hafa 5222 einstaklingar fengið greiðslur vegna fæðingarorlofs fyrstu ellefu mánuði þessa árs frá stofnuninni. Heildargreiðslur nema rúmum milljarði króna, sem gera rúmar 93 millj. kr. á mánuði að jafnaði á árinu. Miðað við 7% hækkun verðlags, eins og gert er ráð fyrir í frv. til fjárlaga árið 1991, og svipaðan fjölda fæðinga á næsta ári ættu greiðslur á mánuði að vera tæpar 100 millj. kr. árið 1991. Kostnaðarauki vegna lengingar fæðingarorlofs um tvo mánuði strax, þ.e. einn mánuð fyrir og einn mánuð eftir fæðingu, er því um 200 millj. kr. á næsta ári. Einhverjum finnst þetta kannski vera há upphæð en hver telur sig þess umkominn að meta til fjár þann ávinning sem við höfum af því að veita nýjum borgurum þessa lands bestu umönnun á fyrstu mánuðum ævi sinnar? Við vitum jafnframt að ef við spörum á þessu sviði erum við að spara eyrinn og kasta krónunni. Á máli fjármálamanna mætti kannski orða það svo að við séum að fjárfesta í auknum mæli í börnunum okkar, í aukinni líkamlegri og andlegri heilbrigði þeirra og foreldra þeirra.

Benda má á að með frv. Kvennalistans á síðasta

kjörtímabili um fæðingarorlof var lagt til að hækka líf-eyristryggingargjald atvinnurekenda um 1%, úr 2% í 3%. Nú standa hins vegar fyrir dyrum kerfisbreytingar á innheimtu gjalda af atvinnurekendum sem mundu leiða af sér hækkun á heildarframlagi atvinnurekenda í svokallað tryggingaiðgjald um tæpa 2 milljarða. Í grg. með frv. segir að hér sé um rúma 2 milljarða að ræða og það leiðréttist hér með, þarna átti að standa tæpa 2 milljarða. Það er hins vegar ljóst að hér verður um aukið framlag að ræða þannig að ef af umræddri kerfisbreytingu verður ætti að verða hægt að hnika til um 200 millj. kr. á næsta ári til að fjármagna lengra fæðingarorlof.

Að undanförnu hafa verið til umræðu hér í þinginu mál sem snerta aðbúnað barna og unglinga í samfélagi okkar, t.d. um aðstæður barna sem flosna upp úr skóla, um grunnskóla, um umboðsmann barna o.fl. Það er athyglisvert að þá eru yfirleitt jafnfáir í salnum og nú er. Réttast er þó að byrja á byrjuninni og gera vel við yngstu börnin og foreldra þeirra. Öll hljótum við að vera sammála um að í upphafi skuli endirinn skoða. Með þessu frv. leggjum við kvennalistakonur til að nokkru verði kostað til til að reyna að bæta líkamlegt og andlegt heilbrigði þjóðarinnar. Þetta teljum við vera forgangsverkefni. Farsæl byrjun æviferils í faðmi foreldra hlýtur að vera eitt af grundvallaratriðum þess að við eignumst hæfa og vel gerða einstaklinga. Árangur bættra aðstæðna ungbarnaforeldra verður án efa aukið heilbrigði, andlegt og líkamlegt, færri félagsleg vandamál svo eitthvað sé nefnt. Í stuttu máli betra mannlíf. Það er kominn tími til að Íslendingar taki sig á í þessu efni og búi betur að börnum sínum. Gerum þetta mál að forgangsverkefni dagsins í dag.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég óska þess að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og trn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það eru mikil vonbrigði að ekki skuli fleiri sitja hér og hlusta á þegar hv. þm. Sigrún Jónsdóttir gerir grein fyrir þessu frv. sem er þó svo mikilvægt fyrir land og þjóð. Ég vona þó að það endurspegli ekki viðhorf hv. þm. til frv. Ég kom hér til þess að vekja sérstaka athygli á því ákvæði frv. sem gerir ráð fyrir að allar konur hafi rétt til að fara í fæðingarorlof einum mánuði fyrir fæðingu, en það er nýmæli. Eins og fram kom í máli hv. 1. flm. er í gildandi lögum um almannatryggingar ákvæði sem gerir ráð fyrir að konum sé heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. En ef ekki er um viðurkenndan sjúkdóm að ræða hefur það í för með sér að fæðingarorlof skerðist um mánuð eftir fæðingu. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að allar konur hafi rétt til að taka fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag án þess að fæðingarorlof skerðist. Þetta tel ég mjög mikilvægt ákvæði og vildi sérstaklega vekja athygli á því hér.

Ég vil benda á að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir breytingu á greiðslu fæðingarorlofs en eins og hv. þm. eflaust vita hafa þingkonur Kvennalistans áður flutt frv. sem gerði ráð fyrir öðru fyrirkomulagi en nú gildir. Við teljum það fyrirkomulag sem er notað nú ekki það heppilegasta en við teljum að konur eigi að halda launum í fæðingarorlofi. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, virðulegur forseti. En ég vonast til þess, eins og ég sagði áðan, að fámenni þingmanna hér í þingsal endurspegli ekki viðhorf þeirra til þessa frv. eins og e.t.v. ætla mætti, ég vona að einhverjar aðrar skýringar séu á því.

Flm. (Sigrún Jónsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég hafði eiginlega búist við því að heilbrrh. yrði viðstaddur. En ég vil leyfa mér hér að vekja athygli á því að á flokksþingi Framsfl. sem haldinn var 16.–18. nóv. sl. var m.a. samþykkt ályktun þar sem segir að stefnt verði að því að fæðingarorlof verði í áföngum lengt í eitt ár og foreldrar hafi heimild til að skipta því á milli sín. Þetta hlýtur að vekja vonir um að heilbrrh., sem því miður er ekki viðstaddur, beiti sér sérstaklega í þessu máli í vetur. Með því að samþykkja það frv. sem hér er til umræðu gæti hann stigið eitt skref í þá átt. Og það má einnig benda á, fyrst við erum að minna hér á samþykktir flokksþinga, að í stjórnmálaályktun 41. flokksþings Alþfl. segir m.a. í kafla um fjölskyldustefnu að áfram verði unnið að lengingu fæðingarorlofs. Þarna hafa því tveir ríkisstjórnarflokkar tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í hugmyndum okkar kvennalistakvenna. Þrátt fyrir þetta hefur ekki komið fram frv. frá ríkisstjórninni á yfirstandandi kjörtímabili um lengingu fæðingarorlofs og það er ekki langur tími til stefnu.

Að lokum vil ég ítreka fyrri orð mín um mikilvægi þess að öllum foreldrum sé gert fjárhagslega kleift að eignast börn og annast þau á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Við skulum horfa til framtíðar. Börnin og æska þessa lands eru það dýrmætasta sem við eigum. Veitum þeim allt það besta sem við getum boðið. Aðeins þannig getum við vænst bjartrar framtíðar fyrir land og þjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof, 1. umr.

Frv. SigJ o.fl., 184. mál (lenging orlofs). — Þskj. 207.

Flm. (Sigrún Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um fæðingarorlof á þskj. 207. Meðflm. mínir eru þær Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Segja má að hér sé um að ræða fylgifrv. vegna frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar á þskj. 206 sem ég mælti fyrir áðan og leyfi ég mér að vísa í ræðu mína um það mál. En í grg. með því frv. sem ég mæli nú fyrir segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessa lagafrumvarps er að lengja fæðingarorlof eftir fæðingu úr sex mánuðum í níu og að tryggja öllum barnshafandi konum einn mánuð sem hvíldartíma fyrir fæðingu.

Það er enginn vafi á því að bættar aðstæður ungbarnaforeldra skila sér margfalt til baka til þjóðfélagsins í formi betra mannlífs, betri heilsu og færri félagslegra vandamála."

Það hafa engar breytingar verið gerðar hingað til á þeim lögum sem hér er lagt til að verði breytt. Lögin fjalla um rétt útivinnandi foreldra til töku fæðingarorlofs. Ég mun í örstuttu máli rekja hvaða breytingar eru hér lagðar til en vísa að öðru leyti, eins og fyrr sagði, í fyrri ræðu mína vegna frv. á þskj. 206.

Skv. 1. gr. frv. skal fæðingarorlof eftir fæðingu verða níu mánuðir. Í bráðabirgðaákvæði segir að orlofið skuli lengjast í áföngum, þ.e. nú þegar í sjö mánuði, frá 1. jan. 1992 í átta mánuði og 1. jan. 1993 í níu mánuði.

Í 2. gr. er mælt fyrir um þá nýbreytni að barnshafandi kona eigi rétt á fæðingarorlofi mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

Í 3. gr. er verið að samræma lengd fæðingarorlofs ættleiðandi foreldra, uppeldis- og fósturforeldra við lengd fæðingarorlofs annarra foreldra.

Að lokum vil ég ítreka fyrri orð mín um að hér sé um brýnt hagsmunamál foreldra, barna og í raun samfélagsins alls að ræða.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að málinu verði vísað til 2. umr. og til heilbr.- og trn.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan leggja nokkur orð inn í þessa þörfu umræðu. Ég þakka flm. góða framsögu fyrir þessum tveimur síðustu málum sem hún hefur talað fyrir og tek undir það að ég hefði óskað að hér hefðu fleiri þingmenn verið staddir í dag og hlustað á umræðuna. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. heilbrrh. er genginn í salinn en upplýsi hann jafnframt um að hann hefur misst af mjög svo góðri framsögu hér.

Hér er hreyft mjög þýðingarmiklu máli sem er lenging fæðingarorlofs. Ég lít svo á að það mikla hagsmunamál fyrir barnafjölskyldur, ungt fólk, verðandi foreldra og ekki síst það hagsmunamál ungra barna sem fæðingarorlof og lenging þess er geti varla verið mikið ágreiningsmál hér á hv. Alþingi. Alla vega ekki meðal þess hóps sem leggur áherslu á félagslega uppbyggingu í landinu. Spurningin er því ekki í mínum huga hvort fæðingarorlof verði lengt heldur eingöngu hvenær. E.t.v. er einhver skoðanamunur hjá þingmönnum um útfærslu slíkra mála en varla um gildi málsins sem slíks.

Við höfum lagt og leggjum mikla áherslu á dagvistarmál og uppbyggingu leikskólans í sveitarfélögunum og er lögð áhersla á að hægt sé að bjóða vistun fyrir börn frá sex mánaða aldri. Það er ekki nokkur vafi í mínum huga að fremur á að leggja áherslu á að lengja fæðingarorlofið í áföngum þannig að við náum því innan allt of langs tíma að standa jafnfætis nágrannalöndunum í þessum efnum. Þjóðhagslega er þá einnig verið að verja enn betur því fjármagni sem koma á barnafólki til góða svo sem því fjármagni sem fer í eða áformað er að leggja í byggingu og rekstur dagvista fyrir þennan allra yngsta aldurshóp.

Því er ekki að leyna að okkur konunum a.m.k. finnst of hægt miða þótt stærra stökk hafi verið tekið í fæðingarorlofsmálum nú síðari ár en áður þar sem á tiltölulega skömmum tíma hefur orlof verið lengt í áföngum úr þrem mánuðum í sex mánuði og á hv. 3. þm. Reykv., fyrrv. heilbrrh., þakkir skildar fyrir að hrinda þeim áfanga fram. Það eru ekki ýkja mörg ár síðan, sennilega u.þ.b. 14–15 ár, að fæðingarorlof á launum var eingöngu fáeinir dagar nema hjá opinberum starfsmönnum og einstaka öðrum starfsstéttum. Það var því mikið réttindamál þegar réttur til töku fæðingarorlofs og greiðslu í fæðingarorlofi var lögfestur fyrir alla og því misrétti sem viðgengist hafði milli stétta hvað þetta varðar var eytt.

Að þeim orðum sögðum og í umræðu um fæðingarorlofsgreiðslur komum við auðvitað aftur að þeirri umræðu sem fram fór hér í þinginu á sl. vetri um réttindamál foreldra í fæðingarorlofi eða réttara sagt mismunandi réttindi og mismunandi greiðslur meðan á fæðingarorlofi stendur. Þá var von á að nefnd skilaði tillögum að frv. sem tæki mið af því að konur, hvar sem þær væru í starfi, nytu jafnréttis varðandi fæðingarorlof. Ég harma það að það frv. sem þá var í vinnslu hefur ekki enn verið lagt fram á hv. Alþingi og vona að hv. heilbrrh., sem nú er viðstaddur þessa umræðu, upplýsi okkur um það hvort fyrirhugað sé að leggja frv. þessa efnis fyrir þetta þing.

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir þau sjónarmið og rök sem komu fram í framsögu flm. um gildi samvista foreldris og barns á frumbernskuskeiði og nauðsyn þess að nálgast nágrannalöndin í þessu efni. Ég árétta líka það sem framsögumaður nefndi að í stefnuskrá míns flokks er áframhaldandi lenging fæðingarorlofs einmitt á dagskrá.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 10. þm. Reykn. fyrir góða framsögu hér á mikilvægu máli. Stundum hefur verið talað um að það væri háttur presta að skamma söfnuðinn fyrir slælega mætingu í messu og þá væru það náttúrlega fyrst og fremst þeir sem mættu sem yrðu fyrir snuprunum. Ég kem hér í ræðustól eiginlega fyrst og fremst til þess að fært verði til bókar í Alþingistíðindum það sem ég segi. Það er mjög áberandi þegar málefni kvenna og barna eru til umræðu hér í þingsölum að þá eru fáir mættir og flestir viðstaddir tínast út. Það eru gjarnan eingöngu konur sem sitja eftir og þá jafnan ekki einu sinni allar þær konur sem eiga þó sæti í þingsölum. Við upphaf þessarar umræðu voru níu þingmenn í salnum alls og þar af tveir karlmenn. Nú hafa menn tínst út. Lengst af sátu sex undir umræðunni, þar af einn karlmaður, hæstv. forseti, sem ekki gat flúið úr sæti. Nú eru sjö, að ég hygg, og þar bættist við hæstv. heilbrrh. sem mætti hér í umræðuna þó seint væri. Ég geri ráð fyrir að hann hafi

verið að sinna sínum skyldustörfum og ekki getað mætt fyrr. En þetta vil ég að komi fram þannig að allir megi lesa í Alþingistíðindum eftir á. Hér hefur verið hreyft mjög mikilsverðu máli. Máli um það hvernig er búið að börnum þessa lands í frumbernsku sem getur valdið miklu um það hvernig ævi þeirra ræðst og áhugi hv. þm. er ekki meiri en þetta. Þjóðfélagið endurspeglar í rauninni þessi viðhorf. Það hefur þó að vísu komið fram opinberlega að á Íslandi er staðið betur að ungbarnagæslu af hálfu þess opinbera en í mörgum öðrum löndum, hér er ungbarnadauði minni en víðast hvar. En þegar börnin eru komin af því sem kallað er ungbarnsskeið þá er annað uppi á teningnum. Þá tekur við sundurslitinn skóladagur, gæsluleysi, skortur á dagvistarrými. Allt þetta þarf að taka til gagngerðrar endurskoðunar og athugunar svo við getum boðið börnunum okkar og foreldrum þeirra upp á betra líf í þessu landi en núna er. Þetta er brýnt mál og þarf athugunar við.

Ég hef ekki fleira um þetta að segja á þessu stigi því umræðan er ekki beinlínis um þau mál, en það verður komið að því seinna.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 7. þm. Norðurl. e. vill forseti geta þess, og væntir þess að það verði fært til bókar jafnframt, að í húsinu eru 29 hv. þingdeildarmenn en þeir hafa ekki séð sér fært að sitja í fundarsal. En í 34. gr. fundarskapa segir orðrétt: „Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni." Þetta er ítrekað að gefnu tilefni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil biðja flm. afsökunar á því að hafa ekki verið viðstaddur þessa umræðu alla. Auðvitað er umdeilanlegt hversu áríðandi störfum menn eru að gegna frá einum tíma til annars. Ég hafði að vísu rétt lokið við að mæla hér fyrir frv. í Ed. um heilbrigðisþjónustu þar sem gert er ráð fyrir því að koma á sérstöku samstarfsráði sjúkrahúsanna í Reykjavík. Megintilgangur þess samstarfsráðs skal vera sá að að reyna að ná fram meiri hagræðingu í verkaskiptingu og betra skipulagi í rekstri þessara mikilvægu stofnana, þriggja stærstu heilbrigðisstofnana í landinu, og auðvitað þá í þeim tilgangi að þær stofnanir geti betur gegnt sínu hlutverki og rækt það betur með vonandi minni tilkostnaði ef vel tekst til að hagræða í störfum þeirra og verkaskiptingin verður betur framkvæmd en hún þó er í dag. Reyndar hafa sumir talið að það mætti ganga enn lengra á því sviði og sameina þessi sjúkrahús öll undir eitt. Það væri kannski mesta hagræðingin í því en ég læt það liggja milli hluta hér í þessari umræðu enda það mál ekki á dagskrá hér en á eftir að koma hingað síðar.

Þetta vildi ég hins vegar nefna vegna þess að það er auðvitað ákaflega auðvelt og væri kannski auðveldast af öllu fyrir heilbrrh. hverju sinni að flytja frv. um það að bæta við ýmsa þætti, bæði í heilbrigðisþjónustunni og í almannatryggingalöggjöfinni til þess að laga til fyrir ýmsum þegnum þessa þjóðfélags sem vissulega þurfa á því að halda. En það kostar mikla fjármuni. Þetta heilbrigðiskerfi okkar og almannatryggingakerfið er afar dýrt og það er lítið sem menn geta hreyft sig þar öðruvísi en að það hlaupi strax á milljónatugum eða hundruðum milljóna.

Við stöndum frammi fyrir því núna og höfum verið í umræðu undanfarna daga við aðstandendur sjúkra einstaklinga, bæði líkamlega og andlega sjúkra sem þurfa á aðhlynningu að halda, við höfum verið í slíkum viðræðum í heilbrrn. að undanförnu og hvernig leysa megi mál ýmissa slíkra einstaklinga. Þar snýr maður sér ekki við fyrir minna en tugi milljóna króna. Það hefur verið rætt um heimili fyrir geðsjúka afbrotamenn, það hefur verið rætt um heimili fyrir geðsjúkt fólk sem er þó ekki afbrotafólk, a.m.k. ekki enn, það hefur verið rætt um heimili fyrir vegalaus börn. Fleira mætti upp telja. Þetta kostar allt saman stórar upphæðir.

Hér eru til umræðu lagafrv. tvö sem bæði hafa mikla þýðingu fyrir fjölskyldur í landinu og börn. Ég get sannarlega tekið undir það sem segir hér í grg. og ég veit að hefur komið hér fram í framsöguræðu, þó ég hafi því miður ekki getað hlýtt á hana, að það eru mikilsverð mál sem hér er hreyft og væri vissulega þýðingarmikið ef þjóðfélagið sæi sér fært að verða við þeim óskum sem hér eru settar fram.

Við höfum nú nýlega náð þeim mikilvæga áfanga að lengja fæðingarorlof og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuði á ári þrjú undanfarin ár, úr þremur mánuðum í sex, og tel ég að þar höfum við verið að vinna mikilvægt verk. Um það náðist fullkomin samstaða þó að þar væri auðvitað mikill kostnaðarauki. Hér er lagt til að stíga nú enn stærri skref. Vissulega er líklegt að einhvern tíma treysti þjóðfélagið sér til þess að ná áföngum þeim sem hér eru tilgreindir, það hafa nágrannaþjóðir okkar verið að gera, a.m.k. sumar, en ég álít að við þurfum mjög að huga að forgangsröð í þessu sambandi. Við þurfum mjög að huga að því hvar við eigum að leggja áherslurnar, hvar er mikilvægast að lagfæra og bæta okkar tryggingakerfi.

Vonandi fæ ég heimild til þess áður en langt líður að leggja fyrir Alþingi nýtt frv. til almannatryggingalaga sem hefur í sér fólgnar verulegar réttarbætur á ýmsum sviðum. Þó er það unnið á þann hátt að reynt er að hagræða innan kerfisins þannig að við getum bætt þeim sem á þurfa að halda þjónustu ýmiss konar og veitt þeim aukinn stuðning af opinberri hálfu án þess að auka verulega heildarútgjöldin, þ.e. með því að færa þá fjármuni sem þar koma til uppbótar frá þeim aðilum sem við teljum að síður þurfi á slíkri opinberri samhjálp að halda. Ef við getum fundið fleiri slíka þætti þar sem mætti færa til fjármuni frá þeim sem síður þurfa á að halda til þeirra sem hafa brýna þörf fyrir aðstoð þá tel ég að það væri vel og að því hygg ég að íslenskir og reyndar meira en íslenskir stjórnmálamenn, stjórnmálamenn almennt, þurfi að huga. Það kom fram í framsögu minni áðan um málið sem ég greindi frá hér í upphafi máls míns, að það eru fleiri þjóðir en Íslendingar sem þessa stundina ræða um kostnað við

heilbrigðisþjónustu og tryggingakerfi. Það hygg ég að eigi við um allan hinn vestræna heim. Við þurfum því sannarlega að huga að því hvert við stefnum og hvernig við bregðumst við.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, virðulegu forseti, vegna þess að það er svo auðvelt að koma fram með óskirnar og sjá hvar betur má gera en hitt vefst stundum fyrir mönnum að finna hvar eigi að taka fjármunina og ná samstöðu í þjóðfélaginu um það að auka til þess skattheimtuna ef ekki finnast leiðir til sparnaðar.

Ég var spurður hér í umræðunni um hugmyndir heilbrrh. um að leggja fram frv. um fæðingarorlof sem nú liggur fyrir í heilbrrn. og er afrakstur af nefndarstarfi frá sl. vetri. Nefnd sem fjallaði um það mál lauk störfum í fyrravor eða síðla seinasta vetrar. Þar hygg ég að hafi verið unnið gott verk sem væri nauðsynlegt að kæmi hér fyrr en síðar til umfjöllunar í þinginu. En því miður er það svo með það frv. að um það var ekki fullkomin samstaða. Það er ljóst að opinberir starfsmenn telja að í frv. eða drögunum, eins og þau líta nú út, sé gengið á þann rétt sem þeir hafa þegar áunnið sér og um frv. eins og það lítur út núna frá nefndinni sé ekki og verði ekki samkomulag að óbreyttu. Þess vegna hefur það nú legið um sinn og er ekki komið inn til þingsins, er í athugun í ráðuneytinu. Það er hins vegar á málaskrá ríkisstjórnarinnar og er á lista yfir þau mál sem ég hef í huga að leggja fyrir Alþingi á þessum vetri. Vona ég að það geti orðið þó svo að það kunni að verða að gera á því einhverjar breytingar frá því sem nefndin gekk frá því á sl. vori.

Ég vil aðeins að lokum ítreka það að ég tek undir það sem hér kemur fram í grg. að hér er um mikilvægt mál að ræða sem vissulega er rétt að skoða vandlega. Ég vil í þeim skilningi lýsa stuðningi mínum við þá stefnu sem hér er sett fram en hafa þó þann fyrirvarann á að hér er um mikinn kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð og við höfum mörg viðfangsefni við að glíma sem sannarlega veitir ekki af fjármunum í til þess að vel megi vera. Heilbrrn. hefur nú á sinni könnu að reyna að leysa þau mál og ég hygg að a.m.k. eins og sakir standa í augnabliki þá séu nokkur af þeim málum, sem ég nefndi hér í upphafi, á forgangslista hjá núverandi heilbrrh. umfram það sem hér er lagt til.

Flm. (Sigrún Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég vil þakka hv. 9. þm. Reykn. Rannveigu Guðmundsdóttur hennar orð og hæstv. heilbrrh. fyrir undirtektir við efni þessa máls. Þeirra stuðningur er mér mikils virði en ég hefði náttúrlega viljað heyra frá ráðherra að fæðingarorlofið mundi lengjast sem allra fyrst. Ég vil taka undir orð Rannveigar um að það þurfi sérstaklega að taka á réttindamálum foreldra í fæðingarorlofi, ég held að þar sé pottur brotinn.

Ráðherra talar um kostnað og við vitum að það er mikill kostnaður samfara því að halda uppi öflugu almannatryggingakerfi. En þetta, eins og allt annað, er spurning um forgang. Ég held að ekki sé um svo mjög háar upphæðir að ræða í þessu máli að það væri ekki hægt að byrja á einhverju þrepi. Sumum konum sem ég hef kynnt þetta mál finnst ég fara allt of varlega í sakirnar og vera mjög hógvær þannig að ég held að ég hljóti að ítreka það að hér sé verið að vinna í áföngum og það hljóti að mega hnika einhverju til.

Mér þykir miður ef ekki kemur fram frv. frá ríkisstjórninni um þetta mál, þó ég sé náttúrlega hér með mál sem ríkisstjórnin gæti bara samþykkt. En ég vil minna ráðherra undir lokin á það sem kom reyndar fram hjá mér áðan, en hann var þá ekki viðstaddur, að einmitt í ályktun eða samþykkt flokksþings Framsfl. stendur að stefnt verði að því að fæðingarorlof verði í áföngum lengt í eitt ár og það hlýtur að hvetja hann til dáða. (**Heilbrrh.:** Það eru falleg fyrirheit.) Já, en við megum ekki bara segja hlutina. Við verðum líka að meina þá og reyna að standa við þá.

Ég þakka undirtektir ykkar beggja aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

26. fundur, fimmtudaginn 6. des., kl. 10 árdegis.

Kostnaður við breytingar á Þjóðleikhúsi, ein umr.

Fsp. EG, 119. mál. — Þskj. 123.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 123 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um kostnað við margumtalaðar breytingar á Þjóðleikhúsi Íslendinga. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hve hárri fjárhæð nam kostnaður við breytingar á Þjóðleikhúsi Íslendinga 31. okt. 1990:

a. hönnunar- og stjórnunarkostnaður,

b. kostnaður við verklegar framkvæmdir?

2. Hvernig samræmast þessar kostnaðartölur áætlunum um framkvæmd verksins?

3. Hvaða áætlanir eru uppi um framhald verksins?

4. Er fjármagn tryggt til verkloka?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt: Hve hárri fjárhæð nam kostnaður við breytingar á Þjóðleikhúsi Íslendinga 31. okt. 1990: a. hönnunarkostnaður, b. kostnaður við verklegar framkvæmdir?

Kostnaður við hönnun, stjórn, eftirlit, nýtingaráætlun og mælingar nemur 140,7 millj. kr. og er hönnunarkostnaðurinn yfirgnæfandi meiri hluti þess kostnaðar. Þetta var svar við a-lið og svar við b-lið er: Kostnaður er 242,8 millj. kr.

Í öðru lagi er spurt: Hvernig samræmast þessar kostnaðartölur áætlunum um framkvæmd verksins?

Svarið er að samkvæmt áætlun sem gerð var 26. júlí 1990, sem er í raun og veru hin endanlega verkáætlun, var talið að kostnaðurinn yrði 456 millj. kr. við þessa lotu. Þá var ljóst að miðað við fjárveitingar sem lágu fyrir og sömuleiðis við fjárveitingar í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 vantaði 29 millj. kr. Í viðbót við þá tölu hefur síðan komið fram kostnaður upp á 35 millj. kr., þ.e. í viðbót við 456 millj. kr. Þannig fáum við heildartöluna 491,2 millj. kr. Viðbótin, 35 millj. kr., skiptist þannig að í fyrsta lagi eru það 17 millj. vegna þess að núna hefur verið tekinn hluti af annarri lotunni. Í öðru lagi eru það 14 millj. vegna breyttra aðstæðna. M.a. komu fram skemmdir á lofti sem ekki voru fyrirsjáanlegar, vissar skemmdir í kjallara sem ekki voru fyrirsjáanlegar og fleira. Og í þriðja lagi er um ræða kostnað vegna flýtingar upp á 4 millj. kr. Þannig fáum við þessa tölu, 35 millj. Frá áætluninni 26. júlí mun kostnaður því fara 7,6% fram úr áætlun.

Í þriðja lagi er spurt: Hvaða áætlanir eru uppi um framhald verksins? Það er gert ráð fyrir því að ljúka þessari fyrstu lotu núna í marsmánuði 1991. Varðandi framhaldið hafa engar endanlegar ákvarðanir verið teknar. Það mál er í höndum Alþingis og fjvn. eða kannski frekar fjvn. og síðan Alþingis, en það er talið af byggingarnefndinni að heppilegt væri að ljúka því sem eftir væri í sumarlokunum 1991 og 1992. Byggingarnefndin hefur tjáð mér að kostnaður við þessa viðbót í framkvæmdunum geti verið upp á u.þ.b. 300 millj. kr.

Í fjórða lagi er spurt: Er fjármagn tryggt til verkloka? Það er ljóst að fjármagn til fyrstu lotu hefur verið tryggt fyrir utan 64 millj. kr. sem vantar miðað við fjárlagafrv. ársins 1991, en fjármagn til framhaldsins hefur hins vegar ekki verið tryggt. Það er verkefni fjvn. og Alþingis að fjalla um það.

Þegar fsp. barst mér frá hv. 3. þm. Vesturl. skrifaði ég byggingarnefnd Þjóðleikhússins bréf og frá formanni byggingarnefndarinnar barst svar. Það sem ég hef hér sagt, virðulegi forseti, er í raun og veru útdráttur úr því svari sem ég vænti að sé skýrt, en ég er tilbúinn til þess að láta hv. þm. hafa svarið til frekari glöggvunar eins og það kom frá byggingarnefndinni.

Varðandi málið að öðru leyti vil ég segja þetta: Þjóðleikhúsið er og hefur verið ein af þeim byggingum sem umdeildastar hafa verið í menningarsögu íslensku þjóðarinnar alveg frá upphafi. Þjóðleikhúsið lá undir stórkostlegum skemmdum. Viðhaldskostnaður hafði ekki verið mikill við það hús áratugum saman og það blasti við að húsið var að eyðileggjast og það þurfti að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það. Ég held að þjóðinni sé í raun og veru skylt að gera ráðstafanir til að húsnæði af þessu tagi eyðileggist ekki og á þeim forsendum var tekin ákvörðun um það að endurbæta Þjóðleikhúsið. Ég vona að það takist.

Það sem er hins vegar ævinlega umdeilanlegt í þessum efnum er það hvernig og hversu miklum fjármunum ber að verja á hverjum tíma í svona verkefni. Það er auðvitað alltaf umdeilanlegur hlutur og ekki nema gott um það að segja að menn ræði um það hér á hv. Alþingi. Það sem hins vegar þarf kannski að skoða í framhaldi af þeim umræðum, sem fram hafa farið um málið síðustu daga, er það að hve miklu leyti það er eðlilegt að ríkið sé að reka fyrirtæki sem heitir „Húsameistari ríkisins" til þess að annast þjónustu af því tagi sem hér er um að ræða og hægt er að fá hjá fjölda aðila út um allt land. Það er mál sem þarf að ræða undir öðrum dagskrárlið.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Þau komu raunar ekki á óvart. Þeim sem til þekkja var gjörla ljóst að kostnaður við þessa framkvæmd mundi hlaupa fram úr öllum áætlunum og eru þó hvergi nærri öll kurl komin til grafar í þessu máli. Það er margt óséð og margt ógreitt. Það er hins vegar fáránlegt þegar hæstv. ráðherra tekur kostnaðaráætlun frá 26. júlí sl. og notar hana hér sem samanburð um það hversu lítið þetta hafi farið fram úr áætlun. Auðvitað átti að nota hina upphaflegu verkáætlun þegar ákvörðun var tekin um verkið. Á henni byggðist sú ákvörðun að ráðast í þetta. Það hefði næstum því eins mátt uppreikna nýja kostnaðaráætlun og miða hana við 30. okt. og segja að verkið hefði nákvæmlega ekkert farið fram úr áætlun. Þetta finnst mér ekki eðlilegur né réttur samanburður. Þetta hefur hlaupið úr öllum böndum. Þetta hefur verið illa undirbúin framkvæmd og það hefur verið rasshandarlag á öllu þessu verki frá upphafi til enda.

Það var nauðsynlegt að gera lagfæringar á Þjóðleikhúsinu, um það var aldrei deilt. En það var ekki nauðsynlegt að rústa húsið að innan og byggja nýtt hús innan í skelinni. Hér er beinlínis verið að leika sér með peninga skattborgara og þessum hundruðum milljóna hefði betur verið á annan veg varið en að byggja nýtt Þjóðleikhús inni í því gamla.

Mér er sagt að í gærkvöldi hafi verið viðtal við formann hinnar svokölluðu byggingarnefndar. Hún heitir byggingarnefnd af því að hún er að byggja nýtt Þjóðleikhús innan í gamla Þjóðleikhúsinu. Ég sá það því miður ekki því að ég var á fundi vestur í Ólafsvík en mér er sagt að þar hafi öll svör verið með miklum endemum — nú sá ég þetta ekki sjálfur en miðað við aðstæður trúi ég því ákaflega vel — og öll málsvörn verið svona heldur í lakara lagi, að ekki sé nú sterkar til orða tekið.

Ég held að þessum milljónahundruðum hefði átt að verja á annan veg og þetta er enn eitt dæmið um óskiljanlegar og óskynsamlegar framkvæmdir á vegum hins opinberlega þar sem kostnaðaráætlanirnar upphaflegu sem ákvarðanir eru byggðar á eru eins og hverjar aðrar gamansögur sem menn síðan skemmta sér við að hafa í flimtingum og þegar upp er staðið er enginn ábyrgur en ríkissjóður og skattborgararnir verr staddir en áður.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Satt að segja held ég að það væri fróðlegt að hafa um þessi mál ítarlega umræðu. Ég kann ekki við það þegar hv. fyrirspyrjandi með þess-

um hætti fer fram á þann hátt sem hann gerði hér áðan þar sem enginn kostur er á að fara yfir málið í heild. Þetta mál er allt opið. Alþingi hefur getað fylgst með þessu máli lið fyrir lið í smáatriðum allan tímann þannig að menn þurfa ekki að sakast við neinn annan en sjálfan sig ef menn skortir upplýsingar í þessu máli. Ég kannast ekki við það að í einu einasta tilviki hafi ríkisstjórnin eða Alþingi lokað fyrir það að það kæmu upplýsingar fram um þetta mál.

Ég tel nauðsynlegt í tilefni af orðum hv. þm. að fara yfir þessa hluti alveg lið fyrir lið. Ég held að það eigi t.d. að kanna það mjög rækilega hver sé hönnunarkostnaður, hver sé stjórnunarkostnaður, hver sé nýting áætlunarkostnaðar í ríkisstofnunum og ríkisbyggingum í heild. Við skulum fara yfir það alveg lið fyrir lið, bæði í ár og undanfarin ár. Við skulum fara lið fyrir lið yfir stofnun sem heitir Húsameistari ríkisins. Við skulum fara lið fyrir lið yfir það hvernig hefur verið haldið á málum að því er varðar undirbúning að þessum framkvæmdum Þjóðleikhússins. Það er enginn að skjóta sér undan ábyrgð í þessu efni og það mun ég a.m.k. aldrei gera þó að ég hafi staðið menn að því hér í þessum stól á undanförnum árum og áratug að reyna að laumast undan ábyrgðinni þegar um erfiða hluti er að ræða, hluti sem er reynt að gera óvinsæla af því að það er auðvelt að gera þá tortryggilega vegna þess að þeir eru dýrir, fyrst og fremst vegna þess að þeir eru dýrir. Og frammi fyrir þessum áróðri hafa stjórnmálamenn yfirleitt hrokkið. Þeir hafa ekki verið tilbúnir til þess að leggja á sig þá vinnu sem fylgir því að fylgja eftir framkvæmdum af þeim toga sem hér er um að ræða sem kostar verulega fjármuni og niðurstaðan er sú að opinberar stofnanir, opinberar byggingar allt í kringum landið eru alls staðar að grotna niður.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það kemur ekkert á óvart að þetta skuli vekja nokkuð heitar tilfinningar hjá hæstv. ráðherra vegna þess að þetta er í eðli sínu hið versta mál. Þessu máli var haldið á leyndarstigi allt of lengi og þegar var verið að taka hér ákvörðun um endurbætur á Þjóðleikhúsinu, þá hygg ég, og kom raunar í ljós í umræðum um málið í fyrra, að fæstum þingmönnum hafi verið ljóst hvað það var sem gera átti. Það átti að byggja nýtt hús innan í því gamla. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að taka um þetta mál ítarlega umræðu við betra tækifæri. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að til þess er ekki ráðrúm í hinum knappa tíma sem mönnum er skammtaður af eðlilegum ástæðum í fyrirspurnatíma. Ég er honum svo hjartanlega sammála um stöðu embættis húsameistara ríkisins án þess að ég sé að leggja dóm á þá einstaklinga sem þar starfa. Það embætti á að leggja niður. Um það hefur Alþfl. flutt tillögur árum saman. Ég minnist þess ekki að þær hafi hlotið sérstakan stuðning eða atbeina Alþb. til þess að ná samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Um þetta erum við hæstv. ráðherra alveg hjartanlega sammála.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Ég vil segja það í tilefni af orðum hv. þm. að auðvitað er það þannig að þessi mál koma hér til umræðu í tengslum við 2. og 3. umr. fjárlaga og þá gefst nægur tími til þess að ræða um þau. Varðandi embætti húsameistara ríkisins er kannski rétt að upplýsa það að það eru fleiri flokkar en Alþfl. sem hafa flutt um það mál hér á Alþingi á undanförnum árum. Það hafa hygg ég fulltrúar allra flokka meira og minna verið með á vörunum og jafnvel í tillöguformi hér aftur og aftur og aftur. Það væri hins vegar rannsóknarefni bæði fyrir þingið og stjórnmálaflokkana að velta því fyrir sér hvernig stendur á því að þeim hafi gengið svona illa að þoka þessu mikla stefnumáli sínu í framkvæmd.

Upplýsingar um öryggislögreglu Þýska alþýðulýðveldisins, ein umr.

Fsp. GHH, 127. mál. — Þskj. 131.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. „Hyggst utanrrh. fara þess á leit við þýsk stjórnvöld að þau veiti upplýsingar úr eða heimili aðgang að skjalasafni STASI, öryggislögreglu Þýska alþýðulýðveldisins, sem vitað er að hafði víðtæk alþjóðleg umsvif, til þess að leiða í ljós hvort hún hafi verið í tengslum við íslenska aðila?"

Þessa fsp. hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 131, virðulegi forseti. Það er öllum ljóst að það hafa verið verulegar breytingar í okkar heimshluta undanfarin missiri og gamla lögregluríkið, eins flokks ríkið, Þýska alþýðulýðveldið er nú sem betur fer ekki lengur til. Það þýðir að skjalasöfn ýmissa óheillastofnana í því ríki eru nú komin í hendur lýðræðislega sinnaðra manna og vel hugsanlegt að íslenskum yfirvöldum, bandalagsríki Þýskalands, gæti opnast aðgangur að slíkum skjalasöfnum.

Ég tel eðlilegt að ef það er þannig að Þýska alþýðulýðveldið, öryggislögregla þess eða aðrar stofnanir á þess vegum hafi hlutast til um íslensk málefni með einum eða öðrum hætti, þá komist vitneskja um það í hendur íslenskra yfirvalda og Alþingis.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það mun vera mikið verk að rannsaka hið geysistóra skjalasafn leyniþjónustu Þýska alþýðulýðveldisins, en samkvæmt nýlega birtum upplýsingum hafði þessi leyniþjónusta, STASI, í sinni þjónustu 85 þúsund manns í fullu starfi en 500 þúsund manns í aukastörfum. Kostnaður við rekstur hennar á ári hverju nam sem svaraði 1 milljarði Bandaríkjadala. Hingað til hafa um 2000 manns af þessum herskara verið afhjúpaðir.

Nú er þess að geta að skjalasafn STASI er undir lás og slá í austurhluta Þýskalands og er öllum lokað þar til kjörið þing sameinaðs Þýskalands hugsanlega ákveður annað. Það var kosið hinn 2. des. en enn hefur ekkert gerst að því er þetta varðar.

Þá er þess að geta að margir málsmetandi Þjóðverjar í öllum stjórnmálaflokkum hafa opinberlega hvatt

menn til sáttfýsi og skilnings. Menn vitna gjarnan til frægrar ritsmíðar Vačlavs Havels um að oft hafi verið mjótt á mununum milli geranda og þolanda í lögregluríkinu. Hins vegar eru menn sammála um það að hreinum glæpamönnum beri refsing og að fórnarlömb ofbeldisaðgerða þessarar leyniþjónustu eigi vissulega fullan og ótvíræðan rétt á því að mál þeirra fáist upplýst og að réttlæti nái fram að ganga. Engu að síður er sú almenna skoðun ríkjandi að forðast beri „Hexenjagd" eða nornaveiðar í þessu sambandi. Það verður því að teljast óljóst á þessari stundu hvort eða hvenær þing Þýskalands, sem kjörið var 2. des., ákveður að opna skjalasafn STASI.

Svar mitt við fsp. hv. þm. er því þetta: Við munum fylgjast með framvindu mála í Þýskalandi og taka afstöðu í framhaldi af hugsanlegri opnun þessa skjalasafns.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svar sem kannski af eðlilegum ástæðum er heldur óljóst á þessu stigi málsins. Ég vil eingöngu segja það að af hálfu fyrirspyrjanda hér stendur ekki til að taka þátt í neinu því sem kalla mætti „Hexenjagd" eða nornaveiðar í þessu sambandi eða eftirgrennslan eftir einhverjum tilteknum einstaklingum. Mér finnst aðalatriðið vera það sem ég sagði hér í upphafi að mér finnst að það eigi að liggja fyrir og koma fram gagnvart íslenskum stjórnvöldum og íslenskum almenningi ef það hefur virkilega verið svo að hin illræmda leyniþjónusta þessa lögregluríkis hafi hlutast til um íslensk málefni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins árétta það að gefnu tilefni að svar mitt var eins skýrt og það getur verið. Þetta safn er nú lokað samkvæmt fyrirmælum þýskra stjórnvalda og þess vegna ekkert um það að ræða að við höfum aðgang að því. Verði þeirri ákvörðun þýskra stjórnvalda breytt, þá munum við fylgjast með málinu og taka afstöðu til þess eins og tilefni gefst þá til.

Tilboð ríkisstjórnarinnar í GATT-viðræðunum, ein umr.

Fsp. EgJ, 155. mál. — Þskj. 168.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 168 hef ég flutt fsp. til hæstv. utanrrh. sem er á þessa leið:

„Hvað felst í tilboði ríkisstjórnarinnar í GATT-viðræðunum fyrir Íslands hönd um verslun með landbúnaðarvörur? Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um:

1. Breytingar á innra stuðningi við landbúnaðinn.
2. Breytingar á landamæravernd vegna verslunar með landbúnaðarvörur.
3. Breytingar á útflutningsbótum.
4. Hve mikil hlutdeild innfluttra landbúnaðarvara yrði samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar í þeim markaði sem innlend framleiðsla hefur fram til þessa fullnægt þegar aðlögunartíma lýkur."

Þrjár fyrstu spurningar mínar hafa reyndar komið nokkuð fram í umræðunni um þessi mál en aftur á móti hefur minna farið fyrir því að hverju væri stefnt í sambandi við innflutning á landbúnaðarvörum, hvaða áform séu um það að gera þá breytingu sem felst í tilboði ríkisstjórnarinnar og hvað hlutdeild innfluttra vara í lok aðlögunartímabilsins yrði mikil. Það er náttúrlega grundvallaratriði að þau mál verði skýrð með viðunandi hætti því að auðvitað stækkar ekki markaðurinn fyrir landbúnaðarvörur og menn hljóta þá að þurfa með einum eða öðrum hætti að gera þær ráðstafanir hér innan lands sem samrýmast þessari ákvörðun, þ.e. tryggja því fólki sem nú lifir í sveitum landsins og býr við þessa framleiðslu annað lífsviðurværi.

Virðulegi forseti. Ég vek sérstaka athygli á því að í þessu tilboði ríkisstjórnarinnar felast mikil tímamót með viðskipti á landbúnaðarvörum. Ríkisstjórnin hefur gert allt sem í hennar valdi stendur og þá sérstaklega forsrh. til að gera sem minnst úr þessari ákvörðun, en auðvitað er hér um gífurlega stóra ákvörðun að ræða þegar fallist er á það í alþjóðaumræðu um viðskipti á milli landa að hefja innflutning á landbúnaðarvörum. Og það verður með engum hætti hjá því komist fyrir ríkisstjórnina að skýra það með viðhlítandi hætti hversu stór spor hefur verið talað um og er gengið út frá að stíga í þessum efnum og hver markaðshlutdeild þeirra erlendu verður þegar aðlögunartímabilinu lýkur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrst fáein orð almennt um tilboð ríkisstjórnarinnar í GATT-viðræðunum. Í því felst að stjórnvöld lýsa sig reiðubúin til að draga úr hömlum á innflutningi á unnum kjötvörum og unnum mjólkurvörum. Þá verður dregið úr útflutningsbótum og stuðningur við landbúnað lækkaður á fjárlögum. Hins vegar verða áfram hömlur á innflutningi á lifandi dýrum, nýmjólk og hráu kjöti af heilbrigðisástæðum. Einnig er tekið fram að tilboðið er háð tilboðum annarra þátttakenda í GATT-viðræðunum og er það grundvallaratriði. Náist samkomulag í GATT-viðræðum um þessar aðgerðir mun þetta hafa í för með sér aukið vöruúrval hérlendis að því er varðar unnar landbúnaðarvörur. Þetta þýddi einnig samkeppni við vinnslustöðvar sem veitti þeim aukið aðhald að því er framleiðslukostnað varðar og mundi knýja þær til hagræðingar og hagsbóta þannig fyrir neytendur. Þá felur tilboðið í sér minni byrðar skattgreiðenda vegna stuðnings við landbúnaðinn í heild. T.d. ættu útflutningsbætur að lækka um u.þ.b. 675 millj. kr. á ári að loknum aðlögunartímanum miðað við tölur fjárlagafrv. fyrir árið 1991.

Varðandi einstaka liði fysp. sem sérstaklega er spurt um vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Breytingar á innra stuðningi við landbúnað.

Ísland skuldbindur sig til að draga úr stuðningi innan lands í raungildum um allt að 25% í jöfnum árlegum áföngum fram til ársins 1996 þar sem árið 1988 er

lagt til grundvallar fyrir útreikningi á heildarstuðningi í samræmi við sérstakan lista yfir útreikning á heildarstuðningi.

2. Breytingar á landamæravernd vegna verslunar með landbúnaðarvörur.

Ísland lýsir sig reiðubúið til að rýmka innflutningsheimildir og draga úr magntakmörkunum á unnum mjólkur- og kjötafurðum. Hins vegar verða áfram í gildi eins og áður sagði innflutningstakmarkanir á þessum vörum vegna legu landsins og til að tryggja öruggt framboð á matvælum.

Innflutningstakmörkunum á lifandi dýrum, nýmjólk og hráu kjöti, fersku og frosnu, verður áfram haldið af heilbrigðisástæðum. Þess má geta að langtímaeinangrun íslensks bústofns gerir hann sérlega viðkvæman fyrir sjúkdómum. Ísland gerir tillögu um að leggja breytilegt innflutningsgjald á þann innflutning sem leyfður verður til að jafna muninn á verði innlends landbúnaðarhráefnis og heimsmarkaðsverðs svokallaðs.

Ísland er einnig reiðubúið til að breyta innflutningstakmörkunum í tolla á einstökum landbúnaðarafurðum í tollflokkum 1–24 í hinni samræmdu tollskrá sem komi í staðinn fyrir innlendar landbúnaðarafurðir. Stuðst verður við leiðréttingarstuðul sem tekur tillit til gjaldeyrissveiflna og breytinga á heimsmarkaðsverði. Ísland er reiðubúið til að lækka tolla á þessum vörum síðan á tímabilinu til ársins 1996 um allt að 25%.

3. Breytingar á útflutningskvótum.

Ísland lýsir sig reiðubúið til að draga úr útflutningsbótum að raungildi um allt að 65% til ársins 1996 í jöfnum, árlegum áföngum. Skuldbindingin á samdrættinum er byggð á meðaltali áranna 1986–1989. Eftir 1996 er Ísland reiðubúið til að halda áfram að draga í áföngum úr útflutningsbótum með það að markmiði að þær verði felldar niður að fullu.

4. Hve mikil hlutdeild innfluttra landbúnaðarvara yrði samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar í þeim markaði sem innlend framleiðsla hefur fram til þessa fullnægt, þegar aðlögunartíma lýkur? Þetta er spurning hv. þm.

Svar við þessari spurningu er ekki unnt að leggja fram fyrr en samningaviðræðum er lokið og séð verður hvar hið alþjóðlega samkomulag næst. Með öðrum orðum: Spurningunni um það hversu stór skref verða stigin verður ekki svarað fyrr en samkomulagið liggur fyrir og menn standa þá frammi fyrir því hvaða skuldbindingar við viljum á okkur taka í því efni. Þetta ræðst líka af samkeppnisstöðu íslenskrar búvöru. Það er hins vegar almennt mat þeirra sem til þekkja að gæði unninna landbúnaðarvara hér á landi séu mikil og að því leyti muni hún áreiðanlega standa að samkeppni erlendra landbúnaðarvara og halda sterkri stöðu á markaðnum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það væri nú tilefni til þess að ræða þessi mál öðruvísi en í fyrirspurnatíma eins furðulega og að því hefur verið staðið. Og ég held að það væri nær fyrir hæstv. ríkisstjórn að gera ráðstafanir um heilbrigðiseftirlit. Það er ekki nóg að hafa í lögum og reglugerðum reglur sem er svo ekkert farið eftir.

Ég veit það að hér er ekki hægt að ræða þetta efnislega. Maður má ekki segja nema nokkur orð en þetta tilboð er alveg furðulegt, enda kemur mér það ekkert á óvart. Hæstv. utanrrh. var einu sinni í landbn. með mér og ég á enn þá hans nál. og við tækifæri mun ég kannski lesa það hér upp til þess að upplýsa hvernig staðan var og staðan er frá hans hendi í þessum landbúnaðarmálum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Tilboð hæstv. ríkisstjórnar í svokölluðum GATT-viðræðum felur einkanlega í sér tvö meginatriði:

Í fyrsta lagi: Boðið er upp á það að rýmka um innflutning á unnum kjötvörum og unnum mjólkurvörum. Með þessu er rofið skarð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í þann varnargarð sem íslensk stjórnvöld hafa til þessa viljað halda varðandi innflutning á búvörum. Hæstv. ríkisstjórn ber ábyrgð á því að nú er þessi varnargarður brostinn.

Í öðru lagi: Boðið er upp á niðurskurð á framlögum opinberra aðila sem eru markaðs- og framleiðslutengdir um 25–65% og það er túlkað þannig að síðar eigi að breyta þessum framlögum yfir í nýtt form sem ekki séu markaðs- eða framleiðslutengdir. Þegar búið er að semja af sér réttinn til þess að hafa framlög af opinberri hálfu, þá túlka menn það svo að hægt sé síðar að taka það upp í nýju formi. Þetta er auðvitað í hæsta máta vafasamur málflutningur.

Það liggur fyrir í þriðja lagi að tilboðið er rýmilegra af hálfu Íslands og ýmissa annarra EFTA-landa heldur en gerist hjá EB-þjóðum og EFTA-þjóðirnar hafa fengið lof fyrir þetta hjá Bandaríkjamönnum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég lít nú svo á að þetta GATT-tilboð sé saklaust í sjálfu sér. Þetta er tilboð um lítils háttar skipulagsbreytingu. Nægir fyrirvarar fylgja þessu tilboði til þess að það eigi að vera hættulaust. Við verðum að treysta því að í ríkisstjórn sitji á hverjum tíma skynsamir og þjóðhollir menn sem ekki opni allt upp á gátt af óvitaskap eða fólsku.

Það hefur orðið töluvert fjaðrafok út af túlkun hæstv. utanrrh. á þessu máli sem ég tel vera mistúlkun. Hann gerir allt of mikið úr þeirri skipulagsbreytingu sem hér er boðið upp á, miklu meira heldur en ... (Gripið fram í.) Það kemur aldrei til — Miklu meira heldur en ástæða er til að gera. Alþfl. hefur barist fyrir innflutningi landbúnaðarvara um langan tíma og í einhverju hrifningarkasti hefur hæstv. ráðherra freistast til þess að gera mikið úr þeim árangri sem hann taldi sig hafa náð. Þetta er svona eins og annar Jón, sem kallaður var hinn sterki, sagði í því merkilegu ritverki eftir Jón Thoroddsen: „Sáuði hvernig ég tók hann.“ En meginmálið er það hvort eitthvað verður úr þessum GATT-viðræðum yfir höfuð, hvort einhver árangur verður af þeim viðræðum. Ég hef nú trú á því að það sé að renna út í sandinn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér sem starfandi landbrh. að taka þátt í þessum umræðum og segja þetta.

Ég tel að það sé í raun og veru alveg óhjákvæmilegt með tilliti til þess hversu stórt mál er hér á ferðinni að það fái ítarlega umræðu hér á hv. Alþingi. Ég tel að það þurfi að vera viðstaddir bæði þeir sem horfa á hlutina út frá hagsmunum landbúnaðarins og aðrir sem vilja fjalla um mál af þessu tagi. Ég tel að það tilboð, sem hæstv. landbrh. hefur látið undirbúa og farið með að því er varðar þessi mál, sé í raun og veru í mjög góðu jafnvægi miðað við pólitískar aðstæður og heildarhagsmuni þjóðarinnar. Það er örugglega þannig að að málum má eitthvað finna eins og gengur en aðalatriðið er það að ég tel að hæstv. landbrh. hafi í þessu efni reynt að leita jafnvægis, reynt að finna samnefnara sem ég hygg að menn í öllum flokkum hér á hv. Alþingi geti í raun og veru sætt sig allvel við. Innlegg mitt í þessar umræður er að hvetja til þess að þannig verði á málum haldið að um þetta verði fjallað í heild hér á hv. Alþingi.

Ég tel að ýmislegt það sem komið hefur fram frá hæstv. utanrrh. í þessu efni hafi orðið til þess að ýta undir misskilning. Ég tel hins vegar alveg ljóst að sá misskilningur hefur verið leiðréttur, bæði af hæstv. utanrrh., forsrh. og landbrh. Aðalatriðið er þó það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. drap hér á í lok athugasemdar sinnar að sennilega eru þessar umræður, a.m.k. eins og sakir standa, gersamlega í strandi.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Út af orðum hæstv. landbrh. sem féllu hér í lokin, þá er það út af fyrir sig ekki aðalatriðið hvort þessar umræður eru í strandi því að stefna ríkisstjórnarinnar liggur fyrir. Og hún er um að leyfður verði innflutningur á landbúnaðarvörum.

Ég vil líka vekja sérstaka athygli á því, þrátt fyrir orð hv. 1. þm. Norðurl. v., að orð hæstv. utanrrh. eru alveg með sama hætti og fram kemur í máli hæstv. forsrh. Þannig að úr þessari ákvörðun er ekki hægt að draga neitt þótt einstaka stjórnarþingmenn séu að reyna að þvo hendur sínar með sama hætti og formaður þingflokks Framsfl. gerði hér áðan. (**Menntmrh.:** Hefur Sjálfstfl. stefnu í landbúnaðarmálum?) Hún liggur reyndar fyrir en við verðum að taka tíma til þess við betra tækifæri að ræða hana. Ekki þarf ég að dylja hæstv. landbrh. þess að ég er andvígur þessari ákvörðun og finnst hún óskiljanleg.

Nú er það yfir lýst af hæstv. utanrrh., sem fer með forræði þessara mála, sbr. svar forsrh. um þau efni hér á Alþingi, sem ég geri kannski ráð fyrir að hæstv. menntmrh. og settur landbrh. hafi ekki fylgst með, þar sem hann tók af öll tvímæli um það að þetta mál væri í höndum utanrrh. og þar sem það er viðurkennt verða menn náttúrlega, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að leggja orð utanrrh. til grundvallar þegar metin er afstaða ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Og við heyrðum það hér gerla áðan, alþingismenn, að hverju er stefnt í þeim efnum, lækka vöruverð, auka samkeppni og þetta á að fást með því að opna erlendum landbúnaðarvörum leið inn í þetta land sem er mikið grundvallaratriði í þessum málum og hefur nú fengist fram með skýrari hætti en áður hefur verið. Í svari hæstv. utanrrh. segir að um markaðshlutdeildina verði ekki hægt að fullyrða fyrr en að loknum samningum. Hér fæst mikilvæg niðurstaða í þessari umræðu. Fyrst er að opna dyrnar eins og gert er í samningstilboði ríkisstjórnarinnar og síðan ber að sækja þangað inn það sem samið yrði um þar á eftir og yrði þá væntanlega í höndum núv. hæstv. utanrrh.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Egils Jónssonar er nauðsynlegt að það komi skýrt fram að það hefur alltaf legið ljóst fyrir að hæstv. landbrh. fer með stefnumótun í landbúnaðarmálum. Hins vegar fer hæstv. utanrrh. með samninga við erlend ríki á þessu sviði sem og öðrum.

Hins vegar var erindi mitt hér í ræðustól meira til að spyrja — og það er leitt að enginn af kjörnum forustumönnum Sjálfstfl. er hér í salnum — hver er stefna Sjálfstfl. í málinu? Og verði því ekki mótmælt þá mun ég draga þá ályktun að það sem þeir hafa hér sagt, hv. þm. Egill Jónsson og Pálmi Jónsson, sé stefna Sjálfstfl. í málinu. Ég óska þess vegna eftir því að það komi fram hér áður en umræðunni lýkur hvort það er rétt ályktun hjá mér eða röng að þessir tveir þingmenn hafi túlkað stefnu Sjálfstfl. í þessum málum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég tel nauðsynlegt að benda hæstv. fjmrh. á að hér er ákveðin fyrirspurn á ferðinni og því erfitt að koma í því sambandi með fyrirspurnir til þingheims sem lúta að öðru máli.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Vegna þess að formið leyfir ekki að tala aftur af minni hálfu undir þessum dagskrárlið, þá vil ég bara leyfa mér að benda hæstv. fjmrh. á það að stefna Sjálfstfl. í þessu máli liggur fyrir frá landsfundi sem haldinn var fyrir rétt rúmu ári. Sú stefna er óbreytt og breytist ekki fyrr en ný stefna hefur verið mótuð, hvort sem það verður gert á næsta landsfundi eða síðar. Væntanlega verður stefnan þá haldin óbreytt þó aðstæður breytist nú ævinlega í okkar þjóðfélagi.

En ég hlýt að benda á að það hefur áhrif að rofið er skarð í þann varnargarð sem við Íslendingar höfum viljað standa vörð um varðandi innflutning á búvörum. Þegar ríkisstjórn, sem nú situr í landinu, hefur rofið þennan varnargarð verður erfiðara fyrir aðra að fylla það skarð að nýju og halda vörnum gegn innflutningi á búvörum sem meiri hluti allra stjórnmálaflokka hefur viljað viðhalda til þessa að undanskildum Alþfl. Þetta liggur fyrir þannig að ég þarf ekki að svara því frekar. En hæstv. ráðherra ætti að taka umræðu eins og þessa undir venjulegum dagskrárlið þar sem menn hafa tíma til að taka til máls.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Örstuttar athugasemdir að gefnu tilefni. Það er ástæða til að árétta það að hið alþjóðlega samkomulag um tolla og viðskipti heyrir undir utanrrh. sem og alþjóðlegir samningar sem gerðir eru á því sviði. Um það eru engar deilur.

Í annan stað vil ég mótmæla því sem haldið hefur verið fram að tilboð ríkisstjórnarinnar hafi með einum eða öðrum hætti verið mistúlkað. Tilboðið er svo skýrt að það gefur ekkert tilefni til mistúlkunar. Það er algerlega skýrt að því er varðar samdrátt í útflutningsbótum, að því er varðar samdrátt í heildarstuðningi við landbúnað.

Þriðju spurningunni, sem er um það hversu stór skref verði stigin við að rýmka fyrir innflutning, verður ekki svarað og henni hefur ekki verið svarað, hvorki af mér né öðrum. Það er með öðrum orðum eins og fram kom í mínu plaggi algerlega háð þeirri niðurstöðu sem fæst í samningunum sjálfum.

Á hitt er svo rétt að leggja áherslu að hér er ekki aðeins um að ræða rýmkun á innflutningi, heldur er jafnframt um að ræða heimildir til þess að mæta innflutningi með því að leggja á breytileg jöfnunargjöld sem vega upp muninn á hráefniskostnaði innan lands og erlendis þannig að í stað banns eða magntakmarkana kemur með vissum hætti tollvernd. Höfuðávinningurinn ætti að vera frá sjónarmiði neytenda samkeppni í lokað kerfi, sem ætti vonandi að skila sér um það er lýkur í lækkun verðs og þarf alls ekki að vera andstæður hagsmunum bænda eða framleiðenda ef gæði vöru og samkeppnisaðstaða að öðru leyti er viðunandi.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég minni reyndar á það sem kom fram hér hjá hv. þm. Pálma Jónssyni áðan, að afstaða Sjálfstfl. í þessum efnum liggur greinilega fyrir í síðustu landsfundarsamþykkt og ætti ekki að vefjast fyrir hæstv. fjmrh. að ná fram skoðunum okkar sjálfstæðismanna í þeim efnum.

Það sem er hins vegar eftirtektarvert við þessa umræðu og mikilvægt er að fengist hefur skýr niðurstaða um það að hér hafa verið teknar miklu stærri og skýrari ákvarðanir um innflutning á landbúnaðarvörum en ýmsir stjórnarliðar hafa viljað vera láta. Hæstv. utanrrh. lét það verða svona hér um bil sín síðustu orð að það væri hann sem færi með þessi mál, eins og forsrh. hefur reyndar tekið fram, m.a. þegar hann svaraði fyrirspurn Pálma Jónssonar héðan, og hann hefur talað með þeim hætti hér að í þessum efnum er gengið miklu lengra til þess að opna fyrir innflutning á íslenskum landbúnaðarvörum en stjórnarliðar margir hverjir vilja vera láta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. menntmrh. hefur nú þegar fengið leyfi til að gera stutta athugasemd, en þar sem hann er starfandi landbrh. þá óskar hann eftir að bera af sér sakir og treystir forseti sér ekki til að neita því og mun hann því gera það og tekur til máls.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Sem starfandi landbrh. neyðist ég til, virðulegi forseti, að reyna á þolinmæði þingheims og undirstrika að landbrh. og landbrn. fer með þessi mál, svo og innflutning landbúnaðarvara, eins og hv. 4. þm. Austurl. þekkir. Og að því er varðar þessi tilboð sem hér hafa verið rædd þá er það alveg ljóst að ef yrði um að ræða einhvern innflutning á landbúnaðarvörum er þar verið að tala um brot eða brotabrot. Þar er verið að tala um tölu 1, 2 eða 3%, eitthvað því um líkt, eins og hæstv. forsrh. hefur tekið fram opinberlega í viðtölum við fjölmiðla en aðrir hafa kosið að gera meira úr af einhverjum undarlegum ástæðum.

Að lokum vil ég endurtaka það, virðulegi forseti, sem ég sagði hér áðan. Ég tel að þetta sé svo stórt mál að það eigi að ræða það í heild hér á hv. Alþingi vegna þess að ég er sannfærður um að það tilboð sem hér hefur verið gert undir forustu hæstv. landbrh. með góðum stuðningi allra stjórnarflokka er með þeim hætti að það er góður samnefnari fyrir þau viðhorf sem eru hér á hv. Alþingi.

Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða, ein umr.

Fsp. HG, 172. mál. — Þskj. 190.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 190 hef ég leyft mér að bera fram við hæstv. utanrrh. svofellda fsp.:

„Hvað hefur utanrrn. aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 13. júní 1985 um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða og til hvaða aðgerða telur ráðherra þörf að grípa þar að lútandi?"

Þessi tilvitnaða þál. hljóðar þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að leggja áherslu á að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og felur ráðherra að fylgjast með því að svo sé og gera, ef þörf krefur, með samningum eða einhliða, ráðstafanir í þessu skyni á grundvelli laga nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, og laga nr. 30/1980, um breytingu á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með sérstakri hliðsjón af íslenskum aðstæðum."

Aðdragandi þessarar tillögu og samþykktar Alþingis, sem gerð var samhljóða hér í Sþ., var þáltill. sem ég flutti tvívegis hér á hv. Alþingi um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða og var tilefni að tillögu sem utanrmn. bar fram, efnislega mjög svipaðri þeirri þáltill. sem ég flutti á þinginu 1983–1984. Tilefni þessa máls var það að mér þótti sem sendiráð hérlendis erlend, sérstaklega risaveldanna, færu langt út fyrir eðlileg mörk með tilliti til Vínarsamningsins, sem byggir á jafnréttissjónarmiðum, fullveldisjafnréttarsjónarmiðum, og 11. gr. þess samnings. Þar stendur: „Þegar ekki

er gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs getur móttökuríki krafist þess að stærð sendiráðs verði sett takmörk er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs. Einnig getur móttökuríkið innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismunun að ræða neitað að taka við starfsmönnum í tilnefndum starfsflokki." Í öðrum lögum varðandi fasteignir og önnur umsvif eru sömuleiðis heimildir.

Tilefni þessarar fyrirspurnar eru auðsæ. Það er umræða sem hér fór fram um njósnastarfsemi eða jafngildi hennar á vegum sovéska sendiráðsins og fyrr og oft raunar hafa gefist tilefni til þess að spyrjast fyrir um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ályktun Alþingis frá 13. júní 1985 sem hv. fyrirspyrjandi vitnar til hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að leggja áherslu á að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og felur ráðherra að fylgjast með því að svo sé og gera, ef þörf krefur, með samningum eða einhliða, ráðstafanir í því skyni" o.s.frv.

Þessi ályktun er fimm ára gömul og svar mitt er einfaldlega það að ekki hafi þótt hingað til af hálfu ráðuneytis, og þá í tíð þriggja utanrrh., tilefni til sérstakra aðgerða til að hefta eða hindra starfsemi erlendra sendiráða á Íslandi meðan þau gerast ekki brotleg við ákvæði Vínarsamnings um stjórnmálasamband.

Það mun vera svo að lítil breyting hafi orðið á þessu tímabili á starfsemi sendiráða á Íslandi. Ef litið er á sendiráð Bandaríkjanna og Sovétríkjanna hefur fækkað um þrjá erlenda starfsmenn í sendiráði Bandaríkjanna en starfslið sendiráðs Sovétríkjanna er óbreytt frá árinu 1985. Heildarfjöldi erlendra starfsmanna í sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík er 19 manns, en 37 starfa í sendiráði Sovétríkjanna. Við þessar tölur bætast síðan 16 makar og börn bandarískra sendiráðsstarfsmanna og 44 makar og börn á vegum sovéska sendiráðsins. 18 íslenskir starfsmenn starfa í sendiráði Bandaríkjanna.

Fjöldi fasteigna í eigu erlendra sendiráða í Reykjavík er óbreyttur frá 1985 að því þó undanskildu að fasteign fyrrum sendiráðs austur-þýska alþýðulýðveldisins hefur verið seld.

Utanrrn. veitir dvalarleyfi og gefur út persónuskilríki fyrir erlenda sendiráðsstarfsmenn og birtir árlega diplómatalista yfir stjórnarerindreka. Á nokkurra ára fresti er sendiráðum gert að gera grein fyrir heildarfjölda erlendra og íslenskra starfsmanna þeirra. Ráðuneytið hefur hliðsjón af Vínarsamningnum um stjórnmálasamband við afgreiðslu dvalarleyfa fyrir erlenda starfsmenn sendiráða í Reykjavík. Er sendiráðum m.a. gert að gera jafnt grein fyrir komu og brottför starfsmanna við reglubundna flutninga og að þau sýni fram á að maður komi í manns stað. Sérstaka heimild þarf til að bæta við heildarfjölda starfsmanna en það hefur ekki gerst á umliðnum tíma. Hefur verulega verið bætt úr þessu eftirliti undanfarin ár og það gert skilvirkara.

En niðurstaðan er sú að að því er varðar ályktunina um það að ráðherra hefur verið falið að fylgjast með og þá takmarka umsvif sendiráða ef þörf krefur, þá er svarið að það hefur ekki verið gert og það hefur ekki verið talin vera sérstök þörf á því.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það er vissulega mikilvægt að fram komi afstaða hæstv. utanrrh. og utanrrn. í svo mikilvægu máli. Hún birtist okkur hér skýr, engin ástæða til takmarkana. Verði það þarf að bíða eftir brotum á alþjóðasamningi. Ályktun Alþingis byggð á tillögu utanrmn. 1985 hvílir á því sjónarmiði að sendiráð hérlendis fari út yfir eðlileg mörk hvað stærð og umsvif snertir og starfsmannafjölda þar á meðal. Ég undrast það mjög að utanrrn. skuli á þeim tíma sem síðan er liðinn ekki hafa séð ástæðu til þess að knýja fram breytingar á þessu ástandi. Það eru hér starfandi 37 starfsmenn bæði hjá sovéska sendiráðinu og því bandaríska, skv. þeim upplýsingum sem utanrrh. bar hér fram. Finnst mönnum það vera jafnræði í samræmi við ákvæði Vínarsamningsins um diplómata þegar í íslensku sendiráðunum í Moskvu og Washington eru 4–5 starfsmenn og fjöldi hinna erlendu starfsmanna hér og heildarstarfsmannafjöldi sendiráða risaveldanna er sjöfaldur til áttfaldur á við það sem gerist hjá sendiráðum Íslands í sömu ríkjum.

Síðan er eðlilegt að vísa til óeðlilegra takmarkana sem hafa gilt um svigrúm íslenskra sendiráðsstarfsmanna til eðlilegra athafna í Sovétríkjunum, sem eru hömlur sem ekki gilda hér á Íslandi. Ég vísa einnig til þeirrar bandarísku kröfu sem liggur fyrir um vegabréfsáritanir fyrir Íslendinga sem ferðast til Bandaríkjanna á sama tíma og ekki heyrist krafa um slíkt hér. Ég tel að svona samskipti séu ekki samboðin Íslandi sem fullvalda ríki, að þola það að við séum beittir slíkum hömlum. Og ég hlýt að benda á það jafnframt að hafi verið talin þörf fyrir þennan mikla fjölda starfsmanna, t.d. í sovéska sendiráðinu, vegna viðskipta við Ísland þá hafa þau nú ekki þróast þannig upp á síðkastið að það virðist sérstök ástæða til að viðhalda þeim. Og ef eðlileg þróun væri í gangi í sambandi við samskipti Íslands og Bandaríkjanna með brottför bandarísks hers af Íslandi í ljósi þeirrar þróunar sem hefur verið að gerast í alþjóðamálum, þá ætti að vera hægurinn hjá fyrir Bandaríkin að fækka til muna í sínu sendiráði, án þess að það komi niður á eðlilegum samskiptum sem við auðvitað eigum að rækta við allar þjóðir.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins koma hér í stólinn til að lýsa furðu minni á því að hæstv. utanrrh. telji það eðlilegt að svo margir starfsmenn séu í sendiráðum þeirra ríkja sem hér voru nefnd, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, þegar við höfum mörgum sinnum færri starfsmenn í sendiráðum okkar í þessum ríkjum. Það er erfitt að gera sér grein fyrir hvers vegna þessi ríki telja sig þurfa að hafa svona mikinn fjölda starfsmanna hér á Íslandi því að ekki geta viðskiptahagsmunir þeirra

verið svo miklir að það sé ástæða til þess. Þess vegna vil ég einungis lýsa furðu minni á því að þetta skuli þykja eðlilegt af hálfu hæstv. utanrrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég minna á eftirfarandi. Ályktun Alþingis sem hér hefur verið vitnað til var samþykkt árið 1985. Framkvæmd hennar hlýtur eðli málsins samkvæmt að hafa komið til kasta forvera minna sem setið hafa á stóli utanrrh. á þessum tíma en þeir eru fyrrv. hæstv. ráðherrar Geir Hallgrímsson, Matthías Á. Mathiesen og Steingrímur Hermannsson. Nú skal ég einfaldlega gera þá játningu að þetta mál hefur ekki komið til sérstakrar umfjöllunar í minni tíð sem utanrrh. þannig að ég hef út af fyrir sig ekki tekið sérstaka afstöðu til málsins.

Nú kann vel að vera að hv. fyrirspyrjandi hafi nokkuð til síns máls þótt augljóst sé að ekki er hægt að gera jafnræðisreglu um starfsmannafjölda með samasemmerki að því er varðar annars vegar Sovétríkin, Bandaríkin og Ísland. Íslenskir starfsmenn í sendiráðinu í Moskvu eru tveir, ekki fimm þannig að munurinn er enn þá meiri. (Gripið fram í.) Ég er að tala um íslenska starfsmenn í samanburði við erlenda starfsmenn hjá sendiráðum hér þannig að út af fyrir sig verður það nú kannski ekki lagt til grundvallar. Annað er það að takmarkanir á starfsemi stjórnarerindreka eins og verið hafa við lýði og eru enn í Sovétríkjunum eru náttúrlega ekki til fyrirmyndar og ekki eitthvað sem við mundum taka upp. En hitt kann vel að vera að úr því að ekki hefur verið tekin sérstök afstaða til efnisákvæða þessarar páltill. á þeim árum sem liðu næst eftir að hún var samþykkt þá sé ástæða til að skoða það að nýju. Vegna þess að ég segi einfaldlega að það hefur ekki komið til sérstakrar skoðunar á minni tíð.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Mér finnst það sérstakt og sérkennilegt að ályktanir Alþingis skuli ekki vera til athugunar og meðferðar hjá ráðuneytum þótt nokkur tími sé um liðinn frá því að þær voru gerðar og það í ljósi gerbreyttra aðstæðna sem nú eru orðnar á alþjóðavettvangi sem hljóta m.a. að leiða hugann að því hvort ekki sé sérstök þörf á því að gera hér breytingar á.

Ég minni, virðulegur forseti, á undirtektir Geirs Hallgrímssonar fyrrv. hæstv. utanrrh. þegar þessi tillaga var til umræðu hér á Alþingi á sínum tíma. Þar tók hann mjög jákvætt undir efni hennar og Matthías Á. Mathiesen utanrrh., sem svaraði fyrirspurn 1986, sagði að sérstök athugun væri í gangi í ráðuneytinu vegna þessara mála á þeim tíma og henni yrði fram haldið. Fyrirspyrjandi sem þá bar þessa fyrirspurn fram úr Sjálfstfl. hnykkti sérstaklega á því að hann teldi að svo væri. Ég vil því hvetja hæstv. utanrrh. til að gera nú gangskör að því að fara yfir þessi mál í heild sinni, eins og hann vakti vonir um að gert yrði, og þakka ég fyrir þær undirtektir.

Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, ein umr.

Fsp. GHH, 170. mál. — Þskj. 188.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. fjmrh. á þskj. 188:

„Hvað líður vinnu á vegum fjmrn. að endurskoðun frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði o.fl. sem á síðasta þingi var afgreitt með rökstuddri dagskrá að tillögu fjh.- og viðskn. Nd. „í trausti þess að unnið verði að málinu í sumar" á vegum ríkisstjórnarinnar?", eins og það var orðað.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. reki alla minni til umræðna sem urðu um þetta frv. á síðasta þingi. Hér var hreyft mjög merku máli. Ég tel mér þetta mál nokkuð skylt þar sem ég flutti frv. svipaðs efnis á þinginu fyrir tveimur árum síðan og efnið úr því frv. var að hluta til notað óbreytt í það frv. sem fjvn. flutti í fyrra og ég geri hér að umtalsefni. Það hefur ekki bólað á neinum viðbrögðum að svo komnu máli á vegum ríkisstjórnarinnar þó að hér hafi verið samþykkt rökstudd dagskrá í trausti þess að unnið yrði að málinu frekar á vegum hennar. Því finnst mér eðlilegt að grennslast eftir því við hæstv. fjmrh. hvað líði vinnu á hans vegum að þessu merka máli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. alþm. rekur minni til þá lýsti ég í umræðum um það frv., sem hér er spurst fyrir um, yfir jákvæðum viðhorfum mínum til þeirra grunnhugmynda sem fram koma í frv. og bætti reyndar við ýmsum atriðum sem þyrfti að skoða nánar. Í því sambandi nefndi ég ýmislegt sem snertir starfshætti Alþingis og annað sem snýr að framkvæmdarvaldinu.

Ég fól ríkisreikningsnefnd í framhaldi af samþykkt þingsins, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, að vinna að endurskoðun á ríkisreikningi og þar með fjárgreiðslum úr ríkissjóði vegna þess að margt af því sem í frv. er snertir gildandi löggjöf um ríkisreikning. Vinnuhópur var skipaður sérstaklega innan ríkisreikningsnefndar til þess að fara yfir þetta mál og skila niðurstöðum um það hvernig þessi þáttur ríkisfjármálanna verði bættur. Sá vinnuhópur byggði niðurstöður sínar á frv. fjvn. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Í áliti vinnuhópsins, sem lagt hefur verið fram í ríkisreikningsnefnd, kemur fram að hann álítur að frv. fjvn. sé góður stofn að áframhaldandi vinnu en rétt er að geta þess að í ríkisreikningsnefnd sitja allir þeir æðstu embættismenn sem um þessi mál þurfa að fjalla og hafa fjallað um langan tíma.

Það hefur komið fram á fundum sem ég hef átt, bæði með formanni fjvn. og öðrum fulltrúum úr fjvn., að það er sameiginlegt áhugamál mitt, fjvn. og embættismanna fjmrn. að frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði komi til umfjöllunar þingsins á nýjan leik. Þeir aðilar sem hafa fjallað um þetta frv. í þeirri vinnu sem fram hefur farið á undanförnum mánuðum hafa bent á tvö meginsjónarmið sem þurfi að hafa í huga um umfjöllun um það. Hið fyrra lýtur að grundvallarspurningunni

um samskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og hið seinna að lögum og reglum sem í gildi eru um fjárgreiðslur og heimild til þess að skuldbinda ríkissjóð.

Af stjórnarfarsfræðingum mun almennt viðurkennt, eins og oft hefur komið fram hér í umræðunum á Alþingi, að samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds eru um margt óskýr og þessi atriði hafa oft sætt gagnrýni. Í þessu frv. sem vikið er að hefur kannski sérstaklega verið fjallað um þann þátt sem snýr að Alþingi og framkvæmdarvaldinu hvað snertir vald Alþingis. En auðvitað þarf líka að huga að þeim þætti málsins að Alþingi sem löggjafarvald sé ekki að birtast á vettvangi framkvæmdarvaldsins og rugla reytum sínum saman við hinn eðlilega vettvang framkvæmdarvaldsins skv. grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Þess vegna hafa margir sérfræðingar bent á það að liður í þeirri vinnu sem hér fer fram sé að skýra mörkin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds á þann hátt að styrkja vald Alþingis annars vegar en um leið draga úr því að Alþingi eða einstakir þingmenn eða nefndir þingsins séu að taka ákvarðanir sem eðli málsins samkvæmt séu á vettvangi framkvæmdarvaldsins.

Hitt atriðið sem sérstaklega hefur verið nefnt í þessari umfjöllun varðar gildandi lög og reglur og að hve miklu leyti þau ná yfir ákvæði sem er að finna í því frv. sem hér er spurst fyrir um. Það er álit ríkisreikningsnefndar að æskilegt sé að fella ákvæðið um fjárgreiðslu inn í gildandi lög um gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Hér og hvar í gildandi lögum, bæði um gerð ríkisreiknings og fjárlaga og lögum um lánsfjármál, er komið inn á nokkur þeirra atriða sem finna má í frv. fjvn. Þess vegna þarf að tengja saman annars vegar endanlega gerð þess frv. sem hér er spurst fyrir um og hins vegar breytingar á ákvæðum í gildandi lögum um ríkisreikning.

Eins og ég lýsti hér áðan, þá er það sameiginlegt áhugamál mitt og embættismanna fjmrn. og ég veit einnig fjvn. að að þessu máli verði unnið áfram. Ég tel mjög mikilvægt að sú nefnd sem starfar skv. lögum, ríkisreikningsnefnd, hefur nú farið mjög rækilega yfir þessi mál og sérstakur vinnuhópur á hennar vegum skilað niðurstöðu. Ég hef kynnt fulltrúum fjvn. að þessi vinna hafi farið fram. Ég tel að fulltrúar fjvn. og fjmrn. eigi í samvinnu við ríkisreikningsnefnd að skoða þær hugmyndir sem þar koma fram og íhuga breytingar á frv. fjvn. í samræmi við þetta álit ríkisreikningsnefndar og að við getum í sameiningu hér á þessu þingi náð því að flytja frv. og afgreiða það um þennan mikilvæga þátt ríkisfjármálanna vegna þess að ég hef verið eindreginn talsmaður þess að skýrari og afdráttarlausari reglur verði settar um þessi efni og þeim verði fylgt.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir að bera fram þessa fyrirspurn sem ekki er gert að ófyrirsynju. Frv. þetta var, eins og hv. Alþingi veit, flutt af fjvn. í heild á síðasta þingi og var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá í ljósi þess að hæstv. forsrh. hafði látið uppi að hann vildi koma fram lögfræðilegri skoðun á málinu nú í sumar. Lítið hefur frést af þeirri athugun. Ég hef þráspurt um þetta mál í fjvn. og óskað eftir að fá skýr svör formanns við því hvenær sé tímabært að flytja frv. en ég hef fengið loðin svör til þessa. Ræða hæstv. fjmrh. um að það hafi verið til sérstakrar meðferðar hjá ríkisreikningsnefnd er þess efnis að hann taldi að hann gæti stutt að því að frv. væri flutt. Það er út af fyrir sig gott um það að segja en það var ekkert ákveðið í hinni rökstuddu dagskrá að láta ríkisreikningsnefnd taka sér tíma nú þegar liðið er á þingtímann á nýju þingi til að taka þetta mál til meðferðar.

Þá er sú athugun býsna flókin eftir þá miklu lögfræðilegu athugun sem fjvn. hafði látið vinna að þessu máli og m.a. var unnin af færustu sérfræðingum Lagastofnunar Háskólans. Ég hlýt að láta það í ljós að sú vinna sem hæstv. ríkisstjórn hugsaði sér að láta fara fram í þessu efni hefur verið í undandrætti og ber öll merki þess að það sé ætlunin að reyna til þrautar að sváfa þetta mál.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Ég tel að þetta frv., sem flutt var hér í fyrra af hv. fjvn., sé eitt af almikilvægustu lagafrv. sem hafa verið flutt hér í hv. Alþingi í mörg ár, sérstaklega hvað varðar fjármál ríkisins. Ég tel að þetta frv. sé að stofni til í samræmi við fjármálaákvæði stjórnarskrárinnar og bremsun á þá stjórnlausu peningaprentun sem hefur farið fram í landinu til að borga hallann á ríkissjóði og er aðalástæðan fyrir efnahagslegri ógæfu þessarar þjóðar. Hæstv. fjmrh. segir að æðstu embættismenn og ríkisreikningsnefnd sé að skoða þetta mikilvæga mál. En ég undirstrika það að hér er verið að ganga á snið við grundvallarreglu vegna þess að það er löggjafarvaldið sem á að setja framkvæmdarvaldinu leikreglur. Hæstv. fjmrh. er að láta embættismenn smíða leikreglu sem embættismennirnir eiga síðan að fara eftir. Og það er alveg rétt að samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds eru ekki nógu góð, en ég tel að hæstv. fjmrh. beri skylda til þess að koma með þetta frv. hér inn í þingið undir eins og láta samþykkja það þá með þeim breytingum sem hann hefur verið að athuga vegna þess að það er útilokað að ná jafnvægi í efnahagsmálum nema frv. þetta komist í gegn.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er fullkomlega rangt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni — og er nú vont að hann er flúinn úr salnum — að það sé einhver viðleitni til að sváfa þetta mál. Það er bara fullkomlega út í hött að standa hér í ræðustól og halda því fram og ekki vænlegt til þess að skapa hér breiða samstöðu um þetta mál. (Gripið fram í.) Það hefur ekki staðið á fjmrn. eða fulltrúum ríkisstjórnarinnar vikum saman að ræða þessi mál við fulltrúa fjvn., það hefur ekki staðið neitt á því. Við erum tilbúnir hvenær sem er í þær viðræður. Ég sit ekkert undir ómerkilegum aðdróttunum af þessu tagi. Hér er um viðamikið mál að ræða sem nauðsynlegt er

að víðtæk samstaða skapist um. Þetta er flókið mál sem felur í sér nýjan praxís í meðferð okkar fjármála á fjölmörgum sviðum, praxís sem ég hef unnið markvisst að því að koma á og hef gert meira af því heldur en Sjálfstfl. sl. 30 ár á þeim síðustu tveimur árum sem liðin eru síðan við tókum að okkur forræði þessara mála.

Það var hins vegar nauðsynlegt að láta þá kunnáttumenn, sem þessi mál þekkja vel og eiga samkvæmt gildandi lögum, væntanlega á að fara eftir þeim, að fjalla um þessi mál, fá tækifæri til þess að koma með álit sitt. Og þær ábendingar sem þeir hafa komið með eru mjög gagnlegar, verða til þess að styrkja það frv. sem hér verður lagt fram og gera hina nýju löggjöf raunhæfari grundvöll að traustari stjórn ríkisfjármála og koma í veg fyrir það að þeir óráðsíuseggir, t.d. úr Sjálfstfl., sem hér hafa farið með allt úr böndum á undanförnum árum geti gert það í framtíðinni. Þess vegna hafði ég satt að segja vonast til þess að fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. ynnu að þessu eins og menn með okkur, að koma þessum breytingum á í stað þess að koma með fullkomlega órökstuddar dylgjur um það að menn vildu svæfa þetta mál. Þvert á móti hef ég látið vinna að þessu máli á undanförnum mánuðum til þess að á þessu þingi væri hægt að ljúka því.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hafði nú hugsað mér að þakka fjmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann bar hér fram í sinni fyrri ræðu en hann getur aldrei látið hjá líða, virðulegur ráðherrann, að hella úr skálum reiði sinnar yfir Sjálfstfl. hvenær sem hann tekur til máls, segist hafa gert hér meira í þessum málum undanfarin tvö ár heldur en Sjálfstfl. á síðustu 30 árum. Hann man auðvitað ekkert eftir því að gildandi lög um fjárlög, ríkisbókhald og gerð ríkisreiknings voru samþykkt hér að frumkvæði sjálfstæðismanna, þau eru frá árinu 1966, en málið er það að þau eru orðin úrelt, þeim þarf að breyta. Það þarf að gera meiri háttar breytingar á allri skipan þessara mála. Á það var bent hér þegar frv. okkar Pálma Jónssonar var flutt fyrir tveimur árum um þetta mál sem er upphaf umræðna um þetta mál á þessu stigi. Öll vinnubrögð fjh.- og viðskn. í fyrra um frv. fjvn. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði voru nefndinni til vansa og hin rökstudda dagskrá er til marks um hrein handabakavinnubrögð af hálfu nefndarinnar.

Ég get hins vegar tekið undir það með hæstv. ráðherra að það er eðlilegt að ríkisreikningsnefnd hafi fengið þetta mál til umfjöllunar þó það hafi kannski ekki staðið í hinni rökstuddu dagskrártillögu sem samþykkt var. Það er eðlilegt að hún fjalli um þetta mál. Fjmrh. kallaði hér fram í þegar hv. 2. þm. Norðurl. v. var að tala og sagði að nefndin hefði fjallað um þetta í sumar og haust. Því er þá ekki komið með málið inn þingið núna fyrst búið er að vera að fjalla um það í sumar og haust af þessum aðilum? (**Fjmrh.:** Það er af því að við höfum viljað hafa samvinnu við fjvn. um það hvenær það kemur inn í þingið. Ef þeir vilja að ég flytji frv. einn, þá skal ég gera það.) Ég vil biðja hæstv. ráðherra að reyna að hafa örlítið stjórn á skapi sínu og fara hér eftir réttum þingsköpum. Ég hef ekki sakað hann um nein óeðlileg vinnubrögð í þessu máli. En mér finnst óeðlilegt að hann tefji málið fyrst ríkisreikningsnefnd og aðrir faglegir aðilar hafa lokið sinni umfjöllun um það. Auðvitað verður Alþingi sjálft að hafa síðasta orðið um þessi mál. Auðvitað er það eðlilegt að Alþingi sjálft taki hér lokaákvarðanir og ákveði hvernig þessum málum á að skipa til frambúðar. Ég skil ekki hvers konar viðkvæmni þetta er hjá hæstv. ráðherra þó að menn leyfi sér að fitja hér upp á þessu máli hér á hinu háa Alþingi og bera fram fyrirspurnir um þetta efni. Þetta er með ólíkindum, virðulegi forseti.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði enga athugasemd við þá ræðu sem hv. þm. Geir H. Haarde flutti hér, ekki neina. Mér fannst hins vegar vera óeðlilegar dylgjur hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að ég væri að reyna að svæfa þetta mál. Mér fannst það ekki réttmætt í ljósi þeirrar miklu vinnu sem ég hef látið leggja í þetta mál og eins og ég sagði hér, ég hef verið tilbúinn til viðræðna við fjvn. í nokkrar vikur um þetta mál. Ég hef hins vegar ekki talið rétt vegna frumkvæðis og samstöðu í fjvn. um málið að ég sem fjmrh. færi að flytja það einhliða hér inn á þingið. Þess vegna hef ég talið nauðsynlegt að fjvn. og fjmrn. ynnu í samvinnu að því hvernig málið yrði flutt.

Kristinn Pétursson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. forseta álits á því: Níu manna þingnefnd, fjvn. Alþingis, flytur einum rómi lagafrv. hér í þinginu í fyrra. Því er vísað til hv. nefndar, fjh.- og viðskn. þessarar deildar, Nd. Þar er sest á málið. Síðan sæst á það að málið sé sent til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar og komi hér aftur fram í þinginu. En, hæstv. forseti, nú situr hæstv. fjmrh. með þetta frv. í höndunum. Hæstv. fjmrh. er ekki aðili að löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hann er fjmrh. þessa lands, hann er ekki þingmaður. Löggjafarvaldið var með þetta mál. Hæstv. fjmrh., fulltrúi framkvæmdarvaldsins hér á þessum stað, situr á þessu máli. (**Fjmrh.:** Það er mesti misskilningur.) Ég spyr hæstv. forseta að því hér í umræðum um þingsköp: Vill hæstv. forseti sjá til þess sem æðsti yfirmaður löggjafarsamkomu þjóðarinnar að hann taki þetta mál af hæstv. fjmrh. og komi því hér inn í þingið?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa hv. 5. þm. Austurl. um að málið fékk á síðasta löggjafarþingi afgreiðslu hins háa Alþingis og var sent til ríkisstjórnarinnar. Þar er það nú og hefur ekki verið lagt fram aftur að nýju á þessu löggjafarþingi þannig að hér sér forseti ekki annað en öll meðferð málsins sé með felldu.

Kristinn Pétursson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég spyr að því hér: Er hæstv. forseti Sþ. fulltrúi framkvæmdarvaldsins hér í löggjafarsamkomu þjóðarinnar? Ég spurði hæstv. forseta: Vill

hæstv. forseti beina kröftum sínum til þess að þetta frv. geti komið hér til meðferðar hv. Alþingis Íslendinga fyrir jól? Vill hæstv. forseti sjá til þess? Þetta er mikilvægasta mál sem hefur verið lagt fram í mörg ár í sambandi við fjármál ríkisins og mér finnst hæstv. forseti vera skyldugur til að sjá til þess að mál geti komið hér til umræðu.

Ég sagði hér áðan: Níu manna þingnefnd flutti þetta mál einum rómi. Hæstv. fjmrh. getur ekki sest á þetta mál og hefur ekki til þess umboð. (**Fjmrh.:** Ég er ekkert að setjast á málið, það er mesti misskilningur.) Hæstv. fjmrh. situr á málinu í dag og segir að það sé mesti misskilningur. (**Fjmrh.:** Ég sit ekkert á málinu.) Ég óska þess að hæstv. forseti svari því hvort hann vilji beita kröftum sínum til þess að þetta mál geti komið hér til umræðu á næstu vikum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill af þessu gefna tilefni upplýsa hv. þm. um að skv. 11. gr. þingskapalaga hafa forsetar ákveðnar skyldur hér á hinu háa Alþingi. Eins og þar segir, þá stjórna þeir umræðum og sjá um að allt fari fram með góðri reglu. Þeir hafa sameiginlega umsjón með starfi þingnefnda. Þeir fara sameiginlega með framkvæmdastjórn Alþingis. Nokkrar aðrar skyldur hafa forsetar þingsins. En forsetar stýra auðvitað ekki hvaða mál hv. þm. óska eftir að leggja fram hér á hinu háa Alþingi. Það hefur þegar komið fram varðandi þetta einstaka mál að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að það mál, sem var vísað til ríkisstjórnarinnar á síðasta löggjafarþingi, sé í vinnslu hjá hæstv. ráðherra og muni koma fram hér á hinu háa Alþingi á þessu löggjafarþingi. Forseti sér þess vegna ekki ástæðu til að hafa frekari afskipti af því máli.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gera örstutta athugasemd við orð hæstv. ráðherra sem sagði að ég hefði hér farið með dylgjur, órökstuddar dylgjur. Það er ekki rétt. Hvert orð sem ég sagði í minni fyrri athugasemd stendur. Hins vegar sagði hæstv. ráðherra það að hann hefði verið tilbúinn með þetta frv. eftir þá athugun, sem fram hefði farið á undangengnum mánuðum, allt frá því í sumar og það stæði á fjvn. að taka þetta mál til umræðu. (**Fjmrh.:** Ég notaði ekki þau orð.) Hæstv. ráðherra sagði að hann hefði á undangengnum vikum verið tilbúinn til þess að ræða þetta mál við fjvn. og það væri fjvn. að kenna að það hefði ekki verið flutt. (**Fjmrh.:** Þetta er fullkomið rugl í þingmanninum.) Hæstv. ráðherra getur talað hér úr þessum ræðustól, en hæstv. ráðherra gaf það í skyn að það væri vegna fjvn. að málið fengist ekki flutt og hann vildi ekki sjálfur fara að flytja það til þess að sundra ekki þeirri samstöðu sem væri í fjvn. um málið. Hér er kominn formaður fjvn. í salinn. Hann hlýddi ekki á ráðherra þegar hann talaði. En ég hlýt að ganga eftir því hjá formanni fjvn. sem hér er kominn hvort það sé vegna þess að forustan í fjvn. hafi ekki haft á ungangengnum vikum áhuga fyrir því að endurflytja þetta mál eins og hæstv. fjmrh. gaf í skyn.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að upplýsa það sem ég veit um þetta mál. Eins og menn muna eflaust eftir, þá er hér um að ræða frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem lagt var fram á Alþingi í fyrra og samið af fjárveitinganefndarmönnum og flutt af öllum nefndarmönnum sem sæti áttu í Nd.

Frv. þetta fékk enga efnislega meðhöndlun í þeirri nefnd sem því var vísað til og ég ætla ekki að rifja upp þær umræður sem fóru fram um það mál hér í fyrra þegar þráfaldlega var óskað eftir því að frv. fengi efnislega meðferð í nefndinni sem það ekki fékk. Við féllumst hins vegar á það flm. að standa að því og mæla með því að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. um að hann mundi beita sér fyrir því að sumarið sem í hönd fór yrði notað til þess að kanna málið og ræða það við flm. Af ýmsum orsökum, sem ég ætla ekki að rekja hér, þá fórst það fyrir þannig að það var ekki gert eins og heitið hafði verið.

Hæstv. fjmrh. sem ekki var aðili að þessari yfirlýsingu, enda var það ekki hans viðfangsefni út af fyrir sig að ræða þetta við flm. heldur hæstv. forsrh., en hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir því að málið var tekið til skoðunar í ríkisreikningsnefnd og sérstök undirnefnd þeirrar nefndar vann álitsgerð á grundvelli þessa frv., m.a. um það hvað af efnisatriðum frv. væri hægt að taka inn í reglur án lagasetningar og hvað í efnisatriðum frv. og öðrum atriðum sem komu til skoðunar þyrfti að flytja sérstakt lagafrv. um.

Þessi undirnefnd ríkisreikningsnefndar skilaði síðan af sér til nefndarinnar og til ráðherrans. Það var hins vegar talið bæði í ríkisreikningsnefnd og af hæstv. ráðherra óeðlilegt að fara að flytja frv. sem þannig væri unnið á grundvelli frv. sem lagt var fram hér á Alþingi í fyrra eins og ég rakti áðan, það væri óeðlilegt að fara að flytja slíkt mál án samráðs við flm. og ég skal aðeins taka það fram að þess hefur verið óskað að slíkt samráð yrði haft milli flm. frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði og þeirra aðila sem hafa á vegum ríkisreikningsnefndar og hæstv. fjmrh. verið að skoða málið. Og það hefur tvisvar sinnum verið gerð tilraun til þess að hafa slíkan fund með fulltrúum úr fjvn. en því miður — og ég ætla ekkert að ræða hverjum þar er um að kenna, það er ekkert síður þeim að kenna sem hér stendur heldur en öðrum — þá hefur ekki orðið af þeim fundi.

Við munum beita okkur fyrir því báðir tveir að slíkur samráðsfundur verði haldinn sem allra fyrst og ég tek það fram, virðulegi forseti, að ég hef sérstaklega óskað eftir því við oddvita minni hl. í nefndinni að hann tæki þátt strax frá upphafi í þeim viðræðum og fundahöldum sem mér finnst eðlilegt vegna þess að þarna skiptist nefndin ekki í meiri hl. og minni hl. heldur stóð nefndin öll að flutningi málsins. Og ég er alveg tilbúinn að taka það á mig að þessi fyrsti fundur skuli ekki enn hafa verið haldinn og mun beita mér fyrir því í samvinnu við ríkisreikningsnefnd og ráð-

herra að hann verði haldinn hið allra fyrsta.

Endurskoðun á gjaldtöku úr Framkvæmdasjóði aldraðra, ein umr.

Fsp. GHH, 171. mál. — Þskj. 189.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra er orðinn árviss kunningi hér í sölum Alþingis vegna þess klúðurs sem núv. ríkisstjórn hefur til stofnað varðandi það gjald og nefni ég þá ekki þá staðreynd að verulegum hluta þessa gjalds er árlega stolið beint í ríkissjóð í stað þess að hann renni til þess málefnis sem um er að ræða.

Í fyrra var hér lagt fram frv. um að breyta þessari gjaldtöku og flytja hana í það horf sem upp var tekið þegar staðgreiðsla skatta var hér upp tekin. Allir sem til máls tóku um það mál á þeim tíma virtust vera sammála þessari breytingu og í áliti stjórnarliða í fjh.-og viðskn., sem útbýtt var 26. mars sl., var tekið undir rökstuðninginn með frv., meira að segja svo nákvæmlega að það var birtur orðréttur rökstuðningur frv. í nál. Hins vegar var á því stigi talið óeðlilegt að gera þessa breytingu vegna þess að afgreiðslu fjárlaga væri lokið en rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, enda væri tilhögun gjaldtöku í Framkvæmdasjóð aldraðra bæði „órökrétt og óhagkvæm í innheimtu". Orðrétt sagði 1. minni hl., með leyfi forseta, að hann teldi því „rétt að nákvæm athugun færi fram á álagningu þessa gjalds í framtíðinni og að niðurstöður þeirrar athugunar eigi að liggja fyrir eigi síðar en við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1991". Fyrsta umræða fjárlaga var hér fyrir löngu síðan í þessum sal og ég vil leyfa mér að spyrja ráðherra þeirrar spurningar sem fram er borin á þskj. 189:

Hvað líður þeirri nákvæmu athugun á innheimtu gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem lagt var fyrir ríkisstjórnina að gera þegar frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra var vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökstuðningi sem ég vitnaði til hér fyrir augnabliki síðan?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. hefur beint til mín fsp. sem hljóðar svo:

„Hvað líður þeirri nákvæmu athugun á innheimtu gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem lagt var fyrir ríkisstjórnina að gera þegar frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra var vísað til ríkisstjórnarinnar með rökstuðningi 1. minni hl. fjh.- og viðskn. 27. apríl sl., en þar segir um núverandi skipan að hún sé „órökrétt og óhagkvæm í innheimtu" og að 1. minni hl. telji því rétt að „nákvæm athugun fari fram á álagningu þessa gjalds í framtíðinni og að niðurstöður þeirrar athugunar eigi að liggja fyrir eigi síðar en við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1991"?"

Hér er vissulega um að ræða fsp. sem tengist heilbr.- og trmrn. vegna þess að málefni aldraðra og þau lög svo og þar af leiðandi Framkvæmdasjóður aldraðra eru á verkefnaskrá þess ráðuneytis. Hins vegar má segja að þetta tengist einnig fjmrn. því að hér er um að ræða álagningu og innheimtu gjalda. Ég taldi það því ekki endilega vera í verkahring heilbr.- og trmrn. að fjalla um hvort þessi innheimta væri óhagkvæm eða eins og segir í nál.: „órökrétt og óhagkvæm í innheimtu", heldur væri það á sviði fjmrn. ásamt með athugun á sköttum og gjöldum almennt. Ég hef því nú, eftir að þessi fsp. kom fram, leitað til fjmrn. og fengið upplýsingar bæði frá tekju- og lagasviði þess ráðuneytis svo og frá ríkisbókhaldi og styðst við upplýsingar frá þessum aðilum í svarinu.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra er innheimt við álagningu, þ.e. í ágústmánuði ár hvert hefur gjald þetta forgang á önnur gjöld í tekjubókhaldinu og greiðist það því fyrst gjalda. Við álagningu fer fram uppgjör á ofgreiddri staðgreiðslu svo og barnabótum, húsnæðisbótum, vaxtabótum og fleiri greiðslum til einstaklinga. Slíkum inneignum er skuldajafnað á móti álögðum gjöldum á viðkomandi einstaklinga. Þar sem gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hefur forgang á önnur gjöld hefur þetta gjald innheimst mjög vel. Frá ríkisbókhaldi hef ég fengið tölulegar upplýsingar um innheimtu á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra frá 1. ágúst, eftir að innheimta á þessari álagningu hófst, og til 1. des. nú á þessu ári frá öllum innheimtuaðilum ríkissjóðs. Kemur í ljós að innheimtuhlutfallið er rétt um 90% eins og nú standa sakir. Það er mat þeirra aðila sem um málið hafa fjallað og gerðu þessa athugun að ekki sé ástæða til að breyta þessu innheimtukerfi miðað við það að skatturinn sé með því formi sem lögin kveða á um.

Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1991 varð samkomulag um óbreytt form á þessari umræddu skattlagningu í ríkisstjórninni, þ.e. að leggja áfram á sérstakan persónubundinn eftirágreiddan skatt, sem stundum er kallaður nefskattur, sem renna skal í Framkvæmdasjóð aldraðra. Fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi frv. um breytingu á lögum um málefni aldraðra þar sem hlutverk sjóðsins yrði aukið nokkuð, þ.e. að sjóðurinn fái takmarkaða heimild til þess að taka þátt í rekstrarverkefnum enda renni skatturinn þá undanbragðalaust allur, óskertur, til sjóðsins. Ég get út af fyrir sig tekið undir það sem kom fram í framsögu hv. fyrirspyrjanda er hann talaði um að það væri óviðunandi að hluti gjaldsins rynni beint í ríkissjóð. En þó það sé ekki beint tengt þessari fsp. má það koma fram að í lögum um sjóðinn og hlutverk hans, eins og lögin eru nú, er reyndar heimilt að hann styrki sveitarfélög til að koma á heimaþjónustu fyrir aldraða, svo og er honum heimilt að taka þátt í öðrum verkefnum sem sjóðstjórn heimili og heilbrrh. samþykki. Í raun er því nokkurt svigrúm í lögum um sjóðinn eins og er og þau rök verið notuð m.a. þegar talað er um að hluti af sjóðnum hafi runnið beint í ríkissjóð en ekki til fjárfestinga eins og er þó meginhlutverk sjóðsins.

Ég nefndi það að fyrirhugað væri að leggja fyrir Al-

þingi frv. sem kvæði nánar á um hlutverk sjóðsins og er frv. þess efnis nú til meðferðar hjá þingflokkum ríkisstjórnarinnar varðandi þann þáttinn. En svarið við efni fsp. er að ekki er gert ráð fyrir því, eins og mál standa nú, að á álagningu og innheimtu skattsins verði breytingar.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör þótt ófullkomin væru nú að mínum dómi. En hann er ekki fjmrh., það er vissulega rétt. Efni þessa máls er auðvitað skattalegs eðlis þó svo þessum skatti sé nú reyndar ranglega og óeðlilega fyrir komið í lögum um málefni aldraðra og þess vegna verður að beina fsp. til hæstv. heilbrrh.

En það kemur fram í hans máli að sú nákvæma athugun sem Alþingi samþykkti, þegar málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar að fram skyldi fara, hefur ekki verið látin fara fram. Þess vegna er ljóst að ekki hefur verið farið eftir vilja Alþingis sem kom fram þegar þessi rökstuðningur nefndarinnar með till. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar var samþykktur.

Þetta kemur mér reyndar ekkert á óvart í sambandi við málið vegna þess að þetta hefur verið hið mesta vandræðamál fyrir ríkisstjórnina og ráðherrana alla eins og menn minnast hér úr þingsölum. Hæstv. núv. utanrrh. hefur verið á harðahlaupum undan sinni fyrri afstöðu í þessu máli. Þjóðinni var lofað því að nefskattur í Framkvæmdasjóð aldraðra yrði felldur niður þegar upp var tekin staðgreiðsla skatta. Staðgreiðsluhlutfallið var hækkað sem honum nam og sjóðurinn fékk sitt. Síðan var þessi skattur tekinn upp á nýjan leik af núv. ríkisstjórn án þess að skatthlutfallið í staðgreiðslu lækkaði á móti.

Ég hef engan heyrt mæla þessu gjaldi bót nema hv. 5. þm. Reykn. Geir Gunnarsson sem hafði einurð í sér hér á þinginu í fyrra til að lýsa andstöðu sinni við þann rökstuðning sem fjh.- og viðskn. lagði til grundvallar og þingið síðan samþykkti. Hann er eini maðurinn sem hefur sagt það hreint út að hann telji að gjaldtaka í þessu formi sé betri en að hafa hana inni í staðgreiðslunni. Og vissulega ber að virða þá skoðun hans. En allir aðrir sem hafa tjáð sig um þetta mál eru þeirrar skoðunar að skattgreiðendur hafi verið hlunnfarnir þegar staðgreiðsluhlutfallið var hækkað gegn því að gjaldið skyldi fellt niður en gjaldið síðan tekið upp á nýjan leik án þess að lækka staðgreiðsluhlutfallið á móti.

Ég harma það, virðulegur forseti, að ekki skyldi hafa verið framkvæmd sú athugun sem Alþingi ákvað að gerð skyldi og að allt skuli sitja við það sama í þessu máli. En ég geri mér grein fyrir því að hæstv. núv. heilbrrh. ræður ekki einn ferðinni heldur er fjmrh. landsins með puttana í þessu máli.

Ökukennsla, ein umr.

Fsp. DS, 169. mál. — Þskj. 187.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Umferðin verður þyngri og háskalegri með hverju ári og krefst allt of mikilla fórna. Allir þurfa að gæta sín í umferðinni, ungir sem gamlir, en reynslan sýnir að mesta hættan er bundin við fyrstu árin eftir að ökuréttindum er náð. Samkvæmt líkindareikningi eiga 20–25 piltar af hverjum 500 á aldrinum 17–18 ára á hættu að slasast lífshættulega í umferðinni, örkumlast eða jafnvel deyja. Á þessum aldri eiga 10–12 stúlkur af hverjum 500 það sama á hættu. Fleiri tölur þarf ekki að nefna. Það hlýtur að vera afar brýnt að leita úrræða. Ég fullyrði að ungir ökumenn eru tæknilega ekki verr í stakk búnir til að aka bifreiðum en þeir sem eldri eru en það er mjög greinilegt, og sérstaklega hvað varðar piltana, að það vantar í varðandi mannlega þáttinn í þeirra þroska, ábyrgðartilfinningu og siðgæðisvitund. Það hlýtur alltaf að vera ökukennslan sem ræður miklu um aksturslag og ábyrgðartilfinningu unga fólksins alls. Almenningur hefur ekki verið nógu kröfuharður í þessum efnum og stjórnvöld hafa sofið á verðinum. Þeir sem helst hafa knúið á um úrbætur eru fyrst og fremst ökukennarar sjálfir sem hafa ítrekað krafist endurskoðunar og endurskipulagningar, bæði ökukennslu og ökunáms.

Á 111. löggjafarþingi fluttu þingkonur Kvennalistans tvær tillögur sem tengjast ökunámi. Annars vegar um bætt ökunám og ökukennslu og hins vegar um aðfararnám til ökuprófs í 10. bekk grunnskóla. Auk þess höfum við með fyrirspurn reynt að knýja á um að komið verði á samræmdri ökuferilsskrá fyrir landið. Báðum tillögum þeim sem ég nefndi áðan var vísað til ríkisstjórnarinnar. Hinn 4. okt. 1988 skipaði þáv. dómsmrh. nefnd til að móta og gera tillögur, m.a. um fyrirkomulag ökuprófa og ökukennslu. Nefndin skilaði tillögum sínum sem m.a. fólu í sér að hið opinbera taki þátt í ökukennslu, allt ökunám fari fram í ökuskóla í minnst þrjá mánuði, sett verði upp æfingasvæði til að æfa akstur við mismunandi skilyrði og svo mætti lengi telja. Þar sem alllangt er síðan nefnd þessi skilaði tillögum sínum en ekki virðast breytingar í sjónmáli hef ég á þskj. 187 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður endurskoðun umferðarlaga og reglugerðar nr. 787 frá 13. des. 1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. í framhaldi af tillögum nefndar dómsmrh. sem skipuð var 4. okt. 1988?“

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. beinir til mín fsp. á þskj. 187, raunar tvíþættri. Annars vegar um það hvað líði endurskoðun umferðarlaga og hins vegar reglugerðar nr. 787 frá 13. des. 1983, um ökukennslu o.fl.

Varðandi fyrri liðinn er þetta að segja: Í lokamálsgrein ákvæðis til bráðabirgða í umferðarlögum nr. 50 frá 30. mars 1987, sem tóku gildi 1. mars 1988, er kveðið á um að lögin skuli endurskoða fyrir árslok 1991. Ákvæði þetta hefur væntanlega verið sett til að tryggja að þeir annmarkar sem á lögunum kunni að

vera og í ljós koma við framkvæmd þeirra verði sniðnir af. Auk þess er það almennur sannleikur að umferðarlög þurfa að vera í sífelldri endurskoðun vegna þeirrar öru þróunar sem er á öllum sviðum er að umferð lýtur. Ég hef því ákveðið að skipa nefnd til þess að vinna að þessari heildarendurskoðun umferðarlaganna og er henni ætlað að skila áliti fyrir 1. okt. 1991.

Um seinni liðinn, reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 frá 13. des. 1983, er þetta að segja: Hún varð að hluta úrelt við gildistöku umferðarlaganna nr. 50/1987. Reglugerðinni var með reglugerð nr. 116 frá 29. febr. 1988 breytt til samræmis við hin nýju umferðarlög. Aðeins var um að ræða minni háttar breytingar sem voru bráðnauðsynlegar í tilefni af gildistöku laganna svo og vegna tilkomu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. En með bréfum dagsettum 4. okt. 1988 skipaði þáv. dómsmrh. fimm manna nefnd til að gera tillögur, eins og raunar kom fram í máli fyrirspyrjanda, um eftirfarandi atriði: fyrirkomulag skyndiskoðunar ökutækja, sérstakar skoðanir á ökutækjum að beiðni lögreglumanna, fyrirkomulag ökuprófa, fyrirkomulag ökukennslu, þar með hugsanlegan þátt framhaldsskóla í hinum bóklega hluta námsins, og fyrirkomulag meiraprófsnáms. Þessi nefnd skilaði af sér vorið 1989 og var sú skýrsla til skoðunar í ráðuneytinu er ég kom þangað. Nefndin skilaði ekki tillögum að nýrri reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., enda var henni ekki falið að gera það. Í inngangi að skýrslu nefndarinnar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið nefndarinnar hefur verið að leita atriða og aðstæðna sem líkleg eru til að skila hæfari ökumönnum, skapa betri umferðarmenningu og fækka umferðarslysum. Vakin er athygli á því að umferðarlegt uppeldi er hluti af uppeldi almennt og í rauninni óaðskiljanlegur hluti þess. Þess vegna hefur málefnið verið skoðað í mjög víðu samhengi. Ljóst er að framkvæmd tillagna nefndarinnar hefur í för með sér nokkurn samfélagslegan kostnað. Það er þó álit nefndarmanna að sá kostnaður komi til með að skila sér til baka með fækkun umferðarslysa."

Þann 11. sept. sl. skipaði ég fimm manna nefnd til að endurskoða reglugerðina sem fyrirspurnin lýtur að, nr. 787 frá 13. des. 1983. Þessi nefnd hefur haldið marga fundi og er vel á veg komin með endurskoðun reglugerðarinnar. Í starfi sínu hefur hún haft hliðsjón af þeim tillögum sem fyrrgreint nefndarstarf skilaði.

Ég vænti þess að nefndin ljúki störfum nú í þessum mánuði og að ný reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. geti tekið gildi um næstu áramót. Menntun ökukennara hér á landi hefur verið of lítil og ófullkomin. Erum við þar vafalítið á eftir hinum Norðurlöndunum. Námskeið fyrir ökukennara hafa ekki verið haldin um nokkurt skeið. Fjöldi ökukennara miðað við íbúafjölda er þó meiri hér en á hinum Norðurlöndunum. Í tillögum þeim sem fyrir liggja er lagt til að menntun ökukennara fari fram samkvæmt námsskrá og námsáætlun og að stefnt skuli að því að námið verði svipað og gerist hjá nágrannaþjóðum okkar.

Ég vænti þess að ákvæði sem hníga í þá átt verði sett í væntanlega reglugerð og að nám fyrir ökukennara geti hafist snemma á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Mér var ljóst að nefnd sú sem skilaði af sér vorið 1989 gerði ekki fullnaðartillögur en hún gerði lista yfir hugmyndir sínar og tillögur um það sem þyrfti að bæta. Ég sé að það er hreyfing á þessum málum og ég hlýt að fagna því vegna þess að hér er um mikið alvörumál að ræða. Það kom reyndar fram á umferðarþingi sem haldið var nú á dögunum að það er mikill áhugi fyrir að bæta ekki síst ökukennsluna og kom m.a. fram sú hugmynd að það þyrfti með einhverjum hætti að reyna að breyta áherslum. Það kom jafnvel fram hugmynd um að hækka þyrfti aldur pilta sem fá ökuréttindi vegna þeirra tíðu slysa sem þeir lenda í. Það er auðvitað margt í þjóðfélaginu sem verður til þess að gefa þeim þá mynd af ökutækjum að hér sé um leikföng að ræða en ekki nauðsynleg farartæki til þess að komast á milli staða. Þetta er í raun hugmynd sem oft hefur verið rædd innan Kvennalistans því að auðvitað hrýs okkur hugur við að sjá í hvaða hættu þessir ungu piltar eru um leið og þeir fá ökuréttindin.

Ég fagna því sömuleiðis að uppi skuli vera hugmyndir um að bæta nám ökukennara. Ef bornar eru saman þær kröfur sem gerðar eru til íslenskra ökukennara og starfssystkina þeirra á Norðurlöndum kemur í ljós að þar sem fæstra námsstunda er krafist undir ökukennarapróf er þó um fjórfalt fleiri stundir að ræða en hjá íslenskum ökukennurum. Það sama gildir líka um þá sem eru að ná sér í ökuréttindi. Í nágrannalöndum okkar er námstími til ökuprófs tvisvar til þrisvar sinum lengri en hér á landi. Þá vaknar óneitanlega sú spurning hvort námið hér sé of stutt og þar sé e.t.v. að leita skýringa á tíðum umferðarslysum í aldurshópnum 17–20 ára.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði, ég fagna því að það er hreyfing á þessum málum og vona að sem allra fyrst verði þessi kennsla bætt. Ég legg áherslu á að nauðsynlegt er að samfélagið taki að einhverju leyti þátt í þeim kostnaði sem um er að ræða því þetta er dýrt og er í raun og veru orðinn hluti af almennri menntun fólks að hafa ökuréttindi.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna þessari fsp. og fagna því svari sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh. Ég get tekið það fram að ég sit í þessari nefnd um endurskoðun á reglugerðinni um ökukennslu. Að mínu viti hefði þessi reglugerð átt að hafa verið sett fyrir löngu síðan, á sama tíma og lög um Bifreiðaskoðun ríkisins voru sett. Eins og flestir vita þá var ökukennsla og bifreiðaeftirlit undir sama hatti og það voru mikil mistök að ganga aðeins frá bifreiðaskoðun á sínum tíma en taka ekki á þessum þætti í leiðinni. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. 6. þm. Vesturl. að þessi mál hafa verið í miklum lamasessi síðustu ár og svo sannarlega vonast ég eftir að þessi reglugerð sem um er rætt verði

sett núna um áramótin og að því er stefnt í þeirri nefnd sem ég á sæti í.

Landnýtingaráætlun, ein umr.

Fsp. DS, 166. mál. — Þskj. 182.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. 22. maí 1984 var samþykkt hér á Alþingi till. til þál. um gerð landnýtingaráætlunar fyrir Ísland. Í kjölfar samþykktarinnar var skipuð nefnd sem lauk störfum 21. maí 1986 og gaf hún út greinargóða og upplýsandi skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar, ekki síst í því skyni að auðvelda pólitíska umræðu og nauðsynlega stefnumótun við gerð landnýtingaráætlunar. Það er ljóst að landnýtingar- og umhverfismál eru vaxandi hluti af allri áætlanagerð í þjóðfélaginu og koma inn á flesta þætti mannlífsins. Með hugtakinu landnýting er venjulega átt við ráðstöfun lands til ýmiss konar starfsemi og nytja, svo sem landbúnaðar, þéttbýlis, iðnaðar og útivistar.

Með gerð landnýtingaráætlunar er nauðsynlegt að taka á hinum fjölmörgu þáttum sem snúa að nýtingu og vernd landsins bæði í byggð og óbyggðum. Landnýtingaráætlun tengist óhjákvæmilega langtímaáætlun í byggðamálum og þá ekki síst stefnunni í landbúnaðarmálum.

Í mínum huga leikur enginn vafi á því að landið sjálft er ein dýrmætasta auðlindin sem við eigum. Það er því afar brýnt að við skipuleggjum nýtingu þessarar auðlindar með það í huga að taka aðeins vextina en láta höfuðstólinn ósnertan, rétt eins og við reynum að skipuleggja nýtingu þeirra auðlinda sem við eigum í hafinu.

Á 111. löggjafarþingi bar Sigríður Hjartar, varaþingkona Framsfl., fram fsp. til hæstv. landbrh. um framkvæmd þeirrar tillögu sem ég minntist á áðan. Í svari hæstv. landbrh. kom fram að engum einum aðila í stjórnkerfinu er með lögum gert að halda þeim þráðum saman sem taka þarf tillit til við gerð slíkrar áætlunar. Síðan þeirri fsp. var svarað hafa aðstæður breyst á þann veg að stofnað hefur verið umhvrn. sem fara á með yfirstjórn allra umhverfismála í landinu. Mér sýnist því einboðið að þráðurinn verði tekinn upp og minni á að nú um áramótin mun Skipulag ríkisins færast undir umhvrn., en sú stofnun ætti auðvitað að verða leiðandi í þessu verki. Ég hef því með tilliti til þess leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 182 til hæstv. umhvrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Er þegar hafin vinna við gerð landnýtingaráætlunar á vegum umhvrn.? Ef svo er ekki, hefur umhvrh. í hyggju að láta vinna landnýtingaráætlun fyrir Ísland og hvenær mun sú vinna hefjast?“

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Hér er um athyglisvert mál að ræða sem hv. 6. þm. Vesturl. hreyfir og er mér ljúft að reyna að veita þau svör sem ég get um stöðu mála.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að það var samþykkt þáltill. á Alþingi 1984 um gerð landnýtingaráætlunar og sú nefnd sem var sett til þess að vinna það verk í kjölfar þál. lauk störfum með skýrslu sem var afhent landbrh. í maí 1986. Það má hins vegar segja að þar hafi ekki verið um neina raunverulega landnýtingaráætlun að ræða því nefndarmenn voru sammála um að óframkvæmanlegt væri að semja slíka áætlun að svo komnu máli vegna skorts á upplýsingum og pólitískum ákvörðunum. Skýrsla nefndarinnar fjallaði því eingöngu um stöðu landnýtingarmála. Í skýrslunni frá 1986 eru ábendingar um ýmislegt sem taka þarf ákvörðun um og gera áður en hægt er að ráðast í gerð landnýtingaráætlunar. Þessu hefur hins vegar miðað hægt í þau fjögur ár sem eru liðin frá því nefndin skilaði af sér og má þar eflaust tilgreina, eins og hv. þm. kom inn á, að skort hefur á yfirstjórn þessara mála, að þau væru undir einum hatti, ef svo má að orði komast. Það eru ákveðin atriði sem nefndin taldi á sínum tíma að þyrfti að fá skýrari svör við og reyndar undirbúa betur. Það eru t.d. framleiðslumál, kortagerð og sæðisskipulag. Ég tek undir með hv. þm. að mestu máli skiptir að nú er búið að samræma stjórn umhverfismála sem auðveldar yfirsýn við gerð landnýtingaráætlunar og tryggir hlutlægni þegar ólík sjónarmið verða samræmd.

Hv. þm. spyr hvort vinna sé hafin við gerð landnýtingaráætlunar á vegum umhvrn. Svarið er já. Vinnan er hafin þó formleg nefnd hafi ekki verið sett á laggirnar til að gera slíka áætlun líkt og reynt var fyrir sex árum síðan.

Núna er unnið að því að skapa grundvöll fyrir þá upplýsingaöflun sem er nauðsynleg til að gera slíka landnýtingaráætlun. Í sumar sem leið var skipaður starfshópur eða nefnd á vegum umhvrn. til að vinna að mörkun heildarstefnu varðandi skipulag kortagerðar á vegum stofnana ríkisins. Nefndin vinnur nú að tillögum um að skilgreina kortagrunn á stöðluðu formi og sömuleiðis að gera áætlun um stöðluð grunnkort og gróðurkort á svokölluðu stafrænu formi. Hér er því verið að gera tilraun til að greiða úr þeirri ringulreið sem ríkt hefur í kortagerð á Íslandi með því að ganga frá samræmdum kortagrunni fyrir alla sem vinna að upplýsingasöfnun sem byggist á slíkri vinnu. Eins er verið að vinna að því að undirbúa landfræðilegt upplýsingakerfi, nokkurs konar landfræðilegan gagnagrunn sem gæti verið undirstaða fyrir gerð landnýtingaráætlunar. Reyndar er þessi vinna sem hér er verið að vinna nauðsynleg sem fyrsta skref í átt að slíkri landnýtingaráætlun.

Megintilgangur með landnýtingaráætlun er að ná fram sáttmála um ráðstöfun og nýtingu lands á sem flestum sviðum og skapa þannig grundvöll fyrir ákvörðunartöku í hinum ýmsu málaflokkum. Slíka áætlun er ekki hægt að gera fyrr en búið er að vinna heimavinnuna og afla þeirra gagna sem hún verður að byggja á.

Landbúnaður er langáhrifamesti landnýtingarþátturinn og skipulag hans ræður því miklu um svigrúm til annarrar landnýtingar. Framtíðarskipulag landbúnaðar

er fremur óljóst og erfitt að taka á því máli vegna skorts á grunngögnum. Það þarf t.d. að ljúka gerð gróðurkorta og byggðakorta og gera upplýsingar um búrekstur aðgengilegar í formi jarðabókar á tölvuformi. Það má kannski geta þess til gamans að í raun má segja að þær upplýsingar sem við byggjum á enn þann dag í dag varðandi búrekstur og landkosti séu að verulegu leyti byggðar á Jarðabókinni frá upphafi 18. aldar sem þeir Páll Vídalín og Árni Magnússon tóku saman. Þar er að finna þær aðgengilegustu upplýsingar sem við höfum enn þann dag í dag um búrekstur, landgæði og reyndar sömuleiðis ókosti lands þar sem búið er og ýmsar fleiri fróðlegar upplýsingar. Það er þess vegna orðið mjög brýnt að taka saman slíka jarðabók sem hér er verið að tala um. Það þarf enn fremur að gera kort yfir eyðingarhættu og safna tölulegum upplýsingum um gróður og jarðvegseyðingu í einstökum sveitarfélögum og afréttum landsins áður en ákvarðanir eru teknar um svæðaskiptingu, t.d. sauðfjárræktar, milli héraða.

Þessi dæmi sem hér hafa verið nefnd eru til að sýna hversu langt er í land með að gera raunhæfa landnýtingaráætlun. Á sama hátt hefði mátt taka dæmi úr öðrum málaflokkum þótt framtíðarskipulag í landbúnaði vegi mjög þungt.

Landnýtingaráætlun verður því aðeins til gagns að hún sé vel unnin og byggi á traustum gögnum og það sé tekið tillit til sem flestra sjónarmiða við gerð hennar. Fyrri tilraunir til að gera landnýtingaráætlun strönduðu á gagnaskorti og óljósri stefnumótun stjórnvalda í mikilvægum málaflokkum. Nú verður reynt að bæta þar úr áður en gengið verður frá niðurstöðunni og sú vinna er hafin. Auk fyrrnefndra gagna má nefna að starfsemi Skipulags ríkisins verður nú færð undir yfirumsjón umhvrh. frá 1. jan. nk., eins og hv. þm. gat um, en þar er unnið að öflun gagna á skipulegan og markvissan hátt.

Að lokum vildi ég geta þess að snemma í haust var skipuð svokölluð hálendisnefnd sem er ætlað það verkefni að huga að landnýtingu á hálendinu, skipulagi löggæslu á hálendinu og verndun hálendisins. Það er afar einkennilegt, og ég vildi kannski biðja hv. þm. að svara því, að öllum þingflokkum sem sæti eiga á Alþingi var boðið að taka þátt í þessu starfi og sent bréf þar að lútandi með ósk um að tilnefna fulltrúa í nefndina. Hvorki Sjálfstfl. né Kvennalisti hafa séð ástæðu til að tilnefna fultrúa sína í þessa nefnd.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir svör hæstv. umhvrh. hér. Eins og fram kom í máli hans verður auðvitað mikil gagnaöflun að fara fram áður en hægt er að ganga formlega til verks við að gera landnýtingaráætlun. Skýrsla sú sem gefin var út árið 1986 dró einungis fram forsendur fyrir gerð landnýtingaráætlunar. Það er ljóst að miklar breytingar verða á landnýtingu á næstu 10–20 árum vegna breytinga á atvinnuháttum og búsetu, auk þess sem kröfur munu vaxa í þjóðfélaginu um fjölbreytileg afnot af landinu. Eins og fram kom í máli hæstv. umhvrh. þá er landbúnaður og stefnan í landbúnaði afgerandi þáttur í gerð landnýtingaráætlunar. Ég minntist reyndar einnig á í máli mínu áðan, það vantar jarðabók. Við kvennalistakonur höfum fyrr á þessu kjörtímabili verið með fyrirspurn til hæstv. landbrh. um hvað líði gerð hennar. En hún er einmitt mjög nauðsynlegur þáttur í því að hægt sé að skipuleggja þessa undirstöðuatvinnugrein. Það er nauðsynlegt að komið verði á svæðabúskap þannig að landið verði nýtt eftir þoli þess og getu.

Í síðasta tölublaði rits Arkitektafélags Íslands eru þessi mál einmitt meginefni blaðsins, þ.e. umhverfismál og skipulag. Þar er fjallað mjög um nauðsyn þess að gerð verði landnýtingaráætlun fyrir Ísland og jafnframt vitnað til þeirrar skýrslu sem ég gat um áðan.

Þá kemur einnig fram í grein í þessu riti að það er mjög mikil nauðsyn á því að tekin verði af öll tvímæli um hverjir bera ábyrgð á skipulags- og byggingarmálum í óbyggðum Íslands. Hæstv. umhvrh. minntist einnig á það hér áðan og talaði um sérstaka hálendisnefnd sem hefði það verkefni að gera tillögur um landnýtingu á hálendi Íslands. Ég hef fengið það staðfest frá samstarfskonum mínum í þingflokki að þetta bréf hefur ekki borist til okkar. En eins og hæstv. umhvrh. veit þá eru umhverfismálin mjög ofarlega á stefnuskrá okkar kvennalistakvenna og við höfum að sjálfsögðu fullan hug á að taka þátt í því starfi sem fram fer í þessari nefnd. En það hafa greinilega orðið einhver mistök í kerfinu því við höfum örugglega ekki fengið þetta bréf. Ég tel það mjög mikilvægt að hálendið sé tekið inn í allt skipulag því það voru fréttir um það í fjölmiðlum í sumar að uppi á hálendinu spryttu upp hús og skálar án allra leyfa og án þess jafnvel að fólk vissi hver væri að reisa þá.

Ég fagna því að þessi vinna er hafin og vona að hæstv. umhvrh. leggi metnað sinn í að þetta verk gangi eins hratt og verða má.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem nú á sér stað um landnýtingaráætlun tel ég rétt að það komi hér fram að svokölluð landnýtingarnefnd, eða landgræðslunefnd, sem starfað hefur á undanförnum árum og unnið að landnýtingaráætlun af mjög veikum burðum, hefur ævinlega staðið frammi fyrir þeim vanda að fjármagn til þessa málaflokks hefur verið mjög af skornum skammti. Þrátt fyrir miklar yfirlýsingar hv. Alþingis um það að snúa vörn í sókn í landgræðslumálum hefur treglega gengið. M.a. vil ég benda á það að Landgræðslu ríkisins, sem hefur verið öflugasti aðilinn í landgræðslumálum, var settur stóllinn fyrir dyrnar á síðasta ári þegar henni var gert að greiða virðisaukaskatt vegna áburðarkaupa sem stórkostlega rýrði áburðardreifingu Landgræðslunnar. Auk þess hefur verið mjög erfitt að vinna það verk, sem er undirstöðuatriði í þessu öllu saman, að koma á verulegri gróðurkortagerð. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hóf vinnu að gróðurkortagerð en hún stöðvaðist vegna peningaskorts. Nú eru hins vegar að gerast hlutir á þeim vettvangi sem lofa mjög góðu og ég persónulega, sem einn af fulltrúum í landgræðslunefndinni, hef mikinn áhuga

á og hef barist fyrir í langan tíma, þ.e. gróðurkortamyndir sem LANDSAT-gervihnöttur inn tekur og við höfum séð nokkrar útgáfur af. Þar opnast stórkostlegir möguleikar á því að fylgjast með gróðurfari frá ári til árs eða á milli tiltekins árafjölda, t.d. á tíu ára bili. Þarna er kominn nýr möguleiki.

Nefndin er núna að vinna að því að fá fjármagn til að auka þessa myndatöku þannig að hún geti tekið fyrir fleiri landsvæði en nú eru til myndir af. Þetta er auðvitað það sem allt þetta starf byggist á. Þessar gróðurkortamyndir og gerð þeirra þarf að stórefla og reyna að gera það að eðlilegum og sjálfsögðum þætti í öllu því landnýtingarstarfi sem við vinnum. En númer eitt, tvö og þrjú er það að fá peninga til þessara starfa. Um það snýst málið.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég vil nú fyrir mitt leyti þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur átt sér stað um gerð landnýtingaráætlunar. Hér er, eins og hefur komið fram hjá hv. þm., hreyft mjög mikilvægu máli og svo sannarlega orðið tímabært að taka það fastari tökum.

Mér þykir miður að það skuli hafa orðið einhver misskilningur eða sambandsleysi við þingflokk Kvennalistans og mun ég sjá til þess að þeim berist bréf strax í dag með ósk um tilnefningu í hálendisnefnd. Ef ég man rétt þá hafa allir þingflokkar og öll ráðuneyti sem fengu tækifæri til að tilnefna fulltrúa sína í þessa nefnd lokið því nema þingflokkur Kvennalista og Sjálfstfl.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. minntist hér á störf landgræðslunefndar. Hér má segja að komi fram angi af þeim deilum sem hafa orðið um skiptingu gróðurmála milli umhvrn. og landbrn. Á vegum umhvrn. fer nú fram undirbúningsvinna að gerð gróðurkorta, þ.e. að semja þáltill. um að ljúka gerð staðlaðra grunnkorta og gróðurkorta fyrir landið í heild sinni á stafrænu tölvutæku formi. Til þess hafa fengist fjármunir. Ég tel mjög nauðsynlegt að þessar tvær nefndir taki upp eitthvert samráð sín á milli svo hægt sé að gera þessa vinnu markvissari. Hér er einfaldlega um að ræða anga af þeim deilum um forræði þessara mála sem við höfum því miður orðið að horfa upp á í ríkum mæli í umræðum á Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Sala á Þormóði ramma.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef beðið um þessa utandagskrárumræðu til að ræða málefni Þormóðs ramma hf. á Siglufirði sem er að 98% í eigu ríkisins. Stærstu fyrirtækin á Siglufirði eru í ríkiseign, Síldarverksmiðjan og Þormóður rammi. Það er ekki ofsögum sagt að þessi tvö fyrirtæki séu kjölfestan í atvinnulífi Siglfirðinga. Því hefur ekki alltaf verið þannig varið. Meðan síldin var og hét fyrir norðan land voru yfir tuttugu söltunarstöðvar reknar af einkaaðilum og aðrar síldarverksmiðjur voru þar sem ekki voru í ríkiseign. Þegar hráefnið brast bar enginn þessara aðila þá ábyrgð að hafa vilja eða getu til að halda uppi atvinnu á staðnum með öðrum hætti. Lukkuriddarar einkaframtaksins sem höfðu gert það gott á góðum síldarárum hlupu á brott. Það var því einungis ríkið sem fann til ábyrgðar með því að viðhalda eigin fyrirtækjum sem fyrir voru og að byggja upp eitthvað nýtt. Það var ekki að ófyrirsynju. Áratugum saman hafði þjóðin mænt til Siglufjarðar. Áratugum saman skipti það öllu fyrir þjóðarhag hvernig til tækist með síldarvertíð og síldarvinnslu á Siglufirði. Þegar harðnaði á dalnum og augljóst var það skemmdarverk sem unnið hafði verið á norsk-íslenska síldarstofninum lá fyrir að byggja upp eitthvað nýtt á Siglufirði. Einungis ríkið hafði til þess vilja og getu. Ólafur Jóhannesson, fyrrv. forsrh., sagði á sínum tíma að þjóðin stæði í skuld við Siglufjörð og að uppbygging Þormóðs ramma væri eins konar viðlagatrygging Siglufjarðar fyrir mikilvægasta framlagið til þjóðarbúsins í marga áratugi. Það er því ekki að ófyrirsynju að almenningur á Siglufirði hefur sett traust sitt á ríkisrekstur. Þar vakir því eðlileg tortryggni á áhættusömum einkarekstri aðila sem ekki hafa áhuga á staðnum sem byggðarlagi.

Nú hefur fjmrh. tilkynnt að hann hafi áhuga á að selja þessa viðlagatryggingu Siglufjarðar, Þormóð ramma. Hann hefur nokkra reynslu í þeim efnum, þar sem hann hafði forustu um sölu Sigló hf. á ofanverðu hausti. Í því tilfelli eru menn yfirleitt sammála um að mjög vel hafi tekist til. Með sölu Þormóðs ramma er tekist á við miklu stærra verkefni. Það er algjörlega ljóst að í því sambandi er bráðnauðsynlegt að rétt sé farið að. Því miður gætir allnokkurrar óvissu um framvindu málsins meðal bæjarbúa. Í fréttatilkynningu af sameiginlegum fundi fjmrh. og bæjarstjórnar frá 17. nóv. sl., en það er eina opinbera opnunin í þessu máli, segir að þar hafi hugmyndir verið ræddar og fulltrúar fyrirtækisins og ráðherra muni annast viðræður við fyrirtæki og einstaklinga í bænum um þessi mál. Þetta var fréttatilkynning af fundi. Í fundargerð bæjarstjórnar kemur síðan fram að óvíst er hvort selja eigi yfirleitt. Síðan hefur ekkert heyrst opinberlega um þessi mál þannig að greinilegt er að margir sem vilja gera upp sinn hug varðandi kaup velkjast í vafa um framhaldið. Ég held því fram að það sé mjög nauðsynlegt að fjmrh. geri grein fyrir stöðunni í þessu máli og svari eftirfarandi spurningum:

Ætlar ríkið að sleppa hendinni af fjöreggi atvinnulífsins á staðnum og segja sig úr ábyrgð frá því sem Ólafur Jóhannesson kallaði „viðlagatryggingu Siglufjarðar"?

Ætlar stærsti hluthafinn að opna markað fyrir hlutabréf sín þannig að heimamenn viti hvað er til sölu, hversu mikið er til sölu og þá hvað það sem hugsanlega er til sölu komi til með að kosta?

Þá er einnig nauðsynlegt að vita hvar og hvenær þessi markaður er til staðar og hver hafi frumkvæði í þessum málum. Ekkert af þessu kemur fram í umræddri fréttatilkynningu.

Þá er nauðsynlegt að vita hvort hugsað hafi verið til þess að setja þau skilyrði að kvótaeign fyrirtækisins verði ekki seld úr byggðarlaginu.

Mér er kunnugt um að fjmrh. hefur byrjað mjög vel í þessu máli. Það er góðs viti að hans ætlun er að í framtíðinni verði bæði eign og rekstur þessa fyrirtækis í höndum heimamanna, ef af sölu verður. Hins vegar er nauðsynlegt að farið sé af gát í þessi mál af ástæðum sem ég gat um hér áðan. Það hefur komið upp ónauðsynleg óvissa meðal þeirra sem hug hafa á kaupum, sérstaklega í því ótrygga atvinnuástandi sem nú ríkir á staðnum. Ég vil því gefa fjmrh. tækifæri til að eyða þeirri óvissu og gera hreint borð í þessum efnum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri hér á hv. Alþingi til þess að greina frá því sem gerst hefur í málefnum Þormóðs ramma að undanförnu.

Eins og fram kom í ræðu málshefjanda er ríkissjóður nú eigandi 98% hlutafjár í Þormóði ramma en ríkissjóður hefur ekki áður átt jafnhátt hlutfall í því fyrirtæki. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni hér að ég tel ekki skynsamlegt til frambúðar að ríkið eigi svo hátt hlutfall hlutabréfa í þessu fyrirtæki því það sé ekki hollt neinu byggðarlagi að grundvallaratvinnutæki byggðarlagsins hvíli algjörlega á eignarhaldi ríkisins. Það sé vænlegri skipan að grundvallaratvinnutæki byggðarlaganna séu í höndum heimamanna. Ég nefni t.d. að núverandi skipan laga í landinu er þannig að fjmrh. gæti á einum degi selt öll þessi hlutabréf og þar með fyrirtækið og þar með allan veiðikvótann burtu af staðnum, vegna þess að fjmrh. hefur samkvæmt gildandi lögum fullkomna heimild til þess að ráðstafa hlutabréfum með þeim hætti sem hann kýs. Þess vegna tel ég það brýnt mál út frá atvinnuhagsmunum Siglufjarðar og almennri atvinnuþróun í byggðarlaginu að skoða nýja fleti á þessu máli. Þess vegna opnaði ég á fundi með bæjarstjórn Siglufjarðar 4. sept. sl. umræðu um það hvort það væri vilji innan bæjarstjórnarinnar, sem er hinn lýðræðislegi vettvangur heimamanna, til að skoða framtíð þessa fyrirtækis. Í þeim umræðum kom fram vilji heimamanna, kjörinna bæjarfulltrúa, til þess að skoða það mál í samvinnu við fulltrúa fjmrh. Ég bað bæjarfulltrúa á fundinum í september að hugleiða málið ásamt því að ég bað stjórnarformann fyrirtækisins og aðstoðarmann fjmrh. að skoða það nánar.

Eins og fram kom í máli málshefjanda hélt ég síðan fund með bæjarstjórn Siglufjarðar 17. nóv. Þar kynnti ég eftirfarandi niðurstöður mínar:

Í fyrsta lagi taldi ég nauðsynlegt að hefja könnun á því hvort einhverjir heimaaðilar, einstaklingar eða fyrirtæki, hefðu hug á því að gerast meðeigendur í Þormóði ramma þannig að hlutur ríkisins minnkaði.

Í öðru lagi tók ég skýrt fram að slík hugsanleg sala á hlutabréfum í Þormóði ramma væri af minni hálfu eingöngu bundin við heimamenn, það væru því eingöngu siglfirsk fyrirtæki og siglfirskir einstaklingar sem þar kæmu til greina.

Í þriðja lagi kynnti ég það grundvallarviðhorf mitt að forsenda slíkrar sölu væri sú að veiðikvótinn væri áfram bundinn í byggðarlaginu. Það yrði ekki heimild til þess að selja hann burtu.

Í fjórða lagi gerði ég það alveg skýrt að ekki hefði verið tekin ákvörðun um það að selja hlutabréfin á þessu stigi og ég ítreka þá yfirlýsingu hér. Ákvörðunin sem hefur verið tekin er að kanna hvort það er áhugi hjá fyrirtækjum og heimamönnum, einstaklingum, á því að breyting verði á eignarsamsetningu fyrirtækisins.

Mér ekki kunnugt um það á þessu stigi hvað sá áhugi er mikill eða hve hann er útbreiddur en tel að sá tími sem liðið hefur frá 17. nóv. hafi sýnt að hann kunni að hafa verið nokkur og hann verður væntanlega meiri á þeim vikum sem fram undan eru. Þegar í ljós hefur komið hvers eðlis þessi áhugi er tel ég rétt að taka ákvörðun um það með hvaða hætti verður efnt til formlegra viðræðna eða sölu á þessum hlutabréfum og þá hve miklum hlut þeirra.

Ég óskaði strax og ég kom af fundinum 17. nóv. eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins, setti fram þá ósk við 1. þm. kjördæmisins. Það dróst nokkuð að sá fundur yrði haldinn. Hann var hins vegar haldinn hér fyrir nokkrum dögum og ég tel að slíkt samráð við þingmenn kjördæmisins hafi verið farsælt.

Ég vonast þess vegna til að geta á næstunni gert grein fyrir frekari framgangi þessa máls. Meginatriði þess er að treysta undirstöður atvinnulífs á Siglufirði, efla þróun þess á næstu árum, byggja upp öflugt fyrirtæki í eigu heimamanna og á forræði þeirra og draga úr því að Siglufjörður eigi jafnmikið undir gerræðisákvörðunum sitjandi fjmrh. á hverjum tíma eins og hann á nú.

Ég er mjög ánægður með það að í viðræðum mínum við fulltrúa bæjarstjórnar, fulltrúa allra flokka í bæjarstjórn, hefur komið fram jákvæður vilji þeirra í þessu máli. Ég mun kappkosta að hafa góða samvinnu við bæjarstjórn Siglufjarðar um málið.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég minnist þess vel að þegar Þormóði ramma var komið á fót fyrir frumkvæði ríkisvaldsins var gert ráð fyrir því að ríkið yrði ekki einn aðili með eignarhlutdeild heldur mundu heimamenn og bæjarfélag koma með virkum hætti inn í reksturinn. Ég átti sæti í þeirri stjórnskipuðu nefnd sem gerði tillögur um uppbyggingu Þormóðs ramma og minnist þess vel að menn treystu á það að þannig yrði málum hagað að heimamenn mundu taka við þessum rekstri og verða þar allsráðandi með tíð og tíma þó að ríkisvaldið hefði þetta frumkvæði. Þróunin varð hins vegar allt önnur og nú á ríkisvaldið 98% í þessu fyrirtæki. Ég tel löngu orðið tímabært að heimamenn taki þarna forustu. Ég er hins vegar eindregið andvígur því að hlutabréf í Þormóði ramma verði seld á almennum markaði þannig að hætta sé á því að eignarhald á fyrirtækinu færist til aðila utan Siglufjarðar.

Ég tel að fjmrh. hafi farið alveg rétt að í þessu máli. Hann hefur haldið tvo formlega samráðsfundi með bæjarstjórn Siglufjarðar. Eftir seinni fundinn var send

út sameiginleg fréttatilkynning þar sem tilkynnt var hvað til stæði. Ég tel að meginatriðið í þessu máli sé það að þarna er verið að reyna að sameina nokkur sterk fyrirtæki í sjávarútvegi um eitt enn öflugra sjávarútvegsfyrirtæki og að því er stefnt að heimamenn hafi þar forustu. Auðvitað þarf að tryggja það samtímis að kvóti skipanna verði örugglega áfram á staðnum. Æskilegast er að sem flestir Siglfirðingar verði aðilar að þessum rekstri. Ég tel hins vegar rétt að ríkið verði enn um sinn með nokkurn eignarhlut í þessu fyrirtæki, a.m.k. meðan verið er að koma þessari breytingu á og meðan enn er ekki búið að koma því svo fyrir að um sé að ræða almenningshlutafélag á breiðum grundvelli. En ég tel að vel hafi verið haldið á þessu máli og er sannfærður um að það er skoðun flestra á Siglufirði að svo sé.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég er ekki sérstakur áhugamaður um sölu hlutabréfa í Þormóði ramma. Það er gott og sæmilega traust fyrirtæki sem komið er fyrir vind og ríkinu ekkert hættulegt að eiga það. Ég get vel hugsað mér að það verði rekið sem ríkisfyrirtæki áfram. Ég vil þó ekkert útiloka að það geti verið skynsamlegt að selja þarna einhver hlutabréf. En til þess að hægt sé að gera það upp við sig hvort skynsamlegt sé að selja þarf náttúrlega að liggja fyrir í fyrsta lagi níu mánaða uppgjör frá Þormóði ramma, níu mánaða uppgjör þeirra fyrirtækja sem kynnu að hafa áhuga á því að kaupa þessi hlutabréf eða hluta þeirra, þær tryggingar sem settar kunna að verða um að kaupendur ráði við það sem þeir ætla að fara að gera og greinargerð um hvernig hugsað er að fyrirtækið verði rekið.

Ég tel að það þurfi samþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar fyrir því að þessi hlutabréf verði seld. Ég legg á það mikla áherslu að ekki verði seld þarna hlutabréf, hvorki í trássi við bæjarstjórn Siglufjarðar eða þingmenn Norðurl. v. enda hef ég fyrir því orð hæstv. fjmrh. að hann muni ekki gera það. Ég tel að það þurfi að tryggja að kvótinn verði kyrr á Siglufirði og að skipin verði ekki seld þaðan nema með vilja bæjarstjórnar. Hugsanlega getur það verið hentugt fyrir fyrirtækið að skipta um skip að einhverju leyti en það þarf að sjá svo til að rekstur fyrirtækisins verði tryggður til frambúðar og náttúrlega þar með að afli verði ekki seldur burt í stórum stíl óunninn.

Um hitt er ég í vafa hvort réttmætt sé eða nauðsynlegt að einskorða þessa hlutabréfasölu við Siglfirðinga. Það sem við þurfum að sjá til er að fyrirtækið verði rekið á Siglufirði í blómlegum rekstri en fyrir mér mega aðrir en Siglfirðingar eiga eitthvað í fyrirtækinu. Það gæti beinlínis verið til styrktar fyrir Siglufjörð ef nýtt fjármagn kæmi þangað heim. Það er reyndar hægt að nefna dæmi um slíka fjármagnsflutninga þegar Ingimundur hf. flutti til Siglufjarðar, það held ég að hafi verið vel ráðið. Ég sé ekkert á móti því að eitthvað svipað eða tengt gerðist við Þormóð ramma.

Það sem þarf að tryggja í þessu máli er fyrst og fremst það að flana ekki út í einhverja vitleysu og að tryggja að fyrirtækið verði áfram í blómlegum rekstri á Siglufirði.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Varðandi þetta mál hef ég lýst mjög sambærilegum sjónarmiðum og fram komu í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég tel ekkert óeðlilegt við það að fram fari könnun á því hvort möguleikar séu á því að selja hlutabréf í þessu fyrirtæki sem er algjör burðarás í atvinnulífi Siglufjarðar. Ýmsir af þeim skilmálum eða forsendum sem þarna þurfa að liggja til grundvallar komu fram í máli hæstv. ráðherra svo sem að tryggja þarf með kvöð á slíkri sölu að kvótinn verði ekki seldur úr bænum og að það séu hömlur varðandi sölu skipanna, eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. Enn fremur þarf að vera frjáls aðgangur allra Siglfirðinga a.m.k. að kaupum á þeim hlutabréfum sem til sölu kunna að verða.

Ég tel það einnig spurningu hvort ekki eigi að bjóða öðrum að gerast þarna aðilar að, öðrum en þeim sem búa á Siglufirði, því það kann að vera vinningur að því fyrir bæjarfélagið að fá nýtt fjármagn inn í þetta fyrirtæki, ekki síst ef því fylgir að eigendur fjármagnsins kynnu að vilja flytjast til Siglufjarðar. Ég vil því ekki loka fyrir þá leið sem er einnig eðlileg í viðskiptum eins og um þessi mál. En kvaðir sem fylgja sölunni mundu verða að tryggja hagsmuni bæjarins og bæjarbúa ef af slíku yrði.

Það liggur einnig fyrir að það þarf að fara fram óháð mat á eignarstöðu þessa fyrirtækis og eignarstöðu þeirra fyrirtækja sem kynnu að vilja kaupa hlutabréf í Þormóði ramma ásamt því að liggja fyrir, eins og fram kom hjá hv. þm. Páli Péturssyni, níu mánaða uppgjör að lágmarki eða ársreikningur til þess að raunveruleg rekstrarafkoma bæði Þormóðs ramma og þeirra fyrirtækja sem þarna kynnu að eiga hlut að máli sé upplýst.

Ég vil svo að síðustu, virðulegi forseti, vegna hins skamma ræðutíma, aðeins segja það að ég tel að það eigi að láta bæjarstjórn Siglufjarðar og þingmenn Norðurl. v. fylgjast með þessu máli skref fyrir skref og ekkert nýtt skref verði tekið í trássi við vilja þessara aðila.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og þær upplýsingar sem gefnar hafa verið. Ég held að það hafi allt verið mjög til bóta að þetta hefur verið sagt hér á þessum stað þannig að öllum sé ljóst hvernig þessi mál standa.

Ég vil taka undir með hv. 1. þm. Norðurl. v. þegar hann sagðist ekki endilega vera áhugamaður um sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma. Þetta á líka við um mig. Ég treysti heldur ekki öllum til að standa að sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma. Ég verð hins vegar að segja að ég hef góða reynslu af störfum fjmrh. í þeim efnum. Hvernig staðið var að sölu á Sigló hf. á ofanverðu sumri var honum til sóma í alla staði þannig að ég hef traust á fjmrh. til að standa vel að þessu máli og eins og ég sagði í minni framsögu þá hefur hann

farið vel af stað.

En ég vil ítreka að Siglfirðingar hafa ekki endilega góða reynslu af áhættufjármagni einkarekstursins á Siglufirði. Þegar á hefur bjátað í atvinnurekstrinum hafa þeir haft ríka tilhneigingu til að hlaupast á brott og skilja menn eftir atvinnulausa og þá hafa menn ekkert haft í höndunum nema ríkið eitt. Þess vegna held ég að það verði að fara af mikilli gát í þessa sölu og fylgjast vel með hverjir það eru sem við þessu fyrirtæki taka. Það hefur komið fram bæði hjá ráðherra og öðrum þeim sem hér hafa talað að það sé nauðsynlegt að fyrirtækið lendi í höndum heimamanna, að það verði gert tryggt við þessa sölu að kvótinn fari ekki úr byggðarlaginu. Ég held að bæjarbúar allir líti á það sem mikilvægasta málið í þessu sambandi að hugsanleg sala fari þannig fram að sem mestri eignardreifingu verði náð meðal bæjarbúa. Þegar ákvörðun verður tekin um endanlega sölu, þ.e. þegar ákveðið verður endanlega að selja, er mjög nauðsynlegt að upplýsingar liggi fyrir um á hvern hátt verði selt, hversu mikið verði selt og hvað hlutir komi til með að kosta. Ef þessum upplýsingum er fullnægt, sem mér heyrðist ráðherra taka undir og upplýsa menn um, held ég að það sé farið vel af stað í þeim tilgangi að treysta undirstöður atvinnulífs á Siglufirði eins og er ætlun manna.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram að ég tel mig út af fyrir sig ekki hafa verið neinn sérstakan áhugamann um að selja hlutabréf í Þormóði ramma. Ég viðurkenni það fúslega að það er visst öryggi fólgið í því að ríkið eigi þetta fyrirtæki, öryggi fyrir Siglfirðinga. En ég held hins vegar að það teljist ekki eðlilegt þegar á heildina er litið að slíkt fyrirkomulag sé við lýði til frambúðar og að það verði ekki friður um það til lengdar. Því er ég á því að það sé orðið tímabært að endurskoða skipulag þessara mála.

Ég vil hins vegar leyfa mér, og það er þess vegna sem ég stóð upp, að vara við þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram að það sé æskilegt að aðilar utan Siglufjarðar eignist hlutabréfin í Þormóði ramma. Ég tel að þegar Ingimundur hf. keypti Siglósíld í sumar hafi gegnt töluvert öðru máli því þá var ekki um það að ræða að utanaðkomandi aðili væri að kaupa kvóta sem Siglfirðingar ættu heldur var það akkúrat öfugt, þar var um að ræða utanaðkomandi aðila sem var að koma með kvóta í stórum stíl til Siglufjarðar. En það sjá auðvitað allir að ástæðan fyrir því að við leggjum svona mikla áherslu á það að heimamenn verði ráðandi í þessu fyrirtæki er einmitt sú að ef utanaðkomandi aðili eignast veruleg ítök í þessu fyrirtæki þá aukast auðvitað líkurnar á því að önnur sjónarmið og aðrir hagsmunir fari að toga í spottana og verði þess valdandi að kvóti kynni að flytjast burt af staðnum. Það viljum við ekki. Þar af leiðandi er æskilegt að halda á þessu máli eins og hæstv. fjmrh. hefur gert, að láta heimamenn hafa forgang um kaup á hlutabréfum ríkisins.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Því miður er allt of stuttur tími til að fjalla um þetta mál þar sem hér gefst aðeins tækifæri til að ræða um það í tvær mínútur. En mér finnst það mjög athyglisvert og eftirtektarvert að hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds alþýðubandalagsmaður, og hæstv. fjmrh. hafa báðir talað hér mjög eindregið fyrir einkavæðingu í sambandi við Þormóð ramma hf. Mér finnst þetta mjög merkilegt þegar það er haft í huga að hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v. og alþýðuflokksmaður, skuli frekar draga úr þeirri stefnu.

Þormóður rammi hefur verið og er ágætis fyrirtæki og hefur reynst Siglfirðingum mjög vel. Það sem hér er til umræðu er, samkvæmt því sem fjmrh. hefur sagt, að efla þetta fyrirtæki, opna það og gera það að svokölluðu almenningshlutafélagi. Þar með er hann jafnframt að tala fyrir því sjónarmiði sem kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni og Pálma Jónssyni að það eigi ekki að binda það endilega við heimamenn að vera huthafar þó að sjálfsögðu hafi þeir forustuna og eru sterkustu eignaraðilar. Ég tel það mjög hættulegt fyrir íslenskan sjávarútveg hvar sem er á landinu í strjálbýlinu að ætla að einangra endurskipulagningu jafnþýðingarmikilla fyrirtækja eins og sjávarútvegsfyrirtæki eru við það eitt að heimamenn skuli þurfa að standa í slíkri endurskipulagningu.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, taka undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. að það er stigið skref í rétta átt með einkavæðingu Þormóðs ramma í þá veru sem hann lýsti í sinni ræðu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með að hér skuli vera til umræðu að selja eitthvað af þeim ríkisfyrirtækjum sem ríkissjóður er eignaraðili að. Það er eitt af þeim brýnustu verkefnum sem ríkið þarf að sinna, að selja fleiri ríkisfyrirtæki. Ég tek undir það að rétt er að gæta þess að ekki sé rasað um ráð fram í sambandi við þá sölu. Mér finnst sjálfsagt að heimamenn eigi forgang í því að kaupa hlutabréf í þessu fyrirtæki. En það er ekki rétt sjónarmið að ef einhverjir aðrir kaupi þá sé það vont mál. Þá eru menn væntanlega með það í huga að menn séu að fara burt með kvótann. Hvers vegna í ósköpunum ætti einhver maður að vilja kaupa hlutabréf í fyrirtæki og fjárfesta á staðnum ef hann ætlar svo að fara burtu með kvótann? Það er svo mikil mótsögn í þessari hugsun að hún gengur ekki upp.

Mér finnst þetta hið besta mál þó ég sé ekki sammála rekstri fjmrh. á ríkissjóði. Ég hef marglýst því hér yfir að ég er hundóánægður með frammistöðu hans þar. En nú er kannski möguleiki að hann geti látið gott af sér leiða þarna og komi þá alla vega einni ríkisfyrirtækjasölu í kring. Og hann skal fá plús hjá mér fyrir það ef hann getur komið því fyrir með sæmilegum hætti.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. varaði við

þeim sjónarmiðum sem fram hefðu komið væntanlega hjá okkur hv. 1. þm. Norðurl. v. um að við værum ekkert vissir um það að ástæða væri til að einskorða hlutabréfakaup í þessu fyrirtæki við aðila sem nú eiga heima á Siglufirði. Hvorugur okkar tók neitt af um þetta. Hins vegar viljum við láta athuga það í framkvæmd þessa máls hvort ekki kunni að vera vinningur að því að fá nýtt fé inn í fyrirtækið, nýtt fé inn í bæjarfélagið og þá helst ef því fylgir að eigendur þess fjármagns flytji þangað og gerist þar bæjarbúar. Hv. þm. Ragnar Arnalds flutti röksemdir sem gengu alveg í kross. Hann vitnaði til þess að þetta hefði gefist vel við sölu á Sigló hf. vegna þess að þar hefðu keypt eigendur Ingimundar hf. úr Reykjavík. Sama gæti gilt um sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma og væri það til þess að styrkja bæjarfélagið en ekki til að veikja það. Þetta segi ég vitaskuld í trausti þess að sú kvöð verði afdráttarlaus við sölu á þessum hlutabréfum sem fjmrh. sjálfur hefur kynnt. Við þingmenn kjördæmisins höfum lagt ríka áherslu á að tryggt verði að kvótinn verði ekki seldur úr bænum og að viss gát verði viðhöfð og hömlur að því er tekur til sölu á eignum fyrirtækisins, þ.e. skipanna. Þetta taldi ég nauðsynlegt að láta koma fram eftir ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er óskandi að Siglfirðingar hafi nóga peninga til þess að kaupa einir þetta fyrirtæki. En ég tel að það sé alls ekkert óhugsandi að þeir sem vildu fjárfesta í hlutabréfum í Þormóði ramma kynnu að vilja flytja til Siglufjarðar. Það væri einungis af því góða og bæjarfélaginu til styrktar ef svo færi. Það er líka hugsanlegt að útgerðar- eða fiskvinnslufyrirtæki sæju sér hag í því að eignast hlut í þessu fyrirtæki. Samvinna frystihúsa og útgerðarfélaga getur verið af hinu góða. Við skulum ekkert loka neinum dyrum í því sambandi, það getur verið öllum til hagsbóta.

Ég vil líka minna á eitt, að við þurfum líka að gæta hagsmuna ríkisins. Við þurfum að gæta þess að þessi bréf séu seld á eðlilegu verði. Hér er um mikla og dýrmæta eign að ræða sem ríkið á. Það er náttúrlega ekki forsvaranlegt að gefa hana eða láta á einhverju smánarverði. En meginatriðið er það að í framtíðinni sé tryggður blómlegur rekstur á fyrirtækinu.

NEÐRI DEILD

19. fundur, fimmtudaginn 6. des., kl. 1.30 miðdegis.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Frv. GHG, 50. mál. — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. SigJ, 183. mál (fæðingarstyrkur o.fl.). — Þskj. 206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frh. 1. umr.

Frv. SigJ o.fl., 184. mál (lenging orlofs). — Þskj. 207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Launamál, 2. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40, n. 233, 244 og 245.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 233 er prentað álit meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um launamál, þ.e. bráðabirgðalögin frá 3. ágúst á sl. sumri.

Nefndin hefur athugað þetta frv. sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögunum. Á fund nefndarinnar komu Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ögmundur Jónasson og Sjöfn Ingólfsdóttir frá BSRB, Ásmundur Stefánsson frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson frá VSÍ og Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 40. Þann meiri hl. skipa Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Páll Pétursson.

Um setningu bráðabirgðalaganna má segja almennt að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar mátu ástand efnahags- og launamála svo að brýna nauðsyn bæri til að setja bráðabirgðalög í ágúst síðastliðnum. Annars hefðu skollið á ófyrirséðar launahækkanir sem leitt hefðu til víxlhækkana verðlags og launa. Í kjölfarið hefði fylgt óðaverðbólga. Sú þjóðarsátt, sem gerð var í febrúar, var með öðrum orðum í hættu og í stað stöðugleika og öryggis hefði riðið yfir þjóðina glundroði og efnahagsóvissa. Gátu ábyrg stjórnvöld alls ekki horft á slíkt aðgerðarlaus. Með endanlegu orðalagi 1.

gr. kjarasamnings ríkisins og BHMR taldi fjmrh. tryggt að ekki kæmi til launahækkana ef þær væru taldar raska hinu almenna launakerfi í landinu. Þegar fyrir lá að svo reyndist ekki hlutu forsendur samningsins hvað þetta snertir að teljast brostnar. Við þessar aðstæður og í ljósi þeirra afleiðinga sem fram kæmu, yrði ekkert að gert, átti ríkisvaldið ekki annarra kosta völ en að beita bráðabirgðalagasetningu til þess að forðast holskeflu í efnahagsmálum og óðaverðbólgu eins og áður segir.

Ríkisstjórnir hafa áður breytt kjarasamningum með bráðabirgðalögum sem Alþingi hefur samþykkt. Alþingi hefur einnig breytt kjarasamningum með lögum. Löggjafinn hefur þannig breytt samningum milli vinnuveitenda og launafólks óháð því hver vinnuveitandinn er. Flestir stjórnmálaflokkar hafa staðið að slíku. Það er því langt frá því að um einsdæmi sé að ræða í þessu tilviki. Jafnframt er rétt að vekja sérstaka athygli á þeim útbreidda misskilningi að bráðabirgðalögin hafi numið úr gildi niðurstöður Félagsdóms. Þeim niðurstöðum er í engu raskað. Eftir að niðurstöður Félagsdóms lágu fyrir var hins vegar hluta samnings BHMR og fjármálaráðherra breytt með lögum þannig að geiðslur féllu niður frá 1. sept. 1990. Það þýðir hins vegar ekki að niðurstöðum Félagsdóms sé breytt heldur þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda studdist við.

Að gefnu tilefni er rétt að nefna hvað gerist ef staðfestingarfrv. verður ekki samþykkt á Alþingi. Í fyrsta lagi féllu bráðabirgðalögin niður en afleiðingin af því er yfirleitt hin sama og af ógildingu annarra laga. Bráðabirgðalögin yrðu úr sögunni að því er til framtíðarinnar tekur. Þau stofna því hvorki rétt né skyldu frá þeim tíma er þau ganga úr gildi. Hins vegar stendur óhaggað það réttarástand er þau hafa áður skapað. Gildir það eins þótt Alþingi hafi fellt lögin. Gildi bráðabirgðalaga er því hið sama og annarra laga á meðan það helst enda þótt því ljúki með ákveðnum hætti.

Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni forsætisráðherra reiknað út þrjú dæmi um hugsanlega verðþróun á næstu mánuðum ef bráðabirgðalögin um launamál frá 3. ágúst sl. falla úr gildi. Í niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar segir, með leyfi forseta:

„Niðurstöður þessara útreikninga sýna að verði vísitöluhækkanir verðlags, launa og gengis með þeim hætti sem að framan greinir stefnir í stöðugt vaxandi verðbólgu. Tilgangslítið er að reikna slík dæmi langt fram í tímann. Ljóst er að á nokkrum mánuðum yrði þriggja mánaða hraði verðbólgunnar miðað við heilt ár kominn í tugi prósenta. Í þeim dæmum, sem reiknuð voru, var verðbólga á þennan mælikvarða í fyrsta dæminu komin í 22% í júlí 1991, 27% í öðru dæminu og í tæplega 40% í því þriðja. Í öllum þessum dæmum mun kaupmáttur launa aukast umtalsvert fyrst í stað og líklegt að almenn eftirspurn fari vaxandi. Það má því reikna með að ef þessi þróun gengur eftir að þau markmið um viðskiptahalla og litla aukningu þjóðarútgjalda, sem sett voru fram í þjóðhagsáætlun 1991, standist ekki. Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að þetta eru ekki ótvíræðar niðurstöður því óvissuatriðin eru mörg í þessum dæmum."

Svo sem fram kemur í könnun Þjóðhagsstofnunar er ljóst að þjóðarsáttinni svokölluðu lýkur, efnahagsmarkmið fara úr böndunum, fram koma vísitöluhækkanir verðlags og launa og vaxandi verðbólga mun ekki láta á sér standa. Afleiðingarnar eru því skýrar.

Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur er nú svo sem kunnugt er rekið mál vegna setningar bráðabirgðalaganna sem Bjarnheiður Guðmundsdóttir hefur höfðað gegn fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og menntmrh. fyrir hönd Rannsóknadeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði. Í stefnu og greinargerð stefnanda er því haldið fram að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrá. Ríkislögmaður, sem fer með málið fyrir hönd ríkissjóðs, lagði fram greinargerð stefndu hinn 22. nóv. sl. Fylgir greinargerðin með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal en í henni kemur fram ítarleg lýsing á málavöxtum, málsástæðum stefndu og lagarökum.

Að gefnu tilefni þykir rétt að vekja athygli Nd. Alþingis á ákvæðum 4. gr., sbr. 3. gr., bráðabirgðalaganna. Það gefna tilefni er „Kjarafréttir BHMR", 4. tbl. 1990. Þar er haldið fram túlkun á efni 4. gr. sem rétt er að gera athugasemdir við. Meðal annars er fjallað um 2. mgr. 4. gr., sem kveður á um að kjarasamningar aðildarfélaga BHMR og viðsemjenda þeirra gildi til 31. ágúst 1991 og falli þá úr gildi án uppsagnar. Um þetta segir í málgagni BHMR að „BHMR-félög eru þannig föst undir ákvæðum bráðabirgðalaganna, jafnvel þó önnur samtök (BSRB) segi upp samningum sínum þegar fyrir næstu áramót í kjölfar endurskoðunar".

Hér er um misskilning að ræða. 4. gr. laganna ber ekki að skilja svo að efni 3. gr. geti ekki náð til BHMR. Þvert á móti er það ákveðinn skilningur ríkisstjórnar og meiri hl. nefndarinnar að skv. 2. mgr. 3. gr. laganna sé BHMR-félögum heimilt að semja um stofnun og verksvið launanefndar við sína viðsemjendur rétt eins og öðrum aðilum að kjarasamningi sem ekki kveður á um launanefnd. Verði slíkur samningur gerður fari þá eftir ákvæðum 1. mgr. 3. gr. frá þeim tíma. Gildistími kjarasamninga aðildarfélaga BHMR geti þá eins og hjá öðrum stéttarfélögum styst frá því sem segir í 2. mgr. 4. gr. vegna uppsagnar samnings eftir þeim sömu reglum og endranær gilda hjá stéttarfélögum sem samið hafa um launanefndir.

Sú túlkun á efni 3. og 4. gr., sem að ofan greinir, hefur verið túlkun ríkisstjórnar frá upphafi. Sá andstæði skilningur sem fram kemur í Kjarafréttum BHMR gefur að mati ríkisstjórnarinnar og meiri hl. nefndarinnar ekki tilefni til að leggja fram brtt. við frv., enda telur ríkisstjórnin og meiri hl. nefndarinnar orðalag greinanna svo skýrt að misskilningur af því tagi sem fram hefur komið hjá BHMR þurfi ekki að vera uppi. Þetta er hins vegar tekið fram hér til að taka af öll tvímæli um skilning á þessu ákvæði.

Með nál. þessu fylgja sem fylgiskjal I álitsgerð frá Þjóðhagsstofnun til forsætisráðherra, dags. 3. des. 1990, um bráðabirgðalögin frá 3. ágúst og verðþróun á næstu mánuðum, og sem fylgiskjal II greinargerð ríkislögmanns í máli Bjarnheiðar Guðmundsdóttur sem hann hefur lagt fyrir bæjarþing Reykjavíkur vegna

máls á hendur fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og menntmrh. fyrir hönd Rannsóknadeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.

Talsverð umræða hefur orðið um það hér á Alþingi og reyndar víðar í þjóðfélaginu að hugsanlega stönguðust þessi ákvæði bráðabirgðalaganna á við stjórnarskrána. Sú er ekki skoðun okkar sem berum ábyrgð á þessari lagasetningu. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til þeirrar greinargerðar sem ríkislögmaður lagði fram í þessu viðkomandi máli hvað varðar stjórnarskrána. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í stefnu og greinargerð stefnanda kemur fram að hann styðji kröfur sínar einkum við ákvæði 2. gr., 28. gr., 67. gr. og 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og skýringar fræðimanna á þeim ákvæðum og sambærilegum grundvallarreglum í landsrétti erlendra ríkja og alþjóðlegum sáttmálum og samningum. Telur stefnandi ákvæði bráðabirgðalaga nr. 89/1990 andstæð nefndum greinum stjórnarskrárinnar. Vísast einkum til þess sem segir á miðri bls. 3 í stefnu og á miðri bls. 5 fram á miðja bls. 6 í greinargerð um málsástæður og lagarök stefnanda að þessu leyti.

Fyrir hönd umbjóðenda minna mótmæli ég þeim sjónarmiðum stefnanda, sem þarna koma fram. Ég held því fram að nefnd bráðabirgðalög séu ekki andstæð íslenskum stjórnskipunarlögum. Engar skýringar er heldur að finna á því, hvaða alþjóðlegu sáttmálar og samningar það eru, sem átt er við eða hvaða erlendu ríki það eru, sem vísað er til um sambærilegar grundvallarreglur. Þetta skal tekið fram:

a. Um 2. gr. stjórnarskrár:

Stefnandi heldur því fram að löggjafinn geti ekki gripið fram fyrir hendur dómstóla með þeim hætti sem gert var. Löggjafanum sé óheimilt að taka aftur eignarréttindi afmarkaðs hóps manna sem honum hafði sérstaklega verið dæmd örfáum dögum áður af æðsta dómstól á sviði vinnuréttar. Með þessu sé brotið gegn meginreglunni um þrískiptingu ríkisvaldsins, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Á þessi sjónarmið verður ekki fallist. Með dómi sínum kvað Félagsdómur á um, hvernig skýra bæri tilteknar greinar í kjarasamningi fjmrh. og BHMR. Niðurstaða dóms um tiltekið sakarefni bindur ekki hendur löggjafans til að breyta gildandi rétti. Með lögum nr. 89/1990 er hluta kjarasamnings BHMR og fjmrh. breytt þannig að 4,5% launahækkun, sem fólst í kjarasamningunum óbreyttum, féll niður frá og með 1. sept. 1990. Með því var breytt þeirri réttarheimild, sem greiðsluskylda samkvæmt dóminum var byggð á. Ekki verður fallist á það með stefnanda að löggjafinn sé bundinn til frambúðar við það réttarástand, sem dómstólar hafa kveðið á um að sé gildandi réttur, er dómur gekk. Löggjafinn hefur óumdeilanlega vald til að breyta gildandi rétti. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar felst ekki það hlutverk eða staða dómsvalds að þegar dómstóll hafi kveðið upp dóm sé þar með komin óbreytanleg niðurstaða til frambúðar sem önnur grein ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvald, fái ekki hróflað við.

b. Um 28. gr. stjórnarskrár:

Stefnandi telur að skilyrði 28. gr. stjórnarskrár um að brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu nefndra bráðabirgðalaga hafi ekki verið fyrir hendi. Hvað sem eldri viðhorfum líði skuli dómstólar taka til sjálfstæðrar skoðunar hvort slík skilyrði séu til staðar. Málatilbúnaður stefnanda sé miðaður við að slík sjálfstæð skoðun fari fram.

Þessi sjónarmið stefnanda verður heldur ekki fallist á. Bráðabirgðalöggjafinn á sjálfur endanlegt mat um það hvenær hin brýna nauðsyn er fyrir hendi. Dómstólar eru ekki bærir til að taka til endurskoðunar hið huglæga mat bráðabirgðalöggjafans um það hvort brýn nauðsyn hafi legið til grundvallar lagasetningu eða ekki.

Jafnvel þótt fallist yrði á sjónarmið stefnanda þess efnis að dómstólar gætu tekið mat bráðabirgðalöggjafans að þessu leyti til endurskoðunar er hafið yfir vafa að brýn nauðsyn í skilningi 28. gr. stjórnarskrárinnar var fyrir hendi við setningu laga nr. 89/1990. Í bréfi fjmrn. til embættis ríkislögmanns á dskj. nr. 22 er rakið hvernig mál horfðu við ríkisstjórninni eftir að dómur Félagsdóms lá fyrir í máli BHMR hinn 23. júlí 1990. Samkvæmt því sem þar kemur fram er alveg víst að brýn nauðsyn krafðist þess að ríkisstjórnin gripi til þeirrar lagasetningar sem sett var hinn 3. ágúst sl. Hér verður að líta til þeirra afleiðinga sem það hefði haft ef til lagasetningar hefði ekki komið. Núgildandi kjarasamningar í landinu, þar á meðal kjarasamningar BHMR og fleiri, hafa margir hverjir að geyma ákvæði þess efnis að fái launþegar sem taka laun samkvæmt öðrum kjarasamningum launahækkun, skuli viðkomandi einnig fá þá launahækkun. Stundum eru forsendur kjarasamninga byggðar á því að aðrir launþegar fái ekki launahækkun umfram það sem viðkomandi kjarasamningur segir. Þetta á við um þjóðarsáttarsamninga ASÍ frá febrúarmánuði sl. Hefði ekki verið gripið inn í með lögum hefðu launahækkanir til BHMR-félaga hrint af stað launahækkunum annarra launþega sem gert höfðu kjarasamninga og þar með hækkun launa og verðlags í þjóðfélaginu. Þar með var kollvarpað þeim stöðugleika sem að var stefnt með þjóðarsáttarsamningunum og þeim mikla árangri í baráttu við verðbólgu sem þegar á sl. sumri hafði náðst með þessum samningum. Þessar víxlhækkanir hefðu dunið yfir strax í kjölfar Félagsdóms. Ókleift var að bíða þess að Alþingi kæmi saman. Með því að gera það hefði skaðinn þegar verið skeður. Um þetta vísast nánar til dskj. nr. 22.

Á það skal jafnframt lögð áhersla að ekki var gripið til lagasetningar fyrr en fullreynt var að ekki tækjust samningar milli fjmrh. og BHMR um breytingu á kjarasamningum þannig að hann gæti samrýmst þjóðarsátt. Um það vísast til dskj. nr. 17, sem skýrir hvaða gögn fóru á milli aðila í samningaviðræðum dagana 25.–31. júlí sl. Enn fremur til bréfs fjmrn. á dskj. nr. 22, þar sem rakið er efni þeirra viðræðna, sem á þessum tíma fóru fram.

c. Um 67. gr. stjórnarskrár:

Þá heldur stefnandi því fram að bráðabirgðalög nr. 89/1990 feli í sér ólögmæta skerðingu á eignarrétti. Þau svipti afmarkaðan hóp launþega hluta þeirra launa

sem þeir fengu greidd frá 1. júlí 1990 án þess að nokkrar bætur komi fyrir og séu að því leyti ólík öðrum tilvikum þar sem gripið hafi verið með lögum inn í gildandi kjarasamninga. Skerðing sú á eignarrétti sem felist í bráðabirgðalögunum sé ekki almenn, heldur sérstök í þeim skilningi að hún beinist að afmörkuðum hópi manna og lækki laun hans frá því sem ákveðið hafði verið.

Ekki verður fallist á réttmæti þessara sjónarmiða. Kemur þar fyrst til að ekki er unnt að telja vinnulaun sem ekki hefur verið unnið fyrir eign í skilningi 67. gr. stjórnarskrár. Gagnstæð niðurstaða mundi gilda um laun sem þegar hefur verið unnið fyrir. Launakrafa stofnast að meginstefnu til ekki fyrr en vinnuframlagið hefur verið innt af hendi og launþegi hefur ekki þær heimildir sem felast í eignarréttindum þegar um væntanleg laun er að ræða. Löggjafinn hefur ótvíræða heimild til að breyta reglum um laun sem ekki hefur verið unnið fyrir á þeim grundvelli að þau njóta ekki verndar 67. gr. stjórnarskrár. Skiptir þá engu hvort um er að ræða stærri eða þrengri hóp sem ákvörðunin beinist að. Þannig hefur löggjafinn á ýmsum sviðum sett því skorður á hvaða verði vinna eða vörur eru seldar. Ekki fæst séð að ákvæði stjórnarskrár séu því til fyrirstöðu, sbr. einkum 69. gr.

Þá er ekki heldur unnt að samsinna því að skerðing launa samkvæmt bráðabirgðalögunum sé sérstök í þeim skilningi að hún beinist að afmörkuðum hópi manna. Samkvæmt 1. gr. laganna taka þau til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum eru í gildi við gildistöku laganna. Eins og fram kemur í bréfi fjmrn. á dskj. nr. 22 ná lögin þannig til kjarasamninga um það bil 90% launþega í landinu.

Að auki kemur fram í gögnum málsins að ASÍ hafi þegar eftir uppkvaðningu Félagsdóms haft uppi kröfur á hendur sínum viðsemjendum um sömu launahækkun og BHMR fékk og vísað þar til orðaðra forsendna í samningum sínum. Enn fremur að VSÍ og VMS hafi fallist á að verða við þeirri kröfu. Lögin eru því ótvírætt almenn með því að þau svipta stærstan hluta launþega í landinu með sama hætti launahækkun, sem þeim hafði verið ákveðin. Þar eru félagsmenn í BHMR ekki í neinni sérstöðu. Það verður því ekki á það fallist að skerðing launa samkvæmt lögunum hafi beinst að afmörkuðum hópi manna, svo sem segir í málatilbúnaði stefnanda. Það voru einmitt þessar væntanlegu launahækkanir til annarra en BHMR-félaga og þar af leiðandi víxlhækkanir launa sem beinlínis voru tilefni til lagasetningarinnar.

d. Um 73. gr. stjórnarskrár:

Loks telur stefnandi að lög nr. 89/1990 og einkum 2. og 4. gr. þeirra séu andstæð félagafrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi telur að slík löggjöf grafi undan starfsemi frjálsra stéttarfélaga og leiði til þess að félagsmenn glati trú á gildi þess að starfa í skipulögðum félagsskap með löglegum hætti til að bæta kjör sín og réttindi. Telur stefnandi að bráðabirgðalögin grafi undan þeim hugmyndum, sem 73. gr. stjórnarskrárinnar er reist á.

Vandséð er hvernig 73. gr. stjórnarskrár getur varðað kröfugerð stefnanda þessa máls. Ákvæði þeirrar greinar snýr að félagasamtökum sem slíkum. Stéttarfélag stefnanda er ekki aðili málsins. 73. gr. stjórnarskrár er máli stefnanda óviðkomandi."

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi inn í þessa umræðu og tel að með þessum röksemdum sé greinilega þeim efasemdum eytt sem fram hafa komið um það að þessi lög kunni að stangast á við stjórnarskrána.

Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um fullyrðingar sem uppi hafa verið hafðar af andstæðingum þessara laga hér á Alþingi um það að hæstv. forsrh. hafi ekki sagt þingi og þjóð satt þegar hann fullyrti að fyrir þessum lögum væri meiri hluti á Alþingi. Það vill svo til að a.m.k. 34 af hv. alþm. eru meðmæltir þessum lögum og taka á þeim ábyrgð og vilja samþykkja þau. Þar af leiðir að þá þegar af þeirri ástæðu heldur sú fullyrðing forsrh. að meiri hluti hafi verið fyrir lögunum. Hins vegar vildi svo til að hér í Nd. voru efasemdir í hugum þriggja stjórnarsinna um þessi lög og þeir lýstu reyndar andstöðu sinni við þau í bili. Það hefði getað orðið til þess að bráðabirgðalögin féllu í þessari deild jafnvel þó að svo mikill meiri hluti réttkjörinna alþingismanna styddi þessi bráðabirgðalög. Þetta er sönnun fyrir því að afnema hið úrelta deildaskipulag Alþingis og koma hér hið fyrsta á einni málstofu þannig að meiri hluti nái með eðlilegum hætti vopnum sínum. Sem betur fer (Gripið fram í.) þú færð orðið á eftir, hv. þm., sem betur fer hefur ábyrgðartilfinning einstakra þingmanna hér í Nd. leitt til þess að þeir hafa ákveðið að bregða ekki fæti fyrir þessa lagasetningu þannig að henni er tryggður greiður gangur í gegnum þingið og er það vel. Það var okkur sem að þessari lagasetningu stóðum svo sem ekkert tilhlökkunarefni að standa að henni. Við hefðum öll sömul miklu heldur viljað komast hjá því. En undan því varð ekki vikist vegna þess að við höfum tekið að okkur að stjórna landinu og við höfum tekið að okkur að reyna að stuðla að heilbrigðri efnahagsþróun og að þjóðarsáttin nái fram að ganga sem ég tel að allir hv. alþm. ættu að hafa í huga og öllum alþm. ber að reyna að standa vörð um. En það samræmist því náttúrlega ekki í öðru orðinu að þykjast vera fylgismenn þjóðarsáttar en standa svo fyrir skemmdarverkum á þjóðarsáttinni að hinu leytinu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. sem er á þskj. 244. Undir það álit skrifar hv. 12. þm. Reykv. Þórhildur Þorleifsdóttir. Hún gat ekki verið hér þar sem hún er erlendis á vegum Alþingis svo að ég mæli fyrir hennar áliti hér.

Frv. það sem hér um ræðir er til staðfestingar bráðabirgðalögum sem sett voru 3. ágúst sl. til að ógilda kjarasamning ríkisins og aðildarfélaga BHMR sem undirritaður var 18. maí 1989. Kvennalistinn var mótfallinn setningu bráðabirgðalaganna sem og öðrum afskiptum hins opinbera af almennum kjarasamningum í landinu og sendi frá sér harðorða ályktun strax 3. ágúst 1990. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Kvennalistakonur átelja harðlega að enn einu sinni skuli íslensk ríkisstjórn setja bráðabirgðalög á launafólk. Þannig er jafnt og þétt grafið undan lýðræði og mannréttindum í þjóðfélaginu.

Núverandi ríkisstjórn hóf feril sinn með því að framlengja bann á kjarasamninga sem var meginástæða þess að Kvennalistinn hafnaði aðild að henni.

Ríkisstjórnin setur nú lög á eigin samninga og beitir valdi sínu þannig til að hnekkja dómi Félagsdóms. Nú eru það samtök háskólamanna sem beitt eru lögþvingunum til þess að sveigja þau undir vilja stjórnvalda. Hverjir verða næstir?

Í raun felst í nýsettum bráðabirgðalögum afnám réttar alls launafólks til þess að semja um laun sín því ríkisstjórnin hefur sýnt að hún er tilbúin til lögþvingunar á hvað sem er, jafnvel þvert á uppkveðna dóma.

Þáttur forustumanna ASÍ og BSRB vekur furðu, þar sem þeir hafa tekið undir þann áróður að laun almenns launafólks séu meginvaldur verðbólgu og berjast nú jafnvel harðar gegn öðru launafólki en atvinnurekendum.

Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir almenning í landinu. Á hvaða leið er samfélag, þar sem stjórnvöld, atvinnurekendur og stærstu samtök launafólks sameinast um að svipta hluta launafólks samningsrétti? Hvernig er lýðræðinu háttað, þar sem stjórnvöld óvirða mannréttindi og dómstóla?

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru forkastanleg og bera vott um siðblindu. Ríkisstjórn, sem setur lög á eigin gerðir, er ekki hæf til að stjórna landinu og á að segja af sér."

Fjölmörg dæmi eru því miður um afskipti af kjarasamningum undanfarin ár og hefur Kvennalistinn ætíð mótmælt slíku. Auk þess telur Kvennalistinn ákvæði í stjórnarskránni um heimild til setningar bráðabirgðalaga bæði ofnotaða og misnotaða og hefur enda lagt fram frv. á Alþingi þess efnis að hún verði felld niður. Það er 2. mál þessa þings og er nú til meðferðar í hv. allshn. þessarar deildar. En sjaldan eða aldrei hefur sú heimild verið notuð með jafnósvífnum hætti og í þessu tilfelli, enda þessi bráðabirgðalög líklega ein þau umdeildustu í sögu lýðveldisins. Kemur þar margt til. Málið á sér langan og flókinn aðdraganda.

Umræddur kjarasamningur var gerður 18. maí 1989 eftir langt og harðvítugt verkfall. Helsti ávinninguar fyrir aðildarfélög BHMR var sá að samþykkt var að endurskoða launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Í 1. gr. I. kafla kjarasamningsins segir svo:

„Endurskoða skal launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með tilliti til ábyrgðar, sérhæfni og menntunar sem nýtist í starfi. Skal þessi endurskoðun hafa það að markmiði að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og menn sem gegna hliðstæðum störfum eða hafa sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og ekki taka laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, enda sé þá tekið tillit til hlunninda og annarra atriða sem áhrif hafa á starfskjör. Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði skulu ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun."

Sérstakri nefnd, skipaðri þremur mönnum af BHMR og jafnmörgum af fjmrh., var falið að annast þann kjarasamanburð sem um er rætt í 1. gr. og skila lokaáliti eigi síðar en 1. júlí 1990.

Til áréttingar þessu og til að tryggja framgang og framkvæmd endurskoðunarinnar og kjarasamanburðarins var sett ákvæði þess efnis að hafi nefndin ekki skilað áliti á tilsettum tíma, þ.e. 1. júlí 1990 í síðasta lagi, skuli koma til greiðsla til félagsmanna upp í væntanlegar hækkanir, sbr. 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins, en þar segir:

„Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990 skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði $1^1/_2$ launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990."

Þarna er að finna það ákvæði sem hefði fært félögum í aðildarfélögum BHMR u.þ.b. 4,5% launahækkun 1. júlí 1990 hefði það komið til framkvæmda.

Þegar „þjóðarsátt" var gerð í febrúar 1990, þ.e. samningar ASÍ og VSÍ og síðan samningar ríkisins við BSRB, fóru strax að heyrast raddir um það að ekki kæmi til greina að BHMR-félagar fengju hækkun umfram aðra. Litla furðu vakti þó að VSÍ léti þessa skoðun í ljós. Alvarlegra var að sumir forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar tóku undir sönginn. Kvað þar við alveg nýjan tón þegar látið var í veðri vaka að eitt verkalýðsfélag gæti í samningum bundið hendur annars, jafnvel ógilt þegar gerða og undirritaða samninga.

Í júní dró til tíðinda. Þann 12. júní 1990 ritaði starfandi forsrh., Halldór Ásgrímsson, BHMR þar sem einhliða var tilkynnt að ríkið hygðist ekki standa við samninga sem það sjálft var annar aðilinn að. Í því bréfi stendur m.a.:

„Ein af forsendum kjarasamnings ASÍ og VSÍ, sem aðrir kjarasamningar hafa tekið mið af, er að launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum. ... Jafnframt hefur það komið fram af hálfu fulltrúa þess launafólks, sem þegar hefur samið, að ef BHMR-félagar fengju almenna kauphækkun nú í sumar mundu þeir að sjálfsögðu sækja viðlíka hækkanir til handa sínum umbjóðendum. ... Samkvæmt þessu munu BHMR-félagar fá þær breytingar á launalið sem annað launafólk hefur samið um."

Kvennalistinn mótmælti þessum vinnubrögðum þegar í stað og sendi m.a. frá sér fréttatilkynningu í tilefni þessa atburðar sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í lýðræðisþjóðfélagi telst frjáls samningsréttur til grundvallarmannréttinda. Þegar ríkisstjórn Íslands sýnir nú sitt rétta andlit og grípur til þess ráðs að tilkynna BHMR formálalaust að ríkisvaldið hyggist ekki standa við sinn hlut í löglega gerðum og undirrituðum kjarasamningi hlýtur það að vekja ugg í brjósti margra og spurningar. Ekki síst þegar þess er gætt að þetta er ekki í fyrsta sinn sem samningsréttur íslenskra launþega er fótum troðinn og einskis virtur. Aðferðin er ný en innihaldið ekki. Þetta mannréttindabrot ríkisstjórnarinnar er því einungis tilbrigði við stef sem allir laun-

þegar ættu nú að kunna.

Fyrir rúmu ári, eftir langt og harðvítugt verkfall, gerðu BHMR og ríkið með sér samning um að endurskoða launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins í því augnamiði að þeir nytu sambærilegra kjara og fyrir sambærileg störf á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar þessarar endurskoðunar, sem ljúka átti á fyrra missiri ársins 1990, skyldu tillögur um breytingar á launakerfi BHMR framkvæmdar á þremur árum. Fyrsta skref átti að stíga 1. júlí 1990.

En þá gerist það að ríkisstjórn Íslands tilkynnir BHMR með bréfi dagsettu 12. júní 1990 að hún hafi ákveðið að fresta framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Sama dag er tilkynnt hækkun á áfengi og tóbaki og sú skýring gefin að hækkunin sé í samræmi við fjárlög. Var hækkunin til háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, sem samið var um fyrir ári, ekki inni í fjárlögum? Ætlaði ríkisstjórnin sér aldrei að standa við samninginn?

Í bréfi ríkisstjórnarinnar er vísað til „þjóðarsáttarinnar" og að framkvæmd umsaminnar endurskoðunar á launakerfi BHMR muni spilla árangri hennar. Því til stuðnings er minnt á að ein af forsendum kjarasamnings ASÍ og VSÍ, sem aðrir kjarasamningar hafi tekið mið af, sé að „launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum" (þ.e. ASÍ og VSÍ).

BHMR átti ekki aðild að þjóðarsáttinni svokölluðu. Samningur þess við ríkisvaldið var gerður tæpu ári fyrr. Hvorki ASÍ, VSÍ eða nokkur annar getur gert kjarasamninga sem breyta þegar gerðum samningum annarra.

Frestun er réttlætt með því að vitna til eftirfarandi setningar í BHMR-samningnum: „Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu." Þessi setning staðfestir að launakerfi BHMR skuli breytt, eins og 1. gr. samningsins kveður á um. Hún er ekki um það að ekki eigi að framkvæma umsamdar breytingar heldur um leiðir til þeirra breytinga.

Með því að fresta leiðréttingunni einhliða gefur ríkisstjórnin til kynna að ekki megi hrófla við ríkjandi launakerfi. Þýðir þetta að hópar, sem hér eftir semja um leiðréttingu launa, geti ekki fengið hana vegna þess að ekki megi breyta launakerfinu? Er það launakerfi, sem nú er við lýði, eitthvert náttúrulögmál?

Kvennalistakonur telja núverandi launakerfi óréttlátt og vilja raska því, ekki síst til þess að bæta hag kvenna á vinnumarkaðinum.

Ríkisvald sem opinberar virðingarleysi sitt fyrir lýðræði og mannréttindum með þeim hætti sem nú er orðið er til alls víst. Það er því áríðandi að allt launafólk skilji mikilvægi þess að undirritaðir samningar haldi — hver svo sem í hlut á — minnugt þess að þau spjót sem beinast að einum í dag geta fyrr en varir snúist gegn öðrum á morgun."

Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem er á þskj. 233 segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnir hafa áður breytt kjarasamningum með bráðabirgðalögum sem Alþingi hefur samþykkt. Alþingi hefur einnig breytt kjarasamningum með lögum." Þetta virðist sagt hér til að réttlæta þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Síðan segir: „Löggjafinn hefur þannig breytt samningum milli vinnuveitenda og launafólks óháð því hver vinnuveitandinn er," og þá er væntanlega verið að reyna að réttlæta það að ríkisstjórnin hefur sett lög á eigin samninga. Og síðan segir: „Flestir stjórnmálaflokkar hafa staðið að slíku," og það er alveg rétt og þar með talinn Sjálfstfl. sem hefur lýst andstöðu sinni við það að nú skuli vera sett lög á kjarasamninga. Er það vel að fólk skipti um skoðun og breyti afstöðu sinni. (**FrS:** Við höfum aldrei sett lög á dóm. Viltu nefna dæmi.) Nei, ég sagði það heldur ekki. Ég sagði aldrei að Sjálfstfl. hefði sett bráðabirgðalög á dóm og það vil ég ítreka, það gerði ég alls ekki. (Gripið fram í.) Það er mat margra að svo hafi verið gert, það er mat mitt og margra annarra að þarna hafi verið sett lög á dómsniðurstöðu. En það er merkilegt að það skuli vera afstaða meiri hl. fjh.- og viðskn. að þar sem áður hafi verið sett lög á kjarasamninga, þá sé orðin hefð fyrir því og nú eigum við að hafa það sem reglu að setja lög á kjarasamninga ef ríkisstjórn þóknast svo. Það er mjög alvarlegt sem stendur í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. og raunar alvarlegt ef hv. þm. Sjálfstfl. telja réttlætanlegt að setja lög á kjarasamninga og það sé einungis vegna þess að verið sé að setja lög á dóm sem þeir eru á móti þessari lagasetningu. Það þykir mér mjög miður og tel aldrei réttlætanlegt að gripið sé inn í frjálsa kjarasamninga með þeim hætti sem gert hefur verið allt of oft á undanförnum árum. Ber að leggja þá venju af fremur en að sköpuð verði hefði fyrir því og hefðin sé réttlæting fyrir því að nú skuli sett lög á kjarasamninga.

BHMR-félagar höfðu ítrekað óskað eftir viðræðum um endurskoðun á launakerfi BHMR eins og samið hafði verið um, en árangurslaust. Þetta umrædda bréf var í raun einu viðbrögðin. Eftir móttöku bréfsins brást BHMR hart við og mótmælti samningsbrotum ríkisstjórnarinnar. Jafnframt var málið lagt fyrir dómstóla og samstöðu leitað með öðrum launamönnum. Allt sumarið gekk á fundum og samningaumleitunum af ýmsu tagi.

Dómur Félagsdóms í máli Félags íslenskra náttúrufræðinga gegn fjmrh. var á þann veg að skylt væri að standa við umsamdar launahækkanir. Í dómsorði stendur m.a., með leyfi forseta:

„Viðurkennt er að stefnda, fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, sé frá 1. júlí 1990 skylt að greiða félagsmönnum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem starfa hjá stefnda og taka laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, fjárhæð sem nemur 1½ launaflokki til viðbótar launum viðkomandi félagsmanns samkvæmt 10. gr. kjarasamnings aðila."

BHMR sendi þá öllum hlutaðeigandi launagreiðendum bréf með kröfu um greiðslu á 4,5% launahækkun í samræmi við dóm Félagsdóms. ASÍ brást hart við og krafðist þess að BHMR afsalaði sér hækkuninni. Þeirri beiðni hafnaði BHMR.

Þann 27. júlí kynnti viðræðunefnd BHMR fjmrh. um samþykkt samninganefndar BHMR um breytingu á 15. gr. kjarasamningsins til að koma í veg fyrir víxlverk-

unaráhrif launahækkana, en það hafði verið ein sterkasta röksemd ríkisstjórnarinnar í málinu að framkvæmd hennar mundi leiða til óðaverðbólgu. Sú hefði eflaust orðið raunin hefði verið staðið við þær yfirlýsingar sem gefnar höfðu verið. Þar með hefðu víxlverkunaráhrifin verið komin í fullan gang. Tilgangur BHMR með tilboðinu um breytingu á 15. gr. var einmitt að koma í veg fyrir slíkt. Reyndar kom fram að það hefði fyrst og fremst verið fjmrh. sem óskaði eftir þessari grein í samningaviðræðum við gerð hans.

Þessu erindi BHMR var ekki sinnt og 27. júlí tilkynnti ríkisstjórnin að ákveðið hafi verið að segja upp samningi ríkisins og BHMR. Enn reyndi BHMR samningaleiðina og sendi ríkisstjórninni bréf dags. 30. júlí 1990. Þar segir m.a.:

„Samninganefndin vill leggja sitt af mörkum til svonefndrar „þjóðarsáttar" með því að breyta efni 15. gr. kjarasamninga aðildarfélaga BHMR frá 18. og 19. maí 1989 þannig að BHMR-félagar geti ekki krafist launaleiðréttinga ef laun hækka hjá öðrum launamönnum. Með þessu er höggvið nú strax á þann hnút sem kjaramálin í landinu virðast vera komin í og það tryggt að hægt verði að leiðrétta lægstu launin í landinu án víxlverkana. Er þetta í samræmi við óskir ASÍ og BSRB."

Ef ríkisstjórnin hefði gengið að þessu tilboði hefði eflaust verið auðveldara að taka upp viðræður við BHMR um aðra þætti samningsins og þar sem BHMR hafði með þessu tilboði sýnt bæði skilning, samstarfsvilja og ábyrgð hefði næsta skrefið átt að vera að snúa sér bæði til ASÍ og VSÍ sem gáfu út yfirlýsingu 31. júlí ásamt VMSS þess efnis að þeir mundu greiða viðsemjendum sínum sömu hækkun launa og félagar í BHMR hlytu og krefjast þess sama af þeim. Áhugi þeirra á því að þjóðarsátt héldi hefði einmitt getað birst í sama skilningi og ábyrgð og dregnar til baka yfirlýsingar um sömu hækkanir til allra. Þannig hefði verið komið í veg fyrir víxlverkun launa og verðlags og óðaverðbólgu bægt frá. Eftir hefði staðið 4,5% hækkun til BHMR-félaga sem í raun var leiðrétting en ekki launahækkun. Sú leiðrétting hefði kostað 350–400 millj. kr. sem ekki hefði leitt til neinnar almennrar hækkunar á verðlagi eða þjónustu og ekki hefði verið brotið á þeim 4 þús. ríkisstarfsmönnum sem eru innan vébanda BHMR.

Í meirihlutaáliti fjh.- og viðskn. er ein réttlætingin á því að samþykkja þessi lög og ein réttlæting ríkisstjórnarinnar á því að setja bráðabirgðalögin álit Þjóðhagsstofnunar þar sem segir orðrétt:

„Niðurstöður þessara útreikninga sýna að verði víxlhækkanir verðlags, launa og gengis með þeim hætti sem að framan greinir stefnir í stöðugt vaxandi verðbólgu." Þeir segja reyndar líka: „Tilgangslítið er að reikna slík dæmi langt fram í tímann" þannig að þetta er reiknað mjög skammt fram í tímann. „Ljóst er að á nokkrum mánuðum yrði þriggja mánaða hraði verðbólgunnar miðað við heilt ár kominn í tugi prósenta."

Þarna gefa þeir sér þá forsendu að komið verði af stað víxlhækkunum, þ.e. um leið og BHMR fái hækkun þá fái aðrir hækkun og þá fái BHMR hækkun o.s.frv. Þetta eru alveg furðulegar forsendur en það má segja þeim til málsbóta að á fyrstu síðu þessa álits þeirra segir að marga fyrirvara þurfi að hafa í dæmum af þessu tagi og ég vona að þeir hafi gert sér grein fyrir því hversu hæpið er að setja fram útreikninga á þann hátt sem þarna er gert.

Í umsögn hagfræðideildar Seðlabankans um sama atriði, þar sem forsrh. óskaði eftir því að Seðlabankinn mæti verðbólguáhrifin, kemur allt annað álit fram. Það sem segir í þeirra mati er m.a.: „Það er vissulega hægt að hugsa sér mörg önnur tilbrigði, misjafnlega háskaleg, við þá atburðarás sem hér er dregin fram" — þá eru þeir að tala um það sama og Þjóðhagsstofnun. — „Til þess að hækkun verðlags nái 20% yfir árið þyrfti t.d. víxlhækkun launa um 4,5% annan hvern mánuð fram yfir mitt ár að viðbættu mánaðarlegu gengissigi upp á um það bil 1,5% á mánuði." Algerlega er óhugsandi að mati hagfræðideildar að VSÍ mundi gangast inn á slíkt þar sem engin afdráttarlaus ákvæði eru í kjarasamningi ASÍ og VSÍ um að svo þurfi að vera. Og síðan er sagt: „Það er því mat hagfræðideildar að skynsamleg túlkun kjarasamnings ASÍ og VSÍ feli ekki í sér vá óðaverðbólgu." Ég endurtek, „skynsamleg túlkun kjarasamnings ASÍ og VSÍ feli ekki í sér vá óðaverðbólgu." Hvers vegna er þetta ekki dregið fram í umræðunni? Hvers vegna tekur meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. þetta ekki inn í sitt álit og gerir það að umtalsefni?

En ríkisstjórnin kaus að fara aðra leið en samningaleiðina við BHMR. Þann 3. ágúst voru bráðabirgðalögin sett sem grípa inn í kjarasamninga ríkisins og BHMR. Tvær mikilvægar greinar hans eru felldar úr gildi og gildistími styttur um rúmlega þrjú ár. Látið er í veðri vaka að þau nái til allra en þau gera það ekki. Tekið er fram að þau nái ekki til þeirra kjarasamninga sem þá, þ.e. 3. ágúst, eru lausir og þau breyta engu fyrir þá sem aðild eiga að þjóðarsátt. Þessi bráðabirgðalög eru því í raun sett til höfuðs fámennum hópi og er það í hróplegu ósamræmi við 28. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga." Er sá skilningur almennur að það skuli varða þjóðarheill.

Athæfi ríkisstjórnarinnar allt hlýtur að teljast ámælisvert. Aldrei var reynt að fara samningaleið og fátt eða ekkert getur réttlætt aðferðir ríkisstjórnarinnar, enda hefur BHMR ekki viljað hlíta þessu og hefur verið lögð inn stefna fyrir bæjarþingi Reykjavíkur vegna eins félagsmanna úr aðildarfélögum BHMR til kröfu á þeim 4,5% sem afnumin voru með bráðabirgðalögunum. Lagarök eru m.a. þau að BHMR telur að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrána í fjórum greinum. Vil ég lesa nokkur atriði úr stefnu BHMR, með leyfi forseta:

„1. Samtökin telja að setning laganna brjóti í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um þrískiptingu valdsins. Lögin voru sett í þeim tilgangi að ómerkja dóm sem æðsta dómsvald hafði fellt.

2. Samtökin telja að lögin stríði gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar sem eru í 67. gr. hennar. Með lögunum er hluti af launum afmarkaðs hóps þjóðfélagsþegna gerður bótalaust upptækur.

3. Samtökin telja lögin brjóta gegn 73. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um félagafrelsi. Þegar viðsemjandi beitir sér fyrir einhliða afnámi samnings er í raun og veru verið að kippa stoðunum undan starfsemi stéttarfélaga. Þar með er verið að svipta launamenn þeim rétti til frjálsrar félagastarfsemi sem stjórnarskránni er ætlað að tryggja.

4. Alþingi ræddi öll tilvik þessa máls í vetur og þar með einnig möguleikann á lagasetningu. Samtökin telja þess vegna að heimild til setningar bráðabirgðalaga skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi ekki verið fyrir hendi."

Hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson las hér greinargerð ríkislögmanns og þarf ekki að ræða hana frekar að mínu mati.

BHMR hefur einnig kært til Aþjóðavinnumálastofnunar og telur að þessi lög brjóti í bága við tvær samþykktir stofnunarinnar, þ.e. samþykktina um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega og einnig samþykktina um félagafrelsi og verndun þess. Í plaggi frá BHMR segir að þeir muni vekja athygli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á eftirfarandi aðstæðum, með leyfi forseta:

„1. Bráðabirgðalögin eru sett af ríkisstjórninni sem var samningsaðili BHMR. Annar tveggja samningsaðila getur ekki haft rétt til að ómerkja meginefni samnings þegar honum hentar.

2. Bráðabirgðalögin veitast að umsömdum kjörum afmarkaðs hóps launamanna.

3. Bráðabirgðalögin ómerkja niðurstöðu æðsta dómsvalds um kjör launamanna.

4. Bráðabirgðalög hafa undanfarin ár grafið undan starfsemi stéttarfélaga en þessi lagasetning er sérstök árás á félög innan BHMR.

5. Bráðabirgðalögin eru sett með vitund annarra stéttarfélaga sem í sínum samningum hafa gert ráð fyrir að samningur BHMR-félaganna yrði ómerktur."

Kvennalistinn telur að ríkisstjórnin hafi með vinnubrögðum sínum unnið ómældan skaða, grafið undan trausti dómstóla, rýrt álit Íslands á alþjóðavettvangi auk þess óheillaverknaðar sem setning bráðabirgðalaganna var. Sá skaði verður seint bættur sem unninn er. Þjóðarsátt er engin afsökun fyrir þessari gjörð. Á aðrar leiðir var aldrei látið reyna. Það getur ekki verið réttlátt að hluti verkalýðshreyfingarinnar þurfi að gjalda fyrir samninga sem aðrir gera. Það eru ákvæði um samningsrétt í landinu. Kjarasamningur BHMR og ríkisins er gerður tæpu ári fyrir þjóðarsátt. Hún var ekki gerð við BHMR og er ekki á þess ábyrgð. Ábyrgðin er þeirra sem hana gerðu. Við gerða kjarasamninga á að standa og þá sérstaklega þeir sem aðild eiga að þeim eins og er í þessu tilfelli.

Ríkisstjórnin segir að allt verði til að vinna svo að þjóðarsátt haldi, annars blasi við óðaverðbólga. En engin svör hafa fengist við því hvað gerist 15. sept. nk. þegar þjóðarsátt lýkur. Voru bráðabirgðalögin einungis forsmekkur þess sem koma skal? Er e.t.v. ætlunin að ríkisstjórn geti einhliða tekið sér það vald að ákvarða launakjör fólksins í landinu og gera þar með alla samninga óþarfa og ómerka? Sú ríkisstjórn, sem nú situr, hefur þegar sýnt það í verki að hún skirrist ekki við að taka sér þetta vald.

Ríkisstjórn, sem með svo hrokafullum hætti opinberar virðingarleysi sitt fyrir lýðræði og mannréttindum, er til alls vís. Því er mikilvægt, áður en spjótin beinast gegn fleirum, að stöðva hana í þessum óheillaverkum. Til að stuðla að því og til að BHMR-félagar nái þeim rétti, sem þeim ber, munu kvennalistakonur greiða atkvæði gegn þessu frv.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér er ætlað að mæla hér fyrir nál. á þskj. 245. Áður en ég vík að því langar mig til þess að segja frá því að þegar ég hlýddi á mál hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er frsm. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn., fannst mér eins og ég væri kominn í dómsal því að meginþorra ræðu sinnar eyddi hv. þm. í að lesa upp úr greinargerð ríkislögmanns. Þá sátu hér nokkrir hæstv. ráðherrar í fremstu röð en hæstv. forseti sat í forsetastól rétt eins og hann væri dómari. Nú bregur svo við að enginn hæstv. ráðherra — það er von að maður ruglist og ætli að kalla þá hæstv. sakborninga — er við hér í salnum né heldur verjandi þeirra, hv. 1. þm. Norðurl. v. Sé ég þó hann koma hér í gættina og er það vel ef hann nær að hlýða á mál mitt.

Mér er kunnugt um það, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. gat ekki verið viðstaddur þessa umræðu af eðlilegum ástæðum. En það hefði vissulega verið fengur í því ef hæstv. fjmrh. hefði mátt vera að því að verja smábroti af lífi sínu til þess að hlusta á ræður sem hér eru fluttar því að sumt af því sem sagt verður hér á erindi til hæstv. fjmrh. sem fer með þetta mál, a.m.k. þegar það kemur óþægilega við hæstv. forsrh., sem raunar er sá sem lagði það fram hér á hinu háa Alþingi.

Það eru aðeins tvö atriði sem komu fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. í hans málflutningi hér áðan, þ.e. atriði sem hann lagði sérstaka áherslu á. Fyrra atriðið var þetta: Þjóðhagsstofnun spáir því að allt fari til fjandans ef bráðabirgðalögin falla. Í áliti stofnunarinnar, sem hæstv. forsrh. bað um, kemur í ljós að verðbólgan getur farið upp í 20–40% á skömmum tíma.

Nú er það svo að allir spádómar sem þessi byggjast á forsendum. Forsendur spádóms Þjóðhagsstofnunar eru þær að í landinu sitji ríkisstjórn sem aðhafist ekkert, láti þetta allt saman afskiptalaust, og til viðbótar að aðilar vinnumarkaðarins láti sér það vel líka að verðbólga hlaupi svona upp. Á þetta er rækilega minnt í áliti Seðlabankans sem birtist sem fskj. með nál. 2. minni hl. og mun ég síðar koma að því. En með sömu rökum og Þjóðhagsstofnun notar þegar hún er að færa forsrh. vopn í hendurnar mætti halda því fram að ef það frv. sem hér er til umræðu félli yrði verðbólgan 1000% á næstu árum og jafnvel 200.000% um aldamótin. Er þá notast við sömu forsendur, þ.e. að hér sitji ríkisstjórn sem ætli sér ekkert að fást við þessi vandamál eins og Þjóðhagsstofnun virðist álíta þegar hún sendir núv. hæstv. forsrh. sitt álit. Þetta verða menn að hafa í huga þegar rætt er um forsendur spá-

dóms Þjóðhagsstofnunar.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að minna á að hægt er að fá allt aðra tölu. Ef við t.d. álítum að ekkert gerðist annað en það að BHMR fengi 4,5% launahækkun, þá mundi verðbólgan fara sáralítið af stað. Þannig má með ákveðnum forsendum finna út að þótt þetta frv. félli þá þyrfti verðbólgan ekki að aukast nema innan við 1%. Svona má leika sér með tölur.

Hitt atriðið sem kom fram í málflutningi hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er frsm. meiri hlutans, var að í raun og veru væri þetta ekki svo afleitt allt saman því að verjandi hæstv. fjmrh., ríkislögmaður, hefði greinargerð til bæjarþingsins og með því að lesa upp úr greinargerð verjanda stefnda þá var hægt að komast að þessari niðurstöðu. Það er auðvitað fátítt að gripið sé til slíks bragðs en á móti kemur að aðrir lögfræðingar, jafngildir lögfræðingar í bænum, þar á meðal tveir hæstaréttarlögmenn, hafa á undanförnum dögum verið að skrifa um þessi mál og álit beggja liggja fyrir sem fylgiskjöl með nál. 2. minni hl. Mun ég víkja betur að því hér á eftir. Það hlýtur að vekja sérstaka athygli að hv. 1. þm. Norðurl. v. skuli sækjast eftir því að bera hér á borð álit ríkislögmanns. Þess vegna er ástæða til að spyrja hæstv. forsrh., sem væntanlega kemur til með að lesa þessa ræðu, að því hvernig á því hafi staðið að ekki var leitað álits ríkislögmanns þegar margoft var bent á að hæstv. ríkisstjórn þyrfti að aðhafast eitthvað varðandi samning BHMR áður en í óefni stefndi. Hvernig í ósköpunum stóð á því að þá var ekki leitað álits ríkislögmanns?

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson hefur lagt fram fyrirspurn nú á þessu þingi og spyr til hvaða lögfræðinga hafi verið leitað þegar álit var fengið um það hvað gera skyldi. Ég hygg mig vita hvers vegna hv. þm. spyr að þessu. Það er vegna þess að það hefur verið erfitt að toga þetta upp úr hæstv. ráðherrum. Sem betur fer hlífði hæstv. forsrh. ríkislögmanni hér í ræðu um daginn og sagði að hann hefði leitað álits ýmissa aðila, þar á meðal aðstoðarmanns síns, sem hér situr í hliðarsal. Reyndar hefði það nú ekki gert útslagið heldur hitt að hann hafi spurt hæstv. fjmrh. að þessu og hæstv. fjmrh. hefði sannfært hann um það að til einskis þyrfti að grípa.

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Páll Pétursson hefði verið samkvæmur sjálfum sér hér áðan í ræðunni, þá hefði hann óskað eftir — ég ætlaði nú að segja hléi í réttinum, en maður ætti kannski að segja óska eftir því að þessu máli yrði frestað þar til dómur félli. Meginþunginn í varnarræðu hv. þm. byggðist á greinargerð verjandans í bæjarþingi Reykjavíkur. Ef hv. þm. telur að það eina sé satt sem þar standi er auðvitað eðlilegt að álykta sem svo að hann telji að nú eigi að bíða eftir niðurstöðu dómsins. Ég vænti þess að á næstu dögum, þegar þetta mál verður til umræðu, muni hv. þm. svara því hvort hann telji eðlilegt að bíða eftir því að dómur falli, en mér er sagt að hann kunni að falla snemma á næsta ári.

Eins og ég sagði í upphafi, virðulegi forseti, þá mæli ég fyrir nál. sem er á þskj. 245 og er álit 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Í þessu nál. rek ég hvernig staðið var að samningi BHMR annars vegar og ríkisins hins vegar, hverjir voru þar að verki og hvaða skuldbindingar þeir tóku á sig. Ég rifja upp samkomulagið sem kallað hefur verið þjóðarsáttin og hvernig hæstv. ríkisstjórn tók það að sér að sjá um að BHMR gengi í bandalag við hinn hluta þjóðarinnar um það að standa að þeim forsendum sem þá lágu fyrir. Þetta ætlaði hæstv. ríkisstjórn að tryggja og handsalaði það eins og upplýst hefur verið.

Loks er greint frá því hvernig úrskurður Félagsdóms féll og staðfesti skilning BHMR. Síðan er sagt frá bráðabirgðalögunum og loks frá því að ekki hafi verið nægur meiri hluti fyrir hendi á hinu háa Alþingi. Í lokin er greint frá niðurstöðu og afstöðu 2. minni hl.

Ég vek athygli á því að það mun vera einsdæmi að fjórir hæstv. ráðherrar hafi staðið að kjarasamningagerð eins og gerðist í því tilviki þegar gerður var kjarasamningur við BHMR hinn 18. maí 1989. Það er alveg ljóst að í þeim samningi var gert ráð fyrir verulegri hækkun hjá starfsmönnum ríkisins í BHMR umfram aðra launþega. Það var ljóst frá upphafi. Og í þeirri grein samningsins sem var eins konar refsigrein, en það er um hana sem styrinn stendur, var sagt beinlínis að 4,5% greiðsla væri upp í væntanlega hækkun. Ég vek athygli á þessu. Allir hæstv. ráðherrarnir sem tóku þátt í samningsgerðinni vissu frá upphafi að hverju stefndi. Það hefur verið ítarlega farið í þennan samning. Það gerði frsm. 1. minni hl. sem talaði hér næst á undan mér.

Það vekur einnig athygli að hæstv. ráðherrar töldu að þeir hefðu tekist á hendur persónulegar og pólitískar skuldbingingar. Þeir hefðu skuldbundið sig bæði pólitískt og persónulega þegar þessi samningur var gerður. Hæstv. fjmrh. lýsti þessu svo í Þjóðviljanum 19. maí 1989, einmitt á þeim degi sem samningurinn var gerður við BHMR, þ.e. viðtalið var sama dag en birtist daginn eftir. Þjóðviljinn er að okkur er tjáð málgagn hæstv. fjmrh. Ég les orðrétt, með leyfi forseta, úr þessu viðtali við hæstv. fjmrh.:

„Samningurinn sem náðist er að mörgu leyti tímamótasamningur. Með því að bera beint ábyrgð á samningavinnunni var bæði ég sem fjmrh. og síðan ríkisstjórnin í heild að taka verulega pólitíska áhættu þar sem líf hennar og kannski staða einstakra ráðherra gat ráðist af því hvernig samningsgerðin tækist." Og áfram í viðtalinu segir: „Hin beina þátttaka ríkisstjórnarinnar í samningagerðinni gæfi auðvitað til kynna að ríkisstjórnin telur sig pólitískt og persónulega skuldbundna til að vinna það verk sem fram undan er í einlægni og byggja upp trúnaðartraust á nýjan leik."

Þetta er orðrétt haft eftir hæstv. fjmrh. þegar hann hafði nýlokið við að skrifa undir þann samning sem hann síðar sveik.

Strax við gerð þessa samnings lá fyrir að ýmsir ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu sáu það í hendi sér að þessi samningur var öðruvísi og útgjaldameiri en aðrir samningar sem gerðir höfðu verið. Annars vegar vil ég benda á að Morgunblaðið skrifaði um þetta í leiðara og varpaði fram ýmsum spurningum, sem ég hygg

að hollt hefði verið fyrir hæstv. ráðherra að velta fyrir sér þá, og hins vegar skrifaði formaður Sjálfstfl. að ljóst væri að þessi samningur hefði verið gerður án þess að nokkur innstæða hefði verið fyrir þeim útgjöldum sem fylgdu í kjölfarið.

Nú víkur sögunni að því, virðulegi forseti, að gerður er kjarasamningur hinn 1. febr., sem reyndar átti nú nokkurn aðdraganda, á milli ASÍ og VSÍ og komu þar fleiri aðilar að verki. Þessi kjarasamningur hefur verið kallaður þjóðarsáttin eftir að hæstv. ríkisstjórn þáði að taka sér far með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Ég leyfi mér að kalla þennan heildarsamning sem þar var gerður þjóðarsátt þó sumum þyki það varla vera rétt nafn. Það liggur á borðinu og er viðurkennt af samningsaðilum í þeim samningi að kallað var eftir tryggingu fyrir því að kjarasamningar ríkisstjórnarinnar röskuðu ekki febrúarsamningunum. Það hefur komið fram, m.a. hjá formanni Vinnuveitendasambands Íslands, að ríkisstjórnin hafi handsalað þetta. Með öðrum orðum, strax 1. febr. var ljóst að hæstv. ríkisstjórn skuldbatt sig til þess að efna ekki samninginn og verður að skilja það sem svo að hæstv. ríkisstjórn hafi ætlað sér að tryggja að BHMR, sem hæstv. ríkisstjórn hafði samið við árið áður, ætlaði að taka þátt í þjóðarsáttinni. Auðvitað hlutu aðilar að gera ráð fyrir því að slíkt yrði gert með samkomulagi og samningsumleitunum á milli hæstv. ríkisstjórnar og BHMR. Um þetta var nokkuð fjallað í fjölmiðlum á þessum tíma. Það er hins vegar athygli vert að hæstv. fjmrh. sagði tiltölulega fljótt að í raun og veru þyrfti ekkert að hafa áhyggjur af þessu því að 1. gr. samningsins héldi. Með öðrum orðum, hæstv. fjmrh. hélt því fram að 1. gr. væri þannig að í raun og veru þyrfti ekkert að efna samninginn og þess vegna væri engin ástæða til þess að tala við hinn samningsaðilann. Þessu hélt hæstv. fjmrh. fram aftur og aftur þrátt fyrir fjölda ábendinga um annað.

Þjóðviljinn virðist hafa verið á annarri skoðun því að um þetta er fjallað strax 2. febr. í því blaði. Þá er bent á, eins og segir hér á bls. 3 í nál. 2. minni hl., að það væri „banabiti verkalýðshreyfingarinnar ef hún ætlaði sér að fá samningi við BHMR rift og varla hægt að ætla neinum slíkt brot á grundvallarmannréttindum."

Þetta er ekki upp úr Morgunblaðinu og þetta er ekki heldur haft eftir hv. þm. Geir Gunnarssyni né heldur hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Þetta er upp úr Þjóðviljanum daginn eftir að þessir samningar voru undirritaðir.

Ég læt öðrum eftir að skilja hvað í þessu felst en ég tel að þetta sanni það að a.m.k. sumir hafi álitið að það ætti að fara siðlega og löglega að þessu máli sem hér er til umræðu. Formaður Alþb., hæstv. ráðherra, kaus hins vegar að horfa fram hjá fyrirliggjandi staðreyndum og sagði að ríkisstjórnin hefði náð sínu fram án þess að beita lögþvingunum með einum eða öðrum hætti.

Skömmu eftir að samningurinn var gerður á milli ASÍ og VSÍ hófust umræður um þetta mál. Formaður Vinnuveitendasambandsins, Ari Skúlason, hagfræðingur ASÍ, og fleiri og fleiri bentu á að það þyrfti að aftengja þá tímasprengju sem fælist í samningi BHMR. Í DV 8. febr. sagði fjmrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er ljóst að Einar Oddur Kristjánsson, formaður VSÍ, hefur ekki lesið vel yfir kjarasamninga BHMR þegar hann kallaði þá tímasprengju sem þyrfti að aftengja. Það hefur engin tímasprengja verið tengd. Það er því ljóst að kjarasamningar háskólamanna munu ekki raska því jafnvægi sem nýju kjarasamningarnir eiga að tryggja á vinnumarkaði og í efnahagslífinu. Endurskoðun og breytingar á launakerfi háskólamanna verði því að vera innan þess ramma sem nýju kjarasamningarnir marka."

Þetta eru orðrétt ummæli hæstv. fjmrh.

Ég tel, virðulegi forseti, ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um söguna. Það hefur verið gert hér fyrr. En það er rétt sem kom fram hjá fyrri ræðumanni að loks hinn 12. júní aðhafðist ríkisstjórnin eitthvað. Það fyrsta sem henni datt í hug að gera var að kalla til sín fulltrúa BHMR og segja þeim að hæstv. ríkisstjórn hafði ákveðið að greiða ekki út samkvæmt samkomulaginu sem gert hefði verið árið áður. Þetta mál endaði síðan með því að það fór fyrir Félagsdóm sem er æðsti dómstóll í þessum málum. Niðurstaða Félagsdóms var skýr og hann undirstrikaði þá staðreynd sem um hafði verið deilt að áhrif kjarasamningsins voru þekkt frá upphafi og hlutu að hafa sams konar áhrif hvort sem þjóðarsáttin var gerð eða ekki. Eins er bent á þann sjálfsagða hlut að leita verði samkomulags áður en annar aðili í tvíhliða samningi tekur einhliða ákvarðanir um efnisatriði.

Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því að samningurinn sem gerður var við BHMR fól í sér þá hættu sem allir eru að tala um núna, þá vá, allan tímann. Þjóðhagsstofnun gæti nákvæmlega eins hafa reiknað þá og allar götur síðan að afleiðingin hefði verið sú sama algerlega burt séð frá framhaldinu. Það hlaut að vera ljóst þá, eins og endranær, að aðrir launþegahópar mundu aldrei þola BHMR það að þeir fengju launahækkanir langt fram yfir það sem gerðist almennt á vinnumarkaðinum.

Virðulegi forseti. Ég má til með núna þegar ég ræði þetta alvarlega mál að benda á það enn einu sinni að hér í salnum situr ekki einn einasti hæstv. ráðherra. Ég veit ekki hvort hæstv. forseta þykir þetta mál vera mjög lítið og lítils virði og í raun og veru sé það aukaatriði að troða þessu hér í gegnum þingið, en ég verð að lýsa yfir undrun minni eftir að hafa legið mjög mikið yfir þessu máli, lagt á mig mikla vinnu við að safna öllum upplýsingum, þegar ég þarf að lesa orð hæstv. ráðherra úr blöðum og fjölmiðlum öðrum, án þess að nokkur þeirra sjái sóma sinn í að vera hér við. Þetta eru þó menn sem hafa verið dæmdir af Félagsdómi og standa núna í málaferlum við BHMR. Og það er ekki nóg að hv. 1. þm. Norðurl. v. lesi hér upp lögfræðilegar greinargerðir fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Mér finnst að sakbornings arnir þurfi að vera viðstaddir. Ég veit og ég endurtek það að æðsti presturinn, hæstv. forsrh., er á spítala og kemst ekki. Við féllumst á það að flýta því að taka þetta mál fyrir í dag þrátt fyrir fjarveru hans að sérstakri beiðni hv. 1. þm. Norðurl. v.

Ég hélt ekki að allir væru þar. Nú er klukkan að verða þrjú, kannski er heimsóknartími. Ég veit ekki hvort öll ríkisstjórnin fer þangað. Ef svo er, þá held ég að rétt væri að við gæfum smáhlé. En það undrar mig stórlega satt að segja að þessi virðing sé borin fyrir því frv. sem hefur líklega verið umdeildasta frv. síðasta tíma og er hér flutt til þess að staðfesta bráðabirgðalög sem eru umdeildustu bráðabirgðalög líklega sem sett hafa verið frá upphafi. Undirstrikar þetta kannski það að hæstv. ráðherrar þola ekki sannleikann í þessu máli? Ég geri mér grein fyrir því að virðulegur forseti er að leita að hæstv. ráðherrum og skal ég halda ræðu minni áfram á meðan.

Ég er kominn að því að dómur Félagsdóms er fallinn og fyrst þá fer hæstv. ríkisstjórn að reyna að semja við BHMR. Þær samningaviðræður sem þá hófust voru hreinar sýndarviðræður, eins og reyndar hefur komið fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er ljóst að BHMR-forustan treystir ekki núverandi valdhöfum. Í viðtölum við aðra, þar á meðal forustumenn Sjálfstfl., hefur komið fram af hálfu þeirra skilningur á því að gera megi samninga við BHMR á öðrum nótum en hingað til hefur verið gert. Þeir hafa jafnframt sagt að það verði mjög erfitt fyrir þá að semja við aðila sem eru tilbúnir til að svíkja þá samninga áður en blekið þornar á samningsblaðinu.

Þá er ég kominn að því, virðulegi forseti, að hæstv. ríkisstjórn gaf út bráðabirgðalög. Það átti sér aðdraganda sem ég ætla aðeins að rekja hér. Það er ekki rétt sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði í sinni framsöguræðu að löggjöf á borð við þessa hefðu allir eða flestallir stjórnmálaflokkar staðið að. Það er nefnilega grundvallarmunur á þessum bráðabirgðalögum og þeim sem oft hefur verið gripið til og mun ég víkja betur að því síðar. En það er athygli vert þegar skoðaður er aðdragandi bráðabirgðalaganna að strax eftir að dómur féll var talað við hæstv. fjmrh. Í viðtali við DV hinn 24. júlí á þessu ári þegar hann var spurður hvort kæmi til greina að setja bráðabirgðalög á þessar hækkanir svaraði hæstv. fjmrh., með leyfi forseta, orðrétt: „Nei, það tel ég ekki vera. Það kemur ekki til greina að setja bráðabirgðalög á niðurstöður dómsins."

Undir þetta tók reyndar starfandi forsrh. Halldór Ásgrímsson eins og alþekkt er.

Það var hins vegar annað hljóð í strokknum hjá hæstv. utanrrh. Hann taldi að það ætti að segja samningum upp og setja bráðabirgðalög að hluta þannig að samningurinn takmarkaðist að nokkru leyti. Smám saman varð hins vegar ljóst að hverju stefndi. Vandinn var auðvitað hjá Alþb. en fulltrúar þess, einkum hæstv. ráðherrar, höfðu tekið mjög mikið upp í sig um þessi efni.

Í viðtali við Morgunblaðið segir hæstv. fjmrh. eftir að bráðabirgðalögin voru sett, með leyfi forseta: „Bráðabirgðalögin eru í þeirri mynd sem við vildum hafa þau." Hann var þá nýbúinn að segja að hann mundi ekki standa að því að setja slík bráðabirgðalög, ég skýt því hér inn. „Við vildum ekki takmarka samningsrétt þeirra sem eru með lausa samninga og það er ekki gert í þessum bráðabirgðalögum. Almennur samningaréttur og lýðréttindi eru ekki skert með þessum lögum." Síðan er hann spurður: En hvað ef félög með lausa samninga ætla að fá meira en felst í þjóðarsáttinni? Verða þá sett lög á þau? Hann svarar orðrétt: „Þau geta auðvitað farið fram á hvað sem er", sér er nú hvað, „en lýðræðislegur réttur þeirra til að gera sjálfstæða samninga er ekki skertur í þessum bráðabirgðalögum." Undir þetta tekur síðan hæstv. menntmrh. sem hafði keypt pakkann, hafði bitið á agnið. Hann segir í viðtali við Þjóðviljann þennan dag: „En það grundvallaratriði verða menn að hafa í huga að allir sem á annað borð hafa lausa samninga geta, ef þeir ná til þess stöðu, samið sig frá þessu. Þannig að mannréttindaákvæði laga, stjórnarskrár og leikreglu í þjóðfélaginu eru á sínum stað, hvort sem um er að ræða rétt til uppsagnar, samninga og verkfalla. Pólitískt séð fyrir Alþb. er þetta meginatriðið í mínum huga."

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að hæstv. ráðherrar Alþb. halda því fram að þeir sem hafa lausa samninga geti í raun og veru samið um hvaða launahækkanir sem er. Og nú spyr ég: Trúir því nokkur maður að það yrði þolað af hæstv. ríkisstjórn? Trúir því nokkur maður að það yrði þolað af þeirri hæstv. ríkisstjórn sem nú situr miðað við þá spádóma sem fyrir liggja hjá Þjóðhagsstofnun? Því að það vita allir að það er sama hvaða hópur fær launahækkun þá munu samningarnir frá því í febrúar gliðna og allir aðilar fá sömu launahækkun. Auðvitað eru þetta orðin tóm. Þetta er sett upp með þessum formlega hætti til að kaupa Alþb., sem hefur verið kjaftfullt af yfirlýsingum um frjálsan samningsrétt, til fylgis við bráðabirgðalögin.

En þá kem ég að því að tveir hv. þm. Alþb. greiddu atkvæði í þingflokknum gegn þessari niðurstöðu. Ég leyfi mér að vitna hér til hv. þm. Geirs Gunnarssonar sem orðaði sína hugsun eins og venjulega með mjög skýrum hætti. Hann sagði í viðtali við Þjóðviljann hinn 4. ágúst, með leyfi forseta, orðrétt:

„Ríkisstjórnin gerði þennan samning áður en þjóðarsáttin var gerð og maður verður að ímynda sér að hún hafi ætlað að standa við hann. En svo er eins og menn hafi verið ráðnir í að hafa hann að engu. Svo kom þetta áfall sem úrskurður Félagsdóms var og þá var ekki hikað við að afnema dóminn með lögum. Alltaf þegar gerð er atlaga að samningsrétti launafólks hefur það fordæmisgildi. Það veit enginn hver verður næstur."

Hugsið ykkur. Þetta er maðurinn sem mun innan tíðar hverfa af þingi til þess að hleypa hæstv. fjmrh. að. Það er munur á hugsun þessara tveggja manna.

Hv. 1. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl., gerði lítið úr því þegar gagnrýnt væri að ekki væri tilskilinn meiri hluti fyrir hendi á hinu háa Alþingi. Það mætti halda að hv. þm. gerði sér ekki grein fyrir því að Alþingi starfar í tveimur deildum. Auðvitað þarf ríkisstjórn sem ætlar að hafa starfhæfan meiri hluta að hafa meiri hluta í báðum deildum. Hugtakið starfhæfur meiri hluti þýðir það að í þingræðislandi þar sem um tvær deildir er að ræða þarf meiri hlutinn að vera í báðum deildum. Og því verður ekki haggað að þannig stóð á, eftir að

hv. þm. Stefán Valgeirsson hafði lýst yfir andstöðu sinni við lögin, að allt útlit var fyrir að þessi lög mundu falla. Það var alveg ljóst frá þeim tíma að meiri hluti var ekki til staðar. Það er alveg út í bláinn að fara að verja sig með þeim hætti, eins og hv. þm. gerði, að þetta væri efni í breytingar á stjórnarskránni á þá leið að breyta Alþingi þannig að Alþingi starfi framvegis í einni málstofu. Gott og vel. Við skulum taka hann á orðinu og segja að við séum tilbúin til þess að láta Alþingi starfa í einni málstofu. En þá spyr ég: Er ekki kominn tími til þess árið 1990 að taka eða a.m.k. takmarka bráðabirgðalöggjafarvald ríkisstjórna? Hefði ekki verið nær fyrir hæstv. ríkisstjórn þegar hún sjálf lendir í þeim ósköpum að þurfa að éta ofan í sig allar fyrri yfirlýsingar og efna til setningar bráðabirgðalaga, eins og hún gerði í sumar, að kalla saman þingið? Auðvitað hefði hún átt að gera það og þá hefðu umræður farið á allt annan veg því að þá hefði verið tryggt að umsagnir hefðu legið fyrir um það hvort þessi bráðabirgðalög stönguðust á við lög, þar á meðal stjórnarskrána, eða ekki.

Þegar hv. þm. Stefán Valgeirsson lýsti því yfir í síðasta mánuði að hann mundi greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögunum varð ljóst að ríkisstjórnin hafði misst tilskilinn meiri hluta til þess að koma frv. í gegnum Nd. án stuðnings eða hjásetu stjórnarandstöðuþingmanna. Það er athyglisvert að þrátt fyrir yfirlýsingu þingflokks sjálfstæðismanna um að greiða atkvæði gegn frv., eins og það liggur fyrir, á grundvelli siðferðis- og lagaraka kaus ríkisstjórnin að ræða ekki við stjórnarandstöðuna um framhald málsins. Í stað þess hótaði hún þingrofi sem hefði fellt bráðabirgðalögin úr gildi og í framhaldi af því átti að setja lögin á nýjan leik. Slíkt tilræði við þingræði og lýðræðisvenjur náði þó ekki fram að ganga þegar einn eindregnasti andstæðingur frv. ákvað að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna til að koma í veg fyrir að flokkur hans tæki þátt í að fótum troða leikreglur lýðræðisins ofan í það siðleysi og þau lögbrot sem áður höfðu átt sér stað í þessu máli. Það er nefnilega athygli vert að lesa og hlusta á rök hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fyrir því að sitja hjá. Þau rök eru ekki stuðningur við bráðabirgðalögin heldur þvert á móti yfirlýsing um það að hann óttist ekkert frekar en að minnihlutastjórn rjúfi þing og setji lög þrátt fyrir minni hlutann og hunsi þannig þingræðisregluna. Það er þetta sem rekur hv. þm. til þess að standa með stjórninni og sitja hjá.

Í nál. mínu fjalla ég nokkuð um aðra þætti þjóðarsáttarinnar en þá sem oftast eru til umræðu, einkum um þessar mundir. Það er nefnilega þannig að þjóðarsáttin er ekki einungis það að launamenn hafi tekið á sig 15% kjaraskerðingu til að ríkisstjórnin geti fengið tækifæri til þess að ná árangri í efnahagsmálum. Til viðbótar þarf ríkisstjórnin að sýna að hún sé að ná slíkum árangri. Á bls. 7 í nál. mínu fjalla ég um þessi atriði og þar kemur fram mjög skýrt og ljóst að ríkisstjórnin vinnur gegn þjóðarsáttinni á mörgum sviðum.

Og nú, virðulegur forseti, kemst ég ekki hjá því að spyrja: Er það virkilega svo að það hafi verið í samkomulagi milli þingflokkanna að framsögumenn í þessu stóra máli ættu að talast við hér einir eða hvort hæstv. ráðherrar hafi tekið að sér að sinna skyldum sínum og vera hér á þingfundi? Sé það svo, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherrar hafi haft leyfi og samkomulag hafi verið um það er auðvitað ekkert við því að segja. En sé ekki svo finnst mér að hæstv. forseti eigi a.m.k. að íhuga það hvort ræðumaður eigi ekki að gera hlé á sínu máli og bíða eftir því að hæstv. ráðherrar hafi tíma til að hlýða á þetta mál. Hér er þó verið að fjalla um bráðabirgðalög sem þessi ríkisstjórn setti í sumar. (**Forseti:** Vegna þessara orða hv. ræðumanns vill forseti geta þess að hann hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. fjmrh. komi hér í sal. Hæstv. utanrrh. er hér í húsi og var hér í gætt rétt áðan en er nú horfinn á nýjan leik. Mun forseti gera ráðstafanir til þess að hann komi til salar aftur.

Það samkomulag sem gert var um framgang þessa máls, sem forseti leyfir sér að fullyrða að er eitt veigamesta mál þessa þings, var að hv. frsm. meiri og minni hluta mæltu fyrir nál. hér í dag. Það var ekki rætt um viðveru hæstv. ráðherra í því samkomulagi. Hins vegar var um það rætt að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur hér á þriðjudaginn kemur þegar almenn umræða hefst að loknum flutningi manna á nál. sem hér fer fram í dag. Forseti vill hins vegar lýsa þeirri skoðun sinni, eins og hann oft hefur gert, að hv. þingdeildarmenn eigi að fara að ákvæðum þingskapa 34. gr. þar sem segir: „Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni." Þetta er ákaflega einfalt ákvæði og þessari skyldu eiga þingmenn að sinna. Það er engin spurning um það. Forseti mun enn reyna að gera ráðstafanir til þess að fá hæstv. ráðherra til að vera hér í sal við þessa umræðu. Ef hv. 1. þm. Reykv. óskar eftir að gera hlé á ræðu sinni á meðan forseti gerir ráðstafanir til að ráðherra komi, þá er það sjálfsagt.)

Mér finnst, virðulegur forseti, og ég þakka fyrir skilning sem mér er sýndur, nauðsynlegt að hæstv. fjmrh., sem á í máli fyrir dómstólum út af þessum bráðabirgðalögum, sjái sóma sinn í því að mæta hér. Jafnvel þó hann sé ekki þingmaður þá er hann þingmannsígildi og honum bera sömu skyldur og þeim sem hér sitja á þingi. Ég furða mig satt að segja á því að það sé pressað fram að hér sé verið að mæla fyrir nál. í dag án þess að hæstv. ráðherra sé við. Ég óska eftir því að gert verði hlé á þessum fundi og tel óviðurkvæmilegt annað en hæstv. ráðherra komi hér og hlusti á mál manna. Ég tel að það verði að halda þessari umræðu síðan áfram í dag. Það er ekki hægt að slíta hana svona í sundur með þessum hætti. Ég kýs því að gera hlé á ræðu minni þar til hæstv. ráðherra hefur komið í leitirnar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða hv. ræðumanns vill forseti taka það skýrt fram að samkomulagið snerist um það að umræðu yrði frestað eftir að hv. nefndarmenn gerðu grein fyrir nál. og við það verður staðið. Hins vegar mun forseti gera hlé á þessum fundi núna í 10 mín. á meðan hann gerir ráðstafanir til að ná í hæstv. ráðherra. — [Fundarhlé.]

Forseti vill upplýsa það að ekki hefur tekist að ná sambandi við hæstv. fjmrh. Forseti hefur ákveðið að verða við þeirri réttmætu ósk og kröfu hv. 1. þm. Reykv. að þessari umræðu verði eigi haldið áfram nema að hæstv. fjmrh. viðstöddum. Af þeim sökum verður þessari umræðu nú frestað og mun forseti heimila hv. 1. þm. Reykv. að halda ræðu sinni áfram þar sem frá var horfið þegar málið verður tekið fyrir nk. þriðjudag.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (183. mál, fæðingarstyrkur o.fl.) 1611, 1666.
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (117. mál, breytingar á stofnskrá) 1560, 1598.
Ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum (92. mál) 1562.
Ábyrgðadeild fiskeldislána (35. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1562.
Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða (50. mál) 1534, 1611, 1665.
Drengskaparheit unnið 1566.
Endurskoðun á gjaldtöku úr Framkvæmdasjóði aldraðra (171. mál) 1647.
Fjáraukalög 1990 (57. mál) 1467, 1566.
Fjárgreiðslur úr ríkissjóði (170. mál) 1640.
Fæðingarorlof (184. mál, lenging orlofs) 1618, 1666.
Grunnskóli (174. mál) 1560.
Heilbrigðisþjónusta (185. mál, samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík) 1590.
Jarðalög (163. mál, jarðanefndir og forkaupsréttur) 1599.
Jöfnunargjald (151. mál, endurgreiðsla og gildistími laga) 1563, 1598.
Jöfnunargjald (167. mál, lækkun gjalds og niðurfelling) 1563, 1597.
Kennaraháskóli Íslands (73. mál, rektorskjör) 1561, 1598.
Kostnaður við breytingar á Þjóðleikhúsi (119. mál) 1624.
Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (118. mál) 1561, 1598.
Landnýtingaráætlun (166. mál) 1653.
Launamál (40. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1666.
Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar (44. mál) 1560, 1598.
Rannsókn kjörbréfs 1565.
Sementsverksmiðja ríkisins (138. mál, stofnun hlutafélags) 1534, 1590.
Skipan prestakalla og prófastsdæma (177. mál, Kirkjuhvolsprestakall) 1557, 1590.
Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða (172. mál) 1636.
Tilboð ríkisstjórnarinnar í GATT-viðræðunum (155. mál) 1629.
Tilhögun þingfunda 1559.
Tilkynningar um afstöðu til bráðabirgðalaga um launamál 1461.
Umræður utan dagskrár 1468 (stjórn fiskveiða); 1657 (sala á Þormóði ramma).
Upplýsingar um öryggislögreglu Þýska alþýðulýðveldisins (127. mál) 1628.
Virðisaukaskattur (178. mál, hjálparbúnaður fyrir sjónskerta) 1558, 1590.
Ökukennsla (169. mál) 1649.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 1465, 1466, 1468, 1481, 1565, 1566, 1644, 1645.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 1634, 1635.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 1559, 1621, 1688.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 1650.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 1467, 1562, 1563, 1585, 1634, 1640, 1642, 1644, 1659.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 1590, 1621, 1647.
Menntmrh. Svavar Gestsson 1624, 1626, 1627, 1633, 1636.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1472, 1516, 1533.
Umhvrh. Júlíus Sólnes 1653, 1657.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 1586, 1628, 1629, 1630, 1635, 1637, 1639.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 1534, 1553, 1556, 1584, 1589.
Árni Gunnarsson 1605, 1656.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 1486, 1514, 1650, 1652, 1653, 1655.
Egill Jónsson 1629, 1633, 1635.
Eiður Guðnason 1548, 1624, 1626, 1627.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1545.
Friðjón Þórðarson 1599.
Friðrik Sophusson 1564, 1577, 1587, 1680.
Geir H. Haarde 1628, 1629, 1640, 1643, 1647, 1649.
Guðmundur Ágústsson 1652.
Guðmundur H. Garðarsson 1664.
Guðmundur G. Þórarinsson 1571.
Guðrún J. Halldórsdóttir 1597.
Halldór Blöndal 1468, 1523, 1554, 1557, 1558.
Hjörleifur Guttormsson 1461, 1636, 1638, 1639.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 1566, 1657, 1662.
Karl Steinar Guðnason 1493.
Karvel Pálmason 1495.
Kristinn Pétursson 1481, 1581, 1642, 1644, 1664.
Kristín Einarsdóttir 1617, 1638, 1672.
Málmfríður Sigurðardóttir 1620.
Ólafur Þ. Þórðarson 1576, 1609.
Páll Pétursson 1560, 1561, 1632, 1661, 1665, 1666.
Pálmi Jónsson 1467, 1568, 1603, 1632, 1634, 1641, 1645, 1662, 1664.
Ragnar Arnalds 1561, 1660, 1663.
Ragnhildur Helgadóttir 1465, 1606.
Rannveig Guðmundsdóttir 1601, 1619.
Salome Þorkelsdóttir 1558.
Sighvatur Björgvinsson 1566, 1646.
Sigrún Jónsdóttir 1611, 1618, 1623.
Skúli Alexandersson 1475, 1508, 1536, 1555.
Stefán Guðmundsson 1503.
Stefán Valgeirsson 1462, 1490, 1575, 1589, 1600, 1631.
Þorv. Garðar Kristjánsson 1466, 1497, 1530, 1551, 1555, 1557.

SAMEINAÐ ÞING

27. fundur, mánudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, síðari umr.

Þáltill. SvS, 62. mál. — Þskj. 62, n. 241.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Allshn. hefur fjallað um 62. mál þingsins. Hér hefur verið útbýtt nál. um till. til þál. um könnun á gerð jarðganga og vegarlagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og stuðst við umsagnir frá síðasta þingi, þ.e. frá bæjarstjórnum Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, Fjórðungssambandi Norðlendinga og Vegagerð ríkisins.

Nefnd þingmanna úr öllum þingflokkum vinnur nú ásamt Vegagerð ríkisins að gerð langtímaáætlunar í samgöngumálum. Virðist efni tillögunnar falla inn í verkefni þeirrar nefndar. Nefndarmenn eru því sammála um að heppilegast sé að umræða um jarðgangagerð og könnun hennar fari fram í þeirri nefnd sem vinnur að langtímaáætluninni.

Í trausti þess að efni þessarar tillögu verði komið á framfæri við fyrrgreinda þingmannanefnd leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta skrifa Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Kristinn Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson og Eggert Haukdal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 241 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 75. mál. — Þskj. 77.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 77 flyt ég ásamt þremur öðrum hv. þm. Suðurl. eftirfarandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Ríkisútvarpið ráði til starfa fréttamann til að annast fréttaöflun og úrvinnslu á fréttatengdu útvarpsefni frá Suðurlandi fyrir báðar rásir Ríkisútvarpsins. Fréttamaðurinn liðsinni fréttariturum sjónvarps í héraðinu. Jafnframt verði komið á fót hljóðstofu á Selfossi og húsnæði tekið á leigu eða keypt til starfseminnar í því augnamiði að síðan verði þar rekið reglulegt svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins þegar efni leyfa og næg reynsla þykir á komin."

Í greinargerð með tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Sunnlendingum hefur nokkuð þótt þeir afskiptir í umfjöllun Ríkisútvarpsins um málefni líðandi stundar undanfarið eins og raunar fleiri landsmönnum utan höfuðborgarsvæðis sem hefur þótt sinn hlutur fyrir borð borinn þegar fréttamat stofnunarinnar er skoðað ofan í kjölinn. Á árunum 1985 til 1987 störfuðu í lausamennsku fyrir fréttastofu Ríkisútvarps ötulir fréttaritarar á Selfossi sem fluttu fréttir vítt og breitt úr héraði, og var það stefna þáverandi fréttastjóra, Margrétar Indriðadóttur, að fastráða fréttamann til starfa í héraðinu um leið og heimild fengist. Þróunin varð hins vegar sú að frá ársbyrjun 1988 og út það ár var enginn lausamaður starfandi á Selfossi vegna samdráttar og sparnaðar í rekstri Ríkisútvarpsins. Þá var aftur ráðinn fréttaritari en eins og áður aðeins í hlutastarf.

Á Suðurlandsundirlendi og í Vestmannaeyjum eru samtals upp undir sex þúsund heimili sem eiga rétt á svipaðri þjónustu af hálfu Ríkisútvarpsins og Norðlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar njóta nú. Algengur misskilningur virðist vera að telja Suðurlandsundirlendið til Stór-Reykjavíkursvæðis.

Staðreyndin er hins vegar sú að í fjarlægari plássum á jaðarsvæðum Suðurlands er byggð jafnfjarri því að finna fyrir nálægð höfuðborgarinnar og sveitabær norður á Langanesi eða á Ströndum. Vissulega sækja Sunnlendingar ýmsa þjónustu til Reykjavíkur, eins og aðrir landsmenn.

Á Suðurlandi er fjölbreytt og kröftugt mannlíf sem borið er uppi af undirstöðuatvinnuvegum íslensks samfélags. Þar ber daglega eitthvað til tíðinda sem vert er að gefinn sé gaumur af hálfu fjölmiðla. Þess vegna er Sunnlendingum mikið í mun að rödd þeirra fái að hljóma til jafns við aðra á öldum ljósvakans.

Frá því eftir mitt ár 1986 og allt árið 1987 starfaði þaulvanur blaðamaður á Selfossi fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og tók hann síðan saman skýrslu um störf sín fyrir menntmrn. Þar kemur fram að á árinu 1987 voru sendar út 245 fréttir af atburðum á Suðurlandi, 114 styttri fréttir og 131 fréttainnskot (viðtöl eða lesnir pistlar). Þetta gerir nærri fimm fréttir til jafnaðar í viku hverri.

Fréttir sem tengdust Suðurlandi í heild, einkum ef um lengri fréttainnskot var að ræða, voru studdar heimildum sem sóttar voru vítt og breitt um héraðið. Sérstaklega átti það við ef um var að ræða fréttir af verkalýðs- og atvinnumálum eða málefnum landbúnaðar. Um það bil fjórðungur frétta tengdist fundahöldum eða ráðstefnum af einhverju tagi. Dreifing sendra frétta eftir málaflokkum og uppruna í héraði var" — eins og segir á síðu 4 í greinargerð, og ég tel óþarfa, virðulegi forseti, að lesa það hér upp.

„Um fréttamat fréttastofu Ríkisútvarpsins segir í skýrslu þeirri sem hér er vitnað til:

„Eftir að ég hóf þessa lausamennsku varð ég þess fljótlega áskynja að ef frá eru taldar starfsreglur Fréttastofunnar sem taka til hlutlægni frétta og vöndunar vinnubragða við öflun heimilda, varð að spila mestan part eftir eyranu hvað fréttamat áhrærði og áherslur í starfi. Þrátt fyrir góð orð um bætta þjónustu við fjórðunginn þótti mér stundum þungt fyrir þegar ég var að reyna að koma frá mér fréttum, einkum ef mikið var um að vera annars staðar. Auðvitað þarf að ritstýra útsendingum frétta og mál geta komið upp með skömmum fyrirvara sem ryðja í bili frá öðrum fréttum og léttvægari. Það er á hinn bóginn álitamál hvort einstakir meiri háttar viðburðir af innlendum toga eiga að fá svo mikið rúm að þeir kæfi að mestu annan fréttaflutning af landsmálum."

Það er vissulega ánægjuleg þróun að þjónusta Ríkisútvarpsins við landsbyggðina hefur á síðustu árum verið stóraukin. Þar má þó ekki vera um mismunun að ræða. Uppbygging þjónustu á einum stað má ekki verða til þess að þjónusta við annan verði í lágmarki. Ríkisútvarpið þarf að koma upp sambærilegri aðstöðu víðar á við það sem nú er á Akureyri, Egilsstöðum og á Ísafirði, meðal annars á Selfossi eða öðrum heppilegum stað á Suðurlandi. Einnig má benda hér á sérstöðu Vestmannaeyja. Miðað við þær upplýsingar, sem liggja fyrir í þeirri skýrslu sem unnin var fyrir Ríkisútvarpið um fréttaflutning af Suðurlandi 1987, og ef tekið er tekið mið af öðru útvarpsefni frá Suðurlandi er ljóst að þar er full þörf á að ráðinn verði starfsmaður á Suðurlandi, fréttamaður í fullt starf hjá Ríkisútvarpinu."

Virðulegi forseti. Eins og ég tel mig hafa rökstutt í greinargerðinni er mikil þörf fyrir bætta þjónustu Ríkisútvarpsins á Suðurlandi. Vissulega höfum við á Suðurlandi fréttaritara, bæði útvarps og sjónvarps. En yfirleitt er um að ræða menn sem eru í öðrum störfum og sinna fréttamennskunni í hjáverkum. Þeir verða einnig að koma sér upp aðstöðu og tækjum sjálfir, í það minnsta þeir sem stunda fréttaöflun fyrir sjónvarpið. Þær kröfur eru líka gerðar til viðkomandi fréttamanna að þeir komi fréttum til Reykjavíkur fyrir ákveðinn tíma og þá að sjálfsögðu á meðan þær eru nýjar og ferskar. Það segir sig sjálft að fréttaritarar sem sinna fréttamennsku sem hlutastarfi með annarri vinnu hafa litla möguleika til að vera stöðugt vakandi yfir því sem er að gerast á líðandi stund. Möguleikar þeirra til að vera fréttamaður á staðnum, eins og sagt er, eru líka takmarkaðir vegna vinnu annars staðar. Krafa sem gerð er með tillögu þeirri sem ég mæli hér fyrir, að Ríkisútvarpið sé útvarp allra landsmanna jafnt, er ekki ný og vissulega hefur verið reynt af hálfu Ríkisútvarpsins að mæta þeirri kröfu, t.d. með því að starfrækja svæðisútvarp á Vestfjörðum, Austfjörðum og Akureyri.

Á því er enginn vafi að efnið frá svæðisútvarpsstöðvunum bætir dagskrá útvarpsins, sérstaklega fréttir og fréttatengdir þættir frá þessum svæðum. Fréttir unnar og fluttar af heimamönnum eru oft nær raunveruleikanum en þær fréttir sem unnar hafa verið af heimamönnum og síðan sendar til úrvinnslu til Reykjavíkur til starfsmanna Ríkisútvarps eða sjónvarps. Þær fréttir fara oft þannig að það sem er aðalatriði að mati heimamanna er klippt út. Það er líka ljóst að þar sem ráðnir eru fréttamenn í fullt starf verður öll vinnsla frétta og útvarpsefnis vandaðri en þar sem aðeins eru ráðnir fréttaritarar, oft án þess að fá nokkra þjálfun og leiðbeiningar allar í lágmarki.

Tillagan er áskorun á ríkisstjórnina um að ráða til starfa fréttamann á Suðurlandi sem annist öflun og úrvinnslu á fréttum og fréttatengdu efni á Suðurlandi. Einnig skal hann liðsinna fréttariturum sjónvarpsins en starfsaðstaða þeirra á Suðurlandi hefur verið afar bágborin og hefur t.d. fréttaritari sjónvarpsins sem hefur aðsetur í Rangárvallasýslu orðið, eins og ég sagði áðan, að fjármagna tækjabúnað sinn sjálfur. Einnig er farið fram á í tillögunni að komið verði á fót hljóðstofu á Selfossi og húsnæði tekið á leigu eða keypt til þeirrar starfsemi í því augnamiði að síðan verði komið á fót reglulegu svæðisútvarpi þannig að Sunnlendingar hafi tækifæri til að koma á framfæri því sem þeir telja fréttnæmt á svæðinu ásamt öðru því útvarpsefni eða sjónvarpsefni sem til verður á Suðurlandi. Einnig má benda á sérstöðu Vestmannaeyja.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir þá tillögu sem fjórir hv. þm. Suðurl. hafa flutt og fagna þeirri tillögu, mæla með henni, og það geri ég vegna þess að ég held að bæði í þeirri ágætu greinargerð sem tillögunni fylgir og ræðu 1. flm. hafi komið greinlega fram að hér er um þýðingarmikið mál að ræða fyrir þá sem hlut eiga að máli.

Það kom fram í máli flm. að þrír fjórðungar hafa þegar þá þjónustu sem hér er verið að fara fram á fyrir Sunnlendinga. Í Vestfirðinga-, Norðlendinga- og Austurlandsfjórðungi er þessi þjónusta þegar fyrir hendi.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að fréttaþjónusta og umfjöllun fjölmiðils, eins og á vegum Ríkisútvarpsins, er mikilvæg fyrir alla sem hlut eiga að máli. Auk þess sem héraðsfréttir fá ákveðið vægi í slíkri stofnun fær fjórðungurinn sem slíkur aukna sjálfsvitund ef svo má segja. Ýmsir möguleikar fylgja framförum á þessu sviði. Mig langar aðeins til að minna á það í þessu sambandi að á Selfossi hefur þetta verið í hug manna alllengi. 1974–1986 unnu menn þar að stórbyggingu við Ölfusárbrú sem er félagsheimili, hótel o.fl. Í þeirri byggingu var þegar frá upphafi gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þessa þjónustu sem enn þá er ekki tekin í notkun. Þess vegna er það svo að aðstæðurnar bjóða sig fram. Þetta er allt saman tilbúið ef menn vilja nýta það en um það er einmitt beðið í þessari þáltill., að að því sé unnið. Afstaða bæjarstjórnar Selfoss liggur einnig ákveðið fyrir í þessu efni og ég vænti þess að þingheimur allur veiti tillögunni brautargengi.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki miklu við það að bæta

sem hér hefur komið fram í ágætri ræðu 1. flm., hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Ég vil taka undir orð hæstv. dómsmrh. að hér er um réttlætismál að ræða og mikið mál í huga okkar Sunnlendinga. Við teljum að okkar byggð hafi því miður verið afskipt hjá þessari miklu stofnun, Ríkisútvarpinu, nú um alllangt skeið.

Sem betur fer hefur Ríkisútvarpið verið að byggja sig upp víða um land og þetta hefur, má segja, orðið til þess að þjappa landsmönnum saman og gefa þeim færi á að sitja við sama borð. Eins og hér kom fram eru þetta sex þúsund heimili á Suðurlandi. Mikið starf fer fram í því kjördæmi, að því er okkur finnst. Þegar þessu er þjónað hér af höfuðborgarsvæðinu verðum við, eins og hjáleigan, dálítið afskiptir. Þess vegna legg ég áherslu á að þetta þingmál fái þinglega meðferð og góða umfjöllun í nefnd. Fyrsta skrefið væri, eins og fram kemur í ályktuninni, að ráða þarna til starfa fréttamann. Og annað skrefið síðar væri auðvitað að á Suðurlandi yrði reglulegt svæðisútvarp eins og viðgengst í hinum einstöku landshlutum. Við höfum að vísu ágæta fréttaritara hjá útvarpi og sjónvarpi sem vinna gott starf.

Ég lýk orðum mínum með því að fagna þáltill. og vænti þess að hún fái framgang á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Grænar símalínur, fyrri umr.

Þáltill. JK o.fl., 179. mál. — Þskj. 200.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem fyrir liggur á þskj. 200 um grænar símalínur sem ég flyt ásamt hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og Guðna Ágústssyni. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Stjórnarráð Íslands og helstu ríkisstofnanir semji við Póst- og símamálastofnun um „grænar símalínur" og tryggt verði fjármagn til að standa straum af þeim kostnaði sem af þessum samningum leiðir."

Í grg. segir svo: „Tækniframfarir eru örar í fjarskiptum. Þetta skapar möguleika sem ekki voru áður fyrir hendi, m.a. í gjaldtöku fyrir símtöl. Meðal þeirrar þjónustu sem Póst- og símamálastofnun býður upp á eru svokallaðar grænar símalínur. Það þýðir að símtöl eru greidd af þeim sem hringt er til og sá sem hringir greiðir aðeins samkvæmt staðartaxta.

Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og símamálastofnuninni hafa nokkrar opinberar stofnanir notfært sér þessa þjónustu," þ.e. samgrn. og landbrn.

„Hér hagar þannig til að opinberar stofnanir eru að mestu leyti í Reykjavík. Þar er einnig öll æðsta stjórn ríkisins. Mikill kostnaður er því samfara fyrir almenning í landinu að nýta þjónustu og ráðgjöf sem hægt er að fá símleiðis frá hinu opinbera og hið sama gildir um sveitarfélög og fyrirtæki. Það er réttlætismál að kippa þessu í lag og tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu lengur, enda hefur Póst- og símamálastofnun þegar gefið út bækling þar sem þessi þjónusta er auglýst.

Þetta mál væri skref til þess að jafna aðstöðuna í landinu. Segja má að sem sambærilegastur aðgangur að þjónustu hins opinbera heyri til lýðréttinda.

Fordæmi þess í málinu gæti orðið fyrirtækjum á almennum markaði hvatning til að taka upp þessa þjónustu og þar með yrði gengið enn lengra til jöfnunar að þessu leyti."

Eins og segir í grg. yrði samþykkt þessarar till. skref til þess að jafna aðstöðu í landinu. Mjög stór skref hafa verið stigin á undanförnum árum til að jafna símkostnað. Hér gerir tæknin okkur kleift að ganga enn lengra með auðveldum hætti. Meginmunurinn á því sem hér er lagt til og almennri jöfnun símataxta er sá að hér er gert ráð fyrir að stofnanir og fyrirtæki bjóði viðskiptavinum sínum þá þjónustu sem hér um ræðir. Það er ekki í valdi Alþingis að mælast til þessa fyrir aðra en opinbera aðila en fullvíst má telja að ef ríkisvaldið gengi á undan í þessu efni yrði það hvatning fyrir aðra.

Ljóst er að hér er um nokkurn kostnað að ræða. Benda má á að nokkur reynsla er fyrir hendi í þessu efni þar sem nokkrar opinberar stofnanir hafa tekið þessa þjónustu upp nú þegar þó það hafi ekki verið fyrr en á þessu ári, enda hér um tiltölulega nýtt fyrirbrigði að ræða. Einnig hafa nokkur einkafyrirtæki nýtt sér þessa þjónustu Póst- og símamálastofnunar nú þegar. Þessi þjónusta er vel þekkt erlendis og er sambærileg við þá þjónustu í Bandaríkjunum sem kölluð er 800-þjónustan. Hérlendis sem annars staðar í Evrópu hefur þessi þjónusta fengið nafnið „grænar símalínur" eða „grænt númer".

Þess má geta að sá sem hringir ber ætíð lágmarkskostnað vegna símtalsins, þ.e. hann greiðir þann staðartaxta sem gildir innan hans svæðis. Þetta þýðir að jafnrétti ríkir í þessum viðskiptum og það er eðlilegt í viðskiptum við opinberar stofnanir sem eiga að þjóna landinu öllu að þær nýti sér það þegar hægt er að koma slíku við með tiltölulega auðveldum hætti. Að öðru leyti en því að auðvitað kostar þessi þjónusta fjármuni.

Þar sem hér er um útgjaldamál að ræða fyrir ríkissjóð tel ég eðlilegt að hv. fjvn. fái þetta mál til meðferðar og umræðu þannig að ef af samþykkt yrði sé mögulegt að reikna með þessum kostnaði í rekstrarfé viðkomandi ráðuneyta og stofnana. Hins vegar er eðlilegt að Alþingi lýsi vilja sínum í þessu efni. Vona ég að þessi till. fái jákvæð viðbrögð hér á hv. Alþingi. Eins og ég sagði áður, legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. fjvn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég tel eðlilegt að upplýsa lítillega við þessa umræðu það sem á döfinni hefur verið og gert hefur verið í þessum efnum að undanförnu á vegum

Póst- og símamálastofnunar og samgrn. Þar hafa „grænar símalínur" eða „græn símanúmer" m.a. verið til skoðunar í tengslum við gjaldskrárbreytingar og aðgerðir á sl. tveim árum til að jafna símkostnað. Það liggur að vísu í hlutarins eðli að þeim mun meiri árangur sem næst í því efni að draga úr mun, sem verið hefur allt of mikill, milli langlínutaxta annars vegar og innanbæjarsímtala hins vegar þeim mun minna er í raun vægi slíkrar þjónustu eða í öllu falli er það þá minna sem munar þó svo ekki séu fyrir hendi „græn númer" sem byggja á því, eins og kom fram í máli flm., að sá sem hringir borgar sama verð hvar sem er á landinu. Engu að síður er það mikið réttlætismál að þessi þjónusta sé fyrir hendi hvað varðar hinar stærri sameiginlegar stofnanir landsmanna þannig að mönnum sé ekki mismunað með tilliti til búsetu hvað snertir kostnað við að hafa samband við opinberar stofnanir, sameiginlegar stofnanir landsmanna.

Þessi tækni er núna fyrir hendi. Það er fyrst og fremst spurning um framkvæmd eða útfærslu á því hvernig svona þjónustu verði við komið. Í því sambandi hefur Póst- og símamálastofnunin í samráði við samgrn. verið að gera ákveðnar tilraunir, fylgjast með þeim númerum sem þegar eru komin í notkun, m.a. til þess að geta síðan gefið upplýsingar um kostnað og lagt á það mat hvers megi vænta í sambandi við kostnað til að mynda opinberra stofnana, ráðuneyta, Alþingis og fleiri slíkra aðila. Ætla má að með því að fylgjast með notkun og reikna út hlutföll megi í kjölfar slíkra tilrauna meta það með nokkurri vissu hver slíkur kostnaður verður. Ég vænti þess að innan tíðar verði hægt af hálfu Póst- og símamálastofnunar að veita ákveðnar upplýsingar, a.m.k. ákveðnar vísbendingar, um það hvaða kostnaður gæti verið því samfara að taka upp slíka þjónustu.

Ég tel rétt að láta það koma fram, til að gefa mönnum hugmynd um þá breytingu sem hefur orðið á gjaldskrá undanfarin tvö ár, að það hlutfall sem á miðju ári 1988 var á milli innanbæjar- og langlínutaxta ef talað var í þrjár mínútur, annars vegar innan sama svæðis og hins vegar á lengsta langlínutaxta, dagtaxta, var 1 á móti 8,2. Þ.e. það var 8,2 sinnum dýrara að hringja á lengsta taxta en innan bæjar þriggja mínútna símtal sem er gjarnan miðað við þegar slíkur samanburður er framkvæmdur. Þetta hlutfall er núna, eftir gjaldskrárbreytingar 1. nóv. sl., 1 á móti 3,8. Af þessu eina dæmi má sjá að þarna hefur náðst verulegur árangur og mikið miðað í rétta átt. En ég undirstrika að það breytir ekki nauðsyn þess að taka upp þjónustu af þessu tagi og bjóða hana fram þangað til menn ná því marki, sem ég tel auðvitað að eigi að vera hið eina endanlega takmark í þessum efnum, að gera allt landið að einu gjaldsvæði í símaþjónustu.

Ég tel líka rétt að minna á að þessum málum hefur áður verið hreyft á Alþingi. Þannig var á 110. löggjafarþingi flutt þáltill. þar sem skorað var á ríkisvaldið að koma á í áföngum sama gjaldi fyrir símþjónustu á öllu landinu. Ég vil að sú skoðun mín komi hér fram við þessa umræðu að þó ég styðji efni tillögunnar og telji reyndar að þegar sé unnið að framkvæmd í þessa átt, tel ég að einungis beri að líta á slíkar ráðstafanir, svo nauðsynlegar sem þær eru, sem áfanga að því marki að gera allt landið að einu gjaldsvæði fyrir símþjónustu.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir undirtektir við þetta mál. Ég vildi aðeins láta það koma fram að ég er honum sammála um að þessi till. á ekki að koma í veg fyrir það að menn nái því endanlega marki að jafna símkostnað landsmanna til fulls. Hins vegar er þetta tiltölulega auðveld og fljótvirk leið til að draga verulega úr þeim mismun sem er á þessum kostnaði nú þegar. Það er einnig alveg rétt að þessi kostnaður verður þeim mun minni eftir því sem mismunurinn á langlínusamtölunum er minni og sá mismunur hefur minnkað verulega á undanförnum árum. En eins og fram kom í minni framsöguræðu vona ég að þessi till. fái jákvæða meðferð hér á hv. Alþingi og afgreiðsla Alþingis á málinu verði til að flýta fyrir nauðsynlegu jafnrétti og réttlæti í þessum efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Öflun gagna um veiðiheimildir smábáta.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Fyrir tíu dögum eða svo, á fimmtudegi í næstsíðustu viku, kvaddi ég mér hljóðs um þingsköp af þeirri ástæðu að hæstv. sjútvrh. hafði synjað sjútvn. Ed. um upplýsingar varðandi kvóta smábáta. Sú umræða fór fram þann fimmtudag þó svo að í ljós hafi komið að forseti hafi ekki greint varaforseta frá því að ég hafði beðið um orðið um þingsköp þá um morguninn. Í ræðu minni óskaði ég eftir því að hæstv. forseti beitti sér fyrir því að hæstv. sjútvrh. léti þingnefnd í té þær upplýsingar sem ég hef nú talað um.

Ég vil minna á það, hæstv. forseti, að forseti Nd., hv. þm. Árni Gunnarsson, fulltrúi Alþb. í sjútvn. Ed., hv. þm. Skúli Alexandersson, og tveir þingmenn í sjútvn. Nd., hv. þm. Matthías Bjarnason og Kristinn Pétursson, tóku undir þessar óskir. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að málið var tekið upp með þinglegum hætti í sameinuðu þingi þann fimmtudag sem hér um ræðir.

Nú hef ég gert forseta Sþ. aðvart um að ég muni kveðja mér hljóðs í dag og inna forseta eftir því hvað hann hafi gert til þess að afla þeirra gagna sem ég hef beðið um frá hæstv. sjútvrh. Ég veit að vísu að formaður sjútvn. Ed. telur óþarft að nefndin fái þessar upplýsingar í hendur, enda flokksbróðir hæstv. sjútvrh. Ég vil beina því til hæstv. forseta hvað hann hafi gert til þess að afla gagnanna. Þessi fyrirspurn var borin fram með þinglegum hætti og yfirgnæfandi fjöldi nefndarmanna í sjútvn. sem til máls tóku þeirrar skoðunar að þeir þyrftu á þessum upplýsingum að halda

vegna starfa sinna sem alþingismenn.

Ég vil einnig taka það fram, hæstv. forseti, að í mig hafa hringt fjölmargir útgerðarmenn smábáta og skýrt mér frá því hvaða veiðiheimildir ráðuneytið hefur ætlað þeim á næsta ári. Ég hef beðið um að fá skriflegar upplýsingar um það sendar úr ráðuneytinu hvernig standi á því að viðkomandi menn fái ekki frekari veiðikvóta en þar er rætt um. Og ég hef ítrekað beðið um að fá samanburð milli báta þannig að ég geti kynnt mér hvernig málin standi. Þar sem hæstv. ráðherra hefur gefið þann úrskurð að ég sem sjávarútvegsnefndarmaður hafi ekki heimildir til þess að fá þessi gögn í hendur, vil ég enn á ný ítreka, hæstv. forseti, og með þinglegum hætti hvort hæstv. forseti hafi orðið við beiðni minni eða hvort hæstv. forseti sé þeirrar skoðunar að ráðherra hafi stjórnskipulega heimild til þess að neita þingnefnd um þær upplýsingar sem ég hef nú ítrekað beðið um.

Ég vil, til þess að forðast misskilning, taka fram að þegar ég tók málið hér upp á Alþingi á fimmtudegi í fyrri viku og bað hæstv. forseta að vera viðstaddan umræðuna með löngum fyrirvara, kl. 10.30 um morguninn, málið var ekki tekið fyrir fyrr en 20 mínútur yfir 12, var auðvitað kjarni málsins sá að forseta ber að hlutast til um það ef þingnefnd hefur ekki starfsskilyrði eftir þeim almennu reglum sem þingnefndum ber að starfa í ljósi þess að ríkisstjórn starfar í umboði Alþingis og Alþingi hefur ríkt eftirlitshlutverk með ríkisstjórn á hverjum tíma.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna athugasemda hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir um það bil viku síðan, sem fram var borin vegna umræðna sem hér fóru fram um þingsköp þennan umrædda dag, hafa forsetar þingsins að beiðni hv. þm. sjálfs í dag skrifað honum bréf þar sem m.a. er að þessum atriðum vikið. Forseti vill leyfa sér að lesa þetta bréf upp fyrir hv. þingheim svo fram komi þau atriði málsins sem máli skipta. Forseti vill þó vekja athygli á því að menn biðja ekki um orðið um þingsköp með neinum fyrirvara þannig að það er undir hælinn lagt að sjálfsögðu hvaða forseti situr á forsetastóli þegar beðið er um orðið um þingsköp. Svo var einnig nú t.d. En bréfið hljóðar svo:

„Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal hefur komið að máli við forseta Sþ. og óskað eftir að hann svari því hvar þingmaðurinn hafi farið út fyrir mörk þingskapaumræðu á fundi Sþ. fimmtudaginn 29. nóv. er hann kvaddi sér hljóðs til að ræða um samskipti sjútvn. Ed. og sjútvrn., nánar tiltekið um afhendingu á lista yfir heildarúthlutun veiðileyfa til smábáta.

Forseti hefur, ásamt forsetum Ed. og Nd., kynnt sér útskrift af umræðunum sem fram fóru þennan dag. Eftir þá athugun og sem svar við þessari beiðni vill forseti taka fram eftirfarandi:

Upphaf ræðu þingmannsins og samtöl hans við forseta voru aðfinnsluverð því að sitjandi forseta, hæstv. öðrum varaforseta Sþ., var ekki sýndur sá sómi sem ber. Hún er fullgildur forseti meðan hún situr í forsetastól, eins og skýrt er tekið fram í 12. gr. þingskapa, og var í þessu dæmi fullfær um að hlýða á og bregðast við kvörtun þingmannsins.

Í öðru lagi fór þingmaðurinn of langt í að skýra bakgrunn málsins, þ.e. útgáfu veiðileyfa til smábátaeigenda og hugleiðingar við rétt smábátaeigenda til að gera athugasemdir við leyfisúthlutnina. Honum bar að vera stuttorður og fjalla aðeins um kjarna málsins, afhendingu gagnanna, en fjalla ekki um málið efnislega í þingskapaumræðu. Loks fór þingmaðurinn út fyrir öll mörk þegar hann gerði að umtalsefni för sína og sitjandi forseta til Grímseyjar fyrir skömmu. Sú för verður með engu móti tengd þingsköpum Alþingis.

Í umræðum utan dagskrár mánudaginn 3. des. sl. bar hv. 2. þm. Norðurl. e. enn fram kvörtun sína um að hann hefði ekki fengið í hendur bráðabirgðalista yfir heildarúthlutun veiðileyfa til smábáta, en í þetta sinn að viðstöddum hæstv. sjútvrh. Ráðherra gaf þá þær skýringar að hér væri um tilraunaúthlutun að ræða og í henni væru villur og þess vegna algerlega óeðlilegt að slík viðkvæm vinnugögn yrðu send þingmönnum á þessu stigi málsins. Jafnframt upplýsti ráðherra að þingmenn hefðu fengið upplýsingar um einstök atriði í úthlutuninni, jafnvel um heildarúthlutun til einstakra byggðarlaga, auk þess sem þeim væri heimilt að kynna sér hvað eina í listanum hjá starfsmönnum sjútvrn.

Forseti getur ekki kveðið upp úr um hvort fyrirmæli ráðherra um meðferð þessara vinnugagna í ráðuneytinu eru réttmæt eða ekki, en telur þó mestu skipta þá yfirlýsingu ráðherra að engum upplýsingum hafi verið haldið leyndum fyrir þingmönnum við vinnu í nefndinni. Forseti hefur ekkert vald til að skipa ráðherra fyrir um meðferð þessara gagna. Ráðherra einn ræður því hvernig með þau skuli fara en hann ber að sjálfsögðu ábyrgð á ákvörðun sinni gagnvart Alþingi. Forseti hyggst því ekkert aðhafast frekar í þessu máli.

Alþingi, 10. desember 1990.

Guðrún Helgadóttir, forseti Sþ."

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að svara efnislega því bréfi sem ég fékk í hendur fyrir tíu mínútum eða svo frá forsetum Alþingis. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að það er alveg á mörkum að almennar bréfaskriftir milli forseta og einstakra þingmanna rúmist innan umræðu um þingsköp þegar þingmaður er að inna forseta eftir því hvort hann hafi orðið við beiðni um að afla tiltekinna upplýsinga hjá hæstv. sjútvrh. Það er greinilegt af þessu bréfi samt, eins og það er lesið upp, að hæstv. ráðherra hefur ekkert gert í því máli, ekki neitt. Og það er jafnframt greinilegt að hæstv. ráðherra hyggst ekki gera neitt í málinu. Með því að gera ekkert í málinu telur hæstv. forseti að þeir þingmenn sjútvn. Ed. og Nd. Alþingis sem fóru fram á þessar upplýsingar hafi farið yfir þau takmörk sem þeim bar. Og ekki nóg með það, telur að beiðni þeirra hafi ekki verið á rökum reist. Það er mat hæstv. forseta að sjútvrh. eða framkvæmdarvaldið að þessu sinni, hafi haft stjórnskipulegan rétt til þess að halda á málinu eins og sjútvrh. hefur gert og að þeir fjölmörgu

smábátaútgerðarmenn um allt land sem hafi leitað til alþingismanna um frekari upplýsingar og samanburð á þeirra úthlutun og annarra hafi leitað til rangs aðila. Þessir smábátaútgerðarmenn geta ekki vænst þess að alþingismenn fái að fylgjast með.

Það er rangt hjá hæstv. forseta að sjútvrh. hafi ekki neitað um upplýsingar. Það kom skýrt fram í ræðu hans þegar málið var rætt utan dagskrár um daginn og ég ráðlegg hæstv. forseta að lesa þá umræðu.

Ég vil í öðru lagi segja það, sem á að vera óþarfi, að það var efnt til þingskapaumræðu um þessi mál næstliðinn fimmtudag með löngum fyrirvara, með samþykki hæstv. forseta á þeim tíma, eins og hann hefur raunar sjálfur viðurkennt, ef ég man rétt úr forsetastóli hér í þessum ræðustól. Við höfðum komið okkur saman um það að umræðan gæti hafist kl. 12. Það er þess vegna rangt hjá hæstv. forseta að sú umræða hafi ekki verið ákveðin með fyrirvara. Það er líka rangt hjá hæstv. forseta að ég hafi ekki látið vita um það fyrir fram að ég mundi kveðja mér hljóðs í dag um þingsköp til að spyrja eftir því efni sem ég er nú að tala um. Það er auðvitað aukaatriði í þessu máli hvort forseti fer rétt með. En ég fól einum starfsmanni þingsins, hringdi í hann sérstaklega fyrir helgi og bað hann um að skýra forseta Sþ. frá því að ég mundi taka þetta mál upp í dag. Sá ágæti starfsmaður hefur jafnan, svo langt ég veit, verið trúr þeim verkum sem þingmenn hafa beðið hann um. Ég efast ekki um að hann hafi komið mínum skilaboðum til hæstv. forseta þannig að bæði nú og áður hefur hæstv. forseta verið kunnugt um mína beðni. Það er hins vegar rétt að ég var ekki búinn að binda það við fastákveðinn tíma í dag við forseta hvenær ég mundi taka til máls.

Mér þykir leitt að hæstv. forseti skuli bregðast svo við, finnast ekkert athugavert við það að hæstv. sjútvrh. haldi upplýsingum fyrir nefndarmönnum í sjútvn.

Ég fékk upphringingu nú um helgina. Það var gamall maður sem hefur verið á sjónum 60–70 ár á hverju einasta ári. Hann fékk sex tonn í úthlutun. Þetta er svona dæmi af því sem hefur verið að gerast og það er úthlutun af þessu tagi sem verið er að halda leyndri fyrir sjávarútvegsnefndarmönnum Alþingis.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirra orða sem hér voru sögð vill forseti reyna að upplýsa enn og aftur og einu sinni enn að það er ekki hægt að tímasetja umræðu um þingsköp vegna þess að sá ræðumaður sem í stólnum er hverju sinni lýkur ræðu sinni áður en leyft er að ræða þingsköp. Ég vil minna hv. 2. þm. Norðurl. e. á að 29. nóv. sl. bað hann um orðið um þingsköp. 3. des. fékk hann hins vegar leyfi til þess að ræða þessi mál utan dagskrár og það er allt annað.

Í dag er umræða um þingsköp. Ef hv. þm. sem setið hafa á þingi árum saman geta ekki skilið muninn á umræðu um þingsköp og leyfðri utandagskrárumræðu þá bið ég hv. þm. að lesa sérprentun á þingskapalögum sem hver einasti þingmaður á að hafa undir höndum. Annað hef ég ekki um þetta mál að segja.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Við höfum orðið vitni að því, hv. þm., að hér séu lesin upp bréf sem fara á milli þingmanna og virðulegs forseta. Ég held að þetta sé nú allt að því einsdæmi í þingsögunni. Tilefnið var þingskapaumræða hér fyrir nokkrum dögum síðan, þingskapaumræða sem varð til af því að við nokkrir þingmenn óskuðum eftir því að við fengjum í hendur ákveðin gögn sem sjútvrn. hafði kynnt okkur. Ekki það að við færum að nota þau til þess að upplýsa hvern sem væri um það sem í þeim stæði, heldur til þess að við vinnu okkar í þinginu gætum við haft þessi gögn og gefið nauðsynlegar upplýsingar eða leitað nauðsynlegra upplýsinga í þeim gögnum.

Á síðustu dögum hefur komið mjög greinilega í ljós þörf okkar til að hafa þessi gögn í höndum, ekki eingöngu vegna þess sem við höfum lýst hér áður til þess að geta upplýst ýmsa sem við okkur tala um þeirra eigin stöðu, heldur til þess að geta tekið þátt í þeirri umræðu sem hæstv. sjútvrh. hefur haldið uppi um þessi mál í fjölmiðlum og vítt um landið. Ég kem hér upp til þess að endurtaka þá ósk mína að við þingmenn í sjávarútvegsnefndum fáum þessi gögn í hendur til þess að við séum jafngildir hæstv. sjútvrh. þegar verið er að fjalla um þessi mál á fundum og í beinum viðtölum við þá aðila sem þessi mál snerta. Það er alveg fráleitt að þingmenn séu settir á lægri skör en hæstv. ráðherra sem hefur möguleika til að svara hverjum og einum um þessi mál þegar um þau er verið að fjalla og deila.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins skýra frá því, ef það hefði farið fram hjá einhverjum hv. þm. sem hefur komið fram áður í umræðum um þessi mál, að á fund sjávarútvegsnefnda mættu fulltrúar sjútvrn. ásamt þeim fulltrúum sem unnu að útreikningum á aflakvóta til umræddra smábáta. Það voru fulltrúi Fiskifélags Íslands, fulltrúi Félags smábátaeigenda og fulltrúi sjútvrn.

Skýrt kom fram hjá þessum aðilum að þeir væru tilbúnir til þess að fara yfir öll þau gögn sem þeir hefðu undir höndum með sjávarútvegsnefndarmönnum og með hverjum og einum þingmanni, hvort sem það væri í herbergjum þingnefndanna eða uppi í sjútvrn. Þar var engu að leyna. Þeir voru tilbúnir að fara yfir öll þessi gögn með nefndarmönnum eða þingmönnum í herbergjum okkar, þar sem við höfum starfsaðstöðu, eða uppi í sjútvrn. Þetta eru staðreyndir málsins og þetta boð stendur enn. En merkilegt nokk, mér er ókunnugt um það að nokkur af sjávarútvegsnefndarmönnum eða þingmönnum almennt hafi leita til þessara manna til að fá einhverjar upplýsingar. Hér tala menn hins vegar endalaust um þessi mál.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér heyrist sem formaður sjútvn. Ed., Stefán Guðmundsson, sé hér að efna til málefnalegrar umræðu um sjávarútvegsmál sem ekki var mín

hugmynd. Ég hafði kvatt mér hljóðs um þingsköp til þess að vekja athygli á afgreiðslu hæstv. sjútvrh. á málinu og sinnuleysi hæstv. forseta fyrir því að þingmenn fái nauðsynleg gögn í hendur. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég hef beðið um það í sjútvrn. að fá send gögn. Því hefur verið synjað en á hinn bóginn hefur mér verið boðið það að hlaupa upp í ráðuneyti í hvert skipti ef ég þarf á upplýsingum að halda og þar má ég lesa yfir bakið á ráðuneytismönnum einhverja pappíra sem þeir leggja fyrir mig. Er það einhver afgreiðsla á þingnefndum? Ekki þykir okkur það, þeim sem hugsa á svipuðum nótum og ég. En ég veit að formaður sjútvn. gegnir mjög ötullega því erindi sem hæstv. sjútvrh. hefur falið honum, að reyna að koma í veg fyrir að nefndarmenn fái þær upplýsingar sem þeir þurfa á að halda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 3. þm. Norðurl. v. biður nú um orðið um þingsköp. Forseti vill minna hv. þm. á að halda sig við þingskapaumræðu.

Stefán Guðmundsson:

Já, ég hef reynt að halda mig við þingskapaumræðuna. Ég kem hér aftur til að mótmæla því sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal. Ég hef ekki gengið erinda sjútvrh. í þessu máli. Ég hef aðeins reynt að gegna skyldu minni sem formaður nefndar og verða við óskum Halldórs Blöndals um það að kalla sjávarútvegsnefndir deildanna saman til fundar til þess að skoða þessi mál og athuga. Og ég vil endurtaka að ef Halldór Blöndal er orðinn svo fótafúinn að hann komist ekki upp í ráðuneyti þá stendur það enn til boða hjá þessum mönnum, sem eru ekki bara starfsmenn ráðuneytisins heldur þeir sem unnu þetta starf á vegum ráðuneytisins og voru fulltrúar Félags smábátaeigenda, Fiskifélags Íslands og sjútvrn., að þeir eru tilbúnir að koma hér niður í Alþingi og fara yfir þessi gögn með okkur þar sem við höfum okkar vinnuaðstöðu úti í Þórshamri. Þetta stendur öllum til boða, ekki bara okkur sjávararútvegsnefndarmönnum, heldur öllum þingmönnum. Og það er margbúið að koma hér fram.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Vera má að hv. formaður sjútvn. Ed. álíti okkur eitthvað fótfúnari en hann sjálfan. En jafnvel þó að ástæðan sé ekki sú að við séum fótfúnir eða séum að koma okkur undan því að fara upp í sjútvrn. til þess að lesa þar gögn sem okkur hefur verið boðið upp á lesa þar, svo og í kringum borð á fundum sjútvn., þá er það þannig að þó að við séum sjálfsagt nærmir þá erum við líklegast ekki eins nærmir og hv. þm. álítur sjálfan sig að það geti dugað honum að fara upp í ráðuneyti og líta yfir allan þann lista og geta notað hann síðan í viðtölum við þá aðila sem hafa samband við okkur. Það er náttúrlega alveg útilokað að þegar viðkomandi aðilar, norðan úr Grímsey, vestan af Hellissandi eða annars staðar, hringja í okkur, oftast nær utan þingtíma, höfum við enga möguleika til þess að leita upplýsinga niðri í ráðuneyti eða til ráðherra eða kalla saman fund í sjávarútvegsnefndum. Það sem hv. formaður sjútvn. Ed. er að segja hér er því eingöngu útúrsnúningur gagnvart þeirri beiðni sem við höfum flutt fram. Og ég endurtek þá beiðni að við fáum þessi gögn í hendur og getum notað þau, vitaskuld sem trúnaðarmál í viðræðum okkar við þessa aðila.

Umræður utan dagskrár.

Stjórn fiskveiða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hér hefst nú utandagskrárumræða að beiðni hv. 5. þm. Austurl. um stjórn fiskveiða. Þessi umræða fer fram skv. 32. gr. þingskapa og má standa í allt að hálftíma.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að biðja hæstv. forseta um utandagskrárumræðu vegna enn einnar uppákomu í sambandi við stjórnun fiskveiða. Og ég þakka hæstv. forseta fyrir að verða við beiðni minni um umræður hér utan dagskrár.

Svo er mál með vexti að á forsíðu Þjóðviljans sl. laugardag er haft eftir eftirlitsmanni sjútvrn. að yfirvigt í afurðum frystitogara sé allt að 10%. Eftirfarandi kemur þar fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ægir Ólafsson, veiðieftirlitsmaður hjá veiðieftirliti sjútvrn., segir að samkvæmt þeirra pappírum sé yfirvigtin hjá frystitogurum fram hjá kvóta allt að 2 kg í hverjum 20 kg pakkningum, eða um 10%. Hann segir að auðvitað safnist þetta saman og þetta mál verði að taka föstum tökum."

Enn fremur kemur hér fram: „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur síðustu ár rannsakað nýtingu afla frystitogara og að sögn Jóns Heiðars Ríkharðssonar hefur hún að jafnaði verið um 55% á botnfisktegundum sem þýðir þá að 45% er hent." Þetta á við um nýtingu hvers fisks.

Ég vil ítreka það, hæstv. forseti, að hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni. Á síðasta ári voru fryst úti á sjó um 108 þús. tonn. Ef um er að ræða einhverja yfirvigt í þessum pakkningum, eins og kemur fram hjá eftirlitsmanni sjútvrn. að sé, þá er það fiskur utan kvóta. Þetta er sérstaklega alvarlegt í ljósi þeirrar staðreyndar að frystiskip hafa verið að kaupa aðra upp í þessari svokölluðu hagræðingu. En hagræðing í sjávarútvegi fer þannig fram, að mati hæstv. sjútvrh., að útgerðarmenn kaupi upp vandamál hvers annars.

Ég vil í framhaldi af þessu spyrja hæstv. sjútvrh.: Vill hæstv. sjútvrh. staðfesta það hér að eftirlitsmaður ráðuneytisins fari með rétt mál um að yfirvigt umfram leyfilegan afla hjá frystitogurum sé allt að 10%?

Í öðru lagi vil ég spyrja: Hversu lengi hefur hæstv. sjútvrh. verið þetta ljóst og hvers vegna hefur ekkert verið aðhafst í málinu?

Í þriðja lagi vil ég svo ítreka þetta: Vill hæstv. sjútvrh. afhenda sjávarútvegsnefndum Alþingis þau gögn

sem til eru um þetta mál í ráðuneytinu ásamt margnefndum kvóta trillubáta eða svokallaðri tilraunaúthlutun? Er eitthvað í þessum gögnum sem hæstv. sjútvrh. getur rökstutt hér fyrir hv. Alþingi? Hvers vegna megum við sjávarútvegsnefndarmenn ekki fá þessi gögn um trillukvótann? Hvers vegna er þetta svona voðalega mikill trúnaður? Hvers vegna megum við ekki fá þessi gögn?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. hafði samband við mig um hádegisbilið og spurðist fyrir um það hvort ég hefði eitthvað á móti því að hér færu fram umræður utan dagskrár um þetta mál. Ég sagði að það væri að sjálfsögðu undir Alþingi komið að ákveða slíka umræðu en ég vissi ekki til þess að sú umræða ætti að fara hér fram í dag fyrr en fyrir nokkrum mínútum síðan. Ég vil samt reyna að svara hv. þm. eftir bestu getu um þetta mál.

Hér liggur til grundvallar frétt í dagblaðinu Þjóðviljanum frá sl. laugardegi. Sá veiðieftirlitsmaður sem hér er vitnað í segist ekki hafa viðhaft þessi orð og fréttin sé röng. Hann segist hafa verið spurður um það hvort það væri rétt að þessi umframvigt væri allt að 10% og hann svarar því til að hann kannaðist ekki við það. Hann mun að sjálfsögðu leiðrétta þetta. Ég hef ekki haft tækifæri til að ræða við hann en ég veit að hann hefur komið athugasemdum á framfæri við blaðið um þetta mál.

Hið rétta í málinu er að fyrir alllöngu síðan var gert úrtak á afla um tíu frystiskipa. Þetta úrtak var ekki mjög stórt. Í flestum tilfellum var enginn munur en í öðrum tilfellum var lítils háttar munur. Nú hefur verið ákveðið, og það er hv. alþm. kunnugt um vegna þess að við höfum afhent þeim uppkast að þeirri reglugerð, að breyta vigtun að því er frystitogarana varðar um næstu áramót. Og hv. þm. er jafnframt kunnugt um það, af fundi sem þeir áttu með aflanýtingarnefnd fyrir nokkru síðan, að það verða teknir upp einstaklingsbundnir nýtingarstuðlar fyrir hvern og einn frystitogara frá og með næstu áramótum.

Ég tel mig því hafa svarað spurningunum. Fréttin er röng og þar af leiðandi hefur sjútvrh. ekki verið það ljóst sem þarna er sagt, enda ekki rétt. Í þriðja lagi um að afhenda sjávarútvegsnefndum öll þau gögn sem til eru. Ég hef svarað því áður. Ég er tilbúinn að afhenda sjávarútvegsnefndum þær upplýsingar sem spurt er um en ég get ekki lofað því fyrir fram að afhenda öll gögn sem í ráðuneytinu kunna að vera, enda hlýtur að vera aðalatriðið fyrir alþingismenn að fá upplýsingar um það sem spurt er um en ekki öll gögn ráðuneytanna. Það eru aðrir sem fylgjast með framkvæmdarvaldinu, það er Ríkisendurskoðun. Ég vænti þess að það sé vel gert og hún gefur Alþingi skýrslu um það hvernig framkvæmdarvaldið stendur að sínum málum.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli þingheims á því að ég hef heimild hæstv. forseta, hæstv. sjútvrh. og hv. málshefjanda í þessari umræðu, Kristins Péturssonar, til að víkja aðeins út frá efninu. Það varðar þó sjávarútvegsmál.

Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á sameiginlegri ályktun bæjarstjórna Akureyrar og Siglufjarðar, bæjarstjórans í Bolungarvík og hreppsnefndar Raufarhafnar til sjútvrh. hér í gær. Þar segir, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórnir Akureyrar og Siglufjarðar, bæjarstjórinn í Bolungarvík og hreppsnefnd Raufarhafnar vilja með ályktun þessari vekja athygli sjútvrh. á því að það veldur mikilli röskun í atvinnumálum þessara byggðarlaga og verulegum rekstrarerfiðleikum hjá loðnuverksmiðjum þessara staða að loðnuveiðum skuli nú vera hætt. Bræðsla loðnu ásamt ýmissi þjónustu við loðnuflotann er mikilvægur þáttur í atvinnulífi þessara staða. Bæjarfélög eru því í hópi hagsmunaaðila eins og útgerðarmenn og sjómenn."

Og enn fremur segir: „Nú er upplýst að ekki verður fylgst með loðnugöngu fyrir Norðurlandi fram yfir áramót en áður hefur það sýnt sig að skjótt skipast veður í lofti í þessum efnum. Þess vegna skora ofanritaðar sveitarstjórnir á þig sem sjávarútvegsráðherra að þú beitir þér fyrir því að nú þegar verði rannsóknaskipum haldið úti og jafnframt verði 3–4 loðnuveiðiskip styrkt til áframhaldandi leitar á miðunum fyrir Norðurlandi það sem eftir lifir til áramóta." Nú hefur það komið fram hjá forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Jakobi Jakobssyni, í viðtali við Sjávarfréttir að hann er mjög óánægður með fjárveitingar til fiskirannsókna yfirleitt.

Ágústmælingar á loðnustofninum hafa gefið í skyn að '89-árgangurinn sé lélegur en hann ætti að vera burðarásinn á næstu vertíð. Það er mat Hafrannsóknastofnunar að hrygningarstofninn sé aðeins um 370 þús. lestir og ástandið mjög svipað og þegar stofninn hrundi fyrir tæpum áratug. Það er eins og menn gleymi því að stofninn var mældur innan við 100 þús. lestir á sama tíma í fyrra en þá voru gefnar út yfirlýsingar að hann væri hruninn. (Forseti hringir.) Ég heyri að tími minn er á þrotum en það sem ég hefði viljað koma á framfæri er að það er fyllsta ástæða til þess að vel sé fylgst með loðnugöngum fyrir Norðurlandi. Það hefur komið fram í ályktunum sveitarstjórna fyrir Norðurlandi, frá Bolungarvík til Raufarhafnar, og ég hefði viljað leggja til og spyrja sjútvrh. hvað honum finnist um þá hugmynd að viðkomandi loðnuverksmiðjur fái að tilnefna loðnuskip til leitar á þessum tíma og að það verði fjármagnað af loðnuverksmiðjunum sjálfum, eða eins og segir í ályktunum fiskiþings og aðalfundar LÍÚ að „2% af tekjum af heildarloðnuafla verði veitt til þess að styrkja útgerðarfyrirtæki til að taka þátt í þessari loðnuleit."

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í umræddri blaðafrétt sem hv. 5. þm. Austurl. las upp úr stendur sitthvað fleira. Bátasjómaður í Grímsey segir að kvótakerfið hvetji menn

frekar en letji til að kasta fiski í sjóinn og hann telur ekki fjarri að áætla að á ári hverju fari þannig í súginn allt að 50–60 þús. tonn eða árlega um heildarafli smábáta. Og rökin fyrir þessari iðju telur hann vera að í takmörkuðum kvóta kappkosti menn við að koma með að landi fisk í hæsta gæðaflokki. Ef það er ekki hægt einhverra hluta vegna, þá er aflanum frekar hent en að fá lítið sem ekkert fyrir hann. Enn fremur gagnrýna smábátasjómenn alla nýtingu frystitogaranna, eins og kom hér fram áðan, en þar sé hugsað um það eitt að hirða verðmætasta hluta aflans en afganginum hent aftur í sjóinn. Þeir segja að umgengnin á miðunum að þessu leyti sé fyrir neðan allar hellur og mundi mörgum blöskra ef það væri látið viðgangast uppi á landi. Þannig býður kvótakerfið upp á að fiski sé hent. Þetta hlýtur að veikja trú manna á þeirri stefnu sem hér er rekin í fiskveiðum.

En viðvíkjandi úthlutun aflaheimilda langar mig til að gera fyrirspurn til ráðherra. Togari hefur verið bundinn við bryggju í allt að tvö ár. Í þessum tillögum um veiðiheimildir sem nú liggja fyrir eru veiðiheimildir hans auknar um 300 tonn. Þegar spurt er um ástæður fyrir þessu eru svörin þau að viðmiðunin sé það sem togarinn hefði getað veitt hefði hann verið á veiðum. En um leið og slík ákvörðun er tekin eru veiðiheimildir skertar á öðrum skipum og bátum. Því fá þeir sem sannanlega hafa verið á veiðum þá skerðingu en ekki auknar heimildir? Þurfa að vera einhverjar hugmyndir um eitthvað sem hefði getað gerst til að menn fái aukningu á sínum heimildum? Ég vil fara fram á það við hæstv. ráðherra að hann gefi skýringu á því á hverju slíkir úrskurðir eru byggðir, sem satt að segja eru lítt skiljanlegir fyrir venjulegt fólk.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Vera má að ýmislegt sé málum blandið í upplýsingum í þeirri frétt sem birtist í Þjóðviljanum og hér er til umræðu. Mér sýnist það svona fljótt á litið að það sé víðar en á þann veg sem hæstv. ráðherra var að upplýsa, að ekki væri rétt haft eftir veiðieftirlitsmanni. Hér er t.d. sagt í fyrirsögninni: „Meðaltalsnýting á botnfisksafla frystitogara er 55%."

Ég fékk í hendur yfirlit frá sjútvrn. um það hvað ráðuneytið reiknar nýtingu hjá frystitogurunum. Það er dálítið annað en þetta. Það er t.d. flök, roðflett með beinum 41,5%, flök með roði, beinlaus 40%, flök roðflett og beinlaus 37%, flök með roði og beinum 44,5%. Þannig er útreikningur ráðuneytisins á nýtingu afla sem skipin koma með að landi. Hér virðist því ýmislegt misfarið og kannski á þann veg að menn viti ekki almennilega hvað þeir eru að tala um. Mér sýnist það einmitt eiga við um það sem hæstv. ráðherra sagði hér að nú skal fara að breyta nýtingarútreikningi á frystitogurunum. Hvað höfum við búið við á undanförnum árum? Eitthvað sem hefur verið rangt fyrst núna þarf endilega að fara að breyta. Ætli að það sé ekki allt í lagi með nýtinguna sem hér er áætluð 41,5%. Ég er ekki að segja að hún sé meiri hjá togurunum og jafnvel minni, jafnvel niður í 38 eða 37%, en eðlileg nýting samkvæmt útreikningum þeirra sjálfra er 45%. Þannig er ástandið í kringum þessa grein sem mestur vöxturinn hefur verið í á tímabili núverandi fiskveiðistjórnar. Það er margföldun í aukningu, sá afli sem sóttur er á þessum skipum.

Til viðbótar langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. um það sem hann sagði hér áðan að, það væri Ríkisendurskoðun sem ætti að fylgjast með störfum hans og ráðuneytisins. Er ekki Ríkisendurskoðun undir Alþingi? Og er ekki Alþingi þá yfir þessum stofnunum báðum? Og fær ekki ráðherra sitt vald frá Alþingi og ber ekki ráðherranum, þó að milliliður sé þarna til í einhverjum greinum, að fara fyrst og fremst eftir vilja og óskum Alþingis og alþingismanna?

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál er nú stærra og viðameira en svo að hægt sé að segja mikið um það á tveimur mínútum. Ég held að þessi mál séu orðin þannig að það sé alveg útilokað annað en endurskoða þau lög sem eiga að taka gildi nú um áramótin. Ég ætla mér ekki að ræða það neitt hér. Ég mun reyna að koma því hér inn á þing öðruvísi ef ég sé að þessu máli, eins og það lítur út í dag, verður sýnt það tómlæti að það verði ekki rætt á annan veg eða skoðað en undir þessum stutta tíma sem er hér til umráða. Það er ófriður um allt land. Það er óánægja um allt land. Við höfum ekki einu sinni frið um helgar ef við erum heima og verðum jafnvel að flýja frá símanum til þess að komast í ró út af þessum málum. Ég held því að það þurfi nú að taka á þessum málum og ég skora á hæstv. sjútvrh. að beita sér fyrir því. Það er ekkert gaman að standa í illindum við ríkisstjórnina út af þessum málum og það er ekkert gaman fyrir hann eða þegnana í landinu að búa við þetta ófriðarástand eins og nú er.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Við fengum hér ákaflega skýr svör hjá hæstv. ráðherra. Ég þakka honum fyrir þau. Eftirlitsmaðurinn kannast ekki við að þetta sé rétt sem eftir honum er haft í Þjóðviljanum, á forsíðu þess ágæta blaðs, og ráðherrann kannast þar af leiðandi ekki við málið sjálfur. Þetta er svarið. Fréttin er þá sem sagt röng. Þá stendur það náttúrlega eftir að fréttamaðurinn sanni sitt mál. En því miður hafa þessar sögur um yfirvigt gengið í meira en eitt ár. Menn eiga náttúrlega ekki að fara eftir sögum. Ég taldi, hæstv. forseti, að þessi frétt væri staðfesting vegna þess að þetta er haft eftir eftirlitsmanni hins háa ráðuneytis. En ég spyr: Af hverju þarf þá að breyta reglum um vigtun frystitogara núna? Hvaða forsenda var þá fyrir því að breyta þeim núna? Það þarf að gefa út nýja reglugerð um breytingu á vigtun afla og það á að vigta allan afla af frystitogurum þegar hann kemur í land. Allt á að fara upp á löggilta hafnarvog og vigtast þar. Hvaða ástæða var þá fyrir því að gefa út nýja reglugerð ef þetta var allt í svona fínu lagi?

Ég vil svo ítreka það hér að það er hlutverk okkar alþingismanna að reyna að semja almennileg lög. Lög um takmörkun á atvinnufrelsi eins og þessi lög eru mjög alvarleg löggjöf. Mér finnst satt að segja að það hafi verið mikil lífsreynsla að starfa sl. vor í þessari hv. deild. 42 þingmenn fengu 24 klukkutíma til þess að fjalla um þetta mál. Í hv. Nd. Alþingis fengum við 24 klukkutíma til að afgreiða 14 mál og þetta var eitt þeirra. Hvernig eiga alþingismenn að gera skyldu sína og búa til almennileg lög þegar hrossakaupin eru með þessum hætti og hlutunum rutt hér út úr deildinni?

Það kom líka fram í umræddri frétt að fiski væri hent. Ég lét gera skoðanakönnun á því í vetur hvað miklum fiski væri hent. Ekki var fyrr búið að birta þá könnun en alls konar spámenn fóru að gera vart við sig og segja að þetta væri allt saman rangt. Það kom fram fjöldi manna sem sögðu það. En hversu margir báðu um að fá að skoða umrædda könnun? Ég hafði hugsað mér að nota þessa könnun m.a. til þess að fá að vinna málið hér í Nd. Alþingis. Hversu margir báðu um að fá að skoða umrædda könnun? Enginn einasti maður hefur beðið um að fá að líta á þessa könnun. Þá varðar ekkert um það hvernig hún var unnin.

Hæstv. sjútvrh. segir að við verðum að fara í Ríkisendurskoðun til þess að fá þessi plögg varðandi tilraunaúthlutun smábátakvóta. Það finnst mér dálítið langt en það má þá reyna það. Það er mikið verk fram undan hjá umboðsmanni Alþingis. En ég ítreka það að það eru skyldur alþingismanna að semja almennileg lög svo að borgararnir geti búið við sæmileg lög og borið virðingu fyrir þeim lögum sem eru í gildi. Ég vil að síðustu segja, hæstv. forseti, með lögum skal land byggja en ólögum eyða.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það væri ástæða fyrir mig að segja ýmislegt við þessa umræðu miðað við það sem hér hefur komið fram en ég skal þó reyna að takmarka mál mitt við það sem beint hefur verið spurt um.

Að því er loðnuveiðarnar varðar voru það váleg tíðindi þegar rannsóknir á loðnustofninum leiddu það í ljós að stofninn væri mjög lélegur. Það var kallaður saman fundur og það voru ekki gerðar athugasemdir við það hjá hagsmunaaðilum að við færum fram á það við loðnuflotann að hann hætti veiðum sem allra fyrst. Það var gert og jafnframt var fljótlega ákveðið að senda eitt af rannsóknarskipunum til þess að fylgjast með ástandinu á miðunum. Sú tillaga að senda loðnuskip til aðstoðar á miðunum er ekki talin nauðsynleg á þessu stigi máls. Ég vil taka það fram að það er mjög líklegt að fá loðnuskip á miðunum gætu veitt nokkuð vel en búast má við þegar allur flotinn kemur til veiðanna að loðnan tvístrist og lítið aflist.

Við teljum ekki rétt að taka mikla áhættu í þessu máli og viljum fá frekari upplýsingar áður en nokkuð verður meira aðhafst. Við munum meta þetta mál þegar Árni Friðriksson hefur lokið sínum rannsóknum og taka ákvörðun um næsta skref. Alla vega verða tvö rannsóknarskip send út um áramótin. Það verður þá jafnframt metið áður, eftir að Árni Friðriksson hefur lokið sinni rannsókn, hvort allur flotinn fer til veiða eða hluti hans.

Að því er varðar spurningu hv. þm. Málmfríðar Sigurðardóttur, 7. þm. Norðurl. e., þá er það svo að sóknarmark skipanna var lagt niður og ákveðin ný skipting á milli skipanna vegna þessa. Þau skip sem minnst höfðu í flotanum fengu hlutfallslega meiri bætur en önnur skip og var um það almenn samstaða. Að öðru leyti erum við að sjálfsögðu tilbúnir að upplýsa hv. þm. um það dæmi sem hún nefndi en ég ætla ekki að gera það hér beint úr ræðustól.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði hér að almenn samstaða hafi verið um það að sóknarmarksskipin, þau sem minnstan afla höfðu, fengju ekki umþóttunartíma. Þetta er ekki rétt. Þvert á móti var það sérstaklega tekið upp af okkur sjálfstæðismönnum í sjútvn. Ed. hvort eitthvað þyddi að ræða við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um það mál á nefndarfundi. Svarið var skýrt og gott frá formanni nefndarinnar, að meiri hlutinn hefði fengið fyrirmæli um það uppi í ráðherrabústað hvernig frá frv. eða lögunum um stjórn fiskveiða yrði gengið. Það vill svo heppilega til að það var gripið fram í fyrir mér við umræðu málsins þar sem það kemur skýrt fram sem ég segi núna og var ekki gerð athugasemd við af formanni sjútvn. þá. Það er því ekki rétt hjá hæstv. sjútvrh. að almenn samstaða hafi verið um það að ganga jafnnærri sóknarmarksskipunum og gert hefur verið.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis þakka fyrir þá velvild sem hæstv. forseti hefur sýnt mér og hæstv. sjútvrh. svo og frsm. Kristinn Pétursson að fá að koma með óskylt mál inn í þessa umræðu. Mér hefur fundist sem leikmanni að það hefði verið sterkara ef hægt hefði verið að notfæra sér þann möguleika að senda fleiri skip á miðin til að fylgjast með loðnugöngu fyrir Norðurlandi. Þetta er það veigamikið mál fyrir atvinnulíf viðkomandi staða, frá Bolungarvík til Raufarhafnar um Siglufjörð og Akureyri. En ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargóð svör. Ég veit að á þessum málum er tekið af fullri ábyrgð.

EFRI DEILD

18. fundur, mánudaginn 10. des.,
að loknum fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Öflun gagna um veiðiheimildir smábáta.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Er mál rétt tekið upp ef óskað er að

fá að gera athugasemd undir liðnum um þingsköp ef þingmaður telur að þingnefnd sé synjað um upplýsingar? Ber að taka það upp undir þingsköpum? (**Forseti:** Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur rætt það efni eins og öllum hv. deildarmönnum er kunnugt undir liðnum þingsköp í Sþ.) Ég tek svar hæstv. forseta svo að málið sé rétt upp tekið.

Þannig standa sakir að ég kom að máli við hæstv. sjútvrh. og bað hann um að fá upplýsingar um það hvaða aflaheimildir einstakir eigendur smábáta hefðu fengið sendar eða skrá yfir þær aflaheimildir sem búist var við að einstakir eigendur smábáta mundu fá á næsta ári. Hæstv. sjútvrh. synjaði mér um það. Af þeim sökum bað ég um fund í sjútvn. Ed. þar sem ég skýrði frá því að ráðherra hefði synjað mér um upplýsingarnar.

Þannig standa sakir að listar og skrár voru sendir út um landið til einstakra eigenda smábáta, auðvitað með fyrirvara um það að skekkjur kynnu að leynast á listanum og með fyrirvara um það að þeir yrðu leiðréttir ef athugasemdir bærust fyrir 15. des. Á þessum fundi voru mættir fulltrúar sjútvrh. og ítrekuðu þeir það sem ráðherra hafði áður sagt, að ráðuneytið treysti sér ekki til þess að láta sjútvn. Ed. í té þessar upplýsingar.

Það olli mér miklum vonbrigðum að formaður sjútvn. sá ekki ástæðu til þess að einstakir nefndarmenn fengju þessar skrár í hendur. Á hinn bóginn tók ég það svo að meiri hl. nefndarmanna, eða a.m.k. var vilji fyrir því í nefndinni að fá þessar upplýsingar og almennur skilningur á mikilvægi þess fyrir þingmenn að þeir gætu haft slík gögn undir höndum vegna síns starfs. Þingmenn töldu með öðrum orðum að það væri ekki einkamál sjútvrh. hvernig staðið væri að úthlutun á aflakvóta fyrir smábáta.

Nú er það beiðni mín, herra forseti, að hann beiti sér fyrir því að nefndarmenn í sjútvn. fái umbeðnar skrár sem trúnaðarmál þannig að þeir geti unnið störf sín í þingnefndum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal hefur lýst hér því sem um var fjallað í sjútvn. Ed. þar sem við nokkrir þingmenn fórum fram á það að fá gögn sem fyrir okkur voru lögð í nefndinni til þess að hafa þau milli handanna sem trúnaðarmál þannig að við gætum sinnt þingmannsskyldu okkar þegar hringt væri í okkur og spurt um framkvæmd þeirra laga sem samþykkt voru hér á síðasta vori og hvernig að því ætti að standa. Eftir umræður í hv. sameinuðu Alþingi hefur svar virðulegs forseta Sþ. því miður verið á þann veg að forseti geti ekki beitt sér fyrir því að þessir hlutir komi í okkar hendur. Ég vil ítreka ósk hv. þm. Halldórs Blöndals um það að forseti þessarar virðulegu deildar beiti sér fyrir því að við fáum þessi gögn í hendur.

Það er næstum því ómögulegt að sinna þeirri sjálfsögðu skyldu okkar að geta gefið fólki úti á landi upplýsingar um stöðu þessara mála ef við höfum ekki þessi gögn í höndum. Upplýsingar sem við getum fengið með því að lesa þessi gögn á fundi eða í ráðuneytinu eru alls ekki fullnægjandi vegna þess að það er alveg útilokað fyrir okkur að muna hina almennu stöðu hvers einstaklings upp úr þessu plaggi, en algengast er að þær fyrirspurnir sem fyrir okkur eru bornar séu um það hvað hinn eða þessi annar hafi fengið úthlutað, ég hef fengið þetta. Það er því nauðsynlegt fyrir okkur, með öllum fyrirvara um það að þessir hlutir séu ekki réttir og það séu væntanlegar leiðréttingar á þeim, en nauðsynlegt fyrir okkur til þess að geta sinnt því sem er ætlast til af okkur að við fáum að hafa þessi gögn í höndum, ekki síst þegar sú umræða, sem nú er orðin og komin af stað, ekki síst eftir það þegar hæstv. sjútvrh. jafnar hafnargerð í Grímsey við það hvaða kröfugerð er komin upp í þessum málum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég hef ekki blandað mér í þær umræður sem farið hafa fram í hv. Sþ. að undanförnu, síðustu tíu dagana eða svo, og ætla ekki að fara langt út í þá sálma. Hér er borin fram mjög einföld spurning, hvort hæstv. forseti vilji hlutast til um það að sjávarútvegsnefndarmenn í þessari hv. deild fái ákveðnar upplýsingar. Ég sé ekki annað en hann hljóti að gera það, hæstv. forseti, að ræða við formann sjútvn., hv. þm. Stefán Guðmundsson, eða hann sjálfur komi hér upp og upplýsi það skýrt og skorinort án allra deilna að hann muni hlutast til um það að sjávarútvegsnefndarmenn í þessari hv. deild fái refjalaust upplýsingar, í trúnaði ef því er að skipta, en ég skora á hv. þm. Stefán Guðmundsson og hæstv. forseta að hlutast til um að að þetta gerist og gerist strax og sé ekki meira um málalengingar og tímasóun.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Aðeins örstutt af því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kom hér upp, ef það hefur farið fram hjá honum það sem ég sagði í Sþ. núna rétt áðan. Ég hélt að hann hefði heyrt mál mitt þá. (**EKJ:** Ég var staddur inni í Ed. Alþingis.) Já, þá skal ég endurtaka þetta nú hér í Ed. Það sem ég sagði er það að sú nefnd, sem vann að þessu máli og í áttu sæti fulltrúar Fiskifélags Íslands, Félags smábátaeigenda og Landssambands smábátaeigenda, ásamt fulltrúum frá sjávarútvegsráðuneytinu, kom á umræddan fund sjútvn. beggja deilda, lýsti því þar yfir að þeir væru tilbúnir til þess að fara yfir öll þessi gögn með sjávarútvegsnefndarmönnum eða þingmönnum, hverjum sem það vildu. Öll þessi gögn fyrir hvern einasta bát, 2100 báta, og sýna þeim þær útreikningsreglur og þau vinnubrögð sem þeir höfðu viðhaft. Þetta boð stendur enn.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það var eiginlega niðurlag þess sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði hér áðan sem fékk mig til þess að kveðja mér hljóðs. Þegar hv. þm. segir við þingmenn sem eru að leita eftir gögnum til þess að geta sinnt sínum skyldustörfum að þeim standi til boða að fá að líta á gögn á nefndarfundum, þá vek-

ur það auðvitað furðu. Ég hefði álitið að þingmenn þyrftu ekki að leita til ráðuneyta með þeim hætti sem fram kemur í þeirri umræðu sem fram hefur farið um það hvort þingmenn hefðu aðgang að eða fengju gögn hvort sem það er í sjávarútvegsmálum eða í öðrum málum. (Gripið fram í.) Já, stæði til boða, sagði hv. þm. Þeim stendur til boða, sagði einn hv. þm. Við erum hér 21 þingmaður í þessari virðulegu deild. Það er ekki á valdi einstakra þingmanna, þó þeir séu stuðningsmenn ríkisstjórna, að taka svona til orða, að öðrum þingmönnum standi til boða, þótt hv. þm. sé formaður sjútvn. Ed. Það sem ég á við er það að ef það er óljóst að þingmenn hafi aðgang að nauðsynlegum skjölum eða gögnum úr ráðuneytum um mál sem þeir þurfa að fjalla um með þeim hætti sem hér hefur verið lýst, þá er full þörf á því að setja lög sem taka af öll tvímæli, ekki aðeins hvað þetta mál varðar heldur almennt. Ég mun fyrir mitt leyti þess vegna beita mér fyrir því að fram komi hér frv. sem feli það í sér að hvorki ráðherrar né aðrir valdamenn geti haldið gögnum frá hv. þm. sem eru þeim nauðsynleg til þess að þeir geti gegnt sínum skyldustörfum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef borið fram þá fyrirspurn til forsetavaldsins hvort það vilji ganga í það mál að sjá til þess að þingmenn í sjávarútvegsnefndum, sem telja sig þurfa á því að halda, vilja setja sig inn í málefni smábáta, fái þau gögn í hendur sem trúnaðarmál, skrá yfir þær veiðiheimildir sem sendar hafa verið til einstakra eigenda smábáta.

Þó svo að forsetar séu kjörnir pólitískri kosningu hér í þinginu og þó svo meiri hlutinn reyni að sjá um það að forsetavaldið sé í höndum meiri hlutans til þess að geta haft stjórn á því hvernig þinghaldið er og þó svo að maður hafi orðið vitni að næsta hæpnum úrskurðum finnst mér óhjákvæmilegt virðingu þingsins vegna að sá sem situr í forsetastóli á hverjum tíma svari því hvort hann vilji verða við erindi þingmanns eða ekki þegar erindið er borið fram með þinglegum hætti.

Það mál sem ég ber hér upp er forseta kunnugt. Þess vegna hlýtur hann að geta svarað því nú hvort hann vilji verða við beiðninni. Það er úrhendis og óþarfi að við séum að kveðja okkur hljóðs hér á hverjum degi til að fá svar við þessari einföldu spurningu. Ég vil fá svar við því hvort hæstv. forseti vilji ganga í það mál að nefndarmenn í sjútvn. Ed. fái þau skjöl í hendur sem þeir telja sig þurfa að fá sem trúnaðarmál og varða úthlutun á fiskveiðiheimildum til smábáta.

Það hefur komið fram í ræðu hæstv. sjútvrh. í Sþ. að þingmenn megi fara upp í ráðuneyti og spyrja um einstaka báta, en það hefur líka komið fram að hæstv. sjútvrh. telji óþarfa að þessi gögn komist í hendur nefndarmanna. Ef málið er að öðru leyti ókunnugt forseta get ég reynt að rekja það nánar. Ég get minnt á það að ekki er verið að biðja um einhver leyniplögg. Þessir kvótar hafa verið sendir til útgerðarmanna smábáta víðs vegar um landið, liggja fyrir í bréfum úti um allt land. Álitamálið er hvort þingnefndarmenn í sjútvn. Alþingis megi fá skrá yfir þau bréf sem sjútvrn. hefur sent út um allt land.

Nú eru auðvitað bréf opinber gögn og það gefur auga leið að við þingmenn getum með þinglegum hætti óskað eftir því að fá þessi gögn í hendur. Það er auðvitað ljóst ef bæði forseti Ed. og forseti Sþ. synja um erindið, að upplýsingarnar munu koma fram með þinglegum hætti nema ríkisstjórnin hlaupi til og rjúfi þing. Hún er alltaf að hóta því að rjúfa þing. Það er annað mál. En þetta er kurteis fyrirspurn. Ég vil aðeins láta þess getið í leiðinni að þessar upplýsingar munu koma fyrir augu manna. Það er óhjákvæmilegt eins og nú er komið. Spurningin er: Vill hæstv. forseti greiða fyrir því eða óskar hann eftir því að upplýsinganna verði aflað með öðrum hætti?

Forseti (Jón Helgason):

Ég hef heyrt beiðni hv. þm. um að taka þetta til athugunar. Viðhorf forseta almennt komu reyndar fram í bréfi sem hæstv. forseti Sþ. skýrði frá á fundi í Sþ. fyrir skömmu. En að sjálfsögðu hef ég heyrt þessa beiðni og mun taka hana til athugunar að öðru leyti ef eitthvað er nýtt í málinu.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég var að fletta hér frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Vegna þess að það tengist þessu máli sem við erum hér að fjalla um, þá langar mig til þess að lesa upphaf 6. gr., virðulegi forseti:

„Réttur almennings til að kynna sér gögn hjá stjórnvaldi eða stjórnsýsluhafa nær til:

1. Allra gagna sem snerta mál sem komið hefur til afgreiðslu stjórnvalds, þar með talin endurrit bréfa sem stjórnvaldið hefur sent, enda megi ætla að bréfin hafi borist til viðtakanda."

Við getum sem sagt óskað eftir því, þegar frv. þetta verður að lögum, að öll þau bréf, sem sjútvrn. hefur sent til viðkomandi aðila sem við höfum verið að fjalla um, verði afhent okkur ekki síður en almenningi í landinu.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (Hafrannsóknastofnunin). — Þskj. 130, n. 242.

Frsm. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 242 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 30. maí 1984. Nál. er frá sjútvn. og er þannig:

„Nefndin fékk Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, á sinn fund til viðræðna um efni frv. Leggur nefndin til að það verði samþykkt án breytinga.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Danfríður

Skarphéðinsdóttir, Halldór Blöndal, Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson og Jóhann Einvarðsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 194. mál (kennslumissiri). — Þskj. 234.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í gildandi lögum er kveðið á um það nákvæmlega hvernig missiraskiptum skal háttað í Háskóla Íslands og sagt að haustmissiri byrji 15. sept. og því ljúki 23. jan. og vormissiri byrji 24. jan. og það endi 31. maí. Þetta frv. er flutt til þess að leyfa Háskólanum sjálfum að ráða sínu almanaki. Annað er nú ekki efni þessa frv., virðulegi forseti, og ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

20. fundur, mánudaginn 10. des.,
að loknum fundi í Sþ.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Frv. GHH og FrS, 163. mál (jarðanefndir og forkaupsréttur). — Þskj. 176.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vildi koma á framfæri. Í fyrsta lagi mótmæla því að þessu máli um jarðalög sé vísað til annarrar nefndar en landbn. Það væri alveg nýtt í sögunni ef það væri gert og með því væri verið að brjóta allar þær hefðir og reglur sem þingið hefur sett sér á undanförnum árum. Ef það ætti að fara að gera það þannig þyrfti eðlilega að stokka allt upp með þessar nefndir og ef til vill leggja einhverjar þeirra niður. En að fara að vísa máli sem tilheyrir landbn. til annarrar nefndar en venja er nær auðvitað engri átt.

Í öðru lagi kom það fram hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur að það væri víða þannig að þeir sem væru í jarðarnefnd væru sömu menn og eru í sveitarstjórn. Í þessu kemur fram ókunnugleikinn á þessum málum. Jarðanefnd er nefnd sem starfar fyrir öll sveitarfélög í hverri sýslu. Það er undir hælinn lagt að einhverjir af þeim séu í einhverri af hreppsnefndum allra hreppanna. Í Eyjafjarðarsýslu er enginn úr jarðanefnd í hreppsnefnd. Í Norður-Þingeyjarsýslu mun það vera einn af þeim sem eru í jarðanefnd. Og að halda því fram að það séu sömu mennirnir og eru í sveitarstjórn. Það er bara tilviljun ef einn af þessum þremur er í sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags sem jörðin er í og fjallað er um í hverju tilviki.

Það væri ástæða til þess að ræða þetta mál enn frekar en ég hef ekki trú á að svo sé komið tillitsleysi við strjálbýlið og landbúnaðinn að hætt sé við því að landbn. Nd. skili jákvæðu áliti á frv. í þeirri gerð sem þetta frv. er í.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Umræður um þetta mál eru orðnar nokkuð langar. Ég ég vil þakka öllum þeim sem í þeim hafa tekið þátt fyrir þeirra framlag til þess að ræða þessi mál þó að vissulega hafi mönnum mælst misjafnlega eins og gengur. Einkanlega þóttu mér ræður þeirra þingmanna Framsfl. sem hér hafa talað, núv. og fyrrv., á köflum missa marks í sambandi við þessi mál.

Reyndar er það svo að það er ekki hönd festandi á mörgum einstökum efnisatriðum í þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á frv. Ég fór hér í ítarlegu máli við framsögu, 1. umr. málsins, yfir hverja einustu grein í frv., rökstuddi þær og ræddi. Síðan hafa menn komið hér upp með alls kyns misskilning í þessum umræðum sem gefur auðvitað ekkert annað til kynna en það að þeir hafa ekki kynnt sér frv., ekki lesið greinarnar, eða misskilið þær með öðrum hætti. Sá sem tók hér fyrstur til máls á eftir framsöguræðu minni, hv. þm. Páll Pétursson, til að mynda, misskildi það algjörlega að ætlunin væri með þessu frv. að afnema tilkynningarskyldu til jarðanefnda. Það segir skýrt og skorinort í grg. að eftir sem áður verði skylda að tilkynna um viðskipti með jarðir til jarðanefnda. Það verður bara ekki skylda að leita samþykkis jarðanefnda.

Hv. þm. Pálmi Jónsson hafði reyndar misskilið það svo að jarðanefndir ætti að leggja niður samkvæmt frv. Það er auðvitað ekki tilfellið.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson lét þess getið að öðruvísi væri nú um að litast í sveitum landsins ef ekki hefðu verið jarðalög. Það má vel vera að svo væri. En ég efast um að sú mynd sem þar blasti við væri eitthvað lakari en sú sem við höfum nú fyrir framan okkur.

Það sem mér finnst efnislega standa út úr og sú gagnrýni sem ástæða er til þess að fjalla um er spurningin um forkaupsrétt sveitarfélaga. Tveir þingmenn hafa fjallað um það með málefnalegum hætti í þessari umræðu að mínum dómi, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Pálmi Jónsson, sem hafa að vísu aðra skoðun á því máli en ég. Ég vil jafnframt þakka forseta deildarinnar, hv. þm. Árna Gunnarssyni, fyrir undirtektir hans við það ákvæði sem snertir rétt manna til þess að ráðstafa jörðum með erfðaskrá, eða réttara sagt

rétt erfingja til þess að erfa jarðir. Eins og kunnugt er eru þau ákvæði með þeim eindæmum í núverandi jarðalögum að fjarskyldir erfingjar geta ekki erft jarðir nema hreppsnefnd leyfi það og menn geta ekki ráðstafað jörðum sínum til að mynda til líknarmála nema hreppsnefndin leyfi það. Þetta tel ég óeðlilega íhlutun í yfirráðarétt manna yfir eignum sínum.

Hins vegar, að því er varðar forkaupsrétt á landi, hafa komið hér fram nokkrar athugasemdir við það mál og nefnd hafa verið dæmi, sérstaklega úr sveitarfélaginu Kópavogi, þar sem Kópavogur hefur nýtt sér forkaupsrétt. En mér finnst sú umræða sem upp var vakin um það mál til hliðar við kjarna málsins. Lögsagnarmörkum milli sveitarfélaga verður ekkert breytt nema með lögum. Það breytir engu um forræði þess sveitarfélags sem ræður yfir lögsögu á viðkomandi svæði, hvort það er einstaklingur eða annað sveitarfélag sem er eigandi tiltekins landsvæðis. Það eru mörg dæmi um það í nágrenni Reykjavíkur að eignarhlutar sveitarfélaga skarist. Reykjavíkurborg á jarðir á Kjalarnesi og í Mosfellssveit án þess að nokkur dragi í efa hver fari þar með lögsögu eða ráði yfir skipulagi á landinu sem þar um ræðir. Ég held að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn., hafi gert of mikið úr því vandamáli, sem hún rakti fyrir okkur í ræðu sinni og snertir þau vandkvæði sem hún taldi að gætu hafa orðið, ef Reykjavíkurborg hefði eignast landskika eða jarðir innan lögsagnarumdæmis Kópavogs. Auðvitað hefði Kópavogskaupstaður eftir sem áður haft fullt vald til þess að ráðstafa þar skipulagi og auðvitað má gera sér í hugarlund að ef almenningsþörf hefði krafið þá hefði Kópavogskaupstaður getað farið fram á eignarnám, ef brýnir hagsmunir hefðu við legið.

Ég þekki ekki þau dæmi nákvæmlega sem hv. þm. rakti, þessar þrjár jarðir, en mér er mjög til efs að það hafi nokkru breytt í þessum málum hvort Kópavogskaupstaður hafði forkaupsrétt eða ekki. Mér finnst frekar líklegt að aðili sem hefði hugsað sér að kaupa slíkar jarðir hefði boðið í þær eitthvað lægra verð en ella vegna þess að hann gat vitað að hann fengi ekki jörðina vegna ákvæða um forkaupsrétt. En mér finnst reyndar óeðlilegt að ræða þessi mál út frá einstökum dæmum, einstökum jörðum, eða jafnvel einstökum guðsmönnum vestur á fjörðum eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson gerði síðast þegar þetta mál var á dagskrá. Hér er um að ræða almenn atriði sem skipta grundvallarmáli.

Reyndar er það nú svo að lögin taka til lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða. Ég efast um að í framtíðinni verði mikið um slíkar jarðir á höfuðborgarsvæðinu sem kaupstaðir á þessu svæði geti deilt um, land utan skipulagðra þéttbýlissvæða. Mér finnst þetta því ekki koma að kjarna þessa máls sem er spurningin um yfirráðarétt manna yfir sínum eignum, í þessu tilfelli yfir sínum jörðum.

Útúrsnúninga hv. þm. Ólafs Þórðarsonar læt ég mér í léttu rúmi liggja um að það sé sambærilegt ef Reykjavíkurborg lætur fjarlægja bíla af götum borgarinnar, þar sem þeir kunna að vera fyrir, og flytja þá inn í eitthvert port þangað sem menn geta síðan komið og sótt bíla sína. Það er auðvitað annað mál og kemur þessu nákvæmlega ekkert við.

Nei, virðulegi forseti. Spurningin hér er um það hvort eðlilegt sé að setja jafnþröngar skorður við ráðstöfun manna á jörðum og nú eru í lögum. Ég tel það ekki eðlilegt. Ég tel að það sé ekki eðlilegt að menn þurfi að leita samþykkis sveitarstjórnar eða jarðanefndar fyrir því að geta selt jarðir sínar. Ekkert frekar en það er eðlilegt í þéttbýli að menn sæki um slíkar heimildir til yfirvalda eða húsfélaga. Og svo aftur hitt að ég tel ekki eðlilegt að sveitarfélögin geti gengið inn í fyrirhuguð viðskipti og keypt upp á grundvelli forkaupsréttar. Hins vegar eru þetta tvö aðskilin mál eins og ég gat um hér í framsögu. Það er hugsanlegt að gera aðra breytinguna á lögunum án þess að gera hina. Reyndar er hugsanlegt að gera þarna nokkrar breytingar sem eru óskyldar þessum, eins og að því er varðar erfðaréttindi og möguleika á að skipta jörðum og fleira í þeim dúr sem fram kemur í þessu frv.

Aðalatriðið er hins vegar að þetta frv. fái faglega umfjöllun hér í þinginu. Það er ekki rétt sem hv. þm. Stefán Valgeirsson segir að þetta frv. sé gamall kunningi og hafi verið margrætt hér á þingi. Þetta frv. hefur ekki verið flutt áður í þessari mynd þó að efnisatriði þess hafi að sjálfsögðu verið til umræðu hér á sínum tíma, eðlilega. Það er rétt hjá hv. þm. og ég er reyndar með í fórum mínum framsöguræðu hans þegar hann sem formaður landbn. mælti fyrir áliti nefndarinnar hinn 18. maí 1976 og lagði til að frv. yrði samþykkt, að vísu eftir mjög litla umfjöllun í landbn. á þeim tíma, hvað sem kann að hafa verið á fyrri þingum. Um þetta mál urðu hér miklar deilur á sínum tíma en að vísu fékk deildin ekki langan tíma til að afgreiða málið. Það er rétt munað hjá hv. þm. að þá áttust þau við, hann og hv. núv. 3. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, sem einnig hefur blandað sér í umræðuna á þessu stigi.

Ég hygg að flestum sé kunnugt um ýmis dæmi um ágreining sem orðið hefur vegna þessara laga, þegar komið hefur til ráðstöfunar á bújörðum, þegar einstaklingar hafa viljað selja eða kaupa jarðir eða stéttarfélög eða aðrir slíkir hafa viljað koma sér upp aðstöðu á bújörðum. Ég tel þessi ákvæði hamla gegn því að bændur og aðrir sem eiga jarðir fái fyrir þær sannvirði. Það er þess vegna spurning hverjum menn eru að þjóna með því að vilja halda í þessi ákvæði. Sannleikurinn er auðvitað sá að ákvæði um hömlur á ráðstöfunarrétti eigna bitna auðvitað á þeim sem eiga þær eignir. Í þessu tilfelli eru það nú væntanlega mest bændur sem eiga þær jarðir sem þessi lög ná til. Og án þess að ég vilji taka mér slík orð í munn þá hafa menn talað um það að það séu ákveðnir fjötrar sem þessi lög fela í sér gagnvart því að menn geti komið jörðum sínum í verð og hugsanlega brugðið búi eða flust burtu ef hugur þeirra stendur til þess.

Ég sé það nú á hv. 6. þm. Norðurl. v. að ég fæ engu tauti við hann komið í þessu máli en ekki hafði ég heldur reiknað með hans stuðningi við þetta frv.

Þá er spurningin um til hvaða þingnefndar þetta mál á að fara. Ég reifaði það nokkuð í minni framsögu

vegna þess að ég geri mér alveg grein fyrir að ýmsum kann að þykja það eðlilegt, og við fyrstu sýn kann að þykja eðlilegt, að þessu máli verði vísað til landbn. þar sem það var á sínum tíma, eins og hv. síðasti ræðumaður gat réttilega um. En að mínum dómi er hér ekki um að ræða efnisatriði sem varða sérstaklega atvinnuveginn landbúnað. Hér er um að ræða ákveðin lögfræðileg prinsippatriði um forkaupsrétt, um ráðstöfunarrétt yfir eigum manna og fleira í þeim dúr sem ég tel að eigi frekar heima í þeirri þingnefnd sem almennt fjallar um slík mál, hv. allshn. Nú vill að vísu svo til að í þeirri nefnd sitja margir ágætir kunnáttumenn um íslenskan landbúnað, m.a. ýmsir sem hafa talað gegn frv. þannig að ég efast ekkert um að hv. þm. Stefán Valgeirsson á samherja í andstöðu sinni gegn frv. í hv. allshn. Mér finnst það hins vegar ekki vera aðalatriðið heldur það að þessu máli sé vísað til nefndar sem fjallar um lögfræðileg prinsippmál í deildinni en ekki nefndar sem fjallar um málefni atvinnuvegarins landbúnaðar. Á því vil ég gera greinarmun í þessu tilfelli og treysti því að deildin fallist á það þó að ég treysti í sjálfu sér báðum nefndunum og þeim þingmönnum sem þar sitja til að fjalla vel og málefnalega um frv. Deildin mun væntanlega skera úr um það ef svo fer fram sem horfir og mun ég að sjálfsögðu una við þann úrskurð. En aðalatriðið er það að þetta frv. fái efnislega og vandaða meðferð vegna þess að það er enginn vafi á því að hér er um að ræða ákvæði í lögum sem hafa orðið mörgum manninum til trafala og sem eiga engan rétt á sér að dómi okkar flutningsmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundarsókn þingmanna.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú er þolinmæði forseta alveg á þrotum. Í húsi eru 24 hv. þingdeildarmenn. Sannleikurinn er sá að við vera hv. deildarmanna, og er ég þá ekki að beina orðum mínum að þeim hv. þm. sem hér eru, við atkvæðagreiðslu í þessari hv. deild er fyrir neðan allar hellur. Það gengur ekki mikið lengur hvernig hv. þingdeildarmenn sækja þingfundi. Á dagskrá þessa fundar voru í upphafi tvær atkvæðagreiðslur. (Forseti hringir.) Hér eru í húsi 24 þingdeildarmenn, 16 eru komnir í sal. Forseti er búinn að hringja bjöllu nú í fimm mínútur. Ef þetta ekki gengur á næstu mínútum mun forseti slíta þessum fundi. Er það þá í annað skipti að forseti hefur orðið að slíta fundi í hv. deild vegna þess að menn hafa ekki komið til atkvæðagreiðslu.

Nú telur forseti fullreynt að hv. þingdeildarmenn muni ekki koma til atkvæðagreiðslu. Vill forseti að það komi skýrt fram við bókun þessa fundar að það eru bókaðir inn í hús 24 hv. þingdeildarmenn. Í sal sitja nú 17. Forseti hefur beðið þingverði að leita uppi hv. þingdeildarmenn og óska eftir því að þeir komi til starfa.

Þetta er hið versta mál, ef forseti má orða það þannig, og þinginu auðvitað ekki til sóma.

EFRI DEILD

19. fundur, þriðjudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 3. umr.

Stjfrv., 126. mál (Hafrannsóknastofnunin). — Þskj. 130.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Búfjárhald, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 246.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um búfjárhald. Frv. er ætlað að koma í stað þeirra ákvæða búfjárræktarlaga, nr. 31/1973, sem enn eru í gildi og varða lausagöngu gripa og forðagæslu. Einnig er þessu frv. ætlað að koma í stað laganna um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 44/1964, en framkvæmd þeirra laga hefur verið á hendi félmrn.

Frv. þetta er að stofni til samið af nefnd þriggja manna sem skipuð var 1. nóv. 1989 í framhaldi af samþykkt Alþingis á nýjum búfjárræktarlögum.

Eins og einhverjum hv. alþm. er vafalaust kunnugt var ákveðið að skipta þessum lagaákvæðum upp í tvenn lög, þ.e. annars vegar lög um búfjárrækt þar sem sameinuð væru öll lagaákvæði um starfsemi hins opinbera á því sviði og hins vegar lög um búfjárhald. Hér er sem sagt á ferðinni seinni hluti þessarar heildarendurskoðunar lagaákvæða um þessi málefni.

Nefnd þá sem að samningu frv. starfaði skipuðu Jón Viðar Jónmundsson ráðunautur sem var formaður nefndarinnar, Ólafur R. Dýrmundsson ráðunautur og Sigurður Sigurðarson dýralæknir.

Nefndin skilaði tillögum að frv. til laga um búfjárhald í byrjun mars á þessu ári og kemur fram í bréfi nefndarinnar til landbrn. að samráð var haft við félmrn. um þá þætti frv. er varða búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum og jafnframt við menntmrn. um þau ákvæði sem snerta dýravernd þannig að reynt var að vinna þá hluti í nánu samráði við viðkomandi ráðuneyti.

Frumvarpsdrög þessi voru send búnaðarþingi og þeim var síðan breytt til samræmis við ábendingar bún-

aðarþings sem fram koma í bréfi frá búnaðarþingi, dags. 21. mars sl., eftir því sem fært þótti og samrýmdist að öðru leyti uppbyggingu frv. og efni.

Frv. það sem hér liggur fyrir skiptist í sex kafla sem fjalla um í fyrsta lagi markmið frv. og yfirstjórn, í öðru lagi takmörkun búfjárhalds, vörslu búfjár, aðbúnað og meðferð búfjár, forðagæslu og svo eftirlit og talningu búfjár. Einnig eru refsiákvæði og gildistökuákvæði í lokakafla frv. undir heitinu ýmis ákvæði.

Fyrir utan þá mikilvægu kerfisbreytingu sem felst í að færa framkvæmd lagaákvæða um búfjárhald á eina hendi, þ.e. að sá málaflokkur sé vistaður í einu ráðuneyti en ekki tveimur svo sem nú er, má nefna það nýmæli sem frv. felur í sér í 7. gr. um heimild til landbrh. til að gefa út reglugerðir um aðbúnað og meðferð einstakra búfjártegunda. Þar er að finna mikilvægt ákvæði um leyfisveitingu til búfjárhalds og er gert ráð fyrir að unnt sé að tengja slíkt leyfi framleiðslustýringu.

Þá má nefna að í kaflanum um forðagæslu sem að meginefni er óbreyttur er kveðið á um mun virkara eftirlit með búfjárhaldi og forðagæslu. Það nýmæli er í frv. að gert er ráð fyrir heimild einstakra sveitarfélaga til að innheimta gjald af búfjáreigendum í þéttbýli til að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlits.

Frv. mun ekki hafa í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð samkvæmt mati þar til kallaðra manna á þeim þætti málsins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni þessa frv. Ég hygg að það skýri sig bærilega sjálft með lestri og þeim athugasemdum sem því fylgja. Ég legg á það áherslu að hér er á ferðinni síðari hluti þessarar heildarendurskoðunar laga um búfjárrækt og búfjárhald sem staðið hefur yfir síðastliðin ár og ég hygg að verði í öllum greinum til verulegra bóta frá því sem áður var.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. deildarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

20. fundur, þriðjudaginn 11. des., að loknum 19. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 268.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, en frv. þetta felur í sér breytingu á 94. gr. laga nr. 86/1988, um stimpilgjald. Í frv. er lagt til að ekki sé greitt stimpilgjald af neinum félagslegum íbúðum, hvorki af lánasamningum sem gerðir eru við framkvæmdaraðila vegna byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum né af skuldabréfum sem framkvæmdaraðili gefur út í verklok.

Það frv. sem varð að lögum nr. 70/1990 til breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á síðasta þingi fól í sér ýmsar breytingar sem m.a. gerðu ráð fyrir nokkurri kostnaðarhækkun fyrir lántakendur. Þar á meðal var hækkun vaxta á framkvæmdalánum. Á móti var hins vegar ákveðið að fella niður stimpilgjöld af félagslegum íbúðum en áður höfðu einungis afsölin verið stimpilfrjáls en ekki skuldabréf. Breytingin sem gerð var með lögum nr. 70/1990 fólu í sér réttlætismál. Með því móti var unnt að gefa út nýtt skuldabréf fyrir íbúð í stað þess að gefa út bréf fyrir þeim mismun sem nýr kaupandi greiðir eins og gert var áður vegna kostnaðarins. Slíkt leiddi af sér að nýr kaupandi naut ekki afborgunarlausa ársins.

Eftir að lög nr. 70/1990 voru afgreidd frá Alþingi komu aðrir framkvæmdaraðilar til sögunnar en sveitarfélögin. Á þeim tíma þegar unnið var að frv., sem varð að lögum nr. 70/1990, tíðkaðist ekki að framkvæmdalánasamningi skyldi þinglýst og stimpilgjald var ekki greitt. Við samningu frv. var því ekki fjallað sérstaklega um stimpilgjöld vegna framkvæmdalánasamninga þar sem nægilegt átti að vera að kveða afdráttarlaust á um að ekki skyldi greiða stimpilgjöld af skuldabréfum félagslegra íbúða.

Með tilkomu annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga við byggingu félagslegra íbúða, svo sem ýmissa félagasamtaka, hefur húsnæðismálastjórn hins vegar, eftir að þessi lög voru samþykkt á síðasta þingi, krafist raunverulegra trygginga fyrir framkvæmdaláni en það var eftir setningu laganna, eins og áður sagði, sl. vor sem farið var því að þinglýsa framkvæmdalánasamningum og því kom þá fram krafan um að skuldabréf væru stimpilgjaldsskyld.

Fjmrn. og félmrn. hafa fjallað um þetta mál og orðið sammála um að leggja til þetta frv. sem hér er mælt fyrir. Óumdeilt er að vilji löggjafans var sá að félagslegar íbúðir skyldu ekki bera stimpilgjald, hvorki skuldabréf vegna þeirra né afsöl. Eina undantekningin eru almennar kaupleiguíbúðir sem bera stimpilgjald.

Frv. sem ég mæli fyrir kveður skýrt á um að ekki skuli greiða stimpilgjöld af framkvæmdalánasamningi.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um það að fjmrh. sé heimilt að endurgreiða stimpilgjald af skjölum þeim sem um getur í 1. gr. og stimpluð voru eftir 1. júní 1990. Fjmrn. og félmrn. eru sammála um að leggja til slíkt ákvæði, enda er það í samræmi við vilja Alþingis sem fram kom í þeim lögum sem voru samþykkt sl. vor.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég styð eindregið að þessi tillaga nái fram að ganga. Það er af hinu góða að þeir sem verst standa í samfélaginu fái þá bestu fyrirgreiðslu sem möguleg er og ég styð þetta því eindregið.

Í tilefni af því að þetta mál kemur fyrir langar mig til að spyrja hæstv. félmrh. hvort hún og ríkisstjórnin hafi ekki hugað að málefnum annarra sem eru mjög illa á vegi staddir, eiginlega fastir á milli tveggja kerfa núna? Það er það fólk sem hefur laun það há, oftast vegna þess að það stritar myrkranna á milli og jafnvel miklu lengur, að það fellur ekki undir hinn félagslega þátt og fær ekki félagslega íbúðafyrirgreiðslu en hefur alls ekki nógu hátt kaup til að geta fengið lán til að kaupa á almennum markaði. Sá hópur er þó nokkuð stór og virðist algerlega hafa gleymst í kerfinu.

Það er ótrúlega margt fólk sem stritar myrkranna á milli til að halda sér ofan sjávar og standa við sínar skuldbindingar og lendir svo í þeirri hörmulegu aðstöðu að það er eins og lús milli tveggja nagla. Það hefur ekki möguleika á að komast inn í almenna kerfið vegna þess að það hefur ekki nóg laun og það getur ekki unnið meira af því að það vinnur þegar svo mikið og er þar af leiðandi komið í þá aðstöðu að það getur ekki notið fyrirgreiðslu sem fólk fær við félagslegar íbúðir.

Ég spyr hæstv. félmrh. hvort ekki sé hugsanlegt að miðað sé við þau laun sem fólk fær fyrir dagvinnu sína þegar ákveðið er hverjir eigi rétt á því að fá félagsleg íbúðarlán? Ég held að þessi hópur sem núna er þó nokkuð stór og eru eiginlega allar bjargir bannaðar mundi minnka mjög mikið ef tekin væri upp sú regla að miða við dagvinnukaup fólks þegar ákvarðað væri hvort fólkið gæti komist undir félagslega íbúðakerfið. Þetta er brennandi mál og það er ótrúlega mikið af ungu fólki í dag sem veit ekki hvert það á að snúa sér. Það kannski þarf að flytja árlega eða oftar vegna þess að það missir íbúðirnar sem það hefur borgað leigu fyrir dýrum dómum, lendir í því að þurfa að fá okurlán til þess að borga fyrir fram íbúðaleiguna og kemst aldrei í þá aðstöðu að geta safnað sér svo miklu að það geti komist í íbúðakaup á venjulegum markaði.

Því vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort ekki sé hugsanlegt að breyta þessum viðmiðunarreglum annars vegar eða hvort hún hafi einhver önnur áform uppi sem geta greitt götu þessa fólks?

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér höfum við enn einu sinni fengið lítinn frumvarpsbút til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta frv. er nýkomið hér á borð okkar þingmanna. Það varð að leita afbrigða til þess að það mætti koma hér til umræðu og var það fúslega veitt. Ég held að hér sé gott mál á ferðinni. Að vísu hef ég ekki haft aðstæður til að kynna mér það í smáatriðum en frv. er stutt og mér sýnist að sú breyting sem hér er lögð til sé til mikilla bóta.

Ég vil aðeins vegna orða hv. 18. þm. Reykv. taka undir margt af því sem hún sagði að öðru leyti en því að mér finnst að það eigi að leggja meiri áherslu á það að skapa fólki með venjulegar launatekjur möguleika á því að eignast húsnæði en ekki að leggja áherslu á að öllum sé ýtt inn í félagslega húsnæðismálakerfið. Ég held að það sé meginmálið að þannig sé búið að fólki, og þá ekki síður ungu fólki, að því sé gert kleift að eignast húsnæði í hinu almenna húsnæðiskerfi. Mér finnst málin hafa þróast í þá átt að það sé of mikil áhersla lögð á að allir þurfi að falla undir félagslega íbúðakerfið. Þetta vildi ég láta koma hér fram sem mitt sjónarmið. Það þarf að skapa fólki þær aðstæður að það geti staðið á eigin fótum, að það sé sjálfbjarga og geti eignast húsnæði af almennum launatekjum.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka eindregið undir orð hv. 6. þm. Reykn. að sem flestir í þessu samfélagi eigi að geta eignast þak yfir höfuðið á eigin spýtur og án þess að fá aðstoð til. Ég lít nú samt þannig á að fé almennings að það sé sameign okkar allra, líka þeirra sem njóta þess og þar af leiðandi er þetta engin ölmusa. Ég er alveg sammála skoðun hv. þm. en meðan lágmarkslaun í þessu landi eru slík hungurlús sem þau eru þá get ég ekki séð að þessi draumur, sem við eigum sameiginlegan, við hv. 6. þm. Reykn., að allir geti eignast þak yfir höfuðið án þess að þurfa að leita einhverra sérstakra fyrirgreiðslna, á meðan svo er ekki sé ég ekki aðra leið en gegnum félagslega kerfið. En svo sannarlega vildi ég gjarnan að kaup væri þannig í þessu landi að fólk þyrfti ekki að leita neinnar sérstakrar aðstoðar til þess að eignast þak yfir höfuðið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég þakka fyrir undirtektirnar sem frv. hefur fengið. Í annan stað var beindi til mín spurningu hv. 18. þm. Reykv. Spurningin laut að því hvort gera ætti einhverjar ráðstafanir varðandi þá hópa sem ekki komast inn í félagslega íbúðakerfið af því að þeir eru yfir tekjumörkunum og hafa að öðrum kosti ekki aðstöðu til að eignast íbúð gegnum almenna lánakerfið eða húsbréfakerfið.

Af því tilefni vil ég segja að því hefur nokkuð verið haldið fram að með tilkomu húsbréfakerfisins væru ákveðnir tekjuhópar sem lentu á milli og gætu hvorki eignast íbúð í húsbréfakerfinu né gegnum félagslega íbúðakerfið. Í þeim athugunum sem fram hafa farið hjá Húsnæðisstofnun um þá hópa sem hafa nýtt sér húsbréfakerfið er það mat Húsnæðisstofnunar að hér sé um að ræða svipaða tekjuhópa og nýttu sér almenna lánakerfið frá 1986.

Það má segja líka að með þeim breytingum sem voru gerðar sl. vor á félagslega íbúðakerfinu voru tekjumörkin eða tekjuviðmiðunin hækkuð töluvert hjá fólki sem hefur aðgang að félagslega íbúðakerfinu. Mig minnir að hjá hjónum hafi tekjuviðmiðunin verið hækkuð um 25%. Þannig að með því var opnað fyrir að fleiri gætu átt aðgang að félagslega íbúðakerfinu.

Í annan stað vil ég segja að frv. sem er nú til meðferðar í hv. deild og var afgreitt frá félmn. mun enn rýmka það að fólk geti komið sér þaki yfir höfuðið með aðgangi að húsbréfakerfinu þar sem fyrir liggur

brtt. um að skipta megi fasteignaveðlánum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð sem nemur allt að 75% í stað 65% sem var áður. Þetta tvennt, þ.e. hækkuð tekjumörk eða tekjuviðmiðun í félagslega íbúðakerfinu ásamt því frv. sem liggur fyrir hv. deild, tel ég að muni stuðla að því, sem hv. þm. nefndi, að auðvelda fólki gegnum þessi tvö kerfi að koma sér þaki yfir höfuðið.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. Ég spurði hvort það væri hægt að breyta viðmiðunarmörkunum þannig að miðað væri aðeins við dagvinnulaun. Því svaraði hæstv. félmrh. ekki. Ég bið hann um að íhuga það, hvort sem hann getur svarað því á þessari stundu eða ekki. En alla vega að íhuga það þá í framtíðinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Óflun gagna um veiðiheimildir smábáta.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Fimm þingmenn í sjútvn. Ed. hafa í dag ritað hæstv. forseta Ed. svohljóðandi bréf:

„Við undirritaðir alþingismenn, sem sæti eigum í sjútvn. Ed., beinum því til hæstv. forseta að hann sjái til þess að við fáum í hendur sem trúnaðarmál lista yfir þá eigendur og útgerðarmenn smábáta sem fengið hafa bréf frá sjútvrn. um áætlaðan fiskveiðikvóta þeirra og hversu mikið kemur í hlut hvers og eins samkvæmt þeim bréfum sem send hafa verið."

Undir bréfið rita: Halldór Blöndal, Skúli Alexandersson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Karvel Pálmason og Guðmundur H. Garðarsson.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Með bréfi þessu viljum við ítreka þá alvöru sem er á bak við þá beiðni okkar að sjútvrh. láti okkur í té þær upplýsingar sem við teljum okkur nauðsynlegar til þess að við getum gegnt störfum okkar í sjútvn. Ed.

NEÐRI DEILD

21. fundur, þriðjudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Frv. GHH og FrS, 163. mál (jarðanefndir og forkaupsréttur). — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú er það svo að ágreiningur er um það í hvaða nefnd þetta dagskrármál á að fara. Hv. fyrri flm. frv. hefur óskað eftir því að málið fari til allshn. og gerði hann grein fyrir ástæðum þessarar óskar sinnar við umræður í gær og raunar við upphafsumræður um frv. Þetta hefur mætt mikilli mótspyrnu í ræðum nokkurra hv. þingdeildarmanna sem talað hafa í málinu sem hafa óskað eftir því að málið fari til hv. landbn. Það er því augljóst að það verður að leita til hv. deildar og fá hana til að skera úr um það til hvorrar nefndar mál þetta skuli fara. Forseti vill þá bera upp tillögu hv. 1. flm. frv.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess að það kann að hljóma óvenjulega að frv. til laga um breytingar á jarðalögum verði vísað til allshn. og vegna þess að ekki voru margir viðstaddir þegar ég gerði grein fyrir ástæðum þess, þá vildi ég mega endurtaka þær í örfáum orðum.

Með frv. er fyrst og fremst tekið á nokkrum lögfræðilegum prinsippatriðum en ekki atriðum sem varða atvinnuveginn landbúnað sem slíkan. Þess vegna telja flm. rétt að málið fari til þeirrar nefndar sem fjallar fyrst og fremst um slík málefni, allshn., en ekki til nefndarinnar sem fjallar um málefni landbúnaðarins.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Til að fyrirbyggja þann misskilning að það sé einhver ákveðin nefnd í þinginu sem fjalli um lögfræðileg málefni vil ég vekja athygli á því að hver einasta nefnd sem tilheyrir deildunum fjallar um frv. sem stefnt er að af einhverjum aðila að verði að lögum og þar með fjalla menn um lögfræðileg málefni. Hitt er hreinn og klár útúrsnúningur að það sé einhver ein nefnd í þinginu sem fjalli um lögfræðileg málefni. Ég hef ekki heyrt öllu meiri vitleysu í rökstuðningi héðan úr ræðustóli svo að ég segi nú eins og er og er þá miklu til jafnað.

Ég hef áður varað við því að menn láti sér detta það í hug að menn fari að kjósa sér nefndir. Það væri alveg furðuleg niðurstaða ef það ætti að snúa svo vinnubrögðum þingsins að það væru engar hefðir hvert málum bæri að vísa heldur ættu menn að kjósa sér nefndir eftir geðþótta. Þá mundu menn trúlega safna einhverjum sérstökum aðilum í einhverja ákveðna nefnd og reyna svo að vísa bara öllum málum þangað — ef mönnum dytti þetta í hug í alvöru.

Þess vegna geri ég tillögu um að þetta mál fari til landbn., eins og þingsköp og venjur mæla fyrir um.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er nú einu sinni svo að hv. þingdeild er sjálfri sér ráðandi. Hún getur auðvitað ákveðið það til hvaða nefnda hún vísar málum. Þetta

frv. sem hér er til umræðu er fyrst og fremst réttarfarslegs eðlis, snertir hluti eins og forkaupsrétt og annað þess háttar og það er hreinn útúrsnúningur hjá hv. 2. þm. Vestf. að þetta mál eigi endilega öðrum nefndum fremur heima í landbn. þingsins. Ég hef ekki beðið um annað hins vegar en að deildin fái að skera úr um það og vænti þess að forseti geti látið fara fram um það atkvæðagreiðslu.

Jón Sæmundur Sigurjónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kem til að taka undir álit flm. þessa frv., hans beiðni um að þetta mál verði sent til allshn. Mér finnst það eðlilegt í ljósi þess að frv. snertir miklu meira en landbúnaðinn sjálfan. Þetta snertir einnig skipulagsmál sveitarfélaga og er þar af leiðandi miklu víðtækara en svo að það komi einungis landbúnaðarmálum við. Ég held að það sé því rétt ályktað hjá flm. að málinu sé vísað til allshn. en ekki landbn.

Stefán Valgeirsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. forseta þingsins. Það hefði þótt, fyrr á árum a.m.k., dálítið merkilegt ef forseti deildarinnar úrskurðaði ekki um svona mál. Þessi mál eru þannig að á þessum 23 árum sem ég er búinn að vera í þinginu, og ég hef lesið söguna lengra aftur, hafa þau alltaf farið til landbn. Þetta er kannski ekkert aðalatriði. En við höfum vanið okkur á það að vera nokkuð fastir í gömlum siðum hér og ég er eiginlega hættur að botna nokkuð í því hvað sumir hv. þm. eru að fara. Því er verið að skipta í landbn. o.s.frv.? Hvers vegna er það? Er ekki einhver ástæða fyrir því? Eða halda menn að það eigi bara að vera einhver geðþóttaákvörðun hvers og eins sem flytur frv. hvert á að vísa því?

Það er auðvitað hæstv. forseti sem á að úrskurða í þessu máli. Það hefur verið gert áður og ég held að forsetar þingsins þurfi að fara að athuga sín mál betur og enn fremur að athuga það hvernig menn mæta hér á þingfundi. Það er þinginu til skammar hvernig hefur til tekist á undanförnum dögum. Og það er áreiðanlegt að það þyrfti að skoða það eitthvað betur. Ef þetta hefði verið í venjulegri vinnu, þá hefðu menn verið hýrudregnir miðað við þær mætingar sem hér eru, bæði þingmenn og ráðherrar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. vill forseti taka það fram að það er alveg skýrt í þingsköpum að ef upp kemur ágreiningur um það í hvaða nefnd máli skuli vísað, þá er það þingdeildarinnar að skera úr um það.

Frv. vísað til allshn. með 14:13 atkv.

Sektarmörk nokkurra laga, 2. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 54, n. 238, brtt. 239.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallaði höfund þess, dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómara, á sinn fund. Auk þess bárust umsagnir dómsmrn. og Lögmannafélags Íslands.

Nefndin leggur til að gerðar verði þrjár breytingar á frv. Lagt er til að 2. og 41. gr. frv. falli brott þar sem þau lagaboð, sem þar er verið að breyta, voru felld úr gildi á síðasta þingi. Þá er einnig lagt til að 31. gr. frv. falli brott en í henni er lögð til breyting á sektarmörkum söluskattslaga. Þau lög voru felld úr gildi með lögum um virðisaukaskatt, en refsiákvæði laganna höfðu þá tímabundið gildi. Nú hefur fækkað mjög þeim tilvikum sem refsiákvæði söluskattslaga gætu náð yfir. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra munu allar undanþáguheimildir til þess að skila söluskatti falla niður um áramót. Sýnist því ekki ástæða til að breyta þessum ákvæðum söluskattslaga því að nýju sektarmörkin mundu einungis gilda um söluskattssvik frá gildistöku laganna og fram að næstu áramótum.

Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 239 og fjalla einfaldlega um það að 2., 31. og 41. gr. falli brott.

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Friðjón Þórðarson, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 239,1 (2. gr. falli brott) samþ. með 24 shlj. atkv.

3.–30. gr. (verða 2.–29. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 239,2 (31. gr. falli brott) samþ. með 30 shlj. atkv.

32.–40. gr. (verða 30.–38. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 239,3 (41. gr. falli brott) samþ. með 24 shlj. atkv.

42.–45. gr. (verða 39.–42. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

46. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Brottfall laga og lagaákvæða, 2. umr.

Stjfrv., 72. mál. — Þskj. 74, n. 240.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um brottfall laga og lagaákvæða á þskj. 240.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallaði formann nefndarinnar, sem samdi frv., dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómara, á sinn fund. Að auki bárust

nefndinni umsagnir dómsmrn. og Lögmannafélags Íslands.

Eftir yfirferð nefndarinnar yfir frv. leggur hún til að gerð verði ein breyting sem flokkast undir leiðréttingu, þ.e. að 1. tölul. 24. gr. falli brott þar sem opið bréf frá 28. des. 1836 var fellt úr gildi með lögum nr. 20/1988.

Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

1. tölul. 24. gr. falli brott.

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðni Ágústsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 240 samþ. með 24 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
25.–30. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 2. umr.

Stjfrv., 35. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 35, n. 248.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nál. frá fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 17 frá 3. apríl 1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Matthías Bjarnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Undir þetta nál. rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Guðmundur G. Þórarinsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ragnar Arnalds og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum, 2. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 179, n. 251.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nál. frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Matthías Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Þórhildur Þorleifsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1.–2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 2. umr.

Stjfrv., 34. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 34, n. 247.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt nál. frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Ástu Magnúsdóttur frá Húseigendafélagi Reykjavíkur, Þórleif Jónsson og Guðlaug Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna og Snorra Olsen og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá fjmrn.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Matthías Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Guðmundur G. Þórarinsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ragnar Arnalds og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1.–2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Tímabundin lækkun tolls af bensíni, 2. umr.

Stjfrv., 91. mál. — Þskj. 94, n. 249, brtt. 250.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nál. frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Snorra Olsen, skrifstofustjóra í fjmrn., og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur, deildarstjóra í fjmrn.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingu

sem flutt er tillaga um á þskj. 250.

Breytingin er annars vegar við 1. gr. um að í stað orðanna „frá 1. október 1990“ í 2. mgr. komi: vegna innflutnings frá 6. október 1990 og vegna birgða sem til voru í landinu á þeim tíma. Þessi breyting skýrir sig sjálf. Hins vegar er breyting við 2. gr. um að í stað orðanna „31. desember 1990“ komi: 28. febrúar 1991. Þetta þýðir að hin tímabundna lækkun tolls framlengist til 28. febrúar 1991.

Matthías Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Páll Pétursson, Ragnar Arnalds, Guðmundur G. Þórarinsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Friðrik Sophusson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 250,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 250,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Vísun mála til nefnda.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem mér þótti yfirlýsing forseta allsérstæð varðandi það hvort gert væri ráð fyrir að deildin úrskurðaði í hverju einstöku máli varðandi hvert bæri að vísa málum, þá vil ég, með leyfi forseta, lesa hér örfá atriði úr 15. gr. þingskapa sem mér virðast nánast óskiljanleg ef sú regla verður upp tekin að menn kjósa sér nefndir.

Í 15. gr. segir, með leyfi forseta: „Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi.“

Það virðist dálítið erfitt að hafa það alveg fastákveðið í Sþ. að það skuli vísa — ekkert ef til vill, heldur bara það „skal vísa“ þeim málum til atvinnumálanefndar sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir mundu fjalla um í deildum. Ef það er mjög á reiki hvert málin eiga að fara í deildum, þá er alveg vonlaust að hafa hitt fast. Því vona ég að menn geri sér grein fyrir. Það stangast því gjörsamlega á við þingsköp að hægt sé að taka upp þá reglu að kjósa sér nefndir. Þessu hafa forsetar þingsins, þeir sem hér hafa stjórnað á undanförnum árum, gert sér grein fyrir og leiðbeint þess vegna.

Ég vil einnig vekja athygli forseta á því að í sömu grein segir: „Að jafnaði skal vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum.“

Nú blasir það við að með því að menn kjósi sér nefndir, þá er ekkert sennilegra en að málum sé vísað í aðra nefnd í efri deild heldur en í þeirri neðri. Og enn vil ég spyrja forseta: Hvernig hyggur hann þá að forseti Sþ. eigi að fara eftir hinum skilyrðislausu skilyrðum í 15. gr. þingskapa ef máli er í Nd. vísað í ákveðna nefnd, segjum til iðnn., en í Ed. öfugt, til heilbr.- og trn.? Ætli það sé þá ekki orðið erfitt að framkvæma það sem hér stendur, að málum sem í deild væri vísað til landbúnaðar-, sjávarútvegs- eða iðnaðarnefndar skuli í Sþ. vísað í atvmn.? Þetta gengur einfaldlega ekki upp. Það stenst ekki við lestur þingskapa ef menn skoða þetta að þetta frelsi eigi að vera hér til staðar. Og því miður hefur forseta orðið það á að gefa hér yfirlýsingu sem hvorki er í samræmi við þingvenjur né þingsköp.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Vestf. vill forseti benda hv. þm. á að það er þingdeildin sjálf sem hefur allt vald í þessu máli. Ef ágreiningur af þessu tagi kemur upp í þingdeildinni, þá á forseti þann eina kost að skjóta málinu til þingdeildarinnar. Þetta mál hefur fengið þann eina rétta framgang sem fyrir hendi er. Málið er raunar frágengið því að hv. þingdeild hefur kveðið upp sinn úrskurð og af hálfu forseta er þetta mál útrætt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vekur undrun mína að hæstv. forseti skuli ekki í hógværð og mildi lesa 15. gr. yfir. Í hógværð og mildi. Hugsun manna skýrist ekkert þó þeir hafi mjög hátt.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti þakkar hv. 2. þm. Vestf. fyrir þessa vinsamlegu ábendingu og varpar henni nú til hv. 2. þm. Vestf. á nýjan leik og vill ekki láta eiga neitt hjá sér í þessum efnum.

NEÐRI DEILD

22. fundur, þriðjudaginn 11. des., að loknum 21. fundi.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 3. umr.

Stjfrv., 35. mál. — Þskj. 35.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 272).

Ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum, 3. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 179.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 273).

Sektarmörk nokkurra laga, 3. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 269.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Brottfall laga og lagaákvæða, 3. umr.

Stjfrv., 72. mál. — Þskj. 270.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 3. umr.

Stjfrv., 34. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 34.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Tímabundin lækkun tolls af bensíni, 3. umr.

Stjfrv., 91. mál. — Þskj. 271.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Launamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40, n. 233, 244 og 245.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson) (frh.):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér eru komnir í salinn þrír ráðherrar, hver úr sínum flokki, en eins og flestir muna þá varð að gera hlé á þessari ræðu vegna þess að enginn hæstv. ráðherra var viðstaddur. Ég skal þó taka fram að hæstv. forsrh. hafði leyfi, hann var á sjúkrahúsi að því er okkur var tjáð, og ég vil sérstaklega bjóða hann velkominn hér í salinn. Ég ætlaði að fara að segja að hans hefði verið sárt saknað fyrir helgina og ég held að óhætt sé að orða það þannig, jafnvel þótt það sé sagt með þessum hætti. En það er ánægjulegt að sjá hæstv. forsrh. hér kominn til þess að standa fyrir sínu máli. Á sama hátt fagna ég því að hæstv. fjmrh. skuli sjá sér fært að koma hér og taka þátt í þessum umræðum. Það er afskaplega dýrmætt að þeir aðilar sem settu þessi endemis bráðabirgðalög í sumar séu þess fúsir að koma hér og hlýða á umræðu og taka síðan þátt í þeim. Eins og hæstv. forseti sagði á fimmtudaginn var er það auðvitað sjálfsagt mál að hæstv. ráðherrar, og sérstaklega hæstv. fjmrh., sé viðstaddur umræðuna.

Þegar ég flutti ræðu með nál. 2. minni hl. á fimmtudeginum hafði ég rakið hvernig staðið var að samningi við BHMR á sínum tíma, hverjir voru þar að verki og hvaða skuldbindingar þeir tóku á sig. Ég hafði rifjað upp samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 1. febr. sl. en það samkomulag hefur verið kallað þjóðarsátt. Ég benti sérstaklega á að hæstv. ríkisstjórn tók að sér strax á þeim tíma að koma í veg fyrir að BHMR-samningurinn næði efnislega fram að ganga. Þannig ætlaði hæstv. ríkisstjórn að tryggja það í raun að BHMR tæki þátt í þjóðarsáttinni.

Ég benti á að hæstv. ríkisstjórn aðhafðist ekkert í málinu lengst af, þrátt fyrir fjölda aðvarana, þar á meðal frá Vinnuveitendasambandi Íslands, frá borgarstjóra og frá fleiri aðilum sem sáu hvert stefndi.

Ég rifjaði það upp að mál þetta fór í Félagsdóm þegar hæstv. ríkisstjórn ákvað að greiða ekki umsamdar launahækkanir til BHMR. Félagsdómur féll á þann veg að hann staðfesti skilning BHMR á kjarasamningnum

með samhljóða niðurstöðu. Ég tek það fram þegar ég segi samhljóða niðurstöðu að það er dálítið sérstakt vegna þess að hæstv. ríkisstjórn skipar einn dómarann í Félagsdóm.

Þá rifjaði ég upp og reyndar höfðu aðrir gert það á undan mér að sýndarviðræður fóru fram í kjölfar Félagsdóms og síðan voru sett bráðabirgðalög þau sem nú er lagt til að staðfesta með framlögðu frv. sem hér er til umræðu.

Ég hafði enn fremur greint frá því í minni ræðu að ekki var nægur meiri hluti til staðar hér í hv. deild til þess að málið næði fram að ganga. Og ég rifjaði upp og skýrði frá hvaða hugmyndir hefðu verið uppi hjá hæstv. ríkisstjórn um að hundsa þingræðisregluna, þ.e. að rjúfa þing, en þá hefðu bráðabirgðalögin að sjálfsögðu úr gildi fallið, og síðan að setja sömu lög eða a.m.k. lög með nákvæmlega sömu efnisatriðum þrátt fyrir það að enginn nýr meiri hluti hefði myndast. Þetta er auðvitað þvert á þingræðisregluna því auðvitað hefði hæstv. ríkisstjórn átt að vera ljóst að henni bar annaðhvort að segja af sér og fá öðrum stjórnartaumana eða að reyna að ná meiri hluta við bráðabirgðalögin, óbreytt eða breytt, og standa þannig á þeim lýðræðisvenjum sem gilda hjá þeim þjóðum sem kallaðar eru lýðræðisþjóðir.

Það er ástæðulaust að fara mörgum orðum um þessa upprifjun. Ég bendi á, og það kemur fram í nál. 2. minni hl., að frá upphafi var ljóst að um verulega hækkun var að ræða í BHMR-samningnum enda var bókstaflega talað um það að 4,5%, þessi refsiprósent, „kæmu upp í væntanlega hækkun", svo ég fari orðrétt með.

Ég minni á það jafnframt að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í málgagni sínu að hin beina þátttaka hæstv. ríkisstjórnar í samningagerðinni gæfi auðvitað til kynna að ríkisstjórnin teldi sig pólitískt og persónulega skuldbundna til að vinna það verk sem fram undan væri í einlægni og byggja upp trúnaðartraust á nýjan leik. Með þessum orðum er auðvitað alveg ljóst að hæstv. ráðherrar tóku að sér að efna samninginn sem best þeir gátu.

Ég minni á jafnframt að í málgagni hæstv. ráðherra komu fram mjög skýr sjónarmið um þessi atriði. Þar á meðal sagði orðrétt, hinn 2. febr. eða daginn eftir að samningar voru undirritaðir, „að það væri banabiti verkalýðshreyfingarinnar ef hún ætlaði sér að fá samningi BHMR rift og varla hægt að ætla neinum slíkt brot á grundvallarmannréttindum".

Ég minnti á hvernig hæstv. fjmrh. hundsaði aðvaranir Einars Odds Kristjánssonar, formanns VSÍ, og gekk svo langt að segja nánast að formaður Vinnuveitendasambandsins væri ekki læs, hann hefði ekki kynnt sér kjarasamninginn. Síðar kom auðvitað annað í ljós.

Þegar síðan gengið var til þess verks að undirbúa bráðabirgðalögin var ljóst að það stóð talsvert í þingmönnum Alþb. að samþykkja hvernig fara skyldi að. En alþýðubandalagsráðherrarnir og nokkur hluti þingflokksins beit á það agn að í raun og veru væri ekki annað að gerast en það að binda með lögum þá samninga sem þegar væri búið að gera en aðrir samningar væru lausir. Eða eins og hæstv. menntmrh. orðaði það í Þjóðviljanum þá var það að hans áliti þannig að hægt væri fyrir þá sem hefðu lausa samninga að semja sig frá þjóðarsáttinni. Orðrétt sagði hann: „En það grundvallaratriði verða menn að hafa í huga að allir sem á annað borð hafa lausa samninga geta, ef þeir ná til þess stöðu, samið sig frá þessu þannig að mannréttindaákvæði laga, stjórnarskrár og leikreglna í þjóðfélaginu eru á sínum stað, hvort sem um er að ræða rétt til uppsagnar, samninga og verkfalla. Pólitískt séð fyrir Alþýðubandalagið er þetta meginatriði í mínum huga."

Þetta er orðrétt haft eftir hæstv. menntmrh. í Þjóðviljanum þegar bráðabirgðalögin höfðu verið sett.

Þetta gefur auðvitað tilefni til þess að álíta að hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér ekki að gera neitt ef þeir sem hefðu lausa samninga hefðu samið um allt annað en það sem í þjóðarsáttinni stendur. Auðvitað hefur annað komið á daginn. Það er ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki og mun ekki og ætlaði sér aldrei að þola það að nokkur aðili gengi á svig við þjóðarsáttina.

Ég minni á að dómur Félagsdóms var ákaflega skýr. Í honum var undirstrikuð sú staðreynd að áhrif samningsins voru þekkt frá upphafi og hlutu að hafa sams konar áhrif hvort sem þjóðarsáttin svokallaða var gerð eða ekki. Og eins er bent á þann sjálfsagða hlut að leitað verði samkomulags áður en annar aðili að þessum samningi tekur einhliða ákvarðanir um efnisatriði.

Áður en ég vík að framhaldi míns máls og fylgi eftir því sem kemur fram í nál. langar mig til þess að drepa á örfá atriði sem fram hafa komið, bæði í umfjöllun um nál. sem voru rædd hér á síðasta fundi, og eins úti í þjóðlífinu eftir að ég flutti fyrri part ræðu minnar. Ég minni á að í meirihlutaálitinu er byggt á tveimur atriðum. Annars vegar er birt greinargerð ríkislögmanns, sem er vörn ríkislögmanns fyrir hæstv. ríkisstjórn í dómsmáli sem er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Síðan er látið að því liggja, bæði hér í ræðu á Alþingi og eins í umfjöllun í dagblöðum, þar á meðal í málgagni Framsfl., að hér sé komin álitsgerð ríkislögmanns. Þetta er auðvitað alrangt. Staðreyndin er nefnilega sú, og það skiptir afar miklu máli að við gerum okkur öll grein fyrir því og vænti ég þess að hæstv. forsrh. leggi hlustirnar við, hann hefur stundum haldið því fram að hann væri bara verkfræðingur, en ekki lögfræðingur eins og faðir hans og forveri hér í stól, en þar sem hæstv. forsrh. er bara verkfræðingur er kannski kominn tími til þess fyrir hann að átta sig á því hver er munurinn á greinargerð verjanda í máli og álitsgerð lögfræðinga þegar um er beðið. Munurinn er þessi:

Þegar lögfræðingur, þar á meðal ríkislögmaður, er beðinn um álitsgerð setur hann niður á blað það sem hann telur vera sannast og réttast um lög og rétt eða réttarfylgjur, áhrif af einhverjum tilteknum atburðum eða því sem fyrir liggur. Það heitir álitsgerð og það má kannski, fyrir þá sem þekkja ekki mikið til slíkra mála, líkja því við það að viðkomandi lögfræðingur, hvort sem það er ríkislögmaður eða einhver annar, setur sig í dómarasæti. Hann hugsar sem svo: Hvernig mundi ég

fara að væri ég dómari?

Þegar hins vegar sami lögfræðingur, hvort sem það er ríkislögmaður eða einhver annar, er beðinn um að taka að sér vörn í einhverju máli, eða sókn, setur hann sig í allt aðrar stellingar. Það er grundvallaratriði í okkar lögum að slíkir verjendur finni allt sem tiltækt er til að verja viðkomandi aðila eða til að sækja mál fyrir viðkomandi aðila. Og það gengur meira að segja svo langt í íslenskum rétti að þegar saksóknari á í hlut er óheimilt að dæma á grundvelli málsástæðna sem ekki koma fram í sókn málsins. Ef dómararnir sjá það út að það er eitthvað athugavert og þeir vilja gjarnan dæma vegna þess að það liggur fyrir eitthvað sem þýðir að sök sé sönnuð, eða það sé sök í málinu, má því ekki dæma nema saksóknarinn hafi lagt það til í sínum málflutningi og það sama á við um alla lögfræðinga: Þegar þeir sækja í máli eða verjast í máli draga þeir allt tiltækt til. Þar á meðal ber þeim, ef þeir eru að verja t.d. nauðgara eða morðingja, að finna allar tiltækar ástæður sem geta dregið úr því að maðurinn sé dæmdur samkvæmt þyngstu refsingu. Þetta er skyldan í okkar lýðræðislandi, okkar réttarríki, þar sem sakborningar og aðrir eiga rétt á því að leita til dómstóla og fá öll sjónarmið upplýst.

Nú gengur hæstv. ríkisstjórn svo langt í þessu máli að kalla greinargerð verjanda síns álitsgerð. Svo langt er gengið. Ég staðhæfi hér og nú: Það hefur aldrei verið leitað álits ríkislögmanns í þessu máli og því miður hefur það ekki verið gert því að hefði það verið gert er ég sannfærður um að ekki hefði farið svo illa fyrir hæstv. ríkisstjórn eins og nú hefur sannast, að þurfa að grípa til þess óyndisúrræðis, eftir að félagsdómur er fallinn, að setja bráðabirgðalög í þessu landi. Hefði það gerst fyrr eða hefði hæstv. ríkisstjórn lagt fram frv. á Alþingi hefði málið horft allt öðruvísi við. Á þetta vil ég leggja áherslu. Þetta er annað atriðið sem kemur fram í þeirri málsvörn sem heitir meirihlutaálit nefndarinnar í þessu máli.

Hitt atriðið er það að birtur er spádómur Þjóðhagsstofnunar og síðan er sagt: Ef bráðabirgðalögin falla, þá stendur þjóðarvá fyrir dyrum. Verðbólgan rýkur upp í 20%, 40% og eitthvað þaðan af verra. Þetta er síðan tekið sem einhver sannleikur. Ef menn lesa nú fskj. I sem fylgir meirihlutaálitinu kemur í ljós að Þjóðhagsstofnun hefur sjálf verulega fyrirvara. Þjóðhagsstofnun segir sjálf: Í fyrsta lagi er túlkun kjarasamnings BHMR ekki vafalaus. Í öðru lagi er ýmislegt óljóst um viðbrögð annarra aðila vinnumarkaðarins og í þriðja lagi er álitamál hvaða gengisforsendur skuli leggja til grundvallar. — Síðar er sagt: „Þann almenna fyrirvara verður að gera um útreikninga af þessu tagi, að hér er reiknað með fullkominni sjálfvirkni milli verðlags annars vegar og launa og gengis hins vegar.“ Og að lokum er sagt: „Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að þetta eru ekki ótvíræðar niðurstöður því óvissuatriðin eru mörg í þessum dæmum.“

Svo gerist það að hagfræðideild Seðlabankans sem getur gert sams konar spádóma kemst að annarri niðurstöðu vegna þess að hún gefur sér aðrar forsendur. Hún gefur sér þær forsendur að hér sitji í landinu ríkisstjórn sem láti ekki allt yfir sig ganga og hér séu í landinu aðilar á vinnumarkaðinum sem muni grípa til viðeigandi ráðstafana áður en verðbólgan verði 1.000 eða 200.000% eða hvað hún mundi verða ef þessu héldi áfram. Og þá gerist það allt í einu að það er hringt niður í Seðlabanka. Einn af hæstv. ráðherrum hringir og segir: Þetta gengur ekki upp. Við viljum fá nýtt álit.

Síðan hefjast umræður um það að í áliti Seðlabankans sé að finna einhvern dónaskap gagnvart öðrum stofnunum þjóðfélagsins og sérstaklega því áliti sem kom frá Þjóðhagsstofnun. Nú vill svo til að Þjóðhagsstofnunarálitið er dagsett 3. des. en Seðlabankaálitið er dagsett 30. nóv., eða fjórum dögum áður en hitt álitið er gefið. Samt sem áður er því haldið fram að þarna sé Seðlabankinn að ráðast á Þjóðhagsstofnun. Vera má að Seðlabankinn hafi haft í huga það sem Þjóðhagsstofnun gerði í sumar 22. júní, en þetta er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að hæstv. ríkisstjórn þolir ekki að fá annað álit, fá annan spádóm sem byggir á öðrum forsendum en þeim sem hún sjálf vill gefa. Hún gengur svo langt að virða ekki sjálfstæði Seðlabankans, heldur er einn af ellefu hæstv. ráðherrunum sendur, gerður út af örkinni, sendur niður í kastalann undir Svörtuloftum og látinn segja: Þetta var ekki gott álit hjá ykkur, strákar mínir. Þið verðið að skrifa annað álit og helst að biðjast afsökunar. — Þetta gerði Seðlabankinn, blessuð sé minning sjálfstæðis hans, og þar með ætlar ríkisstjórnin að hreinsa sig af þessu máli.

Það er aðeins eitt sem stendur eftir og það er það að það skiptir öllu máli hvaða forsendur menn gefa sér þegar þeir eru að fá spádóma út og það skiptir þess vegna öllu máli að átta sig á því að allir þessir spádómar, hvort sem þeir koma frá Seðlabankanum, Þjóðhagsstofnun, hæstv. ríkisstjórn eða hverjum öðrum, eru auðvitað ekkert algildir, eru enginn sannleikur. Þetta eru spádómar sem byggjast á forsendum sem menn gefa sér. Í raun og veru hefur Þjóðhagsstofnunin sjálf sagt það sem þarf að segja með öllum þeim fyrirvörum sem hún hefur í þessu máli. Það er hins vegar til skammar fyrir hæstv. ríkisstjórn að hún skuli æpa upp yfir sig út af þessum málum og segja: Nú fer allt í bál og brand, nú fer allt til fjandans, því það er ekki svo nema hæstv. ríkisstjórn reikni með að hún grípi til engra aðgerða í kjölfar þess að bráðabirgðalögin falla. Nú skulu menn hafa það í huga að það getur vel verið að dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalögin séu löglaus. Þá þýðir ekkert að hringja í Þjóðhagsstofnun og þá þýðir ekkert að hringja í Seðlabankann — eða hvað? Getur kannski verið að hæstv. ríkisstjórn hugsi sér í framhaldi af slíkri dómsniðurstöðu enn á ný að misnota vald sitt?

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi hér strax fram. Þetta varðar málflutning hæstv. ríkisstjórnar og þess manns, hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hefur tekið að sér að verja hæstv. ríkisstjórn hér í þingsölunum með því að birta ræður verjanda og spádóma Þjóðhagsstofnunar sem ég nú hef gert að umtalsefni.

En það hefur til viðbótar gerst ýmislegt. Þar á meðal hafa tveir mætir lögfræðingar, hæstaréttarlögmenn,

sagt álit sitt á þessum bráðabirgðalögum og í málgagni Alþb. og hæstv. fjmrh. er sagt frá þessu í dag með þessum orðum, með leyfi forseta: „Bráðabirgðalögin á kjarasamning BHMR eru eitt hörmulegasta dæmið í langan tíma um siðlausan framgang stjórnmálamanna, sagði Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðingur m.a. á ráðstefnu um siðferði stjórnvalda sem haldin var í gær á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna." Síðan er vitnað í Eirík Tómasson hæstaréttarlögmann, en það er sami maðurinn og áður var aðstoðarmaður dómsmrh., en þá sat í sæti dómsmrh. fyrrv. formaður Framsfl. Ólafur Jóhannesson. „Eiríkur Tómasson lögfræðingur tók í sama streng og Jóns Steinar og sagði bráðabirgðalögin vera gróft dæmi um siðferðisbrest í íslenskum stjórnmálum."

Ég hirði ekki um að lesa meira, en þeir sem vilja kynna sér þetta geta lesið Þjóðviljann í dag.

Með öðrum orðum: Þetta eru ekki neinar pólitískar ofsóknir á hendur hæstv. ríkisstjórn. Það eru menn framarlega í flokki hæstv. forsrh. sem gefa þessar einkunnir og nú síðast í gær.

Nú hverf ég að því, virðulegi forseti, þar sem frá var horfið í framsöguræðu minni sl. fimmtudag. Ég var kominn að því að ræða um það að hæstv. ríkisstjórn væri mesti ógnvaldur þjóðarsáttarinnar og það var einmitt þá sem ég bað um að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur. — Varla er hann núna í heimsókn uppi á spítala því hæstv. forsrh. er mættur í salinn. Það liggur við, virðulegi forseti, að það verði að biðja um tjóðurband á virðulega ráðherra. En til að tefja ekki enn einu sinni vegna fjarveru hæstv. fjmrh. held ég áfram. Og ég er að fjalla hér um það að þjóðarsáttin svokölluð snerist auðvitað ekki eingöngu um það að launþegar í þessu landi ættu að taka á sig 15% kjaraskerðingu og það ætti að ná niður verðbólgu. Ein helsta ástæða fyrir því að menn tóku höndum saman, í öllum stjórnmálaflokkum, hygg ég, og sögðu: Við erum tilbúin að taka þetta á okkur og fyrirtækin voru tilbúin til að hagræða hjá sér, var sú að við héldum að hæstv. ríkisstjórn mundi nota tímann og tækifærið til þess að koma með lausnir sem gætu verið lausnir til frambúðar, gætu tekið til í þjóðarbúskapnum með þeim hætti. Það er nú öðru nær. Hæstv. ríkisstjórn hefur í raun og veru gert hið þveröfuga. Hún hefur, að segja má, sjálf verið að grafa undan þessari þjóðarsátt.

Í fyrsta lagi hefur hæstv. ríkisstjórn ekki tekist að ná valdi á útgjöldum ríkisins. Síþensla ríkisútgjalda heldur áfram þótt nú sé reynt með bókhaldsbrögðum að fela útgjaldaaukninguna. Eigið fé sjóða er látið rýrna með því að skera niður ríkisframlög án þess að fjárhagur þeirra sé efldur með öðrum hætti. Stórfellt tap sjóða, svo sem Byggðasjóðs, Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs, er falið. Framlög ríkissjóðs til lífeyrisskuldbindinga vegna opinberra starfsmanna eru þurrkuð út. Hvergi kemur fram í ríkisbókhaldi að lántaka Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á sínum tíma hafi fallið á ríkissjóð. Á hverju hausti kynnir síðan hæstv. fjmrh. nýtt tímamótafrv., sem hann kallar það gjarnan, til fjárlaga, „hornstein að stöðugleika í efnahagsmálum" held ég að hann hafi sagt síðast. En þegar upp er staðið og málið kannað kemur í ljós að afkoma ríkissjóðs er um 6–7 milljörðum króna verri en þessi tímamótaplögg hæstv. fjmrh. gerðu ráð fyrir og það er öllum ljóst að slíkur hallarekstur á ríkissjóði er verðbólguhvetjandi.

Síðan hefur hæstv. ríkisstjórn sífellt verið að hækka skattana. Ég ætla ekki að telja upp alla þá skatta sem hafa verið hækkaðir á undanförnum árum, en nýjasta dæmið er það að hæstv. ríkisstjórn áformar nú að hækka skattana um tvo milljarða.

Það er kannski ástæða til þess að láta reikna það út hvaða verðbólguáhrif það mundi hafa ef skattarnir mundu hækka eins og hæstv. fjmrh. vill. Ég er nefnilega hræddur um að verðbólguáhrifin af slíkum skattahækkunum yrðu meiri en ef bráðabirgðalögin féllu úr gildi en ríkisstjórnin og aðrir brygðust við með þeim hætti sem eðlilegt væri.

Í þriðja lagi, og það er óþarfi að vera langorður um það, má benda á að peningamagn í umferð hefur aukist talsvert umfram verðbólgutölur að undanförnu. Á þetta hefur ræki lega verið minnt. Þar á meðal hefur dr. Guðmundur Magnússon háskólaprófessor gert það eftirminnilega á spástefnu Stjórnunarfélagsins. Þetta er út af fyrir sig í lagi á meðan fyrirtækin eru að bæta sína skuldastöðu og sparnaðurinn vex, en það eru samt sem áður gífurleg hættumerki í þessum málum, ekki síst vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki séð peningamálin í friði, m.a. vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur með handafli verið að hafa áhrif á bankaráð ríkisbankanna þannig að vextir hækki ekki eðlilega þegar þrýstingurinn vex á fjármagnsmarkaðnum, aðallega fyrir tilstilli hæstv. ríkisstjórnar.

Ég minni á að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að hann hafi talað við bankaráðsmenn sína og sagt þeim að koma í veg fyrir hækkun vaxta. — Óskaplega hlýtur nú maðurinn að vera góður, segir fólkið í landinu. Hæstv. forsrh. ætlar að koma í veg fyrir að vextir hækki. — En þetta er bara ekki svona einfalt. Það er nefnilega þannig að ríkissjóður þarf peninga og ríkissjóður þarf miklu meiri peninga en áætlað hafði verið og þá peninga þarf ríkissjóður að sækja til þeirra sem leggja til hliðar fjármuni. Ef nægir fjármunir eru ekki til þarf að hvetja fleiri til að spara. Hvernig er það gert? Það er gert með hærri vöxtum. Og hverjir standa fyrir hæstu vöxtunum? Það er ríkissjóður sjálfur. Bæði hann beinlínis og eins þeir sem gefa út húsbréfin eða ábyrgjast þau.

Þannig er að hæstv. forsrh. þykist vera að lækka vextina en svo er púkanum í ríkisstjórninni, hæstv. fjmrh., sem hæstv. forsrh. sífellt kennir um þegar einhver mistök verða, síðast í þessum bráðabirgðalagamálum, kennt um. Og hann tekur því af stakri karlmennsku því að hann veit að hann hefur ekki úr háum söðli að detta.

Þessu til viðbótar hefur hæstv. ríkisstjórn verið að safna vandamálum og sérstaklega í kjaramálunum. Það kann, virðulegi forseti, að vera athygli vert að fylgjast með því hvað stéttarfélögin eru að hugsa um þessar mundir.

Nýlega kom út blaðið Lögreglumaðurinn og í For-

mannshorninu, en það er lítil grein sem formaður Landssambandsins skrifar, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórn Landssambands lögreglumanna hefur undanfarið rætt það ítarlega hvað við muni taka þegar samningur okkar og annarra stéttarfélaga rennur út í ágústmánuði á næsta ári. Eitt er víst og það er að lögreglumenn munu ekki, að öllu óbreyttu, taka þátt í neins konar samfloti og hið sama hygg ég að gildi um önnur stéttarfélög. Félögunum hefur ekki gefist kostur á neinum raunhæfum viðræðum um sérmál sín um langt skeið og því munu þau ekki una lengur. Svo mikið hefur safnast saman af margvíslegum málefnum að þegar stíflan opnast verður flóð. Krafist verður hækkunar á launum og lausn fjölda mála af miklum þunga. Því munum við vafalaust fara fram einir og sér, rétt eins og aðrir." Og síðar í þessari grein segir: „Ekki þurfa menn að búast við árangri í þeim samningum sem fram undan eru ef þeir búa sig ekki undir aðgerðir. Þær verða harðar, enda fullreynt að ríkisvaldið gefur ekki eftir fyrr en í fulla hnefana. Það mun skáka í því skjólinu að lögreglumenn hafi ekki verkfallsrétt. Það er vissulega rétt en fleiri leiðir eru til og þær verða farnar, hver á fætur annarri og samhliða, eftir því sem nauðsyn krefur. Þannig bætum við okkur upp missi verkfallsréttarins, þær verða jafngildi hans."

Hér er verið að segja að safnast hafi saman á tímabili þessarar hæstv. ríkisstjórnar mikið af vandamálum sem landssamböndin, verkalýðsfélögin, munu sækja af miklu kappi þegar þjóðarsáttinni lýkur. Ég sagði þjóðarsáttinni lýkur, því hæstv. forsrh. hefur sagt að hitt og þetta gerist þegar þjóðarsáttinni ljúki. Í sumar lögðu hæstv. fjmrh. og hæstv. starfandi forsrh. til að kauphækkuninni sem átti að renna til BHMR yrði frestað. Í raun og veru er það ein af meginspurningunum hvernig hæstv. ríkisstjórn sér framhaldið eftir 1. sept. nk.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa margoft lýst stuðningi sínum við meginmarkmið kjarasamninganna sem hlotið hafa nafnið þjóðarsátt. Ólögmætar aðgerðir, bráðabirgðalög á dómsniðurstöðu og siðlaus framkoma ríkisstjórnar gagnvart viðsemjendum sínum geta hins vegar aldrei orðið hluti af þjóðarsátt. Hæstv. ríkisstjórn tók að sér að tryggja aðild BHMR að þjóðarsáttinni svokölluðu þegar aðilar vinnumarkaðarins skrifuðu undir kjarasamning sinn 1. febr. Þrátt fyrir margar aðvaranir lét ríkisstjórnin undir höfuð leggjast að ræða við BHMR um samstarf á þeim grundvelli. Þannig hafnaði hæstv. ríkisstjórn því að fara lögmætar leiðir til að fá BHMR til þátttöku. Hún valdi einhliða samningsrof í stað samningsumleitana. Hún neytti ekki þess úrræðis að grípa til löggjafarvaldsins á meðan þing sat og enn voru tækifæri. Hún kaus að beita bráðabirgðalögum eftir að æðsti dómstóll hafði kveðið upp sinn dóm. Slíkt er af mörgum talið stjórnarskrárbrot. Á slíkum aðgerðum getur Sjálfstfl. ekki tekið ábyrgð. Það gildir einu þótt slík afstaða gegn lögleysu og óréttlæti kunni að kosta óvinsældir um stundarsakir. Í þeirri stöðu sem upp kom á Alþingi þegar ljóst var að hæstv. ríkisstjórn hafði misst meiri hluta sinn jafngilti hjáseta Sjálfstfl. því að hann tryggði framgang frv. og bæri ábyrgð á bráðabirgðalögunum. Þess vegna hlaut þingflokkur sjálfstæðismanna að taka þá ákvörðun að greiða atkvæði gegn frv. Þess vegna mun ég, virðulegi forseti, leggja til að frv. verði fellt.

Það skal tekið fram að annar tveggja fulltrúa Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn., hv. þm. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., var veikur við afgreiðslu málsins og er það reyndar enn.

Ég vil benda þingheimi á þau fylgiskjöl sem fylgja með nál. því að ég tel að þau upplýsi ótal margt um þetta mál. Það er vissulega fróðlegt að lesa orð sem sögð hafa verið í tengslum bæði við kjarasamninginn við BHMR og ekki síður tilurð og aðdraganda bráðabirgðalaganna. Þar er mikið talað um ábyrgð, frjálsan samningsrétt og siðgæði. En þegar Páll Halldórsson, formaður BHMR, er að tala við flokksbróður sinn, hæstv. fjmrh., þá minnir hann flokksbróður sinn á það að hann hafi á sínum tíma, þegar hæstv. ráðherra var í stjórnarandstöðu, hvatt til ólögmætra verkfalla. Á meðan þetta stendur svart á hvítu verður það að teljast satt vera meðan hæstv. ráðherra neitar því. Það er einnig athygli vert að lesa viðtal við hæstv. forsrh. þar sem hann lýsir því yfir að hann ætli að standa við samkomulagið við BHMR og hann hafi áður lýst því yfir að hann vilji gera það.

Ég bendi á að í fylgiskjölunum eru greinar eftir tvo hæstaréttarlögmenn. Ég bendi sérstaklega á lokaorð Árna Grétars Finnssonar og lokaorð í II. kafla í grein Jóns Steinars Gunnlaugssonar. Ég birti hér grein hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar frá því í sumar. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það sem þar kemur fram. Ég minni á að BSRB hefur allan tímann verið á móti því að sett hafi verið bráðabirgðalög þótt sumir hafi látið í annað skína. Ég bendi á lagarökin sem koma fram hjá þeim sem eru sækjendur í því dómsmáli sem nú hefur verið hafið. Og ég bendi á að í bréfi frá Vinnuveitendasambandinu sem var sent til mín kemur fram með skýrum hætti að Vinnuveitendasambandið telur að ekki megi undir nokkrum kringumstæðum auka skattheimtuna án þess að það sé brot á svokallaðri þjóðarsátt. Þetta verður auðvitað til þess að ekki verður hægt að hækka skatta frá því sem þeir nú eru með þeim afleiðingum að gatið á fjárlögunum fyrir næsta ár hlýtur að stækka til mikilla muna, nema ríkisstjórnina geri það sem henni bæri að gera ef hún vill standa fyrir sitt leyti að þjóðarsáttinni, að skera niður ríkisútgjöldin.

Með nál. er enn fremur birt ræða Guðmundar Magnússonar um þjóðarsáttina og loks er skjalið frá Seðlabankanum sem fyrir helgina varð til þess að hæstv. viðskrh. taldi sig þurfa að hafa samband við Seðlabankann. Sú aðgerð hefur verið fordæmd í blöðum. Skal ég ekki hafa fleiri orð um það því ég tel að hæstv. ráðherra hljóti að koma hér í ræðustól síðar í þessari umræðu og gera hreint fyrir sínum dyrum. Annað væri varla hægt eftir því sem hann hefur gert í því máli.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherrar komi hér og hlýði á mál mitt því að nú er komið senn að lokum míns máls og mig langar til að varpa örfáum fyrirspurnum til þeirra. (**Forseti:** Forseti hef-

ur gert ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. og fjmrh. komi hér í salinn en þeir munu ekki vera langt undan og eru væntanlegir von bráðar.) Ég þakka, virðulegi forseti, en ég skil það hins vegar mætavel að þeir vilji sem minnst á mál mitt hlýða. Það skil ég mætavel. Það er oft erfitt fyrir þá sem hafa staðið jafnilla að málum og hæstv. ráðherrar að þurfa að láta rifja upp fyrir sér sannleikann. En sannleikurinn hleypur ekki frá þessu máli. (**Utanrrh.:** Og er hann ekki sagna bestur?) Undir það tek ég, hæstv. utanrrh.

Virðulegi forseti. Það er reyndar stórkostlegt að þetta skuli geta gerst. Á fimmtudeginum var fundi frestað vegna ráðherraskorts og nú hendir það, loks þegar þessari umræðu er fram haldið, að þá skortir enn á að ráðherrarnir mæti. Ég tek það líka fram að það var mikil pressa á okkur lögð um að skila nál. og hafa þessa umræðu fyrir helgi og aftur í dag. (**Forseti:** Ráðherraskortur svokallaður er ekki með öllu óþekkt fyrirbæri hér í þinginu, en hæstv. fjmrh. var bundinn áðan í umræðum í hv. Ed. þar sem hann mælti fyrir frv. Ég veit ekki annað en hann sé væntanlegur og sömuleiðis hæstv. forsrh. til starfa hér í deildinni.) Virðulegi forseti. Ég hef mátt þola það að ráðherrar hafi verið hér á ferð og flugi og látið það átölulaust. En nú er komið að lokaorðum og ég ætlaði að leyfa mér að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra og taldi að möguleiki væri að fá a.m.k. annan þeirra hér í salinn. (**Forseti:** Forseti hefur þær fregnir réttastar að fjmrh. sé nú væntanlegur. Forsrh. mun bundinn í símtali við útlönd. Þarna kemur fjmrh. sjálfur í salinn og er þá ekki ástæða til að fresta fundi.)

Virðulegi forseti. Það er nú senn komið að því að ég ljúki máli mínu. Ég vil í lokin spyrja örfárra spurninga sem ég óska eftir að hæstv. ráðherrar svari. Í fyrsta lagi vil ég spyrja að því hvort það sé enn stefna hæstv. ríkisstjórnar að aðilar með lausa samninga megi semja sig frá þjóðarsáttinni, eins og hæstv. menntmrh. hefur orðað það. Ber að skilja þau ummæli hæstv. menntmrh. á þá leið að hæstv. ríkisstjórn hyggist ekki grípa til aðgerða ef samningar verða með þeim hætti að þeir stangist á við svokallaða þjóðarsátt?

Í öðru lagi, og það er kannski fyrst og fremst fyrirspurn til hæstv. fjmrh.: Hvað þýðir það þegar hæstv. fjmrh. segir að ráðherrarnir sem tóku þátt í kjarasamningagerðinni við BHMR væru persónulega og pólitískt skuldbundnir af niðurstöðu kjarasamningsins? Þetta er óvenjulegt orðalag en miðað við það sem á eftir kom finnst mér vera full ástæða til þess að spurt sé: Hvað þýðir þetta orðalag, sem er beint upp úr ummælum hæstv. fjmrh. þegar hann hafði samið við BHMR í fyrra?

Í þriðja lagi til þeirra beggja eða annars hvors þeirra. Af hverju var ríkislögmaður ekki inntur álits um það hvort beita þyrfti lögum eða að leita samninga við BHMR á tímabilinu frá 1. febr. til 3. júlí? Mér er kunnugt um það að 3. júlí fékk ríkislögmaður til sín stefnuna sem kom frá BHMR en ég tel, eða a.m.k. hefur annað hvergi komið fram, að ríkislögmaður, sem er lögfræðilegur ráðunautur hæstv. ríkisstjórnar, hafi aldrei verið inntur álits allan þennan tíma.

Í þessu sambandi vil ég minna á að hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson hefur lagt fram fyrirspurn um þetta efni. Þetta er sáraeinfalt. Það er að hér komi fram upplýsingar um það við 2. umr. málsins, mér finnst það vera langeðlilegast, upplýsingar um það til hverra var leitað. Hvaða skriflegar álitsgerðir lágu fyrir um þetta mál? Ég minni á að hæstv. forsrh. hefur sagt það hér og sagði við 1. umr. málsins að ríkislögmaður hefði ekki verið spurður. Hann minnti hins vegar á að hann hefði leitað álits hjá sínum aðstoðarmanni, Jóni Sveinssyni, sem er lögfræðingur. En hann sagði, svo að ég stílfæri hans orðalag, að í raun hefði hæstv. ríkisstjórn trúað á það sem hæstv. fjmrh. sagði og hengdi þannig bjölluna á köttinn. Þess vegna finnst mér ástæða til þess að hæstv. fjmrh. fái tækifæri til að verja hendur sínar.

Þá vil ég spyrja að því: Telja hæstv. ráðherrar — og ég tel ekkert óeðilegt að forustumenn Alþfl., þeir tveir hæstv. ráðherrar sem hér eru staddir, taki þátt í umræðunni, segi sitt álit á því — það samrýmast þingræðisreglunni að rjúfa þing og setja á ný bráðabirgðalög sem ekki hafa notið meiri hluta á þinginu og urðu orsök þess að um þingrof var að ræða? Telja þeir þetta byggjast á góðum lýðræðisvenjum og telja þeir þetta í fullu samræmi við þingræðisregluna?

Þá langar mig til að spyrja hæstv. forsrh., og ég býst við að hæstv. viðskrh. vilji fá þá spurningu líka, en hún er þessi: Er það algengt og er það títt hjá þessari hæstv. ríkisstjórn að einstakir ráðherrar hringi eða gangi á fund seðlabankastjórnar og biðji hana að leiðrétta álit sem sent hefur verið frá bankanum? Ef það er algengt, þá séu nefnd dæmi um slíkt.

Þá langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. að því: Hefur hæstv. ríkisstjórn tekið upp viðræður við BHMR um launamál og hefur hæstv. ríkisstjórn verið að undirbúa jarðveginn, undirbúa það sem koma skal þegar þjóðarsátt lýkur? Þetta er nú svo smekklega orðað hjá hæstv. forsrh. stundum. Og þá í beinu framhaldi af því: Hvað tekur við þegar þjóðarsáttinni lýkur? Við hvað ætla hæstv. ráðherrar að standa þá? Það kemur nefnilega í ljós að hæstv. ráðherrar hafa lofað BHMR ákveðnum launahækkunum umfram aðra. Þeir hafa lýst því yfir að um frestsaðgerð sé að ræða, þeir lýstu því yfir í sumar að það væri frestun á hækkuninni, eða eru þeir enn bundnir af loforðinu gagnvart Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandinu? Nú stangast þessi loforð á. Það kann að vera framlag til þessa máls að átta sig á því núna því að auðvitað er hæstv. ríkisstjórn ábyrg fyrir framkvæmd þjóðarsáttarinnar. Við hvort loforðið ætlar hæstv. ríkisstjórn að standa, loforðið gagnvart aðilum vinnumarkaðarins eða loforðið gagnvart BHMR? Þau ganga alveg í gagnstæðar áttir. Ég vildi gjarnan heyra það hvort loforðið þeir ætla að svíkja því að loforðin eru ósamrýmanleg. Ég býst nú raunar við að það verði svarið að þeirýti þessu til næstu ríkisstjórnar, þeir eru vanir því, hafa ýtt öllum vandamálum fram yfir næstu kosningar.

Virðulegi forseti. Með þessum fyrirspurnum tel ég mig hafa lokið við að fara yfir nál. 2. minni hl. Ég hef gert ítarlega grein fyrir okkar sjónarmiðum enda full

ástæða til. Þetta mál hefur vakið mikla athygli. Ég hef bent á það hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Ég tel mig hafa sýnt fram á að um siðlausa aðgerð var að ræða. Ég tel að það sé útilokað fyrir stjórnarandstöðuna, a.m.k. tala ég þar fyrir mig, að við greiðum atkvæði á þann veg að ætla megi að við vildum bera ábyrgð á þessari gerð. Það hefðum við gert ef það hefði staðið eins og á stóð í síðustu viku eða vikunni þar áður þegar ljóst var að stjórnin hafði misst meiri hluta sinn í þessu máli.

Ég vænti þess enn fremur að hæstv. ráðherrar, og ég fagna því að þeir hafi séð ástæðu til þess að vera viðstaddir hér í dag, taki þátt í þessari umræðu og svari greiðlega þeim fyrirspurnum sem til þeirra hefur verið beint. Þetta mál er þannig vaxið að það þarf að fara mjög rækilega ofan í saumana á því. Þetta er mál sem getur orðið fordæmi í okkar þjóðfélagi. Þetta er mál sem er þannig vaxið að sumir hafa talið að með því væri gengið svo langt að það yrði að breyta stjórnarskránni í framhaldi af því til að slíkt komi ekki upp aftur. Það er a.m.k. ljóst frá mínum bæjardyrum séð að hér hefur átt sér stað árás á réttarríkið, árás á þau gildi sem réttarríkinu er ætlað að verja. Og í slíkri árás mun ég ekki taka þátt.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir mjög einstæðu pólitísku upphlaupi í tengslum við þetta mál og þá ákvörðun þingflokks sjálfstæðismanna að greiða atkvæði gegn því staðfestingarfrv. bráðabirgðalaga sem hér er til umræðu. Þegar svo stóð á að fylgismenn hæstv. ríkisstjórnar treystu sér ekki til þess að lýsa því yfir hér á Alþingi, allir saman, að þeir ætluðu að styðja þetta mál sem ríkisstjórnin sjálf hafði gert að fráfararatriði og hæstv. forsrh. hafði lýst yfir að hann hefði fyrir fram kannað að meirihlutavilji væri fyrir á Alþingi, þá greip hæstv. ríkisstjórn til þess að gefa út yfirlýsingar, þegar hennar eigin liðsmenn voru að hlaupast á brott, um að hún ætlaði sjálf að fella bráðabirgðalögin úr gildi með því að rjúfa þing og setja svo bráðabirgðalög að nýju þegar Alþingi hefði verið sent heim, þingmenn sviptir umboði sínu og landið að því leyti þinglaust. Hér var um að ræða hótun um pólitískt gerræði, ögrun við stjórnskipun landsins. Og við svo búið hlutu landsmenn að leggja allt traust á forseta Íslands, sem menn að öðru jöfnu óska ekki eftir að blandi sér í stjórnmáladeilur, til þess að koma í veg fyrir að slíkt gerræði yrði unnið gegn stjórnskipun landsins. Það eru þessi atriði sem hafa verið upphlaupsatriði í þeim umræðum sem átt hafa sér stað um þetta lagafrv. síðustu daga. Það er þetta atriði, það er þessi hótun hæstv. ríkisstjórnar um gerræðisleg vinnubrögð, sem sett hefur þessa umræðu í óvenjulegt ljós. Ég tel að þessi hótun sé mjög einstæð í íslenskri stjórnmálasögu og vanhugsuð að öllu leyti.

Það hefur líka komið á daginn þegar skoðanakannanir eru virtar, sem gerðar voru þegar best stóð á fyrir hæstv. ríkisstjórn í áróðursstríðinu, að stjórnarflokkarnir sem ætluðu að leika mikla leikfléttu með þessum gerræðislegu hótunum hefðu, ef skoðanakannanir gengju eftir, ekki fengið tilskilinn meiri hluta á nýju Alþingi. Þjóðin virtist sem sagt ekki vera tilbúin til að fylgja þeim eftir.

Það sem er svo makalausast í málflutningi hæstv. ríkisstjórnar er að bera ásakanir á borð í garð sjálfstæðismanna um það að þeir hafi með afstöðu sinni til vinnubragða ríkisstjórnarinnar lýst andstöðu við baráttu gegn verðbólgu og þá markverðu tilraun sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu fyrr á þessu ári þegar þeir tóku fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni við stjórn efnahagsmála. Þetta er alger fjarstæða. Hér er um tvö aðgreind mál að ræða. Annars vegar baráttu við að ná niður verðbólgu og hins vegar spurninguna um það að verja lög og rétt og almennt siðgæði í landinu. Það hefur enginn sýnt fram á, og síst af öllu hæstv. ríkisstjórn, að það sé nauðsynleg forsenda þess að berja niður verðbólgu að sniðganga lög og rétt og almennar siðareglur í landinu. Þvert á móti hygg ég að flestir hljóti að vera á einu máli um að það sé forsenda fyrir því að varanlegur árangur náist í baráttu við verðbólgu og til þess að tryggja jafnvægi í efnahagsmálum að stjórnvöld fylgi almennt viðurkenndum leikreglum, fari að lögum, virði samninga og virði almennar siðareglur í landinu. Um þetta atriði hafa farið fram miklar umræður síðustu daga.

Á fundi sem félag laganema efndi til í gær komst Sigurður Líndal prófessor svo að orði að þetta mál í heild sinni væri vitnisburður um veilu í stjórnskipun okkar sem ráða yrði bót á. Hér talar maður sem ekki verður sakaður um það að fara fram með pólitískar ásakanir eða í þeim tilgangi að draga taum eins stjórnmálaflokks á kostnað annars heldur virtur prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Það þótti ástæða til þess að efna til almenns borgarafundar um siðgæði í íslenskum stjórnmálum í tilefni af ákvörðunum sem hæstv. ríkisstjórn er að leita hér samþykktar á. Á slíkum fundi sem haldinn var í gær talaði Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, kunnur lögmaður. Ég hygg að enginn saki hann um að bera sérstakan kala í brjósti til Framsfl. En hann komst svo að orði að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar væru gróft dæmi um siðferðisbrest í stjórnmálum, að vísu ekki eina dæmið um siðferðisbrest en gott dæmi þar um. Það kæmi mér á óvart ef þessi mæti hæstaréttarlögmaður hefði aldrei verið kallaður til skrafs og ráðagerða um lagasetningu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. En þetta var hans dómur.

Það er um þessi atriði sem verið er að fjalla þegar hæstv. ríkisstjórn kemur nú og biður Alþingi um viðurkenningu á sínum vinnubrögðum. Það er hlutverk Alþingis að fjalla um slík atriði í störfum framkvæmdarvaldsins. Það er skylda Alþingis að taka þau atriði til umfjöllunar og taka afstöðu til ríkisstjórnarinnar á grundvelli þess hvernig hún hefur unnið með tilliti til þessara atriða. Og það er fáránlegt og í engu rökréttu samhengi að ætla að blanda því saman við afstöðu manna til baráttu gegn verðbólgu.

Alþingi hefur hér miklu hlutverki að gegna. Sjálfstfl. hefur alla tíð og mun líta svo á að það sé skylda hans sem stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar að standa vörð um lög og rétt og almennt siðgæði í landinu. Og

þegar svo stendur á að almennt er viðurkennt, jafnt af stuðningsmönnum sem andstæðingum ríkisstjórnarflokkanna, að vinnbrögð hæstv. ríkisstjórnar hafi gengið á svig við réttar leikreglur og almennar siðareglur, þá er það skylda stjórnmálaflokkanna á Alþingi að taka þau mál til meðferðar og veita viðkomandi ríkisstjórn hæfilegt aðhald.

Inn í þessa umræðu hafa blandast hugleiðingar um svokallaða þjóðarsátt. Menn tala um þessa þjóðarsátt í göfugum ræðum. Hún var markverð tilraun af hálfu forustumanna launamanna og atvinnurekenda til þess að brjóta niður efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar. Stundum virðist mér á hinn bóginn að menn líti á þá kjarasamninga eins og vængjum prýdda veru er svífi frelsandi um þjóðfélagið. Þjóðarsáttin sem hér um ræðir er í eðli sínu framkvæmd á launastefnu, alkunn aðferð við stjórn efnahagsmála. Hún hefur mörgum sinnum verið reynd hér á landi og meðal annarra þjóða. Við sjálfstæðismenn höfum bæði í ríkisstjórn og utan ríkisstjórnar verið beinir þátttakendur í tilraunum af þessu tagi. Á síðari árum hafa hagfræðingar borið fram harðari gagnrýni en áður á það að launastefna í slíkum samningum með þátttöku ríkisvalds beri varanlegan árangur, fyrst og fremst vegna þess að í framkvæmd slíkrar launastefnu er fólgin mikil miðstýring sem ekki tekur tillit til þess fjölbreytta þjóðfélags sem við byggjum. Gildir þá einu á hvaða sviði við lítum atvinnurekstur sjálfan eða kjarasamningana eða önnur atriði. Þess eru einnig of mörg dæmi að með framkvæmd launastefnu hafi stjórnvöldum verið sniðinn of þröngur stakkur til þess að beita almennum nauðsynlegum aðgerðum við stjórn efnahagsmála. Fyrir vikið hafa vandamál of oft safnast upp í stíflu og valdið meiri sprengingu á endanum en til stóð að koma í veg fyrir.

Þetta er hin almenna gagnrýni á framkvæmd launastefnu af því tagi sem hér var ákveðið að reyna í byrjun þessa árs. Og satt best að segja er ýmislegt sem bendir til þess að á þeim umþóttunartíma sem skapaðist hafi slíkum vandamálum verið safnað upp í stíflu. Þegar í þessari umræðu hafa ýmis dæmi verið færð fram því til sönnunar. Eigi að síður þótti okkur sjálfstæðismönnum rétt og skylt ekki aðeins að styðja þessa tilraun heldur að hvetja til þess að hún yrði gerð. Fyrir lá að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar samkvæmt spá hennar sjálfrar mundi leiða til mjög vaxandi verðbólgu á þessu ári. Og fyrir lá að ríkisstjórnin stefndi að því að kaupmáttur rýrnaði fimm sinnum meir en hæstv. ríkisstjórn áætlaði að rýrnun þjóðartekna á þessu ári yrði. Það var því mjög eðlilegt að forustumenn launamanna og atvinnurekenda freistuðu þess að gera allt sem í þeirra valdi stæði til þess að brjóta þessa efnahagsstefnu á bak aftur. Það verður að segja þá sögu eins og er að með þeim kjarasamningum sem gerðir voru tókst að skapa a.m.k. tímabundið svigrúm til að ná þeim markmiðum. Að því leyti var hér um að ræða mjög markverða tilraun. En ég rifja hér upp að forustumenn þessara aðila sögðu sjálfir: Það hefur enginn sigur verið unninn. Það hefur aðeins eitt skref verið stigið og eftirleikurinn byggist á því hvernig stjórnvöld halda á efnahagsmálunum.

Á það hefur verið bent af virtum fræðimönnum eins og prófessor Guðmundi Magnússyni nú nýlega að ekki sé allt sem skyldi í þessu efni, að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki nýtt þann umþóttunartíma sem forustumenn launamanna og atvinnurekenda sköpuðu til þess að reyta verðbólguarfann upp með rótum. Arfinn hafði að vísu verið reyttur en ræturnar eru enn á sínum stað. Fyrir þessari fullyrðingu eru færð mörg rök. Á það hefur verið bent að þrátt fyrir margra milljarða skattahækkanir er enn um verulegan hallarekstur að ræða í ríkisfjármálum. Á það hefur verið bent að stór hluti af ríkisfjármálavandanum hefur einfaldlega verið færður til í bókhaldinu á milli A- og B-hluta án þess að nokkur kostnaður hafi verið færður niður til þess í raun að geta blekkt með tölum. Öll þessi vinnubrögð skara eld að verðbólgunni. Á það hefur verið bent að peningamagn í umferð hefur verið að aukast á þessu ári langt umfram almennar verðlagsbreytingar. Það skarar eld að verðbólgunni. Og á það hefur verið bent að hæstv. ríkisstjórn ætli nú að auka skatta og kostnað atvinnurekstrarins í landinu þannig að stríði gegn forsendum kjarasamninganna. Það skarar eld að verðbólgunni.

Lítum aðeins á þessi þrjú meginatriði þar sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að vinna gegn markmiðum kjarasamninganna sem kenndir hafa verið við þjóðarsátt. Hvers vegna hefur peningamagn í umferð aukist miklu meir en almennar verðlagsbreytingar? Hvaða ráðstafanir hefur hæstv. ríkisstjórn gert til þess að koma í veg fyrir það? Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því hér. Hvaða tilmælum hefur hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. beint til Seðlabankans til þess að koma í veg fyrir að svo mætti verða? Ef þetta er alfarið sök Seðlabankans, eins og hæstv. ráðherrar láta í veðri vaka, í hverju er þá ágreiningurinn fólginn milli hæstv. ríkisstjórnar og Seðlabankans? Hæstv. ríkisstjórn getur aldrei vikið sér undan því að á þessu ber hún ábyrgð. Og þetta er að brjóta niður forsendur kjarasamninganna og þjóðarsáttarinnar.

Það hefur verið tímabundið logn á lánamarkaðinum. En Seðlabankinn var að gefa út nýja skýrslu í byrjun þessa mánaðar, dagsetta 4. des. að ég hygg. Í þeirri skýrslu segir að það logn sé að öllum líkindum svikalogn. Hvers vegna er það svikalogn? Er það vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur litið á kjarasamningana sem svikalogn og ætli að láta stíflurnar bresta eða láta skeika að sköpuðu um það þegar kosningar eru afstaðnar? Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn gert til þess að koma í veg fyrir að jafnvægið á lánamarkaðinum, sem skapaðist vegna vaxtafrelsisins að áliti Seðlabankans, verði svikalogn? Það er harður áfellisdómur sem Seðlabankinn kveður upp í þessari skýrslu, að þetta grundvallaratriði sé svikalogn. Eða á kannski að lýsa því yfir með einhliða yfirlýsingu að þessi niðurstaða og þessi dómur Seðlabankans sé ekki til? Á að beita þeirri aðferð einu sinni enn?

Það var veigamikill þáttur við gerð kjarasamninganna að stefnt yrði að lækkun vaxta og menn ætluðust til þess að efnahagsstefnan stuðlaði að því. Menn

töldu að sá árangur sem náðst hafði vegna frjálsræðis á lánamarkaði gæti tryggt viðvarandi jöfnuð á lánamarkaðinum og menn væntu þess að í kjölfarið gætu vextir farið lækkandi. En í skýrslu sem Seðlabankinn var að gefa út kemur fram að raunvextir hafa verið að hækka mjög verulega á þessu ári. Það er staðreyndin. Það er það sem menn hafa uppskorið á þessu ári að raunvextir hafa verið að hækka og mest á óverðtryggðum lánum sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að berjast fyrir að væru einu lánin sem lántakendur gætu fengið, um 4% á þeim lánum en 1–2% á öðrum lánum, ef ég man rétt. Þetta er niðurstaða í skýrslu Seðlabankans sem var að birtast, afleiðing af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Um áramót hygg ég að vextir af spariskírteinum ríkissjóðs hafi verið um 6%. Fjmrh. lofaði hér margsinnis að þeir yrðu á miðju ári komnir niður í 5% en þeir hafa ekki lækkað úr 6% niður í 5% heldur hækkað úr 6% í rúmlega 7%.

Þetta er staðreyndin um afraksturinn af vinnu ríkisstjórnarinnar til þess að standa við þjóðarsáttina. Og geta hæstv. ráðherrar gefið skýringar hér á? Hvað voru þeir að gera í þeim tilgangi að standa við forsendur þjóðarsáttar sem forustumenn launamanna og atvinnurekenda gerðu? Efnahagsstefna þeirra hefur á flestum sviðum stangast á við öll þessi markmið. Fyrir liggur að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið ákvarðanir um að hækka skatta um meira en tvo milljarða kr. á atvinnulífinu í landinu, þar á meðal launatengda skatta. Hver er munurinn á því að auka kostnað atvinnufyrirtækjanna með hærri launum eða sköttum sem leggjast ofan á launin? Hver er munurinn á verðbólguáhrifunum af því að auka kostnað atvinnufyrirtækjanna með þessum hætti eða að hækka launin og leyfa fólkinu í landinu að njóta þess? Ég hygg að kostnaðaraukinn hafi nákvæmlega sömu verðbólguáhrif. Fyrir liggja verðbólguútreikningar, byggðir á sömu forsendum og hæstv. ríkisstjórn hefur viljað viðhafa í þeim efnum, að af hennar hálfu verði ekkert gert til þess að spyrna við fótum, veita gengisaðhald eða annað aðhald við stjórn efnahagsmála og að fullkomið ábyrgðarleysi verði sýnt. Ef þær forsendur eru fyrir hendi sem hæstv. ríkisstjórn hefur sjálf kosið að efnahagssérfræðingar gangi út frá mundi slík skattahækkun a.m.k. leiða til þess að verðbólgan yrði fljótlega á næsta ári tvöfalt meiri en kjarasamningarnir gerðu ráð fyrir. Bara vegna þeirra áformuðu skattahækkana sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að tala um.

Og svo koma þessir háu herrar og reyna að telja öðrum trú um að þeir sem hafa varað við og þeir sem hafa mælt gegn þessari efnahagsstefnu beri ábyrgð á því ef hlutir gangi úrskeiðis í þessu þjóðfélagi. Ég hygg að í annan tíma hafi önnur eins öfugmæli ekki verið borin fram í sölum Alþingis og í þjóðmálaumræðunni í landinu. Það er ástæða til þess að hæstv. forsrh. svari því hér og nú: Verða þessir skattar upp á rúmlega tvo milljarða kr., sem atvinnufyrirtækin í landinu hafa lýst yfir að brjóti forsendur þjóðarsáttarinnar, lagðir á eða verða þeir ekki lagðir á? Alþingi á rétt á því að fá skýr svör við þeirri spurningu hér í umræðunni. Verði fallið frá þeim, á hvern veg ætlar þá hæstv. ríkisstjórn að leysa fjármálavanda ríkissjóðs án þess að það leiði til aukinnar spennu á lánamarkaði og hækkandi vaxta? Það er líka rétt að hæstv. ríkisstjórn svari í þessari umræðu þeirri spurningu. Það eru þessi atriði sem máli skipta. Ef menn ætla að fara út í umræðu um það hvernig hér eigi að tryggja varanlegt jafnvægi til frambúðar, ef menn ætla að fara út í umræðu um það hvernig stjórnvöld geta tekið á móti markverðri viðleitni aðila vinnumarkaðarins til að stuðla að jafnvægi, þá eru það þessi atriði sem máli skipta. En í öllum þeim greinum hefur hæstv. ríkisstjórn brugðist og stuðlað að því að kynda undir verðbólgubálinu, að hlaða vandamálum upp í stíflu á þann veg að hún bresti með meiri þunga en ella hefði orðið. Það er þetta sem er ámælisvert varðandi þá umræðu á hvern veg menn ætla að standa við þau fyrirheit sem gefin voru í byrjun þessa árs þegar aðilar vinnumarkaðarins tóku fram fyrir hendurnar á hæstv. ríkisstjórn.

Hvernig er nú ferill þessa máls sem hér um ræðir og hver hefur verið afstaða einstakra manna og flokka frá því að það hófst í kjarasamningum í maímánuði 1989? Þá gerði hæstv. ríkisstjórn þann samning sem hún telur nú vera mesta vágest í íslensku efnahagslífi. Hún undirritaði þann samning eigin hendi. Þeir undirrituðu þann samning, þeir bjuggu hann til og hafa verið að hæla sér af því hver hafi nú búið til hin þjóðhættulegu ákvæði samningsins. Þeir hafa verið að keppast við, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., að eigna sér heiðurinn af því að hafa búið þessi ákvæði til. Þeir skrifuðu undir þennan samning í maí 1989 með eigin hendi, með eigin pennum, og koma svo í dag og segja: Þetta er það sem þjóðinni er hættulegast. En hvað sögðu þeir þegar samningurinn var gerður? Fjmrh. talaði enn einu sinni um tímamót. Hann talaði um að nú ætti að leggja hinn farsæla grunn að góðum, traustum samskiptum stjórnvalda og starfsmanna þeirra. Nýr tími í samskiptum ríkisstjórnar og opinberra starfsmanna væri hafinn. Eitthvað á þá leið var talað. Og hæstv. forsrh. hafði þau ummæli að nú loksins gæti hann efnt loforðin stóru sem hann í mörg ár hafði gefið um að hækka laun opinberra starfsmanna til samræmis við það sem háskólamenntaðir menn höfðu úti á almennum vinnumarkaði. Þegar hann var að því spurður hvers vegna hann hefði ekki efnt loforðin fyrr lét hann að því liggja að ástæðan væri sú að fjmrh. Sjálfstfl. hefðu legið þar á fleti fyrir. Þetta var nú reisnin í þeim svörum. Það er býsna algengt að stjórnarandstöðuflokkar kyndi frekar undir þegar launakröfur eru gerðar og gagnrýni a.m.k. ekki þegar launafólk fær hækkanir í kjarasamningum. En að þessu sinni brá öðruvísi við.

Af hálfu okkar sjálfstæðismanna var bent á það strax daginn eftir að þessi samningur var gerður að hann skorti efnahagslegar forsendur. Af minni hálfu var því lýst yfir að engu væri líkara en að ríkisstjórnin ætlaði að standa við hann með innistæðulausum ávísunum. Öllu þessu var vísað á bug, gott ef ekki var látið að því liggja að sjálfstæðismenn væru í fýlu af því að þeir væru ekki í ríkisstjórn og þess vegna töluðu þeir svona. Þau ummæli féllu daginn eftir að hæstv. ráðherrar skrifuðu undir þennan samning.

Svo fóru vinnuveitendur að vara við og tala um tímasprengju. Þá gerði hæstv. ríkisstjórn enn meira grín að forustumönnum vinnuveitenda og sakaði þá jafnvel um að kunna ekki að lesa. Svo leið heilt þing og hæstv. ríkisstjórn sá ekki ástæðu til að aðhafast neitt. Síðan voru gerðir kjarasamningar í byrjun febrúar þessa árs. Ein forsenda þeirra var sú að aðrir launamenn fengju ekki hækkanir umfram það sem þar var samið um. Hæstv. ríkisstjórn var innt eftir því hvort atbeina Alþingis þyrfti við til þess að tryggja þá forsendu og því var svarað neitandi. En þegar Alþingi var farið heim var tekin um það einhliða ákvörðun að framkvæma ekki samninginn, sem er einsdæmi að því er varðar samskipti aðila sem gera með sér kjarasamning, og mátti öllum vera ljóst að gat ekki staðist almennar lagareglur um samningagerð og kjarasamninga í landinu. Enda var það svo að þeir aðilar sem stóðu að kjarasamningum í febrúar höfðu varað ríkisstjórnina við og bent henni á að vinnubrögð af þessu tagi stæðust ekki. Af hálfu stjórnarandstöðunnar var á það bent fyrir fram að svona vinnubrögð stæðust ekki. Af hálfu næststærsta vinnuveitanda opinberra starfsmanna, Reykjavíkurborgar, var á það bent að þessi vinnubrögð stæðust ekki.

Það hefur komið hér fram að hæstv. ríkisstjórn leitaði ekki einu sinni álits ríkislögmanns áður en þessi ákvörðun var tekin. Samt var farið út í það sem öllum var ljóst að hlaut að stangast á við lagareglur í landinu, að ákveða einhliða að framkvæma ekki samninginn. Það mál gekk eðlilega fyrir dóm, Félagsdóm, sem hæstv. ráðherrar hafa reynt að gera lítið úr en er þó hæstiréttur í ágreiningsefnum um túlkun kjarasamninga. Þessi dómur komst að samhljóða niðurstöðu um það að ríkisstjórnin hefði farið ranglega að. Ákvarðanir hennar og aðgerðir stönguðust á við þær réttarreglur sem gilda um samninga. Ríkisstjórnin var dæmd brotleg í málinu og hefði þegar á þeim tímapunkti og þegar af þeirri ástæðu átt að fara frá. En þá var gripið til þess ráðs að setja bráðabirgðalög. Áður höfðu tveir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn Íslands lýst því yfir að ekki væri unnt að grípa til bráðabirgðalagaúrræðis ef dómur gengi í málinu og í óhag ríkisstjórninni. Færi málið fyrir dóm, þá yrði það að vera niðurstaðan. Þetta voru ummæli hæstv. starfandi forsrh. á þeim tíma og hæstv. fjmrh. Samt var gripið til þessa ráðs.

Í dómi Félagsdóms er skýrt tekið fram að allar þær efnahagslegu afleiðingar sem ríkisstjórnin bar fyrir sig hefði mátt sjá við undirritun samningsins, enda bentu mjög margir og nánast allir aðrir en hæstv. ríkisstjórn á þá hættu þegar þeir samningar voru gerðir. Í dómi Félagsdóms er einnig að því vikið að það hefði verið rétt og skylt ef annar samningsaðili leit svo á að forsendur væru brostnar að óska eftir viðræðum um breytingar vegna brostinna eða breyttra forsendna. Því hafði hæstv. ríkisstjórn hafnað. Það var frá öndverðu skoðun okkar sjálfstæðismanna að engin önnur viðbrögð væru réttlætanleg af hálfu stjórnvalda eftir að febrúarsamningurinn var gerður en að þau óskuðu eftir viðræðum um breytingar á þessum samningi þannig að hann samrýmdist þeim markmiðum sem þar voru sett. Og öll önnur skref hlutu að byggjast á niðurstöðum slíkra viðræðna. En þær fóru ekki fram og enginn getur því sagt fyrir um það á hvern veg þær hefðu farið. Hæstv. forsrh. hefur oftar en einu sinni viðurkennt að þetta sjónarmið okkar sjálfstæðismanna og þetta sjónarmið sem Félagsdómur bendir svo rækilega á hefði hann einnig sjálfur haft en það hafi ekki notið stuðnings eða hljómgrunns í hæstv. ríkisstjórn. Og hann hefur viðurkennt hér á hinu háa Alþingi að það var fjmrh. sem kom í veg fyrir að þessu eina löglega úrræði yrði beitt sem upphafsaðgerð af hálfu stjórnvalda í málinu. Með öðrum orðum, það hefur gerst hér að það var Alþb. í ríkisstjórn sem kom í veg fyrir að einu löglegu upphafsaðgerðinni sem kostur var á yrði beitt í þessu máli, sem ekki aðeins stjórnarandstaðan var að benda á heldur Félagsdómur hefur komist að niðurstöðu um. Það er hlutverk Alþb. að hafa hindrað þetta í ríkisstjórn. En hæstv. forsrh. mat meir að halda Alþb. í ríkisstjórn en fara á þann veg fram með þetta mál sem hann sjálfur taldi rétt. Hann tók með öðrum orðum þessa einkennilegu hagsmuni Alþb. fram yfir hagsmuni réttra vinnubragða sem hefðu verið í anda þeirra sem kjarasamninginn gerðu í byrjun febrúar. Hann var reiðubúinn að fórna þeim hagsmunum í þágu Alþb. Þetta eru staðreyndir um feril málsins.

Auðvitað liggur það ljóst fyrir á hvern veg átti að hefja þetta mál. Og það liggur líka ljóst fyrir að ef sú leið hefði ekki dugað þá var nægur tími til þess að leggja málið fyrir síðasta þing áður en því var slitið í vor sem leið. En hæstv. ríkisstjórn hafði kosið að fara að ólögum og er þess vegna í þeim ógöngum sem hún stendur nú frammi fyrir. Hún lenti þess vegna í því að hluti af hennar stuðningsliði hikaði við að fylgja henni eftir í málinu.

Þegar mikilvægar opinberar ákvarðanir eru teknar skiptir auðvitað sköpum að þær séu í samræmi við lög og rétt og almennt viðurkenndar siðferðilegar reglur í þjóðfélaginu. Það hefur verið upplýst nú nýlega að vinnuveitendur handsöluðu við hæstv. forsrh. samkomulag um að samningur BHMR yrði ógiltur. Þetta handsal var gert í kjölfar febrúarsamninganna. Alþingi var ekki greint frá því að slíkt samkomulag hefði verið handsalað milli hæstv. ríkisstjórnar og vinnuveitenda, handsal sem fól í sér að hæstv. ríkisstjórn lofaði einum samningsaðila að brjóta samning sem hún hafði gert við annan. En var það ekki skylda hæstv. ríkisstjórnar að greina frá því að slíkt samkomulag hefði verið handsalað? Hlaut það ekki að hafa áhrif á það á hvern veg þetta mál ætti að koma fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar?

Öll áhrif þessara samninga voru kunn frá upphafi. Engum gat dulist hvaða efnahagslegu áhrif gátu hlotist af þessum samningi. Það er líka ljóst að öll lagaleg atriði varðandi einhliða uppsögn eða einhliða ákvörðun um að framkvæma ekki samninginn voru ljós og kunn. Hæstv. ríkisstjórn átti að geta gert sér grein fyrir því hver sú staða var vegna þess að henni hafði verið gerð grein fyrir þeim atriðum fyrir fram. Það er því ekki hægt eftir á að bera fyrir sig að þau mál hafi verið óljós eða þau ekki kynnt fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Það liggur líka fyrir, m.a. í dómsorði Félagsdóms, að rétt upphafsaðgerð hefði verið að óska eftir viðræðum og það hefur hæstv. forsrh. viðurkennt en lét aðra beygja sig til þess að fara ranglega að í málinu. Og það liggur líka fyrir að þó að bráðabirgðalögin séu ekki að formi til lög á dómsniðurstöðuna, þá eru þau það í reynd. Allt þetta stríðir svo alvarlega gegn almennum siðareglum og settum lögum og óskráðum lögum um samninga að athafnir hæstv. ríkisstjórnar eru með öllu óverjandi.

Lagaíhlutun í kjarasamninga hefur lengi tíðkast og með ýmsu móti en yfirleitt þó á þann veg að ríkisstjórnir hafa verið að koma í veg fyrir að vísitölubætur sem samið hefur verið um kæmu til framkvæmda eða þá þær hafa verið takmarkaðar vegna ókomins tíma og stundum hafa þær verið afnumdar með öllu, en ávallt vegna ókomins tíma. Í annan stað hafa menn gripið til lagaúrræða til þess að framlengja lausa kjarasamninga og í þriðja lagi hafa menn gripið til lagaúrræða í þeim tilgangi að setja niður alvarlegar vinnudeilur þegar annar aðili eða báðir hafa boðað til verkfalls og verkbanns og veruleg almenn hætta hefur stafað af. Þá hefur oftast verið gripið til þess ráðs að setja gerðardóm til að kveða upp úr um þrætuefni. En í þessu falli er tekin til baka launahækkun sem hafði komið til framkvæmda. Í þessu falli eru sett lög sem afnema víxlverkunarákvæði í einum kjarasamningi en ekki öðrum. Þessi lagasetning er því um margt mjög sérstæð og einstök að því er varðar lagaíhlutun í gerð kjarasamninga.

Að undanförnu hefur allmikið verið um það rætt hvort bráðabirgðalögin standist stjórnarskrána. Það eru einkum þrjú atriði sem þar hafa komið til álita. Í fyrsta lagi hafa menn bent á að skort hafi formskilyrðið um brýna nauðsyn. Ljóst er að hæstv. ríkisstjórn átti að vita þegar frá upphafi hvaða afleiðingar kjarasamningurinn gæti haft. Ljóst var að hún hafði ráðrúm allt síðasta þing til þess að grípa til lagaúrræða eða leggja þau til við Alþingi. Og ljóst var, a.m.k. eftir að hún hafði með svo sérstökum hætti handsalað samkomulag við atvinnurekendur um að afnema tiltekin ákvæði í þessum kjarasamningum, að hún hafði nægan tíma til þess að bera það mál upp við Alþingi. Að þessu leyti er nokkuð ljóst að formskilyrðið um brýna nauðsyn var ekki fyrir hendi.

Á það er einnig að líta að það þurfti meira til en þennan kjarasamning til þess að hinar alvarlegu efnahagslegu afleiðingar hlytust af eins og þeim er til að mynda lýst í spádómum Þjóðhagsstofnunar. Til þess að þeir spádómar gætu orðið að veruleika þurftu víxlverkunarákvæði í öðrum kjarasamningum fyrst að hafa komið til framkvæmda og síðan þessi og þau öll saman síðan koll af kolli og að hæstv. ríkisstjórn hefði í öllum efnum gefið eftir hvar sem var við stjórn efnahagsmála. Að vísu hafði komið fram tilkynning um að vinnuveitendur ætluðu sér að framfylgja sambærilegu víxlverkunarákvæði í sínum samningum ef þetta samningsákvæði næði fram að ganga hjá BHMR. En slíkur gjörningur hafði ekki verið gerður. Sú staðreynd leiðir enn rök að því að mjög vafasamt sé að skilyrðið um brýna nauðsyn hafi verið fyrir hendi.

Sumir hafa litið svo á að það sé alfarið á valdi bráðabirgðalöggjafans að kveða upp úr um brýna nauðsyn. Eigi að síður er það réttarregla að dómstólar eiga úrskurðarvald um það hvort lög stangast á við stjórnarskrá og það er eðlilegt í þessu efni að ætlast til þess að dómstólar leggi þar nokkurt mat á, ekki síst þegar svo gild rök hafa verið færð fram fyrir því að fram hjá þessu ákvæði hafi verið gengið. Í annan stað hefur því verið haldið fram að hér hafi stofnast eignarréttur sem bætur verði að koma fyrir samkvæmt almennum reglum. Ýmis veigamikil lagarök hafa verið færð fram þessari fullyrðingu til stuðnings. Og í þriðja lagi hefur verið bent á að með því að víxlverkunarákvæði í einum samningi hafi verið numið úr gildi en ekki öðrum, þá stangist það á við almenna jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Einnig hafa verið færð lagarök til stuðnings þessari fullyrðingu. Þannig er ljóst að a.m.k. þrjú alvarleg álitaefni eru uppi um það hvort þessi lög standast ákvæði stjórnarskrárinnar.

Niðurstaðan af öllu þessu er augljós. Það fer ekki á milli mála og er býsna almenn skoðun, bæði á meðal stuðningsmanna og andstæðinga hæstv. ríkisstjórnar, að hún hafi þverbrotið almennt viðurkenndar siðferðisreglur við framkvæmd stjórnarathafna og samskipti við starfsmenn ríkisins. Og í annan stað liggur fyrir að að ýmsu leyti er vafasamt að bráðabirgðalögin standist stjórnarskrána.

Ég hef heyrt því haldið fram að í afstöðu okkar sjálfstæðismanna séum við að hengja hatt okkar á atriði í liðinni tíð, á atriði sem heyri fortíðinni til. Einkanlega hef ég heyrt nokkra blaðamenn gera athugasemdir af þessu tagi við okkar málflutning. En hvað er það sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja hér fyrir Alþingi? Hún er að óska eftir því að allur þessi hrakfallabálkur, sem hér hefur verið rakinn, hljóti staðfestingu og viðurkenningu á Alþingi. Og það sæmir ekki Alþingi Íslendinga að gefa hæstv. ríkisstjórn syndakvittun fyrir vinnubrögð af þessu tagi sem hér hafa verið rakin. Fortíð þessa máls er ekki meiri en svo að hæstv. ríkisstjórn er að óska eftir því að Alþingi staðfesti hennar gjörðir á umliðnum mánuðum í þessu máli.

Ég held að það fari ekki á milli mála að það er rétt mat hjá Sigurði Líndal, prófessor í lögum, að þetta mál í heild sinni sé vitnisburður um veilu í stjórnskipan okkar sem ráða verði bót á og sú bót verður ekki ráðin með því að meiri hluti Alþingis viðurkenni þessi vinnubrögð með því að staðfesta þessi bráðabirgðalög. Auðvitað eru það fleiri en Alþingi sem koma við sögu í þessu efni. Hér hafa dómstólar auðvitað hlutverki að gegna, enda þetta mál þegar farið einu sinni fyrir dóm og er nú öðru sinni fyrir dómi og ekki ætla ég á þessu stigi að hafa uppi neinar getsakir um það hvert líklegt dómsorð verður í því efni.

Það hefur líka verið á það bent að þegar stjórnskipuninni er ögrað með þeim hætti sem hér hefur verið gert, þá kunni forseti Íslands að gegna ákveðnu öryggishlutverki. Ég ætla ekki að draga forseta Íslands á þessu stigi inn í þessar pólitísku þrætur.

En í þriðja lagi hefur Alþingi hlutverki að gegna. Og þó að varpa megi ábyrgð að hluta yfir á dómstóla og forseta Íslands til þess að koma fram réttum aga og réttum eðlilegum viðbrögðum gagnvart þeim vinnubrögðum sem hér hefur verið lýst, þá getur Alþingi sjálft ekki skorist úr leik í því efni og verður að dæma vinnubrögðin í því ljósi sem lýst hefur verið og menn almennt eru sammála um. Jafnvel hæstv. ráðherrar hafa hvað eftir annað viðurkennt að þeim hafi orðið á alvarleg mistök en leyfa sér samt að ætlast til þess að hið háa Alþingi samþykki þessa hrakfallasögu.

Hæstv. ráðherrar hafa verið iðnir við að búa til samlíkingar af ýmsu tagi í umræðum síðustu daga. Ég skal velja eina samlíkingu og til þess að vera sanngjarn taka hana úr vopnabúri þeirra sjálfra. Þeir hafa dregið þá samlíkingu upp að verðbólgueldar brenni eða geti kviknað og að brennuvargar séu á ferð. Hver er brennuvargurinn í þessu máli? Getur hann verið annar en sá sem er höfundur og undirskriftaraðili að þeim kjarasamningum sem ríkisstjórnin sjálf hefur kveðið upp þann dóm um að séu verðbólguhvetjandi? Er brennuvargurinn nokkur annar en sá sem undirritaði þennan samning? Og getur það þá skapað nokkurn trúnað og nokkurt traust að láta brennuvarginn sitja áfram í stóli slökkviliðsstjóra?

Forseti (Árni Gunnarsson):

Um framhald þessa fundar vill forseti geta þess að enn eru níu hv. þingdeildarmenn á mælendaskrá og er því fyrirsjáanlegt að þessum fundi verður að halda áfram að loknu kvöldverðarhléi hv. þingmanna. Telur forseti af þeim sökum eðlilegt að atkvæðagreiðsla fari fram í upphafi fundar á morgun kl. 2.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég hafði satt að segja ekki hugsað mér að hafa mörg orð í þessari umræðu um málið. Það hefur verið mikið rætt og má segja að það hafi verið af tillitssemi við hv. sjálfstæðismenn að ég hugsaði mér að tala stutt. En eftir ræðu hv. þm. Þorsteins Pálssonar hlýt ég að fara nokkrum orðum fleirum um málið heldur en ég hafði ætlað mér.

Hv. þm. talaði um upphlaup, makalaust upphlaup. Ég satt að segja veit ekki hvar hv. þm. hefur verið og hvaðan hann kemur, úr myrkviðnum virðist vera. Ef um upphlaup hefur verið að ræða, þá er það upphlaup sem formaður og varaformaður Sjálfstfl. stofnuðu til eins og alþjóð að sjálfsögðu veit.

Hv. þm. talaði um það að aðgreina yrði bráðabirgðalögin og efnahagsmálin. Menn geta að sjálfsögðu deilt um þann kjarasamning sem gerður var við BHMR og menn geta jafnvel deilt um meðferð málsins áður en kom að setningu bráðabirgðalaga. Ég tel mig að vísu hafa fært rök fyrir því að sú meðferð hafi á allan máta verið eðlileg og skal ekki endurtaka mikið um það. Ég held hins vegar að það verði alls ekki um það deilt að bráðabirgðalögin og svonefnd þjóðarsátt eða efnahagsmálin eru óaðskiljanleg eins og komið er. Nægir þar að vitna til ummæla fjölmargra aðila vinnumarkaðarins, t.d. forustumanna VSÍ og VMS, forustumanna ASÍ og fleiri gæti ég til talið. Um þetta verður alls ekki deilt.

Menn hefur greint hér á um álit Seðlabanka og álit Þjóðhagsstofnunar. Ég veit ekki hvort ástæða er til að eyða mörgum orðum um það. Það er alveg ljóst að þessi álit eru byggð á nokkuð mismunandi forsendum. Segja má að Þjóðhagsstofnun, þótt hún taki skýrt fram að mjög margt sé óljóst, reikni dæmið eins og kjarasamningar hefðu áfram verið í gildi. Ef eitthvað má segja jákvætt um álit Seðlabankans þá er það helst það að þar virðist reiknað með því að kjarasamningum yrði sagt upp. Menn geta vitanlega deilt um það hvort ástandið er betra, engir kjarasamningar og vinnudeilur, sem þá hefðu eflaust fylgt í kjölfarið og vitanlega miklir erfiðleikar að ná nýjum kjarasamningum eftir þá launahækkun sem þó hefði orðið, eða einhver víxlverkun launa og verðlags eins og tekið er fram í spá Þjóðhagsstofnunar. (**Gripið fram í:** Og gengis.) Og gengis, að sjálfsögðu.

Ég vil að vísu taka það fram að ég tel langlíklegast að kjarasamningum hefði verið sagt upp, en þá hefði líka orðið hér fullkomin óvissa í efnahagsmálum. Bráðabirgðalögin og efnahagsmálin verða því alls ekki aðskilin. Annað er hrein vitleysa.

Af því að hv. þm. talaði um peningamagn í umferð og skýrslu Seðlabankans, þá verð ég að viðurkenna að það kemur mér mjög á óvart að þar skuli vera talið vera um svikalogn að ræða. Ég náði mér aftur í skýrsluna og var að reyna að fletta henni í gegn og finna þá kafla sem um þetta svikalogn fjalla. Þvert á móti segir t.d. um peningamagn í umferð (**ÞÞ:** Á bls. 9.) Já, bls. 10, segir hv. þm. (**ÞÞ:** Á bls. 9.) Á bls. 10, segir hv. þm. Ég bið hv. þm. að fletta þar upp, neðarlega á bls. 10 þar sem segir að þróun peningamála hafi verið jákvæð og þar sem segir á næstu blaðsíðu á eftir að staða bankanna hafi að þessu leyti batnað um 4,5 milljarða kr. Ég gæti einnig vakið athygli hv. þm. á skýrslu sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem nýlega hafa skilað skýrslu sem er áreiðanlega sú langsamlega jákvæðasta sem skilað hefur verið um þróun íslenskra efnahagsmála. Reyndar er ekki nema ein aðfinnsla sem kemur fram í skýrslu sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hún er sú að styrkja þurfi Seðlabankann til að hafa áhrif, m.a. á vexti í þjóðfélaginu, sem eru orðnir of háir á ný.

Og af því að hv. þm. spurði um það hvaða áhrif aukið peningamagn í umferð núna allra síðustu vikurnar hefur haft, þá er það rétt að það hefur haft þau áhrif að vextir hafa hækkað. Vextir hér á landi eru nú samkvæmt skýrslu Seðlabankans orðnir þeir hæstu sem finnast í heiminum, þ.e. þeir sömu og eru á Norðurlöndum á sama tíma og t.d. vextir í Evrópu eru að meðaltali um 7,2% og vextir í Bandaríkjunum samkvæmt skýrslu Seðlabankans 3,2%. Vitanlega er það mikið hættumál. Hins vegar kemur mjög skýrt fram, bæði í skýrslu Seðlabankans og í skýrslu sérfræðinganna, sú jákvæða þróun sem hér hefur orðið, að fjármagna halla ríkissjóðs að öllu leyti innan lands. Og það er í fyrsta sinn sem það hefur gerst. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu er mér fullkomlega ljóst að fjár-

mögnun á halla ríkissjóðs innan lands hefur leitt til þess að vextir hafa þrýst upp og menn hafa vitanlega orðið að vega og meta þau áhrif gegn hinum sem lántaka erlendis mundi hafa til þensluaukningar innan lands. Þetta hefur að sjálfsögðu verið vandlega skoðað.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég tel núna áhyggjuefni að vextir hafa hækkað. Það er vitanlega margt sem hefur stuðlað að því. M.a. hafa mjög mikil hlutafjárkaup stuðlað að hækkun vaxta, þ.e. meiri eftirspurn eftir fjármagni úr bönkum og því hækkun vaxta. — Ja, hv. bankaráðsmaður hristir hausinn. En þetta er ein af þeim skýringum sem hafa komið fram hjá þeim mönnum sem um þetta hafa fjallað, m.a. bankastjórum Seðlabankans. Því var m.a. haldið fram á nýlegri spástefnu að þar sem þessi eftirspurn muni minnka, þá muni vextir fara lækkandi. Og eitt af því sem kom jákvætt fram á þessari svokölluðu spástefnu var þó það að raunvextir mundu fara lækkandi hér upp úr áramótunum. (**Gripið fram í:** Fyrirtækin hefðu annars þurft að fá peningana að láni. Skilja menn þetta ekki?) Jú, jú, ljóst er það að þau kynnu að hafa þurft að fá þá að láni, annaðhvort innan lands eða erlendis. Mörg fyrirtæki taka lán erlendis til síns reksturs en í hlutafjárkaupin hefur fjármagnið komið innan lands. Ég er að bera hér fyrir mig þá lærðu hagfræðinga sem hv. þm. hafa keppst hér við að vísa í.

Svo að ég komi nú aftur að þessu með bráðabirgðalögin og þjóðarsáttina þótti mér satt að segja mjög stangast á í ræðu hv. þm. Þorsteins Pálssonar, annars vegar það sem hann vildi kalla stuðning við þjóðarsáttina og hins vegar andstöðu við bráðabirgðalögin sem, eins og ég hef sagt og öll rök hníga að, eru í raun óaðskiljanleg.

Ég hef vitanlega reynt að finna einhverja vitræna skýringu á þessu upphlaupi hv. sjálfstæðismanna. Kannski var hana að finna í nokkrum af þeim orðum sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson lét hér falla áðan þegar hann velti vöngum yfir því að að sjálfsögðu væri þjóðarsátt andstæð markaðshyggjunni. Eða eins og t.d. ritstjórinn Ellert Schram sýnir fram á í einni af sínum helgargreinum, þá er hún vitanlega andstæð frjálshyggjunni. Og það er hárrétt sem hv. þm. sagði hér áðan að virtur prófessor eins og Guðmundur Magnússon sýnir fram á það að þjóðarsáttin er andstæð frjálshyggjunni.

Nýlega kom fram hjá varaformanni Sjálfstfl. að þjóðarsáttin væri gervilausn. Það kom fram í sjónvarpsviðtali sem við áttum og kom í kjölfar þessarar niðurstöðu prófessors Guðmundar Magnússonar. Ég skil það mætavel að frjálshyggjumönnum innan Sjálfstfl. sé það mikið kappsmál að ryðja burtu svona þröskuldi fyrir frjálshyggjunni. En það er þá miklu betra að koma fram og segja það sem verið er að ýja að hér, eins og í ræðu hv. þm. áðan, að þjóðarsáttin geti ekki gengið upp til lengdar, hún byggi upp alls konar stíflur o.s.frv. og hún sé andstæð blessaðri frjálshyggjunni sem er, eins og ritstjórinn Ellert Schram lýsir, að öllum fyrirtækjum og einstaklingum eigi að vera frjálst að gera allt það sem þeir æskja.

Þessi ríkisstjórn er annarrar skoðunar. Þessi ríkisstjórn telur heillavænlegra að leita samkomulags við aðila vinnumarkaðarins í því skyni að hafa áhrif á þróun efnahagsmála. Ég vek athygli á því að í þessari þjóðarsátt sem nú er hafa engar bremsur í raun verið settar á verðlag. Dagsbrún hefur haft verðlagseftirlit og varað menn við, vonandi er það heimilt, hefur varað menn við að versla þar sem hækkað hefur mest. Ég tel það vera afar jákvætt. En mér er ekki kunnugt um að Verðlagsstofnun hafi sem slík sett á verðlagsstöðvun, hún hefur ekki gert það. Það hefur verið haldið uppi stöðugum aróðri, getum við kallað það, gegn verðhækkunum. Þannig hefur mikill árangur náðst og sérstaklega eiga sumir aðilar, sem með frjálsum samningum hafa stuðlað að þjóðarsáttinni, eins og fyrst og fremst bændur, miklar þakkir skildar. Landbúnaðarvöruverð hér á landi á tíma þjóðarsáttarinnar hefur hækkað langsamlega minnst af öllu vöruverði eða um 2%. Ekki er það gert með einhverri skipun ofan frá. Það er gert með samningum bænda og aðila vinnumarkaðarins. Stjórnvöld hafa hins vegar leitast við að stuðla að því að þeir samningar gætu staðist. Ég vona að þó þetta sé andstætt frjálshyggjunni geti þetta ekki talist slæmur kostur. Ef þetta er skýringin sem virðist ýjað að hjá mörgum sem þekkja vel innviði Sjálfstfl. þá væri miklu betra að fá hana hreint hér fram svo menn viti við hvaða draug þeir eru að glíma.

Það kom fram hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni að það hafi staðið til hjá ríkisstjórninni að setja á ný lög á BHMR, sömu lög sagði hann, en bætti svo við, eða ný lög með sama innihaldi. Þetta er, vil ég strax leiðrétta, mikill misskilningur. Hugmyndin var sú ef komið hefði til þingrofs að setja almenn launa- og verðstöðvunarlög sem giltu í þrjá mánuði þannig að nýtt þing gæti fjallað um efnahagsmálin í heild sinni og ákveðið hvort það vildi þjóðarsátt eða ekki. Þetta var sú hugmynd sem ég vann að. Sem betur fer kom ekki til þess að til hennar þyrfti að grípa því ég er ekki því hlynntur að þing sé rofið nema mjög brýna nauðsyn beri til. Ég er ekki sömu skoðunar og forsætisráðherra Dana að það beri að gera hvenær sem ríkisstjórn kann að henta.

Rætt hefur verið um það að kalla hefði átt saman þing. Það er hárrétt, það kom vel til greina og ég hafði það mjög í huga. Hins vegar var allan júlímánuð leitað eftir samkomulagi við BHMR eftir ýmsum leiðum. Það tók hreint út sagt allt of langan tíma og það var komið fram í byrjun ágúst og komið að þeim dögum að vinnuveitendur hugðust hefja útborgun til sinna viðsemjenda. Því var afar brýnt að stöðva þá víxlverkun strax. Það hefði verið miklu erfiðara að stíga skrefið til baka ef 4,5% hækkun hefði verið komin yfir allan vinnumarkaðinn.

Ég hef aðeins áður minnst á þær spár sem hv. þm. Friðrik Sophusson minntist nokkuð á og spurði hvort það tíðkaðist að biðja Seðlabankann um nýjar spár. Ég veit ekki hvað hv. þm. var að meina. Í mörgum tilfellum hef ég rætt við bankastjóra Seðlabankans og beðið um skýringar á því sem þeir láta frá sér fara. T.d. hringdi ég, ég átti ekki heimangengt þessa daga, í

bankastjóra Seðlabankans og spurði við hvað væri átt þegar segir í áliti Seðlabankans að álykta megi að samþykkt vinnuveitenda um samsvarandi launahækkun væri gerð til að setja þrýsting á stjórnvöld til að viðhalda bráðabirgðalögunum. Ég skal viðurkenna að ég fékk engin svör. Enda var þessi samþykkt gerð áður en bráðabirgðalögin voru sett í fyrsta lagi, og furðuleg staðhæfing að ætla vinnuveitendum að gera slíka samþykkt, svo ég noti nú orð varaformanns Sjálfstfl., „einhverja gervisamþykkt". Ég er sannfærður um það að þeir meintu það sem þeir samþykktu eins og þeir hafa hvað eftir annað staðfest. Ég hringdi því til að leita slíkra skýringa og vitanlega hefur það oft verið gert. Seðlabankastjóri tjáði mér að hann hefði margar athugasemdir sjálfur að gera við þetta álit og mundi koma því til skila, sem hann svo gerði.

Hv. þm. spurði hvort aðrir aðilar sem eru með lausa samninga megi semja sig frá þjóðarsáttinni. Að sjálfsögðu er slíkum aðilum frjálst að gera þá kjarasamninga sem þeir ná, en mjög rík samstaða er í þjóðfélaginu, bæði hjá vinnuveitendum og sem betur fer hjá launþegum, að gera kjarasamninga sem eru innan þjóðarsáttarinnar. Allir þeir kjarasamningar sem síðan hafa verið gerðir hafa verið innan þjóðarsáttarinnar. Ég veit ekki um neina tilraun eða a.m.k. neinn vilja hjá vinnuveitendum til að gera kjarasamninga sem ganga lengra en þjóðarsáttin og ríkisvaldið mun ekki gera kjarasamninga sem ganga lengra.

Hv. þm. spurði um álit lögfræðinga. Að sjálfsögðu var álits lögfræðinga leitað, margra lögfræðinga áður en bráðabirgðalögin voru sett. Og af því að nafn Eiríks Tómassonar var nefnt þá staðfesti ég að hann var einn af þeim og kemur satt að segja undarlega fyrir eyru ef hann hefur sagt annað á þeim fundi sem minnst var á. Ég þekki hann ekki að því sem hér var vísað til, ég hef ekki fylgst með því. Hann mætti meira að segja á fund ríkisstjórnarinnar ásamt fleiri lögfræðingum svo það eru margir til vitnis um það sem þar fór fram. Álita var leitað, ekki síst á fundum með fjölmörgum lögfræðingum, sem síðan voru dregin saman af mínum aðstoðarmanni, sem er lögfræðingur, sem annaðist milligöngu um að leita álits þessara lögfræðinga. Bráðabirgðalögin voru að sjálfsögðu byggð á þeirri niðurstöðu sem út úr þeim fundum og álitsgerðum kom. (**FrS:** En á tímabilinu 1. febr. til 1. júlí?) 1. febr. til 1. júlí? Að sjálfsögðu voru lögfræðingar með í þeirri meðferð allri, einkum þeir lögfræðingar sem eru jafnt og þétt og stöðugt í kjarasamningunum. Þeir voru þar að sjálfsögðu til kvaddir. En ég vil taka það fram af því sérstaklega var nefnt nafn Eiríks Tómassonar hér að hann var kallaður inn í júlímánuði ásamt ýmsum fleiri lögfræðingum.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að svara hér meiru. Hvað tekur við þegar þjóðarsátt er lokið? Ég vona ekki frjálshyggjan. Ég vona að takist að ná samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um að hafa stjórn á okkar efnahagsmálum, svipaða stjórn og verið hefur, án verðstöðvunar og með stórauknu frjálsræði á fjölmörgum sviðum, m.a. í fjármagnsflutningum milli Íslands og útlanda sem er verið að stuðla að, m.a. væntanlega í meira frelsi til erlendra fjárfestinga hér á landi o.s.frv. M.a. með aðlögun okkar peningamarkaðar að því sem er erlendis, m.a. með einhverju skrefi í þá átt að afnema lánskjaravísitöluna, af því að ég veit að hún er hv. þm. mjög hugleikin, og fleira gæti ég þannig upp talið.

Aðeins að lokum. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson spurði hvort hækka ætti skatta. Það á alls ekki að hækka skatta. Sköttum verður haldið í sama hundraðshluta af þjóðartekjum og er á þessu ári, þ.e. um 27%. Hins vegar vona ég að samkomulag geti náðst um breytingar á okkar skattkerfi, m.a. að losa okkur í áföngum út úr aðstöðugjaldinu. Ég geri ekki ráð fyrir því að þingmenn muni það að ég hef hér hvað eftir annað nefnt að aðstöðugjaldið er að mínu mati mjög óréttmætur skattur. Ég vona að nú þegar verið er að vinna að því að samræma íslensk skattalög því sem er í Evrópu þá losi menn sig út úr aðstöðugjaldinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram í ræðu sinni áðan að ég og ríkisstjórnin hefðum haft óeðlileg afskipti af málefnum Seðlabankans með því að óska eftir því að bankastjórnin gerði grein fyrir skoðunum sínum á álitsgerð sem einn af starfsmönnum hagfræðideildarinnar í bankanum hafði samið um verðbólguáhrif hugsanlegs afnáms bráðabirgðalaganna sem hér eru til umræðu. Hæstv. forsrh. vék nokkrum orðum að þessu máli hér áðan en ég vil, virðulegi forseti, víkja að því líka nokkrum orðum.

Eins og kunnugt er hafði hv. 1. þm. Reykv. borist þetta álit í hendur og hann látið það fylgja sínu minnihlutanefndaráliti. Hv. 1. þm. Reykv. taldi, og það kom fram í máli hans, að Seðlabankinn og bankastjórn hans hefðu verið beitt því sem hann kallaði þrýstingi í þessu máli. Það er kunnugt að bankastjórn Seðlabankans hefur lýst því opinberlega yfir í sérstakri fréttatilkynningu að bankastjórnin sé alls ekki sammála því áliti sem fram kemur á fskj. IX á þskj. 245 sem er nál. frá 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Þetta skjal, sem hv. 1. þm. Reykv. hefur ítrekað kallað *álit* Seðlabankans, lýsir því alls ekki áliti bankastjórnarinnar. Bankastjórnin hefur þvert á móti lýst þeirri skoðun að mikil hætta væri á verðbólguskrúfu ef bráðabirgðalögin væru úr gildi numin. Hv. 1. þm. Reykv. lætur að því liggja að ósk mín um að fá fram opinbert álit bankans á málinu sé á einhvern hátt ógnun við sjálfstæði Seðlabankans og beri keim af ritskoðun. Þetta er auðvitað fjarstæða. Það er í alla staði eðlilegt og reyndar nauðsynlegt að skoðun bankans á þessu mikilvæga máli komi fram þar sem þetta vinnuskjal *eins starfsmanns bankans var kynnt á þinginu sem álit* bankans. Þetta sem ég er nú að segja, að óska eftir áliti bankans á málinu, er í fullkomnu samræmi við seðlabankalögin. Í 4. gr. þeirra segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkis-

stjórnina að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna sem ríkisstjórnin markar að lokum nái tilgangi sínum. Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári senda ráðherra greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum."

Í þessari lagagrein kemur skýrt fram hvernig samstarfi ríkisstjórnar og bankastjórnar Seðlabankans skal vera háttað. Það er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því að einstakar deildir bankans eða starfsmenn hans séu að senda álitsgerðir sínar út og suður í opinberum málum eins og hér er um að tefla, en það var einmitt það sem gerðist í þessu máli. Þegar slíkt kemur upp og það er fram borið af einhverjum aðilum utan bankans sem opinber skoðun hans er alveg nauðsynlegt að fá fram opinbert álit bankastjórnarinnar. Það álit kom fram og í ljós kom að bankastjórnin var í öllum meginatriðum sammála ríkisstjórninni um matið á verðbólguhættunni sem fylgja mundi afnámi bráðabirgðalaganna. Þetta er kjarni málsins og allar dylgjur um það að þetta fari á einhvern hátt í bága við lög og réttar reglur um framkvæmd seðlabankamálefna er fjarstæða.

Það er reyndar ekki laust við að gæti nokkurs tvískinnungs í málflutningi þeirra hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Suðurl. þar sem því er haldið fram í einu orðinu að alvarlegar afleiðingar af þeirri launaskrúfu sem fylgt gætu kjarasamningum sem gerðir voru á liðnu ári, annars vegar á hinum almenna vinnumarkaði og hins vegar milli BHMR og starfsmanna innan þeirra vébanda og ríkisins, hafi lengi legið ljósar fyrir. Svo er því aftur haldið fram í hinu orðinu að þessi bráðabirgðalög sem við ræðum hér skipti engu máli í þessu sambandi. Hvort er nú það sem rétt er? Sannleikurinn er sá að framganga Sjálfstfl. í málinu er með hræsnisyfirbragði.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu til að koma að nokkrum atriðum sem snerta frv. það sem hér er til meðferðar í 2. umr. og víkja að fáeinum atriðum sem tengjast þessu máli. Ég tel þörf á að þau séu rædd hér á Alþingi því þau varða stjórnskipun landsins. Það hefur legið fyrir að ég er efnislega andvígur þeim bráðabirgðalögum sem sett voru sl. sumar og ég er mótfallinn því að unnið sé að málum eins og gert var í aðdraganda þeirra og við setningu þeirra. Þetta hefur ítrekað komið fram hér í þinginu af minni hálfu, m.a. við 1. umr. þessa frv. 23. okt. sl. svo og í tilkynningu sem ég flutti sameinuðu þingi 3. des. sl. Það er engin breyting á þessari afstöðu minni. Ég hef aldrei lýst því yfir hér í þinginu eða opinberlega að ég ætlaði ótvírætt að greiða atkvæði gegn frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum. Það hefur ekki komið fram af minni hálfu þó fjölmiðlar og fleiri hafi eðlilega dregið þær ályktanir að líklegt væri að ég greiddi atkvæði gegn frv. til staðfestingar þessara laga. En ég hef sagt það og ítrekað það að þingmenn eiga ekki að ráðstafa atkvæði sínu fyrir fram og gera það auðvitað ekki. Það er alrangt að ég hafi breytt skoðun minni á því máli sem hér er til umræðu. Svo er ekki. Ég er áfram andsnúinn þeirri málsmeðferð sem við var höfð en mun af ástæðum sem ég hef gert grein fyrir hér í þinginu sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ég er andvígur þeim rökstuðningi sem fram kemur í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um þetta frv. Ég tel að hann sé jafnhaldlítill og allur málflutningur sem rökstyður setningu þessara bráðabirgðalaga og gæti haft um það mörg orð. Það ætla ég ekki að gera nú. Ég ætla hins vegar að fjalla hér í nokkrum orðum um veigamikil atriði sem snerta stjórnskipun landsins og sem ástæða er til að menn íhugi og taki á í framhaldi af þessu máli og í tengslum við það. Sá lærdómur sem ég tel að við hér á Alþingi Íslendinga þurfum að draga af þessu máli og öðrum hliðstæðum, sem vissulega má finna svipuð fyrr á tíð þó þetta sé sérstætt mál að mjög mörgu leyti, er einkum þrennt sem ég vil nefna í þessu samhengi.

Ég tel að þingið, vonandi þetta þing sem nú situr, beri gæfu til þess að afnema deildaskiptingu Alþingis. Deildaskipting Alþingis er mikil tímaskekkja og hún varðar þetta mál m.a. vegna þess að eins og skipan þingsins er háttað getur það gerst að meirihlutavilji á Alþingi njóti sín ekki í málum vegna þess hvernig menn raðast tilviljanakennt í deildir þingsins. Leiddar hafa verið líkur að því að það sé meiri hluti fyrir þessu frv., hafi verið meiri hluti fyrir því áður en ég lýsti minni afstöðu hér 3. des. sl., ef þingið hefði gert málið upp í einni deild. Ég tel það í senn lýðræðislegt og eðlilegt að meirihlutavilji fái að njóta sín á Alþingi Íslendinga. Afnám deildaskiptingar þingsins er þar fyrir utan afar brýnt mál vegna starfshátta á Alþingi. Ég er þeirrar trúar að það mundi margt breyta hér verulega um svip í störfum þingsins og í ásýnd þingsins út á við ef menn næðu saman um það að sameina þingið í eina málstofu. Ég veit að um þetta mál er nú fjallað í þingskapanefnd, sem svo er kölluð og í eiga sæti formenn þingflokka. Og ég vona það sannarlega að þingið nái saman um afgreiðslu þessa máls fyrr en seinna.

Þá er það annað atriðið sem ég vildi nefna hér og einnig er mikilsvert og liggur fyrir þinginu í tillöguformi. Það er að afnema stjórnarskrárbundnar heimildir til setningar bráðabirgðalaga. Setning bráðabirgðalaga og heimild í stjórnarskrá þar að lútandi er fullkomlega nauðsynjalaus og alger tímaskekkja á árinu 1990. Það voru aðrir tímar þegar þetta var sett í stjórnskipan landsins fyrir rösklega heilli öld, árið 1874. Þá voru aðstæður enn svipaðar og á landnámstíð þegar það tók 17 daga að jafnaði að komast frá Austurlandi, svo dæmi sé tekið, til Alþingis, þó að Árni Oddsson ynni það afrek á sínum tíma 1662 að komast þessa vegalengd á þremur dögum og er síðan rómað í Íslandssögunni. En nú tekur það ekki lengri tíma fyrir þingmenn að komast til þings en það tekur Stjórnarráðið og ráðherrana að undirbúa setningu bráðabirgðalaga. Það frv. sem þingmenn Kvennalistans hafa flutt hér í hv. deild eigum við því að samþykkja fyrr en

seinna og þá er þeim áhyggjum af mönnum létt að ríkisvaldið sé með bráðabirgðalagavald uppi í erminni og beiti því með jafnóskynsamlegum hætti og gert var sl. sumar og óvarkárum hætti miðað við þær leikreglur sem eiga að gilda í okkar samfélagi.

Þriðja atriðið sem varðar stjórnskipun landsins er þingrofsrétturinn í hendi forsrh. Ég tel óeðlilegt og ólýðræðislegt í raun að einn maður, einn ráðherra í ríkisstjórn landsins, hafi það vald í hendi að rjúfa þingið og skipa því heim, senda það heim. Ég tel miklu farsælla fyrir vinnubrögð hér á Alþingi og stjórnarfar í landinu að Alþingi sé kosið með reglubundnum hætti til tiltekins tíma, fjögurra ára eins og nú er eða skemmri tíma ef menn vildu, án þess að fyrir liggi réttur til þess að rjúfa þingið. Eða a.m.k. að til slíkra aðgerða að efna til kosninga þess á milli þyrfti samþykkt Alþingis, samþykki meiri hluta hér á Alþingi. Það er bent á svipaða skipan mála erlendis, í Bretlandi, í Danmörku, varðandi þingrofsrétt. En það er ekki til fyrirmyndar. Og aðstæður hérlendis að þessu leyti eru t.d. aðrar en í Bretlandi þar sem er fjöldi flokka og samsteypustjórnir sem ríkjandi form um stjórnarfar eins og skipan þingsins hefur verið lengi. Þetta er mjög viðkvæmt vald sem þarna er í hendi forsrh. landsins samkvæmt stjórnarskrá nú. Og menn hafa það fyrir sér hvernig hugmyndir voru um að beita þessu valdi nú fyrir skemmstu. Það getur verið mönnum til íhugunar einmitt um það hvort ekki sé réttmætt að afnema þennan rétt með þeim hætti sem hann nú er í stjórnarskrá.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir hér á þinginu, nú síðast í dag, að hann telji ekki sjálfur, núv. hæstv. forsrh., að það eigi að beita þessum rétti nema mjög brýna nauðsyn beri til. Ég met það við hæstv. forsrh. að lýsa því hér yfir. En við skipum ekki stjórnarskrá eftir því hver situr í stóli hans. Og ég er að tala um þetta hér í almennu samhengi. Ef við næðum saman um þessar þrjár meginbreytingar í okkar stjórnskipan þá teldi ég að þingið hefði stigið farsæl og mikilvæg skref. Ég vona að menn nái saman um slíkar breytingar fyrr en seinna. Ég er reiðubúinn að taka þátt í afgreiðslu þeirra, ekki endilega saman heldur í áföngum ef það er leiðin til sátta og árangurs í þessu efni.

Jafnhliða þessu eigum við að nota stjórnarskrárbundinn rétt til þjóðaratkvæðagreiðslu í mikilvægum málum í allt öðrum mæli en tíðkast hefur, dæmin eru raunar engin sem við höfum í þessu. Þann rétt eigum við að nota. Við beittum honum áður en við stofnuðum lýðveldið með árangursríkum hætti en í sögu þess höfum við ekki notað þennan rétt stjórnarskrárinnar svo sem eðlilegt hefði verið í þýðingarmestu málum. Og það eigum við að taka upp, t.d. um spurningar um breytingu á stjórnarskrá landsins í staðinn fyrir að vera að þvæla slíkum breytingum saman við almennar kosningar og þurfa til þess upptöku mála tvívegis, þ.e. þing eftir þing.

En það er ýmislegt fleira sem þarf að gá að í tengslum við mál af þeim toga sem hér er rætt og varðar samskipti m.a. ríkisvaldsins og þingsins og ríkisvaldsins og stofnana lýðveldisins og opinberra stofnana. Ég hef m.a. í huga það sem hér liggur fyrir í sambandi við álitsgerðir frá stofnunum sem dregnar eru inn í þetta mál, Þjóðhagsstofnun og hagfræðideild Seðlabanka Íslands og bankastjórn Seðlabanka Íslands. Auðvitað á að tryggja að þessar stofnanir starfi sem mest óháðar og ekki undir þrýstingi, hvað þá valdboði frá Stjórnarráði. Slíkt ómerkir slík álit. Það er afskaplega lítils virði finnst mér að vera að reiða fram slíka pappíra eins og hefur verið gert í sambandi við þetta mál, eins og að málum er staðið og eins og að þessum stofnunum er búið. Hvaða vit er í því að ráðherrar í stjórn lands séu að halda embættum og tryggja sér að vera yfirmenn opinberra stofnana sem ætlað er að gefa álit hér í málum sem jafnvel varða þá sjálfa? Hvaða skynsemi er í slíkri skipan mála? Auðvitað á það að vera útilokað með öllu að slíkar aðstæður séu skapaðar. Auðvitað ómerkir slíkt með öllu álitsgerðir frá opinberum stofnunum ef þannig er haldið á málum. Ráðherrar eiga ekki að sinna öðrum störfum eða skipa önnur embætti en ráðherrastörf þegar þeir eru í ríkisstjórn. Allt annað er óeðlilegt að mínu mati. Þannig eru það fjölmargir þættir sem ástæða er til að rifja upp vegna þess að þetta mál snertir leikreglur í samfélaginu, undirstöður lýðræðis í þessu samfélagi. Við eigum að nota þetta mál til þess að hreinsa til og breyta til bóta, lýðræðinu til styrktar og þinginu til styrktar.

Ég ákvað, virðulegur forseti, að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls, m.a. til að koma í veg fyrir að þingið yrði rofið og efnt yrði til kosninga í skyndi um hina svokölluðu þjóðarsátt sem ég hef bent á og vikið að að er býsna gloppótt og ótrygg þegar litið er til framtíðar.

Ég hef einnig gert það til þess að koma í veg fyrir að ríkisvaldið beitti enn á ný bráðabirgðalögum í þessu máli í kjölfar þingrofs því að það teldi ég síst skárri gjörning en þann sem unninn var sl. sumar nema síður væri, raunar að bíta höfuð af skömm. Og ég hef einnig gert það til að eiga hlut að því að ríkisstjórn landsins hafi tækifæri til þess að treysta hina svonefndu þjóðarsátt með því að leita sátta og samninga við þá sem eru þolendur þeirra bráðabirgðalaga sem sett voru sl. sumar, þ.e. BHMR. Fleiri þætti mætti þar taka með sem varða sáttargjörð í samfélaginu, jafnræði í samfélaginu, og þyrfti þá margt til að tína. Og af minni hálfu er það einnig ekki síst að ég sit hjá við afgreiðslu þessa máls að unnt megi verða að leggja traustari grunn að jafnvægi í efnahagsmálum en nú er, litið til lengri tíma. Því að þjóðarsáttin svokallaða í samhenginu jafnvægi í efnahagsmálum fer ekki saman við þær ráðagerðir sem hluti af ríkisstjórninni hefur unnið að um langan tíma, að ætla að efna hér til efnahagslegrar kollsteypu með fjárfestingum í áður óþekktum mæli í samfélaginu, fyrst og fremst tengt höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorni landsins, sem mun kollvarpa öllu því sem heitir jafnvægi í efnahagsmálum og setja allt í bál fyrir nú utan þau áhrif sem það hefði á byggðir landsins. Ríkisstjórnin hefur tækifæri til að leiðrétta stefnu sína að þessu leyti og renna stoðum undir raunverulegt jafnvægi hér og sátt til lengri tíma. En til þess þarf vissulega að verða breyting frá því sem ráðgert hefur verið af sumum þeim sem nú

skipa ríkisstjórn landsins.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni, þó vert væri, hlut Sjálfstfl. í þessu máli. Um það mætti margt segja. Það er raunaleg staða sem Sjálfstfl. er staddur í. Það er hörmulegt að sjá hvernig stærsti stjórnmálaflokkur landsins er sundurþykkur í þessu stóra máli og í mestu vandræðum að gera það upp gagnvart sjálfum sér, hvað þá gagnvart þjóðinni. Ég skil það afar vel að staða hans og forusta flokksins er veik um þessar mundir. Það er að sjálfsögðu ekki harmsefni fyrir mig en ég segi jafnframt: ég met allan stuðning, hvaðan sem hann kemur, til þess að haldnar séu eðlilegar leikreglur í samfélaginu. Og ég virði þá, jafnt í Sjálfstfl. sem og annars staðar, sem leggja því lið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður gat þess að hann vildi stuðla að því að þegar um breytingar á stjórnarskrá væri að ræða yrði það lagt fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég lagði einmitt fram frv. um slíka breytingu sem liggur fyrir en ég hef ekki orðið var við að nefnd hafi gengið frá því máli. Ég vonast til þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson standi með mér í því að reyna að ná fram þessari breytingu.

Ég hef verið á móti því að afnema heimild til ríkisstjórnar til þess að gefa út bráðabirgðalög. En nú er ég kominn á allt aðra skoðun. Eftir þá reynslu sem við höfum nú get ég ekki séð annað en að það verði blátt áfram að grípa til þess að breyta þessu ákvæði þannig að ekki geti endurtekið sig það sem hér hefur gerst.

Ég held að það sé best fyrir alla, bæði mig og aðra, að ég tali hér af fullkominni hreinskilni. Ég vona að hæstv. forsrh. heyri mál mitt. Þegar þessi ríkisstjórn, eða fyrri ríkisstjórn sem þeir vilja vera láta forsrh. og ráðherrar hans, var mynduð vil ég minna á það að ekki var hægt að mynda þá ríkisstjórn öðruvísi en að ég styddi hana. Ég setti fram ákveðin skilyrði fyrir þátttöku minni í þeirri ríkisstjórn. Ég setti t.d. það skilyrði að unnið yrði að því að jafna orkuverð í landinu. Hæstv. iðnrh. hefur að vísu skipað nefnd til að vinna í því máli. En það var gert svo seint að það er auðséð að ekki var stefnt að því að standa við það mál. En svo stendur mál að Landsvirkjun hefur sína taxta þannig að hún ætlast til að það sé búið að borga allar þær skuldir sem á henni hvíla nú í árslok 2004. Með öðrum orðum: Mönnum er mismunað í þjóðfélaginu til þess að þeir sem eiga Landsvirkjun eignist hana á þessum tíma. Ég verð að segja það að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með það að fulltrúar Sjálfstfl. í þessari nefnd eru ekki á þeim buxunum að jafna orkukostnaðinn, þ.e. að það komi á Landsvirkjun, að því sé breytt.

Ég lagði mjög mikla áherslu á það og mínir félagar að vextir yrðu lækkaðir. Við lögðum til að þeir færu niður í 5% en það var sæst á það að miðað væri við 6%. Hvernig er þessu nú varið? Hvernig er því varið?

Í Tímanum, blaði hæstv. forsrh., kemur það fram að raunvextir á óverðtryggðum lánum séu 8,6%, þetta er í blaði hæstv. forsrh., Tímanum, 6. des. sl., og á verðtryggðum lánum 8,2%. En ég vil draga í efa að þessar tölur séu raunhæfar eins og þetta er framkvæmt.

Í þessu sambandi vil ég segja frá því að það hefur verið haft samband við mig út af okkar stefnu í þessum málum. Þeir sem hafa orðið að skuldbreyta, það hefur komið fyrir að þeir hafi þurft að borga 10,5%.

Það er dálítið merkilegt að það er morgunauki sem er fluttur á morgnana eftir átta-fréttir, nokkurs konar fréttaauki frá útlöndum. Ef ég man rétt er það kallað viðskiptavaki. Og þriðjudaginn 3. des. er það Bjarni Sigtryggsson sem segir frá því að raunvextir hér á landi séu 7,2 eða 7,3% og vill halda því fram að þeir séu lægri en annars staðar. Nú vill svo til að þegar ég var erlendis bárust mér í hendur frá Bretlandi tölur um það hvernig þróunin hefur verið þar í landi, hjá járnfrúnni, sl. þrjú ár, 1987–1990. Í fyrsta lagi er það atvinnuleysið. Atvinnuleysið 1987 var 10,6% en er núna 5,9%. Verðbólgan 1987 var 4,2% en er núna 10,9%. Hagvöxturinn 1987 var 4,5% en er nú 1%. En vextirnir 1987 voru 9,7% en eru núna 14,9% eða með öðrum orðum 4% að teknu tilliti til verðbólgu. Og ef fjölmiðlarnir hafa svona viðskiptavaka, sem þeir kalla sig, og endurtaka um hádegið svona fréttir, og svo er lapin upp svona vitleysa af blöðunum svo jafnvel í fréttum ríkisfjölmiðlanna komi þetta aftur.

Þannig hefur nú verið staðið við þetta fyrirheit, sem ég vil kalla svo, að raunvextirnir eru á milli 8 og 9% eftir því sem Tíminn segir.

En ekki nóg með það. Ég fór með skuldabréf sem var með vöxtum Landsbankans eins og þeir eru á hverjum tíma, óverðtryggðir, og það var búið að segja mér að þetta væri tekið með „á pari", eins og það er kallað. En hver var útkoman? Afföllin voru 10% og kostnaðurinn við þetta fjögurra ára bréf var 40 þús. eða samtals 190 þús.

Ég vil segja við hv. 1. þm. Suðurl. Þorstein Pálsson: Þetta er arfinn. Þetta er arfinn í þjóðfélaginu sem var sáð og dreift út undir stjórn ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. En þessi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur ekki staðið við það að taka á þessum mönnum sem ráða bönkunum. Ég stóð, hæstv. forsrh., á móti því að kjörvextir væru teknir upp í Búnaðarbankanum en það var ekki langt liðið frá því að ég hætti þar þangað til þeir voru teknir upp. Og hvað gerði það? Þeir hækkuðu við það til hins almenna manns um 0,75%. Þetta er nú stjórnin á þessum málum.

En það var fleira sem ég setti upp. Ég setti það upp að ég hefði aðgang að fjh.- og viðskn. og yrði boðaður á fundi hennar. Ég var boðaður á fundi fyrsta veturinn, þangað til Borgfl. kom í ríkisstjórn, en aldrei síðan. Aldrei síðan. Og í Tímanum 8. des., í Tímabréfi, segir, með leyfi forseta:

„Menn voru þeim mun sannfærðari um að sjálfstæðismenn mundu ekkert gera til þess að hindra framgang laganna í þinginu að í ljós kom fyrir stuttu að alþingismaður sem talinn hafði verið stuðningsmaður frv. fremur en hitt, Stefán Valgeirsson, talaði um að greiða atkvæði gegn frv." o.s.frv.

Sá sem var forsrh. á þeim tíma sem var farið að

ræða um þessi bráðabirgðalög, Halldór Ásgrímsson, hafði samband við mig. Ég sagði honum hug minn allan og ætla ekki að rekja það frekar, ég hef gert það áður. En ég spurði hann að því hvort hann hefði ekki komið skilaboðum um það til forsrh. hver mín afstaða væri. Hann sagði að svo hefði verið. Síðan hefur ekki verið talað við mig eitt einasta orð um þessi bráðabirgðalög. Enginn. Og af því leiddi að ég kom fram með þáltill. til þess að fá umræðu um þetta mál og vita um það og krefjast þess að fá lögfræðilegt álit sem kom fram hjá hæstv. forsrh. þegar hann ræddi við borgarstjórann í Reykjavík að hann hefði haft nokkuð marga lögfræðinga til þess að bera sig upp við.

Ég sá mér ekki annað fært en að koma með fsp. hér á Alþingi til þess að reyna að fá úr því skorið hvort það ætti að fela fyrir mér þessi álit sem hljóta að hafa borist þeim í hendur. En ég reiknaði líka alveg með því að það mundi gerast sem gerðist í sambandi við Sjálfstfl. Mér kom það ekki á óvart. Það er auðvitað alveg rétt að það var upphlaup. En það var engu síður upphlaup hjá hæstv. ríkisstjórn að ætla sér undir þessum kringumstæðum að rjúfa þing og boða til kosninga eingöngu vegna þess að ég bað um álitsgerð um þetta mál. Það var hvorki reynt að hafa áhrif á mig, kalla mig fyrir eða senda mér þetta á nokkurn hátt. Það er því dálítið skrýtið sem kemur fram í málflutningi og blöðum að af þeim ástæðum hafi átt að rjúfa þing og efna til kosninga, af því að ég bað um þessa álitsgerð. Ég talaði um það hér á hv. Alþingi að þó að það væri álitsgerð frá öðrum heldur en umboðsmanni Alþingis, þá mundi ég skoða það, en það var ekki haft fyrir því.

Auðvitað hefði ég aldrei orðið til þess að það yrðu kosningar um miðjan vetur þó að hæstv. ríkisstjórn dytti það í hug. Mér hefði aldrei dottið það í hug. Ég hefði auðvitað setið hjá. En af því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom með þessa yfirlýsingu á mánudaginn þegar ég ætlaði að gefa þessa yfirlýsingu til þess að koma í veg fyrir það — ja, ég verð að segja að það óhæfuverk yrði unnið að láta fara að kjósa um miðjan vetur, þá breytti ég henni og sá ekki ástæðu til þess.

Og þó er það kannski það sem lengst er gengið í öllu þessu og sem mér datt ekki í hug að væri mögulegt og veit og trúi að það hefði aldrei komið til greina að ríkisstjórnin hefði rofið þing og gefið út aftur bráðabirgðalög. Það hefðu orðið þær umræður hér á hv. Alþingi að forseti vor, Vigdís Finnbogadóttir, hefði aldrei samþykkt það undir þessum kringumstæðum. Ég trúi því ekki. Það er því alveg furðulegt hvað þessum hæstv. ráðherrum hefur dottið í hug að gera.

Ég gæti auðvitað farið ofan í þetta enn þá meira, samskipti mín við hæstv. ríkisstjórn, því það má segja að í fáum atriðum hafi verið við það staðið sem um var rætt sem hefur að vísu komið nokkuð fram hjá mér hér á undan. En það kann að vera að ég muni ræða það mál betur í þessum umræðum ef ég tel ástæðu til.

Í Tímablaðinu sem ég vitnaði í áðan, 6. des., er einnig viðtal við Guðmund J. Guðmundsson, sem hv. þm. ættu að kynna sér vel, þar sem hann ræðir um vextina og hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að því máli að líða það að á tíma þjóðarsáttar skuli raunvextir hafa hækkað verulega og að enn standi til að þeir hækki meira. En ég ætla ekki að ræða þau mál meira að sinni. Ég hef bara þá reynslu af þessu stjórnarsamstarfi að það stendur ekkert á að lofa en það stendur á því að efna loforðin. Og í mörgum tilvikum sé ég ekki betur en að það hafi verið fyrir fram ákveðið að svíkja ýmis af þeim loforðum og gæti ég farið út í það frekar.

Ég las upp úr ræðu sem Ellert Schram flutti á fundi landsmálafélagsins Varðar. Og af því að ég er alveg sammála því sem kemur fram hjá Ellert um hvernig kerfið er, hvernig þessir flokkar eru þá gríp ég niður í lok þess sem kemur fram í Morgunblaðinu eftir Varðarfundinn. Þar segir Ellert m.a., með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. á ekki að gerast hlíðfiskjöldur fyrir gróðaöflum og hann á ekki að hossa handhöfum hlutafjárvaldsins sem einhverjum hetjum sjálfstæðisstefnunnar. Enginn fjöldaflokkur getur leyft sér að falast eftir atkvæðum hins almenna kjósanda til að safna síðan auðnum og völdunum í hendur hinna fáu. Sérhagsmunirnir eru skeinuhættastir auðsöfnun alþýðunnar. Við skulum ekki vera skálkaskjól fyrir þá."

Þetta eru ekki mín orð. En þetta er mín hugsun og ég tek undir þetta. Og ég vil vekja athygli á þessu. Þetta er fyrrv. þingmaður Sjálfstfl. er segist vera sjálfstæðismaður, en honum ofbýður svo hvernig málum er komið í þjóðfélaginu að hann lætur sig hafa það að segja sínum flokksmönnum til syndanna. Það væri meira hægt að lesa upp af ræðu Ellerts, sem er lærdómsrík og sýnir í raun og veru hvernig er komið í innviðum Sjálfstfl. (**FrS:** Hann tollir þó í flokknum enn. Það er meira en sumir gerðu.) Hann tollir í flokknum enn þá en hann er að reyna að hafa áhrif á frjálshyggjumennina og vonandi tekst honum það. Þess vildi ég óska, hv. 1. þm. Reykv. Það væri betur ef hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson kæmi hér upp í ræðustól og tæki undir þessi orð Ellerts Schram.

Geir Gunnarsson:

Herra forseti. Þegar 1. umr. fór fram um það frv. sem hér er til umræðu var ég staddur erlendis og átti því ekki kost á að gera grein fyrir afstöðu minni. Vegna þess að það hefur komið fram að það hefur vafist fyrir sumum þeirra sem að bráðabirgðalögunum stóðu hver mundi verða afstaða mín þegar til atkvæðagreiðslu kæmi á Alþingi þarf ég að fara nokkrum orðum um það atriði.

Þegar Alþb. varð aðili að ríkisstjórn ríflega ári eftir síðustu alþingiskosningar greiddi ég atkvæði í miðstjórn flokksins gegn þátttöku Alþb. í ríkisstjórn vegna þess að um það var samið að láta viðgangast að svo mánuðum skipti skyldu gilda í landinu lög sem sviptu verkalýðsfélög þeim grundvallarmannréttindum sem samningsrétturinn er.

Sú afstaða Alþb., að taka þannig á sig ábyrgð á þeim gerræðislögum sem flokkurinn hafði barist hatrammlega á móti þegar þau voru sett og gera þannig að sínum lögum, samrýmdist ekki grundvallarskoðunum mín-

um í stjórnmálum og lágmarkskröfum um pólitíska hegðan. Ég taldi ákvörðun flokksins hættulegan undanslátt í mannréttinda- og verkalýðsmálum og hélt því fram að sú afstaða gæti orðið upphafið að frekara fráhvarfi flokksins frá grundvallarstefnu í þeim efnum. Þetta var fyrir ríflega tveimur árum og munu nú ýmsir halda því fram að það hafi ræst.

Ég lýsti því jafnframt yfir áður en aðild Alþb. að ríkisstjórn var samþykkt að ég mundi hlíta meirihlutaákvörðun miðstjórnar um þátttöku flokksins í ríkisstjórn, ef sú yrði niðurstaðan, og verja ríkisstjórnina vantrausti með atkvæði mínu.

Þessi afstaða þýddi að sjálfsögðu ekki að ég mundi sjálfkrafa fylgja hverju einasta frv. sem ríkisstjórnin kynni að flytja í stjórnartíð sinni. Ég gaf að sjálfsögðu ekki ráðherrum flokksins, hvað þá heldur hæstv. forsrh., ráðstöfunarrétt á atkvæði mínu til hverrar þeirrar lagasetningar sem þeim kynni að hugkvæmast að reyna að knýja fram eftir að andstaða mín væri komin fram í þingflokki Alþb., þannig að mitt atkvæði væri til ráðstöfunar jafnvel til gerræðisverka eins og þeirra sem felast í því frv. sem hér er til umræðu. Um slíka fjarstæðu þarf ekki að hafa fleiri orð enda hygg ég að allur misskilningur í þessu efni sé úr sögunni.

Í þingflokki Alþb. greiddi ég atkvæði gegn því að sett yrðu bráðabirgðalög vegna kjaradeilu BHMR og ríkisins og af minni hálfu kom aldrei annað til greina en að greiða atkvæði gegn staðfestingu þeirra á Alþingi. Þessa afstöðu varðandi atkvæðagreiðslu á Alþingi lét ég uppi við hvern þann sem hafði sig í það að inna mig eftir henni en það voru fyrst og fremst fréttamenn fjölmiðla. Afstaða mín lá því fyrir enda þótt enginn ráðherra, hvorki úr mínum flokki né öðrum, spyrði um hana fyrr en hæstv. menntmrh. 27. nóv.

Ég vil jafnframt taka það fram að flokksmenn mínir hafa virt þessa afstöðu mína til bráðabirgðalaganna og enginn þeirra, hvorki ráðherrar né aðrir, nokkru sinni reynt að telja mér hughvarf eða svo mikið sem orðað það að ég breytti afstöðu minni, jafnvel þótt ljóst væri lengst af að hún gæti ráðið afdrifum bráðabirgðalaganna. Ég met þessa framkomu flokksmanna minna mikils.

Eins og ég áðan nefndi taldi ég það hættulegan undanslátt í mannréttinda- og verkalýðsmálum þegar Alþb. lét af þeirri kröfu sinni við síðustu stjórnarmyndun að afnumin yrðu lög fyrri ríkisstjórnar sem sviptu verkalýðsfélögin samnings- og verkfallsrétti og fallist var á að þau giltu svo mánuðum skipti í tíð núv. ríkisstjórnar. Sú ákvörðun sem var tekin við stjórnarmyndunina varðandi lagasetningu sem aðrir flokkar höfðu komið fram á Alþingi gegn atkvæðum Alþb. en flokkurinn tók þá umdeilanlega ábyrgð á með því að gera það ekki að ófrávíkjanlegu skilyrði að þau yrðu afnumin við þátttöku flokksins í ríkisstjórn. En Alþb. hafði þó ekki átt þátt í setningu laganna heldur barist á móti þeim. Ég lít því enn alvarlegri augum þá ákvörðun flokksins sl. sumar að styðja og jafnvel eiga innan ríkisstjórnarinnar frumkvæði að lagasetningu um réttindasviptingu af sama toga.

Aðdragandi þess máls sem hér er fjallað um hefur svo oft og rækilega verið rakinn að óþarft er að fara um hann mörgum orðum. Hinn 18. maí 1989 gerðu BHMR og fjmrh. kjarasamning sem báðir aðilar rituðu undir og staðfestur var með bókun í ríkisstjórn. Ætla verður að báðir aðilar hafi haft fullan hug á að framfylgja þeim samningi eftir ákvæðum hans. Þann 1. febr. sl. voru síðan gerðir samningar milli ASÍ og VSÍ á nokkuð öðrum grundvelli en samningurinn milli BHMR og ríkisins. Í stað þess að taka tillit til gildandi og löglegs samnings BHMR og ríkisins og aðlaga þann samning sem verið var að gera að þessum gildandi kjarasamningi, þá var eftir því sem fram hefur komið það handsalað, a.m.k. milli ríkisins og Vinnuveitendasambandsins, að hafa löglegan samning ríkisins við BHMR að engu. Í kjölfar þess var neitað að inna af hendi umsamda launahækkun til félagsmanna BHMR 1. júlí. Þegar þeirri einhliða ákvörðun ríkisins var hnekkt af Félagsdómi 23. júlí sl. og stjórnvöldum gert ókleift að svíkja samning sinn með þeim hætti sem reynt var, þá var seilst til valdbeitingar og bráðabirgðalög sett til þess að hnekkja niðurstöðu dómsins.

Þessar aðfarir eru með þeim ólíkindum að ég hefði að óreyndu ekki trúað því að ég ætti eftir að sjá slíkri valdníðslu beitt gegn stéttarfélagi og dómstólum landsins af nokkrum stjórnmálaflokki og þá síst mínum eigin. Hér er ekki einungis ráðist á samningsréttinn heldur er dómsvaldið bælt niður í einni og sömu aðgerðinni.

Menn hafa deilt um hvort hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Mig brestur þekkingu til að dæma um það en að mínum dómi brjóta þessar aðgerðir, þessi lagasetning gegn öllum lágmarkskröfum um samningsrétt verkalýðsfélaga og gegn pólitísku siðgæði.

Þessi lagasetning brýtur gegn samvisku minni og sannfæringu um rétt og rangt. Ég get því ekki annað en greitt atkvæði gegn bráðabirgðalögunum. Í því felst enginn dómur um kjarasamninginn sem slíkan, en hafi ríkisvaldið vaknað upp við það að löglegur og gildandi samningur sem það hafði gert við aðila vinnumarkaðarins væri ekki lengur jafnþolanlegur og hann var við undirritun, þá átti að segja þeim samningi upp strax og ákvæði hans heimiluðu.

Fulltrúar valdbeitingarinnar gegn gildum samningi halda því fram að tilvist annarra samninga sem síðar voru gerðir réttlæti slíkar aðgerðir. Einfaldlega að tilgangurinn helgi meðalið, að það sé leyfilegt að ógilda löglega samninga sem stjórnvöld hafa sjálf undirritað og bera ábyrgð á, að það sé hægt að svipta frjáls stéttarfélög samningsrétti og það sé réttlætanlegt að brjóta niður dóma með valdboði vegna þess að þetta sé allt saman vel meint og í góðum tilgangi gert. Tilgangurinn helgi meðalið. Ég spyr: Hefur valdbeiting og gerræði, ofbeldi og valdníðsla ekki verið réttlætt með góðum tilgangi með þeim afleiðingum sem þjóðir hafa kynnst öld eftir öld nógu oft og nógu víða í heiminum til þess að Alþingi Íslendinga láti það ekki verða hlutskipti sitt þessa dagana að bætast þar í hópinn? Því að þetta mál er eingöngu réttlætt á þeirri forsendu, og þeirri forsendu einni, að tilgangurinn helgi meðalið. Hvert erum við að stefna og skyldi eftirleikurinn ekki

geta orðið einhverjum auðveldur hér á hv. Alþingi ef þessi valdníðsla nær fram að ganga?

Sú þjóðarsátt, sem er hinn góði tilgangur sem helgar meðalið og er gerð að blóraböggli fyrir stjórnunarlegu og pólitísku ofbeldi, er stund milli stríða í annars viðvarandi átökum um skiptingu þjóðartekna milli launafólks og atvinnurekenda. Ríkisstjórn Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. sem hrökklaðist frá völdum haustið 1988 skildi við þjóðarskútuna á hliðinni. Atvinnufyrirtæki í framleiðsluatvinnugreinum voru að stöðvast hvert af öðru og fjöldaatvinnuleysi blasti við.

Eftir að Alþb. kom inn í ríkisstjórn í stað Sjálfstfl. hafa umskipti orðið í efnahagsmálum. Tekið hefur verið á vanda atvinnulífsins með marghátttuðum aðgerðum í efnahagsmálum og haldið hefur verið af festu á fjármálum ríkisins. Þessar aðgerðir ásamt bata í ytri aðstæðum hafa stóraukið framleiðni í undirstöðuatvinnugreinum og gjörbreytt stöðunni í þjóðarbúskapnum. En þessi árangur hefur ekki náðst án fórna launafólks í öllum starfsgreinum heldur jafnvel hvað helst vegna þeirra fórna.

Þegar hagur fyrirtækja hefur nú verulega batnað, þá verður engin þjóðarsátt til langframa um þær þurftartekjur sem ýmsir búa nú við.

Á sama tíma og ýmiss konar þjónustu- og einokunarfyrirtæki maka krókinn og auka gróða sinn dag frá degi hefur kaupmáttur rýrnað. Það er ljóst að það er blekking eða a.m.k. vanmat á forustu verkalýðsfélaganna að ímynda sér að lengi enn uni launafólk við þurftartekjur sem eru skattlagðar til tekjuskatts þegar unnið er fyrir þeim og aftur skattlagðar með virðisaukaskatti þegar því sem eftir er er varið til kaupa á brýnustu matvælum. Á hinn bóginn eru tekjur sem notaðar eru til kaupa á hlutabréfum frádráttarbærar frá tekjuskatti og enginn virðisaukaskattur á hlutabréfakaupunum heldur er arður af þeim kaupum og verðmætisaukning hlutabréfa tekjuskattslaus. Og á sama tíma og kaupmáttur þurftarlauna rýrnar hafa hlutabréf í ýmsum umsvifamestu fyrirtækjum í landinu aukist að raungildi um meira en 100% á einu ári og það ekki stefnt þjóðarsátt í hættu svo vitað sé.

Í tímaritinu Vísbendingu frá 25. okt. sl. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt áætlun og spá Þjóðhagsstofnunar um vinnuafl og framleiðslumagn á árunum 1989–1990 má gera ráð fyrir enn frekari framleiðniaukningu í fiskiðnaði þannig að í árslok 1990 ætti framleiðni að hafa aukist um 35% frá 1987 á sama tíma og kaupmáttur hefur rýrnað um 10%.“ Halda menn að um þessa ráðstöfun verðmætisaukans í þjóðfélaginu verði einhver framtíðarsátt? Hversu heitt sem einhverjir kunna að óska hins gagnstæða, þá hafa hagsmunamótsetningarnar í þjóðfélaginu ekki liðið undir lok með ákveðnum kjarasamningum, hversu ágætir sem þeir kunna að vera.

Það ætti öllum að vera ljóst að tíma kjaraskerðinga vegna óstjórnar og ráðleysis ríkisstjórnar Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl., sem lét af völdum 1988, verður nú að ljúka og fram undan er það verkefni að færa árangur stjórnarstefnunnar í efnahagsmálum til launafólks í landinu með auknum kaupmætti. Það hefur ekki verið gert enn.

Vandinn í sambandi við þjóðarsáttina og spurningin um áframhald hennar er ekki sérstaklega í tengslum við samning BHMR og ríkisins heldur sá að hún er í eðli sínu einungis stund milli stríða, vopnahlé stétta meðan efnahagsmálin hafa verið rifin upp úr þeirri eymd og volæði sem ríkti í þeim efnum eftir viðskilnað fyrrv. ríkisstjórnar.

Eftir því sem árangur af breyttri efnahagsstefnu kemur betur í ljós og birtist í bættri afkomu fyrirtækja og gróðamyndun í þjóðfélaginu styttist af sjálfu sér það tímabil að þjóðarsátt geti ríkt um þau þurftarlaun sem allt of margir búa við. Á slíkri þróun og misrétti í þjóðfélaginu verður lát fyrr en varir og launafólk hlýtur að teygja sig eftir árangrinum af fórnum undanfarinna ára. Sá árangur verður ekki tryggður með ofbeldisverkum gegn ákveðnum hópi launamanna og njóti slík aðför að frjálsum samningsrétti hvatningar eða aðildar samtaka annarra launamanna, þá ber það fyrst og fremst í sér þá hættu að þeim geiri sem nú er beint gegn BHMR verði beint gegn hinum almennu verkalýðssamtökum þegar valdhöfum býður svo við að horfa. Það er svo sannarlega verið að leggja þeim fyrirmyndina í hendur með staðfestingu bráðabirgðalaga sem eru valdníðsla gegn samningsrétti launafólks og dómstólunum í landinu. Ég stend ekki að slíkri aðför að lýðræðislegum réttindum almennings og réttarfari.

Vorið 1984 tók ég þátt í kosningabaráttu Alþb. undir kjörorðinu „samningana í gildi“. Ég er enn sama sinnis um samningsréttinn og ég er ekki nægilega snúningslipur til þess að mér sé með nokkru móti unnt að greiða því nú atkvæði veturinn 1990 að afnema lögmæta kjarasamninga sem ríkisstjórn sem Alþb. á aðild að hefur gert við stéttarfélag.

Þeir sem hyggjast hér á hv. Alþingi staðfesta bráðabirgðalögin og fylgja þannig eftir valdbeitingu gegn félagsmönnum BHMR og Félagsdómi skáka þessa dagana mjög í skjóli þess að þeir hafi almenningsálitið með sér og að skoðanakannanir séu þeim hliðhollar. Ég hygg að hin gömlu sannindi „skamma stund verður hönd höggi fegin“ eigi eftir að sannast áður en lýkur. Það hefur æði oft og víða gerst að mannfjöldinn hefur heimtað Barrabas lausan en krossfest þann sem síst skyldi.

Við þá atkvæðagreiðslu sem hér á eftir að fara fram geta engir hv. þm. skotið sér undan ábyrgð með því að skírskota til almennings eða skoðanakannana, með allri virðingu fyrir hvoru tveggja. Hér er að mínum dómi verið að greiða atkvæði um grundvallarleikreglur lýðræðis og mannréttinda og þar getur ekkert annað en eigin samviska og sannfæring ráðið afstöðu hvers og eins. Ég mun því greiða atkvæði gegn frv. — [Fundarhlé.]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er margviðurkennt og yfirlýst af ráðherrum í núv. ríkisstjórn að öll meðferð þess máls, sem hér er komið til meðferðar á Alþingi, hafi verið hreint klúður frá upphafi. Hæstv. utanrrh. hefur ítrek-

að lýst því yfir að upphaflegi samningurinn við BHMR hafi verið klúður, meðferð málsins í sumar af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi verið klúður, en þeir hafa ekki enn þá fengist til að viðurkenna að bráðabirgðalagasetningin í ágúst var líka eitt klúðrið enn og reyndar eitt hneykslið enn í sögu þessa máls.

Ég er minnugur þess þegar fjmrh. átti hinn 18. maí 1989 hvert viðtalið á fætur öðru við fjölmiðla — hæstv. forseti, væri hægt að fá vinnufrið hér í ræðustól? Ég á nefnilega erindi við hæstv. fjmrh. Hann, virðulegur ráðherrann, gaf mörg viðtöl um það hversu samningurinn við BHMR markaði mikil tímamót og ég er minnugur þess orðalags sem hæstv. ráðherra notaði við það tækifæri þegar hann talaði um að samninguriinn hefði orðið til á „lýðræðislegu torgi" í Borgartúni 6. Þar var hið „lýðræðislega torg". Það mætti halda að samningsatriðin hafi verið komin á uppboð á torginu hjá fjmrh. í Borgartúni 6. Hæstv. fjmrh. er eins og kunnugt er laginn við smíði nýyrða, en hitt mun mála sannast að í þessu máli er verið að brjóta niður undirstöður lýðræðislegra stjórnarhátta hérlendis og tal ráðherrans um hið lýðræðislega torg auðvitað hlægileg fjarstæða í ljósi þess sem síðan hefur gerst. Auðvitað var það tal gaspur eitt eða eins og menn hafa orðað það hér í bænum í tengslum við þann kjarasamning: Menn gerðu tímamótakjarasamning með lygaramerki fyrir aftan bak. Það stóð ekki til að efna samninginn. Mér er sem ég sjái vini mína tvo, hæstv. ráðherra, sem hér sitja núna ef þeir væru í stjórnarandstöðu við þessar aðstæður, þar sem væri verið að taka fyrir á Alþingi bráðabirgðalög á kjarasamning eins stéttarfélags. Því að auðvitað er það út í hött að halda því fram að þetta séu einhver almenn lög. Eru þetta almenn lög? Hefðu lögin verið sett ef ekki hefði kjarasamningi við BHMR verið til að dreifa? Auðvitað ekki. Það svarar spurningunni um það hvort hér er um að ræða almenna löggjöf eða sérstök lög á einhvern ákveðinn samning. (Gripið fram í.) Menntmrh. er kímnimaður mikill eins og þingheimur veit. Nei, hér er ekki um almenn lög að ræða, þessi bráðabirgðalög sem nú eru til meðferðar og staðfestingar, nema að formi til. Enda er það tekið fram í þeim lögum að tilteknar greinar í kjarasamningi BHMR falli úr gildi. Það er því nánast út í hött að halda því fram að þetta séu almenn lög að efni til.

Hins vegar er það svo þegar menn eru að tala um þetta mál í tengslum við svonefnda þjóðarsátt að meðferð þessara laga, tilurð þeirra, aðdragandi og eftirleikur er auðvitað ekki spurning um verðbólgu eða einhvern efnahagslegan ávinning eða efnahagsmál yfirleitt vegna þess að hér er verið að tala um allt aðra hluti, sjálfa stjórnskipan Íslands, hvað menn geta leyft sér í stjórnarháttum á Íslandi og hvað menn geta leyft sér í stjórnarfari hér á landi. Það er auðvitað hárrétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur haldið fram um það efni, og gerði m.a. hér í dag, að það er verið að leika sér að stjórnarfarsreglunum. Þegar menn gera það eru þeir jafnframt líka að grafa undan þeim. Á þetta hafa fjölmargir kunnáttumenn, fræðimenn á sviði lögfræði, bent. Auðvitað hlýtur það að vera umhugsunarefni fyrir mann sem er prófessor í stjórnmálafræði og kunnur áhugamaður um stjórnlög að taka þátt í slíkum leik.

Hitt er svo annað mál, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, að stjórnskipan landsins er að mörgu leyti gölluð og ýmis ákvæði sem þar er að finna úrelt orðin. Ég skal viðurkenna það mjög fúslega að hæstv. fjmrh. hefur ásamt öðrum beitt sér fyrir ákveðnum umbótum í þeim efnum sem snúa að hans eigin embætti. Ég nefni til að mynda afgreiðslu fjáraukalaga á því þingi eða því ári sem þau taka til sem er vissulega framför þó að vissulega sé jafnframt af fleiru að taka á þeim vettvangi, sem undir fjmrh. heyrir, í sambandi við umbætur og nýjungar í stjórnsýslu og skal ég ekki eyða fleiri orðum að því á þessu stigi. Hins vegar eru þau málefni, stjórn ríkisfjármála og hvernig að þeim er staðið, fjárgreiðslur úr ríkissjóði o.fl., aðeins einn þátturinn í þeirri víðtæku endurskoðun á okkar stjórnlögum og stjórnskipan sem er löngu orðin tímabær og óhjákvæmileg að mínum dómi.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék í ræðu sinni að nokkrum þeim atriðum sem óhjákvæmilegt er að breyta. Framkoma hæstv. ríkisstjórnar varðandi bráðabirgðalögin staðfestir m.a. það að bráðabirgðalagavaldið er úrelt fyrirbæri, á engan rétt á sér eins og samgöngum, fjarskiptum, er nú háttað og þingrofsvaldið er í meira lagi vafasamt eins og til stóð að beita því fyrir viku síðan. En manni hefur skilist það í þeirri umræðu að hæstv. forsrh. þessarar ríkisstjórnar fari einn með þingrofsvaldið og það hafi ekki verið gerður samningur milli formanna stjórnarflokkanna um að eigi verði gripið til þingrofs nema allir séu því samþykkir, eins og þó hefur verið venja í mörgum undanförnum ríkisstjórnum. Það getur ekki verið að slíkur samningur milli formanna stjórnarflokkanna sé fyrir hendi þegar yfirlýst er að það hafi átt að grípa til þingrofs þvert gegn vilja formanns minnsta stjórnarflokksins, að ég tali nú ekki um gegn vilja hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. En hans hreyfing er aðili að þessari ríkisstjórn þó hún eigi ekki mann þar innan borðs. Þingrofsvaldið í þessari ríkisstjórn er því í hendi eins manns. Það virðist ekki liggja fyrir samkomulag milli formanna stjórnarflokkanna um að því verði ekki beitt nema með samkomulagi. Það er athyglisvert þó að auðvitað sé það svo skv. stjórnarskrá að lögformlega sé það forsrh. einn sem grípur til þess ráðs eða getur gripið til þess ráðs. En það er eða var orðin venja að menn semdu um að beita ekki þeim rétti nema samkomulag allra lægi fyrir.

Ég lét þess getið, virðulegi forseti, að í þessu máli væri spurningin ekki um það hvort verðbólgan yrði nokkrum prósentum meiri eða minni eða hvort menn hefðu einhvern efnahagslegan ávinning einan og sér af þessu máli. Ég veit ekki hvort þingmenn hafa almennt séð þátt Hermanns Gunnarssonar sem sýndur var hér fyrir nokkrum kvöldum síðan. Þar var vegfarendum gefinn kostur á því að þiggja úr hendi ókunnugs manns á götu úti peningaveski sem hann sagðist hafa fundið, fullt af peningum, gjaldeyri og alls kyns verðmætum. Vegfarandinn, sem þóttist hafa fundið veskið, gekk á

hvern Reykvíkinginn á fætur öðrum og bauð honum að hirða það sem í veskinu væri með sér. Þeir skyldu bara skipta því á milli sín. En það var enginn sem vildi taka við þessum peningum nema einn maður, einhver útlendingur sem var til í þennan leik. Það vildi enginn taka þátt í því að skipta þessum ránsfeng. Vegna hvers ekki? Vegna þess að samviska fólksins, sem þarna átti hlut að máli, bauð því að þetta væri rangt, bauð því að þetta væri hlutur sem ekki mætti gera, sem væri rangur siðferðilega þó að fólkið hefði af því einhvern fjárhagslegan ávinning. Þetta er að vissu leyti hliðstætt mál sem hér er til meðferðar. Þetta er mál sem er réttilega þannig, eins og hv. 5. þm. Reykn. Geir Gunnarsson sagði í dag, að hér verða menn að láta samviskuna ráða. Hér mega menn ekki láta skjótfenginn ávinning ráða ferð eða hugsanlegan efnahagslegan ábata. Því hér er um æðri gildi að ræða.

Þjóðarsáttin rennur út á næsta hausti. Kjarasamningarnir renna út á næsta hausti og auðvitað verða gerðir nýir kjarasamningar. Það vitum við þó við vitum ekki hvað í þeim muni felast. En stjórnskipun landsins mun standa um aldur og ævi og á henni hafa menn ekki leyfi til að traðka. Á íslenska þingræðinu hafa menn ekki leyfi til að trampa eða því lýðræði sem hér hefur verið byggt upp og er okkur auðvitað mjög dýrmætt. Á þessum verðmætum hafa menn ekki leyfi til að traðka þó að efnahagslegur ávinningur kunni að vera annars vegar um nokkurra mánaða skeið.

Og auðvitað er það svo, virðulegi forseti, um þær fregnir sem hér bárust um að það stæði til að ríkisstjórnin setti ný bráðabirgðalög að undangengnu þingrofi um sama efni og hún hefði neyðst til þess að rjúfa þingið út af, þá hefði það auðvitað ekki verið annað en þingræðislegt klám. Forsrh. sagði að vísu hér í dag að það hefði ekki staðið til að gefa lögin út óbreytt. Þeim hefði eitthvað verið breytt en efnislega hefði auðvitað verið um sama mál að ræða. Ríkisstjórnin, sem ekki hafði meiri hluta til þess að koma hér þingmáli í gegn og neyddist þess vegna til þess að rjúfa þing og boða til kosninga vegna þess máls, ætlaði að gera sig seka um það þingræðislega klám, sem ég vil leyfa mér að kalla, með leyfi forseta, að endurútgefa þau lög að efni til þó svo að formi þeirra væri hugsanlega eitthvað breytt. Hvernig er hægt að ganga lengra í að lítilsvirða þau vinnubrögð og þær leikreglur sem hér er starfað eftir? Hvernig er hægt að ganga lengra?

Ég harma það að vísu að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni hafi snúist hugur varðandi afstöðu sína eða þá ákvörðun að greiða atkvæði gegn þessu máli. Hins vegar hlýt ég að virða það við hann að hann kemur í veg fyrir þá klámsýningu sem ríkisstjórnin ætlaði að efna til á íslenska þingræðinu. Það hlýtur að vera virðingarvert á þeim forsendum sem það hefur verið kynnt af hans hálfu.

Svo eru menn að tala um skemmdarverk Sjálfstfl. Og hæstv. fjmrh. belgir sig út í fjölmiðlum um svokölluð skemmdarverk Sjálfstfl. En hvað voru þessir menn með í huga? Hvers lags skemmdarverk voru það á leikreglum lýðveldisins og stjórnskipan og starfsháttum stjórnvalda sem fyrirhuguð voru? Það voru ljót verk. Ég er sannfærður um það að þegar mestur móðurinn er runninn af fólki sjá menn það hvaða skemmdarverk það voru sem formenn Alþb., Alþfl., Framsfl. og Borgfl. ætluðu sér að standa hér fyrir hefðu þeir haft til þess svigrúm.

„Þetta mál er allt eitt klúður", sagði hæstv. utanrrh. á sinni tíð og vissulega voru það orð að sönnu. Hann greip fram í fyrir hv. 1. þm. Reykv. í dag og sagði að sannleikurinn væri alltaf sagna bestur og í þeim ummælum að málið væri klúður frá upphafi til enda hafði hann lög að mæla þó að þeir hafi hins vegar dregið rangar ályktanir af þeim sannleik. Það er önnur saga.

Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera ef bæjarþing Reykjavíkur, borgardómur, dæmir ríkisstjórninni í óhag þegar það mál sem BHMR hefur höfðað gegn ríkisstjórninni kemur þar til úrlausnar? Ætlar ríkisstjórnin þá loksins að segja af sér eða ætlar hún kannski þá að rjúfa þingið? Eða ætlar hún kannski að setja ný bráðabirgðalög eftir að þingið hefur verið sent heim og breyta forsendum þess dóms sem þar kann að verða kveðinn upp? Sjá ekki allir í hvers konar ófæru þetta stefnir með þessum vinnubrögðum ef dómstólarnir í landinu fá ekki vinnufrið eða fá ekki að kveða upp sína úrskurði án þess að þeim sé efnislega breytt eftir á af framkvæmdarvaldinu í landinu?

Mig langar að spyrja hæstv. forsrh. að því hvað hann hyggist gera sem leiðtogi þessarar ríkisstjórnar ef dómur í bæjarþinginu í því máli sem ég nefndi fellur ríkisstjórninni í óhag þrátt fyrir að ríkislögmaður hafi tínt til allt sem hægt er að tína til ríkisstjórninni til málsbóta sem verjandi hennar í málinu? En allir sakamenn hafa verjanda eins og kunnugt er. Það er auðvitað fráleitt að leggja það að jöfnu, eins og gert hefur verið, málsvörn ríkislögmanns í því máli sem hér hefur verið höfðað og hins vegar álitsgerð sem hann kynni að láta í té eða hefði ef til vill látið í té á síðasta sumri ef hann hefði verið um það beðinn sem óvilhallur aðili og ráðgjafi í málinu.

En það ber allt að sama brunni í þessu máli, herra forseti. Ég ætla ekki að rekja hér málsatvik með sama hætti og fram hefur komið í máli frsm. við þessa umræðu. Það er alveg ástæðulaust að lengja umræðuna með því. Ég held að málavextir liggi nokkuð vel fyrir. A.m.k. eru þeir ítarlega raktir í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn., þ.e. minnihlutaáliti Friðriks Sophussonar, hv. 1. þm. Reykv. Þeir eru sömuleiðis vel raktir í því skjali sem þingmenn hafa fengið og heitir „BHMR gegn ríkisstjórn Íslands, kæra til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar". Þar eru þessir málavextir ítarlega raktir.

En ég verð að segja það, virðulegi forseti, að sjaldan hefur mér nú þótt málsvörn hæstv. forsrh. fyrir eigin gerðum aumari en í dag þegar hann segir að það sé vegna einhverrar ótilgreindrar frjálshyggju sem sjálfstæðismenn hafa tekið prinsippafstöðu gegn þessum ólögum sem hér eru til meðferðar í líki bráðabirgðalaganna. Og það eru mér ný tíðindi að forsvarsmenn BHMR, Páll Halldórsson og Birgir Björn Sigurjónsson, séu orðnir einhverjir sérstakir frjálshyggjumenn. Ég man nú ekki betur en Birgir Björn Sigurjónsson,

framkvæmdastjóri BHMR, hafi skrifað sérstaka bók sem hét Frjálshyggjan og var um það hversu sú kenning væri fráleit í hans augum. Ég er að vísu mjög ósammála því riti en það kemur þessu máli ekkert við. (**HG:** Það er góð bók.) Hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þykir það góð bók. En mér er til efs að höfundi þess rits þyki það málefnalegt innlegg í umræður um þessi bráðabirgðalög að segja það að menn snúist gegn þeim út af einhverri svokallaðri frjálshyggju. Þetta er auðvitað hreinn og klár útúrsnúningur hjá hæstv. forsrh. og með fádæmum að menn grípi til útúrsnúninga og orðhengilsháttar í umræðum um alvarlegt mál af þessu tagi. Ef hann vill tala við einhvern um frjálshyggju, til að mynda í vaxtamálum, þá legg ég til að hann tali við viðskrh. sinn. En eins og kunnugt er hefur hv. þm. og stuðningsmaður stjórnarinnar, Stefán Valgeirsson, ítrekað ásakað viðskrh. núv. ríkisstjórnar um frjálshyggju í vaxtamálum. Er það ekki alveg rétt hjá mér? (**SV:** Það er rétt.) Það er rétt, staðfestir hv. þm. Stefán Valgeirsson. Ég er nú sennilega samt sem áður meira sammála hæstv. viðskrh. um vaxtamál en hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og hæstv. forsrh. en það kemur þessu máli bara ekkert við.

Hér er verið að deila um ákveðin grundvallaratriði, grundvallarprinsipp sem snúast um það hvað menn geta leyft sér í stjórnarháttum hérlendis. Það er það sem þetta mál snýst um, grundvallaratriði í stjórnskipan og í siðferði manna í stjórnmálum. Vissulega var það engin tilviljun þegar áðurnefndur Páll Halldórsson sagði í viðtali við fréttamann Ríkissjónvarpsins þegar hann var spurður að því hvort ekki hefði verið eðlilegt að fá hæstv. fjmrh. til að koma og ræða við þá á málþingi um siðferði í stjórnmálum, það var engin tilviljun að umræddur formaður BHMR sagði eftirfarandi: „Það datt ekki nokkrum manni í hug að leita til Ólafs Ragnars Grímssonar fjmrh. þegar siðferði í stjórnmálum bar á góma."

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Nú þegar þetta frv. er komið hér til 2. umr. virðist sem mesta móðursýkiskastið sé um garð gengið í áróðrinum gegn Sjálfstfl. Svo sjúklegt áróðursstríð hefur vart í annan tíma sést og það sem sett var af stað fyrir tæpum hálfum mánuði. Það var sú niðurstaða sem varð á fundi þingflokks sjálfstæðismanna þann 28. nóv. sl. sem hratt þessari umræðu af stað. Það virtist svo sem niðurstaða sjálfstæðismanna kæmi mönnum eitthvað sérstaklega á óvart. Ég veit ekki hvers vegna. Þeir þingmenn flokksins sem höfðu tjáð sig um þetta mál höfðu aldrei léð máls á öðru en andstöðu við bráðabirgðalögin. Þessi vitneskja varð fjmrh. tilefni til þess að tala um skemmdarverk sjálfstæðismanna en honum datt ekki í hug að tala um skemmdarverk þeirra liðhlaupa sem urðu í hans eigin röðum. Nei, það var Sjálfstfl. sem var sökudólgur í þessu máli þgar svo leit út sem ríkisstjórnin kæmi ekki fram eigin svikasamningum. Það var jafnvel látið líta svo út sem Sjálfstfl. væri að bregðast ríkisstjórninni, þessari ríkisstjórn sem hann hefur verið í andstöðu við frá fyrstu tíð og er enn og verður. Það var látið líta svo út sem sjálfstæðismenn væru að setja þjóðarsáttina í hættu.

Hvað sem hæstv. ráðherrar segja þá eru þessi tvö mál alveg óskyld, þjóðarsátt og bráðabirgðalög. Um hið fyrra, þjóðarsáttina, er sæmileg sátt, en um hið síðara ekki og hefur aldrei verið.

Við sjálfstæðismenn vorum ekki að mótmæla þjóðarsátt eða setja hana í hættu. Við vorum að lýsa andúð okkar á bráðabirgðalögunum og öllum aðdraganda þeirrar lagasetningar. En við vorum ekki þar með að lýsa einhverri sérstakri aðdáun okkar á þeim samningi sem ríkisstjórnin gerði við BHMR á sínum tíma.

En hvers vegna þessi andúð á bráðabirgðalögunum? Hvers vegna ætli þingflokkur sjálfstæðismanna sé að setja fylgi flokksins í hættu þegar ljóst má vera á þeirri stundu að flestir eru á öðru máli, ríkisstjórnin náttúrlega en einnig talsmenn fjölmennra samtaka eins og Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins og ýmsir aðrir um allt land? Fyrir því eru þær ástæður sem öllum ættu að vera skiljanlegar nema þeim sem telja að setja megi allar leikreglur lýðræðis til hliðar til þess að ná megi því fram sem lofað hefur verið þótt það feli í sér svik við aðra.

Við höfum haldið því fram að það beri að virða samninga. Við höfum haldið því fram að það beri að virða reglur þingræðis og lýðræðis. Og við höfum haldið því fram að það beri að halda í heiðri þrígreiningu valdsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Á móti þessu öllu hefur ríkisstjórnin gengið í einu og öllu. Öllu er ruglað saman. Framkvæmdarvaldið tekur sér löggjafarvald og setur lög ofan í dóma. Það er ekki hægt að ætlast til þess eða krefjast þess að Sjálfstfl. leggi svona stjórnarathöfnum lið.

Við höfum jafnvel heyrt þá spurningu hvort við værum ekki tilbúnir til að sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. gegn því að ríkisstjórnin hætti við skattpíningaráform sín. Að þessu hafa spurt menn sem telja sig hafa einhvern aðgang að hæstv. ríkisstjórn. En með þessum skattpíningaráformum sem hér hafa verið uppi á borði ætlaði ríkisstjórnin sjálf að svíkja þjóðarsáttina. Það voru ein svikin enn sem voru í bígerð. Kannski verður ekkert af þeim. En við verslum ekki með mannréttindi og við verslum ekki með þetta mál sem allt er varðað undirferli og svikum. Rekjum það aðeins. Það hefur verið gert en það er ágætt að gera það einu sinni enn.

Ríkisstjórnin semur við BHMR í maímánuði 1989. Tímamótasamningur hét það á máli hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. Ríkisstjórnin semur svo síðar eða handsalar Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu að þessi samningur við BHMR skuli svikinn. Þegar svo ríkisstjórnin hæstv. fyrir nokkrum dögum lendir í vandræðum með að standa við það loforð sitt að svikin verði lögfest á Alþingi þá er skipulögð einhver magnaðasta rógsherferð gegn Sjálfstfl. sem lengi hefur sést og hafa þær þó margar verið skrautlegar. Ástæðan: Flóttinn sem brostinn var í lið ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat ekki lengur gert

það sem hann ætlaði sér í skjóli Sjálfstfl. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa hér upp dálítinn texta. Hann er svona:

„Ríkisstjórnin missteig sig alvarlega í samskiptum sínum við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Í fyrsta lagi stóð hún að samningi við BHMR sem fól í sér ákvæði um að verði almennar breytingar á launakjörum annarra launþega geta aðilar krafist breytingar á launaliðnum sem því nemur. Í öðru lagi hafðist hún ekki að þegar ASÍ og VSÍ gerðu sinn þjóðarsáttarsamning í vetur leið. Í þriðja lagi tilkynntu ráðherrar einhliða 12. júní sl. að þeir ætluðu ekki að standa við ákvæði samningsins við BHMR að því er varðaði 5. gr. hans varðandi launabreytingar 1. júlí. Í framhaldi af málshöfðun kom síðan samhljóða dómsorð Félagsdóms 23. júlí sl. svohljóðandi: „Af orðalagi 6. mgr. 5. gr. er ljóst að ákvæðið mælir fyrir um greiðslur ef framkvæmd kjarasamanburðarins dregst fram yfir 1. júlí 1990. Verða hin tilvitnuðu ákvæði ekki skýrð á annan veg en þann að stefnda beri að greiða félagsmönnum stefnanda upp í hækkun sem þeir kunna að eiga rétt á skv. kjarasamanburðinum, þar sem honum var ekki lokið hinn 1. júlí 1990. Af viðbrögðum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra við þessum dómi mátti ætla að þeir hefðu misskilið ótvíræð ákvæði eigin samnings eða þá að ekki hafi verið ætlunin að standa við hann.““

Síðan kemur hér aðeins áfram: „Það er ofan í þessi samskipti og dómsorð sem ríkisstjórnin nú setur bráðabirgðalög. Hún hefur tapað máli fyrir dómi en taldi sig ekki geta unað því, m.a. með vísun til yfirlýsinga atvinnurekenda um hliðstæða hækkun til sinna viðsemjenda og verðhækkanir og gengislækkun í kjölfarið. Samningaumleitanir sem fram fóru á milli BHMR og fjmrh. í nokkra daga leiddu í ljós að forustumenn BHMR voru reiðubúnir að taka ákvæði 15. gr. kjarasamnings síns um víxlhækkanir byggðar á samningum annarra samtaka til endurskoðunar en töldu sig ekki hafa umboð til að falla frá launahækkun frá 1. júlí skv. gildandi samningi. Samningaumleitanir fóru fram í skugga umræðu innan ríkisstjórnarinnar um bráðabirgðalög og við þær aðstæður voru hverfandi líkur á að tækist að leysa málið með samkomulagi. Innan ríkisstjórnar voru uppi mjög harðar kröfur frá samstarfsaðilum Alþb. um lagasetningu. Fyrsta tillaga forsrh. gerði ráð fyrir að binda allt í hólf og gólf á vinnumarkaði með lögum fram á haust 1991. Einnig þá sem nú hafa lausa samninga. Niðurstaðan er mildari á pappírnum en leiðir að sama marki.“

Þessi texti er eftir hv. þm. Hjörleif Guttormsson og birtist í DV þann 13. ágúst 1990.

Það hefur nokkuð verið rætt hvort hæstv. forsrh. hafi sagt ósatt þegar hann og hans ríkisstjórn settu þessi margumræddu bráðabirgðalög. Í sjálfu sér skiptir það kannski ekki neinu höfuðmáli hvort hæstv. forsrh. hafði meiri hluta fyrir bráðabirgðalögunum þegar þau voru sett, enda hefur verið gert mikið mál úr því einmitt núna í seinni tíð að í raun og veru þurfi hæstv. ráðherra ekkert að fullyrða neitt um það hvort meiri hluti sé fyrir bráðabirgðalögum. Það má vel vera rétt. En hæstv. ráðherra sagði í umræðum á Alþingi í októbermánuði sl. þau frægu orð að þar sem meiri hluti hefði verið tryggður fyrir bráðabirgðalögunum sæi hann ekki muninn á því að gera það með þeim hætti eða að setja þessa löggjöf hér á Alþingi. Síðan kemur þetta á daginn, sem stóð að vísu ekki mjög lengi, að ekki var meiri hluti fyrir staðfestingarfrv. hér á Alþingi.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði hér þegar hann talaði fyrir meirihlutaáliti fjh.- og viðskn. að í raun og veru hefði þetta verið alveg satt hjá hæstv. forsrh. Það hefði verið meiri hluti fyrir lögunum. En vegna deildaskiptingar Alþingis hefði svo óheppilega viljað til að það var ekki meiri hluti í Nd. Þetta kallar maður að fara í gegnum sjálfan sig.

Það hefur verið talað um hvort hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Mikilsmetnir lögfræðingar hafa látið þá ótvíræðu skoðun í ljós að um stjórnarskrárbrot sé að ræða. Það mál er nú fyrir dómstólum. En hæstv. ríkisstjórn skýtur sér ævinlega á bak við einhverja huldulögfræðinga sem hún segir að hafi fullyrt að alls ekki sé um stjórnarskrárbrot að ræða. En við bíðum og sjáum hvað setur við meðferð þessa máls hjá dómstólunum.

Ég hef verið að velta því dálítið fyrir mér hvers vegna ýmsir, ekki bara ríkisstjórnin heldur ýmsir aðrir, hafi reiknað með því að sjálfstæðismenn mundu hjálpa ríkisstjórninni til þess að koma þessu máli í gegnum Alþingi. Ég verð að viðurkenna að ég á dálítið erfitt með að svara þessari spurningu. En það kann að vera að menn reikni með því að í þingflokki sjálfstæðismanna séu nægilega margir menn með eitthvað brenglaða siðferðiskennd.

Mér dettur þetta svar í hug þegar ég rifja upp viðtal sem Ríkissjónvarpið átti þann 29. nóv. sl. við formann Vinnuveitendasambandsins. Hann er spurður þessarar spurningar, með leyfi forseta ætla ég að lesa hana: „Áttir þú von á því að stuðningur sjálfstæðismanna væri vís við þessi bráðabirgðalög?“ Og formaður Vinnuveitendasambandsins svarar: „Að sjálfsögðu ekki. Það höfðu ýmsir þingmenn á umliðnum vikum lýst því yfir að þeir treystu sér ekki til annars en að ganga gegn þessum lögum vegna siðferðisástæðna, margsinnis lýst því yfir. En við áttum alls ekki von á því að þingflokkurinn sem heild snerist gegn þessum lögum og ætlaði að knýja fram að þau yrðu felld.“ Þetta voru hans orð. En hann er ekki í neinum vafa um stjórnarliðana. Þeir voru allir alveg pottþéttir, eins og þar stendur. Það var engin hætta með að siðferðiskenndin þvældist fyrir þeim.

Þessi afstaða formanns Vinnuveitendasambandsins hefur mjög verið notuð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það hefði nú einhvern tíma þótt tíðindum sæta að ríkisstjórn vinstri flokka fyndi sér helst skjól hjá formanni Vinnuveitendasambandsins. Ég tala nú ekki um þegar hann er jafnframt formaður kjördæmisráðs Sjálfstfl. á Vestfjörðum. Það hefðu þótt tíðindi ef formaður Framsfl. væri enn í framboði á Vestfjörðum, sem hann er að vísu ekki.

Hæstv. ráðherrar hafa farið háðulegum orðum um þá

sem eru andvígir þessu frv. Háðið beinist ekki síst að þeim sem leggja áherslu á siðgæði í stjórnmálum. Ráðherrarnir hefðu átt að vera á ráðstefnunni sem var haldin í Háskólabíói í gær um siðferði í stjórnmálum. Ég skil vel að engum af forsvarsmönnum ráðstefnunnar datt í hug að biðja þá um að hafa framsögu. Ég skil það vel. En þeir hefðu haft gott af því að hlusta á þær ræður sem þar voru fluttar. Þar kom nefnilega margt athyglisvert fram og ýmislegt rifjað upp sem flestum er ljóst en ekki hæstv. ríkisstjórn sem nú situr við völd á Íslandi.

Það gamla máltæki var rifjað upp að allt vald spillir en algert vald gerspillir. Það er einmitt það sem hér er á ferðinni hjá þessari hæstv. ríkisstjórn sem nú situr. Á þessari ráðstefnu var líka minnst á þrígreiningu valdsins og hvers virði það er að halda þeirri skipan en hafa það ekki eins og þessi hæstv. ríkisstjórn, að rugla þessu öllu saman, að framkvæmdarvaldið taki sér löggjafarvaldið og setji lög ofan í dóma. Þetta getur ekki gengið á okkar landi og raunar hvergi.

Það var líka minnst á það á þessari ráðstefnu að það kæmi býsna skýrt fram að tilgangurinn helgi meðalið í þessu máli hæstv. ríkisstjórnar. Það skuli sem sagt sett númer eitt að verðbólgunni skuli haldið í skefjum, sem er út af fyrir sig gott mál. En þetta á að gera með hvaða ráðum sem er. Það þýðir, eins og hér hefur einnig komið fram hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni, að hjá þessari ríkisstjórn virðist það vera forsenda fyrir árangri í efnahagsmálum að fótum troða lög og reglur í landinu og almennt siðgæði. Öðruvísi nær ríkisstjórnin hæstv. sem nú situr á Íslandi ekki neinum árangri í efnahagsmálum. Allt einkennist þetta af hroka hjá hæstv. ráðherrum.

Látum nú vera þó að þeir séu ekki mjög fróðir í lögum. Ég man nú reyndar vel eftir því þegar þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð að ráðherrarnir hældu sér alveg sérstaklega af því að í þessari ríkisstjórn sæti enginn lögfræðingur. Það getur út af fyrir sig vel gengið ef þeir hefðu vit á því, þessir hæstv. ráðherrar, að leita sér ráða hjá virtum lögfræðingum en það virðast þeir ekki gera. Það minnir reyndar á það sem líka kom fram á ráðstefnunni um siðgæði í stjórnmálum. Þar voru rifjuð upp ummæli hæstv. fjmrh. þegar félagsdómur var fallinn á sl. sumri, þá varð honum að orði: „Lögfræðin í félagsdómi er í efnahagslegu tómarúmi.“ Þetta var mikil speki sem kom þar fram hjá hæstv. fjmrh. en lýsir hins vegar ekki mikilli þekkingu á lögfræði. En það er önnur saga og var svo sem ekki við því að búast.

Það var minnst hér á í dag að einn af ræðumönnunum á þessari ráðstefnu, sem ég er að vitna til, var Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður. Eftir honum voru höfð hér í umræðunum í dag ákveðin ummæli. Þau voru, ég held orðrétt, „að lögin væru gróft dæmi um siðferðisbrest í íslenskum stjórnmálum“.

Þetta var einn af ráðgjöfum ríkisstjórnarinnar. Svo kemur hæstv. forsrh. hér upp og dregur þessi ummæli í efa. Hann efast um að hæstaréttarlögmaðurinn hafi viðhaft þessi orð á ráðstefnunni í gær. Það verður áreiðanlega hægt að færa sönnur á það að þessi orð féllu. Já, við búum við mjög sérkennilegt stjórnarfar í þessu landi, það er óhætt að segja það.

Það kom fram hér þegar allur þessi áróður fór af stað að hæstv. ríkisstjórn hugleiddi í alvöru að rjúfa þing áður en þetta mál kæmi til atkvæðagreiðslu í þinginu, þ.e. þegar hún hélt og hafði ástæðu til að ætla að ekki væri meiri hluti, alla vega í Nd., fyrir afgreiðslu málsins. Hæstv. forsrh. sagði hér í umræðunum í dag að það hefði alls ekki verið ætlunin að setja þessi bráðabirgðalög að nýju. Það hefði verið allt önnur löggjöf sem þeir hefðu ætlað sér að setja.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh. hvað þeir höfðu í huga þegar þeir lýstu þeirri skoðun sinni að auðvitað ætti að rjúfa þing þegar í stað og setja bráðabirgðalögin aftur í samband. Hvað meintu þeir? Þeir hafa kannski meint eitthvað allt annað en hæstv. forsrh. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að fá að vita hvað þeir höfðu í hyggju, eða var kannski ekkert að marka þessar yfirlýsingar þeirra? Það má vel vera.

Allt þetta ber vott um þá spillingu sem hefur verið ráðandi hjá þessari ríkisstjórn frá fyrstu tíð. Spilling í öllu sjóðasukkinu sem fór af stað um leið og ríkisstjórnin var mynduð. Spilling í áfengiskaupum. Þeir hafa þó vit á því á Grænlandi að segja af sér og efna til kosninga þegar þeim verður á á þeim brautum. Þegar þeir renna til þar. Það gerist ekki hér. Það er spilling í hinu ferðahvetjandi kerfi, eins og hæstv. forsrh. orðaði það, þegar verið var að upplýsa hér um milljónirnar sem þeir stinga í vasann alveg aukalega. Varla verður því kerfi breytt meðan þessi hæstv. ríkisstjórn er við völd. Það er spillingin nú sem fram kemur í umgengni ríkisstjórnarinnar við þingræðið, lýðræðið og dómstólana í landinu. Þessa óheillaþróun þarf að stöðva. En það verður ekki gert meðan þessi ríkisstjórn er við völd í landinu. Sjálfstæðismenn settu fram þá kröfu að ríkisstjórnin segði af sér vegna athafna sinna í þessu máli. Svarið sem við fengum var hótun um þingrof sem þýddi auðvitað að þessi ríkisstjórn, þessi sama ríkisstjórn, gæti setið í nokkra mánuði í viðbót, laus við þingið og öll óþægindin sem fylgja því að þurfa að leggja mál fyrir Alþingi eða yfirleitt að bera mál undir aðra.

Þessi ríkisstjórn gerði þennan tímamótasamning við BHMR. Þessi ríkisstjórn ákvað að svíkja hann og þessi ríkisstjórn lenti svo í vanda með að efna loforðið um svikin. Þá er ráðist á Sjálfstfl. og hann ásakaður um skemmdarverk. Ég veit satt að segja ekki hvað er að þeim mönnum sem svona tala. Þeir kunna vel að ná lýðhylli einhvern takmarkaðan tíma, hæstv. ráðherrar, en það dugar skammt. Fyrr en síðar mun það ljúkast upp fyrir öllum almenningi að ríkisstjórnin vann hér óhæfuverk sem hún nú vill að Alþingi leggi blessun sína yfir og staðfesti.

Með þessum verkum sínum hefur ríkisstjórnin eyðilagt það ferli sem menn verða að starfa eftir í þjóðfélaginu og það er dæmalaust heimskuverk að haga sér þannig. Afleiðingin er sú að þeir sem verða fyrir þessum gerðum ríkisstjórnarinnar munu aldrei treysta henni í einu né neinu. Þeir munu neita að gera við hana nokkurn samning, vitandi það að samningum við hana

er ekki hægt að treysta. Það verður hins vegar viðfangsefni næstu ríkisstjórnar að reisa við þann trúnað sem verður að ríkja milli ríkisstjórnar og þegnanna. Það verður ekki létt verk, sérstaklega ekki ef einhver núverandi stjórnarflokka verður í næstu ríkisstjórn og það verður alveg ómögulegt ef þeir verða þar einir. En það er jú ósk þeirra, von og keppikefli eins og allir vita af yfirlýsingum hæstv. ráðherra að undanförnu.

Hæstv. forsrh. sagði hér í umræðunum fyrr í dag að meðferð þessa máls hefði á allan hátt verið eðlileg. Það var hans niðurstaða. Hann sagði að vísu að hann hefði talið að það hefði verið eðlilegast að kjarasamningnum hefði verið sagt upp. En þá, sagði hæstv. ráðherra, hefði fylgt fullkomin óvissa í efnahagsmálum. Með öðrum orðum, eins og ég sagði áðan, tilgangurinn helgar meðalið eins og fyrri daginn hjá þessari ríkisstjórn. Forsenda fyrir árangri í efnahagsmálum hjá þessari ríkisstjórn er að setja allar venjulegar leikreglur til hliðar. Ekki aðeins að samningsréttur sé afnuminn heldur samningar sviknir með bráðabirgðalögum sem nú er svo ætlast til að Alþingi leggi blessun sína yfir.

Hæstv. forsrh. sagðist hafa reynt að finna vitræna skýringu á upphlaupi sjálfstæðismanna, eins og ráðherrann orðaði það. Hann taldi upp nokkur atriði sem honum fannst koma til greina sem skýring. Það var í fyrsta lagi að þessi bráðabirgðalög væru andstæða markaðshyggjunnar, sem er alveg rétt. Í öðru lagi að þjóðarsátt væri gervilausn, sem er líka alveg rétt. Og í þriðja lagi að þessi bráðabirgðalög byggðu upp stíflur, sem er líka alveg rétt. Þetta er allt saman rétt hjá hæstv. forsrh. En svo bætti hann við: „Þessi ríkisstjórn er bara allt annarrar skoðunar."

Það er dálítið merkilegt að fá það alveg beint í æð hér úr ræðustólnum frá hæstv. forsrh. hver skoðun þessarar hæstv. ríkisstjórnar er. Það er dálítið merkilegt að heyra þetta á þeim tíma sem austantjaldsríkin hvert á fætur öðru og Sovétríkin sjálf eru að færa sig yfir til markaðshyggjunnar. Þá eru hér menn í ríkisstjórn á Íslandi sem eru að fara í alveg þveröfuga átt og hæla sér bara af því.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi reynt að finna einhverja vitræna skýringu á afstöðu einstakra stuðningsmanna stjórnarinnar. Hlustaði hæstv. forsrh. á ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar? Ég veit það ekki. Það væri fróðlegt að vita. Varla ásakar hæstv. forsrh. þá hv. þm. Stefán Valgeirsson, Hjörleif Guttormsson og Geir Gunnarsson um að vera einhverja sérstaka aðdáendur markaðshyggju, hvað þá frjálshyggju, sem ég efast nú um að hæstv. forsrh. hafi hugmynd um hvað er. Út af fyrir sig væri fróðlegt að heyra útskýringar hans á því hvað er frjálshyggja. Kannski gefst okkur kostur á að heyra hans skýringar á því. Hvaða skýringar á hæstv. forsrh. á afstöðu þessara hv. þm., stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar? Þeir eru alla vega stuðningsmenn hennar stundum, að vísu ekki alltaf.

Hæstv. bankamálaráðherra kom hér líka í ræðustól og var eitthvað að afsaka aðförina að bönkunum. Það er nú eitt dæmið um stjórnarfarið hér að þegar hagdeild Seðlabankans sendir frá sér álitsgerð sem passar ekki í kramið þá byrjar það á því að forsvarsmenn Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins ganga á fund bankastjórnar Seðlabankans til þess að klaga og síðan eru bankastjórar Seðlabankans kallaðir inn á teppið hjá ríkisstjórninni. Hvað eiga svona stjórnarhættir að þýða? Maður er satt að segja alveg orðlaus á því hvað menn leyfa sér að gera hér á síðustu tímum.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti hér að mörgu leyti ágæta ræðu í dag. Hann sagðist vera efnislega andvígur bráðabirgðalögunum og, ég held ég hafi tekið rétt eftir, hann var líka andvígur þeirri aðferð sem viðhöfð var í þessu máli öllu. Hann tók hins vegar fram að hann hefði aldrei lýst því yfir að hann mundi greiða atkvæði gegn frv. til staðfestingar bráðabirgðalögunum, þótt, eins og ég held að hann hafi sagt, fjölmiðlar hafi eðlilega ráðið svo í mál hans. Mér fannst hann flytja ágæt rök í sínu máli en niðurstaðan hins vegar ekki vera rétt hjá honum, þ.e. að þessi rök skyldu ekki leiða hann lengra en það að sitja hjá. Mér fannst öll hans röksemdafærsla segja það að hann ætti að segja nei í atkvæðagreiðslunni um þetta mál. En það er hans mál. Hann sagðist sitja hjá og rökin voru einkum þau að hann gerði það til þess að koma í veg fyrir þingrof og að beitt yrði bráðabirgðalögum í kjölfar þingrofs.

Þetta eru auðvitað rök út af fyrir sig en ég get ekki fallist á það að svona röksemdafærsla réttlæti það að þingmaður veiti ríkisstjórn, sem hann trúir að muni haga sér svona, stuðning. Það er röksemdafærsla sem ég get ekki samþykkt. Hv. þm. kom inn á það atriði að þessi málsmeðferð ætti að vera mönnum hvatning til að breyta reglunum um þingrofsréttinn og ég er honum alveg sammála. En hann hefði væntanlega treyst sér til að greiða atkvæði gegn þessu frv. ef hann hefði ekki trúað því að ríkisstjórnin mundi rjúfa þing og setja bráðabirgðalögin í samband aftur ef frv. félli.

Hv. þm. nefndi hér nokkur atriði sem ég ætla líka að koma inn á af þessu gefna tilefni. Ekki endilega tilefni ræðu hans heldur af tilefni þessara bráðabirgðalaga. Hann nefndi í fyrsta lagi að það ætti að nema úr stjórnarskránni heimildina til útgáfu bráðabirgðalaga.

Það vill svo til að formenn þingflokka mynda nefnd að beiðni forseta Alþingis sem er að athuga með ýmsar breytingar á stjórnarskrá og þingsköpum. Þetta er einn þáttur sem þessi nefnd hefur haft til umfjöllunar, afnám heimildar til útgáfu bráðabirgðalaga. Það eru að vísu dálítið skiptar skoðanir um það í þeim hópi hvort það eigi að afnema heimildina alveg. Ég hef lýst þeirri skoðun minni áður úr þessum ræðustóli að það beri að gera en ég verð var við að það eru ekki allir á einu máli um það. En ég held ég megi segja að í þessari nefnd hafi, a.m.k. til skamms tíma, þeir sem ekki vildu afnema heimildina alveg verið tilbúnir til að ljá máls á því að þrengja hana. En ég neita því ekki að það hefur komið upp sú skoðun í nefndinni meðal allra dyggustu stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar að það sé ekki heppilegasti tíminn að gera það einmitt núna vegna þess að það yrði kannski tekið sem gagnrýni á hæstv. forsrh. Það færi nú í verra ef menn færu að lesa það út

úr því að afnema heimild til útgáfu bráðabirgðalaga, menn færu að taka það sem gagnrýni á hæstv. forsrh. Það eru náttúrlega þeir sem trúa því að hann muni verða hér forsrh. um aldur og ævi. Ég er að vísu ekki í þeim hópi. En við erum að tala hér um framtíðina og ég vona eindregið að þingið muni samþykkja að breyta þessari heimild, ef ekki afnema hana þá þrengja hana mjög.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi hér einnig að þetta mál sýndi þörfina á að breyta Alþingi í eina málstofu. Ég er líka sammála því og hef lýst því áður en ástæðan fyrir þeirri skoðun minni er ekki vandræðagangur ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Það eru allt aðrar ástæður sem móta þá skoðun mína. Það er alveg sama með þingrofsréttinn. Við höfum rætt það í þessari nefnd og ég vona að það náist samkomulag um að breyta þeim reglum líka.

Það var dálítið fróðlegt hér líka í umræðunum í dag að heyra hv. þm. Stefán Valgeirsson rekja hér raunir sínar. *Hvernig nánast allt hefði verið svikið sem hann* setti sem skilyrði fyrir stuðningi sínum við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar þegar hún var mynduð haustið 1988 og hann var nú raunar guðfaðir að ásamt fleirum. Það komu fleiri þar að verki. Hann nefndi nokkur atriði sem hann hefði sett sem skilyrði en hv. þm. skiptir ekki höfuðmáli lengur fyrir ríkisstjórnina eftir að Borgfl. gekk í lið. Hann nefndi vaxtamálin, hann nefndi jöfnun orkuverðs og hann nefndi aðild sína að fjh.- og viðskn. Allt hefði þetta verið svikið. Er þetta ekki alveg í samræmi við framhaldið á störfum þessarar hæstv. ríkisstjórnar?

Hann sagðist hafa beðið um álitsgerð um lögmæti bráðabirgðalaganna en því var svarað með hótunum um þingrof. En svo var hann svo heppinn að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson varð á undan með yfirlýsinguna um að hann ætlaði sér að sitja hjá og þá gat hann breytt þeirri yfirlýsingu sem hann var sjálfur að undirbúa.

Báðir þessir þingmenn, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Stefán Valgeirsson, ég get ekki lesið annað út úr þeirra orðum en það að þeir vildu báðir vera á móti bráðabirgðalögunum en þeir vildu jafnframt að málið færi í gegn. Þessi afstaða er býsna stórmannleg. En þessi afstaða þeirra, á meðan þeir héldu ríkisstjórninni í þeirri spennu að þeir yrðu nú kannski til þess að fella hana, fletti hins vegar ofan af hugrenningum ráðherranna og hvað þeir gátu hugsað sér að gera ef bráðabirgðalögin nytu ekki meiri hluta á Alþingi, þ.e. að rjúfa þing og gefa út bráðabirgðalögin að nýju.

Stórmannlegri var þó afstaða hv. þm. Geirs Gunnarssonar sem eftir að farið var að spyrja hann, sem var nú ekki gert fyrr en núna á haustdögum, hvað hann ætlaði sér að gera, hefur verið alveg staðfastur í þeim ásetningi sínum að greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögunum. Og það staðfesti hann hér í ræðu sinni í dag.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál að sinni. Allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar er henni til skammar og þetta er Alþingi til vanvirðu, sérstaklega ef það staðfestir þessa svikasamninga. En það má segja þó að það kunni eitthvað gott að leiða af þessu vandræðamáli ríkisstjórnarinnar, þ.e. aukinn áhugi fyrir því að Alþingi verði ein málstofa og alveg sérstaklega aukinn áhugi og stuðningur við afnám heimildar til útgáfu bráðabirgðalaga.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Allir menn verða að njóta sannmælis. Svo er um hæstv. ríkisstjórn að á stundum hefur málsvörn hæstv. ráðherra, þrátt fyrir vafasama stjórnarstefnu, verið allsnarpleg hér í þinginu en oftast nær linleg en aldrei jafnmáttlaus og moðsuðuleg sem í dag.

Nú hafa tveir hæstv. ráðherrar gripið til varna fyrir ríkisstjórnina í þessari umræðu, hæstv. forsrh. sem lengur getur ekki verið viðstaddur umræðuna sýnist mér og hæstv. viðskrh. Hæstv. fjmrh., sem er höfundur samningsins sem gerður var, hefur nú, þegar klukkan er að verða 10 og umræðan hefur staðið frá því á miðjum degi, ekki enn séð ástæðu til þess að gera Alþingi grein fyrir gjörðum sínum og því síður að taka *til varnar og segir það kannski meiri sögu um stöðu* hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli en margt annað.

Lítum á fjögur atriði sem ætla mætti að hæstv. ríkisstjórn hefði þurft að svara í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi hefur hún byggt allan málflutning sinn á því að það væri algjör forsenda fyrir árangri í efnahagsmálum og í baráttu fyrir minnkandi verðbólgu og jafnvægi að lög væru brotin, að samningar væru sviknir og siðferðisreglur fótum troðnar. Allur málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar hefur byggst á því að þessi fullyrðing væri sönn. Maður hefði haldið að hæstv. ráðherrar reyndu í málsvörn sinni hér að færa einhver rök að þessari kenningu. Að vísu gat enginn ætlast til þess að þeir sönnuðu hana því að það er ekki hægt. En það hefði verið svolítið hreystimerki að gera tilraun til þess að færa rök að kenningunni. En það var ekki reynt heldur einungis talað út í himinblámann eins og venjulega. Auðvitað er ekki til meiri fjarstæða en að það sé forsenda fyrir árangri í efnahagsmálum og algjört skilyrði að lög séu brotin, samningar sviknir og siðferðisreglur fótum troðnar. Ég hygg að annar eins málflutningur hafi aldrei verið borinn á borð hér í sölum hins háa Alþingis. En varðandi þetta atriði, sem er uppistaðan og ívafið í málflutningi hæstv. ríkisstjórnar, er auðvitað ekki hin minnsta tilraun gerð til þess að færa rök að kenningunni.

Í annan stað hefði maður vænst þess að hæstv. ríkisstjórn reyndi að gera grein fyrir því hvað hún ætlar að gera ef dómsmálið tapast sem nú er í gangi. Það *væri ekki óeðlilegt þegar hæstv. ríkisstjórn ver af slíku* afli ólögmætar aðgerðir sínar sem nú eru fyrir dómi að hún reyndi að gera Alþingi grein fyrir því til hvaða bragða eigi að taka ef málið tapast. Engin tilraun til þess.

Og það hefði ekki verið óeðlilegt í þriðja lagi að hæstv. ríkisstjórn, sem sett hefur lög sem taka til kjarasamninga fram til 1. sept. á næsta ári, gerði einhverja grein fyrir því hvað þá á að taka við. Hvað á að taka við þá? Hvað er hægt að gera í september sem ekki er hægt að gera nú? Engin svör utan það að hæstv. forsrh. sagði hér og birt var eftir honum í sjónvarpi að

hann vonaðist til að það yrði ekki frjálshyggja. Heyr á endemi! Er það allur boðskapurinn sem hæstv. ríkisstjórn hefur fram að færa þegar slíkt örlagamál er á ferðinni eins og hún sjálf hefur lýst, að það eru engin svör um það hvað á að taka við? Ég ætla ekki að vera með getsakir um það að leggja merkingu í þau orð hæstv. forsrh. þegar hann segir: Vonandi ekki frjálshyggja. Sumir kunna að draga þá ályktun af því að það eigi að halda áfram sömu vinnubrögðum og hann sjái enga framtíð á Íslandi nema með lögbundnum kjarasamningum. Ég hygg þó að sanni nær sé að draga þá ályktun af þessum ummælum að hæstv. forsrh. viti ekki sitt rjúkandi ráð í þessu efni.

Í fjórða lagi hefði maður vænst þess að hæstv. ríkisstjórn gerði einhverja grein fyrir því hvernig hún hefur staðið að málum á þessum umþóttunartíma sem Seðlabankinn segir í nýlegri skýrslu sinni að sé svikalogn og fellir þann dóm yfir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á umþóttunartímanum, þegar hún átti að tryggja viðvarandi árangur af kjarasamningunum frá því í febrúar, að það sé svikalogn eitt. Maður hefði vænst þess að við öllum þeim spurningum, sem hér voru bornar fram í þessu sambandi, yrði gerð einhver smátilraun til þess að finna svar. En um það var ekkert einasta orð, örfáir ómerkilegir útúrsnúningar. Ég hygg að það sé að sönnu rétt að málsvörn hæstv. ríkisstjórnar hafi aldrei verið jafnaumleg og í þessu máli.

Víkjum aðeins að einstökum ummælum þeirra tveggja hæstv. ráðherra sem hér hafa tekið til málsvarnar. Ég ætla fyrst að víkja að ummælum hæstv. viðskrh. sem er kunnur fyrir háttvísi, prúðmennsku og að meitla svo orðalag sitt að falli nákvæmlega að hugsunum hans. Það kom því nokkuð á óvart þegar hann viðhafði þau orð um afstöðu okkar sjálfstæðismanna að hún fæli í sér hræsnisyfirbragð, auðvitað án þess að rökstyðja þá fullyrðingu. Þegar maður sem hefur á sér slíkt orðspor um ráðvendni og orðheldni viðhefur slík orð, þá er ástæða til að huga að hvað að baki stendur.

Við bentum á það sjálfstæðismenn þegar samningurinn var gerður að augljóst væri að ríkisstjórnin ætlaði að greiða hann með innistæðulausri ávísun. Við bentum á það hér á Alþingi að það væri rétt, ef hæstv. ríkisstjórn teldi forsendur breyttar, að bregðast þá við með því að óska eftir umræðum við gagnaðilann og það varð niðurstaða Félagsdóms að það hefði verið rétt upphafsaðgerð. Við vöruðum við því að ríkisstjórnin ákvæði einhliða að framkvæma ekki samninginn. Sú viðvörun var staðfest í Félagsdómi. Við vöruðum við því að þó að bráðabirgðalögin séu að formi til um kjarasamning en að efni til um niðurstöðu dómsins stönguðust þau á við almennar siðferðisreglur. Og nú er svo komið að jafnvel prófessorar í lagavísindum við Háskóla Íslands telja að ríkisstjórnin hafi verið á þeirri bjargbrún að í fyrsta skipti í manna minnum telja menn að líta hafi þurft til forseta Íslands til öryggisgæslu um stjórnarskrána vegna athafna ríkisstjórnarinnar, og taldi hæstv. forsrh. þá nauðsynlegt að ganga úr þingsalnum þegar þessi ummæli voru viðhöfð.

Þetta er sagan á bak við málflutning sjálfstæðismanna í þessu efni. Ef Sjálfstfl. hefði tekið ákvörðun um að greiða atkvæði í þessu máli á annan veg en hefur falist í ummælum hans og afstöðu frá því að þetta mál kom fyrst upp í maí 1989, þá hefði verið hægt að tala um hræsnisyfirbragð. Því miður hefur farið fyrir hæstv. viðskrh. í þessu efni að hann hefur haft endaskipti á hefðbundinni rökvísi sinni.

Förum þá örfáum orðum um ræðu hæstv. forsrh. Hann hóf ræðuna á því að hann hefði sem allra minnst ætlað að segja við Alþingi af þessu tilefni. Það var nokkuð athygli verð yfirlýsing í ljósi þess að hér er um að ræða mál sem hann sjálfur hafði gert að fráfararatriði og hann sjálfur hafði gert að tilefni til hótana um meira gerræði gagnvart stjórnskipun landsins en dæmi eru til um í sögunni. Og þegar það kemur til umræðu á Alþingi, þá er virðing hans fyrir þeirri stofnun sú að hann hefði helst sem minnst ætlað að segja við Alþingi af því tilefni. Hefði ekki verið eðlilegt að hæstv. forsrh. svaraði í örfáum orðum spurningum og athugasemdum um það hvers vegna hann lét hæstv. fjmrh. ráða því gegn vilja sínum að farið yrði að með ólögmætum hætti þegar hann sjálfur vissi að sú aðferð var röng? Hæstv. ráðherra gerði enga tilraun til þess að skýra þetta út. Hefði ekki verið hægt að ætlast til þess að hæstv. forsrh. gerði hér grein fyrir því hvers vegna engin lögfræðiálit eru birt nú sem hæstv. ríkisstjórn segist hafa stuðst við, hvers vegna hæstv. ríkisstjórn getur ekki beitt lögfræðiáliti ríkislögmanns um álitaefni í þessu tilviki? Lýsir það ekki nokkuð vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar að standa á gati þegar slíkar spurningar eru bornar fram? Hefði ekki verið ástæða til að hæstv. forsrh. svaraði því hér hvers vegna hann hafði að engu aðvaranir Vinnuveitendasambandsins og fjölmargra annarra aðila um það að einhliða ákvörðun um að framkvæma ekki samningana stæðist ekki lög? Engin svör við því og þannig mætti lengi telja.

Kjarni þessa máls lýtur auðvitað að þeim markmiðum sem menn hafa sett sér, annars vegar þeim að standa svo að stjórnarathöfnum að þær samræmist lagareglum og siðgæðiskröfum og hins vegar þau að vinna hér markvisst að því að ná jafnvægi í efnahagsmálum. Fjölmörgum spurningum var af því tilefni beint hér til hæstv. forsrh. Á daginn hefur komið og umræðan hefur leitt í ljós að það er fyrst og fremst hæstv. ríkisstjórn sem með stjórnarathöfnum sínum er að skara eld að verðbólgunni. Það hefur verið innt eftir því í umræðunni hvers vegna peningamagn í umferð hefur aukist langt umfram verðlagsforsendur á þessu ári. Við því fengust engin svör. Ég hef áhyggjur af því, sagði hæstv. forsrh. Og þegar spurt var um það hvers vegna vextirnir hefðu hækkað en ekki lækkað eins og lofað var, þá svaraði hæstv. forsrh.: Ég hef áhyggjur af því. Og þegar hann var inntur eftir því hvers vegna Seðlabankinn kæmist að þeirri niðurstöðu að það ríkti svikalogn í efnahagsmálunum á þeim umþóttunartíma sem hér um ræðir, þá sagði hann: Það kemur mér á óvart. Eru þetta einu svörin sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að bera hér fram?

Það liggur fyrir að þessi atriði geta og munu ráða úrslitum um það hvort hér er um tímabundið svika-

logn að ræða eða hvort við náum varanlegum árangri við stjórn efnahagsmála. Og það stendur upp á hæstv. ríkisstjórn að svara þessum spurningum, jafnvel hæstv. utanrrh. þó hann eyði mörgum dögum ársins og sé langdvölum erlendis. Það er nú einu sinni svo að það eru þessar spurningar sem ráða því hvort árangur næst, en hér fást engin svör. Engin svör. „Það kemur mér á óvart, ég er aldeilis hissa og þetta er mér áhyggjuefni," eru svörin þegar spurt er um vexti og svikalogn. Og þegar spurt er um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um nýja skatta sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sagt að brjóti algjörlega gegn forsendum þjóðarsáttarsamninganna, þá vitnar hæstv. forsrh. enn í fjárlögin og hótar því að leggja skattana á. Eru þetta svörin sem á að flytja út í þjóðfélagið?

Hér var að því spurt hver væri munurinn á því að hækka laun um eina krónu eða leggja einnar krónu skatt á launin sem greidd eru í fyrirtækjunum. Það felst sami kostnaðarauki í því fyrir atvinnufyrirtækin. Hann ætti með sama hætti að fara út í verðlagið og raska gengisforsendum. En hæstv. ríkisstjórn segir: Það leiðir til verðbólgubáls ef launin eru hækkuð um eina krónu en það hefur engin efnahagsleg áhrif ef launakostnaður er hækkaður um eina krónu vegna þess að við ætlum að taka meiri skatta. Er þetta það sem hæstv. ríkisstjórn er að bera á borð fyrir Alþingi og þjóðina? Er þetta röksemdafærslan? Nei, hér skortir öll skýr svör. Peningamagn í umferð eykst miklu hraðar en verðlagsforsendur og kyndir undir verðbólgu. Það er verið að skjóta ríkisfjármálum á bak við uppistöðulón og kynda undir verðbólgu. Það er verið að leggja á nýja launaskatta sem kynda undir verðbólgu með sama hætti og launahækkanir. Það eru þessi atriði sem ögra þjóðarsáttinni.

Þegar hæstv. ráðherra vitnaði til spástefnunnar og sagði að það væri eitt af því fáa jákvæða sem þar hefði komið fram að einhverjum hefði orðið að orði að vænta mætti vaxtalækkunar á næsta ári eftir þær umtalsverðu raunvaxtahækkanir sem orðið hafa á þessu ári, þá er slík yfirlýsing athygli verð í ljósi þess að hæstv. forsrh. hefur látið svo sem allt leiki í lyndi en á spástefnu Stjórnunarfélagsins virðist sú eina von hafa komið fram að í ræðu eins manns hafi verið gefin ástæða til að ætla að vextir gætu lækkað á næsta ári. Það var öll vonin sem hæstv. forsrh. fékk á spástefnu Stjórnunarfélagsins. En jafnvel þessi von hefur brugðist ef hæstv. ráðherra er búinn að lesa þá skýrslu sem hér hefur komið til umræðu í dag frá Seðlabankanum og gefin var út í byrjun þessa mánaðar. Þar segir berum orðum, með leyfi forseta:

„En hér þarf ekki mikið út af að bera til að aðstæður breytist verulega svo að hið opinbera eða aðrir geirar þurfi að sætta sig við meiri erlend lán en að er stefnt. Slík staða kynni einnig að leiða til þess að vextir á innlendum lánamarkaði hækkuðu."

Með öðrum orðum: Eina hálmstráið á spástefnu Stjórnunarfélagsins sem hæstv. ráðherra lýsti var tekið hér til baka og Seðlabankinn er að gefa til kynna að á eftir svikalogninu sé von á enn meiri vaxtahækkunum á næsta ári.

Um þann árangur sem náðst hefur á lánamarkaði segir Seðlabankinn svo, með leyfi forseta:

„Hér er um nokkur straumhvörf að ræða og þarf væntanlega að leita langt aftur til þess að finna sambærilega þróun. Að líkindum má rekja þennan árangur til breyttrar vaxtastefnu en háir raunvextir undanfarinna ára hafa örvað innlendan sparnað og dregið úr eftirspurn eftir lánsfé."

Með öðrum orðum: Seðlabankinn telur að sá árangur sem náðst hefur í því að ná jafnvægi á lánamarkaði sé breyttri vaxtastefnu að þakka. En hæstv. forsrh. hefur ekki barist jafnhatrammlega gegn nokkrum hlut eins og þeirri breyttu vaxtastefnu sem skilað hefur þessum árangri.

Og svo segir Seðlabankinn: „Vissar líkur benda því til að nú sé svikalogn á lánamarkaðnum og það geti breyst skyndilega." Og síðan: „Hætt er við að stjórntæki á sviði peninga- og lánamála nægi ekki til að viðhalda jafnvæginu þegar efnahagshjólið fer að snúast hraðar heldur verði að treysta á verulegt framlag ríkisfjármála í þeim efnum." Og fyrir liggur að á því sviði er allt í uppnámi.

Það eru þessi atriði sem hæstv. ríkisstjórn þarf að svara launafólkinu í landinu. Það var athygli vert þegar hæstv. forsrh. fór að snúa út úr ummælum mínum á einkar ómerkilegan hátt þegar ég ræddi um árangur af launastefnu í framkvæmd hér og annars staðar með því að reynslan hefur sýnt að of oft hafa slíkar tilraunir misheppnast vegna þess að um er að ræða mikla miðstýringu sem leiðir oft til þess að miklum vanda er safnað fyrir og þegar til kastanna kemur verður verðbólgusprengingin meiri en reynt var að koma í veg fyrir í upphafi. Of oft hefur þetta verið reynslan. En ég tók skýrt fram: Eigi að síður töldum við sjálfstæðismenn, og höfum oftsinnis talið, rétt að standa að slíkum tilraunum og það töldum við rétt í þetta sinn. Samt sem áður sá hæstv. forsrh. ástæðu til að snúa út úr þessum ummælum á einkar ómerkilegan hátt, kannski í trausti þess að einmitt slíkir ómerkilegir útúrsnúningar yrðu helst fréttaefni fjölmiðlanna en hinar efnislegu umræður fengju ekki að koma þar fram.

Það var talað um frjálshyggju. Það að launafólkið í landinu fengi að standa að kjarasamningum með frjálsum hætti var flokkað í máli hæstv. forsrh. undir hina verstu frjálshyggju. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra: Eftir ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar, sem efnislega er með miklu markvissari orðum, sagði nákvæmlega þá sömu hugsun og ég hér fyrr í dag um að hér væri um að ræða stund milli stríða, ætlar hæstv. forsrh. eftir ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar að halda því fram enn að þessi gagnrýni feli í sér einhverja skelfilega frjálshyggju? Ef skilja á orð hæstv. ráðherra á þann veg að hugsjón hans sé sú ein að binda kjarasamninga ævarandi með lögum og ekkert annað ráð sé til gegn verðbólgu en ólög og sviknir samningar og kaupmáttarrýrnun en frjálshyggja sé hið gagnstæða, þá er ég ánægður með lýsinguna. Og ég fæ ekki skilið annað en að það sem fyrir hæstv. ríkisstjórn vakir og það sem er hugsjón hennar sé þetta eitt, að í baráttunni við verðbólguna eigi að beita ráðum svika, lögbrota og kaup-

máttarrýrnunar en öll almenn efnahagsstjórn eigi að fara lönd og leið. Þetta er í raun og veru sú lýsing sem hæstv. forsrh. er sjálfur að gefa með útúrsnúningum sínum í varnarræðu sinni hér fyrr í dag.

Það var vikið að álitum Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka. Það er um margt athygli vert að þessar merku stofnanir skuli komast að svo ólíkri niðurstöðu en þó ekki. Ég hygg að bæði þessi álit eigi við gild rök að styðjast, allt fer það eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. Auðvitað er það svo að afnám eða fall bráðabirgðalaganna getur í framhaldi, þegar víxlverkunaráhrifum annarra samninga koma til framkvæmda, leitt til mjög vaxandi verðbólgu, hugsanlega jafnvel meiri verðbólgu en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir. Með öðrum orðum: Þetta getur gerst. En hin spurningin er: Þarf þetta að gerast? Og þá segi ég nei. Álit hagfræðideildar Seðlabankans er einmitt byggt á þessu. Þetta þarf ekki að gerast ef vilji er fyrir hendi.

Hæstv. forsrh. hefur aldrei leitað eftir þjóðarsátt hér á Alþingi um framkvæmd þessara mála. En það hefði kannski verið farsælla, þegar hann lenti í minni hluta í ríkisstjórninni vegna þeirrar staðföstu ákvörðunar hæstv. fjmrh. að fara að ólögum í málinu, að leita þjóðarsáttar hér á Alþingi hjá öðrum öflum, jafnvel meiri hluta Alþb. sem ég er sannfærður um að hefði ekki fylgt hæstv. fjmrh. í því máli. Hefði ekki verið nær að leita þjóðarsáttar hér á Alþingi? Og ætli það sé ekki svo að jafnaugljóst og það er að ef það hefði verið gert, þá stæðu menn í öðrum sporum en í dag, að það er enn hægt að leita þeirrar þjóðarsáttar? Það er enn hægt að freista þess að ná hér meirihlutasamstöðu um vinnubrögð sem eru í samræmi við lög og reglur og almenna siðgæðisvitund fólksins í landinu. Ég held að það sé þetta sem hagfræðideild Seðlabankans hefur haft í huga og ég hygg að hver einasti maður í landinu geri sér grein fyrir því. Afnám bráðabirgðalaganna gæti leitt til verðbólgu en það þarf ekki að gera það. Það er kjarni málsins.

Við sjálfstæðismenn höfum lýst því yfir að við værum tilbúnir til viðræðna við hvern sem er, aðra stjórnmálaflokka og hagsmunasamtök í landinu til þess að tryggja þann árangur. Ég minni hæstv. forsrh. á, sem fer hér með miklar lýsingar á því hvað mundi gerast ef kjarasamningar háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna yrðu nú opnaðir, að hann sjálfur hefur sett lög sem segja þeim samningum upp í september á næsta ári. Og hver er nú munurinn? Það fer kannski eftir því hvað menn horfa langt fram á við þegar þeir setja sér efnahagsleg markmið. Þegar ég er að tala um þjóðarsátt í baráttunni við verðbólguna er ég að tala um að hún geti staðið a.m.k. allan næsta áratug og menn horfi ekki skemur fram í tímann. Ef menn setja sér það mark að allan næsta áratug, til loka þessarar aldar, hleypum við ekki verðbólgunni af stað á nýjan leik, hverju munar þá hvort samningar opnast átta eða níu mánuðum fyrr eða seinna? En það getur kannski munað hjá þeim sem hugsa svo skammt að það eigi aðeins að skapa hér svikalogn rétt fram yfir kosningar.

Í raun og veru bar varnarræða hæstv. forsrh., svo máttlaus sem hún var og merkingarlaus, ekkert annað með sér en að markmið hæstv. ríkisstjórnar væru ekki háleitari og skilaboðin sem hún hefði að færa til launafólksins í landinu, sem fært hefur að fórn 15% kaupmáttarrýrnun, væru ekki önnur en þau að hæstv. ríkisstjórn væri að búa sér til svikalogn fram yfir kosningar eins og Seðlabankinn hefur rækilega bent á í gagnmerkri greinargerð.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur staðið nokkuð lengi. Margt hefur verið sagt í henni og í sjálfu sér nokkuð erfitt að bæta þar einhverju nýju við. Í raun og veru má segja að þessi umræða hafi þróast upp í þrjú meginviðfangsefni. Auk þess frv. sem hér er til umræðu hefur mönnum orðið tíðrætt um stjórnskipun lýðveldisins og breytingar á henni í grundvallaratriðum og í þriðja lagi um efnahagsmálastefnuna á síðustu árum og á næstu árum.

Ég ætla að segja hér fáein orð um þessi þrjú efnisatriði og fyrst víkja nokkuð að þeim spurningum sem hv. þm. Friðrik Sophusson bar hér fram þó hæstv. forsrh. hafi reyndar svarað þeim flestum fyrr í dag.

Ég vil fyrst koma að þeirri síðustu sem hv. þm. Friðrik Sophusson bar fram, spurningunni um það hvort viðræður hefðu farið fram við BHMR um launamál og hvað tæki við eftir þjóðarsátt. Fyrir tveimur mánuðum síðan skrifaði ég öllum aðildarfélögum BHMR bréf og óskaði eftir því að eiga viðræður við stjórn eða fulltrúa hvers félags fyrir sig ásamt því að eiga síðan í lok þeirra viðræðna fundi með forustu BHMR. Mér fannst það ánægjulegt og jákvætt að BHMR tók þessari ósk vel og á undanförnum vikum hef ég átt fundi með fjölmörgum aðildarfélögum BHMR, sérstakan fund með fulltrúum hvers félags og mun á næstu vikum halda þeim viðræðum áfram þar til ég hef rætt við félögin öll en þau eru, ef ég man rétt, í kringum 20. Þessir fundir hafa verið langir og ítarlegir, sumir staðið í nokkra klukkutíma hver fundur og þar hefur verið rætt mjög ítarlega bæði um þau málefni sem hér ber á góma og einnig um það sem hv. þm. spurði um, hvað tæki við.

Á þessum fundum hefur líka verið farið nokkuð mikið yfir reynslu BHMR af kjaramálum á síðustu árum vegna þess að það var nú svo þegar ég kom í fjmrn. og fulltrúar BHMR komu á minn fund að þeir fluttu mér langan fyrirlestur um það hve illa hefði gengið í fjármálaráðherratíð fyrirrennara minna, bæði hv. þm. Þorsteins Pálssonar og hæstv. núv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar, að koma á eðlilegum samskiptum milli fjmrn. og samningamanna BHMR. Mér finnst þess vegna nokkuð sérkennilegt að hv. þm. Þorsteinn Pálsson skuli standa hér og kunna ráð öll og hafa þau undir hverju rifi hvað snertir lausn á samskiptavandamálum á sviði kjaramála við BHMR vegna þess að þegar ég kom í fjmrn. fékk ég ítarlega lýsingu á því hve illa hefði gengið í þeim samskiptum og hve ríkulega hefði þar verið skortur á trúnaðartrausti. (**ÞP:** Var ekki Jón Baldvin næst á undan þér?) Jú, ég sagði það líka, hv. þm., áðan þegar þingmaðurinn vék hér í hliðarherbergi að þegar ég kom í fjmrn. hefði ég feng-

ið lýsingu á því af hálfu fulltrúa BHMR hve illa þessi samskipti hefðu gengið í tíð beggja fyrirrennara minna, bæði núv. hæstv. utanrrh. (**ÞP:** Og breyttist það til batnaðar þegar hæstv. kom?) Ég ætla ekki að tileinka mér þann skæting sem hv. þm. gerir hér í frammíkalli sínu en ég nefni þetta hér vegna þess að forustumönnum BHMR og félögum BHMR er það fyllilega ljóst að þeir hafa um langa hríð átt í erfiðri sambúð við forustumenn í samningamálum ríkisins og nefni þá staðreynd, sem ekki hefur komið fram hér í umræðunni, að þegar ég tók við embætti fjmrh., þá tók ég við arfi gagnkvæmrar tortryggni og trúnaðarbrests milli þessara heildarsamtaka og fjmrn. sem sköpuð höfðu verið í tíð hv. þm. Þorsteins Pálssonar og í tíð hæstv. núv. utanrrh. Þess vegna hafa þessar viðræður sem ég hef átt á síðustu vikum við einstök félög BHMR ekki bara snúist um atburði síðustu vikna og mánaða heldur hafa þær snúist um þann lærdóm sem hægt er að draga af þessari margra ára reynslu. Þar hafa samskiptin og skortur á trúnaði í tíð þeirra fjmrh. sem sátu á undan mér einnig verið ítarlega rædd. Og hver er ástæðan? Jú, ástæðan er sú að menn gera sér skýra grein fyrir því að það þarf að leita nýrra leiða til þess að tryggja að kjör háskólamenntaðra manna sem starfa á vettvangi ríkisins verði með þeim hætti að friður geti þar skapast.

Ég hef á þessum fundum reifað ýmsar hugmyndir sem ég tel að sé gagnlegt að ræða á næstu vikum og mánuðum, t.d. að finna viðhlítandi lausnir á þeim kjaravanda sem ríkir í sambúð háskólamenntaðra manna og ríkisins. Það var ekki ætlun mín að fara að ræða þær hugmyndir hér á vettvangi þingsins. En fyrst hv. þm. Friðrik Sophusson spurði hvað tæki við, hvaða hugmyndir menn hefðu og hvort viðræður hefðu átt sér stað við einstök félög BHMR, þá vil ég hér aðeins geta nokkurra þessara hugmynda.

Í fyrsta lagi hef ég reifað það sjónarmið í þessum viðræðum við einstök félög BHMR á undanförnum vikum að e.t.v. geti verið skynsamlegt að skapa meira svigrúm fyrir sérstaka samninga um kjör ákveðinna starfsstétta háskólamenntaðra manna hjá ríkinu í stað þess að stefna að heildarsamningi við alla eins og gert var í þeim samningi sem gerður var í lok verkfallsins langa fyrir ári síðan. Ég hef nefnt sem dæmi að í þeim samningi eftir verkfallið 1989 var ákveðið að aðeins eitt aðildarfélag BHMR, Félag dýralækna, gerði sérstakan samning um sín kjaramál eða svokallaðan sérkjarasamning eins og stundum er nefnt. Það var gerður sérkjarasamningur við Félag dýralækna, samhliða hinum almenna samningi, um vaktafyrirkomulag og vaktagreiðslu dýralækna. Þegar fulltrúar Félags dýralækna komu á minn fund, þá gerðu þeir mér ítarlega grein fyrir því að það væri einmitt þessi sérstaki kjarasamningur við dýralækna sem hefði skilað þeim árangri að nú væru dýralæknar farnir að snúa heim erlendis frá og öll héruð dýralækna væru nú setin í fyrsta sinn um langan tíma. Þetta dæmi frá því eina aðildarfélagi BHMR sem gerður var sérstakur kjarasamningur við samhliða almenna samningnum sýnir okkur kannski ásamt almennri reynslu að það getur verið skynsamlegt að taka sérstaklega á kjaravandamálum tiltekinna starfsstétta innan BHMR í stað þess að reyna að leysa vanda allra með einni allsherjar formúlu. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að skoða mjög rækilega á næstunni þessa möguleika, annars vegar almennan samning og hins vegar sérstakan samning um kjör ákveðinna hópa vegna þess að það er nokkuð ljóst að t.d. skólinn er töluvert annars konar vinnustaður en ráðuneytin og stjórnarskrifstofurnar svo aðeins tvö dæmi séu nefnd.

Önnur hugmynd, sem ég hef kynnt í þessum viðræðum við einstök félög BHMR, er aukið sjálfstæði ríkisstofnana sem fælist m.a. í því að ríkisstofnanir fengju eina upphæð á fjárlögum en hefðu þá meira sjálfdæmi til þess að ráðstafa þeim fjármunum í laun, í kjaratengd atriði, í rekstrarkostnað, í viðhald og fjárfestingu. (**HBl:** Eru ekki einhver fyrirmæli?) Ég nefni sem dæmi, hv. þm., að í því fjárlagafrv. sem ég lagði hér fram á Alþingi er stigið veigamikið skref í þessa átt með því að Háskóli Íslands mun fá á næsta ári, ef fjárlagafrv. verður samþykkt í þeim búningi sem ég lagði það fram, í fyrsta skipti í sögu Háskólans nánast algert sjálfdæmi um það hvernig hann skiptir þeirri heildarupphæð sem ákveðin er í fjárlagafrv. milli ólíkra liða í útgjöldum Háskólans, launa, kjaratengdra atriða, rekstrarkostnaðar og annars. Í stað þess að í áratugi hafa fjárveitingar til Háskólans verið sundurgreindar mjög nákvæmlega í fjárlagafrv. mun nú Háskólinn sjálfur geta ákveðið hvernig hann ráðstafar þeim. Ég þekki það af þessum starfsvettvangi að það er fjölmargt sem skapar kjör háskólakennara annað og fleira en launagreiðslurnar einar.

Þær hugmyndir um aukið sjálfstæði ríkisstofnana sem mundu gefa meira sjálfdæmi og svigrúm til lausnar á kjaravanda einstakra hópa innan ramma ríkisstofnananna sjálfra hafa verið ræddar mjög ítarlega á þessum samráðsfundum. Þar hefur margt komið fram bæði jákvætt en einnig í formi efasemda um þessa leið. En ég er sannfærður um það að hún er ein af þeim sem þarf að ræða á næstu mánuðum þegar menn huga að framtíðarskipan þessara mála.

Þriðja hugmyndin, sem ég hef varpað fram í þessum viðræðum við einstök félög BHMR, er að gerðir verði sérstakir samningar um ákveðin svið í þjóðfélaginu, í ríkiskerfinu, þar sem fjölmennar stéttir háskólamenntaðara manna og annarra starfsmanna ríkisins eru til staðar. Þannig hefur verið talað um sérstakan skólasamning þar sem öll félög kennara — en þau eru mjög mörg, það er Kennarasamband Íslands, Félag háskólamenntaðra kennara, Hið íslenska kennarafélag, Félag kennara við Háskóla Íslands og Tækniskólann, fóstrur og ýmsar aðrar uppeldisstéttir — að allir þessir aðilar kæmu að einu borði þar sem rætt væri með víðtækum hætti um skólasamning sem tæki ekki bara til kaups og kjara heldur til starfshátta í skólanum og framtíðarþróunar hans. Á sama hátt mætti gera heilbrigðissamning, heildarsamning við allar heilbrigðisstéttirnar þar sem reynt væri að draga að einu borði samtök lækna, og þau eru mörg, samtök hjúkrunarfræðinga og annarra stétta sem á heilbrigðisstofnunum

starfa og gera langtímasamning um þróun heilbrigðisstofnananna og kjör á þeim.

Þessi þrjú meginatriði sem ég hef hér nefnt, í fyrsta lagi sérkjarasamningar ásamt almennum kjarasamningi, í öðru lagi aukið sjálfstæði ríkisstofnana sem fælu þeim sjálfdæmi innan ákveðins fjárhagsramma um að semja um kjaratengd atriði og fjölmargt sem snýr að afkomu og aðbúnaði starfsfólksins og í þriðja lagi heildarsamningar á ákveðnum sviðum, t.d. skólasamningar eða heilbrigðissamningar, tel ég vera þrjár meginhugmyndir sem beri að ræða á næstu vikum og mánuðum til þess að reyna að finna leiðir til að skapa viðunandi sátt og frið á þessu sviði.

Ég gæti nefnt fjölmargt annað sem fram hefur komið á þessum viðræðufundum við einstök félög BHMR en ég ætla ekki að gera það nánar að umræðuefni hér, aðeins lýsa því yfir að ég tel að þessir fundir hafi verið gagnlegir. Ég mun halda þeim áfram. Ég mun síðan ræða við forustu BHMR um reynsluna af þessum fundum og þær hugmyndir sem þar hafa komið fram og reyna á næstu vikum og mánuðum að skapa grundvöll fyrir því að viðunandi lausn geti fundist í þessum málum.

Ég vil einnig geta þess hér vegna þess að hv. þm. er það kannski ekki kunnugt að á vettvangi fjmrn. og hinna fjölmörgu félaga BHMR starfa með reglubundnum hætti samstarfsnefndir þar sem fulltrúar félaganna og fulltrúar samninganefndar fjmrn. og launaskrifstofu fjmrn. koma saman til þess að leysa ýmiss konar vandamál sem upp koma. Á þessum vettvangi hafa á undanförnum mánuðum farið fram fjölmargar viðræður um lausn ýmiss konar vandamála sem félögin hafa viljað ræða. Þess vegna er myndin ekki sú, sem hér hefur komið fram af hálfu ýmissa, að ekki sé reynt af minni hálfu, fjmrn. eða ríkisstjórnarinnar að þróa þessi mál áfram í jákvæðar áttir. Það er gert. Við gerum okkur vissulega grein fyrir þeirri andstöðu sem fram kemur hjá forustu BHMR gagnvart þeim bráðabirgðalögum sem sett hafa verið og hún er skiljanleg. En hún breytir því ekki að það er bæði skylda okkar og skylda þeirra að reyna að finna nýjar leiðir til þess að treysta í framtíðinni sambúðina á þessu sviði og eyða þeirri djúpstæðu tortryggni sem á sér margra ára sögu í samskiptum BHMR og opinberra samningsaðila.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði mig einnig sérstaklega að því hvað ég ætti við með þeim ummælum mínum að ég teldi að ráðherrarnir væru persónulega og pólitískt skuldbundnir af niðurstöðum samningsins, sem ég viðhafði á sínum tíma þegar samningurinn var gerður. Þau ummæli voru sett fram vegna þess að forustumenn BHMR höfðu um margra mánaða skeið, eins og ég gat um áðan, lýst því hvernig í tíð fyrirrennara minna, m.a. formanns Sjálfstfl. í fjmrn., hefði skapast slík tortryggni og erfiðleikar í sambúð BHMR við ríkisvaldið að nauðsynlegt væri að ráðherrarnir reyndu að vinna að því að samningurinn næði fram að ganga. Ég tel líka að við höfum gert það.

Það er dálítið merkilegt að í öllu því moldviðri sem hefur verið þyrlað upp um þetta mál hefur það gleymst að fulltrúar fjmrn. og fulltrúar BHMR unnu sameiginlega að framgangi þessa samnings með árangursríkum hætti. Það voru skipaðar þrjár nefndir samkvæmt samningnum til þess að vinna ákveðin verk. Sú sem átti að skila grundvelli að menntunarmatinu skilaði jákvæðri niðurstöðu. Sú sem átti að fjalla um ábyrgðarmatið hélt fjölmarga fundi. En þar var um mjög tæknilega flókið atriði að ræða sem fulltrúar BHMR viðurkenndu ekki síður en fulltrúar ríkisvaldsins að var engan veginn auðvelt að leysa. Og ég held að í sjálfu sér hafi ekki verið neinn ágreiningur milli BHMR og fulltrúa fjmrn. um það að vel hefði að mörgu leyti verið unnið að því erfiða verki.

Í þriðja lagi var svo kjarasamanburðurinn sjálfur og hann var kjarnaatriðið í samningsgerðinni. En hann virðist alveg hafa gleymst í allri þessari umræðu. Þar náðu BHMR og fjmrn. fullkomnu samkomulagi um það á hvaða grundvelli sá kjarasamanburður yrði gerður. Náðu fullkomnu samkomulagi um það hvernig að honum yrði staðið og fullkomnu samkomulagi um það hverjum hann væri falinn. Þar var af báðum aðilum ákveðið að leita til ákveðins fyrirtækis, Gallups á Íslandi, til þess að framkvæma þennan samanburð. Ég ætla ekki hér að gagnrýna það fyrirtæki. En það er sameiginlegt álit BHMR og fjmrn. að það verk hafi tekið lengri tíma og reynst erfiðara í framkvæmd en forsvarsmenn þessa könnunarfyrirtækis gáfu til kynna þegar þeir tóku verkið að sér. Og það er ein meginástæðan fyrir því að vinnan við kjarnaatriðið í samningnum sjálfum hefur ekki þokast áfram eins og menn vonuðu þegar samningurinn var gerður.

Ég nefni þetta hér vegna þess að stundum er rætt um þennan kjarasamning BHMR þannig að 4,5%, sem komu til umfjöllunar í sumar, væru kjarnaatriðin í samningnum sjálfum en svo er ekki. Kjarnaatriðið í samningnum sjálfum er samanburðurinn á milli launa á almennum markaði og hjá háskólamenntuðum mönnum í þjónustu ríkisins. Það sjónarmið sem ég setti fram við forustu BHMR í sumar í aðdraganda bráðabirgðalaganna var að skynsamlegt væri að víkja 4,5% til hliðar og halda áfram allri þeirri vinnu sem snerist um kjarasamanburðinn sjálfan vegna þess að það væri kjarnaatriðið í samningnum. Þessi 4,5% voru eingöngu refsiákvæði sem koma áttu til greiðslu ef kjarasamanburðinum væri ekki lokið. Það var viðurkennt af báðum aðilum að það var hvorki sök fjmrn. né BHMR að það fyrirtæki sem tók málið að sér hafði ekki skilað því verki sem vænst var. Þar að auki var það ljóst og vitað af hálfu beggja aðila að þegar upphæð þessa refsiákvæðis, 4,5%, var ákveðin 1989 á vormánuðum var um 30% verðbólga. Verðgildi þessara 4,5% hafði því gerbreyst. Það sem hafði breytt þessu verðgildi var m.a. árangurinn af efnahagsstefnunni og þjóðarsáttarsamningarnir. Þess vegna var það nokkuð ljóst að raungildi refsiákvæðisins var töluvert annað.

Þess vegna er það nokkur misskilningur sem hér hefur komið fram í umræðum á þingi og utan þings að ekki hafi verið gerðar tilraunir til þess af hálfu fjmrn. eða ríkisstjórnarinnar að ræða við BHMR. Satt að segja hefur verið í gangi samfelldur viðræðuferill að einu eða öðru leyti, samfelldur samstarfsferill um fjölmörg

atriði milli fjmrn., samninganefndar ríkisins, launaskrifstofu ríkisins og BHMR allan þennan tíma og hann stendur enn. Það er sá grundvöllur sem menn m.a. byggja á til þess að halda áfram að leita lausna á þessu vandamáli.

Ég tel að ég hafi nú svarað þeim tveimur sérstöku spurningum sem hv. þm. beindi til mín. Hæstv. forsrh. vék síðan að þeim spurningum öðrum sem voru almenns eðlis og snertu ríkisstjórnina alla í þessu máli. Ég verð að vísu að segja það að afstaða Sjálfstfl. til kjarasamninga almennt séð og lagasetningar í því sambandi er í þessum umræðum nokkuð sérkennileg í ljósi þeirrar sögu sem flokkurinn á.

Í umræðunum hefur einnig verið vikið nokkuð að stjórnskipun landsins. Þar hafa ýmsir þingmenn sett fram hugmyndir sínar og tillögur. M.a. lýsti hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tillögum um það að Alþingi yrði ein deild, að rétturinn til bráðabirgðalaga yrði afnuminn og þingrofsrétturinn yrði afnuminn eða takmarkaður. Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að allt þetta þrennt ætti að gera. Ég hef fyrir mörgum árum í stjórnarskrárnefnd lýst þessum skoðunum. En það strandaði á fulltrúum Sjálfstfl., m.a. í þeirri nefnd, að hægt væri að setja fram með breiðri samstöðu tillögur um þetta efni. (**FrS:** Allt Sjálfstfl. að kenna.) Nei, nei, það er ekkert Sjálfstfl. að kenna. Ég er bara að lýsa staðreyndum málsins, hv. þm. Friðrik Sophusson. Ég fagna því hins vegar ef Sjálfstfl. er kominn á þá skoðun að það eigi að afnema réttinn til útgáfu bráðabirgðalaga. Ég hef ekki fyrr heyrt það að Sjálfstfl. væri þeirrar skoðunar. Satt að segja held ég að enginn flokkur hafi jafnoft, nema ef vera skyldi Framsfl., beitt bráðabirgðalagaréttinum. Þannig að það eru vissulega tíðindi fyrir okkur sem höfum nú, eins og ég hef gert í um það bil tíu ár, setið með fulltrúum Sjálfstfl. í stjórnarskrárnefnd lýðveldisins að heyra það hér hjá talsmönnum Sjálfstfl. að þeir séu tilbúnir að afnema í stjórnarskránni réttinn til útgáfu bráðabirgðalaga. Ég get lýst því yfir hér að ég mundi fagna því ef Sjálfstfl. væri reiðubúinn að taka undir það sjónarmið sem við margir höfum sett fram um langt árabil.

Í stjórnarskrárnefndinni lýstum við Ragnar Arnalds líka þeirri tillögu fyrir mörgum árum síðan og höfum fylgt henni eftir um árarаðir í stjórnarskrárnefndinni að þingrofsréttinum yrði breytt á þann veg að það þyrfti samþykki meiri hluta þingsins til þess að rjúfa þingið. Ég hef ekki heldur heyrt að Sjálfstfl. sé búinn að taka undir þá stefnu en ég fagna því ef svo er. Það mun ekki standa á okkur að styðja slíka tillögu, þvert á móti. Við höfum sett hana fram árum saman og beðið eftir því að meiri hluti kynni að skapast hér á Alþingi fyrir þeirri stjórnarskrárbreytingu.

Hvað snertir afnám deildaskiptingarinnar á Alþingi þá hafa verið mismunandi áherslur í því máli innan míns flokks eins og ýmissa annarra. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar lengi að þingið ætti að verða ein málstofa og síðan ætti að breyta starfsháttum nefnda þingsins í samræmi við það. Þær hugmyndir sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lýsti hér og sumir hafa tekið undir eru því tillögur sem við fulltrúar Alþb. í stjórnarskrárnefnd höfum flutt þar árum saman.

Ég tel mjög brýnt að stjórnarskrá lýðveldisins verði breytt á þennan veg vegna þess að ég tel það lið í því að treysta lýðræðislega stjórnskipun landsins og færa stjórnarhætti í samræmi við nútímaviðhorf. Það er reyndar margt annað sem ég vildi gera til viðbótar til breytinga í stjórnskipun landsins og starfsháttum Alþingis og samskiptum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. En ég tel ekki ástæðu til þess að rekja það hér.

Í þriðja lagi hafa hér orðið umræður um efnahagsmál, um stöðugleika í efnahagsmálum, um vexti, um verðbólgu, um ríkisfjármál. Það er eitt sem hefur vantað í þá umræðu. Það eru tillögur Sjálfstfl. Það hefur ekki komið orð um þær. Það fór fram prófkjör hjá Sjálfstfl. í Reykjavík. Þar voru frambjóðendur spurðir, m.a. varaformaður flokksins og efsti maður nú á listanum í Reykjavík og fjölmargir aðrir, hvort Sjálfstfl. og þeir sérstaklega mundu afnema þá skatta sem núv. ríkisstjórn hefur lagt á. Svarið hjá þeim öllum var já, já, já. Þessa skatta reikna þeir sjálfir upp á 13 milljarða. Það er halli á ríkissjóði upp á 4–5 milljarða. Hér er þess vegna ríkisfjármálavandi að dómi Sjálfstfl. upp á 18 milljarða, tæp 20% af heildarútgjöldum ríkisins. Sjálfstfl. boðar það að hann ætli að viðhalda hér stöðugleika í efnahagsmálum. Þá hlýtur hann, ef hann ætlar að framkvæma þetta, að skera niður ríkisútgjöldin sem nemur þessum 18 milljörðum. Hvar á að gera það? Ekki í greiðslu vaxta og afborgana af lánum. Varla í fjárfestingunni sem er nú í sögulegu lágmarki og fjölmörg verkefni bíða og Sjálfstfl. flytur miklar tillögur um viðbótarútgjöld. Varla í tryggingakerfinu eða niðurgreiðslunum. Varla á það að gerast með því að láta það koma niður á gamla fólkinu, öryrkjunum, eða með því að hækka matvælin, kjötið og mjólkina. Eða á að gera það kannski í rekstrarútgjöldunum þar sem 70–80% eru í skólunum og heilbrigðiskerfinu og meginhlutinn af því sem eftir er í lögreglunni, kirkjunni og annars staðar? Jú, jú, auðvitað getum við fundið 1, 2 og 3 milljarða hingað og þangað. Það vantar bara tillögur Sjálfstfl. og fyrr en þær koma fram blasir það við að ef Sjálfstfl. fær leyfi til að framkvæma það sem hann hefur boðað verður verðbólga hér orðin 30–40% innan árs. Um það eru allir hagfræðingar sammála, bæði Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka, Vinnuveitendasambandsins og Verslunarráðsins, hver einn og einasti, enda hefur enginn hagfræðingur fengist til þess að koma fram og vitna um að það sé heil brú í efnahagsstefnu Sjálfstfl.

Ef þeir menn sem tala hátt um siðferði hér í ræðustólnum í dag ætla að framkvæma það sem þeir lofuðu kjósendum sínum í Reykjavík — eða ætlar kannski hv. þm. Friðrik Sophusson að svíkja það? Ætlar borgarstjórinn í Reykjavík að láta verða sitt fyrsta verk á Alþingi að svíkja það? Ætlar Eyjólfur Konráð Jónsson, sem fagnaði góðum árangri í prófkjörinu, að svíkja það? Sá eini sem hafði manndóm og vit til að segja ekki skilyrðislaust já var hv. þm. Geir Haarde. (**FrS:** Þetta er allt saman rangt.) Allt saman rangt. (**FrS:** Ég mun fara yfir það á eftir.) Það er ánægjulegt

ef hv. þm. vill lesa hér upp svar borgarstjórans í Reykjavík. Það voru bara tveir stafir, joð og á, við þessari spurningu. Og það væri líka fróðlegt ef hv. þm. læsi upp svar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar því að hann gerði gott betur. Hann sagðist ekki bara ætla að afnema skatta þessarar ríkisstjórnar heldur líka skattana sem settir voru á í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og þá var hann kominn með vandann upp í 25 milljarða. Þessir menn tala svo hér um siðferði.

Þessir menn tala svo um það að vextirnir séu of háir. Hvað halda þeir að þeir verði ef efnahagsstefna Sjálfstfl. fengi hér framgöngu eins og þeir boða hana? Ég spurði hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að því í Ed. fyrir nokkrum vikum síðan í hverju þessi stefna fælist. Jú, svar hans var mjög einfalt. Það var á þessa leið: Það er allt í lagi að lækka skattana um 18 milljarða vegna þess að þá kemur svo mikil framleiðsluaukning í hagkerfið að ríkið fær til sín miklu meira til baka sem dugir bæði til að vega upp þessa skattalækkun og vega upp tolla. Þetta var það sem frændi hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna, trúði og þessi stefna var prófuð þar. Og hún leiðir til mestu efnahagskreppu í sögu Bandaríkjanna á undanförnum áratugum. Kreppu sem gerir það að verkum að þingið og forsetinn engjast nú frá einum mánuði til annars um hvernig á að leysa þetta vandamál. Sjálfstfl. hefur nefnilega ekki lagt fram neina stefnu aðra en þessa. Það er þessi stefna sem OECD fordæmir svo rækilega í skýrslunni sem hér var til umræðu sl. vor. Og það er þessi stefna sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varar Íslendinga við að taka upp aftur.

Auðvitað er hægt að finna fjölmargt athugavert og sem þarf að bæta í núverandi efnahagsástandi. Það verður hins vegar ekki hægt að segja annað, hvað margar ræður sem hv. þm. Sjálfstfl. flytja hér, en að á tveimur árum eftir að við komum inn í ríkisstjórn, Framsfl. og Alþfl. breyttu um stefnu frá þeirri stefnu sem ríkti í sambúð þeirra og Sjálfstfl., hefur tekist að snúa efnahagsmálunum frá því hruni sem blasti við á haustmánuðum 1988 í mesta og traustasta stöðugleikaástand sem hér hefur skapast í 30 ár. Það væri hægt að leiða marga menn til vitnisburðar um það. Og auðvitað er það það sem er erfiðast fyrir Sjálfstfl. að upphlaupið hér fyrir nokkrum dögum síðan, frumraun borgarstjórans á vettvangi þingmálanna, tillaga hans um það hvernig ætti að meðhöndla bráðabirgðalögin leiddi til þess að forustumenn í atvinnulífi, stjórnendur fyrirtækjanna, forsvarsmenn í launamálum fólksins í landinu, ábyrgðarmenn í efnahagsmálum, þeir sem vilja trausta hagstjórn velta nú þeirri spurningu fyrir sér: Er hægt að taka áhættuna af því að hleypa Sjálfstfl. að aftur? Er hægt að treysta þessum mönnum? Og maður les efasemdirnar úr augunum og orðunum á heittrúuðum sjálfstæðismönnum sem hafa hingað til trúað því að hin heilaga pólitíska þrenning, Sjálfstfl., Morgunblaðið og atvinnulífið, væri það hornbjarg sem ætti að byggja íslenskt þjóðfélag á.

Hverjir voru raunvextirnir á ríkispappírunum þegar hv. þm. Þorsteinn Pálsson var fjmrh.? Voru þeir ekki 10%? 10% raunvextir á spariskírteinum ríkisins þegar hv. þm. Þorsteinn Pálsson var fjmrh. Hvað eru þeir núna? Þeir eru 6% og skírteinin seljast á frjálsum markaði mjög vel. Spariskírteini ríkisins með 6% raunvöxtum á frjálsum markaði. Er markaðurinn ekki óháður dómari? Jú. Hann hefur kveðið upp þann jákvæða sanngirnisdóm sem sýnir skýrt hvaða þáttaskil hafa orðið hér í efnahagsstjórninni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að nota meiri tíma hér til þess að fara almennt út í stöðu efnahagsmála en ég gerði það hins vegar vegna þess að með réttu sagði hv. þm. Þorsteinn Pálsson: Spurningin um samhengi milli ríkisfjármála annars vegar, peningamála og stöðugleikans hins vegar er lykilspurningin í íslenskri efnahagsstjórn á næstu árum. Og þar hefur Sjálfstfl. ekki enn skilað neinu sannfærandi svari. Það eina svar sem hefur verið reitt fram er álíka ábyrgðarlaust og afstaða Sjálfstfl. í því máli sem hér er til umræðu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu vekur upp margar spurningar um vandmeðfarin álitamál sem varða nokkra grundvallarþætti íslenskrar stjórnskipunar, rétt til útgáfu bráðabirgðalaga, spurningar um þingrof, um vinnubrögð byggð á þingræðisreglu og virðingu fyrir lýðræði. Maður skyldi því ætla að forustuflokkur stjórnarandstöðunnar, sem öðrum fremur getur stært sig af því að hafa innan borðs marga löglærða menn, marga menn sem eru handgengnir hinum lögfræðilega þankagangi, fjölluðu um þessi álitamál af yfirvegun, stillingu og þekkingu en létu sér ekki nægja að efna til pólitísks upphlaups, mála hlutina í svörtu og hvítu eins og hefur verið rauði þráðurinn í ræðum þeirra hér í dag.

Þeir hafa haft uppi stór orð um núv. ríkisstjórn og stjórnarflokka sem eins konar valdaránsmenn, brotamenn gagnvart grundvallarþáttum stjórnskipunar, siðlausa menn, valdaræningja. Á öðrum vettvangi hefur formaður flokksins líkt gerðum þessarar ríkisstjórnar við Estrup hinn danska sem mun vera þekktur vel úr íslenskri sögu og danskri og þeir munu læra mikið um í lagadeildinni.

Stór orð en ekki að sama skapi vel rökstudd. Engu að síður er það svo að þetta mál sem á dagskrá er er þess eðlis að það ætti að kalla fram hér á Alþingi Íslendinga málefnalegar umræður því að orðaleppar sjálfstæðismanna duga skammt. Þeir t.d. virðast byggjast á átakanlegu pólitísku minnisleysi. Sjálfstfl. lætur eins og hann sé flokkur hinna óflekkuðu handa eða hins pólitíska meydóms sem aldrei hafi difið hendi í kalt vatn íslenskra stjórnmála. Þeir hafa kannski aldrei staðið fyrir beitingu bráðabirgðalaga. Þeir hafa kannski aldrei staðið fyrir íhlutun í eða afnámi kjarasamninga og borið við rökum um hina brýnu nauðsyn sem bar til og vegna þeirrar ábyrgðar sem þeir höfðu þá á þjóðarhag — eða hvað?

Formaður flokksins hlýtur að minnast þeirra daga þegar hann var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og beitti sér sem slíkur fyrir kjarasamningum. Hann má einnig minnast þess að sem þingmaður kom hann hér inn á hið háa Alþingi og greiddi

atkvæði með því að nema þá samninga úr gildi. Hann hefur einnig átt aðild að þjóðarsátt svokallaðri sem að vísu bar ekki sambærilegan árangur á við það sem við nú ræðum og metum. Hann hefur reyndar einnig sem fjmrh. staðið fyrir kjarasamningum við opinbera starfsmenn sem voru þess eðlis að af hlaust verulegt launaskrið, þensla, verðbólgualda. Þetta er ekkert nýtt fyrir formanni Sjálfstfl., ekkert nýtt fyrir hinum þingreyndu forustumönnum Sjálfstfl., ekkert nýtt fyrir lögfræðingagengi Sjálfstfl. Þess vegna ættu þeir ekki að tala um málið eins og þeir hafi aldrei komið nálægt slíkum málum. Þeir ættu ekki í þessum málum að mála hlutina í þeim öfgakenndu litum sem þeir hafa tamið sér.

En það er ástæða til að spyrja hinna raunverulegu spurninga sem snerta kjarna málsins sem er á dagskrá. Hefur eitthvað það gerst sem brýtur í grundvallaratriðum í bága við reglur íslenskrar stjórnskipunar? Hefur núv. ríkisstjórn unnið sér til óhelgi með útgáfu bráðabirgðalaga, með íhlutun í kjarasamninga? Hefur hún misbeitt bráðabirgðalagavaldinu? Vegna þess að ef mark ætti að taka á öllum orðaflaumi þeirra sjálfstæðismanna þá eru þeir raunverulega að segja, og þetta er flokkur lögfræðinganna, að þess sé að vænta að þessum löglausu athöfnum valdaræningjanna verði hnekkt fyrir dómi. Hvers vegna nota menn ekki tækifærið og tíunda rökin sem ætti að bera fram fyrir þeim rétti? Það er mikil spurning.

Ég segi þessi mál vekja upp margar spurningar og fjarri sé mér að halda því fram að allt sem þeir sjálfstæðismenn hafi hér sagt sé að tilefnislausu eða tómt fleipur. Það er ekki svo. Ef þeirra málflutningur er sá að ríkisstjórnir á Íslandi hafi á undanförnum árum ofnotað bráðabirgðalagavaldið má færa veigamikil rök fyrir því. Ef þeir væru flokkurinn sem hefði í íslenskri þjóðmálaumræðu beitt sér fyrir því, hvort heldur væri hér á hinu háa Alþingi eða t.d. í stjórnarskrárnefnd, að afnema bráðabirgðalagavald ríkisstjórna svo að ég fari nú rétt með, bráðabirgðalagavald forseta, þá væri kannski meira mark á þeirra orðum takandi. Ég hef ekki heyrt í þessum umræðum né heldur umræðunum fyrr þau rök borin fram sem benda til þess að hér hafi verið framdar löglausar athafnir sem líkur eru til að hlutlaus dómstóll muni hnekkja. Allra síst ef þannig fer, sem nú mun stefna í, að meiri hluti Alþingis staðfesti bráðabirgðalögin þá hefur löggjafarvaldið lýst vilja sínum. En það eru margar spurningar sem hafa verið vaktar upp og ég vil nota þetta tækifæri til þess að svara hinum helstu þeirra.

Fyrsta spurningin sem ber að svara er: Bar ekki brýna nauðsyn til bráðabirgðalagasetningar eftir að BHMR-samningurinn hafði verið gerður og átti að koma til framkvæmda og eftir að þjóðarsáttarsamningarnir höfðu verið gerðir? Þá segja menn gjarnan sem svo: Það var sýnt að BHMR-samningurinn var ósamrýmanlegur þjóðarsáttinni. Þess vegna átti ríkisstjórnin að grípa til aðgerða strax og segja samningnum upp eða leggja hann undir dóm Alþingis á tímabilinu einhvern tíma frá febrúar og fram að vori. Spurningin er með öðrum orðum: Hvers vegna var það ekki gert?

Það er ekkert launungarmál að eftir að þjóðarsáttarsamningurinn var gerður, þá voru þær spurningar vaktar í ríkisstjórn Íslands hvort BHMR-samningurinn samrýmdist þjóðarsáttinni og hvort ekki væri nauðsynlegt að segja honum upp. Hér erum við komin að spurningu um túlkun. Svör þeirra sem fyrst og fremst höfðu staðið í gerð samningsins fyrir hönd ríkisvaldsins, þ.e. hæstv. forsrh. og fjmrh., voru þau að að þeirra mati væri ákvæði 1. gr. samningsins þess efnis að hann gæti ekki komið til framkvæmda vegna þess að af því hlytist röskun á launaþróun í landinu. Þetta var túlkun forsvarsmanna ríkisvaldsins studd álitsgerðum þeirra lögfræðinga sem ríkisvaldið þáði ráð hjá sem lögfræðilegra sérfræðinga.

Forsrh. hefur síðan lýst því yfir að ef hann hefði haft ástæðu til að ætla á þeim tíma að þessi túlkun stæðist ekki, en undir þessa 1. gr. höfðu báðir samningsaðilar skrifað að sjálfsögðu, þá hefði hann aldrei gert þennan samning. Nú geta menn sagt að öll samningsgerðin við BHMR hafi verið blekkingariðja. Það hafi aldrei staðið til að efna þennan samning. Hann hafi verið óefnanlegur, eins og menn hafa notað þau rök að kjarasamningur með ákvæði um að samningsaðilinn eigi ævinlega að fá hærra í sinn hlut, allan ávinning annarra kjarasamninga, muni ævinlega leiða til einhverrar röskunar. Að vísu eru þetta hártoganir. Staðreyndin er sú að þarna voru samningsaðilar ríkisins í góðri trú og þeir voru studdir rökum þeirra lögfræðinga sem ríkið hefur í sinni þjónustu. Það er kannski hægt að segja að lögfræðingar í þjónustu ríkisins séu þetta miklu verri lögfræðingar en aðrir. En það er engin ástæða til þess að fara mikinn og segja: Þetta er blekkingariðja frá upphafi. Við erum hér að fjalla um túlkun á kjarasamningi. Ágreiningur varð um þá túlkun. Það var farið að réttum reglum í því. Félagsdómur túlkar ágreiningsefni. Hann er ekki venjulegur dómstóll. Hann túlkar ágreiningsefni um gerða kjarasamninga. Það er svo laukrétt mál að túlkun Félagsdóms varð önnur vegna þess að hann hélt því fram að afleiðingar samningsins hefðu verið fyrirsjáanlegar þegar samningurinn var gerður. Þetta er túlkun. Engu að síður kom það á daginn, fljótlega eftir að Félagsdómur hafði kveðið upp sinn úrskurð, að þá reyndi á forsendur þjóðarsáttarinnar sem var sú að hún var beinlínis gerð á þeirri forsendu að allir sætu við sama borð. Og hún var gerð á þeirri forsendu að vinnuveitendur höfðu skuldbundið sig til þess við forustumenn launþega í þeim samningum að ef aðrir fengju meira en þjóðarsáttin kvað á um, þá skyldi það ganga yfir alla línuna, til 90% launþega sem höfðu samþykkt þjóðarsáttarsamningana. Þannig að þessi forsenda sem Félagsdómur gaf sér, menn geta sagt að hún sé formlega rétt, en hún stóðst ekki efnislega. Svarið við spurningunni um það hvers vegna BHMR-samningurinn var ekki lagður fyrir Alþingi meðan það starfaði er raunar einfalt. Það var ekki eðlilegt að þeir sem höfðu þessa túlkun byggða á 1. gr. samningsins sæju ástæðu til þess að leggja hana fyrir þing á þeim tíma.

Í annan stað hafa menn haldið því fram að með setningu bráðabirgðalaganna hafi ríkisstjórnin gert sig seka

um það ódæði að setja lög á dómsniðurstöðu, að setja lög á dóm. Þetta stenst alls ekki. Bráðabirgðalögin voru ekki lög á dóm. Bráðabirgðalögin námu ekki úr gildi niðurstöðu Félagsdóms, sem var framkvæmd, þessi 4,5% kauphækkun sem um var að ræða upp í samningana var greidd. Síðan var samningunum sagt upp en bráðabirgðalögin námu hluta samningsins úr gildi með lögum og námu þannig úr gildi réttarheimildir samningsins. En því verður ekki haldið fram með réttum rökum að bráðabirgðalögin séu lög á dóm. Því er síðan við að bæta að dómsniðurstaða bindur ekki hendur löggjafarvaldsins. Það hefur enginn lögfræðingur haldið því fram og getur enginn lögfræðingur haldið því fram. Það er aðskilnaður löggjafarvalds og dómsvalds og framkvæmdarvalds. Og það er meira að segja margvísleg skipting valda í þessu þjóðfélagi, kannski, eins og einhver lögfræðingur var nýlega að benda á, flóknari en þetta. Valdinu er skipt milli ríkisvalds og sveitarfélaga, milli dómsvalds og framkvæmdarvalds en stundum eru óskýr mörk þarna á milli. En það er alveg á hreinu að dómsniðurstaða bindur ekki hendur löggjafans. Það er líka alveg á hreinu að bráðabirgðalöggjafinn hefur sama vald og löggjafinn. Því verður ekki hnekkt fyrr en Alþingi sjálft hefur breytt þeirri niðurstöðu. Löggjafinn hefur þetta óumdeilanlega vald og það er ekki rengt. Hitt er svo allt annað mál hvort menn eru þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt í framtíðinni að nema úr gildi rétt til setningar bráðabirgðalaga, en það hefur ekki verið gert. Ýmsir flokkar hafa flutt um það tillögur en þær hafa ekki náð meirihlutafylgi á Alþingi og ekki í stjórnarskrárnefnd þar sem þær hafa verið fluttar. Og þær hafa ekki verið fluttar af sjálfstæðismönnum.

Því hefur verið haldið fram líka, það er eitt álitamálið, að ríkisstjórnin hafði ákveðið einhliða, án undangenginna samningaumleitana, að ógilda BHMR-samninginn eða hindra framkvæmd hans. Þetta er heldur ekki rétt vegna þess að júlímánuður fór að mjög verulegu leyti í samningaumleitanir við forsvarsmenn BHMR. Um hvað snerust þær? Þær snerust um það að fá BHMR til þess að gera þær breytingar með samningum að samningar þeirra rúmuðust innan þjóðarsáttar. Þær snerust um það að fá þá til þess að fresta framkvæmd sumra þátta samningsins. Og þær byggðust á þeim röksemdum, sem enginn fær hnekkt, að ef þessi víxlhækkanaverðbólga hefði farið af stað hefðu meðlimir BHMR, eins og allir aðrir launþegar í landinu, verið miklum mun verr settir eftir en áður, út frá beinu hagsmunagæslusjónarmiði þeirra sjálfra. Þessar samningaumleitanir báru ekki árangur. Forsrh. rakti það í ræðu sinni hér áðan að þeim hefði verið haldið áfram fram á seinustu stund þangað til komið var að því að Vinnuveitendasambandið ætlaði að fara að framkvæma útborgun á þeim 4,5% sem þeir sögðust vera skuldbundnir að láta ganga yfir alla línuna. Þá, þegar í nauðir rak, en fyrr ekki, greip ríkisstjórnin til bráðabirgðalagavaldsins og þá var ekki tími til þess að kalla Alþingi saman eins og skýrt kom fram í ræðu forsrh.

Af ræðum þeirra sjálfstæðismanna mætti ætla að þetta væri allt saman einsdæmi, aldrei nokkurn tíma gerst annað eins. Því er haldið fram að þessi bráðabirgðalög hafi verið sértæk og þau hafi ekki haft almennt gildi og séu þess vegna brot á stjórnarskránni. Þetta er heldur ekki rétt. Bráðabirgðalögin tóku til allra gildandi kjarasamninga. Eftir að fyrir lá skjalbundið að Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið, sem höfðu gert samninga fyrir 90% launþega, ætluðu að hrinda víxlhækkuninni af stað með því að greiða 4,5%, þá er það alveg ljóst að þessi bráðabirgðalög stöðvuðu víxlhækkanaverðbólgu og, ef menn vilja, framkvæmd kjarasamninga sem náðu því sem næst til 100% launþega í landinu. Þau höfðu almennt gildi, þau tóku ekki á sérstökum hópi. Þau náðu til því sem næst allra launþega í landinu. Þau eru ekki einsdæmi og þau styðjast við ótal fordæmi. Sá flokkur sem talar hér af hvað mestri vandlætingu um þetta, Sjálfstfl., hefur sjálfur staðið ótal, ótal, ótal mörgum sinnum að bráðabirgðalögum sem hafa slíka almenna skírskotun.

Því er haldið fram að bráðabirgðalagavaldinu hafi ekki mátt beita eftir að Félagsdómur hafði kveðið upp sína túlkun og skorið úr um ágreining á túlkun einstakra greina BHMR-samningsins. Ég spyr hina löglærðu í Sjálfstfl.: Hversu mörg dæmi eru um það að löggjafarvaldið hafi breytt lögum í framhaldi af dómsniðurstöðu af mörgum ástæðum? Vegna þess að dómurinn leiddi í ljós einhverjar veilur í löggjöfinni, vegna þess að dómurinn byggðist á túlkun sem var önnur en raunverulegur vilji löggjafans hafði verið. Fyrir þessu eru ótal, ótal mörg dæmi og hefur þó enginn haldið því fram að breytingar á slíkri löggjöf hafi verið löggjöf á dómsniðurstöðu.

Því er haldið fram að ekki hafi borið brýna nauðsyn til að setja þessi bráðabirgðalög, það leiki vafi á um það. Svarið við því er alveg afdráttarlaust að mínu mati nei. Það er enginn vafi á þeirri brýnu nauðsyn. Eftir að Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið höfðu skjalfest að þau teldu sig til knúin, vegna forsendna þjóðarsáttarinnar, að láta þetta ganga til allra launþega og vitað var að í næstu lotu gæti BHMR samkvæmt gildandi samningi sótt hið sama, þá var auðvitað búið að aftengja tímasprengju, þá var auðvitað búið að setja af stað víxlhækkanaverðbólguskriðu, víxlhækkanir launa og verðlags sem engan enda sá fyrir og hefði kollvarpað stöðugleika í þjóðfélaginu og farið verst með kjör þeirra sem þarna áttu mestan hlut að máli, launþegana í landinu sem öll reynslan tekur af öll tvímæli um. Þegar ég segi „búið að aftengja tímasprengju", þá geta menn sagt: Já en sú tímasprengja var í BHMR-samningnum. Svarið við því er að það var ekki mat þeirra sem samninginn gerðu. Það var hins vegar gert með úrskurði Félagsdóms að staðfesta að svo væri og við því varð að bregðast. Ég sagði á sínum tíma í ljósi þessarar þróunar að BHMR-samningurinn hefði að þessu leyti verið mistök. Ég er þeirrar skoðunar enn. En verða menn minni menn af því að bæta fyrir mistök sín? Ég spyr: Hvað hefðu sjálfstæðismenn sagt ef ríkisstjórnin hefði horft upp á þessa hluti gerast og ekkert hafst að af því að hún þorði ekki að bæta fyrir mistök sín?

Það er staðreynd að þjóðarsáttarsamningarnir, sem

eru merkilegt framlag til þess að keyra hér niður verðbólgu, koma á stöðugleika, leggja grundvöll að betri framtíð í íslenskri hagstjórn og efnahagsmálum, tryggja atvinnuöryggi, þessir merkilegu samningar hefðu aldrei verið gerðir ef ekki hefði staðist sú meginforsenda að allir skyldu sitja við sama borð. Og það er heldur ekkert launungarmál að að þeim samningum komu margir aðilar, ekki einungis launþegasamtökin, 90% launþega í landinu, vinnuveitendasamtökin, ríkisstjórnin, bankarnir, samtök bænda og allir voru sammála um þessar forsendur. Það hefur verið samstaða um það í þessari ríkisstjórn að segja: Við berum ábyrgð, hún hvílir á okkar herðum, og okkur ber siðferðileg skylda til þess að gera allt sem gera þarf innan löglegra marka til að tryggja að forsendur þjóðarsáttarinnar haldist. Við erum ekki minni menn fyrir og biðjumst ekki afsökunar á því.

Lögfræðingagengi Sjálfstfl. hefur farið á flot með nokkrar lagakenningar sem eiga að renna stoðum undir þá fullyrðingu að bráðabirgðalögin hafi brotið í bága við stjórnarskrána. Rifjum nú upp barnalærdóm lögfræðinganna. Hvaða skilyrði þurfa bráðabirgðalög að uppfylla til þess að þau standist stjórnarskrá? Að brýna nauðsyn beri til setningar laganna. Hver metur það? Það metur löggjafinn að sjálfsögðu, vegna þess að það kann að vera pólitískt álitamál. Í annan stað að Alþingi sitji ekki og sýna megi fram á það að tímans vegna eða annarra aðstæðna sé ekki unnt með eðlilegum fyrirvara að kalla Alþingi saman. Ég hef þegar svarað því að það var ekki hægt við þessar aðstæður. Og í þriðja lagi að bráðabirgðalögin brjóti ekki í bága við stjórnarskrá að öðru leyti og verði staðfest á næsta Alþingi.

Þeir hafa haldið því fram í lögfræðigenginu að bráðabirgðalögin brjóti í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu valds, þessa frægu þrískiptingu: löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Ég hef þegar sagt: Félagsdómur er ekki venjulegur dómstóll. Hann er úrskurðaraðili sem kveður upp úrskurð um ágreiningsmál um túlkun kjarasamninga. Þótt hér væri um að ræða dómstól í venjulegri merkingu þess orðs, þá bindur niðurstaða dómstóls ekki hendur löggjafans. Bráðabirgðalögin voru ekki lög á dóm. Þau breyttu réttarheimild sem er forsenda fyrir túlkun Félagsdóms. Úrskurður Félagsdóms er ekki óumbreytanlegur. Dómsvaldið getur ekki svipt löggjafarvaldið sínu valdi samkvæmt verkaskiptingunni vegna þess að löggjafinn, hvort heldur er Alþingi eða bráðabirgðalöggjafinn, hefur óumdeilanlega þetta vald. Og að halda því fram að hér hafi verið brotið í bága við þrískiptingu valdsins er öfugmæli.

Í annan stað segja þeir: Þetta er brot á 22. gr. stjórnarskrárinnar vegna þess að það bar ekki brýna nauðsyn til. Ég er margbúinn að svara því í raun og veru. En aðalatriðið er þó þetta að löggjafinn metur það sjálfstætt. Dómstólar hafa hingað til ekki lagt mat á það vegna þess að þeir hafa ekki lagt það í vana sinn réttilega að kveða upp sem dómarar úrskurði um pólitísk álitaefni. Það er ekki dómstóla að kveða upp úr um ágæti þjóðarsáttarsamninga eða taka afstöðu til þess hvor hafi rétt fyrir sér, ég sem segi: Þeir eru einhverjir merkustu, þýðingarmestu kjarasamningar sem gerðir hafa verið á undanförnum árum, eða sjálfstæðismenn sem tala um svikasátt. Þetta er ekki verkefni dómstóla. Dómstólar fjalla að sjálfsögðu um spurninguna: Er þetta samrýmanlegt lögum, stjórnarskrá og réttri stjórnskipun? En það er annars vegar mat á reglum sem eiga að gilda og hins vegar pólitískum veruleika. Hið síðarnefnda er ekki á verksviði dómstóla. Það er síðan hafið yfir allan vafa hverjar afleiðingarnar hefðu orðið ef BHMR-samningarnir hefðu verið framkvæmdir slíkir sem þeir voru samkvæmt túlkun og úrskurði Félagsdóms. Það hefði leitt til keðjuverkandi kauphækkana, verðhækkana og gengisfellingar. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að mat Þjóðhagsstofnunar á því sé í varfærnara lagi vegna þess að ég vefengi að gengið hefði staðist þá áraun. Ég efa það og tel raunverulega meiri líkur fyrir því að það hefði orðið að láta meira undan síga og verðbólgan hefði orðið enn meiri.

Ég hefði ekki viljað standa í sporum þeirra manna sem ætluðu að bera ábyrgð á því að svo færi. Það dugar mér ekki sem rök að segja: Engin ríkisstjórn hefði látið slíkt gerast — vegna þess að það hefði engin ríkisstjórn verið í landinu. Ef þessi bráðabirgðalög hefðu verið felld hefði ríkisstjórnin að sjálfsögðu sagt af sér. Það hefði áreiðanlega tekið langan tíma að mynda nýja ríkisstjórn. Ég leyfi mér að láta í ljós efasemdir um það að Sjálfstfl. hefði getað myndað starfhæfan þingmeirihluta og ég geri ráð fyrir því að friðurinn hefði verið rofinn og hér hefði allt verið logandi í verkföllum og pólitískt upplausnarástand. Og hverjir hefðu orðið fórnarlömb þess? Það eru þeir launþegar sem áttu stærstan hlut að máli og þá hefðu komið fyrir lítið allar yfirlýsingarnar um réttlætið og siðferðið og dyggðirnar sem sjálfstæðismenn eru að hreykja sér hér af. Enda var þetta auðvitað svo. Þetta átti ekkert skylt við eitthvert siðferðilegt mat. Þetta var bara pólitískt trikk sem átti að leika af því að þeir héldu að það mundi henta sér, en það fór nú svo að þetta reyndist vera búmerang.

Þá hafa þeir haldið því fram í lögfræðingagenginu að bráðabirgðalögin séu brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttar og stutt það þeim frekari rökum að hér hafi þau aðeins tekið til afmarkaðra hópa, svipt þá eignarrétti á launum, sem átti eftir að vinna fyrir, án bóta. Því er til að svara í fyrsta lagi að hér var ekki um að ræða afmarkaðan hóp. Hér var um að ræða bráðabirgðalög sem tóku til allra launþega, því sem næst. Í annan stað stofnast ekki með réttum rökum til krafna vegna vinnuframlags til launa fyrr en vinnuframlagið hefur verið innt af hendi. Þannig geta laun fyrir ógunna vinnu ekki flokkast undir eign í skilningi 67. gr. stjórnarskrár. Það segir sig sjálft. Það getur margt gerst í lífinu sem veldur því að launþeginn geti ekki innt þetta vinnuframlag af hendi og þannig skapað forsendur fyrir inneigninni. Ég tók eftir því að á umræðufundi með laganemum og kennurum í lagadeild vefengdu menn ekki þennan grundvallarþátt.

Þessi bráðabirgðalög tóku ekki til þröngs hóps held-

ur almennt til launþega. Ef spurt væri hvort þetta hafi valdið launþegum tjóni, þá er svarið nei vegna þess að ef þetta hefði ekki verið gert hefðu launþegar orðið fyrir stórfelldu fjárhagslegu tjóni af óðaverðbólgu. Þetta var að sjálfsögðu tímabundin aðgerð en ekki varanleg. Og ef spurt er um jafnræðisreglu, sem þarna þarf að hafa til hliðsjónar, þá er því til að svara að að svo miklu leyti sem bráðabirgðalögin tóku til allra, þá var um jafnræðisreglu að ræða. Menn hafa nefnt eitt dæmi, þ.e. um aukinn hlut sjómanna í hlutaskiptakjörum vegna aukins afla. Það mundi ekki standast sem sambærilegt dæmi þannig að það er enginn vafi á því að tilraunin til þess að segja þetta brot á eignarréttarákvæði 67. gr. mun ekki standast.

Þá segja þeir að lokum að þetta sé brot á 73. gr. stjórnarskrárinnar vegna þess að með bráðabirgðalögunum hafi verið rofið ákvæði um félagafrelsi, um rétt manna að tengjast böndum í félögum, stéttarfélögum sem öðrum. Þetta er ekki einu sinni svaravert. Bráðabirgðalögin koma þessu máli ekkert við og þessi grein stjórnarskrárinnar kemur þessu máli ekkert við. Eða ætla menn virkilega að halda því fram að bráðabirgðalög sem gefin hafa verið út í fortíðinni og ég hef ekki tölu á, svo mörg eru þau, hafi rofið grundvallaratriði stjórnarskrár varðandi félagafrelsi? Að sjálfsögðu ekki. Og hugrenningar manna um það að það veiki trú manna á gildi stéttarfélaga — halda menn að það mundi standast fyrir dómi? Nei, það hefur enginn trú á því.

Ég held að ég hafi hér farið yfir þær röksemdir sem hafa verið settar fram af lögfræðingagenginu um það hver þeirra málsrök yrðu fyrir dómi um það að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrána. Ég hef að sjálfsögðu rætt þetta við fjöldann allan af lögfræðingum og ég hef engan lögfræðing hitt eða ekki getað rökrætt við neinn lögfræðing sem hefur trú á þessum röksemdum. Að vísu eru þeir menn til í innsta hring Sjálfstfl. sem eru lögfræðingar, eins og forustumennirnir í þingflokknum, sem eru að reyna eftir á að réttlæta sitt pólitíska axarskaft með þessum sýndarrökum. Þegar bráðabirgðalögin hafa verið staðfest af löggjafarvaldinu mun ég láta segja mér það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að rök af þessu tagi dugi til þess að dómstóll hnekki slíkum bráðabirgðalögum.

Það er rétt að nefna það hér að af hálfu virðulegs prófessors í Háskóla Íslands hefur verið vakin upp athyglisverð spurning sem varðar æðsta embætti þjóðarinnar, forsetaembættið. Ef ég skildi rök Sigurðar Líndals prófessors rétt, þá taldi hann að meðan Alþingi sæti ekki og forseti lýðveldisins er handhafi löggjafarvalds beri honum sérstök skylda í íslenskri stjórnskipun til þess að veita aðhald framkvæmdarvaldshöfum til þess að gæta grundvallarreglna stjórnarskrár. Í því fælist að forsetinn hefði rétt til þess að synja um útgáfu bráðabirgðalaga eða rengja forsendur, t.d. með því að setja þá kröfu fram að Alþingi verði kvatt saman. Aðrir lögfræðingar sem ég hef borið þessa skoðun undir segja að þetta geti naumast staðist af þeirri einföldu ástæðu að vald forseta Íslands er í íslensku stjórnarskránni skilgreint með þeim hætti að forseti Íslands er án ábyrgðar á stjórnarathöfnum og framselur vald sitt í hendur ráðherrum. Þetta er álitamál sem ég ætla ekki að úrskurða um. En ef til þess kæmi t.d. að bornar væru brigður á brýna nauðsyn bráðabirgðalaga þá mundi ríkisstjórn væntanlega bregðast við með þeim hætti að kalla þing saman. Í þessu sérstaka tilviki hefði hins vegar skaðinn verið skeður, og vísa ég þá til þess sem forsrh. sagði, þannig að það hefði verið erfiðara viðfangs a.m.k. ef þeir dagar hefðu liðið sem hefði þurft til þess að kveðja Alþingi saman.

Það leikur ekki nokkur minnsti vafi á um það hverjar afleiðingarnar hefðu orðið ef þessi víxlhækkanaskriða hefði farið af stað. Um það þarf ekki út af fyrir sig neinar álitsgerðir, hvorki frá Seðlabanka eða Þjóðhagsstofnun. Það vita allir menn og þeir best, forustumenn atvinnulífsins á Íslandi, bæði úr röðum launþega og atvinnurekenda, samanber þau ummæli sem þeir menn hafa valið forustumönnum Sjálfstfl. fyrir að hafa ætlað að sýna af sér þetta botnlausa ábyrgðarleysi. Ríkisvaldið hefði vissulega brugðist og ef ég hefði verið í stjórnarandstöðu, þá hefði ég borið fram vantraust á ríkisstjórn sem hefði látið slíka atburði gerast án þess að grípa til þess valds sem hún hafði, þ.e. bráðabirgðalagavaldsins.

Athyglisvert er það að hv. þm. Sjálfstfl. segja: Afleiðingarnar hefðu ekki orðið svona vegna þess að að lokum hefði verið mynduð einhver ný ríkisstjórn og hún hefði auðvitað gripið til einhverra aðgerða. Hvaða aðgerða hefði hún gripið til hér í logandi verkföllum og hatrömmum, illvígum kjaradeilum þegar hún hefði tekið við? Þeir svara því náttúrlega sjálfir. En ef þeir meina það sem þeir segja um ábyrgðarkennd sína og siðgæði og siðferði og siðferðilega ábyrgð á málum þá hefðu þeir auðvitað beitt lagavaldinu ef þeir hefðu getað það. Efasemdir mínar eru um það að þeir hefðu ekki haft meiri hluta á bak við sig.

Ein er sú röksemd sem lögfræðingagengið í Sjálfstfl. hefur beitt sem er vitlausust af þeim öllum og hún er þessi: Það sem stefndi þjóðarsáttinni í voða var yfirlýsing Vinnuveitendasambandsforustunnar um að þeir teldu sig skuldbundna til þess að greiða öllum sínum samningsaðilum, 90% launþega, þessi 4,5%. Þess vegna hefði ríkisstjórnin, til að verja þjóðarsáttina fyrir þjóðarsáttarmönnum, átt að setja lög á 90% af launþegum, setja lög á þjóðarsáttina. Þetta er rökvísi sem heitir að fara eins og köttur í kringum heitan graut og þetta er það vitlausasta sem ég hef heyrt af því öllu. En þetta mun sá sem kenninguna setur fram telja vera af því tagi að það sanni endanlega rökvísi sína og snilli. Þjóðarsáttarsamningarnir hefðu aldrei verið samþykktir eins og öllum er kunnugt ef ekki hefði verið um það samið fyrir fram að allir sætu við sama borð. Síðan kemur lögfræðingurinn og segir: Nei, við hefðum átt að setja lög á þá, við hefðum átt að setja lög á þjóðina. Sá lögfræðingur sem þessu heldur fram er auðvitað að segja: Ríkisstjórnin hefði átt að rjúfa öll grið og allan frið á vinnumarkaðinum sem auðvitað hefði af þessu hlotist til að bjarga þjóðarsáttinni. Önnur eins öfugmæli hef ég ekki heyrt og ég mun láta segja mér það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar ef

einhver virðulegur dómstóll sem er að fjalla um stjórnskipan Íslands mun taka mark á svona blaðri.

Efnislega er kjarni málsins auðvitað þessi: Hefðu meðlimir BHMR eða launþegar almennt á Íslandi verið betur settir ef þessi bráðabirgðalög hefðu ekki verið sett og þessi víxlhækkanaskriða hefði farið af stað? Svarið er mjög einfalt. Þeir vita það sjálfir og það vita það allir og þeir vita það, sjálfstæðismenn að að hefðu allir verið verr settir eftir en áður. Þess vegna bar brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög til þess að forða raunverulegum þjóðarvoða. Þann skaða hefði enginn bætt þeim í hærri verðbólgu, í hærri vöxtum, í hærri greiðslubyrði skulda, í lakari lífskjörum, í ótraustara atvinnuöryggi. Því miður hefði enginn getað bætt þeim það.

Hv. þm. Friðrik Sophusson bar fram þá spurningu, og bað sérstaklega um að við ráðherrar Alþfl. svöruðum henni líka, hvort við teldum það samrýmast þingræðisreglunni að rjúfa þing og setja með bráðabirgðalögum launa- og verðlagsstöðvun í þrjá mánuði eins og áform voru uppi um. Svarið við því er mjög einfalt. Ég hefði ekki einasta talið það samrýmast þingræðisreglu, ég hefði líka talið það samræmast lýðræðisreglu. Nefnilega að ef ríkisstjórn stendur frammi fyrir því að einhver hópur, hvort heldur hann er utan þings, ég tala nú ekki um ef hann myndast á þingi, um það að hnekkja bráðabirgðalögum og hleypa af stað þessu ástandi, þá tel ég skyldu ríkisstjórnar að bregðast við. Það er misskilningur hjá hv. þm. að áform ríkisstjórnarinnar hafi verið þau að setja á sömu bráðabirgðalögin. Alls ekki. Hæstv. forsrh. hefur þegar leiðrétt þetta. Áformin voru þau að setja á nánast frystingu launa og verðlags í óbreyttu ástandi þrjá mánuði eða þann tíma sem það tæki að skjóta hinu stóra deilumáli um þjóðarsátt eða þjóðarsundrungu undir þjóðardóm samkvæmt lýðræðisreglu. Þau bráðabirgðalög hefðu að sjálfsögðu verið almenn. Það hefði að sjálfsögðu borið brýna nauðsyn til og hefði staðist alla þá mælikvarða sem íslensk stjórnskipun gerir til þess. Þau hefðu verið nauðsynleg.

Ég ætla nú að leiða hjá mér málfundaæfingar hv. stjórnarandstæðinga þegar þeir síðan fara frá lögfræðinni sinni og byrja á hefðbundnum stjórnarandstöðuræðum um það að ríkisstjórnin hafi sjálf grafið undan þjóðarsáttinni með stefnu sinni í efnahags- og peningamálum. Ég læt það nánast liggja milli hluta í þessari umræðu. Þetta er það deilumál sem eðlilegt er að við deilum um frá degi til dags og við gerum það í stjórn og stjórnarandstöðu. En það mun enginn sannfærast á þessu kvöldi, það mun hvorugur sannfæra annan um það hvor hafi rétt fyrir sér í því efni. Rökin sem þeir hafa notað eru þau að það er halli á ríkisbúskapnum. Og ef sá hallarekstur heldur áfram ýtir hann undir verðbólgutilhneigingar, það er rétt. Á hitt er að líta að þessi halli í ríkisbúskapnum er hlutfallslega minni nú en hann var, talsvert minni. Honum hefur verið haldið í um það bil 1% af þjóðarframleiðslu en var fyrir þremur árum um 2,4%. Ef við berum saman við grannlönd okkar er það minni halli en víðast hvar annars staðar. Það hefur með öðrum orðum mjakast í rétta átt. Því er síðan við að bæta að það skiptir sköpum til þess að draga úr þensluáhrifum að þessi halli er nú að langmestu leyti fjármagnaður innan lands. Það er líka breyting til bóta.

Ég ætla ekki að draga úr því að eitt af stærstu vandamálum næsta kjörtímabils verður að takast á við innbyggða þenslu og útgjaldaauka í ríkisbúskapnum. Það má segja að á þessu kjörtímabili hafi talsvert áunnist. En fram undan eru stór verk að stokka upp nokkur gjaldþrota kerfi, sjóðakerfi í ríkisbúskapnum. Því miður er það svo að um það verður að kjósa og um það verður að mynda nýjan þingmeirihluta því það er ekki samstaða á Alþingi Íslendinga um að gera það og um það liggja fyrir staðreyndirnar um afgreiðslu og afstöðu þingflokka. Ég er að tala um aðgerðir til þess að bjarga fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, bjarga Lánasjóði ísl. námsmanna sem er enn eitt gjaldþrota apparatið, sjúkratryggingum ríkisins, landbúnaðarstefnunni eins og hún leggur sig og þannig mætti lengi telja. Menn munu ekki grafast fyrir rætur þessa vanda fyrr en samstaða er um það að spretta upp þessum kerfum og breyta forgangsröð ríkisútgjalda. Það er nauðsynlegt fyrst og fremst af einni ástæðu. Þau okkar sem hafa þá pólitísku sannfæringu að við viljum festa í sessi og tryggja burðarstoðir velferðarkerfisins á Íslandi, við sem það viljum verðum að taka á þessu vandamáli. En það verður langtíma vandamál, það verður eitt af erfiðustu pólitísku úrlausnarefnunum ásamt breytingu á grundvallarþáttum í landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu sem bíður næsta kjörtímabils.

Þeir segja í annan stað að áformaðar skattahækkunartillögur ríkisstjórnarinnar grafi undan þjóðarsáttinni, ýti undir verðbólgu. Hverjar eru staðreyndirnar um það? Staðreyndirnar um það eins og þær blasa við nú í fjárlagaafgreiðslunni eru þessar: Það hafa verið gerðar breytingar á tekjuöflunarlögum ríkissjóðs sem leiða til minni tekna að óbreyttu en ella hefði orðið. Ég er hér að vísa í breytingar á virðisaukaskattinum þar sem menn hafa verið að bora götin sín, undanþágu fyrir bækur og endurgreiðslan á vinnuþættinum varðandi viðhald húsnæðis, sem mun valda ríkissjóði verulegu tekjutapi. Okkur greinir á um tölurnar reyndar nokkuð. Og sú skuldbinding okkar að lækka jöfnunargjald og afnema það mun valda ríkissjóði nokkru tekjutapi. Þessu tekjutapi þarf að mæta og tillögur þurfa að verða um tekjuöflun í staðinn. Engu að síður eru forsendur þessarar fjárlagagerðar óbreytt tekjuöflun sem hlutfall af landsframleiðslu, rúmlega 27%. Tekjuöflunin er tilfærsla innan tekjuöflunargeirans en ekki nettóaukning skattbyrði.

Að því er varðar gagnrýni á aukið peningamagn í umferð þá er það réttmæt gagnrýni. Hún beinist að peningamálastjórninni fyrst og fremst og stjórn Seðlabankans að því er það varðar. Ég held að þessi gagnrýni sé réttmæt. Hún er röksemd fyrir því að það þurfi að lagfæra þá veilu í hagstjórninni sem þetta lýsir. Til þess eru ýmsar leiðir. Ein væri sú að gera Seðlabankann að sjálfstæðari stofnun en nú er. Þá þyrfti að setja honum frá grunni nýja löggjöf og nýja stefnu og láta

hann starfa með talsvert öðrum hætti en hann gerir nú. Alla vega er reynslan sú að það hefði verið slaklega stjórnað á þessu sviði og það er auðvitað fyrst og fremst á ábyrgð Seðlabankans, enda er ástæða til að taka undir með stjórnarandstæðingum þegar þeir eru að spyrja: Hefur Seðlabankinn skilað, eins og honum er skylt að gera, tillögum í núverandi kerfi til stjórnvalda um það hvernig hann hyggist ná fastari tökum á stjórn peningamála, t.d. að því er varðar peningamagn og fleira? Ég hef ekki séð þær tillögur. (**Gripið fram í:** En tillögur ríkisstjórnarinnar?) Þær eru margvíslegar. (**Gripið fram í:** Hefur Seðlabankinn séð þær?) Ég er ekki í nokkrum vafa um það að þetta hefur verið á vettvangi umræðu milli bæði viðskrh. og fjmrh. í umræðum þeirra við Seðlabanka. Það segir sig sjálft. Það er á verksviði þessara ráðherra þó ég kunni ekki að greina frá því í einstökum atriðum.

Virðulegi forseti. Þessi ræða um það að ríkisstjórnin sé að grafa undan þjóðarsáttinni er ekki mjög sannfærandi. Hún er ekki fremur sannfærandi en þegar t.d. formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., greip til þess hér á eldhúsdegi og hefur gert það í blaðagreinum sínum að halda því fram að hagstjórn á Íslandi hafi verið að færast í átt til austur-evrópskra hagstjórnaraðferða í vaxandi mæli. Mér finnst að þeir menn sem stundum tala um nauðsyn þess að lyfta íslenskri þjóðmálaumræðu á eitthvert hærra plan og að hún megi gjarnan vera málefnalegri eigi ekki að vera með slíka sleggjudóma. Og í þessu efni ætla ég láta mér nægja að gera aðeins einn hlut.

Ég sagði áðan: Við munum ekki sannfæra hvor annan á þessu kvöldi úr þessum ræðustól. Stundum er það nú svo að Íslendingar, stjórnmálamenn þar með taldir, taka meira mark á umsögnum hlutlausra erlendra aðila um hagstjórn. Það eru nokkrir erlendir aðilar sem hafa það verkefni að fjalla um hagstjórnaraðferðir og árangur Íslendinga og skila um það álitsgerðum, kveða upp eins konar úrskurði. Það gerir OECD, það gerir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Nýjasta greinargerð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 21. nóv. á þessu ári um breytingarnar á hagstjórn og árangur í efnahagsmálum í tíð þessarar ríkisstjórnar rúmast ágætlega í fyrstu málsgreininni í þeirri umsögn. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Grundvallarþættir íslensks efnahagslífs hafa tekið stórstígum framförum á síðustu árum. Stjórnun ríkisfjármála og peningamála hefur batnað til muna. Verðbólga hefur verið lækkuð í þriðjung þess sem hún var fyrir 1–2 árum og hagkerfið kemur út úr samdráttarskeiði betur í stakk búið til þess að mæta tímum hagvaxtar."

Skjalið er ítarlegt. Það er afar jákvætt og óvenjulegt sem heimildarskjal um þann árangur sem náðst hefur í hagstjórn á Íslandi á undanförnum árum við erfið ytri skilyrði. Og það þarf ekki að setja á langar ræður til þess að Íslendingar átti sig á því að þetta er rétt. Þar hafa margir aðilar lagst á eitt. Ríkisstjórnin getur ekki þakkað sér einni allan þann árangur. En hún má eiga það að frá hausti 1988 brást hún rétt við erfiðleikaskeiðinu fyrst og fremst með því að fara ekki út í gengiskollsteypu, sem hefði rofið frið og grið á vinnumarkaðinum og endað hér í 100% verðbólgu, heldur að byrja að vinna sér ráðrúm með verðstöðvun um tíma og síðan að setja sér það mark að leiðrétta raungengi krónunnar í áföngum. Því verki hafði hún lokið um það bil sem komið var að kjarasamningum. Þar með hafði hún skapað forsendur fyrir því að hægt var að fara inn á nýjar brautir í kjarasamningum. Hún skapaði þannig forsendur fyrir þjóðarsáttarsamningunum. Þess vegna hefur tekist svo gott samstarf milli forustumanna þessarar ríkisstjórnar, forustumanna launþegasamtakanna á Íslandi og forustumanna atvinnulífsins á Íslandi um það að byggja á þessum árangri. Þarna var skapað tækifæri til þess að gera kjarasamninga sem áttu ekki að gefa mönnum svikna mynt, 20% kauphækkun, heldur með hóflegum kauphækkunum að keyra niður verðbólgu, að keyra niður vexti og að skapa stöðugleika í verðlagi og bæta þannig lífskjörin, skapa þannig grundvöll til þess að byggja á nýtt hagvaxtarskeið og nýtt framfaraskeið í íslenskum efnahagsmálum. Um þetta tókst samstaða. Það er þetta allt saman sem var í húfi ef þessi bráðabirgðalög hefðu ekki verið sett. Ég verð að játa það að ég trúði því ekki fyrir fram að forustumenn Sjálfstfl., sem skilja þetta mætavel af sinni reynslu og ætla sér kannski stóran hlut að taka hér við landsstjórn, annaðhvort einir eða með einhverjum öðrum á seinni hluta þessa áratugar, ég trúði því ekki fyrir fram að þeir væru svo ábyrgðarlausir að þeir vildu, í von um einhvern pólitískan skyndiávinning, verða til þess að rjúfa þessa þjóðarsamstöðu og efna hér til verkfalla, upplausnarástands í pólitík og efnahagsmálum, allt í nafni einhvers pólitísks ávinnings flokksins, skammtímaávinnings sem síðan enginn varð. Ég skil það vel að mennirnir þurfi að setja á langar ræður um siðferði og helst bæði rökfræði og siðferði. En helst hefðu þeir þurft að vanda lagatextana svolítið betur.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið fluttar margar og sér í lagi langar ræður. Það er vissulega tilbreytni í því að hæstv. ráðherrar skuli taka þátt í umræðum eins og þeir hafa gert í kvöld en óneitanlega hefði verið meiri tilbreytni í því að efni þeirra ræðna hefði verið öðruvísi en þær sem þeir hafa flutt löngum eða allt frá því í sumar um það efni sem hér er á dagskrá.

Hæstv. utanrrh. sem hér talaði síðastur, og talar reyndar enn, vék máli sínu mest til svokallaðs lögfræðingagengis í Sjálfstfl. en var með því að tína upp m.a. röksemdir BHMR sem þeir hafa beitt í dómsmáli því sem þeir eiga í gagnvart ríkisvaldinu sem hefur svikið af þeim kjarasamninga.

Hæstv. ráðherra velti fyrir sér hugsanlegri dómsniðurstöðu í bæjarþingsmálinu og komst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa reifað málið bæði fyrir sjálfum sér og öðrum, að ekkert af því sem sagt hefur verið af hálfu BHMR né þeirra lögfræðinga sem skrifað hafa um þetta mál verði tekið gilt fyrir bæjarþinginu. Í raun og veru sagði hæstv. ráðherra að hann vissi þetta allt

miklu betur. Hann hefði reyndar talað við sína lögfræðinga, fjölda lögfræðinga. Mér er kunnugt um það að hæstv. ráðherra var á fundi með laganemum í gær og ég er viss um að hann er betri maður eftir það.

En nú langar mig til þess, fyrst hæstv. ráðherra kaus að klóra í bakkann með sínum lögfræðirökum, að benda honum á að einmitt þegar hann fór að ræða um þetta mál sem hér er á dagskrá, þá viðurkenndi hann að hann hefði ásamt öðrum hæstv. ráðherrum velt því fyrir sér allt frá 1. febr. hvort BHMR-samningarnir samrýmdust þjóðarsáttinni. Og hans niðurstaða var eftirfarandi og ég skal fara stuttlega með hana.

Hann hafði samband við sína sérfræðinga. Það voru eins og hann sagði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. sem aftur höfðu samband við lögfræðinga. Auðvitað er hæstv. utanrrh. að skjóta sér undan því að taka ábyrgð á öllu saman. Ekki benda á mig, segir í vísunni. Ekki benda á mig, segir hæstv. utanrrh., þetta var ekki mér að kenna. Og hann hengir nú bjölluna á tvo ketti í hæstv. ríkisstjórn, annars vegar forsrh. og hins vegar fjmrh. Hæstv. forsrh. hefur reyndar áður sagt að hann hafi trúað hæstv. fjmrh. í blindni. Síðan er afskaplega erfitt að fá það gefið upp hverjir þessir lögfræðilegu ráðunautar voru. Ég er að rifja þetta upp fyrir hæstv. utanrrh. vegna þess að þá trúði hann sínum ráðgjöfum. Hann trúði þeim sem höfðu talað við lögfræðinga en honum skjátlaðist.

Nú ætla ég ekki að halda því fram að hæstv. utanrrh. viti ekki allt betur en þeir sem koma til með að dæma í bæjarþingi Reykjavíkur. Það kann vel að vera að hann viti það og ekki efast ég um að hann hafi vitað allt miklu betur en Félagsdómurinn sem komst að rangri niðurstöðu. En það kann samt að fara þannig að hæstv. ráðherra skjátlist. Ég ætla ekki að deila við hann um lögfræðileg málefni. Það liggja fyrir ýmsar greinargerðir og álitsgerðir. Ég bendi honum á fyrst, hann hefur áhuga á þessum lagalegu álitaefnum, að lesa þær aftur og kynna sér þetta og lesa síðan dóminn þegar hann kemur. Það er áreiðanlega ágætis nesti ef menn vilja lesa sér til í lögfræði.

En bíðum nú aðeins við. Hæstv. ráðherra sagði: Við vorum að velta fyrir okkur í ríkisstjórninni hvort BHMR-samningurinn samrýmdist þjóðarsáttinni. Og hann sagðist hafa treyst orðum hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., og þó einkum orðum hæstv. forsrh. þegar hann hefði sagt — og tökum nú vel eftir: að hann hefði aldrei gert þennan samning ef hann hefði ekki haldið að 1. greinin héldi ekki. Með öðrum orðum, hann hefði aldrei gert þennan samning ef hann hefði þurft að efna hann. Það er það sem verið er að segja, nákvæmlega það sem verið er að segja. Nú ætla ég að rifja upp fyrir hæstv. utanrrh. það sem hæstv. forsrh. sagði daginn eftir að samningarnir voru gerðir við BHMR. Þetta er orðrétt í Morgunblaðinu 20. maí 1989. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forsrh. sagði að kostnaðarlega séð bæri að líta til þess að lítill munur yrði á kjarabótum BHMR og BSRB þá átta mánuði sem eftir væru af samningstíma BSRB. „Hins vegar geta menn náttúrlega deilt um þær hækkanir sem eru fram undan hjá BHMR síðar á samningstímabilinu. Mér sýnist sem BHMR fái um 15% hækkun á eins árs grundvelli. Það er staðreynd að það er of mikil hækkun," sagði Steingrímur en bætti svo við: „Það er auðvitað afar mikils virði að fá með þessum samningum jafnvel allt að fimm ára frið í skólum.""

Ég held að það fari ekki fram hjá neinum sem les þetta að hér virðist tala maður sem ætlar að standa við þennan samning og gerir sér fyllilega ljóst að þessi samningur þýðir að hinn samningsaðilinn, BHMR, fær talsverða launahækkun. Og ég trúi því ekki að svona lagað sé sagt ef menn hafi alls ekki ætlað að efna samninginn. Síðan segir áfram í þessu viðtali orðrétt:

„Steingrímur sagðist mundu standa við þær yfirlýsingar sem hann hefði áður gefið eins og í ríkisstjórninni 1985 að kjör háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins ættu að vera sambærileg við það sem gerðist hjá háskólamenntuðum mönnum utan ríkisgeirans. „Reyndar skil ég vel þá tortryggni sem er hjá þeim vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að fá þetta fram.""

Ég spyr hæstv. utanrrh.: Heldur hann virkilega að sá maður sem orðar hugsanir sínar svona hafi ætlað að svíkja samninginn, ekki fara eftir þessum samningi, ekki hækka launin? Og áfram ætla ég að lesa úr Morgunblaðinu orðrétt:

„Forsrh. var spurður hvers vegna hann hefði ekki sem forsætisráðherra á árunum 1985–1987 séð til þess að staðið yrði við yfirlýsingu hans. „Framkvæmdin í svona máli er náttúrlega í höndum fjmrh. sem fer með þessi mál. Ég gaf þessa yfirlýsingu á sínum tíma að ósk BHMR og samkvæmt samþykki páv. fjmrh., Alberts Guðmundssonar," sagði Steingrímur Hermannsson forsrh."

Ég verð að hryggja hæstv. utanrrh. með því að ég held að flestir þeir, ekki einungis lögfræðingar heldur allir menn með almenna skynsemi, sem lesa viðtal á borð við þetta hefðu á þessum tíma og jafnvel nokkrum mánuðum síðar getað ætlað að hæstv. forsrh. meinti það sem hann var að segja. En með því sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, þá hefur hann ekki trúað því heldur hefur hann trúað hinu að í raun og veru hafi aldrei verið ætlunin að efna þennan samning, aldrei frá upphafi. (**Gripið fram í:** Hann meinti það þegar hann sagði það.) Það er þannig með þau mál sem hér er verið að ræða að menn eru að reyna að fela sig á bak við það að þessi kjarasamningur við BHMR hafi eitthvað breyst þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir. Það er hinn mesti misskilningur. Samningurinn er jafnvondur eða jafngóður og hefur sömu þýðingu og sömu áhrif, algerlega burt séð frá þjóðarsáttinni. Það er innbyggt í samninginn að BHMR-félagarnir eigi að fá kauphækkun umfram aðra. Svo einfalt er það mál. Þetta viðurkenndi reyndar hæstv. ríkisstjórn og þeir fjórir hæstv. ráðherrar sem tóku þátt í samningagerðinni með því að segja að refsiákvæðið, sem er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., þessi 4,5% launahækkun, væri „upp í væntanlega hækkun", eins og orðrétt er vitnað til samningsins. Væntanlega hækkun, var sagt þá.

Það er vissulega þakkarvert að hæstv. utanrrh. skuli

nú viðurkenna að hann og þeir hafi gert mistök. Svo bætir hann við: En við höfum bætt fyrir þessi mistök. Það er nú einu sinni þannig að það er ekki sama hvernig menn bæta fyrir mistökin og um það stendur slagurinn nú. Slagurinn stendur um það hvort hæstv. ríkisstjórn bætti fyrir mistökin, svo ég noti orðalag hæstv. ráðherra, með réttum hætti eða hvort hún lét undir höfuð leggjast að bæta fyrir mistökin þangað til það var orðið of seint og óréttlætanlegt að grípa til þeirra aðgerða sem gripið var til. Um það snýst þetta mál.

Það er líka ánægjuefni þegar hæstv. ráðherra viðurkennir að peningamálastjórnin sé slakleg. En hann ætlar ekki að kenna samráðherra sínum um, hæstv. viðskrh. Nú er það Seðlabankanum að kenna. Og hvert er nú svarið? Hvernig á að bregðast við? Það á að bregðast við með því að gera Seðlabankann sjálfstæðari. Með svarinu viðurkennir auðvitað hæstv. ráðherra það sem er staðreynd, að Seðlabankinn er háður ríkisvaldinu og ríkisstjórninni. Enginn hefur minnt jafnáþreifanlega á það í dag og hæstv. viðskrh. þegar hann las upp úr lagagrein um Seðlabankann. Vissulega get ég deilt skoðun minni með hæstv. utanrrh. og tekið undir það að það er án efa rétt stefna að gera Seðlabankann sjálfstæðari, og þá er ég jafnframt viss um að hæstv. ríkisstjórn sem nú situr og aðrar slíkar geti ekki pantað þau álit hjá Seðlabankanum sem hún hefur verið að gera að undanförnu.

Hæstv. ráðherra gerir mikið úr því að sjálfstæðismenn hafi bent á að þessi ríkisstjórn hafi tekið upp aðferðir við stjórn efnahagsmála sem ekki eiga við í Vestur-Evrópu og í lýðræðisríkjum. Hver var það sem sagði við upphaf þessarar ríkisstjórnar að vestrænar leikaðferðir í efnahagsmálum ættu ekki við hér á landi? Var það stjórnarandstaðan? Var það formaður Sjálfstfl.? Nei, það var hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson. Hann orðaði sínar hugsanir þannig. Og í ræðu hér fyrr í kvöld lýsti hann því yfir að þjóðarsáttin og frjálshyggjan, sem ég veit nú ekki hvort hann veit hvað er, eigi ekki samleið, séu andstæður. Kem ég síðar að því í minni ræðu. (Gripið fram í.) Já, já, þetta hef ég lesið og hlustað á.

Hæstv. fjmrh. tók hér þátt í umræðunum og flutti langt mál um það hvað hann hefði verið góður við opinbera starfsmenn og einkum og sér í lagi Bandalag háskólamenntaðra manna í ríkisþjónustunni. Hann hefði haldið hér um bil 20 fundi og sumir hafi jafnvel staðið yfir í nokkra klukkutíma og hann segist hafa stungið upp á ýmsum hugmyndum. Allt er þetta afar athyglivert. Það er bara eitt sem er að og það er að fyrirliðar þessara samtaka hafa lýst því yfir aftur og aftur að þeir treysti ekki hæstv. fjmrh. Það sé skortur á trausti og það sé því miður ekki hægt að semja við þann mann sem sé tilbúinn til að svíkja samninginn um leið og blekið er þornað á pappírnum. Þessu hafa núverandi fyrirliðar BHMR oftsinnis lýst yfir, þar á meðal flokksbræður hæstv. ráðherra sem þar hafa jafnvel gengið fram fyrir skjöldu.

Síðan sneri hæstv. ráðherra sér að stjórnskipun Íslands. Það gerði reyndar hæstv. utanrrh. líka. Og þegar hæstv. utanrrh. er að segja frá því að Sjálfstfl. hafi oft staðið að útgáfu bráðabirgðalaga, þá staðhæfi ég á móti að Sjálfstfl. hefur aldrei staðið að útgáfu bráðbirgðalaga með þeim hætti sem átti sér stað í sumar, þvert ofan í æðsta dóm í málefnum til að útkljá kjarasamning. En hæstv. fjmrh. tók að ræða stjórnskipun Íslands. Og nú var helst að skilja á honum að í raun og veru hefði það verið Sjálfstfl. að kenna að gripið var til þessa óyndisúrræðis með bráðabirgðalögum vegna þess að fyrir mörgum, mörgum árum hafi hann og hv. þm. Ragnar Arnalds stungið upp á því í stjórnarskrárnefnd að nema ætti bráðabirgðalöggjafarréttinn úr gildi en þá hefðu menn í Sjálfstfl. verið á móti því.

Nú er það svo að það er ekki skylda að gefa út bráðabirgðalög. Og ef hæstv. ráðherra hefði viljað hefði verið hægt að kalla saman Alþingi. Það voru engir sjálfstæðismenn til að tefja það í hæstv. ríkisstjórn. (**Fjmrh.:** Ég var bara að spyrja um stefnu Sjálfstfl.) Við skulum aðeins hinkra við, hæstv. ráðherra, vegna þess að það var nægur tími til þess. Þá kem ég að því sem kannski allt of lítið hefur verið rætt í þessari umræðu og það er að bráðabirgðalögin eru gefin út 3. ágúst en í raun og veru þurfti ekkert að setja þau, efnis þeirra vegna, fyrr en einhvern tímann í ágúst eða fyrir 1. sept. því að efni bráðabirgðalaganna er að kalla aftur 4,5% hækkunina frá 1. sept. Þess vegna var nægilegt ráðrúm til að kalla þingið saman ef vilji hefði verið fyrir hendi, en þann vilja skorti.

Hæstv. ráðherra sagðist vera að spyrja um stefnu Sjálfstfl. Hvenær hefur hæstv. ráðherra, þegar raunverulega hefur þurft á því að halda, verið að biðja um stefnu Sjálfstfl.? Hvernig stóð þá á því þegar hæstv. ráðherra stóð frammi fyrir því að bráðabirgðalögin gætu fallið að hann sneri sér ekki til Sjálfstfl. og spurði: Eigum við að reyna að finna einhverja sameiginlega lausn á þessum málum? Gerði hæstv. ráðherra það? Hann fer með völdin. Gerði hæstv. forsrh. það? Nei. Fyrst af öllu lýstu þeir því yfir að þeir ætluðu ekki að tala við einn einasta mann heldur láta á þessi lög reyna. Síðan eyddi hæstv. ráðherra löngu máli í svör okkar nokkurra frambjóðenda í Reykjavík í blaði sem gefið var út á vegum Heimdallar. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi alls ekki lesið þessi svör vegna þess að það er rétt sem hann sagði, að borgarstjórinn í Reykjavík svaraði því til að hann vildi afnema skattana. En hann hafði opið, og því vona ég að hæstv. ráðherra hafi tekið eftir, að það væri hægt að reka ríkissjóð með halla um nokkurt skeið því það væri ómögulegt að ná báðum markmiðunum samhliða. Og sá sem hér stendur svaraði þessu ekki með já. Svaraði því hins vegar til að hann vildi reka ríkissjóð hallalausan. Þetta eru þau stefnuatriði sem kannski eru ólík hjá þessum tveimur mönnum sem hér eru tilnefndir. En þetta eru ekkert mál sem stangast á ef menn skoða báðar hliðarnar. En það sem hæstv. ráðherra hefur gert er að hann hefur bæði stórhækkað skattana og um leið hafa útgjöldin hækkað meira en skattarnir. Þetta er sú fjármálastjórn sem hann hefur fylgt. Það er von að hann biðji um tillögur sjálfstæðismanna. En það gerir hann ekki þegar hann er að semja fjárlagafrv. Það gerir hann ekki á þeim stigum málsins sem kannski mest gagn væri að.

Það gerir hann ekki fyrr en hann hefur sjálfur siglt málum í strand.

Það var athygli vert og í raun og veru er það kannski svar við öllu því sem hæstv. fjmrh. sagði, það sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. þegar hann lýsti því yfir að líklega þyrfti nýjan meiri hluta á Alþingi til að gera þær breytingar sem nægðu til að koma lagi á ríkisfjármálin. Þetta er sú einkunn sem hæstv. utanrrh. gefur hæstv. fjmrh., eftirmanni sínum í fjármálastjórn ríkisins.

Ég ætla ekki að leika mér að því enn einu sinni að rifja upp þegar hæstv. fjmrh. var í stjórnarandstöðu árið 1987 um haustið og kom hér inn á þing. Þá bar hann þáv. fjmrh., hæstv. utanrrh., þungum sökum og sagði: Ef þú tekur ekki burt matarskattinn þá skaltu ekki voga þér að tala við verkalýðshreyfinguna.

Þá var hæstv. fjmrh. hér staddur vegna fjarveru Geirs Gunnarssonar, kom hér inn á þing um stundarsakir og heyrðist hátt í honum. Manni gat helst skilist að hans helsta hugðarefni væri að koma í veg fyrir matarskattinn svokallaða. Hæstv. ráðherra fékk tækifæri til þess, hann varð fjmrh., og hvað hefur hann gert? Tekið matarskattinn úr sambandi, var það ekki? Hefur hann gert það? Ég nenni ekki einu sinni að svara spurningunni.

Það kom nokkuð á óvart að heyra hæstv. forsrh. segja að Eiríkur Tómasson hefði mætt á fund ríkisstjórnarinnar og væri þess vegna einn þeirra sem leitað hefði verið álits hjá. Ég spurði, og þetta var svar við þeirri spurningu, til hverra hefði verið leitað eftir að kjarasamningar við opinbera starfsmenn voru gerðir og átti þá að sjálfsögðu við til hvað lögfræðinga var leitað áður en málið fór til Félagsdóms. Það kann vel að vera að Eiríkur Tómasson hafi komið að málinu eftir 1. júlí, en þá var hæstv. ríkisstjórn búin að klúðra þessum málum öllum. En það stendur eftir sem Eiríkur Tómasson segir, og ef hæstv. forsrh. trúir ekki Þjóðviljanum, en ég las úr honum, þá get ég vitnað í Tímann. Þar hefur blaðamaður Tímans eftir Eiríki Tómassyni að bráðabirgðalögin í sumar séu dæmi um siðferðiskreppu í stjórnmálum.

Ég ætla ekki að hafa hér mörg orð um vexti. Það er til umhugsunar að hlusta á hæstv. fjmrh. segja að vextir hafi stórlækkað á meðan hæstv. forsrh. segir að allt hafi farið úr böndum og hér séu hæstu vextir í heimi, eins og annars staðar á Norðurlöndum. Auðvitað eru vextir háir hér og vextirnir eru háir vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur rekið ríkissjóð með slíkum halla að sækja verður verulega fjármuni á fjármagnsmarkaðinn. Þar á meðal liggur nú fyrir frv. til aukalánsfjárlaga þar sem þess er getið að hæstv. ríkisstjórn hafi þurft og þurfi á þessu ári að ná í 6 milljarða umfram það sem áætlað var á innlendum fjármagnsmarkaði. Auðvitað þrýstast vextirnir upp og skiptir þá engu máli þótt menn þykist vera að reyna að halda þeim niðri með handafli eins og hæstv. forsrh. er frægur fyrir.

Hæstv. forsrh. var spurður að því hvað tæki við að lokinni þjóðarsátt. Í spurningunni var þess getið að hæstv. ráðherrar hefðu gefið út tvenns konar loforð. Annars vegar loforð til aðila vinnumarkaðarins um að verðbólgan fari ekki af stað. Hins vegar loforð til BHMR um það að frestað yrði að hækka launin hjá þeim samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru í fyrra. Þetta eru loforð sem ekki geta staðið saman og þess vegna var spurt.

Hæstv. forsrh. kaus að fara undan og segja það sem svar sitt að það sem tæki við væri vonandi ekki frjálshyggjan því frjálshyggjan og þjóðarsáttin gætu ekki farið saman. Af þessu tilefni get ég sagt að sé það frjálshyggja að koma í veg fyrir skattahækkanir, sé það frjálshyggja að reyna að koma í veg fyrir halla á ríkissjóði, sé það frjálshyggja að prenta ekki peninga án þess að eiga innstæður fyrir og sé það frjálshyggja að koma sæmilega fram við launafólk og launþegasamtök þá er ég ósköp ánægður með það að vera frjálshyggjumaður. En ég spyr að því: Vilja menn ekki frekar slíka frjálshyggju heldur en það sem hæstv. forsrh. gat um að hann hefði ætlað að gera ef hann hefði rofið þing? Það væri að setja ný lög um almenna launa- og verðstöðvun, algild lög. En það var einmitt það sem Alþb. hafnaði í sumar. Því hafnaði Alþb. og því fór sem fór.

Virðulegi forseti. Ég spurði nokkurra spurninga. Ég fékk svar við sumum þeirra, öðrum ekki. Það var athygli vert þegar hæstv. fjmrh. var að svara þeirri spurningu hvað það þýddi að vera persónulega og pólitískt skuldbundinn af niðurstöðu kjarasamninganna þegar hann hélt því fram að í raun og veru væri þetta allt Gallup að kenna hvernig farið hefði. Þeir hefðu ekki staðið sig sem skyldi um þau grundvallaratriði í samningnum sem var launasamanburðurinn. Það var athygli vert. Síðan sagði hæstv. ráðherra að 4,5% væru bara allt annað mál af því að verðbólgan hefði orðið minni en ríkisstjórnin ætlaði. Þjóðarsáttin snerist um það að hæstv. ríkisstjórn tók að sér að tryggja það að aðrir samningar sem hæstv. ríkisstjórn hafði staðið að gengju ekki á svig við þjóðarsáttarsamningana. Það var ekki gert og það var vitað allan tímann að þarna var þessi hætta á ferðum. Það breytir engu hvert verðbólgustigið hefði verið og varð vegna þess að í samningnum við BHMR var gert ráð fyrir alla tíð að þeir mundu verja kauphækkun sína. Og það eru ekki 4,5% heldur líklega 9–13% þegar skoðað er ofan í kjölinn hvað felst í þessum samningi.

Ég spurðist fyrir um það hvort hæstv. ráðherra teldi það samrýmast þingræðisreglunni að rjúfa þing ef þeir nytu ekki meirihlutafylgis eða frv. á þeirra vegum og setja síðan aftur lög um sama efni, jafnvel þótt þau væru aðeins öðruvísi orðuð. Það var athygli vert að hlusta á hæstv. utanrrh. segja að hann teldi svo vera. Með öðrum orðum, það skiptir ekki nokkru máli hvort hér er minni hluti eða meiri hluti. Minni hlutinn á að geta sett lög eins og honum sýnist. Og það er athygli vert að hæstv. utanrrh. skuli þora að upplýsa álit sitt á þessu máli.

Það sem var kannski samt furðulegast í kvöld í þessum umræðum var það að hæstv. fjmrh. kaus að þegja þunnu hljóði um þá ræðu sem kannski var beinskeyttust í hans garð. Það var ræða hv. þm. Geirs Gunnars-

sonar. Hv. þm. Geir Gunnarsson sagðist telja ákvörðun Alþb. hættulegan undanslátt í mannréttinda- og verkalýðsmálum og hélt því fram að sú afstaða gæti orðið upphafið að frekara fráhvarfi flokksins frá grundvallarstefnu í þeim efnum. Hann sagði svo að ýmsir héldu því fram að það hefði ræst. Hæstv. ráðherra kaus að svara þessu engu. Er hann þó formaður Alþb. Hv. þm. sagði jafnframt í sinni ræðu að afstaða sín hefði legið fyrir enda þótt enginn af hæstv. ráðherrum, hvorki úr hans flokki né öðrum, hafi spurt hann fyrr en hæstv. menntmrh. hafi gert það 27. nóv., þ.e. fyrir örfáum dögum. Með öðrum orðum, hann lýsti andstöðunni í sumar en engum datt í hug að spyrja manninn. Og hæstv. ráðherra taldi ekki ástæðu til þess að svara þessu í sinni ræðu.

Hv. þm. Geir Gunnarsson sagði hér í kvöld í sinni ræðu að þessar aðfarir allar væru með þeim ólíkindum að hann hefði að óreyndu ekki trúað því að hann ætti eftir að sjá slíkri valdníðslu beitt gegn stéttarfélagi og dómstólum landsins af nokkrum stjórnmálaflokki og þá síst af hans eigin, því hér væri ekki einungis ráðist á samningsréttinn, heldur er dómsvaldið bælt niður í einni og sömu aðgerðinni. Ekki orð um þetta.

Hv. þm. Geir Gunnarsson leyfði sér að spyrja. Hann spurði: „Hefur valdbeiting og gerræði, ofbeldi og valdníðsla ekki verið réttlætt með góðum tilgangi með þeim afleiðingum sem þjóðir hafa kynnst öld eftir öld nógu oft og nógu víða í heiminum til þess að Alþingi Íslendinga láti það ekki verða hlutskipti sitt þessa dagana að bætast þar í hópinn? Því að þetta mál er eingöngu réttlætt á þeirri forsendu, og þeirri forsendu einni, að tilgangurinn helgi meðalið."

Hann spurði enn fremur: „Hvert erum við að stefna og skyldi eftirleikurinn ekki geta orðið einhverjum auðveldur hér á hv. Alþingi ef þessi valdníðsla nær fram að ganga?"

Hæstv. ráðherra kaus að þegja yfir þessu líka. Ekkert einasta orð um þetta. Og er þó hv. þm. Geir Gunnarsson sá maður sem nú hefur ákveðið að standa upp og gefa hæstv. ráðherra eftir sæti sitt.

Svona mætti lengi telja. Í lokin ætla ég að minna á það sem hv. þm. sagði þegar hann orðaði það svo í sinni ræðu: „Þeir sem hyggjast hér á hv. Alþingi staðfesta bráðabirgðalögin og fylgja þannig eftir valdbeitingu gegn félagsmönnum BHMR og Félagsdómi skáka þessa dagana mjög í skjóli þess að þeir hafi almenningsálitið með sér og að skoðanakannanir séu þeim hliðhollar. Ég hygg að hin gömlu sannindi „skamma stund verður hönd höggi fegin" eigi eftir að sannast áður en lýkur. Það hefur æði oft og víða gerst að mannfjöldinn hefur heimtað Barrabas lausan en krossfest þann sem síst skyldi."

Þetta eru þung orð og líkingar sem fólkið þekkir. Við hvern skyldi hafa verið átt? Af hverju kaus hæstv. ráðherra að þegja yfir þessu?

Virðulegi forseti. Það er ástæðulaust fyrir mig að hafa fleiri orð um það sem hér hefur komið fram. Það er ljóst að það verður að halda fund í nefndinni á milli 2. og 3. umr. til þess að afla frekari upplýsinga og fá staðfestingu á nokkrum málum sem hér hafa verið rædd og reyndar komið fram í fjölmiðlum. Ég þarf ekkert að segja fleira en það sem stendur í nál. Ég skrifaði ítarlegt nál. sem liggur fyrir þar sem sýnt er fram á að í raun er það ríkisvaldið sjálft eða hæstv. ríkisstjórn sem hefur ekki staðið við sinn hluta þjóðarsáttarinnar og er um leið að grafa henni gröf.

Ég vil að allra síðustu fá að vitna hér í ummæli úr Morgunblaðinu hinn 14. maí 1989, orðrétt, með leyfi forseta. Þessi ummæli eru á þennan veg:

„Við viljum hafa hér lýðræðislegt þjóðfélag með frjálsum samningsrétti. En lýðræðið þolir ekki frjálsræði ef engin ábyrgð fylgir því. Ábyrgð er ekki verslunarvara sem menn kaupa úti í búð. Hún er eiginleiki, hugarfar, ákveðið siðgæði. Lagasetning sem kemur í veg fyrir eiginhagsmunapot ákveðins þjóðfélagshóps leysir hann undan þessari ábyrgð. Hún mundi ýta undir ábyrgðarlaust hugarfar. Við skulum bara leika okkur og sjá hvað við komumst langt. Ég tel að við stöndum hér á ákveðnum tímamótum, við eigum að neita okkur um lagasetningu og halda áfram að byggja upp þá ábyrgðartilfinningu sem komið hefur fram í öðrum kjaradeilum."

Þessi orð voru látin falla á lokadögum verkfalls BHMR á vordögum 1989. Og hver skyldi nú hafa sagt þetta? (**Fjmrh.:** Það er alveg klárt.) Það er alveg klárt, segir hæstv. fjmrh., það er alveg klárt, hæstv. fjmrh., vegna þess að auðvitað þekkir hann það sem hann hefur sjálfur sagt.

Ég ætla, virðulegi forseti, að láta öðrum um að dæma hvort hæstv. ráðherra hefur fylgt því sem hann sagði í þessu viðtali við Morgunblaðið sem ég var að vitna til.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég sé að utanrrh. er ekki hér í salnum, ég ætlaði aðeins að beina orðum mínum til hans.

Það var mikill sannfæringarkraftur í ræðu hæstv. utanrrh. Honum tókst að sannfæra mig um það sem ég hafði grunsemdir um og það var það að hæstv. ríkisstjórn og ekki síst hann vantaði dómgreind, þeir hefðu ekki skilið þá samninga sem þeir stóðu að sjálfir að gera. Það virðist vera að þeir hafi ætlað sér að reyna að snúa á viðsemjendur sína. En hver sneri þar á hvern? Þeir virðast allir vera hissa á þeim úrskurði sem kom frá Félagsdómi. Hann kom þeim á óvart að þeir segja. Ég segi fyrir mig að ég er undrandi á þessum dómgreindarbresti sem þarna kemur fram og er undirstrikað af hæstv. utanrrh.

Ég hef beðið um að fá álit frá þeim lögfræðingum sem forsrh. sagði í sjónvarpi að hann hefði fengið og hefði undir höndum. Ég sagði það að ég treysti mér ekki til þess að standa með þessum lögum með öðrum hætti. Nú er það komið í ljós, að ég tel, að þetta álit hefur ekki verið á þann veg að hægt væri að sýna það. Og í staðinn fyrir það kemur í meirihlutaáliti hv. fjh.- og viðskn. vörn ríkislögmanns í málinu sem er auðvitað ekki mark á takandi sem slíku því að hann er þarna með vörn og á samkvæmt öllum venjum og reglum að gera það sem hann getur til þess að verja þessa

gjörð sem hann er settur í af ríkinu. Það er alveg gjörsamlega út í hött að halda því fram að það sé eitthvað sem sé bitastætt í eða sannfæri nokkurn mann um það að þessi bráðabirgðalög stangist ekki á við stjórnarskrá. Ég hef aldrei fullyrt það. En ég hef heyrt hér í ræðustól á Alþingi það vera fullyrt, ég hef heyrt það á greinargerðum annarra lögfræðinga og ég hef talað við nokkra lögfræðinga. Og nú hefur það komið í ljós að álit eins af þeim mönnum sem ég reiknaði með að hæstv. forsrh. hefði leitað til, þ.e. Eiríks Tómassonar, mun, eftir því sem sagt er, ekki vera á þann veg að það væri ávinningur fyrir ríkisstjórnina að sýna það hér á hv. Alþingi.

En ég lýsi því enn og aftur yfir að ég vil fá þessi álit. Ef þau ekki berast, þá tel ég að sá skilningur minn sé réttur að þau séu ekki á þann veg að hæstv. ríkisstjórn telji það sér til ávinnings að sýna þau hér.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson vildi halda því fram hér í ræðu áðan að við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vildum ekki samþykkja bráðabirgðalögin en vildum samt fá þau í gegn. Þetta er hans skilningur á málinu. Ríkisstjórnin ætlaði að rjúfa þing, hefja kosningabaráttu yfir hátíðir, talaði um að setja aftur bráðabirgðalög, sem ég vil ekki trúa að forseti hefði samþykkt. Því að þrátt fyrir það sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, þá hef ég skilið það svo að það sé á valdi forseta að samþykkja lög, skrifa undir lög, hún geti neitað því. Ég stend í þeirri trú. Og ég vil þá fá skýringu á því hvort ég stend þarna eitthvað villur vegar. Að rjúfa þing nú og efna til kosninga er þvílíkt gerræði gagnvart landsbyggðinni og tillitsleysi að ég hef bara ekki á mínum ferli heyrt neitt svipað.

Ég sagði áðan, hæstv. utanrrh., að það hefði verið mikill sannfæringarkraftur í þinni ræðu og hefði sannfært mig um það sem ég hafði grun um, að ríkisstjórnina vantaði dómgreind. Hún hefði ekki skilið það sem fólst í þeim samningum sem hún gerði við sína viðsemjendur. Yfirleitt var allur málflutningurinn og öll ræða hæstv. ráðherra á þá leið að sannfæra mig um mínar grunsemdir. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

Það er alveg útilokað að það geti haldist þjóðarsátt miðað við þá vexti sem eru í þjóðfélaginu. Það er alveg útilokað. Það getur aldrei gengið. Og ef ekki verður tekið á þeim málum, þá þýðir það að þessi þjóðarsátt er búin að vera á nokkrum mánuðum. Fólkið í landinu þolir þetta ekki undir neinum kringumstæðum. Og þegar hæstv. utanrrh. segir að allir séu settir við sama borð, vilji að allir séu settir við sama borð, veit ekki ráðherrann það — hann hefur náttúrlega verið í útlöndum lengi og svona rétt að hann hafi skroppið hér heim og veit kannski ekki hvað er að gerast — að launamunurinn í þjóðfélaginu hefur aldrei verið meiri en núna. Aldrei. Mundu hæstv. ráðherrar vilja lifa af 50–60, í mesta lagi 70 þús. eins og er algengt nú? Hver getur það og borgað þá vexti sem eru meira en tvöfalt hærri en í Bretlandi? Raunvextirnir eru meira en tvöfalt hærri. Nei, þjóðarsáttin stenst ekki, getur ekki staðist. Það er hægt að tala um þjóðarsátt að þessu leyti til en hún stenst ekki öðruvísi en að taka á vaxtamálunum, á peningamálunum, á okrinu í bönkunum sem er alveg viðurstyggð og ég mun koma betur að því ef viðskrh. er einhvern tíma í salnum þegar á að taka vaxtamálin til umræðu og ég ætla ekki að ræða um það frekar hér.

En ef ekki berst neitt frá lögfræðingum ríkisstjórnarinnar um þeirra álit á þessari gjörð, þá er það svar frá hæstv. ríkisstjórn frá mínum bæjardyrum séð að það sé ekki til neitt sem hægt er að sýna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

21. fundur, þriðjudaginn 11. des., kl. 14.50.

Sektarmörk nokkurra laga, 1. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 269.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Frv. um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl. sem lagt er fyrir hv. þingdeild á þskj. 269 fjallar um breytingu á sektarviðurlagaákvæðum í yfir 40 lögum. Lögum sem hafa að geyma ákvæði þar sem sekt er tiltekin sem krónutala. Frv. var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Frv. er flutt í framhaldi af endurskoðun ákvæða í sérrefsilögum á árunum 1982 og 1983. Þá var breytt sams konar ákvæðum í um 120 lögum. Frv. var undirbúið í tengslum við störf lagahreinsunarnefndar sem starfað hefur undanfarin ár skv. ályktun Alþingis. Hefur verið tekið mið af tillögum sem sú nefnd hefur gert um brottfall laga sem úrelt eru talin og er þá ekki fjallað um refsiviðurlög í þeim lögum.

Endurskoðun sektarákvæðanna miðar að því að almennt sé byggt á sektarhámarki hegningarlaganna en sérstakt lágmark og hámark að öðru leyti fellt niður. Sektarhámark hegningarlaganna er nú 4 millj. kr. skv. lagabreytingum frá árinu 1985. Má í sjálfu sér segja að tímabært væri að hækka þá fjárhæð þótt það sé ekki lagt til með þessu frv. Auk breytinga á sektarákvæðum felur þetta frv., eins og hin fyrri lög um sama efni, einnig í sér breytingar á ákvæðum þar sem vísað er til málsmeðferðar til samræmis við gildandi réttarfar. Loks eru lagðar til breytingar á nokkrum dagsektarákvæðum í lögum, enda þótt þar sé ekki um heildarendurskoðun slíkra ákvæða að ræða.

Ekki er ástæða til að fjalla um einstök ákvæði frv. heldur nægir að vísa til athugasemda með því. Rétt er að taka fram að við undirbúning frv. sendi dómsmrn. frumvarpsdrögin öðrum ráðuneytum til athugunar.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 34. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 34.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í þessu frv. sem ég mæli hér fyrir eru gerðar fáeinar breytingar sem fólu það í sér að stuðla að lækkun verðlags.

Sú fyrsta snýr að því að flýta afnámi virðisaukaskatts af íslenskum bókum. Eins og hv. þm. er kunnugt var sú ákvörðun tekin hér á Alþingi á sínum tíma að virðisaukaskattur á bókum yrði afnuminn. Önnur tillagan felst í því að víkka endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna vinnu við viðhald í endurbótum á húsnæði.

Þessar breytingar voru taldar nauðsynlegar til þess að stuðla að því að markmiðum kjarasamninga um þróun kaupmáttar og verðlags yrði náð. Reynslan sýndi að þessi lög áttu verulegan hlut í því að þau markmið sem sett voru með febrúarsamningunum stóðust jafnvel og raun ber vitni á þessu ári.

Ég tel í sjálfu sér ekki þörf á því að segja mikið meira hér við 1. umr. um þetta mál. Frv. var afgreitt einróma í hv. Nd. og mæltu allir nefndarmenn í fjh.- og viðskn. með því að það yrði samþykkt.

Ég vil svo að lokinni þessari 1. umr. mælast til þess að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. hér er auðvitað athyglisvert, einkum fyrir þá sök að það fjallar um tvö efnisatriði sem voru rækilega tekin til umræðu á síðasta þingi þegar frv. til laga um virðisaukaskatt var til umræðu.

Ég vil fyrst víkja að 1. gr. frv. Á þskj. 326 lögðum við, ég og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, til að í 17. gr. kæmi „1. sept." fyrir „16. nóv". Þingið felldi þetta og þar með hafði þingið lýst því yfir að það gæti ekki fallist á þessa dagsetningu, 1. sept. Ég get ekki borið hæstv. fjmrh. það á brýn að hann hafi fellt brtt. okkar sjálfstæðismanna, sem við og Kvennalistinn stóðum að, vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur ekki atkvæðisrétt í þinginu. Að öðrum kosti hefði hann vitaskuld tekið þátt í því að fella þessa tillögu Sjálfstfl. og Kvennalista á síðasta þingi. En hann sagði sínum stuðningsmönnum að fella tillöguna.

Það er auðvitað mikið álitaefni, þótt ríkisstjórn hafi bráðabirgðalagavald, hvort henni sé heimilt að breyta skattalögum á þann veg sem Alþingi hefur áður hafnað. Ég hygg að þetta sé mjög hæpið. Ég hygg á hinn bóginn að þetta sé mjög algengt um þá ríkisstjórn sem nú situr. Hún hefur oftar en í þetta eina skipti hopað, hvikað frá fyrra ásetningi af ótta við almenningsálit. Í þetta skipti stóðu sakir þannig að nemendur í skólum landsins höfðu gert ríkisstjórninni fulla grein fyrir því að þeir mundu ekki una því að greiða virðisaukaskatt af skólabókum sínum á þessu hausti, 1. sept. Í framhaldsskólum landsins lá fyrir skýr yfirlýsing um að nemendur mundu ekki festa kaup á kennslubókum sínum fyrr en ríkisstjórnin hefði gefið sig. Frá flestum eða kannski öllum framhaldsskólum landsins bárust bréf til ríkisstjórnarinnar og til alþingismanna þar sem þessi krafa var áréttuð, að hið unga fólk sætti sig ekki við að ríkisstjórnin hefði það þannig að féþúfu.

Ég vil, herra forseti, sérstaklega óska eftir því við þessa umræðu núna að hæstv. fjmrh. láti okkur í fjh.- og viðskn. í té þær upplýsingar, sem embættismenn hans létu okkur fá á sl. vori, um þær miklu tekjur sem ríkissjóður yrði af ef dagsetningin 1. sept. yrði valin í staðinn fyrir 16. nóv. Jafnframt vil ég biðja hæstv. fjmrh. að láta nefndinni í té hvernig honum hafi tekist að vinna upp þennan tekjumissi. Ég veit að vísu að hallinn á fjárlögum er miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Ég veit líka að hæstv. fjmrh. hefur viðurkennt að hallinn sé vaxandi frá einum mánuði til annars. Ég veit enn fremur að hæstv. fjmrh. neitaði að viðurkenna ýmsa útgjaldaliði sem bendir til að ekki séu öll kurl komin til grafar. Á fundi fjh.- og viðskn. í gærmorgun þegar fjallað var um lánsfjárlög kom fram hjá starfsmanni Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna að fjárlagahallinn yrði 600–700 millj. hærri en fjmrh. vill viðurkenna vegna beinna aðgerða hæstv. fjmrh. í sambandi við skuldbindingar gagnvart opinberum starfsmönnum og byggingarsjóðum ríkisins. Það er nú annað mál.

Aðalatriðið er, svo gott sem það er, að fjmrh. hætti við að hafa námsmenn að féþúfu. En hitt auðvitað bölvað að það skuli gerast með þeim hætti að ríkistjórnin nánast ýti til hliðum beinum fyrirmælum Alþingis, sem að vísu voru gefin af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Við í stjórnarandstöðunni gagnrýnum ekki að deginum skyldi flýtt, síður en svo. Við gagnrýnum þau vinnubrögð sem ráðherrann hefur.

Líka gagnvart því sem segir í 2. gr. frv. þar sem talað er um að endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Þetta sérstaka atriði var tekið upp mjög rækilega í fjh.- og viðskn. Við fórum aftur og aftur yfir þetta atriði með fulltrúum hæstv. fjmrh. Þeir höfnuðu þessu á þeim grundvelli að ógerningur væri að framkvæma lögin með þessum hætti af því að þau fælu í sér slíka hættu á skattsvikum að þetta gæti ekki gengið upp. Undanþága af þessu tagi gengi ekki. Við vorum að vísu þeirrar skoðunar að skattsvikin yrðu meiri ef lagagreinin yrði eins og hún var samþykkt hér í þinginu.

Nú vil ég líka biðja hæstv. fjmrh. um að sjá til þess

að þeir sömu embættismenn og hann sendi nefndinni í fyrra mæti í nefndinni núna og færi fram öll þau rök sem þeir færðu fram sl. vor á móti þeim hugmyndum sem hér komu fram. Öll þau rök, þannig að við getum nú rifjað upp hvað var á móti þessum tillögum þá.

Ég þarf ekki að minna á það, herra forseti, að Landssamband iðnaðarmanna hefur svo árum skiptir beitt sér fyrir því að margvíslegar aðgerðir yrðu gerðar til þess að reyna að sporna við því sem kallað hefur verið „svört vinna". Eitt sem þeir hafa bent á í því sambandi er að vinna við endurbætur og viðhald húsa verði frádráttarbær frá tekjuskatti. Rökin fyrir því að þessi frádráttarliður var á sínum tíma felldur niður voru þau að tekjuskattur hafði verið lækkaður mjög verulega. Þetta var á þeim árum þegar tekjuskattur var greiddur eftir á og verðbólga var einlægt vanáætluð í fjárlagafrv.

Nú erum við með staðgreiðslu. Nú er svo komið að tekjuskattur er 45% af tekjum manna þegar komið er yfir visst lágmark, skattleysismörkin eiginlega orðin mjög lág. Með lífeyrissjóðsgjaldi og stéttarfélagsgjaldi er sem sagt 45% tekið af launþegum. Þá er komin upp sú staða að hinn venjulegi launamaður verður að spyrja sig tvisvar áður en hann framkvæmir nauðsynlegt viðhald eða endurbætur. Einfaldlega vegna þess að hann hefur ekki efni á því að greiða fyrir verkið eins þung og skattheimtan er orðin.

Það kemur auðvitað mjög til álita hvort rétt sé að taka það ákvæði upp á nýjan leik að viðhaldið verði frádráttarbært við álagningu tekjuskatts. Það má hafa það til endurskoðunar. En hinu ber að fagna að ríkisstjórnin skuli ekki hafa treyst sér til annars en að viðurkenna nauðsyn þess að eigendur íbúðarhúsnæðis eigi rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Báðar þessar breytingar eru auðvitað til bóta. En ég ítreka, herra forseti, að hér er einungis verið að koma fram þeim málefnum sem stjórnarandstaðan lagði áherslu á á sl. vori. Þetta er kannski ekki í eina skiptið sem við verðum vör við að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar eru lengi að hugsa. Það tók hálft ár í þessu tilviki að átta sig. Við skulum vona að ríkisstjórnin átti sig stundum fljótar á því þegar verið er að reyna að leiðbeina henni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg sjálfsagt að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar séu látnar í té þær upplýsingar sem menn óska eftir í nefndinni varðandi málið. Vona ég að ekki muni standa á því frekar en áður. Ég heyri það á ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals að honum þykir þetta gott frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tímabundin lækkun tolls af bensíni, 1. umr.

Stjfrv., 91. mál. — Þskj. 271.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar veruleg verðhækkun varð á erlendum mörkuðum á olíuvörum stóðum við frammi fyrir þeim vanda hvort slíkar tímabundnar hækkanir ættu að hafa veruleg áhrif hér á verðlag og þar með á þá þjóðarsátt sem hefur orðið einn af hornsteinum efnahagsmála í okkar landi. Þá fóru þess vegna fram viðræður milli forustumanna samtaka launafólks og atvinnulífs og fjmrn. um þá hugmynd að tekjur ríkisins vegna tolla og virðisaukaskatts af olíuvörum yrðu óbreyttar í krónutölu þrátt fyrir hækkun á erlendu innkaupsverði. Eftir nánari athugun á málinu ákvað ég að beita mér fyrir því að slík tillaga yrði samþykkt. Þó var nauðsynlegt að fram kæmi og var lýst yfir stuðningi við það sjónarmið af hálfu forustumanna atvinnurekenda og samtaka launafólks að ef um langvarandi hækkun væri að ræða, þá væri óeðlilegt að áhrif hennar yrðu deyfð með þeim hætti að greiða verðlagið niður beint eða óbeint. Rétt er að geta þess að á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem haldinn var í septembermánuði sl. voru allir sérfræðingar og stjórnmálamenn sammála um það að meginlærdómur af síðustu olíukreppu væri að þau ríki sem fóru þá leið að dylja áhrifin af margs konar niðurgreiðslum voru sein að ná sér upp úr vandanum en þau sem tóku erfiðleikana á sig strax voru mun fljótari að ná sér.

Hins vegar stóðu vonir til að sú verðhækkun vegna ástandsins við Persaflóa sem er tilefni frv. væri tímabundin og því væri rétt að gera þær ráðstafanir sem hér eru lagðar til og fela í sér að fjmrh. er heimilt að lækka toll á þessum vörum um ákveðinn tíma en sú heimild rennur út að þeim tíma loknum. Markmiðið er að samanlagðar tekjur ríkisins af virðisaukaskatti og tolli af bensíni og olíuvörum verði óbreyttar.

Frv. var samþykkt einróma í hv. Nd. Því var breytt í samræmi við það samkomulag sem gert var milli fjmrn. og fulltrúa atvinnulífs og launafólks þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru framlengdir fyrir þremur vikum síðan. Kemur frv. þannig breytt til hv. deildar.

Ég legg svo til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Fundarsókn þingmanna.

Halldór Blöndal:

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að vekja athygli á

því, herra forseti, að því aðeins getur þingið gengið með eðlilegum hætti að fulltrúar stjórnarandstöðunnar séu hér mættir. Í þessum sal og hliðarherbergjum eru allir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem sæti eiga í þessari deild en hið sama verður sannarlega ekki sagt um stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar.

Brottfall laga og lagaákvæða, 1. umr.

Stjfrv., 72. mál. — Þskj. 270.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Frv. er unnið af sérstakri þingkjörinni nefnd sem er kjörin á grundvelli þál. sem samþykkt var á hinu háa Alþingi fyrir allmörgum árum og kvað á um að hreinsa íslensk lög af ýmsum úreltum ákvæðum sem áreiðanlega var orðið tímabært. Formaður nefndarinnar var prófessor Ármann Snævarr og hefur hann unnið mjög mikinn hluta af því starfi sem fram kemur í frv. Aðrir í nefndinni voru Gils Guðmundsson, fyrrv. alþingismaður, Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, Hreinn Pálsson lögfræðingur, Margrét Rún Guðmundsdóttir blaðamaður, Már Pétursson héraðsdómari, nú bæjarfógeti og sýslumaður, Sigurður Líndal prófessor, Snædís Gunnlaugsdóttir dómarafulltrúi og Svala Thorlacius hæstaréttarlögmaður.

Ég fékk málið í hendurnar í fyrra og lét þá fara vandlega yfir það í ráðuneytinu, senda það öllum ráðuneytum til nánari skoðunar. Ekki voru gerðar neinar brtt. við það. Ég tel að frv. sé mjög vel unnið og mjög þarft mál. Eins og hv. deildarmenn þekkja eflaust er það búið að fara í gegnum Nd. þar sem var gerð á því ein minni háttar leiðrétting. Ég geri að lokinni þessari stuttu framsögu og þeirri umræðu sem hér verður að tillögu minni að málið fari til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

22. fundur, miðvikudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 148. mál (húsbréf). — Þskj. 154, n. 263, brtt. 264.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 263 ásamt brtt. á þskj. 264 um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, frá hv. félmn. þessarar deildar. Í nál. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félmrh., Þórólf Halldórsson, formann Félags fasteignasala, Gunnar Helga Hálfdánarson, forstjóra Landsbréfa, Vigdísi Hreinsdóttur, forstöðumann ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar, og Yngva Örn Kristinsson, formann stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá barst nefndinni umsögn um frv. frá stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Breytingar þær sem um er að ræða eru eftirfarandi:

1. Við 2. gr. Lagt er til að heimilað verði að skipta á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð er nemi allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar. Ráðherra ákveður með reglugerð hvert hlutfall þetta skuli vera og getur hann ákveðið að hlutfallið vegna nýbygginga eða kaupa á íbúð í fyrsta sinn sé hærra en lánshlutfall vegna annarra fasteignaviðskipta. Það er vilji nefndarinnar að sú breyting, sem felst í brtt., leiði ekki til þess að lánshlutfallið hækki almennt úr 65% í 75%, heldur er skapaður möguleiki á því fyrir ráðherra að ákveða að lánshlutfallið verði allt að 75% vegna nýbygginga og kaupa á fyrstu íbúð.

Ástæða þess að nefndin breytir fyrri efnismgr. 2. gr. er sú að frumvarpsgreinin þykir óþarflega margbrotin og óljós og er talin geta aukið á viðleitni til að gefnar verði rangar upplýsingar um kaup- og söluverð eigna.

2. Við 3. gr. Lagt er til að húsbréfaviðskipti vegna viðgerða og endurbóta hefjist ekki fyrr en 1. sept. 1991 þar sem nauðsynlegt er að dreifa því aukna álagi sem gera má ráð fyrir að verði á verðbréfamarkaði með tilkomu þessara viðskipta og viðskipta vegna greiðsluerfiðleika. Rétt er að taka fram að nefndin telur að félmrh. hafi heimild til að ákveða að þeir sem hefja endurbætur eftir 1. jan. 1991 eigi rétt til húsbréfa vegna viðgerða og endurbóta þegar hlutaðeigandi ákvæði laganna tekur gildi.

3. Við ákvæði til bráðabirgða. Talið er nauðsynlegt að fram séu tekin þau hlutfallslegu mörk um greiðslubyrði sem miða skal við þegar umsóknir eru metnar. Eðlilegt þykir að heimild til að geta fengið lánafyrirgreiðslu samkvæmt þessari grein sé bundin því að greiðslubyrði umsækjanda sé yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári að jafnaði næstu fjögur árin og að eftir skuldabréfaskiptin fari greiðslubyrðin ekki upp fyrir þessi mörk né niður fyrir 20%, skilgreint á sama hátt."

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í því nál. sem nú hefur verið mælt fyrir stend ég að því fyrir hönd Kvennalistans, svo og að þeim brtt. sem hér var mælt fyrir. Ég vildi þó aðeins gera örfárar athugasemdir.

Í fyrsta lagi hefur orðið nokkuð mikil þensla í húsbréfakerfinu núna að undanförnu vegna breytinga sem hafa verið gerðar á því. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt um þá tóku gildi 15. nóv. sl. ákvæði laganna um að húsbréf væri einnig hægt að nota í sambandi við nýbyggingar. Ég vil aðeins láta það koma fram hér sem mína skoðun að ég tel nauðsynlegt að þeir sem vinna við þetta kerfi, t.d. á fasteignasölum og í Húsnæðisstofnun fái fræðslu og þjálfun við að vinna með þetta nýja fyrirkomulag. Það er mjög nauðsynlegt til þess að ekki verði gerð mistök sem mætti koma í veg fyrir einmitt með því að fræða þá sem við þetta starfa. Það er auðvitað ljóst að þegar svo viðamikið kerfi er tekið upp, þá koma í ljós á því ýmsir agnúar. Þrátt fyrir 1. brtt. um að leyfilegt sé að fara í allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar tel ég samt ástæðu til að óttast að enn sé hópur fólks sem lendir á milli tveggja kerfa svo að segja, þ.e. á milli félagslega íbúðakerfisins og húsbréfakerfisins. Þetta kom reyndar fram í umræðu hér í þessari hv. deild í gær. Þá benti hv. 18. þm. Reykv. á þá staðreynd að það er töluverður hópur fólks sem getur sig ekki hreyft til kaupa á húsnæði en fær heldur ekki fyrirgreiðslu í félagslega íbúðakerfinu vegna þess að það hefur of háar tekjur þó tekjurnar séu svo sannarlega lágar til þess að framfleyta sér af.

Ég vildi aðeins ítreka þetta hér og þá skoðun okkar kvennalistakvenna að við teljum nauðsynlegt að efla stórlega félagslega íbúðakerfið til þess að koma til móts við þá hópa sem ekki eiga þess kost að kaupa sér eigið húsnæði í húsbréfakerfinu.

Það eru auðvitað í þessu frv. ýmsir óvissuþættir. Það er t.d. ekki vitað hversu margir þurfa á aðstoð að halda vegna greiðsluerfiðleika. Það kom fram í störfum nefndarinnar að nú bíða hátt á annað hundrað manns eftir fyrirgreiðslu og starfsmenn Húsnæðisstofnunar og félmrn. giskuðu á að um gæti verið að ræða um 1000 fjölskyldur og að meðalskuldir þeirra væru 1200–1300 þús. Þetta mun auðvitað þýða aukið framboð á húsbréfum en ekki er ljóst hversu mikil sú aukning verður. Ég tel þó rétt að standa að þeim breytingum sem hér eru gerðar. Það hefði auðvitað verið æskilegast að geta látið endurbótalánin taka gildi líka strax. Samkvæmt brtt. okkar er ekki gert ráð fyrir að þau taki gildi fyrr en 1. sept. en ég hef þegar bent á að það er dálítið erfitt fyrir þá sem eiga að vinna með kerfið ef stöðugt þarf að taka nýjar breytingar inn í það þannig að ég tel það verjandi á þeim forsendum og einnig fyrir þá sök að það er ljóst að ekki voru til neinir peningar í þeim fjárveitingum sem ætlaðir eru í byggingarsjóðina til að sinna þessum málaflokki.

Ég vildi svo leggja áherslu á undir lokin að það er búið að vinna að því síðan 1985 að þessi greiðsluerfiðleikalán sem áttu að vera tímabundin ráðstöfun yrði óþörf en hér er enn gert ráð fyrir að þetta sé tímabundið til 12 mánaða. Það er mjög brýnt að reynt verði með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að slík ákvæði þurfi að vera í lögunum, að það séu gerðar raunhæfar áætlanir fyrir þá sem ætla að kaupa sér húsnæði og fólk aðstoðað við að meta greiðslugetuna þannig að ekki þurfi að vera með þennan lánaflokk inni. Það er erfitt fyrir þá einstaklinga sem standa frammi fyrir greiðsluerfiðleikum að þurfa stöðugt að leita nýrra úrræða og því er þetta spurning um aukna ráðgjöf og meiri stöðugleika í efnahagslífinu.

Eins og fram kom bíða 200 manns og er mjög brýnt að það fólk fái lausn sinna mála. Þess vegna styð ég frv. að sjálfsögðu og þær brtt. sem nefndin ber fram.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég gerði tilraun til þess fyrir hádegi að geta kynnt mér efni þeirrar brtt. sem er síðast á þskj. og ætlaði að setja mig inn í það hvað liggur til grundvallar að greiðslubyrði skuli annars vegar miðuð við 30% í sambandi við heimild til lántöku með húsbréfum og hins vegar 20% og þá hugsun sem er á bak við þessa brtt. Það hittist svo á að yfirmaður húsbréfadeildar var ekki viðstaddur þegar þessi brtt. var mótuð þó ég hafi náð honum nú áðan. Ég náði heldur ekki í forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins þar sem hann var upptekinn á fundi sem ekki er við að gera. En ég vil mælast til að þessi síðasta brtt. verði dregin aftur til 3. umr., sem ekki verður þá fyrr en á næsta fundi, til þess að hægt sé að glöggva sig á þeim reikningslegu forsendum sem þarna eru á milli.

Ef við tökum dæmi af 1 millj. kr. í húsbréfakerfi má gera ráð fyrir að greiðslubyrði af þvílíku láni sé í kringum 10 þús. kr. á mánuði. Ef við á hinn bóginn lítum á margvíslegar skammtímaskuldbindingar sem þeir þurfa að svara sem búa við greiðsluerfiðleika, þá fáum við auðvitað miklu hærri fjárhæð en sem nemur því að hún sé 50% hærri. Að hugsa sér það að greiðsluerfiðleikalánin, þau sem tilfinnanlegust séu, séu þá í kringum 180 þús. kr. af milljón, ég er ekki viss um að þessi hugsun standist. Ég vil því mælast til þess við nefndina að þessi tillaga verði dregin aftur til 3. umr. þannig að mér gefist svigrúm til að skoða málið til morguns. Ég mun gera ráðstafanir til að fá hjá starfsmönnum nefndarinnar þær upplýsingar sem nefndinni hafa borist og liggja til grundvallar þessum útreikningum.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en tel sjálfsagt að þetta tefji ekki fyrir afgreiðslu málsins í þinginu, heldur hljóti að vera hægt að vinna þessa litlu töf síðar. Ég vil aðeins árétta að nú dugir ekki að kasta höndunum til neins, en velta fyrir sér hvað tölur þýða á blaði, innihaldi þeirra og þeirri hugsun sem er á bak við þær.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ásamt hv. 14. þm. Reykv., sem erum fulltrúar Sjálfstfl. í félmn. Ed. sem hefur haft þetta mál til umfjöllunar, höfum bæði skrifað undir nál. Við töldum ekki ástæðu til annars en að samþykkja þetta frv. með þeim breytingum sem gerðar eru og koma fram á þskj. 264, brtt. sem þar eru lagðar fram, og byggjast á þeim umræðum og umsögnum sem fram komu í nefndarstarfinu.

Eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Vesturl. eru margir óvissuþættir í þessum málum og það kom greinilega fram hjá þeim aðilum sem komu á fund nefndarinnar og í umfjöllun þar að það væru ýmsar at-

hugasemdir varðandi það að koma á þessu sem gert er ráð fyrir að bæta við í sambandi við húsbréfin með þessu frv. Það var kannski fyrst og fremst það að menn töldu þetta ekki vera tímabært vegna þess að húsbréfakerfið hafi ekki náð þeirri fótfestu sem æskilegt og nauðsynlegt er. Það þurfi betri fótfestu og starfsmenn Húsnæðisstofnunarinnar þurfi lengri tíma til að aðlaga sig þessu breytta kerfi. Það kom fram t.d. hjá formanni Félags fasteignasala að það væri ýmislegt sem skapaði óvissu í hugum fólks eins og t.d. vaxtabreytingin. Hann gerði athugasemdir við að hún hefði verið vanhugsuð og óheppileg og umræðan sem hafi orðið um afföllin á húsbréfunum hafi líka verið óheppileg. Og hann talaði um að það væri mikill hringlandaháttur í þessum málum sem ekki væri af hinu góða.

Hér er náttúrlega um viðkvæmt mál að ræða eins og við þekkjum öll og við viljum auðvitað stuðla að því að sem best verði staðið að þessum málum sem varða hvern einstakling og hverja fjölskyldu í landinu. Það hafa svo margar spurningar vaknað upp þegar verið er að breyta lögum um húsnæðismálin að það væri kannski að æra óstöðugan að fara að rekja það upp og tína það allt til einu sinni enn eins og hefur nú oft verið gert. En umsagnir varðandi þetta frv. snúa í raun og veru allar að þessu. Það er tímasetningin.

Það er hins vegar önnur stór spurning sem óneitanlega vaknar núna þegar verið er að fjalla einu sinni enn um húsnæðismálin og það er staða byggingarsjóðanna, uppsprettu húsnæðislánanna. Ég hef skilið það svo að það vanti núna 1100 millj. kr. vegna eiginfjárstöðu byggingarsjóðsins og er þá miðað við að engin ný lán verði veitt. Þetta er aðeins umfram þau lánsloforð sem veitt hafa verið. Þess vegna vaknar sú spurning hvernig hugsanlega er hægt að leysa þessi mál. Ég verð, hæstv. forseti, að óska eftir því að fá hæstv. félmrh. hér inn og svara fyrir það hvernig hún eða hæstv. ríkisstjórn hefur hugsað sér að leysa þessi mál með tilliti til þess að við erum nú að fjalla um fjárlagafrv. Ég veit ekki betur en að 2. umr. þess verði á morgun og þess vegna leikur mér forvitni á að heyra hennar viðhorf til þess hvernig þessi mál verði leyst á stjórnarheimilinu. (**Forseti:** Ég mun þá þurfa að biðja hv. ræðumann að fresta þessu og við tökum þá fyrir annað mál. Ráðherra mun vera bundinn í atkvæðagreiðslu í Nd.) Er reiknað með að það taki langan tíma? (**Forseti:** Það er sjálfsagt að fresta þessari umræðu.) Já, þá mun ég gera það, hæstv. forseti. Ég vil endilega nota þetta tækifæri til þess að leggja eina litla spurningu fyrir hæstv. félmrh. sem getur skipt miklu máli.

Umræðu frestað.

Lánsfjárlög 1990, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál. — Þskj. 274.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1990. Í frv. er lagt til að heimild ríkissjóðs til innlendrar lántöku á þessu ári verði aukin úr rúmum 6 milljörðum í rúma 12 milljarða. Auk þess eru í frv. heimildir fyrir fjmrh. til að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni 180 millj. kr. og Lánasjóði ísl. námsmanna 450 millj. kr.

Ástæða þess að nú er leitað eftir viðbótarheimildum til innlendrar lántöku ríkissjóðs liggur fyrst og fremst í því að innlend lánsfjáröflun hefur gengið það vel á árinu að ástæða þykir til að reyna að fjármagna halla ríkissjóðs að fullu hér innan lands, auk þess sem innlends fjármagns verður aflað til að greiða erlendar afborganir ríkissjóðs og yfirdráttarskuld ríkissjóðs hjá Seðlabankanum um síðustu áramót. Af 6 milljarða króna aukinni innlendri lántöku má rekja rúman helming, eða 3,4 milljarða, til þeirrar ákvörðunar að greiða yfirdrátt ríkisins í Seðlabankanum og erlendar afborganir og afborganir af lánum í Seðlabankanum með innlendu lánsfé. Um 1,2 milljarða kr. má rekja til lánahreyfinga þeirra auknu endurlána til LÍN sem hér er leitað heimilda fyrir svo og 928 millj. kr. útgáfu spariskírteina vegna skuldbreytinga í tengslum við uppgjör ríkissjóðs við Íslandsbanka vegna gamla Útvegsbankans. Að lokum má svo rekja 1,4 milljarða kr. eða tæplega fjórðung upphæðarinnar til aukins rekstrarhalla ríkissjóðs frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum eftir að þeim var breytt í framhaldi af kjarasamningum í febrúar sl.

Gert er ráð fyrir að 180 millj. kr. endurlán til Alþjóðaflugþjónustunnar verði fjármagnað með erlendri lántöku, enda er hér um að ræða stofnkostnað sem íslenska ríkið leggur út fyrir en fær síðan endurgreiddan með vöxtum á tíu árum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Aukna lánsfjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna má rekja til fjölgunar lántakenda hjá sjóðnum annars vegar og hins vegar til þess að áformaður sparnaður á móti hærri framfærsluviðmiðun hefur ekki gengið eftir nema að hluta, m.a. vegna þess að tekjur námsmanna sl. sumar voru minni en gert var ráð fyrir.

Samkvæmt frv. þurfa innlendar lántökur ríkissjóðs á þessu ári að nema 12 milljörðum 650 millj. kr. Þar af stafa 928 millj. kr. af skuldbreytingum í tengslum við uppgjör Útvegsbankans eins og ég rakti hér áðan.

Ríkissjóður þarf því að afla sér 11,7 milljarða kr. á almennum innlendum lánsfjármarkaði. Nú þegar hafa spariskírteini verið seld eða bindandi kaupsamningar verið gerðir fyrir 7,3 milljarða kr. Ef uppfylla á það sem eftir er af lánsfjárþörfinni á ríkisvíxlamarkaði þurfa þeir að seljast fyrir um 4,4 milljarða króna umfram innlausn frá síðustu áramótum og yrði þá ríkisvíxlastofninn tæplega 10,5 milljarðar kr. um næstu áramót. Góðar líkur eru taldar á því að þetta muni takast. Lífeyrissjóðir og bankar hafa gegnt miklu hlutverki við að fjármagna lánsfjárþörf ríkissjóðs innan lands í ár. En ekki má gleyma hlutverki hins almenna manns sem sparar litlar upphæðir í einu.

Sú merkilega breyting hefur átt sér stað að nú hafa um 8500 einstaklingar gerst áskrifendur að spariskírteinum ríkissjóðs. U.þ.b. 70 millj. kr. koma inn í áskriftum á hverjum mánuði og fer sú upphæð vax-

andi. Sá mikli fjöldi manna, 8500 manns, sem hefur á einu ári gerst áskrifandi að spariskírteinum ríkisins er mikil traustsyfirlýsing af hálfu almennings í landinu við það sparnaðarform sem felst í spariskírteinum ríkissjóðs.

Virðulegur forseti. Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði þessu máli vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var að tala um það hér áðan, sem er öldungis rétt, að ríkissjóður hefur þrengt sér meira inn á hinn innlenda lánamarkað en áður með þeim afleiðingum að raunvextir hafa hækkað verulega á þessu ári miðað við þær forsendur sem eru fyrir því sem kallað hefur verið þjóðarsátt. Það má segja að upp á ríkissjóð hafi fyrst og fremst staðið að reyna að hamla gegn aukinni eyðslu og reyna að draga sig til baka á lánsfjármarkaðnum til að gefa atvinnuvegunum meira svigrúm þar og til að draga úr vaxtaokri. En niðurstaðan hefur orðið þveröfug eins og ráðherrann vék hér að áðan. Sókn ríkissjóðs inn á hinn innlenda lánamarkað hefur vaxið jafnt og þétt. Það kemur fram, bæði í útlánum almennra peningaviðskiptastofnana og eins hjá fjárfestingarlánasjóðum, að eftirspurn eftir lánum til nýrra fjárfestinga, hagræðingar og tækniþróunar og nýjunga í atvinnurekstri hefur dregist mjög mikið saman. En á hinn bóginn hefur það færst mjög í vöxt að sótt hefur verið um lánveitingar úr fjárfestingarlánasjóðum til endurfjármögnunar og fjárhagslegrar endurskipulagningar. Þetta hefur komið mjög skýrt fram í þeim viðræðum sem við höfum átt í fjh.- og viðskn. Ed. við þá fulltrúa fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja sem okkur hafa hitt.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að það er upp og ofan hvað hæstv. fjmrh. telur rétt að setja í lánsfjárlög fyrir 1991 og hvað hann telur rétt að setja í lánsfjárlög fyrir 1990. Ég get tekið hér lítið dæmi: Í 5. gr. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 er Hríseyjarhreppi heimilað að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 23 millj. kr. eða jafnvirði í erlendri mynt vegna ferjunnar Sæfara. Þessi greiðsla féll til á þessu ári og efnt til skammtímaskuldbindinga með ábyrgð ríkissjóðs vegna þessa láns. Því hefði auðvitað verið eðlilegt að taka það inn í lánsfjárlög á þessu ári.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig farið verður með skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, hversu miklar þær skuldbindingar eru miðað við daginn í dag sem ríkissjóður tók á sig vegna laga á sl. vori eða hverjar eru nýjustu tölur sem hæstv. fjmrh. hefur um það efni. Það er ekki að sjá að hann geri ráð fyrir því að mæta þeirri skuldbindingu með heimild í lánsfjárlögum. Spurningin er hvernig þessar greiðslur hafa verið bókfærðar í ríkisreikningi, hvort þær koma inn á hallarekstur ríkissjóðs á þessu ári eða hvort hann hugsar sér að reyna að fela greiðslurnar með einhverjum kúnstum og hvernig hann líti yfirleitt á það mál. Væri mjög gott að fá upplýsingar um það.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hrósa því neitt sérstaklega að þessi lánsfjáraukalög skuli lögð fram nú síðustu dagana fyrir jól. Það sem þar stendur er svo sem gott og gilt. Hitt vitum við að ekki eru öll kurl komin til grafar. Við vitum að hæstv. fjmrh. gengur ekki frá því frv. sem hér er til umræðu þannig að það sé efnislega rétt ef litið er á málið með sanngirni og heilbrigðri gagnrýni. En honum finnst skemmtilegt að skreyta sig með þessu, ráðherranum, og ekkert við því að segja. Þess vegna er sjálfsagt að reyna að afgreiða þetta fljótt úr nefndinni. Ég hef ekki á móti því en vek aðeins athygli á því að ræða ráðherra staðfestir það sem við höfum sagt í stjórnarandstöðu, að ríkið sækir inn á lánsfjármarkaðinn á æ fleiri sviðum. Hefur stofnað sérstök fyrirtæki í því skyni við hið opinbera með þeim afleiðingum að raunvextir hafa hækkað, ekki síst á óverðtryggðum lánum. Ég veit ekki hvort þingheimur hefur gert sér grein fyrir því að á sumum lánum húsbyggjenda eru 9,5% vextir þó svo að þessi lán séu tryggð með byggingarvísitölu. Það er auðvitað gífurlegt vaxtaokur á meðan aðrir búa við allt önnur og betri kjör. Þannig býður ríkið þegnum sínum mjög mismunandi aðstöðu. Aðalatriðið er að vextir þyngjast, halli ríkissjóðs eykst og óstjórnin fer vaxandi meðan þessi ríkisstjórn situr sem nú er við völd.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að hv. þm. Halldór Blöndal muni í fjh.- og viðskn. fá upplýsingar um þau atriði sem hann hefur hér spurt um svo hann geti haft nákvæmar tölur. Ég vil aðeins segja það að reiknað er með því að greiðsla af því láni sem hann gat um vegna Verðjöfnunarsjóðs komi til gjalda á næsta ári. Gerður hefur verið samningur við Seðlabankann um það mál sem sjálfsagt er að kynna ítarlega í nefndinni þegar hún tekur þetta til umfjöllunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 148. mál (húsbréf). — Þskj. 154, n. 263, brtt. 264.

Salome Þorkelsdóttir (frh.):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að hafa komið hér inn til þess að verða við beiðni minni og svara lítilli fyrirspurn sem mig langar til að leggja fyrir hana. Hún er ekki löng en hún skiptir miklu máli.

Eins og ég benti á eru ýmsar spurningar sem vakna varðandi húsnæðismálin og stöðu byggingarsjóðanna eins og þeim er nú komið. Við erum hér að ræða um húsbréfakerfið og ég hafði bent á að það kom mjög skýrt fram hjá ýmsum sem komu á fund nefndarinnar að þetta væri ótímabær ráðstöfun sem hér væri verið að leggja til. Samt sem áður treystum við okkur ekki til annars en að stuðla að því að þetta frv. nái fram að ganga því, eins og fram kom hér í máli hv. 6. þm.

Vesturl., það á að leysa vanda t.d. á annað hundrað aðila sem bíða eftir lausn sem eru greiðsluerfiðleikalánin. Það mætti náttúrlega spyrja sig hvers vegna ekki er búið að leysa vanda greiðsluerfiðleikalána fyrir löngu með öðrum hætti í stað þess að nota nú húsbréfakerfið sem verður, t.d. að mati fasteignasala, viðbót á markaðinn. Og var nú í huga ýmissa vafamál hvort þetta yrði til þess að leysa þeirra vanda.

En ég ætla ekki að fara ítarlegar út í þau mál. Það voru hins vegar aðrar spurningar í mínum huga sem mig langar til að beina til hæstv. ráðherra og snúa að lánum Byggingarsjóðsins. Eftir því sem mér hefur skilist vantar 1100 millj. kr. umfram lánsloforð, þ.e. þrátt fyrir það að engin ný lán verði veitt, til þess að bæta eiginfjárstöðu sjóðsins. Samkvæmt fjárlagafrv. eru engar tölur þar inni og það er ekki hægt annað en að rifja upp það sem gerðist hér í haust eða síðsumars þegar skýrt kom fram í fjölmiðlum sú mikla óánægja og ósætti innan ríkisstjórnarinnar og félmrh. hins vegar gagnvart því hvernig hugað væri að þessum málum. Því langar mig til að spyrja hana hvort búið sé að finna lausn á því máli, með tilliti til þess sögulega samkomulags sem hún og formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., gerðu á sínum tíma og var nú vel tíundað í fjölmiðlum. Þ.e. að hún ætlaði sér ekki að styðja fjárlagafrv. nema hún fengi það fjármagn sem hún teldi sig þurfa í byggingarsjóði. Og einnig þær yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að hún mundi ekki styðja fjárlagafrv. nema að tryggt væri fjármagn í sjóðinn eftir því sem hún gerði kröfu til.

Nú stendur til að 2. umr. um fjárlagafrv. fari fram á morgun eftir því sem ég best veit. Þess vegna finnst mér ástæða til að spyrja núna hvaða tölu við megum vænta að sjá inni í frv. hvað varðar þessi atriði. Það skiptir náttúrlega gífurlega miklu máli, ekki bara fyrir hæstv. félmrh. heldur almennt, hvaða trygging verði veitt varðandi þessi mál sem snúa að svo mörgum.

Þetta langaði mig til að heyra af vörum hæstv. ráðherra, hvort þessar sögulegu sættir milli hennar og formanns Alþfl. hafi verið leystar í raun. Hvernig verður staðan þegar fjárlagafrv. verður afgreitt í þinginu og mun hún geta staðið að þeirri afgreiðslu?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég gat því miður ekki verið við upphaf þessarar umræðu þar sem ég var á bundin við atkvæðagreiðslu í Nd. Mér skilst að hér hafi verið beint nokkrum fyrirspurnum til mín varðandi það frv. sem við ræðum hér og þær brtt. sem liggja fyrir frá hv. félmn.

Þær brtt. sem eru lagðar fram við þetta frv. af hálfu nefndarinnar eru komnar frá húsnæðismálastjórn eftir umfjöllun hennar um þetta frv. Ég er í meginatriðum sammála þeim brtt. sem húsnæðismálastjórn lagði fram og nefndin flytur. Mér skilst að hér hafi sérstaklega verið spurst fyrir um 3. tölul. þeirra brtt. sem nefndin leggur fram sem orðast svo, með leyfi forseta: „Greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabréfaskiptin verði greiðslubyrðin að jafnaði um 20% af heildarlaunum hans."

Spurt er hvað liggi að baki þessum tölum. Hér er um að ræða viðmiðanir sem húsnæðismálastjórn eða ráðgjafarstöðin hefur lengi haft varðandi allar umsóknir um greiðsluerfiðleikalán. Þá er miðað við að greiðslubyrði umsækjenda sé að jafnaði yfir 30% og að ekki sé veitt greiðsluerfiðleikalán með öðrum hætti en þeim að eftir standi að viðkomandi greiði a.m.k. sem samsvarar að jafnaði 20% af heildarlaunum hans. Þetta eru ákveðnar viðmiðanir sem hafa verið notaðar hjá ráðgjafarstöðinni sem ráðgjafarstöðin og húsnæðismálastjórn telja rétt að hafa varðandi þær breytingar sem hér eru gerðar á húsbréfakerfinu og greiðsluerfiðleikalánum. Hér er um að ræða að ekki verði skuldbreytt meiru en þarf fyrir viðkomandi einstakling þannig að hann geti leyst sín mál. Er miðað við neðri mörkin, 20%, og við efri mörkin um að skuldir hans séu að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum til þess að hann komi til greina til þess að njóta þeirrar fyrirgreiðslu eða ákvæða sem eru í þessu frv.

Mér skilst að hér hafi verið sett fram spurning um fræðslu til fasteignasala vegna húsbréfaviðskipta. Fræðsla hefur farið fram, fór fram strax í upphafi þegar húsbréfakerfið tók gildi. Fyrir réttu ári síðan var haldið námskeið með fasteignasölum og nýverið hefur einnig verið haldið námskeið með fasteignasölum þegar til framkvæmda komu ákvæðin um að nýbyggingar kæmu inn í húsbréfakerfið.

Varðandi þær fyrirspurnir sem hv. þm. Salóme Þorkelsdóttir setti hér fram þá vörðuðu þær almennt stöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og hvað til þeirra er ætlað á fjárlögum og hvað ríkisstjórnin hyggist fyrir til þess að bæta greiðslustöðu þessara sjóða. Því er til að svara að málefni bæði Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna hafa verið til umfjöllunar hjá ríkisstjórninni. Hafa verið skoðaðar þar ákveðnar leiðir til að bæta greiðslustöðu Byggingarsjóðs ríkisins, til að mynda með tilliti til þeirra ákvæða sem nú eru í lögum um greiðslujöfnun fasteignaviðskipta sem bentu til þess að settu ákveðnar hömlur á ef farið væri út í vaxtabreytingar á þegar teknum lánum þannig að slíkar vaxtabreytingar mundu ekki skila sér í bættri greiðslustöðu sjóðsins heldur einungis leggjast við höfuðstól lánsins og ekki koma til greiðslu fyrr en í lok lánstímans og þar með ekki mynda vaxtabætur. Ríkisstjórnin hefur verið að láta skoða þessa leið og ég hef verið að láta athuga það lögfræðilega hvaða leiðir væru færar ef út í þetta yrði farið. Þær niðurstöður liggja nýverið fyrir og til þingflokkanna hafa verið sendar núna þær leiðir sem mögulegar eru varðandi vaxtabreytingar. Ég hef einnig óskað eftir því að þingflokkarnir tækju afstöðu bæði til vaxtabreytinga og eins þess hvort samstaða gæti tekist um lokun á lánakerfinu frá 1986. Ef ekki væri fallist á lokun af hálfu þingflokkanna var óskað eftir því að þeir tækju þá afstöðu til þess hvernig það lánakerfi skuli starfa áfram og hvernig eigi að fjármagna það.

Það koma, eins og þingmenn vita, tvær leiðir til greina til þess að bæta skuldastöðu Byggingarsjóðs rík-

isins. Í fyrsta lagi með ríkisframlagi. Í annan stað með vaxtahækkunum eða vaxtabreytingum en í þriðja lagi væri hægt að fara þá leið að til kæmi bæði ríkisframlag og vaxtabreytingar. Allar þessar leiðir sem hafa verið til athugunar í ríkisstjórninni eru nú til skoðunar hjá þingflokkunum. Í síðustu viku voru lagðir fyrir stjórnarflokkana ákveðnir valkostir í því sambandi og óskað eftir að í þessari viku lægi fyrir afstaða þingflokkanna til þeirra kosta sem uppi eru til að bæta stöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Ég hef ekki haft spurnir af afstöðu þingflokkanna í þessu máli en ég vona að þær geti legið fyrir í þessari viku.

Varðandi Byggingarsjóð verkamanna lá það fyrir að ekki væri hægt að ráðast í frekari nýframkvæmdir á næsta ári í félagslegum íbúðum nema til kæmi viðbótarfjármagn inn í Byggingarsjóð verkamanna. Ríkisstjórnin hefur rætt tillögu þar að lútandi að heimilað verði að veita lán til byggingar 500 nýrra félagslegra íbúða á næsta ári sem fjármagnaðar verði með hækkun á ríkisframlagi frá því sem nú er í frv. til fjárlaga. Jafnframt verði heimilað að leita eftir skuldabréfakaupum hjá lífeyrissjóðunum í þessu skyni.

Fundir hafa verið haldnir með lífeyrissjóðunum til þess að kanna afstöðu þeirra, hvort þeir væru tilbúnir í að veita frekara fjármagn úr lífeyrissjóðunum umfram skyldukaupin til þessa verkefnis, að heimila framkvæmdir á 500 nýjum félagslegum íbúðum. Viðbrögð þeirra hafa verið jákvæð við þessu og vænti ég að lífeyrissjóðirnir muni koma inn í það mál og að einnig verði á fjárlögum viðbótarfjármagn sem dugi til þess að hægt verði að fjármagna 500 nýjar félagslegar íbúðir á næsta ári. Ég vænti þess að þetta hafi svarað fyrirspurn hv. þm.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Farið hefur verið fram á það af hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal að fresta eða draga til baka til 3. umr. þriðju brtt. sem flutt er af félmn. Það eru nú þegar komnar fram skýringar og svör við þeim spurningum sem hv. þm. bar fram hér í umræðunni, og slæmt að hann skuli ekki eira í deildinni nógu lengi til að fá þau svör sem óskað er eftir. En þar sem við höfum gert ráðstafanir til þess að hér mæti einn af þeim fulltrúum sem komu fyrir nefndina, Grétar Guðmundsson, til þess að ræða við þingmanninn og skýra þessar tölur nánar, þá er sjálfsagt að verða við því að þessi brtt. bíði 3. umr. Ég vil þó aðeins minna hv. þm. á að það er mjög mikilsvert að þetta frv. fái fljóta og góða afgreiðslu í gegnum deildina. Það er stór hópur fólks sem bíður afgreiðslu þess. Það er líka mikilsvert að ef við höfum efasemdir um það sem við erum að gera hér að við séum þá til staðar til að hlýða á svör við þeim spurningum sem við berum fram.

Ég vil líka að það komi fram að í viðræðum við nefndarinnar við formann Félags fasteignasala, Þórólf Halldórsson, að hann óttaðist að það yrði mjög aukið álag á verðbréfamarkaðinum við afgreiðslu þessa frv. Hins vegar kom líka fram í þeirri umræðu að álagið yrði jafnvel enn meira ef frv. yrði ekki afgreitt vegna þess að þær íbúðir sem þarna er um að ræða, þær eignir sem um er að ræða, færu flestar ef ekki allar á sölumarkaðinn og mundu því að öllum líkindum flestar lenda í húsbréfakerfinu.

Ég vil aðeins ítreka að beðið er eftir úrlausn og við höfum orðið vör við mjög mikinn þrýsting á að við afgreiðum þetta mál, ljúkum þeirri umræðu sem þegar er hafin og búin að vera í gangi í hv. félmn. Við höfum fengið alla þá til viðræðu sem um var beðið og þá sem um þessi mál fjalla. Ég vil líka, vegna þess að hér er verið að vitna í einstaka menn sem á fundinn komu, láta það koma fram að forstjóri Landsbréfa, Gunnar Helgi Hálfdánarson, sagði það mjög skýrt við nefndina að þetta væri það kerfi sem ætti framtíð fyrir sér og það kerfi sem við mundum í framtíðinni búa við. Vissulega hefðu ýmsir agnúar komið fram en þeir væru ekki stórir og nú væri verið að sníða þá af, reynslan kenndi þeim og smátt og smátt mundi þetta kerfi verða eins og við vildum sjá það.

En ég legg mikla áherslu á það, virðulegi forseti, að málið verði afgreitt. Þar sem ég tel líka að hér hafi komið fram svör við þeim spurningum sem fram voru bornar af hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal, þá vil ég fara fram á það við deildina að við afgreiðum þær brtt. sem hér liggja fyrir.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. félmrh. fyrir þær upplýsingar sem hún gaf hér. Hún lauk ræðu sinni með því að segja að hún vænti þess að hún hefði svarað þeirri fyrirspurn sem ég lagði fyrir hana. En ég verð nú að segja eins og er að mér fannst ekki koma beint svar við því sem ég var að spyrja um því mér finnst það liggja í þeim upplýsingum sem hún gaf hér að það sé engan veginn ljóst hvernig verði staðið að þessu máli. Þetta liggur fyrir, það er beðið afstöðu þingflokkanna, þetta liggur í þingflokkunum — og þegar talað er um þingflokkana þá er að sjálfsögðu ekki átt við þingflokka stjórnarandstöðunnar heldur stjórnarliðsins — og hún væntir þess að þetta og hitt verði gert. Ég skil það þá þannig að hennar afstaða til þess hvort hún standi að afgreiðslu fjárlagafrv. sé háð því hvort þessi skilyrði verði uppfyllt sem hún tæpti á í sinni ræðu. Það var þetta væntanlega og ég vænti þess sem kom svo skýrt fram í hennar máli og segir okkur að það er engan veginn ljóst hvernig þessi mál verði til lykta leidd eins og þau standa í dag.

En það var eitt atriði sem ég gleymdi að spyrja hæstv. ráðherra beint um og það er niðurlag bréfs húsnæðismálastjórnar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, það er fjórði liðurinn: „Samþykkt þessa frv. mun leiða af sér mjög aukið vinnuálag í Húsnæðisstofnun ríkisins, sérstaklega hvað varðar tímafreka úrvinnslu greiðsluerfiðleikalána. Því má gera ráð fyrir þörf stofnunarinnar fyrir fjölgun starfsmanna meðan þau mál ganga yfir."

Ég vil þá spyrja hæstv. félmrh. að því hvort gert sé ráð fyrir því að fjölga starfsmönnum eða með hvaða móti eigi að leysa þennan vanda starfsmanna stofnunarinnar sem ég veit að eru allir af vilja gerðir að greiða sem best fyrir þeim sem þangað þurfa að leita. En eins

og fram kom og ég gat um í minni fyrri ræðu, þá hefur það verið erfiðleikum bundið að sinna þessum störfum eins og þarf, einmitt vegna aukins álags út af húsbréfakerfinu.

Ég vil láta þess getið að gefnu tilefni vegna ræðu hv. 4. þm. Suðurl. að ekki vakir fyrir okkur að tefja þetta mál. Við skrifuðum undir nál. án fyrirvara, ég og hv. 14. þm. Reykv., sem skrifuðum undir fyrir hönd Sjálfstfl. og munum ekki á nokkurn hátt tefja fyrir framgangi málsins.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Út af síðustu fyrirspurn hv. þm. um það sem fram kemur í bréfi húsnæðismálastjórnar að þess megi vænta að vinnuálag á stofnunina aukist með samþykkt þessa frv. er því til að svara að ég hygg að það geti orðið tímabundið nokkuð vinnuálag meira en er á stofnuninni, sérstaklega fyrstu vikurnar eftir að þetta frv. verður samþykkt. Eins og fram kom hjá formanni félmn. er það allstór hópur sem bíður eftir að fá úrlausn sinna mála gegnum þau ákvæði frv. sem hér eru til umfjöllunar. Ég geri einnig ráð fyrir því að það taki heldur lengri tíma en nú gegnum þessi hefðbundnu húsbréfaviðskipti að afgreiða einstök greiðsluerfiðleikalán. Þau þurfi meiri og ítarlegri skoðunar við en venjuleg húsbréfaviðskipti. Það má því búast við að vinnuálag verði nokkuð aukið og kannski eitthvað lengri afgreiðslutími á að afgreiða þessi greiðsluerfileikalán en er í gegnum hefðbundin húsbréfaviðskipti.

Varðandi fjölgun starfsmanna hefur komið fram ósk frá húsnæðismálastjórn um að stöður sem voru veittar tímabundið eða verkefnaráðið í verði framlengdar eitthvað fram á næsta ár. Ég veit ekki betur en að reynt verði að verða við því til þess að mæta þessu álagi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 264,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 264,2 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 264,3 kölluð aftur til 3. umr.
Ákvæði til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Stjórnsýslulög, 1. umr.

Stjfrv., 203. mál. — Þskj. 256.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að ríkisstjórnin muni leggja fram frv. til stjórnsýslulaga. Ég skipaði því, fljótlega eftir að ríkisstjórnin var mynduð, nefnd til þess að útbúa slíkt frv. Reyndar má rekja þennan undirbúning nokkuð lengra aftur í tímann. Á 109. löggjafarþingi var samþykkt frv. sem ég lagði þá fram sem forsrh. um umboðsmann Alþingis. Því frv. fylgdi frv. til stjórnsýslulaga. Var reyndar af flestum, ekki síst löglærðum mönnum, talið afar nauðsynlegt að þau frv. færu saman. Svo varð þó ekki. Þau urðu aðskilin, frv. um umboðsmann Alþingis var samþykkt eins og hv. alþm. vita en frv. til stjórnsýslulaga náði ekki samþykki. Umboðsmaður Alþingis hefur síðan lagt á það mikla áherslu að frv. til stjórnsýslulaga, sem bæði kveður á um hin ýmsu hugtök í stjórnsýslunni og skilgreinir þær skyldur sem á embættismönnum hvíla, yrði lagt fyrir Alþingi sem fyrst. Ég lagði því þetta frv. fram á síðasta þingi og mælti þá nokkuð ítarlega fyrir því. Það fór þá til nefndar sem sendi það til umsagnar og komu ýmsar umsagnir um þetta frv. sem nefndin hefur síðan tekið til nýrrar meðferðar á milli þinga.

Nú eru hér í þessari hv. deild þingmenn sem þekkja þetta mál mjög vel. Ég taldi eðlilegt að leggja málið hér fram í þeirri von að það fái nú skjóta meðferð í gegnum þingið. Og með tilvísun til fyrri framsögu sem ég hef haft um þetta mál og þess sem ég veit að er orðið vel kunnugt hér ætla ég ekki að lýsa einstökum greinum frv. heldur láta nægja stutta framsögu og gera að tillögu minni að þessu frv. til stjórnsýslulaga verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsh. með 12 shlj. atkv.

Upplýsingaskylda stjórnvalda, 1. umr.

Stjfrv., 204. mál. — Þskj. 257.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Um þetta frv. má hafa þau sömu inngangsorð og ég hafði áðan og vísa í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að skipa skuli nefnd og leggja fram frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Þessi tvö mál, það sem ég mælti fyrir áðan um stjórnsýsluna og það mál sem ég mæli fyrir nú, eru jafnframt nátengd. Reyndar voru þessi mál bæði í einu frv. sem lagt var fyrir 109. löggjafarþing og fékk þá nokkra meðferð. En síðan, í meðferð þeirrar nefndar sem ég skipaði samkvæmt ákvörðun stjórnarsáttmálans, varð niðurstaðan sú að skilja þessi tvö mál að og hafa frv. um stjórnsýslu sér, en frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda annað mál. Sýndist mér þegar þetta var lagt fyrir mig að það séu mörg rök sem að þessu hníga.

Það er ekkert síður mikilvægt að setja lög eða reglur um upplýsingaskylduna en um stjórnsýsluna almennt því satt að segja er hér töluvert mikið á reiki. Þetta frv. kveður ekki á um allt það sem skoða þarf í þessu sambandi en skapar þann ramma sem er nauðsynlegur til þess að stjórnvöld geti síðan með reglugerðum sett nánari ákvæði um upplýsingaskyldu, m.a. aðgang að skjölum o.s.frv.

Hér eru hins vegar, sérstaklega í 4. gr., heimildir til

að takmarka upplýsingaskylduna. Má segja að það sé hvað mikilvægast í því sem hér er lagt fram þótt margt annað sé einnig mikilvægt, eins og t.d. réttur almennings til þess að fá upplýsingar um eigin mál og að ákveðnum tíma liðnum um önnur.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengri framsögu. Ég vísa til þess sem áður hefur verið um þessi mál rætt hér á hinu háa Alþingi og til þeirrar ítarlegu meðferðar sem þetta mál hefur haft og þá þekkingu sem er hér innan deildarinnar á því. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 205. mál (reiðhjólahjálmar). — Þskj. 258.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, sem er á þskj. 258. Flm. auk mín eru hv. þm. Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Halldór Blöndal, Karl Steinar Guðnason, Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson og Valgerður Sverrisdóttir.

Þetta frv. varðar 72. gr. umferðarlaganna, þ.e. að á eftir 1. mgr. 72. gr. komi ný mgr. er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Barn, 12 ára eða yngra, sem hjólar eða er reitt á reiðhjóli, skal nota hlífðarhjálm."

Ég held, hæstv. forseti, að ég þurfi ekki að hafa mjög langt mál um þetta frv. Við höfum áður flutt frv. þar sem í voru ákvæði sem varða 1. gr. þessa frv. en það náði ekki fram að ganga. Á síðasta þingi fluttu 13 þingmenn þessarar hv. deildar frv. sem laut að notkun bílbelta í aftursætum bifreiða. Það frv. varð að lögum og tók gildi 1. okt. sl.

Það ákvæði sem þetta frv. fjallaði um held ég að allir séu sammála um að sé mjög mikilvægt. Það lýtur að því að koma í veg fyrir alvarleg höfuðslys á börnum sem eru á reiðhjólum, en flest slys barna á reiðhjólum verða á börnunum á aldrinum 5–9 ára. Gerðar hafa verið kannanir á vegum Bindindisfélags ökumanna. Hagvangur gerði slíka könnun í janúar 1990. Í henni kom fram að 90% þeirra sem spurðir voru og tóku afstöðu um lögleiðingu reiðhjólahjálma voru hlynntir þeirri ráðstöfun. Það er staðreynd að ár hvert slasast hundruð hjólreiðamanna hér á landi og í flestum alvarlegum reiðhjólaslysum verður höfuðið fyrir höggi við fall eða árekstur. Þess vegna er þetta talin vera eðlilegasta vörnin, að verja höfuð hjólreiðamannsins eins og kostur er.

Á nýafstöðnu slysavarnaþingi, þingi sem Umferðarráð stóð fyrir, flutti Tryggvi Þorsteinsson, læknir á slysadeild Borgarspítalans, fyrirlestur um þessi mál, þ.e. hjólreiðaslys á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þar kom fram að 397 einstaklingar hefðu leitað til slysadeildar. Tryggvi lagði mikla áherslu á reiðhjólahjálmana og fagnaði því ef hægt yrði að lögleiða notkun þeirra.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að hafa lengra mál um þetta frv. Mér finnst það skýra sig sjálft. Það eru það margir flutningsmenn að þessu frv. hér í hv. deild. og við höfum svo oft fjallað um þessi mál að ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja það frekar. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

23. fundur, miðvikudaginn 12. des., að loknum 22. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 148. mál (húsbréf). — Þskj. 285, brtt. 264,3.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það getur verið að það sé vegna fákunnáttu minnar í þingsköpum og þinglegri meðferð hér að ég skil ekki þessa meðferð. Fyrir augnabliki síðan fékk hv. 2. þm. Norðurl. e. frestun á umfjöllun þessa máls. Svo líður hálftími og þá er allt í einu leyft að fjalla um þetta mál. Það getur vel verið að það sé af því að ég sé svona undarlega illa að mér um fundarsköp og fundarreglur að þetta skuli vera hægt, en kannski getur hæstv. forseti skýrt hvernig stendur á þessu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. E.t.v. hef ég beðið um orðið of snemma. Er forseti með einhverja skýringu á því hvers vegna þessi háttur er viðhafður? Ég tek undir það sem hv. 18. þm. Reykv. Guðrún J. Halldórsdóttir sagði. Hér var beðið um frest af hálfu eins hv. þm. sem ekki er núna inni í deildinni. Ef forseti hefur á reiðum höndum einhverjar skýringar eða hann hefur haft samráð við hv. þm. Halldór Blöndal vildi ég gjarnan að fá að heyra þær. Annars hlýt ég að taka undir orð hv. þm. Guðrúnar Halldórsdóttur um að þessu máli verði frestað þar til hv. þm. Halldór Blöndal fær tækifæri til

þess að fjalla um það með þeim hætti sem hann óskaði eftir.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að beðið var um frestun vegna ákvæðis til bráðabirgða sem hér er í brtt. að beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. Það var orðið við óskum hans. Hann hefur fengið skýringar á þeim tölum sem þarna er um að ræða. Hér kom Grétar Guðmundsson, fulltrúi félmrn., og ræddi við hann. Eftir því sem ég best veit, eftir að hafa talað við hv. þm., taldi hann í lagi að hér færi fram 3. umr. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 264,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. SalÞ, 206. mál (reiðhjólahjálmar). — Þskj. 259.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er á þskj. 259 og er frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Frv. er stutt, aðeins tvær greinar. Ég ætla að leyfa mér að lesa hér 1. gr. frv. en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

Sala á barnabílstólum, bílpúðum sem festir eru með bílbeltum eða öðrum viðurkenndum öryggisbúnaði fyrir börn í bifreiðum, svo og sala á öryggishjálmum fyrir reiðhjóla- eða vélhjólaakstur."

Gert er ráð fyrir að þessi lög öðlist gildi 1. júlí 1991.

Tilgangur þessa frv. er væntanlega ljós. Hann er sá að stuðla að verðlækkun á öryggisbúnaði fyrir börn í bifreiðum og fyrir þá sem aka um á reiðhjólum og vélhjólum með því að fella niður virðisaukaskatt á þessum búnaði en virðisaukaskatturinn nemur 24,5% eins og kunnugt er.

Það er talið sannað að slíkur öryggisbúnaður geti orðið til þess að koma í veg fyrir alvarleg slys, hvort sem um er að ræða börn í bifreiðum, á reiðhjólum eða í vélhjólaakstri. Frv. þetta er flutt samhliða frv. um breyting á umferðarlögunum sem ég hef nú fyrir skömmu mælt fyrir og er flutt af mér ásamt fleiri þingmönnum þessarar hv. deildar.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um þetta frv. svo ljós er tilgangur þess. Ég held að óhætt sé að segja að öllum sé orðið ljóst að það skiptir miklu máli að koma í veg fyrir slys sem verða í umferðinni vegna þess að börn eru á reiðhjólum, eru ekki bundin í bílbeltum og nota ekki hlífðarhjálma. Því þykir flm. þessa frv. nauðsynlegt að stuðla að verðlækkun á þessum öryggisútbúnaði sem er auðvitað töluverður kostnaður fyrir foreldra, annars vegar það sem snýr að hlífðarhjálmum og hins vegar öryggisbúnaði í bifreiðum. En á bílstólum er jöfnunargjald 5% og virðisaukaskattur 24,5% sem gerir samtals 30,7% álag. Af reiðhjólahjálmum eru engin opinber gjöld önnur en virðisaukaskatturinn en hann er 24,5%.

Ég þykist vita að margir þingmenn séu ekki mjög áhugasamir fyrir því að bæta við undanþágurnar frá virðisaukaskattinum og ég get vel tekið undir það. En ég tel að svo margar undanþágur hafi nú þegar verið gerðar að þær sem hér eru lagðar til, sem skipta miklu máli fyrir þá aðila sem það varðar, skipti litlu máli fyrir ríkissjóð því ég tel að ekki geti þarna verið um háar fjárhæðir að ræða sem ríkissjóður hagnast á. Hann mundi hins vegar hagnast á því að lækka kostnað af sjúkrahúsvist eða slysum að því leyti sem sá kostnaður er borinn uppi af því opinbera.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil koma hér í stólinn til þess að styðja tillögu hv. 6. þm. Reykn. um afnám virðisaukaskatts af þessum öryggistækjum. Það er alveg tvímælalaust að ef afnám virðisaukaskatts af þessum tækjum getur orðið til þess að fækka slysunum mun þjóðin græða miklu meira á því en þær krónur sem kæmu í virðisaukasjóð fyrir þau. Það er ekki bara að við spörum okkur sjúkrahúsþjónustukostnað og einhvern læknaskostnað, heldur erum við að tala hér um öryggistæki fyrir börnin sem eru framtíð þessarar þjóðar. Ég vil þar af leiðandi styðja þetta eindregið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Slysavarnaráð, 1. umr.

Frv. SalÞ, 207. mál. — Þskj. 260.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um slysavarnaráð sem er á þskj. 260.

Samkvæmt 1. gr. frv. er tilgangurinn að stofna slysavarnaráð sem heyrir undir heilbrrh.

Samkvæmt 2. gr. er hlutverk slysavarnaráðs:

að vera ríkisstjórn, ráðherra, slysavarnanefndum í héruðum og öðrum aðilum til ráðuneytis um allt er lýtur að slysavörnum,

að gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um áhersluatriði í slysavörnum á hverjum tíma,

að sjá um og stuðla að rannsóknum á orsökum og afleiðingum slysa,

að samræma störf þeirra aðila sem vinna að slysavörnum,

að fylgjast með nýjungum og reynslu annarra þjóða í slysavörnum,

að halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár.

Heilbrrh. skipar sjö fulltrúa í slysavarnaráð, tilnefnda af eftirtöldum aðilum: landlæknisembættinu, og skal sá vera formaður, læknadeild Háskóla Íslands, dómsmrh., Vinnueftirliti ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Slysavarnaráð skal skipað til fjögurra ára í senn og varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000 segir m.a. að átak þurfi að gera gegn slysum, þ.e. að fækka dauðsföllum af þeirra völdum um 25% fyrir árið 2000.

Hinn 27. febr. 1987 skipaði þáv. heilbrrh., Ragnhildur Helgadóttir, nefnd um varnir gegn slysum. Flutningsmaður þessa frv. var skipuð formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn voru: Gunnar Þór Jónsson, prófessor í slysalækningum, Haraldur Henrýsson, þá forseti Slysavarnafélags Íslands, Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, Sigrún Gísladóttir skólastjóri og Vilborg Ingólfsdóttir hjúkrunarfræðingur sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Í nefndinni urðu menn sammála um að með samstilltu átaki þjóðarinnar væri hægt að gera þetta markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að veruleika hér á landi. Samstilltu átaki taldi nefndin að best yrði náð með því að höfða til hvers einstaklings í því umhverfi sem hann lifir og hrærist í. Þess vegna séu mestar líkur á að það gerist með því að unnið sé markvisst að slysavörnum í hverju byggðarlagi fyrir sig. Á síðasta þingi var lögfest með breytingu á sveitarstjórnarlögum að verkefni sveitarstjórna séu m.a. að vinna að slysavörnum í sveitarfélaginu. Einnig var gerð breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu um að heilsugæslustöðvar skuli einnig hafa það verkefni á sinni verkefnaskrá. Þetta voru tvö frv. sem flm. þessa frv. flutti. Eins og áður sagði urðu þau bæði að lögum. Þannig telur flm. að búið sé að stíga það skref að færa þessi mál heim í héruð þannig að það sé best unnið að þeim á hverjum stað fyrir sig. Síðan þurfi að samræma slysavarnir um landið allt. Þetta hefur margsinnis komið fram í ályktunum frá þingum sem haldin hafa verið um slysavarnamál eða umferðaröryggismál.

Ein af þeim tillögum, sem fram komu í nefndinni, var að lögfest yrðu sérstök ákvæði um slysavarnaráð. Þetta hefur stundum verið kallað slysaráð og er kannski matsatriði hvort er betra, en ég hallast heldur að því að það lýsi betur tilgangi frv. að tala um slysavarnaráð. Í upphaflegri útgáfu að íslenskri heilbrigðisáætlun, sem lögð var fram á Alþingi í apríl 1987 af þáv. heilbrrh., Ragnhildi Helgadóttur, var lagt til að lögfest yrði sérstakt slysavarnaráð er fyrst og fremst sinnti störfum fyrir opinbera aðila. Fyrir liggur að núverandi heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, hefur ákveðið að stofna slysavarnaráð í samræmi við þær tillögur sem fram hafa komið frá nefndinni um varnir gegn slysum. Þetta frv. er því flutt til að fylgja eftir þeirri ákvörðun þar sem flm. frv. telur eðlilegt að lögfesta skuli slíkt slysavarnaráð, enda í samræmi við markmið íslenskrar heilbrigðisáætlunar.

Ég tel að það eigi ekki að vera geðþóttaákvörðun hvers ráðherra fyrir sig hvort slíkt ráð sé skipað heldur skuli þetta vera fest í lögum í eitt skipti fyrir öll.

Efnisatriði frv. byggjast á þeim hugmyndum sem fram hafa komið í nefndinni um skipan slysavarnaráðs og verkefni þess og eru í samræmi við hugmyndir hæstv. ráðherra um stofnun slíks slysavarnaráðs.

Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta frv., hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Hér er flutt athyglisvert mál að ýmsu leyti og skal ég ekki gera lítið úr efnisatriðum þess eða því sem er raunverulega upphafið að þessu, þ.e. samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að reyna að draga um fjórðung úr slysum fyrir næstu aldamót. Það sem kom mér til að standa upp nú er að það er raunverulega dálítið sérkennilegt hvernig að þessu er staðið. Ég þekki ekki forsöguna nema að mjög takmörkuðu leyti og mun þá flm. skýra það fyrir mér betur. Ef ég skil rétt hefur flm. verið formaður nefndar sem var skipuð af fyrrv. heilbrrh. til þess að reyna að fylgja eftir þessari samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Sú nefnd hefur skilað áliti til heilbrrh. Ég skil það svo eins og grg. ber með sér. Þar kemur m.a. fram að fyrir liggur að núv. heilbrrh. Guðmundur Bjarnason hefur ákveðið að stofna slysavarnaráð í samræmi við þær tillögur sem fram komu í nefndinni. Nú veit ég ekki hvort flm. er orðinn óþolinmóður eftir þeirri framkvæmd ráðherrans. Ég hygg að það sé venja þegar nefndir skila áliti til ráðherra, starfshópur sem er að vinna fyrir ráðuneytin, þá flytji einstakir nefndarmenn ekki slík frv. nema þeir telji fullreynt að ráðherra ætli ekki að fylgja tillögum nefndarinnar eftir. Ég hef ekki rætt við ráðherrann um þetta og hef því ekki svör við þessu en vil þess vegna spyrja flm. hvort hann telji fullreynt að ráðherrann ætli ekki að stofna þetta slysavarnaráð. Og hins vegar hvort ráðherrann telur kannski að ekki sé þörf á sérstakri lagasetningu um það. En ef það liggur fyrir að ráðherrann ætli sér að stofna ráðið og leggja tillögu þar að lútandi fyrir þingið á næstunni, þá finnst mér það dálítið sérkennileg málsmeðferð að einstakir nefndarmenn, jafnvel formenn nefnda sem eru að vinna fyrir ráðuneytin, grípi þá fram fyrir hendur á ráðherra. Þar með er ég alls ekki að gera lítið úr því málefni sem er verið að ræða um en þetta er dálítið sérkennilegt. Ég hef ekki orðið var við það áður í þingsölum að slíkt sé gert fyrr en menn telja það fullreynt að ráðherrar ætli ekki að fylgja slíkum tillögum.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 8. þm. Reykn. og fyrirspurnar hans til mín varðandi flutning á þessu máli get ég upplýst það að nefndin sem ég minnist á í frv.

hefur ekki skilað neinu áliti til ráðherra af þeirri einföldu ástæðu að hún hefur hætt störfum. Hún var skipuð af fyrrv. hæstv. heilbrrh. og af ýmsum persónulegum ástæðum nefndarmanna hefur hún ekki getað lokið sínum störfum. Flm. þessa frv. þótti því nauðsynlegt að koma þessu máli áfram, sem er mitt brennandi áhugamál. Ég gerði það vitandi að hæstv. heilbrrh. hefur nú þegar skrifað bréf og ákveðið að stofna slíkt ráð, en það liggur ekki fyrir að hann ætli að lögfesta slíkt ráð. Það er einungis það sem ég er að leggja áherslu á, fylgja hans ákvörðun eftir með því að leggja til að slíkt ráð verði lögfest. Það er skýringin á þessu máli.

Ég tel mig ekki vera á neinn hátt að taka fram fyrir hendurnar á hæstv. ráðherra. Þetta er áhugamál innan þeirrar nefndar sem ég greindi frá. Ég greindi að vísu ekki frá því að hún hafi ekki getað lokið störfum af þeim ástæðum sem ég tilgreindi en sú er ástæðan, við höfum ekki getað skilað af okkur enda var það ekki þessi ráðherra sem skipaði nefndina á sínum tíma heldur fyrrv. heilbrrh. Ég hafði samráð við núv. heilbrrh. þegar hann tók við og innti hann eftir því hvort við ættum að halda áfram störfum og hann gerði ekki athugasemdir við það. Það voru ýmis atriði sem nefndin taldi mjög brýnt að vinna að strax svo að hún gæti haldið áfram sínum störfum. Þeim málum var ekki hægt að sinna. Ég ætla ekki að fara út í það hér af hvaða ástæðum það var, en þetta er ástæðan. Vænti ég þess að hv. 8. þm. Reykn. hafi fengið svör við þessum athugasemdum sínum.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykn., flm. málsins fyrir þessar skýringar. Það kom ekki fram, hvorki í hennar máli né í grg., að nefndin væri hætt störfum, af hvaða ástæðum sem það er nú. En það er greinilegt af hennar orðum að það er ekki vegna þess að núv. ráðherra hafi ákveðið að leggja nefndina niður nema síður sé. Þar að auki var ástæðan fyrir spurningunni hjá mér sú að það segir beinlínis í grg.: „Fyrir liggur að núverandi heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, hefur ákveðið að stofna slysavarnaráð í samræmi við þær tillögur sem fram hafa komið frá nefndinni.“ Svo nefndin virðist vera búin að senda tillögur til ráðherrans. Hvort hann svo ætlar að fylgja þeim eftir eða ekki skal ég ekki segja um, en þetta var ástæðan fyrir því að ég lagði þessar spurningar fram.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil skýra þetta aðeins nánar. Það er rétt að auðvitað liggja fyrir ýmis gögn sem þessi nefnd hefur unnið en hún hefur ekki sent þau formlega. Hins vegar hefur ráðherra aðgang að þessum gögnum vegna þess að einn af starfsmönnum nefndarinnar vinnur í heilbrrn., þ.e. á skrifstofu landlæknis. Landlæknir hefur verið mikill baráttumaður, sem ég gleymdi nú að geta um hér og hefði auðvitað átt að geta um sérstaklega, fyrir því að slíkt slysavarnaráð verði stofnað, ásamt fjölmörgum fleiri aðilum sem láta sig þessi mál miklu varða. Og ég gat um það sérstaklega, enda kemur það fram í grg., að ég flyt þetta frv. til að fylgja eftir þeirri ákvörðun ráðherrans að fara að þeim tillögum sem komu fram í nefndinni og hann hefur undir höndum óformlega. Hann hefur aðgang að þessum gögnum en það liggur ekki fyrir að hann ætli að flytja frv. um að þetta verði lögfest heldur ætlar hann einungis að skipa slíka nefnd sem er auðvitað algerlega á hans valdi. En ég vil tryggja að slíkt ráð, svo ég hafi nú rétt orð yfir það, sé lögfest. Þetta verði ekki bara eitthvað sem er tímabundið við geðþóttaákvörðun eins ráðherra heldur að þetta verði lögfest. Og þess vegna er frv. flutt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

23. fundur, miðvikudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf:

„Hér með tilkynnist yður, hæstv. forseti, að ég verð fjarverandi í embættiserindum frá og með 12. des. til og með 21. des. 1990. Leyfi ég mér að óska að Lára V. Júlíusdóttir varamaður taki sæti mitt á Alþingi þennan tíma.

Jón Baldvin Hannibalsson,
utanríkisráðherra.“

Lára V. Júlíusdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og þarf því ekki að undirrita eiðstaf. Býður forseti hana velkomna til starfa.

Launamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40, n. 233, 244 og 245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, ÓÞG, RA, RG, SighB, StH, BVG, AðB, AS, ÁHE, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, JóhS, LVJ, JK, JónS, ÁrnG.

nei: PJ, ÞP, ÞÞ, AÓB, FrS, GeirG, GHH, HJ, KrP, KE, MálmS, ÓE.

SV, EH, FÞ, HG, IBA, MB greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (PP, RH, BÍG, JSS, MÁM) fjarstaddir.
9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þrátt fyrir margítrekaðar árangurslausar tilraunir af minni hálfu til að fá í hendur skriflega álitsgerð lögfræðinga sem ríkisstjórnin hlýtur að hafa aflað sér vegna fram kominna fullyrðinga á Alþingi og utan þess um að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar, nr. 89/1990, séu ekki í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar, hefur það ekki tekist. Verður því að álykta að ríkisstjórninni hafi ekki tekist að fá neina lögfræðilega álitsgerð sem feli í sér rökstutt álit sem réttlæti og rökstyðji að setning bráðabirgðalaganna standist gagnvart stjórnarskránni. Haft er eftir Eiríki Tómassyni lögfræðingi sem er mjög handgenginn hæstv. forsrh. að íslensk stjórnmál einkennist af siðferðiskreppu og væru bráðabirgðalögin á BHMR gróft dæmi um það. Þegar ríkisstjórnin stóð frammi fyrir því að verulegar líkur væru fyrir að bráðabirgðalögin mundu falla á jöfnum atkvæðum hér í deildinni, sem hún átti að vita fyrir, a.m.k. hvað mig varðaði, ætlaði hún að grípa til þess óyndisúrræðis að rjúfa þing og boða til kosninga um miðjan vetur og leggja síðan til við forseta vorn að hún gæfi út enn á ný bráðabirgðalög, efnislega eins, gagnvart BHMR, en að vísu eftir eitthvað breyttum formerkjum. Þó ég trúi því ekki að forsetinn hefði sett slík lög þá vil ég forða henni frá því að standa frammi fyrir slíkri beiðni. Allt þetta mál er hreint klúður frá upphafi. Sýnir dómgreindarleysi ríkisstjórnarinnar og tillitsleysi við landsbyggðina að leggja til að fara út í kosningar um miðjan vetur og hefja kosningabaráttu yfir jólahátíðina. Ég lýsi andstöðu minni við þessum bráðabirgðalögum, en af ofangreindum ástæðum mun ég sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Björn Valur Gíslason:

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram hér að ég tel setningu bráðabirgðalaga af því tagi sem hér um ræðir algera neyðarkosti. Það á að vera skýlaus réttur fólks að fá að semja um kaup sitt og kjör án þess að eiga það á hættu að samningar verði að engu gerðir með valdboði. Það er auðvitað alveg ljóst að ríkisstjórnir undanfarinna ára og áratuga hafa margoft ofnotað það vald sem þær hafa til setningar bráðabirgðalaga. Þar hafa komið við sögu nær allir stjórnmálaflokkar á Íslandi sem á annað borð hafa átt aðild að ríkisstjórn og Sjálfstfl. sennilega hvað oftast. Það réttlætir hins vegar ekki setningu þessara bráðabirgðalaga sem hér um ræðir. Ég var andvígur því að þau lög yrðu sett og talaði gegn setningu þeirra innan Alþb.

Í dag er það hins vegar alveg ljóst vegna þess hvernig málum er stillt upp að verðbólgan mun rjúka upp og verðlag fara úr böndum ef þessi lög verða ekki staðfest hér á Alþingi. Og það er jafnljóst að þeir sem fara verst út úr því ævintýri, ef af verður, eru þeir sem minnst hafa fyrir. Ég tel að búið sé að leggja nóg á launafólk í bili og ekki sé á bætandi að rýra enn kjör þess með óðaverðbólgu og verðlagshækkunum. Ég tel að ríkisstjórnin verði nú alveg á næstunni að losa launafólk undan þessari ábyrgð að halda verðbólgu niðri í landinu því það er ekki við þetta fólk að sakast. Ég tel að draga verði fleiri til ábyrgðar og láta fleiri bera þessa þungu byrði en launafólkið eitt. Í trausti þess að svo verði gert tel ég það þó skömminni skárri kost að þessi bráðabirgðalög fáist staðfest hér á Alþingi en þau verði felld með jafnalvarlegum afleiðingum og ljóst er að muni verða. Ég segi því já.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég tel að það sé forsenda fyrir því að þjóðinni takist að ná varanlegum árangri í baráttu gegn verðbólgu að sérhver ákvörðun sem miðar að því að ná því marki byggist á virðingu fyrir stjórnskipun landsins, lögum og rétti og almennum siðgæðisreglum.

Það frv. sem hér liggur fyrir og óskað er staðfestingar á ber hins vegar vott um að öll vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar ganga í veigamiklum atriðum gegn þessum grundvallarviðhorfum. Fall þessa frv. þarf ekki að þýða að hér fari af stað ný verðbólgualda. Með hliðsjón af þessu segi ég nei.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Kvennalistinn hefur aldrei léð máls á því að ríkisvaldið gripi inn í kjarasamninga með lögum. Að okkar áliti brýtur það í bága við þau lýð- og mannréttindi sem við ættum að gæta og vernda líkt og sjáaldurs auga okkar. Engin rök, ekki heldur efnahagsleg, réttlæta þá gjörð sem framin var með bráðabirgðalögunum 3. ágúst sl. og stendur til að Alþingi leggi blessun sína yfir.

Þau spjót sem nú beinast gegn BHMR geta fyrr en varir beinst að öðrum. Sá sem einu sinni kemst upp með ofbeldi og valdbeitingu, smakkar á sætleik valdsins, er vís til að ganga á lagið. Í þeirri von að þessi ósvinna verði stöðvuð og verði allri þjóðinni áminning um að varðveita dýrkeypt lýðréttindi og frelsi segi ég nei.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Fyrir réttu ári síðan samþykkti Alþingi fjárlög fyrir það ár sem nú er senn að líða. Í fjárlögunum birtist stefna ríkisstjórnarinnar sem miðaði við að verðbólga hér á landi yrði 18% að meðaltali árið 1990. Rúmum mánuði frá afgreiðslu fjárlaga eða í febrúarmánuði voru gerðir nýir kjarasamningar að frumkvæði forustumanna aðila vinnumarkaðarins sem miðuðu við að verðbólga á árinu 1990 yrði eins stafs tala. Hefur þetta gengið eftir. Aðilar vinnumarkaðarins komu því eins og frelsandi englar og drógu ríkisstjórnina að landi með því að stórlækka verðbólgu frá því sem ríkisstjórnin hafði ætlað sér. Auðvitað hefur þessi verðbólgulækkun ekki gengið fram án þess að menn færðu fórnir og þá fyrst og fremst láglaunafólkið í landinu. En á móti kemur að lág verðbólga er ekki síst þeim til góða sem minnst mega sín. Ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa hins vegar ekki spilað með sem skyldi til að varðveita þjóðarsátt. Má þar m.a. nefna bankakerfið. Það tafði að lækka vexti þegar verðlag fór

hjaðnandi vegna þjóðarsáttar. Það sætir nú færi að hækka vexti meðan enginn grundvöllur er fyrir slíku, verðlag tiltölulega kyrrt og atvinnuleysi viðloðandi. Það virðist svo sem bankarnir þarfnist beinlínis verðbólgu, geti ekki án hennar verið. Er þá vissulega illa komið.

Ríkisstjórnin hefur því miður ekki búið í haginn sem skyldi undir framtíðarþjóðarsátt með lágri verðbólgu eins og hallinn á ríkissjóði sýnir m.a. Ríkisstjórnin hefur heldur ekki gengið á undan með góðu fordæmi, sbr. kostnað við ferðalög ráðherra á þjóðarsáttartíma sem er lýsandi dæmi um eyðslu og óstjórn. Vinnubrögð hennar í kringum bráðabirgðalögin ber að fordæma sem slík.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir það að þjóðarsáttin sé ekki fullkomin þá varð hún til fyrir forgöngu aðila vinnumarkaðarins og því ber að virða hana. Þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst ekki um krónur og aura. Þetta mál snýst um það hvað menn geta leyft sér við stjórn landsins. Í því máli sem hér um ræðir hefur verið gengið lengra en leyfilegt er og ég segi nei.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þessi bráðabirgðalög brjóta í bága við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Af þeirri ástæðu einni er rétt að fella þau. Jafnframt er staðið frammi fyrir því að ef þessi bráðabirgðalög verða samþykkt ber fjmrh. að segja af sér vegna þess að með samþykkt þeirra er hinn svokallaði tímamótasamningur ríkisins við BHMR felldur. Þótt ég telji það algera þjóðarsátt að fjmrh. segi af sér þá segi ég nei.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. *Fá mál hafa vakið jafnmiklar deilur* hin síðari missiri og bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar á samninga BHMR. Háværar raddir hafa verið uppi um að setning bráðabirgðalaganna hafi verið andstæð ákvæðum stjórnarskrár. Um það atriði treysti ég mér ekki til að dæma, enda munu dómstólar fjalla um þann þátt sérstaklega. Framganga stjórnar í dag í þessu máli hefur þó sýnt að óvandaðir stjórnmálamenn hika ekki við að nota heimild til setningar bráðabirgðalaga langt út fyrir þau mörk sem eðlilegt getur talist. Á því verða þeir að bera siðferðislega og pólitíska ábyrgð. Hins vegar hafa þeir nú sýnt þjóðinni að nauðsynlegt er að þrengja heimild til setningar bráðabirgðalaga verulega og jafnvel afnema hana með öllu. Og þó við látum dómstólum eftir að meta lögmæti setningar bráðabirgðalaganna þá stendur hitt óhaggað að þessi ríkisstjórn *hefur með setningu þeirra og raunar fyrri verkum* sínum fyrir löngu ofboðið siðferðiskennd fólksins. Hún ber fulla ábyrgð á trúnaðarbresti milli stjórnvalda og almennings sem langan tíma getur tekið að byggja aftur upp. Ég hika ekki við að segja að ég hef skömm á þessari ríkisstjórn og geðþóttasiðferði hennar sem sveiflast eftir hagsmunum ráðherranna sjálfra.

Máltækið segir: „Orð skulu standa.“ Samninga sem gerðir hafa verið ber að halda. Hins vegar er hægt að gera svo slæma og vitlausa samninga að frá upphafi sé ljóst að ekki verði unnt að standa við þá án alvarlegra afleiðinga. Auðvitað átti ríkisstjórnin að viðurkenna að samningur hennar og BHMR væri slíkur samningur og ríkisstjórnin gæti ekki og mundi ekki standa við hann. Nógu oft var ríkisstjórnin vöruð við af ýmsum aðilum. Hún hafði því alla möguleika á að leita eftir viðræðum við BHMR um endurskoðun samningsins. Hefðu slíkar viðræður ekki skilað árangri gat stjórnin hins vegar auðveldlega kallað saman Alþingi og lagt þar fram lagafrv. um breytingar á samningnum. Miðað við þingstyrk stjórnarinnar má ætla að niðurstaðan hefði orðið sú sama og fékkst með setningu bráðabirgðalaganna. Ábyrgð ríkisstjórnar í þessu máli er ótvíræð og hún getur ekki vikið sér undan henni.

En er sá kostur heppilegur að fara nú að fella bráðabirgðalögin? Er *fólk tilbúið* að taka áhættu á því að glata þeim stöðugleika í efnahagsmálum sem atvinnurekendur og ekki síst launþegar hafa komið á fyrir ríkisstjórnina sem gat það ekki sjálf? Þjónar það hagsmunum fólksins að fórna þeim árangri sem aðilar vinnumarkaðarins hafa óumdeilanlega náð í efnahagsmálum og æða út í kosningar núna? Ég segi nei. Þótt ég hafi skömm á þessari ríkisstjórn og vilji losna við hana sem fyrst. Það er skammt til almennra kosninga til Alþingis. Þá er ég viss um að fólkið sjálft mun draga ríkisstjórnina til ábyrgðar vegna aðgerða hennar. Þá mun fólkið sjálft velja sér forustu sem er treystandi. Og það verða ekki þeir menn sem nú stjórna.

Hæstv. forseti. Ég greiði ekki atkvæði.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég var andvígur samningi ríkisins við Bandalag háskólamenntaðra manna. Ég er andvígur því að *eftir að sá samningur var gerður var hann svikinn* og þar með ráðist á samningsréttinn í landinu án þess að gera hina minnstu tilraun til þess að milda fyrri aðgerðir. Ég var mótfalllinn útgáfu bráðabirgðalaga og tel það hafa verið skyldu ríkisstjórnarinnar að kalla Alþingi saman. Allt ráðslag ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sem öðrum er með þeim hætti að allir þeir sem virða samningsrétt og frjálsa skoðun manna í landinu eru mótfallnir þessum aðgerðum. Ríkisstjórnin leitaði ekki til stjórnarandstöðunnar í þessum efnum, leitaði þar aldrei ráða. Þar af leiðandi er stjórnarandstaðan alveg óbundin af slíkum gerðum sem þarna hafa átt sér stað.

Ég tel að úr því sem komið er sé rétt að ríkisstjórnin sjálf og ein beri fjanda sinn í þessum efnum og hafi ein skömm og skaða af sínum gerðum. Því tek ég ekki afstöðu til þessa máls og greiði ekki atkvæði.

2.–4. gr. samþ. með 18:5 atkv.
5. gr. samþ. með 19:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (Hafrannsóknastofnunin). — Þskj. 130.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hér er um að ræða frv. sem gengur út á það að Hafrannsóknastofnuninni sé heimilt að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjútvrh. að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

Með lögum frá hv. Alþingi hefur Háskóli Íslands fengið sambærilegar heimildir með lögum nr. 8/1986, síðan Iðntæknistofnun með lögum nr. 77/1986, og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með lögum nr. 71/1990.

Hafrannsóknastofnun vinnur að margvíslegum þróunarverkefnum og það samstarf sem m.a. hefur tekist við önnur fyrirtæki, og á ég þá sérstaklega við eitt fyrirtæki, Fiskeldi Eyjafjarðar, gerir það mjög mikilvægt að stofnunin hafi slíka heimild.

Það er í mörgum tilfellum mun kostnaðarminna að vinna að slíkum rannsóknum í samvinnu við einstaklinga eða sérstaklega fyrirtæki sem hafa áhuga og vonandi hag af því að leggja í slíkar rannsóknir. Hafrannsóknastofnunin hefur unnið mikið starf ásamt því fyrirtæki sem ég hef nú nefnt og er enginn vafi á því að þær rannsóknir sem þar fara fram kosta mun minna fé en ef ríkissjóður hefði þurft að byggja upp þá rannsóknaraðstöðu og leggja fram þá fjármuni sem þar hafa verið lagðir af mörkum.

Hér er um að ræða mjög einfalt frv. og skýrt sem hefur þegar nokkrar hliðstæður í löggjöf hér á landi. Vænti ég þess að það megi taka skamman tíma að afgreiða það. Það hefur nú þegar fengið afgreiðslu hv. Ed.

Að lokinni þessari umræðu vil ég leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vaxtalög, frh. 1. umr.

Frv. SV, 116. mál (hámarksvextir). — Þskj. 120.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Ég vænti þess að forseti hafi séð um það að hæstv. bankamálaráðherra verði hér við umræðuna en ég mun hefja mál mitt eigi að síður.

Á þskj. 120 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi frv. til laga um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987, með síðari breytingum:

„1. gr. Við 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Óheimilt er fram til 1. jan. 1992 að áskilja eða taka hærri vexti af peningakröfum en 5% ársvexti af verðtryggðum kröfum. Hámarksvextir af óverðtryggðum kröfum skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands og skulu þeir ákveðnir þannig að raunávöxtun óverðtryggðra peningakrafna verði ekki hærri en raunávöxtun verðtryggðra krafna.

2. gr. Niður falli 17.–19. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 (um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða).

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Á 111. löggjafarþingi flutti Auður Eiríksdóttir brtt. við vaxtalög sem voru þá til meðferðar í Nd. Alþingis. Þessi brtt. var efnislega samhljóða þessu frv. Við 2. umr. um málið munaði aðeins tveimur atkvæðum að tillagan væri samþykkt. Þetta gerðist á kvöldfundi, öllum að óvörum. Var dreift nýrri dagskrá og málið tekið fyrir þótt þannig stæði á að fólk vantaði á kvöldfundinn sem vitað var að ætlaði að styðja tillöguna.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð var það eitt af skilyrðunum sem Samtök jafnréttis og félagshyggju settu fyrir stuðningi við hana að raunvextir yrðu ekki hærri en 5%. Til samkomulags sættust þau á að í málefnasamningnum væri miðað við 6% en lofað var að taka síðan málið til endurskoðunar með það að markmiði að lækka þá enn frekar.

Eftir rúmlega tveggja ára valdasetu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar eru raunvextir fyrir venjulegt fólk frá 7,75 upp í 8,75% og þeim sem verst eru settir og þurfa að skuldbreyta lánum sínum er gert að greiða allt að, eða jafnvel yfir, 10% vexti. Þeir sem eiga miklar eignir, sem eru lítið veðsettar, geta fengið lán með allt niður í 6,5% vexti, en það eru kallaðir kjörvextir. Á þessu sést hvernig það jafnrétti er í reynd sem almenningi er boðið upp á og er þó ekki öll sagan sögð. Með flutningi þessa frv. er látið reyna á hvort ríkisstjórnin stendur undir nafni sem ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju.

Þegar hin svokölluðu Ólafslög voru til umfjöllunar á Alþingi 1979 var öll umræðan um raunvexti á þann veg að stefnt yrði að því að þeir yrðu aldrei hærri en 2–3%. Flutningsmaður hefur eftir höndum blaðagrein eftir dr. Pétur Blöndal sem hann skrifaði fyrir nokkrum árum þar sem hann telur að raunvextir eigi að vera 2% og aldrei fara yfir 4%. Vaxtaokrið síðustu árin hefur orðið til þess að mjög mikil eignatilfærsla hefur orðið í þjóðfélaginu. Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa orðið gjaldþrota sem hefur svo leitt af sér ólýsanlegar hörmungar. Þar sem stjórnendur peningastofnana hafa ekki kunnað sér neitt hóf í vaxtatöku verður löggjafinn að grípa inn í með þeim hætti sem felst í þessu frv., a.m.k. fram yfir þau tímamörk sem hin svokallaða þjóðarsátt gildir. Þeir samningar um kaup og kjör gilda fram í september á næsta ári en Alþingi sest ekki á rökstóla fyrr en 10. október. Að öllu óbreyttu þykir því eðlilegt að lög þessi, ef samþykkt verða, gildi til áramóta 1991–1992 til þess að ný ríkisstjórn fái ráðrúm til að gera ráðstafanir í vaxtamálum miðað við þá reynslu sem við fáum af þessari lagasetningu verði þetta frv. samþykkt og þeim viðhorfum sem meiri hluti

á Alþingi þá kann að hafa.

Það hefur nú komið fram í blöðum að undanförnu hvernig þessi mál hafa skipast. Ég gat um það í gær í ræðu minni um það mál sem við vorum að greiða atkvæði um hér áðan að í Tímanum, blaði hæstv. forsrh., er sagt frá því að á þessu ári séu að meðaltali um 8,6% vextir á óverðtryggðum skuldabréfum borið saman við 4,7% á síðasta ári. Nú skal ég ekki fullyrða það að þessar tölur séu réttar, þ.e. lægri talan, en ég hygg að það sé ekki ofsagt um þá vexti sem eru í dag.

Hér segir, með leyfi forseta, að þetta komi fram í hagtölum Seðlabankans um vaxtaþróun yfirstandandi árs. Þar kemur einnig fram að raunvextir verðtryggðra lána eru sömuleiðis háir. Þeir hafa verið jafnt og þétt að þokast upp á við allt frá gildistöku þjóðarsáttar og stefna enn upp á við. Í október í fyrra voru meðalraunvextir af verðtryggðum lánum 7,4%. Í byrjun þessa árs voru þeir 7,8%. Sl. vor voru þeir 7,9%, í sumar urðu þeir 8% og í haust 8,2%. Og enn mun þetta meðaltal hækka ef ríkisbankarnir hækka vexti hjá sér næstu daga eins og nú er búist við.

Og í lok forsíðugreinar Tímans, sem er með stríðsletri, segir að að árinu 1988 frátöldu hafi raunvextir aldrei verið hærri en nú á ári þjóðarsáttar. — Þetta segir Tíminn.

Ég hef reynslu fyrir því hvernig þetta okur er. Ég þurfti að bjarga fjölskyldumeðlimi um að losna við skuldabréf sem var brýnt að losna við. Mér var tjáð af manni í bankanum að vextirnir á bréfinu, þeir voru óverðtryggðir, yrðu eins og vextir Landsbankans á hverjum tíma. Þetta voru 1500 þús. Þegar kom að því að afgreiða þetta bréf voru afföllin, þetta var fjögurra ára bréf, 10%. Af þessum 1500 þús. kr. voru afföllin 150 þús. Bankastjóri sem ég talaði við taldi að þetta væri nú gott miðað við það sem væri annars staðar. Kostnaðurinn við þessi bréfakaup var til viðbótar 40 þús.

Í því blaði, sem ég vitnaði í áðan, er viðtal við Guðmund J. Guðmundsson, formann Dagsbrúnar. Fyrirsögnin er: „Bankarnir láta ekki að stjórn við framkvæmd þjóðarsáttar". Og áfram: „Hart að bankarnir einir maki krókinn á þjóðarsátt."

Með leyfi forseta vil ég lesa þetta viðtal því það er lærdómsríkt:

„Bankarnir virðast alveg standa á öndinni yfir því að verðbólga hafi lækkað og óttast beinlínis um líf sitt þess vegna. Að fróðra manna yfirsýn er álitið að hagnaður af rekstri banka og sparisjóða í heild árið 1990 verði 2,5–3 milljarðar. Samt ráðgera bankarnir nú 1% vaxtahækkun." — Þetta er viðtal í Tímanum 6. des. „Þetta eru orð Guðmundar J. Guðmundssonar, formanns Dagsbrúnar og Verkamannasambandsins, í gær. Guðmundur sagði að mjög væri þungt í launþegum vegna framkomu banka og peningastofnana í þjóðarsáttarmálinu, ekki síst nú þegar nýbúið væri að framlengja samningunum. „Það er hart að í öllu þessu írafári og bardaga um þjóðarsátt þá skuli einn aðili sleppa frá því að taka á sig byrðar vegna hennar, — bankarnir," sagði Guðmundur og bætti við að það væri ansi hart að raunvextir skuli vera jafnháir og þeir eru þrátt fyrir að lánskjaravísitala hafi hrapað niður.

Guðmundur sagði að bæði vaxtahækkanir og tregða bankanna til að breyta vöxtum í samræmi við þjóðarsáttina hefði skilað bönkunum mjög miklum tekjum umfram tekjur síðasta árs. En bankarnir ætluðu ekki að láta þar við sitja og því væri uggur í launþegum, enda blikur á lofti. Olíuverð stefnir upp á við, síldarsölusamningar eru tvísýnir og sama er að segja um loðnuvertíðina. „Maður gæti búist við að í þessum slag við að halda verðbólgunni niðri legðu bankarnir baráttunni eitthvert lið, en það er öðru nær. Þvert á móti ætla þeir að svara með 1% vaxtahækkun. Núna fyrir jólin er víst meiningin að skella yfir fólk vaxtahækkunum en predika svo fyrir öðrum að ekkert annað megi hækka. Ætla þeir að heilsa þannig upp á okkur eftir að þjóðarsáttin hefur nú verið framlengd? Ætla þeir að standa fyrir hækkuðu vöruverði og hærri fjármagnskostnaði hjá atvinnufyrirtækjum í undirstöðugreinum?

Maður spyr: Hvað á að segja við láglaunafólk með 40–60 þús. kr. laun sem ekki hækka á sama tíma og bankarnir hækka útlánsvexti þrátt fyrir mun betri afkomu en í fyrra?

Vaxtahækkanirnar fara nefnilega beint út í verðlagið að stórum hluta. Og annað verra: Það verða alls konar hækkanir fóðraðar vegna þeirra. Það er því furðulegt að þeir sem hvað erfiðast er að fá til að standa við bakið á markmiðum þjóðarsáttar eru peningastofnanir, meira að segja þær þeirra sem eru í eigu ríkisins. Peningastofnanirnar hafa bókstaflega ekki látið að stjórn."

Guðmundur gagnrýndi einnig Seðlabankann fyrir að hafa lítið beitt sér í því að halda niðri vöxtum. „Ég er hræddur um að stjórnendur hans séu að dunda eitthvað annað," sagði hann. „En bankarnir láta ekki bara við það sitja að heimta síhækkandi raunvexti á útlán. Þeir hafa stórhækkað þjónustugjöld, fjölmörg þeirra um helming, og tekið upp gjaldtöku fyrir þjónustu sem áður var ókeypis."

Sem dæmi um hið síðarnefnda segir Guðmundur að Íslandsbanki hefði nýlega tekið að innheimta sérstakt afgreiðslugjald af launum sem greidd væru af atvinnurekanda í Íslandsbanka en síðan send áfram til annarrar peningastofnunar. Þú hefur lántökugjald verið hækkað á gildistíma þjóðarsáttar úr 1,5% í 1,8% 1. júlí og hjá Íslandsbanka í 2% frá 1. sept. Við bankasamrunann um síðustu áramót hækkaði leiga fyrir bankahólf í gamla Alþýðubankanum við Laugaveg um 100%. „Íslandsbanki er almennt hæstur með allt nema innlánsvexti," sagði Guðmundur."

Mér hefur þótt rétt að þetta komi fram hér á hinu háa Alþingi þegar tekist er á um bráðabirgðalög, þegar tekist er á um að reyna að halda verðbólgunni niðri. Það kemur líka fram í skýrslu Seðlabankans að Íslandsbanki sem átti að verða, að sögn hæstv. bankamálaráðherra, til þess að keppa um og lækka vextina er alltaf hæstur. Og hér vitna ég í Guðmund J. Guðmundsson enn fremur um það.

Þegar ég tók þátt í því að mynda ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar þá lögðum við þunga áherslu, eins og áður hefur verið sagt, á að sporna við þessu

fjármagnsokri. Ég held að í átta greinum í málefnasamningnum sé komið inn á að það á að lækka vextina, það á að reyna að skuldbreyta, það á að reyna að hjálpa fjölskyldum vegna húsnæðiskaupa o.s.frv.

Og því vil ég spyrja hæstv. bankamálaráðherra, nú er stutt til kosninga, hvar eru efndirnar? Ég man eftir því að hæstv. ráðherra sagði í sambandi við samninganna við Atlantsálshópinn að orð skuli standa. Gildir eitthvað annað um þau loforð sem almenningi í þessu landi eru gefin? Það sem sett er í stjórnarsáttmálann, á það ekki að standa? Hvað ætlar ráðherrann að gera í því máli? Nú reynir á það, hæstv. ráðherra, hvort það hefur bara verið til þess að fá okkur til þess að standa við bakið á þessari ríkisstjórn sem þetta loforð var gefið og átti aldrei við að standa. Nú er tækifærið að lækka vextina, setja þá fasta á meðan þjóðarsáttin ríkir og sýna það í verki að hugur hafi fylgt máli.

Það væri hægt að segja margt um þetta mál og hvernig það er. Ég gæti lesið upp fleiri greinar, t.d. greinar eftir dr. Pétur Blöndal sem hann skrifaði fyrir nokkrum árum um vexti og hans afstöðu og af því það er vitnað svo oft í hann. En ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Ég kæri mig ekki um að tefja fundinn. En ég vil fá svör við því hjá hæstv. bankamálaráðherra hvað hann ætlar að gera í sambandi við þá þróun sem hefur orðið. Tíminn, blað forsrh., segir að raunvextir hafi aldrei verið eins háir nema 1988 og hafi stórhækkað eftir að þjóðarsáttin var gerð. Ég held að ríkisstjórnin í heild sinni þyrfti að hysja upp um sig í þessu máli.

3. des. var sagt í morgunfréttum frá því hvernig vextir væru hér á landi miðað við nágrannalöndin. Ég held það heiti „morgunauki" og síðan hafi í umfjöllun um þessi viðskiptamál verið talað um „viðskiptavaka". Þar var sagt frá því að raunvextir væru 7,2% og þá er líklega átt við að það er tekið meðaltal af öllum vöxtum og m.a.s. þeim sem aldrei er farið eftir.

Ég fékk í ferð minni þegar ég var í Bretlandi um daginn vitneskju um hvernig þetta er þar og hefur verið hjá járnfrúnni. Þar kemur fram að á árinu 1987 hafi verðbólgan verið 4,2% en í ár 10,9%. Vextirnir voru 1987 9,7% en núna 14,9%, eða raunvextir 4%.

Það er dálítið athyglisvert hvernig fjölmiðlar, meira að segja ríkisfjölmiðlar, haga sér í þessum og ýmsum öðrum málum. Þetta kemur fram í „morgunauka". Það er endurtekið í hádeginu. Svo skýra sum blöðin frá þessari speki og síðan taka fjölmiðlarnir þetta aftur. Auðvitað í þeim tilgangi að einhverjir trúi þessu.

En ég vonast til þess að ég fái einhver svör við þessum spurningum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu frá hv. 6. þm. Norðurl. e. felur í sér svo veigamikla breytingu á því fyrirkomulagi vaxtaákvarðana sem hér hefur verið að vaxa fram undanfarin ár að það er alls ekki hægt að lýsa yfir stuðningi við það.

Hv. þm. vekur máls á því að það hafi ekki tekist að lækka raunvexti á því tímabili sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur starfað frá haustinu 1988. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því að á því tímabili hefur einmitt orðið mjög veruleg lækkun raunvaxta. Þannig hafa vextir ríkisskuldabréfa lækkað úr 7–8% í u.þ.b. 6% miðað við raunvexti. Vextir hjá öðrum lántakendum, bönkum, sveitarfélögum, fjárfestingarlánasjóðum, hafa lækkað mun meira eða um 2–3%, eins og glöggar upplýsingar má fá um í fréttabréfum verðbréfafyrirtækja og Seðlabanka. Það er yfir allan vafa hafið að hér hefur orðið veruleg raunvaxtabreyting á markaðinum í heild.

Ég vildi vekja athygli á því að meðalvextir almennra óverðtryggðra skuldabréfa voru á árinu 1988 um 33,5% að nafnvöxtum til, raunvextirnir taldir þá tæplega 12%, 11,8%. Núna er búist við að vextirnir verði á þessu ári, eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e., um 8% eða rúmlega það, það er að sjálfsögðu áætlun, að raunvöxtum til. Nafnvextirnir 16–17%. Þetta er geysilega mikil breyting.

Það verður líka að horfa á það að við höfum náð mjög góðum árangri í að nálgast þau markmið sem menn settu sér haustið 1988. Þar hefur ekki allt náð fram að ganga en ég vildi vekja athygli þingmannsins á því að tölurnar tala hér sínu máli. Þetta hefur náðst með því fyrirkomulagi vaxta sem hér ríkir. Ég vildi vekja athygli á því að frelsinu fylgir ábyrgð og undir þeirri ábyrgð hafa aðilarnir á lánamarkaðnum eftir atvikum risið vel. En það er rétt að til þess að hnykkja á þessu og til þess að tryggja það að vextir á Íslandi fari ekki mjög frá því sem algengast er í löndunum í kringum okkur þá þurfum við að gefa íslenskum fyrirtækjum og íslenskum almenningi greiðari aðgang að lánsfé frá alþjóðlegum lánastofnunum. Að því er líka stefnt og senn að vænta frv. frá ríkisstjórninni um heimildir fyrir erlendar lánastofnanir að starfa hér á landi til þess að tryggja enn betur að samkeppnin færi fólki sanngjörn vaxtakjör.

Ég vildi líka benda á að það sem hér segir í grg. með frv. hv. 6. þm. Norðurl. e., að raunvextir fyrir venjulegt fólk séu á bilinu 7,75% og upp í 8,75% og hjá þeim sem verst eru settir og þurfa að skuldbreyta allt að 10%, er alls ekki rétt lýsing á því sem kalla má raunvaxtakjör fyrir venjulegt fólk. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli á því að þegar menn lýsa málinu svona þá sleppa þeir að geta um hið almenna húsnæðislánakerfi með 4,5% vöxtum eða félagslega byggingalánakerfið í Byggingarsjóði verkamanna með 1% vöxtum, eða byggðalán Byggðastofnunar með 5% vöxtum. Ég vil meina það að lántakendurnir að þessum lánum, líkt og fólkið sem tekur lán í Lánasjóði ísl. námsmanna, þar sem raunvextirnir eru engir, séu líka venjulegt fólk og beini því til hv. 6. þm. Norðurl. e. að athuga betur hvernig veruleikinn er sem hann er að lýsa. Ég ætla ekki að draga úr því að það sé erfitt undir því að rísa þegar fólk lendir í skuldavandræðum að borga þessa háu raunvexti en ég vildi líka benda á að það er með hinu frjálsa vaxtafyrirkomulagi sem okkur hefur tekist að ná betra jafnvægi á lánamarkaðnum en nokkru sinni fyrr.

Það er ekki rétt að halda því fram að raunvextir séu nú um stundir hærri en þeir hafi nokkru sinni fyrr ver-

ið með þessari einu undantekningu. Og ég vildi benda á það að frá því í fyrravetur, frá því á síðasta ársfjórðungi síðasta árs, hafa nafnvextir lækkað úr 32% niður í 13,5% og raunvextirnir úr tæplega 12% niður í u.þ.b. 5% þegar maður miðar við óverðtryggð skuldabréf í bönkunum. Þetta er geysilega mikil breyting og reyndar komið svo að raunvextir á óverðtryggðum lánum í bönkunum eru nú lægri en verðtryggðu vextirnir hjá góðum lántakendum. Þetta er baksviðið fyrir þær umræður um vexti og vaxtaákvarðanir sem fram fara nú í viðskiptabönkunum og hv. þm. vék hér að.

Ég vil halda því fram að með því sem ég hef hér verið að lýsa hafi verið efnt það sem fyrirheit voru gefin um haustið 1988. Að vísu vill það svo fara að menn hafi ekki náð því til fulls sem að var stefnt en hér hafa orð sannarlega staðið. Ég vænti þess að ef menn hafa vit til að treysta áfram á frjálsa viðskiptahætti á þessu sviði eins og öðrum muni árangurinn geta orðið enn betri þegar fram í sækir.

Þetta, virðulegur forseti, eru örfáar athugasemdir við frv. og málflutninginn sem því fylgir og skýringin á því að það er ekki rétt að samþykkja þetta frv.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Mér þótti ákaflega fróðlegt að heyra í hæstv. bankamálaráðherra. Hann t.d. nefndi vexti í Byggðastofnun 5%. Veit bankamálaráðherra ekkert hvernig vextir eru í þjóðfélaginu? Ég held að hann sé að segja okkur það.(**Viðskrh.:** Sérstakra byggðalána.) Það er undantekning. Ég held að það séu kannski fimm, sex lán á ári. (**Viðskrh.:** Ég nefndi það alveg sérstaklega.) Það bendir til þess að ráðherrann hafi bara ekki hugmynd um hvað hann er að tala um. Ég tel mig alveg vita hvernig þetta gengur fyrir sig í bönkunum. Það eru fleiri hér inni sem vita það dálítið, t.d. formaður stjórnar Byggðastofnunar sem hér situr og hefur stundum látið í sér heyra hvernig þessi mál eru.

Það er ekki nóg að segja að það séu 6,5 og 6,75% vextir á lánum sem undantekningarlítið eru ekki lánuð. Það getur vel verið að bankamálaráðherra geti farið inn í banka ef hann á fasteign sem lítið eða ekkert er á og geti fengið slíkt lán. En þeir sem eru með einhver lán að ráði á sínum fasteignum, þó það sé nóg trygging, þurfa að taka lán með vöxtum sem eru á milli 8 og 9%, 8,75% í Íslandsbanka. Þetta er nú allur sannleikurinn. Það hringdi í mig maður fyrir þremur dögum og sagði mér að hann hefði verið að skuldbreyta. Það var að vísu í sparisjóði en hann varð að sætta sig við 10,5%.

Það eru nefnilega atvinnuvegirnir sem eru í fjötrum, launafólkið er í fjötrum, en peningarnir eru frjálsir. Það eru peningarnir sem deila og drottna í þessu þjóðfélagi. Það hefur aldrei verið meiri eignatilfærsla í þjóðfélaginu en núna síðustu árin. Og þetta styður, að manni virðist, hæstv. bankamálaráðherra og ef til vill ríkisstjórnin í heild. Eru það einhverjar tilviljanir að fólk í hundraðatali er að missa íbúðirnar sínar? Það þýðir ekkert að benda á vextina hjá húsnæðismálastjórn. Það þýðir ekkert að gera það. Við vorum að tala um bankana þegar við vorum að mynda þessa ríkisstjórn. Þau orð hafa ekki staðist. Og ráðherrann sagði í raun og veru með óbeinum orðum að þessi frétt í Tímanum væri röng. Hann sagði það ekki en hann sagði það sama sem. Ég stend í þeirri trú að hún sé rétt. Þó ekki sé allt rétt sem stendur í Tímanum þá held ég að þetta láti nærri a.m.k. um það sem er. Ég hef ekki haft tíma til að fara ofan í hvernig þetta var á sl. ári.

En það finnst mér hastarlegt ef það verður tilfellið að öllu verði haldið í fjötrum nema peningunum, nema þeim sem eiga fjármagnið. Og ofan á það bætist að ég held að Ísland sé eina landið í Evrópu, eftir því sem ég veit best, sem leggur ekki neinn tekjuskatt á vaxtatekjur. Þeir sem eiga peninga þeir deila og drottna. Það er jafnaðarmaðurinn, hæstv. viðskrh., sem lýsir því hér yfir á Alþingi að þetta verði að vera svona áfram.

Það sem var talað um þegar við mynduðum þessa ríkisstjórn stendur ekki. Orð standa ekki. Og það að raunvextir hafi lækkað, eins og hann segir, frá því að þessi ríkisstjórn var mynduð, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, um 3%, stenst heldur ekki. Að þessu leyti hafa orð ekki staðið. Ef svo á nú enn að hækka vexti og það á að líða, þá held ég að ég mundi ráðleggja þessari ríkisstjórn að reyna í fyrra fallinu í vor að koma sér af stólunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta hér lengur en ég tel að þeir sem fylgja þessari stefnu geti varla flaggað því að vera jafnaðarmenn. Þeir ættu þá að setja ó-ið fyrir framan.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég bið um orðið eru ummæli hæstv. ráðherra. Hann þarf því miður að hverfa af fundinum þannig að ég á ekki von á því að hann svari meiru. Ég ætla að byrja á að segja frá því að ég er ekki sammála því frv. sem hér liggur fyrir og mun ekki leggja til að það verði samþykkt. Ég vil benda á að í umræðum sem fóru fram hér í gær lýsti hæstv. forsrh. því yfir að vextir á Íslandi væru þeir hæstu í heimi. Það væri eins með vexti hér og annars staðar á Norðurlöndum að það væru hæstu vextir í heimi. Nú má reyndar halda öðru fram. Það er ekki sama hvernig samanburðurinn er. Sumir bankamenn halda því fram að vextir hér á landi séu heldur lægri en annars staðar á Norðurlöndum, líklega 1–2%. (**SV:** Það er bara rugl.) Ég heyri að mesti sérfræðingur okkar í vaxtamálum, hv. 6. þm. Norðurl. v., segir að það sé rugl. Þetta eru nú hlutir sem hægt er að mæla með auðveldum hætti.

Ef við skoðum lánsfjármarkaðinn hér á landi kemur í ljós að vextir eru háir. Og vextir eru háir fyrst og fremst vegna þess að eftirspurn á þessum markaði er gífurlega mikil. Þeir sem mynda eftirspurnina eru fyrst og fremst opinberir aðilar, ríkissjóður þar fremstur í flokki. Og þess má geta að fyrir hv. deild liggur nú frv. til aukalánsfjárlaga þar sem gert er ráð fyrir því að hæstv. ríkisstjórn þurfi að ná sex milljörðum kr. til viðbótar því sem áætlað var á innlenda fjármagnsmarkaðnum í ár. Og þrátt fyrir það að fyrirtækin hafi verið að greiða til baka skuldir sínar nægir það ekki.

Við þurfum meiri sparnað frá einstaklingum og öðum þeim sem geta lagt til hliðar til þess að ríkissjóður geti fjármagnað hallann. Það er einmitt þessi hallarekstur ríkisins sem er stórhættulegur, svo hættulegur að Seðlabanki Íslands talar um svikalogn á lánamarkaði nú. Og dagblaðið Tíminn tekur þetta upp úr Seðlabankaskýrslunni í ítarlegri grein um þetta mál í dag. Þar er fyrirsögnin: Svikalogn á lánamarkaðinum. Þetta er í dag í málgagni hæstv. forsrh. Auðvitað eru þetta orð að sönnu því að um leið og atvinnulífið þarf að fara að hreyfast á ný, uppbygging að eiga sér stað, um leið og við þurfum að undirbúa okkur undir það að fleiri störf verði til í atvinnulífinu þurfa atvinnufyrirtækin á peningum að halda. Ef ríkissjóður nær ekki í fjármagn með öðrum leiðum eða dregur úr hallanum má búast við því að það verði mikil sprenging og vextirnir komi til með að hækka enn meir en þeir hafa gert að undanförnu.

Því er haldið fram að það sé samband á milli afkomu í bankakerfinu og vaxta. Kannski má færa einhver rök fyrir því. En þetta er algengur misskilningur vegna þess að bankarnir nærast fyrst og fremst á vaxtamuninum. Vaxtaupphæðin, vaxtafjárhæðin, ræðst hins vegar af framboði og eftirspurn. (**Gripið fram í:** Og þjónustugjöldunum.) Og þjónustugjöldunum að sjálfsögðu sem í raun og veru eru allt of lág í bankakerfinu. Þau eru svo lág að þau standa ekki undir kostnaðinum við þjónustuna. Þetta er nú sannleikur málsins og þetta á auðvitað fyrrv. formaður bankaráðs Búnaðarbankans að vita. (Gripið fram í.) Það eru ekki einungis lántökugjöld. Það eru þjónustugjöld út um allt bankakerfið og þau eru svo lág að þau standa ekki undir kostnaðinum við það að veita þjónustuna þegar á heildina er litið. En það er misræmi á milli þjónustugjaldanna innbyrðis. Það er alveg rétt. Þetta verða menn að hafa í huga. Vaxtamunurinn á Íslandi er mikill vegna þess að þjónustugjöldin eru í heild sinni lág. Þetta eru allir sammála um, ekki bara bankarnir heldur líka viðskrn. En núna að undanförnu hefur verið starfandi nefnd á vegum þessara aðila til þess að fara í gegnum þessi mál. Og ein helsta niðurstaðan varð sú að það þyrfti að laga til þjónustugjöldin einmitt með tilliti til þess að draga úr vaxtamuninum en hækka heildarfjárhæð þjónustugjaldanna. Þar með er ekki verið að segja að það megi ekki lækka sumt og hækka annað. Þetta verða menn að hafa í huga, þeir sem skoða þessar tölur og skoða þessar staðreyndir með opnum augum.

Það er misskilningur líka að bankakerfið á Íslandi standi afar vel og á traustum fótum. Það má vera að kannski einn eða tveir bankanna standi nokkuð vel. Þeir sem hafa verið reknir hvað harðast að undanförnu. Ég ætla ekki að nefna nöfn á neinum banka í því sambandi en ég hygg að sumir viðstaddir viti við hvaða banka ég á. En ég staðhæfi hins vegar að aðrir bankar standi alls ekki vel og þar á meðal tiltölulega stórir bankar. Ástæðan er auðvitað sú að mörg fyrirtæki í landinu hafa verið að fara á hausinn, sem eðlilegt er þegar samdráttur á sér stað, og gjaldþrot lenda í stórum stíl á bankakerfinu. Þannig að það er rangt að halda að afkoma bankanna í ár verði stórkostlega góð.

Staðreyndin er sú að eigiðfjármagn í íslenska bankakerfinu er mjög lágt. Og af hverju er ég að nefna þetta? Jú, það er vegna þess að hæstv. ráðherra kom hér í ræðustól og sagði að nú væri kominn tími til að hleypa erlendum bönkum inn í landið og leyfa fyrirtækjum og öðrum að taka lán erlendis. Ég hygg að hæstv. ráðherra verði að átta sig á því að það verður að fara fram undirbúningur og aðlögun. Sú aðlögun verður að felast í því að styrkja íslenska bankakerfið, auka eigiðfjármagnið í bankakerfinu þannig að íslensku bankarnir geti staðist þeim erlendu snúning vegna þess að afkoman hefur alls ekki verið góð í bankakerfinu þótt eitt og eitt ár hafi verið gott. Ef menn skoða eiginfjármagnstölur í íslenskum bönkum þá sjá menn fljótt að þær eru alls ekki háar. Þetta eru ekki eins traustar stofnanir og þær kannski líta út fyrir að vera.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi hér fram því það er sjaldan sem talað er svona hér á þinginu enda telja allir að bankakerfið sé höfuðandstæðingur bæði þings og þjóðar, og þó aðallega atvinnufyrirtækjanna, og það sé bara nóg að ákveða með lögum að lækka vexti og þá lagist allt saman á svipstundu. Slíkar hókus pókus aðferðir eru því miður ekki til og eru hvergi notaðar sem betur fer nú á tímum, a.m.k. ekki í neinu lýðfrjálsu landi.

Hæstv. ráðherra minntist á vexti á óverðtryggðum skuldabréfum og sagði að raunvextirnir væru lágir. Það er rétt hjá honum. Þeir eru lágir. Þeir eru lágir vegna þess að bankarnir hafa að undanförnu, og það veit formaður bankaráðs Búnaðarbankans sem hér situr, hikað við að samræma vexti á óverðtryggðum skuldabréfum vöxtunum á verðtryggðu skuldabréfunum. Og það vita allir sem um þessi mál fjalla að það er rétt sem stendur í DV í dag að á næstu tveimur til þremur mánuðum verða vextir að hækka, ætli það séu ekki um 3 prósentustig á næstu tveimur mánuðum eða u.þ.b., einmitt á þessum óverðtryggðu skuldabréfum sem hæstv. ráðherra leyfði sér að taka sem dæmi. (**Gripið fram í:** Ekki almennir vextir.) Þetta eru nafnvextir. Hæstv. ráðherra var að nefna nafnvextina. Það er verið að hækka nafnvextina um þetta. Vegna þess að það þarf að samræma raunvextina á óverðtryggðum skuldabréfum og verðtryggðum skuldabréfum. Þetta er ósköp einfalt mál fyrir þá sem hafa fengist einhvern tímann við lánamál og þurfa að lána út bæði verðtryggt og óverðtryggt. En það verður auðvitað að láta þetta fara saman. Þess vegna kom ég hér upp, til þess að benda á að hæstv. ráðherra valdi þá raunvexti sem í dag eru lægstir vegna þess að það vill svo til að bankarnir hafa ekki enn sem komið er fært þessa vexti upp en þurfa að gera það á næstu tveimur til þremur mánuðum. Þetta er sú staðreynd sem blasir við.

Ég vil enn fremur að það komi fram í þessum umræðum, af því að rætt hefur verið um þjóðarsáttina, að hinn 1. febr. á þessu ári gerðu bankarnir, aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin með sér samkomulag. Ég veit ekki betur en að bankarnir hafi staðið við það samkomulag í einu og öllu. En það er einn aðili sem ekki hefur staðið við samkomulagið og það er sjálft

ríkið. Í minnisblaði til nefndar sem starfar á vegum viðskiptabankanna, viðskrn. og fjmrn. var minnst á nokkur atriði, þar á meðal skattamál, sem þessi nefnd átti að vinna. Hæstv. ríkisstjórn með fjmrn. í broddi fylkingar hefur ekki orðið við þeim óskum sem komu fram í þessari nefnd. Þannig að sjálft ríkið hefur ekki staðið við sinn hlut af þjóðarsáttarsamningnum sem gerður var á milli aðila vinnumarkaðarins, bankakerfisins og ríkisstjórnarinnar. Þetta vil ég að komi hér fram því mér finnst það gerast allt of oft að stjórnmálamenn, og stundum meira að segja forsætisráðherrar, standi upp og segi að allt illt eigi rætur að rekja til bankakerfisins. Mér finnst vera kominn tími til að þetta sé skýrt út hér í þessari hv. deild því mér hefur sýnst eins og menn hafi viljað horfa fram hjá staðreyndum þegar rætt er um íslenska lánsfjármarkaðinn og íslenska bankakerfið.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið fremur hófleg. Þó fannst mér hæstv. viðskrh. fara heldur frjálslega með sannleikann í sínum ræðum, sérstaklega með samanburðartölur á vöxtum og öðru, eins og þegar hann tekur 5% vexti Byggðastofnunar. Ég efast um að lánveitingar með slíkum vöxtum nái hálfu prómilli eða kvart prómilli.

Að bera svo aftur saman vexti Húsnæðisstofnunar, það vantar í samanburðinn að bera saman þá vexti sem fólk verður að greiða sem á annað borð heldur íbúðum sínum á meðan það er að bíða eftir húsnæðislánum. Þar hefur verið hlaupið úr einni vígstöðunni í aðra. Margt fólk missir íbúðirnar, sumt getur með aðstoð vina og vandamanna haldið sínu. Svo er verið að taka svona stikkprufur til viðmiðunar.

Ég held að öruggasta sönnun þess sé að það hafa engir aðilar í þjóðfélaginu haft það betra á liðnu ári en þeir sem fjármagnið hafa undir höndum og stjórna því. Mér er alveg ljóst að afkoma sumra bankanna á þessu ári er lakari og það miklu lakari. Ég get alveg tekið undir þau orð hv. 1. þm. Reykv. að það er engin ástæða til þess að ráðast að bönkum og viðskiptastofnunum út af öllu. Bankarnir hafa tekið á sig mikið og bætt þjónustuna á liðunum árum mjög verulega. Bankar hafa víða komið til móts við atvinnulífið, en það fer alveg eftir því hvaða bankar það eru. Þar skiptir mjög í tvö horn. Hins vegar þegar talað er um fjármagnið, afkomu fyrirtækja eins og bankanna, þá verður mönnum sem eru komnir í bankaráð eða einhverjar stjórnir oft á að verja alveg hreint eins og þeir mögulega geta alla þá starfsemi og helst að kenna mest í brjósti um þessar stofnanir. Ég segi fyrir mitt leyti, eftir útkomu bankanna á sl. ári, þá kenni ég ekkert í brjósti um þá sérstaklega. Ég finn miklu meira til með hinum almenna launþega í þjóðfélaginu. Núna er talað um að nauðsynlegt sé að hækka vexti og það sé nauðsynlegt að gera þetta og hitt til að tryggja stöðu þessara fjármagnsfyrirtækja allra, en landið ætlar að sporðreisast ef laun hækkuðu eitthvað lítillega. Hvers vegna má launafólkið í landinu alltaf taka á sig stóraukin útgjöld en hinir sem kannski hafa meira á milli handanna verða að fá hækkun ef eitthvað á bjátar?

Ég verð að segja það eins og er að á sama tíma og ríkisvaldið, þessi æruverðuga stofnun, Alþingi, er að skera niður framkvæmdir til bráðnauðsynlegra mála sem beðið hefur verið eftir árum saman og það á að fara að afgreiða hér fjárlög og það með þessum hætti, þá hef ég ekki orðið var við að í bönkum landsins sé verið að skera niður framkvæmdir. Ég sé ekki annað en að bygging bankastofnana eigi sér stað á hverju einasta ári. Þar virðist vera alveg nóg af peningum í þeim efnum. Það eru því ákveðnar skyldur sem hvíla á lánastofnunum.

Auðvitað verður að vera svipað hlutfall milli innlána og útlána. Hvað ætli bankastofnanir séu búnar að krækja sér í af innlánsvöxtum af almennum sparifjárbókum? Eldra fólk margt kann ekki að skilja milli þessara nýju aðferða, kjörbækur, metbækur og hvern fjandann sem þetta heitir. Það hefur verið með sitt sparifé inni á þessum almennu bókum. Ég fullyrði að bankar landsins hafa á liðnum árum haft af þessu fólki milljarða. Það er ekki fyrr en núna á síðustu árum að farið er að kynna þetta betur fyrir fólki. Ég veit ekki hvar hefur verið okur og hvar hefur verið meiri álagning en einmitt í þessum almennu sparisjóðsbókum.

Ég held að það sé því ekki alveg einhlítt þó menn séu í bankaráðum að þeir eigi að taka upp algjöra vörn fyrir bankana og bankastarfsemina. Þeir eiga líka að hafa augun opin fyrir gagnrýni á sínar lánastofnanir. Og ég endurtek það að ég tel að helstu lánastofnanir í landinu hafi ekki verið í neinu peningahallæri þegar hefur þurft að byggja nýja banka eða yfir nýja bankastarfsemi. Á sama tíma og þingmenn eru að skera niður bráðnauðsynleg framlög eins og til hafnamála, því þjóðin hefur ekki ráð á því, þurfa þessar stofnanir ekki að huga að neinu, þær gera bara eins og þeim sýnist.

Ég ber mikla virðingu fyrir mörgum lánastofnunum í þessu landi og tel að þær hafi mikilsverðu hlutverki að gegna. Þær hafa víða komið inn og sýnt bæði skilning og víðsýni. Það er rétt sem hv. 1. þm. Reykv. sagði áðan að bankarnir verða að taka á sig mikla áhættu og mikla skelli en fyrsta skilyrðið til þess að öðlast skilning almennings í landinu er það að almenningur sjái að þar sé gætt hófs í sambandi við allar fjárfestingar, í sambandi við allan rekstur og alla eyðslu. Þar á að fara saman það sem ætlast er til að almenningur í landinu geri. Og það eru fleiri en bankarnir sem þurfa að hugsa þannig, það væri ekki vanþörf á að hæstv. ríkisstjórn hressti upp á minni sitt í þessum efnum og líka sjálft Alþingi Íslendinga.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég tel að flm. þess frv. sem hér er til umræðu sé með góð markmið í huga en samfara því er auðvitað óhjákvæmilegt að ræða það sem hefur verið að gerast í ríkisfjármálum, t.d. á þessu ári. Hvað er það sem orsakar þessa háu vexti og hefur gert gegnum árin? Hvers vegna eru vextir hærri hér en í nágrannalöndunum og hvers vegna fer verðbólgan alltaf af stað? Hvers vegna er verðbólga og vextir hærri hér en í helstu nágrannalöndum?

Þessi umræða hefur því miður oft verið á villigötum, hæstv. forseti. Ég tel að ein aðalástæðan fyrir háum vöxtum fyrr og síðar sé að Alþingi Íslendinga hefur framselt lántökuákvæði stjórnarskrárinnar í 6. gr. fjárlaga með svokölluðum yfirdrætti í Seðlabankanum. Með þessum svokallaða yfirdrætti greiðir ríkissjóður á hverju ári í desember fjárveitingar sem Alþingi hefur ekki gefið leyfi fyrir. Þessi athöfn framkvæmdarvaldsins er það sem leiðir til hárra vaxta og þenslu. Á þessu ári er talað um að peningamagn hafi aukist um 20% umfram verðlag. Ekki verða þessi verðmæti til úr engu. Þau koma ekki upp úr einhverjum kössum niðri í Seðlabanka. Það er óhjákvæmilegt að vextir fari hækkandi, raunvextir, þegar stjórnvöld haga sér eins og þessi stjórn gerir í dag. Í lok nóvember var þessi yfirdráttur, viðskiptareikningur ríkissjóðs í Seðlabankanum, neikvæður um 7,2 milljarða.

Það er óhjákvæmilegt að þetta valdi þenslu og spennu á peningamarkaðnum. Jafnframt er ríkisstjórnin að ná fram markmiðum sínum í húsnæðismálum með svokölluðu húsbréfakerfi. En það er nú eins og þar stendur að skipstjóri vill sigla en byr hlýtur að ráða. Því miður hefur það allt of oft viðgengist undanfarin ár að stjórnmálamenn séu að bjóða upp á einhverjar patentaðgerðir sem engin innistaða er fyrir, eins og það að geta veitt öllum sem vilja húsbréfalán á hálfum mánuði. Háleitt markmið, en hlýtur að verða að taka mið af því hvort peningarnir eru til eða ekki. Það er akkúrat það sem þetta mál snýst um. Ef peningarnir eru ekki til eru þeir bara búnir til. Ríkisstjórnin rekur ríkissjóð með halla sem er mörgum milljörðum meiri en gert var ráð fyrir. Það þarf líka peninga í það. Hvaðan eiga þeir að koma? Hækka skatta. Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur hækkað skatta um allt að 20 milljarða og dugar hvergi. Alltaf vantar meira samt.

Það er því óhjákvæmilegt að það komi fram í umræðum um vaxtamál, og tek ég heils hugar undir það, að það er gífurlega þýðingarmikið fyrir atvinnulífið í landinu og þjóðina alla að vextir séu lágir. Ekkert er eins þýðingarmikið fyrir framleiðsluna í landinu og fyrir þá einstaklinga sem skulda mikið í húsnæðislánum sem öðru að vextir séu lágir. En þeir verða ekki lágir af því bara. Vextir verða lágir með því að stjórnvöld stjórni efnahagsmálum þjóðarinnar af nákvæmni, af vandvirkni og reki ríkissjóð Íslands af nákvæmni og af vandvirkni. En hvorugu þessu er til að dreifa í ríkisrekstrinum eða umgengni stjórnvalda við fjárlög yfirleitt. Það er ástæðan fyrir háum vöxtum. Ég ætla því, hæstv. forseti, að ítreka það sem ég sagði áðan. Háleitt markmið að hafa vexti lága er mjög þýðingarmikið fyrir íslenska þjóð en óframkvæmanlegt nema stjórnvöld á Íslandi vilji viðurkenna grundvallaratriði, nákvæmni og reglusemi í umgengni við fjármál.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið til máls í þessu máli og þó sérstaklega hv. 1. þm. Vestf. því í grundvallaratriðum kom fram hjá honum líkt lífsviðhorf og ég hef í þessum málum. Það er eins og hv. þm. forðist að horfa á það að tekjur af fjármagni eru einu tekjurnar í þjóðfélaginu sem ekki þarf að borga skatt af. Menn virðast ekki skilja hvað í því felst, hvað af því leiðir. Það er verið að halda lágum launum niðri. Það er talað um að samið hafi verið um það. Það er að vísu rétt að það má heita það, menn sáu ekki fram á annað en þeir yrðu að semja á þann veg. Hver getur lifað af 40 þús. kr., eins og dæmi munu vera til, en yfirleitt 60–70 þús. kr. á mánuði? En svo er það fjármagnið eitt sem getur tekið það sem því sýnist. Það er frelsið, það lífsviðhorfið. Er það virkilega að hv. þm. skilji ekki að það er alveg þýðingarlaust að tala um þjóðarsátt, að það geti orðið framlenging á þjóðarsátt, ef þetta fjármagnsokur á að halda áfram óbeislað. Það vil ég biðja þá fáu hv. þm. sem hér eru að hugleiða.

En það er þýðingarlítið að ræða um þessi mál, menn hafa misjöfn viðhorf til þess hver á að hafa meiri rétt en aðrir, hver á að hafa mestan rétt. Það fer ekki fram hjá neinum að það er viðhorfið hér að þeir sem hafa komist yfir mikla peninga eigi að hafa miklu meiri rétt en allir aðrir. Þeir sem eru fátækir hafi minnstan rétt. Þetta er viðhorfið, blákalt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að syndga meira upp á náðina. Ég gleymdi áðan að óska eftir að þessu frv. yrði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun ríkisins með áfengi, 1. umr.

Frv. MB og IBA, 173. mál. — Þskj. 191.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég leyfi mér ásamt hv. 5. þm. Vesturl. að flytja frv. um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Það er þess eðlis að sé áfengi og tóbak selt gegn greiðslu póstkröfu skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiða umbúða- og sendingarkostnað.

Eins og nú háttar rekur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 19 verslanir sem selja áfengi. Þessar verslanir eru á Akranesi, í Ólafsvík, á Ísafirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði, Neskaupstað, Höfn, í Vestmannaeyjum, á Selfossi og í Keflavík. Þeir sem ekki hafa búsetu á þessum stöðum eða í nágrenni þeirra skipta við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með aðstoð póstþjónustunnar. Þá þjónustu eru þeir látnir greiða sjáfir.

Nú er því þannig varið að bensín og olíur, mjólk og flestar landbúnaðarafurðir eru seldar á sama verði hvar sem er á landinu. M.a.s. fer það nú í vöxt að heildsölur hér í Reykjavík taki þátt í eða greiði jafnvel að öllu leyti sendingarkostnað. Ég tel að allir þegnar þjóðfélagins eigi að búa við það sama í þessum efnum sem öðrum. Ég sé enga ástæðu til þess að ef menn biðja um að senda sér þessa vöru frá einhverri útsölu á landinu til staða þar sem ekki er útsala að þá eigi viðkomandi að greiða sendingar- og umbúðakostnað fyrir hana. Frv. gerir ráð fyrir því að verslunin sjálf greiði þenn-

an umbúða- og sendingarkostnað. Þetta er í samræmi við það, eins og ég sagði hér áðan, sem þekkist víða annars staðar með aðrar vörur sem eru mun nytsamlegri og allir þurfa á að halda. En þetta er bara einn þátturinn í því sem verið hefur í mörg ár, að fólki er mismunað. Við flm. þessa frv. leggjum til að því verði hætt.

Áfengis- og tóbaksverslun greiðir sendingarkostnað á öllu tóbaki hvert sem er á landinu til verslana, hvort sem þær eru útsölur frá Áfengisversluninni eða ekki.

Eftir að farið var að selja bjórinn er þetta orðinn æði mikill kostnaður því að kostnaður við minnstu sendingu er 525 kr. Það væri gott álag ef einhver hófsemdarmaðurinn í þessum efnum pantaði sér eina rauðvínsflösku að hækka hana um 525 kr. vegna sendingar- og póstkröfukostnaðar. Sendingarkostnaður við einn bjórkassa er 660 kr. Áfengis- og tóbaksverslunin greiðir allan sendingarkostnað út á land til þeirra staða þar sem útsölur eru. Ég tel að hér sé um sjálfsagt réttlætismál að ræða, sem ég vænti að hæstv. fjmrh. taki vinsamlega í og styðji. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð því greinargerðin skýrir sig sjálf. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

28. fundur, fimmtudaginn 13. des., kl. 10 árdegis.

Afnám vísitölutengingar fjárskuldbindinga, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 180. mál. — Þskj. 203.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 203 legg ég fram fsp. til hæstv. forsrh. um afnám vísitölutengingar fjárskuldbindinga.

Þegar Borgfl. gekk til liðs við þáv. ríkisstjórnarflokka og mynduð var ný ríkisstjórn var það eitt af þeim atriðum sem eining var um á milli þingflokka stjórnarflokkanna að bæta inn í fyrirliggjandi málefnasamning að aftengja lán vísitölu. Var um það samkomulag, eins og segir í málefnasamningnum, að þegar verðbólga hefur verið undir 10% samfellt í sex mánuði skuli settar fram tillögur um hvernig staðið skuli að afnámi vísitölutengingar fjárskuldbindinga. Nú hefur verðbólgan mælst undir 10% sl. 12 mánuði og því er von að spurt sé, eins og fram kemur í fsp.: Hvenær verður vísitölutenging fjárskuldbindinga afnumin?

Í Morgunblaðinu í gær, 12. des., er í fyrsta skipti vakið máls á einhverjum möguleikum í þessum málum. Þar er haft eftir hæstv. viðskrh. að tillögur hafi komið fram um að selja ríkisskuldabréf sem beri nafnvexti en fjárhæðin ekki bundin vísitölu. Út af fyrir sig ber að fagna þessari hugarfarsbreytingu hæstv. viðskrh. En ég trúi því ekki að þar verði látið staðar numið og þar með sagt að þetta atriði málefnasamningsins hafi komist til framkvæmda.

Í framsögu með fsp. ætla ég ekki að fara mörgum orðum um vísitölutengingu. Hins vegar hlýt ég að benda á þau rök sem haldið hefur verið á lofti í tengslum við nafnvaxtahækkanir að undanförnu og hvaða áhrif vísitölutenging hefur haft þegar þær hækkanir hafa verið ákveðnar. Forsvarsmenn bankakerfisins hafa notað þau einu rök fyrir nafnvaxtahækkunum að verið sé að jafna kjörin á milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána og notað vísitöluna til að réttlæta hækkunina. Þeir hafa hins vegar ekki notað efnisleg rök um hvort væri nauðsynlegt að hækka vexti og hvort ekki mætti lækka raunvexti verðtryggðra lána svo samræmi yrði milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána.

Að lokum. Á tímum þjóðarsáttar hlýtur sú ríkisstjórn sem tryggja á stöðugleika að krefjast þess að einn aðili njóti ekki góðs af ástandinu á kostnað hinna sem fært hafa fórnir.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vona að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um það að ég og hv. fyrirspyrjandi erum samherjar í því að reyna að ná burtu lánskjaravísitölunni. Hins vegar skal ég viðurkenna fyrstur manna að það hefur reynst þyngri þrautin en ég gerði ráð fyrir. Fyrst og fremst má rekja það til þess að með lögum frá 1979 er í raun hvatt til þess að lánskjaravísitalan verði upp tekin og mun það vera eina landið í Vestur-Evrópu sem hefur slík lög. Ég vil taka það fram að í langflestum löndum er valið frjálst. Aðeins í tveimur löndum er lánskjaravísitala bönnuð með lögum. En við erum að þessu leyti í sérstöðu. Af ástæðum sem ég þarf ekki að rekja hér var talið mikilvægt að taka upp lánskjaravísitölu einnig á fjárskuldbindingar 1979 og með þeim lögum er beinlínis til þess hvatt.

Það hefur reynst erfiðara að afnema hana. Þó hafa verið gerðar til þess tilraunir og vek ég athygli á því að fyrir tveimur árum var það bundið að lánskjaravísitala mætti ekki vera á fjárskuldbindingum til skemmri tíma en tveggja ára og sömuleiðis ekki á innlánum sem væru undir sex mánuðum. Strax og fyrrgreint ákvæði í stjórnarsáttmála gat komið til framkvæmda hóf ég viðræður við og með viðskrh. við bankana um skref til afnáms vísitöluviðmiðunar. En ég vil vekja athygli á því að í því samkomulagi ríkisstjórnarinnar segir nokkuð meira en það sem kom fram í orðum fyrirspyrjanda. Þar segir: „Stefnt verður að því að afnema vísitöluviðmiðanir í lánasamningum eins fljótt og unnt er. Miðað verður við að árshraði verðbólgu verði innan við 10% á sex mánaða tímabili. Vísitölutenging fjárskuldbindinga til langs tíma verður athuguð sérstaklega og þess gætt að markaðsstaða spariskírteina ríkissjóðs veikist ekki.“ Þetta er töluvert atriði að mati

þeirra sem um það fjalla. „Áfram verður heimilt að gengistryggja lánssamninga," þ.e. gengistrygging verður heimiluð.

Ég óskaði eftir tillögum frá bönkunum í septembermánuði. Þær tillögur komu 29. okt. frá Seðlabanka Íslands. Í þeim felst í örfáum orðum — það er því miður svo lítill tími að ég get ekki rakið þær ítarlega — að heimila í raun og veru að taka upp hvort tveggja, að bankarnir bjóði óverðtryggð lán samhliða verðtryggðum lánum. Út af fyrir sig hef ég enga athugasemd við þetta að gera. Það er sjálfsagt að reyna þetta og hafa bankarnir þegar tekið þetta upp. Hins vegar hélt ég síðan mánudaginn 3. des. fjölmennan fund þar sem um 30 manns mættu frá bönkum og fjármálastofnunum ásamt sænskum sérfræðingi, prófessor Lodin, og nokkrum ráðherrum þar sem fjallað var um það hvernig afnema bæri lánskjaravísitöluna. Það ánægjulega var að á þeim fundi kom fram mjög breið samstaða um að það bæri að afnema lánskjaravísitöluna. En það yrði að gerast í áföngum og sérstaklega er því borið við af bönkunum, og ekki síst Seðlabankanum, að afnám lánskjaravísitölunnar með, eigum við að segja einu pennastriki, gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar í sambandi við innlán í bankana þar sem sparisjóðseigendur hafa vanist verðtryggingu. Á það er einnig bent að á markaðnum er mikið magn af verðtryggðum skammtímaskuldabréfum sem ætla má að mundu draga til sín mikið af því sparifé sem ekki væri unnt að verðtryggja. Þetta eru atriði sem vissulega verður að taka tillit til.

Hins vegar lagði viðskrh. fram á ríkisstjórnarfundi 11. þessa mánaðar í framhaldi af þessum fundi sem ég nefndi tillögur um að draga úr verðtryggingu fjárskuldbindinga í áföngum. Þar er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi að ríkissjóður gefi út óverðtryggð spariskírteini til eins og hálfs til þriggja ára og sömuleiðis spariskírteini tengd Evrópugjaldmiðli. Jafnframt eftir umræðu í ríkisstjórninni er farið fram á það og lagt til að Seðlabankinn geri tillögur um að draga beinlínis með tilskipunum úr verðtryggingu fjármagns annaðhvort með því að lengja þann tíma sem ekki má verðtryggja úr tveimur í þrjú eða fjögur ár og lengja sömuleiðis þann tíma sem innlán verða að vera til að njóta verðtryggingar, t.d. úr sex í níu mánuði. Eða, eins og bent hefur verið á af sumum, að athuga þá leið hvort verðtryggðar fjárskuldbindingar geta orðið verðtryggðar að hluta en óverðtryggðar að því sem á vantar. Og síðan að taka annað skref í þessa átt 1. jan. 1992 og þriðja skref 1993. Ég skal ekki segja hvað ég get rætt þetta mál meira en þessar tillögur eru núna í umræðu við Seðlabanka Íslands og ég geri ráð fyrir því að fundur með seðlabankastjórum út af framkvæmd þessara tillagna verði nú í vikunni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. Það liggur ljóst fyrir að stjórnarsáttmálinn er ótvíræður hvað þetta varðar. Og menn hefðu þá átt að hugsa það fyrr ef það væri vandkvæðum bundið að standa við hann. Það er skrýtin kenning að það skuli taka upp sem meginreglu að ferðast í þristökki yfir ár. Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar að afnema ekki lánskjaravísitöluna eins og ákveðið var þar sem það er fullboðleg trygging hverjum manni að miðað sé við erlendan gjaldeyri til verðtryggingar fjárskuldbindingum. Hitt eru einfaldlega útúrsnúningar að það þurfi einhvern aðlögunartíma. Menn eiga hvergi í heiminum völ á betri tryggingu en þeirri sem erlendar fjárskuldbindingar bjóða upp á.

Ég vil undirstrika það í þessu sambandi að bankarnir eru staðnir að því að hafa reiknað út verðtryggingu með tveimur aðferðum. Þeir reikna þær út með annarri aðferð á innlánum en á útlánum. Þetta er gjörsamlega siðlaust athæfi og minnir á þá gömlu kenningu biblíunnar, gamla testamentisins, sem var grundvallaratriði í siðfræði: „Þú skalt ekki hafa tvo mæla í húsi þínu". En kaupmenn vildu gjarnan hafa annan mæli þegar þeir mældu kornið inn en þeir notuðu þegar þeir mældu það út.

Ég tel þess vegna að forsrh. og viðskrh. ættu að snúa sér að því í alvöru að framkvæma það sem stjórnarsáttmálinn mælir fyrir um í þessum efnum en ekki fela sig á bak við Seðlabankann.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég fagna því að eitthvað er nú að gerast í þessum efnum og vona að þær hugmyndir sem fram komu hjá hæstv. forsrh. komi til framkvæmda eins fljótt og auðið er.

Ég verð að segja það að þó að líftími þessarar ríkisstjórnar eigi að vera langur þá finnst mér árin 1992 og 1993 vera komin svolítið langt fram yfir kjörtímabilið. Svo að ég átti von á því að forsrh. gæfi mér þau svör hér að verið væri að vinna í þessum málum þannig að þetta atriði málefnasamningsins yrði efnt áður en þessi ríkisstjórn færi frá völdum og vil því taka undir það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vestf. Ólafi Þ. Þórðarsyni, að að sjálfsögðu á frumkvæði allt að vera innan ríkisstjórnarinnar, hjá forsrh., hjá viðskrh., en ekki eilíflega að benda á aðra aðila og kenna þeim um að ekki hafi verið tekið á þessum málum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið einkennileg fyrirbára að vitna í það að það séu lög síðan 1979 sem standi í vegi fyrir þessu. Annað eins hefur nú verið gert hér á hv. Alþingi og að koma með brtt. um löggjöf og dálítið skrýtið að bera það fyrir að framkvæma þau atriði sem mest var lögð áhersla á í stjórnarsáttmálanum. Ég vil taka undir með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það þarf að þessu leyti, eins og í mörgum öðrum tilvikum, að reyna að standa við stjórnarsáttmála.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Út af athugasemd hv. 2. þm. Vestf. vil ég segja það að með fullri virðingu fyrir honum efast ég um að hann stökkvi yfir nokkra sprænu í einu stökki og ég held að það gæti verið gott að stikla á steinum stundum. Það er nú staðreyndin.

Út af athugasemd hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég vekja

athygli á því að hann var lengi einn af dyggustu gæslumönnum Búnaðarbankans og ekki varð ég var við það að hv. þm. gerði tilraun til að losa út úr lánskjaravísitölunni. (Gripið fram í.) Ég hugsa að það þurfi enginn að efast um að ég er eins dyggur stuðningsmaður þess eins og nokkur hér að losna við lánskjaravísitöluna en ég ætla ekki að taka ábyrgð á því að það jafnvægi sem náðst hefur í inn- og útlánum bankanna hrynji með einu pennastriki á heimild til að verðtryggja innlán bankanna. Ég held að því miður, vil ég leyfa mér að segja, sé það staðreynd að það sem stundum hefur verið kallað hér hinn grái markaður og sá mikli fjöldi skuldabréfa sem þar er í umferð hafi gífurleg áhrif í þessu sambandi. Okkur hefur að mínu mati ekki tekist að hemja það eins og ég tel að æskilegt hefði verið þótt þar hafi verið gerðar ákveðnar ráðstafanir til að hafa betri stjórn á sem er vissulega góðra gjalda vert.

En ég hef talið mér skylt að hlusta á þann aðila sem samkvæmt lögum hefur fyrst og fremst valdið, Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn getur vitanlega gert athugasemdir við það sem ríkisstjórnin leggur til en er svo skylt að fara eftir þeim. En ég hef talið mér skylt að hlusta á þau aðvörunarorð í sambandi við innlánshlið fjárskuldbindinga, að ekki sé rétt að afnema vísitölutengingu innlána með einu pennastriki.

Ég vil einnig vekja athygli á því að í stjórnarsamningnum stendur að stefnt skuli að þessu. Og ég tel að með þeim tillögum sem nú eru komnar fram sé vissulega stefnt að því að afnema vísitölubindingu fjármagns. Ég hefði viljað fara hraðar, vissulega, en við verðum að gera það í sæmilegu samkomulagi við viðskiptabankana. Ég hef lagt mig fram um að ná þessu samkomulagi. Ég tel að með þeim fundi sem haldinn var um daginn hafi mjög stórt skref verið stigið til að auka skilning á því að draga úr vísitölutengingu fjárskuldbindinga, vonandi að afnema þær að öllu leyti. En ég vek líka athygli á því að í öllum löndum nema tveimur er þetta frjálst. Og ég vek athygli á því að í dag er boðið upp á tengingu fjármagns við erlenda gjaldmiðla. Það er frjálst. Ég er viss um að hv. 2. þm. Vestf. getur fengið sitt fjármagn þannig bundið ef hann óskar. En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið eru nánast engar óskir um slíka bindingu fjármagns.

Því miður erum við orðnir það háðir, að því er virðist, innlendri vísitölutengingu fjármagns að ekki er mjög auðvelt að komast út úr því og það verður að gerast í áföngum. Menn verða að stikla yfir lækinn á steinunum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þarf að bera af mér þær sakir að ég með málflutningi mínum leggi til að lög um Seðlabanka Íslands séu brotin. Ég vil minna hæstv. forsrh. á að við erum staddir hér á löggjafarsamkomu þjóðarinnar og ef það er eitthvað í lögum um Seðlabankann sem við þurfum að breyta til að koma þessu í framkvæmd þá vænti ég þess að ríkisstjórnin leiti eftir því.

Það er of seint nú að fara að ræða um það að stjórnarsáttmálinn sé óframkvæmanlegur. Hann var samþykktur af ríkisstjórninni, af þingmönnum. Og til þess að koma honum í framkvæmd þarf þá að leggja fram frv. til laga.

Varðandi það yfir hve djúpar ár menn ætla að stikla á steinum ætla ég að geyma mér umræðu til lengri tíma.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það beri að fagna því sem hér kom fram í máli forsrh. að samkomulag er að takast í svo veigamiklu máli sem auðvitað snýr að því að eftir kannski þrjú ár verða mælarnir ekki lengur tveir í húsi bankanna því að vissulega eru þeir tveir í dag hvað fjárskuldbindingar varðar, annars vegar nafnvextir eða handstýrðir vextir, hins vegar vísitölubinding fjárskuldbindinga. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu, og ég tek undir þau orð hans, að það hlýtur að vera hyggilegra að ná hægum en föstum skrefum í þessu samkomulagi allra aðila og að ljúka þessu verki á tveimur til þremur árum.

Ég vek t.d. athygli á því að í þessum tveimur mælum bankanna hvað fjármagnið varðar þá eru það aðeins 20% af sparifénu sem lúta hinum handstýrðu vöxtum en 80% af fjármagninu lúta vísitölunum, þær sjá um að hækka á því verðbólguvexti. Hvað útlánin varðar þá eru það 40% af útlánunum sem eru á handstýrðum vöxtum en 60% þar sem vísitölurnar sjá um að hreyfa til vextina.

Fullyrðing hv. 2. þm. Vestf., sem hér hefur komið fram í fsp. í þinginu um að reiknað væri með tvenns konar hætti, er mjög athyglisverð og ég held að menn verði að skoða hvort hún eigi við rök að styðjast.

Arður af húseign Skógræktar ríkisins í Hafnarfirði, ein umr.

Fsp. EG, 158. mál. — Þskj. 171.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er um spurt á sér næstum 18 ára sögu. Á þskj. 171 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„1. Hve hárri fjárhæð nemur arður Skógræktar ríkisins af húseigninni Sunnuvegi 6 í Hafnarfirði frá árinu 1973 fram til þessa árs?

2. Hve mikið af arðinum hefur runnið til þess að efla trjágróður í Dalasýslu í samræmi við fyrirmæli gefanda fasteignarinnar, Hákonar J. Helgasonar, í erfðaskrá dags. 16. júní 1972?

3. Hvernig hefur arður af fasteigninni verið bókfærður í bókhaldi Skógræktar ríkisins?

4. Hvernig nýtir Skógrækt ríkisins fasteignina um þessar mundir?

5. Hefur eignin verið seld á leigu? Ef svo er, þá hverjum og með hvaða kjörum?“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Eftir því sem næst verður komist þá eru svör við fyrstu spurningu hv. fyrirspyrjanda varðandi leigutekjur eða arð sem Skógrækt ríkisins hefur haft af húseigninni Sunnuvegi 6 í Hafnarfirði frá árinu 1973, frá þeim tíma sem Skógræktinni var með erfðaskrá ánafnað þetta hús, þannig að leigutekjur í gömlum krónum á árunum 1975–1980 eru 515.112 kr. Ástæðan fyrir því að leigutekjur voru ekki greiddar á árunum 1973–1975 virðast vera, eftir því sem næst verður komist, að ákveðið var að ráðstafa húsinu undir fjölskyldur frá Vestmannaeyjum þegar Vestmannaeyjagosið hófst í byrjun árs 1973 og virðist ekki hafa verið innheimt leiga af þeim fjölskyldum úr Vestmannaeyjum sem nýttu húsið á þeim næstu tveimur árum sem í hönd fóru.

Frá og með árinu 1981 til og með ársins 1990 eru leigutekjur í nýjum krónum 847.893 kr. Þessar tekjur, hvorki söluandvirði hússins sem enn hefur ekki verið selt né leigutekjur, hafa ekki enn verið notaðar til skógræktar í Dalasýslu. Þær hafa fyrst og fremst runnið til þess að mæta gagngerðri viðgerð sem fram fór á húsinu á fyrri hluta þessa tíma, fyrst og fremst þó á árinu 1977 og 1978 og í viðhald eftir það. Og svara ég þar með annarri spurningunni.

Í þriðja lagi hafa tekjurnar verið skráðar sem sérstakur liður í leigutekjum Skógræktar ríkisins. Þannig hafa þær verið færðar í bókhaldi þeirrar stofnunar.

Fjórðu spurningunni er þannig svarað að þetta hús er í leigu.

Fimmtu spurningunni svara ég þannig að leigjandi er Sigurður Blöndal, fyrrv. skógræktarstjóri, sem greiðir leigu fyrir húsið samkvæmt ákvörðun frá ríkisféhirði eða fjmrn. eins og það er ákvarðað hverju sinni.

Húsið mun verða sett á söluskrá innan skamms, væntanlega á fyrstu mánuðum næsta árs og söluandvirðinu og framreiknuðum leigutekjum sem Skógræktin hefur fengið af húsinu verður með einum eða öðrum hætti varið til að efla skógrækt í Dalasýslu og þá væntanlega einkum í Hörðudalshreppi. En svo hljóðar gjafabréfið eða erfðaskráin á sínum tíma að hagnýta skuli eignirnar í því skyni að efldur verði trjágróður í Dalasýslu og þá fyrst og fremst í Hörðudalshreppi.

Því má svo við bæta að Skógræktin hefur um nokkurt árabil grennslast fyrir um land sem heppilegt væri til skógræktar og væri þar staðsett sem ákvæði erfðaskrárinnar kveða á um eða hvetja til, en lengi vel hefur ekki fundist eða fengist heppilegt land til ráðstöfunar í þessu skyni, en nú eru horfur á að úr því rætist. Um þetta, þ.e. þessar eftirgrennslanir um land og önnur atriði málsins, hefur verið haft samráð við þann erfingja gefandans, Hákonar J. Helgasonar, sem erfðaskrá kveður á um.

Það er rétt sem kemur fram í máli hv. fyrirspyrjanda að þetta mál á sér orðið nokkuð langa sögu en ég hygg að á því öllu saman séu eðlilegar skýringar og mergur málsins sá að þessi eign hefur verið vel forvöltuð og hefur í raun stóraukið verðmæti sitt með þeim viðgerðum og endurbótum sem Skógrækt ríkisins hefur látið fara fram á húsinu, og fullu söluandvirði eignarinnar og þeim tekjum sem eignin hefur skilað á þessu tímabili verður varið til eflingar skógræktar á því svæði sem erfðaskráin kveður á um. Þá yfirlýsingu vil ég gefa hér skýrt og skorinort.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin. Þetta er hið furðulegasta mál. Með erfðaskrá dags. 16. júlí 1972 er Skógrækt ríkisins gefin verðmæt húseign og andvirði hennar á að renna til ákveðinna verkefna. Nú er árið 1990 og síðan hafa verið margir landbúnaðarráðherrar og fleiri en einn og fleiri en tveir skógræktarstjórar og það hefur ekkert verið gert í málinu. Mér er að vísu kunnugt um að það hafa verið einhver vandkvæði á því að finna land en það afsakar ekki hvernig staðið hefur verið að þessu máli af hálfu hins opinbera. Framgangsmáti opinberra aðila í þessu máli er ekki til fyrirmyndar og hann er ekki til þess fallinn að hvetja fólk til að gefa stórgjafir í almannaþágu eins og hér var gert. Það er sorgarsaga hvernig yfirvöld hafa staðið að þessu máli.

Í grein sem Hákon Bjarnason skógræktarstjóri skrifaði í ársrit Skógræktarfélags Íslands 1972–1973 segir hann orðrétt, með leyfi forseta: „Mér er ekki kunnugt um öllu stærri gjöf til átthaganna en þessi er og víst er að engin slík gjöf getur komið sér betur. Það munu þeir sanna sem fylgjast með henni eftir tvo til þrjá áratugi.“ Nú eru að verða liðnir tveir áratugir og það hefur ekkert verið gert.

Hæstv. ráðherra sagði að þessi eign hefði verið ávöxtuð vel. Ég er að vísu ekki sérfræðingur um leigumarkað og það er erfitt í verðbólgunni að reikna aftur, en þær leigutekjur sem hann gefur upp bara fyrir árin 1981–1990, þ.e. 847 þús. kr., gefa satt best að segja ekki til kynna mjög háa húsaleigu. Og ég get ekki betur séð svona í fljótu bragði heldur en húsaleiga hafi hér verið langt, langt fyrir neðan markaðsverð. Ég efa það ekki að eigninni hafi verið vel við haldið og hún endurnýjuð, en ég efast um og leyfi mér að draga þau orð ráðherra í efa að þessi eign hafi verið ávöxtuð með hagkvæmasta hætti.

Ég vek líka athygli á því að hæstv. ráðherra greindi ekki frá því þó um væri spurt í fyrirspurninni hverjar leigutekjurnar væru, hann sagði aðeins að það væri samkvæmt ákvörðun fjmrn. Menn eru alveg jafnnær og vita ekkert meira um það. Er leigan 10.000 kr. á mánuði eða er hún 30.000 kr. á mánuði eða 40.000 eða hvað? Hæstv. ráðherra svaraði engu um það.

Ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu ráðherra að nú eigi að taka til höndum í þessu máli eftir þennan langa tíma. Það er ekki seinna vænna. Og mér finnst það satt að segja til vansæmdar hvernig þetta mál hefur verið látið danka í kerfinu og ekki að gert. Þó skal það viðurkennt að það hafa verið einhverjir erfiðleikar á að finna heppilegt land en það var ekkert sem var óyfirstíganlegt, það afsakar engan veginn hvernig að þessu máli hefur verið staðið. En ég vona nú að þeir embættismenn sem þarna eiga í hlut sjái að sér og komi

þessu máli í það horf sem gefandi ætlaðist til með erfðaskrá sinni og gjafabréfi frá 16. júlí 1972.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég get bætt því við svör varðandi leigutekjur af húsinu að samkvæmt bréfi sem ég hef hér í þykkum bunka skjalagagna frá ríkisféhirði þá mun húsaleiga eins og hún er ákvörðuð af því embætti á þessari eign vera nú 11.327 kr. á mánuði. Hvaða ástæður liggja til grundvallar þeirri upphæð, þeirri ákvörðun kann ég ekki, en leigjandi greiðir hins vegar skilvíslega þá upphæð í húsaleigu sem hið opinbera embætti ákvarðar honum.

Ég hef ekki miklu í sjálfu sér við málið að bæta að öðru leyti. Ég ætla ekki að tjá mig um þau ummæli sem hv. fyrirspyrjandi hafði hér um frammistöðu kerfisins eða stjórnvalda í þessum efnum í þessari 18 ára sögu en svara fyrir það sem til míns friðar hefur heyrt og það er að húsið verður sett á söluskrá innan tíðar og selt og ég hef þegar lýst því yfir að fullu söluandvirði hússins og framreiknuðum þeim tekjum sem Skógræktin hefur haft vegna leigu af húsinu verður ráðstafað í framhaldinu í þetta verkefni sem gjafabréfið kveður á um. Og þá má hafa það í huga að þar með nýtur verkefnið allra þeirra endurbóta sem Skógræktin hefur gert á eigninni og væntanlega auka talsvert söluandvirði hennar en samkvæmt þeim gögnum sem ég hef hér fóru fram umtalsverðar endurbætur á húsinu á árunum 1977 og 1978 þar sem húsið var nánast meira og minna endurnýjað að utan og innan, gluggar, raflögn, vatnslögn, innréttingar, baðherbergisskápar, teppi, húsið málað utan sem innan og ýmislegt fleira gert í framhaldinu sem væntanlega hefur verulega aukið verðmæti eignarinnar og kemur þá verkefninu til góða.

Það er rétt að hafa í huga að skilmálar erfðaskrár eða gjafabréfs voru nokkuð sérstakir og Skógræktin hefur talið það skyldu sína að reyna eftir föngum að uppfylla ákvæðin líka hvað það snertir að útvega land, en svo segir í erfðaðaskrá, með leyfi forseta:

„Allar eignir mínar, fastar og lausar, hverju nafni sem nefnast, skulu eftir minn dag ganga til Skógræktar ríkisins er beri að hagnýta þær í því skyni að efldur verði trjágróður í Dalasýslu og þá fyrst og fremst í Hörðudalshreppi. Land það sem ég hef helst haft augastað á í þessu sambandi er hluti úr landi Ketilsstaða í Hörðudalshreppi og getur frændi minn, Erlingur Hansson, greint nánar frá hvar land þetta liggur. Sé þetta landsvæði ekki tiltækt úr þessu sveitabýli né nothæft land annars staðar í Hörðudalshreppi skal útvega land til ræktunar undir trjágróður á öðrum stað í Dalasýslu sem að dómi Skógræktar ríkisins er vel fallið til slíks" o.s.frv. Þetta hefur valdið því m.a. að Skógræktin hefur talið það skyldu sína að reyna til þrautar að fá land sem samrýmdist þessum ákvæðum.

Ég vil svo að lokum taka heils hugar undir þau orð hv. fyrirspyrjanda að hér var á sínum tíma og er enn um óvenju höfðinglega gjöf til skógræktarstarfsins að ræða og að sjálfsögðu ber öllum hlutaðeigandi skylda til að reyna að virða vilja þess sem gjöfina gaf og koma honum til framkvæmda.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að í fyrri ræðu sinni sagði hæstv. ráðherra að þetta hefði verið ávaxtað með hagkvæmasta hætti. Síðan kemur fram hér í máli hans að einbýlishús sem hefur verið endurnýjað, stórt og vandað einbýlishús, er leigt fyrir um það bil 11 þús. kr. á mánuði. Hvernig getur það verið í samræmi við það verð sem ræður á markaðnum? Og ég spyr: Hvað er hér á seyði? Ég sé ekki að þessi eign hafi verið ávöxtuð með hagkvæmasta hætti ef hún er leigð á verði sem er sjálfsagt þrefalt eða fjórfalt undir því sem væri hægt að fá á almennum leigumarkaði. Ég held að þeir embættismenn sem ábyrgð bera á þessu hljóti að þurfa að skýra þetta nánar. Ég ætlast ekki til að ráðherra geri það, ég þykist vita að þetta hafi verið án hans vitundar og eldra mál, en á þessu hljóta að vera skýringar og þær eiga að koma fram í dagsljósið.

Vextir á lánum Húsnæðisstofnunar, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 181. mál. — Þskj. 204.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 204 legg ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um vexti á lánum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Við sölu fasteigna hefur það þótt kostur að yfirtaka lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins og hefur fólk almennt talið að þau lán væru hagstæðari en önnur lán. Það má til sanns vegar færa því að almennt eru húsnæðisstjórnarlán með annaðhvort 3,5 eða 4,5% vöxtum umfram verðtryggingu en vextir lífeyrissjóðslána og bankalána með á bilinu 7–8,5% vexti umfram verðtryggingu. Komið hefur í ljós að þessi regla er ekki algild. Þeir sem yfirtekið hafa húsnæðisstjórnarlán frá árunum 1975–1978 búa við önnur og verri kjör. Þeir þurfa, að því er mér hefur verið tjáð, að greiða mun hærri raunvexti af sínum lánum.

Ég fékk talnaglöggan mann til að reikna út fyrir mig vexti af láni sem tekið var árið 1987 sem samkvæmt upphaflegum skilmálum bar 9,75% vexti og 40% lánsins var bundið byggingarvísitölu. Hann fær það út að miðað við hækkun byggingarvísitölu frá tímabilinu 1. maí 1989 til 1. maí 1990 beri höfuðstóll lánsins 9,18% vexti umfram vísitölu byggingarkostnaðar en 13,72% raunvexti sé miðað við hækkun lánskjaravísitölu þetta tímabil. Hljóta þetta að teljast óhóflegir vextir og ef útreikningur þessi er réttur, sem ég dreg í sjálfu sér ekki í efa, má með sanni segja að um okurvexti sé að ræða af hálfu Húsnæðisstofnunar.

Mér er kunnugt um að fólk hafi farið fram á það bæði við Húsnæðisstofnun og félmrn. að breyting verði á lánskjörum þessara lána og þeim leyft að búa við sömu kjör og aðrir. Eftir því sem ég kemst næst hefur þeim sem keypt hafa íbúð með áhvílandi láni frá ár-

inu 1978 verið veitt slík heimild. Ég veit ekki um lán tekin 1977 en mér er kunnugt um að þeim hafi verið neitað um skuldbreytingingu sem yfirtóku lán sem gefin voru út árið 1975 og 1976.

Fsp. sem ég legg fyrir hæstv. félmrh. af þessu tilefni er svohjóðandi:

„Eru hugmyndir uppi í félmrn. eða Húsnæðisstofnun ríkisins að gefa þeim, sem við fasteignakaup hafa yfirtekið lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins frá árunum 1976 og 1977, kost á skuldbreytingu svo að þeir þurfi ekki að búa við það óréttlæti að greiða yfir 9% af þeim lánum meðan almennir vextir af húsnæðisstjórnarlánum eru 4,5% eða lægri?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Heimild til vaxtabreytinga á hlutaverðtryggðum lánum Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árunum 1974–1979 byggir á sérstöku bráðabirgðaákvæði sem kom fyrst inn í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins 1980 og hefur haldist þar allar götur síðan en var þá breytt með lögum nr. 60/1984. Ákvæði þetta er svohljóðandi:

„Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, að lækka vexti af hlutaverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt voru á árunum 1974–1979. Við ákvörðun um vaxtalækkun skal við það miðað að greiðslubyrði lánsins verði ekki meiri en ef lánið hefði verið veitt með þeim kjörum sem gilda um lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar ákvörðum er tekin um vaxtalækkun."

Hlutaverðtryggð lán frá 1974–1979 hafa borið 5–9,75% nafnvexti og verðtryggingarhlutinn hefur ýmist verið 30, 40 eða 60%. Heimildarákvæðinu hefur einungis verið beitt gagnvart lánum með 60% verðtryggingu sem bera nú 2,8% vexti en öll lán með 30 og 40% verðtryggingu bera nú 9,75% ársvexti, þ.e. frá maí 1978. Lán sem bera 60% verðtryggingu báru mun hærri raunvexti en giltu á önnur lán árið 1979 eða á bilinu 3,4–5,74% miðað við allan lánstímann, en raunávöxtun hlutaverðtryggðra lána sem bera 30 og 40% verðtryggingu er hins vegar, þegar miðað er við allan lánstímann, mest 3,2% og allt niður í það að vera neikvæðir raunvextir um 4,2%. Algengast er þó að raunvextir þessara lána séu á bilinu 1–2% þegar miðað er við allan lánstímann. Nýbyggingarlánin bera yfirleitt jákvæða raunvexti en lán til kaupa eldra húsnæðis, G-lánin, bera öll neikvæða raunvexti þegar litið er yfir allan lánstímann.

Þetta er meginskýring þess að heimild til vaxtalækkunar hefur eingöngu verið beitt gagnvart 60% verðtryggðum lánum sem báru mun hærri raunvexti en önnur hlutaverðtryggð lán. 30 og 40% verðtryggðu lánin bera mun lægri meðalraunvexti allan lánstímann en þá 4,5% raunvexti sem lán Byggingarsjóðs ríkisins bera í dag. Vandamálið er hins vegar að greiðslubyrði þessara lána þyngist þegar líður á lánstímann og raunávöxtun allra 30 og 40% hlutaverðtryggðu lánanna er nú það sem eftir er lánstímans á bilinu 8,95% til 9,53%. Þetta þýðir að íbúðarkaupandi sem yfirtekur svona lán við eigendaskipti greiðir raunvexti á ofangreindu bili það sem eftir er lánstímans en sá sem fékk lánið í upphafi naut mun lægri raunvaxta.

Þegar þetta heimildarákvæði hefur komið til athugunar undanfarin fimm ár hefur skuldbreytingu, þ.e. vaxtalækkun á 30% og 40% hlutaverðtryggðum lánum alltaf verið hafnað af húsnæðismálastjórn á þeirri forsendu að miða eigi við greiðslubyrði allan lánstímann en ekki greiðslubyrði einstakra lántakenda það sem eftir er lánstímans. Ljóst er að þessu bráðabirgðaákvæði verður ekki beitt nema einu sinni yfir sömu lán og vanda verður því ákvörðun í þessu máli. Annað er að ríkisstjórninni er einungis heimilt að beita þessu ákvæði að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Það liggja ekki fyrir neinar tillögur frá húsnæðismálastjórn um að lækka þessa vexti og þegar álits hennar hefur verið leitað, eins og ég sagði áður, þá hefur hún eindregið lagst gegn vaxtalækkun með röksemdum um að greiðslubyrði þessara lána skuli miðast við allan lánstímann en ekki það sem eftir er lánstímans.

Félmrn. skrifaði m.a. húsnæðismálastjórn bréf í janúar 1989 þar sem farið var fram á umsögn Húsnæðisstofnunar um vaxtalækkun 30 og 40% verðtryggðra lána. Endanleg afgreiðsla húsnæðismálastjórnar kom með bréfi, dags. 18. jan. 1990, þar sem lagt var til að kjör á lánum þessum verði höfð óbreytt frá því sem verið hefur. Sama niðurstaða varð þegar ráðuneytið fór þess á leit við húsnæðismálastjórn með bréfi, dags. 9. júlí 1986, að beita þessari heimild. Neikvætt svar húsnæðismálastjórnar barst þá í mars 1987. Tekið skal fram að ítarlegar athuganir og greinargerðir hafa verið gerðar á stöðu þessara mála í tengslum við bréfaskriftir ráðuneytisins og húsnæðismálastjórnar.

Staða þessara mála í dag er að félmrn. hefur óskað því með bréfi til húsnæðismálastjórnar í september sl. að upp yrðu teknar viðræður um að athuga nánar lausn þessa vandamáls. Þessar viðræður eru nú í gangi og vonandi fæst niðurstaða í því máli fljótlega svo samkomulag geti tekist í þessu máli.

Að lokum er rétt að hafa í huga ábendingar Húsnæðisstofnunar um að tekjutap, þ.e. lækkun innstreymis Byggingarsjóðs ríkisins, fyrir hvert 1% sem þessir vextir eru lækkaðir um eru nær 16 millj. kr. á ári miðað við verðlag nú í desember. Miðað við lækkun í t.d. 4,5% yrði tekjutap Húsnæðisstofnunar ríkisins um 100 millj. kr. á ári.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. kærlega fyrir hennar svör en þar viðurkennir hún það sem fram kom í máli mínu hér áðan að þarna er um óeðlilega háa vexti að ræða fyrir þá aðila sem yfirtaka svona lán þegar þeir hafa keypt íbúð. Það sem er í mínum huga er ekki það hvað meðaltal þessara lána er, það kann að vera rétt að meðaltal alls lánstímans sé 2–3% raunvextir, en fyrir þessa einstöku aðila, sem eru hálfpartinn píndir til að taka þessi lán, er þarna um að ræða 13,75% raunvexti á lánunum miðað við lánskjaravísitölu en 9,18% ef miðað er við byggingarvísitölu en byggingarvísitala hækkaði meira á þessu tímabili sem

reikningurinn náði yfir heldur en lánskjaravísitalan.

Þegar nú er verið að tala um skuldbreytingu við íbúðarkaup í tengslum við vaxtahækkanir sem hugmyndir hafa komið upp um, er þá ekki rétt að tala um vaxtalækkun til samræmis hjá þeim aðilum sem búa við þetta óréttlæti að þurfa að borga eins háa vexti og raun ber vitni? Það er rétt að þarna er aðallega um að ræða lán sem tekin eru á árinu 1975 og 1976 en veitt hefur verið heimild, þó að fáir viti um það, varðandi lán sem tekin eru 1977 og 1978, það má skuldbreyta þeim en ekki hinum lánunum. Ég vildi nú mælast til þess að félmrh. auglýsti það og gerði fólki grein fyrir því að það gæti skuldbreytt þessum óhagstæðu lánum frá 1977 og 1978, ég efast um að margir viti að það sé heimilt, en þar er um enn þá hærri raunávöxtun að ræða heldur en af hinum lánunum, frá 1975 og 1976.

Ég skora á félmrh., ég veit að hún er að vinna í þessum málum og vonast eftir því að innan skamms liggi fyrir tillögur í þessu efni, hvernig megi koma til móts við þessa aðila sem þarna eru greinilega órétti beittir.

Kaup Húsnæðisstofnunar á íbúðum á nauðungaruppboði, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 182. mál. — Þskj. 205.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 205 legg ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um kaup Húsnæðisstofnunar ríkisins á íbúðum á nauðungaruppboði. Áður en ég settist inn á Alþingi fyrir þremur og hálfu ári síðan starfaði ég sem lögmaður talsvert mikið við innheimtu krafna. Því miður enduðu sum þeirra mála þannig að til nauðungaruppboðs þurfti að grípa til lúkningar viðkomandi kröfu. Án undantekninga var þá þannig komið fyrir skuldaranum að aðrar leiðir voru ekki færar og honum sem og öðrum fyrir bestu að þessi nauðungaraðgerð færi fram. Var iðulega ekki aðeins í málum sem ég tengdist heldur almennt að samkomulag var um að annaðhvort aðrir kröfuhafar eða skuldarinn sjálfur nyti hagnaðarins ef mismunur yrði á kaup- og söluverði viðkomandi fasteignar. Mér brá því töluvert þegar ég heyrði sögu manns sem hafði misst hús sitt á nauðungaruppboði. Í sjálfu sér væri það ekki í frásögur færandi ef ekki hefði komið til að Húsnæðisstofnun ríkisins keypti þá eign á uppboðinu og seldi síðan með töluverðum hagnaði stuttu síðar. Mismuninum hélt stofnunin hjá sér og eftir því sem mér er tjáð fært sem debet inn á reikning vegna tapa á sölu annarra eigna. Lagalega er ekkert út á þetta að setja en gagnvart þeirri fjölskyldu sem í hlut á siðferðislega rangt. Sérstaklega þegar litið er til þess að um er að ræða stofnun sem sett var á fót til að aðstoða fólk til að eignast þak yfir höfuðið og er ætlað að starfa á félagslegum grunni en ekki með hagnaðarsjónarmið í huga. A.m.k. í þessu tilviki hefði mér fundist það rétt að Húsnæðisstofnun hefði látið sér nægja að fá sína kröfu greidda og í stað þess að hirða mismuninn að létta undir með þessari fjölskyldu með því annaðhvort að greiða aðrar skuldir hennar eða einfaldlega greiða henni mismuninn út svo þau ættu möguleika að leigja sér annað húsnæði.

Fyrirspurn mín til félmrh. er í þrennu lagi og hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„1. Hvaða sjónarmið eru látin ráða við uppgjör á kaup- og söluverði þegar Húsnæðisstofnun ríkisins kaupir eignir á nauðungaruppboði? Heldur stofnunin mismuninum hjá sér, greiðir hún uppboðsþolanum mismuninn eða lætur hún aðra lánardrottna uppboðsþolans njóta þess að mismunur verður?

2. Eru mörg dæmi þess að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi hagnast á því að kaupa eignir á nauðungaruppboði?

3. Fer skoðun félmrh. saman við skoðun stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins í málum af þessu tagi?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Svar mitt við 1. tölul. þessarar fsp. er eftirfarandi: Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins hefur stofnunin unnið eftir starfsreglum um meðferð uppboðsmála sem samdar voru 1987–1988 í samráði við Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun staðfesti reglur þessar með bréfi í september 1988 og hefur aldrei komið fram athugasemd frá henni um kaup Húsnæðisstofnunar á uppboðsíbúðum.

Helstu atriði starfsreglna Húsnæðisstofnunar eru þau að þegar íbúð er keypt á uppboði og síðan seld aftur er við það miðað að söluandvirði eignarinnar dugi fyrir útlögðu kaupverði eignarinnar á uppboði að viðbættum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem ekki hafa rúmast innan kaupverðs og kostnaði sem hlýst af kaupum og sölu eignarinnar.

Samkvæmt starfsreglum Húsnæðisstofnunar er við uppgjör hafður sá háttur að neikvæður munur er færður á reikningsliðinn Glötuð veð en jákvæður munur rennur í Byggingarsjóð ríkisins. Hvorki uppboðsþola né lánardrottnum er greiddur mismunurinn. Og er Húsnæðisstofnun þeirrar skoðunar a.m.k. enn sem komið er að jákvæður munur, ef einhver er, eigi ekki að renna til uppboðsþola heldur Húsnæðisstofnunar. Er ég þar á annarri skoðun.

Þegar talað er um jákvæðan mismun í þessu sambandi sem kann að myndast hefur þó hvorki verið tekið tillit til kostnaðar starfsmanna lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar né heldur verið framreiknaður útlagður kostnaður með tilliti til vísitölu og vaxta. Í raun verður því varla unnt að tala um jákvæðan mismun nema í örfáum undantekningartilvikum. Þetta kemur m.a. fram í svari Húsnæðisstofnunar ríkisins til ráðuneytisins nú 4. des. sl. Fram kemur einnig að dæmi séu um að íbúðir hafi verið keyptar á hærra verði en fengist hafi fyrir þær í endursölu.

Sem svar við öðrum lið, þar sem spurt er um það hvort mörg dæmi séu um það að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi hagnast á því að kaupa eignir á nauðungaruppboði, er því til að svara að samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins sem ráðuneytið óskaði eftir í þessu sambandi kemur fram að ekki er fyrir

hendi úttekt á heildarniðurstöðum á kaupum eigna á uppboðum og endursölu þeirra. Sl. ár hefur Byggingarsjóður ríkisins árlega keypt að meðaltali um 60 íbúðir á nauðungaruppboðum en byggingarsjóðurinn á núna 73 íbúðir sem keyptar hafa verið á uppboðum. Þar af eru aðeins fimm íbúðir á Stór-Reykjavíkursvæðinu, aðrar á landsbyggðinni. Jafnan er reynt að koma íbúðunum í verð sem fyrst svo að byggingarsjóðurinn tapi ekki lánum sínum og þarf oft í því sambandi að lána stóran hluta kaupverðs til 15–25 ára til að ná því markmiði. Sé um jákvæðan mismun að ræða fær byggingarsjóðurinn hann þannig greiddan á löngum tíma. Þrátt fyrir þessa viðleitni verður oft neikvæður mismunur hjá Byggingarsjóði ríkisins vegna uppboðs íbúða. Aðalástæðan er sú að brunabótamat fasteigna er lagt til grundvallar útlánum en á ýmsum stöðum á landsbyggðinni er söluverð eigna miklum mun lægra. Einnig þarf að hafa í huga að margar af þeim íbúðum sem Byggingarsjóður ríkisins á víðs vegar um landið eru mjög lélegar og þar að auki á þeim svæðum sem vonlítið er að selja fasteignir. Eignaumsýsla er því mjög kostnaðarsöm vegna rafmagns, hita, trygginga og fasteignagjalda og eins vegna nauðsynlegs viðhalds og eftirlits. Að mati Húsnæðisstofnunar er því ekki um jákvæðan mismun að ræða nema í undantekningartilvikum. Einnig er rétt að benda á að fyrri íbúðareiganda er gefinn kostur á að kaupa íbúð sína aftur, óski hann eftir endurkaupum, svo fremi að nægileg greiðslugeta sé fyrir hendi.

Í þriðja lagi er spurt hvort skoðun mín fari saman við skoðun Húsnæðisstofnunar ríkisins í málum af þessu tagi. Sem svar við þessari spurningu vil ég fyrst segja eftirfarandi: Í nóvember 1988 skipaði ég starfshóp til að fjalla um vandamál fólks í greiðsluerfiðleikum. Eitt af verkefnum starfshópsins var að leggja fram tillögur um hvernig unnt væri að breyta lögum og reglugerðum um nauðungaruppboð íbúðarhúsnæðis með það að markmiði að gefa skuldurum meira svigrúm til samninga og tryggja betur rétt íbúðareigenda ef til nauðungarsölu kemur. Starfshópurinn lagði til að flutt yrði frv. til laga um breytingu á skipulagi nauðungarsölu til að auka möguleika íbúðareigenda í greiðsluvanda til að ná samkomulagi við kröfuhafa og tryggja betur rétt þeirra ef til nauðungarsölu kæmi. Einnig var lagt til að leitað yrði eftir samkomulagi við uppboðshaldara um að með tilkynningu um uppboðsbeiðni verði jafnan sendar upplýsingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins um möguleika uppboðsþola að leita sér ráðgjafar og aðstoðar ráðgjafarstöðvarinnar. Þessum tillögum starfshópsins var komið á framfæri við dómsmrh. í desembermánuði 1988 og væntanlega koma þær til athugunar við undirbúning frv. um uppboð.

Félmrn. barst eitt erindi vegna sölu Húsnæðisstofnunar ríkisins á íbúð sem stofnunin keypti á nauðungaruppboði og talið var að jákvæður mismunur hefði í því sambandi runnið í Byggingarsjóð ríkisins. Er það tilfellið sem fyrirspyrjandi nefndi. Um var að ræða eign sem var slegin Byggingarsjóði ríkisins á nauðungaruppboði. Kaupverð var 3,5 millj. kr. en þegar kröfur sjóðsins og uppboðskostnaður eru tekin með í dæmið er raunverulegt kaupverð orðið 6,3 millj. kr. Kaup á nauðungaruppboði eru staðgreiðslukaup þannig að í þessu tilviki var sambærilegt kaupverð á frjálsum markaði um 7 millj. kr. Byggingarsjóður ríkisins seldi umræddа eign á markaðsverði fyrir 7,4 millj. kr. Bókfærður hagnaður sjóðsins verður nálægt 1,1 millj. en raunverulegur hagnaður um 400 þús. kr. af þessari umræddu eign sem fyrirspyrjandi hér nefndi.

Af þessu tilefni skrifaði ég Húsnæðisstofnun ríkisins bréf dags. 11. maí 1990. Þar kom fram sú skoðun að lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins væru hluti af velferðarkerfi þjóðfélagsins og félagsleg aðstoð við einstaklinga í húsnæðismálum og því væri með öllu óeðlilegt að aðgerðir stofnunarinnar leiddu til þess að einstaklingar yrðu fyrir fjárhagslegu tjóni. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins eru reglur stofnunarinnar um meðferð uppboðsíbúða nú til endurskoðunar. Ég hef lagt á það áherslu við stofnunina að lögð verði áhersla á að við meðferð uppboðsmála verði haft að leiðarljósi að aðgerðir stofnunarinnar leiði ekki til þess að einstaklingar verði fyrir fjárhagslegu tjóni.

Ég er þeirrar skoðunar að í þeim tilfellum sem jákvæður munur myndast við endursölu á uppboðsíbúðum eigi hann að renna til uppboðsþola og mun ég leggja áherslu á að það atriði verði sérstaklega skoðað við endurskoðun á reglum stofnunarinnar um uppboðsíbúðir.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. kærlega fyrir hennar svör. Ég átti svo sem ekki von á að hún væri annarrar skoðunar en ég í þessu máli, að mismunur og hagnaður sem verður á nauðungaruppboðum eigi að sjálfsögðu að lenda hjá þeim sem fyrir þeim leiðindaaðgerðum verður en ekki að bera uppi tjón stofnunarinnar vegna annarra eigna sem hafa leitt til þess, jafnvel vegna mistaka, að tryggingin var ekki næg. En ég vona svo sannarlega að í því máli sem hún nefndi sérstaklega, og vissi að ég var með í huga þegar fsp. var lögð fram, leysi hún það þannig að sá einstaklingur fái að njóta þess að mismunur varð og hann geti búið sér til framtíðar heimili og haft einhverjar tekjur svo honum verði þetta kleift.

Sjálfseignarstofnanir, ein umr.

Fsp. GJH, 187. mál. — Þskj. 215.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Síðla vetrar 1989 báru þingkonur Kvennalistans fram till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að setja á stofn starfsnefnd er ynni að samningu rammalöggjafar um sjálfseignarstofnanir. Þessa till. samþykkti hið háa Alþingi hinn 5. maí 1989 en í breyttri mynd, þ.e. þannig að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð frv. til laga um sjálfseignarstofnanir sem lagt verði fyrir næsta lög-

gjafarþing. Í skýrslu forsrh. um framkvæmd þál. segir að með bréfi dags. 6. sept. 1989 hafi dómsmrn. falið Guðmundi Skaftasyni, fyrrv. hæstaréttardómara, að gera drög að slíku frv. En í samþykkt þáltill. er áætlað að frv. verði lagt fyrir næsta löggjafarþing, þ.e. löggjafarþingið 1989–1990, sem eins og allir vita er löngu liðið. Og ég veit ekki til að slíkt frv. hafi verið lagt fram.

Því er nú spurt: „Hvenær hyggst dómsmrh. leggja fram frv. til laga um sjálfseignarstofnanir, sbr. bréf dómsmrn., dags. 6. sept. 1989, þar sem Guðmundi Skaftasyni, fyrrv. hæstaréttardómara, var falið að gera drög að slíkum lögum?“

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 215 beinir hv. 18. þm. Reykv. til mín svohljóðandi fsp.: „Hvenær hyggst dómsmrh. leggja fram frv. til laga um sjálfseignarstofnanir, sbr. bréf dómsmrn., dags. 6. sept. 1989, þar sem Guðmundi Skaftasyni, fyrrv. hæstaréttardómara, var falið að gera drög að slíkum lögum?“

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda samþykkti Alþingi hinn 5. maí 1989 eftirfarandi þáltill. Guðrúnar J. Halldórsdóttur, Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur, Kristínar Einarsdóttur, Kristínar Halldórsdóttur og Málmfríðar Sigurðardóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð frv. til laga um sjálfseignarstofnanir sem lagt verði fyrir næsta löggjafarþing.“

Eins og fram kemur í fsp. var Guðmundi Skaftasyni, fyrrv. hæstaréttardómara, með bréfi dags. 6. sept. 1989 falið að gera drög að frv. til laga um sjálfseignarstofnanir. Samkvæmt upplýsingum Guðmundar vinnur hann nú að því að semja drög að slíku frv. Í því sambandi hefur hann kynnt sér lög hinna Norðurlandanna um sjálfseignarstofnanir. Hann áætlar að ljúka verkinu á sumri komanda. Samkvæmt þeirri áætlun yrði unnt að leggja fram frv. til laga um sjálfseignarstofnanir í þingbyrjun haustið 1991.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargott svar. Þó að það eignar- og rekstrarform sem sjáfseignarstofnun nefnist sé kannski ekki ýkja algengt hér á Íslandi þá fer þeim stofnunum fjölgandi sem vinna samkvæmt slíku formi. Til eru sjálfseignarstofnanir sem hafa sérlög, svo sem Skálholtsskóli, sem hefur lög um Skálholtsskóla, og Verslunarskólinn. Aðrar slíkar stofnanir verða að byggja á lögum sem fjalla ekki beinlínis um þær eða þá á samningum og hefðum. Þetta er auðvitað ekki gott og fagna ég því að heyra að einhverju miðar í gerð þessa frv. Sjálfseignarstofnanir eru þó nokkuð ólíkar innbyrðis margar hverjar bæði að takmarki og rekstri. Má nefna að Landakotsspítali er gjörólíkur t.d. Skóla Ísaks Jónssonar. Þetta eru þó tvær sjálfseignarstofnanir sem hvorug hefur lög við að styðjast en bara hefðir og samninga. Því er þörf á að þessi lög verði sett hið bráðasta. En ekki má flana að neinu, þetta verður að gera vandlega svo vel dugi.

Opinberar fjársafnanir, ein umr.

Fsp. MF, 190. mál. — Þskj. 224.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 224 ber ég fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um opinberar fjársafnanir. Á síðustu árum hefur það færst í vöxt að stofnanir, félög eða samtök manna hafa efnt til opinberrar fjársöfnunar til styrktar þeim málefnum sem þau standa fyrir. Þar má nefna sem dæmi söfnun til styrktar baráttunni við áfengissýkina, söfnun til Krýsuvíkursamtakanna svonefndu og safnanir til að byggja hús undir ýmiss konar starfsemi. Margar þessara opinberu fjársafnana ganga undir nafninu átak, átak til þess eða hins, átak gegn þessu eða hinu. Hér á landi býr fólk sem gjarnan vill og hefur látið fé af hendi rakna til þess að styrkja góð málefni og því verður ekki neitað að í flestum tilvikum hafa opinberar fjársafnanir verið settar af stað til að styðja góðan málstað. Það virðist einnig vera svo að ríkisstofnanir og jafnvel ráðuneyti standi fyrir opinberum fjársöfnunum. Þar á ég við eitt nýjasta átakið, landgræðsluskóga. Þar fór fram mikil fjársöfnun og háar upphæðir skiluðu sér inn frá þjóðinni, tugir milljóna. Eftir því sem ég best veit eiga landbrn., ríkisstofnunin Landgræðslan og Skógrækt ríkisins beina aðild að þessu átaki. Til eru lög um opinberar fjársafnanir, lög nr. 5/1977, þar sem kveðið er skýrt á um hvernig staðið skuli að opinberum fjársöfnunum og hvernig reikningsskilum skuli háttað. Eins og ég nefndi áðan safnast oft verulegar fjárhæðir og eðlilegt að þeir sem standa fyrir slíkum söfnunum standi skil á gerðum sínum. Því spyr ég hæstv. dómsrmh.:

„1. Hvernig er eftirliti háttað með opinberum fjársöfnunum stofnana og félaga?

2. Er gengið eftir því að 7. gr. laga nr. 5/1977, um opinberar fjársafnanir, þar sem kveðið er á um opinbera birtingu á reikningsyfirlitum sé framfylgt? Ef svo er með hvaða hætti er það gert og hvar hafa slík yfirlit verið birt?

3. Með hvaða hætti er fylgst með því að söfnunarfé sé notað í þeim tilgangi sem upphaflega var ætlað, sbr. 5. gr. laga nr. 5/1977?

4. Eru ríkisstofnanir eða ráðuneyti þátttakendur eða aðilar að slíkum fjársöfnunum? Ef svo er hvaða reglur gilda um þátttöku þeirra og um meðferð þeirra og notkun á söfnunarfé?“

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. beinir til mín fsp. á þskj. 224 í fjórum liðum og er fyrsti liður svohljóðandi:

„Hvernig er eftirliti háttað með opinberum fjársöfnunum stofnana og félaga?“

Samkvæmt lögum um opinberar fjársafnanir, nr. 5

24. mars 1977, er stofnunum, félögum og samtökum manna heimilt að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi. Opinberum fjársöfnunum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru opinberar fjársafnanir á götum eða í húsum og eru þær háðar sérstöku leyfi dómsrmn., sbr. 4. gr. laganna. Hins vegar eru opinberar fjársafnanir almennt. Þær eru ekki háðar leyfi en skv. 3. gr. laganna skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um slíka fjársöfnun áður en hún hefst.

Ekki eru í ráðuneytinu gögn um það hvernig tilkynningarskyldu til lögreglustjóra er háttað í reynd. Hlutaðeigandi lögreglustjóri fær tilkynningu um þau leyfi sem ráðuneytið veitir. Eftir því sem næst verður komist mun ekki fylgst sérstaklega með því að tilkynningar berist um opinbera fjársöfnun sem til er stofnað.

Annar liður fsp. hv. þingmanns: „Er gengið eftir því að 7. gr. laga nr. 5/1977, um opinberar fjársafnanir, þar sem kveðið er á um opinbera birtingu á reikningsyfirlitum sé framfylgt? Ef svo er með hvaða hætti er það gert og hvar hafa slík yfirlit verið birt?"

Skv. 7. gr. laganna skal birta reikningsyfirlit söfnunar áður en sex mánuðir eru liðnir frá því henni lauk, a.m.k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sömuleiðis skal senda viðkomandi lögreglustjóra reikningsyfirlit söfnunar ásamt tilkynningu um hvar og hvenær birting fer fram.

Svo sem rakið er að framan skal viðkomandi lögreglustjóra tilkynnt um hvar og hvenær birting fer fram, jafnframt því að honum skal senda reikningsyfirlitið. Ekki liggur fyrir hjá ráðuneytinu yfirlit um slíkar birtingar né heldur upplýsingar um hvernig slíkar tilkynningar hafa borist lögreglustjórum. Eftir því sem næst verður komist mun þessari tilkynningarskyldu lítt framfylgt.

Þriðji liður fsp. er svohljóðandi: „Með hvaða hætti er fylgst með því að söfnunarfé sé notað í þeim tilgangi sem upphaflega var ætlað, sbr. 5. gr. laga nr. 5/1977?"

Með hliðsjón af niðurlagi 7. gr. er ætlast til þess að fram komi í reikningsyfirliti söfnunar hvernig söfnunarfé hefur verið notað, því þar segir að ef ekki liggja fyrir gögn um notkun söfnunarfjár þegar reikningi söfnunarinnar er lokað þá skuli endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um. Um framkvæmd þessa vísast til þess sem sagt var undir síðasta lið. Tekið skal fram að ekki hefur komið til þess að leitað hafi verið eftir heimild til að nota fé í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað. Rétt er að taka fram að ekki er kunnugt um að fram hafi komið kvartanir um misferli í sambandi við opinberar fjársafnanir.

Fjórði liður fsp.: „Eru ríkisstofnanir eða ráðuneyti þátttakendur eða aðilar að slíkum fjársöfnunum? Ef svo er hvaða reglur gilda um þátttöku þeirra og um meðferð þeirra og notkun á söfnunarfé?"

Engar sérreglur gilda samkvæmt lögum um ríkisstofnanir eða ráðuneyti en stofnanirnar almennt falla undir lögin, skv. ákvæði 1. gr. Fjárreiður ríkisstofnana lúta almennu eftirliti hlutaðeigandi ráðuneytis auk eftirlits Ríkisendurskoðunar. Af yfirliti yfir fjársöfnunarleyfi sem ráðuneytið hefur gefið út skv. 4. gr., fjársafnanir á götum eða í húsum, þ.e. merkjasölur og þess háttar, síðustu fjögur ár, verður ekki séð að ráðuneyti eða stofnanir ríkisins hafi verið aðilar að slíkum fjársöfnunum utan einu sinni. Með bréfi dags. 2. apríl 1990 var framkvæmdanefnd landgræðsluskógaátaks 1990 veitt heimild til að hafa fjársöfnun með merkjasölu á götum og í húsum um land allt dagana 26. til og með 29. apríl 1990. Í umsókn framkvæmdanefndarinnar kom fram að efna átti til sérstaks átaks í skógrækt og landgræðslu með stuðningi Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landbrn. Af umsókninni mátti því ráða að opinberir aðilar styddu þá framkvæmd sem fé var safnað til. Rétt er að taka fram að ýmsar opinberar fjársafnanir hafa haft að markmiði að styðja við bakið á opinberri starfsemi þótt stofnanirnar standi ekki beinlínis að söfnuninni.

Af því sem hér hefur komið fram má ráða að ekki er nægilega fylgst með því að lögreglustjórum sé tilkynnt um opinberar fjársafnanir og að reikningsskil séu gerð, svo sem lögboðið er. Rétt er að undirstrika að eingöngu er um tilkynningarskyldu að ræða til lögreglustjóra. Til opinberrar fjársöfnunar þarf almennt ekki leyfi. Einungis þarf leyfi til slíkrar fjársöfnunar sem fram fer á götum eða í húsum. Dómsmrn. veitir um eða yfir 20 slík leyfi á ári auk þess sem allnokkrir aðilar hafa fasta fjáröflunardaga á ári hverju. Þegar þau leyfi eru gefin út er athygli jafnan vakin á lögum um opinberar fjársafnanir.

Af þessu tilefni mun dómsmrn. rita öllum lögreglustjórum bréf og vekja sérstaka athygli þeirra á lögum um opinberar fjársafnanir. Verður þar hvatt til þess að fylgst verði með því að opinberar fjársafnanir fari ekki fram án þess að tilkynningarskyldu sé fullnægt og að reikningsskil verði gerð og þau birt opinberlega.

Ráðuneytið mun jafnframt sérstaklega vekja athygli þeirra sem síðasta árið hafa fengið heimild þess til fjársöfnunar á götum og í húsum á skyldu þeirra til að gera reikningsskil vegna fjársöfnunarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og jafnframt þau greinargóðu svör sem hér hafa komið fram. Í framhaldi af því vil ég láta í ljós þá skoðun mína að þessi mál þurfi að færa til betri vegar. Upp hafa komið deilumál hér á landi varðandi opinberar safnanir. Seinast var það tengt söfnun á fjármagni sem kirkjulegir aðilar stóðu að hér á landi. Deilan snerist um það hvort heimilt væri að nota þá fjármuni til eignaumsýslu í þágu þeirrar starfsemi eða aðeins til framlaga eins og boðað var.

Ég vil minna á það að mjög stór fjársvikamál hafa komið upp á Norðurlöndum tengd opinberum söfnunum. Ég held að ekki sé ráð nema í tíma sé tekið að koma þessu í fastara form.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör hans við spurningum mínum. Það fór

reyndar eins og mig grunaði að þó að þessi lög hafi verið samþykkt 1977 þá hefur þeim í litlu verið framfylgt. Það er ekki lítil ábyrgð þeirra sem taka að sér að standa fyrir söfnunum eins og þeim sem við þekkjum á undanförnum árum þar sem hafa safnast milljónir króna. Það er nauðsynlegt að hafa strangt eftirlit með því að söfnunarfé sé notað í þeim tilgangi sem upphaflega var ætlað, í auglýstum tilgangi. Það kom fram í máli ráðherra að ekki hefðu borist kvartanir um misferli við slíkar safnanir. Það er eðlilegt þar sem mjög erfitt er að kæra ef tilkynningarskyldu hefur ekki verið framfylgt, en í 3. gr. laganna segir að í þeim tilvikum þar sem aðeins þarf að tilkynna viðkomandi lögreglustjóra en ekki sækja um leyfi skal hver tilkynning bera með sér hver standi fyrir fjársöfnuninni, hvenær fjársöfnun skuli fara fram, hvar fjársöfnun skuli fara fram, hvernig fjársöfnun skuli fara fram og í hvaða tilgangi fjársöfnun fari fram. Ef þessu er ekki fullnægt er ekki heldur hægt að fullnægja því eftirliti sem skylt er að viðhafa, sbr. 5. gr. þar sem segir: „Óheimilt er að nota fé í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað nema með leyfi dómsmrn."

Ég vil svo minna á að ég nefndi átak sem ríkisstofnanir eiga aðild að. Vissulega hafa þær sínar bókhaldsskyldur en þó langar mig til að fá að heyra hjá hæstv. dómsmrh. hvernig er farið með reikningsskil á þeim fjármunum sem safnast þegar um er að ræða beina aðild ríkisstofnana að opinberum fjársöfnunum.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í svari mínu áðan gildir um ráðuneytið og ríkisstofnanir sú meginregla að Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með þeim fjárreiðum og get ég ekki annað en vísað til þess varðandi þessa seinni fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Hins vegar vil ég endurtaka það sem ég áðan sagði. Af þessu sérstaka tilefni mun af ráðuneytisins hálfu sérstaklega verða gripið til aðgerða að þessu leyti sem ég áðan greindi. Auk þess vil ég geta þess að samkvæmt lögunum frá 1977 er heimild til setningar reglugerðar sem ekki mun hafa verið sett. Finnst mér koma til álita af þessu tilefni að huga sérstaklega að því.

Greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu, ein umr.

Fsp. SV, 191. mál. — Þskj. 225.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 225 hef ég leyft mér að koma með fsp. til hæstv. fjmrh. um greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tíðkast enn að starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana fái greidd laun fyrir svokallaða „óunna" eða „ómælda" yfirvinnu? Ef svo er, hvert er hlutfall slíkra greiðslna á samningsbundin laun?

Hvaða launaflokkar fá slíkar greiðslur?

Hver er heildarupphæð slíkra greiðslna frá ríkinu?

Hverjar eru heildarlaunagreiðslur ríkisins fram yfir samningsbundnar launagreiðslur samkvæmt kjarasamningum?"

Ástæða fyrir þessari fsp. er fyrst og fremst sú að það hefur lengi verið talið að slíkar greiðslur hafi farið fram í stórum stíl. Er það eiginlega undarlegt að ekki skuli hafa verið, svo að ég muni eftir, reynt að fá upplýsingar um hvernig þessum málum sé fyrir komið. Ég varð vitni að því fyrir stuttu að starfsmaður í ríkisstofnun sagði frá því að samningsbundin laun sín væru 90 þús. kr. á mánuði. Og það var innt eftir því hvað hann fengi í heildarlaun. Ja, ég læt nú ekki troða á mér, var svarið. Ég veit hvernig þetta gengur í kerfinu og ég fæ 140–155 þús. kr.

Ég gæti komið með fleiri dæmi en tíminn er svo takmarkaður að hann leyfir það ekki. En það hlýtur að vera skylda stjórnvalda, í þessu tilviki hæstv. fjmrh., að upplýsa hvernig þessum greiðslum er komið fyrir. Allir vita að þetta er svona og það á þeim tímum þegar lægst launaða fólkið mun ekki, að mér er tjáð, fá slíkar greiðslur.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fsp. vil ég í fyrsta lagi geta þess að hugtökin „óunnin" eða „ómæld" yfirvinna eru ærið oft í daglegu tali notuð með óljósum hætti. Yfirleitt vísa þau til þess að um er að ræða greiðslu yfirvinnuþóknunar án þess að fyrir liggi útskrift stimpilklukku eða önnur viðurkennd tímamæling. Í raun og veru væri réttara í þessu sambandi að nota hugtakið „metin" yfirvinna. Það ræðst af því að þessar greiðslur tíðkast í tilvikum þar sem yfirvinnan er fyrir fram ákveðin eða metin en ekki mæld, annaðhvort samkvæmt ákvæðum kjarasamnings eða vegna sérstakra aðstæðna á vinnustað viðkomanda þegar mjög erfitt er að koma við áreiðanlegri mælingu á magn yfirvinnunnar. Í þeim tilvikum sem slíkt fyrirkomulag hefur verið samþykkt fá þær launagreiðslur sérstaka tegundarmerkingu í launakerfi ríkisins þannig að þær eru skýrt aðskildar frá öðrum.

Þeir einstaklingar eða hópar sem fá greidda metna yfirvinnu samkvæmt þessari tegundarmerkingu eru í fyrsta lagi skólastjórar, en í kjarasamningum við þá er ákvæði þar sem sagt er að í stað mældrar yfirvinnu skuli þeir fá greiddan tiltekinn fjölda yfirvinnustunda á mánuði. Á árinu 1989 fengu alls 376 skólastjórnendur yfirvinnu greidda samkvæmt slíkum ákvæðum. Fjöldi stunda var 62.849 og launin voru rúmar 62 millj. kr. sem, að viðbættum 3,7 millj. vegna launatengdra gjalda, gera alls 66.344.483 kr.

Í öðru lagi eru yfirmenn stofnana sem stöðu sinnar vegna og sakir ábyrgðar og áritunarskyldu á yfirvinnuskýrslur starfsmanna sinna hafa fallið frá samningsbundnum rétti um tímamælingar en þegið í staðinn íhaldssamt — og ég legg áherslu á það, íhaldssamt mat á vinnutíma er fellur undir dagvinnumörk.

Í þriðja lagi eru fjölmargir starfsmenn ríkisins sem vinna við slíkar aðstæður að þeir eru einir til frásagnar um vinnutímaframlag sitt utan dagvinnumarka. Við þá hefur oftar en ekki tekist samkomulag um að meta

yfirvinnuna í stað þess að mæla hana.

Greiðslur fyrir þessa tvo hópa sem ég hef nefnt til viðbótar við skólastjórana voru samtals á árinu 1989 298 millj. kr. og fjöldi einstaklinga 998. Heildargreiðslur vegna metinnar yfirvinnu á árinu 1989, þ.e. laun og launatengd gjöld, voru 328.863.768 kr. Á því sama ári voru heildarlaunagreiðslur frá Launaskrifstofu ríkisins 25.796.634.714 kr. Sú upphæð sem er greidd vegna metinnar yfirvinnu er því aðeins rúmlega 1% af heildarlaunagreiðslum ríkisins. Ekki er hægt að gefa viðhlítandi svar við spurningunni um hvaða launaflokkar fái greidda metna yfirvinnu því að þeir eru fjölmargir eins og framangreint yfirlit ber með sér.

Að lokum var spurt hverjar séu heildarlaunagreiðslur ríkisins fram yfir launagreiðslur samkvæmt kjarasamningum. Hér hlýtur að vera um einhvern misskilning að ræða hjá hv. fyrirspyrjanda vegna þess að allar launagreiðslur ríkisins eru samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það brennur á manni þegar maður hefur í mörg ár fengið ómælda yfirvinnu borgaða að heyra að hún sé óunnin. Ég kalla það ósvinnu að segja um okkur sem höfum fengið ómælda yfirvinnu borgaða að hún sé óunnin. Yfirleitt er hún óskaplega vanmæld. Ég veit ekki hvað sá maður sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var að vitna í verður að vinna mikið aukalega en ég held að hann hafi verið að tala digurbarkalega. Í flestum tilfellum mundi slíkur maður hafa unnið miklu meira en launin hans segja til um eða þá hann hefur skrökvað til um laun.

Það er ekki óalgengt, a.m.k. í þeim hópi manna sem ég hef unnið með, þ.e. skólastjóra, að þeir fái 36–48 tíma á mánuði. En ég fullyrði að þeir sem fá 48 tíma á mánuði vinna miklu meira en 48 tíma í yfirvinnu. Eins er með það fólk sem ég hef kynnst. Það er í rauninni þrælkun á okkur sem höfum verið í svona störfum að nota þetta ómælda yfirvinnuákvæði sem virðist vera í samningum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. En vegna ummæla síðasta ræðumanns vil ég benda á að ég var ekki að segja að yfirvinnan væri óunnin. Ég var að spyrja um það hvort það væri um að ræða óunna eða ómælda yfirvinnu. Manni er sagt af þeim sem vinna sums staðar í kerfinu að sumir skili bara sínum ákveðna tíma. Þar af leiðir að í þeim tilvikum er yfirvinnan talin vera óunnin og það var það sem ég er að spyrja um. Mér er vel kunnugt um hvernig það er í skólunum, ekki síst í heimavistarskólum, að þeir skólastjórar og eftirlitsmenn þar fá ekki fulla greiðslu fyrir sína vinnu, en það er annað mál.

Hér eru því miður ekki nægar upplýsingar um hvernig þessu er fyrir komið og sérstaklega í þeim tilvikum þar sem talið er og manni er sagt að í nokkuð mörgum tilvikum, sérstaklega í ráðuneytunum, séu vissir menn sem fái borgaða ómælda og óunna yfirvinnu. Og sé það ekki rétt er gott að það komi fram, en þeir segja sumir frá þessu sjálfir. Það er málið.

Lögfræðilegt álit á bráðabirgðalögunum, ein umr.

Fsp. SV, 192. mál. — Þskj. 227.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef hér á þskj. 227 leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. forsrh. um lögfræðilegt álit á bráðabirgðalögunum. Fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hvaða skriflegra álita lögfræðinga hefur ríkisstjórnin aflað sér vegna fram kominna fullyrðinga á Alþingi og utan þess um að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar, nr. 89/1990, séu ekki í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar?"

Ég er að vísu búinn að þráspyrja um þetta atriði og hef ekki fengið um það nein svör. Má segja að það sé seint að fá einhver svör nú en þó taldi ég það rétt að hæstv. forsrh. væri gefið tækifæri til þess í fyrirspurnatíma á Alþingi að svara svona fyrirspurnum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ef ég skil þessa fyrirspurn rétt er spurt um það hvaða álita hefur verið leitað vegna fram kominna fullyrðinga á Alþingi, þ.e. eftir að málið kemur fyrir Alþingi. Eftir að málið kemur fyrir Alþingi er það í höndum nefndar hjá Alþingi, fjh.-og viðskn., sem hefur aflað sér álita þannig að ríkisstjórnin hefur ekki séð ástæðu til þess að afla sér skriflegra álita eftir að málið er komið fyrir Alþingi. Ég vek athygli á því að með áliti fjh.- og viðskn. fylgir t.d. álit ríkislögmanns sem er með málið í sínum höndum fyrir dómstóli.

Hins vegar vil ég til upplýsingar geta þess að áður en bráðabirgðalögin voru sett var leitað álita hjá, að mér telst, samtals tíu lögmönnum. Þar af voru sjö innan Stjórnarráðsins en þrír utan. Á fundi hjá ríkisstjórninni 24. júlí mættu fjórir lögmenn þar sem ítarlega var rætt um setningu bráðabirgðalaganna og að sjálfsögðu voru þau sett á grundvelli þeirra skoðana sem þar komu fram og samþykkt af lögfræðingum.

Ég efa ekki að hv. þm. hefur spurt um þetta þegar hæstv. sjútvrh. talaði við hann um þetta mál áður en bráðabirgðalögin voru sett og hefur fengið svör þar við slíkum spurningum. Hæstv. sjútvrh. segir mér að því samtali hafi lokið þannig að hv. þm. hafi sagt: Ætli sé um nokkuð annað að ræða en að setja svona lög? Og ég hef ekki staðið hæstv. sjútvrh. að því að greina rangt frá málum, enda hefur því ekki verið mótmælt að við hv. þm. var rætt.

Ég vil jafnframt geta þess hér að í gær lét ég hringja til hv. þm. og bjóða honum að fá aðgang að öllu því sem hann vildi um fræðast í þessu sambandi. Það gerði minn aðstoðarmaður, Jón Sveinsson, en hv. þm. hafnaði því að koma upp í Stjórnarráð og fá aðgang að

slíku. Málið er nú í höndum dómstólanna og ég mun ekki ræða hér þessar álitsgerðir meðan það er í höndum dómstólanna. Hins vegar bauð ég hv. þm. að hann fengi að því aðgang en hann hafnaði því.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Þessi fyrirspurn er mjög þörf. Það er að vísu mjög ósmekklegt af hæstv. forsrh. að vitna í einkasamtal hv. þm. við hæstv. sjútvrh., ekki síst þar sem sjútvrh. er fjarverandi og getur ekki staðfest hvort rétt sé með farið.

Það er vitnisburður um þessi bráðabirgðalög að æ fleiri stjórnmálamenn lýsa því yfir af tilefni þeirra að rétt sé að vald til útgáfu bráðabirgðalaga verði fellt niður. M.a. hefur formaður Alþfl. lýst því yfir að það sé nauðsynlegt. Það er mikill vitnisburður um þann mann sem nú fer með æðstu stjórn landsins, hæstv. forsrh.

Þessi fyrirspurn er líka gagnleg að því marki að hæstv. forsrh. lýsti því yfir að skriflegar álitsgerðir hefðu legið fyrir frá ýmsum lögfræðingum áður en bráðabirgðalögin voru sett. Það er nú svo að þegar talað er um álit lögfræðinga er að sjálfsögðu átt við skriflega álitsgerð og hæstv. forsrh. talaði svo sem slík álitsgerð væri fyrir hendi, lægi fyrir í ráðuneytinu. Ég mun að sjálfsögðu leita eftir því í fjh.- og viðskn. Ed. að forsrn. láti þessi gögn af hendi þannig að nefndin geti metið þau gögn sem lágu til grundvallar við setningu bráðabirgðalaganna.

Ég veit að hæstv. forsrh. segir satt þegar hann talar um það að ótal álitsgerðir margra lögfræðinga liggi fyrir og hafi legið fyrir. Hann vilji ekki opinbera þessar álitsgerðir nú af því að málið sé fyrir dómstóli. Hitt er rangt að sá lögfræðingur sem fer með mál og er verjandi ríkisstjórnarinnar í þessu máli gefi út álitsgerð. Hann býr einungis til plagg sem er varnarplagg fyrir ríkisstjórnina og hefur ekkert með það að gera að vera álitsgerð í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka forsrh. fyrir svarið. Ég gerði fyrir fram ekki ráð fyrir því að það yrði mikið í því. Það kom fram í sjónvarpi þar sem hann ræddi við borgarstjóra að hann hefði undir höndum skriflegar álitsgerðir frá lögfræðingum. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði í sambandi við ríkislögmann sem er verjandi í þessu máli og náttúrlega ekkert mark á því takandi því að þeir sem eru að verja mál verða að tína allt til. En ef það væri álitsgerð sem hann hefði gefið áður, á meðan var verið að setja þessi bráðbirgðalög, væri það allt annað mál. Og ég vænti þess að hæstv. forsrh. hafi það undir höndum.

En það var ekki heldur verið að spyrja um hvort það væri eftir að málið kæmi hér inn á þing, heldur hvort það væri álitsgerð sem hann hefði í höndum. Ég gerði ráð fyrir því að það hefði verið athugað áður en bráðabirgðalögin voru sett.

Í sambandi við þær umræður sem fóru fram á milli okkar sjútvrh. þá voru þær á þann veg að ég var með varnaðarorð við því að setja svona bráðabirgðalög. Ég vildi ekki ganga lengra eftir því sem við töluðum lengur saman en það að setja frest á þessar greiðslur þangað til dómsniðurstaða væri fallin. Í sambandi við það mál sagði ég að það mundi líklega verða að setja slík bráðabirgðalög. En ég innti hann eftir því hvort hann hefði látið forsrh. vita um mína afstöðu sem hann kvað já við. Það er það eina sem fór á milli okkar. Þetta svar er því dálítið einkennilegt. Og ég vil taka það fram að það er rétt að Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsrh., hringdi í mig eftir að ég var kominn á fund inn í Rúgbrauðsgerð í sambandi við langtímaáætlun í vegamálum og ég hafði enga möguleika á því að fara á fund hans, enda kemur það í ljós að þar hefði ég ekkert fengið miðað við það svar sem forsrh. kemur hér með.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því út af orðum hv. þm. Halldórs Blöndals að ég sagði ekkert um skriflegar álitsgerðir. Ég sagði leita álits hjá samtals, að því er mér teldist til, tíu lögfræðingum og þar af hefðu m.a. fjórir mætt á fundi ríkisstjórnarinnar 24. júlí. (Gripið fram í.) Hv. þm. getur flett þessu upp eins og hann óskar. En það er ekki í fyrsta sinn sem nauðsynlegt er að leiðrétta hv. þm.

Í öðru lagi er hv. þm. að sjálfsögðu mjög auðvelt að krefja hæstv. sjútvrh. svara um málið þegar málið kemur til Ed.

Það er ekki í fyrsta sinn sem ég á erfitt með að skilja sumt sem kemur frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og mér er ekki ljóst hvernig ríkisstjórnin átti í upphafi að biðja um álitsgerðir vegna fram kominna fullyrðinga á Alþingi. Málið kom ekki fyrir Alþingi fyrr en í október en bráðabirgðalögin voru sett í ágúst. Það er eins og ég segi ekki í fyrsta sinn.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég skildi ekki samhengi þeirra orða hæstv. forsrh., hvað það kæmi málinu við, að það væri ekki í fyrsta skipti sem þyrfti að leiðrétta það sem ég sagði hér í stólnum. Það sem ég sagði var að þegar talað er um álit eða álitsgerð lögfræðinga er ævinlega átt við skriflega álitsgerð. Ég vil ítreka þetta en vil á hinn bóginn taka fram að ef um opinbert, munnlegt álit er að ræða hjá lögfræðingum þá liggja að sjálfsögðu fyrir minnispunktar í ráðuneytinu og ekki væri lakara að fá þá í fjh.- og viðskn.

Sjávarútvegsbrautin á Dalvík, ein umr.

Fsp. BVG, 210. mál. — Þskj. 265.

Fyrirspyrjandi (Björn Valur Gíslason):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 265 leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. spurninga varðandi stýrimannaskólann á Dalvík.

Kennsla við þennan skóla hófst fyrir um það bil áratug. Þó að þar hafi í upphafi verið um algera lágmarkskennslu að ræða og óvissa ríkt um framhald

hennar um tíma er nú öllum ljóst að hér var stigið stórt skref í að auðvelda sjómönnum að mennta sig í þessum fræðum. Ég er ekki viss um að allir geri sér vel grein fyrir því hversu mikið átak það er í raun og veru fyrir sjómenn að setjast á skólabekk. Stýrimannaskólinn gerir ákveðnar lágmarkskröfur varðandi inntöku nemenda og ólíkt flestum framhaldsskólum öðrum er krafist töluverðrar starfsreynslu, þ.e. sjómennsku, við skólann. Því er það svo að stór hluti nemenda í stýrimannaskólum er fjölskyldufólk og hefur um langan tíma verið virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Það þarf því töluvert áræði í raun og veru fyrir þetta fólk að setjast í skólann, að ég tali nú ekki um ef náminu fylgja búferlaflutningar í aðra landshluta.

Það var því töluverð breyting til hins betra þegar stýrimannaskólinn á Dalvík tók til starfa fyrir norðlenska sjómenn. Það kom fljótlega í ljós að ekki nægði að bjóða upp á hlutanám eins og gert var í upphafi. Því varð það úr að kennsla við skólann var aukin og eru nú þaðan útskrifaðir nemendur með réttindum til að stjórna íslenskum fiskiskipum.

Jafnframt hefur það komið í ljós að með tilkomu Dalvíkurskólans jókst aðsókn í skipstjórnarnám á landsvísu, þ.e. sá fjöldi sem nam við þennan skóla var hrein viðbót við það sem fyrir var. Er reyndar mikill vafi á að þeir sjómenn sem útskrifast úr stýrimannaskólanum á Dalvík hefðu nokkurn tíma farið í þetta nám ef þessi möguleiki hefði ekki boðist. Þessi nemendaaukning varð síðan til þess ásamt fleiru reyndar að stórlega fækkaði undanþágum til skipstjórnar sem höfðu í áratugi verið mikið vandamál í skipaflotanum, fiskiskipaflotanum sérstaklega.

Vegna mikilvægis þessa náms og hve nauðsynlegt er að auðvelda landsbyggðarfólki að nema skipstjórnarfræði þykir mér ástæða til þess að spyrja hæstv. menntmrh. hvort, og hvenær þá, þess er að vænta að nemendur geti að fullu lokið skipstjórnarnámi við sjávarútvegsbrautina á Dalvík og í öðru lagi hvaða áform eru, ef einhver, um uppbyggingu og eflingu sjávarútvegsbrautarinnar á Dalvík.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur borið fram fsp. til mín um sjávarútvegsbrautina á Dalvík. Í tilefni af því hefur verið tekið saman minnisblað um þessi mál í ráðuneytinu þar sem það kemur m.a. fram að stýrimannanám fer nú aðallega fram við þrjá skóla, Stýrimannaskólann í Reykjavík, Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum og á Dalvík. Einstaka fjölbrautaskólar hafa auk þess af og til boðið upp á fyrsta stig þessa náms eða hluta þess. Fram til ársins 1985 fór nemendum fækkandi í stýrimannanámi. Á þessum árum fór námið svo til eingöngu fram við stýrimannaskólana tvo og á Dalvík en þar hófst þetta námsframboð fyrst árið 1981.

Í lögum sem sett voru 31. des. 1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum var kveðið svo á að haldin skyldu námskeið fyrir þá skipstjórnarmenn sem starfað höfðu á undanþágu í a.m.k. 24 mánuði hinn 1. jan. 1985. Námskeið þessi skyldu haldin í öllum landshlutum skólaárin 1985–1987 og veittu takmörkuð réttindi þeim sem sóttu þau. Af þessum sökum kom fram mikil eftirspurn eftir stýrimannanámi og skólaárið 1985–1986 var boðið upp á fyrsta stig stýrimannanáms á fimm stöðum til viðbótar við þá sem ég hér nefndi áðan, þ.e. í Gagnfræðaskólanum á Húsavík, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Grunnskóla Eyrarsveitar, Grunnskólanum í Ólafsvík og Heppuskóla. Alls stunduðu þetta nám þann vetur um 146 nemendur.

Eins og kunnugt er er hvert stig stýrimannanámsins sjálfstætt og veitir tiltekin réttindi. Það er athyglisvert að á síðustu árum eru 60% sem stunda þetta nám á fyrsta stigi. Hinir skiptast á annað og þriðja stig og það er ekki oft sem haldið er uppi kennslu á fjórða stigi, enda er það aðeins fyrir yfirmenn á varðskipum eins og kunnugt er. Á síðari stigum er stýrimannanámið sérhæft auk þess sem það krefst sérstakrar aðstöðu sem kostar verulega fjármuni sem hafa verið tryggðir núna á undanförnum árum í vaxandi mæli eins og kunnugt er, m.a. með bættum búnaði þeirra skóla sem aðallega hafa haft með þetta mál að gera, ekki síst Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Á síðustu árum hafa verið um átta nemendur að jafnaði á þriðja stigi á landinu öllu. Það hefur því verið mat ráðuneytisins að það hafi ekki verið forsendur til að skipta þessu námi á fleiri staði meðan Stýrimannaskólinn getur annað eftirspurn. Hitt er hins vegar alveg ljóst, og það er mín skoðun og ég vil láta það koma fram í tilefni af fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. e., að ég tel að það eigi að kanna það mjög rækilega hvort forsendur eru til þess að auka við skipstjórnarnámið við sjávarútvegsbrautina á Dalvík, þar sem reynslan þar er góð, og það hefur komið í ljós að með því að þetta námsframboð er til staðar þá eykst um leið eftirspurnin. Og það er augljóst mál að við þurfum á fleira fólki að halda í þessar greinar en útskrifast hefur á síðustu árum.

Við höfum núna haft að undanförnu í gangi tvö verkefni sem skipta máli varðandi þessa fyrirspurn, virðulegur forseti. Það er í fyrsta lagi það að við höfum hafið viðræður við sjútvrn. undir forustu fræðsluráðs sjávarútvegsins, sem var sett á stofn með lögum árið 1988 og 1989, um það með hvaða hætti sjávarútvegsfræðslu almennt í landinu verði best fyrir komið. Í þeim efnum horfum við ekki aðeins á Stýrimannaskólann að sjálfsögðu heldur einnig Fiskvinnsluskólann og einnig fjölbrautaskólana í landinu almennt og möguleika þeirra til þess að koma inn í þetta kerfi í heild.

Í annan stað munum við í tengslum við þessa yfirferð ræða sérstaklega stöðu námskeiðanna sem hafa verið í gangi fyrir fiskverkafólk og ræða þau mál sérstaklega við aðila vinnumarkaðarins.

Í öðru lagi kemur það þessari fyrirspurn við og umræðunni um hana að í gangi er á vegum ráðueytisins heildarúttekt á búnaði, húsnæði og aðstöðu allra framhaldsskóla í landinu, með hliðsjón af því að ætlunin er að endurskipuleggja framhaldsskólann í heild vegna gerbreyttra laga sem sett voru um hann árið 1988 þeg-

ar þær kröfur voru gerðar til framhaldsskólanna, án þess að þeir hefðu verið búnir undir þær, að þeir tækju við öllum sem lykju grunnskólaprófi. Þessi heildarendurskoðun mun einnig hafa áhrif á þær niðurstöður sem ráðuneytið mun taka varðandi sjávarútvegsbrautina á Dalvík og skipstjórnarnámið þar.

Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að bera þessa fyrirspurn fram og vænti þess að svörin séu í samræmi við það sem menn geta ímyndað sér að komi út úr málum á þessu stigi.

Fyrirspyrjandi (Björn Valur Gíslason):

Virðulegur forseti. Ég þakka menntmrh. greinargóð svör við spurningum mínum og lýsi ánægju minni með þau áform sem hann virðist hafa uppi um áframhaldandi uppbyggingu þessa skóla og annarra tengdra sjávarútveginum. Það er auðvitað mjög mikilvægt að þessu máli sé sýndur mikill skilningur af ráðamönnum en því miður hefur viljað skorta á þann skilning.

Það eru upp ýmis áform um að ná að mennta fleiri sjómenn í skipstjórnarfræðum og er þá helst verið að horfa á trillusjómenn svokallaða. Það má svo auðvitað færa ýmis haldgóð rök fyrir því að það sé úr öðru ráðuneyti verið að murka líftóruna úr trillukörlunum í gegnum kvótakerfið illræmda þannig að það þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því að mennta þá. En sé litið fram hjá því, ef hægt er, þá tel ég það mjög mikilvægt að gerðar séu lágmarkskröfur til þeirra sem fá að stjórna bátum og þá af hvaða stærð sem er. Ég tel að slysaaldan nú í haust og undanfarin ár á litlum bátum undirstriki þá nauðsyn.

Ég get alveg hugsað mér einhvers konar útibú frá starfandi stýrimannaskólum og sjávarútvegsskólum, sem eru starfandi víða um landið, út í sjávarþorpin sem sjái trillumönnum fyrir þeirri fræðslu sem með þarf. Þetta getur verið í einhverri þeirri mynd sem undanþágunámskeiðin voru hér fyrir nokkru síðan og reyndust mjög vel og gáfu mönnum færi á því að stunda þetta nám án þess að raska verulega sínum högum.

Það er einnig hægt að hugsa sér annars konar fræðslu tengda þessum sjávarútvegsskólum og sjávarútvegsbrautinni á Dalvík kannski þó helst. Get ég nefnt í því sambandi öryggisfræðslu og endurmenntun sjómanna sem er ekki kannski tími til þess að ræða hér og nú en þó vert að benda á.

Snjómokstur, ein umr.

Fsp. VS, 196. mál. — Þskj. 236.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn á þskj. 236 til hæstv. samgrh. um snjómokstur sem hljóðar svo:

„1. Verða snjómokstursreglur endurskoðaðar á þessum vetri?

2. Ef svo er, hvað verður þá haft að leiðarljósi við þá endurskoðun?“

Það sem vakir fyrir mér, hæstv. forseti, í þessu sambandi er það gífurlega misrétti sem ríkir á milli sveitarfélaga varðandi snjómoksturinn. Það eru til sveitarfélög sem eru með þjóðvegi upp á 60 km innan sveitarfélagsins en ríkið greiðir aldrei að fullu nema 5 km. Það má líka nefna sveitarfélög þar sem heildarkostnaður við snjómokstur var á fimm fyrstu mánuðum þessa árs um 20 þús. kr. á íbúa þrátt fyrir það að svo til ekkert hafi verið hægt að sinna snjómokstri á heimreiðum eða sýsluvegum. Það gefur auga leið að í litlum sveitarfélögum getur þessi kostnaður verið mjög erfiður og nær óyfirstíganlegur.

Við getum á hinn bóginn hugsað okkur sveitarfélög þar sem þjóðvegur nr. 1 liggur í gegnum sveitarfélagið og ríkið sér alfarið um moksturinn. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þessa fyrirspurn til hæstv. samgrh.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er unnið á þessum dögum að endurskoðun á snjómokstursreglum og fyrirhugað að nýjar reglur verði kynntar og taki gildi í byrjun árs eða snemma á næsta ári. Hvenær það verður nákvæmlega get ég ekki tímasett en í öllu falli ekki seinna en nýjar reglur tóku gildi veturinn 1989. Það mun hafa verið í marsmánuði sem nýjar reglur tóku þá gildi.

Fyrrnefnd endurskoðun er í raun annar áfangi af þremur í heildarendurskoðun á snjómokstursreglum. Með þeirri breytingu sem varð snemma vetrar 1989 frá þeirri vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 1989 var ákveðið að taka þrjá áfanga í að auka snjómokstur og þjónustu af þessu tagi. Þann fyrsta, eins og áður sagði, fyrri hluta vetrar 1989, annan áfangann á þessum vetri og þriðja áfanga á hinum næsta. Í gildandi vegáætlun var gert ráð fyrir auknu fjármagni til vetrarviðhalds bæði á þessum vetri og hinum næsta frá því sem áður hefur verið.

Við þessa endurskoðun var reynt að taka tillit til m.a. eftirfarandi atriða þegar valdir voru úr þeir vegkaflar sem fengu aukna þjónustu:

1. Samtengingar og fjölgunar á mokstursdögum milli þéttbýliskjarna á sama vinnusvæði.

2. Aksturs skólabarna.

3. Þjónustu heilsugæslustöðva og annarrar opinberrar þjónustu sem við sögu kemur.

Auk þess var almennt reynt að tengja saman vinnu- og þjónustusvæði þó svo að snjómokstursdagar væru eitthvað mismunandi innan viðkomandi svæða. Loks var svo í fyrsta áfanga veturinn 1989 aukin þjónusta á nokkrum aðalumferðarleiðum þar sem tímabært þótti að auka hana, t.d. á leiðinni norður og vestur um og leiðinni norður í land.

Í öðrum áfanga sem núna er til skoðunar verður haldið áfram á sömu braut og meiningin er að með öðrum og þriðja áfanga verði reynt að fara yfir þjónustu á þessu sviði í heild og tryggja að að lokum verði þokkalegt samræmi í reglum eins og þær birtast og beinast að einstökum aðilum, sveitarfélögum eða svæð-

um. Einnig þarf að reyna eftir því sem kostur er að tryggja sæmilegt jafnrétti með tilliti þó til umferðar og aðstæðna. Það verður sérstaklega að því hugað þegar þriðji og síðasti áfanginn verður ákvarðaður að þetta samræmi náist með þeim breytingum sem þá verða á reglunum.

Það er alveg rétt sem hv. fyrirspyrjandi nefndi og er kannski eitt af vandasamari málunum í þessu sambandi að ákveðin sveitarfélög fá í gegnum mokstur á aðalleiðum kannski mjög góða þjónustu án þess að þurfa sjálf að leggja nokkuð af mörkum. Þar sem þannig háttar til t.d. að aðalumferðaræðar, eins og leiðin frá Reykjavík um Suðurland til Austfjarða eða leiðin frá Reykjavík um Vesturland til Norðurlands og Vestfjarða, sveitarfélög sem liggja á slíkum svæðum, við þjóðvegi, fá mjög góða þjónustu án þess að þurfa sjálf að leggja þar af mörkum peninga. En önnur sem liggja á endum vegakerfisins, inn dali sem liggja inn til lands út frá aðalleiðum, fá kannski litla og í sumum tilvikum enga þjónustu nema leggja þar peninga sjálf af mörkum. Þetta er að sjálfsögðu erfitt að samræma vegna þess að óhjákvæmilegt er að þjónustan, moksturinn og kostnaðurinn sem þarna er lagt í taki mið af umferðarþunganum og mikilvægi samgönguleiðanna. Tæplega verður komið á því fyrirkomulagi að tryggja sama mokstur og sömu þjónustu um allt vegakerfið án tillits til slíkra aðstæðna.

En það er engu að síður augjóst mál að taka verður til endurmats núgildandi reglur um mokstursdaga gagnvart slíkum afskekktum sveitarfélögum og einnig þá reglu um helmingaskipti á kostnaði sem notuð hefur verið. Og ég fullvissa hv. þm. um að Vegagerðinni og samgrn. er mjög vel kunnugt um þennan þátt málsins. Tugir ef ekki hundruð bréfa, tilmæla af ýmsu tagi, berast ráðuneytinu og Vegagerðinni á vetri hverjum þar sem óskað er eftir endurskoðun á reglum um snjómokstur og það verður reynt eftir bestu getu að samræma þarna sjónarmið og hagsmuni.

Að lokum er það svo alveg ljóst að kröfur eru hraðvaxandi um þjónustu á þessu sviði og kostnaður hefur farið mjög ört vaxandi sem glöggt hefur komið fram á útmánuðum tvo sl. vetur sem báðir hafa reynst mjög erfiðir og kostnaðarsamir. Kemur þar hvort tveggja til að nokkur raunhækkun virðist hafa orðið á kostnaði á þessu sviði vegna dýrari útgerðar, tækja sem í þetta eru notuð, en einnig hitt að kröfur eru mjög vaxandi og ekki um annað að ræða að mínu mati en að bregðast þannig við þeim að ætla á næstu árum aukið fjármagn til þjónustunnar, viðhalds og þjónustu á vegakerfinu, enda liggur það í hlutarins eðli að eftir því sem uppbyggingu vegakerfisins miðar hljóta hlutföllin að breytast í þá átt að kostnaður við rekstur og þjónustu á vegakerfinu verður hlutfallslega meiri eftir því sem tímar líða. Það er reynslan annars staðar og hlýtur sömuleiðis að verða reynslan hér og að því verður að hyggja þegar fjármagni til vegamála er skipt á komandi árum.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):
Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir ákvæð svör. Hann kom aðeins inn á akstur skólabarna og það er einmitt atriði sem ég vildi koma inn á líka. Nú settum við lög hér á síðasta þingi um skólaskyldu sex ára barna. Það gerir það að verkum að skólaaksturinn eykst því ég veit ekki til að það tíðkist nokkurs staðar svo að sex ára börn séu látin vera í heimavist. Og bara þetta gerir þetta mál enn brýnna og mikilvægara en áður hefur verið. Og það segir okkur að það er ekki bara umferðarþunginn sem verður að taka tillit til heldur ýmis önnur atriði, svo sem þetta. En að öðru leyti vil ég þakka ráðherra fyrir svörin.

Landbrot við Jökulsá á Breiðamerkursandi, ein umr.

Fsp. HG, 198. mál. — Þskj. 243.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegur forseti. Á þskj. 243 hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um landbrot við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Hún er svohljóðandi:

„Hvaða athuganir liggja fyrir á landbroti við Jökulsá á Breiðamerkursandi sem rofið gæti hringveginn og myndað fjörð þar sem nú er Jökulsárlón?"

Aðstæður á þessum stað á landinu hafa verið að breytast allverulega undanfarna áratugi, eins og raunar gildir víðar við suðurströndina. Að baki liggur sú staðreynd að dregið hefur úr framburði jökuláa samfara lónamyndun. Á þetta ekki síst við um jökulvötnin í Austur-Skaftafellssýslu. Þar með er minna efni til þess að fylla upp í ströndina sem sjórinn hefur höggvið í á undanförnum áratugum. Við Jökulsá á Breiðamerkursandi hefur vegalengdin styst um helming á tæpri hálfri öld, 45 árum, sem menn hafa til samanburðar samkvæmt loftmyndum af þessu svæði. Þar sem áður var um einn km frá lóni til sjávar eru nú aðeins rúmir 500 metrar og þar sem styst er frá sjó að vegi nr. 1, hringveginum svonefnda, skammt austan við brúna yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi er fjarlægðin komin niður í 60 metra og hefur verið að styttast ár frá ári. Það gerðist á liðnu hausti að við ekkert sérstaklega óvenjulegar aðstæður veðurfarslega og hvað sjávarstöðu snerti náði sjórinn alveg upp í vegfyllingu á einum stað. Það er því alveg ljóst að þarna getur verið vá fyrir dyrum hvenær sem er og ekki aðeins það að skörð rofni í hringveginn, sem bæta mætti, heldur gæti hitt gerst á einhverju tímabili, sem ekki er hægt að fullyrða hversu langt yrði, að sjórinn flæddi beinlínis inn í Jökulsárlón. Þar gætir sjávarfalla nú þegar en þar gæti orðið bein tenging á milli lóns og sjávar þannig að Jökulsárlónið yrði nánast fjörður og þar færðist óhemjumikið vatnsmagn til og frá tvívegis á sólarhring með flóði og fjöru.

Tilefni fyrirspurnarinnar eru þessar aðstæður sem hafa verið að verða mönnum ljósari nú upp á síðkastið. Þarna hafa farið fram mælingar unnar af heimamönnum. Það er Fjölnir Torfason, bóndi á Hala í Suðursveit, sem rekur ferðaþjónustu við Jökulsárlón, sem hefur fylgst með þessum málum og að eigin frum-

kvæði mælt fjarlægðir þarna milli sjávar og lóns undanfarin 12 ár. Það er alveg ljóst að rofið vex frá ári til árs þannig að það gæti verið skemmra í að þarna gerðust meiri háttar tíðindi en menn hyggja. Af þeim sökum spyr ég hæstv. ráðherra um hvaða athuganir liggi fyrir á þessu landbroti með tilliti til hringvegarins. Vissulega eru þarna fleiri mannvirki í hættu, þ.e. raflínur, bæði sveitalína yfir í Öræfasveit en einnig hringtengingin, vegasamband orkunnar um landið, þar sem er suðurlínan sem liggur milli lóns og sjávar á þessum stað og þar sem einnig þyrfti að gera athuganir og tryggja samband orkuflutningsins.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Af könnunum og athugunum sem Vegagerð ríkisins hefur gert á undanförnum árum er ljóst að hættuástand getur skapast innan ekki langs tíma, í öllu falli innan næstu 20–30 ára, við brúna yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi ef ekkert verður að gert og núverandi þróun mála þar heldur áfram. Síðan lónið við Jökulsá á Breiðamerkursandi myndaðist skömmu eftir aldamótin hefur lítill eða enginn grófur aurburður borist fram með ánni til sjávar og sjórinn hefur því frá þeim tíma verið að brjóta niður ströndina og mun væntanlega gera áfram þangað til ný jafnvægisstaða kemst á milli framburðar efna til sjávar, á strandlengjuna, og rofmáttar sjávarins. Eins og nokkrar tölur, sem ég ætla að fara með, sýna um breytingar á fjarlægð milli brúar á Jökulsá og vegar þar sem styst er í sjó annars vegar og sjávarstrandarinnar hins vegar.

Ef teknar eru heimildir frá því um aldamótin, t.d. dönsk kort, var fjarlægð frá brú að sjávarströnd um 1100 metrar á dönsku korti eins og það er mælt árið 1904 og frá núverandi veglínu að sjávarströnd um 850 metrar. Á amerísku kortunum 1945 er þessi fjarlægð orðin frá brú að sjávarströnd um 700 metrar og frá vegi þar sem hann liggur næst strönd að sjó um 500 metrar. Á loftmynd frá 1960 er fjarlægð frá brú að sjávarströnd komin niður í 600 metra og frá vegi að sjávarströnd niður í 300. Á loftmynd frá 1982 er fjarlægðin frá brú að sjó komin niður í 450 metra og frá veginum að sjó í 200 metra. Og samkvæmt loftmynd frá sl. sumri eru þessar fjarlægðir 400 metrar frá brú að sjávarströnd og 125 metrar frá vegi að sjávarströnd.

Sjávarkambur, líklega um 8–10 metra hár, er 50–60 metra fyrir innan strandlínuna. Stysta fjarlægð frá sjávarkambi að brúnni er 237 metrar og að veginum skammt austan brúarinnar ekki nema 37 metrar. Það má því ætla að breyta þurfi veglínunni austan brúarinnar innan 3–5 ára og að hættuástand geti skapast við brúna innan 20–30 ára, þ.e. við brúna sjálfa. Án mikils kostnaðar er unnt að breyta veglínunni austan brúar svo samgöngur verði ekki í hættu, en undirbúa þarf á næstu árum þær aðgerðir sem gera þarf til að tryggja öruggar samgöngur á þessu svæði til frambúðar.

Þar sem bæði vegur og rafmagnslínur eru í hættu hefur verið boðað til fundar með viðkomandi aðilum, þ.e. yfirvöldum og hagsmunaaðilum raforkumála og Vegagerðinni, í byrjun næsta árs þar sem rætt verður um hugsanlegar sameiginlegar aðgerðir til varnar vegi og rafmagnslínum.

Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og fullvissa hann um að af hálfu Vegagerðar og samgrn. verður grannt með þróun mála fylgst og að því hugað að grípa til þeirra ráða sem tiltæk eru til að tryggja þarna öruggt vegasamband þó hafa beri í huga að þarna er við ramman reip að draga þar sem eru sjálf náttúruöflin að verki. Auðvitað geta þær aðstæður skapast að af tæknilegum og efnislegum ástæðum geti hreinlega orðið í fyllingu tímans mjög erfitt að tryggja þarna öruggar samgöngur á landi með þeim hætti sem við höfum í dag. En alla vega verður allt gert sem mögulegt er til þess að tryggja þær eins lengi og kostur er. Vonandi gerist það ekki, sem þó er fræðilega alveg hugsanlegt, að innan fárra áratuga verði þarna við aðstæður að glíma sem tæplega geri vegasamband á landi mögulegt. Það væri vissulega alvarlegt ef til slíks kæmi. En með tilteknum ráðstöfunum á í öllu falli að vera unnt með því að færa vegalínu og grípa til varnaraðgerða að tryggja þarna næstu áratugina öruggar samgöngur og lengur er í raun og veru ekki hægt að spá fyrir um hvernig aðstæður verða. Það verður reynslan að leiða í ljós.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og undirtektir og fagna því að þessi mál eru í athugun á vegum samgrn. og að ég skildi einnig á vegum orkuyfirvalda og ráðgert er að halda fund aðila um málið til þess að átta sig á hvernig best verði að bregðast sameiginlega við þessum aðstæðum.

Þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra var hér með falla saman við það sem ég nefndi, þó að tölur séu ekki nákvæmlega hinar sömu kannski, en það skeikar ekki miklu. Ég tel að það sé mjög gott að það skuli nú upplýst að menn eru að fylgjast með þessum breytilegu aðstæðum til þess að tryggja þarna vegasamband og flutning raforku þrátt fyrir þær breytingar sem náttúran stendur fyrir á þessu svæði.

Vegna eins atriðis sem hæstv. ráðherra nefndi, þ.e. um sjávarkambinn austan Jökulsár á Breiðamerkursandi, þá hef ég upplýsingar um það frá heimamönnum að þessi sjávarkambur hafi hlaðist aðallega upp að sumarlagi undanfarin ár, en á liðnu sumri hafi það ekki orðið með sama hætti og áður. Og á ákveðnu bili, í hinum gamla farvegi Jökulsár sem dreifði sér þarna um nokkurt svæði austar, þar við ströndina sé nú ekki sá kambur til varnar sem hefur verið á haustin að undanförnu. Ég held að það sé óvarlegt að ætla að aðstæður breytist ekki svo næstu 2–3 áratugina að brúnni á Jökulsá á Breiðamerkursandi sé ekki hætta búin. Auðvitað getur enginn fullyrt um það, en ég teldi óvarlegt að ganga út frá slíku. Við höfum orðið vitni að náttúruhamförum við suðurströndina samhliða stormi og hárri sjávarstöðu. Ég minni á flóðin við Eyrarbakka og á þeim slóðum hér suðvestanlands á síðasta vetri sem leiddu til hamfara sem menn höfðu ekki þekkt, ekki orðið vitni að um langan tíma. Og það er við slíkum aðstæðum sem menn þurfa að geta brugðist með skyn-

samlegum hætti og yfirveguðu ráði.

Ég vil vænta þess að bið verði á að það jafnvægi skapist sem hæstv. ráðherra vísaði til að kynni að myndast og leysa málið, því það væri þá afleiðing, ef ég hef lesið rétt í orð hans, framgangs jökla í kjölfar mjög kólnandi veðráttu í landinu. Ég vona að þær aðstæður skapist ekki í bráð á Íslandi þó að við þurfum einnig að vera við slíku búin til lengri tíma litið.

Annars þakka ég hæstv. ráðherra fyrir greinargott svar.

Umræður utan dagskrár.

Endurvinnslustöðin í Dounreay.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Leyfð hefur verið utandagskrárumræða skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapa. Það er hv. 2. þm. Austurl. sem óskað hefur eftir að ræða aukna hættu vegna kjarnorkuúrgangs í Dounreay í Skotlandi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri til þess að taka hér upp utan dagskrár málefni sem varða aukna hættu frá kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay á norðurodda Skotlands. Það er mál sem áður hefur borið á góma hér í sölum Alþingis því að Alþingi samþykkti vorið 1988 till. til þál. um mótmæli vegna stækkunar endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum. Samþykkt Alþingis var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að mótmæla stækkun endurvinnslustöðvar fyrir úrgang frá kjarnorkuverum í Dounreay í Skotlandi og felur ríkisstjórninni að vinna áfram gegn þessum áformum."

Síðan hefur þessi mál oft borið á góma, bæði hérlendis og einnig á norrænum vettvangi og víðar þar sem Íslendingar ásamt fleiri þjóðum hafa leitast við að koma við hömlum gegn þeim áformum sem uppi hafa verið um uppbyggingu kjarnorkustöðvar með tilheyrandi geislamengunarhættu frá Dounreay í Skotlandi.

Þær fréttir sem fengu mig til að biðja hér um umræðu utan dagskrár eru varðandi það að forráðamenn Dounreay-stöðvarinnar hafa nýlega átt viðræður við sænska aðila um samning um endurvinnslu á úrgangi frá tveimur tilraunakjarnaofnum í Sviþjóð. Fullyrt er og staðfest af yfirmönnum kjarnorkueftirlits Sviþjóðar að þær viðræður hafi farið fram og talið að ekki vanti mikið á að samningar verði undirritaðir þar að lútandi.

Yfirmenn Dounreay-stöðvarinnar leggja nú mikla áherslu á það að ná viðskiptasamböndum sem víðast um heim til þess að taka að sér endurvinnslu á slíkum úrgangi og sl. laugardag var fundur í Skotlandi á Katanesi við Dounreay þar sem einn af yfirmönnum Dounreay-stöðvarinnar kynnti áformin þar að lútandi og sagði að þeir mundu leggja alla áherslu á það að ná slíkum samningum sem víðast. Þessar samningaumleitanir varðandi Svíana eru liður í þeirri viðleitni en einnig virðist það vera áhugamál hinna sænsku aðila. Það er jafnframt fram tekið að það verði notaðar allar leiðir til flutnings á geislavirkum úrgangi til og frá Dounreay í þessu samhengi og er það eitt út af fyrir sig verðugt umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga því að það er ekki aðeins landleiðin sem nefnd er heldur einnig flutningar í lofti og á sjó.

Ég tel að hér sé hið alvarlegasta mál á ferðinni sem íslenskum stjórnvöldum beri að bregðast við nú þegar. Það er alveg ljóst að það á að keyra þróun þessarar endurvinnslustöðvar a norðurodda Skotlands áfram á fullri ferð þrátt fyrir alþjóðleg mótmæli og mótmæli héðan. Þegar sænsk stjórnvöld eru orðin með einhverjum hætti aðili að þessum málum og fyrirtæki í Svíþjóð þá eru málin komin á það stig að við getum ekki orða bundist hér á Alþingi Íslendinga. Við hljótum að gera kröfu til þess gagnvart sænskum stjórnvöldum að þau stöðvi þessi áform, þessar samningaumleitanir sem þarna eru í gangi, þannig að Norðurlöndin bætist ekki í hóp þeirra, og þá er auðvitað um að ræða Svía og Finna sem eru með kjarnorkuvinnslu hjá sér, sem gera viðskiptasamninga við Dounreay.

Ég spyr hæstv. umhvrh. um það til hvaða ráðstafana hann og ríkisstjórn landsins muni grípa nú í tilefni af þessum síðustu tíðindum og almennt séð á næstunni vegna uppbyggingarinnar í Dounreay.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni að þetta mál hefur oft borið á góma hér á hinu háa Alþingi. Ég rifja það upp að ég var líklega einn af meðflm. þeirrar þáltill. sem var samþykkt á hinu háa Alþingi um að ríkisstjórnin mótmælti formlega áformum um að stækka endurvinnslustöðina í Dounreay.

Ég hef haft veruleg afskipti af þessu Dounreay-máli þá mánuði sem ég hef gegnt embætti umhverfisráðherra. M.a. fór ég í heimsókn til stöðvarinnar í sumar sem leið, skoðaði stöðina 30. júlí í sumar og kynnti mér allar aðstæður þar og átti viðtöl og fund með forráðamönnum stöðvarinnar. Það voru aðallega þrjú mál sem þar bar á góma. Í fyrsta lagi að tilraunaeldisofninum mun nú verða lokað vegna þess að breska ríkisstjórnin hefur ákveðið að hætta fjárframlögum til þeirrar rannsóknarstarfsemi sem hefur átt sér stað með raforkuframleiðslu í tilraunaeldisofninum í Dounreay, sem hefur verið starfræktur þar í ein 30 ár. Endurvinnsla á geislavirkum úrgangi hefur dregist verulega saman frá því að hún var hvað mest í upphafi 8. áratugarins, upp úr 1970. Síðan hefur dregið verulega úr henni, sérstaklega við það að kjarnorkurannsóknarstöðinni í Harwell var lokað nú fyrir nokkru.

Það er því rétt sem kom fram hjá hv. þm. að forráðamenn stöðvarinnar í Dounreay leita með logandi ljósi um allan heim að nýjum verkefnum fyrir stöðina því að hér er í raun um byggðavandamál að ræða. Það kom mjög glögglega í ljós þegar við áttum fund með forráðamönnum stöðvarinnar sl. sumar að það er litið á stöðina sem nokkurs konar byggðamál, þ.e. að þau

atvinnutækifæri sem hún býður upp á eru talin mjög mikilvæg fyrir þetta fámenna byggðarlag sem annars er mjög fátækt af iðnfyrirtækjum og hvers kyns atvinnufyrirtækjum. En það breytir ekki því að þessi stöð veldur okkur þungum áhyggjum og kannski fyrst og fremst áform um að byggja þar gríðarstóran geymsluhelli undir botni sjávar við ströndina út frá Dounreay til þess að koma þar fyrir geislavirkum úrgangi, svokölluðum lággeislavirkum eða meðalgeislavirkum úrgangi. Honum yrði komið þar fyrir í lokuðum stáltunnum sem síðan yrði annaðhvort steypt yfir eða jarðað yfir með jarðefnum. Það eru ekki nein smáræðisverkefni sem þar er um að ræða því að gert er ráð fyrir að slíkur hellir geti orðið að stærð á við Ermarsundsgöngin. Talið er koma til greina að byggja slíka neðanjarðargeymslu á tveimur söðum, annaðhvort í Sellafield á vesturströnd Bretlands á móts við Dublin á Írlandi eða við Dounreay á norðurströnd Skotlands. Það liggur ekki ljóst fyrir hvor staðurinn verður fyrir valinu, en þó benda ýmsar líkur til þess að það geti orðið Dounreay þar sem jarðfræði Dounreay-svæðisins er miklu hagstæðari í þessu tilliti en jarðlögin við Sellafield.

Það er fyrst og fremst síðara atriðið sem við hljótum að hafa þungar áhyggjur af vegna þess að verði af þeim áformum, að byggja þarna mikinn geymsluhelli, þá blasir auðvitað sú hætta við að geislavirkur úrgangur geti lekið í gegnum bæði tunnurnar og hellisveggina út í hafið og þar með valdið geislamengun á fiskimiðunum hér í kringum Ísland og í Norður-Atlantshafinu. Því hljótum við að fylgjast mjög grannt með öllu sem þarna gerist og reyna að mótmæla öllum áformum um að stækka þessa stöð og þó sérstaklega að byggja þarna þennan gríðarmikla geymsluhelli.

Ég hef í sumar ritað nær öllum umhverfisráðherrum þeirra landa sem talað er um að hafi verið að reyna að gera samninga við Dounreay um að fá flutt þangað geislavirkt úrgangsefni til endurvinnslu. Sömuleiðis ritaði ég öllum umhverfisráðherrum EFTA-ríkjanna til þess að leita eftir stuðningi þeirra við þau mótmæli sem við höfum haft í frammi. Ég hef fengið svör frá allnokkrum ráðherrum. Það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að fá svör bæði þýska umhverfisráðherrans og sömuleiðis svar sem formaður ráðherranefndar umhverfisráðherra Evrópubandalagsins í Brussel, Ítalinn Ripo Di Meana, ritaði norska umhverfisráðherranum í sumar en hann beindi svipaðri fyrirspurn til Brussel. Í báðum þessum bréfum kemur fram mikill hroki og í raun er þar sagt að við eigum ekkert að vera að skipta okkur af þessu. Þetta sé hættulaust með öllu og við þurfum ekki að hafa af þessu neinar áhyggjur. Við höfum þær hins vegar og munum fylgja eftir þeim mótmælum sem við höfum reynt að hafa uppi á hverjum þeim vettvangi sem okkur stendur til boða, þ.e. þegar umhverfisráðherrar Evrópulandanna hittast munum við taka upp þessi mótmæli og reyna að fylgja þeim eftir eftir bestu getu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða og fréttir um að Svíar hyggist senda geislavirkan úrgang til endurvinnslu í Dounreay á Norður-Skotlandi gefur tilefni til þess að rifja upp að utanrrn. hefur tvisvar sinnum afhent breskum stjórnvöldum athugasemdir og mótmæli vegna fyrirhugaðrar starfsemi endurvinnslustöðvarinnar auk þess sem utanrrh. hefur tekið þetta mál upp í opinberum viðræðum við breska ráðamenn. Ég ætla að nefna hér nokkrar vörður í þróun þessa máls til þess að sýna hvernig á því hefur verið haldið.

Alþingi ályktaði 8. febr. 1988 að mótmæla stækkun endurvinnslustöðvarinnar og fela ríkisstjórninni að vinna áfram gegn áformum í því efni. Utanrrn. fól sendiráði Íslands í London að afhenda Bretum formleg mótmæli 20. maí 1988, þar sem m.a. er minnt á að Ísland sé nær Dounreay en Tsjernóbíl er þeim sænsku landsvæðum sem svo hart urðu úti í Tsjernóbíl-slysinu 1986. Starfandi utanrrh. afhenti sendiherra Breta á Íslandi minnisblað um málið 20. okt. 1989 þar sem m.a. er vísað til Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar og tilmæla Parísarnefndarinnar varðandi byggingu nýrra endurvinnslustöðva og varúðarráðstafana í því sambandi.

Utanrrn. ræddi þetta mál við William Waldegrave, þá varautanríkisráðherra Breta, í Reykjavík 25. júní sl. Í máli herra Waldegraves kom þá m.a. fram að gert væri ráð fyrir að gerðir yrðu viðskiptasamningar um það að geislavirk efni frá a.m.k. þremur öðrum ríkjum en Bretlandi yrðu tekin til endurvinnslu í Dounreay. Hann lét þess líka getið að starfsemi þessarar stöðvar yrði tvíþætt, annars vegar endurvinnsla og hins vegar geymsla geislavirkra úrgangsefna. Það kom fram að engar pólitískar ákvarðanir hefðu verið teknar um þetta mál.

Ég get bætt því við að utanrrn. hefur í dag leitað álits Gunnars G. Schram ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum, á þessu máli. Hann bendir á að endurvinnslan hafi minnkað verulega í Dounreay miðað við það sem áður var — og áformað var — og að hún sé mjög lítil um þessar mundir og engin aukning sé ráðgerð frá því sem mest var áður. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur tvo menn þarna á staðnum. Það er vert að rifja upp að endurvinnslustöðin í Dounreay var og er einkum rannsókna- og tilraunastöð, eða eins og það heitir á enskri tungu Research Reprocessing Plant. Dregið hefur verið úr framlögum til rannsóknastarfsemi stöðvarinnar og leggja aðstandendur hennar nú ríka áherslu á að gera viðskiptasamninga við aðrar þjóðir um endurvinnslu til þess að geta haldið stöðinni starfandi. Fréttirnar um það að Svíar hyggist senda geislavirkan úrgang til endurvinnslu í Dounreay þarf að skoða í þessu ljósi.

Um stöðu mála í Sviþjóð er það að segja að sænskir kjósendur ákváðu, eins og kunnugt er, í þjóðaratkvæðagreiðslu 1980 að loka 12 kjarnorkuverum sínum í áföngum frá árinu 1995. Efasemdir hafa nú komið fram um að slíkt sé raunhæft af efnahagslegum ástæðum. Kjarnorkan sér Svíum fyrir um það bil helmingi af þeirra raforkuframleiðslu og ströng ákvæði um umhverfisvernd setja leit að nýjum orkugjöfum mjög þröngar skorður. Svíar geyma nú sinn kjarnorkuúr-

gang í Forsmark við sænsku ströndina undir eftirliti sænskra stjórnvalda og fulltrúa frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Utanrrn. hefur í dag falið sendiráði Íslands í Stokkhólmi að spyrjast fyrir um fyrirætlanir Svía í þessu efni varðandi útflutning og endurvinnslu á geislavirkum úrgangsefnum frá Svíþjóð.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að taka það fram en mun þó gera það að utanrrn. mun halda áfram að mótmæla endurvinnslu og umsvifum í Dounreay.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að kveðja sér hljóðs utan dagskrár um þetta mál. Allt frá því að fréttir bárust af því sumarið 1986 að bresk stjórnvöld hygðu á stórfellda stækkun kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Dounreay í Skotlandi og reisa þar stærstu plútoníumendurvinnslustöð í heimi hafa mótmæli verið kröftug. Það er engin tilviljun að fólk mótmæli því sem þarna er að gerast því að aðeins smávægilegt slys getur haft hrikalegar afleiðingar, ekki síst vegna endurvinnslu á plútoníum, en það er eitt allra hættulegasta geislavirka efnið. Alþingi samþykkti einnig ályktun þar sem mótmælt var stækkun stöðvarinnar.

En það er víðar en hér sem menn hafa áhyggjur vegna endurvinnslu á kjarnorkuúrgangi. Þing Evrópubandalagsins hefur nýlega samþykkt ályktun um flutning á kjarnorkuúrgangi milli landa. Þar er bent á þá miklu hættu sem því er samfara að flytja geislavirkan úrgang á sjó, ekki síst vegna þess hve lélegir bátar eru notaðir til flutninganna. Þingið skoraði á framkvæmdastjórnina að stöðva alla flutninga milli landa. Það er ekki eingöngu verið að ræða um hversu hættuleg sjálf endurvinnslustöðin er, heldur miklu fremur hversu hættulegt er að flytja kjarnorkuúrganginn milli landa.

Ég vek athygli á þessu hér til þess að undirstrika hve alvarlegar fréttirnar eru sem nú berast um að Svíar hyggist gera samning við Dounreay-stöðina um viðskipti sem að sögn forráðamanna stöðvarinnar er þeim mjög mikilvægur vegna þess að með honum öðlast Dounreay-stöðin fótfestu á nýjum markaði. Í ljósi þess hversu alvarlegar þessar fréttir eru fyrir okkur Íslendinga undraðist ég að ríkisstjórn landsins skyldi ekki hafa þegar í stað sent frá sér harðorð mótmæli til Svíþjóðar og ítrekað mótmælin til ríkisstjórnar Bretlands vegna Dounreay-stöðvarinnar.

Ég skora því á hæstv. umhvrh. og utanrrh. og reyndar ríkisstjórnina alla að beita sér gegn þessum áformum með þeim hætti að eftir verði tekið. Við verðum að gera Svíum ljósa grein fyrir því að við sættum okkur ekki við að þeir taki þátt í því að styðja Dounreay-stöðina sem er svo mikil ógn fyrir okkur Íslendinga.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir þátttöku í umræðunni. Því miður get ég ekki lýst yfir sérstakri ánægju með þau viðbrögð og þær undirtektir sem þetta mál fékk af þeirra hálfu, þ.e. mér finnst að menn geri sér ekki nægjanlega ljósa alvöru málsins. Þessa fannst mér alveg sérstaklega gæta í máli hæstv. umhvrh. sem fór að nefna byggðamál í þessu sambandi, sem er röksemd breskra stjórnvalda fyrir þessu, og að við hefðum einkum áhyggjur af hellinum sem hugmyndir og áform eru um að koma fyrir við ströndina hjá Dounreay til geymslu á geislavirkum úrgangi. Í rauninni er hann með þessu að gera lítið úr hinni hættunni, þ.e. vegna endurvinnslunnar og þess samnings sem þarna er í undirbúningi. Yfirvöld Dounreay-stöðvarinnar hafa í hyggju að reyna að ná samningum við 50 aðila á næstunni um slíka endurvinnslu á geislavirkum úrgangi. Og flutningurinn á þessum úrgangi til og frá Dounreay-stöðinni er, eins og fram kom í máli hv. 6. þm. Reykv., m.a. það sem hættu veldur í þessu sambandi. Hversu mikilli? Við skulum hafa í huga að bandarísk stjórnvöld tóku fyrir flutninga á slíkum úrgangi til Dounreay-stöðvarinnar 1988 af öryggisástæðum, vegna öryggiskrafna. En nú á að halda þessu áfram með því að flytja efnið til Dounreay frá Evrópulöndum í vaxandi mæli og reyndar víðar að.

Ég tel að íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnin, eigi nú að grípa til harðari aðgerða vegna þessa máls en gert hefur verið fram að þessu. Ég met það sem gert hefur verið en það er ekki nóg. Og þegar þetta er komið inn á norrænan vettvang, eins og hér gerist, og það er ekkert betra fyrir það, hvorki vegna kjarnorkumálastefnu Svía eða vegna þess að þeir þurfi að skapa atvinnu í Dounreay í Skotlandi. Það eru alvörumál þegar Norðurlönd eru orðin þátttakendur í slíkri ósvinnu, að koma fyrir og flytja til endurvinnslu og geymslu í Skotlandi úrgang frá sínum tilraunastöðvum.

Ég geri kröfu til þess að hinn íslenski samstarfsráðherra Norðurlanda hér, sem er umhvrh., láti einnig að sér kveða sem slíkur, sem samstarfsráðherra Norðurlanda, og segi að slíkur fleinn inn í norræna samvinnu verði ekki þolaður. Við þolum það ekki að þannig sé ógnað grundvallarhagsmunum okkar með því að stofna til hættu af geislamengun vegna þessarar endurvinnslu hér suður af, þ.e. í Skotlandi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er vissulega þakkarvert að þingmenn skuli hafa á sér andvara, sýna varkárni gagnvart umhverfisvá eins og kjarnorkuendurvinnslustöðin í Dounreay sannarlega er. En ég vildi beina því til hv. 2. þm. Austurl. að ríkisstjórnin hafi sannarlega staðið á verði í þessu máli, mótmælt því stöðugt og haft uppi eðlilega málsvörn. Í því sem ég sagði hér áðan kom mjög skýrt fram að við höfum tekið þetta upp við sænsk stjórnvöld og ég vildi líka láta það koma hér fram að á vettvangi hins norræna samstarfs hefur þessu máli ítrekað verið hreyft. M.a. hef ég gert það á vettvangi norrænu orkuráðherranna. Það hefur verið gert á vettvangi norrænu umhverfisráðherranna, eins og ég veit að umhvrh. getur skýrt frá, og það hefur líka verið gert á vettvangi norrænu samstarfsráðherranna.

En ég vara við því að nota þetta mál til þess að vekja upp óþarfa ýfingar með samherjunum á hinu norræna sviði í umhverfisvörnum því að þar eigum við sannarlega mikið undir því að við höldum samstöð-

unni en alls ekki með því að fórna íslenskum grundvallarhagsmunum eins og hér var látið að liggja. Það verður aldrei gert. Hins vegar vildi ég víkja því að hv. 2. þm. Austurl. að hafa hér ekki uppi ómaklegar ávirðingar eða dylgjur um það að stjórnvöld standi ekki á verði í þessu máli.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hæstv. iðnrh. að það er þakkarvert að þingmenn skuli sýna þessu mikilvæga máli svona mikinn áhuga sem kemur fram í þessari utandagskrárumræðu sem hv. 2. þm. Austurl. hefur haft frumkvæði að.

Ég vil biðja hv. þm. að misskilja ekki orð mín þótt ég hafi lauslega sagt frá því sem mér var sagt þegar ég heimsótti stöðina í Dounreay. Það eru ekki mínar skoðanir að það skipti okkur einhverju meginmáli hvort þarna sé verið að vinna að því að skapa atvinnutækifæri fyrir fólk í Skotlandi. Ég hef enga skoðun á því máli. Ég hef einungis skoðun á því hverjir eru hagsmunir Íslands og hvaða ógn Íslendingum og okkar fiskimiðum stafar af því að reka þessa stöð í Dounreay. En ég get ekki séð neitt athugavert við það þótt ég greini hér frá því sem ég frétti þegar ég heimsótti stöðina og skil nú satt að segja ekki hvað fólst í þessum dylgjum hv. þm. um að þetta væri skoðun mín.

Ég get þess enn fremur að ég beitti mér fyrir því sl. vor að umhverfisráðherrar Norðurlanda ættu fund með breska umhverfisráðherranum til þess að mótmæla formlega áformum um að stækka endurvinnslustöðina í Dounreay. Danski umhverfisráðherrann, sem nú er formaður ráðherranefndar umhverfisráðherra, tók að sér að semja bréf þar að lútandi þar sem beiðst yrði slíks fundar. Því miður náðist ekki samkomulag um það meðal umhverfisráðherra Norðurlandanna einfaldlega vegna þess, eins og reyndar kom fram í máli hv. þm., að tvö Norðurlandanna eru kjarnorkulönd þar sem friðsamleg nýting kjarnorku á sér stað og þau virðast hafa annarra hagsmuna að gæta. Því miður hefur þetta mál valdið miklum deilum meðal umhverfisráðherra Norðurlanda einmitt af þeim sökum að Norðurlöndin þrjú, Ísland, Noregur og Danmörk, hafa aðra hagsmuni og líta öðruvísi á þessi mál en Finnar og Svíar. Það þýðir ekkert að fela þennan sannleik. Þetta er einfaldlega svona.

Hins vegar er bæði fyrirhugaður samstarfsfundur umhverfisráðherra Norðurlanda og einnig samstarfsráðherra undir lok næsta mánaðar. Ég hef gert ráðstafanir til þess að óska þess að þetta mál verði tekið formlega þar til umræðu og ég mun beita mér fyrir því, bæði á vettvangi samstarfsráðherra og á vettvangi umhverfisráðherra, að borin verði upp formleg mótmæli ráðherranefndanna við þessum áformum í Dounreay.

Þá vil ég að lokum geta þess að ég átti um þetta viðræður við umhverfisráðherra Svía, frú Birgittu Dahl, í sumar þar sem ég ræddi við hana um okkar sjónarmið og gerði henni grein fyrir því hvers vegna þetta veldur okkur áhyggjum. Hún skilur það að sjálfsögðu. Við ræddum þar um atriði sem gætu verið mikilvæg í þessu samhengi en það er að í stað þess að láta Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í Vín það einni eftir að skilgreina alþjóðlegar reglur um hvernig skuli farið með geislavirkan úrgang og hvaða reglur skuli gilda um flutning á geislavirkum úrgangi sé kominn tími til að um slíkt verði gerður alþjóðlegur samningur að frumkvæði umhverfismálaráðherra. Það verði haldið utan um slíkan samning af þeirra hálfu og væri þá kannski von til þess að koma mætti í veg fyrir þá starfsemi sem hér er verið að lýsa.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál er af þeirri stærð og það alvarlegt að við megum ekkert við okkur spara að koma í veg fyrir þá þróun sem þarna er í gangi.

Bresk stjórnvöld hafa ætlað að hætta opinberum stuðningi við endurvinnslustöðina í Dounreay frá 1997 að telja. Stöðin er nú að koma upp markaðssamböndum sem víðast til þess að halda uppi aukinni starfsemi og talað er um að skapa allt að 1000 störf þarna á komandi áratug. Það er því sannarlega ekki minnkun á umsvifum sem þarna er um að ræða heldur veruleg aukning fram undan.

Það er við þessum aðstæðum sem okkur Íslendingum ber að bregðast. Við getum ekki sætt okkur við að þarna verði rekin endurvinnslustöð fyrir úrgang frá kjarnorkuverum né heldur að þarna verði sett upp geymsla fyrir slíkan úrgang. Hvort tveggja er ósamrýmanlegt íslenskum hagsmunum og hagsmunum fiskveiðiþjóða við norðanvert Atlantshaf. Næstu nágrannar Skota, fólkið á Shetlandseyjum, hafa verið í fararbroddi við að berjast gegn þessari óhæfu sem þarna er rétt við bæjardyrnar hjá þeim. En við Íslendingar eigum að taka á í þessu máli og mér fannst ekki vera nógu mikill baráttuhugur í hæstv. ráðherrum og það var þess vegna sem orð mín féllu á þá leið sem þau voru hér áðan. Ég bið þá um að taka betur á í þessu máli en gert hefur verið til þessa því að á því er ríkþörf.

SAMEINAÐ ÞING

29. fundur, fimmtudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1991, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 292, 294 og 295, brtt. 107, 183, 293.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Afgreiðsla fjárlaga er jafnan eitt meginviðfangsefni hvers Alþingis enda geta fjárlög skipt sköpum um árangur í efnahagsstjórnun. Fyrr á árum voru miklu fleiri viðfangsefni á valdsviði Alþingis en nú. Ég man t.d. þá tíð þegar gengi íslensku

krónunnar var ekki breytt nema með lögum frá Alþingi. Núna heyrir það sögunni til að formlegar breytingar á skráningu á verðgildi íslensku krónunnar verði ekki nema með lagasetningu frá Alþingi enda hafa þau sjónarmið öðlast almenna viðurkenningu að skráning gengisins hljóti að ráðast af aðstæðum í utanríkisviðskiptum hverju sinni og stöðu þjóðarbúsins. Með því að afsala sér því valdi, ef vald skyldi kalla, að ákveða skráningu á gengi krónunnar var Alþingi í rauninni ekki að afsala sér neinu, því það er ekki og hefur aldrei verið og getur ekki verið á verksviði löggjafarvaldsins að ráða, nema þá með óbeinum hætti, gengi gjaldmiðilsins. Með sama hætti hafa menn smátt og smátt verið að öðlast meiri skilning á því á Íslandi, stjórnmálamenn jafnt sem aðrir, að ýmsum öðrum þáttum í þróun efnahagsmála verður ekki heldur ráðið með tilskipunum frá Alþingi. Og stöðugt dregur nú úr því að alþingismenn telji sig geta og eiga að stjórna rekstri þjóðfélagsins, atvinnugreina og jafnvel einstakra atvinnufyrirtækja úr ræðustóli hér á Alþingi.

Mönnum er smátt og smátt að skiljast, þótt hægt gangi, að verkefni löggjafarvaldsins er að setja hinar almennu leikreglur og skapa aðstæður fyrir framfarir og framsókn í atvinnulífinu en alls ekki að eiga beina aðild að rekstri atvinnufyrirtækja með samþykktum og tilskipunum. Þeir sem voru þeirrar skoðunar horfast nú í augu við algjört skipbrot þess kerfis sem byggðist á slíkum tilskipunum, valdboðum og samþykktum pólitískra stjórnenda. Jafnvel þó enn vilji það brenna við, og þá ekkert síður hjá þeim stjórnmálamönnum sem kenna sig við hægri stefnu en vinstri, að þeir líti þannig á hlutverk sitt að það sé að hafa afskipti af rekstri atvinnufyrirtækja, m.a. með þeim hætti að stýra fé skattborgaranna á misvíxl, til þess að hafa með beinum hætti áhrif á afkomu tiltekinna fyrirtækja í einstaklingseigu, þá fer að minnsta kosti þeim þó fjölgandi sem í orði kveðnu játa skilning sinn á því að þetta sé ekki og eigi ekki að vera hlutverk alþingismanna.

Á sama tíma og slíkum viðfangsefnum á Alþingi hefur fækkað, svo sem þeim að skipa með lögum hvernig skrá skuli gengið, hefur mönnum jafnframt orðið ljósara hversu miklu máli fjárlagagerðin skiptir um framvindu efnahagsmála. Með lagasetningu frá Alþingi, t.d. með því að auka frelsi með gjaldeyrisviðskipti og í viðskiptum við erlendar þjóðir, með samræmingu og einföldun á skattkerfi, með því að breyta skattkerfinu á Íslandi í átt til þess sem viðgengst í helstu viðskiptalöndum okkar, með því að breyta lögum um viðskiptabanka til að greiða fyrir því að öflugir einkabankar geti risið og samkeppni geti orðið í bankaviðskiptum o.s.frv., eru Alþingi og ríkisstjórn að breyta þeim ramma sem lögin setja atvinnulífinu, breyta honum í þá átt að opna nýjar leiðir og nýja möguleika til hagvaxtar og framfara. Þessum breytingum í frjálsræðisátt þurfa einnig að fylgja breytingar á þeim starfsháttum sem viðgangast á Alþingi þegar fjallað er um efnahagsmál og afgreiðslur tengdar þeim. Það þjónar til dæmis engum tilgangi lengur, eftir að búið er að auka frjálsræði í fjármagnsviðskiptum, að vera hér að afgreiða lánsfjáráætlun og lánsfjárlög þar sem í orði kveðnu er verið að leggja línurnar um heimildir til lántöku, ekki aðeins fyrir ríkið og stofnanir þess heldur einnig fyrir aðra aðila. Með frjálsum gjaldeyrisviðskiptum er þetta út í hött og hrein tímaskekkja. Slík lánsfjárlagaafgreiðsla á að hverfa. Ríkið á að sjálfsögðu að halda áfram að gera áætlanir og afla heimilda Alþingis fyrir sínum eigin lántökum. Í landi frjálsræðis í gjaldeyrisviðskiptum er það hins vegar málefni fyrirtækjanna og sveitarfélaganna hvar þau afla sér lánsfjár og það ræðst auðvitað annars vegar af þörfum fyrirtækjanna og hins vegar af því hvort lánveitandinn, innlendur eða erlendur, metur stöðu fyrirtækjanna svo að það sé hagfellt að lána þeim fé.

Með sama hætti er það út í hött að ríkissjóður ábyrgist lántökur sveitarfélaga og sjálfstæðra ríkisstofnana og enn fráleitara er að ríkissjóður sé að ábyrgjast óbeint lántökur atvinnufyrirtækja og atvinnulífsins í landinu með því að veita fjárfestingarlánasjóðum ríkisábyrgð fyrir lántökum þeirra sem þeir svo framlána atvinnufyrirtækjum í einkaeigu. Þessir starfshættir eiga að leggjast af og er það löngu orðið tímabært. Viðbáran hjá þeim sem vilja hafa þetta svona er hins vegar sú að slíkt afnám ríkisábyrgða mundi ef til vill verða til þess að lánin yrðu dýrari og þá fyrst og fremst fyrir þá sem ekki eru ríkir af lánstrausti. Svarið við þeirri viðbáru er að sjálfsögðu mjög einfalt. Það getur ekki verið og á ekki að vera hlutverk skattborgarans að greiða niður lán fyrir einstaklinga og samtök þeirra. Ef menn eru á annað borð fylgjandi auknu frjálsræði og auknum markaðsbúskap, og þá í samskiptum lántakenda og lánveitenda eins og annarra, þá hljóta menn auðvitað að gera sér grein fyrir því að lánveitendur verða að hafa frelsi til þess að meta áhættu í lánveitingum sínum og þá um leið standa lántakendur misjafnt að vígi eftir því hvernig högum þeirra er háttað. Og hvað er eðlilegra en að málum sé þannig skipað?

Það er sem sé tvímælalaust mín skoðun að eftir þær breytingar, m.a. þær miklu breytingar sem núverandi ríkisstjórn hefur gert til að auka samkeppni á innlendum lánsfjármarkaði og frelsi Íslendinga til þess að leita fyrir sér á erlendum lánsfjármarkaði, þá eigi að afnema þá lánsfjáráætlunargerð og lánsfjárlagaafgreiðslu sem tíðkast hér á Alþingi og aflétta ábyrgð ríkissjóðs á öllum lánum sem tekin eru til þarfa annarra en ríkisins sjálfs.

Þetta voru örfá orð um þann ramma sem Alþingi leggur og á að leggja og skiptir máli fyrir efnahagsframþróun í landinu með óbeinum hætti. Stjórnvöld geta hins vegar haft bein áhrif á framvindu efnahagsmála. Mikilvægasta tækið sem þau hafa alfarið í sínum höndum og hefur bein áhrif á framvindu efnahagsmála í landinu er fjárlagagerðin. Það er því ekki undarlegt að sagt sé að gerð fjárlaga sé meginviðfangsefni hvers þingis og hverrar ríkisstjórnar. Það er einnig rétt sem bent hefur verið á að því aðeins fær stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum staðist að með afgreiðslu fjárlaga séu ríkisstjórnir hverju sinni að vinna með þeirri stefnu sem þær marka en ekki á móti henni. Þar er hins vegar auðveldara um að tala en í að kom-

ast, m.a. af þeirri ástæðu að ekki hafa verið gerðar þær breytingar á afgreiðsluháttum sem ég vék að hér áðan og enn fremur vegna þess að ríkisfjármálin eru mjög þung í vöfum, svo þung að á fjögurra ára kjörtímabili verður ekki komið í verk nema takmörkuðum breytingum.

Á þeim fjórum árum sem nú eru senn liðin hafa þrjár ríkisstjórnir setið að völdum á Íslandi. Á þessum tíma hefur meginábersla verið lögð á uppstokkun á tekjuhlið fjárlaga. Þar hefur mjög mikið verk verið unnið. Allir stærstu tekjustofnar ríkisins hafa verið stokkaðir upp. Tolla- og aðflutningsgjaldakerfinu hefur verið gjörbreytt, staðgreiðsla tekjuskatta hefur verið tekin upp og tekjuskattskerfinu og kerfi eignarskatta einnig gjörbreytt. Og nú síðast leysti virðisaukaskattur söluskatt af hólmi. Ef menn líta á það sem gerst hefur í þessu efni og án þess að láta villa sér sýn þær stöðugu deilur um tittlingaskít sem Íslendingar eru alltaf uppteknir af þá verður því ekki á móti mælt að í endurskoðuninni á tekjuöflunarkerfi ríkisins hefur verið unnið stórvirki. Við höfum á þessum fjórum árum aðlagað tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs að tekjuöflunarkerfi grannlandanna. Og þó auðvitað megi alltaf eitthvað að öllu finna og Íslendingar séu yfirleitt fundvísari á aðfinnsluatriði en hina jákvæðu þætti, einkum þó og sér í lagi ef aðfinnslurnar eru um aukaatriðin, þá er það mín skoðun að bæði tekjuskattskerfið og virðisaukaskattskerfið sem við höfum sé á margan hátt einfaldara og betra en nágrannaþjóðirnar geta státað af. Er ástæða til að vara við því að menn séu í fljótræði að gera breytingar á þessum nýju skattkerfum og þá síst ef ástæða breytingarinnar er sú ein að menn séu að kvarta yfir að hlutirnir séu ekki eins og þeir voru áður en skattkerfisbreytingarnar voru samþykktar. Tilhneiging hefur t.d. verið til þess hér á Alþingi að skjóta göt á virðisaukaskattskerfið með þeim einu rökum að virðisaukaskattur hafi lagst á vöru eða þjónustu sem söluskattur var ekki lagður á áður. Er það nú orðið undarlegt ef menn telja rétt og nauðsynlegt að gera breytingar en svo ómögulegt annað en að breyta til baka öllu því sem slíkar breytingar koma fram á. Ef menn halda áfram á þessari braut enda þeir með að standa uppi með gamla söluskattskerfið á ný, sundurskotið af undanþágum og undanskotsmöguleikum frá skattheimtunni. Og til hvers var þá af stað farið?

Virðulegi forseti. Hlutlaus aðili sem ætti að dæma hér um og ekki léti drekkja sér í eilífu karpi Íslendinga um aukaatriði mundi án efa fella þann dóm að á sl. fjórum árum hafi mikið verið gert í endurskoðun og uppstokkun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Sá sami aðili kæmist ugglaust einnig að þeirri niðurstöðu að það sé næstum með ólíkindum hversu vel hinar tiltölulega fáliðuðu stofnanir skattkerfisins hafa staðið sig í því að framfylgja svo miklum og flóknum breytingum á skattakerfinu á svo stuttum tíma. Það hefur verið vel gert og ástæðulaust annað en að viðurkenna það og virða.

Ekki síður mikilvægt viðfangsefni bíður næstu fjögurra ára, en það viðfangsefni er að stokka upp með sama hætti gjaldahlið fjárlaga. Sú uppstokkun þarf að verða því hún er forsenda þess að ríkisstjórn geti náð þeim árangri að beita fjárlagagerðinni í þágu þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin, hver svo sem hún er, markar í efnahagsmálum í stað þess að geta í besta falli gert sér von til þess að fjárlagagerðin standi ekki í veginum. Menn tala gjarnan mikið um nauðsyn þess að skera niður og spara í ríkisrekstrinum og sjá miklum ofsjónum yfir stöðugri þenslu ríkisbáknsins, stöðugri fjölgun ríkisstarfsmanna og stöðugum vexti ríkisútgjalda. En þetta er engin tilviljun. Alþingi sjálft afgreiðir á hverju ári fjöldann allan af lögum sem kalla á viðbótargreiðslur úr ríkissjóði, oft með sjálfvirkum hætti sem enginn getur ráðið við á síðari stigum, jafnvel þó hann gjarnan vildi. Menn hafa sjóði eins og Framkvæmdasjóð aldraðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra til að byggja stofnanir, vistheimili og dvalarheimili, kaupa eða byggja sambýli o.s.frv. Og þrátt fyrir að þessir sjóðir séu talsvert öflugir tekst þeim aldrei að uppfylla nema brot af þeirri þörf sem þingmenn sjálfir kunngjöra hér á Alþingi, en engin bygging verður byggð, engin stofnun stofnuð og ekkert heimili reist á vegum hins opinbera öðruvísi en það kalli á fleira starfsfólk og meiri rekstur. Reksturskostnaðurinn og launakostnaðurinn eru oft margfaldir á við þann kostnað að reisa þá byggingu sem reksturinn hýsir.

Með sama hætti afgreiðir Alþingi lög þar sem boðið er upp á nýja þjónustu eða aukna þjónustu. Full kennsla sex ára barna var tekin upp í haust samkvæmt ákvörðun Alþingis. Samið hefur verið um lengingu fæðingarorlofs, ákveðið hefur verið að auka hjartaaðgerðir og rætt er um að taka upp glasafrjógvun. Í farvatninu eru lög um listaháskóla og mikill þrýstingur er á stjórnvöld um rekstur og kaup á björgunarþyrlu. Halda menn að þetta kosti engan neitt? Vandkvæðin eru hins vegar þau að þeir sem biðja um þessa auknu þjónustu og kalla eftir þessum auknu framkvæmdum eru ekki reiðubúnir að borga neitt fyrir það.

Mér er það minnisstætt þegar olíuverð hækkaði á alþjóðamarkaði vegna atburðanna við Persaflóa. Þá komu fram á ritvöllinn ýmsir menn, m.a. frammámenn í íslensku félagslífi, sem sögðu að auðvitað ætti almenningur á Íslandi ekki að líða fyrir það þó olía hækkaði í verði á heimsmarkaði, ríkissjóður ætti að sjá til þess. Í augum allt of margra er ríkissjóður einhver útlendingur sem ekkert kemur þeim við. Hans hlutverk er hvort eð er ekki annað en að greiða fyrir þær þarfir sem fólkið hefur og sjá til þess að ef olía hækkar á heimsmarkaði þá sé það mál óviðkomandi fólkinu í landinu. Það er mikil þjóðarsátt hjá Íslendingum um þessa afstöðu.

Það er oft sagt þegar slík ný og brýn verkefni eru til umræðu og spurt er hvernig greiða skuli kostnaðinn við þau að það hljóti að vera hægt að finna fé til þess, annaðhvort með því að færa það til frá öðrum viðfangsefnum eða með því að spara. Sparnaðarviðleitnin er svo sem góð og gild en sú þróun hefur orðið í ríkisfjármálunum á umliðnum árum að bundin útgjöld, og þá á ég við óhjákvæmilegar greiðslur svo sem vegna launakostnaðar, vegna óhjákvæmilegra rekstrarútgjalda ríkisins og vegna tilfærslna og vaxta-

greiðslna, hafa sífellt verið að vaxa sem hundraðshluti af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Eins og nú standa sakir eru rekstrarútgjöld um 40% af heildarríkisútgjöldunum. Þar af er rekstrarkostnaður vegna menntakerfis, heilsugæslu og sjúkrahúsa hvorki meira né minna en $^3/_4$ hlutar. Umtalsverður sparnaður í rekstri skóla, heilsugæslu og sjúkrahúsa verður ekki nema með því að dregið sé úr þeirri þjónustu. Svo einfalt er það. Ef menn eru ekki reiðubúnir til þess annaðhvort að draga úr þjónustu í skólakerfi, heilsugæslu eða á sjúkrahúsunum ellegar þá að láta þá sem þjónustunnar njóta borga eitthvað fyrir hana þá ná menn engum umtalsverðum árangri í sparnaði í rekstri sem er 40% ríkisútgjaldanna.

Svokallaðar tilfærslur eru önnur 40% ríkisútgjalda. Meginútgjaldaliðir svokallaðra tilfærslna eru bætur almannatrygginga, niðurgreiðslur á landbúnaðarvöruverði og útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur. Ef menn ætla að spara einhverjar umtalsverðar fjárhæðir í tilfærsluliðum þá verða menn annaðhvort að breyta tryggingakerfinu í þá átt að það greiði ekki fjárhæðir til þeirra sem ekki þurfa á slíkum greiðslum að halda, og virðist ekki auðhlaupið að því að gera slíkar breytingar, eða þá að menn verða að draga úr niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum og greiðslu útflutningsuppbóta. Sé dregið úr niðurgreiðslum hækka landbúnaðarvörur að sjálfsögðu í verði. Eina ráðið til að komast hjá þeirri verðhækkun er að heimila innflutning á samkeppnisvörum sem mundu þá halda verðinu niðri, en í nýlegri skoðanakönnun kemur fram að svo virðist sem $^2/_3$ hlutar þjóðarinnar séu á móti því. Ef menn vilja ekki gera breytingar á tryggingabótagreiðslum og ekki draga úr niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum þá spara menn ekki á tilfærsluliðunum sem eru 40% af ríkisútgjöldunum og eru menn þá búnir að afskrifa umtalsverða sparnaðarmöguleika í 80% heildarríkisútgjaldanna.

Vaxtagreiðslur nema 9% heildarútgjalda ríkisins. Það er undarlegt að mönnum, sem tala um nauðsyn þess að vöxtum sé stjórnað með handafli héðan af Alþingi Íslendinga, skuli aldrei hafa dottið í hug að þjóðin setji bara einfaldlega lög á erlendar lánastofnanir sem lánað hafa ríkinu og stofnunum þess. Nú hafa menn forðast að gera það og þá er ekki um annað að ræða en að greiða vexti af þegar teknum lánum. Ekki geta menn við það ráðið. Þá eru þau 9% ríkisútgjaldanna afskrifuð.

Þá er viðhald á fasteignum í eigu ríkisins en það er um 2% af ríkisútgjöldum. Ekki er það há hundraðstala. Hvernig er ástandið þar? Við skulum aðeins líta á örfáar byggingar í kringum okkur. Menn þekkja ástand Þjóðminjasafnsins, Þjóðleikhúsið er gjarnan í umræðum hér á Alþingi, Bessastaðir, Landspítali. Stjórn endurbótasjóðs menningarstofnana áætlar að viðhaldskostnaður fjögurra menningarbygginga á Íslandi sé milli þrír og fjórir milljarðar í heild. Úttekt sú sem gerð var á mannvirkjum heilsugæslu og sjúkrahúsa á Austurlandi í sumar á vegum heilbrrn. leiddi í ljós viðhaldsþörf samtals upp á 147 millj. kr. Ætli það séu ekki samtals um það bil 14 millj. kr. til þess að sinna því viðhaldi á þeim liðum. Landspítalinn er stærsta sjúkrahús landsmanna. Að mati stjórnenda spítalans er þörf fjárveitinga einungis til viðhalds á þeim læknigatækjum sem spítalinn þegar á 247 millj. kr. á næsta ári. Í fjárlagafrv. eru nokkrar millj. kr. ætlaðar til þess verks.

Okkur Íslendingum hefur látið betur að byggja ný mannvirki en að halda þeim við sem við höfum reist. Ástandið á opinberum byggingum er víða orðið þannig að til hreinnar vansæmdar horfir. Þessi útgjaldaliður, Viðhald, hefur verið skorinn niður á undanförnum árum uns svo er komið sem ég nú hef lýst. Og þá standa aðeins eftir 9% af heildarútgjöldum ríkissjóðs, þ.e. fjárfestingarliðirnir. Framkvæmdir í höfnum, vegum, sjúkrahúsum, skólum og á öllum öðrum sviðum sem ríkisvaldið sinnir. Þetta viðfangsefni hefur stöðugt farið lækkandi sem hundraðshluti af ríkisútgjöldum. Ástæðan er einfaldlega sú að af því menn hafa kinokað sér við að takast á við hin dýru viðfangsefni í rekstri annars vegar og tilfærslum hins vegar hefur öll viðleitni til sparnaðar og niðurskurðar í ríkisrekstrinum komið fram á þeim einu liðum sem hægt er með sæmilegu móti að hafa áhrif á frá ári til árs, en það eru viðhald og fjárfesting.

Ég skal aðeins nefna nokkur dæmi um þá þróun sem orðið hefur í þessum efnum. Ef við tökum opinbera fjárfestingu, þ.e. fjárfestingu ríkisstofnana og sveitarfélaga, var hún á yfirstandandi ári 33% hærri en 1986. Á sama tíma hafði opinber fjárfesting hjá ríkinu einu aðeins aukist um 2,7%. Heildarfjárfesting hins opinbera er metin 22,3 milljarðar á yfirstandandi ári. Þar af er fjárfesting ríkisins komin niður í 9,7 milljarða og er þá allt saman talið. Vegna þess að menn hafa ekki farið í þá uppstokkun í útgjaldahlið ríkissjóðs sem nauðsynleg er, ef menn ætla að ná árangri í aðhaldi með ríkisútgjöldum, hefur neyðarkosturinn verið sá, ekki bara hjá núv. ríkisstjórn heldur einnig hjá fyrrv. ríkisstjórnum, að reyna að skerða fjárfestingu og viðhald. Er nú svo komið að ekki verður mikið meira þar gert.

Af þessu má sjá að tímabært er að taka gjaldahlið frv. til jafn gaumgæfilegrar endurskoðunar og uppstokkunar eins og tekjuhliðin hefur verið tekin á liðnum fjórum árum og er það verkefni næstu ríkisstjórnar, hver svo sem hún verður. Og ég ítreka það að menn verða að gera sér það ljóst að árangur verður enginn í slíkri uppstokkun nema menn takist á við þau dýru viðfangsefni sem ég hef nefnt hér áðan, þ.e. rekstur skóla, heilsugæslu og sjúkrahúsa annars vegar og greiðslu tryggingabóta, niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta hins vegar. Þarna eru stóru fjárhæðirnar og ef menn eru ekki reiðubúnir til að takast á við breytingar á þessum vettvangi þá verða ríkisútgjöldin áfram illviðráðanleg, a.m.k. á meðan hvorki stjórnmálamenn né landsmenn virðast vera tilbúnir til þess að leggja í þær skatthækkanir sem menn verða þá að snúa sér að ef þeir ná engum árangri í uppstokkun útgjalda. Sú skattheimta sem menn eru að tala um til viðbótar, ef enginn umtalsverður niðurskurður næst í gjaldahliðinni, jafngildir um það bil þriðjungs hækkun á tekjuskatti einstaklinga og félaga eða hækkun á virðisaukaskatti úr

24,5% í 28,5–29%. Þetta er stærðargráðan á því dæmi sem menn eru að fást við og þurfa að takast á við teknamegin í fjárlögum ef menn heykjast á því að takast á við þau með uppstokkun útgjalda. Það skiptir þá engu máli hvað sú ríkisstjórn heitir sem við völdin situr, þetta er einfaldlega viðfangsefni næstu ára.

Þau orð sem ég hef hér sagt eiga ekki fremur við þá fjárlagagerð sem hér á sér stað en fjárlög almennt. Ég hef aðeins í þessum inngangsorðum viljað vekja athygli á nokkrum atriðum sem ástæða er til að víkja að og varðar ríkisfjármál en ekki fjárlagagerð ársins 1991 sérstaklega.

Fjvn. Alþingis hefur unnið með hefðbundnum hætti að tillögugerð sinni fyrir 2. umr. að þessu sinni. Vinna nefndarinnar hófst í sumar þegar nefndin átti fundi, m.a. til þess að kynna sér skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga yfirstandandi árs og til að eiga viðræður við fjmrn. og aðra um ýmis viðfangsefni. Þau störf sem nefndin er kölluð til að vinna utan þingtímans færast stöðugt í vöxt. Bæði er að nefndin er kölluð saman með þeim hætti sem ég lýsti hér áðan til þess að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og sinna einstökum viðfangsefnum og til viðræðna við fjmrn. og fjmrh. þegar draga tekur að því að fjárlög eru lögð fram á Alþingi. Eins er nefndin oft til kölluð vegna afgreiðslna sem þurfa að fara fram en eru háðar samþykki nefndarinnar. Má þar t.d. benda á viðfangsefni sem Alþingi afgreiðir á heimildagrein fjárlaga og setur skilyrði um samþykki fjvn. fyrir áður en afgreiðsla getur farið fram. Ljóðurinn við þessa starfsemi er hins vegar sá, að umboð fjvn. fellur niður við þinglausnir að vori og hefur nefndin því ekkert formlegt umboð til starfa fyrr en Alþingi hefur kosið nýja nefnd að hausti. Að vísu hefur svokölluð undirnefnd fjvn., sem skipuð er einum fulltrúa frá hverjum flokki sem sæti eiga í fjvn., umboð til að starfa milli þinga samkvæmt þingskapalögum. En sú undirnefnd hefur ekki umboð til að starfa sem fjárveitinganefnd væri og getur ekki tekið ákvarðanir í hennar nafni. Það hefur verið látið viðgangast að nefndarmenn í fjvn. sem missa umboð sitt við þinglausnir að vori starfi áfram sem fjárveitinganefnd væri og tækju ákvarðanir sem slíkir milli þinga um ýmis mál varðandi skilmála sem settir eru í 6. gr. sem Alþingi hefur vísað til umfjöllunar fjvn. Eftir því sem þessi starfsemi eykst verður hins vegar stöðugt fráleitara að gera ekki þá breytingu sem gera þarf til þess að fjvn. geti með eðlilegum hætti sinnt þeim störfum sem m.a. Alþingi felur henni við fjárlagaafgreiðslu. En til þess að svo megi vera þarf að breyta lögum um þingsköp þannig að fjvn. verði gerð að heilsársnefnd og hafi umboð til að starfa milli þinga með sama hætti og utanrmn. Fjárveitinganefndarmenn eru sammála um að þessa breytingu þurfi að gera. Og sama sinnis munu allflestir vera sem einhverju sinni hafa starfað í þessari nefnd. Ástæða er til að beina þeim óskum til forseta þingsins ellegar formanna þingflokka að þeir íhugi þetta samfara öðrum breytingum á þingsköpum sem ef til vill eru á döfinni. Kannski væri ástæða til að fjárveitinganefndarmenn flyttu slíkt frv. sjálfir. En þá er þess að geta að ekki þykir okkur hafa orðið góð reynsla af þeim málum sem fjárveitinganefndarmenn hafa reynt að flytja hér á Alþingi og ekki varða fjárlögin ein.

Þá er einnig ástæða til að benda á að mikið af hefðbundnum starfstíma nefndarinnar fer í viðræður við ýmsa aðila sem óska eftir að ná fundi hennar út af ýmsum málum, bæði smáum og stórum. Þessi fundahöld hóf nefndin nú eins og jafnan áður nokkrum dögum áður en Alþingi kom saman og átti viðræður við sveitarstjórnir á tímabilinu 1.–6. okt. Á þeim dögum komu fulltrúar flestra sveitarstjórna á Íslandi til viðræðna við fjvn. Nefndin auglýsti svo eins og hún er vön að gera viðtalstíma þar sem þeim aðilum sem sjálfir óskuðu að bera upp erindi sín við hana var gefinn kostur á að ganga á fund hennar. Hvorki meira né minna en 179 slíkar óskir bárust og átti nefndin viðræður við 179 aðila sem óskuðu sjálfir eftir viðræðum við hana. Nefndin skipti sér í þrjá hópa í þessum viðræðum sem ella mundu hafa staðið á þriðja mánuð ef nefndarmenn hefðu ekki skipt liði.

Þar fyrir utan koma svo þeir fundir sem nefndin hefur átt frumkvæði um að halda til að afla sér upplýsinga þar sem rætt hefur verið við hin einstöku ráðuneyti, ríkisstofnanir og aðra þá sem nefndin hefur þurft að leita til til að afla upplýsinga um viðfangsefni sín. Af þessu má sjá hvílíkur feikilegur tími fer orðið í það að sinna erindum og viðtalsbeiðnum til nefndarinnar. Munu þess sjálfsagt fá dæmi í veröldinni að allur almenningur eigi jafngreiðan aðgang að stjórnvöldum og þingnefndum eins og hér á Íslandi, því þau erindi sem nefndinni voru kynnt voru vissulega misstór og mis-þýðingarmikil þó öll séu þau að sjálfsögðu mikilsverð frá sjónarmiði þeirra sem til nefndarinnar leita. Svo mikill tími er hins vegar farinn að fara í þessar viðræður að það kemur óhjákvæmilega niður á öðrum starfstíma nefndarinnar sem hún þarf á að halda til að undirbúa afgreiðslur og sinna þeim, þannig að vinnudagurinn verður oft ansi langur. Ef fram heldur sem horfir er það raunar tímaspursmál hvenær fjvn. neyðist til þess að takmarka þessi viðtöl og er það miður, ekki endlega frá sjónarmiði hennar eða nefndarmanna, heldur fremur frá sjónarmiði þeirra aðila sem átt hafa og eiga enn greiðan aðgang að fjvn. Alþingis með erindi sín. Þessu væri að sjálfsögðu einnig hægt að svara með annaðhvort því að sú tillaga fjmrh. næði fram að ganga að Alþingi kæmi fyrr saman á hausti hverju en nú ellegar þá með því að fjvn. yrði sýndur sá trúnaður að fylgjast með á lokaundirbúningsstigi við afgreiðslu fjárlaga hjá ríkisstjórn þannig að upplýsingaöflun af nefndarinnar hálfu væri um garð gengin þegar frv. er lagt fram á Alþingi og undirbúningur sjálfra afgreiðslnanna gæti þá þegar hafist.

Þá hefur fjvn. einnig í auknum mæli beitt sér fyrir því að eiga sjálf frumkvæði að því að einstök viðfangsefni séu skoðuð. Nefndin hefur átt ágæta samvinnu við Ríkisendurskoðun í því sambandi. Hér er um að ræða bæði einstakar framkvæmdir og stærri og minni mál. Hefur fjvn. leitað til ýmissa aðila í þjóðfélaginu með slíkar athuganir og hefur jafnan átt greiðan aðgang að opinberum stofnunum, sérstaklega þó

fjmrn. og stofnunum þess. Hefur hún einnig mjög stuðst við Ríkisendurskoðun í þessu starfi eins og ég sagði áðan. Nefndin hefur m.a. látið skoða sérstaklega fyrir sig nú við þessa fjárlagagerð breytingar á skattbyrði milli ára. Hún bað um skoðun á málefni Þjóðleikhússins, þ.e. framkvæmdum við Þjóðleikhússbygginguna. Hún hefur leitað umsagna til ráðuneytanna um fjölmörg erindi. Meðal forvitnilegra mála sem nefndin hefur beðið um úttekt á er að hún hefur óskað eftir því að fá frá landbrn. og sauðfjárveikivörnum mat á áhrifum af riðuniðurskurði en heildarútgjöld niðurskurðar vegna riðuveiki nema nú 1697 millj. kr. Síðasti samningur var gerður haustið 1990 þar sem samið var um niðurskurð fjár á Austurlandi, en þeir samningar eru taldir hafa kostað 224,7 millj. kr. Hér er vissulega um mikið fé að ræða sem reitt hefur verið af höndum úr ríkissjóði til þess að vinna bug á stórfelldum vanda í landbúnaði þar sem riðuveikin er. Nefndin hefur beðið um álitsgerð landbrn. og sauðfjárveikivarna um hvernig til hafi tekist. Ég vil fyrir hönd nefndarinnar við þetta tækifæri þakka starfsmönnum ráðuneytanna og Ríkisendurskoðunar sem ljúflega hafa tekið við öllum erindum og fyrirspurnum fjvn. og afgreitt svör bæði fljótt og vel.

Í þeim athugunum, sem nefndin hefur gert, kom m.a. í ljós að raunaukning launagjalda frá fjárlögum yfirstandandi árs til frv. 1991 nemur 1.252,5 millj. kr. Jafngildir það um 4% hækkun milli ára. Miðað við að meðalkostnaður við hvert starf nemi 1,3 millj. kr. jafngildir þessi hækkun því að 963 ný störf verði stofnuð hjá ríkinu á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. Svo er þó ekki heldur er skráð fjölgun starfsmanna á vegum ríkisins 565 stöðugildi og munurinn, um 400 stöðugildi, er vegna aldurshækkana, launaflokkatilfærslna og annarra breytinga sem mælast í auknum launakostnaði. Af þessum 565 störfum sem skráð hafa verið hjá ríkinu samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 til viðbótar þeim sem skráð voru í fjárlögum yfirstandandi árs eru 70 ný störf. Hitt eru störf sem skráð hafa verið m.a. fyrir áhrif breyttrar verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, en komið hefur í ljós að í fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár var sá kostnaður verulega vanáætlaður og eins það mannahald sem ríkið varð á sig að taka vegna verkaskiptingarinnar. Kemur þetta sérstaklega fram í heilsugæsluþjónustu en þar var talsvert um að störf sem ekki lágu fyrir upplýsingar um að mundu flytjast yfir til ríkisins skiluðu sér þangað. Ýmsir kostnaðarliðir, svo sem vegna sjúkraflutninga, komu og á óvart miðað við þær áætlanir sem áður höfðu verið gerðar. Kostnaðarauki ríkissjóðs af verkaskiptingunni umfram það sem áætlað var skiptir orðið hundruðum milljóna og væri full ástæða til að láta meta hver sá umframkostnaður, sem menn ekki reiknuðu með vegna verkaskiptingarinnar, er orðinn. Á móti telja sveitarfélögin sig einnig hafa orðið fyrir kostnaði umfram það sem þau áætluðu vegna verkaskiptingarinnar og er þá komin upp sú einkennilega staða að þessir tveir aðilar sem áttu þarna viðskipti saman telja sig báðir hafa tapað á viðskiptunum og var þó um verkaskipti eða næstum vöruskipti að ræða. Er það eina dæmið sem ég kann um að báðir aðilar geti tapað í hnífakaupum og væri lærdómsríkt ef menn skoðuðu þá niðurstöðu eitthvað betur.

Ég vík þá að brtt. þeim sem fjvn. kynnir við 2. umr. Skal fyrst fram tekið að þótt nefndin flytji öll þessar tillögur þá áskilur minni hl. hennar sér að sjálfsögðu rétt til þess að hafa fyrirvara um einstakar afgreiðslur og hefur auk þess fyrirvara um brtt. sem fluttar kunna að verða. Fyrir hönd okkar í meiri hl. fjvn. vil ég færa minnihlutamönnum kærar þakkir fyrir samstarfið í vetur. Á því er enginn vafi að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. hverju sinni geta ráðið mjög miklu, jafnvel haft úrslitaáhrif á gang fjárlagaafgreiðslunnar. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa sýnt mikla lipurð, skilning og þolinmæði og lagt sig fram um að greiða fyrir afgreiðslu mála. Þeir hafa unnið með okkur meirihlutamönnum að undirbúningi allra afgreiðslna. Þeir hafa fengið sömu upplýsingar og við og í mörgum atriðum er um afgreiðslur að ræða sem báðir aðilar eru sáttir við. Þegar að stóru málunum kemur eru skoðanir hins vegar að sjálfsögðu skiptar, en þrátt fyrir þann ágreining hefur aldrei komið til þess að fulltrúar minni hlutans reyndu með einum eða öðrum hætti að torvelda eða tefja störf fjvn. heldur þvert á móti. Vil ég ítreka þakklæti mitt til þeirra fyrir ágætt samstarf, og mæli þar fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, en sem formaður í þessari nefnd vil ég þakka mjög gott samstarf við alla nefndarmenn í fjvn. þau fjögur ár sem ég hef gegnt því starfi. Á þeim langa vinnudegi, sem er í nefndinni, kynnast menn gjarnan vel og sú viðkynning við fjárveitinganefndarmenn hefur verið mér afskaplega ánægjuleg og samstarfið hefur í alla staði verið gott. Ég vil einnig fyrir hönd nefndarinnar þakka starfsmanni okkar, Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, fyrir frábært starf og einnig aðstoðarfólki hans úr Ríkisendurskoðun. Ég vil einnig fyrir hönd nefndarinnar þakka Sigurði Þórðarsyni vararíkisendurskoðanda, Magnúsi Péturssyni ráðuneytisstjóra og Halldóri Árnasyni og Þórhalli Arasyni þökkum við einnig mjög gott samstarf og öðrum starfsmönnum fjmrn. Einnig viljum við færa kærar þakkir starfsfólki Alþingis bæði hér í Alþingishúsinu en þó ekki síður fólkinu í Austurstræti 14 sem lagt hefur sig fram um að greiða okkar götu í öllu.

Ástæðulaust er að rekja hverja brtt. fyrir sig því að þær skýra sig flestar sjálfar í athugasemdum og skýringum sem fylgja nál. meiri hl. En þörf er á að staldra við nokkur atriði.

Er þá fyrst rétt að staldra aðeins við tillögur er varða æðstu stjórn ríkisins, Alþingi. Mikil breyting til bóta hefur verið gerð á fjárlagatillögum og afgreiðslum varðandi rekstur Alþingis og viðfangsefna þess. Áður var svo að mikill munur var á fjárlagaáætlun og niðurstöðum en nú er það óðum að færast í rétt horf. Fjvn. fékk upplýsingar frá fjármálastjóra og forsetum Alþingis um stöðu mála við afgreiðslu fjáraukalaga. Jafnsnemma fékk nefndin athugasemdir Alþingis við áætlun fjárlagafrv. Er full ástæða til að beina því til fjmrn. og hæstv. fjmrh. að taka upp viðræður við forseta Alþingis og fjármálastjóra um eðlilegan grunnkostnað við

rekstur þingsins svo sem launagjöld og rekstrarkostnað við hefðbundna starfsemi þannig að ekki þurfi að skeika í þeim efnum á áætlunum fjmrn. í fjárlagafrv. og rauntölum úr bókhaldi Alþingis. Viðfangsefni fjárlagagerðarinnar yrði þá að taka afstöðu til óska forseta Alþingis um breytingar á grunnrekstri og sérstök viðbótarverkefni, tímabundin eða langvarandi. Fjvn. hafði þá afstöðu nú að samþykkja tillögur forseta með sem minnstum breytingum. Meðal nýmæla má þar nefna að lögð er til eilítil hækkun vegna útgáfu afmælisrits um kristnitöku, en það verkefni var falið forsetum Alþingis *til umsjár með samþykkt sérstakrar þáltill. á síðasta* ári. Vissulega skal viðurkennt, að sú fjárhæð sem lögð er til til að sinna því verkefni á árinu 1991 er í allra tæpasta lagi en ástæðan fyrir því að fjvn. treysti sér ekki til að gera tillögu um hærri fjárveitingu er einfaldlega sú að alls staðar *voru fjárveitingar* af þessu tagi skornar eins naumt og vera mátti.

Þá er ástæða til að staldra við viðfangsefnið Alþjóðastarf þingmanna. Þar er um nokkra hækkun að ræða sem má m.a. rekja til ráðstefnu sem haldin verður hér í Reykjavík á vori komanda. Kostnaðaráætlun hennar vegna eru 2,4 millj. kr. Að öðru leyti eru tillögur nefndarinnar um viðbótarútgjöld vegna alþjóðastarfs þingmanna byggðar á tillögum þingforseta sem endurskoðað hafa beiðnir þeirra nefnda þingsins sem þátt taka í alþjóðlegu samstarfi. Fjvn. leggur til að samþykkt verði tillaga forseta óbreytt en leggur jafnframt áherslu á að forsetar, sem eru ábyrgir fyrir fjármálastjórn Alþingis, gangi ríkt eftir því að nefndir þær, sem taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á vegum Alþingis, haldi sér við þær áætlanir sem hér eru gerðar. Þá fellst fjvn. á að gera að sinni tillögu tillögu forseta um átak til viðgerða á Jónshúsi með breytingum á veitingasal.

Þá er komið að Ríkisendurskoðun. Tillögur nefndarinnar er hana varða eru skýrðar. Er þar aðeins ástæða til að minna á að í tillögum fjvn. er gert ráð fyrir að til sérstakra verkefna hjá Ríkisendurskoðun verði varið 3 millj. kr. Þessi fjárveiting er ætluð til að greiða kostnaðinn af viðfangsefnum umfram hefðbundna starfsemi sem Ríkisendurskoðun tekur að sér vegna tilmæla forseta Alþingis eða annarra, en það hefur færst mjög í vöxt að Ríkisendurskoðun hafi verið beðin um sérstakar úttektir af Alþingi, fjvn. og öðrum aðilum. Þau viðfangsefni koma sem viðbótarviðfangsefni hjá Ríkisendurskoðun og sum þeirra eru mjög kostnaðarsöm. Eðlilegt er því að við fjárlagagerð sé gert ráð fyrir því að sérstök fjárveiting gangi til Ríkisendurskoðunar til að kosta slík viðfangsefni.

Komum við þá að menntmrn. Er þar ástæða til að fara nokkrum orðum um tillögur þær sem gerðar eru varðandi málefni Háskóla Íslands. Samkomulag hefur verið gert við stjórnendur Háskólans um að Háskólinn öðlist meira sjálfræði en verið hefur um fjármál sín, m.a. hvernig hann notar þá fjármuni sem Alþingi veitir til skólans á fjárlögum. Verður það þá viðfangsefni háskólaráðs að deila fjárveitingum niður, hvort heldur um er að ræða viðbótarstöðuheimildir eða aukin rekstrarútgjöld. Er þá aflagður sá siður að Alþingi sé í fjárlögum að ákveða í hvaða stöður á vegum Háskólans sé verið að ráða við nýjar mannaráðningar. Alþingi tekur aðeins ákvörðun um hversu margar nýjar stöður verði heimilaðar og um útgjöld þeirra vegna en Háskólinn sjálfur ræður hvernig stöðunum er skipt. Í tillögum fjvn. er þannig gert ráð fyrir því að stofnaðar verði sex *nýjar lektorsstöður, án þess að nefndin leggi* til að Alþingi ákveði hverjar þær stöður skuli vera. Þá hefur einnig orðið mikil fjölgun á nemendum í Háskólanum umfram það sem gert var ráð fyrir þegar tillögur í frv. til fjárlaga voru lagðar fram. Nemendur *sem innrituðu sig í Háskólann í haust voru talsvert á* fimmta hundrað fleiri en fjárlagaáætlun hafði gert ráð fyrir. Kallar það að sjálfsögðu á aukin rekstrarútgjöld og kennslukostnað því þessi fjöldi er álíka og nemendafjöldi í meðalstórum framhaldsskóla. Fjvn. leggur til að hækkun til stundakennslu verði afgreidd, að fjárhæð 10 millj. kr., en er það engu að síður ljóst að sú hækkun er í allra tæpasta lagi þó ekki sé miðað við annað en þann viðbótarfjölda nemenda sem bæst hefur á skrá hjá Háskóla Íslands. Hjá Raunvísindastofnun Háskólans er lagt til að stofnuð verði ein ný staða. Er það vegna sérfræðilegrar athugunar á hættu vegna eldvirkni. Er það nýtt viðfangsefni sem rík ástæða er til að sinnt verði í landi jarðeldastöðva.

Um tillögur nefndarinnar hvað varðar almenna framhaldsskóla er það að segja að lagt er til að framlög hækki um 41 millj. kr. Enn er hér mjög smátt skammtað þannig að erfitt mun reynast að fá það fé til að duga sem veitt er til einstakra viðfangsefna í sambandi við framkvæmdir við framhaldsskóla. Í sumum tilvikum verður til að mynda ekki hægt að gera upp skuldir við sveitarfélög sem lagt hafa fram fé til framkvæmda við skólana og í öðrum tilvikum verður tæplega hægt að standa við þegar gerða verksamninga. Þá er ekki lagt í neinar nýjar framkvæmdir og sums staðar er fjárveiting það lág að hætta er á að ekki sé hægt að ráðast í þau viðfangsefni sem fjárveitingin er þó ætluð í.

Fjvn. er ljóst að þetta er tæplega viðunandi afgreiðsla en staðreyndin er einfaldlega sú að í fjárlagafrv. sem lagt var fyrir Alþingi hrökkva tekjur ekki fyrir útgjöldum og því er nefndin í raun að ráðstafa fé sem ekki er til og afla verður með láni. Er eðlilegt að menn sýni ýtrustu aðgæslu við þær aðstæður. Sést það meðal annars glöggt á því að ef litið er yfir tillögulista fjvn. eru flestar fjárhæðir sem þar eru tilgreindar lægri en 3 millj. kr. Eru það aðeins örfáir liðir þar sem um umtalsverðar hækkanir er að ræða og þá er það vegna þess að slíkt varð ekki umflúið að áliti nefndarinnar.

Þá komum við að tillögum er varða framhaldsskóla almennt. Þau vandkvæði hafa komið upp við rekstur héraðsskóla, sem a.m.k. sumum stjórnendum héraðsskóla og aðstandendum þeirra var ekki ljóst fyrir fram, að við breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga fellur niður greiðsluhlutdeild ríkissjóðs við rekstur mötuneyta og gæslu heimavista í þessum skólum. Sveitarfélögin hafa yfirtekið þennan kostnað í stað ríkisins. *Þannig háttar hins vegar til um héraðsskólana* að þeir eru staðsettir í dreifbýlinu og mjög fámenn byggðarlög sem að þeim standa. Nemendur héraðsskólanna

eru ekki nema að litlu leyti frá þeim byggðarlögum sem aðild eiga að skólarekstrinum. Flestir nemendur héraðsskólanna koma annars staðar frá. Þau byggðarlög sem standa að héraðsskólunum eru svo fámenn og lítils megandi að þau geta ekki greitt kostnaðinn, hvorki mötuneytiskostnað, þ.e. laun starfsfólks í mötuneytum sem áður voru greidd af ríkinu, né heldur kostnað við gæslu í heimavist. Í sumum tilvikum hefur verið brugðið á það ráð að krefja nemendur skólanna um þessar greiðslur og láta þá svo innheimta greiðslurnar hjá sveitarfélögunum þar sem þeir eru búsettir. Í öðrum tilvikum hafa fólkinu sem sér um gæslu heimavista og rekstur mötuneyta einfaldlega ekki verið greidd laun. Hvorug þessi afgreiðsla er til frambúðar. Nemendur á þessum aldri hafa ekki þau fjárráð að þeir geti reitt fram þann kostnað sem hér um ræðir úr eigin vasa og auk þess er ekki víst hvaða móttökur þeir fá í sveitarfélögum sínum er þeir framvísa reikningum. Að sjálfsögðu er ekki viðunandi að starfsfólk við skólana fái ekki laun sín eins og aðrir starfsmenn.

Menntmrn. hefur haft þetta mál til umfjöllunar. Niðurstaða þess er sú að það hefur lagt til við fjvn. að hún leggi fyrir Alþingi að ríkisvaldið taki að sér að greiða kostnað vegna heimavistargæslu í héraðsskólum að fjárhæð 7,5 millj. kr. Er sú tillaga flutt hér. Menntmrn. á nú í viðræðum við stjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að sjóðurinn taki að sér, a.m.k. til bráðabirgða, að greiða laun starfsfólks í mötuneytum héraðsskólanna og innheimti síðan ef vill þann kostnað hjá þeim sveitarfélögum sem eiga nemendur í þessum skólum.

Örfá orð um tillögur er varða Námsgagnastofnun. Nú í haust hófst samkvæmt ákvörðun Alþingis fullt skyldunám sex ára nemenda. Námsgagnastofnun hafði að vísu undirbúið þá breytingu með nokkurri útgáfu á námsefni en ljóst er að námsefnið fyrir sex ára nemendur var hvergi nærri nægjanlegt miðað við þá breytingu sem gerð var í haust. Af þessum og öðrum orsökum sótti Námsgagnastofnun um hækkun á framlögum til námsefnisgerðar um 25 millj. kr. Fjvn. leggur til að framlagið verði hækkað um 3 millj. kr. og er sú tillaga hér flutt.

Þá er rétt að geta aðeins með nokkrum orðum tillögu er varðar Stýrimannaskólann í Reykjavík. Þar er gerð tillaga um að kennslukostnaður verði hækkaður um 1 millj. kr. og eins og segir í skýringum er hækkunin kostnaður vegna nýrrar skipunar í námi. Kennsla í skipstjórnar- og vélstjórnarfræðum hefur tekið miklum framförum og breytingum, m.a. með tilkomu nýrra tækja. Keyptur var á yfirstandandi ári siglingahermir sem settur var upp í skólahúsinu og erindi liggur fyrir fjvn. um kaup fiskveiðihermis á árinu 1991. Er það erindi stutt af samtökum sjómanna og útvegsmanna. Öllum þessum nýju tækjum fylgir nýskipan á námi og hefur Stýrimannaskólinn í Reykjavík óskað eftir því að fá að framfylgja tillögum um nýskipan í námi sem sérstök nefnd hefur lagt til. Gert er ráð fyrir því í þessari tillögu fjvn. að hafist verði handa við þá endurskipulagningu á hausti komanda og gerð er tillaga um 1 millj. kr. fjárveitingu sérstaklega til þeirra hluta.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum um vandamál Iðnskólans í Reykjavík en það er stærsti tækniskóli á Íslandi og raunar eini iðnfræðsluskólinn á landinu sem stendur undir nafni. Skólinn býr hins vegar við mjög erfiðan húsakost og er í brýnni þörf bæði fyrir aukið húsrými og ekki síður fyrir endurnýjun á tækjum, en tæki Iðnskólans í Reykjavík eru mörg orðin mjög gömul og úr sér gengin og ekki í neinu samræmi við þá tækni sem nú er unnið eftir úti í atvinnulífinu. Nauðsynlegt er að sinna málefnum skólans betur en gert hefur verið, m.a. með framtíðarhúsnæðisöflun fyrir augum og ákvörðun verður að fara að taka um framtíðarstefnumótun í málefnum skólans. Fjvn. gerir ekki tillögu um slíkt að svo stöddu en leggur hér til að fjárveiting vegna tækja- og búnaðarkaupa verði veitt að upphæð 10 millj. kr.

Næst er ástæða til að víkja örfáum orðum aftur að héraðsskólunum. Aðsókn er nokkuð misjöfn að þessum skólum, sums staðar góð en annars staðar lakari. Mikið hefur verið rætt um stöðu héraðsskóla í íslenska skólakerfinu en endanleg afstaða hefur ekki verið tekin til þeirra. Allir skólarnir eru í mikilli þörf fyrir endurbætur á húsakosti, endurnýjun og viðgerðir. Er ástandið sums staðar orðið mjög slæmt. Fjvn. treystir sér engu að síður ekki til þess að gera tillögu um hækkun á framkvæmdaframlagi til héraðsskólanna en lætur við það sitja að gera tillögur um skiptingu á fjárlagaliðnum eins og hann var lagður fram í fjárlagafrv.

Um Skálholtsskóla er það að segja að hér er um að ræða eina lýðháskólann á Íslandi. Slík starfsemi hefur ekki farið fram í skólanum vegna þess að lýðháskólanám, a.m.k. hér á landi, virðist ekki höfða til Íslendinga. Þess í stað hefur skólinn verið starfræktur til námskeiðahalda á vegum kirkjunnar og hafa nokkur umsvif verið í þeim rekstri. Gert er ráð fyrir nokkurri fjárveitingu, m.a. til að mæta halla sem stafað hefur af þeim rekstri.

Næst er ástæða til að benda aðeins á tillögu er varðar Landsbókasafn Íslands. Þar er lögð til hækkun um 1,5 millj. kr. vegna nýrrar tímabundinnar stöðu. Þegar Halldór Laxness rithöfundur færði þjóðinni að gjöf drög og handrit að ritverkum sínum var ákveðið að ráða tímabundið starfsmann til þess að skrá og yfirfara þessa miklu gjöf skáldsins. Tillagan er um að það verk hefjist á árinu 1991.

Fjvn. gerir ekki tillögu um að ráðist verði í hið umfangsmikla endurbyggingarstarf og viðgerðir á Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu sem kynnt hefur verið fyrir þingmönnum. Þarna er um gríðarlegt viðfangsefni að ræða sem kosta mun mikið fé, enda er húseignin við Suðurgötu mjög illa farin. Nefndin gerir hins vegar tillögu um að viðhaldskostnaður verði 10 millj. kr. vegna húseignarinnar. Er það sama fjárhæð og veitt var á fjárlögum yfirstandandi árs. Fyrir þá peninga er ekki hægt að hefja neinar meiri háttar framkvæmdir við Þjóðminjasafnið enda eru þeir ekki ætlaðir til þess heldur fyrst og fremst til þess að sinna minni háttar viðhaldi og reyna að bjarga því sem bjargað verður.

Þá hefur nefndin ekki séð sér fært að gera að svo

stöddu tillögu um hækkun á framlagi til Kvikmyndasjóðs, jafnvel þó í erindi þar um sem nefndin fékk hafi verið bent á þá staðreynd að ef fengist allveruleg fjárveiting frá íslenska ríkinu væri von til þess að jafnhátt mótframlag fengist af norrænu fé. Nefndin lætur við það sitja að gera tillögu um eilitla hækkun á fjárveitingu til Kvikmyndasafns Íslands. Er þar um að ræða framlag til kópíeringar á gömlum myndum teknum á Íslandi sem safnið á, en filmurnar sem þær myndir voru teknar á eru úr forgengilegu efni og er mikil hætta á að þær eyðist.

Engin ástæða er til að gera sérstakar athugasemdir við næstu tillögur. Þær eru að fullu skýrðar í skýringum með brtt. sem fylgir nál. meiri hl. Aðeins er ástæða til að benda á að undir liðnum Ýmis íþróttamál er gert ráð fyrir 2 millj. kr. hækkun á viðfangsefni 1.16 Íþróttafélög. Hér er um að ræða það fé sem ríkið ver til þess að styðja frjáls félagasamtök á sviði íþróttamála til framkvæmda, en íþróttaframkvæmdir eru að öðru leyti komnar yfir á verksvið sveitarfélaga.

Þá er ástæða til að benda á að fjvn. taldi óhjákvæmilegt að styðja Skáksamband Íslands í húsnæðiskaupum þess, en Skáksambandið hefur eins og kunnugt er flust í nýtt og myndarlegt húsnæði þar sem mikið starf fer fram, ekki síst meðal ungs fólks. Rík ástæða er til þess að styðja við bakið á aðilum eins og íþróttafélögunum og Skáksambandi Íslands, Bandalagi íslenskra skáta og öðrum slíkum sem stuðla að hollu og heilbrigðu félagsstarfi meðal æskufólks.

Næst er ástæða til að staldra við viðfangsefni er fellur undir utanrrn. og varðar lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli. Vegna sparnaðaraðgerða hjá lögreglustjóraembættinu á Keflavíkurflugvelli hafði verið tekin sú ákvörðun að draga mjög úr kostnaði hjá embættinu við að opna Fríhöfnina í flugstöðvarbyggingunni, þannig að verslun Fríhafnarinnar yrði ekki opnuð fyrr en 45 mínútum fyrir brottför flugvéla að morgni. En til þess að heimilt sé að opna Fríhöfnina verða að vera til staðar tollverðir á vakt og vopnaeftirlit. Forstjóri Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli sendi erindi til fjvn. vegna þessa og benti réttilega á að Fríhöfnin mundi missa af verulegum viðskiptum ef verslunin yrði ekki opnuð fyrr en 45 mínútum fyrir brottför flugvéla því á svo skömmum tíma hefðu farþegar lítinn sem engan tíma til þess að versla í brottfararverslun Fríhafnarinnar. Nú þegar er ástandið orðið þannig að við síðasta útkall þurfa fjölmargir farþegar að hlaupa frá innkaupakörfum sínum án þess að geta gengið frá viðskiptum. Fríhafnarstjórinn sagði fjvn. í erindi þessu að hann treysti sér til að hafa í hagnað tífaldan þann kostnað sem væri af því að opna Fríhöfnina fyrr og þá á þeim tímum sem hann óskaði eftir því að slík opnun yrði. Tillaga þessi er varðar lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli lýtur að því að fjárveiting til embættisins verði samtals hækkuð um 1,5 millj. kr. Er sú hækkun til greiðslu kostnaðar við embættið og tengd því að verslun Fríhafnarinnar verði opnuð þegar forstjórinn óskar eftir því. Með sama hætti verði samkvæmt ábendingu forstjórans og tillögu hans sjálfs gert ráð fyrir auknum tekjum af vörusölu Fríhafnarinnar sem nemur tífaldri þeirri fjárhæð.

Næst er ástæða til að staldra við málefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Ég held að það sé flestra manna mál að Íslendingar geti ekki verið stoltir af framlagi sínu til þróunarlandanna. Íslendingar eru meðal ríkustu þjóða heims. Einkaneysla er hvergi hærri en hér á landi. Bifreiðaeign í hámarki, hvergi fleiri símar eða sjónvörp. Landsmenn eyða miklu fé í ferðalög. Hvergi eru meiri kröfur um íbúðarhúsnæði en á Íslandi bæði hvað varðar stærð og vöndun o.s.frv. Þannig koma landsmenn út úr samanburði við aðrar þjóðir þótt svo að það sé jafnframt árátta á okkur Íslendingum að enginn sé búmaður nema hann kunni að barma sér. Og mitt í þessari velsæld eru menn stöðugt að barma sér fyrir fátæktar sakir.

Þrátt fyrir allt hafa Íslendingar þó undirgengist ýmsar skuldbindingar á alþjóðavettvangi. Er ég þá ekki að tala um skuldbindingu landsins um að stefna að því að framlög til þróunarlanda og aðstoð við þau verði 1% af þjóðarframleiðslu heldur aðeins um þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa formlega undirritað og undirgengist um aðstoð við aðrar þjóðir. Fram hefur komið í máli Þróunarstofnunar Íslands að í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 sé ekki nægilegt fjármagn til þess að standa við þær skuldbindingar sem stofnunin hafi þegar tekið á sig. Sett var upp sérstök nefnd skipuð fulltrúum þriggja ráðuneyta og fjvn. til að yfirfara þessi mál. Komst sú nefnd að þeirri einróma niðurstöðu að með óbreyttu fjárframlagi yrðu Íslendingar að rifta samningum og skuldbindingum sem þeir hafa undirgengist um verk sem eru í vinnslu og hækka þyrfti framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um 16 millj. 430 þús. kr. til þess eins að hægt væri að standa við þessar lágmarksskuldbindingar. Er sú tillaga flutt hér.

Þá flytur fjvn. einnig tillögu um að nokkur hækkun verði til Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar og mun síðar flytja tillögu um að hækkað verði framlag til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um 5 millj. kr. Ástæðan fyrir því að sú tillaga er ekki með nú við 2. umr. er sú að óskað hafði verið að fundinn yrði réttur staður fyrir hana á viðfangsefnum í fjárlögum en niðurstaða var ekki fengin þegar til afgreiðslu við 2. umr. þurfti að ganga. En sú tillaga hefur sem sé verið samþykkt í fjvn. og verður gerð við 3. umr.

Næst er ástæða til að staldra við tillögur þær sem nefndin gerir er varða Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Er rétt að staðnæmast fyrst við tillögu um 500 þús. kr. framlag vegna sérstakra verkefna á Vestfjörðum. Er hér átt við stuðning við tilraunir í æðarrækt sem fram fara í Ísafjarðardjúpi. Var þetta í framhaldi af ákvörðunum sem teknar voru þegar lagðar voru niður annars vegar tilraunastöðin á Reykhólum og hins vegar tilraunastöðin á Skriðuklaustri. Var þá ákveðið að veita fé á ári hverju til sérstakra viðfangsefna í þessum tveimur fjórðungum. Hér er tillaga nefndarinnar um litla fjárhæð vegna tiltekins viðfangsefnis á Vestfjörðum kynnt en síðar kemur tillaga um nokkuð hærri fjárhæð sem veita skuli til sauðfjárveikivarna vegna flutnings á því ullarhvíta fé sem var til tilrauna-

ræktunar á Skriðuklaustri en það fé verður að varðveita í einangrun um alllangan tíma.

Þá er ástæða til að minnast sérstaklega á framlag að fjárhæð 8 millj. kr. sem nefndin leggur til að veitt verði til byggingar bútæknihúss á Hvanneyri. Gert er ráð fyrir því að þetta hús verði einnig fjármagnað af samtökum og fyrirtækjum í landbúnaði svo og Byggingarsjóði rannsóknarstofnana. Er í framhaldi af þessari fjárveitingu, ef samþykkt verður, nauðsynlegt að undirbúa samning um framhaldið milli landbrn. fyrir hönd Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þessara aðila, þ.e. Byggingarsjóðs rannsóknarstofnana og samtaka og fyrirtækja í landbúnaði sem lýst hafa vilja sínum að taka þátt í byggingu slíks húss.

Þá er ástæða til að segja örfá orð um tillögur er varða Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, tilraunir til ræktunar iðnviðar. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting verði hækkuð um 1 millj. kr. Hér er um að ræða sérstakt verkefni sem verið er að vinna á Suðurlandi í samvinnu við bændur þar. Fjvn. leggur áherslu á að greiðsludeild fjmrn. líti til þess að ekki verði greitt út af þessum lið fyrr en fyrir liggi samningar við bændur sem þátt taka í umræddu viðfangsefni þar sem fram komi hvernig og hvenær eigi að reiða af höndum það fé úr ríkissjóði sem þarna er um að ræða.

Örfá orð um tillögur er varða Veiðimálastofnun. Í skýringum segir að hér sé um að ræða 2 millj. kr. hækkun á framlagi til ráðgjafar á Vesturlandi og er þar átt við framlag til ráðgjafar í bleikjueldi.

Þá er erindi er tengist yfirdýralækni um hækkun um 1,3 millj. kr. vegna einnar stöðu dýralæknis. Þetta er dýralæknir í svínarækt og mun tengjast kynbótum í svínarækt sem stunda skal að sögn á grundvelli þjóðarsáttar.

Næsti liður er Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði. Fjvn. lauk ekki umfjöllun sinni um þessa tillögu og er hún því dregin til baka til 3. umr. til betri skoðunar. En hér er um að ræða erindi frá hæstv. ríkisstjórn.

Um liðinn Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir sem er næsta tillaga er það að segja að fjmrn. lét skoða að fyrirlagi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins ábendingar sjóðstjórnarinnar um það að verulega skorti á greiðslu á lögbundnu framlagi úr ríkissjóði á árabilinu 1986–1988. Niðurstaða fjmrn. var sú að þarna skorti á lögbundnar greiðslur að fjárhæð 25,4 millj. kr. Er gert ráð fyrir því hér að sú niðurstaða fjmrn. verði samþykkt á Alþingi.

Þá er ástæða til að staldra við lið er varðar Hafrannsóknastofnun. Þar er lagt til að liðurinn Hvalarannsóknir hækki um 10 millj. kr. þannig að unnt sé að halda áfram rannsóknum á hvölum í svipuðum mæli og verið hefur undanfarin ár enda ástæðulaust að fella niður rannsóknir á hvalastofninum, því sjávarútvegsþjóð eins og Íslendingar hlýtur að reikna með því að nýta allar auðlindir sjávarins og rannsóknir eru grundvöllur þeirrar nýtingar.

Svo er kominn kvóti á smábátana eins og landslýður veit og þá þarf nú heldur betur að líta eftir þeim bátum eða öllu heldur þeim kvóta. Gerir fjvn. tillögu um að viðbótarfjárveiting að fjárhæð 2 millj. kr. verði veitt veiðieftirlitinu til þeirra löggæslustarfa.

Örfáar athugasemdir er varða viðfangsefni á vegum dóms- og kirkjumrn. Þá er fyrst til að taka Hæstarétt. Hús Hæstaréttar þarfnast orðið mikils viðhalds og tillögur fjvn. um viðbætur miða við að hægt verði að taka fyrir og ljúka utanhússviðgerðum á Hæstaréttarhúsinu samkvæmt tillögum dómsforseta þar að lútandi.

Þá er ástæða til að benda á lið er varðar sýslumanninn í Stykkishólmi. Þar gerir fjvn. tillögu um að stofnað verði embætti löglærðs fulltrúa er hafi aðsetur í Ólafsvík. Auk þess gerir nefndin tillögu um að stofnsett verði hálf staða umboðsmanns sýslumanns á Reykhólum en sýslumaður þeirra Reykhólahreppinga situr á Patreksfirði. Eru þar langar vegalengdir á milli og oft erfitt og stundum ógerningur að komast landleiðis en íbúar í hinum nýja Reykhólahreppi þurfa að sækja til sýslumannsins á Patreksfirði um alla þjónustu. Hreppsnefndin hefur boðist til þess að leggja til húsnæði undir starfsemi umboðsmanns sýslumanns. Er hér lagt til að stofnuð verði hálf staða slíks umboðsmanns á Reykhólum.

Þá hefur orðið villa í skýringum á tillögu nefndarinnar er varðar sýslumann á Blönduósi. Þar er lagt til að löggæslukostnaður hækki um 700 þús. kr. og segir í skýringum að það sé vegna hálfrar stöðu löggæslumanns. Það er ekki alls kostar rétt. Þessi tillaga er um greiðslu launa vegna afleysingamanns yfir sumarið að löggæslumálum.

Þá er komið að félmrn. Fyrsta tillaga er málefni þess varðar er um málefni fatlaðra. Er tillagan um að kostnaður við vistun hækki um 3 millj. kr. Ætti það að nægja til þess að skammtímavistanir hjá stuðningsfjölskyldum mætti á árinu auka úr þremur sólarhringum í fjóra.

Þá er rétt að benda á tillögu er varðar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hér er um það að ræða að sú stefna er mörkuð að uppgjör á jöfnunarsjóðsframlagi liðins árs fari fram í fjárlagafrv. næsta árs. Er hér lagt til að til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði greiddar 44,8 millj. kr. til viðbótar við þá tölu sem í fjárlagafrv. er. Eru þessar 44,8 millj. kr. uppgjör á jöfnunarsjóðsframlaginu frá árinu 1990.

Þá er rétt að fara nokkrum orðum um tillögur nefndarinnar er varða sjúkrahús í Reykjavík. Eins og hv. alþm. er kunnugt var þannig gengið frá frv. til fjárlaga að sjúkrahúsin í Reykjavík, þ.e. ríkisspítalar, Landakotsspítali og Borgarspítali, voru ekki í fjárlagafrv. eins og þrjár aðskildar stofnanir eins og þær hafa verið til þessa. Hins vegar var í frv. einn liður sem hét Sjúkrahús í Reykjavík. Voru þar færðar fjárhæðir sem áttu að ganga til rekstrar og stofnkostnaðar allra sjúkrahúsanna. Í athugasemdum og skýringum í frv. var svo sagt að heilbrrh. hefði í huga að flytja frv. á Alþingi um samræmingu á yfirstjórn sjúkrahúsanna og yrði það verkefni væntanlegrar samræmingarstjórnar eða yfirstjórnar þessara sjúkrahúsa að taka ákvarðanir um skiptingu á þessum fjárlagalið milli stofnana. Fjvn. óskaði eftir því að fá frá fjmrn. hugmyndir um skiptingu milli stofnana og viðfangsefni sem byggju á bak við þá fjárhæð sem sýnd var á fjárlagaliðnum Sjúkra-

hús í Reykjavík. Nefndin fékk sundurliðun sem reyndist vera um 100 millj. kr. hærri en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Fjvn. fékk síðan til sín fulltrúa þessara þriggja sjúkrahúsa og bað þá um að skoða þau áform sem komu fram í sundurliðun fjmrn. svo betur væri unnt að átta sig á því hvaða hugmyndir lægju þar til grundvallar. Forstöðumenn sjúkrahúsanna komu síðan aftur á fund fjvn. með athugasemdir sínar. Niðurstaða þessarar yfirferðar var í grófum dráttum sem hér segir:

Hjá Borgarspítala og Landakotsspítala virðist vera samræmi á milli annars vegar þeirra áætlana sem stjórnendur spítalanna gerðu um launakostnað og hins vegar þeirra talna sem fjmrn. sýndi í hugmyndum sínum um sundurliðun fjárlagaliðarins Sjúkrahús í Reykjavík. Er þá miðað við óbreytta starfsemi beggja sjúkrahúsa. Með óbreyttri starfsemi er átt við hvað Landakot varðar að þar er á yfirstandandi ári aðeins um að ræða um það bil 80% nýtingu á sjúkrarúmum, sem er auðvitað talsvert undir því sem sjúkrahúsið er miðað við. Biðlistar vegna aðgerða á sjúkrahúsinu, bæði beinaðgerða og þvagfæraaðgerða, eru langir. Hvað Borgarspítalann varðar virtist vera fullt samræmi í launaáætlun spítalans að gerðum tilteknum leiðréttingum vegna mistaka og þeim fjárhæðum sem fólust í áætlunum fjmrn. nema hvað Borgarspítalinn óskaði eftir nokkrum nýjum stöðugildum sem ekki voru með í áætlunum fjmrn. Einnig var fyllsta samræmi á milli rekstrargjaldaspár sjúkrahúsanna annars vegar og þeirra talna sem fjmrn. studdist við hins vegar og var áætlun annars sjúkrahússins raunar nokkru lægri hvað önnur rekstrargjöld varðar en hugmyndir fjmrn. Sjúkrahúsin bæði reyndust hins vegar áætla sér nokkuð meiri sértekjur en fjmrn. hafði gert. Er það í fullu samræmi við þá staðreynd að sértekjuáætlanir sjúkrahúsanna í fjárlögum yfirstandandi árs voru of háar. Því voru þær lækkaðar verulega í fjárlagafrv., svo mikið að áætlun fjmrn. reyndist vera neðar í öllum tilvikum hjá sjúkrahúsunum í Reykjavík í sértekjumálum en áætlanir spítalanna sjálfra.

Þannig virtist vera að rekstrarliðir Landakotsspítala og Borgarspítala, miðað við óbreytta starfsemi, væru í samræmi við hugmyndir fjmrn. um uppskiptingu á liðnum Sjúkrahús í Reykjavík. Sama máli gegnir hins vegar ekki um ríkisspítalana. Þar er verulegur munur annars vegar á tölum þeim sem fjmrn. studdist við, bæði um launakostnað og almenn rekstrargjöld, og hins vegar áætlunartölum stjórnenda ríkisspítalanna. Auk þess munaði talsverðum fjárhæðum, þó einkum og sér í lagi hvað varðar tækjakaup til nýrra viðfangsefna sem sett hafa verið af stað að ákvörðun heilbrrh. Er þá átt við fjölgun hjarta- og æðaaðgerða og glasafrjóvgun. Í stuttu máli er niðurstaðan sem sé sú að mikill munur er á rekstrarútgjaldaþörf ríkisspítalanna samkvæmt áætlunum stjórnenda þeirra annars vegar og á rekstrarfjárþörf og launagreiðslum ríkisspítala samkvæmt tölum fjmrn. hins vegar. Hinir spítalarnir í Reykjavík voru hins vegar í jafnvægi miðað við óbreyttan rekstur.

Þegar kom að stofnkostnaði, endurnýjun tækja og viðhaldi munaði mjög háum fjárhæðum hjá öllum spítulunum og því sem áætlun fjmrn. byggðist á enda má segja að mikil framkvæmdaþörf sé orðin hjá öllum spítulunum. Hjá Borgarspítalanum er nauðsynlegt að byggja nýjar skurðstofur auk endurnýjunar á tækjum, hjá Landspítalanum er mikil þörf á endurnýjun á tækjakosti, mikil viðhaldsþörf á húsnæði og allir þingmenn þekkja glögglega þörfina á framhaldsframkvæmdum við svokallaða K-byggingu. Og hjá Landakoti er viðhald orðið aðkallandi, sömuleiðis endurnýjunarþörf mikil á tækjum og búnaði. Niðurstaða fjvn. að lokinni þessari athugun er eftirfarandi:

Nefndin leggur til að sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík, Landakotsspítalinn, Borgarspítalinn og ríkisspítalarnir, verði tekin inn í fjárlögin á ný með sín gömlu fjárlaganúmer. Í sundurliðun þar verði byggt á tölum stjórnenda Borgarspítala og Landakotsspítala hvað varðar laun, almennan rekstur og sértekjur. Er þá miðað við tillögur stjórnenda þessara spítala án viðbótarstöðuheimilda sem sótt var um og miðað við óbreytt rekstrarumfang frá yfirstandandi ári. Hvað varðar viðhald, stofnkostnað, tækjakaup og annan búnað verði stuðst við þær tillögur sem fjmrn. kynnti þar um og eru þær, eins og áður sagði, talsvert lægri en beiðnir spítalanna tveggja hvað varðar fjárþörf í þessu sambandi. Hvað varðar ríkisspítalana sem sérstakan fjárlagalið verði hins vegar stuðst við tölur fjmrn. í öllum tilvikum sem eru eins og fyrr sagði verulega lægri en áætlun stjórnenda spítalans.

Nú er það að segja að heilbrrh. hefur lýst því yfir að með samræmingu á starfsemi sjúkrahúsanna í Reykjavík sé hægt að ná umtalsverðum árangri til lækkunar á rekstrarkostnaði. Frv. á hans vegum þar að lútandi er til meðferðar á Alþingi og er þess vænst að það verði samþykkt. Hvort sem það verður eða ekki vill fjvn. fyrir sitt leyti stuðla að því að ráðherranum gefist kostur á að láta á það reyna hvort unnt sé að ná árangri til sparnaðar með ráðstöfunum af því tagi sem hann hefur boðað. Leggur nefndin því til að auk þess sem hér er getið verði fjárlagaliðnum Sjúkrahús í Reykjavík áfram haldið á fjárlögum og inn á hann færðar eftirtaldar tölur:

Viðfangsefni 1.01 Laun og annar rekstrarkostnaður verði 154,3 millj. kr. Viðfangsefni 6.02 Tæki og búnaður breyti um nafn og nefnist Stofnkostnaður. Á hann færist 20 millj. kr. en önnur viðfangsefni falli út. Þessi breyting þýðir með öðrum orðum það að undir liðnum Sjúkrahús í Reykjavík eru til ráðstöfunar, auk þess sem kveðið er á um í tillögum fjvn. að verði til ráðstöfunar undir fjárlagaliðunum Ríkisspítalar, Borgarspítali og Landakotsspítali, 154,3 millj. kr. í rekstur og 20 millj. kr. í stofnkostnað. Þessar fjárhæðir hefur heilbrrh. þá til ráðstöfunar til að mæta aðkallandi vanda sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík þannig að honum verði unnt að beita ráðuneytinu, e.t.v. í samstarfi við einhvers konar samræmingarstjórn spítalanna þriggja, til að deila þessum fjármunum niður í samræmi við breytingar á skipulagi og áhrif af auknu samstarfi. Með sama hætti fái ráðherrann og sé ábyrgur fyrir skiptingu á 20 millj. kr. til viðbótar til stofnkostnaðar vegna tækjakaupa, endurnýjunar ellegar jafnvel viðhalds hjá

spítulunum. Er rétt að benda á að sá stofnkostnaðarliður gerir mun meira en að nægja til þess að hægt sé að kaupa þau tæki sem þarf til þess að hægt sé að standa við ákvarðanir ráðherrans um fjölgun hjarta- og æðaaðgerða og um að hefja glasafrjóvganir á næsta ári. Fjvn. ræddi í því sambandi þá hugmynd hvort ekki væri rétt að gera ráð fyrir því að eitthvert gjald væri greitt fyrir glasafrjóvgun, en talsvert margir Íslendingar hafa fengið þessa þjónustu á Bretlandseyjum eins og kunnugt er og greitt verulegar fjárhæðir vegna ferða- og dvalarkostnaðar. Fjvn. tók ekki afstöðu til þessa máls, enda ekki í hennar verkahring. En sá sem hér stendur telur það ekki óeðlilegt að þegar slík þjónusta er tekin inn í landið, þar sem ekki er um að ræða aðgerðir til lækningar á sjúku fólki, þá verði það skoðað hvort ekki sé rétt að taka einhverja greiðslu fyrir þá þjónustu sem þarna er veitt. Þetta var útúrdúr og kem ég þá aftur að meginefni málsins.

Fjvn. hefur jafnframt samþykkt að hún muni fyrir sitt leyti fylgjast með því hvernig miði fram hjá hæstv. heilbrrh. að ráða við vanda sjúkrahúsanna í Reykjavík með þeirri óskiptu fjárveitingu sem hér er gerð tillaga um. Nefndin mun kanna það mál fljótlega í upphafi nýs árs. Komi í ljós að ekki sé unnt að ná nema þá ef til vill að hluta til þeim árangri til kostnaðarlækkunar sem heilbrrh. stefnir að með þessari samræmingu mun fjvn. taka málið upp til afgreiðslu við endurskoðun fjárlaga til undirbúnings gerðar fjáraukalaga á komandi vori.

Þá er einnig rétt að geta þess að fjvn. hefur ákveðið að þegar liggja fyrir endanlegar kostnaðartölur sjúkrahúsanna eftir áramót, en þá fyrst er þess að vænta að endanlegar kostnaðartölur fyrir árið 1990 liggi fyrir, mun hún taka til skoðunar rekstrarniðurstöður sjúkrahúsanna hvers fyrir sig og beita sér fyrir því að nauðsynlegar viðbótargreiðsluheimildir verði gefnar á fjáraukalögum fyrir árið 1990 til að hægt sé að standa undir greiðslum óhjákvæmilegs kostnaðar. Nefndin mun einnig skoða hvernig sjúkrahúsin standa rekstrarlega bæði vegna þarfar um aukna álagsprósentu og um áhrif virðisaukaskatts og hafa þá niðurstöðu til hliðsjónar þegar fjallað verður um málefni sjúkrahúsanna við gerð fjáraukalaga á komandi vori. Til upplýsinga skal aðeins tekið fram að í sambandi við viðbótarfjárveitingar til sjúkrahúsanna í Reykjavík undir liðnum Sjúkrahús í Reykjavík miðaði fjvn. við að hækkun launakostnaðar væri þar tekin inn með fjárhæð sem næmi sömu fjárhæð og ef öll launagjöld spítalanna hefðu verið hækkuð um 2%, þ.e. ef álagshlutfallið hefði verið hækkað úr 70% í 72%.

Nokkuð meira er að segja um afgreiðslu fjvn. á spítulum í Reykjavík. Nefndin leggur auk þess sem hér hefur verið sagt til að stjórnendur ríkisspítala ráðist í það nú í ár að kaupa nýja vararafstöð fyrir Landspítalann og setja hana upp að því tilskildu að samningar takist við seljendur og aðra um að greiða megi fyrir kaupin og uppsetninguna á tveimur árum, þ.e. árin 1991 og 1992, en þetta er sambærileg lausn og gerð var um sambærilegt mál fyrir Borgarspítalann í Reykjavík fyrir tveimur eða þremur árum. Mjög brýnt er fyrir Landspítalann að endurnýja vararafstöð sína og mátti litlu muna að illa færi þegar taka þurfti vararafstöðina til notkunar nú fyrir nokkrum dögum.

Þá er enn við að bæta að í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir fjárveitingu til yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð að fjárhæð 74 millj. kr. Fjvn. leggur til að sú fjárhæð verði hækkuð um 90 millj. kr. og er við það miðað í þeirri tillögu að boðið sé út og hafist handa við framkvæmdir á næsta áfanga við gerð tengibyggingar í K-byggingunni svokölluðu þannig að útboð fari fram og framkvæmdir geti hafist á næsta ári við fyrsta áfanga og áfanganum geti lokið á árinu 1992. Er hér um að ræða af hálfu nefndarinnar tillögu um að farið sé í þetta mikla viðfangsefni þannig að áfram verði haldið þeirri nauðsynlegu framkvæmd sem svo lengi hefur dregist á lóð Landspítalans.

Um viðfangsefnið Sjúkrahús og læknisbústaðir er það að segja að þar leggur nefndin til hækkun upp á 81 millj. 850 þús. kr. Er tillaga nefndarinnar sundurliðuð á sérstöku yfirliti með brtt. um skiptingu á einstök verkefni.

Þá gerir nefndin tillögu um nokkuð auknar fjárveitingar vegna borgarlæknisins í Reykjavík. Embætti borgarlæknis í Reykjavík, sem jafnframt er héraðslæknir í Reykjavík, hefur nú verið flutt frá borginni til ríkisins. Lagt er til að fjárveitingar til embættisins verði hækkaðar um 2,2 millj. kr. þannig að fjölgi hjá embættinu um eitt stöðugildi en ella hefði þurft að segja upp einum starfsmanni sem þar hefur starfað. Einnig leggur nefndin til að rekstrargjöld verði hækkuð um 700 þús. kr.

Ástæðulaust er að fjölyrða um næstu tillögur. Þær eru skýrðar með fullnægjandi hætti með skýringum við brtt. í nál. meiri hl. Rétt er þó að geta þess að tillaga fjvn. er varðar Flugmálastjórn er ekki um viðbótarfjárframlög úr ríkissjóði til rekstrar Flugmálastjórnar heldur aðeins er hér um að ræða tilfærslur án þess að framlag sé hækkað.

Þá er komið að iðnrn. Þar er aðeins ástæða til að benda á að fjvn. gerir tillögu um hækkun á viðfangsefninu 1.01 um 2 millj. 750 þús. kr. Er þar um að ræða endurgreiðslu á kostnaði sem tvö sveitarfélög, Akureyri og Reyðarfjörður, hafa lagt í vegna undirbúnings staðarvals fyrir nýtt álver. Fyrsta greiðsla var innt af hendi með fjáraukalögum sem afgreidd voru fyrr í þessum mánuði og er hér um lokauppgjör að ræða.

Virðulegi forseti. Þá á ég aðeins eftir að geta um eina afgreiðslu sem nefndin gerði og ekki er að finna í tillögum hennar, en hún hljóðar svo:

Erindi barst nefndinni frá Rannsóknaráði ríkisins er varðar rekstur húseigna í Keldnaholti. Þessi hús eru í eigu margra aðila og eru nýtt af ýmsum stofnunum en ekki er gert ráð fyrir því að sérstakt rekstrarframlag komi til vegna hússins. Samkvæmt erindi Rannsóknaráðs ríkisins virðist enginn vera ábyrgur fyrir rekstri þess. Því var sótt um rekstrarframlag til hússins að fjárhæð 1,9 millj. úr ríkissjóði. Afstaða fjvn. er sem hér segir:

Það er mjög algengt að fleiri en einn eigandi séu að tiltekinni húseign. Það er til dæmis alvanalegt þar sem

um fjölbýlishús er að ræða að fleiri en einn eigandi sé skráður fyrir húseigninni. Slíkt er einnig alvanalegt um annað húsnæði, þar á meðal atvinnuhúsnæði. Hvarvetna sem það gerist mynda eigendur með sér húsfélag sem er ábyrgt fyrir rekstri húseignarinnar. Þeir sem nýta húseignina, hvort sem það eru eigendur eða leigjendur, borga síðan sameiginlegan rekstrarkostnað í hlutfalli við nýtingu. Þar sem eigendur húsanna í Keldnaholti eru allnokkrir, þ.e. þeir sem greiddu kostnaðinn við byggingu þessa húsnæðis, finnst fjvn. eðlilegt að þeir fari sömu leið og aðrir landsmenn sem þannig háttar um, þ.e. myndi með sér húsfélag sem sé ábyrgt fyrir rekstrinum og þeir sem nýta húsið, hvort sem það eru eigendur eða leigjendur, greiði síðan þau gjöld til húsfélagsins sem nægja til að standa undir rekstri húseignarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tillögum fjvn. sem hún flytur við 2. umr. Allmörg mál bíða 3. umr., fleiri en vani er til. Ástæður þess eru m.a. tvíþættar. Þar er annars vegar um að ræða álitamál sem eru til meðferðar hjá fjvn. og má af stærstum málum þar nefna hafnamál. Einnig er ástæðan sú að í fjárlagafrv. boðaði ríkisstjórnin ýmsar breytingar á tekjuhlið sem tengjast einnig gjaldahliðinni. Þessar breytingar eru enn ekki fram komnar og bíður 3. umr. að skoða hvernig með skuli fara. Þá bíða einnig 3. umr. málefni byggingarsjóðanna, málefni Þjóðleikhúss, bæði rekstur og óskir um viðbótarfé til framkvæmda, málefni Þjóðarbókhlöðu og Bessastaða, þyrlukaup, jarðræktarframlög, sérstakar greiðslur til Framleiðnisjóðs vegna viðbótarkostnaðar vegna riðuveikiniðurskurðar og nokkur fleiri mál. Auk þessara mála bíða 3. umr. hefðbundin þriðjuumræðumál svo sem tekjuhlið fjárlaganna, málefni B-hluta stofnana og málefni Tryggingastofnunar ríkisins, 6. gr. og fleiri slík mál.

Virðulegi forseti. Ég ítreka svo þær þakkir sem ég hef þegar fært fram til meðnefndarmanna minna og þeirra sem starfað hafa með og fyrir fjvn. Ég legg til að tillögur fjvn. verði samþykktar nú við 2. umr. og frv. síðan vísað að þeim tillögum samþykktum til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég flytja samstarfsmönnum mínum í fjvn. þakkir fyrir ágæta samvinnu á þeim tíma sem liðinn er frá því nefndin hóf starf sitt í haust. Gildir það bæði fyrir stjórnarliða og stjórnarandstæðinga í þessari nefnd. Ég vil þó sérstaklega þakka formanni nefndarinnar, hv. 5. þm. Vestf., sem hér var að ljúka máli sínu, fyrir forustu sem hann hefur haft í nefndinni og gott samstarf við okkur í minni hl. nefndarinnar. Jafnframt tek ég undir þakkir hv. formanns til starfsmanns nefndarinnar, til ýmissa embættismanna ríkisins sem starfað hafa fyrir fjvn. og nefndin hefur haft mikil samskipti við. Enn fremur til starfsfólks Alþingis sem nefndin hefur títt þurft að reyna á þolrifin hjá við þá vinnu sem hún þarf að leysa af hendi.

Engin ástæða er til annars en leggja mikla áherslu á það að sú vinna sem fram fer í fjvn. krefst þess að leitað sé mjög til ýmissa starfsmanna ríkisins. Það er svo að þessir starfsmenn bregðast jafnan vel við og leysa úr málum, svara fyrirspurnum eftir því sem mögulegt er og jafnhratt og mögulegt er. Fyrir þetta vil ég láta koma fram þakkir vegna þess að það eru ekki síður við fulltrúar minni hl. sem reynum á þolrifin hjá hinum ýmsu starfsmönnum ríkisins því við leggjum fram mjög margar fyrirspurnir og viljum fá svör við þeim mjög skjótt og greinilega sem gjarnan er við orðið.

Um þessar mundir er nokkuð á annan hátt um að litast í þjóðfélaginu en verið hefur um hríð. Fjárlagafrv. sem hér er til umræðu er lagt fram við aðrar aðstæður en verið hefur síðustu árin. Þrátt fyrir að geigvænlegar horfur séu í fjármálum ríkisins og alvarleg staða sé í málefnum ýmissa atvinnugreina og landsbyggðarinnar er nú meiri kyrrð yfir verðlagsmálum og launamálum en verið hefur um margra ára skeið. Fyrir ári síðan birti núv. hæstv. ríkisstjórn stefnu sína í efnahagsmálum fyrir þetta ár, bæði með fjárlagafrv. og eins með þjóðhagsáætlun. Meginatriðin í þeirri stefnu, eða afleiðingum af þeirri stefnu, voru eftirfarandi:

1. Verðlag á milli ára átti að hækka um 16–17%.
2. Erlendur gjaldeyrir átti að hækka um 13–14%.
3. Laun áttu að hækka um 11%.
4. Afleiðing þess sem hér að framan er talið þýddi að kaupmáttur launa átti að dragast saman um 5,5%.

Þau meginatriði í þessu stefnumiði ríkisstjórnarinnar sem sneru að almenningi í landinu voru því þau að launafólki var enn boðið upp á kjaraskerðingu um 5,5% ofan á þá miklu skerðingu kaupmáttar sem orðið hafði síðustu tvö árin á undan og nemur samkvæmt yfirliti Þjóðhagsstofnunar 22 prósentustigum.

Öllum er kunnugt um að þessari stefnu vildu aðilar vinnumarkaðarins ekki una. Þeir sættu sig ekki við það að ríkisstjórnin boðaði þeim enn nýja kjaraskerðingu, að ríkisstjórnin boðaði enn að verðbólgan héldi áfram að vaxa og að erlendur gjaldeyrir ætti að hækka og að áfram héldi efnahagsleg upplausn í þjóðfélaginu. Aðilar vinnumarkaðarins tóku því höndum saman við gerð kjarasamninga í febrúar sl. og mótuðu nýjan efnahagsgrundvöll, efnahagsgrundvöll sem nefndur hefur verið þjóðarsátt. Þennan efnahagsgrundvöll færðu þeir núv. hæstv. ríkisstjórn og raunar þjóðinni í heild á silfurdiski.

Í hinum nýja efnahagsgrundvelli sem aðilar vinnumarkaðarins mótuðu með þessum hætti voru aðalatriðin þessi:

1. Verðlag á árinu 1990 skyldi eigi hækka yfir 6–7%.
2. Verð á erlendum gjaldeyri skyldi standa óbreytt.
3. Kaupmáttur launafólks yrði sem næst óbreyttur.

Segja má að þessi meginatriði hafi gengið eftir. Þjóðarsáttinni fylgdu heldur engir afarkostir fyrir hæstv. ríkisstjórn. Einungis voru sett þau skilyrði að launaákvæði samninganna skyldu ganga jafnt yfir alla og að dregið yrði úr útgjöldum ríkissjóðs sem svaraði um 1 milljarði kr. Því síðast talda var að nafninu til framfylgt með afgreiðslu fjáraukalaga í maímánuði sl.

Sú afgreiðsla var þó að meginhluta sýndarmennska eins og glöggt var sýnt fram á í nál. minni hl. fjvn. við fjáraukalögin nú í haust, sem afgreidd voru um síðustu mánaðamót. Þótt útgjöld ríkissjóðs væru lækkuð lítils háttar á pappírnum í maí hafa þau þegar verið hækkuð aftur í fjáraukalögum um 4.200 millj. kr. Á þó ríkisstjórnin sitthvað eftir í pokahorninu sem kemur til gjalda hjá ríkissjóði á þessu ári.

En þessi nýja þjóðarsátt bauð vitaskuld upp á það að hæstv. ríkisstjórn tæki til við það að búa í haginn fyrir framtíðina í þessu þjóðfélagi. Það var þeim mun meiri ástæða til þess að ætlast til að það yrði gert vegna þess að þjóðarsáttin færði ríkisstjórninni það að útgjöld ríkissjóðs urðu hennar vegna yfir 2.000 millj. kr. lægri en orðið hefði ef stefna ríkisstjórnarinnar hefði gilt áfram. Jafnframt liggur það fyrir að á flestum afurðum okkar á erlendum markaði hefur orðið stórhækkun á þessu ári. Það voru því ákjósanleg skilyrði fyrir hæstv. ríkisstjórn að takast á við það að móta nýja stefnu í fjármálum ríkisins til þess að leggja grunn að því að raunverulegri verðbólgu væri eytt í landinu og að tryggja að hér yrði komið á jafnvægi til frambúðar, jafnframt því sem treyst væri staða atvinnulífsins og unnið að því að byggja upp nýjar atvinnugreinar.

Ég tel að fullyrða megi að í þessum efnum hafi hæstv. ríkisstjórn gjörsamlega brugðist. Ríkisstjórnin heldur áfram óstjórn í fjármálum ríkisins og dregur þar á eftir sér hrikalegan slóða óleystra vandamála. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki unnið gegn þenslu í efnahagskerfinu heldur gerir hún hvort tveggja, hún lokar inni hækkanir og geymir þær, sem er auðvitað dulin verðbólga, geymir þær þangað til eftir kosningar. Eða eins og hæstv. ríkisstjórn orðar það sjálf, eftir þjóðarsátt. Hæstv. ríkisstjórn vinnur að því að sprengja upp lánsfjármarkaðinn í landinu og raunvexti með meiri opinberum lántökum en nokkru sinni hafa áður þekkst á innlendum lánsfjármarkaði. Hæstv. ríkisstjórn hefur einnig látið undir höfuð leggjast að nota svigrúm þjóðarsáttar og hækkandi verðlags á útflutningsafurðum okkar til þess að leggja grunn að betri lífskjörum, auknum hagvexti, ef frá eru talin þau handarbaksvinnubrögð sem beitt hefur verið við undirbúning nýs álvers. Þrátt fyrir þjóðarsátt, þrátt fyrir hinn nýja efnahagsgrunn, sem aðilar vinnumarkaðarins færðu hæstv. ríkisstjórn, og þrátt fyrir hækkandi verð á sjávarafurðum okkar erlendis blasir eftirfarandi við samkvæmt opinberum gögnum:

1. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa aldrei verið hærri en á þessu ári, eða 51,6% af landsframleiðslu. Erlendar skuldir voru 40,3% af landsframleiðslu 1987.

2. Greiðslubyrði af erlendum lánum verður á næsta ári samkvæmt spá Seðlabankans 21,7% af útflutningstekjum. Voru 16% 1987.

3. Viðskipti þjóðarbúsins við útlönd eru með stöðugum halla. Er því spáð að hann verði 5,7 milljarðar á næsta ári. Hallinn á því eina ári mun því nema um 114 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

4. Kaupmáttur ráðstöfunartekna launafólks er talinn hafa lækkað um 22 prósentustig frá 1987 til 1990. Ef stefna hæstv. ríkisstjórnar í launa-, verðlags- og gengismálum, sem hún boðaði fyrir ári síðan, hefði staðið hefði kaupmátturinn enn lækkað um 5,5% til viðbótar.

5. Atvinnuleysi hefur u.þ.b. þrefaldast frá 1988. Gert er ráð fyrir að 2500 manns gangi atvinnulausir að meðaltali allt þetta ár. Þjóðhagsstofnun spáir því að atvinnuleysi aukist enn á næsta ári.

6. Gjaldþrotum einstaklinga og fyrirtækja fer sífellt fjölgandi og engar horfur eru á að því dapurlega ástandi linni.

7. Þótt sumar greinar atvinnulífsins standi betur en áður vegna hækkandi verðs á afurðum okkar erlendis eru fjölmörg fyrirtæki sem eiga ekkert eigið fé. Sem betur fer eru einnig önnur sem búa við góða afkomu. Gjaldþrotaskriðan sannar þó hve ástandið er alvarlegt. Til viðbótar hafa nýlegar ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, valdið ótta hjá fólki á landsbyggðinni um að það þurfi að hrekjast frá staðfestu sinni þannig að eftir standi sviðin jörð.

8. Lántökur opinberra aðila á innlendum lánsfjármarkaði eru á næsta ári áætlaðar 32,4 milljarðar kr., að frádregnum afborgunum 20,2 milljarðar. Peningamagn í umferð hefur á þessu ári vaxið um 20%. Allt stuðlar þetta að hækkun raunvaxta og þenslu í efnahagskerfinu sem hætt er við að komi í ljós þegar kemur fram á næsta ár.

9. Skattheimta ríkisins fer enn vaxandi. Frá og með 1988 til 1991, miðað við fjárlagafrv. og verðlag þessa árs, hafa skattar til ríkissjóðs verið hækkaðir um 15,5 milljarða. Það er álíka fjárhæð og öll útgjöld á vegum menntmrn. á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. og er það annað útgjaldafrekasta ráðuneyti ríkiskerfisins.

10. Þrátt fyrir þessa gífurlegu skattheimtu stefnir í það að samansafnaður halli ríkissjóðs árin 1988–1991 verði yfir 30 milljarðar kr. á verðlagi fjárlagafrv.

Hér að framan hafa verið dregin fram tíu atriði sem lýsa glöggt því ástandi sem við er að fást þegar hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur setið að völdum í rúmlega tvö ár. Þrátt fyrir þetta nýtur ríkisstjórnin þó þeirrar giftu að aðilar úti í þjóðfélaginu skyldu taka af henni völdin fyrir tæpu ári og móta fyrir hana nýjan efnahagsgrundvöll sem er hin margnefnda þjóðarsátt. Eigi að síður má í þessu yfirliti sjá hluta af þeim afrakstri sem orðið hefur af störfum þeirrar ríkisstjórnar sem kenndi sig við jafnrétti og félagshyggju. Þetta er sú hæstv. ríkisstjórn sem ætlaði að leysa bráðan efnahagsvanda þjóðarinnar, treysta stöðu landsbyggðarinnar og varðveita velferðarkerfið. Þetta er líka sú sama ríkisstjórn sem í sífellu hefur sagst vera að leggja nýja og nýja hornsteina jafnvægis og stöðugleika í fjármálum ríkisins.

Skömmu áður en núv. hæstv. ríkisstjórn settist á valdastóla undir lok septembermánaðar 1988 hafði fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh., lýst því yfir að halli á ríkissjóði á því ári, 1988, yrði 693 millj. kr. Hér verður eigi dæmt um það hvort þetta hefði orðið niðurstaðan ef sá sami hæstv. fjmrh. hefði setið til loka ársins. Um það skal ekki dæmt. Ég sé að hæstv. núv. fjmrh. hlær við. En ég hef ekki getað fullyrt um það

hvort hæstv. þáv. fjmrh., hæstv. núv. utanrrh., sagði þetta gegn betri vitund eða af því að hann vissi ekki betur eða hvort þetta hefði orðið staðreynd í hans höndum. Um það ætla ég ekkert að dæma.

Það tók hins vegar núv. hæstv. fjmrh. sem nýjan húsbónda í fjmrn. ekki nema fáar vikur að breyta þessum áætlunum og síðan lokaútkomu ársins 1988 yfir í halla sem nam á verðlagi þess árs 7,2 milljörðum kr. eða 10,5 milljörðum kr. miðað við verðlag fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur síðan lagt fram þrjú fjárlagafrv. Hið fyrsta þeirra var með rekstrarjöfnuði. Því var þá lýst af hæstv. fjmrh. sem tímamótaplaggi. Lokið væri tímaskeiði hallareksturs og eyðslu hjá ríkissjóði, við tæki jafnvægi og ráðdeild. Síðari fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar hafa einnig verið talin tímamótaverk af hálfu fjmrh. Hann hefur einnig lýst þeim sem nýjum og nýjum hornsteinum jafnvægis og stöðugleika í fjármálum ríkisins og lagt áherslu á hvílíku lykilhlutverki þessir traustu hornsteinar sem hann væri að leggja gegndu í almennri hagstjórn á Íslandi.

Til þess að sýna fram á hvernig þessi fallegu orð hafa reynst í raun er hér lítil tafla sem merkt er tafla I í nál. 1. minni hl., sem ég mæli hér fyrir. Þar er sýnt fram á það hvernig þessi orð hæstv. ráðherra hafa staðist í raun. Þar sést að allt hefur þetta snúist í hans höndum upp í andhverfu við það sem orð hans segja til um. Það er hægt að rifja það upp í örfáum orðum að fjárlagafrv. fyrir árið 1989 var lagt fram með tæplega 1200 millj. kr. tekjuafgangi. Fjárlög voru afgreidd með yfir 600 millj. jöfnuði, þ.e. tekjuafgangi. Útkoman varð á verðlagi þess árs halli upp á 6,6 milljarða kr. eða á verðlagi fjárlagafrv. fyrir næsta ár um 7,4 milljarðar. Þetta voru tímamót sem hæstv. fjmrh. kynnti með sínu fyrsta fjárlagafrv. Þau voru ekki önnur en þau að þrátt fyrir það að hann fengi í hendur fjárlög afgreidd á Alþingi með rekstrarjöfnuði og nokkrum tekjuafgangi þá snerust þau eigi að síður í höndum hans upp í 7,4 milljarða kr. halla miðað við verðlag í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Þannig fór um sjóferð þá.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1990 var hins vegar lagt fram með tæplega 2,9 milljarða kr. halla. Fjárlögin voru síðan afgreidd með 3,7 milljarða kr. halla. Útkoma ársins, eins og hún liggur fyrir nú eftir að afgreidd hafa verið tvívegis fjáraukalög til breytinga á þessum fjárlögum, er að hallinn er kominn í 5,2 milljarða sem þýðir 5,5 milljarða á verðlagi fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Þessa tölu verður auðvitað að taka með þeim fyrirvara að árinu er ekki lokið og sýnilega var haldið utan við afgreiðslu fjáraukalaga þungum útgjaldaliðum sem koma til gjalda á þessu ári, meira að segja einum útgjaldalið sem yfirtekinn var af ríkissjóði þann 1. júní sl., þ.e. lausaskuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins svo sem kunnugt er.

Ég ætla ekki að spá um hver verður endanleg útkoma ársins 1990. Ég hafði spáð því við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári að halli yrði eigi minni en 6–7 milljarðar og það stendur, og getur þó orðið meiri. Fjárlagafrv. fyrir þetta ár var síðan lagt fram með 3,7 milljarða halla og sjá nú allir að þeir hornsteinar sem hæstv. fjmrh. hefur verið með þessu að leggja í fjármálum ríkisins eru býsna valtir. Allt þetta tal um tímamót, jafnvægi og stöðugleika og hornsteina hefur auðvitað reynst orðin tóm. Það er í raun ekkert annað en gaspur. Það á þó eftir að koma betur í ljós þegar fyrir liggur niðurstaða útgjalda ársins 1990 og þegar fyrir liggur afgreiðsla á fjárlögum fyrir næsta ár að hægt verður að ráða í að hve miklu leyti þessi áætlun er raunhæf og að hve miklu leyti útgjaldaliðir eru skildir eftir og faldir einhvers staðar í skúffum fjmrn.

Ég tel að hæstv. fjmrh. þyrfti að velja sér ný einkunnarorð og hætta að vera sífellt að tönnlast á þessum sömu, að það séu tímamót, það séu nýir og nýir hornsteinar jafnvægis og stöðugleika í fjármálum ríkisins og í efnahagskerfinu í heild. Hann gæti valið sér einkunnarorð sem væru eitthvað á þá leið að það væri hallarekstur, eyðslustefna og skattránsstefna. Það væri nær sanni og við hæfi að hæstv. fjmrh. tæki sér í munn einkunnarorð sem lýsa í raun þeirri stefnu sem fylgt hefur verið í fjármálum ríkisins í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1991 sýnir enn betur en fyrr hve hæstv. ríkisstjórn hefur gersamlega mistekist í fjármálum ríkisins. Engar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. breyta þessari niðurstöðu. Megineinkenni frv. eru þessi:

1. Frv. er lagt fram með 3,7 milljarða halla. Það er meiri halli en áður hefur gerst. Stærri vanda er þó leynt með margbrotnum feluleik í frv. Heitstrengingar hæstv. fjmrh. um jafnvægi í rekstri ríkissjóðs hafa snúist upp í andhverfu sína.

2. Gífurlegur hallarekstur ríkissjóðs á síðustu árum veldur því að nálega tíunda hver króna af útgjöldum ríkissjóðs fer til að greiða vexti.

3. Frv. gerir ráð fyrir nýjum sköttum á þjóðina sem nema 2,2 milljörðum kr.

4. Hluti af skatttekjum ríkissjóðs kemur ekki fram í tekjuyfirliti frv. heldur hverfa þær inn í rekstur tiltekinna stofnana sem sértekjur. Svo er um hinn nýja hafnarskatt, ICAO-tekjur og flugvallargjald, samtals 1300 millj. kr.

5. Útgjöld ríkissjóðs hafa vaxið meira en tekjurnar í tíð núv. ríkisstjórnar. Frv. boðar þar enga stefnubreytingu.

6. Umsvif ríkissjóðs halda áfram að vaxa. Rekstrarútgjöld vaxa um 2% að raungildi á milli ára. Launagjöld frv. tákna ígildi 468 nýrra starfa hjá A-hluta ríkissjóðs á næsta ári umfram þau 495 störf sem færast til ríkisins vegna nýrra verkaskiptalaga. Þessar tölur eru samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. sem hér birtast með nál. sem fskj.

7. Frv. er í sumum greinum nýstárlega sett upp þannig að fjárlagaliðum sem áður voru aðskildir er steypt saman í einn svo það verður erfiðara um allan samanburð við fyrri ár. Sums staðar krefst hin nýja uppsetning lagabreytinga. Þó fylgja engin lagafrv. Samanburðartöflur eru sumar villandi. Sérmerktum tekjustofnum sem ríkissjóður innheimtir er ekki skilað til samræmis við það sem lög kveða á um.

8. Frv. boðar gífurlegan vanda í fjármálum ríkisins á komandi árum vegna hallarekstrar síðustu ára, vegna

skuldbindinga af hálfu ríkisstjórnarinnar sem þá falla í gjalddaga og vegna samfélagslegra sjóða sem sækja styrk sinn til ríkissjóðs, en hæstv. ríkisstjórn hefur vanrækt að leggja fram fé til svo þeir eru að éta upp sitt eigið fé og eru komnir að fótum fram. Hæstv. fjmrh. viðurkennir að vandi sjóðanna einna sé svo mikill að það taki 2–3 kjörtímabil að ráða fram úr honum.

9. Frv. er skýr yfirlýsing um uppgjöf og ráðleysi ríkisstjórnar í fjármálum ríkisins. Hvergi er vegið að rótum vandans sem er útþensla í umsvifum kerfisins og sóun, einkum hjá ráðherrunum sjálfum, sem jafnvel eyða meiru en mánaðarlaunum verkamanns í gistingu yfir nóttina á ferðum sínum erlendis.

10. Viðskilnaður ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki er ekki gleðigjafi fyrir þjóðina. Vandinn verður ekki auðleystur en fram hjá því verður ekki gengið að þjóðin verður að taka á sig byrðarnar.

Í þessum tíu atriðum minnist ég á það að sumar þær breytingar í uppsetningu á fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir, krefðust lagabreytinga. Ég sé að eitt lagafrv. er komið fram, en það er lagafrv. sem lýtur að því að sameina Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. Ætla má því að sú breyting verði lögfest hér á hinu háa Alþingi.

Aðrar lagabreytingar sem þarf að koma í gegn, eigi þetta fjárlagafrv. að verða lögfest með þeim breytingum sem í því felast, eru varðandi tekjuliðina, lög um tryggingariðgjald þar sem gert er ráð fyrir að hækka skatta á atvinnulífið um 1600 millj. kr. Þar á að steypa saman í eitt gjald fjórum svokölluðum launatengdum gjöldum. Í leiðinni á vitaskuld að hækka eins og hér sagði álögur um 1600 millj. kr. eða um 34–35% sem þessi gjöld samtals hækka frá fjárlögum þessa árs.

Þá þarf að leggja fram lagafrv. um hafnarskatt, það þarf að leggja fram frv. til laga um breytingar á almannatryggingalögum miðað við það sem fjárlagafrv. boðar, að beita tekjutengingu á greiðslu lífeyrisbóta þannig að lífeyrisbætur þeirra sem komast yfir tiltekið tekjumark verði skertar.

Þá þarf að breyta lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra ef á að ná þeim markmiðum sem fjárlagafrv. boðar, þ.e. að útvíkka verksvið þessara sjóða þannig að þeir standi ekki einvörðungu undir fjárfestingu heldur einnig rekstri á þeim mannvirkjum sem þeir byggja upp. Það er vitaskuld athyglisvert að gert er ráð fyrir að þetta komi fram um leið og lögboðnir tekjustofnar þessara sjóða eru skertir svo sem raun ber vitni um.

Það liggur í hlutarins eðli að miðað við að frv. til þessara lagabreytinga hafa ekki sést enn hér á hv. Alþingi er það í mikilli óvissu hvort þær lagabreytingar nást fram. Þá er það í mikilli óvissu hvort þau ákvæði í fjárlagafrv. sem þarna er fjallað um fái staðist. Þar á meðal verður tekjuhlið frv. völt og falla niður nokkrar af þeim skattahækkunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur ætlað sér að koma fram, ef þessi frv. fást ekki lögfest.

Þær skerðingar sem ég vék hér að í þessari upptalningu á lögbundnum framlögum til ýmissa sjóða og viðfangsefna sem eru sérmerkt í lögum eru samtals nálega 1400 millj. kr. sem hæstv. ríkisstjórn skilar ekki til þeirra verkefna sem samkvæmt lögum eiga að fá þetta fé. Þar á meðal eru sjóðirnir sem ég nefndi hér áðan, Framkvæmdasjóður aldraðra, sem er skertur um 130 millj. kr., og Framkvæmdasjóður fatlaðra um 35 millj. kr. Mest er skerðing á Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og hjúkrunarkvenna, um 530 millj. kr. og víðast hvar er um stórkostlega skerðingu að ræða á þessum sérmerktu tekjustofnum. Það hefur vakið hvað mesta athygli að hæstv. ríkisstjórn skuli leyfa sér að ráðast á nýsett lög um sóknar- og kirkjugarðsgjöld og skerða sérmerkta tekjustofna kirkjunnar um 90 millj. kr, þrátt fyrir að þessu lög væru sett vitandi vits og með fullu samkomulagi hér á hinu háa Alþingi, samkomulagi sem m.a. átti sér rætur í samstarfi um undirbúning laganna á milli fulltrúa Alþingis og fulltrúa kirkjunnar.

Það hefur verið yfirlýst stefna hæstv. ríkisstjórnar að hækka skatta til þess að ná endum saman í ríkisbúskapnum. Ekkert hefur að sönnu skort á að hæstv. ríkisstjórn hafi haft hugarflug til þess að finna upp nýja og nýja skatta til að koma fyrri hlutanum af þessari stefnu fram. Skattar hafa hækkað gífurlega í hennar tíð. Að framan hefur verið frá því greint að frá og með 1988–1991 hafa skattar verið hækkaðir um 15,5 milljarða kr. miðað við fjárlagafrv. og verðlag þessa árs.

Í nál. 1. minni hl. eru birtar ýmsar töflur, þar á meðal töflur sem sýna hve auðvelt er að reikna þetta út. Þar sést að 1987 voru heildartekjur ríkissjóðs 23,6% af vergri landsframleiðslu en 1990, þ.e. á þessu ári, er áætlað að þær verði nákvæmlega 4 prósentustigum hærri eða 27,6%. Ef reiknað er út hvað þessi 4 prósentustig eru miklir peningar miðað við landsframleiðsluna, sem einnig sést í þessari töflu, væru það 13,4 milljarðar kr. Það er mjög varlega áætlað að segja að nýir skattar eða skattahækkun á næsta ári miðað við fjárlagafrv. sé rúmir 2 milljarðar kr. Það er að vísu ekki ef miðað er við landsframleiðslu vegna þess að landsframleiðslan er áætluð í gögnum fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar 28 milljörðum kr. hærri á næsta ári en hún er í ár. En ef borin eru saman fjárlög þessa árs og skattar samkvæmt fjárlögum þessa árs og skattar samkvæmt fjárlagafrv. sést að munurinn á þeim tölum gefur til kynna að skattar hækki um nærri 12%. Ef það væri lagt niður í krónur væri það 4–5 milljarðar kr. En vegna þeirrar óvissu sem er um tekjuliðina hef ég kosið að áætla í þessu yfirliti mínu að skattar á næsta ári hækki ekki miðað við þau gögn sem fyrir liggja nema um rúmlega 2 milljarða kr. Það er því næsta varlega í farið og er þá augljóst hvernig þessir 15,5 milljarðar eru fundnir.

Á hinn bóginn hefur ekki tekist að ná endum saman í ríkisbúskapnum, eins og kunnugt er, vegna þess að útgjöldin hafa hækkað meira en skattarnir. Á þessum árum, 1987–1990, hækkuðu tekjur ríkissjóðs, þ.e. skattar á þjóðina, um 4% af landsframleiðslu. Á sama tíma hækka útgjöld ríkissjóðs um 4,2% af landsframleiðslu, þannig að þó að skattarnir hafi hækkað mikið hafa útgjöld ríkissjóðs vaxið enn þá meira í höndum núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa báðir boðað nauðsyn nýrra skattahækkana á komandi árum. Enginn efast um að fái þeir til þess völd og þessi hæstv. ríkisstjórn heldur áfram sínu starfi þá muni sú verða raunin. Hæstv. ríkisstjórn sér ekki nema eina leið út úr skuldafeni ríkissjóðs, þá að seilast æ dýpra í vasa borgaranna í landinu. En þrátt fyrir slíkar skattahækkanir sýnir reynslan að í höndum þessarar hæstv. ríkisstjórnar dugar það ekki til. Því meira fé sem hún sækir til skattborgaranna þeim mun meira aukast útgjöld ríkissjóðs. Þessi stefna mun því dæmd til þess að mistakast. Það þarf eitthvað annað að koma til.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir nýjum sköttum, þ.e. hafnarskatti, 560 millj. kr., og hækkun launatengdra gjalda eins og áður sagði á atvinnulífið, um 1600 millj. kr. Er það áður skýrt hvernig þetta er til komið. Ég vek enn á því athygli að enn skortir lagafrv. til að þessir nýju skattar verði lagðir á. Þegar svo langt er liðið á þetta ár og fáir starfsdagar á Alþingi til jóla þá hlýtur það að vera mikilli óvissu háð hvort takist að koma slíkri lagasetningu fram.

Boðskapur hæstv. ríkisstjórnar liggur hins vegar fyrir. Þessir skattar skulu lagðir á. Það er hennar boðskapur í fjárlagafrv. sem þýðir að þeir sem nota hafnir í landinu skulu borga allar framkvæmdir við hafnir og sjóvarnargarða og einnig að verulegu leyti rekstrarkostnað Hafnamálastofnunar og Vitastofnunar Íslands. Með hinu nýja tryggingariðgjaldi sem leggst á atvinnulífið er líka meiningin að hann leggist á þær atvinnugreinar sem ekki hafa borgað launaskatt á undangengnum árum, undirstöðuatvinnugreinar landsmanna, vissar greinar iðnaðarins, sjávarútveg og landbúnað, og þyngist þá enn fyrir fæti hjá undirstöðugreinum landsbyggðarinnar.

Ég tel ástæðu til þess að vekja enn athygli á töflu II í nál. 1. minni hl. til þess að menn átti sig á því að tekjur ríkissjóðs taka stórt stökk þegar núv. hæstv. ríkisstjórn kemur til valda. Það er sýnilegt að á þeirri stefnu á að vera framhald, fái hún til þess völd. Í þessari töflu kemur fram að tekjur ríkissjóðs lækka örlítið miðað við landsframleiðslu, eins og ég var að skýra áðan. Það byggist aðeins á því að landsframleiðslan er talin munu verða 28 millj. kr. meiri á næsta ári en hún var í ár.

Alvarlegasta meinsemdin í fjármálum ríkisins er hversu umsvif ríkiskerfisins vaxa ár frá ári. Sífellt er verið að auka þessi umsvif í rekstri, það er stofnað nýtt ráðuneyti að óþörfu, settar á laggir nýjar stofnanir og tekin á herðar ríkissjóðs ný viðfangsefni með ærnum kostnaði. Útgjöldin vaxa í sífellu og gildir einu þótt skorið sé niður fé til opinberra framkvæmda, atvinnuvega og samfélagslegra sjóða. Það er óhætt að taka undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði hér áðan, að auðvitað er það Alþingi sem ber ábyrgð á því að samþykkja ný lög sem auka útgjöld ríkissjóðs. Alþingi er furðu tómlátt um það þegar verið er að samþykkja ný lög sem kosta útgjöld úr ríkissjóði hvernig eigi að standa undir þeim útgjöldum þegar til kastanna kemur. Ég hef stundum flutt þau aðvörunarorð yfir hv. alþm. að það er eins og þeir gleymi því þegar verið er að samþykkja ýmis þörf og góð mál, sem vissulega er fengur að að geta fengið fram, að það kostar líka peninga að framkvæma þau og þeir peningar verða ekki sóttir annað en til skattborgaranna sjálfra ellegar með því að mynda enn aukinn halla hjá ríkissjóði eins og verið hefur að gerast í núv. ríkisstjórn.

Þrátt fyrir þetta hefur hæstv. ríkisstjórn verið býsna afkastamikil við að þenja út ríkisbáknið. Á árunum 1980–1987 voru útgjöld ríkisins 23–25% af landsframleiðslu. Nú er þetta hlutfall komið yfir 29%. Útgjöldin hafa því vaxið hraðar en tekjurnar, eins og áður sagði, og þykir þó flestum nóg um skattahækkanir hæstv. ríkisstjórnar. Í frv. nú er gert ráð fyrir aukningu á rekstrargjöldum um 2% að raungildi. Ekki mun það lækka í meðförum hv. Alþingis eða í höndum hæstv. fjmrh. á fjárlagaárinu miðað við fyrri reynslu.

Þess er áður getið að hækkun á launalið frv. er um 15,2% frá fjárlögum 1990 sem virðist jafngildi þess að 963 störf bætist við A-hluta ríkissjóðs á næsta ári. Og samkvæmt því sem er hér birt í fskj., sem er yfirlýsing fjmrn., svar við fsp. sem lögð var fram í fjvn., greinist þetta sundur á þann hátt að 495 af þessum störfum verða til hjá ríkinu vegna tilfærslna frá sveitarfélögum við nýja verkaskiptingu en að öðru leyti er um aukningu í launaútgjöldum ríkissjóðs að ræða sem þýðir það, sem hér hefur áður verið vikið að, ígildi 400–500 nýrra starfa.

Á undangengnum árum hefur minni hl. fjvn. gagnrýnt harðlega eyðslu ráðherranna í þeirra eigin skrifstofum. Gagnrýni okkar hefur verið að engu höfð jafnt fyrir það þó sumir hæstv. ráðherrar hafi raðað sínum pólitísku vildarmönnum á jötuna í skrifstofum sínum umfram það sem lög og reglugerð um Stjórnarráð Íslands heimilar. Nú hefur það bæst við að flestir hæstv. ráðherrar misbjóða siðgæðisvitund almennings í landinu með sóun í utanferðum sem hvort tveggja er brot á þeim reglum sem áður giltu um þessi efni og gengur svo út yfir allan þjófabálk að erfitt er að útskýra. Kostnaður við einstök ráðuneyti og aðalskrifstofur einstakra ráðherra hefur vaxið mismunandi mikið á síðustu árum og er það skýrt hér í töflum sem fylgja sem fskj. með þessu nál. Sennilega fer vel á því að hæstv. fjmrh. er þar mjög í fararbroddi, bæði að því er varðar ráðuneytið í heild og eigin skrifstofu. Í fjáraukalögum sem samþykkt voru á Alþingi um síðustu mánaðamót voru útgjöld fjmrn. hækkuð um 990 millj. kr. frá fjárlögum. Þá hafa útgjöld fjmrn., með öllum undirstofnunum, hækkað á tveimur árum, 1989 og 1990, um 112%. Hækkun kostnaðar á aðalskrifstofu ráðherrans er enn meiri eða 129%. Á sama tíma hafa útgjöld ríkissjóðs í heild þó ekki hækkað nema um 54,6% og þykir víst ýmsum nóg. Þegar svo er haldið á málum hjá hæstv. fjmrh. sjálfum og hæstv. ráðherrum í heild, eins og nóg dæmi eru um, er ekki von að vel fari eða að árangur verði af öllu því orðaflóði um jafnvægi, sparnað og hornsteina, sem vellur af vörum þessara ráðamanna þjóðarinnar. Skylt er að geta þess að mér virðist að hæstv. fjmrh. hafi ekki misfarið með sína aðstöðu í kostnaði við utanferðir og skal hann eiga lof skilið fyrir það.

Við sem að þessu nál. stöndum teljum stefnu hæstv. ríkisstjórnar í fjármálum ríkisins ranga og útþenslu ríkiskerfisins stefna út í ófæru. Þetta höfum við gagnrýnt áður, við höfum bent á að samkvæmt yfirliti Þjóðhagsstofnunar vex þjóðarframleiðslan frá 1980–1990 um 4%, þjóðartekjur um 8% en samneyslan um 37%. Við höfum bent á að slík þróun stefnir út í efnahagslegt kviksyndi. Hæstv. ríkisstjórn skellir við þessu skollaeyrum og herðir róðurinn í átt til glötunar. Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. teljum að þessum horfum verði að mæta með gerbreyttri stefnu. Við teljum að það verði að bregðast við þessu í meginatriðum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi að tryggja atvinnulífinu þau skilyrði að hagvöxtur geti tekið við af kyrrstöðu og hnignun og að skilyrði séu til þess að ný fyrirtæki geti risið og blómgast og skotið auknum og nýjum stoðum undir efnahag landsmanna. Þetta er algert forgangsatriði. Í annan stað er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að taka fjármál ríkissjóðs nýjum tökum. Það verður að stöðva útþenslu ríkiskerfisins og ná raunverulegum sparnaði. Sá sparnaður hlýtur að verða að hefjast hjá hæstv. ráðherrum sjálfum. Því ráðherrar sem ganga á undan með sóun geta ekki náð árangri við að taka til hjá öðrum. Þeir sem eru með öðrum orðum ófærir um að takast á við fjármál ríkisins eins og reynslan sýnir með núv. hæstv. ríkisstjórn.

Hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lýsti því yfir í upphafi að hún mundi treysta stöðu landsbyggðarinnar. Því miður er staða landsbyggðarinnar veik og sums staðar veikari en nokkru sinni. Þó hefur orðið grundvallarbreyting á afkomu ýmissa sjávarútvegsfyrirtækja vegna hækkandi verðs á afurðum okkar á erlendum markaði og vegna þess að hægt hefur á verðlagsþróun. Þrátt fyrir það er afkomu heilla byggðarlaga stefnt í hættu. Er drjúgur þáttur í þeirri hættu sá boðskapur sem gengið hefur frá hæstv. ríkisstjórn nú að undanförnu, bæði í landbúnaðarmálum og sjávarútvegsmálum. Tilboð hæstv. ríkisstjórnar í GATT-viðræðum hefur vakið ugg á landsbyggðinni. Afgreiðsla á málum landbúnaðarins í fjvn. er sumpart um garð gengin en sumpart bíður hún 3. umr.

Meðal þeirra mála sem afgreidd hafa verið er ástæða til að gera eitt að umtalsefni. Í því efni tóku hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. ákvörðun um að senda sameiginlega tillögu til fjvn. sem gengur í berhögg við samninga sem gerðir hafa verið. Á árinu 1988 tókst samkomulag milli ríkisvaldsins og bænda um málefni Búnaðarfélags Íslands, m.a. með tilliti til fjárveitinga. Samkvæmt tillögum ráðherranna er í engu staðið við það samkomulag. Sérstaklega er ámælisvert að af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem greitt er af bændum sjálfum og samið var um í fyrsta sinn að gengi að hluta til að standa undir tilteknum kostnaði við rekstur Búnaðarfélags Íslands, er samkvæmt þessum tillögum hæstv. ráðherra ráðstafað til allt annarra hluta. Ég tel í sannleika sagt að hér sé um algert einsdæmi að ræða að senda fjvn. slíkar tillögur. Er meðferð þessara mála alveg sérstaklega mótmælt. Ég þykist vita það að hv. varaformaður fjvn., hv. 1. þm. Vesturl., þekki þetta mál mætavel vegna þess að hann var í forustu fyrir nefnd sem skipuð var tilteknum þingmönnum og tilteknum fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands. Því vænti ég þess að hv. þm. Alexander Stefánsson kannist mjög rækilega við þetta mál.

Ég tel ástæðu til að vekja á því athygli í sambandi við landbúnaðarmál að frá 1979 til 1989, eða í 11 ár, hafa útgjöld ríkissjóðs vegna landbúnaðarmála lítið breyst eða sama og ekkert ef ekki er með talið, sem á auðvitað ekkert heima í þeim málaflokki, fé til niðurgreiðslna. En annað hefur breyst. Á árinu 1989 var farið að innheimta skatt af landbúnaðinum sem vegur upp helminginn af þessum útgjöldum. Ef útgjöldin eru 8 milljarðar er skatturinn orðinn 4 milljarðar. Þessi samanburður er á föstu verði þannig að nettóútgjöld ríkissjóðs til landbúnaðarins hafa dregist saman um helming á þessu ári.

Hafnir eru lífæðar atvinnulífs á landsbyggðinni. Í fjárlagafrv. er þörfum hafnanna sýnd meiri lítilsvirðing að mínum dómi en nokkru sinni hefur áður sést. Þar sem þessi málaflokkur bíður 3. umr. sé ég ekki ástæðu til þess að fara ofan í þau mál frekar. En sannarlega væri þörf á því að taka málefni hafnanna til alveg sérstakrar athugunar. Og ég hlýt að leggja á það áherslu að staðan í þessum lífæðum byggðanna víðs vegar um landið er með þeim hætti að hjá því verður ekki komist að þessum málaflokki sé sinnt.

Uppgjör vegna sveitarfélaga bíður 3. umr. Ég tel ástæðu til að greina frá því að ég held að það sé aðeins ein meiri háttar fyrirspurn sem ég hef lagt fram í fjvn. og óskað svara við sem ekki hafa komið svör við. Ég hef þegar þakkað fyrir þau svör sem borist hafa. Þetta var fyrirspurn sem ég beindi bæði til fjmrn. og til Sambands ísl. sveitarfélaga um það hvernig hin nýju verkaskiptalög hefðu komið út í reynd varðandi fjárhag annars vegar ríkissjóðs og hins vegar sveitarfélaganna. (**Gripið fram í:** Það er verið að vinna í því.) Ég vænti þess að það takist að fá svör við þessum spurningum, bæði frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og eins frá fjmrn., fyrir 3. umr. En meðal þess sem þegar brást á fyrsta ári nýju verkaskiptalaganna var þegar ríkissjóður tók að sér sýsluvegina sem sýslurnar höfðu áður lagt fé til að þriðjungi á móti ríkissjóði. Á fyrsta ári hefur það auðvitað gerst að ríkissjóður hefur svikist um að leggja til sitt framlag.

Í bréfi frá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Þórði Skúlasyni, kemur fram að þessi fjárhæð er 74 millj. kr. sem þegar hefur brugðist í þessum samskiptum. Ég mun geyma umræðu um fleiri þætti í þessum efnum til 3. umr. vegna þess að þau mál verða þá til meðferðar.

Á síðari árum hefur engin fólksfjölgun orðið utan höfuðborgarsvæðisins að kalla. Í heilan áratug hefur fólki á þessu svæði, þ.e. utan Reykjavíkur og Reykjaness, einungis fjölgað um 367 manns á meðan fólksfjölgun á landinu í heild er yfir 24 þús. Síðustu tvö árin er það svo að af hverjum 100 nýjum störfum verða aðeins 12 til utan Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins. Þetta sannar með öðru hversu veik staðan er á landsbyggðinni. Þessu ástandi mætir hæstv. ríkisstjórn m.a. með því að skera niður framlög til Byggða-

sjóðs með þeim hætti að fjárhagsleg afkoma hans er í mikilli hættu eins og lýst hefur verið af stjórnarmönnum sjóðsins. Hæstv. ríkisstjórn mætir þessu ástandi einnig með því að auka í sífellu starfsmannafjölda ríkiskerfisins. Allir vita hvar sú fjölgun á sér stað. Allir vita líka að því meira fjármagn sem dregið er til ríkisins þeim mun minna er eftir fyrir hina sem fjær standa. Það verður minna eftir fyrir atvinnuvegi landsmanna, fyrir einkareksturinn og heimilin og aðra þá sem fjær standa ríkiskerfinu. Aðalstöðvar ríkiskerfisins og öll meginútgjöld þess fara fram hér á þessu svæði landsins. Í þessum efnum rekur hæstv. ríkisstjórn andbyggðastefnu. Með sífelldri útþenslu ríkiskerfisins er smám saman verið að lama landsbyggðina. Þetta sannar að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki staðið við fyrirheit sín um að treysta stöðu landsbyggðarinnar. Ef það hefði staðist hefðu fleiri en 12% nýrra starfa orðið til utan Reykjavíkur og Reykjaness.

Ég tel ástæðu einnig til þess að drepa á það sem fréttir hafa birst um að í nýrri hækkun fasteignamats er svokölluð hlunnindaeign, sem að meginhluta er til úti á landsbyggðinni, hækkuð um 57% á meðan fasteignamat almennt er hækkað um 12%. Það gerist þrátt fyrir að þetta ár hafi til að mynda laxveiðiár víðast hvar á landinu, sem eru meginstofninn í þeirri hlunnindaeign sem þarna er um að ræða, brugðist að verulegu leyti. Hrapað um þriðjung og jafnvel helming. Á þennan hátt er einnig verið að senda kveðjur til landsbyggðarinnar.

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til meðferðar við 2. umr. var lagt fram með 3,7 milljarða halla. Brtt. nefndarinnar við þessa umræðu auka þann halla um 890 millj. kr. þannig að hallinn er nú að nálgast 4,6 milljarða. Nefndin sem heild flytur þessar brtt., og er það í samræmi við venju og vanalegt vinnulag, ef ekki eru einhver sérstök tilefni til þess að minni hl. skeri sig alveg frá varðandi tillöguflutning við 4. gr. við 2. umr. Að sjálfsögðu hefur minni hl., og nú hefur minni hl. skilað nál. í tvennu lagi, fulltrúi Kvennalistans hefur kosið að skila sér nál., en báðir þessir minni hl. hafa að sjálfsögðu óbundnar hendur varðandi einstakar brtt. og hafa fullan rétt til þess, samkvæmt því sem við höfum tekið fram í nál. og í fjvn., að greiða atkvæði gegn einstökum tillögum. Margar þeirra eru þó þannig að við eigum þátt í því, eins og formaður fjvn. sagði, að móta þær, t.d. um skiptingu á ýmsum safnliðum. Aðrar eru með þeim hætti að um þær hafa verið teknar ákvarðanir af meiri hl. nefndarinnar svo sem tíðkanlegt er. Enn fremur hafa fulltrúar minni hl. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma og er það allt í samræmi við venjur.

Til 3. umr. bíða mjög veigamikil mál að þessu sinni eins og hv. 5. þm. Vestf. greindi frá hér áðan. Að venju bíður tekjuhliðin, B-hluta stofnanir og 6. gr. Enn fremur allmörg stórmál sem eru óleyst. Hvernig verður farið með þessi mörgu stórmál mun hafa gríðarleg áhrif á niðurstöðu fjárlaga þegar þau verða afgreidd. Ýmis þessara viðfangsefna kosta hundruð milljóna króna hvert fyrir sig ef þeim á að sinna. Þar má nefna mál eins og málefni Tryggingastofnunar ríkisins, húsnæðissjóðina. Það er kannski ástæða til þess að nefna húsnæðissjóðina sérstaklega með tilliti til þess að einn af hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar lýsti því yfir að hann styddi ekki fjárlagafrv. nema aukið fé fengist í húsnæðissjóðina. Enn bólar ekki á því og ég hlýt að segja að hér er mjög sérkennilega að verki staðið því að ráðherra sem lýsir því yfir að hann styðji ekki fjárlagafrv. sinnar ríkisstjórnar hlýtur í raun að segja af sér ef ríkisstjórnin í heild segir ekki af sér. Mér þykir sú teygja sem er í þessu máli orðin undarlega löng að það skuli ekki gengið frá slíku máli þar sem fyrir liggur að að óbreyttu styður ekki einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar fjárlagafrv. Sannast sagna hef ég aldrei orðið vitni að slíku fyrr. Þó að stundum hafi nú einstakir ráðherrar gert fyrirvara, þá hafa þau mál venjulega verið leyst á tiltölulega skömmum tíma. En ég man ekki eftir því fyrr að nokkur ráðherra í ríkisstjórn sem ég man eftir hafi lýst því yfir að hann styddi ekki fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir.

Það er því ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh.: Verða breytingar á málefnum húsnæðissjóðanna eða mun hæstv. félmrh. segja af sér, eða í þriðja lagi, mun hæstv. ríkisstjórn í heild segja af sér? Því að ef einn hæstv. ráðherra segir af sér í ríkisstjórn, þá hlýtur sá þingmaður að verða í andstöðu við þá ríkisstjórn, í stjórnarandstöðu. Ráðherra getur ekki sagt sig úr ríkisstjórn og stutt áfram þá ríkisstjórn. Sá ráðherra verður í andstöðu við ríkisstjórnina þannig að það væri nú fróðlegt að fá að vita hvernig þetta mál verður útleitt og með hvaða hætti.

Það bíða einnig mál eins og hafnamálin sem hér hafa verið rakin og uppgjörið við sveitarfélögin, Þjóðleikhúsið og Þjóðarbókhlaðan, forsetasetrið á Bessastöðum, niðurgreiðslur, verðjöfnun á orku, ýmis landbúnaðarmál o.fl., o.fl. Þá veltur eigi lítið á hvernig fer um tekjuhliðina því að ef hæstv. ríkisstjórn kemur ekki fram þeim lagabreytingum sem þarf vegna tekjuhliðarinnar, þá dragast tekjur ríkissjóðs saman um 2,2 milljarða kr.

Þessi mál eru öll á floti enn þá og ég tel því ekki tímabært að sinni að spá um það hver verður endanleg niðurstaða fjárlaga þegar þau verða afgreidd. Það er þó, fyrir okkur sem vinnum að þessum málum, hægt að ráða í þær líkur, fara tiltölulega nálægt því hvað þarna verði um að ræða, en ekki ástæða til að gera það meðan ekki er vitað hvernig fer um tekjuhliðina. Það er þó auðvitað víst að hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hluti hér á Alþingi mun beita eins miklum feluleik varðandi þessi mál og mögulegt er og leitast við að leyna raunverulegum halla, raunverulegri útgjaldaþörf ríkissjóðs á næsta ári eftir því sem framast er unnt. Þeim vinnubrögðum höfum við kynnst hér á hinu háa Alþingi á undanförnum tveimur árum.

En hvernig sem um þessi mál fer og hvort sem halli á ríkissjóði verður 6 eða 8 milljarðar eða hver hann nú verður við afgreiðslu fjárlaga, þó að hann verði 5, það er bara þeim mun meira falið, hvernig sem um það fer, þá er það kannski smámál hjá öðru sem við blasir. Nú liggur það í augum uppi í ýmsum greinum hvílíkum reginvanda þessi hæstv. ríkisstjórn ætlar að velta yfir

á framtíðina. Hún skilur eftir sig í óleystum vandamálum í fjármálum ríkisins slíkar gífurlegar byrðar fyrir þjóðina að Alþingi hefur aldrei séð framan í annað eins.

Ég hef dregið hér saman nokkur atriði úr þessum mikla vanda sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að skilja eftir sig og skila til framtíðarinnar, leggja á herðar þjóðarinnar þegar hún er farin frá. Og þó að sumt sem þarna kæmi til greina sé vitaskuld vandmetið, þá liggur annað nokkuð í augum uppi. Þegar þessir pinklar eru dregnir saman má greina þá sundur í fimm aðalliði:

1. Uppsafnaður halli A-hluta ríkissjóðs árin 1988–1991, um 30 milljarðar kr.

2. Fjárskuldbindingar sem falla á ríkissjóð og leystar hafa verið með útgáfu skuldabréfa, um 3 milljarðar kr.

3. Ríkisábyrgðir sem falla kunna á ríkissjóð á næstu árum, 6 milljarðar kr.

4. Tap fjárfestingarlánasjóða 1989–1991, 2 milljarðar kr.

5. Byggingarsjóður ríkisins. Framlög sem ríkissjóður þarf að inna af hendi til ársins 2005, 460 millj. kr. á ári, 7 milljarðar kr.

Það eru því samtals hvorki meira né minna en 47 milljarðar kr. sem þessi hæstv. ríkisstjórn hyggst skilja eftir og ætlast til þess að þjóðin axli í framtíðinni.

Það er hægt að skýra þessar gífurlegu byrðar nokkru nánar. Í fyrsta lagi varðandi uppsafnaðan rekstrarhalla ríkissjóðs, þá er hann miðað við áætlaðan rekstrarhalla 5,3 milljarðar kr. á þessu ári sem væntanlega á nú eftir að breytast og nemur því alls frá 1988 um 23,2 milljörðum á verðlagi ársins 1991. Á árinu 1991 má áætla að rekstrarhalli verði eigi minni en 6–8 milljarðar kr. Ég fer ekki nánar í það vegna þeirrar miklu óvissu sem er um afgreiðslu fjárlaga nú. Uppsafnaður rekstrarhalli í árslok 1991 gæti því numið um 30 milljörðum kr. Ég segi gæti, hann getur líka orðið drjúgum meiri. En hér er farið varlega í sakir og hann talinn munu verða um 30 milljarðar. Þetta samsvarar þriggja og hálfs árs framlögum ríkissjóðs til allra fjárfestinga samkvæmt A-hluta fjárlagafrv. 1991. Og þetta er nánast sama fjárhæð og gert er ráð fyrir að greiða í laun hjá A-hluta stofnunum ríkissjóðs á árinu 1991. Ef vinna ætti bug á þessum halla þyrfti allt starfsfólk ríkissjóðs að vinna kauplaust í heilt ár. Auðvitað ætlast enginn til þess en þetta sýnir hvað vandinn er mikill, hvað þessi samansafnaði halli er geigvænlegur. En þetta er ekki nema hluti af dæminu eins og áður var sagt.

Ef raktar eru þær fjárskuldbindingar sem falla á ríkissjóð og leyst hefur verið með útgáfu skuldabréfa og fleiri slíkra pappíra, þá eru það í fyrsta lagi jarðræktar- og búfjárræktarframlög, 210 millj. kr. Það er í fyrsta skipti sem það hefur verið gert að greiða út ríkisframlög með skuldabréfum sem koma til greiðslu síðar, þegar hæstv. ríkisstjórn er farin frá, þá eiga aðrir að leysa málið. Það eru útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir, 550 millj. Það er margnefndur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins eða lausaskuldir hans sem ríkissjóður yfirtók þann 1. júní, 1500 millj., og eftirstöðvar af uppgjöri við sveitarfélög, 760 millj. Þetta eru 3 milljarðar 20 millj. kr.

Þá koma ríkisábyrgðir sem kunna að falla á ríkissjóð á komandi árum og skuldasöfnun A-hlutans eða ríkisábyrgðir. Það má ætla að ríkissjóður þurfi að koma til bjargar vegna ríkisábyrgða, bæði að því er varðar ábyrgðir á lánum og svo ábyrgðir á einstökum útlánasjóðum. Gera má ráð fyrir að þessar ábyrgðir geti numið 5–6 milljörðum kr., sem koma til með að falla á ríkissjóð á næstu árum. Þessir liðir eru: Útlán Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, um 1700 millj., A-skírteini Hlutafjársjóðs, um 200 millj., Arnarflug og Skipaútgerð, um 800 millj. kr., Tryggingasjóður fiskeldislána, um 140 millj. kr., Byggðastofnun, um 1500 millj. kr. og ábyrgðir vegna loðdýraræktar, um 500 millj. kr. Þetta eru því tæpir 5 milljarðar kr.

Fjárfestingarlánasjóðirnir hafa verið reknir með halla og samkvæmt athugun sem gerð hefur verið og nær til 13 fjárfestingarlánasjóða, sem flestir eru í eigu ríkisins og sérstök lög gilda um, var tap á þessum sjóðum um 700 millj. kr. á árinu 1989 sem er um 10% af eigin fé sjóðanna. Sex þessara sjóða nutu ríkisframlags á árinu 1989 er nam rúmlega 1,7 milljörðum kr. og ef tekið er tillit til þess nam raunverulegt tap þeirra á árinu 2,4 milljörðum kr. Talið er að afkoma þessara sjóða á árinu 1990 verði ekki miklu betri en á sl. ári. Í því sambandi má nefna gjaldþrot laxeldisfyrirtækja, Arnarflugs og fleira. Þessi liður hefur verið metinn á um 2 milljarða kr.

Þá er Byggingarsjóður ríkisins sem er um 7 milljarðar kr. sem eiga að greiðast á árunum til 2005.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að það kunni að taka tvö til þrjú kjörtímabil að ráða við þann vanda sem felst í tveimur síðasttöldu töluliðunum hér að framan. Í þeim orðum felst viðurkenning á nokkrum hluta af þeirri arfleifð sem ríkisstjórnin skilur eftir sig. En vandinn er stærri. Hæstv. ríkisstjórn skilur eftir sig byrðar sem þjóðin þarf að axla á næstu árum og nemur um 47 milljörðum kr. Þessi tala er yfir 900 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þessi tala er því sannarlega geigvænleg. Og samt er ekki allt talið því fleira er eftir sem ríkisstjórnin skilur eftir til framtíðarinnar. Hér er ekki talin hrikaleg staða Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hjúkrunarkvenna. Þessi sjóður er nú í þeirri stöðu að á honum hvíla skuldbindingar sem nema 20 milljörðum kr. umfram eigin fé sjóðsins og þessar skuldbindingar þarf að greiða á næstu tveimur til þremur áratugum, að meginhluta á næstu tveimur áratugum. Hér er því um 20 milljarða kr. að ræða til viðbótar því sem fyrr var talið sem bíður framtíðarinnar hjá þessum eina sjóði.

Hér eru heldur ekki talinn sá vandi sem steðjar að Lánasjóði ísl. námsmanna. Þeir 47 milljarðar kr., sem ég hef nefnt, ættu því að vera drjúgum hærri miðað við ástandið sem við er að fást í þessum efnum. Ég fullyrði að við höfum aldrei séð aðra eins stöðu í fjármálum ríkisins sem stafar af því að hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að loka augunum og fresta til framtíðarinnar þeim vanda sem hún tók að sér að leysa.

Við sjálfstæðismenn höfum gagnrýnt fjármálastjórnina harðlega í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar og þau tvö ár sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur setið höfum við varað við hvert stefndi í þessum efnum. Hæstv. fjmrh. hefur virst loka augunum fyrir þessum viðvörunum og þessum háskalegu horfum. Hæstv. fjmrh. hefur í síbylju talað um hornsteina, nýja hornsteina, nýjan grundvöll, jafnvægi og stöðugleika. Öll þessi fallegu orð koma mjög snoturlega fram af hans vörum. En þetta er ekkert nema orð, þetta eru orðin tóm. Og það sem meira er: þessi orð eru ekki mælt af munni hæstv. fjmrh. vegna þess að hann viti ekki betur. Hann veit auðvitað hvernig ástandið er. Hann getur séð þetta eins og við sem erum í fjvn. og hann hlýtur að vita hvernig ástandið er. Þessi orð bera því vott að hann er að leyna Alþingi og þjóðina því hvernig ástandið er raunverulega og þessi orð hans bera því líka vitni að hann mælir af sjálfbirgingshætti og yfirlæti, raunar hroka, þegar hann er að tala til Alþingis og til þjóðarinnar. Orð af þeim toga sem hæstv. fjmrh. eru munntömust þegar hann er að lýsa ágæti ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins eru lítils virði þegar til kastanna kemur. Þegar þjóðin stendur frammi fyrir alvörunni, þeirri stöðu sem við blasir, þegar glansumbúðunum hefur verið flett utan af hinu raunverulega ástandi í fjármálum ríkisins, þá eru falleg orð hæstv. fjmrh. lítils virði, jafnvel þó þau séu flutt af yfirlæti.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. sem höfum gagnrýnt þessa stefnu ár frá ári og flutt okkar viðvaranir, við erum auðvitað andvígir þessari stefnu og stöndum ekki á nokkurn hátt að því frv. sem hér er til meðferðar. Við höfum varað hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn við en hún heldur áfram þeirri gjaldþrotastefnu sem leiðir beint út í ógöngur í fjármálum ríkisins og þar með fyrir fjárhag þessarar þjóðar.

Frsm. 2. minni hl. fjvn. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í upphafi máls vil ég færa hv. formanni fjvn. þakkir fyrir forustu hans í ströngu starfi nefndarmanna. Einnig þakka ég meðnefndarmönnum mínum samstarfið, svo og ritara nefndarinnar og starfsfólki Ríkisendurskoðunar og Hagsýslunnar, fyrir alla aðstoð. Starfsfólki í Austurstræti 14 vil ég þakka sérstaklega fyrir lipurð og hjálpsemi.

Það er í raun ekki ofsögum sagt af annríki því sem fylgir störfum fjvn. og oft vaknar sú hugsun að betur mætti vinna úr málum ef meiri tími væri fyrir hendi.

Þrátt fyrir gott samstarf nefndarmanna eru vitanlega skiptar skoðanir um meginstefnu frv., svo og um afgreiðslu einstakra mála svo sem kemur fram í nál. og ræðum í dag. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 295 frá 2. minni hl. fjvn.

Við lokafrágang síðustu fjárlaga núv. ríkisstjórnar stendur Alþingi frammi fyrir því einu sinni enn að afgreiða fjárlög með stórfelldum halla og augljóst að þó eru ekki öll kurl komin til grafar.

Efnahagsforsendur frv. til fjárlaga byggjast á áætlun Þjóðhagsstofnunar um framvindu efnahagsmála á árinu. Sú áætlun er þó ótrygg og veruleg frávik geta orðið á veigamiklum þáttum, svo sem olíuverði og þótt verð á sjávarafurðum í heild hafi stórhækkað er ekki séð hversu mikinn ábata ríkissjóður hlýtur af því. Sala á saltsíld hefur brugðist, loðnuaflinn hefur brugðist og rækjuverð hríðfallið. Einnig er útlit fyrir lakari viðskiptakjör en gengið er út frá í frv. Vert er einnig að taka fram að hafnagjaldið nýja hlýtur að hafa áhrif til verðlagshækkana, nái það fram að ganga, en með því er ekki reiknað í verðlagsforsendum frv.

Tekjugrunnurinn er einnig valtur. Gjaldstofn virðisaukaskattsins virðist hafa dregist saman. Allt er í lausu lofti með fyrirhugað tryggingaiðgjald og hafnagjald. Framkvæmd þeirrar skattheimtu hefur hvorki verið skipulögð eða útfærð enn, né lagaheimilda aflað, og lýsir því fremur óskhyggju en raunsæi hjá ráðamönnum að treysta því að sú tekjuöflun nái fram að ganga að fullu. Allir þessir þættir geta valdið verulegum breytingum á fjárlögum komandi árs.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 stefnir ríkisstjórnin að eftirfarandi markmiðum:

1. Að halli ríkissjóðs haldi áfram að lækka og verði um 1% af landsframleiðslu samanborið við 1,5% í ár.
2. Að lánsfjárþörf ríkissjóðs haldi áfram að lækka og verði 1,3% af landsframleiðslu í stað 1,9% í ár.
3. Að lánsfjárþörf verði að fullu fjármögnuð innan lands.

Þegar er sýnt að ekki mun takast að ná fyrsta markmiðinu. Hækkun á gjaldaliðum við 2. umr. er um 900 millj. kr. Stórmál sem bíða 3. umr. varða hafnamál, byggingarsjóðina, Lánasjóð ísl. námsmanna, Tryggingastofnun ríkisins, Þjóðleikhúsið, Bessastaði o.fl. Mörg smærri mál koma að auki til afgreiðslu þá. Alls má ætla að afgreiðsla þessara þátta hækki gjaldahliðina um 2,2 milljarða kr. eða meira og hafa útgjöld ríkisins þá hækkað um rúma 3 milljarða kr. frá frv. og hallinn orðinn milli 7 og 8 milljarðar kr. Halli ríkissjóðs stefnir því í að verða um 2,2% af landsframleiðslu. Hlutfallið lækkar ekki, það hækkar, þvert ofan í markmiðin.

Hvað varðar annað markmið, lækkun á lánsfjárþörf, þá er næsta augljóst af því sem fyrr er sagt að viðbótarlánsfjárþörf mun verða um 4 milljarðar kr. og verður því heildarlánsfjárþörfin um 1,5% af landsframleiðslu en ekki 1,3% eins og stefnt var að.

Þriðja markmið, að fjármagna lánsfjárþörfina innan lands, kann að takast. En aukin lánsfjárþörf ríkissjóðs hlýtur að auka þenslu á fjármagnsmarkaðnum, ýta undir hækkanir á vöxtum og stofna til hækkandi verðbólgu. Þannig er staðan nú ef ekki kemur til ný tekjuöflun eða stórfelldur niðurskurður á útgjöldum.

Við afgreiðslu þessara síðustu fjárlaga frá ríkisstjórninni hljóta menn að líta á hvaða breytingar til bóta hafi orðið í ríkisfjármálum á ferli hennar miðað við þau fyrirheit sem hún gaf. Menn horfa á það að í reynd hefur ekkert breyst síðustu þrjú árin. Stjórnvöld eru í sjálfheldu með sífellda raunaukningu ríkisútgjalda sem þau virðast vera vanmegnug að takast á við. Stórfé hefur verið varið til kerfisbreytinga, einnar af annarri, sem kalla á stóraukin umsvif og mannahald hjá ríkinu. Árlega hefur fjölgað um 300–400 starfsmenn í

ríkiskerfinu. 400 störf kosta um milljarð kr. Þessi aukning hefur gengið fram án þess að stjórnvöld hafi reynt að sporna við því þótt þau stynji undir launakostnaðinum.

Ríkisstjórnin hefur hælt sér af því að tekist hafi að halda stöðugleika í verðlagi. Augljóst er að þegar eru uppi ákveðin teikn um að svo muni ekki verða til loka næsta árs. Peningamagn í umferð fer vaxandi. Sífelldur hallarekstur ríkissjóðs veldur samkeppni um fjármagn sem orsakar að ekki hefur enn tekist að lækka vexti sem neinu nemur. Nú þegar krauma undir yfirborðinu kostnaðarhækkanir sem haldið hefur verið niðri með handafli en hljóta að brjótast upp á yfirborðið á næsta ári. Því eru litlar líkur til að forsendur fjárlaganna um verðbólgu fái staðist.

Á þessu tímabili stöðugleikans hefur ríkisstjórnin ekki búið í haginn fyrir áframhaldandi stöðugleika, ekkert raunhæft aðhafst til undirbúnings þess að menn geti séð fram á vaxandi tekjur og aukinn kaupmátt launa í komandi kjarasamningum. Ekki er einsýnt að launþegar og bændur uni til langframa þeim kjörum sem þeir tóku að sér að axla við „þjóðarsátt".

Ýmislegt fleira mætti telja til sem hlífst er við að taka á, þótt ekki sé eindagi þeirra mála að hausti. Óleystum vanda er velt yfir til framtíðarinnar. Einna alvarlegust eru málefni byggingarsjóðanna. Byggingarsjóður ríkisins þarf til sín um hálfan milljarð kr. árlega fram yfir aldamót. Byggingarsjóður verkamanna verður með álíka fjárþörf að óbreyttu um ófyrirséða framtíð. Þótt núv. ríkisstjórn hafi ekki stofnað til þessa vanda bar henni að finna lausn á honum, rétt eins og hún ætlar komandi ríkisstjórnum að leysa ýmsan þann vanda sem hún hefur stofnað til.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram taldi fjmrh. það ekki vera kosningafrv. Þar væru engin gylliboð. Þetta frv. var þó kosningafrv. að því leyti að þar var gengið fram hjá málum sem augljóslega varð að taka á í vinnu fjvn. og valda stórmiklum útgjöldum, sbr. ýmis dæmi áður nefnd. Þá er fjmrh. sá leikur auðveldur að firra sig ábyrgð á hækkun ríkisútgjalda en varpa henni á fjvn. og Alþingi og það mun hann gera. Samstaðan um fjárlögin innan ríkisstjórnarinnar er ekki meiri en það að ráðherrar og ráðuneyti þeirra hafa komið til fjvn. með óskalista upp á mörg hundruð milljóna kr. hækkanir.

Uppsafnaður halli á ríkisrekstri síðustu ára er um það bil 23 milljarðar kr. Viðskilnaður núv. fjmrh. verður trúlega á þann veg að hallinn frá hans fjármálastjórn nær 30 milljörðum kr. þrátt fyrir öll tímamótafjárlögin og hornsteinana undir efnahagslífið.

Þessi niðurstaða um ríkisfjármálin leggur þær kvaðir á framtíðina að leysa úr þessum málum. Stórkostlegur vandi blasir við þeim sem eftir koma. Greiða verður á næstu árum og áratugum þessa 30 milljarða kr. í viðbót við fyrri og aðrar skuldir. Það verða fjáraukalög framtíðarinnar.

Þetta er sú mynd er við blasir nú og er meginástæða þess að Kvennalistinn getur ekki staðið að samþykkt þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka þá skoðun mína að óvenjumörg stórmál varðandi fjárlög komandi árs hafi verið óleyst þegar frv. til fjárlaga var lagt fram í haust. Því var augljóst að gjaldahlið frv. hlaut að hækka verulega í vinnslu fjvn. Því liggur beint við að álykta að frv. hafi verið sett þannig fram af ásettu ráði að fjvn. og Alþingi kæmu til með að bera alla ábyrgð af óhjákvæmilegum hækkunum og hæstv. fjmrh. gæti í kosningaræðum þvegið hendur sínar af slíkri óráðsíu.

Sl. kjörtímabil hefur einkennst af miklum sveiflum innan ríkiskerfisins. Veigamiklar breytingar hafa farið fram á skattkerfinu og ber þar hæst upptöku virðisaukaskatts. Samtök um kvennalista voru mótfallin þessum skatti frá upphafi. Kostnaðurinn af upptöku hans var óheyrilegur og óhemjudýrt að fylgja þessu skattkerfi eftir. Undanþágurnar eru þegar orðnar svo margar að í raun aflar hann ríkissjóði lítið meiri tekna en söluskatturinn gerði áður nema að því leyti sem innheimta er betri. Þá er aftur spurning hvort kostnaðurinn við starfsmannahald vegur það ekki upp.

Annað einkenni á athöfnum stjórnvalda á kjörtímabilinu, sem er þó að nokkru leyti tengt skattkerfisbreytingunum, er útþensla á ríkiskerfinu og síaukin starfsmannafjölgun. Það er mikil spurning hversu umfangsmikla yfirbyggingu ríkið þolir, ríki sem ekki er fjölmennara en Ísland. Þurfum við t.d. 11 ráðherra með tilheyrandi umsvifum og ferðakostnaði? Kvennalistakonur hafa frá upphafi gagnrýnt þá eyðslu sem þar fer fram og er sívaxandi. Er réttlætanlegt að menn geti í raun leyft sér sjálftöku launa á þennan hátt með því að vera á dagpeningum í ferðalögum þar sem allur kostnaður er greiddur? Almenningsálitið heimtar að þessir menn sýni gott fordæmi, ekki síst á tímum þegar margir lifa við kröpp kjör. Fjölmiðlar hafa vakið athygli á þessu þó þeim hafi láðst að draga það fram að þarna eiga ekki allir óskilið mál. Eini kvenráðherrann sker sig úr að þessu leyti. Ferðakostnaður hennar tvo daga í útlöndum nær varla sömu upphæð og ein nótt hjá sumum öðrum ráðherrum.

Kvennalistakonur hafa í umræðum á þingi, frá því þær fyrst tóku sæti þar, margsinnis bent á að nauðsyn bæri til að endurskoða og endurmeta umfang og hlutverk ýmissa ríkisstofnana í þeim tilgangi að gera starf þeirra markvissara og ná niður kostnaði. Reyndar hefur örlað á að þetta væri reynt nú en því starfi er ekki fylgt nógu fast eftir. Í þessu þarf að gera stærra átak en enn hefur gerst. En engu að síður verður að búa stofnunum lífvænleg skilyrði til að gegna sínum lögboðnu skyldum svo að forstöðumenn þeirra þurfi ekki að lifa við það að vera síbrotamenn við fjárlög. En ég vil ítreka það enn og aftur að sífellda útþenslu yfirbyggingar ríkiskerfisins verður að stöðva áður en hún sligar undirstöðuna.

Þótt leitað sé með logandi ljósi í fjárlagafrv. örlar hvergi á forgangsröð verkefna. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var þó ýmislegt tíundað sem ætlað var að hafa í forgangi og tek ég þar til byggðamál. Byggðastofnun var til umræðu hér á dögunum og hvernig að henni er búið og hennar mikilvæga hlutverki af hálfu ríkisvaldsins. Fái hún ekki meira fé til umráða veslast hún upp áður en langir tímar líða. Þó er hún e.t.v. mikilvægasti aðilinn í því að efla atvinnu-

sköpun vítt um landið, en til þess verður hún að hafa fé til umráða sem nú er skorið við nögl, að ekki sé meira sagt.

Byggðanefnd á vegum forsrn. situr nú að störfum. Hún hefur þegar lagt fram ýmsar hugmyndir að mótun byggðastefnu sem hefur verið vel tekið. En eigi að hrinda þessum hugmyndum í framkvæmd er ljóst að til þess þarf fé sem ekki er inni í þessu frv. Úr því verður að bæta ef stofnun þessarar nefndar hefur verið eitthvað annað en einber sýndarmennska. Það er ekki nóg að hafa atvinnustefnu og byggðastefnu og byggðaþróun sem falleg orð í málefnasamningi. Stefnuna verður að móta og fylgja henni eftir með því fjármagni sem til þess þarf. Þetta varðar lífshagsmuni landsbyggðarinnar. Verði álver byggt á Keilisnesi leiðir það óhjákvæmilega til upplausnar á landsbyggðinni ef ekkert kemur til mótvægis en þess sjást ekki merki. Aftur á móti hefur verið hamrað á nauðsyn þess að hamla á móti þenslu á byggingartíma álversins, ef af yrði, og þá fyrst og fremst með niðurskurði á opinberum framkvæmdum, byggingum, vegagerð, hafnamálum o.s.frv. Sjá nú allir við hvern kost landsbyggðinni er ætlað að búa næstu árin.

Mönnum er tamt að gleyma því að meginhluti útflutningstekna okkar kemur frá landsbyggðinni. Er vitund ráðamanna virkilega sú að þarna eigi einungis að vera verbúðir fyrir fólk sem dregur fisk úr sjó en þar sé ekki þörf á fjölbreyttri atvinnu og mannlífi fyrir fólk sem kýs að búa þar? Fari svo fram sem horfir eiga uppvaxandi kynslóðir landsbyggðarinnar ekkert val um búsetu. Atvinna verður mestmegnis á höfuðborgarsvæðinu og þar verða þeir að setjast að ef ekkert verður aðhafst í byggðamálum.

Ég hef ekki hugsað mér að gera einstakar afgreiðslur mála að umræðuefni en þrjú atriði vil ég draga fram. Lög mæla svo fyrir að grunnskólanemar eigi ekki að bera kostnað af skólabókum og námsgögnum sem þeir hafa þó að nokkru gert hingað til. Þeir hafa orðið að kaupa ýmsar bækur frá Námsgagnastofnun. Þegar raddir komu fram um að ekki væri rétt að þessi kostnaður félli á nemendur var leitað úrskurðar umboðsmanns Alþingis þar um. Úrskurður hans féll á þá leið að nemendur ættu ekki að bera þennan kostnað. Vegna tekjutaps Námsgagnastofnunar af þessum sökum var farið fram á 25 millj. kr. framlag sem var eingöngu vegna bóka í valgreinum. Aðrar þarfir voru látnar víkja. Þessari beiðni var hafnað án nokkurs marktæks rökstuðnings. Forráðamenn stofnunarinnar hafa lýst því yfir að þeir sjái ekki hvernig hægt er að halda starfsemi hennar gangandi og fara að lögum. Þetta er hrapalleg ákvörðun sem ég vona að verði endurskoðuð.

Fé til rannsókna er skorið við nögl í þeim mæli að ámælisvert er á þeim tímum sem ákaft er leitað að nýjum framleiðslumöguleikum og nýjum atvinnukostum. Öllum mætti þó vera ljóst að í öflugri rannsóknarstarfsemi felst vaxtarbroddur atvinnulífsins og lífsnauðsyn er að styðja við þær. Langt er frá að Hafrannsóknastofnun fái það fé sem hún þarfnast og mætti ég minna enn einu sinni á fullvinnslu sjávarafurða, svo sem ensím-vinnslu. Það dugir okkur alls ekki að þessar rannsóknir silist áfram við þröngan kost. Það verður að sinna þeim af krafti. Til þess þarf fé sem án efa skilar sér seinna. Hér má skammtímahugsun ekki verða allsráðandi.

Ég get ekki látið hjá líða að mótmæla skerðingu á framlagi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Því er haldið fram af stjórnvalda hálfu að óþarfi sé að endurgreiða lífeyrissjóðnum framlagið, skv. 25. gr. laga nr. 63/1963, svo lengi sem sjóðurinn getur sjálfur fjármagnað lífeyrisgreiðslur með vaxtatekjum og nýjum iðgjöldum. Það fæli í sér að Lífeyrisjóður starfsmanna ríkisins yrði gerður að hreinum gegnumstreymissjóði. Slíkt gengur þvert á hugmyndir manna um nauðsyn á sjóðsmyndun til að tryggja hag lífeyrisþega sem hefur verið grundvallarsjónarmið launafólks, atvinnurekenda og lífeyrissjóða.

Þessi skerðing sem nú er, og er af svipaðri stærð að hlutfalli og á árinu sem er að líða, byggir á mikilli skammsýni því með þessu móti er grafið undan möguleikum sjóðsins til að standa við framtíðarskuldbindingar. Það á að vera liðin sú tíð að menn geri út á framtíðina með þessum hætti. Það væri þess vegna mjög alvarlegt ef ekki yrði horfið frá þessum fyrirætlunum og vona ég að þetta mál verði endurskoðað og fært til betri vegar.

Á því skal vakin sérstök athygli að með því að draga úr því fjármagni sem rennur í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna er rýrt það fjármagn sem sjóðurinn lánar Húsnæðisstofnun ríkisins. Samkvæmt samkomulagi ver ríkissjóður um 55% af ráðstöfunarfé sínu til skuldabréfakaupa af Húsnæðisstofnun ríkisins. Ríkisvaldið er þannig að gera tvennt í senn: Að grafa undan Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og veikja húsnæðiskerfið.

Virðulegi forseti. Það eru náttúrlega engar fréttir fyrir þingheim að við kvennalistakonur horfum á þetta frv. með augum kvenna og með þarfir kvenna og barna í huga og það er kannski óþarfi að taka það fram að við erum langt frá því sáttar við þá afgreiðslu sem slík málefni fá. Um það vitna þær örfáu tillögur til breytinga á frv. sem við leggjum fram við þessa umræðu. Þær eru dæmi um þær áherslubreytingar sem við viljum vinna að og sem við teljum að gætu breytt einhverju um stöðu kvenna og barna í þessu þjóðfélagi. Þar reynum við sérstaklega að huga að atvinnumálum kvenna, svo og rekstri Kvennaathvarfsins, en einnig að þörfum systra okkar í þróunarlöndunum. Hv. þingkona Danfríður Skarphéðinsdóttir mun gera grein fyrir þessum tillögum síðar í þessari umræðu og fer ég því ekki frekari orðum um þær sérstaklega.

Ég vil hins vegar geta þess að enda þótt okkur blöskri áhuga- og skilningsleysi ráðamanna og fjárveitingavaldsins á sérstökum málefnum kvenna, þá er bersýnilegt að málflutningur og barátta Kvennalistans hefur borið árangur. Það er betur gert við suma þá málaflokka sem konur varða sérstaklega heldur en hefur verið til skamms tíma. Það er t.d. mikill munur á viðhorfum gagnvart Kvennathvarfinu nú en á fyrstu árum þeirrar starfsemi þegar menn vildu helst ekki horfast í augu við það að þessarar starfsemi væri þörf.

Það er líka vottur um hugarfarsbreytingu, vonandi, að nú er í fyrsta skipti sérstök fjárveiting, að vísu mögur tala, til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni. Slíkir áfangar eru að sjálfsögðu ánægjuefni og vonandi aðeins upphaf að frekari þróun. En afskaplega virðast menn nú þurfa langan tíma til þess að skilja einfalda hluti. Það eru slík skjalfest dæmi sem við höfum hér í þessu frv. og í fram komnum brtt. sem sanna það mest og best hvílíka nauðsyn ber til að auka áhrif kvenna á Alþingi og í Stjórnarráðinu. Konur fá litlu breytt meðan þær eru í svo algerum minni hluta á þessum vettvangi. En vert er einnig að minna á að í raun og veru skiptir ekki mestu máli að fjölga konum í þessum störfum heldur, og ég legg áherslu á það, að þær konur sem veljast til slíkra starfa hafi það markmið að bæta stöðu kvenna og barna. Það er aðalatriðið eða kjarni málsins, eins og sumir munu segja.

Ég hef gert að umtalsefni ýmsa þætti hér sem mér þykir skorta á að sé sinnt í fjárlagafrv. Vissulega mætti nefna fleira. En þá kveður við, hvar á að taka peningana? Uppi munu vera hugmyndir hjá hæstv. ríkisstjórn um aukna skattheimtu á næsta ári. Ég tel af og frá að fært sé að auka skattbyrðar þess fólks sem nú greiðir skatt af tekjum sem nægja ekki til framfærslu. Mætti halda langa ræðu um hver staða þeirra fjölskyldna er þar sem foreldrum gefst ekki ráðrúm vegna vinnuáþjánar við að reyna að ná endum saman til að sinna börnunum eins og þarf. Þetta er samfélagsmein sem þarf að uppræta. Nær væri að skattleggja tekjur sem eru verulega háar og vaxtatekjur yfir einhverjum mörkum. Það hefur hæstv. fjmrh. löngum boðað að væri fyrirætlun hans. En engin frv. hafa enn sést í þessa veru. Það er hægt að ná til fjármuna með fleiri aðferðum en skattlagningu. Ég segi: Stöðvið útþenslu í umsvifum og mannafla ríkiskerfisins og dragið úr henni. Gerið skipulega atlögu að ónauðsynlegri starfsemi á vegum ríkisins og óþarfa eyðslu og fylgið henni eftir. Þeim fjármunum sem við það sparast mætti svo ráðstafa til verkefna sem eru brýn og nauðsynleg og ég hef áður minnst á.

Kvennalistakonur hafa svo lengi sem þær hafa tekið þátt í afgreiðslu fjárlaga minnt á nauðsyn þess að vanda fjárlagagerðina og hafa hagræðingu, hagsýni og sparnað að leiðarljósi þar. Við höfum einnig, og ég ítreka það enn, bent á að sífellt þurfi að endurskoða markmið og tilgang stofnana á vegum ríkisins. Það er mikill ábyrgðarhluti að ráðstafa sameiginlegu fé okkar allra og til þess verður að vanda vel.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka hv. fjvn. fyrir vel unnin störf vil ég vekja athygli á brtt. á þskj. 107 sem hér hefur legið frammi um skeið frá forsetum þingsins. Það vekur nokkra undrun mína að þessi litla tillaga skuli ekki hafa náð fram að ganga áður en lagðar voru fram brtt. til 2. umr. Ég kemst ekki hjá því að skýra þetta mál nokkuð.

Hér er um að ræða beiðni forseta þingsins um að Hið íslenska þjóðvinafélag verði fastur liður, undirliður Alþingis í fjárlögum, og farið er fram á að þessu sinni 500 þús. kr. Hér eru menn að forvalta milljörðum og hundruðum milljóna en hér er beðið um 500 þús. kr. til þessa virðulega félags. Ég tel mig ekki komast hjá því að skýra í örfáum orðum hvað Hið íslenska þjóðvinafélag er.

Eins og menn vita var Alþingi ráðgjafarþing frá stofnun þess 1845 til ársins 1874 og beindust samþykktir þess á því tímabili jafnan að auknum þjóðréttindum Íslendinga. Á ofanverðum 7. áratug aldarinnar harðnaði ósamþykki Alþingis og Danastjórnar um nýja stjórnskipun Íslendinga, aukið sjálfstæði og fjárforræði. Stjórnin lagði fyrir Alþingi frv. um stjórnskipun. Alþingi breytti þeim í átt að sjálfstæðiskröfum Íslendinga án nokkurra undirtekta af hálfu Danastjórnar.

Sumarið 1869, á nýkjörnu þingi, samþykktu 18 þjóðkjörnir alþingismenn undir forustu Jóns Sigurðssonar að vinna að stofnun félags til baráttu fyrir landsréttindum Íslendinga. Vitað er að unnið var að stofnun félagsins á sýslufundi í Suður-Þingeyjarsýslu 8. júní 1870. Undir þinglok 1871 var félagið formlega stofnað, hinn 19. ágúst, því gefið nafn, sett lög til bráðabirgða, Jón Sigurðsson forseti var kosinn formaður og Halldór Kr. Friðriksson varaformaður. Stofnendur voru 17 þjóðkjörnir alþingismenn. Utan samtakanna voru þrír þjóðkjörnir þingmenn og sex konungkjörnir. Tíminn fram til næsta Alþingis var notaður til að undirbúa félagsstörfin og afla fjár.

Árið 1873, hinn 22. júlí, var haldinn félagsfundur og voru félaginu sett lög að undangenginni endurskoðun fimm manna nefndar. Í lögunum stendur m.a., með leyfi forseta:

„Það er tilgangur félagsins að reyna með sameiginlegum kröftum að halda uppi þjóðréttindum Íslendinga, efla samheldni og stuðla til framfara landsins og þjóðarinnar í öllum greinum. Einkanlega vill félagið kappkosta að vekja og lífga meðvitund Íslendinga um að þeir séu sjálfstætt þjóðfélag og hafi því samboðin réttindi. Nú sem stendur liggur næst að fylgja því fram að vér fáum þá stjórnarskrá er veiti oss fullt stjórnfrelsi í öllum íslenskum málum, alþing með löggjafarvaldi og fullu fjárforræði og landsstjórn í landinu sjálfu með fullri lagalegri ábyrgð fyrir alþingi.

Forstöðumenn félagsins eru: Forseti og varaforseti, sem í forföllum forseta eða við fráfall hans kemur í hans stað, og forstöðunefnd og séu í henni þrír menn auk forseta og varaforseta. Aðgangur í félaginu stendur öllum opinn sem komnir eru til vits og ára og sem vilja efla félagið og styrkja til að framkvæma tilgang þess, hvort sem er yngri eða eldri, búandi eða búlaus, karl eða kona, innlendir eða útlendir. Framkvæmdastörf félagsins skulu einkum fólgin í þessu fernu:

1. Ritgerðum og tímaritum um alþjóðleg málefni, einkum um réttindi Íslands, hagi þess og framfarir eður/og styrk til slíkra rita. Veita má og styrk eða þóknun einstökum mönnum er sér í lagi styrkja til að efla framfarir landsins eða framkvæma tilgang félagsins.

2. Samkomum til að ræða þau alþjóðleg málefni er

liggja innan þeirra takmarka sem félagið setur framkvæmdum sínum.

3. Sendiferðum innan lands eða utan í félagsins þarfir eða í þess erindum.

4. Að því leyti efnin kynni að leyfa vill félagið styrkja það sem efla má bæði bóklega og verklega menntun í landinu, verslun og verslunarsamtök, atvinnu og framför landsmanna í hverju efni sem er, bæði til sjós og lands.

Félagið hefur aðalfundi annað hvert ár á alþingum. Forseti er þar fundarstjóri og skal hann sjá um bókun þess á fundarbók félagsins er samþykkt verður á fundum þessum."

Í stjórn félagsins voru kosnir Jón Sigurðsson forseti, Halldór Kr. Friðriksson varaforseti og í forstöðunefnd Egill Egilsson, Jón Guðmundsson og séra Stefán Thorarensen. Félagið hófst þegar handa um að framkvæma stefnumál sín. Það stóð fyrir þjóðfundi á Þingvöllum í júní 1873 og þjóðhátíð á Þingvöllum í minningu 1000 ára Íslandsbyggðar í ágúst 1874. Á árinu 1874 var hafin útgáfa ársrits, Andvara, sem tók við af Nýjum félagsritum, ársriti Jóns Sigurðssonar og félaga hans. Það tímarit kemur út enn þann dag í dag. Félagið gaf einnig út almanak, hið fyrsta 1874, almanak fyrir árið 1875.

Eftir þjóðhátíðina 1874 og gildistöku hinnar nýju stjórnarskrár, sem Kristján konungur IX. færði þjóðinni á hátíðinni, urðu verulegar breytingar á starfi og stefnu Þjóðvinafélagsins. Kostnaður við þjóðhátíðina varð nokkur ár þungur baggi á félaginu, en tekjur þess voru þá félagsgjöld og samskotafé. Á Alþingi 1879 var samþykkt að veita fé á fjárlögum til að greiða þjóðhátíðarskuld félagsins. Á Alþingi 1885 var samþykkt fjárframlag til félagsins á fjárlögum fyrir árin 1886 og 1887. Hefur það síðan notið árlegs framlags á fjárlögum en það er satt að segja Alþingi til lítils sóma hvernig þau framlög hafa verið á síðustu árum.

Lengst af hefur aðalverkefni Þjóðvinafélagsins verið útgáfa ársritanna tveggja, Andvara og Almanaksins, og annarra rita eftir efnum og ástæðum. Mest þeirra er rit Páls Eggerts Ólasonar um Jón Sigurðsson, sem er bók í fimm bindum sem komu út á árunum 1929–1933.

Árið 1940 urðu þáttaskil í starfi Þjóðvinafélagsins. Þá hófst samstarf við Menningarsjóð um bókaútgáfu og hefur staðið síðan. Þjóðvinafélagið hefur séð um útgáfu almanaks framan af, bæði Íslandsalmanaksins svonefnda og Þjóðvinafélagsalmanaksins. Á árinu 1973 varð sú breyting að Háskóli Íslands tók við útgáfu Íslandsalmanaksins og er það nú að öllu leyti á vegum hans. Þjóðvinafélagið sér um útgáfu hins stærra almanaks þar sem birt er jafnframt árbók Íslands.

Þjóðvinafélagið hefur annast ritstjórn Andvara, þó með því fráviki að á árunum 1959–1972, fyrst eftir að ritið var stækkað, var samstarf um ritstjórn við bókaútgáfu Menningarsjóðs.

Þegar leið að 100. ártíð Jóns Sigurðssonar forseta árið 1979 ákvað stjórn félagsins að gefa út í minningu hans nokkurt úrval eða sýnishorn af sendibréfum til hans. Fyrsta bindi bréfanna kom út á öndverðu ári 1980. Annað bindi bréfanna kom út árið 1984 og stefnt hefur verið að að gefa út þriðja bindi bréfanna en til þess hefur skort fjármagn. Nú standa vonir til að það geti komið út á næsta ári með góðu fulltingi Alþingis, en á því ári verða liðin 180 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og 120 ár frá stofnun Hins íslenska þjóðvinafélags. Stjórn þessa félags skipa nú, eins og hv. alþm. munu vita, Jóhannes Halldórsson forseti, dr. Jónas Kristjánsson varaforseti og meðstjórnendur eru dr. Guðrún Kvaran, Heimir Þorleifsson og Ólafur Ásgeirsson.

Hæstv. forseti. Allir hv. alþm. eru efalaust einhuga um að standa vörð um menningararf okkar. Þetta aldna félag er hluti hans og ekki ómerkari en svo að á veggjum þessa salar er aðeins ein mynd. Hún er af fyrsta forseta þessa félags. Ársfundir félagsins eru samkvæmt lögum þess haldnir hér á hinu háa Alþingi. Fjárframlög hins háa Alþingis undanfarin ár hafa ekki borið þess vitni að því væri annt um félagið og ekki hafa forsetar þess og stjórn verið kröfuharðir. Sjálfir hafa þeir unnið félaginu af ótrúlegri ósérplægni fyrir litla sem enga umbun. Er vart við því að búast að fræðimenn af yngri kynslóðinni taki við því starfi við þær aðstæður. Svo að dæmi sé tekið var árið 1988 fjárframlag hins háa Alþingis til félagsins 80 þús. kr.

Forsetar Alþingis eru ekki að biðja um háa fjárhæð. Hér er verið að biðja um fjárhæð sem duga megi til þess að unnt sé að ljúka útgáfu þriðja og síðasta bindis safns bréfa til Jóns Sigurðssonar og nafnaskrá yfir allar bækurnar þrjár. Forsetar þingsins skora á hv. þm. að samþykkja þessa fjárveitingu nú við afgreiðslu frv. til fjárlaga til 3. umr. sem virðingarvott við þetta aldna félag, sem ekki á svo lítinn þátt í því að Ísland er nú sjálfstætt ríki. Og ekki síður að brtt. nái fram að ganga eins og hún er, að Hið íslenska þjóðvinafélag verði sjálfstæður undirliður Alþingis þannig að félagið sé ekki háð velvild einstakra forseta heldur sé framtíð þess tryggð til frambúðar.

Alexander Stefánsson:

Virðulegur forseti. Út af ræðu hv. 13. þm. Reykv., forseta Sþ., vil ég aðeins geta þess hér í upphafi að þessi tillaga hefur ekki komið fram í erindaskrá fjvn. og því ekki komið til afgreiðslu í nefndinni. Ef hér er um mistök að ræða tel ég það þó bót í máli að vegna þessa höfum við hér á Alþingi fengið að hlýða á fróðlega ræðu hæstv. forseta Sþ. um Hið íslenska þjóðvinafélag sem verður að sjálfsögðu í þingskjölum Alþingis og hlýtur að nægja að mínu mati til að Alþingi samþykki þessa tillögu forseta.

Virðulegur forseti. Við 1. umr. fjárlaga fagnaði ég þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum undir forustu núv. ríkisstjórnar, þeirri víðtæku þjóðarsátt þar sem aðilar vinnumarkaðarins og forusta bændasamtakanna hafa tekið höndum saman við ríkisstjórn til að skapa jafnvægi í þjóðarbúskap okkar og halda verðbólgu í skefjum, standa vörð um þennan árangur sem er undirstaða þess að þjóðin geti búið við viðunandi öryggi og framfarir í landinu. Þessi víðtæka samvinna um að reyna að skapa traustan efnahagsgrunn í landi okkar er að mínu mati einsdæmi sem verður að varð-

veita og er augljóst vitni þess að menn hafa áttað sig á því hvað það er sem skiptir mestu máli fyrir þjóðina í heild, stöðugleiki í efnahagsmálum, sem gerir okkur um leið fært að ná hagstæðum samningum við aðrar þjóðir, ekki síst fyrir okkar útflutningsframleiðslu sem við lifum af.

Ég ræddi um nauðsyn á bættum vinnubrögðum í stjórn peningamála og um fjárgreiðslur úr ríkissjóði eða útgjaldaleiðir ríkissjóðs. Við sem vinnum í fjvn., ekki síst við sem höfum starfað í mörg ár við afgreiðslu fjárlaga, höfum ár eftir ár bent á þörfina fyrir að breyta hér um, skapa meiri festu og aðhald í öllu kerfinu. Fjárlög komu ekki til meðferðar á Alþingi í ár fyrr en í byrjun október. Formaður fjvn. lýsti þessu í ræðu sinni hér í dag. Fjvn. þarf að fá möguleika til að starfa allt árið og taka þátt í undirbúningi fjárlaga frá byrjun. Vinnuálag í rúmlega tvo mánuði er óraunhæft og útilokar nægа umfjöllun um hin víðtæku mál og vandasömu sem berast fjvn.

Núverandi fjmrh. hefur látið gera mikilsverðar endurbætur á þessum málum, sem m.a. felast í fjáraukalögum sem eru nú til meðferðar vor og haust á fjárlagaárinu. Það er stórkostleg breyting og gerir fært að taka á þessum málum miðað við staðreyndir. En það breytir ekki þörfinni fyrir nauðsynlegar breytingar á opinbera kerfinu og ekki síður undirbúning í tíma á tekjukerfi ríkisins. Ég bendi á óafgreitt frv. fjvn. sem fékkst ekki afgreitt á síðasta þingi. Þar er tekið á aðalvanda við fjárgreiðslur úr ríkissjóði og lagðar til ákveðnar róttækar breytingar. Því miður hefur ríkisstjórn og Alþingi í heild ekki áttað sig enn á mikilvægi þessa máls sem mundi, ef að lögum yrði, gerbreyta meðferð ríkisfjármála á flestum sviðum og skapa meiri ábyrgð og festu í meðferð ríkisfjármála, hvort sem það er hjá ráðuneytunum sjálfum eða ríkisstofnunum.

Megingallinn við fjárlagagerðina fyrir 1991 fyrir utan það, sem ég áður sagði, að fjvn. fær ekki að koma að gerð fjárlaga eða frv. fyrr en 10. okt. er sá að þær breytingar til tekjuöflunar sem gera þarf með samþykkt frv. hafa ekki enn komið fram þótt boðaðar séu í athugasemdum með frv. Ég þarf ekki að endurtaka það sem hér hefur komið fram áður í sambandi við hafnargerð, tryggingagjald, breytingu á almannatryggingakerfinu og margt fleira. Að sjálfsögðu eru þetta erfiðustu málin, ekki síst með tilliti til þjóðarsáttar, en varða eigi að síður grunn fjárlagafrv. Væntanlega skýrast þessi mál fyrir 3. umr. en aðferðin er röng. Allar ákvarðanir til breytinga á tekjukerfi ríkissjóðs þurfa aðdraganda í meðferð. Því hljóta allir að átta sig á.

Ég vil rifja upp nokkur atriði um virðisaukaskattinn. Virðisaukaskattur er aðaltekjustofn ríkissjóðs eins og allir vita. Í frv. fyrir árið 1991 er virðisaukaskattur talinn gefa um 41 milljarð kr. Þegar þessi róttæka kerfisbreyting var gerð sem leysti af hólmi söluskattskerfið, sem var úr sér gengið skattform að talið var vegna undanþágu sem gerði illmögulegt að fylgjast með réttum skilum, var gert ráð fyrir að breytingin í virðisaukaskatt tryggði ríkissjóði betri skil og settar yrðu reglur sem gerðu eftirlitið raunhæft. Þar á ég við sérstakar sjóðvélar hjá öllum innheimtuaðilum sem sýndu greinilega virðisaukaskattinn í öllum viðskiptum jafnóðum og þau fara fram, innsiglaðar upplýsingar í kössum sem eftirlitsmenn fengju í hendur o.s.frv. Þetta var tíundað þegar þessi skattbreyting var ákveðin.

Nú hefur hins vegar komið í ljós að aðeins lítill hluti þeirra aðila sem innheimta virðisaukaskatt í landinu hefur slíka löggilta kassa. Jafnframt eru engin ákvæði í lögum um að innheimtumenn ríkisins geti stöðvað starfsemi tafarlaust hjá þeim sem gerast brotlegir um skil á réttum skattpeningum, skattpeningum sem almenningur afhendir þeim við öll viðskipti um leið og þau fara fram. Hér er um milljarða að ræða sem geta skipt sköpum fyrir afkomu ríkissjóðs.

Ég hef gert það að vana á undanförnum mánuðum að fara í verslanir, stórverslanir, og fylgjast með þessum viðskiptum. Ég get tekið tvö dæmi. Ég fer inn í Melabúðina í vesturbænum og versla þar. Þar er sjóðvél í gangi sem sýnir nákvæmlega í hendur mér hvað ég borga í virðisaukaskatt. Þessi kassi er með öllum réttum formálum. Síðan fer ég út á Granda þar sem ein stærsta verslun landsins er, Hagkaup. Þar er ekki nokkur einasta upplýsing um það hvað ég er að greiða í virðisaukaskatt í þeim viðskiptum. Enginn punktur í þeim strimlum sem eru afhentir í sambandi við þau viðskipti. Þetta er lítið dæmi. Það hefur ítrekað verið bent á það hér á Alþingi, ekki síst af hv. 2. þm. Vestf. sem hefur kynnt sér þetta mál erlendis, og það hefur verið gerð krafa um að á þessu yrði ráðin bót.

Fjmrh. hefur nú lagt fram hér á Alþingi frv. sem á að lagfæra að nokkru, ef að lögum verður, þetta ástand. Í þessu frv., sem er á þskj. 299, sjá menn í athugasemdum hvernig þetta mál er í raun og veru. Það kemur fram í könnun sem skattrannsóknarstjóri gerði í júní sl. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Kannaði ríkisskattstjóri notkun og ástand sjóðvéla sem notaðar eru af skattskyldum fyrirtækjum til skráningar sölu á vörum og þjónustu. Niðurstöðutölur þeirrar könnunar voru þær að þó að staðan hefði batnað frá fyrri rannsóknum skorti enn mikið á að reglum um sjóðvélar væri framfylgt. Tíunda hvert sjóðvélaskylt fyrirtæki reyndist ekki hafa sjóðvél og hjá meiri hluta þeirra er höfðu slíkar vélar var búnaði eða notkun á einhvern hátt ábótavant. Einungis um þriðjungur þeirra fyrirtækja sem skylt er að hafa sjóðvélar reyndist hafa þær í fullkomnu lagi."

Ég tel að almenningur í landinu eigi kröfu á að þessi mál séu í réttum skorðum. Rétt skil geta þýtt minni skattbyrði sem skiptir milljörðum kr. Það þori ég að fullyrða. Ég minni enn á að milliþinganefnd um endurskoðun virðisaukaskattsins, ekki síst um möguleika á tveimur þrepum, þ.e. lægra verð á matvælum, hefur ekki enn lokið störfum. Það er mikilvægt að niðurstaða þessa máls komi fram. Það er skýlaus krafa.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið bíða mörg stórmál 3. umr., mál sem fjvn. hefur vísað til ríkisstjórnar til umfjöllunar áður en endanlega verður gengið frá þeim í nefndinni. Sum eru þannig að það er aðeins ríkisstjórnin sjálf sem getur tekið ákvörðun um hvort þau eigi fram að ganga, fyrir utan svo B-hluta

stofnanir. Ég tel ástæðu til að fjalla lítillega um nokkur mál nú við 2. umr. sem eru þó í raun stórmál.

Ég vil fyrst nefna heilbrigðismálin sem eru í heild stærsti útgjaldaþáttur í fjárlögum, um 43 milljarðar kr. Heilbrigðismálin varða mestu fyrir velferð þjóðarinnar, bæði að því er varðar heilsu hvers einstaklings, svo og almannatryggingakerfið sem skapar öryggi fyrir þá sem minna mega sín eða verða fyrir áföllum í lífinu, svo og fyrir eldri borgara. Það er því lífsnauðsyn að búa vel að þessu kerfi á öllum sviðum, byggja upp fullkomin sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og skapa viðunandi aðstöðu fyrir lækna og hjúkrunarfólk og aðra starfsmenn sem vinna þessi mikilvægu störf. Sem betur fer hefur okkur tekist nokkuð vel að byggja upp fullkomna aðstöðu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva um allt landið á tiltölulega fáum árum. Það er í raun stórkostlegt átak miðað við stærð okkar þjóðfélags. Við eigum því láni að fagna að eiga sérmenntað fólk í þessum greinum sem jafnast á við það besta hjá stórþjóðum. Vegna þessa er því brýn nauðsyn að hægt verði að standa þannig að málum að hér á landi sé ávallt hægt að veita sjúkum þá bestu þjónustu sem nútímatækni á sviði læknavísinda getur framkvæmt. Þetta kostar að sjálfsögðu mikið fjármagn en kallar jafnframt á aukið samstarf og samvinnu. Nú þegar visst öryggi er komið í öllum landshlutum er þörfin fyrir nýtt skipulag og aukið samstarf ríkisins og heilbrigðisstétta miklu þýðingarmeira en nokkurn tíma áður. Það er bjargföst skoðun mín að þýðingarlaust sé að fyrirskipa breytingar eða tilfærslur í heilbrigðiskerfinu nema í víðtækri samvinnu og með fullri ábyrgð þeirra sem starfa í heilbrigðiskerfinu sjálfu. Þetta ætti öllum að vera ljóst. Við megum ekki við því sem þjóð að það mistakist. Við þurfum að stefna að því að eiga það besta á þessu sviði fyrir okkur sjálf sem þekkist á sviði heilbrigðismála. Lokun sjúkradeilda á að heyra sögunni til. Það leysir engan vanda heldur eykur hann.

Ég hef miklar áhyggjur af fjárhagsvanda ríkisspítalanna sérstaklega, ekki síst Landspítalans. Innan veggja hans fara fram þýðingarmestu aðgerðir til lækninga á mestu og erfiðustu sjúkdómum er þjá okkar þjóð. Þar verða að koma til ekki aðeins færustu læknar heldur ekki síður sú nýjasta tækjatækni sem völ er á í heiminum. Framhald K-byggingarinnar er lykilmál í þessum framförum. Fjvn. hefur látið breyta uppsetningu frv. að því er varðar að setja öll sjúkrahús í Reykjavík undir einn fjárlagalið ósundurliðað. Sundurgreining kemur nú fram í brtt. nefndarinnar. Ég vona að sú viðbót sem fram kemur í brtt. fjvn. leysi brýnasta vanda í fjármálum ríkisspítalanna. Það á að vera hægt, eins og hér kom fram hjá formanni fjvn., að leysa ýmis viðamikil mál og aðkallandi, eins og að koma upp vararafstöð sem nærri var búin að valda stórtjóni síðast þegar bilun var í rafkerfinu ef ekki hefði heppni verið með. Einnig ætti að vera möguleiki að kaupa tæki til hjarta- og lungnaaðgerða og til glasafrjóvgunar sem virðist vera óhjákvæmilegt að hefja. Það sem kannski varðar mestu fyrir framtíð þessa spítala er að skv. frv. og brtt. verður hægt að hefja framkvæmdir við annan áfanga K-byggingarinnar sem allir þeir sem vinna á spítalanum leggja aðaláherslu á. Eins og kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar er gert ráð fyrir því að fjvn. taki þessi mál til sérstakrar skoðunar eftir áramót til þess að fylgjast með því hvernig þessar breytingar koma út til hagsbóta fyrir spítalana í heild.

Þá vil ég, virðulegi forseti, fara örfáum orðum um landbúnaðarmálin. Því miður er landbrh. ekki hér viðstaddur en það verður að hafa það. Mér finnst ástæða til að ræða nokkuð um þessi mál út frá því sem ýmis sjónarmið gefa tilefni til.

Aðlögun landbúnaðarins á Íslandi að breyttum aðstæðum, bæði í þjóðfélaginu og heiminum í heild, hefur verið í umræðu undanfarin ár, búvörusamningurinn var gerður við ríkið og er enn í gildi, en gífurlegur samdráttur hefur verið í hefðbundnum búgreinum. Að vísu er mjólkurframleiðslan nú í jafnvægi og gæði framleiðslunnar það besta sem þekkist. En sauðfjárbúskapur á í miklum vanda þrátt fyrir stórkostlegan niðurskurð og framleiðsla hefur stórminnkað á öllum svið um. Þetta hefur mestu áhrif í sambandi við byggðaröskun út um landsbyggðina sem í gangi er. Einnig er, eins og allir vita, framlenging búvörusamningsins nú í meðferð og væntanlega verður hægt að greina frá þv[illegible] hvernig það mál stendur áður en þingi lýkur.

Alþingi setti ný jarðræktarlög og búfjárræktarlög 1989 í samráði við fulltrúa bænda og búnaðarþing þar sem skilgreint er ljóslega hver þáttur ríkisins á að vera í meðferð þessara mála sem áður voru sífellt deiluefni. Í framhaldi þessa var gert samkomulag um fullnaðaruppgjör við bændur landsins á ógreiddum framlögum árin 1987–1989 og skýrt afmarkað hvernig með slíkar greiðslur yrði farið við afgreiðslu skuldbindinga ríkissjóðs á fjárlögum hvers árs. Því miður virðist framgangur þessara mála, þrátt fyrir skýrt afmarkað samkomulag hér á hv. Alþingi, hvergi nærri fullnægjandi í framkvæmd. Ég verð því miður að lýsa vonbrigðum með framgöngu hæstv. landbrh. í þessu mikilvæga máli. Um þetta væri að sjálfsögðu hægt að flytja hér langt mál en ég stytti mál mitt vegna fjarveru hæstv. ráðherra. En ég get tekið dæmi. Samkvæmt yfirlýsingu fjmrh. og landbrh., sem var gefin út 26. mars á þessu ári, átti að vera komin uppgjörsgreiðsla í gegnum skuldabréf til bænda í síðasta lagi 1. ágúst sl. Í byrjun október sl. voru bændur ekki farnir að fá þessi bréf. Sjálfsagt væri hægt að útskýra hvers vegna, en það er staðreynd að svona var haldið á málum. Uppgjör framlaga vegna ársins 1988 að fjárhæð 107 millj. kr. eiga að greiðast til bænda eigi síðar en 1. ágúst 1991. Það væri hægt að vitna hér í sams konar yfirlýsingar sem ég hef í höndum sem fjvn. hafði um þetta mál frá bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh.

Það er ljóst að í fjárlagafrv. nú vantar mikið á að hægt sé að standa við lögboðin framlög samkvæmt nefndum lögum þrátt fyrir loforð um að við þetta verði staðið. Fjmrh. og landbrh. hafa gert samkomulag um að taka ekki fullt tillit til laganna þrátt fyrir erfiðleika í landbúnaðinum sem augljóslega blasa við öllum. Á sama tíma hafa bændur landsins tekið fullkomlega þátt í þjóðarsáttinni og vinna að því að aðlaga sig breyttum aðstæðum í markaðsmálum. Aðgerðarleysi hæstv.

landbrh. í þessum mikilvægu málum er ámælisvert þrátt fyrir hans löngu ræður á fundum með bændum um allt Ísland þar sem hann fullyrðir að allt sé í lagi, meðferð hans á þessum málum muni skila málinu í höfn. Það hlýtur því að vera mikið umhugsunarefni hvað því veldur að málin standa eins og þau standa í dag.

Þá vil ég aðeins nefna eitt mál í sambandi við landbúnaðarmálin sem sjálfsagt hefur komið hér til umræðu fyrr. Því miður var ég ekki viðstaddur þegar hv. 2. þm. Norðurl. v. flutti sína ræðu um þetta efni. En ég tel nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um Búnaðarfélag Íslands. Eins og allir hv. alþm. vita hefur Búnaðarfélag Íslands staðið vörð um íslenskan landbúnað og allt er varðar málefni bænda á Íslandi frá stofnun þess. Búnaðarfélagið hefur átt undir högg að sækja um fjármagn til lögboðinnar starfsemi þess í áratugi. Það þekkjum við. Með bréfi sem fyrrv. landbrh. sendi frá sér í september 1988 skipaði hann nefnd sem átti að fjalla um fjárþörf Búnaðarfélagsins og hvernig greiða mætti úr þeim fjárhagsvanda er félagið á í og fjalla að nokkru um framtíðarmöguleika á fjármögnun í þessu skyni. Í þessa nefnd voru skipaðir, auk þess sem hér stendur, alþingismennirnir Egill Jónsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson og formaður sá sem hér stendur.

Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 kom fram í ræðu formanns fjvn. við 2. umr. fjárlaga varðandi Búnaðarfélag Íslands, með leyfi virðulegs forseta segir þar:

„Í grg. með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að endurskoðun fari fram á starfsemi Búnaðarfélags Íslands. Með bréfi dags. 7. sept. 1988 skipaði hæstv. fyrrv. landbrh. nefnd til þessa verkefnis, þar með talið að gera tillögur um framtíðarskipun þessara mála og þann 19. okt. sl. staðfesti núv. hæstv. landbrh. skipan nefndarinnar til framhaldsstarfa. Nefndin er að störfum. Hún hefur lagt áherslu á að lagfæra fjárhag Búnaðarfélags Íslands í fjárlagafrv. 1989. Nefndin mun starfa áfram og gerir ráð fyrir að leggja fram ákveðnar tillögur varðandi framtíðarskipan verkefna og tekjustofna Búnaðarfélags Íslands er liggi fyrir við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1990."

Þessi nefnd, sem hér er átt við, skilaði ákveðnum tillögum til hæstv. landbrh. í apríl 1989. Tillögurnar voru þess efnis að það var lögð til breyting á búnaðarmálasjóðsgjaldi þannig að það sem áður hafði runnið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins rynni til Búnaðarfélags Íslands og þeirrar starfsemi sem heyrir undir félagslega þáttinn í starfsemi Búnaðarfélagsins, þ.e. búnaðarsamböndin í landinu fengju þarna ákveðinn tekjustofn sem þýddi það að ríkið losnaði við framlög til Búnaðarfélagsins sem þessu næmi. Þessar brtt., sem voru lagðar fram í tveimur frv. fyrir ráðherrann í apríl 1989, voru þess eðlis að Búnaðarfélagið eða þessi starfsemi þess sem færðist út til búnaðarsambandanna fengi yfir 30 millj. á ári.

Hvað gerðist svo? Það gerðist að landbrh. heyktist á að flytja þessi frv. og málið var jafnóljóst eftir sem áður í fjárlögum 1990. Og á þessu ári urðum við sem erum í fjvn. að reyna að brúa þetta bil með fjáraukalögum til að rétta hlut Búnaðarfélagsins í samræmi við það sem áður var gert í þessu máli. Ég vil geta þess hér að bæði búnaðarþing og fundur formanna allra búnaðarsambanda á Íslandi gerðu samhljóða áskorun um það að tillaga nefndarinnar gengi fram. Ég get vitnað hér, með leyfi forseta, í fund sem var haldinn 31. okt. 1989. Þar segir:

„Fundurinn væntir þess að búnaðarsamböndunum verði sem fyrst tryggðir tekjustofnar til að mæta auknum verkefnum og bæta upp rýrnandi eldri tekjustofna. Í því sambandi er bent á ályktanir búnaðarþings og tillögu nefndar undir forustu Alexanders Stefánssonar alþingismanns er afhentar voru landbrh. í apríl sl."

Undir þetta skrifa allir formenn búnaðarsambanda landsins. Það sama gerðist síðar, að það kom sams konar áskorun til landbrh. Þetta var sem sagt ekki gert og þar með var fallið frá því að reyna að losa ríkissjóð við að fjármagna Búnaðarfélagið að þessu leyti til, heldur búa til gjaldstofn sem bændurnir sjálfir vildu leggja á sínar framleiðsluvörur, sínar eigin framleiðsluvörur, og nota til þess að standa undir þeim rekstri sem ríkið hafði lagt fram fé til áður.

Ég má til, virðulegi forseti, í framhaldi af þessu að geta þess að loksins á síðasta þingi kom fram stjórnarfrv. frá hæstv. landbrh., frv. til laga um Búnaðarmálasjóð, þar sem hann leggur til breytingu á gjaldtöku Búnaðarmálasjóðs. Þar var ekki stafkrókur um það að Búnaðarfélagið fengi eina krónu, alls ekki, heldur var verið að hugsa um allt aðra tilfærslu í sambandi við aðrar búgreinar, bæði að því er varðar garðyrkjumenn og svína- og alifuglabændur o.s.frv. en Búnaðarfélagið var ekki nefnt.

Landbn. Nd. gerði það að tillögu sinni við þetta frv., sem raunar gerbreyttist í meðförum hennar, að stinga Búnaðarfélaginu þarna inn. En það fékk ekki nema mjög lítið framlag sem er ekki nema 0,1% samtals í þessum gjaldstofni, sem er ekki nema $^{1}/_{5}$ af því sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, eða áætlaðar 7 millj. kr. á ári. Þannig voru slegnar úr höndum nefndarinnar þær tillögur sem hún gerði til þess að losa ríkið við þetta vandamál sem hefur verið vandamál hér á Alþingi svo lengi sem ég man eftir í sambandi við fjármál Búnaðarfélagsins. Það var slegið hendi á það sem bændur landsins samþykktu fyrir fram, að búa til sérstakan gjaldstofn fyrir Búnaðarfélag Íslands þannig að ríkið eða fjvn. og Alþingi þyrftu ekki sífellt að leggja fram sérstök framlög til Búnaðarfélagsins að því er varðar félagsþjónustu bænda. Þetta er rétt að skýra hér vegna þess að núna í tveimur síðustu fjárlagafrv. sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram segir svo í athugasemdum við fjárlagafrv. um Búnaðarfélag Íslands, með leyfi forseta:

„Í tengslum við gerð fjárlaga undanfarinna tveggja ára hefur verið gert ráð fyrir að heildarendurskoðun færi fram á framtíðarskipan verkefna og tekjustofnum félagsins. Aðstæður hafa breyst á þessu ári sem skýra lækkun fjárframlags úr ríkissjóði. Annars vegar hafa tiltekin verkefni verið færð frá Búnaðarfélaginu til Hagþjónustu landbúnaðarins," sem ég vil taka fram að

nefndin lagði einnig til og landbn. Nd. umbreytti frv. hæstv. landbrh. í meðförum hér á Alþingi og náði samkomulagi við alla aðila um það að bæði Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands yrðu þátttakendur í þessari Hagþjónustu landbúnaðarins. Þannig náðist víðtækt samkomulag um þá tilfærslu. — „Hins vegar fær félagið aukið starfsfé með nýsettum lögum nr. 41/1909, um Búnaðarmálasjóð. Framlag úr ríkissjóði miðast við að félagið geti staðið undir þeim verkefnum sem ríkissjóði er lögum samkvæmt ætlað að greiða. Það á fyrst og fremst við um ráðunautaþjónustu í landbúnaði og skýrsluhald" o.s.frv.

Enn á ný er tilgreint að það sé þessi nefnd sem eigi að sjá um fjármál Búnaðarfélagsins í fjárlagagerðinni, eftir að fjárlögin hafa verið sett fram. Þar af leiðandi var ekkert óeðlilegt að við í fjvn. óskuðum eftir nákvæmri útfærslu á því hvað kostnaður við Búnaðarfélagið er í raun og veru þegar búið er að draga frá þær 7 millj. kr. sem bændur landsins taka á sig til þess að standa undir þeirri félagslegu þjónustu sem þeim ber, sem er eins og ég sagði áðan ekki nema $^1/_5$ af því sem nefndin lagði til. Hvað skeði þá? Það lá ljóst fyrir að nákvæmlega sama gerðist og á árinu 1990, það vantaði um 15–16 millj. kr. til að standa við lögboðn framlög til Búnaðarfélagsins. Og hvað kemur þá? Það kemur sameiginleg niðurstaða frá hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. Ég vil taka fram með innskoti að landbrh. var áður búinn að skrifa nefndinni og koma í eigin persónu á fund hennar til að lýsa því yfir að hann teldi að fjvn. ætti að skila Búnaðarfélaginu því sem því ber samkvæmt lögum. Síðan kemur bréf frá sama ráðherra og hæstv. fjmrh. þar sem þeir gera sameiginlega tillögu um eftirtaldar breytingar á frv. til fjárlaga fyrir 1991, Búnaðarfélag Íslands, með leyfi forseta:

„Gerð er tillaga um að hluti Búnaðarfélagsins af búnaðarmálasjóðsgjaldi" — þ.e. gjaldi sem bændur leggja sjálfir á sig — „sem er áætlað 7,5 millj. kr. á næsta ári reiknist ekki að fullu til lækkunar á framlagi ríkisins til félagsins. Miðað er við að helmingur teknanna komi til frádráttar á næsta ári. Framlag úr ríkissjóði hækkar því um 3,5 millj. kr. vegna þessa og færist á viðfangsefnið Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn. Að auki hækki framlag á sama viðfangsefni um 3 millj. kr. vegna ákvæðis 12. gr. búfjárræktarlaga nr. 84 og 89 sem kveður á um að ríkissjóður greiði laun aðstoðarfólks við uppgjör og úrvinnslu ræktunarskýrslna." Framlagið til Búnaðarfélagsins hækkar þá samtals um 6,5 millj. kr. í staðinn fyrir tæpar 16 millj.

Miðað við þessi málalok get ég ekki staðið í því að vera tilnefndur í athugasemd með fjárlögum núna tvö ár í röð um að við eigum að sjá um að við þetta verði staðið. Ég hef enga stöðu til að ganga gegn sameiginlegu áliti hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. Ég tók þá ákvörðun, hæstv. fjmrh., að vísa þessu máli algerlega á hendur hæstv. landbrh. sem er tví- og þrísaga í meðferð málsins gagnvart fjvn. Ég verð að segja það alveg eins og er að það er hálfömurlegt til þess að vita að enn á ný þurfi í fjáraukalögum fyrir árið 1990, sjálfsagt eftir áramótin, að bæta við 10 millj. kr. á Búnaðarfélagið vegna þess að hæstv. ráðherrar hafa ekki þorað og ekki getað staðið við það samkomulag sem var búið að gera. Ég mun beita mér fyrir því og lýsi því yfir hér að sem ábyrgðarmaður fyrir þessari nefnd margumtalaðri sem skilaði ákveðnum tillögum til þess að leysa þetta mál til framtíðar, þá get ég ekki annað gert en að beita mínu afli til þess að inn á fjáraukalög komi það sem á vantar. Og það mun ég að sjálfsögðu gera. En ég hlýt að varpa þessari ábyrgð á herðar hæstv. landbrh. sem fer um landið þvert og endilangt til að fullvissa bændur landsins um að hann sem landbrh. tryggi meðferð þessara mála og öryggi bænda í landinu. Það er vissulega umhugsunarefni fyrir bændur sem trúa á Alþb. að átta sig á þessari stöðu. Það er kominn tími til. Ég tel þetta trúnaðarbrot við bændur, ekki síst við búnaðarþing og þá aðila sem hafa gengið vasklega fram í því að koma þessum málum á fastan grunn og losa ríkið við félagsþjónustu bænda, standa undir henni sjálfir af sinni eigin framleiðslu. Það er málið.

Virðulegi forseti. Ég verð að biðja afsökunar á því að ég þurfti nauðsynlega að koma þessu fram, ekki síst vegna þeirrar umræðu sem er þegar hafin meðal samtaka bænda og hér á hinu hv. Alþingi. Þetta er ekki stórmál en þetta er lýsandi dæmi um það hvernig á ekki að standa að málum. Og ég fullyrði að við þremenningar í þessari nefnd, hv. þm. Egill Jónsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson og aðstoðarmaður núv. landbrh., Ásthildur Ólafsdóttir, töldum okkur vera að gera rétta hluti, að losa bændasamtökin, Búnaðarfélagið, undan því sem hefur verið kallað meðal þjóðarinnar betlistarf, að reyna að fá peninga til reksturs Búnaðarfélags Íslands. Það var kjörið tækifæri að gera á þann einfalda hátt að bændur samþykktu að skattleggja sjálfa sig, sína framleiðslu til að standa undir þessum rekstri. Ekki meira um það.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins minnast á örfá atriði sem koma til meðferðar nú við 2. umr. Ég vil lýsa ánægju yfir því að samstaða tókst í fjvn. um að gera mögulegt að byggja sundlaug við Íþróttakennaraháskólann á Laugarvatni sem er liður í því sem þarf að gera til þess að gera þar íþróttamiðstöð sem fyrir löngu er búið að ákveða við þetta stóra íþróttahús sem þar er. Og það hittist svo á að engin sundlaug er við skólana á Laugarvatni. Gamla sundlaugin er hrunin og nemendur verða þá að baða sig í vatninu eftir því sem veðráttan leyfir. Þetta mál er nú leyst þannig að hægt verður að byggja útisundlaug á Laugarvatni næsta sumar sem er mikilvægur áfangi. Einnig þarf nú að fá fjármagn til þess að endurbyggja að hluta íþróttavöllinn eða íþróttasvæðið því að það er ákveðið að halda Íslandsmót á vegum ungmennasamtakanna innan tveggja ára. Vinna þarf skipulega að uppbyggingu íþróttamiðstöðvar á Laugarvatni.

Ég vil aðeins minnast á flugmálaáætlun því ég veit að margir hv. þm. eru að spyrja um það hvort fjvn. hafi ekkert gert í sambandi við flugmálaáætlunina sem átti að gilda fyrir yfirstandandi ár. Hér hefur komið fram í utandagskrárumræðum að Flugmálastjórn hafði ekki farið að þeirri áætlun sem fyrir lá heldur voru færðar milli ára, eins og þeir kalla, 70–80 millj. kr. og

margar framkvæmdir í landinu hófust ekki á yfirstandandi ári. Ég vil upplýsa það hér að fjvn. hefur krafist þess að flugmálaáætlun fyrir árið 1991 verði lögð fram á þessu þingi og við vitum ekki annað en það verði gert.

Það væri hægt að ræða hér um mörg önnur mál. Ég ætla að sleppa því. Ég vil taka undir það með formanni fjvn. hversu brýnt er orðið að Alþingi eða stjórnvöld marki ákveðna stefnu í sambandi við viðhald og endurbyggingu gamalla húsa sem eru mikilvæg í öllu kerfinu. Það er löngu orðið tímabært og það er hörmulegt til þess að vita að t.d. muni kosta 700–800 millj. að koma Þjóðminjasafninu í nothæft stand. Það er full ástæða að taka vandlega til athugunar við 3. umr. þegar 6. greinar málin koma til meðferðar hvort ekki er hægt að hugsa eitthvað öðruvísi fyrir framtíð þessara mála.

Ég vil svo að lokum þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir ánægjulegt samstarf eins og áður við þessa fjárlagagerð og taka undir þakkir til þeirra fjölmörgu sem hafa aðstoðað nefndina, bæði starfsmenn Fjárhags- og hagsýslustofnunar, fjmrn., Ríkisendurskoðunar og starfsmenn Alþingis sem hafa orðið að þjóna nefndinni á allt of stuttum tíma. Ég verð að segja það hér án þess að kasta rýrð á nokkurn hér inni á hv. Alþingi að ég hygg að það væri ástæða til að þingmenn áttuðu sig á því almennt hvernig þetta álag er sem hvílir á nefnd sem á að fjalla á örstuttum tíma um veigamestu mál sem Alþingi hefur til meðferðar, erindi frá hundruðum og aftur hundruðum úr þjóðfélaginu því þessi nefnd er opin fyrir slíkum erindum. Það er þess vegna löngu orðin þörf á að breyta þessu fyrirkomulagi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er von forseta að unnt sé að ljúka þessari umræðu fyrir kvöldverð og allar horfur á því svo fremi sem takist að fá afbrigði fyrir því að tvær brtt. megi á dagskrá koma. Mun forseti nú reyna það í hörgul.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hef séð að hér í hliðarsölum eru að ganga listar um það hvernig ríkisstjórnin hugsi sér að koma málum fram það sem eftir er þinghaldsins, nákvæmlega mælt fyrir um það hvaða dag þetta og hitt frv. á að fara á milli deilda. Það væri nær að ríkisstjórnin reyndi að gera einhverja áætlun um það hvernig hún gæti haldið stuðningsmönnum sínum inni í þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 300, 302 og 303, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 32 shlj. atkv.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Í nál. meiri hl. fjvn. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 á þskj. 292 er þess getið að fyrir löngu sé tímabært að gera fjvn. formlega að heilsársnefnd. Samkvæmt þingskapalögum þeim sem nú gilda fellur starfsumboð nefndarinnar niður við þinglausnir á hverju vori. Fjvn. svífur því nokkuð í lausu lofti milli þinga. Er það oft bagalegt svo sem gefur að skilja ef nefndin þarf að láta til sín taka utan þingtíma. Sannleikurinn er sá að margir líta svo á að nefndin lifi sæmilegu lífi milli þinga og þeir sem málum eru kunnugastir láta sér vel líka að svo sé. Má því segja að ekki skorti annað en formið eitt til þess að nefndin geti starfað lögformlega allt árið eins og utanrmn. gerir nú samkvæmt ákvæðum laga. Að minni hyggju er full þörf á þessari breyttu skipan á störfum fjvn. Tel ég að um þetta ætti að geta náðst góð samstaða.

Það verður líka að segja hverja sögu eins og hún gengur. Fjvn. er mjög önnum kafin allt frá byrjun haustþings til jóla a.m.k. Þess vegna hefur verið gripið til þess ráðs í allmörg ár að nefndin hefur veitt fulltrúum sveitarstjórna viðtöl og tekið við erindum frá þeim áður en þing hefst og fjárlagafrv. er lagt fram. Má vera að þetta komi ekki að öllu leyti heim og saman við ákvæði og anda laganna. Þó hefur þetta viðgengist árum saman athugasemdalaust, að því er ég best veit.

Segja má að fulltrúar flestra sveitarstjórna landsins sæki með þessum hætti fundi fjvn. á hverri haustönn. Að mínum dómi er þetta mjög ákjósanleg og skemmtileg skipan mála. Á þessum fundum fá fjárveitinganefndarmenn allgott yfirlit yfir mál sem sveitarstjórnarmenn eiga við að glíma úti um byggðir landins. Þegar þar við bætist að sveitarfélögin eiga lögvarinn rétt samkvæmt stjórnarskránni til að ráða sjálf málefnum sínum að vissu marki og stjórnarskráin kveður svo á að þessum rétti þeirra skuli skipað með lögum má ekki minna vera en þessum útvörðum byggðanna sé tekið af góðvild og kurteisi í höfðuðstöðvum fjvn., Alþingi, í miðborg Reykjavíkur þegar þeir leggja leið sína þangað.

Þá verður og að ætlast til þess að fjvn. gefi sér einhvern tíma til að ræða við gesti sína þó að það komist að sjálfsögðu aldrei í hálfkvisti við móttökur þær sem fjárveitinganefndarmenn eiga að fagna þegar þeir taka sér ferð á hendur um byggðir landsins að sumarlagi. Satt að segja eru þessar ferðir eða heimsóknir sem nefndarmenn hafa farið út í kjördæmin eitt af því lærdómsríkasta og minnisstæðasta úr starfi nefndarinnar því þá geta menn séð með eigin augum og fest betur í minni þær aðstæður og umhverfi sem þjóðin á við að búa til sjávar og sveita og við hvaða viðfangsefni hún hefur að fást.

Í fjárlagafrv. á bls. 245 er nokkuð rætt um umbætur í fjármálastjórn sem gerðar hafa verið á undanförnum árum. Er ekki nema gott eitt um það að segja. Þar eru ýmis atriði nefnd, svo sem það að aukafjárveitingar heyri nánast sögunni til og fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár séu nú lögð fram í annað sinn á haustþingi. Hér er einmitt að því vikið sem ég nefndi, að gert er ráð fyrir þeirri breytingu að í stað fjvn. verði sett upp með breytingum á þingsköpum fjárlaganefnd sem hafi það verkefni að fjalla bæði um útgjaldahlið og tekjuhlið fjárlaga. Og enn fremur í 12. tölul. að hin nýja fjárlaganefnd verði gerð að heilsársnefnd líkt og

utanrmn. Þá er það komið.

Að þessu fjárlagafrv. hefur verið unnið með hefðbundnum hætti. Það verður ekki séð að það marki nein sérstök tímamót. Að vísu hefði mátt búast við því að hin nýja löggjöf um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga mundi valda vatnaskilum í samskiptum þessara aðila en ekki verður þess vart að neinu ráði, a.m.k. ekki enn sem komið er. Sumir sveitarstjórnarmenn hafa komist svo að orði að virðisaukaskatturinn, sá er leysti gamla söluskattinn af hólmi, hafi nú þegar gleypt síðustu leifar af þeim ávinningi sem þeir vonuðust til að fá í sinn hlut við breytingar á verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga. Í nál. meiri hl. segir að breytingin á verkaskiptalögunum hafi a.m.k. enn ekki dregið úr því að sveitarstjórnir telji sig eiga erindi við fjvn. Er ekki nema gott eitt um það að segja að fulltrúar í sveitarstjórnum og fjvn. Alþingis haldi áfram að ræðast við og bera saman bækur sínar hér eftir sem hingað til. Vonandi er það og verður til ávinnings fyrir báða aðila því þeir eiga í raun og veru sameiginlegra hagsmuna að gæta á svo mörgum sviðum.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. er greint frá því að á undanförnum 2–3 árum hafi verið lagður grundvöllur að nýrri hagstjórn hérlendis sem sé nær viðurkenndum vestrænum hagstjórnaraðferðum en sú hagstjórn sem áður var fylgt. Hin nýja hagstjórn felist í því að beita samræmdri stefnu á sviði ríkisfjármála, peningamála og gengismála til að stýra heildareftirspurn, stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og skapa sem eðlilegust og jöfnust rekstrarskilyrði fyrir atvinnulífið án þess að til komi skyndilegar og harkalegar breytingar á tekjuskiptingunni í landinu. Í þessu samhengi gegnir stefnan í ríkisfjármálum lykilhlutverki.

Því verður ekki neitað með rökum að stefnan í ríkisfjármálum skiptir miklu máli og gegnir lykilhlutverki. Þeim mun betur verður að vanda til hennar og fylgja henni eftir af festu og skörungsskap. Í kafla þeim sem ber fyrirsögnina Efnahagsstefna og markmið fjárlaga í athugasemdum við fjárlagafrv. er fjallað um árangur efnahagsstefnunnar 1989–1990 og sérstaklega tekið fram að efnahagsstefna sú sem fylgt hafi verið frá haustinu 1988 hafi þegar skilað umtalsverðum árangri. Nokkur atriði eru nefnd í því sambandi.

1. Verðbólgan hafi lækkað og sé komin niður á svipað stig og í mörgum nágrannalöndum, þ.e. í eins stafs tölu, svo sem oft er tekið til orða.

2. Vextir hafi einnig lækkað.

3. Tekist hafi að bægja frá atvinnuleysi og bent á að enn sé Ísland í hópi þeirra ríkja á Vesturlöndum þar sem atvinnuleysið er minnst.

4. Viðskiptahalli hafi rúmlega helmingast á síðasta ári þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna.

5. Staða atvinnuveganna hafi batnað verulega.

6. Jafnvægi á peninga- og lánamarkaði hafi ekki verið betra í mörg ár.

Gott er að benda á þessi atriði og væri vel að þeim mætti fagna til frambúðar því að hvert þeirra er öðru mikilvægara. En viðbúið er að þarna sé ekki allt gull sem glóir, ekki allt í nægjanlega föstum skorðum. Raunar þarf ekki að skoða fjárlagafrv. mjög ítarlega til þess að komast að raun um að þar er víða pottur brotinn og margur vandinn óleystur. Það er auðvitað sjálfsagt að vega og meta öll útgjöld og fara sparlega með opinbert fé. En svona vel stæð þjóð á þó að eiga fyrir brýnustu útgjöldum og daglegum nauðþurftum. Annars er eitthvað bogið við málið. Og það er hægt að minna á ýmis atriði sem breyst geta á marga vegu og erfitt er að reikna út. Nefna má óvissu vegna olíuverðshækkunar. Svo er einnig ritað um hugsanlegar álversframkvæmdir og sagt sem svo: Verði ráðist í byggingu álvers og virkjana er nauðsynlegt að fylgja mjög aðhaldssamri stefnu í útgjaldamálum hér innan lands til þess að hamla gegn þenslu og auknum viðskiptahalla.

Þannig er sjálfsagt hægt að velta vöngum endalaust. Síðan er reynt að láta allt líta sæmilega út á yfirborðinu og sópa erfiðum vandamálum undir teppið, eins og sagt er.

Í nál. frá 1. minni hl. fjvn. á þskj. 294 kemur glöggt fram hvað við blasir þegar skyggnst er á bak við tjöldin í herbúðum stjórnarliðsins. Þar er því lýst á fyrstu blaðsíðu hvernig aðilar vinnumarkaðarins tóku málin í sínar hendur þegar þeim ofbauð efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar. Við kjarasamningana í febrúar mótuðu þeir nýjan efnahagsgrundvöll er hlaut nafnið þjóðarsátt sem sneri öllu á betri veg fyrir ríkisstjórnina og alla þjóðina. Þetta var sannkallaður hvalreki fyrir stjórnendur landsins. Þegar þess er gætt að jafnframt hefur orðið stórhækkun á flestum útflutningsafurðum okkar mætti ætla að brýnasti vandinn hefði verið leystur. En þar hefur margt farið á annan veg, sbr. þau atriði sem rakin eru í tíu töluliðum á bls. 2 í þskj. 294. Ég skal ekki rekja það nánar nú þar sem það var rakið allskilmerkilega af hv. 2. þm. Norðurl. v. í ræðu hans hér áðan.

Á bls. 3 í þskj. 294 er rifjað upp að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi lagt fram þrenn fjárlagafrv. Jafnan hefur þeim verið lýst svo að þau væru reist á traustum hornsteinum eða eitthvað á þá leið. En í nál. er sýnt fram á að mjög séu hornsteinar fjmrh. ólíkir þeim sem Jónas kvað um forðum, segir þar og mun auðvelt að finna þeim orðum stað.

Á bls. 4 í margnefndu nál. er nokkur lýsing á fjárlagafrv. fyrir árið 1991. Þar er megineinkennum frv. lýst í tíu töluliðum og er það mjög skýrt og greinilegt og ættu hv. alþm. að lesa þá blaðsíðu vel og vandlega. Í nál. 2. minni hl. fjvn. á þskj. 295 kveður mjög við sama tón. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp tvær málsgreinar eða svo úr því nál. in fine. Þar segir svo:

„Uppsafnaður halli á ríkisrekstri síðustu þrjú ár er um það bil 23 milljarðar kr. Viðskilnaður núverandi fjmrh. verður trúlega á þann veg að hallinn frá hans fjármálastjórn nær 30 milljörðum kr. þrátt fyrir öll tímamótafjárlögin og hornsteinana undir efnahagslífið.

Þessi niðurstaða um ríkisfjármálin leggur þær kvaðir á framtíðina að leysa úr þessum málum. Stórkostlegur vandi blasir við þeim sem eftir koma. Greiða verður á næstu árum og áratugum þessa 30 milljarða kr. í viðbót við fyrri skuldir. Það verða fjáraukalög framtíðarinnar.“ Þannig tekur til máls hv. 7. þm. Norð-

url. e., frsm. 2. minni hl. fjvn.

Brtt. frá fjvn. í heild á þskj. 293 hafa verið gerð góð skil af formanni fjvn. og ætla ég ekki að fara fleiri orðum um þær. Það má auðvitað benda á fjöldamörg efni þar sem framlög af hálfu ríkisins eru skorin mjög við nögl. Hér áðan var minnst á framlög til Byggðastofnunar sem á þó að gegna mikilvægu hlutverki í sambandi við þróun byggðar í landinu.

Formaður fjvn. gerði í framsöguræðu sinni grein fyrir brtt. nefndarinnar á skilmerkilegan hátt eins og ég sagði áðan. Fjöldamörg málefni og erindi bíða 3. umr. Þau eru mjög stór í sniðum og mikilvæg. Þar má nefna heilbrigðismál, sjúkrahúsin, eins og hv. 2. þm. Vesturl. minntist hér áðan, m.a. K-byggingu Landspítalans, málefni sveitarfélaga í mörgum greinum. Hér var minnst áðan á sýsluvegasjóðina og skuld ríkissjóðs við þá og þá breyttu skipan sem á þeim málum var gerð. Skuldir þar eru litlar 74 millj. kr. Kannski munar um minna. Til 3. umr. er einnig frestað hafnamálum, sjóvarnargörðum og málum um þetta nýja hafnargjald sem á að setja með lögum, vegamálum og ýmsum öðrum þáttum byggðamála og landbúnaðarmála, orkumálum og fleiri og fleiri stórmálum.

Hv. 2. þm. Vesturl. gerði landbúnaðarmálin nokkuð að umræðuefni. Satt að segja er full þörf á því að ræða þau mál í mörgum liðum. Manni ofbýður hreinlega hvað ráðamenn þjóðarinnar taka á þeim erindum og málum af miklu skeytingarleysi og kæruleysi þannig að það er fyrir löngu orðið undrunarefni. Ég ætla aðeins að minnast á eitt. Nú fyrir skömmu var gerð sú breyting á aðflutningsgjöldum á svína- og alifuglafóðri. Standi hún til frambúðar án þess að eitthvað verði gert á móti þá leggur hún í rúst íslenska fóðurframleiðslu, m.a. grasköggla framleiðslu sem þó er nú í höndum tiltölulega fárra aðila.

Ég minntist á þessi mál við hæstv. landbrh. hér í dag. Hann gat þess að á þessu máli yrði þreifað á ríkisstjórnarfundi á föstudaginn kemur. Þetta er auðvitað miklu meira en ógnun við grasköggla framleiðendur. Þetta er líka ógnun við alla sauðfjárrækt í landinu og verður ekki öllu lengur þagað í þeim málum. Ég sé fyllstu ástæðu til þess að taki hæstv. ríkisstjórnin ekki með viðeigandi hætti á þessum málum þá verði það a.m.k. gert að umræðuefni utan dagskrár fyrir hátíðar. En látum þessu nú lokið að mestu. Ég bendi aðeins á það að á síðustu árum hefur ýmsum stærri málum úr fjárlagapakkanum sem áður voru afgreidd við 2. umr. fjárlaga verið frestað til 3. umr.

3. umr. er að verða mikilvægari og stærri og er full ástæða til að búa sig vel undir hana og gefa þeim erindum góðan gaum sem þar verður fjallað um og kryfja þau til mergjar.

Brtt. þá frá forseta hæstv. Sþ. sem hér er á þskj. 107 og gerð var grein fyrir áðan finnst mér alveg sjálfsagt að samþykkja, tillöguna um Hið íslenska þjóðvinafélag.

Þá er líklega aðeins eftir að láta máli sínu lokið. Ég vil færa bestu þakkir hv. formanni fjvn., 5. þm. Vestf., nefndarmönnum öllum og öllu starfsfólki og öðrum sem hafa unnið með okkur í fjvn. Einnig vil ég þakka þeim gestum sem komið hafa í heimsókn þó margir þeirra hafa orðið að ganga bónleiðir til búðar.

Ég vil nú svona í lokin, þrátt fyrir allt, vara við allt of mikilli svartsýni í skammdeginu. Við verðum að vona það besta bæði fram til 3. umr. og svo áfram því að vonin verður alltaf að lifa og þrátt fyrir allt kemur sólin alltaf upp aftur.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Fulltrúi Kvennalistans í hv. fjvn., Málmfríður Sigurðardóttir, gerði í dag grein fyrir afstöðu okkar í Kvennalista til þessa fjárlagafrv. og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það sem hún sagði. Þó tel ég rétt að minna á að því fer fjarri að þær áherslur sem í fjárlagafrv. birtast séu konum að skapi, enda hafa þær lítt komið nærri því að móta þann grunn sem bæði þetta fjárlagafrv. og öll hin fyrri hafa byggst á og er raunar kominn tími til að þar verði breyting á. Sennilega hafa fáir næmari skilning á þeim vanda sem fjármálaráðherrar á hverjum tíma standa frammi fyrir við að láta enda ná saman en einmitt konur. Það hefur komið í hlut kvenna í aldanna rás að reyna að láta enda ná saman, að deila því sem til skiptanna er hverju sinni milli heimilisfólksins og gæta þess að allir fái lágmarks næringu og annan aðbúnað. Þannig hafa konur ætíð þurft að huga að þeirri heild sem hver fjölskylda er en jafnframt hafa í huga mismunandi þarfir einstaklinganna. Þær hafa gætt þess að börnin, gamla fólkið og hinir sjúku fái sinn skerf af því sem til skiptanna var.

Þá hefur það einnig komið í hlut kvenna að hlúa að og ferja á milli kynslóða þá menningu sem þjóð okkar byggir á. Sú andlega næring sem menningin gefur er óaðskiljanlegur hluti frá daglega brauðinu og amstrinu og hefur svo sannarlega átt sinn þátt í því að halda lífinu í þjóðinni á erfiðum tímum. Vegna starfa sinna og hlutverks inni á heimilunum og utan þeirra hafa konur annan skilning á þörfum annarra og þeim vanda að þurfa stöðugt að hugsa um létta pyngjuna, láta enda ná saman en hafa jafnframt hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Ekki er annað hægt að segja, og býst ég við að allir hv. þm. geti tekið undir það með mér, að konum hafi farist þetta verk vel úr hendi og því löngu orðið tímabært að konur fái tækifæri til að leggja hönd á plóg við gerð fjárlagafrv. fyrir þjóðarheimilið. Fullyrði ég að við það verk mundi nýtast vel reynsla og þekking kvenna á rekstri heimilanna og hinna fjölbreytilegu þarfa þeirra sem þar búa. Konur eru enn mun lægra launaðar en karlar og verður að sjálfsögðu ekki unað við það öllu lengur. Þrátt fyrir allt hafa kvennalaunin þó fært konum þá dýrmætu reynslu að þær hafa alltaf þurft að sýna aðgæslu í meðferð þess fjár sem þær hafa til ráðstöfunar hverju sinni. Það er ekki síst fyrir útsjónarsemi og nýtni kvenna sem þjóðin hefur lifað af tímabil harðinda og kreppu í sögu landsins. Það eru ekki konur sem eiga sök á þeim uppsafnaða halla sem í þessu frv. birtist, eins og í hinum fyrri, og er stöðugt vísað til komandi kynslóða. Konur hafa ekki farið höndum um ríkiskassann hér á landi frekar en víðast annars staðar í heiminum og eiga því

ekki sök á því hvernig komið er.

Brtt. Kvennalistans, þær sem ég mæli hér fyrir, á þskj. 300 eru auðvitað engan veginn tæmandi. Ef vel hefði átt að vera hefði þurft að stokka frv. alveg upp. Við völdum því þá leið að velja örfá mál sem öll snerta mjög líf kvenna. Þau eru dæmigerð fyrir þær áherslur og þá forgangsröð sem við viljum viðhafa. Eins og konum er tamt tókum við að sjálfsögðu tillit til aðstæðna og því varða tillögurnar aðeins mjög brýn hagsmunamál kvenna sem að sjálfsögðu eru hagsmunamál okkar allra þegar upp er staðið. Þær tillögur sem ég flyt hér hafa því á sér þann hógværðarblæ sem konum er mjög eiginlegur.

Ég kýs að fara hér í gegnum tillögurnar, ekki eins og þær koma fyrir í röð á þskj. heldur í samhengi miðað við efni þeirra og innihald. Fyrsta brtt. er við 4. gr. frv. Þar er lagt til að við Byggðastofnun komi nýr liður, sem yrði þá númeraður 602. Þar er lagt til að fram komi sérstakt framlag til atvinnuþróunar fyrir konur á landsbyggðinni. Það er ljóst að þegar illa árar og atvinnuleysi eykst bitnar það fyrst og harðast á konum. Í yfirliti vinnumálaskrifstofu félmrn. fyrir nóvember kemur fram að í síðasta mánuði voru skráðir atvinnuleysisdagar 32.000 og fjölgaði um 3.800 frá mánuðinum áður. Alls staðar eru konur í meiri hluta atvinnulausra og svo hefur verið allt síðasta ár. Hæstv. ríkisstjórn hefur samkvæmt stjórnarsáttmálanum í hyggju „að framfylgja árangursríkri byggðastefnu sem komi betra jafnvægi á í byggðaþróun í landinu", eins og þar segir orðrétt, með leyfi forseta. Sömuleiðis leynist enn setningin um sérstakt átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni í stjórnarsáttmálanum. Við kvennalistakonur höfum oft minnt á þennan lið og reynt að knýja á um að gert verði sérstakt átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Hæstv. ríkisstjórn má virða það til vorkunnar nú að þessu sinni að hún virðist loks hafa opnað skilningarvit sín fyrir þessu vandamáli og ætlar að viðurkenna vandamálið með 15 millj. kr. framlagi. En varðandi það framlag sem hér er lagt til að komi til Byggðastofnunar þá tengist það frv. Kvennalistans sem flutt hefur verið í Nd. nú annað þingið í röð. Það gerir ráð fyrir að 20% af framlagi ríkisins til Byggðastofnunar verði varið til þess að byggja upp sérstaka atvinnuþróunardeild fyrir konur á landsbyggðinni. Frv. þetta er nú til umfjöllunar í nefnd og væntum við þess að það verði afgreitt hið allra fyrsta.

Ég vil benda á í þessu sambandi og við höfum reyndar oft bent á það hér í umræðunni að í nágrannalöndum okkar, sem við berum okkur gjarnan saman við, hafa stjórnvöld áttað sig á því hversu nauðsynlegt það er að hlusta á hugmyndir kvenna og taka tillit til þeirra þegar rætt er um búsetuþróun. Þar eins og hér bitnar aukið atvinnuleysi og skortur á fjölbreytilegum störfum fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Hefur því víða verið lögð sérstök áhersla á uppbyggingu atvinnu með tilliti til hugmynda og aðstæðna kvenna. Í Noregi eru aðstæður um margt svipaðar og hér. Þar þykir sjálfsagt og nauðsynlegt að eyrnamerkja sérstaklega verulegar fjárhæðir í því skyni að skapa atvinnu fyrir konur í hinum dreifðu byggðum landsins. Eftir sem áður þykir einnig sjálfsagt að konur sæki um lán eða styrki í aðra opinbera sjóði.

Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að með því að leggja til 20% hækkun á framlagi til Byggðastofnunar erum við ekki þar með að segja að okkur þyki þær 250 millj. sem eru ætlaðar til Byggðastofnunar nógu há upphæð. Vil ég í því sambandi minna sérstaklega á að hæstv. forsrh. hefur skipað nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem hefur það verkefni að móta nýja byggðastefnu. Sú nefnd hefur, eftir því sem ég best veit, unnið mjög gott starf og hefur komið fram með ýmsar hugmyndir og tillögur um það sem gera þyrfti en það starf er auðvitað til lítils ef ekki á að leggja fram neitt fé til að framkvæma þær hugmyndir.

Ég vil aðeins víkja aftur að Norðurlöndunum því ég tel að hér séum við að ræða mjög brýnt mál. Það hefur sýnt sig og tölur sýna að flótti kvenna af landsbyggðinni er farinn að aukast. Við þurfum að vera vakandi gagnvart þeirri þróun og athuga hvað má gera til þess að snúa henni við að einhverju leyti. Það liggur fyrir könnun sem gerð var í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi á atvinnuháttum dreifbýlisins, og því hvernig best mætti snúa af vegi fólksfækkunar og auðnar og styðja landsbyggðina og byggja þar upp heilbrigt og gróandi mannlíf. Þessi könnun leiddi til þeirrar niðurstöðu að við mótun nýs atvinnulífs og atvinnutækifæra væri þátttaka kvenna höfuðnauðsyn. Áhrifum þeirra yrði að koma að við atvinnurekstur vegna þess að þær hafa aðra sýn og aðrar viðmiðanir en karlar. Þær yrðu að vera með þar sem ákvarðanir væru teknar og vegna vinnuframlags þeirra yrði að taka tillit til hagsmuna þeirra. Ráðamenn í Noregi hafa látið í ljós að við uppbyggingu atvinnu í dreifbýli skuli þessar niðurstöður hafðar að leiðarljósi og ég læt í ljós þá von mína að ráðamönnum hér vitrist þessi sannleikur sem okkur konum finnst reyndar augljós. Ég vil aðeins geta hér líka um norræna ráðstefnu sem haldin var á Íslandi, í Hveragerði, í haust um stöðu kvenna og byggðarþróun á Norðurlöndunum. Þar kom fram að á öllum hinum Norðurlöndunum er mikið lagt upp úr því að rannsaka hvað eina sem tengist þróun og atvinnulífi landsbyggðarinnar og hvaða áhrif ýmsar stjórnvaldsaðgerðir hafa á þessa þætti, svo og félagslegu og mannlegu þættina. Það er kannski ekki síst það sem hefði þurft að vera búið að rannsaka þegar kvóta var úthlutað til smábátaeigenda nú á dögunum.

Önnur tillaga sem tengist atvinnumálum kvenna er í fimmta liðnum á þskj. 300. Þar hefur hæstv. ríkisstjórn, eins og ég minntist á áðan, viðurkennt vandamálið, þ.e. atvinnuvanda kvenna á landsbyggðinni með því að ætla til þess 15 millj. kr. framlag. Við umræðu um fjárlög á síðasta ári lögðum við þingkonur Kvennalistans til að lagðar yrðu fram 200 millj. kr. til þess að gera sérstakt átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni og miðuðum þá við að það væri sama upphæð og þá var áætlað að kostaði að skapa eitt starf í

álveri. Við höldum okkur við þessa upphæð núna, 200 millj., gerum ekki á henni hækkun en bætum þessum 15 millj. hæstv. ríkisstjórnar við. Þessi tillaga er lögð hér fram til þess að undirstrika að það er brýnt að gera eitthvað strax. Atvinnuþróunardeild fyrir konur við Byggðastofnun er framtíðarverkefni þar sem þurfa að fara fram rannsóknir og fræðsla en það er mjög brýnt að gert verði átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni strax. Það þolir enga bið, ef byggðirnar eiga hreinlega ekki að tæmast. En ég vil taka fram að ég sé ástæðu til þess að fagna því að hæstv. ríkisstjórn skyldi taka tillit til þeirra hugmynda sem fram hafa komið að undanförnu um nauðsyn þess að gera sérstakt átak í atvinnumálum kvenna með þessum 15 millj. en ég get ekki betur séð en að sú upphæð sé lítið meira en viðurkenning á vandamálinu.

Ég vil þá næst, virðulegur forseti, víkja að fjórða lið á þskj. 300 þar sem lagt er til að við lið 03-391, Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, komi viðbót við hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum eða UNIFEM-sjóðinn. Þar sem hæstv. ríkisstjórn leggur til að komi 1,1 millj. höfum við með sömu aðferð og við reiknuðum að við vildum marka 20% af fjárframlagi til Byggðastofnunar til atvinnuuppbyggingar kvenna hér á landi viljað gera þarna þá breytingu að 20% af þeirri upphæð sem fer til alþjóðlegrar hjálparstarfsemi fari sérstaklega í þennan þróunarsjóð kvenna þannig að sú upphæð hækki upp í 9 millj. 816 þús.

Eitt stærsta verkefnið sem við í hinum svokallaða iðnvædda vestræna heimi stöndum frammi fyrir er hungrið, fátæktin og menntunarskorturinn sem meðsystur okkar og bræður í öðrum heimshlutum búa við. Einhverju sinni lofuðu Íslendingar að þeir ætluðu að láta hrynja mola af allsnægtaborði sínu, tiltekið hlutfall af hverjum hundrað krónum sem við vinnum okkur inn. Mjög breið samstaða var um málið sem var samþykkt hér í formi þáltill. á Alþingi 28. maí 1985. Var samþykkt einróma af þeim hv. þm. sem þá áttu hér sæti sem þá, eins og á öllum öðrum tímum, voru að sjálfsögðu kjörnir fulltrúar þjóðarinnar. Það er því ekki hægt að líta öðruvísi en svo á að mjög breið samstaða sé um þetta mál. Hins vegar þegar kemur að efndum á þessu loforði stöndum við frammi fyrir hörmulegum staðreyndum sem eru til skammar fyrir okkur og hafa vakið tortryggni annarra þjóða um raunverulegan hug okkar gagnvart þróunarlöndunum.

Kvennalistakonur hafa ævinlega flutt brtt. við fjárlög um hækkun framlaga til þróunarhjálpar. Við reyndum að finna flöt á því hvernig við gætum gert það nú en ákváðum að gera það með sama hætti og í fyrra, að einbeita okkur að hjálp til kvenna. Eins og ég gat um áðan notuðum við sem viðmiðun að konurnar í UNIFEM fái 20% af þeirri heildarupphæð sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að renni til þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér hluta úr bréfi, sem hv. þm. barst á dögunum frá Íslandsdeild UNIFEM. Það varpar ljósi á stöðu kvenna í þróunarlöndunum og vil ég nota það hér sem rökstuðning fyrir tillögu okkar. Þar segir:

„Konur í þróunarlöndunum sjá um meginhluta þeirra starfa sem þar eru unnin til að framfleyta fjölskyldunni. Í sumum ríkjum er orsaka þess að leita í því að karlar verða að fara til annarra héraða til vinnu en víða er ástæðan einfaldlega sú að samkvæmt aldagömlum hefðum þykir það lítillækkandi fyrir karla að bera byrðar og sinna akuryrkju eða heimilisstörfum. Þrátt fyrir breytta tíma og minnkandi kynflokkaerjur eru þeir víða enn aldir upp til þess eins að stunda hermennsku. Hin síðari ár hafa áherslur í þróunaraðstoð breyst verulega. Nú er yfirleitt tekið tillit til hefða og menningar þeirra svæða sem njóta aðstoðarinnar. Í kjölfar þessara breyttu áherslna hefur mönnum skilist að lykillinn að góðum árangri liggur oftar en ekki í því að ná til kvennanna á viðkomandi svæði, enda hafa þær vegna stöðu sinnar betri skilning á því hvar hjálp kæmi sér best. Þá má benda á að ríkisoddvitafundur Sameinuðu þjóðanna 1990 lagði áherslu á að staða kvenna á öllum sviðum yrði styrkt því það muni koma börnum heims til góða. UNIFEM, þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, var stofnaður af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1976. Meginviðfangsefni UNIFEM er að gera konum í þróunarlöndunum kleift að afla sér þekkingar og útvega konum lán, tæki og áhöld til að auðvelda þeim störfin. Einföld tæki og lítill tilkostnaður hefur oft valdið straumhvörfum í lífi þessara kvenna og fjölskyldna þeirra. Þróunarsjóðurinn er eingöngu myndaður með frjálsum framlögum. Hæstu framlögin koma frá aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna en árið 1988 styrktu alls 103 ríki starfsemi sjóðsins. Einnig eru styrktarfélög starfandi víða um lönd. UNIFEM á Íslandi var stofnað 18. des. 1989 en þá voru liðin tíu ár frá því að alþjóðasamningurinn um afnám alls misréttis gegn konum var samþykktur."

Ég vildi með þessu, virðulegi forseti, benda á mikilvægi þess að þróunaraðstoð beinist að því að gera þá einstaklinga sem í þessum löndum búa sjálfbjarga. Það gefur auga leið af því sem hér hefur verið sagt að hjálp til kvenna nýtist mörgum og hver króna sem varið er til hjálpar við konur nýtist líka mjög vel.

Ég vil einnig nefna annað vandamál sem ekki er oft talað um hér á Íslandi. Það er ljóst að einmitt vegna skorts á fræðslu og heilsugæslu herja ýmsir sjúkdómar á fólk í þróunarlöndunum sem við erum löngu laus við. En sá sjúkdómur sem vofir yfir mannkyninu núna er eyðni sem ég vil aðeins gera að umræðuefni hér. Eyðniplágan herjar nú mjög á þróunarlöndin og á sumum svæðum er svo komið að stór skörð eru höggvin í ákveðna aldurshópa og æ fleiri börn fæðast með eyðniveiruna. Ég tel því lykilatriði að reynt verði að ná til kvenna og þær fræddar og styrktar til þess að standa á eigin fótum.

Þá vil ég næst víkja að 6. lið á þskj. 300. Þar er lagt til að við liðinn Félagsmál, ýmis starfsemi verði hækkuð upphæð til Kvennaathvarfs. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir 10 millj. 210 þús. kr., en við gerum tillögu um að sú upphæð verði hækkuð upp í 14,1 millj. kr. með tilliti til þeirrar beiðni sem hv. fjvn. hefur borist frá Kvennaathvarfinu. Ég vil aðeins rifja upp að Kvennaathvarfið í Reykjavík var stofnað 6. des. 1982 fyrir

konur og börn þeirra sem flýja þurftu heimili sín vegna andlegs og/eða líkamlegs ofbeldis. Því miður hefur komið í ljós að tilvera Kvennaathvarfsins er nauðsynleg og hefur þörfin fyrir það farið vaxandi.

Um þetta leyti í fyrra höfðu 156 konur leitað til Kvennaathvarfsins með börn sín. Nú er þessi tala komin upp í 168 og dvalardagar fyrstu tíu mánuði ársins voru 865. Þess má geta að um 30% kvennanna komu frá byggðarlögum utan höfuðborgarsvæðisins.

Það er ljóst að ofbeldi fer vaxandi og það er einn svartasti bletturinn á þjóðfélagi okkar. Árið 1989 hringdu 200 manns til Kvennaathvarfsins til að biðja um upplýsingar og aðstoð. Fólk spyr um sifjaspell, kvennaráðgjöf og allt mögulegt. Flestir hringja bara til að fá ráð og huggun. Á þessum tíma í fyrra, þegar við ræddum um fjárlagafrv., höfðu 794 hringt í Kvennaathvarfið á móti 200 árið áður og segir það sína sögu. En sú saga sem okkur birtist nú er enn hörmulegri því að símtölin eru nú orðin 1610 þrátt fyrir aukna þjónustu með tilkomu Stígamóta sem stofnuð voru sl. vor. Það er ljóst að hér er um að ræða alvarlegt vandamál sem hefur verið dulið í þjóðfélaginu. Það er ljóst að á erfiðum tímum í efnahags- og atvinnulífi má samkvæmt reynslunni búast við að ofbeldi færist enn í vöxt.

Sá styrkur sem samtök um Kvennaathvarf sækja um til ríkisins nemur 70% af rekstrarkostnaði þeirra. Afgangurinn kemur frá sveitarfélögum eða frjálsum framlögum einstaklinga. Sá styrkur sem sótt er um til opinberra aðila er einungis til rekstursins, það eru laun starfskvenna, launatengd gjöld, matur, hiti, rafmagn, sími og annað sem til dagslegs reksturs heimilisins heyrir. Dvalarkonur sjá sjálfar um húshaldið, um matseld, þvotta og þrif. Hús athvarfsins er keypt fyrir frjáls framlög almennings, fyrirtækja og félagasamtaka og sama gildir um allt viðhald hússins sem byggt var skömmu eftir aldamót. Opinberir aðilar hafa ekki lagt fram eina einustu krónu til þess hluta rekstursins sem heyrir til reksturs húsnæðis eða innkaupa og eðlilegs viðhalds og endurnýjunar húsbúnaðar. Í beiðni Kvennaathvarfsins nú kemur fram að þörfin fyrir viðhald og umbætur eykst. Næstum árlega þegar gjafafé þverr stendur Kvennaathvarfið frammi fyrir lokun vegna skorts á rekstrarfé. Því er mjög brýnt að séð verði til þess að rekstur þess verði tryggður til frambúðar.

Ég vil vekja athygli á því að það er einkennandi fyrir allt starf Kvennaathvarfsins að þar eru gerðar raunhæfar áætlanir sem standast. Sú beiðni sem nú liggur frammi frá Kvennaathvarfi hljóðar upp á 70% af rekstrarkostnaði, eins og ég gat um áðan, auk 2 millj. kr. sem þær höfðu gert sér vonir um að fá á fjáraukalögum sem flutt voru hér á dögunum en sú upphæð var nauðsynleg til að endar næðu saman þetta árið.

Þar sem við vitum að allar áætlanir og beiðnir Kvennaathvarfsins hafa verið vel ígrundaðar og sniðnar að því allra nauðsynlegasta til að halda þessu mikilvæga starfi gangandi, þá skora ég á hv. þm. — og harma auðvitað að þeir skuli ekki vera hér fleiri — að skoða hug sinn vel þegar þessi tillaga kemur til atkvæðagreiðslu. Vænti ég þess að hv. þm. sjái sér fært að styðja hana þar sem, eins og fram hefur komið í máli mínu, þetta er fyrir algerum frumþörfum þessarar stofnunar.

Ég vil þá næst víkja að 3. lið brtt. á þskj. 300. Ég minntist í upphafi máls míns á hinn mikilvæga þátt kvenna í varðveislu menningarinnar. Við kvennalistakonur hefðum svo sannarlega getað hugsað okkur að flytja brtt. um hækkuð framlög til menningarmála og höfum oftast áður lagt fram brtt. um tvöföldun á framlagi til þessa málaflokks. Það hefðum við að sjálfsögðu gjarnan viljað nú og hefði ekki veitt af miðað við þá útreið sem menningarmálin fá í frv. og þá óvissu sem ríkir t.d. varðandi áframhaldandi starf Íslensku óperunnar. Í samræmi við það sem ég hef áður sagt ákváðum við þó að fara aðra leið nú. Við leggjum áherslu á einn þátt menningarinnar sem oft er rætt um að þurfi að efla en manni kemur í hug að það sé helst í hátíðarræðum. Mikið er rætt um að það þurfi að efla verkmenntun þjóðarinnar. Verk- og listgreinar hafa algerlega setið á hakanum í skólakerfinu eins og dæmin sanna í skýrslu þeirri sem við kvennalistakonur báðum um á þessu kjörtímabili. Þar kemur í ljós að það er víða pottur brotinn og þessi kennsla látin sitja á hakanum. En nú er um það rætt að auka kennslu í verk- og listgreinum um leið og skóladagur yngstu grunnskólabarnanna verður lengdur.

Í Heimilisiðnaðarskóla Íslands er starfandi fólk sem heldur námskeið í því skyni að kenna öðrum gömul íslensk vinnubrögð og þróa þau áfram og er með því að varðveita þennan mikilvæga og dýrmæta þátt menningar okkar. Vegna fjárskorts hefur skólinn ekki getað staðið fyrir slíkum námskeiðum utan höfuðborgarsvæðisins en það er ljóst að úti um landið býr margt fólk sem enn þá kann gamla íslenska handbragðið, kann að vinna úr hráefni sem lítt eða ekki er notað lengur. Fólk sem t.d. kann að vinna íslensku ullina og elta steinbítsroð, svo að dæmi séu tekin. Að undanförnu eru menn farnir að nýta þorskroð í æ ríkara mæli í tískufatnað. Trúi ég að við gætum átt möguleika á að skapa okkur atvinnu með því að nýta það hráefni sem við höfum svo mikið af.

Aðalmarkmiðið með tillögu okkar um heimilisiðnaðarráðgjafa er þó fyrst og fremst að stuðla að varðveislu þessa mikilvæga þáttar í menningu okkar en við vitum að þróun og varðveisla verkmenningarinnar leiðir að öllum líkindum til þess að einhverjir muni geta skapað sér atvinnu, ekki síst konur í dreifðum byggðum landsins þar sem atvinnulíf er fábreytt. Vil ég minna á tillögu sem varaþingkona mín, Snjólaug Guðmundsdóttir, flutti fyrr í haust um að stofnað verði embætti heimilisiðnaðarráðgjafa. Þar er gert ráð fyrir að á vegum hins opinbera starfi heimilisiðnaðarráðgjafi sem hafi það verkefni að fara um landið, kanna stöðu heimilisiðnaðarins, halda námskeið og aðstoða fólk við gerð og hönnun minjagripa svo og markaðssetningu þeirra.

Það er margt sem við höfum vanrækt í menningu okkar en við vildum með þessari tillögu leggja sérstaka áherslu á þennan þátt. Ég vil benda á að við höf-

um gert margt alrangt að mínu mati varðandi íslenska verkmennt. Ég get ekki séð að það sé lausn á vanda ullariðnaðarins að flytja stærstu verksmiðjuna stöðugt milli Norður- og Suðurlands. Það eru aðrir þættir sem þarf að taka á. Það eru grundvallaratriði sem snerta vinnslu hráefnisins sjálfs. Það er einmitt á þeim vettvangi sem handverksfólk, sem kann okkar gömlu vinnubrögð, og þau vinnubrögð þurfa sem flestir að hafa tækifæri til að læra, það er á þessum vettvangi sem það fólk sem kann þessi vinnubrögð getur hjálpað okkur við að halda þessum þætti menningarinnar hér með okkur. En það verður fyrst og síðast menningin sem ræður hvort okkur tekst að halda sjálfstæði okkar sem þjóð, hvort sem er á sviði verkmenntunar eða annarrar listastarfsemi.

Virðulegur forseti. Síðasta brtt. á þskj. 300 sem ég mæli hér fyrir varðar Háskóla Íslands og er 2. liðurinn. Ég vil aðeins hafa smáformála að þeirri tillögu. Með aukinni menntun kvenna gefur auga leið að fleiri og fleiri konur hasla sér völl á vettvangi vísindarannsókna af öllu tagi. Eitt það ánægjulegasta, og það sem víða um lönd eru bundnar miklar vonir við, er það nýja og ferska sem konur bera með sér inn á svið vísindanna.

Á undanförnum árum hefur verið mikil gróska í svokölluðum kvennarannsóknum víða um lönd og vísir að slíkri stofnun hefur verið starfandi við Háskóla Íslands undanfarin ár. Sú viðurkenning sem vísindakonum við Háskóla Íslands hefur verið sýnd með smástyrk á fjárlögum undanfarin ár hefur verið afar hvetjandi fyrir þær íslensku konur sem að kvennarannsóknum vinna og gert þeim kleift að koma með ný viðhorf og viðfangsefni inn í vísindin. Eru bundnar miklar vonir við framlag kvenna sem hafa með rannsóknum sínum sýnt að þær hafa aðra sýn á viðfangsefnin en hingað til hefur þekkst og því ástæða til að ætla að rannsóknir þeirra leiði okkur inn á áður ókunnug svið. Það munu hafa orðið mistök í sambandi við beiðni þeirra sem átti að berast ásamt beiðnum Háskóla Íslands til hv. fjvn. en Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands var formlega stofnuð 7. mars sl. með reglugerð frá menntmrn.

Mig langar, til að skýra það hvers vegna beiðni þeirra kom ekki fram á tilsettum tíma, að lesa bréf sem öllum fulltrúum í fjvn. hefur verið sent vegna þessa máls og mun það skýra hvers vegna ég flyt þessa tillögu hér um að framlag til sérstofnana Háskólans verði hækkað um þau 400 þús. kr. sem þær fara fram á. En hér segir, með leyfi forseta:

„Við undirritaðar sem sitjum í stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands viljum fara þess á leit við fjvn. Alþingis að veittar verði 400 þús. kr. til reksturs stofnunar á fjárlögum fyrir árið 1991.

Eins og fram kemur í hjálögðu bréfi til menntmrn. frá 16. júlí sl. var fyrsta stjórn stofunnar skipuð af háskólaráði þann 14. júní sl. Þá þegar var of seint að koma fjárbeiðnum inn í fjárlagabeiðni Háskóla Íslands fyrir árið 1991. Í samráði við fjármálastjóra Háskólans, Gunnlaug Jónsson, var því ákveðið að skrifa menntmrn. beint í von um fjárveitingu til stofunnar þannig að hægt yrði að koma lágmarksrekstri af stað. Ráðuneytið afgreiddi þessa beiðni sem og aðrar á þann hátt að veitt var heildarfjárhæð á fjárlögum til allra stofnana Háskólans. Til þess var síðan ætlast að háskólayfirvöld ráðstöfuðu fénu.

Í samtali við rektor Háskóla Íslands hefur hins vegar komið fram að hann telur ekki mögulegt að verða við beiðni okkar þar sem hún hafi borist of seint og fénu sé þegar ráðstafað. Því snúum við okkur til fjvn. Alþingis í von um að enn sé svigrúm til að leysa þetta mál. Við viljum taka fram að þrátt fyrir fjárskort hefur stjórnin þegar hafið störf. Haldnir hafa verið tíu stjórnarfundir þar sem unnið hefur verið að áætlun um víðtæka starfsemi á vegum stofunnar. Höfum við í hyggju að halda ráðstefnu nk. haust um kvennarannsóknir á Íslandi og í kjölfar hennar vonumst við til að geta gefið erindin út. Teljum við að mikill fengur verði að slíku riti, bæði fyrir kennslu í kvennafræðum og ekki síður til að stuðla að samstarfi og upplýsingastreymi milli hinna ýmsu fræðisviða. Einnig vinnum við að undirbúningi fyrir gagnasafn um kvennarannsóknir á Íslandi. Er það verkefni knýjandi þar sem okkur berast margar fyrirspurnir, sérstaklega erlendis frá, um stöðu þeirra. Sem stendur vinnum við að því að skapa betri aðstöðu til fræðistarfa.

Nýverið barst okkur gjöf frá norska vísindaráðinu, NAVF, tímaritið „Litt om kvinneforskning" frá upphafi auk ýmissa annarra rita um kvennafræði. Vonumst við til að gera verulegt átak á næsta ári við að byggja upp tímarita- og bókakost í kvennafræðum.

Eins og fram kemur í fjárhagsáætluninni er sú fjárhæð sem sótt er um ætluð sem stofnkostnaður fyrir skrifstofuaðstöðu auk þess að greiða laun starfsmanns í 25% starfi. Teljum við þetta lágmark til að koma starfseminni af stað."

Ég tel, hæstv. forseti, að þetta skýri beiðnina. Þetta bréf var sent til hv. fjvn. 6. des. sl. og er eins og ég sagði nokkuð seint fram komið vegna þess að það hefur fallið einhvers staðar á milli á ferð sinni frá menntmrn. og til Háskóla Íslands. Vona ég að hv. þm. taki það til skoðunar og verði reiðubúnir til að styðja þessa hæversku beiðni um 400 þús. kr. framlag til þessarar nýju rannsóknastofu Háskólans. Legg ég áherslu á mikilvægi þess að einmitt þegar verið er að stofna slíka stofu þá er auðvitað vonlaust að gera það án þess að til komi einhverjir aurar, en ég tel að hér sé einmitt um aura að ræða.

Virðulegi forseti. Þær brtt. sem ég hef nú mælt fyrir fyrir hönd þingflokks Kvennalistans eru engan veginn tæmandi eins og ég gat um í upphafi máls míns. Þetta eru hins vegar dæmigerðar tillögur fyrir þann málstað og þær áherslur sem við leggjum hér á Alþingi, þ.e. að bæta stöðu kvenna og barna og þeirra sem minnst mega sín og á ég þar við konur og börn í þróunarlöndunum. Ég vil einnig geta þess hér að við flytjum ekki sérstakt tekjuöflunarfrumvarp með þessum tillögum nú en það höfum við gert áður hér á hv. Alþingi. Tel ég ekki ástæðu til að fara að tíunda þær, en ítreka það enn og aftur að þessar tillögur eru dæmi um stefnu okkar. Vona ég að ég megi vænta góðs

stuðnings hv. þm. við þær.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að jólin eru að ganga í garð. Við sjáum hina ýmsu boða jólanna. Jólatréð er komið upp á Austurvelli. Forustumenn borgarstjórnar eru búnir að kveikja á því ljósin, fjárlagaræðan er byrjuð á Alþingi og Pálmi Jónsson er kominn í bæinn af fjöllum með fjárlagaræðuna sína eitt skiptið í viðbót. Raunar er kannski rangt að segja fjárlagaræðuna sína því að þeir sem muna tímana tvenna hér í kringum Alþingi þekkja að þetta er sama ræðan og Jón Þorláksson flutti á sínum tíma fyrir 46 árum. Er þetta því í 46. skipti sem þessi ræða er flutt á Alþingi, núna af Pálma Jónssyni, og má því með sanni segja að Jón Þorláksson sé maður dagsins í dag. Pálmi Jónsson ætti hins vegar að fá viðurkenningu frá umhvrn. fyrir endurnýtingu á fjárlagaræðum betur en aðrir menn hafa gert til þessa og sýnir lofsvert framtak til eftirbreytni fyrir komandi talsmenn minni hl. Sjálfstfl. í fjvn. sem hér verða væntanlega um ókomin ár. En við skulum ekki eyða miklum tíma í þetta, það fer að styttast í kvöldmat og þess vegna langar mig aðeins að hlaupa yfir nokkra þá liði í fjárlögum þar sem vel hefur verið gert.

Við höfum heyrt hér klukkustundum saman það sem stjórnarandstaðan telur miður vera í fjárlögunum, en samt er nú alltaf eitthvað gott gert á milli ára og vil ég leyfa mér að hlaupa hér yfir, stikla á stóru í þrem stökkum yfir lækinn.

Í menntamálum er þar fyrst að telja að gert er vel við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Fjölbrautaskólann við Ármúla, Stýrimannaskólann, Iðnskólann, Hótel- og veitingaskóla Íslands, Sjómannaskólahúsið, og fleiri skóla reyndar, sem tryggir það að sú grundvallarmenntun, sem við ætlum að treysta á næstu ár og á að taka við þeirri fjölgun sem kemur út á vinnumarkaðinn, sé fyrir hendi. Að verkmenntuninni og fagkennslunni í landinu er sæmilega búið. Einnig er gert vel við Landakotsskóla, Suðurhlíðaskóla og fleiri skóla á barnaskólastigi.

Af menningarmálum má geta líka að Safnahúsið við Hverfisgötu fær viðhaldspeninga og er ekki ráð nema í tíma sé tekið að húsum sé haldið við áður en þau grotna niður og kosta okkur milljarð til tvo eða þrjá pr. hús fyrir þjóðfélagið að laga.

Kvikmyndasafn Íslands fær pening, Blindrabókasafnið, Sinfóníuhljómsveit æskunnar, Myndlistarskólinn í Reykjavík og Æskulýðsráð ríkisins til sinnar starfsemi. Æskulýðssamband Íslands fær hækkað framlag, Ungmennafélag Íslands, Bandalag ísl. skáta, Íslenskir ungtemplarar, KFUM — og hér er nýr liður, sr. Friðriks-kapella fær myndarlegt framlag til þess að ljúka byggingu á því mannvirki í nafni þessa merka og ástsæla leiðtoga æskulýðs og fleiri hópa í þjóðfélaginu.

Íþróttasamband Íslands fær aukið framlag og sömuleiðis Ólympíunefndin og Skáksamband Íslands líka vegna húsnæðis síns hér í Reykjavík. Sömu sögu er að segja um Landssamband hjálparsveita skáta sem fær aukið framlag og ekki gleymast utanríkismálin. Þar eru hin ýmsu mál tekin á dagskrá, þar á meðal samskipti við Vestur-Íslendinga sem er hið þarfasta mál.

Um landbúnaðinn vil ég hafa sem fæst orð því að yfirleitt verður mér bumbult þegar ég hugsa um þá peninga sem þar renna í gegn, en þó vil ég stöðva aðeins við skógræktarmálin. Skógræktin og Landgræðslan fá hér ágæt framlög til þess að halda áfram því starfi uppbyggingar og ræktunar sem hafið er svo að við getum goldið landinu fósturlaunin fyrr eða síðar.

Fangelsismálastofnun fær framlag og vinnuhælið að Litla-Hrauni, Almannavarnir ríkisins, og biskup fær framlag fyrir sérstök verkefni vegna 1000 ára afmælis kristnitöku í landinu, en kirkjan ákvað að minnast þeirra tímamóta, ekki með því að reisa stórt guðshús heldur með því að byggja upp safnaðarstarf hringinn í kringum landið og hefur verið ráðinn til þess sérstakur erindreki sem núna er festur í sessi á fjárlögum. Þá er merkileg nýbreytni hjá kirkjunni sem er ráðgjöf í fjölskyldumálum og má segja að það séu orð í tíma töluð því að oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn. Efnahagsástandið sem núv. ríkisstjórn tók í arf hefur því miður leitt til þess að gjaldþrot eru aldrei fleiri en nú og ekki veitir af því að hjálpa því fólki sem á í vök að verjast vegna fjármálanna og þeirra fylgikvilla sem fylgja peningalegri upplausn, gjaldþroti og öðru á heimilum.

Eins hækkar framlag til Hallgrímskirkju og málefna fatlaðra. Sambýlið Austurbrún 17 fær myndarlegan pening vegna þess vandræðaástands sem þar hefur ríkt. Styrktarfélag vangefinna fær pening vegna vinnustofunnar sem rekin hefur verið hér í Reykjavík. Skálatúnsheimilið í Mosfellsbæ, Sólheimar og Tjaldanesheimilið, þessi þrjú heimili fá myndarlegt framlag. Slysavarnafélagið fær hækkað framlag, endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Hjarta- og æðaverndarfélag Akureyrar, Hjartavernd og héraðslæknirinn eða borgarlæknir í Reykjavík. Þroskaþjálfaskólinn og Samhjálp hvítasunnumanna, Stórstúka Íslands og fleiri aðilar fá hér einnig töluverða hækkun á sínum framlögum.

Þá eru hér lagðir peningar til mengunarvarnabúnaðar í sjó, loftferðaeftirlits, tilkynningarskyldu íslenskra skipa, Slysavarnaskóla sjómanna og stuðningur er hér veittur við skipasmíðaiðnaðinn samkvæmt ákveðnu verkefni, iðnþróunar- og markaðsmál hækka og verkefnið Málmur 92 sem er samstarfsverkefni margra.

Virðulegi forseti. Ég hef hér talið upp nokkuð af því sem vel hefur verið gert í fjárlögum. Ég vil þó ekki láta hjá líða að minnast á einn þátt fjárlaganna. Hér hefur verið lagt fram hvert erindið á fætur öðru sem kallar á útgjöld úr ríkissjóði án þess að á móti hafi verið sýnt fram á hvar eigi að taka tekjur til að mæta þessum útgjöldum. Ég hef því í dag lagt fram brtt. við 18. gr. laga um þingsköp þar sem segir að ekki megi taka á dagskrá mál sem kallar á útgjöld úr ríkssjóði nema flm. bendi á tekjur að sama skapi. Ég hef hér fyrir framan mig brtt. frá Kvennalistanum sem er gott dæmi bæði um þessi röngu vinnubrögð og svo alveg einstakt misrétti. Hér eru sex liðir sem allir kveða á um

sérréttindi kvenna umfram karlmenn í þjóðfélaginu, alls upp á rúmar 400 millj. sýnist mér, og hvergi er getið um að það þurfi nokkra peninga til að mæta öllum þessum útgjöldum.

Virðulegi forseti. Eins og ég lofaði í upphafi þá skal ég hafa hratt á hæli hér í ræðustóli og ég þakka gott hljóð og kveð.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það breytast siðirnir. Klukkan er orðin 7 að kvöldi. Umræður halda hér áfram þó svo að komið sé fram yfir þann fundartíma sem venja er til að fresta umræðum fram á kvöld.

Það er nú svo að þeir sem stjórna þessari stofnun hér, og ég tala nú ekki um Stjórnarráðinu, eru smátt og smátt að reka sig á að þingmenn telja ekki ástæðu til þess að hreyfa hér athugasemdum þar sem þeir ráðherrar sem maður þarf að tala við eru fjarverandi. Ég á erindi við hæstv. samgrh. Hann er ekki í húsinu. Ég á erindi við hæstv. menntmrh. Hann er heldur ekki í húsinu. Sennilega er ætlast til þess að við 2. umr. fjárlaga fái þingmenn ekki tækifæri til þess að ræða jafnvel um erindi sem þeir hafa sjálfir sent inn í fjvn. með öðrum þingmönnum kjördæmis og varða það frv. sem hér liggur fyrir.

Nú er svo komið að óbreyttir þingmenn mega ekki spyrja einstaka nefndarmenn í fjvn. hvað málum líði. Formaður nefndarinnar bannar það að láta í té slíkar upplýsingar. Og það er komið svo að einstakir ráðherrar sjá ekki ástæðu til að sitja hér, enda hefur úrskurður forseta fallið um það að ástæðulaust sé fyrir einstaka þingmenn að spyrja ráðherra eða ríkisstjórn um upplýsingar um eitt og annað vegna þess að slíkt séu vinnuplögg og innanhússplögg ráðuneytis sem þingmenn hafi ekkert við að gera. Þannig er nú komið fyrir virðingu þessarar stofnunar sem við erum hér staddir í núna. Það er nú svo.

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort það hefur einhverja þýðingu að vera að standa hér í stólnum. Það hefur ekki borið árangur fram að þessu að hreyfa athugasemdum í þessari stofnun. Ég get því gert það að þessu sinni kannski að skrifa þessum mönnum til bréf þannig að athugasemdir mínar komist á framfæri. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem ekki ganga. Það er augljóst mál.

Það hefur verið svo í þeirri þingnefnd sem ég hef starfað í, fjh.- og viðskn., að tekið hefur verið vel við ýmsum spurningum sem ég hef hreyft í sambandi við eitt og annað sem varðar bæði fjárlög og eins lánsfjárlög og má vera að hægt sé að reka málið frá þeim vettvangi. En með hliðsjón af því að hugmyndin með stjórn þingsins er ekki sú að þingmenn fái tækifæri til að láta í ljós sínar skoðanir og álitamál, hvort rétt sé að hafa enn aðrar aðferðir. Ég er nú að hugsa um að hafa ekki þann hátt á, heldur óska eftir því að náð sé í menntmrh. þannig að ég geti beint mínum fyrirspurnum til hans og óska eftir því að gera hlé á ræðu minni þangað til hann verður kominn hér í salinn. Ég óska einnig eftir því að fá hæstv. samgrh. hér í salinn. (**Forseti:** Forseta þykir rétt að upplýsa hv. 2. þm. Norðurl. e. um það að hann er síðastur á mælendaskrá og stutt síðan hann kom á mælendaskrá þannig að það var útlit fyrir að þessum fundi lyki og ekki yrði þörf á kvöldfundi. En nú er sá forseti sem hér svarar í augnablikinu aðeins varaforseti og veit því ekki hvað aðalforseti vill gera í þessum efnum, hvort það verður þá nauðsynlegt að boða til kvöldfundar ef sækja á tvo hæstv. ráðherra. Ég verð að biðja hv. 2. þm. Norðurl. e. að hafa biðlund á meðan sú sem hér er í forsæti ber sig saman við forseta Sþ.)

Hæstv. forseti. Ég hef ekki vitað til þess áður að það séu vandræði í kringum það í sambandi við 2. umr. fjárlaga að þingmenn geti spurt einfaldra spurninga um það hvernig mál gangi í nefndinni. Við þingmenn Norðurl. e. höfum skrifað fjvn. bréf og ég get ekki skilið hvaða vandamál þetta er. Ég hef ekki verið með neinar málalengingar hér. Ég hef óskað eftir því að fá að segja hér nokkur orð og fá svarað fyrirspurn og ég óska eftir því að það verði gert hlé á þessum fundi þannig að mér gefist tækifæri til að tala við ráðherra um þetta mál. Þetta er afskaplega einfalt. (**Fjmrh.:** Má ekki spyrja fjmrh. og vita hvort hann getur svarað spurningunni?) (**Forseti:** Forseti var aðeins að óska eftir því að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefði biðlund meðan varaforseti kannaði það hvort ástæða væri til að fresta þessum fundi á meðan verið er að sækja hæstv. ráðherra sem ekki eru í húsinu og hv. þm. óskar eftir að fá að tala við. Vill hv. þm. fresta ræðu sinni á meðan?)

Hæstv. forseti. Ég skil ekki enn þetta vandamál. Það er venja að hæstv. fjmrh. svari þeim athugasemdum sem fram koma við 2. umr. fjárlaga. Hann hefur enn ekki tekið til máls. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er næstur á mælendaskrá.) Er hæstv. forseti að óska eftir því að ég gangi úr ræðustóli? (**Forseti:** Ekki var forseti að óska eftir því, aðeins að benda hv. 2. þm. Norðurl. e. á að forseti gæti ekki svarað því hvort takist að ná í þessa tvo hæstv. ráðherra sem hann óskaði eftir þar sem þeir eru ekki staddir í húsinu. Þess vegna veit forseti ekki hvað það tekur langan tíma og spurði hv. þm. hvort hann vildi hafa biðlund á meðan forseti kannaði það. Það voru einungis þær óskir sem forseti bar fram.)

Herra forseti. Ég óskaði eftir því að hæstv. menntmrh. kæmi hingað. Ég hélt satt að segja að það væri almenn venja fyrir því við fjárlagaumræðu að þingmaður hefði rétt til þess að fá ráðherra hingað og ef þeir eru ekki í þingsalnum, þá fengju menn að gera hlé á ræðu sinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það var nákvæmlega það sem forseti var að bjóða hv. þm. upp á og forseti hefur nú þegar beðið um að það verði kannað hvort hægt er að ná í þessa tvo hæstv. ráðherra sem hv. þm. bað um, en á meðan það er kannað tekur hæstv. fjmrh. til máls um þingsköp.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. 2. umr. fjárlaga hefur nú staðið hér lengi dags og með hefðbundnum hætti hafa fulltrúar

flokkanna allir talað í þessari umræðu. Ég hugsa nú að flestir fulltrúar í fjvn. séu ekki lengur hér í húsinu, enda hafði mælendaskrá verið óbreytt klukkutímum saman þar til hv. þm. Halldór Blöndal kvaddi sér hjóðs.

Ég vil nú beina þeirri vinsamlegu spurningu til hv. þm. Halldórs Blöndals hvort ekki væri hægt að bera upp þær spurningar sem hann ætlaði að bera hér upp nú þannig að kanna megi hvort fjmrh. getur svarað þeim eða ekki. Ég held að hæstv. menntmrh. og hæstv. samgrh. séu báðir það langt undan að það muni taka langan tíma að óska eftir því að þeir komi hingað til fundar þannig að ef eigi að verða við þeirri ósk þurfi að fresta fundi hér alllanga hríð og rugla þá dagskrá sem búið var að koma sér saman um, að atkvæðagreiðsla um fjárlög hæfist hér kl. 11 í fyrramálið, en mikill fjöldi þingmanna mun miða verk sín við þá ákvörðun.

Ég vildi þess vegna spyrja hv. þm. hvort ekki sé hugsanlegt að annaðhvort beini hann spurningu sinni til fjmrh. eða bíði með spurninguna til 3. umr. þar sem öll mál sem menn á annað borð vilja taka upp er hægt að taka upp við 3. umr. Ég heiti því að beita mér fyrir því að hv. þm. fái góða greinargerð um þau atriði sem hann er að leita eftir svörum við.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en hv. 2. þm. Norðurl. e. tekur til máls um þingsköp vill forseti upplýsa það að nú þegar hefur náðst símasamband við hæstv. samgrh. og hann telur sig geta verið kominn hér eftir 10 mín. eða svo. En ekki hefur enn þá tekist að ná í hæstv. menntmrh. þannig að forseti getur ekki svarað því á þessari stundu hvort hann getur komið hér í húsið á næstu mínútum, en væntanlega verður það ljóst innan skamms.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja það að mér kemur mjög á óvart þessi mikla áhersla sem lögð er á það að ljúka hér þingfundi kl. 7. Auðvitað verða umræður um fjárlög að ganga sinn gang og það verkar eins og það sé eitthvað hálfpartinn uppáþrengjandi ef þingmaður óskar eftir að fá að tala hér í 10 mín. málefnalega um frv. til fjárlaga og fá svar við skriflegum bréfum sem hafa verið send fjvn., óskar eftir að fá að ræða við þá ráðherra sem málið heyrir undir. Þetta er mikilvægasta mál þingsins að sumu leyti og við vitum það að ekki er hægt að koma við breytingum á fjárlagafrv. nema meiri hl. fjvn. taki þær upp milli 2. og 3. umr.

Ég vil í annan stað gagnrýna það sem ég hef gagnrýnt áður hér úr þessum stóli og það er sú ákvörðun forseta Sþ. að ætla þingmönnum það fyrir fram hvenær þeir vilji ljúka umræðu. Samkvæmt okkar starfsvenjum er fundarhlé gert kl. 7. Menn hafa gert ráðstafanir og menn eru kannski bundnir í kvöldmat. Á hinn bóginn eru þingmenn, þegar rætt er um fjárlög, viðbúnir því að mæta eftir kvöldmat, þannig að ég skil ekki þetta háttalag.

Ég vil svo í þriðja lagi svara kurteislegri ábendingu fjmrh. með því að segja að það er kannski eina ráðið til þess að maður fái samband við þá sem ráða hér húsum og standa ábyrgir gagnvart nefndum þingsins og Alþingi að skrifa þeim bréf í staðinn fyrir að koma með fyrirspurnir hér í þinginu. Auðvitað er svigrúm til þess að ná í ráðherra og stefna þeim hingað klukkan hálfníu í kvöld. Auðvitað er svigrúm til þess. Og auðvitað hefði mátt búast við því að umræður gætu orðið um ræðu hæstv. fjmrh. ef menn byggjust við því að ræðan hefði innihald. En það má á hinn bóginn vera svo að við því sé ekki búist. En úr því að hæstv. fjmrh. biður svona kurteislega um þetta þá skal ég verða við þessari beiðni hans, að senda ráðherrunum bréf í staðinn fyrir að ávarpa þá hér í húsinu eins og rétt er samkvæmt þinglegum vinnubrögðum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil undir lok þessarar umræðu þakka fjvn. fyrir þau störf sem hún hefur innt af hendi til að undirbúa fjárlagafrv. til 2. umr. Þessi tími hefur verið mikill annatími hjá fjvn., hún hefur auk þessa frv. haft til meðferðar fjáraukalagafrv. sem samþykkt var hér fyrir nokkru síðan. Ég tel einnig að fjvn. hafi haldið vel á málum og sýnt aðhald í ákvörðunum varðandi útgjöld. Þær tillögur sem hér eru kynntar hafa flestar verið unnar í samvinnu við fjmrn. og viðkomandi ráðuneyti og í alla staði hefur samvinna við fjvn. á þessum haust- og vetrarmánuðum verið hin ágætasta.

Ég vil einnig taka undir ýmsar þær hugmyndir sem hér hafa komið fram hjá fjárveitinganefndarmönnum um breytt vinnubrögð og nýjar áherslur í meðferð fjárlaga og ríkisfjármála hér í þinginu. Mér fannst margt sem þar kom fram sýna að hugmyndir um nýja starfshætti á þessu sviði hafa hlotið aukinn byr á síðustu mánuðum, óháð því hvar í flokki menn standa.

Það er líka vissulega rétt sem hér hefur komið fram hjá mörgum að það eru ærin vandamálin sem bíða á næstu árum, m.a. vegna þess að í góðæri fyrri tíðar tóku menn og stjórnvöld margvíslegar ákvarðanir sem byggðar voru á því að góðærin mundu halda áfram að vaxa ár af ári, skila sífellt meiri fjármunum sem hægt væri að ráðstafa. Nú hefur það hins vegar ekki gerst og erfiðir tímar eru að baki og í framtíðinni verður ærið verkefni að ráða fram úr mörgum af þeim vandamálum sem hér hafa verið tekin til umræðu.

Ég vona svo að á milli 2. og 3. umr. takist að greiða úr þeim vandamálum sem eftir eru á þann hátt að þingið geti lokið umfjöllun fjárlaga í tæka tíð fyrir jólahátíð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá eru ekki fleiri á mælendaskrá en vegna óska hv. 2. þm. Norðurl. e. um að fá hæstv. samgrh. hingað í salinn verður forseti að biðja hann um að bíða og þess vegna verður forseti að fresta þessum fundi í 5 mín. eða svo þar til hæstv. samgrh. er kominn í húsið. — [Fundarhlé.]

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

30. fundur, föstudaginn 14. des., kl. 11 árdegis.

Fjárlög 1991, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 292, 294 og 295, brtt. 107, 183, 293, 300, 302, 303.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 293,1.a–e samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 107 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 293,1.f–3 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 300,1 felld með 34:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LVJ, KE, MálmS, SkA, SV, ÞÞ, AÓB, DS, EKJ, GJH, HBl.

nei: JE, JóhS, JHelg, JK, JónS, JúlS, KSG, MF, MB, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, RA, RG, SighB, StG, StH, BVG, SvG, VS, ÞP, ÞK, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, IBA, GHelg.

KrP, ÓE, EH, FÞ, GuðmÁ, HG greiddu ekki atkvæði.

12 þm. (JSS, KP, MÁM, RH, SalÞ, BÍG, EgJ, EG, FrS, GHH, GHG, HJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur ekki verið stefna á Íslandi að byggja upp aðskilnað milli kynjanna á vinnustöðum og því verulegum vandkvæðum bundið ef breytt verður út af þeirri stefnu. Ekki verður séð að 50 millj. kr. skipti þar stóru. Það vekur undrun mína, ef á að taka upp þá stefnu, hvers vegna menn skipta þá ekki til helminga fjárveitingum til Byggðastofnunar milli karlmannsfyrirtækja og kvennafyrirtækja. Ég get ekki staðið að þessari tillögu en mér er ljóst að málefni Byggðastofnunar þurfa að koma hér inn við 3. umr. fjárlaga. Ég segi nei.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Komið hefur fram að fjárveitingar til Byggðastofnunar hafa verið skornar niður í tíð núv. ríkisstjórnar svo að fjárhagur þeirrar stofnunar stefnir í hrein vandræði. Það er því ljóst að þörf væri á að auka framlög til stofnunarinnar til þess að geta mætt miklum vanda í atvinnulífi landsbyggðarinnar. Hins vegar er óvenjulegt eða óeðlilegt að það sé gert á þann hátt að sérfjárveitingu sé ætlað að renna til atvinnulífs fyrir konur sérstaklega og ekki ráðlegt að verja fjárveitingum með kynbundnum hætti til opinberra stofnana. Ég segi því nei við þessari tillögu.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Með vísun til þess að ég hef tekið eftir því að mjög er lagt til í ákveðnum armi í flokki mínum að við tökum mjög tillit til þess sem Alþfl. gerir og að við þessa atkvæðagreiðslu hefur varamaður formanns Alþfl. sagt já við þessari tillögu, þá mun ég gera það líka. Ég segi já.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er brýnt að taka á atvinnuvanda kvenna úti á landsbyggðinni. Við kvennalistakonur höfum lagt til með frv. í Nd. Alþingis að við Byggðastofnun verði stofnuð sérstök atvinnuþróunardeild fyrir konur í því skyni að treysta búsetu kvenna á landsbyggðinni. Ljóst er að það eru ekki hvað síst konur sem flytja af landsbyggðinni um þessar mundir í atvinnuleit. Eins og hv. þm. er kunnugt um er skráð atvinnuleysi kvenna mjög mikið eða um það bil helmingi meira en karla í öllum landshlutum. Gæti það átt eftir að aukast enn ef ekki verður að gert. Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Vestf. hefur greinilega ekki, þó hann hafi sýnt örlítinn skilning á þessum vanda, fylgst með umræðunni. Með þessari tillögu er verið að leggja til að réttur verði hagur þeirra verst stöddu í atvinnumálum landsbyggðarinnar. Ekki er verið að leggja til neinn aðskilnað kynjanna á vinnustöðum, eins og hann hafði greinilega misskilið.

Ég mælti fyrir þessari brtt. í gær. Málið snýst um það að móta stefnu í atvinnumálum kvenna til þess að þær geti áfram búið á landsbyggðinni eins og þeir karlar sem þar búa. Hv. þm. ætti að vera ljóst að það er ekki síst á herðum kvenna sem byggð úti um landið hvílir. Ég segi því já.

Brtt. 293,4–5.a samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 300,2 kölluð aftur.

Brtt. 293,5.b–10.c samþ. með 41 shlj. atkv.

Liður 02-318 626 samþ. með 50 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JúlS, KSG, KrP, KE, MF, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, RA, RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, BVG, SvG, VS, ÞK, ÞÞ, AðB, AS, AÓB, ÁrnG, ÁHE, DS, EH, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GuðmÁ, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, GHelg.

MB, ÞP, IBA greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (JSS, KP, MÁM, RH, SalÞ, BÍG, EgJ, EG, GHH, HJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að mínum dómi að þessi tillaga um framlag til Verkmenntaskólans á Akureyri er a.m.k. helmingi of lág. Í von um að stjórnvöld sjái að sér og hækki þessa tillögu segi ég já.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að fjárframlög til Verkmenntaskólans á Akureyri eru of lítil eins og kom

fram hjá hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur. Á undanförnum árum hefur Verkmenntaskólinn þó fengið býsna drjúgar viðbætur við afgreiðslu fjárlaga. Þingmenn kjördæmisins hafa beitt sér fyrir því að uppbygging skólans geti átt sér stað með eðlilegum hætti og nauðsynlegum. Ég vænti þess fastlega að á milli 2. og 3. umr. um fjárlög náist fram einhverjar breytingar á þessum lið. Þangað til segi ég já.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Fyrir hönd þingmanna Norðurl. e. hef ég ritað hv. fjvn. bréf þar sem ég óskaði eftir því að þessi fjárlagaliður yrði tekinn til skoðunar með það í huga að sú fjárveiting sem frv. gerir ráð fyrir dugar aðeins til þess að greiða skuld vegna framkvæmda ársins í ár. Ef henni verður ekki breytt stöðvast framkvæmdir við þennan skóla sem nú þegar er yfirsetinn. Væri það mjög slæmt. Ég vænti þess að fjvn. taki málið til athugunar milli 2. og 3. umr. og segi því já við þessa umræðu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér gafst ekki tækifæri til þess að vekja athygli á því bréfi sem hæstv. heilbrrh. gat um hér áðan, þar sem ekki var orðið við beiðni minni um að hæstv. menntmrh. yrði við 2. umr. fjárlaga í gær. Hér voru heldur ekki staddir, þegar ég tók til máls, formaður né varaformaður fjvn. þannig að erfitt var að beina fyrirspurnum til hæstv. menntmrh. eða fulltrúa í fjvn. eins og við þingmenn Norðurl. e. kusum að bera þetta mál upp sem hæstv. heilbrrh. hefur nú gert grein fyrir. Auðvitað er það óeðlilegt að þingmenn þurfi að vekja athygli á bréfi af þessu tagi við nafnakall í atkvæðagreiðslu. Eðlilegra hefði auðvitað verið að umræðan hefði getað gengið með eðlilegum hætti í gær.

Jafnframt því sem vakin er athygli á þörfum Verkmenntaskólans á Akureyri bentu þingmenn Norðurl. e. á að fjárveiting til framhaldsskólans á Húsavík er svo skorin niður í frv. að með óbreyttu framlagi tekur tíu ár að endurgreiða greiðsluskuldbindingar ríkisins vegna stofnunar framhaldsskóla á Húsavík. Við vekjum athygli á að eðlilegt er að slík endurgreiðsla geti farið fram á 4–5 árum. Ég vil vekja athygli hæstv. menntmrh. á þessu máli og biðja hann í allri vinsemd um að beita sér fyrir því að fjvn. verði við eðlilegum óskum allra þingmanna Norðurl. e., án tillits til þess í hvaða flokki þeir eru. Ég segi já við þessum lið.

Brtt. 293,10.d–23 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 300,3 felld með 26:11 atkv.
Brtt. 293,24 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 302 kölluð aftur.
Brtt. 293,25–37 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 300,4 kölluð aftur.
Brtt. 293,49 kölluð aftur.
Brtt. 293,38–48 og 50–68 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 303 kölluð aftur.
Brtt. 293,69–85.a samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 300,5 felld með 25:8 atkv.
Brtt. 293,85.b–86.b samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 300,6 kölluð aftur.
Brtt. 293,86.c–112 samþ. með 39 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt til og með 09-999 117, samþ. með 39 shlj. atkv.

Liður 09-999 118 samþ. með 38:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GJH, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JúlS, KSG, KP, KE, MF, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, StH, BVG, SvG, VS, ÞÞ, AðB, AS, AÓB, ÁrnG, GHelg.

nei: ÁHE, EH, EKJ, FÞ, FrS, GHG, HBl, IBA, KrP, MB, ÓE, PJ, ÞP, ÞK.

GuðmÁ, SV greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (BÍG, EgJ, EG, GHH, HJ, JSS, MÁM, RH, SalÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um styrk til blaðanna samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar um það mál, 66 millj. 20 þús. kr. Þetta er ekki eini stuðningurinn sem dagblöðin fá samkvæmt fjárlagafrv. Einnig er gert ráð fyrir því að til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka verði veitt 27 millj. 380 þús. kr. Samtals gera þessir tveir liðir 93 millj. 400 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir því, sem verið hefur um margra ára skeið, að ríkissjóður hafi heimild til að kaupa 250 eintök af blöðum fyrir ríkisstofnanir. Á þessu ári má það kosta 25 millj. kr. Enn fremur er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því að heimild sé til að kaupa 500 eintök af dagblöðum til viðbótar samkvæmt því sem samþykkt var við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan að tillögu hv. 1. þm. Norðurl. v. Á þessu ári kostaði það 50 millj. kr. Þó gert væri ráð fyrir því að á næsta ári yrði engin verðhækkun á dagblöðum, þá kosta þessir tveir liðir 75 millj. kr. Er þá varið, ýmist til styrktar dagblöðunum eða til þess að kaupa dagblöð, skv. fjárlagafrv. eigi minna en 168,4 millj. kr.

Ég tel að þetta sé of í lagt miðað við stöðu ríkissjóðs. Og ég tel að þessum peningum sé betur varið til ýmissa annarra mála en að styrkja útgáfu dagblaða sem sum hver eru þannig að fáir vilja lesa. Þau fyrirtæki sem stunda útgáfu á dagblöðum ættu að geta staðið undir sér sjálf af sínum lesendahópi og þeim sem vilja kaupa. Ég segi nei við þessum lið og ég mun taka síðar til athugunar þá liði er fara á heimildagrein er varða heimild til kaupa á 750 eintökum af dagblöðum. Ég segi nei.

Liðir 09-999 119–09-999 160 samþ. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LVJ, JHelg, JK, JónS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, StH, BVG, SvG, VS, AðB, AS, ÁrnG, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, GHelg.

KrP, KE, MB, MálmS, ÓE, PJ, SV, ÞP, ÞK, ÞÞ, AÓB, DS, EH, EKJ, FÞ, FrS, GHG, GJH, HBl, IBA greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (JSS, MÁM, RH, SalÞ, ÁHE, BÍG, EgJ, EG,

GHH, HJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að vekja sérstaka athygli á þessum liðum. Hér er m.a. gert ráð fyrir nokkru framlagi til Lífeyrissjóðs bænda, en það var upplýst á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að sá lífeyrissjóður geti einungis staðið undir um 60% af þeim skuldbindingum sem hann hefur tekið á sig lögum samkvæmt. Þetta er auðvitað lýsandi fyrir hvernig að málum er staðið í þessari fjárlagagerð og hversu naumt er skammtað. En þó er halli svo rosalegur að vinnuveitendum hrýs mjög hugur við, hvað þá öðrum landsmönnum. Ég sé ekki hvernig fer, ef svo heldur fram í ríkisfjármálunum, ef einmitt þessir liðir sem hv. þm. vakti athygli á eru lýsandi um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Ég ber ekki ábyrgð á þessu, hæstv. forseti, og greiði ekki atkvæði.

Liður 09-999 170 samþ. með 39:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GJH, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JúlS, KSG, KP, KE, MF, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, BVG, SvG, VS, ÞÞ, AðB, AS, AÓB, ÁrnG, DS, GHelg.

nei: FÞ, FrS, GHG, HBl, IBA, MB, ÓE, PJ, ÞP, ÞK, EH, EKJ.

GuðmÁ, KrP greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (GHH, HJ, JSS, MÁM, RH, SalÞ, ÁHE, BÍG, EgJ, EG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég held að full ástæða sé til að fram væri lögð skýrsla um hvernig þessum útgáfumálum er háttað, hver er ákvörðun hvers þingflokks fyrir sig og hvað hefur verið gefið út þannig að þingheimur fái að vita hvort þessum fjármunum sé vel varið og til skynsamlegra og uppbyggjandi útgáfumála. Þessu er öllu vandlega haldið leyndu. Ég er andvígur því að bruðla svona með skattpeninga þjóðarinnar og ætla að halda því áfram í fullkomnu ábyrgðarleysi eins og meiri hluti Alþingis er uppvís að. Ég skora á meiri hluta Alþingis að sjá um að slík skýrsla verði gefin hér á Alþingi. Ég segi nei.

4. gr. frá og með 09-999 190, svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, BVG, SvG, VS, AðB, AS, ÁrnG, GHelg.

EKJ, FÞ, FrS, GHG, GJH, HBl, IBA, KrP, KE, MB, MálmS, ÓE, PJ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AÓB, DS, EH greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (GHH, HJ, JSS, MÁM, RH, SalÞ, ÁHE, BÍG, EgJ, EG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mjög bagalegt þegar gera þarf grein fyrir afstöðu manna heima í héraði, hverjir hafa stutt fjárveitingar til þess eða hins, að ekki skuli ávallt koma fram hvernig menn greiða atkvæði. Það hefur komið fram að stjórnarmaður í þingflokki Sjálfstfl. vill hækkun á einum lið við fjárlög og jafnframt fella nokkra aðra. Hins vegar þykir mér nauðsyn ærin að það komi fram varðandi hina liðina sem um er að ræða og eru fjárveitingar heim í hérað hvort menn styðja eða hvort menn sitja hjá. Það er nefnilega lítil karlmennska að minna fjárveitinganefndarmenn á að hækka þetta eða hitt úti í nefnd við vinnu sína en svo þegar kemur að því að greiða atkvæði í þinginu, þá velja menn þá einu afstöðu að sitja hjá. Ég segi já og vil hafa það á hreinu hvað ég styð og hvað ég styð ekki.

4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þess að nokkuð óvenjulega var að farið við að afgreiða 4. gr. þótti forseta rétt að það færi ekkert á milli mála að hún væri samþykkt í heild. Vænti ég þess að hv. þm. skilji það sjónarmið forseta.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þennan mikla dugnað að láta samþykkja 4. gr. tvisvar sinnum óbreytta. Þá erum við, og það er raunar mér að kenna, búin að samþykkja framlagið til Verkmenntaskólans á Akureyri þrisvar sinnum. Vona ég að það gæti orðið til þess að eitthvað rættist úr fyrir þeirri stofnun.

5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 183 kölluð aftur.

6. gr., tölul. 1.1–5.6, samþ. með 32 shlj. atkv.

6. gr., tölul. 5.7, samþ. með 30:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JúlS, KSG, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StG, StH, BVG, SvG, VS, AðB, AS, ÁrnG, GHelg.

nei: HBl, IBA, KrP, MB, ÓE, ÞP, ÞK.

DS, EH, EKJ, FÞ, GHG, KP, KE, MF, MálmS, PJ, SkA, SV, ÞÞ, AÓB greiddu ekki atkvæði.

12 þm. (BÍG, EgJ, EG, FrS, GHH, GJH, HJ, JSS, MÁM, RH, SalÞ, ÁHE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi og er ætlað að hafa með höndum endurskoðun á fjárreiðum fjmrn. og ríkissjóðs í heild. Mér finnst með öllu óeðlilegt að Alþingi setji það í heimildagrein og í vald fjmrh. hvernig búið sé að Ríkisendurskoðun. Það er Alþingis sjálfs að ákveða með beinum framlögum úr ríkissjóði hvernig að þessari stofnun er búið. Ég get undir engum

kringumstæðum fellt mig við þennan lið. Mér finnst hann stangast á við hugmyndir okkar um þrískiptingu valds og raunar mjög óviðurkvæmilegur í víðasta skilningi þess orðs. Ég beini því til fjvn. að taka þennan lið upp sem beina fjárveitingu til kaupa á húsnæði vegna Ríkisendurskoðunar og sýna nú svolitla reisn í sínum störfum. Ég segi nei.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að benda á það að 6. gr. í heild verður til meðferðar hjá fjvn. milli 2. og 3. umr. Greinin hefur ekki hlotið afgreiðslu í fjvn. og verður tekin þar til athugunar. Ég vil taka fram að það getur mjög vel komið til greina að kaupa húsnæði fyrir Ríkisendurskoðun. Þessi liður eins og aðrir verður tekinn til athugunar á milli umræðna, þar á meðal það form sem hér hefur verið gert að umtalsefni. En meðan ekki hefur farið fram athugun á málinu í fjvn., þá sit ég hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Ég greiði ekki atkvæði.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er með miklum semingi að ég tek undir þessa tillögu. Ég tek að verulegum hluta undir þau sjónarmið sem komu fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég held að það sé óeðlilega að þessu máli staðið og ég vænti þess fastlega að hv. fjvn. skoði þetta mál á milli 2. og 3. umr. En svo að málið nái fram að ganga nú segi ég já.

6. gr., tölul. 5.8–6.20, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

EFRI DEILD

24. fundur, föstudaginn 14. des.,
að loknum fundi í Sþ.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 82. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 84, n. 277, brtt. 278.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 277 um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Það er gerð tillaga um að 53 aðilum verði nú á þessu haustþingi veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Í öllum þessum tilvikum uppfylla aðilarnir þær reglur sem allshn. Nd. samþykkti á sínum tíma, en sú hefð hefur skapast að afgreiða ekki fyrr en á vorþingi þau vafamál sem upp koma. Hins vegar var gerð veigamikil undantekning nú og allshn. Ed. samþykkti svohljóðandi frávik:

Samkvæmt venju hafa formenn allshn. farið yfir fram komnar umsóknir ásamt ritara nefndanna og gert tillögu um hverjir skuli öðlast ríkisborgararétt. Hefur þeirri verklagsreglu verið fylgt að taka eingöngu upp í frv. sem lagt var fyrir að hausti þær umsóknir sem uppfylla öll skilyrði en láta vafamál bíða vorsins. Vegna hins ógnvænlega ástands sem nú hefur skapast við Persaflóa eru þó gerðar þrjár undantekningar frá reglum nefndarinnar. Lagt er til að þrír erlendir menn, sem giftir eru íslenskum ríkisborgurum og eiga börn sem eru íslenskir ríkisborgarar og jafnframt eru búsettir með fjölskyldum sínum á hættusvæði, öðlist íslenskt ríkisfang. Til þess gæti komið að þessar fjölskyldur þurfi að flýja heimili sín og er nauðsynlegt að tryggja að fjölskyldur verði ekki viðskila vegna mismunandi ríkisfangs. Lagt er til að frv. verði samþykkt með breytingunni sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Það er sagt álit nefndarmanna að þrátt fyrir þessar reglur og þá venju sem skapast hefur skuli veita þremur umsækjendum, sem eru Arabar, rétt á ríkisfangi þó svo að umsóknirnar uppfylli ekki að öllu leyti þau skilyrði sem nál. á sínum tíma mælti fyrir um.

Undir nál., sem er svohljóðandi: „Lagt er til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.“, rita: Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Salome Þorkelsdóttir, Skúli Alexandersson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 278 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sektarmörk nokkurra laga, 2. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 269, n. 304.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 304 um frv. til laga um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga.

Þetta frv. hefur verið til meðferðar í hv. Nd. Þar voru gerðar nokkrar breytingar á frv. Allshn. Ed. gerir ekki athugasemdir við frv. og mælist til þess að það verði samþykkt eins og það kemur frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–43. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Brottfall laga og lagaákvæða, 2. umr.

Stjfrv., 72. mál. — Þskj. 270 (sbr. 74), n. 305.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 305 um frv. til laga um brottfall laga og lagaákvæða. Þarna er um að ræða lagahreinsun og voru menn í allshn. sammála um að afgreiða málið eins og það kom frá hv. Nd.

Allshn. leggur því til að frv. verði samþykkt og afgreitt sem lög.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
25.–31. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 185. mál (samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík). — Þskj. 212, n. 306, brtt. 307.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 306 frá hv. heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað nokkuð ítarlega um frv. og fékk á sinn fund Finn Ingólfsson, aðstoðarmann heilbr.- og trmrh., Jóhannes Pálmason, framkvæmdastjóra Borgarspítalans, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúa, Davíð Á. Gunnarsson, forstjóra ríkisspítala, Árna Björnsson yfirlækni og Loga Guðbrandsson, framkvæmdastjóra Landakotsspítala, en þessir menn sátu allir í þeirri nefnd sem samdi frv.

Nefndin telur rétt að leggja til eina breytingu á skipun samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í stað þess að tveir fulltrúar séu skipaðir af ráðherra til eins árs í senn er lagt til að sá heilbr.- og trmrh., sem gegnir embætti hverju sinni, skipi tvo menn, en annar þeirra skal tilnefndur af stjórnarnefnd ríkisspítala.

Er sjálfsagt að sá ráðherra, sem gegnir embætti hverju sinni, geti haft sinn fulltrúa í samstarfsráðinu. Einnig taldi nefndin eðlilegt að jafnstór spítali og ríkisspítalarnir eru, sem eru í raun fimm sjúkrahús, fái að tilnefna annan fulltrúann sem ráðherra skipar.

Aðrar breytingar eru ekki efnislegar heldur lagatæknilegar til þess að þessi breyting sem gerð er á lögunum falli eðlilega inn í uppbyggingu laganna, en lagt er til að allur textinn verði í einni málsgrein. Einnig er lagt til að 2. gr. laganna falli brott þar sem ákvæði í upphafi 1. gr. eins og brtt. gerir ráð fyrir að hún hljóði, að röð málsgreina breytist, gerir það að verkum að greinin er óþörf.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Undir nál. rita Guðrún J. Halldórsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Margrét Frímannsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir. Salome Þorkelsdóttir ritar undir með fyrirvara. Aðrir nefndarmenn voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að gera grein fyrir þessum fyrirvara sem ég setti með minni undirskrift undir nál. Eins og fram kom hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., formanni nefndarinnar, þá er þessi brtt. sem gerð er á frv. samkomulagsatriði, en það voru efasemdir í mínum huga varðandi þá breytingu að í stað þess að ráðherra skipi þessa tvo nefndarmenn til eins árs í senn þá komi það ákvæði sem segir að tveir fulltrúar skipaðir af þeim ráðherra sem gegnir embætti heilbr.- og trmrh. hverju sinni. Þarna var þessu breytt og ég hefði talið að þetta hefði mátt standa óbreytt. Ég geri ekki ágreining út af þessu atriði og þess vegna vildi ég gera grein fyrir þeirri afstöðu minni að skrifa undir nál. með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 307,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 307,2 (2. gr. falli brott) samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

25. fundur, föstudaginn 14. des.,
að loknum 24. fundi.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 82. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 319.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sektarmörk nokkurra laga, 3. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 269.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 321).

Brottfall laga og lagaákvæða, 3. umr.

Stjfrv., 72. mál. — Þskj. 270 (sbr. 74).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 322).

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 185. mál (samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík). — Þskj. 320.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Opinber réttaraðstoð, 2. umr.

Stjfrv., 55. mál. — Þskj. 55, n. 310, brtt. 311.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. á þskj. 310 um frv. til laga um opinbera réttaraðstoð.

Í nál. segir svo: „Nefndin hefur fjallað um frv. Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands, auk þess sem gögn bárust frá dómsmrn. Á fund nefndarinnar komu Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, Sigurður Jónsson, aðstoðarmaður dómsmrh., og Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri þjóðskrár.

Við athugun á frv. kom í ljós að nokkrum veigamiklum efnisþáttum átti að skipa með reglugerð, þar á meðal tekjumörkum þeirra sem rétt eiga á aðstoð í einstökum málum samkvæmt III. kafla frv. og þeirra sem eiga rétt á gjafsókn. Einnig var í frv. gert ráð fyrir því að þessar viðmiðunarfjárhæðir, sem ákveða skyldi með reglugerð, ættu að hækka árlega til samræmis við almennar verðhækkanir. Þykir nefndinni nauðsynlegt að skipa þessum málum með skýrum hætti og leggur því til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á frv.

Í fyrsta lagi að 8. gr. sé breytt þannig að kveðið sé á um það í lögunum hverjir eigi rétt til aðstoðar í einstökum málum. Miðað er við að tekjuskattsstofn einstaklings sé 850.000 kr. eða lægri samkvæmt skattframtali síðasta árs en tekjustofn hjóna eða sambúðarfólks sé samanlagt 1.275.000 kr.

Í öðru lagi er lagt til að sama viðmiðun verði notuð í 15. gr. um gjafsóknarleyfi.

Í þriðja lagi er lagt til að 19. gr. verði breytt þannig að með skýrum hætti sé kveðið á um hvernig viðmiðunarfjárhæðir skuli hækka. Er miðað við breytingar á lánskjaravísitölu á ársgrundvelli frá 1. okt. til sama tíma á næsta ári. Gert er ráð fyrir að viðmiðunarfjárhæðir hækki 1. des. á hverju ári.

Í fjórða lagi er lagt til að lögin öðlist gildi 1. apríl 1991. III. kaflinn öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992, þegar lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds taka gildi.

Í fimmta lagi eru lagðar til lagfæringar á 6., 7. og 9. gr. frv. en þær eru ekki efnislegar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj." Þessar brtt. eru á þskj. 311. Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn í allshn.

Eins og fram kemur í nál. taldi nefndin rétt að Alþingi ákvæði sjálft hver viðmiðunarmörk ættu að vera, en framselja það vald ekki til ráðherra, þannig að það sé skýrt í lögum hverjir eigi rétt á opinberri lögfræðiaðstoð en það sé ekki undir duttlungum ráðherra komið hverju sinni hverjir eigi að njóta slíkrar aðstoðar.

Það kom einmitt mikið til umræðu í nefndinni hvaða viðmiðunarmörk ætti að hafa. Upphaflega hugmyndin frá fulltrúum dómsmrn. var að miða við 50–60 þús. kr., aðrir töldu það of lágt. Það var tekin afstaða til þess í nefndinni að miða við 850 þús. kr., eða um 70 þús. kr. mánaðartekjur. Er þetta eitthvað hærra en miðað er við í Danmörku en þó mjög sambærilegt enda er frv. að meginstofni til, eftir því sem mér hefur skilist, sambærilegt við það sem er í Danmörku og varðar almennu ráðgjöfina, en varðandi gjafsóknarleyfi er þetta töluvert þrengra hér á landi.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum minna á að þingkonur Kvennalistans í Nd. fluttu frv. um þetta sama efni á síðasta þingi, skömmu áður en dómsmrh. lagði fram það frv. sem hér er til af-

greiðslu óbreytt. Það hefur reyndar breyst í meðförum nefndarinnar eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Reykv. En í því frv. sem kvennalistakonur í Nd. lögðu fram voru aðeins aðrar áherslur en markmiðið er það sama, að veita þeim efnaminni aðstoð til þess að fá lögfræðilega þjónustu í því skyni að ná rétti sínum ef á þeim er brotið.

Ég fagna því að samstaða skyldi takast um það í nefndinni að Alþingi sjálft taki ákvörðun um þau tekjumörk sem skulu ráða um það hvaða einstaklingar eiga rétt á þessari aðstoð. Hér á hv. Alþingi gætir mikillar tilhneigingar til þess að framselja ákvarðanir um allt of mörg atriði til framkvæmdarvaldsins og ég held að þeir sem hér starfa við löggjöfina ættu að hafa það í huga í öllum sínum störfum. Hér skulu lögin sett og ákvarðanir teknar þó að framkvæmd þeirra sé síðan í höndum framkvæmdarvaldsins.

Ég var ein af þeim sem töldu að sú upphæð sem hér er miðað við, þ.e. 850 þús. í árstekjur, væri of lág því þó að þessi upphæð sé nokkru hærri en í Danmörku, eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Reykv. sem hér mælti fyrir nál., þá má minna á það að í Danmörku er framfærslukostnaður mun lægri en hér. Í því frv. sem kvennalistakonur lögðu fram í fyrra var lagt til að miðað yrði við tvöföld skattleysismörk.

Ég tel þetta mál samt mjög mikilvægt fyrir hina efnaminni í þjóðfélaginu og sé því ekki ástæðu til þess að standa gegn því enda getur Alþingi að sjálfsögðu ákveðið að breyta þessari upphæð þegar í ljós kemur að hún reynist of lág.

Ég fagna einnig því nýja fyrirkomulagi sem fram kemur varðandi gjafsókn, að hér er skipuð sérstök nefnd sem mótar reglur og gefur umsagnir en í störfum nefndarinnar kom fram að það hefur verið nokkuð á reiki hverjir fá gjafsókn og hverjir ekki. Það vald hefur verið í höndum ráðherra eingöngu, en nú mun hann alla vega fá umsagnir og þarf leyfi fyrir ákveðnum tilvikum til gjafsóknar.

Ég vildi að lokum láta koma fram þá skoðun mína hér að ég tel málið mjög mikilvægt og sé ekki ástæðu til þess að standa gegn því á þeim forsendum að ég telji tekjumörkin of lág. Það kemur í ljós og þá verður Alþingi að taka á því, en ég ítreka það að ég fagna því að samstaða skyldi nást um að færa valdið um ákvörðun tekjumarka frá hæstv. dómsmrh. til Alþingis.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef einnig skrifað undir nál. við það frv. sem hér er til umræðu um opinbera réttaraðstoð. Eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Vesturl. er hér um að ræða mikilvægt mál og ég held að það hljóti allir að geta verið sammála um að það sé til bóta að setja þessi lög sem hér er verið að fjalla um. Vandamálið var kannski fyrst og fremst varðandi þriðja lið brtt., þ.e. að ákveða tekjuskattsstofn einstaklinga sem njóta þessarar aðstoðar. Þessar 850 þús. kr., sem í frv. er gert ráð fyrir fyrir einstaklinga, voru nokkuð að vefjast fyrir okkur, og fyrir hjón eða sambúðaraðila 1 millj. 275 þús. kr. Við ræddum þetta nokkuð mikið og ég held ég megi segja að við höfum fallist á sjónarmið þeirra aðila, sem komu á fund nefndarinnar og höfðu samið þetta frv., að það væri betra að fara sér hægt og það væri auðveldara að hækka þessi mörk síðar meir heldur en ef í ljós kæmi að þau væru of há og það þyrfti að fara að breyta þeim til lækkunar. Þess vegna varð þessi niðurstaða. Ég held að það sé mikilvægt að það fáist reynsla á hvernig þetta verður í framkvæmdinni. Þá er hægt að taka þetta til skoðunar síðar meir og breyta eftir þeirri reynslu sem verður.

Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta frv. Ég vil aðeins ítreka það að ég held að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða og það má bæta því við varðandi gjafsóknina að það er áreiðanlega til bóta að settar séu skýrar reglur varðandi þann þátt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 311,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 311,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 311,3 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 311,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
10.–14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 311,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
16.–18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 311,6 (ný 19. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 311,7 (ný 20. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

26. fundur, föstudaginn 14. des.,
að loknum 25. fundi.

Opinber réttaraðstoð, 3. umr.

Stjfrv., 55. mál. — Þskj. 323.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

24. fundur, föstudaginn 14. des., að loknum fundi í Sþ.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (Hafrannsóknastofnunin). — Þskj. 130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Vaxtalög, frh. 1. umr.

Frv. SV, 116. mál (hámarksvextir). — Þskj. 120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frh. 1. umr.

Frv. MB og IBA, 173. mál (póstkröfur). — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allsh. með 25 shlj. atkv.

Launamál, 3. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. forsrh. sér sér fært að vera á þessum fundi. Hér fer fram 3. umr. um það mál sem menn hafa rætt nokkuð ítarlega að undanförnu og er ekki ástæða fyrir mig að flytja hér langa ræðu. En ekki verður hjá því komist að ræða í stuttu máli það sem fram hefur komið frá því að 2. umr. lauk.

Í fyrsta lagi vil ég skýra frá því að í morgun var haldinn sérstakur fundur í fjh.- og viðskn. Nd. Til voru kallaðir þrír aðilar, Jón Steinar Gunnlaugsson, Eiríkur Tómasson og Bjarni Bragi Jónsson. Sá fyrstnefndi komst ekki til fundarins þar sem hann var ekki staddur í bænum. Mér finnst við hæfi, vegna þess að nokkuð hefur verið rætt um þátt þeirra tveggja manna sem komu á fundinn, að skýra frá í stuttu máli hvað þeir höfðu að segja nefndinni.

Í fyrsta lagi kom það fram hjá Eiríki Tómassyni hæstaréttarlögmanni að hann hefði verið kvaddur á fund hæstv. forsrh. Hann telur sig hafa komið til þess fundar ekki sem lögmaður heldur sem einstaklingur í sama flokki og forsrh. en síðar hafi hann gefið hæstv. ríkisstjórn álit sem hann telur sig geta staðið að fullu við. Það sem kannski skiptir mjög miklu máli er að til Eiríks Tómassonar var ekki leitað fyrr en dómur Félagsdóms hafði fallið. Sýnir þetta enn á ný að hæstv. ríkisstjórn getur engu svarað þegar hún er spurð hvort leitað hafi verið lögfræðilegra álitsgerða á tímabilinu 1. febr. til 12. júní þegar þáv. starfandi forsrh., hæstv. sjútvrh., boðaði BHMR það að þeir fengju ekki laun greidd um næstu mánaðamót á grundvelli kjarasamninga. Með öðrum orðum var ekki leitað til ríkislögmanns. Það hefur komið skýrt fram að greinargerð ríkislögmanns, sem fyrir hönd verjanda í því máli sem nú er til meðferðar hjá bæjarþingi Reykjavíkur, er engin álitsgerð heldur greinargerð. Á því er verulegur munur. Eini maðurinn, fyrir utan aðstoðarmann forsrh., sem nefndur hefur verið sem ráðunautur hæstv. ríkisstjórnar er Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður og það er upplýst að til hans var ekki leitað fyrr en dómur var fallinn í Félagsdómi.

Með öðrum orðum sá hæstv. ríkisstjórn ekki ástæðu til þess, þrátt fyrir allar þær aðvaranir sem fyrir lágu, að afla álits lögfróðra manna um það hvernig hún ætti að fara að því að tryggja að BHMR mundi fylgja þjóðarsáttinni. Þetta hefur hæstv. ríkisstjórn látið undir höfuð leggjast. Það eina sem hefur komið fram er að hæstv. utanrrh. lagði trúnað á það sem hæstv. forsrh. sagði og hæstv. forsrh. lagði trúnað á það sem hæstv. fjmrh. sagði. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Allir benda á hæstv. fjmrh. en hann hefur enn ekki greint frá því svo ótvírætt sé að hann hafi leitað álits hjá mönnum sem til þekktu og hefðu getað gefið hæstv. ríkisstjórn ráð í tíma.

Eiríkur Tómasson sagðist persónulega vera lítið hrifinn af þeirri leið sem farin var þegar bráðabirgðalögin voru sett. Ég tel skylt að það komi fram sem hann sagði á nefndarfundi í morgun að hann hefði í lögfræðilegu áliti um fyrstu gerð bráðabirgðalaganna sagt að hann teldi að þau stæðust ákvæði stjórnarskrárinnar. Hins vegar hefði hann ekki kannað hvort þau brytu í bága við skuldbindingar sem Íslendingar hefðu skrifað undir. Var þá átt við sáttmála sem ríkisstjórn á sínum tíma skrifaði undir og Ísland er aðili að.

Þegar Eiríkur Tómasson, sem helst er nefndur til sögunnar sem ráðunautur hæstv. ríkisstjórnar og þá einkum og sér í lagi hæstv. forsrh., var spurður hvort hann teldi það samrýmast þingræðisreglunni og ákvæðum stjórnarskrár um bráðabirgðalög að rjúfa þing eftir að lög falla og setja síðan bráðabirgðalög um efnislega sömu atriðin sagði hann — og var ómyrkur í máli, að það væri mjög gróft dæmi og hann teldi það stríða gegn báðum þessum réttarreglum. Ég held að ég hafi þetta alveg rétt eftir hæstaréttarlögmanninum, sem er

ráðunautur hæstv. forsrh., að hann telur að báðar þessar réttarreglur væru brotnar ef þannig hefði verið farið að.

Nú er ég ekki að segja að hæstv. forsrh. hafi hótað því að fara svona að en ég staðhæfi að hæstv. utanrrh. sagði að svona ætti að fara að. Þetta finnst mér nokkuð merkilegt atriði sem full ástæða er til að láta koma fram við þessa umræðu vegna þess að það var ljóst að hæstv. ríkisstjórn gældi við þessa hugmynd. Með öðrum orðum, hæstv. ríkisstjórn gældi við þá hugmynd að fótum troða grundvallarreglur lýðræðisins hér á landi og sjálfa þingræðisregluna. Og af því að ég heyri að hæstv. forsrh. ætlar að taka til máls, væntanlega um þetta atriði, skal það tekið fram að Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður sagði að þetta gilti þó ekki væri verið að setja nákvæmlega sömu lögin heldur efnislega sömu lögin. En jafnframt, það skal tekið fram, taldi hann að hæstv. forsrh. hefði aldrei orðað hugsanir sínar á þennan veg. Hins vegar kom fram í nefndinni að hæstv. utanrrh. hefði gert það.

Þá kom á fundinn Bjarni Bragi Jónsson sem er forstöðumaður hagdeildar Seðlabankans. Hann staðfesti það, sem reyndar flestir vissu, að það skiptir auðvitað öllu máli hverjar forsendur eru þegar menn spá um verðbólguna. Og það á við þegar um það er rætt hvað hefði gerst þegar og ef bráðabirgðalögin hefðu fallið. Ég held að flestum sé ljóst að það þarf að vera verulegur vilji hjá hæstv. ríkisstjórn og Vinnuveitendasambandinu til þess að magna verðbólguna ef hún hefði átt að komast í það sem Þjóðhagsstofnun spáði. Ef niðurstöður Þjóðhagsstofnunar eru réttar með öðrum orðum, sem enginn getur auðvitað sagt fyrir um, er það einungis vegna þess að í landinu hefði setið ríkisstjórn sem ekkert hefði aðhafst og Vinnuveitendasamband sem hefði nánast hvatt til slíkra aðgerða, eins og að láta undan öllum ýtrustu kröfum sem komið hefðu fram frá launþegasamtökum.

Bjarni Bragi tók undir þau meginsjónarmið sem komu fram hjá dr. Guðmundi Magnússyni varðandi það að aukið peningamagn í umferð gæti leitt til meiri verðbólgu. Hann staðfesti það, sem haldið hefur verið fram, að þetta gilti erlendis og hefði verið kannað með rannsóknum þar. Að vísu væri lítið til um rannsóknir hér á landi en líklegast væri að þetta hefði sömu afleiðingar.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur látið undir höfuð leggjast að fara þannig að í þessu máli sem eðlilegt hefði verið. Það er rangt að farið. Það liggur jafnframt fyrir að hugmyndir um að rjúfa þing og setja bráðabirgðalög, efnislega þau sömu og fyrir þinginu lágu, hefðu verið brot á grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar. Að mínu áliti og margra annarra var hér um siðlausa aðgerð að ræða. Reyndar hefur m.a. Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður sagt í ræðu að þetta væri eitt dæmið enn um siðferðisbrest stjórnvalda þegar um beitingu bráðabirgðalöggjafarvaldsins væri að ræða.

Það er athygli vert, virðulegi forseti, að allir þeir sem sátu hjá við 2. umr. málsins en tóku til máls og fluttu grg. með atkvæði sínu voru sömu skoðunar og hinir sem greiddu atkvæði gegn bráðabirgðalögunum, voru misjafnlega þungorðir en flestir álitu að hjásetan væri í sjálfu sér aðgerð til þess að leggja áherslu á að hæstv. ríkisstjórn ætti ein að bera ábyrgð á þeirri skömm sem sú aðferð er sem beitt var við setningu bráðabirgðalaganna. Ég vek athygli á þessu vegna þess að mér hefur sýnst hæstv. forsrh. hrósa sigri yfir útkomunni sem hann fékk við 2. umr. málsins. En ég bendi á að ef hann óskar eftir því að dómur þeirra manna sem ekki greiddu atkvæði við 2. umr. verði dómur yfir verkum hans, þá verður hann litlu feginn. Því slíkir dómar voru felldir af þeim sem sátu hjá við 2. umr. málsins að ég hélt að hæstv. forsrh. hefði önnur orð að mæla en hann virtist hafa þegar hann leit yfir farinn veg að lokinni atkvæðagreiðslu.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að hæstv. ríkisstjórn er sá aðili að þjóðarsáttinni sem hefur ekki staðið við sitt. Það kemur fram m.a. í aukinni skattlagningu sem hlýtur að lenda á fólki og fyrirtækjum. Það kemur í ljós vegna bullandi halla á fjárlögum íslenska ríkisins ár eftir ár, eins og allir vita og við höfum nýlega kynnst. Það er vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki tekist að halda peningamagni í skefjum. Allt þetta hefur þá þýðingu að upp er að hlaðast stífla sem brestur fyrr eða síðar. Þá má segja að það tímabil sem hæstv. ríkisstjórn hafði til þess að nýta sér, þetta þjóðarsáttartímabil, hafi verið til lítils. Ég er fullviss um það að allir þeir sem komu að þjóðarsáttinni, Vinnuveitendasambandið, launþegasamtökin og bændasamtökin, hafa lagt sitt fram í trausti þess að hæstv. ríkisstjórn vildi verða þátttakandi í fullri alvöru. Því miður situr það nú eftir að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki staðið við sinn hluta í þessu mikilvæga verki, hefur ekki notað tækifærið, hefur ekki undirbúið það að árangur megi nást í efnahagsmálum þjóðarinnar í kjölfar þess tímabils sem við köllum þjóðarsáttartímabilið og lýkur 1. sept. á næsta ári. Þetta er sú staðreynd sem við blasir og virðist nú vera almennt viðurkennd.

Ég nefni það til viðbótar að ýmsir þeir sem standa að þjóðarsáttinni hafa að undanförnu bent á að þeir hafi eignast innstæðu. Síðast í dag var dreift hér á borð þingmanna BSRB-tíðindum, 6. tölubl., þar sem formaður BSRB skrifar grein undir fyrirsögninni „Við eigum innstæðu". Í lok greinarinnar segir hann orðrétt, með leyfi forseta: „Viðurkenning á því að launafólk eigi innstæðu fyrir stórauknum kaupmætti er geymd en ekki gleymd, sá tími er að renna upp að við viljum fá þá innstæðu leysta út."

Hér talar einn þeirra sem stóðu að þjóðarsáttinni. Ég held að flestir átti sig á hvert hann er að fara. Hann er að segja: Við gerðum hlé. Við gáfum eftir um tímabundið skeið. Sá tími kemur að við viljum heimta það aftur sem við höfum gefið eftir.

Maður hlýtur að spyrja: Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn verið að gera til að geta efnt sín loforð, sem reyndar vísa í tvær ólíkar áttir? Annars vegar loforðið við BHMR um að þeir hækki umfram aðra og hins vegar loforðið gagnvart öðrum um það að enginn hækki meira en þeir.

Hæstv. ríkisstjórn er í þeirri klípu að geta ekki efnt

sín loforð en það sem alvarlegra er er að ríkisstjórnin ætlar sér ekki að nota það hlé, það logn sem nú er orðið til þess að undirbúa framhaldið.

Það er kannski, virðulegi forseti, aðeins eitt gott sem getur hlotist af þessum umræðum öllum, þessari hrikalegu aðgerð ríkisstjórnarinnar í sumar, og það er að þingmenn og þjóð skilja nú betur en áður að breyta þarf stjórnarskránni með þeim hætti að takmarka verulega bráðabirgðalöggjafarvald forseta Íslands sem í raun er í höndum ríkisstjórnar.

Þetta er lexían sem við getum lært. Þetta er sá lærdómur sem við getum dregið af þessari aðgerð. Loks kom að því að siðleysið varð svo mikið að almennt verður álitið að full samstaða takist um að breyta bráðabirgðalagaákvæðinu.

Það má segja að þessi aðgerð ein hafi þannig komið í stað Estrup-tímabilsins í danskri stjórnmálasögu, þess svarta tímabils þegar ríkisstjórnirnar þar stjórnuðu landinu með bráðabirgðalögum, sem endaði með því að bráðabirgðalöggjafarvaldinu var kippt af dönsku stjórninni. Kannski verður þetta dæmi, um það hvernig hæstv. ríkisstjórn fór að við setningu þessara bráðabirgðalaga, til þess að það sama gerist hér, að ríkisstjórn verði ekki treyst fyrir bráðabirgðalöggjafarvaldinu og verði skylt að kalla saman þing og megi ekki gefa út bráðabirgðalög nema slíkt sé ómögulegt.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir þann vitnisburð sem hann kom með frá Eiríki Tómassyni, þar sem kemur fram að Eiríkur Tómasson staðfestir það sem ég hef sagt, að þeir lögfræðingar sem til voru kvaddir sáu ekki að neitt athugavert væri við þessa bráðabirgðalagasetningu og töldu hana standast gagnvart stjórnarskránni.

Ég hef nefnt það hér í sambandi við fyrirspurn í gær að samtals telst mér til að leitað hafi verið til tíu lögfræðinga. Þar af voru sjö lögfræðingar innan Stjórnarráðsins og þrír utan. Þeir lögfræðingar sem eru innan Stjórnarráðsins voru allan tímann meira eða minna með í ráðum að sjálfsögðu. (**FrS:** Var ríkislögmaður einn af þeim?) Það var að sjálfsögðu rætt við ríkislögmann líka, sérstaklega eftir að ljóst var að málið færi fyrir Félagsdóm. (**FrS:** Á tímabilinu 1. febr. til 1. júlí?) Ég skal ekki segja hvort hafist var handa 1. febr. en ég bið hv. þm. að minnast þess að m.a. á launaskrifstofu fjmrn., sem fjallar stöðugt um þessi mál, eru vitanlega lögfræðingar. Ég bið hv. þm. að minnast þess að lögfræðingur eins og Þorsteinn Geirsson sem hefur verið í launamálum um margra ára bil var að sjálfsögðu allan tímann meira eða minna með í ráðum og er í samninganefnd ríkisins. Þessir lögfræðingar voru að sjálfsögðu allan tímann með í ráðum. Hv. lögfræðingur má ekki halda að við verkfræðingarnir höfum einir og sér samið þessi bráðabirgðalög, þvert á móti voru þau samin af lögfræðingum í Stjórnarráðinu.

Ég vil jafnframt taka það skýrt fram hér þannig að það liggi ljóst fyrir, sem reyndar kom fram og ég met það við hv. þm., að ég hef aldrei nokkurn tímann nefnt að þingi yrði slitið — ég bið hv. þm. að hlusta — að bráðabirgðalögunum föllnum og ný lög sett. Ég hef aldrei sagt það. Þegar fréttamenn spurðu mig að því hér hvað ég mundi gera ef bráðabirgðalögin féllu þá sagði ég að ég mundi leggja til að þing yrði rofið og efnt til kosninga og ríkisstjórnin segði af sér. Það var þetta sem ég sagði. Ég get upplýst það að föstudaginn 30. nóv., hygg ég að það hafi verið, ræddi ég við hæstv. utanrrh. og reyndar hæstv. fjmrh. og þá lá þetta algjörlega hreint fyrir. Ef einhver misskilningur hefur komið fram í orðum hæstv. utanrrh., ég hef að vísu ekki farið nákvæmlega yfir það, er það eitthvað sem er ekki frá mér komið. Því mér var að sjálfsögðu ljóst um leið að sú leið sem hv. þm. gerir hér að umræðuefni kom vitanlega ekki til greina. Það þurfti jafnvel engan lögfræðing til að segja mér þau sannindi. Ég tek því út af fyrir sig enga ábyrgð á því ef einhver misskilningur hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh., hann er því miður ekki staddur á landinu, og ætla ég ekki að gera það meira að umræðuefni.

Ég ætla ekki að ræða hér almennt um efnahagsmálin. Staðreyndin er sú að hrakspár hv. sjálfstæðismanna hafa hljómað í eyrum þjóðarinnar allt frá haustmánuðum 1988 og sem betur fer hafa þær aldrei reynst sannar og munu ekki reynast sannar nú heldur. Þvert á móti hefur þessi ríkisstjórn tamið sér að fylgjast mjög vandlega með allri þeirri þróun sem á sér stað, bæði á peningamarkaðinum, í verðlagsmálum og fjölmörgu fleiru, er í stöðugum viðræðum við aðila vinnumarkaðarins og hefur að þeirra eigin dómi, hvað eftir annað upplýst, staðið að öllu leyti við sinn hlut í þessari þjóðarsátt og reyndar gengið töluvert lengra. M.a. hefur komið fram í ítarlegri athugun að verðlagshækkanir á opinberum gjöldum hafa verið töluvert minni en meðalverðlagshækkun á þjóðarsáttartímanum og miklu minni en verðhækkanir, t.d. í verslun og viðskiptum í landinu. Ég vil sömuleiðis benda á það, sem alls ekki var um samið í febrúar, að ríkisstjórnin féllst á að verja enn þá verulegu fjármagni til þess að ekki yrði farið fram úr rauðu strikunum í september. Um það var samið í ágúst og alls ekki til þess ætlast þegar upphaflega var gengið frá samningum á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar. Það eru satt að segja furðuleg ófugmæli að hlusta á það að ríkisstjórnin hafi ekki staðið við sinn þátt að þjóðarsáttinni og í þeirri viðleitni að hún stæðist. Ég vísa því algjörlega á bug.

Ef hv. þm. þykir ég hafi verið sigri hrósandi held ég að það sé út af fyrir sig misskilningur. Ég held ég hafi nefnt það við einhvern fjölmiðil að ég kenndi í brjósti um forustu Sjálfstfl. Ég á kannski helst að lýsa því með því að segja að ef ég hefði staðið frammi fyrir alþjóð og lýst því yfir að allur Framsfl. stæði mér að baki í að greiða atkvæði gegn eða með einhverju frv. og síðan brygðust tveir eða þrír, þá mundi ég kenna í brjósti um sjálfan mig, svo sannarlega. Ég vona að það eigi ekki eftir að gerast. Ég vona að þetta skýri mín orð. Ég geri ekki út af fyrir sig mikinn mun á því hvort bráðabirgðalögin fari í gegn með einu atkvæði, tveimur, þremur eða fjórum. Þau fóru í gegn og það er vitanlega aðalatriðið.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér leiðist að verið sé að gera lítið úr ríkislögmanni, eins og mér fannst hv. 1. þm. Reykv. vera að gera hér áðan. Með áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. er prentuð grg. ríkislögmanns sem hann lagði fram í prófmáli BHMR. — Mig langar að biðja hv. 1. þm. Reykv. að hlýða á mál mitt. Mundi forseti deildarinnar biðja hann að vera inni? (**FrS:** Ég er inni.) Það er skilmerkilega tekið fram að um grg. sé að ræða. — Það er ómögulegt að halda manninum inni. Hann er með æðiber í rassinum. (**FrS:** Ég er inni og er að hlusta á hv. þm. Svo sjaldan tekur hann til máls að það er ástæða til að hlusta á hann.)

Það er skilmerkilega tekið fram í þessu nál., í fyrirsögninni á fskj., að hér sé um grg. að ræða og hún er orðrétt prentuð. Mér finnst það ekki smekklegt að ímynda sér það að það sé eitthvað annað en skoðun ríkislögmanns sem þarna er prentuð. Mér finnst þetta mjög viturleg grg. og þess vegna kaus ég að óska eftir því að hún yrði prentuð með nál. sem fskj. Eftir lestur þessarar grg. sér hvert barn að ekki getur verið um stjórnarskrárbrot að ræða, eins og menn hafa verið að kasta hér á milli sín. — Það er hart að geta ekki hamið hv. þm. í salnum. — Ég tel að eftir lestur þessarar grg. orki það ekki tvímælis að hér hefur verið farið að stjórnarskránni.

Það er hárrétt sem hv. 1. þm. Reykv. hafði eftir Eiríki Tómassyni lögfræðingi sem mætti á fund nefndarinnar í morgun, enda er hv. 1. þm. Reykv. oftast nær samherji sannleikans, eins og sagt var um annan flokksbróður hans. Hann rakti ýmislegt af því sem Eiríkur Tómasson sagði við nefndina. Eiríkur Tómasson ítrekaði það að hann hefði komið að þessu máli sem flokksmaður forsrh. og með lögfræðilega sérþekkingu, en hann hafi ekki samið formlega álitsgerð gegn þóknun. Það var ekki þar með sagt að hann væri neitt að hverfa frá skoðunum sínum. Hann gaf það lögfræðilega álit að bráðabirgðalögin stæðust fyrir almennum dómstólum og taldi ekki líklegt að dómstólar mundu hrinda lögunum, enda fordæmi mörg fyrir svipaðri málsmeðferð. Almennir dómstólar geta ekki tekið fram fyrir hendur bráðabirgðalöggjafans um það að meta hvenær bráðabirgðalaga er þörf. Það er pólitískt mat á hverjum tíma. Hann minnti líka á dæmi þessa sem hafa nú kannski orkað miklu meira tvímælis en þessi bráðabirgðalagasetning þar sem þjóðarheill var í veði. Einu sinni voru meira að segja sett bráðabirgðalög um formann barnaverndarnefndar þannig að hægt væri að skipta um formann barnaverndarnefndar.

Jafnframt vitnaði Eiríkur Tómasson til línurits sem birtist í Morgunblaðinu þann 9. des. um tíðni bráðabirgðalagaútgáfu á undanförnum áratugum. Og það kemur í ljós að þessi ríkisstjórn hefur verið miklu hófsamari en flestar eða allar aðrar ríkisstjórnir í útgáfu bráðabirgðalaga og fyrir það megum við svo sem vera þakklát því að auðvitað er það neyðarúrræði að þurfa að grípa til útgáfu bráðabirgðalaga og best að þurfa ekki að gera það.

Eiríkur Tómasson benti nefndinni á að ef ætti að grípa fram fyrir hendur bráðabirgðalöggjafans væri hugsanlegt að Landsdómur gæti átt þar orð um. Ekki væri hægt að fortaka það að svona gerningar gætu komið fyrir Landsdóm en almennir dómstólar mundu mjög ósennilega hrinda þessu.

Það hefur verið taktík þeirra sjálfstæðismanna nú eftir frumhlaupið um bráðabirgðalögin að reyna að fara út í lögfræðilegar hártoganir á gildi þeirra til þess að reyna að breiða yfir það tilræði sem þeir urðu sekir um við þjóðarsáttina og þau mistök sem hluti Sjálfstfl. gerði í meðferð málsins. Þessa þjóðarsátt má ekki rjúfa og við verðum að kappkosta að halda hana. Aðgerðir verða að sjálfsögðu á hverjum tíma að styðjast við lög, eins og þær hafa gert í höndum núv. ríkisstjórnar. Um það verður ekki deilt.

Varðandi afnám bráðabirgðalagavalds þá held ég að það sé ekki unnt að gera að óbreyttum starfsháttum í Alþingi. En það er hægt að breyta stjórnarskrá og þingsköpum þannig að unnt sé að afnema eða takmarka mjög útgáfu bráðabirgðalaga. En það verður ekki gert nema með því að málsmeðferð hér á Alþingi verði skjótvirkari þannig að nauðsynlegri lagasetningu geti verið hraðað í meðferð þingsins og fljótlegt að kveðja saman þing. Þingið verður að vera í einni málstofu og tímatakmarkanir ef um mjög aðkallandi mál væri að ræða. Ég er alveg til með að fallast á mikla takmörkun á bráðabirgðalagarétti ef unnt væri að kveðja þing saman með örstuttum fyrirvara eða jafnvel að hafa það eins og sumar þjóðir gera, að leysa þing ekki upp fyrr en bara daginn fyrir samkomudag þannig að þingið væri raunverulega tilbúið að koma til fundar allan ársins hring.

Hv. 1. þm. Reykv. gat einnig um skýrslu sem Bjarni Bragi Jónsson gaf fyrir nefndinni. Þar sagði reyndar rétt frá þótt hann gleymdi sumu af því sem Bjarni sagði, enda er það kannski ekki óeðlilegt. Röksemdir Bjarna voru þær að þeir hefðu litið svo á í hagfræðideild Seðlabankans að launahækkanir mundu tefjast, fyrirstaða yrði í gengismálum, dómsdagur yrði ekki í september. Þeir voru að miða sitt álit við hvað hefði skeð um sumarmál og treystu á það að ASÍ og VSÍ mundu spyrna við fótum ásamt ríkisstjórn en tók það svo fram í niðurstöðu sinni að auðvitað stæði hann að áliti bankastjórnarinnar sem sá sig tilneydda að birta athugasemd við bréf hagfræðideildar. Hann tók það líka fram að þeir hefðu ekkert hugsað út í lánsfjárvísitöluna hjá hagfræðideildinni. Hún hækkar náttúrlega töluvert mikið í kjölfar þessara aðgerða.

Ég held að ég sé sammála hæstv. forsrh. um það að ég kenni í brjósti um forustu Sjálfstfl., ekki fyrir það að þar skuli leynast skynsamir og samviskusamir menn innan um. Ég kenni í brjósti um forustu Sjálfstfl. fyrir það frumhlaup, sem hún gerði sig seka um fyrir alþjóð, að ráðast til atlögu við þjóðarsátt.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þá er nú að koma að leiðarlokum þessa hrapallega og válega máls hér í Nd. Ég segi hrapallega vegna málsmeðferðarinnar allrar en válega vegna þess að ef þessi bráðabirgðalög eru staðfest hér á Alþingi gefa þau mjög hættulegt fordæmi.

Þó að lög með einum eða öðrum hætti á kjarasamninga séu illréttlætanleg skera þessi lög sig úr. Það hefur í rauninni ekkert komið fram sem sannfærir, a.m.k. þá sem hér stendur, um það að eitthvað hafi breyst eða komið í ljós frá því í febrúar að þjóðarsáttin er gerð þangað til bráðbirgðalögin eru sett 3. ágúst.

Það er líka mikill munur á því að setja lög sem banna breytingar á samningum eða nýja samninga, þó að ég sé ekki að mæla því bót, eða setja lög sem breyta þegar gerðum samningum. Ég tala nú ekki um þegar þeir eru komnir til framkvæmda. Það virðist vera mál manna að í þeim málaferlum sem nú eru í gangi fyrir bæjarþingi greini menn á um það hvort þessi aðgerð standist lög eða ekki. Það sé þá helst að gagnvart 67. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið brotið, þ.e. greininni sem tekur til verndunar eignarréttar, þar sem þarna hafi verið teknar til baka launahækkanir sem þegar voru komnar til framkvæmda. Eftir því sem ég kemst næst hefur slíkt einu sinni gerst áður. Það mun hafa verið árið 1958 sem laun voru lækkuð með lögum en þá var verðlag lækkað líka. Það er því eins og ég segi mikill munur á að banna hugsanlegar breytingar eða taka til baka breytingar sem þegar hafa orðið.

Það er líka fyrirsláttur þegar því er haldið fram að þessi lög nái til ekki lítils hóps fólks. Þau breyttu nákvæmlega engu fyrir þá sem þegar áttu aðild að þjóðarsátt og tóku ekki til þeirra félaga sem höfðu samninga lausa. Ég get ekki betur séð en að í 3. gr. bráðabirgðalaganna sé kveðið á um það að BHMR geti því aðeins sagt upp sínum samningum að BSRB geri það fyrst. Fyrir utan það að þessi lög fella líka úr gildi ákvæði úr samningum BHMR. Það er því einungis yfirvarp þegar er verið að tengja þetta öðrum og láta í veðri vaka að þetta taki til allra.

Það hefur aldrei komið fram hvernig á því stóð að tilboði BHMR, sem gert var 27. júlí um það að fella út 15. gr. kjarasamnings BHMR og ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið var á um vísitöluverkunaráhrifin, var ekki tekið. Þar með hefði sá fasti punktur verið kominn út úr þeim samningi og þá var boltinn hjá ASÍ og VSÍ. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða neitt um það, en manni finnst það nánast ótrúlegt að þeir aðilar sem höfðu samið um þjóðarsátt mundu léttilega leyfa verðbólgubálinu að kvikna aftur. Að þeir hefðu þá ekki spyrnt við fótum og látið heldur þennan litla hóp, fjögur þúsund manna hóp, fá það sem þeir höfðu þegar um samið og undirritað en að kveikja aftur verðbólgubálið, og bíða frekar til haustsins þegar samningar eru lausir hvort sem er, þegar ljóst er auðvitað, eins og fram kom hér m.a. í máli hv. 1. þm. Reykv., að ýmsir aðilar þjóðarsáttar munu láta til skrarar skríða.

Það má halda áfram með vangaveltur af þessu tagi. Hefðu ASÍ og VSÍ, sem ekki höfðu neitt að standa á nema orð um það að í samningnum milli ASÍ og VSÍ væri tekið mið af að launaþróun annarra yrði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum, þetta ákvæði er ekki nærri eins sterkt og ákvæðið í BHMR-samningnum sem er dagsettur og meira að segja er kveðið á um alveg ákveðið hvernig það sem til framkvæmda skyldi koma 1. júlí skuli vera, frekar viljað láta allt fara í gang á ríkisstjórn sem er svona galvösk við að setja lög á kjarasamninga, jafnvel í formi bráðabirgðalaga, auðvitað með það vopn uppi í erminni t.d. að setja bara lög á VSÍ og banna þeim að greiða þessar launahækkanir og standa frekar við þann samning sem hún hafði sjálf undirritað við BHMR?

Það er sérkennilegt að í öllu því tali um frelsi, sem er að vísu mismunandi vel ígrundað, skuli svona stjórnaraðgerðir vera notaðar og varðar. Fáir tala um það meira hér á hinu háa Alþingi en einmitt þeir sem áður aðhylltust stjórnunaraðferðir sem notaðar voru austan járntjalds, að þær aðferðir hafi sýnt sig vera ónothæfar og skyldu aflagðar alls staðar. Á sama tíma og sífellt er talað um að við þurfum að aðlaga okkur efnahagsástandi nágrannalanda okkar, gera okkur gildandi í samfélagi þjóðanna, eins og það heitir gjarnan, hika menn ekki við að takmarka þetta frelsi með lögum þegar þeim býður svo við að horfa þannig að tvískinnungurinn í frelsistalinu er nú nokkuð gagnsær. Hann virðist fyrst og fremst taka til frelsis fjármagns, frelsis peninga og viðskipta en virðist harla lítið koma frelsi launþega við.

Það var ýmislegt sem ástæða hefði verið til að gera athugasemd við í máli hæstv. fjmrh. við 2. umr. en ég ætla ekki á þessu stigi að fara að munnhöggvast mikið um hans orð. Hann notaði mörg orð til þess að lýsa því hversu vel honum gengi að vinna með BHMR-fólki og semja við það fólk og tók mörg dæmi þar að lútandi. Varla gat maður skilið orð hans öðruvísi en svo að drjúgur tími hans til að byrja með hefði farið í það að hlusta á umkvartanir um það hvað fyrirrennarar hans hefðu staðið sig illa og hve erfitt hefði verið að ciga samskipti við þá. Sérstaklega vakti athygli mína hve hann beindi spjótum sínum aftur og aftur að hæstv. utanrrh. og tilgreindi sérstaklega hvað hann hefði verið erfiður viðsemjandi. Smekkleysi af þessu tagi verður hæstv. ráðherra auðvitað að eiga við sjálfan sig en skelfing eru þetta lítilmannlegar aðferðir til þess að reyna að breiða yfir eigin þvermóðsku og þvergirðingsháttt sem hefur einkennt öll hans verk í samningagerð. En ef menn hafa ekki smekk til þess að sýna trúnað einu sinni meðan þeir standa í samstarfi er kannski ekki að von á góðu framhaldi.

Hann tók sem dæmi um ágæti verka sinna að við dýralækna hefði verið gerður sérkjarasamningur og varpaði því fram sem hugmynd hvað það gæti nú verið skynsamlegt. Hann tiltók reyndar þrjár hugmyndir sem hann hefði varpað fram til BHMR-fólks sem hægt væri að notast við. Sérkennilegt er ef hann kallar bókun við samning BHMR og ríkisins sérkjarasamning. Sannleikurinn er auðvitað sá að þarna er einungis um að ræða bókun sem tók til vaktafyrirkomulags og greiðslu fyrir þær vaktir en ekki til kjarasamningsins sjálfs. Þetta er eitt dæmi um hvernig hæstv. ráðherra tilreiðir staðreyndir eftir því hvernig hentar hverju sinni. Það kemur svo sem engum á óvart því það gerir hann hér alltaf og ævinlega.

Þessi aðgerð í sumar hefur svo sannarlega vakið mikla umræðu um notkun bráðabirgðalagaheimildar stjórnarskrárinnar og hér hefur nú hver þingmaðurinn

á fætur öðrum lýst því yfir að hafi þeir ekki verið sannfærðir um það fyrr þá séu þeir það nú, að það beri að afnema þessa heimild eða a.m.k. takmarka hana verulega. Ég vil þá benda hv. þm. á það, ef það hefur farið fram hjá þeim, að hér er einmitt til meðferðar í þinginu frv. Kvennalistans um þetta efni svo þeim gefst kostur á að láta þennan vilja sinn í ljós.

Það sem líka vekur óhug varðandi þetta mál allt er hvernig ýmsir úr verkalýðshreyfingunni hafa gengið fram fyrir skjöldu og lagt blessun sína yfir þessi vinnubrögð. Ber þó að taka fram að fjöldi verkalýðsfélaga mótmælti þessari aðgerð í sumar en því er ekki að leyna að aðrir hafa mælt henni bót. Undrast maður slíka skammsýni að menn sem fara fyrir öðrum skuli ekki óttast afleiðingar þess að styðja svona gerðir og skuli ekki íhuga hvert spjótin beinist næst. Hvort þau muni hugsanlega beinast að þeirra eigin umbjóðendum og hvort þeir verða þá jafnsáttir við svona aðferðir.

Strax 12. júní þegar hæstv. forsrh. sendi BHMR bréf þar sem tilkynnt var einhliða að ríkisstjórnin ætlaði sér ekki að standa við samninginn vöruðum við kvennalistakonur í ályktun við einmitt þessu og bentum á að menn skyldu líta í eigin barm og íhuga hvort þeir vildu taka við svona spjótum sjálfir.

Ég sagði þegar ég gerði grein fyrir atkvæði mínu í gær í atkvæðagreiðslunni um þetta mál að engin rök, ekki einu sinni efnahagsleg rök, væru gild í þessu máli. Eiríkur Tómasson sem hefur nokkuð komið hér við sögu í dag orðaði það einmitt þannig á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að spurning væri hvort ekki yrði heldur að þola verðbólgu í nokkra mánuði en ganga út á ystu nöf allra réttarvenja og stjórnskipunarlaga.

Hv. þm. Geir Gunnarsson talaði í eftirminnilegri ræðu við 2. umr. um þetta mál um að þessi bráðabirgðalög virtust sett undir þeim formerkjum að tilgangurinn helgaði meðalið. Hann lætur þarna í ljós nákvæmlega sama ugg og við gerðum í okkar ályktun. Spurningin er auðvitað hversu langt er hægt að ganga og hvenær stjórnvöldum, sem komast upp með svona aðgerðir, finnst nóg að gert, hversu lengi þau munu segja að tilgangur helgi meðal og hvað langt verður gengið.

Í þessari deild hafa orðið nokkrar sviptingar fram og til baka í því hverjir mundu styðja þetta frv. og hverjir ekki og hefur ýmislegt komið á óvart. Einn er þó sá þingflokkur sem ekki hefur tekið neinum sviptingum eða tímabundnum sveiflum í þessu máli. Við kvennalistakonur höfum frá fyrsta degi verið himinhrópandi ósammála svona aðferðum og höfum verið það áður og höfum andmælt því í hvert skipti sem það hefur komið til að lög væru sett á launafólk með þessum hætti. Við gerðum þetta m.a. að fráfararatriði í ríkisstjórnaraðild einmitt í þessari stjórn sem nú situr, haustið 1988. Þessi afstaða er því ekki einskorðuð við þetta eina mál þó okkur þyki að sönnu það alvarlegra en önnur lög svipaðs eðlis sem hafa verið sett undanfarið. Stjórn sem hefur feril sinn með þeim hætti að framlengja lög um bann við kjarasamningum og ætlar síðan að ljúka honum með svipuðum hætti á ekki skilið langlífi. Þó undrast maður í þessari umræðu sem orðið hefur um málefni BHMR og bráðabirgðalögin hvað margir virðast ginnkeyptir fyrir skammtímarökum og sjá ekki út fyrir þetta eina atriði, hvort einhver einn hópur hefur samið um eitthvað örlítið meiri launahækkun en einhver annar fær. Manni finnst þetta því miður vera válegt merki um mjög vanþroska lýðræðishugsun eða skilning. Og það er manni vissulega umhugsunarefni hvers vegna svona er komið, eða höfum við kannski aldrei náð meiri lýðræðisþroska en þetta? Erum við ekki lengra komin á brautinni? Vissulega er margt sem bendir til þess að það skorti mjög mikið á skilning hér á landi á því hversu dýrmæt þessi lýð- og mannréttindi eru. Veldur eflaust margt. Við höfum ekki notið þessara mannréttinda lengi. Það er ekki langt síðan við fengum þessi réttindi og ef til vill má leiða að því rök að okkur skorti eitthvað í ferlinum. Barátta Íslendinga var fyrst og fremst sjálfstæðisbarátta. Áður en sú barátta hófst hér að nokkru marki hafði þegar hafist í Evrópu og staðið um langa hríð mjög mikil mannréttindaumræða. Þau mannréttindi og lýðréttindi sem við njótum í dag eru afrakstur aldalangrar baráttu íbúa Evrópu og síðan Norður-Ameríku. Ef til vill fengum við öll þau réttindi of léttilega og íhuguðum ekki hversu mikla baráttu það hafði kostað að fá þau og ef til vill umgöngumst við þau þess vegna svona léttilega í dag. En ég vona sannarlega að sú umræða sem hefur skapast í kringum þessi lög verði þó til þess að fólkið í landinu fari að íhuga þessi mál betur og dýpra og þegar það gengur að kjörborði næst láti það virkilega ráða sinni för þar hvort því finnist lýð- og mannréttindi einhvers virði eða hvort stundargróði eins umfram annan er meira virði.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. 12. þm. Reykv. sérstaklega fyrir þann kafla ræðu hennar sem fjallaði um tengsl þessa máls við grundvallarmannréttindi. Þetta er hlutur sem við hugsum allt of sjaldan um. Slík verðmæti eru ekki sjálfgefin. Um þau þarf sannarlega að standa vörð og gera sér grein fyrir hættumerkjum. Það er alveg ljóst að þau hættumerki eru nú hátt á lofti og hærra en svo að það geti glatt nokkurn þingmann, sem verulega hugsar sérstaklega um þau mál, að fylgjast með því sem gerst hefur á Alþingi nú síðustu dagana. Ég held, herra forseti, að þessir dagar sem við nú upplifum séu afar dimmir í fleiri en einum skilningi. Það er ekki aðeins skammdegið sem grúfir yfir í kringum okkur. Það eru heldur myrkar fréttir sem berast frá Alþingi nú þessa dagana og reisn þess heldur lítil.

Því miður hefur það gerst hér að þau lög sem við höfum fjallað um og fela í sér bæði siðferðisbrot, sennilega stjórnarskrárbrot og óvirðingu fyrir mannlegum góðum samskiptum, hafa nú fengið fulltingi meiri hluta þingmanna í neðri deild Alþingis, a.m.k. til að ganga til 3. umr. En ég leyfi mér að vona að það geti verið svo, eins og stundum gerist með frv. hér á Alþingi, að menn láta gott heita eða afskiptalaust að þau gangi til 3. umr. en taka svo endanlega afstöðu

með eða móti við lokaafgreiðsluna. Þess vegna leyfi ég mér að vonast til þess, hafandi það í huga að veður hafa skipast í lofti nokkrum sinnum að því er varðar afstöðu margra hv. þm., bæði sjálfrar ríkisstjórnarinnar, ýmissa ráðherra og hv. þm. úr stjórnarliðinu, svo og stjórnarandstæðinga, að það geti enn farið svo að þessi lagaómynd, ef ég má svo segja, þessi bráðabirgðalög sem eru Alþingi og ríkisstjórn og lýðræðinu til skammar, verði nú allt að einu felld. Það sem ég hér segi, herra forseti, eru ekki einungis stóryrði sögð vegna almennrar reiði út í ríkisstjórnina. Þau eru hér mælt vegna þess að af döprum huga hef ég hugleitt þá framvindu sem gæti orðið í stjórnarfari landsins ef svo heldur sem horfir.

Við erum að fjalla um frv. til laga um launamál sem prentað var á þskj. 40 og þar eru í heild prentuð hin frægu bráðabirgðalög ásamt formála þeirra. Það kemur strax fram í annarri línu þessa formála að rökstuðningurinn fyrir þessum bráðabirgðalögum varðar ekki efni málsins sjálfs. Rökstuðningurinn er sá að það liggi fyrir að hækkanir geti orðið á hinum almenna vinnumarkaði, þ.e. að Vinnuveitendasamband Íslands hafi ákveðið að veita viðsemjendum sínum sömu hækkun launa og félagar í BHMR mundu fá eftir samninginn við ríkisstjórnina. Þá skyldu menn ætla að áframhaldið væri að bráðabirgðalögin snerust um það efni en þau gera það ekki. Þau snúast um samning sem hæstv. ríkisstjórn gerði við annan aðila. Og þennan grundvöll kallar hæstv. ríkisstjórn þjóðarsátt.

Ég verð að viðurkenna að ég tel það vera klókindi sem alveg eru með ólíkindum að það skuli hafa tekist með svo miklum árangri að fá fjölda manna til að taka undir að hér hafi verið gerð þjóðarsátt. Það er einfaldlega rangt. Það hefur engin þjóðarsátt verið gerð. Hvað er þjóðarsátt? Það er eitthvað sem öll þjóðin og hin ýmsu öfl sem vegast á í þjóðfélaginu sættast á. Og hver gæti verið á móti slíkri þjóðarsátt? Auðvitað enginn nema illmenni. En við erum ekki að tala um þjóðarsátt. Við erum að tala um afbökun og útúrsnúning á því orði sem hæstv. ríkisstjórn hefur leyft sér að nota og náð furðu góðum árangri í. Hitt er hins vegar alvarlegra hve margir hafa gleypt það hrátt að sá gerningur sem hér er verið að ræða um sé samsamaður þessum undarlegu bráðabirgðalögum því ef við skoðum enn og aftur formálann og rökstuðninginn fyrir bráðabirgðalögunum, sem er sá að það standi til að veita öðrum aðilum hækkanir svipaðar og þær sem ríkisstjórnin hefur samið um við sinn samningsaðila, ekki þann sem ákvörðunin fjallar um, og hin brýna nauðsyn sem ríkisstjórnin telur vera fyrir hendi, þá hljótum við að hugsa um það: Um hvað fjallar þá þessi þjóðarsátt? Hún fjallar um að tveir samningsaðilar semja um það við þriðja aðila að hann svíki fjórða aðila. Það er þjóðarsáttin. Í því felst hin brýna nauðsyn sem sjálf ríkisstjórnin telur vera til að gefa út bráðabirgðalög. Ef þetta er ekki siðferðisbrestur veit ég ekki hvað það er. Þetta er alvarlegur brestur á pólitísku siðgæði og alvarlegur brestur á siðgæði í samskiptum vinnuveitenda við starfsmenn sína, í þessu tilviki ríkisstjórnarinnar í samskiptum við BHMR.

Nú er það svo að fjöldi manna segir: Það er líklega búið að hlaða nóg undir þetta fólk í BHMR. Það er búið að kosta langt nám fyrir þetta fólk og svo krefst það hárra launa. Menn tala um að slíkt sé ósvinna. Það er alveg ljóst að meðal margra er þessi hópur síður en svo vinsæll, a.m.k. hefur það verið helst að heyra í umræðu um þetta mál oft á undanförnum vikum. Hér er um að ræða um þrjú þúsund manna hóp sem sennilega býr yfir meiri þekkingu en nokkur annar þrjú þúsund manna hópur í þjóðfélaginu.

Hæstv. forsrh., sem sennilega heyrir ekki það sem ég er að segja, enda er honum orðið rétt sama um það hvað hv. þm. segja um þetta mál og jafnvel önnur líka, hefur stundum talað um það á hátíðlegum stundum og ég á von á því að það heyrist í áramótaávarpi jafnvel núna eftir nokkra daga að engin auðlind sé verðmætari en atgervi fólksins í landinu og sú þekking sem það býr yfir og hugvitið sem unnt er að virkja með rannsóknum og veitingu þekkingarinnar út í atvinnulífið og til þess að auka atgervi þeirra sem á eftir koma. Kannast nokkur hv. þm. við þessa ræðu? Ó já. (**Gripið fram í:** Eða 1. des.?) Eða 1. des. Ég þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir ábendinguna, enda hefur hún, eins og fleiri, tekið eftir því sem þar var sagt. Menn tala um auðlindir í iðrum landsins. Við tölum um auðlindir í hafinu í kringum landið. Við tölum um þýðingu þess að geta virkjað auðlindir til þess að afkoma fólksins í landinu geti orðið bærileg á komandi árum. Og hvernig virkjum við þessa auðlind sem býr í atgervi fólks og þekkingu þess? Allar auðlindir þarf að virkja, m.a. með því að veita til þeirra fjármagni. Og það fjármagn sem er veitt til þessarar auðlindar, sem er þekkingin sem fólkið í landinu býr yfir, því er varið til þess að bæta aðstöðu þess, til þess að virkja þekkinguna, til þess að auka hana og þar með að bæta hag þjóðar sinnar, með öðrum orðum með launum og vinnuaðstöðu.

Ég hef kosið, herra forseti, að víkja nokkuð að þessum þætti máls. Mér er það ljóst að þessi þáttur málsins hefur ef til vill ekki verið mjög mikið ræddur í sambandi við þetta frv. en ég geri það vegna þess að svo mótsagnakennt er það að einmitt þessi hópur á í fæstum tilvikum í nokkurt annað hús að venda en til ríkisins sjálfs með vinnu sína. Og ríkisvaldið, þ.e. ríkisstjórnin og fyrst og fremst fjmrh., misnotar þessa aðstöðu með því að ekki einungis brjóta samning heldur setja lög gegn eigin samningi, gegn þessu fólki, gegn dómsniðurstöðu um rétt þessa fólks sem ekki á í annað hús að venda. Og í áramótaávarpinu og 1. des. munu viðkomandi ráðherrar segja að ekkert verðmæti sé meira fyrir þjóð okkar og framtíð en nákvæmlega sams konar þekking og þetta fólk hefur með atgervi *sínu og vissulega áhuga og aðstöðu í þjóðfélaginu*, það sem veitt er með stuðningi við skólakerfi og lánakerfi og slíkt. Vissulega hefur það aflað sér þessarar þekkingar og aukið þetta atgervi sem er ein traustasta auðlind sem við eigum völ á í framtíðinni, eins og reyndar hingað til. Það er þetta sem ég á við þegar ég tala um að það sé hróplegt ranglæti og siðferðisbrestur af hálfu vinnuveitanda, þ.e. ríkisins, í samskiptum við starfsmenn sína því að þeir eiga ekki í annað hús að

venda um vinnu á sínu ættlandi. Þetta segir svo ríkisstjórnin að sé gert til þess að staðfesta þjóðarsáttina.

Frá mínu sjónarmiði séð er slík gerð, sem fólgin er í lögum og aukin heldur bráðabirgðalögum með þessum afleiðingum, ekki þjóðarsátt heldur þjóðarskömm. Ég hvet mjög eindregið til þess að hv. alþm. hætti að nota orðið þjóðarsátt um þennan gerning því að það heyrist ekki í mæltu máli að það sé notað innan tilvitnunarmerkja og þess vegna skulum við heldur tala um þetta sem það raunverulega er. Það er um launafrystingu að ræða til þess að veita ríkisstjórninni svigrúm til efnahagsaðgerða sem hún hefur svo ekki gert. Hún hefur ekki notað þetta svigrúm en það er önnur saga. Út í það atriði ætla ég ekki að fara, enda er það ljóst að til hliðar við þetta mál hafa einnig orðið allhneykslanlegir atburðir, að því er mér virðist, í sambandi við áætlanir um verðbólguþróun sem teknar eru góðar og gildar af hæstv. ríkisstjórn, án þess að talað sé um á hvaða forsendum það sé gert. Ríkisstjórnin hefur ekki meira stolt en svo að hún lætur sig hafa það að taka góðar og gildar verðbólguspár sem miða við það að ríkisstjórnin hreyfi hvorki legg né lið í efnahagsmálum. Mér hefur þó skilist að hún hefði nokkurn hug á því ef á þyrfti að halda og vill jafnan láta svo vera að hún hafi náð nokkrum árangri á því sviði, að því er hún sjálf segir. En samkvæmt þeirri verðbólguspá, sem virtist vera aðalhaldreipi hæstv. forsrh. og var frá Þjóðhagsstofnun, var miðað við að losnaði um alla skapaða hluti og ríkisstjórnin hreyfði hvorki legg né lið til þess að laga eitt eða neitt í efnahagslífi landsins. Það eina sem gerðist við þetta var framkvæmd hennar eigin gerðar, samningsins við BHMR, sem hún var svo mjög ánægð með á sínum tíma.

Með hliðsjón af vissri eigin reynslu hefur mér ekki liðið það úr minni að hæstv. ráðherra sagði að því bæri að fagna að samningurinn við BHMR hefði verið gerður því það mundi þó a.m.k. skapa frið í skólunum um fimm ára skeið. Þá komum við aftur að okkar blessaða unga fólki sem hefur ár eftir ár eftir ár mátt þola það að vera truflað alvarlega í námi sínu, sem það sumpart var skylt að stunda og sumpart átti rétt á að stunda, allt vegna launadeilna við vinnuveitandann, þ.e. ríkið. Mér var það ljóst þann tíma sem ég starfaði í menntmrn. að það hlaut að verða að koma því svo fyrir, og reyndar var svipað uppi á teningnum með heilbrigðisstéttirnar, að launakerfið í landinu gerði ráð fyrir því hvaða sérstöku ábyrgð það fólk hafði sem þarna var um að ræða og þekkingu, og líka hitt, að það átti ekki um annan vinnustað að velja. Þess vegna gat það ekki snúið sér að markaðskerfinu eða markaðsmyndun á launum eins og er hægt í ýmsum öðrum störfum í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég hlaut að leyfa mér að greina frá skoðun minni um þetta mál því svo stóð á að ég var ein þeirra þingmanna sem var fjarverandi frægan þingflokksfund í þingflokki sjálfstæðismanna þar sem forusta þingflokksins hafði í góðri trú, og auðvitað byggt á mörgum umræðum í þingflokknum alveg frá því í sumar, greint frá því að þingflokkurinn væri andvígur þessu frv. Nú er það ljóst að allur þingflokkurinn er efnislega andvígur því þó að nokkrir hv. þm. hafi kosið þá leið við 2. umr. að sitja hjá. Ég vona svo sannarlega að þessir hv. þm. sem greindu frá því með mjög mikilli rökfestu hvílík ósvinna og skömm það væri fyrir þingið að samþykkja þessi lög og vildu þeir því engan hlut eiga að því, þá hlýt ég að álykta að þeir dragi úr þeirri ósvinnu með því að greiða atkvæði gegn þessu frv. á lokastigi málsins þegar það fer úr þessari deild. Það er það sem mestu máli skiptir. Það liggur því ljóst fyrir að þeir sem sitja hjá, svo einkennilegt sem það er í þessu tilviki, herra forseti, gera þá grein fyrir hjásetu sinni að þeir séu andvígir málinu. Frá mínu sjónarmiði séð er það auðvitað enn rökréttara þegar maður hefur lýst því að maður sé andvígur einhverju máli að greiða atkvæði gegn því. Um það geta verið skiptar skoðanir, eins og þessi dæmi sanna.

Mér hefur líka þótt ósköp dapurlegt að hlusta á það að jafnvel hinir ákveðnustu „prinsippmenn", ef ég má svo að orði kveða, í stjórnarliðinu sem lýst hafa sig eindregið andvíga þessu máli, það er kannski ekki nema um einn að ræða sem hefur, svo vitað sé, snúið við því blaði og ætlar að sitja hjá. Sá hv. þm. er hv. 2. þm. Austurl. Ef til vill greiðir hann atkvæði gegn frv. við 3. umr. Ég útiloka ekki þá von að einhverjum snúist hugur aftur. Það hafa gerst svo einkennilegir hlutir í þessu máli öllu frá upphafi vega.

Tilgangur hv. þm. er sá að afstýra öðru verra að hans sögn sem yrði að í stað þess að láta frv. ganga til atkvæða eftir að hæstv. forsrh. vissi að það yrði ekki samþykkt ryfi hann þing og setti bráðabirgðalög á nýjan leik. Þessu vildi hv. þm. afstýra. Það sem mér virðist vanta í þessa grg. og þennan rökstuðning hv. þm. er mjög mikilvægt atriði, að það er hægt að ná enn meiri árangri að því er varðar gerðir hæstv. forsrh. Hv. þm. hafði það í hendi sinni með því að greiða atkvæði gegn frv., ekki einungis að losa hv. þm. við þessi lög heldur einfaldlega losa hæstv. forsrh. við verkefnin í forsrn. Hæstv. forsrh. hefði verið nauðugur einn kostur að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Ég hef reyndar haldið að áður hefði gefist tilefni til þess einmitt í sambandi við þetta mál. Það hefði gefist tilefni til þess strax eftir uppkvaðningu félagsdóms í sumar. En menn í hæstv. ríkisstjórn hafa nokkra þjálfun í því að virða að vettugi meginreglur og þess vegna kemur það afar einkennilega fyrir sjónir, að ekki sé meira sagt, að menn hafi í alvöru trúað því að það yrðu sett bráðabirgðalög á nýjan leik ef hæstv. ríkisstjórn vissi að þau hefðu ekki, nákvæmlega það lagaefni hefði ekki meirihlutastuðning á Alþingi.

Hér er, ef orðað er eins mildilega og hægt er að hugsa sér, um geysilega alvarlegt víxlspor að ræða af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þar sem meginreglur hafa verið hrapallega misskildar. Mér er þó nær að halda og hef raunar komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé ekki víxlspor því að ærin tilefni hafa verið til að gera sér grein fyrir því að menn hafa farið villir vegar. Menn hafa líka haft ærinn tíma til að gera sér grein fyrir því að það er löngu orðið ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér aldrei að standa við þann samning sem gerður var við BHMR á sínum tíma. Svo er að sjá að hæstv.

ríkisstjórn hafi litið á hann sem einhvers konar gervisamning og vitað að hún hefði ráð þorra þessa fólks í hendi sér með því að þorri þessa fólks er háður ríkisvaldinu um vinnu.

Ég ætla, herra forseti, ekki að fara út í hinar lögfræðilegu bollaleggingar um hið stjórnskipulega gildi þessara laga. Ég er þeirrar skoðunar að það sé í meira lagi hæpið, við fáum skorið úr því fyrir dómi, en ég er hins vegar ekki einungis þeirrar skoðunar að hinn siðferðilegi grundvöllur sé hæpinn, hinn siðferðislegi grundvöllur er enginn. Þessi bráðabirgðalög eru siðlaus og ég tel að það sé hneisa fyrir Alþingi að samþykkja þau. Ég hvet til þess enn og aftur að við horfumst í augu við það að sá grundvöllur sem hæstv. ríkisstjórn hefur flaggað sem svo fögru merki, að hér séum við að tala um yfirtroðslu á þjóðarsátt, stenst ekki. Í fyrsta lagi var ekki um þjóðarsátt að ræða og í öðru lagi eru bráðabirgðalögin, samkvæmt þeim rökum sem ég hef talið hér fram, gjörsamlega fráleit gerð og ekki samboðin Alþingi sem er vagga þingræðis og lýðræðis á Norðurlöndum og þó víðar sé leitað.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir mjög greinargott mál sem ég held að fleiri hefðu mátt hlýða á, ekki síst hæstv. ráðherrar og einkum og sér í lagi hæstv. forsrh.

Ég ætla ekki að flytja hér langt mál. Ég ætla í fyrsta lagi að staðhæfa það, sem ég heyri að svíður undan, að hæstv. ríkisstjórn hefur brugðist svokallaðri þjóðarsátt. Það þarf ekki langt að leita. Ég veit að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki mikið álit á Seðlabankanum, en í greinargerð sem Seðlabankinn sendi frá sér 4. des. er mjög rækilega á þetta bent, ekki síst hvað varðar vextina. Það er hæstv. ríkisstjórn sjálf sem hefur mest áhrif á vaxtahæðina, á það hve raunvextir eru háir hér á landi. Það er eitt þeirra atriða sem launþegasamtökin og forustumenn þeirra hafa gagnrýnt hvað harðast, ekki síst Ögmundur Jónasson. Það stendur skýrum stöfum í þessari skýrslu að það sé nú svikalogn á lánsfjármarkaðnum. Ástæðan er sú að innan tíðar hljóti atvinnulífið á fjármagni að halda til að byggja sig upp. Til þess að það geti orðið þurfi stjórnvöld, þarf hæstv. ríkisstjórn að draga úr lánsfjárþörf sinni innan lands.

Hæstv. fjmrh. hefur með því frv. sem hann lagði fram til aukalánsfjárlaga sýnt fram á að hæstv. ríkisstjórn ætlar að fá 6 milljarða til viðbótar við fyrri áætlanir til láns á innlendum markaði, aðeins 6 milljarða. Þetta leiðir að sjálfsögðu til þess að raunvextir haldast háir hér á landi. Það er alveg sama hvort menn reyna að nota handafl til að halda þeim niðri. Það er ekki hægt lengur, einfaldlega vegna þess að það eru stjórnvöld sjálf sem standa fyrir þessum háu raunvöxtum. Þetta er aðeins eitt dæmi um það að hæstv. ríkisstjórn stendur ekki við sinn hluta. Það er hallarekstur á ríkinu og nú má gera ráð fyrir því að afgreiða verði fjárlög með miklu meiri halla en ráð var fyrir gert. Enn hafa ekki komið fram frv. til þess að staðfesta vilja hæstv. ríkisstjórnar til þess að standa við tekjuáætlun fjárlaga. Það kann vel að vera að þau komi síðar fram, fyrir jól. En gerist það ekki og verði þau ekki samþykkt fyrir jól er ljóst að hallinn á fjárlagafrv. kemur til með að vaxa verulega. Þá verður hægt að telja í tugum milljarða hallann á ríkissjóði í þriggja ára tíð hæstv. fjmrh. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar hér. Það gefst tækifæri til þess síðar í vetur, enda mun þetta koma betur og betur í ljós.

Það hefur nokkuð verið rætt um hvað sé rétt og hvað sé rangt í þessu máli. Slíkar deilur geta auðvitað verið ærið ófrjóar. En það sem verra er að í þessari umræðu allri hefur stundum verið ruglast á því að það sem sé vinsælt hljóti að vera rétt og það sem sé óvinsælt hljóti að vera rangt. Meira að segja hefur gengið svo langt að ákveðnir stuðningsmenn, reyndar úr hópi hv. þm., hafa lýst því yfir að þetta hafi verið rétt af ríkisstjórninni, enda hafi það komið fram í skoðanakönnunum. Á það var bent að samkvæmt skoðanakönnun hefði þessi ríkisstjórn í fyrsta skipti fengið stuðning meiri hluta þjóðarinnar. Og niðurstaða hv. þm. varð sú að þetta þýddi það að ákvörðunin hefði verið rétt. Síðan var því bætt við að þess vegna ættu menn að styðja þetta. Með sömu rökum má halda því fram að þegar Sjálfstfl. fær yfir helming atkvæða samkvæmt skoðanakönnunum hljóti sú niðurstaða að vera rétt og þess vegna eigi til að mynda hæstv. ráðherrar, þar á meðal hæstv. forsrh. og fjmrh. að sjálfsögðu að styðja Sjálfstfl. því að hann er svo vinsæll að hann hefur meiri hluta atkvæða og þess vegna er niðurstaðan rétt og auðvitað eigum við öll að styðja rétta niðurstöðu. Svo langt hafa menn gengið í rökstuðningnum að þeir rugla saman því sem er rétt og hinu sem er vinsælt. Ég hef sagt í þessu máli og reyndar margir fleiri að við teljum það vera meira virði að fylgja réttlætinu en stundarvinsældum því að við teljum að réttlætið muni lifa en vinsældir koma og fara.

Það er athyglisvert í þessari umræðu að það er upplýst loksins fyrir fullt og fast að ríkislögmaður var hvergi til kallaður á tímabilinu 1. febr. til 1. júlí þrátt fyrir margvíslegar og margar viðvaranir ýmissa aðila. Það er ekki fyrr en 3. júlí sem ríkislögmaður fær að koma nálægt þessu máli þegar honum er rétt upp í hendurnar stefna frá BHMR, stefna fyrir Félagsdóm. Fyrir þinginu liggur þingskjal frá hv. 6. þm. Norðurl. e. þar sem hann biður um að lagðar séu fram á þinginu lögfræðilegar álitsgerðir þeirra manna sem til var leitað á þessu tímabili. Meðan þær koma ekki fram ber að líta svo á að þær séu ekki til. Og öll svör hæstv. forsrh. eru út í bláinn þegar hann er að segja að hann hafi leitað til lögfræðinga um gerð bráðabirgðalaganna. Að sjálfsögðu hefur hæstv. ríkisstjórn orðið að grípa til lögfræðingagengis síns, svo að ég noti nú hugtak sem hér var notað um lögfræðingagengi Sjálfstfl., noti sams konar orðalag og hæstv. utanrrh. notaði. Auðvitað var kallað til lögfræðinga þegar allt var komið í óefni en það var bara allt of seint.

Gagnrýnin á þessar aðgerðir allar felst í því að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið að sér þann 1. febr. að framkvæma þann hlut, sem auðvitað er ekki drengilegur, að troða á þeim samningi sem hæstv. ríkisstjórn

gerði sjálf við sína launþega. Í stað þess að gera það með eðlilegum hætti með því að leggja þá fram lagafrv. á Alþingi, hefja viðræður við þessa aðila, sem auðvitað var undirstöðuatriði, eða með öðrum slíkum hætti, lét hæstv. ríkisstjórn það undir höfuð leggjast og fékk engar álitsgerðir eða leitaði ekki til neinna manna um þessi atriði fyrr en eftir að málið var komið í óefni, eftir að málið var komið fyrir Félagsdóm. Allir vita hver niðurstaðan varð. Jafnvel sá maður sem hæstv. ríkisstjórn tilnefndi í dómstólinn greiddi atkvæði með þeirri niðurstöðu sem varð, en hún var algerlega BHMR í vil.

Þetta, virðulegi forseti, vildi ég að hér kæmi fram. Mér þykir vænt um að hæstv. forsrh. skuli segja það hér í ræðustól að það hafi ekki hvarflað að honum að fara þannig að að láta þessi lög falla og rjúfa þing og setja síðan lög sama efnis. Það breytir hins vegar ekki því að aðrir höfðu það á orði og það var meginástæðan fyrir því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kaus að hverfa frá sannfæringu sinni og sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu. En sú gjörð hv. þm. gerbreytti auðvitað stöðunni, eins og allir vita.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langt mál. Ég ætla t.d. að spara mér það að orðlengja um fáryrði hv. 3. þm. Reykv. sem féllu hér úr ræðustólnum áðan og leiða þau alveg hjá mér. En ég vil nú láta það samt í ljósi að það er auðvitað ekki gaman að þurfa að standa að setningu bráðabirgðalaga og ekki síst um viðkvæm kjaramál. Ég hef oft tekið nær mér að standa að bráðabirgðalögum en í þetta skiptið og ég vitna til þess hvað við gerðum vorið 1983. Þá voru sett bráðabirgðalög, hinn 27. maí 1983, um launamál og ég ætla að lesa 1. gr. þeirra laga:

„Ákvæði VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., um verðbætur á laun skulu ekki gilda á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili. Verðbótavísitala skv. 48.–52. gr. laga nr. 13/1979 skal eigi reiknuð fyrir greiðslutímabili frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985.

Frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 er óheimilt að ákveða að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf eða nokkrar starfstengdar greiðslur skuli fylgja breytingum vísitölu eða annars hliðstæðs mælikvarða á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarfélaga og til allra annarra vinnusamninga, til kjaradóma og úrskurða í málum opinberra starfsmanna, svo og til launareglugerða og launasamþykkta allra fyrirtækja, stofnana og starfsgreina."

Það er stungin tólgin. Hverjir stóðu svo að setningu þessara bráðabirgðalaga? Það gerðum við nú í félagi, framsóknarmenn og sjálfstæðismenn. Þá var forsrh. nýmyndaðrar ríkisstjórnar hæstv. núv. forsrh. og sjálfstæðismaðurinn, þáv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundsson var fjmrh. Hverjir ætli hafi staðið að þessum kjarasamningum sem þarna voru numdir úr gildi? Það gerði meðal annarra framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins sem þá var Þorsteinn Pálsson. Hverjir stóðu svo að áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. hv. deildar sem staðfesti þessi bráðabirgðalög þá um veturinn? Að því stóðu, ef ég man rétt, auk mín hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson og hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson. Af þessu má sjá að menn geta skipt um skoðun þegar þeir verða ábyrgir stjórnmálamenn. Það er ráð mitt til hæstv. fjmrh. sem er nú mikill og slunginn stjórnmálamaður að reyna að koma því svo fyrir að Páll Halldórsson lendi í þingliði Alþb. þannig að honum auðnist að skipta um skoðun eins og Þorsteini Pálssyni á sínum tíma.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ræða hv. 1. þm. Norðurl. v. bar mjög glögg merki þeirrar siðferðisblindu sem liggur að baki ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokkanna. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þá útúrsnúninga sem hér voru viðhafðir af hans hálfu með tilvitnunum í lagasetningu frá 1983 og aðeins að minna á að mörgum sinnum hafa verið sett lög sem hafa breytt ákvæðum um útreikning verðbóta á laun. Ef ég man rétt gerðist það með þeim hætti vorið 1983 að numin voru úr gildi lagaákvæði þess efnis hvernig standa skyldi að verðbótaútreikningi launa. Það var með öðrum orðum ákveðið í tíð þeirrar ríkisstjórnar, sem sat að völdum fram til ársins 1983, með lögum hvernig standa skyldi að útgreiðslu verðbóta á þeim tíma og samningsákvæðum hafði af þeirri ríkisstjórn verið ýtt til hliðar með lagaboði.

Þessi ræða hv. þm., formanns fjh.- og viðskn. og formanns þingflokks framsóknarmanna ber á hinn bóginn mjög glögg merki, og einmitt þessir útúrsnúningar, um þá siðferðisblindu sem stjórnarliðar eru slegnir í þessu efni.

Hér er um það að ræða að það er verið að fjalla um kjarasamninga og ógildingu þeirra. Í fyrsta lagi kjarasamninga sem ráðherrar núv. ríkisstjórnar skrifuðu undir eigin hendi. Það er verið að fjalla um það að hæstv. ríkisstjórn tók ákvörðun um að hætta framkvæmd þeirra samninga með einhliða aðgerð sem öllum var ljóst að bryti í bága við gildandi réttarreglur á samningasviði. Og fyrir Félagsdómi hlaut hæstv. ríkisstjórn dóm. Aðgerðir hennar voru dæmdar ólögmætar fyrir Félagsdómi.

Það er afar fróðlegt að heyra hv. 1. þm. Norðurl. v., formann þingflokks framsóknarmanna, verja slíkar aðgerðir. Það eru engin dæmi um það að aðilar að kjarasamningi hafi gert tilraun til þess að brjóta hann með þessum hætti sem hæstv. ríkisstjórn var dæmd fyrir í Félagsdómi á miðju þessu ári. Og þegar sá dómur lá fyrir þótti hæstv. ríkisstjórn rétt að setja bráðabirgðalög gegn þeirri dómsniðurstöðu. Það er þetta sem lýsir einstakri siðferðisblindu, lýsir virðingarleysi fyrir lögum og rétti og gildandi grundvallarrétti á samningssviði og virðingarleysi fyrir stjórnskipunarreglum lýðveldisins.

Flestir þeir sem kvatt hafa sér hljóðs um þetta efni hafa borið fram mjög harða gagnrýni á hæstv. ríkis-

stjórn einmitt vegna þessa. Það eru ekki bara andstæðingar ríkisstjórnarflokkanna sem gagnrýna þetta. Það eru virtir vísindamenn í Háskólanum. Prófessorar við lagadeild Háskólans komast svo að orði að þetta mál allt sýni svo alvarlegar veilur í stjórnskipuninni að þar verði að ráða bót á. Prófessorar við lagadeild Háskólans segja að ríkisstjórnin hafi gengið þann veg fram í þessu máli að þjóðin hefði þurft að setja traust sitt á forseta Íslands til þess að koma í veg fyrir alvarleg brot gegn stjórnarskránni. Og einn af ráðgjöfum hæstv. ríkisstjórnar og máttarstólpum í Framsfl. hefur sagt að aðferðir ríkisstjórnarinnar í þessu máli séu gróft dæmi um siðferðisbrest í stjórnmálum. Innan úr innsta hring í Framsfl. koma þau ummæli að hér sé um að ræða gróft brot á siðferðisreglum.

Þingmenn og ráðherrar stjórnarflokkanna hlæja að þessum ummælum. Hvers vegna? Vegna þess að þeir bera enga virðingu fyrir lögum og rétti. Málavextir allir, málflutningur þeirra hér á Alþingi ber vott um það að valdið eitt gildir í þessu efni. Réttarstaða einstaklinga og félaga er vanvirt á alveg einstakan hátt sem engin dæmi eru til um frá fyrri tíma. Engin ríkisstjórn hefur fengið gagnrýni af því tagi sem komið hefur fram í þessu máli. Það hefur oft staðið styrr um lagasetningu sem lotið hefur að kjarasamningum. En engin ríkisstjórn hefur fengið gagnrýni af því tagi sem hér hefur verið borin fram vegna þess að fyrr hafa menn ekki vanvirt grundvallaratriði í íslenskri þjóðfélagsgerð, bæði að því er varðar lög og rétt og almennt siðgæði sem er grundvöllur menningarlegs og lýðræðislegs þjóðfélags. Það er hv. 1. þm. Norðurl. v. ekki til sóma að gera gys að þessum gildum sem sérhvert menningarþjóðfélag þarf að byggja á og honum til háðungar og flokki hans til smánar hvernig hann ræddi um þau efni hér og á hvern veg flokkur hans og sú ríkisstjórn sem hann styður hefur staðið að þessu máli.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég má til að bera af mér sakir. Ef við erum haldnir siðferðisblindu nú höfum við verið siðferðilega steinblindir 1983. Því að sú lagasetning var náttúrlega miklu, miklu grófari en sú sem hér er til umræðu. Ég var hvorki blindur þá eða nú og fór eftir hinu besta siðferði og var að vinna nauðsynleg verk. Það getur skeð að augu þeirra í forustu Sjálfstfl. séu nú haldin siðferðisblindu.

Það eru hreinar rangfærslur hjá hv. 1. þm. Suðurl. að eitthvað minna hafi gengið á kjarasamninga í bráðabirgðalögunum 1983 en nú. Ég endurtek, með leyfi forseta ákvæði úr 1. gr.: „Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili.“ Mér þykir við hæfi að vitna aftur til nál. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 233: „Jafnframt er rétt að vekja sérstaka athygli á þeim útbreidda misskilningi að bráðabirgðalögin hafi numið úr gildi niðurstöður Félagsdóms. Þeim niðurstöðum er í engu raskað. Eftir að niðurstöður Félagsdóms lágu fyrir var hins vegar hluta samnings BHMR og fjmrh. breytt með lögum þannig að greiðslur féllu niður frá 1. sept. 1990. Það þýðir hins vegar ekki að niðurstöðum Félagsdóms sé breytt heldur þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda studdist við.“

Mér þykir ágætt að hafa fengið tækifæri til þess að lengja þessa umræðu örlítið því að pólitískt séð og sem stjórnarsinna þykir mér þeim mun betra sem sjálfstæðismenn segja meira í þessu máli.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. mótmælti því að Framsfl. væri fyrst nú sleginn siðferðisblindu. Hafi nokkru sinni falist í mínu máli viðurkenning á því að svo hafi ekki verið ástatt um Framsfl. fyrr á tíma skal ég draga það til baka og viðurkenna það fyllilega að hann hafi frá upphafi vega verið sleginn þeirri blindu og augljóst að meðan hv. 1. þm. Norðurl. v. er þar í forustu er lítil von til þess að þar verði bót á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 148. mál (húsbréf). — Þskj. 286.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti. Frv. þetta er samið í félmrn. með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er af húsbréfakerfinu á því eina ári sem liðið er frá því að lög þar um tóku gildi.

Ég vil fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv. en það tekur til þriggja þátta. Það er í fyrsta lagi að meiri háttar endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði verði lánshæft í húsbréfakerfinu. Í öðru lagi að húsbréf geti numið allt að 75% af matsverði íbúða og í þriðja lagi að íbúðaeigendur í greiðsluerfiðleikum geti tímabundið fengið fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu.

Í lánakerfinu frá 1986 var ekki gerður greinarmunur á endurnýjun eða endurbótum á notuðu íbúðarhúsnæði og viðbyggingu við notaða íbúð. Hvort tveggja er lánshæft að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í raun inni er lítill munur á endurbótum á notuðu íbúðarhúsnæði eða viðbyggingu við notaða íbúð. Í báðum tilvikum er verið að gera notað íbúðarhúsnæði hæfara til íveru. Því þykir eðlilegt að endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði rúmist innan húsbréfakerfisins á sama hátt og hingað til hefur þótt rétt að þetta tvennt rúmist innan sama lánaflokksins frá Byggingarsjóði ríkisins.

2. gr. frv. fjallar um að húsbréf miðist við allt að 75% af matsverði íbúða. Þess misskilnings hefur oft gætt hjá þeim sem gagnrýnt hafa húsbréfakerfið að halda að það lánakerfi útiloki fleiri frá íbúðakaupum á hinum almenna markaði en lánakerfið frá 1986. Svo er ekki. Hvort sem íbúðakaupendur fá lán úr lánakerfinu frá 1986 eða gefa út fasteignaveðbréf sem unnt er að skipta fyrir húsbréf þurfa kaupendur að eiga ákveðið fjármagn í útborgun. Fyrr á árinu skipaði ég starfshóp

sem í voru fulltrúar félmrn. og Húsnæðisstofnunar ríkisins til að bera saman greiðslubyrði íbúðakaupa í húsbréfakerfinu annars vegar og í lánakerfinu frá 1986 hins vegar. Niðurstöður þessa starfshóps voru að mánaðarleg greiðslubyrði vegna íbúðakaupa fyrstu árin er lægri í húsbréfakerfinu ef kaupverð íbúðar er yfir 5 millj. kr. að gefnum ákveðnum forsendum þegar íbúðakaup eru skoðuð í heild. Greiðslubyrðin er svipuð í báðum lánakerfunum fyrir lágtekju- og meðaltekjufólk sem á litlar eignir, að teknu tilliti til vaxtabóta, ef kaupverð íbúðar er innan við 5 millj. kr. Greiðslubyrðin er hins vegar lægri í lánakerfinu frá 1986 fyrir hátekjufólk ef það festir kaup á ódýrum íbúðum.

Í þessum samanburði hefur það mikil áhrif að unnt er að fá hærra langtímalán í húsbréfakerfinu en samkvæmt lánakerfinu frá 1986. Þörf íbúðakaupenda fyrir skammtímalán minnkar þar með en skammtímalánin hafa mikil áhrif á greiðslubyrðina fyrstu árin og þar með á þá möguleika sem íbúðakaupendur hafa á að eignast þær íbúðir sem þeir festa kaup á. Þessar niðurstöður breyta því þó ekki að ávallt er nauðsynlegt að leita leiða til að aðstoða þá sem þurfa aðstoð við íbúðakaup eins og frekast er unnt. Viðmiðunarmörk í húsbréfakerfinu eru nú 65% af eðlilegu matsverði íbúða. Að mínu mati er reynslan af húsbréfakerfinu hingað til það góð að lítil hætta er á auknum útlánatöpum húsbréfadeildar ef viðmiðunarmörkin eru hækkuð í allt að 75%.

Í ákvæði til bráðabirgða í frv. er fjallað um að tímabundið verði heimilt að aðstoða íbúðaeigendur i greiðsluerfiðleikum með því að gefa þeim kost á að nýta sér húsbréfakerfið til að endurfjármagna íbúðakaup sín. Allt frá árinu 1985 hafa íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum verið veitt sérstök lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Lengst af hefur verið veitt sérstakt framlag úr ríkissjóði til fjármögnunar þessa lánaflokks. Samtals hefur íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum verið lánað 2,8 milljarðar kr. úr þessum lánaflokki uppreiknað til september 1990. Fullyrða má að vel hafi til tekist við úthlutun þessa fjármagns en það hefur verið gert í nánu samráði við viðskiptabanka og sparisjóði. Margir íbúðaeigendur hafa fengið úrlausn sinna mála með þessum lánum. Íbúðaeigendur í greiðsluerfiðleikum hafa getað fengið allt að 600 þús. kr. lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Samkvæmt upplýsingum frá ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins eru meðalskuldir íbúðaeigenda í greiðsluerfiðleikum, sem hafa sótt um aðstoð hjá stofnuninni sl. tvö ár, um 3,5 millj. kr. Þar af eru um 1200 þús. kr. skuldir við Húsnæðisstofnun, um 850 þús. við lífeyrissjóði og skammtímalán eru um 1450 þús. kr. 600 þús. kr. lán vegna greiðsluerfiðleika hefur því í mörgum tilvikum ekki dugað til að snúa greiðsluerfiðleikum nægjanlega vel við hjá mörgum.

Á síðustu missirum hefur það orðið æ algengara að fólk sem hefur fengið lán úr lánakerfinu frá 1986 hefur þurft að sækja um lán vegna greiðsluerfiðleika hjá Húsnæðisstofnun. Ég er þeirrar skoðunar að með því að gefa íbúðaeigendum sem eru í greiðsluerfiðleikum kost á að endurfjármagna sín íbúðakaup með því að nýta sér húsbréfakerfið verði komið í veg fyrir holskeflu nauðungaruppboða og gjaldþrota sem hætt er við að annars gæti verið í uppsiglingu. Ráð er fyrir gert að íbúðaeigendum verði gefinn kostur á því næstu 12 mánuði eftir gildistöku laganna að gefa út fasteignaveðbréf sem unnt verði að skipta fyrir húsbréf. Þannig geti þeir sem verða lánshæfir greitt upp eða inn á þær skuldir sem valda mestri greiðslubyrði.

Við það er miðað að greiðslubyrði umsækjenda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabréfaskipti verði greiðslubyrði að jafnaði um 20% af heildarlaunum hans. Þannig er komin viðmiðun um þau hlutfallslegu mörk þegar umsóknir eru metnar.

Virðulegi forseti. Með frv. þessu er því komið verulega til móts við fjölda íbúðaeigenda sem eiga í greiðsluerfiðleikum og sjá að óbreyttu fram á gjaldþrot og uppboð á eignum sínum verði ekkert að gert.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera miklar efnislegar athugasemdir við þetta frv. á þessu stigi máls. Hér er um að ræða þrjú efnisleg atriði. Annars vegar breytingar á þeim takmörkunum sem hafa verið á möguleikum á því að nota húsbréf í fasteignaviðskiptum gagnvart endurbótum og viðbyggingum og hins vegar því hlutfalli sem um getur verið að ræða sem hámark fjárhæðar sem gefa má út húsbréf fyrir.

Hitt meginatriði frv. er síðan, eins og kom fram í máli ráðherra, spurningin um það að opna möguleika á því að þeir sem eiga í greiðsluerfiðleikum geti á 12 mánaða tímabili reynt að leysa sinn vanda með húsbréfum.

Það er rétt að vekja athygli á því að í meðferð Ed. á þessu máli hafa verið gerðar nokkrar breytingar sem mér sýnist að allar séu til bóta frá upphaflegu frv. M.a. er kveðið svo á í frv., eins og það kemur nú frá Ed., að ákvæði um húsbréfaviðskipti í tengslum við endurbætur og endurnýjun á notuðu húsnæði taki ekki gildi fyrr en 1. sept. nk. Þetta held ég að sé mikilvægt í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa á húsbréfamarkaðnum á þessu hausti, einkanlega í síðasta mánuði þegar þar lá við upplausn vegna þess að framboð bréfa var of mikið miðað við það sem seldist á markaðnum. Þess vegna tel ég að það sé varhugavert almennt séð að stofna öryggi á húsbréfamarkaðnum í hættu með því að demba út á hann nýjum bréfum í miklum mæli. Það ber þess vegna að fagna því að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en 1. sept. vegna þess að þá er líklegt að markaðurinn hafi haft tíma til þess að ná jafnvægi og komast út úr þeim erfiðleikum sem óneitanlega sköpðuðust hér fyrr á þessu hausti.

Aftur á móti að því er varðar greiðsluerfiðleikalánin er auðvitað ljóst að þar verða jafnframt nýir aðilar á ferð. Hins vegar eftir því sem manni hefur skilist eru það ekki svo margir einstaklingar eða það miklar upphæðir samanlagt að það ætti að skipta sköpum á markaðnum þó að sú viðbót yrði. Þó er auðvitað ekki

unnt að fullyrða um það. Ég tel að það þurfi nánari upplýsingar um það hver áhrif bæði sú viðbót og aðrar þær viðbætur sem frv. gerir ráð fyrir muni hafa á þessum viðkvæma markaði.

Hitt er svo annað mál að nú fyrir skemmstu, þ.e. 15. nóv., var heimilt að gefa út húsbréf vegna viðskipta með nýjar íbúðir. Það liggur ekki enn þá fyrir hver reynslan af því er og hvort markaðurinn ber með góðu móti þá viðbót sem þar er. Af þeirri ástæðu er hugsanlega vandkvæðum bundið að ætla enn að auka framboð á bréfum með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða og reyndar í 2. gr. Mér þætti forvitnilegt við þessa umræðu að fá það fram hjá hæstv. félmrh. hvernig framkvæmdin frá 15. nóv. hefur orðið varðandi húsbréfalán til nýbygginga. Mér hefur borist til eyrna að erfiðleikar hafi skapast, m.a. vegna þess að húsbréfadeildin hafi verið sein fyrir með til að mynda það form sem áskilið var á bankaábyrgðum byggingarverktaka og það hafi tafið fyrir því að viðskipti gætu hafist með húsbréf vegna nýbygginga. Eflaust eru fleiri framkvæmdalegir eða tæknilegir örðugleikar sem hefur þurft að yfirstíga og er þess vegna forvitnilegt að fá fram hjá ráðherra hvernig þetta mál hefur til tekist í heild sinni og hvort þessi viðskipti eru hafin í einhverjum mæli.

Í framhaldi af því vildi ég mega spyrja ráðherra um eitt tiltekið atriði sem manni hefur skilist að sé framkvæmt með eilítið óvenjulegum hætti hjá húsbréfadeild. Það lýtur að því að vextir sem innheimtir eru af aðila sem gefið hefur út fasteignaveðbréf, sem húsbréfadeildin hefur þá í fórum sínum, eru innheimtir frá tilboðsdegi þeirra viðskipta sem fasteignaveðbréf eru til vitnis um en ekki frá þeim degi þegar kaupsamningur er gerður eða fasteignaveðbréfið er gefið út. Þetta held ég að hljóti að teljast afar óvenjulegt. Sömuleiðis getur þetta skipt verulegu máli fyrir hlutaðeigendur þegar tafir verða á afgreiðslu og það líður langur tími frá því að tilboð er gert þar til gengið er frá kaupsamningi og fasteignaveðbréf gefið út sem síðan er skipt yfir í húsbréf.

Það hafa orðið verulegar tafir á þessu hausti í þessum efnum eins og menn vita. Miklu lengri bið hefur orðið eftir afgreiðslu en gert var ráð fyrir. Tafir upp á einhverjar vikur umfram það sem gert var ráð fyrir og þess vegna getur þarna skipt máli við hvaða dag er miðað þegar vaxtareikningur fer fram. Þetta atriði varðar auðvitað ekki efni þessa frv. en frv., sem lýtur að þessum húsbréfaviðskiptum, gefur tilefni til fyrirspurna af þessu tagi. Ég tel eðlilegt að í félmn. verði grennslast fyrir um það nákvæmar en kom fram í framsögu ráðherra hvað gera megi ráð fyrir að markaður fyrir húsbréf þoli mikið magn á næstunni. Ég vek athygli á því að ríkissjóður er nú með áform um að gefa út nýja tegund skuldabréfa. Það er auðvitað alveg ljóst að slíkt nýtt form ríkisskuldabréfa, svokölluð ríkisbréf, mun keppa við húsbréfin um hylli þeirra sem eru kaupendur slíkra bréfa og þar með lánveitendur á þessum markaði.

Það er kannski ástæðulaust að fara hér út í frekari efnislegar umræður um þessi mál. Það er stundum deilt um það varðandi húsbréf á hvaða aðila afföllin lenda. Ég hef leyft mér að halda því fram, m.a. hér úr þessum ræðustól, að á endanum lendi afföllin á þeim sem fær lánið í þessu formi. Þó svo að það sé að formi til eigandi húsbréfanna, sem selur þau, sem tekur á sig afföllin. En ég hygg að þetta sé nokkuð ljóst varðandi nýbyggingar, þar sem um er að ræða byggingarverktaka sem selur húsbréf sem hann hefur fengið til þess að fjármagna sínar byggingar. Það er byggingaraðilinn sem tekur við hlutverki íbúðaseljanda þegar um er að ræða húsbréf til nýbygginga. Hann gegnir sama hlutverki og íbúðaseljandi í viðskiptum með notaðar íbúðir. En byggingarverktakinn verður að selja bréfið á markaðnum, losa sig við það til að geta fjármagnað þá byggingu sem um er að ræða og getur ekki látið þetta bréf ganga upp í önnur fasteignaviðskipti eins og íbúðaeigendur, sem selja notaðar íbúðir, geta hugsanlega gert. Þess vegna er útilokað annað en að afföllin á þeim húsbréfum sem notuð eru í viðskiptum með nýjar íbúðir bitni á þeim sem kaupir íbúðina, hækkar sem sagt verðið til hans. Raunar held ég að það sé líka svo og mjög erfitt að andmæla því að varðandi notaðar íbúðir sé það, þegar dagur er að kvöldi kominn, íbúðarkaupandinn sem borgar afföllin, sá sem fær lánið.

Því er haldið fram að þetta sé ekki rétt vegna þess að seljandinn, sá sem selur notaða íbúð, fái hana nánast staðgreidda og muni því ekki um að taka á sig afföllin og það hafi ekki komið fram í hækkuðu fasteignaverði enn sem komið er að þau afföll hafi lent á kaupendum. En ég hygg að venjulega ef um væri að ræða viðskipti með staðgreiðslu mundi nást fram verulegur staðgreiðsluafsláttur. Hann hefur ekki komið fram. Það má þess vegna halda því fram með fullum rökum að mínum dómi að kaupendur notaðra íbúða hafi ekki notið þess staðgreiðsluafsláttar sem ella hefði komið fram og afföllin sem seljandi bréfanna tekur á sig komi þess vegna fram til kaupandans í því að fasteignaverðið hefur ekki lækkað eins og hefði átt að vera þegar um er að ræða staðgreiðslu, heldur staðið í stað eða ef til vill hækkað.

Þannig hygg ég að það skens sem fram hefur komið af hálfu félmrh. í garð manna út af þessum affallareikningi eigi ekki við mikil rök að styðjast þegar öllu er á botninn hvolft. Vitanlega er það formlega svo að það er seljandi íbúðar sem tekur við húsbréfi og selur það síðan með afföllum en það er auðvitað náið samband milli húsbréfasölunnar, affallanna þar, og verðsins á þeirri fasteign sem skipti um eigendur með þeim viðskiptum. Ég leyfi mér því að halda mig við það að þegar allt kemur til alls sé það kaupandi íbúðar sem ber afföllin af húsbréfunum, annaðhvort beint með því að fasteignin hækki í verði, eins og augljóst er þegar um er að ræða nýbyggingar, eða þá í því formi að hann missir af þeirri verðlækkun sem staðgreiðsla til seljanda ætti við eðlilegar aðstæður að hafa í för með sér.

Það má segja, virðulegi forseti, að þessar hugleiðingar séu eilítið til hliðar við efni þessa frv. Ég tel engu að síður að þær eigi rétt á sér vegna þess að hér hefur komið fram af hálfu félmrh. við annað tækifæri

gagnrýni á ýmsa aðila og það sem ég leyfi mér að kalla skens í garð þingmanna vegna þess að þeir kunni að hafa misskilið eðli þessara mála eða ekki verið með á nótunum um það hvað þarna er á ferðinni. Þess vegna vildi ég láta þetta koma fram. En að því er varðar efni frv. sjálfs sé ég ekki ástæðu til þess að láta koma fram neina sérstaka gagnrýni eða andstöðu við það en áskil mér þó, eins og ég sagði áðan, rétt til að kanna það vel í félmn. hvaða áhrif allir þættir þessa frv. muni hafa.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurðist fyrir um það hvers mætti vænta ef ákvæði þessa frv. sem lúta að greiðsluerfiðleikalánum yrðu að lögum og um hve marga væri að ræða sem mundu geta notið ákvæðanna vegna sinna greiðsluerfiðleika. Það er út af fyrir sig nokkuð erfitt að áætla það. Núna liggja fyrir 200 umsóknir um greiðsluerfiðleikalán hjá Húsnæðisstofnun. Það er mat ráðgjafarstöðvarinnar að 100 af þessum umsækjendum séu í það miklum erfiðleikum, skuldi það mikið, eigi það litlar eignir og hafi það litlar tekjur að ákvæði þessa frv. geti ekki bjargað þeim, ekki einu sinni þó heimiluð væri skuldbreyting. En hinum 100 umsækjendunum sem bíða telur ráðgjafarstöðin að hægt sé að sinna og afgreiða ef ákvæði þessa frv. verða að lögum.

Þetta segir þó ekki alla söguna vegna þess að álitið er að margir muni sækja um fyrirgreiðslu eftir þessu ákvæði sem ekki hafa enn lagt inn neinar umsóknir hjá Húsnæðisstofnun. En vitað er að það er töluvert stærri hópur en sá sem sótt hefur um hjá Húsnæðisstofnun sem þarf á fyrirgreiðslu að halda og mundi ella missa eigur sínar á uppboð ef þetta ákvæði kæmi ekki til.

Það ber líka að líta á það að ákvæði þetta er einungis tímabundið í 12 mánuði. Í umsögn Húsnæðisstofnunar ríkisins til félmn. Nd. er reynt að leggja mat á það hvað mikið þyrfti að gefa út af húsbréfum á næstu 12 mánuðum miðað við þetta ákvæði. Húsnæðismálastjórn kveður lauslega áætlun sem gerð hefur verið gefa til kynna að um geti verið að ræða 1 milljarð kr. sem mundi dreifast á heilt ár. Það kemur einnig fram í umsögn húsnæðismálastjórnar að þessi bréf muni að meiri hluta til renna til lánastofnana til uppgjörs lausaskulda og muni hugsanlega ekki fara út á fjármagnsmarkaðinn nema í takmörkuðum mæli. Þetta er álit Húsnæðisstofnunar á því hvers megi vænta ef frv. þetta verður að lögum.

Hv. þm. ræddi nokkur önnur efnisatriði sem lúta að húsbréfakerfinu og ekki snerta beint þetta frv. Hann spurði hver væri reynslan af nýbyggingalánum sem komu inn í húsbréfakerfið 15. nóv. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Húsnæðisstofnun hefur þetta farið mjög hægt af stað varðandi nýbyggingalánin. Síðast þegar ég fékk upplýsingar um það var enn ekki farið að skipta á húsbréfum vegna nýbygginga. Talið var að staðið hefði á því að framkvæmdaaðilar fengju bankaábyrgð.

Varðandi það sem hv. þm. ræddi líka um, að þeir sem skipta á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf þurfi að bera vexti frá því að kauptilboð er gert, er því til að svara að þetta var nokkuð rætt í upphafi, áður en húsbréfakerfið fór af stað. Það var samdóma álit þeirra sem um þetta fjölluðu að það væri rétt og eðlilegt að miða þetta við kauptilboðsdag, til að mynda vegna þess að þá gætu seljendur betur reiknað út núvirði húsbréfanna. Það kemur líka skýrt fram í þeim samningum sem undirritaðir eru af íbúðakaupendum að fasteignaveðbréfin bera vexti frá tilboðsdegi. Ég held að það sé rétt að menn hafi til samanburðar í þessu einnig að áður en húsbréfakerfið kom til báru fasteignaveðbréf, sem þó voru ekki gefin út fyrr en nokkrum mánuðum seinna, þegar afsal var gert, þ.e. eftirstöðvabréf, vexti frá þeim degi sem kaupsamningur var gerður. Því finnst mér þetta nokkuð sambærilegt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég legg mikla áherslu á að þó stuttur tími sé fram að jólaleyfi þingmanna geti þetta frv. orðið að lögum fyrir jólaleyfi. Það eru mjög margir sem bíða eftir því að fá fyrirgreiðslu, sérstaklega varðandi greiðsluerfiðleikalánin, og eru komnir mjög tæpt að því að missa sínar eigur ef ekki verður um skuldbreytingar að ræða samkvæmt því ákvæði til bráðabirgða sem hér er lagt til. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að félmn. hraði eins og kostur er umfjöllun sinni um málið svo það megi verða að lögum fyrir jólaleyfi þingmanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

25. fundur, föstudaginn 14. des.,
að loknum 24. fundi.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 299.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988. Meginefni þess eru breyttar reglur um tekjuskráningu í tengslum við virðisaukaskatt, einkum við sjóðvélar eða svonefnda peningakassa og notkun þeirra. Að auki er lagt til að gerðar verði nokkrar smávægilegar breytingar á lögunum ti lagfæringar og samræmingar við önnur lög og reglur eða til skýringar og áherslu.

Traust tekjuskráning í fyrirtækjum er ein af meginundirstöðum þess að hægt sé að halda úti virku og réttlátu neysluskattskerfi og einnig til þess að tryggja jafnrétti milli fyrirtækja, sérstaklega í þágu þeirra sem standa í skilum og hafa allt sitt á hreinu. Við breytingar á skattkerfinu á undanförnum áratug hefur verið lögð sífellt meiri áhersla á þennan þátt. Sjóðvélar,

eða peningakassar eins og þær eru kallaðar í daglegu máli, hafa skipað hér sífellt meira rúm og kröfur verið gerðar um rétta notkun og búnað í slíkum vélum enda hefur nútímatækni gert að verkum að með þeim má nú vinna verk með einu handtaki og fullkomnu öryggi sem áður þurfti verulega yfirlegu. Eftir umskiptin úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt hefur fjmrn. í samráði við embætti ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra beint sérstakri athygli að tekjuskráningu í viðskiptum. Allir vita að tekjuskráningunni er víða ábótavant. Bæði meðal skattrannsóknarmanna og almennings hefur lengi leikið grunur á um umtalsverða undandrætti frá skatti í tengslum við ranga eða ófullnægjandi tekjuskráningu.

Ákveðið var í upphafi árs að ráðast í sérstakt átak til endurbóta á þessu sviði. Var talið hyggilegt að beina sjónum í fyrsta áfanga einkum að sjóðvélum eða peningakössum. Eðlilegt er að beina kröftunum sérstaklega að því að ná fullu öryggi og tryggari tekjuskráningu í almennri smásöluverslun. Slíkt átak er á vissan hátt undirstaða þess að hægt sé að ráðast í önnur brýn verkefni á þessu sviði.

Átak fjmrn. og viðkomandi embætta fólst í víðtækri fræðslustarfsemi þar sem gefnir voru út kynningarbæklingar og þær reglugerðir, sem í gildi hafa verið, hafa verið kynntar sérstaklega. Einnig fóru fram viðræðufundir og samráðsfundir með samtökum viðskiptalífsins til þess að ræða þessi mál sérstaklega. Þær reglugerðir sem ég hef hér vikið að eru reglugerðir nr. 531 og 501 frá 1989. Einnig var framkvæmt sérstakt kynningarátak með auglýsingum í blöðum og sjónvarpi er bar heitið Öryggi í viðskiptum, heiðarleg skattskil, þar sem rækilega var útskýrt fyrir almenningi og stjórnendum viðskiptalífsins hvaða atriði þyrftu að vera í lagi til þess að bæði viðskiptavinurinn og hlutaðeigandi fyrirtæki hefðu allt sitt á hreinu.

Þessi kynningarherferð hlaut mjög góðar undirtektir og hefur samvinna við fjölmiðla og aðra aðila í þessum efnum verið mjög góð. Í kjölfarið var síðan ráðist í sérstaka eftirlitskönnun og gert úrtak á 500 fyrirtækjum um allt land af handahófi til að skoða hvernig hlutirnir væru í reynd. Niðurstaða þessarar könnunar var sú að u.þ.b. tíunda hvert sjóðvélarskylt fyrirtæki hafði ekki sjóðvél eða kassa og hafði ekki sótt um leyfi til annarrar tekjuskráningar hjá ríkisskattstjóra. Það vakti síst minni athygli að hjá 5–10% þeirra fyrirtækja sem hafa sjóðvélar eða peningakassa var alvarlegur misbrestur á tæknilegum útbúnaði kassans. Sjóðvélar þessara fyrirtækja höfðu ýmist engan ytri strimil eða kassakvittun eða skorti þann innri búnað sem nauðsynlegur er fyrir rekstrareftirlit og myndar ómissandi hluta af bókhaldsgögnum viðkomandi fyrirtækja. Þá kom í ljós að aðeins þrír af hverjum fimm kössum uppfylltu reglurnar um að neytandinn, viðskiptavinurinn, geti fylgst með því að viðskipti séu rétt skráð.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að á fjölmörgum viðræðufundum sem ég hef átt með forustumönnum samtaka viðskiptalífsins, bæði samtökum kaupmanna og Verslunarráðsins, hefur komið fram hvað eftir annað sá eindregni vilji þeirra og stefna að þeir telja nauðsynlegt að þessir hlutir séu allir í lagi til þess að eðlilegt trúnaðartraust ríki milli viðskiptavina og fyrirtækja og sérstaklega til þess að með lélegu eftirliti sé ekki verið að mismuna fyrirtækjum þannig að þau fyrirtæki sem skjóta sér undan gildandi reglum geti þannig styrkt samkeppnisstöðu sína á kostnað þeirra fyrirtækja sem fylgja heiðarlega og rétt öllum gildandi reglum.

Það var ánægjulegt við þá könnun sem ég gat um áðan að hún sýndi þó að ástandið hafði batnað mjög frá því að hliðstæð könnun hafði verið gerð áður. Þessar niðurstöður voru svo kynntar rækilega í fjölmiðlum. Ég hélt sérstakan viðræðufund með samtökum í viðskiptalífinu um niðurstöður könnunarinnar og þann vanda sem þær fólu í sér. Í gildandi lögum eru margvísleg ákvæði sem heimila opinberum aðilum að grípa til ráðstafana ef fyrirtæki og aðilar standa ekki í skilum með þann skatt sem þeim er ætlað að greiða samkvæmt lögum. Hins vegar hefur skort í lögum heimildir til þess að grípa til sams konar aðgerða ef fyrirtæki og rekstraraðilar skrá ekki rétt skattgreiðslurnar eða fylgja ekki eðlilegum reglum varðandi bókhald, kassasjóðvélar og annað það sem þarf til þess að tryggja að hlutirnir séu rétt skráðir. Má í því sambandi geta þess að í nágrannalöndum okkar og t.d. í Bandaríkjunum eru mjög hörð ákvæði í lögum um þetta atriði þar sem gengið er út frá þeirri grundvallarreglu að jafnmikilvægt sé að hlutirnir séu rétt skráðir eins og að staðið sé í skilum með það sem mönnum ber að greiða.

Í því frv. sem ég mæli hér fyrir er lagt til að veita þessar heimildir og er mælt fyrir um það að ef athugun leiðir í ljós að hlutir séu ekki í lagi samkvæmt gildandi reglum séu send viðvörunarbréf og leiðbeiningar um það hvernig fara beri að til þess að koma hlutunum í lag. Ef þessu sé hins vegar ekki sinnt sé hægt að grípa til aðgerða í samræmi við þær venjur sem tíðkast ef menn standa ekki í skilum með að greiða þann skatt sem þeim ber.

Í frv. kemur einnig fram að gerðar eru nokkrar aðrar minni háttar breytingar til þess að skýra nánar framkvæmd virðisaukaskattslaganna og lagfæra þau, t.d. varðandi leigu tjaldstæða og bifreiðastæða og útleigu veitinga- og samkomuhúsnæðis. Það hefur komið fram hjá fulltrúum þeirra sem reka hótel og veitingastarfsemi að nauðsynlegt sé líka að tryggja jafna samkeppnisaðstöðu með því að allir aðilar sem leigja samkomusali og stunda þennan rekstur sitji við sama borð í þessum efnum. Með þessum breytingum er reynt að tryggja að svo sé.

Virðulegi forseti. Þess má einnig geta að í 7. gr. frv. er kveðið á um heimilaðar endurgreiðslur til erlendra fyrirtækja sem geti náð til varnings sem þau hafa selt til landsins en ekki einungis vegna skatts í tengslum við útflutning héðan.

Virðulegi forseti. Það hefur hvað eftir annað komið fram í umræðum hér á Alþingi, og vil ég í því sambandi sérstaklega nefna hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson og einnig ágæta ræðu sem hv. þm. Alexander Stefánsson hélt í umræðu um fjárlögin, að þingmenn hafa eindregið hvatt til þess að gerðar yrðu breytingar á lög-

um og reglum sem hér er lagt til að séu gerðar.

Ég hef líka orðið mjög var við það að sú breyting sem orðið hefur í innheimtumálum ríkisins á síðasta ári, þótt hún væri kannski í fyrstu umdeild, nýtur nú mikils stuðnings, bæði meðal almennings í landinu og þeirra samtaka atvinnulífsins sem vilja í senn byggja upp heilbrigð rekstrarskilyrði atvinnulífsins en líka stuðla að því að sterk siðferðiskennd og hollusta við reglur og lög séu afgerandi í okkar þjóðfélagi. Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að þetta frv. geti orðið að lögum hér fyrir áramót svo að hægt sé á nýju ári að tryggja í senn rétt og góð skil á þeim fjármunum sem ber að skila í hinn sameiginlega sjóð landsmanna og svo hins vegar að tryggja að öll fyrirtæki í atvinnulífinu sitji við sama borð. Ég mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Þegar skattar eru hér á dagskrá megum við aldrei gleyma uppruna okkar og ferð fyrsta landnámsmannsins sem hratt fram skipi sínu í Noregi og lagði af stað hingað vegna þess að skatturinn í því landi var honum ekki að skapi. Hv. 2. þm. Vestf. hefur bent á það að Íslendingar hafa heiðrað þetta sjónarmið á ekki lakari hátt en með því að reisa styttu af þessum landnámsmanni við hliðina á sjálfu fjmrn.

Þegar skatt ber á góma er rétt að skoða hversu mikið við þolum af skatti án þess að afkomendur þessa fyrsta mótmælamanns skattheimtunnar ýti sínum bátum úr vör og flýi héðan. Þetta er nú sennilega það sem skiptir mestu máli þegar rætt er um skatta. Stöðugt er verið að setja undir lekann og fylla upp í þær eyður sem sums staðar finnast og stöðugt þyngist sú byrði sem við berum öll saman.

Hér er gert ráð fyrir ýmissi samræmingu á virðisaukaskatti. Fagna ég því að hér skuli salir félagasamtaka og annarra vera settir undir sömu grein og veitingahúsin þannig að báðir aðilar borgi fullan skatt en félagasamtökin komist ekki upp með það að keppa við veitingahúsin á þeirri forsendu að þurfa ekki að borga þá skatta og þau gjöld sem húsin hafa hingað til greitt. Það er bót að því.

Hins vegar óttast ég að með þessum breytingum verði hert nokkuð að torgsölu hér á landi en umfangsmikil torgsala er í gangi eins og við könnumst við í Kolaportinu og víðar. Það er sú tegund af sölumennsku sem ég sé ekki í fljótu bragði að eigi að skattleggja á þann hátt sem sjóðvélar gera ráð fyrir. Sérstaklega er ég með í huga líka þá veitingasölu á torgum þar sem ekki er notað rafmagn, eins og pylsuvagninn í Austurstræti, sem ég þekki nú einna best til, sem er drifinn með gasi. Í þeim vagni er ekki hægt að koma fyrir sjóðvél. Spurningin er því: Hvað á að gera við vagninn? Á að loka honum, á að taka af honum leyfið eða á að fella hann undir lög sem hann getur á engan hátt nýtt vegna þess að hann verslar ekki við Landsvirkjun heldur við Olíufélagið Skeljung og notar innflutt gas? Eða á að skylda Pylsuvagninn til þess að taka inn rafmagn? Þetta eru hlutir sem ég er að velta fyrir mér og vonast til þess að fá svar við hjá hæstv. fjmrh.

Þessari merkilegu torgsölu í Kolaportinu í Reykjavík er stefnt í voða. Þá megum við ekki einblína á að þar kunni að velta nokkrar krónur fram hjá ríkiskassanum heldur erum við að svipta bæjarfélagið merkilegri starfsemi. — Ég vona að hæstv. fjmrh. hafi heyrt merginn í því sem ég hef verið að segja.

Þó peningar kunni að renna fram hjá skattheimtunni er það ekki glatað fé. Þeir peningar gufa ekki upp. Ef maður situr einhverra hluta vegna uppi með pening sem hann getur ekki fært inn í sitt bókhald, þá getur hann heldur ekki eytt honum á annan hátt en í beina eyðslu. Hann getur ekki notað hann þar sem hann þarf að gera grein fyrir honum í bókhaldi. Svo einfalt er það. Peningarnir gufa ekki upp, þeir verða eftir og skapa meiri viðskipti sem aftur gefa af sér meiri skatta. Við megum ekki gleyma því að peningar sem fara fram hjá skattkerfinu eru ekki peningar sem glatast þjóðfélaginu. Þeir halda áfram inni í því, búa til nýja veltu. Slíkir peningar eru ekki af hinu vonda.

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir gott hljóð.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það er að mörgu að hyggja í sambandi við það að ná öllum peningunum í ríkiskassann. Ég má til í sambandi við þetta mál að vekja athygli á því að okkur vantar líka að koma upp einhvers konar sjóðvél hjá hæstv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh. sagði hér réttilega að grunur léki á undanbrögðum stundum þegar um væri að ræða rekstur fyrirtækja. Hann hélt hér heilmikla tölu um alla kynningarbæklingana, reglugerðirnar, blaðamannafundina og allt sem hann hefði verið að gera, sem er sjálfsagt allt saman gott. En þó hæstv. fjmrh. hafi ekki sjóðvél, þá hefur hann annað tæki og það er prentvél. Hann þarf ekki að standa skil á reglum sem eru í gildi. Hann prentar bara fyrir hallanum. Er ekki akkúrat málið það að það sem höfðingjarnir hafast að, hinir halda sér leyfist það? Það er ekki víst að virðing borgaranna fyrir fjármunum verði nægilega mikil þegar ríkisvaldið hagar sér eins og það gerir í sínum fjármálum.

Ég benti hæstv. fjmrh. á það hér fyrir tveimur árum að framlag ríkisins til Verðjöfnunarsjóðs ætti að gjaldfærast í ríkisbókhaldið þá. Sá skilningur náðist ekki fram þá, náðist heldur ekki fram í fyrra. Nú loksins á þessu ári hefur Ríkisendurskoðun gefið það út að það eigi að gjaldfæra 1,5 milljarða. Samt sem áður hefur hæstv. fjmrh. ekki séð ástæðu til þess að færa þetta á fjárlög. Það stendur skýrum stöfum í ríkisbókhaldi að gjöld skuli færa á því ári sem afhending verðmæta fer fram. Svo einfalt er það.

Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að fyrirtæki eiga ekki að skjóta sér undan gildandi reglum. En hæstv. fjmrh. á heldur ekki að skjóta sér undan gildandi reglum og lögum. Ég vil í þessu sambandi taka undir flest af því sem hann sagði, en hann á líka að gera þessar kröfur til sjálfs sín, sérstaklega á tímum þjóðarsáttar.

Hæstv. fjmrh. sagði að það væru mjög ströng ákvæði um það í lögum í Bandaríkjunum hvað væri gert við fyrirtæki sem stælu undan skatti. Það eru líka mjög

ströng lög í Bandaríkjunum um það hvað væri gert við fjármálaráðherra sem mundi búa til peninga eins og hæstv. fjmrh. og viðskrh. gera fyrir fjárlagahallanum. Hann þyrfti að kynna sér það líka.

Það var heilmikil umræða um það í fjölmiðlum í haust að verið væri að reka þjóðfélagið í Bandaríkjunum á bráðabirgðafjárlögum frá degi til dags. Það var ekki hægt að prenta þar. Þar varð að bjarga málunum og gekk nú ekkert allt of vel. En þetta er svo sem ágætis mál.

En ég vil líka minna hæstv. fjmrh. á það að hægt er að búa til tekjur með öðru en skattahækkunum. Það eru flutt út 100 þús. tonn af óunnum fiski á þessu ári. Margfeldisáhrifin af veiði og vinnslu sjávarafurða er það sem íslenska velferðarkerfið hefur verið byggt upp á. Og nú þegar hráefnið streymir í vaxandi mæli úr landi eða út á sjó, þá minnka þessi margfeldisáhrif. Það hefur gífurlega mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og auðvitað ríkissjóð. Það væri hægt að auka tekjur ríkisins og þjóðfélagsins með því að vinna meira af þessum afurðum hér heima og lagfæra rekstrarstöðu íslenskra atvinnuvega þannig að þeir ættu betra með að keppa um þetta hráefni. Með því er hægt að búa til meiri pening. Það er ekki bara að hækka alltaf skatta.

En það er alveg rétt líka að heilbrigður rekstur byggist á því að siðferðiskennd manna sé í lagi og ég ítreka það sem ég hef sagt hér að siðferðiskennd verður einmitt að byrja ofan frá. Á starfstímabili hæstv. fjmrh. í ráðherraembætti hefur hann rekið ríkissjóð með halla upp á 30 milljarða, það kom fram hér í fjárlagaumræðunni í gær, þrátt fyrir allar skattahækkanirnar. Þá sjáum við hvert stefnir. Hækka og hækka skatta, samt er gatið alltaf stærra og stærra. Þetta er því ekki eins fallegt og hæstv. fjmrh. vill vera láta. En allt gott sem hann gerir í þessum málum er þakkarvert. En ég ítreka það, hæstv. forseti, að menn eiga að byrja á því að gera kröfu til sjálfs sín.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir framlagningu þessa frv. sem miðar öll að því að þær greiðslur sem þjóðin greiðir í gegnum virðisaukaskattinn komist á leiðarenda, þ.e. í ríkissjóð.

Hv. 16. þm. Reykv. þakkaði fyrir gott hljóð og það má minna á það að Einar Ben. orðaði það svo: „Mælist þér best verða aðrir hljóðir" og tvímælalaust voru margar hans vangaveltur á þann veg að þær eru vissulega þess eðlis að þær snerta grundvallarviðhorf, eins og það hve hátt á að fara með heildarskattheimtu, hvenær hættir heildarskattheimta að skila sér. Það eru allir sammála um það að ef við værum með enga skattheimtu, þá kæmi náttúrlega ekkert í kassann. En það er líka hægt að fara svo hátt að hún skili engu vegna þess að menn forða sér eða gefa upp alla sjálfsbjargarviðleitni.

Ég aftur á móti skil það svo í umsögn hans um veitingasalina, sem hann vill með réttu að geti ekki keppt við samkomuhús og eðlilegan rekstur með því að starfa án þess að sitja uppi með sömu gjöld, að hann líti svo á að réttlæti innan kerfisins skipti að sjálfsögðu mjög miklu máli. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að kerfið sé þannig uppbyggt að sá sem heiðarlega stendur að skilum sé ekki dæmdur til að tapa, sé ekki dæmdur til að lenda endanlega undir og verða að hætta sínum rekstri. Það er mjög alvarlegur hlutur. Þess vegna er það grundvallaratriði gagnvart verslunarrekstri í landinu að það séu eðlileg skil á þessum skatti.

Ég hjó eftir því í ræðu fjmrh. að hann vitnaði til Bandaríkjanna og þeirra mjög svo ákveðnu lagasetningaratriða sem gilda um það að menn virði fyrirmæli ríkisins og sveitarfélaga um eftirlit með skráningu þess fjármagns sem fer í gegnum hendur fyrirtækjanna. Þegar New York borg var með 4% eða 5% skatt, þá var hún með eftirlit, mjög strangt eftirlit með því að sá skattur kæmist á leiðarenda. Íslendingar hafa verið með skatt yfir 20% en eftirlitið hjá þeim hefur allt verið í molum. Og þá væri framtak manna lítið á Íslandi miðað við Ameríku ef menn reyndu ekki að bjarga einhverju undan af 20% skatti þegar þeir vita að þeir þurfa að hafa slíkt eftirlit með 4% eða 5% skatti. Þess vegna er það grundvallaratriði að þetta eftirlit sé í lagi.

Ég geri mér grein fyrir því að það er rekin torgsala undir Seðlabankahúsinu í húsnæði sem er byggt af ríkinu, opinberum aðilum. — Hv. 5. þm. Austurl. gerir hér athugasemdir en svo hógværlega að ég nem ekki að heyra það. (**KrP:** Fyrir eigið fé.) Fyrir eigið fé, segir hann og hvað um það. — Sú starfsemi hlýtur því eins að vera með eðlilegum hætti að hún valdi ekki þeim sem hafa byggt sjálfir sitt verslunarhúsnæði og reka það eftir réttum leiðum óeðlilegri samkeppni. Ég er ekki að segja að hún geri það því að sala á gömlum munum getur átt rétt á sér mjög víða.

Þá er eitt stórt vandamál eftir og það er pylsuvagninn í Austurstræti. Nú lifum við á 20. öld, þeirrar mestu tæknivæðingar sem menn hafa heyrt sögur fara af. Og á það verður nú mjög að reyna hvort tæknipækking Íslendinga sé ekki það mikil á þessari öld, þegar aðrar þjóðir hafa komið gervitunglum á ferð kringum hnöttinn, að við ráðum við vandamálið með pylsuvagninn. En það veit ég að Vestfirðingar eiga slíkan skörung í sýslumannssæti og bæjarfógetasæti að hann mundi aldrei láta það viðgangast að pylsuvagn yrði til þess að brjóta landslög í því umsagnarumdæmi sem hann gegnir embætti í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 82. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 319.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem flutt er á þskj. 319. Í 1.

gr. frv. eru talin upp nöfn 53 manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt. Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnbreytingar og gilt hafa síðustu árin.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinber réttaraðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 55. mál. — Þskj. 323.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um opinbera réttaraðstoð, sem flutt er á þskj. 323.

Tilgangurinn með því að leggja fram þetta frv. til laga um opinbera réttaraðstoð er að veita efnalitlu fólki möguleika á að leita sér lögfræðiaðstoðar þannig að það þurfi ekki vegna fátæktar að missa þau réttindi sem það annars á að hafa.

Ef hafa á í heiðri þá grundvallarreglu íslensks réttarfars að allir séu jafnir fyrir lögunum, þá verður að búa svo um hnútana að allir geti leitað réttar síns án tillits til efnahags. Réttaraðstoð af þessu tagi er jafnframt varnaðarstarf. Meiri líkindi eru til þess að málin leysist farsællega á frumstigi, þ.e. án þess að til málshöfðunar þurfi að koma ef fólk fær fullnægjandi lögfræðilega aðstoð sér að kostnaðarlitlu í tæka tíð. Raunar má benda á að hér á landi er tiltölulega sjaldgæft að leitað sé lögfræðiaðstoðar í sumum málaflokkum, svo sem í sifjamálum, en algengt er erlendis að leitað sé lögfræðiaðstoðar vegna þessara mála þar sem settar hafa verið reglur um opinbera réttaraðstoð.

Löggjöf um lögfræðiaðstoð við almenning hefur verið í gildi í flestum nágrannalöndum okkar í 15–20 ár. Við samningu þessa frv. hefur verið höfð hliðsjón af lagareglum um þetta efni á Norðurlöndum.

Fyrir um það bil hálfu öðru ári eða 17. apríl 1989 samþykkti Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum. Undanfarið hefur og verið nokkuð rætt um nauðsyn aðstoðar við brotaþola í nauðgunar- og líkamsárásarmálum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að settar verði reglur um einn þátt þessarar aðstoðar, þ.e. um lögfræðilega aðstoð við þolendur tiltekinna afbrota. Það er ekki ætlun mín að rekja hér öll efnisatriði frv. en ég mun þó geta helstu atriða að nokkru.

Í frv. er gert ráð fyrir að allir þeir einstaklingar sem fasta búsetu hafa hér á landi eigi rétt til opinberrar réttaraðstoðar.

Í II. kafla frv. er fjallað um almenna ráðgjöf við almenning en samkvæmt frv. er hér um að ræða munnlegar leiðbeiningar sem veittar eru af lögmönnum eða á vegum samtaka lögmanna. Fyrirkomulagið er hugsað á þann veg að dómsmrh. semji við lögmenn eða samtök þeirra um að skipuleggja slíka ráðgjöf á ákveðnum tímum, t.d. einu sinni til tvisvar í viku 2–3 tíma í senn. Ráðgjöf þessi er veitt að kostnaðarlausu fyrir þá sem hana nýta sér en ekki er gert ráð fyrir að hún kosti ríkissjóð mikið fé.

Í III. kafla frv. er hins vegar fjallað um aðstoð hins opinbera í einstökum málum. Er framkvæmd þeirra ákvæða sá þáttur frv. sem mestan kostnað mun hafa í för með sér. Þar er gert ráð fyrir að í samráði við samtök lögmanna verði ákveðið af ráðherra hvaða lögmenn láti aðstoð í té og skal birta lista um nöfn þeirra. Þeir sem leita aðstoðar snúa sér til lögmanns eða lögmanna sem skráðir eru á listann og þeir kynna sér hvort um er að ræða aðila sem á rétt á aðstoð. Aðstoðin er síðan látin í té og lögmaðurinn snýr sér til sýslumanns og leggur þar fram umsókn um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs.

Í IV. kafla er um nýmæli að ræða sem ég kom lítillega að í upphafi máls míns. Nauðsyn þykir til þess að þeir sem orðið hafa fyrir tilteknum refsiverðum brotum njóti lögmannsaðstoðar við kærumeðferð og gerð bótakröfu. Þetta á við um ýmis kynferðisafbrot, gróf líkamsárásir og/eða ólögmæta frelsisskerðingu.

Ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í XI. kafla laga um meðferð einkamála í héraði frá 1936 eru nú úrelt orðin og er í V. kafla frv. leitast við að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna. Lagt er til að veiting gjafsóknarleyfis sé miðuð við efnahag umsækjenda eins og nú er aðalregla, en formlegri reglur hins vegar settar um tekju- og eignamörk og varð sú breyting á frv. í meðferð Ed. Einnig skal taka tillit til annarra atriða og er lagt til að sérstök nefnd verði sett á fót til þess að veita umsagnir um gjafsóknarbeiðnir og til að móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa.

Felld eru niður ákvæði um gjafsókn til kirkna, skóla, sjúkrahúsa, hreppsfélaga og fleiri aðila og um skilyrði fyrir gjafsóknarleyfi til erlendra ríkisborgara.

Lagt er til að lög þessi taki gildi 1. apríl 1991 að undanskildum III. kafla. Það er ljóst að erfitt verður að áætla kostnað af framkvæmd III. kafla og því er lagt til að hann taki ekki gildi fyrr en á miðju ári 1992.

Hafa verður í huga að hér er, ef frá eru talin ákvæðin um gjafsókn og gjafvörn, um að ræða algjöra nýjung í íslenskum rétti sem brýn þörf er að vísu á en óhjákvæmilegt er að láta reynsluna skera úr um hvort þær reglur sem hér er gerð tillaga um leysi nægilega úr þeirri þörf sem þeim er ætlað að leysa.

Að öðru leyti vísa ég til frv. og athugasemda sem því fylgja og vil að svo mæltu, herra forseti, fara þess á leit að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að flytja þetta mál. Ég tel að það sé grundvallarviðhorf okkar Íslendinga að allir eigi að vera jafnir fyrir lögum og því aðeins er það framkvæmanlegt að þeir sem efnaminni eru eigi kost á því að geta leitað eftir gjaf-

sókn í málarekstri sem þeir ella gætu ekki staðið að, en að hinna bestu manna yfirsýn hefðu mikla möguleika til að vinna samkvæmt öllum eðlilegum leikreglum. Ég tel að með flutningi þessa frv., sem ég vona að verði að lögum, séum við að stíga stórt skref og við erum að nálgast mjög þá stefnu sem Norðurlönd hafa haft í þessum málum um alllangt skeið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, 2. umr.

Stjfrv., 130. mál. — Þskj. 134, n. 314.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 314 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. um þetta þingmál, undirritað af Páli Péturssyni, Friðriki Sophussyni, Ragnari Arnalds og Þórhildi Þorleifsdóttur. Aðrir nefndarmenn voru fjarstaddir en meiri hl., þ.e. þeir sem mættir voru á fundi, leggur til að frv. verði samþykkt.

Hér er um að ræða frv. sem er flutt í tengslum við till. til þál. um heimild til fullgildingar samnings um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, en sá samningur var gerður í París 29. maí 1990.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 185. mál (samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík). — Þskj. 320.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og leyfi mér tímans vegna að vísa til ítarlegrar framsöguræðu um frv. þetta í Ed. í seinustu viku, en mál þetta hefur þegar verið afgreitt þaðan eins og sést á þingskjölum. Mig langar þó að fylgja því úr hlaði með örfáum orðum því að hér er um veigamikið mál að ræða og ég vænti þess að það sé líka afar þýðingarmikið þó svo það láti ekki mjög mikið yfir sér í sjálfri frumvarpsgerðinni.

Frá því að lög um heilbrigðisþjónustu tóku gildi 1974 hafa verið í þeim ákvæði um skiptingu sjúkrahúsa í flokka eftir tegund og þjónustu. Þar á meðal var heitið svæðissjúkrahús og gert ráð fyrir að svæðissjúkrahús eitt sér eða í samvinnu við önnur veitti sérfræðiþjónustu í öllum eða sem flestum greinum læknisfræðinnar. Með þessu nafni, svæðissjúkrahús, var þá fyrst og fremst haft í huga að stóru sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík, Landakotsspítali, Borgarspítali og Landspítali, hefðu með sér skipulagsbundna samvinnu.

Í lögunum var gert ráð fyrir að ráðherra setti reglugerð um flokkun sjúkrahúsa í landinu öllu í samráði við Landssamband sjúkrahúsa. Drög að slíkri reglugerð voru samin á árunum 1981–1982 en af ýmsum ástæðum, og þá einkum vegna deilna um verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík eins og gert var ráð fyrir henni í reglugerðinni og verksvið ýmissa sjúkrahúsa á landsbyggðinni, var reglugerðin aldrei sett.

Í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu segir svo í 24. gr., lið 3:

„Ráðherra skal með reglugerð kveða á um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga."

Að vel athuguðu máli er það álit þeirra sem um málið hafa fjallað nú að til viðbótar þessari reglugerðarheimild ráðherra komi inn í lögin nýr töluliður í 24. gr. sem kveði á um það með hvaða hætti samvinna sjúkrahúsanna í Reykjavík verði og skuli það vera lögskipað.

Forsaga þessa máls er sú að árið 1984 var sett á laggirnar svokölluð samvinnunefnd sjúkrahúsa. Í upphafi voru eingöngu fulltrúar sjúkrahúsanna í Reykjavík í nefndinni. Síðar bættust fulltrúar frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í þessa nefnd auk fulltrúa frá ráðuneyti, landlækni og Tryggingastofnun ríkisins. Á sl. ári skipaði ég síðan nefnd til að kanna enn á ný alla möguleika á auknu samstarfi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu eða sameiningu þeirra í eina eða fleiri stofnanir. Var það m.a. gert eftir viðræður við fulltrúa þessara sjúkrahúsa og hugmyndir fulltrúa Landakotsspítala og Borgarspítalans um nána samvinnu eða sameiningu þeirra stofnana, en einnig höfðu gengið á fund minn fulltrúar frá ríkisspítulum, þar af nokkrir yfirlæknar, sem lýstu þeirri skoðun sinni að enn frekari hagræðingu væri hægt að ná með meiri og betri samvinnu, hugsanlega samruna stóru sjúkrahúsanna tveggja, Borgarspítalans og Landspítalans, og eftir atvikum Landakots, en það skipti þó minna máli í þeirra huga. Því taldi ég rétt og eðlilegt að skipa nefnd til þess að kanna þessa möguleika að nýju.

Í nefndinni áttu sæti framkvæmdastjórar stóru sjúkrahúsanna þriggja, þ.e. Borgarspítala, ríkisspítala og Landakotsspítala, og yfirlæknar sömu stofnana, fulltrúi borgarstjórnar í Reykjavík og tveir fulltrúar frá heilbr.- og trmrn. og var annar þeirra formaður í nefndinni. Þessi nefnd lauk störfum nú á haustmánuðum og skýrsla nefndarinnar fylgir með frv. sem fskj.

Varðandi efni frv. skal það tekið fram að 1. gr. þess gerir ráð fyrir því að það komi nýr 3. tölul. í 24. gr. laga nr. 97/1990. Þar er gert ráð fyrir að ráðherra skipi fimm manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, þ.e. Borgarspítala, Landspítala og ríkisspítalanna. Í þessu ráði eiga sæti formenn stjórna spítalanna þriggja og auk þess tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra. Nokk-

ur ágreiningur var uppi í nefndinni sem ég skipaði í fyrra og fjallaði um málið, um hvernig þetta samstarfsráð sjúkrahúsanna skyldi skipað. Ég vænti þess hins vegar að eins og málið kemur nú frá Ed., með þeim breytingum sem heilbr.- og trn. Ed. lagði til og deildin síðan hefur samþykkt, þá sé samkomulag orðið um skipan ráðsins. Þar voru gerðar smávægilegar breytingar á sem þó gætu skipt sköpum um það að ná þarna fullri samstöðu.

Þar er gert ráð fyrir því að annar af þessum ráðherraskipuðu fulltrúum sé tilnefndur af stjórnarnefnd ríkisspítalanna og jafnframt er smávægileg breyting gerð á því hversu lengi þeir skuli sitja.

Í frv. eins og ég lagði það fram var gert ráð fyrir því að þessir tveir ráðherraskipuðu fulltrúar sætu aðeins til eins árs í senn en í brtt. heilbr.- og trn. Ed. og eins og frv. lítur nú út er gert ráð fyrir því að þessir tveir fulltrúar séu skipaðir af þeim ráðherra sem gegnir embætti heilbr.- og trmrh. hverju sinni þannig að skipan þeirra fylgi setu ráðherra í embætti. Reyndar má segja að hvort tveggja þjóni sama tilgangi, þ.e. það er gert ráð fyrir að nýr ráðherra geti skipt um þessa fulltrúa ef honum þykir það nauðsynlegt. Formaður ráðsins er síðan kosinn af ráðinu sjálfu úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn.

Það er gert ráð fyrir því að ráðið sé tengt því sjúkrahúsi sem formaðurinn er frá hverju sinni og að framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss sé framkvæmdastjóri ráðsins þannig að það er ekki gert ráð fyrir neinni nýrri stofnun eða aukastarfsliði í kringum þetta samstarfsráð.

Aðalhlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu þessara þriggja sjúkrahúsa, starfssvið þeirra og verkaskiptingu og áætlanir um fjárfestingar og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna í framtíðinni. Gert er ráð fyrir að tillögur samstarfsráðsins verði lagðar fyrir stjórnir sjúkrahúsanna áður en þær eru sendar til heilbrrn. Auk þess skal samstarfsráðið fylgjast með að sjúkrahúsin starfi innan þess fjárlagaramma sem þeim er settur í fjárlögum. Um það sem hér er talið er gert ráð fyrir að samstarfsráð annist þau verkefni sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs á að hafa með höndum en snertir þessi sjúkrahús þannig að þau munu ekki eiga fulltrúa í heilbrigðismálaráði Reykjavíkurlæknishéraðs. Þetta verður að teljast eðlilegt þar sem verkefni heilbrigðismálaráða er gerð tillagna og áætlanir um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála, svo og skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraðinu en samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir sérstöku ráði til að annast þessi eða hliðstæð verkefni fyrir þessi þrjú stóru sjúkrahús.

Nú má um það deila hvort sú breyting sem hér er lögð til sé nægjanleg til þess að koma á virku samráði milli sjúkrahúsanna í Reykjavík og e.t.v. þyrfti samstarfsráðið að hafa meira raunverulegt ákvörðunar- og framkvæmdavald en því er falið með þessari lagabreytingu til að svo geti orðið. En ég vænti þess þó að hér sé um mikilvægt skref að ræða og nauðsynlegt að láta á það reyna hvort virkara samstarf með sjúkrahúsunum í Reykjavík næst með þessu fyrirkomulagi áður en aðrar og hugsanlega róttækari breytingar kunna að verða gerðar.

Ég tel mjög mikilvægt að ná þessu frv. fram, herra forseti, nú fyrir jólahlé Alþingis þannig að ráðið geti tekið til starfa strax í upphafi nýs árs með tilliti til þeirra ákvarðana sem fjárlög þá hafa gert ráð fyrir. Eins og fjárlagafrv. lítur nú út eftir 2. umr. í hv. sameinuðu þingi, þá hefur að vísu fjárveitingum verið skipt upp á þessi sjúkrahús og gert ráð fyrir því þar hvað hvert og eitt þeirra skuli fá til ráðstöfunar á næsta ári, en þar að auki er sameiginlegur óskiptur liður sem annaðhvort ráðuneytið verður að ráðstafa eða þessi nefnd, ef ákvæði um hana verða að lögum og hún fær það hlutverk sem frv. gerir ráð fyrir.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (ellilífeyrir sjómanna). — Þskj. 324.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingu sem flutt er á þskj. 324 og er 228. mál Nd.

Hér er um að ræða lítið frv. Einu sinni enn hefur þurft að grípa til þess að gera smávægilega leiðréttingu eða breytingu á lögum um almannatryggingar án þess að heildarendurskoðun á þeim mikilvæga lagabálki nái fram hér í þingsölum.

Eins og hv. þm. vita hefur verið unnið mikið starf við endurskoðun laganna í heild sinni. Því nefndarstarfi er nú lokið og er það nefndarálit, sem er reyndar í frumvarpsformi, til athugunar hjá stjórnarflokkunum.

Ljóst er hins vegar að það mun ekki héðan af verða lagt fram fyrir jólahlé þingsins en ég vænti þess hins vegar að geta lagt það fram fljótt eftir að þing kemur saman á nýju ári.

Við gerð kjarasamninga á sl. vetri var Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gefið fyrirheit um það að reynt yrði að leiðrétta ósamræmi í bótagreiðslum almannatrygginga hvað varðar töku ellilífeyris sjómanna. Þetta ósamræmi er fólgið í því að þeir sjómenn, sem sigla á skipum sem leigð eru af íslenskum skipafélögum eða íslenskum aðilum en eru ekki í eigu Íslendinga, njóta ekki sömu réttinda og sjómenn sem sigla á íslenskum skipum eða skipum sem eru í eigu íslenskra aðila. Þetta hefur skapað mikið ósamræmi og

auðvitað óréttlæti milli þessara einstaklinga. Þetta munu ekki vera mjög margir einstaklingar sem hér er um að ræða, a.m.k. ekki enn sem komið er, hvað sem framtíðin kann að leiða í ljós í því sambandi, en Farmanna- og fiskimannasambandið hefur margítrekað farið fram á það að þetta ósamræmi verði leiðrétt og sú breyting gerð á lögum um almannatryggingar að þarna sitji sjómennirnir við sama borð, þ.e. íslenskir sjómenn sem sigla á skipum sem íslenskir aðilar gera út, hvort heldur sem skipið er í eigu þeirra eða ekki.

Þetta er efni þessa frv., hæstv. forseti, og ég tel ekki ástæðu til að gera ítarlegri grein fyrir því. Það skýrir sig mjög vel sjálft og er í sjálfu sér einfalt og ég vænti þess að þó að frv. sé seint fram komið, þá afgreiði þingið það fyrir áramótin þannig að hægt sé að verða við þessum óskum og reyndar þeim fyrirheitum sem Farmanna- og fiskimannasambandinu hafa verið gefin.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 1. umr.

Frv. FÞ, 208. mál (Grundarfjarðarprestakall). — Þskj. 261.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Herra forseti. Á þskj. 261 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér og er ekki mikið að vöxtum, aðeins það að í stað orðsins Grundarfjarðarprestakall í 4. tölul. VII. í 1. gr. laganna komi: Setbergsprestakall.

Hinn 1. júlí 1990 gengu í gildi ný lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Frv. var samþykkt á síðasta degi 112. löggjafarþings, 5. maí 1990. Það er vitað að jafnan eru miklar annir á lokadegi þings. Má því vera að einstök mál séu ekki athuguð svo gaumgæfilega sem vera þyrfti í öllum greinum. Þannig var með þetta mál að nafninu var breytt á Setbergsprestakalli í Grundarfjarðarprestakall. Þessu vilja heimamenn ekki una þar sem nafnið á prestakallinu hefur verið það sama frá því elstu menn muna. Því er það að sóknarprestur íbúa Eyrarsveitar og sóknarnefndarformaður rituðu mér bréf, dags. 1. des., sem hér er birt sem fskj. og báðu mig að fá þessu breytt í fyrra horf, eða eins og segir í bréfinu: Það er óskað eftir að hlutast sé til um það að breyting á nefndum lögum fari fram þannig að nafn Setbergsprestakalls standi óbreytt frá því sem það var fyrir gildistöku laganna eins og það hefur verið um aldaraðir.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta mál en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni 1. umr. og til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Afnám vísitölutengingar fjárskuldbindinga (180. mál) 1869.
Almannatryggingar (228. mál, ellilífeyrir sjómanna) 2040.
Arður af húseign Skógræktar ríkisins í Hafnarfirði (158. mál) 1874.
Ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum (92. mál) 1731, 1735.
Ábyrgðadeild fiskeldislána (35. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1731, 1734.
Brottfall laga og lagaákvæða (72. mál) 1730, 1735, 1829, 1995, 1997.
Búfjárhald (199. mál, heildarlög) 1722.
Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (130. mál) 2037.
Fjárlög 1991, 2. umr. (1. mál) 1910, 1987.
Fundarsókn þingmanna 1721.
Greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu (191. mál) 1889.
Grænar símalínur (179. mál) 1697.
Háskóli Íslands (194. mál, kennslumissiri) 1717.
Heilbrigðisþjónusta (185. mál, samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík) 1995, 1997, 2037.
Húsnæðisstofnun ríkisins (148. mál, húsbréf) 1829, 1836, 1844, 2022.
Húsnæðisstofnun ríkisins (213. mál, stimpilgjald) 1723.
Jarðalög (163. mál, jarðanefndir og forkaupsréttur) 1717, 1727.
Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar (62. mál) 1693.
Jöfnunargjald (151. mál, endurgreiðsla og gildistími laga).
Kaup Húsnæðisstofnunar á íbúðum á nauðungaruppboði (182. mál) 1881.
Landbrot við Jökulsá á Breiðamerkursandi (198. mál) 1900.
Launamál (40. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1736, 1850, 2001.
Lánsfjárlög 1990 (214. mál) 1833.
Lögfræðilegt álit á bráðabirgðalögunum (192. mál) 1892.
Opinber réttaraðstoð (55. mál) 1997, 2000, 2035.
Opinberar fjársafnanir (190. mál) 1886.
Rannsóknir í þágu atvinnuveganna (126. mál, Hafrannsóknastofnunin) 1716, 1722, 1855, 2001.
Ráðstafanir vegna kjarasamninga (34. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1732, 1735, 1825.
Sektarmörk nokkurra laga (54. mál) 1729, 1735, 1824, 1994, 1997.
Sjálfseignarstofnanir (187. mál) 1884.
Sjávarútvegsbrautin á Dalvík (210. mál) 1894.
Skipan prestakalla og prófastsdæma (208. mál, Grundarfjarðarprestakall) 2041.
Slysavarnaráð (207. mál) 1846.
Snjómokstur (196. mál) 1897.
Stjórnsýslulög (203. mál) 1841.
Tímabundin lækkun tolls af bensíni (91. mál) 1732, 1736, 1828.
Um þingsköp 1700, 1712, 1727 (öflun gagna um veiðiheimildir smábáta); 1733 (vísun mála til nefnda); 1828 (fundarsókn þingmanna).
Umferðarlög (205. mál, reiðhjólahjálmar) 1843.
Umræður utan dagskrár 1706 (stjórn fiskveiða); 1903 (endurvinnslustöðin í Dounreay).
Upplýsingaskylda stjórnvalda (204. mál) 1842.
Varamaður tekur þingsæti 1850.
Vaxtalög (116. mál, hámarksvextir) 1855, 2001.
Veiting ríkisborgararéttar (82. mál, fyrra stjfrv.) 1993, 1996, 2034.
Verslun ríkisins með áfengi (173. mál) 1868, 2001.
Vextir á lánum Húsnæðisstofnunar (181. mál) 1878.
Virðisaukaskattur (206. mál, reiðhjólahjálmar) 1845.
Virðisaukaskattur (225. mál, sjóðvélar o.fl.) 2028.
Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi (75. mál) 1693.

SAMEINAÐ ÞING

31. fundur, mánudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Brynhildar G. Flóvenz til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi sem á var eitt nafn og þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Ingibjörg Bjarnardóttir héraðsdómslögmaður.

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis í stað Guðjóns Steingrímssonar til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi sem á var eitt nafn og þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Bjarni S. Ásgeirsson héraðsdómslögmaður.

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis í stað Sigurðar Helgasonar til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi sem á var eitt nafn og þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Lárus Bjarnason bæjarfógeti, Seyðisfirði.

Samningur um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, síðari umr.

Stjtill., 145. mál. — Þskj. 151, n. 287.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um samning um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu og sent frá sér svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir þetta skrifa allir fulltrúar í utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 44:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GeirG, GHH, GuðnÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, HJ, JE, LVJ, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KrP, KE, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PP, RA, RH, RG, SalÞ, SkA, SV, StH, BVG, VS, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, ÁrnG, BÍG, DS, EH, EG, EKJ, GHelg.

nei: ÓÞÞ.

18 þm. (FÞ, GuðmÁ, GB, GHG, GGÞ, IBA, JóhS, KP, MF, ÓÞG, PJ, SighB, StG, SvG, AS, AÓB, ÁHE, EgJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þeirri stefnu hefur verið mjög hampað, m.a. af ráðherrum, að íslenska ríkið eigi að minnka afskipti sín af bankarekstri. Sú undantekning hefur aldrei verið kynnt í þeim efnum að búið væri að breyta stefnunni á þann veg að við ættum að hætta afskiptum af bankarekstri hér innan lands en hefja hann í þeim mun ríkari mæli erlendis. Þar sem mér er ekki ljós ávinningur Íslendinga af þessu tiltæki en útgjöldin augljós segi ég nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 339).

Evrópusáttmáli um sjálfsstjórn sveitarfélaga, síðari umr.

Stjtill., 146. mál. — Þskj. 152, n. 288.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þessa till. og sent frá sér svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir þetta skrifa allir meðlimir utanrmn. og ég vil geta þess að fyrir liggja meðmæli frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem mælt er eindregið með því að sáttmálinn verði fullgiltur af Íslands hálfu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 340).

Samningur um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, síðari umr.

Stjtill., 147. mál. — Þskj. 153, n. 289.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um fullgildingu samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga. Ástæðan fyrir því að það hefur dregist svo mjög að fullgilda þennan samning af Íslands hálfu er sú að íslensk lög um þessi málefni hafa verið tímabundin þangað til í fyrra þannig að ekki þótti unnt að fullgilda hann fyrr.

Utanrmn. hefur rætt þessa tillögu og sent frá sér svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt.

Jón Thors, skrifstofustjóri í dómsmrn., kom á fund nefndarinnar. Samkvæmt upplýsingum Jóns Thors eru almennt séð nægjanleg lagaákvæði fyrir hendi í íslenskum lögum til að unnt sé að fullnægja ákvæðum samningsins."

Undir þetta nál. skrifa allir meðlimir í utanrmn.

Vegna umræðna sem urðu við fyrri umr. um þessa till. tel ég rétt að lesa upp þær athugasemdir sem ég fékk frá Jóni Thors varðandi þennan samning sem skýrir þetta að nokkru leyti, en þær hljóða svona:

„Athugasemdir vegna samanburðar á ákvæðum Evrópusamnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga og ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989:

1. Varðandi 6. gr. samningsins. Í 6. gr. samningsins er kveðið svo á að nánar tiltekin einkalífsatriði sé óheimilt að vinna vélrænt nema í lögin séu sett viðeigandi verndarákvæði. Slík verndarákvæði er að finna hér á landi í 4. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989. Þar er ákvæði sem segir að óheimilt sé að skrá upplýsingar sem samsvara þeim sem taldar eru í 6. gr. samningsins nema í tilteknum undantekningartilvikum. Þau tilvik eru lagaheimild, samþykkt hins skráða sjálfs og ef þessu tvennu er ekki til að dreifa sérstök heimild frá tölvunefnd sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Skráning skv. lögum nr. 121/1989 tekur bæði til handunninnar og vélrænnar skráningar. Samningurinn kveður ekki nánar á um hvað séu viðeigandi verndarákvæði og skýringar á því eru ekki heldur í athugasemdum með samningnum. Er það því mat löggjafa hvers ríkis hvað teljist nægileg verndarákvæði. Telja verður ákvæði laga nr. 121/1989 fullnægja ákvæðum samningsins.

Til samanburðar við lög nr. 121/1989 má geta þess að ákvæði danskra laga nr. 622/1987, um skrár einkaaðila, eru mjög sambærileg að því er varðar heimild til skráningar þeirra persónuupplýsinga sem 6. gr. samningsins fjallar um.

2. Varðandi 8. gr. samningsins. Í 8. gr. er fjallað um rétt manna til að fá upplýsingar um vélrænar skrár og það sem þar er skráð varðandi þá sjálfa. Í IV. kafla laga nr. 121/1989 er að finna ákvæði sem samsvara ákvæðum 8. gr. samningsins og telja verður þau fullnægja ákvæðum samningsins.

3. Varðandi 12. gr. samningsins. Þessi grein fjallar um streymi persónuupplýsinga milli landa og lagasetningu um það efni. Í lögum nr. 121/1989 er fjallað um þetta efni í 27. gr. Þar er krafist samþykkis tölvunefndar ef flytja á gögn varðandi þau einkalífsatriði sem talin eru í 1. mgr. 4. gr. laganna og 6. gr. samningsins til geymslu eða úrvinnslu erlendis. Einnig er í 1. mgr. 27. gr. lagt almennt bann við kerfisbundinni söfnun og skráningu persónuupplýsinga hér til vinnslu eða geymslu erlendis nema heimild tölvunefndar komi til. Í 4. mgr. er heimild fyrir dómsmrh. til að ákveða í reglugerð að bann skv. 1. og 2. mgr. eigi ekki við í tilteknum tilvikum, m.a. vegna alþjóðlegrar samvinnu. Því mun þurfa að setja með reglugerð ákvæði sem heimila flutning gagna til þeirra landa sem aðilar eru að þessum samningi. Lagaákvæði eru því nægileg til að fullnægja samningnum á þessu sviði.

4. Varðandi önnur ákvæði samningsins. Önnur ákvæði snerta ekki beinlínis ákvæði laga nr. 121/1989 og verður því að telja að almennt séð séu nægileg lagaákvæði fyrir hendi í íslenskum lögum til að unnt sé að fullnægja ákvæðum samningsins."

Þetta er gert í dómsmrn. 11. des. 1990 af Jóni Thors skrifstofustjóra.

Eins og ég sagði áðan þá leggur utanrmn. samhljóða til að þessi samningur verði samþykktur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 341).

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, síðari umr.

Stjtill., 150. mál. — Þskj. 156, n. 290.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur rætt þetta mál á fundi sínum og sent frá sér svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir þetta rita allir meðlimir í utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 342).

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla, síðari umr.

Stjtill., 160. mál. — Þskj. 173, n. 291.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Það er endurtekning á fyrri ræðu

minni hér. Utanrmn. hefur rætt þessa þáltill. um staðfestingu samnings um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum og sent frá sér svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir þetta skrifa allir meðlimir í utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 343).

Umræður utan dagskrár.

Veiðiheimildir smábáta.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hefst umræða utan dagskrár skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapalaga. Það er hv. 4. þm. Norðurl. e. sem beðið hefur um umræðuna og að ósk annarra hv. þm. hefur verið leyft að umræða þessi fari fram skv. síðari málslið 32. gr. þingskapa.

Björn Valur Gíslason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þetta tækifæri sem ég fæ hér utan dagskrár til að vekja máls á þeim stórkostlega vanda sem vofir yfir mörgum sjávarplássum vegna viðblasandi kvótaskerðingar á smábátum.

Það er alveg óhætt að segja að gripið hafi um sig skelfing meðal smábátaeigenda og forsvarsmanna margra sveitarfélaga í kjölfar svokallaðrar tilraunaúthlutunar á aflaheimildum smábáta hér á dögunum og skyldi engan undra. Menn sem höfðu af dugnaði og hörku árum og áratugum saman sótt sjó og aflað sér og sínum lífsviðurværis með því urðu nú fyrir þeirri hrikalegu reynslu að fótunum var svo gjörsamlega kippt undan þeim að margir sjá ekki fram á neitt annað heldur en gjaldþrot og upplausn. Byggðarlög sem byggst höfðu og byggjast enn reyndar nær eingöngu á útgerð smærri báta eiga sér nú varla viðreisnar von ef svo fer sem horfir í kvótamálum smærri bátanna. Sjómenn og fjölskyldur þeirra, sem lagt höfðu allt sitt að veði til þess að vera sjálfum sér nóg og komast þannig áfram í lífinu, eru nú neydd út í annað af tvennu illu: Að flosna upp af lífsviðurværi sínu og jafnvel heimabyggð eða þá það sem er eðli þessa fólks svo andstætt, að leita á náðir opinberra sjóða.

Það hefur verið talað mikið um ákveðin byggðarlög sem verst munu fara út úr þessu hrikalegu máli ef svo fer sem horfir og eru þá oftastnær nefndir staðir eins og Borgarfjörður eystri, Bakkafjörður og Grímsey. En þetta eru ekki einu staðirnir sem fara illa út úr þessu dæmi eða hreinlega leggjast í eyði vegna þessarar hættulegu stefnu í fiskveiðimálum. Hvert einasta byggðarlag, sem á einhvern hátt byggir afkomu sína á sjósókn, á undir högg að sækja. En það er í sjálfu sér engin tilviljun að þessir staðir eru nefndir öðrum stöðum fremur því að þarna koma einmitt áhrif kvótakerfisins fram í hnotskurn. Á þessum stöðum snertir það beint hvern einasta íbúa ef kvóti er seldur úr byggðarlaginu. Fjölskyldur sem töldu sig hafa lagt sitt af mörkum til þjóðfélagsins og öðlast með því kannski einhvern rétt, hugsanlega stöðurétt til að fá að búa þar sem það helst kýs að vera og fólk sem hefur staðið við sitt betur en margur annar verður nú ekki bara fyrir því að vinnan er tekin frá því heldur eru allar eigur þess, fasteignir, sviptar verðgildi sínu og búseturéttur þessa fólks er að engu gerður.

Það er að mínu mati svo andstætt öllum rökum að markaðssetja fiskinn í sjónum og þar með heilu byggðarlögin að það nær nánast engri átt. Að setja allan syndandi fisk inn í þetta markaðskerfi — sem sumir markaðshyggjumenn hafa jafnvel kallað markaðskerfi andskotans, þeim mun hafa líkað það vel — að láta óveiddan fisk ganga kaupum og sölum er að mínu mati algjörlega út í hött.

Trillusjómenn kaupa engan kvóta. Þeir eru ekki samkeppnishæfir á þessum markaði. Þeir ganga ekkert inn í banka og lánastofnanir eða fjármögnunarleigu til að ná sér í pening og sanka að sér óveiddum fiski, enda eiga þeir ekkert að fá að gera það frekar en aðrir. Þessi auðlind á ekki að vera til sölu. En stóru útgerðirnar fara hins vegar létt með þetta. Þær fara létt með að næla sér í kvóta og þá er það gert á kostnað einhverra af þessum litlu sem ekki hafa náð fótfestu í þessu kerfi og eru að flosna upp. Það er þessum aðilum létt verk að ganga í sjóði, opinbera sjóði sem aðra, til kvótakaupa. Og jafnvel aðilar alveg ótengdir sjávarútvegi á nokkurn hátt — það eru dæmi um lögfræðinga og heildsala sem eru að kaupa sér kvóta, sem eru að fjárfesta í kvótakerfinu og beina fjármunum sínum inn á þennan markað, kaupa báta og kvóta sem þeir ráðstafa síðan að eigin vild. Þetta nær nánast ekki nokkurri einustu átt.

Fjársterkir aðilar geta hæglega gert heilu byggðarlögin óbyggileg á stuttum tíma, nánast einni nótt með kvótakaupum. Þetta kerfi byggir á því fyrst og fremst að þeir sem eru stórir fyrir hafa mesta möguleika á að stækka á kostnað hinna því það er bara ákveðinn rammi utan um þessa fiska sem eru til sölu. Það verður ekki náð í þá nema að taka þá af einhverjum öðrum. Og svo færa menn hugsanlega þennan kvóta sér til eignar, og hafa gert, það eru mörg dæmi um það að menn færa þennan kvóta sér til eignar í bókhaldi fyrirtækja, sýna auðvitað fram á góða stöðu og létta enn róðurinn inn í sjóðakerfið og bankakerfið.

Menn eru ekki bara að kaupa sér kvóta þegar þeir eru að ná sér í fisk og versla með fisk. Það eru ekki bara þessi kaup á réttinum til að fá að sigla út á sjó og veiða sér fisk. Það fylgja nefnilega þessum eigum dálítil völd. Menn eru að ná sér í völd með því að kaupa sér kvóta. Menn eru að ná sér í völd innan hinna ýmsu samtaka í sjávarútvegi, t.d. innan LÍÚ, SÍF, í útflutningsfyrirtækjum. Eftir því sem menn veiða meiri fisk og verka meiri fisk, þeim mun meira vægi fær atkvæði þeirra í mörgum hagsmunasamtökum. Þetta nær ekki nokkurri átt heldur. Það nær nánast ekki nokkur

skapaður hlutur nokkurri átt í þessu kvótakerfi hvað varðar þessar söluheimildir.

En eigendur þessara smærri báta sem nú eru að selja kvótann af sínum bátum og sína báta geta einfaldlega ekki ráðið því lengur sjálfir hvort þeir selja eða ekki. Það er í raun og veru ekki lengur í þeirra höndum. Hér eftir er það aðeins spurning fyrir þá að gera tjónið, sem þeir nú þegar hafa orðið fyrir, sem minnst og gera það sem léttvægast að flæmast í burtu. Þeim er gert það algjörlega ómögulegt að halda áfram rekstri sinna báta og framfleyta sér á því ef ekki verður gripið í taumana nú þegar.

Fiskveiðistefnan á auðvitað að vera byggðastefna og hluti af byggðastefnunni. Fiskveiðistefnan á að miðast að því að byggð haldist í landinu, m.a., að búandi sé á þeim stöðum þar sem útgerð og fiskvinnsla er stunduð. Það er fólk á þessum stöðum sem hefur fram til þessa viðhaldið byggð í landinu og lagt sitt af mörkum að fullu og öllu. En þetta kerfi sem nú er við lýði vinnur að mínu mati algjörlega á móti byggðarsjónarmiðum sem mest má vera og það hlýtur öllum að vera orðið ljóst.

En það eru ekki bara neikvæð áhrif á byggðamál sem fylgja í kjölfar þessa kvótakerfis. Það eru fjölmargir aðrir neikvæðir þættir sem fylgja í kjölfarið. Ég ætla að nefna hérna einn þátt sem mér finnst hafa orðið dálítið út undan í umræðunni en er nú í dag orðinn mjög alvarlegur og næstum því afgerandi um áhrif kvótakerfisins á fiskistofnana. Ég veit ekki hvort allir hafa gert sér grein fyrir því.

Við getum tekið sem dæmi þennan kvóta sem var seldur frá Grímsey hér á dögunum, sem er kannski nærtækasta dæmið í dag, þessi 100 tonn sem voru seld þaðan. Þessi 100 tonn voru veidd af litlum bát, 10–12 tonna bát í Grímsey, mestmegnis í net. Þessir bátar veiða sinn fisk mestmegnis í net á vertíðinni og þetta er stór fiskur. Það þarf ekkert svo ýkja marga fiska í tonnið, eins og sjómenn segja. Við getum bara gefið okkur það að þessi fiskur sé 4,5 kg eintakið, það þurfi svona 200–230 fiska í tonnið. Þessi fiskur er nærri að fullu nýttur. Það er ekki mikið sem fer forgörðum við verkunina. Hann er flattur og hann er saltaður og hausinn er verkaður í herðingu eða söltun o.s.frv. Ef þetta eina tonn, við skulum bara hugsa okkur eitt tonn, ef það er selt af þessum báti yfir á togara, eins og gerðist í þessu tilfelli, þá þarf togarinn ekkert að veiða 200 fiska til að ná í þetta tonn. Það duga honum ekki 300 og ekki 400. Hann þarf að veiða að lágmarki 500 fiska samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá Fiskifélagi Íslands. Hann þarf að veiða að lágmarki 500 fiska til að ná í þetta sama tonn. Þunginn er jafnmikill en það þarf að ganga miklu nær stofninum til að ná í þetta. Ég hef enga trú á því að þetta hafi góð áhrif á stærð fiskstofnanna eða afrakstursgetu, fyrir utan það að í þessu ákveðna tilfelli fer þessi trillufiskur þarna yfir á frystitogara sem nýtir kannski ekki nema 35–40% af þessum fiski. Hitt fer bara í sjóinn, beina leið. Beina leið í sjóinn. Þeir veiða tveggja kílóa fisk, sem er hámarksstærð í dag af togarafiski, og nýta 35–40% af honum.

Þetta getur varla talist hagræðing, þetta getur varla talist einhver áfangi í því að reyna að byggja upp fiskistofnana eins og þetta kvótakerfi á nú að miða að, auka hagræðingu og stækka stofnana. En reyndin er auðvitað sú að það er skerðing á skerðingu ofan á hverju einasta ári frá upphafi.

En það sem er þó ömurlegast við þetta allt saman að mínu mati eru viðbrögð sjútvrh. við umkvörtunum þessa fólks sem hefur þó ekki lagt það í vana sinn að kvarta nema á því sé harkalega troðið. Viðbrögð ráðherrans hafa að mínu mati einkennst af hroka í garð þessa fólks og af því fyrst og fremst að gera sem minnst úr þessu fólki á allan hátt. Gott dæmi um þessi viðbrögð eru dæmalaus ummæli ráðherrans á fundi með Grímseyingum sem var haldinn ekki alls fyrir löngu. Hann sagðist auðvitað hafa fullan skilning á málunum. Það vantaði ekki. Og ef eyjarskeggjar vildu nú vera svo vænir að gauka einhverjum hugmyndum að honum sem hann gæti unnið úr til að rétta þeirra hlut, þá skyldi hann meira að segja líta á þær. Það held ég nú. En sjálfur sá hann aðeins eina leið. Hún var sú að beina þeim sem illa hafa farið út úr kvótavitleysunni inn í opinberan sjóð svo að þeir gætu þá keypt upp einhvern kollega sinn annars staðar að á landinu og rúllað vandanum svona hringinn í kringum landið.

Mig langar til að vitna hér, með leyfi forseta, í ræðu sem Helgi Haraldsson sjómaður hélt á þessum fundi í Grímsey, vitna þar í smákafla úr hans ræðu sem lýsir ástandinu á þessum ákveðna stað sem reyndar er ekkert einsdæmi eins og ég sagði áðan. Hann segir að menn hafi róið og fiskað og þrátt fyrir það að hér hafi fiskurinn ekki verið á neinu fiskmarkaðsverði hafi menn komist af án þess að leita ásjár opinberra stofnana eða lifa á styrkjum frá einum eða neinum. Með sífelldri skerðingu á veiðiheimildum eru stjórnvöld að gera okkur öll með tölu að bónbjargamönnum. Og hann heldur áfram: Gera okkur, sem höfum fram undir þetta getað litið kinnroðalaust framan í fólk, að þurfalingum á framfæri hins opinbera. Þetta virðist vera stefna ráðherrans sem hér er mættur á fundinn og þetta hef ég eftir honum sjálfum, að lausnin á okkar vanda væri sú að leita á náðir Hagræðingarsjóðs. Í því liggur lausnin, þar liggur galdurinn, að fara inn í einhvern sjóð svo að það sé hægt að kaupa einhverja aðra upp. Það þarf auðvitað hugsuði til þess að koma svona málum í gang. (Gripið fram í.) Þeir eru til margir, einfaldir.

Fleiri Grímseyingar tóku reyndar til máls á þessum fundi og það var mál allra þeirra sem tóku til máls á þessum fundi að skerðing sem þeir lesa út úr tilraunaúthlutun ráðuneytisins á smábáta muni orsaka fólksflótta úr Grímsey því að þeim verður gert algjörlega ómögulegt að gera út þessa báta sína, algjörlega ómögulegt. Og þeir eru ekkert einir um það.

En eins og ég sagði þá sá ráðherrann aðeins eina leið út úr þessu. Það var inn í Hagræðingarsjóð og Hagræðingarsjóður er nú bara nafnið eitt, sá ég eftir honum í blaði í dag. En þegar Grímseyingar höfðu nánast, eins og ég vitnaði hér í áðan, grátbeðið ráðherrann um að forða sér undan því að þurfa að sækja í

slíka sjóði og þeir höfðu reynt á allan hátt að útskýra fyrir honum að þeir vildu ekki láta gera sig að bónbjargamönnum, þá fór nú ráðherrann fyrst yfir öll mörk og ég ætla að vitna hér beint í hans ummæli af þessum fundi:

Þið segist ekki vilja vera þurfalingar, sagði ráðherrann, en þið lítið ekki á ykkur sem þurfalinga þó að hér hafi verið byggð höfn af almannafé landsins, bætti hann síðan við. Að hér hefur verið byggð höfn af almannafé landsins. Þetta er náttúrlega svo ósmekkleg samlíking sem mest má vera. Að líkja því saman að fólk sé komið á einhvern spena hjá ríkinu, það sé orðið nánast að þurfalingum fyrst búið er að byggja hjá því höfn og þá sjálfsagt flugvelli, vegi og skóla og aðrar opinberar byggingar. Það hlýtur að vera og þess vegna þurfa þeir ekkert að skammast sín fyrir að leita á náðir einhvers sjóðs sem settur hefur verið á laggirnar vegna mistaka í stjórnun fiskveiða. Þetta er auðvitað svo dæmalaust að það tekur engu tali. Og að segja þetta upp í opið geðið á þessu fólki af öllu fólki öðru, það tekur út yfir allan þjófabálk. Þetta fólk sem frá blautu barnsbeini er alið upp við mikla vinnu og er tilbúið að leggja á sig ómælt erfiði til að vera ekki upp á aðra komið. Þetta fólk sem ég leyfi mér að fullyrða að hefur frekar en margur annar þurft að treysta á mátt sinn og megin og á eigin verðleika fyrst og fremst til að komast áfram í lífinu. Þessu fólki velur sjútvrh. svo ósmekkleg ummæli. Ég efast um að hann geri sér nokkra grein fyrir því í raun og veru hve niðurlægjandi og særandi svona sendingar eru þessu fólki. Og ekki bara Grímseyingum heldur öllum þeim sem lenda illa í kvótakerfinu.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að mínu mati að þessi mál eru í algjörum ógöngum og það nær ekki nokkurri átt að við þetta sé búið áfram. Þeir sem eiga hér hlut að máli, trillusjómenn og fjölskyldur þeirra, sveitarstjórnir um allt land og hv. þm. hljóta nú að eiga kröfu á einhverjum svörum frá sjútvrh. Er hugmyndin sú að þetta eigi að ganga svona áfram til frambúðar? Er í ráðuneytinu verið að vinna að einhverri lausn þessara mála, einhverri heildarlausn? Ef svo er, hver er hún? Og ef svo er ekki, af hverju ekki þá? Það þarf að takast á við þetta. Hefur ráðherrann engar áhyggjur af fiskistofnum, ef togarar fara að veiða megnið af úthlutuðum kvóta og henda svo kannski helmingnum af honum eins og ég rakti hér áðan? Og þetta er ekkert eina dæmið. Þetta er að gerast í dag og þetta er búið að gerast allt þetta ár og mun halda áfram ef ekki verður gripið í taumana.

Ég hafði óskað eftir því að forsrh. yrði hér viðstaddur þessa umræðu sem yfirmaður byggðamála í landinu því að kvótamálin eru auðvitað byggðamál og eiga auðvitað að vera byggðamál og einn þáttur í því að viðhalda byggð í landinu. Hvernig blasir þetta við honum sem yfirmanni byggðamála? Ætli hann hafi engar áhyggjur af byggðaröskun í kjölfar kvótaskerðingar smábáta? Hefur Byggðastofnun eitthvað með þessi mál að gera? Eru einhverjar ráðstafanir í gangi? Hvaða hugmyndir hefur ráðherrann til að sporna við hugsanlegum fólksflótta af landsbyggðinni varðandi þessi mál? Eða á kannski bara að láta markaðinn ráða þessu? Kannski hefur forsrh. sem yfirmaður Byggðastofnunar hugsað sér að skipta um hlutverk og hér eftir verði hann bara forsvarsmaður og yfirmaður flóttamannahjálpar einhverra á landsbyggðinni að taka við þessu. (**Gripið fram í:** Frjálshyggjunnar.) Eða frjálshyggjunnar, já.

Ég tel að þetta megi ekki ganga svona öllu lengur, það verði að eyða þeirri óvissu sem grúfir yfir fólki og sjávarþorpum um allt land og er hreinlega að gera út af við fólk, þegar lífsviðurværinu er kippt svona gjörsamlega undan því og allt lífsstarf þess og allar eigur að engu gerðar með einu pennastriki. Landsmenn eiga orðið kröfu, réttmæta kröfu á svörum við þessum spurningum og mörgum fleirum til að eyða þessari óvissu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill fara þess á leit við hv. þm. að þeir verði samvinnuþýðir og reyni að stytta mál sitt sem unnt er þar sem við höfum reynt að stefna að því að komast hver til síns heima nk. föstudag, en það er ljóst að ef þingstörf tefjast mjög frá áður boðaðri dagskrá verður þar erfitt um vik. Ég bið hv. þm. að sýna tillitssemi svo að þessi umræða megi fram ganga og menn reyni að vera gagnorðir.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég hef enga löngun til þess að tefja þingstörfin eða halda hér uppi einhverjum maraþonræðum um þessi mál en ég vil byrja á því að þakka frummælanda fyrir þessa utandagskrárumræðu, fyrir það að hafa beðið um hana, fyrir þær upplýsingar sem hann gaf og jafnframt fyrir að benda á þá miklu hættu sem steðjar nú víða að. Þessi hætta steðjar að fjölmörgum einstaklingum og einkum að eigendum minni báta vítt og breitt um landið.

Grímsey er ekki ein og sér, þó að ég geti tekið undir það sem það hefur komið varðandi þá miklu skerðingu sem Grímseyingar verða fyrir. Það eru líka til aðrir staðir þar sem 10–20 tonna bátar eru uppistaðan í atvinnulífinu.

Ég vil nefna eitt lítið kauptún á landinu sem hefur lítið stundað það að gera kröfur til hins opinbera og hefur ekki verið aðgangshart, hvorki við þingmenn sína né Alþingi um miklar framkvæmdir, heldur hafa menn reynt að búa vel að sínu og draga björg í bú og skapa atvinnu í landi. Þessi staður er Drangsnes og er við Húnaflóa, nánar tiltekið við Steingrímsfjörð í Strandasýslu. Þar eru fjórir bátar af þessari stærð fyrir utan þó nokkra minni báta, en þessir fjórir bátar eru uppistaðan í atvinnulífinu á þessum stað.

Stærsti báturinn var með 238 tonna afla á þessu ári. Hann á að fá 145 tonna þorskígildi samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið úr þessu skjali sem ekki fæst afhent sjávarútvegsnefndarmönnum — sennilega er það fyrir það að þeir eru þá svona kjöftugir. Næstu upplýsingar eru um annan bát sem er 12,43 tonn. Hann hefur veiðiheimild á þessu ári upp á 110 tonn en það á að úthluta honum 30 tonna þorskígildi á næsta ári.

Þriðji báturinn á þessum sama stað er með 115 tonna þorskígildi á þessu ári, en samkvæmt fyrstu yfirferð á hann að hljóta 67 tonna þorskígildi á næsta ári. Fjórði og síðasti báturinn er með 110 tonn á þessu ári og hann á að hljóta 27 tonna þorskígildi á næsta ári.

Nú vil ég spyrja hv. alþm. og hæstv. ráðherra að því hvort þeir mundu nú sætta sig við 1. jan. að fá aðeins um 30% af kaupinu sína næsta ár. Ég vil líka spyrja, og ekki síður alþingismenn en ráðherra, að því hvort þeir hafi í raun og veru gert sér grein fyrir hvað þeir voru að gera þegar þeir samþykktu lögin um stjórn fiskveiða á sl. vori. Ég dreg mjög í efa að meiri hluti þingmanna hafi gert sér grein fyrir því hvað hann var að gera.

Hvað bíður staðar sem hefur byggt sig upp með þessum hætti, hefur verið lítill kröfugerðarstaður í fjárfestingum, annað heldur en það að eigendur þessara báta missa þá? Þeir hafa ekki peninga aflögu til þess að kaupa kvóta. Þeir hafa heldur engin skattfríðindi út úr því að kaupa kvóta, ekki nokkur. Þeirra bíður að hypja sig í burtu. Þeirra bíður að missa bátana sína. Þeirra bíður að missa húseignir eða þær verða verðlausar. Fólksins heima fyrir bíður að koma sér í burtu. Bjargar Hagræðingarsjóður einhverju? Ég spyr. Jú, hann kemur inn í myndina ef skip eða bátar hafa verið seldir í burtu sem valda umfangsmikilli röskun. Þá kemur hann. Hvað á hann þá að gera þegar bátarnir eru farnir og fólkið líka? Á að gefa fuglunum það sem kannski fara ekki að sama skapi burtu? Þetta er ömurleg saga og þetta er ömurleg staðreynd um ákvörðun Alþingis Íslendinga á sl. vori.

Við höfum ekki deilt um að það þurfi stjórnun á fiskveiðum og ég vil alls ekki segja að núv. sjútvrh. sé maður óalandi og óferjandi. Það vil ég ekki gera. Það er margt mjög gott um þann mann að segja, það er margt sem hann hefur lagt skynsamlega til mála, en þegar hefur komið að þessari fiskveiðistjórnun, þá finnst mér hann vera heillum horfinn. Kvótasalan er fyrst og fremst fyrir þá sem eru ríkir, hún er fyrst og fremst fyrir þá sem hafa góða afkomu og geta því keypt kvótann háu verði því þeir fá góðan afslátt í sköttum. Ríkissjóður borgar því stóran hluta af þeim kvóta. Þetta er okkur, sem svolítið höfum sett okkur inn í þessi mál, vel ljóst. En þetta er ekki það sem á að koma. Einmitt þetta fyrirkomulag hefur ýtt undir aðallega spekinga við Háskólann, ég tala nú ekki um í Seðlabankanum, að það þurfi að ganga lengra en sjútvrh. því það þurfi að koma á auðlindaskatti. Að selja aðgang að fiskimiðunum, að þeir Grímseyingar og Drangsnesingar og aðrir einstaklingar og útgerðarstaðir vítt og breitt um landið eigi að borga samfélaginu fyrir að mega fiska. Víðast hvar út um landið, víðast hvar þar sem útgerð er þá eru fiskveiðarnar og fiskvinnslan uppistaða í atvinnulífinu. Hér á höfuðborgarsvæðinu vegur þetta miklu minna vegna þess að hér er þjónustan höfuðuppistaðan í atvinnulífinu, og þá á ég ekki við Reykjavík eina, heldur nágrannabæi Reykjavíkur, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, Kópavog og Garðabæ, þannig að þetta skiptir ekki höfuðmáli fyrir þessi byggðarlög þegar á heildina er litið þó það geti skipt jafnmiklu máli fyrir einstaklinga þar eins og annars staðar.

Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur það í sínum málefnasamningi að efla Byggðasjóð og efla byggð um landið. Ég held að þetta hafi farið allt á aðra leið eins og allir hljóta að viðurkenna. Fólkið streymir hingað á þetta horn utan af landi. Fólksflóttinn er alltaf að aukast og við sjáum fram á að ef slíkar aðstæður verða þá verður hér algjört hrun.

Á sama tíma og þjóðir hafa snúið frá austri og til vesturs, hafa snúið frá ófrelsi og miðstýringu, þá snúa Íslendingar sér í austur, þegar allir aðrir eru hættir því. Ef það á að halda áfram á þessari leið þá sé ég ekki að það vanti neitt í skömmtunarráðuneytið annað en að biðja mjög færan miðstýringarmann að koma og starfa um hríð til þess að beita meiri hraða í þessu, ég held að hann hafi lítið að gera sá, en það er Erich Honecker. Hann kvað hafa lítið að gera um þessar mundir. Það er lítið með hann að gera þar því þjóð hans hefur snúið frá austri til vesturs, hún hefur snúið frá miðstýringunni, snúið frá kúguninni til þess að taka upp nýtt og betra líf. Það er það sem við þurfum að gera hérna.

Ég vil í fullri vinsemd segja við hæstv. sjútvrh., við hæstv. forsrh. og alla ríkisstjórnina og allt stjórnarliðið: Það er ekki hægt að ganga frá reglugerð og úthlutun veiða til þessara báta og vegna þessara staða með þessum hætti. Þó kosningar séu fram undan með vorinu þá hljótum við öll að vilja vernda fiskstofnana, vilja ganga eins vel um miðin og hægt er og það gerum við ekki með þeim hætti að eyðileggja með öllu atvinnu sumra manna sem hafa tiltölulega litla báta. Þess vegna verðum við að ná sáttum ef menn vilja vinna á þann veg. Og ég skora á hæstv. forsrh. og sjútvrh., ríkisstjórnina í heild, að vinna að því að ná sáttum við þjóðkjörna fulltrúa þessa fólks þannig að við getum orðið sómasamlega ánægðir með þá úthlutun sem fram þarf að fara. Mér er það ljóst að þetta er ekki létt verk. Þetta er mikið vandaverk og það er mikið sem hvílir á þeim manni sem fer með þetta vald. Þess vegna er enn meiri nauðsyn fyrir þann mann að leita samstarfs, og þá ekki eingöngu innan stjórnarliðsins því ekki er nú tónninn sem allra bestur í því, heldur einnig við þá þingmenn sem eru í stjórnarandstöðu að reyna að ná sáttum á þann veg að fyrir þá sem áður veiddu eftir sóknarmarkinu verði fundin einhver hámarksskerðing á því sem þeir hafa veitt og það verði tekið upp í reglurnar, ekki einhliða veiði ákveðin tímabil, heldur verður að taka einnig upp í þessar reglur aðstæður sem hafa skapast af ýmum ástæðum, langvarandi bilun í bát eða tjón eða heilsubilun hjá manni um tíma sem hefur átt slíkan bát. Það verður að taka meira tillit til hins mannlega í þessu og sérstaklega í þessu. Það þarf auðvitað að gera víða. Við þurfum ekki að apa það eftir tugmilljónaþjóðum að taka allt upp eftir einhverjum tölvum og ómanneskjulegum viðbrögðum. Við verðum að láta sanngirni ráða æði miklu en hinn aðilinn, þjóðfélagsþegninn, verður auðvitað líka að taka tillit til þess hvernig ástand og horfur eru.

Ég bendi á það í lok máls míns að fari svo að þetta

verði gert með slíkum hætti eins og bæði frummælandi hér og ég hafa gert að umræðuefni, þá hlýtur hér að vera um eignaupptöku að ræða og þar með brot á stjórnarskránni og það getur orðið dýr eftirmáli. Ef almenningsheill krefst þess má auðvitað skerða kjör almennings og þar með líka kjör í þessari atvinnugrein, en þegar kjörin eru skert með mismunandi hætti þá er ekki verið að fullnægja réttlætinu, það hljótum við öll að muna og vita.

Ég vil því að síðustu sérstaklega óska eftir því, og það í fullri vinsemd og líka án þess að vilja gera þessi viðkvæmu mál að einhverju kosningamáli í vor, að ríkisstjórnin taki þá ákvörðun að leita sátta þannig að þingmenn flestir geti sæst á hvernig skuli afgreiða þessi mál en standa hér ekki í stríði þegar þing kemur saman um eða eftir miðjan janúar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þessari umræðu verður nú frestað.

Karvel Pálmason *(um þingsköp)*:
Hér er vissulega hafin mikilvæg umræða um mál sem skiptir velflesta máli í þessu þjóðfélagi og ég hlýt að mótmæla því að hér verði fundi frestað, umræðan slitin úr samhengi þannig að menn geti ekki fengið að ræða þessi mikilvægu mál eins og þau blasa við núna eftir þær ákvarðanir sem hafa verið teknar. Vissulega liggur mikið fyrir í deildum hv. Alþingis en ég hygg samt að þetta mál sé miklu meira virði fyrir alla Íslendinga, að það verði rætt og frá því verði komist á skikkanlegan hátt, heldur en það sem liggur fyrir í deildum.

Ég heyrði það áðan að hæstv. forseti bað þingmenn að stytta sitt mál og vera ekki að tefja þingstörf. Það væri kannski réttara að beina þeim tilmælum til þeirra sem stjórna þinginu í reynd að þeir greiði þannig fyrir þingmálum að þau komi fyrir með eðlilegum hætti og að mál skipist þannig bæði í deildum og sameinuðu þingi að þingmenn geti almennt rætt um þau mál.

Ég mótmæli því harðlega að þessi umræða sé slitin úr samhengi og tel það miklu mikilvægara að hún haldi áfram og að þingmenn geti almennt tjáð sig um þetta mikilvæga mál, því þetta mál er í brennidepli núna. Og menn skulu ekki gleyma því, hvað sem kosningum líður, ég er ekki að tala um þær, menn skulu ekki gleyma því að hér er verið að fjalla um mál sem snertir velflesta einstaklinga í landinu, afkomu þeirra fjölskyldna. Það eru hrikaleg dæmi sem komið hafa upp að því er þetta varðar. Ég nánast krefst þess af hæstv. forsetum að þeir láti þessa umræðu halda áfram og fresti fundum í þingdeildum þar til þessari umræðu er lokið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti hafði ekki lokið sínu máli þegar hv. 3. þm. Vestf. kvaddi sér hljóðs um þingsköp en það sem forseti ætlaði að segja var það að fundinum yrði frestað, eins og fram kom hér í upphafi þingfundar, þangað til í kvöld vegna deildafunda.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Ég vil taka undir hógværa beiðni hv. 3. þm. Vestf. um það að þessi umræða geti haldið áfram með eðlilegum hætti. Mánudagar eru reglulegur fundartími sameinaðs þings og þingmenn almennt hafa mikinn áhuga á því máli sem hér er rætt og auðvitað sjálfsagt að þessi umræða geti haldið áfram nú til þess að hún slitni ekki í sundur, ekki aðeins hér í þinginu heldur líka í frásögnum fjölmiðla sem munu sýna þessu máli mikinn áhuga. Það er þess vegna bæði í þágu þingsins sjálfs og málefnalegrar umræðu hér, og einnig til þess að skekkja ekki umræðuna í fjölmiðlum, sem nauðsynlegt er að þessi umræða geti haldið áfram þangað til henni lýkur. Ég veit að hæstv. forseti skilur mikilvægi þessa máls en ég ber mikla virðingu fyrir embætti hans.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseti hefur ekki vald á því að svara þessu nú. Forseti vill aðeins útskýra að um það hafði samist að hér færu fram deildafundir núna klukkan þrjú. Forseti mun nú fresta fundi um fimm mínútur meðan hún ræðir við hæstv. forseta Nd. og forseta Ed. til þess að komast að niðurstöðu um hvernig hér skuli með farið. En eins og hv. þm. skilja er mjög mikil tímaþröng nú í öllum störfum þingsins þessa viku að vanda og þess vegna höfðu forsetar reynt að gera sér nokkra hugmynd um hvernig mál mættu fram ganga og forseti verður að sjálfsögðu að ræða við hæstv. forseta Ed. og Nd. Fundinum er nú frestað í fimm til tíu mínútur. — [Fundarhlé.]

Forsetar þingsins hafa átt fund og telja sig hafa komist að niðurstöðu sem allir hv. þm. ættu að geta sætt sig við. Hún er sú að þessum fundi verði frestað til kl. 4 en þá verði þeirri umræðu haldið áfram sem hér hefur nú hafist. Þangað til kl. 4 fari fram fundir í deildum þar sem mikilvægt er að afgreiða mál bæði milli deilda og til nefnda, en síðan verði þessari umræðu um veiðiheimildir smábáta haldið áfram kl. 4. Þar með er tryggt að samfelld umræða fer fram svo fjölmiðlar megi frá þeim skýra og væntir forseti nú að menn geti sætt sig við þessa niðurstöðu. Forsetar vilja leggja á það áherslu að verði ekki hægt að ná samkomulagi um þetta er loku fyrir það skotið að þinghaldi geti lokið hér nk. föstudag. Forsetar vilja því skora á hv. þm. að fallast á þessa niðurstöðu.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Það var búið að boða fund í fjh.- og viðskn. Ed. kl. 4 og kveðja menn til utan úr bæ til þess að sitja þann fund með nefndarmönnum. Ég vil vænta þess þá að séð verði um að þeim fundi verði frestað, það mál sem þar er á dagskrá frestist þá um sinn og nefndarfundur verði haldinn í fyrramálið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseti mun sjá svo til að þeim fundi verði frestað.

Karvel Pálmason *(um þingsköp)*:
Virðulegur forseti. Það er auðvitað rangt að hér

verði haldið áfram samfelldri umræðu ef það á að slíta hana í sundur. Það er nú það fyrsta við ákvörðun hæstv. forseta. Hér er verið að ákveða að slíta þessa umræðu í sundur og að mínu viti er það rangt. Það er rangt vegna þess að hér er svo mikilvægt mál á ferðinni að það hljóta allir þingmenn, séu þeir með fullu viti ... (Gripið fram í.) Með fullu viti? Ja, ég tel þá nú flesta það, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Ég tel þá nú flesta það og vil ekki tilgreina neinn sem er undanskilinn í því efni. Ég geri ráð fyrir því að allir þingmenn geri sér grein fyrir því hvað er hér á ferðinni. Hér er á ferðinni lífsviðurværi allra landsmanna og ég trúi því ekki að þeir sem telja sig vera stjórnarsinna — ég tel mig þar undanskilinn, þó hæstv. forseti hafi nú úrskurðað svo hér áður fyrr að ég væri það ekki, ég tel mig vera þar undanskilinn — ég trúi ekki öðru heldur en allir hv. þm. geri sér grein fyrir mikilvægi þessa máls, hvað er um að ræða.

Í öðru lagi vil ég ekki sitja undir hótunum frá hæstv. forseta um það að ef við ekki þegjum þá bara dragist þingið von úr viti. Það er ekkert um það að ræða. Það er í höndum forseta að stjórna þinginu og það hefði mátt koma fram fyrr, fyrir mörgum árum, að þinginu væri stjórnað með eðlilegum hætti. Það má nánast segja að í þau 20 ár sem ég hef setið hér á þingi hafi þinghaldið rétt fyrir jól verið í „kaos". Og það er engin undantekning nú. Það þýðir ekki að hóta okkur hv. þm. með því að segja að ef þið ekki þegið þá verðið þið hér svo og svo lengi, fram að jólum.

Ég heyri að hv. forseti Nd. þarf að tjá sig og kannski þarf ég að tjá mig á eftir honum. En þetta er satt, hv. þm. Árni Gunnarsson. Svona hefur þetta verið og svona er það. Ég mótmæli því harðlega að þessi umræða sé slitin í sundur því menn vilja auðvitað ræða þetta. Þetta er það mikilvægt mál og deildarfundir geta beðið meðan þetta mál er rætt.

Kristinn Pétursson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég skal verða við þeirri beiðni að lengja ekki þessa umræðu. En ég sé ástæðu til þess að minna enn þá einu sinni á það að löggjöfin um stjórnun fiskveiða var rifin af hæstv. Nd. í vor og hæstv. Nd., sem saman telur 42 þingmenn, fékk aldrei að vinna sitt verk. Þar af leiðandi tel ég að nú sé kominn tími til þess að sjútvn. Nd. fái þetta mál til meðferðar. Ég mun gera nánari grein fyrir hugmyndum mínum um það hér á eftir. En ég kom í þennan ræðustól til að undirstrika mikilvægi þessa máls. Hvað er svona voðalega mikilvægt sem krefst þess að þessari umræðu sé frestað og önnur tekin hér upp? Er allt þetta pappírsfargan hér í þinginu svona rosalega mikilvægt að það megi ekki tala um hagsmuni fólksins úti á landi og hagsmuni þeirra sem eru þolendur þessa kvótakerfis? Það er smámál í augum hæstv. forseta Sþ., eftir viðbrögðum hans að dæma, en allt pappírsfarganið er voðalega stórt mál og merkilegt.

Ég spyr: Hvað liggur við þó þingstörf tefjist eitthvað? Það gerast engin ósköp þó þau tefjist einhverja daga, en það liggur mikið við ef núverandi kvótalöggjöf verður ekki breytt. Þá verður endanlega staðfestur trúnaðarbrestur milli Alþingis og þjóðarinnar, ef ekki nást fram breytingar á þessu og það verður erfitt að byggja þann trúnað upp aftur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið vill forseti taka eftirfarandi fram:

Forseti vísar því til föðurhúsanna að þingi hafi ekki verið stjórnað svo fullur sómi sé að. Ég vil biðja menn að athuga þau gögn sem lögð eru fram vikulega, bæði til hv. þm. og fjölmiðla, um stöðu þingmála hverju sinni. Ég hygg að ef hv. 3. þm. Vestf. færi að bera saman stöðu mála nú og stöðu mála hér á árum áður kæmist hann að þeirri niðurstöðu að stjórn þingsins væri í allgóðum skorðum.

Forseti veit ekki hvað hann á að segja við þeim áburði sem menn voga sér að hafa í frammi, að menn leggja forseta í munn orð eins og „ef þingmenn ekki þegi". Ég vil spyrja hv. þingheim: Hefur forseti Sþ. sagt það héðan úr forsetastóli? (VS: Nei.) Svari hver fyrir sig.

Það sem forsetar eru að reyna að gera er að stýra þinginu. Hér hefur í allri vinsemd verið beðið um að fá að setja deildafundi í um það bil hálftíma svo unnt sé að koma til nefnda eða milli deilda nokkrum málum. Þess vegna talaði ég um að fram færi samfelld umræða, að hv. 3. þm. Vestf. hafði áhyggjur af því að fjölmiðlamenn misstu þráðinn ef umræðan drægist mikið fram á kvöld. Vel má vera að það sé rétt. En þó að þessi fundur frestist nú um hálfa klukkustund get ég ekki séð að hv. þm. fái ekki tækifæri til þess að gefa fjölmiðlum heila mynd af því vissulega alvarlega ástandi sem hér er verið að ræða. Ég bið nú hv. þm. að fara að vilja allra þriggja forseta þingsins og leyfa þeim að efna til hálftíma deildafunda en síðan verði þessum fundi haldið áfram. Það getur ekki talist ósanngirni.

Árni Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að það komi fram við þessa umræðu að forsetar hafa haft mjög náið samstarf og samvinnu við formenn þingflokka um þingstörf til jóla. Allar áætlanir sem gerðar hafa verið um þingstörf til jóla byggjast á því að þingi geti lokið og þingmenn farið í jólaleyfi nk. föstudag. Forsetar hafa reynt eftir mætti að haga atkvæðagreiðslum og þingfundum þannig að mál gætu gengið greiðlega á milli deilda og til nefnda. Óskað var eftir því af hálfu þingforseta Ed. og Nd. að í dag fengju þeir að hafa hér fundi á milli kl. 3 og 5, þar til þingflokkafundir hæfust, til þess að ná fram atkvæðagreiðslum um mörg mjög veigamikil mál sem þurfa að fara til nefnda og sem þurfa að fara á milli deilda. Þegar ósk kom fram áðan um framhald þeirrar umræðu sem nú er hafin um kvótamál fór ég þess á leit, sem forseti Nd., að ég fengi hálftíma fund til þess að geta komið fram atkvæðagreiðslum um mjög veigamikil mál. Ég tel að þessi beiðni sé svo hæversk og svo hógvær að enginn þingmaður geti með góðri samvisku staðið gegn henni. Þetta mun ekki brjóta upp umræðuna um kvótamálið sem neinu nem-

ur. Umræða um kvótamál hefur þegar verið talsverð í þinginu og ekki ætla ég að draga úr nauðsyn þess að sú umræða geti farið fram þannig að allir þingmenn sem það vilja geti sagt hug sinn.

Ég mælist nú eindregið til þess við hv. þm. sem athugasemdir hafa gert við þingstörfin hér í dag að þeir leyfi þessu fundastarfi að fara fram með nokkuð eðlilegum hætti þannig að við getum haldið stuttan fund í Nd. á eftir og síðan geti umræðan hafist á nýjan leik um kvótamáið í Sþ. Það mun ekki tefja þá umræðu nema um 30 mínútur.

Danfríður Skarphéðinsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil benda á að hér er einmitt verið að slíta sundur þessa umræðu með umræðu um þingsköp. Ég vil hvetja hv. þm. til þess að leyfa þennan hálftíma fund sem um er beðið í deildum. Það hefur auðvitað sýnt sig að réttast hefði verið að byrja með fundi í deildum strax eftir hádegið og hafa síðan þessa umræðu samfellda eftir það en það er greinilega of seint séð. Ég held þar sem þetta mál er brýnt, og ekki vil ég draga úr því, þá ættum við einmitt ekki að slíta þessa umræðu í sundur með umræðum um þingsköp en fara til funda í deildum. Ég minni á það að við erum að sjálfsögðu ekki að ræða þessi mál fyrir fjölmiðla. Þeirra starf er að fylgjast með hér og þeir geta gert það þó að það detti úr hálftími núna til deildafunda.

Karvel Pálmason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér virðist að það sem hér er að gerast sýni framar öllu öðru að það er tiltölulega lítil stjórn á þinginu. Það er tiltölulega lítil stjórn á þinginu og lítt skárri en hún hefur verið áður.

Ég vil leiðrétta hæstv. forseta. Ég talaði ekki um að ég vildi að fjölmiðlar heyrðu mitt mál. Mig minnir að það væri hv. þm. Halldór Blöndal. Það leiðréttist hér með að ég var ekki að tala til fjölmiða. Ég er fyrst og fremst að tala um málefnin sem hér skipta máli.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu en ég ítreka þá skoðun mína að þetta er umræða sem á að halda samhengi. Það á ekki að slíta hana í sundur. Þetta er svo mikilvægt mál að það á að halda þessari umræðu áfram.

Ég held að ég hafi ekki sagt að hæstv. forseti hafi sagt þingmönnum að þegja, enda var það ekki mín meining. En það lá í orðunum að biðja þingmenn að tala lítið. Það þýðir auðvitað að þingmenn eigi að segja sem minnst, kannski ekki að þegja. Orðalagið var á þann veg. — [Fundarhlé.]

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram fyrst í mínu máli að þegar frv. um stjórn fiskveiða var til afgreiðslu lagði ég fram fimm mikilvægar brtt. við það frv. Þær náðu því miður ekki fram að ganga og þess vegna studdi ég ekki það frv. Ég ræddi um það við hæstv. ráðherra að ef fram færi sem þá horfði í sambandi við stjórnun fiskveiða og fiskvinnslustefnu, þá mundu byggðirnar eyðast. Og hvað er komið á daginn?

Það sem helst er ámælisvert í framkvæmd þessara laga er að það skuli vera látið óátalið að fiskveiðikvótinn gengur kaupum og sölum, þrátt fyrir 1. gr. laganna. Framkvæmdarvaldið hefur ekki staðið í stykkinu um það atriði. Það er auðvitað óþarfi að lesa þessa grein en ég ætla að gera það samt, með leyfi forseta:

„1. gr. Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Þetta er alveg skýrt. Það er alveg skýrt að þeir sem hafa verið að selja og kaupa kvóta hafa ekkert leyfi til þess. Menn hafa ekki átt þennan kvóta. Það er kannski eitt það alvarlegasta í þessu máli að þetta hefur leitt það af sér að margir hafa verið að selja kvóta sem þeir eiga ekki og það hefur verið liðið. Ég hef rætt við nokkra lögmenn um þetta efni og þeir eru hræddir um að ef ekki verði gripið þarna í taumana muni verða erfitt, þrátt fyrir lögin, að taka þetta til baka og það gæti farið svo að beita þyrfti eignarnámsheimild. En þá verður auðvitað að borga þennan kvóta fullu verði ef ríkið fer að standa þannig að máli.

Sem sagt, þessi mál eru í svo miklu ófremdarástandi öll, og ég er ekki að kenna hæstv. ráðherra um allt í því efni, langt í frá. Það er sjálfsagt ýmsum og öllum að kenna vegna þess að ekki hefur verið t.d. gengið þannig um fiskimiðin, að manni er sagt, að það sé líðanlegt. A.m.k. eru manni sagðar þær sögur. Og það er mjög alvarlegt að það skuli vera heimilað að henda öllu einu í sjóinn og fjölga þannig mjög mikið þeim fuglum sem lifa á seiðum eftir því sem til þeirra næst. Það er ein af mörgum ástæðum fyrir því hvernig komið er, að það þarf sífellt að minnka kvótann. Það eru fleiri um fiskinn, bæði fuglinn og ég tala nú ekki um hrefnur, seli og sumar hvalategundir. Það verður að taka þessi mál öll til endurskoðunar. Og nú horfa menn fram á það að byggðirnar eru að bresta.

Það er auðvitað erfitt mál, ég skil það, að deila tiltölulega litlum kvóta á þá aðila sem hafa átt hann og þurfa á honum að halda. En þær byggðir sem sérstaklega eru þannig settar að þær geta ekki lifað á neinu öðru, eða sama sem engu öðru, verða að sitja fyrir. Og ég mæltist til þess við hæstv. ráðherra þegar var rætt um þetta hér á dögunum að hann gengi í þetta mál og léti athuga eftir áramótin hvernig væri hægt að breyta þessum lögum sem taka gildi 1. jan. vegna þess að það verður enginn friður um þessi mál öðruvísi en að það verði gert.

Í fyrsta lagi verður auðvitað að framfylgja 1. gr. laganna. Það er númer eitt. Það yrði númer tvö að það verður að mismuna mönnum í þessu efni vegna aðstöðunnar. Sannleikurinn er sá að þessir litlu bátar sem eru í þeim byggðarlögum sem kannski fá allt sitt hráefni frá þeim, eða svo til allt, verða að sitja fyrir og að þar sé ekki eins mikil skerðing og hjá öðrum. Það er mjög alvarlegt ef hæstv. ráðherra og sjútvrn. gera ekkert í sambandi við söluna á þessum kvóta því það

veldur mestu vandræðunum.

Það átti að framkvæma þetta á þann veg að menn hafi þennan kvóta leigðan. Þeir eiga hann ekki, þeir geta auðvitað, eins og lögin eru, leigt hann frá ári til árs en það þarf að breyta þessu á þann veg að það sé ekki heldur heimilað.

Ég ætla ekki að fara að taka upp langa umræðu um þetta mál enda sýnist manni ekki mikill áhugi í raun og veru hjá þingmönnum að ræða þetta. Það eru ekki það margir hér í Sþ. En ég vil bara endurtaka það enn og aftur að ef ekki verður gerð breyting, verulega mikil breyting í þessu kvótafyrirkomulagi, ef ekki verður skoðuð öll stefnan í sjávarútvegsmálum í vetur fer ekki hjá því, því miður, að það verði tekist á um þessi mál í vor. Það verður ekki komist hjá því því að þarna eru menn að takast á um sín laun, sína lífsmöguleika, um það sem þeir eiga. Þess vegna er það óhjákvæmilegt en mjög óæskilegt ef svo þarf að fara.

Það er almennt talið, a.m.k. í sumum landshlutum, að sumir hagsmunaaðilar sjávarútvegsins hafi of mikil áhrif á þá stefnu sem hefur verið fylgt í þessum málum og það verður ekki liðið. Ég trúi því ekki að þingmenn landsbyggðarinnar, hvar í flokki sem þeir standa, séu það linir af sér að þeir segi ekki: Þetta gengur ekki lengur. Þetta gengur ekki lengur. (**KP:** Þeir hafa nú verið að því sumir.) Já, svo má brýna deigt járn að það bíti.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð síðasta ræðumanns að ég sakna þess að ekki skuli fleiri vera viðstaddir þessa umræðu. En það er kannski hluti af skýringunni hvers vegna lítið gengur að koma einhverju vitrænu fram í hv. Alþingi þegar sjávarútvegsmál eru annars vegar. Það er enginn áhugi. Það er kannski einhver fiskifýla af þessu öllu saman.

Ég verð að segja það í upphafi, hæstv. forseti, að ég held að þetta mál og sú uppákoma sem orðin er víða um land sé beinlínis það sem ég og fleiri vorum að vara við í vor að mundi gerast þegar þetta mál var keyrt hér með ofbeldi og hrossakaupum út úr þinginu, sem er þeim sem að því stóðu til ævarandi skammar. Þessi hv. deild fékk að hafa þetta mál í einn sólarhring. Því var rutt út ásamt 14 öðrum málum á einum og sama sólarhringnum. 42 þingmenn fengu 24 klukkustundir til þess að afgreiða lögin um stjórn fiskveiða í þessari deild ásamt 14 öðrum málum. (Gripið fram í.) Þetta snerist náttúrlega allt um hrossakaup í kringum umhverfisráðuneytið og húsbréfafrumvarpið hennar Jóhönnu og fleira. Þessu varð að ryðja öllu saman út og ég veit ekki hvað af þessu er besta löggjöfin. Þetta er allt meira og minna stórvankað og til skammar fyrir Alþingi Íslendinga.

Það gekk alveg fram af mér um daginn þegar nefndarmenn í báðum sjávarútvegsnefndum Alþingis voru kallaðir til funda til þess að mæta í kennslustund hjá framkvæmdarvaldinu, eins og ég er búinn að segja hér áður, til þess að læra leikreglurnar sem þeir áttu sjálfir að búa til í vor. Búið að hafa gersamlega endaskipti á hlutverki löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Vegna allra þessara uppákoma er manni alltaf að verða það ljósara með hverjum deginum að þær aðvaranir sem maður var að reyna að koma á framfæri í vor höfðu allar við rök að styðjast. En ekki var á neitt hlustað og smám saman er manni að verða það miklu ljósara en nokkru sinni fyrr að málið er kannski miklu alvarlegra heldur en maður hélt þó að það væri. Ég hef því leyft mér, hæstv. forseti, að skrifa sjútvn. Nd. bréf í dag og ætla að lesa það hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaður nefndarmaður í sjútvn. Nd. Alþingis krefst þess með þessu bréfi að lög um fiskveiðistjórnun frá því í vor verði tekin til endurskoðunar af sjútvn. deildarinnar nú þegar með samþykki forseta Alþingis.

Ástæðan fyrir þessari kröfu er sú fullvissa undirritaðs að lögin brjóti í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar, um takmörkun atvinnufrelsis, og brjóti einnig í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, um friðhelgi eignarréttarins og jafnréttisregluna. Dæmi um þetta er nýleg úthlutun á kvóta smábáta sem sviptir marga einstaklinga og jafnvel heil byggðarlög atvinnu og afkomuréttí sem er í raun bein eignaupptaka. Einnig eru dæmi um stórfelldar skerðingar sóknarmarksskipa og spurning hversu langt stjórnvöld geta gengið í hringli með leikreglur þannig að fyrirtæki og einstaklingar og jafnvel heilu byggðarlögin séu nánast svipt tilverurétti sínum.

Til þess að komast að hinu sanna í máli þessu er lagt til að sjútvn. Nd. fái nú þegar til liðs við sig þrjá af færustu sjálfstætt starfandi lögmönnum í stjórnsýslurétti. Verði þetta gert strax, þannig að álit þeirra um nauðsynlegar breytingar á lögunum geti legið fyrir þegar Alþingi kemur saman eftir jólaleyfi.

Það skal áréttað að mikilvægi þessarar endurskoðunar verður vart með orðum lýst, því þau vandamál sem af núverandi lögum munu hljótast verða það mikil að mínu áliti, að illgerlegt verður að bæta fyrir þær hörmungar sem af munu hljótast og er ábyrgð alþingismanna mikil í þessu máli.

Á það skal minnt að allir alþingismenn hafa undirritað á sínum fyrsta fundi í Sþ. drengskaparheit að halda stjórnarskrá landsins svo það er skylda alþingismanna að sjá til þess að lagasetning standist ákvæði stjórnarskrár og verður því eigi vikist undan þeirri kröfu sem hér er fram sett.

Afstaða til þessa bréfs verður að vera ljós af hálfu sjútvn. Nd. Alþingis og forseta Alþingis fyrir jólahlé."

Hæstv. forseti. Í þessu sambandi vil ég minna á að Alþingi Íslendinga barst álit Lagastofnunar Háskóla Íslands varðandi ákveðnar spurningar um eignarrétt á kvóta sem nokkrir menn úr sjávarútvegsnefndum Alþingis óskuðu eftir við umræðuna í vetur. Svarið barst 1. maí 1990 til Alþingis, en var aldrei tekið fyrir á fundi í sjávarútvegsnefndum Alþingis. Hér lá svo mikið á í hrossakaupum að efnislega var álit Lagastofnunar, sem ég er hér með og er 22 blaðsíður um eignarrétt á kvóta og fleira, aldrei tekið til efnislegrar umfjöllunar. Menn varðar ekkert um hvort verið er að fara að stjórnarskrá eður ei. Það var bara ákveðið að hrifsa þetta mál af Nd. Alþingis og allar reglur og grundvallaratriði voru sett út í hafsauga.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að vitna hér til niðurlags í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands: „Atvinnuréttindi teljast eign og njóta verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar." Þetta er afgerandi setning, hæstv. forseti.

Enn fremur segir hér: „Löggjafanum er heimilt að setja þessum atvinnuréttindum almenn takmörk, enda sé jafnræðis gætt." Þá erum við komnir að því, hæstv. forseti, að það er skylda að svokölluð jafnréttisregla, sem ávallt hefur verið talin felast í 67. gr. stjórnarskrárinnar, verði virt. Og hvernig getur það staðist jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar að sumir skuli fá úthlutað kvóta upp á núll, vegna þess að þeir voru með bátana sína í viðgerð? Hvernig getur það staðist að tekjur þeirra sem voru á sóknarmarki skuli skerðast um allt að 70–80%? Hvernig stenst slíkt jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar? Það er full ástæða, hæstv. forseti, til að taka þetta mál og skoða það út frá þessum grunni. Það er kjarni þessa máls. Það er ekki hægt að móta lög um stjórnun fiskveiða með svo gífurlega víðtæka takmörkun á atvinnufrelsi sem raun ber vitni óðruvísi en að það standist stjórnarskrá landsins og sé skoðað nákvæmlega, faglega, en ekki eins og nú, að það hefur aldrei verið litið á það. Dæmi um það er álit Lagastofnunar sem ég nefndi hér áðan. Það var ekki einu sinni tekið til umræðu í nefndunum. Þetta var allt rifið út úr höndunum á okkur sl. vor. Svo þegar afleiðingarnar gera vart við sig setja menn bara undir sig hausinn.

Ég ætla að minna hæstv. forseta á það að við vorum að rétta upp hönd í dag og samþykkja alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Hvað á nú að þýða að samþykkja alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og traðka svo á þeim með hinum fætinum? Hvað með borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi fólks á Breiðdalsvík þar sem eitt skip verður að sæta skerðingu þannig að það hrynur í tekjum úr 220 millj. niður í 70 millj. kr.? Stenst það jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar að geta sett fyrirtæki í þá stöðu að það hrynji þannig í tekjum? Ég tel engan vafa vera á því að slíkt stenst engan veginn.

Eins og kom fram hjá málshefjanda eru það smærri staðir sem fara illa út úr þessu. Það er alveg rétt, það fara allir staðir illa út úr þessu kerfi, þjóðin öll. Það væri kannski ágætis prófsteinn á gæði laga um stjórnun fiskveiða ef Grímsey þolir þetta. Þá má kannski segja að hægt sé að búa við þetta. En þegar lögin standast ekki gagnvart smærri stöðum vegna þess hve þau eru ofstjórnarsinnuð þá er eitthvað að sem þarf að laga og það er hlutverk okkar alþingismanna að laga það sem að er.

Öll þessi kvótakaup og allt þetta brask með kvótann — einhvern tímann hefði nú verið talað um frjálshyggju. Hvað hefði verið sagt ef Sjálfstfl. hefði átt aðild að þessu braski? (**KP:** Hann átti það á sínum tíma, heldur betur.) Ég skil vel að hv. alþm., sem kalla hér fram í, líði illa vegna þess að þeir hafa stutt þetta allt með ráðum og dáð. (**KP:** Það er rangt, það var þingmaðurinn sjálfur.) Hv. þm. Karvel Pálmason hélt því fram hér um daginn að ég bæri einhverja ábyrgð á þessari löggjöf. Ég vísa því öllu saman út í hafsauga. Þingmaðurinn á við það að við síðustu kvótalöggjöf greiddi ég atkvæði með þessu. Hann sagði í þingræðu um daginn að ég hefði haft afgerandi áhrif um afgreiðslu kvótalaganna. Það er bara rangt. (**KP:** Hver og einn hefur það sem greiðir atkvæði.) Þau lög voru einungis til tveggja ára. (**Gripið fram í:** Það breytir engu.) Það breytir heilmiklu. En það er ágætt að menn geti bara gert að gamni sínu með að verið sé að braska með atvinnuréttindi fólks.

Það stendur í lögum um stjórn fiskveiða að auðlindirnar séu sameign allrar þjóðarinnar. Hver er svo framkvæmdin? Framkvæmdin er sú að þetta sé séreign sem menn geti braskað með. Þetta stangast gjörsamlega á. Það er verið að tala um að lögin banni veðsetningu. Það er búið að veðsetja þetta allt í bak og fyrir. Það stangast gjörsamlega á. Raunverulega finnst mér að ef það á ekki að lagfæra þessi lög, og ég tel að ekki þurfi að lagfæra nein ósköp svona í fyrstu umferð, þá sé verið að brjóta niður endanlega þann litla trúnað sem eftir er milli þjóðarinnar og Alþingis og mátti hann ekki við miklu.

Alltaf er verið að tala um hagræðingu í þessu sambandi. Hv. málshefjandi kom með ágætis dæmi. Ef trilla selur skuttogara afla sinn og meðalvigtin lækkar um helming þannig að hann þarf helmingi fleiri fiska. Hvað gerist fleira? Það gerist ýmislegt fleira í þessari svokölluðu hagræðingu. Vinnulaun við að vinna þennan fisk, við vélar, snyrtingu og pökkun hækka kannski úr 60 þús. kr. upp í 350 þús. kr. á mánuði. Er þetta hagræðing? Olíueyðsla vex úr 2–5% á litla bátnum upp í að vera 25–35% á togurunum. Er það hagræðing? Erlendur kostnaður í rekstri stóra skipsins er miklu meiri en litla skipsins. Er það hagræðing? Sannleikurinn um þessa svokölluðu hagræðingu er sá að það sem er að gerast verður til þess að minna verður til skiptanna, það verður minni virðisauki fyrir þjóðina og það verða minni margfeldisáhrif fyrir þjóðfélagið þar sem fiskvinnslan og auður íslensku þjóðarinnar er að mestu kominn úr virðisauka og margfeldisáhrifum sjávarútvegs á iðnað, verslun og þjónustu. Okkar lífskjör í dag byggjast öðru fremur á því.

Mönnum er tíðrætt um þessa voðalegu hagræðingu í kvótasölunni. Ég spyr: Er það hagræðing ef útgerðarmaðurinn Jón Jónsson kaupir upp vandamál Páls Pálssonar? Vandamálið hefur færst frá Palla til Nonna. Er það hagræðing? Fjárfestingarmistökin sem hafa verið gerð á ábyrgð stjórnvalda hafa verið færð frá einum útgerðarmanni til annars. Ég get ekki séð að nein hagræðing hafi orðið við það. Ekki fjárfestingarlega séð. Einhver minni háttar rekstrarleg hagræðing hefur jú orðið, en hvað segir það móti öllum þeim vandamálum sem verið er að búa til?

Í sambandi við þessa svokölluðu hagræðingu er mér ljóst að ef sjálfstæðismenn bæru ábyrgð á þessu hefði Tíminn verið prentaður a.m.k. með fimm tommu stöfum, fyrirsögn um frjálshyggju Sjálfstfl. í kvótamálum. (Gripið fram í.) Hv. þm. Karvel Pálmason hefur ekki staðið sig neitt illa í kvótamálinu í þinginu. Ég leyfi mér að segja að ég hef reynt að gera mitt besta til þess að þjóðinni farnist vel í því líka. En þegar hæstv. rík-

isstjórn ber ábyrgð á allri þessari frjálshyggju þá er nú verið að hafa endaskipti á hlutunum að kenna Sjálfstfl. um það. Ég vísa því út í hafsauga. Ég tel að það þjóni engum tilgangi og ég tel að það sé verið að skemmta skrattanum að menn séu í einhverju pólitísku karpi um þetta mikilvæga mál. Þetta mál er allt of alvarlegs eðlis til að menn séu með eitthvert pólitískt grín í kringum það. Satt að segja blöskrar mér að menn skuli geta verið með eitthvert pólitískt grín í sambandi við það að verið er að aflífa fullt af sjávarþorpum úti um allt land, það er bara eitthvert pólitískt grín. Furðulegt.

Ég ætla að ítreka það að lokum, hæstv. forseti, að fyrst þegar ég talaði um þetta mál á hv. Alþingi minnti ég á 69. gr. stjórnarskrárinnar, um takmörkun atvinnufrelsis. Það er bannað samkvæmt 69. gr. að takmarka atvinnufrelsi borgaranna nema í þágu almannaheilla. Ég tel að það sem verið er að gera með þessari löggjöf í dag sé raunverulega þveröfugt. Ég tel að almannaheill íbúa landsbyggðarinnar í minni og stærri sjávarþorpum stafi raunverulega stórhætta af þessari löggjöf. Saklaust fólk víða um land verður fórnarlömb þessarar tilraunastarfsemi ofstjórnar. Það er vel hægt að hafa leikreglur einfaldar án þess að skaða nokkra fiskstofna. Skiptir þá ekki máli hvort veitt er 10 þús. tonnum meira eða minna. Skiptir engu máli fyrir fiskstofnana. Það sem skiptir máli er að íbúar úti á landi geti búið við eitthvert öryggi og þeir sem búa við þetta kerfi geti raunverulega treyst stjórnvöldum fyrir því að þeir megi draga björg í bú eins og þeir hafa alltaf mátt án þess að verið sé með þá á gjörgæslu og að stærsta atvinnugrein þjóðarinnar verði rekin eins og stórt dagheimili.

Það er von að maður spyrji: Af hverju máttu sjávarútvegsnefndir Alþingis ekki vinna í þessu máli í sumar? Af hverju var þingi slitið og þetta rifið allt út úr höndunum á nefndamönnum? Hæstv. sjútvrh. vill kannski svara því. Af hverju máttu kjörnir leiðtogar þjóðarinnar til þess að búa til lög ekki fjalla um þetta mál í sumar? Þá hefði verið hægt að sníða af þessu mestu hnökrana. Það á að vera hlutverk okkar alþingismanna að semja leikreglurnar og framkvæmdarvaldið á að framkvæma það eftir þeim reglum. Það er það sem stjórnskipun landsins býður upp á, að löggjafarvaldið semji lögin og ríkisstjórn og ráðuneyti framkvæmi síðan eftir þeim. En eins og ég sagði hér í upphafi er búið að hafa endaskipti á þessu og hv. alþm. eru teknir í kennslustund til þess að læra leikreglurnar sem þeir áttu sjálfir að búa til. Ég ítreka þá kröfu mína, hæstv. forseti, að þessi mál verði tekin í vinnslu hér í þinginu sem allra fyrst.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Það er nú orðið öllum augljóst hve mikil skammsýni það var þegar lög um fiskveiðar voru samþykkt á sl. vori að binda ekki kvótann að hluta við byggðarlög. Nú blasir það við að smærri bátar hafa margir fengið slíka skerðingu að ekki er grundvöllur til afkomu fyrir eigendurna lengur. Þessir menn geta ekkert gert annað en að selja sínar veiðiheimildir og ekki hafa aðrir bolmagn til að kaupa en stórir útgerðaraðilar. Veiðiheimildir eru því sem óðast að safnast á fárra manna hendur án tillits til þess hvernig það kemur við dreifðar byggðir landsins. Og það er þegar augljóst að þau byggðarlög sem byggja afkomu sína á smábátaútgerð eru í alvarlegum þrengingum, svo alvarlegum að þar horfa menn fram á eignamissi og afkomuhrun af þeim sökum.

Í Grímsey lifa menn einvörðungu af sjávarsókn og hafa ekki í neitt annað að leita. Grímsey hefur því oft verið höfð sem dæmi um byggðarlag sem muni leggjast af við þær veiðiheimildaskerðingar sem nú eru ákvarðaðar þó vissulega sé líkt háttað um fleiri. Grímseyingar hafa fengið þau svör við sínum óskum um endurskoðun á veiðiheimildaskerðingu til þeirra að þeir haldi sínu hlutfalli af heildarafla og það hlutfall hafi verið um það bil 0,5%. En um það bil þýðir allt frá 0,45 til 0,55% og hvað liggja mörg hundruð eða þúsund tonn þar á milli? Þeirri spurningu hafa Grímseyingar aldrei fengið svarað. En á töluverðu gæti oltið fyrir þá sem aðra að það kæmi í ljós og þeir eiga kröfu á að fá svar við þeirri spurningu.

Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. sömuleiðis: Er það meðvituð aðgerð til að ná fram því sem hann kallar hagræðingu í veiðum, að safna veiðiheimildum á þennan hátt á fárra manna hendur til að flotinn minnki og smábátum verði útrýmt? Er það hagræðing á veiðum að leggja niður veiðar sem skila allt að 90% nýtingu og fá þær í hendur togurum með tilheyrandi smáfiskadrápi og vannýtingu í þokkabót? Hvernig verður fyrir sjútvrh., hver sem hann er, að starfa þegar allar veiðiheimildir eru orðnar eign — og ég segi eign örfárra aðila sem geta þá sameinast um að beita hann þrýstingi í þá átt sem þeir óska á hverjum tíma? Það er þegar vitað að veiðiheimildir eru álitnar eign. Gott ef þær eru ekki bókfærðar þannig, þrátt fyrir 1. gr. laga um fiskveiðar sem segir að nytjastofnar hafsins séu eign þjóðarinnar allrar. Kvótaverslun er hagsmunamál þeirra ríku því að aðrir geta ekki keypt. Veiðiheimildir verða erfðagóss í framtíðinni. Og eru menn þess fullvissir í sjútvrn. að þetta stjórnunarfyrirkomulag sé besta kerfið? Væri ekki staðan önnur ef tillaga Kvennalistans um að binda kvóta að hluta við byggðarlög hefði verið tekin til greina? Þetta er líka spurning um byggðarstefnu. Ríkisstjórnin hefur það í sínum málefnasamningi að efla byggðir landsins en e.t.v. líta þeir landsbyggðarbúar sem hingað til hafa stutt hana ekki svo á að með þessum ákvörðunum sé verið að styðja þær byggðir sem höllum fæti standa.

Hæstv. sjútvrh. hefur fyrr tekið að sér óvinsælar aðgerðir fyrir forsrh. sinn, svo sem það að undirrita bráðabirgðalög. Er það svo í framhaldi af því hlutverki hans að sjá um það fyrir forsrh. að nokkrar byggðir á landinu verði óþarfar og megi strikast út af kortinu þrátt fyrir að tugmilljónum, ef ekki hundruðum milljóna, hafi verið varið til uppbyggingar þar á undanförnum árum? Þeir köldu útreikningar sem notaðir eru við slíkar ákvarðanir og meta einskis mannlega þáttinn í málinu eiga engan rétt á sér.

Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. sjútvrh. að hann noti tímann fram að áramótum til að semja í fullri vin-

semd um endurskoðun og breytingar á þeim ákvörðunum sem fyrir liggja nú.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki að undra þó að rætt sé hér á Alþingi trekk í trekk utan dagskrár um stjórnun fiskveiða, afleiðingar þeirrar löggjafar sem sett var sl. vor af þinginu. Í rauninni er hún afleiðing þess kerfis sem byrjað var að lögfesta 1983 og hefur síðan verið endurskoðað nokkrum sinnum á vegum stjórnvalda og þingsins. Ég held að öllum sé ljóst að í þessu kerfi og í þessum lögum sem við höfðum búið við síðan 1983 eru mjög miklar innri mótsagnir. Þær eru ekki minni eftir að það var lögfest í 1. gr. þessara laga að frumkvæði Alþb. að því væri slegið föstu að fiskstofnarnir á Íslandsmiðum væru sameign þjóðarinnar. Það var tillaga okkar þegar í upphafi að svo yrði gert, það yrði lögfest. Það var lítið gert úr því, en það kom að því að þingið tók undir það og þetta var sett inn í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Hins vegar var ekki farið að þeirri tillögu Alþb., ekki heldur við endurskoðun laganna á síðasta þingi, að taka upp byggðakvóta og halda utan við sölu, ef skip er selt úr byggðarlagi, meiri hluta aflans, veiðiréttindanna, að þau fylgdu ekki skipinu. Meiri hluti Alþingis bar ekki gæfu til að taka undir þessar tillögur og mér finnst að þær hafi ekki notið þeirrar athygli almennt sem þeim ber og þá jafnhliða þær tillögur, með nokkuð annarri útfærslu, sem hv. þm. Kvennalistans báru fram um þetta mál.

Ég hlýt að taka undir það að það var óhóflega skammur tími sem þingið tók sér — ég segi sem þingið tók sér sl. vor, og alveg sérstaklega neðri deild þingsins, til að vinna að endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða og varðandi afgreiðslu þess máls. Ég hef ekki staðið með lakari samvisku í sambandi við afgreiðslu neins máls hér á Alþingi en þess lagafrv. sem samþykkt var hér eftir að neðri deild þingsins hafði fjallað um málið í $1^1/_2$ sólarhring eða svo í lokaönnum þingsins og sjávarútvegsnefnd þingsins hafði rétt komið saman líklega einu sinni eða tvisvar til þess að líta á málið en í raun ekki til þess að fjalla um það. Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar Alþingi gefur sér ekki tíma til að fjalla um þýðingarmestu mál af meiri vandvirkni en þarna bar raun vitni og þingið á ekki við neinn að sakast nema sjálft sig að þannig er haldið á málum. Það nægir ekki að vísa til ríkisstjórnar, ofríkis ríkisstjórna eins og við gerum oft, ekki síst stjórnarandstaðan, heldur eigum við hér við sjálf okkur að eiga í sambandi við slíka málsmeðferð þótt vissulega skipti forusta ríkisstjórna í stórum málum ávallt miklu. Ég held að við séum í raun að uppskera núna á þessu þingi og þessum vikum afleiðingarnar af því hvernig við stóðum að málum á síðasta þingi að þessu leyti og kannski var það nauðsynlegt, kannski varð ekki hjá því komist að menn færu að sjá fram á afleiðingar þeirrar lagasetningar, með einum eða öðrum hætti, til þess að menn tækju við sér og færu að fjalla um málin frá dálítið öðru sjónarhorni en gert var þegar ákvarðanir voru teknar sl. vor í þessu máli. Þær hrópandi mótsetningar sem eru í löggjöfinni milli ákvæða 1. gr. laganna um fiskstofnana sem sameign þjóðarinnar og hins vegar heimildar til framsals veiðiréttinda, til framsals á kvóta og sölu á kvóta, eru slíkar að það er auðvitað útilokað að það verði lengi við þær búið, slíkar mótsetningar í löggjöf í landinu. Það er að skapast hér eignarréttur á fiskstofnunum og þingið þarf að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar fyrr en seinna, áður en sá réttur festist í sessi með ákvarðandi hætti og ekki verður aftur snúið.

Menn hljóta líka, og komast ekkert hjá því, að taka á afleiðingum þeirrar löggjafar sem við nú búum við og þá hljóta alþingismenn og þingið í heild að standa frammi fyrir því: Ætla menn að breyta henni, ætla menn að breyta löggjöfinni til samræmis við þau markmið sem sett eru fram í 1. gr. gildandi laga, m.a. um atvinnu, rétt til atvinnu, og varðandi byggðir í landinu? Það er auðvitað dagljóst að fái það kerfi að þróast áfram sem nú er lögfest með þeirri útfærslu sem er í gangi á þessu kerfi rekur hér fullkomlega í strand í einu byggðarlaginu á fætur öðru þannig að grundvallarréttur fólks til útgerðar og atvinnu á þeim stöðum vítt um landið er frá því tekinn og menn standa frammi fyrir þessu: Á að leggja byggðirnar af eða ætla menn byggðunum líf? Auðvitað er þetta afleiðing af því að í reynd eru menn að láta markaðsöflin stjórna þessu kerfi, að láta markaðsöflin um það að vera ráðandi um það hvert stefnir í útgerð í landinu.

Ég held að fátt sé nauðsynlegra fyrir þingið en að vinna að þessum málum, auðvitað þar á meðal sjávarútvegsnefndir þingsins, og það þarf væntanlega enginn að heimila þeim það að taka á slíkum málum, hvorki stjórn eða stjórnarandstöðu, enda í raun beinlínis gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða í lögunum um stjórn fiskveiða að unnið sé að þeim málum eins og þar segir, í 7. tölul. ákvæða til bráðabirgða, og raunar er það hæstv. sjútvrh. sem á að hafa þar forustu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Það er ekki eftir neinu að bíða að fara ofan í þessi mál. Það er ekki eftir neinu að bíða. Menn þurfa til þess tíma. Þingið þarf til þess tíma og það á að taka sér þann tíma og ekki að bíða eftir því að framkvæmdarvaldið hafi þarna frumkvæði. Ef það gerir það ekki sjálft á þingið að taka það mál upp að eigin frumkvæði og viðkomandi þingnefndir að mínu mati.

Eðlilega eru fyrirferðarmikil í þessari umræðu, virðulegur forseti, málefni smábáta og afleiðingar af lagasetningunni að því er þá varðar. Og það er mjög skiljanlegt vegna þess að um þær veiðar giltu sérstak-

ar reglur. Þær voru ekki jafnbundnar og varðandi skip yfir 10 brúttórúmlestum eða 6 brúttórúmlestum, en þetta kerfi var fært niður í minnstu skel í rauninni við lagasetninguna sl. vor. Nú gildir í rauninni bara sami réttur og til berjatínslu varðandi veiðar, að það er rétt heimilt að fiska til matar en ekki til framsals á minnstu bátum. Og afleiðingarnar af þessu kerfi varðandi smábátana eru nú að koma í ljós. Þó að það sé í rauninni ósköp hliðstætt kerfi sem var verið að lögleiða varðandi smábátana eins og gilti um hina stærri, þá verður uppbygging kerfisins og þær reglur sem farið er eftir enn þá augljósari og hvert stefnt er þegar menn hafa það fyrir augum að þeir sem áttu bát og höfðu öðlast veiðireynslu og fá úthlutað aflamarki sitja allt í einu uppi með veiðirétt sem felast í stórar fjárhæðir og hafa heimild til framsals á honum.

Afleiðingarnar af þessu kerfi, einnig varðandi smábátana, eru auðvitað þessar: það leiðir til fækkunar, leiðir til þess að þeir stóru verða enn þá stærri, þeir sem bolmagn hafa til að kaupa upp aflann, veiðiréttinn. Það er þangað sem þetta kerfi leiðir óhjákvæmilega á meðan menn ekki taka á því og setja nýjar leikreglur.

Í þessu sambandi vil ég síðan aðeins nefna þær aðstæður sem fiskvinnslufólkið býr við því að það er ekki aðeins spurningin varðandi útgerðina og veiðarnar heldur engu síður áhrifin og afleiðingarnar fyrir fiskvinnslufólkið sem verið er að taka atvinnuna frá og tekjurnar með ráðstöfun og sölu á veiðirétti, á kvóta, milli byggðarlaga eins og við erum vitni að nú frá viku til viku og á eftir að taka á sig mjög alvarlegar myndir áður en langt um líður, enn alvarlegri en við höfum horft framan í, á meðan þetta kerfi fær að virka eins og leikreglurnar eru lögum samkvæmt. Það er því mín hvatning til hv. þingmanna, og hún gildir þá einnig um sjálfan mig, að við tökum á þessum málum í þinginu, þegar á þessum vetri, látum ekki þetta þing líða án þess að alvarleg atrenna sé gerð að endurskoðun þeirra laga sem lögfest voru sl. vor, hefjum þá endurskoðun og leiðum hana helst til lykta á þessu þingi ef um það tekst samstaða, vegna þess að fái þessar leikreglur að gilda áfram verða afleiðingarnar þeim mun alvarlegri sem menn þá þurfa að glíma við innan skamms. Eins og ég hef nefnt snerta þær tilvist sjávarbyggðanna allt í kringum landið. Þær munu koma fram misjafnlega fljótt á hinum einstöku stöðum en þingið mun þá ekki komast hjá því að svara stórum spurningum sem snúa að undirstöðu atvinnu og lífsbjargar hjá fólki vítt um landið og það hlýtur að vera skylda okkar alþm. að horfa svolítið fram á veginn og taka á þessum málum áður en í mesta óefni er komið. — [Fundarhlé.]

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það var fjallað hér um þetta mál í dag og ég verð að segja það að ég sakna þess, eins og þetta mál er alvarlegt fyrir íslensku þjóðina, að ekki skuli vera fleiri mættir hingað í þinghúsið.

Ég ætlaði aðeins að koma inn á málefni fiskvinnslunnar í sambandi við þessa umræðu. Ég tel að þessi ríkisstjórn hafi algjörlega brugðist í því að móta fiskvinnslustefnu, eins og stendur í stjórnarsáttmálanum. Og ég ætla að segja það að ég tel að það verði þjóðinni dýrkeypt innan fárra ára ef hagsmunir fiskvinnslunnar eru algjörlega sniðgengnir í löggjöf um stjórnun fiskveiða, ekki síst á meðan ekki hefur fundist lausn á tollamúrum Efnahagsbandalagsins vegna þess að sjávarútvegsstefna, þ.e. kvótastefna, önnur stefna í sjávarútvegsmálum, verður að taka tillit til hagsmuna þjóðarheildarinnar. Ef það verður ekki gert endar það með því að Ísland verður einhvers konar hráefnisnýlenda Efnahagsbandalagsins þar sem íslensk fiskvinnsla mun ekki standast þessa samkeppni og þar af leiðandi mun fiskvinnsla og öll starfsemi henni tengd smám saman leggjast af með stórkostlegum samdrætti í verðmætasköpun og atvinnu. Það er auðvitað ljóst að slíkt mundi leiða til hruns í lífskjörum og landflótta fjölda fólks. Ég held að megi segja að helstu einkenni þessarar þróunar séu þegar að koma í ljós. Þegar fjallað hefur verið um hagsmuni sjávarútvegs hefur kannski oft gleymst að geta þess að hagsmunir sjávarútvegsins eru ekki bara hagsmunir sjávarútvegsins eins heldur þess iðnaðar og þeirra þjónustugreina sem þjóna sjávarútvegi og þá sérstaklega hvernig tollar hafa skert samkeppnisstöðu íslensks fiskiðnaðar.

Ég ætla aðeins að koma hér, hæstv. forseti, inn á þá aukningu sem hefur orðið á útflutningi á ferskum fiski. Ég tel að það sé eitt af þeim atriðum sem ekki hefur verið fjallað nægilega um því að 1984 voru flutt út um 7% af óunnum fiski úr landi, en á fyrri helmingi þessa árs, fimm árum seinna, var þetta hlutfall komið upp í 21%. Prósentuleg aukning er því um 200% á tímabilinu eða að meðaltali um 25% á ári sl. fimm ár. Einnig hefur orðið gífurlega mikil aukning á sjófrystingu að því er manni virðist án stefnumörkunar þannig að ef þessi þróun heldur áfram, eins og verið hefur, verður ekki unninn einn einasti fisktittur hér í landinu 1996, miðað við sömu áframhaldandi þróun og frá 1984. Það er því ástæða til þess að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvar eru mörkin á því? Hvenær á að segja: Hingað og ekki lengra með aukna sjófrystingu með tilheyrandi verri nýtingu en vinnslu í landi þó svo að verðið sé eitthvað pínulítið hærra á þessum sjófrysta fiski? Hvað með þetta, eins og ég var að rekja hér í dag: Er það hagræðing að maður með 350 þús. kr. mánaðarlaun verki hringorma og vinni fisk með þessum hætti þegar hægt er að gera þetta í landi fyrir miklu lægra kaup? Sjómennska er akkorðsvinna. Þar af leiðandi er þetta ákaflega dýr aðferð, svo að ekki sé nú talað um allt það sem menn verða að fleygja því að þessi skip, sem sjófrysting fer fram í í dag, voru ekki upphaflega smíðuð fyrir slíka frystingu. Það má segja að þetta sé einn angi af þessu kvótakerfi, að menn neyðist til þess að fara út í þetta til þess að bjarga fyrirtækinu fyrir horn og það sé skárra að gera þetta í þessu kerfi og ná kannski pínulítið meiri verðmætum þó svo að þetta sé raunverulega á kostnað þjóðarheildarinnar.

Þegar maður nefnir svona tölur, eins og þær sem sýna að frysting og vinnsla sjávarafurða í landi dragist saman, þá er jafnvel til fólk sem segir: Er þetta ekki

allt í lagi? Fiskvinnslan er bara ekki samkeppnisfær. Það má kannski segja að þessi staðhæfing lýsi vel þeirri einfeldni og þeirri fáfræði sem oft kemur fram í umræðum um sjávarútvegsmál þar sem ekki er tekið tillit til skertrar samkeppnisstöðu fiskvinnslunnar vegna tollastefnu og ríkisstyrkja Evrópubandalagsins sem má eiginlega líkja við nokkurs konar nýlendustefnu.

Í sambandi við sölu á þessum trillukvóta, þá er ég hér með Fiskifréttir frá 30. nóv. þar sem kemur fram að um 200 trillukvótar hafi verið seldir á þessu ári fyrir um hálfan milljarð kr. Hér er kannski um 600 atvinnutækifæri að ræða, hæstv. forseti. Það eru jafnmörg atvinnutækifæri og eiga að vera í hinu nýja álveri eftir að það er tekið til starfa. Bara sá trillukvóti, sem hefur gengið kaupum og sölum það sem af er árinu, áður en lögin taka gildi, er sala á jafnmörgum atvinnutækifærum út og suður og verið er að byggja upp fyrir þá sem eiga að vinna í fyrirhuguðu álveri. Og hvað erum við að gera, hæstv. forseti, með því að byggja hér álver? Við flytjum inn hráefni fyrir álverið, við ætlum að selja orkuna, við ætlum að hafa vinnuna, við ætlum að fá út úr þessu virðisauka, við ætlum að fá út úr þessu margfeldisáhrif fyrir íslenskt þjóðfélag, við ætlum að auka þjóðartekjur. Á sama tíma erum við að flytja út 100 þús. tonn af óunnum hráefnum. En hvað getur það skapað mörg atvinnutækifæri, þó að við byrjum nú ekki að ræða nema helminginn af því, því að sumt borgar sig best að selja ferskt þó svo það eigi ekki að ganga jafnstjórnlítið og verið hefur.

Ég vil aðeins víkja að starfsemi Aflamiðlunar. Aflamiðlun starfar ekki eftir neinum lögum. Aflamiðlun er bara afkvæmi valdabaráttu sjútvrn. og utanrrn. um hver eigi að fara með þessi völd, að ákveða hverjir fái að flytja út fisk og hverjir ekki. Þetta er eins og á gömlu skömmtunarárunum þegar skömmtunin hjá Framsfl. var upp á sitt besta, hverjir máttu flytja inn bíla og hverjir máttu gera þetta og hverjir máttu flytja inn hitt.

Ef við snúum dæminu við er hægt að segja að í dag gætu sumir fengið dollarann keyptan á 20 kr. þó að hann kosti 54 kr. í dag. Þetta kerfi aflamiðlunar er fyllilega sambærilegt, eins og sumir gætu fengið dollara keyptan á 20 kr. ef við hefðum einhverja gjaldeyrismiðlun sem ákvæði hvaða heildsalar ættu nú að fá að flytja út og þá sérstaklega að fá að kaupa dollarann á 20 kr., og þá sérstaklega þeir sem hafa flutt mikið inn, væntanlega. Dytti mönnum virkilega til hugar í dag að búa til slíkt kerfi þar sem sumir fengju dollarann á 20 kr. en aðrir yrðu að gjöra svo vel að borga fyrir hann 56 eða 54? Það sjá allir að svona lagað gengur ekki upp. En hvað á þá að koma í staðinn? gæti maður spurt. Sumir hafa viðrað hugmynd um að setja 15% á hvert skip. Þá er búið að útiloka íslenska fiskvinnslu og íslenskt fiskverkafólk frá því að vinna þessi 15% og þar með er sú leið ekki heldur fær. Mín skoðun er því sú að sú ein leið sé fær að selja allan ísvarinn fisk í gegnum íslenska markaðinn þar sem ekki er selt beint frá fiskiskipi til vinnslustöðvar sem er í eigu sama aðila. Það væri eðlilegra að erlendir aðilar kæmu þá til Íslands og keyptu þennan fisk hér. Þar með væri þetta allt saman komið undir íslenska lögsögu.

Í nýjustu vigtunarreglugerð hæstv. sjútvrh. er gert ráð fyrir að þeir einir verði undanþegnir þessum vigtunarákvæðum sem senda fiskinn úr landi. Af hverju verða þeir undanþegnir þessu? Ég óska eftir að hæstv. sjútvrh. svari því. Trilla verður að vigta hvert einasta kíló á löggilta vog og allir Íslendingar sem landa. Ef þrír gámar verða kannski sendir einhvers staðar norðan úr landi og síðan fengist ekki leyfi fyrir nema tveimur ætti lögum samkvæmt raunverulega að senda þennan eina gám til baka aftur til þess að vigta fiskinn vegna þess að ef fiskur er fluttur milli staða innan lands á að vigta hann allan í þeirri höfn sem honum er landað í. Svona er margt furðulegt í þessu. Og það stenst auðvitað ekki þá jafnréttisreglu, sem ég var að tala um í dag í sambandi við stjórnarskrána, að sumir eigi að vigta aflann og aðrir ekki, aðrir geti sent hann úr landi og látið erlenda aðila um það að vigta hann. Hvernig fyndist mönnum það ef það ætti að fara að senda vörur til landsins, og telja síðan hér út úr gámum og pappírarnir sýndu bara eitthvað út í loftið? Hvað mundu tollyfirvöld segja þá? Svo yrði bara talið úr þessu hér heima og einhver einkafyrirtæki látin gera það. Svona gengur náttúrlega engan veginn upp.

Mig langar aðeins til þess að víkja að því hvers vegna hæstv. sjútvrh. skyldi hafa sett steinbít í kvóta. Er það ofveiði á steinbítnum? (Gripið fram í.) Eða kola. Það var hætt við að setja steinbítinn eftir heilmiklar vangaveltur, en kolinn var settur í kvóta. Er ofveiði á skarkola? Ekki hef ég séð nein rök um það að það sé ofveiði á skarkola. Ég óska þess að hæstv. sjútvrh. geri grein fyrir því.

Það eru níu línur í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um skarkola. Það er ekkert getið um það í nýjustu skýrslunni að um neina ofveiði sé að ræða. Þetta eru nákvæmlega sömu níu línurnar og árið þar áður og í fyrra. Það er engin breyting á tillögum Hafrannsóknastofnunar í því plaggi. Er kannski skýringin sú að það þurfi að setja kolann í kvóta vegna þess að það sé farið að senda svo mikinn þorsk úr landi sem er látinn heita koli? Er það skýringin? Eða er einhver önnur vitræn skýring til?

Eins og ég sagði hér í dag er óheimilt að setja takmörk á atvinnufrelsi manna nema almannaheill sé þar á bak við. Og stendur einhver almannaheill á bak við það að nú skuli kolinn settur í kvóta? Hvers vegna? Hvaða rök eru það? Ég óska eindregið eftir því að hæstv. sjútvrh. útskýri það hér fyrir okkur hvers vegna kolinn hafi verið settur í kvóta og hvers vegna áform voru uppi um að setja steinbítinn líka í kvóta. Það er alveg fráleitt í mínum huga að ætla sér að stjórna fiskveiðum eins og að reka stórt dagheimili, eins og ég sagði hér í dag, og ætla sér að vera með nefið alltaf niðri í hvers manns koppi, fylgjast með hverjum, allir á gjörgæslu. Það styttist í það að skipin verði sett á einhvers konar „online" beint í ráðuneytið þar sem hægt er að fylgjast daglega með hvað þau fiska og hvaða tegund þau eru að fiska o.s.frv., allt þjóðfélagið á gjörgæslu.

Mér finnst þetta hálfgerð hryllingsmynd og ég trúi

því ekki og er þess fullviss sjálfur að það er hægt að lagfæra núverandi kvótakerfi til manneskjulegra viðhorfs og gera það einfaldara þannig að ráðuneytið þurfi ekki að vera með nefið niðri í hvers manns koppi. Og hvað smábáta varðar þá stafar fiskstofnunum ekki nein hætta af veiði þeirra og því óhætt að setja þá í það banndagakerfi sem þeir voru hér áður í. Fiskstofnunum stafar engin hætta af því. Það er alveg stórfurðulegt hvernig smábátar hafa verið lagðir í einelti í þessu kerfi. Og eiga nú bátar norður við heimsskautsbaug nógu erfitt með að glíma við Ægi konung og veðráttuna þar um slóðir.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það kemur auðvitað ekki á óvart þó margir þingmenn taki til máls í þessari umræðu og hún veki mikla athygli, eins mikil óánægja og er í þjóðfélaginu út af stjórn fiskveiða af ýmsum ástæðum. Þessi óánægja er ekki bundin við einn stað heldur hefur hún dreifst út um þjóðfélagið. Ástæðan er sumpart sú að þær viðmiðanir sem teknar hafa verið í sambandi við aflaúthlutun hafa í gegnum árin sumar verið mjög hæpnar. Ég minni m.a. á þær viðmiðanir sem lagðar voru til grundvallar í sambandi við rækjuúthlutun á sínum tíma þegar þeir útgerðarmenn sem höfðu verið fyrstir á vettvang, ef svo má segja, sem fyrstir höfðu farið á miðin út frá Norðurlandi, voru skornir niður við trog vegna þess að þeir höfðu skipt um bát á viðkvæmu augnabliki þó svo að ekki hafi verið tekið tillit til rækjuveiðanna áður þegar þorskkvótinn var tekinn upp í fyrsta skipti.

Í öðru lagi vekur það náttúrlega miklar spurningar hvernig staðið hefur verið að viðmiðunum í sambandi við úthlutun á kolakvótanum. Ég hygg að þeim kvóta hafi enn ekki verið úthlutað en ég óttast mjög að þau viðmiðunarár sem tekin verða orki tvímælis. Má spyrja sjálfan sig að því hvernig á því standi að á sínum tíma var horfið frá því að hafa kolann innan kvóta.

Ég vil í þriðja lagi vekja athygli á því að spurningar hafa vaknað í sambandi við innfjarðaveiðar á ýmsum stöðum, hvort þar hafi verið rétt staðið að verki. Talað hefur verið um einstaka báta í því sambandi sem hafa verið kvótalausir. Auðvitað hlýtur það alltaf að vera matsatriði og ákvörðunaratriði hvort rétt sé að úthluta til nýrra aðila ef einhver fellur út í veiðinni eða hvort rétt sé að reyna að láta ögn meira verða til skiptanna.

Nú er óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um þá atburði sem nú eru að gerast. Ég tek fullkomlega undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði í dag, að það er ekki vansalaust hvernig Alþingi stóð að afgreiðslunni á frv. um stjórn fiskveiða. Það hafði verið unnið mjög mikið verk við undirbúning þeirra laga og reynt hafði verið að hafa þá vinnu á breiðum grundvelli allt fram á síðustu stund þegar í ljós kom að þeir menn sem nú fara með völd í landinu gátu ekki hugsað sér að halda samvinnunni til loka, heldur kusu að ýta stjórnarandstöðunni út í ystu myrkur og hafa hana hvergi með í ráðum á lokasprettinum. Þetta er auðvitað lýsandi fyrir þá ríkisstjórn sem nú situr, þann mikla valdahroka sem einkennir vissa menn í þeirri ríkisstjórn og að sumu leyti það mikla kæruleysi sem hvílir yfir öðrum mönnum í ríkisstjórninni.

Ég varð auðvitað mjög undrandi þegar mér var sagt það í sjútvn. Ed. að ekki þýddi fyrir okkur hv. 14. þm. Reykv. Guðmund H. Garðarsson að fitja upp á brtt. af einu eða neinu tagi, þar sem við höfðum átt í mjög náinni samvinnu við ýmsa þeirra sem höfðu unnið að undirbúningi málsins. Síðan munum við eftir því að þessu máli var dengt með miklum hraða í gegnum Nd. þannig að ómögulegt var að hafa nokkrar umræður að marki um það, ég tala ekki um að athuga málið að nýju út frá þeim nýju sjónarmiðum sem komið höfðu fram við afgreiðslu þess í Ed. Við sjálfstæðismenn álitum að þetta mál væri svo viðkvæmt og svo mörg vafaatriði í kringum það að óhjákvæmilegt væri að skoða það miklu betur, íhuga málin betur. Við buðum það fram að aukaþing yrði kallað saman síðsumars til þess að ræða sérstaklega stjórn fiskveiða og reyna að ná víðtækara samkomulagi en unnt var á þessum vordögum. Við þessari beiðni okkar var ekki orðið. Má kannski segja að það sé mikið slys vegna þess að eftir blaðafregnum að dæma virðist svo nú sem efnislegar forsendur hafi verið fyrir hendi, að hv. 5. þm. Reykv., sem var oddamaður í Ed., hefði lagst á sveifina með okkur hinum sem höfðum mest beitt okkur í þessu máli. Þá hefði náðst meiri hluti fyrir því í Ed. að málið yrði tekið upp og athugað sérstaklega síðsumars.

Þessi leið var ekki farin. Síðan vinnur hæstv. ráðherra að því að undirbúa úthlutun á fiskveiðikvóta fyrir smábáta. Þar eru auðvitað líka mörg álitamál. Þau sérstöku viðmiðunarár sem tekin voru orka mjög tvímælis gagnvart mörgum þeim einstaklingum sem hafa gert það að atvinnu sinni að róa á smábátum frá sínum heimahöfnum. Þessi sérstöku ár hafa verið mjög misgóð á einstökum stöðum. Viðmiðun sums staðar er allsendis ófullnægjandi ef borið er saman við ævistarf þeirra hinna sömu manna og ef borið er saman við ýmsa þá sem fá verulega úthlutun en hafa þó lítið komið nálægt útgerð smábáta. Mér hefur verið sagt af manni sem gerir út bát frá einum stað eystra að hann fái verulega minna úthlutað vegna þess að hann hafi átt bátinn í tvö ár en hann hefði fengið ef báturinn hefði verið nýr og hann hefði fengið hann fyrst á þessu ári.

Slík dæmi vekja auðvitað ótal spurningar. Hitt er öldungis rétt sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt, að það er ávallt vandasamt að úthluta því sem ekki er nóg af. Það geta ekki allir komið ánægðir frá slíkri úthlutun. En þó svo að þær staðreyndir liggi fyrir er ekki þar með sagt að endilega hafi verið farið rétt að öllu í sambandi við aðdraganda, undirbúning eða ákvörðun fiskveiðikvóta á einstök skip. Sérstaklega hlýt ég að gera það að umræðuefni að ég hef haldið því fram, alveg frá því að kvótinn var lagður á í fyrsta skiptið 1984, að nauðsynlegt hefði verið að hafa gát á því að smábátum fjölgaði ekki um of. Ég sagði á sínum tíma að það mundi sennilega vera skynsamlegt að gefa handfæraveiðar frjálsar yfir sumarið til þess að reyna að sporna

gegn fjölgun smábáta. Á það var ekki fallist eins og menn vita.

Á sl. hausti vorum við sem áttum sæti í milliþinganefnd um stjórn fiskveiða allir sammála um að ekki kæmi annað til álita en að stöðva fjölgun smábáta frá síðustu áramótum. Nú hefur komið í ljós að frv. um slíkt hafi stöðvast hjá stjórnarflokkunum og þýðir lítið fyrir þá sem þar eru að varpa þeim bolta yfir á aðra eða segja að aðrir beri ábyrgð á því máli þar sem það liggur alveg ljóst fyrir að meiri hluti var í þinginu fyrir því að stöðva fjölgun smábáta um síðustu áramót, og þó fyrr hefði verið.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að sú vinna sem fór fram á síðasta þingi í sjávarútvegsnefndum til undirbúnings frv. um stjórn fiskveiða var mjög mikil. Það var á þeim tíma ánægjulegt hversu hjálpsamir menn voru, sérstaklega Kristján Skarphéðinsson, starfsmaður sjútvrn., sem lét okkur nefndarmönnum í té margvíslegar upplýsingar sem sumar voru trúnaðarmál, eins og tilraunaúthlutun sem þá var gerð með hliðsjón af því að sóknarkvóti yrði lagður niður en fundin tiltekin regla til þess að skipta afla sóknarmarksskipanna á einstök önnur skip. Þetta var auðvitað mikið trúnaðarmál og þarf ekki að fara mörgum orðum um að þessi tilraunaúthlutun komst ekki í fjölmiðla. Á hinn bóginn hlaut hún að opna augu manna fyrir því hvaða hættur voru í veginum í sambandi við afkomu einstakra útgerða ef þær yrðu í einu vetfangi sviptar þeim möguleikum sem sóknarmarksreglurnar gáfu þeim skipum.

Ég vil í þessu sambandi rifja upp að á sínum tíma, þegar ríkissjóður var að selja Spánartogara sem voru í eigu ríkissjóðs, var sagt við þá aðila sem þá keyptu skip að það væri meðal kosta slíkra skipa að þeim væri heimilt að fara á rækjuveiðar. Þetta varð til þess að tveir útgerðarmenn létu setja rækjuvinnsluvélar í sín fiskiskip. Sá búnaður var hins vegar aldrei notaður vegna þess að reglunum var breytt fyrir næstu áramót. Þessi hringlandi í sambandi við stjórn fiskveiða á undanförnum árum hefur auðvitað bitnað mjög þunglega á mörgum útgerðum þó svo segja megi að ýmsir aðrir hafi kannski með sama hætti getað notfært sér þetta. Ég veit vel að hæstv. ráðherra var ásamt mér í hópi þeirra manna sem vildu hafa fyrri löggjöf til lengri tíma og vorum við sammála um það atriði. Það breytir hins vegar ekki því að innflutningur á fiskiskipum hefur haldið áfram, sem auðvitað orkaði mjög tvímælis, að gefa heimildir til þess að láta smíða ný fiskiskip erlendis á sama tíma og við höfðum ekki komið lögunum um stjórn fiskveiða í framtíðarhorf.

Við lesum nú um það að ýmsir þeir sem hafa verið að festa kaup á nýjum skipum erlendis hafa ekki getað haldið þeim. Nú síðustu daga er verið að tala um að Aldey verði seld til Hornafjarðar og útgerðarmönnum hefur ekki tekist að ná skipum sínum til landsins. Sum liggja bundin við bryggju.

Ég hlýt að taka undir með hv. 1. þm. Vestf. Matthíasi Bjarnasyni þegar hann líkir því við eignaupptöku þegar sumir útgerðarmenn eru settir í þau spor að þeir halda einungis einum fiski af hverjum þremur sem þeir hafa áður veitt með þeim möguleikum sem sóknarmarkið hefur gefið þeim. Ég hlýt líka að vekja athygli á því í sambandi við þau skip sem hafa verið á línu að þær reglur hafa verið útfærðar með þeim hætti að einstakir útgerðarmenn hafa orðið fyrir þungum búsifjum vegna þess að þeir skildu ekki til fulls inntak þeirrar reglu að línuveiðarnar fólu það í sér að einungis helmingur aflans skyldi talinn þegar aflamark var metið.

Þær umræður sem hér fara fram hófust vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem eru í Grímsey. Ég hlýt, hæstv. forseti, að vekja athygli á því að forsetar Alþingis hafa sérstaklega fundið að því að ég skuli hafa gert málefni Grímseyinga að umræðuefni í þessum ræðustól eftir að hafa gert forseta þingsins aðvart hálfum öðrum tíma áður um að ég mundi gera það og fengið gott samþykki forseta til að taka það mál upp. Ég er þess vegna mjög þakklátur hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hann skyldi hafa tekið málefni Grímseyinga upp í umræðum utan dagskrár. Mér var leiðbeint á sínum tíma að slíkar umræður ættu að vera um þingsköp en vegna þess að ég þurfti í leiðinni að vekja athygli forseta á því að heimildum hafði verið haldið fyrir nefndarmönnum sjávarútvegsnefnda Alþingis, sem ég skal ekki gera að umræðuefni nú, en aðeins ítreka að það er síst til þess að auka traust á framkvæmd þeirrar úthlutunar sem nú fer fram til smábáta að verið er að reyna að halda plöggum leyndum fyrir nefndarmönnum í sjútvn., plöggum sem við vitum að eru til utan við dyr ráðuneytisins og þess vegna ekki rétt að það séu sérstök innanhússplögg sem aðeins séu þar innan dyra.

Það ástand sem nú er komið upp í Grímsey getur ekki komið hæstv. ríkisstjórn né stuðningsmönnum hennar á óvart. Það var augljóst þegar við, nefndarmenn sjútvn., fengum í hendur þær tilraunakeyrslur, sem voru gerðar á síðasta þingi, yfir sóknarmarksskip að mörg þeirra mundu fá svo lítið í sinn hlut eftir að eingöngu var miðað við aflamark að útilokað yrði fyrir útgerðarmenn að reyna að halda þessum skipum áfram úti. Við megum ekki gleyma því að þó svo að menn mæli með því að hægt sé að selja veiðiheimildir varanlega milli staða felst auðvitað í því að hinn sterki hefur miklu meiri möguleika til þess að ná aflaheimildunum til sín en hinn sem veikari er og hefur minna milli handanna. Ég man að ég tók einmitt þetta mál sérstaklega upp í ræðu minni í Ed. á sl. vori þegar ég spurði hvor hefði meiri möguleika á því að kaupa til sín aflakvóta, bátur frá Bakkafirði eða Útgerðarfélag Akureyringa, og svaraði sjálfum mér og sagði að auðvitað mundi báturinn frá Bakkafirði hafa meiri möguleika en Útgerðarfélagið til þess að kaupa kvótann.

Auðvitað liggur það í augum uppi að ástandið í Grímsey kemur engum á óvart. Sumpart er þetta ástand komið til af því að sóknarmarksskip hafa misst verulega af sínum afla, sem veldur því að þeir sem eru verst undirbúnir sjá sér ekki fært að halda skipunum, þar sem þeir gera sér grein fyrir að með svo takmörkuðum aflaheimildum munu skuldirnar vaxa þeim yfir höfuð. Raunar hafa tvö skip þegar verið seld frá eynni af þessum sökum. Í öðru lagi eru erfiðleikar þeirra

Grímseyinga fólgnir í því að frá öðrum skipum, sem kyrr eru, dregst afli af sömu sökum og í þriðja lagi vegna þess að þær reglur sem notaðar voru við úthlutun á aflamarki til smábáta eins og tilraunaúthlutunin lítur út koma mjög þungt niður á a.m.k. einum manni, sem ég vil ekki nafngreina hér, og eflaust fleirum þó svo að ég hafi ekki haft samband við þá í eynni til þess að fara nákvæmlega ofan í þá hluti en sé að margir þeirra missa verulega í afla.

Þegar lögin um stjórn fiskveiða voru afgreidd var gert mikið mál úr því að til yrði sérstakur hagræðingarsjóður, sem var stofnaður út frá Úreldingarsjóði fiskiskipa til að hlaupa undir bagga á þeim stöðum, eins og sagt var almennt, þar sem atvinnubrestur yrði. Var gert að algerri forsendu fyrir því að sjóðurinn gæti komið til hjálpar að fiskiskip væri selt á brott. Nú heyrðist mér í sjónvarpsviðtali sem haft var við hæstv. sjútvrh. að hann telji þær bátasölur sem nú hafa orðið frá Grímsey valda því að forsendur séu fyrir hendi að hlaupið sé undir bagga með Grímseyingum á næsta ári. Ég hef að vísu ekki séð reglugerð með þessum sjóði sem ég er að tala um, hún getur heldur ekki breytt bókstaf laganna, en eins og hæstv. sjútvrh. talaði í sjónvarpinu var ómögulegt að skilja hann öðruvísi en svo að hann teldi að nú væru forsendur fyrir hendi til að koma Grímseyingum til hjálpar á næsta ári. Um þetta vil ég spyrja. Mér finnst lögin vera svo þröng að það hljóti að vera á mörkunum, en glaður yrði ég ef sú yrði niðurstaðan, en hlýt um leið að minna á að hæstv. sjútvrh. sagði réttilega hér í ræðustól á dögunum að Alþingi hefði hafnað því að tekið væri tillit til smástaða eins og Bakkafjarðar eða Grímseyjar með þessum sjóði ef þeim héldist á þeim skipakosti sem væri á þessum stöðum. Það var með öðrum orðum ekki hugsun né *hugmynd meiri hluta Alþingis, ríkisstjórnarinnar,* með stofnun þessa sjóðs að koma byggðarlögum eins og Bakkafirði eða Grímsey til hjálpar. Það lá alveg ljóst fyrir og hefur verið staðfest af hæstv. ráðherra.

Ég hef verið spurður af mönnum úti í Grímsey hvort ég geri ráð fyrir því að umræður á Alþingi nú eða tilraunir einstakra manna til að rétta þeirra hlut muni bera árangur. Ég hef sagt þeim hreinskilnislega að ég sjái ekki að óbreyttum lögum hvaða möguleikar eigi að vera á því. Ég hlýt því, hæstv. forseti, að segja aðeins það í lokin að þessi framkvæmd kvótalaganna, laganna um stjórn fiskveiða, að því er lýtur að smábátum, hefur farið þannig fram að ýmsir hafa tekið skjótar ákvarðanir sem síst skyldi. Það hefur verið mikil óvissa í röðum útgerðarmanna, bæði smábáta og annarra, vegna þess að þeir skilja ekki hvernig næsta ár kemur út en hafa þó fengið um það fulla vissu bæði hjá bönkum og opinberum sjóðum að eftir næstu áramót muni veðhæfni einstakra skipa rýrna svo að staða þeirra gagnvart eðlilegri lánsfyrirgreiðslu verði allt önnur en áður hefur verið.

Ég get auðvitað sagt að hver sé sjálfum sér næstur. Auðvitað er ég kunnugri í Norðurl. e. en í öðrum kjördæmum. Ég vil gjarnan rifja það upp í þessu samhengi að fyrir einu ári gengu útgerðarmenn frá Húsavík á fund hæstv. sjútvrh. og vöktu athygli hans á því að þau lán, sem hvíldu á fiskiskipum á Húsavík og raunar víðar á Norðurlandi, væru til svo skamms tíma að borin von væri að þeir gætu haldið skipunum að óbreyttu. Þess vegna var farið fram á það að sjútvrh. beitti sér fyrir því að þessum skammtímalánum yrði breytt í lán til langs tíma þannig að greiðslubyrði á skipunum yrði viðunandi.

Það er að sönnu rétt að ýmsir þeir útgerðarmenn sem hafa verið með lán hjá opinberum sjóðum, mér er sagt hjá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði, hafa fengið skuldbreytingu. *Á hinn bóginn hefur ekki fengist stuðningur* ráðuneytisins við það að almenn skuldbreyting verði tekin upp á bátum á einstökum stöðum til þess að reyna að treysta útgerð þar. Ef við lítum sérstaklega til Húsavíkur er svo komið núna að þaðan hafa verið seldir þrír bátar. Sumir vilja halda því fram að fleiri séu á leiðinni burtu. Við getum talað um það í sambandi við Grímsey að sá þorskkvóti sem þar fellur til á næsta ári verður kannski 500–600 tonnum minni en á þessu ári eða í fyrra. Ef við lítum aftur til Húsavíkur liggur þar fyrir að svo harkalega hefur verið gengið að útgerðinni að mikill uggur er í Húsvíkingum. Þeir svartsýnustu halda því jafnvel fram að enn fleiri skip séu á förum frá Húsavík. Ég fullyrði, hæstv. forseti, að ástæðan sé sú í fleiri tilvikum en einu að ekki hefur fengist eðlileg lánafyrirgreiðsla til þeirra útgerðarmanna sem þar hafa verið að vinna. Auðvitað er það rétt að aflabrögð hafa verið rýr fyrir Norðurlandi. Þar hefur verið kaldur sjór. Vonandi er sjórinn þar að hlýna. Vonandi er vor í sjó fyrir norðan. En það breytir því ekki að atvinnugrundvöllurinn hefur veikst, m.a. vegna þess að opinberir aðilar hafa ekki viljað koma til móts við þessa smáu útgerðarmenn með sama hætti og hlaupið hefur verið til þegar stærri aðilar hafa átt í hlut. Sumir stjórnmálamenn eru meira að segja þeirrar skoðunar að ef hægt er að tala um sameiningu á fyrirtækjum sé sjálfsagt að margir sjóðir leggi mikið af mörkum. Ófá eru þau fyrirtæki hringinn í kringum landið sem hafa fengið beina styrki úr ríkissjóði, fjárgjafir úr ríkissjóði, *eins og m.a. má sjá í því frv. til fjárlaga sem er* meiningin að afgreiða fyrir jól. Ég hygg að í því tilviki sé verið að tala um hátt á annað hundrað milljónir króna úr ríkissjóði til eins og sama aðilans á sama tíma og smáskip, sem kannski eru ekki svo stór hvert og eitt, geta ekki fengið sínum lánum breytt í önnur ívið lengri þannig að eðlilegur rekstrargrundvöllur sé tryggður með hliðsjón af þeim aflamöguleikum sem viðkomandi skip hafa.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð lengri. Auðvitað vitum við að ekki er allt sem sýnist í sjávarútvegi Íslendinga um þessar mundir. Fiskvinnslan er rekin með tapi. Ég veit ekki hvort nýja skattalagafrv. ríkisstjórnarinnar var lagt fram í dag. Ég hef ekki veitt því athygli hvort því hefur verið dreift á borðin. En það má kannski vekja athygli hæstv. sjútvrh. á því að þetta nýja skattalagafrv. kemur illa við einmitt eigendur smábáta, þá sem við erum hér sérstaklega að tala um, að skattbyrði þeirra mun þyngjast með þessu nýja skattalagafrv. Ekki verður það til að hressa upp á sakirnar.

Við getum líka rætt um það að svo er komið að hafnarskilyrði víðs vegar um landið eru algerlega ónóg. Í fjárlagafrv. er talað um 350 millj. kr. til hafna, allra annarra en tveggja. Á sama tíma er verið að leggja í einstaka hafnir sem eru að reyna að ná í fisk af Íslandsmiðum, draga fiskinn frá íslensku fiskvinnslunni erlendis, milljarð a.m.k. í hverja höfn, bæta þar aðstöðu og gera öll skilyrðin þar sem aðgengilegust. Hér eru litlar 350 millj. og hugmyndin var sú að taka það frá sjómönnunum sjálfum. Við vitum að iðgjöld flotans af vátryggingum eru mjög há, ekki síst vegna þess hvað skipin verða fyrir miklum og margvíslegum tjónum í höfnum.

Ég hygg að enginn sjútvrh. íslenskur hafi áður verið með svo auma og bága stöðu þegar fjárlög eru lögð fram að ríkissjóður geti ekki séð af einni einustu krónu í hafnirnar. Nú á að bæta úr þessu skilst mér með því að auka hallann á ríkissjóði og vísa því til framtíðarinnar hvernig verði staðið undir hafnaféu. Slík er nú rausnin yfir því.

Ekki hefur örlað á neinni fiskvinnslustefnu. Við getum ekki kvartað undan því að ríkisstjórnin hafi tekið tíma þingsins til þess að gera grein fyrir þvílíku. Fastgengisstefnan sem við búum núna við og ríkisstjórnin hyggst halda áfram mun auðvitað enn þrengja að fiskvinnslufyrirtækjum úti á landsbyggðinni. Þegar verið var að afgreiða frv. um Stefánssjóðinn, sem heitir Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, var verið að tala um það að ekki yrði tekið við umsóknum frá fleiri fyrirtækjum en þeim sem komnar væru inn, ef ég man rétt, fyrir síðustu áramót. Svipaður söngur var í sambandi við Hlutafjársjóðinn. En skyldi það hafa þýtt það að ríkisstjórnin vilji nú hætta framlögum úr ríkissjóði til einstakra fyrirtækja? Nei, það þýðir það ekki. Þær aðgerðir sem farið var í með hjálp þessara sjóða hafa reynst ónógar á mörgum stöðum og vandamál ekki smærri í sniðum en þau voru fyrir einu eða tveimur árum blasa nú við þessum fyrirtækjum.

Það er líka kominn mikill órói í fólkið í smáplássunum. Það áttar sig ekki alveg á því hver staða þess er. Ég get að lokum sagt frá því að ég hafði spurnir af því þegar ég var í Austfjarðakjördæmi núna í vor að allur fiskur sem kom á land nema af einum bát var unninn annars staðar. Var mér sagt að hugmyndin væri að flytja líka fiskinn burtu af þessum eina bát. Það er því margt sem þrengir að fólkinu í sjávarplássunum nú um þessar mundir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt fór fram deila um það fyrir nokkru á hvaða vinnupunkti bæri að afhenda inn í Alþingi gögn um úthlutun á kvóta. Nú standa mál þannig að ákveðnum hópi þingmanna hafa verið afhent þessi gögn sem trúnaðarmál en hér í sal Alþingis fara fram umræður sem byggjast á þessum gögnum. Það er gersamlega vonlaust að búa við það, herra forseti, að þannig sé staðið að málum að umræða eigi sér stað í Sþ. þar sem aðeins örlitlum hópi þingmanna séu afhent gögn í málinu. Hinir verði bara að éta það sem úti frýs í þeim efnum.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst að hæstv. forseti hljóti að verða að fresta þessari umræðu og stöðva hana nú þegar og afla upplýsinga í þessu máli þannig að þingmenn standi jafnt að vígi hvað það snertir að geta rætt þetta mál. Ég skil ekki þann grundvöll að afhenda inn í þingið trúnaðargögn og taka svo upp umræðu um málið og halda þannig miklum meiri hluta þingmanna utan við eðlilegar upplýsingar. Þetta bara gengur ekki. Ég er ekki í sjútvn., hvorki Ed. né Nd. Hins vegar er ég þingmaður fyrir kjördæmi þar sem hærra hlutfall íbúanna vinnur að fiskveiðum en í nokkru öðru kjördæmi á Íslandi og hærri prósenta er í fiskvinnslu en í nokkru öðru kjördæmi á Íslandi.

Ég vænti þess að hæstv. forseti geri sér grein fyrir þeirri alvöru sem hér er um að ræða. Það hlýtur að vera spurning um jafnrétti milli þingmanna að gögn séu ekki ákveðin til afhendingar einhverjum úrvalshóp sem trúnaðarmál, en svo sé tekin upp umræða í Sþ. um málið á eftir. Mér finnst þetta svo fráleit staða að ég á ekki eitt einasta orð yfir vinnubrögðin.

Ég segi þess vegna í fullri vinsemd: Telur forseti eðlilegt að þannig sé að málum staðið að hér fari fram umræða um mjög stórt mál, vissulega mjög stórt mál, og miklum meiri hluta þingmanna sé gersamlega haldið utan við upplýsingar um málið? Ég tel það alveg fráleitt og ég skil hreinlega ekki að hægt sé að hafa utandagskrárumræðu um málið undir þeim kringumstæðum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti telur nauðsynlegt að halda þessari umræðu áfram nú. Sá sem til hennar stofnaði er að fara út af þingi þannig að forseti sér ekki ástæðu til þess að þessi umræða geti ekki farið fram. Það hefur komið fram að hæstv. sjútvrh. hefur svarað beiðni forseta á þann veg að hér sé um vinnugögn að ræða sem ráðuneytið vilji ekki láta af hendi. Við það ræður forseti einfaldlega ekki. Það er í valdi hæstv. ráðherra að ákveða hverjum hann sýnir vinnugögn ráðuneytisins. Ég held einnig að vel sé hægt að ræða þessi mál þó þessi umræddu gögn liggi ekki fyrir þar sem öllum er kunnugt um þann vanda sem hér steðjar að. Forseti hyggst leyfa þeim hv. þm. sem hér hafa kvatt sér hljóðs að taka til máls í þessari umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þegar því er lýst úr forsetastól að öllum sé kunnugt um það sem hér sé til umræðu get ég ekki skilið það á annan veg en þann að forseti líti svo á að þau umræddu gögn sem send hafa verið til þingsins séu frjáls til aflestrar fyrir alla sem hér eru. Ella verð ég að lýsa yfir fáfræði minni um það hvað einstakir bátar hafa fengið í úthlutun. Ég tek því ekki sem neinum sjálfsögðum hlut að forseti standi þannig að málum að hér séu mál til umræðu sem aðeins hluti þingmanna hefur undir höndum. Ég mótmæli þeim vinnubrögðum og ég krefst jafnréttis. Það dugir ekki bara jafnrétti þegar dregið er um stóla hér í þinginu. Þessi hringavitleysa gengur ekki upp. Annaðhvort verður forseti að beita sér fyrir því að þessi gögn séu

afhent öllum þingmönnum sem trúnaðarmál. (**HBl:** Þingmenn eru misjafnlega jafnir.) Þingmenn eru misjafnlega jafnir, segir hv. 2. þm. Norðurl. e. Það má vel vera að svo sé en ég hélt að það ætti að gilda jafnt að trúnaðarmál bæri að afhenda öllum þingmönnum. Ég skil ekki hvaða forréttindi þarna er um að ræða. Ég hreinlega skil það ekki. Og ég skil ekki hvernig hæstv. forseti getur ætlast til þess að við sitjum hér undir þessari umræðu án þess að fá þessi gögn í hendur. Mér finnst það skrýtið ef hæstv. landbrh. getur ekki talað áfram í þessari umræðu því að mér skilst að það sé hans varamaður sem hér hafi talað. Það er gersamlega ólíðandi að til umræðu í þinginu sé jafnstórt mál og þetta og stórum hluta þingmanna, herra forseti, sé gersamlega haldið utan við upplýsingar um þá hluti sem verið er að ræða um, sem er skipting á kvóta til smábáta. Það er gersamlega ólíðandi. Ég skil hreinlega ekki hvernig forseti hugsar sér það að almennir þingmenn uni þeim vinnubrögðum. Ég hefði gaman af að sjá þingmenn Alþb. una því að hér væru tekin til umræðu málefni um einhvern sérstakan málaflokk, sem gæti verið af hvaða toga sem er, og þeim væru ekki afhent nein gögn í málinu. Ég hefði gaman af að sjá hvernig þeir tækju því. Það er hætt við að þá yrði heitt í kolunum.

Herra forseti. Ég vænti þess að forseti geri sér grein fyrir því að þessi krafa sem hér er sett fram er sett fram vegna þess að hún er eðlileg. Það er gersamlega ólíðandi að sitja undir því að hér haldi áfram umræður um þetta mál án þess að þingmönnum sé gefinn kostur á að fá gögn í hendur eða í það minnsta að forseti lýsi því yfir að hann muni beita sér fyrir því að þeir þingmenn sem ekki hafi gögnin í höndum nú fái þau.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda á að þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. bað um þessa umræðu var ekki minnst einu orði á að þessi umræddu gögn væru forsenda fyrir henni. Sé svo nú hefur forseti veitt leyfi til þessarar umræðu á alröngum forsendum. Forseti hefur þegar hlýtt á svar ráðherra við þessari margumræddu beiðni hér í Sþ. Forseti Ed. skrifaði hæstv. ráðherra sama erindis og svarbréf barst í morgun á þann veg að hér væri um vinnugögn að ræða sem ráðherra kysi að afhenda ekki.

Ég lít svo á að þetta sé í valdi hæstv. ráðherra og ég mótmæli því að þessi umræða, sem nú hefur staðið hér nær linnulaust síðan klukkan tvö eða þrjú í dag, hafi farið fram á þeirri forsendu að þessi gögn væru þar nauðsynleg. Það var aldrei á það minnst og hefði forseta verið sagt það strax hefði hann að sjálfsögðu ekki leyft þessa umræðu vegna þess að þessi gögn eru ekki í höndum forseta. Ég veit ekki til hvers þessir hv. þm. ætlast, hvort ég á að fara að sækja þetta til hæstv. ráðherra.

Ég tel það hið mesta alvörumál að menn skuli fara svona með tíma þingsins þessa síðustu vinnuviku og vil vægast sagt fara fram á það að þessi umræða haldi áfram og ljúki á þessu kvöldi. Menn geta síðan haldið áfram að reyna að ná þessum vinnugögnum hæstv. ráðherra. Það má vera búið að ljúka þessari umræðu þar fyrir og bið ég menn nú um að leyfa forseta að halda hér áfram fundi.

Skúli Alexandersson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt í framhaldi af því sem hv. 2. þm. Vestf. hefur sagt um gögn sem þingmönnum hafi verið afhent að upplýsa það að mér tókst í morgun að fá gögn hjá sjútvrn. varðandi úthlutun til smábáta vestur á Rifi eða Hellissandi. Eingöngu það. Ég fór fyrst fram á það eftir að ég vissi að einn hv. þm., ég held að ég megi nefna hann, hv. 2. þm. Norðurl. e., hafði fengið gögn um úthlutun til smábáta í Grímsey. Ég vil ekki jafna þessum upplýsingum, sem við fengum í hendurnar, saman við það sem við höfum verið að óska eftir sérstaklega, sjávarútvegsnefndarmenn Ed., að fá öll gögn yfir úthlutun til smábáta. En ég taldi ástæðu til, fyrst þetta var nefnt, að upplýsa það að ráðuneytið varð við þeirri ósk minni að láta mig hafa þessar takmörkuðu upplýsingar. Ég fór fram á það að fá upplýsingar úr Vesturlandskjördæmi öllu en undan því færðist ráðuneytið, kannski á svipuðum rökum og ráðuneytið og hæstv. sjútvrh. hafa færst undan því að láta okkur hafa alhliða gögn um þessa úthlutun. Ég taldi rétt að þetta kæmi fram við þessa þingskapaumræðu sem hér hefur átt sér stað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem forseti heyrir það nú í fyrsta sinn að þessi gögn séu afhent í skömmtum frá ráðuneytinu, þá óska ég eftir að hæstv. ráðherra upplýsi forseta um hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til að fá þessar upplýsingar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að ítreka það að þau gögn sem hér hefur verið talað um eru vinnugögn sjútvrn. Það kemur skýrt fram í því bréfi sem skrifað er til forseta Ed. sl. föstudag. Ég ætla ekki að lesa þetta bréf upp. Hæstv. forseti Sþ. hefur væntanlega séð þetta bréf en þar stendur:

„Ráðuneytið er hins vegar, eins og áður hefur komið fram, tilbúið til að veita þingmönnum upplýsingar um einstök atriði í úthlutuninni sem sérstaklega er beðið skýringa á, en slíkar upplýsingar verða veittar sem trúnaðarmál ef þær varða úthlutun til einstakra útgerða á meðan undirbúningsvinna stendur yfir. Hafa slíkar upplýsingar þegar verið veittar þingmönnum sem eftir slíkum upplýsingum hafa leitað."

Þetta, hæstv. forseti, kemur skýrt fram í þessu bréfi. Sá vinnulisti sem hér hefur verið beðið um að væri afhentur verður afhentur síðar, eins og kemur jafnframt fram í lok bréfsins. Þegar athugasemdir hafa borist og afstaða hefur verið tekin til vafaatriða og ágreiningsmála fer úthlutun aflahlutdeildar endanlega fram. Sú úthlutun verður opinber og upplýsingar um hana öllum aðgengilegar eins og gilt hefur um úthlutun aflamarks til stærri skipa á undanförnum árum.

Ég vænti þess að þetta svari spurningu hæstv. for-

seta en ráðuneytið hefur áður svarað þessu í því bréfi sem ég vitnað hér til.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka það sjónarmið sem ég hef í þessu máli. Hér er ekki um innanhússplagg hjá sjútvrn. að ræða í þeim skilningi að þessu plaggi sé einungis haldið innan dyra í sjútvrn. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að lýsa því yfir að þetta sé innanhússplagg sem aðrir sjái ekki. Ég fullyrði þvert á móti að hér sé um heimildir að ræða sem hafi verið sendar skriflega út um allt land og vitaskuld eiga alþingismenn rétt á því að fá að sjá opinber gögn eins og bréf sem sjútvrn. sendir einstökum útgerðarmönnum um það hvers þeir geti vænst að fá í aflaheimildum á næsta ári. Ég tala nú ekki um þegar málið er þannig vaxið að löggjafinn hefur jafnan meira og minna áskilið að sjútvrh. skuli láta sjávarútvegsnefndir fylgjast með framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða.

Ég mun á öðrum vettvangi, hæstv. forseti, taka það mál til athugunar í hverju eftirlit Alþingis eigi að vera fólgið með framkvæmd einstakra laga. Ég vil minna hæstv. sjútvrh. á það að hann starfar í umboði Alþingis. Honum er falið að framkvæma þau lög sem Alþingi setur á hverjum tíma. Í mínum huga er algerlega út í hött að reyna að halda því fram að þær sérstöku upplýsingar, sem meiri hl. sjútvn. Ed. hefur nú beðið um, séu annars eðlis en margvíslegar upplýsingar sem við höfum áður fengið, sjávarútvegsnefndarmenn, þegar um undirbúning laga um stjórn fiskveiða hefur verið að tefla. Ég vil að þetta komi skýrt fram. Lítil viðurkenning á sérstöðu þessara laga og sjútvn. í þeim efnum er að hæstv. sjútvrh. lét starfsmenn sína koma á fund sjútvn. og sat þar sjálfur mikið af tímanum til að kynna sjávarútvegsnefndarmönnum efni reglugerðar sem átti að gefa út um fiskveiðikvóta fyrir smábáta. Það er erfitt að gera sér grein fyrir því hvernig hægt sé að ætlast til þess að einstakir menn í sjávarútvegsnefndum geti tekið afstöðu til reglugerðarinnar þegar komið er með hana fullsmíðaða ef þeir hinir sömu menn mega ekki sjá þau gögn sem liggja til grundvallar reglugerðarsmíðinni og eru raunar afrakstur hennar. Þessu máli er ekki lokið, hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. 2. þm. Vestfirðinga segir. Þingmenn gætu, ef þeir tækju sig saman, náð öllum listanum úr sjútvrn. með því að hver þingmaður bæði um einstakan stað eftir þeirri framkvæmd sem hefur verið á málinu. T.d. væri ógerningur fyrir sjútvrn. eins og nú er komið að neita þingmanni Reykvíkinga um úthlutun til smábáta frá Reykjavík eftir þá afgreiðslu sem hv. þm. Skúli Alexandersson hefur fengið varðandi Hellissand.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég kem ekki til þess að tala langt mál hér. Mér hefur fundist hæstv. sjútvrh. svara fáu af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið. Það kann að vera að ráðherranum hafi fundist að ekki væri komið með nógu beinar spurningar til hans og hann gæti af þeim ástæðum komið sér hjá að svara þeim. Ég er með þrjár spurningar sem mig langar til að bera fram hér, með leyfi hæstv. forseta.

1. Telur hæstv. sjútvrh. að eðlilega sé staðið að kvótaúthlutun, t.d. til þeirra staða sem eingöngu lifa á sjávarfangi svo sem Grímsey, Bakkafjörður, Borgarfjörður eystri og aðrir sambærilegir staðir?

2. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir að lög um stjórn fiskveiða sem taka gildi um næstu áramót verði endurskoðuð í janúarmánuði nk. með það í huga að lögfesta síðan brtt. fyrir þinglok?

3. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1988 var því heitið að mörkuð yrði fiskvinnslustefna á þessu kjörtímabili. Mun hæstv. ráðherra leggja fram á Alþingi frv. um fiskvinnslustefnu eftir áramótin og beita sér fyrir að slíkt frv. verði lögfest fyrir þinglok í vetur?

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Það er búið að ræða þessi mál að mér sýnist í botn að öðru leyti en því að hæstv. ráðherra hefur ekki svarað spurningum, bæði frá mér og öðrum, sem kannski hafa ekki verið beint settar fram og þess vegna, eins og ég sagði í upphafi, hafi ráðherrann ekki séð ástæðu til að svara.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér hefur einu sinni enn farið fram allítarleg umræða um stjórn fiskveiða og er ástæða til að fara um það allmörgum orðum. En ég skal með tilliti til þess sem hæstv. forseti hefur sagt, að margt annað liggur fyrir þessu þingi, reyna að vera stuttorður þótt ég viðurkenni það mjög fúslega sem hv. þm. hafa sagt, að hér er um mikilvægt mál að ræða.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., sem hóf þessa umræðu, hélt því fram að fiskveiðistefnan ætti að vera byggðastefna og sú stefna sem nú væri rekin ynni á móti byggðastefnu. Það er nú svo að við Íslendingar lifum fyrst og fremst á fiskveiðum og fiskvinnslu. Það varðar byggð í öllu landinu að þar sé vel haldið á málum og þessi atvinnugrein sé rekin með hagkvæmum hætti. Það er ekki bara undirstaða byggðar í hverju og einu byggðarlagi heldur í landinu öllu. Við Íslendingar höfum gert okkur góða grein fyrir þessu og við höfum verið að reyna að taka á þessum málum með þeim hætti að þessi atvinnugrein væri rekin þannig að hún gæti staðið undir góðum almennum lífskjörum í landinu. Ég vil halda því fram að það hafi atvinnugreinin gert og þurfi að gera það í vaxandi mæli í framtíðinni. Þetta er aðalatriðið. Svo geta menn að sjálfsögðu deilt um hvernig þeim fiski, sem við teljum að hæfilegt sé að veiða, skuli skipt á milli einstakra aðila í landinu. Þar eru uppi margvísleg sjónarmið. Allt það sem hér hefur komið fram ber þess vott að alls staðar sé of lítið. Það sé of lítið í Grímsey, það sé of lítið á Húsavík, Breiðdalsvík, Bakkafirði, Borgarfirði eystra, Drangsnesi og í öllum þeim byggðarlögum sem hér hafa verið nefnd. Ég bið hv. þm. um að nefna það byggðarlag þar sem of mikið er af fiski til vinnslu og nefna þá aðila sem sérstaklega fara vel út úr þessari skiptingu. Ég hef ekki hitt þá fyrir enn. Má vel vera að hv. þm. hafi gert það. Hér er að vísu sagt að of mikið af afla sé flutt úr landi óunnið, sem er rétt. Jafnframt er sagt að tilraunir til þess að hamla þar á móti sé úrelt skömmtunarkerfi sem

ekki fái staðist og lítt lagt þar til mála á móti, enda málið alls ekki einfalt þegar á að reyna að taka utan um svo viðkvæm mál. Því er jafnframt haldið fram að of mikið af fiski sé fryst á hafi úti. Það er rétt að þar hefur verið mikil þróun. Hins vegar hefur sú atvinnugrein verið hagkvæm og skilað miklum tekjum. Og það er nú eðli slíkra atvinnuvega að leita í þær áttir þar sem hagkvæmnin er meiri. Það er jafnframt rétt að allt það sem er að gerast kann að koma illa við marga, þar á meðal ýmis byggðarlög.

Ég hef ávallt viðurkennt að það þurfi að líta til sérstöðu ákveðinna byggðarlaga. Hins vegar er þar engin auðveld lausn og ég varð ekki var við að hv. 4. þm. Norðurl. e. benti á það. Hann lagði aðaláhersluna á að ekki mætti selja aflaheimildir frá einu skipi til annars. Nú er það svo að á Íslandi hafa fiskveiðiheimildir alltaf fylgt fiskveiðiskipum. Það er ekkert nýtt. Það sem er nýtt er að heimilað hefur verið að framselja aflaheimildir milli skipa þannig að það mætti takast að minnka fiskiskipaflotann. Því miður er engin önnur leið í þeim efnum en að leyfa slíkt framsal eigi að takast að minnka fiskiskipaflotann.

Nú má vel vera að menn séu þeirrar skoðunar að það skuli ekki gert og rétt sé að halda úti öllum þeim skipum sem við gerum út í dag. Ég er ekki þeirrar skoðunar og tel það andstætt þeirri stefnu sem við hljótum að fylgja, að byggja upp góð almenn lífskjör í landinu. Það eru hins vegar margir þeirrar skoðunar að þetta eigi alls ekki að heimila. Hins vegar er engum vafa undirorpið, a.m.k. ekki í mínum huga, að slíkt mun leiða til þess að menn verða almennt að sætta sig við verri lífskjör hér á landi þegar fram líða stundir. Ég veit ekki markmið þeirra sem þessu halda fram. Sú niðurstaða sem bæði ég og fleiri, sem að þessum málum hafa komið, höfum komist að, og hef ég ekki efast neitt um það, er að flotinn er of stór og hefur ekki gengið nægilega vel að minnka hann. Ég tel hins vegar ljóst að það mun ganga betur í framtíðinni fái þessi lög að halda gildi sínu.

Hv. þm. ásakaði mig um hroka í garð þess fólks sem ég hefði verið að tala við í þessu viðkvæma máli og þá sérstaklega í Grímsey. Það má vel vera að hann líti á það sem hroka en það var ekki ætlan mín. Á fundi þar kom það skýrt fram hjá einum sem talaði að þeir Grímseyingar vildu ekki taka við einu né neinu úr einhverjum sjóðum. Nánar tiltekið Hagræðingarsjóði. Það sem ég lagði áherslu á, ég hef ekki nákvæmlega orðalagið en ég býst við að það sé til í upptöku Ríkisútvarpsins og megi fá það prentað upp, var að til þess að við gætum tekið á sameiginlegum málum yrðum við oft að sætta okkur við að gera það með þeim hætti að stofna til sameiginlegra sjóða og sameiginlegra úrræða. Ríkissjóður er þannig úrræði, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Í ríkissjóði kemur fram samtakamáttur fólksins í landinu, í sveitarsjóðunum líka, þar sem menn leita sameiginlegra lausna. Og þegar svo er komið að við höfum viðurkennt að við verðum að takmarka aðganginn að auðlindinni, skipta aðgangi að auðlindinni upp á milli ákveðinna aðila og síðan hafa menn hugsað sér að taka sérstaklega á einstökum atriðum og einstökum málum, þá er ekki hægt að viðurkenna þá sérstöðu og taka á því nema með einhverjum slíkum sameiginlegum hætti. Í því felst enginn hroki heldur almenn viðurkenning á staðreyndum.

Sumir þeirra hv. þm. sem hér hafa talað eru því miður ekki hér inni og skal ég ekki vera að svara því sem fram hjá þeim hefur komið. Þó get ég ekki annað en svarað hv. 7. þm. Norðurl. e. þegar þingmaðurinn spurði hvort það væri á stefnuskrá stjórnvalda eða unnið markvisst að því að útrýma smábátum, hvort það væri meðvituð aðgerð. Ég held að öllum sé ljóst sem til mála þekkja að ekki er hægt að líta svo á að reynt hafi verið að útrýma smábátum eða fækka þeim með mjög markvissum aðgerðum á undanförnum árum. Hér var það nefnt af einum hv. þm. að hann hefði upplýsingar um að búið væri að selja 200 smábáta. Ég hef því miður ekki neinar upplýsingar um það, enda býst ég ekki við að þær liggi neins staðar fyrir. En ég vil jafnframt benda hv. þm. á að smábátum fjölgaði á árinu 1990 um 140 og afli smábáta hefur frá árinu 1983 aukist úr 11 þús. þorsktonnum í um 45 þús. þorsktonn. Þessi afli og þessir bátar hafa að sjálfsögðu orðið til þess að auka atvinnu í öllum þeim byggðarlögum þar sem þeir hafa verið keyptir. Þessi afli hefur hins vegar ekki verið viðbót við heildarafla landsmanna heldur hefur afli annarra skipa í flotanum minnkað samsvarandi. Og það vita allir hv. þm. sem að þessu máli komu að það gekk því miður ekki lengur að afli þessara báta væri stöðugt að vaxa. Það varð að reyna að ná saman um það með hvaða hætti afli þessara skipa skyldi takmarkaður eins og annarra. Það þarf engum að koma á óvart að einhverjir þessara báta hafi verið seldir, m.a. vegna þess að til sumra þessara fjárfestinga var stofnað af mikilli bjartsýni eins og gengur og gerist. Og það gekk ekki upp í öllum tilvikum. Margir hafa notað tækifærið og reynt að losa sig frá þeim vanda sem þeir voru komnir í.

Nú mætti halda af orðum sumra hv. þm. að allir væru að selja þessa báta og allar aflaheimildir landsmanna að þjappast saman á örfá skip. Svo er alls ekki og langt í frá. Það sem er verið að gera með þessum ráðstöfunum er að tryggja til langframa hagsmuni þeirra aðila sem eiga þessa báta og skip vegna þess að það er vitað að ef fleiri skip bætast við mun það taka frá þeim sem fyrir eru og rýra þannig hagsmuni þeirra.

Nú er sagt að allir fari illa út úr þessu, eins og hv. þm. Kristinn Pétursson segir, öll þjóðin fari illa út úr þessu. Ef rétt er að allir fari illa út úr þessu og þjóðin jafnframt, þá er nú von að menn vilji breyta og gera eitthvað nýtt. Hv. þm. er bjartsýnismaður um íslenska fiskstofna og vonandi hefur hann rétt fyrir sér að það sé ekkert tiltökumál að auka veiðina. Sé það rétt mun það koma í ljós á næstu árum og ekki nokkur vafi á því að komandi kynslóðir munu þá njóta góðs af því.

Því miður er það samt ekki skoðun allra að fiskstofnarnir séu nægilega sterkir og þess vegna þurfi þeir allmikla friðun og takmarka þurfi afla ef ekki eigi að ganga allt of nærri þeim. Má segja um þá suma að þar hafi í mörgum tilvikum verið gengið heldur nærri.

Hv. þm. Kristinn Pétursson spurði hvers vegna væri

verið að setja kvóta á skarkola og hvers vegna það hefði verið hugmyndin að setja kvóta á steinbít. Það er einfaldlega vegna þess að eftir því sem hert er að sókn í einstaka fiskstofna þá er það gömul reynsla og kemur engum á óvart að í meira mæli er sótt í þá stofna sem sóknin er ekki takmörkuð í. Menn óttuðust það að sóknin mundi vaxa svo mikið í skarkolann að þar yrði illa ráðið við með sama hætti og varð reyndin að því er varðaði grálúðuna og rækjuna, svo eitthvað sé nefnt. Og alveg sömu rök eiga við steinbít, enda býst ég við að það muni koma berlega í ljós á komandi ári að harðar mun verða sótt að þessum stofnum. Ég býst við því að þeim sem hafa sótt í þessa stofna á undanförnum árum og vilja byggja afkomu sína á þeim muni líka það heldur illa að fleiri og fleiri sæki þar inn og takmarki möguleika þeirra sem fyrir voru.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal sagði að það hefði ríkt mikill hringlandi og reglum verið breytt. Hann skýrði nánar sjálfur hvers vegna það hefði verið. Það var vegna þess að lög fengust ekki samþykkt nema til takmarkaðs tíma, bæði vegna andstöðu hér á hv. Alþingi, en jafnframt vegna andstöðu þeirra sem búa hvað mest við fiskveiðistjórnunina, svokallaðra hagsmunaaðila. Menn vildu margir hverjir trúa því að hér væri aðeins um bráðabirgðaráðstafanir að ræða og hremmingunum hlyti að ljúka og þá gætu allir verið frjálsir og lítt þyrfti að skipta sér af málum eða a.m.k. með einhverjum allt öðrum hætti. Það er ekki óeðlilegt að menn eigi sér slíka draumsýn og ekki ástæða til að vera hissa á því. Hins vegar hefur það komið í ljós að oft og tíðum voru ákvarðanir sem þessar teknar af skammsýni og þess vegna stöndum við frammi fyrir meiri vandamálum í dag en við annars hefðum þurft.

Það á jafnframt við um mörg ný fiskiskip sem hafa verið keypt, og líka smábáta, í bjartsýni um það að svokallað sóknarmark og frjálsræði í veiðum mundi geta gilt til langframa, sem auðvitað var allt of mikil bjartsýni, og þar af leiðandi hafa áætlanir margra þeirra aðila sem stofnuðu til slíkra fjárfestinga einfaldlega ekki gengið upp.

Út af vandamálum ákveðinna byggðarlaga í kjördæmi hans þá er það rétt að það hafa átt sér stað verulegar almennar skuldbreytingar, m.a. í gegnum þá sjóði sem þingmaðurinn fór allháðulegum orðum um. Jafnframt hafa opinberir lánasjóðir reynt að koma þar til aðstoðar og viðskiptabankar viðkomandi aðila. Þetta eru þau ráð sem menn hafa haft til skuldbreytinga í landinu og oft verið gripið til. Hitt er svo annað mál að margir eru svo illa skuldugir að hvað svo sem öllum skuldbreytingum líður þá stendur reksturinn einfaldlega ekki undir því sem á honum hvílir. Þar af leiðandi verða menn oft að grípa til ráðstafana sem eru lítt að skapi, sérstaklega þegar menn missa atvinnutækifærin frá sér.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði þriggja spurninga. Í fyrsta lagi hvort eðlilega væri staðið að kvótaúthlutun til ákveðinna byggðarlaga. Því er til að svara að það er jafneðlilega staðið að úthlutun til þessara byggðarlaga og allra annarra að því leytinu til að úthlutunin miðast við reynslu einstakra fiskiskipa í þessum byggðarlögum, svo sem öllum öðrum, og er þar enginn munur gerður á. Hvort það er eðlilegt eða ekki eðlilegt er að sjálfsögðu umdeilanlegt en þetta eru þær staðreyndir sem menn standa frammi fyrir.

Í öðru lagi er spurt hvort ég hyggist leggja fram frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða á þessu þingi. Engin slík áform eru uppi af minni hálfu.

Hv. þm. spurði jafnframt um það hvort frv. til laga um fiskvinnslustefnu yrði lagt fram. Því get ég jafnframt svarað neitandi. Það er engin slík frumvarpsgerð áformuð af minni hálfu á þessu þingi. Hins vegar hefur margt verið gert til þess að tryggja hagsmuni fiskvinnslunnar, og ég skilgreini það sem fiskvinnslustefnu, eins og takmörkun á útflutningi á óunnum afla með starfsemi Aflamiðlunar, með því að skerða aflahlutdeild þeirra sérstaklega sem flytja aflann út, með því að hafa tryggt mun betur með núverandi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar starfsskilyrði fiskvinnslunnar og fjölmargt annað sem þar hefur verið gert.

Hins vegar halda margir því fram að aflaheimildunum skuli úthlutað til fiskvinnslunnar. Hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur verið talsmaður þess að hluta af aflaheimildunum skuli úthlutað til fiskvinnslunnar. Um það flutti hann brtt. hér á Alþingi og fleiri hv. þm. hafa gert það. Það er þetta atriði sem menn eru fyrst og fremst að tala um þegar rætt er um fiskvinnslustefnu, þ.e. sú tillaga að fiskvinnslan fái í sinn hlut hluta af aflaheimildunum. Um það er ekki samstaða og ég hef ekki verið og hef ekki hugsað mér að gerast tillögumaður að slíkri aflaúthlutun.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að ég hafi svarað að mestu leyti því sem hv. þm. hafa beint hér til mín. Það væri ástæða til þess að fara mörgum orðum um margt fleira sem hér hefur komið fram en tímans vegna ætla ég ekki að taka meiri tíma frá hv. þm. í þau mál.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er alltaf áhugavert að ræða um sjávarútvegsmál og vissulega hefði verið skemmtilegra að gera það ef fleiri hefðu verið hér í salnum til þess að taka þátt í þeirri umræðu. Þegar er verið að ræða um sjávarútvegsmál vill það oft verða svo að hér eru aðeins örfáir menn sem leggja þar eitthvað til málanna.

Ég vil aðeins víkja hér örstutt að því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., sem hóf umræðuna í dag, þar sem hann vék að því að kvótakerfið ynni gegn byggðastefnu. Mér fannst skorta býsna mikið á að það væri færður nægjanlegur rökstuðningur fyrir því. Mér finnst nefnilega stundum þegar menn tala um þessi mál að þeir tali um þá fiskveiðistjórnun og þau lög sem í gildi eru í dag en ekki um þau lög sem taka gildi um næstu áramót.

Af því tilefni langar mig aðeins til að vitna í 11. gr. þeirra laga sem við samþykktum hér á Alþingi 5. maí í vor, en þar segir, með leyfi forseta: „Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skrif-

lega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests."

Þetta var ekki svona í upphaflegum drögum sem lögð voru fyrir sjútvn. þingsins eða Alþingi sjálft og komu frá svokallaðri ráðgjafarnefnd sem samdi frv. um fiskveiðistjórnun. Það er rétt að taka fram að það frv. var ekki samið í sjútvrn. Það var lagt fram nokkurn veginn nákvæmlega eins og það kom frá ráðgjafarnefndinni sem hafði fjallað um það í eitt og hálft ár. Ég tel mjög mikilsvert fyrir hin ýmsu byggðarlög að þessi forkaupsréttur sé fyrir hendi. Ég held þess vegna að Alþingi hafi mjög lagað málið með því að koma þessu ákvæði inn. (Gripið fram í.) Ég er ekki kominn að smábátunum, hv. 2. þm. Austurl. Ég skal tala aðeins um það á eftir úr því þú vaktir máls á því og þá hlut Alþb. í því máli.

Þegar menn tala um þennan forkaupsrétt spyrja menn gjarnan hvaða burði veikt sveitarfélag hafi til þess að kaupa og verjast því að missa aflann eða bátinn frá sér. Ég hef svarað því til og menn ræddu það að þá reyndi á ríkisstjórn og byggðastefnu um það að verjast. Það er vissulega meiningin með því sem stendur í þessari grein. Og það er fleira sem mætti benda á sem er vissulega í þá átt að laga það frv. sem við höfum búið við til þess einmitt að tryggja betur rétt hinna smæstu staða.

Vegna þess að hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson greip hér fram í er rétt að víkja aðeins að afstöðu Alþb. í þessu máli. Það er gott líka fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e., sem var málshefjandi hér í dag, að rifja aðeins upp hver hlutur hans flokks var í þessu máli þegar það var hér til meðferðar á vordögum og hafa orð á því við sjómenn á Ólafsfirði hver afstaða Alþb. var, málsvara Alþb. í sjávarútvegsmálum, hv. þm. Skúla Alexanderssonar, ég hef ekki heyrt betur en hann sé sá sem ræður stefnu Alþb. í sjávarútvegsmálum, hann a.m.k. talar svo. Hver var stefna hans í þessu máli og þá Alþb.? Hver var hún? Var hún til þess að lyfta undir smábátana sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði um? Stefna hans var að taka 40% frá sjómönnum og útgerð og færa það hvert? Til vinnslustöðvanna. Það átti hvorki meira né minna en að taka 40% af aflanum frá sjómönnunum og útgerðinni og færa það til vinnslunnar í landi. (**Gripið fram í:** Hverjir eiga þennan kvóta?) Hverjir eiga kvótann? Það má segja að sjómenn og útgerðin hafi ráðstöfunarrétt á kvótanum í dag. Hvenær hefur nokkurn tímann fiskur verið dreginn á land nema að sjómenn hafi gert það? (Gripið fram í.) Sjómennirnir hafa ráðstöfunarrétt á þessum kvóta þar sem þeir eiga sín skip. Það má líka benda á að vinnslustöðvarnar eiga drjúgan hluta í þessum skipum sem við erum að tala um. Hvað halda menn að hefði skeð t.d. hjá Sæbergi á Ólafsfirði sem nýlega var að bæta við sig skipi eða Síldarvinnslunni í Neskaupstað, eftir að þeir hefðu fengið þessi 40% sem hefðu verið tekin frá sjómönnunum og bátunum? Hverjir ætli hefðu fengið að fiska þessi 40%? Trúir einhver því hér inni að það hefðu verið trillukarlarnir? Ekki ég. Ætli þeirra eigin skip hefðu ekki fengið það fyrst og fremst, sem liggja bundin við bryggju yfir hundrað daga á ári? Ætli þeir hefðu ekki reynt að nýta skipakost sinn fyrst og fremst áður en þeir hefðu farið að láta trillukarlana fiska þennan fisk? Ætli þeir hefðu ekki gert það á Neskaupstað? Ætli þeir hefðu ekki líka gert það á Ólafsfirði?

Þetta var nú skilningur Alþb. á málefnum þessara báta og sjómanna yfirleitt. Það vil ég taka rækilega fram.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson var með svipaðar hugmyndir einnig. Ég tala ekki um Kvennalistann sem vildi taka allt að 80% frá sjómönnum og útgerðum og færa það til vinnslustöðvanna í landi. (Gripið fram í.) Jú, ég las það. Hvert átti að færa það þá? Það átti að færa það til sveitarfélaganna. Davíð Oddsson átti að úthluta þessu hér. Haldið þið að trillukarlarnir hér í Reykjavík hefðu fengið það? Ætli Grandi hefði ekki fengið það?

Vegna þess að hér hefur verið minnst á Hagræðingarsjóð, sem menn kölluðu hér á vordögum þegar þetta mál var lagt fram „aumingjasjóðinn", vil ég víkja lítillega að honum. Vegna þess að í nokkrum greinum er gert mögulegt að bregðast við vanda hinna veikustu byggðarlaga sem kynni að koma upp var honum gefið nafnið „aumingjasjóðurinn".

Halldór Blöndal vék aðeins að þessu hér áðan. Hann taldi að sjóðurinn gripi ekki á þessu máli og hefði varla heimild til þess. En hvað segir í 1. gr. laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins? Þar segir svo m.a., með leyfi herra forseta: „Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa. Í þessu skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið veiðiheimildir, enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlögum." Þetta er sjóðurinn sem menn töldu og gáfu nafnið „aumingjasjóðurinn". Og í upphafsorðum 9. gr. sömu laga segir: „Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum er höllum fæti standa með því að framselja veiðiheimildir sem honum hefur verið úthlutað í því skyni samkvæmt 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við."

Greinilega og rækilega er gengið frá því að þessar heimildir eru fyrir hendi. Það er mikil blinda og ég skil ekki hvaða tilgangi það þjónar raunverulega að vera að koma því inn að þessi sjóður geti ekki komið til aðstoðar í slíkum tilfellum. Ég skil ekki þann hugsunargang og hverju það þjónar að vera að reyna að koma því inn.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki teygja þennan fund mikið lengur með máli mínu. Það hefur hins vegar vakið athygli mína að hlusta á ræður manna hér í dag. Menn hafa fundið að því að menn hafi farið illa út úr aflaúthlutun, hin ýmsu byggðarlög og hinir ýmsu aðilar sem með smábátaútgerð eru, og vissulega er það

rétt að svo hefur það farið í þessari tilraunakeyrslu sem gerð hefur verið. Ég hef hins vegar ekki heyrt einn einasta ræðumann benda á nokkurn hlut sem mætti gera til þess að leiðrétta þetta, bara alls engan sem hefur sagt það hér í dag hvaða leið mætti verða til þess að bæta þetta sem þarna hefur skeð nema að taka og bæta við, bæta við meiri afla. En þá verða menn líka, úr því að þeir segja a, að segja b og þeir verða þá að segja frá hverjum. Það hafa menn ekki heldur sagt. Ég harma það. Við getum deilt um þetta og það er eðlilegt að við spjöllum um þessa hluti, en ég harma að enginn þessara manna sem hér hafa talað, vegna þess að það eru yfirleitt menn sem hafa haft áhuga á sjávarútvegsmálum, skuli koma með einhverja lausn á vandamálinu.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að ég trúi því að hæstv. sjútvrh. leiti nú leiða þegar menn sjá hvernig þetta kemur út. Frestur sem menn fengu rann út 15. des. Þá rann fresturinn út sem menn höfðu til þess að senda inn bréf og óska eftir skýringum og leiðréttingum. Ég vona það og ég trúi því að hæstv. ráðherra leggi sig fram um það að reyna að finna þar einhverjar leiðir sem mættu verða til þess að leiðrétta það misræmi sem kemur fram í sumum úthlutunum. Ég trúi því að menn muni reyna að leggja sig fram til þess að gera það. Það verður örugglega ekki auðvelt verk, en ég trúi ekki öðru en ráðherra muni beita sér fyrir slíku.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það var ekki vegna ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, formanns sjútvn. Ed., sem ég kvaddi mér hér hljóðs þó að ýmislegt hafi verið í þeirri ræðu sem er að vissu leyti svara vert. Meginhluti þess kom þó fram í ræðu hans hér í umræðu um þessi mál fyrir nokkrum dögum og þá taldi ég rétt að láta það vera að svara fullyrðingum og útlistunum hv. þm. á stefnu minni og stefnu Alþb. í sambandi við fiskveiðistefnuna. Mér fannst ekki rétt að benda á hvað þessi hv. þm. virtist hafa fylgst lítið með málum í umræðunni á sl. vori og hver sú stefna var sem hver nefndarmaður og hver þingmaður hélt fram í þeirri umræðu. Að eigna mér að einhverju leyti þá tillögu að tekinn skyldi ákveðinn hluti aflakvótans og færður til fiskvinnslunnar finnst mér vera svolítið langt gengið og ég hefði nú gaman af því að hv. þm. benti á það einhvers staðar að það hafi verið tillaga mín eða Alþb. Tillaga Alþb., og tillögur Alþb. til nokkurra ára, hefur verið byggðakvóti þar sem ákveðinn hluti kvótans skyldi vera bundinn við byggðir, en þó alltaf í tengslum og tengingu við skip, þó að Alþb. hafi aldrei viðurkennt að sá kvóti væri eign útgerðarinnar og hafi alltaf vitað um það í sjálfu sér að það væri ekki eðlilegt sem verið hefur, að útgerðin réði þessum kvóta eins og gengið hefur á undanförnum árum og greinilegt er núna. Mér finnst miður að jafnágætur þm. og Stefán Guðmundsson, jafnágætur maður og Stefán Guðmundsson, skuli trekk í trekk hér í ræðu á hv. Alþingi halda fram hlutum sem ekki eru réttir og ég taldi síðast þegar hér var umræða ekki rétt að vera að benda þingheimi á það að formaður sjútvn. deildarinnar hefði ekki fylgst betur með málum en raun ber vitni um. En því miður verð ég að undirstrika það að þannig hefur þetta verið.

Ég lét þó tillögu um þessa hluti koma í nál. mitt sem minnisatriði vegna þess að þetta var eitt af þeim atriðum sem komu til umræðu í undirbúningsnefndinni og var þar skoðað en fékk ekki mikinn hljómgrunn hjá þeim sem þar réðu og sömdu og gengu frá frv. þó að hv. þm. haldi því fram að það hafi verið nefndin sem hafi unnið það frv. sem við fjölluðum hér um á síðasta vori.

Ég tel kannski ekki ástæðu til þess að fjalla mikið frekar um það sem hv. þm. Stefán Guðmundsson nefndi hér í ræðu sinni. Þó vil ég aðeins nefna það að hann gerir mikið úr forkaupsrétti sveitarstjórna í þeim nýju lögum sem við taka um næstu áramót. Ég hef áður gert frekar lítið úr því og talið litla möguleika hjá sveitarfélögum vítt um landið að hamla gegn kvótasölu eða fiskveiðiréttindasölu úr sínum byggðum. Við erum að ræða núna um Grímsey. Upphaf þessarar umræðu var staða mála í Grímsey. Getur hv. þm. búist við því að jafnlítið sveitarfélag og Grímsey hafi möguleika til þess að keppa við stóruútgerðirnar á Vestfjörðum í kaupum á fiskveiðiréttindum? Það er því miður ekki þannig. Þess vegna er þessi lagabókstafur lítið annað en nafnið tómt. Vitaskuld getur hv. borgarstjóri hér í Reykjavík, Davíð Oddsson, sem hv. þm. nefndi líka, gert þetta, en oddvitinn í Grímsey og oddvitinn á Drangsnesi hafa enga möguleika til að beita sveitarfélagi sínu til varnar gegn stóru útgerðarfélögunum, sem núna eru vítt og breitt að kaupa kvóta, til þess að keppa við þau, og það er það sem skiptir máli. Þess vegna er þessi lagabókstafur að meginhluta til gagnslaus.

Eitt af því sem þeir sem hafa mælt með í fiskveiðistefnu sem við höfum búið við á undanförnum árum og komum til með að búa við, lítið breytta, eftir áramótin er það að enginn bendi á aðrar leiðir. Þetta er algild regla í umræðum þegar menn eru komnir í þrot með það að réttlæta þá stefnu sem uppi er. En öll vitum við það að einmitt í þessu máli hefur verið bent á margar leiðir, m.a. þá leið sem hv. þm. var að benda á, að kvótanum væri skipt á milli skipa og fiskvinnslu. Í öðru orði gagnrýnir hann það að það skuli hafa verið bent á leiðir en í hinu að ekki hafi verið bent á neinar leiðir.

Í þessari umræðu hefur verið bent á að nauðsynlegt sé að breyta þeim lögum sem samþykkt voru í vor til þess að sníða af þá vankanta sem greinilegastir eru á þeim, eins og t.d. hv. 1. þm. Vestf. benti hér á, þá stöðu sem komin er upp á Drangsnesi. Það þyrfti að breyta þessum lögum. Var ekki verið að benda þar á eina leið til þess að forða því sem að er stefnt? Svo geta aðrir þingmenn komið hér upp og sagt að ekki hafi verið bent á neinar leiðir.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni að einhver af ræðumönnum hér í dag, hv. þm. sem hér hefðu fjallað um þetta mál, hefði haldið því fram að þannig liti út að það væri raunverulega meðvituð stefna stjórnvalda að fækka smábátum og hæstv. ráðherra mótmælti því að svo væri. En þegar litið er til liðinna ára,

fiskveiðistjórnunartímabilsins frá 1984 til þessa dags, hljóta menn að spyrja: Var ekki eitthvað meðvitað í því að neita því ár eftir ár að fara að tillögum smábátamanna, að stöðva fjölgun smábáta? Það hlýtur að hafa verið eitthvað meðvitað í stefnunni sjálfri. Eki gat stefnan verið það laus í reipunum að menn gerðu þetta ekki út frá einhverjum ákveðnum sjónarmiðum. Mér finnst það liggja svo ljóst fyrir í dag að hverju var stefnt með þessari stefnu, og ég nefndi það hér í fyrri umræðu. Það var ekki einleikið að ekki skyldi heyrast um það rödd frá Landssambandi ísl. útvegsmanna á síðustu árum að smábátaflotinn var alltaf að stækka og hann var að taka stærri hluta, eins og hæstv. ráðherra benti á, af hinum sameiginlega afla. Af einhverjum ástæðum var ekki haldið uppi neinum mótmælum þó að smábátafélagið, Félag smábátaeigenda, óskaði eftir því í hvert skipti sem þessum lögum var breytt að sett væri stopp á fjölgun smábátanna. Getur það verið að þeir aðilar, sem eru valdamestir hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, hafi séð þá mynd sem nú blasir við, að það væri auðvelt að komast yfir veiðiheimildir þessara báta þegar að því kæmi að farið væri að skipta þessu upp? Og er það ekki það sem blasir við í dag, að það eru stóru útgerðarfyrirtækin vítt um landið sem eru að kaupa upp aflakvóta smábátanna? Meira að segja hefur verið farið út í það stórkostlega skipulagningu á þessum málum að eitt stórt útgerðarfyrirtæki hér á landi hefur gert sérstaka stjórnarsamþykkt um það að kaupa ákveðið magn af smábátunum til þess að færa til sinna stóru skipa. Það er Síldarvinnslan í Neskaupstað sem hefur gert þá samþykkt. Þá er hægt að segja að þeir geri það og segja: Við erum að gera það til að forða því að þessi kvóti flytjist úr byggðinni og í einstaka tilfellum er hægt að stilla dæminu þannig upp að eitthvað jákvætt fylgi því, en það er því miður sjaldnar að hægt sé að tengja það á þann veg, ef það er jákvætt að smábátaútgerðin í Neskaupstað minnki og togaraútgerðin eflist.

Nei, því miður virðist það hafa verið meðvitað að hlutirnir yrðu svona og því miður virðist það líka hafa verið meðvitað á tímabili þessarar fiskveiðistjórnunar að flotinn skyldi stækka áfram. Það getur ekki verið annað en að það hafi verið meðvitað að verksmiðjutogaraflotinn hefur stækkað úr því að vera þrjú skip í upphafi fiskveiðistjórnarinnar upp í það að vera núna milli 20 og 30. Það getur ekki verið að við séum að tala um fiskveiðistjórn og að það hafi ríkt fiskveiðistjórn ef slík útkoma hefur ekki verið meðvituð, bæði staðan gagnvart smábátunum og sú staða sem uppi er núna og sú uppbygging þess stóra flota sem við vitum um að er núna, verksmiðjutogarar á íslenskum fiskimiðum. Þetta gefur auga leið. Þetta er árangur stefnunnar og þetta hlýtur að hafa verið meðvitað. Ef þetta hefur ekki verið meðvitað er þetta náttúrlega ekki stefna sem verður að kasta vegna þess að hún virkar öðruvísi en ætlað er.

Hæstv. ráðherra nefndi einnig að menn gagnrýndu að verið væri að selja fiskveiðiréttindin, selja kvóta, og þeir menn gerðu sér ekki grein fyrir því að það kerfi yrði að vera í gangi til þess að ná mætti því markmiði að fækka skipum. Og þeir sem ekki skildu það gerðu sér ekki grein fyrir að hverju stefndi ef við gætum ekki minnkað fiskiskipaflotann. Það eru nú ekki minni aðilar en Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sem hafa mótmælt því að óveiddur fiskur sé hafður til sölu. Er hæstv. ráðherra að segja að þessi samtök geri sér ekki grein fyrir því að fiskveiðiflotinn íslenski er búinn að vera stór, og allt of stór, of lengi? Slíkar fullyrðingar sem þessar, að það sé ekki hægt að leita annarra leiða til þess að minnka fiskiskipaflotann en að aflaréttindin séu til sölu, eru náttúrlega alveg út í bláinn og slík fiskveiðistefna sem byggir beinlínis á því þjónar ekki eðlilegum tilgangi. Það verður að leita annarra leiða til að minnka fiskiskipaflotann en að hafa fiskveiðiréttindin á uppboði og láta þá sem eru ríkastir og hafa bestu aðstöðuna til þess að komast yfir þessi réttindi njóta þess til frambúðar. (**Gripið fram í:** Hagræðingarsjóðurinn.) Ég veit nú ekki, hv. þm., hvort við eigum að fara að taka upp umræðu sérstaklega um Hagræðingarsjóð. Ég held að hann snerti þetta mál ekki mikið, því miður. Hann er svona ósköp svipað og forkaupsrétturinn sem sveitarfélögin hafa í lögunum og er lítið annað en pappírinn sem hefur farið í það að prenta þau lög og kemur lítið út úr því enn.

Ég vildi sérstaklega benda á þau tvö atriði sem hæstv. ráðherra undirstrikaði í ræðu sinni, þ.e. að það væri ekki meðvitað af stjórnvöldum að fækka smábátunum sem ég tel að hljóti að hafa verið. Annars hefði kerfið bara verið ein hringavitleysa. Hitt er að það þurfi að hafa aflaréttindin á markaði til þess að hægt sé að minnka fiskiskipaflotann. A.m.k. er það alveg greinilegt að með þessum markaði erum við ekki að byggja upp þann hagkvæmasta fiskiskipaflota sem æskilegt er. Við erum ekki að byggja upp þann fiskiskipaflota sem sækir þannig í fiskstofnana að við þurfum ekki óttast að við séum að ofveiða. Við vitum að það sem hefur verið að gerast nú síðustu árin er að við höfum fyrst og fremst verið að stækka, eins og ég sagði hér áðan, stórtogaraflotann okkar, og við vitum það, eins og kom fram í ræðu hv. frummælanda hér í dag, að einmitt sá floti er að taka smæsta fiskinn og hvert tonn sem hann veiðir er með tvöfaldan, þrefaldan fjölda af fiskum miðað við það sem bátaflotinn dregur að landi. Þetta er öfugþróun. Þetta hlýtur samt að vera meðvitað í stefnunni á þann veg að það eru ákveðin hagsmunaöfl í þjóðfélaginu sem eru að byggja upp þetta kerfi, stóra verksmiðjutogarakerfið og stórútgerðakerfið í landinu, og það eru þau sem ráða ferðinni. Það eru þau sem ráða því að það er frekar veiddur eins og hálfs kílós fiskur á verksmiðjutogurum en fjögurra eða fimm kílóa fiskur á línu- og netaveiðum bátaflotans. Þetta er allt meðvitað í kerfinu, það þarf ekki að bera á móti því, annars væri þetta ekki fiskveiðistjórn borin fram af hæstv. sjútvrh. og hans fylgismönnum sem við vitum að eru fyrst og fremst hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna og við vitum að þeir sem stjórna þar eru fyrst og fremst fulltrúar þessara aðila sem ég hef verið að nefna.

Það er búið að benda á hér í dag þau missmíði sem

eru á þeirri úthlutun sem nú stendur yfir og verið er að vinna að í sambandi við smábátana. Það er ekki nóg með það að mjög mikil missmíði sé á úthlutun aflaréttinda fyrir smábátana heldur er það líka á ýmsan veg í sambandi við þó sérstaklega bátaflotann fyrir neðan 50 tonn. Þar hafa komið upp margs konar slys og hv. 1. þm. Vestf. benti t.d. á stöðuna á Drangsnesi. Ég tek þess vegna taka undir ósk hans um það að þessi mál verði endurskoðuð og leitað verði leiða til að laga þessa hluti, til að forða því að áfram haldi sem horfir í þessum málum sem ég hef ekki trú á öðru en að hæstv. sjútvrh. og hv. formaður sjútvn. Ed. geri sér fyllilega grein fyrir að er hættuleg þróun. Flutningur á aflaréttindum þessara minni báta til stærri útgerðanna er hættuleg þróun. Ég tel, og undirstrika það enn, að sú lokatillaga sem ég flutti í hv. Ed. varðandi sölu á aflaheimildum hefði getað lagað mikið í sambandi við smábátaflotann, þ.e. að bann hefði verið á því að selja aflaréttindi á milli skipa, á milli stærðarflokka skipa. Mín tillaga var á þann veg að heimilt væri að versla með aflaréttindi frá smábátunum upp í 30 tonn og 30 tonnum, minnir mig, upp í 100 og síðan áfram og síðan sér togarar og sér frystitogarar þannig að þetta héldist innan þessara sérstöku greina fiskiskipa. Það hefði ábyggilega breytt þó nokkuð miklu og við hefðum ekki horft á það sem hefur verið að gerast í Grímsey síðustu daga og víðar um landið, að stórútgerðirnar hefðu verið að kaupa aflaréttindi frá smábátunum. Hitt hefði getað átt sér stað, og hefði þó ekkert verið sérstaklega gott, að þetta hefði færst á milli smábátanna, og smábátarnir hefðu getað styrkt sig hver frá öðrum, ef má orða það þannig, og þannig hefði smábátaflotinn getað leitað að eðlilegri stærð. En því miður var þessi tillaga felld eins og aðrar tillögur okkar, m.a. sú að fresta afgreiðslu málsins til sérstaks sumarþings. Hefði verið betri tími til skoðunar á málinu er ég ekki í nokkrum vafa um að annað hefði komið út en raun varð á.

Ég held að það sem þyrfti að gera og það sem þyrfti að breyta sé m.a. að binda það í lög að ekki sé hægt að selja aflaréttindi. Ef menn vilja endilega standa á því að hægt sé að selja aflaréttindi á milli skipa verði það bundið í lög að það færist ekki á milli stærðarflokka upp á við. Það væri allt í lagi ef keypt væri eitthvað af frystitogurunum og fært niður til trillanna eða smábátanna. Það væri hin rétta þróun. Sú þróun sem við búum við núna og horfum á er algjör öfugþróun og getur ekki leitt til annarra hluta en mjög mikilla vandræða, bæði í íslenskum sjávarútvegi og í byggðunun hringinn í kringum landið, þá ekki aðeins hjá sjómönnum, heldur hjá öllu því fólki sem í þessum byggðum býr, jafnt fiskverkunarfólki og því fólki sem annast þar þjónustu og heldur uppi almennu lífi, almennu starfi í hinum dreifðu byggðum vítt og breitt um landið.

Kristinn Pétursson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þar sem ég er víst búinn að tala tvisvar í þessari umræðu er mér ekki leyfilegt að tala oftar. Ég óska því eftir að fá að ræða hér örstutt um þingsköp og þá þann þátt þessa máls sem lýtur að stjórnarskránni.

Ég tel að þingmönnum eigi að vera leyfilegt að ræða ákvæði stjórnarskrárinnar. Ef þeir telja að lög fari í bága við stjórnarskrána sé óhætt að ræða það undir þingsköpum. Ég tók eftir því í dag og í kvöld að hæstv. ráðherra og hans stuðningsmenn hafa engar athugasemdir gert við þær hugmyndir mínar og skoðanir að þessi löggjöf fari í bága við stjórnarskrána og ég lít þá þannig á að þeir séu mér sammála um að fram eigi að fara úttekt á þessu máli og ég vísa aftur, hæstv. forseti, í lögfræðilega úttekt sem Lagastofnun gerði og ekki hefur farið fram nein umfjöllun um hér í þinginu. Ég tel það vera mjög alvarlegt mál að þingnefndir skyldu ekki fá að fjalla um þetta efnislega því að þarna vorum við einmitt komnir á rétta leið í málinu því að samkvæmt niðurlagi álits Lagastofnunar teljast atvinnuréttindi eign og njóta verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi texti er ákaflega ótvíræður. Enn fremur stendur hérna um atvinnuréttindin: „Löggjafanum er heimilt að setja þeim almenn takmörk, enda sé jafnræðis gætt."

Hæstv. forseti. Ég er sannfærður um það og fullviss að jafnræðis er ekki gætt í þessari framkvæmd. Þó ásetningur þeirra manna sem hafa að þessu unnið sé góður er mismunun manna það mikil í þessu að það ... (**Forseti:** Ég hlýt að benda hv. þm. á að þetta eru nú tæplega umræður um þingsköp. Bið ég hv. þm. að misnota ekki þann rétt sem þingmenn hafa til þess að ræða þingsköp.) Ég tók það fram hér í upphafi, hæstv. forseti, að ég tel að óhætt sé að ræða ákvæði sem brjóta í bága við stjórnarskrána undir þingsköpum. Og ég ítreka það, hæstv. forseti, að réttarstaða þolandans í þessu máli er það sem við eigum að skoða. Það er skylda alþingismanna að virða stjórnarskrána og sé það gert í þessu máli og lögin gegnumlýst með tilliti til ákvæða í stjórnarskrá um atvinnufrelsi og jafnréttisreglu verði gerðar á þessum lögum — með því að nota þessi sjónarmið — nauðsynlegustu lagfæringar þannig að borgararnir geti þolað þetta bærilegar en ella. Það er það sem ég er að fara, hæstv. forseti.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Það var m.a. vegna ummæla í ræðu hv. þm. Skúla Alexanderssonar sem ég kvaddi mér hljóðs, en ég get þó ekki látið hjá líða þar sem ég er kominn hér í ræðustól að gera athugasemd við það að einn af stjórnarþingmönnum skuli hafa tekið upp umræðu um jafnveigamikið mál og fiskveiðistjórnun er í jólaönnum. Það hefði verið æskilegra að hv. þm. hefði gengið úr skugga um það að hér væri betri tími og svigrúm til að fjalla um jafnveigamikið mál og hér er á ferðinni, en það er að sumu leyti skiljanlegt, þar sem hv. þm. er varamaður, að hann vilji koma sínum sjónarmiðum að. Ég virði það þess vegna út af fyrir sig. Hins vegar hlýt ég sem stjórnarandstæðingur að vekja athygli á því að sá aðili sem óskaði eftir þessum umræðum, virðulegi forseti, er stjórnarstuðningsmaður. Það er því ekki við okkur að sakast, sem erum í stjórnarandstöðu, að ver-

ið sé að eyða verðmætum tíma hins háa Alþingis í jólaönnum.

Sú umræða sem hér hefur farið fram um kvótann ber auðvitað þess merki að það eru mikil umbrot, ekki aðeins í íslenskum sjávarútvegi og fiskiðnaði, heldur íslensku þjóðfélagi og einnig með tilliti til þess hvaða stöðu Íslendingar ætla að marka sér í þeirri þróun sem er að verða í heiminum. Þó að hv. þm. hafi kannski ekki tekið eftir því sjálfir snýst umræðan raunverulega um það hver staða okkar Íslendinga er, hér innan lands sem gagnvart hinum ytra heimi, þar sem við þurfum að mæta hörðum lögmálum, samkeppni og breyttum formum sem leggja á okkur ákveðnar skyldur og gera okkur e.t.v. erfiðara fyrir í því viðkvæma, erfiða máli sem við erum hér að fjalla um. Ég mun víkja nokkru nánar að því hér á eftir í minni ræðu, sem verður stutt, vegna þess að mér finnst það eiginlega kjarni málsins þegar verið er að tala um það hvernig við Íslendingar ætlum að lifa í þessu landi á grundvelli sjávarútvegs og fiskiðnaðar.

Það sem kom mér til að koma hér í ræðustól fyrst og fremst, virðulegi forseti, þar sem ég virði þau tímatakmörk sem hljóta að vera á þessari umræðu, voru ummæli hv. þm. Skúla Alexanderssonar. Ég vona að hv. 4. þm. Vesturl. sé hér einhvers staðar viðstaddur, virðulegi forseti, ég vil gefa honum tækifæri til þess að leiðrétta það ef ranglega er eftir honum haft. Væri hægt að athuga hvort hv. þm. er í húsinu? Hér var því miður, virðulegi forseti, um mjög alvarlega aðdróttun að ræða í sambandi við hagsmunasamtök útgerðarmanna sem ég vil, vegna þess að hér er allt skráð og hugsanlega kemur það einnig í fjölmiðlum, fá annaðhvort leiðrétt sem missögn eða mótmæla. Ég legg því áherslu á það að virðulegur stjórnarstuðningsþm. Skúli Alexandersson sé hér í salnum.

Meðan við bíðum eftir að hv. þm. komi í salinn vildi ég ræða það örlítið sem fram hefur komið hér í umræðunni og er í sambandi við það sem hæstv. ráðherra gat um. Þar komu fram sjónarmið sem ég held að sé mjög erfitt að ganga fram hjá, þ.e. þegar hæstv. ráðherra talaði um að fiskstofnarnir væru veikir. Mér finnst það satt að segja alveg furðulegt að það skuli þurfa að ítreka það hér margsinnis á hverju þingi að fiskstofnar við landið eru því miður það veikir að við verðum að búa til þetta kerfi sem heitir kvótakerfi sem er í sjálfu sér ekkert annað en ákveðin tegund skömmtunarkerfis sem við höfum því miður þurft að taka upp vegna þeirra aðstæðna sem eru í hafinu í kringum okkur, þ.e. að fiskstofnar eru ofveiddir, og svo kunna að vera önnur atriði, önnur lögmál sem við gerum okkur ekki grein fyrir, sem hafa einnig áhrif í hafinu.

Ég held að enginn Íslendingur óski sér þess að fiskimiðin við strendur Íslands þróist með þeim hætti sem gerst hefur í Norðursjónum t.d. eða á nálægari fiskimiðum við Bretlandseyjar og Írland. Það vita allir hv. þm. sem eitthvað fylgjast með þessum málum að það liggur við algjörri auðn í sambandi við fiskimiðin í Norðursjónum. Þar er um verulegan samdrátt að ræða og ég minni aðeins á það sem væntanlega hefur komið fram, en þó ekki í þessari umræðu, að núna er fram undan, t.d. á næsta ári, stórkostlegur samdráttur í veiðum af hálfu útgerðar Evrópubandalagsins á þessu svæði. Ef ég man rétt er fyrirhugaður 25% samdráttur þorskfiskveiða í Norðursjónum miðað við það sem veitt var árið 1990.

Sambærilegur samdráttur verður einnig, virðulegi forseti, í veiðum á öðrum fisktegundum. Þetta stafar fyrst og fremst af því — og mér þykir frekar erfitt að þurfa að viðurkenna það því að ég er andstæðingur kvóta í sjálfu sér, en það er því miður staðreynd að mjög hefur gengið á fiskstofnana, og ég er hér að tala m.a. um fiskstofnana í Norðursjónum — að ekki voru gerðar ráðstafanir í tíma til þess að forða því að fiskstofnarnir færu niður fyrir það lágmark sem þeir máttu ekki fara til þess að þessi eyðingarstaða kæmi upp sem Evrópubandalagsþjóðir standa nú frammi fyrir.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, láta koma fram hér. Þess vegna höfum við þurft að taka upp þessa kvótastefnu sem auðvitað er í ýmsu mjög gölluð og ég segi fyrir mitt leyti að ég hefði gert ráð fyrir að hún yrði endurskoðuð, ekki endilega á yfirstandandi þingi heldur í nánustu framtíð. Samt er það staðreynd að sú framkvæmd sem við höfum stuðst við, Íslendingar, hefur til þessa, vil ég segja, komið í veg fyrir þá eyðingu fiskstofna sem við blasir annars staðar þar sem seint væri í rassinn gripið, ef mætti orða það þannig, virðulegi forseti, að koma á einhverju takmarkandi kerfi í sambandi við fiskveiðar og þar á ég við Evrópubandalagsþjóðirnar.

Nú er hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson kominn í salinn. Ég var að fjalla um það, hv. þm., að í ræðu þinni komst þú að orði eitthvað á þessa leið í sambandi við Landssamband ísl. útvegsmanna. Mér finnst það ekki við hæfi að þingmenn séu hér með aðdróttanir eða fullyrðingar nema unnt sé að standa við þær. Nú er ég í sjálfu sér, virðulegi forseti, ekki neinn talsmaður LÍÚ en mér finnst það ekki við hæfi að hv. þm. sem vilja láta bera virðingu fyrir hinu háa Alþingi og sjálfum sér skuli gefa það í skyn að aðilar, sem geta ekki hreyft mótmælum hér á þessu augnabliki, hafi með óbeinum hætti verið að hygla sér þannig, eins og hv. þm. sagði að LÍÚ hefði verið að gera með því að mótmæla ekki fjölgun smábáta. Síðan sagði hann eitthvað á þessa leið: Getur það verið að stóru aðilarnir hafi séð sér leið til að fá stærri hluta af kvótanum með því að kaupa þetta í gegnum þá litlu, þ.e. að þeim fjölgar sem raun ber vitni um, og síðan kæmu þeir á eftir og keyptu kvótann. Ég sé að hv. þm. kinkar kolli til samþykkis.

Ég vil leyfa mér að mótmæla því að þetta geti verið með þessum hætti vegna þess að ég minnist þess sem nefndarmaður í sjútvn. Ed. og einnig sem nefndarmaður í þeirri nefnd sem fjallað hefur um fiskveiðikvótann og fiskveiðistefnuna sem er forsenda eða réttara sagt grunnur þeirrar kvótastefnu sem við búum nú við. Ég man ekki betur en að fulltrúar LÍÚ hafi verið mjög óhressir yfir stöðu smábátanna þegar kvótinn byrjaði hér 1. jan. 1984. Þá var ég hér sem varaþingmaður og tók þátt í því m.a. að fjalla um þetta mál. Þeir voru mjög óhressir yfir þessu. Ég kannast ekki við

annað, hv. þm., en að þeir hafi verið og séu óánægðir með þátttöku smábátanna í fiskveiðunum. Ef hv. þm. getur fundið skjalfest rök fyrir þessu þætti mér vænt um að hann greindi frá því. Ég kannast ekki við þennan áhuga LÍÚ til að komast bakdyramegin inn í kvótann. Hins vegar liggur það í augum uppi að þeir sem annast og fjalla um útgerð á Íslandi, þeir sem eru í fiskvinnslu og þeir sem hafa séð um sölu afurðanna hljóta að leita allra leiða til að auka hagkvæmni sína í rekstri. Eða minnast hv. þm. ekki þess hve hart hefur verið deilt á útgerðaraðila, fiskvinnsluaðila, söluaðila, fyrir það að þeir rækju ekki sín fyrirtæki nægilega vel? Minnast menn ekki þeirrar gagnrýni sem hefur verið m.a. í sölum hins háa Alþingis um að fyrirtækin væru of smá og of mörg þannig að þau dygðu ekki í samkeppninni erlendis? Það sem er að gerast hjá okkur, og það er hart að þurfa að viðurkenna það, er að við sem ákveðið jaðarríki, sem vill reyna að vera sjálfstætt ríki á eigin forsendum, höfum neyðst til þess að taka upp breytta afstöðu til þess hvernig við verðum að byggja upp okkar fyrirtæki til að mæta þeirri samkeppni sem er á erlendum vettvangi. Þar duga ekkert annað en stórfyrirtæki, eða samtök fyrirtækja til að berjast um markaðsstöðu, um möguleika okkar til að fá sem mesta og besta hlutdeild í sölu þessara afurða. Það krefst þess að fiskvinnslan sé í stærri fyrirtækjum, stærri rekstrarformum. Það krefst þess að útgerðin verður, ég segi því miður, því ég vildi gjarnan hafa blandaða útgerð eins og við höfum haft á liðnum áratugum, smábáta og millistór skip og togara, en því miður, hinn harði heimur sem við erum núna komin í gerir það að verkum að við neyðumst til að vera með stórar, sterkar rekstrareiningar. Þá erum við komnir á þann punkt sem við erum hér að ræða um sem er: Hvernig eigum við að tryggja að jaðarstaðir, ég tala ekki um þá í neikvæðri merkingu heldur bara sem staðreynd, sem hafa verið hagkvæmir, og geta verið hagkvæmir við ákveðnar aðstæður, geti haldið áfram að blómgast og þróast með þeim hætti sem við öll óskum eftir?

Ég er ekki með lausnina hér í kvöld um það hvernig þetta skuli gerast, því miður. En við skulum bara gera okkur grein fyrir því að Ísland er jaðarsvæði með tilliti til Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Við höfum þurft að mæta þeirri staðreynd, t.d. í útfærslu á sölumálum. Það hefur oft verið erfitt, við höfum oft verið í varnarstöðu, en við höfum byggt upp fyrirtæki sem hafa getað tryggt okkur það hingað til að útlendingar gripu ekki inn í þennan þátt með þeim hætti sem við óskum ekki eftir.

Þá er röðin komin að fiskvinnslunni og útgerðinni. Hvernig er flotinn samsettur? Hér kom fram í ræðum manna áðan að svokallaðir verksmiðjutogarar eða réttara sagt frystitogarar — það er réttara að kalla þá frystitogara en verksmiðjutogara — hafi í ársbyrjun 1984 verið þrír í íslenska togaraflotanum. Ég held að þeir hafi nú verið fleiri en þrír, þó ég ætli ekki að fullyrða það, ég held að þeir hafi verið sex eða sjö. (**SkA:** Þeim fjölgaði á árinu 1984.) Já, en sleppum því. Þeir munu nú vera orðnir yfir 30 talsins sem hafa möguleika til að frysta um borð. Mig minnir að í ársbyrjum 1990 hafi það verið 36 skip sem gátu fryst um borð, þar á ég líka við skip sem frysta rækju um borð.

Það er verið að amast við því hvað þessi skip eru mörg og stór og afkastamikil. Ég segi fyrir mitt leyti að ég þekki ekki nægilega vel til þess hvernig tilhögun og eftirlit er í sambandi við veiðar og vinnslu um borð í togurum, ég þekki það svona úr fjarlægð. En ég spyr nú hv. þm.: Hvernig í ósköpunum er hægt að koma í veg fyrir, eða er æskilegt að koma í veg fyrir að Íslendingar hafi þessa blöndu á sínum togaraflota eða fiskiskipaflota sem eru smábátar, millistærðarskip, ísfisktogarar og frystitogarar? Ég held að það stríði algerlega gegn þeirri þróun að ætla að reyna að koma í veg fyrir að Íslendingar reyni að tileinka sér þá tækni og möguleika sem felast í frystitogurum, auðvitað innan ákveðinna marka. Það fer ekki á milli mála að frystitogarar eru afkastamikil skip og það þarf að gæta þess að þau gangi ekki of nærri fiskstofnunum, það er rétt. En þetta eru afkastamikil skip sem skila vöru sem markaðirnir leggja áherslu á að fá. Það er staðreynd sem ekki er hægt að mótmæla að frystitogararnir hafa sýnt mjög góða arðsemi, það kann að verða eitthvað erfiðara á þessu ári. Gæði vörunnar eru mjög góð og hráði og afköst í sambandi við vinnslu þessarar vöru og frystingu er geysilega mikill.

Ég spyr nú hv. þm. Skúla Alexandersson, sem er mjög krítískur á frystitogarana, ég tek það fram að það eru ekki mín óskaskip út af fyrir sig, en samt sem áður eru þau æskileg að vissu marki: Hvernig í ósköpunum er annað hægt en að Íslendingar taki þátt í þeirri þróun og þeim möguleikum sem þessi tegund skipa býður upp á? Það er allt of mikil einföldun að segja að það séu nokkrir fáir, stórir útgerðaraðilar sem vilji gína yfir þessu öllu. Það gleymist oft í hita umræðunnar að það er meginstofn sjómannastéttarinnar á Íslandi sem er á stóru skipunum, frystitogurunum, ísfisktogurunum og fiskiskipum af millistærð. Þar er hinn stóri stofn íslenskrar sjómannastéttar. Þar eru fiskimennirnir. Þeir eru, eins og útgerðaraðilar, að sjálfsögðu aðilar að þessari þróun. Þegar verið er að ráðast að þessari þróun þá felst í því óbein árás, ég segi ekki árás í þeirri neikvæðustu merkingu, en þá er einnig verið að gagnrýna sjómannastéttina sem er við störf á þessum skipum. Þetta eru skip sem sjómenn hafa tekið þátt í að byggja upp með útgerðaraðilum.

Ég kannast ekki við annað þegar ráðist er í að byggja eða kaupa ný skip en að haft sé ákveðið samráð við þá menn sem hafa verið á eldri skipum. Þar á ég sérstaklega við skipstjórnarmenn, skipstjóra, vélstjóra, stýrimenn og háseta. Enda fylgir áhöfn yfirleitt skipstjórnarmönnum frá einu skipi til annars. Þannig að sjómannastéttin hefur verið virkur þátttakandi í þeirri uppbyggingu sem hefur orðið í íslenskum togaraflota og einnig og sérstaklega í frystiskipaflotanum. Þetta fannst mér rétt að kæmi hér fram vegna þess að mér finnst það ekki sanngjarnt að ráðast að þeim aðilum sem hafa staðið að þessu. Það eru ekki bara stóru aðilarnir sem hafa ráðið ferðinni. Þetta er allt meðvitað í þeim skilningi að þeir sem koma við sögu þarna hafa tekið þátt í þessari þróun og þessari uppbyggingu. Ekki

endilega af tómri græðgi heldur vegna þess að þetta hefur skilað bestri niðurstöðu fyrir þá aðila sem hér koma við sögu.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að orðlengja þetta. Ég hefði gjarnan viljað að það hefði verið tækifæri til að ræða þetta mun betur. Væntanlega gefst það tækifæri eftir áramót þegar þing kemur aftur saman. Þá munum við ræða þetta í betra samhengi og einnig með sérstöku tilliti til þess hvað væri æskilegt að gera til að tryggja þau markmið okkar allra að halda byggð við í landinu með þeim hætti að þeir sem búa úti í strjálbýlinu, þeir sem eru á jaðarstöðum eins og Ísland er jaðarland gagnvart Evrópu, geti lifað í sátt og samlyndi og með þeim hætti sem æskilegt er.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 14. þm. Reykv. um hver hefði verið orsökin fyrir þessari umræðu hér í dag þá vil ég taka alveg skýrt fram að staðreyndir málsins eru þessar: Hv. 4. þm. Norðurl. e. kom að máli við forseta fyrir viku síðan og bað um hálftíma umræðu á fimmtudaginn var. Þá stóð til, eins og fram fór, að afgreiða 2. umr. fjárlaga, þannig að þingmaðurinn féllst á að fresta þessari hálftíma umræðu þangað til í dag. Það voru síðan tveir hv. þm. Sjálfstfl. sem kröfðust þess af forseta að þessi umræða yrði lengri án þess að þeir hefðu beðið um umræðu utan dagskrár. Reynt var að komast að samkomulagi um að hv. 4. þm. Norðurl. e. fengi að hafa þessa umræðu eins og hann bað um. Það samkomulag tókst ekki og þess vegna sitjum við hér.

Ég bið hv. þm. lengstra orða, vitandi hvers konar vinnuvika er hér fyrir höndum, að þeir sýni forseta þingsins þá virðingu, eftir að þessi umræða hefur staðið síðan kl. 2 í dag, að stytta nú mjög mál sitt. Það eru langir og strangir fundir fram undan og hv. þm. hljóta bráðum að vera búnir að ræða þetta mál að sinni. (**StG:** Þetta er mikið mál.) Forseti hefur aldrei mótmælt því að hér sé um mikið mál að ræða, en það eru einhver takmörk fyrir vinnuálagi á starfsfólk hér í húsinu svo og hv. þm. Þess vegna bið ég um samkomulag um það að menn fari að ljúka þessari umræðu.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef alltaf sýnt embætti hæstv. forseta Sþ. tilhlýðilega virðingu þannig að það er ekki því til að dreifa í sambandi við þetta. En það er eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. greip hér inn í að hér er náttúrlega um stórmál að ræða sem er þess eðlis að þegar einstakir þingmenn standa upp, og þar á meðal sá sem hér talar, og tala í 10 eða 20 mínútur, sem er ekki mikið þegar litið er á það málefni sem hér er rætt um, þegar það er einnig haft í huga að við hv. þm. Sjálfstfl. höfum ekki eytt jafnmiklum tíma í þessa umræðu og æskilegt væri og sjálfsagt, þá held ég að það þurfi nú ekki, virðulegur forseti, að brýna mig eða okkur hv. þm. Sjálfstfl. í þeim efnum að vera stuttorðir.

En varðandi stöðu 4. þm. Norðurl. e. vil ég taka skýrt fram, og það kom fram í minni ræðu, að ég hef fullan skilning á því að hann skuli með þeim hætti sem hann hefur gert fjalla um þetta mál, fullan skilning á því. Og ég virði hann fyrir að hann skuli hafa tekið þetta upp sem sitt fyrsta mál, ef ég veit rétt, í sölum Alþingis, að þá skuli það einmitt vera þetta mál, fiskveiðistjórnun. Þetta er meginmál og grundvallarmál sem grípur mjög víða inn í, ekki aðeins veiðarnar heldur líka inn í stöðu Íslands í bandalagi þjóða í framtíðinni. Málið er því miklu stærra í sniðum en menn vilja kannski gera sér grein fyrir einmitt núna á þeim tímamótum sem Íslendingar standa frammi fyrir því á næsta ári verður á hinu háa Alþingi örugglega mikið rætt um stöðu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu. Þá koma þessi mál inn í umræðuna sem grundvallaratriði og þá munu hv. þm. þurfa að gera það upp við sig hvar þeir standa, ekki bara í kvótamáli heldur í stöðunni gagnvart eignarhaldi Íslendinga í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Það er mál sem bíður síns tíma eftir áramót.

En ég vil ítreka það, virðulegur forseti, að ég var ekki með athugasemdir í þeim skilningi að ég væri að gagnrýna 4. þm. Norðurl. e., nema síður væri.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 14. þm. Reykv. skal enn önnur staðreynd tekin fram. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur lagt fram þingmál áður og margsinnis tekið þátt í umræðu og tekur hann nú enn til máls. (**Gripið fram í:** Hann er erlendis.) Hárrétt.

Björn Valur Gíslason:

Virðulegur forseti. Ég tel rétt að ítreka það sem kom hér fram hjá forseta áðan varðandi þessa utandagskrárumræðu sem ég óskaði eftir fyrir viku síðan, eins og sagt var frá, hálftíma umræðu í fullu samráði við forseta Sþ. og forseta þingdeilda. Síðan var það fyrir mjög mikinn og ítrekaðan þrýsting tveggja hv. þm. Sjálfstfl. sem kröfðust þess að þessi umræða yrði ótímabundin að það var fallist á það, það var ekki að minni ósk að slíkt var gert. Ég tel líka rétt að það komi hér fram varðandi þær umræður sem urðu í kvöld að þessi utandagskrárumræða mín var ekki byggð á einhverjum leyniplöggum úr ráðuneytinu. Grunnurinn fyrir þeirri umræðu er ekki þau plögg og mér var ekki kunnugt um þau plögg fyrr en nú í kvöld og hef þau ekki augum litið. En ég skal virða beiðni hæstv. forseta um það að reyna að stytta mál mitt og stikla aðeins á stóru um það sem rætt hefur verið hér í dag.

Ég held að flestir sem hafa tekið til máls séu sammála um það og ég er sammála því líka að það er of lítið af fiski í sjónum handa þeim flota sem við eigum. Ég held að við hljótum að geta nokkurn veginn sameinast um það, hvar í flokki sem við stöndum, sem stuðningsmenn stjórnar eða stjórnarandstæðingar. Sjávarútvegsmálunum verður auðvitað að stjórna á einhvern hátt, ég held að við hljótum að geta verið sammála um það líka. En við getum hins vegar verið ósammála um það hvernig á að stjórna þeim, hvernig best er að stjórna þeim. Og við getum verið ósammála um það hvar á að minnka flotann og hvernig á að minnka flotann, hvort það verður best gert með kvótasölu eða eftir einhverjum öðrum leiðum.

Ég ætla að stikla aðeins á stóru um þau atriði sem

hafa komið fram í ræðum þingmanna í kvöld og vil byrja á að fjalla örlítið um ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, 3. þm. Norðurl. v. Sú ræða var náttúrlega svo dæmalaust út úr kortinu að það nær nánast ekki nokkurri einustu átt. Ég get alveg upplýst þingmanninn um það að ég hef stundað sjó núna í sextán eða sautján ár, verið starfandi sjómaður. Og ég ætla rétt að vona það að einhvers staðar liggi ávísun upp á einhver kvótatonn handa mér ef ég skyldi nú fara í land og vinna þar. Kannski á ég einhverja tugi tonna uppi í ráðuneyti sem mér er ekki kunnugt um. Mér hefur aldrei verið úthlutaður kvóti. Ég geng ekkert í land frekar en aðrir sjómenn þegar þeir hætta á þeim skipum sem hafa verið að kaupa sér kvóta og fengið úthlutað kvóta í mörg ár. Ég geng ekki í land með minn hluta úr þeim, ég á ekkert í þessum kvóta. Ég fæ engan fisk til að ráðstafa, ég hef engan ráðstöfunarrétt á þeim kvóta sem það skip sem ég stunda mitt starf á fær að veiða. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. (**Gripið fram í:** En ef þú ættir hann?) Ef ég ætti hann? Ef ég ætti bátinn væri auðvitað verið að úthluta mér mjög óréttlátlega kvóta sem er sameign þjóðarinnar og ég á ekki að hafa neinn ráðstöfunarrétt á. Ef hv. þm., sem las hér upp úr lögum um stjórn fiskveiða, hefði bara byrjað á 1. gr. laganna, þar sem segir að þessi kvóti sé sameign allrar þjóðarinnar, en síðan segir hann í næsta orði að þingmenn þessa flokks og þingmenn hins flokksins vildu bara taka þetta af eigendunum, af sjómönnunum, af útgerðarmönnunum. Þeir eru ekkert eigendur að þessu, langt í frá. Sé þetta misskilningur hjá mér þá hlakka ég nú til þeirrar jólagjafar sem ég fæ væntanlega frá ráðuneytinu upp á einhver tonn sem ég á þar vegna starfa minna sem sjómaður í mörg ár.

Ég get auðvitað nefnt mörg dæmi um þetta. Ég get nefnt dæmi um mann sem var að hætta á togara núna norður í landi eftir 36 ára sjómennsku, búinn að vera á sjó í 36 ár og engin hlé þar á. Hann ætlaði að róa á sinni eigin trillu sem hann var búinn að vera að koma sér upp til margra ára. Þetta var aflaskip sem hann hafði verið á, skip sem hefur fiskað og verið í röð hæstu aflaskipa landsins í mörg, mörg ár. Sá sjómaður labbaði ekkert með neinar birgðir af fiski í land. Hann fékk örfá hundruð kílóa úthlutað á sína trillu og mun auðvitað aldrei fara að róa út á það, hún verður ekki einu sinni sjósett. Það er náttúrlega alger rökleysa og úr lausu lofti gripið að sjómenn hafi eitthvað með þetta að gera, það er tóm della.

Sömuleiðis það sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var að minnast á hér áðan með pátttöku sjómanna í uppbyggingu frystitogaraflotans og reyna að smyrja ábyrgðinni utan á þá líka af þessari frystitogarauppbyggingu. Sjómenn hafa auðvitað ekki nein tök á því sem sjómenn eða hásetar á skipum að taka þátt í þessari uppbyggingu. Þeir eru bara launþegar um borð. (**GHG:** Þeir eru ráðgjafar og taka þátt ef þeir vilja vera á skipunum.) Þeir vilja auðvitað vera á skipinu en þeir eru ekki ábyrgir fyrir því að verið sé að fjölga frystiskipum, það er langt í frá. (**GHG:** Þeir taka þátt í því.) Þeir taka þátt í því sem launþegar. (**GHG:** Já. Gerum við það ekki öll?) Auðvitað gerum við það öll en eru það einhver rök fyrir því að menn séu að byggja upp frystiskipaflota þó að þeir vinni á skipunum? (**GHG:** Þeir vilja vera á skipunum og eru þar.) Auðvitað vilja þeir vera þar og menn velja sér vinnu eftir þeirri getu sem þeir hafa og kunna til en að þeir séu eitthvað ábyrgir fyrir fiskveiðistefnu eða uppbyggingu flotans (**GHG:** Ég sagði ekki ábyrgir fyrir því.) eða hafi tekið þátt í uppbyggingunni, það er náttúrlega út í hött.

Varðandi það sem hefur komið hér fram áðan hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, um ummæli sem annar hv. þm. lét falla í kvöld um hlut LÍÚ í þessum málum, þá hefur það auðvitað ekki farið neitt leynt og við hljótum að geta rætt það hér þó að stjórn eða forsvarsmenn LÍÚ sé ekki hérna, hver stefna þess félagsskapar hefði verið í þessu kvótamáli. Öll ummæli aðalforsvarsmanna Landssambands ísl. útvegsmanna hafa hnigið í þessa átt. Þetta er aðalstuðningsaðili kvótakerfisins. Og ég get ekki ráðið annað í mörg ummæli aðalforsvarsmanns þess félagsskapar en það að hann sé helst bara óánægður með tilvist smærri báta, að þeir séu hreinlega til. Það var haft eftir honum í sjónvarpi sem ég sjálfur sá ekki fyrir löngu síðan. Hann sagðist vonast til þess að menn væru ekki svo vitlausir að fara að gera út 20 tonna bát sem var þá í umræðu. Það væri svo vonlaust, fara bara í stærra, helst togara. Menn fara ekki að veiða kvóta á svona óhagkvæma báta, vildu bara ekki sjá þá. Þetta hefur auðvitað ekki farið leynt.

Þar sem var rætt í kvöld um verðlag á bátum, verðmyndun hjá sjávarútveginum, þá hafa þau hlutföll náttúrlega raskast gífurlega á undanförnum árum. Nú fer verð skipa ekkert eftir gæðum skipanna eða stærð. Það hefur ekkert lengur með þau mál að gera. Nú ræðst verð skipanna af þeim kvóta sem þeim hefur verið úthlutaður og ekki eftir neinu öðru. Við getum þannig verið með gömul og ný skip hlið við hlið og þau eru verðlögð á sama pening og jafnvel í öfugu hlutfalli við gæðin. Sama á við um fiskvinnslustöðvar. Við vorum að ræða hér um daginn um hugsanlega sölu á Þormóði ramma á Siglufirði. Auðvitað ræðst verðið á því fyrirtæki af þeim kvóta sem það hefur. Tækjabúnaður og gæði skipa og fiskvinnslustöðva hafa ekkert með það að gera lengur. Fiskvinnslustöð í landi sem ekki hefur aðgang að fiskimiðum hefur auðvitað engan rekstrargrundvöll af því að hún kemst ekki inn í það núna. Vita hv. þm. á hvaða verði kvótakíló gengur í dag? 160 kr. kílóið. Aðili sem var að kaupa sér kvóta var að sýna mér það um daginn. Það eru engir samkeppnisfærir um þetta. Og varðandi þann fyrirvara sem er í lögunum um forkaupsrétt sveitarfélaga á kvóta, ef hann er seldur úr byggðarlögum, get ég nefnt að sjálfur er ég starfandi í sveitarstjórn og hef verið í mörg ár og ég hef ekki heyrt einn einasta sveitarstjórnarmann, alla vega í mínu kjördæmi og þar um slóðir, sem hefur nokkurn áhuga á að láta neyða upp á sveitarfélögin einhvern forkaupsrétt, gera þau ábyrg fyrir því ef kvóti verður seldur úr byggðarlaginu. (Gripið fram í.) Eiga þau að vera ábyrg fyrir því ef kvóti er seldur úr byggðarlaginu? Ábyrgðin hlýtur að liggja hér, hjá ykkur sem

ráðið. Það hlýtur að vera. Heldur hv. þm. að sveitarfélög eins og Grímsey eða Ólafsfjörður hafi einhver tök á því að fjárfesta í hundraða eða þúsunda tonna kvóta? Hvar eiga þau að fá peninga í það? Þetta er bara rökleysa sem ekki er hægt að byggja neitt á, þetta er enginn fyrirvari sem hægt er að treysta á.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja mál mitt mjög úr því sem komið er til að tefja ekki fundinn. Ég er alveg sammála því sem hefur komið fram í ræðum margra þingmanna hér í dag, ég leyfi mér að efast stórlega um það að stór hópur þingmanna hafi nokkra minnstu hugmynd um það hvað þeir voru að samþykkja þegar þeir réttu upp hendina og staðfestu þessa fiskveiðistefnu. Ég tel það bara sönnun þess hve fáir eru hér til að taka þátt í umræðu um þessi mikilvægu mál hér í kvöld eins og lætin voru þó í dag. Ég tel það sönnun þess. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég er viðstaddur umræðu um fiskveiðimál á Alþingi og hef þó alltaf áður verið uppi á áheyrendapöllum. Ég man ekki eftir því að það væru fleiri hér inni þegar þessi mál fara að dragast á heldur en þessir örfáu aðilar, og alltaf sömu þingmennirnir. Það væri kannski ástæða til þess að setja á fót ráðstefnu eða kynningarnámskeið handa hv. þm. til að koma þeim inn í þetta mikilvæga mál. Þetta er þó aðalhagsmunamál okkar þjóðar sem við erum að byggja á. Og mér finnst margir hv. þm. ekki hafa nægа þekkingu til að fjalla um þetta mál, hvað þá að greiða því atkvæði á einhvern veg.

Það er alveg ljóst, eins og ég sagði í dag, að afleiðingar af þessari fiskveiðistefnu og fiskveiðistjórnun sem var samþykkt á Alþingi fyrir ekkert löngu síðan verða skelfilegar ef þetta heldur svona áfram. Það er alveg ljóst. Áhrifin af þessari lagasetningu eru fyrst að koma í ljós núna af fullum krafti og það verður ekkert aftur snúið ef ekki verður gripið í taumana strax.

Það verður að tryggja það á einhvern hátt, og það er það sem ég er að vekja athygli á í þessari umræðu, að fólk sé ekki sett á vonarvöl, settir afarkostir, búi við þá óvissu sem fylgir kvótasölunni í dag. Það verður að reyna að koma því svo fyrir að kvótinn verði tryggður einhvern veginn í byggðunum og fólkinu sem byggir landið en ekki einhverjum kaupsýslumönnum og fjársterkum aðilum sem geta svo ráðstafað kvótanum að eigin vild. Það er það sem verið er að tryggja. Ég átti auðvitað ekki von á neinni kollsteypu hjá hæstv. sjútvrh. þó að þetta kæmi til umræðu í dag og geri mér engar vonir um slíkar steypur. (**Gripið fram í:** Eru ekki um 80% í eigu vinnslunnar?) Mér er ekki kunnugt um hve stór sá hluti er, en ég veit að það fer ört hækkandi það sem vinnslan hefur yfir að ráða og það vita allir sem vilja vita.

Ráðherrann sagði að hér yrði auðvitað um að ræða einhverja sameiginlega lausn á þessu máli. Ég er alveg sammála því, það verður að vera einhver sameiginleg lausn sem allir geta sæst á. En mér finnst það ekki vera nein sameiginleg lausn þegar fólk stendur upp allt í kringum landið og mótmælir þessu harðlega og krefst þess að hlutur þess sé réttur en það er ekkert litið á það. Mér finnst það ekki sameiginleg lausn. Það er ekki verið að leita neinna sátta.

Smábátum fjölgaði auðvitað á sínum tíma og það var ekkert ómeðvitað. Það gerðist ekki bara allt í einu. Þeim fjölgaði auðvitað af því að annaðhvort var það stefnan eða ekkert gert í því að koma í veg fyrir það. Þeim fjölgaði ekkert ósjálfrátt. Það er auðvitað hluti af fiskveiðistefnunni að stýra stærð flotans og umfangi hans. Það er hluti af fiskveiðistefnunni, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að það þarf að hafa blandaðan flota, við þurfum auðvitað á því að halda. Við þurfum á að halda öllum tegundum helst af fiskveiðiskipum og helst sem fjölbreyttastri fiskvinnslu. Það er hluti af stefnunni líka. En við erum bara ekki sammála um leiðir. Ég er ósammála þeirri leið í stórum dráttum að það eigi að stýra fækkun í flotanum með kvótakerfinu, með sölukerfinu, því að sú leið felur það í sér að sá sem er sterkur fyrir hefur mesta möguleika á að stækka og styrkjast á kostnað hinna sem minni eru. Við erum að tala um einn pakka af fiski og ef einhver kaupir eitthvað, þá tekur hann það annars staðar frá, það er alveg ljóst. Þetta kerfi byggir á því á stórum dráttum að sá stóri verður ofan á, sá sterki verður ofan á. Og ég er ekki sammála því að bátum verði fækkað á þann hátt. Það eru engin rök, það er engin tenging þar á milli að það sé verið að fækka óhagkvæmum skipum. Við vitum það alveg hreint að útgerðaraðili á smábát sem hefur yfir að ráða kannski 50–100 tonna kvóta kaupir ekki kvótann í stórum stíl á 160 kr. kílóið. Það gerir enginn nema sá sem hefur yfir umtalsverðu peningamagni að ráða og góðum aðgangi að peningastofnunum. Það verður auðvitað að finna einhverja aðra leið en þessa hreinu markaðsleið til að fækka í flotanum. Við erum sammála um það, held ég, öll að flotinn sé of stór og fiskstofnarnir ekki nægilega sterkir.

Annað er það sem núna síðustu dagana er að koma upp á yfirborðið og gerir þetta mál auðvitað enn erfiðara í umræðu og enn meira særandi fyrir þessa smábátaútgerðarmenn. Það er þessi aukaúthlutun á kvóta, á aflaheimildum, sem er að koma á hin og þessi skip þessa dagana sem er margfaldur sá kvóti sem margir trillukarlar eru að fá í dag. Ég get nefnt dæmi af bátum í landi sem hafa ekki komið nálægt sjó í fjögur ár, eru búnir að hanga uppi í slipp og eru orðnir ónýtir, það stóð jafnvel til að gera einn að safni, byggðasafni. Hann fékk úthlutun upp á 46 tonn í aukaúthlutun, 46 tonn, takk fyrir. Ég ætla að vona að ég eigi einhvers staðar kvóta ef þetta á að vera svona með sjómenn líka. Annar bátur norður í Ólafsfirði, svo að ég geti sagt frá því, sem er búinn að vera bundinn við bryggju í fjögur ár líka, hefur aldrei farið á sjó og hangir nánast í spottunum og ef hann yrði leystur, þá færi hann auðvitað beinustu leið niður, hann fékk 54 tonn. Samanlagt fengu þessi tvö flök 100 tonna kvóta sem er margfalt það sem margir trilluútgerðarmenn eru að fá. En kannski það sé í samræmi við það sem sömu menn hafa verið að fiska á sínar trillur. Þetta svíður mönnum auðvitað. Mönnum svíður undan svona æfingum. Mönnum svíður að þurfa að horfa upp á flök, ónýt skip sem ekki hafa komið nálægt sjó, eru bara á landi til margra ára, vera að fá kvóta. Vitið þið hvers virði

þessi kvóti er í dag, 40–50 tonn? Þið getið bara margfaldað hann með þeim tölum sem ég var að nefna þarna, þá sjáið þið hvað verið er að færa mönnum upp í hendurnar. Og það eru engir sjómenn á þessum skipum, það eru engir sjómenn sem hafa yfirráðarétt yfir þessum kvóta. Það eru auðvitað eigendur að skipunum. Ekki verður hringt í þá sjómenn sem reru á þessum skipum, kannski til margra ára, og sagt: Það er kominn kvóti, nú er best að skipta þessu. Það eru auðvitað eigendur skipanna sem fá þennan glaðning núna í jólamánuðinum.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt meira en komið er en það væri þarft að ræða þetta ítarlegar og drepa á fleiri mál þessu tengd, eins og t.d. útflutningi á óunnum fiski sem er auðvitað kominn úr böndunum og er alltaf að komast upp um eitthvert svindl í þeim málum. Það væri ástæða til að ræða þessar vigtunarreglur á smábátum og eftirlitskerfið, leyniþjónustuna úr ráðuneytinu sem húkir við horn og fylgist með hvort allir vigti fisk og kærir síðan. Við erum að fá slíkar kærur inn á borð í sveitarstjórnum um allt land, nærri vikulega um tíma, þó að það hafi ekki komið núna í haust. Í sumar fengum við inn til okkar dag eftir dag kærur eða ábendingar um að hinir og þessir hefðu ekki vigtað aflann og eftirlitsmaðurinn húkir við horn, skrifar hjá sér. Það er búið að gera okkur í sveitarstjórnum ábyrg fyrir að það sé gert. Við erum orðin ábyrg fyrir því. Við eigum að sjá um að þessu sé framfylgt.

Það væri ástæða til að ræða þessi ár líka sem alltaf er verið að miða úthlutun kvóta við og var gert á sínum tíma þegar kvótinn var settur á fyrir sex eða sjö árum. Þau viðmiðunarár geta auðvitað komið mörgum byggðarlögum alveg hræðilega illa. Ég nefni ástand sjávar fyrir Norðurlandi síðustu ár sem hefur valdið algerum aflabresti og aldrei verið önnur eins vertíð fyrir Norðurlandi eins og í vetur þar sem varla fékkst bein úr sjó. Þetta er ekki gott til viðmiðunar. Sama var hjá okkur þessi viðmiðunarár þegar kvótinn var settur á á sínum tíma. Þá var aflabrestur, það var engin veiði og við búum við það enn í dag af því að við fengum lítinn kvóta úthlutaðan.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að ljúka máli mínu og láta hér við sitja að sinni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bæta nokkru við það sem fram hefur komið í þessari umræðu vegna þess að komið hefur verið inn á atriði sem er mjög viðkvæmt í allri umræðu sem er verðlagningin, þ.e. verðið á kvótanum. Það hefur m.a. verið sagt að í þeirri stöðu allri sem við erum í í sambandi við kvótann, þá verði hinn sterki ofan á og spjótunum hefur verið beint mikið að þeim aðilum sem bera ábyrgð á því að gera út á Íslandi og reka íslensk fiskvinnslufyrirtæki. Ég set vinnsluna og veiðarnar undir sama hattinn þegar ég fjalla um þessi atriði sem hér koma á eftir, virðulegi forseti, vegna þess að í þeim efnum eru allir á sama báti.

Það sem skiptir auðvitað máli er að gera sér grein fyrir því hvernig þróunin hefur orðið, annars vegar í sambandi við veiðarnar, og þar með kvótann, og svo hins vegar hvað hefur verið að gerast í kringum okkur og jafnvel hjá okkur sjálfum í sambandi við verðmyndun. Verðmyndun á kvóta verður ekki til vegna þess að maður fær heimild til að veiða fisk heldur verður verðmyndun til við það að maður er að framleiða vöru sem eftirspurn er eftir. Og þá kem ég að því atriði, til þess að hafa þetta í sem stystu máli og reyna að vera kjarnyrtur, það er þetta atriði, hvernig verðmyndun verður á þeirri vöru sem maður er að framleiða. Á sama tíma og við Íslendingar fórum inn í kvótakerfið, þar sem við vorum tilneyddir, úr hinu svokallaða frjálsa kerfi, þegar menn gátu gert út og veitt eins og þeir mögulega gátu með þeim skipum sem þeir höfðu ráð yfir, á sama tíma sem við erum að fara inn í þetta kerfi vegna þess hvernig fiskstofnarnir voru orðnir í ársbyrjun 1984, þá gerist það á hinum endanum, þ.e. þar sem verðmyndun verður í sambandi við sölumálin og vinnsluna, að á sama tíma sem við förum inn í skömmtunarkerfi í veiðunum er byrjað að þróa Íslendinga inn í hið svokallaða frjálsa kerfi í sambandi við sölu þeirra afurða sem hér um ræðir. Það gerir það að sjálfsögðu að verkum að í skömmtunarfyrirkomulagi eins og er á kvótanum og við þær aðstæður sem voru að verða hjá öðrum fiskveiðiþjóðum, jafnframt því sem Vestur-Evrópa styrkist mikið efnahagslega, þá gerist það eins og hendi er veifað að við það losnar um hin skipulögðu bönd sem voru á vinnslu og sölu afurðanna í nánum tengslum við útgerðina, þá opnuðum við fyrir algert frelsi fyrir aðra aðila sem hafa ekki sömu ábyrgðarskyldur gagnvart því sem við erum að fjalla um eins og þeir höfðu sem réðu yfir þessu kerfi öllu í heild af hálfu Íslendinga fyrir 1. jan. 1984, þ.e. veiðarnar, vinnslan og salan.

Við það eitt að stofna uppboðsmarkað á Íslandi er verið að opna fyrir þann möguleika að menn bjóði í fiskinn með öðrum hætti en áður tíðkaðist. Þetta þekkja hv. þm. vel og er einfalt mál. En með því að fara inn á uppboðsmarkaðskerfið erum við jafnframt að raska þeim grundvelli sem verðlagning á fiski hafði hvílt á í áratugi og við erum komin með mismunandi verð eins og við vitum í sambandi við það hvað menn fá fyrir sinn fisk upp úr sjó. Það er uppboðsmarkaðsverð hérlendis, það er uppboðsmarkaðsverð erlendis, það er ákveðin yfirborgun á það verð sem ákveðið er í verðlagsráði o.s.frv. Ég ætla ekki að fara út í þetta allt saman. Allt þetta er að mínu mati þess eðlis að þegar við förum inn í kvótann, inn í skömmtun, þá er stefnt inn í aukið frjálsræði í sölunni. Þar með er búið að opna leiðina fyrir fjármagnið með öðrum hætti en áður þekktist. Auðvitað er fjármagnið fyrir hendi í allri þessari innri uppbyggingu sem útgerð, fiskvinnsla og sölusamtökin voru að sjálfsögðu. En það eru opnaðar nýjar leiðir, opnaðar aðrar dyr fyrir aðila sem höfðu mikla þörf fyrir þennan fisk, þessa vöru sem við Íslendingar vorum að veiða og var skömmtuð og það voru Vestur-Evrópubúar. Segja má að Íslendingar hafi í þeirri stöðu sem við vorum að þróast í, líka vegna annarra og breyttra kringumstæðna, verið að missa tökin á þessu í ákveðnum skilningi að mínu mati sem yrði

of langt mál að fara út í hér á þessum fundi. En við misstum tökin að minni hyggju að því leyti að við opnum þarna möguleika fyrir aðila sem hafa ekki sömu skyldur við þá atvinnugrein sem við erum að fjalla um og ekki heldur við það umhverfi sem við lifum í sem er númer eitt og tvö í sambandi við sjávarútveg og fiskvinnslu, strjálbýlið, þ.e. við opnum hér leið fyrir hið harða lögmál, markaðslögmál samkeppninnar. Og þar kemur hið nýja fjármagn inn í þetta sem hefur verðmyndast með þeim hætti sem m.a. hv. 4. þm. Norðurl. e. var að fjalla um.

Það er þetta sem mér finnst skipta máli og ég veit að þetta er mjög viðkvæmt mál í allri umræðu því hún snertir það grundvallaratriði í hugsjónum flokkanna, þar á meðal míns flokks, sem er frelsi fjármagnsins. Nú er ekki lengur um að ræða frelsi heildsala til að flytja út. Nú er það frelsi fjármagnsins til þess að fá að vera aðili með öðrum hætti en við höfum þekkt áður. Og þá kemur að þessu sem skiptir auðvitað höfuðmáli og ég tel að hafi ráðið mestu um hvar við erum stödd þegar við erum að tala um kvótann og kvótakerfið, verðlagningu á kvótanum og stöðu einstakra fyrirtækja úti í strjálbýlinu og einnig annarra fyrirtækja sem við höfum talið vera stór hingað til á íslenskan mælikvarða. Hvaðan kemur fjármagnið? Hvaðan kemur þetta fjármagn? Hvaðan koma þessi áhrif sem valda því að einn hv. þm. segir hér: Vita hv. þm. ekki að núna er kvótinn seldur á 160 kr. kílóið? Ég geri ráð fyrir að hann hafi átt við þorskkvótann.

Í framhaldi af þessu kemur svo náttúrlega þetta, sem ég er að reyna að svara fyrir mitt leyti, hvernig verðmyndunin verður. Hún verður með þeim hætti að fjármagnið kemur annars staðar frá, eftirspurnin kemur með öðrum hætti inn í allt þetta dæmi sem hefur það í för með sér að vegna breyttra markaðsaðstæðna, breyttrar eftirspurnar og breyttrar stöðu, þá erum við komin inn í allt annað umhverfi en við áttum von á þegar kvótinn var innleiddur árið 1984. Og það er kjarni málsins sem ég ætla ekki fara út í hér á þessu stigi að ræða, því það er ekki tími til þess, og þá mundi ég gera þá kröfu eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði hér áðan, að það væru fleiri þingmenn staddir hér í salnum til að hlusta á það þegar þeir þingmenn og hæstv. sjútvrh. og væntanlega einhver annar hæstv. ráðherra mundu mæta hér og ræða þetta út frá þessari forsendu sem er grundvallaratriði, algjört grundvallaratriði. Þetta er það sem skiptir máli að gera sér grein fyrir og kryfja til mergjar. Og þegar maður hefur gert það, þá verða hv. þm. og íslenskir stjórnmálamenn að gera það upp við sig hvernig við ætlum að lifa í þessu landi sem Íslendingar í nánustu framtíð.

Við þurfum sem sagt að gera okkur grein fyrir hinu breytta umhverfi, ekki bara hér innan lands heldur hinu gjörbreytta umhverfi og gjörbreytta heimi sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við stöðu okkar Íslendinga og það hvernig við ætlum að standa sem þjóð á okkar eigin forsendum, og þá er sjávaraflinn grundvallaratriði. (Gripið fram í.) Það kemur auðvitað inn í umræðuna.

Í stuttu máli sagt, virðulegi forseti, hefur það gerst sem ég var að reyna að lýsa hér í stuttu máli í sambandi við umhverfisbreytinguna, þegar kvótinn kemur og frjálsræði í útflutningnum og allt það sem því fylgir, breyttar aðstæður í Austur-Evrópu og aukin eftirspurn eftir fiski, hvort sem það er saltfiskur, ísfiskur eða annað, plús það að erlendir aðilar sjá þarna möguleika til þess að komast inn, ég vil segja í íslenska útgerð með óbeinum og beinum hætti. Það hefur einnig gerst. Það ætla ég ekki að ræða frekar á þessu stigi, það skal ég gera í miklu, miklu ítarlegra máli síðar, og þá er ég kominn að því sem skiptir líka höfuðmáli, þ.e. ekki bara kvóti, heldur hvernig ætlum við Íslendingar að standa sjálfir að því að reka okkar eigin fiskvinnslufyrirtæki, okkar eigin sölufyrirtæki og hafa þann hámarkshagnað af allri þessari starfsemi eins langt og mögulegt er út á markaðina, sem næst neytendunum? Þá er hin stóra spurning: Hvaðan kemur fjármagnið? Kemur það fyrst og fremst erlendis frá? Kemur það að hluta til hér innan lands frá eða höfum við misst tökin á því að tryggja það að svo sé?

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það að mega gera hér örstutta athugasemd vegna þeirrar fullyrðingar hv. 14. þm. Reykv. að Ísland væri jaðarsvæði í sambandi við sjávarútveg. Ég vil mótmæla þessari fullyrðingu. (Gripið fram í.) Ekki sem þjóð heldur í sambandi við þetta mál sem við erum að fjalla um hér. Ég vil koma því að. Ég vil mótmæla því að Ísland sé í einu eða neinu jaðarsvæði í sambandi við útgerð eða sjávarútveg. Það er alveg þveröfugt. Það getur verið kjarni á þeim vettvangi. Það var aðeins þetta sem ég vildi að kæmi fram. Um þetta er hægt að ræða og hafa mörg orð en ég vildi aðeins undirstrika það að ég lít þannig á að til þess að lifa hér á Íslandi og lifa hér góðu lífi, þá þurfum við einmitt að gera okkur grein fyrir þessari stöðu. Við eigum aldrei að viðurkenna það að hér á Íslandi sé jaðarsvæði í sambandi við sjávarútveg eða sjávarvinnslu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Út af þessum ummælum hv. þm. Skúla Alexanderssonar vil ég aðeins geta þess að það sem ég átti við, og hélt að hv. þm. hefði nú skilið, var að út frá sjónarmiði þeirra þjóða sem við eigum samskipti við þá er Ísland jaðarsvæði í efnahagslegum skilningi. Ég vona að hv. þm. hafi áttað sig á því.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs, fyrri umr.

Þáltill. BVG, 220. mál. — Þskj. 282.

Flm. (Björn Valur Gíslason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs og

er till. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu skuli byggja upp miðstöð fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Alþingi felur því ríkisstjórninni að láta gera tímasetta áætlun sem miði að uppbyggingu sjávarútvegsbrautar Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsbrautarinnar á Dalvík og eflingu hvers kyns rannsóknar- og þróunarstarfsemi á svæðinu."

Markmiðið með þessari till., nái hún fram að ganga, er að hefja nú þegar vinnu að heildarskipulagi rannsókna- og menntastofnana í sjávarútvegi, tengja þessa þætti betur saman og auka samvinnu við starfandi sjávarútvegsfyrirtæki á svæðinu. Á þann hátt tel ég að mestur árangur náist við þekkingaröflun og með þessum aðgerðum lærum við betur að nýta okkur auðlindir sjávar og auka verðmæti sjávarafurða.

Í grg. er till. rökstudd m.a. með tilvísun til þess að við Eyjafjörð séu nú fyrir mjög mörg og öflug fyrirtæki í sjávarútvegi hvert á sínu sviði. Stór útgerðarfyrirtæki hafa skotið þar rótum á undanförnum árum og í kjölfar þeirra hefur fjölbreytni í verkun sjávarafla aukist að mun. Þekking sú, sem nú þegar er fyrir hendi hvað þessi mál varðar, ætti því að vera aðgengileg fyrir stofnanir þær sem nefndar eru í till. Um þetta segir m.a. í grg., með leyfi forseta:

Fiskveiðar og vinnsla hafa til langs tíma verið ein mikilvægasta undirstaða atvinnulífs við Eyjafjörð líkt og annars staðar í landinu.

Fjölbreytt útgerð báta og skipa af ýmsum stærðum hefur treyst útgerðina við Eyjafjörð og stuðlað að meiri fjölbreytni og sérhæfingu fiskvinnslufyrirtækja en víðast hvar annars staðar þekkist.

Frá Eyjafirði er gerður út öflugur togarafloti sem telur yfir 20 skip og hefur vaxið ört á undanförnum árum. Einnig er gerður þaðan út stór floti nóta- og rækjuskipa auk mikils fjölda annarra báta. Sameiginlega hefur þessi floti allur náð að skapa mikla fjölbreytni í vinnslu sjávarafurða á Eyjafjarðarsvæðinu.

Ýmis þjónustufyrirtæki í sjávarútvegi hafa náð að festast í sessi á Eyjafjarðarsvæði og er þar víða um brautryðjendastarf að ræða. Jafnframt hafa nokkur sérhæfð fyrirtæki náð fótfestu á svæðinu og hafa náð að skapa sér nafn í þjónustu við sjávarútveginn.

Þekktasta þjónustufyrirtæki sjávarútvegsins í Eyjafirði er auðvitað Slippstöðin hf. á Akureyri sem í áratugi hefur verið leiðandi í skipasmíðum hér á landi auk þess að sjá um viðhald og endurbætur á stærsta hluta stórskipaflota landsins. Einnig skulu nefnd fyrirtækin Sæplast hf., sem sérhæft hefur sig í framleiðslu á plastkerum til geymslu og flutninga á fiski og mörgu öðru þessu tengdu, svo og fyrirtækið Fiskmiðlun Norðurlands hf. sem vinnur að markaðssetningu sjávarafurða og hefur orðið vel ágengt. Þessi fyrirtæki auk fjölmargra annarra hafa náð rótfestu á Eyjafjarðarsvæðinu og njóta virðingar hvert á sínu sviði hér á landi og víða erlendis. Nokkrar menntastofnanir í sjávarútvegi hafa verið settar á laggirnar í Eyjafirði nú á síðustu árum. Þessar stofnanir hafa að því er mér er kunnugt átt mjög gott samstarf við útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu sem allir hafa notið góðs af og leitt hefur í ljós að til þess að sem bestur árangur náist þarf samvinna þessara aðila auðvitað að vera mjög náin.

Fyrir nokkrum árum hófst kennsla í skipstjórnarfræðum við sjávarútvegsbrautina á Dalvík og eru nú útskrifaðir frá skólanum sjómenn með full réttindi til starfa á íslenskum fiskiskipum. Nú eru 30 nemendur við nám í þessum stýrimannaskóla á Dalvík og hefur aðsókn vaxið á undanförnum árum.

Einnig er við sjávarútvegsbrautina nýtekinn til starfa fiskvinnsluskóli sem útskrifar sína fyrstu nemendur í vor. Skólinn hefur á þeim stutta tíma sem hann hefur starfað sýnt það og sannað að löngu var orðið tímabært að fiskvinnslunám væri í boði á landsbyggðinni. Báðir þessir skólar hafa átt mikið og gott samstarf við útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á Norðurlandi og hafa sýnt það og sannað að samstarf þessara aðila er mjög nauðsynlegt.

Nýhafin er kennsla við Háskólann á Akureyri í sjávarútvegsfræðum og eru miklar vonir bundnar við þessa deild Háskólans meðal þeirra sem starfa við sjávarútveginn í landinu. Markmið sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri er að mennta einstaklinga í öllum undirstöðuatriðum íslensks sjávarútvegs og þjálfa þá í beitingu faglegra vinnubragða við stefnumörkun, ákvarðanatöku og stjórnun í greininni. Er þetta í fyrsta sinn sem þessi kennsla í sjávarútvegsfræðum fer fram hér á landi, þ.e. kennsla á háskólastigi.

Í fskj. I, II og III með till. eru markmið þessara stofnana kynnt auk þess sem farið er yfir helstu námsgreinar sem kenndar eru. Þar kemur glöggt fram að gert er ráð fyrir víðtæku samstarfi við stofnanir í sjávarútvegi og fyrirtæki í greinum fiskveiða og vinnslu.

Á Akureyri á nú að fara að opna útibú Hafrannsóknastofnunar auk þess sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er þar fyrir með ýmsa starfsemi. Í fskj. IV eru markmið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins rakin og sést af þeim að starfsemi þessarar stofnunar fer vel saman við þá starfsemi sem fyrir er.

Það er því alveg ljóst að samstarf þessara stofnana auk annarra ókominna við starfandi fyrirtæki í sjávarútvegi á þessu svæði verður í framtíðinni að vera mjög náið.

Eins og hér hefur komið fram er fjölbreytt atvinnulíf í sjávarútvegi við Eyjafjörð og talsvert um nýjungar á mörgum sviðum sem varða þessa atvinnugrein. Það hlýtur því að vera freistandi fyrir stjórnvöld sem gera sér grein fyrir mikilvægi sjávarútvegs að nýta sér þá þekkingu og reynslu sem fyrir er á þessu svæði og taka af fullum krafti þátt í þeirri uppbyggingu sem þarna á sér stað. Frá byggðasjónarmiðum ætti auðvitað ekki að vera nein spurning um vilja stjórnvalda til að byggja upp miðstöð sjávarútvegs á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu.

Þessi till. felur það í sér að á Akureyri og í Eyjafirði verði í framtíðinni höfuðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs og framtíðaruppbygging á vegum ríkisins hvað þetta varðar fari hér eftir fram í Eyjafirði. Það er mjög mikilvægt að slík miðstöð sjávarútvegs verði byggð upp þar sem þekking og reynsla

er til og allar ytri aðstæður sem með þarf eru fyrir hendi.

Því er lagt til að ríkisstjórnin geri nú sem fyrst áætlun um uppbyggingu á slíkri miðstöð sjávarútvegs í Eyjafirði og verði sú áætlun lögð fyrir Alþingi fyrir lok þessa kjörtímabils.

Ég hef nú lokið máli mínu um þessa þáltill. og legg til að henni verði vísað til félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

27. fundur, mánudaginn 17. des., að loknum fundi í Sþ.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 268, n. 313.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það fjallar um að fella niður stimpilgjöld af framkvæmdalánum til byggingar félagslegra íbúða. Við felldum í vor niður stimpilgjöld af þessum íbúðalánum til einstaklinga en einhverra hluta vegna datt það upp fyrir að láta framkvæmdalánin fylgja þar með. En fram að þessu hefur það ekki verið venjan, þangað til breytingin varð í vor, að taka stimpilgjöld af framkvæmdalánum þar sem það eru í flestum tilfellum sveitarfélög sem hafa tekið að sér að annast byggingu félagslegra íbúða en núna hafa komið til aðrir aðilar og hefur húsnæðismálastjórn því krafist sérstakrar tryggingar og þá um leið verið tekið stimpilgjald af framkvæmdalánunum.

Um þetta mál varð samkomulag í félmn. og öll nefndin stendur einhuga að því að mæla með samþykkt þessa litla frv. Undir nál. skrifa allir nefndarmenn, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Karl Steinar Guðnason, Jón Helgason, Salome Þorkelsdóttir, Jóhann Einvarðsson og Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði beðið um ákveðnar upplýsingar í tengslum við þetta mál sem mér hafa ekki borist í hendur og vil því biðja um að málinu sé frestað þangað til við því verður orðið. Meira hef ég ekki um það að segja að sinni.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Það sem ég hygg að hv. 2. þm. Norðurl. e. eigi við er bréf frá fjmrn. sem sent var öllum innheimtumönnum ríkissjóðs þar sem þeim er uppálagt að innheimta ekki stimpilgjöld af þessum lánssamningum heldur taka einungis fyrir þeim tryggingu ef svo skyldi fara að þetta frv. yrði ekki samþykkt. Ég setti sjálfur eintak af þessu bréfi fyrir helgi í pósthólf allra þingmanna hér í deildinni og einnig í fjh.- og viðskn. þannig að ég hygg að hv. ræðumaður hafi þegar fengið þetta í hendur hafi hann litið í pósthólfið sitt.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég bað um bréfaskipti fjmrn. og húsnæðisstjórnar um þetta mál. Sé svo að þessi bréfaskipti liggi fyrir, þá er fljótlegt fyrir hv. þm. að útvega sér þau og þá er hægt að taka málið fyrir síðar á fundinum. Ég sé að hann réttir mér hér bréf frá fjmrn. Ég bað um öll bréfaskipti sem tengd eru þessu máli. Þetta er einungis eitt bréf frá fjmrn. en mér var lofað því af starfsmanni fjmrn. sem situr fundi fjh.- og viðskn. að þessi plögg yrðu útveguð og ég vænti þess að svo verði gert og bið um það að þetta mál verði tekið af dagskrá þangað til ég hef fengið þau gögn í hendur sem mér var lofað í fjh.- og viðskn. Það er auðvitað leiðinlegt ef svo fer að það verði að reglu hér í þinginu að þingmönnum sé synjað um upplýsingar.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er þetta eina bréfið sem hefur farið á milli þessara embætta, fjmrn. og félmrn., um þetta mál og ég setti sjálfur eintak af þessu í hólf hv. þm. fyrir helgi. Bara til þess að skýra málið ætla ég að lesa þetta bréf upp. Það skýrir sig mjög vel sjálft og ég hygg að það þurfi ekki fleiri vitnanna við. Bréfið hljóðar svona og var sent öllum innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík borgarfógeta, og er dags. 11. des. 1990:

„Þann 1. júní 1990 tóku gildi lög nr. 70/1990, um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Var með þeim lögum ákveðið að skuldabréf félagslegra íbúða skyldu undanþegin stimpilskyldu. Á hinn bóginn var eigi kveðið sérstaklega á um framkvæmdalánasamninga í umræddu ákvæði 94. gr. laga nr. 86/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 70/1990. Enda þótt ráðuneytinu væri kunnugt um þann vilja höfunda lagafrv. að láta framkvæmdalánasamninga vera undanþegna stimpilgjaldi, taldi ráðuneytið sér ekki fært að skýra ákvæðin svo rúmri skýringu, enda engin vísbending um slíka túlkun í lögskýringargögnum.

Embætti ríkislögmanns var falið að gefa álit sitt á túlkun á umræddu ákvæði laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins. Varð niðurstaða ríkislögmanns sú að eigi væri hægt að skýra undanþáguákvæði þetta svo rúmri skýringu að undir það féllu umræddir framkvæmdalánasamningar.

Í ljósi þessa hefur í samvinnu félmrn. og fjmrn. verið samið frv. til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Er þar kveðið á um það að umræddir framkvæmdalánasamningar séu undanþegnir stimpilgjaldi. Einnig er þar kveðið á um heimild til handa fjmrh. að endurgreiða stimpilgjald sem innheimt

hefur verið af framkvæmdalánasamningum sem stimplaðir voru eftir 1. júní 1990.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fallið skuli frá innheimtu á stimpilgjaldi af framkvæmdalánasamningum gegn því að þinglýsingarbeiðandi ábyrgist greiðslu á stimpilgjaldinu fari svo að frv. þetta verði eigi að lögum. Skal þetta gert með sérstakri ábyrgðaryfirlýsingu sem lögð skal fram þegar skjal er afhent til stimplunar."

Undir þetta bréf skrifa fyrir hönd ráðherra Snorri Olsen og Bragi Gunnarsson og afrit af þessu bréfi er sent til Ríkisendurskoðunar, Húsnæðisstofnunar ríkisins, félmrn. og Búseta, Laugavegi 17. Þetta hygg ég að skýri málið nægilega vel.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er nú komið í ljós að bréfaskipti hafa ekki einungis verið um þetta mál milli Húsnæðisstofnunar og fjmrn. heldur hefur ríkislögmaður og félmrn. blandast inn í þetta mál og einnig Búseti. Ég óska eftir því að áður en umræða um málið heldur áfram fái ég einnig þau bréfaskipti sem orðið hafa um málið við Búseta, við ríkislögmann og aðra þá sem málið varðar. Ég held að það sé alveg dæmalaust að þingmenn skuli hvað eftir annað þurfa að standa hér upp til þess að biðja um lágmarksupplýsingar.

Ég mun ekki víkja að sinni að því máli sem varðar hæstv. sjútvrh. Okkur hefur ekki unnist tími til að hitta st sem erum í sjútvn. Nd. út af því máli, en ég vil í þessu litla efni óska eftir þessu. Auðvitað veit ég hvar valdið liggur í þinginu, auðvitað veit ég að hæstv. forseti getur haldið umræðum áfram eins og ekkert hafi í skorist, en fundur verður kl. 4 og þá heldur umræðan áfram.

Umræðu frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 132, n. 316.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 316 um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en meiri hl. skipa ég ásamt Jóhanni Einvarðssyni, Skúla Alexanderssyni og Eiði Guðnasyni.

Hér er um að ræða árlegt frv. sem er lagt fyrir þingið, jólaglaðning til handa þeim sem eiga verslunar- og skrifstofuhúsnæði um að þeim beri að greiða sérstakan 1,5% skatt af húsnæðinu miðað við fasteignamat. Þetta er engin ný skattheimta. Það hefur viðgengist um árabil að þessir aðilar greiði þennan skatt og á þeim forsendum mæli ég með samþykkt frv. og aðrir sem undir nál. skrifa. Nál. er mjög stutt og hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt."

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi okkar alþingismanna eða gamall draugur kannski. En það er ekki ástæða til að fjölyrða mjög um þetta mál. Ég vil aðeins geta þess sem menn ættu nú að vera farnir að skilja að allir skattar eru í eðli sínu eignaupptaka, þ.e. tilfærsla á fjármunum frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum til ríkisvaldsins. Við erum vön því, hv. alþm., núna upp á síðkastið, á síðustu missirum að yfir okkur sé dengt stanslaust nýjum sköttum í einu formi og öðru. Menn segja að þessi skatturinn sé eitthvað skárri heldur en hinn, en eins og ég sagði áðan, þá eru allir skattarnir því marki brenndir að einhver verður að borga þá og auðvitað borga þeir menn, sem hafa viðskipti við fyrirtæki sem eiga skrifstofu- eða verslunarhúsnæði, þennan skatt þegar þeir skipta við viðkomandi fyrirtæki. Það er nú lögmál lífsins að skattarnir lenda á þjóðinni auðvitað og neytendum ekki síst.

Mér er ljóst að við hv. þm. Halldór Blöndal erum hér í minni hl. og að meiri hl. mun auðvitað samþykkja að framlengja þessum skatti. Hann er jafnslæmur og aðrir skattar og við greiðum atkvæði gegn samþykkt frv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði áðan. Ég tek undir hvert einasta orð sem hann sagði. Ég vil aðeins bæta því við að á þeim tíma, sem við töldum sumir þingmenn að það hefði þýðingu að upplýsa málið betur í nefnd, eðli frv. sem við erum hér að fjalla um, voru kallaðir til fulltrúar atvinnulífsins, bæði frá Vinnuveitendasambandi Íslands, frá Verslunarráði Íslands og eins frá samvinnuhreyfingunni, Sambandi ísl. samvinnufélaga. Það er mjög eftirtektarverður vitnisburður sem Samband ísl. samvinnufélaga gaf. Fulltrúi þeirra félagasamtaka lagði fram ítarlega skýrslu um það að þessi skattur bitnaði miklu þyngra á eigendum verslunar- og skrifstofuhúsnæðis úti á landsbyggðinni heldur en í Reykjavík og færði fyrir því mörg gild rök sem að sumu leyti eiga sér sögulegar skýringar en að sumu leyti eiga sér skýringar í eðli atvinnurekstrarins úti á landi og hér í Reykjavík.

Hér er sem sagt um enn einn skattinn að ræða, herra forseti, sem bitnar þyngra á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu vegna minni veltu þar, vegna þess að verslunar- og skrifstofuhúsnæði er víða um land byggt við vöxt og vegna þess að velta þar hefur dregist saman. Ég vek athygli á þessu um leið og ég minni á að verslun í dreifbýli á mjög undir högg að sækja. Gjaldþrot hafa verið tíð, ekki einungis hjá einkafyrirtækjum heldur einnig hjá kaupfélögum víðs vegar um landið þannig að sums staðar er svo komið að verslun hefur með öllu lagst niður á smærri stöðum og annars staðar spurning hvort nokkur fáist til þess að taka við versluninni þar sem hún stendur mjög höllum fæti.

Ég vil að þetta komi fram. Ég geri ekki ráð fyrir að þessar upplýsingar skipti neinu máli. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja þennan skatt á og lætur þá skeika að sköpuðu hvar hann kemur þyngst niður.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Mér láðist í fyrri ræðu minni að geta þess að Guðrún J. Halldórsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu þessa máls og biðst ég afsökunar á því að hafa ekki lesið allt nál. í upphafi.

Ég vil að síðustu aðeins minna hv. 2. þm. Norðurl. e. á það að hann var nú sá sem mælti hér fyrir þessu frv., alla vega í eitt ár, og þá ekki um 1,5% heldur um 2,2%.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JúlS, KSG, KP, SkA, StG, SvG, VS, DS, EG, GuðmÁ, GJH, HÁ, JHelg.
nei: SalÞ, ÞK, EKJ, HBl.
4 þm. (JE, MF, EgJ, GHG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta er einn þeirra skatta sem þyngra leggjast á dreifbýli en þéttbýli. Ég segi nei.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er á dagskrá, þ.e. sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, er mál sem mér hefur ævinlega þótt svolítið erfitt og snúið. Ég er ekki sérlega hlynntur því að ákveðin starfsemi sé skattlögð umfram aðra. Hins vegar er nú til umræðu í ríkisstjórninni að endurskipuleggja skattlagningu fyrirtækja, bæði hvað varðar fasteignagjöld, launatengd gjöld og ýmislegt fleira. Í trausti þess að þessi óvinsæli skattur muni eftir þá endurskoðun hverfa og heyra sögunni til segi ég já.

2.–10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

26. fundur, mánudaginn 17. des.,
að loknum fundi í Sþ.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 130. mál. — Þskj. 134, n. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 30:1 atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 36 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 82. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 319.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 185. mál (samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík). — Þskj. 320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 32 shlj. atkv.

Opinber réttaraðstoð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 55. mál. — Þskj. 323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, frh. 1. umr.

Frv. FÞ, 208. mál (Grundarfjarðarprestakall). — Þskj. 261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (ellilífeyrir sjómanna). — Þskj. 324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 35 shlj. atkv.

Launamál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhS, LVJ, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StH, BVG, AðB, AS, ÁHE, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, ÁrnG.
nei: HJ, KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, RH, ÞP, ÞÞ, BÍG, FrS, GeirG, GHH.
HG, IBA, MB, SV, EH, FÞ greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (PJ, AÓB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Birgir Ísl. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar sem hér er verið að staðfesta eru eitt alvarlegasta dæmi síðustu ára um siðferðisbrest stjórnmálamanna. Í aðdraganda þeirrar lagasetningar hefur allt gerst í senn: Samningar eru ekki virtir, orð og loforð ráðherranna standa ekki, niðurstaða dómstóls er sniðgengin og bráðabirgðalögum er beitt með vafasömum hætti. Einörð afstaða þingflokks sjálfstæðismanna í þessu máli hefur vakið upp umræðu um siðleysið í íslenskum stjórnmálum og um þjóðfélagið fer nú sterk bylgja þar sem krafist er bætts siðferðis stjórnmálamanna. Þetta lagafrv. er varanlegt tákn um þann siðferðisbrest sem einkennt hefur störf þessarar ríkisstjórnar. Ég segi nei.

Friðrik Sophusson:
Virðulegi forseti. Í umræðum um þessi mál nú fyrir skömmu hélt hæstv. fjmrh. því fram að hann stæði í samningaviðræðum við BHMR. Mér hefur borist bréf frá BHMR þar sem segir:

1. Rangt er að viðræður í starfsnefndum vegna kjarasamninga félaganna frá 1989 gangi vel.

2. Rangt er að nú standi yfir samningaviðræður milli fjmrh. og einstakra samflotsfélaga BHMR.

3. Fjmrh. hefur lýst því yfir að hann sé að bjóða aðildarfélögum BHMR eitthvað í samningaviðræðum. Þetta er rangt.

4. Fjmrh. hefur mælt sérstaklega með því að félögin hverfi frá samningi sínum og geri sérsamninga við fjmrh. Þetta eru rangfærslur sem koma fram í rökstuðningnum því að Dýralæknafélag Íslands gerði kjarasamning með öðrum samflotsfélögum BHMR.

5. Fjmrh. gerir mikið úr starfi í samstarfsnefndum samflotsfélaganna. Sjaldan í sögu þessara ungu samtaka hafa mál verið meðhöndluð í þessari nefnd á jafnhægvirkan og jafnvel neikvæðan hátt og nú.

6. Fjmrh. segir að forusta BHMR hafi kvartað við hann yfir fyrirrennurum hans í starfi. Þegar fulltrúar BHMR hittu hann fyrst að máli sem fjmrh. lögðu þeir til að nýr maður tæki við formennsku í samninganefnd ríkisins.

7. Fullkominn trúnaðarbrestur ríkir á milli fjmrh. og stéttarfélaga innan BHMR.

Þetta lýsir ástandi þessara mála. Það er m.a. af slíkum ástæðum sem hv. Ed. hlýtur að fara enn betur ofan í þetta mál og það er m.a. af slíkum ástæðum sem ég segi nei.

Frv. afgr. til Ed.

EFRI DEILD

28. fundur, þriðjudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 132.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 268, n. 313.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):
Hæstv. forseti. Ég vil láta það koma fram hér að þeirri beiðni sem kom fram í gær um að þingmenn gætu fengið afrit af bréfaviðskiptum milli félmrn., fjmrn., ríkislögmanns og Húsnæðisstofnunar varðandi stimpilgjöld af þessum framkvæmdalánum hefur verið sinnt. Þau bréfaviðskipti hafa verið útveguð og sett í hólf nefndarmanna félmn. og fjh.- og viðskn. að beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. í gær.

Umræðu frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 315.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989, sem flutt er á þskj. 315 og er 227. mál efri deildar.

Eins og menn vita fjallar einn kafli í lögum um málefni aldraðra um Framkvæmdasjóð aldraðra og hlutverk hans. Framkvæmdasjóður aldraðra hefur haft það hlutverk frá upphafi er hann var stofnaður að taka þátt í byggingu húsnæðis sem ætlað er öldruðum borgurum þessa lands. Er þar fyrst og fremst um að ræða þátttöku í uppbyggingu hjúkrunarrýmis eða hjúkrunarheimila en einnig þjónustuhúsnæðis, þjónustumiðstöðva og aðstöðu til dagvistunar. En sjóðurinn hefur einnig haft það hlutverk að taka þátt í breytingum og endurbótum á eldra húsnæði. Eins og málum er nú háttað hefur tekist að byggja þetta húsnæði verulega upp víða um land og er nú svo komið að við getum með nokkrum sanni sagt að í einstaka byggðarlögum hafi nánast tekist að fullnægja þeirri þörf sem er fyrir húsnæði handa öldruðum. Auðvitað er þetta misjafnt eftir byggðarlögum og enn eru víða stór verkefni fram undan og stór verkefni við að fást.

En það hefur líka gerst á undanförnum missirum að okkur hefur ekki tekist að afla rekstrarfjár til þess að halda öllum þeim stofnunum í fullum rekstri sem okkur hefur þó tekist að byggja upp á undanförnum árum. Á ég ekki eingöngu við húsnæði fyrir aldraða heldur ýmsar aðrar sjúkrastofnanir. Frv. það sem hér er lagt fyrir og er til umræðu nú gerir ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður aldraðra megi einnig taka að sér tímabundið nokkur rekstrarverkefni til þess m.a. að bregðast við þeim vanda sem skapast þegar nýjar stofnanir eru tilbúnar en fjárlög hafa ekki gert ráð fyrir því að rekstrarfé til þeirrar starfsemi væri á sjúkratryggingafjárlagalið Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig í þeim tilfellum þar sem breyttar áherslur eru þannig að nauðsynlegt er að koma á fót heimaþjónustu og þá einkum heimahjúkrun sem er hlutverk ríkisins, en heimilishjálpin er, eins og hv. þm. vita, verkefni sveitarfélaga. Hér er gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóðurinn hafi möguleika á því að taka þátt í þessum rekstrarverkefnum.

Á undanförnum árum, eða frá því að sjóðurinn var stofnaður, hefur hann veitt fjármuni til hinna ýmsu framkvæmda í uppbyggingu húsnæðis fyrir aldraða fyrir samtals 774 millj. kr. á verðlagi hvers tíma sem eru um það bil 1,7 milljarðar króna á verðlagi dagsins í dag. Við höfum vissulega heyrt og orðið vör við að ástandið er erfitt hér á höfuðborgarsvæðinu, jafnvel erfiðara en sums staðar úti á landi, þar sem eins og ég nefndi áðan tekist hefur að byggja þessa starfsemi upp og stofnanir fyrir aldraða í hærra hlutfalli miðað við íbúafjölda en hér hefur tekist. Þó hefur sjóðurinn varið 775 millj. kr. á framreiknuðu verðlagi af þessum 1,7 milljörðum kr. til uppbyggingar á húsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég tel því, herra forseti, að nauðsynlegt sé að gera þessar breytingar á hlutverki Framkvæmdasjóðsins og heimila honum að taka þátt í þeim rekstrarverkefnum sem hér eru tilgreind en þá jafnframt að gera það að sjálfsögðu að skilyrði að skatturinn, sem innheimtur er til Framkvæmdasjóðs aldraðra, renni óskiptur í sjóðinn en ekki sé um að ræða skerðingarákvæði í fjárlögum og/eða lánsfjárlögum um þá fjármuni sem þangað eiga að fara heldur fái sjóðurinn allan skattinn óskiptan, enda renni samkvæmt tillögum frv. $^1/_3$ hluti þess fjármagns sem sjóðurinn fær í þessi tilgreindu rekstrarverkefni.

Hér er fyrst og fremst um að ræða tvær breytingar. Ég ætla að gera aðeins nánari grein fyrir þeim. Fyrri breytingin lýtur að því að sjóðnum sé heimilt að styrkja viðhald á þeim stofnunum aldraðra sem þegar eru starfandi. Viðhald þessara stofnana getur verið geysilega fjárfrekt og þungur baggi á rekstraraðilum. Því er talið eðlilegt að auka hlutverk sjóðsins þannig að einnig megi styrkja viðhald til viðbótar við styrki til nauðsynlegra breytinga og endurbóta sem lögin heimila nú þegar.

Síðari breytingin varðar hins vegar rekstrarmálin og er viðbrögð við þeim vanda sem iðulega kemur upp þegar öldrunarstofnun fær starfsleyfi eða breytingu á starfsleyfi eftir að fjárlagaár hefst og ekki var gert ráð fyrir nýrri stofnun eða breytingu við fjárlagagerð. Með breytingu á starfsleyfi er fyrst og fremst átt við það þegar heilbrrh. heimilar að þjónustuhúsnæðisrými sé breytt í hjúkrunarrými vegna þungrar hjúkrunar dvalargesta á viðkomandi stofnun. Þetta hefur gert það að verkum að öldrunarstofnanir hafa ekki getað tekið til starfa eða breytt starfsemi sinni fyrr en allt að ári síðar eða þegar gert hefur verið ráð fyrir framlögum á fjárlögum. Vart þarf að fara um það mörgum orðum hvaða erfiðleikum þetta veldur á þeim stöðum sem þetta á við um. Húsnæði stendur tilbúið en fjármuni til rekstursins skortir.

Rétt til upplýsinga fyrir hv. þm. má geta þess að á árinu 1989 námu þessar viðbótarheimildir, sem í raun hafði ekki verið gert ráð fyrir að fullu í framlögum á sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar, ný verkefni, samtals 105,7 millj. kr. Í ár hefur þetta hins vegar verið miklu lægri upphæð. Við höfum reynt að halda utan um rekstrarútgjöldin og fjárhagsstaða sjúkratryggingadeildar hefur verið með þeim hætti að ekki hefur verið unnt að verða við öllum þeim óskum sem borist hafa um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi. Þess vegna hafa viðbótarrekstrarútgjöld af þessum ástæðum ekki numið nema 30 millj. kr. Hér getur því verið um mjög misháar upphæðir að ræða frá einu ári til annars. Eins og ég nefndi áðan var þetta í fyrra 105–106 millj. kr. og þörfin því brýn að hafa svigrúm til að geta leyst verkefni sem þessi ef og þegar þau koma upp.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Og ég bið nefndina nú einu sinni enn um að reyna eftir megni að afgreiða þetta mál sem allra fyrst því

það er ósk mín, þó frv. sé vissulega seint fram komið eins og því miður vill nú oft verða, að það verði afgreitt fyrir jól ef hv. Alþingi sér sér mögulega fært, enda tengist það að nokkru leyti afgreiðslu fjárlaganna eins og ég gerði grein fyrir áðan og þá auðvitað líka því skilyrði að Framkvæmdasjóðurinn fái alla þá fjármuni sem sérstakur tekjustofn á að skila til hans.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég held að allir hv. þm. geti tekið undir það sem hæstv. heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason sagði, að efla beri eftir því sem kostur er og tök eru á það sem lýtur að öldrunarmálum. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um málefni aldraðra, lögunum frá 1989. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir ákveðnum grundvallarbreytingum á hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra sem rétt er að staldra nokkuð við og gera sér grein fyrir hvers eðlis eru.

Hæstv. ráðherra skýrði það nokkuð vel í sínu máli hver væri megintilgangurinn með þessu frv. Hann vakti jafnframt athygli á því að raunverulega er verið með frv. að leysa vandamál sem snýr að fjárlagagerð á hverjum tíma, þ.e. í sambandi við 4. lið 12. gr. þar sem segir að veita skuli tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst. Eyddi hæstv. ráðherra nokkrum tíma í að útskýra þetta atriði.

Það sem mér finnst skipta höfuðmáli er að sjálfsögðu það að Framkvæmdasjóði sé gert kleift að standa við sín upprunalegu markmið. Það kom fram hjá ráðherra sem vitað er að því miður hefur Framkvæmdasjóður ekki getað sinnt sínu hlutverki með þeim hætti sem upphafleg lög gera ráð fyrir þar sem tekjur hans hafa verið skertar allverulega á undangengnum árum. Í frv. er gert ráð fyrir því að með tíð og tíma verði hægt að fullnægja því markmiði að Framkvæmdasjóður fái óskertar tekjur og þá verði búið að koma því bráðabirgðaástandi, sem 4. liður 12. gr. snýr að, fyrir í sambandi við fjárlög. En það er mitt mat að eðlilegra sé að leggja áherslu á að Framkvæmdasjóður fái þær tekjur sem honum ber og hann geti varið þeim í samræmi við gildandi lög. Það hefði verið eðlilegra að hæstv. ráðherra hefði beitt sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða kæmi inn á fjárlög við fjárlagagerð með þeim hætti sem hann lýsti áðan að væri þörf fyrir. Eftir því sem ég kemst næst munu núna um $^2/_3$ hlutar þess fjár sem á að fara í Framkvæmdasjóð til þess að hann geti gegnt upprunalegu hlutverki renna til hans. Það er náttúrlega gjörsamlega óviðunandi að þannig skuli vera á málum haldið af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Þess vegna tel ég það meginmál að það sé tryggt í löggjöf betur en nú er með þeim hætti að skerðingarákvæði í fjárlögum verði afnumið gagnvart Framkvæmdasjóði. Síðan er það mál sem er hægt að taka upp, og ekki óeðlilegt, með hvaða hætti sé hægt að tryggja rekstrarfé í samræmi við þau sjónarmið sem hæstv. ráðherra lýsti hér áðan og ráð er fyrir gert í 4. lið 12. gr.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fjalla um þetta í löngu máli en vil þó segja að eðlilegra hefði verið, ef tryggja átti að sú framkvæmd yrði örugg að hér væri aðeins um tímabundna ráðstöfun að ræða, að setja það inn í lög eða sem lagaákvæði að hér væri eingöngu um tímabundið atriði að ræða í sambandi við rekstur stofnana fyrir aldraða, með tilliti til næstu fjárlagagerðar. Því miður er reynslan sú að þegar byrjað er með svona bráðabirgðaákvæði í lögum hefur löggjafinn því miður haft tilheigingu til að vilja framlengja slíkum ákvæðum ár frá ári. Þótt það hafi komið fram í máli hæstv. ráðherra og einnig sé ráð fyrir því gert í athugasemdum við lagafrv. að hér sé um tímabundið atriði að ræða í sambandi við rekstur stofnana fyrir aldraða tel ég það ekki fullnægjandi þannig að það sé tryggt. Ég óttast það að ef þetta frv. verður samþykkt í þeirri mynd sem það liggur hér fyrir muni skerðingin halda áfram gagnvart upprunalegum tilgangi laga um málefni aldraðra, sem er náttúrlega númer eitt og tvö að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvistar- og þjónustuhúsnæðis fyrir aldraða og hjúkrunarheimila fyrir aldraða og einnig að styrkja breytingar og endurbætur á þessum stofnunum. Ég óttast að það muni verða skert áfram með þeim hætti sem lýst hefur verið en þessi skerðing nemur um $^1/_3$ hluta. Ég legg því áherslu á það, virðulegur forseti, að farið verði mjög vel yfir þetta frv. áður en það verður afgreitt úr deildinni og það fái þinglega meðferð í þeirri nefnd sem mun fjalla um það þar sem allar upplýsingar liggi fyrir af hálfu þeirra þolenda sem hafa orðið að sæta þeirri skerðingu sem lýst hefur verið og tryggt verði að sú skerðing haldi ekki áfram í framtíðinni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið en vil aðeins segja nokkur orð vegna ræðu hv. 14. þm. Reykv. Það er auðvitað rétt hjá honum að hér er verið að gera grundvallarbreytingu á hlutverki sjóðsins. Verið er að tala um að hann hafi heimild til að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana. Og þá vil ég aftur undirstrika, það hefur kannski ekki komið nógu skýrt fram hjá mér áðan, að við erum að tala um innan hvers fjárlagaárs, vegna þess að ekki er gert ráð fyrir því í fjárveitingu til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins að þar sé svo og svo mikið af óráðstöfuðum fjármunum sem nýttir verði e.t.v. ef nýjar stofnanir koma í gagnið, eða ef breyta þarf rekstri stofnana. Hér er því vissulega um mikla breytingu að ræða. Ég tel ekki ástæðu til að óttast það sem fram kom hjá hv. þm. að gert verði ráð fyrir að sjóðurinn standi áfram undir rekstri þeirrar stofnunar sem komið er á fót á hverjum tíma heldur komi rekstur hennar á næsta ári undir sjúkratryggingadeildina enda sé sjóðurinn þá tilbúinn til að aðstoða við að koma öðrum stofnunum af stað á næsta ári þar á eftir.

Hér er aðeins gert ráð fyrir að heimilt sé að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til rekstrarverkefna. Það eru á því takmörk að upphæðin fari ekki upp fyrir það. Hugsanlega nýtist ekki öll sú upp-

hæð þannig að síðar gætu verið tök á að úthluta til framkvæmda meira heldur en gert er ráð fyrir, þ.e. $^2/_3$ hlutunum.

Jafnframt kom fram sú hugmynd eftir að frv. var dreift að auk þess sem segir í síðustu mgr. 1. gr., að það sé 3. og 4. tölul. sem eigi að falla undir þetta rekstrarfé sé það einnig 5. tölul. frv. Það verði því 3. tölul., sem fjallar um heimaþjónustuna, 4. tölul., sem fjallar um tímabundið rekstrarfé, og 5. tölul., sem fjallar um önnur verkefni sem sjóðstjórn kann að ákveða, en þau verkefni hafa hingað til verið smávægilegir styrkir til rannsókna og annarra slíkra hluta og hafa verið sáralágar upphæðir og ekki haft teljandi áhrif á heildarfjárveitingar sjóðsins til framkvæmda sem neinu nemur. Allir þessir þrír liðir falli undir þetta ákvæði um að það sé aðeins allt að $^1/_3$ hluta af árlegu ráðstöfunarfé sem veita megi til þessara verkefna. Og svo vil ég rétt til upplýsinga nefna það að í fjárlögum ársins í ár, 1990, eru 197 millj. kr. til ráðstöfunar til framkvæmdanna. Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir 240 millj. kr., sem er allveruleg hækkun umfram verðlag þó að vissulega hefði hún mátt vera enn hærri og hefði þurft að vera það hefði átt að verða við öllum óskum og þörfum til framkvæmda, en þó er hér um verulega hækkun að ræða og síðan allt að $^1/_3$ hluti í viðbót, 120 millj. kr., sem ættu að koma í sjóðinn, sem er áætluð tekjuöflun af skattinum á næsta ári. Það kæmi þá til viðbótar þessum 240 millj. kr. þannig að í sjóðnum yrði 360–370 millj. kr. Allt að $^1/_3$ hluta þess fjár væri síðan heimilt að ráðstafa til rekstrarverkefnanna eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Ég vil aðeins til áréttingar láta þetta koma hér fram, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil árétta það sem kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. Við eigum bæði sæti í heilbr.- og trn. og munum að sjálfsögðu leita eftir upplýsingum í störfum nefndarinnar því það eru margar spurningar sem hafa vaknað við þetta frv. Ég næ því ekki alveg að talað er um að hlutverk sjóðs sem er févana, af því að tekjur hans eru alltaf skertar og hann getur ekki sinnt sínu hlutverki, eigi að aukast. Um leið og bæta á við tekjum er verið að tala um að það eigi að hætta við að skerða sjóðinn um $^1/_3$ en samt á að auka hlutverkin. Ég næ þessu nú ekki alveg. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð nú, hæstv. forseti, því nefndin fær væntanlega tækifæri til að fá á sinn fund þá aðila sem eiga þarna hagsmuna að gæta til þess að við getum heyrt sjónarmið hins aðilans.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 268, n. 313.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér þætti þægilegt ef starfsmenn þingsins gætu útvegað mér frv. Ég bið um það. Og mjög nauðsynlegt líka er að fá hingað inn hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. er kominn hér í deildina en hæstv. fjmrh. er bundinn í umræðu í Nd. Ég vil spyrja hv. þm. hvort þurfi að fresta þessu máli.) Já, ég óska eftir að hæstv. fjmrh. sé við þegar þetta mál er rætt.

Umræðu frestað.

Héraðsskógar, 1. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 338.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Héraðsskóga. Þetta er 236. mál á þskj. 338 og er endurflutningur frv. sem lagt var fram í hv. Ed. á síðasta þingi á vordögum. Það fór þá til nefndar og umsagnar. Frv. er lítillega breytt og mun ég, auk þess sem ég kynni almennt efni málsins, víkja að þeim breytingum. Að öðru leyti get ég vísað til framsöguræðu og umræðu sem varð um þetta mál á hv. Alþingi sl. vor.

Upphaf þessa máls er aðallega að rekja til þáltill. nr. 79 frá 1988 og í framhaldi af henni samþykkt sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar gerði 27. maí 1989 þar sem ákveðið var að ráðast í stórátak til ræktunar nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og nýta allt heppilegasta skógræktarland á Héraði, fullnýta það á 40 árum. Á árinu 1989 var veitt aukafjárveiting til að hefja undirbúning að þessu verkefni og síðan var á fjárlögum yfirstandandi árs og af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar veitt til þessa verkefnis um 25 millj. kr.

Á því ári sem er að líða hefur verið ráðist í ýmis verkefni til undirbúnings. Plöntun er reyndar hafin og má nefna að stofnað var almenningshlutafélag á Fljótsdalshéraði um byggingu og rekstur gróðrarstöðvar, gróðurkort hafa verið gerð af öllu svæðinu, kostnaðaráætlun hefur verið unnin, rekstraráætlanir eru langt komnar fyrir allmargar jarðir, einar 12–15 jarðir, þær sem fremstar eru í röðinni, og gróðursettar voru á þessu vori um 180 þús. plöntur í 50 ha lands á um 20 jörðum. Efnt hefur verið til námskeiða í skógrækt við Menntaskólann á Egilsstöðum og víðar með samstarfi við ýmsa aðila. Girtir hafa verið á annan tug kílómetra og grisjaðir um 30 ha af skóglendi. Almenningshlutafélagið Barri hf. var stofnað um byggingu og rekstur gróðrarstöðvar eins og áður segir. Hluthafar þar eru á annað hundrað og fer enn fjölgandi og safnast hafa um 24 millj. kr. í hlutafé. Þetta er fjölmennasta hlutafélag sem stofnað hefur verið á Fljótsdalshéraði og hygg ég að undirtektir Héraðsmanna og Austfirðinga sýni þann hug sem menn bera til þessa verkefnis. Bygging gróðrarstöðvarinnar var boðin út og tekið tilboði frá innlendum framleiðanda, Límtré hf., um byggingu 2000

m^2 gróðurhúss. Þessum framkvæmdum miðar vel og húsið er senn fokhelt.

Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning þessa verkefnis og hefur Alþingi og ríkisstjórn á undanförnum tveimur árum varið samtals 35–37 millj. kr. í verkefnið. Einnig hefur það hlutafélag sem áður var nefnt gert skuldbindandi samninga upp á 26 millj. kr. eða þar um bil um byggingu gróðurhúss.

Víðtæk samstaða er um þetta verkefni meðal heimamanna, leyfi ég mér að fullyrða, og allra sem að þessu skógræktarátaki hafa komið. Um 90 landeigendur í sex hreppum eru reiðubúnir að leggja land undir skógrækt og munu þess engin dæmi að jafnvíðtæk samstaða og jafnvíðtæk þátttaka hafi áður komið til í skógræktarverkefni af þessu tagi.

Það verður að segjast eins og er að hætt er við að þeirri vinnu og því fjármagni sem lagt hefur verið í þetta mál sé stofnað í hættu takist ekki að lögfesta ramma um þetta verkefni á því þingi sem nú situr. Sérstaklega verður að benda á að það nýstofnaða hlutafélag með verulegum fjárframlögum heimamanna sem stendur fyrir byggingu gróðrarstöðvar yrði fyrir skakkaföllum nái verkefnið ekki fram að ganga með því umfangi sem áætlanir gera ráð fyrir, þar sem þetta mikla skógræktarátak á Fljótsdalshéraði er fyrst og fremst sá markaður sem félagið ætlar sér að sinna með rekstri gróðrarstöðvar.

Ég hlýt því að leggja á það áherslu, herra forseti, um leið og ég mæli fyrir málinu að við það eru miklar vonir bundnar af Héraðsbúum og væntanlegum þátttakendum verkefnisins, af Skógræktinni, landbrn. og þeim öðrum sem hér hafa lagt hönd á plóginn að mál þetta nái fram að ganga og lögfestur verði lagalegur grundvöllur verkefnisins á þessu þingi.

Ég vík þá að frv. og efni þess nánar og fer fljótt yfir sögu og vísa, eins og áður sagði, til þeirrar framsögu sem flutt var fyrir málinu á síðasta þingi.

Í 1. gr. er vikið að markmiði verkefnisins, sem sagt að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er, treysta með því byggð og efla atvinnulíf á því svæði. Það er eindreginn vilji heimamanna og um það er fullt samkomulag við Skógrækt ríkisins að þetta skuli standa sem sjálfstætt skógræktarverkefni og merkjast þannig á fjárlögum.

Í 2. gr. er kveðið á um stjórn Héraðsskóga, en hún skal þannig skipuð að Félag skógarbænda, Skógrækt ríkisins og landbrh. tilnefni hver sinn manninn í stjórn.

Í 3. gr. er vikið að því að gera skuli áætlun um nýtingu þess lands sem verkefnið nær til, eða um 15 þús. ha lands, og skal sú áætlun vera í fjórum tíu ára áföngum. Þá er einnig vikið að því að gera skuli samninga sem landbrh. staðfesti milli landeigenda og þátttakenda í skógræktarátakinu og héraðsskógaverkefnisins hins vegar. Eru samningsdrög eða sýnishorn af samningsdrögum eins og þau gætu litið út birt sem fskj. IV með frv. þessu.

Í 4. gr. er vikið að kostnaðarþátttöku ríkissjóðs. Þar hefur orðið niðurstaðan að leggja frv. fram í nokkuð breyttri mynd frá því sem var á síðasta þingi þar sem ábendingar komu fram um að það kynni að orka tvímælis að það væri heppilegt að þáttur ríkisins í greiðslusamþykkt skógræktarkostnaðar væri 100%, eða að fullu og öllu væri greitt samkvæmt samþykkt um kostnaðaráætlun eins og frv. gerði ráð fyrir þegar það var lagt fram hið fyrra sinnið. Nokkrar umræður hafa orðið um það hver væri þá eðlileg eða nauðsynleg prósenta og hefur orðið niðurstaðan að leggja frv. fram með tölunni 90%, eða eins og segir í 4. gr.: „Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna.“ — Þessi kostnaður er þá samkvæmt orðanna hljóðan greiddur að fullu. — „Enn fremur 90% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 70% á eyðijörðum.“

Þarna hefur orðið nokkur lækkun frá því sem áður var. Ég vil beina því sérstaklega til hv. landbn., sem væntanlega fær þetta mál til skoðunar, að ræða þessar kostnaðarhlutfallstölur. Það skiptir miklu máli fyrir framgang verkefnisins að þar sé ekki vanáætlað og tæplega mun ganga að ætla þeim sem gerast fullir þátttakendur í þessu verkefni og hafa framan af litlar eða jafnvel engar tekjur af öðru en þátttöku sinni í þessu verkefni í gegnum vinnulaun og tekjur þar af, að bera nema mjög óverulegan hluta þessa útlagða kostnaðar í byrjun. Ég vil því leyfa mér að beina þessu atriði sérstaklega til skoðunar hjá hv. landbn. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að það verði vandlega undirbyggt hvaða kostnaður þarna kemur til greina og verður greiddur og eingöngu samkvæmt samþykktum og viðurkenndum áætlunum sem liggja fyrir um eðlilegan kostnað í hverju tilviki.

Í 5. gr. er kveðið á um hvernig fjármagna skuli síðan endurnýjun skóganna þegar að því kemur að nýting hefst. Er það tvíþætt, þ.e. að leggja skal 5% af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum á sérstakan endurnýjunarreikning sem verður í vörslu héraðsskógaverkefnisins og skal ganga til þess að endurnýja skóglendi á viðkomandi jörðum. Og í öðru lagi skal leggja af hreinum hagnaði, sem verða kann og verður vonandi, af nýtingu skóganna 15% til ríkissjóðs og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Í 6. gr. er kveðið á um forgangsröðun verkefna og vinnurétt, þ.e. rétt þátttakenda til vinnu eða um forgang til vinnu. Þar hafa orðið nokkrar breytingar á og við greinina hafa bæst tvær mgr. svohljóðandi, með leyfi forseta: „Þá skulu þær jarðir, þar sem sauðfjárbúskapur dregst verulega saman eða er lagður niður, hafa forgang að verkefninu umfram aðrar jarðir“. — Þetta á við jarðir í byggð og um aðgengi þeirra að verkefninu. Og enn fremur segir: „Ef gerðir eru samningar milli ríkisvaldsins og sauðfjárbænda, sem aðild eiga að verkefninu, um að láta af sauðfjárrækt eða draga hana verulega saman til lengri tíma skulu slíkir bændur og jarðir þeirra hafa forgang að vinnu og þátttöku í verkefninu.“

Rétt þótti að styrkja þennan efnisþátt 6. gr. til þess að gefa ótvíræðar heimildir í lögunum til að veita aðilum sem þannig kynni að hátta til um forgang að verkefninu og vinnu við það. Ég hygg að þessi ákvæði

skýri sig að öðru leyti sjálf og tel eftir atvikum að eðlilegt hafi verið og skynsamlegt að styrkja þessi ákvæði frv.

Í 7. til og með 10. gr. er svo fjallað um stjórn á verkefninu í samvinnu við Skógrækt ríkisins, um meðferð ársreikninga, um ársskýrslu og því um líka hluti. Hygg ég að þau atriði skýri sig sjálf og vísa þá einnig til umfjöllunar um einstakar greinar frv.

Eitt atriði enn vil ég nefna og það er að vaknað hafa spurningar um og komið hafa fram athugasemdir varðandi stjórnskipulega stöðu verkefnisins, hvort eðlilegt sé að verkefnið standi sjálfstætt með sjálfstæðum lögum eða hvort eðlilegt væri að það yrði hluti af starfsemi Skógræktar ríkisins eða yrði fellt inn í almenn lög um skógrækt. Er ekki nema eðlilegt að spurt sé slíkra spurninga. Niðurstaðan hefur orðið sú eftir allvandlega umhugsun og athugun á því máli að heppilegast sé að þetta standi sem sjálfstætt verkefni og um það séu sett sjálfstæð lög. Vel kann að vera að í fyllingu tímans telji menn eðlilegt að fella þetta inn í heildarlöggjöf um skógræktarmálefni enda yrði þá væntanlega búið að endurskoða þá löggjöf og breyta henni í takt til nýrri aðstæðna en það verkefni stendur fyrir dyrum. Eins og málum er nú háttað er að okkar mati, sem þetta höfum athugað í landbrn. á vegum skógarbænda sjálfra og annarra aðila, talið heppilegast að þetta standi sem sjálfstæð löggjöf. Sé ég í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að þetta standi sem sjálfstætt fjárfestingarverkefni undir landbrn.

Í öðru lagi hafa verið settar fram spurningar sem varða skattalega meðferð mála, þ.e. hvernig haga skuli skattlagningu tekna og þeirra framlaga sem til verkefnisins ganga. Vil ég í öðru lagi leyfa mér að leggja til að hv. landbn. láti líta á þetta atriði sérstaklega þar sem rétt kann að vera að afla umsagnar frá ríkisskattstjóra eða öðrum sambærilegum aðilum um hvernig heppilegast væri að ganga frá slíkum atriðum jafnvel í lagatextanum sjálfum þannig að skýrt væri hvað fyrir mönnum vekti í þeim efnum. Þessi ábending kom fram skömmu áður en málið var lagt fram á þingi og vannst því ekki tími til að afla formlegrar umsagnar frá slíkum aðilum en ég kem þessari ábendingu hér á framfæri. Rétt er þó að taka fram að að þessu hefur verið hugað nokkuð bæði í landbrn. og fjmrn.

Að lokum, herra forseti, vil ég leyfa mér að segja í almennum orðum að við þetta verkefni eru bundnar miklar vonir margra þeirra sem telja að hér sé ef til vill á ferðinni fyrsta stóra tilraunin til að gera nytjaskógrækt sem slíka að alvöruatvinnugrein hér í landinu, gera í raun og veru fyrstu alvörutilraunina á því sviði. Um það verður varla deilt að Fljótsdalshérað er ef ekki heppilegasta þá a.m.k. eitt af heppilegustu svæðunum fyrir slíkt. Þar er meiri reynsla og betri en nokkurs staðar annars staðar á landinu af skógrækt í stórum stíl þar sem eru víðáttumiklar lendur skógræktarinnar á Hallormsstað. Ég hygg því að því verði ekki á móti mælt að byrjað sé á réttum stað og réttum enda með því að hrinda úr vör fyrsta stóra verkefni þessarar tegundar í nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði. Ég vil svo að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti mitt til hæstv. landbrh. með að hér hefur verið lagt fram frv. til laga um Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði. Mér þykir hins vegar vert að taka það fram að mér hefur ekki gefist kostur á að fara nákvæmlega yfir þetta frv. og þaðan af síður bera það saman við umsagnir sem væntanlega eru fyrir hendi frá því að þetta mál var lagt fram á síðasta þingi og sent þá til umsagnar. Hins vegar sé ég ekki neina ástæðu til að málinu verði frestað mín vegna þó að hér sé knappur tími vegna þess að ég á þess kost að fjalla um málið í landbn. Ed. Þar gefst að sjálfsögðu tækifæri til þess að skoða það frá ýmsum hliðum.

Ég tel hins vegar ástæðu til að benda á það hér að mér finnst frv. ekki sérstaklega markvisst. Þetta er frv. um gerð áætlunar til 40 ára og það út af fyrir sig er ekki mikið vandamál, að gera áætlun í ræktunarmálum til 40 ára, því auðvitað skeður margt á skemmri tíma en 40 árum og það meira að segja miklu skemmri tíma. Enginn vafi er á því að erfiðasti þátturinn í þessum efnum er að fá fjármagn til þessa verkefnis og þarf ekki lengra að fara en til samþykktar ríkisstjórnarinnar, Þingvallasamþykktar ríkisstjórnarinnar frá því í fyrrasumar, þar sem það fjármagn sem þar var um fjallað komst engan veginn til skila í síðustu fjárlögum. Enda er tekið fram í 2. gr. frv. að kostnaður við starfsemi Héraðsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbrn. Þetta er nú það sem segir um kostnaðarhlið þessa verkefnis. Og svo í 3. gr. að gerð skuli áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdalshéraði sem er vel fallið til skógræktar og, eins og ég hef áður sagt, að þeirri áætlun skuli skipt í fjögur tíu ára tímabil. Ég mun að sjálfsögðu leita eftir því við afgreiðslu málsins og kanna sem nákvæmast hvað felst í rauninni í þessu.

Ég endurtek það að lokum, virðulegur forseti, sem ég sagði áðan, að það er fjármagnið sem skiptir máli í þessum efnum. Við þá fjárlagagerð sem nú fer fram fyrir einu ári voru uppi miklir erfiðleikar með að fá fjármagn til þessa verkefnis. Meira að segja svo miklir að þar var ekki mætt óskum ríkisstjórnarinnar sjálfrar og í hennar eigin tillögum, þ.e. í fjárlagafrv., var ekki að finna það fjármagn sem þurfti til þessa verkefnis. Í þessum efnum duga því að sjálfsögðu ekki orðin ein. Ég fæ ekki séð hvernig hægt er að gera samninga eins og kveðið er á um í 3. gr. við svo og svo marga skógarbændur, sem kveða væntanlega á um ákveðin fjárútlát af hendi hins opinbera, án þess að frá því sé gengið með skýrari hætti en hér liggur fyrir. En þetta er að sjálfsögðu eitt, virðulegi forseti, af því sem verður fjallað um í landbn. og sé ég ekki neina ástæðu til þess að fara ítarlega yfir það hér. Eins og ég hef áður sagt hef ég ekki haft tök á að fjalla um málið með þeim hætti að ég hafi fengið þar sannfærandi niðurstöðu.

Þess vegna vænti ég að málið fái greiða leið í gegnum þessa hv. deild svo landbn. geti tekið til starfa á sínum vettvangi.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við gengum í barnaskóla lærðum við það í Íslandssögutímum að landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Þegar maður síðan sem fullorðinn kemur til Norðurlandanna, jafnvel nyrst í Norður-Noreg sér maður há og beinvaxin tré og fyllist undrun og furðu að sjá þessi fögru tré. Ég efast því ekkert um það, þó loftslag sé auðvitað dálítið öðruvísi nyrst í Norður-Noregi en hér á Íslandi, eftir að hafa lært mína barnaÍslandssögu og séð hin glæsilegu tré í Norður-Noregi og Norður-Rússlandi að við getum líka ræktað glæsilega skóga hér á Íslandi.

Það er vafalaust skynsamlegt að gera stórátak á einum stað fremur en á mörgum í byrjun. Ég vil ekki fella neinn dóm um það hvort þetta umrædda frv. sé ómarkvisst eða ekki. Þar veldur sjálfsagt hver á heldur. En ein orsökin fyrir því að ég kom hingað í stólinn var sú að Ísland er ekki bara Austurland, Ísland er mikið stærra en svo, og ég hef orðið vör við bændur víða á Íslandi sem gjarnan vilja og dreymir um að rækta bændaskóga, sem þeir kalla, ekki Héraðsskóga heldur bændaskóga. Mig langar að spyrja hæstv. landbrh. hvort þeir eigi að bíða í 40 ár, þ.e. það verði börn þeirra eða barnabörn sem hugsanlega geti farið út í slíka skógrækt, ef eingöngu á að gera átak á Austurlandi eða á Fljótsdalshéraði? Hvers mega þeir bændur vænta sem gjarnan vilja rækta bændaskóga þó þeir séu í miklu minna mæli og smærri í öllum sniðum en Héraðsskógurinn stóri þarna á Fljótsdalshéraði?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið hér og vil svara spurningu hv. síðasta ræðumanns, 18. þm. Reykv.

Það er gert ráð fyrir því og hefur reyndar verið bæði á síðasta ári og hinu næsta þar á undan að fjárveitingar haldi áfram samhliða þessu verkefni til bænda og skógræktaraðila annars staðar í landinu. Reyndar var það svo að með tilkomu héraðsskógaverkefnisins á síðasta ári, þar sem fjárveitingar færðust um þann farveg til allra þeirra bænda sem skógrækt stunduðu á Fljótsdalshéraði en áður höfðu fengið stuðning af hinum almenna lið Skógræktar ríkisins sem færður er þar undir nytjaskóga, varð meira til ráðstöfunar og skiptanna handa bændum annars staðar í landinu. Áður höfðu bændur á Fljótsdalshéraði verið með stærsta einstaka hlutann af þessum fjárveitingum sem, ef ég man rétt, voru um 15 millj. kr. á síðasta ári. En af þessu átaki leiddi að meira var til ráðstöfunar til bænda annars staðar. Þar er um nokkuð stór verkefni að ræða, bæði í Eyjafirði, Borgarfirði, á Suðurlandsundirlendinu og víðar. Það er að sjálfsögðu ætlun okkar og von að um áframhaldandi stuðning við skógrækt einstakra bænda verði að ræða og þá í formi fjárveitinga sem færðar eru undir Skógrækt ríkisins og þann lið þar sem nefndur er nytjaskógar. Hér er að sjálfsögðu á ferðinni verkefni af allt annarri stærðargráðu og nokkuð öðruvísi hugsað þar sem gert er ráð fyrir að þeir sem þátttakendur eru geti að einhverju leyti eða jafnvel verulegu leyti unnið sjálfir við verkefnið og haft af því tekjur en stuðningur við skógrækt annars staðar hefur enn sem komið er fyrst og fremst verið í formi plöntna sem lagðar hafa verið til.

Ég hef hins vegar séð þetta þannig fyrir mér að þetta átak og þetta mál geti gjarnan orðið hið fyrsta af fleirum sem ráðist verði í. Að sjálfsögðu mun það fara eftir þeim áhuga og þeim fjármunum sem hið opinbera verður tilbúið til að leggja til þessara mála á næstu árum og áratugum. Ég vona svo sannarlega að ekki þurfi að bíða þess í 40 ár að næsta stóra verkefni hefjist á þessu sviði. Hitt kann að vera skynsamlegt að koma þessu vel á veg og meta síðan reynsluna af því að nokkrum árum liðnum og taka hana inn í myndina þegar hafist verður handa í jafnstórum stíl annars staðar. Að sjálfsögðu eru svo ýmiss konar verkefni í gangi bæði á vegum Skógræktar ríkisins, skógræktarfélaga, félagasamtaka, einstaklinga víða um land og í heildina tekið hefur verið mikill vöxtur og mikil gróska á þessu sviði eins og best sést á hraðvaxandi eftirspurn eftir plöntum. Í raun og veru er það þannig að nokkur sl. ár má segja að flöskuhálsinn í skógræktarmálum hafi verið ónógt framboð af plöntum.

Ég vona að þetta hafi að einhverju leyti svarað spurningum hv. þm. og þakka svo þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Launamál, 1. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þótt um þetta mál hafi mikið verið rætt tel ég ástæðu til að fara nokkuð yfir allan aðdraganda málsins og setningu þeirra bráðabirgðalaga sem sett voru 3. ágúst sl. og hafa legið hér fyrir til staðfestingar frá fyrstu dögum þingsins.

Ég vil í fyrsta lagi minna á það að um áramótin 1988–1989 hófust viðræður við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna um nýjan kjarasamning. Kröfur bandalagsins komu fram í febrúar 1989. Um þær náðist ekki samkomulag og hófst verkfall hjá háskólamenntuðum mönnum 6. apríl 1989. Þó fram færu óformlegar viðræður síðan þann rúma mánuð sem verkfallið stóð náðist ekki árangur. Varð það til þess að föstudaginn 12. maí ákvað ég að hefja nokkur afskipti af málinu, kallaði þá fulltrúa á minn fund og urðu síðan formlegir fundir um málið hvítasunnuhelgina, þ.e. laugardag, sunnudag og mánudag. Ég fékk

með mér í þær viðræður Þorkel Helgason prófessor, sem hafði ekki komið að þessu máli áður, maður töluglöggur. Einkum fjölluðu þessir fundir um þá kröfu Bandalags háskólamenntaðra manna að fá samanburð gerðan á sínum kjörum og þeim kjörum sem háskólamenntaðir menn hafa almennt í þjóðfélaginu. Mín afskipti voru þó fyrst og fremst þau að ná samkomulagi um að þetta yrði gert á þann máta að ekki þyrfti að raska hinu almenna launakerfi í landinu. Ég lagði strax fram á fyrsta degi tillögu um hvernig það mætti orðast, tillögu um viðbót við 1. gr. Þessi tillaga fór síðan í gegnum allmarga fundi og tók ýmsum breytingum og endaði síðan með þannig samkomulagi frá minni hendi að segja í 1. gr.: „Þess skal gætt að umræddar breytingar valdi ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu". — Breyttist síðan í síðustu meðferð með samþykki mínu í: „... standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu".

Um þetta náðist fullt samkomulag og var töluvert um það rætt hvernig mætti gera það, m.a. með því að dreifa þeirri leiðréttingu, sem við vildum gjarnan hafa, yfir fleiri ár en þrjú en niðurstaðan varð þrjú ár sem dreift yrði að fá hækkun um t.d. einn launaflokk á ári.

Á þessum fundum og öðrum, sem ég sótti ekki, var jafnframt mjög mikið rætt um það hvernig að þessu skyldi staðið. Má segja að 2., 3., 4. og 5. gr. samningsins lýsi því hvernig að þessu skuli staðið. Þar er talað um að taka skuli mið af menntun, svo og faglegri, fjármálalegri og stjórnunarlegri ábyrgð og sömuleiðis að sjálfsögðu að taka tillit til þeirra hlunninda sem háskólamenntaðir menn í þjónustu ríkisins og utan þess njóta og gera þar samanburð á. Þetta var allmikið rætt, ekki síst atriði eins og lífeyrissjóður opinberra starfsmanna sem er mjög mismunandi metinn til launagildis, allt frá 3% upp í 14–15% og hefur æði oft reynst mikill farartálmi í fyrri tilraunum til að bera svona saman. Einnig var rætt um ýmis önnur hlunnindi, sem ég ætla ekki að fara að telja hér upp, og aukagreiðslur sem opinberir starfsmenn hafa, eins og ómælda yfirvinnu, sem svo hefur verið kölluð, og lestrarpeninga og fleira þess háttar.

Mér varð strax ljóst af þessari umræðu að þarna var um margslungið mál að ræða en um það náðist samkomulag og ákveðið að setja á fót þrjár starfsnefndir sem skyldu fjalla um þessi ýmsu atriði, þ.e. bæði launasamanburðinn, ábyrgðina, hinn faglega samanburð og menntunina sem ég nefndi áðan. Jafnframt voru lögð ákveðin tímamörk á þetta starf allt, þ.e. bæði hvenær tilnefndir skyldu menn í nefndirnar og hvenær þær skuli ljúka störfum. Því var þó ekki treyst að það tækist fullkomlega og var því settur eins konar lokadagur á þetta verk 1. júlí 1990, eins og segir í 5. gr. og þá ákveðið að náist ekki að ljúka þessu verki fyrir þann tíma skuli koma hækkanir sem ég vil, með leyfi forseta, lesa: „Hafi nefnd samkvæmt 3. mgr. 2. gr., sem fjallar um launasamanburðinn, ekki skilað lokaáliti 1. júlí 1990 skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig að tilfærslur milli launaflokka samkvæmt 3. mgr. skuli vera að jafnaði hálfum launaflokki meiri en lágmark samkvæmt 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfanga skal þó enginn lækka í launaflokki."

Lágmark samkvæmt 3. mgr. er hækkun um einn launaflokk á ári. Þarna er því um einn og hálfan launaflokk að ræða eins og það var síðar skilgreint og um það urðu nokkrar deilur.

Í 9. gr. er svo ákveði um að rísi ágreiningur milli aðila þá skuli vísa honum til úrskurðar þriggja manna nefndar. Sérstaklega er nefnd þar framkvæmd kjarasamanburðar eða túlkun á niðurstöðu samkvæmt 2. gr. eða fyrirkomulagi breytingar samkvæmt 5. gr. Þarna er, sem kom nokkuð við mál síðar, ekki vísað í þessa umræddu setningu í 1. gr. sem ég hóf mál mitt með að lýsa. I. kafli samninganna fjallar sem sagt um þessa leiðréttingu. II. kafli er svo um breytingar á kjarasamningi og færslur milli launaflokka í samræmi við annað í þjóðfélaginu, eins og segir í 12. gr., um ákveðnar hækkanir, 1,5% í hvert sinn, þann 1. sept. 1989, 1. nóv. 1989, 1. jan. 1990 og 1. maí 1990. Hins vegar er í III. kafla ákvæði um endurskoðun á gildistíma þessa samnings. Þar segir í 15. gr., með leyfi forseta:

„Verði almennar breytingar á launakjörum annarra launþega eftir 30. nóv. 1989, þannig að þau hækki umfram launabreytingar samkvæmt 12. gr. geta aðilar krafist breytinga á launaliðum sem því nemur."

Þessi grein kom inn á lokaklukkutímum þessarar samningsgerðar og að sjálfsögðu hennar krafist frá hendi BHMR til þess að sú leiðrétting sem kæmi inn fengi þá staðið.

Ég skrifaði BHMR bréf 16. maí og óskaði eindregið eftir því að til þessa samnings yrði gengið enda yrði samkomulag um ákvæði 1. gr. þar sem segir: „Þess skal gætt að umræddar breytingar valdi ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu."

Frá samningi var síðan gengið 18. maí 1989. Það er næst frá því að greina að í febrúar 1990 gerðu aðilar að hinum almenna vinnumarkaði, eins og stundum er svo kallað, með sér kjarasamning sem síðar hefur hlotið nafnið „þjóðarsátt". Kom ríkisvaldið töluvert þar við sögu, bæði í óformlegum viðræðum við þá aðila sem gerðu þann samning áður en samningur var gerður og ekki síst á lokastigi þess samnings. Þurfti ríkissjóður að leggja töluvert til þess að sá samningur mætti takast sem ég ætla nú út af fyrir sig ekki að fara að rekja hér. En í forsendum þessa samnings segir jafnframt að ein forsendan sé að laun annarra í þjóðfélaginu hækki ekki umfram það sem gert er ráð fyrir í þeim samningi.

Þetta atriði var að sjálfsögðu rætt við ríkisstjórnina og þá benti ríkisstjórnin, m.a. ég, á þetta ákvæði 1. gr. í kjarasamningi BHMR, að þannig skyldi staðið að að ekki ylli röskun á hinu almenna launakerfi í landinu, eins og ég hef hvað eftir annað farið yfir.

Það skal tekið fram að aðilar að hinum almenna kjarasamningi drógu sumir hverjir í efa að þetta fengi staðist. Hins vegar verð ég að segja fyrir mitt leyti að ég treysti því fullkomlega. Ég leit svo á að um þetta væri samkomulag milli aðilanna, milli BHMR og fjmrh. og mín persónulega, þar sem ég hef gengið mjög

fram í þessu, og væri bindandi fyrir okkur báða. Að sjálfsögðu voru ýmsir lögfræðingar sem höfðu lagt þetta til mála og fullvissuðu mig um að þetta hlyti að standast þar sem báðir aðilar höfðu á það fallist. Vitanlega geta menn spurt hvernig átti þá að standa við samninginn. Til þess voru ýmsar leiðir, t.d. að dreifa hækkuninni yfir lengri tíma þannig að hún kæmi hægt inn og hæfist ekki fyrr en hinn almenni kjarasamningur væri hafinn eða það mætti gera hægar og þá með því að samkomulag næðist við aðila á hinum almenna vinnumarkaði.

Á það hefur verið deilt að ekki hófust þegar viðræður við BHMR út af þessu atriði. Ég átti viðræður við BHMR mjög fljótlega út af þessu atriði. Reyndar hef ég lýst því að ég taldi vel koma til greina að hefja slíkar viðræður en sérstaklega þeir menn sem að þessari samningsgerð unnu á vegum fjmrn. töldu það ekki nauðsynlegt og reyndar töldu að afar lítill munur kæmi út úr þessum samanburði og leiðréttingin yrði þess vegna mjög lítil og auk þess hlyti þetta ákvæði 1. gr. að halda.

Ég ætla ekki að rekja hér þessa samanburðarvinnu. Hún tók nokkuð langan tíma þó mjög mikið væri í henni unnið. Það verður að segjast eins og er að það er ánægjulegt að það náðist samkomulag að mestu leyti við BHMR um hvernig ætti að skilgreina ýmsa þætti. Hins vegar tók það allt of langan tíma út af fyrir sig og sumu dálítið ýtt til hliðar, enda afar erfitt að skilgreina t.d. hvernig ætti að meta ábyrgð og gera samanburð á ábyrgð innan ríkiskerfisins og utan. Niðurstaðan varð sú hins vegar með hinn almenna og kannski hvað mikilvægasta þáttinn, þ.e. samanburð á launum, að fela sérstakri könnunarstofu Gallups hér á landi að gera þann samanburð og byggja þar á eyðublaði sem aðilar höfðu komið sér saman um. Það dróst allt of langan tíma að fá svör. Ég er ekki að kenna neinum um, ekki þessari stofu. Ég hygg að því megi kenna um að svörin bárust bara mjög seint inn eins og oft hefur verið. Þegar komið var fram í byrjun júní óttuðust menn að þessum samanburði lyki ekki fyrir 1. júlí og yrði því ekki hægt að leggja hann til grundvallar í þeim viðræðum sem nauðsynlegt yrði að taka upp við BHMR og hinn almenna vinnumarkað.

Ég vil taka það fram að á þessum tíma átti ég ýmsar viðræður við forustumenn BHMR um málið. Í fjarveru minni var síðan skrifað bréf 12. júní til BHMR þar sem þessum viðhorfum var lýst og þeirri skoðun ríkisstjórnarinnar að þetta mundi ekki nást fyrir 1. júlí og væru svo miklar hættur á því að röskun yrði á hinu almenna launakerfi að með tilvísun til 1. gr. þá yrði að endurskoða samninginn.

Það má vel vera, ég er ekkert að draga úr því, að þetta bréf hafi verið einum of fortakslaust og það hefði heldur átt að setjast niður og reyna að ræða það betur. Ég held hins vegar að niðurstaðan hafi legið þá nokkuð ljóst fyrir. M.a. hafði ég, áður en ég fór þá utan, átt viðræður við fulltrúa almenna vinnumarkaðarins og það kom mjög greinilega fram og ákveðnar en mér þótti hafi komið fram áður, að þeir mundu ekki láta yfir sig ganga neinar hækkanir hjá BHMR. Strax og ég kom heim, sem ég held að hafi verið 13. júní, tók ég upp viðræður við bæði BHMR og hinn almenna launamarkað. Þær viðræður voru satt að segja töluvert ítarlegar. Þær leiddu því miður ekki til árangurs og urðu mér mikil vonbrigði. Ég lagði fram ýmsar hugmyndir um hvernig við gætum reynt að að dreifa þessu yfir lengri tíma og hefja leiðréttinguna síðar og ef það yrði einhver leiðrétting í upphafi að hafa hana þá algjörlega í lágmarki, en aðallega að reyna að ljúka þessum samanburði og leggja hann til grundvallar og fresta því að taka umrædd 4,5% sem 5. mgr. 5. gr. gerir ráð fyrir. En um það náðist ekkert samkomulag. Ríkisstjórnin tók því þá ákvörðun að greiða ekki út 1. júlí á forsendum 1. gr. samningsins.

Ég þarf út fyrir sig ekki að lýsa því að þessu var vísað til Félagsdóms og dómur gekk 23. júlí og var þá að sjálfsögðu greitt út.

Á fjölmörgum fundum með aðilum vinnumarkaðarins kom fram í fyrsta lagi að ASÍ og BSRB mundu gera kröfu til sömu hækkana. Á fundi hjá VSÍ og VMS um svipað leyti og þetta mál kom fyrir Félagsdóm var niðurstaða þeirra sú að þeim væri ekki annað kleift en að standa við forsendur kjarasamningsins og samþykkja hækkun upp á 4,5% yfir allan launamarkaðinn.

Ég held að það hljóti hverjum manni að vera augljóst að af þessu gat ekki hlotist nema hinir mestu erfiðleikar. Það má að vísu deila um það hvernig framhaldið hefði orðið. Ég lét strax skoða framhaldið með tilliti til allra ákvæða kjarasamninganna og Þjóðhagsstofnun endurtók það fyrir mig nýlega og telur að af því hefði getað orðið verðbólga sem væri frá 20–46% eftir því hve hratt ákvæði 12. gr. kjarasamnings BHMR virkaði og hve hratt aðilar vinnumarkaðarins samþykktu launahækkun á móti.

Nú vil ég taka það skýrt fram að ég ímynda mér ekki að svona hefði fram haldið. Að sjálfsögðu hefði kjarasamningunum verið sagt upp. Það er spurning hve fljótt. En hitt má svo um deila hvort ástandið hefði þá verið eitthvað mikið betra með alla kjarasamninga lausa. En að sjálfsögðu hefði þetta ekki verið látið gerast. Inni í þessu eru svo fjölmörg vafaatriði, t.d. breyting á gengi. Ég hræddur um að t.d. sjávarútvegurinn hefði eftir 4,5% launahækkun verið nokkuð stífur á því að fá raungengi lækkað og allir hv. alþm. þekkja það að slíkt leiðir náttúrlega strax til verðhækkunar. Þessi ríkisstjórn hefur fylgt þeirri stefnu að reyna að halda raungenginu sæmilega raunhæfu. (Gripið fram í.) Það hefur ekki hækkað mikið en kannski aðeins. Hins vegar hefur vöruverð erlendis hækkað svo mikið, hv. þm., að það hjálpar til, það viðurkenni ég, að halda þessu jafnvægi.

Það hefðu orðið þarna ófyrirsjáanlegar afleiðingar en vafalaust mjög erfiðar. Ég lagði því fram í ríkisstjórninni tillögu um málamiðlun í þessu máli strax eftir að félagsdómur var fallinn. Hún var samþykkt þar og fólst í fáum orðum í því að launahækkunum þessum yrði frestað, framhald yrði á öllum samanburðinum og samanburðurinn kæmi síðan til framkvæmda í áföngum eftir 1. sept. 1991.

Ég vil taka það fram að aðilar hins almenna vinnu-

markaðar voru ekki samþykkir þessari málamiðlun, enda ekki út af fyrir sig lagt fyrir þá þó málin væru öll rædd. En ég leit svo á að ef samanburðurinn lægi fyrir þá mætti rökræða hann almennt og menn þá væntanlega sannfærast eða sannfærast ekki um hvort hann væri réttur og kannski gera á honum þær leiðréttingar, þannig að hann hefði fengið ítarlega meðferð. Ég á erfitt með að trúa því að hinn almenni vinnumarkaður sætti sig ekki við samanburð ef hann er nógu vel unninn og leiðréttingar á þeim mismun sem sannarlega er á milli háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og á hinum almenna markaði. Á þetta reyndi mjög helgina fyrir setningu bráðabirgðalaganna en því miður tókust ekki samningar. Það kom fram hjá BHMR að það kæmi til greina að breyta 15. gr., taka upp rauð strik í staðinn, en það sýndist okkur við skjóta skoðun vera tiltölulega lítil bót. Rauðu strikin geta verið æði hættuleg. Okkur sýndist að strax hefði farið upp fyrir þau ef 4,5% launahækkun hefði gengið yfir allan vinnumarkaðinn.

Ég vil taka það fram að ég hugleiddi það mjög að kveðja saman þing og það var mín fyrsta hugmynd í þessu máli, en vildi þó enn gera úrslitatilraun til að ná samningum. Þegar það tókst ekki þarna um helgina lá fyrir að vinnuveitendur mundu hefja útborgun á 4,5% í lok þeirrar viku. Ég taldi mér ekki fært að bíða eftir því að það gerðist því þá hefði verið miklu erfiðara að taka til baka af öllum vinnumarkaðinum yfir línuna þessa 4,5% hækkun. Því var ákveðið að setja þau bráðabirgðalög sem liggja hér fyrir til staðfestingar.

Um bráðabirgðalögin sjálf vil ég það segja að að sjálfsögðu voru þau samin af lögfræðingum, af því það voru nú svo margir háttvirtir lögfræðingar í Nd. sem töluðu um málið, og að sjálfsögðu farið vandlega yfir öll atriðin sem snerta stjórnarskrá og eignarrétt o.s.frv. Bráðabirgðalögin eru í fyrsta lagi almenn fyrir alla kjarasamninga. Þeir eru bundnir. Uppsagnarákvæði þeirra er bundið við það sem kjarasamningar ASÍ og VSÍ og VMS annars vegar og BSRB og ríkisins hins vegar gera ráð fyrir. Hins vegar er hér ákvæði sem verður að vekja athygli á sem mér finnst hafa valdið einhverjum misskilningi. Það segir í 3. gr.: „Aðilum að kjarasamningi sem ekki kveður á um launanefnd er heimilt að semja um stofnun og verksvið slíkrar nefndar. Verði slíkur samningur gerður fer eftir ákvæðum 1. mgr. frá þeim tíma." Þetta er mikilvægt ákvæði vegna þess að það eru launanefndirnar í kjarasamningum ASÍ, VSÍ og VMS og kjarasamningi BSRB og ríkisins, sem ákveða um uppsögn kjarasamnings og breytingar á honum eins og gerst hefur t.d. núna þegar launin á hinum almenna markaði hækkuðu aðeins meira en gert hafði verið ráð fyrir í kjarasamningum. Að öðru leyti er kveðið svo á að í öllum þeim samningum sem hafa verið gerðir skuli hækkanirnar vera eins og þær eru ákveðnar í hinum almennu samningum, þ.e. 1. des. 1990 2%, 1. mars 1991 2,5% og 1. júní 1991 2%, með þeim hækkunum og breytingum sem launanefndirnar gera ráð fyrir. Þetta eru almenn ákvæði fyrir alla þá sem hafa kjarasamninga og það eru töluvert margir sem slíka samninga hafa en ekki hafa launanefndir. Þau ákvæði sem snúa fyrst og fremst og einvörðungu reyndar að BHMR eru síðan í 4. gr. þar sem 5. og 15. gr. kjarasamningsins eru felldar úr gildi. Þ.e. í fyrsta lagi 5. gr. sem kveður á um 4,5% hækkun hafi ekki samanburðurinn náðst og 15. gr. sem kveður á um víxlhækkun og tekið fram að í staðinn fyrir þessi 4,5% skuli BHMR hljóta sömu laun og kveður á um í 2. gr. sem er hækkun upp á samtals 6,5% en kemur að sjálfsögðu nokkuð síðar. Það var vitanlega gerður samanburður á hvað þetta þýddi og það er rétt að þessi 6,5% miðað við að þau koma síðar er aðeins minni hækkun þegar tekið er yfir þennan tiltölulega skamma tíma, eða til 1. sept. 1991, sem hinn almenni kjarasamningur nær. En þar munar ekki ýkja miklu og vekur upp spurningar um það að ef kjarasamningum hefði öllum verið sagt upp eftir að 4,5% hefðu gengið yfir alla línuna þá standa menn út af fyrir sig með svipaða launahækkun eftir það sem hér er gert.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að hafa um þetta lengra mál. Ég vil taka það fram að lokum að þetta var algert neyðarúrræði og mat ríkisstjórnarinnar að hér yrði neyðarástand ef þetta yrði ekki gert. Það er nú svo í þjóðfélaginu að stundum verða jafnvel mjög mikilvægir hagsmunir að víkja fyrir öðrum sem eru enn þá mikilvægari. Og ég leyni ekki þeirri skoðun minni að stöðugleiki í efnahagslífinu er það. Hvorki BHMR eða nokkrir aðrir hefðu borið neitt úr býtum annað en verðbólgu ef þessi víxlverkun hefði farið af stað og þá hefði ekki orðið úr neinum samanburði milli BHMR og annarra háskólamenntaðra manna, með öðrum orðum þeir hefðu staðið í sömu sporunum að þessu leyti launalega og samanburðarlega en langtum, langtum verr vitanlega efnahagslega. Mér þótti það afar leitt og harma það mikið að ekki tókust samningar eins og ég lagði mig mjög fram um að ná.

Þetta mál var að sjálfsögðu lagt fyrir þing í upphafi þess, eins og stjórnarskrá gerir ráð fyrir. Ég legg á það mikla áherslu að það fái skjóta meðferð í gegnum þingið. Það er vitanlega andi þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar að það liggi ekki hér allt of lengi. Ég á von á því og þakka reyndar fyrir þann samstarfsvilja sem mér finnst koma fram hjá ýmsum nefndarmönnum um að taka málið strax til meðferðar og skoða það og vona að það komist fljótlega aftur til deildarinnar.

Ég gerið það að tillögu minni að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Ég hafði reyndar vænst þess að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. Ég hafði hugsað mér að spyrja hann nokkurra spurninga. Ég get reyndar gert það í lok máls míns ef hann er vant við látinn þessa stundina. (**Forsrh.:** Ég er hræddur um að hann sé mjög bundinn í neðri deild.) Ég mun taka tillit til þess eins og ég sagði og fresta þá þeim fsp. þar til hæstv. fjmrh. kemur. (**HBl:** Fjmrh. ætti að vera við. Hann gerði samningana.) (**Forsrh.:** Hann kemur eflaust.) (**HBl:** Það er nú ekki kurteisi að hlusta ekki á forsrh., en hlusta á mál óbreyttra þingmanna.) (**Forsrh.:** Ég ætla

að hlusta.) (**HBl:** Ég sagði að maðurinn sem gerði samningana ætti kannski að hlusta á mál óbreyttra þingmanna.) Eins og ég gat um er ég reiðubúin til að hefja mál mitt þó hæstv. fjmrh. sé ekki hér þessa stundina.

Við höfum nú fengið þennan óheillagjörning hæstv. ríkisstjórnar á dagskrá hér í hv. Ed. Þingheimi öllum er kunnugt um afstöðu okkar kvennalistakvenna til þessara bráðabirgðalaga sem nú eru komin til umfjöllunar. Sömuleiðis hefur afstaða okkar til bráðabirgðalaga sem sett eru eða til lagasetningar á frjálsa kjarasamninga þráfaldlega komið í ljós. Samningar sem gerðir eru gerðir í ljósi þeirra mannréttinda og lýðréttinda sem gilda í þessu þjóðfélagi — eða eiga að gilda öllu heldur. Ég minni á að einmitt af þeim ástæðum að ríkisstjórnir hafa stöðugt sett bráðabirgðalög á samninga hefur Kvennalistinn hafnað aðild að þeim ríkisstjórnum sem setið hafa á þessu kjörtímabili.

Eins og hv. þm. er kunnugt um hafa ríkisstjórnir ein af annarri ekki skirrst við að notfæra sér þessa heimild í stjórnarskránni, hvort sem er í nafni frjálshyggju eða félagshyggju svokallaðrar. Þeir tveir flokkar, Alþfl. og Alþb., sem hingað til hafa talið sig hvað nátengdasta verkalýðshreyfingunni sáu ekkert athugavert við ýmist að taka þátt í lagasetningunni eins og Alþfl. gerði sumarið 1988 og Alþb. lagði blessun sína yfir framlengingu þeirra með inngöngu í stjórnina haustið 1988 þegar ný ríkisstjórn var mynduð. Við kvennalistakonur gátum með engu móti lagt blessun okkar yfir þá gjörð þannig að aðild að ríkisstjórn kom ekki til greina. Þetta hafa margir kosið að túlka á þann veg að við þjáumst af kjarkleysi og þorum ekki að axla ábyrgð. Í mínum huga birtist einkennilegt siðgæðismat í því að telja það kjarkleysi að standa við skoðanir sínar en telja það kjark að skipta um skoðun eftir því sem henta þykir.

Stjórnarskráin kveður á um að þingmenn séu ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og um það sverjum við eið að stjórnarskránni þegar við hefjum hér störf. Ekki vil ég trúa því að óreyndu að sannfæring hv. þm. segi þeim að ekkert sé athugavert við að ganga á bak orða sinna og gerðra samninga.

Með því að nota heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar svo oft sem raun ber vitni, ekki síst til þess að fjötra frjálsa kjarasamninga, er jafnt og þétt grafið undan lýðræði og mannréttindum í þjóðfélaginu. Það var ekki síst sú bráðabirgðalagasetning sem nú er á dagskrá sem varð okkur kvennalistakonum tilefni til að flytja frv. í Nd. um afnám heimildar til útgáfu bráðabirgðalaga. Eins og ég gat um áðan verður fjöldi bráðabirgðalaga frá stofnun lýðveldisins að teljast óeðlilegur. En frá þeim tíma til dagsins í dag hafa verið gefin úr tæplega 260 bráðabirgðalög. Það er svo einn annar þáttur sem má minna á og undirstrikar hve frjálslega stjórnvöld hafa farið með þetta vald, en alkunna er að ríkisstjórnir hafa oft gefið út bráðabirgðalög skömmu áður en Alþingi er kallað saman, stuttu eftir þingslit að vori eða jafnvel í jólaleyfi þingmanna.

Miðað við þann stuðning sem frv. okkar um afnám þessarar heimildar hlaut meðal þingmanna í Nd. í umræðunni sem þar fór fram þegar frv. var lagt fram og mælt fyrir því og ekki síst með hliðsjón af því hörmulega dæmi um valdníðslu ríkisstjórnar sem við ræðum hér í dag, tel ég ástæðu til að ætla að frv. okkar hljóti afgreiðslu sem lög á þessu þingi.

Þingkonur Kvennalistans telja að með þeim bráðabirgðalögum sem sett voru 3. ágúst sl. hafi ríkisstjórnin beitt fádæma ólýðræðislegum vinnubrögðum auk þess að virða að vettugi samningsrétt viðsemjenda sinna. Enn alvarlegra er að fullvíst má telja að þar hafi ríkisstjórnin einnig sett lög á dóm, en Félagsdómur hafði kveðið upp sinn dóm í þessu máli og ríkisstjórnin ógilti þann úrskurð.

Í umræðum utan dagskrár í Sþ. 18. okt. sl. beindi ég nokkrum spurningum til hæstv. forsrh. varðandi þau vafaatriði sem hljóta að sækja á huga hans eins og annarra í þessu máli. Hann lenti auðvitað í þeim tilvistarvanda sem hver siðmenntaður maður hlýtur að lenda í sem misbeitir valdi sínu á þann hátt sem hann hefur gert. Hann reyndi að sleppa frá málinu með því að segja að ekki hafi verið sett lög á dóm heldur lög sem breyttu forsendum dómsins. Ég hlýt því að spyrja hæstv. forsrh.: Hvers vegna var málið ekki tekið upp á ný fyrst forsendur dómsins voru brostnar? Hvers vegna var það ekki sent til dómsins aftur með nýjum forsendum?

Hæstv. ríkisstjórn reynir að verja sig með því að lögin hafi verið sett í nafni þjóðarsáttar. Hvenær var gerð sátt um að taka af kjarabætur sem samið var um í frjálsum samningum? Launafólk í öðrum stéttarfélögum hefur ekki fengið tækifæri til að svara þessari spurningu. Hins vegar efast ég ekki um hvert svar þess hefði verið. Það hefði að sjálfsögðu verið neitandi. Það eru hagsmunir allra að kjarasamningar séu virtir.

Ef til vill blasir líka við okkur sú dapurlega staðreynd að alveg hafi verið ljóst frá upphafi að ekki yrði staðið við þennan samning. Það virðist hafa verið þannig þegar samningur var gerður við ASÍ, BSRB, VSÍ og VMSÍ og ríkið að ríkið hafi aldrei ætlað sér að standa við samning sinn sem gerður var við BHMR 18. maí 1989. Langar mig, með leyfi forseta, að fá að vitna hér í viðtal sem birtist í aðalfréttatíma Sjónvarpsins 29. nóv. sl., við formann Vinnuveitendasambands Íslands, Einar Odd Kristjánsson. Þar spyr fréttamaður hann á þessa leið: „Aðilar vinnumarkaðarins, aðstandendur þjóðarsáttarinnnar, Alþýðusambandið, BSRB og samtök vinnuveitenda lögðu mikinn þrýsting á stjórnvöld í sumar um að þau næmu kjarasamning fjmrh. við BHMR úr gildi með lagasetningu eftir að Félagsdómur hafði dæmt einhliða uppsögn ríkisins á samningnum ógilda. En gátu þeir ekki allan tímann búist við því að meiri hluti Alþingis snerist öndverður gegn slíkri lagasetningu sem að ýmissa dómi var í blóra við eðlilegar leikreglur lýðræðis?“ Svar formanns Vinnuveitendasambands Íslands er á þessa leið. „Sko, það skiptir ekki máli hvernig menn vilja túlka það. Það lá fyrir í upphafi þegar þessi samningur var gerður við BHMR að engir aðrir launþegar mundu nokkurn tímann líða það að afmarkaður hópur manna mundi alltaf fá sömu hækkanir og aðrir en auk þess

næstu fimm árin viðbótarhækkun. Þetta máttu allir vita. Þessu var lýst yfir í upphafi þegar samningurinn var gerður. Það var líka vitað þegar við gengum frá febrúarsamningnum við ASÍ og BSRB að það væri grundvallarskilyrði að aðrir launahópar fengju það sama og þarna var samið um. Það má kalla það ofbeldi ef menn vilja en þetta var lykillinn að því að þetta samkomulag náðist. Þetta var leiðin til að keyra þessa verðbólgu niður, að fá alla til að taka þátt í því." Og enn spyr fréttamaðurinn: „Nú voruð þið mjög hvetjandi þess að þessi lög yrðu sett en getið þið ekki búist við að næst bitni það á ykkur ef ekki fæst samþykki á Alþingi fyrir svona aðgerð ríkisvaldsins?" Formaður Vinnuveitendasambands Íslands svarar: „Við vorum mjög hvetjandi þess, reyndar kröfðumst við þess vegna þess að ríkisstjórnin hafði gefið okkur fyrirheit, ófrávíkjanleg fyrirheit, um það að BHMR-samningurinn tæki ekki gildi. Það voru loforð þeirra. Það voru handsöl þeirra og við gengum mjög stíft eftir því að við þau loforð yrði staðið. Það er alveg rétt. En við gerðum það vegna þess að þetta var, eins og ég sagði áðan, að þetta var lykillinn að því að aðrir gætu sætt sig við það að svona gengi þetta fram. Þannig var að þetta voru okkar viðbrögð, voru í beinu samhengi við það sem við höfðum áður heitist undir og lofað."

Ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh. í framhaldi af þessu viðtali hvort það sé rétt, sem hér hefur komið fram í viðtali við formann Vinnuveitendasambands Íslands, að það hafi verið handsalað samkomulag um það að samningur BHMR tæki ekki gildi. Öll framganga ríkisstjórnarinnar er með þvílíkum eindæmum að ég tel rétt að rifja hér örlítið upp atburðarásina. Eins og kom fram í máli hæstv. forsrh. áðan hefur það verið gagnrýnt töluvert að ekki skyldi vera rætt strax við BHMR þegar samningar um þessa svokölluðu þjóðarsátt voru gerðir. Það er auðvitað mikil spurning hvers vegna ekki var rætt við BHMR og hreinlega gert ljóst að ekki var ætlunin að standa við samninginn. Ég hlýt að ítreka og endurtaka þessa spurningu varðandi handsal ríkisstjórnarinnar og VSÍ í þessu máli.

Það er einkennilegt og lýsandi fyrir þessa ríkisstjórn hvernig hún ber sig að þar sem hún virðist telja það færa leið til að hafa góða samvinnu og halda frið í þjóðfélaginu að umgangast, hvort sem er stéttarfélög eða einstaklinga, á þann hátt að gefa út einhliða yfirlýsingar um ákvarðanir sínar. Í því sambandi nægir að minna á bréf það sem ríkisstjórnin hæstv. sendi BHMR 12. júní sl. og hæstv. forsrh. gat reyndar um áðan. Heyrðist mér á honum að hann hefði að einhverju leyti séð eftir á að þar var heldur harkalega fram gengið. Í þessu bréfi kemur einmitt fram einhliða yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að hún muni ekki standa við þennan samning.

Í verkfallinu langa sem BHMR háði vorið 1989, áður en þessi kjarasamningur var gerður, var hæstv. fjmrh. gagnrýndur mjög fyrir vinnubrögð sem einkenndust af álíka hroka og yfirgangi og fram koma í bréfi þessu sem ég nefndi áðan. Í bréfinu er engin tilraun gerð til þess að ná sáttum heldur aðeins tilkynnt um einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar í málinu. Í framhaldi af þessu bréfi ríkisstjórnarinnar sendu kvennalistakonur frá sér ályktun 14. júní sl. Með leyfi forseta langar mig að lesa hana. Þar segir: „Í lýðræðisþjóðfélagi telst frjáls samningsréttur til grundvallarmannréttinda. Þegar ríkisstjórn Íslands sýnir nú sitt rétta andlit og grípur til þess ráðs að tilkynna BHMR formálalaust að ríkisvaldið hyggist ekki standa við sinn hlut í löglega gerðum og undirrituðum kjarasamningi hlýtur það að vekja ugg í brjósti og margar spurningar. Ekki síst þegar þess er gætt að þetta er ekki í fyrsta sinn sem samningsréttur íslenskra launþega er fótum troðinn og einskis virtur. Aðferðin er ný en innihaldið ekki. Þetta mannréttindabrot ríkisstjórnarinnar er því einungis tilbrigði við stef sem allir launþegar ættu nú að kunna. Fyrir rúmu ári, eftir langt og harðvítugt verkfall, gerðu BHMR og ríkið með sér samning um að endurskoða launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins í því augnamiði að þeir nytu sambærilegra kjara og fyrir sambærileg störf á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar þessarar endurskoðunar sem ljúka átti á fyrra missiri ársins 1990 skyldu tillögur um breytingar á launakerfi BHMR framkvæmdar á þremur árum. Fyrsta skref átti að stíga 1. júlí 1990. En þá gerist það að ríkisstjórn Íslands tilkynnir BHMR með bréfi, dags. 12. júní 1990, að hún hafi ákveðið að fresta framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Sama dag er tilkynnt hækkun á áfengi og tóbaki og sú skýring gefin að hækkunin sé í samræmi við fjárlög. Var hækkunin til háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem samið var um fyrir ári ekki inni í fjárlögum? Ætlaði ríkisstjórnin sér aldrei að standa við samninginn?

Í bréfi ríkisstjórnarinnar er vísað til þjóðarsáttarinnar og að framkvæmd umsaminnar endurskoðunar á launakerfi BHMR muni spilla árangri hennar. Því til stuðnings er minnt á að ein af forsendum kjarasamnings ASÍ og VSÍ, sem aðrir kjarasamningar hafi tekið mið af, sé að launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum", þ.e. samningi ASÍ og VSÍ, hér er beint vitnað til hans.

Og áfram heldur ályktunin:

„BHMR átti ekki aðild að þjóðarsáttinni svokölluðu. Samningur þess við ríkisvaldið var gerður tæpu ári fyrr. Hvorki ASÍ, VSÍ eða nokkur annar getur gert kjarasamninga sem breyta þegar gerðum samningum annarra. Frestun er réttlætt með því að vitna til eftirfarandi setningar í BHMR-samningnum: „Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu." Þessi setning staðfestir að launakerfi BHMR skuli breytt eins og 1. gr. samningsins kveður á um. Hún er ekki um það að ekki eigi að framkvæma umsamdar breytingar heldur um leiðir til þeirra breytinga.

Með því að fresta leiðréttingunni einhliða gefur ríkisstjórnin til kynna að ekki megi hrófla við ríkjandi launakerfi. Þýðir þetta að hópar sem hér eftir semja um leiðréttingu launa geti ekki fengið hana vegna þess að ekki megi breyta launakerfinu? Er þá launakerfið sem nú er við lýði eitthvert náttúrulögmál?

Kvennalistakonur telja núverandi launakerfi óréttlátt

og vilja raska því, ekki síst til þess að bæta hag kvenna á vinnumarkaðnum. Ríkisvald sem opinberar virðingarleysi sitt fyrir lýðræði og mannréttindum með þeim hætti sem nú er orðið er til alls víst. Það er því áríðandi að allt launafólk skilji mikilvægi þess að undirritaðir samningar haldi, hver svo sem í hlut á, minnugt þess að þau spjót sem beinast að einum í dag geta fyrr en varir snúist að öðrum á morgun."

Lýkur þar lestri mínum á þessari ályktun Kvennalistans frá 14. júní. Ég vil í framhaldi af henni beina spurningu til hæstv. forsrh. um það hvort hann líti svo á að það launakerfi sem við búum við nú sé fast og því megi ekki breyta eða raska á einn eða annan hátt. Þá hlýt ég einnig að spyrja hvernig hann sjái fyrir sér að gera megi þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum, þ.e. í launalegu tilliti, á ég við, hvernig hann hugsi sér að ná fram jafnrétti kvenna og karla til launa, en eins og fram kemur í mörgum skýrslum sem út hafa verið gefnar á undanförnum árum eru konur rétt um hálfdrættingar á við karlmenn, og hvaða hugmyndir hann hafi um hvernig megi breyta þessu.

Allir þekkja söguna í framhaldi af þessu bréfi frá þá starfandi forsrh., 12. júní sl., að BHMR skýtur máli sínu til Félagsdóms sem 23. júlí sl. kvað upp samhljóma dóm þar sem segir orðrétt að stefnda, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, sé frá 1. júlí 1990 skylt að greiða félagsmönnum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem starfa hjá stefnda og taka laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, fjárhæð sem nemur einum og hálfum launaflokki til viðbótar launum viðkomandi félagsmanns samkvæmt 10. gr. kjarasamnings aðila. Auk þessa er stefnda, þ.e. fjármálaráðherra, gert að greiða málskostnað og dráttarvexti.

Eftir að niðurstaða Félagsdóms varð ljós fóru að heyrast raddir um að hugsanlega yrðu sett bráðabirgðalög þvert ofan í dóminn. Eitthvað virtust hæstv. ráðherrar hikandi í fyrstu, en í DV 24. júlí sl. er haft orðrétt eftir hæstv. fjmrh., með leyfi forseta: „Það kemur ekki til greina að setja bráðabirgðalög á niðurstöður dóms." Og í sama viðtali segir hann: „Það verður ekki farið út í neinar aðgerðir nema þær standist 100%. Það eru engar líkur á að ríkisstjórnin afnemi þá 4,5% hækkun sem Félagsdómur hefur úrskurðað háskólamönnum. Slík aðgerð er einfaldlega of hæpin lögfræðilega. Það eru miklar líkur til þess að dómstólar muni hnekkja henni við fyrsta tækifæri." Þar með lýkur tilvitnun í svar hæstv. fjmrh. og hafði ég hugsað mér að spyrja hann beint vegna þessa tilvitnaða viðtals við hann en mun þá geyma mér það þangað til hann hefur tök á því að koma hingað.

Þegar leið að mánaðamótum júlí/ágúst fóru reyndar að heyrast ýmsar athugasemdir, t.d. þau orð hæstv. fjmrh. að Félagsdómur lifði í efnahagslegu tómarúmi. Það hlýtur að vera spurning um stöðu dómstóla, hver þeirra staða er í þjóðfélaginu, ef þeim er gert að dæma út frá einhverjum ákveðnum forsendum. Er dómstólum þá skylt að taka tillit til t.d. efnahags- og heimilisaðstæðna sakamanna sem þeir dæma?

Tíu dögum eftir að hæstv. fjmrh. hafði gefið afdráttarlaust svar um það að bráðabirgðalög yrðu ekki sett segir hann í Morgunblaðinu, 3. ágúst sl., með leyfi forseta: „Bráðabirgðalögin eru í þeirri mynd sem við viljum hafa þau. Almennur samningsréttur og lýðréttindi eru ekki skert með þessum lögum."

Hæstv. forsrh. sagði áðan að bráðabirgðalögin væru almenn fyrir alla kjarasamninga. Mér sýnist því á þessu að hæstv. fjmrh. og forsrh. hafi ekki sama skilning á þeim lögum sem þarna voru sett, en eitt af því sem sérstaklega hefur verið gagnrýnt varðandi þessi bráðabirgðalög er að þau taka til tiltekins lítils hóps í þjóðfélaginu, en venjulega er það svo að bráðabirgðalög eru sett af brýnni nauðsyn og ná til þjóðfélagsins alls.

Auðvitað hljóta að vakna spurningar eins og þær hvað hafi sannfært hæstv. fjmrh., hvaða nýja lögfræði hann uppgötvaði á þessum tíu dögum og hvort hann hafi fengið óyggjandi vissu fyrir því að dómstólar mundu ekki hnekkja þessum lögum þegar þar að kæmi.

Nú í haust var haldið þing Alþjóðasambands kennara en kennarar eru eins og þingheimi er kunnugt um félagar í BHMR, þ.e. hluti kennara. Þingið ályktaði um bráðabirgðalögin og þar kemur fram mjög einarður stuðningur þeirra við baráttu kennara og annarra félaga í BHMR við að ná fram sjálfsögðum mannréttindum sínum. Það liggur líka fyrir að Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hefur nú lagt þetta mál sitt fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina, ILO.

Íslenskir ráðamenn, ekki síst hæstv. ráðherrar, hafa verið ötulir við það á erlendum vettvangi að gera sig gildandi sem boðbera lýðræðis og frelsis og það er þýður ómur í setningunni sem oft heyrist um að við Íslendingar verðum að gera okkur gildandi í samfélagi þjóðanna. Við viljum gjarnan gefa þá mynd af Íslandi að hér ríki fyrirmyndarþjóðfélag með fyrirmyndarlýðræði. Það verður fróðlegt að fylgjast með hæstv. ráðherrum hvernig þeir ætla að svara fyrir lýðræðið á Íslandi ef það á stöðugt að verða hlutskipti íslenskra stéttarfélaga að þurfa að leita réttar síns í útlöndum og þegar í ljós kemur að setning þessara bráðabirgðalaga brýtur e.t.v. í bága við marga erlenda samninga sem íslenska lýðveldið á aðild að og hefur skrifað undir, að ekki sé talað um íslensku stjórnarskrána. Það gæti orðið erfitt hlutverk að leika lýðræðispostulann á erlendum vettvangi þegar þeir dómar hafa verið birtir.

Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. hérna áðan ræddi hann um nauðsyn þess að takast á við þessa kjarasamninga BHMR eftir 1. sept. Nú er það líklega svo að eftir þann tíma hefur hæstv. forsrh. e.t.v. ekkert um þá kjarasamninga að segja þar sem trúlega verður sest önnur ríkisstjórn að völdum hér á Íslandi. Það sem félagar í BHMR hljóta auðvitað helst að vilja ræða núna er það hvernig megi komast frá þessum ólögum. Þess má geta hér að það er í mínum huga ekki undarlegt að traustið skuli ekki vera allt of mikið vegna þess að gerðir hafa verið margir kjarasamingar undanfarin ár einmitt við þetta félag og þeim hefur verið rift einum af öðrum með ýmsum hætti. Saga þessa félags er alveg ótrúleg og það er í raun og veru saga samskipta þess við ríkisvaldið.

BHMR-félögin fengu samnings- og verkfallsrétt 1. jan. 1987. Það er skemmst frá því að segja að varla hefur ríkt friður um nokkurn samning þeirra síðan. Tæplega helming þess tíma hafa samningar verið í gildi og í friði en samningar hafa verið útrunnir og lausir í yfir hundrað daga án þess að nýir samningar lægju fyrir. Verkföll ýmissa BHMR-félaga hafa staðið í 88 daga og samningar hafa verið ónýttir með bráðabirgðalögum í 699 daga. Þetta eru ótrúlegar tölur og segja sína sögu en þess má líka geta að sá sem nú situr á stóli forsætisráðherra hefur áður komið að málum BHMR-félaga og það hafa verið undirritaðir margir samningar og yfirlýsingar um kjarasamanburð og það liggja fyrir skýrslur, ég man t.d. eftir þremur skýrslum um málefni kennara, og það er skemmst frá því að segja að engin þeirra tillagna sem þar koma fram um úrbætur í kjaramálunum hefur verið framkvæmd. Það er því e.t.v. ekki að undra að trúnaðartraustið sé ekki mjög mikið og menn séu ekki reiðubúnir til að fara að ákveða hvað gerist eftir 1. sept. því að fram undan er auðvitað algjör óvissa og enginn veit hvað gerist þegar þessu þjóðarsáttartímabili lýkur. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég mun halda áfram máli mínu. Ég var að fjalla um vinnubrögðin í kringum þetta mál allt saman. Ég minnist þess að við 1. umr. um þetta mál í hv. Nd. svaraði hæstv. forsrh. spurningum um það hvort ekki hefði verið rétt að kalla saman þing í sumar vegna þessa máls á þann veg að það hefði verið alveg óþarfi því meiri hluti hefði verið fyrir setningu þessara laga. Mér heyrðist hins vegar áðan hæstv. forsrh. segja eitthvað allt annað þar sem hann tilkynnti að hann hefði hugleitt það mjög að kalla saman þing. Það var hins vegar ekki að heyra á honum við 1. umr. málsins í Nd. Svarið sem hann gaf þar er eitt dæmi um hroka og yfirgang núverandi ríkisstjórnar og viðhorf hæstvirtra ráðherra í garð Alþingis Íslendinga.

Það er nú einu sinni svo að Alþingi á hverjum tíma er samansett af meiri hluta og minni hluta. Þar er líka stjórnarandstaða og hún á sama rétt og þeir sem meiri hluta mynda á því að fá mál til umfjöllunar, og það er einkennilegt ef meiri hluti getur gefið sér það fyrir fram að hann hafi svo rétt fyrir sér, og honum skeiki hvergi, að óþarfi sé að kalla aðra til. Þetta vekur auðvitað spurningar um hvort það sé álit hæstvirtra ráðherra í ríkisstjórninni að útilokað sé að minni hluti eða stjórnarandstaða kunni að geta bent á einhverja agnúa eða einhver atriði sem betur mættu fara í hinum ýmsu málum. Þá á ég ekki eingöngu við bráðabirgðalögin. Þetta vekur auðvitað líka upp spurningu um það hvort nefndir þingsins séu óþarfar vegna hins alvitra meiri hluta á hverjum tíma.

Ég held að sé svo ætti hæstv. ríkisstjórn að endurskoða afstöðu sína til löggjafarsamkundu þjóðarinnar, ekki síst eftir þá atburði sem urðu á dögunum þegar í ljós kom að hugsanlega var enginn meiri hluti í Nd. fyrir setningu þessara bráðabirgðalaga og nú síðustu vikurnar hafa komið fram nýir fletir á þessu máli sem hljóta að vekja upp efasemdir með hæstv. forsrh. um lögmæti aðgerðarinnar.

Ég bendi á það hér að margir af færustu og lögfróðustu mönnum landsins hafa á undanförnum vikum birt greinar í dagblöðum. Álit þeirra á setningu þessara bráðabirgðalaga er á þann veg að þau brjóti í bága við stjórnarskrána. Ég vil með leyfi forseta vitna í grein sem Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður skrifaði í Morgunblaðið 9. des. 1990 þar sem hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Spuringin um það hvort heimilt er að setja bráðabirgðalög byggist á túlkuninni á því hvað teljist brýn nauðsyn enda sitji þing ekki. Ég tel að það hafi ekki verið heimilt að setja þessi bráðabirgðalög af því að þessi skilyrði hafi ekki verið uppfyllt. Öll málsatvik lágu fyrir löngu áður en þingi var slitið í vor. Það fær því ekki staðist að ríkisstjórn geti beðið með lagasetningu þar til þingi hefur verið slitið til að bregðast við brýnni nauðsyn. Ég tel reyndar að ekki einungis form bráðabirgðalaganna heldur einnig og ekki síður efni brjóti í bága við stjórnarskrána. Með lögunum er réttur félagsmanna BHMR til launa samkvæmt kjarasamningum tekinn af þeim. Þetta eru eignarréttindi sem ég tel að njóti verndar samkvæmt stjórnarskránni."

Í sömu vikunni skrifar annar virtur lögfræðingur, Árni Grétar Finnsson, grein í Morgunblaðinu þar sem yfirskriftin er, með leyfi forseta: „Setning bráðabirgðalaganna er andstæð stjórnarskránni." Þar rekur hann í stuttu máli þá skoðun sína að setning þessara bráðabirgðalaga fái ekki staðist stjórnarskrána. Hér segir á einum stað í grein hans, með leyfi forseta: „Ákvæði stjórnarskrárinnar um að dómendur fari með dómsvald þýðir að niðurstaða þeirra er endanleg í hverju einstöku máli sem þeir úrskurða. Henni er ekki hægt að breyta hvorki af löggjafar- né framkvæmdavaldi." Og í þessum orðum hans beinist kastljósið einmitt að kjarna þessa máls, þ.e. því að sett voru lög á úrskurð dómstóla. Ég vitna einnig í lokaorðin í grein hans þar sem segir: „Setning bráðabirgðalaganna undir þessum kringumstæðum hefur í för með sér mjög alvarlegt fordæmi ef samþykkt yrði. Þar með gætu ríkisstjórnir í framtíðinni með bráðabirgðalögum eða Alþingi með venjulegum lögum breytt efnislega eftir á dómum sem féllu ríkinu í óhag. Menn sem ættu kröfur á ríkið og fengju þær staðfestar með dómi yrðu þá að sæta því að þær yrðu efnislega ógiltar með lögum eftir að dómur væri genginn. Allir sjá til hvílíks ófarnaðar slíkt mundi leiða en hvar eru mörkin eftir að fordæmið hefur verið gefið?"

Auk þeirra lögfræðilegu vankanta sem á þessu máli eru birtist 30. nóv. 1990 mat hagfræðideildar Seðlabanka Íslands þar sem tekin eru þrjú dæmi um forsendur sem hægt væri að hugsa sér varðandi framvindu mála ef staðið yrði við kjarasamninginn við BHMR. Og það er kannski enn og aftur merki um vinnubrögðin öll í þessu máli að um leið og álit hagfræðideildar Seðlabankans er gefið út þykir það ekki vera stjórnvöldum í hag og þá er farið og pantað nýtt álit, og reyndar var Þjóðhagsstofnun búin að gefa út álit á sínum tíma eins og fram kom hér áðan í máli hæstv. forsrh. Í því áliti sem hagfræðideild Seðlabankans gefur út eru, eins og ég sagði, tekin þrjú dæmi um

þær forsendur sem hægt væri að hugsa sér varðandi framvindu mála ef staðið yrði við samninginn. Ég ætla aðeins að fá að vitna í það hér. Ég hirði ekki um að rekja dæmin þrjú sem hér eru en bendi á þskj. 245. Það er nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. neðri deildar. Í niðurstöðum segir, með leyfi forseta:

„Það er vissulega hægt að hugsa sér mörg önnur tilbrigði, misjafnlega háskaleg, við þá atburðarás sem hér er dregin fram. Til þess að hækkun verðlags nái 20% yfir árið þyrfti t.d. víxlhækkun launa um 4,5% annan hvern mánuð fram yfir mitt ár að viðbættu mánaðarlegu gengissigi upp á u.þ.b. 1,5% á mánuði. Að VSÍ mundi gangast inn á slíkt er að mati hagfræðideildar algerlega óhugsandi þar sem engin afdráttarlaus ákvæði eru um það í kjarasamningum VSÍ/ASÍ að svo þurfi að vera. Gildi þess að halda í þjóðarsáttina væri þá að engu orðið og allt til þess vinnandi að láta hana springa. Svo algert fyrirstöðuleysi af hálfu VSÍ samræmist því tæpast þeirri grundvallarforsendu allra hagvísinda að efnahagseiningarnar stjórnist af skynsamlegri ákvarðanatöku. Það er því mat hagfræðideildar að skynsamleg túlkun kjarasamninga ASÍ/VSÍ feli ekki í sér vá óðaverðbólgu."

Þetta álit stendur enn þó að gagnrýni kæmi á það á þeim tíma sem það var gefið út. Það er auðvitað spurning fyrir okkur sem ekki reiknum slíkar stærðir hvað er hægt að draga sannleikann fram á margan hátt með því að gefa sér tilteknar forsendur, þannig að ég get ekki séð að álit Seðlabankans sé að þessu leyti neitt verra eða óáreiðanlegra en álit Þjóðhagsstofnunar. Kjarni málsins er auðvitað sá að það ber að standa við gerða samninga og þeir sem slíka samninga gera verða að sjálfsögðu að taka afleiðingum þeirra.

Ég vil, virðulegi forseti, aðeins að lokum minna á að allt athæfi ríkisstjórnarinnar verður að teljast ámælisvert. Aldrei var reynt að fara samningaleið og fátt eða ekkert getur réttlætt aðferðir ríkisstjórnarinnar, enda hefur BHMR ekki viljað hlíta þessu og hefur verið lögð inn stefna fyrir bæjarþingi Reykjavíkur vegna eins félagsmanna aðildarfélaga BHMR til kröfu á þeim 4,5% sem afnumin voru með bráðabirgðalögunum. Lagarök eru m.a. þau að BHMR telur að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrána í fjórum greinum. Jafnframt hefur BHMR kært til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Kvennalistinn telur að ríkisstjórnin hafi með vinnubrögðum sínum unnið ómældan skaða, grafið undan trausti dómstóla, rýrt álit Íslands á alþjóðavettvangi auk þess óheillaverknaðar sem setning bráðabirgðalaganna var. Sá skaði verður seint bættur sem unninn hefur verið. Þjóðarsátt er engin afsökun fyrir þessari gjörð. Á aðrar leiðir var aldrei látið reyna. Það getur ekki verið réttlátt að hluti verkalýðshreyfingarinnar þurfi að gjalda fyrir samninga sem aðrir gera. Það eru ákvæði um samningsrétt í landinu. Kjarasamningur BHMR og ríkisins er gerður tæpu ári fyrir þjóðarsátt. Hún var ekki gerð við BHMR og er ekki á þess ábyrgð. Ábyrgðin er þeirra sem hana gerðu. Við gerða kjarasamninga á að standa og þá sérstaklega þeir sem aðild eiga að þeim eins og er í þessu tilviki.

Ríkisstjórnin segir að allt verði til að vinna svo að þjóðarsátt haldi, annars blasi við óðaverðbólga. Engin svör hafa hins vegar fengist við því hvað gerist 15. sept. þegar þjóðarsátt lýkur. Voru bráðabirgðalögin e.t.v. aðeins forsmekkur þess sem koma skal? Er e.t.v. ætlunin að ríkisstjórn geti einhliða tekið sér það vald að ákvarða launakjör fólksins í landinu og gera þar með alla samninga óþarfa og ómerka? Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur þegar sýnt það í verki að hún skirrist ekki við að taka sér þetta vald. Og ég vil minna á það að ríkisstjórn sem með þessum hætti opinberar virðingarleysi sitt fyrir lýðræði og mannréttindum er til alls vís.

Ég hafði hugsað mér, virðulegur forseti, að bera fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. fjmrh. eins og ég hef áður getið. Þær tengjast upplýsingum sem þingmönnum bárust í gær frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna vegna ummæla hæstv. fjmrh. í neðri deild Alþingis um bráðabirgðalögin og þær beinast að því starfi sem hann talaði um að væri í gangi í starfsnefndum sem skipaðar voru vegna kjarasamninganna. Ég held að þar sem hæstv. fjmrh. er ekki hér í bili fresti ég því að bera þær spurningar formlega fram þangað til hann getur komið hingað og mun þá fara fram á að fá að komast á mælendaskrá aftur.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef áður vakið athygli á því að einstakir ráðherrar láta mjög undir höfuð leggjast að gegna þeirri þinglegu skyldu sinni að vera viðstaddir umræður. Þess er skemmst að minnast að nú við 2. umr. fjárlaga þegar umræða hafði staðið í rúma fimm klukkutíma var enginn ráðherra í húsinu nema fjmrh. Þá óskaði ég eftir að fá að ræða við hæstv. samgrh. og hæstv. menntmrh. og mér var sagt að það næðist í samgrh. en ekki menntmrh. Það dugði mér ekki og var það auðvitað nægilegt tilefni til þess að ljúka umræðu. Við erum stödd hér í efri deild. Fjarverandi er hæstv. sjútvrh. sem fór með embætti fjmrh. á viðkvæmum tíma í sumar og gaf þá yfirlýsingu um að ríkisstjórnin mundi standa við dóm Félagsdóms. Hann telur sig ekki þurfa að vera staddur hér í deildinni á meðan stjórnarandstæðingar eru að taka til máls og skýra sín viðhorf. Í þessari hv. nefnd á sæti ráðherra frá Borgfl. og ég man ekki betur en að sá hæstv. ráðherra sem fer með félagsmál hafi gætt þess mjög ef sá ráðherra, meðan hann var þingmaður, taldi að með einhverjum hætti mætti koma af stað leiðindum í sambandi við vinnudeilur væri sá ráðherra staddur í þinginu og málóða mjög. Ég vil því aðeins vekja athygli hæstv. forseta á því að þetta er venjuleg staða. Sá ráðherra er við sem í þrengsta skilningi verður að vera viðlátinn á meðan umræðan fer fram, hinir láta ekki sjá sig. Ég vil líka vekja athygli á því að þeir nefndarmenn sem eiga sæti í fjh.- og viðskn. telja sig ekki þurfa að sitja hér í deildinni og hlýða á mál manna. Má segja að það sé lítil tilbreyting í fjh.- og viðskn. þótt fulltrúar Alþfl. og Framsfl. séu lítt við meðan efnisatriði eru rædd. Gildir kannski einu.

Ég hafði hugsað mér að víkja nokkrum orðum að hæstv. fjmrh. í minni ræðu. Það er svo eftir skipulagi

þingsins að hann skuli á sama tíma og þetta mál er hér til umræðu vera að ræða skattamál. Má kannski segja að það sé mér að kenna því að ég bað um frest á umræðunni sl. laugardag og get af þeim sökum ekki við því sagt þó að hann sé ekki við nú. Á hinn bóginn hygg ég að óhætt sé að fullyrða að óverjandi sé hversu seint það mál er lagt fyrir Alþingi sem nú er til umræðu í neðri deild, skattamál sem ætlast er til að sé rætt í nefndum þingsins, bæði í efri og neðri deild á morgun, sem spurt hefur verið um hvort fjh.- og viðskn. sé ekki reiðubúin að taka til efnislegrar meðferðar áður en málið hefur verið afgreitt frá nefnd í hinni fyrri deild sem er auðvitað einstakt og lýsir betur en margt annað þeirri lausung sem er á þinghaldinu nú og því kæruleysi sem einkennir ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Ég hef stundum sagt að kannski sé skýringin á því hversu menn láta sér mjög á sama standa þessa ríkisstjórn að menn eru orðnir vanir því að það skipti svo sem engu máli hvað hæstv. forsrh. segir, hann slær úr og í og menn vita að ákvarðanir standa ekki til morguns. Þetta gengur einhvern veginn bara svona einhvern veginn. Og það mál sem hér er til umræðu er vitaskuld gott dæmi um þetta.

Við skulum aðeins rifja upp söguþráðinn. Hann er þessi: Opinberir háskólamenntaðir menn fóru í verkfall. Þeir gerðu samning við ríkisstjórnina. Svo mikið var haft við að hæstv. forsrh. mætti á staðnum til þess að blessa samningsgerðina. Því var lýst yfir að þetta væri tímamótasamningur. Það kom svo ekki í ljós fyrr en í Morgunblaðinu 19. ágúst í viðtali við hæstv. forsrh. að hann ætlaði sér aldrei að efna samninginn og mun ég víkja að því síðar. En á þessari stundu létu þeir taka mynd af sér bæði fjmrh. og forsrh. af því að þeim þótti svo vænt um það að þeir voru búnir að gera samning við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn sem þeir ætluðu sér að standa við. Og það var tímamótasamningur. Það var haft sérstakt orð á því í þessu samhengi að fyrri fjármálaráðherrar hefðu ekki staðið sig nógu vel, frjálshyggjuráðherrarnir, og nú hefur verið upplýst að slík var vináttan milli formanns bandalags háskólamanna og fjmrh. að þeir komu sér saman um að skipta um formann í launanefnd ríkisins til þess að allt væri nú innsiglað og allt færi nógu vel fram. Þetta er fyrsti kafli í þessari samningsgerð.

Næst gerist það í öðrum kafla þessarar þrónar sem er undanfari bráðabirgðalaga að skipaðar eru, eftir því sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, þrjár viðræðunefndir til þess að fjalla um einstök efnisatriði væntanlegra samninga. Ein átti að sjá um faglegan samanburð, ein um launasamanburð og sú þriðja um ábyrgðir, hvað sem það nú þýðir. Síðan gerist það að aðilar vinnumarkaðarins koma sér saman um þann samning 1. febr. sem kenndur hefur verið við þjóðarsátt. Eins og ég mun síðar víkja að felur sátt í sér að allir leggi sitt af mörkum og sátt felur líka í sér framhald. Menn sættast ekki til þess að verða svo jafnósáttir á eftir, heldur reyna menn að ná einhverjum sáttum sem séu til frambúðar, nái fram yfir t.d. 1. sept.

Ég man eftir því þegar ég var ungur að sumir héldu að sá væri munur á borgaralegum hjónaböndum og kirkjulegum að kirkjulegum hjónaböndum væri ætlað að standa en hins vegar væri það einkenni hinna borgaralegu hjónabanda að hjónakornin gætu endurskoðað afstöðu sína að einhverjum ákveðnum árafjölda liðnum. Ég man ekki hvort það voru sex ár sem þjóðtrúin sagði. Ríkisstjórnin umgengst þjóðarsáttina þannig að hún eigi að standa til 1. sept. og svo sé allt í lagi þó að menn fari saman að nýju.

> Þessi veisla og vinahót
> verða ei nema prettir.
> Eftir skammvinn skálamót
> skyrpa þeir eins og kettir,

sagði Eiríkur Einarsson frá Hæli einu sinni. Ég held að alvaran á bak við þjóðarsáttina hjá aðilum vinnumarkaðarins sé litlu meiri en svo að hún rúmist innan þessarar vísu. En ríkisstjórnin hefur á hinn bóginn lítið lagt á sig til þess að þessi þjóðarsátt náist.

Það sem næst gerðist var svo það að aðilar vinnumarkaðarins semja og ná vissum forsendum sem ég mun koma að síðar. Síðar hefur komið í ljós að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., ég held að það hafi ekki komið fram í sjónvarpsfréttinni, handsöluðu það við formann Vinnuveitendasambandsins að ákvæði samnings háskólamenntaðra manna skyldu að engu gerð.

Ég ítreka þá fyrirspurn sem kom frá hv. 6. þm. Vesturl. Danfríði Skarphéðinsdóttur, hvort hæstv. forsrh. rekur minni til að hann hafi handsalað þetta við forseta Vinnuveitendasambandsins. Það er nauðsynlegt að það komi skýrt fram. Ég hef ekki lesið yfir það sem hæstv. forsrh. hefur sagt um þetta mál í Nd. Má vera að hann skýri þar sína hlið á þessu máli en þar sem forseti Vinnuveitendasambandsins hefur gert þetta handsal opinbert er nauðsynlegt að fram komi hvað ríkisstjórnin var að handsala, hvað hún taldi sig vera að gera. Þar var handsalað að ekki yrði staðið við samninginn við ríkisstjórnina því eins og hæstv. forsrh. hefur sagt ætlaðist hann aldrei til þess að þennan samning þyrfti að efna. Hann taldi að þeir fyrirvarar væru í 1. gr. samningsins sem dygðu til þess að ekki þyrfti að efna samningana.

Hæstv. forsrh. var spurður margsinnis á síðasta þingi hvernig hann liti á þessa samningsgerð og hann sló úr og í, talaði þannig að margt mætti skilja af orðum hans, en augljóst var á hinn bóginn að hann gerði sér grein fyrir að bæjarstjórnarkosningar voru í lok maímánaðar og skildi að það var hættulegt spil að lýsa því þá þegar yfir að hann hugsaði sér aldrei að efna samninginn. Síðan rennur upp júnímánuður. Þá eru fjölmargir menn, bæði stjórnmálamenn í stjórnarandstöðu, fulltrúar vinnumarkaðarins og einstakir lögfræðingar, búnir að aðvara hæstv. forsrh. Hann lætur ekki segjast. Hann lætur málið ganga til Félagsdóms. Þá gerist sá merkilegi hlutur, eða ekki merkilegi, að allur dómurinn, hver einasti maður, líka sá sem ríkisvaldið hafði tilnefnt, varð sammála um að ríkisstjórninni bæri að greiða févíti vegna þess að ríkisstjórnin hafði ekki efnt sinn hluta af samningnum. Og hvað á ég við með févíti? Ég á við það að ríkisstjórnin samdi um það að

greiða 4,5% launahækkun til allra háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins ef þær tafir yrðu á samningagerðinni að niðurstaða lægi ekki fyrir á tilteknum tíma og að dráttinn á efndunum mætti rekja til ríkisstjórnarinnar. Og það var þetta sem gerðist. Þessi 4,5% hækkun sem verið er að tala um er þess vegna ekki samningur. Það er ekki samningshækkun í þeim skilningi að hún sé niðurstaða af þeim launasamanburði eða kjarasamanburði sem fyrirheit voru gefin um að gerður yrði í samningunum vorið 1989, heldur var þetta févíti sem dæmt var á ríkisstjórnina.

Við getum tekið samanburð: Vegagerð ríkisins gerir iðulega samning við verktaka. Þá er þessum verktökum gert að skila verkinu á tilteknum degi. Ef verktaki getur ekki efnt það verður hann að greiða dagsektir þangað til verkinu er lokið og búið að taka það út. Þessi 4,5%, sem Félagsdómur dæmdi á ríkisstjórnina, eru þess vegna dagsektir vegna vanefnda sem ríkisstjórnin hefur gerst sek um. Þetta er févíti sem ríkisstjórninni ber að standa skil á. Þess vegna er ekki hægt að skjóta sér undan með því að reyna að halda því fram að efni samningsins, þær launahækkanir sem samningurinn gerði ráð fyrir, hafi reynst ofviða efnahagskerfi landsins. Þetta er mikilsvert atriði, hæstv. forsrh.

Nú er það svo að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir að staðið yrði við dóminn. Hæstv. forsrh. segir í viðtali við Morgunblaðið 19. ágúst, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef ekki lagt það í vana minn að deila við dómarann. Félagsdómur taldi ekki blasa við þá hættu að samningurinn mundi raska hinum almenna launagrundvelli. Það sannaðist hins vegar strax á eftir þegar VSÍ og VMS töldu sér skylt að bjóða sömu launahækkun. Það var nákvæmlega það sem við byggðum á þegar við fórum fram á að BHMR féllist á að fresta þessum leiðréttingum."

Við tökum eftir því í þessum tilvitnuðu orðum forsrh. að hann varast að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Orðið „leiðréttingar" sem hann talar um er „févíti" í dómsorðinu. Þessi 4,5% voru ekki leiðrétting á launakjörum opinberra starfsmanna því það var vitaskuld rétt sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að kjör háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins eru mjög mismunandi. Ég þori að fullyrða að sumir háskólamenntaðir menn í þjónustu ríkisins séu síst vanhaldnir ef borið er saman við sambærileg störf hjá einkaaðilum. Á hinn bóginn held ég að það sé öldungis ljóst að aðrir eru vanhaldnir, sérstaklega ungt fólk, ungt og vaskt fólk sem er að koma inn á vinnumarkaðinn og verður að sæta mjög — ég vil segja rýrum kjörum hjá ríkisvaldinu. En af einhverjum undarlegum ástæðum kýs hæstv. forsrh. að fara þarna rangt með, kalla leiðréttingar það sem í raun er févíti.

Það sem næst gerist er svo það að aðilar vinnumarkaðarins lýstu því yfir að þeir mundu hækka laun hjá sínum viðsemjendum um þessi 4,5% ef dómsorðið stæði. Og þá voru gefin út bráðabirgðalög.

Í viðtali við Dagblaðið hinn 13. des. sl. segir hæstv. forsrh.: „Ég ræddi við fjölmarga lögfræðinga og spurði þá álits á bráðabirgðalögunum. Af þeim hópi mættu fjórir á fund ríkisstjórnarinnar. Þeir skiluðu ekki skriflegum álitsgerðum, það sama gildir fyrir mig, en ég vil ekki nefna þá."

Mér er sagt að hæstv. forsrh. sé búinn að nefna a.m.k. einn þessara manna, Jón Sveinsson lögfræðing, sem vinnur í forsrn. og ég vil nú inna hann eftir því hverjir hinir lögfræðingarnir eru sem hann kallaði fyrir sig. Ég tek það alveg skýrt fram að ég sætti mig ekki við annað en að hæstv. forsrh. svari hverjir þessir lögfræðingar voru, nafngreini þá, og gefi upplýsingar um hvert var álit hvers og eins þeirra ef svo ber að líta á að þar sé um opinber plögg að ræða. Af þeim sökum hef ég, hæstv. forseti, skýrt formanni fjh.- og viðskn. frá því að ég muni kalla hæstv. forsrh. á fund nefndarinnar þar sem ég muni spyrja hann um þessi atriði og önnur þau atriði sem mér finnst nauðsynlegt að dregin séu fram í dagsljósið í sambandi við þann dæmalaus aðdraganda sem var að þeim bráðabirgðalögum sem hér eru til umræðu. Auðvitað mun á það reyna hvort hæstv. forsrh. muni góðfúslega svara þeim fyrirspurnum sem fyrir hann verða lagðar í þingnefnd. Það er á hinn bóginn alveg ljóst að hæstv. forsrh. ber skylda til að mæta á þingnefndarfundi enda hef ég um það upplýsingar að hann mun verða greiðlega við þeirri beiðni.

Á hinn bóginn hlýt ég að taka undir þau ummæli sem voru viðhöfð í forustugrein Morgunblaðsins sl. sunnudag, að sú spurning hljóti að vakna hvort ekki verði að setja skýr lagaákvæði um upplýsingaskyldu einstakra stjórnvalda, einstakra ráðherra við þingnefndir. Sú dæmalausa framkoma hæstv. sjútvrh. að synja þingnefndum um upplýsingar sem farið yrði með sem trúnaðarmál, upplýsingar sem liggja fyrir í opinberum gögnum, í bréfum sem sjútvrn. hefur sent einstökum mönnum úti á landi, skýrslu sem liggur fyrir í a.m.k. tveimur skrifstofum úti í bæ sem við vitum um og kunnugt er að farið hefur um hendur manna utan ráðuneytis. Ég vil ekki trúa því að hæstv. forsrh. synji upplýsinganna í fjh.- og viðskn. en það er nauðsynlegt að þær komi fram.

Nú skulum við, hæstv. forseti, athuga hver eru rökin fyrir þessum bráðabirgðalögum. Rökstuðningur þeirra er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að eftir ákvörðun Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 31. júlí sl., að veita viðsemjendum sínum sömu hækkun launa og félagar í Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hljóta, og þar sem tilraunir til samninga við BHMR hafa ekki borið árangur beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi sjálfvirkar vísitölubækkanir launa og verðlags og treysta þau efnahagslegu markmið sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um og lögð voru til grundvallar almennum kjarasamningum í byrjun þessa árs. Þá er nauðsynlegt að jafnræði ríki í þróun launataxta og kaupmáttar á milli hinna ýmsu stétta í landinu. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið" o.s.frv.

Þeir sem lesa þennan rökstuðning með bráðabirgðalögunum átta sig undir eins á því að hann á ekki við þau lög sem hér liggja fyrir. Hann á við bráðabirgðalög sem sett yrðu á aðila vinnumarkaðarins. Það eru þeir sem gefa þá yfirlýsingu sem raskar því launajafnvægi sem áður hafði verið. Það má þess vegna ætla að samkvæmt ... Það er satt að segja mjög erfitt að reyna að tala um viðkvæman þátt í sambandi við þessi lög og annars vegar er fulltrúi Framsfl. í fjh.- og viðskn. sem ekki þarf að hlusta og hins vegar er hæstv. forsrh. sem ekki þarf heldur að hlusta. Það eru þeir tveir fulltrúar Framsfl. sem koma að málinu, annar sem forsrh. og hinn sem nefndarmaður. Það er svo sem eftir öðru. (Gripið fram í.) Ég er búinn að sýna fram á að þessi inngangur að bráðabirgðalögum á ekki við lögin. Það er engu líkara en hæstv. forsrh. hafi verið með tvenn lög í takinu, annars vegar til að setja á aðila vinnumarkaðarins og hins vegar til að setja á háskólamenntaða menn í þjónustu ríkisins en í flýtinum hafi hann klippt vitlaust saman. Inngangurinn sem átti að vera á hinn almenna vinnumarkað lenti ofan á lögunum á háskólamenntuðum mönnum því að vitaskuld er þetta ekki rökstuðningur fyrir því að taka til baka þau févíti sem ríkissjóður hafði verið dæmdur til að greiða háskólamenntuðum mönnum vegna vanefnda samningsins.

Ég hygg að þetta sé ekki ágreiningsefni að í þessum inngangi ríkisstjórnarinnar er færður skýr rökstuðningur fyrir því að yfirlýsing Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hafi vakið upp þá hættu að hér mundu ganga á víxl hækkanir til háskólamenntaðra manna og aðila vinnumarkaðarins og nú yrði að klippa á þessar hækkanir. Og þá er það náttúrlega spurningin: Hverjir eru það sem stóðu að þessari yfirlýsingu og þessum bráðabirgðalögum um mánaðamótin júlí/ágúst? Er hugsanlegt að þeir sem stóðu að bráðabirgðalögunum hafi verið þeir sem sömdu við háskólamenntaða menn, sömu mennirnir? Og er hugsanlegt að hinir sem gáfu yfirlýsinguna um að þessi launahækkun skyldi ganga út í gegnum allt launakerfið séu þeir sem handsöluðu það við hæstv. forsrh. að eyðileggja kjarasamninginn við bandalag háskólamanna? Það er svo. Þeir menn sem stóðu að bráðabirgðalögunum og stóðu að yfirlýsingunum um að láta launahækkanirnar ganga yfir vinnumarkaðinn eru sömu menn og handsöluðu það 1. febr. að hækkanir skyldu ekki ganga fram til háskólamenntaðra manna. Þannig er nú það.

Þá er best að reyna næst að átta sig á því út á hvað þjóðarsáttin gekk í stuttu máli. Hún gekk í stuttu máli út á það að aðilar vinnumarkaðarins komu sér saman um að fara sér hægt í launahækkanir ef það mætti verða til þess að hægt yrði að halda kaupmætti út árið sem væri um 1% lakari en kaupmátturinn hafði verið 1. jan. sl. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er svo að sjá að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni verða 3,5% lakari á árinu 1990 en hann var á árinu 1989, en þá var hann 10% lakari en hann hafði verið næsta ár á undan. Einhvers staðar hef ég séð þá tölu að búist sé við að kaupmáttarstigið á þjóðarsáttartímanum, frá febrúar til áramóta, sé um 1,3–1,5% lakara en í janúarmánuði sl. Á hinn bóginn hefur verið stefnt að því að reyna að ná þessum kaupmætti til baka á næsta ári. Við getum þá aðeins reynt að átta okkur á því hvernig þau mál standa.

Við eigum nokkrir sæti í nefnd sem skipuð hefur verið af hæstv. samgrh. til þess að gera tillögur um langtímaáætlun í vegamálum. Þeir Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambandsins, og Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, hafa báðir komið tvívegis á fund nefndarinnar og vakið athygli á því að þau markmið sem Vegagerðin setur sér samkvæmt fjárlögum séu umfram það sem samkomulag hafði orðið um milli þessara aðila og ríkisstjórnarinnar þegar gengið var frá hinni svokölluðu þjóðarsátt. Samkvæmt áætlun fjárlaga er gert ráð fyrir því að bensíngjald og þungaskattur hækki um 5% 1. jan., 5% 1. maí, ef ég man rétt, og 5% 1. sept. Það er gert ráð fyrir því að þessir kostnaðarliðir heimilanna hækki um 7–8% meira en laun í landinu. Það hefur verið reynt að meta hvað þetta þýðir og niðurstaðan er sú að einungis á þessum eina lið ætli ríkisstjórnin sér að taka til baka þriðjunginn af þeim kjarabótum sem launþegar í landinu höfðu vænst að geta fengið á næsta ári. Bara þarna á þessum eina stað, hæstv. forsrh., telja þeir forseti Alþýðusambandsins og Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, að ríkisstjórnin taki til baka þriðjunginn af þeirri kaupmáttaraukningu sem þeir höfðu vænst að fá á næsta ári. Þessir menn segja að ríkisstjórnin verði að skilja það að þeir séu að reyna að ná verðbólgunni niður og nú verði að horfa á tölurnar öðruvísi en áður.

Við getum tekið annan samanburð. Samkvæmt þjóðarsátt er gert ráð fyrir því að laun hækki frá 1. des. sl. fram á mitt næsta ár í kringum 8%. Í ljósi þess að kaupmáttaraukning á þessu tímabili verður töluvert innan við 1% sjáum við að þarna er verið að búa til veruleg verðbólgutilefni sem eru innbyggð í þjóðarsáttina sjálfa, í grundvöll hennar. Og ef við hugleiðum það sem hæstv. forsrh. hefur viljað kalla grundvöll sinnar efnahagsstefnu, að hafa gengið svo lágt skráð að útflutningsatvinnuvegir standi undir sér, kemur í ljós að gengið hefur hækkað töluvert að undanförnu. Svo er komið að fiskvinnslan er rekin með umtalsverðum halla og fyrirsjáanlegt ef þessar hækkanir ganga fram að annað tveggja gerist: Gengisfelling verði óhjákvæmileg eða hér komi harkalegri hágengisstefna en nokkru sinni fyrr með öllum þeim afleiðingum sem slíkt hefur. Ég geri mér að vísu grein fyrir því að hæstv. forsrh. fæst ekki til að tala lengra fram en til 1. sept. á næsta ári. Hann ætlar að reyna að hanga fram yfir kosningar og er svo kærulaus fyrir framhaldinu ef honum skyldi takast að hanga í stólnum, en það er samt óhjákvæmilegt að spyrja hann hvernig hann hyggist bregðast við þessu ef hann sitji áfram við völd. Telur hann að gengið verði óhreyft, þoli þetta? Og hversu miklar launahækkanir telur hann að verði hinn 1. sept. nk.? Við skulum líta á annan þátt þjóðarsáttarinnar.

Hæstv. forsrh. lofaði því að raunvextir mundu lækka

á árinu. Það átti að verða hlutur hæstv. forsrh. í þjóðarsáttinni. Eins og ég sagði áðan, hæstv. forsrh., þá er það í hverri sáttargjörð að einhverjir leggi eitthvað fram, og hlutur hæstv. forsrh. voru raunvextirnir. Þeir áttu að lækka. Hversu oft höfum við ekki heyrt hann tala með fyrirlitningu um frjálshyggjuna? Einu sinni sagði hann: Allt er betra en íhaldið. En hæstv. forsrh. er mikill hugmyndasmiður og hefur mikla fjölbreytni í slagorðum. Nú segir hann: Allt er betra en frjálshyggjan. Má segja að þetta sýni óvenjumikla hugmyndaauðgi hjá honum að geta breytt svona slagorðinu.

Á árinu 1989 voru raunvextir hér á landi 7,7%. Hver ætli spáin sé á þessu ári? Samkvæmt nýlegu plaggi sem ég hef frá Þjóðhagsstofnun er spáin 8% á þessu ári en hún er ekki rétt. Samkvæmt upplýsingum sem við fengum frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun í gærmorgun eru raunvextir nú komnir upp í 8,2–8,3% og spáin er að á næsta ári fari þeir a.m.k. upp í 8,5%. Og hver er ástæðan? Ástæðan er sú að ríkisvaldið eykur mjög þensluna á lánamarkaðnum hér innan lands með geigvænlegum halla á ríkissjóði. Það sem hefur forðað því að raunvextir séu hærri en þeir raunverulega eru núna er einungis það að atvinnureksturinn hefur haldið að sér höndum. Þær lánsumsóknir sem koma frá honum í hina ýmsu sjóði eru yfirleitt skuldbreytingarlán vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar, en lán til nýfjárfestinga og lán til atvinnuaukningar eða atvinnuþróunar eru miklu minna áberandi. Þannig er það. Fulltrúar Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar voru því sammála um að 8,5% væru svo sem lágmark, en ef atvinnuvegirnir og fyrirtækin tækju við sér mætti búast við því að raunvextir yrðu enn hærri. Og þá skulum við athuga málið, hvort verið geti að raunvextir séu eftir sem áður lægri hér á landi en í nágrannalöndum. En það er nú síður en svo. Það kemur sem sagt í ljós að raunvextir eru hæstir hér af þeim löndum sem nefnd voru og upplýsingar lágu fyrir um.

Hæstv. forsrh. og ríkisstjórn hans eru nú að beita sér fyrir því að svokölluð húsbréf leysi af hólmi þau lán sem áður gengu í gegnum Byggingarsjóð ríkisins. Raunvextir af slíkum lánum — ég veit ekki hvað við eigum að segja að þeir séu, 7–8%, það fer nokkuð eftir afföllum. Það var upplýst að í flestum ríkjum Bandaríkjanna eru raunvextir af íbúðalánum til langs tíma neikvæðir þegar tekið er tillit til skattalaga. Svipaða sögu er að segja um Danmörku og í Englandi sömuleiðis. Vextir þar hjá hinni vondu Thatcher eru miklu lægri, í landi frjálshyggjunnar og Thatcherismans, miklu, miklu lægri en hjá konungi félagshyggjunnar, Steingrími Hermannssyni. Í konungsríki hans fara raunvextirnir hækkandi. Það vantar ekki. Að vísu er verið að reyna að búa til svona einn og einn hóp af fólki sem á að njóta sérstakra forréttinda og það er verið að reyna að lækka vextina hjá þessu fólki. En allur almenningur verður að búa hér við miklu lakari og verri vaxtakjör en í nágrannalöndum. Þetta var upplýst. Þannig að hæstv. forsrh. hefur hvorki staðið við það fyrirheit sem hann gaf í sambandi við þjóðarsáttina að halda raunvöxtum niðri né það fyrirheit sem hann gaf um leið og hann lofaði að taka launahækkunina af háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum, að halda gjöldum og sköttum ríkisstjórnarinnar innan ramma þjóðarsáttar, þannig að hann er þar brotlegur á báðum stöðum. Það vekur svo enga athygli í þjóðfélaginu, hæstv. forseti, þótt ríkisstjórnin standi ekki við þau fyrirheit sem hún hafði gefið þegar talað var um þjóðarsátt því enginn bjóst satt að segja við því að ríkisstjórnin mundi við það standa.

Ég geri þess vegna ekki mikið úr því hvort hæstv. forsrh. reynir nokkuð að skýra stöðu sína í þessu. Ég á ekki von á því að það skýri málið.

Í viðtalinu við hæstv. forsrh. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hann", þ.e. forsrh., „segir að ýmsir lögfræðingar hafi fullvissað ríkisstjórnina um að Félagsdómur mundi að öllum líkindum vísa málinu frá þegar hann er spurður um þær fullyrðingar lögfræðinga að það hafi blasað við að niðurstaðan hafi ekki getað orðið önnur. Það sé afar auðvelt að vera sammála niðurstöðunni þegar hún liggur fyrir. Það hafi sannast í kjölfarið á dómi Félagsdóms að hækkun til BHMR hefði verið á góðri leið með að raska öllum launagrundvellinum og koma verðbólgunni af stað. Til þess að koma í veg fyrir slíkt hafi 1. gr. verið sett inn þrátt fyrir hatramma andstöðu BHMR, enda hafi kostað tvo til þrjá næturfundi að koma henni saman. Eftir það hefði BHMR átt að vera fullljóst hvað fælist í henni þótt þeir hefðu síðan hafnað túlkun ríkisins og kært hana til Félagsdóms. Hann sjálfur mundi aldrei hafa samþykkt þennan kjarasamning ef hann hefði talið koma til mála að 1. gr. héldi ekki."

Þetta eru óbreytt orð hæstv. forsrh. eins og þau komu fram í Morgunblaðinu. Má vera að það sé rangt. Þessi ummæli hæstv. forsrh. þýða (**Forsrh.:** Þessi orð eru rétt. Mogginn lýgur ekki.) Hæstv. forsrh. segir að ummælin séu rétt. (Gripið fram í.) — (**Forseti:** Forseti vil nú fresta þessum fundi í 5 mínútur þar sem hæstv. forsrh. þarf að vera við atkvæðagreiðslu í Nd.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það sem vekur athygli í þessum þætti viðtalsins við hæstv. forsrh. er annars vegar að hann skellir því á ónafngreinda lögfræðinga að þeir hafi fullvissað ríkisstjórnina um að Félagsdómur mundi vísa málinu frá. Nú er það kunnugt að álitsgerð lögfræðings er einskis virði, og raunar ekki álitsgerð nema hún sé skrifleg, nema lögfræðingurinn leggi nafn sitt við hana og auðvitað mætti alveg eins standa: Ólyginn sagði mér, eða eitthvað þvílíkt, eins og ýmsir lögfræðingar. Það hefur hvorki merkingu né markmið að skírskota þannig til einhverra sem ekki vilja láta sín getið þannig að ég geri svo sem ekkert með það hvort hæstv. forsrh. hafi leitað álits hjá lögfræðingum sem allir hafi verið sammála um það að Félagsdómur vísaði málinu frá. Það var sagt um Kára Sölmundarson að engum manni væri Kári líkur. Ef hæstv. forsrh. hefur kallað marga lögfræðinga til og þeir allir gefið svo vitlaust álit, þá verð ég að segja um hæstv. forsrh. að hann sé engum líkur í annarri merkingu en þau ummæli voru notuð um Kára Sölmundarson.

Nú hafa þessir ónafngreindu lögfræðingar auðvitað

rangt fyrir sér. En hvað stendur þá eftir þetta? Hann sjálfur mundi aldrei hafa samþykkt þennan kjarasamning ef hann hefði talið koma til greina að 1. gr. héldi ekki. Hann samþykkti kjarasamninginn — hann samþykkti þessi févíti, 4,5%, af því að hann var sannfærður um að hann þyrfti ekki við það að standa. Hæstv. forsrh. og fjmrh. hans efndu ekki samninginn. Þeir gerðu ekki þann launasamanburð sem þeir lofuðu að gera. Þeir sömdu á sjálfa sig févíti ef þeir efndu ekki samninginn, settu fyrirvara í 1. gr. sem hæstv. forsrh. segir eftir á að hann hafi talið marklausan.

Þetta er þessi hliðin á hæstv. forsrh. og þá er hann eðlilega spurður: Nú varaði formaður Vinnuveitendasambandsins við afleiðingum samnings ríkisins og BHMR strax í fyrrahaust og líkti honum við tímasprengju og þá svaraði hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta: „Getur Einar Oddur, vinur minn mikill og góður, verið á móti því að háskólamenntaðir menn hjá ríkinu hafi svipuð kjör og meðlimir VSÍ greiða? Getur nokkur maður verið á móti því?“ Ég spyr nú hæstv. forsrh.: Hvernig stendur á því að einhver er á móti því? Er hæstv. forsrh. á móti því? Hvað þýðir þetta hjá forsrh. að spyrja svona? Er hann með þessu að reyna að draga upp þá mynd af Einari Oddi að hann vilji standa á móti réttmætum hækkunum til háskólamenntaðra manna?

Síðan segir forsrh.: „Vandinn er hins vegar hvernig þessi samanburður verður gerður. Um það má lengi deila. Við höfum t.d. alltaf vitað að mat á lífeyrisréttindum og ýmsum kjörum opinberra starfsmanna er erfitt. Það eru a.m.k. tvær ef ekki þrjár ríkisstjórnir búnar að lofa BHMR samanburði við kjör á almennum markaði en hafa ekki staðið við það. Ég hefði mjög gjarnan viljað standa við þetta. Þess vegna beitti ég mér fyrir því að þeim var gert þetta tilboð að við samanburðinn yrði staðið. Hann yrði allur unninn, en framkvæmdin frestaðist þar til eftir þjóðarsáttina.“ En framkvæmdin frestaðist þar til eftir þjóðarsáttina. Á vordögum 1989 eru samningar gerðir og það á ekki að standa við þá fyrr en eftir þjóðarsátt 1. sept. Nú langar mig að spyrja hæstv. forsrh., ég veit að vísu að hann svarar ekki en ég ætla að spyrja samt: Hvað er það sem bendir til að hækkun til háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins hefði önnur áhrif hinn 1. sept. nk. en sú hækkun hafði á sl. sumri? Ef maður má nota ummæli sjálfs forsrh.: Má ekki búast við því þá að 1. gr. haldi og ekki þurfi að standa við samninginn?

Síðan, hæstv. forseti, er haft eftir forsrh.: Hann leggur áherslu á að ítarleg tilraun hafi verið gerð til að ná samkomulagi við BHMR en án árangurs. Hann hafi verið talsmaður þess að viðræður yrðu teknar upp við BHMR strax að loknum þjóðarsáttarsamningunum um breytt viðhorf en það ekki fengið hljómgrunn í ríkisstjórninni. Hann hafi þó einu sinni rætt við forsvarsmenn BHMR þrátt fyrir að þessi málefni heyri ekki undir hann.

Nú spyr ég hæstv. forseta hvaða mál sé til umræðu í neðri deild sem sé þýðingarmeira fyrir hæstv. fjmrh. að vera við en að koma hingað. (**Forseti:** Ég mun athuga það.) Ég óska eftir að fá að vita hvaða mál er til umræðu þar til þess að ég geti metið hvort ég telji það svo þýðingarmikið. Hvaða mál hafa verið yfirleitt þar til umræðu?

Já, við vorum komnir þar ræðu okkar sem hæstv. forsrh. var eiginlega að spyrja um það hvort verið gæti að formaður Vinnuveitendasambandsins væri á móti því að háskólamenntaðir menn fengju launahækkun. Ja, þvílíkt. — Mér heyrist, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. sé að tala fyrir máli í neðri deild. Getur það verið? (**Forseti:** Ég hef óskað eftir því að fjmrh. komi.) Hvaða mál ætli sé þar til umræðu? Ég er að spyrja um það, herra forseti. Má ég fá að vita hvaða mál er til umræðu í neðri deild svo maður geti þá metið hvort fjmrh. hafi meiri skyldur að vera þar og ég geti þá fallist á það eftir atvikum? (**Forseti:** Ég hef nú ekki í höndunum dagskrá þessa fundar neðri deildar.) Það væri fróðlegt að fá að vita það. Þeir hljóta að geta upplýst það einhverjir þingsveinar hér. Er það leyndarmál milli herbergja hvaða mál er til umræðu í neðri deild? Hvaða mál er til umræðu í neðri deild? Er ekki hægt að fá upplýsingar um það? Ætli ég ljúki þá ekki bara ræðu minni, verði þá ekki bara að ræða málið við 2. umr. og láta hér staðar numið í bili. Ég sé ekki að það náist fram að ráðherrar séu við hér í deildum. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. mun vera að koma.)

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Við þingmenn Borgfl. höfum ekki látið í okkur heyra við þessa umræðu hvorki í neðri deild né í efri deild fyrr en nú. Mér þykir óhjákvæmilegt að okkar sjónarmið komi fram í þessari umræðu en ég þarf hins vegar ekki að hafa mjög langt mál um það.

Mig langar aðeins að byrja á því að rifja upp að á svona sl. tíu árum hafa þrisvar sinnum verið sett bráðabirgðalög til þess að hafa áhrif á launamál í landinu. Það var í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, þ.e. ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. sem sat árin 1983 til 1987, þá voru sett bráðabirgðalög sumarið 1983 skömmu eftir að sú ríkisstjórn tók við völdum þar sem, ef ég man rétt, tenging milli launa og vísitölu var afnumin í samræmi við efnahagsaðgerðir sem þá voru boðaðar. Í annan stað voru bráðabirgðalög sett í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar vorið 1988, en þá voru sett almenn bráðabirgðalög sem stöðvuðu alla kjarasamninga og bundu laun og verðlag fram eftir árinu 1988 og reyndar fram á árið 1989.

Það er kannski sérkennilegt að rifja það upp í tengslum við þá lagasetningu að haustið 1988 sprakk sú ríkisstjórn eins og öllum er í fersku minni og ný ríkisstórn var mynduð þá um haustið 1988 undir forsæti Steingríms Hermannssonar. Sú ríkisstjórn gerði í raun ekki annað en að lagfæra þau bráðabirgðalög sem höfðu verið sett fyrr um vorið undir forsæti Þorsteins Pálssonar. Síðan gerðist það sérkennilega, sem ég mun seint gleyma svo lengi sem ég mun hugleiða stjórnmál á Íslandi, að þingmenn Sjálfstfl., sem höfðu staðið að setningu bráðabirgðalaganna vorið 1988, greiddu allt í einu atkvæði gegn þessum sömu bráðabirgðalögum sem höfðu þó ekki tekið á sig aðra mynd en svo að

það var búið að lagfæra þau, færa þau til betri vegar. Þetta er eitt það alsérkennilegasta sem ég hef upplifað í pólitík frá því ég fór að hugleiða slík mál sem ungur maður. (**EgJ:** Hvað felst í þessu að færa lögin til betri vegar?) Eins og ég sagði, hv. þm., lögin voru lagfærð, það voru lagfærðir á þeim ýmsir gallar og meinbugir og tekið tillit til breyttra aðstæðna. En þetta rifja ég nú upp vegna þess að þessi umræða öll er afar sérkennileg, sérstaklega málflutningur þingmanna Sjálfstfl. sem í tvígang á þessum áratug sem nú er nýlokið hafa staðið að setningu bráðabirgðalaga til að hafa áhrif á launaþróunina í landinu. Þeir hamast nú gegn setningu bráðabirgðalaga í svipuðum tilgangi sem ég vil þó segja að eigi kannski meiri rétt á sér, þ.e. bráðabirgðalagasetningin sl. sumar, heldur en í hin tvö fyrri skiptin og skal ég kannski fara nokkrum orðum um það hér á eftir.

Afstaða okkar þingmanna Borgfl. gagnvart setningu bráðabirgðalaga yfirleitt hefur verið sú að þessi réttur hafi kannski oft verið notaður ótæpilega af íslenskum stjórnvöldum og við tökum undir þá gagnrýni sem oft hefur heyrst að það sé allt of mikið um bráðabirgðalagasetningu og það beri að draga verulega úr slíku. Á það getum við fallist og við mundum fyrir okkar leyti vilja stuðla að því að stjórnarhættir breyttust í þá átt að bráðabirgðalagasetning væri algjör undantekning og því valdi yrði ekki beitt nema ekkert annað væri hægt að gera. Ég tel skynsamlegt og rétt að endurskoða ákvæði stjórnarskár og stjórnsýslulaga í þessu skyni og fyrir mitt leyti og fyrir hönd okkar borgaraflokksmanna tel ég að við mundum styðja slíkar aðgerðir. Annars mun hv. þm. Borgfl. Guðmundur Ágústsson gera betur grein fyrir sjónarmiðum okkar gagnvart setningu bráðabirgðalaga í umræðunum á eftir.

Það væri kannski ekki úr vegi fyrir mig að rifja svolítið upp hvernig það er að vera hinum megin við borðið þar sem ég hef um mjög langt skeið verið ríkisstarfsmaður og átt töluverðan þátt í þeirri launabaráttu sem félagar í BHMR hafa gengið í gegnum mörg undanfarin ár. Ég kom hingað til lands árið 1972 frá Danmörku og gerðist ríkisstarfsmaður þar sem ég tók við stöðu prófessors við Háskóla Íslands. Ég get rifjað það upp að fyrstu mánuðina sem ég gegndi því embætti þóttu mér launin nokkuð góð vegna þess að fjölskylda mín bjó þá í Danmörku og ég hélt enn þá launum frá danska ríkinu fyrir þá stöðu sem ég hafði gegnt þar áður en ég tók við embættinu á Íslandi þannig að ég var eiginlega á tvöföldum launum. Þar fyrir utan voru skattar greiddir eftir á þannig að það kom ekki til þess að ég greiddi neina skatta fyrsta hálfa annað árið af þeim launum sem ég fékk frá íslenska ríkinu. Ég get sagt að launin voru svona nokkuð ásættanleg miðað við að vera einhleypur, greiða enga skatta og fá laun sem prófessor við Háskóla Íslands. Það gat gengið. Hins vegar komst ég fljótt að raun um að þegar ég átti að sjá fyrir fjölskyldu og borga fulla skatta af þessum launum þá var það náttúrlega alveg vonlaust verk. Frá 1972 og fram til þess að ég gerðist ráðherra í núv. ríkisstjórn kom ég daglega á kaffistofu verkfræði- og raunvísindadeildar uppi í Háskóla Íslands og í þessi 16 ár sem ég hef daglega spjallað við samkennara mína og félaga á kaffistofunni hefur í hvert einasta skipti verið talað um það hversu launin séu lág og hversu vonlaust þetta allt saman sé, þ.e. að vera ríkisstarfsmaður á Íslandi og einkum og sér í lagi að vera kennari. Spurningin er auðvitað: Hvernig stendur á þessu? Er þetta náttúrulögmál? Er yfirleitt nokkuð hægt að gera í þessu? Ég kynntist þessum málum sem fulltrúi bæði í launamálaráði BHM, eins og það hét þá, það var áður en BHMR var stofnað formlega sem deild innan Bandalags háskólamanna, og eins var ég fulltrúi í samninganefnd Félags háskólakennara þegar við áttum í samningum við fjmrn. um laun og kjör háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins vorið 1982, ef ég man rétt. Þá eins og nú var það alveg ljóst að það var ekkert í greipar ríkisins að sækja og í raun og veru hafa launamál ríkisstarfsmanna verið næsta vonlítil svo lengi sem ég man eftir mér. Enda ræddum við það oft bæði í sambandi við þessa samningagerð og reyndar á kaffistofunni, eins og ég gat um áðan, að það hlyti að vera hægt að leita einhverra annarra leiða. Að biðja um beinar launahækkanir hjá ríkinu er nánast vonlaust. Enda fórum við aðra leið vorið 1982 í þessari samningagerð. Við sáum það strax að það þýddi ekkert að reyna að biðja um hærri laun. Hins vegar reyndum við að ná því fram að fá bætt starfskjör og fá tekið tillit til ýmissa hagsmunamála okkar, m.a. þeirra að fá að fylgjast betur með á vísindalegum vettvangi erlendis, sem er náttúrlega nauðsynlegt fyrir þá sem eiga að sinna slíkum störfum hér á Íslandi að geta fylgst með því sem er að gerast í öðrum löndum. Það varð því til þess að háskólakennarar fengu í þessum samningum vorið 1982 samþykkt af hálfu samningsaðila fjmrn. að háskólakennarar gætu sótt ráðstefnur erlendis annað hvert ár og fengju bæði ferðakostnað og dagpeninga til þess að geta gert þetta.

Það var samdóma álit okkar allra sem stóðum í þessu og sömuleiðis allra okkar félaga í Háskóla Íslands að þetta hefðu verið með bestu samningum sem hefðu náðst um margra, margra ára skeið, og það voru allir jafnsammála um að þetta væri miklu betri niðurstaða heldur en að fá beinar launahækkanir.

Þá komum við að samningunum sem voru gerðir vorið 1989. Þeir voru næsta kyndugir vegna þess að þar var lagt af stað með kröfur um miklar launahækkanir sem allir sem vilja fjalla um þessi mál af sanngirni hljóta að sjá að er alveg vonlaust vegna þess að þessi litla þjóð sem er að burðast við það að halda hér uppi velferðarkerfi og þjónustu sem er með því besta sem gerist í allri Evrópu, hvernig í ósköpunum ætlar hún að hægt sé að greiða öllum ríkisstarfsmönnum einhver yfirgengilega há laun? Það er svo vonlaust að það hljóta allir að sjá að það dæmi gengur aldrei upp. Við getum bara tekið sem dæmi að kennurum í framhaldsskólum hefur á einum áratug eða kannski 15 árum fjölgað úr rúmlega 2000 í rúmlega 4000 og þegar maður reiknar síðan út þá aukningu á launakostnaði ríkisins sem þetta hefur valdið hljóta allir að sjá að hér er um að ræða alveg vonlausa baráttu, þ.e. að ætla sér að sækja miklar launahækkanir í vasa ríkisins.

Þetta varð til þess að vorið 1989 þegar þessi deila var komin í hnút dró Félag háskólakennara sig út úr þessu samfloti, taldi mun skynsamlegra að reyna að leita annarra leiða heldur en að knýja fram beinar launahækkanir og samdi að lokum við fulltrúa ríkisvaldsins, fjmrn., um annars konar breytingar á kjarasamningnum sem í raun færðu Félagi háskólakennara á nýjan leik betri vinnuskilyrði og betra starfsumhverfi fremur en beinar launahækkanir. Því miður vildu aðrir félagar okkar í BHMR ekki fara sömu leið. Þeir þráuðust við að reyna að knýja fram beinar launahækkanir.

Síðan var gerður þessi margfrægi samningur vorið 1989 og skal ég ekki fjalla um það að hve miklu leyti hann er skynsamlegur eða ekki. Það var reynt að höggva þar á hnút sem virtist vera óleysanlegur og þessi margfrægi samningur var síðan gerður. Aðalákvæði hans er sú yfirlýsing eða vilji sem kemur fram í 2. gr. samningsins að bera skuli saman kjör háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og á hinum almenna vinnumarkaði og síðan skuli fara fram ákveðin leiðrétting eða aðlögun á milli launa háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og svo þeirra sem vinna á hinum almenna vinnumarkaði. En ef við stöldrum nú aðeins við þetta ákvæði. Er þetta raunhæft? Ég held því fram að þetta ákvæði sé algjörlega út í bláinn vegna þess einfaldlega að langstærsti hluti þeirra háskólamenntuðu starfsmanna sem vinna hjá ríkinu á sér engan samanburðargrundvöll á hinum almenna vinnumarkaði. Hvað starfa margir háskólamenntaðir kennarar á hinum almenna vinnumarkaði? Hvað starfa margir náttúrufræðingar á hinum almenna vinnumarkaði? Hvað starfa margir veðurfræðingar, jarðfræðingar, svo ég nefni dæmi, á hinum almenna vinnumarkaði? Ég held að þeir séu ekki mjög margir.

Við höfum farið mjög rækilega yfir einmitt þetta atriði hjá Háskóla Íslands, þar sem er að finna nokkurs konar þverskurð af öllum háskólamenntuðum mönnum sem til eru í þjóðfélaginu, sem starfa þar við hinar ýmsu deildir, og þar hefur augljóslega orðið sú niðurstaða að það eru örfáar stéttir háskólamenntaðra manna sem eiga mjög auðvelt með að jafna kjör sín hjá ríkinu við þau kjör sem bjóðast á hinum almenna vinnumarkaði. Þannig hafa t.d. læknar við Háskóla Íslands algjöra sérstöðu þannig að prófessorar við læknadeild og aðrir fastir kennarar við læknadeild sem eru læknar að menntun ná mjög auðveldlega sambærilegum kjörum sem ríkisstarfsmenn og félagar þeirra sem starfa á hinum almenna vinnumarkaði ef svo má að orði komast. Svipað má segja um ýmsar aðrar stéttir, svo sem viðskiptafræðinga að einhverju leyti, en þó á þetta fyrst og fremst við læknana og svo að sjálfsögðu tannlæknana. Þeir ná alveg nákvæmlega sambærilegum kjörum hjá ríkinu og þeir ná á hinum almenna vinnumarkaði. Hvað aðrar stéttir varðar fæ ég ekki séð hvernig nokkurn tíma er hægt að ná upp jöfnum kjörum þar sem það er enginn samanburðargrundvöllur. Það eru, eins og ég segi, þúsundir háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem eiga sér engan samanburðargrundvöll á hinum almenna vinnumarkaði þannig að þessi samanburðarmál eru afar snúin og það er í raun og veru vonlítið verk að halda því fram að það náist einhvern tíma niðurstaða sem aðilar geti sætt sig við sem leiði til jafnra kjara á hinum almenna vinnumarkaði og hjá ríkinu.

Í ljósi þessa þótti mér það afar merkilegt þegar búið var að gera febrúarsamningana 1990, þ.e. febrúarsamningana sem voru undanfari og grundvöllur þjóðarsáttarinnar, að farið var að tala um að í BHMR-samningunum fælist tímasprengja. Þar er væntanlega átt við 5. gr. samningsins við BHMR þar sem segir að í sambandi við samanburð á kjörum háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og á hinum almenna vinnumarkaði skuli starfa nefndir til að rannsaka þessi mál og koma með niðurstöður varðandi þennan samanburð. Í greininni segir reyndar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990 skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði hálfum launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki."

Það er þetta ákvæði sem réði því að væri ekki búið að skila inn þessu lokaákvæði fyrir 1. júlí 1990, þá áttu laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna að hækka að jafnaði um einn og hálfan launaflokk sem nemur þessari margfrægu 4,5% hækkun launa sem síðan hefur verið mikið í umræðunni. Hins vegar finnst mér að öllum málsaðilum hafi yfirsést síðasta mgr. í 5. gr. samningsins og þeir að mínum dómi ekki túlkað hana rétt. Skal ég fara aðeins nánar út í það. Greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað tilfærslu milli launaflokka skv. þessari grein er aðilum heimilt að semja um önnur kjaraatriði er jafngildi þeirri launaflokkatilfærslu sem tilefni gefst til eða hluta hennar."

Þarna finnst mér vera kominn kjarni málsins og það olli mér miklum vonbrigðum að fulltrúar BHMR og reyndar fulltrúar ríkisvaldsins skyldu ekki setjast niður og semja um málið á grundvelli einmitt þessarar setningar í samningnum sem augljóslega segir að það megi taka tillit til annarra kjaraatriða sem jafngildi þeirri launaflokkatilfærslu sem þessi grein að öðru leyti gefur tilefni til. Miðað við stöðuna eins og hún leit út í júní í sumar sem leið, þá var það alveg augljóst mál að þjóðarsáttin var að skapa háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum einmitt þessar kjarabætur sem mátti taka tillit til með þessum hætti.

Í júní 1990 lá það ljóst fyrir að þjóðarsáttin var að færa ekki bara háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum heldur öllum almenningi, allri þjóðinni verulegar kjarabætur vegna þeirrar hjöðnunar verðbólgu sem þá blasti við og var orðin ljós. Ekki hvað síst með þeim breytingum sem urðu á skattlagningu matvæla um áramótin 1989/1990, að matvörur lækkuðu í verði í ársbyrjun 1990. Það má kannski minna á það að matvæli hafa ekki hækkað í verði síðan sú lækkun átti sér stað í ársbyrjun 1990 þegar hefðbundin matvæli, svo sem mjólk, dilkakjöt, og neyslufiskur, lækkuðu í verði um tæplega

10%. Enda núna þegar talað er við launafólk á hinum almenna vinnumarkaði, þá er það farið að segja: Nú loksins finnum við fyrir þeim kjarabótum sem verðbólguhjöðnunin hefur veitt okkur, þ.e. við ráðum nú við að borga af lánunum og við sjáum að lánin fara í fyrsta skipti í langan tíma lækkandi, þ.e. höfuðstóll lánanna fer minnkandi. Þetta var alveg ljóst sumarið 1990 og ég er ekki í nokkrum vafa um að það er mjög auðvelt að sýna fram á það að þær kjarabætur sem þjóðarsáttin í raun gaf tilefni til, svo og sú breyting sem varð á matvælaverðinu um áramótin 1989/1990 eru fyllilega jafngildi þess sem þessi grein talar um, þ.e. ef ekki var búið að skila áliti nefndarinnar fyrir 1. júlí átti samkvæmt þessari grein að vera um að ræða eins og hálfs flokks launahækkun. Mér finnst það næsta augljóst að það var mun betra að fylgja þjóðarsáttinni og fá fram kjarabæturnar sem hún bauð upp á heldur en knýja fram 4,5% launahækkun og missa hana svo og meira til í því verðbólgubáli sem þá hefði hafist upp á nýjan leik. Það þarf því ekki mikla efnahagssérfræðinga til þess að sjá hverjar voru staðreyndir málsins þetta sumar. Þess vegna verð ég að segja hreint eins og er að afstaða samningsmanna Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna olli mér miklum vonbrigðum og þar tala ég út frá minni reynslu sem samningamaður fyrir hönd Félags háskólakennara þar sem um er að ræða að ná fram varanlegum kjarabótum og fá betri starfsaðstöðu á vinnustað og margt fleira heldur en að fá einhverja launahækkun, einhver fá prósent í launahækkun sem síðan verður að engu á nokkrum vikum, jafnvel strax á eftir.

Ég þarf ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta. Ég get tekið undir með mörgum sem hafa gagnrýnt stjórnvöld fyrir það að ekki skyldi reynt að ná samkomulagi við samninganefnd BHMR um að fara þá leið að fylgja þjóðarsáttinni og falla frá kröfu um launaflokkahækkun skv. 5. gr. Það má vel vera að það hafi verið orðið of seint í júní 1990 að fá samkomulag um það, en á móti má hins vegar segja að það var miklu óljósara í mars þá um vorið hvort þjóðarsáttin mundi skila viðhlítandi árangri, eins og farið var að koma þó í ljós seinna á árinu, þ.e. um það leyti sem þetta mál blossaði upp sl. sumar, þannig að ég er ekki viss um að fulltrúar BHMR hefðu verið reiðubúnir að semja um þetta atriði strax í kjölfar þjóðarsáttarinnar því að til þess þurftu menn að hafa mikla og óbilandi trú á þjóðarsáttina. Það voru satt best að segja ekki allir sem trúðu því að þetta mundi gerast sem nú hefur gerst, að verðbólga á Íslandi sé varanlega komin niður fyrir 10%. En það var augljóst að það stefndi að því sumarið 1990. Þess vegna vil ég enn þá ítreka vonbrigði mín í garð fulltrúa BHMR, að þeir skyldu ekki vilja fara samningsleiðina þar sem það var alveg augljóst sumarið 1990 að með því að semja um með hvaða hætti samningnum skyldi breytt til þess að koma til móts við þá endurskoðun sem hann þrátt fyrir allt felur í sér og fallast á að þessari launahækkun skyldi dreift í anda þjóðarsáttarinnar, það voru miklu, miklu betri kjör heldur en fá 4,5% strax og missa svo þá launahækkun og miklu meira til í því verðbólgubáli sem hefði þá hafist upp.

Þess vegna hlutum við að samþykkja setningu bráðabirgðalaganna. Það var neyðarúrræði og ég tel að það hafi verið skynsamlegt og raunverulega óhjákvæmilegt að setja þessi bráðabirgðalög og vísa til þess sem ég sagði í upphafi máls míns að hafi einhvern tíma á þessum áratug verið ástæða til að setja bráðabirgðalög, þá var það þetta sumar. Ég efast hins vegar mjög um nauðsyn þess að setja bráðabirgðalögin 1988 sem voru sett í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og sömuleiðis bráðabirgðalögin sumarið 1983 í tíð ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. undir forustu Steingríms Hermannssonar sem þá var forsrh.

En ég er jafnsannfærður um það að þessi bráðabirgðalagasetning sl. sumar var nauðvörn, hún var eina leiðin til þess að standa vörð um þá þjóðarsátt sem nú er að koma í ljós að er að gjörbylta öllum aðstæðum í íslensku þjóðfélagi og er í fyrsta sinn í áratugi að skapa það jafnvægi í efnahagslífinu að það er aftur að verða bærilegt fyrir t.d. launafólk að lifa í þessu landi sem hefur verið mjög erfitt á undanförnum árum.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér er nær að halda að það hörmulega mál sem upp kom við setningu bráðabirgðalaganna eigi sér mjög langar og djúpar rætur, langt, langt aftur í aldir, til þess tíma þegar vestrænu þjóðfélagi var skipt í nokkrar starfsstéttir og efst trónaði aðallinn, síðan komu embættismenn sem margir hverjir voru fátækir, höfðu frekar léleg kjör en örugg, þeir voru meðal þeirra fáu sem höfðu örugg kjör í tilverunni þó þau væru léleg. Auðvitað voru kjör þessara manna afskaplega mismunandi. Það fór eftir eðli og dýrð embættanna, en allt voru þetta menn sem ekki gátu farið í verkfall. Þeir gátu ekki mótmælt kjörum sínum. Það eina sem þeir gátu gert var að þiggja þau og gera sér sem mest úr þeim.

Það voru einnig aðrar starfsstéttir sem gátu nokkru ráðið um kjör sín, þ.e. iðnaðarmenn og bændur og síðan kom hinn almenni verkalýður. Iðnaðarmenn og bændur gátu að nokkru ráðið kjörum sínum með því að verðleggja og selja vöru sína, þ.e. annars vegar starf sitt og hins vegar afurðirnar, en verkalýðurinn sjálfur var mjög illa settur, þ.e. fjárhagslega séð og ákvarðanalega séð. Svo liðu árin og verkalýðurinn fór að gera uppreisn og það var eins og við manninn mælt, við hlið verkamanna stóðu yfirleitt alltaf stúdentarnir. Og hvers vegna stóðu stúdentar við hliðina á verkalýðnum þegar hann var að gera uppreisn vegna sinna löku kjara? Jú, það var af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að þeir álitu að þetta væri réttlætismál. Í öðru lagi af því að þeir fundu til samkenndar með þessu fólki sem var launafólk alveg eins og þeir vissu að þeir sjálfir mundu síðar verða.

Það leið óralangur tími frá því að verkalýðurinn byrjaði að berjast fyrir bættum kjörum og berjast fyrir því að hafa verkfallsrétt þangað til hann fékk hann. Og enn þá lengri tími leið þangað til opinberir starfsmenn fengu þennan sama rétt. Allan þann tíma höfðu þeir starfsöryggið nokkuð gott, þeir höfðu lífeyrissjóði

jafnvel, gátu átt von á smáeftirlaunum. Við þekkjum þetta t.d. úr sögu Snorra á Húsafelli sem gat fengið eftirlaun en þau afskaplega léleg. Hæstv. forsrh. taldi einmitt lífeyrissjóðinn til hlunninda opinberra starfsmanna sem mætti meta frá allt að 3% og upp í 15%. Ég held nú að sá lífeyrissjóður, sem eins illa er búið að fara með og hann og stendur frammi fyrir því að verða meira en galtómur um næstu aldamót, veiti ekki margra prósenta kjarabót. Ég held því að hann sé ekki mikið til að hampa.

Auk þess ræddi hæstv. forsrh. um það að ómæld yfirvinna ríkisstarfsmanna væri líka nokkurra prósenta virði. Mér er ekki kunnugt um þá opinberu starfsmenn sem fá ómælda yfirvinnu greidda án þess að vinna miklu meiri yfirvinnu heldur en þeir fá greitt fyrir. Mér er ekki kunnugt um það. Þeir fyrirfinnast kannski og hæstv. forsrh. getur kannski upplýst hvaða persónur það eiginlega eru eða starfsstéttir sem svoleiðis er ástatt um.

Þannig er arfurinn frá fornum tíma enn þá við lýði. Opinberir starfsmenn eiga ekki að geta farið í verkfall. Þeir eiga að vera ánægðir með hlutskipti sitt vegna þess starfsöryggis og lífeyrisöryggis sem þeir eiga að hafa. Hvort tveggja er nú samt sem áður á undanhaldi því að starfsöryggið er takmarkað orðið og eins og ég sagði lífeyrissjóðurinn heldur í rýrara lagi og verður sífellt rýrari.

En það var hæstv. umhvrh. sem ræddi um það einmitt áðan að ríkisstarfsmenn ættu sér enga hliðstæðu á almennum vinnumarkaði nema einstaka, eins og læknar og tannlæknar og nokkrir aðrir. Það getur vel verið að þetta sé hárrétt, að þeir eigi ekki hliðstæðu í störfum en þeir eiga þó alla vega hliðstæðu í þeirri menntun sem þeir hafa aflað sér og hlýtur að vera hægt að taka eitthvert tillit til þess.

Það eru ekki nema nokkur ár síðan opinberir starfsmenn fengu rétt til að fara í verkföll. Allan þann tíma sem þeir hafa getað farið í verkföll hefur það hvimleiða átt sér stað að sumir ráðherrar í þeim ríkisstjórnum sem setið hafa hafa gert sér mat úr því að reyna að æsa stéttirnar hverja á móti annarri, almennan verkalýð og BHMR. Þetta hefur þráfaldlega skeð þrátt fyrir það að embættismannasynirnir og stúdentarnir hér áður fyrr fundu til samkenndar með verkalýðnum og börðust með þeim í verkföllum og uppreisnum. Þrátt fyrir að þeir finni til þessarar sömu kenndar enn þann dag í dag hefur tekist, því miður, að egna þessar stéttir saman, jafnvel á hinn ósmekklegasta hátt. Þetta er eitt af því sem mér finnst ljótast í samningamálum BHMR-manna og ríkisvaldsins hvernig þetta hefur skeð æ ofan í æ.

Árið 1989 voru svo samningar gerðir eins og allir vita. Hæstv. forsrh. sagði að þá hefði verið fallist á að reyna að jafna kjör háskólamenntaðra manna innan ríkisgeirans við kjör háskólamenntaðra manna á almennum vinnumarkaði. Hann vildi bara ekki gera það strax. Þetta átti að teygjast og treinast í þrjú ár og jafnvel lengur. Það voru því ekki BHMR-menn sem vildu gjarnan fá kauphækkun hinn 1. júlí 1990, heldur var það ríkisstjórnin sem hafði reynt að teygja lopann nógu lengi til þess að bæði 1. júlí og seinna meir kæmu loksins hækkanirnar. Það er ekki hægt að kenna háskólamenntuðum um það, finnst mér.

Það er dálítið sérkennilegt að VSÍ, sem hlýtur að vera fulltrúi þeirra sem bæði greiða háskólamenntuðum mönnum kaup á almennum vinnumarkaði og líka verkalýðnum, skuli ekki geta hugsað sér að háskólamenntaðir menn innan ríkisgeirans fái viðlíka tekjur og háskólamenntaðir menn innan hins almenna geira. Þetta eru þó fulltrúar hinna almennu vinnuveitenda og þetta er sérlega þröng hugsun. Ég get ómögulega skilið hvernig stendur á að þeir hugsa svona því að það virðast vera vinnuveitendur, eftir því sem Einar Oddur, formaður VSÍ, upplýsti, sem vildu gjarnan knýja á og virðast raunar hafa ásamt ASÍ neytt ríkisstjórnina til þess að setja margumtöluð bráðabirgðalög, neytt hana með því að vísa til samninga sem þeir sjálfir voru búnir að gera, samninga sem voru klúður. Málið er allt frá upphafi til enda afburða sorglegt.

Ég er alveg hárviss um það að ráðherrar í ríkisstjórn okkar eru ekki nein varmenni. Þeir vilja ekki gera neitt sem brýtur í bága við stjórnarskrá og landslög en þeir voru komnir í slíka öng að þeim varð það á að gera þetta. Og þeim tókst ekki heldur að bæta fyrir það þegar þeir sáu í hvaða óefni þeir voru komnir. Auðvitað kom það upp fyrr en seinna um leið og dómar voru fallnir í málinu að þeir höfðu verið að gera rangt. Það er auðvitað afskaplega erfitt að snúa frá villu síns vegar og bæta fyrir það sem rangt var gert, en þeir hefðu átt að gera enn þá meira í þá veru en þeir gerðu. Þeir segjast hafa reynt að gera það en þeir hafa, held ég, ekki reynt nóg, ekki reynt til þrautar.

Það getur ekki staðist, eins og margoft er búið að segja í kvöld, að hægt sé með lagasetningu að breyta dómi. Það er ekki hægt að koma með ný lög og kippa stoðum undan dómnum og segja: Allt í plati, eins og krakkar sem eru að leik úti á skólavelli. Slíkt er ekki hægt. Í samfélaginu gilda önnur lögmál en á skólavellinum. Við getum ekki sagt: Þetta er ómark, þetta á að vera í plati, við meintum eitthvað allt annað.

Ég held að það fari ekki á milli mála að við urðum vitni að stjórnarskrárbroti við það að þessi lög voru sett. Og þar er ég komin að enn þá alvarlegra máli. Það er alvarlegt mál þegar stjórnvöld spila á það að reyna að æsa stétt mót stétt, deila og drottna. Þetta er ekki nýtt fyrirbrigði. Þetta er ævafornt. Þeir hafa kunnað það frá alda öðli að deila og drottna, stjórnmálamennirnir, allt frá Sesari og jafnvel miklu lengur aftur. En það er annað sem er enn þá alvarlegra og það er fordæmisgildi sem þessi lagasetning hefur. Það hefur komið í ljós í umræðunum hér í dag að í sögu þessa lýðveldis hafa verið sett a.m.k. 260 bráðabirgðalög, sem er geysilega mikið. Og mér er nær að halda að þeir sem hafa staðið hér að öllum þessum bráðabirgðalagasetningum hafi stundum gleymt sér í gleði valdsins, gleymt því að þeir hlutu vald sitt frá þjóðinni og frá þinginu hérna, ekki að ofan eins og sólkonungurinn gerði eða áleit sig gera. Valdið kemur frá þjóðinni og það er ekki hægt að klekkja stanslaust á þjóðinni með slíkum lagasetningum.

Einhver ógeðfelldasta lagasetning af þessu tagi sem ég man eftir var gerð 19. júní fyrir nokkrum árum þegar hæstv. samgrh., Matthías Bjarnason, knúði fram að setja lög á kvennastétt einmitt á hátíðisdegi kvenna. Manni fannst þá að þetta væri af illgirni gert að klekkja nú pínulítið á konum. Ekki vil ég segja að það sé rétt. Kannski var það allt saman tilviljun að þetta gerðist þennan dag og í rauninni hafa kynni mín af Matthíasi Bjarnasyni ekki gefið það til kynna að hann sé neitt illgjarnari en aðrir menn. Kannski var þetta klaufaskapur hjá honum alveg eins og það hefur kannski líka verið klaufaskapur að setja þessi bráðabirgðalög núna. Eru þeir þá alltaf að setja einhver klaufalög, þeir sem stjórna þessu landi?

En það er meira í húfi en bara ein lög. Það sem fyrst og fremst er í húfi er fordæmið. Eftir höfðinu dansa limirnir, er sagt. Ef þeir sem stjórna landinu eru berir að því að þurfa ekki að standa við orð sín, ef þeir geta sagt eitt í dag og annað á morgun og gleymt því bara hreinlega hvað þeir sögðu fyrir nokkrum dögum og gert svo eitthvað allt annað en þeir sögðust ætla að gera þá eru þeir að gefa hinum sem horfa upp á ríkisstjórnina ansi slæmt fordæmi. Ég held að fordæmisgildið í setningu þessara laga og ýmissa annarra bráðabirgðalaga sé það versta. Og kannski eru þessi bráðabirgðalög sem voru sett núna einmitt afkvæmi allra þessara 260 bráðabirgðalaga sem búið er að setja. Fleiri og fleiri bráðabirgðalög, allt í lagi, valdhafinn getur sett lög og hugsað: Það gengur, þingið samþykkir þetta bara þegjandi og hljóðalaust á eftir. Þau 260 lög sem búið er að setja til bráðabirgða hafa áreiðanlega átt sinn þátt í því að þessi lög voru sett. Við erum á óheillabraut með bráðabirgðalögum og við verðum að víkja af henni. Sennilega er hið eina rétta að afnema bráðabirgðalagamöguleikann.

Hv. 7. þm. Reykn. og umhvrh., Júlíus Sólnes, sagði að kjarabæturnar sem við fengum og værum að fá hefðu átt að koma BHMR-mönnum til þess að vera samvinnuliprari, afsala sér 4,5% hækkuninni á sínum tíma og bíða bara þangað til einhvern tíma seinna eftir að fá hana. Það er auðvitað hægt að segja svona, að þeir geti bara beðið, þeir séu að fá eitthvað. Þeir voru ekki að fá neitt meira en allir aðrir. Þó það væri rétt sem hæstv. ráðherra segir að kjarabæturnar hefðu orðið svona miklar, þá væru þeir ekki að fá neitt meira og enga leiðréttingu á sínum málum þó að sameiginlegur grundvöllur batni. Ég get ekki séð að svo sé.

Það er mikið óþurftarverk að blanda sífellt saman BHMR-samningunum og þjóðarsáttinni. Þjóðarsátt er eitt og BHMR-samningar er annað. Ef VSÍ og ASÍ hefði verið svo umhugað um að halda þjóðarsáttinni, láta allar þær góðu kjarabætur, sem hæstv. umhvrh. segir að við séum að fá, koma til framkvæmda og við að njóta þeirra, hefðu þeir síst af öllu átt að reyna að *þvinga forsrh. og stjórnina* til að setja þessi lög. Þeir hefðu átt að reyna að skilja það að framkvæmd laganna mundi færa okkur út í þá ófæru sem við erum núna í, því að núna erum við einmitt í keldunni. Við erum á kafi í keldunni af því að við stigum rangt skref sl. sumar.

Ráðherrar í ríkisstjórnum eru auðvitað mannlegar verur eins og allir aðrir. Þeim getur brugðist bogalistin, þeim getur missést og það er ekkert yfir því að sakast. En þeir þurfa líka að vera menn til þess að leiðrétta það sem þeir gerðu rangt. Ég treysti því að þessi ríkisstjórn, og ef ekki þessi ríkisstjórn þá alla vega sú næsta sem er sjálfsagt ekki svo óskaplega margir mánuðir í, muni leiðrétta það ranglæti sem BHMR-menn hafa orðið fyrir. En umfram allt verðum við að muna það að ef við höldum áfram á þessari geysilega hæpnu bráðabirgðalagabraut þá getur það endað með því að þjóðinni verði bara stjórnað með tilskipunum, tilskipunum fólks sem hefur gleymt hvaðan það fékk völdin og gleymt hverjum það á að þjóna. — [Fundarhlé.]

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um launamál eða réttara sagt til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem sett voru í sumar. Það sem þarf í fyrsta lagi að athuga þegar svona lög hafa verið sett er setningarmátinn. Ég tel rétt að fara almennum orðum um það hvernig útgáfu þessara laga bar að og skýra þá afstöðu sem ég hef tekið varðandi efnisinnihald þeirra.

Ég hef gegnum tíðina verið mjög á móti því að sett skuli bráðabirgðalög og tel þar vera um einræðislega stjórnarhætti að ræða. En þannig er því miður í okkar stjórnkerfi að þessi möguleiki hefur verið allt of rúmur og menn á Alþingi ekki verið tilbúnir að breyta þessu, sama hvaða stjórn og sama hvaða flokkar eru við völd. Að kenna þessari ríkisstjórn sérstaklega um er ekki rétt. Allar ríkisstjórnir sem hér hafa setið hafa með einum eða öðrum hætti gripið til bráðabirgðalagasetningar á milli þinga. Þau lög sem nú eru til umræðu eru í sjálfu sér ekkert frábrugðin öðrum lögum sem sett hafa verið nema að einu leyti til, þ.e. að nú eru sett lög á dóm sem kveðinn hefur verið upp og sett á kjarasamning sem gerður var af ákveðinni ríkisstjórn. (**EgJ:** Er það ekki nokkur breyting?) Það að gripið var til bráðabirgðalagasetningar er að mínu viti ekki neitt athugavert þegar nauðsyn krefur eins og var í þessu tilviki. Hins vegar skal ég fara nokkrum orðum yfir það sem hv. þm. Egill Jónsson minnti mig á. Var það *óvenjulegt ástand* að þarna voru sett lög á dóm?

Við skulum fara yfir söguna eins og hún var. Það var gerður samningur milli ríkissjóðs, fjmrh. og BHMR þar sem Bandalagi háskólamanna er lofuð ákveðin kauphækkun á ákveðnum tíma. Aðallega er tekist á um það eftir nokkurt verkfall hvernig ein ákveðin grein skuli orðuð, það var 1. gr. samningsins. Mönnum ber ekki saman í dag um það hvernig túlka átti þessa grein og tilefnið hefur farið nú til dómstóla, hvernig túlka á 1. gr. samningsins. Ég geri ráð fyrir því að báðir samningsaðilar hafi verið í góðri trú, að þeir hafi haft sinn skilning á málinu. Þegar kemur að því að þjóðarsáttin umtalaða er gerð í febrúarmánuði eru uppi ýmsar hugmyndir um það hvernig beri að túlka þessa 1. gr. samningsins og báðir leggja áfram sína meiningu í það um hvað hafi verið samið. Þrátt fyrir ábendingar ým-

issa aðila er gerður kjarasamningur milli flestra aðila vinnumarkaðarins, annarra en BHMR, bænda og banka og þjóðarsáttin kemst á.

Þegar fyrsta kauphækkun átti að koma til framkvæmda hjá BHMR ber þar svo við að ríkisvaldið segir að þess túlkun sé rétt og sama segir BHMR. Málið fer fyrir Félagsdóm, sem sannarlega er æðsta vald í málefnum af þessu tagi. Félagsdómur kemst að þeirri niðurstöðu einróma að það beri að túlka samninginn BHMR í hag. Við þennan dómsúrskurð skapast verulegt óvissuástand. Þá er spurningin: Hvað á að gera? Átti að láta allt fara hér í bál og brand, eins og ég held að enginn efist um að mundi hafa gerst ef þessi hækkun hefði komið til framkvæmda, eða átti að setja bráðabirgðalög til að koma í veg fyrir að þetta samningsákvæði héldi gildi sínu? Og raunar má segja að lög hafi verið sett á forsendur samningsins en ekki dóminn, alla vega er niðurstaðan sú að hækkunin umtalaða kom ekki til framkvæmda. Um það snúast þessi staðfestingarlög sem nú er verið að ræða um.

Að mínu viti var þetta réttlætanleg ákvörðun með tilliti til þess sem áður hafði gerst í stjórnskipun og stjórnarfari hér á landi, að bráðabirgðalög hafi verið sett oft af miklu minna tilefni. Ég minnist þess meira að segja að það voru sett bráðabirgðalög til að koma í veg fyrir að einn aðili gæti verið skipaður í ákveðna stöðu hjá ríkinu.

Þetta er sá grunnur sem lögin eru byggð á. Ég hefði kosið að hæstv. forsrh. væri hér en ég skal hinkra með spurninguna sem ég ætlaði að leggja fyrir hann þangað til hann birtist í salnum. Það sem mig langar að vita, og spyr þá forsrh. aftur, er um þær fullyrðingar hans að tíu lögfræðingar hefðu farið yfir 1. gr. samningsins og allir verið á sama máli um að hún stæðist, en síðan hefðu fimm dómendur verið í Félagsdómi og þeir hefðu allir verið á þveröfugri skoðun. Mér finnst nokkuð furðulegt ef þetta er rétt. Þó að lögfræðingum beri oft á milli þá er það nú ekki alveg með þessum hætti.

Þetta er, eins og ég sagði áðan, grundvöllur þessara bráðabirgðalaga og það sem á að fást staðfest nú hér á Alþingi. Mín afstaða hefur alltaf verið skýr í þessu máli. Ég lagði fram tillögur um það í mínum þingflokki í sumar þegar kom til álita að setja bráðabirgðalög að við mundum standa að þeirri bráðabirgðalagasetningu og koma í veg fyrir að hér færi allt í upplausn. Og að sjálfsögðu, þótt ég hafi nú skilið við þessa ríkisstjórn, stend ég jafneinarður á bak við þá ákvörðun nú og ég gerði þá og tel raunar að það væri mikil synd ef þessi bráðabirgðalög féllu úr gildi.

Hins vegar má alltaf um það deila hvort þessi bráðabirgðalög og hvort það ástand sem nú ríkir hafi leitt þjóðina til góðs. Þó svo að verðbólga hafi náðst niður fyrir 10% og þó að kominn sé á ákveðinn stöðugleiki, þá eru öll vandamálin sem voru enn þá fyrir hendi. Það kraumar mjög undir og menn vita ekki almennilega hvað tekur við þegar þessu þjóðarsáttartímabili lýkur. Og ég verð að segja það eftir að hafa hlustað á marga málsmetandi menn koma fyrir fjh.- og viðskn. Ed. á undanförnum dögum að mér sýnist ástandið ekki vera mjög björgulegt, því miður. Það er rétt sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. að raunvextir hafa hækkað hér umtalsvert á þessu þjóðarsáttartímabili en það var eitt af meginatriðunum þegar minn flokkur gekk til stjórnarsamstarfs við núverandi stjórnarflokka að lækka vexti, ekki nafnvexti aðeins heldur raunvexti. Og það er rétt sem fram kom í hans máli að fulltrúar Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar spá því að á næsta ári verði útlánsvextir í bankakerfinu 8,5% og segja raunar að aðalástæðan fyrir þessu háa raunvaxtastigi sé hvað ríkissjóður sé kræfur á fé landsmanna. Ríkissjóður ætlar sér um 50% af lánsfjármarkaðinum á næsta ári þegar allt er tekið. Það ástand gat gengið á þessu ári, segja þeir, en ef tilgangurinn er sá að byggja upp atvinnulífið á nýjan leik og veita meira fé til atvinnuuppbyggingar og fyrirtækin sækja inn á lánamarkaðinn, þá megi búast við því að raunvextir hækki enn frekar. En ég ætla að bíða með umræðu um lánsfjárlög þangað til á morgun, en hér verður þá umræða um lánsfjárlög fyrir árið 1991.

Ég varpaði þeirri spurningu fram hér áðan, hæstv. forsrh., hvernig gæti á því staðið og hvort það væri réttur skilningur minn á þínum orðum að þú hafir fengið tíu aðila, lögfræðinga, hámenntaða lögfræðinga til þess að athuga 1. gr. samningsins við BHMR og allir haldið því fram að það stæðist, en síðan hafi fimm aðilar í Félagsdómi komist að þveröfugri niðurstöðu. Ef þetta er rétt verð ég að segja að þú ættir að fá einhvern annan aðila þér við hlið. En það mátti að vísu lengi vel ekki sjá á milli hvort túlkun ríkisvaldsins eða BHMR á 1. gr. var rétt.

Ég ætla ekki að fara miklu fleiri orðum um þetta mál en vildi að það kæmi fram að mín skoðun væri óbreytt, ég kem til með að styðja þetta frv. Ég tel raunar æskilegt að þingið taki strax á frv. um bráðabirgðalög og ljúki afgreiðslu þess og geri að lögum á sem stystum tíma. Ég hefði kosið að hægt hefði verið að afgreiða þetta mál nú fyrir áramót og hafa ekki svona mál á bakinu fram eftir vori. En ég er sammála því að þarna hafi verið ill nauðsyn á setningu þeirra og tel að þær mótbárur sem settar hafa verið fram af hálfu BHMR séu ekki réttmætar. Ég held að áður hafi verið tekið á þessum málum, á þessum málsástæðum sem þeir bera fyrir sig, fyrir dómi og dómstóll fallist á það að bráðabirgðalöggjafinn hafi haft þetta vald. Það er bráðabirgðalöggjafinn sem metur nauðsynina, hvort þessi brýna nauðsyn sem kveður á um í stjórnarskrá hafi verið fyrir hendi eða ekki.

En ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að fjölyrða um þetta mál öllu frekar. Ég vildi aðeins láta þessa skoðun mína koma fram og vonast eftir að hæstv. forsrh. upplýsi um þetta atriði svo maður fái að vita hvers konar ráðgjafa hann hafi sér við hlið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil svara því í stuttu máli sem til mín hefur verið beint. Ég vil fyrst segja það út af margendurteknum fullyrðingum hv. 6. þm. Vesturl., að ég og ríkisstjórnin hafi gengið á bak orða okkar, við höfum aldrei ætlað að standa við samninginn, ofur-

handsal, sem hér hefur verið kallað o.s.frv., við vinnuveitendur, þá lýsti ég því hér í minni framsögu að öll hvítasunnuhelgin fór í það að reyna að ná samkomulagi við BHMR um orðalag í 1. gr. sem kæmi í veg fyrir að framkvæmd þessa samnings raskaði hinum almennu kjaramálum í landinu. Það fór ekkert á milli mála þegar við sátum þarna kvöld eftir kvöld og nótt eftir nótt að hverju var stefnt. Í þeirri umræðu kom það hvað eftir annað fram að ef svona lagað kæmi upp þá kynnum við að þurfa að fara í gegnum málin aftur. Ég lít svo á að þeim hafi alveg borið skylda til að standa við samninginn eins og mér. Þegar ég tók þetta mál upp aftur og benti á að nú væri komin upp þessi staða, þá fékk ég þau svör að þeir tryðu því ekki að VSÍ og VMS mundu hækka, þrátt fyrir yfirlýsingarnar frá VMS og VSÍ. Þeir tryðu því ekki þrátt fyrir samþykkt sem búið var að gera á formlegum fundi hjá VSÍ og þess vegna væri þetta ekki raunhæft.

Lög á dóm. Ég er reyndar margbúinn að fara í gegnum það. Dómurinn byggir á 6. mgr. 5. gr. samningsins þar sem talað er um þá hækkun sem skuli verða ef ekki næst að ljúka þeim samanburði sem unnið var að. Og það sem er hér gert er í fyrsta lagi að þegar dómurinn fellur er borgað út, þá eru borgaðir út tveir mánuðir í samræmi við dóminn. Síðan er þessi grein felld úr samningnum með lögum ásamt 15. gr. og þar með er forsendan fyrir dómnum fallin. Að senda það síðan aftur til dómsins er hugmynd sem ég hef aldrei heyrt fyrr en eflaust ágæt. En þá hefði náttúrlega þurft að kæra aftur fyrir dómnum og af einhverjum ástæðum kaus BHMR að gera það ekki. Það var þá þeirra að gera það. Dómnum er því ekki breytt heldur er breytt forsendum. Ég veit að ég er búinn að endurtaka það hér hvað eftir annað og það virðist ekki komast til skila og ég geri mér ekki miklar vonir um að það geri það enn.

En af því að áðan var spurt um þá lögfræðinga sem ég hef haft með mér, þá er þarna einhver misskilningur í. Þegar ég sagði tíu lögfræðingar eins og ég tók fram í svari við fyrirspurninni, þá voru það lögfræðingar sem voru með í ráðum um setningu bráðabirgðalaganna, ekki við samningsgerðina um hvítasunnuna 1989. Þeir lögfræðingar sem þá voru með í ráðum voru fyrst og fremst lögfræðingar sem unnið hafa almennt að svona samningagerð. Ég get vel nefnt þá. Þorsteinn Geirsson var einn aðalmaður þar, ég man ekki hvort Árni Kolbeinsson kom að því máli eitthvað og svo lögfræðingar úr fjmrn. auk Jóns Sveinssonar. Þarna hefur orðið einhver misskilningur sem ég vona að sé leiðréttur.

Hv. 6. þm. Vesturl. talaði um þetta handsal við Einar Odd og þá fleiri. Það er hárrétt að þeir gengu á minn fund þegar þeirra samningur var gerður, þ.e. í febrúar 1990, og lýstu áhyggjum af þessu. Ég lýsti þá eins og ég hef gert hér hvað eftir annað því samkomulagi sem hafði náðst við BHMR um það að þetta yrði framkvæmt á þann máta að ekki ylli röskun. Ég stóð í þeirri góðu trú að það stæði. Það verður að segjast eins og er að þeir töldu að það væri vafasamt að BHMR stæði við það. Þeir lýstu áhyggjum um að þeir teldu að BHMR fyndu einhverjar leiðir fram hjá því.

Spurt var að því hvort þetta þýði þá að öll laun verði að sitja föst, m.a. öll laun kvenna. Ég vara við öllum launahækkunum umfram það sem þessi samningur segir til um. Sem betur fer hafa laun kvenna heldur lagast saman borið við laun karla þótt ekki sé það nóg, en ég hef orðið mikið var við það í þeim ráðuneytum sem ég hef starfað. Þetta hefur heldur lagast, ekki síst með meiri menntun og meiri frama kvenna og ég vona að þannig geti hlutirnir gerst. Það er ekkert sem hindrar að færa fólk á milli launaflokka þegar um það er að ræða, hækka það í launum á þann veg ef ekki eru gerðir nýir kjarasamningar.

Loks held ég að hv. þm. hafi vefengt það sem ég sagði, ef ég man rétt, að þetta næði til allra gerðra kjarasamninga og bar fyrir sig fjmrh. í því. Í 1. gr. bráðabirgðalaganna segir: „Lög þessi taka til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum eru í gildi við gildistöku laganna.“ Þ.e. allra kjarasamninga sem eru í gildi og þeir voru nú æðimargir aðrir en þessi stóri kjarasamningur ASÍ, VSÍ og VMS og ríkisins og BSRB. Gæti ég vel komið með upptalningu á því við síðara tækifæri ef óskað er. Hv. þm. taldi það stangast á sem ég sagði um það nú að ég hefði gjarnan viljað kalla saman þing og hins vegar það sem ég sagði í Nd. um gildi bráðabirgðalaga að ekki hefði út af fyrir sig verið þörf á því. Ég lýsti því hér áðan að tíminn var orðinn svo tæpur að það var ekki tími til að kalla saman þing. Það er óbreytt mín skoðun að meðan stjórnarskráin leyfir setningu bráðabirgðalaga og metin er brýn nauðsyn til þess, og reyndar er það fyrst og fremst í valdi framkvæmdarvaldsins að meta þá nauðsyn, sem Alþingi verður síðan að fá til meðferðar sem allra fyrst, þá eru bráðabirgðalög jafngild lögum settum af Alþingi. Það er það sem ég hef sagt. Þau eru jafngild. Við höfum svo rætt mikið um það, og það kemur mönnum kannski á óvart að ég hef oft hreyft því og ekki síst þegar ég starfaði að ýmsum kosningalaga- og stjórnarskrárbreytingum hér um árið, að það ætti e.t.v. að takmarka heimild til setningar bráðabirgðalaga. En þá vil ég taka undir það sem margir aðrir hafa sagt hér að þá þarf að breyta starfsháttum þingsins. Þá þarf að vera hér ein deild sem gerir kleift að fá lög fyrr í gegnum þingið. Ef hv. þm. lítur á minn feril í setningu bráðabirgðalaga mun hún sjá að hann er nú ansi lítill og þau bráðabirgðalög fá sem sett hafa verið í þeim ríkisstjórnum sem ég hef haft forsæti fyrir og náttúrlega langtum, langtum fleiri í fjölmörgum öðrum ríkisstjórnum. Það birtist yfir þetta fróðleg tafla í Morgunblaðinu, sem ég efa ekki að hv. þm. hefur skoðað mjög vandlega. Ég hef alltaf sett mér að nota þetta ekki nema til þess sé afar brýn nauðsyn.

Við deilum um það hvort þarna hafi verið brýn nauðsyn og hv. þm. talaði um lýðræði og allt það get ég tekið undir með henni. En það vil ég segja hv. þm. að líklega er auðveldasta leiðin til að glata lýðræðinu að glata efnahagslegu sjálfstæði. Þá er ekki orðið mikið eftir af lýðræði. Og ég er þeirrar skoðunar að þetta þjóðfélag hafi gengið í gegnum svo miklar hremmingar, ef ég má nota það orð, í verðbólgu- og efnahags-

málum að það þoli ekki, eins og þjóðfélagið er orðið opnara og í stöðugum samanburði og samkeppni við þjóðfélögin í kringum okkur, að ganga í gegnum fleiri. Ég var þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að það hafi jafnvel borið brýna nauðsyn til þess að ganga gegn mjög miklum hagsmunamálum, sem skipa verður með efstu málum á listanum yfir það sem mönnum á að vera heilagt, til að forða því að hér hæfist ný verðbólgualda með öllum þeim vandræðum sem því hefði fylgt, einmitt á sama tíma sem við erum að leita samninga um þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði. Ég fullyrði að ef hér hefði risið verðbólgualda, eins og sumir tala um, jafnvel lausir samningar, vinnudeilur og verkföll, þá hefðum við ekki haft neitt að gera í þær viðræður.

Hv. þm. minntist á áhrif Seðlabankans. Ég skal ekkert um það segja. Ég sagði í minni framsögu að Seðlabankinn hefði gengið út frá því að samningunum yrði sagt upp. Ég held hins vegar að sumt þar, eins og vinnuveitendur hafa bent á, hafi verið heldur vafasamt, eins og það að gera ekki ráð fyrir víxlhækkun fyrr en 1. júlí, ef ég man rétt. Ég reyndi ekki að hafa nein áhrif á stjórn Seðlabankans. Ég hringdi hins vegar í seðlabankastjóra og spurði hvað meint væri með því sem segir í fyrsta lagi í álitinu, og er það eftir minni, að það sé ekki verkefni hagdeildarinnar að túlka kjarasamninga. Síðan segir neðar að það sé jafnvel fásinna að ætla í fyrsta lagi að kjarasamningnum hafi ekki verið sagt upp og í öðru lagi segir nokkurn veginn að það verði að álykta eða túlka samþykkt VSÍ og VMS um að þeir ætli að hækka um 4,5% sem tilraun til að knýja ríkisstjórnina til að láta bráðabirgðalögin ekki falla úr gildi. Ég hringdi í Seðlabankann til að spyrja hvað þeir meintu með þessu því að bráðabirgðalögin voru sett löngu áður en ályktunin kom. Ég fékk ekkert annað svar en það að hann skammaðist sín fyrir þessa ályktun og mundi leiðrétta það og það var gert.

Hv. þm. sagði: Þeir sem samninga gera taka afleiðingunum. Það er auðvitað hárrétt. En í þessu tilfelli hefði öll þjóðin tekið afleiðingunum og BHMR ekkert síður en ríkisstjórnin. Þeir gerðu líka samningana og hefðu, eins og ég sagði áðan, uppskorið ekki neitt nema bara nýja verðbólguöldu, enga leiðréttingu. Það lá alveg ljóst fyrir. Ég vil taka undir það með hæstv. umhvrh. sem sagði áðan að honum þótti afar leitt, reyndar var ég búinn að segja það, að ekki tókst að semja við BHMR.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði einnig um handsal og ég kom aðeins lauslega inn á það. Ég hef lýst því. Hvort menn vilja kalla það handsal eða yfirlýsingu af minni hálfu og við hana stend ég. Ég trúði því að þannig mundi fara. Standa við dóminn, ég hef líka rætt það. Lögfræðingana, ég skal mæta á fundi hjá nefndinni og ræða þar um þá lögfræðinga sem mættu. En menn verða að gæta að því að þetta mál er nú fyrir dómstólum og ég get ekki nema sem trúnaðarmál sagt frá ýmsu því sem lögfræðingarnir bentu á sem var yfirleitt farið eftir. Það verður að vera trúnaðarmál. Það er best að reyni á það hvort það heldur ekki. Ég trúi ekki annað en það haldi. Ég þekki hv. þm. ekki að öðru. En ég ætla að gera það, þótt á mig hafi verið lögð, má nánast segja, sú kvöð af ríkislögmanni að ég þarf að gæta þess mjög mikið hvað ég segi í þessu máli. Það kann að þykja undarlegt, en málið er bara fyrir dómstólum og er þess vegna í höndum ríkislögmanns.

Hv. þm. ræddi mikið um þjóðarsáttina og það sem væri fram undan í henni. Það hefur hver sitt mat á því en ég vil aðeins geta þess að til viðbótar við það sem ríkissjóður lagði þjóðarsáttinni í febrúar lagði ríkissjóður hátt í milljarð í þjóðarsáttina núna í ágúst, sem var alveg umfram allt sem var um samið, til þess að ekki færi mikið fram yfir rauða strikið. Ég vil jafnframt vekja athygli á því að samkvæmt því uppgjöri sem hefur verið gert á verðlagshækkunum á þessu ári eru eingöngu verðlagshækkanir á landbúnaðarvörum bænda og á opinberri þjónustu fyrir neðan meðaltalið yfir árið. Allt sem er á hinum frjálsa markaði, það er náttúrlega tekin heildin, er fyrir ofan. Ekki opinber þjónusta er líka langt fyrir ofan svo það hefur vitanlega verið gengið mjög langt í því að reyna að tryggja þessa þjóðarsátt eða ekki færi fram yfir rauðu strikin.

Hv. þm. spurði: Hvað gerist 1. sept.? Ég vona að þá ráði hér stjórnhyggja í málum þjóðarinnar og menn komi sér saman um að reyna að hafa áhrif á gang mála, sleppi ekki öllu lausu hvað sem menn vilja kalla það. Mér er alveg ljóst að það hlýtur þá að verða að taka tillit til vissra hluta sem ekki hafa leiðrést. Ég gerði mér vonir um þegar ég gerði tillögu um það að við frestuðum leiðréttingunni, að í þeirri meðferð lægi fyrir öll úttektin mjög ítarlega. Menn gætu rætt hana opinskátt og þá fengist hún leiðrétt, eða sá mismunur sem þarna kann að vera, þá fengist hann leiðréttur með samkomulagi. Þetta er kannski óskhyggja en það er þó miklu betra að geta talað um þessa hluti við aðila vinnumarkaðarins þegar menn vita um hvað menn eru að tala. En gallinn var sá náttúrlega að í júní vissu menn nákvæmlega ekkert um hvaða leiðréttingu menn voru að tala. Það fór tvennum sögum af því. Sumir sem unnu að henni töldu að hún yrði sáralítil. Aðrir fullyrtu að hún yrði mjög mikil. Þetta þarf vitanlega að liggja fyrir. Ég skal ekki ræða hér um þá fundi sem ég veit að fjmrh. hefur átt með ýmsum félögum BHMR. Ég hef líka átt fundi og ég hef lagt áherslu á það að menn vinni að þessum samanburði áfram svo að hann liggi nú fyrir.

Hv. þm. ræddi um vextina. Ég er feginn að ég hef hann að bandamanni í því að reyna að knýja niður vexti. Ég tek undir það að þeir eru of háir, á því er ekki nokkur vafi og veldur vonbrigðum. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni að sú ákvörðun stjórnvalda að fjármagna allan halla ríkissjóðs innan lands hefur vitanlega valdið hækkun á vöxtum. En þessi ákvörðun var tekin m.a. til þess að koma í veg fyrir að við fengjum hér nýtt þensluskeið eins og gerðist á árunum 1986–1987. Ég tel að þetta hafi verið rétt ákvörðun þrátt fyrir það að hún hafi leitt til þess að raunvextir hafi heldur hækkað. Hitt er svo annað mál að heildarvaxtagreiðsla, því að vitanlega

telst verðbótaþátturinn vaxtagreiðsla, hefur lækkað mjög mikið. Það er rétt sem kom fram hjá Guðmundi Ágústssyni að þeir eru núna margir sem fagna því þó að höfuðstóllinn lækkar með greiðslum og gæti ég sagt ýmsar sögur af því. En þó að Seðlabankinn hafi talið að vextir kynnu að þrýstast upp fer það mjög eftir því hvernig við náum fjárlagadæminu saman. Á spástefnu sem haldin var núna nýlega spáðu þau mörgu fyrirtæki sem þar voru spurð að vextir mundu lækka. Ég held að þeir hafi spáð að þeir lækkuðu niður í 7,8 eða eitthvað svoleiðis. Þegar ég spurði að því var því borið við að t.d. hlutafjárkaup hefðu verið mjög mikil og það hefði verið sótt mjög í bankana með fjármagn til að kaupa hlutafé. Sömuleiðis opnast núna erlendur markaður fyrir fjármagn þannig að kannski fer eitthvað af þeirri ásókn í að kaupa á innlendum markaði í að kaupa skuldabréf eða verðbréf erlendis. En þetta er mál sem er mikið vandamál og skal ég ekki draga úr því. En ég veit að hv. þm. mun veita okkur lið sem viljum vextina lægri. Hann er bankaráðsmaður í Búnaðarbankanum og getur þar haft veruleg áhrif og Búnaðarbankinn stendur vel núna, eins og Landsbankinn, og líklega skila bankarnir góðum hagnaði eftir árið.

Það er rétt að vextir eru háir í Bretlandi. Þar er verðbólga mjög mikil en nafnvextir eða vextir, sem eru þar ekki verðtryggðir, þeir hafa vit á því, hafa verið mjög háir og hærri en hér.

Það var nokkuð rætt um gengið. Sem betur fer hafa allar spár og allar áætlanir og sömuleiðis atvinnuveganna, m.a. fiskvinnslunnar, bent til þess að gengið væri tiltölulega rétt miðað við verðlag erlendis og enginn nefnt að breyta genginu nema þá hv. þm. hérna áðan. Ekki einn einasti maður hefur komið á minn fund og talað um að það ætti að breyta genginu. Þvert á móti hafa menn talið að það væri fullnægjandi, svo að þetta kom mér nokkuð á óvart.

Hv. 18. þm. Reykv. er nú ekki hér stödd svo að ég veit ekki hvað ég á að fara í það að svara hennar ræðu. En hún ræddi aðeins um lífeyrissjóðina og að það væri lítil kjarabót í Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Ég hef aldrei heyrt það fyrr. Hann er nú með ríkisábyrgð á bak við sig og einn af fáum sem er með það. Ég held nú að við hljótum að treysta því að sú ábyrgð standi undir þeim greiðslum sem úr honum kynnu að koma og ég kannast ekki við aðra lífeyrissjóði, nema þá bankana held ég helst, sem greiða eins mikið út og nú er. T.d. einn lífeyrissjóður sem talinn var mjög góður fyrir nokkrum árum og ég þekki til pínulítið, Lífeyrissjóður verkfræðinga, greiðir nú út, ef ég veit rétt, ég tek það fram að ég er ekki meðlimur þar lengur, 40–50 þús. í eftirlaun og mun þó vera með þeim skástu. Lífeyrissjóður ríkisins greiðir miðað við þau laun sem slíkir menn hafa miklu, miklu meira. Þetta 3–15% mat á lífeyrissjóðnum kom fram þegar gerð var tilraun til samanburðar fyrir þremur árum. Þá mátu opinberir starfsmenn hann 3% en forseti ASÍ, ef ég man rétt, eitthvað um 13%. Svo að þarna er vandamál.

Ég sagði ekkert um þessa ómældu yfirvinnu annað en það að hún var einn af þeim þáttum sem menn voru að ræða sín á milli og hvernig væri hagað yfirvinnu annars vegar hjá hinu opinbera og hins vegar utan hins opinbera og m.a. því að vinnuveitendur halda því fram að háskólamenntaðir menn utan hins opinbera fái bara föst laun og vinni það sem þeir þurfa að vinna og föstu launin þá kannski hærri. Hins vegar héldu aðrir því fram að þó að föstu launin væru eitthvað lægri hjá ríkinu þá kæmi svona lagað til viðbótar. Ég er bara að nefna þetta sem dæmi um mjög vandmeðfarinn samanburð. Það er misskilningur hjá hv. þm. að við hefðum þröngvað þessari leiðréttingu upp í þrjú ár. Um það var fullt samkomulag en við hefðum gjarnan viljað sjá hana taka lengri tíma, sérstaklega ef munurinn reyndist mikill.

Ég skal ekki segja hvort mér hefur tekist að svara hér öllu en ég hef þó a.m.k. reynt það og vonandi ekki lengt þessa umræðu um of.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. hefur skrifað samviskusamlega niður þær spurningar sem ég lagði fyrir hann hér í dag og þakka ég honum fyrir það. En ég get að sama skapi ekki þakkað fyrir þau svör sem ég fékk vegna þess að mér sýnist að þar hjakki allt í sama farinu.

Ég vil benda á það að margvíslegar afleiðingar geta hlotist af setningu þessara bráðabirgðalaga. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan í ræðu sinni að auðveldasta leiðin til þess að glata lýðræðinu sé að glata efnahagslegu sjálfstæði. Ég óttast að einmitt það gæti gerst ef svo fer að háskólamenntað fólk sér þann kost vænstan, ekki síst ef samið verður um evrópskt efnahagssvæði, þá muni opnast möguleikar fyrir háskólamenntaða menn að hverfa til starfa erlendis. Þetta nefndi hæstv. forsrh. einmitt í stefnuræðu sinni hér í haust og hafði af því töluverðar áhyggjur að hafinn væri atgervisflótti af landinu.

Mér er kunnugt um að við þrjá stóra framhaldsskóla hér á landi hefur núna nokkrar vikur árangurslaust verið auglýst eftir íslenskukennurum. Ég hef heimildir fyrir því að það hafa engin viðbrögð orðið við þeim auglýsingum. Það horfir svo í einum þessara skóla að hugsanlega verða kenndir sex tímar á viku í íslensku á vorönninni sem hefst núna eftir áramótin ef ekki rætist úr. Hef ég grun um að þetta sé ein afleiðing þess sem hefur verið að gerast í málefnum háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna á undanförnum árum en fyrir 6–7 árum var frekar offramboð á íslenskukennurum en hitt.

Ég undraðist margt af því sem fram kom í máli hæstv. umhvrh. í umræðunni fyrr í dag. Mér sýndist hann helst vilja taka þá stefnu að viðhalda því neðanjarðarkerfi sem hefur því miður viðgengist innan ríkisgeirans undanfarin ár með alls kyns aukagreiðslum og samningum um ferðir, dagpeninga, ómælda yfirvinnu og eitthvað því um líkt. Ég tel öruggt að eina leiðin til að koma á réttlæti og jöfnuði sé einmitt að samið sé um grunnlaun og reynt að ná bættum kjörum með því að ganga út frá grunnlaununum. Hann sagði líka að það væri orðið bærilegt fyrir launafólk að lifa í landinu. Það finnst mér sýna tengslaleysi hans við raunveruleika fólks sem þarf að framfleyta sér á laun-

um undir skattleysismörkum.

Vegna orða hæstv. forsrh. um athugasemd 18. þm. Reykv. um lífeyrissjóðinn vil ég taka fram að hún talaði um áhyggjur sínar af framtíðinni með Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna ef áfram héldi sú óheillaþróun sem birtist í fjárlagafrv. sem nú er til umfjöllunar. Hún lýsti áhyggjum sínum af því hvernig sjóðnum tækist að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni ef svo héldi áfram sem nú er lagt til.

Ég spurði hæstv. forsrh. fyrr í dag um röskun á launakerfinu. Það er ljóst að það þarf að raska launakerfinu til þess að laga laun þeirra sem lægst launin fá og þar minntist ég sérstaklega á laun kvenna. Ég var svo sem ekki að spyrja hvaða hugmyndir væru uppi núna. Það er ljóst að allt situr fast núna þangað til þjóðarsátt lýkur. Ég var eiginlega frekar að inna hæstv. forsrh. eftir hugmyndum hans um hvernig leysa mætti það vandamál í framtíðinni.

Hann minntist á að laun kvenna hefðu lagast í ráðuneytum með aukinni menntun og frama, eins og hann orðaði það. Það eru ef til vill ekki endilega launin þar sem mestum áhyggjum valda heldur lægstu launin, þ.e. launin sem enn eru undir skattleysismörkum.

Ég ætlaði síðan, virðulegi forseti, að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. og vona að hann heyri til mín. Ég vitnaði í ræðu minni fyrr í dag til viðtala sem fóru fram við hann, annars vegar í DV 24. júlí þar sem hann sagði afdráttarlaust að ekki kæmi til greina að setja bráðabirgðalög á niðurstöðu dóms og í sama viðtali talaði hann um að sú aðgerð að setja bráðabirgðalög væri lögfræðilega hæpin og miklar líkur til þess að dómstólar muni hnekkja henni við fyrsta tækifæri ef sú ákvörðun yrði tekin að setja bráðabirgðalög. Tíu dögum seinna segir sami hæstv. fjmrh. í Morgunblaðinu: „Bráðabirgðalögin eru í þeirri mynd sem við viljum hafa þau. Almennur samningsréttur og lýðréttindi eru ekki skert með þessum lögum.“ Þarna greinir hæstv. fjmrh. og forsrh. augljóslega á um túlkun þessara laga. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað það var sem breytti skoðun hans á þessum tíu dögum og hvað það var sem sannfærði hann um að setning bráðabirgðalaga væri ekki hæpin lögfræðilega og hvaða vissu hann hefði á þeirri stundu haft fyrir því að dómstólar mundu ekki hnekkja þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Í tilefni af bréfi sem hv. þm. barst í gær frá launamálaráði BHMR þar sem BHMR hefur ýmsar athugasemdir við ræðu þá sem hæstv. fjmrh. flutti í Nd. Alþingis við umræður þar um bráðabirgðalögin, þá finnst mér undarlegt hversu mikill misskilningur virðist vera þar á ferðinni á milli aðila varðandi stöðu málsins nú í dag. Mig langar þess vegna, með leyfi forseta, að lesa það bréf sem okkur barst hér í gær og biðja hæstv. fjmrh. að svara þeim fullyrðingum sem þar koma fram af hálfu BHMR um stöðu mála. Þar segir fyrst:

„Alþingi fjallar nú um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar á eigin kjarasamning við stéttarfélög innan BHMR. Ýmsar villandi upplýsingar hafa komið fram í þessum umræðum um stöðu mála. Stjórn og aðildarfélög BHMR hafa ekki reynt að leiðrétta allar rangfærslur en með vísan til ræðu fjmrh. þriðjudaginn 11. des. er nauðsynlegt að taka eftirfarandi fram:

1. Rangt er að viðræður í starfsnefndum vegna kjarasamninga félaganna frá 1989 gangi vel. Fulltrúar fjmrh. í nefnd um ábyrgðarmat hafa t.d. algerlega kastað til þess verks höndum. Í júnílok skiluðu þeir að undirlagi fjmrh. svokallaðri lokaskýrslu þar sem lýst er yfir að verkið væri svo snúið að ekki væri unnt að vinna það frekar. Samtímis skiluðu fulltrúar fjmrh. í kjarasamanburðarnefnd einnig svonefndri lokaskýrslu þar sem sömu röksemdir voru viðhafðar. Það var gert í því skyni að hafa af félagsmönnum BHMR réttmæta 4,5% hækkun launa 1. júlí sl. skv. ákvæði 5. gr. kjarasamningsins.

2. Rangt er að nú standi yfir samningaviðræður milli fjmrh. og einstakra samflotsfélaga BHMR. Fjmrh. óskaði með bréfi, dags. 30. ágúst sl., eftir fundum með félögunum. Í bréfi ráðherrans var setning bráðabirgðalaga hörmuð. Af þeirri ástæðu var ljáð máls á fundum með honum. Á þessum fundum hefur fjmrh. hins vegar hvorki viljað ræða bráðabirgðalögin né framkvæmd kjarasamningsins. Hins vegar hefur fjmrh. viljað ræða kjarasamninga eftir gildistíma þjóðarsáttar í því skyni að skuldbinda fjmrh. í næstu ríkisstjórnum. Aðildarfélögin telja að verkefnið nú sé að framkvæma þann samning sem fjmrh. undirritaði en í framhaldi af því taka við viðræður um næstu samninga.

3. Fjmrh. hefur lýst því yfir að hann sé að bjóða aðildarfélögum BHMR eitthvað í samningaviðræðum. Þetta er rangt. Hið sanna er að fjmrh. er að reyna að hagnýta sér vilja félaganna til viðræðna í því skyni að setja á svið að hann sé ávallt tilbúinn til að leysa mál með samningum. Þetta er ekki trúverðugt eftir setningu bráðabirgðalaga á kjarasamning félaganna.

4. Fjmrh. hefur mælt sérstaklega með því að félögin hverfi frá samningi sínum og geri sérsamninga við fjmrh. Í rökstuðningi sínum segir fjmrh. að félag dýralækna hafi einmitt gert sérstakan kjarasamning með góðum árangri. Þetta eru rangfærslur. Dýralæknafélag Íslands gerði kjarasamning með öðrum samflotsfélögum BHMR. Eitt af skilyrðum samflotsfélaganna fyrir því að þau gengu frá samningum sínum í maí 1989 var að gerður yrði samningur við dýralækna um vaktafyrirkomulag þeirra. Sá árangur náðist vegna samstöðu félaganna en ekki með sérstökum samningi dýralækna.

5. Fjmrh. gerir mikið úr starfi í samstarfsnefndum samflotsfélaganna. Þessar nefndir starfa skv. ákvæðum 11. kafla í eldri kjarasamningum og er ætlað að koma á sáttum í ágreiningsmálum sem kunna að rísa á milli aðila. Um þetta atriði er það að segja að sjaldan í sögu þessara ungu samtaka hafa mál verið meðhöndluð í þessari nefnd á jafn hægvirkan og jafnvel neikvæðan hátt og nú.

6. Fjmrh. segir að forusta BHMR hafi kvartað við hann yfir fyrirrennurum hans í starfi. Staðreyndin er sú að þegar Ólafur Ragnar Grímsson tók við embætti hafði hann með sérstökum hætti biðlað til háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og heitið þeim breyttum starfsháttum í samningum og öllum samskiptum. Þegar fulltrúar BHMR hittu hann fyrst að máli sem fjm-

rh. lögðu þeir til að nýr maður tæki við formennsku í samninganefnd ríkisins til að marka þessi tímamót.

7. Í ljósi reynslunnar er nú hægt að fullyrða að fullkominn trúnaðarbrestur ríki milli fjmrh. og stéttarfélaga innan BHMR vegna setningar bráðabirgðalaga og erfiðra samskipta."

Ég vil fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann lýsi því hér á eftir hvernig þessi mál horfa út frá hans bæjardyrum því mér sýnist bera þarna margt á milli í samskiptum hans við þetta tiltekna stéttarfélag.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu hér við 1. umr. en til þess að draga saman það sem ég hef sagt hér í dag vil ég lesa ályktun frá Kvennalistanum, sem birt var 3. ágúst 1990, í tilefni setningar þessara bráðabirgðalaga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kvennalistakonur átelja harðlega að enn einu sinni skuli íslensk ríkisstjórn setja bráðabirgðalög á launafólk. Þannig er jafnt og þétt grafið undan lýðræði og mannréttindum í þjóðfélaginu. Núv. ríkisstjórn hóf feril sinn með því að framlengja bann á kjarasamninga sem var meginástæða þess að Kvennalistinn hafnaði aðild að henni. Ríkisstjórnin setur nú lög á eigin samninga og beitir valdi sínu þannig til að hnekkja dómi Félagsdóms. Nú eru það samtök háskólamanna sem beitt eru lögþvingunum til að sveigja þau undir vilja stjórnvalda. Hverjir verða næstir?

Í rauninni felst í nýsettum bráðabirgðalögum afnám réttar alls launafólks til að semja um laun sín því ríkisstjórnin hefur sýnt að hún er tilbúin til lögþvingunar á hvað sem er, jafnvel þvert á uppkveðna dóma. Þáttur forustumanna ASÍ og BSRB vekur furðu þar sem þeir hafa tekið undir þann áróður að laun almenns launafólks séu meginvaldur verðbólgu og berjast nú jafnvel harðar gegn öðru launafólki en atvinnurekendum.

Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir almenning í landinu. Á hvaða leið er samfélag þar sem stjórnvöld, atvinnurekendur og stærstu samtök launafólks sameinast um að svipta hluta launafólks samningsrétti? Hvernig er lýðræðinu háttað þar sem stjórnvöld óvirða mannréttindi og dómstóla? Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru forkastanleg og bera vott um siðblindu. Ríkisstjórn sem setur lög á eigin gerðir er ekki hæf til að stjórna landinu og á að segja af sér."

Ég hlýt að ljúka máli mínu með því að skora á hv. deildarmenn í þessari deild að fella þessi ólög.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins víkja að þeim spurningum sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir bar hér upp. Ég vil fyrst víkja að þeirri síðari sem snertir það bréf sem formaður BHMR sendi vegna ummæla fjmrh. við 2. umr. í neðri deild.

Ég vil í upphafi geta þess að hv. þm. Friðrik Sophusson beindi þeirri spurningu til mín við þá umræðu hvort fram færu einhverjar viðræður við BHMR og hvernig fjmrh. hygðist taka á þessu vandamáli í framtíðinni. Af þessu tilefni taldi ég nauðsynlegt að greina frá þeim viðræðum sem ég hef átt við einstök félög BHMR, þó ég hafi ekki gert það opinberlega áður, taldi hins vegar nauðsynlegt, fyrst þingmaður bað ítrekað um að fá svör við sínum spurningum, að greina frá því hvað hefði farið fram á þessum fundum í grófum dráttum.

Meginefni svara minna var að kynna það að á þessum viðræðufundum, sem eru við hvert einstakt félaga BHMR, hefði ég reifað reynslu af samskiptum BHMR við fjmrn. á undanförnum mörgum árum, m.a. í tíð tveggja fyrirrennara minna. Því það er ljóst að það hafa verið miklir erfiðleikar í kjarasambúð BHMR og fjmrn. um langt árabil. Þegar ég kom í fjmrn. fluttu fulltrúar BHMR mér langar lýsingar á erfiðleikum og bresti á trúnaðartrausti sem hefði komið upp í tíð bæði hv. núv. þm. Þorsteins Pálssonar og hæstv. núv. utanrrh. Og að á þessum fundum hefði ég rætt ýmsa lærdóma af þessari reynslu margra undanfarandi ára og reifað þrjár meginhugmyndir, sem vert væri að ræða, um breytingar á skipulagi mála hjá ríkinu. Þar nefndi ég m.a. aukið sjálfstæði ríkisstofnana sem gæfu ríkisstofnunum meira sjálfdæmi til ákvarðana um kjör og kjaratengd atriði en nú væri. Þar nefndi ég í öðru lagi sérkjarasamninga um einstök hagsmunamál einstakra félaga í stað þess að vera með heildarsamninga af því tagi sem BHMR lagði höfuðáherslu á fyrir rúmu ári síðan. Þar nefndi ég í þriðja lagi hugmyndir um samninga fyrir ákveðin svið, sbr. skólasamning fyrir menntunarstéttirnar og heilbrigðissamning fyrir starfsstéttir í heilbrigðisþjónustu.

Satt að segja hafa allar þessar viðræður verið mjög gagnlegar og mjög málefnalegar og alls ekki í ætt við þá lýsingu sem kemur fram í þessu bréfi formanns BHMR. Mér varð að orði þegar ég heyrði þá lýsingu sem fram kemur í bréfinu að þar sjá þingmenn kannski viss dæmi um hve erfitt er að koma málum á betri veg þegar viljinn til rangtúlkana og misfærslna er svo ríkulegur sem fram kemur í þessu bréfi. Ég hugsa að flestum þeirra sem verið hafa á þessum fundum þyki sú lýsing sem hér er gefin á þeim vera nokkuð sérkennileg. Því þessir fundir hafa verið mjög rólegir, þeir hafa verið mjög málefnalegir og þeir hafa verið mjög fróðlegir. Það hefur alltaf verið skýrt frá upphafi að þessir fundir væru ekki samningafundir. Það hef ég sagt frá upphafi. Það hefur öllum verið ljóst sem hafa tekið þátt í fundunum. Þess vegna er út í hött að fara að senda hér í bréfi sérstakar athugasemdir um það að rangt sé að nú standi yfir samningaviðræður. Það hefur aldrei verið sagt af minni hálfu. Og alveg óþarfi að vera með einhvern sérstakan skæting í minn garð vegna þess. Ég hef alltaf sagt skýrt að þetta væru ekki samningaviðræður heldur væru þettar opnar umræður um reynslu liðinna ára og hugsanlega þróun í framtíðinni vegna þess að það kæmi dagur eftir þennan dag og það þyrfti að reyna að finna framtíðarlausn á kjaramálum háskólamenntaðra manna, hvað sem liði afstöðu manna til bráðabirgðalaganna eða síðasta samnings.

Ég hef heldur ekki sagt að viðræður í starfsnefndum vegna kjarasamninganna frá 1989 gangi vel sem almenna lýsingu. Ég hef hins vegar sagt að í þeim nefndum sé verið að vinna að lausn á ýmsum atriðum

og það hafi tekist í mörgum tilvikum sem er bara sannleikanum samkvæmt. Ég held t.d. að í dag hafi verið fundur með Hinu íslenska kennarafélagi í þeirra nefnd og eftir því sem ég vissi, áður en sá fundur hófst, átti þar að lýsa niðurstöðu í ýmiss konar úrvinnslumálum sem unnið hefur verið að á undanförnum mánuðum af hálfu fjmrn. í samvinnu við Hið íslenska kennarafélag og þess vegna væri það röng mynd, sem sumir vildu setja fram opinberlega, að ekki væri um nein samskipti einstakra félaga BHMR við fjmrn. að ræða um þessar mundir.

Sama gildir um það sem hér segir í 4. lið. Það er líka mjög úr stíl fært, bæði við það sem ég sagði og raunveruleikann. Í bréfinu segir einnig að fjmrh. geri mikið úr starfinu í samstarfsnefndum samflotsfélaganna. Ég hef ekki sérstaklega verið að gera mikið eða lítið úr því. Ég hef bara verið að lýsa þeim veruleika sem fram fer og á sér stað, m.a. vegna þess að ég var um það spurður hér á hv. Alþingi, krafinn svara um það með hvaða hætti samskiptunum væri háttað. Ég tel að sú einhliða mynd um algert stríð milli BHMR og ríkisvaldsins, sem sumir hafa viljað draga upp, sé ekki rétt. Menn eru að hugleiða og leita leiða að framtíðarlausn á þessum vandamálum. Menn eru að skoða ýmis framkvæmdaratriði hjá einstökum félögum. Mín niðurstaða er sú að þeir ítarlegu fundir sem ég hef átt með einstöku félögum, og þeim er ekki lokið, ég á enn eftir að ræða við nokkur félög, hafi verið mjög gagnlegir, þeir hafi skýrt margt sem að gagni geti komið á næstu mánuðum, hvort sem það verður ég eða einhver annar sem leiðir þá samningaviðræður við BHMR.

Ég hef nefnt það á þessum fundum að forustumenn BHMR, þegar þeir komu til mín og ræddu við mig nokkrum mánuðum eftir að ég varð fjmrh., lýstu því fyrir mér hvernig algjör trúnaðarbrestur hefði orðið í samskiptum þeirra við fjmrn. í tíð núv. hæstv. utanrrh. og í tíð hv. þm. Þorsteins Pálssonar. Ég fékk á því ítarlegar lýsingar hvernig sá trúnaðarbrestur hefði orðið og hvers vegna að þeirra dómi. Mér er alveg ljóst að þeir kunna að flytja eftirmanni mínum hugsanlega sams konar lýsingar um þann trúnaðarbrest sem hafi orðið í samskiptum við mig. (**Gripið fram í:** Liggur ekki sú lýsing fyrir?) Ég sagði hugsanlega. Ég hef nefnt að það væri athyglisverð staðreynd og kannski verð umhugsunar hvernig stæði á því að þrír fjmrh. úr þremur stjórnmálaflokkum hefðu fengið þessa umsögn af hálfu forustumanna BHMR. Hvort það kynni ekki að liggja í því að aðferðirnar, og í því felst engin ásökun af minni hálfu, við lausn kjaravanda háskólamenntaðra manna hefðu ekki verið árangursríkar, af hvaða ástæðum sem það kynni að vera.

Ég hef í því sambandi bent á að ég hef einnig átt samskipti við fjölmörg önnur stéttarfélög í embætti mínu sem fjmrh. Ég hef gert tvo veigamikla kjarasamninga við BSRB og það er athyglisvert að báðir þeir kjarasamningar hafa verið samþykktir í frjálsum atkvæðagreiðslum BSRB-félaga með meiri meiri hluta heldur en aðrir kjarasamningar sem BSRB hefur gert. Það er staðreynd. Þær aðferðir sem við höfum beitt í kjarasamningum við BSRB hafa með friðsamlegum hætti skilað þeim árangri að meiri meiri hluti BSRB-félaga hefur samþykkt þessa tvo kjarasamninga en áður hefur tíðkast í atkvæðagreiðslum BSRB-félaga.

Ég hef líka gert kjarasamninga við Félag háskólakennara sem þeir eru mjög ánægðir með. Ég hef líka gert kjarasamning við Kennarasamband Íslands og engin verkföll eða stéttaátök hafa átt sér stað á þessum tíma við Kennarasamband Íslands. Við höfum einnig gert kjarasamning við ýmis önnur kennarafélög. Það er þess vegna röng mynd sem upp er dregin að það sé eitthvert allsherjar stríð ríkisstjórnarinnar eða fjmrn. við kennarasamtökin í landinu. Svo er ekki. Það er eitt, því miður, af mörgum stéttarfélögum kennara þar sem þessir erfiðleikar hafa verið. Það er auðvitað umhugsunarefni fyrir mig, fyrir hv. alþm., fyrir forustumenn BHMR og alla þá sem vilja leita lausnar á þessu máli að hugleiða hvernig stendur á því að aðferðirnar sem beitt hefur verið í samskiptum og samningaviðræðum við BSRB, við Kennarasamband Íslands, við Félag háskólakennara og fjölmörg önnur stéttasamtök sem við höfum gert kjarasamninga við á þessum tíma hafa reynst jafnárangursríkar og friðsamar og raun ber vitni. Ég hef orðið var við það í þessum viðræðum, þó ég ætli ekki að fara að endursegja þær hér, að margir af félögum BHMR, sem á minn fund hafa komið, hafa lýst því að þetta er þeim einnig umhugsunarefni. Þetta er þeim einnig umhugsunarefni og hlýtur að vera það. Vegna þess að þeir bera saman margra ára reynslu erfiðrar sambúðar við fjmrh. úr þremur stjórnmálaflokkum við það sem gerst hefur á vettvangi annarra stéttarfélaga.

Hv. þm. spurði einnig um ummæli mín um það að ekki yrðu sett bráðabirgðalög á dóm. Ég tel að ríkisstjórnin hafi ekki gert það. Dómurinn var látinn standa. Hann kom til framkvæmda eins og margoft hefur komið fram hér í umræðum. Dómurinn kom til framkvæmda. Honum var ekki breytt. Ég vitna t.d. í ummæli Sigurðar Líndals, sem mig minnir rétt að ég hafi lesið, þar sem hann sagði á ráðstefnu sem haldin var fyrir nokkru síðan að dómnum hefði ekki verið breytt með bráðabirgðalögunum. Það var hið lögfræðilega álit þessa prófessors við Háskóla Íslands. Það er þess vegna misskilningur að það hafi falist einhver mótsögn í því sem ég sagði í umræddu blaðaviðtali og því sem síðar gerðist þegar ríkisstjórnin setti þau bráðabirgðalög sem hér eru til staðfestingar.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi svör sem ég hef hér reynt að reiða fram varpi nokkru ljósi á þau málefni sem hv. þm. spurði um í sinni ræðu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. sé í salnum en haldi ekki fund með starfsmönnum ráðuneytisins á meðan ég flyt ræðu mína. Ég óskaði eftir því í dag að hann væri hér viðstaddur. Ég fór síðan að gæta að því hvaða mál væru til umræðu í Nd., þar sem ég fékk ekki svar við því og hæstv. fjmrh. var ekki kominn í salinn, og var þá hæstv. umhvrh. gefið orðið á meðan. Ég er því kominn hingað til að ljúka ræðu minni. Þetta hefur að sjálfsögðu þær afleiðingar að ég

get ekki talað tvisvar. Ég lái ekki forseta þó að hann hafi gefið öðrum manni orðið í dag. Það má segja að það hafi verið mér að kenna og ég er ekkert argur yfir því. En ég óska á hinn bóginn eftir því að hæstv. fjmrh. sé í salnum. Nóg er samt.

Ég vil í fyrsta lagi láta í ljós sérstaka ánægju yfir því, ef það er rétt sem hæstv. fjmrh. segir, að það sé rangtúlkun, mistúlkun, villandi ummæli sem standi í bréfi Bandalags háskólamenntaðra manna. Það bréf var sent öllum háskólamönnum og er dags. 4. des. — Ef ríkisstjórnarfundur heldur hér áfram, þá það, en ég óska eftir því að ráðherra hlusti þegar ég tala. Þetta bréf er sent 14. des. 1990. Það bréf sem ég hef í höndum er að vísu ekki undirskrifað og vera má að það sé sent af hrekkjum af einhverjum utanaðkomandi manni, ég skal ekki ábyrgjast það. En undir bréfinu stendur: Formaður BHMR og undirskrifað og síðan stendur: „Á fundi launamálaráðs BHMR föstudaginn 14. des. 1990 var formanni falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri fyrir hönd samtakanna."

Ef þetta bréf er ekki falsað finnst mér óþarfi að draga sérstaklega persónu formanns BHMR inn í þessar umræður og tala um hans rangtúlkanir og mistúlkanir. Það eru þá rangtúlkanir og mistúlkanir alls launamálaráðsins sem verið er að tala um. Ég vildi gjarnan trúa því sem hæstv. fjmrh. segir, að þær samningaviðræður sem hann hafi átt við einstök aðildarfélög Bandalags háskólamenntaðra manna séu mjög gagnlegar og hafi skýrt margt. (**Fjmrh.:** Ég kallaði það ekki samningaviðræður.) Nú, ekki samningaviðræður. Það er þá almennt rabb eða hvað? (**Fjmrh.:** Nei, nei.) Þá er það nú sennilega ekki innlegg í þessa umræðu. (**Fjmrh.:** Jú, jú.) Hæstv. fjmrh. er allra manna skemmtilegastur. Ég geri ráð fyrir því að háskólamenntað fólk kunni vel að meta einkaviðræður við hann. En ef þær viðræður sem hæstv. fjmrh. hefur átt við einstök aðildarfélög háskólamenntaðra manna koma hvergi að samningum sé ég ekki annað en rétt sé það sem hér stendur. (**Fjmrh.:** Það er munur á viðræðum um samninga og samningaviðræðum.) Já, munur á viðræðum um samninga og samningaviðræðum. Nú er vont að vera ekki nógu góður í íslensku, hæstv. forseti, til þess að hafa það á takteinum hver munurinn sé. En hér stendur í tölulið 7:

„Í ljósi reynslunnar er nú hægt að fullyrða að fullkominn trúnaðarbrestur ríki á milli fjmrh. og stéttarfélaga innan BHMR vegna setningar bráðabirgðalaga og erfiðra samskipta."

Eftir því sem hér stendur er það launamálaráð Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem óskar að koma þessum upplýsingum á framfæri við alþingismenn. Nú hefur hæstv. fjmrh. upplýst að þetta sé rangtúlkun, þetta sé mistúlkun og erfitt að eiga viðræður við stéttarfélög sem hafa formann sem hefur slíkt í frammi. Það er nú svo.

Ég tók þó eftir því að hæstv. fjmrh. taldi upp þrjú sérstök atriði sem ég skildi svo að hefðu komið upp í þessum viðræðum hans við — ég veit ekki hvort ég á að þora að segja forustumenn einstakra félaga innan Bandalags háskólamenntaðra manna. Hann segist hafa átt við þessa menn opnar viðræður um reynslu liðinna ára, og á þar við kjarasamninga, og talar um að lausnin á vandamálum háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna felist í því í fyrsta lagi að auka sjálfræði ríkisstofnana til sérkjarasamninga. Ég vildi gjarnan að hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því hvort hann sé sammála því sem hér kemur fram hjá hæstv. fjmrh., að það sé rétt að stefna að því í fyrsta lagi að aukið sé sjálfræði ríkisstofnana um kjarasamninga, í öðru lagi að sérkjarasamningar séu teknir upp og í þriðja lagi að sérstakir samningar verði teknir upp fyrir ákveðin svið. Hæstv. fjmrh. segir að allar upplýsingar hafi verið gagnlegar á fundum hans með forustumönnum úr sérfélögum í Bandalagi háskólamenntaðra manna, málefnalegar umræður en ekki í ætt við lýsingu formanns Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og gefur beina yfirlýsingu um að rekja megi erfiðleika ríkisstjórnarinnar við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna til þess að ákveðinn maður, sem raunar er í Alþb., skuli vera formaður þessara samtaka. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að hann hafi einnig átt viðræður við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, væntanlega við Pál Halldórsson. Mig langar til að spyrja hvort hann hafi þá sömu reynslu af viðræðum sínum við hann, að ekki sé hægt að ná viðunandi samkomulagi um það hvernig samningaviðræður skuli settar upp og að lýsing hans á samskiptum við ríkisstjórnina séu yfirleitt rangtúlkun eða mistúlkun staðreynda, eins og ég skildi hæstv. fjmrh.

Það er náttúrlega ekki von til þess að hægt sé að leysa þau vandamál sem upp hafa komið milli ríkisstjórnarinnar og þessara samtaka með samningum þegar þannig er talast við hér í sölum Alþingis. Lýsingar á viðskiptum hæstv. fjmrh. og formanns Bandalags háskólamenntaðra manna eru slíkar að óhjákvæmilegt verður fyrir þá nefnd sem fær málið til meðferðar að fara mjög rækilegan ofan í það hver sé sannleikurinn í þessu máli.

Ég var þar kominn í ræðu minni í dag þegar ég óskaði eftir því að hæstv. fjmrh. yrði við að ég hafði lesið upp lýsingu hæstv. forsrh. á því hvað hefði gerst eftir að samningar höfðu tekist á hinum almenna vinnumarkaði 1. febr. sl. Þá las ég upp þessa lýsingu, hann á hér við forsrh.: „Hann leggur áherslu á að ítarleg tilraun hafi verið gerð til að ná samkomulagi við BHMR en án árangurs. Hann hafi verið talsmaður þess að viðræður yrðu teknar upp við BHMR strax að loknum þjóðarsáttarsamningunum um breytt viðhorf en það ekki fengið hljómgrunn í ríkisstjórninni. Hann hafi þó einu einni rætt við forsvarsmenn BHMR þrátt fyrir að þessi málefni heyri ekki undir hann."

Nú er spurning mín til hæstv. fjmrh. hvort þessi lýsing sé rétt, hvort hæstv. forsrh. hafi tekið það mál upp innan ríkisstjórnarinnar eftir að samningarnir lágu fyrir á hinum almenna vinnumarkaði, vakið athygli á því að það væru breytt viðhorf í þjóðfélaginu, en ekki fengið hljómgrunn í ríkisstjórninni að taka upp viðræður við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn. Ég vildi gjarnan fá svar við þessu, já eða nei, hjá hæstv. fjmrh. Þar sem fjarvera hans í dag olli því að ég gat ekki

lagt fyrir hann spurningar og síðan fengið orðið á eftir vildi ég gjarnan fá já eða nei við því, hvort þetta sé rétt hjá hæstv. forsrh. Er þessi lýsing rétt? Er ekki hægt að svara því með jái eða neii hvort hér sé rétt með farið, að hann hafi lagt það til í ríkisstjórninni að samningaviðræður yrðu teknar upp við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn í ljósi breyttra viðhorfa, en slíkt ekki fengið hljómgrunn í ríkisstjórninni. Er þetta rétt lýsing hjá hæstv. forsrh.?

Hæstv. forseti. Af viðbrögðum hæstv. fjmrh. er það auðsýnt hversu erfitt er að falla frá kröfu um það að ráðherrar séu við ef maður þarf að eiga við þá orðaskipti hér í þingsalnum til þess að upplýsa mál. (Gripið fram í.) Það var fallist á það hér í dag að hefja þessa umræðu þó svo að hæstv. fjmrh. væri bundinn í Nd. Við stóðum í þeirri meiningu að hæstv. fjmrh. mundi koma hingað inn þegar hann væri laus sem hann ekki gerði.

Ég hlýt að láta í ljósi sérstaka undrun yfir því að sú lipurð sem sýnd var í þessu máli skuli nú enda með því að hæstv. fjmrh. neitar að svara spurningum mínum. (**Fjmrh.:** Ég hef ekkert neitað því.) Það gerir erfitt um vik og sýnir auðvitað hvernig þessi ágæta hæstv. ríkisstjórn hagar sér. Ég get glatt hæstv. fjmrh. með því að það gefst tilefni til þess nú fyrir jól við umræður um önnur mál að ræða til þrautar það sem varðar það frv. sem hér liggur fyrir úr því að svo fer að hæstv. ráðherra vill ekki svara mér með jái eða neii hvort hann fellst á að lýsing hæstv. forsrh. á ríkisstjórnarfundi sé rétt eða röng. Ég óska því að fá Alþýðuflokksráðherra hingað í salinn áður en ég held áfram ræðu minni. Einn ráðherra frá Alþfl. Hér er einn frá Borgfl. og ég óska eftir því að fá ráðherra frá Alþfl. í salinn. (**Forseti:** Forseti mun nú athuga hvort hann sé í húsinu.) Ef svo er ekki, ef enginn slíkur er í húsinu, þá óska ég eftir að þessari umræðu verði frestað til morguns og geti þá haldið áfram. (Gripið fram í.) Ég hef þegar orðið að gera hlé á ræðu minni þrisvar sinnum í dag vegna þess að ráðherrar voru ekki við og nú er nóg komið. (**Fjmrh.:** Það er alveg óþarfi að vera að kalla á Alþýðuflokksráðherra.) Ef hann er ekki viðlátinn, þá verð ég að biðja um að þessari umræðu sé frestað. (**Forseti:** Það er verið að athuga hvort hér sé að finna ráðherra úr Alþfl.) Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að lipurðin verði gagnkvæm og við hæstv. fjmrh. munum að sjálfsögðu neyta þess réttar sem við höfum til hins ýtrasta. Hann til þess að neita að svara spurningum úr sæti sínu og ég get með sama hætti neytt þess þinglega réttar sem ég hef í sambandi við nefndastörf og aðra slíka hluti. (**Fjmrh.:** Ég ætla að sýna þingmanninum ...) Við skulum hafa þetta alveg á hreinu. Það er ekki ráðherra frá Alþfl. hér í salnum. (**Forseti:** Hann mun vera á leiðinni). Er hann hér í húsinu? (**Fjmrh.:** Já, hann kom upp.) (**Forseti:** Hann mun vera hér í húsinu og ætti að birtast innan skamms.) Ég held að það sé óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að fresta fundi. Ég sé að forsrh. klappar og mér finnst það ósanngjarnt því að sá ráðherra sem hér kemur í salinn, hæstv. iðnrh., er duglegri að sitja hér fundi en flestir aðrir af ráðherrunum.

Skýringin á því, hæstv. iðnrh., að ég bað um að fá ráðherra frá Alþfl. í salinn, hér er einn frá Borgfl., er sú að ég ætla að spyrja bæði hæstv. ráðherra Alþfl. og hæstv. ráðherra Borgfl. hvort rétt sé með farið í frásögn í Morgunblaðinu hinn 19. ágúst sl. þar sem rætt er við hæstv. forsrh. Ummælin eru svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann [þ.e. forsrh.] leggur áherslu á að ítarleg tilraun hafi verið gerð til að ná samkomulagi við BHMR en án árangurs. Hann hafi verið talsmaður þess að viðræður yrðu teknar upp við BHMR strax að loknum þjóðarsáttarsamningunum um breytt viðhorf en það ekki fengið hljómgrunn í ríkisstjórninni. Hann hafi þó einu sinni rætt við forsvarsmenn BHMR þrátt fyrir að þessi málefni heyri ekki undir hann."

Ég spurði hæstv. forsrh. í dag og hann sagði úr sæti sínu að þetta væri rétt með farið. Ég spurði hæstv. fjmrh. nú hvort hann gæti sagt úr sæti sínu að þetta væri rétt með farið. Hann vildi ekki svara því. Ég spyr hæstv. umhvrh. Júlíus Sólnes hvort hann telji hér rétt með farið, hvort hann treysti sér til að segja já eða nei. (**Forseti:** Ég vil benda hv. 2. þm. Norðurl. e. á að hæstv. ráðherrar geta beðið um orðið og svarað spurningu þingmannsins hér á eftir.) Hæstv. ráðherrar hafa áður gripið fram í fyrir mér án þess að forsetar hafi séð sérstaka ástæðu til þess að atyrða þá fyrir það.

Mig langar að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann treysti sér til þess að segja já eða nei við þessari lýsingu. Hann treystir sér ekki til þess að segja það. (Gripið fram í.) Já, þetta er náttúrlega mjög lærdómsríkt. Ég vil skýra hæstv. iðnrh. frá því að á fundi í dag var búið að slíta ræðu mína í sundur þrisvar sinnum. Ég hafði vænst þess að hæstv. ráðherrar gætu svarað spurningum af þessu tagi með jái eða neii, eins og hæstv. forsrh. og þess vegna væri óþarfi að vera mjög þver í því að kalla til ráðherra. En allir ráðherrar hér, þessir þrír, ætla að binda sig algerlega við þingsköpin og þá getum við bundið okkur algerlega við þingsköpin fram að jólum ekki aðeins hér í Ed., í nefndastörfum og öðru sem við þurfum á að halda, gætt þess vel að mál séu ekki tekin fyrir í nefndum fyrr en þeim hefur verið vísað til nefnda og annað eftir því. Ég er mjög ánægður yfir því að þetta gerist. Þetta svarar ýmsum spurningum fyrir mig um það hvort maður eigi að sýna samvinnulipurð eða ekki, hvernig einstakir ráðherrar koma fram.

Ef rétt er með farið hjá hæstv. forsrh., og nú ætla ég að gefa mér það, liggur rótin að deilu Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna við ríkisstjórnina þarna, að innan ríkisstjórnarinnar var ekki hljómgrunnur fyrir því að taka upp samningaviðræður við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn á breyttum forsendum í samræmi við þjóðarsáttarsamninga. Ef þetta er rétt hljótum við að sjá áframhaldið í því ljósi að ríkisstjórnin hafi í fullvissu þess, eins og hæstv. forsrh. sagði, að fyrirvari í samningnum væri nægur til þess að ekki þyrfti að standa við hann, látið skeika að sköpuðu. Og þá er spurningin: Þegar kemur að því að dómurinn fellur, hefur nokkuð það gerst á þessum tíma sem er óvænt? Hefur nokkuð gerst sem kallar á bráða-

birgðalög og gerir nauðsynlegt að þau séu gefin út?

Það er um það gömul kenning að það sé Alþingi sem ákveði hvort bráðabirgðalög standist eða ekki með því að Alþingi samþykki bráðabirgðalögin en felli þau ekki. Þannig meti Alþingi réttmæti bráðabirgðalaga. Þessi niðurstaða eða þessi ályktun stendur þangað til Hæstarétti sýnist annað. Og það er enginn sem segir í þessu máli að Hæstarétti sýnist svo sem rétt hafi verið staðið að málum í sambandi við setningu bráðabirgðalaganna af því að aðdragandi þeirra er með þeim hætti að ríkisstjórnin neitar, þrátt fyrir að forsrh. ríkisstjórnarinnar stingi upp á því, að teknir séu upp samningar við háskólamenntaða menn á breyttum forsendum. Því er synjað, það hefur ekki hljómgrunn á meðal fagráðherra. Þarna er rótin. Hæstv. forsrh. kemur auga á að þarna sé hætta á ferðum. Hann gefur það fyllilega í skyn. Hann vill beita sér til að lagfæra þetta. Hann leggur það meira að segja á sig að tala við forustumenn BHMR þó að málið heyri formlega undir hæstv. fjmrh. En ríkisstjórnin kemur í veg fyrir að þessar viðræður geti gengið fram. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að þessir ráðherrar allir þrír sem ég hef spurt, hæstv. iðnrh., hæstv. umhvrh. og hæstv. fjmrh., svari því hér í ræðustóli hvort lýsing hæstv. forsrh. að þessu leyti er rétt eða ekki því ég hygg að hún snerti mjög kjarna málsins. Það er spurningin um það hvort ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir hættunni sem var á því að þessir samningar kynnu að setja þjóðarsáttarsamningana í hættu.

Þá er það í öðru lagi. Ég hygg að það sé mjög hæpið að dómstólar fallist á þá brýnu nauðsyn sem ríkisstjórnin vill vera láta að hafi verið uppi vegna þessara samninga. Ég vil minna á að hæstv. forsrh. var í lófa lagið að kalla þing saman. Það er rangt sem hæstv. forsrh. segir að deildaskipting komi í veg fyrir hraða afgreiðslu á lögum ef um það er að ræða að setja lög um kjarasamninga. Ég man ekkert dæmi þess, og ég skora á hæstv. forsrh. að nefna dæmi þess, að deildaskipting hafi komið í veg fyrir að lagasetning hafi getað gengið fram nægilega snemma af þeim sökum. Stjórnarandstaðan hefur ævinlega svo langt ég man heimilað lagasetninguna.

Gerður hefur verið samanburður á bráðabirgðalögum sem sett hafa verið af öðrum stjórnmálaflokkum. Það er rétt að hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason beitti sér á sínum tíma fyrir lögum, það voru ekki bráðabirgðalög ef ég man rétt, það voru lög úr þinginu, vegna kjaradeilna við flugfreyjur sem stefndu, að því er meiri hluti Alþingis taldi, í hættu stórkostlegum viðskiptahagsmunum í sambandi við ferðamannaiðnað, sem svo er kallaður. Ég get líka rifjað það upp að hæstv. sjútvrh. vildi, meðan formaður Sjálfstfl. var fjmrh., setja lög á sjómenn. Málið var komið hingað inn í þingið og Steingrímur Hermannsson var þá forsrh. Formaður Sjálfstfl. kom í veg fyrir þá lagasetningu og samningar tókust á næsta sólarhring. Og að því gefna tilefni að ég minntist á sjómenn vil ég láta þess getið að ég var staddur á fundi austur á landi um síðustu helgi. Þar kvaddi sér hljóðs gamall sjómaður. Hann var mjög skýr í þessu efni. Hann var sammála okkur sjálfstæðismönnum um að samningarnir við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna væru vondir samningar sem bæri að segja upp. En þessi gamli sjómaður var líka þeirrar skoðunar að sá maður sem gerði samningana hefði átt að segja af sér, ég tala nú ekki um eftir að hans eigin ríkisstjórn komst að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalög yrði að setja á hans handaverk. Og það hygg ég að sé alveg ljóst að í öllum nágrannalöndum okkar mundi maður sem þannig hagar sér verða að segja af sér embætti, það held ég að sé alveg morgunljóst, öldungis ljóst.

Þar komum við að hinu siðferðilega atriði þessa máls. Og það er að tveir menn í ríkisstjórn koma að samningum, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Þeir annast samningagerðina við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn. Þeir eru mjög ánægðir með sín handaverk. Þeir telja samningana mjög góða. Formaður Sjálfstfl. taldi að ekki yrði hægt að standa við samningana á þeim tíma. Hvorugur þeirra telur sig bera siðferðilega ábyrgð á þessum samningum. Þeir hafa báðir talað hér og á hvorugum er að heyra að þeir beri pólitíska eða siðferðilega ábyrgð á kjarasamningum. Það hygg ég að sé einsdæmi í lýðræðisþjóðfélagi, að tveir stjórnmálamenn komist upp með slíkt, og sýnir raunar hversu mjög þetta mál hefur verið afflutt og hversu erfitt það er í okkar litla landi þar sem þeir sem fást við fréttir í fjölmiðlum sem hafa ekki úr nægilegu fjármagni að spila til þess að geta haft sérfræðinga í hinum ýmsu málaflokkum, þá getur það komið upp að einstakir stjórnmálamenn komist upp með annað eins og þetta. Mér til sitt hvorrar handar eru þessir tveir stjórnmálamenn sem gerðu samningana, settu sjálfir bráðabirgðalög á samningana, gátu ekki einu sinni komið sér saman um að ræða við háskólamenntaða menn eftir að þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir og báðir telja sig siðferðilega hreina og báðir telja sig með pólitískt hreina samvisku af þessu máli en reyna á hinn bóginn að koma ábyrgðinni af samningsgerðinni yfir á stjórnarandstöðuna.

Ég átti viðtal við mjög skýran mann um daginn sem er gagnkunnugur kristilegu siðferði, eins og það hefur verið túlkað, gagnkunnugur bæði sögu íslensku þjóðarinnar og raunar mannkynssögunni í heild. Við vorum einmitt að tala um þetta sérstaka atriði. Og þá vakti hann athygli mína á því að hvarvetna í öðrum lýðræðislöndum hefði þótt sjálfsagt, þegar vafi kom upp um það hvort bráðabirgðalögin hefðu meiri hluta, að ríkisstjórnin hefði kallað formann stjórnarandstöðunnar á sinn fund og reynt að leita samninga um það með hvaða hætti væri unnt að leysa málið. En í þetta skipti var ekki farið þannig að heldur var hæstv. forsrh. uppi með kenningar um það að hann ætlaði að rjúfa þing, sem mér þykir nú satt að segja mjög slæmt að hann skyldi ekki hafa gert. Hæstv. utanrrh. fór að tala um stjórn Steingríms Hermannssonar sem starfsstjórn ef þing yrði rofið. Ég áttaði mig nú raunar ekki á notkun orðsins í því samhengi, skiptir ekki máli, og þeir voru strax farnir að bollaleggja það að bráðabirgðalögin féllu í þinginu og þeir mundu setja önnur bráðabirgðalög um leið og búið yrði að rjúfa þingið. Þetta

var nú hinn fyrsti siðferðilegi mælikvarði sem þeir höfðu á eigin gerðir og eigin ábyrgð á því sem þeir eru að gera.

Nú hef ég sagt og er ekki í neinum vafa um það að allir þeir ráðherrar sem hér sitja inni vissu vel að það var meiri hluti fyrir bráðabirgðalögunum hvað sem Sjálfstfl. gerði. Ég held að það liggi alveg í augum uppi, enda er svo komið að tveir þingmenn sem segjast vera stjórnarsinnar eru farnir að prátta um það hvor þeirra hafi gefið eftir á undan. Það hefur að vísu líka komið í ljós að ýmsir af þingmönnum Sjálfstfl. hafa ekki treyst sér til þess að greiða atkvæði á móti bráðabirgðalögunum, þó svo þeir haldi því fram, a.m.k. hv. 1. þm. Vestf., að þessi bráðabirgðalög séu siðlaus. Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. taldi að Matthías Bjarnason hefði verið að löðrunga formann Sjálfstfl. þegar hann gerði grein fyrir sínu atkvæði. Ég bið hæstv. forsrh. að lesa betur textann í greinargerð hv. 1. þm. Vestf. Þessir tveir menn hafa lengi átt í pólitísku samstarfi og verið andstæðingar á Vestfjörðum og þekkjast mjög vel. Ég hygg að hæstv. forsrh. hafi ekki verið ánægður með þá einkunn sem hv. 1. þm. Vestf. gaf hans vinnubrögðum. Og skal ég svo ekki fara lengra út í þá sálma. En siðferðilega eru þessir samningar auðvitað mjög vondir.

Nú er spurning: Er það rétt sem ríkisstjórnin hefur verið að segja, að við sjálfstæðismenn höfum snúist gegn þjóðarsátt með því að greiða atkvæði gegn þessum bráðabirgðalögum? Eigum við að setja samasemmerki milli þjóðarsáttar og bráðabirgðalaganna? Í fyrsta lagi er það að athuga að samningurinn við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn var til þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir. Það er nú það fyrsta. Þjóðarsáttin var gerð þrátt fyrir þessa samninga. Það er í öðru lagi, eins og fram hefur komið í orðsendingu launaráðs háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna til Alþingis, að fullkominn trúnaðarbrestur ríkir milli fjmrh. og stéttarfélaganna innan BHMR. Það er þess vegna ekki við því að búast að sá fjmrh. sem nú situr geti náð samkomulagi við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn á grundvelli þjóðarsáttar og allra síst eftir að fyrir liggur að beiðni hæstv. forsrh. um að svo yrði gert var synjað. Á hinn bóginn eru verulegar líkur á því að slíkt samkomulag gæti náðst ef nýir menn kæmu þar. Aðalatriðið er að í stjórnmálum er venja að menn leysi mál, talist við. Engar slíkar viðræður hafa farið fram milli Sjálfstfl. og ríkisstjórnar og satt að segja fulldjarft, vil ég segja, af hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að gefa sér það fyrir fram að þeir séu einhverjir lykilmenn í því að þjóðarsátt takist hér á landi. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að halda verðbólgunni niðri. Og þá er spurningin: Ætlar hæstv. fjmrh. að koma til móts við þær kröfur sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert í sambandi við fjárlagagerðina? Ég vil gjarna að hann svari því, geri grein fyrir því í einstökum atriðum hvaða kröfur Ásmundur Stefánsson og Þórarinn V. Þórarinsson hafa gert til hans. Ég hef setið einn slíkan fund. Þá var þeim mikið niðri fyrir, bæði Ásmundi Stefánssyni og Þórarni V. Þórarinssyni. Fjmrh. mátti ekki vera að því að sitja allan fundinn en það hefur síðan verið upplýst að ríkisstjórnin ætlar að skella skollaeyrum við aðvörunarorðum þessara manna. Sú hækkun sem við erum þar að tala um nemur 0,33%, mælt á vog kaupmáttar í landinu. Þar ætlar ríkisstjórnin að skella skollaeyrum við þjóðarsáttinni. Hvar er það víðar sem ríkisstjórnin ætlar að gera það? Er hæstv. forsrh. reiðubúinn til þess að koma hér upp og skýra frá því hvaða sérstöku atriði það eru sem aðilar vinnumarkaðarins hafa tíundað og ætlast til þess að ríkisstjórnin hlusti á í sambandi við fjárlagagerðina? Nei. Þeir munu ekki víkja að því. Ég fullyrði að það verður ekki. Heldur munu þeir reyna að verja sig án þess.

Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. vék nokkrum orðum að áliti sem komið hefur frá hagdeild Seðlabanka Íslands. Hann sagðist hafa átt viðtal við seðlabankastjóra og hann hafi skammast sín. Hvaða seðlabankastjóri var það sem skammaðist sín? Hér er vitnað í einkasamtal forsrh. við einn af æðstu embættismönnum þjóðarinnar. Það eru tveir seðlabankastjórar, Jóhannes Nordal og Tómas Árnason. Hvor þeirra skammaðist sín? (**Forsrh.:** Það var Jóhannes Nordal.) Skammaðist Jóhannes Nordal sín í viðtali við hæstv. forsrh.? Ja, nú er týra. (**Forsrh.:** Hann baðst afsökunar.) Hann ætlaði að biðjast afsökunar, já, og hann gerði það. Mér datt nú í hug en ég þori varla að segja það, að nú sé Jóhannes farinn að eldast. Mér finnst þetta mjög merkilegt. Greinargerðin sem kom frá Seðlabankanum er mjög góð en það er á hinn bóginn svolítið þreytandi þegar maður hefur það á tilfinningunni að hinar æðstu stofnanir ríkisins séu hættar að standa við eigin álit vegna pólitísks þrýstings. Forsrh. hringir í seðlabankastjóra og amast við álitsgerð sem er gefin út í fullu trausti þess að þar sé rétt með farið. Og það verður nú gaman að fara yfir þetta með seðlabankastjóra, fyrir hvað hann skammaðist sín.

Hverju var Seðlabankinn að mótmæla? Hann var að mótmæla því að ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins mundu skrúfa verðbólguna upp í 40% á vordögum. Skammaðist seðlabankastjóri sín fyrir það að starfsmenn Seðlabankans trúðu því ekki að sú yrði niðurstaðan, að starfsmenn Seðlabankans ætluðust til ábyrgðarkenndar af hæstv. forsrh. eða þeim mönnum sem fara með samningamálin á hinum almenna vinnumarkaði? Þurfti hann að skammast sín fyrir það? Var það það sem hann sagði? (**Forsrh.:** Hann sagðist ætla að biðja afsökunar.) Hann sagðist ætla að biðjast afsökunar. Það er vont að hann skuli ekki hafa málfrelsi hér inni. En það er nú svona.

Annað atriði sem rétt er að víkja að einnig er í sambandi við raunvexti hér á landi. Telur hæstv. forsrh. að ríkisbankarnir eigi að haga sinni vaxtapólitík með öðrum hætti en gerist á hinum frjálsa fjármagnsmarkaði að öðru leyti, að ríkisbankarnir komist upp með það að hafa aðra vaxtapólitík en eru á hinum frjálsa fjármagnsmarkaði? Hæstv. ráðherra vék að því áðan að Búnaðarbankinn væri vel stæður og var svo að skilja sem hann teldi að hann, og jafnvel Landbankinn líka, gætu af þeim sökum rekið aðra vaxtapólitík en t.d. Íslandsbanki eða væri úti á hinum almenna fjármála-

markaði eða hjá hæstv. fjmrh. Auðvitað geta ríkisbankarnir þetta ekki neitt. En þegar ráðherra var að tala um að það væri bærilegt að fá góðan liðsmann fyrir lágum vöxtum sem væri ég, þá get ég alveg sagt honum að ég skal veita honum fullan stuðning til þess. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forsrh. mundi kannski stinga upp á því að flytja frv. um að færa til baka. Við hlið hans stendur ráðherra bankamála. Hann gæti minnst á það við ráðherra bankamála hvort ekki væri rétt að herða svolítið að viðskiptabönkunum og fjmrh. og láta Seðlabankann, eftir samtal við forsrh., bara ákveða vextina, vera ekkert í neinu basli við þetta. Hefur það komið upp? (**Forsrh.:** Snjöll hugmynd.) Já, snjöll hugmynd. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forsrh. gæti kannski hugsað sér þetta, hins vegar ekki viðskrh.

Mér á hægri hönd situr sá maður sem flissar og það er fjmrh. sem með halla sínum á ríkissjóði, vondri fjármálastjórn, hefur valdið því að raunvextir eru hærri hér á landi, samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í fjh.- og viðskn. í gærmorgun, en í nokkru þeirra viðskiptalanda okkar sem nefnd voru. 8,3% er sagt að séu raunvextir hér nú og búist við að þeir muni hækka verulega. (**Gripið fram í:** Ekki hjá ríkisbönkunum.) Raunvextir útlána eru það og búist við ... (**Gripið fram í:** 6%.) Ég er að tala um raunvexti útlána. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. hefur talað um vísitölubundin útlán bankanna. Þeir vextir eru nú komnir í 8,3% og það er talað um að nafnvextir verði ekki lægri á næsta ári og því er spáð, bæði af Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun, að vextir, bara samkvæmt þeim gögnum sem hafa verið lögð fram, verði um 8,5%. Það er talað um enn meira annars staðar. Hins vegar eru þeir vextir sem hæstv. fjmrh. talaði um að væru á ríkispappírunum hærri en almennir útlánsvextir í Bandaríkjunum þannig að hér er auðvitað um mikið vaxtaokur að ræða sem er svik við þjóðarsáttarsamningana og á rætur sínar að rekja til hæstv. fjmrh.

Það er komið í ljós, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur ekki haldið áfram þeim samningaviðræðum sem hún þó lofaði vorið 1989 við háskólamenntaða menn að gera á samanburði á þeim kjörum sem eru hjá ríkisstarfsmönnum annars vegar og úti á hinum almenna vinnumarkaði hins vegar. Hæstv. forsrh. er líkur sjálfum sér. Talaði um það hér áðan að nauðsynlegt væri að taka tillit til vissra atriða sem gerst höfðu og talaði um að hlutir yrðu leiðréttir með samkomulagi. Og þegar hæstv. forsrh. er að tala með þessum hætti er hann auðvitað að gefa í skyn að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn megi búast við launahækkunum umfram það sem aðrir hafa eftir að þjóðarsáttin verður úr gildi hinn 1. september nk. Þá er auðvitað spurningin: Hvernig á maður að trúa því að hæstv. forsrh. meini það sem hann segir þegar hann er að gefa slík fyrirheit núna, úr því að hann hefur lýst því yfir að hann ætlaði aldrei að standa við samninginn frá 1989, úr því að hann heldur því fram enn þá að sérstakt févíti, sem hann var dæmdur til að greiða af því að hann stóð ekki við samninga, geti verið forsenda fyrir almennum víxlhækkunum hér á landi? Auðvitað bar ríkisstjórninni að gera annað tveggja, efna samninginn eða að öðrum kosti láta þann fjmrh. hverfa sem bar ábyrgð á honum og taka síðan upp viðræður við Bandalag háskólamenntaðra manna í friði í anda þjóðarsáttar um það hvernig framhaldið yrði leikið. Það getur ekki verið hægt að kalla það þjóðarsátt þegar ein stétt er leikin jafngrátt og þessi, stétt opinberra háskólamennaðra manna. Hún getur ekki tekið mark á þeim manni sem fer með samningsumboð fyrir ríkisstjórnina. Það er fullkomlega rangt sem hæstv. fjmrh. var að reyna að gefa í skyn hér áðan að sú mynd sé sterkari að opinberir starfsmenn séu mjög ánægðir yfir þeim tökum sem þeir hafa verið beittir af ríkisstjórninni. Ef maður hittir háskólamenntaðan mann sem vinnur hjá ríkinu, þá sé hann yfirleitt að láta í ljósi sérstaka ánægju yfir hanteringunni og telji að ríkisstjórnin hafi hagað sér rétt. Það er fullkomlega rangt hjá hæstv fjmrh. að sú mynd blasi við. Ég hef líka hitt háskólamenntað fólk. Ég hef heyrt mikið af því. Auðvitað sárnar því að ekki skuli hafa verið við það talað, það skuli hafa farið í verkfall, að forsrh. og fjmrh. skyldu hrósa sér sérstaklega af samningunum, þeir skyldu algerlega hundsaðir, að dómur skyldi falla, bráðabirgðalög sett á dóminn og enn þann dag í dag ekki talað eitt einasta orð þó mennirnir sem bera ábyrgð á öllu saman sitji keikir í sínum stólum, þykist vera siðferðilega hreinir og telji að þeir hafi staðið pólitískt rétt að málum.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að segja upp samningunum við háskólamenntaða menn. Ég er þeirrar skoðunar að nýir menn eigi að koma að samningaviðræðum við háskólamenntaða menn og ég er ekki í neinum vafa um það að þeim mönnum mundi takast að ná því samkomulagi við þetta fólk sem mundi duga til þess að tryggja áframhald þjóðarsáttar í friði. En ég er jafnsannfærður um hitt að það er fullkomlega þýðingarlaust fyrir þá tvo ráðherra sem báru ábyrgð á málinu, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að koma aftur til þessa fólks, sýna sig á nýjan leik á sama staðnum, tala á nýjan leik um tímamótasamning og halda að einhver maður treysti þeirra undirskrift. Auðvitað gera háskólamenntaðir menn það ekki. Allar líkur eru fyrir því að dómurinn falli á þá leið að bráðabirgðalögin séu stjórnarskrárbrot. Við þingmenn höfum unnið eið að því að halda stjórnarskrána og væri kannski spurning hvernig einstakir ráðherrar mundu líta á það mál ef svo færi sem ég spái nú.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að viðbrögð einstakra ráðherra voru fróðleg þegar ég beindi til þeirra mjög skýrri spurningu. Ég geri mér grein fyrir því að ég hef notað ræðutíma minn og mér er ekki heimilt að tala oftar en tvisvar við þessa umræðu og við það verður að sitja eins og málið er vaxið. En ekki er framkoma hæstv. ráðherra þannig að búast megi við því að það auki lipurleikann í samstarfinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín spurningu sem mér er ljúft að reyna að svara. Það er til máltæki enskra lögfræðinga sem segir eitthvað á

þessa leið: Erfið mál kalla á erfið lög. Þið takið eftir röðinni. Það er svo um þetta mál að það er erfitt. Þess vegna hefur það valdið ágreiningi víða og kannski er skoðanamunur innan Sjálfstfl. óljúgfróðasta vitnið um það. Það var ekki létt spor að stíga að þurfa að taka til þessara ráða. Þó varð ekki undan því vikist því málið er erfitt. Ég get ekki státað af því að vera jafngagnkunnugur því sem skrifað er í Morgunblaðið eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann er mjög fróður um það ritverk allt. Ég segi það eitt að ég get staðfest að forsrh. hefur jafnan lagt áherslu á að ítarlegar tilraunir væru til þess gerðar að ná samningum við BHMR. Því miður tókst ekki að ná slíkum samningum. Ég get hins vegar ekki staðfest, enda veit ég ekki til þess, að tillaga um að taka upp sérstakar samningaviðræður við BHMR í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna hafi verið gerð með formlegum hætti innan ríkisstjórnarinnar. Það var ekki gert svo ég viti. Ég er forsrh. alveg sammála um að það mátti ekki láta neitt ógert til þess að ná réttri framkvæmd og skilningi á þessum erfiðu samningum frá vorinu 1989. Það fór sem fór. Þess vegna stöndum við hér í þessu erfiða máli. Þetta er ekki sagt af minni hálfu með neinni áreitni heldur í djúpri alvöru. Við urðum að taka á málinu. Og eins og ég sagði, hversu erfitt það er kemur glöggt fram í því hve erfitt hefur verið að ná samkomulagi í þeim stóra flokki, Sjálfstfl.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég svaraði ekki hv. þm. Halldóri Blöndal með jái eða neii úr sæti mínu var ekki vanvirðing við þingmanninn heldur einfaldlega vegna þess að slíkt svar hefði ekki verið efnisviður sá sem hv. þm. var að leita eftir því mál eru flókin oft. Þetta er eitt af þeim sem þannig eru.

Ég vil í þessu sambandi nefna að það hefur komið fram hjá forseta Alþýðusambands Íslands að forustumenn ASÍ áttu viðræður við forustumenn BHMR þegar svonefndir þjóðarsáttarsamningar voru gerðir. Þá kom alveg skýrt fram af hálfu forustumanna BHMR að þeir höfðu ekki áhuga á því að ganga inn í þá þjóðarsáttarsamninga. Ég minni einnig á það að formaður BHMR, Páll Halldórsson, hefur ítrekað í opinberum viðtölum lýst andstöðu við þjóðarsáttina, talið hana fjandsamlega þeirri kjarastefnu sem hann vill fylgja og að engu hafandi. Það hefur verið sú stefna sem hann hefur fylgt og hefur mjög greinilega komið fram í viðræðum við hann opinberlega í sjónvarpi, í blöðum og annars staðar. Það var þess vegna stefnuatriði af hálfu BHMR að laga sig ekki að þjóðarsáttinni. Það kom alveg skýrt fram.

Þá er spurt: Hvers vegna voru ekki teknar upp formlegar viðræður við BHMR? Þegar spurt er að því gleyma menn stundum hvað var kjarnaatriðið í samningnum. Kjarnaatriðið í samningnum var ekki kauphækkun til BHMR, þó margir og reyndar flestir tali ætíð þannig að svo hafi verið. Kjarnaatriðið í samningnum var könnun á því, hvort — og ég endurtek, virðulegi forseti, hvort munur væri á kjörum háskólamenntaðra manna á almennum markaði og hjá ríkinu og ef — ég endurtek, virðulegi forseti, — ef sá munur kæmi fram, þá ætti að leiðrétta kjör Bandalags háskólamenntaðra manna með tilteknum hætti.

Það hefur líka gleymst í þessum umræðum að það var fullkomið samkomulag — og ég endurtek, virðulegi forseti, — fullkomið samkomulag milli BHMR og fjmrn. um það með hvaða hætti þessi könnun skyldi framkvæmd og það er staðfest af forustumönnum BHMR og embættismönnum fjmrn. sem að þessu unnu. En það hefur ekki enn þá komið fram að þessi kjaramunur sé fyrir hendi. Það liggur ekkert fyrir um það svo að höfuðatriði samningsins um kauphækkun BHMR vegna mismunar við almenna markaðinn liggur ekki á borðinu. (Gripið fram í.) Það sem gerðist, hv. þm. Halldór Blöndal, sem greinilega með frammíkalli sínu sýnir annaðhvort ómerkileg tilþrif hér í þingsalnum eða vankunnáttu sína við BHMR, það sem um var að ræða sl. sumar var svokallað refsiákvæði sem koma ætti til framkvæmda, ekki ef BHMR-menn ættu rétt á kauphækkun og fengju hana ekki, eins og flestir virðast halda, greinilega einnig hv. þm. Halldór Blöndal, heldur ef kjarasamanburði yrði ekki lokið. Og sá félagsdómur sem hér er oft vikið að var ekki um það að BHMR ætti almennt séð rétt á þessari kauphækkun, heldur byggðist hann á því að kjarasamanburðinum hefði ekki verið lokið, því eina atriði. En það er rætt um þessi 4,5% eins og um almenna kauphækkun til BHMR vegna kjaramismunar við almenna markaðinn sé að ræða. Svo er ekki.

Það lá líka ljóst fyrir að þeir sem sömdu um 4,5% á sínum tíma gerðu það með allt aðrar verðviðmiðanir heldur en voru svo hér á þessu ári þegar verðbólgan var komin niður í eins stafs tölu. Það fóru síðan fram viðræður við fulltrúa BHMR með margvíslegum hætti. Það voru viðræður um kjarasamanburð. Það voru viðræður um ábyrgðarmat, það voru viðræður um námsmat, það voru almennar óformlegar viðræður um framkvæmd kjarasamningsins. Í þessum óformlegu viðræðum kom ávallt fram að fulltrúar BHMR voru ekki tilbúnir til þess að fallast á sömu kauphækkanir til BHMR á þjóðarsáttartímanum og önnur stéttarfélög. Það var sagt aftur og aftur og aftur og aftur. Menn geta haldið því hér fram að að sé ekki mark takandi á fulltrúum BHMR og þeir hafi ekki meint þessi orð sín og bara ef Sjálfstfl. kæmi til viðræðu við þá mundu þeir allt í einu breyta um stefnu eins og sumir sjálfstæðismenn hafa talað. Galdurinn í málinu sé bara að fá formann Sjálfstfl. til að tala við BHMR, sama manninn og forustumenn BHMR lýstu við mig að hefði komið á trúnaðarbresti milli sín og þeirra þegar hann var fjmrh. (**HBl:** Var það í einkasamtali?) Í einkasamtali sem þeir lýstu því? (**HBl:** Já.) Nei, það var ekki í einkasamtali. Það var þegar þeir komu formlega til mín, formaður BHMR og framkvæmdastjóri BHMR, fljótlega eftir að ég varð fjmrh. og röktu fyrir mér sögu samskipta BHMR við fjmrn. á undanförnum árum. Þess vegna var málið með margvíslegum hætti kannað, með formlegum og óformlegum samtölum. Það sem átt var við af hálfu BHMR með samningaviðræðum var hvernig þeir gætu fengið til sín meiri kauphækkanir en aðr-

ir á þjóðarsáttartímanum og þeir voru tilbúnir til að ræða ýmsar aðrar leiðir í því en fólst í kjarasamningnum. Það er það sem var átt við af þeirra hálfu með samningaviðræðum.

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram, m.a. frá hæstv. viðskrh., þá kom aldrei fram formleg tillaga um það í ríkisstjórninni að teknar yrðu upp viðræður við BHMR. Þessi mál voru hins vegar oft rædd og þó að hv. þm. Halldóri Blöndal finnist það nú sérkennilegt, þá merkir orðið „viðræður" ýmislegt. Það eru óformlegar viðræður, það eru formlegar viðræður, það eru undirbúningsviðræður og könnunarviðræður. Ég var þeirrar skoðunar og er reyndar enn þeirrar skoðunar að ákvæði í 1. gr. kjarasamningsins hafi átt að vera nægilegt öryggisákvæði til þess að tryggja að BHMR fengju ekki kaupbreytingar ef það leiddi til röskunar á almennum markaði.

Það er svo athyglisvert að mörgu leyti að það fyrirtæki sem tók að sér að vinna þennan karasamanburð, Gallup, hefur ekki enn þá skilað viðunandi úrvinnslu úr þeim gögnum, því miður. Við stöndum nefnilega í þeim sporum að sá aðili sem tók að sér þetta verk, af ástæðum sem ég ætla ekkert að gagnrýna hér, hefur ekki talið sér kleift að skila viðunandi úrvinnslu til þess að hægt sé að byggja á því vitrænt mat um hvort kjarasamanburður leiðir í ljós að mismunur sé á kjörum eða ekki.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta varpi ákveðnu ljósi á þau mál sem hv. þm. spurði hér um og geri skiljanlegt hvers vegna ég kaus að svara honum hér úr ræðustóli en ekki með einsatkvæðisorðum úr sæti mínu.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég er sömu skoðunar og hæstv. fjmrh. Ég tel eðlilegra að þingmönnum sé svarað héðan úr ræðustóli frekar en að með frammíköllum og einsatkvæðisorðum sé verið að láta skoðanir í ljósi í miðri ræðu viðkomandi þingmanns sem spyr. Og mér er ljúft að svara hv. 2. þm. Norðurl. e. um hver mín afstaða var til þessa máls. Ef ég man rétt, þá beindi hann þeirri spurningu til okkar hvort við værum sammála þeim ummælum sem höfð voru eftir forsrh. í Morgunblaðinu einhvern dag hér í haust sem leið eða síðla sumars. Ég verð nú að segja eins og hæstv. viðskrh. að ég er ekki allt of vel lesinn í Morgunblaðinu undanfarna mánuði, ég hef haft ýmislegt annað að gera en að læra það utan að. En ég get líka tekið undir með hæstv. fjmrh. að auðvitað bar þessi samningsmál oft á góma. Ég minnist þess m.a. að það var haft eftir formanni Vinnuveitendasambands Íslands skömmu eftir að samningarnir sem kenndir hafa verið við þjóðarsátt voru gerðir að BHMR-samningarnir væru tímasprengja sem þyrfti að aftengja.

Ég er þeirrar skoðunar að þegar samningurinn sem gerður var við BHMR í maí 1989 er lesinn sé þar að finna tvö ákvæði sem ég hefði talið nægjanlega tryggingu fyrir því að ekki þurfti að fara sem fór. Ég tek undir með hæstv. fjmrh. að í 1. gr. samningsins er skýrt ákvæði um að samningurinn megi ekki verða til þess að raska kjörum á hinum almenna vinnumarkaði. Í öðru lagi er að finna í 5. gr. samningsins skýrt ákvæði þess efnis að það megi taka hvers kyns kjarabætur sem fáist með óbeinum hætti og meta til jafns við þá leiðréttingu sem 5. gr. gerði ráð fyrir. Ég taldi alltaf að sá ávinningur sem þjóðarsáttin hefur fært öllum landsmönnum gæfi fyllilega tilefni til þess að koma þar í staðinn fyrir þá hækkun sem krafist var skv. 5. gr. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að í raun hafi þjóðarsáttin fært BHMR-félögum mun betri og meiri kjarabætur en þessi launahækkun upp á 4,5% hefði fært þeim. Hefði það gengið eftir er ég fullviss um að sú skammtímakjarabót sem sú hækkun hefði fært BHMR-félögum væri löngu burt gengin og kjör þeirra væru nú miklu rýrari en fyrir þá breytingu. Þess vegna er ég enn þá sannfærður um það að það hefði í raun verið ofurauðvelt af hálfu samninganefndar BHMR að setjast niður með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og ganga frá samningum um þetta atriði. Ég lýsti því yfir áður í kvöld að það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að samninganefndin skyldi ekki fallast á að ganga til samninga við ríkisstjórnina um að breyta samningnum þannig að ekki þyrfti að koma til setningar bráðabirgðalaga til að fella í burt 4,5% launahækkun sem þeir fengu dæmda með Félagsdómi eða breyta öllum kjarasamningum í landinu til að koma í veg fyrir að verðbólga færi hér á fullt aftur eins og lá hér í augum uppi að mundi gerast ef það hefði náð fram að ganga að BHMR-félagar hefðu fengið þessi 4,5%.

Ástæðan fyrir því að ekki var gengið til samninga við BHMR strax að loknum þjóðarsáttarsamningum var einfaldlega sú að menn töldu, eins og ég hef getið hér um, að það væru nægjanlegar tryggingar í samningnum, að það þyrfti í raun og veru ekki að hafa áhyggjur af því að til þessa sem gerðist mundi koma.

Annað er svo að það er ósköp eðlilegt að menn vildu sjá hvernig þjóðarsáttin þróaðist, einmitt með hliðsjón af þessu ákvæði 5. gr., hvort þjóðarsáttin mundi í raun færa almenningi í landinu raunhæfar kjarabætur. Það má kannski segja að það hafi fyrst komið í ljós þegar leið fram á sumarið 1990 að þjóðarsáttin mundi gera það. Þá um leið var augljóst að BHMR-félagar mundu fá verulegar kjarabætur vegna þjóðarsáttarinnar. Þess vegna er ég enn þá þeirrar skoðunar að það hafi verið mikil mistök af hálfu samninganefndar BHMR-manna að ganga ekki til viðræðna um að breyta samningnum frá vorinu 1989 með hliðsjón af þeim kjarabótum sem þjóðarsáttin færði þeim.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla að syndga upp á náðina með því að skjóta því að að enginn þessara ráðherra treystir sér til þess að segja að lýsing hæstv. forsrh. væri rétt á því sem gerðist í ríkisstjórninni.

Hæstv. fjmrh. sagði að ég hefði ekki gert mér grein fyrir því að þau 4,5% sem dæmd voru félögum í BHMR væru sektargreiðslur. Sýnir nú hversu erfitt er að ræða við hæstv. ráðherra þegar þeir eru ekki við þegar ræður eru fluttar. Ég gerði einmitt glögga grein fyrir því í minni fyrri ræðu að hér væri ekki um launa-

hækkun að ræða heldur væri þetta févíti. Það er svo alveg sérstakt álitamál, sem ég hef ekki séð neitt lögfræðilegt álit um, hvort Bandalag háskólamenntaðra manna hefði átt rétt á því að fá slíka greiðslu öðru sinni. Segja svo að á hinum almenna launamarkaði hefðu orðið launahækkanir um 4,5%. Þá var það auðvitað sérstakt álitamál og athugunarefni hvort það hefði gefið tilefni til þess að endurtaka eða tvöfalda févítið, sektargreiðsluna. Mér er ekki kunnugt um að einn einasti lögfræðingur hafi skrifað greinargerð um það efni. En á það mun auðvitað reyna þegar hæstv. forsrh. kemur á fund fjh.- og viðskn. hvað þeir lögfræðingar sem leitað var til sögðu um það sérstaka álitamál. En ég man ekki eftir að því hafi verið gerð nein skil þannig að allar þessar vangaveltur um að dómurinn hafi spunnið upp einhvern píramída gagnkvæmra hækkana er auðvitað ekkert nema vangaveltur og eiga að mínu viti ekki við rök að styðjast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

27. fundur, þriðjudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Stjfrv. um tryggingagjald.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan ræða hér um 3. dagskrármálið í dag, tryggingagjald, af sérstökum ástæðum og með tilvísun til 20. gr. þingskapa. Í þeirri grein segir að við 1. umr. skuli ræða frv. í heild. Að þeirri umræðu lokinni er ætlast til að leitað sé atkvæða um það hvort það eigi að ganga til 2. umr. og nefndar. Það mun vera venja í þinginu samkvæmt þingsköpum að fyrst fari fram 1. umr., síðan gangi mál til nefndar og þar sé málið skoðað og komi síðan aftur til deildarinnar. Þá fari fram 2. umr. og síðan hin þriðja.

Í gær var stjfrv. um tryggingagjald lagt fram, sem er 233. mál þingsins. Það er ætlunin, virðulegur forseti, að mælt verði fyrir þessu máli í dag. Þetta frv. er samið af svokallaðri fyrirtækjaskattanefnd, sem fjmrh. setti á laggirnar til þess að undirbúa samræmingu á sköttum fyrirtækja hér á landi og í Evrópu. Niðurstaða þeirrar nefndar lá fyrir í síðasta mánuði en virðist ekki hafa verið kynnt einstökum aðilum í atvinnulífinu. M.a. hefur komið fram að bændasamtökin hafa ekki séð frv. fyrr en nú.

Frv. er lagt fram í þeim búningi að gjaldflokkar tryggingagjaldsins á næsta ári verða tveir, annars vegar 2,5% og hins vegar 6%. Þetta þýðir að skattheimtan eykst um 500 millj. kr. Í frv. fyrirtækjaskattanefndarinnar var gert ráð fyrir því að gjaldflokkarnir yrðu tveir, annars vegar 2,5% og hins vegar 5,5%.

Sjálfstfl. féllst á að taka málið til umræðu í fjh.- og viðskn. áður en málið var lagt fram á Alþingi. Þetta var gert með þeim hætti að fulltrúar flokksins í fjh.- og viðskn. samþykktu að verða við því að ræða málið í hv. nefnd áður en mælt var fyrir því og reyndar áður en málið var lagt fram á Alþingi. Þetta er auðvitað afar óvenjulegt en var gert í því skyni að greiða fyrir þingstörfum. Ég minnist þess reyndar ekki að það hafi gerst áður að mál hafi verið rætt áður en það var lagt fram á þingi en það var gert að þessu sinni. Enda var það álit hæstv. ríkisstjórnar að það lægi verulega á afgreiðslu málsins. Nú hefur hv. nefnd rætt þetta mál á tveimur fundum sínum, þeim fyrri í gærmorgun, þeim seinni núna í morgun. En sá fundur var kl. 9. Á fundinn í morgun komu nokkrir aðilar úr atvinnulífinu sem höfðu fengið frv. í sínar hendur í gærkvöldi seint. Óskuðu flestir þeirra eftir að fá að skoða frv. betur og varð nefndin við því.

En það er annað, virðulegur forseti, sem kom fram og það er ástæðan fyrir því að ég bið hér um að fá að ræða um þingsköp. Á fundinum í morgun upplýsti formaður nefndarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v., að um þetta frv. væri ekki einhugur í hæstv. ríkisstjórn. Að sögn formanns nefndarinnar mun hæstv. sjútvrh. hafa talið að frv. ætti ekki að birtast í þeim búningi sem það er og líkast til hefðu orðið mistök í prentun því að hæstv. sjútvrh. hefði sagt frá því á fundi Framsfl. í gær að ekki hefði verið ætlunin að prenta frv. með ákvæðum til bráðabirgða sem tiltaka að á árunum 1992 og 1993 eigi gjaldið að jafnast á milli atvinnugreina. Þetta þýðir það, virðulegur forseti, að ekki er nokkur leið að vinna áfram í þessu frv. og varla verður séð að hægt sé að mæla fyrir því fyrr en það er upplýst hvort hér sé á ferðinni stjfrv. í eiginlegri merkingu orðsins. Auðvitað kann það að vera svo að prentararnir í Gutenberg hafi tekið að sér að semja tvö bráðabirgðaákvæði við þetta frv. Þar eru vanir menn á ferð og sem þekkja mjög vel til löggjafarstarfseminnar en ég efast samt um það að prentararnir þar hafi tekið þessi mál í sínar hendur heldur hafi það verið með vilja gert af hálfu fjmrn. og hæstv. fjmrh. að birta frv. með þeim hætti sem það er gert.

Það hlýtur að vera krafa Alþingis að þegar frv. kemur fram sé það í þeim búningi að hægt sé að tala um það sem stjfrv. Þess vegna vil ég, hæstv. forseti, fá úr því skorið af hálfu hæstv. fjmrh. og eins af hálfu hæstv. ráðherra Framsfl. Ég sé að hæstv. sjútvrh., sem reyndar á sæti í Ed., er ekki hér staddur en það eru tveir hæstv. ráðherrar flokksins mættir, annar þeirra er hæstv. forsrh. Úr þessu þarf að fást skorið því þessar upplýsingar lágu fyrir á fundi í morgun og um þetta urðu umræður í áheyrn m.a. fulltrúa bændasamtakanna.

Ljóst er, virðulegi forseti, að sú málsmeðferð og sá ágreiningur sem hefur komið upp innan stjórnarliðsins hér á hinu háa Alþingi gerir það að verkum að ekki verður hægt að afgreiða þetta mál fyrir jól, ekki nema þing standi fram á aðfangadag. Þetta vildi ég að fram kæmi hérna um leið og ég óska eftir því að fram komi

skýringar á þessu og hvort það sé rétt að frv. sé rangt prentað eða hvort það sé rétt sem stendur í frv. og það sé stjfrv. sem hafi verið lagt fram í gær og á að mæla fyrir í dag og það eigi að vera eins og það er prentað á þskj. 335.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er vissulega skemmtileg hugdetta hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni að prentararnir í Gutenberg séu búnir að taka að sér að semja frv. (Gripið fram í.) Já, það var nú einmitt það sem ég ætlaði að segja. Það minnir einmitt á þá gömlu sögu þegar þekktur stjórnmálaleiðtogi, sem nú er látinn, hafði þá aðferð að skilja eftir nokkra punkta á blaði handa prenturunum sem síðan sömdu leiðarana í blaðið. Hefur þessi stjórnmálamaður löngum verið frægur fyrir þessa ágætu leiðara sem hann var talinn hafa skrifað í blað sitt. En trúverðugir menn herma að prentarinn hafi hins vegar samið eftir stikkorðunum sem skilin voru eftir. Það er nú hins vegar ekki þannig að vinnubrögðin séu orðin svona effektíf í Gutenberg heldur er það frv. sem hv. þm. spurði um samhljóða texta sem kynntur var í áliti þeirrar nefndar sem hann vék að hér í sínum upphafsorðum og dreift var til allra þingmanna fyrir nokkrum vikum síðan. Þetta frv. hefur einnig verið til meðferðar í sérstakri ráðherranefnd og í ríkisstjórnarflokkunum og hefur í þeim búningi sem það kemur hér fram jafnframt verið lagt fram sérstaklega í þingflokkunum fyrir nokkrum vikum síðan. Það liggur því alveg ljóst fyrir að það frv. sem hér er til umfjöllunar og mæla á fyrir hér á eftir er stjfrv.

Það sem hins vegar kann að liggja að baki þeim orðum sem hv. þm. Friðrik Sophusson vék hér að er að frá upphafi, og reyndar um nokkuð langan tíma, hefur verið rætt um það að nauðsynlegt væri einnig að tengja slíkar breytingar á skattlagningu atvinnulífs, sem hér er lagt af stað með, breytingu á aðstöðugjaldi. Það hefur komið fram að viðræður hafa farið fram milli Sambands ísl. sveitarfélaga og félmrh. og fjmrh. um það mál. Þær leiddu til þess að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerði samþykkt um það að vera reiðubúin til þess að setja á fót nefnd sameiginlega með félmrn. og fjmrn. til að skila tillögum fyrir 1. ágúst, ef ég man rétt, á næsta ári um afnám aðstöðugjalds og breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga í samræmi við það. Jafnframt kom fram að af hálfu forsvarsmanna sveitarfélaganna var beint þeim tilmælum til allra sveitarfélaga að hækka ekki aðstöðugjaldið á næsta ári. Hins vegar hefur komið fram í viðræðum við sveitarfélögin að í reynd verður um raunaukningu í tekjum sveitarfélaga af aðstöðugjaldi að ræða á næsta ári vegna þess að grunnurinn hækkar meira en verðlagsbreytingarnar. Þannig að í reynd ættu aðstöðugjöld á næsta ári að lækka um 0,1% frá því í ár ef sveitarfélögin ættu að hafa sömu rauntekjur.

Það hefur komið fram hjá ýmsum, bæði innan stjórnarliðsins og eins hjá forustumönnum í atvinnulífi, að tengja ætti saman þá áfanga sem orðaðir eru í frv. við breytingar á aðstöðugjaldi á næstu árum. Þess vegna væri hugsanlegt í endanlegri afgreiðslu málsins að orða þessa áfanga ekki eins og gert er í frv. heldur tengja það við þá vinnu sem fram undan er varðandi aðstöðugjaldið. Þetta er mál sem ég tel eðlilegt að nefndin athugi í samræmi við þingvenjur og tengist auðvitað viðhorfum manna til þeirra framtíðarbreytinga sem eiga að verða á skattlagningu atvinnulífsins. Má segja að frá því að frv. var afgreitt endanlega í umfjöllun í þingflokkum og ríkisstjórn hefur það komið skýrt fram hver afstaða sveitarfélaganna hefur verið til aðstöðugjaldsins. Það má segja að um tvær leiðir sé að ræða í þessum efnum, lögfesta frv. í þeim búningi sem það er lagt fram og treysta því að vinna með sveitarfélögunum um breytingar á aðstöðugjaldi skili árangri á næstu árum og hafa þá tíma til þess að taka frv. upp og breyta því á næsta þingi ef sú vinna skilar ekki árangri. Eða þá að skilyrða lögfestingu frv. eins og endanlega verður frá því gengið við að sú vinna beri árangur. Þetta tel ég eðlilegt að þingnefndin fjalli um og meti vegna þess að hér er ekki um efnislega afstöðu að ræða heldur afstöðu til þess hvernig að því verður staðið á næstu árum að fylgja eftir þeirri kerfisbreytingu sem þarna er mörkuð.

Ég vil hins vegar segja það, af því að hér var vikið að forsvarsmönnum atvinnulífsins, að auðvitað er það rétt að ekki hefur verið rætt við alla forsvarsmenn atvinnulífsins. Hins vegar hafa þeir forsvarsmenn meginsamtaka atvinnulífsins sem við höfum rætt við á undanförnum vikum og mánuðum lýst sig eindregið fylgjandi þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Ég vona þess vegna að þingið geti fjallað um málið á árangursríkan hátt, bæði í umræðum og eins í nefndarstarfinu, og tel að málin geti skýrst mjög með því að mæla fyrir frv. hér í dag og taka það til umræðu og nefndin haldi áfram vinnu sinni við það. En ég hlýt að leggja á það ríka áherslu að málið verði afgreitt fyrir áramót, bæði vegna þess að nauðsynlegt er að halda tempói í þeim skattkerfisbreytingum sem við höfum verið að framkvæma og eins vegna þess að frv. er þáttur í tekjuforsendum fjárlagafrv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem hæstv. fjmrh. sagði en þó vil ég staðfesta það sem kom fram í fyrirspurn hv. þm., að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir að miðað við það að ekki hefur náðst samkomulag um að afnema aðstöðugjaldið sé frv. í öðrum búningi en hann hefði gert ráð fyrir. Hins vegar var alla tíð unnið að þessu máli á þann máta sem hæstv. fjmrh. hefur lýst hér.

Það er náttúrlega hægt að fara þær leiðir sem hæstv. fjmrh. benti á. Það má reyndar bæta við einni enn sem ég tel rétt að koma á framfæri hér því það er sú sem hæstv. sjútvrh. hefur talið líklega, að í stað þess sem segir í 2. gr. frv. nú komi inn ákvæði til bráðabirgða sem lýsi álagningunni á næsta ári. Málið verði síðan tekið upp þegar samstaða hefur náðst um aðstöðugjaldið.

Ég vil lýsa þeirri skoðun Framsfl., sem er mjög eindregin, að það eigi að hverfa frá aðstöðugjaldinu, hljóti að verða gert og við viljum vitanlega leggja áherslu á

að ná því með samkomulagi. Ef það tekst ekki þá verður löggjafinn að taka þetta mál í sínar hendur. Ég hef heyrt skilning á því að aðstöðugjald gengur ekki upp í þeirri samræmingu sem nú er unnið að á skattlagningu hér og erlendis. Mér sýnist því þetta mál ekki vera það flókið að ekki megi, miðað við þær aðstæður sem nú hafa orðið, lagfæra það í nefndinni og afgreiða það fyrir áramótin.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mér finnst nú óþarfa umstang að vera að hafa umræður um þingsköp um þetta mál. Það hefði mátt bíða umræðunnar sem væntanlega fer fram hér á eftir. Nú eru annasamir dagar og við reynum að skipuleggja vinnu okkar svo vel sem við megum. Það er ákaflega gott samstarf í fjh.- og viðskn. Nd. og ég er mjög þakklátur hv. 1. þm. Reykv., svo og öðrum stjórnarandstæðingum og öðrum nefndarmönnum í fjh.- og viðskn., fyrir einstaka lipurð sem þeir sýna við meðferð mála í nefndinni.

Það er alveg rétt frá greint hjá hv. 1. þm. Reykv. að það er búið að taka þetta mál tvisvar sinnum fyrir til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. Nd. þó ekki sé búið að mæla fyrir því. Þetta hefur allt verið gert í góðu samstarfi við stjórnarandstöðuna í nefndinni. En það kom bara í ljós þegar við fengum þskj. að það var ekki í þeim búningi sem um var samið af þeim aðila sem þingflokkur Framsfl. hafði falið að fara með umboð í málinu. Þetta verður náttúrlega að laga. Annaðhvort verður það með nýju þskj. ellegar þá í nefndinni sem er afskaplega einfalt og langfljótlegasta aðferðin. Síðan getum við fjallað um þetta stjfrv., því að sjálfsögðu er þetta stjfrv. Þá vinnst vonandi tími til þess að afgreiða þetta mál fyrir jól því að þetta er ekki mjög flókið og við höfum þegar heyrt skoðanir ýmissa þeirra aðila sem við þurftum að kalla fyrir nefndina.

Ég vil einnig fullyrða það að þetta frv. er ekki samið af prenturunum í Gutenberg. Ef svo hefði verið hefði það komið fyrr fram og Alþingi gefist meiri tími til þess að fjalla um það.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill láta þess getið að hann hefði talið eðlilegra að þessi umræða færi fram í þröngum hópi þeirra manna sem aðild eiga að málinu þannig að ágreiningurinn yrði leystur utan þingfundar. Þessi þingskapaumræða er að verða nokkuð löng.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég get mætavel tekið undir þau orð sem hér voru mælt af forsetastóli, að eðlilegra væri að þessi ágreiningur væri leystur utan þingfundar.

Þetta mál ber að þinginu með nokkuð óvenjulegum hætti. Það hefur að vísu oft verið svo í tengslum við afgreiðslu fjárlaga að fjáröflunarfrv. hafa komið á síðustu stundu. En ég hygg að það sé algert einsdæmi að fjmrh. komi með veigamikil skattafrv., sem auk heldur felur í sér verulega kerfisbreytingu varðandi skattlagningu og tengist ýmiss konar annarri löggjöf í landinu, og ætli Alþingi tvo daga til þess að afgreiða slíkt mál áður en fyrirhuguð afgreiðsla fjárlaga á að fara fram. Slíkt er algert einsdæmi og lýsir afar lítilli virðingu fyrir störfum Alþingis og lýsir kannski umfram allt því hve hæstv. ríkisstjórn hefur litla virðingu fyrir eigin vinnubrögðum.

Hér hefur verið upplýst og staðfest af hæstv. ríkisstjórn að um þetta makalausa frv. er svo ekki eining í hæstv. ríkisstjórn. Staðfest hefur verið að hæstv. fjmrh. hafi lagt það fram með öðrum hætti en a.m.k. fulltrúar Framsfl. gerðu ráð fyrir að það ætti að vera. Eigi að síður eru hæstv. ráðherrar að ýja að því að eðlilegt sé að 1. umr. fari fram á þessum fundi. Auðvitað er það fráleitt að 1. umr. um þetta mál fari fram áður en hæstv. ríkisstjórn hefur komið sér saman um hvernig hún ætlar að haga þessari skattkerfisbreytingu. Umræðurnar um málið verða heldur ómarkvissar meðan ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar liggja ekki fyrir og afstaða einstakra þingmanna hlýtur að byggjast á því hverjar eru tillögur hæstv. ríkisstjórnar. En meðan hún hefur ekki komið sér saman er þegar af þeirri ástæðu erfitt fyrir þingmenn að taka með eðlilegum hætti þátt í slíkri umræðu. Frá mínum bæjardyrum séð liggur því í augum uppi að taka undir þau orð forseta deildarinnar að þetta mál verði fyrst útkljáð utan þingsalarins. Þar beinast spjótin eðlilega að hæstv. ríkisstjórn, að hún ljúki sinni heimavinnu og komi með þetta mál í þeim búningi sem hún á endanum kemur sér saman um. Þá getur 1. umr. farið fram. Ég tek því undir ósk forseta og legg til að málið verði tekið af dagskrá þessa fundar hér í dag meðan svo stendur.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra ummæla sem hér voru viðhöfð tel ég óhjákvæmilegt að segja það alveg skýrt að þetta frv. er lagt fram í þeim búningi sem um það var fjallað á vettvangi ríkisstjórnarinnar og í þingflokkum ríkisstjórnarinnar allan tímann. Búningi frv. var á engan hátt breytt frá þeirri umfjöllun eða þeim gögnum sem fulltrúar flokkanna og þingflokkarnir höfðu undir höndum. Það er nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram.

Hér er hins vegar ekki um flókið mál að ræða. Hér er einfaldlega pólitísk spurning um það hvort menn vilja fara þá leið að lögfesta frv. í þeim búningi sem það er lagt fram í trausti þess að niðurstaðan náist á næsta ári varðandi endurskoðun aðstöðugjaldsins og þá breyta löggjöfinni ef það næst ekki, eða hvort menn vilja, sem hefur verið skoðun sumra, lögfesta áfanga í málinu og bíða með aðra áfanga þar til lögfestar hafa verið breytingar með aðstöðugjaldinu. Þetta er í sjálfu sér ekkert atriði sem í felst pólitískur ágreiningur. Þetta er mat á vinnubrögðum varðandi framgang þessara mála í heild sinni, snertir á engan hátt efnisatriði frv. sjálfs eða þá pólitísku stefnu sem þar er boðuð. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að mæla fyrir frv. hér og nú og halda áfram efnislegri vinnu við það meðan ekki bara ríkisstjórnin heldur líka stjórnarandstöðuflokkarnir meta þetta atriði. Ég hefði talið að innan þingsins í heild sinni væri víðtækur stuðningur við að halda áfram á braut endurskipulagningar skattkerfisins á Ís-

landi út frá sjónarmiðum og hagsmunum atvinnulífsins og þeirrar aðlögunar að alþjóðlegri samkeppni sem við þurfum að búa okkur undir.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherrum fyrir þær skýringar sem þeir hafa reynt að gefa á þessari uppákomu allri. Ég vil fyrst segja það að þetta mál snýst ekkert um aðstöðugjöldin að öðru leyti en því að gert var í upphafi ráð fyrir að frv. yrðu samferða hér í gegnum þingið en úr því hefur ekki orðið vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að setja það mál í nefnd. Mér er að vísu fullkunnugt um að það væri miklu heppilegra að láta þessi mál verða samferða en því er ekki til að dreifa, einfaldlega vegna þess að það verður ekki fyrr en í tíð næstu ríkisstjórnar sem frv. verður til um aðstöðugjaldið sem hugsanlega verður lagt fram hér á hinu háa Alþingi.

Það sem skiptir máli, virðulegi forseti, er þetta: Það stangast gersamlega á yfirlýsingar annars vegar hæstv. fjmrh. og hins vegar hv. 1. þm. Norðurl. v. Hæstv. fjmrh. segir: Málið er í þeim búningi sem það var ávallt sýnt og þetta er stjfrv. eins og það átti að leggja fram. Hv. 1. þm. Norðurl. v. segir: Málið er ekki í þeim búningi sem um var samið og það verður annaðhvort að koma fram nýtt þskj. eða málið að breytast í nefndinni.

Til þess, virðulegi forseti, að skýra við hvað er átt, þá er það hvorki meira né minna en það að í 2. gr. þessa frv., sem er aðalgrein frv., segir nú: „Tryggingagjald skal nema 4,25% af gjaldstofni", en það sem hv. framsóknarmenn eru að halda fram, þar á meðal hv. 1. þm. Norðurl. v., er að 2. gr. orðist: Tryggingagjald skal nema 2,5% og 6%, og síðan eigi að þurrkast út tveir liðir til bráðabirgða. Á þessu er grundvallarmunur. Það er vegna þess að ef horfið er að því ráði sem hv. framsóknarmenn vilja að gert sé, þá er verið að gefa það í skyn að Alþingi ætli ekki að samþykkja neitt nema það að hafa tvo gjaldflokka eins og þeir eiga að vera á næsta ári. Síðan sé það síðari tíma ákvörðun hvort áfram verði haldið og gjaldstofnarnir jafnaðir. En eins og frv. er núna, eins og gengið var frá því í nefndinni sem samdi frv. í upphafi og eins og hæstv. fjmrh. hefur bent á, þá skiptir það mestu máli, og það er stóra stefnubreytingin, að það eigi að samræma þessi gjöld og hafa þau í framtíðinni einn gjaldflokk, þ.e. 4,25%.

Ég ætla að vekja athygli á því að stuðningur eða andstaða við frv. af hálfu þeirra sem þurfa að búa við frv., þeirra sem koma til með að greiða skattinn, viðhorf þetta mun mótast fyrst og fremst af því hvernig þetta mál á að líta út til framtíðar en ekki hvernig það á að gerast á næsta ári. Ef það á að fara að því ráði sem framsóknarmenn leggja til, þá er í raun og veru aðeins verið að gera smávægilega breytingu til þess að ná í 500 millj. kr. í ríkissjóð. Ef hins vegar á að taka breytinguna út, eins og hæstv. fjmrh. vill gera, og halda síðan áfram eins og nefndin sem samdi frv. gerði ráð fyrir, þá er verið að tala um kerfisbreytingu í skattamálum. Og ég segi, virðulegi forseti, ef þetta er ekki ágreiningur sem menn þurfa að jafna áður en mál er lagt fram og byrjað að ræða það hér á hinu háa Alþingi, hvenær er þá ástæða til þess að birta svokölluð stjfrv.? Skiptir þá nokkru máli, hvort ríkisstjórnin er sammála eða ekki? Er þá ekki eins gott að hver hæstv. ráðherra fyrir sig komi bara og fleygi málum hér inn í þingið og segi síðan: Það er ágætt ef hv. nefnd vildi kanna það hvort hægt sé að breyta frv.? Um þetta snýst málið. Og þetta gerist á þriðjudegi í síðustu viku fyrir jól og svo er ætlast til þess að hv. Alþingi kyngi því að renna þessu í gegnum þingið á 2–3 dögum, sex umræðum, þegar svona stendur á. Ég verð að segja, virðulegi forseti, og það er kannski meginástæðan fyrir því að þessi þingskapaumræða fer fram, það er ekki hægt að ætlast til þess að Alþingi klári þetta mál á meðan hæstv. ríkisstjórn hefur ekki unnið heimavinnuna sína betur en raun ber vitni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þessi þingskapaumræða hefur nú staðið í nærfellt hálfa klukkustund og forseti metur það svo að sú niðurstaða í þingskapaumræðunni sem menn hafa leitað eftir sé að verulegu leyti komin fram. Forseti vill jafnframt hvetja til þess að aðilar málsins ræði það utan veggja þessa virðulega salar.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að við höfum séð frv. í þessum búningi, en það var samþykkt í þingflokki Framsfl. með því fororði að einu atriði yrði breytt. Það atriði skiptir hins vegar engu máli hvað varðar skattheimtu næsta árs, þ.e. 1991. Um hana er fullt samkomulag og það er náttúrlega meginatriðið. Það er hins vegar að okkar mati eðlilegt að geyma til síðari tíma ákvörðun um fulla samræmingu þar til niðurstaða er fengin í meðferð aðstöðugjaldsmálsins, og forsrh. hefur lýst hér áður í þessari umræðu afstöðu Framsfl. til þess máls.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, 3. umr.

Stjfrv., 130. mál. — Þskj. 134.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (Fjárlaga- og hagsýslustofnun). — Þskj. 281.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hér er til meðferðar frv. sem er til-

tölulega lítil breyting á Stjórnarráði Íslands. Það hefur verið í athugun núna um nokkurt skeið í milliþinganefnd með fulltrúum allra þingflokka umtalsverð og jafnvel getum við sagt mjög víðtæk breyting á Stjórnarráðinu. Þó eru þar einstök atriði, m.a. það sem ég mun lýsa hér á eftir, sem menn hafa talið ástæðu til að flýta.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að sameina fjmrn. og Fjárlaga- og hagasýslustofnun í eitt ráðuneyti og með samþykki forsrh. á þessu ári var það gert. Stjórnarráðslögin heimila að forsrh. geti samþykkt að einn ráðuneytisstjóri gegni tveimur ráðuneytum. Að okkar mati og þeirra sem að þessu komu er tvímælalaust hagræði að þessu eins og málum er nú háttað í fjmrn. Þetta frv. fjallar því um það eitt að sameina þessi tvö ráðuneyti sem hafa verið undir einum ráðherra alla tíð og hafa nú um nokkurt skeið tímabundið starfað undir einum ráðuneytisstjóra.

Ég ætla ekki að hafa lengri framsögu og vil leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða breytingu eða tillögu til breytinga á Stjórnarráði Íslands sem felur í sér að Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði sameinuð fjmrn. Efnislega geta ýmis rök hnigið til þess að slík skipulagsbreyting sé eðlileg. Stofn að núverandi lögum um Stjórnarráð Íslands er frá árinu 1969. Þá var unnið með mjög vönduðum hætti að gerð heilsteyptra stjórnarráðslaga og undirbúningur allur var þá bæði langur og vandaður. Niðurstaðan varð löggjöf sem staðist hefur tímans tönn í allan þennan tíma.

Eðlilega mótuðust hugmyndir manna þá við aðrar aðstæður, bæði varðandi stjórnun og umfang verkefna í stjórnarráðinu. Þá var ákveðið að koma málum á þann veg fyrir að undir fjmrh. yrðu settar tvær sjálfstæðar stjórnardeildir auk fjmrn. sjálfs, þ.e. Ríkisendurskoðun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Það getur verið ýmislegt sem mælir með því að breytingar verði nú gerðar á þessari skipan. Stjórnunarlega eru oft vandkvæði á því að greina á milli verkefna og eðlileg nýting sérfræðinga og starfsmanna og getur í mörgum tilvikum verið betri ef sameining fer fram. Á hinn bóginn er á það að líta að um nokkurt árabil hafa farið fram umræður um endurskoðun á stjórnarráðslöggjöfinni í heild sinni. Bæði hafa menn haft nýjar hugmyndir um stjórnun og stjórnunarhætti og eins hugmyndir um aukna hagræðingu með fækkun ráðuneyta. Af þessu hefur ekki orðið þó umræður um þær hugmyndir hafi orðið allmiklar á undanförnum árum.

Hæstv. ríkisstjórn var hins vegar í miklum böggligi á síðasta þingi með frv. sem fól í sér alveg gagnstæða stefnu við það sem almennt hefur verið um rætt á undanförnum árum varðandi endurskoðun og endurskipulagningu á Stjórnarráðinu. Þá tók hæstv. ríkisstjórn hér drjúgan tíma af störfum þingsins, marga mánuði, til þess að ræða og koma fram hugmyndum sínum um fjölgun ráðuneyta. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu hér. Það var mikil hrakfallasaga sem gekk þvert gegn ríkjandi hugmyndum um skipan og endurskoðun Stjórnarráðsins. Nú eru enn á döfinni hugmyndir um breytt stjórnarráðslög. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ærin ástæða til þess að fylgja því verki fram og koma í framkvæmd hugmyndum um endurskoðun og endurskipulagningu Stjórnarráðsins. Ég tel að það eigi að fækka ráðuneytum niður í níu og tímabært sé að koma slíkum hugmyndum fram og festa í lög. Þess vegna tel ég það eðlilegast varðandi þetta mál að það fylgdi slíkri heildarendurskoðun á löggjöf um Stjórnarráðið. Ég tel ástæðulaust að draga umfjöllun og ákvarðanir hér á hinu háa Alþingi um þetta efni, vænti þess að Alþingi geti fjallað um það á þessu þingi. Fyrir þá sök er það mín tillaga í þessu máli að það verði tengt heildarendurskoðun á stjórnarráðslöggjöfinni en ekki tekið eitt sér út úr með þessum hætti. Það er augljós hætta á því, ef þessi vinnubrögð verða viðhöfð, að mál muni þróast á þann veg að menn skjóti sér undan því að taka á endurskoðuninni í heild sinni en fari fram eftir áhugasviði einstakra ráðherra með breytingar á næstu árum og fyrir vikið nái menn ekki eðlilegum og sjálfsögðum markmiðum um heildarendurskoðun á stjórnarráðslöggjöfinni sem miði að aukinni hagræðingu og sparnaði og bættri stjórnun. Ég er þeirrar skoðunar að ef þetta þing tekur málið til meðferðar þá þurfi ekki að verða hér á nein óeðlileg töf. Þó að af slíkri skipulagsbreytingu sem hér er verið að fjalla um geti verið hagræði þá er ekki af núverandi skipan slíkt óhagræði að töf í nokkrar vikur skipti sköpum í þeim efnum.

Herra forseti. Það er þess vegna mín tillaga um málsmeðferð í þessu tilviki að við fjöllum um þetta mál í tengslum við heildarendurskoðun þótt ég sé efnislega þeirrar skoðunar að mörg rök hnígi í þá átt að hér sé um að ræða eðlilega breytingu, sem væri þá rétt að kæmi til meðferðar við heildarendurskoðunina. Ég er ekki að mæla gegn breytingunni sem hér er verið að tala um efnislega en tel að það mundi horfa til betri vegar og lýsa vandaðri vinnubrögðum ef horfið yrði að því ráði að fjalla um þetta og taka ákvarðanir um þetta í tengslum við heildarendurskoðun á stjórnarráðslögunum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég er alveg sammála því að það ber að stefna að endurskoðun á lögunum um Stjórnarráðið. Við þá endurskoðun hafa menn oft rætt um fækkun ráðuneyta með því að steypa saman þeim ráðuneytum sem nú eru til staðar og yfirleitt eru í höndum ólíkra ráðherra. Munurinn á því sem hér er lagt til og almennri endurskoðun á stjórnarráðslögunum er sá að Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur ávallt verið í höndum fjmrh. og fjmrn. Þetta hafa í reynd verið tvær greinar á sama meiði og hafa aldrei verið aðskildar í höndum ólíkra ráðherra, heldur þvert á móti verið meginhluti af embætti fjmrh. Ég held hins vegar að bæði ég og fyrirrennarar mínir ýmsir hafi komist að raun um það að það hlaust margvíslegt óhagræði og óhagkvæmni af því að vera með þessa tvískiptingu, sérstaklega í ljósi þeirra breytinga sem kröfur eru gerðar um varðandi ný vinnubrögð í ríkisrekstri

og gerð fjárlaga. Það er þess vegna sannfæring allra þeirra embættismanna sem að þessu máli hafa komið, og fleiri sem ég hef rætt við, m.a. ýmissa fyrirrennara minna, að fjmrn. og sú starfsemi sem verið hefur í Fjárlaga- og hagsýslustofnun yrði mun áhrifaríkari og ódýrari við það að sameina þær stofnanir með þessum hætti eins og við höfum gert í reynd núna í rúmlega hálft ár eftir að sama embættismanninum, Magnúsi Péturssyni, var falið að stjórna bæði fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Sú að mörgu leyti óeðlilega verkaskipting að annars vegar væru embættismenn í Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem undirbyggju fjárlög og hins vegar embættismenn í fjmrn. sem framkvæmdu fjárlög hefur í reynd verið afnumin og menn taka upp eðlilegri skiptingu þar sem menn fjalla um verkefni eftir því hvort þau tengjast tekjum eða gjöldum eða öðrum stjórnsýslulegum verkefnum ráðuneytisins. Ég vona að þingið geti afgreitt þetta frv. vegna þess að ég tel það hafa töluvert mikla sérstöðu saman borið við hina almennu endurskoðun á stjórnarráðslögunum og fækkun ráðuneyta. Hér er fyrst og fremst verið að óska eftir lagalegri staðfestingu á þeirri hagkvæmni og betri vinnubrögðum í rekstri fjmrn. sem mikið hefur verið kallað á að undanförnu. Ég vil mælast til þess að í meðferð málsins íhugi menn í fullri vinsemd hvort þeir eru ekki reiðubúnir að gefa þeirri vinnu traustan lagagrundvöll þó ég skilji vel að menn séu orðnir óþolinmóðir eftir að fá heildarendurskoðun á lögunum um Stjórnarráð.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég hygg að hv. 1. þm. Suðurl. hafi átt við umhverfisfrv. þegar hann talaði um einhverjar deilur okkar á síðasta þingi sem gengið hefðu í öfuga átt. Ég vona satt að segja að við þurfum ekki að fara að munnhöggvast út af því máli nú og tel tímanum betur varið til annars. Ég vil þó láta það koma fram að ég tel það vera eitt allra besta mál sem ég hef flutt á hinu háa Alþingi. Ég held að það hafi löngu sýnt sig og sannað að það var tími til kominn að setja hér á fót umhverfisráðuneyti.

Ég vil taka undir það með hv. þm. að vitanlega væri mjög æskilegt að þessi mál gætu fylgst að. Það starfar mjög fjölmenn nefnd að endurskoðun stjórnarráðsfrv. sem ég hafði einnig sýnt og eiga tveir hv. þm. Sjálfstfl. sæti í þeirri nefnd, m.a. hv. 1. þm. Suðurl. Ég hef ekki lagt neina áherslu á að þessu máli verði hraðað. Ég geri ráð fyrir að leggja hitt frv. strax og það er komið fram hér fyrir Nd., svo það fari til sömu deildar og þetta frv. Hins vegar þótti mér afar óviðeigandi að þessi bráðabirgðaráðstöfun forsrh. lægi ekki fyrir á Alþingi fljótlega. Þess vegna vildi ég leggja þetta frv. fram og raunar með öllum þeim rökstuðningi sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. Við skulum bara vona að hin nefndin skili fljótlega af sér og þá fer það til nefndarinnar og þá afgreiðist þetta eflaust sameiginlega á þessu þingi. En þetta getur ekki beðið annars þings.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég hygg að fæstir hafi neitt við þetta frv. efnislega að athuga. Ég tek undir það sem hæstv. fjmrh. sagði um nauðsyn þess að sameina hið almenna fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Hins vegar vekur það athygli í þessu sambandi varðandi bréf það sem forsrh. gat um að hann hefði ritað á grundvelli 10. gr. laga um Stjórnarráðið, þar sem hagsýslustjóra var falið að gegna störfum ráðuneytisstjóra fjmrn., að eigi er vikið að sambærilegri skipan sem búið er að koma á varðandi embætti ráðuneytisstjóra í viðsk.- og iðnrn. Mig langar að spyrja að því hvort það hafi verið gert með sams konar bréfi og á grundvelli sömu greinar. Og ef það er rétt, því er þess þá ekki freistað að lögfesta þá skipan í sessi samtímis þessari breytingu? Hvers vegna getur sú breyting beðið almennrar endurskoðunar stjórnarráðslaganna en ekki þessi? Spurningin er sem sagt sú: Hefði ekki verið ráð, fyrst út í það er farið að freista þess að fá lögfestingu sameiningar fjmrn. og Hagsýslustofnunar, að freista þess í leiðinni að sameina þau tvö ráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sem þegar lúta sömu stjórn á grundvelli sömu greinar og væntanlega með sams konar bréfi frá forsrh. og rætt hefur verið í þessari umræðu?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þetta er út af fyrir sig ágæt ábending hjá hv. þm. Geir Haarde og var hugleitt. Okkur þótti hin breytingin þó vera að mörgu leyti töluvert flóknari. Þessi tvö ráðuneyti eru ekki endilega undir sama ráðherra. Í sambandi við þá tilfærslu kemur til greina í stjórnarráðsfrv. að færa ýmis verkefni undan núverandi viðskrn. og núverandi iðnrn., þannig að tilfærsla verkefna til og frá þessum ráðuneytum er til meðferðar í stjórnarráðsnefndinni. En í þessu tilfelli hér er ekki um slíkt að ræða, þetta er miklu einfaldara mál. Þess vegna vildi ég freista þess að sjá að m.a. væri þá komin niðurstaða í það í stjórnarráðsnefndinni sem ég tek undir með hv. 1. þm. Suðurl. að ég vona að geti orðið í janúarmánuði og ég þá lagt fram frv. Ég ákvað því að bíða með það af þessum ástæðum.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég tek undir það að ástæðulaust er að endurtaka þær miklu deilur sem áttu sér stað mánuðum saman á síðasta þingi um það frv. til breytinga á stjórnarráðslögum sem þá var til meðferðar og fól í sér fjölgun ráðuneyta, til þess að efna hrossakaupasamning sem gerður var um atkvæði hér á hinu háa Alþingi til stuðnings hæstv. ríkisstjórn. Ég var og er þeirrar skoðunar að það hafi verið löngu tímabært að skipa umhverfismálum með ákveðnum hætti í Stjórnarráði Íslands, en taldi og tel enn að það megi gera án fjölgunar ráðuneyta og þess vegna hafi það frv. og sá málatilbúnaður allur stangast á við ríkjandi viðhorf um breytingar á Stjórnarráði Íslands. Fram hjá því verður ekki vikist, þó hæstv. forsrh. sé hreyknastur af því verki af öllu sem á daga hans hefur drifið í Stjórnarráðinu, að það var einhver mesta hrakfallasaga sem

komið hefur fyrir hér í sölum Alþingis og ástæðulaust að fara lengra út í þann samanburð. En ef hún er það sem hæstv. forsrh. hreykir sér helst af þá er það allrar eftirtektar vert.

Ég tek undir það á hinn bóginn varðandi þetta frv. að það eru ýmis rök sem mæla með því að þessi sameining verði gerð. En ég vil ítreka af minni hálfu að ég tel að rétt sé að bíða endurskoðunar í heild. Ætla má að það verk geti komið fyrir Alþingi fljótlega á nýju ári og fáist afgreitt á þessu þingi. Mín skoðun er sú að það sé nauðsynlegt að Alþingi hafi afgreitt það mál fyrir kosningar. Og þó hér sé um að ræða skynsamlega ráðstöfun þá kreppir ekki svo að í þessu efni að ekki megi bíða þessarar endurskoðunar. Ég óttast að ef menn fara fram með einstök mál af þessu tagi þá muni stóra verkefnið dragast á langinn og meginmarkmiðið týnast í bráðabirgðabreytingum af ýmsu tagi. Ég ítreka þess vegna ósk mína um þessa málsmeðferð.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans svör við þeim spurningum sem ég lagði hér fyrir hann. Mér finnst eigi að síður gæta ósamræmis í því að það sé knýjandi að lögfesta þá ráðstöfun sem þetta frv. gengur út á og var ákveðin með bréfi frá forsrh. en um sambærilega ráðstöfun með sambærilegu bréfi um að fela stjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis sama manni gegni eitthvað öðru máli. Með öðrum orðum, forsrh. taldi að óhjákvæmilegt væri að staðfesta strax þann gjörning sem ákveðinn var með bréfi á grundvelli 10. gr. laganna, en hann telur ekki að það sé með sama hætti nauðsynlegt að lögfesta hitt bréfið varðandi það að sama manni var falið að gegna starfi ráðuneytisstjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytunum báðum. Ég tek fram að ég er ekki að gagnrýna þá ráðstöfum, þvert á móti. En mér hefði fundist vera meira samræmi í því að taka þá breytingu með í þetta frv. úr því að á annað borð var farið af stað með sérstakt frv. sem þó hefði sennilega verið skynsamlegt að bíða með þangað til að heildarendurskoðun stjórnarráðslaganna er lokið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að umræður um þetta frv. tengist þeim áformum sem uppi eru um róttækar breytingar á Stjórnarráði Íslands og ráðuneytaskiptingu þess. Það er rétt ábending hjá hv. 17. þm. Reykv. að það hafa verið gerðar tvær fyrirkomulags- og framkvæmdabreytingar innan Stjórnarráðsins sem eru af sama tagi. Hér er gerð tillaga um lögfestingu annarrar þeirra. Mér finnst eðlilegt að þingnefndin sem um málið fjallar hugleiði hvort ekki sé þá eðlilegt að lögfesta þær báðar. Ég tek það fram að ég hef að mörgu leyti sama skilning á þessu máli eins og kom fram í máli 1. þm. Suðurl. og 17. þm. Reykv., að það eigi að tengja það áformunum um breytingar á Stjórnarráðinu í víðara samhengi. Hins vegar tel ég að hvor tveggja breytingin sem hér er nefnd, bæði sú að sameina Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. undir einum ráðuneytisstjóra og viðskrn. og iðnrn. undir einum og sama hatti, njóti svo víðtæks stuðnings að það skaði alls ekki hið stærra málið að staðfesta þessi skref.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Stjfrv. um tryggingagjald.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þá þingskapaumræðu sem fór fram í upphafi þessa fundar. En hún staðfesti að það verklag er nú af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að frv. eru lögð fram án þess að um þau sé samkomulag milli stjórnarflokkanna. Það hefur jafnframt komið hér fram af forsetastóli að eðlilegt væri að sá ágreiningur væri ræddur á milli hlutaðeigandi aðila utan þingsalar. Ég tók undir þá hugmynd sem forseti kom með í því efni og vil nú að gefnu því tilefni beina þeirri fyrirspurn til forseta hvort ekki sé eðlilegt að skjóta umræðu um þetta mál á frest þangað til að hlutaðeigandi aðilum hefur gefist betra tóm til að ræða það sín í milli því að af augljósum ástæðum eru þingmenn svolítið í lausu lofti með að taka afstöðu til frv. meðan ekki er vitað hver stjórnarstefnan er og upplýst hefur verið að ágreiningur er jafnmikill um grundvallaratriði í þessu efni eins og hér hefur komið fram. En spurning mín er einfaldlega þessi, hvort hæstv. forseti telji ekki rétt að framkvæma þá tillögu sem hann sjálfur bar fram um málsmeðferð.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða síðasta ræðumanns þá vill forseti geta þess að hann lét svo um mælt að hann teldi að það hefði verið eðlilegt að leysa þetta mál utan þingsalar og þá helst fyrir þann fund sem nú stendur yfir.

Forseti lítur svo til eftir þá þingskapaumræðu sem fór fram að það hafi komið skýrt fram að hér er á ferðinni ríkisstjórnarfrv. þótt ágreiningur kunni að vera um einhverja einstaka þætti þess. Frv. uppfyllir öll þingleg skilyrði um að mega koma á dagskrá, bæði 18. gr. og 20. gr. þingskapa, og telur forseti því eðlilegt að málið fái þennan framgang. Í gær var fyrirhugað að taka þetta mál á dagskrá með afbrigðum en forseti féllst á það í góðri samvinnu við formenn þingflokka að því yrði frestað og málið kæmi hér á dagskrá í dag. Fleira hefur forseti ekki um þetta mál að segja.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál. — Þskj. 335.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum missirum hefur oft

verið að því vikið í umræðum hér á Alþingi að nauðsynlegt sé að gera breytingar á skattlagningu fyrirtækja og atvinnulífs á Íslandi til þess að auðvelda íslensku atvinnulífi að standast þá víðtæku alþjóðlegu samkeppni sem mun mjög móta lífskjör okkar þjóðar á næstu árum og áratugum. Í þessari umræðu hefur komið fram að mjög margir telja brýnt að þessu verki sé hraðað, m.a. vegna þess að innan örfárra missira munu ganga í garð slíkar breytingar á okkar efnahagslega umhverfi að nauðsynlegt er að atvinnulífið á Íslandi sé sem best undir það búið að geta skilað okkur bættum lífskjörum við þau nýju skilyrði.

Af hálfu forsvarsmanna atvinnulífsins á Íslandi hefur hvað eftir annað komið fram sú ósk að nauðsynlegt sé að stjórnvöld hefjist handa við að hrinda í framkvæmd stig af stigi slíkri kerfisbreytingu til að atvinnufyrirtækin á Íslandi geti búið við sambærileg starfsskilyrði og samkeppnisaðilar þeirra í öðrum löndum. Í tengslum við kjarasamninga sem gerðir voru í upphafi þessa árs var ákveðið samkvæmt ósk aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega fulltrúa atvinnulífsins, að hefjast nú þegar handa við þessar breytingar á skattlagningu atvinnulífsins og var það eitt af þeim skilyrðum sem fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands settu fram þegar síðustu kjarasamningar voru gerðir. Ýmsir þingmenn hafa á undanförnum árum flutt hér tillögur um slíkar breytingar. Ég held að við getum öll verið sammála um að það verkefni sem þetta frv. vísar til er eitt af brýnustu verkefnum í samspili atvinnulífs og ríkisfjármála í okkar landi.

Flestir eru sammála um að það þurfi að hafa tvíþætt sjónarmið að leiðarljósi við þessar breytingar. Í fyrsta lagi að jafna samkeppnisstöðu atvinnugreinanna hér innan lands og í öðru lagi að jafna samkeppnisstöðu þeirra við samkeppnisstöðu fyrirtækja erlendis.

Frv. um tryggingagjald sem ég mæli hér fyrir er ætlað að stíga fyrstu skrefin á þessari braut. Festa í lög kerfisbreytingu sem felur í sér að jafna í áföngum samkeppnisstöðu atvinnugreinanna hér innan lands og jafnframt fella gjaldtöku að því kerfi sem algengast er í okkar helstu samkeppnislöndum. Ég fullyrði að af hálfu þeirra forsvarsmanna megingreina atvinnulífs á Íslandi, sem ég hef rætt við á undanförnum mánuðum, er alger samstaða um þessa meginstefnu. Þeir hafa margir í samræðum við mig lagt á það ríka áherslu að bæði ríkisstjórn og Alþingi sýni að okkur sé full alvara, þingmönnum og ríkisstjórn, að vilja styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins á Íslandi með því að hraða því verki að setja í lög slíkar kerfisbreytingar á skattlagningu atvinnulífsins.

Í samræmi við þessi ákvæði kjarasamninganna fól ég sérstakri nefnd í júnímánuði sl. að endurskoða gildandi lög um skattlagningu fyrirtækja. Markmið endurskoðunarinnar voru þau sem ég lýsti hér í upphafi minnar ræðu. Nefndin skilaði skýrslu 16. nóv. sl. Í þeirri skýrslu kemur fram verklýsing á því hvernig nefndarmenn telja hagkvæmast að vinna að þessu mikla verki. Þeir vekja réttilega athygli á því að kerfisbreytingarnar séu í reynd þríþættar.

1. Breytingar á þeim margvíslegu launatengdu gjöldum sem sett hafa verið í lög á Íslandi á undanförnum áratugum við mismunandi aðstæður og í mismunandi tilgangi.

2. Breytingar á skattlagningu sveitarfélaga á atvinnulíf, sérstaklega að afnema aðstöðugjaldið, sem allir kunnáttumenn eru sammála um að er í eðli sínu mjög óhagkvæmt gjald og óeðlilegt út frá nútímasjónarmiðum í skattamálum og atvinnulífi. Mér finnst athyglisvert að í þeim viðræðum sem ég hef átt við forsvarsmenn atvinnulífsins á undanförnum mánuðum, m.a. í tengslum við framlengingu hinna svokölluðu þjóðarsáttarkjarasamninga, kom fram af þeirra hálfu hvað eftir annað að þeir leggja ríka áherslu á það að sem fyrst verði fest í lög að aðstöðugjaldið sé afnumið.

3. Breytingar á tekju- og eignarskattsálagningu fyrirtækja sem í grófum dráttum taka mið af þeirri alþjóðlegu breytingu sem gerð hefur verið í flestum löndum, að annars vegar lækka prósentuna og hins vegar breikka gjaldstofninn og fækka þeim margvíslegu undanþágum sem verið hafa í íslenskri löggjöf.

Í reynd má svo bæta við þau atriði að í tekjuskattslöggjöfinni er einnig nauðsynlegt að endurskoða ákvæðin um verðbreytingarfærslur og útreikninga á hagnaði og skattskyldum tekjum fyrirtækja, reglum sem á sínum tíma voru búnar til þegar Ísland var fyrst og fremst verðbólguþjóðfélag og líta töluvert öðruvísi út ef við berum gæfu til þess að festa í sessi þann stöðugleika sem hér hefur náðst.

Ég vona satt að segja að það takist mjög víðtæk samstaða um þessar breytingar, bæði þær sem ég mæli hér fyrir nú og eins þær sem fylgja munu á eftir, hver sem sú ríkisstjórn kann að verða sem við því verki tekur eða hvernig sá þingmeirihluti kann að verða skipaður. Ég hef djúpa sannfæringu fyrir því að ef við eigum að geta boðið sjálfum okkur og börnum okkar vaxandi og bætt lífskjör á næstu árum og áratugum þá sé nauðsynlegt að sníða af íslenskri skattalöggjöf ýmiss konar agnúa og meinbugi sem voru börn síns tíma en samrýmast ekki nútíma sjónarmiðum varðandi hagkvæmni atvinnulífs annars vegar og sanngirni í skattlagningu hins vegar.

Í þeirri tillögu sem nefndin birti í sérstakri skýrslu, sem dreift var til þingmanna um miðjan nóvember, var að finna tillögur um samræmingu launagjalds í þremur áföngum á næstu árum. Þannig fengju svonefndar undanþágugreinar tíma til þess að aðlaga sig fyrir nýja tryggingagjaldið og var lagt til í áliti nefndarinnar að fyrsti áfanginn kæmi til framkvæmda í ársbyrjun 1991 og væri þar miðað við tvö þrep, 2,5% í svonefndum undanþágugreinum og 5,5% í öðrum greinum. Eins og ég mun koma að síðar er í þessu frv. gengið út frá þessari tillögu nema efra þrepið er hækkað um 0,5%. Í tillögunum er síðan lýst öðrum áfanga 1992 og loks þriðja áfanga 1993 þegar tryggingagjaldið yrði í einu þrepi í öllum atvinnugreinum.

Meginrökin fyrir því að samræma hin launatengdu gjöld milli atvinnugreina og fjárhagsleg áhrif þeirra breytinga eru margvísleg og ég mun hér aðeins stikla á stóru.

Launaskattur var tekinn upp árið 1965 og fór alfar-

ið til þess að fjármagna lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Fyrstu árin sátu allar atvinnugreinar við sama borð, nema landbúnaður sem hefur alltaf verið undanþeginn launaskatti. Árið 1973 voru fiskveiðar undanþegnar en það var hluti af samkomulagi um fiskverð. Sýnir það dæmi nokkuð vel hvernig það skattkerfi sem menn búa svo við um langan tíma verður kannski til vegna tilviljunarkenndra aðstæðna í samningum á hverjum tíma. Í ársbyrjun 1982 skilaði svokölluð starfsskilyrðanefnd atvinnulífsins skýrslu til forsrh. en nefndin átti að gera samanburð á starfsskilyrðum atvinnugreina með tilliti til samkeppnisstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Niðurstaða þessarar nefndar varð sú að engin rök væru fyrir þeim undanþágum frá launaskatti sem þá voru í gildi. Í framhaldi af því nál. var hins vegar farin sú leið að undanþiggja fleiri greinar í stað þess að fella undanþágurnar niður og árið 1982 var ákveðið að taka upp tvö þrep og voru fiskvinnsla og almennur iðnaður sett í lægra þrepið. Árið 1986 var síðan ákveðið að undanþiggja fiskvinnslu og iðnað alfarið. Það var liður í gerð kjarasamninga á því ári sem beindist að því að styrkja samkeppnisstöðu þessara greina. Eftir stendur að nú eru það fyrst og fremst fyrirtæki í verslunar- og þjónustugreinum, byggingariðnaði og opinberri þjónustu sem greiða launaskatt.

Vissulega má segja að hægt sé að færa tímabundin rök fyrir mismuni í skattlagningu fyrirtækja, t.d. vegna sérstakra aðstæðna eða stuðningsaðgerða við einhverjar óeðlilegar og skammtímaaðstæður. Hins vegar verður að telja slíka mismunun afar óheppilega til lengdar þar sem hún getur dregið úr aðhaldi og stuðlað að óhagkvæmni í rekstri. Held ég að það sjónarmið njóti mjög víðtæks stuðnings, bæði meðal stjórnmálamanna og sérfræðinga, að stefna beri að því að afnema slíka mismunun. M.a. vegna þess að í henni felst að ein atvinnugrein eða nokkrar atvinnugreinar niðurgreiða í reynd starfsemi annarra atvinnugreina. Tvær leiðir eru færar til þess að ná fram samræmingu. Önnur er að fella skattinn niður, hin leiðin er að fella niður allar undanþágur í áföngum og það er sú leið sem hér er lögð til.

Í beinum tengslum við þessa aðgerð er lögð til frekari breyting og samræming í álagningu launatengdra gjalda. Auk launaskatts eru nú lögð á fjögur mismunandi launatengd gjöld sem fara um ríkissjóð. Þessi gjöld eru öll lögð á eftir á og taka mið af launagreiðslum liðins árs. Skattstofninn er í flestum tilvikum svipaður. Lífeyristryggingagjald nemur 2% af launum fyrra árs, slysatryggingagjald 0,37% og vinnueftirlitsgjald 0,1%. Atvinnuleysistryggingagjald er hins vegar reiknað sem föst krónutala á hverja vinnuviku launafólks.

Segja má að tvenns konar mismunur ríki á þessu sviði. Annars vegar milli einstakra atvinnugreina þar sem sumar greinar eru undanþegnar, eins og ég hef vikið hér að, og hins vegar mismunur milli félagaforma þar sem einstaklingsrekstur ber í mörgum tilvikum lægra hlutfall launatengdra gjalda en lögaðilar. Nánari grein er gerð fyrir þessum tölum og áhrifum þeirra á stöðu einstakra atvinnugreina í fylgiskjölum með frv. og í greinargerð þess.

Í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram, þó það komi fram í sérstöku frv., er gerð tillaga um að innheimta tryggingariðgjaldið mánaðarlega í tengslum við gildandi staðgreiðslukerfi í tekjuskatti einstaklinga.

Loks er lagt til að tryggingagjaldinu verði ráðstafað til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnueftirlits ríkisins í svipuðum hlutföllum og gilt hefur til þessa, þ.e. að engin breyting verður í reynd á fjárhagsgrundvelli þessara tveggja stofnana. Afgangurinn renni alfarið til fjármögnunar almannatryggingakerfisins, þ.e. tryggingagjaldið, verði markaður tekjustofn líkt og er í mörgum öðrum löndum og hefur í vaxandi mæli fest í sessi sem eðlileg skipan í skattamálum í Vestur-Evrópu og í þeim löndum sem helst eru samkeppnislönd okkar Íslendinga í efnahagslegu tilliti.

Rétt er að vekja athygli á því að við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991 vegna rekstrar á árinu 1990 er gert ráð fyrir sérstökum frádrætti sem nemur 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum skv. rekstrarreikningi ársins 1990. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir íþyngingu í tekjuskatti sem annars yrði vegna þess að við þessa breytingu falla tryggingagjöldin út úr rekstrarkostnaði ársins. Þetta gildir þó aðeins í eitt ár, enda er hér aðeins um svokallaðan yfirgangsvanda að ræða sem tengist upptöku þessa nýja kerfis.

Eins og fram hefur komið í þingskapaumræðum hér í dag er þessi kerfisbreyting í hugum margra tengd næsta áfanga hennar, þ.e. afnámi aðstöðugjalds. Það er ljóst að af hálfu mjög margra, bæði talsmanna atvinnulífs og ýmissa stjórnmálamanna og flokka, hefði verið talið æskilegt að stíga strax á næsta ári veigamikið skref í að leggja niður aðstöðugjaldið. Það mál var rætt við forsvarsmenn sveitarfélaganna. Þeir mæltust eindregið til þess að sú leið yrði ekki farin en í staðinn yrðu teknar upp viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga og formleg vinna að tillögugerð í þessum efnum. Það varð niðurstaða okkar að fara þá leið en leggja ekki til um leið og þessi lögfesting yrði lögþvingaða lækkun aðstöðugjaldsins. Ég hef kynnt þetta frv. þeim fulltrúum, bæði Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, sem unnu að margvíslegum ákvörðunum varðandi framlengingu kjarasamninga sem gerðir voru í febrúar sl. Fram hefur komið hjá þeim að frv. í þeim búningi sem það er hér lagt fram er fyllilega í samræmi við þær umræður sem áttu sér stað milli fjmrn. og aðila vinnumarkaðarins þegar kjarasamningarnir voru framlengdir.

Hins vegar kann að vera nokkuð mismunandi mat á því með hvaða hætti menn vilja tengja framgang málsins í eitt tryggingagjald atburðarásinni á vettvangi aðstöðugjaldsins. Það er mál sem fram hefur komið hér fyrr í dag að menn hafa á mismunandi skoðanir. Ég er ekki með uppgerðan hug í þeim efnum. Ég tel það fara fyrst og fremst eftir því hvernig vænlegast er að skapa breiða þjóðfélagslega samstöðu um þessar breytingar. Mér hefur verið tjáð að af hálfu framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands sé lögð áhersla á að næstu áfangar í þessari samræmingu verði tengdir breytingu á aðstöðugjaldinu. Ég hef hins vegar ekki séð þeirra samþykkt þannig að ég skal ekkert tjá mig

um það nánar hér en mun væntanlega fá þann texta innan tíðar og kannski hafa einhverjir þingmenn hann nú þegar undir höndum.

Ég vil jafnframt geta þess hér, sem fram hefur komið við fulltrúa launafólks og atvinnulífs, að ákveðið hefur verið að gera breytingar á réttindum tryggingakerfisins í samræmi við það að ýmsir aðilar fara nú að greiða til þess kerfis sem ekki greiddu áður, þannig að saman fari greiðsla og réttindaaukning. Hefur verið ákveðið að skipa nefnd fulltrúa viðkomandi ráðuneyta og aðila vinnumarkaðarins til þess að ganga frá slíkum breytingum á réttindaskipan í kjölfarið á lögfestingu þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég hef hér vikið að þeim meginatriðum sem setja svip sinn á það frv. sem hér er mælt fyrir og vona, þó ég geri mér fyllilega ljóst að frv. hefði mátt koma fram fyrr, að góð samstaða geti tekist um það hér á Alþingi að afgreiða málið fyrir áramót. Ég er sannfærður um það að hvað svo sem sú ríkisstjórn kann að heita eða hvernig svo sem hún verður samansett, sem við tekur að loknum næstu alþingiskosningum, verði það henni til hagsbóta og muni auðvelda henni verkin, þau verk sem ég hef að nokkru leyti vikið hér að, ef þetta frv. verður lögfest fyrir áramót þannig að sú breyting sem mjög er knúið á um að gerð verði sé hafin. Ég held að ef það yrði ekki gert að lögfesta málið fyrir áramót og upp kæmi óvissa um hvort raunverulegur vilji er á bak við slíka kerfisbreytingu kynni það að gera nauðsynlega sambúð atvinnulífs og stjórnvalda á sviði kerfisbreytinga á næstu missirum mun torveldari. Ég held þess vegna að það sé í reynd hagsmunamál allra þeirra flokka á Íslandi sem á annað borð hyggja á ríkisstjórnarþátttöku að loknum næstu kosningum, og mér skilst að það séu allir þeir flokkar sem nú sitja á Alþingi, að frv. verði að lögum og taki gildi við upphaf nýs árs.

Ég met mikils að nefndarmenn í fjh.- og viðskn., sérstaklega nefndarmenn stjórnarandstöðuflokkanna, voru reiðubúnir að hefja umfjöllun um frv. áður en mælt hafði verið fyrir því hér á Alþingi og vona að nefndarstörfin geti gengið vel og greiðlega fyrir sig.

Ég mælist svo til þess, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er því miður allt of seint fram komið. Mörg atriði sem ekki hefur gefist færi á að skoða jafnvel þótt hv. fjh.-viðskn. hafi tvívegis komið saman og rætt frv., annars vegar með embættismönnum og hins vegar með aðilum úr atvinnulífinu. Ég vek athygli á því að ráðgert er að þingi ljúki fyrir jól, nk. föstudag. Í dag er þriðjudagur og enn hefur málinu ekki verið formlega vísað til nefndar í þeirri deild. Þetta sýnir að það kann að vera erfitt, jafnvel þótt fullur vilji sé til þess hjá öllum aðilum, að lögfesta svo veigamikla breytingu sem frv. hefur að geyma fyrir áramót nema þingið sé tilbúið til þess að koma saman á milli jóla og nýárs og dugir jafnvel sá tími ekki til.

Þetta seinlæti getur ekki skrifast á reikning stjórnarandstöðunnar, enda gáfu orð hæstv. ráðherra ekki tilefni til þess að skilja það á þann veg. Það hlýtur að skrifast á reikning hæstv. ríkisstjórnar, sem eins og fyrr hefur komið fram í dag, hefur ekki komið sér saman um orðalag frv. þannig að fullt samkomulag sé á meðal stjórnarliða.

Þetta frv. er, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, samið af nefnd sem sett var á laggirnar á sl. sumri. Þessi nefnd er embættismannanefnd. Hæstv. fjmrh. skipar nefndina. Frv. var kynnt í bæklingi sem fyrstu tillögur nefndarinnar um miðjan sl. mánuð. Það er kannski ekki úr vegi að rifja það upp hvert sé meginverkefni þeirrar nefndar. Það er að gera tillögur um breytingar á skattlagningu fyrirtækja hér á landi í samræmi við þær breytingar sem hafa orðið og eru smám saman að verða í öðrum löndum. Þannig er ætlunin að búa fyrirtækin undir vaxandi samkeppni frá útlöndum. Nefndin kaus að nálgast þetta frá þremur sjónarhornum eins og lýst er í skýrslu nefndarinnar. Í fyrsta lagi með því að skoða leiðir til þess að jafna starfsskilyrði einstakra atvinnugreina hér á landi í skattalegu tilliti. Frv. sem hér er til umræðu er auðvitað hluti af því. Í öðru lagi ætlar nefndin sér að samræma skattlagningu milli félagaforma og í þriðja lagi er hugmyndin að færa skattlagninguna í svipað horf og tíðkast í helstu viðskiptalöndunum.

Þarna er um stórverkefni að ræða og vissulega má taka undir það að nauðsynlegt er fyrir okkur að undirbúa atvinnulífið sem mest undir vaxandi samkeppni annars staðar frá ef og þegar við tengjumst viðskiptaheildum í Evrópu öðrum en þeim sem við erum nú aðilar að. Um það er auðvitað ekkert hægt að segja á þessu stigi en ljóst er að það breytir engu hvort ákvörðun er tekin um það að ganga í Evrópubandalagið eða að sitja utan þess. Það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir okkur að haga leikreglum okkar með þeim hætti sem bestan árangur gefur. Ég vek athygli á því í því sambandi að á undanförnum tveimur árum hefur það gerst að þjóðir sem áður bjuggu austan járntjalds hafa risið upp gegn sínum kúgurum, kastað frá sér þeim leikaðferðum sem þar voru notaðar í atvinnulífi sem og á öðrum sviðum þjóðfélagsins en tóku upp vestrænar leikaðferðir sem eiga að sjálfsögðu við hér á landi eins og alls staðar þar sem menn leggja upp úr því að ná árangri í efnahags- og atvinnulífi.

Ég kýs að minna á þetta af því sérstaka tilefni að sú hæstv. ríkisstjórn sem hér situr nú um stundir lýsti því í fyrstu stefnuræðu hæstv. forsrh. að hér á landi ættu slíkar leikaðferðir ekki við. Verður aldrei of oft sagt frá því hve nauðsynlegt það er að hæstv. ríkisstjórn hverfi frá þeirri villu sem þar kom fram og verð ég að fara viðurkenningarorðum um a.m.k. suma hæstv. ráðherra sem hafa kostað kapps um það að leiðrétta þá skekkju sem kom fram hjá hæstv. forsrh. þegar hann í upphafi tók kúrsinn fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Ein breyting er gerð á frv., sem telst nokkuð veruleg, frá þeim búningi sem frv. var í þegar viðkomandi nefnd skilaði því af sér. Það er upphæðin eða pró-

sentufjárhæðin í öðrum gjaldflokknum sem var breytt úr 5,5% í 6%. Það þýðir, og vegna þess að gjaldið nær til fleiri aðila, að ríkissjóður mun afla tekna á næsta ári sem nema um 500 millj. kr. ef frv. fer í gegn í tíma og gjaldið verður lagt á allt næsta ár. Reyndar þýðir þetta að árið sem nú er að líða er skattlaust í sama skilningi og árið var skattlaust þegar kerfisbreytingin átti sér stað á tekjuskattinum. Væri nú þess virði að rifja upp ýmsar ræður hæstv. fjmrh. í því sambandi og þau orð sem hann viðhafði um það hvers konar della það væri að tala um skattleysisár í því sambandi. Nú er hæstv. ráðherra mættur í félagsskapinn og farinn að tala um skattlaust ár. Þótt lítið beri á því í hans eigin orðum þá kemur það fram í þeim gögnum sem við erum hér að fjalla um. Svona breytast nú menn í tímans rás eins og gengur.

Það vekur athygli sem hæstv. ráðherra staðfesti í sinni ræðu að hæstv. ríkisstjórn hefur horfið frá því ráði að breyta aðstöðugjaldinu. Það virðist hafa gerst að hæstv. ríkisstjórn hafi uppgötvað að það þarf að tala við sveitarstjórnirnar áður en hægt er að ganga frá þeirri breytingu jafnvel þótt færa megi ærin rök fyrir því að aðstöðugjald sé ákaflega óheppilegur skattur fyrir atvinnulífið, enda kemur hann mjög misjafnlega niður á mismunandi atvinnugreinum. Í reynd má kannski segja að hann komi mismunandi niður á byggðarlögum, ekki síst í landi eins og Íslandi þar sem samgöngur og viðskipti eru með þeim hætti að þær miðast fyrst og fremst við höfuðborgina. Það verður að segjast eins og er, og ég skal viðurkenna það þótt ég sé þingmaður fyrir Reykvíkinga, að vissulega má færa rök fyrir því að aðstöðugjaldið færi tekjur til Reykvíkinga á kostnað annarra sveitarfélaga, ekki síst á meðan sú villa hefur verið uppi að aðstöðugjaldið er ekki lagt með sama hætti á allar atvinnugreinar. Má kannski segja að sú afstaða að leggja ekki aðstöðugjald á sumar grundvallaratvinnugreinarnar, sem fyrst og fremst eru stundaðar utan Reykjavíkur, hafi gert það að verkum að sveitarstjórnirnar þar hafa átt í miklum erfiðleikum. Í stað þess að leggja sams konar aðstöðugjald á þær greinar og laga það annars staðar í hagkerfinu, t.d. með genginu, þá hefur það ekki verið gert með þeirri niðurstöðu að sveitarfélögin úti á landi hafa mörg hver verið miklu háðari ríkisvaldinu og samstarfi við það en ella. Þetta er auðvitað eitt af þeim atriðum sem menn verða að hugleiða þegar þeir horfa fram í tímann og reyna að átta sig á því hvernig þeir vilja að skattkerfið líti út, ekki einungis það kerfi sem ríkið notast við heldur einnig sveitarfélögin.

Nú hefur verið horfið frá því ráði að endurskoða og breyta aðstöðugjaldinu. Sett hefur verið á stofn nefnd og sú nefnd á ekki að skila áliti fyrr en þessi hæstv. ríkisstjórn sem nú situr er öll. Þannig er því máli vísað yfir á næstu ríkisstjórn. Þetta er auðvitað ástæðan fyrir því að ágreiningur hefur risið á milli stjórnarliðsins um það hvernig eða í hvaða búningi þetta frv. eigi að vera þegar það er lagt fram á hinu háa Alþingi.

Ég bendi á í því sambandi að verði þetta frv. að lögum og líði tvö ár þannig að gjaldið verði eitt og hið sama fyrir allar greinar, eða 4,25%, má búast við því að verð á landbúnaðarvörum eða sauðfjárafurðum komi til með að hækka um 2% því að launaliður bóndans er svo hár í þeim búskap. Það er þess vegna eðlilegt að bændur vilji tengja saman niðurfellingu aðstöðugjaldsins og þessa kerfisbreytingu vegna þess að þeir telja að aðstöðugjald ofan á aðstöðugjald eða uppsöfnun í aðstöðugjaldinu nemi jafnvel um 6% a.m.k., í vissum greinum landbúnaðarins. Þess vegna er skiljanlegt að ýmsir fulltrúar bændastéttarinnar, bæði innan þings og utan, hugsi sig tvisvar um áður en þeir samþykkja meginstefnu þessara laga og hafa ekki fulla tryggingu fyrir því hvernig leysa eigi úr ágreiningnum um aðstöðugjaldið. Ekki meira um það að sinni.

Það var vissulega sérkennilegt að horfa á þá uppákomu sem varð hér fyrst á þessum fundi og byrjaði reyndar í morgun á fundi fjh.- og viðskn. Það kennir hæstv. ríkisstjórn væntanlega að vanda betur frv. sín áður en þau eru lögð fram og tryggja a.m.k. að stjórnarflokkarnir allir séu tilbúnir að ræða frv. í þeim búningi sem það er lagt fram. Málið kemur vissulega seint inn á Alþingi, eins og ég hef sagt, en það vekur kannski ekki minnsta athygli þegar um þetta mál er fjallað að þar með hefur hæstv. ríkisstjórn nánast upplýst hvernig hún ætlar að standa að gerð fjárlaga fyrir næsta ár. Þegar tekjuhlið fjárlaga er skoðuð ásamt útgjaldahliðinni kemur í ljós að verði þetta eina tekjufrv. sem samþykkt verður, hvort sem það gerist nú fyrir jól eða fljótt á næsta ári, þá nást u.þ.b. 500 millj. til viðbótar af þessum gjöldum með tryggingagjaldinu. En skv. fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að tryggingagjald skilaði 1.600 millj. kr. Því hefur jafnframt verið lýst yfir að hafnamálagjald, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., falli niður. Í raun er því tekjuáætlun fjárlaganna, eins og hún stendur nú, of há um 1.660 millj. kr.

Ég minni á að við 2. umr. fjárlaga gerðist það að útgjöldin hækkuðu um hátt í 900 millj., ef ég man rétt. Hér hefur því hallinn aukist um 2,5 milljarða sem bætast við þá 3,5 sem eru í frv. Hallinn er þegar orðinn 6 milljarðar og er þó eftir að ræða frv. við 3. umr. þar sem gera má ráð fyrir verulegum útgjaldaauka. Það skal þó tekið fram til þess að skýra málið að hugsanlega getur tekjuáætlunin breyst eitthvað þótt ekki megi gera ráð fyrir að um verulegar breytingar sé að ræða. Þetta þýðir að hallinn á næsta ári gæti orðið 6–7 milljarðar. Verður það nánast met í halla eins og hann er sýndur við fjárlagagerðina. Reynslan hefur kennt okkur að hallinn er venjulega vanmetinn, vanáætlaður og hefur það komið berlega í ljós á undanförnum árum.

Þetta þýðir auðvitað að í framtíðinni verða næstu ríkisstjórnir að fást við þennan vanda, annaðhvort með mun duglegri niðurskurði en ella hefði þurft eða með því að hækka skatta langt umfram það sem þurft hefði ef menn hefðu tekið á þessu máli fyrr. Auðvitað verður að fjármagna þennan halla. Það hyggst hæstv. ríkisstjórn gera á fjármagnsmarkaði innan lands sem þýðir það að ríkið í skjóli styrks síns mun auðvitað ná þeim peningum sem það vantar til þess að halda úti sinni starfsemi. Það mun auðvitað leiða til þrýstings á vextina og þeir væntanlega hækka nema ætlunin sé að

prenta peninga eins og reyndar efnahagssérfræðingar hafa bent á að hæstv. ríkisstjórn hafi gert með aðild Seðlabankans. Eins og hæstv. viðskrh. viðurkenndi hér um daginn virðist Seðlabankinn samkvæmt lögskýringu hans, sem hann las hér upp reyndar beint upp úr lögunum, eiga að gegna efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma, en hæstv. viðskrh. hefur praktíserað það með þeim hætti að hann hefur heimtað að Seðlabankinn breyti áætlunum og spádómum sínum, eins og frægt er orðið. Er þá verið að rifja upp síðustu afskipti viðskrh. af málefnum Seðlabankans.

Þetta þarf að liggja fyrir, virðulegi forseti, þegar menn eru að fjalla um þessi mál. Þetta sýnir kannski betur en allt annað að nú rétt fyrir jól hefur hæstv. ríkisstjórn gefist upp. Hún hefur gefist upp við það að hækka skattana sem var þó helsta keppikefli hæstv. fjmrh. og forsrh. Allir sem horfa á sjónvarp á annað borð muna eftir því þegar hæstv. forsrh. stóð í ræðustól á þingi Framsfl. og sagði við þingfulltrúa: Haldið þið ykkur nú! — og kom síðan með þá yfirlýsingu að auðvitað ætti að hækka skattana og opnaði þar með kosningabaráttu Framsfl. Þar mun vera í 1. gr. að hækka skuli skattana á Íslendingum.

Nú er tekið fyrsta skrefið. Það gerist með því að gefast upp við að leggja fram nokkur frv., þar á meðal að setja upp hafnamálagjald. Það er gefist upp við að ná inn tekjum af tryggingagjaldi. Það er gefist upp við aðstöðugjaldið en eftir sitja 500 millj. í tryggingagjaldinu og þá stendur formaður þingflokks Framsfl. upp og mótmælir því að þetta frv. komi fram, sem skilja mátti á þann veg að hann vildi ekki að frv. yrði samþykkt, og þá hefðu þessar 500 millj. líka fallið um sjálfar sig. Þannig er komið fyrir þessum kjarnorkukjarkmönnum sem lýstu því yfir við upphaf kosningabaráttunnar að þeir teldu það sterkast sér til framdráttar að hækka skatta á fyrirtækjum og einstaklingum.

Hæstv. ráðherra sagði frá því réttilega að yrði þetta frv. að lögum yrði nauðsynlegt að leggja fram frv. um réttindi og skyldur manna gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég tel í raun að það þurfi að ganga lengra. Það frv. þurfi að vera tilbúið um leið og þetta frv. er afgreitt. Hér er um það að ræða að nú á að taka gjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs af öllum þeim sem þiggja laun eða launaígildi skv. lagafrv. Skattstofninn er breikkaður og gerður sá sami og tekjuskattsstofninn, sem þýðir að hlunnindagreiðslur, bifreiðastyrkir og dagpeningar eru að nokkru leyti taldir til launa og reiknuð laun þannig að allir launamenn í víðtækustu merkingu orðsins munu greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta þýðir að einyrkjar eins og bændur munu greiða slíkt gjald og þá er tekin upp stefna sem ég veit ekki að sé til nokkurs staðar annars staðar og það er að bændur séu slíkir launamenn að þeir megi búast við að fá atvinnuleysisbætur ef þeir verða atvinnulausir. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. hefur hugsað þetta út í hörgul en ég vek athygli á þessu því ég hygg að svo sé ekki í nágrannalöndunum.

Þess vegna held ég, virðulegur forseti, að það þurfi að liggja fyrir um leið og þetta frv. er afgreitt frv. um réttindi og skyldur gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég bendi á í því sambandi að hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde hefur lagt fram á þskj. 329, 229. mál þingsins, lagafrv. um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem hann leggur til að orðalagi laganna sé breytt þannig að í stað orðanna „félagsmenn í stéttarfélögum" komi „launamenn". Ég vek athygli á þessu starfi því það mætti hugsanlega nota þetta frv. og breyta því ef ástæða er til og láta það fara fram með nefndarstarfinu. Ég vek athygli á þessu því þá getur hæstv. ráðherra hugsanlega stytt sér leið og látið sína embættismenn skoða það frv. og kanna hvort ekki sé ástæða til þess að það fari fram með, ég ætlaði að segja stjfrv. og vona að það sé ekki ofmælt þótt ég kalli þetta frv. stjfrv. Ég er ekki þar með að segja að þetta sé sjálfsagður hlutur. Ég vek t.d. athygli á því að vörubílstjórar hafa allar götur verið í launþegafélagi en eru þó með meiri háttar atvinnurekendum og með dýr tæki sem kosta jafnvel tugi milljóna. En þeir eru í launþegafélagi og hafa þess vegna aðgang að atvinnuleysisbótum en víðast mun það vera svo að þeir teljast til atvinnurekenda rétt eins og bændur sem eru með sín býli sem mörg eru ekkert dýrari en stórir vörubílar. En einyrkjar eins og bændur njóta ekki atvinnuleysisbóta. Þetta mál þarf að kanna mjög rækilega um leið og þetta frv. verður til umræðu í hv. nefnd.

Ef litið er á frv. sjálft langar mig til að fara um það nokkrum orðum. Ég bendi á að í 2. gr. frv. er sú meginstefna, sem allt frv. gengur út á, að tryggingagjaldið skuli nema 4,25% af gjaldstofni. Um þetta hefur styrrinn staðið. Framsfl. virðist ekki hafa samþykkt þetta og telur að þarna eigi að standa: Tryggingagjald skal nema 2,5% og 6% af gjaldstofninum. Þetta atriði skiptir auðvitað meginmáli því að tillöguflutningurinn er tilgangslaus nema menn sjái fyrir sér lokatakmarkið. Ella gæti hæstv. ríkisstjórn einungis lagt til að hækka launaskattinn og ná inn 500 millj. kr. ef það væri eina markmiðið með framlagningu þessa frv.

Þá vil ég vekja athygli hæstv. ráðherra á því að í 19. og 20. gr. er talað um lagabreytingar eða brottfall lagaákvæða í öðrum lögum og ekki aldeilis hægt að fallast á það hvernig það virðist vera gert. Þarna þarf auðvitað að vísa til þeirra greina sem við eiga og nægir engan veginn að láta 19. gr. standa eins og hún stendur í frv. Þetta þarf auðvitað að laga við meðferð málsins í nefnd.

Það er alveg ljóst, virðulegur forseti, af greinargerðinni, af athugasemdunum, að það er markmið frv. að jafna tryggingagjaldið á atvinnugreinunum. Það er þess vegna augljóst að öllum þeim sem hafa komið nálægt samningu frv. hefur verið ljóst að þetta er aðalstefnumið frv. Það þarf auðvitað að skoða hve mikið breikkunin á skattinum gefur í ríkissjóð, og eins flýtingin, því nú er ætlunin að þetta sé heimt inn með staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars. Þetta þarf að liggja fyrir í nákvæmara horfi en sést á fylgiskjölum með frv.

Ég vek athygli á því að í fylgiskjali sem heitir Samræming launagjalda, töflu nr. 7, er því lýst hvernig greiðslur verða frá mismunandi atvinnugreinum eftir breytinguna, þ.e. á næsta ári, árið 1991. Það kemur í

ljós að allar greinarnar, hvort sem það eru landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður, byggingarstarfsemi, verslun og veitingastarfsemi, samgöngur, bankar, tryggingafélög eða önnur starfsemi, koma til með að greiða hærri skatta á næsta ári, þ.e. hærri gjöld á næsta ári en þau mundu gera að óbreyttum lögum. Þessi upphæð er 425 millj. á verðlagi yfirstandandi árs sem mun vera 500 millj. á verðlagi næsta árs og verðlagi því sem fjárlagafrv. er á til að mynda. Á þessu vil ég vekja athygli því að þetta sýnir okkur að einn megintilgangur frv., þó það sé ekki yfirlýst markmið, er að ná inn 500 millj. upp í þann mikla skuldahala sem er á fjárlögum.

Við sjálfstæðismenn höfum tekið þátt í því að flýta fyrir nefndarstarfinu. Það er ákaflega óvenjulegt að slíkt sé gert. Það er óvenjulegt að mál sé tekið fyrir í nefnd og rætt við fólk úti í bæ áður en það er lagt fram á Alþingi. Við vildum taka þátt í þessu starfi af því að við vildum gera það sem í okkar valdi stóð til þess að þetta mál fengi eðlilega afgreiðslu. Mér sýnist hins vegar eftir síðustu atburði og eftir þá lýsingu sem hér var gefin á hugmyndum, t.a.m. framsóknarmanna, að litlar líkur og nánast engar séu á því að þetta frv. geti fengið afgreiðslu fyrir jól. Ekki vegna þess að ég sé að lýsa andstöðu við þær hugmyndir sem koma fram í frv. heldur vegna hins að það þarf að vinna mjög mikið verk í nefndinni áður en hægt er að afgreiða málið úr nefnd. Það verður ekki hægt að kenna stjórnarandstöðunni um það hvernig því verki kemur til með að miða. Hæstv. ríkisstjórn verður að bíta í það súra epli að frv. kemur allt of seint fram. Og auðvitað er það alveg rétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að sjálfsagt hefðu prentararnir í Gutenberg skilað þessu frv. miklu fyrr ef þeir einir hefðu fengið að ráða. (**Gripið fram í:** Og betur.) Já, örugglega betur. Þeir hefðu ekki þurft að senda þetta í fjóra eða fimm staði og fá blessun. Síðan þegar búið var að blessa frv. á öllum þessum stöðum og það sent heim til nokkurra útvaldra þingmanna á sunnudegi eða laugardagskvöldi kom í ljós að sumir höfðu alls ekki lesið frv. og það kom þeim á óvart á þriðjudagsmorgni hvernig það leit út. Þessi vinnubrögð sem viðgangast hjá stjórnarflokkunum og hafa opinberast í dag eru auðvitað ekki fyrirmyndar og síst til þess fallin að þeir aðilar sem þurfa að búa við þessi lög og skila inn hækkuðum skatti á næsta ári uni sínum hlut og telji eðlilegt að á tveimur dögum verði þessu máli húrrað í gegnum þingið.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að fram kæmi hér við 1. umr. málsins en jafnframt lýsa því yfir að við munum að sjálfsögðu vinna að þessu máli eins og öðrum þeim málum sem liggja fyrir nefndinni sem mest við megum þar til þingi lýkur fyrir jólaleyfi.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er nú svo sem árviss viðburður að hér ríki öngþveiti á síðustu dögum fyrir jólafrí og reyndar á vorin líka. En sjaldgæft mun þó vera að til þess sé ætlast á þessum tíma að mál séu tekin fyrir í nefndum áður en þau eru lögð fram á þingi og enn þá sjaldgæfara mun vera að síðan komi í ljós að það sé ekki einu sinni eining innan stjórnarinnar um þetta sama mál. Sæmst hefði verið að stjórnarherrarnir kæmu sér saman áður en þeir færu að ætlast til forvinnu hjá nefndum.

Það er í sjálfu sér ekki til fyrirmyndar að játa slíkum vinnubrögðum, þ.e. gangast undir það að taka mál til meðferðar áður en þau eru lögð fram í þingi, vegna þess að það ýtir undir þau vinnubrögð að ráðherrar geti treyst á það að þingmenn hlaupi undir bagga með þessum hætti og hjálpi þeim að bjarga í land áður en of seint er orðið.

Ég minnist þess að á síðasta þingi var hafður þessi háttur á með gríðarlega stórt mál, þ.e. fiskveiðistefnu Íslendinga, að það var tekið fyrir í sjútvn. Nd. áður en málinu hafði verið vísað til nefndarinnar. Síðan þegar allt var komið í eindaga var reynt að semja um það á síðustu stundu að allir yrðu nú stuttorðir og sagt að þegar væri allt komið fram um málið í Ed. og óþarfi að tala mikið um það í Nd. Auk þess gætu þingmenn heldur ekki borið fyrir sig að þeir hefðu fengið lítinn tíma í nefnd til að fjalla um málið því nefndin hefði fengið það áður en málið kom til nefndarinnar. Ég held því að það sé ærið tvíeggjað að þingmenn undirgangist þessi vinnubrögð, ekki af óvild við mál heldur vegna þessa sem ég hef lýst, að því er þá gjarnan beint gegn þeim aftur. Kæmi mér ekki á óvart þótt hér hljómaði á morgun eða hinn daginn að tíminn hefði verið nægur þar sem þegar hefði verið fjallað um málið tvisvar í nefnd áður en það var lagt fram, en þar sem hæstv. fjmrh. gengur nú í salinn vona ég að ekki komi til þess að slík rök verði notuð.

Það er alveg greinilegt að það er ýmislegt sem fylgir, sem er skylt þessu frv. sem hefði þurft að liggja fyrir til að hægt væri að taka á málinu með sæmilegu móti og átta sig á því í heild. Það hefur auðvitað þegar verið nefnt hér, það kom fram í máli manna í fjh.- og viðskn. í morgun, að ýmsum þætti þetta þung byrði að bera þegar ekki væri búið að gera ráðstafanir í sambandi við aðstöðugjald sem til stóð, að mér skilst, að afnema einmitt í tengslum við þetta. Það mun nú vera einungis til umræðu í nefnd, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, þar sem sveitarfélögin vilja eðlilega taka þátt í því. Eins verða breytingar á réttindum manna í tryggingakerfi, hverjir eiga að njóta atvinnuleysisbóta og hvernig skal standa að því, svo eitthvað sé talið.

Það er fróðlegt til samanburðar að líta hér aðeins í greinargerð þar sem mjög vel er tíundað saga launaskattsins sem er eitt þeirra gjalda sem á að fella inn í þetta umrædda tryggingagjald. Því er lýst þar að launaskattur var tekinn upp árið 1965 og hvaða hlutverk honum var þá ætlað. Þá greiddu allar atvinnugreinar launaskatt nema landbúnaður. Árið 1973 var síðan gripið til þess ráðs að undanþiggja fiskveiðar. Árið 1982 skilar starfsskilyrðanefnd skýrslu þar sem kemur fram að engin rök séu fyrir þeim undanþágum frá launaskatti sem þá voru í gildi, þ.e. bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Svo kemur dálítið kúnstugur kafli þar sem sagt er að framhaldið hafi í sjálfu sér verið rökrétt afleiðing þessarar niðurstöðu þar sem ákveðið var að draga úr mismunun milli atvinnugreina. Þá var hins

vegar farin sú leið að undanþiggja fleiri greinar. Árið 1982 eru líka tekin upp tvö þrep og árið 1986 er ákveðið að undanþiggja fiskvinnslu og iðnað alfarið.

Þarna virðast meira og minna ráða ferðinni skilyrði á hverjum tíma, efnahagsleg skilyrði viðkomandi greina. Án þess að ég sé nú að mæla með því að gjörsamlega sé gengið fram hjá hag atvinnugreina þá sýnir þetta samt að þannig hefur verið að málum staðið að gripið er til aðgerða eða efnahagsráðstafana, eins og það heitir alltaf núna, mjög ómarkvisst. Það er gripið til þess tækis sem hendi er næst hverju sinni.

Bara þessi saga, sem einhverjum hefur þótt ástæða til að tíunda í greinargerð, ætti að vera lexía sem hæstv. ríkisstjórn mætti læra af, þ.e. að ígrunda betur og ganga betur frá málum áður en gripið er til breytinga þannig að hún hafi erindi sem erfiði. Það er hætt við því ef þetta frv. þýtur í gegn núna að síðan verði tekið til við breytingar á aðstöðugjaldi, síðan verði tekið til við að skoða hvernig nýir hópar komi inn í atvinnuleysisbætur og fleira í þeim dúr, þá er hætt við því að aftur þurfi að fara í þetta frv. og breyta því. Nú skil ég vel þörf ríkissjóðs fyrir meiri tekjur, auknar tekjur. Þó efast ég reyndar um að þetta frv. nái í gegn fyrir áramót þannig að það komi að þeim notum sem til var ætlast. En það er spurning hvort það er þess virði í þessu tilfelli að þurfa svo að rjúka til aftur og breyta og samræma á nýjan leik. Þetta er það margslungið og tengist það mörgum þáttum að miklu heppilegra væri að það lægi allt fyrir í einu lagi.

Eftir því sem ég hef haft tækifæri til að kynna mér þetta frv. leggst ég ekki gegn innihaldi þess. Þarna er verið að taka skref sem er til að afnema ákveðna mismunun sem verið hefur í gangi, bæði milli atvinnugreina og mismunandi félagsforma. Það er verið að koma upp staðgreiðslu, einungis launaskatturinn var innheimtur í staðgreiðslu áður, en nú bætast hin fjögur gjöldin sem undir þetta falla undir staðgreiðslu líka. Mér skilst að það gefi betri raun, þ.e. innheimta verði skilvirkari, eins og það heitir. Innheimtuhlutfall hefur verið tiltölulega lágt af þessum gjöldum, á bilinu 60–70%, ef ég man rétt, en nú standa vonir til að innheimta verði áhrifaríkari. Þannig ættu bæði breikkun skattstofns og betri innheimta að færa ríkissjóði auknar tekjur. Það er að mínu viti líka til bóta að með þessu móti teljast til gjaldstofns hvers konar laun, þóknanir og hlunnindi af ýmsu tagi.

Það er auðvitað gleðilegt að sjá þá einstöku tillitssemi sem lýsir sér í þessu frv., þ.e. að gefa þeim atvinnugreinum sem hafa verið undanþegnar þessum gjöldum aðlögunartíma og þrepa gjaldtökuna. Það fer ekki hjá því að það hvarfli að manni hvað það hefðu nú mörg heimili þegið sömu meðferð, að fá að þrepa sig í átt að aukinni skattheimtu. Eins verður manni oft hugsað til þess í störfum í fjh.- og viðskn. hverjir það eru sem hafa tækifæri til þess að koma þangað og láta í ljósi álit sitt á skattheimtu af ýmsu tagi. Ég er ekki að segja að alltaf sé tekið tillit til þeirra umkvartana því það er nú einu sinni svo að flestir vilja halda sínum hlut og láta ekki svo glatt það sem þeir hafa einu sinni fengið í hendur. En alltaf verður manni hugsað til þess hvernig hinn svokallaði almenningur, launafólk í þessu landi, heimilin, fjölskyldurnar eiga sér aldrei nokkurn málsvara þarna. Það er aldrei hægt að kalla í formann fjölskyldna á Íslandi, enda ekki til. Kannski er auðveldast að seilast ofan í vasa launþega vegna þess að þeir hafa ekki með sama hætti málsvara eins og t.d. atvinnuvegirnir hafa. Það gæti eflaust mörg húsmóðirin mætt til viðtals við fjh.- og viðskn. um þetta, mætt með sína búreikninga, lagt fram matarreikningana, dagvistargjöldin, útgjöldin fyrir skólafötin, bækurnar, og sýnt fram á það með gildum rökum að hún gæti bara ekki borgað þessa skatta. Það væri bara ekki svona mikið afgangs, en væri hugsanlega til viðtals um það að þrepa sig upp um tvö stig á næstu fimm árum. Það skyldi þó ekki vera að það sé margt í okkar þjóðfélagi sem snýr að fjölskyldum og heimilum með þeim hætti sem það er vegna þess að svona erfiðlega gengur að finna einhvern sem talar máli þessa hóps. Og það er kannski verðugt verkefni að reyna að koma því þannig fyrir og finna leiðir til þess að það sé hægt með einhverju móti. Þá gengi kannski ekki svona vel að sniðganga börnin okkar og búa oft og tíðum svona illa að þeim. Og það hefði ekki heldur gengið svona snurðulaust í fyrra og árið þar áður að renna í gegn skattahækkunum á heimilin. Það gengi heldur kannski ekki svona vel að lækka kaupmáttinn ef eitthvert beint samband væri þarna á milli. Þessi þögli hópur er alltaf í hlutverki þolandans þegar kemur að ríkisvaldinu hvað varðar skattheimtu, en vissulega oft í hlutverki njótenda líka, ekki ætla ég að draga úr því að ýmislegt sé nú aftur notað í þágu þessa hóps. En þegar maður situr og horfir yfir þennan karlahóp, þetta karlager sem sífellt streymir inn til viðtals við fjh.- og viðskn. þá hugleiðir maður oft hvernig sé hægt að koma þessu fyrir með öðrum hætti. Við finnum mjög oft fyrir þessu jafnt og aðrir, þingkonur Kvennalistans, sem viljum gjarnan vera málsvarar heimila og fjölskyldna, að við höfum ekki aðgang að einhverjum svona löggildum fulltrúum þessara hópa sem hægt er að leita álits hjá og fá umsagnir um frv. og annað slíkt. Það mundi sjálfsagt hýrna yfir manni ef einstöku sinnum birtist þarna kvenmaður, það kemur fyrir, ég held það sé ein hjá tollinum sem er mikill sérfræðingur um tollamál og önnur kemur stundum frá fjmrn., hagfræðingur. Það eru nú yfirleitt einu konurnar sem birtast þarna. (**Fjmrh.:** Þessi með tollamálin er líka frá fjmrn.) Já, já, ég er heldur ekkert að ræða um það hvort þarna koma konur sem fulltrúar einhverra stofnana eða hópa þó vissulega þyki mér það notalegt, það dregur úr einmanakenndinni í þessari yfirþyrmandi karlaveröld sem fjármálaheimurinn er, heldur er ég einungis að velta fyrir mér orsakasamhenginu, muninum þarna á milli þeirrar aðstöðu sem launafólk, heimili og fjölskyldur eru í andspænis atvinnuvegunum.

Þar fyrir er ég ekki að segja að það breytti miklu þótt þarna kæmu konur til viðtals fyrir þær stofnanir, fyrir þær atvinnugreinar sem kallað er í samkvæmt hefðbundnum hætti, því ég býst við að þær þyrftu í flestum tilfellum að hlíta þeim lögmálum sem gilda enn þá í þessum karlaheimi. En þetta var nú útúrdúr

frá frv. sjálfu en ekki útúrdúr frá því fjármálaástandi sem við blasir líti maður á þá hópa sem ég hef gert að umtalsefni.

En eins og ég sagði áðan, í sjálfu sér lýsi ég ekki andstöðu við innihald frv. sjálfs, heldur meðferð þess og hvet til þess að betur verði unnið að því og málum sem því tengjast áður en hinu háa Alþingi er ætlað að afgreiða það. En ég bendi þó á í leiðinni að í því eru líka faldar hættur sem hugsanlega gætu leitt til hækkunar verðlags ef ekki er gripið til annarra aðgerða um leið, t.d. héldu málsvarar landbúnaðar því fram að þetta mundi leiða til 2% hækkunar á landbúnaðarvörum. Eins og ástatt er nú er ekki víst að heimilin þoli það, en við skulum þá endilega sýna því tillitssemi líka og þrepa okkur þar varlega með sama hætti og hér er lagt til að gert verði við þær atvinnugreinar sem hingað til hafa verið undanskildar þessum gjöldum.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um tryggingagjald. Það hefur nú þegar fengið nokkuð ítarlega umfjöllun, bæði að efni og formi, en ég tel rétt að láta koma fram viðhorf mitt til þessa frv. Það er þegar ljóst að það frv. sem fyrir liggur, þ.e. sú skattlagning sem um er að ræða fyrir árið 1991, er nokkru lægri en gert er ráð fyrir að tryggingagjaldið skili í því fjárlagafrv. sem þegar er til umfjöllunar á þinginu. Þar er gert ráð fyrir að þetta tryggingagjald skili um 1600 millj. kr. en samkvæmt því frv. sem nú liggur fyrir mun það ekki skila nema 425 millj. kr. Hér er því ekki um mjög miklar breytingar að ræða á þessum gjöldum en nokkuð verulega lækkun frá því sem fyrir liggur í fjárlagafrv.

Þótt um fremur litla breytingu sé að ræða er óhætt að segja að afleiðingar þessa frv. geta verið nokkuð margvíslegar. Fyrst er þar til að taka að um er að ræða sameiningu gjalda og samræmingu innheimtu. Það hygg ég að sé af hinu góða. En mikilvægustu þættir þessa frv., og fjalla ég þá eingöngu um málið eins og það liggur fyrir fyrir árið 1991 en ekki þá framtíðarsýn sem fjmrh. hefur lýst hér með samræmingu fram í tímann eða fram á árið 1993, eru samræming milli félagaforma annars vegar og hins vegar milli atvinnugreina. Það er alveg ljóst þó ekki sé í miklum mæli að um er að ræða íþyngingu á útflutningsgreinum og samkeppnisgreinum umfram þjónustugreinar og verslun og aðrar greinar ýmsar. Nokkur hækkun er á skattlagningu til landbúnaðar og sjávarútvegs og það er út af fyrir sig umhugsunarefni á þeim tíma þegar raungengi íslensku krónunnar fer nokkuð hækkandi. Eigi að síður er það sjónarmið eðlilegt og á rétt á sér að samræma þessa gjaldtöku á milli greina.

En jafnframt er um að ræða það sem kallað er á fínu máli samræming á milli félagaforma, þ.e. samræming gjalda milli hinna ýmsu rekstrarforma, hlutafélaga og sameignarfélaga annars vegar og hins vegar einkareksturs. Það er alveg ljóst að með þessu frv. þyngist nokkuð skattlagning á því sem við mundum kalla einkarekstur eða atvinnurekstur einyrkja og sjálfstæðra atvinnurekenda. Ég hygg að þar komi menn að nokkrum stórum spurningarmerkjum, hvort menn eru að freista þess að samrýma það sem ósamrýmanlegt er. Það er alveg ljóst að skattlagning félagaforma er mjög mismunandi. Einfaldast er auðvitað að benda á mismuninn á tekjuskattsprósentu einkareksturs og félagaforma sem er mikill. Þarna eru menn að tala um að samræma tiltölulega einföld og lág gjöld. En ég hygg að menn komist aldrei fram hjá þeim mun sem um er að ræða þegar að félagaformunum kemur, að í einkarekstri bera menn ábyrgð á öllu sem þeir gera eða öllu sem þeir eiga. Þar er grundvallarmunur eða á til að mynda hlutafélagaforminu.

Umræður hafa nokkuð snúist um aðstöðugjaldið og margir ræðumenn, þar á meðal fjmrh. og forsrh., hafa gert það að umræðuefni að fella aðstöðugjaldið niður með samningum við sveitarfélögin og það sé markmið sem keppa beri að. Ég er því sammála. Ég hygg að aðstöðugjaldið sé ljóslega ranglátur skattur þar sem um er að ræða veltuskatt. Fram hjá því verður hins vegar ekki horft að aðstöðugjaldið er veigamikill tekjustofn sveitarfélaganna og þar verða auðvitað að fara fram ítarlegar viðræður við sveitarfélögin. Hér er um viðamikla kerfisbreytingu að ræða ef menn ætla að hverfa frá aðstöðugjaldinu.

Ég hygg jafnframt að aðstöðugjaldstekjustofninn sé nokkuð mismunandi eftir því hvaða sveitarfélög um er að ræða. Breyting á aðstöðugjaldi eða afnám þess mun snerta Reykjavíkurborg mjög verulega fram yfir ýmis önnur sveitarfélg. En þegar menn tala um að eðlilegt sé að afnema aðstöðugjald vegna þess að það sé brúttóeða veltuskattur, þá þurfa menn jafnframt að hafa í huga að auðvitað er launaskattur, eða tryggingagjald sem hér er um að ræða, brúttóskattur. Þar er um að ræða skatt á laun. Og allir hlutir orka tvímælis þá gerðir eru. Ljóst er að jafnframt því sem aðstöðugjald mismunar greinum mjög eftir veltu, þá mismunar launaskattur eða tryggingagjald hinum ýmsu atvinnugreinum og fyrirtækjum mjög eftir því hve vægi launa í rekstri er mikið. Launadreifing hinna ýmsu greina í atvinnulífinu er mjög mismunandi og hár launaskattur refsar fyrst og fremst þeim greinum sem eru með marga í vinnu og greiða mikil laun.

Annar megingallinn við launaskattinn er auðvitað sá að hann safnast upp í kerfinu eins og söluskatturinn gerði áður og menn fá uppsafnaðan söluskatt eftir því sem lengra kemur í virðisaukanum og uppsafnaðan launaskatt eftir því sem lengra kemur. Launaskattur er því út af fyrir sig umhugsunarefni eins og reyndar allir skattar.

En auk þessara atriða og þeirra áhrifa sem hér er um að ræða hefur verið vakin athygli í þessari umræðu á atvinnuleysistryggingagjaldinu. Þegar um er að ræða samræmingu þar þurfa menn að horfa til þess að nokkurt jafnvægi sé annars vegar í gjöldum eða gjaldtöku og hins vegar þeim ávinningi sem einstakir aðilar hljóta. Það er ljóst að ýmsir einyrkjar og sjálfstæðir atvinnurekendur og jafnvel fleiri sem þetta atvinnuleysistryggingagjald er nú lagt á njóta ekki atvinnuleysisbóta. Það er boðað að það mál verði tekið til athugun-

ar og hefði verið fróðlegt að sjá slíkt frv. samhliða því frv. sem hér er um tryggingagjald. Vonandi verður það unnið af samviskusemi og sér dagsins ljós innan stutts tíma.

Hér er um að ræða nokkra breikkun á skattstofni með þessu tryggingagjaldi. Annars vegar er launaskatturinn færður út og lagður á hlunnindi sem ekki hefur verið lagt á áður og hins vegar eru gjöld felld á aðila sem ekki greiddu þau áður. Það er auðvitað ljóst að þar sem um er að ræða samræmingu til staðgreiðslu á þessum gjöldum, þá er um einhverja hækkun að ræða á sumum þessara gjalda vegna verðbólgu og þess að þau voru venjulega greidd árið á eftir. Ég hygg að hér sé þó ekki um mikið mál að ræða. Umhugsunarefni í þessu öllu er auðvitað sú samræming skattlagningar sem margir hafa gert að umræðuefni við Evrópubandalagið eða hið Evrópska efnahagssvæði. Hygg ég að þeim mun harðari sem samkeppnin verður og opnara efnahagssvæðið verður, því erfiðara verði að leggja hærri skatta á fyrirtækin hér en almennt gerist innan þess svæðis.

Margt horfir til bóta með því frv. sem hér er lagt fram þó að margt veki auðvitað spurningar og sé umhugsunarefni jafnframt. Ég kemst ekki hjá því í umræðum um þetta frv. að ræða örlítið almennt um ríkisreksturinn og vil þá ekki síst beina orðum mínum til fjmrh. sem af stakri samviskusemi situr hér undir öllum þessum umræðum sem þó kunna að vera nokkuð misjafnar að mikilvægi.

Það er alveg ljóst eftir 2. umr. fjárlaga að halli á ríkissjóði í þeim frv. sem nú liggja fyrir er um 4,5 milljarðar kr. Það er líka ljóst eftir þær umræður sem hér hafa farið fram að miðað við það sem þessu tryggingagjaldi er ætlað að skila og því að menn virðast almennt horfnir frá hafnamálagjaldi sem gert er ráð fyrir í frv., þá verða tekjur frv. um 1,6 milljörðum minni en þar er gert ráð fyrir. Samanlagt mundi þetta tvennt valda halla á ríkissjóði sem næmi rúmlega 6 milljörðum kr. Þá á að vísu eftir að fara fram nokkurt endurmat á tekjum frv. sem úr því muni draga aftur og vafalaust *færa þennan halla niður í kringum 5 milljarða*. En 5 milljarða kr. halli er gríðarlega há upphæð þó að sú tala skeri sig ekki úr þeim halla sem ríkissjóður hefur verið með á undanförnum árum og jafnvel hefur hann verið hærri. Hér er þó um að ræða frv. og til þess að menn hafi dálítinn samanburð þá hygg ég að 5 milljarðar svari til 200–300 einbýlishúsa eða húsabyggðar í dálitlu þorpi. Hér er því um mjög verulega fjármuni að ræða og þeir eru mér og vafalaust mörgum fleiri mikið áhyggjuefni. Ég held að fjmrh. geri sér fyllilega grein fyrir því að þessi halli verður ekki jafnaður með tekjuaukningu einvörðungu. Hann er meiri en svo. Hann er að verða það langbundinn inni í ríkissjóði að ekki verður hjá því komist að horfa miklu fastar á gjaldahliðina en gert hefur verið. Það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að skoða ríkiskerfið með víðtækan uppskurð og hagræðingu í huga. Þeim orðum vil ég mjög beina til fjmrh. að hann beini athygli sinni að gjaldahliðinni og þeim liðum.

Ég vil í því sambandi vekja enn á ný athygli á till. til þál. sem fjórir þingmenn Framsfl. lögðu fram á síðasta þingi en ekki náði afgreiðslu. Þar var bæði í tillögugrein og greinargerð vakin ítrekað athygli á því að auknar tekjur verða ekki sóttar til fyrirtækja og almennings í þeim mæli að unnt sé að ná jöfnuði í fjármálum ríkisins. Það er þess vegna ekki verjandi annað en að hefja kerfisbundinn uppskurð ríkiskerfisins. Í það verður að leggja mikla vinnu. Það er engan veginn einfalt mál en það er mál sem er óhjákvæmilegt að takast á við.

Tillögumenn þeirrar þáltill. sem ég hef nú nefnt lögðu áherslu á ein sjö atriði sem ég vil í örstuttu máli vekja athygli á.

Í fyrsta lagi að starfsmarkmið ríkisstofnana verði endurmetin og þau markmið sem lögð eru til grundvallar við reksturinn verði þannig skilgreind að nýju og afnumin sjálfvirkni í útgjöldum. Þarna er auðvitað um að ræða atriði sem verður að vinnast í samvinnu við forstöðumenn viðkomandi stofnana og hér er um að ræða vandasamt verkefni. Við lögðum jafnframt áherslu á að skoðað verði í hve miklum mæli megi sameina stofnanir, einfalda starfsemi og koma hagræðingu við og að leggja megi niður stofnanir og fyrirtæki innan ríkisins þar sem fella má starfsemina undir aðrar stofnanir. Við lögðum áherslu á að sem flestar ríkisstofnanir fái sem sjálfstæðastan fjárhag og stjórnendur beri ábyrgð á að halda stofnunum innan fjárlagarammans. Fjmrh. hefur þegar lagt fram frv. sem miðar nokkuð í þessa átt, þ.e. heimilar einstökum stofnunum að gera kjarasamninga, og hygg ég að það sé skref sem fer mjög í rétta átt.

Við flm. þessarar þáltill. lögðum jafnframt áherslu á að gerð yrði úttekt á ýmsum þáttum í rekstri ríkisstofnana sem bjóða mætti út og haldið verði áfram að huga að sölu á ríkisfyrirtækjum. Við lögðum áherslu á að reyna að koma því við að verkaskipting starfsmanna verði ekki eins afmörkuð og nú er. Þar gæti ég trúað að einmitt það frv. sem ég vitnaði til að fjmrh. hefur lagt fram gæti haft veruleg áhrif.

Við lögðum áherslu á að stjórnkerfi ríkisstofnana verði gert virkara og við það miðað að stjórnendur geti auðveldlega lagað reksturinn að fjárlögum. Jafnframt lögðum við áherslu á að þess yrði freistað að fara svipaða leið og Danir hafa í sínum þrengingum verið að leggja til, þ.e. að ríkisstarfsmönnum verði fækkað um 1,5–2% á næstu þremur árum.

Eins og ég sagði áðan varð þessi tillaga ekki útrædd. Hún stöðvaðist í nefnd og náði ekki afgreiðslu. Ég hygg þó að hér sé aðeins drepið á nokkur af þeim atriðum sem miklu máli skipta í þessu sambandi. Ég er alveg sannfærður um að fjmrh. hefur enn fleiri atriði í sínum huga og lætur sjálfsagt huga að enn fleiri atriðum varðandi uppskurð ríkiskerfisins. En ríkissjóður hefur á undanförnum árum verið rekinn með gríðarlega miklum halla. Ef dæma má af línuritum í fjárlagafrv. hefur hann þó heldur farið minnkandi en hitt á síðustu árum en hann er auðvitað of mikill. Við það verður ekki búið. Hér er um gríðarlega háar tölur að ræða og ég held þess vegna að eitt allra brýnasta verkefnið í efnahagslífi íslensku þjóðarinnar í dag sé

einmitt uppskurður á ríkiskerfinu og það verkefni að ná tökum á halla ríkissjóðs. Kannski er einmitt þar innbyggð sú tímasprengja sem hættulegust kann að reynast í jafnvægi sem þó hefur tekist að skapa í okkar efnahagslífi á undanförnum missirum. Hér er vissulega um langtímaáætlun að ræða, að einfalda ríkiskerfið og skera það upp. En jafnframt verða alþingismenn að gera sér grein fyrir því að ekki er unnt að hengja stöðugt nýja pinkla á ríkissjóð. Menn verða að sameinast í því átaki að taka hér á.

Ég ætla mér ekki í þessari ræðu að fara í einstaka liði eða nefna til einstök dæmi. Ég get þó nefnt það að mér hefur oft orðið það umhugsunarefni til að mynda varðandi menntakerfið að Íslendingar ljúka stúdentsprófi ári síðar en flestir erlendir jafnaldrar þeirra. Það hlýtur að beina hug okkar að því hvort unnt sé að stytta með einhverju móti námstíma fram að stúdentsprófi á Íslandi um eitt ár. E.t.v. gæti þar leynst dálítið átak. Stundum hefur verið sagt um íslenska menntakerfið að megingalli þess sé sá að þar sé of mikið kennt en of lítið lært.

Ég er alveg viss um það að þau átök sem menn einhenda sér í nú varðandi aukna samvirkni stóru sjúkrahúsanna, til að mynda í Reykjavík, með einhvers konar skipulagðri þróunarstjórn sem samræmir verkaskiptingu og átak á milli þeirra og nýtingu getur leitt til verulegs sparnaðar. En einmitt í framhaldi af þeirri umræðu sem hér fer fram um auknar tekjur til ríkisins, í þeim vanda sem ríkissjóður óneitanlega er, vil ég enn á ný vekja athygli fjmrh. á því að hjá því verður ekki komist að líta berum augum á gjaldahliðina og menn verða að ná samstöðu um það að einhenda sér í það að skera ríkiskerfið upp og ná þar aukinni hagræðingu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Fulltrúi Kvennalistans í þessari umræðu flutti býsna skondna ræðu. Síðari hluti ræðunnar var svona almenn mórölsk hugvekja um skort á löggiltum talsmönnum fjölskyldna og heimila, sennilega flutt vegna þess að hv. þm. hefur fundist svo sem þetta frv. bæri með sér umhyggju fyrir heimilum og fjölskyldum í landinu. Fyrri hluti ræðunnar gekk hins vegar út á það að styðja efnisatriði þessa frv. Og hvernig koma nú þessar tvær almennu yfirlýsingar sem lesa mátti út úr ræðu hv. þm. heim og saman?

Þetta frv. felur í sér að það á að hækka skatt á laun sem greidd eru í landinu, í fyrstu um 500 millj. kr. en síðan á að hækka á næstu tveimur árum þar á eftir skatt á öll laun sem greidd eru í atvinnugreinum sem laus eru við launaskattheimtu í dag. Þar er um að ræða sjávarútveg og iðnað. Án þess að ég hafi hér við hendina tölur um hlutdeild kvenna í fiskvinnslu og almennum iðnaðarstörfum þá hygg ég að konur séu býsna stór hluti starfsmanna í þessum tveimur atvinnugreinum. Þessar atvinnugreinar eiga að taka á sig nýja skattheimtu í formi launaskatts. Auðvitað er hægt að auka launakostnað á marga vegu. Það er hægt að gera þetta með því að hækka laun og greiða þau út til starfsfólksins. Það er líka hægt að gera með þeim hætti sem hér er verið að leggja til, að leggja skatta ofan á launin og færa peningana ekki frá atvinnurekstrinum yfir til launafólksins heldur frá atvinnurekstrinum yfir til ríkissjóðs. Og það er einmitt sú leið sem hér er farin.

Ef við ætlum að stefna að varanlegum stöðugleika í verðlagsmálum á næstu árum þá má öllum vera ljóst að sýna þarf verulegt aðhald á öllum sviðum í opinberum rekstri og í rekstri atvinnufyrirtækja og í rekstri heimila. Ég hygg að launþegahreyfingin hafi sett sér það markmið að ná u.þ.b. 1% kaupmáttaraukningu á næsta ári. Hæstv. ríkisstjórn er nú að rýra þá möguleika með því að leggja þennan launaskatt á og hún mun rýra þann möguleika ef hún ætlar að fara fram með hugmyndir sýnar um að auka skattheimtu á eldsneyti bifreiða. Þó tölur í þessu efni sýnist í fljótu bragði ekki vera stórar þá skulum við hafa það í huga að skattabreytingar sem leiða til 0,3% verðlagsbreytinga taka til baka $^1/_3$ af áformaðri kaupmáttaraukningu launafólksins. Þetta sýnir glöggt hvað stærðirnar í þessu skipta miklu máli og hversu tölur sem mönnum almennt finnst vera lágar geta skipt miklu máli þegar verðlagsbreyting upp á ekki stærri tölu en 0,3% tekur til baka $^1/_3$ af áformaðri kaupmáttaraukningu. Það sem gerast mun þegar þessar krónur, sem hæstv. ríkisstjórn telur að atvinnufyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði geti bætt við sig í launakostnaði, renna í ríkissjóð en ekki til launþega er það að á næstu tveimur árum er verið að rýra möguleika starfsfólks í sjávarútvegi og iðnaði til þess að bæta kaupmátt sinn um 2%. Og 2% kaupmáttaraukning er býsna stór tala á næstu tveimur árum í þeirri kröppu stöðu sem við erum eftir það mikla kaupmáttarhrap sem hér hefur orðið. Og á hverjum bitnar þetta? Það bitnar að stórum hluta til á konum sem vinna í fiskiðnaði og almennum iðnaði. Það er verið að rýra svigrúm þeirra til þess að bæta kaupmátt sinn sem þessu nemur vegna þess að hæstv. ríkisstjórn telur að það fari betur á því að hún ráðstafi þeim fjármunum sem þarna kunna að vera til ráðstöfunar fremur en heimilin í landinu og það fremur en heimili fiskverkakvennanna og iðnverkakvennanna. Það á hins vegar að lækka launaskattinn í atvinnugreinum verslunar og þjónustu þar sem laun eru almennt hærri en í sjávarútvegi og iðnaði. Ýmsum kann að finnast það nokkuð skrýtin pólitík við þessar aðstæður að auka svigrúm starfsfólks í þessum atvinnugreinum til þess að bæta kaupmátt sinn en rýra svigrúm starfsfólks í iðnaði og sjávarútvegi á sama tíma. Ég er þeirrar skoðunar að það sé álit æði margra að það væri almennt séð meiri þörf á að bæta kaupmátt þess fólks sem starfar í sjávarútvegi, fiskvinnslu og almennum iðnaði. En frv. felur í sér að rýra þennan möguleika og eftir allar þær stóru yfirlýsingar sem Kvennalistinn hefur viðhaft um grundvöll stefnu sinnar, að bæta kjör kvenna og barna, þá sýnist mér að það horfi nokkuð einkennilega við þegar Kvennalistinn lýsir yfir svo áköfum stuðningi við frv. sem rýrir möguleika fiskvinnslukvenna og iðnverkakvenna til þess að bæta kaupmátt sinn.

Hversu mjög sem menn tala um mikilvægi samræmingar í skattheimtu þá verður þessi veruleiki ekki um-

flúinn. Menn taka þá hagsmuni starfsfólksins í þessum atvinnugreinum og setja þá til hliðar og meta hagsmuni skattheimtunnar meira og hinna tæknilegu, almennu sjónarmiða við skattheimtu. Þau geta verið góð og gild um margt en það er athygli vert að afstaða hæstv. ríkisstjórnar til þessara atvinnugreina, atvinnufyrirtækjanna og starfsfólksins sem hjá þeim býr, kemur mjög skýrt fram í stefnumörkun þessa frv. Það á að létta undir með verslun og þjónustu, og ég ætla ekki að gagnrýna það, á sama tíma og verið er að íþyngja framleiðslugreinum sjávarútvegs og iðnaðar. Ég efast hins vegar um að það sé skynsamlegt út frá almennum markmiðum um það að auka hér framleiðni og verðmætasköpun að íþyngja með þessum hætti sérstaklega þessum atvinnugreinum í landinu. Og ég efast um að það sé skynsamleg pólitík að þrengja kosti þess starfsfólks sem hjá þessum atvinnufyrirtækjum vinnur umfram kosti starfsfólks sem vinnur í öðrum atvinnugreinum.

Það kemur mér ekki á óvart að vinstri ríkisstjórn eins og sú sem hér situr skuli kynna pólitík af þessu tagi sem bitnar á þessum atvinnufyrirtækjum og bitnar á þessu starfsfólki því að sú umhyggja sem þeir á stundum hafa lýst í orðum fyrir því launafólki sem hér á í hlut hefur fyrir löngu gufað upp og ummæli þeirra og stefnuyfirlýsingar borið merki skinhelginnar einnar saman. En því meiri furðu vekur að Kvennalistinn skuli taka undir pólitíska stefnumörkun af þessu tagi sem augljóslega bitnar á launafólki sem sá stjórnmálaflokkur hefur í orði kveðnu borið nokkuð fyrir brjósti á undanförnum árum. Ég ætla ekki að gera því skóna að óreyndu að Kvennalistinn hafi bæst í skinhelgisflokk núv. ríkisstjórnarliðs og vona satt best að segja að þessi stefnumörkun byggist fremur á ónógri íhugun á þeirri raunverulegu stefnumörkun sem í frv. felst.

Um þetta frv. mætti fara mörgum orðum. Það hefur komið fram hér mörgum sinnum í dag að innan hæstv. ríkisstjórnar er ekki samstaða um þetta frv. og því nokkuð sérstætt að vera að ræða hér við 1. umr. stjfrv. þar sem stjórnarflokkana greinir á í höfuðatriðum um það hvernig að skattlagningunni skuli staðið. Frv. ber sem sagt með sér hvers konar verklag og hvers konar verkstjórn á sér stað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Frv. ber í annan stað með sér að hæstv. ríkisstjórn hefur heykst á öllum áformum sem hún hafði uppi um takmarkaðan halla á ríkissjóði. Hún hefur gefist upp í þeirri baráttu með eindæmum. Þetta eru megineinkenni þess frv. sem hér liggur fyrir og þess vegna gefur það tilefni til almennrar umræðu um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, áhrif þeirrar uppgjafar á þróun peningamála og verðlags og verðbólguhorfur á næstu árum. Ljóst má vera að sú uppgjafarstefna í ríkisfjármálum sem þetta frv. ber vott um hlýtur að leiða til þess að þensla verður meiri á peningamarkaði á næsta ári og vextir, sem hafa vegna ónógrar festu í ríkisfjármálum verið að hækka á þessu ári, munu enn hækka á næsta ári. Þetta frv. er þess vegna staðfesting á þeirri alvarlegu aðvörun sem fram kom í skýrslu Seðlabankans í byrjun þessa mánaðar að ástandið á peningamarkaðnum að undanförnu hefði verið svikalogn og alvarlegri tíðindi væru þar í vændum. Hér liggur á borðinu í dag fyrsta óræka sönnunarmerkið um afleiðingar þess skipbrots sem stjórnarstefnan er við þessar aðstæður.

Það er líka fróðlegt að líta á þetta frv. í ljósi nýlegra stefnuyfirlýsinga frá hæstv. ríkisstjórn. Það er ekki langt síðan hæstv. menntmrh. taldi að óhjákvæmilegt væri að hækka skatta til viðbótar þeim 15 milljörðum sem þegar eru komnir í skattahækkunum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um 9 milljarða. Menn minnast þess þegar hæstv. forsrh. fyrir fáum vikum lýsti því að fram undan væru miklar skattahækkanir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og fram kom á flokksþingi Framsfl. að meginstefnumið framsóknarmanna í næstu kosningum væri boðorðið um verulegar skattahækkanir. Í reynd ætlaði Framsfl. ekki að fara með annan boðskap til kjósenda en kröfuna um meiri skatta. Og að undanförnu hefur komið æ betur í ljós að það er áform ríkisstjórnarflokkanna þriggja að ganga sameiginlega til kosninga, leita sameiginlega eftir endurnýjuðu umboði og sjálfsagt ætla þeir að freista þess að fá Kvennalistann með til áframhaldandi samstarfs þegar Borgfl. hefur fengið dánarvottorð sitt útgefið í næstu kosningum. Ég minnist þess að það er ekki langt síðan að Kvennalistinn gaf út yfirlýsingu um það að hann ætlaði nú loks í ríkisstjórn. Þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið af hálfu Kvennalistans í dag benda til þess að hann stefni þráðbeint í þetta nýja skattahækkunarsamstarf. Vafalaust munu kosningarnar í vor fyrst og fremst snúast um þá sameiginlegu ákvörðun vinstri flokkanna að hækka hér skatta mjög verulega á næsta ári. En þeir heykjast á að koma þeim áformum fram nú í aðdraganda kosninganna. Þeir þora ekki að sýna á spilin fyrir kosningar og því stendur hæstv. fjmrh. í þessum skelfilegu sporum, sem hann stendur hér í í dag, að geta ekki einu sinni flutt þau frv. sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir og eftir að hafa þurft að gefa meiri hluta þeirra eftir stendur hann frammi fyrir því að forustuflokkurinn í ríkisstjórn segist ekki vera sammála frv. eins og það liggur hér fyrir. Þetta er nú það ástand sem við blasir í þessu efni.

Það er ærin ástæða til að skoða ítarlega ýmis atriði þessa frv. þegar það kemur til formlegrar meðferðar í nefnd. Þetta frv. kallar á mjög vandaða málsmeðferð í hv. fjh.- og viðskn. því að það tengist ekki aðeins tæknilegum breytingum á sköttum, það tengist afkomu atvinnugreina, það tengist mismunandi möguleikum launafólks til þess að bæta kaupmátt sinn á næstu árum og það tengist ýmiss konar annarri löggjöf í þjóðfélaginu og breytingar í sumum efnum að því er það varðar þurfa að liggja fyrir áður en þetta frv. verður samþykkt frá Alþingi.

Í tveimur atriðum a.m.k. er verið að gera ráð fyrir gjaldtöku af aðilum sem ekki njóta þjónustu eða réttinda í samræmi við þá gjaldheimtu. Af augljósum ástæðum þarf að taka þessi atriði til skoðunar. Hér er gert ráð fyrir því að útvegsmenn til að mynda greiði sérstakt gjald til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir njóta ekki þjónustu Vinnueftirlitsins heldur er það Siglingamálastofnun sem annast sambærilegt eftirlit og sambæri-

lega þjónustu í fiskiskipunum. Með þessu er verið að tvískatta útgerðina fyrir sambærilega þjónustu. Þetta atriði þarf að taka til rækilegrar skoðunar og sömuleiðis þau atriði sem þegar hefur verið bent á í þessari umræðu að því er varðar skattheimtu af aðilum til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem ekki njóta þar réttinda. En það er rétt að vekja á því athygli enn einu sinni að um Atvinnuleysistryggingasjóð gilda nú lagareglur sem að mínum dómi stríða gegn stjórnarskrá Íslands og alveg augljóslega stríða gegn þeim mannréttindayfirlýsingum sem við erum aðilar að með því að réttur til atvinnuleysisbóta er bundinn við aðild að stéttarfélögum. Þessi atriði og fjölmörg fleiri þarf að taka hér til skoðunar við meðferð frv. í hv. nefnd og þá löggjöf sem þessum þáttum tengjast. Hér þarf einnig að horfa á lífeyris- og slysatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins.

Það er athygli vert að sú skattahækkun sem koma á til framkvæmda í fyrsta þrepi þessara breytinga felur í sér að til að mynda bændur, sem að undanförnu hafa lagt sig verulega fram um að halda hér niðri verðlagi, m.a. með því að gefa eftir í sjálfvirkum útreikningi á launalið bóndans í vísitölugrundvelli búvörunnar, þurfa nú að sæta því að um leið og hæstv. ríkisstjórn hefur beitt áhrifum sínum í þá veru þá kemur hún og ætlar að leggja á þá 74 millj. kr. í nýjum launaskatti. Allt stangast hér hvað á annars horn í málsmeðferð hæstv. ríkisstjórnar frá einni vikunni til annarrar eða frá einum deginum til annars. Frv. ber þess glögg merki að engin samfella eða heildarstefna kemur fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. á þessu stigi máls. Það á eftir að fá mjög rækilega umfjöllun í hv. nefnd. Hæstv. ríkisstjórn á eftir að koma sér saman um hvað hún ætlar að leggja til í þessu efni og af þeim ástæðum er ekki tilefni til að eyða löngum tíma hér í lokaönnum Alþingis fyrir jól í umræður um þetta frv.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ekki veit ég nú hvort á að taka alvarlega þá rispu sem hv. 1. þm. Suðurl. tók hér í stólnum og þennan skyndilega áhuga hans á kjörum kvenna. Ég vil strax leiðrétta þann misskilning að ég hafi tengt þetta frv. nokkuð hag kvenna eða lýst mig samþykka innihaldi frv. vegna þess að það væri svo kvenvinsamlegt. Það er langt því frá. En hitt er athyglisvert hver orð hann velur þegar hann kaus að kalla það „móralska hugleiðingu". Það er sérkennilegt að ef minnst er á — og nú vil ég biðja hv. 1. þm. Suðurl. að hlýða á orð mín — það er sérkennilegt að ef talið berst hér að konum, heimilum, fjölskyldu eða börnum, þá skuli það vera kölluð „mórölsk hugleiðing". Í þeim orðum liggur viss merking. Það er svona nokkuð hlægilegt að flytja móralskar hugleiðingar, það er gjarnan þröngsýnt, vandlætingarfullt fólk sem það gerir. Við notum þessi orð a.m.k. í þeirri merkingu, og tilefni mitt til þessarar „mórölsku hugleiðingar" var einmitt að ég var að lýsa söknuði yfir því að konur þessa lands, sem eru meira og minna ábyrgar fyrir heimilum og fjölskyldum þessa lands, skyldu aldrei eiga sér nokkurn málsvara þegar kemur að skattabreytingum eða öðru sem varðar kjör þeirra.

Þó að nú komi atvinnugreinar til með að greiða launaskatt, ef þetta frv. nær fram að ganga, sem áður gerðu það ekki, þá eru það ekki nokkur rök fyrir hækkuðum eða lækkuðum eða sömu launum kvenna. Ég þekki þess engin dæmi að undanþágur sem ríkið hefur veitt af einhverju tagi hafi komið konum til góða í formi launahækkana. Ég vil minna á það að árið 1986 voru fiskvinnsla og iðnaður undanþegin þessu skatti. Það var í stjórnartíð Sjálfstfl. Voru þeir peningar sem þá losnaði um notaðir til þess að bæta laun kvenna í iðnaði og fiskvinnslu? Nei, ónei. Svo þetta er hræsnin ein og til þess eins gert að reyna að tengja með einhverjum hætti Kvennalistann við núv. ríkisstjórn. Hefur Sjálfstfl. ekkert hugsað sér að reyna stjórnarmyndun í vor? Eða vilja þeir það ekki og segja þess vegna endilega að núv. ríkisstjórn ætli að sitja áfram með hjálp Kvennalistans? Er það til þess að firra sig sjálfa þeirri ábyrgð að þurfa hugsanlega að standa að stjórnarmyndun? (**Gripið fram í:** Er þetta bónorð?) Nei, ég er bara að hvetja formann Sjálfstfl. til dáða. Ég ætla að vona að hann gefist ekki upp fyrir kosningar.

Konur eiga ekki að þurfa að eiga kjör sín undir því hvort atvinnugreinar eða fyrirtæki njóti undanþága eða ívilnana frá ríki eða hinu opinbera. Það eiga þær að fá vegna vinnu sinnar og vegna þess verðmætis sem þær skapa í þessu þjóðfélagi og það að konur hafa ekki getað sótt sér þau laun sem þeim ber, það er hugmyndafræði. Það hefur ekkert með ívilnanir að gera. Það hefur heldur ekkert með móralskar hugleiðingar að gera. Það er hugmyndafræði og það er hún sem þarf að breyta og hv. þm. ætti að taka til í eigin búi og reyna að bæta sína eigin hugmyndafræði og það strax.

Það er athyglisvert að hv. 1. þm. Reykv. lýsti sig líka samþykkan innihaldi frv. Því vændi hv. 1. þm. Suðurl. ekki samflokksmann sinn um kvenfjandsamleg sjónarmið eða ber honum alls ekkert að bera hag kvenna fyrir brjósti? Er það allt í lagi þó karlmenn sveifli sér eins og Tarsan á milli trjánna og taki bara ekkert eftir aumingja Jane sem liggur niðri í skógarbotninum? Það er bara alls ekkert þeirra mál. En það á auðvitað að vera okkar mál. Þið komið alltaf upp um ykkur, þetta er nefnilega bara okkar kvennanna mál, þetta eru ekkert ykkar mál nema þegar þið reynið að slá ykkur upp á því í ræðustól.

Fyrir tveimur árum síðan var efnt til mikillar hagræðingar m.a. í sjávarútvegi. Það er mál manna að sú hagræðing hafi víða tekist allvel og átt sinn þátt í því að þar hefur nú dæminu verið snúið við og afkoman miklu betri en hún var. Hvernig skilaði það sér til kvenna? Í stórlækkuðum kaupmætti. Það var nú árangurinn af þeirri hagræðingu. Ég skora á hv. þm. að koma hér í ræðustól og nefna eitt einasta dæmi um þetta, að konur hafi notið góðs af ívilnunum, undanþágu, hagræðingu, sparnaði eða hvaða nafni sem þið viljið nefna það. Hann getur ásakað mig eða hvaða þingmann Kvennalistans sem er um kvenfjandsamleg

viðhorf en hann skyldi svo sannarlega standa betur fyrir máli sínu og hugsa sig vel um áður en hann gengur í þennan stól aftur.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég skal fyrir mitt leyti verða við þeim tilmælum að lengja ekki þessa umræðu. Ég lít hins vegar svo á að reiðirispa hv. 12. þm. Reykv. beri þess nokkurn vott að athugasemdir mínar hafi komið við viðkvæman blett. Hvað sem líður öllum hugsjónum þá geta menn ekki vikist undan þeirri staðreynd að sé kostnaður atvinnufyrirtækjanna af launum hækkaður um 2%, þá rýrir það möguleika þeirra að sama skapi til þess að bæta kjör starfsfólksins. Sú staðreynd er afar augljós og þarf ekki að fara í langar ræður þar um. Það kann að vera almennt eðlilegt markmið að samræma skattheimtu en við núverandi aðstæður sýnist mér að það sé alveg augljóst að sú jöfnun verður gerð á kostnað þeirra atvinnugreina sem í hlut eiga og þess starfsfólks sem þar vinnur. Ég hlaut að vekja athygli á því að stór hluti þess starfsfólks eru einmitt konur sem Kvennalistinn hefur verið að bera fyrir brjósti í orðræðum undanfarin ár.

Ég minni á það að launaskattur var með öllu lagður niður í þessum tveimur atvinnugreinum í tengslum við kjarasamninga sem gerðir voru árið 1986. Vegna hvers? Vegna þess að það var að mati launafólksins sjálfs og atvinnurekendanna eina leiðin til þess að bæta kaupmáttinn og kaupmáttur hefur ekki batnað meira á einu ári um langan tíma en einmitt á því ári. Ég minni á að þegar sú ráðstöfun hafði verið gerð þá voru gerðir samningar, sem um margt voru taldir tímamótasamningar á þeim tíma, á milli atvinnurekenda og launafólks vegna þess að þá voru í fyrsta sinn sett sérstök ákvæði um lágmarkslaun sem ég hygg að hafi fyrst og fremst þjónað þeim sem þá höfðu lægst laun í þjóðfélaginu. Ég hygg að það sé líka rétt fullyrðing sem Kvennalistinn hefur lengi borið fram að að stærstum hluta séu það konur sem eru á lægstu launatöxtunum. Einmitt í kjölfar þessarar breytingar sem gerð var til þess að auðvelda atvinnufyrirtækjunum að bæta kaupmáttinn 1986 var samið um slíka breytingu í kjarasamningum og það var, svo maður grípi til orða úr orðasafni hæstv. fjmrh., nokkuð einstæður viðburður og nokkur tímamót í kjarasamningagerð í landinu. Ég er því þeirrar skoðunar að reynslan færi rök að þeim fullyrðingum sem ég hef hér fært fram og þeim athugasemdum, hvað sem líður öllum hugsjónum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 234. mál (tryggingagjald). — Þskj. 336.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda sem er fylgifrv. með því frv. sem við ræddum hér áðan.

Í frv. til laga um tryggingagjald er gert ráð fyrir að um upplýsingar og eftirlit fari eftir ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Jafnframt er gert ráð fyrir því að álagning tryggingagjalds fari fram samhliða álagningu tekjuskatts og eignarskatts. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um það að staðgreiðsla tryggingagjalds sé bráðabirgðagreiðsla með sama hætti og staðgreiðsla vegna tekjuskatts og útsvars.

Í 2. gr. kemur fram að lögin um staðgreiðslu taki einnig til tryggingagjalds eftir því sem við á eftir ákvæðum laga um tryggingagjald.

Samkvæmt 3. gr. frv. er kveðið á um að endanleg álagning tryggingagjalds fari fram við álagningu opinberra gjalda að loknu tekjuári.

Ég tel að frv. sé einfalt og meginefni þess ljóst og legg til að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 235. mál (frádrættir, tekju- og eignarmörk o.fl.). — Þskj. 337.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 frá árinu 1981. Í þessu frv. er kveðið á um nokkrar breytingar sem snerta skattlagningu einstaklinga í samræmi við það sem boðað er í fjárlagafrv. Breytingarnar miðast við að tryggja óbreytta skattbyrði einstaklinga milli áranna 1990 og 1991.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 kemur fram sú meginviðmiðun að álagning tekjuskatta á einstaklinga á næsta ári skuli vera óbreytt í hlutfalli við heildartekjur þeirra frá því sem gildir árið 1990, þ.e. að skattbyrðin haldist óbreytt milli ára. Áætlað er að meðallaun á mann hækki um 8,5% á næsta ári og heildartekjur heimilanna um 10–11%. Í samræmi við það er áætlað að tekjuskattur hækki um svipað hlutfall. Í þessu felst að helstu frádráttar- og afsláttarliðir tekjuskattskerfisins hækka í samræmi við laun á næsta ári, eða heldur meira en nemur hækkun lánskjaravísitölunnar milli ára.

Árið 1990 er persónuafsláttur fyrir hvern einstakling 21.482 kr. að meðaltali á mánuði, en það jafngildir skattleysismörkum upp á 53.988 kr. á mánuði. Samkvæmt endurskoðaðri spá er reiknað með 8,5% meðalhækkun launa á næsta ári. Í samræmi við það hækkar persónuafsláttur nú um áramótin um 3,2%, úr 22.114 kr. í 22.831 kr. á mánuði fyrir fyrri hluta árs-

ins og í rúmlega 23.800 á síðari hluta þess samkvæmt áætlaðri hækkun lánskjaravísitölu frá desember 1990 til júní 1991. Skattleysismörkin hækka um sama hlutfall og verða 58.600 kr. að meðaltali á næsta ári.

Í fjárlagafrv. voru jafnframt boðaðar ýmsar aðrar breytingar sem ætlunin er að festa í sessi með þessu frv. Rétt er að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 109,5 stig í fjárlögum 1991 miðað við 100 stig 1990. Allar fjárhæðir sem tengdar eru skattvísitölu í lögum um tekju- og eignarskatt munu því hækka um 9,5% á næsta ári. Hækkun fasteignamats milli ára er hins vegar 12%. Þess vegna þykir rétt að hækka skattfrelsismörk eignarskatts sérstaklega í þessu frv. þannig að þau hækki um 12% á milli ára þegar þau hafa verið uppfærð með skattvísitölu. Sama gildir um eignarmörk vegna barnabótaauka og vaxtabóta.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný lögheimilislög og taka þau gildi 1. jan. 1991. Við gildistöku laganna skortir lagagrundvöll undir þá skattaframkvæmd sem ríkt hefur varðandi námsmenn sem tímabundið stofna til heimilis í öðru ríki en Íslandi. Til þess að tryggja að þessir skattþegnar haldi sínum skattalegu réttindum hérlendis á meðan á námi stendur erlendis eru lagðar til breytingar á 70. gr. laga nr. 75/1981. Er því lagt til að þessir aðilar geti þrátt fyrir 1. gr. laga nr. 75/1981 haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt þessum lögum og öðrum lögum um opinber gjöld.

Samkvæmt núgildandi lögum eru markaðsbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxlar, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs og húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins undanþegin eignarskatti að uppfylltum vissum skilyrðum. Nú hefur verið ákveðið að setja á markað nýja tegund ríkisverðbréfa sem hafa hlotið nafnið ríkisbréf. Tilgangurinn með þessari útgáfu er m.a. að brúa bilið milli ríkisvíxla og spariskírteina, svo og að gefa kaupendum ríkisverðbréfa kost á meira úrvali af ríkisverðbréfum, bæði hvað varðar tímalengd og vaxtakjör.

Rétt þykir til þess að taka af öll tvímæli á lagagrundvelli að taka orðið ríkisbréf inn í gildandi lög til þess að tryggja að sömu reglur gildi um ríkisbréfin eins og önnur markaðsbréf sem gefin eru út af ríkinu.

Lagt er til í frv. að tryggð verði innheimta á vanskilum eftir álagningu opinberra gjalda vegna reiknaðs endurgjalds þeirra manna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, þ.e. í þeim tilvikum sem skattaðili hefur ekki staðið skil á fjárhæð þeirri sem skila átti í staðgreiðslu. Hér er kveðið á um það að álagningin skuli vera gjaldfallin 1. ágúst á því ári sem álagningin fer fram.

Enn fremur er í frv. vikið að ákvæðum varðandi bætur til þeirra sem keyptu húsnæði á tilteknu tímabili sem verið hefur umfjöllunarefni hér á þingi fyrr í vetur, m.a. vegna fsp. frá hv. þm. Geir Haarde. Í þeirri umræðu lýsti ég því yfir að ég mundi leggja fyrir þingið tillögur til breytingar á þessum atriðum og er þær að finna hér í þessu frv.

Virðulegi forseti. Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er ætíð fagnaðarefni þegar menn viðurkenna mistök sín og misgerðir og láta iðrun sína koma fram í verki. En það háttar einmitt þannig til um það síðasta atriði sem hæstv. ráðherra gerði hér að umtalsefni og varðar ákvæði til bráðabirgða í því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Þetta ákvæði til bráðabirgða gerir ráð fyrir því að afturkölluð verði sú ósvinna sem hér var ákveðin að frumkvæði fjmrh. um þetta leyti á síðasta ári, er skilgreiningu vaxta var breytt í desembermánuði og sú skilgreining látin ná til alls ársins. Á þessa ósvinnu hef ég margbent, m.a. hér í þinginu á síðasta vori þegar ég lagði fram frv. um að afturkalla þessa breytingu, sömuleiðis eftir skattálagningu á síðasta sumri þegar í ljós kom að hér áttu hlut að máli hópar manna sem ekki höfðu átt sér neins ills von þegar þeir gerðu fjárhagslegar ráðstafanir á árinu 1989 á grundvelli laganna eins og þau voru þá. Síðan lagði ég hér fram frv., virðulegi forseti, sem er 105. mál þingsins um að leiðrétta afturvirk ákvæði bæði að því er þetta atriði varðar og eins að því er varðar útreikning húsnæðisbóta.

Nú háttar þannig til, herra forseti, að ákvæði til bráðabirgða í frv. ráðherra er orðrétt upp úr frv. því sem ég hef hér flutt, upp úr 2. gr. frv. Vænti ég að hv. formaður fjh.- og viðskn. veiti því athygli að ákvæði til bráðabirgða í frv. ráðherra er orðrétt tekið upp úr því frv. sem ég flutti hér um leiðréttingu á afturvirkum ákvæðum og eru það tvær málsgreinar í 2. gr. þess frv. sem ég flutti. Þessu hlýt ég að sjálfsögðu að fagna því hér er viðurkenning ráðherrans, eins og ég gat um, á hans fyrri mistökum í þessu máli og ég fagna því að hann skuli einfaldlega taka þetta ákvæði óbreytt upp úr mínu frv. Hins vegar sakna ég þess, virðulegi forseti, að það skuli þá ekki gengið hreint til verks og þessi afturvirkni leiðrétt að öllu leyti, líka gagnvart því fólki sem varð fyrir barðinu á henni að því er varðar húsnæðisbætur. Ég býst við að það sé miklu minni hópur heldur en vaxtabótaákvæðið og vaxtaskilgreiningin bitnaði á, ég hugsa að það sé minni hópur vegna þess að eflaust hafa margir þeirra sem reiknuðu með húsnæðisbótum getað nýtt sér ákvæði laga um vaxtabætur í þeirra stað.

Hins vegar vil ég láta það koma fram hér við 1. umr. — um leið og ég fagna því að ákvæði til bráðabirgða eins og það er skuli tekið upp úr mínu frv. — að ég mun flytja brtt. við frv. ráðherra um að 1. gr. þess frv. sem ég flutti verði einnig tekin inn í ákvæði til bráðabirgða, en þar er um að ræða þá aðila sem urðu fyrir barðinu á afturvirkni ákvæða varðandi húsnæðisbætur. Ég tel eðlilegt að þetta mál verði klárað í einu lagi og um leið og ég fagna því að ráðherrann skuli ætla að stíga hálft skref, þá skora ég á hann að koma enn frekar til móts og stíga skrefið til fulls og leiðrétta þessa afturvirkni alveg. Býð ég honum sem sé til samstarfs um það að breyta frv. með þeim hætti sem brtt. mínar munu gera ráð fyrir, en ég vænti þess að þær muni

koma til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. samtímis frv.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að þessu atriði en allir eiga leiðréttingu bæði orða sinna og gerða að svo miklu leyti sem þær verða aftur teknar og ég sem sagt fagna því enn á ný að ráðherrann hefur viðurkennt sín fyrri afglöp í þessu máli og er tilbúinn til að leiðrétta þau að hluta til þó svo ég telji rétt að ganga enn lengra og mismuna ekki á milli þeirra sem urðu fyrir barðinu á þessari afturvirkni.

Að því er varðar önnur ákvæði frv., herra forseti, þá er ekki ástæða til þess að hafa um þau mörg orð. Ég tel það að sjálfsögðu eðlilegt að breyta viðmiðunum í lögunum að því er varðar eignarskattsfrelsi og að því er varðar þá liði aðra sem tengjast eignum manna til þess að skattbyrði þyngist ekki með hækkuðu fasteignamati og það er ástæða til þess að fagna því að þetta frv. gerir ráð fyrir því að hækkun fasteignamatsins verði ekki nýtt sem tekjustofn fyrir ríkið. Ég hygg að 2. og 3. gr. frv. auk hinnar 7. séu þessa efnis.

Auk hinna tæknilegu breytinga sem þetta frv. gerir ráð fyrir og varða lögheimili og aðfararhæfni gagnvart aðila í sjálfstæðum atvinnurekstri sem eigi hefur staðið skil á staðgreiðslufé, þá er hér eitt atriði annað sem ástæða er til að gera að umtalsefni og það er 6. gr. frv. sem gerir ráð fyrir því að hin svonefndu ríkisbréf sem nýlega eru komin á markað njóti skattfrelsis með sama hætti og ríkisskuldabréf, húsbréf og ríkisvíxlar. Það er út af fyrir sig eðlilegt að öll skuldabréf ríkisins njóti sömu skattmeðferðar. En mér finnst ástæða til að spyrja þeirrar spurningar hér til umhugsunar fyrir alla aðila hvort ekki sé ástæðulaust að ríkið njóti eitt sérstakra forréttinda með sín verðbréf og skuldabréf umfram aðra aðila í landinu að því er varðar skattfrelsi. Ég held að það hljóti óhjákvæmilega að enda með því fyrr eða síðar að allir aðilar sitji við sama borð á þessum markaði að því er varðar eignarskattsfrelsi að skattalögum.

Þetta vildi ég eingöngu nefna hér, virðulegi forseti, af því að ég tel tímabært að ræða það í fullri alvöru hvort þetta eignarskattsfrelsi ríkisskuldabréfa eigi áfram fullan rétt á sér en hef þó ekki í hyggju að flytja neinar breytingar við þetta atriði á þessu stigi.

Að öðru leyti, herra forseti, sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. þetta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Samvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 331.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samvinnufélög á þskj. 331. Hér er um mál að ræða sem markað getur þáttaskil í atvinnusögu þjóðarinnar og þær breytingar sem hér eru lagðar til geta stuðlað að því að bæta stöðu samvinnufélaganna í atvinnulífinu og gefa þeim jafna möguleika og hlutafélögum til þess að auka sitt eigið fé.

Núgildandi lög um samvinnufélög eru að stofni til frá árinu 1921, en á þeim hafa þó verið gerðar nokkrar breytingar í áranna rás. Að gerðum breytingum á þeim árið 1937 voru þau gefin út sem lög nr. 46/1937.

Árið 1980 ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að setningu nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd í samráði við samvinnuhreyfinguna. Skipaði þáv. viðskrh. fimm manna nefnd til þessa verkefnis haustið 1980. Nefndin skilaði drögum að frv. til laga um samvinnufélög árið 1983. Skömmu síðar urðu stjórnarskipti og var þá horfið að því ráði að skipa nefnd með víðtækara verksviði þar eð hún skyldi endurskoða helstu löggjöf um stofnanir í atvinnurekstri eða með önnur fjárhagsleg markmið.

Þegar ég tók við embætti viðskrh. ákvað ég að láta breytingar á hlutafélagalöggjöfinni hafa forgang, en lýsti því jafnframt yfir að þegar þær hefðu verið samþykktar mundi löggjöf um samvinnufélög tekin til umfjöllunar. Í aprílmánuði sl. skipaði ég svo nefnd til þess að endurskoða lögin um samvinnufélög og til að semja frv. til nýrra laga um það efni. Nefndin hafði þau frumvarpsdrög sem ég nefndi áðan til hliðsjónar en hún ákvað fljótlega í sínu starfi að ganga miklu lengra í samræmingu á ákvæðum laga um samvinnufélög og ákvæðum laga um hlutafélög en áður hafði verið lagt til. Í því sambandi kynnti nefndin sér sérstaklega ákvæði nýlegra breytinga á finnsku samvinnulögunum en þau ganga einmitt í þessa átt.

Frv. gerir ráð fyrir því að samvinnufélög geti starfað í sama formi og nú er, en í því er jafnframt lagt til að veitt verði heimild til þess að færa reksturinn í form sem liggur mjög nærri hlutafélagsforminu, þ.e. að samvinnufélög geti haft tvískiptan stofnsjóð þar sem A-deild hans samsvarar venjulegum stofnsjóði eins og nú tíðkast, en B-deild sé mynduð með sölu hluta og til staðfestu á eignarhaldi af þeim séu gefin út svokölluð samvinnuhlutabréf sem lúti almennum reglum um viðskiptabréf og geti gengið kaupum og sölum á markaði. Atkvæðisréttur fylgi ekki eignarhaldi á hlut í B-deild stofnsjóðs, en hins vegar fylgi honum forgangur til arðgreiðslna. Með sölu hluta í B-deild stofnsjóðs geta samvinnufélög aflað sér eigin fjár á sama hátt og hlutafélög geta það með sölu nýrra hluta og nefndin sem frv. samdi gerði ráð fyrir að einstaklingar fái sambærilega skattalega meðferð í tilefni af kaupum á hlut í B-deild stofnsjóðs samvinnufélags og við kaup á hlut í hlutafélagi.

Ákvæðin sem heimila myndun B-deildar stofnsjóðs í samvinnufélagi eru þýðingarmestu nýmæli frv. en af öðrum nýmælum sem þýðingu geta haft fyrir atvinnulífið vil ég nefna að ákvæði þess falla nú miklu betur að starfsemi framleiðslusamvinnufélaga sem hér hafa einungis tíðkast í smáum stíl en er algengt félagsform í öðrum ríkjum. Ég nefni þar t.d. Frakkland. Þá er nú gert ráð fyrir því að lögaðilar geti gerst aðilar að samvinnufélagi, t.d. hlutafélög eða sameignarfélög.

Svo ég víki að efni einstakra greina, þá vil ég nefna fyrst ákvæði II. kafla laganna en þar er í 4. gr. gert ráð fyrir að lágmarksfjöldi stofnenda samvinnufélags sé 15 og getur þar bæði verið um einstaklinga og lögaðila að ræða eins og ég nefndi áðan. Þó getur ráðherra heimilað frávik frá lágmarksfjölda stofnenda og eru þar einkum framleiðslusamvinnufélög höfð í huga sem hentað geti fáum mönnum í sömu starfsgrein.

Ákvæði 5. gr. eru mikilvæg en þar kemur fram sú meginstefna frv. að gefa félagsmönnum kost á að laga samþykktir samvinnufélags að margbreytilegum aðstæðum og markmiðum.

Í III. kafla frv. er gert ráð fyrir að samvinnufélagaskrá verði landsskrá á líkan hátt og hlutafélagaskráin. Ráðherra er falið að annast skráningu samvinnufélaganna og geri ég ráð fyrir að verkið verði í höndum sömu starfsmanna og nú færa hlutafélagaskrá, en nú er unnið að breytingum sem leiða kunna til aukinnar þátttöku sýslumannsembættanna í því verki. Þá er lagt til að aðgangur að samvinnufélagaskrá sé öllum heimill.

Í IV. kafla frv. er fjallað um réttindi og skyldur félagsmanna. Það er almennt einkenni samvinnufélaga að þau eru opin öllum þeim sem starfa vilja í slíku félagi og hlíta vilja samþykktum þess. Félagsréttindin eru ekki framseljanleg, erfast ekki, og hlutdeild félagsmanns í óskiptum stofnsjóði eða í A-deild stofnsjóðs stendur ekki til fullnustu fjárkröfum skuldheimtumanna gagnvart honum. Félagsaðilar bera ekki ábyrgð á heildarskuldbindingum um samvinnufélög umfram greiðslu aðildargjalds og eignaraðildar að sjóðum félagsins.

Í V. kafla eru ítarleg ákvæði um félagsfundi í samvinnufélagi. Þar kemur m.a. fram í 20. gr. að meginreglan er sú að í samvinnufélögum eigi allir félagsaðilar jafnan atkvæðisrétt. Hins vegar er opnaður möguleiki á því að ákveða í samþykktum félagsins sem sinnir verkefnum fyrir framleiðendur vöru og þjónustu að félagsaðilar fái viðbótaratkvæði á félagsfundi í hlutfalli við viðskipti þeirra við félagið á næstliðnu almanaksári og einnig er heimilt að veita lögaðilum sem aðild eiga að félaginu viðbótaratkvæði. Hér væri um undantekningu að ræða frá hinni almennu reglu en gefið er færi á þeim í því skyni að tengja áhrif í félagi við viðskipti framleiðenda og lögaðila sem eftirsóknarvert og eðlilegt kann að vera að hafa í félaginu.

Í VI. kafla er fjallað um stjórn og framkvæmdastjóra samvinnufélags og er þar um ítarlegri ákvæði að ræða en í núgildandi lögum. Heimilað er að ákveða stjórnarskipan með ýmsu móti í samþykktum félags en hún skal þó skipuð þremur mönnum hið fæsta og þremur til vara. Heimilt er að veita starfsmönnum, hagsmunasamtökum eða stjórnvöldum rétt til tilnefningar stjórnarmanns eða stjórnarmanna, en meiri hluti stjórnar skal þó ávallt kjörinn á aðalfundi.

Í 36. gr. er það nýmæli að lagt er til að heimilt sé að hafa fulltrúanefnd í samvinnufélögum. Kostir við slíka nefnd eru þeir helstir að félagsmenn geta oft verið margir í samvinnufélagi og því heppilegt að hafa sérstaka fulltrúanefnd sem starfi sem fastanefnd félagsmanna og komi á framfæri óskum og hagsmunamálum þeirra. Fyrirmynd að þessu ákvæði er í 57. gr. núgildandi hlutafélagalaga.

Í VII. kafla frv. er svo að finna hið þýðingarmikla nýmæli um B-deild stofnsjóðs sem ég nefndi í upphafi míns máls. Mun það tvímælalaust geta orðið til þess að efla samvinnufélögin á komandi árum.

Í 37. gr. er fjallað um stofnsjóð samvinnufélags. Stofnsjóðurinn getur verið óskiptur eins og nú er. Í hann skal leggja aðildargjöld félagsaðila og í hann rennur hagnaður félagsins eftir því sem nánar er ákveðið í greininni og í samþykktum félagsins. Stofnsjóðinn skal árlega vaxtareikna og verðbæta eftir því sem afkoma félagsins leyfir og bætast vextir og verðbætur við höfuðstól séreignarhlutans. Í greininni er einnig heimilað að stofna B-deild stofnsjóðsins með sölu hluta í henni. Njóta eigendur hluta í B-deild forgangs til arðs skv. 2. mgr. 41. gr. frv. en hlutunum fylgir hins vegar ekki atkvæðisréttur á félagsfundum eins og ég nefndi fyrr. Ætla verður að stjórnendum samvinnufélaga með B-deild stofnsjóðs verði umhugað um að greiða reglulega arð af hlutunum þar eð af því ræðst gengi samvinnuhlutabréfa og möguleikar félaganna til að afla sér aukins eigin fjár með sölu nýrra hluta. Samvinnuhlutabréfin munu liggja mjög nærri þeim hlutabréfum sem nokkuð tíðkast erlendis, án atkvæðisréttar en ganga þó kaupum og sölum eftir þeim arði sem af þeim fæst.

Í 38. gr. eru ákvæði um greiðslu á séreignarhluta félagsaðila í stofnsjóði samvinnufélags en meginreglan er sú að hann skal greiða út við andlát félagsmanns. Sama gildir við slit félags sem á aðild að samvinnufélagi. Jafnframt skal greiða út séreignarhlut í stofnsjóði ef hann flyst af félagssvæðinu sem afmarkað er í samþykktum félagsins eða flyst af landi brott, enda gangi hann við það úr félaginu. Jafnframt skal að ósk félagsmanns greiða honum stofnsjóðseign ef hann hefur náð 70 ára aldri enda þótt hann haldi áfram þátttöku í félaginu. Í kafla þessum eru ítarleg ákvæði um B-deild stofnsjóðs og um alla meðferð á sölu hluta og útgáfu samvinnuhlutabréfa, en nauðsynlegt er að ganga tryggilega frá öllum atriðum í því sambandi. Hér er að sjálfsögðu höfð hliðsjón af hlutafélagalögunum, enda ætlunin að tryggja að staða eigenda samvinnuhlutabréfa sé eigi lakari en eigenda hlutabréfa með venjulegu lagi þótt eignarhaldinu fylgi ekki atkvæðisréttur.

Í VIII. kafla frv. er fjallað um ráðstöfun tekjuafgangs en í 53. gr. er vísað til samþykktar félags um úthlutun tekjuafgangs. Er heimilt að ákveða í samþykktunum að tekjuafgangi skuli úthlutað til félagsmanna í hlutfalli við viðskipti þeirra hvers og eins en þó skal jafnan taka tillit til sanngjarnra greiðslna í stofnsjóð félagsins. Á sama hátt má í framleiðslusamvinnufélagi ráðstafa tekjuafgangi til félagsmanna í samræmi við vinnuframlag hvers þeirra.

Í 54. gr. eru ákvæði um varasjóð samvinnufélaga og eru þau sniðin eftir 108. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda, en stofnsjóður samvinnufélags verður viðmiðun við varasjóðsfærslur í stað hlutafjár í samvinnufélögum.

Ákvæði IX. kafla um ársreikninga og ársskýrslu

stjórnar eru samin með hliðsjón af ákvæðum XII. kafla hlutafélagalaganna en eðlilegt er að um ársreikninga samvinnufélaga og hlutafélaga gildi alveg sömu reglur. Þetta á ekki síst við þar sem nú er gert ráð fyrir að samvinnufélögin geti boðið hluti í B-deild stofnsjóðsins til sölu á almennum verðbréfamarkaði.

Í X. kafla frv. um endurskoðun reikninga er einnig í meginatriðum farið eftir hlutafélagalögunum, þ.e. XI. kafla þeirra. Í XI. kafla þessa frv. er hins vegar fjallað um samruna samvinnufélaga en um það efni skortir ákvæði í núgildandi löggjöf.

XII. kafli frv. fjallar um samvinnusambönd. Hann hefur aðeins eina grein en gert er ráð fyrir að um samvinnusamböndin gildi meginreglur laganna og síðan verði nánari útfærsla þeirra í samþykktum viðkomandi samvinnusambands. Verður þar að taka afstöðu til þeirra atriða sem nefnd eru í 5. gr. laganna. Skv. 2. mgr. 82. gr. er réttur samvinnufélags til inngöngu í starfandi samvinnusamband bundinn því skilyrði að það starfi á sambærilegu verksviði og þau samvinnufélög sem fyrir eru í sambandinu.

Í XIII. kafla er fjallað um slit samvinnufélags og er þar um mun fyllri ákvæði að ræða en eru í núgildandi lögum. Var höfð hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga þegar þessi ákvæði voru samin.

Í XIV. kafla frv. er fjallað um breytingar á félagssamþykktum og fleira af því tagi og er þar líka höfð hliðsjón af hlutafélagalögunum og einnig litið til þess að hagsmunir eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs verði ekki fyrir borð bornir.

XV. kafli frv. hefur að geyma skaðabóta- og refsiákvæði og er hann sniðinn eftir sambærilegum ákvæðum í hlutafélagalögum að breyttu breytanda.

Í XVI. kafla er gildistökuákvæði þar sem lagt er til að lögin taki gildi 1. jan. 1992 og falla þá lögin nr. 46/1937 úr gildi að undanskilinni 29. gr. þeirra sem fjallar um innlánsdeildir samvinnufélaga. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur um nokkurt skeið bent á að innlánsdeildir samvinnufélaganna fullnægi ekki sambærilegum öryggisákvæðum fyrir innstæðueigendur og aðrar innlánsstofnanir. Hafa farið fram viðræður milli bankaeftirlitsins og fyrirsvarsmanna samvinnufélaganna um leiðir til þess að leggja þær niður, þ.e. innlánsdeildirnar, eða sameina þær starfsemi banka og sparisjóða. Innlánsdeildunum hefur reyndar fækkað á síðustu árum. Í fylgifrv. með þessu frv., sem er á þskj. 332, er lagt til að lögum um sparisjóði verði breytt á þann veg að samvinnufélög geti verið meðal stofnenda sparisjóða. Jafnframt er bráðabirgðaákvæði í sparisjóðalögunum lagað að tilviki sem upp getur komið við breytingu á innlánsdeild samvinnufélags í sparisjóð. Sparisjóður sem stofnaður er af samvinnufélagi mundi að sjálfsögðu þurfa að fullnægja öllum kröfum og reglum sparisjóðalaganna en hann hefur jafnframt mun víðtækara starfssvið og réttindi en innlánsdeildin. Nefndin sem samdi þetta frv. lagði til að frestur til að leggja niður innlánsdeildirnar yrði til ársloka 1993. Sá frestur er í skemmsta lagi að áliti þeirra sem gerst til þekkja. Því er lagt til í þessu frv. að fresturinn verði til ársloka 1995. Engu að síður tel ég æskilegt og legg á það mikla áherslu að nauðsynlegar breytingar á innlánsdeildunum verði gerðar sem allra fyrst.

Virðulegi forseti. Fyrsta samvinnufélagið hér á landi var stofnað, eins og kunnugt er, að Þverá í Laxárdal árið 1882. Íslenska samvinnuhreyfingin er því rúmlega aldargömul. Hún var ávöxtur frelsisbaráttu Þingeyinga en breiddist út um allt land á tiltölulega fáum árum. Með samvinnuhreyfingunni braut almenningur á Íslandi einokunarvald erlendra kaupmanna á bak aftur. Hún bætti viðskiptakjörin og efldi félagsþroskann. Hún varð seinna stórveldi í viðskiptalífinu. Upphaf hennar var í raun og veru fríverslunarhreyfing og félagsmálahreyfing í senn. Hún hefur gegnt afar mikilvægu hlutverki í atvinnuþróun landsins. Hún hefur hins vegar nú um nokkurt árabil átt við fjárhagslega erfiðleika að etja og hafa þeir reyndar riðið nokkrum samvinnufélögum að fullu. Samvinnusamband kaupfélaganna, Samband ísl. samvinnufélaga, hefur eins og kunnugt er glímt við alvarlegan fjárhagsvanda. Þetta stafar að nokkru leyti af því að skipulagsform samvinnufélaganna er ekki lengur í takt við tímann.

Það er skoðun mín að þetta frv., ef það verður að lögum, muni bæta verulega möguleika samvinnufélaganna til þess að rétta við sinn fjárhag og að þau geti orðið hér eftir sem hingað til mikilvægt tæki til þess að treysta atvinnulíf og efla framfarir í landinu. Með þessu frv. er samvinnulöggjöfin færð í nútímabúning og hreyfingunni komið í takt við tímann.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er á dagskrá er viðamikið og fagnaðarefni í raun að þetta frv. er komið fram. Það byggist á mikilli vinnu nefnda sem hafa starfað að þeim málum allan síðasta áratug, ef svo má segja. Það vill nú svo til að það kemur fram á dögum sem miklar og mjög veigamiklar skipulagsbreytingar eru í starfi samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi, þ.e. hjá Sambandi kaupfélaganna eða Sambandi ísl. samvinnufélaga. Þeirri starfsemi er verið að breyta í takt við kröfur tímans og í þeirri von að hún verði skilvirkari og það verði auðveldara að ná inn eigin fjármagni í samvinnuhreyfinguna og til samvinnurekstrar í landinu og gera samvinnuhreyfinguna hæfari til þess að veita eðlilega samkeppni til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Hins vegar hefur skort á að þeirri heildarlöggjöf sem er um samvinnufélög og var samþykkt árið 1937, og hefur lítilega verið breytt í smáatriðum síðan, væri breytt í samræmi við breytingar í þjóðfélaginu og þær kröfur sem gerðar eru til rekstrar.

Þetta frv. miðar að því að viðhalda samvinnufélagsforminu og í því eru veigamikil nýmæli, einkum í VII. kafla þess sem fjallar um heimild samvinnufélaga til að setja í sínar samþykktir ákvæði um B-deild stofnsjóðs. Þetta ákvæði á að auðvelda kaupfélögunum að ná inn fjármagni í sína starfsemi en nokkuð hefur skort á að

það væri mögulegt undir þeirri löggjöf sem gilti og gildir um samvinnufélögin nú.

Það er í raun ekki ástæða til að lengja umræður mjög mikið á þessum annríku dögum þingsins áður en þetta mál fer til nefndar. Það verður að sjálfsögðu skoðað rækilega í hv. fjh.- og viðskn. en eigi að síður er málið þess eðlis að ekki er eðlilegt að það fari til nefndar án nokkurrar umræðu. Hér er verið að samræma í rauninni samvinnulögin að nokkru hlutafélagalögunum þannig að það sé jafnræði þar á milli. Hlutafélagalögunum hefur verið breytt og um þau er ný löggjöf. Sannleikurinn er sá að þróunin hefur verið sú að hlutafélagsformið hefur verið ráðandi í nýjum atvinnugreinum og rekstri í landinu og samvinnufélögin hafa í ríkum mæli verið þátttakandi í hlutafélögum með öðrum aðilum.

Þetta frumvarp byggist á því að þarna er kostur á því að viðhalda samvinnufélagsforminu áfram og veita samkeppni undir því rekstrarformi við hlutafélög í sömu greinum. Það eru möguleikar á því að styrkja þessi félög með eigin fjármagni. Rekstur hlutafélaga er ekki nýr í samvinnuhreyfingunni. Í rauninni á rekstur hlutafélaga í stærri stíl í þeirri hreyfingu um 50 ára sögu og sá rekstur hefur ætíð verið umdeildur. Samvinnumenn vilja ekki leggja samvinnufélagsformið fyrir róða þannig að hlutafélögin verði alls ráðandi í þessari starfsemi. Þó Sambandi ísl. samvinnufélaga sé nú skipt upp í hlutafélög þá eru kaupfélögin í landinu með samvinnufélagsforminu og það er vilji þeirra sem þar eru í forsvari að það form geti ríkt í þeirra rekstri áfram. Vonandi verður þessi löggjöf samþykkt en nauðsynlegt er að hún fái samþykki til þess að svo megi verða.

Í frv. er gert ráð fyrir að starfsemi innlánsdeilda kaupfélaga verði breytt og það verði heimildir til þess að stofna sparisjóði og gefin til þess ákveðinn frestur sem var lengdur frá því sem nefndin sem fjallaði um málið lagði til. Ég á von á því að sú muni alveg eins verða þróunin að bankakerfið muni með samningum yfirtaka innlánsdeildir. Sú þróun hefur hafist og það er nauðsynlegt að aðlögunartími sé veittur til að sinna þessum málum, sinna þessum skipulagsbreytingum. En þessi mál eru viðkvæm og það þarf tíma til þess að koma þar á breyttu skipulagi. Ég hefði reyndar kosið að mál hefðu skipast þannig að hægt væri að reka innlánsdeildirnar áfram en ég er sannfærður um að það er hægt að koma því máli fyrir með samningum sem tryggja það fjármagn sem þarna er geymt fyrir viðskiptavini samvinnufélaganna. Þessi þáttur er mjög merkur í starfi kaupfélaganna en það er eins með þennan þátt og annað að hann er ekki óforgengilegur. Það verður að breyta honum í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Ég vona að þetta frv. fái ítarlega skoðun hjá hv. fjh.- og viðskn. Ég tel að það sé nauðsynlegt og beri til þess brýna nauðsyn einmitt á þessum tímum þegar miklar breytingar eru í starfsemi samvinnufélaganna og sérstaklega hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga að fá nýja löggjöf sem gerir m.a. kaupfélögunum kleift að hefja nýja sókn undir samvinnufélagsforminu. Ég tel það þessari þjóð fyrir bestu að það form rekstrar og sú hugsjón sé við lýði áfram og það veiti eðlilega samkeppni og aðhald hér í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 234. mál (tryggingagjald). — Þskj. 336.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti ætlaði að reyna að ná fram atkvæðagreiðslu í tveimur veigamiklum málum sem samkomulag var um að færu til nefndar í dag. En það er alveg ljóst að hv. stjórnarandstæðingar hyggjast ekki koma til starfa í hv. þingdeild og þykir forseta það lakara. Þingsköp kveða skýrt á um það að þingmönnum ber skylda til að taka þátt í atkvæðagreiðslu, sama hvort um er að ræða stjórnarsinna eða stjórnarandstæðinga. Í húsi eru núna 25 hv. þingdeildarmenn, þar af 18 stjórnarliðar og sjö stjórnarandstæðingar. Það hefði því átt að vera raunhæfur kostur að ná hér fram atkvæðagreiðslu. Enn vantar tvo hv. þingdeildarmenn til þess að unnt sé að ná fram þessari atkvæðagreiðslu. Er forseta næst skapi að gera hlé á þessum fundi á meðan stjórnarliðar eru kallaðir út, ef hv. stjórnarandstaða hyggst ekki taka þátt í lögbundnum þingstörfum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSS, KrP, ÓÞÞ, ÓÞG, ÞP, RG, SighB, SV, StH, SJS, ÞP, AS, ÁHE, BÍG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JK, JónS, ÁrnG.

19 þm. (KE, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RA, RH, ÞÞ, AðB, AÓB, EH, FÞ, FrS, GeirG, GHH, HJ, IBA, LVJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 231. mál (samvinnufélög). — Þskj. 332.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, sem er á þskj. 332. Þetta frv. er fylgifrv. með frv. til laga um samvinnufélög á þskj. 331, sem var hér síðast til umræðu.

Tilgangur þessa frv. er að gefa samvinnufélögunum heimild til þess að stofna sparisjóði í stað þess að reka innlánsdeildir, eins og nú er heimilt, en það er gert ráð fyrir því í frv. um samvinnufélögin að sú heimild falli brott í árslok 1995.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að

þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

29. fundur, miðvikudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Launamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tímabundin lækkun tolls af bensíni, 2. umr.

Stjfrv., 91. mál. — Þskj. 271, n. 349.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 349 um frv. til laga um tímabundna lækkun tolls af bensíni, en þetta mál var lagt fram í Nd. Voru allir nefndarmenn sammála um að samþykkja efni frv., en í því felst að lækka tímabundið toll af bensíni og var það tilkomið vegna þeirrar óvæntu hækkunar sem varð á alþjóðamörkuðum í kjölfar innrásarinnar í Kúvæt. Eins og ég sagði áðan eru allir nefndarmenn í fjh.- og viðskn. Ed. sammála um efni frv., sem og nefndarmennirnir í fjh.- og viðskn. Nd. Leggja þeir til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í meðförum Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák, 1. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 344.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):
Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sjóðshappdrætti til styrktar flugbjörgunarmálum og skák sem hér er flutt á þskj. 344. Tilgangurinn með því að leggja frv. fram er að freista þess að lögfesta ákvæði sem hjálpi til við fjármögnun nýrrar björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Ef vel tekst til getur hér orðið um verulegan tekjustofn að ræða. Málefni þetta, þ.e. björgunarstarf sem þyrlusveit Landhelgisgæslunnar innir af hendi, nýtur velvildar og áhuga allrar þjóðarinnar. Ég tel því að landsmenn allir vilji hjálpast að við að styrkja þetta starf og að hver og einn sé tilbúinn til þess að leggja þar nokkuð af mörkum jafnframt því að eiga von um að hljóta vinning.

Frv. er byggt á samkomulagi Landssambands flugbjörgunarsveita og Skáksambands Íslands um rekstur happdrættis. Þó að hér séu aðeins tvö landssambönd, þ.e. Skáksamband Íslands og Landssamband flugbjörgunarsveita, upphafsaðilar þessa máls er augljóst að fleiri aðilar, einkum þeir sem vinna að björgunarmálum og hafa mikinn áhuga á endurnýjun þyrluflotans, svo sem Slysavarnafélag Íslands og Landssamband hjálparsveita skáta, koma vel til greina sem þátttakendur í þessu átaki sem hér er verið að leggja grunn að. Ekki er óeðlilegt að slíkt yrði athugað nánar í þingnefnd og ég vil raunar leggja það til. Fyrirhugað er að happdrættið fari fram með þeim hætti að þátttakendur greiði tiltekna fjárhæð eða margfeldi þeirrar fjárhæðar í sérstakan sjóð sem safnað er upp um tiltekinn tíma en um vinninga verði síðan dregið með tilviljunarkenndum hætti. Gert er ráð fyrir að ákveðið hlutfall, t.d. helmingur þess fjár sem inn kæmi, færi í greiðslu vinninga. Vinningar yrðu í formi ríkisskuldabréfa og mundu stuðla að innlendum sparnaði á sama tíma. Af ágóðanum yrðu 40% eftir hjá rekstraraðilum en 60% mundu renna í sjóð sem yrði þátttakandi í fjármögnun nýrrar björgunarþyrlu.

Það er mjög brýnt fyrir Landhelgisgæslu Íslands að eins fljótt og hægt er verði keypt önnur stór þyrla til að sinna því björgunarstarfi sem Landhelgisgæslan hefur sinnt og til þess að efla það og styrkja. Happdrættið gæti, ef vel tekst til, aflað verulegra fjármuna auk þess sem það mundi auka möguleika á að aðrar fjármögnunarleiðir yrðu farnar jafnframt.

Verður nú vikið að einstökum greinum frv.

1. gr. felur í sér heimild til þess að veita greindum landssamböndum leyfi til þess að starfrækja sjóðshappdrætti. Með orðinu sjóðshappdrætti er átt við happdrætti þar sem vinningsfjárhæð er ekki ákveðin fyrir fram heldur ræðst hún af þeirri fjárhæð sem safnast hefur í sjóð fram að einhverju ákveðnu tímamarki þegar sölu er hætt. Leyfi til starfrækslu happdrættis af þessu tagi verður ekki veitt án lagaheimilda og lagt er til að heimildin verði tímabundin.

Í 2. gr. er fjallað um að happdrættið er óvenjulegt að því leyti að fyrir fram er ekki vitað hversu háir vinningar verða heldur ræðst það af þátttöku í happdrættinu. Ekki er skilgreint nákvæmlega með hvaða hætti dráttur skuli fram fara en gert ráð fyrir að það verði með svipuðum hætti og tíðkast um önnur happdrætti. Dráttur fari fram undir eftirliti borgarfógetans í Reykjavík en eftir 1. júlí 1992 sýslumannsins í Reykjavík. Kveða þarf á um fyrirkomulag þessa í reglugerð.

Í 3. gr. segir að samkomulag sé nú þegar milli Landssambands flugbjörgunarsveita og Skáksambands Íslands um fyrirkomulag í stjórn þess félags sem ætlað er að starfrækja happdrættið. Þar er gert ráð fyrir að hvort samband skipi tvo stjórnarmenn en dómsmrh. skipi formann. Um rekstur happdrættis er gert ráð fyrir að aðilar geri samkomulag, sem dómsmrh. staðfesti. Þar verði kveðið á um ábyrgð á rekstri félagsins.

4. gr. er í samræmi við það sem gildir um happdrætti almennt.

Í 5. gr. er lagt til að ráðherra kveði á um vinningshlutfall en fjárhæð vinninga ræðst af þátttöku. Sem meginregla er í upphafi miðað við að a.m.k. 50% af heildarsöluverði miða hverju sinni verði varið til vinninga. Ekki þykir rétt að lögfesta ákvæði um vinningshlutfall enda geta ýmsir þættir, svo sem rekstrarkostnaður og markaðsaðstæður á hverjum tíma, leitt til þess að heppilegt geti verið að breyta vinningshlutfallinu.

Einstakir vinningar verða ákveðnir sem tiltekinn hundraðshluti af þeirri fjárhæð sem fellur til greiðslu vinninga. Það að vinningar megi vera í formi ríkisskuldabréfa veitir þessu happdrætti sérstöðu umfram önnur. Í því felst ekki bann við að vinningar verði aðrir en ríkisskuldabréf en beinir peningavinningar eru ekki heimilir.

Í 6. gr. er kveðið á um það í hvaða skyni ágóða af rekstri happdrættisins skuli varið. Annars vegar er það til eflingar starfsemi landssambandanna tveggja og hins vegar til kaupa á björgunarþyrlu.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að um starfsemi happdrættisins verði kveðið nánar í reglugerð. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um einstakar greinar en vísa til frv. og athugasemda með því.

Ég vil síðan, hæstv. forseti, fara þess á leit að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það vakti óneitanlega með mér nokkra undrun að sjá það sem segir í 1. gr. þess frv. sem nú er til umræðu. „Dómsmrh. er heimilt að veita Landssambandi flugbjörgunarsveita og Skáksambandi Íslands leyfi til þess að starfrækja svonefnt sjóðshappdrætti", eins og hér segir í 1. gr. frv. orðrétt, með leyfi forseta.

Það er ljóst að að undanförnu hefur verið samstarf með þeim aðilum sem stunda björgunarstörf á Íslandi. Eru stærstu aðrir aðilar Landssamband hjálparsveita skáta og Slysavarnafélag Íslands sem eru reyndar hvort tveggja mun fjölmennari félög en flugbjörgunarsveitir sem eru sex talsins á landinu.

Ég vil í tilefni af því samstarfi, sem hefur verið með þessum aðilum undanfarið og drög hafa verið lögð að að verði áfram, fá að lesa hér bréf til dómsmrn. frá Slysavarnafélagi Íslands og Landssambandi hjálparsveita skáta sem skrifað var 28. mars 1990. Í bréfinu segir, með leyfi forseta: „Þegar Landssamband hjálparsveita skáta, LHS, hrinti af stað skafmiðahappdrætti, Lukkutríói, síðla árs 1987 var það vilji þáv. dómsmrh., Jóns Sigurðssonar, að náð yrði samkomulagi milli björgunarfélaganna þriggja, LHS, Slysavarnafélags Íslands og Landssambands flugbjörgunarsveita, um þessa fjáröflunarleið. Náðist fljótlega samkomulag milli félaganna um sameiginlegan rekstur skafmiðahappdrættis. Lýsti þáv. dómsmrh. yfir mikilli ánægju með þá niðurstöðu.

Samkomulag félaganna gerir ráð fyrir áframhaldandi samvinnu í fjáröflunarmálum. Hefur verið unnið að undirbúningi enn frekara fjáröflunarátaks fyrir félögin, eins og ráðuneytinu er kunnugt um. Samkomulagið gerir enn fremur ráð fyrir að aðilar fari ekki út í sambærilegar fjáraflanir án samráðs við samstarfsaðila sína. Flugbjörgunarsveitirnar hafa nú, ásamt Skáksambandi Íslands, sótt um leyfi ráðuneytisins fyrir nýrri gerð af happdrætti. Við vekjum athygli á að það væri að okkar dómi í ósamræmi við fyrri áherslur ráðuneytisins yrði flugbjörgunarsveitunum og Skáksambandi Íslands nú veitt slíkt leyfi.

Með ósk um að málið verði ekki afgreitt án samráðs við samtök okkar.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Landssambands hjálparsveita skáta, Ólafur Proppé formaður. Fyrir hönd Slysavarnafélags Íslands, Haraldur Henrýsson forseti."

Ég vil í framhaldi af þessu bréfi og þeirri yfirlýsingu sem kemur fram í 1. gr. þessa frv. spyrja hæstv. dómsmrh. hvers vegna hann fari nú af stað með málið án þess að þessara aðila sé getið þar sem svo sterkar yfirlýsingar liggja fyrir um samkomulag og samstarf milli þessara aðila. Hvers vegna er málið lagt fyrir Alþingi án þess að hinir tveir aðilarnir, þ.e. Landssamband hjálparsveita skáta og Slysavarnafélag Íslands, séu þar með taldir? Hæstv. dómsmrh. sagði reyndar áðan í ræðu sinni að þessir tveir aðilar sem í frv. eru nefndir séu einungis upphafsaðilar þessa máls, eins og hann sagði orðrétt. Og hann leggur til að nefnd sú sem fær frv. til umfjöllunar athugi með aðild fleiri samtaka. Ég spyr: Hvers vegna er flýtirinn svo mikill? Hvers vegna var ekki hægt að hafa þessa aðila með og hafa við þá samráð áður en frv. var lagt fram?

Það er ljóst að mál þetta er ekki á forgangslista ríkisstjórnarinnar til afgreiðslu fyrir áramót þannig að við fáum nægan tíma til þess að athuga það í nefnd. Ég hef aðeins rætt um 1. gr. sem snertir þá sem eiga að fá að standa fyrir þessu happdrætti. Ég styð að sjálfsögðu heils hugar það að hingað til lands verði keypt björgunarþyrla sem getur þjónað okkar þörfum. Það mál hefur oft komið til umræðu á Alþingi og fyrir liggur nú á nýju þskj. tillaga um að keypt verði björgunarþyrla. Það er auðvitað spurning hvaða leiðir verða farnar til þess að fjármagna þau kaup. Að mínu mati hlýtur að teljast eðlilegt að ríkissjóður fjármagni kaup á björgunarþyrlu. Ég verð að segja eins og er að á tímum þjóðarsáttar er ég engan veginn viss um að fólk hafi svo mikið fé aflögu að mikils sé að vænta í peningahappdrætti sem þessu. Ef niðurstaðan verður sú að fara þessa leið til fjármögnunar yrði auðvitað að skoða nánar og reyna að gera sér grein fyrir hvers má vænta af þeim markaði sem við höfum. Eins og kunnugt er hefur t.d. með Happdrætti Háskólans verið gert átak í uppbyggingu Háskóla Íslands.

Það er ljóst að öll félagasamtök eru í stöðugri fjáröflun og ýmsar leiðir hafa verið farnar. Björgunarsveitirnar hafa núna seinni árin sameinast um skafmiðahappdrættið og ég get ekki séð annað en að sams konar samstarf ætti að geta gilt varðandi rekstur sjóðshappdrættis sem hér er lagt til. Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. dómsmrh.: Hvers vegna er málið flutt á þingi án þess að þeir aðilar sem hann nefndi og virtist telja sjálfsagt og eðlilegt að verði með séu hafðir með í ráðum? Í athugasemdum við lagafrv. segir: „Frv. þetta er byggt á samkomulagi Landssambands flugbjörgunarsveita og Skáksambands Íslands um rekstur happdrættis". Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvers vegna voru hjálparsveitir skáta og Slysavarnafélag Íslands ekki aðilar að þessu samkomulagi?

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að hafa fleiri orð um þetta mál í bili en það er ljóst að við eigum eftir að skoða það vel í allshn. enda fáum við væntanlega tíma til þess að senda það út til umsagnar og fá þær eftir áramótin.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. hefur eiginlega tekið af mér ómakið því hún kom inn á þau atriði sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á í umræðum um þetta frv. Frá mínu sjónarmiði fer ekki á milli mála að hér er sett fram merkileg hugmynd um fjáröflun til styrktar öryggismálum og ekki fer á milli mála að því fé er vel varið sem varið er til kaupa á björgunarþyrlu.

Það er ákaflega þýðingarmikið í öllum öryggismálum þjóðarinnar að hafa sem samhæfðasta stjórn þeirra mála. Ég vek athygli á því að ég ásamt fleirum hv. þm. hef lagt fram á þessu þingi þáltill. um samhæfingu á yfirstjórn öryggismála í landinu. Það er mjög víðtækt mál og það sem hér er um að ræða snertir það þó að efni til. Með því að svo er vildi ég gera líka að minni fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvernig standi á því að Slysavarnafélag Íslands og Landssamband hjálparsveita skáta eru ekki með í þessu frv. Þetta er sama spurning og hv. 6. þm. Vesturl. lagði fyrir ráðherra. Ég vildi bæta við spurningu og hún er á þessa leið: Hafði hæstv. ráðherra ekkert samband við þessa frumvarpsgerð við þessa aðila, Slysavarnafélag Íslands og Landssamband hjálparsveita skáta?

Ef svo hefur ekki verið þykja mér það harla einkennileg vinnubrögð og kalla á það að nefnd sú sem fær þetta mál til meðferðar athugi sérstaklega hvort þessi samtök, Slysavarnafélag Íslands og Landssamband hjálparsveita skáta, hafi áhuga á því að vera með í þeim aðgerðum sem frv. þetta gerir ráð fyrir. En jafnvel þó að hæstv. ráðherra hafi fyrir fram talað við þessi sérstöku samtök, Slysavarnafélag Íslands og Landssamband hjálparsveita skáta, áður en þetta frv. var lagt fram og við undirbúning að frv. þessu, þá tel ég það nauðsynlegt, eins og málið hefur hér birst, að sú nefnd sem tekur það til meðferðar athugi sérstaklega það sem ég hef hér bent á. Ég vildi þegar við 1. umr. koma þessu hér á framfæri vegna þess að ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem málið kemur til.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem hafa komið fram við þetta mál. Til mín er beint tveimur fyrispurnum, raunar þeirri sömu frá tveimur hv. þm. sem hér tóku til máls, hv. 6. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Vestf., um það hvers vegna ekki sé ákvæði í frv. um samstarf við Slysavarnafélag Íslands og Landssamband hjálparsveita skáta.

Eins og kom fram í framsöguræðu minni er skoðun mín sú að ég tel mjög eðlilegt að þessi tvö landssambönd komi einnig að þessu máli. Ástæðan fyrir því að þetta var ekki gert þegar í upphafi er sú að landssamböndin tvö sem tilgreind eru í frv. komu með hugmyndina að þessu samstarfi nokkuð mótaða, þó svo að hugmyndin um þyrluna hafi raunar síðar fæðst í ráðuneytinu og verið útfærð í nánara samstarfi þar við grunninn sem landssamböndin tvö lögðu að málinu. Auðvitað var mér fullkunnugt um samstarf þessara þriggja landssambanda, Slysavarnafélags Íslands, Landssambands hjálparsveita skáta og Landssambands flugbjörgunarsveita, bæði um samstarf þeirra að björgunarmálum um allt land og ekki síður um samstarf þeirra í fjáröflun. T.d. hefur núna á undanförnum vikum og mánuðum verið unnið í dómsmrn. að sérstöku samstarfi þessara þriggja landssambanda, og raunar því fjórða sem er Rauði krossinn, um starfrækslu sérstakrar tegundar fjáröflunar sem ekki er af því tagi sem hér er verið að fjalla um. En ástæðan fyrir því að þessi tvö urðu einungis með í frv. í fyrstu gerð, eins og það er hér lagt fram, er þessi: Þau áttu hugmyndina og ég taldi eðlilegt að þingið fengi málið til umfjöllunar á þeim grunni fyrst til að byrja með. En ég endurtek það sem ég sagði í framsöguræðu minni, mér finnst eðlilegt að Slysavarnafélag Íslands og Landssamband hjálparsveita skáta komi einnig til samstarfs. Ég efast raunar ekki um vilja þeirra til þess. Síðan þetta kom fram hafa aðilar á þess vegum haft samband við mig og ég hef lýst þeim vilja mínum við þá.

Það var einnig um það spurt af hv. 4. þm. Vestf. hvort ég hefði haft samband við þessa tvo aðila að fyrra bragði. Það gerði ég ekki á undirbúningsstiginu heldur taldi ég eðlilegt að þingið fengi málið til umfjöllunar á þennan hátt. Síðan er það þingsins að leggja grunn að því samstarfi væntanlega í framhaldi.

Einnig var um það spurt af hv. 6. þm. Vesturl. hvers vegna þessi asi væri á málinu eða þessi flýtir. Því er til að svara að nú styttist að þingfrestun og ég taldi mjög brýnt að ná málinu þannig fram núna að tækifæri gæfist í þinghléi að vinna málið áfram þannig að þegar þing kemur saman aftur eftir jólahlé þá liggi fyrir í störfum allshn. Ed. nánari atriði í þessu sambandi. Ég legg síðan áherslu á að þetta mál fái sem farsælastan framgang hér í deildinni og í þinginu, öllum sem hlut eiga að máli til heilla og þeir eru ekki fáir.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hér er nú hið furðulegasta mál til umræðu. Sjálfur hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir að málið sé til athugunar og ekki nema hálffrágengið eða svo. Það sé til skoðunar að fleiri aðilar kæmu að þess-

ari fjáröflun. Sjálf fjáröflunin er mjög nýstárleg líka, þ.e. að ríkisvaldið ætlar að hafa hönd í bagga með sérstöku happdrætti í staðinn fyrir að það sé sjálfstætt á vegum einhverra tiltekinna samtaka.

Það er alveg ljóst að það sem hér er verið að gera er að reyna að létta byrðum af ríkinu því auðvitað á ríkissjóður að kosta þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Það er augljóst mál að ef það er eitthvað sem við eigum að taka úr ríkissjóði þá er það styrking Landhelgisgæslunnar í þeirri miklu baráttu sem við eigum í í sambandi við landhelgismál enn þá. Það er eins og menn geri sér ekki grein fyrir því að við erum alls ekki búnir að sigra í landhelgismálum. Við þurfum að fara að gæta réttar okkar, bæði á Rockall-svæði, Reykjaneshrygg og víðar, og styrkja Landhelgisgæsluna.

Það er auðvitað hægt að taka hvert einasta mál sem er þurfamál og búa til happdrætti úr því og létta öllum útgjöldum af ríkissjóði. Þetta er bara eitt af platinu sem verið er að framkvæma hér á hverjum einasta degi og oft á dag. En þetta mál er sérstakt að því leyti til að ráðherrann sjálfur sem flytur það lýsir því yfir að málið sé alls ekki tilbúið til flutnings. Ég skora þess vegna á ráðherrann ef hann getur hlustað. Getur ráðherrann nú hlustað? Það er áskorun mín að ráðherra reyni ekki að knýja á það að þetta mál fari lengra en til þessarar umræðu. Ég er ekki reiðubúinn að vísa því til neinnar nefndar eða til frekari skoðunar á þessu stigi. Það er nærri því ósvífið að ætlast til þess af okkur hv. þm. á síðustu dögum þingsins miðað við þær annir sem eru og upplausn í þinginu að taka slíkt mál yfirleitt á dagskrá. Ég var að vona að hæstv. forseti mundi alls ekki gera það. En það er komið til umræðu og ég skora nú á hæstv. ráðherra að knýja ekki á um það að málið gangi til atkvæða um að vísa því til nefndar og 2. umr. Ég a.m.k. er andvígur því. Það má vel bíða í tvær eða þrjár vikur og flytjast þá sem fullmótað frv. úr því að ráðherrann sjálfur er búinn að lýsa því yfir að það sé alls ekki mótað og þetta er í raun hið fáránlegasta atferli.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð nú að segja að mér finnst svör hæstv. dómsmrh. undarleg í þessu máli og lýsa skilningsleysi hans á mikilvægi þess að störf björgunarsveita í landinu séu samhæfð og á milli björgunarsveita sé jákvætt og traust samstarf. Það sem ég var að tala um í sambandi við flýti við að leggja fram þetta mál var að mér finnst, einmitt eins og hæstv. dómsmrh. viðurkenndi, að málið sé aðeins hálfklárað. Hann talaði um það sjálfur í upphafi að það sé eðlilegt að aðrir aðilar komi inn í en ég held einmitt að það að varpa þessu frv. inn í þingið núna á allra síðustu dögum fyrir jól geti valdið misskilningi og jafnvel tortryggni milli þeirra aðila sem vinna að björgunarmálum í landinu. Mér fannst koma fram í fjölmiðlum í gær að bæði fulltrúar Landssambands hjálparsveita skáta og Slysavarnafélags Íslands voru undrandi einmitt vegna þess samstarfs sem hefur verið milli þeirra og Flugbjörgunarsveitar Íslands að undanförnu. Ég vil leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt að gott samstarf, traust og trúnaður ríki milli þeirra aðila sem vinna björgunarstörf í sjálfboðavinnu. Björgunarsveitir eru, eins og ég minntist á áðan, allar í einhvers konar fjáröflun og veitir ekki af.

Mér finnst þetta frv. geta verið til þess fallið að reka á milli þeirra fleyg. En ég vona að við fáum góðan tíma til þess að skoða þetta í samráði við aðila sem að björgunarmálum starfa og getum síðan tekið afstöðu bæði til þess og eins þeirrar fjármögnunar sem hér er verið að leggja til í rólegheitum þegar þing kemur saman á ný. Ég vil leggja áherslu á það að ég tel afar mikilvægt í svona málum að rætt sé við alla sem aðild eiga að málinu. Ég skil ekki hvers vegna þurfti að merkja þetta frv. Flugbjörgunarsveitinni og Skáksambandi Íslands með þeirri skýringu einni að þeir hafi átt hugmyndina að samvinnunni.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Út af þessum orðum sem hér hafa fallið þá vil ég ítreka það að ég tel mjög eðlilegt að um þetta sé fjallað nánar í þingnefnd og síðan unnið áfram í þinginu. Stundum er því haldið fram að framkvæmdarvaldið gangi inn á verksvið löggjafarvaldsins. Hér er hins vegar dæmi um mál þar sem löggjafarvaldið fær alveg frjálsar hendur til þess að fjalla um málið og leggja sínar línur.

Að öðru leyti vil ég segja þetta um það sem kom fram í máli hv. 8. þm. Reykv. um að ríkisvaldið væri að reyna að velta af sér fjárhagsbyrðum. Það má út af fyrir sig segja það. Það er verið að leita leiða, eins og ég hygg að fordæmi séu nú nokkur fyrir í okkar sögu, að leitað sé á önnur mið en einungis í ríkissjóð þegar um mikilsverð þjóðþrifamál er að ræða eins og óneitanlega það er að halda hér uppi dýrum, vel búnum þyrluflota sem skiptir þessa þjóð mjög miklu máli og ekki síst þá atvinnugrein í þessu landi sem allt okkar líf að öðru leyti byggist á. Mér finnst líka eðlilegt að þingið fái í svona máli tækifæri til þess að búa svo um hnútana sem það telur best og í sem mestum friði fyrir framkvæmdarvaldinu. Þess vegna legg ég á það áherslu, hæstv. forseti, að málið fái hér þinglega meðferð og vandaða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Tillögumaður, hæstv. ráðherra, hefur ekki orðið við ósk minni um að knýja ekki á um að málið gangi til nefndar og 2. umr. Hann beinlínis sagðist mundi halda því til streitu og leggja á það áherslu. Það eru furðuleg vinnubrögð að geta ekki orðið við þessu. Þetta þýðir auðvitað ekkert annað en að við í stjórnarandstöðunni, sem höfum haldið uppi störfum hér í deildinni vegna þess að stjórnarþingmennirnir hafa ekki mætt ærið vel hér og höfum viljað greiða fyrir framgangi mála, hljótum að endurskoða afstöðu okkar.

Ég lýsi því hér og nú yfir að verði ráðherrann ekki við þessari sjálfsögðu og sanngjörnu ósk þá erum við auðvitað ekki til reiðu til þess að veita afbrigði fyrir öðrum málum sem þurfa að komast fram. Ég geri það a.m.k. ekki. Og það verða þá engir samningar um neitt

annað. En mér skilst nú að forseti ætli að fresta þessari umræðu og vonandi verður hún ekki tekin upp aftur fyrr en eftir jól.

Umræðu frestað.

Lánsfjárlög 1991, 2. umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 174, n. 355, 366 og 367, brtt. 364, 369.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 355 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frv. Fjórir nefndarmenn rita undir nál. meiri hl. Eru það Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason og Guðmundur Ágústsson með fyrirvara.

Minni hl. fjh.- og viðskn. skilar séráliti á þskj., sem hefur ekki verið dreift eftir því sem mér hefur skilist, en leggur þar til að frv. verði fellt geri ég ráð fyrir.

Ég hef sem formaður nefndarinnar tekið að mér að fylgja nál. úr hlaði, og gera grein fyrir efnisinnihaldi þess og skýra þær brtt. sem meiri hl. nefndarinnar hefur orðið ásáttur um að gerðar verði á frv. Þær brtt. koma fram á þskj. 364. Um afstöðu mína gerði ég fyrirvara, eins og ég kom að áður, og kem að undir lok ræðu minnar.

Nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. hljóðar svo:

„Nefndin hefur haft frv. til athugunar um nokkurt skeið og fékk til fundar við sig Steingrím J. Sigfússon samgrh., Tómas Árnason, Eirík Guðnason og Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands, Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Benedikt Jónsson frá Lífeyrissjóði bænda, Hermann Guðjónsson og Eyþór Elíasson frá Vita- og hafnamálastofnun, Harald Andrésson frá Hafnabótasjóði, Kristínu Halldórsdóttur og Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Jóhönnu Leópoldsdóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Þorstein Jónsson frá Kvikmyndasjóði, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvald Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Markús Örn Antonsson og Hörð Vilhjálmsson frá Ríkisútvarpinu, Pál Hersteinsson veiðistjóra, Jóhönnu Ottesen frá Útflutningslánasjóði, Hrafn Pálsson frá Framkvæmdasjóði aldraðra, Hauk Halldórsson frá Stéttarsambandi bænda, Gísla Karlsson frá Framleiðnisjóði, Þórð Skúlason og Birgi Blöndal frá Bjargráðasjóði, Sveinbjörn Óskarsson frá fjmrn., Magnús Jónasson og Tryggva Jónasson frá Herjólfi hf., Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Hilmar Þórisson, Hauk Sigurðsson og Hönnu Bj. Ragnarsdóttur frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, Margréti Margeirsdóttur og Grétu Aðalsteinsdóttur frá Framkvæmdasjóði fatlaðra, Stefán Thors frá Skipulagi ríkisins, Helga Hallgrímsson og Hannes Sigurðsson frá Vegagerð ríkisins, Hauk Hauksson frá Flugmálastjórn, Árna Þór Sigurðsson og Þórð G. Valdimarsson frá Lánasjóði ísl. námsmanna, Þórleif Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, séra Guðmund Þorsteinsson dómprófast, Helga K. Hjálmsson frá leikmannaráði þjóðkirkjunnar og biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, og Jón Ragnar Blöndal frá fjmrn. hafa verið nefndinni til ráðuneytis og aðstoðar við yfirferð málsins."

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að flytja.

Samkvæmt tillögunum hækka lántökuheimildir frv. um 2.411 millj. kr. og eru meginástæður þess eftirtaldar:

Í fyrsta lagi er lagt til að lántökuheimild fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs hækki um 2.185 millj. kr. og verði 14.060 millj. kr. Aukin lánsfjárþörf stafar af eftirfarandi:

1. Auknum rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs sem er 1 milljarður. Um það hefur víst orðið samkomulag í ríkisstjórninni að hætta við ýmis fyrirhuguð tekjuöflunarfrv. og auka hallann úr 3,7 milljörðum í 4,7 milljarða á næsta ári.

2. Gert er ráð fyrir aukinni lántökuheimild Alþjóðaflugþjónustunnar og er þar um að ræða 385 millj. en í lánsfjárlagafrv. var gert ráð fyrir 115 millj. Með þessum 385 millj. verður samtals til Alþjóðaflugmálaþjónustunnar 500 millj. og kem ég aðeins nánar að því síðar.

Í þriðja lagi eru auknar afborganir af lánum ríkissjóðs, 800 millj. Samtals er þarna um að ræða 2 milljarða 185 millj. kr.

Miðað við núverandi stöðu frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 má ætla að halli A-hluta ríkissjóðs aukist eins og ég áður sagði um 1 milljarð kr. Lántökuheimild Alþjóðaflugmálaþjónustunnar fyrir árið 1991 nemur samtals 500 millj. kr. Í athugasemdum við 1. gr. frv. er gert ráð fyrir heimild fyrir 115 millj., eins og ég kom að áðan, en hún hækkar um 385 millj. kr. Þetta fé fæst endurgreitt frá Alþjóðaflugmálastofnuninni á 10 ára tímabili með 10% ársvöxtum. Andvirði lánsins verður notað í áframhaldandi uppbyggingu flugstjórnarkerfisins fyrir norðanvert Atlantshaf ásamt byggingu nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar í Reykjavík og til kaupa á nauðsynlegum tækjabúnaði í hana.

Ríkissjóður hefur yfirtekið skuldir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. lög nr. 34/1990, og kemur fyrri hluti þeirra, 800 millj., til greiðslu á árinu 1991. Lagt er til að flóabátnum Baldri verði veitt 15 millj. kr. lántökuheimild á árinu til að ljúka frágangi skipsins til þess að það öðlist haffærniskírteini, en skipið hefur aðeins haffærniskírteini til bráðabirgða sem rennur út 28. febr. 1991. Einnig er lagt til að Skallagrími hf., útgerðarfélagi Akraborgarinnar, verði veitt heimild til að taka 11 millj. kr. skuldbreytingarlán sem notað verður til að greiða upp erlent lán sem félagið hefur hjá Landsbanka Íslands. Það lán er með lokagjalddaga á

næsta ári en fyrirsjáanlegt mun að Skallagrímur hf. geti ekki staðið undir þeirri greiðslu.

Að lokum er lagt til að Hitaveitu Suðurnesja verði veitt 200 millj. kr. lántökuheimild á næsta ári til að gera nýja 132 kv. háspennilínu og tilheyrandi aðveitustöð, auk ýmissa annarra framkvæmda.

Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 var tekið fram að af 900 millj. kr. lántökuheimild Byggðastofnunar væru 150 millj. kr. ætlaðar til endurlána vegna viðgerða og endurbóta skipa innan lands. Í athugasemdum við 7. gr. frv., sem fjallar um Byggðastofnun, er ekkert tekið fram um þessi endurlán. Nefndinni barst bréf frá iðnrh. þann 17. des. sl. þar sem hann væntir þess að af 900 millj. kr. lántökuheimild Byggðastofnunar fyrir árið 1991 verði 150 millj. ætlaðar til endurlána vegna viðgerða og endurbóta skipa innan lands eins og verið hefur. Meiri hl. nefndarinnar vill taka undir og ítreka þessa ósk iðnrh. og væntir þess að Byggðastofnun fari að þessum vilja þingsins og iðnrh.

Breytingar á II. kafla frv. eru í samræmi við fjárlagafrv. fyrir árið 1991 og breytingar á því í meðförum fjvn. og Alþingis, auk þess sem nokkrar lagfæringar eru gerðar á frv. og kem ég að því síðar. Lagt er til að tekjustofnar Menningarsjóðs verði óskertir. Einnig er gert ráð fyrir að engin skerðing verði á hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti, þ.e. sóknargjöld. Í stað þess er lagt til að skerðing á hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti, kirkjugarðsgjöldum, hækki úr 15% í 20%.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Ég hef hér farið yfir allt nál. og gert grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar leggur til og ætla ekki að fara nánar út í þær breytingar. Hins vegar eru nokkur ákvæði sem ekki hafa verið tekin upp í nál. sem ég tel ástæðu til að fjalla hér um í nokkrum orðum áður en ég skýri afstöðu mína og þann fyrirvara sem ég hef gert til þessa frv.

Það hefur verið lenska að ákveðnir lögbundnir tekjustofnar séu skertir í lánsfjárlagafrv. og eru það yfirleitt árlegar skerðingar. Er þetta hinn versti siður, að þingið ákveði við afgreiðslu ákveðinna laga, góðra málefna, að búa til ákveðna tekjustofna en síðan er það Alþingi, það sama Alþingi sem með lánsfjárlögum skerðir þá frá ári til árs. Má þar nefna Framkvæmdasjóð aldraðra, Framkvæmdasjóð fatlaðra og aðrar stofnanir eins og í þessu fjárlagafrv., líka varðandi Ríkisútvarpið sem ég tel að þurfi að byggja upp á komandi árum. Þar er einnig um að ræða tekjustofn um eyðingu minka og refa og sé ég ekki mikið eftir því þó að sá tekjustofn verði látinn niður falla, enda tel ég að ástandi þessara dýra hér á Íslandi stafi nú ekki mikil hætta af og er reyndar gert ráð fyrir því í brtt. meiri hl. að þær reglur verði endurskoðaðar og meira mið tekið af því að verðlauna þá veiðimenn sem deyða þessi dýr í staðinn fyrir að gera út menn til skipulagsbundinna veiða. En það kom fram í máli veiðistjóra að aðeins lítill hluti af þeirri fjárhæð sem varið er til eyðingar refa og minka fer til verðlauna en stærsti hlutinn fer til skipulagsbundinna veiða.

Ég hef þá farið yfir það sem ég vildi segja um þessi atriði en þau meginmarkmið sem að er stefnt í þessu fjárlagafrv. tel ég rétt að fara yfir og að því beinist sá fyrirvari sem ég hef gert á þessu nál.

Í frv. er gert ráð fyrir mjög miklum lántökum á næsta ári af hálfu ríkissjóðs. Það er í sjálfu sér mjög gott að fjármagna allan halla ríkissjóðs hér innan lands í staðinn fyrir að taka lán erlendis. Hins vegar hefur þessi ákvörðun ýmislegt annað neikvætt í för með sér eins og fram hefur komið á þessu ári og kemur fram í máli þeirra sem fyrir nefndina komu. Þá minnist ég sérstaklega álits Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans.

Á þessu ári hafa raunvextir hækkað nokkuð vegna þessarar gífurlegu lánsfjárþarfar ríkissjóðs og stefnan á næsta ári, að öllu óbreyttu miðað við sömu stöðu og er í dag, hækka raunvextir enn frekar. Búast má við því að raunvextir á næsta ári verði 8,5% en þeir eru áætlaðir á þessu ári 8,2–8,3%. Það má búast við því að aðstæður verði aðrar á næsta ári heldur en eru nú þar sem gera má ráð fyrir því að hjól efnahagslífsins fari af stað aftur. Það hefur verið mjög lítil þörf fyrir fyrirtæki að leita á lánamarkaðinn á þessu ári en gera má ráð fyrir því, ef kippur kemur í efnahagslífið, að fyrirtæki fari að leita á lánamarkaði og ef sú samkeppni milli fyrirtækjanna og ríkissjóðs verður meiri, þá má búast við því að raunvextir hækki enn frekar og er ekki óeðlilegt að telja að þeir geti farið upp í 9% eða um það bil.

Þegar lánsfjárlög eru rædd þá er fleira sem ber að hyggja að og taka til athugunar, en það virðist vera nokkur lenska, ekki bara þessarar ríkisstjórnar heldur ríkisstjórna fyrri ára, að velta vandamálum fjárlaga yfir á lánsfjárlög og byggist það á þeim grunni sem fjárlögin eru byggð á, en þau eru byggð á svokölluðum greiðslugrunni en ekki rekstrargrunni þannig að eðlilegum greiðslum sem ættu að koma í fjárlög er varpað yfir á lánsfjárlögin og lántökur koma út þannig að þær koma ekki sem áfallinn rekstrarliður á fjárlögum. Það má í þessu dæmi nefna Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en þar liggur það ljóst fyrir að á næsta ári fellur á ríkissjóð um 800 millj. kr. greiðsla og ætti með réttu að færast inn á fjárlög og auka þar með fjárlagahallann. Þess í stað er tekin sú ákvörðun með lánsfjárlögum að taka nýtt lán á næsta ári upp á 800 millj. til að brúa það sem með réttu ætti að falla á þetta ár og greiðsluna yfir á fleiri ár.

Það eru fleiri mál þessu lík sem er tekið á í þessum lánsfjárlögum sem hafa ekki minni þýðingu fyrir þjóðarbúið heldur en fjárlögin. Má sem dæmi nefna, sem væntanlega kemur inn, vanda Húsnæðisstofnunar en það hefur komið fram að það vantar 850 millj. á næsta ári til þess að standa við kaup á 500 félagslegum íbúðum. Það má búast við því að þegar þessi lánsfjárlög fá nánari umfjöllun við 3. umr. hér í deild og jafnvel 1. og 2. umr. í Nd., verði reynt að ýta vanda fjárlaga yfir á lánsfjárlögin.

Að lokum, og það kom fram í nefndinni hvað ríkissjóður er orðinn stór á lánamarkaðinum hér innan

lands, þá kom það fram að af lánsfjármarkaðnum sem er áætlaður um 40 milljarðar á næsta ári ætli ríkið að taka til sín um 55–57% af því og láta atvinnulífið og einstaklinga bítast um restina. Ég held að þetta sé orðið nokkuð stórt hlutfall sem ríkið ætlar sér á næsta ári og ef, eins og ég sagði áðan, hjól atvinnulífsins fara af stað aftur með aukinni eftirspurn eftir lánum, þá megi búast við að raunvextir hækki hér töluvert.

Ég ætla ekki að hafa framsögu mína öllu lengri um þetta frv. en vildi taka fram það sem ég sagði hér áðan að ég geri ákveðinn fyrirvara við þessi lánsfjárlög en tel ekki rétt á þessari stundu að standa í vegi fyrir því að þau verði samþykkt. Þegar málið var lagt fram átti ég aðild að því að það yrði gert með þessum hætti og ætla ekki að skjóta mér undan þeirri ábyrgð. Hins vegar finnst mér ýmsir þættir hér vera orðnir nokkuð *ískyggilegir og bera þess nokkuð keim að það er von* á kosningum á næsta ári.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar á þskj. 367.

Frv. það til lánsfjárlaga sem hér um ræðir ber vott um þann samdrátt sem orðinn er í atvinnulífi og í hag almennings hér á landi. Þó læðist að sú grunsemd að frv. spegli fremur óskir og drauma hv. ríkisstjórnar um bætt ástand heldur en kaldan raunveruleikann eins og hann blasir við hinum almenna þjóðfélagsþegni og birtist í efnahagslegum staðreyndum. Þannig hefur fjmrn. þegar orðið að hækka lántökuheimildir frv. um tæpa 2,2 milljarða á þeim fáu dögum sem það hefur verið til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. Ed.

Ríkisstjórnin hefur á árinu 1990 sótt lán sín að mestu inn á íslenskan lánamarkað og má það að hluta teljast jákvætt. Hins vegar hefur það, hve stíft hefur verið sótt á þessi mið af hálfu ríkisvaldsins, valdið því að raunvextir hafa hækkað en ekki lækkað eins og spá ríkisstjórnarinnar gekk út á. Þetta kemur illa niður á öllum lántakendum. En svo er komið hag heimilanna í landinu að þau eru orðin annar helsti lántakandinn innan lands. Fyrirtækin hafa haldið að sér hendi og reynt að þreyja þorrann, þau sem ekki hafa hreinlega orðið gjaldþrota. Gjaldþrot einstaklinga og heimila eru uggvænlega tíð, enda helst sú þróun í hendur við eftirsókn heimilanna eftir bankalánum.

Erlendar lántökur. Sú þróun blasir við að fyrirtæki leiti lána erlendis þar sem raunvextir eru miklu lægri en á Íslandi og munu þá skuldir okkar sem greiða verður í erlendri mynt fara hækkandi en þjóðin öll verður að afla gjaldeyris til greiðslnanna. Þessar hugsanlegu erlendu skuldbindingar koma til viðbótar þeim 6 milljörðum sem lánsfjárlögin gera ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir taki með fulltingi og ábyrgð ríkissjóðs. Gera má ráð fyrir að þessar upphæðir hækki verulega þegar líður á fjárhagsárið.

Skerðingarákvæði. Í þessu frv. er í 21 lið áætlað að skerða fjárframlög til sjóða og stofnana sem lög kveða þó á um. Er þar afturgenginn ósiður fyrri ára og hlýtur að vera erfitt fyrir viðkomandi stofnanir að gera framtíðaráætlanir um starfsemi og hagræðingu þegar ekkert er vitað um fjárframlögin frá ári til árs annað en það að ekki verður staðið við lagaskuldbindingar. Ekki verður annað séð en að mörg þessara skerðingarákvæða séu ill- eða óframkvæmanleg, svo mjög skaða þau hag landsmanna og skulu nokkur dæmi talin hér á eftir.

Ferðamálaráði og Ferðamálasjóði er ætlað að efla eina þá starfsgrein sem helstar vonir eru bundnar við að vaxi á komandi árum og hafa aflað geypimikilla gjaldeyristekna og sívaxandi. Samt er framlag til skipulags ferðamála skv. 19. gr. frv. skorið niður um 50%, þ.e. niður í 68 millj. Af þessum 68 millj. fara 60,2 millj. kr. í föst verkefni en til að sinna óumflýjanlegum verkefnum öðrum þyrfti a.m.k. 15 millj. kr. til viðbótar og er gerð tillaga um það á sérstöku þskj. hér.

Kvikmyndasjóður. Kvikmyndagerð er nýlegur vaxtarbroddur íslenskrar menningar. Það fé sem er ætlað á fjárlögum nægir aðeins til gerðar einnar kvikmyndar á árinu 1991. Gera þyrfti árlega tvær til þrjár kvikmyndir hér á landi til að þekking og tækni nýttist í landinu.

Nú stendur Íslendingum til boða að gera aðra kvikmynd árið 1991 í samvinnu við hin Norðurlöndin sem leggja munu til 50 millj. kr. Nú mun 22 millj. skorta til þess að af þátttöku Íslendinga geti orðið og er hart ef málið á að stranda á svo litlu. Á sérstöku þskj. er gerð tillaga um slíkt framlag.

Ríkisútvarpið. Eftir 60 ára dygga þjónustu er langbylgjustöðin á Vatnsenda orðin illa komin, lampar á sendibúnaði nánast forngripir og slík tæring í möstrum að þau geta fallið í næsta stormi. Langbylgjustöðin telst til helstu öryggistækja Íslendinga því að engin önnur stöð nær til allra annesja og eins langt út á haf. Ljóst er að brýna þjóðarnauðsyn ber til að endurnýja langbylgjustöðina og hefur svo verið í a.m.k. 12 *ár ef ekki lengur. Kostnaður er ekki undir 500 millj.* En sú svipting tekjustofna sem 23. gr. kveður á um veldur því að Ríkisútvarpið hefur ekki bolmagn til að standa undir slíkum kostnaði. Þessi skerðing hefur átt sér stað undanfarin fjögur til fimm ár svo að það hefur gengið mjög á alla getu Ríkisútvarpsins til þess að standa í framkvæmdum.

Framkvæmdasjóður aldraða verður fyrir verulegri skerðingu. Heilbrrh. hefur reynt að klóra í bakkann með því að víkka út starfsemi sjóðsins, en fá að halda fjárframlögunum. Líkur eru á að svo verði. En eigi að síður veldur þessi víkkun á starfseminni aukinni sókn í sjóðinn og mun því fylgja álíka fjárskortur og verið hefði að óbreyttu hlutverki og með skertum fjárframlögum.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hlýtur a.m.k. enn sem komið er enn þá verri útreið. Sagt er að verið sé að vinna að endurskoðun sjóðsins og að þá muni verða séð fyrir fjárhagslegum grunni hans. En mótmæla verður stöðunni eins og hún er í dag því að engin trygging er fyrir því að endurskoðunin og bætt staða sjóðsins verði að veruleika.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna. Endurgreiðsla ríkissjóðs til þessara tveggja sjóða ætti óskert að vera um 1300 millj. kr.

en er skorin niður í 700 millj. Þar með skerðist það fé sem sjóðirnir hafa til að kaupa bréf af byggingarsjóðum ríkisins og starfsemi þessara sjóða sem eiga nægilega örðugt fyrir verður enn þá torveldari. Nær væri að lífeyrissjóðirnir fengju óskert framlag og því fé sem þannig bærist byggingarsjóðum ríkisins yrði varið til að efla byggingu almennra kaupleiguíbúða. En það fólk sem líklega mundi sækja inn á kaupleigumarkaðinn á ákaflega erfitt í dag með að fá þak yfir höfuðið því það getur hvorki snúið sér til félagslega markaðarins né til hins almenna húsnæðislánamarkaðar.

Einnig verður að undirstrika það að ofangreindir lífeyrissjóðir munu um næstu aldamót eiga í miklum erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lífeyrisþegum og ber nauðsyn til að styrkja sjóðina en ekki að draga úr þeim máttinn.

Annar minni hl. lítur svo á að þau lánsfjárlög sem hér um ræðir byggist á óraunsæi um þróun mála á lánamarkaðnum og augum lokað fyrir yfirvofandi áföllum eins og hruni mastra á Vatnsendahæð, einnig er skollaeyrum skellt við hógværum beiðnum og andmælum fulltrúa hinna mjúku mála. Annar minni hl. mun taka afstöðu til einstakra greina frv. en situr hjá við málið í heild.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil biðja um að ráðstafanir verði gerðar til þess að hæstv. fjmrh. verði við þegar málið verður tekið á dagskrá. Hann hefur ekki séð ástæðu til að hlýða á það sem enn hefur farið fram af 2. umr. sem er auðvitað mjög mikil ókurteisi við þá þingmenn sem hafa tekið til máls, virðingarleysi við þá stofnun sem við höfum verið kjörin til að vinna í og kæruleysi fyrir stjórnarathöfnum. Ég óska eftir því að það verði gerðar ráðstafanir til þess að hæstv. fjmrh. standi í sínu stykki og verði hér mættur.

Forseti (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. vill forseti geta þess að ég lét leita fjmrh. áðan meðan hv. 18. þm. Reykv. hélt ræðu sína. Hann reyndist vera á mjög mikilvægum fundi sem hann ekki gat komist burt af en ég mun leggja drög að því að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur hér kl. 6 þegar umræðan hefst á ný.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. er að vísu ekki þingmaður og má vera að hann skilji af þeim sökum ekki þýðingu þingsins en ég held að það sé nauðsynlegt að hið háa embætti geri honum grein fyrir því að enginn annar fundur getur verið þýðingarmeiri í þessu húsi en fundur Ed. þar sem honum ber að mæta embætti sínu samkvæmt.

Guðrún J. Halldórsdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að meðan ég flutti mál mitt var enginn þingmaður hér inni á köflum. Þeim hefur ekki fundist mál mitt þess virði að hlusta og það er kannski heldur engin furða þó að hæstv. fjmrh. álíti að svo sé líka. Ef þingmenn sjálfir virða ekki þau þingsköp sem eru hér og það sem þeir eiga að vera að gera, þá er kannski ekki von á því að menn sem eru bara varaþingmenn virði þau.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. sagði hér áðan að ég þurfti að bregða mér frá. Til þess lágu sérstakar ástæður sem var erfitt að standa á móti en ég reyndi að vera eins fljótur og ég lífsins mögulega gat.

Guðmundur Ágústsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hv. 18. þm. Reykv. afsökunar en ég segi það sama og hv. 2. þm. Norðurl. e. að ég þurfti að bregða mér frá í tvær mínútur. Ég reyndi að hlusta eftir því sem hún hafði að segja. En ég ætlaði aðallega að standa hérna upp og taka undir það sem fram kom í máli hennar og 2. þm. Norðurl. e. að mér finnst það vera mjög slæmt ef hæstv. fjmrh. getur ekki verið hér viðstaddur við 2. umr. þessa þýðingarmikla lagafrv. og svarað þeim fyrirspurnum sem að honum kann að verða beint. Ég hafði að vísu ekki ástæðu til þess að spyrja neinna spurninga en mér finnst það mikil ókurteisi við þingdeildina ef fjmrh. ætlar að hunsa það að hlusta á þingmenn og hvað þeir hafa til málanna að leggja. Hér er um að ræða það þýðingarmikið mál sem varðar flesta þjóðfélagsþegna, ekki talandi um líf ýmissa stofnana á vegum ríkisins þannig að hann er ekkert of góður til þess að taka þá ábyrgð með okkur sem við erum hér að fjalla um.

Guðrún J. Halldórsdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Það er sérkennilegt og sorglegt ef allir þingmenn hér eru haldnir sömu þörfinni á sömu mínútunni og mér finnst það undarlegt að þeir skuli knúnir að flykkjast svona allir út í einu.

Forseti (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram í þessari þingskapaumræðu vill forseti ítreka að það mun verða reynt að sjá til þess að hæstv. fjmrh. fái boð um að óskað sé eftir að hann sé hér viðstaddur kl. 6 þegar fundur hefst að nýju. Þessum fundi er nú frestað til kl. 6. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er margt óvenjulegt við afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga að þessu sinni. Það rignir svo miklu af pappírum yfir borð þingmanna að maður áttar sig ekki á hvar þeir liggja.

Það sem í fyrsta lagi er eftirtektarvert við afgreiðslu þessa frv. til lánsfjárlaga er það að formaður og frsm. fjh.- og viðskn., hv. þm. Guðmundur Ágústsson, skrifar undir nál. með fyrirvara. Ég minnist þess ekki að slíkt hafi komið fyrir áður þann tíma sem ég hef verið hér þingmaður eða blaðamaður. Má kannski segja að það eigi ekki að koma á óvart þar sem þessi hv. þm. hefur lýst því yfir að hann sé í stjórnarandstöðu, en á hinn bóginn mætti þó ætla að einhver hinna þing-

mannanna sem þykjast vera miklir stjórnarsinnar hefði kosið að taka af hv. þm. ómakið og mæla fyrir þessu nál. um frv. til lánsfjárlaga. Ég skal ekki gera mikið úr þeim fyrirvörum sem hv. þm. setti fram við umræðu málsins en í stuttu máli lýstu þeir þeirri óánægju sem er meðal stjórnarsinna vegna afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga og endurspeglar þá óöruggu stöðu sem þessir hv. þm. eru nú í.

Annar atburður gerðist í dag sem ekki síður varpar undarlegu ljósi á þær umræður sem nú fara fram um lánsfjárlög og fjárlög og það er frv. sem tveir hv. þm. lögðu fram í Nd., hv. 1. og 2. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson og Pálmi Jónsson, þar sem þeir leggja fram frv. um að fjmrh. sé óheimilt að selja hlutabréf ríkisins í Þormóði ramma hf. í Siglufirði nema að fengnu samþykki Alþingis. Þetta bendir til að þessir hv. þm. telji að hæstv. fjmrh. hafi eitthvað það í hyggju varðandi sölu þessara hlutabréfa sem ekki samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum en sé á hinn bóginn skylt við pólitíska misbeitingu eða misnotkun á valdi og verður eftirtektarvert að sjá hvernig þessu máli reiðir af í Nd. En greinilegt er að hér er um vantrauststillögu að ræða á hæstv. fjmrh. og sá sem skrifar undir vantraustið og er raunar 1. flm. þess er formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, þingmaður í Norðurl. v.

Þetta er í stuttu máli, herra forseti, um tvö þau atriði sem komu upp í hugann nú þegar rætt er um formlega hlið þessara mála. Þriðja atriðið sem ég held að óhjákvæmilegt sé að minnast á er að í fyrradag kynnti meiri hl. fjh.- og viðskn. fyrir minni hl. tillögur um það að lántökuheimild skv. 1. gr. fjárlaga yrði hækkuð um 2,2 milljarða kr. og var með því gefið til kynna að heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkisreiknings yrði á næsta ári rúmir 14 milljarðar kr. og skildum við það svo í stjórnarandstöðu að samkomulag hefði tekist meðal stjórnarflokkanna um afgreiðslu fjárlaga. Nú hefur á hinn bóginn komið í ljós að svo er ekki. Maður heyrir það á göngum hér í þinghúsinu að einstakir stjórnarsinnar eru síður en svo vissir um það að endanlegt samkomulag hafi tekist um lokaniðurstöðutölur fjárlaga og er við því að búast að frv. til lánsfjárlaga, þó afgreitt verði úr Ed. í kvöld til Nd., verði að koma aftur hingað upp í Ed. til þess að samræma það niðurstöðutölum fjárlaga eftir afgreiðslu frv. í 3. umr. í Sþ. Ég er ekki að segja að þetta sé neitt einstakt í sögunni, þetta hefur komið fyrir áður, en þetta sýnir okkur að það er mikil lausatök á þessari afgreiðslu þegar þannig stendur á. Ekki verður það skilið öðruvísi en svo þegar afgreiðsla frv. til lánsfjárlaga var látin dragast í Ed. fram á þennan dag en ríkisstjórnin væri að reyna og ætlaði sér að ganga frá málinu þannig að um lokaafgreiðslu yrði í raun og veru að ræða hér í hv. Ed.

Ef horft er á yfirbragð þessara lánsfjárlaga þá er það öldungis rétt sem hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir sagði hér fyrr í dag. Þessi lánsfjárlög byggja á því að ríkisbúskapurinn er rekinn með þeim hætti að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs fer mjög vaxandi og er talið að á næsta ári muni hún nema um 35 milljörðum kr. en nettólánsfjárþörf verði um 22 milljarðar kr.

Ég skal ekki tefja deildina, hæstv. forseti, þó hæstv. fjmrh. fari í símann, það er að mörgu leyti viðkunnanlegra að hafa hann þar heldur en rápandi hér um þingsalinn reynandi að finna sér tilefni til að tala við hvern einn sem hann sér og væri kannski viðkunnanlegra að loka dyrunum þannig að hæstv. fjmrh. hafi frið og næði.

Samkvæmt þessu mun nettólánsfjárþörf á næsta ári verða sem næst 22 milljarðar sem er um 6% af landsframleiðslu og hækkar um 10% eða raunar meira, hækkar um 15% frá þessu ári, úr 5,2% í 6% sem er auðvitað mjög veruleg hækkun.

Það sem er alvarlegast í þessu máli er að þessi mikla lánsfjárþörf ríkisins veldur því að fyrirsjáanlegt má telja að raunvextir fari hér hækkandi. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar er búist við því að raunvextir verði 8,5% á næsta ári, voru 7,9% fyrir ári, verða auðvitað enn þá hærri ef höfð er hliðsjón af því að atvinnuleysi varð landlægt eftir að þessi ríkisstjórn settist að völdum og mikill hægagangur er í fjárfestingu atvinnufyrirtækja sem lýtur að aukinni hagræðingu, vöruþróun og nýsköpun í atvinnulífi. Því er auðvitað augljóst að þessi peningamálastefna dýpkar enn þá atvinnukreppu sem við búum nú við.

Í löndum eins og Bandaríkjunum þar sem menn þykjast sjá fram á lægð í atvinnulífinu er kappkostað að gera ráðstafanir sem draga úr hækkun vaxta. Þar er nú svo komið að vextir t.d. af húsnæðislánum til langs tíma eru um 2% raunvextir en þegar tekið er tillit til verðbólgu og skattaafsláttar þar í landi, vextir eru þar frádráttarbærir víðast hvar, kemur í ljós að raunvextir eru öfugir eða neikvæðir í Bandaríkjunum. Svipaða sögu er að segja frá Bretlandi og ég hygg Danmörku. Hér á landi hafa vextir af húsnæðislánum hins vegar hækkað mjög mikið á þessu ári. Það er búið að leggja niður þá lágu vexti sem voru á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins, 3,5% raunvextir, það er búið að hækka þá með húsbréfum í 7,25% raunvexti eða eitthvað þaðan af meira. Þegar tekið er tillit til lánskjaranna í heild, þeirra affalla sem húsbréfin hafa í för með sér, ef við horfum á þá kosti sem húsbyggjendur standa nú frammi fyrir — og þá skulum við hafa í huga að vaxtaafslátturinn nýtist ekki þeim sem eru með hærri tekjurnar — þá kemur í ljós að sá hluti þjóðarinnar, sem verður að sætta sig við 4,5% vexti í kaupleiguíbúðum, þarf að þéna um 400 þús. kr. meira á ári en hinn sem býr við 1% vextina og ef við förum upp í húsbréfin þá erum við að tala um 700 þús. kr. tekjumun til þess að standa jafnfætis, 60 þús. kr. á mánuði. Þá er gengið út frá 6 millj. kr. láni, annars vegar með 1% vöxtum til 50 ára, við erum að tala um 4,5% vexti til 50 ára og í hinum síðasta samanburði erum við að tala um 7,25% vexti.

Nú var það svo þegar gengið var til kjarasamninga hinn 1. febr. sl. að ríkisstjórnin lýsti því yfir í fyrsta lagi að hún mundi beita sér fyrir ráðstöfunum sem *leiddu til þess að raunvextir lækkuðu*. Við þetta hefur ekki verið staðið. Það er auðvitað ámælisvert að bæði ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins skyldu fyrst í

stað hafa verið að reyna að gefa það til kynna að lækkun á nafnvöxtum hefði samsvarað raunlækkun vaxta. Sannleikurinn er auðvitað sá að þegar kauphækkanir hafa legið jafnmikið niðri eins og þær hafa gert á þessu ári, þá hefur auðvitað greiðslubyrði lánanna verið mjög þung vegna þess að raunvextirnir hafa ekki farið niður. Það er auðvelt að sýna fram á þetta og auðvitað ábyrgðarlaust af öllum sem nálægt þessum málum hafa komið að reyna að varpa röngu ljósi á vaxtaþróun í landinu. Nú dugir það ekki lengur. Nú liggur það fyrir bæði frá Þjóðhagsstofnun og frá Seðlabankanum og m.a.s. stimplað af bankastjóra Seðlabankans, við gættum þess í fjh.- og viðskn. að taka ekki á móti mönnum frá Seðlabankanum nema bankastjórar væru við til þess að hæstv. forsrh. þyrfti ekki að hringja á eftir og biðja Seðlabankann að biðjast afsökunar á sínum mönnum, þannig að þetta er allt saman klárt og kvitt (**Gripið fram í:** Og stimplað.) og stimplað. Og þar hefur komið í ljós að raunvextir eru nú hærri en áður var. Það er talað um að raunvaxtastigið sé í kringum 8,3%. Og bæði fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka voru sammála um að hin mikla lánsfjárþörf ríkissjóðs á næsta ári ásamt með hinum gífurlega hallarekstri sem er á ríkissjóði ylli því að raunvextir hækkuðu. Forsendan fyrir því að þessi lánsfjáráætlun gengur fram er sú að atvinnulífið verði áfram í sömu lægðinni og það er núna, að þau lán sem atvinnureksturinn tekur miðist fyrst og fremst við skuldbreytingu eða fjárhagslega endurskipulagningu eins og verið hefur á þessu ári en ekki verði um eiginlega fjárfestingu í framleiðslusköpun að ræða. Þetta er í stuttu máli sagt ytri rammi þessarar lánsfjáráætlunar.

Ef horft er til þjóðhagsáætlunar kemur líka í ljós að við munum verða áfram í sömu lægðinni og verið hefur og getum engan veginn haldið í við þær þjóðir sem við berum okkur saman við og okkur standa næst.

Ef vikið er að einstökum greinum þessa frv. þá vil ég taka það fram varðandi þá opinberu sjóði sem fjallað er um í I. kafla frv. að lántökubeiðni þeirra eða greinargerð þeirra fyrir starfseminni á næsta ári ber keim af þessu sama, að lítið verður um nýfjárfestingu að ræða á næsta ári. Á hinn bóginn liggur fyrir að Byggðasjóður stendur frammi fyrir miklum erfiðleikum og hefur það mál sérstaklega verið tekið upp við ríkisstjórnina og hlýtur að koma til afgreiðslu við 3. umr. fjárlaga.

Í II. kafla frv. er eins og áður að finna ýmis skerðingarákvæði. Í 13. gr. er fjallað um Stofnlánadeild og Lífeyrissjóð bænda. Fram hefur komið að Lífeyrissjóður bænda — hæstv. forseti, er ekki hægt að biðja ráðherrana að loka að sér þarna inni en standa ekki í dyrunum svo maður heyrir ekki í sjálfum sér. Ég er hás í dag og viðkunnanlegra að þeir loki að sér, svo maður fái frið fyrir þeim. — Lífeyrissjóður bænda, þannig er ástandið þar að einungis er hægt að standa við 60% af skuldbindingum sjóðsins. Ef horft er á Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna kemur í ljós að ríkissjóður stendur ekki við þær skuldbindingar sem gerðar voru við aðila vinnumarkaðarins í febrúarsamningunum 1986, þar sem talað var um að einstakir lífeyrissjóðir greiddu 55% af ráðstöfunarfé sínu og ef ég man rétt þá vantar um 600 millj. kr. til þess að hann standi við þær skuldbindingar. Þetta er þriðja árið í röð. Þessi ríkisstjórn er búin að afgreiða núna þrenn fjárlög og þetta er þriðja árið í röð sem hún hefur stolið þessum peningum. Þetta þýðir auðvitað það að þessi lánsfjárþörf fellur með meiri þunga á aðra lífeyrissjóði.

Ég þarf ekki að minna á það að þegar ríkisstjórnin settist að völdum var búið að semja frv. um samræmingu á lífeyrisréttindum launamanna. Það frv. hefur sofnað svefninum langa í skrifborðsskúffum þessarar ríkisstjórnar.

Í 15. gr. er talað um Bjargráðasjóð. Sá sjóður er gjaldþrota í stuttu máli sagt og liggur nú fyrir að verulegt tjón hefur orðið vegna sjúkdóma og ótíðar, aðallega í Þykkvabæ. Það tjón nemur um 60 millj. kr. ef ég man rétt og engir peningar fyrir hendi til þess að snara því fjármagni út og ekki fengust upplýsingar um það hjá fulltrúa ríkisstjórnarinnar sem mættur var á fundi fjh.- og viðskn. hvernig við yrði brugðist.

Í sambandi við Hafnabótasjóð, ja, ég ætla nú að taka það mál nánar þegar ríkisstjórnarfundi er lokið, spyrja hæstv. fjmrh. nokkurra spurninga, það þarf ekki að ná í hann strax.

Ef horft er til Ferðamálasjóðs og Ferðamálaráðs í 19. gr. kemur í ljós að þar er auðvitað brýn þörf en lítill skilningur hjá ráðamönnum.

Í sambandi við Kvikmyndasjóð vil ég aðeins taka það fram að þegar við stóðum að lagasetningunni um Kvikmyndasjóð á árinu 1984 vorum við ýmsir áhugamenn um það málefni sem lögðum ríka áherslu á að við skyldum nú reyna að stilla okkur, setja okkur ekki svo rúmar skorður að við treystum okkur ekki til að fylla upp í þær síðar meir, enda hefur svo farið að misjafnlega hefur tekist að standa við þau ákvæði sem felast í lögunum um Kvikmyndasjóð. Nú liggur fyrir að samningur getur tekist um gerð kvikmyndar í norrænni samvinnu og er ekki um verulegar fjárhæðir að ræða til þess að við getum þar notið sameiginlegs framlags til gerðar kvikmyndar, um 15–20 millj. eða svo, sem mundi valda því að hér væri hægt að ráðast í gerð tveggja kvikmynda á næsta ári sem yrði auðvitað mjög ákjósanlegt og eftirsóknarvert vil ég segja.

Í 23. gr. er þessi venjulega skerðing á aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Þau skulu ekki renna í fjárfestingarsjóð Ríkisútvarpsins. Mér finnst þessi grein eiginlega mjög dæmigerð fyrir vinstri flokkana, hæstv. forseti. Þegar við stóðum að nýju útvarpslögunum vorum við sjálfstæðismenn mjög efins um að rétt væri að setja þetta ákvæði inn, að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum skyldu renna í þennan sérstaka fjárfestingarsjóð Ríkisútvarpsins. En það var ekki við það komandi að haga málum öðruvísi. Ég man það áreiðanlega rétt að alþýðuflokksmenn voru mjög áfjáðir í þetta fyrirkomulag, hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson og fleiri. Nú sitjum við uppi með vinstri stjórn og það er hennar fyrsta verk á hverju einasta ári að skerða þessa tekjupósta Ríkisútvarpsins. Þó stendur svo á nú að ekki

er vansalaust, annars vegar er gamli fjarskiptabúnaðurinn uppi á Vatnsendahæð að þrotum kominn fyrir ryði og málmtæringu, þannig að gamla Ríkisútvarpið, sem sumir kalla „Gömlu gufuna", getur hvenær sem er stöðvast. Þar er um verulegar framkvæmdir að ræða sem óhjákvæmilegt er að ráðast í af öryggisástæðum og líka til þess að tryggja sjófarendum það að þeir geti fylgst með veðurfregnum og Ríkisútvarpi og öðru slíku.

Í annan stað hefur verið sýnt fram á það að af því er rekstrarlegt hagræði að flytja Ríkissjónvarpið í Útvarpshúsið sem hv. 8. þm. Reykv. hefur að vísu bent á að væri betur notað til annarra þarfa.

Ég hef aldrei verið talsmaður þess að hafa 22. og 23. gr. útvarpslaganna með þeim hætti að aðflutningsgjöldin skyldu renna í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Á hinn bóginn er ég þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að tryggja Ríkisútvarpinu fjármagn til þess að ráðast í þær óhjákvæmilegu framkvæmdir sem nú blasa við.

Um 28. og 29. gr. vil ég einungis segja að ég álít þær hugmyndir margar hverjar sem uppi eru um Framkvæmdasjóð aldraðra meira en lítið hæpnar, vil leggja áherslu á að ekki verði skert framlag, hvorki til Framkvæmdasjóðs aldraðra né fatlaðra. Loks vil ég aðeins víkja að því, þó svo hæstv. aðalforseti sé ekki í stólnum, að ég tel rétt að kirkjan haldi sínu. Ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til annars en að skila sóknargjöldunum en ég held að ríkissjóður ætti líka að láta kirkjugarðana fá það sem þeim ber.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þetta mikið lengra. Það er auðvitað gaman að ræða um lánsfjárlögin yfir nokkrum stjórnarandstæðingum en það væri mér kærkomið ef hæstv. fjmrh. mætti vera að að hlusta í svona eina mínútu. Það mætti e.t.v. opna dyrnar og spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann megi vera að að koma aðeins, þá væri hann kannski hér við í eina mínútu.

Já, hæstv. fjmrh. Ég veit ekki hvaða Alþb. þeir eru í þeir ágætu bræður sem skrifuðu leikrit um það að gott gæti verið að fresta jólunum, en ég býst við að hæstv. fjmrh. velti því nú mjög fyrir sér hvort ekki væri rétt að koma því í verk. Spurning mín lýtur að hafnamálum. Hæstv. samgrh. kom á fund fjh.- og viðskn. Þar vakti ég athygli á því að skv. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að 240 millj. kr. renni til að fjármagna hafnarmannvirki í Sandgerði. Gert er ráð fyrir 80 millj. kr. vegna hafnarmannvirkja í Höfn í Hornafirði. Ég þarf auðvitað ekki að taka fram hvaða neyðarástand er í Höfn í Hornafirði eftir þær miklu náttúruhamfarir sem þar hafa verið, land rís úr sæ og spurning um það hvernig eigi að halda rennunni þar opinni. Þar hafa menn áhyggjur yfir því ástandi og síður en svo að ég sjái eftir því að þar sé brugðist hrausstlega við. Skv. 1. gr., með brtt. og nánari skýringum, eiga 320 millj. kr. að renna til þessara tveggja hafna á næsta ári. Skv. fjárlagafrv. eru 315 millj. kr. til allra annarra hafna í landinu.

Nú er það svo í sumum höfnum, tek ég sem dæmi Húsavíkurhöfn, að flutningatækni hefur breyst, bæði á landi og eins hafa þau flutningaskip sem þangað sigla og ná í afurðir Kísiliðjunnar stækkað, þannig að óhjákvæmilegt er að ráðast í mikla dýpkun í Húsavíkurhöfn og ganga frá norðurgarði svonefndum, sem er vöruhöfnin, en það kostar mjög verulega fjármuni. Þessa framkvæmd þyrfti að gera í einum áfanga. Ég vil benda á að frá Húsavík til Akureyrar eru 90 km. Að vetrarlagi er auðvitað alveg óvíst hvort hægt sé að komast á milli og alls ekki á það að treysta með þunga og mikla vagna. Ég þykist vita að vegna uppruna síns á Ísafirði þekki hæstv. ráðherra til á norðurslóðum og geri sér grein fyrir því að landflutningar eru auðvitað miklu torveldari norður þar en hér á Reykjanesi þannig að ekki er hægt að hugsa sér það að vöruhöfn á Akureyri dugi fyrir Húsavík eða Kísiliðjuna.

Nú spurði ég hæstv. samgrh. að því hvort ekki væri skynsamlegt að fara þessa sömu leið víðar en í Sandgerði — ég tel Höfn í Hornafirði alveg sérstakt mál — ef þeir Húsvíkingar telja skynsamlegt að ráðast í þennan áfanga á næsta ári, dýpkunina og norðurgarðinn. Þá yrði tekin inn heimild fyrir því í lánsfjárlögum og þess vegna eftir áramót með sérstökum lögum ef sú staðreynd kynni að koma upp. Hæstv. samgrh. tók þessu elskulega í nefndinni, talaði að vísu um þann fjármagnskostnað sem slíku fylgir og ræddi um að slíkt ætti kannski að einhverju leyti að vera á valdi kjördæmisþingmanna. Hvað sem um það má segja er hitt aðalatriðið að víðar en í Sandgerði eru miklir erfiðleikar vegna þess hversu framkvæmdafé til hafnamála er skorið við nögl. Ég vil taka það fram að samkvæmt nýjum hugmyndum sem uppi eru um aukið fé til hafna og ég hef séð er ekki um þvílíkt fé að ræða að það breyti efnislega neinu af því sem ég hef sagt. En ég vil spyrja um skoðun hæstv. fjmrh. á þessu atriði.

Ég sé svo ekki ástæðu, hæstv. forseti, til þess að gera þetta frekar að umræðuefni. Forsendur fyrir lánsfjárlögum breytast frá einum klukkutíma til annars. Grundvallaratriðin eru að þetta frv. er svo losaralegt að hvergi er hönd á festandi. Við gerum okkur ekki grein fyrir því hversu mikill hallinn á A-hluta verður á næsta ári. Það liggur fyrir, og er samhljóða álit allra sem að þessum málum koma, að þessi afgreiðsla á ríkisfjármálunum þýðir hækkun á raunvöxtum á næsta ári, sem er auðvitað brot á því samkomulagi sem ríkisstjórnin gerði við aðila vinnumarkaðarins. Enn fremur liggur það fyrir að ákveðið er að hækka ýmis þjónustugjöld og skatta hins opinbera sem einnig er brot á því samkomulagi sem gert var við aðila vinnumarkaðarins.

Við í Sjálfstfl. sjáum ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að hafa á móti því að þetta frv. gangi til Nd. Við vitum að nauðsynlegt verður að senda það hingað upp aftur. Ríkisstjórnin hefur þá skyldu á höndum að afgreiða fjárlög. Þótt hún sé ekki öfundsverð af framkvæmdinni á þeirri afgreiðslu núna þá verður það að hafa sinn gang. En við munum ekki treysta okkur til þess að bera ábyrgð á þeirri afgreiðslu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrstu segja að ekki er hægt að fullyrða neitt um það hvaða áhrif ríkisfjármálin á næsta ári kunna að hafa á vaxtaþróunina fyrr en

menn sjá endanlega niðurstöðu fjárlaganna og ýmsar aðrar breytingar þar að lútandi. Ég get fullyrt við hv. þm. að þær hallatölur sem nefndar hafa verið hér í þingsölum eða utan þingsala í fjölmiðlum síðustu daga eru úr lausu lofti gripnar. Sá endanlegi halli sem á fjárlögunum mun verða verður töluvert minni en sagt hefur verið í fjölmiðlum eða á þingi síðustu daga. Það mun nú koma í ljós á næsta sólarhring.

Hv. þm. beindi til mín spurningu um hafnamál. Ég vil fyrst segja að gert er ráð fyrir því í tillögum ríkisstjórnarinnar og fjvn., a.m.k. meiri hl. nefndarinnar, að upphæðin á hafnaframkvæmdir í frv. verði hækkuð í 200 millj. kr. þannig að það verða rúmar 500 millj. kr. sem fara til hafnaframkvæmda samkvæmt þeirri tillögu í fjárlögum næsta árs verði sú tillaga samþykkt.

Í öðru lagi gerði hv. þm. að umtalsefni samkomulag sem þingmenn Reykjaneskjördæmis undir forustu 1. þm. kjördæmisins, Matthíasar Á. Mathiesen, gerðu fyrir rúmu ári síðan og fólst í því að tekið væri á vanda hafnarinnar í Sandgerði gegn því að kjördæmið greiddi af lánunum á næstu árum, af þeim lið sem til kjördæmisins kemur til hafnamála. Það hefur komið fram í umfjöllun fjölmargra aðila að slíkt kerfi getur ekki orðið almenn fyrirmynd. Ég held að allir séu sammála því. Þá væru hafnaframkvæmdirnar í raun og veru komnar alveg úr böndum. Sem meginreglu yrði að mínum dómi fyrst og fremst að taka tillit til tjóna og annarra slíkra atburða sem skyndilega hafa áhrif á breytta fjárþörf til hafnamála. Og ég held að það sé niðurstaða fjvn. varðandi afgreiðslu hafnamála, sem væntanlega mun koma í ljós á morgun, að þessari aðferð verði ekki beitt á öðrum sviðum. Ég vænti þess að það muni liggja skýrt fyrir á morgun.

Ég vona að þessar upplýsingar nægi hv. þm. sem svar við spurningu hans. Ég er hins vegar ekki viss eins og hann um að frv. þurfi að koma aftur til umfjöllunar í þessari hv. deild.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér finnst fjmrh. reyna að afgreiða hlutina heldur billega. Þegar við, bæði ég og hv. 18. þm. Reykv., erum að tala um hallatölur fjárlaga höfum við lagt til grundvallar lánsfjárþörf A-hluta ríkisreiknings samkvæmt þeim brtt. sem fyrir liggja og samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir hver verður heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á næsta ári samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir opinberlega. Og þá liggur það líka fyrir að raunvextir munu hækka á næsta ári. Það er álit bæði Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka.

Þá vil ég spyrja hæstv. fjmrh., úr því að hann fór inn á þetta eina mál en ekki önnur í ræðum okkar 18. þm. Reykv., hvað mun draga úr lántökuþörf ríkissjóðs á innlendum lánsfjármarkaði? Við höfum ákveðnar upplýsingar um það hver sú lánsfjárþörf verður. Hefur eitthvað breyst í þeim efnum frá því að við áttum fund með fulltrúum Seðlabanka og fulltrúum Þjóðhagsstofnunar í gærmorgun? Ég spyr. Ef ekkert hefur breyst, þá er hæstv. fjmrh. að slá hér keilur, lygakeilur, því að forsendurnar fyrir okkar ályktunum voru þær upplýsingar sem hans eigin menn höfðu gefið okkur.

Ég vil í annan stað finna að því við hæstv. fjmrh. að hann skuli ályktа sem svo að fjvn. standi að þeim niðurstöðutölum sem eru á útgjaldalið vegna einstakra hafna. Að sjálfsögðu er það meiri hl. fjvn. en ekki fjvn. í heild. Þetta er ekki aðeins ónákvæmni hjá hæstv. fjmrh. heldur eru þetta ósannindi eins og hann talaði hér áðan. „Niðurstaða fjvn. er ...“ o.s.frv. Það er einfaldlega ekki rétt.

Ég vil aðeins að síðustu segja að nauðsynlegt getur verið að bjóða hæstv. fjmrh. norður til Húsavíkur svo hann geti sjálfur séð með eigin augum það sem þar er að gerast, hvernig aðbúnaðurinn er. Algerlega er útilokað að hægt sé að tala um Sandgerði og Húsavík í sömu andránni með hliðsjón af því að hægt sé að notast við aðrar hafnir. Það er auðvitað algerlega rangt ef hæstv. fjmrh. heldur það. Og það er algerlega út í bláinn líka að tala um að einungis náttúruhamfarir geti valdið því að skyndileg nauðsyn kemur upp í einstaka höfnum. Það voru ekki náttúruhamfarir sem ollu því í Sandgerði að þörf er á þessari miklu dýpkun. Það sem veldur þörfinni á Húsavík er að nú eru menn farnir að nota stærri skip en áður.

Ég held ég verði, herra forseti, að óska eftir því að samgrh. komi hér. Svo held ég að það verði svona almennt talað að óska eftir því að starfsmenn ráðuneyta séu ekki inni í salarkynnum þingsins ef það veldur jafnmiklum óróa í þingsölum og að þessu sinni. Ef ráðherrar ætlar að færa skrifstofur sínar hingað inn í hliðarherbergin held ég að það sé nauðsynlegt að forsetar þingsins fari að skapa nýjar umgengnisvenjur. Ekki geta einstakir þingmenn dregið hingað inn með sér hjálparkokka. Það hefur ekki verið amast við því að ráðherrar taki hér með sér einn og tvo menn til þess að svara sérstökum spurningum sem upp kunna að koma í umræðum eða veita þannig upplýsingar og vera til ráðuneytis, en hitt er algerlega útilokað að haga þingstörfum þannig að hér séu litlir ráðherrafundir og starfsmenn ráðuneytisins séu hér í hliðarsölum við embættisstörf sín. Í dag gat hæstv. fjmrh. ekki verið við af því að hann var á öðrum fundi sem var mikilvægari en fundurinn hér í deildinni. Og nú er hann rokinn út. Ég held að ég biðji um það að þessum fundi verði frestað svona í stundarfjórðung. Er ekki hægt að verða við því? Það er alveg útilokað að það sé hægt að tala þegar ráðherrann hleypur svona á milli herbergja og ekki hægt að halda efnisþræði í ræðu. (**Forseti:** Hæstv. samgrh. er kominn.) Ég var að biðja um að hæstv. fjmrh. sé hér líka. Forseti verður að reyna að halda einhverjum skikk hér. Ég vil ítreka það sem ég sagði, að það dugir ekki að vera að fylla öll hliðarherbergi af starfsmönnum ráðuneytanna sem valda stöðugum umgangi og truflun á þingstörfum. Svo vil ég láta í ljósi sérstaka ánægju mína yfir því að ég sé að formaður þingflokks Alþfl. er kominn hér í salinn. Hann á sæti í fjh.- og viðskn. og hefur stundum verið við í nefndinni þegar þessi mál hafa verið til umræðu

þar. Má vera að ýmislegt sem síðar kemur muni kalla á nærvist hans. En að öðru leyti er ekki ástæða til að gera harðar umræður.

Ég var að skýra frá því, hæstv. samgrh., að ég hefði kallað hann á fund fjh.- og viðskn. — Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa svolítinn aðdraganda að þessu máli og biðja hæstv. fjmrh. að vera í salnum á meðan og vera ekki í hliðarsölum.

Ég var að skýra frá því að ég hefði kallað samgrh. á fund fjh.- og viðskn. og innt hann eftir því hvort hann teldi koma til greina að sams konar lán yrði tekið vegna annarra hafna en Sandgerðis ef upp kæmi mjög mikil nauðsyn, t.d. vegna breyttrar tækni við flutninga vegna þess að skip stækkuðu og vegna þess að flutningatækni hefði breyst á landi. Ég nefndi þar sérstaklega höfnina á Húsavík. Eins og hæstv. samgrh. veit er mjög mikil þörf fyrir lánsfé einmitt til þeirrar hafnar nú.

Við vorum sammála um það fyrir þremur árum að nauðsynlegt væri að fara í það, helst á einu ári, ekki fleiri en tveim, að ljúka við norðurgarðinn og ganga frá því að sú vöruhöfn gæti notast vegna flutninga frá Kísiliðjunni.

Nú hefur hæstv. fjmrh. skýrt frá því að samkomulag hafi tekist um það í fjvn., hann sagði í allri fjvn. sem ég fullyrti að gæti ekki verið rétt. (Gripið fram í.) Hann sagði „að fjvn. hefði orðið sammála um", það eru óbreytt orð ráðherrans, að slíkar lántökur yrðu ekki teknar vegna annarra hafna nema upp kæmu náttúruhamfarir, það mætti ekki verða regla. Og ég skildi ummæli ráðherra svo að með því væri búið að ýta því út af borðinu að nokkrar aðrar hafnir en Sandgerði gætu komið inn á næsta ári.

Nú veit ég auðvitað ekki hversu mikla og ríka áherslu þeir Húsvíkingar mundu leggja á það að eiga kost á slíkri lántöku. Mér er heldur ekki ljóst hvort svo kynni að standa á í öðrum höfnum að sveitarstjórnarmenn þar mundu vilja njóta sams konar fyrirgreiðslu. En spurning mín lýtur að hinu, hvort hæstv. samgrh. sé þeirrar skoðunar að slíkar lántökur skuli, þegar sérstaklega stendur á, vera á valdi sveitarstjórna þannig að þær geti ráðist í hin miklu verkefni þegar þær eru undir það búnar og þeim hentar frekar en þegar sérstakur byr er fyrir slíkar framkvæmdir á Alþingi. Nú fer hv. 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen af þingi eftir næstu kosningar og þeir Reyknesingar geta þá ekki lengur notið hans dugnaðar og framsýni. Er auðvitað þakkarvert að bæði hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. skuli hafa lýst því yfir að það sé fyrst og fremst fyrir forgöngu og framsýni hv. 1. þm. Reykn. sem ráðist er í hinar miklu framkvæmdir í Sandgerðishöfn sem sýnir auðvitað að sjálfstæðismenn hafa meiri skilning á þessum málum en aðrir. Spurning mín er einföld. Ég vil biðja hæstv. samgrh. að svara því hvort skilningur hans sé sá sami og hæstv. fjmrh., að ekki komi til greina að á næsta ári verði veittar verulegar lántökur með sérstakri lánsfjárheimild til annarra hafna en þeirra tveggja sem tilgreindar eru í sambandi við lánsfjáráætlun núna.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. spyr svipaðra spurninga og hann gerði í hv. fjh.- og viðskn. fyrir nokkrum dögum síðan. Þar mætti ég á fund að hans ósk og reyndi að greiða úr þeim spurningum í þessu sambandi sem hv. þm. hafði fram að færa. Ég vil svara þessu þannig að ég tel að sjálfsögðu að fyrst þurfi að liggja fyrir hvaða fjárveitingar verður um að ræða til einstakra hafna áður en unnt er að sjá það fyrir hver staðan er gagnvart framkvæmdum á hverjum einstökum stað. Það liggur ekki fyrir enn. Væntanlega hittast þingmannahópar á þessum sólarhring eða hinum næsta til að leggja lokahönd á skiptingu fjárveitinga í sínum kjördæmum þegar tillögur liggja fyrir um það og heildarfjárhæð til hafnaframkvæmda liggur fyrir, sem mér skilst að geri núna á þessu kvöldi frá fjvn.

Í öðru lagi er auðvitað nauðsynlegt að kanna afstöðu heimamanna til þess hvort menn vilja ráðast í lántökur því í þeim tilvikum hefur sveitarfélagið tekið lánið. Það þarf að vera um það samstaða og vilji í þingmannahópum kjördæmanna að haga þannig málum að fara út í lántökur til þess að geta flýtt tilteknum framkvæmdum eða unnið stóra framkvæmdaáfanga sem kalla á það að vera allir unnir á einu og sama árinu, eins og háttar til um margnefnda dýpkun innsiglingarrennunnar í Sandgerði.

Í þriðja lagi þarf að liggja fyrir hvort ætlunin er að ráðast í svo viðamikla lántöku, það háa upphæð að þörf sé talin vera á sérstakri heimild í lánsfjáráætlun fyrir slíku. Eins og hv. þm. öllum er væntanlega kunnugt hafa af og til tíðkast einhverjar lántökur með uppáskriftum þingmannahópa kjördæmanna án þess að talin væri sérstök ástæða fyrir lagaheimild í þeim tilvikum ef unnt hefur verið að útvega með einhverjum hætti lánsfé til slíks. En þá er gjarnan um minni upphæðir að ræða en hér í tilviki hafnarinnar í Sandgerði.

Mér hefur ekki verið skýrt frá því að fjvn. hafi endanlega afgreitt fyrir sitt leyti ákvarðanir um lántökur til hafna annað en ég veit og treysti að áður ákveðin lántaka til dýpkunarframkvæmdanna í Sandgerðishöfn verði inni. Mér er tjáð að það hafi verið til skoðunar hjá fjvn. hvernig framkvæmdir við styrkingu Suðurtanga í Hornafjarðarhöfn yrðu fjármagnaðar eða yrðu leystar. Ekki er víst að þar þurfi að koma til sambærileg lántaka þótt það hafi verði rætt. Því kann svo að fara að framkvæmdir þessar í Sandgerði verði þær einu sem fjvn. leggur til lántökur til, ef tekst að leysa þau vandamál sem komu upp og urðu mönnum ljós eftir óveður á sl. vetri við Hornafjarðarós. Það þýðir ekki í mínum huga að þar með séu menn búnir að afskrifa um aldur og ævi að lántaka geti komið til í þeim tilvikum að ráðast þurfi í stóra framkvæmdaáfanga sem ekki er hægt að skipta ef þingmannahópar viðkomandi kjördæma vilja lýsa stuðningi yfir við slíkt. Og ég tel að auðvitað hljóti að geta komið upp aðstæður á næstu árum sambærilegar þeim sem menn hafa staðið frammi fyrir í Sandgerði en þar er um að ræða dýpkun á innsiglingarrennu sem ekki er unnt að framkvæma öðruvísi en að höfnin lokist meira og minna á meðan á

framkvæmdum stendur. Og væntanlega skýrist þar af að menn telja ekki annað fært en að ljúka þeirri framkvæmd í einum áfanga. Þess vegna varð um það samkomulag milli þingmanna Reykjaneskjördæmis og samgrn. að fara út í slíka lántöku til að unnt væri að ráðast í þessa framkvæmd og ljúka henni og síðan mun Reykjaneskjördæmi endurgreiða þær lántökur af fjárveitingum sínum til hafnamála á næstu árum.

Varðandi aðstæður í hafnarmálum á Húsavík þá þekkjum við það báðir, hv. 2. þm. Norðurl. e. og ég, að þar er auðvitað mikil þörf á framkvæmdum á næstu árum. Þær verða ekki leystar á einu ári og ekki tveimur því þar bíða mikil verkefni, bæði dýpkunarframkvæmdir, að ljúka framkvæmdum við norðurgarð, við suðurgarð, endurnýja innri bryggjur o.s.frv., o.s.frv. En hversu stóran verkáfanga verður unnt að ráðast þar í á næsta ári verður að leiða til lykta í samstarfi þingmanna og heimamanna á staðnum.

Ég vona að þetta svar nægi hv. þm., a.m.k. verður hann að taka þetta fyrir svar á þessu stigi málsins því betra kann ég ekki.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Er fjmrh. enn þá í húsinu? (**Forseti:** Það var kallað á hæstv. fjmrh. í umræðu í Nd.) Ég ætlaði eiginlega að svara því sem hann sagði um góða stöðu ríkissjóðs og að við, ég og hv. 2. þm. Norðurl. e., værum að mála útlitið heldur svartara en það væri þar sem við héldum því fram og hefðum þær upplýsingar að það yrði a.m.k. 2 milljörðum kr. meiri halli en upphaflega var gert ráð fyrir þegar lánsfjárlög voru lögð fram. (**HBl:** Fjmrh. er í símanum en ekki á fundi í Nd.) Jæja, ég ætla að halda áfram hvað sem öðru líður. (**GHG:** Það á aldrei að gefa þeim eftir þessum mönnum. Hæstv. sjútvrh. kannast við það.) (**Sjútvrh.:** Ég hlusta.)

Hæstv. fjmrh., ég bið þig afsökunar á að ég skuli trufla þig í símhringingum þínum en þannig var að þú barst brigður á að það væri rétt hjá okkur, mér og hv. 2. þm. Norðurl. e., að skyndilega hefði komið í ljós að halli á ríkissjóði væri 2 milljörðum meiri en áætlanir voru í upphafi umræðna um lánsfjárlög. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan að lagt var fram frv. til laga um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1990. Þar eru ýmsar breytingar, en m.a. stendur þetta: „Í annan stað nam skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands vegna halla á ríkissjóði á árinu 1989 um tveim milljörðum kr. Fjármögnun þessarar skuldar var ekki inni í lántökuheimild ríkissjóðs á fjárlögum 1990. Samkvæmt lögum um Seðlabanka ber að greiða skuld ríkissjóðs við bankann í lok marsmánaðar."

Ég get ekki séð annað en þessum 2 milljörðum verði ríkissjóður að snara út.

Svo bar það einnig til 17. des. sl. að inn í möppur okkar sem í fjh.- og viðskn. erum kom plagg frá fjmrn. Á það eru krotaðir stafirnir HÁ sem ég býst við að fjmrh. þekki. Þar eru brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991. Þar stendur við 1. gr. að hún breytist úr 11.875.000 þús. kr. í 14.060.000 þús. kr. Þetta finnst mér vera svona lauslega reiknað 2 milljarðar 185 millj. kr. Þar af leiðandi finnst mér að þetta bendi til að það sé tveggja milljarða króna meiri halli en upphaflega var talað um í umræðum þessum. Kannski kemur eitthvað annað á móti sem minnkar þennan halla, það er bara ekki komið í ljós, a.m.k. ekki fyrir mín eyru.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 364,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,2 (nýjar gr., verða 7.–9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

7.–17. gr. (verða 10.–20. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

18. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 369,1 felld með 11:7 atkv.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykv. hafði bankað í borðið og ég skildi það svo að hann ætlaði að gera athugasemd og taka til máls við atkvæðagreiðsluna og ég er að vekja athygli á því.

Guðrún J. Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég flutti nál. 2. minni hl. við þessi lánsfjárlög, þá gerði ég grein fyrir því að ég mundi flytja brtt. bæði við 19. og 20. gr. Í þessu nál. er grg. fyrir því hvernig stendur á að þessar tvær tillögur hafa fram komið. Ég bið þá sem eru hér viðstadda að vera svo væna að lesa það yfir. Ég geri ekki ráð fyrir að ég hafi svo langan tíma að ég megi ræða meira um þetta. En þegar umræðu í dag var slitið um lánsfjárlögin, þá stóð svo á að við vorum að ræða um annað mikilvægt mál, ég og skrifari þessarar deildar, og það fór fram hjá mér og gat ég því ekki gert grein fyrir þessum tillögum. En ef þið vilduð vera svo væn að lesa þetta vil ég ekki þreyta ykkur með meira málæði.

19. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 369,2 felld með 11:7 atkv.

20. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,4 (21. gr. falli brott) samþ. með 15 shlj. atkv.

22.–23. gr. (verða 24.–25. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,5 samþ. með 11 shlj. atkv.

24. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,6 samþ. með 11 shlj. atkv.

25. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,7 samþ. með 11 shlj. atkv.

26. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,8 samþ. með 11 shlj. atkv.

27. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

28. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,9 samþ. með 11 shlj. atkv.

29. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

30. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,10 (31. gr. falli brott) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 364,11 (ný 32. gr., verður 33. gr.) samþ. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, SkA, StG, SvG, VS, JHelg.

nei: EgJ, EKJ, GHG, GJH, HBl, SalÞ, DS.

3 þm. (KP, MF, ÞK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Ágústsson:

Sú brtt. sem hér um ræðir felur í sér að kirkjugarðsgjald er skert um 5% meira en gert var ráð fyrir í upphaflega frv., en það hefur komið aftur á móti að sóknargjöldin hafa ekkert verið skert og það er sú breyting sem gerð var í meðförum málsins í fjh.- og viðskn. að fella niður sóknargjöld til að auka á móti skerðingunni á kirkjugarðsgjöldum. Þetta gefur kirkjunni um 20 millj. í auknar tekjur og töldum við sem í meiri hl. vorum þetta sanngirnismál gagnvart kirkjunni að gera þetta með þessum hætti þar sem það liggur ljóst fyrir að kirkjugarðar hafa umleikis töluvert meira fjármagn heldur en sóknirnar og kirkjugarðarnir gætu borið þetta með þessum hætti. Þingmaðurinn segir já.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér varð það á að halda að það hefði verið af dyggð sem meiri hl. hafði hugsað sér að fella niður skerðinguna á sóknargjöldunum, en sé að svo er ekki. Þetta er einfaldlega verslun og áreiðanlega þannig reiknað að kirkjan tapar þegar allt kemur til alls. Ég segi nei.

33.–38. gr. (verða 34.–39. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1990, 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (lánsheimild ríkissjóðs innan lands). — Þskj. 274, n. 347.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 347 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1990. Það eru lög nr. 116/1989.

Í nefndarálitinu segir: „Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Árna Þór Sigurðsson, formann stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Þórð G. Valdimarsson, framkvæmdastjóra LÍN, Hauk Hauksson aðstoðarflugmálastjóra og þá Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga."

Undir það rita Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason og Guðmundur Ágústsson formaður, með fyrirvara.

Í þessu frv. er einkum tekið á tveimur atriðum. Annars vegar aukinni lántöku vegna Alþjóðaflugmálaþjónustunnar upp á 180 millj. kr. og hins vegar auknum heimildum til Lánasjóðs ísl. námsmanna upp á 450 millj. kr. Ég hef í sjálfu sér ekki athugasemdir við fyrri lið þessa frv., en varðandi seinni liðinn, þ.e. fjárveitingar til Lánasjóðs ísl. námsmanna, vil ég segja eftirfarandi og á því byggist sá fyrirvari sem ég geri.

Það var ekki fyrr en í byrjun desembermánaðar sem þetta frv. var lagt fram. Þá lá ljóst fyrir, eftir því sem okkur var kunngert, að fjárhagsvandi Lánasjóðs ísl. námsmanna væri 450 millj. kr. og það stæði á þinginu að samþykkja lántökuheimild til þess að hægt væri að borga námsmönnum í námi erlendis út 3. des. og innan lands 10. des. Þá var nýbúið að afgreiða fjáraukalög og þetta hafði ekki komið þar inn og ekki minnst á þennan fjárhagsvanda. Mér finnst þetta vinnubrögð sem eru stórháskaleg og fordæmi slíkt þar sem hér er um að ræða að ákveðnum upplýsingum er hálfpartinn leynt fyrir Alþingi.

Ég neita ekki að afgreiða þetta frv. þar sem mér er ljóst að þarna er um skuldbindandi loforð að ræða sem námsmönnum hefur verið gefið, þess vegna get ég ekki staðið í vegi fyrir því að afgreiða þetta frv. en vil gera þennan fyrirvara að það eigi að haga lánsfjárlögum og fjárlögum þannig að vandinn verði kunngerður eins fljótt og hægt er en ekki á síðustu stundu að koma með frv. inn á Alþingi og segja: Svona er vandinn, leysið hann.

Annað vildi ég nú ekki segja um þetta lánsfjárlagafrv., en þetta er breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1990.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. lætur lítið yfir sér, það er einungis tvær greinar. En samt sem áður er þetta frv. mjög — ég vil segja hættulegt vegna þess að bæði með þessu frv. og með afgreiðslu lánsfjárlaga og fjárlaga fyrir einu ári var farið inn á mjög nýja stefnu í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er svo að til þess að Lánasjóður ísl. námsmanna geti staðið við sínar skuldbindingar og ekki komi upp það sem kallað er uppsafnaður vandi í Lánasjóði ísl. námsmanna, er nauðsynlegt að ríkisframlag á hverju ári nemi 60% af ráðstöfunarfé sjóðsins en lánsfé sé um 40%. Ef tekið er meðaltal af árunum 1980–1989 var framlag úr ríkissjóði til Lánasjóðs ísl. námsmanna 60–62% á ári.

Á sl. ári var með fjárlögum ákveðið að lækka þetta framlag úr ríkissjóði svo að þá var gert ráð fyrir 55% ríkisframlagi en 45% lántöku. Með því að hér er lagt

til að fjármagna sjóðinn með 450 millj. kr. lántöku til viðbótar hefur þetta hlutfall lækkað niður í 50% og á þessu ári er svo komið að hlutföllin hafa snúist við, eingöngu 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins er fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði en 60% eru tekin að láni. Hér er með öðrum orðum verið að byggja upp enn eitt vandamálið. Það er verið að taka lán til framtíðarinnar og ef við horfum fram í tímann sjáum við að ekki líður á löngu áður en fjárreiður Lánasjóðs ísl. námsmanna verða komnar í sama óefnið og nú er með lífeyrissjóðina og Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Þeir þingmenn sem sérstaka ábyrgð bera á þessu auk hæstv. fjmrh. og hafa lagt blessun sína yfir þessa þróun með nál. á þskj. 347 eru Jóhann Einvarðsson, hv. 8. þm. Reykn., Skúli Alexandersson, hv. 4. þm. Vesturl., og Eiður Guðnason, hv. 3. þm. Vesturl.

Það væri fróðlegt ef einhver þessara þremenninga mundi kveðja sér hljóðs hér við umræðuna og skýra afstöðu sína til Lánasjóðsins, hvort þeir telji þessa þróun góða eða æskilega. Þetta ríkisframlag, 60%, samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir því að það dugi til að standa undir vöxtum og lánsfjárkostnaði á komandi tímum. Hér er verið að skekkja hlutfallið, með því er verið að taka lán til framtíðarinnar, þarna er dulinn ríkissjóðshalli sem þessu nemur og á vitaskuld að bætast við hinn botnlausa halla sem ríkissjóður er í undir forustu hæstv. fjmrh.

Ef við tökum hina klassísku sjóði, Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, lífeyrissjóðina og Lánasjóðinn, þetta sem svo oft hefur verið talað um hér í þinginu, þá sjáum við að á öllum þessum stöðum er fjmrh. mjög óábyrgur í afstöðu sinni og geispar af leiðindum þegar hann er spurður að því hvernig koma megi þessum sjóðum til hjálpar.

Ég hlýt, herra forseti, að vekja sérstaka athygli á því að það dróst um viku nú fyrir jólin að hægt yrði að afgreiða lán til námsmanna erlendis. Það var um 2000 manns að ræða, um 200 millj. kr. Þetta var auðvitað mjög bagalegt fyrir ýmsa þá sem búa við erfiðar aðstæður. Þeir sem eiga sterka að bjargast auðvitað þó ein vika líði en það eru hinir sem eru einir eða eiga ekki mjög sterka að sem geta lent í erfiðleikum erlendis. Það er auðvitað mjög mikill ábyrgðarhluti og nánast óafsakanlegt af ríkisstjórn að halda þannig á málum að greiðslur Lánasjóðsins til stúdenta erlendis standist ekki. Námsmenn hafa gert samninga bæði í sambandi við húsaleigu, í sínum bönkum og annars staðar sem þeir þurfa að standa við, þannig að það er mjög ámælisvert hvernig fyrir þessum afgreiðslum fór.

Við spurðum að því í fjh.- og viðskn. hvernig á þessu stæði og fengum þau svör frá fulltrúum Lánasjóðs ísl. námsmanna að allar áætlanir Lánasjóðsins hefðu staðist en á hinn bóginn hefði komið í ljós að krot Hagsýslunnar í þessar áætlanir hefði ekki reynst á rökum reist. Það gleymdist að áætla fyrir 500 námsmönnum. Auk þess kom það til sem auðvitað hefði verið hægt að segja sér fyrir fram að tekjur námsmanna á sl. sumri voru minni en áður og minni en menn höfðu gert ráð fyrir.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Þetta frv. sýnir okkur að ríkisfjármálin hafa farið úr böndunum á þessu ári, hið sérstaka dæmi um Lánasjóð ísl. námsmanna sýnir okkur hversu óvandvirk vinnan við fjárlagagerðina er og kemur auðvitað mjög til álita hvort ekki sé nauðsynlegt að setja ríkisreikning upp með öðrum hætti þannig að alþingismenn eigi auðveldar með að sjá þegar ráðherrar beita kúnstum eins og þessum til að fela eigin vesaldóm. Við sjálfstæðismenn getum auðvitað ekki annað en látið afgreiðslu þessa frv. afskiptalausa. Við erum hér að fjalla um orðinn hlut og það fer best á því að þeir sem bera ábyrgðina rétti upp höndina til þess að samþykkja þessar nýju lántökur ríkissjóði til handa.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég vil gera grein hér fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um þingmál 214, þ.e. þá viðbót við lánsfjárlög fyrir árið 1990 sem hér er verið að ræða um.

Okkur furðar mjög það óraunsæi sem réði þegar verið var að áætla um fjölda þeirra námsmanna sem mundu þurfa á lánum að halda úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Á sama tíma og atvinnuleysi eykst í landinu er öruggt mál að stúdentum fjölgar vegna þess að ýmsir þeir sem annars væru úti á hinum almenna vinnumarkaði sækja inn í nám til þess bæði að bæta stöðu sína og hafa viðfangsefni og fá þá fé, annaðhvort lán eins og í þessu tilfelli eða laun fyrir. Þessu hefði ríkisstjórnin átt að gera sér grein fyrir. En í staðinn fyrir að fara eftir áætlunum sjóðsins var skorin niður áætlunin um 500 námsmenn. Þetta er mikið óraunsæi og eiginlega furðulegt þegar atvinnuástandið er eins og það nú er í landinu þó það sé ekki eins slæmt og víða annars staðar.

Einnig furðar mig það að þær skammtímaskuldir við Seðlabankann, þessir 2 milljarðar, sem þarf að greiða nú á haustdögum 1990, skuli ekki hafa verið inni í greiðsluáætlun ríkissjóðs vegna þess að þeir geta ekki hafa gleymt 2 milljörðum, svo mikla gleymsku er ekki hægt að ætla nokkurri manneskju.

Að öðru leyti get ég tekið undir flest það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. og fulltrúi 2. minni hl. fjh.- og viðskn. sagði í sínu máli um þessa breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1990 sem nú er til umræðu.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Út af þessari umræðu sem hefur orðið hér um Lánasjóð ísl. námsmanna vil ég segja hér nokkur orð. Ég held að mín afstaða hafi verið nokkuð skýr á fundi í fjh.- og viðskn. Ég skrifaði að sjálfsögðu undir þetta nál. vegna þess að sá liður, sem ég hafði mestar athugasemdir við á fundinum, er þegar gerður hlutur og eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni og reyndar hv. 2. þm. Norðurl. e. líka, þá varð að fresta útborgun lána vegna fjárskorts. Ég gerði hins vegar verulegar athugasemdir við þá uppbyggingu sem er orðin á Lánasjóði ísl. námsmanna. Sjálfvirkni þess sjóðs er orðin með slíkum eindæmum að ef við hefð-

um slíka sjálfvirkni í öðrum lánastofnunum hér á landi, þá væri margt komið hér í miklu meira óefni en það er.

Ég vil taka það skýrt fram að ég vil standa við bakið á námsmönnum að öllu því leyti sem nauðsynlegt er að gera á hverjum tíma. En það á hins vegar ekki að vera alveg sjálfvirkt kerfi, að það sé nóg að skrá sig einhvers staðar í nám og það sé tryggt að þú hafir aðgang beint án nokkurrar endurskoðunar á þeim lánum sem þú telur þig sjálfan þurfa. Það er alveg ljóst í mínum huga. Á sama tíma er það líka ljóst að fjárveitingavaldið verður út af fyrir sig að gera raunhæfar áætlanir um það sem er á seyði.

Skýringar sem við fáum á þessari auknu fjárþörf eru tvær. Annars vegar það að fjölgun nemenda hafi orðið mun meiri á seinni árshelmingnum heldur en reiknað var með og fjölskyldusamsetning námsmanna hafi verið allt önnur. En eftir sem áður stendur það í mínum huga að allir lánasjóðir, hverjir sem þeir eru, hafa ákveðið fjármagn til úthlutunar og verða að sníða sér stakk eftir vexti. Mig rennir svo grun í að ef Byggingarsjóður ríkisins eða Byggingarsjóður verkamanna væri jafnsjálfvirkur og þetta kerfi er, þá væru þau vandamál okkar ekki eins flókin að leysa fjárþörf byggingarsjóðanna á hverjum tíma eins og í dag heldur mundum við bara með einfaldri línu í lánsfjárlögum á hverju ári, viðbótarlánsfjárlögum, bæta við því fjármagni sem þyrfti.

Ég vil svo ítreka það að ég styð það að Lánasjóður ísl. námsmanna sé gerður sjálfum sér nógur. Slíkir lánasjóðir eiga að verða nægilega sterkir með tímanum þannig að þeir geti staðið undir sér sjálfir og ávaxtað sitt fé þannig að þeir geti aðstoðað þá nemendur sem fjárþurfi eru, en þessi sjálfvirkni inn í ríkiskerfið gengur ekki til lengdar. Undirskrift mín undir þetta nál. og samþykkt mín við þessar brtt., einkum að því leyti sem snýr að Lánasjóði ísl. námsmanna, byggist á því að við fáum þetta á elleftu stundu. Árið er liðið og námsmennirnir eru þegar búnir að stóla á það að staðið sé við þá samninga sem gerðir voru við þá. En þeir samningar hafa ekki verið gerðir í samræmi við þær fjárveitingar sem stjórn Lánasjóðsins hafði fyrir hendi á þessum tíma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 2. umr.

Stjfrv., 34. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 34, n. 348 og 380.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 348 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Nál. er stutt og er á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess án breytinga."

Undir þetta rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason og Guðrún J. Halldórsdóttir en tveir þingmenn, Eyjólfur Konráð Jónsson og Halldór Blöndal, hafa ákveðið að skila minnihlutaáliti og hljóta að gera grein fyrir því hér á eftir.

Í þessu frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga felst einkum tvennt: Í fyrsta lagi er um að ræða endurgreiðslu til eigenda íbúðarhúsnæðis á virðisaukaskatti sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Hins vegar er um það að ræða að afnema virðisaukaskatt á bókum.

Þessar breytingar voru ákveðnar í kjölfar þess að ótti var á að þjóðarsáttin svokallaða mundi ekki halda og hækkanir kæmu til framkvæmda með þeim hætti að hér mundi allt fara í bál og brand. Tók þá ríkisstjórnin þá ákvörðun að fresta þessum liðum eða fella þá niður til að koma til móts við aðila vinnumarkaðarins. Þarna er um verulega breytingu að ræða og lækkar m.a. framfærslugrunn um 0,5% en hefur hins vegar í för með sér 200–250 millj. kr. tap fyrir ríkissjóð. Þarna er um það að ræða að gera byrði þjóðfélagsþegnanna léttbærari og er ég sammála því að þessar breytingar komist til framkvæmda, sérstaklega að því er varðar fyrri liðinn um að afnuminn skuli virðisaukaskattur á bókum, enda kemur það mjög greinilega fram núna í jólaönninni að bækur eru töluvert meira keyptar heldur en áður.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þegar virðisaukaskattur var hér til umræðu á síðasta þingi fluttum við sjálfstæðismenn tillögu um það að virðisaukaskattur yrði felldur af bókum frá 1. sept. Við færðum þau einföldu rök fyrir því að skólabörn kæmu þá saman og okkur þætti ósiðlegt að vera að nota síðustu daga virðisaukaskatts af bókum til þess að reyna að ná sumarpeningunum af skólakrökkunum, af unglingunum sem voru að fara í framhaldsskólana og af því fólki sem var að reyna að mennta sig í háskólum og Kvennalistinn studdi okkur mjög dyggilega í þessu máli eða við Kvennalistann, hvernig sem við horfum á það mál, því að við vorum algerlega samstiga í því.

Það var svo ekki okkur að kenna að þeir sem skipa meiri hluta hér í Alþingi greiddu atkvæði gegn okkar tillögum, felldu það að virðisaukaskattur skyldi falla niður af bókum hinn 1. sept. í staðinn fyrir 16. nóv. Það orkar auðvitað tvímælis að það sé í samræmi við rétt lög í landinu að síðan sé hlaupið til og gefin út bráðabirgðalög um sumarið til þess að breyta ákvörðun Alþingis. Það lá fyrir jákvæður vilji meiri hluta Alþingis um það að þingmennirnir sem skipa meiri hlutann vildu láta unglingana greiða virðisaukaskattinn af bókunum. Það lá alveg skýrt fyrir. Það voru greidd atkvæði um það bæði í Ed. og í Nd. Það er síðan af ein-

hverjum öðrum ástæðum sem hæstv. fjmrh. snerist hugur og kom í bakið á þeim stuðningsmönnum sínum hér á Alþingi. Ég er ekkert viss um að þetta standist stjórnarskrána. Þetta er a.m.k. afskræming á stjórnarskránni og alveg ljóst að þau ákvæði um brýna nauðsyn sem eru í aðdraganda bráðabirgðalaga eiga ekki við þetta tilvik. Við sjálfstæðismenn á hinn bóginn munum að sjálfsögðu greiða þessu atkvæði eigi að síður. Þessi breyting er orðin. Þess vegna mætti þetta frv. daga uppi gagnvart virðisaukaskatti af bókum. Það mundi engum efnisatriðum breyta. Það er á hinn bóginn siðlaust af meiri hluta Alþingis að haga sér með þessum hætti.

Þau áhrif sem þessi lækkun á bókaverði hafði á vísitöluna eru áætluð 16%.

Síðari hluti frv. felur það í sér að virðisaukaskattur verði endurgreiddur af vinnu við viðhald og endurbætur íbúðarhúsa. Sú breyting er einnig í samræmi við skoðun okkar sjálfstæðismanna og tillögur á síðasta þingi. Ég hef að vísu ekki sannfæringu fyrir því að rétt sé að flækja málið með því að eigendur íbúðarhúsa þurfi að ómaka sig til hins opinbera til þess að fá virðisaukaskattinn endurgreiddan. Það hefur auðvitað í för með sér skriffinnsku, ónæði og amstur og er í ætt við forsjárhyggjuflokka að haga sér með þeim hætti. Hvort sem forsjárflokkurinn heitir Alþb., Alþfl., Framsfl. eða Borgfl., þá skiptir það nú ekki öllu máli. Það er um að gera að gera íbúunum ómak og ónæði ef hægt er. Auðvitað væri einfaldara að hafa þetta eins og áður var að undanþiggja þessa vinnu virðisaukaskattinum eins og var um söluskattinn þannig að endanlegan reikning væri hægt að gera upp við iðnaðarmanninn og ekki kæmi til endurgreiðslu. Áætluð áhrif af þessu eru 0,4% og það er gert ráð fyrir því að þetta tvennt valdi 0,56% lækkun á verðbólgu, bæti sem sagt kjör almennings um þá hlutfallstölu.

Við sjálfstæðismenn styðjum vitaskuld efnisatriði þessa frv. Við gerðum það á síðasta þingi. Okkur hefði fundist óþarfi að senda málið hingað inn aftur. Nær hefði verið að ríkisstjórnin hefði byrjað að hugsa fyrst en það má þó segja að í þetta skipti hafi henni tekist þótt hægt færi að komast að réttri niðurstöðu sem er engan veginn alltaf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, 1. umr.

Stjfrv., 130. mál. — Þskj. 134.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. til laga um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, European Bank for Reconstruction and Development, sem kemur frá hv. Nd. og ég mæli nú fyrir, er flutt í framhaldi af till. hæstv. utanrrh. til þál. um heimild til að fullgilda samning um stofnun þessa banka sem var samþykkt á fundi í Sþ. í fyrradag.

Samningur 40 þjóðríkja og tveggja alþjóðastofnana um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu var undirritaður í París í maílok sl. Hlutverk þessa banka er að stuðla að endurreisn efnahags- og lýðræðislegra stjórnarhátta í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Stofnun hans er táknræn fyrir þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í þessum ríkjum á aðeins einu ári. Þessar breytingar eru bæði örari og meiri en nokkurn hefði órað fyrir fyrir ári eða svo. Þessar þjóðir varpa nú af sér oki kommúnisma og miðstýringar. Frelsisvindar feykja burt þrúgandi andrúmslofti einangrunar og ofstjórnar kommúnismans.

Skipting Þýskalands í Austur- og Vestur-Þýskaland heyrir nú sögunni til og nýtt ríki hefur orðið til við sameiningu þeirra. Sovétríkin ganga nú í gegnum miklar hörmungar vegna breytinga í hagkerfinu og vegna miðflóttaafls sjálfstæðishreyfinga ýmissa ríkja innan þess ríkjabandalags. Þar eru mikil tíðindi að gerast.

Það er ljóst að endurreisnin og umbreytingin á efnahag þessara ríkja mun krefjast mikilla fjármuna. Verksmiðjur eru úreltar, samgöngumannvirki úr sér gengin og önnur þjónusta, sem hið opinbera lætur vanalega í té, eins og vatn, rafmagn, fjarskipti sem er í raun forsenda þess að einkaframtak fái notið sín, er víða í þessum löndum afar vanþróuð. Þá hefur komið í ljós að umhverfisspjöll og mengun af ýmsum toga eru mun alvarlegri í þessum ríkjum en menn óraði fyrir og brýn þörf er á meiri háttar hreinsunaraðgerðum og umhverfisvörnum. Hinum nýja banka er ætlað að veita þessum ríkjum liðsinni til að glíma við þessi miklu vandamál.

En hinn nýi banki verður líka annað og meira en uppspretta fjármagns. Hann verður mikilvægur nýr vettvangur fyrir skoðanaskipti og miðlun þekkingar frá vestrænum sérfræðingum til starfsbræðra í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu um ýmis atriði á sviði efnahagsmála, fjármála og stjórnunar. Á þessum sviðum standa þessi fyrrverandi kommúnistaríki ríkjum Vesturlanda langt að baki.

Ein forsenda þess að umbreytingin yfir í markaðsbúskap heppnist eins og vonir standa til er að þjóðirnar öðlist þekkingu á því hvernig best sé að nýta sér þá kosti sem valddreifing og markaðsbúskapur býður umfram miðstýrðan áætlunarbúskap kommúnismans.

Stofnendur bankans eru 42 eins og ég nefndi í upphafi míns máls. Stofnféð nemur 10 milljörðum evrópskra mynteininga sem er jafnvirði 748 milljarða kr. miðað við gengi í októberbyrjun. Hlutur Bandaríkjanna er stærstur, 10%. Síðan koma Bretland, Frakkland, Ítalía, Japan og Vestur-Þýskaland með rúmlega 8,5% hvert ríki. Til samans leggja aðildarríki Evrópubandalagsins, Efnahagsbandalag Evrópu og Evrópski fjárfestingarbankinn fram 51% af stofnfénu. Hlutur Íslands í stofnfénu er 0,1%.

Bankaráð skipað einum fulltrúa frá hverjum af stofn-

endum bankans mun fara með æðsta vald í málefnum hans. Bankastjórn skipuð 23 mönnum mun fara með daglega stjórn mála fyrir hönd bankaráðsins. Það hefur tekist um það samkomulag milli Íslendinga og Svía að þessar þjóðir standi saman að kjöri fulltrúa í bankastjórnina. Framkvæmdastjórn bankans verður svo í höndum eins bankastjóra og nokkurra aðstoðarbankastjóra.

Að því er varðar lagafrv. sem ég mæli hér fyrir vil ég taka fram að skv. II. kafla stofnsamningsins um bankann skal stofnfé hans vera eins og ég nefndi 10 milljarðar evrópskra mynteininga, jafnvirði 748 milljarða kr. Hlutur Íslands í stofnfénu, hinu upphaflega hlutafé í bankanum, yrði samkvæmt tillögunni 10 millj. evrópskra mynteininga eða jafnvirði 748 millj. kr. Af þessari fjárhæð er greiðsluhlutaféð 3 millj. evrópskra mynteininga eða 224 millj. kr. og skal inna þær greiðslur af hendi á fimm árum með jöfnum árgreiðslum, í fyrsta sinn árið 1991. Það er ætlað fyrir þessari greiðslu í frv. til fjárlaga. Ábyrgðarhlutaféð, 7 millj. evrópskra mynteininga eða 524 millj. kr., þarf aðeins að inna af hendi að öllu leyti eða að hluta til ef á þarf að halda vegna fjárhagslegra áfalla eða slita bankans. Það má taka fram að ákvæði stofnsamningsins um ábyrgðir taka mið af samsvarandi ákvæðum í stofnsamningi um Alþjóðabankann og þótt Ísland hafi verið aðili að Alþjóðabankanum um áratuga skeið hefur aldrei reynt á þær ábyrgðarskuldbindingar landsins.

Virðulegi forseti. Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu er ætlað að greiða fyrir þeim stórkostlegu og langþráðu breytingum sem eru að verða í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hann á eflaust eftir að gegna þar veigamiklu hlutverki. Íslendingum ber sem velmegandi lýðræðisþjóð að styðja stofnun bankans líkt og önnur iðnvædd og tekjuhá lýðræðisríki gera og hafa gert. Um leið og Evrópubankinn nýi kemur ríkjum Mið- og Austur-Evrópu til góða mun hann einnig ljúka upp dyrum fyrir íslenskum fyrirtækjum og sérfræðingum til þess að starfa á hans starfsvettvangi og vinna að verkefnum í samvinnu við erlenda aðila með stuðningi bankans.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 268, n. 313.

Halldór Blöndal (frh.):

Herra forseti. Eins mikið rót og komið er á ríkisstjórnina og eins gagnslaust og það er að beina fyrirspurnum til einstakra ráðherra, þá skal ég láta við það sitja að gera athugasemdir hér við þetta frv. án þess að hæstv. ráðherrar séu viðlátnir, enda kannski ekki aðalatriðið.

Kjarni þessa máls er sá að hinn 1. júní 1990 tóku gildi lög sem samþykkt höfðu verið á Alþingi á sl. vori. Síðan kom í ljós að hæstv. félmrh. var óánægður með lögin og hófust nú allsérkennilegar bréfaskriftir milli einstakra ráðuneyta, milli fjmrn. og félmrn., þar sem m.a. kemur fram að embættismenn eða ráðherra húsnæðismála telji að Alþingi hafi bara algjörlega misskilið málið og ekki gert sér grein fyrir efni þess frv. sem það var að fjalla um, eða eins og segir í bréfi fjmrn. til innheimtumanna ríkissjóðs, í Reykjavík borgarfógeta, sem dags. er 11. des. sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt ráðuneytinu væri kunnugt um þann vilja höfunda lagafrv. að láta framkvæmdalánasamningana vera undanþegna stimpilgjaldi taldi ráðuneytið sér ekki fært að skýra ákvæðið svo rúmri skýringu, enda engin vísbending um slíka túlkun í lögskýringargögnunum.

Embætti ríkislögmanns var falið að gefa álit sitt á túlkun á umræddu ákvæði laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins. Varð niðurstaða ríkislögmanns sú að eigi væri hægt að skýra undanþáguákvæði þetta svo rúmri skýringu að undir það féllu umræddir framkvæmdalánasamningar.

Í ljósi þessa hefur í samvinnu félmrn. og fjmrn. verið samið frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Er þar kveðið á um það að umræddir framkvæmdalánasamningar séu undanþegnir stimpilgjaldi. Einnig er þar kveðið á um heimild til handa fjmrh. að endurgreiða stimpilgjald sem innheimt hefur verið af framkvæmdalánasamningum sem stimplaðir voru eftir 1. júní 1990.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fallið skuli frá innheimtu á stimpilgjaldi af framkvæmdalánasamningum gegn því að þinglýsingarbeiðandi ábyrgist greiðslu á stimpilgjaldinu fari svo að frv. þetta verði eigi að lögum. Skal þetta gert með sérstakri ábyrgðaryfirlýsingu sem lögð skal fram þegar skjal er afhent til stimplunar."

Undir þetta skrifa síðan embættismenn fjmrn.

Nú lít ég svo á, herra forseti, að hér fari fjmrn. út fyrir sínar heimildir. Því beri að láta eitt yfir alla ganga og ég vil lýsa því yfir að ég tel þetta bréf, sent innheimtumönnum ríkissjóðs, ganga freklega gegn þeim rétti að menn eigi að vera jafnir gagnvart lögunum, fyrir svo utan það að ég er undrandi á því ef það er mat Alþingis að sumir framkvæmdalánasamningar vegna húsbygginga eigi að vera undanþegnir stimpilgjaldi en aðrir ekki.

Ég vil þess vegna spyrja frsm. félmn. hvernig hann hugsi sér að framkvæmd þessara laga verði. Nú vitum við að oft er það svo að byggingarverktakar ráðast í byggingu íbúðarhúsnæðis áður en vitað er hverjir muni kaupa einstakar íbúðir. Stundum ræðst það að á byggingartíma er hluti sambýlishúsa keyptur undir verkamannabústaði, stundum undir það sem eru kallaðar kaupleiguíbúðir, ég tala nú ekki um búsetaíbúðir. Það fer síðan eftir skattframtölum og mánaðarlegum laun-

um þeirra sem búa í íbúðunum, þeirra sem kaupa íbúðirnar, hvort íbúðin telst félagsleg eða ekki í skilningi laganna. Og að síðustu hlýtur það að vera álitamál hvort löggjafinn yfir höfuð að tala hafi heimild til að mismuna mönnum með þessum hætti, eins og segir hér í þessum framkvæmdalánasamningi.

Nú er mér ekki kunnugt um það hver var frsm. félmn. en vil biðja hann um að útskýra það sem ég hef hér vikið að.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé kannski ekki alveg eðlilegt að spyrja nefndarmenn í þingnefndum að því hvernig framkvæmd laga skuli vera í einstökum smáatriðum. Eins og þetta kemur mér fyrir sjónir og ég held okkur flestum í félmn. ef ekki öllum þá er það svo að við ákváðum sl. vor að íbúðir í félagslega íbúðakerfinu skyldu vera stimpilgjaldsfrjálsar. Það sem við erum að gera núna er að leiðrétta það misræmi sem upp kom þar sem láðist að taka inn framkvæmdalán vegna þessara íbúða í félagslega íbúðakerfinu sem síðan breytast í lán til einstaklinga við lokafrágang lánsskjala og þá er í raun búið að ganga gegn lögum að vissu leyti, þ.e. það er búið að borga stimpilgjald af framkvæmdaláninu sem hækkar íbúðarverðið og kemur ekki til endurgreiðslu. Þetta er verið að leiðrétta með þessu.

Hvað skeður þegar íbúðir breytast á byggingartíma eða í lok byggingartíma og færast þá úr hinu almenna lánakerfi yfir til félagslega íbúðakerfisins? Ég reikna með og segi það með öllum fyrirvörum að það hlýtur að ráðast af því á hvað forsendum framkvæmdalánið er veitt til framkvæmdaaðila á hverjum tíma hvort það er undanþegið stimpilgjaldi eða ekki. Ef það er veitt á þeirri forsendu að það sé verið að byggja íbúðir í félagslega kerfinu verður það undanþegið stimpilgjaldi að mínu viti. Ef ekki er búið að staðfesta að þetta verði félagslegar íbúðir og um framkvæmdalán til félagslegra íbúða sé að ræða þegar lánin eru veitt hljóta þetta að vera lán eftir hinu almenna íbúðakerfi og verður þá að greiða af þeim stimpilgjöld. Að sjálfsögðu má svo um það deila hvort borga eigi stimpilgjöld almennt af lánum í einum hluta byggingarkerfisins og ekki hinum. En Alþingi hefur tekið ákvörðun um að lán til íbúða í félagslega íbúðakerfinu skuli undanþegin stimpilgjaldi. Hvort þetta svarar hv. 2. þm. Norðurl. e. skal ég ekki fullyrða en í stuttu máli er þetta skoðun mín og hv. félmn. á þessu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er svo að hér er um undantekningarákvæði að ræða þar sem við erum að tala um það að eigi skuli greiða stimpilgjald af tilteknum framkvæmdalánasamningum sem eru skilgreindir þröngt. Hin almenna regla hlýtur því að vera sú að stimpilgjaldið sé greitt og slíkar greiðslur hljóta að vera bundnar við staðreyndir en ekki einhverjar ætlanir. Þess vegna hlýtur það að vera alveg ljóst að stimpilgjaldið hlýtur að gjaldfalla um leið og lánið er veitt að þeim hluta sem ekki er búið að selja fyrir fram íbúðir til aðila sem falla undir þá tekjuviðmiðun sem er í hinu félagslega kerfi. Ég held að það sé alveg deginum ljósara. Ekki er hægt að hugsa sér það að sýslumenn eða innheimtumenn ríkissjóðs fari að stunda almenna lánastarfsemi fyrir einn þátt húsnæðismála. Það er alveg gjörsamlega út í bláinn. Ég fæ því ekki betur séð en hér sé mjög vanhugsað af stað farið.

Það er auðvitað óviðkunnanlegt þegar embættismenn í félmrn. eða ráðherra félagsmála lýsir því yfir að Alþingi hafi eitthvað misskilið sjálft sig í lagagerðinni sl. vor. Síðan er það notað sem átylla til þess að benda innheimtumönnum ríkissjóðs á að þeir þurfi ekki að innheimta tiltekin opinber gjöld með tilvísan til þess að Alþingi hafi ekki vitað hvað það var að gera og með þeim hætti verið að mismuna mönnum gagnvart lögunum og gagnvart ríkissjóði. Nóg er nú skattheimtan samt.

Ég mælist ekki til þess, herra forseti, að þessu frv. verði frestað. Ég geri ráð fyrir að Ríkisendurskoðun muni taka fyrirmæli hæstv. fjmrh. til athugunar því ég álít að þau standist ekki lög. Þau séu ámælisverð og óheimil. Ég geri ráð fyrir að Ríkisendurskoðun muni samkvæmt þeim ábendingum, sem m.a. koma fram í minni ræðu eða af eigin hvötum, fylgjast grannt með framkvæmd þessara laga og sjá svo til að ekki sé mismunað fram yfir það sem í þrengsta skilningi er ætlast til skv. þessu lagafrv. Ég hef áður og margsinnis vakið athygli á því hér í þessum ræðustól hvernig verið er að mismuna þegnunum með einum og öðrum hætti. Það er verið að mismuna hér og það er verið að mismuna þar. Nú er svo komið gagnvart ýmsum þjóðfélagsþegnum íslenskum að þeir mega ekki auka við sig vinnu, þeir mega ekki fá meiri tekjur til þess þeir komist af því að hver ný króna sem við bættist mundi kalla á svo og svo mikil útgjöld. Þannig er nú kerfið orðið.

Stimpilgjald af framkvæmdalánasamningi er ekki óskaplega há upphæð en þegar við erum að tala um að aðrir verði að borga 12,33% afföll af þeim lánum sem þeir fá vegna húsbygginga og þegar við erum að tala um að fólk sem á í greiðsluvandræðum verði að borga a.m.k. 12,33% afföll af þeim lánum sem þetta fólk fær til að bæta úr sínum greiðsluerfiðleikum og þarf ofan í kaupið að borga 6,5% vexti af heildarupphæðinni erum við auðvitað farin að tala um ekki litla mismunun. Þar erum við að tala um 7,35% raunvexti eða þar um bil og að lánið sé til 25 ára. Hér erum við að tala um 1% raunvexti til 50 ára og við erum að tala um að þetta fólk hafi ekki efni á því að borga stimpilgjald af framkvæmdalánasamningi. Í þessum dæmum er það einnig svo hjá þessu fólki sem er að kaupa nýjar félagslegar íbúðir að afborganir falla ekki til fyrr en á þriðja eða fjórða ári ef ég kann lögin rétt. Þannig að einungis vextirnir falla til á fyrstu árunum, 60 þús. kr. á ári, 5.000 kr. á mánuði. Hitt fólkið verður að sætta sig við 12,33% afföll og borga 6,5% vexti. Það eru úrlausnir sem fólk í greiðsluerfiðleikum fær.

Það er eðlilegt, herra forseti, að það sé sérstaklega

lagt á sig að skrifa innheimtumönnum ríkissjóðs og segja þeim að Alþingi hafi ekki gáð að sér og það hafi verið að samþykkja einhverja vitleysu, ekki vitað hvað það var að gera. Það var ekki mismunað nóg. Þeir í ráðuneytinu vildu láta mismuna meira. Spurningin er: Hvar er næsta exemplar af þessu tagi sem kemur fyrir þingið? Það er verst að maður skuli vera búinn að gefa einu barna sinna hið góða rit Félagi Napóleon svo maður getur ekki kíkt í það þegar maður kemur heim þar sem lifað var eftir kenningunni að auðvitað væru allir jafnir. En þó er einn jafnari en annar og svínin jöfnust af þeim öllum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Endurgreiðsla á gjaldi af erlendum lántökum, 2. umr.

Frv. HBl, 80. mál. — Þskj. 82, n. 317 og 370.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 317 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi. Nál. er á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Á síðasta þingi bárust umsagnir um frv. frá Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri, auk þess sem upplýsingar um málið bárust frá Sambandi málm- og skipasmiðja.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Guðrún J. Halldórsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nál. rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hlýt að spyrja frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. hvaða sérstök rök liggi til þess að hann leggi til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Þetta mál er ekki nýtt af nálinni hér á Alþingi. Ég tók þetta mál upp í fyrirspurnatíma í Sþ. fyrir réttu ári. Það er nánast upp á dag ár síðan málið kom til umræðu í Sþ. og þá lýsti hæstv. fjmrh., sá sami og nú situr, því yfir að hann hefði ekki heimildir til þess að endurgreiða lántökugjaldið nema sérstakar lagaheimildir kæmu til. Ég tók þetta mál upp líka hér í deildinni á sl. ári og spurði hæstv. fjmrh. hvort hann væri enn sömu skoðunar, að hann skorti lagaheimildir til þess að geta endurgreitt lántökugjaldið. Ég held að það sé alveg ljóst að þau lög sem veittu slíkar heimildir eru fallin úr gildi og slíkar heimildir eru því ekki lengur fyrir hendi.

Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að rétt hafi verið að fella gjaldið niður þegar sú ákvörðun var tekin að endurgreiða lántökugjald vegna erlendra lána sem tekin voru vegna viðhalds eða meiri háttar endurbóta sem unnar voru í íslenskum skipasmíðastöðvum. Var þá fyrst og fremst um að ræða lánveitingar sem höfðu gengið gegnum Byggðasjóð af því sérstaka fé sem veitt hefur verið síðan Sverrir Hermannsson var iðnrh. til þeirra fyrirtækja í sjávarútvegi sem hafa sótt þjónustu til íslenskra skipasmíðastöðva. Framkvæmd þeirra mála hefur verið í höndum Byggðastofnunar og ég veit ekki betur en embættismenn Byggðastofnunar hafi annast þá framkvæmd með þeim hætti að ekki hefur komið upp gagnrýni á störf þeirra. Það lántökugjald sem kom til af þeim sökum var endurgreitt, sumpart úr ríkissjóði. Ég hygg þó að Byggðasjóður hafi setið uppi með lítilfjörlegt tap af þeim sökum sem ekki er tiltökumál. Það voru lágar fjárhæðir sem skiptu ekki máli.

Eins og þetta mál liggur nú fyrir eru einungis þrjú fyrirtæki skattlögð samkvæmt þessu sérstaka lántökugjaldi. Þessar greiðslur féllu til á tímabilinu frá 10. mars 1988 til 1. júní 1989. Þetta sérstaka lántökugjald vegna nýsmíða á téðu tímabili. Það er best að ég lesi allt bréfið upp, herra forseti, til að ekki valdi misskilningi. Bréfið er dags. 6. mars 1990 frá Sambandi málm- og skipasmiðja til fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samband málm- og skipasmiðja hefur móttekið bréf nefndarinnar, dags. 8. febr. sl., þar sem óskað er upplýsinga um lántökugjald vegna erlendra lána til skipasmíða innan lands á tímabilinu 10. mars 1988 til 1. júní 1989.

Samkvæmt upplýsingum sem Samband málm- og skipasmiðja hefur aflað sér frá skipasmíðastöðvunum nemur umrætt lántökugjald vegna nýsmíða á téðu tímabili samtals 8.097.396 kr. sem skiptast á eftirfarandi hátt:

Slippstöðin hf., Akureyri, 5.800.828 kr., Skipasmíðastöð Marsellíusar hf., Ísafirði, 1.736.651 kr., Vélsmiðja Seyðisfjarðar 559.917 kr. Samtals 8.097.396 kr."

Í bréfinu kemur fram að upphæð gjaldsins er skráð á verðlagi hvers tíma frá 8. mars 1988 til 2. maí 1989. Inni í þessari tölu eru að sjálfsögðu ekki vextir reiknaðir né verðbætur né neitt slíkt. Þetta sérstaka lántökugjald er í raun skattur á þessi fyrirtæki. Ég átti sæti í stjórn Slippstöðvarinnar á Akureyri þegar ákvörðun var tekin um það að hún réðist í smíði fiskiskips til þess að hægt væri að halda starfsemi stöðvarinnar áfram yfir veturinn. Ekki hefur tekist að selja þetta skip. Að vísu voru kaupendur fyrir hendi fyrir rúmu einu ári sem vildu kaupa skipið en þar sem ekki reyndist áhugi fyrir því í ríkisstjórninni að slík kaup færu fram og ekki stóðu þær yfirlýsingar sem gefnar voru um þau efni af einstökum ráðherrum, bæði skriflegar yfirlýsingar, munnlegar hér í þinginu og í einkasamtölum, fór svo að ekki varð úr sölu skipsins. Þessi fjárhæð, 5 millj.

800 þús. kr., fellur á Slippstöðina hf. á Akureyri með vöxtum og vaxtavöxtum.

Skipasmíðastöð Marsellíusar hf., Ísafirði, hefur greitt 1 millj. 736 þús. Þessi fjárhæð fellur á Skipasmíðastöð Marsellíusar hf., Ísafirði, með vöxtum og vaxtavöxtum. Vélsmiðju Seyðisfjarðar hf. er gert að greiða 560 þús. kr.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé siðlaust. Við vorum að fá upplýsingar um það í fjh.- og viðskn. fyrir tveim dögum að samkomulag hefði tekist um það erlendis að lækka nokkuð þann opinbera styrk sem veittur væri í löndum Evrópubandalagsins til skipasmíðastöðva. En engan veginn er fallið frá styrknum í heild sinni heldur er hann bundinn, ef ég man rétt, við 15–20% þannig að samkeppnisaðilar þessara stöðva njóta enn ríkisstyrkja. Ef við förum til annarra landa, ég tala nú ekki um í Austur-Evrópu eða landa sem fjær eru, er þessi styrkur enn þá meiri og við þekkjum exportfinans-lánin í Noregi sem urðu til þess að létta mjög samkeppnisstöðu norsks skipasmíðaiðnaðar gagnvart íslenskum.

Þegar ég lagði þetta frv. fram fyrir réttu ári hafði ég gert mér vonir um að ýmsir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hér í þessari deild mundu vilja leggjast á sveif með mér og létta þessum rangláta skatti af þessum fyrirtækjum. Ég hafði raunar orð einstakra þingmanna fyrir því að vilji hæstv. iðnrh. stæði til þess að það yrði gert. En af einhverjum undarlegum ástæðum snerist málið þannig í meiri hlutanum á Alþingi að honum fannst málið flóknara ef sérstök lagabreyting yrði til að koma heldur en ef heimildin til endurgreiðslunnar rúmaðist innan þeirra laga sem nú eru í gildi.

Af sama toga er yfirlýsing fjh.- og viðskn. nú að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Það er einhver von um það að málið leysist af sjálfu sér og atbeini Alþingis þurfi ekki til að koma. Nú er það misskilningur. Það mál hefur verið athugað til fulls. Neitun fjmrh. liggur fyrir, staðföst. Það er búið að leita heimilda og þær eru ekki til í lögum. Þess vegna er spurningin núna: Hugsa menn sér að fella þetta frv. enn einu sinni? Hugsa menn sér að láta Slippstöðina hf. á Akureyri sitja uppi með — ja, hvað ætli þessi skuld sé í dag — 8–10 millj.? Halda menn að hinar skipasmíðastöðvarnar tvær sem eru minni í sniðum eigi léttar með að borga, önnur kannski 3 millj. og hin 1 millj.? Vélsmiðja Seyðisfjarðar er auðvitað minna fyrirtæki en Slippstöðin. Þess vegna eru 600 þús. kr. fyrir þá stöð líka stórkostlegir fjármunir.

Ég átti tal við forstjóra Skipasmíðastöðvar Marsellíusar hf. á Ísafirði í sumar. Hann sagði mér frá því að nú væri svo komið fyrir þeirri stöð að hún ætti fullt í fangi með að geta haldið þeim fjölda iðnaðarmanna sem væri lágmark þess að hægt væri að veita þeim togurum sem í land kæmu lágmarksþjónustu þannig að þeir leituðu ekki annað til að fá lagfæringu, viðhald og annað þvílíkt sem ævinlega þarf að gera þegar togarar leita hafnar og menn þekkja.

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort þingmenn taka þetta mál nokkuð alvarlega. Ég held að mörgum stjórnarsinnum finnist þetta mál léttvægt. Ég held að þeim sé bara andskotans sama hvort þessi fyrirtæki greiði þessa peninga, það sé gott á þá, eitthvað svoleiðis. En mér finnst málið ekki liggja þannig fyrir. Fyrir mér er þetta mikið alvörumál. Þetta er ekki einungis spurning um þessi fyrirtæki. Þetta er líka spurning um það hvaða viðhorf Alþingi hefur til járniðnaðarins og skipasmíðaiðnaðarins í landinu í heild.

Við vitum nú um þá miklu erfiðleika sem steðja að skipasmíðastöðinni á Akranesi og við vitum um þá miklu erfiðleika sem hafa steðjað að ýmsum öðrum skipasmíðastöðvum. Við vitum að svo er nú komið að æ færri leita eftir því að leggja járnsmíði fyrir sig í framhaldsskólum vegna þeirrar miklu óvissu sem er í kringum þá atvinnugrein. Við vitum að ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til þess að banna innflutning á fiskiskipum þó svo að fyrir liggi að skipastóllinn sé allt of stór. Eins og hæstv. iðnrh. sagði á sínum tíma: Það er sjálfsagt að útgerðarmenn notfæri sér það, á meðan þjónusta skipasmíðastöðva erlendis er greidd niður fyrir þá, að sigla en leita ekki til íslenskra aðila. Það er af þeim toga sem þessi árátta er, að halda dauðahaldi í þennan nauðungarskatt á þessum þrem skipasmíðastöðvum, einni á Vestfjörðum, einni á Austfjörðum, einni í Norðurl. e., láta þá þessar stöðvar blæða, og þá væntanlega í fullvissu þess að atvinnulífið standi svo vel á þessum sérstöku stöðum að hægt sé að leggja sérstakar byrðar á þau en á hinn bóginn sé rétt að hlífa fyrirtækjunum hér í Reykjavík og láta þau ekki taka sinn þátt í byrðinni ef á annað borð þykir nauðsynlegt að leggja þetta smáræði á þau fyrirtæki sem veita fiskiskipastólnum þjónustu hér á landi.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég þykist vita að stjórnarþingmennirnir greiði atkvæði samkvæmt línunni. Það er nú svo skrýtið að þó að losnað hafi um rauðu línuna í höfði þeirra hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. hefur sú skýra lína orðið þeim mun skýrari sem liggur á milli einstakra stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar þegar að því kemur að þyngja skatta og viðhalda óréttlátum sköttum í þessu þjóðfélagi.

Herra forseti. Ég beindi ákveðinni fyrirspurn til formanns fjh.- og viðskn. Hann var hér inni þegar ég beindi fyrirspurninni til hans og ég óska eftir því að hann a.m.k. komi þá upp í ræðustólinn til að segja að hann hafi ekkert að segja, þannig að hann hafi tækifæri til að taka til máls við umræðuna.

Herra forseti. Það er venja þegar frsm. mælir fyrir nál. og tillögu að hann svari einstökum fyrirspurnum sem fram koma. Ég vakti athygli á því hér áðan að hæstv. fjmrh. hefði lýst því yfir á síðasta þingi, ekki aðeins í Sþ. heldur líka þrásinnis hér í þessari deild að hann teldi sig ekki hafa heimildir til þess að endurgreiða þennan skatt með lögum. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Hvaða hugsun er á bak við það að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar? Hver er meiningin?

Ég vil að þessu gefna tilefni óska eftir því að fá að ræða við hæstv. fjmrh. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er ekki hér í salnum.) Þá óska ég eftir því að þessari umræðu verði frestað þangað til færi gefst til að ræða við fjmrh. þó svo það verði síðar. Mér er þá meira í mun að

málið megi þá dragast fremur en að fjmrh. sé ekki viðstaddur umræðuna.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

30. fundur, miðvikudaginn 19. des., að loknum 29. fundi.

Tímabundin lækkun tolls af bensíni, 3. umr.

Stjfrv., 91. mál. — Þskj. 271.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 410).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 268, frhn. 400, brtt. 401.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):
Hæstv. forseti. Félmn. hefur komið saman á ný og fjallað um þetta mál og sent frá sér nál. á þskj. 400 ásamt brtt. á þskj. 401. Ég tel réttast að lesa upp nál., það skýrir best þessar brtt., en hér er um leiðréttingu að ræða samkvæmt ábendingum frá ráðuneytisstjóranum í félmrn. Nál. er svona:

„Nefndin hefur komið saman eftir afgreiðslu frv. við 2. umr. til þess að ræða tillögur um breytingar á frv. Á fund nefndarinnar kom Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri. Félmrn. hefur bent á að við setningu laga nr. 70/1990 hafi láðst að fella brott ákvæði í lögunum um Húsnæðisstofnun en þá fækkaði lánaflokkum Byggingarsjóðs ríkisins um tvo. Lán til almennra kaupleiguíbúða voru felld undir Byggingarsjóð verkamanna en lán til heilsuspillandi íbúða voru felld niður, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1990 sem afnam 5. og 10. tölul. 11. gr. laga nr. 86/1988. Hins vegar voru viðeigandi ákvæði um fyrrgreind atriði í sjálfum efnisköflum laganna ekki felld brott og því gerð tillaga um nýja grein við frv. sem ætlað er að bæta úr þessu. Er hér um lagahreinsun að ræða.

Seinni brtt. nefndarinnar víkur að tilvísun í 100. gr. laganna í 102. gr. þeirra. Þegar lög nr. 70/1990 (52 nýjar greinar) voru sett hafði lögunum áður verið breytt með lögum nr. 76/1989 (húsbréf, 19 nýjar greinar). Úr lögunum voru þá felldar 66 greinar. Við þetta átti sér eðlilega stað mikil tilfærsla á greinum. 100. gr. laganna, sem fjallar um uppboð, kemur í stað 70. gr. laga nr. 86/1988. Ekki var ætlunin að breyta þar nokkru um söluverð íbúða, sbr. athugasemdir frv. við þá grein. Í 70. gr. laga nr. 86/1988, sem fjallar eins og fyrr segir um söluverð íbúða, er vísað til 68. gr. laga nr. 86/1988. Sú grein laganna nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990, sem svarar til 68. gr. laga nr. 86/1988, er 101. gr. Því á tilvísun 100. gr. laganna um söluverð íbúða við uppboð að vera í 101. gr. en ekki 2. mgr. 102. gr. eins og ranglega var ritað í lögunum.

Karl Steinar Guðnason var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. skrifa Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Jóhann Einvarðsson, Salome Þorkelsdóttir, Jón Helgason og Danfríður Skarphéðinsdóttir, þ.e. öll félmn. utan Karl Steinar Guðnason sem var fjarverandi.

Eins og fram kemur í brtt., þá vil ég bara til skýringar geta þess að 5. mgr. 13. gr. laganna sem á að falla brott er varðandi almennar kaupleiguíbúðir sem færast undir félagsmálakaflann. B-liðurinn, um að 20.–22. gr. laganna falli brott, er varðandi útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, enda taldar heimildir í félagslega kaflanum til þess og c-liðurinn, um að 7. mgr. 30. gr. laganna falli brott, er vegna almennra kaupleiguíbúða sem færast yfir í félagslega kaflann.

Þessi tilvísun þarna í 2. mgr. 102. gr. og í 100. gr. laganna, sem er önnur brtt., er vegna þess að í öðru tilfellinu er vísað í innkaupsverð íbúða, í rauninni er það þegar íbúðir eru keyptar til baka af fyrri eiganda, og hins vegar um söluna. Ástæðan fyrir þessu er að þetta víxlaðist í lokafrágangi á sínum tíma en í báðum tilfellum er talað um söluverð en í öðru tilfellinu er átt við innkaupsverð íbúða frá fyrri eiganda og hins vegar um söluverð til nýs eiganda.

Þetta eru beinar leiðréttingar og félmn. fékk skýringar hjá ráðuneytisstjóranum, Berglindi Ásgeirsdóttur, á þessum atriðum og leggur því til að þessar tillögur verði samþykktar.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:
Herra forseti. Ég hef ekki fengið í hendur lög um Húsnæðisstofnun ríkisins eins og þau líta út nú heldur eru þau afhent manni í mörgum pörtum. Þau hafa ekki verið felld saman nema þannig að inn í þau séu felldar breytingar sem Alþingi hefur ekki samþykkt þannig að það er töluvert seinlegt að glöggva sig á þeim gögnum sem varða þetta mál. Ég óska eftir því að þessu máli verði frestað til morguns og ég fái tóm til þess að bera saman og athuga efnislega hvað hér sé á ferðinni.

Umræðu frestað.

Lánsfjárlög 1990, 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (lánsheimild ríkissjóðs innan lands o.fl.). — Þskj. 274.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Lánsfjárlög 1991, 3. umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 404.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. kom saman á stuttum fundi áðan vegna þeirra mistaka sem við töldum að væru á frv. og þeim brtt. sem við samþykktum að leggja fram. En það var mikið um það rætt í nefndinni að veita Hafnabótasjóði auknar heimildir sem nemur 80 millj. til að veita til innsiglingarinnar í Höfn í Hornafirði.
Allir nefndarmenn voru sammála þessari túlkun og leggja fram sérstaka brtt. á þskj. 405 í þessu skyni. Þar er gert ráð fyrir að í stað „14.060.000" komi í 1. gr.: 14.140.000. En þessi aukning á lántökuheimild er eins og ég sagði vegna Hafnabótasjóðs til framkvæmda við Hafnarós eða ósinn í Höfn í Hornafirði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 405 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 3. umr.

Stjfrv., 34. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 34.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 412).

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (ellilífeyrir sjómanna). — Þskj. 324.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):
Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sem flutt er á þskj. 324. Hér er um að ræða eina litla leiðréttingu enn á almannatryggingalöggjöfinni. Það voru vonir mínar að hægt yrði að leggja hér fyrir þingið heildarendurskoðun á þessum mikilvæga lagabálki. Reyndar er þeirri endurskoðun lokið og frv. væntanlegt, vonandi fljótt eftir að þing kemur saman á ný eftir áramótin þó að það tækist ekki að koma því fram núna. En það hafði hins vegar verið lengi ósk Farmanna- og fiskimannasambandsins að gerð yrði leiðrétting á því misrétti sem í dag ríkir á milli sjómanna eftir því hvort þeir eru sjómenn á íslensku skipi eða þeir eru ráðnir og lögskráðir á skip sem gerð eru út af íslenskum aðilum þó þau skip séu ekki íslensk. Hér er því fyrst og fremst um að ræða leiðréttingu þannig að allir sjómenn sitji við sama borð hvað varðar lífeyrisréttindi eða töku ellilífeyris hjá almannatryggingum, jafnt þeir sem skráðir eru á íslensk skip eins og hinir sem skráðir eru á skip sem íslenskir aðilar gera út þótt þeir eigi þau ekki.
Þetta er lítið mál, hefur farið nú þegar í gegnum Nd. og var um það fullkomið samkomulag þar þannig að hér er ekki um ágreiningsmál að ræða. Ég vænti þess að hv. Ed. afgreiði þetta mál nú fyrir jólahlé þó tíminn sé orðinn naumur og legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. deildarinnar sem ég vænti að taki málið skjótt til afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (kennslumissiri). — Þskj. 234, n. 377.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):
Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Haft var samband við fulltrúa í Stúdentaráði um efni þessa máls og afstaða þeirra til málsins var

jákvæð, en efnislega felst í þessari breytingu að ekki er lengur lögbundin missiraskipting kennsluársins í Háskólanum heldur ákveðin í reglugerð. En hin praktíska hlið þessa máls er sú að þetta frv. gerir kleift að hin svokölluðu janúarpróf í Háskólanum verði hér eftir í desember en fyrir því mun mikill meirihlutavilji bæði meðal stúdenta og kennara. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, 2. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 102, n. 375, brtt. 376.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Nefndin fékk til viðræðna við sig ýmsa aðila, þar á meðal Guðrúnu Ágústsdóttur, aðstoðarmann menntmrh., sem greindi frá aðdraganda þessa máls. Enn fremur komu til fundar við nefndina Haukur Vilhjálmsson og Margrét Sigurðardóttir frá Félagi heyrnarlausra, Gunnar Salvarsson, skólastjóri Heyrnleysingjaskólans, Helgi Seljan og Ásgerður Ingimarsdóttir frá Öryrkjabandalaginu, Bryndís Víglundsdóttir, skólastjóri Þroskaþjálfaskólans, og Valgerður Stefánsdóttir, táknmálskennari við Þroskaþjálfaskólann.

Ég hygg að eftir þær umræður sem fram fóru í nefndinni séu nefndarmenn verulega miklu fróðari um það sem hér er um að tefla. Nefndin varð sammála í afstöðu sinni til málsins.

Sú samskiptamiðstöð sem hér er gert ráð fyrir að koma á laggirnar verður fyrst og fremst þjónustumiðstöð við þann minni hluta, þann u.þ.b. 200 manna hóp hér á landi sem notar táknmál. Ég hygg að ég mæli fyrir munn okkar velflestra í nefndinni þegar ég segi frá því að við, a.m.k. flest okkar, öðluðumst svolítið nýjan skilning á því sem hér er um að tefla, þ.e. að táknmál heyrnarlausra er sérstakt tungumál. Hlutverk þeirrar samskiptamiðstöðvar, sem hér er gert ráð fyrir að koma á laggirnar, verður kannski fyrst og fremst að annast rannsóknir á íslensku táknmáli, beita sér fyrir kennslu í táknmáli og táknmálstúlkun.

Það kom fram í þessum samtölum okkar að þessi 200 manna hópur heyrnarlausra á við margháttaða erfiðleika að etja sem skapast hafa vegna þess að ekki eru til nægilega margir túlkar til þess að sinna þeirra málum og aðstoða þá við sín skipti við kerfið, þó ekki sé nema það eitt nefnt. Það kom líka fram að vangefnir geta sumir hverjir í sumum tilvikum nýtt sér þetta táknmál, lært það og notað til góðs.

Í II. kafla frv. er fjallað um stjórnun og um það urðu nokkrar umræður í nefndinni. Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar þar. Þó að auðvitað megi margar skoðanir á því hafa hvernig slíka stjórn skuli skipa, þá virðist vera bærilegur friður um þá tilhögun sem hér er gert ráð fyrir.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að stofnunin skuli hafa samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinastöð, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Það kom fram í samtölum í nefndinni að auðvitað liggur það í hlutarins eðli að þessi stofnun hlýtur líka að hafa náið samráð við ýmsar æðri menntastofnanir eins og Háskóla Íslands og Kennaraháskólann því þetta snertir ekki síst menntunarmál þeirra sem búa við heyrnarleysi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta langt mál. Það var mikill einhugur um þetta í nefndinni. Það eru fluttar tvær brtt. við málið. Það er orðalagsbreyting við 2. gr., að segja ekki „lög þessi taka til" heldur bara: Hlutverk samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að annast. Síðan í öðru lagi að í stað orðanna „Ráðgjafar- og greiningarstöð" komi: Greiningar- og ráðgjafarstöð. Einhverjum kann nú að finnast þetta smávægilegt en Greiningar- og ráðgjafarstöð er hið rétta heiti þeirrar stofnunar sem hér um ræðir. Í þriðja lagi vantaði í frv. eins og það kom til nefndarinnar gildistökuákvæði. Þess vegna leggur menntmn. til að við bætist ný grein svohljóðandi, sem verður þá 7. gr.:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra."

Vegna þess að hér er um nýja starfsemi að ræða, starfsemi sem ekki er reynsla fengin fyrir hér og menn þurfa að feta sig áfram og læra af reynslunni, þá töldum við eðlilegt, og ég vona að enginn hafi á móti því, að hér yrði sett endurskoðunarákvæði, þ.e. að lögin skuli endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en undir þetta nál. skrifa sex menntamálanefndarmenn. Einn, Halldór Blöndal, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir skjóta og einhuga afgreiðslu á þessu máli sem lætur nú ekki mikið yfir sér en er samt mjög mikilvægt fyrir þann hóp sem hér um ræðir, heyrnarlausa og heyrnarskerta í landinu. Ég vil jafnframt taka það fram að ég tel að þær brtt. sem nefndin gerir séu til bóta og ég tel að það sé skynsamlegt með hliðsjón af þeirri öru þróun sem þessi málaflokkur er í að gera ráð fyrir því að þessi lög verði endurskoðuð eftir tiltekinn gildistíma eins og nefndin leggur til. Ég tel að það sé einnig mjög mikilvægt, herra forseti, að

nefndin hefur náð fullri samstöðu um þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 376,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 376,2 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

28. fundur, miðvikudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Samvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 231. mál (samvinnufélög). — Þskj. 332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (ellilífeyrir sjómanna). — Þskj. 324, n. 353.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):
Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. fékk þetta frv. til athugunar, sem fjallar um almannatryggingar, og lagði til að það væri samþykkt.
Undir þetta nál. skrifa Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ragnhildur Helgadóttir, Geir Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Geir H. Haarde og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (Hafrannsóknastofnunin). — Þskj. 130, n. 354.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):
Virðulegi forseti. Ég flyt hér nál. sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
Þetta frv. fjallar um möguleika Hafrannsóknastofnunar til að taka þátt í hlutafélögum sem eiga við rannsóknir í þágu sjávarútvegsins.
Nefndin hefur fjallað um frv. Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, lýsti áliti sínu á frv. við nefndarmenn. Nefndin leggur eindregið til að frv. verði samþykkt án breytinga.
Undir þetta nál. rita Hreggviður Jónsson, Alexander Stefánsson, Matthías Bjarnason, Guðni Ágústsson, Kristinn Pétursson, Geir Gunnarsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

29. fundur, miðvikudaginn 19. des., að loknum 28. fundi.

Um þingsköp.

Röð mála á dagskrá.

Ásgeir Hannes Eiríksson:
Virðulegi forseti. Ég hef oftar en einu sinni vakið máls á því hér á þinginu og lagt fram tvö mál þar sem gert er ráð fyrir því að þingmál séu afgreidd í þeirri röð sem þau berast. Hér í dag eru mál tekin fram yfir í röðinni. Hér er verið að óska eftir afbrigðum til þess að taka til 3. umr. mál sem eru með miklu hærri númer en mál sem ekki hafa enn þá verið tekin á dagskrá. Til þess að leggja áherslu á þá kröfu að farið verði eftir röð, að þingmál einstakra þingmanna verði ekki stöðugt látin víkja fyrir þingmálum ríkisstjórnarinnar, mun ég ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða hv. þm. vill forseti koma á framfæri skýringu og biður nú þingmann að hlusta á en þingmaður er horfinn á braut.

Forseti hefur farið algerlega eftir röð þingmála en það er auðvitað vitað og þarf engum að segja að stjfrv. hafa nokkurn forgang umfram þmfrv. Hins vegar hefur það verið svo í störfum þessarar deildar í vetur að deildinni hefur orðið mjög vel ágengt í því að koma fram þmfrv. Ég efast um að dæmi séu til þess að jafnmörg þmfrv. hafi verið rædd og gert hefur verið á þessum starfsvetri. Forseti hefur raunar ekkert meira um þetta að segja en væntir þess að þingmaðurinn skilji þessi rök og taki tillit til þeirra.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (ellilífeyrir sjómanna). — Þskj. 324.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 3. umr.

Stjfrv., 126. mál (Hafrannsóknastofnunin). — Þskj. 130.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 407).

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 132.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eitt er það frv. hér á Alþingi sem ég hef sérstaka ánægju af að mæla fyrir. Það er frv. sem ég mæli fyrir nú. Ástæðan er sú að þetta er eina frv. sem ég á sameiginlegt með þeim fyrirrennurum mínum Tómasi Árnasyni, núv. seðlabankastjóra, Sighvati Björgvinssyni, núv. formanni fjvn., Ragnari Arnalds, hv. þm., Albert Guðmundssyni, núv. sendiherra, Þorsteini Pálssyni, hv. þm., og Jóni Baldvini Hannibalssyni, núv. hæstv. utanrrh.

Þetta er frv. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem hefur verið árviss gestur hér í þingsölum síðan 1978 og mikið verið um rætt. Ég mæli hér fyrir því að skatturinn verði í óbreyttu formi á næsta ári, að hann haldi gildi sínu miðað við það sem hann var í ár.

Þetta frv. er hv. þm. gjörkunnugt, hefur verið afgreitt til þessarar deildar frá fyrri deild og mælist ég til þess að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að framlagning þessa frv. er árlegur viðburður. Ég finn það strax að hann er afar hreykinn af því að vera í allfjölmennum félagsskap um þetta fyrirbæri og hefur nafngreint hann allan. En þar sem ég finn það á hæstv. fjmrh. að hann telur þetta vera með allra vinsælustu skattlagningu sem hann hefur mælt fyrir í sinni fjármálaráðherratíð þá gæti hann reynt að auka enn vinsældir sínar með því að láta þetta frv. bara gilda í sex mánuði í senn svoleiðis að hann gæti slegið fyrirrennara sína alveg út af laginu og mælt fyrir þessu tvisvar á ári.

Hins vegar var talið eðlilegt á sínum tíma, þegar mikil fjárfesting var í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, að setja á slíkan skatt til tiltölulega skamms tíma í einu. Nú eru miklir erfiðleikar í þessari atvinnugrein, um það deila menn ekki, hjá fjölmörgum. Því var það fyrir atbeina okkar sjálfstæðismanna að þessi skattlagning var minnkuð á tímabili. En í tíð núv. ríkisstjórnar hefur verið haldið uppi fullum dampi hvað þetta snertir.

Hins vegar vil ég nú leyfa mér að minna á eitt og þó alveg sérstaklega af því að hæstv. viðskrh. er í salnum og ber nú svo vel í veiði að þrír ráðherrar eru staddir í fundarsal neðri deildar, sem er tiltölulega fátítt. Núv. hæstv. ríkisstjórn setti það í sinn málefnasamning að styrkja og efla mjög strjálbýlisverslun í landinu. Ég spurði í fyrra á þessu þingi hæstv. viðskrh. hvað liði þessu áformi ríkisstjórnarinnar um að rétta við hag strjálbýlisverslunar. Hann varð nú að viðurkenna það að lítið hafði farið fyrir þessu loforði en taldi að nú yrði gerð bragarbót á við afgreiðslu fjárlaga og lýsti þar yfir fullum stuðningi sínum við það að bæta þyrfti hag strjálbýlisverslunar. Nú vil ég benda hæstv. viðskrh. á að nú er lag og leggja ekki þennan skatt á þessa fáu aðila sem eftir eru. Þetta er að verulegu leyti að fara á hausinn. En það væri gaman fyrir ríkisstjórnina þegar hún er nú komin á elleftu eða tólftu stund að reyna að gera einhverja bragarbót á og framfylgja einhverju af sínum loforðum þó ekki sé nema í litlum stíl. Ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh., sem er maður örlátur eins og allir vita, fari að standa á móti því að slík breyting verði gerð ef samherji hans og vinur, viðskrh., leggur áherslu á það. Ég tala nú ekki um ef hæstv. fors-

rh. leggur málinu lið því allt er þetta loforð þessara sömu ágætismanna, sameiginlegt loforð. Og finnst mér nú kominn tími til að reyna að efna þó ekki sé nema örlítið af þessum loforðum, bara örlítið, og sýna að ekki sé ákveðið að svíkja allt sem lofað hefur verið. Það er ekki farið fram á mjög mikið við hæstv. ráðherra og það núna rétt fyrir jólin. Ég vildi bara með þessum orðum koma þessu á framfæri í fullri vinsemd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 352.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Útflutningsráð Íslands sem ætlað er að komi í stað gildandi laga nr. 38/1986, um sama efni, sem á hafa verið gerðar reyndar nokkrar breytingar.

Í gildandi lögum um Útflutningsráð Íslands er ákvæði þess efnis að framlag sjávarútvegs til Útflutningsráðs sé í formi tekna af útflutningsgjaldi og framlag iðnaðar sé í formi tekna af iðnlánasjóðsgjaldi. Um líkt leyti og Útflutningsráðið tók til starfa var útflutningsgjald af sjávarafurðum lagt niður. Af þeim sökum var ákveðið að framlag sjávarútvegsins til Útflutningsráðs á árunum 1987–1989 skyldi verða hluti af endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Eins og kunnugt er var söluskatturinn lagður niður um sl. áramót en virðisaukaskattur tekinn upp í hans stað. Þessi tekjustofn féll því niður og er enn óljóst nokkuð hvernig sjávarútvegurinn muni greiða framlag sitt til Útflutningsráðs á árinu sem er að líða. Það ber því brýna nauðsyn til að ákveðinn verði nýr tekjustofn til að tryggja framlag sjávarútvegsins til Útflutningsráðs.

Það frv. sem ég mæli hér fyrir byggir í meginatriðum á tillögum nefndar sem utanrrh. skipaði sl. vor. Í nefndinni sátu fulltrúar helstu atvinnugreina sem aðild eiga að Útflutningsráði. Helstu breytingar frá gildandi lögum varða tekjustofna Útflutningsráðsins og skipun stjórnar og mun ég víkja að báðum þeim þáttum málsins í því sem ég segi hér um einstakar greinar frv. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um sérhverja grein í frv. heldur mun ég einungis nefna þær sem hafa í sér fólgnar verulegar breytingar frá gildandi lögum.

Í 3. gr. er fjallað um fjármögnun starfsemi ráðsins. Við breytinguna falla niður tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi og útflutningsgjaldi, eins og ég hef þegar nefnt. Reyndar hefur Útflutningsráð aldrei fengið tekjur af síðarnefnda gjaldinu, útflutningsgjaldinu. Þar sem gert er ráð fyrir að öll fyrirtæki sem starfa í útflutningsgreinum greiði ákveðinn hundraðshluta af aðstöðugjaldsstofni sínum til ráðsins er lagt til að árgjöldin verði felld niður og að öll fyrirtæki sem borga til ráðsins verði sjálfkrafa aðilar. Nýmæli er að ráðið fái tekjur af veitinga- og hótelrekstri, flutningum á sjó og flugrekstri í öðru formi en með árgjöldum, þ.e. í hlutfalli við umsvif í þessum greinum. Þetta þykir mönnum horfa til sanngirni, ekki síst af því að þessar greinar njóta verulega þjónustu af kynningu þeirri sem fram fer á vegum ráðsins á Íslandi og íslenskum málefnum.

Á árinu 1990 eru framlög iðnaðar og sjávarútvegs til Útflutningsráðsins áætluð 60 millj. kr. en félagsgjöldin 5,2 millj. Framlög atvinnulífsins eru því samtals áætluð 65,2 millj. kr. á þessu ári. En skv. því fyrirkomulagi sem frv. gerir ráð fyrir hefðu tekjur Útflutningsráðs orðið 70,6 millj. á þessu ári, þ.e. 68 millj. frá iðnaði og sjávarútvegi en 2,6 millj. frá ferða- og flutningaþjónustu. Á árinu 1991 er gert ráð fyrir að tekjur Útflutningsráðs frá iðnaði og sjávarútvegi verði á þessum grundvelli 75 millj. kr. en tekjur frá ferða- og flutningaþjónustu tæplega 3 millj., ef þetta frv. verður að lögum.

Ég bendi á að skv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 16,3 millj., sértekjur eru áætlaðar u.þ.b. 60 millj. en þar á móti koma útgjöld vegna sýninga, kynninga og markaðsrannsókna.

Í 5. gr. frv. er fjallað um stjórn Útflutningsráðs. Með breyttri fjármögnun þykir rétt að breyta nokkuð skipan ráðsins og stjórnar þess frá því sem nú er. Hér er lagt til að tíu menn skipi stjórnina í stað átta áður því æskilegt er að sem flest sjónarmið geti þar komið fram, enda er henni, þ.e. stjórninni, fyrst og fremst ætlað að móta í almennum greinum stefnu í starfsemi þessari.

Þar sem fé til almennrar starfsemi kemur fyrst og fremst frá sjávarútvegi og iðnaði, svipuð fjárhæð frá hvorri grein, er lagt til að þessar greinar tilnefni hvor um sig þrjá menn í stjórn ráðsins. Einnig er lagt til að Verslunarráð Íslands skipi einn mann í stjórnina en innan Verslunarráðsins eru mörg fyrirtæki sem tengjast útflutningsstarfsemi bæði beint og óbeint. Til að tryggja samráð og samvinnu við Ferðamálaráð er hér lagt til að það tilnefni einn mann í stjórn Útflutningsráðs. Jafnframt væri æskilegt að Útflutningsráð ætti á sama hátt aðild að stjórn Ferðamálaráðs. Af hálfu stjórnvalda er hér lagt til að utanrrn. og samgrn. eigi aðild að stjórninni, en sjútvrn. og iðnrn. tilnefni varamenn sem taki þátt í störfum ráðsins á svipaðan hátt og nú er gert.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. en leyfi mér að nefna í lokin að mjög mikilvægt er að reyna að ljúka málinu sem fyrst til þess að tryggja tekjur Útflutningsráðs á næsta ári.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. um Útflutningsráð og þau rök sem eru fyrir því að það er flutt og hæstv. viðskrh. skýrði hér frá eru að öllu góðra gjalda verð. Ég hef aftur þá athugasemd fram að færa að það er ákaflega óeðlilegt að fara fram á það við Alþingi, við

löggjafarþing, að það taki við máli sem er tekið hér inn á dagskrána með afbrigðum núna í dag og að ætlast til að það sé afgreitt fyrir jól. Og setja Alþingi þar með upp við vegg á þeim forsendum að Útflutningsráð missi tekjur frá áramótum og sé nauðsynlegt fyrir Alþingi að afgreiða frv. vegna þess. Það er auðvitað afskaplega óeðlilegur hlutur að bjóða löggjafanum upp á það að viðhafa slík vinnubrögð. Það hefði verið full ástæða til að fá greinargott yfirlit og viðræður við Útflutningsráð um starfsemi ráðsins, um framtíðina, hvað væri á döfinni hjá Útflutningsráði, en hér er verið að stilla Alþingi upp við vegg. Ef þetta frv. er ekki afgreitt í dag eða jafnvel næsta dag þá sé Útflutningsráð eiginlega lamað frá 1. jan. Vegna þess að hér er um mál að ræða sem mér er kærkomið og ég vil gjarnan að þetta frv. nái fram að ganga þá ætla ég að hverfa frá því að hafa slíka andstöðu en ég gagnrýni mjög þessi vinnubrögð og tel þau alveg ólíðandi. Nema það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að fresta jólunum. Þá ætti maður að fara líka að líta framan í það frv.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það kemur fram hér í athugasemd með þessu frv. og raunar í ræðu hæstv. ráðherra, er hann mælti fyrir þessu, hver ástæðan er fyrir því að þetta frv. er nú flutt og óskað afgreiðslu á því. Þar eð ákveðnar tekjur sem Útflutningsráð byggir á falla nú niður. Hér eru tillögur skv. 3. gr. þessa frv. um tekjur Útflutningsráðsins sem ákveðið hlutfall af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða, fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi og 0,01% af aðstöðugjaldsstofni veitinga- og hótelrekstrar, flutninga á sjó, þó ekki strandflutninga, og flugrekstrar. Einnig fleira sem tiltekið er undir tölul. c, d og e.

Það kom mér dálítið á óvart þegar ég sá þetta frv. á undirbúningsstigi nú fyrir örskömmu síðan að sjá að gert væri ráð fyrir að aðilar í ferðaþjónustu, þ.e. veitinga- og hótelþjónustu, legðu fram ákveðið hlutfall af sínum tekjum, aðstöðugjaldsstofni til Útflutningsráðs, ekki vegna þess að það þurfi neitt óeðlilegt að vera að það komi framlög þaðan heldur vegna þess að þar til fyrir skemmstu hefur verið starfandi nefnd sem hefur undirbúið frv. til laga um ferðaþjónustu sem nú er komið á borð þingmanna. Við fengum ekki neinar fregnir af þessu máli í þeirri nefnd, sem var að fjalla um tekjur m.a. til Ferðamálaráðs og tengsl Ferðamálaráðs og Útflutningsráðs. Mér finnst skorta nokkuð á samhengi í vinnu innan Stjórnarráðsins að það sé ekki reynt að tengja svona mál saman á undirbúningsstigi þannig að menn viti hver af öðrum sem eru að vinna að málum sem tengjast með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Ég tel út af fyrir sig góðra gjalda vert og vissulega vel koma til greina að Ferðamálaráð verði aðili að stjórn Útflutningsráðs eins og hér er gert ráð fyrir. Í frv. til laga um ferðaþjónustu, sem væntanlega verður mælt fyrir fljótlega, er gert ráð fyrir ákveðnum tengslum þessara aðila samkvæmt tiltekinni grein í því frv. þannig að samráð sé tryggt. En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því með hvaða hætti þessi tekjuöflun hafi verið kynnt aðilum í ferðaþjónustunni og þá væntanlega að fyrir liggi að samráð hafi verið haft við þá aðila sem ætlað er að leggja þarna til nokkuð af sínum tekjum inn í Útflutningsráð því að það er held ég mjög þýðingarmikið að þannig sé staðið að málum sem varða atvinnugreinarnar að þeir sem þar eru í forsvari séu með á nótunum og séu þátttakendur í því sem verið er að gera. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti upplýst um þetta.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er hverju orði sannara sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf. að þetta mál kemur býsna seint fram. Ég segi nú eingöngu um það mál: Hér stend ég og get ekki annað. Málið var síðbúið í undirbúningi hjá þeirri nefnd sem um það hefur fjallað. Það tók líka nokkurn tíma að ná samkomulagi um það. Ég bið um að það fái skilning hér í þinginu að það þurfi að ljúka málinu til að tryggja tekjur Útflutningsráðs frá upphafi nýja ársins. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Vestf. að æskilegt hefði verið að þinginu hefði gefist betra tóm til að ræða og kanna starfsemina sem þarna fer fram sem þessum tekjustofni er ætlað að standa undir. Ég get ekki annað en lýst mig sammála þessum skoðunum en bið þó um það að menn virði viljann fyrir verkið og hjálpi þessu máli hér í gegnum þingið.

Vegna fyrirspurnar hv. 2. þm. Austurl. þá er það rétt að hugmyndin um það að taka samgrn. og ferðamálin inn í þetta samstarf á vettvangi Útflutningsráðs kom nokkuð seint fram. Ég vildi þó skýra frá því að sú tillaga sem er kynnt í frv. er afrakstur samvinnu utanrrn., iðnrn. og viðskrn. og samgrn. sem við kvöddum sérstaklega til samstarfs um málið á síðustu dögum verksins. Ég hygg að þeir muni hafa haft milligöngu um það að ræða málið og kynna fyrir þeim sem eiga að taka þátt í þessu. Ég vil nú ekki kalla þá þolendur málsins heldur þvert á móti njótendur þess líka vegna þess að þarna held ég að sé komin sú samstilling í útflutningsstarfsemi og kynning á Íslandi út á við sem þurfi að vera milli samgöngugreinanna, ferðaþjónustunnar og vöruútflutningsgreinanna. Af því að ég þekki til starfa hv. 2. þm. Austurl. á sviði ferðamála, þá býst ég við að efnislega sé hann mér sammála um þetta eins og reyndar kom hér fram í ræðu hans.

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði hér áðan að ég vona að þótt málið komi svo seint fyrir sem raun ber vitni muni þingmenn skilja að þörf sé á að ljúka því fyrir jól.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnlánasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 362.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð. Þetta frv. er fylgifrv. með frv. til laga um Útflutningsráð sem var til umræðu hér næst á undan. Í því frv. um Útflutningsráðið er gert ráð fyrir að framlag iðnaðarins til ráðsins verði ákveðinn hundraðshluti af aðstöðugjaldsstofni fyrirtækja en ekki $^2/_7$ hlutar af álagningu iðnlánasjóðsgjalds eins og nú er. Þess vegna er í þessu frv. sem ég hér mæli fyrir gerð sú tillaga að brott falli úr lögunum um Iðnlánasjóð það ákvæði þeirra að $^2/_7$ hlutar gjaldsins af álagningunni renni til Útflutningsráðs og sú sjálfsagða fylgitillaga að álagningarstuðull gjaldsins lækki í samræmi við þetta um $^2/_7$ eða úr 0,25% í 0,18%.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um þetta frumvarp og legg því til að því verði að lokinni þessari 1. umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

30. fundur, miðvikudaginn 19. des., kl. 6 síðdegis..

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 82. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 319, n. 365.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í Ed.

Kristín Einarsdóttir, áheymarfulltrúi Kvennalistans, var viðstödd afgreiðslu málsins og er samþykk henni.

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 148. mál (húsbréf). — Þskj. 286, n. 371.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 371 frá félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins það var afgreitt frá efri deild.

Nefndin fékk til viðræðna um frv. Sigurð Geirsson, forstöðumann húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Tryggva Pálsson, bankastjóra Íslandsbanka. Þá barst nefndarmönnum greinargerð Ríkisendurskoðunar um húsbréfakerfið.

Alexander Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.“

Undir nál. rita Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal og Geir H. Haarde, með fyrirvara, og formaður, Rannveig Guðmundsdóttir.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það fer vel á því að enn eitt frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins skuli vera hér á dagskrá í kvöld því að ef marka má þær fregnir sem þingmönnum berast á öldum ljósvakans um ástandið í herbúðum ríkisstjórnarinnar er nú um fátt meira deilt á því heimili en einmitt húsnæðismálin. Ég held að það væri nú full ástæða, virðulegi forseti, til þess að nota þetta tækifæri til þess að inna hæstv. félmrh. eftir stöðu þeirra mála og óska eftir því að ráðherra verði viðstaddur þessa umræðu því að hér er vissulega um að ræða mál sem er nátengt þeim ákvörðunum sem nú eru yfirvofandi og um það bil að bresta á, að manni skilst, af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég vek athygli á því að þetta frv. sem hér hefur verið mælt fyrir nál. um gerir ráð fyrir því að leggja mun meira á húsbréfakerfið en áður var og ætla því enn stærra hlutverk en nú er. Einungis ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. munu að líkindum þýða það að í gegnum húsbréfakerfið muni streyma 1 milljarði kr. meira en ella á næstu 12 mánuðum. En það vill svo til að það er um það bil sú upphæð sem núna er varið í hverjum mánuði í þessari fjármögnun.

Hér er verið að útvíkka hlutverk húsbréfakerfisins. Þó liggur ekkert fyrir um það enn þá, virðulegi forseti, hver verður niðurstaða ríkisstjórnarinnar varðandi húsnæðislánakerfið frá 1986 sem er í þessum sömu lögum og hér eru gerðar tillögur um að breyta. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að loka því kerfi? Ef það er svo, því er það ekki gert samtímis þessu frv.?

Það er villandi og rangt sem hæstv. viðskrh. sagði hér úr þessum ræðustól, þegar hann var að ræða vaxtalagafrv. hv. stjórnarþingmanns Stefáns Valgeirssonar fyrir skemmstu, að almenningi stæðu til boða lán með 4,5% vöxtum úr Byggingarsjóði ríkisins. Það er bara ósköp einfaldlega rangt. Það er ekki svo vegna þess að það kerfi hefur í reynd verið lokað mánuðum saman og almenningur sem hyggst fá lán til húsnæðiskaupa á engan kost á láni á 4,5% vöxtum, eins og viðskrh. gaf ranglega í skyn og fullyrti hér í ræðu fyrir nokkrum dögum. (**Viðskrh.**: Hefur lánað á þeim kjörum.) Það er ekki svo, virðulegur viðskrh., að almenningur eigi kost á lánum á 4,5% vöxtum úr Byggingarsjóði ríkisins. Það er ósköp einfalt mál og þarf ekki um að deila. Hv. þm. Stefán Valgeirsson var að fullyrða það hér að þau lán sem almenningur ætti kost á væru á 7–8% vöxtum, ef ég man rétt. Til leiðréttingar því fór viðskrh. með þá röngu fullyrðingu að almenningur ætti kost á lánum með 4,5% vöxtum úr Byggingarsjóði ríkisins. Þetta er allt saman rangt. En það er ekki aðalatriðið á þessu augnabliki heldur hitt: Hvað á að gera við þetta kerfi? Getum við fengið svör við því í þessari umræðu hér í kvöld? Vill forsrh. til að mynda svara því hvað ætlunin er að gera við húsnæðislánakerfið frá 1986? Eða eigum við að halda hér áfram eins og blindir kettlingar að afgreiða frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins, breyta í sífellu þessum lögum án þess að fá botn í þetta mál? Hvað á að gera við fjármagnsþörfina í Byggingarsjóði ríkisins? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að leysa það mál, þá fjármagnsþörf sem þar er uppi?

Ég hef skrifað, virðulegi forseti, undir þetta nál. með fyrirvara. Það er vegna þess að ég styð meginefni frv. og tel að þau atriði sem hér er um að ræða séu til nokkurra bóta frá því sem verið hefur. Ég vek hins vegar athygli á því að frv. þetta var ekki betur úr garði gert en svo af hálfu ráðuneytisins að á því varð að gera grundvallarbreytingar í hv. Ed. eftir fyrirsögn ýmissa umsagnaraðila. Ein breytingin er sú að gildistöku ákvæða 1. gr. frv. um að veita megi húsbréfalán vegna endurbóta og viðhalds er frestað til 1. sept. nk., þ.e. þangað til eftir kosningar. Ég tel að vísu að það sé skynsamlegt að gera svo vegna þess að ég tel að ekki sé varlegt að leggja of mikið á þetta húsbréfakerfi í einu, því að eins og dæmin sanna getur það haft misjafnlega heppilegar afleiðingar fyrir almenning og eigendur þessara bréfa. Þessi breyting er til komin vegna ábendinga frá umsagnaraðilum. Tveir umsagnaraðilanna beindu því jafnframt til nefndarinnar í Ed. að það yrði kannað hvort ekki væri rétt að fresta líka ákvæðinu til bráðabirgða um sérstök húsbréf til þeirra sem eiga við greiðsluerfiðleika að stríða. Við því var ekki orðið og varð niðurstaðan í félmn. Nd. að gera ekki slíka breytingu. Þó er það vissulega umhugsunarefni að mínum dómi hvort óhætt sé að demba 1000 millj. til viðbótar út á þennan markað í þessu formi. Ég vek athygli á því og tel óhætt að skýra frá því að á nefndarfundi í félmn. komu fram nokkrar áhyggjur af hálfu forstöðumanns húsbréfadeildar einmitt vegna þessa atriðis.

2. gr. frv. felur einnig í sér aukið framboð af húsbréfum, en þó er það nokkuð í vald ráðherra sett með hvaða hætti útfærsla er á því atriði. Þar er gert ráð fyrir að hækka megi þá fjárhæð, sem húsbréf eru gefin út fyrir, upp í allt að 75% af matsverði eignar í stað 65% áður. Hins vegar leiðir af því atriði þegar húsbréf eru gefin út fyrir hærra hlutfall af matsverði eignar að áhætta þess sem tekur á sig ábyrgðina á húsbréfunum eykst og áhættan hjá ríkissjóði sem ber ábyrgðina eykst þar af leiðandi vegna þessa. Það er alveg ljóst að með þessu ákvæði og með ákvæði til bráðabirgða aukast líkurnar á því að ríkissjóður verði að taka á sig afföll, eða afskriftir lána réttara sagt. Það muni reyna meira á ríkisábyrgðina en verið hefur og það er auðvitað umhugsunarefni hvað menn vilja ganga langt í slíku.

Ég vil einnig vekja athygli á því, virðulegi forseti, að í síðustu viku birtust auglýsingar í dagblöðum um að farið hefði fram fyrsti útdráttur húsbréfa skv. því kerfi sem lög segja fyrir um og eigendum þeirra bréfa boðið að koma og sækja andvirði bréfanna eftir nánar tilteknum reglum. Þetta útdráttarfyrirkomulag hefur verið í þessum lögum frá upphafi en er eitt af þeim atriðum sem vissulega kemur til greina að endurskoða þegar fram í sækir vegna þess að þetta ákvæði fælir einstaklinga frá því að fjárfesta í hús-

bréfum, fælir einstaklinga frá því að spara í því formi.

Nú er það auðvitað svo að ríkissjóður býður upp á ýmsa aðra valkosti og býður fólki upp á eignarskattsfrelsi og annað því um líkt þannig að úrvalið er nóg fyrir þá sem vilja spara í hópi einstaklinga. Þetta er samt sem áður gallað fyrirkomulag að mínum dómi og full ástæða til þess að endurskoða þetta útdráttarfyrirkomulag sem er ekki nema fyrir stofnanir og aðila sem taka með virkum hætti þátt í markaðnum að fylgjast með.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að þegar þetta frv. kom til 1. umr. var kynnt að þingflokkur Framsfl. hefði gripið til þess óvenjulega ráðs að senda forsetum Alþingis fyrirspurn, erindi, þar sem óskað var eftir því að forseti sameinaðs Alþingis beitti sér fyrir því við Ríkisendurskoðun að hún gerði ákveðna úttekt á húsbréfakerfinu og því sem kallað er áform stjórnvalda um að það kerfi yfirtaki almenna húsnæðiskerfið, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins. Þingflokkur framsóknarmanna sá ástæðu til þess að grípa til þess óvenjulega ráðs að skrifa forseta þingsins og óska eftir athugun Ríkisendurskoðunar á þeim áformum sem stjórnarflokkarnir sjálfir hér í þinginu hafa haft uppi og meira að segja þeirri tillögu, sem manni skilst á fréttum í kvöld að forsrh. hafi gert að sinni á einhverjum ríkisstjórnarfundi í gær, um að leggja beri niður lánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins.

Þetta undarlega bréf er birt í plaggi sem þingmönnum barst í dag og heitir „Greinargerð vegna fyrirspurnar þingflokks Framsóknarflokksins um húsbréfakerfið". Ríkisendurskoðun hefur ekki treyst sér til þess að svara beint þeim spurningum sem beint er til hennar í þessu bréfi en skrifar þess vegna almenna greinargerð um nokkur atriði sem tengjast þessum spurningum og önnur atriði í þessu sambandi. Allt eru þetta hin undarlegustu vinnubrögð, virðulegi forseti, og til marks um það, enn eitt sönnunarmerki þess hversu glundroðinn er mikill á stjórnarheimilinu þessa dagana.

Ég hef ekki hugsað mér að kynna þingmönnum sérstaklega þessa skýrslu sem þeir hafa fengið í hendur. En ég hlýt að vekja athygli á því að þó að þessi skýrsla sé skrifuð að miklu leyti undir rós og vafalaust í mjög nánu samstarfi við bæði félmrn. og Húsnæðisstofnun ríkisins, þá eru hér þrátt fyrir það viss viðvörunarorð, bæði að því er varðar áhættu ríkisins og fleira sem að þessu kerfi lýtur. Það er jafnframt svo, herra forseti, að ein af niðurstöðum Ríkisendurskoðunar er sú að húsbréfakerfið geti aldrei tekið yfir alla þá lánastarfsemi sem Byggingarsjóður ríkisins hefur haft með höndum. Það er reyndar eitt af því sem við sjálfstæðismenn höfum sagt að undanförnu. Enda segir hér á bls. 6 í þessari skýrslu, með leyfi forseta:

„Minnt skal á að sú grundvallarhugsun býr að baki húsbréfakerfinu að aðstoð hins opinbera verði fundinn farvegur, annars vegar í gegnum skattkerfið og hins vegar í gegnum félagslega húsnæðislánakerfið. Húsbréfin sem slík eiga á hinn bóginn að lúta þeim lögmálum sem gilda á fjármagnsmarkaðinum. Þannig er gert ráð fyrir því að vextir fylgi markaðsvöxtum á hverjum tíma og innheimt verði sérstakt lántökugjald af lántakendum, er m.a. renni í varasjóð til þess að mæta útlánatöpum þannig að ekki reyni á ábyrgð ríkissjóðs af húsbréfum. Í þessu sambandi má einnig nefna hið tiltölulega stranga greiðslumat í húsbréfakerfinu og áhrif þess á val lánþega. Loks má nefna að veðkröfur í húsbréfakerfinu eru mun stífari en áður hefur þekkst því að nú ber að leggja markaðsverð veðanna til grundvallar við mat á veðhæfni þeirra."

„Markaðsverð veðanna til grundvallar við mat á veðhæfni þeirra" stendur þar og hygg ég að ýmsir hv. stjórnarliðar af landsbyggðinni staldri eilítið við þessi tilvitnuðu orð vegna þess að allir vita hversu komið er fyrir markaðsverði fasteigna víða um land. Þannig er ljóst af þessari skýrslu, eins og reyndar var vitað, að þó að húsbréfakerfið sé gagnlegt og henti mörgum afar vel getur það aldrei orðið nein allsherjarlausn á húsnæðisvanda allra þeirra sem ekki eru innan hins félagslega kerfis. Þeir eru nú sem betur fer meiri hluti landsmanna þó að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að koma sem flestum í einhvers konar félagslegt húsnæði.

Hitt er svo annað, virðulegi forseti, að í sambandi við það mál sem hér er til umræðu höfum við sjálfstæðismenn í félmn. ekki hugsað okkur að bregða fæti fyrir þetta frv. frekar en félagar okkar í Ed., ekki vegna þess að það sem slíkt, þau atriði sem hér eru, eru í sjálfu sér ekki þess eðlis að ástæða sé til að stöðva þau. Hins vegar er alveg ljóst að því meira sem lagt er á þetta kerfi þeim mun meiri verður áhætta ríkissjóðs. Þeim mun meiri verða afföllin á markaðnum eftir því sem útgáfa þessara bréfa verður meiri o.s.frv.

Ég vil, virðulegi forseti, fyrst félmrh. er ekki kominn, óska eftir því að fá að gera hlé á ræðu minni og skal þá gegn því lofa forseta að tala ekki langt mál þegar ráðherrann er kominn til fundar. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að hann hefur þegar gert ráðstafanir til þess að ná í hæstv. félmrh. Það hefur ekki tekist enn þá. Félmrh. hefur ekki verið skráður hér. (**Gripið fram í:** Hún er hér í húsinu.) Þá er bara félmrh. rétt að koma inn í hús og er það vel.)

Virðulegur forseti. Þar sem hæstv. félmrh. er mættur hér til fundar vildi ég mega ítreka þær fyrirspurnir sem ég lagði hér fram fyrr í ræðu minni þar sem ég vakti athygli á því að nú bæri óneitanlega vel í veiði að enn eitt frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins skuli vera til meðferðar á þessu kvöldi þegar ekki mun um annað rætt á stjórnarheimilinu heldur en húsnæðismál og fjárframlög til þeirra.

Ég vil spyrja: Hvaða áform eru eiginlega uppi um þessi mál? Hvað á að gera við húsnæðismálakerfið frá 1986? Er komin einhver niðurstaða í það mál af hálfu ríkisstjórnarinnar? Hvað á að gera við fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins sem liggur fyrir að þarfnast fjármagns á næsta ári? Hvernig á að leysa það dæmi og sömuleiðis fjármögnunarvanda

Byggingarsjóðs verkamanna? Ef ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera einhverjar breytingar á húsnæðislánakerfinu frá 1986 hvernig stendur þá á því að við fáum ekki frv. um það hér á Alþingi? Hvernig stendur þá á því að við erum með hvert bútafrv. á fætur öðru hér í deildum þingsins? Hér er eitt frv. Í efri deild er annað frv. um breytingar á sömu lögum. Enn ein leiðréttingin á vitleysunum sem gerðar voru á sl. vori. Það er meira að segja búið að bæta við leiðréttingum í félmn. efri deildar. Þar á meðal leiðrétta þá ósvífni sem félmrn. gerði sig sekt um þegar það lét sérprenta lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1988 með síðari breytingum. Hvernig stendur á því að við getum ekki fengið hér í einu lagi allt það sem þessi ríkisstjórn ætlar að gera varðandi breytingar á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins? Bæði þessi húsbréfaatriði sem hér eru, stimpilgjöldin, sem eru nú til meðferðar í efri deild, leiðréttingarnar, sem þar hafa bæst við í félmn., og svo hugsanlega það sem á að gera varðandi lánakerfið frá 1986 og varðar 12. gr. laganna. Er þetta til þess að létta á störfum nefnda þingsins og auðvelda málum hér greiðan gang um deildirnar, að flytja málin í svona bútum? Eða er þetta vegna þess að það er ekki hægt að koma sér saman um nokkurn skapaðan hlut á stjórnarheimilinu?

Ég tel fulla ástæðu til þess, herra forseti, að við þessa umræðu verði upplýst hvað er að gerast, hvað er á seyði í þessum efnum. Ég vil gjarnan spyrja ráðherra að því líka hvað hann ætlar að gera við þessa greinargerð hér sem borist hefur vegna fyrirspurnar þingflokks Framsfl. um húsbréfakerfið. Reyndar sá ég nú að formaður þingflokksins skaut óvænt nefinu hér í gættina. Það væri kannski réttast að spyrja hann að því hver þeirra niðurstaða er eftir að hafa fengið svör við þessum spurningum. Kannski vill hv. 3. þm. Austurl., sem sæti á í félmn., svara því. En það má segja að félagi hans í félmn., hv. 1. þm. Vesturl., *hafi lagt niður störf í nefndinni því hann mætir aldrei* á nefndarfundi í þessari nefnd nú orðið og hefur ekki látið opinskátt hver hans afstaða til þessa frv. er, a.m.k. ekki í nál., þó að skilja hafi mátt á honum við önnur tækifæri að hann sé þessu máli öllu mjög andvígur, enda mun greinargerðin, sem ég er hér með í höndunum og er að vitna til, til komin vegna fyrirspurnar frá honum. En nú eru þessi svör komin og hvað ætlar Framsfl. að gera við þau? Það er spurning sem eðlilegt er að beina til Framsfl. en sömuleiðis til ráðherrans, hvort hún telur ástæðu til þess að staldra við eitthvað af því sem fram kemur í þessari greinargerð.

Að svo mæltu ítreka ég það eingöngu varðandi frv. sem hér er til meðferðar að við munum ekki leggja stein í götu þess þó ég bendi á að það hafa verið mælt fram ýmis varnaðarorð vegna þeirra áforma sem í því felast. Vegna þess að það er verið að leggja meira á húsbréfakerfið en margir telja að góðu hófi gegni og vegna þess að þau auka áhættu ríkisins, húsbréfadeildar Byggingarsjóðs og þar með ríkissjóðs á afskriftum og útlánatöpum. Þetta vildi ég að kæmi hér fram, virðulegur forseti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér í kvöld væri fullt tilefni til þess að taka upp umræðu um framtíð húsnæðismála í landinu og ég tek undir þær spurningar sem ræðumaður hér á undan lagði fyrir hæstv. félmrh. og ítreka það að við þeim þurfum við að fá svör. Ég efast ekki um að þau svör munu koma með einhverjum hætti nú í þeirri umræðu sem fram undan er þar sem ekki verður lengur undan komist að taka afstöðu til þessara mála. En þar sem hér er efnislega annað mál á ferð, þótt nátengt sé, þá mun ég hér fyrst og fremst fjalla um það frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem nú er til umræðu og afgreiðslu í deildinni.

Því er einkum ætlað þrenns konar hlutverk: Að húsbréfakerfið taki til endurnýjunar og endurbóta á notuðu húsnæði, að hægt sé að fá lán er nemi allt að 75% af matsverði húseignar og til þess að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum tímabundið þannig að það geti breytt skammtímaskuldum sínum í húsbréf, a.m.k. hluti þess hóps sem á í greiðsluerfiðleikum. Því miður er því ekki að heilsa að þetta frv. muni leysa vanda allra. Engu að síður er mikilvægt að með einhverjum hætti verði tekið á þessum málum og þar af leiðandi tel ég efnislega að þetta frv. eigi að ná fram að ganga.

Frv. tók nokkrum breytingum í meðförum efri deildar og það til bóta. Þótt lítill tími hafi gefist til umræðna um frv. í seinni deild tel ég þó að fjallað hafi verið um þau helstu vafaatriði sem þessu frv. fylgja. Því miður kom fram að ekki er unnt að svara veigamiklum spurningum um afleiðingar þessa frv. Hvorki til hve stórs hóps þessar breytingar ná og hverjir verði út undan, falli á milli kerfa, ef svo má segja, né hvaða kostnað frv. mun hafa í för með sér. Og það, sem e.t.v. er einnig mjög alvarlegt, hver *hugsanleg þensluáhrif frv. geta orðið.*

Skýrsla Ríkisendurskoðunar, sem kom á borð nefndarmanna um hálfsexleytið í gær og til þingmanna nú í dag, og svör þeirra manna sem komu á fund nefndarinnar gáfu þó tilefni til þeirrar niðurstöðu að kostir frv. vægju þyngra en gallarnir. Sýnt er að húsbréfakerfið hentar ekki öllum þeim sem ekki eiga kost á húsnæði skv. félagslega húsnæðiskerfinu. Mat á greiðslugetu útilokar ákveðinn hóp sem kemst ekki inn í félagslega íbúðakerfið og framtíð kerfisins frá 1986 er óljós. Með því að heimila að lán nemi 75% matsverðs eignar í ákveðnum tilvikum fækkar þó þeim sem hvorugu kerfinu tilheyra en þeirri spurningu er ósvarað hvaða hús þeir sem eftir sitja eigi í að venda.

Við kvennalistakonur ítrekum enn þá afstöðu okkar að efla verði félagslega íbúðakerfið á meðan ástandið er slíkt sem það er. Hins vegar er nauðsynlegt að setja því einhverjar skorður hve margir geti fengið lán fyrir 75% kostnaðar við íbúðarkaup og vonandi að ákvæðum sem bætt var inn í 2. gr. þessa frv. í meðförum efri deildar dugi til þess að halda

því jafnvægi sem vonast var til að húsbréfakerfið mundi skapa í fjármögnun húsnæðiskaupa. Það er að vísu dæmi sem ekki hefur verið reiknað til enda.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekist að fá svör við þeirri spurningu hve mikil þensla gæti fylgt þessu frv. sem við nú fjöllum um. Né heldur til hve margra ný lán tækju og hve há þau yrðu. Varasamt er að afgreiða frv. án þess að sjá fyrir með vissu hvað það hefur í för með sér. Hér er því aðeins hægt að byggja á líkindum. Samkvæmt greinargerð vegna fyrirspurnar þingflokks Framsfl. um húsbréfakerfið, þeirrar sem mikið er hér vitnað til, er áhætta ríkisstjórnarinnar tæplega meiri en skv. eldra kerfi þótt þetta frv. verði afgreitt. Fyrir því eru færð sæmilega trúverðug rök. Dæmin sanna hins vegar að ekki er alltaf hægt að sjá fyrir þróun mála í íslensku efnahagslífi.

Það er athyglisvert að lesa klausu á bls. 10 í þessari sömu greinargerð því þar þykja mér þau sjónarmið ráða að menn gefi sér það að húskaupendur lúti lögmálum fjármagnsmarkaðarins og séu e.t.v. að spila einhvers konar verðbréfaspil. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í klausu hér: „Ekki er líklegt að Húsnæðisstofnun mundi draga saman útgáfu húsbréfa þótt fyrirsjáanlegt væri að eftirspurn eftir húsbréfum á fjármagnsmarkaði væri ekki nægjanleg til að taka við bréfum með óbreyttri ávöxtun þar sem sú leið mundi orsaka sams konar biðröð eftir lánum og í gamla húsnæðiskerfinu. Það er reyndar yfirlýst markmið kerfisins að engar biðraðir myndist eftir afgreiðslu á lánum hjá Húsnæðisstofnun. Það sem mundi eiga sér stað í húsbréfakerfinu væri að afföll húsbréfa hækkuðu en það jafngildir hærri ávöxtun bréfanna. Hærri afföll hefðu það í för með sér að:

1. Eftirspurn eftir húsbréfum hjá þeim sem spara ykist og þannig fengist meira fjármagn til kerfisins en þó því aðeins að ávöxtun annars lánsfjár á markaðnum hækkaði ekki samsvarandi.

2. Framboð á húsbréfum minnkaði þar sem eigendur bréfanna vildu fremur bíða eftir að fá þau greidd út hjá Húsnæðisstofnun en sæta miklum afföllum við sölu bréfanna á markaði eða í fasteignakaupum.

Fyrra atriðið þýðir raunvaxtahækkun. Það síðara að fasteignaviðskiptum fækkar þar sem húsbréf væru í minna mæli notuð í fasteignaviðskiptum."

Í stað þess að ætla að fólk í húsnæðishraki reyni eftir bestu getu að leysa húsnæðismál sín með hverjum þeim hætti sem hægt er og eigi sjaldan möguleika á því að bíða og leika sér í verðbréfaleik þá er hér búist við að lögmál markaðarins ráði. Hér er um að ræða fólk af holdi og blóði sem vantar húsnæði, fjölskyldur sem bíða ekki með börn og buru eftir góðum byr í verðbréfalotteríinu heldur þurfa að vita hvar þær búa sér heimili, koma börnum sínum í skóla og skjóta rótum í eirðarlausu samfélagi nútímans. Þessi mynd passar ekki við slíkan texta sem ég vitnaði hér í.

Þrátt fyrir þetta er ekki vert að vefengja þá niðurstöðu sem fram kemur í skýrslu þessari og hjá viðmælendum nefndarinnar, að tæpast sé verið að hrinda af stað óviðráðanlegri þenslu þótt þessi leið verði farin til að leysa bráðavanda fólks í greiðsluerfiðleikum. Ég er því samþykk því að þessi leið verði reynd, að gefa kost á húsbréfalánum í þessu skyni og einnig til endurbóta á notuðu húsnæði, svo og að opnuð sé leið til hærri húsbréfalána sé skynsamlega með þá heimild farið en það er nokkuð sem sett er í vald ráðherra.

Þótt mörgum spurningum sé ósvarað um raunverulega framtíð húsnæðismála hér á landi tel ég að þetta frv. eigi fullan rétt á sér og styð því þá meðferð þess sem hér er lögð til, að það verði samþykkt, en ítreka að mörgum spurningum þarf að svara nú á næstu dögum um framtíð húsnæðismála hér á landi.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Í sambandi við umræðu um húsbréfakerfið sem mikið hefur verið rætt hér í þinginu vil ég fyrst varpa fram þeirri spurningu: Hvað eigum við almennt að gera við kerfi? Væri ekki ágætis ráð að þessi hæstv. ríkisstjórn sendi Gorbatsjov telefax í fyrramálið og spyrði hvað ætti að gera við kerfi? Hvort ekki væri kominn tími til þess að stoppa bara strax og staldra við og skoða það á hvaða leið við erum? Hvort rétt sé að búa til kerfi á Íslandi 1990 þegar þeir eru í vandræðum með að skera sig út úr öllum kerfunum þarna fyrir austan tjald?

Þrátt fyrir góð fyrirheit og falleg orð og falleg frv. um að hjálpa fólki sem á í erfiðleikum, eins og það frv. sem hér er til umræðu, bendir nú allt til þess að útkoman verði þveröfug við það sem sagt er og stefnt er að. Því allt bendir til þess, eins og nú er stjórnað peningamálum þjóðarinnar, að verið sé að fórna þjóðarsáttinni og öllum fallegu orðunum fyrir dýrustu kossa í Íslandssögunni. Ég held að fjárþörf ríkissjóðs sé einn af þeim hlutum sem maður verður að ræða í samhengi við umræður um aukið fjármagn í húsbréfakerfið eða til þess að lána fólki meiri peninga. Því allt sem við erum vitni að þessa dagana ber keim af vaxandi spennu vegna stjórnleysis og miðstýringar á peningamarkaðnum. Og einn milljarður í viðbót við alla vitleysuna sem þegar er orðin á þessu ári og stefnir í enn þá meira á næsta ári þýðir auðvitað bara hækkandi raunvexti. Það er því ekkert verið að leysa vandamál fólksins, þvert á móti er verið að skapa vandamál. Það er ljóst að efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar, ef stefnu skyldi kalla, öll þessi efnahagsóstjórn leiðir auðvitað til hnignunar og samdráttar og skertra lífskjara þannig að minna verður til skiptanna heldur en þó allar þessar fínu áætlanir segja til um, sem við vitum fyrir að hvort eð er ekkert er að marka.

Það er von að spurt sé í þessu sambandi: Hver verður heildarlánsfjárþörf ríkisins á næsta ári? Verður hún eins og gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun eða verður hún meiri? Reynslan hefur alltaf verið sú að fjárþörfin sé margfalt meiri. Það þýðir auðvitað hækkaða raunvexti. Það þýðir ekkert að tala hér um

falleg fyrirheit og að lækka vexti á sama tíma og þeir eru að hækka. Af hverju eru vextir að hækka þessa dagana, hæstv. forseti? Af hverju eru líkur á því að vextir muni hækka núna fyrir jólin? Ekki er það sjálfstæðismönnum að kenna núna. Er það frjálshyggjuófreskjan sem er komin í gang núna? Hver er þessi frjálshyggjuófreskja? Hvar er hún núna? Hvar er hæstv. forsrh. núna? Ræður hann ekki við að stjórna landinu? Getur hann ekki bjargað þessu öllu saman núna? Það hefði eitthvað verið sagt ef Sjálfstfl. hefði verið við völd.

Raunverulega er sú þjóðarsátt sem gerð var á þessu ári nokkurs konar bænarskrá aðila vinnumarkaðarins um breytta efnahagsstefnu stjórnvalda þar sem fólk er að gefa eftir af kjörum sínum í þeirri von að stjórnvöld á Íslandi taki til á borðinu hjá sér og reyni að hugsa hlutina upp á nýtt eins og það ágæta fólk var að gera sem samdi upphaflega um svokallaða þjóðarsátt, þ.e. aðilar vinnumarkaðarins. En það hefur akkúrat ekkert verið gert til þess að slaka á spennunni hjá ríkinu á fjármagnsmarkaðnum, heldur þvert á móti. Bæði eru skattar hækkaðir, sem þýðir aukna spennu, og lánsfjárþörf ríkisins er aukin. Hæstv. félmrh., sem vill heldur auka á þessa spennu en hjálpa til við að draga úr henni eftir frv., nema leggja jafnframt til að minnka verði það fjármagn sem fer í húsbréfakerfi handa fólki sem ekki á í erfiðleikum. Það er hægt að taka þessa fjármuni þar. Það verður ekki sleppt og haldið. Eða ætlar hæstv. félmrh. að láta prenta þetta allt saman? Er það framkvæmd á þjóðarsáttinni? Er það í anda þjóðarsáttar að auka yfirdráttinn enn þá meira í Seðlabankanum? Um síðustu mánaðamót var hann 7,2 milljarðar og ekki held ég að það sé nein ófreskja ljótari en sá yfirdráttur og ógnun við þjóðarsátt.

Ég held að samfylgjandi frv. eins og því sem hér er til umræðu sé lágmarkskrafa að þingmenn fái í hendurnar nýja lánsfjáráætlun og greiðsluáætlun ríkissjóðs og hæstv. ráðherrar taki sig saman í andlitinu og reyni nú að semja þetta af samviskusemi en ekki eftir einhverjum hugmyndum út í loftið sem samrýmast ekki raunveruleikanum að neinu leyti. Það er mikil ábyrgð hjá ráðherrum í hæstv. ríkisstjórn í dag að valda ekki enn meiri spennu á lánsfjármarkaðinum en þeir eru þegar búnir að og þannig enn þá meiri skaða í þjóðfélaginu en búið er að valda vegna þess að engri ríkisstjórn síðari árin hefur verið boðið upp á annað eins tækifæri og þessari hæstv. stjórn. Það eru ekki líkur á því að verð sjávarafurða muni hækka um 30% á næsta ári eins og það hefur gert á þessu ári. Og hvar væri efnahagsstefnan stödd og stjórnunin ef sjávarafurðir hefðu ekki hækkað í verði jafnmikið og raun ber vitni?

Eins og flestum á að vera kunnugt, en allt of fáum virðist vera kunnugt, þá er uppruni fjármagns að verulegu leyti kominn frá sjávarútvegi og margfeldisáhrif sjávarútvegs á iðnað, verslun og þjónustu hér á landi, og þar með á tekjur ríkissjóðs gegnum alla þessa veltu, er það sem skiptir höfuðmáli. Ef það á að auka tekjur ríkisins og skapa framboð á peningum þannig að meira geti verið til skiptanna og vextir lækkað og meira fjármagn sé í boði, þá þarf að skapa meiri verðmæti í landinu, það verður að byrja á því. Það er ekki hægt að byrja á því að prenta, hæstv. forseti. Ég held að það þurfi einmitt að læsa og innsigla þessa prentvél niðri í Seðlabanka. Það væri fín framkvæmd á þjóðarsáttinni að innsigla þá maskínu fyrir fullt og allt. En það er eins og gefist lítið tóm til að ræða slíkar staðreyndir. Fólk vill ekkert ræða svoleiðis hluti. Hér á bara að lifa í draumaheimi eins og krakkar í Lególandi. Það þykir fínt hjá þessari hæstv. ríkisstjórn.

En ég ítreka að ef það á að tryggja hagsmuni fólks sem á í greiðsluerfiðleikum er besta tryggingin sem þetta fólk getur fengið ekki sú að lána því meiri peninga með því að láta vexti hækka í leiðinni, hæstv. félmrh. Ef skrúfuð er upp enn þá meiri þensla á íslenska lánsfjármarkaðinn leiðir það til þess að vextir hækka enn þá meira og þetta fólk lendir í enn þá meiri erfiðleikum eftir 1–2 ár. Það hefur stundum verið kallað bjarnargreiði að gera fólki slíkan greiða.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurn varðandi meðferð þingflokks Framsfl. á skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þingflokkurinn samþykkti framlagningu þess frv. sem hér er til umræðu. 1. þm. Vesturl. hafði þar um fyrirvara. Ég hef lesið skýrslu Ríkisendurskoðunar og þá þætti hennar sem varða þetta mál. Í henni koma ekki fram atriði sem breyta afstöðu minni til þessa frv. en ég skrifaði undir það án fyrirvara. Þingflokkur Framsfl. hefur ekki gert athugasemdir við þá afstöðu. Þingflokkurinn mun að sjálfsögðu ræða önnur atriði skýrslunnar. Til þess hefur ekki gefist tóm enn þá en það mun að sjálfsögðu verða gert.

Að öðru leyti hef ég ekkert frekar um þetta mál að segja. Ég stend að áliti meiri hl. um þetta mál.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður um húsnæðismál almennt og það frumvarp sem hér er til umræðu og áhrif þeirra ákvæða sem þar eru lögð til að því er varðar ýmis atriði. T.d. kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. að það mundi leiða til þenslu og spennu á markaðnum að samþykkja ákvæði þessa frumvarps. Ég bið hv. þm. líka að skoða málið í því ljósi að það er allstór hópur fólks í þessu þjóðfélagi sem á í mjög miklum greiðsluerfiðleikum. Við því fólki blasir ekkert annað en að missa sínar eigur á uppboð ef ekki kæmi til slík aðstoð eins og við erum hér að fjalla um. Þetta fólk er margt hvert með það miklar skuldir að sú hefðbundna fyrirgreiðsla sem verið hefur gegnum Húsnæðisstofnun, og þau greiðsluerfiðleikalán sem þar hafa verið, nægir ekki til þess að aðstoða það. Ef ekki kæmi til þessi aðstoð mundi fólk missa sínar eigur á uppboð. En það *gæti líka átt kost á þeirri leið að koma með þessum* hefðbundna hætti inn í húsbréfakerfið, sem væri mun dýrara og leiddi þá kannski til meiri útgáfu á hús-

bréfum en ella væri. Í mörgum tilfellum mundu kannski 1–1,5 millj. kr. nægja til þess að bjarga þessu fólki þannig að það gæti haldið sínum íbúðum, en ef það missti þær á uppboð gæti það hugsanlega farið þessa hefðbundnu leið sem þýddi þá stærri hlut sem það þyrfti gegnum húsbréfakerfið.

Reyndar er það svo að það hefur verið mjög mikill kostnaður hjá þessu fólki við að framlengja sífellt þessum skammtímalánum sem það hefur þurft að fleyta sér á í bönkum. Fjármagnskostnaður við framlengingar, lögfræðikostnaður og annað hefur mjög aukið á skuldabyrði þess. Ég tel að sú leið sem við ræðum hér gæti hjálpað mörgum, ef það fengi lán til langs tíma eins og hér er verið að ræða um og fengi sínum skammtímaskuldum þannig breytt í lengritímalán. Á þetta bið ég hv. þm. að líta einnig þegar hann ræðir um þensluáhrif af þeim ákvæðum sem þetta frv. kveður á um.

Hv. 17. þm. Reykv. ræddi nokkuð almennt um húsnæðismál og hvaða afstöðu stjórnarflokkarnir hefðu, bæði til stöðu byggingarsjóðanna og framtíðar 86-lánakerfisins. Því er til að svara að alllengi hafa verið til umfjöllunar hjá stjórnarflokkunum ýmsar tillögur sem ég hef lagt fram og óskað eftir að þingflokkarnir tækju afstöðu til. Það á bæði við um Byggingarsjóð ríkisins og afstöðuna til 86-kerfisins og eins til Byggingarsjóðs verkamanna og þeirra tillagna sem liggja fyrir um að Byggingarsjóði verkamanna verði gert kleift að veita heimildir til 500 nýrra félagslegra íbúða á næsta ári og þá hvernig þær yrðu fjármagnaðar.

Ég hef óskað eftir því að þingflokkarnir tækju afstöðu til þess hvort það ætti að loka 86-kerfinu og hvernig ætti að mæta uppsafnaðri skuldastöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Ég hef einnig óskað eftir því að ef stjórnarflokkarnir væru ekki tilbúnir til þess að loka 86-kerfinu þá kæmu fram tillögur þeirra um það hvernig ætti að halda því kerfi gangandi og hvernig ætti að fjármagna það.

Það hefur nokkuð dregist að fá fram afstöðu þingflokkanna til þeirra tillagna og valkosta sem ég hef lagt fyrir þá, m.a. vegna þess að það þurfti að athuga ýmis atriði ef stjórnarflokkarnir vildu fara út í vaxtabreytingar til þess að bæta skuldastöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Það þurfti að athuga áhrif laga um greiðslujöfnun, hvaða áhrif það hefði til þess að bæta greiðslustöðu sjóðsins út af þeim ákvæðum sem þar eru sem kveða á um það að ef það verður raunvaxtahækkun þá bætist það á höfuðstól skuldarinnar og greiðist við lok lánstímans og bætir því ekki greiðslustöðu sjóðsins fyrr en síðar.

Fyrir nokkru síðan lá fyrir lögfræðilegt álit á því hvaða leiðir væru færar í því efni og þær tillögur og leiðir sem færar eru í því efni hafa um nokkurt skeið legið fyrir stjórnarflokkunum. Það verður að segjast eins og er að ég hef enn ekki fengið nægjanlega skýr svör um afstöðu stjórnarflokkanna til þeirra hugmynda og tillagna sem hafa verið lagðar fram og staðan er með þeim hætti nú. Ég hef lagt alla áherslu á það að fá fram afstöðu flokkanna áður en við ljúkum afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Byggingarsjóðirnir eru auðvitað óhjákvæmilega tengdir afgreiðslu fjárlaga eins og aðrir sjóðir sem að hluta til eru háðir framlagi á fjárlögum. Ég vænti þess að þetta skýrist áður en gengið verður frá fjárlögunum á þessum og næsta sólarhring þannig að hægt verði við 3. umr. fjárlaga að ræða stöðu byggingarsjóðanna og þá nánar að svara þeirri fyrirspurn sem fram kom hjá hv. 17. þm. Reykv.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki nýlunda hér á hinu háa Alþingi að húsnæðismál séu tekin til umræðu því aðalreglan hefur verið sú að hæstv. félmrh. hefur komið með breytingar á þessum málaflokki á hverju þingi.

Nú hlýtur maður að verða að spyrja hæstv. félmrh. veigamikilla spurninga í þessu sambandi varðandi stuðning stjórnarflokkanna við þetta frv. til laga. Er þetta í rauninni stjfrv., er það stutt af öllum stjórnarflokkum? Í fyrsta lagi hefur það vakið athygli að hv. 1. þm. Vesturl. hefur ekki verið viðstaddur afgreiðslu málsins í nefnd svo ekki liggur fyrir hans álit í þessu máli. Í öðru lagi vekur ekki minni athygli að formaður þingflokks Borgfl., Guðmundur Ágústsson, hefur lagt fram frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka. En í greinargerð með því frv. segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að enn á ný er hafin mikil umræða um húsnæðislánamál þjóðarinnar og vandamálin hafa aukist frekar en minnkað við tíðar breytingar sem hafa verið gerðar á húsnæðislánakerfi landsmanna virðist ekki vanþörf á að taka þetta frv. til rækilegrar meðferðar á hinu háa Alþingi nú. Það er skoðun flutningsmanns að húsnæðismálin séu komin í algert óefni. Hinar sífelldu breytingar sem hafa verið gerðar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á kjörtímabilinu hafa ekki orðið til þess að bæta ástandið í húsnæðismálum þjóðarinnar."

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að fá því svarað við þessa umræðu hvort Borgfl. styður þetta frv. Ef marka má þá greinargerð sem fylgir frv. hv. 5. þm. Reykv., sem er jafnframt formaður þingflokks Borgfl., styður Borgfl. ekki þær brtt. sem hér liggja fyrir. Sú árás sem kemur fram í greinargerð hv. þm. á stefnu hæstv. félmrh. er með þeim hætti að það verður að fá svör við því hver er afstaða Borgfl. í þessu máli. Og fyrst svo vel í veiði ber að hæstv. dómsmrh. situr hér, þá væri hann vís til þess síðar í umræðunni að láta álit Borgfl. í ljós varðandi þessi mál. En það verður að segjast eins og er að sú greinargerð sem fylgir því frv. til laga sem hv. 5. þm. Reykv. hefur lagt fram bendir til þess að það sé verulegur ágreiningur um þessi mál í ríkisstjórninni.

En það sem vekur líka athygli er það að á síðasta hausti, á svipuðum tíma og nú, þegar núverandi ríkisstjórn fékk sparnaðarkast, þá var eina tillaga hæstv. félmrh. að strika út framlög til húsnæðismála. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það hefði ekki verið skynsamlegra að spara á einhverjum öðrum

sviðum. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef sú ráðstöfun hefði ekki verið gerð þá ættu byggingarsjóðirnir ekki við þann vanda að etja sem nú er raunin. Síðan er þetta kossaflens hæstv. ráðherra. Í Þjóðviljanum, fimmtudaginn 18. okt. 1990, segir m.a. á forsíðu um húsnæðismál: „Kossinn kostar hálfan milljarð." Er nú ljóst, hæstv. forseti, að ekki má kyssa hæstv. ráðherra oft. Það getur orðið þjóðinni dýrt. Og þarf að fá skýringar á þessu ef svo er sem hér stendur.

Í Dagblaðinu, þriðjudaginn 16. okt. 1990, segir menntmrh., með leyfi forseta: „Námsmenn borga ekki heimilisböl Alþýðuflokksins." Væri fróðlegt að fá hér talsmenn Alþb. til að tjá sig um ummæli hæstv. menntmrh. Það er alveg ljóst að þetta eru dýrar gjörðir og þjóðin hlýtur að fara fram á það að ekki verði mikið kysst í Alþfl. á næstunni. En ég vil segja það sem ég hef sagt áður, og ætla ekki að hafa mjög langa ræðu um það frv. sem hér liggur fyrir, að það er nauðsynlegt að tekið verði á þessum málum í eitt skipti fyrir öll og það verði ekki, eins og ég hef margoft sagt, gert með þeim hætti sem hæstv. félmrh. hefur gert. Það hefur komið í ljós að ekki var rétt staðið að því kerfi sem hæstv. félmrh. lagði til um breytingar á húsnæðiskerfinu vegna þess að ekki var farið alla leið eins og lagt var til, m.a. eins og gert er ráð fyrir hér í frv. hv. 5. þm. Reykv. Guðmundar Ágústssonar.

Ég vil ítreka það að stefna hæstv. félmrh. hefur leitt til þess að fólki hefur verið mismunað í æ ríkari mæli með skattalögum, vaxtabreytingum og með þeim hætti að menn eru ekki settir við sama borð. Það er ekki heldur lagt til grundvallar þegar menn eru að byggja hvort þeir hafi möguleika á að greiða lánin til baka. Allir sem hafa sparað eru sektaðir því að með því að tekju- og eignartengja vexti er verið að koma í veg fyrir að menn geti undirbyggt þessa dýru gjörð, sem húsbygging er, á lengri tíma, safnað sér fyrir því og staðið að því með þeim hætti að viðunandi fjármögnun sé fyrir hendi. Nú er allt kapp lagt á það að þess verr sem maður stendur sig, þess meira á að leggja honum upp í hendur. Þeir sem vilja standa sig vel eru sektaðir á fjölmörgum sviðum.

Hæstv. forseti. Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt að hæstv. félmrh. geri grein fyrir því hvort hún megi vænta stuðnings hjá Borgfl. í þessu máli eða hvort hún megi vænta stuðnings hjá Framsfl. í þessum málaflokki eða hvort hún megi vænta stuðnings hjá Alþb. í þessum málaflokki. Miðað við þau ummæli sem forustumenn þessara flokka hafa viðhaft er ekki stuðningur við félmrh. í hennar gjörð í húsnæðismálum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að þetta mál taki nokkurn tíma þegar það er hér til 2. umr. Ég rifja það upp að húsnæðismálin voru til umræðu fyrr í vetur í Sþ. Þá féllust hv. þm. Sjálfstfl. á að láta ýmis brennandi mál sem varða þetta frv., og reyndar húsnæðismálin í heild, bíða vegna þess að málið kæmi aftur til deildarinnar.

Mig langar í fyrsta lagi til þess að spyrjast fyrir um það sem reyndar hefur komið fram í ræðum hv. þm. hvort það sé á döfinni að breyta því fyrirkomulagi sem kallað er „útdráttarfyrirkomulag". Spurningin er sett fram vegna þess að það hefur heyrst að bæði einstaklingar og kannski ekki síður lífeyrissjóðir hafi forðast að kaupa þau húsbréf sem seld hafa verið vegna þess að það hentar þeim illa að vita ekki nákvæmlega hvernig bréfin greiðast til baka. Þetta útdráttarfyrirkomulag gerir það að verkum að greiðsla getur farið fram innan nokkurra vikna, daga, mánaða og svo upp í fjölda ára. En vegna þess hve óvenjulegt þetta er þá virðist það hafa gerst að ýmsir aðilar sem leggja fjármagn til hliðar, spara, hafa forðast að kaupa húsbréf.

Í öðru lagi vil ég taka undir með öðrum þeim sem rætt hafa um þetta mál að það er til bóta að dreifa nokkuð útgáfu á þeim bréfum sem verða væntanlega gefin út á næsta ári þegar húsbréfin ná til fleiri þátta varðandi kaup og endurnýjun á húsnæði, svo eitthvað sé talið. Það er ljóst að það kann að valda erfiðleikum ef of mikið er gefið út af slíkum bréfum með ríkisábyrgð á skömmum tíma, ekki síst ef haft er í huga að gera má ráð fyrir verulegum halla á ríkissjóði umfram það sem hefur gerst á undanförnum árum og ætlun mun vera að fjármagna þann halla á innanlandsmarkaði. Þetta er á sama tíma og gera má ráð fyrir að atvinnulífið þurfi á auknu fjármagni að halda til þess að byggja sig upp, skapa hér atvinnu og leggja þannig grundvöll að bættum lífskjörum í framtíðinni. Slíkt þarf auðvitað að hafa í huga þegar menn eru að freista þess að laga til í húsnæðiskerfinu. En ég skal viðurkenna, og ég held að undir það geti allir hv. þm. Sjálfstfl. tekið, að húsbréfakerfið getur verið til bóta ef rétt er að því staðið.

Nú er annað kerfi enn þá í gildi hér á landi, kerfi sem við þekkjum öll. Satt að segja hefur það undrað mig mjög hvernig hefur verið liðið það aðgerðarleysi sem hefur einkennt stefnu eða stefnuleysi stjórnvalda á undanförnum árum. Ég hef margoft sagt, og það eru engar fréttir út af fyrir sig, að ég tel að það hafi verið stórkostleg mistök að breyta ekki vöxtum samkvæmt skuldabréfum Húsnæðisstofnunar, en í þeim skuldabréfum eru ákvæði um breytilega vexti, þannig að vaxtastigið færðist til eftir almennu vaxtastigi í landinu. Þetta var augljóslega það sem löggjafinn hafði í huga þegar kerfið frá 1986 var sett á laggirnar, en reyndar eru slík ákvæði í skuldabréfum, a.m.k. frá árinu 1984 ef ekki á eldri bréfum líka sem ég man ekki, það skiptir ekki máli.

Hæstv. félmrh. hjó reyndar af sér hendurnar þegar hann á sínum tíma lofaði Kvennalistanum því að hækka ekki vexti afturvirkt, eins og það væri kallað, ef Kvennalistinn vildi styðja húsbréfafrv. sem var til umræðu hér fyrir einu og hálfu ári síðan. Þessi afleikur ráðherrans er sjálfsagt miklu dýrari en nokkurn tíma sá koss sem hefur verið talsvert í umræðunni að undanförnu og síðast hér í þessari umræðu.

Hér áðan voru lagðar fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra. Það verður að segjast eins og er að þeim fyrirspurnum hefur hæstv. ráðherra ekki svarað. Þvert á móti hefur hæstv. ráðherra sagt að svörin þurfi að liggja fyrir áður en 3. umr. fjárlaga fari fram. En okkur er kunnugt um að sú umræða á að fara fram á morgun. Nú vil ég rifja það upp að þegar þessi mál voru til umræðu, því að auðvitað hanga húsnæðismálin öll saman hvort sem um er að ræða húsbréfakerfi eða svokallað gamla húsnæðiskerfið, að síðast þegar við ræddum þetta, þá vísaði hæstv. félmrh. á forsrh. og sagði að það væri hæstv. forsrh. að svara til um það hver væri stefnan varðandi Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna og gamla húsnæðiskerfið og hvernig ætti að leysa þann vanda. Og ég man eftir því að hæstv. forsrh. kom hér í ræðustól og sagði að sá vandi yrði leystur.

Nú vil ég, virðulegi forseti, spyrjast fyrir um það hvort svo vilji til að hæstv. forsrh. sé hér í húsinu því nú er nokkur tími liðinn frá því að hæstv. forsrh. tók að sér að svara fyrir hæstv. ríkisstjórn. Mér finnst vel við hæfi að hann sé spurður að því í þessari umræðu hver sé stefna hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum og er ég þá ekki að spyrja að öðru en hæstv. félmrh. hefur áður gert. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að það vill einmitt svo vel til að hæstv. forsrh. er í húsinu og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fá hann til að hlýða á umræðuna.) Ég held, virðulegi forseti, að það sé full ástæða til þess að fulltrúi frá Alþb. sé hér viðstaddur líka og ef hæstv. fjmrh. er í húsinu væri gott að hann væri hér innan seilingar.

Það var ekki ætlunin að flytja langa ræðu, enda ástæðulaust. Hér er um tiltölulega auðskildar breytingar að ræða. En það er auðvitað athygli vert sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem þingflokkur Framsfl. bað um. Þar segir mjög skýrt í niðurstöðum skýrslunnar fremst, að húsbréfakerfið geti aldrei tekið við öllu hlutverki sem áður var ætlað gamla húsnæðiskerfinu, einfaldlega vegna þess að húsbréf byggjast á þeirri grundvallarforsendu að þau eru markaðshæf og bera markaðsvexti.

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. er genginn í salinn og skal ég ekki hafa langan formála að því erindi sem ég á við hann. Ég rifjaði það upp, hæstv. forsrh., að fyrir nokkrum vikum var rætt um húsnæðismál í Sþ. þar sem ýmsum spurningum var beint til hæstv. ríkisstjórnar, þar á meðal þeim spurningum sem brenna á vörum mjög margra, þ.e. hvað eigi að gera við gamla kerfið, hvernig eigi að leysa fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins, hvernig eigi að leysa fjárhagsvanda Byggingarsjóðs verkamanna, hvað eigi að gera í vaxtamálum vegna skuldabréfanna sem hafa verið gefin út og munu verða gefin út í gamla kerfinu. Þetta eru allt spurningar sem snerta það mál sem hér er til umræðu. Hæstv. félmrh. sagði rétt áðan að samkomulag yrði að vera um þetta mál á milli stjórnarflokkanna áður en 3. umr. færi fram og 3. umr. fjárlaga fer fram á morgun. Þá rifjast það upp fyrir þeim sem hér eru inni að á þessum fundi í Sþ. fyrir nokkrum vikum síðan vísaði hæstv. félmrh. á hæstv. forsrh. þegar spurt var um hver væri stefna hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum. Nú eru liðnar nokkrar vikur. Þá var því lýst yfir af forseta Sþ. að innan tíðar gæfist tækifæri til að ræða þessi mál frekar því að lögð yrðu fram næstu daga frv. um húsbréfakerfið og í þeim gæfist tilefni og tækifæri til að ræða frekar um þetta mál.

Þar sem hæstv. félmrh. svaraði engu þeim fyrirspurnum sem beint var til hans varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar tel ég mér skylt að taka upp þráðinn og spyrja hann. Áður en við afgreiðum þetta mál út úr deildinni er nauðsynlegt að svör liggi fyrir því að umfang húsbréfakerfisins markast auðvitað af því hvað gera á við eldra kerfið. Spurningarnar eru þessar: Hefur ríkisstjórnin náð samkomulagi um það hvað gera eigi við gamla húsnæðiskerfið? Hefur hæstv. ríkisstjórn komið sér saman um það hvernig bjarga eða forða megi Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna frá þeim mikla fjárhagsvanda sem þessir sjóðir standa frammi fyrir? Hefur hæstv. ríkisstjórn komið sér saman og er til stjórnarstefna um það hvað gera eigi í vaxtamálum, þ.e. hvort breyta eigi vöxtum á þeim bréfum sem gefin hafa verið út af byggingarsjóðunum, þeim bréfum sem bera breytilega vexti, eða hvort það sé ætlunin að breyta vöxtum á bréfum sem verða gefin út?

Í dag, 19. des., stendur þannig á að á morgun á að fara fram 3. umr. um fjárlög. Það er bráðnauðsynlegt að þessum fyrirspurnum sé hægt að svara hér og nú. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hér sé á ferðinni enn eitt málið sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið sér saman um. Við höfum séð hvernig ástandið er núna í dag þegar lagt hefur verið fram frv. sem á að verða til þess að koma í veg fyrir sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma. Við höfum orðið vitni að því hvað hefur gerst í sambandi við tryggingagjaldið. Enn hefur ekki tekist, sjálfsagt vegna deilna á stjórnarheimilinu, að afgreiða úr nefnd frv. um jöfnunargjald og svo mætti lengi telja. En þetta mál er þess eðlis að nú verður ekki lengur undan því vikist að fá svör við þeim spurningum sem spurt hefur verið vegna þess að svörin við þeim hafa afgerandi þýðingu um það hvað verður um húsbréfakerfið í framtíðinni.

Virðulegur forseti. Í trausti þess að hæstv. forsrh. lýsi stefnu hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli eins og hann gerði á sínum tíma þegar hæstv. félmrh. benti á hann lýk ég máli mínu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það er afar nauðsynlegt að greiða úr þeirri miklu flækju sem húsnæðiskerfið hefur í gegnum árin komist í. Það hefur tekið nokkur ár og hefur ekki verið leyst. Að þessu hefur verið unnið mjög mikið í tíð þessarar ríkisstjórnar, sérstaklega að sjálfsögðu á vegum hæstv. félmrh., sem hefur látið gera ítarlega úttekt á húsnæðiskerfinu, bæði á því frá 1986, á félagslega kerfinu og sömuleiðis á húsbréfakerfinu.

Jafnframt hefur nefnd trúnaðarmanna frá öllum stjórnarflokkunum farið ítarlega í gegnum kerfið og skilað skýrslu. Niðurstaða þeirrar nefndar varð sú að það bæri að leggja niður kerfið frá 1986 og það bæri að lagfæra stöðu Byggingarsjóðs ríkisins með því að hækka vexti fyrst og fremst. Jafnframt er alveg ljóst að það verður að hækka framlög úr ríkissjóði til að endar nái þar saman.

Um vextina hefur síðan verið ítarlega fjallað. Ég veit að það hefur ekki farið fram hjá hv. þm. að það eru ýmis vankvæði á því að hækka vexti aftur í tímann, m.a. vegna laga um greiðslujöfnun. Á vegum hæstv. félmrh. hefur jafnframt farið fram athugun á því hvernig mál verði leyst. Ég get ekki sagt að það hafi orðið lokaafgreiðsla í ríkisstjórninni á því máli en það nálgast að svo verði á grundvelli þeirra tillagna sem félmrh. hefur lagt fram. Ég vil þó segja að það er áreiðanlega miklum erfiðleikum bundið að hækka vexti, þótt heimilt sé, á þeim bréfum sem voru gefin út 1984, það er áreiðanlega erfiðleikum háð að hækka vexti á þeim eins og nú er ástatt. (**FrS:** Af hverju?) Ja, það verður að segjast eins og er að það er ekki samstaða um það. Það er mjög mikil andstaða hjá aðilum vinnumarkaðarins, sérstaklega hjá verkalýðshreyfingunni. Og a.m.k. enn þá hafa stjórnarflokkarnir ekki tekið ákvörðun um að hækka þá vexti. Það eru meiri líkur til þess að hallast verði að því að hækka vexti við eigendaskipti að íbúðum. En ég vil taka það skýrt fram að þetta er nú til meðferðar hjá stjórnarflokkunum og ég er að lýsa því sem ég tel líklegasta niðurstöðu að þessu leyti.

Um að leggja niður kerfið frá 1986 hefur mikið verið rætt að sjálfsögðu. Ýmsir benda á það að í húsbréfakerfinu sé ekki mikið svigrúm til að mæta sérstökum þörfum í þjóðfélaginu, eins og t.d. þeirra sem byggja í fyrsta sinn, ef menn vilja veita þeim sérstaka fyrirgreiðslu. Ég hef að vísu komist að þeirri niðurstöðu að það sé rangt að vera með tvö kerfi og það beri að leggja niður kerfið frá 1986 og hef gert tillögu um það að nú verði yfir það sest hvernig megi þá fullnægja slíkum sérþörfum og þær betur skilgreindar. Því miður get ég ekki lofað hv. þm. því að niðurstaða í þessi mjög flóknu mál fáist í dag eða á morgun. Mér skildist að það hefði verið talað um að það yrði fyrir 3. umr. fjárlaga. Það næst ekki. En það er búið að vinna afar mikið í þessu máli og því miðar mjög vel í þá átt að fyrir liggi endanlegar niðurstöður í næsta mánuði eða svo.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Með tilliti til þeirrar ræðu sem hæstv. félmrh. flutti tel ég nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. ellegar þá varaformaður Alþb., hæstv. samgrh., verði viðstaddur þessa umræðu. Það kom mjög skýrt fram í ræðu hæstv. félmrh. að ráðherrann hefur, eftir því sem hann sagði hér, lagt fyrir fjöldann allan af tillögum og fyrirspurnum til samstarfsflokkanna í ríkisstjórn án þess að fá við þeim svör og án þess að fá gagntillögur í þeim tilvikum þar sem neikvæð svör hafa borist frá samstarfsflokkunum. Það kom jafnframt fram í ræðu hæstv. félmrh. að nauðsynlegt væri að ákvarðanir lægju fyrir í þessum efnum fyrir 3. umr. fjárlaga. Þarf raunar engan að undra að hæstv. félmrh. skuli taka þannig til orða. Hér er verið að fjalla um mjög veigamikil atriði sem hafa mikil áhrif á gerð fjárlaga og lánsfjárlaga og hafa almenn áhrif á fjármálastjórn ríkisins og peningamálastjórn landsins nú eins og endranær. Það liggur í augum uppi að hæstv. ríkisstjórn þarf að svara þeim spurningum sem hér voru bornar fram og hæstv. félmrh. upplýsti að af hans hálfu hafi verið bornar fram við samstarfsflokkana án þess að niðurstaða hafi fengist.

Hæstv. forsrh. kom hér og flutti almenna hugleiðingu um þessi viðfangsefni. Lýsti því hvað væri kostur og galli í einstökum tilvikum, hvað væri erfitt og hvað auðvelt varðandi þær breytingar og ákvarðanir sem hér þarf að taka. Allt voru það hugleiðingar sem hv. alþm. eru kunnar. Menn gera sér mætavel grein fyrir því að það kann að vera erfitt að hækka vexti. Menn gera sér mætavel grein fyrir því að það kunna að vera vandamál því samfara að leggja niður húsnæðiskerfið frá 1986. Og menn gera sér auðvitað grein fyrir því að það kunna að vera vandamál því samfara að standa við lágmarksfjárskuldbindingar sem ríkið hefur tekið á sig og snúa að ríkissjóði. Ekkert af þessu þurfti að minna hv. þm. á.

Það sem hæstv. forsrh. þurfti hins vegar að gera var að gefa svör við þeim spurningum sem hér hafa komið fram, ekki einasta frá talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna heldur frá hæstv. félmrh. og sem hæstv. félmrh. hefur sagt hér í kvöld að þurfi að gefa svör við nú þegar og eigi síðar eða alveg strax og undir eins, eins og Bastían bæjarfógeti sagði, því 3. umr. fjárlaga er á morgun. Það liggur því í augum uppi að það verður að ítreka þær spurningar sem hér voru bornar fram og ætlast til þess að þeim verði svarað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þegar ákvarðanir verða teknar á morgun um fjárlög þurfa menn að vita hvort leggja á niður húsnæðislánakerfið frá 1986 eða ekki því það hlýtur að verða forsenda þeirra ákvarðana sem menn taka, bæði að því er varðar lánsfjárlög og fjárlög. Þær ákvarðanir er einfaldlega ekki hægt að taka nema menn hafi svarað þessari spurningu. Og því fremur sem það er sá ráðherra sem ber ábyrgð á húsnæðismálum sem hefur krafið ríkisstjórnina svara í þessu efni hlýtur skylda hennar að vera ríkari. Það hlýtur að vera eðlilegt að á sama tímapunkti svari menn til um það hverjir vextirnir eigi að vera því að fjárskuldbindingar ríkissjóðs á næsta ári og á næstu árum ráðast af því. Það hlýtur að vera eðlilegt á þessu stigi að gerð verði grein fyrir því hver áætluð eru framlög ríkissjóðs á næsta ári.

Ég vil því skora á hæstv. forsrh. í stað þess að koma hér með almennar hugleiðingar um þau vandamál sem uppi eru varðandi þessar ákvarðanir sem öllum eru ljósar að skýra hér frá niðurstöðum því hæstv. ríkisstjórn getur ekki skotið sér undan því lengur að kynna niðurstöðurnar.

Ég vil jafnframt óska eftir því að varaformaður Alþb., hæstv. samgrh., svari því fyrir hönd Alþb. hvort það hefur fallist eða muni fallast á tillögur um að loka húsnæðiskerfinu frá 1986, sem sett var á stofn með sérstökum samningum við verkalýðshreyfinguna, og hver afstaða þess flokks er til vaxtaákvarðana í húsnæðislánakerfinu. Með hliðsjón af öllum gangi mála er eðlilegt að ætlast til þess að hver ríkisstjórnarflokkur fyrir sig svari þessum spurningum ella fæst ekki heildarmynd af stöðu mála innan hæstv. ríkisstjórnar eins og nú er komið.

Það frv. sem hér um ræðir er brotabrot af heildarlöggjöf um húsnæðismál. Það hefur verið háttur þessarar hæstv. ríkisstjórnar að flytja húsnæðismálin í brotabrotum inn á Alþingi. Stefna hæstv. ríkisstjórnar er eins konar brotabrotastefna í húsnæðismálum og þetta frv. er enn ein sönnun þess. Það hefur verið vakin hér athygli á því að bráðabirgðaákvæði þessa frv. eitt kallar á um einn milljarð. Það hlýtur að hafa talsverð áhrif á fjármagnsmarkaðinn á næsta ári og næstu árum. Það hlýtur að hafa nokkur áhrif á fyrirsjáanlega þróun vaxta. Af því tilefni er eðlilegt og nauðsynlegt að ræða þessi mál í heild sinni. Þótt hæstv. ríkisstjórn, vegna innri sundrungar, geti ekki fjallað um og flutt stefnu sína hér í húsnæðismálum nema í brotabrotum, þá er það krafa Alþingis að um þau sé fjallað í heild sinni vegna þess að hagsmunir þeirra sem í hlut eiga, húsbyggjendanna, krefjast þess.

Ég vil því, herra forseti, ítreka spurningar mínar til þessara tveggja hæstv. ráðherra. Með vísan til þess að hæstv. félmrh. hefur lagt á það alla áherslu og talið það vera forsendu fyrir afgreiðslu fjárlaga að samstarfsflokkarnir svari þeim spurningum, sem hér hafa verið bornar fram, þá ítreka ég þessar spurningar og óska eftir að fá við þeim skýr svör.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma hér því sjálfsagt veitir ekki af tímanum til að koma einhverju af því fram sem samstaða næst um. Ég er sammála hæstv. félmrh. um að þetta út af fyrir sig breytir ekki miklu, en það er ekki annað en gálgafrestur ef ekkert annað gerist, það er ekkert annað en gálgafrestur. Það kom til mín maður í dag með fjögurra manna fjölskyldu. Hann þarf að leigja og leigan var 37 þús. kr. fyrir utan ljós og hita og hann hefur í tekjur 62 þús. kr. Ef hæstv. ríkisstjórn og Alþingi yfirleitt skilja ekki að það þarf að stokka allt upp, allt kerfið, þá er þetta engin lausn. Það lengir svolítið dauðastríð þeirra sem eru komnir með sínar íbúðir á uppboð nú, það er ekki annað sem það gerir. Það er náttúrlega alveg hneykslanlegt, það er undravert, ef hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að hreyfa hönd né fót við vaxtahækkun sem bankarnir eru að ræða um á morgun. Það er svo dæmalaust og það er alveg þvert ofan í allar yfirlýsingar sem hafa verið gefnar um þessi mál, þvert ofan í þær. Ég tel þetta hreint hneyksli, hvorki meira né minna.

Við heyrðum það fyrir nokkrum dögum að árið 1988 voru Íslendingar, miðað við fólksfjölda, taldir fimmta ríkasta þjóð veraldar. Og hver er svo vitnisburðurinn frá þeim sem eru að reyna að hjálpa fólki sem er í nauðum? Þrátt fyrir þetta eykst sá fjöldi verulega, a.m.k. eftir því sem fjölmiðlar segja og hafa eftir þeim stofnunum sem með þessi mál fara. Þið hafið sjálfsagt, hv. alþm. og ráðherrar, heyrt í Guðmundi J. Guðmundssyni í kvöld. Hann sagði að ef vextir hækkuðu gæti hann ekki annað séð en að þjóðarsáttin væri búin og þeir lægst launuðu mundu þá væntanlega taka til sinna ráða.

Það var haft eftir mér í sambandi við vextina, ég ætla ekki að fara mikið ofan í það, ég ætla bara að endurtaka að þó vextirnir á pappírunum, lægstu vextir, séu 6,5% eða 6,75% þá er það ekki nema 1 eða 2% sem er lánað út á þessum vöxtum. Það er lánað út á vöxtum sem eru 8,25% og 8,75%. Og svo þegar skuldbreytt er þá er bætt við. Þetta eru vextirnir. Kostnaður við lántökur hefur hækkað verulega á þessu ári. Það verður auðvitað að líta á það líka. Það er fjármagnskostnaður fyrir þá sem þurfa að taka lán. Og þeir sem eru alltaf að tala um frelsi peninganna hafa allt annað í fjötrum, ekki síst launin. Það hlýtur að koma að því að ekki verður tekið mark á slíku fóki, það hlýtur að koma að því. (**Gripið fram í:** Gera bara hrossakaup.) Við hvern á að gera hrossakaup, hv. þm.? Á að gera hrossakaup við þá sem hafa ekki fyrir mat? Það er staðreynd að það er stór hópur í dag.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. beindi til mín spurningum sem ég er að vísu ekki sérlega vel undirbúinn að svara af því ég heyrði ekki fyrri hluta ræðu hans. En það er sjálfsagt mál að reyna að greiða fyrir framgangi mála hér og umræðum og gefa þau svör sem ég get gefið hér og nú á stundinni og reyna þá að svara fyrir afstöðu míns flokks eins og hún stendur í augnablikinu eftir allmiklar umræður um húsnæðismál undanfarna daga og undanfarnar vikur.

Eins og hv. þm. kemur væntanlega ekki á óvart hafa menn í tengslum við upplýsingar sem fram hafa verið að koma um afkomu byggingarsjóðanna og stöðu húsnæðismála rætt þau mikið. Þær hugmyndir sem helst hafa verið uppi í þessum efnum varða annars vegar afdrif húsnæðislánakerfisins frá því á vormánuðum 1986 og hins vegar meðferð vaxta á útlán byggingarsjóðanna. Eins og kunnugt er eru heimildir til þess í skuldabréfum útlána að breyta vöxtum aftur til ársins 1984, ef ég man rétt. Því er til að svara að varðandi ákvarðanir um hvort loka beri nú að fullu og öllu húsnæðislánakerfinu frá 1986 þá var það ekki útrætt mál í þingflokki Alþb. Mönnum er ljóst að það hýtur að þurfa að grípa þarna til mjög róttækra ráðstafana. En menn hafa viljað tengja hina endanlegu ákvörðun um það hvort loka beri kerfinu að fullu og öllu upplýsingum um það hvað við eigi að taka hjá einstökum hópum þeirra sem eru að afla

sér húsnæðis. Þá hefur sérstaklega verið rætt um tekjulægri hópa, sem þó eiga ekki aðgang að félagslega íbúðarlánakerfinu, sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Hvernig fyrir þeirra málum yrði þá séð, annaðhvort í gegnum húsbréfakerfi eða e.t.v. með endurskoðun á félagslega hluta íbúðalánakerfisins, um það vilja menn gjarnan hafa upplýsingar eða a.m.k. hafa fyrir sér ákvarðanir um vinnu að endurskipulagningu þeirra mála áður en endanleg ákvörðun er tekin um það hvort lánakerfinu frá 1986 verði lokað að fullu og öllu. Það er sem sagt spurning um það hvernig orðalag verður eða hvernig staðið verður að ákvörðuninni og hvað henni tengist í formi ákvarðana um endurskoðun þessara mála að öðu leyti sem hefur verið rætt undanfarna daga í þingflokki Alþb. og er ekki útrætt. (**FrS:** Verður það klárað fyrir 3. umr. fjárlaga?) Ég get ekki gefið hv. frammíkallanda nein loforð af því tagi en að sjálfsögðu er verið að ræða þessi mál milli stjórnarflokkanna og innan þingflokka stjórnarliðsins. Ég vænti þess að samkomulag um afgreiðslu þessa máls takist innan skamms.

Í öðru lagi er því til að svara um vaxtaákvarðanir að ég hygg að við það sé stuðningur í þingflokki Alþb. að hækka vexti á lánum í almenna útlánakerfinu við eigendaskipti. Þegar íbúðir koma til eigendaskipta á markaðnum verði lánssamningum breytt. Því fylgja ýmsir kostir að fara frekar þá leið en að hækka vexti afturvirkt gagnvart fólki sem tekið hefur tilteknar ákvarðanir um fjárfestingu í húsnæði. Ef sú aðferð er valin að hækka einungis vextina þegar eigendaskipti verða á íbúðum þá er þó í öllu falli ekki raskað högum manna án þess að þeir fái sjálfir vörnum við komið. Þá ganga menn að því þegar þeir taka nýjar ákvarðanir um byggingu eða húsnæðiskaup að vextir munu breytast.

Ég vona að þetta svari í einhverju spurningum hv. þm., a.m.k. er ég búinn að gera mitt besta.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Einhvern veginn fannst mér áðan að hæstv. félmrh. hefði misskilið lítillega þá gagnrýni sem ég setti fram. Ég vil taka fram að ég tel það til bóta að hjálpa fólki sem á í erfiðleikum og að það sé auðvitað skylda stjórnvalda að hjálpa fólki sem er í þann veginn að missa eigur sínar. Ég er alveg sammála því. En almenna húsbréfakerfinu held ég að ætti að koma fyrir í bankakerfinu í framtíðinni og ekki að vera að hafa einhver sérstök kerfi á vegum ríkisins fyrir það sem á að geta gengið eðlilega fyrir sig í almennu bankakerfi.

En af hverju, hæstv. forseti, á allt þetta fólk í erfiðleikum? Af hverju er alltaf verið að velta á undan sér erfiðleikum hér í þjóðfélaginu og af hverju eru vextir háir? Ég var í þessu sambandi að reyna að koma aðeins að hinu almenna fjármagnskerfi. Hæstv. forsrh., sem er nú svo vænn að vera hér hjá okkur núna, sagði einhvern tímann að frjálshyggjan væri ófreskja. En er það ekki bara akkúrat ríkisstjórn Íslands og hann sjálfur, hæstv. forsrh., sem er ófreskjan sem býr allan þennan háa fjármagnsmarkað til? Það held ég. Á fólk ekki líka í erfiðleikum vegna þess að búið er að hækka skatta og hækka skatta og hækka skatta sl. þrjú ár? Er það ekki líka hluti af erfiðleikunum? Og lífskjör skert hér stórlega, 20–30%. Er það ekki hluti af skýringunni að fólk á í erfiðleikum og getur ekki borgað sín lán? Ég hefði haldið það. Hvernig hefði nú farið, eins og ég sagði hér áðan, ef þessi hæstv. ríkisstjórn hefði ekki fengið þá guðsgjöf að sjávarafurðir hækkuðu í verði um allt að 30% á árinu? Samt ná þeir ekki endum saman þrátt fyrir aukið innstreymi fjármagns í milljörðum króna.

Það sem ég á við, hæstv. félmrh., er að ég vil að fólk fái raunverulega hjálp. Ég vil að gæði þeirrar aðstoðar sem verið er að veita fólki séu varanleg. Að það sé ekki verið að skapa vanda með annarri hendinni um leið og það er verið að leysa hann með hinni. Það var það sem ég var að reyna að segja. Annaðhvort hefur hæstv. félmrh. ekki skilið það sem ég var að segja eða þá að hæstv. ráðherrann vill ekki ræða þessa staðreynd. Það er bara tvennt til og læt ég henni eftir hvort hún vill koma hér í pontu og velja annan hvorn kostinn.

Ég held að fólk á Íslandi um þessar mundir sé fyllilega sátt við hið almenna húsbréfakerfi. Ég er sannfærður um það sjálfur að fólk væri sátt við að bíða eftir láni, ekki bara í hálfan mánuð heldur í 6–12 mánuði, ef það mundi hjálpa til við að lækka raunvexti. Ég er alveg sannfærður um það. Venjulegt fólk skilur að það eru ekki til takmarkalausir peningar þó hæstv. ráðherrar virðist alls ekki skilja það. Þeir láta alltaf eins og það sé allt í lagi bara að prenta og prenta og fara á yfirdrátt í Seðlabankanum, sem er að mínu mati kolólöglegt og hinn mesti sóðaskapur í fjármálum sem ég hef séð á ævinni, þ.e. hvernig ríkissjóður umgengst grundvallaratriði.

Ef ég man rétt var frétt í Tímanum í dag um að ástandinu mætti líkja við einhvers konar rörasprengju. En ég vil segja að það er þá hæstv. félmrh. helst sem heldur á hvellhettunni í dag. Ef þessi rörasprengja springur og verðlagið fer allt á fljúgandi ferð, hvar stendur þá þetta fólk sem verið er að tala um að hjálpa? Hvar stendur það fólk sem við erum að tala um að reyna að hjálpa? Þá stendur það gjaldþrota, endanlega. Þess vegna var ég að tala um bjarnargreiða áðan. Kjarni þess sem ég er að reyna að segja er að það á að nota í dag þá fjármuni sem fara í hið almenna lánakerfi húsnæðismála til að borga hallann á ríkissjóði, borga klúðrið sem þessi hæstv. ríkisstjórn er búin að búa til. Fólk sem þarf á húsnæðislánum að halda er örugglega til í að bíða. Það er frekar til í að bíða en hætta á að verðbólgan fari af stað. Það er ég sannfærður um.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það vill svo til að ég hef ekki komið nálægt þessu frv. hér. Ég hef ekki mætt á fundum í félmn. Nd. Ekki af því að það hafi verið ásetningur heldur hafa annir í fjvn. verið slíkar að ég hef ekki komið því við. Hins vegar þykir mér rétt við

þessa umræðu að láta það koma fram að ég stend ekki að þessu meirihlutaáliti sem hér liggur fyrir. Ég var búinn að lýsa því yfir í mínum þingflokki að ég væri andvígur þessu frv. og það þarf engum að koma á óvart. Ég hef verið andvígur þessari skriðu af breytingum sem á húsnæðiskerfinu hafa dunið og ég hef haldið því fram að húsbréfakerfið leysti ekki þann vanda sem húsnæðismál hér á landi eru í. Það væri aðeins til þess að auka vandann og ég stend við það. Ég tel að það hafi verið skammsýni hjá Alþingi að taka algerlega hráar þær breytingar sem menn létu yfir sig ganga. Það var ekkert gert til þess að skoða framtíðina í þessum málum. Það var ekkert gert til þess að átta sig á því hvert stefndi. Og það liggur ekkert fyrir um það enn í dag hvað menn eru að ana út í. Verðbréfamarkaðurinn eða peningamarkaðurinn hér á landi er þannig að hann þolir ekki svona aðgerðir eins og hefur verið stefnt að með húsbréfakerfinu. Það er alveg galopið. Þetta er eins og allir vita ekkert nema peningar, þetta er peningaprentun, sem eykur á þenslu í fjármagnskerfinu og hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar ef því er ekki stýrt og það er ekki hægt að stýra þessu kerfi eins og það er sett upp.

Ég tel að því miður sé alveg ljóst að það sem verið er að reyna að ýja að hér með þessari fljótaskrift á hv. Alþingi, að drífa þetta mál í gegn, sé að það eigi að bjarga fólki sem á í greiðsluerfiðleikum. Það gerir það ekki nema að litlum hluta. Það eykur vanda þessa fólks. Og það verða yfir 50% af þeim sem bíða eftir aðgerðum af þessu tagi hjá Húsnæðisstofnun sem verða út undan og geta aldrei fengið eina krónu úr þessu kerfi, það er vonlaust. Það eru aðeins þeir sem eru efnameiri, eiga miklar eignir, sem geta fengið fyrirgreiðslu í gegnum þessa aðgerð samkvæmt bráðabirgðaákvæðum þessa frv.

Ég vil aðeins láta þetta koma hér fram og ég vil benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar máli mínu til stuðnings. Hún tekur á þessu máli á skýran hátt og leiðir fram einföld rök í málnu sem allir ættu að skilja. Þetta er ekki fyrir fólk með litlar eignir og í miklum erfiðleikum. Það hefur ekkert til að veðsetja í sambandi við þessi mál. Ég held að hv. alþm. ættu nú að fara að átta sig á því að það er orðið nauðsynlegt að hætta þessari fljótaskrift á eintómum breytingum í húsnæðiskerfinu. Það er löngu kominn tími til að setjast niður og stokka þetta kerfi upp og gefa sér tíma til þess. Ég hefði álitið tímabært nú að fresta afgreiðslu þessa máls og gefa sér tíma síðar í vetur til að átta sig á því hvað kemur út úr því.

Ég sagði við annað tækifæri í haust að það hefði verið hægt að leysa þessi vandkvæði fólks í greiðsluerfiðleikum með því að semja við lífeyrissjóðina um að fá 200, 300 eða 400 millj. að láni sérstaklega til að greiða götu þess fólks sem er virkilega í vandræðum. Það verður ekki úr því dregið að það er fólk í vandræðum. Það þarf ekkert að vera að hræða fólk með neinum biðlistum. Það er fólk í vandræðum sem er hægt að leysa úr á annan hátt en að hella því yfir á verðbréfakerfið sem það ræður ekki við. Fyrir liggur að það eru alls ekki nema um 50% og e.t.v. undir 50% af þeim sem bíða eftir fyrirgreiðslu sem geta nýtt sér þá fyrirgreiðslu sem hér er verið að leggja til. Ég tala ekki um hinn þáttinn, að auka hlutdeildina úr 65% í 75%. Það leysir ekki heldur vandann, það eykur hann.

Herra forseti. Ég vildi aðeins láta það koma hér fram, vegna þess að það hafa sjálfsagt einhverjir fett fingur út í það að ég er ekki með hér á nál., að það er einvörðungu vegna þess að ég hef ekki getað sótt þessa fundi. En ég lýsti því yfir fyrir fram í mínum þingflokki, svo það kæmi engum á óvart, og ég veit að hæstv. forsrh. hefur skýrt frá því í ríkisstjórn að ég stóð ekki að þessu frv. og mun heldur ekki gera það.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér eru gefnar ýmsar yfirlýsingar af hálfu stjórnarliðsins þó þær séu kannski ekki í samræmi við óskir þingmanna um skýr svör af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um stefnuna í húsnæðismálum. Fyrr í dag flutti foringi framsóknarmanna í fjh.- og viðskiptamálefnum frv. fyrir þessari hv. deild til þess að koma í veg fyrir að hæstv. fjmrh. gæti selt hlutabréf sem hann hefur þegar selt. Og nú kemur aðaltalsmaður Framsfl. í húsnæðismálum og lýsir því yfir að hann telji rétt að stjfrv. um þau efni verði stungið undir stól og frestað. Ég hygg að fátt lýsi betur ástandinu á stjórnarheimilinu en vinnubrögð af þessu tagi sem koma nú upp í hverju málinu á fætur öðru.

Það er ástæða til þess að ítreka enn spurningar. Hæstv. ríkisstjórn hefur verið innt eftir svörum um það hvernig hún bregst við tilmælum hæstv. félmrh. um að loka húsnæðiskerfinu frá 1986. Hæstv. samgrh. hefur svarað því af hálfu Alþb., svo sem hann best getur, eins og hann sjálfur tók fram. En af hálfu Framsfl. hafa ekki komið við þessu skýr svör þrátt fyrir ræðu hæstv. forsrh. Með því að aðaltalsmaður framsóknarmanna í húsnæðismálum, hv. 1. þm. Vesturl., er kominn í þingsalinn, þá er ástæða til þess að inna hann eftir því hver afstaða Framsfl. er í þessu efni og hvort Framsfl. muni svara jákvætt tillögum hæstv. félmrh. í þessu efni. Það er nauðsynlegt að óska eftir því að hv. þm. geri grein fyrir afstöðu flokksins í þessu efni.

En í tilefni af svörum hæstv. samgrh., sem greindi frá því að Alþb. væri ekki reiðubúið til þess að loka húsnæðiskerfinu með þeim hætti sem hæstv. félmrh. hefur lagt til, er ástæða til að rifja það upp að í umræðunni fyrr í kvöld greindi hæstv. félmrh. frá því að hann hefði ekki einasta óskað eftir afstöðu samstarfsflokkanna til þessarar spurningar heldur einnig, ef þau svör yrðu neikvæð, eftir skýrum tillögum um það hvernig þeir flokkar sem segja nei við tillögu hans um að loka kerfinu ætluðu að standa að fjárhagslegum skuldbindingum húsnæðislánakerfisins. Nú þegar hæstv. samgrh. hefur upplýst að Alþb. geti ekki staðið að lokun kerfisins með þeim hætti sem hæstv. félmrh. hefur greint frá er að gefnu tilefni, vegna ræðu hæstv. félmrh. hér fyrr í kvöld, ástæða til

þess að krefja Alþb. sagna um hvernig það ætlar að svara óskum hæstv. félmrh. um það hverjar tillögur Alþb. eru um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar kerfisins sem þeir eru ekki reiðubúnir að loka að svo stöddu. Það er ekki seinna vænna að Alþb. svari þessari spurningu með því að 3. umr. fjárlaga er ráðgerð hér á morgun. Og með því að ég veit að hæstv. ráðherra er reiðubúinn að svara svo sem best hann getur þá reikna ég með að hann gefi þingdeildinni skýr svör við þessari spurningu um leið og hv. 1. þm. Vesturl. svarar af hálfu Framsfl. hver afstaða þess flokks er til lokunar húsnæðiskerfisins frá 1986.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. beinir til mín spurningu. Að sjálfsögðu er hæstv. forsrh. og formaður flokksins hér í salnum, en hins vegar get ég svarað því sem ég best veit. Það vill nú svo vel til að æðsta valdastofnun Framsfl. er nýbúin að halda sitt flokksþing núna fyrir örfáum vikum. Þar var einróma samþykkt að halda við húsnæðiskerfinu frá 1986 og reyna eftir föngum að styrkja það og nýta það sem máli skiptir í þessum málum. Húsbréfakerfið var þar sérstaklega skilgreint sem aukakerfi við aðalkerfið. Ég geri ráð fyrir því að þessi samþykkt flokksins gildi í dag sem stefna flokksins. Hún hefur ekki breyst. Ég veit ekki betur en það verði gerðar tillögur um það þegar lengra heldur hvernig flokkurinn hyggst framfylgja þessari einróma stefnuyfirlýsingu. Ég vænti þess að hv. 1. þm. Suðurl. skilji þetta svar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill taka það fram að dragist þessi umræða mikið á langinn mun hann fresta henni mjög fljótlega.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Þetta er örstutt. Ég vil ítreka það sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði þegar hann rifjaði það upp að hæstv. félmrh., sem hefur kosið að þegja nú um sinn, sagðist hafa lagt til að leggja niður gamla kerfið frá 1986. Hún hefði sent þessar tillögur til stjórnarflokkanna og bætti síðan við að hún óskaði eftir svari um til hvaða bragðs ætti að taka ef viðkomandi stjórnarflokkur væri ekki tilbúinn til að loka þessu kerfi.

Síðar í þessari umræðu kemur varaformaður Alþb., hæstv. samgrh., hér í ræðustól og segir: Alþb. er á þessari stundu, þótt málið sé ekki útrætt, ekki tilbúið til þess að loka kerfinu frá 1986 og verður ekki tilbúið til þess fyrr en það veit hvað eigi að taka við.

Mér finnst það harla einkennilegt ef málið er í þessari stöðu kvöldið áður en 3. umr. á að fara fram. Hæstv. félmrh. hefur sagt mjög skýrt að þessi svör þurfi að liggja fyrir áður en efnt er til 3. umr. fjárlaga, einfaldlega vegna þess að það hefur þýðingu vegna framlaga ríkisins í sjóðinn og reyndar sjóðina. Þess vegna er ekki hægt að enda þessa umræðu, virðulegi forseti, án þess að hæstv. samgrh. svari því til hvað Alþb. vilji að gerist, hvað Alþb. leggi til að gert verði ef afdrif gamla kerfisins verða ekki þau að því verði lokað. Skýrari svör þurfa að fást því annars er ekki séð annað en þessi mál séu enn óleyst með öllu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil biðja hv. 1. þm. Suðurl. og hv. 1. þm. Reykv. til viðbótar að vera ekki að barna orð mín hér. Ég sagði það mjög skýrt að þessi mál væru til umræðu í og á milli stjórnarflokkanna og þetta atriði málsins væri ekki útrætt í þingflokki Alþb. Menn hefðu viljað ræða frekari breytingar og sjá húsnæðismálasviðið fyrir sér í heild sinni og það hefði verið til umræðu í tengslum við upplýsingar um afkomu og stöðu byggingarsjóðanna o.fl. Ég greindi frá því sem þegar var orðin niðurstaða um, eins og vaxtamálin. Meira er ekki um þetta mál að segja. Þetta voru alveg skýr svör og upplýstu hv. þm. að mínu mati fullnægjandi um stöðu málsins. Ég vænti þess fastlega að þetta mál verði til lykta leitt með farsælum hætti væntanlega innan fárra klukkustunda milli stjórnarflokkanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 299, n. 373, brtt. 374.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. deildarinnar hefur haft til athugunar frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingu á 5. gr. frv. sem flutt er á sérstöku þskj. Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að láta koma fram að í lögum um virðisaukaskatt eru heimildir sem gera mögulegt að veita undanþágu frá notkun sjóðvéla í þeim tilvikum sem ekki er aðstaða til að koma þeim fyrir.

Hér er um að ræða frv. sem að meginefni til er til að bæta úr því ófremdarástandi sem verið hefur varðandi notkun sjóðvéla, sem lögboðið er að nota. Niðurstöður könnunar sem skattrannsóknarstjóri hefur gert eru þær að þó að staðan hafi batnað frá fyrri rannsóknum, þá skortir mikið á að reglum um sjóð-

vélar sé framfylgt og tíunda hvert sjóðvélaskylt fyrirtæki reyndist ekki hafa sjóðvél. Hjá meiri hluta þeirra er höfðu slíkar vélar var búnaði eða notkun á einhvern hátt ábótavant. Einungis um þriðjungur þeirra fyrirtækja sem skylt er að hafa sjóðvélar reyndist hafa þær í fullkomnu lagi.

Með frv. fá skattayfirvöld úrræði til að taka í taumana með skjótum hætti og skylda fyrirtæki til að koma sér upp lögformlegum sjóðvélum. Við teljum hins vegar að sá frestur sem lagður er til í frv., 20 dagar, sé óþarflega skammur, geti verið óþægilegur fyrir viðkomandi fyrirtæki og leggjum til að hann verði lengdur í 45 daga.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Eins og sést á þingskjölum hefur minni hl. hv. fjh.- og viðskn. ekki skilað áliti. Ég vil fyrir hönd fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni segja frá ástæðum þess. Það gafst lítill tími til að ræða þetta mál í nefndinni. Það var afgreitt á fundi í fjh.- og viðskn. í morgun og hafði þá aðeins verið rætt á þeim eina fundi. Hér er um að ræða tæknileg atriði fyrst og fremst en þó er einnig verið að herða á viðurlögum. Við teljum að meiri hl. hljóti að bera ábyrgð á þessu frv. og mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessa máls en greiða samt atkvæði með brtt. sem er flutt af nefndinni allri á þskj. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 374 samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 235. mál (frádrættir, tekju- og eignarmörk o.fl.). — Þskj. 337, n. 372, brtt. 351.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. deildarinnar hefur haft til meðferðar tilgreint frv. Í því er kveðið á um nokkrar breytingar sem snerta skattlagningu einstaklinga í samræmi við það sem boðað var í fjárlagafrv. Breytingar þessar miðast við að tryggja óbreytta skattbyrði einstaklinga á milli áranna 1990 og 1991.

Á þskj. 372 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv. Við fengum á fund okkar Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Snorra Olsen, skrifstofustjóra í fjmrn. Nefndin mælir með samþykkt frv. en tveir nefndarmanna, Matthías Bjarnason og Friðrik Sophusson, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma. Undir þetta skrifa allir nefndarmenn en hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir með fyrirvara.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á þskj. 372 styðja þingmenn Sjálfstfl. þetta frv. í meginatriðum. Get ég í því sambandi vísað til orða hv. frsm. sem hér var að ljúka máli sínu.

Það er þó ástæða til að benda á þá tillögu sem kemur fram í 6. gr. frv. Þar er um það að ræða að bæta orðinu „ríkisbréf“ á eftir orðinu „ríkisvíxla“ í 2. mgr. 78. gr. Til þess að skýra þetta aðeins nánar þá er um það að ræða að bæta ríkisbréfunum við það ákvæði sem nú er í skattalögunum þar sem greint er frá því að ýmis bréf sem ríkið gefur út skuli njóta sérstakra skattfríðinda, þ.e. séu frádráttarbær frá eignarskattsstofni. Þetta hefur þá þýðingu að ríkið getur náð til sín fjármagni á innlenda fjármagnsmarkaðinum með lægri vöxtum og er talið að reiknað til vaxta þá þurfi að bæta öðrum það upp með 1,5 prósentustigi í vöxtum og er þá um það að ræða að viðkomandi aðili sem kaupir bréf borgi eignarskatt, en það eru auðvitað fyrst og fremst slíkir aðilar sem hafa efni á því að spara og kaupa verðbréf ríkisins og önnur slík bréf.

Ég kýs að nefna þetta hér, virðulegi forseti, vegna þess að hér er verið að gera mun á möguleikum ríkisins annars vegar og atvinnulífsins hins vegar til þess að afla fjár með útgáfu skuldabréfa.

Þá vil ég að það komi fram að þingmenn Sjálfstfl. sem sæti eiga í nefndinni styðja framkomna brtt. á þskj. 351 en flm. þeirrar tillögu er hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde og er það skýringin á því hvers vegna í nál. er sagt að fulltrúar Sjálfstfl. áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að mæla fyrir brtt. sem ég hef flutt á þskj. 351 og er væntanlega ekki þingmönnum ókunnug því að sambærilegt ákvæði hefur verið flutt í sérstöku frv. á þskj. 109.

Hér er um að ræða þann gamla kunningja sem margræddur hefur verið hér í þessum sal, þ.e. leiðréttingu á afturvirkni skattalaga sem sá sem hér stendur hefur krafist ítrekað að gerð verði. Núv. ríkisstjórn beitti sér fyrir tvenns konar afturvirkum ákvæðum sem komu niður á tveimur hópum manna á síðasta ári en komu í flestum tilfellum ekki í ljós fyrr en við skattaálagningu á þessu ári vegna síðasta árs. Ríkisstjórnin hefur viðurkennt skömm sína í þessu máli að hluta til með því að taka orðrétt upp í þetta frv. sem hér er til afgreiðslu eina grein úr frv. mínu til laga um leiðréttingu á afturvirkum ákvæð-

um. En þar er aðeins stigið hálft skref og þó það sé þakkarvert í sjálfu sér og viðurkenning á því að ég hafi haft rétt fyrir mér í þessu máli þá tel ég nauðsynlegt að stíga skrefið til fulls og láta leiðréttinguna ná til allra sem hlut eiga að máli, þ.e. líka þeirra sem urðu fyrir barðinu á því að ákvæðum um húsnæðisbætur var skyndilega breytt fyrirvaralaust með afturvirkum hætti. Ríkisstjórnin sjálf stingur hér upp á því að hennar eigin ákvæði um að breyta skilgreiningu vaxtagjalda fyrirvaralaust með afturvirkum hætti verði afturkölluð. Og það er auðvitað eðlilegt og fullt samræmi þar á milli að sú afturköllun nái einnig til þeirra sem urðu fyrir barðinu á afturvirkni húsnæðisbótaákvæðanna.

Ég lét það koma fram við 1. umr., herra forseti, að ég fagnaði því að ríkisstjórnin hefði ekki séð annan leik í þessari stöðu en þann að taka upp orðrétt ákvæði úr frv. sem ég hef flutt og viðurkenna þar með skömm sína og háðung, og fagnaði því að hún vildi með þeim hætti leiðrétta sín eigin verk. Allir eiga leiðréttingu orða sinna og gerða svo fremi að þær verði aftur teknar.

En brtt. á þskj. 351, virðulegi forseti, gengur sem sagt út á þetta og er í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í frv. um að taka það ákvæði sem er í frv. mínu, um leiðréttingu á afturvirkum ákvæðum, inn í bráðabirgðaákvæði þannig að fullt samræmi sé á milli þessara hluta og ríkisstjórnin þar með fríuð af þeirri ósvinnu að hafa íþyngt fólki með afturvirkum hætti í skattalögum.

Verði þessi brtt. samþykkt þá hefur ríkisstjórnin náð að reka af sér slyðruorðið í þessu máli og hnekkja eigin misgjörðum að öllu leyti í þessum efnum. En verði brtt. felld þá er sýnt að einungis hópur manna en ekki allir fá leiðréttingu. Það er kannski í samræmi við þetta mál frá upphafi að hafa það bara þannig? Að velja úr einn hóp og skilja annan eftir. Það er fullt samræmi á milli þess og annars sem þessi ríkisstjórn er að gera.

En í trausti þess að einhverjir fyrirfinnist nú í stjórnarliðinu sem vilji hafa samræmi í hlutunum og leiðrétta misgjörðir sínar til fulls er þessi brtt. flutt og ég vænti þess fastlega að hún hljóti hér samþykki.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2.–9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 351,1 felld með 16:9 atkv.

Brtt. 351,2 felld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, KrP, ÞP, BÍG, EH, FrS, GHH, HJ.

nei: JóhS, LVJ, JK, JónS, JSS, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StH, SJS, AS, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, ÁrnG.

KE, SV, ÞÞ, AÓB greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RH, AðB, ÁHE, FÞ, HG) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

31. fundur, miðvikudaginn 19. des., að loknum 30. fundi.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 82. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 319.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 408).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 148. mál (húsbréf). — Þskj. 286.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 409).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 398.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við 1. gr. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Flm. ásamt mér eru Geir Gunnarsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir H. Haarde og Guðmundur G. Þórarinsson.

Brtt. gengur út á það að bæta við í 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna að sala og útleiga veiðiréttar verði gerð virðisaukaskattsskyld.

Leitast hefur verið við með setningu laga um virð-

isaukaskatt að komast af með sem fæstar undanteknigar á skattskyldu. Þessi viðleitni hefur valdið nokkru fjaðrafoki í þjóðfélaginu þegar vörur og þjónusta sem áður voru undanþegnar í gamla söluskattskerfinu urðu skyndilega skattskyldar. Er skemmst að minnast deilna um svokallaðan matarskatt sem enginn var þar eð mikilvægustu matvælin voru greidd niður um það sem munaði skattinum. Jafnmiklum deilum og jafnframt undrun hafa svo þau atriði valdið sem af einhverjum ástæðum hafa sloppið við þessa skattskyldu. Eitt þeirra atriða eru veiðileyfi hvers konar, en skattfrelsi þeirra virðist vart hægt að styðja með neinum skynsamlegum rökum miðað við fjölmarga hluti hins daglega lífs sem hinn venjulegi borgari getur ekki veitt sér nema að greiða af þeim virðisaukaskatt. Það er því alveg einsýnt að þeir sem alveg ótilneyddir verða sér úti um laxveiði-, silungsveiði- eða fuglaveiðileyfi sér til ánægju geti líkt og aðrir lagt eitthvað til samneyslunnar. Verðlagning slíkra veiðileyfa virðast oftast nær heldur ekki vera í neinu samræmi við þann tilkostnað sem lagt er í af veiðisölumönnum þannig að þessi skattlagning ætti að færa ríkissjóði nokkrar tekjur.

Það er hins vegar ljóst að með þessari brtt. er ekki lagt til að keypt eða útleigð aflahlutdeild fiskiskipa verði skattskyld. Þetta atriði er rökstutt í bréfi ríkisskattstjóra sem fylgdi með frv. sem ég flutti um sama mál en hef breytt hér til og legg nú til að þetta atriði komi hér inn sem brtt. við stjfrv. sem einmitt er flutt um virðisaukaskatt. En það kemur fram í bréfi ríkisskattstjóra sem undirritað er af Ólafi Ólafssyni að engan veginn komi til skattskylda á aflahlutdeild fiskiskipa.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það kom mér nokkuð á óvart að hv. þm., sem á sæti í fjh.- og viðskn., hv. 1. flm. þessa máls, skyldi ekki impra á þessu í nefndinni. Hann hlaut að vísu höfuðhögg um daginn og kunna að vera einhverjar eftirstöðvar af því. En þetta mál var til umræðu í morgun seinast í fjh.- og viðskn. og ég tel eðlilegt að hann hefði getað stumrað upp þessari brtt. þar. En þar sem hann gerði það nú ekki þá óska ég eftir því, herra forseti, að fjh.- og viðskn. gefist tækifæri til þess að fjalla um þetta mál á fundum sínum og óska eftir því að afgreiðslu þessa máls verði frestað nú þannig að nefndinni gefist kostur á að íhuga þetta mál.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. v. hvernig stóð á því að ég minntist ekki á þessa brtt. á fundi fjh.- og viðskn. í morgun. Auðvitað er hv. formanni þeirrar nefndar kunnugt um það að ég hafði ekki tækifæri til að sitja fund nefndarinnar nema í hálftíma þar eð ég varð að fara á annan boðaðan fund heilbr.- og trn., þar sem ég er formaður. Meðan á þessum hálftíma stóð sem ég sat fund nefndarinnar var allt annað mál til umræðu þannig að það kom alls ekki til greina að ég bryddaði upp á þessari brtt. meðan annað mál var til umræðu í nefndinni. Hins vegar var formanni hv. nefndar fullkunnugt um það að ég hafði flutt frv. um nákvæmlega sama mál. Og hvað snerti hið ágæta höfuðhögg sem ég fékk hér á dögunum þá hafði hv. formaður nefndarinnar einmitt hælt mér vegna þess að það höfuðhögg hafði leitt til þess að ég hafði flutt ákaflega skynsamlegar tillögur að hans áliti. Meðal þeirra tillagna var einmitt sú brtt. sem ég hef flutt núna við þetta tækifæri og vegna orða hv. formanns nefndarinnar þá geri ég ekki ráð fyrir öðru en því að hann sé eindreginn stuðningsmaður brtt.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta koma fram að ég tel eðlilegt að fara að ráðum formanns nefndarinnar og gefa hv. stjórnarsinnum í fjh.- og viðskn. tækifæri til að jafna þennan ágreining sinn á fundi nefndarinnar og styð þess vegna fram komna ósk um þetta efni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Það er ljóst að forseti hlýtur að verða við beiðni hv. formanns fjh.- og viðskn. um að nefndin fái málið til athugunar en þá væri rétt að óska eftir því að málið kæmi skjótlega á dagskrá deildarinnar á nýjan leik á morgun og er þessu máli því frestað.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 235. mál (frádrættir, tekju- og eignarmörk o.fl.). — Þskj. 337.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

32. fundur, miðvikudaginn 19. des., kl. 6.10 síðdegis.

Stuðningur við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 248. mál. — Þskj. 379.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsetum Alþingis fyrir þá tillitssemi að leyfa okkur að fá fund hér í Sþ. í kvöld til að ræða um þessa tillögu sem flutt er af utanrmn. allri og undir hana skrifa allir fulltrúar í utanrmn.

Ég þarf ekki að lýsa því fyrir þingmönnum hve mikið hefur verið rætt hér í Alþingi og í utanrmn. um málefni Eystrasaltsríkjanna. Þó að miklar breytingar hafi orðið núna í veröldinni á síðustu vikum og mánuðum, þá höfum við Íslendingar kannski ekki síst fylgst með litlu ríkjunum þremur við Eystrasaltið, Eistlandi, Lettlandi og Litáen. Alþingi sýndi þetta í verki með samþykkt þáltill. 12. mars á þessu ári þegar samþykkt var hér að senda heillaóskir til litáísku þjóðarinnar í tilefni af sjálfstæðisyfirlýsingu þeirra og var hún að sjálfsögðu samþykkt samhljóða hér í Alþingi. Síðan hafa mál þessara ríkja margoft verið rædd í nefndinni og fluttar um það þáltill. m.a. af hv. þm. Þorsteini Pálssyni og fleirum.

Í gær var haldinn fundur í utanrmn. að beiðni forsrh. þar sem hann gerði okkur grein fyrir stöðu mála að höfðu samráði við Landsbergis, forseta Litáens. Og í framhaldi af því var þessi tillaga samþykkt í utanrmn. sem ég ætla nú að lesa og liggur svo síðan fyrir til umræðu hér að sjálfsögðu. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að ítreka stuðning sinn við sjálfstæðisbaráttu Litáens og minnir á að íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litáens óslitið frá 1922 eins og Alþingi og ríkisstjórn Íslands hafa staðfest.

Alþingi áréttar ályktun frá 12. mars 1990 þar sem lýst var yfir því að sjálfsákvörðunarréttur þjóða með lýðræðislega kjörin þing væri grundvöllur frjálsra samskipta þjóða í milli og stuðlaði að heimsfriði.

Alþingi leggur áherslu á að afar mikilvægt er að jákvæð niðurstaða fáist í sérstökum viðræðum Eystrasaltsríkjanna við stjórn Sovétríkjanna eins og fram kom í ræðu forsætisráðherra á leiðtogafundinum í París 19.–20. nóv. 1990. Alþingi telur að á meðan Eystrasaltsríkin hafa ekki fengið fulla viðurkenningu á sjálfstæði sínu vanti enn mikið á að settar hafi verið niður deilur í Evrópu.

Alþingi leggur áherslu á rétt Eystrasaltsríkjanna til sjálfsákvörðunar og lýsir yfir stuðningi við allar friðsamlegar aðgerðir til að leysa ágreining þeirra og Sovétríkjanna. Alþingi lýsir yfir stuðningi við boð íslenskra stjórnvalda um Reykjavík sem fundarstað til viðræðna milli aðila og beinir því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að finna farsæla lausn á sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna."

Með þessari till. fylgir örstutt grg. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þróun mála í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna gefur tilefni til þess að Alþingi álykti á ný um málefni Eistlands, Lettlands og Litáens. Samkomulag hefur tekist í utanrmn. um till. þá sem hér er flutt."

Ég vil taka það fram að lokum að sú hugmynd var lítillega rædd í utanrmn. í gær að til greina gæti komið að fulltrúi frá Alþingi færi til Litáens og afhenti forseta Litáens þessa samþykkt okkar ef samþykkt verður hér á eftir og leggi á þann hátt aukna áherslu á stuðning okkar Íslendinga við málstað þeirra.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. Ég tel ekki ástæðu til að vísa því til nefndar, enda eru allir nefndarmenn sammála um flutning þessarar till.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í orðum frsm. þá óskaði ég eftir því að utanrmn. fjallaði um þetta mál og var það gert og vil ég fagna því að í nefndinni hefur náðst samstaða um þá till. til þál. sem hér liggur fyrir. Mér þykir jafnframt rétt að gera með örfáum orðum grein fyrir því hvers vegna ég óskaði eftir þessum fundi.

Stuðningur okkar Íslendinga við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna hefur ekki farið fram hjá neinum og víða vakið athygli. Fyrst var það gert með ályktun Alþingis á vormánuðum 1990 þar sem fagnað var sjálfstæðisyfirlýsingu Litáens og stuðningur við hana veittur. Þessu hefur síðan verið fram haldið í ræðum bæði utanrrh. og mínum erlendis og í október, 8. okt. ef ég man rétt, kom forseti Litáens, Landsbergis, hingað í heimsókn. Í þeirri heimsókn gafst mjög gott tækifæri til að ræða við forseta Litáens ítarlega um öll málefni þar. M.a. kom fram á þeim fundi að Eystrasaltslöndin lögðu mikla áherslu á að árangur gæti orðið í þeim viðræðum sem að tillögu Sovétríkjanna voru hafnar. Og það kom fram í orðum forsetans að að sjálfsögðu væri nauðsynlegt fyrir sjálfstæða nágranna að hafa með sér eðlileg samskipti og samninga á fjölmörgum sviðum.

Ég gerði þetta að megináherslu í ræðu minni sem ég flutti á leiðtogafundinum í París í nóvembermánuði sl. Það skal tekið fram hér að það voru vonbrigði að þeir voru heldur fáir sem þar nefndu Eystrasaltslöndin. Ég hygg að það hafi aðeins verið fjórir eða fimm.

Nú nýlega hafði Landsbergis forseti samband við mig og spurði nánast að því hvort við gætum ítrekað þau ýmsu orð sem við hefðum látið falla um sjálfstæðisbaráttu þeirra og um þá samninga sem þeir stæðu í. Taldi hann að af því gæti orðið töluverður stuðningur fyrir þá því að þeim þættu viðræður ganga æði seint og reyndar vera á ákaflega viðkvæmu stigi núna og óttuðust að þær kynnu jafnvel að fara algjörlega í strand.

Á þessum viðræðuferli varð síðan breyting. Það var frestað fundi sem átti að vera sl. föstudag í Mosvku þannig að ég hafði aftur samband við forsetann og spurði hvort nokkur breyting væri á þessum óskum en hann ítrekaði að þeir mundu meta það

mikils ef svona efnisleg stuðningsyfirlýsing kæmi fram. Mér var að sjálfsögðu kunnugt um að í hv. utanrmn. lá tillaga frá hv. sjálfstæðismönnum um Eystrasaltslöndin og þótti mér, bæði með tilvísun til þess að Alþingi ályktaði um þetta mál fyrst íslenskra stofnana 12. mars 1990 og síðan með tilliti til þess að þessi till. lá þar fyrir, eðlilegt að málið yrði lagt fyrir utanrmn. og nefndin beðin að taka það til meðferðar. Ég tel að úr þeirri meðferð hafi komið það samkomulag, sem ég hlýt að fagna, þar sem bæði er áréttað það sem áður hefur verið gert og skýrt tekið fram að viðurkenning okkar á sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litáens er óslitin frá 1922 sem að mínu mati er afar mikilvægt að leggja áherslu á.

Þarna er einnig ályktað um sjálfsákvörðunarrétt þjóða sem við Íslendingar höfum ætíð og í öllum tilfellum lagt höfuðáherslu á og mikilvægt að það komi enn einu sinni fram. Hér kemur jafnframt fram áhersla á að þeir samningar sem þessi lönd hafa gengið til að ósk Sovétríkjanna leiði til jákvæðrar niðurstöðu sem þau hafa bundið miklar vonir við.

Það er vissulega rétt sem hér kemur fram að meðan þessi deila ríkir þarna, þá hefur ekki náðst sá friður í Evrópu sem menn hafa gert sér vonir um og vissulega stefnir til, skulum við vona, á flestum sviðum.

Hér er lýst yfir því sem við Íslendingar höfum ætíð undirstrikað að svona deilumál verður að leysa á friðsamlegan hátt með friðsamlegum aðgerðum og jafnframt ítrekað sem hefur komið fram frá ríkisstjórn að ef það mætti verða til að liðka fyrir málum, þá er það af Alþingis hálfu samþykkt að Reykjavík geti orðið fundarstaður. Loks er ríkisstjórninni falið að beita sér fyrir þessum málum. Það er að ýmsu leyti mikilvægt því að hæstv. utanrrh. mun á morgun eiga fund með utanríkisráðherrum Norðurlanda og utanríkisráðherrum Eystrasaltslandanna og hefur þá þessa þál. með sér sem starfandi utanrrh. mun að sjálfsögðu fjalla þá nánar um hér á eftir. En það er einmitt með tilliti til þess sem var eðlilegt að afgreiða þessa till. í dag.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg fleiri orð. Það þarf ekki að taka það fram að hér er um ákaflega viðkvæmt mál að ræða og vissulega veldur það nokkurri undrun hversu litlar undirtektir þessi sjálfstæðisbarátta hefur víða fengið, t.d. hjá stórveldunum sem hafa ekki hreyft sig mikið í þessu sambandi. En þarna vegur að sjálfsögðu þungt að í Sovétríkjunum sjálfum er að verða að því er virðist afar róttæk breyting, mjög róttæk, sem menn sjá alls ekki fyrir endann á enn og eflaust eru svona mál erfið í meðferð í þeirri óvissu sem þar ríkir. Reyndar er það þetta sem komið hefur fram þegar ég hef haft tækifæri til að ræða málið við aðra leiðtoga sem meginástæðan fyrir því að þeir hafa talið æskilegt eins og þeir orða það, ekkert síður Eystrasaltslandanna vegna heldur en með tilliti til Sovétríkjanna, að fara rólega í þetta mál og ég held að við hljótum að sjálfsögðu að hafa það einnig í huga.

Mér þykir með þessari þáltill. farinn góður meðalvegur að þessu leyti, kurteislega ályktað en undirstrikuð þau áhersluatriði sem við Íslendingar höfum aldrei farið leynt með og alltaf haldið á loft og ég lýsi þeirri von minni að þetta geti orðið til að styðja við þessa baráttu og um leið hvetja fleiri þjóðir til að gera það sama, en á engan máta að spilla fyrir nauðsynlegri og góðri sambúð á milli Eystrasaltsríkjanna og Sovétríkjanna. Endurtek ég svo ánægju mína með þetta samkomulag í utanrmn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég fagna því samkomulagi sem tekist hefur í hv. utanrmn. um þá till. til þál. sem hér liggur frammi. Þessi till. staðfestir að Íslendingar eru í fararbroddi þeirra ríkja sem styðja sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna. Frá því að Alþingi samþykkti í mars sl. stuðningsyfirlýsingu og hamingjuóskir til þjóðþings Litáa í tilefni af sjálfstæðisyfirlýsingu þeirra hefur ríkisstjórnin notað hvert tækifæri til þess að sýna Eystrasaltsríkjunum stuðning. Stöðugt samband og samvinna hefur verið við leiðtoga ríkjanna, einkum forustumenn Litáa. Stuðningur Íslendinga hefur komið fram með ýmsum hætti, m.a. á vettvangi Norðurlandaráðs, Atlantshafsbandalagsins, Evrópuráðsins, ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Íslendingar hafa stutt málaleitan Eystrasaltsríkjanna að fá að senda áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs og þeir hafa tekið drjúgan þátt í viðleitni Norðurlandaríkja til að halda málefnum Eystrasaltsríkja á loft, m.a. á vettvangi RÖSE.

Utanrrh. hefur talað máli Eystrasaltsríkja á utanríkisráðherrafundum Atlantshafsbandalagsins. Ráðherra hélt sömu sjónarmiðum á loft á sérstökum utanríkisráðherrafundi Evrópuráðsins, sem haldinn var í Lissabon í mars á þessu ári, til þess einmitt að ræða samskiptin við ríkin í Mið- og Austur-Evrópu. Um svipað leyti sendi hann bréf til Sjévardnadze, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, þar sem hann hvatti Sovétríkin til þess að hefja viðræður við rétt kjörna fulltrúa Litáens án nokkurra fyrir fram skilyrða.

Málefni Eystrasaltsríkja hafa oft komið til umræðu á vettvangi RÖSE og í ávarpi utanrrh. á ráðherrafundi þeirrar samkundu um mannréttindamál í Kaupmannahöfn fjallaði hann einmitt um réttmætar kröfur Eystrasaltsríkja til sjálfstæðis. Fulltrúar íslensku utanríkisþjónustunnar á RÖSE-fundunum í Vín hafa unnið mikið að því að afla stuðnings við óskir Eystrasaltsríkja um beina aðild að RÖSE-ferlinu. Í ræðum sínum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september og á utanríkisráðherrafundi RÖSE í New York 2. okt. lýsti utanrrh. yfir fullum stuðningi Íslands við aðild Eystrasaltsríkjanna að RÖSE.

Forsrh. talaði, eins og fram kemur í þáltill., máli Eystrasaltsríkja á leiðtogafundi RÖSE í París 20. nóv. sl. og Ísland og Danmörk stóðu fyrir blaðamannafundi utanrríkisráðherra Eistlands, Lettlands og Litáens í sambandi við það fundahald. Í júlí sl. tók

utanrrh. á móti Endel Lippma, ráðherra í stjórn Eistlands, og í ágústmánuði tók hann á móti Ranonas Bogdanas, ráðgjafa forseta Litáens. Í ágúst bauð svo forsrh. Landsbergis, forseta Litáens, í heimsókn til Íslands sem varð af í október eins og fram hefur komið þegar Landsbergis hitti að máli flesta forustumenn íslenskra stjórnmála um málefni þjóðarinnar og annarra Eystrasaltsríkja.

Þetta er aðdragandi þeirrar þáltill. sem við ræðum hér og á morgun verður haldinn, eins og fram kom hjá forsrh., í Kaupmannahöfn sameiginlegur fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna fimm og utanríkisráðherra Eystrasaltsríkjanna þriggja í tilefni af opnun upplýsingaskrifstofu Eystrasaltsríkja í Kaupmannahöfn. Það væri sérstakt ánægjuefni á þeim fundi ef unnt væri að greina frá einróma samþykkt Alþingis Íslendinga. Á hana verður litið sem fordæmi hjá öðrum þjóðum sem vilja styðja réttmæta baráttu Eystrasaltsríkjanna fyrir fullu sjálfsforræði.

Frú forseti. Við höfum að undanförnu upplifað sögulegar sættir, umsköpun þeirrar Evrópu sem í kjölfar seinni heimsstyrjaldar skiptist í tvær fylkingar, gráar fyrir járnum. Stórt skref til þess að lækna sárin eftir hildarleik stríðsins hefur verið stigið með sameiningu Þýskalands. En endurreisn Evrópu frjálsra ríkja er ekki lokið. Næsta skref hlýtur að vera, verður að vera, farsæl lausn og viðurkenning á réttmætum kröfum Eystrasaltsríkjanna um sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt þeim til handa. Þess vegna er þessi þáltill. einkar velkomin.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Tilefni þess að hér er flutt af hálfu hv. utanrmn. till. til þál. um stuðning við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna er ákall forseta Litáens fyrir fáum dögum um endurnýjaðan stuðning af hálfu Íslendinga. Ég tel mjög mikilvægt þegar slíkt ákall berst að Íslendingar bregðist við skjótt og af einurð og sýni vilja Íslendinga til stuðnings í þessu efni. Æskilegt hefði verið að þau viðbrögð hefðu verið skjótari og málið hefði komið fyrr til kasta Alþingis.

Við Íslendingar höfum verið í fararbroddi í stuðningi okkar við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna og hófum þann stuðning með þeirri ályktun sem samþykkt var sl. vor eftir að Litáen gaf út sjálfstæðisyfirlýsingu sína. Við fluttum svo í framhaldi af því nokkrir þingmenn Sjálfstfl. sl. vor tillögu um viðurkenningu á sjálfstæði Litáens. Og nú í haust höfum við í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað endurflutt tillöguna með þeirri breytingu að nú gerum við ráð fyrir því að Ísland viðurkenni öll Eystrasaltsríkin þrjú og efni til stjórnmálasambands við þau.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum þar um að þessi ríki voru sjálfstæð og eiga að alþjóðalögum allan rétt á að endurheimta sjálfstæði sitt og fullveldi. Þau voru með hervaldi innlimuð í Sovétríkin og kjósa nú að losna undan því oki með friðsamlegum hætti. Og okkur Íslendingum ber sem fámennri þjóð að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að styðja þá baráttu.

Við höfum þegar lagt ýmislegt af mörkum í þeim efnum. Enginn vafi er á því að sú tillaga sem flutt var af hálfu okkar sjálfstæðismanna hér sl. vor hefur haft jákvæð áhrif í því efni og ýtt við hæstv. ríkisstjórn að ýmsu leyti og ber að þakka það sem hún hefur vel gert í því efni.

Ég átti þess kost að þiggja boð Eystrasaltsríkjanna eða ríkisstjórna þeirra sl. haust og átti viðræður við forseta þeirra og forustumenn þeirra nýju stjórnmálaflokka sem eru að spretta upp í þessum ríkjum. Það fór ekki á milli mála að vilji þeirra er einbeittur og alveg ljóst að þessi barátta getur aldrei endað nema á einn veg, að við kröfu þeirra verði orðið. Að baki forustumanna ríkjanna er svo sterkur þjóðarvilji og svo rík söguleg hefð og svo sterkur alþjóðlegur réttur að ekkert vopnavald getur brotið þessa baráttu á bak aftur.

Það kom líka fram í þessum viðræðum að þeir munu meta það mikils að þjóðir heims viðurkenni fullveldi þeirra og sjálfstæði. Þó að við Íslendingar séum ekki fjölmenn þjóð og höfum ekki mikil áhrif á alþjóðavettvangi, þá líta þessar þjóðir svo til að það mundi styrkja þær í þeim viðræðum sem þær eiga nú við yfirvöld í Moskvu ef ríki eins og Ísland riði á vaðið og viðurkenndi formlega sjálfstæði þeirra eins og þau hafa farið fram á.

Það er rétt að taka fram að þær viðræður sem nú eiga sér stað við miðstjórnarvaldið í Moskvu snúast ekki um það hvort miðstjórnarvaldið viðurkenni sjálfstæði þessara ríkja. Af hálfu yfirvalda í Eystrasaltsríkjunum öllum þremur er litið svo á að sjálfstæði sé forsenda viðræðna um pólitísk og efnahagsleg samskipti að öðru leyti.

Allt þetta er nauðsynlegt að hafa í huga á þessu stigi máls. Ég tel mikilvægt að íslensk stjórnvöld hafa í verki barist fyrir því að Eystrasaltsríkin fengju aðild að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Ég tel að Ísland eigi að styðja óskir Eystrasaltsríkjanna um áheyrnaraðild að Norðurlandaráði og tel reyndar að það sé keppikefli okkar og geti verið þáttur í því að dýpka og styrkja norrænt samstarf í nýrri Evrópu að leita eftir víðtækara samstarfi þjóða á þeim grundvelli.

Ég verð einnig að minna á að þrátt fyrir lagalega viðurkenningu sem ekki hefur verið afturkölluð frá 1922 höfum við í reynd viðurkennt hernám Sovétríkjanna og innlimun þessara ríkja í 50 ár. Það er nauðsynlegt ef við viljum stíga skrefið til fulls að brjóta þá viðurkenningu sem við höfum í reynd sýnt hernámi Sovétríkjanna með nýrri, endurnýjaðri áréttingu á viðurkenningu á sjálfstæði þessara ríkja. Vegna þess að við höfum í reynd viðurkennt hernámið er nauðsynlegt að árétta hina fyrri yfirlýsingu á nýjan leik áður en við getum talið okkur hafa getað brotið þann ís að verða fyrstir þjóða til að viðurkenna formlega sjálfstæði þessara ríkja.

Það sem hér er um að ræða í dag eru viðbrögð við

nýlegu ákalli forseta Litáens. Það kreppir að í þeirra baráttu. Forustumenn þessara ríkja hafa óttast að yfirvöld í Moskvu kynnu að beita þvingunum. Þeim er mikilvægt að fá slíkan stuðning og ég tel rétt að Alþingi samþykki þá tillögu sem samkomulag hefur orðið um í hv. utanrmn. og tel hana vera skref í áttina og góðan stuðning við sjálfstæðisbaráttu þessara ríkja, en ég lít svo á að hér sé aðeins um áfangaskref að ræða. Við Íslendingar þurfum að stíga fleiri og mikilvægari skref til þess með virkum hætti að styðja við bakið á þessum þjóðum sem nú berjast fyrir því að endurheimta fullveldi sitt. En hér er verið að leggja til mikilvægan áfanga í stuðningi af hálfu okkar Íslendinga við þessar þjóðir og ég fagna því að um það skuli hafa tekist samstaða í hv. utanrmn. og vænti þess að þingið sameinist um þá niðurstöðu þannig að á þessum tímapunkti finni Eystrasaltsþjóðirnar fyrir þeim einhuga stuðningi sem Íslendingar vilja sýna þeim í þessari mikilvægu baráttu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að sú tillaga sem utanrmn. hefur sameinast um og hér er flutt sé rétt orð á réttum stað og bæti við með réttmætum hætti þær áherslur sem fram hafa komið áður hjá Alþingi Íslendinga til stuðnings sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

Það var auðvelt verk í utanrmn. að ná samstöðu um þann texta sem hér liggur fyrir frá nefndinni því að innan hennar hefur á þessu ári, þegar málefni Eystrasaltsríkjanna hafa verið þar til umræðu, verið mjög samhljóða álit og viðhorf milli þeirra flokka og fulltrúa sem skipa utanrmn. Ég held að það sé nauðsynlegt að undirstrika hér þessa ríku samstöðu milli stjórnmálaflokkanna á Alþingi í sambandi við stuðning við baráttu Eystrasaltsríkjanna.

Við hljótum þegar við metum það með hvaða hætti við látum okkar viðhorf koma í ljós opinberlega að athuga hvað geti komið þessum þjóðum, Eystrasaltsríkjunum, að gagni hverju sinni. Ég held að sá háttur sem á hefur verið hafður í sambandi við þetta mál, að álykta nú eftir samráð við æðstu menn í ríkjum þeirra, sérstaklega Landsbergis forseta Litáens, að þar sé rétt á máli haldið. Við eigum ekki að draga af okkur í þessum málum, en við eigum auðvitað jafnframt að gæta þess að fara ekki offari og ég tel að það hafi ekkert það komið fram hér á Alþingi Íslendinga til þessa sem beri vott um það.

Í lokaorðum þessarar till. er því beint til ríkisstjórnar Íslands að hafa frumkvæði að því á alþjóðavettvangi að styðja sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna þannig að á henni finnist farsælar lyktir. Það hlýtur að verða viðfangsefni næstu vikna, næstu mánaða. Vonandi tekur ekki allt of langan tíma fyrir okkur Íslendinga og íslensk stjórnvöld að finna leiðir til þess með sem árangursríkustum hætti að styðja sjálfstæðisviðleitni og baráttu þessara ríkja allra þriggja.

Ég tel í raun að af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar hafi verið lagt inn mjög gilt og réttmætt orð í þessu samhengi. Í ályktuninni er vitnað til ræðu hæstv. forsrh. á fundinum í París í síðasta mánuði og það er með fullum hætti réttmætt að gera það því að það undirstrikar þá áherslu sem íslensk stjórnvöld hafa sýnt í þessu máli, en af hálfu annarra ráðherra, einnig hæstv. utanrrh., hefur verið lagt inn gott og gilt orð í þessa baráttu víða á fundum nú á yfirstandandi ári. Ég held að við þurfum að meta það, og íslensk stjórnvöld sérstaklega, hvort ekki sé eðlilegt að taka þetta mál upp ef þörf krefur og ekki miðar í rétta átt í samningum milli þessara ríkja, að þá beitum við okkur fyrir því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að taka málefni Eystrasaltsríkjanna og sjálfstæðisbaráttu þeirra upp með formlegum hætti. Við höfum víða vettvang til að ljá þessum málum lið. Norðurlandaráð er einn slíkur vettvangur. Þar hafa fulltrúar Íslands lagt inn orð, ég leyfi mér að segja með ákveðnari hætti heldur en fulltrúar og þingmenn frá öðrum Norðurlöndum, þó ég ætli ekki að fara að metast á um það, til stuðnings sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna, m.a. að ljá því lið að þeir fái fasta áheyrn á vettvangi Norðurlandaráðs. Ég hef sjálfur mælt fyrir því á þeim vettvangi að svo megi verða og ég tel að við eigum að stuðla að því að Eystrasaltsríkin fái þar fastan áheyrnarrétt.

Sjálfur átti ég þess kost sem ferðamaður að heimsækja eitt af þessum ríkjum í júní sl. Það var í ferð til Eistlands og þar hitti ég ráðamenn þess ríkis. Það var mjög ánægjuleg heimsókn að því er varðaði þau áhrif sem maður varð fyrir um þá samheldni sem ríkti meðal Eista í sjálfstæðisbaráttu þeirra og eftir þær viðræður er manni alveg ljóst að það mun ekkert buga þessa þjóð þó að hún standi að mörgu leyti í erfiðum sporum vegna þess fjölda útlendinga sem hafa tekið sér þar bólfestu á árunum eftir stríð. Ég er viss um það að frumkvæði okkar Íslendinga í stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna mun verða til þess að hreyfa almenningsálit heimsins þó okkur finnist hægt ganga í þeim efnum og við eigum að halda þeirri viðleitni áfram þangað til fullur sigur vinnst í sjálfstæðisbaráttu þeirra.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að utanrmn. skuli hafa sameinast um þessa till., enda ekki nokkur vandkvæði á því að við gætum sameinast um þetta, svo sammála sem við höfum verið um að styðja sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna. Ísland hefur verið í fararbroddi að því er varðar þetta mál og hafa íslenskir stjórnmálamenn, bæði hæstv. ráðherrar og þingmenn þar sem þeir hafa getað, bæði hér heima og erlendis, látið í ljós stuðning við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna og Alþingi ályktaði hér eins og fram hefur komið þegar Litáen lýsti yfir sjálfstæði sínu á sínum tíma.

Ísland er smáríki og þurfti lengi að heyja baráttu fyrir sjálfstæði sínu og hefur því sérstakar skyldur gagnvart smáríkjum eins og Eystrasaltsríkjunum að sýna þeim stuðning í sjálfstæðisbaráttu sinni. Ég er

alveg sannfærð um það að allir landsmenn styðja þeirra sjálfstæðisbaráttu og eru sammála því sem við erum hér að gera á Alþingi Íslendinga. Ég vona að Alþingi auðnist að samþykkja þessa till. samhljóða því að slík samstaða er mjög mikilvæg, og ekki séu neinar efasemdarraddir um að rétt sé að styðja sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna á þann hátt sem við erum hér að gera.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil láta í ljósi stuðning minn við þessa till. Ég undirstrika sérstaklega það að sjálfsákvörðunarréttur þjóða með lýðræðislega kjörin þing er grundvöllur frjálsra samskipta þjóða í milli og stuðlar að heimsfriði og ég er ánægður með að Alþingi leggur áherslu á að afar mikilvægt er að jákvæð niðurstaða fáist í sérstökum viðræðum Eystrasaltsríkjanna við stjórn Sovétríkjanna.

Það er eðlilegt að Íslendingar aðstoði við friðsamlega lausn þessarar deilu þar sem þeir mega því við koma og ég hygg að hér sé einmitt rétt tækifæri og skynsamlega á málum tekið. Ég átti þess kost fyrir nokkrum dögum að ferðast um þessi ríki og ég tel að hér sé um ákaflega vandasamt mál að ræða og þeir sem í þessari sjálfstæðisbaráttu standa séu alls stuðnings verðir sem við megum veita þeim til þess að deilan megi leysast með friðsamlegum hætti og aðgengilegum fyrir alla aðila. Þarna er um mjög mikil vandamál að ræða, ekki bara stjórnarfarsleg eða á stjórnmálasviði heldur einnig efnahagslega, og ég tel að við Norðurlandabúar eigum og okkur beri skylda til að reyna að verða þeim til aðstoðar á sem allra flestum sviðum þar sem við megum því við koma og Norðurlandaráð er tilbúið til að aðstoða þessar þjóðir efnahagslega eða eftir því sem aðstæður okkar leyfa.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Mig langar í örstuttu máli að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa till. um að styðja sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkja og í leiðinni langar mig til að greina í örstuttu máli frá þeim aðgerðum og þeim verkefnum sem Norræna ráðherraskrifstofan í Kaupmannahöfn áformar til stuðnings Eystrasaltsríkjunum.

Það hefur verið samin sérstök framkvæmdaáætlun um það með hvaða hætti Norðurlandaþjóðirnar geti komið Eystrasaltsríkjunum til stuðnings við að hjálpa þeim við að stíga sín fyrstu skref inn í samstarf vestrænna ríkja í Evrópu. Í því skyni hefur verið tekin sú ákvörðun að komið verði á fót upplýsinga- og menningarmiðstöðvum í höfuðborgum allra Eystrasaltsríkjanna sem Norræna ráðherraskrifstofan í Kaupmannahöfn hefur tekið að sér að bæði fjármagna og sjá um að komist á fót. Er þegar búið að auglýsa eftir starfsmönnum til að stjórna þessum þremur skrifstofum í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna.

Sömuleiðis er stefnt að því að taka upp samstarf á sviði umhverfismála með Eystrasaltsríkjunum með því að veita fjármunum til sérstakra verkefna í því skyni og sömuleiðis hefur verið tekin sú ákvörðun að veita fjármunum til þess að veita námsstyrki til ungmenna frá Eystrasaltsríkjunum sem verður boðið til námsdvalar á Norðurlöndunum.

Mér þótti rétt að geta um framlag ráðherraskrifstofunnar í þessu efni, en vil svo ítreka stuðning minn við þessa till. og fagna því að hún skuli vera hér lögð fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

33. fundur, miðvikudaginn 19. des., að loknum 32. fundi.

Stuðningur við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 248. mál. — Þskj. 379.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 394).

SAMEINAÐ ÞING

34. fundur, fimmtudaginn 20. des., kl. 10 árdegis.

Ferðakostnaður sjúklinga, ein umr.

Fsp. MF, 189. mál. — Þskj. 223.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 223 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um reglur varðandi endurgreiðslur á ferðakostnaði sjúklinga hér innan lands.

Í Fréttabréfi Öryrkjabandalags Íslands, 3. tbl. þessa árs, segir ritstjóri sem jafnframt er fulltrúi í tryggingaráði frá því að tryggingaráð hafi samþykkt nýj-

ar reglur um endurgreiðslu á kostnaði sjúklinga vegna ferða til læknis, sérfræðings eða á sjúkrahús fjarri sinni heimabyggð.

Breytingin á reglunum er til verulegra hagsbóta fyrir sjúklinga og fellir úr gildi hina svokölluðu þriggja ferða reglu sem felur í sér að þá fyrst fá menn greitt þegar þeir hafa farið þrjár ferðir til læknis eða á sjúkrahús og þessar þrjár ferðir verði sjúklingurinn að fara á 12 mánaða tímabili. Þessi þriggja ferða regla hefur valdið verulegri mismunun og skapað óánægju. Það var því löngu tímabært að endurskoða reglurnar. Það var gert að frumkvæði Guðrúnar Agnarsdóttur en hún ásamt fleirum lagði svo fram tillögur til breytinga sem samþykktar voru af tryggingaráði í júní sl. og síðan eðli málsins samkvæmt sendar heilbr.- og trmrn. sem á að staðfesta reglurnar.

Samkvæmt upplýsingum frá umboðum Tryggingastofnunar ríkisins og hjá stofnuninni sjálfri hafa þessar reglur ekki enn fengið staðfestingu ráðuneytisins sem virðist þá ekki vera tilbúið til að viðurkenna rýmri og sanngjarnari reglur. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hvað veldur því að ekki eru komnar til framkvæmda nýjar reglur um endurgreiðslur á ferðakostnaði sjúklinga innan lands sem samþykktar voru á fundi tryggingaráðs sl. sumar og áttu þá aðeins eftir að hljóta staðfestingu ráðuneytis?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur hér borið fram fsp. og gert grein fyrir henni og nefndi reyndar í lok máls síns að ráðuneytið vildi hugsanlega ekki taka undir rýmri og sanngjarnari reglur og hvort það væri ástæðan fyrir því að ekki hefur verið staðfest þessi reglugerð eða drög að reglugerð um ferðakostnað sjúklinga sem legið hefur fyrir í ráðuneytinu samkvæmt tillögum frá Tryggingastofnun.

En það er svo að þau lagaákvæði sem kveða á um greiðslu ferðakostnaðar sem hér um ræðir er að finna í 43. gr. laga um almannatryggingar, í j-lið, en þar segir svo, með leyfi forseta:

[Greiða skal] „Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, með eða án innlagnar."

Hér er að vísu um nokkuð takmarkaða lagaheimild að ræða og fjallar aðeins um meðferð hjá lækni eða í sjúkrahúsi. Nú er það svo að þær reglur sem hafa verið í gildi allt frá því 1. mars 1982 hafa reyndar verið nokkuð rýmri heldur en þetta lagaákvæði kannski kveður strangast á um. Nýlega svaraði ég fsp. frá hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur þar sem ég gerði grein fyrir viðhorfum ráðuneytisins til ákveðinna þátta varðandi þá þjónustu sem við teldum að bæri að greiða eða taka þátt í ferðakostnaði vegna einnig, svo að ráðuneytið hefur nú þegar litið svo á að það væri rétt að túlka þetta nokkuð rýmra heldur en lögin strangast kveða á um þó það sé auðvitað spurning hvort það er réttlætanlegt. Og ef ætti að setja nýjar reglur, eins og ég kem hér að nánar á eftir, þá reikna ég með því að það verði að skoða þennan lagatexta.

En í júlímánuði sl. bárust ráðuneytinu frá Tryggingastofnun ríkisins drög að reglum um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands, sem samdar voru af tryggingaráði. Þessar reglur gera ráð fyrir verulegri rýmkun á gildandi reglum og aukningu á útgjöldum sjúkratryggingadeildar og veita meiri þjónustu en j-liður 44. gr. gerir í raun ráð fyrir. Vegna þess að hér er um að ræða verulega aukningu á útgjöldum sjúkratryggingadeildar fram yfir það sem áætlanir höfðu gert ráð fyrir á þessu ári taldi ég ekki eðlilegt að láta reglugerðina taka gildi hinn 1. sept., eins og þó var gert ráð fyrir í drögunum eins og tryggingaráð hafði lagt til, heldur reiknaði með því að hún tæki gildi núna um áramótin eða 1. jan. nk.

Sjúkratryggingadeildin hefur ekki gert áætlun um kostnaðaraukningu af þeim breytingum á reglugerðinni sem lagðar eru til þannig að ekki liggur fyrir enn hver sé hugsanlegur útgjaldaauki hjá stofnuninni í reynd ef þessar breytingar verða samþykktar og staðfestar.

Ég vil bara árétta það að ég álít að þetta sé bæði rétt og nauðsynlegt að gera. Það þarf að endurskoða þessar reglur. Í fyrsta lagi þarf náttúrlega að endurskoða lögin. Sú endurskoðun fer nú væntanlega fram af hálfu þingsins eftir að það kemur saman aftur á nýju ári, þá verður hægt að leggja hér inn heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar.

Ég vil líka ítreka þá skoðun mína, sem kom hér fram í þingi fyrir nokkru þegar ég svaraði þeirri fsp. sem ég nefndi áðan frá hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur, að það þurfi að rýmka þessar reglur. En menn verða þá líka að vera alveg meðvitaðir um það að það kostar aukna fjármuni og ég beini því til hv. fyrirspyrjanda þessarar fsp. nú, sem á reyndar einnig sæti í hv. fjvn. Alþingis, að venjulega er það svo að það er ákaflega auðvelt að bera fram óskir um það að bæta réttindi þeirra einstaklinga sem þurfa að sækja stuðning til almannatryggingalöggjafarinnar, þar með á vissan hátt til samfélagsins og eiga lögum samkvæmt rétt á því, en það kostar allt saman töluvert mikla peninga og menn hreyfa sig ekki mikið innan þessarar almannatryggingalöggjafar öðruvísi en þar sé um að ræða stóraukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Það væri afar auðvelt fyrir mig að vera hér stöðugt að flytja tillögur um það að bæta og lagfæra þann rétt sem tryggingalöggjöfin á að veita þeim sem þangað þurfa að sækja rétt sinn. Þetta er auðvitað einn liðurinn í því efni og ég vona að okkur takist að koma hér fram lagfæringum, nauðsynlegum lagfæringum á tiltölulega gömlum reglum og þá séu menn líka reiðubúnir að horfast í augu við að það kostar

viðbótarfjárveitingar til þessarar annars ágætu stofnunar.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. greinargóð svör hans og fagna því ef af verður að þessar reglur taki gildi um áramót. Hvað varðar fjáveitingar og það sem beint var til mín í því efni, þá gera menn auðvitað tillögur um þá fjármuni sem til þarf í samræmi við þær reglur sem eru í gildi eða eiga að taka gildi og verða þá að liggja frammi upplýsingar ráðuneytis þar um.

En eins og ég sagði áðan hefur þessi þriggja ferða regla valdið verulegri mismunun og skapað óánægju og búið er að leggja mikla vinnu í þá reglugerð sem nú liggur inni í ráðuneytinu og bíður þess að hljóta þar staðfestingu ráðherra. Þegar tryggingaráð tók þessa afstöðu var það vissulega ljóst að um einhvern kostnaðarauka yrði að ræða. Ef það hefur ekki legið fyrir í ráðuneyti við gerð frv. til fjárlaga í haust, þá hefur tíminn vissulega ekki verið notaður rétt í ráðuneytinu því að tryggingaráð sendi þessa reglugerð í júní sl.

Bréfaskriftir fjármálaráðuneytis, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 162. mál. — Þskj. 175.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„1. Svarar ráðuneytið bréfum sem því berast frá einstaklingum, og þá innan hvaða tímamarka?

2. Ef svo er, má þá treysta því að sú regla sé virt án tillits til þess hver einstaklingurinn er?“

Mér er ljóst að það getur oft verið nokkurn ís að brjóta hjá venjulegu fólki áður en það tekur sig til og skrifar ráðuneytum bréf. Þó að sum erindi af þessu tagi séu kannski ekki stór í augum þeirra sem með valdið fara má þó slá því föstu að þau eru ávallt stór í huga þess sem eftir leitar.

Ég hygg að það sé því miður of algengt viðhorf að menn telji að ekki sé sama hvort á ferðinni sé Jón eða séra Jón. Ég er í það minnsta orðinn dálítið þreyttur á ásökunum um það að ráðuneytin svari ekki bréfum og að farið sé í manngreinarálit. Ég taldi þess vegna rétt að fá hrein svör frá hendi hæstv. fjmrh. í þessum efnum þannig að ég hefði það hjá mér til þess að geta gert mönnum grein fyrir því hver vinnuregla ráðuneytisins væri og vænti þess að það geti þó e.t.v. einnig verið fordæmisskapandi fyrir önnur ráðuneyti að þau geri sér grein fyrir þeirri alvöru að það er ekki líðandi ef ekki er staðið eðlilega að þessum málum.

Ég ætla ekki að þreyta þingheim með lengri umræðu og vænti svars hæstv. ráðherra.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera upp þessa fsp. Svarið við fyrstu spurningunni er já. Ráðuneytið svarar bréfum. Innan hvaða tímamarka? er spurt. Það getur verið nokkuð mismunandi, stundum fáeinir dagar, stundum lengri tími eftir því hvert efnið er og hve annir eru miklar í ráðuneytinu. En þeirri grundvallarreglu er fylgt að svara bréfum og gera ekki mannamun í þeim efnum.

Ég tek eindregið undir þá skoðun fyrirspyrjanda að mikilvægt er að halda við því grundvallareinkenni íslenska stjórnkerfisins að það sé opið öllum einstaklingum á jafnréttisgrundvelli, óháð stétt eða stöðu.

Spurning nr. tvö er hvort treysta megi því að reglan sé virt án tillits til þess hver einstaklingurinn er. Svarið við henni er einnig já og rík áhersla á það lögð að svara erindum einstaklinga bréflega og reyndar einnig oft persónulega þannig að ég held að fá dæmi séu um stjórnkerfi þar sem einstaklingar geta haft jafngreiðan aðgang að embættismönnum og stjórnendum ráðuneyta eins og hér á Íslandi. Að vísu er það nokkuð misjafnt eftir því hver erindin eru, hve fljótt þeim er svarað því að hinar einstöku deildir og sérsvið ráðuneytanna eru misjafnlega mönnuð. Ég vil t.d. geta þess að sá mikli þungi vinnu vegna viðræðna milli EFTA og Evrópubandalagsins á síðustu missirum hefur gert það að verkum að sú deild fjmrn. þar sem embættismenn sinna þeim verkum hefur átt erfitt með að sinna ýmsum öðrum verkefnum vegna þess að við höfum ekki bætt við starfsmönnum vegna þeirra miklu viðbótarverkefna sem komu vegna viðræðna EFTA og EB. En svarið við báðum spurningunum er já.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans. Varðandi seinni lið fsp. var það mjög afdráttarlaust og það ber að virða. Það eina sem var e.t.v. óljóst í svarinu var innan hvaða tímamarka væri svarað, en það minnir örlítið á það þegar skáldið og framkvæmdamaðurinn Einar Ben. þurfti að gera grein fyrir hæð fossanna úti, þá var hann ákaflega tregur að nefna tölur.

EFRI DEILD

31. fundur, fimmtudaginn 20. des., kl. 10.30 árdegis.

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 194. mál (kennslumissiri). — Þskj. 234.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, 3. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 413.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv, 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 315, n. 381, 403 og 415, brtt. 382, 406.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 381 frá hv. heilbr.- og trn. um málefni aldraðra.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Hrafn Pálsson, deildarstjóra í heilbr.- og trmrn., og séra Sigurð H. Guðmundsson sem sæti á í samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sem jafnframt er stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. hennar leggur til að gerð verði sú breyting á frv. að ráðstöfunarfé vegna annarra verkefna, sem sjóðsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir, skv. 5. tölul. 1. efnismgr. 1. gr., komi einungis af þriðjungi árlegs ráðstöfunarfjár. Þannig er tryggt að tveir þriðju hlutar af árlegu ráðstöfunarfé fara til verkefna skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. frv.

Meiri hl. nefndarinnar leggur áherslu á það að í frv. er gert ráð fyrir að árlegt ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra verði jafnhátt heildarálagningu þess sérstaka gjalds sem lagt er á tekjuskattsskylda einstaklinga vegna sjóðsins, sbr. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra. Með þessu er tryggt að ríkissjóður ber hallann ef innheimta verður lægri.

Auk þess leggur meiri hluti nefndarinnar til að lög þessi öðlist þegar gildi eftir samþykkt frumvarpsins en ekkert gildistökuákvæði er í frumvarpinu. Ástæða er til að nefna það hér að með samþykkt þessa frumvarps fellur niður ákvæði í lánsfjárlögum þar sem kveðið er á um skerðingu á Framkvæmdasjóði aldraðra.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Undir nefndarálitið rita Margrét Frímannsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Stefán Guðmundsson og Valgerður Sverrisdóttir. Aðrir nefndarmenn hafa skilað sérstökum nefndarálitum.

Frsm. 1. minni hl. heilbr.- og trn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. heilbr.- og trn. Eins og fram kom í máli formanns nefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. e., skilar minni hl. tveimur nefndarálitum.

Ég verð að byrja á því að lýsa vonbrigðum mínum með meðferð þessa máls í þessari hv. deild. Það er óhætt að segja að þessu máli hafi verið lætt inn á síðustu dögum þingsins. Það eru ekki nema tveir dagar síðan mælt var fyrir því, eða í fyrradag. Áður en hæstv. ráðherra mælti fyrir þessu máli hafði nefndin komið saman til þess að fjalla um frv. Annar fundur nefndarinnar var haldinn hér í hliðarherbergi á meðan þingdeildarfundir stóðu yfir eða voru að hefjast og þriðji fundur nefndarinnar var haldinn í gærmorgun. Á öllum þessum fundum var illa mætt af nefndarmönnum. Má segja að það hafi aðeins verið stjórnarandstöðuþingmenn sem fjölluðu um þetta frv. ásamt formanni nefndarinnar og einum öðrum hv. nefndarmanni sem tókst að koma þó hann lægi í flensu heima, en það var hv. 4. þm. Reykn. Þetta segi ég til þess að lýsa því hvernig ástandið er á síðustu dögum þingsins. Ég er ekki að ásaka nefndarmenn um að þeir hafi að yfirlögðu ráði ekki mætt á nefndarfundum heldur þykir mér þetta lýsa því að menn eru út og suður í störfum í sambandi við þingstörfin og þannig er á þessu máli tekið þegar svo er ástatt. Það þykir mér vera mjög miður vegna þess að hér er um mikilvægt mál að ræða sem hefði þurft að fá ítarlega og góða umfjöllun.

Það hefur einnig komið fram að ekkert samráð hefur verið haft t.d. við stjórn Framkvæmdasjóðs eða samstarfsnefnd alraðra um þetta mál meðan það var í undirbúningi. Sá aðili sem er í samstarfsnefndinni eða stjórn Framkvæmdasjóðsins og kom hér á fund nefndarinnar hafði ekki séð þetta frv. fyrr en hann sat með okkur á fundi í hliðarherbergi. Og ritari nefndarinnar, sem er starfsmaður í ráðuneytinu, hafði heldur ekki séð frv. fyrr en búið var að prenta það og ganga frá því.

Ég get ekki látið hjá líða, hæstv. forseti, að láta þetta koma hér fram. Þetta eru mér mikil vonbrigði og ég hefði talið það farsælla að reyna að taka höndum saman og standa að svo mikilvægu máli þannig að það væri tryggt að hér væri verið að styrkja stöðu Framkvæmdasjóðs aldraðra. En eins og þetta frv. er í pottinn búið, og verður afgreitt hér úr þinginu af stjórnarliðum, þá er ekki hægt á nokkurn hátt að sjá að það sé trygging fyrir því að þetta styrki stöðuna nema síður væri. Eins og fram hefur komið er verið að útvíkka verksvið sjóðsins. Það er talað um að það eigi að tryggja að skerðingarákvæði verði fellt niður. Ég vil aðeins benda á að hér var til umræðu í gær í þessari hv. deild frv. til lánsfjárlaga. Það var afgreitt út úr deildinni. Það var ekki minnst einu orði á að það ætti að fella niður skerðingarákvæðið sem snýr að Framkvæmdasjóði aldraðra. Þetta fannst mér nauðsynlegt að láta koma fram, hæstv. forseti.

Ég leyfi mér að renna yfir nál. sem er undirritað af

okkur hv. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni og mér. Með leyfi forseta hljóðar það svo:

„Nefndinni barst þetta frv. með mjög óvæntum hætti rétt fyrir jólahlé. Lítið svigrúm var gefið af hálfu meiri hl. nefndarinnar til að leita eðlilegra umsagna um málið eða afla nauðsynlegra gagna. Að vísu voru kvaddir á einn fund með nefndinni tveir kunnáttumenn um málefni aldraðra, þeir Hrafn Pálsson og séra Sigurður H. Guðmundsson, sem gáfu glöggar og góðar upplýsingar. Þrátt fyrir það hefðu verið eðlilegri vinnubrögð að frv. væri sent til aðila er fjalla um málefni aldraðra og leitað skriflegra umsagna.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar mótmælir þessum vinnubrögðum og telur þau óþingleg. En þrátt fyrir það telur hann sig knúinn til að reyna til hins ýtrasta að forða Framkvæmdasjóði aldraðra frá stóráföllum með því að leggja fram brtt. við frv. á sérstöku þskj.

Eins og fram kemur í brtt. er lögð áhersla á að Framkvæmdasjóður aldraðra fái að fullu þær tekjur sem sjóðnum ber samkvæmt lögum með því að skerðingarákvæði frv. til laga um lánsfjárlög verði niður felld.

Enn fremur er lagt til að sjóðurinn verði ekki samhliða framkvæmda- og rekstrarsjóður. Er sérstaklega varað við þeirri stefnu þar sem hún getur eyðilagt megintilgang Framkvæmdasjóðs aldraðra. Rekstrarfjárþörf stofnana aldraðra verður að mæta með öðrum hætti.

Sú leið, sem felst í frv. því til laga um Framkvæmdasjóð aldraðra sem meiri hl. nefndarinnar stendur hér að, skerðir enn frekar fjárhagsstöðu stofnana aldraðra og mun auka vanda þeirra. Brtt. 1. minni hl. miðar hins vegar að því að styrkja stöðu Framkvæmdasjóðs aldraðra."

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, benda á það að þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi sjóður er skertur. Á sínum tíma var með lögum lagður á nefskattur sem rann í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þegar staðgreiðslukerfi skatta var komið á var þessi nefskattur felldur niður og felldur inn í staðgreiðslukerfið. Nú er þessi skattur inni í staðgreiðslukerfinu og auk þess hefur honum verið bætt á að nýju sem nefskatti. Svo er verið að tala um skerðingarákvæði sem varðar þessar áætluðu tekjur en þessi skerðing á sjóðnum er miklu, miklu meiri. Það er líka inni í staðgreiðslukerfinu. Við sem erum í minni hl. í þessu máli teljum að það sé nægjanlegt ráðstöfunarfé sem rennur beint í ríkissjóð, sem ríkissjóður hefur tekið sér, ég vil leyfa mér að segja ófrjálsri hendi, sem ætlað var og á að fara í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Varðandi brtt. eru þær tvær eða í tveimur liðum. Þær eru á þskj. 406 og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Síðari efnisgrein 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna skv. 2., 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr.

2. Við 1. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

4. tölul. 1. mgr. skal aðeins gilda árið 1991 en kemur því aðeins til framkvæmda að skerðingarákvæði lánsfjárlaga fyrir árið 1991 um sjóðinn falli brott."

Með þessu móti viljum við fá staðfestingu á því að það sé rétt að skerðingarákvæðið eigi að falla brott því að það er á engan veg hægt að tryggja það með því sem segir t.d. í athugasemdum í lánsfjárlögum um þetta atriði. Í athugasemdum við frv. til lánsfjárlaga á bls. 15 segir m.a. að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra megi ráðstafa til reksturs og almenns viðhalds auk stofnframkvæmda. Þarna er talað um að heilbrrh. muni væntanlega leggja fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Verði breyting gerð á hlutverki þessara sjóða, þá er átt við fatlaðra og aldraðra, gætu — takið eftir því — gætu ákvæði 28. og 29. gr. þessa frv. fallið niður í meðförum Alþingis. Það er ekki sagt: munu falla niður, heldur: gætu gert það ef hæstv. fjmrh. væri það nú t.d. þóknanlegt. Og þess vegna eru þessar brtt. fluttar.

Frsm. 2. minni hl. heilbr.- og trn. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. heilbr.- og trn. Í rauninni er það þannig með 1. og 2. minni hl. heilbr.- og trn. að við berum í brjósti álíka ugg um framvindu starfsemi þessa sjóðs því með útvíkkun starfseminnar sem boðuð er í þessu lagafrv. verða skyldur sjóðsins svo miklu meiri og margvíslegri að vandséð er að sjóðurinn geti staðið undir þeim skuldbindingum eða þeim skyldum sem honum eru lagðar á herðar. Það er heldur ekki tryggt að við það verði staðið að fella niður þau skerðingarákvæði sem haft er á orði að muni falla brott. Finnst mér það vera uggvænlegt. Jafnvel þó þessi skerðingarákvæði verði felld niður í ár, þá koma fleiri ár og á undanförnum árum er búið að skerða þennan sjóð ár eftir ár. Þetta er draugur sem hefur sífellt gengið aftur og jafnvel þó tvívegis sé búið að skattleggja þjóðina fyrir þessum umræddu fjárframlögum. Því tel ég engan veginn tryggt, jafnvel þó þetta sé haft á orði núna, að sjóðurinn verði ekki jafnilla staddur á næstu árum eins og hann er núna. Af þessum ástæðum er dálítið vafasamt að útvíkka starfsemi sjóðsins.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa nál. 2. minni hl.

„Nefndin var tekin að ræða þetta frv. jafnvel áður en fjallað var um það í 1. umr. í Ed. og verður að segjast að miklum þrýstingi var beitt við nefndarmenn til að koma því í höfn fyrir jólafrí. Því hefur gefist heldur naumur tími til að fjalla um málið. Telja verður varhugavert að veita fleiri verkefnum inn í sjóð sem aldrei hefur getað sinnt hlutverki sínu til fullnustu því að árum saman hefur hann verið skertur við afgreiðslu lánsfjárlaga. Óafgreidd mál munu hafa hlaðist upp hjá sjóðnum og vandséð hvernig hann á að geta staðið undir víkkuðu starfssviði þó að skerðingunni verði af honum létt og nokkurt fé bætist í sjóðinn að auki, svo mikið mun

ásókn í úthlutunarfé sjóðsins aukast. Eigi að síður eru þeir þættir frv. sem varða víkkað verksvið sjóðsins nauðsynlegir og óhjákvæmilegir en 2. minni hl. treystir sér ekki til að styðja þá nema sjóðnum sé séð fyrir miklu meira fjármagni en nú mun ætlað í hann og mun því sitja hjá við afgreiðslu frv."

Og það er mergurinn málsins. Ef tryggt væri að sjóðurinn fengi miklu meira fé en honum mun vera ætlað þá gæti hann staðið undir öllum þessum verkefnum. En eins og stendur er ómögulegt að sjá að hann muni geta það.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Nú á síðustu dögum þings fyrir jólafrí eru miklar annir eins og tíðkast yfirleitt á þessum tíma. Það er með ólíkindum hvernig þingstörfum er hagað. Þessi deild var svo til verkefnalaus í október og nóvembermánuði. Síðan gerist það að á síðustu stundu streyma öll frv., brtt. og annað án þess að þingmenn fái rönd við reist, án þess að þingmenn fái tækifæri til að kynna sér málin, skoða þau og setja fram skoðanir sínar. Ég tek því undir þær aðfinnslur sem koma fram hjá minnihlutamönnum. Þetta eru vinnubrögð sem mega ekki eiga sér stað og verður að breyta. Það er að vísu ekki ný bóla að svona sé málum hagað. Ég minnist þess að það tíðkaðist hér áður fyrr að hrúga inn frv. rétt fyrir þingslit að vori og varð það til þess að gerð var breyting á þingsköpum í þá veru að allmargir dagar yrðu að vera til þingslita þegar mál voru lögð fram. Það voru sett tímamörk á það hvenær mætti í síðasta lagi bera fram frv. Þetta var vissulega gert vegna þess að það var gengið á þetta lagið, þ.e. að viðkomandi ríkisstjórn lagði frv. fram sem allra næst þingslitum í trausti þess að geta rennt þeim í gegn án þess að menn gætu kynnt sér þau nægilega. Þingsköpunum var sem sagt breytt til að gefa mönnum rúm til þess að kynna sér málin.

Til deildarinnar hafa streymt frv. núna fyrir jólin og brtt. sem ég tel að þyrftu meiri skoðunar við. Þingmenn eru alveg varnarlausir gagnvart þessu og það er spurning finnst mér hvort það ætti að setja ný tímatakmörk sem lúta þá að jólahléi. Ég vissi t.d. ekki um tilvist þessa frv. fyrr en ég kom á nefndarfund. Og ég er ekki að nefna þetta sem einsdæmi því það er venja hér í þinginu. Þingmenn gera allt of mikið af því að láta sér þetta lynda. Þingmenn þurfa að taka sig saman um það að koma á öðrum vinnubrögðum hér í þinginu þannig að afgreiðsla mála verði ekki með þeim hætti sem verið hefur. Vænti ég þess að stefnt verði að því að svo verði gert.

Það var fjallað um skerðingu á Framkvæmdasjóði aldraðra og fleiri sjóðum. Það er ekki ný bóla. Þetta er nokkuð sem hefur gerst ár eftir ár og skiptir þá engu máli hvaða ríkisstjórn hefur verið við völd hverju sinni. Orðin „þrátt fyrir" eru býsna algeng í lánsfjárlögum og annars staðar. Það er vegna þess að alþingismenn hafa samþykkt lög, fjölda laga með mörkuðum tekjustofnum, sem gera það að verkum að ef farið væri eftir því öllu saman þá væri ekkert til, þá væru engir peningar til annars og Alþingi hefði ekkert með fjárveitingar að gera. Þetta er uppsafnaður vandi, mætti segja. Þegar þarf að ná saman endum í fjárlagadæmi eða lánsfjárlögum þurfa menn að átta sig á því hvað er til skiptanna. Það hafa menn ekki gert. Hins vegar hafa þeir samþykkt hin aðskiljanlegustu frv. blindandi hverju sinni.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra t.d. hefur aldrei fengið það fjármagn sem þingmenn samþykktu árið 1979 eða 1980 að sjóðurinn ætti að hafa. Og ég minni á það enn að það hefur ekki skipt máli hvaða ríkisstjórn er við völd hverju sinni hvaða skerðingar hafa verið gerðar á sjóðnum. Hins vegar hefur það verið hlutverk þeirra sem taka á sig þá ábyrgð að ná saman endum að loka dæminu. Þess vegna er þetta gert.

Ég er samþykkur áliti meiri hl. í þessu máli en játa að það er gert á þeim forsendum að reyna að ná endum saman. Ég tel aftur á móti að það hefði mátt skoða þetta mál betur og fleiri mál sem hér er rennt í gegnum þingið. Mér finnst líka að þeir sem gera brtt. séu eiginlega svona á næsta bæ við það að biðja um hærri skatta. Við verðum að líta á þetta sem eina heild, allt fjárlagadæmið. Það er ekki gert í þeim tilvikum þegar koma fram brtt. um ótilgreindar fjárhæðir sem eiga að fara til hinna ýmsu verkefna. Það er þægilegt og vinsælt að segja að markaðir tekjustofnar eigi að halda sér en því miður, vegna fjárvöntunar, hefur það ekki reynst unnt. Og enn minni ég á að það hefur ekki skipt máli til þessa hvaða ríkisstjórn hefur verið við völd hverju sinni.

En ég ætla að ljúka máli mínu með því að árétta það að svona vinnubrögð ganga ekki. Ég á ekki við þetta sérstaka mál heldur öll mál sem fyrir deildum eru þessa dagana. Vinnubrögðin mættu vera markvissari og nýta hefði mátt tímann í haust betur en gert var.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um þetta mál. Það er ástæða til að taka undir það að málinu var flýtt í gegnum deildina. En ég vil nú samt segja það að mér finnst nokkuð langt gengið að geta þess á nál. að nefndin hafi verið tekin til þess að ræða þetta frv. áður en fyrir því var mælt í deildinni því það var að sjálfsögðu gert með samþykki allra nefndarmanna. Það kom fram hjá hv. 4. þm. Reykn. að hann hefði ekki vitað um tilvist þessa frv. fyrr en um það var rætt á nefndarfundi. Ég verð að segja að það samræmist ekki reglum í okkar þingflokki ef stjórnarfrv. eru lögð fram án samþykkis allra stjórnarþingflokkanna. Að því leyti kemur það mér á óvart ef hv. þm. hefur ekki vitað af þessu stjfrv.

Það er talað um skerðingar og að hér sé verið að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég vil þá geta þess að miðað við það framlag sem er til sjóðsins á yfirstandandi ári, sem er undir 200 millj., er hér um

að ræða upphæð skv. 1. tölul. 1. gr. frv. sem yrði hærri en sú upphæð. Auk þess verður þetta fjármagn þó áfram allt innan þessa málaflokks þó verið sé að útvíkka verkefnasviðið.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram og eins það sem ég gat um í minni framsögu að samþykkt þessa frv. er tengd því að skerðingarákvæði í lánsfjárlögum falli niður. Þó svo það hafi ekki komið fram hér í umræðu í hv. deild í gær er það nú svo, og það mun koma fram í síðari deild. Það var mjög óljóst í gær um framvindu þessa máls og þess vegna var ekkert um það rætt. En verði þetta frv. að lögum fellur skerðingarákvæðið niður.

Eins vil ég ítreka það að í frv. kemur fram að heildarálagningin skilar sér til sjóðsins samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður. Þar er nú um einhverja milljónatugi að ræða, jafnvel gætu það verið 40 milljónir sem skiluðu sér til sjóðsins umfram það sem gerir samkvæmt núgildandi lögum. Það er því verulegt fjármagn.

Ég vil að síðustu, hæstv. forseti, ítreka það sem ég sagði áðan að meiri hl. hv. heilbr.- og trn. mælir með að frv. verði samþykkt.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Þó hér sé ekki um miklar eða háar tölur að ræða miðað við fjárlög og lánsfjáráætlun er hér um að ræða mál sem er geysilega þýðingarmikið, „prinsipalt" séð, og snýr að þjónustu fyrir aldraða. Þess vegna held ég að það sé þess virði að hv. þm. fjalli um það með þeim hætti sem þeir hafa þegar gert og enn ítarlegar. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., sagði m.a. í ræðu sinni áðan að samkvæmt hennar túlkun væri framgangur þessa frv. tengdur því að skerðingarákvæði lánsfjárlaga varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra yrði fellt niður úr lánsfjárlögum. Eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., kom inn á áðan var í gær afgreitt frv. til lánsfjárlaga af hálfu stjórnarliða með þeim hætti að skerðingarákvæðinu var haldið inni. Það er því mjög erfitt fyrir okkur hv. þm. að fóta okkur á því hver er raunveruleg ætlan stjórnarþingmanna í þessum efnum.

En við höfum hins vegar lagt fram brtt., ég og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, sem felur það í sér að hv. þm. Ed. geta tekið af öll tvímæli, og einmitt með þeim hætti sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom inn á, um það að skerðingarákvæðið skuli falla niður. Það kemur fram í brtt. okkar hv. þm. Salome Þorkelsdóttur og mín. Á þskj. 406 segir svo, með leyfi forseta, en það er 2. tölul. í þessari brtt.: „Við 1. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

4. tölul. 1. mgr. skal aðeins gilda árið 1991 en kemur því aðeins til framkvæmda að skerðingarákvæði lánsfjárlaga fyrir árið 1991 um sjóðinn falli brott."

Þarna erum við búnir að leggja fram brtt. sem hlýtur að vera rökrétt í framhaldi af ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur svo bæði hún og aðrir stjórnarliðar hér í deildinni hljóta að samþykkja. Í því felst auðvitað staðfesting á því að Framkvæmdasjóður aldraðra skuli fá sínar tekjur að fullu. Þetta er mjög mikilvægt og þýðingarmikið atriði og raunar prófsteinn á það hvort stjórnarliðar meina nokkuð með því sem þeir hafa verið að segja um þetta mál hér.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta atriði, forseti. Ég tel að því sé vel borgið þannig að skerðingarákvæðin verði felld niður með því að þessi brtt. okkar verði samþykkt.

Varðandi málsmeðferð alla í sambandi við þetta frv. verð ég að taka undir það sem aðrir hv. þm. hafa sagt að það er náttúrlega ekki forsvaranlegt að leggja mál fram á þingi með þeim hætti sem gert hefur verið í þessu máli. Það er náttúrlega ekki forsvaranlegt að hv. þm. og nefndarmenn í heilbr.- og trn. Ed. skuli ekki einu sinni sjá frv. áður en byrjað er að fjalla um þau í nefnd, en látum það vera í þessu tilviki. Hæstv. ráðherra reyndi aðeins að útskýra það fyrir okkur nefndarmönnum sem hann náði í og skal ég ekki ræða frekar um það. En það vekur náttúrlega furðu að einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, hv. 4. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason, skuli lýsa því yfir að hann hafði ekki einu sinni hugmynd um að ætti að leggja þetta frv. fram, hvað þá að hann vissi um efni þess.

En varðandi það sem sagt var hér áðan um afstöðu okkar og brtt., þar sem hv. þm. Karl Steinar sagði eitthvað á þá leið, að brtt. þær sem 1. minni hl. leggur fram feli í sér að það sé raunverulega verið að biðja um hærri skatta. Það er alger misskilningur. Það er ekki um það að ræða af okkar hálfu. Það sem við erum að leggja áherslu á er það að tekjur þær sem gert er ráð fyrir í lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra renni til Framkvæmdasjóðs. Það er hins vegar vandamál núv. ríkisstjórnar hvernig hún ætlar að fjármagna þann umframkostnað sem þegar hefur verið stofnað til vegna þessara mála í heimildarleysi. Ég geri mér grein fyrir því að hv. þm. Karl Steinar hefur greinilega ekki fengið í hendurnar það plagg sem við fengum á nefndarfundi vegna lögmætrar fjarveru og veikinda. Það er um hvernig er búið að ráðstafa raunverulega meiri peningum vegna þessara mála en heimildir eru fyrir hendi. En skv. þeim plöggum sem við fengum kemur fram að svokölluð rekstrarkostnaðaraukning vegna málefna aldraðra á árinu 1989 var 105,6 millj. Auk þess liggur enn ekki alveg ljóst fyrir hvað hún kann að vera mikil á þessu ári en áætlað er að hún sé líklegast um 126 millj. Þeir sem hafast að í þessum málum með þessum hætti, og þar er auðvitað átt við heilbr.- og trmrh., hafa raunverulega verið að framkvæma hluti, sem ég vildi segja að væri ekki heimild fyrir, þrátt fyrir skerðingarákvæði lánsfjárlaga fyrir árin 1990 og 1989. Það er því ekki gott mál eins og hv. þm. Karl Steinar sagði hér og greip fram í fyrir mér. Þess vegna er það mjög varhugavert inn á hvaða brautir er farið í sambandi við þennan sjóð. Okkur minnihlutafólki virðist að nú sé valin sú leið sem sé mjög óheppileg og óæskileg miðað við hlutverk Framkvæmdasjóðs. Það er stöðugt verið að ganga á þann

megin- og grundvallartilgang sjóðsins sem er í fyrsta lagi að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvistar- og þjónustuhúsnæðis aldraðra og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða. Þetta er megintilgangur og meginhlutverk sjóðsins. En með því að taka fé úr sjóðnum, bæði með skerðingarákvæðum og með því að bæta inn því atriði að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst, er verið að ganga á þennan sjóð og tímaspursmál hvenær allt það fé sem á að renna til sjóðsins er orðið að rekstrarfé. Það ætti þá að sjálfsögðu að vera í fjárlögum að mati þingmanna á hverjum tíma. Hér er því verið að fara bakdyramegin inn í Framkvæmdasjóð til að fjármagna rekstur og kostnaðaraukningu sem engar heimildir eru fyrir. Síðan er verið að koma með þetta frv. eftir á til að leiðrétta fortíðina og skapa möguleika fyrir framtíðina. Ég vara, virðulegi forseti, mjög alvarlega við þessari stefnu sem er í fyrsta lagi, að mínu mati, á mörkum þess að vera lögleg fyrir utan það að hún mun skaða mjög stöðu Framkvæmdasjóðs aldraðra og þessi málefni í heild.

Ég vil síðan ítreka það við hv. þm. að brtt. 1. minni hl. eru þess eðlis að ef þær verða samþykktar, þá mun staða Framkvæmdasjóðsins styrkjast að nýju og jafnframt verður komið í veg fyrir það að það sé verið að efna til rekstrarkostnaðaraukningar á þessu sviði og Framkvæmdasjóður notaður sem nokkurs konar endurtryggingaratriði til þess að staðið sé við þær skuldbindingar sem hæstv. ráðherra hefur samþykkt í sambandi við þessi mál.

Frsm. 1. minni hl. heilbr.- og trn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Fundur var hafinn þegar ég kom inn í deildina en eins og hæstv. forseta var kunnugt stóðu yfir fundir í menntmn. beggja deilda hér í húsinu og þess vegna missti ég af upphafi ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. sem er formaður og frsm. nefndarinnar í þessu máli. Ég vænti þess að ég hafi ekki misst af neinu sem skiptir máli og ég teldi mig þurfa að svara hér. En það sem vakti athygli mína var þegar hún var að reyna að réttlæta þetta mál, að ekki hefði verið minnst á skerðingarákvæði þessa sjóðs í lánsfjárlagafrv., þ.e. það ætti að falla niður, í gær þegar verið var að fjalla um það frv., sem auðvitað hefði verið eðlilegur hlutur, a.m.k. að komið hefði fram í framsögu þegar verið var að mæla fyrir nál. um frv. að þetta gæti átt eftir að breytast. En það var ekki minnst á það einu orði.

Hins vegar vil ég minna á það að formaður fjh.- og viðskn., hv. 5. þm. Reykv., sem mælti fyrir þessu nál., undirritaði það með fyrirvara. Þegar hann hafði lokið framsögu sem formaður nefndarinnar hóf hann ræðu sem nefndarmaður með fyrirvara. Það voru einmitt þessi atriði sem hann var að gera fyrirvara um og gagnrýna, eins og reyndar fleiri þingmenn hafa gert og það er ekki í fyrsta sinn, eins og hv. 4. þm. Reykn. kom hér réttilega inn á, það er ekki að gerast í fyrsta skipti að verið er að skerða ýmsa sértekjustofna á þessu þingi. Það kemur fyrir æ ofan í æ. Það er heldur ekki í fyrsta skipti sem ég gagnrýni slíkt því að ég hef ávallt gert athugasemdir við þetta. Mér finnst það siðlaust vægast sagt að marka sérstaka tekjustofna í sérstök verkefni eða setja á nefskatta og síðan er verið að taka af þessu fjármagni og nota í ríkiskassann til allt annarra hluta, jafnvel til þess að kaupa dagblöð út um allt land handa fólki til að lesa. Þetta vil ég láta koma fram.

Það sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði og ég gat ekki alveg fellt mig við var að það væri eðlilegt að ekki var minnst á þetta í umræðum um lánsfjárlögin í gær vegna þess að það var svo óljóst um afdrif þessa máls. Hvað í ósköpunum var óljóst um afdrif þessa máls? Formaður nefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. e., sagði á nefndarfundi í gærmorgun þegar ég gerði athugasemd við að það væri verið að taka málið úr nefndinni að ekki væri gerð tilraun til að halda annan fund og þá löglegan, að það væri engin ástæða til þess, einfaldlega vegna þess að stjórnarliðar styddu allir þetta frv. og það þyrfti ekki stuðning stjórnarandstöðunnar. Það var svo einfalt mál. Og hvað var þá óljóst? Ég leyfi mér nú bara að spyrja um það. Ég get ekki séð hvað er óljóst. Þegar stjórnarliðar ætla að koma hér málum fram vita þeir að það verður samþykkt, enda skrifuðu nefndarmenn, sem aldrei tóku þátt í störfum nefndarinnar, undir nál. Þetta vil ég láta koma hér fram.

Hv. 4. þm. Reykn. kom hér inn á mjög athyglisverð mál sem við höfum auðvitað oft velt fyrir okkur og margir gagnrýnt, sem er eðlilegur hlutur og það er þetta annríki á síðustu dögum fyrir jólahlé, að það væri ástæða til þess að setja tímamörk á framlagningu mála fyrir jólin alveg eins og fyrir þinglok. Ég vil taka undir þetta með honum. Mér finnst að það væri kannski leið að sett væru tímamörk á t.d. þau stjfrv. sem hæstv. ráðherrar eða ríkisstjórn ætlar sér að fá afgreidd fyrir jólahlé, að það yrðu hreinlega sett tímamörk, hvað þau mættu leggjast fram skömmu fyrir jól. Því að það er náttúrlega ekki nokkurt einasta vit í því að það er verið að boða alls konar frv. sem eiga að samþykkjast fyrir jólahlé og þau eru kannski lögð fram hér á síðustu dögum eða jafnvel síðasta degi og eiga þá að fara í gegnum sex umræður hér bókstaflega eins og hendi væri veifað. Þetta höfum við margsinnis rekið okkur á og mér finnst full ástæða til að taka undir þessi orð hv. 4. þm. Reykn., að tekið verði til skoðunar hvernig er hægt að koma í veg fyrir slíka endemis vitleysu.

Það kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. hvernig staða sjóðsins er. Og núna þegar verið er að tala um að verið sé að auka fé til sjóðsins með því að hætta við að skerða, að það sé einhver bót á sama tíma og á að auka verkefnin, að þetta sé einhver lausn. Hvað um það sem sjóðurinn hefur skuldbundið sig til og stendur frammi fyrir sem skiptir 1–2 milljörðum sem vantar fjármagn í til að standa við skuldbindingar, sem sjóðurinn skuldar nú þegar, auk þess sem liggur fyrir að hann þarf að sinna á næstu árum, kannski upp á $1^1/_2$ milljarð eða svo ef ég man tölurnar rétt

sem eru þó ónákvæmar? Þetta vildi ég nú aðeins láta koma fram hér og að lokum að taka undir með hv. 14. þm. Reykv. og benda stjórnarliðum á það að þeim gefst tækifæri til þess að staðfesta að það sé rétt sem hefur komið fram hér í ræðum að fella eigi niður skerðingarákvæðið ef þetta frv. verður að lögum. Til þess að flýta afgreiðslu þess er besta leiðin að samþykkja okkar brtt. Ef þetta á að gerast með þeim hætti að lánsfjárlögin eigi eftir að koma hingað til okkar aftur þá veit ég ekki hvenær við ætlum að ljúka þingstörfum.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örstutt tvö atriði sem mig langaði að koma inn á. Í fyrsta lagi vegna orða hv. 14. þm. Reykv. Mér fannst einhvern veginn eins og lægi í hans orðum að það væri hætta á því að þetta fjármagn færi meira og minna inn í rekstrargeirann, yrði notað sem rekstrarfé. Það sé meiningin með 4. tölul. 1. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst.“ Meiningin með þessu er einfaldlega sú að þegar það kemur fyrir á miðju ári eða seinni hluta árs að dvalarheimilum er breytt í hjúkrunardeildir og það er ekki áætlað inni í almannatryggingalögum á því rekstrarári, fjárlagaári, þá sé heimild fyrir því að það sé nýtt fé til ársloka úr Framkvæmdasjóði aldraðra þangað til þessi viðkomandi hjúkrunardeild kemst inn á fjárlög sem gerist sjálfkrafa. Það er því bara verið að tala um einhverja mánuði. Það er ekki hætta á því að þessar deildir verði áfram inni á Framkvæmdasjóði aldraðra.

Eins er ákvæði um það, hæstv. forseti, að 3., 4. og 5. tölul. 1. gr. verði aldrei meira en $^1/_3$ af ráðstöfunarfé sjóðsins, þannig að ég álít að það sé ekki hætta á þessu.

Þá vildi ég líka nefna vegna orða hv. 6. þm. Reykn. að það má rétt vera að ekki hefði verið óeðlilegt að það hefði komið fram í gær að ákvæði í lánsfjárlögum félli út. (Gripið fram í.) Já, það má alveg segja að það hefði verið sjálfsagt og slæmt að það skyldi ekki vera gert. En það sem ég átti við þegar ég sagði að það hefði verið óljóst um afdrif þessa máls í gær, þá er það nú svo að þegar ekki eru eftir nema tveir dagar af þingstörfum vitum við það stjórnarsinnar, hverjir sem það eru hverju sinni, að það komast ekki öll mál í gegn sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir eða vill að komist í gegn. Það þarf að semja um þessi mál og maður veit ekki fyrr en þau eru afgreidd sem lög hvort það tekst að ná þeim fram þrátt fyrir vilja ríkisstjórnar og þrátt fyrir vilja stjórnarsinna. Um þessi mál þarf að sjálfsögðu að semja þegar tími er svo naumur sem raun ber vitni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. Valgerður Sverrisdóttir er mjög heiðarleg og grandvör kona. Og það kom vel fram í ræðu hennar hér rétt áðan. Hún sagði nefnilega það sem skiptir máli. Hún sagði að það þyrfti að semja um mál til þess að þau næðu fram að ganga. Það er greinilegt að það hefur ekki tekist að semja um það með þeim hætti að hægt væri að fella þetta út úr lánsfjárlögum við afgreiðslu þeirra hér í hv. deild í gærkvöldi. Þar með undirstrikaði hún að þörfin fyrir að taka af öll tvímæli, eins og brtt. 1. minni hl. gerir ráð fyrir, er mjög brýn, þ.e. að við hér í Ed. tökum af öll tvímæli um að skerðingarákvæðin skuli felld niður. Þar með erum við í þessari deild búin að taka af skarið og þarf ekki að semja um það hugsanlega við einhverja stjórnarsinna sem eru erfiðir í taumi hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Við sameinumst þá, stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, sem höfum það að meginstefnumarkmiði að Framkvæmdasjóður aldraðra skuli fá sínar tekjur að fullu.

Ég held að einmitt einnig það atriði sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom inn á, að vegna tímaleysis gefst okkur þetta einstæða tækifæri að ganga frá þessu hér í þessari deild vegna þess að lánsfjárlögin eiga eftir að fara í gegn í Nd. Ef stjórnarsinnar leggja svona mikla áherslu á afgreiðslu þessa máls með þeim hætti að fullt samkomulag sé í þinginu þá skulum við, stjórnarandstæðingar, hjálpa hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og hæstv. heilbr.- og trmrh. að tryggja framkvæmd þessa atriðis.

Þá er það hitt atriðið sem kom fram í ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um 4. tölul. frv. sem varðar rekstrarfé. Hv. þm. sagði m.a. að þar væri aðeins verið að tala um nokkra mánuði. Ég held að orð dugi ekki til að stöðva það hvernig þetta hefur verið framkvæmt. Það er uppsafnaður vandi, sennilega um 100 millj. kr., í sambandi við rekstur þessara stofnana sem Framkvæmdasjóður á raunverulega ekki að bera ábyrgð á. Þannig að þótt hér sé gert ráð fyrir því í frv. að þetta sé aðeins til nokkurra mánaða er það staðreynd að það hefur ekki verið framkvæmt með þessum hætti. Þess vegna tel ég og við sem erum í minni hl. mjög hættulegt og varhugavert að opna þessa leið sem 4. tölul. 1. gr. gerir ráð fyrir. Þess vegna hljótum við, ef okkar brtt. verða ekki samþykktar, að greiða atkvæði gegn frv. eins og það kemur frá ríkisstjórninni vegna þess að það skerðir stöðu Framkvæmdasjóðs með þeim hætti sem við höfum lýst hér. Jafnframt liggur í augum uppi að stjórnarsinnar, sem vilja tryggja framgang þessa máls, geta greitt atkvæði með brtt. og tryggt það sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði og ég vil ítreka, að skerðingarákvæðin falli þar með niður í lánsfjárlögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 406 kallaðar aftur til 3. umr.

Brtt. 382,1 samþ. með 10:3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 382,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 235. mál (frádrættir, tekju- og eignarmörk o.fl.). — Þskj. 337.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um tekju- og eignarskatt. Meginefni þessa frv. er að breyta tölulegum stærðum í gildandi lögum um tekju- og eignarskatt til þess að tryggja að skattbyrðin verði ekki meiri á næsta ári en hún er í ár. Þessar tölur í frv. eru í samræmi við forsendur fjárlaga og þær ákvarðanir sem teknar voru við framlengingu hinna svokölluðu þjóðarsáttarsamninga.

Í sjálfu sér er í þessu frv. þess vegna eingöngu um slíkar tölulegar breytingar á ákveðnum stærðum í lögunum um tekju- og eignarskatt að ræða.

Í öðru lagi er að finna í frv. ákvæði sem talið er nauðsynlegt af lagatæknilegum ástæðum um ríkisbréf. Því er ætlað að tryggja að sambærileg skilyrði séu um þessi verðbréf ríkisins og spariskírteini og ríkisvíxla. Þetta ákvæði er tengt ríkisbréfum sem er *nýtt form af sparnaði sem ríkissjóður hefur boðið* upp á til að brúa bilið milli ríkisvíxla og spariskírteina.

Einnig er í frv. að finna ákvæði um leiðréttingar á málefnum þeirra sem töldu sig hafa orðið sérstaklega illa úti vegna breytinganna á kerfi húsnæðisbóta yfir í vaxtabætur.

Ég mælist svo til þess, virðulegi forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 268, frhn. 400, brtt. 401.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég óska eftir að fá félmrh. í þingsal. Ég vil fyrst vekja athygli á því að ég fékk í hendur í húsakynnum þingsins sérprent af lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem er útgefið í nóvember 1990. Þetta sérprent er ranglega útgefið. Það felur ekki í sér lögin eins og þau eru núna og það er með tilvísanir sem eru villandi og beinlínis rangar. Þetta mál var tekið upp í Sþ. Ég man ekki betur en að hæstv. forseti hafi þar mælst til þess að þetta sérprent yrði dregið til baka. Man ég þetta vitlaust, hæstv. forseti? Var ekki forsetaúrskurður um það að þetta sérprent yrði ekki lengur í opinberri dreifingu? Ég óska eftir að fá upplýsingar um það áður en ég held lengra ræðu minni. (**Forseti:** Ég var ekki viðstaddur þann fund þar sem um þetta var fjallað og þori ekki um það að segja. Hins vegar reyndi starfsfólk Alþingis að verða við beiðni hv. þm. um upplýsingar og aðstoð og lagði sig fram um það og notaði þá þetta gagn m.a. í þeim tilgangi einum.) Ég held að hæstv. forseti rugli saman tveimur málum. Ég er annars vegar að tala um það að forseti Sþ. var búinn að mæla fyrir um það að sú sérprentun sem ég fékk afhenta hér á skrifstofunni yrði tekin úr umferð. Og spurning mín lýtur að því hvort forsetar Alþingis hafi fylgt því eftir að hæstv. félmrh. sæi til þess að þessi sérprentun yrði tekin úr umferð. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort það hafi verið gert. Ég sá það tilsýndar í einhverju blaði í dag að hæstv. félmrh. hafi verið duglegur á ríkisstjórnarfundi. Ég skal ekki fara alveg með það hver voru hin einstöku atriði þess máls, en ég man til þess að hæstv. félmrh. hafi hótað að segja sig úr ríkisstjórn en því miður ekki látið af því verða. Nú spyr ég bæði forseta — forsetar hafa verið með skriflega úrskurði og bréflega úrskurði upp á síðkastið, ekki rétt? Nú bið ég hæstv. forseta um að verða mér úti um það bréf sem forsetar hafa skrifað í framhaldi af úrskurði forseta Sþ. í sambandi við það að þetta sérprent yrði tekið úr umferð. Má vera að ég muni vitlaust um úrskurðinn.

Síðan ætla ég að víkja aðeins að frhn. félmn. og víkja að einstökum efnisatriðum í því og lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur komið saman eftir afgreiðslu frv. við 2. umr. til þess að ræða tillögur um breytingar á frv. Á fund nefndarinnar kom Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri. Félmrn. hefur bent á að við setningu laga nr. 70/1990 hafi láðst að fella brott ákvæði í lögunum um Húsnæðisstofnun en þá fækkaði lánaflokkum Byggingarsjóðs ríkisins um tvo. Lán til almennra kaupleiguíbúða voru felld undir Byggingarsjóð verkamanna en lán til heilsuspillandi íbúða voru felld niður, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1990 sem afnam 5. og 10. tölul. 11. gr. laga nr. 86/1988. Hins vegar voru viðeigandi ákvæði um fyrrgreind atriði í sjálfum efnisköflum laganna ekki felld brott og því gerð tillaga um nýja grein við frv. sem ætlað er að bæta úr þessu. Er hér um lagahreinsun að ræða."

Hæstv. félmrh. er kominn í símann. Ég óska eftir því að þessari umræðu verði frestað. Ég tel að ef ráðherra getur ekki verið við þessa smástund sem ég spyr hann sé eins gott að fresta umræðunnni fram yfir jól. Við erum að tala um alvörumál.

Nú óska ég eftir því að fá upplýst hjá formanni félmn. hvort það var ráðuneytisstjóri félmrn. eða hvort það er skoðun nefndarinnar að hér sé um lagahreinsun að ræða í fyrri lið brtt. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram. Eins og þetta er lagt upp í félmn. er svo að sjá sem hæstv. félmrh. hafi sent ráðuneytisstjóra sinn á fund nefndarinnar til að skýra henni frá hvaða skoðun hún

hefði á gagnsemi þess kafla í lögum um Byggingarsjóð ríkisins sem fjallar um heilsuspillandi íbúðir.

Nú er ég algerlega á öndverðum meiði við félmn. varðandi þann sérstaka kafla sem fjallar um lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að hér í sérprenti laga um Húsnæðisstofnun ríkisins frá því í nóvember er kaflaheiti „Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði". Síðan er vísað í neðanmálsgrein og þar stendur: „Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði voru felld niður með 2. gr. laga nr. 70/1990." Kaflinn er inni í lögunum. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það stendur skýrum stöfum í lögum að heimilt sé að veita sveitarstjórnum og öðrum sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitum lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Það stendur skýrum stöfum í þessum lögum.

Á síðasta þingi og síðan núv. ráðherra fór í embætti félmrh. hef ég ekki mjög beitt mér fyrir breytingum á húsnæðislánakerfinu þar sem ég hef talið það þýðingarlaust. Ég vil á hinn bóginn leggja áherslu á að þau ákvæði sem hér er að finna hafa sum hver haft þýðingu eða gætu hafa haft þýðingu ef húsnæðisyfirvöld hefðu beitt þessu úrræði þar sem það á við. Ég ætla að lesa þetta upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

a. Lán skv. 1. tölul. 11. gr. til byggingar íbúða handa fólki sem býr í heilsuspillandi íbúðum. Lánskjör eru hin sömu og á öðrum lánum skv. þeim tölulið.

b. Viðbótarlán skv. 21. gr. þessara laga.

c. Lán til byggingar leiguíbúða skv. IV. kafla þessara laga um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 75. gr. varðandi lánskjör og aðra skilmála.

Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti og greinir í 1. mgr. 17. gr.

21. gr. Nú sækir sá sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. b-lið 20. gr. til þess að byggja eða kaupa íbúð handa fólki sem býr í heilsuspillandi húsnæði að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að 70% af hámarksláni skv. b-lið 13. gr. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 70% af byggingarkostnaði. Lán skv. þessari mgr. skal greiða í tvennu lagi ef um nýbyggingar er að ræða. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld, en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni skv. 1. tölul. 11. gr. en gegn 2. veðrétti að jafnaði ef keypt er notuð íbúð.

Lánstími skal vera allt að 26 árum. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

22. gr. Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja að mati byggingarfróðra manna sem Húsnæðisstofnun ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 70% af viðgerðarkostnaði en þó aldrei hærri upphæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats. Lánstími má vera allt að 26 árum, en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr."

Sérstaklega hef ég talið að 22. gr. væri þýðingarmikil í lögunum. Það er að vísu búið að umsnúa svo húsnæðislögunum að erfitt er að hafa jafnan í huga heildarmynd af því hvernig þau verka. Hér stendur að vísu neðanmáls, eins og hinum megin, að þessar tvær greinar eigi ekki lengur við. 22. gr. húsnæðislaganna hefur verið felld úr gildi einhliða af hæstv. félmrh. og starfsmönnum hennar. En þá langar mig til að spyrja bæði formann félmn. og hæstv. félmrh. í staðinn: Hvaða önnur ákvæði eða úrræði eru það sem þeir ætlast til, þessir ágætu hv. fulltrúar á Alþingi, að komi í stað 22. gr.?

Heilsuspillandi húsnæði getur verið á ýmsum stöðum. Það þarf ekki endilega að vera í Hafnarfirði. Það getur verið sums staðar annars staðar og það þarf ekki endilega að vera í Reykjavík eða öðrum stærstu bæjum landsins. Það þarf heldur ekki að vera í þéttbýli. Það getur verið úti á landi, það getur verið í sveit. Og það má líka vera að úrræðin séu ódýrari fyrir alla aðila, bæði ríkið og þann sem í íbúðarhúsnæðinu á að búa, þá sé hægt að fá ódýrari úrræði til þess að breyta íbúð sem er heilsuspillandi í góða íbúð með því að vinna að endurbótum og nauðsynlegu meiri háttar viðhaldi á íbúð. Þetta held ég að allir viti. Hitt er auðvitað auðvelt, að slá því föstu að alltaf séu einhverjir tilbúnir til að koma á hvern stað á landinu, hvar sem hann er, og byrja á því að byggja frá grunni einhverja rúmgóða íbúð sem er með frágenginni lóð, sem er með teppum út í öll horn og helst með tvö salerni og segja að þetta geti komið í staðinn fyrir hina heilsuspillandi íbúð. En hver borgar að lokum þann reikning? Og hvernig verður það? Það er nauðsynlegt að fá um þetta upplýsingar.

Ég lýsi því yfir að það er rangt sem stendur í nál. að hér sé um lagahreinsun að ræða. Hér erum við að tala um efnisatriði og það hlýtur að vera sérstakt athugunarefni í þinginu hvort réttara sé að fella inn í upptalningu á nýjan leik í 11. gr. heimild til að lána til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, hvort það sé réttara eða hvort hitt sé leiðin, að gera því fólki erfitt fyrir sem býr í slíkum húsum ef þessir hv. fulltrúar hér á Alþingi eru að tala um það að það eigi að vera úrræði fyrir fólkið í heilsuspillandi íbúðum að fá húsbréf sem eru með 12,33% afföllum síðast þegar

ég vissi. Það eru ýmsir sem spá því að raunvextir haldi áfram að hækka, ávöxtunarkröfur að aukast, þannig að þess vegna má búast við að afföll af húsbréfum verði enn meiri á næsta ári. Auðvitað er öldungis ljóst, hvað sem líður útúrsnúningi um það hver beri afföll þegar um skipti á íbúðum er að ræða eða kaup á íbúðum, að sá sem tekur húsbréf til að standa straum af endurbótum á sínu eigin húsi, sá sem tekur við húsbréfum til þess að reyna að dreifa vaxta- og greiðslubyrði sinni vegna skammtímalána verður að standa undir afföllunum á húsbréfunum. Þar erum við að tala um, ef ég man rétt, að vextir af húsbréfum eru nú 6,5%. Og eru það úrræði hæstv. heilbrrh. og félmrh. og er það úrræði formanns félmn. eða frsm. félmn. að reka þetta fólk á kaldan klaka í þessum efnum? Ég held að við þessu verði að fást alveg skýr og ákveðin svör.

Ég vil líka spyrja hæstv. forseta: Ef sú skoðun nefndarinnar er rétt, að þetta sé allt saman misskilningur af því að ákvæðið sem ég er að tala um sé í landslögum og það megi bara setja strik yfir þau ákvæði í lögunum, því í ósköpunum er þá verið að prenta ákvæðin hér í þessum pappírum með neðanmálsgreinum? Til hvers?

Auðvitað er það hneyksli, auðvitað gengur það ekki, auðvitað er það fráfararatriði fyrir ráðherra þegar hann leyfir sér að gefa út sérprentun af lögum og sérprentunin er með þeim hætti að hún er viljandi höfð öðruvísi en landslög eru samþykkt á þinginu. Þeir mega svo yfir kaffibolla, einstakir embættismenn ráðherrans, snakka um það hvað þeim finnst vera rétt að Alþingi samþykki og þeir geta þar verið að velta vöngum yfir því hvernig á því standi að Alþingi skuli ekki samþykkja lögin í samræmi við það sem höfundar lagafrv. hefðu viljað.

Í síðari lið brtt. er talað um að í stað orðanna „skv. 2. mgr. 102. gr." komi: skv. 101. gr. Í lagatextanum eins og hann er hér stendur 101. gr., í þessum lagatexta hér. Því spyr ég frsm. nefndarinnar: Ef frsm. telur það ekki ámælisvert hvernig félmrn. hefur gengið frá sinni sérprentun, af hvaða ástæðu telur frsm. nefndarinnar nauðsynlegt að vera að flytja brtt. ef augljóst er að um prentvillu er að ræða í frumvarpstexta frá Alþingi?

Í 2. mgr. 102. gr. segir: „Við endursölu íbúðar [þ.e. félagslegrar íbúðar] skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð skv. vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags. Frá því verði skal draga 1,5% fyrningu fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það fyrir hvert eignarhaldsár. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar."

Í 101. gr. stendur — án þess að ég hafi borið þetta saman tölulega: „Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu 1,5% fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert eignarhaldsár."

Þar er talað um framreiknað verð íbúðarinnar fyrir hvert eignarhaldsár en í 2. mgr. 102. gr. segir: „Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð skv. vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags." Þar segir einnig: „Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar."

Sú hugsun er einnig í 101. gr. Það er öðruvísi orðað þar, þar stendur: „Við kaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þeirra afborgana sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur skv. vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags."

Þar segir einnig að vanræksla á viðhaldi íbúðar frá og með gerð kjarasamnings skuli einnig koma til frádráttar frá greiðslu seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna.

Hvor reglan sem höfð er og hvernig sem á þetta mál er litið er auðvitað ljóst að þarna er vandræðagangurinn mikill, mjög mikill. Eitt atriði er það náttúrlega sem er algjört eitur í beinum þeirra sem meðhöndla lögin og það er að endursöluverð íbúðar sé eitthvað í tengslum við markaðsverðið. Það er bannað. Nú skulum við aðeins velta fyrir okkur um hvað við erum að tala hér. Við erum að tala um það að sumir eigi kost á því að fá íbúðir með 90% láni til 50 ára með 1% vöxtum. Aðrir fá húsbréf. Munurinn á vaxtakjörunum, þó maður taki nú ekki greiðslukjörin í heild sinni, hjá þeim sem fá húsbréfin og hjá hinum sem fá 1% vexti svarar til um 60 þús. kr. mánaðartekna. Menn þurfa að þéna 60 þús. kr. á mánuði a.m.k. til viðbótar ef þeir fá fyrirgreiðslu í frjálsa kerfinu með húsbréfunum heldur en ef þeir kaupa í félagslega kerfinu. Er ég þá að tala um 6 millj. kr. lán. Samkvæmt þessu hér á að gulltryggja endursöluverð þeirra íbúða sem eru með hinum góðu kjörum. Ef viðkomandi fær lán til 50 ára með 1% vöxtum á að gulltryggja endursöluna. Þá á að miða við upphaflegt kostnaðarverð íbúðar. En ef maðurinn hefur greitt háa vexti af láninu, ef hann hefur orðið að sætta sig við 12,33% afföllin, ef hann verður að greiða 7–7,5% raunvexti af sínum lánum, þá gerist það í fyrsta lagi að hann verður að hafa svo miklar tekjur að hann fær engan vaxtaafslátt — og hef ég ekki tekið það inn í þær tölur sem ég er að tala um. Í öðru lagi verður hann að hafa 700 þús. kr. til viðbótar í árstekjur, bara til þess að vinna upp þann vaxtamun sem er á þessum tveim lánsformum hins opinbera húsnæðislánakerfis. Þannig er það.

Ég óska eftir því að frsm., sem talar um að þarna sé einungis um mistök að ræða, skýri fyrir mér efnislega hvers vegna 102. gr. geti ekki átt við b-lið. Ég óska líka eftir því að hæstv. félmrh. skýri það fyrir mér hvernig félmrn. geti komist að þeirri niðurstöðu að 2. mgr. 102. gr. laganna geti ekki átt við. Mér virðist sú málsgr. vel geta átt við í sambandi við 100. gr. og get ekki undir neinum kringumstæðum séð að ráðherrann né embættismenn hans hafi haft neina heimild til þess að hafa vit fyrir Alþingi í þessu máli.

Ég veit svo ekki, hæstv. forseti, hvort ástæða sé til

að hafa þetta mikið lengra. Þetta er auðvitað gömul aðferð hér í þinginu ef koma á í gegn málum svo lítið beri á að rúlla þeim inn í þingið sem leiðréttingarmálum á næstsíðasta degi fyrir jólin. Í þessu sérstaka máli standa sakir þannig að ég hef ekki fengið í hendur hjá þinginu þau lög sem eiga við um Húsnæðisstofnun ríkisins eins og Alþingi gekk frá þeim, heldur einungis sérprentið frá því í nóvember 1990 sem forseti Sþ. hefur kveðið upp úr um að skuli tekið úr umferð. Því er deilt út hér á Alþingi. Eftir stendur hjá hæstv. félmrh. að gera grein fyrir því hvaðan ráðuneytinu komi sú viska að um prentvillu hafi verið að ræða hjá Alþingi þegar vitnað var í 2. mgr. 102. gr. og hvaðan félmrh. komi sú viska og ég vil segja, það vald, að kveða upp úr með það að ekki megi lána úr Byggingarsjóði ríkisins lán samkvæmt kaflanum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum.

Við frsm. fjh.- og viðskn. vil ég aðeins segja: Við vorum saman í húsnæðisnefnd sérstakri þegar sá kafli var tekin inn í lögin og við lögðum það til að inn í lögin væri tekin sérstök grein, sem nú er 22. gr., þar sem gert var ráð fyrir því að aðstoða þá sem sjálfir búa í heilsuspillandi íbúðum til þess að fá lán til hæfilega langs tíma til þess að bæta sín húsakynni og var talið að í því fælist sparnaður á þjóðfélagslega vísu, hollusta og réttlæti fyrir almenning í landinu. Að sínu leyti fellur að vísu kaflinn um lán til orkusparandi breytinga á húsnæði undir þessa grein en meira þarf til að koma eins og þeir vita sem eru kunnugir úti um sveitir landsins.

Ég vil mælast til þess að þær sérstöku brtt. sem er dengt hér inn á síðustu stundu undir því yfirskini að verið sé að leiðrétta stimpilgjald verði felldar nú við 3. umr. málsins og Alþingi taki upp efnislega athugun á þessum álitamálum sem hér er verið að tala um því það er öldungis ljóst að ef það hefði legið fyrir við 2. umr. málsins að hæstv. félmrh. væri hér að koma í veg fyrir það að Byggingarsjóður ríkisins gæti sinnt þeim sem búa í heilsuspillandi íbúðum hefði ég búið mig mun betur undir þá umræðu en mér er fært nú á síðasta degi þegar þannig stendur á að maður er sendur hér á milli fundarstaða, þarf helst að vera á fleiri en einum fundi í einu og getur ekki setið þá fundi til enda sem haldnir eru. Ég vil því mælast til þess að frsm. félmn. lýsi því yfir eða hafi fund með nefndinni þar sem nefndin leggur til að frv. verði breytt í sitt fyrra horf. Fyrir því er fordæmi í sögu þingsins að slíkt sé gert. Ég man eftir því að það var gert við 3. umr. frv. um grunnskóla á vorþinginu 1970, gert til sátta þegar ekki var tími til þess að fara efnislega ofan í brtt. sem kom fram á síðustu stundu og snerti ekki efni þess máls sem verið var að tala um. Hér er málinu þannig farið að það er verið að lauma inn atriðum sem er meginefni og tilgangi stjfrv., eins og það var lagt fram, fullkomlega óviðkomandi.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að mér þykir hafa verið flutt af síðasta ræðumanni langt mál um lítið efni. Þannig var að eftir að félmrn. hafði samband við mig hélt ég fund í hv. félmn. þar sem Sjálfstfl. á tvo ágæta fulltrúa. Þeim var gerð grein fyrir þessari litlu breytingu sem við vorum að gera, sem ég skal að vísu taka á mig að það fellur kannski ekki undir alveg íslenska túlkun á því að tala hér um lagahreinsun, réttara væri að segja að hér væri um leiðréttingu að ræða. Lagahreinsun hefur að vísu almennt þann skilning í huga flestra að þá sé verið, eins og við gerðum um daginn í öðrum lögum, að strika út lög sem eru orðin óbrúkleg eða þegar fallin úr gildi úr lagasafninu. Og það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að í þeirri sérprentun sem vitnað hefur verið til eru villur og þeir aðilar sem bera ábyrgð á henni hljóta að geta svarað fyrir það. Það er ekki á ábyrgð þingsins og eftir því sem ég best veit hefur Alþingi þegar gert athugasemdir við þessa sérprentun hvort sem þar hefur verið um mistök að ræða við þá gerð eða annað.

En ég vil vekja athygli á því að þau atriði sem við erum að breyta með þessu litla frv., það er verið að leiðrétta, það er ekki verið að taka efnislega á neinum hlutum. Þegar við samþykktum lög nr. 70/1990 voru í 2. gr. þeirra felldir niður 5. og 10. tölul. 11. gr. laganna. Um það segir í frv. — og þá var tekin efnisleg umræða um þessa hluti, og ég er út af fyrir sig reiðubúinn til þess við réttar aðstæður að taka upp efnislega umræðu um húsnæðismál í heild. Þessi breyting á ekkert skylt við efnislega umræðu um húsnæðislöggjöfina í landinu. Ég get staðfest það að árið 1986 sátum við hv. þm. saman í nefnd sem undirbjó þau ágætu lög, en Alþingi breytti þeim á sl. vori. Um 2. gr. frv. sem síðan varð að lögum nr. 70/1990 segir svo í athugasemdum við frv. sem við samþykktum hér í vor: „Lagt er til að lánaflokkur sá sem felur í sér lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði verði felldur niður, 5. tölul. 11. gr., enda leysa lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna í raun slík mál og því óþarft að viðhalda hér sérstökum lánaflokki.“ Það sem skeður síðan er að þetta efnislega atriði í lögunum um lán til heilsuspillandi húsnæðis er fomlega fellt úr gildi og sagt: Það er heimild í hinum almenna lánakafla hjá Byggingarsjóði verkamanna til að veita alla þá fyrirgreiðslu sem þarf í þeim tilgangi. Það sem skeði síðan er að það verða þau mistök eða yfirsjón að það láðist að fella niður 20. og 22. gr. laganna sem áttu að falla niður. Eins og hefur komið fram voru viðamiklar breytingar gerðar á lögunum, ef ég man rétt með um eða yfir 60 brtt., þannig að það var kannski ekki óeðlilegt að mönnum yrði lítillega á í messunni. Ekki er núna verið að taka efnislega ákvörðun um að fella niður lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Í sömu athugasemdum segir: „Jafnframt er lagt til að lánaflokkurinn Lán til almennra kaupleiguíbúða, þ.e. 10. tölul. 11. gr., teljist til félagslegra húsnæðislána þannig að til almennra kaupleiguíbúða verði framvegis lánað úr Byggingarsjóði verkamanna. Rök fyrir þessu eru þau að almennar kaupleiguíbúðir eru

byggðar á félagslegum forsendum, eignarhaldið er félagslegt og rekstur. Jafnframt eru miklar takmarkanir á endursölu almennra kaupleiguíbúða sem bera svipmót af þeim hömlum sem gilda um félagslegt húsnæði. Má þar nefna að framkvæmdaraðili hefur skv. gildandi lögum kaupskyldu fyrstu fimm árin og síðan forkaupsrétt. Með framangreint í huga þykja almennar kaupleiguíbúðir eiga meiri samleið með félagslegum íbúðum en með íbúðum í almenna húsnæðiskerfinu."

Þetta er hin efnislega afgreiðsla sem gerð var sl. vor hér í hv. Alþingi. Það skeður nákvæmlega það sama í þessu atriði, í öllum þessum brtt. sem voru, hverjum sem um er að kenna, hvort það voru mistök, yfirsjón eða tímaskortur sem olli því að það tókst ekki að fara nægilega vel yfir, það láðist að fella úr gildi 5. málsgr. 13. gr. og 7. málsgr. 30. gr. um almennar kaupleiguíbúðir. (**HBl:** Hvaða grein um félagslegar íbúðir leysir af hólmi 22. gr.?) Ég vil bara taka fram út af þessu frammíkalli að ég er ekki kominn að því að svara þeim athugasemdum sem komu um það. Þannig að ef ræðumaðurinn er að spyrja mig sem frsm. nefndarinnar um ákveðin atriði þarna þá vil ég líka að hann hlusti á það sem ég er að segja hérna. (**HBl:** Ég gerði það.) Ja, ekki mjög vel. Þannig að ég tel mig núna vera búinn að svara þeim athugasemdum hans sem varða fyrri brtt. a., b. og c. Ja, menn eru misjafnlega góðir að skilja en þetta er útskýringin. (**HBl:** Ég var að spyrja um 22. gr.) Ég er að koma af því. Þetta er líka komið inn í skilning allra hv. félagsmálanefndarmanna og þar var ekki nein deila um þennan skilning.

Ég kem þá að 2. brtt. sem fjallar um þetta sem hv. þm. er að kalla frammí um. Að á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo: „Í stað orðanna „skv. 2. mgr. 102. gr." í 100. gr. komi: skv. 101. gr." Það er einn grundvallarmunur á 101. gr. og 102. gr. sem menn verða að hafa í huga þegar þeir lesa texta hvorrar greinar fyrir sig. 101. gr. fjallar um það þegar eigandi félagslegrar íbúðar ákveður að selja hana, á hvern hátt honum skuli þá reiknuð til eignar hlutdeild hans í þeirri íbúð. 102. gr. fjallar um það þegar á að endurselja þá íbúð. Þá er náttúrlega upphaflega kostnaðarverðið eða kaupverðið skv. 101. gr. notað, ásamt þeim kostnaði sem fer til endurbóta á íbúðinni og annarra þess háttar hluta. Þetta er aðalatriðið í þessu máli. Tilvísunin í 100. gr., sem fjallar um nauðungaruppboð, getur í raun á engan hátt verið með tilvísun í 102. gr., það er bara gjörsamlega útilokað. Hún hlýtur að fjalla um 101. gr. þegar eigandi ætlar annaðhvort að selja íbúðina eða missir hana. Ég held að þetta hljóti að vera mjög skýrt og ég held að ég þurfi ekkert að hafa mikið fleiri orð um það.

Að það sé verið með þessu litla frv., sem er til leiðréttingar á því sem kannski við hv. þm. og félagsmálanefndarmenn höfum hlaupið á okkur að einhverju leyti í tímaskorti eða á annan hátt sl. vor, að það sé verið að rúlla í gegnum þingið einhverjum málefnalegum grundvallarbreytingum á húsnæðislöggjöfinni, það er alrangt. Ég get upplýst það hér að í samráði við menn í félmn. Nd. er þetta frv. m.a. flutt. Þeim var gerð grein fyrir hvað væri á ferðinni frá félmrn., ábendingar þaðan og það var talið fljótvirkara að taka það hér inn við 3. umr. og síðan færi það niður í Nd. heldur en að taka það upp í Nd. og svo kæmi frv. hingað aftur. En ég hygg að okkur hafi orðið á mistök. Það reynist ekki verða fljótvirkara þegar menn vilja ekki lesa þau gögn sem liggja fyrir um grundvallaratriðin í þessu máli og í öðru lagi taka ekkert mark á því sem fagnefndir hv. deildar hafa skoðað og eru einhuga um. Eru einhuga um, ég vil vekja sérstaka athygli á því.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hef talað tvisvar um málið sjálft og fæ heimild til að gera stutta athugasemd á eftir. Ég óska eftir að hæstv. félmrh. taki til máls. Ég vil sérstaklega beina því til hæstv. félmrh. að svara fyrirspurn minni sem frsm. nefndarinnar vék ekki einu einasta orði að, hvar þær heimildir eru í félagslega kerfinu sem eru í 22. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. beindi nokkrum fyrispurnum við þessa umræðu til mín og hv. 8. þm. Reykn. Hv. 8. þm. Reykn. hefur nú svarað flestum þeim fyrirspurnum sem hér hafa komið fram og flutt skýringu á því hvers vegna félmrn. beindi þeirri ósk til nefndarinnar að flytja þær leiðréttingar sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni samhliða því frv. sem þá var til umfjöllunar í nefndinni. Reyndar kom sú ósk fram í Sþ., að mig minnir, þegar einn hv. þm. vakti athygli á því sem fram kom í sérprentun sem gefin hafði verið út að leiðrétta þyrfti. Þá greindi ég einmitt frá því að í undirbúningi væri að óska eftir því við félmn. deildarinnar að flytja slíkar brtt. Það lá auðvitað ljóst fyrir að hér var um ranga tilvísun að ræða sem ekki var veitt athygli í meðförum þingsins á málinu í þeirri sérprentun sem gefin var út til hagræðis fyrir þá sem þurfa á lögunum að halda. Var útgáfan gerð til hagræðis með hliðsjón af lagabreytingum sem gerðar hafa verið frá 1988. Þar var sérstaklega vakin athygli á þessu og einmitt til þess að benda á að leiðrétta þyrfti þessa greinatilvísun í 100. gr. laganna. Það kom fram um þessa grein við umfjöllun um frv. á þingi að ekki væri verið að breyta neinu varðandi það sem gilti áður en þau voru sett, en þar kom fram að þetta ákvæði væri samhljóða núgildandi lagaákvæði um þetta efni. Það var ekki verið að breyta neinu frá því sem var. Og auðvitað er ljóst að sérprentun hefur ekkert lagagildi og kom fram neðanmáls að það var einmitt verið að vekja athygli á því að ranglega væri vísað í þessa grein. Þess vegna hefur félmrn. borið fram þá ósk við nefndina að þetta yrði leiðrétt. Nú veit ég ekki betur en að hv. þm. óski eftir því að þessar greinar verði ekki af-

greiddar og það hafi verið ósk a.m.k. sumra þingmanna Sjálfstfl. þegar þetta mál kom til umfjöllunar í Sþ. fyrir nokkru.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða efnislega um það sem fram hefur komið um mismuninn á þessari 100. og 101. gr. Það kom skýrt fram í máli frsm. félmn.

Að því er varðar heilsuspillandi húsnæði fór fram efnisleg umræða um það þegar frv. var til umfjöllunar á síðasta þingi. Þá gerði frv. ráð fyrir því að sá lánaflokkur sem fjallar um heilsuspillandi húsnæði, sem þá var í Byggingarsjóði ríkisins, yrði lagður niður. Þar var líka vakin athygli á því að umsóknir um slík lán hefðu verið afar fáar og Byggingarsjóður verkamanna þjónaði því fyllilega að því er varðar útrýmingu á heilsuspillandi húsnæði. Einmitt af því að í þeim breytingum sem voru gerðar sl. vor þá væri verið að rýmka verulega ákvæði varðandi félagslegu íbúðirnar sem auðvelduðu þá sveitarfélögunum að kaupa leiguíbúðir í stað heilsuspillandi húsnæðis. Það voru ýmis ákvæði í því frv. sem að lögum varð sem rýmkuðu mjög og auðvelduðu sveitarstjórnum að koma upp leiguíbúðum í stað heilsuspillandi húsnæðis. Þess vegna var ekki talin ástæða til þess að hafa þennan lánaflokk frekar hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Bæði kjarninn í því sem frsm. félmn., sem ekki er hér inni, og hæstv. félmrh. sögðu áðan var að þegar lagt var fram frv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á sl. vori hafi höndunum verið kastað til þess. Það hafi verið illa undirbúið, illa unnið, ekki borinn saman texti og þar fram eftir götunum. Sú nefnd sem fjallaði um málið hér í þinginu hafi heldur ekki lagt sig fram um að kynna sér rækilega efni þess frv. sem hér lá fyrir o.s.frv. (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Það er kjarni þess sem þeir sögðu, ráðherra og frsm. nefndarinnar. Það hafa verið mjög skiptar skoðanir um það frá gömlum tíma hvernig eigi að endurmeta verkamannabústaði. Það hvílir á þeim kaupskylda og þessi kaupskylda hvílir jafnt á Byggingarsjóði verkamanna sem sveitarfélögum. Það er mikið álitamál þegar um slíka kaupskyldu er að ræða hvernig rétt sé að meta viðkomandi íbúð til eignar. Hvað er sanngjarnt að sá fái mikið fyrir verkamannabústað sem þar hefur búið og hefur eignast hann og ég vil segja með misgóðum kjörum, því þó svo að kjörin á verkamannabústöðum séu mjög góð nú þá voru þau auðvitað enn þá betri áður. Alltaf var vakandi sú spurning hversu mikið tillit ætti að taka til markaðarins. Um það voru menn að velta vöngum. Það var líka mikil spurning um það hversu flókinn sá útreikningur ætti að vera sem lagður væri til grundvallar við mat á endursöluverði verkamannabústaða. Það var verið að velta því fyrir sér hvort það ætti að taka tillit til markaðarins. Um þetta voru skiptar skoðanir og auðvitað hægt að leggja margt til grundvallar í þvílíkum samanburði.

Í þeirri sérstöku nefnd sem við áttum sæti í, ég og frsm. félmn. Jóhann Einvarðsson, var reynt að fara mjög rækilega einmitt ofan í þessi mál. Hvort hægt væri að finna einhverja betri aðferð til þess að endurmeta verðmæti þess sem þá hét einfaldlega verkamannabústaðir. Ég veit að hann rekur minni til þess, formann nefndarinnar. Nú skal ég ekki gera honum upp orð á þeim tíma en ég vil aðeins minna hann á að ég lagði það þá til grundvallar mínum skoðunum að það ætti að taka meira tillit til markaðsverðs en gert hefði verið. Einnig taldi ég nauðsynlegt að reglur um mat á íbúðum, endursöluíbúðum eða hvað það heitir, verkamannabústöðum, bara best að kalla það það, yrði reynt að hafa sem einfaldast en þó sem réttlátast. Það voru tveir tæknimenntaðir menn sem voru okkur til leiðbeiningar, báðir gagnkunnugir þessu kerfi, annar verkfræðingur og hinn tæknifræðingur. Mér var aldrei almennilega ljóst hvort þeir skildu hvorn annan, svo flókin voru þau atriði sem þeir vildu leggja til grundvallar við mat sitt á því hvernig ætti að komast að niðurstöðum um verð íbúðanna.

Það sem við erum hér að tala um í 100. gr. er algert undanþáguákvæði í íslenskum lögum. Við erum að tala um það að, svo ég lesi nú þessa grein upp ef einhver þingmaður skyldi hlusta á það sem ég er að segja og hann geti fylgst með þá er sú grein svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Nú er íbúð sem byggð hefur verið skv. þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 99. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði skv. 2. mgr. 102. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali skv. þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.“ Úrlausnarefnið sem við erum að horfa á er þetta: Á eigandi verkamannabústaðar rétt á því að fá a.m.k. markaðsverð? Og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði skv. 2. mgr. 102. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali skv. þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

Nú eru það auðvitað hagsmunir þess sem býr í verkamannabústað að hann missir hann auðvitað ekki vegna þeirra skulda sem hvíla á verkamannabústaðnum. Ég hygg að það séu fá dæmi þess að menn hafi ekki getað staðið við þær skuldbindingar sem þar eru, heldur erum við hér að ræða um skuldbindingar sem hvíla á viðkomandi manni annars staðar í þjóðfélaginu. Og þá er álitamálið hvort viðkomandi íbúðareigandi eigi rétt á að fá markaðsverð fyrir íbúðina ef markaðsverðið er hærra en hið fixaða verð, ef ég má tala góða íslensku, en útreikningar sýna. Það mundi auðvitað létta skuldabyrði hans annars staðar.

Með 100. gr. tekur Alþingi ákvörðun um að færa

markaðsverðið niður, færa verð íbúðarinnar niður ef hið útreiknaða verð sýnist lægra og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð sveitarstjórninni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á sama verði skv. 2. mgr. 102. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Greinin lýtur með öðrum orðum að því að veita sveitarfélögunum ekki aðeins forkaupsrétt á uppboði heldur veit greinin að því að sveitarfélögin séu skyldug til þess að kaupa eignina. Þá skulum við athuga hvað vakir fyrir þeim sem samdi þessa lagagrein. Við skulum reyna að íhuga það.

Það er auðvitað áhættulaust að bjóða hvað sem er í íbúð í verkamannabústað eða félagslega íbúð sem seld er á nauðungaruppboði. Til þess að tryggja hagsmuni þess sem hefur búið í íbúðinni, skv. þessari grein, er þess vegna óhætt að bjóða 10 millj. kr. í íbúðina þó svo að íbúðin sé ekki nema 5 millj. kr. virði vegna þess að sveitarfélagið mun leysa íbúðina til sín skv. þeirri reglu sem segir í lögunum. Þá er það efnislegt álitamál, sem verður að taka tillit til, hvort eðlilegra sé að taka til viðmiðunar hina einföldu reglu 102. gr. eða hvort fara eigi í flóknari reglur skv. 101. gr. Ég skal ekki um það segja. Ég hef satt að segja enga skoðun á því. Ég hef ekki séð neina útreikninga á því hvernig hvor regla um sig kemur út. En það er greinilegt að þarna er ekki um sömu útreikningsreglu að ræða. Það er kjarni málsins. Þess vegna er hægt að miða við hvort sem er.

Mér þætti mjög fróðlegt, herra forseti, þó svo þetta frv. verði keyrt í gegn í dag að fá útreikning frá félmrn. um það hvernig þessar reglur báðar koma út í sambandi við einhverja íbúð sem seld hefur verið á nauðungaruppboði. Það er um þetta.

Þá skulum við aðeins víkja að lánum til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Ég man ekki hvenær 22. gr. kom inn, en ég hygg að ég muni það rétt að hún hafi komið inn samkvæmt tillögu okkar hv. 8. þm. Reykn. Ég vil enn endurtaka það sem við lögðum til grundvallar. Það er a.m.k. alveg ljóst að í okkar áliti á sínum tíma var lögð sérstök áhersla á efnisatriði þessarar greinar og nauðsyn þess að þau yrðu felld inn í húsnæðislöggjöfina.

Úrræði félagslega íbúðakerfisins sem grundvallast á því að sveitarfélög byggi leiguíbúðir til þess að leysa af hólmi heilsuspillandi íbúðir getur ekki átt við í strjálbýli. Ég hygg að það sé alveg ljóst hverjum þeim manni sem kunnugur er úti um landið og ég hygg að viðkomandi — nú er að vísu mjög vel byggt upp í Mjóafirði, ég tala nú ekki um á Brekku, en einfalt væri að bjóða hæstv. félmrh. þangað og spyrja hann hvort honum þyki líklegt að félagsleg úrræði séu þar möguleg, að sveitarfélagið komi inn með byggingu leiguíbúða. Sú leið er því ekki fær og heldur ekki æskileg. Það sem við lögðum áherslu á, ég og hv. 8. þm. Reykn. og allir þeir aðrir sem voru með okkur í húsnæðisnefndinni á sínum tíma er hv. þm. Alexander Stefánsson fór með málefni Húsnæðisstofnunar ríkisins, var að í húsnæðislöggjöfinni væri sérstakt úrræði um hvernig hjálpa mætti þeim fjölskyldum sem byggju í heilsuspillandi húsnæði til að laga húsnæðið, gera það betur íbúðarhæft, gott húsnæði til þess að spara kostnað, bæði fyrir sig og þjóðfélagið í heild. Það var út á það sem 22. gr. gekk. Það er mjög athyglisvert að hvorki hæstv. félmrh. né frsm. nefndarinnar skyldu víkja einu einasta orði að þessum þætti málsins, sem er þó kjarni málsins í mínum málflutningi. Ef einhver býr í heilsuspillandi húsnæði og á annars vegar kost á því að fá lán með 1% vöxtum til 50 ára, en hins vegar lán með 8, 3,5 eða 4,5% vöxtum tekur hann auðvitað lánið með 1% vöxtum þar sem það er mögulegt. Hvernig hugsar hæstv. ráðherra sér framkvæmdina í hinum fámennari sveitarfélögum? Er hugmyndin þar að félagslega kerfið grípi inn í? Hver á þá að vera framkvæmdaraðilinn? Að þessu lúta mínar spurningar.

Nú er ég að vísu máladeildarstúdent og þess vegna ekki góður í líkindareikningi. En við skulum hugsa okkur að þeir sem gengu frá lagafrv. flettu lögunum frá 1988 um Hússnæðisstofnun ríkisins. Þeir sjá á bls. 3 tölul. 5, einn af tíu töluliðum, ein setning: „Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði". Síðan fletta þeir við og sjá á bls. 7 millifyrirsögn feitletraða: „Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði". Og nú er verið að segja mér að þeir sem sömdu frv. hafi af skarpskyggni sinni tekið eftir tölul. 5 sem sker sig ekki úr öðrum tíu en algerlega farið fram hjá heilum kafla í lögunum á þeim tíma sem heitir „Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði", algerlega yfirsést heill kafli. Líkindareikningurinn segir: Auðvitað tekur maður fremur eftir hinu smáa en hinu stóra. Sér frekar þúfuna en fjallið, pollinn en sjóinn.

Ég vil svo ítreka það sem ég hef áður sagt. Við getum fært margvísleg rök fyrir því hvernig eigi að endurmeta íbúðir í verkamannabústöðum, félagslega kerfinu. Það gefur félmrn. ekki heimild til þess að breyta lagaviðmiðun. Við erum þar að fjalla um opinbera fjármuni og einkafjármuni, hagsmuni fólks, og það er alveg ljóst að starfsmenn félmrn. hafa ekkert með það að gera.

Ég vil í annan stað benda á að það er ekki á valdi starfsmanna félmrn. að fullyrða hvort heill kafli standi inni í lögum fyrir athugunarleysi eða lítið setningarbrot, sem vantar meira að segja í umsögn, falli brott vegna athugunarleysis, að kaflinn falli ekki brott vegna athugunarleysis eða hvort þessi litla setning falli brott vegna athugunarleysis. Það er ekki á valdi starfsmanna félmrn. að fullyrða neitt um það. Það er algerlega ljóst í mínum huga að 22. gr. var þörf. Það er algerlega ljóst í mínum huga að það má vel vera að fólki sé ekki kunnugt um það úrræði sem felst í 22. gr. (**Forseti:** Þar sem nú hefur verið boðaður fundur í sameinuðu Alþingi þarf ég að biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég var hér að tala í dag þá beindi ég orðum mínum til hæstv. félmrh. Hann er auðvitað fjarverandi. Frsm. félmn. sem ég var að tala við er einnig fjarverandi. Það var tilkynnt í forseta-

stóli í sameinuðu þingi að fundir í deildum byrjuðu kl. hálfellefu. Það getur satt að segja ekki verið meiri óstjórn eða ringulreið á þessu þingi en er. Það er ekki reynt að sjá um að sá ráðherra og sá þingmaður sem eru til andsvara í málinu séu við. Það er sagt ósatt um það hvenær fundir hefjist og virðist ekki skipta neinu máli og annað eftir því. Ég sé ekki ástæðu til að halda þessu áfram eða biðja um að þetta fólk verði sótt. Ég var með ákveðna beiðni um að viss atriði í sambandi við brtt. yrðu dregin aftur til 3. umr. Ég sé að frsm. nefndarinnar hefur ekki vilja til þess einu sinni að svara og ég nenni ekki að vera að biðja alltaf um að þessir menn séu við hér í deildinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 401,1.a samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 401,1.b samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, EKJ, GHG, GJH, HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, SalÞ, StG, VS, DS, GuðmÁ, JHelg.

nei: HBl.

6 þm. (EgJ, GuðnÁ, KP, SkA, SvG, ÞK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ef þessi brtt. verður samþykkt eiga bændur og aðrir sem búa í sveitahreppum ekki kost á að fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins til viðhalds og endurbóta á heilsuspillandi húsnæði. Slíkar heimildir er ekki að finna í lagaákvæðum um Byggingarsjóð verkamanna. Með því að segja já við þessari till. er þess vegna verið að þrengja hag þess fólks í sveitum landsins sem býr í heilsuspillandi húsnæði og svipta þetta fólk möguleikum til þess að laga til hjá sér öðruvísi en í gegnum húsbréfakerfið sem þýðir um 12,33% afföll sem lenda að fullu á viðkomandi auk þess sem það þýðir um 7–7,5% raunvexti af lánum. Hér er auðvitað um grófa mismunun að ræða, einkum þegar höfð er hliðsjón af því að það fólk sem býr í heilsuspillandi húsnæði hefur að öllu jöfnu lítil efni.

Ég get að sjálfsögðu ekki tekið þátt í slíku og segi nei.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Alþingi tók efnislega ákvörðun um að leggja niður sérstakan lánaflokk í Byggingarsjóði ríkisins um heilsuspillandi íbúðir á sl. vori. Það láðist einhverra hluta vegna að fella skýringarákvæði niður í síðari gr. laganna, þ.e. 20. og 22. gr. Það er ekki verið að ræða hér um efnislega afstöðu til þessa máls. Það er heimild í lögunum um Byggingarsjóð verkamanna að taka þátt í að styrkja fólk sem á í vandræðum með heilsuspillandi íbúðir í þeim kafla laganna (**HBl:** Sem fjallar um hvað?) um verkamannabústaði. (**HBl:** Þetta er ósatt.) Ég held að við ættum að fresta allri efnislegri umræðu um þetta. Hér er verið að leiðrétta það sem láðist að gera sl. vor, ekki verið að taka efnislega ákvörðun sem var tekin sl. vor. Ég segi já.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í mínum huga er það rangt að Alþingi hafi á sl. vori tekið ákvörðun um að fella niður heimildir til þess að Byggingarsjóður ríkisins lánaði til heilsuspillandi íbúða. Fyrir misgáning var 5. tölul. felldur þar sem talað var um lánaflokka Byggingarsjóðs ríkisins. En kaflinn sem fjallaði um heilsuspillandi íbúðir var í heild inni sem sannar auðvitað að hugmyndin var sú að halda þeim kafla inni. Hitt eru svo ástæður sem mér eru ekki kunnar hvers vegna hæstv. félmrh. snýst svo öndverður gegn því að þessum lánveitingum sé haldið áfram.

Brtt. 401,1.c samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 401,2 samþ. með 15:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:1 og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

32. fundur, fimmtudaginn 20. des., að loknum 31. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, ein umr.

Stjfrv., 185. mál (samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík). — Þskj. 416.

Of skammt var liðið frá frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur komið saman og er sammála um að leggja til að hv. Ed. samþykki þá breytingu sem hv. Nd. hefur gert á þessu frv. og afgreiða frv. eins og það kemur frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 448).

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (ellilífeyrir sjómanna). — Þskj. 324, n. 437.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Af-

brigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. heilbr.- og trn. hefur komið saman og tekið fyrir frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971. Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Nd. þingsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 398.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Meginefni þessa frv. er að styrkja þann þátt virðisaukaskattslaganna sem miðar að því að tryggja innheimtu og traustara eftirlit. Komið hefur í ljós við athuganir að mjög skortir á að fyrirtæki og rekstraraðilar séu með sjóðvélar eða önnur reikningsskilakerfi. Könnun sem skattrannsóknarstjóri framkvæmdi í sumar leiddi í ljós að tíunda hvert fyrirtæki var án sjóðvéla. Hafi fyrirtæki ekki slíkan búnað er nánast ógjörlegt fyrir þau að geta metið rétt hvaða skatti þau eiga að skila í ríkissjóð. Skort hefur heimildir til þess að tryggja framkvæmd reglugerðar sem skyldar fyrirtæki til þess að vera með sjóðvélar eða svipuð reikningsskil. Er í þessu frv. lagt til að fjmrn. og önnur yfirvöld fái sambærilegar heimildir í þessum efnum og ef fyrirtæki standa ekki skil á skatti.

Það hefur komið fram hjá aðilum viðskiptalífsins að þeim er það mikið kappsmál að öll fyrirtæki sitji við sama borð og þess vegna sé það eðlilegt að fyrirtæki hafi þann búnað sem tilskilinn er. Þá sé tryggt að samkeppnisstaða fyrirtækja sé ekki skert með því að sumir komi sér undan skilum með því að hafa ekki tiltekinn búnað.

Þetta frv. var afgreitt samhljóða í hv. Nd. og ég mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

33. fundur, fimmtudaginn 20. des., að loknum 32. fundi.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (ellilífeyrir sjómanna). — Þskj. 324.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 465).

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, 2. umr.

Stjfrv., 130. mál. — Þskj. 134, n. 445.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 445 um frv. til laga um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu. Nál. er frá fjh.- og viðskn. og er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt."

Undir þetta rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason. Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 235. mál (frádrættir, tekju- og eignarmörk o.fl.). — Þskj. 337, n. 446.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndarálit á þskj. 446 frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Nál. er á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt."

Undir þetta rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason. Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Hér er um að ræða frv. um ívilnun til þegnanna. Frv. felur í sér að persónufrádráttur hækkar frá því sem nú er. Einnig er talað um að barnabætur og barnabótaauki hækki hlutfallslega og fleiri atriði er varða skatt einstaklinga.

Þetta mál fékk afgreiðslu í Nd. og skrifuðu allir nefndarmenn þar undir. Leggur fjh.- og viðskn. til að þetta frv. fái sömu afgreiðslu í þessari deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.–9. gr., ásamt ákv. til brb., samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

34. fundur, fimmtudaginn 20. des., að loknum 33. fundi.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, 3. umr.

Stjfrv., 130. mál. — Þskj. 134.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 470).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 235. mál (frádrættir, tekju- og eignarmörk o.fl.). — Þskj. 337.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 471).

Iðnlánasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 362.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, eins og það kemur frá hv. Nd. Þetta frv. er flutt sem fylgifrv. með frv. til laga um Útflutningsráð Íslands sem er hér síðar á dagskrá. Í því frv. er gert ráð fyrir að framlag iðnaðarins til Útflutningsráðs verði ákveðið sem hundraðhluti af aðstöðugjaldsstofni iðnfyrirtækja en ekki eins og nú er sem $^2/_7$ hlutar af álagningu iðnlánasjóðsgjalds. Þess vegna er í þessu frv., sem ég mæli nú fyrir, gert ráð fyrir að brott falli úr lögunum um Iðnlánasjóð það ákvæði þeirra að $^2/_7$ hlutar af álagningu renni til Útflutningsráðsins og því lækki álagningarstuðull gjaldsins í samræmi við þetta um $^2/_7$ af $^1/_4$ úr prósenti, þ.e. í 0,18%.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og verði þar skoðað með hliðsjón af því sem hv. deild kann að samþykkja varðandi frv. um Útflutningsráð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 451.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Útflutningsráð Íslands sem ætlað er að koma í stað gildandi laga, nr. 38/1986, um þetta efni með þeim breytingum sem á hafa orðið. Þetta frv. kemur eins og frv. um Iðnlánasjóð, sem fyrr var fyrir mælt, frá hv. Nd.

Í gildandi lögum um Útflutningsráð eru ákvæði þess efnis að framlag sjávarútvegsins til ráðsins séu í formi tekna af útflutningsgjaldi en framlag iðnaðar sé í formi tekna af iðnlánasjóðsgjaldi.

Svo vildi til að um líkt leyti og Útflutningsráð tók til starfa var tekjustofninn, útflutningsgjaldið af sjávarafurðum, lagt niður. Af þessum sökum var það ákveðið að framlag sjávarútvegsins til Útflutningsráðs á árunum 1987–1989 yrði hluti af endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Um áramótin 1989–1990 var svo söluskattur lagður niður en virðisaukaskattur tekinn upp í hans stað. Þessi tekjustofn féll því niður og er enn óljóst hvernig sjávarútvegurinn greiðir framlag sitt til Útflutningsráðs á árinu 1990.

Svo stendur einnig á að aðrir tekjustofnar ráðsins falla niður um áramót og ber því brýna nauðsyn til að ákveðinn verði nýr tekjustofn til að tryggja framlag atvinnuveganna til Útflutningsráðs og þess vegna er þetta frv. flutt. Það byggir í meginatriðum á tillögum nefndar sem utanrrh. skipaði sl. vor. Það ber að harma að álit nefndarinnar barst seint, þess vegna er þetta frv. svo seint fram komið. Ég mun gera hér nokkra grein fyrir helstu breytingum frá gildandi lögum. Ég tel þó ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um hverja grein í frv. heldur einungis þær þar sem verulegar efnislegar breytingar eru gerðar en eins og þingmenn geta séð þá er frv. heildarendurskoðun laganna um Útflutningsráð.

Ég vík þá að 3. gr. sem fjallar um fjármögnun ráðsins. Við breytinguna falla niður tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi, eins og deildinni var áður skýrt frá, og af útflutningsgjaldi, en eins og ég nefndi hefur Útflutningsráð reyndar aldrei fengið tekjur af síðarnefnda gjaldinu og má til sanns vegar færa að ráðið hafi verið heldur seinheppið með tekjustofna. En í þessari grein er nú gert ráð fyrir að öll fyrirtæki sem starfa í útflutningsgreinum greiði ákveðinn hundraðshluta af aðstöðugjaldsstofni sínum til ráðsins. Er það kannski til marks um seinheppni ráðsins að nú er mjög rætt um það að leggja þann gjaldstofn niður. Þó skal eigi undan því víkjast að flytja þetta frv. og ég mun gera nokkra grein fyrir því hvernig háttað verður þessari gjaldtöku sem nauðsynleg er til þess að tryggja framhald þessarar starfsemi.

Eins og frv. kemur frá hv. Nd. er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að 0,05% renni til ráðsins af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi. Í öðru lagi að 0,03% renni frá fiskveiðum af aðstöðugjaldsstofni þeirra. Og í þriðja lagi 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó og flugrekstrar, þó ekki fragtflutninga eða innanlandsflugs, og svo þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kynnu að kjósa sjálfir að gerast aðilar að ráðinu.

Ég tel að með þessu sé fullnægjandi grein gerð fyrir meginefni frv., að öðru leyti skýrir það sig sjálft, og tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um það og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (lækkun gjalds og niðurfelling). — Þskj. 466.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um jöfnunargjald. Með þessu frv. er lagt til að breyta jöfnunargjaldinu á þann veg að það verði 4% frá og með 1. jan. n.k. og breytist síðan í 3% 1. sept. og verði þannig fram að áramótum.

Þetta frv. er í sjálfu sér mjög einfalt. Það felur í sér að verið er að leggja niður það gjald sem það fjallar um og það er gert í áföngum, enda má segja að tími þess sé að ýmsu leyti liðinn þótt að mörgu leyti sé eðlilegt að Íslendingar taki upp margvísleg önnur jöfnunargjöld til þess að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra atvinnugreina samanborið við margvíslega styrkjastarfsemi erlendis frá. Tími jöfnunargjalda er þess vegna ekki liðinn þótt tími þessa jöfnunargjalds kunni að vera liðinn.

Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

32. fundur, fimmtudaginn 20. des., kl. 10.30 árdegis.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 185. mál (samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík). — Þskj. 320, n. 390, brtt. 396.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nál. frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Nefndin fjallaði um frv. og fékk á sinn fund Finn Ingólfsson, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarfull-

trúa, Davíð Á. Gunnarsson, forstjóra ríkisspítala, og Árna Björnsson yfirlækni.

Í meðförum efri deildar var gerð breyting á skipan samstarfsráðs sjúkrahúsanna, sbr. nál. á þskj. 306 frá Ed. Nefndin telur nauðsynlegt að breyta enn frekar skipan ráðsins til þess að tryggt sé að þetta frv. nái markmiði sínu ef það verður að lögum. Nefndin leggur til á þskj. 396 að fjölgað verði um tvo fulltrúa í ráðinu þannig að þeir verði sjö í stað fimm. Þrír fulltrúanna verði skipaðir skv. tilnefningu stóru sjúkrahúsanna þriggja eins og frv. gerir ráð fyrir. Fjölgunin felst í því að heilbr.- og trmrh. skipi fjóra menn í ráðið í stað tveggja. Lagt er til að tveir verði skipaðir án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórnarnefnd ríkisspítala, og annar af borgarstjórn Reykjavíkur. Einnig er lagt til að allur vafi verði tekinn af um skipunartíma fulltrúa ráðherra í samstarfsráðinu. Aðrar breytingar eru ekki efnislegar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir H. Haarde, Geir Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 396 (ný 1. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1990, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (lánsheimild ríkissjóðs innan lands o.fl.). — Þskj. 274.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir lánsfjárlagafrv. fyrir árið 1990. Efni þessa frv. er tvíþætt, annars vegar að leita heimildar til þess að staðfesta þá innlendu lántöku ríkissjóðs sem fram hefur farið á þessu ári og hins vegar að afla heimilda annars vegar til viðbótarlántöku fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna og hins vegar lántöku sem tengist Alþjóðaflugmálastofnuninni og er hluti af þeirri alþjóðlegu samvinnu sem Íslendingar eiga um það efni.

Þetta mál er tiltölulega einfalt í sniðum og skýrir sig að mestu leyti sjálft. Það fékk greiða leið í gegnum hv. Ed. og ég vænti þess að svo verði einnig hér í þessari deild og mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1991, 1. umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 411 (sbr. 404).

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991. Þetta frv. er með hefðbundnu sniði. Þar er í fyrsta lagi að finna lántökuheimildir fyrir ríkissjóð og önnur atriði sem tengjast afgreiðslu fjárlaga og hefur frv. fengið í Ed. þann búning sem tekur mið af þeirri afgreiðslu fjárlaga sem fram undan er hér á næstu sólarhringum. Í öðru lagi er að finna í frv. ýmsar aðrar lántökuheimildir sem samkvæmt venju þurfa að fara hér í gegnum lánsfjárlög á Alþingi. Og í þriðja lagi er að finna í frv. ýmis ákvæði sem eru í hefðbundnu formi og tengjast tekjustofnaafgreiðslu fjárlaga á fjölmörgum sviðum.

Ég vil þó geta þess að þau svokölluðu „þrátt fyrir-ákvæði" sem snerta Framkvæmdasjóð aldraðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra munu taka breytingum í samræmi við afgreiðslu Alþingis á frumvörpum um þessa sjóði þar sem hlutverki þeirra verður breytt og þeir munu þá fá að fullu þá tekjustofna sem þeim eru ætlaðir.

Í sjálfu sér er hægt að hafa bæði langt mál og stutt um þetta frv. Ég kýs hins vegar að hafa hina stuttu útgáfu í þetta sinn. Málið hefur verið afgreitt í Ed. og í samræmi við góða stjórnarhætti tel ég æskilegt og reyndar nauðsynlegt að frv. verði afgreitt samhliða fjárlagafrv. á þessu þingi. Í reynd er hér um að ræða fylgifrv. með fjárlagafrv. og væri í sjálfu sér æskilegt í framtíðinni að breyta skipan þingsins á þann veg að sami aðilinn fjalli um hvort tveggja.

Ég mælist svo til þess, virðulegi forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir síðustu orð hæstv. fjmrh. um breytta vinnutilhögun í þessum efnum en henni verður nú því miður ekki komið á nema með því að breyta stjórnarskrá lýðveldisins því að þar er kveðið á um að öll lög önnur en fjárlög og fjáraukalög skuli meðhöndlast í deildum þingsins. Hins vegar er það augljóst framfaramál að gera þessa breytingu þannig að öll ríkisfjármálin gangi til sömu nefnda hér í þinginu.

Það er jafnframt rétt hjá hæstv. ráðherra að almennt séð er það mjög æskilegt að afgreiðsla lánsfjárlaga og fjárlaga haldist í hendur hér í þinginu þannig að þessi tvö veigamiklu mál séu afgreidd nokkurn veginn samhliða. En það er auðvitað háð því, virðulegi forseti, að frágangur beggja málanna sé með þeim hætti að Alþingi geti séð sér fært að afgreiða þau.

Ég hef miklar efasemdir um það að frv. til lánsfjárlaga eins og það er nú komið frá Ed. sé komið í þann búning að þingið geti verið þekkt fyrir að afgreiða málið eins og nú standa sakir. Það er alveg

ljóst að það eru verulega margir lausir endar í þessum málum sem auðvitað tengjast síðan afgreiðslu fjárlaganna. Það eru fjölmörg mál sem er skotið á frest, sópað undir teppið, í fjárlagaafgreiðslunni að því er virðist og mjög líklegt að afla þurfi frekari lánsfjárheimilda. Af þeim sökum einum væri skynsamlegt og eðlilegt að fresta afgreiðslu lánsfjárlaganna þar til þau mál liggja skýrar fyrir eftir áramótin.

Ég minni á að hv. 1. þm. Norðurl. v., hinn góðkunni formaður fjh.- og viðskn., sagði í Þingsjá sl. mánudag í ríkissjónvarpinu að það hefði nú frekar verið venja en hitt að frv. til lánsfjárlaga biði fram yfir áramótin og afgreiðsla þess færi fram á eftir fjárlögunum og gaf mjög í skyn að sú kynni að verða raunin í þetta sinn. Ég er ósköp hræddur um að ég verði að vera honum sammála að því er þetta frv. varðar þó að ég sé á hinn bóginn á því að það sé góð vinnuregla að afgreiða lánsfjárlög samhliða fjárlögum. En þegar málin eru ekki betur frágengin, þegar lausir endar eru svo margir sem raun ber vitni, þá getur verið óhjákvæmilegt að fresta málinu eins og skilja mátti á formanni fjh.- og viðskn. sl. mánudagskvöld að óhjákvæmilegt væri í þetta sinn.

Í Ed. gerðust þau undarlegu tíðindi að frsm. fjh.- og viðskn., formaður nefndarinnar, sem jafnframt er formaður eins þingflokks í stjórnarliðinu skrifaði undir nál. meiri hl. nefndarinnar, meiri hluta stjórnarflokkanna, með fyrirvara. Ég hygg að það sé nokkuð spaugilegt, eins og fjmrh. gefur í skyn hér með látbragði sínu, að þannig sé frá málum gengið. Þetta með öðru sýnir nú ástandið á þessu blessaða stjórnarheimili þegar sjálfur formaður fjh.- og viðskn., máttarstólpi ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki í Ed., treystir sér ekki til þess að skrifa undir frv. fyrirvaralaust. Og ræða hans í Ed. í gær um þetta mál sagði auðvitað meira en ég get sagt til að lýsa því ástandi sem þarna er upp komið. (Gripið fram í.) Fjmrh. skýtur því hér inn í mér til fróðleiks að þessi fyrirvari hafi ekkert með frv. að gera. Ég verð nú að segja að þá botnar maður enn minna í þeirri hundalógik sem uppi er höfð meðal stjórnarliða í þessum málum öllum ef almenn andstaða við ríkisstjórnina er látin koma fram í fyrirvara formanns fjh.- og viðskn. við frv. til lánsfjárlaga. En ég hygg þó að hv. þm., formaður þingflokks Borgfl., hafi haft eitthvað til síns máls þegar hann var að gagnrýna málsmeðferð í þessu efni í Ed. og þær breytingar sem upp eru komnar á vegum ríkisstjórnarinnar.

Það er oft svo þegar lánsfjárlögin eru til umræðu að menn beina umræðunni almennt að efnahagsmálum, einkum peninga- og vaxtamálum, og án þess að ég hyggist eyða löngu máli í þau atriði, þá finnst mér ástæða til að nefna það sem fram kemur í greinargerð Seðlabanka Íslands um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum, sem dags. er 4. des. sl. En þar segir á bls. 9 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Vissar líkur benda því til þess að nú sé svikalogn á lánamarkaðnum og það geti breyst skyndilega þegar efnahagslífið kemst upp úr lægðinni. Því er afar brýnt að dregið verði úr lánsfjárþörf hins opinbera og einnig heimila svo að rúm skapist fyrir óhjákvæmilega lánsfjármiðlun til atvinnulífsins á ný. Hætt er við að stjórntækni á sviði peninga- og lánamála nægi ekki til að viðhalda jafnvæginu þegar efnahagshjólið fer að snúast hraðar, heldur verði að treysta á verulegt framlag ríkisfjármála í þeim efnum."

Hér er vissulega komið að nokkrum kjarna máls í sambandi við þessi málefni öll. Það er vissulega svo, eins og fjmrh. hefur hælt sér af, að lánsfjármögnun hins opinbera á innlendum lánamarkaði á þessu ári hefur gengið vel. Það er, svo langt sem það nær, ánægjulegt og auðvitað er ég honum sammála um það að það því marki sem halli kann að vera á ríkisbúskapnum, þá eigi að neyta flestra ráða til að fjármagna hann innan lands. Það hefur tekist í stórum mæli á þessu ári og það eitt út af fyrir sig er ánægjuefni.

Hins vegar liggur jafnframt fyrir að aðstæður í efnahagslífinu almennt eru nú þær að lánsfjáreftirspurn af hálfu atvinnuveganna hefur verið tiltölulega lítil. Það er m.a. vegna þess að það er lítið fjárfest í atvinnulífinu miðað við það sem oft hefur verið, en jafnframt vegna þess að atvinnufyrirtækin hafa í ríkari mæli aflað sér fjár til fjárfestingar með hlutafjárútboðum og annarri eiginfjármyndun. Hér er hins vegar bent á það hvað gerast kunni ef hjól atvinnulífsins fara að snúast hraðar heldur en verið hefur, ef fjárfesting eykst og eftirspurn atvinnulífsins eftir lánsfjármagni þar með. Þá er nú ansi hætt við að það hrikti í á þessum tiltölulega litla lánsfjármarkaði sem hér er. Það er auðvitað alveg rétt sem á er bent í þessari skýrslu að haldi ríkisvaldið uppteknum hætti varðandi eftirspurn eftir lánsfé, þá mun aukin eftirspurn atvinnulífsins hafa þau óhjákvæmilegu áhrif að vextir leiti upp á við. Þetta hygg ég að öllum sé ljóst. Þetta er hins vegar þróun sem ástæða er til að reyna að sporna við með því að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera. Það er ekki gert í því frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir. Þvert á móti hefur lánsfjárþörf ríkissjóðs sjálfs verið aukin í meðförum Ed., að undirlagi ríkisstjórnarinnar að sjálfsögðu, úr 11,8 milljörðum í rúmlega 14 milljarða að því er mér sýnist. Þar fyrir utan eru svo hin óleystu vandamál sem í fjárlagafrv. felast, vandamál hinna fjölmörgu lánasjóða ríkisins sem ekki er tekið á, hvorki í fjárlögum né lánsfjárlögum, en verður óhjákvæmilegt að gera á næsta ári með frekari lántökum. Og þá er nú hætt við, eins og segir hér í skýrslu Seðlabankans, með leyfi forseta: að „stjórntækni á sviði peninga- og lánamála nægi ekki til að viðhalda jafnvæginu" eins og það er svo lystilega orðað.

Nei, vitanlega er mikilvægt að menn fjalli um þessi mál af nokkurri ábyrgð og þeirri festu sem tilheyrir á þessu sviði. En þau lausatök sem hér hafa verið uppi höfð eru ekki traustvekjandi og vekja ekki vonir um það að komið verði í veg fyrir frekari hækkun raunvaxta sem óhjákvæmilega verður þegar líf færist á nýjan leik í fjárfestingar atvinnulífs-

ins. Það er e.t.v. ekki langt að bíða þess að svo verði ef til að mynda áform ná fram að ganga um samning um byggingu nýs álvers. Þá má vænta þess strax og það liggur fyrir að fjölmörg fyrirtæki hugsi sér gott til glóðarinnar varðandi fjárfestingar og öflun tækja til þess að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem þar mun fara fram. Það er alveg ljóst að að öðru óbreyttu munu þau umsvif hafa áhrif til þess að beina vöxtum upp á við. Þess vegna verður mjög mikilvægt að ríkisfjármálastjórnin verði á þann veg að hún hamli gegn slíkri þenslu og að lánsfjáröflun á vegum hins opinbera minnki helst til samræmis til að skapa þarna aukið svigrúm. En það er ekkert sem bendir til þess, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin hafi hugsað fyrir þessu eða hugsað sér að grípa til einhvers konar ráðstafana til að reyna að mæta því sem þarna augljóslega blasir við og sem Seðlabankinn varar við og kallar svikalogn að því er varðar núverandi ástand á lánamarkaðnum. Þannig að þetta frv., sem nú er komið hingað til meðferðar frá Ed., ber öll einkenni þess að vera hluti af þessu svikalogni þar sem vandamálum er sópað til hliðar í augnablikinu til þess að geta afgreitt hér málin nánast til málamynda fyrir jólaleyfi þingsins og geta komið og sagt í upphafi næsta árs og jafnvel fram í apríl, fram að kosningum, að þessi mál séu nú í góðu horfi, hafi verið afgreidd á Alþingi fyrir jól o.s.frv. En þegar nánar er að gáð þá blasir við að lánsfjárvandanum hefur verið sópað á undan sér og ef að líkum lætur fram yfir kosningar.

Þetta held ég að sé óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að fram komi hér við 1. umr. jafnframt því sem ég vil ítreka að eins og þetta mál er í pottinn búið, þá tel ég ógætilegt að freista þess að afgreiða það nú í skyndingu í Nd., afgreiða það í flýti í gegnum fjh.- og viðskn. Nd. og deildina alla.

Á þessu augnabliki sitja bankaráð ríkisbankanna á fundi og ég þykist vita að hv. stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, 6. þm. Norðurl. e., bíði í nokkru ofvæni eftir því hvaða ákvarðanir kunna að koma frá þeim fundum. En mér er ekki grunlaust um að þær breytingar sem þar kunna að vera í vændum staðfesti það sem ég hef hér vitnað til úr skýrslu Seðlabankans og kunni að vera aðeins byrjunin á því sem fram undan er ef það fer sem hér er spáð og sem auðvitað öll rök hníga til, að vextir muni hækka í landinu þegar atvinnulífið eykur sínar fjárfestingar nema ríkisvaldið dragi úr lántökum sínum á móti.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að orðlengja frekar um þetta mál en ég vildi mælt hafa þessi viðvörunarorð hér jafnframt því sem ég ítreka það að Sjálfstfl. er reiðubúinn til samstarfs um að fresta þessu máli fram yfir áramót þannig að það megi fá vandaða meðferð en afgreiðslu að loknu jólahléi.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 sem hér er til umræðu er að mínu mati gagnslaust plagg. Það er raunverulega ekki til neins að vera að leggja fram frv. til lánsfjárlaga sem menn vita að á ekkert að fara eftir fyrir svo utan það að það er ekki byggt á réttum forsendum. Ég tel, hæstv. forseti, að það sé alveg fráleitt að afgreiða þetta hér frá þessu þingi, sérstaklega þar sem það er ekki úr garði gert eins og það á að vera og ég ætla að leyfa mér að vitna hérna í lög um stjórn efnahagsmála og fleira frá 1979, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„IV. kafli. Um fjárfestingar og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar.

14. gr. Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrv. tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja, að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum."

Hæstv. forseti. Þjóðhagsleg markmið um þessar mundir er svokölluð þjóðarsátt og með því að leggja hér ekki fram greiðsluáætlun a.m.k. til eins árs, svo að maður tali nú ekki um að það sé farið að lögum þannig að þetta sé til þriggja ára, og gert ráð fyrir því hvernig fjárstreymi ríkissjóðs á að vera þannig að það samrýmist þjóðhagslegum markmiðum í heildarumsvifum hvað varðar fjárfestingu og lánamál í landinu, með því að þetta er ekki sett upp eins og á að gera það, þá veit raunverulega enginn hvað hann er að samþykkja hér í þessari hv. deild.

Fjmrh. er búinn að fara langt fram úr þeim útgjöldum sem honum eru heimil á þessu ári og næsta mál hér á undan þessu var frv. til aukaheimilda fyrir fjármuni sem hæstv. fjmrh. er þegar búinn að eyða. Hann er þegar búinn að taka þessi lán og nú er hann að biðja þingið um leyfi, löngu eftir á.

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að það sé spurt að því hér í hinu hv. Alþingi hvort ekki sé kominn tími til að innsigla fjmrn. eins og hæstv. fjmrh. innsiglar fyrirtæki sem ekki fara að lögum. Hæstv. fjmrh. hefur staðið sig þokkalega vel í því, svo ekki sé nú meira sagt, að innsigla fyrirtæki og gengið fram á sinn alkunna, hógværa hátt í þeim efnum. En hvað á að gera við fjmrh. sem ekki virðir lánsfjáráætlanir og ekki virðir fjárlög og ekki virðir nokkurn skapaðan hlut í lögum um ríkisbókhald eða lögum um hvernig lánsfjáráætlun á að vera? Hvað á að gera við slíkan fjmrh.? Á að láta hann ganga lausan eða á að reyna að koma böndum á hann?

Það er hlutverk Alþingis að skammta fjármagn, bæði lánsfé og fjárlög, og hér skeður það ár eftir ár að þetta er samþykkt og síðan er ekkert farið eftir þessu. Fjmrh. er látinn ganga laus og eyða eins og honum sýnist, taka lán eins og honum sýnist, fara á yfirdrátt í Seðlabankanum eins og honum sýnist og haga sér eins og honum sýnist.

Þrátt fyrir góða viðleitni Ríkisendurskoðunar til að reyna að bremsa af og koma reglu á þessa hluti — og var nú hér í hv. Alþingi í fyrra ágætis umræða um að reyna að koma þessum hlutum í skikkanlegra horf

og var lagt fram hér frv. af hv. fjvn. sem lofaði góðu og ég vonaði svo sannarlega að það mundi verða að lögum, en þessi hæstv. ríkisstjórn sá til þess að það gat ekki orðið. Málið var svæft í nefnd og síðan vísað til ríkisstjórnar og þar er málið einhvers staðar í skúffu, mikilvægasta mál í sambandi við fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem hefur verið lagt fram í þessu þingi í áratugi. Svona fór um sjóferð þá.

Það er óþolandi, hæstv. forseti, að það skuli ekki vera farið eftir þeim lögum sem Alþingi hefur samþykkt. Það eru lög um það hvernig á að leggja þessar lánsfjáráætlanir fram. Það á að fylgja þeim stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til og ég spyr því hæstv. fjmrh.: Af hverju hefur hann ekki látið vinna slíkt plagg? Hann hélt því fram hér við fjárlagaumræðuna á síðasta ári að hann ætlaði að gera einhverjar stórar áætlanir, þriggja ára áætlanir, og þá var ég að benda honum á að þessi lög væru til. Þetta var allt saman til. Það þurfti ekki að fara að gefa út yfirlýsingar um að það ætti að fara að gera einhverja nýja hluti. Þetta er allt saman í lögum, hvernig þetta á að vera. Fyrir utan það að þessi lánsfjárlög, hæstv. forseti, eru orðin notuð til þess að falsa fjárlögin. Lánsfjárlögin eru orðin notuð í ríkari mæli, og aldrei meira en nú, til þess að falsa fjárlögin og falsa ríkisbókhaldið. Hlutir sem raunverulega er búið að borga og hlutir sem raunverulega er búið að framkvæma, opinberar framkvæmdir, eru sett inn á lánsfjárlög til þess að það sjáist ekki hvað hallinn er mikill á ríkissjóði. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. gæti örugglega — ef hann mundi setja þetta allt inn á fjárlög, þá er ég hræddur um að fjárlögin mundu hækka ansi mikið. Hvað skyldi nú hallinn aukast mikið? Það yrðu nokkrir milljarðar. Hvað munar um einn kepp í sláturtíðinni, hæstv. fjmrh.? Af hverju er ekki best að setja þetta allt saman á fjárlög þar sem það á að vera? Þú getur fengið lánsfjárlögin eigi að síður.

Það þýðir lítið að vera að tala hér um breytta vinnutilhögun og tímamótaaðgerðir og tala voðalega fallega um þetta allt saman en framkvæma síðan allt í þveröfuga átt. Það eru bara tvö orð sem geta lýst umgengni hæstv. fjmrh. við peninga og það er sukk og svínarí.

Það er ekki hlutverk hæstv. fjmrh., eins og ég sagði við hann hér í haust, að vera eins konar yfirjólasveinn í fjármálum ríkisins. Það er ekki hlutverk fjmrh. (**Fjmrh.:** Það eru nú að koma jól.) Þó það séu að koma jól, hæstv. fjmrh. Það er náttúrlega fallegt að gefa litlu börnunum í skóinn og fuglunum fræ, en það er þjóðarsátt og það er verið að tala um að framfylgja markmiðum þjóðarsáttar og engin ríkisstjórn síðari ára hefur fengið annað eins tækifæri og þessi stjórn og þess vegna átti að nota tækifærið og reyna að koma reglu á í alvörunni í ríkisbókhaldi og ríkisreikningi og lánsfjárlögum.

Því miður bendir allt til að tal manna um svikalogn sé akkúrat rétta lýsingin og dagblaðið Tíminn lýsti í þessari viku á forsíðufrétt að þetta væri nokkurs konar röraspreng ja. Líkti þessu við röraspreng ju.

En ég vil þá segja það að lokum við hæstv. forseta þessarar deildar og hæstv. fjmrh. Menn ættu að huga að því í sambandi við meðferð á eldfimum efnum að það getur orðið sjálfsíkveikja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

33. fundur, fimmtudaginn 20. des., kl. 12.50 miðdegis.

Fangelsi og fangavist, 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 85, n. 360 og 386, brtt. 361, 387.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

Nefndin fjallaði ítarlega um frv. og fékk á sinn fund Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmrn., Harald Johannessen, forstöðumann Fangelsismálastofnunar, og Birgi Kjartansson, formann Verndar. Umsagnir bárust skriflegar frá Fangavarðafélagi Íslands, Fangelsismálastofnun og Landssambandi lögreglumanna.

Sérstaklega var kannað hvort setja eigi tímamörk á úrskurð dómsmrn. um kæru á ákvörðun um einangrun eða agaviðurlög. Einnig hvort rétt sé að fangi geti kært ákvörðun forstöðumanns um agaviðurlög til Fangelsismálastofnunar og síðan ákvörðun stofnunarinnar til dómsmrn. en Fangelsismálastofnun hefur óskað eftir slíku fyrirkomulagi. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frv. og skilar minni hl. nefndarinnar séráliti.

Hvað varðar tímamörk til að kveða upp úrskurð um kæru er meiri hl. nefndarinnar sammála um að setja dómsmrn. tveggja sólarhringa frest til þess eftir að gögn málsins hafa borist. Gögnin skulu send ráðuneytinu þegar eftir að úrskurður um agaviðurlög eða einangrun er kveðinn upp. Þannig er reynt að tryggja að fangi sæti ekki óréttmætum agaviðurlögum nema í þann skamma tíma sem rannsókn málsins á að taka. Ef úrskurður um kæru er ekki kveðinn upp innan tímamarkanna falla ákvarðanir forstöðumanns um agaviðurlög eða einangrun niður. Meiri hl. nefndarinnar telur að þessi breyting á frv. tryggi rétt fanga eins vel og kostur er á og flytur því tillögu um hana.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði sam-

þykkt með breytingum sem hann gerir tillögu um á sérstöku þskj.

Eins og áður segir þá klofnaði nefndin í afstöðu sinni til frv. en ágreiningsefnið var um það hvort fangi geti kært ákvörðun forstöðumanns um agaviðurlög til Fangelsismálastofnunar og síðan ákvörðun stofnunarinnar til dómsmrn.

Friðjón Þórðarson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins, en undir nál. rita Jón Kristjánsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðni Ágústsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Ingi Björn Albertsson.

Á þskj. 361 eru fluttar brtt. frá meiri hl. allshn. um að við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: „Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi."

Í öðru lagi. Við b-lið 2. gr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: „Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi."

Ég hef þegar gert grein fyrir þessum brtt.

Varðandi þá refsifanga sem nú sitja í fangelsi og hafa sætt einangrun skv. 26. gr. núgildandi laga um fangelsun og fangavist vill meiri hl. nefndarinnar taka það fram að hann er fylgjandi því að einangrun verði ekki látin lengja refsitíma fanga sem hafa sætt einangrun nú þegar. Þar sem þetta má gera með stjórnvaldsaðgerðum og í trausti þess að slíkt verði gert á þann veg telur meiri hl. óþarft að setja sérstök bráðabirgðaákvæði um þessa fanga.

Minni hl. nefndarinnar mun gera grein fyrir sinni afstöðu hér á eftir og brtt. sem fluttar eru við málið.

Frsm. minni hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar var nefndin ekki sammála um afgreiðslu þessa máls og ég hef skilað minnihlutaáliti á þskj. 386 þar sem þetta kemur fram. Það kemur einnig fram í nál. mínu að ég er sammála þeirri brtt. sem kemur fram hjá meiri hl., að úrskurða skuli í kærumáli innan tveggja sólarhringa, og að sjálfsögðu styð ég einnig a- og c-lið 2. gr. frv. um brottfall 1. málsl. 3. mgr. og að 6. mgr. falli brott eins og segir í frv., en ég flyt hins vegar brtt. við 1. gr. og b-lið 2. gr. Þær brtt. flyt ég ásamt hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni og Kristínu Einarsdóttur og eru þær á þskj. 387.

Ég eyði ekki dýrmætum tíma hv. deildar í að lesa þessar brtt. frá orði til orðs en þær fela það í sér að ákvörðun um einangrun fanga eða agaviðurlög sæti ekki kæru beint til dómsmrn. heldur verði að kæra fyrst til Fangelsismálastofnunar.

Ég vil í þessu sambandi vísa til bréfs sem formanni allshn. var sent frá fangelsismálastjóra, Haraldi Johannessen. Það bréf er dags. 23. nóv. sl. Þar fer hann fyrst nokkrum orðum um þau ákvæði sem enginn ágreiningur er um, og ég hleyp yfir þann kafla bréfsins, en svo segir í bréfinu, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar er í fyrirliggjandi lagafrv. gert ráð fyrir því að fangi geti skotið ákvörðun forstöðumanns fangelsis beint til dómsmrn. fram hjá Fangelsismálastofnun. Vegna þessarar málskotsleiðar vill stofnunin benda á að skv. lögum nr. 48/1988 fer Fangelsismálastofnun með daglega yfirstjórn fangelsismála, þ.e. rekstur allra ríkisfangelsanna, fullnustu refsidóma og öll mál sem varða fanga.

Stofnunin leyfir sér að leggja til við hv. allshn. neðri deildar Alþingis að þær breytingar verði gerðar á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, að fangi geti skotið ákvörðun forstöðumanns fangelsis fyrst til Fangelsismálastofnunar en hafi jafnframt heimild til að skjóta ákvörðun stofnunarinnar til dómsmrn. sem fer með yfirstjórn fangelsismála. Þannig gæti fangi ekki skotið ákvörðun forstöðumanns fangelsis beint til ráðuneytis eins og ráð er fyrir gert í fyrirliggjandi frv.

Tillögur Fangelsismálastofnunar byggjast á því að skapa eðlilega, rétta og umfram allt hraðvirka málskotsleið vegna stöðu og verkefna stofnunarinnar í fangelsiskerfinu og að málefni er varða stofnunina berist henni fyrst. Slíkt hlýtur að teljast rétt opinber stjórnsýsla."

Þetta vildi ég nú taka fram úr bréfi fangelsismálastjóra. Og mínar tillögur sem ég flyt, eins og ég sagði áðan, ásamt hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Friðjóni Þórðarsyni, hníga í þá átt að taka tillit til þessara ábendinga fangelsismálastjóra.

Ég vil aðeins til viðbótar því sem kemur fram í bréfi fangelsismálastjóra bæta við nokkrum atriðum sem hníga í þessa átt. Fangelsismálastofnun ríkisins var sett á fót með lögum nr. 48 frá 19. maí 1988, um fangelsi og fangavist. Þessi lög öðluðust gildi 1. jan. 1989 og þá tók Fangelsismálastofnun við verkefnum fangelsismáladeildar dómsmrn. og verkefnum Skilorðseftirlits ríkisins. Fangelsismálastofnun eru mörkuð meginverkefni í 2. gr. laga nr. 48/1988 og jafnframt í reglugerð nr. 569 frá 30. des. 1988, um upphaf og lok fangavistar, og reglugerð nr. 119 frá 9. mars 1990, um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga. Skilorðseftirlit ríkisins, sem stofnsett var 1. apríl 1974 með reglugerð nr. 20 frá 21. jan. 1974, var lagt niður og sameinað Fangelsismálastofnun. Með 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 569/1988 voru felldar brott starfsreglur fyrir fangelsismáladeild dómsmrn. og verkefni deildarinnar færð undir Fangelsismálastofnun. Þar með voru verkefni færð undir sjálfstæða ríkisstofnun sem áður voru í höndum annarra aðila.

Eins og ég sagði áðan eru Fangelsismálastofnuninni mörkuð meginverkefni í 2. gr. laganna nr. 48/1988. Þar er kveðið á um að Fangelsismálastofnun annist daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa, sjái um fullnustu refsidóma, annist félagslega þjónustu við fanga og þá sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar, en það er jafnframt hlutverk stofnunarinnar að annast eftirlit með

þeim. Þá sér stofnunin um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem heilbrigðisþjónusta, prestsþjónusta o.s.frv.

Í 4. gr. reglugerðarinnar sem ég minntist hér líka fyrr á, nr. 569/1988, er Fangelsismálastofnun falið að annast veitingu reynslulausnar skv. 40. gr. almennra hegningarlaga. Í 5. gr. reglugerðarinnar er jafnframt kveðið á um að stofnunin taki á móti umsóknum um náðun af refsingu og undirbúi náðunartillögur.

Íslenska ríkið á öll fangelsi hér á landi og ber kostnað af rekstri þeirra. Það er um að ræða sex ríkisfangelsi. Dómsmrh. fer með yfirstjórn fangelsismála og ákveður staðsetningu, gerð og rekstrarfyrirkomulag fangelsanna, en Fangelsismálastofnun annast daglega yfirstjórn á rekstri fangelsanna eins og áður sagði. Fangelsismálastofnun var m.a. sett á fót til að sameina hjá einu stjórnvaldi þau mál sem áður voru í fangelsismáladeild dómsmrn. og hjá Skilorðseftirliti ríkisins.

Með þessari kerfisbreytingu var komið á fót lægra settu stjórnvaldi sem ábyrgð ber á öllum þeim málum er lögum samkvæmt heyra undir stofnunina. Fangelsiskerfið er þannig byggt upp samkvæmt fangelsislöggjöfinni að forstöðumenn ríkisfangelsanna bera ábyrgð á rekstri sinna fangelsa og ákvörðunum sínum gagnvart Fangelsismálastofnun. Stofnunin skiptir sér ekki dags daglega af rekstri fangelsanna eða daglegum ákvörðunum forstöðumanna þeirra. Fangelsislöggjöfin sýnist byggð þannig upp að jafnmikið stjórnarfarslegt bil er á milli Fangelsismálastofnunar og hinna einstöku fangelsa annars vegar og Fangelsismálastofnunar og dómsmrn. hins vegar.

Þess vegna vaknar sú spurning hver þau rök séu nú að breyta þessari kerfisuppbyggingu sem lögin settu á í þá átt að ákvörðunum forstöðumanna fangelsanna verði ekki skotið fyrst til Fangelsismálastofnunar í þeim málum sem hér um ræðir heldur fram hjá henni gengið og farið beint til dómsmrn. Hér er beinlínis gengið gegn tilgangi laganna og uppbyggingu þeirra á fangelsiskerfinu að því er mér sýnist og spurning er hvort ekki sé verið að koma hér á seinvirkara og ótraustara kerfi með þeirri breytingu sem lögð er til. Þá vaknar líka sú spurning hvert hlutverk Fangelsismálastofnunar í fangelsiskerfinu er þá orðið og hver staða hennar er gagnvart fangelsunum sem undir hana heyra ef það verður ofan á að unnt sé að ganga fram hjá stofnuninni og beint til ráðuneytisins.

Mér sýnist að með þessu móti sé verið að færa hlutverk Fangelsismálastofnunarinnar aftur til ráðuneytisins. Ég vil fullyrða að það teljist eðlileg stjórnsýsla að þessum málum eins og öðrum verði í fyrstu atrennu skotið til stofnunarinnar en ákvörðun hennar verði síðan hægt að skjóta til æðra stjórnvalds, þ.e. til dómsmrn.

Tillaga er svo gerð um að frestur til slíks málskots sé ekki lengri en tveir sólarhringar. Við gerum ráð fyrir í okkar tillögu að það sé einn sólarhringur hjá hvorum aðila, einn sólarhringur hjá Fangelsismálastofnun og einn sólarhringur hjá dómsmrn., en í tillögu meiri hl. nefndarinnar er gert ráð fyrir að dómsmrn. hafi tvo sólarhringa til þess að úrskurða þannig að tíminn er sá sami.

Það er ekki ágreiningur um það í nefndinni að nauðsyn beri til að fella brott það ákvæði að einangrun lengi refsitímann og það er heldur ekki um það deilt hver sé eðlileg og rétt stjórnsýsla í því fangelsiskerfi sem Alþingi hafði hugsað sér að byggja upp, alla vega eins og ég skil lögin frá 1988.

Því hefur verið haldið fram og var haldið fram í nefndinni að Fangelsismálastofnun sé í of mikilli nálægð við ákvarðanir forstöðumanna fangelsanna til að geta talist óhlutdrægur aðili við málskot. Þetta eru ekki rök að mínu viti sem fremur eiga við hér en almennt gengur og gerist um opinbera stjórnsýslu. Forstöðumennirnir annast daglegan rekstur fangelsanna undir yfirstjórn stofnunarinnar en eru ekki beint starfsmenn hennar eða hafa þar aðsetur. Ég held því hins vegar fram að þessi málskotsleið, sem við leggjum hér til, muni frekar auka réttaröryggi fanga og veita forstöðumönnum fangelsanna meira aðhald heldur en hitt. Því má jafnframt halda fram að meira öryggi um samkvæmni, sanngirni og réttaröryggi sé fólgið í því að skjóta málum fyrst til Fangelsismálastofnunar, sem hefur á hendi flestallt er fangelsismál varðar, fremur en til ráðherra sem koma og fara. Mér sýnist í raun og veru að við séum að takast hér á um það hvernig skilja beri fangelsislöggjöfina hvað varðar málskot til lægra setts og æðra setts stjórnvalds og hvaða reglur gilda í dag um það efni. Því miður er það svo að þingmenn, alla vega þeir sem eru í hv. allshn., eru ekki um það sammála. Það má líka segja að það sé tekist á um það hver ætti að vera eðlilegust stjórnsýsla í því efni og ég ítreka að mér sýnist að það fari best á því að málum verði fyrst skotið til Fangelsismálastofnunar og ákvörðun stofnunarinnar verði skotið til dómsmrn. og allt innan þessara ákveðnu tímamarka sem tillögur okkar gera ráð fyrir.

Ég þarf ekki, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum. Mér er ljóst að það skiptir máli að hraða fremur en hitt afgreiðslu þessa máls en ég legg afar mikla áherslu á að tillögur okkar þriggja þingmanna á þskj. 387 verði samþykktar. Mér sýnist satt að segja vera ekki til of mikils mælst að hv. allshn. taki þetta mál til frekari yfirvegunar á milli 2. og 3. umr. Að vísu ræddi nefndin þetta á nokkrum fundum. Því miður átti ég ekki kost á að mæta á þeim öllum. Ég gat t.d. ekki verið á þeim fundi nefndarinnar þar sem fulltrúi frá félagssamtökunum Vernd mætti, en ég skil það svo að hann hafi lagst mjög eindregið gegn þessum hugmyndum um málskot til Fangelsismálastofnunar. Ég heyrði ekki röksemdir hans og á þess vegna kannski verra með að skilja hvers vegna hann hefur lagst gegn þeirri málskotsleið. En með fullri virðingu fyrir þessum félagssamtökum þá sýnist mér alveg ljóst að þau koma ekkert inn í ákvarðanir hinnar opinberu stjórnsýslu. Þetta er líknarfélag áhugafólks, og allt gott um það að segja, en það er ekki hluti af stjórnsýslunni og ber auðvitað enga ábyrgð

að lögum. Þess vegna sýnist mér vandséð hvernig þau félagssamtök eiga að hafa afgerandi áhrif á þessa ákvörðun.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar en ítreka þessar tillögur okkar. Við leggjum mikla áherslu á að þær verði samþykktar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég á ekki sæti í hv. allshn. þessarar deildar en fékk leyfi hjá nefndinni til að taka þátt í afgreiðslu þessa máls og þakka ég fyrir það. Að vísu kom ég mjög seint að þessu máli og sat einungis á tveim fundum nefndarinnar þar sem hún fjallaði um þetta mál, því miður. En nógu mikið hef ég þó kynnt mér þetta mál til þess að ég hef myndað mér skoðun á því að ég tel mjög óeðlilega þá brtt. sem kemur fram í frv. eins og það kemur frá ríkisstjórninni og dómsmrh. mælti hér fyrir.

Ég tel mjög eðlilega þá breytingu, sem er kannski aðalatriðið, að sá tími sem fangi er í einangrun leggist ekki við refsitímann. Ég tel sjálfsagt að fella það ákvæði niður úr lögum. Raunar kemur fram í áliti umboðsmanns Alþingis að það er ekki í samræmi við stjórnarskrá landsins að svo skuli með fara, þannig að ég tel raunar, hvort sem þetta frv. verður samþykkt óbreytt eða ekki, að ekki ætti að leyfa að lengja refsitímann vegna einangrunar. Mér þykir það svo augljóst að ef lögin stríða gegn stjórnarskránni þá eigi ekki að heimila slíkt.

Ég stend að brtt. sem hér hefur verið gerð grein fyrir um það að ef fangi kærir einangrun þá sé það gert til Fangelsismálastofnunar. Ég tel það mikið eðlilegri leið heldur en að skjóta málinu beint til dómsmrn.

Það þarf ekkert að fjölyrða um það að Fangelsismálastofnun er miklu eðlilegri tengiliður fanganna við umhverfið heldur en dómsmrn. Fangelsismálastofnun hefur möguleika á því að fara í öll fangelsin, kynna sér málefni fanganna, þekkja þeirra aðstæður og meta hversu raunhæfur sá dómur er sem legið hefur til grundvallar því að ákvörðun um einangrun hefur verið tekin.

Eins og fram kemur í skýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 1989 hefur félagsmáladeild stofnunarinnar mikilvægu hlutverki að gegna og hvílir á hennar herðum höfuðþungi félagslegu þjónustunnar. Starfsmenn deildarinnar hafa samkvæmt þessari skýrslu haft samskipti við fjölda fanga og það þarf ekki að lesa lengi til að sjá að það er miklu eðlilegra að Fangelsismálastofnun sé þarna aðili að máli sem varðar kæru um einangrun. Mér finnst að með þessu sé nánast verið að lýsa því yfir að Fangelsismálastofnun sé nánast óþörf. Ég tel það mjög miður ef það er álit hæstv. dómsmrh. að Fangelsismálastofnun eigi ekki að koma nálægt föngum að því er þetta varðar. Ég vil lýsa miklum vonbrigðum með þessa afstöðu hæstv. dómsmrh. og vona að það sé á einhverjum misskilningi byggt og tek undir þá ósk sem kom hér fram frá hv. 2. þm. Reykn. að hv. allshn. deildarinnar taki þetta mál til frekari athugunar. Það ætti ekki að þurfa að verða til þess að lengja afplánun fanga að þeir hafa þurft að verða í einangrun, en það eru nokkrir fangar sem það gildir um. Ég tel auðvitað að það eigi ekki að heimila lengingu fangavistar. Ég lít á þá stífni sem virðist vera í því að breyta þessu frv. eins og það liggur nú fyrir sem mjög alvarlegt mál gagnvart þessum föngum sem nú hugsanlega þurfa að vera lengur í fangelsi heldur en ella.

Ég vil því skora á hæstv. dómsmrh. að fallast á þá brtt. sem hér hefur verið lögð fram á þskj. 387 þar sem miðað er við að ákvörðun um einangrun sæti kæru til Fangelsismálastofnunar vegna þess að það hlýtur flestum að vera ljóst að það er miklu eðlilegri leið. Ég leyfi mér að fullyrða að það eru miklu fleiri sem telja þá leið miklu eðlilegri og sú fullyrðing styðst við ummæli í samtölum mínum við fólk fullyrða flestir þeirra sem hafa kynnt sér málefni Fangelsismálastofnunar og hennar samskipta við fanga að þetta sé miklu eðlilegri leið. Þess vegna skora ég á hæstv. dómsmrh. að íhuga þetta mál mjög gaumgæfilega og nefndarmenn í hv. allshn. og hvort þeir fallist nú ekki á þessa breytingu þannig að við getum hraðað þessu máli eins og unnt er og að það geti orðið að lögum fyrr en seinna.

Umræðu frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 185. mál (samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík). — Þskj. 416.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 194. mál (kennslumissiri). — Þskj. 234.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands sem gerir ráð fyrir að breytt verði lagaákvæðum um missiraskipti í Háskólanum en í gildandi lögum eru ákvæði um það á hvaða degi haustmissiri eigi að ljúka og á hvaða degi vormissiri eigi að byrja. Það er í sam-

ræmi við almenna stefnu okkar um sjálfstæði Háskólans að hann fái að ákveða svona hluti í friði.

Frv. um þetta efni var lagt fyrir hv. Ed. og var samþykkt þar samhljóða. Vænti ég þess að málið fái einnig góðar undirtektir hér í þessari virðulegu deild og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, 1. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 413.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Um nokkurt skeið hafa verið til umræðu málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra og fyrir nokkrum missirum var skipuð nefnd á vegum menntmrn., félmrn. og heilbrrn. til að fjalla sérstaklega um þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að eðlilegt væri að komið yrði upp sérstakri þjónustumiðstöð, samskiptamiðstöð, þar sem m.a. væri tekið á táknmáli og táknmálsrannsóknum. Ætlun okkar var sú að ákveði um þetta efni yrðu sett inn í reglugerð á grundvelli laganna um þjónustu við fatlaða. Það var hins vegar afstaða hagsmunaaðila í þessu máli að það væri eðilegt að miðstöð þessi heyrði undir menntmrn. þar sem hún ætti að sinna táknmáli og rannsóknum á táknmáli og fleiri þáttum sem tengjast menntunarmálum heyrnarlausra, auk þess sem það er svo að samkvæmt gildandi lögum eru ekki nein sérstök ákvæði um heyrnarlausa í framhaldsskólakerfinu og að nokkru leyti mun þessi stofnun, ef til hennar kemur, verða til þess að þjóna fólki á þeim aldri sem gjarnan er í framhaldsskólum og auk þess fullorðnum. Enn fremur mundi stofnunin veita margvíslega aðstoð og ráðgjöf sem snertir heyrnarlausa.

Þess vegna varð niðurstaðan sú að um málið yrði að flytja sérstakt lagafrv. til að treysta grunn þess. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. snemma á þessu þingi og hefur nú hlotið þar samhljóða afgreiðslu.

Við meðferð málsins í Ed. komu fram ýmsar athugasemdir, m.a. um stjórn þessarar stofnunar og fleira. Niðurstaða nefndarinnar í Ed. varð engu að síður sú að fallast á tillögur frv. eins og þær liggja hér fyrir.

Mér er kunnugt um það að fjöldi hv. þm. hefur sinnt þessum málum, bæði innan þings og utan, af skörungsskap á undanförnum árum, m.a. með flutningi fsp. og till. hér í þessari virðulegu stofnun og það má segja að þetta frv. sé að nokkru leyti niðurstaðan af umræðum sem hafa farið fram hér aftur og aftur að frumkvæði margra þingmanna, m.a. hv. 12. þm. Reykv., hv. þm. Helga Seljans meðan hann sat hér á Alþingi og fleiri hv. þm.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að um þetta mál geti náðst góð samstaða hér í þessari deild og þætti vænt um ef það tækist að ljúka því fyrir hátíðirnar. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að dvelja lengi hér í ræðustól vegna þessa máls. Ég vil einungis koma hér til þess að lýsa ánægju minni með að þetta frv. skuli fram komið því að þetta er gríðarlegt framfaraspor fyrir heyrnarskerta í landinu. Það er ekki nema hálft ár síðan ég bar einmitt fram fsp. hér í þinginu um samskiptamiðstöð og um viðurkenningu á íslensku táknmáli. Sú formlega viðurkenning hefur ekki átt sér stað enn þá, en engu að síður felst í þessu frv. viðurkenning á þeirri sérstöðu heyrnarskertra og heyrnarlausra að íslenskt táknmál er þeirra fyrsta tungumál. Ég held að ef vel verður á málum haldið eigi þetta eftir að gjörbreyta aðstæðum þessa hóps og gera þeim kleift að berjast sjálfir af meiri getu fyrir sínum málefnum því að það er vissulega víða pottur brotinn í málefnum heyrnarskertra á Íslandi.

Ég held að það hafi þegar verið til þess stofnað að menntmn. Nd. taki á þessu máli í dag og fái til viðtals við sig nokkra aðila vegna þessa máls en ég held að það verði ekkert því til fyrirstöðu að það fari hér í gegnum þessa deild núna fyrir jólin og finnst mér það vel við hæfi og gleðilegt ef Alþingi Íslendinga gæti fært þessum hópi þessa samskiptamiðstöð í jólagjöf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Ferðaþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 363.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ferðaþjónustu. Það er á þskj. 363 og er 246. mál þingsins, lagt fram hér í Nd.

Sumarið 1989 skipaði ég nefnd til að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli og gera tillögur um opinbera stefnu í ferðamálum og endurskoða lög á sviði ferðamála. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar bæði stjórnar og stjórnarandstöðu sem og fólk sem starfar daglega að ferðamálum. Á síðasta þingi var svo flutt hér til kynningar till. til þál. um ferðamálastefnu sem samin var af þessari nefnd og var sú till. endurflutt hér í Sþ. á þessu hausti. Og nú er hér komið fram

frv. til laga um ferðaþjónustu en ætlunin er að lög um ferðaþjónustu komi í stað núgildandi laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, og í stað laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði.

Eins og fram kom í framsöguræðu minni með till. til þál. um ferðamálastefnu er ferðaþjónusta atvinnugrein í örum vexti hér í landinu. Gert er ráð fyrir að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum á þessu ári nemi rúmum 10 milljörðum kr. eða rúmum 10% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Hefur þetta hlutfall tvöfaldast á aðeins hálfum áratug. Þá fer ársverkum í greininni stöðugt fjölgandi og nema nú um 5–6% af ársverkum í íslensku atvinnulífi. Það er því sannarlega tímabært að stjórnvöld láti málefni þessarar atvinnugreinar til sín taka með myndarlegum hætti og veiti henni verðskuldaða athygli. Móta þarf opinbera stefnu í ferðamálum og er áðurnefndri þáltill. ætlað það hlutverk.

Tilgangur þessa frv. sem hér liggur fyrir er að setja ramma um atvinnugreinina, kveða á um verkaskiptingu í greininni milli hins opinbera annars vegar og einkaaðila hins vegar og viðurkenna ferðaþjónustu sem þjóðhagslega mikilvægan atvinnuveg sem getur átt ríkan þátt í að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og rennt stoðum undir þróun byggðar sem víðast.

Eins og áður sagði tekur fyrirliggjandi frv. á efnisþáttum tveggja lagabálka, þ.e. laga um skipulag ferðamála og laga um veitinga- og gististaði. Nefndin samdi frv. og ákvað þá að binda sig ekki við texta eða ramma gildandi laga heldur semja nýtt frv. frá grunni til laga um ferðaþjónustu þótt margt væri nýtilegt og ágætt í gildandi löggjöf. Hér verða nefnd helstu nýmæli í frv. í þeirri röð sem þau koma fyrir.

1. Tilgangur laganna er skilgreindur í sérstökum markmiðskafla og eru markmið hin sömu og í till. til þál. um ferðamálastefnu.

2. Kveðið er á um árlegt ferðaþing sem ráðgefandi samkomu um málefni ferðaþjónustunnar.

3. Fækkað er í Ferðamálaráði úr 23 fulltrúum í 9 og ekki gert ráð fyrir framkvæmdastjórn eins og nú er. Ráðherra tilnefnir einn fulltrúa eða formann Ferðamálaráðs eins og verið hefur í stað fimm fulltrúa sem ráðherra hefur tilnefnt áður. Fjórir eru tilnefndir af öðrum aðilum, þ.e. þremur stærstu hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu og Náttúruverndarráði, en fjórir eru svo kosnir af ferðaþingi.

4. Verkefni Ferðamálaráðs eru skilgreind og verða þau meira á sviði stefnumótunar en nú er og taka mið af ferðamálastefnu á hverjum tíma.

5. Skrifstofa ferðamála er skilgreind og fær hún meira sjálfstæði en verið hefur um daglegan rekstur undir forustu ferðamálastjóra.

6. Kveðið er á um samstarf Ferðamálaráðs við utanrrn. og Útflutningsráð Íslands um landkynningu og markaðsmál.

7. Heimild er veitt fyrir aðild Ferðamálaráðs að ferða- og upplýsingamiðstöðvum í kjördæmum landsins í samvinnu við heimaaðila.

8. Ferðamálafulltrúar starfi á vegum ferðamálasamtaka landshlutanna með stuðningi ríkisins.

9. Mikil áhersla er lögð á umhverfisvernd sem eitt af verkefnum Ferðamálaráðs og Náttúruverndarráði er eins og áður sagði tryggð aðild að ráðinu.

10. Komið verði á formlegu samstarfi Ferðamálaráðs við opinbera aðila um málefni fjölsóttra ferðamannastaða til að tryggja umhverfisvernd og heimild veitt til að takmarka aðgang að slíkum stöðum.

11. Markaður tekjustofn vegna Ferðamálaráðs er óbreyttur frá gildandi lögum en skilyrði má setja um mótframlög frá hagsmunaaðilum til einstakra verkefna.

12. Lánstími lána úr Ferðamálasjóði er lengdur úr 15 árum í allt að 40 ár.

13. Sett skal á fót sérstök áhættulánadeild við Ferðamálasjóð vegna þróunarverkefna á sviði ferðaþjónustu.

14. Nýstárleg ákvæði eru um svonefnda ferðamiðlun sem taka m.a. til ferðaskrifstofa, skipuleggjenda ferða, umboðssala og fyrirtækja sem reka tölvukerfi fyrir bókanir og upplýsingar.

15. Í stað lagaákvæða um flokkun veitinga- og gistihúsa er gert ráð fyrir að setja hliðstæð ákvæði í reglugerð.

16. Ýmiss konar þjónustu- og afþreyingarstarfsemi fyrir ferðamenn er gerð skráningarskyld.

17. Meiri áhersla er lögð á neytendavernd en í eldri löggjöf.

Ekki er kveðið sérstaklega á um fræðslumál í ferðaþjónustu í frv., að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir samstarfi þar að lútandi við menntmrn. Í till. til þál. um ferðamálastefnu er hins vegar fjallað allítarlega um fræðslumál vegna ferðaþjónustu og gert ráð fyrir að stofnað verði til fræðsluráðs ferðaþjónustu samkvæmt heimild í lögum um framhaldsskóla.

II. kafli frv. fjallar um stjórn ferðamála. Gert er ráð fyrir að samgrn. fari sem hingað til með yfirstjórn ferðamála. Samstarfsnefnd nokkurra ráðuneyta auðveldar samhæfingu varðandi ferðaþjónustu innan Stjórnarráðsins.

Árlegt ferðaþing verður umræðu- og tillöguvettvangur um málefni ferðaþjónustunnar og setur ráðherra reglugerð um þingið. Ferðamálaráð verður áfram tengiliður milli opinberra aðila ferðaþjónustunnar, en breyting er gerð á skipan ráðsins. Fulltrúum er fækkað í ráðinu úr 23 í 9; verða fimm þeirra tilnefndir til tveggja ára í senn en fjórir kosnir á ferðaþingi, tveir til skiptis hvert ár. Með þessu verður komist hjá að skipa sérstaka framkvæmdastjórn fyrir Ferðamálaráð og er stjórnkerfi ferðamála þannig einfaldað.

Kemur stórt ferðaþing og níu manna Ferðamálaráð í stað núverandi 23 manna Ferðamálaráðs og 5 manna framkvæmdastjórnar.

Greint er með skýrari hætti en nú er milli Ferðamálaráðs sem stefnumarkandi aðila og Skrifstofu ferðamála hins vegar, sem starfar í umboði ráðsins samkvæmt almennum fyrirmælum undir stjórn ferða-

málastjóra. Ferðamálastjóri er í senn framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs og yfirmaður Skrifstofu ferðamála, skipaður af ráðherra til fimm ára.

Heimild er veitt til að Ferðamálaráð gerist meðeigandi að ferða- og upplýsingamiðstöðvum í kjördæmum landsins ásamt heimamönnum, þ.e. ferðamálasamtökum, samtökum sveitarfélaga, einstökum sveitarfélögum eða öðrum eftir atvikum. Skulu þær starfa samkvæmt stofnsamningi og hafa sjálfstæðan fjárhag. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa með höndum ráðgjöf, vinna að þróun í ferðaþjónustu og miðla upplýsingum. Í tengslum við þær munu starfa ferðamálafulltrúar, ráðnir af ferðamálasamtökum viðkomandi landsluta. Heimild er veitt til að ríkissjóður greiði framlag sem svarar til launa eins ferðamálafulltrúa í kjördæmi. Með framkvæmd þessara ákvæða yrði gjörbreyting á stöðu ferðamála um land allt og er hér um að ræða mikilvæga og róttæka breytingu.

Staða umhverfismála í tengslum við ferðaþjónustu er treyst til muna. Náttúruverndarráði er ætlað að eiga fastan fulltrúa í Ferðamálaráði og koma skal á fastri samstarfsnefnd á vegum Ferðamálaráðs til að gera tillögur um skipulag og verndun fjölsóttra ferðamannastaða. Í nefndinni er gert ráð fyrir fulltrúum frá nokkrum opinberum stofnunum, svo og frá viðkomandi sveitarstjórn. Í ferðamálastefnu er auk þess fjallað ítarlega um umhverfisvernd í tengslum við ferðaþjónustu, bæði varðandi markmið og leiðir.

Um fjármögnun er fjallað í III. kafla frv. Ákvæði frv. um tekjuöflun til að fjármagna starfsemi Ferðamálaráðs er óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Hér er gert ráð fyrir að fríhöfnum fjölgi í náinni framtíð og gildi þetta ákvæði um þær allar. Eftir sem áður er reiknað með að kostnaður vegna aðalskrifstofu Ferðamálaráðs, laun og almennur skrifstofukostnaður, verði greiddur af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Gert er ráð fyrir að fyrirtæki í ferðaþjónustu leggi fram aukið fé til einstakra verkefna á móti framlögum frá Ferðamálaráði. Í nágrannalöndum, m.a. í Noregi, er nú í vaxandi mæli farið út á þá braut. Ættu slík mótframlög að tengja fyrirtæki betur en nú er einstökum verkefnum og auka heildarfjármagn til þróunarstarfs í ferðaþjónustu.

Gert er ráð fyrir starfrækslu Ferðamálasjóðs sem stofnlánasjóðs ferðaþjónustunnar með líku sniði og verið hefur. Stefnt verði að mun lengri lánstíma en nú er, þ.e. allt að 40 árum í stað 15 ára hámarks eins og nú er kveðið á um. Þá eru felld niður ákvæði um sérstakar tryggingar vegna lána í formi fasteignaveða, en sjóðstjórn ætlað að meta stöðu lántakenda hverju sinni.

Nýmæli er um sérstaka áhættulánadeild við Ferðamálasjóð, er veitt geti lán til þróunarverkefna í ferðaþjónustu. Er gert ráð fyrir samráði sjóðstjórnar og Ferðamálaráðs um þau efni. Einnig mun ráðið sem hingað til tilnefna tvo menn af þremur í stjórn sjóðsins.

IV. kafli frv. svarar til IV. kafla í gildandi lögum og fjallar um almennar ferðaskrifstofur. Ákvæði hans eru hins vegar mikið breytt og aukið við nýjum þáttum. Við undirbúning málsins var m.a. haft samráð við talsmenn Félags íslenskra ferðaskrifstofa.

Hugtakið ferðamiðlun er ekki aðeins látið ná yfir hefðbundna starfsemi ferðaskrifstofa heldur hvers konar atvinnustarfsemi á vegum fyrirtækja, félaga og einstaklinga sem miðar að ferðalögum og upplýsingum þar að lútandi. Þannig eru auk ferðaskrifstofa skilgreind hugtökin ferðaskipuleggjandi, ferðaumboðssali og upplýsinga- og bókunarkerfi sem mismunandi rekstrarform. Fæst með því betri yfirsýn fyrir viðskiptavini og unnt er að gera hnitmiðaðri kröfur en ella af opinberri hálfu til viðkomandi starfsemi og ná yfirsýn í þágu neytendaverndar.

Starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda er háð leyfum, sem samgrh. veitir, en ekki er krafist leyfa vegna ferðaumboðssölu og upplýsinga- og bókunarkerfa, þótt gerð séu skráningarskyld og heimild veitt til að gera tilteknar kröfur til slíkrar starfsemi. Um leyfisveitingar eru ítarleg ákvæði sem taka mið af gildandi lögum, en þó með ýmsum nýmælum. Leyfi verða tvenns konar, annars vegar fyrir ferðaskrifstofur og hins vegar fyrir ferðaskipuleggjendur og gefin út tímabundið til eins til fimm ára í senn.

Gert er ráð fyrir að ferðamiðlarar geti byggt upp tryggingarsjóði á eigin vegum. Aðild að tryggingarsjóði getur auðveldað fyrirtækjum í ferðamiðlun að uppfylla skilyrði um tryggingar.

Með ákvæðum frv. um ferðamiðlun og afþreyingarþjónustu er leitast við að setja í lög ákvæði sem tryggja neytendavernd á þessu sviði og auðvelda jafnframt yfirsýn og miðlun upplýsinga til hagsbóta fyrir atvinnugreinina.

Gefin eru ákveðnari fyrirmæli en verið hefur um að leiðsögumenn með tilskilin réttindi skuli að jafnaði vera í hópferðum hérlendis. Er það m.a. æskilegt vegna umgengni við landið og öryggis og þjónustu við fólk í slíkum ferðum. Ráðherra er ætlað að kveða nánar á um þessi efni í reglugerð. Fyrir liggur að í nokkrum Evrópulöndum eru sett hliðstæð skilyrði um leiðsögumenn í hópferðum og áskilin réttindi til leiðsagnar í viðkomandi landi.

V. kafli frv. kemur að mestu í stað núgildandi laga um veitinga- og gististaði. Sú leið var valin, m.a. að höfðu samráði við Samband veitinga- og gistihúsa, að fella ákvæði laga um veitinga- og gistihús inn í frv. um ferðamál, en frá 1926 hafa verið í gildi sérlög á þessu sviði. Með þessari breytingu er staðfest það viðhorf að hótel- og veitingarekstur sé hluti af ferðaþjónustu. Rekstur veitinga- og gististaða nýtist vissulega staðbundnu umhverfi í ríkum mæli, en er jafnframt einn af grunnþáttum ferðaþjónustu. Rekstur veitinga- og gististaða verður áfram leyfisbundinn eins og ferðamiðlun og ýmis ákvæði, m.a. um eftirlit og neytendavernd, eru hin sömu um þessa starfsemi.

Engar róttækar breytingar eru gerðar á ákvæðum laga um veitinga- og gististaði. Nokkur atriði sem óljós eru í gildandi lögum eru gerð skýrari og um

önnur er gert ráð fyrir reglugerðum í stað þess að binda þau í lögum. Á það m.a. við um flokkun veitinga- og gististaða.

Þá er í kaflanum ákvæði um skráningarskyldu afþreyingarþjónustu sem rekin er í atvinnuskyni fyrir ferðamenn, þar á meðal útleiga á tækjum af ýmsu tagi, hestaleigur og rekstur skemmtigarða. Er það nýmæli og gert ráð fyrir heimild til ráðherra að setja reglugerð um slíka starfsemi, er tilgreini nánar hvaða rekstur falli undir skráningarskyldu, svo og kröfur um hollustu og öryggi og annað er lýtur að neytendavernd.

VI. kafli ber yfirskriftina Eftirlit og upplýsingaskylda. Efni þessa kafla er að mestu nýmæli þar eð engin ákvæði hafa verið í lögum um ferðamál um almennt eftirlit með framkvæmd laga á þessu sviði. Hér er gert ráð fyrir að samgrn. sinni slíku eftirliti í samvinnu við þau embætti, stofnanir og samtök sem veita leyfi eða hafa eftirlitsskyldu samkvæmt ákvæðum sérlaga.

Sett er á fót sérstök kvörtunarnefnd til að fjalla um og skera úr um ágreiningsmál sem neytendur koma á framfæri við nefndina vegna samskipta við fyrirtæki í ferðaþjónustu. Slíkt fyrirkomulag hefur um skeið verið reynt með samkomulagi ferðaskrifstofa og Neytendasamtakanna og þótt gefa góða raun. Hér er kvörtunarnefnd ferðaþjónustu veitt lagastoð sem úrskurðaraðila til að styrkja neytendavernd á þessu sviði.

Um VII. kaflann, Ýmis ákvæði, tel ég ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega hér.

Herra forseti. Ég vil undirstrika að ég tel að hér sé afar brýnt og mikilvægt mál á ferðinni. Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning þessa máls. Nefndin sem frv. samdi hefur átt viðræður við fjölmarga hagsmunaaðila og er þeirra getið í fskj. Það hefur einnig verið gott samráð við stærstu hagsmunasamtök í ferðaþjónustu og er það von mín að breið samstaða geti tekist um þetta frv. hér á hv. Alþingi.

Ég vil færa nefnd þeirri, svonefndri ferðamálanefnd samgrn., sem í raun hefur með nefndri till. til þál. um ferðamálastefnu og frv. því sem hér er mælt fyrir lokið viðamiklum störfum sínum, kærar þakkir fyrir hennar framlag á þessu sviði.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. samgn. og 2. umr.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég kysi nú að hæstv. ráðherra væri viðstaddur. Ég harma satt að segja að hæstv. samgrh. skyldi ekki verða við þeirri eindregnu ósk minni að bíða með að mæla fyrir þessu frv. þar sem honum var mjög vel kunnugt um að ég vildi eiga við hann orðastað um það. Ég fæ nú ekki séð hvers vegna það var svo brýnt að koma þessu máli til nefndar fyrir jól. Ég hygg að ekki verði mikið gert með það á þessum tíma sem eftir er. Ég skal því, hæstv. forseti, sýna þá virðingu fyrir þeim samningum sem tekist hafa um framhald þingsins að setja ekki á langt mál varðandi þetta frv. En ég hlýt að lýsa því yfir hér að ég er algjörlega andvíg því og mun ekki styðja það.

Það er margt sem kemur til. Hér er verið í fyrsta lagi að bæta enn við báknið, setja á stofn Ferðamálaráð, ferðamálastjóra, Ferðamálasjóð og ég get ekki skilið til hvers. Ég held að æskilegast væri að hvert byggðarlag fyrir sig yrði styrkt á fjárlögum skv. venjulegri afgreiðslu fjárlaga til þess að byggja upp ferðaþjónustu. Ég held að það þurfi ekkert bákn suður í Reykjavík til þess að stjórna því hvernig hin ýmsu byggðarlög landsins taka á móti gestum sínum.

Það er líka skrýtinn tónn í þessu frv. Það er fyrst og fremst verið að tala um ferðamál sem gróðaveg og vissulega er ekkert á móti því að hafa tekjur af ferðamönnum. En það er margt annað sem þarf þar að koma til.

Ég er engin undantekning frá öðrum Íslendingum. Ég elska landið mitt alveg jafnmikið og sú nefnd sem hér hefur setið að störfum. Ég er hins vegar nógu raunsæ til þess að gera mér grein fyrir að Ísland er erfitt ferðamannaland og það sem við Íslendingar eigum að gera til að laða að okkur ferðamenn er að horfast í augu við það, hætta að horfa á sólgylltu myndirnar í ferðamannabæklingunum okkar og horfast í augu við að við söfnumst saman sumarkvöldin fjögur, svo að snúið sé nú út úr frægu kvæði.

Ísland er yndislegt ferðamannaland þegar sólin skín, það vitum við öll. En það er hræðilegt í vondu veðri. Og hvað gerum við Íslendingar til að vinna á móti því? Við reynum að gera fólki dvölina hérna ánægjulega og þægilega þrátt fyrir erfið skilyrði. Það er rangt og ljótt að tæla fólk til Íslands samkvæmt þeim myndum sem fólki eru birtar erlendis af landinu okkar fallega. Ég held ekki að það þurfi að móta neina opinbera ferðamálastefnu. Það held ég ekki. Ég held að sú stefnumótun sé vísasti vegurinn til að taka allt frumkvæði frá Íslendingum í þessum efnum þannig að á endanum detti engum neitt í hug nema að takmarka umferð ferðamanna, sem ég er vissulega sammála, svona á vissum svæðum. En grunur minn er sá að ekkert hafi þetta í för með sér, þó að lögum yrði, annað en að búa til enn eitt ráðið einmitt af þeirri tegund sem ég hef margsinnis bent hæstv. fjmrh. á að fara nú loksins að strika yfir í fjárlögum.

Hvað er fólk að gera þegar það gerist ferðamenn? Það er venjulega að eyða sumarleyfi sínu, það vill láta sér líða vel og sjá áhugavert landslag og áhugavert fólk og við skulum ekkert gleyma því. Það er ýmislegt sérkennilegt að sjá á Íslandi. Mest af því sem er sérkennilegast fyrir Ísland er vandlega falið ferðamönnum.

Ferðamenn koma hingað á sumrin þegar flestar menningarstofnanir eru lokaðar. Það er ekkert gert til þess að tefla fram þeirri þjóðmenningu sem við eigum. Hvar er fólki falið að búa? Í hæfilega illa viðhöldnum framhaldsskólum og heimavistarskólum landsins. Og hv. þm. til upplýsingar eru það einmitt

staðirnir sem þeim er boðin vikudvöl í vegna þess þeir hafa ekki aðgang að orlofshúsum. Eftir eina tilraun til slíkrar dvalar verður hún a.m.k. ekki endurtekin af minni hálfu.

Ég hygg að flestir ferðamenn séu þannig gerðir að þeir vilji búa við sæmilegar aðstæður, t.d. að hafa salerni í herbergi sínu, kröfur sem við hin gerum þegar við erum að ferðast. Svo kemur nú fyrir að fólk er með börnin sín með sér. Og ég vildi spyrja hæstv. samgrh.: Hvað gera Íslendingar til að taka vel á móti börnum ferðamanna? Við sem börn höfum átt vitum að börn þurfa að hafa ofan af fyrir sér. Börn hafa ekkert gaman af að horfa á örfoka fjöll. Börn þurfa að hafast eitthvað að.

Ég sagði áðan: Ísland hefur upp á áhugaverða staði að bjóða. Það er varla sá ferðamaður til sem komið hefur til Íslands sem ekki hefur farið að Gullfossi og Geysi. En það er svona rétt eins gott að hann hafi létt á sér áður því um áratuga bil var ekki hægt að komast á salerni á þeim fræga stað, að ég nú ekki tali um frekju eins og að fá sér kaffisopa.

Það hefur algjörlega skort að byggja upp einmitt þá staði sem trúlegast er að ferðamenn sæki. Fyrir mér er Ísland áhugavert ferðamannaland eins og nú standa sakir fyrir hrausta göngumenn sem hafa yndi af að dveljast í óbyggðum og það eru góðir ferðamenn líka. En allur þorri fólks er ekki af þeirri gerðinni.

Niðurstaða mín er því sú að Ísland hefur eins og er ekkert til að taka á móti ferðamönnum og það þarf síst af öllu nokkurt Ferðamálaráð eða Ferðamálasjóð eða ferðamálastjóra til þess að sjá það. Forði mér allir heilagir frá slíku.

Á Íslandi eru nær engin hótel utan Reykjavíkur og Akureyrar. Það er allt of langt milli gististaða. Það er allt of langt milli veitingastaða og staðanna sem ég hef þegar nefnt sem eru nú kannski alveg lágmarksþjónusta. Það er afskaplega lítið gert til að nostra við ferðamenn, útbúa staði þar sem gaman er að setjast niður og hvíla sig, að ég nú ekki tali um staði þar sem börnin geta haft gaman af að koma. Við höfum t.d. stað eins og Bláa lónið, sem er alveg upplagður ferðamannastaður. Hvers vegna í ósköpunum segjum við ekki við Reyknesinga: Við skulum láta ykkur hafa peninga á fjárlögum. Gerið þið þennan stað nú þægilegri og skemmtilegri fyrir ferðamenn en hann er. Það þarf engan ferðamálastjóra til að stjórna því. Við höfum fjvn. til þess. Sama má segja við önnur kjördæmi landsins og aðra staði.

Ég er sjálfsagt að svíkja loforð mitt við hæstv. forseta, ég ætlaði ekki að halda langa ræðu. Ég hefði kosið að hafa tíma til að semja ítarlega ræðu og ég verð þá bara að láta það bíða til 2. umr. En mér er óskiljanlegt hvernig stór og mikil nefnd hefur setið að störfum lengi, lengi til þess að semja annað eins og þetta. Ég segi það hreinskilnislega.

Ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. hafi einhvern tíma verið ferðamenn í öðrum löndum og ég hélt að menn vissu eftir hverju ferðamenn sækjast. Og ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi, Ísland hefur upp á marga skemmtilega hluti að bjóða fyrir ferðamenn. En Íslendingar gera allt til að koma í veg fyrir að menn geti látið sér líða vel við að njóta þessara sérkenna. Hvað ætli margir ferðamenn hafi átt þess kost að sjá íslenska sjómenn og fiskvinnslufólk að störfum? Heimurinn veit að við framleiðum saltfisk, frægan saltfisk, hann er heimsfrægur. Hafa ferðamenn séð hvernig að þessu er unnið? Ég hygg að margir hefðu gaman af því. Hafa menn átt þess kost að sjá landgræðslutilraunir Íslendinga, að ég nú ekki tali um eins og ég segi allt það sem unnið er á menningarsviðinu? Nei. Ferðamálafrömuðir virðast ekki sjá neitt annað í ferðamálum en að menn klungrist upp um holt og móa til að horfa á vindblásin fjöll. Það mega menn gera fyrir mér. En ég trúi því ekki að allur þorri ferðamanna hafi minnsta áhuga á því.

Almenningssamgöngur um landið eru afar slæmar. Það er alveg sama hvert litið er. Að lokum: Bílaleiga er óhóflega dýr. Og allra síðast en ekki síst, það hefur enginn ferðamaður efni á að borða á Íslandi. Það er ekki hægt að setjast niður á hálfskítugum hótelum nokkurs staðar án þess að borga fyrir það eins og á lúxushótelum erlendis. Halda menn svo að Ísland geti orðið ferðamannaland með þessu móti? Ég bið menn að hugsa vel um þetta mál þegar það kemur til nefndar. Ég lofa hv. þingheimi hér mun ítarlegri ræðu við 2. umr. þessa máls en þetta frv. þarf að taka miklum breytingum, hæstv. forseti, áður en ég veiti því atkvæði mitt.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Því miður stóð þannig á að ég var rétt að koma inn í salinn og mér skilst að ég hafi misst hér af afar skemmtilegri ræðu. Sennilega verður það fáa sem ég segi hér um þetta mál að þessu sinni ekki nema svipur hjá sjón miðað við það sem hv. 13. þm. Reykv. sagði.

Þetta mál, sem er allítarlegur lagabálkur, var lagt fram á þingi í gær. Hæstv. ráðherra hafði áhuga á því að taka það mál strax til umræðu en varð við eindregnum óskum að gera það ekki þannig að mönnum gæfist kostur á að skoða þetta frv. fyrir 1. umr. Það verður hins vegar að segjast eins og er að ekki hefur gefist mikill tími til þess í þeim önnum sem verið hafa síðustu daga, en ég geri auðvitað engar athugasemdir við það að 1. umr. fari fram nú þannig að mál þetta geti farið til nefndar.

Þetta mál hefur átt nokkuð ítarlegan undirbúning. Frv. var samið af nefnd sem í áttu sæti m.a. fulltrúar þingflokkanna og fulltrúar ýmissa hagsmunasamtaka. Ég hygg að málið hafi fengið nokkuð vandaðan undirbúning. Það eru þó nokkur atriði sem ég vildi gera athugasemdir við á þessu stigi málsins og bið hv. nefnd um að taka það til athugunar en ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem um þetta fjallar.

Ég vil í upphafi segja að ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við Íslendingar hlúum að okkar ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta er jú þegar orðin allumtals-

verður þáttur í okkar atvinnulífi. Bæði er það margt fólk sem hefur atvinnu af ferðaþjónustu í ýmiss konar mynd og það skapar okkur allverulegar gjaldeyristekjur. Er enginn vafi á því að þær geta farið vaxandi. Hins vegar eru auðvitað takmörk fyrir því hversu mikið landið þolir af ferðamönnum. Við erum þegar farin að sjá þess merki í óbyggðum landsins og á ýmsum viðkvæmum stöðum að staðirnir eru farnir að spillast, náttúran og umhverfið eru farin að spillast vegna þess að troðið er á landinu og illa með það farið. Jafnvel þótt menn reyni að skipuleggja umferð og aðstöðu á hinum viðkvæmustu stöðum og þeim sem eru mest eftirsóttir, þá er enginn vafi á því að það eru takmörk fyrir því hvað viðkvæmustu hlutar landsins þola. Ég held hins vegar að við eigum að beina sjónum okkar að því að reyna að gera Ísland að vettvangi fyrir fundi og ráðstefnur og lengja þannig ferðamannatímann í báðar áttir til þess að nýta hótel og aðra aðstöðu betur heldur en nú er gert.

Athugasemdirnar sem ég hef fram að færa nú lúta fyrst og fremst að stjórn ferðamála, þ.e. að II. kafla þessa frv. Þar er gert ráð fyrir því að svokallað ferðaþing verði haldið árlega, það er í 3. gr. frv. Það á að vera ráðgefandi samkoma um málefni ferðaþjónustunnar, gera tillögur um breytingar á opinberri ferðamálastefnu og annað er lýtur að þróun ferðamála. Þetta árlega ferðaþing sitja fulltrúar frá hagsmunasamtökum, fyrirtækjum, samtökum neytenda og samtökum launafólks í ferðaþjónustu. Einnig hafa seturétt fulltrúar opinberra aðila sem tengjast ferðaþjónustu, umhverfisvernd, menntunarmálum og rannsóknum á sviði ferðamála. Síðan er öðrum heimilt að fylgjast með störfum þingsins sem áheyrnarfulltrúar. Ráðherra á síðan að setja reglugerð þar sem kveður á um rétt aðila til að tilnefna fulltrúa á þingið. Síðan á þetta ferðaþing að kjósa verulegan hluta af svokölluðu Ferðamálaráði. Það eiga að skipa níu menn. Ráðherra skipar formann, fjórir eru síðan kosnir óhlutbundinni kosningu á þessu ferðaþingi, en síðan eru fjórir tilnefndir af ákveðnum, þar tilgreindum aðilum sem ég ætla ekki að telja upp hér, en um það er ákvæði í 4. gr.

Mér finnst það satt að segja afar laust í reipunum hverjir eiga að sitja ferðaþing, skv. ákvæðum laganna. Það er lagt í vald ráðherra að ákveða það. Ég held að reynslan sé sú að þegar ákveðið er með reglugerð hverjir eiga seturétt á slíkum þingum er stöðugur þrýstingur á ráðherra að bæta við og auka félögum og alls konar samtökum sem telja sig, og geta vafalaust með réttu talið sig hafa áhuga á viðkomandi málaflokki. En að láta síðan jafntilviljanakennda samkomu kjósa svona stóran hluta í Ferðamálaráð finnst mér ekki ganga. Ég vek athygli á því að Ferðamálaráðið á að hafa töluverð völd samkvæmt þessu frv. Það á m.a., svo að ég taki nú 1. tölul. í 5. gr. „að gera árlega tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár til helstu málaflokka og ákvarða síðan skiptingu þess til einstakra verkefna.“ Þarna er það Ferðamálaráð sem hreinlega ákvarðar hvernig fé eigi að skiptast á ákveðin verkefni. Ferðamálaráð hefur síðan ýmis önnur verkefni sem talin eru upp í 11 töluliðum sem ég ætla ekki að telja nánar upp hér en fær sem sagt töluverð völd.

Í 9. gr. er Ferðamálaráði heimilað að gerast meðeigandi og taka þátt í rekstri ferða- og upplýsingamiðstöðva. Í því er auðvitað fólgið verulegt vald líka.

Nú veit ég að vísu ekki hvaðan fyrirmyndin er en mig grunar að hún gæti verið komin frá Náttúruverndarráði vegna þess að náttúruverndarþing kýs Náttúruverndarráð sem síðan hefur mjög mikil völd. Þau lög eru nú til endurskoðunar. Ég minnist þess þegar ég sat í menntmrn. að þá fékk ég mjög margar heimsóknir frá forsvarsmönnum Náttúruverndarráðs þar sem þeir létu mjög illa af þessu stjórnunarfyrirkomulagi. Náttúruverndarþing var stækkað. Það voru alltaf að koma fleiri og fleiri félög sem sögðu: Við höfum áhuga á náttúruverndarmálum, við viljum geta setið náttúruverndarþing. Síðan óx það og óx og síðan kaus þetta þing Náttúruverndarráð sem hefur gríðarleg völd í náttúruverndarmálum. Og mig grunar að þessi fyrirmynd sé sótt þangað en ég vara við þessu fyrirkomulagi af því að þarna er ekki nægileg festa í hvernig ferðaþing á að skipa. Þess vegna tel ég að þennan þátt málsins eigi að taka til endurskoðunar og athugunar í nefndinni. Ég hef ekki ákveðnar tillögur um það hverjir eigi þar að koma við sögu, en ég hefði þó talið að það væri eðlilegra þegar um jafnvaldamikla stofnun og Ferðamálaráð er að ræða að Alþingi kysi hreinlega þá aðila sem ekki eru tilnefndir sérstaklega af þar til greindum samtökum.

Ég vil vekja athygli á því að í III. kafla er fjallað um fjármögnun ferðamála. Þar segir: „Starfsemi Ferðamálaráðs skal m.a. fjármögnuð með sérstöku gjaldi, er nemur eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Fríhafnir skulu greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins.“ Þarna er sem sagt gert ráð fyrir því að Ferðamálaráð verði innheimtuaðili þessa gjalds. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga en vek athygli á að þar með minnka verulega líkur á því að Alþingi geti, eins og það gerir á hverju ári, skert fjárveitingar til Ferðamálaráðs. Ég hygg að fyrirmyndin sé sótt í þau gjöld sem greidd eru til framkvæmda í flugmálum en þau gjöld koma aldrei í ríkissjóð heldur eru þau innheimt sérstaklega beint af Flugmálastjórn frá flugfélögunum og reyndar frá olíufélögunum sem selja flugvélabensín eða flugvélaeldsneyti. Á þessu vil ég vekja athygli og væri svo fróðlegt að heyra hvaða skoðanir hæstv. fjmrh. eða fjmrn. hefði á þessu fyrirkomulagi. En ég tel auðvitað að með þessu sé mun tryggara um hnútana búið að þessar tekjur fari þá gagngert til þess sem þær eru ætlaðar samkvæmt þessu lagafrv.

Ég vildi, virðulegi forseti, láta þessar athugasemdir koma fram nú við 1. umr. þessa máls og vænti þess að hv. nefnd hugleiði það þegar hún tekur málið til meðferðar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál almennt, enda mér málið nokkuð skylt sem fulltrúa í þeirri nefnd sem undirbjó frv. En það var ræða hv. 2. þm. Reykv. sem er ástæðan fyrir því að ég bað hér um orðið. Ég heyrði hér hv. 13. þm. Reykv. gefa sig fram en ég ætla ekki að víkja að hennar máli, sem ég raunar hlýddi ekki á hér í deildinni en kannast eitthvað við þau sjónarmið sem hv. þm. kann að hafa viðrað varðandi málið. En sú efnislega ræða sem hv. 2. þm. Reykv. flutti er vissulega gott innlegg inn í þetta mál til umhugsunar og athugunar varðandi málið í nefnd. Það er búin að fara fram mikil umræða og mikil umhugsun í sambandi við stjórnunarþætti ferðamálanna í nefndinni sem undirbjó málið og þar á meðal varðandi ferðaþingið og tengsl þess við Ferðamálaráð og það sem þessu þingi er ætlað að gera, m.a. að kjósa fjóra fulltrúa af níu í Ferðamálaráð.

Ég tel að þetta fyrirkomulag hafi marga kosti, vafalaust einnig einhverja galla. Það kerfi sem þarna er verið að setja á fót þyrfti auðvitað að fá reynslu ef lögfest verður og þá er alltaf hægt að breyta til. En ég hef ekki fyrir fram þær áhyggjur sem hv. 2. þm. Reykv. viðraði hér, að það þurfi að verða allt of laust í böndum og þunglamalegt að fara þessa leið. Ég vil benda á í þessu sambandi að ferðamálin eru mjög fjölskrúðugur atvinnuvegur með óvenjumörgum aðilum sem tengjast atvinnuveginum, ferðaþjónustu. Það er mjög freistandi að gefa hinum ýmsu samtökum í ferðamálunum möguleika á ekki aðeins að koma málum almennt að á ferðaþingi heldur einnig að eiga möguleika á að koma fulltrúum í Ferðamálaráð. Ég held að svona opinn vettvangur kalli á það að þeir sem beita sér þar og eru líklegir til áhrifa í þágu atvinnuvegarins þurfi að líta nokkuð breitt á sviðið ef þeir eiga að fá stuðning inn á þennan vettvang, Ferðamálaráð, og því geti það haft verulega kosti að ætla þessum vettvangi þessi áhrif sem er kjör í Ferðamálaráð. Reglugerðin sem yrði sett um þetta yrði að sjálfsögðu að mótast í tengslum við hagsmunaaðila. Þeir hljóta að gefa sig fram sem hafa áhuga á að eiga fulltrúa á þessum vettvangi eða sem fyndust þeir vera sniðgengnir þannig að þetta yrði vafalaust nokkuð fjölmennur vettvangur, ferðaþingið.

Á bls. 32 í fylgiskjölum eru sýnd drög að reglugerð um ferðaþing en þó án þess að telja upp þá mörgu hagsmunaaðila sem koma þurfa við sögu í sambandi við þingið og eiga þar setu- og atkvæðisrétt. Það er alveg rétt til getið hjá hv. 2. þm. Reykv. að nefndarmenn höfðu nokkra hliðsjón af náttúruverndarþingi og því fyrirkomulagi sem þar hefur verið við lýði síðan lög voru sett um náttúruvernd 1971. Hafa líklega verið haldin sjö slík þing og ég er ekki alveg viss um að sú gagnrýni sé réttmæt sem ég hef vitanlega heyrt varðandi þann vettvang og þann hlut sem náttúruverndarþingi er ætlaður, því er reyndar ætlaður mun meiri hlutur en hér er gert í sambandi við Ferðamálaráðið. Náttúruverndarþing kýs alla í Náttúruverndarráð fyrir utan formann sem er skipaður af ráðherra. En hér er það þó minni hluti Ferðamálaráðs sem ferðaþingi er ætlað að kjósa.

Ég held að athugasemdirnar sem varða reynsluna af náttúruverndarþinginu séu kannski meira komnar frá embættismannahlið en hins vegar hafi það haft alveg ótvíræða kosti, félagslega séð, að veita jafnmörgum aðgang að náttúruverndarmálunum eins og gerist í gegnum náttúruverndarþingið. Ég er ekki að segja að þetta sé að öllu leyti sambærilegt en þetta er að sjálfsögðu skylt að vega og meta. Þetta fyrirkomulag gefur möguleika á því að halda því opnu að hluta til hverjir eiga fulltrúa í Ferðamálaráði, hverjir geta komið mönnum inn á þann vettvang. Hagsmunasamtökin eru svo margfalt fleiri en rúm er fyrir í Ferðamálaráði, ég tala nú ekki um miðað við þá fækkun sem hér er lögð til og raunar útilokað að ætla svona ráði að vera skipað fulltrúum allra þeirra mörgu hagsmunaaðila sem vafalaust hefðu áhuga á að koma að þeim vettvangi en hafa hins vegar möguleika á ferðaþinginu.

Það var þetta, virðulegur forseti, sem ég vildi eingöngu gera að umtalsefni og ætla ekki taka frekari tíma af hv. þingdeild.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka forsetum fyrir liðlegheit við að koma þessu máli áfram og vonandi til nefndar fyrir jólaleyfi. Ég held að það sé mikilvægt fyrir þann frumvarpsbálk sem hér er á ferðinni að hann komist strax til umfjöllunar í þinginu með þeim hætti.

Ég leyfi mér að fullyrða að það séu bundnar talsverðar vonir við það víða í ferðaþjónustunni að af þessum lagabreytingum og skipulagsbreytingum í stjórn þessara mála verði. Hvort sem þær verða að endingu í ákvörðunum Alþingis nákvæmlega þær sem hér er lagt til eða með eitthvað breyttum hætti er ég sannfærður um og veit það reyndar að víða í ferðaþjónustunni binda menn vonir við að þessi gagngera endurskoðun á lögum og skipulagi þessara mála marki viss tímamót fyrir ferðaþjónustuna og boði upphaf þeirra tíma fyrir þessa atvinnugrein í landinu að hún verði tekin, ef svo má að orði komast, í fullorðinna manna tölu. Ég held að því verði tæplega neitað að menn hafi fram á hin síðustu ár verið tiltölulega rólegir hvað þá staðreynd snertir að hér væri að vaxa upp í landinu og óðfluga ein af mikilvægustu útflutningsgreinum þjóðarinnar, einn mikilvægasti gjaldeyrisaflandi atvinnuvegur þjóðarinnar. En það er engu að síður staðreynd sem mönnum er hollt að hafa í huga að svo er nú komið að ferðaþjónustan er með um 10 milljarða gjaldeyristekjur, sem eru sömuleiðis rétt um 10% af öllum tekjum þjóðarinnar fyrir selda vöru og þjónustu erlendis. Þessum sess hefur ferðaþjónustan nú náð. Það hlýtur auðvitað að liggja í hlutarins eðli að hvorki við né væntanlega nokkur önnur þjóð hefur efni á

því að vanrækja málefni slíkrar atvinnugreinar í landinu. Ég vil því þakka fyrir þau liðlegheit sem málinu hafa verið sýnd og vonast til þess að það komist fyrir jólaleyfi til umfjöllunar í þingnefnd og eftir atvikum til umsagnar.

Ég ætla í sjálfu sér ekki tímans vegna að fara ítarlega út í að svara þeim efnislegu ábendingum og athugasemdum sem hér voru gerðar. Hv. 2. þm. Austurl. og formaður þeirrar nefndar, ferðanefndar samgrn., sem samdi frv. hefur þegar lýst viðhorfum nefndarinnar til ákveðinna þátta sem varða stjórn ferðamála og fjallað er um í II. kafla og hv. 2. þm. Reykv. ræddi nokkuð um. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að taka þær athugasemdir og ábendingar sem hann flutti til athugunar í hv. nefnd. Sömuleiðis það sem hann ræddi um fjármögnun til ferðamála.

Um það sem hv. 13. þm. Reykv. ræddi mætti ýmislegt segja og sýnir best frá hversu mörgum sjónarhornum er hægt að nálgast málefni ferðaþjónustunnar, margt af því sem fram kom í hennar ræðu, ef ég má leyfa mér að orða það svo, virðulegur forseti. Ég held að við þurfum öll að gera okkur grein fyrir því að ferðaþjónusta er ákaflega fjölbreyttur atvinnuvegur. Ferðamenn eru mjög mismunandi og við megum síst alls gleyma því að ferðaþjónustan er ekki síður atvinnuvegur vegna okkar Íslendinga sjálfra og okkar ferðalaga um eigið land heldur en vegna þjónustu við erlenda ferðamenn sem þangað sækja, svo mikilvægir sem þeir þó annars eru. En sem betur fer er það svo að vaxandi hluti umsvifa í ferðaþjónustu í landinu er vegna ferðalaga okkar Íslendinga um eigið land og að þeim hlut verður vissulega að hyggja. Það er mjög mikilvægt að uppbygging ferðaþjónustunnar og allt skipulag taki mið af því að ferðalangurinn er eins misjafn og hann er margur. Öllum þessum mismunandi áhugamálum og þörfum ferðamanna, allt frá þeim sem mest fjármagn hafa handa í milli og vilja láta dekra mest við sig, ef svo má að orði komast, eins og hv. 13. þm. Reykv. vék að, og niður til hinna sem ferðast með minnst fjárráð. Allt þetta þarf að hafa í huga. Vaxandi fjöldi ferðamanna hingað til lands á undanförnum árum hefur einmitt borið þessa staðreynd með sér vegna þess að sá ferðamannahópur sem hingað sækir er sífjölbreytilegur og fjölbreytilegri ár frá ári með vaxandi fjölda. Ég hygg að því verði að sjálfsögðu að halda til haga að hvað sem um Ísland sem ferðamannaland má segja og hvað sem frammistöðu okkar á því sviði, hvort heldur um uppbyggingu, þjónustu eða annað, áhrærir þá fer orðstír lands okkar sem ferðamannalands vaxandi. Fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað sækir er vaxandi ár frá ári. Og það sem meira er og rétt er að hafa í huga er að ófáir leggja leið sína hingað í annað og þriðja sinn og jafnvel oftar. Þetta verða menn að hafa í huga og minnast þess jafnan að hér er fjölbreytt atvinnugrein á ferð sem kemur víða við og snertir marga og mörg svið þjóðlífsins.

Herra forseti. Ég þakka svo fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið. Ég ítreka þakkir mínar til ferðanefndar og vænti þess að málið fái vandaða meðferð hér á hinu háa Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 24 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 398, brtt. 399.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseta hafði verið tjáð að hv. 1. flm. brtt. á þskj. 399 hefði samþykkt að draga brtt. til baka. Sé svo kemur hún ekki til atkvæða en hins vegar frv. í heild.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það vill þannig til að á þessari brtt. eru fimm hv. þm. Það hefur enginn rætt um það við mig að draga þessa tillögu til baka og mér er kunnugt um að svo er ástatt um fleiri sem þessa tillögu hafa flutt. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr 41. gr. þingskapa þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Frv., hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og till. til þál. og brtt., má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill.“ Það er það sem hv. 1. flm. ætlaði að gera. En síðan segir: „En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi.“

Ég vil leyfa mér að láta þess getið, virðulegi forseti, að hinn góðkunni formaður fjh.- og viðskn. deildarinnar, 1. þm. Norðurl. v., óskaði eftir því í gærkvöldi þegar þetta mál kom upp að fá til þess tækifæri að ræða málið í fjh.- og viðskn. Það hefur ekki verið gert, virðulegi forseti. Og það er fullkomlega óeðlilegt að ætla að beita hér einhverjum þjösnaskap og knýja menn til þess að draga tillögur til baka áður en þær fá umfjöllun í nefndinni. Ég leyfi mér fyrir hönd hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að lýsa því yfir að við tökum þessa tillögu upp í samræmi við það ákvæði þingskapa sem ég hef hér lesið, í það minnsta þangað til að nefndin hefur fengið tækifæri til þess að fjalla um málið. Það er algert lágmark þó að mér sé kunnugt um það að hv. 1. þm. Norðurl. v. vilji helst af öllu koma í veg fyrir að tillaga þessi komi hér til atkvæða vegna þess að hann grunar að fyrir henni sé meiri hluti. En það er lágmark að tillagan fái umfjöllun í nefndinni eins og frestunartillaga hans í gærkvöldi gekk út á og forseti varð við. Ef það á að knýja þetta mál hér til afgreiðslu nú, þá mun þessi brtt. koma til atkvæða eins og ég hef tilkynnt í nafni okkar þriggja sem ég hef nefnt.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 17. þm. Reykv. vill forseti taka það mjög skýrt fram að honum datt ekki í hug að

þvinga fram atkvæðagreiðslu um þessa tillögu. Honum barst það til eyrna að hv. 1. flm. hefði ákveðið að draga tillöguna til baka og reiknaði forseti þá með því að hann hefði haft samband við samflutningsmenn sína og þetta væri gert í nafni þeirra. Raunverulega þarf ekki að ræða þetta mál mikið meira. Ef hv. þingdeildarmenn vilja taka upp þessa tillögu, sem þeir hafa fulla heimild til skv. 41. gr. þingskapa, þá er það sjálfgert og forseti mun auðvitað gera nákvæmlega það sama og hann gerði í gær, að óska eftir því að hv. fjh.- og viðskn. tæki tillöguna til umræðu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Forseti hefur þegar tekið af mér ómakið. Ég ætlaði að greina frá því að ég óskaði eftir því að tillagan kæmi til meðferðar í fjh.- og viðskn. deildarinnar. Það er alveg rétt hjá hv. 17. þm. Reykv., fjh.- og viðskn. hefur ekki unnist tími til þess að halda fund á þessum degi. Hann er boðaður nú síðar í dag og þá gefst okkur tækifæri til þess að ræða þetta mál og önnur sem fyrir nefndinni liggja. En orsök þess að við höfum ekki getað haldið fund er sú að a.m.k. einn af nefndarmönnum hefur verið tepptur annars staðar á miklum fundi, en þeim fundi er að ljúka og ég vænti þess að nefndin verði fullskipuð innan skamms.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja frá gangi þessa máls. Það er rétt að ég hef gefið samþykki mitt til þess að draga þessa tillögu til baka. Ég minntist á það við það tækifæri að ég hefði auðvitað ekki tök á því að vita hvað samflutningsmenn mínir að þessari tillögu mundu gera. Mér skildist af þeim af viðtölum við nokkra þeirra að þeir hefðu ekki hug á því að draga hana til baka þannig að ekki var ljóst hvað þeir mundu gera. Nú hefur það komið í ljós og það verður þá svo að vera.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti lítur svo á að mál þetta verði tekið til umræðu í hv. fjh.- og viðskn. og að öllum líkindum kemur till. til atkvæða áður en yfir lýkur hér í hv. deild nema um annað verði samið.

Umræðu frestað.

Fangelsi og fangavist, frh. 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 85, n. 360 og 386, brtt. 361, 387.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð til nánari skýringar á afstöðu meiri hl. hv. allshn. varðandi málskotsrétt fanga, hvort rétt sé að Fangelsismálastofnun verði fyrsti aðili sem máli er skotið til eða hvort eigi að skjóta því beint til dómsmrn.

Afstaða meiri hl. byggir á því m.a. að í lögunum um fangelsi og fangavist frá 1988 er kveðið skýrt á um verkefni Fangelsismálastofnunar. Í 1. lið í 2. gr. segir að Fangelsismálastofnun eigi að annast daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa og í öðru lagi að sjá um fullnustu refsidóma og í þriðja lagi að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar o.s.frv.

Í ljósi þessa telur meiri hl. nefndarinnar að þar sem hlutverk Fangelsismálastofnunar er m.a. það að sjá um daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa felist í því að stofnunin hafi leiðbeinandi hlutverki að gegna gagnvart forstöðumönnum fangelsa auk þess sem stofnunin hefur bein afskipti af föngum. Þess vegna telur meiri hl. nefndarinnar að þarna sé um svo skylda aðila að ræða að það sé óeðlilegt að stofnunin setjist í dómarasæti í þessu efni. Meiri hl. allshn. telur að staða Fangelsismálastofnunar gagnvart forstöðumönnum fangelsa sé slík að vafasamt sé að stofnunin geti endurskoðað á hlutlausan hátt ákvörðun þeirra um agaviðurlög eða einangrun. Á því er afstaða meiri hl. byggð.

Ég vil taka það skýrt fram að með þessu er í engu verið að kasta rýrð á störf Fangelsismálastofnunar. Verkefni hennar og hlutverk er afar skýrt skilgreint í lögunum um fangelsi og fangavist. Hún er hin þarfasta stofnun og var full þörf á að samræma þau verkefni sem hún vinnur að. Það breytir hins vegar ekki afstöðunni í þessu máli. Mér finnst sjálfsagt að þetta mál fái þinglega meðferð og verði afgreitt frá Alþingi fyrir jólaleyfi ef nokkur kostur er vegna þess að þetta mál tekur á augljósum agnúa í dómskerfinu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem er til umræðu er óhætt að fullyrða að hafi fengið mjög góða umfjöllun í hv. allshn. þar sem haldnir voru, að ég hygg, einir fjórir fundir um málið og kallað eftir umsögnum og rætt við aðila er málið varðar. Enda má segja að í nefndinni hafi ríkt mikill einhugur um frv. í heild, nema hvað snertir þann lið er tekur á málskotsrétti fanga sem dæmdur er til einangrunar. Nefndin var fyllilega sammála um þann þátt sem snýr að einangruninni hvað varðar refsitíma, að einangrunartíminn skuli ekki bætast við refsitíma. Eini ágreiningurinn varð því um þetta efni. Þeir sem komu á fund nefndarinnar voru allir á einu máli um að þessi málskotsréttur ætti að fara beint til dómsmrn., ekki til Fangelsismálastofnunar og svo þaðan til ráðuneytisins, ef menn þannig kysu að viðhafa.

Á fund nefndarinnar komu til að mynda forstöðumaður Fangelsismálastofnunar, Haraldur Johannessen, og Birgir Kjartansson, formaður Verndar. Auk þess fékk nefndin skriflega umsögn frá Landssambandi lögreglumanna og Fangavarðafélagi Íslands. Það er skemmst frá því að segja að allir þessir aðil-

ar, nema að sjálfsögðu Fangelsismálastofnun, voru því fylgjandi að málskotsréttur færi þá leið sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. beint til dómsmrn. Hér fyrr í dag var vitnað til umsagnar Fangelsismálastofnunar, sem eðlilegt var, því það var til rökstuðnings þeirri brtt. sem minni hl. hefur lagt fram. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér tvær umsagnir sem bárust, enda eru þær mjög stuttar og tefur það ekki fundinn nema um nokkrar sekúndur. Það er í fyrsta lagi frá Landssambandi lögreglumanna. Umsögn þeirra hljóðar svo:

„Landssambandi lögreglumanna hefur borist erindi yðar, dags. 20. 11. '90, þar sem óskað er umsagnar LL um frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

Um erindi þetta var fjallað á framkvæmdastjórnarfundi LL sem haldinn var í dag. Eru fundarmenn fyllilega sammála þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í frv. Framkvæmdastjórn LL lýsir yfir ánægju sinni með að lög þessi séu til umfjöllunar en jafnframt þeirri skoðun sinni að Íslendingar verði að gera upp hug sinn til fangelsismála sem eru í miklu ólagi vægast sagt.“ Undir þetta ritar Bjarnþór Aðalsteinsson, ritari.

Umsögn Fangavarðafélagsins er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fangavarðafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988. Fangavarðafélagið hefur ekki athugasemdir fram að færa hvað varðar breytingar á 25. og 26. gr. laganna.“ Undir það skrifar Jóhannes Bjarnason, formaður Fangavarðafélagsins.

Á fund nefndarinnar kom síðan Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dómsmrn. Hann upplýsti m.a. að þessi háttur sé viðhafður í nágrannalöndum, t.d. Danmörku og Noregi. Þar er málskotsrétturinn beint til ráðuneytis. Það eru lönd sem við gjarnan lítum til þegar við erum að leita okkur fyrirmyndar þó ég svona yfir höfuð mæli nú ekki með því, alla vega í öðrum málaflokkum, að líta of mikið til þeirra þjóða. Vissulega eru bæði rök með og á móti í þessu máli en reynslan verður bara að leiða í ljós hvort þurfi að breyta þessu þegar frá líður og fara einhverja aðra leið.

Ég hlýt að mótmæla því sem fram kom hér fyrr í dag hjá frsm. minni hl. að, eins og hann lagði það upp, í rauninni væri ekkert í verkahring þess félagsskapar sem nefndur er Vernd að fjalla um það mál. Þeir væru ekki stjórnsýslulegt apparat, held ég að hafi verið orðalagið sem var notað. Ég hlýt að mótmæla því. Þetta er vettvangur sem fjallar eingöngu um málefni fanga og þess vegna fyllilega gildur aðili til að leggja mat sitt á slíkt frv. sem hér er. Formaður þeirra samtaka, Verndar, Birgir Kjartansson, kom á fund nefndarinnar og það var hans álit að þetta frv. væri til bóta. Hann sagði reyndar að það væri nú svo komið með fanga að þeir gerðu í rauninni engan greinarmun á fangelsisstjórum og Fangelsismálastofnun. Þetta eru viðhorf sem heyrðust reyndar víðar.

Það má kannski upplýsa það hér að þrír nefndarmenn allshn. fóru í stutta heimsókn í eitt af fangelsum ríkisins og könnuðu þar aðstöðu sem er vægast sagt bágborin og vona ég að ekkert okkar eigi eftir að gista þar um lengri eða skemmri tíma. Þar komu einnig fram í samtali við fangelsisstjóra og þá sem þar störfuðu nákvæmlega sömu viðhorf og við höfðum heyrt í nefndinni, að þessi málskotsréttur ætti alveg hiklaust að vera beint til ráðuneytis. Það er því alveg ljóst og reyndar skil ég ekki það sem hv. 6. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir sagði, að allir sem til þekkja teldu það eðlilega leið að þessi málskotsréttur væri til Fangelsismálastofnunar. Ég tel mig vera búinn að fara hérna í eins stuttu máli og ég get yfir alla þá sem til þekkja og skoðun þeirra á því hvernig beri að meðhöndla þetta mál og það er allt á eina leið. Það er til ráðuneytisins en ekki til Fangelsismálastofnunar að undanskilinni að sjálfsögðu Fangelsismálastofnun.

Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dómsmrn., taldi að með því að málskotsrétturinn yrði til Fangelsismálastofnunar mundi það auka skriffinnsku og hann leyfði sér að efast um það að stofnunin gæti talist til óháðs aðila vegna náinna samskipta hennar við fanga. Þetta er sjónarmið sem kom víðar fram.

Um þetta mál er í sjálfu sér ekki mikið að segja. Ég hef persónulega haft töluverð samskipti við fanga og reynt að hjálpa þeim með öllum þeim ráðum sem ég hef getað. Ég leyni því ekki að ég hef heyrt þá skoðun þeirra um nokkra hríð að þeir kjósi frekar að líta upp til ráðuneytisins en stofnunarinnar. Hverjar ástæðurnar eru þori ég ekki og ætla ekki að fjalla um hér úr þessum ræðustól. Það er annarra að kafa dýpra í það mál.

Hins vegar hefur því verið varpað fram hvort stofnunin sem slík sé þá yfir höfuð nauðsynleg. Það er umræða sem ég get vel tekið undir að þurfi að fara fram, endurskoðun á því hvort þessi stofnun og margar aðrar stofnanir séu í raun og veru nauðsynlegar. Ég er alveg tilbúinn í slíka umræðu hvenær sem er.

Varðandi þá brtt. sem meiri hl. leggur fram þá fagna ég henni sérstaklega, enda barðist ég fyrir henni innan nefndarinnar. Það var aðallega með hagsmuni fanganna í huga. Það hefur oft viljað brenna við að þeirra hagsmunir væru ekki hátt skrifaðir. En mér fannst að alveg skilyrðislaust yrði að vera einhver hemill á því hvort hægt væri að dæma menn í einangrun eða ekki og sá hemill kemur fram í því að ef niðurstaða hefur ekki fengist frá ráðuneytinu innan 48 klukkustunda verður viðkomandi fanga sleppt úr einangrun. Þetta tel ég alveg nauðsynlegt og ég fagna því sérstaklega að þetta hafi hlotið náð fyrir augum ráðherra.

Minni hl. gerir ráð fyrir því að málskotsréttur verði til Fangelsismálastofnunar sem hafi þá 24 stundir til að fjalla um málið. Síðan sé hægt að áfrýja því áfram til dómsmrn. og það hafi aðrar 24 stundir og vilja með því segja að þetta taki engu lengri tíma en sú leið sem við erum að leggja til. Þetta get ég ekki tek-

ið undir. Ég tel að þetta geri ekkert annað en tefja málið enn frekar og get því ekki tekið undir slíka tillögu.

Það hefur komið fram ósk um að ræða þetta betur milli 2. og 3. umr. Ég hef alltaf verið talsmaður þess að frv. beri að ræða eins vel og ítarlega og hægt er. Ég tel hins vegar að nefndin hafi fjallað mjög ítarlega um þetta mál og fyrir mína parta sé ég enga sérstaka ástæðu til að fjalla meira um þetta. Hafi menn einhverjar nýjar upplýsingar fram að færa í þessu máli þá mun ég að sjálfsögðu ekki leggjast gegn því að þær fái fram að koma.

Hæstv. forseti. Eins og ég segi eru rök beggja aðila sjálfsagt gild. Ég hef valið að taka þessa afstöðu með frv. eftir að hafa hlustað á alla þá aðila sem málið snertir, líka forstöðumann Fangelsismálastofnunar, sem ég er í engu að kasta rýrð á, ekki hið minnsta, en ég er alveg tilbúinn að láta reynsluna síðan dæma hvor leiðin hafi verið rétt.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

34. fundur, fimmtudaginn 20. des., 23.10 síðdegis.

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 398, brtt. 399.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom á fundi deildarinnar í dag við umræður um þetta mál tókum við þrír þingmenn, hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson og ég, upp tillögu sem einn af stjórnarliðum hafði flutt sem brtt. við frv. til laga um virðisaukaskatt. Sú brtt. er reyndar samhljóða frv. sem sami þingmaður hefur flutt og gengur út á það að taka upp virðisaukaskatt á veiðileyfi í ám og vötnum og aðrar sambærilegar veiðar.

Í gærkvöldi þegar þessi tillaga kom fyrst fram fór hv. formaður fjh.- og viðskn. deildarinnar fram á það að nefndin fengi tækifæri til að fjalla um hana. Á fundinum í dag kom síðan í ljós að sá tími sem verið hafði til umráða hafði ekki verið notaður til þess og ég gagnrýndi það harðlega í dag. Mér er hins vegar tjáð að á fundi sem haldinn var í nefndinni síðdegis hafi þetta mál lauslega komið til umfjöllunar og þá með þeim hætti að hv. nefndarformaður hafi hótað deildinni því og nefndinni að stöðva þetta mál, að leggjast á málið í nefndinni og koma í veg fyrir afgreiðslu þess ef sú till. sem hér liggur fyrir og hefur komið fram með algjörlega eðlilegum hætti kæmi til atkvæða. Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem hvorki eru honum samboðin né líðandi hér í deildinni.

Ég vil láta það koma hér fram að við, þessir þrír flm. till., hv. 10. þm. Reykv. og hv. 10. þm. Reykn., höfum ákveðið að taka þessa till. aftur fyrir ítrekuð tilmæli hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Það er gert vegna þess að við teljum ekki rétt að það frv. sem hér er til umræðu og hefur að geyma ýmisleg ákvæði sem horfa til framfara varðandi framkvæmd virðisaukaskatts verði stoppað með þeim hætti sem hv. þm. Páll Pétursson hefur haft í hótunum um. Þannig að sú tillaga er dregin til baka, hún er sem sé geymd en ekki gleymd.

En vinnubrögð hv. formanns fjh.- og viðskn. í þessu máli eru auðvitað með þeim hætti að þau hlýtur að verða að átelja mjög harðlega og þann þjösnaskap sem hann hefur sýnt í þessu máli. En niðurstaðan er sem sé sú, virðulegi forseti, og ég veit að það gleður forseta eins og aðra stjórnarþingmenn því nú er glatt á hjalla hér víða í stjórnarliðinu greinilega, að till. þessi er afturkölluð, geymd fram yfir áramót en ekki gleymd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 399 kölluð aftur.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

NEÐRI DEILD

35. fundur, fimmtudaginn 20. des., að loknum 34. fundi.

Iðnlánasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 362, n. 436.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. sem er fylgifrv. með frv. um Útflutningsráð Íslands, 241. máli þingsins. Nefndin mælir með samþykkt frv. Undir þetta rita nefndarmenn, þar af með fyrirvara hv. þm. Friðrik Sophusson og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Umræðu frestað.

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 352, n. 430, brtt. 423, 431.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 430 um frv. til laga um Útflutningsráð Íslands. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er á þskj. 431. Hún er svohljóðandi:

„a. B-liður fyrri mgr. falli brott.

b. Orðin „og b" í 1. málsl. síðari mgr. falli brott."

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn en tveir þeirra með fyrirvara, þeir Matthías Bjarnason og Friðrik Sophusson.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við þetta frv. sem birt er á þskj. 423. Ástæða þeirrar till. er að viðræður við ýmsa áhugaaðila um þetta mál hafa leitt í ljós að ástæða er til að draga úr gjaldskyldu fiskveiðanna með tilliti til þess að það er tekið gjald í Útflutningsráð samkvæmt tillögunni af fiskvinnslunni. Þess vegna þykir ástæða til að stofna nýtt gjaldþrep, 0,03%, fyrir fiskveiðarnar sérstaklega.

Þá hefur líka komið fram að ástæða væri til að létta gjaldskyldunni af veitinga- og hótelrekstri og að því leyti til er þessi tillaga sama eðlis og sú brtt. sem hv. fjh.- og viðskn. hefur flutt.

Ég mælist til þess við þingdeildina að hún taki þessa brtt. til greina og vona að með því móti sé hægt að ná víðtækri samstöðu um þetta mál. Ég nefni það líka að í c-lið er hér gerð tillaga um það að fyrir utan það að fella gjaldskylduna af veitinga- og hótelrekstrinum sé það valkostur fyrir aðila í öðrum atvinnugreinum en þeim sem tilgreindar eru í 3. gr., að kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningsráði og gjalda þá til þess 0,01% af aðstöðugjaldsstofni.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Fyrir mitt leyti get ég fallist á þá tillögu sem hæstv. viðskrh. flytur og tel eðlilegt að taka tillit til sjónarmiða fiskveiðanna með því að lækka þetta framlag nokkuð. Tel ég því að það sé til bóta fyrir afgreiðslu frv.

Hins vegar vil ég endurtaka það sem ég sagði í gær þegar rétt var búið að úthluta þessu frv. og það tekið til 1. umr. í hv. þingdeild og vísað til fjh.- og viðskn. að ég tel að þetta mál hafi ekki fengið þá æskilegu þingmeðferð sem nauðsynlegt er að sýna í sambandi við meðferð frv. hér á hv. Alþingi. Það hefði verið full ástæða til að fulltrúar frá Útflutningsráði hefðu komið á fund nefndarinnar til þess að skýra frá því sem Útflutningsráð hefur verið að gera að undanförnu og hvað er fram undan, þannig að þingið væri betur upplýst í þeim efnum. Það sem er verið að gera hér núna er gert í algjöru tímahallæri og ekki til sóma fyrir þingræðið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég get nú ekki annað en tekið undir það að nokkru með síðasta ræðumanni að sannarlega hefði verið betra að aðeins meira tóm hefði gefist til þess að ræða málefni þessa frv. og þá sérstaklega við hina einstöku hagsmunaaðila sem það varðar. Þannig gafst því miður lítill tími til þess að kanna afstöðu einstakra aðila í ferðaþjónustu til þessa frv. eftir að það kom fram eða var kynnt fyrst á vettvangi ríkisstjórnar. Það er þó rétt og skylt að taka fram að við í samgrn. féllumst á að það yrði lagt svona fram en við létum jafnframt fylgja með að ekki hefði gefist tími til að kanna afstöðu allra aðila á sviði ferðaþjónustu. Það kom síðan fram, eins og upplýst hefur verið, að við það var andstaða, sérstaklega á vettvangi Samtaka veitinga- og gistihúsaeigenda eða -rekenda að lögþvinga aðild þeirra að Útflutningsráði með þessum hætti, þó í litlum mæli væri skv. b-lið 3. gr. Því vil ég að það komi fram að úr því að svo er þá tel ég ekki hyggilegt að halda því til streitu að lögskylda aðild þeirra að Útflutningsráði með þessum hætti. Hyggilegra væri að breyta frv. í þá átt sem tillaga fjh.- og viðskn. og tillaga frá hæstv. viðskrh. gerir ráð fyrir. Ég vil þó segja að það er viss ókostur í mínum huga að fylgja brtt. viðskrh. að því leyti að þá er aðilum á sviði ferðaþjónustu í raun mismunað, þar sem flugrekendur og þeir sem annars sinna flutningum á sjó yrðu áfram lögskyldaðir aðilar að Útflutningsráði en ekki þeir sem stunda atvinnurekstur af öðru tagi innan ferðaþjónustu.

Enn fremur vil ég segja að það hefði verið æskilegra ef hæstv. viðskrh. og starfandi utanrrh. og fjh.- og viðskn. hefðu náð að sammælast um eina brtt. Þeim hluta brtt. viðskrh. sem lýtur að því að létta gjöldum að nokkru af fiskveiðum með því að færa þau niður um 0,02% get ég fylgt. Óska ég því eftir því, ef tillaga viðskrh. verður studd að öðru leyti, að c-liður tillögunnar verður borinn upp sérstaklega og mundi þá leggja til að hann félli brott þannig að eftir stæðu a- og b-liður tillögunnar. Þá er í raun um að ræða efnislega sömu afgreiðslu á b-lið frv. og fjh.- og viðskn. leggur til.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil gjarnan láta það koma fram að ég styð tillögu hæstv. viðskrh. og tel að hún sé til bóta. Því miður hafði okkur ekki dottið þetta í hug í fjh.- og viðskn. og ég held að þetta sé betri lausn en sú sem við leggjum til. Að vísu stend ég með þeirri brtt. sem nefndin flutti, en ég tel að þetta bæti hana enn og aftur.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara eins og fram kemur á því skjali sem hefur að geyma nefndarálitið. Ég tel bráðnauðsynlegt að setja þessi lög og breyta þeim nú fyrir áramótin og styð það að sjálfsögðu. En það er ekki hægt að komast hjá því að benda á að þessar umræður sanna það bet-

ur en nokkuð annað hvernig undirbúningi er háttað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um stjfrv. almennt. Hér þurfa hæstv. ráðherrar að ræðast við í þingdeild um brtt. sem kemur fram við frv. sem allt of seint er fram komið. Ég minni á að sömu sögu er að segja um önnur frv., til að mynda mjög stórt frv. sem er frv. um tryggingagjald þar sem í ljós kom að láðst hafði að breyta því frv. sem dreift var til samræmis við óskir Framsfl. Síðar kom í ljós, reyndar eftir að málið hafði verið rætt í nefnd um nokkurn tíma, að Framsfl. hafði ákveðið að fylgja ekki því frv. nema það tæki þeim breytingum sem nú hefur verið lagt til af meiri hl. hv. nefndar. Ég nefni þetta sem dæmi vegna þess að hæstv. forsrh., og reyndar hæstv. ráðherrar allmargir hafa látið í það skína á stundum að það sé verið að tefja þingstörf og það sé stjórnarandstaðan sem komi í veg fyrir það að mál fái afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Hér er ein órækasta sönnunin fyrir því hvernig unnið er að frumundirbúningi þingmála.

Þrátt fyrir allt þetta sem ég hef sagt hér tel ég fulla ástæðu til þess að þetta mál fái afgreiðslu. Vona ég svo sannarlega að menn komi sér saman um það hvaða orðalag þeir vilja nota í þessari grein, enda hefur það efnislega þýðingu hverjir koma til með að greiða gjald til Útflutningsráðsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst þetta mál liggja dálítið óskýrt fyrir hv. þingdeild. Það eru tilmæli mín til hæstv. forseta að þetta mál verði tekið af dagskrá þessa fundar og hv. fjh.- og viðskn. fái málið aftur til skoðunar því að ég er viss um það að þar næst sammæli með hliðsjón af brtt. hæstv. viðskrh. og annarra sjónarmiða sem fram hafa komið. Ég tel það miklu farsælla en að menn fari að greiða hér atkvæði með þeim hætti eins og málið liggur fyrir nú og tel að það greiði frekar götu málsins í gegnum þingið ef þannig er á því haldið.

Umræðu frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 132, n. 432 og 433, brtt. 391.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 432 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um þetta frv. Leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt. Undir það skrifa auk mín Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég legg til ásamt hv. 1. þm. Reykv. að þetta frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði fellt. Á sínum tíma, þegar þessi skattur var á lagður og fyrst á eftir, var talin mikil fjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Síðar var hann nokkuð lækkaður. Nú hafa orðið verulegar breytingar til hins verra í sambandi við verslun og viðskipti í landinu. Það hefur orðið verulegur samdráttur bæði í verslun og byggingu verslunarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Það sýnir að ekki er grundvöllur fyrir því að halda þessari gjaldheimtu áfram.

Við 1. umr. í gær um þetta mál minnti ég á loforð ríkisstjórnarinnar um aðstoð við strjálbýlisverslunina. Það var tekið fram í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar að hún ynni að því að renna styrkari stoðum undir strjálbýlisverslunina. Það hefur verið spurt um þetta og bráðum eru nú tvenn fjárlög afgreidd frá því að lofað var að taka þetta upp en það bólar ekki á því að hæstv. ríkisstjórn ætli að standa á nokkurn hátt við gefin loforð og fyrirheit í málefnasamningi. Ég spurðist fyrir um þetta í þeim tilgangi að ríkisstjórnin vaknaði til meðvitundar um það að hún ætti nú, af því að þetta er síðasta þing hennar, og vonandi ber þjóðin gæfu til þess að setja ekki aftur á slíka stjórn eftir næstu kosningar sem tekur upp loforðalista og stendur svo ekki við nokkurn skapaðan hlut. Ég var að fara fram á það, þó ekki væri nema að litlu leyti, að staðið yrði við þetta loforð. En það er ekki gerð minnsta tilraun til þess og hinir lipru þjónar ríkisstjórnarinnar í fjh.- og viðskn. vildu ekkert um þetta mál tala og flýttu sér bara að afgreiða það út úr nefndinni ásamt hálfri tylft af öðrum málum sem þar voru afgreidd í dag án þess að nefndarmenn gætu fjallað ítarlega um málsmeðferð, hvað þá heldur að þingdeildarmenn almennt viti eiginlega nokkurn skapaðan hlut um það hvað er að gerast í þinginu. Og það er von að þessi blessuð þjóð sé farin að hafa litla tiltrú á Alþingi Íslendinga á meðan svona fer fram.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé árlegur viðburður að ég flytji brtt. við þann skatt sem hér er til umræðu og það er engin breyting á núna. Það var reyndar alveg hrikalegt að hlusta á hæstv. fjmrh., sem nú er ekki staddur í salnum, þegar hann kom hér og mælti fyrir frv. fagnandi og skælbrosandi af gleði yfir því að hann væri að mæla fyrir þessu frv. og taldi upp þá ráðherra sem áður hefðu mælt fyrir þessu frv. Nefndi hann þá alveg sérstaklega ráðherra Sjálfstfl. sem hefðu setið í stól fjmrh.

Það skiptir mig nákvæmlega engu máli hvort ráðherrar Sjálfstfl. hafa setið í því embætti eða einhverjir aðrir. Skatturinn er jafnslæmur og nákvæmlega jafnafleitur og mismunaði atvinnugreinum all-

verulega, hvaða ráðherra sem setti hann á eða hvaða ráðherra sem viðhélt honum. Þennan skatt ber að leggja niður, hann er óréttlátur og mismunar eins og ég hef sagt. Það er náttúrlega hrikalegt að fá fagnandi fjmrh. hér upp þegar dreifbýlisverslunin er, eins og flestir vita, nánast að leggjast af og er að flytja sig til Reykjavíkur. Þá kemur hæstv. ráðherra hér skælbrosandi og fagnar því sérstaklega að nú geti hann sennilega veitt dreifbýlisversluninni náðarhöggið.

Þennan skatt vildi ég helst leggja af í einu lagi, en ég fer hógværa leið í brtt. minni, ég lækka hann um 1%, úr 1,5% í 0,5 með það fyrir augum að á næsta ári, þegar vonandi verður komin hér stjórn á landið með tilkomu nýs flokks sem heitir Sjálfstfl. og vonandi þá með hreinan meiri hluta, þá verði þessi skattur niður lagður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 17:5 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 18:5 atkv.
Brtt. 391 felld með 16:7 atkv.
6.–9. gr. samþ. með 18:5 atkv.
10. gr. samþ. með 17:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, 2. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 413, n. 435.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):
Virðulegi forseti. Ég mæli hérna fyrir hönd menntmn. sem ritað hefur nál. um frv. til laga um samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Nefndin tók þetta mál til ítarlegrar umræðu í dag og fékk til sín til viðræðna marga sem málið varðar eins og fram kemur í nál. Nefndin mælir eindregið og einróma með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (kennslumissiri). — Þskj. 234, n. 434.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):
Virðulegi forseti. Hv. menntmn. hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands. Efri deild hefur áður fjallað um þetta frumvarp og var það samþykkt þar einum rómi. Sama varð niðurstaðan í menntmn. neðri deildar, nefndin mælir einróma með að frumvarpið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

36. fundur, föstudaginn 21. des., kl. 0.02 árdegis.

Um þingsköp.
Afgreiðsla þingmála.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Aðeins örfá orð enda tíminn naumur. Ég hef nú setið hér nokkra fundi þar sem ákveðnum málum hefur verið frestað trekk í trekk, 9. og 10. málið á þessari dagskrá. Nú þætti mér vænt um að fá það staðfest hjá forseta hvers við eigum að vænta á þessum fundi. Því ég veit ekki til að það sé andstaða gegn því að 10. málið komi til atkvæða hér á fundinum.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Vegna þessarar fyrirspurnar vill forseti geta þess að hann mun eftir því sem tíminn leyfir taka á dagskrá þau mál sem hér eru prentuð á dagskrá og mun leitast við að láta engin af þessum málum lenda í útideyfu.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál. — Þskj. 132.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 17:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 467).

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, 3. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 413.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 468).

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 194. mál (kennslumissiri). — Þskj. 234.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 469).

Iðnlánasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 362, n. 436.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegur forseti. Nefndarmenn í iðnn. hafa borið sig saman og sjá ekki ástæðu til að breyta neinu í nál. sínu sem prentað er á þskj. 436.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 352, n. 430, brtt. 423, 431, 449.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 449. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um brtt. og sameinast um brtt. sem prentuð er á þskj. 449 og mælir með því að hún verði samþykkt. Reikna ég með að aðrar brtt. verði dregnar til baka. (**Gripið fram í:** Um hvað fjallar till.?) Það stendur á þskj. 449. (**Forseti:** Forseti vill gefa hv. 1. þm. Norðurl. v. tækifæri til þess að koma í ræðustól aftur og gera nokkra grein fyrir þeim till. sem hér um ræðir.)
Eins og bráðgáfaðir þingmenn hljóta að sjá hefur verið breytt hér að nokkru prósentutölum í 3. gr., a-, b- og c-lið, þ.e. a-liður verður 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi. (Gripið fram í.) Það var nákvæmlega þetta. Síðan kemur lóðið, að í b-lið kemur 0,03% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða. Það hefur alveg farið fram hjá hv. 17. þm. Reykv. Þetta er alveg nýtt fyrir honum. En síðan er c-liður 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó og flugrekstrar, þó ekki strandflutninga eða innanlandsflugs, og þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningssjóði. Svona gengur það nú.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Virðulegi forseti. Þar sem gott samkomulag hefur tekist um brtt. á þskj. 449 vil ég afturkalla þá brtt. sem ég gerði á þskj. 423.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 423 kölluð aftur.
Brtt. 431 kölluð aftur.
Brtt. 449 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
4.–9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (lækkun gjalds og niðurfelling). — Þskj. 184, n. 428 og 440, brtt. 429, 441.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Á þskj. 440 liggur fyrir álit meiri hluta fjh.- og viðskn. sem leggur til að þetta frumvarp verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Brtt. er á þskj. 441 og er þar lagt til skv. 1. gr. að gjaldið skuli vera 4%

frá 1. jan. til 1. sept. 1991 og 3% frá 1. sept. til 31. des. 1991.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 428 er að finna nál. minni hl. fjh.- og viðskn. en minni hl. skipar auk mín hv. þm. Matthías Bjarnason.

Við teljum að mál þetta sem hér er til umræðu hafi fengið ófullnægjandi umfjöllun í hv. nefnd. Frv. kom tiltölulega seint fram og hefur tekið verulegum breytingum samkvæmt till. meiri hl. nefndarinnar.

Minni hl. flytur brtt. sem er að finna á þskj. 429. Þær brtt. ganga annars vegar út á það að ríkissjóði sé skylt að endurgreiða iðnfyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt vegna ársins 1989. Þar vantar 40 millj. eða þar um bil á að staðið hafi verið við loforð hæstv. ríkisstjórnar að fullu. Í öðru lagi eru brtt. þess efnis að lögin um jöfnunargjald falli úr gildi um næstu áramót.

Ég þarf í raun ekki að halda mjög langa ræðu um þetta mál. Það hefur verið gert margsinnis áður, bæði á þessu þingi og eins á síðasta þingi og má þess vegna vísa til grg. með frv. sem er að finna á þskj. 163. En til að rifja aðeins upp örfá aðalatriði málsins þá var frá upphafi ráðgert að jöfnunargjald félli niður um leið og virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Ég minni á að jöfnunargjaldinu var ætlað að ganga til þess að efla iðnþróun og það hefur verið gert í gegnum tíðina með því að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til iðnaðarfyrirtækja. Ég minni á að þegar virðisaukaskattur var lagður á var gert ráð fyrir því að hann næði til þess tekjutaps sem yrði ef jöfnunargjaldið væri fellt niður.

Loks vil ég minna á yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar. Í tengslum við kjarasamninga fyrir einu og hálfu ári lofaði hæstv. ríkisstjórn með bréfi hæstv. forsrh. að fella jöfnunargjaldið niður um sl. áramót þegar virðisaukaskattur var tekinn upp. Það loforð var að sjálfsögðu svikið eins og flestöll loforð sem varða þetta mál.

Ég minni á að hæstv. iðnrh. flutti ræðu hinn 15. mars sl. þar sem hann sagði að fresta ætti því að fella niður þetta gjald til þess að afla tekna til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts á sl. ári. Það er ekki nóg með að því hafi verið frestað heldur er nú ætlunin að leggja þetta gjald á í eitt ár í viðbót til þess að afla ríkissjóði tekna.

Þá vil ég láta það koma fram að gerð var tilraun til þess að kalla fram bréfaskriftir sem farið hafa fram á vegum utanrrn., að því að talið er til EFTA og EB og jafnvel til breskra stjórnvalda, vegna þess að þeir sem gert hafa við okkur viðskiptasamninga telja að jöfnunargjald brjóti nú í bága við viðskiptasamninga á milli Íslands og þeirra þjóða.

Í nál. á þskj. 428 er sýnt hvernig tekjur hafa innheimst af jöfnunargjaldi frá 1981 og hve mikið hefur verið endurgreitt. Eins og sjá má af þessari töflu er ráðgert að á næsta ári fái ríkissjóður nettó í sinn hlut jafnmiklar tekjur og á yfirstandandi ári eða 300 millj. kr. meira en samkvæmt tekjuáætlun yfirstandandi árs. Með öðrum orðum er hér um skattahækkun upp á 300 millj. kr. að ræða frá fjárlögum yfirstandandi árs. Á þetta þarf að leggja áherslu.

Verði tillögur minni hl. ekki samþykktar er ljóst að hann mælir ekki með samþykkt frv. en mun sitja hjá því af tvennu illu er þetta frv. skárra en gildandi lög.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Á fundi hv. fjh.- og viðskn. Nd. í morgun voru mörg mál afgreidd út úr nefndinni. Þeirra á meðal var að finna frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem þegar hefur verið afgreitt sem lög frá Alþingi og frv. um breytingar á lögum um jöfnunargjald sem hér er nú til umræðu. Við hvorugt þessara mála lýsti ég, sem á sæti fyrir hönd Kvennalistans í hv. nefnd, andstöðu. Hins vegar bregður svo við þegar nál. berast á borð þingmanna. að mitt nafn er ekki að finna undir því nál. Hlýt ég að líta svo á að stjórnin láti sig litlu varða hvort Kvennalistinn styður málin eða ekki og munum við kvennalistakonur sitja hjá í því máli sem nú er til umræðu líkt og við gerðum um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Jafnframt vildi ég þá mælast til þess að stjórnarliðar spöruðu sér yfirlýsingar um að það væri aldrei stuðning að finna við tekjuöflunarfrv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir hefur lög að mæla. Fyrir einhver mistök, mér óskiljanleg, hefur nafn hennar fallið niður af nál. Það ber að harma og ég bið hana afsökunar svo og Kvennalistann gjörvallan. Við þessu er ekkert að gera annað en að bíða betri tíma með blóm í haga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 429,1 felld með 15:10 atkv.

Brtt. 441 samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StH, SJS, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GHelg, HG, JóhS, LVJ, JK, JónS, JSS, ÁrnG.

MálmS, ÓE, PJ, SV, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG, FÞ, FrS, GHH, IBA, KrP, KE, MB greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (RH, AðB, AS, EH, GuðnÁ, HJ, MÁM) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 429,2 felld með 20:9 atkv.

2. gr. samþ. með 21:2 atkv.

Brtt. 429,3 felld með 19:9 atkv.

3. gr. samþ. með 19:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

37. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum 36. fundi.

Iðnlánasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 362.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 451.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jöfnunargjald, 3. umr.

Stjfrv., 167. mál (lækkun gjalds og niðurfelling). — Þskj. 466.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fangelsi og fangavist, frh. 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 85, n. 360 og 386, brtt. 361, 387.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 2. umr.

Frv., 100. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 103, n. 383 og 384.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Nefndin hefur rætt frv. sem felur í sér að færeysk og grænlensk fiskiskip verði undanþegin ákvæðum laga er banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Fyrir nefndinni lágu umsagnir um frv. frá 110. þingi frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands.

Nd. afgreiddi þetta frv. til Ed. á síðasta þingi, en þar var samþykkt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar séráliti.

Guðni Ágústsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Hæstv. forseti. Ég vil minna á það að samþykkt frv. gefur möguleika á auknum þjóðartekjum og auknum samskiptum erlendra fiskiskipa við íslensk þjónustufyrirtæki, svo sem í iðnaði og verslun, og í því sambandi nefni ég sérstaklega skipasmíðaiðnað sem hefur átt í erfiðleikum eins og kunnugt er. Ég leyfi mér því að mæla eindregið með samþykkt þessa frv.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér álit frá minni hl. sjútvn. á þskj. 384. Þar kemur fram að minni hl. álítur að skip frá Grænlandi og frá Færeyjum geti í hvert sinn fengið heimild til löndunar hér á Íslandi þegar þau þess óska. Það er rétt að áliti minni hl. að láta breytingar á ákvæðum um löndunarrétt þessara þjóða bíða uns náðst hafa frekari samningar um gagnkvæma nýtingu sameiginlegra fiskstofna því telja verður að löndunarréttindi muni skipta verulegu máli í viðræðum um nýtingu þessara stofna milli þjóða í alþjóðlegum samningum. Það geti veikt samningsaðstöðu okkar ef við hefðum í raun einhliða afsalað okkar ákvörðunarrétti í þessu efni.

Minni hl. leggur því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er framsögumaður einn sem stendur að þessu minnihlutaáliti. Undir það ritar Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég færi sjútvn. þakkir fyrir afgreiðslu á þessu frv. og þakka meiri hl. ótvíræðan stuðning við málið. Ég tel að Grænlendingar og Færeyingar standi okkur nær en nokkrar aðrar þjóðir í þeim efnum að við eigum að hafa friðsamleg samskipti við þá og við eigum að sitja við samningaborð við þessar þjóðir um ýmis málefni án þess að

það sé æðsta hugsun okkar að við eigum að reyna að ná á þeim haustaki í samningum. Ég er sannfærður um að það mun fremur greiða fyrir samskiptum við samningaborðið sýnum við þeim fullan drengskap í þeim efnum að þeir séu velkomnir hvenær sem er til að selja fisk á Íslandi, kaupa hér vistir og eiga hér önnur samskipti við þessa þjóð.

Ég undirstrika erfiðleika skipasmíðaiðnaðarins sem eru í dag miklir og ég tel að þetta sé eitt af því sem geti greitt fyrir því að við komum rekstrargrundvelli undir skipasmíðaiðnaðinn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef reyndar áður tjáð afstöðu mína til þessa máls þegar það hefur verið hér til umræðu á Alþingi á undanförnum árum. Mín afstaða er sú að ég styð álit minni hl. hv. sjútvn. Ég tel það ekki tímabært eða rétt við núverandi aðstæður í samskiptum okkar við okkar ágætu granna, Færeyinga og Grænlendinga, að breyta þessu grundvallaratriði í íslenskri löggjöf sem hefur verið hluti af okkar stefnu í okkar sókn til þess að ná fullum réttindum gagnvart öllum útlendingum í okkar auðlindalögsögu.

Ég leyfi mér að fullyrða að ég sé ekkert lakari liðsmaður vestnorrænnar samvinnu en hver annar hér á hv. Alþingi. Ég hef lagt mig eftir því að eiga góð samskipti og ná góðum samböndum við stjórnmálamenn í Færeyjum og á Grænlandi. Ég hef átt sæti í Vestnorræna þingmannaráðinu frá stofnun þess og allt fram á síðustu ár þangað til ég tók sæti í ríkisstjórn og tel mig geta fullyrt að skynsamlegt sé við núverandi aðstæður að við höfum þann hátt á að veita þessum þjóðum aðgang með undanþágum til löndunar og viðskipta við okkur eins og við höfum gert, og án vandkvæða að mínu mati, höfum til að mynda tryggt grænlenska rækjuveiðiflotanum við austurströnd Grænlands aðstöðu í íslenskum höfnum eins og á hefur þurft að halda. Við höfum sýnt Grænlendingum í því sambandi sérstök liðlegheit eins og t.d. með því að heimila íslenskum hafnarstjórnum að veita afslætti frá löndunargjöldum og fleira mætti þar til nefna. En það breytir ekki þeirri grundvallarafstöðu minni að samskiptum og samningum þjóðanna um nýtingu sameiginlegra fiskstofna þurfi að miða lengra áleiðis áður en tímabært sé að breyta sérstaklega gagnvart þessum aðilum því grundvallarákvæði löggjafar að við heimilum ekki nema með sérstöku leyfi og sérstökum undanþágum erlendum fiskiskipum að athafna sig úr íslenskum höfnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 438.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frv. felur í sér breytingu á 94. gr. laga nr. 86/1988 sem fjallar um stimpilgjöld. Í frv. er lagt til að ekki sé greitt stimpilgjald af félagslegum íbúðum, hvorki af lánssamningum sem gerðir eru við framkvæmdaraðila vegna byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum né af skuldabréfum sem framkvæmdaraðili gefur út í verklok.

Það frv. sem varð að lögum nr. 70/1990, um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, fól í sér ýmsar breytingar sem leiddu af sér kostnaðarhækkun fyrir lántakendur. Þar á meðal var hækkun vaxta á framkvæmdalánum. Á móti var hins vegar ákveðið að fella niður stimpilgjöld af félagslegum íbúðum en áður höfðu einungis afsölin verið stimpilfrjáls en ekki skuldabréf.

Eftir að lög nr. 70/1990 voru afgreidd frá Alþingi komu aðrir framkvæmdaraðilar til sögunnar en sveitarfélögin. Á þeim tíma sem unnið var að frv. sem varð að lögum nr. 70/1990 tíðkaðist ekki að framkvæmdalánasamningi skyldi þinglýst og stimpilgjald var ekki greitt. Við samningu frv. var því ekki fjallað sérstaklega um stimpilgjöld vegna framkvæmdalánasamninga þar sem nægjanlegt átti að vera að kveða afdráttarlaust á um það að ekki skyldi greiða stimpilgjöld af skuldabréfum félagslegra íbúða. Skv. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 86/1988, ásamt síðari breytingum, standa framkvæmdir sjálfar til tryggingar veittu framkvæmdaláni á hverjum tíma. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tryggingar.

Með tilkomu annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga fyrir byggingu félagslegra íbúða hefur húsnæðismálastjórn krafist raunverulegrar tryggingar fyrir framkvæmdaláni og það er því eftir setningu laganna nr. 70/1990 sl. vor sem farið er að þinglýsa framkvæmdalánasamningi og krafa kemur fram um að skuldabréf séu stimpilgjaldsskyld. Til að tryggja það að sú ákvörðun löggjafarvaldsins sem birtist í 94. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, um að ekki skuli greidd stimpilgjöld af afsölum né skuldabréfum vegna félagslegra íbúða, sé í raun framkvæmd þykir nauðsynlegt að flytja þetta frv. Eftir að farið var að krefjast stimpilgjalds af lánasamningi við framkvæmdaraðila sl. sumar hafa félags- og fjármálaráðuneyti fjallað um þetta. Óumdeilt er að vilji löggjafans var sá að félagslegar íbúðir skyldu ekki bera stimpilgjald, hvorki skuldabréf vegna þeirra né afsöl.

Frv. það sem hér er mælt fyrir kveður skýrt á um að ekki skuli greidd stimpilgjöld af framkvæmdalánasamningi. Í ljósi þess vilja sem Alþingi lét í ljósi sl. vor er lagt til að fjmrh. verði einnig veitt heimild til að endurgreiða stimpilgjald sem greitt hefur verið frá 1. júní 1990 af skjölum sem eru stimpilgjaldsfrjáls samkvæmt þessu frv. en félmrn. og

fjmrn. eru sammála um að leggja til slíkt ákvæði.

Jafnframt hafa í meðferð félmn. Ed. sem fjallaði um frv. verið teknar inn leiðréttingar vegna rangrar tilvísunar sem er í lagagrein í 100. gr. laganna þar sem fjallað er um nauðungarsölu á félagslegum íbúðum. Einnig er um að ræða breytingu sem er leiðrétting á því sem fram kom við setningu laganna nr. 70/1990, að þá láðist að fella á brott ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun, en þá fækkaði lánaflokkum Byggingarsjóðs ríkisins um tvo. Lán til almennra kaupleiguíbúða voru felld undir Byggingarsjóð verkamanna, en lán til heilsuspillandi íbúða voru felld niður, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1990 sem afnam 5. og 10. tölul. 11. gr. laga nr. 86/1988. Hins vegar voru viðeigandi ákvæði um fyrrgreind atriði í sjálfum efnisköflum laganna ekki felld brott og því er gerð tillaga um nýja grein í frv. sem ætlað var að bæta úr þessu.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að fjalla frekar um frv. en legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu stjfrv. sem fjallað hafði verið um í þingflokki Framsfl. og eins og það er lagt fram er ég reiðubúinn að samþykkja það. Hins vegar hefur það gerst að í félmn. Ed. hafa verið samþykktar breytingar við frv. og í þeirri hraðferð sem hér á sér stað við afgreiðslu mála gefst lítill tími til að átta sig á öllu sem fram fer. Mig langar, með leyfi forseta, til að lesa upp grein sem hér er lagt til að falli brott og ég get ekki sætt mig við að verði felld úr þeim lögum sem eru í gildi. Þetta er 22. gr.:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja að mati byggingarfróðra manna sem Húsnæðisstofnun ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefna.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 70% af viðgerðarkostnaði en þó aldrei hærri upphæð en 70% af hámarkslán skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr."

Ég hef ekki haft tök á að bera saman allar þær tilvitnanir sem hér eru í aðrar greinar, en ég fæ ekki séð annað en að hér sé verið að fjalla um heimild sem er í núgildandi lögum þess efnis að hægt sé að fara í viðgerðir á heilsuspillandi húsnæði ef kostnaður fer ekki yfir 70%, miðað við hámarkslán, og sé heimilt að veita 70% af viðgerðarkostnaðinum. Þá tel ég að hér sé um mjög þarft lagaákvæði að ræða. Mér er ljóst að víða hefur verið byggt eftir þessum lögum. Sem betur fer hefur þeim fækkað sem þurfa á því að halda, en það gerir það líka að verkum að þá er enn þá minni nauðsyn að fella þetta út.

Mér er ljóst að ýmsir aðrir möguleikar eru varðandi félagslegar íbúðir, en við lestur minn á þeim valmöguleikum sem þar er um að ræða sé ég samt verulega annmarka á því að þær úrlausnir komi til greina, t.d. til sveita. Ég mælist í fullri vinsemd til þess að þetta verði skoðað nokkuð gaumgæfilega í nefnd og kannað hvort ekki næst friður um það að frv. verði afgreitt eins og það var lagt hér inn, en ef menn eru harðir á því að taka upp breytingar á húsnæðislöggjöfinni verði flutt sérstakt frv. um það þannig að hinu fyrra máli verði ekki stefnt í voða með því að setja inn breytingar um alls óskylt efni því að frv. eins og það er lagt fram, herra forseti, fjallar um stimpilgjöld og það er ágreiningslaust mál. Ég tel því ekki eðlilegt að setja þar annað mál fast tengt með þessu móti sem ágreiningur er um.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað sjálfsagt að um þetta ákveðna atriði, sem hv. þm. nefndi, verði fjallað í nefnd, en ég vil benda hv. þm. á að þegar frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var til umræðu á síðasta þingi, sem þá varð að lögum, var þetta ákvæði fellt brott og fellt niður í upptalningunni um þá lánaflokka sem heyrðu undir Byggingarsjóð ríkisins. Í skýringum sem fylgdu með því, af hverju það var lagt til, kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Eins og nú háttar í húsnæðiskerfinu eru lánaflokkar í Byggingarsjóði ríkisins sem ótvírætt lána til félagslegra íbúða. Þar er um að ræða lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og lán til almennra kaupleiguíbúða. Frv. gerir ráð fyrir að sá lánaflokkur sem þjónar því hlutverki að útrýma heilsuspillandi húsnæði verði lagður niður. Umsóknir um slík lán hafa verið afar fáar og Byggingarsjóður verkamanna sér nú einnig um þennan þátt. Lánaflokkurinn er því óþarfur."

Um þetta var fjallað ítarlega af þeirri nefnd sem samdi frv. M.a. áttu sæti í þeirri nefnd starfsmenn Húsnæðisstofnunar og forstöðumaður Byggingarsjóðs verkamanna og þetta varð samkomulagsálit nefndarinnar að þessi lánaflokkur væri óþarfur, ekki síst þar sem verið var að rýmka verulega ákvæðin um félagslegar íbúðabyggingar og gera þar með sveitarfélögunum auðveldara að koma upp leiguíbúðum í stað heilsuspillandi húsnæðis. Þannig var það álit nefndarinnar, sem í raun var staðfest af Alþingi á sl. vori, að þessi lánaflokkur væri óþarfur og gæti vel fallið undir lánakerfi í félagslegum íbúðum, sérstaklega þar sem þetta var útvíkkað. Og eins, varðandi endurbætur og viðbyggingar, var það mat nefndarinnar að þetta gæti fallið undir almenn ákvæði í Byggingarsjóði ríkisins, þ.e. þann lánaflokk sem fjallar um endurbætur og viðbyggingar á húsnæði.

Auðvitað mun nefndin fjalla ítarlega um þetta mál og skoða þær ábendingar sem fram hafa komið frá

hv. þm., en ég óska eindregið eftir því að greitt verði fyrir því að þetta mál fái að fara til nefndar nú á þessum deildarfundi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

35. fundur, fimmtudaginn 20. des., kl. 3 miðdegis.

Um þingsköp.

Fyrirspurnir varðandi fjárlög.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það er afar nauðsynlegt að áður en fjárlög verða afgreidd liggi fyrir upplýsingar sem varða fjárlög íslenska ríkisins.

Það mun hafa verið 20. nóv. sl. sem ég lagði fram fsp. á þskj. 169 til hæstv. fjmrh., fsp. er varðar 6. gr. (6.8) fjárlaga 1990. Það er fsp. um það hvort samið hafi verið við sveitarfélög eins og þar er greint frá.

Hinn 6. des. sl. lagði ég fram aðra fsp. til hæstv. ráðherra um það hvort kannað hefði verið að ósk meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. hvað það kostaði fyrir ríkissjóð ef einstæðir foreldrar gætu nýtt sér ónotaðan persónuafslátt barna sinna samkvæmt þeirri lýsingu sem kemur fram í nál. á máli sem var nr. 238 á síðasta þingi.

Í 6. mgr. 31. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta:

„Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fsp. var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skjal prenta fsp. og svar í Alþingistíðindum."

Nú er það svo að stundum dregst að svara fyrirspurnum, því miður oft óhóflega lengi. Það á sér oftast skýringar í því að það kosti tíma og fyrirhöfn. Ég vil, virðulegi forseti, vekja athygli á því að þessar fsp. eru um einföld og afmörkuð efni sem hægt er að svara í örstuttu máli. Ég staðhæfi að það tekur einn mann í ráðuneyti hæstv. ráðherra varla meira en klukkutíma eða tvo að svara fsp. sem hér er um að ræða, því að efnið er skýrt og það er einungis verið að spyrja um stöðu mála sem ráðuneytið hlýtur að geta greint frá á hverju einasta augnabliki. Báðar þessar fsp. eiga það sammerkt að þær hafa þýðingu vegna afgreiðslu fjárlaga, bæði vegna útgjalda og tekna, og ég átti satt að segja von á því að svör við fsp. lægju fyrir áður en endanlega yrði gengið frá tekjufrv. hæstv. ríkisstjórnar og fjárlögum íslenska ríkisins fyrir næsta ár.

Af þessu tilefni, virðulegi forseti, vil ég fá tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort von sé á svörum við fsp. í dag. Ef svo er ekki, virðulegi forseti, þá tel ég að hæstv. forseti þurfi að ganga eftir að slíkum fsp. sé svarað því hér hefur verið um óhóflega langan drátt að ræða.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er nú þannig að á þessum árstíma eru yfirleitt miklar annir bæði hér í þinginu og í ráðuneytum, en það er alveg rétt hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni að yfirleitt á að reyna að sinna þeim fsp. sem berast í tæka tíð. Það er þó þannig með fyrri fsp. að ég hafði vænst þess að hafa frá meiru að segja þegar ég svaraði þeirri spurningu heldur en ég hafði nákvæmlega þegar hún var borin fram vegna þess að á árinu hafa farið fram undirbúningsviðræður af hálfu embættismanna ríkisins og Reykjavíkurborgar og einnig einstakra annarra bæjarfélaga til þess að fara yfir þau málefni sem um er rætt í fsp.

Embættismenn fjmrn. og Reykjavíkurborgar hafa lagt nokkra vinnu í þetta mál. Ég hef einnig rætt það við borgarstjórann í Reykjavík nokkrum sinnum í stuttum samtölum og við höfum ákveðið að hittast, og gerðum það nú reyndar fyrir allnokkru síðan, einum og hálfum mánuði eða svo, en bæði hef ég verið önnum kafinn og borgarstjórinn nýlega tekið að sér ný verkefni sem stjórnarmaður í Landsvirkjun þannig að við höfum ekki getað fundið okkur tíma til að hittast og fara yfir þessi mál. En við staðfestum það í samtali fyrr í þessari viku að við mundum gera það næstu daga.

Ég held að í sjálfu sér hafi ekki verið upp á fjmrn. að klaga í framkvæmd þessa máls þó það megi segja að ég og borgarstjóri hefðum kannski átt að veita þessu máli meiri forgang frá okkar pólitísku önnum, en það afsakar það ekki að sjálfsagt hefði verið hægt að skýra frá þessu skriflega í svari.

Varðandi seinni spurninguna segi ég það hreinskilnislega hér að mér er ekki nákvæmlega kunnugt hvers vegna það hefur dregist að veita svar við henni en ég mun kynna mér það.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin sem að vísu eru nokkuð rýr. Ég vek athygli á því að það virðist vera háttur sumra hæstv. ráðherra þegar þeir fá fsp. frá alþingismönnum að bíða með að svara þeim þar til eitthvað bitastætt sé í svarinu vegna þess að þeir vilji gera eitthvað frá þeim tíma sem spurningin var lögð fram og til þess tíma sem svarað er. Á þessu vil ég vekja athygli vegna þess að þetta fer í bága við þingsköpin eins og þau eru. Fsp. laut að því að spyrja um stöðu ákveðins máls á ákveðnu stigi málsins. Og það er auðvitað út í bláinn að afsaka þennan drátt með því að segja að hæstv. ráðherra hefði vonast til þess að á þessu mánaðarbili sem síðan hefur liðið hefði hann getað haft bitastæðara svar en hann hefur nú.

Það er auðvitað góðra gjalda vert, og ég fagna því að hæstv. ráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík séu

farnir að tala saman um þetta mál, en þetta lýtur auðvitað að öðrum sveitarfélögum líka. Það er hins vegar óafsakanlegt að bíða með að gefa svör í trausti þess að svarið verði öðruvísi eftir einhvern tiltekinn tíma sem er allt annar tími en sá sem gefinn er upp í þingsköpum Alþingis.

Það eru ekki efni til þess, virðulegi forseti, að hafa þessa umræðu lengri, ekki af minni hálfu a.m.k., en ég vek athygli á því að það mál sem hæstv. ráðherra sagðist ekki vita af hverju ekki hefði verið svarað er mál sem hefur verið í höndum ráðuneytisins frá því í fyrravor og meiri hlutinn á hinu háa Alþingi, stjórnarmeirihlutinn í fjh.- og viðskn. lagði til að ákveðið mál fengi ákveðna afgreiðslu í trausti þess að ráðuneytið mundi finna út úr málinu þar til í haust, þannig að staða þess máls átti að vera skýr og það hefði án efa ekki kostað ráðuneytið nema kannski 15 mínútur að svara þessari fsp. Því að ef ekkert er farið að gera í málinu, þá er svarið bara það að það er ekkert farið að gera í málinu og þá veit maður það. En svo er dregið að svara fsp. eins og þessum sem hafa þýðingu við afgreiðslu fjárlaga, sem hafa þýðingu þegar verið er að afgreiða tekjufrv. fyrir næsta ár, sem endar auðvitað með því að ekki er hægt að taka málið upp fyrr en á næsta haustþingi.

Ég vek athygli á þessu, virðulegi forseti. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi ekki staðið í stöðu sinni og brotið þingsköp með því að láta undir höfuð leggjast að svara einföldum fsp. eins og þeim sem ég hef hér getið. Læt ég svo málið niður falla af minni hálfu.

Úthlutun á fiskveiðiheimildum fyrir smábáta, hvort leyfð skuli.

Beiðni HBl o.fl. um skýrslu, 240. mál. — Þskj. 350.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Beiðnin leyfð með 37 shlj. atkv.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs, frh. fyrri umr.

Þáltill. BVG, 220. mál. — Þskj. 282.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Átak gegn einelti, síðari umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 9. mál. — Þskj. 9, n. 325, brtt. 326.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Álit félmn. er á þskj. 325, svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um till. og mælir með samþykkt hennar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj.

Tillagan var upphaflega flutt á síðasta þingi. Þá var hún send til umsagnar fjölmargra aðila. Till. hlaut víðtækan stuðning og lýstu allir þeir sem tjáðu sig í umsögnum til nefndarinnar um efni till. yfir stuðningi við hana. Þar var um að ræða Kennarasamband Íslands, skólamálanefnd Hins íslenska kennarafélags, Samtök foreldra og kennara í Reykjavík (SAMFOK), fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra, fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, Sálfræðideild skóla í Reykjavík, Unglingaheimili ríkisins, Sálfræðingafélag Íslands, Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu Reykjanesumdæmis, kennsluráðgjafa fræðsluskrifstofu Austurlandsumdæmis og umhverfis- og friðarnefnd Fóstrufélags Íslands.

Nefndin telur brýnt að sem fyrst verði skipaður sá samstarfshópur sem till. gerir ráð fyrir þannig að fljótlega liggi fyrir fyrstu tillögur um aðgerðir gegn einelti."

Á þskj. 326 er að finna tillögu frá félmn. um breytingu, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga og skipa í þessu skyni samstarfshóp kunnáttufólks til að gera tillögur um úrbætur."

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. félmn. góða afgreiðslu þessa máls, svo og allan þann stuðning sem málið hefur fengið. Það hefur nú fengið afgreiðslu sem ég tel efnislega fullnægjandi. Hér er um mál að ræða sem sífellt er betur að koma í ljós að brýnna úrbóta er þörf í.

Nú nýverið barst þingmönnum Reyknesinga til að mynda bréf frá örvæntingarfullum foreldrum sem líða ekki ofbeldi í unglingaskóla í nokkur þúsund manna byggðarlagi. Þar eru börn beitt einelti. Þar er um að ræða marghátttað ofbeldi, svo sem fingurbrot og ógnanir með hnífum og skaða með hnífum. Ég trúi því að verði það átak gegn einelti gert sem þessi till. mælir með að gert verði, þá muni verða hægt að liðsinna í slíkum málum. En fyrstu aðgerða er þörf nú þegar.

Þeir sem gerst þekkja til þessara mála segja að ekkert sé verra en þögnin. Ég vænti þess að þessi till., verði hún samþykkt, rjúfi þá þögn og það þegjandi samþykki sem gefið er í samfélaginu fyrir einelti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 326 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 420).

Lágmarksframfærslukostnaður í landinu, síðari umr.

Þáltill. SV, 38. mál. — Þskj. 38, n. 327, brtt. 328.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Álit félmn. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Þjóðhagsstofnun, Hagstofu Íslands og kjararannsóknarnefnd. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar og Hagstofunnar kemur fram að þessar stofnanir telja ýmsa vankanta á að framkvæma þá athugun sem kveðið er á um í till.

Nefndin flytur á sérstöku þskj. tillögu um breytingu sem m.a. felur í sér að í stað þess að fela Hagstofunni að gera umrædda athugun verði skipuð nefnd til að vinna að málinu og leiti hún aðstoðar sérfróðra aðila, m.a. Hagstofu Íslands. Þá telur nefndin ekki ástæðu til að tiltaka í einstökum atriðum þá þætti sem athugunin skuli beinast að heldur hafi sú nefnd, sem ríkisstjórninni er ætlað að skipa, svigrúm til að setja þann ramma sem hún telur eðlilegan vegna athugunar á lágmarksframfærslukostnaði."

Brtt. félmn. við þáltill. er svofelld:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis. Nefndin kanni meðal annars hvaða not megi hafa af framfærslu- og neyslukönnunum sem þegar hafa verið gerðar og leiti aðstoðar Hagstofu Íslands og annarra sérfróðra aðila.

Nefndin skili greinargerð um störf sín fyrir árslok 1991.

Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um athugun á lágmarksframfærslukostnaði."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 328,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 328,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 421) með fyrirsögninni:

Þál. um athugun á lágmarksframfærslukostnaði.

Fjárlög 1991, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 312, n. 388 (samvn. samgm.), brtt. 318, 330, 359, 389, 392, 393, 395, 414.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fjvn. hefur nú lokið umfjöllun sinni um frv. til fjárlaga fyrir árið 1991. Verklok okkar voru unnin í mikilli tímaþröng. Mörg og stór mál biðu 3. umr., m.a. mál sem oft eru afgreidd við 2. umr. Mörg þessara mála voru þess eðlis að meiri hl. nefndarinnar þótti rétt að óska eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirra. Það er ekki óeðlilegt og raunar fremur vanalegt að slík vinnubrögð séu viðhöfð þegar um svo stórar ákvarðanir er fjallað að óskað sé eftir afstöðu ríkisstjórnar áður en endanlega er frá þeim gengið við 3. umr.

Eðlilega tók talsverðan tíma að fjalla um þessi mál og varð því að vinna mjög hratt undir lokin. Mér og okkur í meiri hl. fjvn. er það fyllilega ljóst að þau vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar og hefði verið betra og æskilegra að meiri tími hefði gefist fyrir nefndina og meira samráð hefði verið hægt að hafa, m.a. við þingmannahópa einstakra kjördæma. Það var hins vegar vilji fjárveitinganefndarmanna að leitast eftir megni við að hægt væri að taka frv. til 3. umr. nú í dag, á fimmtudegi, og væntanlega til lokaafgreiðslu á morgun, föstudegi, þannig að þingmenn, og þá sérstaklega þingmenn utan af landi, gætu átt þess kost að komast með sæmilegu móti til síns heima fyrir jólin. Einnig þess vegna lögðum við allt kapp á að flýta afgreiðslum í nefndinni svo sem framast mátti verða. Hefði það aldrei tekist ef ekki hefði komið til lipurð fjárveitinganefndarmanna og tillitssemi minni hl. og vil ég færa fulltrúum minni hl. í fjvn. þakkir fyrir þá tillitssemi. Einnig vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, svo og starfsfólki fjárveitinganefndar, fjmrn., Ríkisendurskoðunar og Alþingis fyrir þá miklu vinnu sem þetta fólk hefur á sig lagt.

Eins og jafnan kom forstjóri Þjóðhagsstofnunar á fund nefndarinnar ásamt starfsfólki úr Þjóðhagsstofnun skömmu fyrir 3. umr. til þess að greina nefndinni frá þjóðhagshorfum og breytingum sem þar kynnu að hafa á orðið fyrir bæði árin, 1990 sem senn er liðið og 1991.

Um árið 1990 sagði Þjóðhagsstofnun að nú liti út fyrir að það ætlaði að reynast heldur betra ár en útlit var fyrir í októbermánuði sl. þegar þjóðhagsáætlun var lögð fram á Alþingi, en í þeirri áætlun var m.a. spá um afkomu ársins 1990. Í spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir um 4,5% samdrætti í afla. Nú eru hins vegar horfur á að afli verði töluvert meiri en gert var ráð fyrir í októbermánuði eða þannig að aflinn standi í stað frá fyrra ári og ekki verði um aflasamdrátt að ræða eins og reiknað hafði verið með. Á móti kemur hins vegar nokkur samdráttur í tekjum af álútflutningi. Niðurstaðan verður engu að síður sú að einhver hagvöxtur er líklegur á árinu 1990 í stað þess sem áætlað var, að um hagvöxt yrði ekki að ræða á því ári. Þá virðist einnig vera orðið ljóst að einkaneysla mun ekki minnka á yfirstandandi ári eins og þó var spáð. Innflutningur hefur einnig aukist verulega nú á síðustu mánuðum og er m.a. áberandi að bílainnflutn-

ingur hefur aukist. Viðskiptahalli var áætlaður um 6,7 milljarðar kr. í þjóðhagsáætlun í október en verður líkast til heldur meiri. Atvinnuleysi nú á síðustu mánuðum ársins er mun minna en reiknað var með eða um 1,2% í nóvember og atvinnuleysi á árinu 1990 sýnist ætla að verða nokkru minna en ráð var fyrir gert í fyrri spá, þ.e. það verður að meðaltali um 1,8% á árinu á móti um 2% af vinnuafli eins og spáð hafði verið.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar eru því allar horfur á að árið 1990 ætli að reynast okkur betra og farsælla en menn þorðu að gera sér vonir um í októbermánuði og afkoma þjóðarbúsins verði þá öllu betri.

Um horfurnar á árinu 1991 sagði Þjóðhagsstofnun að endurskoðun þjóðhagsspár fyrir það ár fari nú fram en ekki sé líklegt að niðurstöður muni liggja fyrir fyrr en í byrjun næsta árs. Var stofnunin ekki reiðubúin til að setja fram talnalegar upplýsingar um nýjar þjóðhagsstærðir og breytingar frá þjóðhagsáætluninni sem lögð var fram nú í haust og fjárlagafrv. er byggt á. Hins vegar kom fram hjá Þjóðhagsstofnun að líkur væru nú á að nokkur umskipti yrðu í þá átt að batnandi horfur á árinu 1990 breyttust í versnandi horfur á árinu 1991. Flestar vísbendingar sagði Þjóðhagsstofnun að væru á hinn verri veg. Nefndi stofnunin í því sambandi sérstaklega tvö atriði.

Í fyrsta lagi að ástand í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi sé nú miklu lakara en spáð var að verða mundi um mitt árið. Skýringarnar eru m.a. slæmt efnahagsárferði, bæði í Bretlandi og eins í Bandaríkjunum, en þar eru horfur á að ástand í efnahagsmálum verði mun verra en spáð hafði verið. Þjóðhagsstofnun telur óhjákvæmilegt að þetta versnandi ástand í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi muni fyrr eða síðar hafa áhrif hér.

Í öðru lagi var nefnt af hálfu þjóðhagsstofnunarmanna að horfur um loðnuveiðar væru nú ekki mjög góðar. Mikil óvissa ríkir um loðnuveiðar á árinu 1991. Ákvarðanir hafa enn ekki verið teknar um veiðarnar og því ekkert hægt að fullyrða eða spá að svo stöddu en ef svo kynni að fara að loðnuaflinn minnkaði úr 850 þús. tonnum í ár í um það bil 400 þús. tonn á næsta ári, þá mundi þjóðarbúið tapa nokkrum milljörðum króna. Þessi samdráttur í loðnuveiðum mundi hafa þau áhrif að mestur hluti hagvaxtarins á árinu 1991, sem spáð var í þjóðhagsáætluninni, hyrfi með loðnunni. Eru því ekki líkur á þeim aukna hagvexti á árinu 1991 sem menn voru að vona að verða mundi og mun að sjálfsögðu enn draga úr í þeim efnum reynist 400 þús. tonna loðnuveiði ofáætluð.

Í sambandi við óvissuna um loðnuveiði og þá óvissu sem einnig ríkti um veiði á loðnu um sl. áramót er bent á að óvissan um samdrátt var önnur fyrir ári síðan en nú. Þá höfðu fiskifræðingar m.a. ekki komist til þess vegna hafíss að framkvæma fullnaðarmælingar á stærð loðnustofnsins, en nú hafa þrír leiðangrar verið gerðir þar sem tekist hefur að ljúka mælingum og niðurstöður mælinganna benda í þá átt að loðnustofninn sé ekki stærri en 300–400 þús. tonn. Eru því miður litlar líkur á öðru en að verulegur samdráttur verði í loðnuveiðum á næsta ári með þeim áhrifum til samdráttar á hagvöxt og kaupmátt í landinu sem það mun hafa.

Fari svo sem horfir eru ekki líkur á því að mati Þjóðhagsstofnunar að sú kaupmáttaraukning verði á næsta ári sem menn voru að gera sér vonir um. Ef af raforkuframkvæmdum verður vegna álsamnings eru þó líkur á að þær framkvæmdir muni vinna upp á móti þessum samdrætti en slíkar framkvæmdir á árinu 1991 munu samtals nema um 2–3 milljörðum kr. Aðalframkvæmdirnar, ef af álsamningum verður, verða þó á næstu árum þar á eftir, þ.e. þegar smíði sjálfrar álverksmiðjunnar hefst.

Þá átti fjvn. einnig viðræður við starfsfólk í tekjudeild ráðuneytisins og fram kom hjá starfsfólki tekjudeildar mjög svipuð niðurstaða um forsendur tekjuáætlunar fyrir árið 1990 eins og fram kom í máli þjóðhagsstofnunarmanna. Bílainnflutningur hefur orðið meiri en tekjuáætlun gerði ráð fyrir og tekjur af bílainnflutningi því orðið meiri en áætlað var. Tekjur einstaklinga hafa orðið hærri á árinu 1990 en menn reiknuðu með og tekjur af tekjuskatti því hærri. Tekjur fyrirtækja virðast einnig ætla að verða meiri á árinu 1990 en áætlað var, en tekjuáhrif þess fyrir ríkissjóð munu ekki koma fram fyrr en á næsta ári.

Síðasta tekjuáætlun fyrir árið 1990 var gerð við fjáraukalagagerð í desembermánuði sl. Líkur eru á að sú tekjuáætlun breytist nokkuð, m.a. eins og ég hef þegar gert grein fyrir, en samdráttur verður einnig og þá í tekjum af virðisaukaskatti, m.a. vegna þess að hin sérstöku skil, sem gert var ráð fyrir að yrðu um miðjan nóvember, skila sér ekki með þeim hætti til ríkissjóðs sem áætlað hafði verið fyrir. Kemur það fram sem lægri tekjur af virðisaukaskatti á árinu 1990 en gert var ráð fyrir, en mun auka skilin á sama skatti á árinu 1991 sem þessum samdrætti nemur. Heildartekjur ríkissjóðs munu því sennilega verða um 500 millj. kr. lægri á árinu 1990 en fjáraukalögin gerðu ráð fyrir, en sú lækkun mun að verulegu leyti skila sér sem aukning tekna á árinu 1991 eins og áður sagði.

Tekjudeild fjmrn. gerði síðan grein fyrir þeim spám um tekjur ríkissjóðs á árinu 1991 sem tekjudeildin hefur gert og skal fram tekið að þær spár eru reistar á þeirri þjóðhagsáætlun sem fjárlagafrv. er byggt á, enda mun endurskoðuð þjóðhagsáætlun ekki liggja fyrir fyrr en í janúar. Fari hins vegar svo eins og hætta er á og vísbendingar benda til að sá tekjubrestur verði í þjóðarbúinu sem ég rakti hér áðan, m.a. vegna versnandi efnahagsástands í umheiminum, þá munu forsendur tekjuspár að sjálfsögðu breytast. Með tekjuspá tekjudeildarinnar hefur hún tekið mið af bæði reynslunni á árinu 1990 sem ég rakti hér áðan og áhrifum betri afkomu þjóðarbúsins á því ári á tekjur ríkissjóðs næsta ár og enn fremur hefur tekjudeildin endurmetið tekjustofna ríkissjóðs í átt að

þeim tekjufrv. sem ríkisstjórnin hefur nú kynnt og flutt á Alþingi þar sem m.a. var breytt fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um fyrirtækjaskatta sem boðaðir voru í fjárlagafrv.

Mun ég nú hér á eftir lýsa í stuttu máli þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tekjuhlið fjárlagafrv. í meðförum fjvn. og brtt. nefndarinnar varðandi tekjuhliðina lúta að. Áður en ég geri það vil ég þó geta þess að á fundinum með tekjudeild fjmrn. var þess sérstaklega óskað að tekjudeildin reyndi að áætla fyrir hugsanlegum áhrifum þeirra vísbendinga sem Þjóðhagsstofnun gaf á fundi nefndarinnar um versnandi horfur í efnahagsmálum á næsta ári. Nú í dag hefur okkur borist í hendur vinnuskjal frá fjmrn., minnisblað um hugsanleg áhrif minni loðnuafla á tekjuhlið fjárlaganna 1991 o.fl. Þar segir m.a.:

Á fundinum var spurt um mat fjmrn. á áhrifum þessa vinnudæmis á tekjuhlið fjárlaga fyrir árið 1991 og með þessu vinnudæmi er þar átt við vísbendingar þær sem Þjóðhagsstofnun rakti á fundi með fjvn. Af hálfu fjmrn. var á það bent, segir í skjalinu, að tekjuáætlun fjárlaga byggðist á niðurstöðu þjóðhagsspár. Það lægi hins vegar ekki fyrir fullgerð þjóðhagsspá sem miðaðist við þetta tiltekna dæmi og því væri erfitt að meta áhrif þess á tekjuhlið fjárlaga í smáatriðum. Af hálfu Þjóðhagsstofnunar var enn fremur upplýst að það væri ekki hægt að koma fram með spá sem tæki mið af þessu vinnudæmi með svo stuttum fyrirvara.

Til þess að gefa hugmynd um stærðargráður hefur fjmrn. slegið lauslegu mati á hugsanleg áhrif vinnudæmis Þjóðhagsstofnunar á tekjuhlið fjárlaga á næsta ári. Það er rétt að taka fram að hér er stuðst við áætlun ráðuneytisins um líkleg áhrif á helstu þjóðhagsstærðir, þar sem ekki liggur fyrir endurskoðuð þjóðhagsspá sem fyrr segir.

Helstu forsendur þessarar spár eru að minni loðnuafli dragi lítils háttar úr heildarhækkun launa á næsta ári. Jafnframt er reiknað með heldur meiri samdrætti í fjárfestingum á loðnuveiðum og loðnuvinnslu í kjölfarið. Helstu niðurstöður þessa vinnudæmis eru sem hér segir:

Vöxtur þjóðarútgjalda á næsta ári verður 0,2% minni.

Hagvöxtur verður tæplega 1% minni.

Viðskiptahalli verður 3 milljörðum kr. meiri eða sem nemur 0,9% af landsframleiðslu.

Um hugsanleg áhrif þessara breytinga á tekjuhlið fjárlaga er það að segja að minni vöxtur þjóðarútgjalda gæti leitt til heldur minni tekna af veltusköttum sem gæti verið af stærðargráðunni 100–200 millj. kr. Það er þó óvíst hvort þessi áhrif kæmu fram á næsta ári þar sem samdráttaráhrif í þjóðarbúskapnum koma yfirleitt fram í tekjum ríkissjóðs með nokkurri töf eins og dæmin frá 1988 sanna.

Síðan segir tekjudeildin: „Niðurstaðan er því sú að minni loðnuafli samkvæmt dæmi Þjóðhagsstofnunar hefði lítil sem engin áhrif á tekjuhlið fjárlaga árið 1991."

Okkur hefur í fjvn. ekki gefist kostur á að ræða þetta minnisblað við tekjudeild fjmrn. af þeirri einföldu ástæðu að við vorum að fá þetta í hendurnar núna rétt áður en ég gekk upp í ræðustólinn. Það sem kemur hins vegar fram þarna er einfaldlega það að áhrifin af minni loðnuafla komi síðar fram heldur en á þeirri sömu stundu sem dregur úr loðnuaflanum þannig að ef hér er um að ræða viðvarandi ástand, þ.e. að þarna sé um meira að ræða heldur en það eitt að loðnuveiði geti ekki orðið með eðlilegum hætti á vetrarvertíð en hins vegar verði hægt að hefja loðnuveiði að nýju að hausti, þá muni þessi áhrif ekki koma fram á árinu 1991 nema eins og hér er lýst. Hins vegar er það alveg augljóst mál að ef sá brestur verður í veiðum á loðnu sem hér er verið að ræða um, þá mun það að sjálfsögðu hafa áhrif á tekjudæmi ríkissjóðs en það kemur ekki fram á þeirri sömu stundu og sá aflabrestur verður heldur síðar.

Í fjárlagafrv. sem lagt var fram í haust var áætlað að tekjur ríkissjóðs næmu samtals 99 milljörðum 563 millj. kr. Ef samþykktar verða þær brtt., sem meiri hl. fjvn. nú flytur, mun endurskoðuð tekjuáætlun hljóða upp á 101 milljarð 698 millj. kr. Heildarhækkun á tekjuhliðinni er sem sé 2 milljarðar 135 millj. kr. Sú hækkun er tilkomin af eftirfarandi ástæðum:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að tekjuskattur einstaklinga skili 650 milljónum umfram það sem áætlun fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Á bak við þessa tölu eru ekki ákvarðanir um skattahækkanir í tekjuskatti heldur byggjast þessar tölur á tveimur atriðum: Í fyrsta lagi innheimtutölunni frá árinu 1990 sem nú liggur að mestu fyrir og í öðru lagi áætluðum tekjubreytingum á árinu 1991 samkvæmt þjóðhagsáætlun. Verði niðurstaðan hins vegar sú, eins og vísbendingar þær bentu til sem Þjóðhagsstofnun rakti, að kaupmáttaraukningin sem spáð var á næsta ári verði ekki er auðvitað ljóst að tekjuskattar einstaklinga munu tæpast skila þeirri niðurstöðu sem hér er frá greint.

Þá er gert ráð fyrir að skil af tekjuskatti fyrirtækja nemi 300 millj. kr. hærri fjárhæð en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Sú tala er byggð á traustum grunni því að hún er byggð á afkomu fyrirtækjanna á árinu 1990 sem sýnilega verður betri en gert var ráð fyrir þegar frá fjárlagafrv. var gengið.

Þá er gert ráð fyrir að skil á virðisaukaskatti hækki um 1 milljarð og 50 millj. kr. Skýringar á því eru tvíþættar. Í fyrsta lagi munu, eins og ég sagði áðan, þau skil sem gert var ráð fyrir að kæmu til ríkissjóðs á þessu ári en ekki skiluðu sér þá koma fram sem auknar tekjur af virðisaukaskatti á næsta ári. Í öðru lagi er gert ráð fyrir áhrifum hertrar og bættrar innheimtu, en þar koma m.a. til þau ákvæði sem hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir að Alþingi leiði í lög og varða aukið eftirlit og möguleika til að framfylgja skyldu um sjóðvélar. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að í ljósi meiri bílainnflutnings á síðustu mánuðum en gert var ráð fyrir, en sá aukni bílainnflutningur er umtalsverður, muni bifreiðatollar skila 285 millj. kr. meira í ríkissjóð en gert var ráð fyrir í frv.

Þá er komið að hinum svokölluðu fyrirtækjasköttum en í fjárlagafrv. var lýst áformum ríkisstjórnarinnar um breytingu á fyrirtækjasköttum sem samtals áttu að gefa af sér 1600 millj. kr. í ríkissjóð. Nú hefur frv. ríkisstjórnarinnar þar að lútandi, frv. um tryggingagjald, verið lagt fram á Alþingi. Í því frv. er verulega breytt þeim áformum sem lýst var í greinargerð fjárlagafrv. er varða fyrirtækjaskattana. Tryggingagjaldið mun því ekki gefa jafnháa fjárhæð í ríkissjóð og fyrirtækjaskattheimtan átti að gefa samkvæmt fjárlagafrv. Munar þar 750 millj. kr. og er að sjálfsögðu tekið tillit til þeirra áhrifa í tillögum meiri hl. fjvn. Þá er einnig gert ráð fyrir því að nokkuð verði breytt áætlunum ríkisstjórnarinnar um álagningu svonefnds jöfnunargjalds. Eru áformin þau að jöfnunargjaldið verði 4% í upphafi ársins, lækki síðan niður í 3% í júní og verði 3% mánuðina júní, júlí og september. Við þessa ákvörðun fæst um 100 millj. kr. tekjuauki hjá ríkissjóði.

Þá hefur ríkisstjórnin loks samþykkt að flytja á Alþingi strax í janúarmánuði frv. um sérstaka tekjuöflun, þar á meðal um mishátt jöfnunargjald á ýmsar vörutegundir. Er áformað að sú skattheimta skili um 500 millj. kr. og er þá heildarhækkun eins og ég áðan sagði samtals 2 milljarðar 135 millj. kr. Þá liggja fyrir upplýsingar um verðlagsáhrif þessara breytinga og eru þær óverulegar. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að verðlagsáhrif þeirrar viðbótarskattheimtu sem þar var boðuð væru samtals 0,2% til hækkunar en miðað við þá skattheimtu sem nú er boðuð eru horfur á að verðlagsáhrif hennar verði um 0,1% eða verulega lægri en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Þær brtt. við 3. gr., tekjugrein frv., sem ég hef hér skýrt eru á þskj. 392.

Er þá rétt að víkja að 4. gr., útgjaldatillögunum, sem nefndin gerir við þessa umræðu. Útgjaldatillögur nefndarinnar nema samtals 1 milljarði 622 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir áhrifum þess að hætt er við áform um upptöku svokallaðs „hafnagjalds" en það kemur fram í lækkun sértekna þannig að nettóútgjaldatillögur meiri hl. nú við 3. umr. nema ekki 1 milljarði 622 millj. kr. heldur 1 milljarði 62 millj. kr.

Ástæðulaust er að fjalla um allar brtt. meiri hl. því að flestum þeirra fylgja nægilega nákvæmar skýringar. Skal þess vegna aðeins staðnæmst við þær till. sem þarfnast sérstakra viðbótarskýringa. Fram skal tekið að þessar tillögur meiri hl. fjvn. er varða 4. gr. eru á þskj. 414. Er þá rétt að staðnæmast við 1. till. er varðar Alþingi. Þar er tekinn inn nýr liður, 607 Íbúð fyrir fræðimann. Er þar um að ræða kaup á íbúð í Kaupmannahöfn vegna fræðimanns sem starfar í Jónshúsi. Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur íbúð fyrir fræðimann verið í Jónshúsi allt frá því að Alþingi tók við því húsi að gjöf. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á Jónshúsi, bæði að utan og innan, og er stefnt að því að reyna að ljúka þeim nú. Íbúð fræðimannsins í Jónshúsi hefur hins vegar verið óhentug á ýmsan hátt. Íbúðin er allt of stór og auk þess verður fræðimaður fyrir talsverðu ónæði af þeirri félagsstarfsemi sem fram fer í Jónshúsi en félagsstarfsemin hefur stöðugt vaxið og býr nú við mjög þröngan húsakost. Forsetar Alþingis hafa leitað lausnar á þessum vanda og gert þá till. til fjvn. að fest yrðu kaup á mun minni íbúð fyrir fræðimann í næsta nágrenni við Jónshús. Fræðimaður flytti í þá íbúð en hefði áfram skrifstofu í Jónshúsi og vinnuaðstöðu en sú hæð hússins sem nú er notuð undir íbúð fræðimanns verði að öðru leyti tekin til annarra nota fyrir það mikla starf sem nú fer fram í Jónshúsi. Forsetar Alþingis hafa leitað eftir hentugri íbúð í næsta nágrenni Jónshúss og fundið hana. Er unnt að kaupa slíka íbúð á mjög góðu verði en fasteignaverð í Kaupmannahöfn telst nú vera mjög hagstætt. Ef íbúðin yrði greidd út, eins og forsetar leggja til, mun hún kosta um 6 millj. ísl. kr. Er hér um að ræða íbúð í mjög góðu ásigkomulagi. Íbúðinni er mjög vel við haldið og hægt að taka hana til nota án þess að leggja í neinn kostnað við viðgerðir og endurbætur. Fjvn. hefur gert þessa till. forseta Alþingis að sinni.

Næsta till. varðar Bessastaði. Næsti áfangi í framkvæmdum að Bessastöðum er talinn kosta um 150 millj. kr. Hér er lagt til að ráðist verði í þann áfanga á næsta ári en framkvæmdir hefjist nokkru síðar en óskað hafði verið eftir þannig að ekki verði varið nema 100 millj. kr. á næsta ári til þessara framkvæmda. Verða þær fjármagnaðar þannig að 60 millj. kr. komi sem beint fjárframlag úr ríkissjóði en 40 millj. kr. færist frá Endurbótasjóði menningarmannvirkja, sem í fjárlagafrv. var samtals með 150 millj. kr. til ráðstöfunar.

Þá komum við að þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þar var eins og kunnugt er ráðist í nokkrar framkvæmdir við gangbrautir og gestapall á Lögbergi á sl. sumri. Vegagerð ríkisins sá um framkvæmdirnar og hafði gert kostnaðaráætlun fyrir þjóðgarðsnefnd. Sú kostnaðaráætlun reyndist vera um 6 millj. kr. of lág þegar upp var staðið. Er hér gerð tillaga um að veitt verði auknu fé til þjóðgarðsins á Þingvöllum að upphæð 4 millj. kr. en þær 2 millj. kr. sem eftir eru verði þá bornar af Vegagerð ríkisins.

Næst er ástæða til að víkja að tillögu er varðar framhaldsskóla almennt. Eins og greint var frá við 2. umr. um fjárlagafrv. sköpuðust mikil vandamál hjá héraðsskólunum við verkaskiptinguna um sl. áramót, vandamál sem ekki voru fyrirséð. Þessi vandamál eru að ríkið hafði áður greitt launakostnað í mötuneytum og gæslukostnað í heimavistum við héraðsskólana, en nú áttu þau viðfangsefni að færast yfir til sveitarfélaga. Sveitarfélög þau sem standa að þessum skólum eru hins vegar fámenn og máttlítil og nemendur skólanna þar að auki flestir búsettir í öðrum sveitarfélögum. Þau fámennu sveitarfélög sem að skólunum standa geta ekki risið undir launagreiðslum í mötuneytum héraðsskóla og gæslu á heimavistum. Var því svo komið er fjvn. kom að málinu að sumt af þessu starfsfólki sem hér var nefnt til sögunnar fékk ekki laun og hafði ekki fengið laun greidd frá því í október. Í öðrum tilvikum voru nemendur rukkaðir um þessar fjárhæðir og þeim síðan

falið að endurkrefja hjá sveitarfélögum sínum. Við 2. umr. var tekið á þessum vanda að því er varðar gæslukostnað við heimavistir. Gert er ráð fyrir því að samið verði við stjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að taka á sig greiðslu launa í mötuneytum héraðsskólanna gegn því að Jöfnunarsjóður leiti síðan endurgreiðslu hjá viðkomandi sveitarfélögum sem nemendurnir koma frá og er sjóðstjórn innan handar að ná því fé af framlögum sjóðsins til sveitarfélaga. Enn hefur ekki náðst endanlegt samkomulag um þessi mál og er því gerð hér till. um að liðurinn Viðfangsefni 1 Framhaldsskólar, óskipt hækki um 5 millj. kr. Er hækkuninni ætlað að standa til bráðabirgða undir launagreiðslum í mötuneytum héraðsskóla ef viðunandi lausn fæst ekki fram í öllum tilvikum. Ekki er heimilt að nota þessa fjárveitingu til annarra þarfa og verði hennar ekki þörf verður því sem eftir kann að vera skilað inn til ríkissjóðs.

Þá er ástæða til að benda á till. er varðar Lánasjóð ísl. námsmanna. Þar er gert ráð fyrir lækkun framlags.

Þá komum við að till. meiri hl. fjvn. að því er varðar Þjóðleikhúsið. Till. er hér gerð um að lokið verði við svokallaða fyrstu lotu fyrsta áfanga. Til þess þarf að hækka fjárveitingu til endurbóta á Þjóðleikhúsinu um 65 millj. kr. Með því að ljúka þessari fyrstu lotu fyrsta áfanga er að því stefnt að hægt verði að hefja sýningar í leikhúsinu nú í vor eins og boðað hefur verið. Verður þá gengið til bráðabirgða frá því sem óunnið er. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því að á árinu 1991 verði um frekari framkvæmdir að ræða við endurbætur á Þjóðleikhúsinu en fram hefur komið að til þess að ljúka svokölluðum fyrsta áfanga þarf að greiða til viðbótar 300–400 millj. kr. En ég ítreka að ekki er gert ráð fyrir því að farið verði í það viðfangsefni á árinu 1991, heldur verði látið við það sitja að ljúka fyrstu lotu fyrsta áfanga. Verður því ekki um það að ræða að hætta þurfi starfrækslu í húsinu yfir sumarmánuðina eins og ella hefði þurft að gera. Verður m.a. Þjóðleikhúskjallarinn í fullum rekstri á næsta ári eftir að fyrstu lotu lýkur. Er að áliti meiri hl. ekki ástæða til að gera till. um hækkun á framlagi til rekstrar Þjóðleikhússins sem er hærri en sú sem hér er gerð, en það er gerð till. um 35 millj. kr. hækkun á rekstrarframlaginu sjálfu.

Þá er komið að Þjóðarbókhlöðunni. Gert er ráð fyrir því að 45 millj. kr. af ráðstöfunarfé Endurbótasjóðs menningarstofnana fari til Þjóðarbókhlöðunnar. Með því framlagi sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. að til Þjóðarbókhlöðu rynni verða þá til ráðstöfunar 145 millj. kr. til framkvæmda við Þjóðarbókhlöðuna auk þeirra fjármuna sem koma munu frá Háskóla Íslands til að greiða kostnað við tölvukaup.

Þá er ástæða að staldra við till. sem meiri hl. gerir um afgreiðslu á málum Leikfélags Akureyrar. Náðst hefur samkomulag ríkisins og Akureyrarbæjar um þetta verkefni. Er hér gerð till. um að framlag ríkisins verði hækkað frá fjárlagafrv. um 2,6 millj. kr. til þess að standa við það samkomulag.

Um Íslensku óperuna er það hins vegar að segja að ekki hefur náðst samkomulag við Reykjavíkurborg um lausn á vandamálum Íslensku óperunnar en það er ásetningur og vilji stjórnvalda að höfuðborg Íslands og e.t.v. aðrir aðilar taki þátt í að leysa vandamál Óperunnar. Er það eðlilegt miðað við það að Óperan er í Reykjavík og langflestir þeir sem njóta þeirrar listar sem þar er í boði eru íbúar Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna. Er hér gerð till. um að framlag til stuðnings við Íslensku óperuna verði hækkað um 10,6 millj. og verði því 25 millj. kr. röskar. Jafnframt er gerð tillaga um að á heimildagrein fjárlaga komi heimild til fjmrh. að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og e.t.v. aðra um lausn á rekstrarvanda Íslensku óperunnar, en nauðsynlegt er að fundin verði leið til þess að tryggja með einum eða öðrum hætti að sá rekstur geti gengið fyrir sig. Það er ekki eðlilegt að búast við því að sá 35 millj. kr. fjárstuðningur sem óskað hefur verið eftir af forráðamönnum Íslensku óperunnar frá opinberum aðilum nægi til þess að tryggja hallalausan rekstur Óperunnar á næsta ári því að fram hefur komið jafnan að sú fjárþörf sem menn hafa gert áætlanir um í upphafi árs í þessu sambandi hefur reynst vera mun meiri þegar upp er staðið. Er ástæðulaust annað en a.m.k. að búast við því að svo geti enn farið. Því er full ástæða til þess að leita samstarfs við aðila, bæði forráðamenn Íslensku óperunnar og sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur og Reykjavíkurborg sjálfa, um einhverja lausn sem gæti tryggt rekstur Íslensku óperunnar til frambúðar. Er auðvitað ljóst að það verður ekki óðruvísi en með sameiginlegu átaki stjórnenda Óperunnar, íslenska ríkisins og þeirra sveitarfélaga sem liggja að höfuðborginni og höfuðborgarinnar sjálfrar.

Þá komum við að uppgjöri við sveitarfélögin. Þeirri till. hafði ég lýst við 2. umr., en þá tók fjvn. ákvörðun um að flytja hana ekki að svo stöddu vegna ábendinga sem fram höfðu komið um að e.t.v. kynni að vera þörf fyrir einhverjar lagfæringar eða tilfærslur af einstökum verkefnum. Slíkar beiðnir hafa hins vegar ekki komið frá þingmannahópunum sem hafa fengið skiptitölurnar til meðferðar og er því lagt hér til að staðfest verði sú till. fjvn. um 85 millj. kr. hækkun til uppgjörsins við sveitarfélög sem greint var frá við 2. umr.

Þá er ástæða til þess að staldra við tillögu sem gerð er varðandi landgræðslu- og landverndaráætlun. Margir aðilar hafa komið að því máli að kanna hvað fólst í ályktun Alþingis frá 1986 um landgræðslu- og landverndaráætlun. Fjmrn. sendi fjvn. upplýsingar sem bentu til þess að vegna mistaka hefðu menn frá byrjun ekki miðað við þá ákvörðun sem tekin var á Alþingi en í þáltill. segir í síðasta málslið að við framreikning skyldi stuðst við landgræðsluáætlunina á verðlagi ársins 1987. Fyrir mistök var till. hins vegar tekin og framreiknuð til verðlags á verðlagsgrundvelli ársins 1986. Hefur sá framreikningur verið endurtekinn öll þessi ár. Niðurstaða fjmrn. varð sú að þetta hefði leitt til þess að búið var

að greiða mun meira fé vegna landgræðsluáætlunarinnar en þáltill. og samþykkt Alþingis gerði ráð fyrir. Leitað var umsagnar Ríkisendurskoðunar um málið og staðfesti Ríkisendurskoðun að rétt væri með farið. Búið væri að greiða síðan 1987 alls 44 millj. kr. umfram það sem samþykkt Alþingis um landgræðsluáætlun fól í sér. Ef tillagan í fjárlagafrv. yrði samþykkt óbreytt mundu bætast við þá umframgreiðslu 22 millj. kr. þannig að búið væri að greiða 65–66 millj. kr. umfram það sem landgræðsluáætlun og samþykkt Alþingis gerði ráð fyrir. Landbrn. staðfesti þessa útreikninga sem rétta og lagði til að farin yrði sú leið að þær umframgreiðslur að fjárhæð 44 millj. kr. sem átt hafa sér stað yrðu látnar standa en fjárveiting skv. fjárlagafrv. fyrir næsta ár yrði lækkuð um tæpar 22 millj. kr. Féllst meiri hl. fjvn. á að flytja þá till. hér. Landbrn. reiknaði síðan samkvæmt skiptireglum í landgræðsluáætluninni hvernig umræddu fé skyldi skipta niður á einstök viðfangsefni landgræðsluáætlunar. Gerði meiri hl. fjvn. till. landbrn. um þá skiptingu að sinni og flytur hana hér.

Þá er ástæða til þess að ræða nokkru nánar um tillögu er meiri hl. fjvn. gerir að því er varðar dóms- og kirkjumrn., Fangamál, ýmsan kostnað. Þar er gert ráð fyrir því að tekin verði upp undir heilbr.- og trmrn. ný stofnun, Vistun geðsjúkra fanga. Í 6. gr. verði heimilað að kaupa húsnæði til vistunar geðsjúkra fanga. Viðfangsefni 1.20 undir liðnum Fangamál, ýmis kostnaður hjá dómsmrn. verði lækkað um 12 millj. kr. og er þar um að ræða tilfærslu á þessu fé yfir til hinnar nýju stofnunar. Einnig kemur síðar í till. meiri hl. fjvn. till. um viðbótarframlag úr ríkissjóði til stofnunarinnar, samtals að fjárhæð 10 millj. kr. Með því hefur sem sé verið tekin sú ákvörðun að setja á stofn vistun fyrir geðsjúka fanga með húsakaupaheimild á 6. gr. og fjárveitingu til rekstrar, samtals að fjárhæð 22 millj. kr. Er ástæða til þess að lýsa ánægju með að einhver skriður skuli kominn á þetta mál sem lengi hefur verið okkur Íslendingum til mikillar vansæmdar.

Þá er ástæða til þess að víkja að till. sem gerð er undir félmrn. um málefni fatlaðra, till. um að liðurinn 1.10 Vistanir hækki um 2 millj. kr. Þessi till. var raunar gerð við 2. umr. og átti þá að hljóta um 5 millj. kr. hækkun. Vegna mistaka var tillagan aðeins um 3 millj. kr. hækkun sem ekki nægir til þess að hægt sé að fjölga sólarhringsvistunum upp í 4–5 sólarhringa eins og ráð hafði verið fyrir gert og er það leiðrétt hér.

Þá er ástæða til að fara örfáum orðum um till. er varða Tryggingastofnun ríkisins. Þar er lagt til að kostnaður við yfirstjórn verði hækkaður um 18 millj. kr. og er sú hækkun um það bil helmingur af beiðni Tryggingastofnunarinnar. Þá er auk þess ráð fyrir því gert að lífeyristryggingar hækki um 115 millj. kr. og sjúkratryggingar um 130 millj. kr. Með þessum till. er gert ráð fyrir því að allverulegur árangur náist til lækkunar hjá Tryggingastofnun ríkisins í útgjöldum vegna sjúkratrygginga og nokkur árangur einnig varðandi lífeyristryggingar þótt horfið sé að mestu frá þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hafði boðað, að tekjutengja bætur lífeyristryggginganna. Meiri hl. fjvn. er ljóst að hér er teflt á tæpasta vaðið í sambandi við áætlun um fjárþörf og að líkur eru e.t.v. á því að ekki náist allur þessi áætlaði sparnaður á útgjöldum Tryggingastofnunarinnar fram.

Þá erum við komin að tillögu er varðar landlækni og afgreiðslu á erindum Krýsuvíkursamtakanna. Um Krýsuvíkursamtökin er það að segja að vistheimilið í Krýsuvík hefur ekki fengið starfsleyfi hjá heilbrrn. sem heilbrigðisstofnun. Þá varð ekki árangur af samningum dómsmrn. og Krýsuvíkursamtakanna en samningaviðræður um vistun fóru fram á síðasta ári. Talsverðir erfiðleikar munu einnig hafa verið í samskiptum samtakanna og opinberra aðila annarra en landlæknis sem m.a. hafa komið fram í því að hvorki ráðuneyti heilbrigðismála né félagsmála höfðu fengið skýrslu frá samtökunum né reikninga. Engar upplýsingar lágu fyrir í þessum ráðuneytum um rekstur samtakanna eða vistanir á því ári sem er að líða en Krýsuvíkursamtökin fengu fjárveitingu að upphæð rúmar 4 millj. kr. á fjárlögum ársins 1990 og viðbótarfjárveitingu að fjárhæð um 2,4 millj. kr. á fjáraukalögum nú í haust. Forsvarsmenn Krýsuvíkursamtakanna komu hins vegar upplýsingum á framfæri við fjvn., bæði endurskoðuðum reikningum fyrir árið 1988 og 1989 og einnig lögðu þeir fram viðamikla skýrslu um starfsemina á yfirstandandi ári þar sem m.a. komu fram upplýsingar um vistanir og fleira. Þá hefur landlæknir einnig sent bréf til fjvn. þar sem hann mælir eindregið með því að ríkisvaldið stuðli að því að Krýsuvíkursamtökin geti áfram rekið vistunaraðstöðu fyrir unga fíkniefnaneytendur sem eiga hvergi annars staðar athvarf. Einnig liggur fyrir í þessu bréfi álit landlæknis og þess sérfræðings um geðhjálp sem landlæknisembættið styðst við þar sem mælt er eindregið með starfsemi af þessu tagi og fram tekið að landlæknir sé reiðubúinn til að taka á sig faglega og fjárhagslega ábyrgð á þessari starfsemi. Fjvn. leggur því til að málið sé afgreitt með þeim hætti að á vegum landlæknis sé veitt sérstök fjárveiting, 8 millj. kr., vegna vistunar á vegum Krýsuvíkursamtakanna og sé landlæknir þar með gerður faglega og fjárhagslega ábyrgur fyrir því viðfangsefni sem hér um ræðir.

Þá er ástæða til þess að fara örfáum orðum um till. er varðar sjúkrahús og læknisbústaði. Þar er lagt til að tekinn verði inn nýr liður, Sjúkrahús almennt, með 11 millj. kr. fjárveitingu. Er hér um það að ræða að milli umræðna hefur verið athuguð betur staða sjúkrahúsa á landsbyggðinni utan Reykjavíkur og Akureyrar, en eins og menn muna var í till. fjvn. fyrir 2. umr. gert ráð fyrir því og samþykkt á Alþingi að bæta nokkuð stöðu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri hvað varðar álagsprósentu. Þörfin hjá sjúkrahúsunum úti á landi hvað varðar hækkun á álagsprósentu er nokkuð misjöfn. Sums staðar er hún fyrir hendi en annars staðar ekki. Niðurstaða nefndarinnar er sú að gera till. um að sérstök fjárveiting,

11 millj. kr., komi óskipt inn á liðinn Sjúkrahús almennt og er þar um rekstrarfjárveitingu að ræða. Mun heilbrrh. ráðstafa af þessum lið til sjúkrahúsanna úti á landi í samræmi við fjárhagsstöðu þeirra.

Þá er ástæða til að staðnæmast við till. sem nefndin gerir er varðar Vita- og hafnamálaskrifstofuna. Þar eru sértekjurnar lækkaðar um 36 millj. kr. Er það vegna þess að fallið hefur verið frá álagningu hafnagjalds sem áætlað var í fyrra frv.

Þá er ástæða til að staldra við ýmis framlög á vegum samgrn. Um nokkur undanfarin ár hefur fjvn. Alþingis beitt sér fyrir því að fé yrði veitt á fjárlögum til þess að þróa sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip. Verkstaðan er nú sú að hönnunar- og tilraunavinnu er lokið og er viðfangsefnið komið á framkvæmdastig. Um er að ræða gríðarlegt öryggisatriði fyrir sjómenn og jafnframt viðfangsefni þar sem Íslendingar eru að ryðja braut í öryggismálum. Er enginn vafi á því að þetta verkefni getur haft í för með sér talsvert umfangsmikla framleiðslu hér á Íslandi á þeim tækjabúnaði sem hannaður hefur verið í þessu sambandi. Fjvn. leggur til að nú verði skrefið stigið í þá átt að hefja framkvæmdir. Í viðræðum við Póst og síma hefur komið fram að Póst- og símamálastofnun er reiðubúin að taka að sér að byggja upp strandstöðvakerfi það sem þarf fyrir sjálfvirku tilkynningaskylduna. Framkvæmdir á næsta ári vegna uppbyggingar strandstöðva eru taldar kosta 25 millj. kr. Samkomulag hefur náðst við Póst og síma um það að stofnunin taki að sér þessa framkvæmd alla gegn því að fá 10 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði og er till. gerð um þá fjárveitingu hér. Að öðru leyti mun Póst- og símamálastofnunin sjálf sjá um að framkvæma það og kosta sem á vantar. Í öðru lagi er áætlað að áframhaldandi kostnaður við hönnun hugbúnaðar og vinnslu við móðurtölvuna sem Slysavarnafélag Íslands starfrækir muni kosta 3–4 millj. kr. og gerir nefndin till. um 3 millj. kr. fjárframlag í því skyni. Þá er einnig stefnan sú að einkaaðilar, framleiðsluaðilar hér á Íslandi, taki að sér að smíða þann búnað sem þarf að vera í hverju skipi til að hægt sé að byggja upp sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip. Er einnig hægt að nota það kerfi til ýmissa annarra hluta, boðskipta, sendinga og ýmissa upplýsingaskipta við land og eru líkur á að tekjur af þessu kerfi vegna þeirrar miklu þjónustu sem það getur veitt muni standa undir rekstri þess þegar kerfinu hefur verið komið á fót.

Þá hef ég lokið við að fjalla um þær till. um breytingar á 4. gr., sem meiri hl. fjvn. hefur gert og þarfnast sérstakra skýringa umfram það sem fram kemur í þskj. Ég vil aðeins taka það fram um þessar tillögur að þó svo að meiri hl. fjvn. flytji þær hingað inn á Alþingi, þá eru margar þeirra studdar af minni hl. og hann hefur tekið fullan þátt í að afgreiða. Verði þessar till. samþykktar mun gjaldahliðin hækka í 104 milljarða 103 þús. kr. Verði tekjutillögur nefndarinnar einnig samþykktar munu tekjur hækka í um 101 milljarð kr. Halli á rekstri ríkissjóðs, sem var 3 milljarðar 650 millj. kr. í frv. yrði þá 4 milljarðar 27 millj. kr. og nemur aukningin 377 millj. kr. Eru þá ekki meðtaldar tillögur samvn. samgm. til hækkunar né heldur tillögur menntmn. um heiðurslaun listamanna.

Þá er loks ástæða til þess að ræða um till., sem meiri hl. nefndarinnar gerir um breytingu á heiti viðfangsefnis. Um er að ræða fjárlaganúmerið 04 289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði, og viðfangsefni undir því fjárlaganúmeri sem hét „Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds". Meiri hl. leggur til að þessu heiti verði breytt og hljóti viðfangsefnið heitið Endurgreiðsla gjalda. Í sambandi við þá afgreiðslu hefur ríkisstjórnin gert svohljóðandi samþykkt:

„Breytingar verði gerðar á útgjaldaliðnum Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalda hjá landbrn. í fjárlagafrv. og hann færður til samræmis við raunverulega framkvæmd. Endurskoðun fari fram á öllum greiðslum og gjöldum sem fara um fjárlögin og áhrif hafa á búvöruverð og samkeppnisstöðu búgreina, hvort sem nefndar eru endurgreiðslur eða niðurgreiðslur. Tilgangur þessarar endurskoðunar, sem lokið skal í febrúar 1991, er að fá yfirlit yfir þessar greiðslur og samræma framkvæmd þeirra og að allar raunverulegar niðurgreiðslur verði færðar sem slíkar á fjárlögum."

Þá gerir meiri hl. fjvn. allmargar brtt. við 6. gr. fjárlagafrv. Verða þær brtt. nú raktar, en þær er að finna á þskj. 414. Engar breytingar eru gerðar á þeim tillögum þar sem lagt er til að Alþingi gefi ríkisstjórninni tilteknar heimildir. Verulegar breytingar eru hins vegar gerðar á þeim till. í fjárlagafrv. sem varða heimildir til fjmrh. Heimildargreinum í frv. sem lúta að eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda er ekki breytt en gerð er till. um nýja heimildargrein undir þeim flokki sem lýtur að því að heimila að fella niður stimpilgjöld af leigu flugvélar á vegum flugfélagsins Atlanta hf.

Þar sem rætt er í frv. um ráðstöfun eigna og heimildagreinar í því sambandi, þá leggur nefndin til að felldar verði niður úr fjárlögunum þær heimildargreinar til sölu eigna sem þegar hafa verið nýttar. Þar er um að ræða greinar 4.11, 4.16, 4.17, 4.18, 4.26 og 4.41 í fjárlagafrv. Hins vegar leggur nefndin til að heimildargreinum um sölu húseigna og annarra fasteigna verði fjölgað talsvert og nýjar heimildargreinar eru greinarnar frá og með 4.51 til og með 4.72. Fæstar þessara nýju greina þurfa sérstakra skýringa við. Aðeins skal bent á að þar er að finna till. um að afhenda Neshreppi utan Ennis til eignar jörðina Rif á Snæfellsnesi. Hún er gerð til þess að fullnægja samkomulagi sem gert var á þessu ári við yfirtöku landshafnarinnar á Rifi, en fram skal tekið að fjvn. gerir þó ráð fyrir því að þess verði gætt við afhendingu jarðarinnar að undanskilið verði að hægt sé, ef þörf krefur, að gera þær ráðstafanir sem gera þarf til þess að stækka flugvöll á Rifi. Þá er í næstu till. gert ráð fyrir því að fjmrh. fái heimild til að selja þann hluta jarðarinnar Gufuskála á Snæfellsnesi sem Póstur og sími ekki þarf vegna starfsemi sinnar.

Um þær till. í frv. sem falla undir fasteignakaup,

lántökuheimildir o.fl. er það að segja að fjvn. leggur til bæði niðurfellingar og breytingar á þeim greinum sem í frv. voru. Lagt er til að fella niður grein 5.5 sem í frv. var, svo og 5.7 en sú grein, Heimild til fjmrh. um að kaupa húsnæði fyrir Ríkisendurskoðun og taka til þess nauðsynleg lán, kom til umræðu við 2. umr. fjárlaga. Ástæðan fyrir því að fjvn. leggur til að þessi tillögugrein falli nú niður er sú að búið er að festa kaup á húsi sem gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun leigi og er Ríkisendurskoðun um það bil að flytja í þetta nýja húsnæði. Það er síðan til seinni tíma skoðunar hvort forsetum Alþingis finnst ástæða til þess að festa kaup á öðru húsnæði og þá á vegum Alþingis sem yrði samastaður Ríkisendurskoðunar.

Þá gerir fjvn. till. um að breyta grein 5.8 sem í frv. var og hún orðist eins og í till. nefndarinnar segir.

Þá er í fjárlagafrv. grein 5.28 sem fjallar um að ráðherra sé heimilt „að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi leigukjörum að mati fjmrn.“ Þessi grein var einnig inni í fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár en var þá felld niður af fjvn. og er nú komin afturgengin hér. Nefndinni finnst ótækt að veita svo víðtækar heimildir sem þessa. Samkvæmt þessu hefði fjmrh. heimild til þess að kaupa svo til hvaða húsnæði sem er, á hvaða stað sem er, fyrir hvaða stofnun sem er. Þetta finnst nefndinni ótækt þó að slíkt hafi kannski áður verið gert og leggur því til að greinin falli aftur út og vonast til þess að þar með sé þessi draugur endanlega kveðinn niður.

Þá gerir nefndin nokkrar breytingar á tillögugrein 5.33. Nýjar till. nefndarinnar eru hins vegar frá og með tillögugrein 5.40 til og með tillögugrein 5.50. Ástæða er til að benda á nokkrar þessara till. Er þar í fyrsta lagi staðnæmst við till. um heimild til fjmrh. að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán að því tilskildu að önnur fjármögnun komi til, m.a. af happdrættisfé, en frv. þess efnis er nú til meðferðar á Alþingi. Þá er einnig þarna að finna heimild til fjmrh. að kaupa húsnæði til að nota sem heimili fyrir geðsjúka afbrotamenn og taka til þess nauðsynleg lán, eins og áður hefur komið fram. Þá er einnig hér að finna tillögugrein um heimild til að kaupa húsnæði fyrir tollgæsluna á Seyðisfirði. Mikil vandkvæði hafa verið á tollafgreiðslu farþega þar og margir kvartað yfir langri bið sem hefur verið við afgreiðsluna. Er nauðsynlegt að gerðar séu ráðstafanir til þess að lagfæra það. Þá er einnig ástæða til þess að benda á heimildargrein sem þarna er um að kaupa fiskveiðisamlíki, sem ég vildi nú raunar heldur kalla fiskveiðihermi, fyrir Stýrimannaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán. Hér er um að ræða næsta skref í þeirri uppbyggingu í sjómannafræðslu sem fram fer hjá Stýrimannaskóla Íslands og Vélskóla Íslands. Eftir að hafa keypt þetta tæki má segja að skipstjórnar- og vélstjórnarnám á Íslandi hafi verið tæknivætt og það nám bjóði nú upp á nýjustu og fullkomnustu tækni.

Þá erum við komnir að Ýmsum heimildum. Þar gerði fjvn. eina breytingu á heimildargrein sem var í fjárlagafrv. Það er grein 6.12 en í lok greinarinnar var sagt að heimilt væri fjmrh. að fella niður greiðslur til verkefna sem hætt er við eða frestað. Hér er um viðbót að ræða við þá heimild sem gefin var á sl. ári við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs. Þykir fjvn. þessi heimild óæskileg og varar við því að menn feti sig út á þá braut að gefa í fjárlagaafgreiðslu fjmrh. eða ríkisstjórn heimildir til þess að breyta afgreiðslu Alþingis á fjárlögum án þess að um það sé fjallað af Alþingi sjálfu. Með slíkum breytingum væri verið að ómerkja afgreiðslur Alþingis við gerð fjárlaga og ef svo ætti að vera væri öll sú vinna tilgangslítil sem Alþingi leggur á sig við afgreiðslu fjárlaganna.

Meiri hl. fjvn. hefur einnig gert till. um allmargar viðbótargreinar eða frá og með grein 6.21 til og með grein 6.34. Skal nú farið nokkrum orðum um þær greinar sem ástæða er til að skýra sérstaklega.

Ber ég þá fyrst niður í grein 6.22 þar sem heimilað er að ganga frá samningum við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku skulda o.s.frv. Heimild sama efnis er í lánsfjárlögum yfirstandandi árs en hefur ekki verið notuð. Eins og sú grein er orðuð þar er hún illskiljanleg og því sem næst óframkvæmanleg. Hefur fjvn. því gert breytingar á orðalagi greinarinnar, m.a. til þess að gera það fyllilega ljóst að hér er verið að heimila sambærilega yfirtöku skulda vegna Rafveitu Siglufjarðar eins og áttu sér stað á árinu 1989 vegna Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Þá er ástæða til að benda á grein 6.23 en sú till. varðar heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af aðföngum vegna byggingar stálverksmiðju Íslenska stálfélagsins hf. og er í samræmi við sambærilegar afgreiðslur sem áður hafa verið gerðar. Till. var flutt um þetta mál við 2. umr. um fjárlagafrv. en þá þegar lá fyrir erindi hjá fjvn. frá iðnrn. um sama efni. Í till. þeirri sem flutt var við 2. umr. var auk þess sem hér greinir gert ráð fyrir því að heimild væri gefin til að fella niður aðflutningsgjöld að vinnubúðum. Meiri hl. fjvn. féllst ekki á þann hluta tillögunnar, enda er gert ráð fyrir því og raunar áformað af hálfu fyrirtækisins að selja umræddar vinnubúðir hér innan lands eftir að þær hafa verið notaðar eins og svo oft hefur verið gert í slíkum tilvikum. Af þeim sökum hafa ekki verið veittar heimildir til niðurfellingar aðflutningsgjalda af slíkum búðum sem síðan eru seldar innan lands og er það ekki heldur gert hér.

Um liðinn 6.26 er það að segja að nefnd þriggja ráðuneyta hefur skoðað rekstrarvanda Sjálfsbjargar á Akureyri sem orðinn er mjög mikill, m.a. vegna mikillar óvarkárni og allt of mikillar bjartsýni í sambandi við uppbyggingu og fjárfestingar. Mikill halli hefur verið á rekstrinum sem er að komast í fjárþrot. Niðurstaða athugunar ráðuneytanna var sú að ef komast ætti hjá gjaldþroti yrðu ríkið, Akureyrarbær og aðrir aðilar að taka höndum saman um lausn þar

sem liður í lausninni væri að selja tilteknar eignir og að breyta stjórnarháttum. Niðurstaða af viðræðum við bæjarstjórn Akureyrar og fleiri liggur ekki fyrir. Af þeim sökum er meiri hl. fjvn. ekki reiðubúinn til þess að gera till. um fjárframlag í þessu skyni, en leggur þess í stað til að veitt verði heimild af þessu tagi í 6. gr. Sama máli gegnir um næstu till.

Þá er ástæða til þess að víkja að þriðju og síðustu till. Þar er gerð till. um að heimila fjmrh. að semja við Reykjavíkurborg og aðra aðila um lausn á fjárhagsvanda Íslensku óperunnar að höfðu samráði við menntmrh. og að tilskildu samþykki fjvn. Ég hef þegar, virðulegu forseti, í máli mínu hér áðan lýst þeirri tillögu nokkuð nánar.

Þá bendi ég á till. 6.33 þar sem fjmrh. er heimilað að semja um yfirtöku á lánum Byggðastofnunar hjá Framkvæmdasjóði Íslands. Loks er veitt heimild til þess að semja um smíði á nýjum lóðsbát fyrir Hornafjarðarhöfn í stað þess sem sökk og taka til þess nauðsynleg lán. Meiri hl. fjvn. finnst eðlilegt að litið sé á þetta mál sem tjónagreiðslu og að ríkissjóður taki þátt í lausn málsins með þeim hætti sem hér er gerð till. um.

Ég er þá loks kominn að brtt. fjvn. sem varðar B-hlutann, 5. gr., en þær brtt. er að finna á þskj. 393. Fjvn. hefur eins og vani er kallað til sín forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana sem eru í B-hluta. Mun ég fara nokkrum orðum um þá afgreiðslu sem hér á sér stað á málefnum sumra þessara stofnana. Er þá rétt að víkja fyrst nokkrum orðum að Byggðasjóði en eins og að framan segir gerir fjvn. tillögu um að í 6. gr. komi heimild fyrir fjmrh. til að semja um yfirtöku á lánum Byggðastofnunar í Framkvæmdasjóði Íslands.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna hef ég þegar fjallað. Þar er gerð till. í 4. gr. um að framlag ríkisins verði lækkað um 200 millj. kr.

Málefni Ríkisútvarpsins voru til sérstakrar skoðunar í fjvn. Var m.a. rætt við útvarpsstjóra og fjármálastjóra Ríkisútvarpsins. Mikill vandi er fyrirsjáanlegur í rekstri stofnunarinnar, m.a. vegna þess að ekki hefur verið staðið við þau áform, sem þó hafa verið boðuð af hálfu stjórnvalda, að sjá svo til að Tryggingastofnun ríkisins greiði afnotagjöld þeirra bótaþega sem nú fá afnotagjöld niður felld samkvæmt ákvörðun Tryggingastofnunarinnar. Skiptir þetta verulegum fjárhæðum fyrir Ríkisútvarpið en tap áskriftargjalda hjá Ríkisútvarpinu af þessum sökum mun nema um 120 millj. kr. á ári. Hafði verið samþykkt að Ríkisútvarpinu yrði bætt það með greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins sem ákveður þessa niðurfellingu þannig að Ríkisútvarpið sjálft getur engin afskipti eða áhrif haft þar á. Við þetta hefur hins vegar ekki verið staðið og eykur það vanda Ríkisútvarpsins. Væri ástæða til að leita þeirrar málamiðlunar í þessu máli að frá og með næstu áramótum sæi Tryggingastofnun um að greiða niðurfellingu afnotagjalda fyrir þá einstaklinga sem hún bætir á skrá um niðurfellingar þannig að tilfærsla á þessu viðfangsefni gæti þá orðið í áföngum. Þá er orðið mjög alvarlegt ástand á langbylgjusendinum á Vatnsendahæð og getur hann brugðist hvenær sem er. Sendistöðin er orðin það gömul að erfiðleikar eru orðnir á, og nú sennilega ógerlegt, að fá nauðsynlega varahluti til að halda stöðinni við. Getur hvenær sem er komið að því að langbylgjusendingar stöðvist af þessum sökum en kostnaður við endurnýjun á langbylgjusendistöðinni er hvorki meiri né minni en 500 millj. kr. Var m.a. horft á það verkefni þegar ákveðið var að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins skyldi njóta tekna af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau. En sá tekjustofn hefur mjög verið skertur eins og kunnugt er. Þá er einnig ljóst að forsendur fjárlagafrv. um launakostnað bæði hjá hljóðvarpi og sjónvarpi og önnur rekstrargjöld eru talsvert lægri en tölur úr rekstri Ríkisútvarpsins gefa tilefni til að ætla. Munar þar um 120 millj. kr. eða um það bil sömu fjárhæð og ég áðan gat um hér áðan að Ríkisútvarpið yrði að sætta sig við í tekjurýrnun vegna þess að ekki var staðið við þau fyrirheit að Tryggingastofnun ríkisins tæki að sér að greiða niðurfellingar afnotagjalda bótaþega tryggginganna. Þá bætir það ekki úr skák að Ríkisútvarpið fékk ekki þá hækkun afnotagjalda sem afgreiðsla Alþingis á fjárlögum yfirstandandi árs gerði ráð fyrir að stofnunin fengi síðari hluta ársins 1990 og er ekki leiðrétt fyrir þessu við gerð fjárlaganna nú. Má því segja með sanni að vandamál Ríkisútvarpsins séu skilin eftir óleyst við þessa fjárlagaafgreiðslu og er nú mikil hætta á að aftur fari að falla í gamla farið með viðskipti Ríkisútvarpsins og ríkissjóðs, þ.e. að launaskuldir taki að hlaðast upp hjá ríkissjóði á ný jafnvel þótt forráðamönnum Ríkisútvarpsins hafi tekist að eiga fyrir launakostnaði og eigin rekstri fram til þessa.

Um Þjóðleikhúsið hef ég rætt og Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli var afgreidd við 2. umr. Um Flugstöð Leifs Eiríkssonar er það að segja að rekstur Flugstöðvarinnar stefnir í mikið óefni og hefur fjvn. fengið upplýsingar um stöðu og horfur. Einu till. sem nefndinni hafa borist eru á þá lund að tekist yrði á við rekstrarvanda Flugstöðvarinnar með því sérstaklega að flytja til fjármuni með þeim hætti að lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli, sem nú renna í ríkissjóð, renni til Flugstöðvarinnar og að hluti hagnaðar af rekstri Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli, sem nú rennur allur í ríkissjóð, gangi til Flugstöðvarinnar. Meiri hl. hefur ekki fallist á að gera slíkar till., enda skiptir það út af fyrir sig ekki máli hvort menn takast á við vanda Flugstöðvarinnar með því að auka útgjöld ríkissjóðs með beinum styrkjagreiðslum eða með því að skerða tekjur ríkissjóðs sem hann hefur og tengjast flugvellinum. Ástæða er hins vegar til þess að skoða hvort ekki sé rétt að gera þær hagræðingar í Flugstöðinni sjálfri svo sem með því að verða við óskum Fríhafnarinnar um aukið svigrúm þannig að Flugstöð Leifs Eiríkssonar gangi til móts við tilmæli þess leigjanda sem hæsta leiguna borgar og dragi þá frekar úr leigu sinni til aðila sem lægri leigutekjur er af að hafa.

Þá er ástæða til þess að segja örfá orð um byggingarsjóðina. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir því að fjárframlag úr ríkissjóði verði veitt til Byggingarsjóðs verkamanna að fjárhæð 200 millj. kr. og er sú till. í brtt. fjvn. við 4. gr. Er hér um að ræða niðurstöðu umræðna í ríkisstjórn en ríkisstjórnin hefur fjallað um málefni byggingarsjóðanna þessa síðustu daga eins og kunnugt er og náð samkomulagi um afgreiðslu málsins. Er till. sem ég var hér að lýsa hluti af því samkomulagi.

Þá er ástæða til að segja örfá orð um málefni Pósts og síma. Rekstrarafkoma þeirrar stofnunar hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum árum og eru þau öll til hins betra. Með því að heimila stofnuninni að byggja upp og auka þjónustukerfi sitt svo sem með uppbyggingu farsíma og boðkerfis hefur stofnuninni tekist að auka mjög tekjur sínar og er afkoma hennar nú orðin harla góð öfugt við það sem var fyrir aðeins örfáum árum. Er ástæða til að fara um það viðurkenningarorðum. Forráðamenn stofnunarinnar hafa komið á fund fjvn. og lagt fyrir nefndina rekstrar- og fjárfestingaráform sín. Er skemmst frá því að segja að nefndin sér ekki ástæðu til þess að gera neinar breytingar þar á, enda rúmast þau áform að öllu leyti innan þess ramma sem fjárlagafrv. leggur. Er í áætlunum Pósts og síma m.a. gert ráð fyrir fjárfestingum á árinu 1991 upp á 1250 millj. kr. þannig að áframhaldandi hröð uppbygging mun verða á þjónustukerfi Pósts og síma og verulegar lagfæringar munu eiga sér þar stað, bæði á línukerfi, langlínusamböndum og öðru þjónustukerfi stofnunarinnar. Fjvn. er fyrir sitt leyti samþykk þeim forsendum sem forráðamenn Pósts og síma hafa lagt fyrir nefndina. Verði fjárlagafrv. afgreitt eins og það nú liggur fyrir gerir það m.a. ráð fyrir því að gjaldskrárhækkanir hjá Pósti og síma verði tvívegis á árinu og er þá miðað við að gjaldskrárhækkun að meðaltali 3,5% sé væntanleg í febrúarmánuði en síðar á árinu verður skoðað hvort þörf er fyrir frekari gjaldskrárhækkanir.

Þá hefur fjvn. átt viðræður við forstöðumenn Skipaútgerðar ríkisins. Hætt er við því að sú áætlun sem felst í frv. nægi ekki til þess að Skipaútgerð ríkisins geti með góðu móti fjármagnað óbreyttan rekstur. Forráðamenn Skipaútgerðarinnar hafa óskað eftir því að fá hækkun á fjárframlagi en meiri hl. nefndarinnar telur að ekki sé rétt að gera slíka till. heldur að láta á það reyna hvort unnt sé m.a. með hagræðingu og samstarfi við önnur skipafélög að ná rekstrarkostnaði frekar niður.

Þá er loks rétt að víkja að Rafmagnsveitum ríkisins en fjvn. átti einnig viðræður við forstöðumenn þeirrar stofnunar. Verulegur árangur hefur einnig orðið í rekstri hennar til sparnaðar og minni rekstrarútgjalda og hefur m.a. dregið talsvert úr launakostnaði hjá stofnuninni án þess að verkefni hafi dregist saman. Forsvarsmenn Rafmagnsveitna ríkisins lögðu fyrir fjvn. áætlunartölur sínar til samanburðar við það sem kemur fram í fjárlagafrv. og kom fram hjá þeim að enda þótt stofnunin hefði óskað eftir 3% hækkun nær hún jafnvægi í rekstri miðað við ýtrasta aðhald með aðeins 1–2% hækkun á töxtum á árinu 1991. Er þá miðað við hækkunarþörf frá upphafi árs. Töldu forsvarsmenn stofnunarinnar sig geta stýrt rekstri hennar að fenginni slíkri hækkun og er þá miðað við hækkunarþörf á gjaldskrá RARIK umfram hækkunartilefni sem fram kunna að koma ef hækkun verður á gjaldskrá Landsvirkjunar. Fjvn. féllst fyrir sitt leyti á niðurstöður stjórnenda RARIK og gerir ráð fyrir því að afgreiðsla Alþingis miði við að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins gæti hækkað um allt að 1–2% á árinu 1992.

Þá er loks rétt að víkja að till. sem fjvn. gerði við 7. gr. Sú till. er á þá lund að skattvísitala verði hækkuð úr 100 stigum miðað við árið 1990 í 109,5 stig. Er sú till. miðuð við að ekki verði um hækkun á skattbyrði tekjuskatts að ræða. Ég vil taka það fram að að sjálfsögðu er það meiri hl. fjvn. sem gerir þessa till. þó að mér hafi orðið á að segja að þessi till. væri frá fjvn.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir till. meiri hl. fjvn. við 3. umr. Um leið og ég ítreka þakkir til samnefndarmanna minna vil ég ljúka máli mínu með því að leggja til að till. meiri hl. verði samþykktar og fjárlög fyrir árið 1991 verði samþykkt sem lög frá Alþingi með þeim breytingum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 417 og 419, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls kynntum við fulltrúar 1. minni hl. fjvn., fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn., bæði í umræðum og í nál. hvernig við blasti skipbrot hæstv. ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar í fjármálum ríkisins. Þar var m.a. gerð grein fyrir skattastefnu ríkisstjórnarinnar, eyðslustefnu hennar, sífelldri útþenslu ríkiskerfisins og hallarekstri. Þá var einnig dregið fram í dagsljósið hvernig þessi stefna ásamt linnulausum feluleik með raunveruleg útgjöld ríkisins hefur leitt til þess að þjóðin verður að axla gjaldabyrði á næstu árum sem nemur hrikalegum fjárhæðum. Þessi arfur ríkisstjórnarinnar er geigvænlegur. Viðskilnaður hennar í fjármálum ríkissjóðs ætti að verða öllum ríkisstjórnum sem á eftir koma víti til varnaðar.

Á milli 2. og 3. umr. hafa verið gerðar verulegar breytingar á fjárlagafrv. Þær koma fram í brtt. meiri hl. nefndarinnar og hefur ákvörðun um flestar þeirra veigameiri verið tekin í ríkisstjórninni eftir ítrekuð fundahöld og skæklatog síðustu daga. Það vinnulag meiri hl. fjvn. er vafasamt að viðhafa, þ.e. að senda ágreiningsefni til ríkisstjórnar vegna frv. sem fyrir liggur á Alþingi og er hlutverk Alþingis að afgreiða. Afleiðingin lýsir sér m.a. í því að nefndin hefur setið aðgerðarlítil mest af þeim tíma sem verið hefur til umráða milli umræðna og beðið úrslita úr hráskinnaleik hæstv. ráðherra. Þetta vinnulag hefur m.a. lýst

sér í því að engar till. hafa komið til afgreiðslu í fjvn. í heild fyrr en á fundi nefndarinnar kl. 14.30 í gærdag og þær síðustu kl. 10 nú í dag eða örfáum klukkutímum áður en 3. umr. átti að hefjast. Þetta vinnulag er ekki til eftirbreytni og ég tel vafasamt að það sé eðlilegt af hv. meiri hl. fjvn. að varpa í svo ríkum mæli ýmsum ágreiningsefnum til hæstv. ríkisstjórnar og láta hana fljúgast á um það tímum saman, dögum saman rétt áður en kemur að 3. umr. og lokaafgreiðslu fjárlaga. Ég vil þó taka það fram að miðað við þetta vinnulag og miðað við þær aðstæður og kröppu tímamörk sem hér hefur orðið að búa við hefur hv. meiri hl., og ekki síst formaður nefndarinnar, hv. 5. þm. Vestf. sem hér var að ljúka máli sínu, haldið á málum af þeirri lipurð sem hægt hefur verið að ætlast til í samskiptum við minni hl. nefndarinnar. Ég vil því ítreka þakkir mínar til hans og til meiri hl. í heild eins og ég reyndar hafði áður gert við 2. umr. þessa máls.

Þegar forstjóri Þjóðhagsstofnunar ásamt starfsmönnum sínum og starfsfólk hagdeildar fjmrn. komu til fjvn. í gærdag lýsti forstjóri Þjóðhagsstofnunar því að á næsta ári væru horfur á meiri viðskiptahalla gagnvart útlöndum en þjóðhagsspá gerði ráð fyrir. Enn fremur að loðnuafli væri í mikilli óvissu og ekki ólíklegt að hann dragist saman úr 850 þús. tonnum, sem gert er ráð fyrir skv. þjóðhagsspá, og niður í 400 þús. tonn. Þetta væri þó fremur bjartsýn áætlun um loðnuveiðar á næsta ári en svartsýn. Þessi samdráttur í loðnuveiðum þýddi samdrátt í landsframleiðslu um 2,5 milljarða og þar með væri áætlaður hagvöxtur á næsta ári horfinn. Þrátt fyrir þessar upplýsingar lagði skrifstofustjóri hagdeildar fjmrn. fram nýjar till. um tekjuhlið fjárlaga á næsta ári sem eru um 2,1 milljarði kr. hærri en áætlun fjárlagafrv. Þannig er teygt úr tekjuspánni þrátt fyrir að við 2. umr. væri tekjugrunnur frv. talinn veikur og að niður væri fellt að hluta svokallað tryggingagjald.

Ýmislegt í þessum till. er athyglisvert og þó að hér hafi verið allítarlega farið yfir þær af hv. 5. þm. Vestf. þá sé ég ástæðu til þess að víkja að þeim í örfáum atriðum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að hækka tekjuskatt einstaklinga um 650 millj. kr. Verður það að teljast býsna bjartsýn spá miðað við þær horfur sem nú eru í loðnuveiðum og þar með samdrætti tekna í þjóðfélaginu. Sömu sögu er raunar að segja um þá till. sem hér er til meðferðar og fyrir liggur frá meiri hl. um tekjuskatt fyrirtækja þar sem gert er ráð fyrir að hækka hann um 300 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að hækka virðisaukaskatt um 1050 millj. kr. sem sumpart er skýrt með því að um tilfærslu sé að ræða á milli ára en að öðru leyti með bættum innheimtuaðferðum.

Þá er gert ráð fyrir því að bifreiðatollar og þess háttar gjöld vegna meiri bílainnflutnings hækki um 285 millj. kr. Tryggingaiðgjald sem gert var ráð fyrir að skilaði ríkissjóði skv. fjárlagafrv. 1600 millj. kr. á skv. þessum till. að skila ríkissjóði 750 millj. kr. minna eða samtals 850 millj. kr. Ástæða er til að vekja athygli á því að skv. frv. sem fyrir liggur um þennan skatt hér á hinu háa Alþingi er gert ráð fyrir að hinn nýi skattur skili ríkissjóði 500 millj. kr. Eigi að síður kemur í nýjum tekjutillögum hv. meiri hl. skv. því sem kokkað hefur verið í fjmrn. að þetta gjald skuli skila ríkissjóði 850 millj. kr. í nýjum tekjum. Þá er gert ráð fyrir því að hækka jöfnunargjald um 100 millj. kr. þrátt fyrir það að ekki séu uppi nein áform um að endurgreiða þetta gjald svo sem samningar og lagaákvæði standa til um.

Þá er í sjöunda lagi gert ráð fyrir tekjuöflun á árinu 1991 með sérstöku jöfnunargjaldi sem sagt er að eigi að leggjast á matvæli svo sem svokallaðar pítur og pizzur eða hvað það nú allt heitir og einnig með hækkun á áfengi og tóbaki, væntanlega umfram verðlagshækkanir, sem kemur þá fram í vísitölu og verðlagsþróun. Þessi liður á að gefa 500 millj. kr. Samtals er þetta um 2,1 milljarður kr. sem gert er ráð fyrir því nú við þessa áætlun og þessar till. að tekjur ríkissjóðs hækki frá því sem greint er í fjárlagafrv.

Ég vek á því athygli að með þessum till. er auðvitað verið að hækka skatta á þjóðina og með þessum till. er hæstv. ríkisstjórn enn einu sinni að setja nýtt skattamet. Með þessum till., verði þær samþykktar og verði þær raunhæfar, hækkar skattahlutfall miðað við verga landsframleiðslu upp í 28,1% og er það nýtt met. Ég hef áður rifjað það upp að á árinu 1987 var þetta hlutfall 23,5%. Frá 1987 til 1991 hækka skattar skv. þessum tillögum um 4,6 prósentustig miðað við landsframleiðslu.

Skrifstofustjóri hagdeildar fjmrn. lagði á það áherslu að áætlunin væri byggð á óbreyttri þjóðhagsspá sem lögð var fram í haust um svipað leyti og fjárlagafrv. Ef horfur færu hins vegar versnandi og það dræi úr tekjumyndun í þjóðfélaginu í líkingu við það sem þjóðhagsstjóri taldi líkur á sagði hann nauðsynlegt að endurskoða tekjuhliðina og bætti við: Ef loðnan klikkar fer tekjuhliðin í hundana. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar lét þess og sérstaklega getið að miðað við horfur í þjóðfélaginu væri þessi tekjuspá býsna ógætileg.

Ég held að engum blandist hugur um það að hinar nýju till. um tekjuhlið fjárlaga sem hér hafa verið fluttar af hv. meiri hl. fjvn. beri með sér augljós fingraför hæstv. fjmrh. Í fyrsta lagi skattahækkanir og í öðru lagi óraunsæjar tölur. Hvort tveggja þekkjum við frá þessum hæstv. ráðherra fyrr í sambandi við fjármál ríkisins á ýmsum sviðum.

Ég hlýt að taka það fram hér að þetta sannar að mínum dómi að það er ekki sérstaklega trúverðugt fyrirkomulag að sá sem leggur fram till. um tekjuhlið fjárlagafrv. við lokaafgreiðslu sé jafnframt starfsmaður fjmrh. Áður gilti það fyrirkomulag að till. um tekjuhlið fjárlagafrv. og um breytingar á tekjum fjárlagafrv. fyrir lokaafgreiðslu voru settar fram af Þjóðhagsstofnun sem er óháð stofnun enda þótt sjálfsagt sé að viðurkenna að iðulega hafi það nú gerst að ráðherrar hafi haft nokkur áhrif á þá starfsmenn sem þar hafa verið í forustu þó að sá sem þar

hefur lengst setið sé nú kominn sjálfur í ráðherrastólinn. Samt sem áður liggur það fyrir að sú stofnun á að vera óháð stofnun. Hún byggir sína tekjuspá og tekjuáætlun varðandi tekjur ríkissjóðs á þjóðhagsáætlun og á þjóðhagshorfum. Hér er því lýst yfir að tekjuspáin og tillögur um hana byggi á þjóðhagsáætlun frá því í haust og því er lýst yfir að ef t.d., eins og hér segir orðrétt eftir skrifstofustjóra hagdeildar fjmrn., „loðnan klikkar fer tekjuhliðin í hundana". Svo kemur hæstv. fjmrh. hér í dag með nýja greinargerð eða minnisblað um hugsanleg áhrif minni loðnuafla á tekjuhlið fjárlaga árið 1991 og hv. 5. þm. Vestf. vitnaði hér nokkuð í þetta blað áðan. Þar segir m.a. að gangi þetta eftir verði viðskiptahalli 3 milljörðum kr. meiri en áður hafi verið gert ráð fyrir. Sem sé, að viðskiptahallinn fari úr 5,7 milljörðum upp í 8,7 milljarða, eða e.t.v. 9,7 því áður hafði forstjóri Þjóðhagsstofnunar gert ráð fyrir því að viðskiptahallinn ykist um 1 milljarð.

Það kemur víða fram að minni loðnuafli um 450 þús. tonn hefur auðvitað stórkostleg áhrif á tekjur í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir það kemur þessi snilldarsetning sem er niðurstaða fjmrn., væntanlega hæstv. fjmrh., sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaðan er því sú að minni loðnuafli samkvæmt dæmi Þjóðhagsstofnunar hefði lítil sem engin áhrif á tekjuhlið fjárlaga fyrir árið 1991."

Ég verð nú að segja það að ef hæstv. fjmrh. er búinn slíkri snilld í meðferð mála að því er varðar tekjur í þjóðfélaginu og tekjur ríkissjóðs þá ætti hann nú að boða til blaðamannafundar og skýra þetta. Hann hefur stundum boðað til blaðamannafundar af minna tilefni en því að hann sé búinn að finna ráð til þess að þrátt fyrir að loðnuafli minnki um 450 þús. tonn á einu ári hafi það lítil sem engin áhrif á tekjumyndun ríkissjóðs á því ári. (**Fjmrh.:** Þetta álit er ekki frá mér komið, það veist þú vel.) Hæstv. fjmrh. hefur sjálfsagt ekki samið þetta sjálfur vegna þess að hann er nú að grípa hér fram í. (**Fjmrh.:** Ég hafði ekki hugmynd um að ...) Hæstv. fjmrh. hins vegar kallaði á mig sérstaklega til þess að færa mér þetta skjal með eigin hendi. Þannig að ég hef það frá honum, enda er það merkt fjmrn.

Ég skal ekkert segja um það hver hefur samið þetta skjal en ég get vel trúað því að það sé skrifstofustjóri hagdeildar fjmrn. Ég vil taka það fram að þó skrifstofustjóri hagdeildar fjmrn. hafi komið hér með ótrúverðugar till. um tekjuhlið fjárlaga í gær og hafi síðan komið með þetta skjal, sem fjmrh. rétti mér hér fyrr í dag þegar umræða var hafin, þá er ég ekki með þeim orðum að gagnrýna þennan starfsmann fjmrn. Hann starfar undir stjórn þessa hæstv. ráðherra sem stendur þarna í dyrunum, hæstv. fjmrh. Og það er fyrirkomulag sem ekki gengur að starfsmaður fjmrh. sem er alveg beint undir hans handarjaðri skuli leggja fram till. sem eru úrslitatillögur við tekjuhlið fjárlaga eins og hér er nú gert. Það var ekki núv. hæstv. fjmrh. sem tók upp þetta fyrirkomulag heldur fyrrv. hæstv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, og á hann lítið lof skilið fyrir.

Ég vil ítreka það að með þessu er ég ekki að kasta neinum steini eða gagnrýni að þeim starfsmanni sem verður að vinna sín verk undir forsjá síns ráðherra. Sé hann hins vegar starfsmaður í óháðri stofnun hefur hann a.m.k. alla burði til þess að geta starfað á eigin ábyrgð og sett fram till. óháð því hvað hlutaðeigandi ráðherra kýs að fá í sínum skjölum eða ekki.

Sú niðurstaða sem hér liggur fyrir er sem sé skattahækkun ofan á það sem áður hafði verið sýnt í fjárlagafrv. um 2,1 milljarð kr. Hæstv. ríkisstjórn bregður vitaskuld ekki vana sínum að setja nýtt met í skattaálögum á þjóðina, helst við hverja umræðu um fjárlagafrv. og stundum hefur það nú líka verið gert við umræður um fjáraukalagafrv.

Áður en vikið er að gjaldahliðinni vil ég taka það fram að við þessa umræðu eru allar brtt. fluttar af meiri hl. nefndarinnar. Svo hefur raunar lengst af verið við 3. umr. að því er tekur til tekjuhliðar, þ.e. 3. gr., einnig að því er tekur til 5. gr., þ.e. um B-hluta stofnanir, og oft að því er tekur til ýmissa till. er varða 6. gr. og raunar stundum við þessa umræðu að því er varðar 4. gr. Stundum hefur svo sannsýnilega verið á málum haldið af hv. meiri hl. fjvn., hver sem hann hefur verið í það og það skiptið, að nefndin hefur öll treyst sér til að flytja þær till. sem fluttar eru við 4. gr. Svo er ekki að þessu sinni. Að þessu sinni er meðferð ríkisfjármála með þeim hætti og undirbúningur og aðdragandi og till. sjálfar í ýmsum greinum með þeim hætti að það er ekki nokkur leið fyrir minni hl. að standa að slíkum till. þó með fyrirvara væri. Þess vegna liggur það fyrir að allar till. sem fluttar eru við þessa umræðu úr fjvn. eru af hálfu meiri hl. og meiri hl. eins.

Við þessa umræðu leggur hv. meiri hl. fjvn. fram till. um aukin útgjöld er nema um 1622 millj. kr. Þrátt fyrir það dregst hallinn saman um 500 millj. kr. á pappírnum og verður um 4 milljarðar. Ég vek enn athygli á því að það vinnulag var viðhaft að málefni þau sem hér er um að tefla voru til meðferðar á hverjum ríkisstjórnarfundinum á fætur öðrum þar sem einstakir hæstv. ráðherrar toguðust á um málin og að skæklatogi loknu kom einhver og einhver handahófskennd niðurstaða til hv. meiri hl. fjvn. sem síðan gerði þær till. að sínum og flytur þær hér við þessa umræðu.

Ég vek í fyrsta lagi athygli á því að skv. áætlunum sem fyrir liggja vantar til almannatrygginga um 1 milljarð kr. á næsta ári. Í fyrsta lagi til lífeyristrygginga um 500 millj. kr. Í öðru lagi til sjúkratrygginga, þ.e. aðallega vegna lyfjakostnaðar, um 500 millj. kr. Ástæða væri hér til að spyrja hæstv. heilbrrh., ef hann hirti um að vera við umræðu um fjárlög, hvernig þessum sparnaði á að ná. Það væri ástæða til að spyrja hæstv. heilbrrh. á hvern hátt eigi að skera niður lífeyristryggingarnar, ellilaun gamla fólksins? Á að gera það með þeim hætti að borga ellilífeyri bara í 11 mánuði því það er nánast á þann veg að það sem hér er ætlað til ellilífeyrisgreiðslna dugi 11 mánuði ársins. Annað tveggja á að skerða þessar greiðslur yfir allt árið eða borga ekkert í ein-

um mánuði ársins, væntanlega í einhverjum af þeim mánuðum þegar þessi hæstv. ríkisstjórn er farin frá. En hæstv. fagráðherrar ýmsir hverjir sinna ekki þeirri skyldu sinni að vera hér við þegar rætt er um fjármál ríkissjóðs og varða þeirra fagráðuneyti. Það er því ekki hægt að toga út úr þeim eitt einasta orð þegar maður vill fá svör við spurningum um einstök málefni eins og þessi. Ég sé það að hæstv. fjmrh. er nú mjög ókyrr og allur á nálum og veit ekki hvar hann á að standa hér í þessum sal. Það væri einnig hægt að spyrja hann hvar eigi að skera niður ellilífeyrinn. Hvort eigi að skerða hann jafnt yfir árið eða hvort eigi að skilja eftir einn mánuð og borga þá ekki neitt. Það væri hægt að spyrja hæstv. fjmrh. einnig um það á hvern hátt eigi að ná þeim sparnaði í lyfjakostnaði, sem hér er talinn um 500 millj. kr., með tilliti til þess að sama fyrirætlun var á þessu ári um sparnað í lyfjakostnaði um 500–600 millj. kr. sem þó varð að taka aftur inn sem útgjöld ríkissjóðs í fjáraukalögum sem þegar hafa verið afgreidd. Hér er því augljóst að vantar inn í þetta dæmi aðeins á einum lið um 1 milljarð kr.

Hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar hefur kynnt till. um að hækka framlag til Byggingarsjóðs verkamanna um 200 millj. kr. Þessi till. mun til komin vegna þess að á tiltekinni samkomu Alþfl. í Hafnarfirði minntust þau hæstv. félmrh. og hæstv. utanrrh. og var það kallaður sáttakoss sem lengi vel fékkst ekki upplýst hvað mundi kosta í peningum. Nú hefur það komið í ljós að gjaldið fyrir þennan koss er 200 millj. kr. og skv. öllum spurnum af þessu máli hefur hann fallið í verði eftir því sem dagarnir hafa liðið. Er það auðvitað skýringin á því að ekki var mögulegt að toga það út úr hv. meiri hl. fjvn. né hæstv. ráðherrum fyrr hvað þessi koss mundi kosta. Smám saman hefur það farið svo að verðfall hefur orðið á kossinum þannig að hann er kominn niður í 200 millj. kr. En þar að auki er meiningin að verulegur hluti af þessari greiðslu verði í formi lánsfjár því að upplýst er að hæstv. fjmrh. muni hafa gefið undir fótinn með það að Byggingarsjóði verkamanna verði útvegað lánsfé allt að 850 millj. kr. frá lífeyrissjóðum landsmanna. Það er hluti af þessari greiðslu og þá í formi lánsfjár.

Það er svo annað mál að með því að auka lántökur Byggingarsjóðs verkamanna um 850 millj. kr. felur það í sér að verið er að flýta fyrir gjaldþroti þessa sjóðs og koma sér undan því að leggja fram þau framlög í beinum peningum sem hæstv. ríkisstjórn hefur lofað og gefið fyrirheit um í gegnum þennan sjóð og er enn eitt dæmið um það að þessi hæstv. ríkisstjórn er þannig að velta því yfir á framtíðina sem hún sjálf hefur tekið ákvarðanir um að skuli greitt úr ríkissjóði.

Enn eru engar till. fluttar hér um fé til Byggingarsjóðs ríkisins og er það í fyrsta sinn sem það gerist að ekki er fé úr ríkissjóði til þess sjóðs. Það er alkunna að málefni Byggingarsjóðs ríkisins eru í algeru óefni. Skv. því sem segir í fjárlagafrv. sjálfu vantar til sjóðsins á næsta ári 588 millj. til þess að hann geti staðið við sína starfsemi og loforð án þess að ný lánsloforð séu gefin.

Í till. hv. meiri hl. kemur fram að lagt er til að skerða framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 200 millj. kr. Hér er væntanlega um að ræða niðurskurð á námslánum. Ekki er meiningin skv. upplýsingum formanns fjvn. að mæta þessu á þann hátt að sjóðnum verði útvegað nýtt lánsfé, heldur er hér um niðurskurð á námslánum að ræða um 200 millj. kr. Ég hefði kosið að fá að heyra það frá hæstv. menntmrh. ellegar hæstv. fjmrh. á hvern hátt þeir hugsa sér að framkvæma þennan niðurskurð námslána.

Ég vil svo einnig vekja athygli á því að þrátt fyrir þetta eru málefni þessa sjóðs að öðru leyti í miklu óefni því að í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur verið veitt til hans meira lánsfé en framlög þannig að hann er smám saman að éta upp sitt eigið fé miðað við það verkefni sem honum hefur verið falið og hefur verið þanið býsna mikið út. Eins og nú standa sakir þá er lánahlutfall til sjóðsins miðað við fjáröflun til hans á næsta ári yfir 60% en framlög innan við 40%. Til þess að eigið fé sjóðsins stæðist þarf þetta hlutfall að vera öfugt og rúmlega það. Það þarf að vera framlag um 60% og lánsfé um 40%. Þá stæði eiginfé sjóðsins í járnum, hvorki minnkaði eða yki st. En þetta er nú eins og annað hjá hæstv. ríkisstjórn, að hún er með þessum hætti að rýra stöðu sjóðsins og flýta fyrir þrotum hans.

Miðað við þær till. sem fyrir liggja og varða Þjóðarbókhlöðuna verða framkvæmdir þar mjög af skornum skammti og nánast í strandi. Mun vanta yfir 200 millj. kr. til þess að unnt sé að halda áfram verkum með þeim hætti að lokið verði áfanga sem til stóð að vinna á næsta ári. Á hinn bóginn er reiknað með að ljúka við fyrstu lotu 1. áfanga í Þjóðleikhúsinu þrátt fyrir að ekkert sé til að vinna við aðra lotu í 1. áfanga. Það þýðir að hægt verður að taka salinn í notkun þrátt fyrir að ýmsir aðrir hlutar hússins séu sundurflakandi og verður svo allt næsta ár. Ég sé ekki ástæðu til að ræða hér málefni Þjóðleikhússins eða hvernig haldið hefur verið á málum í þeim framkvæmdum þar sem sannarlega hefur verið farið aftan að öllum venjulegum og góðum framkvæmdavenjum. Þar er ráðist í framkvæmdir áður en hönnun er lokið. Þar eru teknar ákvarðanir um hvenær framkvæmdum skuli lokið áður en búið er að hanna. Það eru teknar ákvarðanir um það fyrir fram hvenær hægt sé að hefja rekstur hússins áður en vitað er hvernig hönnun verður. Þetta leiðir til þess að sífellt er verið að breyta hönnun og breyta framkvæmdaáætlunum á framkvæmdatíma sem allir ættu að vita að kostar gífurlegt fjármagn. Þetta vinnulag sem er á ábyrgð hæstv. menntmrh. hlýtur að fela í sér gífurlega sóun eins og komið hefur fram í skýrslum um þetta mál.

Þá er ekki að finna í till. hv. meiri hl. fé til að mæta aukinni fjárþörf vegna niðurgreiðslna sem fyrir liggur í gögnum fjvn. að vanti um 200 millj. kr. eftir 1. sept. nk. til þess að halda í horfi með niðurgreiðsluhlutfallið. Þetta þýðir, ef rétt er, að þá hækka

matvörur í verði sem þessu nemur en hæstv. ríkisstjórn finnst það sjálfsagt ekki skipta miklu máli, enda er það, eins og hún kallar það, eftir þjóðarsátt. A.m.k. verður það að lokinni göngu þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Þetta hefur auðvitað áhrif á, eins og ég sagði, verðlag og þar með vísitölu og alla verðlagsþróun í landinu.

Þá er hér ekki neina krónu að finna til þess að sinna því sem tillögur eru á kreiki um í nefnd sem starfar á vegum hæstv. iðnrh., um verðjöfnun á orku. Sú nefnd starfar undir forustu hv. þm. Eiðs Guðnasonar og hefur haldið nokkra fundi þar sem tillögur eru á kreiki um að taka upp nýtt fyrirkomulag um verðjöfnun á orku en það kostar allmikla peninga eða eigi minna en 400–500 millj. kr.

Miðað við þær till. sem hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hl. fjvn. leggur fram hér á hinu háa Alþingi á þessi nefnd auðvitað aðeins að sinna því að vera með tillögur að nafninu til, bara á pappírnum. Það á bara að tala um málið og segja að við höfum sett fram tillögur en það á ekki að koma fram ein einasta króna til þess að mæta þessu verkefni, ekki ein einasta króna. Þetta verkefni er því allt á pappírnum og allt í orði en að engu leyti á borði.

Þessir liðir sýna nokkurn hluta af því sem ástæða væri til að fá nánari skýringu á hjá hæstv. ráðherrum, einstökum hæstv. fagráðherrum og hæstv. fjmrh. Vegna þess að svo mikið hefur vinnuálagið verið núna þessa síðustu klukkutíma eftir að þessar tillögur komu fram, eftir skæklatog hæstv. ráðherra uppi í Stjórnarráði og hv. meiri hl. fjvn. fékk þær í hendur, að það hefur ekki verið tóm til að skýra þær til nokkurrar hlítar í meðförum fjvn. Enda jafnóvíst hvort hv. meiri hl. hefur haft það nokkuð á valdi sínu að geta útskýrt þær tillögur sem þannig er fleygt inn til fjvn. úr herbúðum hæstv. ríkisstjórnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir fleiri slíka liði varðandi útgjaldatillögur eða till. við 4. gr. frv. sem komið hafa frá hv. meiri hl. fjvn. en ég nefndi hér örfáa sjóði og hvernig staða þeirra væri. Ég hef talið fróðlegt að taka saman hvernig fjárveitingum hefur miðað áfram frá árinu 1986 til ársins 1991 til nokkurra af þessum sjóðum. Ef fyrst er litið á Byggingarsjóð ríkisins og miðað við verðlag ársins 1991, þ.e. fjárlagafrumvarpsverðlag, líta fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins út á þann máta að árið 1986 voru þær 2 milljarðar 822 millj. kr., 1798 millj. árið 1987, 1640 millj. árið 1988, falla síðan niður í 671 millj. 1989 og á árinu 1990 falla þær niður í 54 millj. Eins og fram hefur komið falla þær á þessu ári niður í núll. Framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins hafa því lækkað frá árinu 1986 á föstu verði um 2,8 milljarða rúmlega.

Framlög til Byggingarsjóðs verkamanna hafa á hinn bóginn hækkað á þessu tímabili um 49 millj.

Til Lánasjóðs ísl. námsmanna hafa framlög ríkissjóðs lækkað úr 2 milljörðum 328 millj. niður í 1930 millj., eða um 398 millj. kr.

Og uppbætur á lífeyri, þ.e. til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafa framlög ríkissjóðs lækkað úr 1248 millj. árið 1986 í 788 millj. árið 1991, eða um 460 millj. kr. Það er alkunna að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og hjúkrunarkvenna er að komast í þrot, hans eigið fé er raunar þrotið. Skuldbindingar sjóðsins næstu tvo til þrjá áratugina nema 20 milljörðum króna umfram eigið fé sjóðsins. Það er auðvitað afleiðing af því að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur dregið svo saman fjárveitingar til sjóðsins, hvað sem skuldbindingum hans líður, að fjárhagur hans kemst á vonarvöl. Sé þetta tekið saman, framlög til þessara fjögurra sjóða, sést að framlög ríkissjóðs til þeirra hafa á föstu verði lækkað um nálega helming frá árinu 1986 til ársins 1991 miðað við till. sem fyrir liggja og varða fjárlagafrv., þ.e. úr 7 milljörðum 49 millj. kr. í 3 milljarða 631 millj.

Þetta er vitaskuld aðeins hluti af því dæmi sem ég rakti hér, og við fulltrúar Sjálfstfl. höfum í nál. við 2. umr. sýnt fram á það hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur velt byrðunum á undan sér yfir á framtíðina með því að vanrækja að leggja fram fé eins og til hefur verið ætlast til þess að standa straum af skuldbindingum sem gerðar hafa verið og á þann hátt leynt þeim vanda sem við er að fást í fjármálum ríkissjóðs. Á þann hátt er reynt að fá út skárri útkomu á pappírnum við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og við afgreiðslu fjáraukalaga hverju sinni en raunveruleikinn segir til um.

Hæstv. ríkisstjórn er nú algjörlega ber að því að hafa hagað sínum vinnubrögðum á þennan hátt. Hún hefur ekki brugðist við þeim hætti að breyta verksviði þeirra sjóða sem hún á að standa straum af fé til. Það er ekki gert. Það fyrsta sem verður gert væntanlega er að breyta verksviði Lánasjóðs ísl. námsmanna með lækkun námslána eða takmörkun á umfangi sjóðsins. Það verður þá fróðlegt að sjá hvernig þær tillögur verða. Að öðru leyti hefur hæstv. ríkisstjórn ekki ráðist að því verkefni að breyta verksviði þeirra sjóða sem ríkissjóður stendur á bak við og leggur fram mikinn hluta af fé til starfseminnar í hverjum fyrir sig. Þetta hefur ekki verið gert.

Ég rakti það, sem ég þarf ekkert að vera að margítreka, við 2. umr. að ýmsar skuldbindingar af þessum toga sem myndast hafa í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar og ná að vísu sumar yfir árið 1988 eru allt upp í 47 milljarðar króna og bíða þess að verða lagðar á herðar framtíðarinnar þegar þessi hæstv. ríkisstjórn er farin frá.

Það sem ég hef hér rakið varðandi sjóðina fjóra, sem ég nefndi, er að þótt framlög ríkissjóðs hafi lækkað um helming frá 1986 stafar það ekki af því að þörfin hafi minnkað. Þörfin hefur ekki minnkað hjá þessum sjóðum, verksvið þeirra hefur ekki verið takmarkað. Til að mynda hefur lífeyrisþegum í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna ekki fækkað og íslenskum námsmönnum hefur ekki fækkað. Þörfin hefur stórkostlega vaxið en þrátt fyrir það hafa framlögin úr hendi ríkissjóðs lækkað um helming á föstu verði.

Þetta er sú svikamylla sem hæstv. fjmrh., hæstv. ríkisstjórn í heild og allt hæstv. stjórnarliðið hefur

verið að koma hér upp í fjármálum ríkisins á undanförnum árum og gerð er í þeim tilgangi að blekkja þjóðina, blekkja fyrst Alþingi og síðan þjóðina og leyna raunverulegum vanda sem við er að fást í þessum málaflokki.

Þær breytingar sem orðið hafa á fjárlagadæminu frá 2. og til 3. umr. miðað við þær till. sem fyrir liggja frá meiri hl. hv. fjvn. eru það miklar að við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. töldum ástæðu til að taka saman sérstaka grg., sem dreift hefur verið á borð þingmanna, grg. þar sem sumpart eru sýndar þær breytingar sem orðið hafa á fjárlagadæminu á milli umræðna og sumpart dregið saman með nokkuð skýrari hætti þær upplýsingar sem birtar voru í nál. okkar sjálfstæðismanna við 2. umr. Þetta er m.a. vegna þess að forsendur hafa breyst á milli umræðna, til að mynda við þær skattahækkanir sem orðið hafa, til að mynda við breytingar á væntanlegri landsframleiðslu samkvæmt spá og svo framvegis.

Ég sé ástæðu til þess þar sem hér er um grg. að ræða sem ekki er prentuð sem þskj. að lesa grg. sem hluta af minni ræðu. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlagafrv. hefur tekið veigamiklum breytingum eftir afgreiðslu fjvn. við 2. umr. Það á bæði við um tekju- og gjaldahlið. Umtalsverð breyting til hins verra á þjóðhagsáætlun liggur þar að auki í loftinu. Að teknu tilliti til þeirra þátta sem augljóslega eru vanáætlaðir og atriða sem ekki koma fram í heildaryfirliti er því yfirvofandi að fjárlagahallinn vaxi umtalsvert á næsta ári og að nýtt Íslandsmet verði sett í skattheimtu þriðja árið í röð. Ef fram fer sem horfir má búast við fjárlagahalla á næsta ári að fjárhæð hvorki meira né minna en 6–7 milljarða króna og að tekjur ríkissjóðs vaxi að raungildi í hlutfalli við landsframleiðslu úr 27,6% í 28,1%.

Það er með ólíkindum að þeirri stefnu að auka stöðugt ríkisútgjöld og skattheimtu skuli vera haldið til streitu þegar ljóst er orðið að hún gerir stöðugt illt verra. Eins og staðan er og hefur verið í þjóðfélaginu verður fjárlagahallinn aldrei brúaður með skattahækkunum. Hvort tveggja kemur til að skattahækkanirnar draga úr verðmætasköpuninni og kynda enn frekar undir aukningu ríkisútgjaldanna. Skattahækkanirnar valda samdrætti í atvinnulífinu, gjaldþrotum og atvinnuleysi. Heildartekjur heimila og fyrirtækja minnka og þar með einnig sá stofn sem skattheimtan er grundvölluð á. Erfiðleikarnir, gjaldþrotin og atvinnuleysið kalla svo á aukna félagslega aðstoð og þar með aukin útgjöld hins opinbera.

Viðvarandi fjárlagahalli kallar stöðugt á nýjar lántökur af hálfu ríkissjóðs, vaxandi skuldasöfnun hins opinbera, bæði bein og óbein, gerir einstaklingnum og fyrirtækjum stöðugt erfiðara fyrir á lánamarkaðinum. Vextir hækka og svigrúm innlendra aðila til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar verður mjög takmarkað.

Núverandi stefna í ríkisfjármálum hefur ekki aðeins reynst haldlaus heldur stefnir hún þjóðarhag í voða. Hún stefnir efnahag atvinnulífs, heimila og fyrirtækja í hættu og ógnar þar með stjórnmálalegu og menningarlegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Í framhaldi af nál. 1. minni hl. við 2. umr. er rétt að undirstrika og vekja sérstaklega athygli á eftirfarandi atriðum:

Stefna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr hefur verið að hækka skatta og að auka ríkisumsvif. Stefnunni hefur verið framfylgt bæði leynt og ljóst. Henni er enn haldið fram skv. fyrirliggjandi fjárlagafrv. þótt hún sé í reynd hið mesta glapræði. Það viðhorf hefur ráðið ferðinni að ráðamenn ríkisins séu betur til þess fallnir að ráðstafa þjóðartekjunum en heimilin og atvinnufyrirtækin. Ríkisstjórnin hefur aðhyllst forsjárhyggju og verið þeirrar skoðunar að aðrir en einstaklingarnir sjálfir vissu hvað þeim væri fyrir bestu.

Það hefur verið staðhæft að umsvif hins opinbera væru minni hér á landi en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þessari staðhæfingu er haldið til streitu, jafnvel þótt ljóst megi vera að hin miklu ríkisumsvif hérlendis verða ekki mæld á sama mælikvarða og í grannlöndunum. Mörg boð og bönn íslenska ríkisins hvorki eru né verða auðveldlega metin í krónum og aurum.

Útgjaldaaukning ríkisins hefur verið sögð óhjákvæmileg til að viðhalda því velferðarkerfi sem við sækjumst eftir. Þetta er rangt en jafnvel þótt að öðru óbreyttu megi rökstyðja aukninguna ætti að vera augljóst að það gengur ekki til lengdar að útgjaldaaukning hins opinbera sé meiri en verðmætasköpun atvinnulífsins.

Því hefur verið haldið fram að það sé sjálfsagt að vinstri flokkar á Íslandi gangi eins langt og nokkur kostur er í að auka útgjöld ríkisins til félags- og velferðarmála þegar þeir fá aðstöðu til þess í ríkisstjórn. Við fulltrúar Sjálfstfj. í fjvn. mótmælum framangreindri stefnu og þeim viðhorfum sem liggja henni að baki. Hún endurspeglar skilningsleysi á almennum efnahagslögmálum og þeirri staðreynd að óhófleg skattlagning dregur úr framtakssemi, verðmætasköpun og þar með því sem er til skiptanna. Hún felur í sér vantrú á einstaklingsframtaki og með henni er horft fram hjá þeim óþrjótandi möguleikum sem eru á því að láta einstaklingum og frjálsum félögum þeirra eftir að annast stóran þátt þeirrar þjónustu sem nú er veitt á vegum hins opinbera.

Ríkisfjármálastefnu núv. ríkisstjórnar hefur verið framfylgt einarðlega en um leið af miklu fyrirhyggjuleysi. Staðreyndir:

1. Miðað við fjárlagafrv. við 3. umr. hafa skattar til ríkissjóðs á ársgrundvelli verið hækkaðir um 16 milljarða króna frá og með 1988 til 1991. Þetta gerir því á ári rúmar 240 þús. kr. á fjögurra manna fjölskyldu.

2. Þrátt fyrir skattahækkanirnar stefnir í það að samansafnaður halli ríkissjóðs árin 1988–1991 verði yfir 30 milljarðar króna á verðlagi fjárlagafrv.

3. Lántökur opinberra aðila á innlendum lánsfjármarkaði eru á næsta ári áætlaðar 32,4 milljarðar eða 20,2 milljarðar að frádregnum afborgunum. Þetta samsvarar hvorki meira né minna en 53% af áætl-

uðum peningalegum sparnaði landsmanna árið 1991. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur heildarlántaka ríkissjóðs umfram lánveitingar hækkað úr 7,6% árið 1988 í 14,9% skv. fjárlagaáætlun 1991.

4. Skv. yfirliti Ríkisendurskoðunar og áætlun samkvæmt fjárlagafrv. 1991 má gera ráð fyrir að stöðugildum hjá ríkinu fjölgi um 550 árið 1991 en árið 1990 fjölgaði þeim um 400. Á sama tíma og störfum hjá ríkinu fjölgar dregst hins vegar vinnuaflsnotkunin saman í atvinnulífinu almennt, (500–600 störf árið 1990).

5. Skv. forsendum fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir því að samneysla (rekstrarútgjöld hins opinbera) aukist um 2% árið 1991 eða umtalsvert meira en aðrar þjóðhagsstærðir. Sl. 10 ár, eða frá 1980, hefur samneyslan aukist um 53% á meðan verg landsframleiðsla hefur aðeins aukist um 22,4%. Hagvöxtur á mann yfir allt tímabilið án aukningar samneyslunnar er 2,2%. Samsvarandi tala fyrir OECD er 20%.

6. Eins og á undanförnum árum kemur stór hluti af tekjuaukningu ríkissjóðs ekki fram í tekjuyfirliti fjárlagafrv. Hvort tveggja kemur til að útgjöld eru færð til frádráttar tekjum og að tekjur hverfa inn í rekstur tiltekinna stofnana til frádráttar útgjöldum.

7. Frv. boðar mikinn vanda í fjármálum ríkisins á komandi árum. Á undanförnum árum hefur í mörgum tilvikum verið gengið á eigið fé stofnana og sjóða. Ríkissjóður hefur jafnframt tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar sem nema tugum milljarða og ekki hafa verið gerðar upp. Ekki síður alvarlegt er að í mörgum tilvikum er ljóst að ríkissjóður fær ekki að óbreyttu staðið undir þessum skuldbindingum.

8. Umtalsverð aukning ríkisumsvifa hefur á liðnum árum átt sér stað utan fjárlaga, sbr. Hlutafjársjóð og fyrirhugaðan Hagræðingarsjóð sem ætlunin er að taki til starfa nú um áramótin.

Stefnan hefur þrengt mjög hag heimilanna og atvinnulífsins. Linni henni ekki leiðir hún til ófarnaðar. Staðreyndir:

1. Hagvöxtur á Íslandi sl. áratug hefur verið óviðunandi, bæði á íslenskan mælikvarða og í samanburði við hagvöxt þeirra þjóða sem við verðum að bera okkur saman við. Frá 1980 til 1990 hefur árlegur hagvöxtur á Íslandi verið nálægt 2% en á sama tíma 3% hjá OECD. Landsframleiðslan á Íslandi hefur vaxið um 22,4% á þessum tíma en 33,8% hjá OECD. Þegar tekið hefur verið tillit til fólksfjölgunar verður samanburðurinn enn óhagstæðari fyrir okkur Íslendinga. Stöðnun í lífskjörum á meðan þau halda áfram að aukast hjá grannþjóðunum gerir að verkum að hætta á landflótta er yfirvofandi.

2. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa aldrei verið hærri en á þessu ári, eða 51,6% af landsframleiðslu, voru 40,3% árið 1987.

3. Greiðslubyrði af erlendum lánum verður á næsta ári skv. spá Seðlabanka 21,7% af útflutningstekjum, var 16% árið 1987.

4. Kaupmáttur ráðstöfunartekna launafólks er talinn hafa lækkað um meira en 15% frá 1987 til 1990.

5. Atvinnuleysi hefur u.þ.b. þrefaldast frá 1988. Gert er ráð fyrir að 2.500 manns gangi atvinnulausir að meðaltali allt þetta ár. Þjóðhagsstofnun spáir því að atvinnuleysi aukist enn á næsta ári.

6. Gjaldþrotum einstaklinga og fyrirtækja fer sífellt fjölgandi og eru engar horfur á að því dapurlega ástandi linni. Fjöldi gjaldþrota eingöngu í Reykjavík er áætlaður um eða yfir 900 í ár, samanborið við 351 árið 1987.

7. Viðskipti þjóðarbúsins við útlönd eru með stöðugum halla og er spáð að hann verði 5700 millj. kr. á næsta ári. Hallinn á því eina ári mun því nema nálægt 90 þús. á hverja fjögurra manna fjölskyldu."

Þetta er undirskrifað í dag af okkur sjálfstæðismönnum í fjvn., Pálma Jónssyni, Agli Jónssyni og Friðjóni Þórðarsyni. Það má geta þess að í því skjali sem hæstv. fjmrh. rétti mér um það leyti sem þessi umræða hófst gerir fjmrn. ráð fyrir því að halli á viðskiptum við útlönd vaxi um 3 milljarða frá því sem áður hafði verið talið og verði því ekki, eins og hér er sagt, 5,7 milljarðar á næsta ári heldur 8,7 milljarðar. Það þýðir þá einnig að þessi halli á einu ári nemur um 140 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Þetta er ekki eina árið sem er með þeim halla á utanríkisviðskiptum. Með þessum hætti höfum við verið að safna upp skuldum erlendis og nú er svo komið að milli fjórða og fimmta hver króna af útflutningstekjum okkar gengur til að greiða afborganir og vexti á ári hverju.

Sýnilegt er af þeim horfum sem eru bæði birtar í þjóðhagsáætlun og skv. athugasemdum þjóðhagsstjóra og skrifstofustjóra hagdeildar fjmrn. frá því í gær og frá því í dag að þessi halli mun vaxa á næsta ári og skuldabyrðin mun aukast á næsta ári meira en hér kemur fram og þar með greiðslubyrðin.

Með þessari grg. fylgja tvö fskj. sem sýna í fyrsta lagi þær breytingar sem orðið hafa á skattheimtu á þjóðina, þ.e. heildartekjum ríkissjóðs, sem hlutfalli af landsframleiðslu frá árinu 1987 til 1991 sem sýnir að hún var 1987 23,5% en er komin á næsta ári, skv. þeim till. sem nú liggja fyrir frá hv. meiri hl. fjvn., upp í 28,1%, eða hefur hækkað um 4,6%. Í öðru lagi er hér fskj. sem sýnir það að skv. fjárlagafrv. og fyrirliggjandi þjóðhagsáætlun með föstu verðlagi, þar sem verð á árinu 1987 er sett 100, hafa skattar til ríkisins hækkað um 16% til ársins 1991 á meðan ráðstöfunartekjur heimilanna, rekstrargjöld heimilanna, sem fundin eru með útreikningi úr einkaneyslu, hafa lækkað um 12%. Þetta sannar auðvitað það, sem ekki kemur neinum á óvart, að því meira fjármagn sem ríkissjóður tekur til sín, því meira fé sem við verjum í ríkisreksturinn, þá sífelldu útþenslu ríkiskerfisins sem við höfum verið að byggja upp nú á allra síðustu árum, sérstaklega í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar, því minna verður til skiptanna fyrir aðra. Þá er minna til skiptanna fyrir heimilin í landinu. — Ef hæstv. fjmrh. gæti slotað þeim fundi sem hann er á þarna við hv. þm., hæstv. ráðherra er náttúrlega hér til að hlýða á þá umræðu sem fram fer. (**Fjmrh.:** Viltu ekki segja þm. Sjálfstfl. það?) Eftir því sem

meira er tekið í hlut ríkissjóðs, eftir því sem ríkiskerfið er í sífellu þanið út, eins og hér hefur verið gert, um 16% ríkisútgjöldin, eða skattar til ríkisins, 1987–1991, þeim mun minna er til ráðstöfunar fyrir aðra. Þeim mun minna fé hafa heimilin úr að spila. Þeim mun minna fé hafa atvinnuvegirnir í landinu úr að spila og aðrir þeir sem ekki eru á jötu hjá ríkinu. Þetta eru einföld sannindi sem auðvitað þarf ekki að tyggja hér yfir hv. alþm. en það virðist vera ástæða til að þylja þetta einu sinni enn yfir hæstv. fjmrh.

Ef þessar skattahækkanir hæstv. ríkisstjórnar eru greindar í sundur eftir skattategundum kemur í ljós að beinir skattar hafa hækkað á föstu verði frá 1987 til 1991, miðað við fjárlagafrv., um hvorki meira né minna en 85%, beinir skattar á einstaklinga og fyrirtæki. Óbeinir skattar hafa að sjálfsögðu hækkað miklu minna. Þeir hafa hækkað um 5% á sama tímabili og heildarskattbyrðin, eins og áður sagði, um 16%. En það er athyglisvert hversu mjög hefur verið gengið í skrokk á einstaklingunum og fyrirtækjum með hækkun beinna skatta. Og það er auðvitað í samræmi við þá stefnu sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur fylgt.

Ég tel ástæðu til þess hér við lokaumræðu um fjárlagafrv. fyrir árið 1991 að vekja athygli á því að afgreiðsla fjárlaga er býsna mikilvægt málefni og ekki sama hvernig sú afgreiðsla fer fram. Fjárlög ríkisins eiga að vera og geta verið mikilvægt stjórntæki í efnahagsmálum. En það gerist því aðeins að þau séu afgreidd á þann hátt að hægt sé a.m.k. nokkurn veginn að standa við tölur, áætlanir séu raunhæfar og mögulegt sé að sigla eftir áætlunum á grundvelli þeirra í rekstri einstakra stofnana og í umfangi tiltekinna viðfangsefna. Þetta eru meginatriði til þess að fjárlög geti orðið stjórntæki. Séu hins vegar áætlanir fjárlaga rangar og ekki í samræmi við þau verkefni sem á að halda gangandi verða fjárlög máttlaust stjórntæki. Svo hefur verið í tíð hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr.

Og það er kannski ástæða til að vekja athygli á því við þessa lokaumræðu um fjárlög að við erum með eitt slíkt plagg í höndunum þar sem fjárhæðum ýmsum, bæði gjalda- og teknamegin, hefur verið hagrætt að geðþótta einstakra ráðherra og í skæklatogi hæstv. ríkisstjórnar og þannig sendar einstakar till., bæði tekna- og gjaldamegin, til hv. meiri hl. fjvn. sem hefur sætt sig við að taka við málunum á þann hátt og leggja málin á þann hátt fyrir Alþingi. Slíkar geðþóttaákvarðanir um fjárhæðir tekna- og gjaldamegin valda því að það er ekki merkur atburður að afgreiða þessi fjárlög. Þau eru að ýmsu leyti sýndarplagg. Afgreiðsla fjárlaga nú er líka þeim annmörkum háð að það er ekki fylgt lögum um það að afgreiða samtímis lánsfjárlög. (**Fjmrh.:** Það er af því að Sjálfstfl. neitar því.) Það hlýtur að vera rangt að Sjálfstfl. neiti því. Það er auðvitað fyrir það að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið þessu máli áfram eins og henni er skylt. Ég á ekki von á því að það sé með nokkru móti hægt að bera það á Sjálfstfl. að hann hafi tafið svo fyrir afgreiðslu lánsfjárlagafrv. að það hafi orðið til þess að hindra að það næði afgreiðslu hér með sama hætti eða sambærilegum tíma og fjárlög. En það er óskiljanleg ósvífni af hæstv. fjmrh. að bera það hér á borð úr sæti sínu að Sjálfstfl. hafi neitað því að afgreiða lánsfjárlög á sama tíma og fjárlög.

Í fyrsta lagi liggur það því hér fyrir að það er ekki nema hluti af fjárlagadæminu eða fjármálum ríkisins sem verið er að afgreiða með fjárlögum, lánsfjárlögin liggja eftir, og því ekki heildarmynd af þeirri afgreiðslu sem hér er verið að framkvæma. Til viðbótar er, eins og áður er fram komið, tekju- og gjaldapóstum þessa fjárlagafrv. skákað niður á blað í þeim tilgangi að sýna niðurstöður sem eru án samhengis við raunveruleikann í ýmsum greinum. Tilgangurinn er auðvitað að sýna á pappírnum einhverja aðra útkomu en raunveruleikinn segir til um. Og þetta er ekki nýtt í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Ég tel að svo purkunarlaust sé nú gengið fram í þessum skollaleik að afgreiðsla Alþingis á því fjárlagafrv. sem hér er til lokaafgreiðslu sé að verulegu leyti sýndarmennska, raunar skrípaleikur sem settur er á svið til þess að dylja raunverulegan halla ríkissjóðs á næsta ári sem fullyrða má að sé eigi minni en 7 milljarðar kr. og er þá varlega talið. Enn á því að bæta við þann vanda sem velt er á herðar framtíðarinnar og ég skýrði við 2. umr. Það efnahagslega kviksyndi sem við blasir í fjármálum ríkissjóðs í lokin á stjórnartíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar kallar auðvitað enn fram einkunnarorðin sem ég hef sum hver farið með hér í þessum ræðustól áður, en þau eru skattaálögur,sóun, hallarekstur og blekkingaleikur. Þennan blekkingaleik og allt þetta efnahagslega kviksyndi fær þjóðin í arf frá þeirri ríkisstjórn sem allt of lengi hefur setið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 422 og 424, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. fjvn. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Frv. til fjárlaga fyrir komandi ár er nú komið til lokaumræðu og menn hljóta að hugleiða í sambandi við það hvað innihald þess boðar almenningi þessa lands. Hvernig verður rekstrarumhverfi ríkisbúskaparins og heimilanna á næsta ári svo að notað sé vinsælt orð? Þó að ekki liggi fyrir enn endurskoðuð þjóðhagsáætlun frá í haust er ljóst af ummælum þeirra sem Þjóðhagsstofnun stýra að flest horfir til verri vegar frá því sem þá var. Efnahagshorfur á alþjóðavettvangi eru mun lakari nú, einkum í Bandaríkjunum, og kann það að hafa áhrif á útflutning okkar og olíuverð er afar ótryggt. Horfur eru slæmar um loðnuveiðar. Bregðist þær er ljóst að mestur hluti þess örlitla hagvaxtar sem spáð var á komandi ári er horfinn og tekjuhlið fjárlaganna hefur raskast verulega. Þetta var niðurstaða fjmrn. í gær

hvernig sem hæstv. fjmrh. þóknast að sú niðurstaða líti út í dag. Verði síðan að draga úr öðrum veiðum, eins og gefið hefur verið í skyn að geti orðið, verður verulegur samdráttur á öllum sviðum. Þessar horfur í efnahagsmálum nú benda til þess að í besta falli standi kaupmáttur launa í stað og verulegar líkur séu á að hann dragist saman. Þannig hljóðar jóla- og nýársboðskapurinn við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Vitanlega er augljóst að við þær aðstæður sem við blasa hlýtur að kreppa að um hag heimilanna. Ekki stóð hann þó of föstum fótum sé tekið mið af þeim fregnum sem heyrast um geysilega fjölgun gjaldþrota einstaklinga nú á síðari hluta ársins. Einnig hefur komið í ljós að heimilin í landinu eru annar stærsti lántakandinn næst ríkissjóði. Uggvænlega tíð gjaldþrot einstaklinga og heimila haldast í hendur við ásóknina eftir bankalánum og hvort tveggja bendir til þess að sú velmegun sem hæstv. formaður fjvn. gerði að umtalsefni í ræðum sínum við 1. og 2. umr. fjárlaga sé ekki eins almenn og hann vildi vera láta. Hann ræddi þar um bílaeign, sjónvarps- og símatækjafjölda landsmanna og taldi þetta allt bera vott um góða afkomu almennings. Honum láðist að nefna að í strjálbýlu landi, þar sem almenningsfarartæki og samgöngur eru ekki með neitt svipuðum hætti og í öðrum löndum, ekki einu sinni á höfuðborgarsvæðinu, eru menn tilneyddir að eiga farartæki sín sjálfir. Símatæki eru ekki lúxus heldur öðrum þræði öryggistæki en um sjónvarpstækin má náttúrlega deila. En þegar litið er til þess sem áður var sagt um lántökurnar, þegar litið er til þess að aldrei hefur slíkur fjöldi fólks sem nú leitað t.d. til Mæðrastyrksnefndar og þegar litið er til þess að fjöldi þeirra sem leita á náðir félagsmálastofnana fer sívaxandi og þar fjölgar fyrst og fremst ungu fólki sem ekki kemst af og sér ekki önnur úrræði er augljóst að þrátt fyrir að margir búi við góðan hag er allt of stór sá hópur þegnanna sem nýtur ekki þessarar marglofuðu velmegunar en býr við bág kjör. Þeir sem ekki sjá þessa staðreynd hljóta að búa í umhverfi sem meinar þeim að skilja lífskjör og lífsbaráttu þeirra sem búa við lakari aðstæður. Þeir hljóta að búa í umhverfi sem er svo frábrugðið því sem láglaunafólk lifir við að þeir hvorki trúa né skilja að slíkar aðstæður séu algengur raunveruleiki. Sú tekjujöfnun sem hæstv. ríkisstjórn hafði á prjónunum að koma fram er hvergi í sjónmáli. Bilið fer breikkandi. Og niðurstöður þessarar rekstraráætlunar ríkissjóðs sem hér er til umfjöllunar boða engar breytingar á þeirri staðreynd.

Frv. til fjárlaga hefur nú tekið nokkrum breytingum frá því það fyrst var lagt fram. Tekist hefur að tosa tekjunum upp um rúma 2 milljarða. Að hluta til byggist þessi áætlun á óskhyggju. Ég á t.d. bágt með að trúa því að tekjur af bílainnflutningi aukist um milljónahundruð ef loðnan lætur ekki sjá sig og svo er um fleiri þætti. Með þessum og fleiri reikningskúnstum reiknast bilið billi tekna og gjalda rúmir 4 milljarðar og þykist þá ríkisstjórnin trúlega hafa sloppið vel að geta sýnt fjárlög með ekki meiri halla eftir þær spár sem uppi hafa verið þó að 4 milljarða halli ríkissjóðs sé vissulega alvarlegt mál. Hitt er þó miklu alvarlegra mál, sá stórkostlegi halli sem reynt er með ýmsum hætti að leyna.

Brýnum úrlausnarmálum er vísað til heimildargreina í meira mæli en nokkru sinni hefur sést og þær upphæðir koma til greiðslu þegar á næsta ári. Lífeyrissjóðunum er ætlað að leysa vanda byggingarsjóðanna með lánum og lántökur ríkissjóðs eru síðan að fara úr öllum böndum. Nú þegar fer tíunda hver króna af útgjöldum ríkissjóðs til að greiða vextina einungis. Þrátt fyrir hækkun útgjalda er svo verulegur samdráttur í opinberum framkvæmdum. Útgjaldahækkunin er einkum vegna útþenslu í umsvifum ríkiskerfisins og alls kyns sóunar á vegum ráðherra og ráðuneyta. Hvergi er ráðist að rótum þessa vanda og fyrirheit hæstv. fjmrh. um jafnvægi í rekstri ríkissjóðs hafa snúist í andhverfu sína.

Virðulegi forseti. Ég hef rætt almennt um fjárlagadæmið og útkomu þess og ætla ekki að fjalla svo neinu nemi um afgreiðslur einstakra mála. Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á nokkur mál sem varða miklu. Hafnamálin eru nú til afgreiðslu. Upphaflega var ætlað að leggja sérstakan skatt á hafnir landsins til að fjármagna framkvæmdir innan þeirra en síðan var horfið frá þeim fyrirætlunum þar sem enginn virtist vita hvernig ætti að koma þessari skattlagningu við og ekki var gerð nein tilraun til að gera grein fyrir því heldur. Það kann að vera nauðsynlegt að finna höfnum einhvern fastan tekjustofn, líkt og Vegagerð ríkisins, en menn eru farnir að verða trúdaufir á gildi slíkra ráðstafana þegar raunin verður sífellt sú að fastir tekjustofnar stofnana eru yfir höfuð aldrei friðhelgir. Hafnir landsins eru víðast hvar lífæðar byggðarlagsins og það varðar miklu að þær séu í sem bestu lagi. Hafnir á landinu sem njóta ríkisstyrks eru 70 talsins. Meðallíftími hafnarmannvirkja er um 35 ár. Þetta þýðir að endurbyggja þarf um tvær hafnir á ári. Á verðlagi dagsins í dag kostar um 470 millj. kr. að endurbyggja höfn eða hafnarmannvirki af meðalstærð og greiðir ríkissjóður 75% kostnaðar að jafnaði. Þessar tölur sýna að rúmar 700 millj. kr. þyrfti árlega til að halda höfnunum í viðunandi ástandi.

Til að mæta kröfum vegna breyttrar flutningatækni þyrfti að auka við þessa upphæð og sjá menn þá hversu fjarri lagi er sú upphæð sem lögð er til hafnamála nú. Í þeim efnum sem öðrum er vandanum vísað til framtíðarinnar en hafnirnar drabbast niður atvinnulífi landsins til ómælds tjóns.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um annan málaflokk sem einatt verður hart úti þegar sameiginlegum fjármunum okkar er útdeilt þó ekki skorti faguryrðin á hátíðarstundum og á ég hér við menningarmálin. Flest erum við sammála um mikilvægi blómlegs menningarlífs og teljum það eina af undirstöðum íslensks þjóðfélags og víst er um það að fólk um allt land leggur ótrúlega mikið af mörkum í hreinni sjálfboðavinnu til þess að hlúa að þessari undirstöðu, ekki síst utan höfuðborgarsvæðisins. Nægir

þar að vitna til starfsemi áhugaleikfélaga og söngkóra sem eiga sinn stóra þátt í eflingu félagslífs og blómlegs mannlífs á landsbyggðinni. Menningarhátíðir sem haldnar hafa verið víða um land á síðustu árum og flestar staðið vikum og jafnvel mánuðum saman hafa borið menningarviðleitni landsbyggðarfólks gott vitni og ekki skal heldur gert lítið úr miklu og oft fórnfúsu starfi að menningarmálum á höfuðborgarsvæðinu. En það eru auðvitað takmörk fyrir því hvað fólk getur á sig lagt við erfiðar aðstæður án þess að fá umbun fyrir. Stundum hvarflar þó að manni að einmitt það sé stefna stjórnvalda. Menning virðist helst aldrei mega kosta neitt. Það vantar þó ekki að ráðamenn blási í lúðra. Hæstv. menntmrh. efnir til umræðna um eitt og annað. Það er fundað um menningarstefnu og skólastefnu og hina ýmsu þætti menningarinnar en það verkar sem hljómandi málmur og hvellandi bjalla þegar því er ekki fylgt eftir. Niðurfelling virðisaukaskatts á íslenskar bækur verður þó að meta við stjórnvöld á ári læsis sem átti víst að vera ein skrautfjöðrin, en varla eru menn búnir að gleyma hvað það kostaði mikinn tíma og fyrirhöfn að ná þeim áfanga. Hæstv. ráðherrar stóðu svo sannarlega gegn því eins lengi og þeir gátu þrátt fyrir að þeir hrósuðu sér auðvitað af afrekinu þegar þar að kom.

Í þessu sambandi má heldur ekki láta undir höfuð leggjast að minnast á við hvaða kost Námsgagnastofnun er ætlað að búa sem þó á að standa að því að leggja grunn að menntun barna landsins. Á ári læsis er kostur hennar þrengdur svo að hún getur ekki sinnt skyldum sínum.

Ég man nú ekki margt sem ríkisstjórnin getur talið sér til tekna í menningarefnum þrátt fyrir stór orð um vinsemd í garð menningarinnar. Ég satt að segja veit ekki hvað hæstv. menntmrh. hefur haft í huga þegar hann gaf það til kynna í nýlegum sjónvarpsþætti að stefnan væri upp á við í fjárveitingum til menningarmála. Á sama tíma er t.d. þrengt svo að starfsemi Þjóðleikhússins að það á erfitt með að standa undir nafni. Þá hafa menn fylgst í forundran með leikritinu í kringum Óperuna en í þessum þætti er því vandamáli vísað að hluta til heimildargreina fjárlaganna eins og ýmsu öðru sem er sópað undir það teppi. Framtíðinni er ætlað að leysa úr því og er ástæðulaust fyrir ríkisstjórnina að guma af virðingu fyrir menningarstarfsemi af hvaða toga sem er né heldur umtalsverðum stuðningi við hana.

Virðulegi forseti. Tekjuöflunarhlið ríkissjóðs hefur á undanförnum árum verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar og er nú mun skilvirkari en áður þótt deila megi um réttlætið. Núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur hins vegar látið undir höfuð leggjast að endurskoða gjaldahliðina með sama hætti, endurskoða tilgang, markmið og umfang ríkisstofnana og komast fyrir óþarfa útgjöld og sóun. Þetta verður því að verða úrlausnarefni næstu ríkisstjórnar.

Það er ekkert vafamál að spara má verulega í útgjöldum ríkisins án þess að nokkur beri óréttlátan skaða af og að því verður að vinda bráðan bug. Ráðdeild og sparnaður munu vera farsælastar ráðstafana í glímunni við ríkisútgjöldin. Þar þýðir ekkert að treysta á lottóvinninga eða kraftaverk. Niðurstaða þessa fjárlagafrv. sem nú kemur til afgreiðslu eru enn hækkaðir skattar og nú við 3. umr. bætast rúmir 2 milljarðar við þann póst og engar umtalsverðar sparnaðartilraunir og 4 milljarða halli.

Virðulegi forseti. Vinnan við fjárlögin hefur um margt verið á óvenjulegan hátt nú að undanförnu. Lagafrumvörp um tekjuöflun koma ótrúlega seint og ná ekki öll fullnaðarafgreiðslu. Það er e.t.v. ekkert einsdæmi en er öllum til baga. Hitt er óvenjulegra að sífellt hefur þurft að skjóta málum til ríkisstjórnarinnar, málum sem fjvn. og Alþingi eiga með réttu að fjalla um. Síðan hefur staðið á ákvörðunum frá þessari hæstv. ríkisstjórn sem virðist eiga erfitt með að koma sér saman um nokkurn skapaðan hlut. Þetta hefur gert nefndinni erfitt fyrir og tafið mjög öll störf hennar.

Virðulegi forseti. Í hönd fer kosningaár og það fer ekki milli mála hversu ríkisstjórninni hefur verið í mun að fjárlögin sýndu góða útkomu og betri en efni standa til svo að ráðherrar geti hælt sér af góðri fjármálastjórn þegar til kosningabaráttu kemur. Því kjósa þeir að hafa í frammi alls konar blekkingar, fela raunveruleg útgjöld í heimildargreinum og lánsfjárlögum og vísa þeim, sem og margvíslegum óleystum vanda, til framtíðarinnar og til þeirra sem við eiga að taka. Vera má að einhverjir kjósendur falli fyrir þessari fjármálasnilld en það er ljóst að afkomendur okkar, sem verða að borga brúsann, munu ekki senda þessari ríkisstjórn nein blessunarorð þegar kemur að skuldadögum.

Frsm. samvn. samgm. (Karvel Pálmason):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir sameiginlegu nál. samvn. samgm. sem er á þskj. 388 svo og brtt. sömu nefndar á þskj. 389 við 4. gr. frv. lið 10-322 Flóabátar og veruflutningar.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, hafa mörg orð um nál. og brtt. sem eru á sérstöku þingskjali, þær skýra sig nokkuð sjálfar, en ég vil þó fara örfáum orðum um nefndarstarfið.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um framlög á fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna veru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Farsvæði þessara báta eru á Faxaflóa, á Breiðafirði, á Ísafjarðardjúpi og á leiðinni frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Enn fremur eru flutningastyrkir á Eyjafirði og milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Enda þótt reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir

verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgrn., og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, hafa eins og áður mætt á fundum nefndarinnar og veittu þeir henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Á undanförnum árum hefur í framsögu fyrir tillögum nefndarinnar verið gerð grein fyrir einstökum þáttum þeirra, sérstaklega varðandi hin stærri verkefni, þ.e. flutninga á sjó. Þar sem fyrir þessum þáttum er skilmerkilega gerð grein í áliti nefndarinnar sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um einstaka báta heldur vísa til nál. Ég vil taka það fram að með flestöllum umsóknum fylgdu greinargóðar upplýsingar um viðkomandi verkefni og á þetta einkum við um flutninga á sjó. Enda þótt þeir aðilar sem styrk til landflutninga njóta hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknir varðar er í nokkrum tilvikum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn nú sem áður sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgrn. fyrir yfirstandandi ár.

Enn fremur vill nefndin beina því enn á ný til samgrn. að þeim aðilum sem fá stofnstyrki undir liðnum „Flutningar á landi" verði kynnt sú meginregla nefndarinnar að stofnstyrkir vegna ákveðinna verkefna verði eingöngu veittir í þrjú ár.

Nefndin hefur við úthlutun stofnstyrkja að jafnaði miðað við það að styrkurinn verði ekki hærri samtals en helmingur kostnaðar við kaup á vélum og tækjum.

Ég mun nú víkja að tillögunum og þeim breytingum sem nefndin er sammála um að gera á fjárframlagi til þessa málaflokks á fjárlögum fyrir árið 1991.

Nefndin leggur til að framlag til flóabáta og vöruflutninga verði 173 millj. 230 þús. kr. á næsta ári. Samsvarandi upphæð á fjárlögum yfirstandandi árs er 131 millj. 100 þús. kr. Til greiðslu kom reyndar aðeins lægri fjárhæð því í fjáraukalögum fyrir árið 1990 var þessi upphæð skert um 3 millj. kr.

Til flutninga á landi er lagt til að verja 24 millj. 430 þús. kr. en í ár er til þessa þáttar varið 21 millj. 415 þús. kr.

Til reksturs ferja og flóabáta leggur nefndin til að framlagið verið 148 millj. 800 þús. kr. en samsvarandi framlag á fjárlögum í ár er 109 millj. 685 þús. kr.

Nefndin leggur til að veittir verði styrkir til 58 verkefna vegna flutninga á landi, tveimur fleiri en eru í fjárlögum í ár. Af þessum liðum vil ég nefna að teknir eru inn tveir nýir stofnstyrkir. Annars vegar til Auðkúlu- og Þingeyrarhrepps en þessir hreppar voru fyrir skömmu sameinaðir í eitt sveitarfélag. Styrkur þessi sem er sá fyrsti af þremur er til að kaupa snjóbifreið sem halda á uppi ferðum yfir vetrarmánuðina milli Þingeyrar, Hrafnseyrar og Mjólkár. Hins vegar er veittur stofnstyrkur til Nauteyrarhrepps til að festa kaup á snjóblásara. Ég leyfi mér enn fremur að minnast á lið nr. 58 í brtt. en um hann er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt yrði að grípa til þegar samgöngur teppast og grípa þarf til dýrari flutningatækja. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir skv. reikningi og hefur verið farið fram á það við Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgrn., að hann annist greiðslur slíkra reikninga í samráði við formenn samgn. Alþingis. Að þessu sinni er fjárveiting skv. þessum lið hækkuð verulega og er skýringin sú að nefndin telur brýnt skv. fyrirliggjandi staðreyndum að styrkja loftflutninga til einangraðra staða á Vestfjörðum og á Austfjörðum. Nefndin mun eftir jólahlé koma saman og ræða m.a. þetta svo mjög brýna verkefni. Greiðslur verði inntar af hendi í samráði við formenn samgn. eins og aðrar greiðslur skv. þessum lið.

Til reksturs ferja og flóabáta leggur nefndin til að styrkir verði veittir til átta verkefna. Áður en ég segi skilið við flóabáta og ferjur er rétt að geta þess að málefni stærri ferja og flóabáta voru mikið rædd á fundum nefndarinnar, einkum í undirnefnd. Þar sem verulegar fjárfestingar hafa þegar verið ákveðnar í smíði og kaupum á ferjum og flóabátum, sem skipta munu hundruðum milljóna króna, taldi nefndin mjög brýnt að hún fjallaði mun meira um mál er snerta þessar ferjur og báta þá á breiðum grundvelli. Með hliðsjón af þessu ákvað nefndin að taka málefni þeirra til sérstakrar athugunar og meðferðar í byrjun næsta árs.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð að því er þetta varðar. Ég vísa enn til nál. og brtt. og hygg að það skýri sig nægilega sjálft án þess að fleiri orð þurfi um það að hafa.

Ég vil í lokin þakka meðnefndarmönnum fyrir gott samstarf í nefndinni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar þakka fjvn. fyrir mjög gott starf við erfiðar aðstæður. Á tímum aðhalds og sparnaðar er það erfitt verkefni fyrir fjvn. að vísa á bug fjölmörgum óskum um viðbótarfjárframlög og vega og meta hvaða beiðnum á að hafna og hverjum á að taka jákvætt. Ég tel að við þessar kringumstæður hafi fjvn. unnið mjög gott starf. Sýnt bæði dugnað og sanngirni í sínum störfum. Niðurstaðan er sú að hækkanir á fjárlagafrv. eru ekki miklar þegar horft er til liðinna ára og þeirrar reynslu sem þar kom fram. Ég vil þakka sérstaklega formanni fjvn. fyrir það mikla starf sem hann hefur unnið við að hafa forustu fyrir nefndinni á þessum tímum og þá samvinnu sem ég hef átt við hann og nefndina alla á undanförnum vikum.

Það er að mörgu leyti merkileg tilraun sem gerð hefur verið hér á undanförnum árum í ríkisfjármál-

um hvað snertir samstarf fjvn. og fjmrh. Vegna þess, eins og alkunnugt er, komst sú skipan á þegar skipt var um ríkisstjórn 1988 að fjmrh. og formaður fjvn. voru úr sitt hvorum flokknum. Ég held að hægt sé að segja með sanni þegar mælt er fyrir og afgreitt síðasta fjárlagafrv. á þessu kjörtímabili að sú skipan mála hafi tekist vel. Fyrir það er ég þakklátur og vil færa formanni nefndarinnar og nefndinni allri sérstakar þakkir fyrir þá samvinnu.

Ég vil síðan víkja hér fáeinum orðum, sem ekki var nú ætlun mín, að þeim hluta í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar þar sem vikið var að verkum hagdeildar fjmrn. við að meta þróun tekjustofna fjárlaga á næsta ári. Það er tiltölulega auðvelt verk að koma því inn hjá almenningi og fjölmiðlum að embættismenn fjmrn. eða annarra ráðuneyta geri bara það sem ráðherrann segir. En hv. þm. veit að það er ekki rétt mynd. Hv. þm. veit að starfsfólk ráðuneytanna og í þessu tilviki hinir virtu fræðimenn sem starfa í hagdeild fjmrn. er fólk með langa reynslu á þessu sviði og fólk sem kappkostar fagleg vinnubrögð. Enda er aðstaða þess fólks með þeim hætti að falsanir af því tagi til að þóknast ráðherranum, svo að vikið sé að þeim texta sem hv. þm. fór hér með, væru skammgóður vermir vegna þess að embættismenn hagdeildarinnar búa við það að reynslan kveður upp dóm yfir þeirra verkum. Vegna þess að í lok hvers árs er hægt að bera saman þá áætlun sem þeir leggja fram og niðurstöðuna. Það er t.d. athyglisvert að þó að sami maður og aðrir hafi fullyrt fyrir rúmu ári síðan að tekjur fjárlaganna fyrir árið í ár væru ofáætlaðar hefur reynslan sýnt að þær voru lágt áætlaðar. Það var varlega farið í það mat og þær hafa reynst meiri í ár en áætlað var í tekjuáætlun fjárlagafrv. í fyrra. Ég vara eindregið við því að verið sé að sá hér tortryggni í garð embættismanna sem vinna störf sín af faglegum metnaði. Ég get borið vitni um það að ég hef aldrei reynt annað af því ágæta fólki sem þetta verk hefur unnið heldur en mikinn faglegan metnað.

Það kemur reyndar fram í nýrri tekjuáætlun hagdeildarinnar að það eru ítarleg og skýr rök fyrir því hvers vegna tekjuhliðin hækkar. Í fyrsta lagi er hækkun á því sem tekjuskattur fyrirtækja á að skila. Hvers vegna? Vegna þess að hvert fyrirtækið af öðru á síðustu mánuðum hefur verið að sýna vaxandi hagnað á þessu ári. Reyndar hafa forustumenn samtaka atvinnulífsins í mín eyru fullyrt að þessi áætlun um hagnað fyrirtækjanna og þar með tekjuskatt fyrirtækjanna sé of lág. Hagnaðurinn verði meiri og tekjuskattur fyrirtækjanna enn meiri en þarna er áætlað í ljósi þeirrar uppsveiflu og betri rekstrarstöðu sem fyrirtækin búa nú við.

Í öðru lagi eru áætluð hækkuð skil á virðisaukaskatti miðað við það sem áður var. Hver er meginástæða þess? Hún er einfaldlega sú að í ljós kom að á síðasta innheimtutímabili þessa árs beittu fyrirtæki í meira mæli en talið var heimildum virðisaukaskattslaga til þess að nota sem innskatt til frádráttar ákveðin útgjöld og ætla sér síðan að skila tekjunum eftir áramótin. Það er einnig ljóst af þeirri reynslu sem við höfum haft af innheimtuaðgerðum á rúmu ári að þær skila viðbótartekjum og það hefur Ríkisendurskoðun staðfest.

Í þriðja lagi hefur sú breyting orðið á síðustu tveimur mánuðum að vaxandi kaup hafa orðið á bílum eftir u.þ.b. tveggja ára stöðnun. Það er álit fyrirtækjanna á þessum vettvangi, innflytjendanna sjálfra, að það muni fara mjög vaxandi á næsta ári. Staðreyndin er nefnilega sú að sérfræðingar hagdeildarinnar byggja sitt mat ekki bara á því að þeir rýni í einhverja glerkúlu heldur á víðtækum gögnum frá viðskiptalífinu, frá forsvarsmönnum fyrirtækja og öðrum sérfræðingum úti í þjóðfélaginu.

Í fjórða lagi er um að ræða aukningu á tekjuskatti einstaklinga miðað við það sem áætlað var í ágúst eða septembermánuði. Hvers vegna? Vegna þess að innheimtur tekjuskattur einstaklinga á þessu ári hefur verið meiri en áætlað var. Þannig er áfram hægt að telja skýr og ítarleg fagleg rök fyrir því hvers vegna tekjurnar eru metnar með þeim hætti sem hér hefur fram komið.

Þessu til viðbótar eru svo tvær ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Önnur er sú að breyta prósentu í frv. um jöfnunargjald sem hér liggur fyrir þinginu á þann veg að það skili 100 millj. kr. meiri tekjum á næsta ári og sú stefnuákvörðun ríkisstjórnarinnar að afla 500 millj. kr. á næsta ári með t.d. tveimur leiðum. Annars vegar í gegnum verðlag á áfengi og tóbaki og hins vegar með því að fara að innheimta jöfnunargjöld af innfluttum matvælum sem er full heimild til og talið eðlilegt í alþjóðlegum viðskiptasamningum okkar til þess að styrkja samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu, m.a. með því að leggja á þær vörutegundir, sem hv. þm. nefndi, sérstök gjöld til að framleiðendur á pizzum og öðrum matvælum hér innan lands byggju við betri samkeppnisstöðu.

Það er svigrúm fyrir þessa ákvörðun vegna þess að þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru framlengdir var gefið út það fyrirheit að verðákvarðanir af skattabreytingum ríkisstjórnarinnar yrðu á bilinu 0,0–0,4% í framfærsluvísitölu. Eins og fram hefur komið eru þegar ákvarðaðar breytingar aðeins 0,1% í framfærsluvísitölu. Þessar breytingar munu því ekki leiða til verðhækkana umfram það sem fyrirheit var gefið um þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru framlengdir. Það eru því full fagleg rök fyrir því að sérfræðingar ráðuneytisins, sem hafa verið sérfræðingar ríkisstjórna og ráðherra í þessum efnum um langt árabil á undan mér, leggja fram þetta mat. Og ég get sagt hv. þm. það að ég hef aldrei í eitt einasta skipti orðað það við slíka embættismenn að þeir fari að búa til einhverjar falsaðar tölur. Og sú leikræna lýsing sem hv. þm. gaf á því að ég hefði komið og afhent honum plagg um álit Þjóðhagsstofnunar varðandi minnkandi loðnuafla og þar með verið að gefa til kynna að ráðherrann hefði nú sérstaklega komið með þetta, eins og þingmaðurinn sagði, réttandi þetta skjal og gefið til kynna að þar með væri verið að falsa eitthvað myndina. Hver var ástæðan fyrir því að ég náði í hv. þm.? Ástæðan var sú að 3. umr. fjárlaga

var að hefjast hér. Fjvn. hafði beðið um þetta álit. (**EgJ:** Og fengið synjun um það.) Það veit ég ekkert um. Mér var ekki kunnugt um þá bón en embættismaður ráðuneytisins var hér frammi á gangi og vildi koma þessum skjölum til fjvn. áður en umræðan hófst. Ég fór því inn í þingsalinn og náði í oddvita Sjálfstfl. í nefndinni, Pálma Jónsson, og formenn nefndanna til þess að þeir gætu fengið þetta skjal frá embættismanninum sem þeir höfðu beðið um. Það var eina hlutdeild mín í þessu máli. Og fara að gera úr því einhverja leikræna frásögn hér í ræðustól til að sá tortryggni í garð þessara embættismanna, að þeir hafi verið að semja einhverja álitsgerð að beiðni ráðherrans er gjörsamlega út í hött. Ég hafði ekki hugmynd um að þeir væru að vinna þetta verk.

Hvað segir svo í þessu áliti? Það segir einfaldlega það sem flestir vita, að þegar ákveðinn brestur verður í forsendum tekjuöflunar í okkar þjóðfélagi þá tekur tíma að áhrifa þess gæti út í hagkerfinu. Þetta er á erlendu hagfræðimáli kallað time lag. Það er alþekkt fyrirbæri í hagfræðilegum rannsóknum og hagfræðilegum umfjöllunum. Ég man nú bara ekki í svipinn hvað það heitir hjá íslenskum hagfræðingum. (**GHH:** Tímatöf.) Það heitir tímatöf. Þakka þér fyrir, hv. þm. Geir H. Haarde. Ég veit að hann þekkir þetta vel eins og frammíkallið sýnir rækilega. Og það sem sérfræðingur ráðuneytisins er einfaldlega að benda á er að það eru meiri líkur á því að slík áhrif komi fram í tekjum ríkissjóðs á árinu 1992 en á árinu 1991.

Þar að auki er rétt að benda á það að í forsendum fjárlaganna er ekki miðað við það að álversframkvæmdir hefjist hér. Þannig að ef álversframkvæmdir hefjast hér munu áhrifin á tekjuöflun ríkissjóðs verða mjög jákvæð umfram það sem hér er gert ráð fyrir.

Í forsendum fjárlaganna er heldur ekki miðað við það að friður skapist í Persaflóa og olíuverð fari í fyrra horf. Þvert á móti er í forsendum fjárlaganna miðað við það að það gæti áfram áhrifa af þeim vandamálum sem þar hafa skapast og áhrifum þess á olíuverð í heiminum.

Í þriðja lagi er í forsendum þessa frv. ekki miðað við það að verðlag á útflutningsvörum okkar muni hækka sem þó margt bendir til að þær kunni að gera. Það eru þess vegna svartsýnar forsendur í ýmsum meginþáttum þessa frv. sem að öllum líkindum geta fært tekjuhliðina upp umfram það sem kemur fram í þeirri áætlun sem hér hefur verið lögð fram.

Ég get hins vegar vel skilið það að hv. þm. Pálmi Jónsson, sem í viðtali við fjölmiðla undanfarna daga hefur látið hafa það eftir sér að hallinn á fjárlagafrv. yrði 6–7 milljarðar, sé dálítið súr yfir því að það reynist vera rangt. En það er óþarfi að koma hér með dylgjur í garð embættismanna ráðuneytisins vegna þess. Það er nóg að skamma mig.

Virðulegi forseti. Það er að vísu ein ákvörðun sem ég á varðandi tekjuhlið frv. síðustu daga. Ég skal fúslega segja frá henni. Hún er sú að endurmat á tekjuhliðinni kæmi ekki fram fyrr en útgjaldadæminu væri lokað til þess að það væri alveg skýrt að það mundi ekki gæta tilhneigingar til þess að sækja tekjur sem væru kannski meiri en menn hefðu haldið til að auka útgjöldin. Það eru einu afskiptin sem ég hef haft af þeirri tekjuáætlun sem hér er lögð fram.

Virðulegi forseti. Mér fannst nauðsynlegt að láta þetta koma hér fram vegna þess að þeir ágætu embættismenn sem þetta verk hafa unnið setja verk sín undir dóm reynslunnar. Það mun koma í ljós undir lok næsta árs, lið fyrir lið, tekjuöflun fyrir tekjuöflun, skatt fyrir skatt, hvort mat þeirra hefur verið rétt eða rangt.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson las hér upp grg. frá fulltrúum Sjálfstfl. í fjvn. Hún er fróðleg fyrir margra hluta sakir. Hún er þó sérstaklega fróðleg fyrir það að þar er ekki að finna eina einustu till. um það hvernig Sjálfstfl. hyggst taka á ríkisfjármálavandanum ef hann kemst hér til valda. Í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar var heldur ekki ein einasta setning um það. Sjálfstfl. ætlar ekki að auka skattana. Margir forustumenn Sjálfstfl. hafa játað því í aðdraganda þessara kosninga að þeir ætli að lækka skattana en þeir hafa ekki nefnt eina einustu niðurskurðartillögu. Ég virði það hins vegar að þeir hafa við afgreiðslu þessara fjárlaga ekki flutt neina hækkunartillögur. En það dugir hins vegar ekki til þess að koma þessari svokölluðu stefnu Sjálfstfl. upp þannig að hún standist. Það þarf þá að koma með till. um niðurskurð um a.m.k. 15–20 milljarða ef það á að verða samhengi í því sem hér er sagt. Og fyrr en þær koma fram er þessi málflutningur Sjálfstfl. botnlaus tunna, botnlaus tunna. Það er enginn vandi að birta línurit af því tagi sem hv. þm. Pálmi Jónsson birtir með þessari grg. Ég bendi honum á að búa til samsvarandi línurit yfir útgjöld og skattheimtu Reykjavíkurborgar. Ég bendi honum á að gera sams konar línurit yfir það þannig að hann fái þá samanburð í þeirri þróun við þá fjármálastjórn sem nýkjörinn varaformaður Sjálfstfl. hefur beitt sér fyrir.

Virðulegi forseti. Það voru nokkur efnisatriði sem hér var vikið að hjá hv. þm. sem ég sé kannski ekki ástæðu til þess að víkja mikið að. Auðvitað er það þannig að það getur ýmislegt breyst á nýju ári. Það vita allir, það kennir reynslan okkur. Sumt af því sem hér kemur fram er byggt á áætlunum og útreikningum á því. Ég nefni t.d. það sem gerst hefur í meðferð þingsins á landgræðsluáætlun. Hún hefur verið reiknuð upp á nýtt, gerðar breytingar á fjárframlögum ríkisins í þeim efnum. Það er hægt að framkvæma útreikninga með ýmsu móti á því sviði. Sumir telja að yfir það þurfi að fara aftur og meta það hvort í reynd sé það þannig að fjárframlag til landgræðslumála eigi að minnka samkvæmt ályktun þingsins á sínum tíma.

Reynslan sýnir okkur líka varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna að það er erfitt að áætla fyrir fram hver fjárþörf þess sjóðs kann að vera, m.a. vegna þess að við búum í frjálsu þjóðfélagi þar sem námsmenn hafa

frjálsan rétt til að hefja nám og það sem gerst hefur á þessu ári, hvort sem það gerist á næsta ári eða ekki, var að mikil aukning varð á fjölskyldufólki hvað snertir námslán. Þannig geta verið miklar sveiflur hjá stórum sjóðum frá einu ári til annars hvað þetta snertir. Þá verða menn að mæta því þegar þar að kemur.

Það er hins vegar rangt hjá hv. þm. að tillögur heilbrrh. um sparnað í lyfjakostnaði hafi ekki skilað árangri. Hæstv. heilbrrh. hefur unnið mjög dyggilega við erfiðar aðstæður og sætt ósanngjarnri gagnrýni fyrir
margvíslega viðleitni sína til að stuðla að auknum sparnaði og aðhaldi í heilbrigðiskerfinu. Þær tillögur sem hann lagði fram um lyfjakostnað skiluðu vissulega sparnaði á því ári sem nú er að líða. En það bættust bara önnur útgjaldatilefni við af þeim orsökum sem við höfum rætt hér áður í þinginu. Hins vegar hefur verið unnið af hálfu heilbrrn. að ítarlegri tillögugerð um sparnað í lyfjasölu, lyfjakostnaði í landinu. Það liggja fyrir tillögur nefndar um endurskipulagningu lyfsölumála í landinu og ég bendi hv. þm. á að lesa Morgunblaðið. Í Morgunblaðinu, annaðhvort í dag eða í gær eru talin upp allt að 10 fyrirtæki sem einn eigandi stærstu lyfjaverslunarinnar á Íslandi, maður sem mikið hefur haft sig frammi í fjölmiðlum til að verja þetta lyfsölukerfi, hefur keypt á þessu ári, laxeldisstöðvar, gosdrykkjaverksmiðjur og hvað það heitir allt saman, sem hann hefur verið að kaupa fyrir ágóða sinn af lyfjasölunni og er stoltur af. Við eigum ekki að reka hér lyfsölukerfi sem menn kaupa gosdrykkjaverksmiðjur, laxeldisstöðvar og hvað eina fyrir ágóðann af því að selja sjúku fólki á Íslandi lyf. Heilbrrh. hefur unnið ötullega að því að móta tillögur um breytingar í þeim efnum og það er óþarfi að vera að gera lítið úr þeirri viðleitni hér í ræðustólum Alþingis vegna þess að það eru mjög viðkvæm mál að vinna að sparnaði í heilbrigðiskerfinu og ég veit af eigin reynslu að heilbrrh. hefur búið þar við mjög erfið skilyrði en er hins vegar að vinna mjög þarft verk í mjög viðkvæmum málaflokki.

Hv. þm. gagnrýndi einnig að lánsfjárlögin væru ekki afgreidd fyrir áramót. Ég kallaði fram í af því tilefni og vil aðeins segja það hér að það kom fram fyrr í dag þegar ég mælti fyrir frv. til lánsfjárlaga að fulltrúi Sjálfstfl. í þeirri umræðu taldi nauðsynlegt að þetta mál yrði athugað betur í meðferð Nd. og yrði ekki afgreitt fyrir áramót. Um það hefur verið rætt milli flokkanna og ég hef fallist á það í góðum friði með fulltrúum allra flokka að geyma afgreiðslu lánsfjárlagafrv. þar til eftir áramót. Ég hef þess vegna flutt sérstaka brtt. sem var kynnt hér áðan úr forsetastóli og ég hef tekið eftir að ýmsir þingmenn hafa ekki almennilega áttað sig á. Ég vil þess vegna segja það hér að lokum að hún er flutt eingöngu til þess að hafa heimildir á næsta ári til að geta selt spariskírteini ríkisins, ríkisvíxla og ríkisbréf á innlendum markaði til að standa undir lánsfjárþörf ríkissjóðs þar til frv. til lánsfjárlaga verður samþykkt.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum endurtaka þakkir mínar til fjvn. og sérstaklega forustu nefndarinnar fyrir það starf sem hún hefur unnið við erfiðar aðstæður. Hún býr að hluta til við sama vanda og fjmrh.: Tekjurnar eru af skornum skammti, en kröfurnar um útgjöldin eru óteljandi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Á deildarfundi í gærkvöldi urðu töluverðar umræður um stöðu Byggingarsjóðs ríkisins og fjárhagsvanda húsnæðiskerfisins frá 1986 og ýmsir sem óskuðu að fá að vita hvernig ríkisstjórnin hygðist halda á þeim málum. Mér þykir því rétt að gera grein fyrir því nú.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fela ráðherranefnd stjórnarflokkanna fjögurra að gera tillögur um uppgjör húsnæðislánakerfisins frá 1986 og fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins. Byggt mun verða á þeim mjög ítarlegu athugunum sem hafa verið gerðar nú í vetur á þessu kerfi öllu og á þeim tillögum sem þegar hafa verið lagðar fram. Jafnframt gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að drög að frv. verði lögð fyrir ríkisstjórnina fyrir lok janúar nk.

Þetta þótti mér rétt að kæmi hér fram því að ég vil taka undir það með hv. þm. að það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig þarna hefur stefnt árum saman og á því verður fyrr eða síðar að taka.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það var nú gagnlegt að hæstv. forsrh. skyldi koma hér upp í pontuna og staðfesta með ótvíræðum hætti hvernig skipbrot ríkisstjórnarinnar er í sambandi við húsnæðismálin. Nú á síðustu stundu á að láta það nægja að koma með yfirlýsingu um það að ráðherranefnd eigi að setjast að störfum og koma með drög að frv. Þetta er nú jólaboðskapur ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum og ég vil biðja menn að taka eftir þessu.

Hæstv. fjmrh. hafði hér mörg orð vegna þeirra ummæla sem fram komu í ræðu Pálma Jónssonar vegna minnisblaðs sem hafði verið dreift hér fyrr á fundinum. Þetta minnisblað kemur mér býsna mikið á óvart. Fjvn. fjallaði um þessi mál í gær og hafði þá, eins og gjarnan í annan tíma þegar rætt er um tekjuhlið fjárlagafrv., upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun og frá tekjuáætlunardeild fjmrn. Auðvitað voru fulltrúar þessara stofnana mættir á fundinum. En það brá svo við að þessu sinni að það var ekki hægt að gefa upplýsingar um nýja þjóðhagsspá. Hún gat ekki legið fyrir fyrr en á næsta ári þó að ýmislegt væri nú rætt í þeim efnum. Það kom reyndar fram, sem vakti nokkra eftirtekt á þessum fundi, að það sótti í betra horf í tekjum ríkissjóðs en aftur til hins verra horfs í þjóðhagsspá.

Það var af þessari ástæðu sem ég spurðist fyrir um það hvort ekki væri unnt að fá útreikninga í sambandi við tekjuforsendur fjárlaga er byggðust á þessu mati Þjóðhagsstofnunar þótt ekki lægi fyrir endanleg spá hennar um þjóðhagshorfur á næsta ári. — Nú

vil ég biðja hæstv. fjmrh. að fara ekki á nýjan fund hér því að hann tók sér nú góðan tíma til að fjalla um þessi mál áðan. — Því var svarað neitandi og hv. formaður fjvn. gekk í lið með embættismönnum til þess að sýna fram á það að slíkir útreikningar væru útilokaðir við þessar aðstæður.

Ég fór þá fram á það að fá slíka útreikninga bara fyrir mig þó að þeir lægju ekki fyrir þegar gengið væri frá fjárlagafrv. í gærkvöldi. Og það voru öll tomerki á því líka. Þá spurði ég þeirrar einföldu spurningar hvort það væri þá ekki hægt að fá áhrif loðnubrestsins eins og Þjóðhagsstofnun spáði fyrir um hann. Og því var hægt að svara með almennu orðalagi og orðalagið og skýringuna og svarið á ég úti í fjvn. Það var einfaldlega á þá leið að í því mundu felast umtalsverðir brestir í afkomu ríkissjóðs á næsta ári.

Nú er hins vegar komið minnisblað sem dreift er hér sólarhring eftir að þessi yfirlýsing er gefin þar sem segir að um engin umtalsverð áhrif verði að ræða. Og skyldi nú nokkurn undra þótt fjárveitinganefndarmenn fjölluðu eitthvað um boðskap af þessum toga.

Fyrr í þessari umræðu var frá því sagt að ef loðnubresturinn yrði svo sem spáð væri fyrir um, dygði ekki einungis að endurskoða tekjuáætlun ríkissjóðs heldur líka gjaldahliðina. Nú hefur það hins vegar fengist hér á blaði frá fjmrn. að þetta muni bara ekki hafa svo sem nein áhrif. Ósköp geta þessi vísindi breyst mikið, þessi gagnmerku vísindi sem hæstv. fjmrh. talaði hér um áðan, á einum einasta sólarhring. Það hlýtur að vera erfitt að átta sig á 365 dögum ársins þegar svona mikið misræmi kemur fram bara á einum einasta sólarhring. Svo er fjmrh. alveg steinhissa á því að fjárveitinganefndarmenn skuli hafa orð á þessu og talar um árásir á embættismenn þó það sé einungis greint frá því sem þeir sögðu í gær og það sem þeir skrifa í dag.

Það er mér ánægjuefni að hæstv. landbrh. skuli vera mættur hér til þessarar umræðu. (**Fjmrh.:** Hann gerði það nú bara fyrir þig.) Það er hárrétt. Ég óskaði eftir því, hæstv. fjmrh., hér fyrr á þessum degi með nægum fyrirvara til þess að þurfa ekki að tefja þessa umræðu að hæstv. landbrh. yrði viðstaddur þegar ég mælti þessi orð. Því það vill nú svo til að þó að hörmulega hafi tekist til áður með afgreiðslu fjárlaga gagnvart landbúnaðinum og bændum landsins, þá hefur það þó aldrei verið með sama hætti og nú.

Mér er það fullljóst að það er ekki ýkja stór hópur af alþingismönnum eða áhrifamönnum í þjóðfélaginu sem þykir taka því að tala máli þeirrar stéttar og reyndar held ég að þeir séu miklu fleiri sem setja stolt sitt í það að níða hana niður. En ég ætla samt hér í þessum fáu orðum að ræða svolítið um þau mál, enda hef ég til þess að sjálfsögðu miklar skyldur. Það er líka gott að hér skuli vera staddir tveir þingmenn Framsfl. við þessa umræðu.

Nú er það svo að afgreiðsla landbúnaðarmála skiptist á tvær umræður eins og annarra málaflokka og við 2. umr. fjárlaga voru afgreidd hér afar þýðingarmikil mál á sviði landbúnaðarins. Það hefur vakið mikla eftirtekt hvernig varaformaður fjvn., hv. 1. þm. Vesturl., talaði um þau mál við þá umræðu. Það vill svo til að fáum alþingismönnum hefur verið fenginn meiri trúnaður á þessu kjörtímabili á þeim vettvangi heldur en þeim hv. þm. Hann hefur setið í nefndum stjórnmálaflokkanna um þessi mál. Hann hefur stjórnað landbn. Nd. og m.a. á þeim vettvangi hefur hann tekið þátt í að leiða erfið mál til lykta, bæði er varða löggjöf sem snertir landbúnaðinn og líka það sem snýr að Búnaðarfélagi Íslands. Hann hefur auk þessa verið mikill og eindreginn stuðningsmaður þess að þessir málaflokkar héldu sínum hlut við fjárlagagerð. Þetta er eini framsóknarmaðurinn á þessu kjörtímabili sem hefur eitthvað látið þessi mál til sín taka og barist í þeim af mikilli hörku og drengskap. Ég hef sjálfur starfað með honum og get borið vel um það með hvaða hætti hann hefur starfað á þessu kjörtímabili að þessum málum. (**Gripið fram í:** Er þetta minningarræða?) Ég er búinn að lesa ræðuna hans frá 2. umr. fjárlaga. Ég held að það væri góður kostur fyrir þá framsóknarþingmenn sem tala gjarnan í prestlegum tón að líta yfir þá ræðu, (**Gripið fram í:** Hvaða framsóknarmaður gerir það ekki?) ég tala nú ekki um hæstv. landbrh., með hvaða hætti hv. þm. Alexander Stefánssyni fórust orð í þessum efnum því að hann leiddi að því gild rök og ótvíræð að nálega allt sem hefur verið samið um við núv. hæstv. landbrh. hefur verið svikið. Ég ætla ekki að fara yfir þá umræðu því að sú niðurstaða liggur fyrir og er alveg skýr. En núna við 3. umr. voru afgreidd mikilvæg mál sem snerta landbúnaðinn og ég ætla aðeins að víkja að þeim.

Þá er það fyrst stolt Alþingis, landgræðsluáætlunin, sú þriðja í röðinni sem nú er að renna sitt skeið á næsta ári. Eins og menn munu væntanlega vita gaf íslenska þjóðin sjálfri sér það í afmælisgjöf árið 1974 að græða upp landið. Alls hafa verið settar þrjár slíkar áætlanir, þrjár landgræðsluáætlanir, og hef ég verið þátttakandi í því ásamt öðrum þremur alþingismönnum að fylgjast með framkvæmd tveggja síðari áætlananna.

Það bregður nú svo við hér við 3. umr. að fjárlagatala landgræðsluáætlunar er stórlega færð niður. Hv. formaður fjvn. og frsm. meiri hl. kemur með skýringu á þessu í ræðu sinni áðan. Þar segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrn. sendi fjvn. upplýsingar sem bentu til þess að vegna mistaka hefðu menn frá byrjun ekki miðað við þá ákvörðun sem tekin var á Alþingi, en í þáltill. sagði í síðasta málslið að við framreikning skyldi stuðst við landgræðsluáætlunina á verðlagi ársins 1987."

Þarna voru menn sem sagt að finna fimm ára gömul mistök. Það er kannski vert að geta þess sérstaklega að einn af þeim nefndarmönnum sem sömdu þennan texta er einn reyndasti fjárlagagerðarmaður á Alþingi, Geir Gunnarsson. Þegar önnur áætlunin var sett var hann meira að segja formaður fjvn. Maður gæti haldið að hann kynni að framreikna þessar

stærðir og setja þær þannig upp að það skildist hvað við væri átt.

Út af því sem kemur hér fram hjá hv. formanni fjvn. er þessi tilvitnun í þál. röng. Síðasti liður ályktunarinnar er ekki orðaður með þeim hætti sem formaður fjvn. segir að sé. Með leyfi hæstv. forseta er hann með þessum hætti:

„Fjárhæðin er miðuð við verðlag í desember árið 1986. Á framlög áranna 1988" þ.e. fjögurra ... (**SighB:** 1987.) Nei. „Á framlög áranna 1988–1991 greiðast verðbætur er miðast við framlög ársins 1987." Það er ekki sagt orð um það hvernig eigi að framreikna þessi framlög. Það er sagt að það eigi að miða tekjustofninn við framlögin á árinu 1987, fyrir fjögur seinni ár áætlunarinnar. Þetta er sagt. En það segir hvergi með einu einasta orði að það eigi að framreikna hana með verðlagi ársins 1987. Þetta er grundvallaratriði. Og auðvitað eru tekin af öll tvímæli í þessum efnum því fyrir hendi var nokkuð góð æfing, ég held tólf ára æfing, í því að finna þennan framreikning. Hagstofa Íslands var búin að reikna þetta fram alveg frá árinu 1974. Þar kunnu menn þessa útreikninga, enda er þetta staðfest í bréfi Hagstofu Íslands til fjvn. frá 7. des. 1987. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að beiðni landbrn. fer hér á eftir framreikningur á fjárhæðum landgræðsluáætlunar fyrir árin 1987–1991. Tekið skal fram að eftir fyrirsögn ráðuneytisins er miðað við vogir skv. kostnaðarskiptingu við fyrri áætlun og við verðlagsbreytingar frá sumarinu 1986 til sumarsins 1987, svo sem verið hefur." (**SighB:** Þetta eru mistökin sem gerð voru.) Þetta eru náttúrlega ekki nokkur einustu mistök vegna þess að þegar gengið var frá þessari áætlun, þegar hún var samþykkt á Alþingi — og ég hygg að það sé hægt að finna það í bókunum landgræðslunefndarinnar sem ég hef nú reyndar ekki þegar farið yfir — þá var gengið út frá þessum vinnubrögðum. Hagstofustjóri staðfesti þetta 7. des. 1987. Svo einfalt er nú málið. Og þetta er reiknireglan sem sýnir það frá ári til árs við hvað hefur verið miðað, allan þennan tíma frá 1974. Hafi orðið einhver mistök árið 1987 í þessum efnum þá hafa þau alveg eins verið 1974 þegar var byrjað á þessari áætlun, þegar ákvörðun var tekin um hana á þingfundi á Þingvöllum. Það stóð ekki til að breyta verðbótareglunum við gerð þessarar síðari áætlunar, enda eru þessir útreikningar þeir sömu allan tímann.

Þá fá menn þessa niðurstöðu, að fyrir þetta ár hafi verið búið að greiða 7,5 millj. kr. fram yfir það sem menn fá nú út, 7,5 millj. kr. á fjórum árum. Það vil ég segja að sé innan skekkjumarka þó ekkert væri annað. Þetta er allt slysið sem formaður fjvn. var að tala um áðan og allar skekkjurnar sem fjmrn. hefur verið að reikna út. En skyldi það þó vera? (**SighB:** Ríkisendurskoðun staðfestir það.) Það er reyndar rangt, hún staðfestir það ekki. Það kemur einmitt ekki staðfesting fram hjá Ríkisendurskoðun. Ég er með hennar yfirlit hér og ég hef farið yfir það. Hún reiknar þetta út með tvennum hætti, með sama hætti og fjmrn. gerði og með sama hætti líka og hefur verið gert frá árinu 1974. (**Forseti:** Forseti vill aðeins vekja athygli hv. 4. þm. Austurl. á því að það stendur til að fresta þessum fundi nema hv. þm. sé að ljúka ræðu sinni. Annars verður forseti að biðja hann um að fresta henni þar til síðar í kvöld.) Guðvelkomið. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að hæstv. landbrh. skuli ekki vera mættur hér. Hann fylgdist með umræðunni fyrr í kvöld og það er auðvitað ekkert út á það að setja ef ráðherrann er vant við látinn. Ég ætla ekki að gera það að erfiðleikamáli hér, en ég vildi ítreka, virðulegi forseti, mína fyrri ósk að ráðherrann fylgdist með máli mínu. (**Forseti:** Forseti hefur þegar kallað á þingvörð til að athuga hvort hæstv. landbrh. sé að koma í húsið.) Í sannleika sagt á ég hér ekki mjög mikið erindi til þess að vera að halda langa ræðu ef ráðherrann er ekki viðlátinn. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. 4. þm. Austurl. um að hæstv. landbrh. er rétt ókominn í húsið.) Þakka þér fyrir það.

Þar lauk ég ræðu minni fyrr í kvöld, virðulegi forseti, að ég hafði leitt rök að því að sú talnalega niðurstaða sem Ríkisendurskoðun fékk um 7,5 millj. kr. ofreikning á landgræðsluáætlun fram til þessa árs er út af fyrir sig trúverðug. Ég hygg að hægt sé að fullyrða að þar sé rétt með tölur og aðferðir farið. En þar með er ekki öll sagan sögð. Ástæðan fyrir því er sú að uppgjöri á landgræðsluáætlun er alls ekki lokið. — Menn eru hér á fjórum fundum, virðulegi forseti, og ég ætla að doka við þar til þeim lýkur. Hér er ríkisstjórnarfundur og Alþb. er að halda sáttafund á bak við mig og sjálfsagt eru fleiri á fundahöldum þannig að ég bíð bara rólegur, virðulegi forseti. (**Fjmrh.:** Halldór er að tefla.) (**Forseti:** Forseti vill áminna hv. þm. um að hlýða á ræðu hv. 4. þm. Austurl.)

Þá vildi ég taka sérstaklega fram í sambandi við þetta mál að hvergi í landgræðsluáætlun og hvergi í umræðum sem henni eru tengdar hef ég orðið var við það að því fylgi einhverjar hegningar þótt einhvers staðar kunni að verða yfirborgað á áætlunartímabilinu. Og ég get leitt að því rök að það hefur verið gert og það hafa verið teknar ákvarðanir um það af þeim aðilum sem hafa farið með fjárveitingavaldið á ýmsum tímum. Þannig var það þegar Pálmi Jónsson var formaður fjvn. Ég átti þá sæti í fjvn. og að sjálfsögðu í meiri hl. Það voru teknar ákvarðanir um það þá að greiða meira til þessara verkefna en kannski ströngustu fyrirheit sögðu fyrir um. Það var ekki gert með það í huga, og reyndar hefur sú umræða farið fram, að það kæmi síðar meir til frádráttar á áætlunartímabilinu. Ég hygg að það megi finna fleiri skýringar á því að menn hafa í einstökum tilvikum tekið ákvarðanir um það að fara fram úr landgræðsluáætlun þegar svo hefur þurft að vera. Það er þess vegna fullkomlega óeðlilegt og reyndar siðlaust að vera að færa slíkar ákvarðanir frá fyrri árum til frádráttar þegar gengið er frá þessum málum við fjárlagagerð núna. Það er fullkomlega óeðlilegt. Og það er náttúrlega mesta smánin við þessar ákvarðanir allar að þessar 7,5 millj. kr. skuli vera dregnar frá því sem menn telja að ætti að vera í þessum efnum.

Það er reyndar ýmislegt fleira sem er óuppgert. Það er t.d. tekið fram í greinargerð fyrir þál. frá árinu 1987

að fyrir því verði séð að aðrar fjárveitingar til þessarar starfsemi, til Landgræðslu ríkisins, til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og til Skógræktar ríkisins, haldi sínu verðgildi. Það hefur ekki verið reiknað út enn þá hvort svo hefur verið. Það má ekki gleyma því sem er nærtækast í þessum efnum að inn í gjaldahlið Landgræðslu ríkisins hefur komið virðisaukaskattur á þessa starfsemi og þar af leiðandi mega menn alls ekki gleyma því að á fjáraukalögum, sem voru afgreidd núna fyrir fáeinum dögum, var veitt sérstök fjárveiting til þess að mæta þeim aukakostnaði, þeirri framkvæmdarýrnun hjá Landgræðslu ríkisins sem af þessari skattlagningu hlaust. Sá kostnaður á næsta ári, sú framkvæmdarýrnun, nemur einhvers staðar á bilinu 8–10 millj. kr. Þetta eru allt saman grundvallaratriði og þetta eru allt saman þýðingarmikil atriði sem auðvitað koma inn í þetta uppgjör.

Svo má heldur ekki gleyma því að endanlegt uppgjör á sér ekki stað fyrr en um mitt næsta ár því að landgræðsluáætlunin er miðuð við það að halda verðgildi sínu á þeim tíma sem framkvæmdirnar eiga sér stað. Og landgræðsluframkvæmdirnar eiga sér stað eftir mitt næsta ár. Það er þess vegna alveg óskiljanlegt þegar litið er á þetta mál í heild að núna skuli vera ráðist til atlögu við landgræðsluáætlunina með því að lækka þau framlög sem þar er getið.

Ég spyr nú um stóru orðin og miklu fyrirheitin um að græða upp landið þegar svona er farið að við þessa fjárlagagerð. Ég hef reyndar ekki orðið annars var en að hér á Alþingi ríkti nokkuð almennur vilji fyrir því að bæta landið okkar. Ég er alveg sannfærður um að hæstv. landbrh. er þar mikill áhugamaður, mjög mikill áhugamaður. Ég hef heyrt hann flytja skoðanir sínar í þeim efnum af mikilli sannfæringu. Hann hefur meira að segja vald á því að tala um þau mál án þess að vera með sífelldar árásir á búsetuna í landinu og á bændur landsins og er því öðruvísi farið en með ýmsa aðra ráðherra í núv. hæstv. ríkisstjórn. En samt skeður þetta. Samt gefur hæstv. landbrh. út bréf þar sem hann leggur til að þær tölur í fjárlagafrv. sem þar voru skráðar verði lækkaðar. Og svo er þessi flumbruháttur allur mikill og einstæður að það eru teknar til baka afar smávægilegar fjárveitingar í sambandi við framræslu á m.a. ósum hér við suðurströndina. Þær eru bara látnar hverfa. Ég segi bara eins og er, hvað á svona flumbruháttur að þýða? Ég trúi ekki öðru en að menn noti tímann til morguns og fari yfir þessi mál því að ég er alveg sannfærður um það að menn eiga eftir að sjá eftir þessari niðurstöðu ef hún verður að raunveruleika. Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál, vænti þess að ég hafi gert því nægileg skil til þess að það liggi nokkuð skýrlega fyrir hér.

Þá skal ég, virðulegi forseti, víkja að öðru máli sem snertir út af fyrir sig bændur landsins miklu meira og það er framkvæmd jarðræktarlaganna. Þá minni ég á það sem ég sagði í upphafi máls míns að mikil umræða fór fram sem var tengd setningu núverandi jarðræktarlaga. Í þeirri umræðu náðist afar mikilvægt samkomulag. Ég ætla ekki að rekja þau vinnubrögð öll því að bæði er það að ég hygg að þau séu flestum hv. þm. í fersku minni og svo líka hitt að við 2. umr. voru þeim málum gerð góð skil. Það urðu bændum landsins, og þar á meðal mér, mikil vonbrigði hvernig þau lög voru framkvæmd á þessu ári. Ég hef reyndar orðið þess var, m.a. á þeim fundi sem hæstv. landbrh. átti með fjvn. Alþingis, að hann hefur nokkuð aðra skoðun á framgangi þeirra mála en ég og, ég fullyrði, allir þeir sem tóku þátt í afgreiðslu þeirra laga.

Nú vill svo til að fyrir liggur álit Ríkisendurskoðunar á þessum málaþætti. Reyndar er það álit nýlega komið fram. Frá því var gengið 19. des. og í því er býsna nákvæm úttekt á því hvernig þróun þeirra mála var. Það sem gerir gæfumuninn í þessum efnum er að hæstv. landbrh. framkvæmdi lögin eftir frv. sem hann lagði fram, fyrst á búnaðarþingi og síðan á Alþingi. Í framkvæmdinni er ekki tekið tillit til þeirra breytinga sem voru gerðar á frv. við afgreiðslu málsins hér á Alþingi. Nú ætla ég að segja hæstv. landbrh. það til málsbóta að því miður tók Búnaðarfélag Íslands að sér að framkvæma lögin með þessum afar óeðlilega hætti, svo það er við fleiri að sakast en hæstv. landbrh. um þessi mál. En niðurstaða í áliti Ríkisendurskoðunar er alveg skýr hvað þessi mál varðar. Og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þann kafla úr áliti Ríkisendurskoðunar. Þar segir:

„Niðurstaða mín er því í stórum dráttum sú að frv. að lögum nr. 65/1989 hafi í upphaflegri mynd sinni falið í sér að réttur til jarðræktarframlaga gæti aldrei orðið meiri en fjárlög kvæðu á um hverju sinni.“ Og nú bið ég menn að taka vel eftir. „Breytingar þær sem urðu á frv. í meðförum þingsins verða á hinn bóginn tæplega skýrðar á annan veg en þann að þeim hafi verið ætlað að tryggja tiltekin árleg framlög til veigamestu framkvæmda á sviði jarðabóta eins og áður hafði tíðkast, sem þó mundu verða lægri og háð strangari skilyrðum en áður.“

Þetta er grundvallaratriði. Á þrjá tiltekna framkvæmdaflokka voru sett ákveðin þök, á opna framfærsluskurði, á klóræsi og á endurræktun. Þessu hefur ekki verið fylgt fram og fjárveitingar á fjárlögum núna til þessa málaflokks eru alls ekki í samræmi við þann rétt sem bændur landsins eiga í þessum efnum. Þetta er grundvallaratriði. Mér þykir það þýðingarmikið að Ríkisendurskoðun segir það hér með afar skýrum hætti, sem reyndar þarf ekki að koma neitt á óvart, að þessar heimildir eru ekki háðar því hvað stendur í fjárlögum. Meira að segja var það skýrlega gengið frá þessum málum hér á Alþingi að það sem ekki er hægt að greiða á tilteknum tíma fyrir 1. nóv. tekur á sig verðlagsbreytingar. Það fer þess vegna ekkert á milli mála hvaða rétt bændastéttin á í þessum efnum. Og það er alveg nóg að gert, hæstv. landbrh., af núv. ríkisstjórn, hvernig hún brýtur lög á bændum landsins, og ætla ég ekki að fara út í það hér, en fyrir því get ég nefnt mörg dæmi, þótt menn taki sér það ekki fyrir hendur að brjóta jarðræktarlögin með þeim hætti sem gert hefur verið og að er stefnt í þessari fjárlagagerð. Og sérstaklega vegna þess að landbn. beggja deilda tóku þátt í því samkomulagi og gerðu það samkomulag við bændur landsins sem þessi löggjöf byggist á.

Það er alveg ólíðandi með öllu að frá því samkomulagi verði horfið, enda varðar það við lög.

Ég hef lofað virðulegum forseta að tefja ekki þessa umræðu að óþörfu. Þar af leiðandi ætla ég að stytta mál mitt. Ég hef fjallað um afgreiðslu tveggja mála, landgræðsluáætlunar og jarðræktarlaganna, og ég hef sýnt fram á það að þar er ekki farið fram svo sem eðli málsins stendur til. Ég vona satt að segja að gæfuleysi hæstv. landbrh. verði ekki það mikið að hann virði ekki þær ábendingar sem hér hafa komið fram því það er sannmæli að bændastéttin á í meira en nógri baráttu fyrir rétti sínum og kjörum þótt þeir bregðist ekki sem þar eru kvaddir til forustu hverju sinni. En það gera menn ef þeir brjóta lög, brjóta samninga og samkomulag sem m.a. er gert hér innan þingsins, án tillits til þess hvernig menn skipa sér í kringum ríkisstjórn hverju sinni. Það er grundvallaratriði að þeir sem eiga samleið í þessum efnum, og það án tillits til stjórnmálaskoðana, breikki ekki bilið á milli sín með því að ganga á snið við lög, samninga og rétt þess fólks sem hefur enn þá kjark og vilja til þess að byggja sveitir landsins. Það fjárlagafrv. sem hér er til afgreiðslu ber þess sár merki að svo verði gert. Og raunar held ég að í þeim efnum verði ekki miklu borgið héðan af.

Það hefur verið einkennandi fyrir þessa fjárlagagerð hversu völdin hafa í ríkum mæli verið færð til ríkisstjórnarinnar. Meiri hl. fjvn. hefur sent mörg af stærstu málunum og erfiðustu til umfjöllunar hjá ríkisstjórn. Hún er eins konar yfirfjárveitinganefnd hjá meiri hlutanum. Auðvitað bera þessar afgreiðslur á vettvangi landbúnaðarmálanna þess merki að þar hafa ákvarðanirnar verið teknar á æðstu stöðum. Þetta er náttúrlega sú sorglega niðurstaða sem við blasir þegar menn virða fyrir sér þau störf sem unnin hafa verið við þessa fjárlagaafgreiðslu. Niðurstaðan er vissulega með þeim hætti að þar eru mörg og stór víti til varnaðar. Ég held að það sé fullkomlega óeðlilegt að hæstv. fjmrh. stjórni fjvn. eða meiri hl. hennar með sama hætti og hann hefur gert og greinilega má sjá á afgreiðslu meiri hl. nefndarinnar.

Það haggar svo ekki hinu að samkomulagið milli meiri hl. og minni hl. hefur verið með eðlilegum hætti í nefndinni. Það hefur verið gott að eiga samstarf við meirihlutamennina, formann og varaformann og aðra nefndarmenn, og á margan hátt hefur minni hl. verið sýnd full tillitssemi í störfum nefndarinnar þótt niðurstaðan sé eðlilega með allt öðrum hætti en verið hefði ef völdin hefðu verið með öðrum hætti. En það breytir ekki hinu að auðvitað er það þýðingarmikið hér í þinginu, hvort heldur sem er í fjvn. eða á öðrum vettvangi, að menn rækti garðinn sinn með bærilegum hætti þannig að sæmileg sátt sé á milli manna við störf og ákvarðanir.

Ég lýk máli mínu með því að þakka ágætt samstarf í fjvn. og skora á hæstv. landbrh. að taka á sig rögg áður en dagur rennur og koma fram með tillögur til þess að bæta úr fyrir þau mistök sem hér liggja fyrir að gerð verði ef ekki verður úr bætt áður en þetta fjárlagafrv. verður gert að lögum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og ég gat um þegar við 2. umr. um fjárlagafrv. í síðustu viku stóðum við kvennalistakonur frammi fyrir nokkrum vanda við að leggja fram brtt. við frv. Í raun og veru hefði þurft að stokka það allt upp ef vel hefði átt að vera. Við reyndum að einbeita okkur að því að leggja áherslu á þætti sem við teljum brýnt að taka á og eru konum til hagsbóta. Við stóðum eiginlega frammi fyrir sama vanda þegar ákveðið var hvaða tillögur skyldi draga til baka til 3. umr. til þess að freista þess að hv. fjvn. tæki þær til skoðunar og tæki til þeirra tillit. En svo virðist nú reyndar vera að mestur tími og orka fjvn. hafi farið í að reyna að ná samstöðu um frv. eins og það lítur núna út á borðum okkar þingmanna.

Auðvitað hefði ekki veitt af að tvöfalda framlög til menningarmála eins og kvennalistakonur hafa oftast lagt til við afgreiðslu fjárlaga. Við hefðum t.d. viljað sjá rekstri Íslensku óperunnar og Þjóðleikhússins borgið, svo að fátt eitt sé nefnt. Það hljóta að vakna spurningar um það hvernig Námsgagnastofnun á að geta sinnt sínu lögbundna hlutverki.

Ég vil við þessa umræðu minnast aðeins á þær tillögur sem við freistum að flytja hér aftur, en ég minni um leið á tillögur okkar um atvinnumál kvenna sem meiri hl. Alþingis felldi við 2. umr. og tillögu um framlag til Heimilisiðnaðarskóla Íslands. Þessar tillögur voru felldar og ég verð að segja að það vakti með mér nokkra undrun að sjá svo nýjan lið á þeim brtt. sem nú liggja fyrir frá meiri hl. fjvn. um 3 millj. kr. rekstrarstyrk til Skákskóla Íslands. Það er greinilegt ef vel er leitað að það finnst forgangsröð á ákveðnum sviðum. Þar á varðveisla og þróun verkmenningar okkar ekki upp á pallborðið þrátt fyrir öll hljómfögru orðin um stefnu í mennta- og menningarmálum og nauðsyn þess að efla verkmennt með þjóðinni.

Það er greinilegt af þeim brtt. sem nú liggja frammi frá hv. meiri hl. fjvn. að tillögur okkar hafa þar lítt eða ekki komið til skoðunar. Brtt. þær sem ég mæli fyrir við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 eru á þskj. 395, en ásamt mér flytja þær allar hv. þingkonur Kvennalistans. Í 1. lið er tillaga um 400 þús. kr. hækkun til Háskóla Íslands við liðinn Aðrar sérstofnanir og verkefni. Er tillagan til þess flutt að til komi framlag til Rannsóknastofu í kvennafræðum sem stofnuð var 7. mars sl. með reglugerð frá menntmrn. Ég er sammála þeirri stefnu sem fram kemur í frv. um að auka sjálfstæði hinna ýmsu stofnana og minni í því tilliti á stefnu Kvennalistans um aukna valddreifingu og sjálfstæði stofnana. Jafnframt vil ég minna á till. til þál. sem þingkonur Kvennalistans hafa flutt á þessu þingi þess efnis að fræðsluskrifstofur landsins fái til ráðstöfunar þá heildarfjárhæð sem ætluð er til skólamála í hverju umdæmi.

Hins vegar háttar svo til með þessa tillögu um 400 þús. kr. framlag til Rannsóknastofu í kvennafræðum að beiðni þeirra sem þar starfa lenti fyrir einhvern misskilning milli stafs og hurðar. Þetta framlag er grundvöllur þess að stofan geti hafið starfsemi sína, en eins og ég minntist á áðan var hún stofnuð með reglugerð

7. mars sl. Eins og hv. þm. eflaust vita hefur verið mikil gróska í svokölluðum kvennarannsóknum á undanförnum árum og miklar vonir eru bundnar við að það ferska og nýja og sú sýn sem konur bera með sér inn á svið vísindanna eigi eftir að leiða okkur inn á nýjar og áður óþekktar brautir.

Virðulegur forseti. Mér er kunnugt um það að rektor Háskóla Íslands fagnar því að tilraunir eru gerðar hér á Alþingi til að hækka framlög til Háskólans, þó með þessum hætti sé, þ.e. að tiltekið sé hvert upphæðin skuli renna. Í ljósi þess sem ég hef lýst hér skora ég á hv. þm. að styðja þessa tillögu.

Önnur brtt. sem ég mæli fyrir er einnig við 4. gr., þ.e. liður 03 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, undirliður 121 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM. Þar leggjum við til að 1,1 millj. kr. sem lagt er til að þessi sjóður fái verði hækkuð upp í 9 millj. 816 þús. kr. Þó að framlög til þróunarmála séu í þessu fjárlagafrv. örlítið hærri en undanfarin ár erum við enn víðs fjarri því takmarki sem við settum okkur árið 1985 þegar við gáfum okkur það loforð að við skyldum láta 0,7% af þjóðartekjum okkar renna til þróunarmála. Ég vil minna á það hér að um það mál ríkti mikil samstaða og hlaut þáltill. einróma stuðning á Alþingi. Í ljósi þeirrar breiðu samstöðu sem um málið ríkti er dapurlegt að horfa á hvernig til hefur tekist með efndirnar. Það er skemmst frá því að segja, eins og hv. þm. er eflaust öllum kunnugt um, að við höfum aldrei náð upp í 0,1% af þjóðartekjum.

Hæstv. ríkisstjórn hefur reyndar séð sitt óvænna nú milli 2. og 3. umr. og hækkað fjárframlag til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um 5 millj. kr. Kemur sú hækkun væntanlega í kjölfar sameiginlegrar máltíðar og ráðstefnu ríkisoddvita Sameinuðu þjóðanna um málefni barna í þriðja heiminum. Það er alveg ljóst að þessi upphæð sem gert er ráð fyrir að leggja til Barnahjálparinnar er aðeins örlítið tákn um að hæstv. ríkisstjórn hafi í kjölfar barnaráðstefnunnar e.t.v. vaknað til vitundar um þann vanda sem við er að etja. En ljóst er að miklu meira þarf til.

Við 2. umr. fjárlagafrv. lýsti ég nokkuð stöðu kvenna í þróunarlöndunum og hve mikilvægt það er að gera þeim kleift að afla sér þekkingar, útvega þeim lán og styrki til kaupa á áhöldum og tækjum sem geta létt þeim störfin. Það þarf auðvitað ekki að tíunda það hversu vel hver króna nýtist sem varið er til aðstoðar við konur. Það er ljóst að þeir tveir sjóðir sem ég hef nú nefnt eru afar mikilvægir og þeir sem gerst þekkja til telja rekstur þeirra og starfsemi til fyrirmyndar. Hvet ég því hv. þm. til þess að styðja þessa hógværu tillögu okkar sem ljóst er að mun koma sér afar vel fyrir konur í þróunarlöndunum og alla þá einstaklinga sem þær hafa á sínu framfæri.

Þriðja tillagan sem ég flyt hér er einnig við 4. gr., liður 07 999 Félagsmál, ýmis starfsemi, undirliður 140 Kvennaathvarf í Reykjavík. Það er með öllu óþolandi að þær konur sem í Kvennaathvarfinu starfa þurfi í lok hvers árs að óttast um afdrif þessarar mikilvægu stofnunar sem því miður hefur sýnt sig að er nauðsynleg. Það er ljóst að ofbeldi fer vaxandi í þjóðfélaginu og það er einn svartasti blettur á samfélagi okkar. Árið 1989 hringdu 200 manns til Kvennaathvarfsins til þess að biðja um upplýsingar og aðstoð. Fólk spyr um sifjaspell, kvennaráðgjöf og allt mögulegt. Flestir hringja bara til að fá ráð og huggun. Á þeim tíma sem við ræddum fjárlagafrv. hér í fyrra höfðu 794 hringt í Kvennaathvarfið á móti 200 árið áður og segir það eitt sína sögu. En sú saga er ekki öll sögð því þær tölur sem nú eru haldbærar um símtöl til Kvennaathvarfsins segja að þangað hafi á þessu ári til þessa dags hringt rúmlega 1600 manns þrátt fyrir aukna þjónustu með stofnun Stígamóta sl. vor.

Ég vil sérstaklega beina því til hv. þm. að þeir hugleiði þessa till. vel. Það hefur sýnt sig á hverju ári að starfskonur Kvennaathvarfsins í Reykjavík hafa lagt fram raunhæfar áætlanir um starfsemi athvarfsins. Þær áætlanir hafa staðist og hafa verið mjög hógværar. Það sem þær fara fram á frá Alþingi eru 70% af rekstrarfé til athvarfsins. Annað rekstrarfé kemur frá öðum sveitarfélögum eða frjálsum framlögum einstaklinga.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða nánar um þessar till. Ég tel orðið mjög brýnt að við þingmenn og þá ekki síst þeir sem stjórna fundarhöldum fari að gera áætlanir um hvenær jólaleyfi hefst hér. Vil ég sérstaklega minna á að þetta er fjórði kvöldfundurinn í röð og finnst mér það í raun og veru óverjandi og tillitsleysi gagnvart starfsfólki þingsins. Ég hefði viljað fjalla nánar um þessar till. og einnig um ýmislegt annað sem þessu fjárlagafrv. tengist en ég held að brýnt sé orðið að við förum að hraða hér störfum eins og auðið er. Hvet ég þingmenn þess í stað til að kynna sér þessar till. rækilega og vænti stuðnings við þær þegar þar að kemur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Austurl. var svo vinsamlegur að gera mér aðvart um það að hann vildi eiga við mig orðastað. Það gerði hann síðan. Þó svo tækist til að hann yrði að skipta ræðu sinni í tvennt kom það ekki að sök. Ég vona að ég hafi náð að nema þær spurningar sem hann vildi til mín beina og sömuleiðis hlýða á þær efnislegu athugasemdir sem hann hafði fram að færa. Voru þær, eins og ég kýs að taka þær fyrir, þríþættar í raun og veru. Í fyrsta lagi fullyrti hv. þm. að útkoma landbúnaðarins í þessu fjárlagafrv. og væntanlega verðandi lögum væri óvenju slæm. Gott ef hann hafði ekki þau orð uppi að hörmulega hefði til tekist. Því get ég ekki verið sammála og hlýt að mótmæla því að svo sé umfram venju eða aðra málaflokka. Hitt er vissulega rétt að á sviði landbúnaðarins og í þeim liðum fjárlagafrv. sem að landbúnaðinum lúta eru að sönnu atriði sem mættu vera betri og víða er þörf fyrir meiri fjármuni en orðið hefur niðurstaðan að ráðstafa samkvæmt þessu frv. En ætli það eigi ekki við um flest svið sem í þessari bók eru, fjárlagafrv., og þó svo að til komi þær brtt. sem ýmist hafa verið afgreiddar eða liggja hér fyrir þinginu?

Ég ætla að ræða svo nánar um þá tvo liði sem hv. þm. gerði sérstaklega að umtalsefni, þ.e. fjárveitingar til landgræðsluáætlunar og jarðræktar- og búfjárræktarlaga. En fyrst vil ég segja að ég tel og það er mat embættismanna í landbrn. að eftir atvikum sé útkoman fyrir velflesta liði landbúnaðarins í þessu fjárlagafrv. ekki lakari en gerist og gengur í frv. miðað við það framkvæmdarstig og það fjárveitingastig til rekstrar eða framkvæmdar sem almennt er þar að finna. Ég hygg að það megi færa fyrir því nokkuð traust rök að ýmsar af stofnunum landbúnaðarins fái samkvæmt þessu frv. sanngjarnari fjárveitingar og eðlilegri en þær hafa sum undangengin ár fengið. Ég vænti þess að hv. 4. þm. Austurl. geti orðið mér sammála um það að sum undangengin ár hafi ýmsar einstakar stofnanir landbúnaðarins fengið harkalegri meðferð en hér er á ferðinni. Ég vil til að mynda spyrja hv. þm. hvort hann telji útkomu velflestra stofnana landbúnaðarins, eða a.m.k. ýmissa þeirra, lakari nú en urðu í fjárlögum fyrir árið 1988. Er hv. þm. búinn að gleyma umræðum sem urðu um harkalegan og fyrirvaralítinn niðurskurð á fjárframlögum til ýmissa stofnana landbúnaðarins í því frv. sem reynt var að afgreiða hér rétt fyrir jólin og áramótin 1987–1988? Og ætli það hafi ekki tekið nokkurn tíma í ýmsum tilvikum að fá fram eðlilegar lagfæringar á fjárveitingum til þessara stofnana síðan og sé svona í ýmsum tilvikum rétt að komast í skikkanlegt horf aftur í þessu frv. eða þeim fjárlögum sem við búum við á þessu ári?

Ég vil síður nefna í því tilviki einstakar stofnanir en mér koma í hug Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, svo dæmi séu tekin. Ef ég man rétt þótti mönnum hagur þeirra ekki sérlega upplífgandi á því herrans ári 1988 við fjárlög þess árs. Ég leyfi mér að fullyrða að með tiltölulega sanngjörnum og eðlilegum hætti hafi verið farið yfir fjárveitingabeiðnir stofnana landbúnaðarins og til reksturs þeirra sé í flestum tilvikum um eðlilegar fjárveitingar að ræða þó auðvitað sé það svo að flestir þættust geta komið meiru í lóg og haft fyrir það fulla þörf. Ekki dreg ég úr því.

Ég tel að til rekstrar og til stórra liða, eins og útflutningsuppbóta, til Framleiðnisjóðs, til niðurgreiðslna, sé eftir atvikum vel ásættanlega veitt í þessu fjárlagafrv. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá mönnum t.d. að það reyndist óhjákvæmilegt að hækka verulega raungildi fjárveitinga til útflutningsuppbóta. Hvers vegna ætli það sé, hv. þm., þrátt fyrir það að birgðastaðan í þeim greinum sem enn flytja út er betri en nokkurn tímann fyrr, mun betri og hefur stórlagast milli ára, tvö undangengin ár? Jú, ástæðan er m.a. sú að við neyðumst til þess á næsta ári að verja verulegum fjárhæðum af þessum lið til að greiða upp gamlar skuldir. Ef fara ætti út í samanburð um fjárveitingar til þessara liða undanfarin ár þá gæti ég haft um það þó nokkra tölu, hæstv. forseti, og glatt menn með því í kvöld. En ætli ég reyni ekki að greiða fyrir mitt leyti fyrir þingstörfum með því að neita mér um það að fara mikið út í þá sálma.

En sem dæmi að taka, af því að ég nefndi hér liðinn „útflutningsuppbætur", var afkoman þannig fyrir þessa ríkisstjórn eða öllu heldur fyrra ráðuneyti nafna míns, hæstv. forsrh., á þessu kjörtímabili, sem tók við völdum í septemberlok 1988, að nokkrum dögum áður hafði verið tekið 550 millj. kr. lán vegna fjárvöntunar á liðnum „útflutningsuppbætur". Þá er ég að tala um verðlag þess tíma á nafnvirði verðlags haustið 1988. Það er af þessu láni m.a. sem við erum að borga núna. Þetta er því miður ekki eina dæmið um það bú sem við var tekið á þessum haustdögum. Hvers vegna heldur hv. þm., og reyndar veit hann það vel, að erfiðleikarnir séu eins og raun ber vitni í sambandi við jarðræktar- og búfjárræktarframlögin? Ætli ástæðan sé ekki sú að einmitt þegar þetta nefnda ráðuneyti, fyrra ráðuneyti Steingríms Hermannssonar á þessu kjörtímabili, tók við hafði myndast vegna ónógra fjárveitinga til þess liðar undanfarin ár mörg hundruð millj. kr. skuldahali, sennilega að raunvirði á núgildandi verðlagi á milli 400 og 500 millj. kr. sem safnast höfðu upp í skuldir vegna þess að ekki hafði verið veitt nóg fé til að framkvæma jarðræktar- og búfjárræktarlög undanfarin ár?

Það er við þann vanda m.a. sem verið er að glíma núna. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þær upphæðir sem eru til framkvæmda, til að veita nýja styrki á næsta ári, munu ekki baka mér miklar vinsældir út af fyrir sig ef menn leggja þann mælikvarða einan yfir. En ég fullyrði hins vegar að það er verið að reyna að gera og er verið að koma skikk á þessa hluti. Það er verið að borga upp skuldirnar frá óráðsíudögunum og koma þessum hlutum í skil. Auðvitað er það erfitt meðan á því stendur því ekki verður gert hvort tveggja með sömu krónunni, greiddar upp gamlar skuldir og greiddir út nýir jarðræktarstyrkir. Svo einfalt er nú það mál.

Það væri gaman ef hér væri komin sú tækni, hæstv. forseti sameinaðs Alþingis, að það væri hægt að bregða upp skyggnum máli manna til skýringar hér úr ræðustóli og væri eiginlega nauðsynlegt að biðja forseta að hugleiða hvort ekki sé rétt að taka slíka tækni í þjónustu þingsins þannig að menn geti máli sínu til skýringar hér úr ræðustólnum sýnt myndir einhvers staðar á veggjum í hliðarsölum. (**Forseti:** Forseti mun ræða það við húsfriðunarnefnd við fyrsta tækifæri.) Ég hygg að frú forseti geri rétt í því að hefja umfjöllun um það mál þannig að ræða það við húsfriðunarnefnd og kannski má taka skjaldarmerkjamálið fyrir í leiðinni. Hér er ég t.d. með eina mynd sem hv. þm. sér kannski af því að hann sér vel. Hvað sýnir hún? Hún sýnir niðurgreiðslurnar og hvernig þær þróuðust á undangengnum árum. Ætli hv. þm. verði ekki að viðurkenna það að frammistaða þeirrar ríkisstjórnar eða stjórna sem ákvörðuðu fjárveitingar á árunum 1984 til 1987 og glöggt kemur fram hér er ekki til að hrósa sér af. Þeir sem studdu þá ríkisstjórn ættu að gæta sín mjög þegar þeir fara hörðum orðum um frammistöðu annarra hvað snertir fjárveitingar til landbúnaðarmála. Gæti það hugsast, hv. þm., að sá vandi sem við höfum m.a. verið að glíma við og skapast af sölutregðu kindakjöts stafi að einhverju leyti af því að niðurgreiðslur hrundu

á þessum árum, stóðu í stað í krónum ár eftir ár í bullandi verðbólgu? Gæti það hugsast að sú staðreynd að niðurgreiðslurnar á verðlagi ársins 1990 voru 6.199 millj. kr. árið 1982 en voru komnar niður í 2.389 á sama verðlagi árið 1985 hafi haft einhver áhrif? Er mögulegt að það sé kannski að hluta til skýringin á því við hvað við höfum verið að glíma undanfarin ár og hefur m.a. kostað stórauknar fjárveitingar til útflutningsuppbóta á undanförnum árum?

Svo ég víki að þeim tveim liðum sérstaklega sem hv. þm. nefndi og byrja á fjárveitingum til landgræðsluáætlunar. Ég hlustaði að sjálfsögðu með athygli á það sem hv. 4. þm. Austurl. ræddi um það mál. Ég tel óhjákvæmilegt, m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem hann var hér með, enda stóð það til hvort eð var, að fara rækilega yfir alla þá útreikninga sem þarna hafa verið framkvæmdir, bæði af Hagstofu Íslands gegnum tíðina, skv. þál. um landgræðsluáætlun en það er gert ráð fyrir því í þeirri þál. að Hagstofan annist útreikninga og framreikning á þeim efnum, en einnig yfir þá útreikninga sem Ríkisendurskoðun, fjmrn. og landbrn. hafa verið að senda á milli sín undanfarna daga. Við höfum að sjálfsögðu ekki áhuga á öðru en að fá fram það sem réttast er um þessi mál og hafa fjárveitingarnar í samræmi við það. Ég vona að hv. þm. skilji það vegna þess að í till. landbrn. var ekki annað á ferðinni hvað landgræðsluáætlunina snertir en ósk um að fjárveitingar yrðu í samræmi við hana. Það var okkar till. Þess vegna var naumast um annað að ræða, vildi landbrn. vera sjálfu sér samkvæmt, en að una þá þeim útreikningum í því sambandi sem menn töldu réttasta. Sé hins vegar einhver hætta á því að menn hafi farið þar feilt, þá munum við beita okkur fyrir því að fá það leiðrétt. Það hef ég þegar rætt við hæstv. fjmrh. og reyndar gaf hann það í skyn í máli sínu hér áðan að að sjálfsögðu þyrfti þá að fara yfir þá útreikninga og leiðrétta þá ef menn hafa þar ekki rétta tölu fyrir sér.

Það er auðvitað ýmislegt fleira sem þá er eðlilegt að taka tillit til og fara yfir, svo sem hvernig kostnaðarþættir við landgræðslustarfið hafa þróast síðan áætlunin var samin því væntanlega hefur það verið vilji Alþingis og ætlun hv. alþm. að viðhalda u.þ.b. því raungildi fjárveitinga til framkvæmda sem áætlunin byggði á. Þá er rétt að fara yfir hluti eins og þróun áburðarverðs, launa og annarra kostnaðarliða, áhrif skattlagningar og reyna svo að haga fjárveitingum þannig að svipað raungildi verði til framkvæmda skv. landgræðsluáætlun. Það held ég að sé hinn eini rétti mælikvarði og vil gefa þá yfirlýsingu að landbrn. mun vinna að því á fyrstu vikum næsta árs að rækilega verði farið ofan í saumana á þeim hlutum. Einnig vegna þess, eins og ég veit að hv. 4. þm. Austurl. er kunnugt, að þegar hefur hafið störf nefnd til að undirbúa næstu langtímaáætlun um landgræðslu sem við á að taka að þessari lokinni. Menn þurfa að sjálfsögðu að byggja þá áætlun á traustum verðlagsforsendum eins og að öðru leyti.

Það eru einnig í athugun, bæði á vegum Landgræðslu og ráðuneytis, ýmis sérstök verkefni á þessu sviði. Ég vil þar nefna eitt. Það eru brýnar og óumflýjanlegar aðgerðir í landgræðslu á Hólsfjöllum og í upplandi Öxarfjarðar og kemur að mínu mati vel til álita að veita utan við landgræðsluáætlunina sérstaklega til slíkra verkefna fjármagni og gæti það þá komið til aukningar á því fé sem Landgræðslan hefur að öðru leyti.

Ég fullvissa hv. þm. um að ofan í saumana á þessum hlutum verður farið og upplýsingar hans og vitneskja um þessi efni eins og annarra þar tekin til greina. Ég veit að hv. þm. gengur gott til. Hann er einlægur áhugamaður og stuðningsmaður landgræðslumálanna og ég virði og met þann stuðning.

Hvað hið síðara snertir, þ.e. framkvæmd jarðræktarlaga sem afgreidd voru hér á Alþingi fyrir einu ári síðan, er ljóst að þar er nokkur skoðanamunur á ferðum á milli mín og hv. þm. Ég hef í fjvn. lýst þeim skilningi mínum að með lagabreytingu sem þarna varð hafi það verið ákvörðun að jarðræktarstyrkjum á hverjum tíma yrði að haga í samræmi við þær fjárveitingar sem hv. Alþingi hefði ákveðið að leggja til jarðræktarmála og að ekki mundi með jarðræktarframkvæmdum né öðrum styrkhæfum framkvæmdum, sem ekki hefðu hlotið samþykki og uppáskrift, myndast réttur til styrkja eftir á. Þetta er auðvitað grundvallaratriði sem ekki er þolandi að nein óvissa ríki um. Ég veit að hv. þm. er mér sammála um það að ef einhver réttaróvissa er uppi um þetta efni verður að fá úr henni skorið. Það er álit lögfræðinga landbrn. að svo sé ekki en hér las hv. þm. upp nýframkomið álit frá Ríkisendurskoðun sem ég var að heyra í fyrsta sinn og hef auðvitað engar aðstæður haft til þess að skoða. Ég óska eftir því að fá það álit í hendur og mun að sjálfsögðu láta fara yfir það. Sé svo að einhver vafi leiki á því hvort þarna myndast krafa á hendur ríkinu af hálfu þeirra bænda sem staðið hafa í jarðræktarframkvæmdum þá verður að fá úr því skorið. Ég hef litið svo á að svo væri ekki og eingöngu það fé sem á fjárlögum stæði hverju sinni væri til ráðstöfunar til að styrkja byggingar- og jarðræktarframkvæmdir hvers árs. Hafi þær breytingar sem gerðar voru á frv. í meðförum Alþingis breytt þessari grundvallarhugsun laganna og frv. eins og það var þegar það var lagt fram verður að fást úr því skorið.

Það er hins vegar ekki rétt, og með því vil ég svo ljúka máli mínu, herra forseti, að mínu mati að þó svo væri þá væri þar á ferðinni lögbrot. Heldur mundi það gerast, sem áður var, að það myndaðist skuld, skuld ríkisins við þessa bændur, og þá væri aftur verið að fara út á þá sömu braut að skuldahali væri að safnast upp sem gera yrði upp eftir á. Það væri vissulega slæmt, en ég er ekki sammála hv. þm. um það að þar væri lögbrot á ferðinni. Væri svo, þá hefði öll framkvæmd jarðræktar- og búfjárræktarlaga um langt árabil verið eitt samfellt lögbrot. Því hef ég ekki heyrt haldið fram og mér finnst reyndar miður að hv. þm. skuli kjósa að viðhafa svo oft orðin svik og lögbrot í sínu máli þó hann sé hér með að öðru leyti ágætar og efnislegar athugasemdir sem sjálfsagt er að taka fullt tillit til. Ég vona að þetta hafi svarað hv. þm. og fullvissa hann um að af hálfu landbrn., og ég tel allra að-

ila sem hér eiga hlut að máli, gengur mönnum ekki annað til en að hafa það sem sannara reynist.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð við þessa umræðu þar sem rætt var um að reyna að hraða þingstörfum og hafa þingfundi ekki langt fram á nótt fjórða kvöldið í röð. Kannski hefur aðallega verið rætt við okkur stjórnarandstöðuþingmenn en ekki stjórnarliða í þessu sambandi miðað við þær ræður sem hér hafa verið haldnar. Mér þótti hæstv. landbrh. fara með langt mál miðað við það að hér ætti að reyna að stytta mál sitt. Ég ætlaði ekki almennt að hafa mörg orð um fjárlagafrv. í heild þar sem tvær hv. þingkonur Kvennalistans hafa gert grein fyrir afstöðu Kvennalistans til fjárlagafrv. og þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Ég ætlaði aðallega að ræða um samvn. samgm. sem ég á sæti í nú í fyrsta skipti. Þótti mér ákaflega fróðlegt að sitja þar þar sem ég hef ekki komið þar að áður. Það sem mér þótti kannski eftirtektarverðast við þá vinnu og kannski síst til eftirbreytni var hve lítill tími var til að fara yfir málin af þeirri kostgæfni sem þessi mikilvægu mál eiga þó skilið.

Eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Vestf. hefur samvn. samgm. ákveðið að koma saman eftir áramótin til að fjalla frekar um málin, sérstaklega um bátana og stóru þættina til þess að undirbúa frekar þau mál sem koma fyrir nefndina næst þó svo það verði e.t.v. ekki margir þeir sömu sem munu koma að málunum þá.

Mig langar til að gera að umtalsefni örfá atriði, virðulegur forseti. Fyrst vil ég minnast á 56. lið brtt. á þskj. 389 en það er styrkur til Mýrdalshrepps. Samvn. samgm. barst bréf frá Mýrdælingi hf. þar sem sótt er um styrk til kaupa á bátum og langar mig, með leyfi forseta, til að lesa það bréf. Það hljóðar svo:

„Fyrir hönd Mýrdælings hf., Vík í Mýrdal, sæki ég hér með um stofnframlag á fjárlögum vegna kaupa á tveim hjólabátum. Þessir bátar voru keyptir á árunum 1986 og 1987 og er framreiknað kaupverð þeirra nú 8 millj. 285 þús. kr. án alls búnaðar og veiðarfæra. Þeir hafa verið notaðir til fiskveiða, löndunar á fiski, til að sjósetja og taka á land trillu sem gerði út héðan og til skemmtisiglinga fyrir ferðafólk. Hafa þeir þannig verið undirstaða fiskverkunar sem hefur gefið nokkra tímabundna atvinnu nú síðustu árin því auk eigin afla hefur Mýrdælingur hf. keypt fisk úr handfærabátum frá Vestmannaeyjum og víðar sem sótt hafa veiðar austur fyrir Dyrhólaey og fært þeim vistir í staðinn og hefur það sparað þeim siglingu til Vestmannaeyja. Þá hefur skemmtisigling úr fjörunni frá Vík út fyrir Reynisdranga og gegnum gatið á Dyrhólaey notið vaxandi vinsælda ferðafólks og er mikilvægur þáttur í þeirri ferðaþjónustu sem verið er að byggja upp í Mýrdal og hefur orðið umfangsmeiri með hverju ári. Starfsemi Mýrdælings hefur því haft mikil bein og óbein áhrif til að vega nokkuð á móti þeim samdrætti sem orðið hefur í öðrum atvinnugreinum síðustu árin í Vík.

Þar sem þessi rekstur er algjörlega háður tíðarfari hefur afkoman ekki verið nægilega góð til að greiða niður stofnkostnað. Það gerir rekstrinn líka erfiðari að af öryggisástæðum er nauðsynlegt að hafa báða bátana til taks þegar farið er á sjó þar sem ekkert hafnarmannvirki er á ströndinni frá Höfn í Hornafirði til Stokkseyrar eða Þorlákshafnar. Það mun því ráða úrslitum um hvort Mýrdælingur getur haldið áfram að auka fjölbreytni atvinnulífs í Vík að stuðningur fáist til þess að lækka stofnkostnað hjólabátanna."

Undir þetta ritar svo Reynir Ragnarsson fyrir hönd Mýrdælings hf.

Í nefndinni urðu nokkrar umræður um þetta erindi, ekki vegna þess að nefndarmenn teldu almennt að ekki væri þörf á aðstoð við Mýrdalshrepp heldur vegna þess að margir töldu, og þar á meðal ég, að umsóknin ætti kannski fremur heima annars staðar en hjá samvn. samgm. Ég er enn þeirrar skoðunar að þetta erindi hefði átt að berast annað. Þó eru þarna nokkrir þættir sem hægt er kannski að líta til að falli undir verkefni nefndarinnar og féllst ég því á það að Mýrdalshreppur fengi 1 millj. kr. til að styrkja þessa báta þar sem þeir tengdust að hluta til því verkefni sem nefndin hefur. Ég tel þó að þetta sé það mikið fyrir utan verksvið nefndarinnar að ekki komi til greina að þetta eigi heima frekar á verksviði þessarar nefndar og vona að þeir sem nú fá þó styrk frá Alþingi sjái að eðlilegra sé að sækja annars staðar, annaðhvort beint til fjvn. eða til Byggðastofnunar því hér er vissulega mjög mikilvægt mál á ferðinni.

Það er annað sem mig langar til að gera að umtalsefni, virðulegur forseti, og það er styrkur til handa Stykkishólmsbátnum Baldri. Þar hefur kostnaður við rekstrinn farið langt fram úr áætlun fyrst og fremst vegna þess að báturinn eyðir miklu meiri olíu en gert var ráð fyrir. Til samanburðar má geta þess að gamli Baldur eyddi 80 lítrum á klukkustund en nýja ferjan eyðir um 200 lítrum á klukkustund. Þetta er fyrst og fremst vegna þess að það þurfti að þyngja bátinn verulega eða um 30%. Eftir því sem mér skilst er það einkum vegna þess að hönnuninni var eitthvað ábótavant og þurfti því að þyngja og setja ballest í bátinn. Hann er þess vegna miklu þyngri og þar af leiðandi miklu óhagkvæmari í rekstri en annars hefði verið. Það fara miklu fleiri farþegar með bátnum en áætlað var. Nú stefnir í að tæplega 14.000 farþegar verði fluttir yfir fjörðinn en í áætluninni var einungis reiknað með um 6.000 farþegum. Dæmið væri því enn óhagstæðara ef áætlun hefði staðist. Þarna er mjög slæmt dæmi um hvernig slys geta orðið ef ekki er vandað nógu vel til hönnunar og ekki athugað nógu vel hver þörfin raunverulega er.

Ég geri þetta að umtalsefni ekki síst vegna þess að samvn. samgm. er kannski stillt á vissan hátt upp við vegg þar sem augljóst er að þarna er um ákveðinn halla að ræða sem er mjög erfiður fyrir rekstrinn á bátnum. Það er mjög erfitt og enn dýrara að láta rekstrinn stöðvast en styrkja hann til áframhaldandi flutninga.

Ég minnist ekki síst á þetta vegna þess að nú stendur fyrir dyrum að smíða nýjan bát, Herjólf, til Vest-

mannaeyja sem er mjög mikilvægt mál fyrir Vestmanneyinga þar sem Herjólfur er þjóðbraut til Eyja og því þýðingarmikið að vandað verði til verksins og vel að málum staðið. Eins og fram kemur í greinargerð sem nefndinni barst verða farþegar til Vestmannaeyja á þessu ári u.þ.b. 46.000. Samkvæmt því sem kom fram í nefndinni er miðað við að nýr Herjólfur geti flutt 460 farþega. Það þýðir að hægt er að flytja alla þá farþega sem fóru með Herjólfi í ár í hundrað ferðum. En gert er ráð fyrir að Herjólfur fari tvær ferðir á dag nánast alla daga ársins á milli lands og Eyja. Við skulum áætla að það séu um 700 ferðir sem skipið fari á ári þannig að það tekur aðeins 100 ferðir að flytja þessi 46.000 manns og þá eru að meðaltali um 600 ferðir sem hann er tómur. Þetta finnst mér mjög einkennilegar áætlanir ef gengið er út frá að smíða svo stórt skip að þó að helmingi fleiri farþegar fari með skipinu en fara í ár þá mun það samt verða að stórum hluta tómt þegar það fer ferðirnar milli lands og Eyja.

Ég vek athygli á þessu til þess að ekki verði rasað um ráð fram og athugað verði vel hvers konar skip verði smíðað fyrir ferðir til Vestmannaeyjar. Það er mjög mikilvægt að vel takist til og ekki verði verr af stað farið en heima setið. Vestmannaeyjar eiga það skilið að vel verði að þessu máli staðið og frekar verði farnar fleiri ferðir en færri og ekki þannig að nokkrar hræður hringli í skipinu í hverri ferð og þurfi stórar styrkveitingar til að halda skipinu gangandi. Það er engum til góðs, hvorki Vestmanneyingum né öðrum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur nú allmikið verið rætt um landbúnaðarmál og á köflum hélt maður að hér væri verið að ræða búvörusamning. Ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu þó það sé vissulega spennandi þar sem ég er alfarið á annarri skoðun en þeir sem hér hafa talað og tel að stefna okkar í landbúnaðarmálum sé yfir höfuð kolvitlaus og alröng. (**Gripið fram í:** Er þm. ekki sammála 4. þm. Austurl.?) Hann er ekki sammála 4. þm. Austurl. og telur að taka eigi beina stefnu á markaðsbúskap í landbúnaðarmálum og telur þar að auki að allt of miklu fé sé varið til þessa málaflokks í dag og íslenska þjóðin hreinlega ráði ekki við það. (Gripið fram í.) Nú grípur hér fram í fyrir mér maður sem varð fyrir því áfalli fyrir tveim, þrem klukkutímum síðan að formaður hans flokks lýsti yfir beinu vantrausti á hann í sjónvarpsviðtali á Stöð 2. Væri vissulega tilefni til að ræða það og væri vissulega tilefni til að fá hæstv. forsrh. hér í salinn til þess að ræða þá vaxtapólitík sem nú er boðuð af hendi Búnaðarbankans og bankaráðsformaður sem hér er að gjamma fram í stendur fyrir og varð fyrir því að fá beint vantraust af hendi forsrh. í sjónvarpsviðtali fyrr í kvöld. En það verða þeir að eiga við sig, þeir kumpánar í Framsfl., hvernig þeir taka á þeim málum. En eitt er engu að síður ljóst að beint vantraust kom fram á bankaráðið allt og bankaráðsformanninn og yfirlýst af formanni Framsfl. að hann mundi ekki styðja þann mann aftur í þann stól.

En eins og ég sagði, hæstv. forseti, ætla ég ekki að ræða landbúnaðarmálin hér. Ég er, eins og ég hef áður sagt, algjörlega á öndverðum meiði við þá sem hér hafa talað en það er mál sem minn flokkur þarf að taka upp á innri vettvangi.

Ég ætla hins vegar að tala hér fyrir þeim brtt. sem ég hef lagt fram. Sú fyrsta er á þskj. 330 og er flutt af mér og hv. þm. Skúla Alexanderssyni og er við 4. gr., liður 02-902 Þjóðminjasafn Íslands, að þar komi nýir liðir:

a. 102 Búminjasafn á Hvanneyri, rekstur 1,5 millj. kr.

b. 603 Búminjasafn á Hvanneyri, stofnkostnaður.

Með samþykkt þessarar tillögu er í raun búið að taka ákvörðun um að stofnsetja búminjasafn á Hvanneyri sem er búið að vera baráttumál þingmanna Vesturlands á þessu kjörtímabili. Þó að það hafi blásið vindar um það mál er það engu að síður sameiginlegt áhugamál okkar að þetta safn verði sett á laggirnar þó okkur hafi greint á um hvernig bæri að standa að því. Það er annars vegar hvort hægt væri að gera það með þáltill., eins og við þrír þm. Vesturl., ég ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Danfríði Skarphéðinsdóttur, lögðum til og hins vegar frv. sem hv. þm. Alexander Stefánsson og Friðjón Þórðarson báru fram.

Nú getum við engu að síður slíðrað sverðin. Hér er komin tillaga sem við getum allir tekið undir. Með því að greiða atkvæði með þessari tillögu og koma henni í gegnum þingið er draumur okkar orðinn að veruleika og búminjasafn getur verið reist að Hvanneyri.

Annað þarf ekki til því það er heimild fyrir slíkri deild innan Þjóðminjasafnsins í tiltölulega nýsamþykktum þjóðminjalögum. Og ég efast ekki um það þó að hér sé aðeins einn þingmaður Vesturl. fyrir utan þann sem hér talar núna í salnum að þingmenn Vesturl. muni sýna samstöðu um málið og reyna að smita út frá sér og sjá til þess að það komist hér í gegn. Það er óþarfi, hæstv. forseti, að hafa lengra mál um þetta. Ég sé það á kollega mínum af Vesturlandi að þetta verður auðsótt mál.

Hin till. sem ég mæli fyrir og er á þskj. 359 er við 4. gr., 06-214 Sýslumaður Stykkishólmi:

a. Við 101 Yfirstjórn. Fyrir „24 millj. 630 þús." komi: 24 millj. 958 þús.

b. Við 620 Liðurinn orðist svo: 620 Bygging nýrrar lögreglustöðvar 11 millj. 900 þús. kr.

Það er sama tala og gert er ráð fyrir í frv. en orðalagsbreyting á texta sem hefur verulega þýðingu í þessu máli.

Til þess að rökstyðja brtt. finnst mér alveg nauðsynlegt að eyða svolitlum tíma í að fara yfir gang mála, hvað hefur verið að ske í þessu máli og af hverju ég flyt þessa brtt. Þannig var að aðbúnaður lögreglunnar í Stykkishólmi var til margra ára mjög bágborinn og svo bágborinn að í janúar á þessu ári lýsti Vinnueftirlit ríkisins því yfir að lögreglustöðinni yrði lokað frá og með 25. jan., ekki væri lengur hægt að una við það ástand sem þar var boðið upp á.

Þegar þetta kom fram bað hv. þm. Eiður Guðnason um utandagskrárumræðu um þetta málefni og krafði

dómsmrh. svara um hvað hann hygðist gera til þess að tryggja að eðlileg starfsemi löggæslunnar í Stykkishólmi gæti farið fram. Það er skemmst frá því að segja að hæstv. dómsmrh. tók mjög karlmannlega á því máli strax, lýsti því strax yfir í þeirri umræðu að þetta vandamál yrði leyst fljótt og vel og lýstu að sjálfsögðu þingmenn Vesturl. yfir mikilli ánægju með viðbrögð ráðherra. Það kom fram hjá ráðherra að hugmyndir væru um að leigja húsnæði en alla vega tók hann enga beina afstöðu á þeim tímapunkti. Það kom því nokkuð á óvart þegar nokkrum dögum eftir þetta svar ráðherra birtist frétt í Dagblaðinu þar sem haft er eftir aðila í ráðuneytinu og staðhæft að ráðuneytið hafi tekið ákvörðun um að lögreglustöðin og lögreglan yrði flutt í einingahús sem staðsett yrði í bæjarfélaginu. Þessi ákvörðun kom fyrst og fremst á óvart vegna þess að það fylgdi fréttinni að þetta einingahús ætti að koma annars staðar frá. Það sem vekur furðu í því efni er að í Stykkishólmi þá og í dag eru tveir framleiðendur einingahúsa og hefði að sjálfsögðu verið eðlilegast að við þá hefði verið talað en ekki leitað út fyrir bæjarfélagið.

Þegar þetta kom fram lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um hverju þetta sætti og spurði hann um þessa frétt í Dagblaðinu. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að lesa hluta af svari ráðherra. Spurningarnar sem ég lagði fyrir hann voru nokkrar, til að mynda eftirfarandi:

„Hvaðan kemur það 100 fermetra einingahús sem fyrirhugað er skv. bláðafregnum 10. febr. sl. að reisa fyrir lögregluna í Stykkishólmi? Var leitað tilboða hjá framleiðendum einingahúsa og ef svo er, hjá hverjum og hvert þeirra var hagstæðast? Hver er áætlaður heildarkostnaður við hina nýju lögregluvarðstofu í Stykkishólmi?"

Ráðherra svarar á eftirfarandi hátt m.a.:

„Eins og hv. þm. er vitaskuld kunnugt er ekki fjárveiting á fjárlögum 1990 til byggingar lögreglustöðvar í Stykkishólmi. Af því leiðir að ekki er önnur leið til lausnar í þessu efni en leiga húsnæðis, eins og raunar hefur komið fram fyrr hér á Alþingi í umræðum um þetta mál.

Nokkur hús hafa komið til álita í þessu sambandi en ekkert hefur verið talið nægilega gott til að viðunandi væri. Einn kostur", og ég bið menn að muna þetta, „sem til álita hefur komið er leiga á færanlegu einingahúsi sem hugsanlega gæti nýst til bráðabirgða fyrir lögregluna í Stykkishólmi. Þennan kost, sem einingahúsaverksmiðja á Selfossi hefur boðið fram, er nú verið að athuga nánar og möguleika á að hrinda honum í framkvæmd. Af eðlilegum ástæðum hefur tilboða ekki verið leitað í þessu sambandi og kostnaður þessu samfara liggur heldur ekki fyrir."

Við þetta svar er auðvitað ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi er mjög gott til þess að vita að það einingahús sem þarna var til umræðu og var svo endanlega tekið er færanlegt. Það er mikilvægur punktur í þessu máli og eins að það var staðfest af ráðherra að þetta hús var aðeins til bráðabirgða, færanlegt hús til bráðabirgða. Það er einnig athyglisvert að í niðurlagi svars segir ráðherra: „Af eðlilegum ástæðum hefur tilboða ekki verið leitað í þessu sambandi" o.s.frv. Það getur engan veginn talist eðlilegt að tilboða sé ekki leitað annars staðar og sérstaklega ekki í ljósi þess að tveir framleiðendur eru á staðnum. Það er ekki nokkur einasta leið, engin leið, hvorki hér eða einhvers staðar annars staðar að reyna að segja það við fólk að það sé eðlilegt að leita ekki tilboða annars staðar. Þannig svaraði ráðherra þeirri spurningu og bætti svo við í síðara svari sínu eftir að ég hafði gert athugasemdir við svör hans og bent á að það væri í hæsta máta óeðlilegt að ráðherra leitaði í sinn heimabæ, Selfoss, og tók nú kannski fullsterkt til orða og þó ekki því ég sagði að það lyktaði verulega af þessu.

Ráðherra svaraði því til að hvaðan einingahús kæmi, ef sá kostur væri framkvæmanlegur, gæti hann ekki séð að skipti neinu meginmáli í þessu efni frekar en öðrum.

Við vorum enn með hugann við þetta mál, hæstv. forseti, og gátum engan veginn unað því. Það varð alltaf ljósara og ljósara eftir því sem tíminn leið að ráðherrann ætlaði sér alveg frá upphafi að versla við kunningja sína á Selfossi, SG-einingahús, og kaupa húsið þaðan og, ég minni enn á, þrátt fyrir að tveir framleiðendur séu í Stykkishólmi, þrátt fyrir að atvinnuástand í Stykkishólmi sé með þeim hætti að þeim hefði ekki veitt af þeim verkefnum.

29. mars lagði ég aftur fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra og spurði m.a.: „Hefur verið leitað tilboða frá öðrum húsaverksmiðjum í „færanlegt einingahús", t.d. frá heimamönnum? Ef svo er ekki, hvers vegna?" Svar ráðherra er allítarlegt: „Það hefur ekki verið gert, einfaldlega vegna þess að athugun á þessu eina tilboði í þessu efni sem borist hefur stendur enn yfir."

Mér finnst það ári harður dómur yfir starfsfólkið í dómsmrn. að það sé ekki fært um að skoða fleiri en eitt tilboð í einu. Og guði sé lof að hæstv. ráðherra er þó ekki með iðnrn. sem þarf kannski að skoða fleiri, fleiri tilboð vegna álverksmiðju sem hugsanlegt er að komi upp. Það tæki sennilega 50–100 ár að taka ákvörðun um það ef aðeins er hægt að líta á eitt tilboð í einu.

Hæstv. forseti. Töluvert hefur verið rætt um siðferði stjórnmálamanna að undanförnu og alls ekki að ástæðulausu. Menn hafa gefið á sér höggstað dag eftir dag í þeim efnum. Mér finnst framganga og framkoma hæstv. ráðherra í þessu máli algert siðleysi. Það er hreinlega tekið í nefið á heimamönnum í Stykkishólmi og þeim er gersamlega snýtt til blóðs. Og ég gagnrýni fjölmiðla fyrir það að hafa ekki tekið þetta mál upp, að hafa gefið ráðherranum frið í slíku máli sem þessu. Það er gagnrýni vert og má velta fyrir sér fréttamati fjölmiðlanna því að annað eins taka þeir nú upp og minna mál en þetta. Það er algert siðleysi með tvo framleiðendur í Stykkishólmi að vaða í kunningja sína á Selfossi. Þess vegna, hæstv. forseti, er þessi brtt. fram komin.

Það er reyndar rétt, hæstv. forseti, að ég fari yfir enn eina fyrirspurn út af þessu máli, sem var núna í haust. Þá leitaði ég skriflegra svara frá ráðherra vegna

þess að mér hefur þótt svör hans hingað til allmögur og lítið bitastæð. Hann hefur smeygt sér mjög lipurlega undan því að svara á rökrænan hátt þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint, að sjálfsögðu í skjóli þess að í fyrirspurnatíma er tíminn svo lítill að menn skýla sér gjarnan á bak við það. Ef menn t.d. lesa svör hæstv. ráðherra við munnlegum fyrirspurnum sjá þeir fljótt að taktík ráðherrans er sú að byrja á því að lesa allar fyrirspurnirnar upp. Þá er hálfur tíminn farinn. Svo kemur bjallan og þá því miður ráðum við ekki við að klára svarið. Þess vegna fór ég þá leið að hafa nú skriflega fyrirspurn. Það er nú sennilega hægt að telja svar ráðherra hér á fingrum sér, línurnar, ekki var það mikið meira. Ég spurði hann:

„1. Var leitað tilboða hjá framleiðendum einingahúsa í Stykkishólmi í húsnæði handa lögreglunni á staðnum? Ef svo var gert, hvernig voru þau tilboð? Ef það var ekki gert, hverjar voru ástæður þess?"

Þessi spurning var í þremur liðum. Það er ein og hálf setning sem fer í svarið frá hæstv. ráðherra. Það er boðskapurinn vestur í hérað. Svar: „Ekki var leitað tilboða í smíði einingahúss til nota sem lögreglustöð í Stykkishólmi. Ástæða fyrir því var sú að engin fjárveiting var á fjárlögum 1990 til þessa verks." Samt eyddi ráðherra á fjórðu millj. á þessu ári í grunn og frágang á lóð. Hvaðan komu þeir peningar? Hvar hefur það komið fram? Það var ekki á fjárlögum. Hvaðan kemur það? Þetta er áleitin spurning. Þetta er spurning sem okkur ber að fá svar við. En svarið var nákvæmlega ekki neitt.

Í öðru lagi var spurt: „Hvort var það einingahús, sem upp var sett fyrir lögregluna í Stykkishólmi, keypt eða leigt og á hvaða kjörum var það?" Svar: „Frá fyrirtækinu SG-einingahús kom tilboð um lausn á þeim vanda sem húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi voru í, án þess að leitað væri tilboða, sbr. svar hér að framan. Tilboðið hljóðaði upp á smíði húss af tiltekinni gerð." Það er ekki hægt að leita tilboða en það er hægt að taka við tilboðum. Samt var það ekki gert. Ég veit til þess að framleiðendur vestur í Stykkishólmi höfðu samband við ráðuneytið en þeim var ekki gefinn kostur á því. En SG-einingahúsum á Selfossi var gefinn kostur á því. „Tilboðið hljóðaði upp á smíði húss af tiltekinni gerð, að stærð rúmlega 103 fermetrar, sem hentaði vel sem lögreglustöð. Í tilboðinu var gengið út frá því að húsið yrði leigt á 41 þús. kr. á mánuði." Og svo rétt neðar, hæstv. forseti: „Þessu tilboði tók ráðuneytið að því er leiguþáttinn varðar." Og þetta er mjög mikilvægt, „að því er leiguþáttinn varðar." Tilboðinu var tekið á þeim grunni sem leiguhúsnæði, færanlegt einingahús var leigt.

Nú er náttúrlega komið fram eins og allir vissu, ráðherrann ætlaði aldrei að leigja þetta hús nema fram að fjárlögum, þangað til hann var búinn að ná sér í heimildina til þess að kaupa það. Það var allan tímann stefnan að kaupa húsið. Og nú er ég kominn að þeirri breytingu sem ég er að gera hér við fjárlögin.

Í fyrsta lagi að hækka liðinn Yfirstjórn sem nemur 10–12 mánaða leigu þannig að á meðan heimaaðilar byggja nýja lögreglustöð er fjármagn til að borga leiguna. Ég krefst þess að þetta verði gert og að ráðherrann standi við það sem hann hefur marglýst yfir að færanlega, leigða einingahúsið fari heim. Þess vegna er þessi tillaga sett fram.

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að klára þetta. Það væri vissulega ástæða til að taka smárispu á sjálfum fjárlögunum en það hefur fulltrúi Sjálfstfl., Pálmi Jónsson, gert mjög myndarlega og af alkunnum skörungsskap. Ég vil samt segja það að í mínum huga eru þessi fjárlög, alveg eins og fjárlögin í fyrra og hittiðfyrra, gersamlega marklaust plagg. Skattakóngur síðustu tveggja ára slær enn eitt persónulegt metið. Það er kallað hat trick í fótbolta. Bæði í skattlagningu og einnig í útgjaldaaukningu.

Ég held að fjmrh. ætti að koma hér upp og reyndar allir ráðherrarnir og óska þjóðinni gleðilegra jóla, þeim sem núna þjást af þeirra völdum, af völdum þeirrar skattastefnu sem þeir hafa lagt á þjóðina, fjölskyldunum með börnin sem ekki geta átt hátíðleg og gleðileg jól vegna þeirra gerða. Þeir ættu að koma hér upp. Þá fýsir það mikið að komast í fjölmiðla. Þeir ættu að koma hér upp og segja við þjóðina: Það er okkur að þakka að þið eigið ekki gleðileg jól.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 419 við 6. gr. fjárlaga en liður þar undir yfirskriftinni „Fjármálaráðherra er heimilt" hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. er heimilt: Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1991 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör."

Ég hef áður sagt það, hæstv. forseti, að ég er algerlega ósammála því að þessi grein standi þarna. Ég tel hana vera framsal á valdi sem Alþingi hefur. Valdið á að vera þrískipt í landinu, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, og ég tel algerlega út í hött að löggjafarvaldið feli fjmrh. opna lánsheimild án takmörkunar með þessum hætti. Hvorki samrýmist það stjórnarskránni né heldur er æskilegt að fjmrh. sé gefin opin heimild til þess að eyða eins miklum fjármunum og honum nánast dettur í hug. Með geðþóttaákvörðun getur ráðherra þess vegna tekið upp á því að kaupa stórhýsi í New York og hefur til þess fulla heimild. Sú brtt. sem ég flyt hljóðar svo: „Liðurinn fellur brott."

Ég vil ítreka það að ég hef sagt það áður í sambandi við fjáraukalög og flutti sams konar tillögu þá að þessi heimild héti réttu nafni Ógæfuheimild íslensku þjóðarinnar. Þessi heimild hefur gert fjmrh. mögulegt að borga nánast hvað sem er úr ríkissjóði hvenær sem er án þess að hafa til þess heimild og tel ég það öðru fremur hafa leitt af sér verðbólgu og háa vexti, óráðsíu og alls konar eignatilfærslu í þjóðfélaginu. Rétt lýsing á slíku er sukk og svínarí. Hér eru afgreidd fjárlög og lánsfjáráætlun á hverju ári og það er alger óþarfi að vera að ómerkja þessi fjárlög og láns-

fjárheimildir með því að skilja eftir opnar heimildir í fjárlögum sem ómerkja lánsfjárlög og fjárlög.

Ég tel það algert grundvallaratriði að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands virði grundvallaratriði í stjórnskipun landsins um hlutverk löggjafar- og framkvæmdarvalds. Þetta er alveg ljóst. Stundum er talað um að setja Alþingi í eina málstofu. Það á að vera til góðs, segja menn. Hvernig væri nú að dusta rykið af öllum þessum ágætu lögum sem við eigum um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og reyna að koma þeim í framkvæmd? Haldi þetta sukk og þessi óráðsía áfram eins og verið hefur hér undanfarin tvö og hálft ár sem ég hef setið á þingi, þá er ég hræddur um að það verði lítið eftir af fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar um aldamót því að svo er hægt að spenna bogann nú um þessar mundir að það kvikni í öllu saman. Ég vil skora á hæstv. ráðherra að gefa þjóðinni það í jólagjöf að afnema þessa ógæfuheimild.

Eftir að ég lagði þessa tillögu fram í dag gerðist dálítið merkilegt. Hæstv. fjmrh. lagði hér fram brtt. við 6. gr., sem er náskyld þessari, og ætlar að fá enn þá meiri heimildir heldur en hann hefur nú þegar með þessari framsalsheimild. Brtt. hans við 6. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innan lands á árinu 1991 verðbréf, spariskírteini, ríkisbréf og ríkisvíxla að fjárhæð allt að 8.000.000 þús. kr."

Þetta gerist bara í dag. Þetta hefur aldrei verið tekið fyrir í hv. fjvn. Það munar ekkert um 8 milljarða, þeir koma bara fljúgandi ofan úr loftinu niður í deild, bara í eftirmiðdaginn og eiga að renna í gegn í fyrramálið. Hvað munar um 8 milljarða í öllu þessu sukki og svínaríi? Ég varð alveg forviða þegar ég sá þetta. Hæstv. fjmrh. gaf mér þá skýringu hér úti á gangi að þetta væri nauðsynlegt vegna þess að lánsfjárlög færu ekki í gegnum þingið fyrir áramót. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla því að það fari svo, því að slíkt er náttúrlega lögbrot. Hæstv. fjmrh. reynir eitthvað að krafsa, hann er vanur því þegar hann er að brjóta lögin, þá er það allt auðvitað sjálfstæðismönnum að kenna. (**Fjmrh.:** Ja, það er bara alveg rétt, hann bað um þetta.) Enda er maðurinn þekktur fyrir það að vera snöggur að gera svart hvítt eða hvítt svart, enda sérstaklega til þess menntaður.

Ég ætla að leyfa mér að lesa aftur fyrir hæstv. fjmrh. lög um fjárfestingar og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar sem eiga að fylgja fjárlagafrv. en gera ekki og er það lögbrot. Hvað gerir hæstv. fjmrh. við þá sem ekki greiða virðisaukaskatt? Hann lætur innsigla hjá þeim. Hann lætur draga þá fyrir dóm, hann lætur setja þá í tugthúsið. En sjálfur má hann brjóta þetta allt í bak og fyrir. Með leyfi hæstv. forseta hljóða þessi lög svo:

„Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv." Þetta er hvergi til. „Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum."

Hver eru þessi þjóðhagslegu markmið í dag, hæstv. forseti? Er það ekki þjóðarsátt? Það er ekki stafkrókur um þetta. Þetta eru gildandi lög hér í landinu. Og áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu m.a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, enn fremur um framkvæmdir annarra aðila. ...

Enn fremur skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum. Þá skal greina frá áætlun um lánamarkaðinn í heild, þar með áætlun um erlendar lántökur og markmið í peningamálum og þeim tækjum sem beita skal til þess að þeim verði náð."

Hæstv. fjmrh., þetta er allt saman hér svart á hvítu hvernig á að stjórna þessum málum. En það er alveg gersamlega óþolandi að horfa upp á þennan sóðaskap í fjármálum sem maður horfir hér á. Það getur vel verið að þessi tímarit sem hæstv. fjmrh. er að lesa séu meira spennandi en þau lög sem ég er að lesa fyrir hann, en ég held að það væri hollt fyrir hann að kynna sér þessi lög. Það fara að verða síðustu forvöð að virða landslög í fjmrn. Hvað eiga hv. alþm. að gera þegar ráðherrar haga sér með þeim hætti sem hér er? Láta eins og þá varði ekki neitt um hvaða reglur gilda í landinu og hvaða lög. Hvort sem það eru fjármálaákvæði stjórnarskrár landsins eða þau lög sem gilda um gerð fjárlaga þá er ekkert farið eftir því. Fyrir svo utan það að fjárlög eru ekki virt og fyrir svo utan það að lánsfjárlög eru ekki virt heldur farið fram úr öllu saman. Hvað skyldi hæstv. fjmrh. núna á þessari stundu vera kominn langt fram úr heimildum annars vegar á fjárlögum og hins vegar á lánsfjárlögum?

Við þessum spurningum, hæstv. forseti, er ekki hægt að fá svör. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að það er ekki hægt að fá svör við því hér á hv. Alþingi hvað fjmrh. er kominn langt fram úr heimildum, annars vegar á fjárlögum og hins vegar á lánsfjárlögum. Þrátt fyrir alla tölvutækni í desember 1990 er ekki hægt að fá nein svör við þessu fyrr en kannski í mars 1991. Hvers konar bókhaldsþjónusta er það sem hæstv. fjmrh. stjórnar?

Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að minna hæstv. fjmrh. aftur á að það eru til lög um ráðherraábyrgð frá árinu 1963. 1. gr. þeirra hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum eftir því sem fyrir er mælt í stjórnarskrá og lögum þessum. Ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi taka einnig til ráðherra eftir því, sem við getur átt.

2. gr. Ráðherra má krefja ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við

stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu."

Nú ætla ég ekki að segja að hæstv. fjmrh. hafi stofnað ríkinu í fyrirsjáanlega hættu, en það er ekki kjarni þessa máls. Kjarni þessa máls er sá að ef ríkissjóður Íslands heldur áfram að haga sér eins og hann hefur gert, þá er verið að stofna hagsmunum ríkisins í hættu.

Hæstv. forseti. Ríki hafa misst fjárhagslegt sjálfstæði sitt á sukki og óráðsíu svipaðri þeirri sem við erum vitni hér að.

Hæstv. forseti. Ég tel að fjmrh. sé skylt að leggja þessar áætlanir fyrir þetta þing, og ég hef minnt hann áður á þessi lög hér í Alþingi. Það var þegar hann kom og ætlaði að fara að gera einhverja voðalega stóra og fína hluti, tímamótaaðgerðir, stórkostlegar aðgerðir. Það átti meira að segja að fara að breyta fjárlagaárinu og ég veit ekki hvað við upphaf fjárlagaræðu í fyrra. Þá ætlaði hann að fara að búa til einhverjar nýjar reglur. Ég var að benda honum á að þessi lög væru til, þetta er allt saman til. Samt hefur hann ekki heyrt neitt af þessu. Ég skil það satt að segja ekki hvers vegna ekki er hægt að fara eftir þeim lögum og fjármálaákvæðum stjórnarskrár landsins vegna þess að það er ekkert verra fyrir hæstv. ráðherra. Það er auðveldara hæstv. ráðherrum að reyna að komast til botns í því hvernig best sé að stjórna fjárhagsmálum landsins, að virða þessi lög en ekki vera með þetta allt saman utan heimilda og á yfirdrætti og utan fjárlaga o.s.frv. þannig að það botnar ekki nokkur maður í þessu og allra síst hæstv. ráðherrar úr því að þeir vilja ekki einu sinni vita hvernig á að framkvæma þessi lög.

Ég væri út af fyrir sig sáttur, hæstv. forseti, við þá tillögu sem fjmrh. er með um verðbréf, spariskírteini og ríkisvíxla allt að fjárhæð 8 milljarða, ef hann vildi fallast á það að sú grein félli út sem ég var að minnast á áðan, sem er yfirdráttarheimildin í Seðlabankanum, ógæfuheimild íslensku þjóðarinnar. Það væri vel til fundið eins og ég sagði áðan að gefa íslensku þjóðinni það í jólagjöf að þurrka þennan óskapnað út.

Ég las, hæstv. forseti, um daginn upp úr dómi Hæstaréttar sem féll árið 1986, um framsal á valdi. Í því máli sem þar um ræðir framseldi Alþingi fjmrh. leyfi til að gefa út reglugerð og ákveða þannig þungaskatt. Þetta var dæmt ólöglegt af Hæstarétti. Alþingi getur ekki framselt það vald sem því er ætlað samkvæmt stjórnskipun landsins. Þess vegna er þetta framsalsákvæði um yfirdrátt ólöglegt. Ég bið hæstv. forseta að skoða þessi lög og skoða ákvæði stjórnarskrár, ráðfæra sig við lögfróða menn um það hvort þetta er ekki rétt. Ég tel það vera skyldu hæstv. forseta að ganga úr skugga um það þegar svona lagað er sagt hvort það eigi við rök að styðjast og breyta síðan í samræmi við niðurstöðu þeirrar umræðu. Alþingi er ekki afgreiðslustofnun fyrir ráðuneyti. Hér kemur ný tillaga frá hæstv. fjmrh. miðdegis í dag sem leyfir honum að selja spariskírteini, ríkisvíxla og fleira upp á 8 milljarða. Menn hafa stundum sagt að það muni ekkert um einn kepp í sláturtíðinni, en er þessi ekki nokkuð stór svona, bara á nokkrum klukkutímum? Og í hvað eiga þessir peningar að fara? Það er ekki stafur um það, hæstv. forseti, ekki stafur.

Ég ætla að lokum, hæstv. forseti, að ítreka að það er skylda alþingismanna að sjá til þess að hæstv. ráðherrar framkvæmi þau lög sem eru í gildi í landinu. Alþingi setur leikreglurnar og ráðherrarnir framkvæma. Ef ráðherrarnir framkvæma ekki eins og lögin segja til um á Alþingi að taka þá á teppið samkvæmt lögum um landsdóm. Það er kannski kominn tími til að látið verði á það reyna hvort það sé hægt.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég hélt framan af að þetta yrði ákaflega hefðbundin 3. umr., að hv. þm. Pálmi Jónsson kæmi hér með útgáfu Jóns Þorlákssonar af 3. umr. Mér til nokkurrar furðu kom hik á Pálma Jónsson framan af ræðunni, langt hik, þangað til hann náði sér síðan á strik og mér fannst ég þekkja ræðuna, kannaðist þarna við gamlan kunningja og rann upp fyrir mér um síðir að þetta var ræðan hans Hreggviðs Jónssonar frá því hann talaði um kvótann. En það er nú annað mál.

Hér er til umræðu frv. til fjárlaga og langar mig að stikla aðeins á stóru yfir það sem vel hefur verið gert í frv. Ég vil byrja á því að benda á að Kvikmyndasjóður hefur fengið aukið framlag. Gert hefur verið vel við Leikfélag Akureyrar, Íslensku óperuna, Skákskólann, Íþróttasamband fatlaðra, Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabarnahjálparstofnunina, Lögregluskóla ríkisins, Umferðarráð. Hér hefur verið varið peningum til málefna fatlaðra, bæði í Reykjavík og víðar, sambýli fyrir geðsjúka fær sinn skenk, meðferðarheimili og sambýli einhverfra barna, peningar eru veittir til atvinnumála einhverfra. Landlæknir fær væna fjárveitingu sem er ætlast er til að sé notuð til vistunar fyrir fíkniefnaneytendur. Framkvæmdasjóður fatlaðra fær hér pening, geðsjúkir fangar. Hér eru líka ákvæði um að bæta úr mjög brýnni þörf að kaupa húsnæði fyrir héraðsdómstóla í Reykjavík og víðar, kaupa húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík, kaupa húsnæði fyrir embætti borgarfógeta. Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands, sem er þjóðþrifaverk og snertir alla þjóðina, að kaupa húsnæði til að nota sem heimili fyrir geðsjúka afbrotamenn, að kaupa fiskveiðisamlíki fyrir Stýrimannaskóla Íslands, að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Iðnskólann í Reykjavík, sem býr við skort á húsnæði. Hér renna peningar til Sjálfsbjargar á Akureyri og Sjálfsbjargar í Reykjavík og fleiri og fleiri góð mál sem eru í þessu frv. en ekki hefur verið getið, sem ekki hafa komist að fyrir því svartagallsrausi sem stjórnarandstaðan hefur haldið uppi í kvöld.

Virðulegur forseti. Fyrst ég er kominn í pontuna langar mig að fara yfir fleira og því miður þarf oft að tala um fleira en gott þykir. Frá því frv. var lagt fram hefur það hækkað á bilinu 2–3 milljarðar sem aðeins er þó lítið brot af þeim óskum sem hæstv. ráðherrar hafa borið fram. Þess vegna spyr ég, hæstv. forseti, hvers vegna leggja ráðherrarnir fram frv. til fjárlaga

með miklu, miklu lægri fjárhæð en svo endanlega kemur við 3. umr.? Af hverju eru allir þeir liðir sem ráðherrarnir koma með frá því að frv. er lagt fram og þangað til 3. umr. lýkur ekki teknir inn í frv. strax á fyrsta degi?

Þegar við lítum yfir þetta frv. eru óneitanlega ýmsir liðir sem stinga í augun. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því fyrr eða síðar hvert við viljum láta þjóðartekjurnar renna. Við erum með fleiri en eitt og fleiri en tvö hús sem kosta þjóðfélagið mikla peninga að halda við, að laga, að endurbyggja og endurreisa. Fyrst skal nefna Þjóðleikhúsið sem kostar hundruð milljóna og er ekki séð fyrir endann á því. Virðist mér sem niðurstöðutalan úr fyrstu lotu verði svipuð og öll göngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla. Það hlýtur að vera með ólíkindum að við getum eytt peningum á þennan hátt. Og þetta er aðeins eitt hús af mörgum. Þjóðminjasafnið er að hruni komið, það kostar sína peninga að endurreisa það. Þjóðskjalasafnið þarf sitt fé, Bessastaðir og Þjóðarbókhlaðan. Samkvæmt þeim upplýsingum sem *ég hef mun vanta um 1,5 milljarða til að klára þá* byggingu. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því í eitt skipti fyrir öll. [Bankað í borð.] Ég býð hv. Halldór Blöndal hjartanlega velkominn og býð honum þegar í stað pláss við hliðina á mér í pontu, enda er þetta þriggja manna ponta. (**Forseti:** Ég bið hv. ræðumann *að halda áfram ræðu sinni.*) *Ég biðst afsökunar. Ég var* ekki alveg viss um hvar ég var staddur, þ.e. ekki í ræðunni heldur í borginni.

Það eru fleiri liðir í fjárlögunum sem vekja spurningar. Einn af þeim er Lánasjóður ísl. námsmanna. Fyrr eða síðar hljótum við að spyrja: Hversu mikið fé þolir þjóðin að lána í því sambandi? Verður *allt* þetta bókvit í askana látið, kemst það fyrir? Það eru um 7000 manns sem þiggja lán úr Lánasjóðnum í dag, á annað hundrað arkitektar, á fjórða hundrað manns er að læra listir. Svona má áfram telja og flokka þetta niður. Við hljótum að spyrja okkur þeirrar spurningar: Hversu lengi getum við haldið úti svona fullkomnu lánakerfi? Stendur þjóðfélagið undir þessu kerfi?

Það er fleira. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef kostaði 1 millj. kr. að hanna skjaldarmerkið utan á Alþingishúsið hjá húsameistara ríkisins. Hef ég þær upplýsingar frá fyrstu hendi. Ein milljón nálgast að vera sex mánaða laun hjá alþingismanni. Hvort það geti í raunveruleikanum samrýmst einhverri gjaldskrá að það taki alþingismann sex mánuði að vinna þetta starf. (**Forseti:** Má ég trufla hv. ræðumann andartak?) Alveg sjálfsagt. (**Forseti:** Það er nú orðið mjög brýnt eins og lofað hafði verið að efna til deildafunda. Á hv. ræðumaður eftir langan tíma af ræðu sinni?) Hv. ræðumaður hafði vonast til að komast heim til sín seinni partinn á Þorláksmessu en það væri nú möguleiki að stytta það aðeins ef Halldóri Blöndal liggur á. (**HBl:** Það er samkomulag um að deildafundir byrji kl. hálfellefu.) Samkomulag hverra? Það hefur aldrei verið gert samkomulag við mig. Hér er ræðutími ótakmarkaður. (**HBl:** Já, já.) Og ég bauð að deila honum með þér. (**Forseti:** Má ég biðja ræðumenn að stunda ekki samtöl hér í þingsal.) Virðulegi forseti. Senn nálgast Þorláksmessa. Hv. þm. Halldór Blöndal á langan veg fyrir höndum, hann er óþolinmóður að komast í jólasteikina, ég skil það vel. Ég læt máli mínu lokið þegar í stað. (**Forseti:** Forseti vildi á engan hátt hindra það að hv. þingmaður lyki ræðu sinni og það stendur auðvitað opið að fresta fundinum svo hann fái lokið ræðu sinni.) Ræðu minni er í rauninni lokið. Ég er kominn að landbúnaði og mér verður hvort eð er bumbult af því að tala um landbúnaðinn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Var hv. 2. þm. Norðurl. e. að biðja um orðið? (**HBl:** Hann var að því.) Hv. þm. hefur þegar kvartað yfir því að deildafundir hafi ekki hafist og forseta er ljóst að nú er liðinn rúmur hálftími síðan þeir áttu að hefjast. Nú vil ég spyrja hv. þm. hvort hann geti fallist á að fundi verði nú frestað svo að deildafundir geti hafist og hann hefji ræðu sína þegar að deildafundum loknum. (**HBl:** Allt í lagi með það.) — [Fundarhlé.]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. fór nokkrum orðum um málefni landbúnaðarins og sagði m.a. frá því að hlutur þess atvinnuvegar í fjárveitingum hefði mjög batnað í hans tíð. Hann fór sérstaklega fram á það við forseta þingsins að fá tækniútbúnað til þess að geta sýnt niðurstöður af þessari fullyrðingu. Mér finnst mikil ástæða til þess að vekja athygli á því að það er ekki nægilegt að hafa góðan tækniútbúnað. Það dugir ekki að hafa góðan myndvarpa né heldur góðar glærur eða *litskyggnur ef menn skilja ekki það sem á þeim er. Og* það vildi svo til að ég fékk hér ljósrit af þeirri heimild sem hæstv. landbrh. bar helst fyrir sig í þessum efnum og átti að sýna sérstaklega fram á það hve mikið hefði dregið úr niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum og þá væntanlega í tíð Sjálfstfl.

Það er raunar hárrétt sem hæstv. landbrh. segir að því leyti að á fyrri hluta þessa áratugar voru niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur tiltölulega mjög miklar. Á sumar vörutegundir m.a.s. svo ríflegar að þær greiddu allan kostnað og jafnvel meira en framleiðslukostnaðinn. Þannig var þetta á fyrstu fjórum árum þessa áratugar. Það er líka hárrétt sem hæstv. landbrh. þá sagði að þá brá svo við að úr þessum niðurgreiðslum dró.

En svo bregður aftur annað við í lok áratugarins og það er ekkert sérstaklega bundið við hans embættisferil í landbrn. Það sem gerðist í þeim efnum var einfaldlega það að lagður var söluskattur á landbúnaðarvörur og síðan virðisaukaskattur og það var gert samkomulag um það þegar þessar ákvarðanir voru teknar að þessi skattahækkun yrði ekki látin ganga út í vöruverðið og þess vegna hafa niðurgreiðslur á síðari árum aukist. Mér finnst afar þýðingarmikið að menn hafi þetta rétt eftir og ekki síst í návist hæstv. fjmrh. sem eins og allir vita sér hvergi eftir peningum nema þegar landbúnaður á í hlut. (**Fjmrh.:** Þetta er nú ekki sanngjarnt. Þetta er nú bara ekki sanngjarnt.) Og það

er afar þýðingarmikið að menn átti sig á því einmitt í þessu samhengi að stórlega hefur dregið úr fjárveitingum til landbúnaðarins á síðari árum. Þetta er ég ekki að segja í ámælistón, hvorki til hæstv. landbrh. né hæstv. fjmrh. Við höfum einfaldlega verið að færa landbúnaðinn að því marki að ná fram hagræðingu og endurskipulagningu. Og ég kann þess ekki dæmi, t.d. í sambandi við störf mín í fjvn., að náðst hafi sambærilegur árangur annars staðar sem hefur gerst í landbúnaðinum. Þess vegna er það ógætilegt af hæstv. landbrh. að vera að telja það fram sem sérstakan árangur í hans starfi að aukið hafi verið við tiltekna kostnaðarþætti í rekstri landbúnaðarins. Það er ógætilegt og menn skulu gera sér það fullkomlega ljóst að virðisaukaskatturinn — og nú bið ég hæstv. fjmrh. að taka vel eftir — að virðisaukaskatturinn sem er innkallaður af landbúnaðarvörum er á mjög svipuðum nótum og niðurgreiðslurnar. Skatttekjurnar sem ríkissjóður hefur af þessari framleiðslugrein eru ekki mjög óáþekkar því sem er um kostnaðinn. Og þrátt fyrir það að ég og hæstv. landbrh. séum e.t.v., og eðlilega, ósammála um ýmislegt í þessum efnum, þá megum við ekki gleyma staðreyndum sem skipta hér alveg sérstöku máli. Það hefur sem sagt orðið sú breyting á, gagnstætt því sem hefur gerst í flestum greinum þjóðfélagsins, að landbúnaðurinn tekur sífellt minna fjármagn til sín. Þetta er grundvallaratriði.

Hæstv. landbrh. talaði líka um það að hlutur ýmissa stofnana væri betri nú heldur en áður var. Hann nefndi sérstaklega til Búnaðarfélag Íslands í þeim efnum. Nú ætla ég ekki að deila um þá hluti. (**Landbrh.:** Ég nefndi árið 1988.) Já, ég kannast vel við það. Reyndar var nú ýmsu breytt þá og við skulum ekki fara út í þá hluti. En það sem ég vildi minna hæstv. landbrh. sérstaklega á í þeim efnum er að þau átök sem urðu í kringum árið 1988 — og þá vil ég biðja menn vel að muna — urðu til þess að farið var sérstaklega yfir málefni Búnaðarfélags Íslands af fulltrúum fjögurra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi Íslendinga. Og það fékkst sameiginleg niðurstaða úr þeirri umræðu sem fól í sér sparnað og lægri útgjöld og meiri peninga frá bændunum sjálfum. Það er grundvallaratriði í þessari umræðu, og það sem ég hef talið sérstaklega ámælisvert, hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., er að það var ekki staðið við þessa niðurstöðu. Þessi niðurstaða var svikin — þrátt fyrir að aðstoðarráðherra hæstv. núv. landbrh. tæki þátt í þeirri gjörð.

Um þessi mál snerist m.a. ræða varaformanns fjvn. Alþingis hér við 2. umr. um fjárlögin og þetta er það sem deilan er um á milli mín og hæstv. landbrh. Ég þarf ekkert að vera að metast um það hverjir voru betri og hverjir voru verri. En sá sem stendur ekki við samkomulag skal ekki vera í friði fyrir mér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

36. fundur, föstudaginn 21. des., kl. 10 árdegis.

Frestun á fundum Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. forsrh., 239. mál. — Þskj. 346.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan er þannig:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. des. 1990 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 14. jan. 1991."

Ekki er venja að vísa þessari tillögu til nefndar og geri ég það ekki en legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til síðari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.

Fjárlög 1991, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 312, n. 388 (samvn. samgm.), brtt. 318, 330, 359, 389, 392, 393, 395, 414, 417, 419, 422, 424.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og að vanda lætur var farið yfir ýmsar 6. gr. heimildir í frv. eins og þær voru þar lagðar fram og fengum við ýmsar lagfæringar frá fjmrn. sem ekki áttu að vera neinar efnisbreytingar. Það hefur hins vegar gerst að um verulega efnisbreytingu hefur verið að ræða í einu tilviki sem fjvn. var ekki ljóst þegar hún gerði þær tillögur að sínum en var bent á í gær, þ.e. á þskj. 414, brtt. nr. 95 við 6. gr., að liðurinn orðist eins og þar segir. Fjvn. flytur þessa tillögu fyrir misskilning og kallar þessa tillögu til baka og bið ég hæstv. forseta að taka tillit til þess við atkvæðagreiðsluna að brtt. 95 á þskj. 414 er dregin til baka.

Brtt. 392 samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 424,a–b samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 414,1–5 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 395,1 felld með 28:9 atkv.

Brtt. 414,6–13 samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 330 felld með 32:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, IBA, KrP, MB, MÁM, PJ, SalÞ.

nei: AS, ÁrnG, EG, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ,

GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, VS, GHelg.

AÓB, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FÞ, GHH, GHG, GJH, KE, MálmS, ÓE, SV, ÞK, ÞÞ greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (ÁHE, FrS, HBl, HJ, KP, RH, SkA, ÞP, AðB) fjarstaddir.

Brtt. 414,14–19 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 417 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 414,20–24 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 395,2 felld með 31:6 atkv.

Brtt. 414,25–35 samþ. með 33:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, VS, GHelg.

nei: EKJ, IBA.

AÓB, BÍG, DS, EH, EgJ, FÞ, GHH, GHG, GJH, KrP, KE, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SalÞ, SV, ÞP, ÞK, ÞÞ greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (AðB, FrS, HBl, HJ, KP, RH, SkA) fjarstaddir.

Brtt. 359 felld með 31:8 atkv.

Brtt. 414,36–47 samþ. með 33:1 atkv.

Brtt. 395,3 felld með 32:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GHG, GJH, HJ, IBA, KrP, KE, MB, MálmS, ÓE, PJ, SalÞ, SV, ÞK, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ.

nei: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GHelg.

FÞ, GuðmÁ, MÁM greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (FrS, HBl, KP, RH, SkA, ÞP, AðB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur sýnt sig að tilvist Kvennaathvarfsins er nauðsynleg. Ofbeldi gagnvart konum og börnum eru einn ljótasti blettur á samfélagi okkar. Það hefur sýnt sig að þær konur sem standa fyrir rekstri Kvennaathvarfsins hafa gert raunhæfar áætlanir. Þær áætlanir hafa byggst á raunsæju mati á brýnustu þörfum og er útsjónarsemi og nýtni dæmigerð fyrir reksturinn eins og reyndar er dæmigert fyrir konur sem standa á degi hverjum frammi fyrir þeim vanda að þurfa að láta enda ná saman. Það gerist á hverju ári að konurnar í Kvennaathvarfinu standa frammi fyrir þeirri óvissu að sjá ekki hvort takist að halda rekstri athvarfsins áfram. Verða þær því stöðugt að leita eftir aukafjárveitingu en nú í árslok hafa þær ekki fengið 2 millj. sem nauðsynlegar eru til þess að reksturinn sé tryggður.

Í ljósi þess ofbeldis sem konur og börn þeirra verða fyrir á heimilum sínum þannig að þær neyðast til að leita á náðir Kvennaathvarfsins og í ljósi þess sem ég hef sagt um rekstur athvarfsins, sem er til fyrirmyndar, hlýt ég að lýsa vonbrigðum mínum með þau mörgu nei sem ég hef heyrt hér í þessari atkvæðagreiðslu en ég heiti á þá þingmenn sem eiga eftir að greiða atkvæði að styðja þessa tillögu. Ég segi já.

Brtt. 414,48–64 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 389,a–b samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 414,65–83 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 393 samþ. með 33 shlj. atkv.

Kristinn Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja sérstaklega athygli á því að hér er verið að greiða atkvæði um heimild handa fjmrh. til að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabankanum. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. um að þessi liður falli brott. Vil ég vekja sérstaklega athygli hæstv. forsrh. á því að honum er tíðrætt um fjármagnsófreskjuna. Fjármagnsófreskjan nærist á þessum lið, hæstv. forseti. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á að hér má ekki fara fram efnisleg umræða.) Hæstv. forseti. Ég er að útskýra um hvað er verið að greiða atkvæði, þ.e. um atkvæðagreiðsluna. Ég mæli eindregið með því að þessi heimild fjmrh. verði felld, enda er hér önnur tillaga á eftir. (**Forseti:** Ég ítreka það að efnislegar umræður eru ekki leyfðar.) Hæstv. forseti. Ég tel að ég sé að ræða um atkvæðagreiðsluna. Ég er að útskýra um hvað þessi tillaga snýst. En það er eins og fyrri daginn að þegar á að fara að ræða eitthvað sem skiptir máli hér má það helst ekki. (**Forseti:** Forseti vill benda á að umræður um tillögur hafa þegar farið fram hér á hinu háa Alþingi.)

Brtt. 419 felld með 31:2 atkv.

Brtt. 422 samþ. með 33:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, GHelg.

nei: MÁM, PJ, SalÞ, BÍG, FÞ, KrP.

MálmS, ÓE, SV, ÞK, ÞP, AÓB, DS, EH, EgJ, EKJ, GHH, GHG, GJH, HJ, IBA, KE, MB greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (RH, SkA, ÞP, AðB, FrS, HBl, KP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Matthías Á. Mathiesen:

Frú forseti. Ég tel að heimild eins og þessi inni í fjárlögum sé ekki samkvæmt þeim lögum sem gilda um lántökur fyrir ríkissjóð frá árinu 1974 og segi þess vegna nei.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga er flutt einvörðungu vegna þess að samkomulag hefur orðið um það hér í þinginu að afgreiða ekki lánsfjárlög fyrir jól. Ef þessi heimild væri ekki veitt hefði fjmrh. ekki heimild til þess að selja ríkisskuldabréf, víxla, spariskírteini eða önnur þau verðbréf sem ríkissjóður þarf að geta selt

til að geta aflað sér lánsfjár. Það er mjög algengt að það sé veitt heimild á fjárlögum til lántöku fyrir ríkissjóð. Þetta er ekki öðruvísi heimild en slík heimild er. Ég segi já.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að greiða atkvæði á móti þessari tillögu vegna þess að ég tel hana andstæða stjórnskipun landsins um þrískiptingu valdsins. Hér er Alþingi að framselja í hendur fjmrh. leyfi til að taka lán upp á 8 milljarða kr. Þessi tillaga kom hér fljúgandi ofan af loftinu fyrir minna en einum sólarhring og hefur ekki verið rædd í fjvn. Ég tel þessi vinnubrögð vera alveg fyrir neðan allar hellur og segi nei.

Brtt. 414,95 kölluð aftur.

Brtt. 414,84–94 og 96–98 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 414,99, liðir 6.21–6.31, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 414,99, liður 6.32, samþ. með 33:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, ÁHE, EG, FÞ, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, LVJ, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, GHelg.

nei: EKJ, GHH, GHG, IBA, MÁM, ÓE, ÞP.

AÓB, BÍG, DS, EH, GJH, HJ, KE, MB, MálmS, PJ, SalÞ, SV, ÞK, ÞÞ greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (EgJ, FrS, HBl, KP, KrP, RH, SkA, VS, AðB) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það hefur ekki tíðkast hér á hinu háa Alþingi að afla heimildar þingsins til þess að semja við aðila úti í bæ um að hann borgi. Það þarf engar lagaheimildir til þess. Þessi tillaga er gersamlega út í bláinn og til þess eins gerð að reyna að koma pólitísku höggi á Reykjavíkurborg í máli sem ríkið ber ábyrgð á. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í þeim fjárlögum sem nú hafa verið samþykkt fær Íslenska óperan verulegan stuðning en ekki hefur verið stuðningur við það í fjvn. að veita hærri fjárhæðir nema því aðeins að Reykjavíkurborg og sveitarfélög á þessu svæði telji Óperuna þess virði að þeir vilji einnig standa að því að leggja fé til hennar.

Ég tel það takmörkum háð að ríkið eitt og sér eigi að leggja fram fé til að niðurgreiða miðaverð á menningarstarfsemi hér í Reykjavík, en fellst á þessa tillögu þrátt fyrir það og segi já.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi heimild til fjmrh. felur það vitaskuld í sér að verið er að heimila honum í samvinnu við menntmrh. að ganga til samninga um frekari skuldbindingar ríkisins til lausnar á vanda Íslensku óperunnar en þegar hefur verið afgreidd með afgreiðslu þeirri sem gerð hefur verið á fjárlögum til þessa. Auðvitað fjallar þessi grein ekki um það að ríkið semji um það að aðrir borgi en leggi ekkert til heldur að veita ráðherrunum heimild til þess að semja um frekari skuldbindingar ríkissjóðs til að leysa vanda Íslensku óperunnar. Það er lærdómsríkt að stjórnarandstæðingar sem greitt hafa atkvæði til þessa hafa ýmist setið hjá við þessa tillögu eða greitt atkvæði á móti henni og þar með viljað koma í veg fyrir það að ríkið taki frekari skuldbindingar á sig í þessu sambandi. Ég segi já.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að þakka meiri hl. fjvn., fjvn. og Alþingi, meiri hl. sem hér er greinilega að myndast fyrir þeirri ákvörðun sem hér er tekin um framtíð Íslensku óperunnar. Hér er greinilega framsýnn meiri hl. að störfum gagnstætt því sem á við að því er varðar fulltrúa stjórnarandstöðunnar hér sem leyfa sér í þessu efni að sitja hjá. (Gripið fram í.) Voðalega líður mönnunum illa. Sannleikanum verður hver sárreiðastur, segir máltækið, lifandis vansæla er þetta.

Ég tel hins vegar ástæðu til að láta það koma fram að ég tel ekki rétt að lýsa því vantrausti á borgarstjórann í Reykjavík sem fram hefur komið hjá t.d. hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og Geir Haarde, meðframbjóðendum hans í alþingiskosningunum. Vegna þess að ég vil ekki lýsa þessu vantrausti á borgarstjórann í Reykjavík segi ég já.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir Íslensku óperunnar treystir ríkisstjórnin sér ekki til þess að láta af hendi nema 25 millj. í Íslensku óperuna. Það leysir ekki einu sinni lágmarksfjárþörf hennar og eftir sem áður verður það hlutskipti listamanna við Íslensku óperuna að starfa þar við lítil sem engin laun og ekkert atvinnuöryggi. Í mínum augum er þessi heimildargrein nánast yfirklór. (Gripið fram í.) Ég fullyrti ekkert að hún væri það í augum hæstv. ráðherra. Ég sagði að í mínum augum væri hún það — og ég hlýt að hafa frelsi til að hafa mínar skoðanir á því — og verið að vísa vanda yfir á aðra. Það hlýtur að vera hlutverk Óperunnar sjálfrar að reyna að semja við þá aðila sem hugsanlega eru aflögufærir. Mér finnst auðvitað sjálfsagt að Reykjavíkurborg og nærliggjandi sveitarfélög leggi eitthvað af mörkum til Íslensku óperunnar en það getur ekki verið afstaða ríkisins að ýta þeim vanda yfir á aðra. En þar sem nú er svo komið að ég vil ekki leggjast gegn neinu því sem gæti orðið Íslensku óperunni að liði greiði ég ekki atkvæði. (**Forseti:** Forseti vill biðja hæstv. ráðherra að hafa hemil á sér meðan á þessari atkvæðagreiðslu stendur.)

Brtt. 414,99, liðir 6.33–6.34, samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 318 kölluð aftur.

Brtt. 414,100 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 478).

NEÐRI DEILD

38. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum fundi í Sþ.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 438.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál. — Þskj. 335, n. 442, 450 og 477, brtt. 443, 447.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 442 liggur fyrir svofellt álit meiri hl. fjh.- og viðskn.:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ólaf Davíðsson, Víglund Þorsteinsson og Bjarna Þór Jónsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Þórarin V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Þórleif Jónsson og Guðlaug Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Hauk Halldórsson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Ágúst H. Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Árna Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Láru V. Júlíusdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Magnús Pétursson, Bolla Þór Bollason og Snorra Olsen frá fjmrn. og Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna.

Meiri hl. nefndarinnar fellst á nauðsyn þess að samræma launagjöld. Ljóst er að núgildandi fyrirkomulag er óhentugt og þungt í vöfum, jafnt fyrir skattgreiðendur og skattyfirvöld. Jafnframt telur meiri hl. nefndarinnar ljóst að sú breyting sem felst í frv., að innheimta tryggingagjald mánaðarlega í tengslum við gildandi staðgreiðslukerfi tekjuskatta einstaklinga, muni bæta skattskil verulega og draga úr möguleikum á undandrætti á skattinum.

Ljóst er að í frv. felst nokkur íþynging á þeim greinum sem nú eru undanþegnar launagjöldum. Fyrir liggur að félmrh. hefur ákveðið að skipa samstarfsnefnd ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að gera tillögur um með hvaða hætti afnám aðstöðugjalds geti átt sér stað og hvaða breytingar þurfi að gera á öðrum tekjustofnum sveitarfélaga. Ákveðið er að samstarfsnefndin hafi samráð við aðila atvinnulífsins um tillögugerðina.

Meiri hl. nefndarinnar telur nauðsynlegt að tekin verði til endurskoðunar ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, m.a. að því er varðar bótaréttindi, enda fela ákvæði frv. um tryggingagjald í sér að fleiri aðilar munu greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Greint hefur verið frá því að heilbr.- og trmrh. muni skipa starfshóp til að endurskoða m.a. réttindaákvæði laga um atvinnuleysistryggingar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur áherslu á nauðsyn þess að flýtt verði endurskoðun á lögum um aðstöðugjald.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Sú breyting felur í sér að tryggingagjald verði í tveimur þrepum á árinu 1991, þ.e. 2,5% og 6%."

Herra forseti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að þetta frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 450 er að finna nál. 1. minni hl., en hann skipar auk mín hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason.

Eins og fram hefur komið mun 2. minni hl. nefndarinnar gera sérstaka grein fyrir sínu áliti sem dreift hefur verið. Það er ljóst að þetta frv. sem hér er til umræðu kom allt of seint fram á þinginu, svo seint að raunverulega er varla hægt að ætlast til þess að hv. Alþingi afgreiði þetta mál fyrir jólaleyfi. Ekki bætti úr skák að ágreiningur varð milli stjórnarflokkanna um nokkur ákvæði frv. eftir að það var lagt fyrir þingið. Þrátt fyrir það að hv. fjh.- og viðskn. hafi haldið tvo fundi áður en málinu var vísað til nefndarinnar er ljóst að tímaskortur hamlaði því að frv. fengi þá skoðun í nefndinni sem því ber.

Eftir þær breytingar sem gerðar verða á frv., ef tillögur meiri hl. hv. nefndar verða samþykktar, er ljóst að athugasemdirnar með frv. eru í verulegu ósamræmi við frv. sjálft. Stafar þetta af því að frv. í sinni upprunalegu mynd er samið af nefnd en nefndin tók að sér m.a. að jafna starfsskilyrði atvinnugreinanna og þess vegna var það ein megintillaga nefndarinnar að sú aðalregla kæmi fram í 2. gr. frv. að tryggingagjaldið, sem er orðið samnefnari fyrir fimm skatta og gjöld, sé hið sama fyrir allar atvinnugreinar.

Til að rökstyðja þetta er síðan í athugasemdum með frv. skýrt út til hvers þetta sé gert. Með því að breyta frv., og þar með að setja lög sem eru í ósamræmi við 2. gr. frv., er verið að hverfa frá þessari jöfnun eða a.m.k. að samþykkja einungis hækkun á vissum skattgreiðendum en taka ekki það skref sem nefndin sem samþykkti frv. taldi nauðsynlegt.

Samkvæmt því sem kemur fram af hálfu nefndarinnar sem samdi frv. er þetta frv. einn þáttur í skattkerfisbreytingu til að jafna samkeppnisstöðu innlendra

útflutnings- og samkeppnisgreina gagnvart erlendum keppinautum.

Hér er aðeins um að ræða hluta af þessari skattkerfisbreytingu og með því að breyta frv. er verið að draga úr þessum hluta. Önnur frv. sem nauðsynlegt er að fylgi þessu hafa ekki komið fram og ég leyfi mér að vitna til fskj. með nál. 1. minni hl. En á því fskj. er umsögn Vinnuveitendasambands Íslands. Þar er það undirstrikað að það sé forsenda fyrir því að þetta frv. fái samþykki á Alþingi að hin frv., sem eru í órofa tengslum við þetta, fái jafnframt afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Eða eins og segir í álitinu: „Þetta frv. er ekki sjálfstætt og afmarkað mál."

Það er full ástæða til þess, virðulegi forseti, að rifja það upp að í almennum athugasemdum með frv. til breytinga á tekjuskatts- og eignarskattslögunum, en það frv. var til afgreiðslu hér fyrir örfáum dögum síðan, er þess getið sérstaklega að strax eftir jólaleyfi sé von á frv. sem tekur á því efni sem Vinnuveitendasambandið er að vísa til.

Í almennu athugasemdunum með því frv. segir að nefndin hafi lagt til að í fyrsta áfanga yrði tekjuskattshlutfall félaga lækkað úr 50% í 45%. Í áliti nefndarinnar kom einnig fram að hún telji æskilegt að lækka skatthlutfallið enn frekar í áföngum á næstu árum þannig að það verði svipað og gengur og gerist í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum okkar.

Þá eru jafnframt boðaðar ýmsar breytingar á skattlagningu fyrirtækja svo sem leiðir til þess að jafna afkomusveiflur milli ára og fleira. Síðan er það undirstrikað að frv. þar að lútandi komi fram í upphafi næsta árs.

Hér er komið að atriði sem ég tel fulla ástæðu að leggja mikla áherslu á og hefði satt að segja verið ástæða til þess að hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. væru viðstaddir umræðuna því að ég veit að vinnuveitendur telja sig hafa traustar heimildir fyrir því að skattalagabreytingarnar verði með því sniði sem þessir tveir hæstv. ráðherrar hafa lagt áherslu á, en þar er um að ræða lækkun á tekjuskatti til þess að ljóst sé að skattar hækki ekki með minnkandi verðbólgu. Þá er það forsenda Vinnuveitendasambandsins að ekki verði hætt við að leyfa fyrirtækjum að leggja til hliðar í fjárfestingarsjóð 15% af ágóða og loks að verðbreytingafærslum verði breytt, en sú kynduga staða kemur upp núna að mörg fyrirtæki sýna verulegan ágóða í rekstri á yfirstandandi ári án þess að sá ágóði sé til eða fyrir hendi. Gott dæmi um þetta er Samband ísl. samvinnufélaga sem vegna verðbreytingafærslu, vegna tekjufærslu, sýnir verulegan ágóða þótt sá ágóði sé eingöngu bókhaldslegur vegna þess að vísitölur hreyfast ekki með jöfnum hraða.

Þetta eru nokkuð flókin efni, efni þó sem ég veit að sumir hæstv. ráðherrar skilja og nefni ég þá sérstaklega Halldór Ásgrímsson sjútvrh., sem er endurskoðandi að mennt, en hann hefur átt viðræður við fulltrúa atvinnulífsins og sýnt þessu máli verulegan skilning og ég veit að það er í trausti þess að þessi bókhaldslegi hagnaður, sem í raun er ekki til staðar í fyrirtækjunum, verði ekki skattlagður með breytingum á skattalögum á grundvelli frv. sem verður lagt fram í upphafi næsta árs, sem vinnuveitendur, a.m.k. að stórum hluta, telja sig geta samþykkt það frv. sem hér er fyrir hendi.

Á þetta legg ég áherslu, virðulegi forseti, vegna þess að það er sífellt bent á það af hæstv. ríkisstjórn að nauðsynlegt sé að varðveita svokallaða þjóðarsátt en þegar vitnað er til hennar þá er jafnan greint frá því að þetta og hitt sé vilji Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Það er þess vegna alveg ljóst að það er skilningur Vinnuveitendasambandsins að þessar breytingar verði gerðar á skattalögum eins og boðað er í því frv. sem nýlega var afgreitt frá hv. deild um tekju- og eignarskatt og litið er á það frv. sem hér er til umræðu aðeins sem einn þátt þessarar breytingar.

Á þetta legg ég áherslu og ef hæstv. ráðherrar sem hér eru staddir, sem eru hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., óska ekki eftir að taka þátt í þessari umræðu þá verð ég að líta svo á að þeir hafi skilning á þessari afstöðu Vinnuveitendasambandsins.

Mér er skylt að taka það fram að Landssamband iðnaðarmanna vill ekki að þetta mál fái afgreiðslu að svo stöddu og telur að hin frv. sem á vantar verði að koma fram áður en endanleg afgreiðsla frv. geti átt sér stað.

Þá vil ég einnig að það komi skýrt fram að fulltrúar landbúnaðarins, fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, bentu á að hækkun tryggingagjalds af launum bænda gerði það að verkum að sauðfjárafurðir hækkuðu um 1% strax á næsta ári en um 2% tæp þegar og ef gjaldið yrði 4,25%.

Þá vil ég geta þess, virðulegi forseti, að það er nauðsynlegt að breyta öðrum lögum til þess að þetta frv. nái þeim tilgangi sem að er stefnt.

Verði þetta frv. samþykkt gerist það að miklu fleiri borga til Atvinnuleysistryggingasjóðs en þeir sem gert hafa það hingað til. Eins og sakir standa hafa þeir einir réttindi til atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem eru meðlimir í stéttarfélögum. Með þessu frv. er í raun tekið fyrsta og stærsta skrefið í þá átt að ýmsir einyrkjar úr atvinnurekendastétt, t.d. bændur og reyndar fjölmargir iðnaðarmenn og iðnmeistarar og fjöldi annarra launamanna sem þó eru atvinnurekendur, sem taka laun eða fá reiknuð laun, að þeir greiði af sínum launum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta þýðir að það er nauðsynlegt að breyta lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð í þeim anda sem hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde hefur lagt hér til í Nd. með framlagningu frv. á Alþingi.

Vinnuveitendasambandið hefur lýst yfir stuðningi við það frv. en ég vil að það komi skýrt fram að Alþýðusamband Íslands hefur enn ekki sagt sitt álit á frv. né heldur á þeim þætti þessa frv. sem snýr að þessu tiltekna atriði og í raun má ekki búast við því að umsögn Alþýðusambandsins geti legið fyrir fyrr en í fyrsta lagi um 20. jan. á næsta ári. Þetta kom fram í nefndarstörfunum.

Það sem ég vil undirstrika, og það kemur skýrt fram í fskj. með nál., er að það er nauðsynlegt að réttindi og skyldur fari saman. Sé frv. skoðað rækilega kemur í ljós að því miður hafa þeir sem sömdu það víða kastað

til þess höndum. Ég vil í því sambandi benda á 19. gr. frv. sem ég held að sé skólabókardæmi um það hvernig ekki á að semja lög.

Virðulegi forseti. Að lesa lagagrein sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta: „Ákvæði laga þessara koma í stað þeirra ákvæða laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, laga nr. 64/1981, um Atvinnuleysistryggingasjóð, með síðari breytingum, og laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er fela í sér ákvörðun gjaldstofns og gjaldtöku af launagreiðendum sem miðast við launagreiðslur eða launatímabil." — Slíkar tilvitnanir eru mjög óljósar og satt að segja glannalegar, eins og einn gesta nefndarinnar orðaði það og er alls ekki frambærilegur frágangur á lögum.

Það mætti í raun og veru orða þessa grein þannig að breyta skuli ákvæðum í lagasafni á Íslandi með tilliti til þess sem þarna stendur, svo ónákvæmlega er þetta orðað og minnir þetta á dóma sýslumanns nokkurs sem hirti ekki um að fletta upp á lagaákvæðum heldur vitnaði bara í Lagasafn Íslands. Álíka er gengið frá þessu máli. Skal ég ekki orðlengja frekar um það né heldur að nefna tiltekinn sýslumann í því sambandi. Ég hygg þó að ýmsir frændur mínir í Húnaþingi gætu nefnt hann.

Þá er ég kominn að því að lýsa í örstuttu máli brtt. sem við í 1. minni hl. flytjum á þskj. 447. Brtt. er sáraeinföld. Hún gengur út á það að breyta hlutfallinu 6% í 5,5% í þeim flokki sem greiða skal hærra tryggingagjald á næsta ári.

Með þessari brtt. er verið að ganga inn á hugmyndir nefndarinnar sem samdi frv. eða með öðrum orðum að nota þær auknu tekjur sem fást með breikkun skattstofnsins til þess að lækka um 0,5% gjaldið af þeim greinum sem mest greiða í tryggingagjaldinu. Til að skýra þetta nánar má vitna til þess sem segir í svokallaðri hvítri skýrslu sem nefnd er Endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja. Á bls. 37, í töflu 3 í þeirri bók er sýnt fram á hvað það þýðir ef tryggingagjaldið í hærri flokknum er einungis 5,5% en ekki 6%. Þar kemur í ljós að tekjuauki ríkissjóðs verður enginn ef við notum 5,5% hlutfallið en verður 500 millj. ef 6% eru notuð. Með öðrum orðum: Við tökum undir það sem kom fram hjá nefndinni sem samdi frv. og viljum fylgja hennar sjónarmiðum eftir, að þessi skattkerfisbreyting leiði ekki af sjálfu sér til aukinnar skattheimtu ríkisins. En því miður virðist hæstv. ríkisstjórn leika þann leik að vera sífellt að breyta lögum í þeim einasta tilgangi að ná meiri skattpeningum, og dugir samt ekki til því ávallt eykst hallinn.

Falli þessi brtt. teljum við ástæðulaust að styðja þetta frv. og munum að sjálfsögðu ekki gera það.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, rétt ítreka það sem ég hef lagt töluverða áherslu á í þessu máli mínu: að hér er aðeins verið að taka eitt skref af nokkrum sem nauðsynlegt er að taka á sama tíma til að ná þeim árangri sem að er stefnt og aðilar vinnumarkaðarins, a.m.k. vinnuveitendur, geta sætt sig við. Á þetta legg ég höfuðáherslu því ef b fylgir ekki a-inu þá er verr af stað farið en heima setið.

Lýk ég hér máli mínu, virðulegi forseti.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um tryggingagjald.

Frv. þetta var, líkt og fleiri tekjuöflunarfrv., lagt fram í síðustu starfsviku þingsins. Fjh.- og viðskn. sýndi þá lipurð í samvinnu að taka málið fyrir áður en það var lagt fram í þinginu. Á þann fund mættu fulltrúar hinna ýmsu atvinnugreina sem málið varðar til viðtals og kom þá í ljós að þeir höfðu ekki haft nokkurn tíma til að kynna sér málið. Því var eðlilegt að sitt sýndist hverjum og varð að samkomulagi að þeir kæmu aftur þegar búið væri að mæla fyrir frv. og menn hefðu haft ráðrúm til að kynna sér innihald þess.

Þegar síðan sá fundur var haldinn tók ekki betra við því þá kom í ljós að ósamkomulag var milli stjórnarflokkanna um málið. Þeir gestir sem boðaðir voru til fundarins vissu því ekki hvort þeir voru að lýsa afstöðu til frv. eins og það lá fyrir eða einhvers allt annars. Enda kom á daginn að gerðar voru breytingar á frv. sem kipptu stoðum undan einu meginmarkmiði þess sem var að draga úr mismunun milli atvinnugreina annars vegar og mismunandi rekstrarforma hins vegar.

Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því að tryggingagjald, þar sem fimm launatengd gjöld voru felld saman í eitt, skyldi nema 4,25% af tilteknum gjaldstofni. Þar sem sumar atvinnugreinar, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður, höfðu verið undanskildar launaskatti, sem er eitt af gjöldunum sem felld eru inn í tryggingagjaldið, en áttu samkvæmt frv. að greiða tryggingagjald framvegis, voru ákvæði til bráðabirgða þess efnis að nýjar álögur skyldu koma í þrepum til að gefa hæfilegan aðlögunartíma, þannig að ákvæðið um 4,25% tryggingagjald skyldi ekki taka gildi í raun fyrr en 1993. Í fyrsta áfanga var þeim greinum sem báru þessi gjöld fyrir ætlað að greiða 6% en nýjum atvinnugreinum sem teknar voru inn að greiða 2,5%. Síðar skyldi þetta þrepað saman þangað til, eins og ég segi, að árið 1993 skyldu allir sitja við sama borð.

Kvennalistinn telur auðvitað eðlilegt að öllu jöfnu að allar atvinnugreinar sitji við sama borð og tekur því undir þau sjónarmið sem fram koma í grg. með frv. en eru að vísu nú orðin úrelt, en þar segir, með leyfi forseta:

„Vafalaust má færa rök fyrir tímabundinni mismunun í skattlagningu fyrirtækja, til dæmis vegna sérstakra aðstæðna, sem kalla á stuðningsaðgerðir af einhverju tagi. Hins vegar verður að telja hana óheppilega til lengdar, þar sem hún getur dregið úr aðhaldi og stuðlað að óhagkvæmni í rekstri. Jafnframt felst í slíkri mismunun að sumar atvinnugreinar eru í reynd að niðurgreiða starfsemi annarra greina."

En með þeirri breytingu sem orðið hefur á frv. er þessi mismunun fest í sessi. Gert er ráð fyrir að tryggingagjaldið verði í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Þær sömu atvinnugreinar og áður voru und-

anþegnar launaskatti skulu vera í „sérstaka" flokknum, og nú til frambúðar.

Ýmislegt í frv. horfir þó til bóta. Vissulega er einföldun að tryggingagjaldinu. Skattstofn breikkar og undir hann falla nú hlunnindi af ýmsu tagi og annað þvílíkt sem ekki hefur verið skattskylt hingað til. Jafnframt er staðgreiðsla tekin upp, en áður var það einungis launaskattur sem var staðgreiddur, hin gjöldin voru greidd eftir á. Innheimta verður því eflaust einfaldari og árangursríkari, en það kom fram hjá hv. fjh.- og viðskn. að innheimta hefði ekki verið sem skyldi á þessum gjöldum, en nú verður vafalaust bót þar ráðin á. En böggull fylgir skammrifi. Til stóð að sögn að fella niður aðstöðugjald, eða svo var sagt, samhliða þeirri breytingu sem frv. boðar og þyngja mun álögur á fyrirtæki og atvinnugreinar sem áður voru undanþegnar launaskatti. Málið er þó ekki komið lengra en það að skipuð hefur verið samstarfsnefnd ráðuneyta og Sambands ísl. sveitarfélaga til að gera tillögur þar að lútandi og einnig skal sú nefnd athuga hvort og þá hvernig þurfi að breyta öðrum tekjustofnum sveitarfélaga ef aðstöðugjaldið verður fellt niður.

Auk þess leggur frv. nýjum aðilum þær skyldur á herðar með tilkomu tryggingagjaldsins að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs án þess að ljóst sé hvaða réttindi þeir fái samhliða. Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar hefðu því þurft að koma fram samhliða þessu frv.

Þessa vankanta benti fulltrúi Kvennalistans á við 1. umr. um frv. hér í deildinni og taldi ráðlegra að flýta sér hægt, svo ekki þyrfti að taka til við breytingar á nýsettum lögum eins og allt of oft á sér stað ef ekki er nægilega vel séð fyrir endann á málinu í heild.

Þó fyrir liggi loforð um breytingar á aðstöðugjaldi og um breytingar á atvinnuleysistryggingalögum, þá þykir okkur kvennalistakonum varlegt að byggja á þeim loforðum, loforðum um eitthvað sem gera á seinna. Slík loforð hafa ekki alltaf reynst haldbær en oft verið gefin.

Þegar við bættist svo það ósamkomulag, sem varð í stjórnarliðinu um frv., sem leiddi til framangreindra breytinga sem viðhalda mismuni milli atvinnugreina í landinu, er ljóst að þingkonur Kvennalistans sjá sér ekki fært að styðja þetta frv. en munu, vegna þess sem fært verður til betri vegar með því og ég hef þegar tíundað, ekki leggjast gegn því heldur sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Lára V. Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þeirri umræðu sem fram hefur farið hér um afstöðu aðila vinnumarkaðar til frv. til laga um tryggingagjald þá er það rétt eins og hér hefur fram komið að Alþýðusamband Íslands hefur ekki tekið formlega afstöðu til þessa frv., ekki frekar en önnur samtök aðila vinnumarkaðarins utan örfá sem sendu inn umsagnir. Það hefur hreinlega ekki gefist tóm til að fjalla um það á þeim vettvangi sem gert er og nauðsynlegt er þegar Alþýðusambandið sendir frá sér formlegar umsagnir. Það þýðir þó ekki að ekki hafi verið fjallað um frv. og efni þess á vettvangi Alþýðusambandsins. Það hefur verið töluvert fjallað um það óformlega og niðurstaðan þar hefur verið sú að menn setja sig ekki upp á móti frv. eins og það liggur fyrir nú, enda hafi það ekki áhrif á rétt fólks til atvinnuleysisbóta eins og hann er í dag. Það vill segja að það er álit Alþýðusambandsins að frv. kveði fyrst og fremst á um skattlagningu á atvinnurekstrinn og að því leyti er hér um verulega einföldun á skattlagningu á atvinnurekstrinn að ræða, og því ber að fagna, en skattlagningin sem slík hefur engin áhrif á réttarstöðu fólks varðandi atvinnuleysisbætur eða lög um atvinnuleysistryggingar. Ef það á að verða þá verður að sjálfsögðu að breyta þeim lögum. Það liggur ekki fyrir neitt stjfrv. um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar en þegar það frv. liggur fyrir þá verður að sjálfsögðu tekin afstaða til þess af hálfu Alþýðusambandsins. Ég tel að frv. hv. 17. þm. Reykv. fullnægi ekki þeim sjónarmiðum og þeim skilyrðum sem Alþýðusambandið setur til laga um atvinnuleysistryggingar.

Ég vil bara ítreka það að Alþýðusambandið setur sig ekki upp á móti frv. til laga um tryggingagjald eins og það lítur hér út, enda hafi frv. ekki nein áhrif á rétt fólks til atvinnuleysisbóta. Þegar slíkar tillögur koma fram þá verður að sjálfsögðu tekin afstaða til þeirra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég heimilaði framlagningu þess frv. sem hér er til afgreiðslu og mun standa að samþykkt þess en neyðist engu að síður til að lýsa yfir miklum vonbrigðum. Þau vonbrigði felast í því að það sem þá var kynnt að ætti að gera var að aðstöðugjald yrði lækkað verulega. Nú virðist sú staða upp komin að því máli er drepið á dreif, svo ekki sé meira sagt, sennilega er verið að svæfa það, en nú eiga laun í atvinnulífinu að sitja ein eftir.

Ég tel að það sé ærið umhugsunarefni fyrir Alþingi Íslendinga, ef við ætlum að auka okkar samstarf við Efnahagsbandalag Evrópu og búa okkar atvinnuvegi undir samkeppni við þetta bandalag, ef við treystum okkur ekki til að breyta þeirri skattlagningu sem verið hefur á fyrirtækin í landinu til samræmis. Aðstöðugjaldið er skattur sem hlýtur að hverfa í framtíðinni. Og mér finnst það dálítið skrýtið að sú niðurstaða skuli hafa orðið í ríkisstjórninni að menn skyldu gefast upp við að ná því máli fram og vísa því aðeins til nefndar og nú seinast samstarfsnefndar um nýja skattheimtu.

Ég lýsi andstöðu við svona vinnubrögð og vil að það komi skýrt fram að mér finnst þetta flótti frá markmiði sem ég kann lítt að meta.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er verið að ræða um hefur ekki verið rætt um við mig. Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð 1988 varð það að samkomulagi að ég yrði boðaður í fjh.- og viðskn. á hvern fund og hefði þar málfrelsi og tillögurétt. Eftir að Borgfl. kom inn í ríkisstjórnina hef ég ekki verið boðaður á þessa fundi. Þegar ríkisstjórnin var mynduð 1988 var því heitið að ég fengi aðstoðarmann til þess að gera mér það mögulegt að vinna að þeim mál-

um og setja mig inn í mál. Slíkt var tekið af um mitt ár.

Ég hef ekki haft möguleika á að kynna mér þessi tekjuöflunarfrv. sem ríkisstjórnin nú leggur hér fram og þar af leiðir að ég mun ekki styðja þau því ég hef ekki lagt það í vana minn að samþykkja það sem ég hef ekki hugmynd um hvað í felst. Ég hef þó skoðað þessa brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur komið hér fram með. Ég er andvígur þessu frv. eins og það er og mun því ekki veita því á nokkurn hátt brautargengi.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég kem hér í ræðustólinn vegna ummæla hv. 15. þm. Reykv. um frv. það sem ég hef hér lagt fram og varðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Nú vill að vísu svo til að það frv. er ekki á dagskrá nú og hefur reyndar ekki komist á dagskrá deildarinnar vegna anna. Því er það heldur óviðurkvæmilegt að vera hér að lýsa afstöðu samtaka sem ekki hafa fengið þetta mál til meðferðar vegna þess að það hefur ekki verið sent neitt til umsagnar enn sem komið er. Hins vegar er það auðvitað ekkert launungarmál að í þessu frv. eru atriði sem gera má fastlega ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands sé andvígt, þ.e. ákvæði þess efnis að menn geti fengið atvinnuleysistryggingabætur án þess að vera félagar í stéttarfélagi, sem mér finnst reyndar svo sjálfsögð mannréttindi að það ætti ekki að þurfa að ræða það einu sinni. En ég ætla að bíða með að ræða það mál efnislega þangað til frv. sjálft kemst á dagskrá.

Hitt er aftur á móti alveg ljóst, eins og hv. 1. þm. Reykv. hefur hér bent á í umræðunni, að það frv. sem hér er til meðferðar kallar óhjákvæmilega á einhverjar breytingar á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar vegna þess að gert er ráð fyrir að fleiri greiði í Atvinnuleysistryggingasjóð heldur en nú er og þess vegna hljóta þeir aðilar að eignast þar einhvern rétt. Reyndar er það svo í dag að ýmsir greiða í sjóðinn án þess að eiga þar rétt til bóta, hafa sem sagt bara skyldurnar en ekki réttindin. Þannig að þetta frv. sem ég hef hér flutt og hefur verið gert að umtalsefni miðar að því að bæta úr þeim réttindaskorti. Auðvitað er það rétt, sem fram kemur í nál. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og Friðriks Sophussonar, að það frv. getur hæglega verið grunnur að frekari breytingum sem þarf að gera í tengslum við þetta tryggingagjald. Og vitaskuld væri það kærkomið að taka þátt í að vinna að frekari endurbótum á þessu sviði á grundvelli þess frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 447 felld með 20:7 atkv.
Brtt. 443,1 (ný 2. gr.) samþ. með 20:2 atkv.
3.–20. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 443,2 (ákv. til brb. I–III falli brott) samþ. með 20:3 atkv.
Ákv. til brb. IV–V (verða ákv. til brb. I–II) samþ. með 20:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 234. mál (tryggingagjald). — Þskj. 336, n. 444.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv., en það er fylgifrv. tryggingagjaldsfrv., og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt, en að meiri hl. standa Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Páll Pétursson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, frh. 2. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 100. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 103, n. 383 og 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. í nál. 384 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 17:10 atkv.
1. gr. samþ. með 18:7 atkv.
2. gr. samþ. með 19:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

39. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum 38. fundi.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál. — Þskj. 485 (sbr. 335).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 18:4 atkv. og afgr. til Ed.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 234. mál (tryggingagjald). — Þskj. 336.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 26:2 atkv. og afgr. til Ed.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 3. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 100. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 103.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 21:7 atkv. og afgr. til Ed.

Starfsmannamál, 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (framkvæmd kjarasamninga og félagsaðild). — Þskj. 172, n. 486.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og fengið umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og var sammála um að mæla með samþykkt frv.

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn en með fyrirvara Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason og Þórhildur Þorleifsdóttir. Þetta frv. gengur út á það að þetta er afleiðing af breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fjallar um það að starfsmenn megi vera áfram í sínum gömlu starfsmannafélögum.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom felst í þessu frv. réttur opinberra starfsmanna til að vera áfram í þeim stéttarfélögum sem þeir voru í áður en verkaskiptingarlögin tóku gildi.

Það er auðvitað ljóst að ef þetta frv. nær ekki fram að ganga nú fyrir áramót þá verða æði margir opinberir starfsmenn í lausu lofti og því er nauðsynlegt að það fái samþykki. En það breytir ekki því að þegar sami háttur var hafður á til að leysa vanda þessa fólks á síðasta þingi fyrir síðustu áramót, þá gerðum við kvennalistakonur athugasemd við það hvernig staðið var að málinu og gerum það enn og þá sérstaklega á grundvelli þess að í þeim kjarasamningi sem hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs undirritaði við BHMR í maí 1989 var eftirfarandi bókun með samningnum sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samningsréttarlögin verði endurskoðuð í samvinnu við öll samtök opinberra starfsmanna. Stefnt verði að því að breytingar þær sem aðilar verða sammála um verði lagðar fram á haustþingi 1989."

Þetta hefur ekki enn náð fram að ganga og viljum við mótmæla því og hvetja til þess að þessi lög séu nú tekin upp hið fyrsta en munum að öðru leyti ekki hindra framgang málsins vegna alls þess fjölda starfsmanna sem vera mun, eins og ég sagði áðan, í lausu lofti ef þetta verður ekki samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1990, 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (lánsheimild ríkissjóðs innan lands o.fl.). — Þskj. 274, n. 487.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1990. Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt, þ.e. Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Páll Pétursson.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Sjálfstæðismennirnir í fjh.- og viðskn. hafa ekki skrifað undir þetta nál., enda er þetta álit eingöngu frá meiri hl. nefndarinnar. Minni hl., þ.e. fulltrúar Sjálfstfl., munu ekki skila sérstöku nál., enda var lögð mikil áhersla á það að þetta mál fengi afgreiðslu núna, og ég segi, án skoðunar í nefnd. Ég vil að það komi skýrt fram að nefndin skoðaði þetta frv. ekki nokkurn skapaðan hlut. Það var fyrir orð hæstv. ráðherra sem þetta mál náði fram að ganga því að hann lagði mikla áherslu á að sú venja skapaðist að lánsfjárlög fyrir yfirstandandi ár væru afgreidd á því sama ári.

Þetta mál er reyndar sáraeinfalt. Hér er verið að gefa hæstv. ríkisstjórn heimild til þess að afla fjár á íslenska lánsfjármarkaðnum, ef ég man rétt, um 6 millj-

arða kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í samþykktum lánsfjárlögum fyrir yfirstandandi ár og enn fremur nýjar lánaheimildir fyrir tvo aðila, annars vegar Lánasjóð ísl. námsmanna og hinn aðilinn er Alþjóðaflugþjónustan, ICAO.

Þetta eru einföld atriði. Kannski þarf ekki að skoða þau mjög náið en það hefði verið full ástæða til þess að ræða um vexti og ræða um það hverjir bera ábyrgð á mjög háu vaxtastigi á Íslandi en þar sem fallist hefur verið á að taka þá umræðu upp utan dagskrár í ótakmarkaðri umræðu hér á eftir í Sþ. þá skal ég ekki gera það að umtalsefni í þessari umræðu.

Þetta frv., sem hér er verið að samþykkja, er í raun og veru sönnunarvottorð þess að það er hæstv. ríkisstjórn með hæstv. forsrh. þjóðarinnar í broddi fylkingar sem stendur fyrir því að auka þrýstinginn á íslenska lánsfjármarkaðinn með þeim hætti að vextirnir eru sífellt að hækka. Þetta sést í húsbréfakerfinu þar sem afföll hafa aukist og nú er verið að taka hér nýtt skref. Ég segi ekki annað en þetta, að menn ættu að skammast sín, hvort sem þeir eru forsætisráðherrar eða í öðrum stöðum í þjóðfélaginu, áður en þeir hlaupa í fjölmiðla með tómt gaspur og vitleysu og skoða málin í eigin garði áður en þeir ráðast á aðra jafnvel þótt það séu nákomnir aðilar. Þessi umræða fer hér fram á eftir og ég skal ekki hafa þessa umræðu lengri að sinni. En þetta dæmi hér er prófvottorð ríkisstjórnarinnar um það hver ber ábyrgð á háu vaxtastigi hér á landi. Það er sá sem næstur talar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það er rétt að það mun ætlunin að ljúka þessu fyrir jólin með umræðu um vexti. Ég skil það vel að hávaxtamenn fagni því sem hefur gerst, en ef einhver á að skammast sín þá eru það þeir.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir hluta af máli hv. 1. þm. Reykv., þ.e. þann hluta sem varðar afgreiðslu þessa máls. (*Gripið fram í.*) Ég vel sjálf mín orð.

Það er rétt sem fram kom að mál þetta var afgreitt á líklega innan við mínútu frammi í stigaherbergi áðan. Umfjöllun um málið var því engin og gafst ekkert ráðrúm til nál. eða annarra viðbragða. Hér er um að ræða breytingar á lánsfjárlögum þar sem farið er fram á heimild til aukinnar lántöku ríkissjóðs um 6 milljarða.

Það vekur nokkra furðu að það skuli hafa ríkt svo mikið óraunsæi í áætlun um fjölda námsmanna í Háskóla Íslands að það hafi skakkað 500 nemendum og því þurfi að auka framlag til sjóðsins um 450 millj. Þetta er nú hvorki meira né minna en nemendafjöldi heils framhaldsskóla og furðulegt að það skuli hafa farið fram hjá ráðamönnum.

Það er líka nokkuð sérkennilegt að það þarf að afla fjár til þess að greiða skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands að upphæð 2 milljarðar. Það sama gildir um þetta. Það er eins og víxillinn hafi gleymst niðri í skúffu og fundist skyndilega. Það getur ekki hafa komið neinum á óvart að það þyrfti að borga þessar skuldir um áramót. Líklega ber hvort tveggja, sem ég hef nefnt, vitni um að verið var í upphafi að reyna að fela staðreyndir en reyndist svo ekki unnt að halda þeim lokuðum ofan í skúffum allt til áramóta.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. forsrh. skyldi taka til máls og skora á hæstv. ráðherra að vera viðstaddan hér umræðu á eftir sem fer fram utan dagskrár um vaxtamálin og sjá til þess einnig að hæstv. viðskrh. verði hér. (Gripið fram í.) Og formaður bankaráðs Búnaðarbankans sem er í þingflokki með hæstv. forsrh. Mér líst þannig á þessi mál og þau orðaskipti sem hafa nú farið fram að full ástæða sé til þess að taka hér nokkurn tíma í dag og ræða það sem hefur verið að gerast í þessum málum. Skal ég ekki hafa fleiri orð um það að sinni en vænti þess að hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. og hv. þm. Guðni Ágústsson, formaður bankaráðs Búnaðarbankans, verði við þá tímabæru umræðu sem fer fram hér á eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 19:5 atkv.
2. gr. samþ. með 19:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 438, n. 480.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 480 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og Ed. afgreiddi það. Alexander Stefánsson og Geir H. Haarde voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Eggert Haukdal, Jón Kristjánsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umfjöllunar er leiðréttingarfrv., frv. sem flutt er til þess að leiðrétta marghátt aðar villur sem komið hafa í ljós eftir að Alþingi afgreiddi síðast lög um þessa stofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins, á síðasta vori. Hér voru afgreidd í miklum flýti, eins og flestir muna eflaust, lög

um svokallaðar félagslegar íbúðir á síðasta vori. Frv. var hraðað með óeðlilegum hætti í gegnum þingið og síðan hefur komið í ljós að á þeirri meðferð voru margháttaðir annmarkar og meinbugir sem þarf að leiðrétta.

Upphaflega frumvarpið, sem hér er til meðferðar, gerir ráð fyrir því að tekið verði af skarið um stimpilgjaldsfrelsi lánssamninga sem Húsnæðisstofnun gerir við framkvæmdaraðila vegna félagslegra íbúða. Skal ég ekki hafa um það atriði mörg orð önnur en þau að með þessari stefnu, bæði þessu atriði og lögunum eins og þau voru samþykkt í vor, kemur auðvitað glöggt fram hvernig mismunað er milli annars vegar þeirra sem notfæra sér félagslegt húsnæði og hins vegar hinna sem reyna að byggja á eigin spýtur. Annar hópurinn verður að borga stimpilgjöld og hinn ekki. Það vill reyndar þannig til að í húsbréfakerfinu hefur fjöldi skjala vaxið mjög sem hver og einn þarf að greiða stimpilgjöld af þannig að kostnaður vegna þessa þáttar hefur stórhækkað að undanförnu hjá venjulegu fólki sem ekki er í félagslega kerfinu. En látum það vera. Ég skal ekki eyða frekari tíma í það. Ég bendi bara á þetta ósamræmi sem hér er.

Að því er varðar önnur atriði sem inn í þetta frv. hafa komið í meðferð Ed. er þess að geta að í 1. gr. hafa verið teknar inn þrjár leiðréttingar sem greinilega hefur þótt nauðsynlegt að gera eftir að menn fóru að skoða ráð sitt eftir að lögin voru afgreidd í vor. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að bera þetta saman í þeim önnum sem hafa verið hér undanfarnar klukkustundir og dægur, bera nákvæmlega saman hvort þessar tilvitnanir og annað er rétt en treysti því að svo sé.

Hins vegar er í 3. gr. frv. vikið að því máli sem ég gerði hér að umtalsefni hinn 26. nóv. sl. í framhaldi af því að út var gefin sérprentun félmrn. á lögum um Húsnæðisstofnun frá 1988, með síðari breytingum. Ég vakti máls á því að ráðuneytið hefði tekið sér það vald að leiðrétta texta í lögunum í þessari sérprentun og þó svo að slík breyting ráðuneytisins hefði að sjálfsögðu ekki lagagildi væri hún villandi og óheimil og nálgaðist það að vera fölsun. Ég fagna því þess vegna sérstaklega að það er farið að mínum ráðum í þessu efni. Ég lagði það til í umræðum hér þann 26. nóv. sl. að þessu yrði breytt með lögum í einhverju af þeim frv. sem væntanleg væru frá ráðherra um þetta mál. Það er gert hér og ég hlýt auðvitað að fagna því.

Hins vegar er það svo, virðulegi forseti, að það virðist ekki ætla af þessum málum að ganga, af þessu blessaða frv. eða þessum blessuðu lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, og öllum þeim mistökum og villum sem inn í þau hafa slæðst. Ég sé ekki betur, virðulegi forseti, en að í þessari meðferð hafi komið inn enn ein villa og vil þess vegna gefa forseta færi á að leiðrétta hana fyrir 3. umr. Mér hefði auðvitað verið í lófa lagið að bíða með að benda á það þangað til við 3. umr. eða þangað til að lögin væru samþykkt. Í 4. gr. frv., eins og nú stendur, segir:

„Fjmrh. er heimilt að endurgreiða stimpilgjald af skjölum þeim sem um getur í 1. gr. og stimpluð voru eftir 1. júní sl.“

1. gr. fjallar ekki um neina endurgreiðslu stimpilgjalda. 1. gr. fjallar nú um allt annað. 2. gr. frv. fjallar um þetta. 4. gr. vísar þess vegna í ranga grein og enn á ný verður þessu ekki breytt nema með brtt. sem ég vænti að aðstandendur þessa frv. muni flytja við 3. umr. ef þeir vilja koma þessu máli hér í gegnum þingið með réttum hætti til þess að ekki komi enn einu sinni skökk lagatilvísun eða enn ein villan inn í þessi blessuð, vesalings lög.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti mun gera ráðstafanir til þess að þessi augljósa villa verði leiðrétt áður en frv. fer út úr þessari hv. deild og verður það gert þegar í stað.

Það hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs um frv. og er umræðu lokið og mun nú forseti freista þess að ná fram atkvæðagreiðslu og taka þá inn breytinguna á húsnæðisstofnunarfrv. við 3. umr. Forseta er þó ami að því að samþykkja greinar frv. vitlausar, eins og þær eru núna og væri þess vegna tilbúinn að doka aðeins við. Hér geta farið fram atkvæðagreiðslur um 4. og 5. dagskrármálið á meðan starfsmenn útbúa brtt. sem gæti þá komið fyrir þennan fund með afbrigðum og mætti þá greiða um hana atkvæði um leið og greidd eru atkvæði um einstakar greinar frv. En til þess að svo megi verða þarf forseti að ná sambandi við virðulega starfsmenn þingsins.

Forseta hefur verið greint frá því að sú villa í frv., sem hv. 17. þm. Reykv. benti á og honum eru færðar þakkir fyrir, er villa í frágangi á stöðuskjali og verður frv. prentað upp og því dreift hér fyrir atkvæðagreiðsluna með réttum tölum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

40. fundur, föstudaginn 21. des.,
að loknum 39. fundi.

Starfsmannamál, 3. umr.

Stjfrv., 159. mál (framkvæmd kjarasamninga og félagsaðild). — Þskj. 172.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1990, 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (lánsheimild ríkissjóðs innan lands o.fl.). — Þskj. 274.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 19:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 494).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál (stimpilgjald). — Þskj. 438.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 495).

Jólakveðjur.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Nú er komið að lokum þessa síðasta fundar hv. deildar fyrir jólahlé. Ég þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir mjög ánægjulegt og gott samstarf sem hefur greitt fyrir störfum í deildinni. Hefur ekki síst reynt á það nú hin síðustu dægrin. Fyrir það góða samstarf er ég mjög þakklátur.

Ég óska hv. þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Einnig óska ég skrifstofustjóra og starfsfólki öllu gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári um leið og ég þakka þeim ánægjulegt samstarf og fyrirgreiðslu alla sem gjarnan er unnin við mjög erfiðar aðstæður og sem auðvitað hefur ekki síst reynt á þessa síðustu daga og nætur.

Þeim hv. þingdeildarmönnum sem eiga um langan veg heim að fara og reyndar öllum þingdeildarmönnum, hvort sem þeir fara um langan veg eða skamman, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

Ólafur G. Einarsson:
Ég þakka hæstv. forseta hlý og vinsamleg orð í garð okkar þingdeildarmanna. Ég þakka forseta réttláta og röggsama fundarstjórn og góða forustu um störf þingdeildarinnar. Ég þakka honum sérstaklega fyrir lipurð við okkur þingmenn, ekki síst nú í önnum þessara síðustu daga.

Í nafni okkar þingdeildarmanna óska ég hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég þakka einnig í nafni okkar þingdeildarmanna starfsfólki þingsins fyrir vel unnin störf. Ég læt í ljósi þá von að við megum öll hittast heil á nýju ári. Ég ítreka árnaðaróskir okkar til hæstv. forseta og bið hv. þingdeildarmenn að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Árni Gunnarsson):
Ég þakka góðar óskir hv. 2. þm. Reykn. og deildarinnar allrar sem mér og minni fjölskyldu hafa verið fluttar hér og nú. Ég endurtek einnig góðar óskir mínar til hv. þm. og starfsfólks Alþingis og lýsi þeirri ósk minni að þeir megi eiga friðsæl og gleðileg jól.

EFRI DEILD

35. fundur, föstudaginn 21. des.,
kl. 11 árdegis.

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 451, n. 475.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 475 um frv. til laga um Útflutningsráð Íslands, en þetta nál. er frá fjh.- og viðskn. Það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt."

Undir þetta rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Eiður Guðnason og Eyjólfur Konráð Jónsson, en Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Það var haldinn fundur um þetta í nótt eftir að fundi var slitið hér í hv. deild.

Hæstv. viðskrh. gerði hér ítarlega grein fyrir þessu frv. og ég geri ráð fyrir því að það sé í fersku minni þingmanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 362, n. 476.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 476 frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76 frá 19. ágúst 1987, um Iðnlánasjóð. En svo segir í nál.:
„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt."
Undir þetta rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Eiður Guðnason og Eyjólfur Konráð Jónsson. Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.
Þetta mál er fylgifrv. þess máls sem var rætt hér áðan, um Útflutningsráð, og felst í því að sá tekjustofn sem Iðnlánasjóður hefur til umráða hefur verið lækkaður úr 0,25% í 0,16%.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (lækkun gjalds og niðurfelling). — Þskj. 466, n. 472 og 473.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 472 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78 frá 23. des. 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.
Eins og fram kemur er hér um að ræða meirihlutaálit því að nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meirihlutaálitið er á þessa leið:
„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess."
Undir þetta álit rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason og Guðrún J. Halldórsdóttir.
Eins og gerð var grein fyrir í gær af hálfu hæstv. fjmrh. er hér um að ræða lækkun á jöfnunargjaldi. Það lækkar um 1% núna um næstu áramót, úr 5% í 4%, og síðan lækkar það enn frekar þegar líða tekur á árið.
Eins og ég sagði mælir meiri hl. fjh.- og viðskn. með því að frumvarpið verði samþykkt. Hérna er um að ræða skattalækkun og er það kannski nokkuð óvenjulegt á þessum tíma þegar fjárlagahalli er mikill.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):
Herra forseti. Minni hl. skilar svofelldu nál.:
„Minni hluti nefndarinnar tekur ekki þátt í afgreiðslu þessa frv. og vísar um það til nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. á þskj. 428."
Þetta nál. minni hl. í Nd. er mjög ítarlegt og skýrir afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli. Það er ekki ástæða til þess á síðasta degi þingsins fyrir jólaleyfi að orðlengja um málið þar sem menn geta lesið sér til um okkar álit í nál. Nd. Það er auðvitað önnur hlið á þessu máli en að það sé beint um lækkanir að ræða og ég skal ekkert fara út í það. Það skýrir sig af nál. sem menn hafa aðgang að og ég hef þegar getið um.
Við munum sem sagt láta málið afskiptalaust.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 398, n. 474.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegur forseti. Ég mæli hérna fyrir nál. á þskj. 474 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Nefndarálitið er svohljóðandi:
„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess."
Undir rita nefndarmennirnir Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason.
Mál þetta, eins og fram kemur, er um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Hér er einkum verið að fjalla um að breyta þeim ákvæðum virðisaukaskattslaga er lúta að innheimtu, en í frv. er gert ráð fyrir að lögbundnar verði svokallaðar sjóðvélar til þess að auðvelda alla innheimtu og frv. að meginstofni til flutt að

áeggjan skattrannsóknarstjóra til þess að eiga auðveldara með að hafa eftirlit með þeim aðilum sem ber samkvæmt lögum að skila virðisaukaskatti.

Ég vísa til þess sem fram kemur í frv. og er nokkuð skýrt um þessi atriði og legg til að málið verði samþykkt.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Um þetta mál er hið sama að segja og það síðasta að við höfum kannski ekki athugað það nægilega vel, en við munum ekki, sjálfstæðismenn, torvelda neitt framgang þess og munum láta afgreiðsluna óátalda hér í þessari hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

36. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum 35. fundi.

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 451.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 482).

Iðnlánasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 362.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 483).

Jöfnunargjald, 3. umr.

Stjfrv., 167. mál (lækkun gjalds og niðurfelling). — Þskj. 466.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 484).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (sjóðvélar o.fl.). — Þskj. 398.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 492).

EFRI DEILD

37. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum 36. fundi.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál. — Þskj. 485 (sbr. 335).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um tryggingagjald. Eins og hv. þm. er kunnugt kom út fyrir nokkru síðan skýrsla sérstakrar nefndar sem hefur unnið að endurskoðun skattlagningar atvinnulífsins í samræmi við óskir aðila vinnumarkaðarins sem fram voru settar fyrr á þessu ári.

Á undanförnum árum hafa gengið hér í gegn tvær mikilvægar kerfisbreytingar í skattkerfinu. Í fyrsta lagi staðgreiðslan og í öðru lagi virðisaukaskatturinn. Nú er komið að þriðju kerfisbreytingunni sem er viðamiklar breytingar á skattlagningu atvinnulífs. Þær breytingar þarf að framkvæma í áföngum. Um er að ræða fyrsta áfanga þeirrar breytingar þar sem margvísleg launatengd gjöld eru sameinuð í eitt gjald, tryggingagjald.

Markmiðið með endurskoðun skattlagningar atvinnulífs á Íslandi er annars vegar að styrkja samkeppnisstöðu þess gagnvart alþjóðlegri samkeppni og hins vegar að auka jafnræði milli einstakra atvinnugreina. Í helstu viðskiptalöndum okkar hefur sú breyting orðið fyrir alllöngu síðan að tryggingagjald af því tagi sem hér er lagt til er orðið samræmdur skattstofn í atvinnulífinu og reyndar í flestum löndum mun hærri en hér er lagt til. Aðrir áfangar í þessum breytingum hljóta að verða breytingar á tekjuskatti fyrirtækja og svo einnig afnám aðstöðugjalds sem allir sérfræðingar og forsvarsmenn í atvinnulífi eru sammála um að sé mjög óeðlilegt og óhagkvæmt gjald út frá nútímasjónarmiðum í rekstri atvinnulífs.

Ríkisstjórnin hefur sett fram þá stefnu sína að vinna beri að afnámi aðstöðugjaldsins. Mér er kunnugt um að Vinnuveitendasamband Íslands er einnig sömu skoðunar og hefur sérstök nefnd á þess vegum unnið að mótun tillagna um það efni. Viðræður hafa farið fram milli félmrh. og fjmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Í kjölfarið hefur verið ákveðið að skipa sérstaka nefnd sem gera á tillögur um afnám aðstöðugjaldsins upp úr miðju næsta ári.

Það frv. sem ég mæli fyrir felur í sér að hin ýmsu launatengdu gjöld eru samræmd í eitt gjald og lögfest er fyrsta þrepið í þeim breytingum, 2,5% á ákveðnar atvinnugreinar og 6% á aðrar. Sú skoðun hefur komið fram í meðferð málsins í þinginu að breyting er gerð frá hinum upphaflega búningi frv. þar sem allir áfangarnir voru lögfestir en nú er aðeins lögfestur þessi fyrsti áfangi. Síðan yrði lögfesting næstu áfanga tengd afnámi aðstöðugjalds í áföngum á næstu tveimur til þremur árum. Þannig yrði tengd saman sú breyting að færa tryggingagjaldið í eina tölu og samræma það þannig algerlega milli atvinnugreina og hins vegar að afnema aðstöðugjaldið stig af stigi. Markvisst verður unnið að tillögum um þetta efni á næstu mánuðum.

Ég vona, virðulegur forseti, að þessi orð mín skýri þau grundvallaratriði sem er að finna í þessu frv. og mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 234. mál (tryggingagjald). — Þskj. 336.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það frv. sem ég mæli nú fyrir er fylgifrv. með frv. um tryggingagjald. Gert er ráð fyrir að tryggingagjald verði innheimt í staðgreiðslu og innheimta þess felld að staðgreiðslulögunum. Það er enn frekari liður í almennri hagræðingu skattkerfisins og samræmingu hinna ýmsu skattaðferða. Mælist ég til þess að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. ásamt tryggingagjaldsfrv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

38. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum 37. fundi.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál. — Þskj. 485 (sbr. 335), n. 488, 489 og 490.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 488 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um tryggingagjald. Þetta mál kom í dag til hv. Ed. frá Nd. þar sem gerðar voru nokkrar breytingar á frv. frá því sem það var kynnt við 1. umr. í Nd.

Helstu breytingar eru að það var ákveðið að gjaldið skyldi vera í tveimur þrepum. Annars vegar 2,5% á landbúnað, iðnað og fiskvinnslu, en hins vegar 6% á aðrar greinar.

Nefndin fjallaði um frv. á fundi áðan og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess.

Undir þetta nál. rita Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason og Guðmundur Ágústsson, með fyrirvara.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hefur hv. fjh.- og viðskn. fjallað nokkuð um þetta mál og síðast nú fyrir nokkrum mínútum á fundi sínum. Málið var að koma frá hv. Nd. Þar fluttu sjálfstæðismenn brtt. við frv. sem ekki náðu fram að ganga. Með hliðsjón af því er hér flutt nál. 1. minni hl., sem hljóðar svo: „Þar sem brtt. sjálfstæðismanna við þetta frv. náðu ekki fram að ganga í Nd., sbr. þskj. 447 og nál. á þskj. 450, tekur 1. minni hl. nefndarinnar ekki þátt í afgreiðslu frv.“ Undir þetta skrifuðum við hv. þm. Halldór Blöndal.

Ég held að þetta skýri málið. Það hefur ekki verið nægilega rætt í Ed. og þess vegna kannski ekki von að nefndin geti eða vilji, eða minni hl. alla vega, standa að samþykkt þessa frv. Það þarf að breyta þar ýmsum

hlutum og við höfum valið þann kost til að flýta fyrir störfum að sitja hjá og tefja ekki málið.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Virðulegur forseti. Í fjarveru hv. 18. þm. Reykv. mæli ég fyrir nál. á þskj. 490 frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Þar segir, með leyfi forseta:
„Þingkonur Kvennalistans sjá sér ekki fært að styðja frv., en leggjast ekki gegn því heldur sitja hjá við afgreiðslu málsins, sbr. nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. á þskj. 477."
Undir þetta ritar Guðrún J. Halldórsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10:3 atkv.
3.–20. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Ákv. til brb. I–II samþ. með 9:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 234. mál (tryggingagjald). — Þskj. 336, n. 491.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 491 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda með síðari breytingum. Nál. þetta er frá meiri hl. fjh. og viðskn. en nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frv.
Þetta mál kemur frá hv. Nd. þar sem það hefur fengið ítarlega umfjöllun. Nefndin hittist á fundi og komst meiri hl. hennar að svohljóðandi niðurstöðu:
„Nefndin fjallaði um frv. og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt."
Undir nál. rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

39. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum 38. fundi.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál. — Þskj. 485 (sbr. 335).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 496).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 234. mál (tryggingagjald). — Þskj. 336.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 497).

Starfsmannamál, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (framkvæmd kjarasamninga og félagsaðild). — Þskj. 172.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):
Virðulegi forseti. Þegar Alþingi samþykkti á sínum tíma ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var það ekki athugað sem skyldi að í raun felst breytt verkaskipting í því að flytja fólk en ekki verkefni milli þessara tveggja stjórnstiga. Því miður var ekki nægilega hugað að því að við þessa breytingu eru þúsundir af starfsfólki sem færast frá sveitarfélögum til ríkis. Það hefur þær afleiðingar samkvæmt gildandi lögum að þessir starfsmenn ættu samkvæmt þeim að breyta um stéttarfélag og ýmsar aðrar breytingar að verða á þeirra stöðum.
Á þessu ári hefur verið lögð mikil vinna í það af hálfu fjmrn., heilbrrn. og annarra ráðuneyta og forustumanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að

finna viðeigandi lausnir á þessu vandamáli. Í þessu frv. er lagt til að lögfesta breytingar sem eiga að auðvelda það sem þingið var áður búið að ákveða í lögum. Ein af þeim leiðum sem þarna eru farnar er að heimila fjmrn. einnig að flytja framkvæmd kjarasamninga út til einstakra stofnana og heim í héruð til þess að flytja ekki þá starfsemi og það forræði sem áður var heima í héraði suður til Reykjavíkur eða í miðstýrðan hluta stjórnkerfisins. Er ég sannfærður um að það er einnig jákvæður og nauðsynlegur þáttur í þessum breytingum.

Þetta mál hefur ekki verið ágreiningsmál hér á hv. Alþingi og mælist ég til þess að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

40. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum 39. fundi.

Starfsmannamál, 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (framkvæmd kjarasamninga og félagsaðild). — Þskj. 172, n. 493.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 493 frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um starfsmannamál o.fl. í kjölfar breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Mál þetta hlaut afgreiðslu í dag frá Nd. Það voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við frv. og engar breytingar gerðar í meðförum málsins í hv. Nd.

Á fundi núna áðan var málið tekið fyrir í hv. fjh.- og viðskn. og voru menn sammála um að afgreiða málið frá deildinni. Hins vegar voru menn ekki sammála um að á sínum tíma hafi fólk verið flutt en ekki verkefni, eins og fram kom í máli hv. fjmrh. Á sínum tíma þegar frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var afgreitt var verið að flytja verkefni á milli ríkis og sveitarfélaga, fólkið gleymdist ekki heldur var galli í frv.

Allir nefndarmenn eru sammála efni frv. og rita þeir undir og mæla með að það verði samþykkt. Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

41. fundur, föstudaginn 21. des., að loknum 40. fundi.

Starfsmannamál, 3. umr.

Stjfrv., 159. mál (framkvæmd kjarasamninga og félagsaðild). — Þskj. 172.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 498).

Jólakveðjur.

Forseti (Jón Helgason):
Þessi fundur í Ed. er hinn síðasti fyrir jólahlé. Vil ég leyfa mér að þakka hv. deildarmönnum ágætt samstarf það sem af er þessu þingi og umburðarlyndi í minn garð. Ég þakka varaforsetum og skrifurum fyrir ágæta aðstoð, enn fremur skrifstofustjóra og starfsliði öllu fyrir ágætlega unnin störf á því ári sem nú er að líða og þá ekki síst fyrir hina góðu vinnu sem það hefur innt af hendi þessa síðustu daga í miklum önnum og ávallt aðstoðað forseta svo að hvergi hefur skeikað.

Ég óska hv. deildarmönnum og starfsliði Alþingis ásamt fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og vænti þess að við megum öll hittast hér á nýju ári að loknu jólahléi.

Guðmundur H. Garðarsson:
Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd þingdeildarmanna þakka forseta hlý orð og góðar óskir okkur og fjölskyldum okkar til handa. Þá vil ég þakka virðulegum forseta fyrir réttláta og góða fundarstjórn í deildinni, sérstaklega á síðustu annríkisdögum. Við færum forseta og fjölskyldu hans okkar bestu jóla- og nýársóskir og ég læt í ljós þá von að við megum öll hittast hér heil á nýju ári.

Ég tek undir þakkir forseta til skrifstofustjóra og starfsmanna þingsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf. Jafnframt færi ég starfsfólki bestu jóla- og nýársóskir.

Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að staðfesta þess-

ar þakkir og óskir til forseta deildarinnar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason):
Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hlý orð í minn garð og hv. deildarmönnum öllum fyrir undirtektir þeirra við þessar óskir.

SAMEINAÐ ÞING

37. fundur, föstudaginn 21. des.,
að loknum deildafundum.

Umræður utan dagskrár.
Vaxtastefna ríkisstjórnarinnar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Á dagskrá þessa fundar er einungis eitt mál, frestun á fundum Alþingis. Hins vegar hefur hv. 1. þm. Suðurl. farið þess á leit að fá að ræða við hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingar forsrh. eins og hv. þm. kýs að nefna erindi sitt. Forseti hefur leyft ómælda umræðu þar sem ekki náðist samkomulag um umræðu samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga. Hins vegar vill nú forseti með tilliti til þess að mjög dregur nær jólum, að starfsfólk hér hefur unnið ofurlangan vinnudag nú um langt skeið og hv. þm. eru eflaust orðnir þreyttir og í þörf fyrir að komast til síns heima, fara fram á að miðað sé að því að þessi umræða standi ekki mikið lengur en 1–1½ klukkutíma. Ég vænti þess að samstarf náist um að stefna að þessu og menn stilli máli sínu í hóf sem mest þeir mega, en að sjálfsögðu hefur forseti ekki leyfi til að hindra menn á nokkurn hátt. (Gripið fram í.) Skrifari minn bendir mér á að minna hv. þm. á að vera hér í húsinu til þess að unnt sé að samþykkja tillögu um frestun þinghalds.

Þorsteinn Pálsson:
Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir hversu ljúfmannlega var orðið við erindi mínu um að fá að taka hér til umræðu vaxtastefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Tilefni þess að ég hef óskað eftir að taka vaxtastefnu hæstv. ríkisstjórnar til umræðu er fyrst og fremst yfirlýsingar hæstv. forsrh. í gærkvöldi og í morgun í fjölmiðlum þar sem hæstv. ráðherra reynir að þvo af sér ábyrgð á vaxtahækkunum sem eru bein afleiðing af efnahags- og fjármálastefnu hæstv. ríkisstjórnar. Hér hefur verið með miklum eindæmum staðið að verki og ég hygg að fá dæmi séu um að ráðherra hafi með þessum hætti reynt að þvo hendur sínar af afleiðingum eigin verka. Það er að vísu ekki fátítt að ráðherrar Framsfl. geri þetta, en ég hygg að það sé með eindæmum að það sé gert með þeim hætti að hnútum sé kastað innbyrðis á milli þingmanna Framsfl.

Á undanförnum missirum hafa skapast hér skilyrði fyrir betra jafnvægi á lánsfjármarkaði og lækkun raunvaxta. Tvær meginástæður eru fyrir þessu. Fyrri ástæðan er sú sem um getur í nýlegri skýrslu Seðlabankans um þessar aðstæður sem bankinn telur vera straumhvörf er megi rekja til breyttrar vaxtastefnu á undanförnum árum sem hafi örvað innlendan sparnað og dregið úr eftirspurn eftir lánsfé. En það er kunnara en frá þurfi að segja að þessi breytta vaxtastefna hefur verið það atriði í íslenskum stjórnmálum sem hæstv. forsrh. hefur hvað hatramlegast barist gegn. Það er önnur ástæðan fyrir því að hér hafa skapast skilyrði fyrir jafnvægi á lánamarkaði og lækkun raunvaxta. Hitt skilyrðið er þeir kjarasamningar sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu í byrjun þessa árs. Með öðrum orðum, í annan tíma hafa ekki verið betri skilyrði til þess að viðhalda hér jafnvægi á lánamarkaði og ná niður raunvöxtum.

En hvað gerist þegar skilyrðin eru hagstæðari en í annan tíma til þess að ná því markmiði að viðhalda hér jafnvægi á lánamarkaði og lækka raunvexti? Hvað gerist við þessar aðstæður? Á sama tíma hækka raunvextir mjög verulega og afleiðing af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á þessu ári er veruleg hækkun á raunvöxtum. Ef við lítum á verðtryggð lán er það mat Seðlabankans að þau hafi hækkað að meðaltali frá því að vera 6% á síðasta ári upp í að vera 7,4% á þessu ári og að óverðtryggð lán hafi hækkað frá því að vera 4,7% á síðasta ári upp í að verða 8,6% að meðaltali á þessu ári.

Menn minnast þess einnig, þegar vextir af spariskírteinum ríkissjóðs voru um 6% í byrjun þessa árs, að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar voru gefin út sver loforð og mikil fyrirheit um að raunvextir af spariskírteinum ríkissjóðs mundu lækka og fara niður í 5%. Í stað þess að lækka hafa vextirnir af spariskírteinum ríkissjóðs hins vegar hækkað og hafa að undanförnu verið rúmlega 7%. Þetta er afleiðing af efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar. Á þennan veg hefur hæstv. ríkisstjórn notað bestu skilyrði sem hér hafa verið í langan tíma til þess að viðhalda jafnvægi á lánamarkaði og ná niður raunvöxtum. Þetta er árangurinn af því og samt leyfir hæstv. forsrh. sér að koma fram fyrir þjóðina í fjölmiðlum og freista þess að þvo hendur sínar af afleiðingum þessarar stefnu og af ákvörðunum sem bankaráð Búnaðarbankans hefur tekið, en þar eiga stjórnarflokkarnir á að skipa tryggum meiri hluta. Það er þetta sem að mínu mati er ámælisvert og ástæða til að taka hér til umræðu.

Það hefur ekki farið fram hjá nokkru mannsbarni að að undanförnu hafa hagfræðingar bent á að verulegar veilur séu í efnahagsstefnu stjórnarinnar, peningamagn í umferð hafi aukist langt umfram almennar verðlagshækkanir og afleiðingin af því kyndi undir verðbólgu. Í skýrslu Seðlabankans sem birtist í byrjun þessa mánaðar segir svo, með leyfi forseta:

„Vissar líkur benda því til þess að nú sé svikalogn á lánamarkaðnum og það geti breyst skyndilega þegar efnahagslífið kemst upp úr lægðinni. Því er afar

brýnt að dregið verði úr lánsfjárþörf hins opinbera og einnig heimila svo að rúm skapist fyrir óhjákvæmilega lánsfjármiðlun til atvinnulífsins á ný. Hætt er við að stjórntæki á sviði peninga- og lánamála nægi ekki til að viðhalda jafnvæginu þegar efnahagshjólið fer að snúast hraðar, heldur verði að treysta á verulegt framlag ríksfjármála í þeim efnum."

Og á öðrum stað segir, með leyfi forseta:

„En hér þarf ekki mikið út af að bera til að aðstæður breytist verulega svo að hið opinbera eða aðrir geirar þurfi að sætta sig við meiri erlend lán en að er stefnt. Slík staða kynni einnig að leiða til þess að vextir á innlendum lánamarkaði hækkuðu." Hækkuðu enn frá því sem þeir eru í dag og hafa þeir þó stöðugt verið að hækka á þessu ári.

Með öðrum orðum, Seðlabanki Íslands hefur í byrjun þessa mánaðar gefið út mjög alvarlega aðvörun í þessu efni. Og hann hefur beint spjótum sínum að hæstv. ríkisstjórn og bent á að nauðsynlegt sé að draga úr eftirspurn ríkissjóðs eftir lánsfjármagni. En við höfum hér í dag, eða stjórnarmeirihlutinn réttara sagt, verið að taka ákvarðanir um fjárlög næsta árs með verulegum halla þar sem fleiri milljörðum er sópað undir teppið og þeir faldir með ýmsum hætti og ákvarðanir hafa verið teknar hér í dag af stjórnarmeirihlutanum um að stórauka lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs á næsta ári. Það eru þessar ákvarðanir sem leiða til þess að vextir munu enn hækka á næsta ári, ákvarðanir sem stjórnarmeirihlutinn hefur tekið undir forustu hæstv. ríkisstjórnar og verkstjórn hæstv. forsrh.

Í útvarpinu í dag sagði forseti Alþýðusambands Íslands um ákvörðun bankaráðs Búnaðarbankans að það væri ekki hún ein og sér sem ylli verkalýðshreyfingunni mestum áhyggjum. Það væri hækkun raunvaxta sem þegar væri orðin og hann óttaðist að toppinum væri ekki náð, heldur yrði um meiri hækkanir að ræða á næsta ári. Og vegna hvers? Það var álit forseta Alþýðusambands Íslands að það væru tvær meginástæður fyrir þeim hækkunum sem orðið hafa og þeim hækkunum sem í vændum væru. Það væri hallinn á ríkissjóði og útgáfa húsbréfa. Með öðrum orðum, hvor tveggja þessara meginástæða er afleiðing af ákvörðunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið. Sá ótti sem forustumaður verkalýðsfélaganna í landinu ber í brjósti vegna þeirra vaxtahækkana sem orðnar eru og þeirra vaxtahækkana sem í vændum eru stafar af því að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið ákvarðanir sem leiða þetta af sér. Það er því deginum ljósara og kristaltært að það sem gerst hefur í þessum efnum er afleiðing af ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar sem hún getur ekki þvegið hendur sínar af og hún minnkar sjálfa sig af því að gera tilraunir til þess að þvo hendur sínar.

Pétur Benediktsson bankastjóri orðaði það einhvern tíma svo, þegar framsóknarmenn voru að glíma við afleiðingar eigin ákvarðana, að það læknaði enginn rauða hunda með því að velta sér upp úr hveiti. Og mér sýnist að af hálfu hæstv. forsrh. eigi nú að reyna að endurtaka þennan leik með því að gera afleiðingarnar af eigin ákvörðunum að ádeiluefni og reyna að þvo hendur sínar með þeim hætti.

Í fréttatíma Stöðvar 2 í gærkvöldi vék hæstv. forsrh. aðspurður að ákvörðun Búnaðarbankans. Sérstök ástæða er til þess að ræða hér um vísitöluviðmiðanir þær sem hæstv. forsrh. vitnaði til. Í viðtalinu segir hann: Og nú kemur út lánskjaravísitala sem er lægri jafnvel en þetta, framfærsluvísitala frá því lægsta sem hefur verið samið um. — Það er athyglisvert að skoða þessi ummæli í ljósi skýrslu Seðlabankans sem nú er nýkomin út. Þar er vissulega á það bent að lánskjaravísitalan fram til 1. jan. verði 5,7–6,7%, en þegar líður er til fyrstu mánaða næsta árs verði verðbólga enn meiri eða 7–10%. Þetta eru þær nýju niðurstöður sem koma frá Seðlabankanum og hæstv. forsrh. lét kyrrt liggja að vitna til. Það er líka ástæða að vitna til þess og rifja það upp að nú er verið að tala um breytta lánskjaravísitölu þar sem vægi launa er meira en áður. Og þegar laun hækka hækkar lánskjaravísitalan meir og hún kemur með meiri þunga niður á skuldurum. En hver skyldi hafa beitt sér fyrir því að þessi breyting var gerð sem nú er að koma fram í meiri vaxtabyrði en ella hefði orðið? Skyldi það ekki vera hæstv. forsrh.? Og samt kemur hæstv. ráðherra fram fyrir þjóðina og reynir að þvo hendur sínar.

En hæstv. ráðherra hélt áfram aðspurður í nefndu viðtali. Með leyfi forseta sagði hæstv. ráðherra: „Og ég vil segja það að það að hækka svona vexti eftir einhverri sjálfvirkri formúlu er andstætt bankalögum, er beinlínis ólöglegt og þeir menn sem veljast þarna í bankaráð eru ekki vanda sínum vaxnir." Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir, í fyrsta lagi, að bankaráð Búnaðarbanka Íslands hafi tekið ákvarðanir sem brjóti bankalögin. Með öðrum orðum, að kjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga til þess að stjórna Búnaðarbankanum hafi gerst lögbrjótar. Þetta er yfirlýsing hæstv. forsrh. og er býsna alvarlegt mál og útilokað annað en að Alþingi sýni einhver viðbrögð við svo alvarlegri ásökun gagnvart mönnum sem þingið hefur sýnt þann trúnað að sitja yfir Búnaðarbankanum og fara þar með æðstu stjórn. Ég held að það hljóti að vera einsdæmi í sögunni að trúnaðarmenn Alþingis, þar á meðal fulltrúar meiri hlutans á hv. Alþingi, séu bornir slíkum sökum af hæstv. forsrh. Hann heldur því enn fremur fram að bankaráðsmennirnir séu ekki vanda sínum vaxnir. Fyrir utan það að saka þá um lögbrot lýsir hann yfir fullu vantrausti á bankaráðsmönnunum. Og þegar hæstv. ráðherra er að því spurður hvort þetta séu ekki ríkisbankar og hvort stjórnarmeirihlutinn beri ekki nokkra ábyrgð á kjöri meiri hluta fulltrúa í bankaráðinu svarar hæstv. ráðherra með þessum orðum, með leyfi forseta: „Við kjósum það. Ég mundi ekki kjósa þá sömu bankaráðsmenn aftur ef hér væri kosið á morgun." Vantrauststyfirlýsingin er svo algjör að formaður Framsfl., hæstv. forsrh., lýsir því yfir að jafnvel sá fulltrúi sem Framsfl. hefur kosið í bankaráðið og gegnir þar formennsku fái þá vantrauststyfirlýsingu að jafnvel þótt kosið yrði á morgun yrði hann ekki endurkjörinn. Þetta er einsdæmi og engin önnur dæmi um yfirlýsingar af þessu tagi af hálfu stjórnvalda og hljóta enn fremur að kalla á viðbrögð af hálfu Alþingis.

Ég vil því varpa þeirri spurningu fram til hæstv.

forsrh. hvernig hann ætli að fylgja þessari yfirlýsingu eftir. Eða er hún kannski bara marklaus? Ætlar hæstv. ráðherra að koma hér upp og segja: Ég meinti þetta ekki? En ef mark á að taka á þessari yfirlýsingu, hvernig á að fylgja henni eftir? Ég get lýst því yfir hér að ég er reiðubúinn til þess að beita mér fyrir því, eða a.m.k. að taka þátt í því ef hæstv. forsrh. óskar, að kjörtímabili bankaráðs Búnaðarbankans verði breytt með lögum þannig að það verði án tafar hægt að kjósa til þess á ný og þá komi í ljós hvaða fulltrúar í bankaráðinu njóta enn trausts Alþingis og hverjir ekki. (**Menntmrh.:** Samþykkti Halldór Blöndal ekki hækkunina?) Ég er reiðubúinn til þess að leggja mitt lið til þess að þetta verði gert ef hæstv. forsrh. óskar eftir. Ég sé hins vegar ekki að orð hans geti staðið nema hann fylgi þeim eftir með einhverri ákvörðun af þessu tagi. Og ég vil enn fremur inna hæstv. ríkisstjórn eftir því til hvaða ráða hún ætlar að grípa til þess að nýta þau óvenjugóðu skilyrði sem nú eru og hafa ekki verið betri í annan tíma til þess að viðhalda hér jafnvægi á lánamarkaði og halda niðri raunvöxtum. Við höfum varpað þessum spurningum fram í umræðum hér undanfarnar vikur hvað eftir annað án þess að nokkur svör hafi fengist frá hæstv. ríkisstjórn. Við höfum bent á hver þróunin hefur verið og hvert stefnir í þessu efni. Og við höfum óskað eftir því að hæstv. ríkisstjórn sem hefur verið að reyna að þvo hendur sínar af þessari þróun svari þessu: Hvað er það sem hún vildi gera? Hver er ágreiningur hennar við Seðlabankann sem hún er jafnan að saka um að bera á þessu ábyrgð? Hverjar eru tillögur hæstv. ríkisstjórnar? Það er óhjákvæmilegt að þjóðin fái skýr svör við þeirri spurningu hér og nú eftir að hæstv. forsrh. hefur með svo einstæðum hætti reynt að þvo hendur sínar af afleiðingum efnahagsstefnu sinnar eigin ríkisstjórnar.

Það er líka ástæða til þess að spyrja hæstv. viðskrh. hvaða augum hann lítur þá ákvörðun sem bankaráð Búnaðarbankans tók. Því hefur verið haldið fram, þar á meðal af formanni bankaráðsins, að þessi ákvörðun sem var tilefni upphlaups hæstv. forsrh. sé einungis í samræmi við samkomulag sem gert var á milli bankanna og aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um að halda raunvöxtum á nafnvaxtabréfum í samræmi við raunvexti á verðtryggðum lánum. Er þessi fullyrðing bankaráðsmanna og bankastjórnar Búnaðarbanka Íslands röng eða er hún rétt að mati hæstv. viðskrh.? Er hæstv. viðskrh. sammála því sem hæstv. forsrh. hefur sagt, að bankaráðsmenn Búnaðarbankans hafi gerst brotlegir við lög?

Enn fremur er nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. greini Alþingi frá því, vegna þess að hæstv. forsrh. hefur sakað alla fimm bankaráðsmennina sem sæti eiga í bankaráðinu um að brjóta lög, hvernig atkvæði féllu í atkvæðagreiðslu um þessa vaxtabreytingu. Tóku allir bankaráðsmenn þátt í henni? Greiddu þeir allir atkvæði með? Greiddu einhverjir þeirra atkvæði á móti eða sátu einhverjir hjá? Vegna hinna þungu ásakana sem hæstv. forsrh. hefur borið á þá menn sem Alþingi hefur treyst til þessara starfa og sakað þá um lögbrot verður ekki hjá því komist að hæstv. viðskrh. svari þessum spurningum og upplýsi Alþingi um þetta efni.

Vera má að hæstv. forsrh. komi hér upp enn einu sinni og freisti þess að draga þá mynd upp af þessu máli og þessu upphlaupi að hér sé um enn einn tvískinnunginn að ræða af hálfu Framsfl. Sumir eigi að halda uppi vöxtunum af því að það sé nauðsynlegt, en aðrir eigi að vera á móti því af því að það sé vinsælt. Vel má vera að það staðfestist hér í umræðunni sem formaður bankaráðs Búnaðarbankans hefur sagt og gefið sem skýringu á þessu upphlaupi að hæstv. forsrh. skilji einfaldlega ekki hvað nafnvextir eru og hver munurinn sé á nafnvöxtum og raunvöxtum. Vel má vera að það verði niðurstaða þessarar umræðu. En það kann líka að vera að þriðja skýringin komi hér í ljós að það sé í raun og veru ágreiningur innan Framsfl. í þessu efni.

En kjarni málsins, frú forseti, er sá að hæstv. forsrh. hefur með ósmekklegum hætti í yfirlýsingum í fjölmiðlum reynt að þvo hendur sínar af afleiðingum eigin efnahags- og fjármálastefnu og ákvörðunum í bankaráði þar sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa hreinan meiri hluta.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég mundi fagna þessari umræðu ef hún væri á öðrum degi en nú þegar við erum að reyna að ljúka þingi eftir ágætis samkomulag síðustu sólarhringa. Ég tek undir þau orð virðulegs forseta að það ber að gefa starfsliði tækifæri til að komast heim sem fyrst. Ég mun því ekki hafa orð mín mörg.

Ég ætla fyrst að fara yfir lög sem um bankastarfsemina gilda að þessu leyti. Í lögum um viðskiptabanka segir:

„Bankaráð mótar stefnu bankans í vaxtamálum. Bankaráð setur, að fenginni umsögn bankastjórnar, almenna reglu um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu.“ Síðar segir, með leyfi forseta, í 22. gr.: „Við ákvörðun vaxta- og þjónustugjalda er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir.“

Svipað segir um sparisjóði. Í 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir: „Seðlabankinn getur, að fengnu samþykki ráðherra, bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.“

Hvernig er þessu háttað nú? Að því ætla ég að koma hér á eftir. En ég vil þó segja áður að því fer víðs fjarri að ég sé að þvo mínar hendur, ég get það ekki, því að því miður tók ég þátt í því með hv. þm. sem hér talaði áðan, hinum skörulega formanni Sjálfstfl., að hækka vexti 1984. Þá var samþykkt í ríkisstjórn að hækka vexti um 2% eftir mikið þjark. Þá vorum við framsóknarmenn fullvissaðir um að vextir mundu verða um það bil 5–5,5%. Og það reyndist líka vera í þeirri ríkisstjórn. Í júlí 1984 urðu þeir 5,5%. Síðan haldast þeir 5% nokkurn veginn út árið 1986, hækka lítillega í lok ársins. En það er svo á árinu 1987 þegar ríkis-

stjórn Þorsteins Pálssonar tekur við að sprengingin verður. Þá hækka raunvextir upp í 8,2% á þriðja ársfjórðungi, síðan upp í 9,3% og verða 7,7% að meðaltali það ár. Og á árinu 1988 eru raunvextir að meðaltali 9,2%. Það er síðan þegar ríkisstjórn mín tekur við í september 1988 sem raunvextir byrja að lækka aftur og verða 6% á árinu 1989 og síðan 7,3% þegar skýrsla Seðlabankans er skrifuð í nóvember í ár. Því verður alls ekki haldið fram að ekki hafi tekist að lækka raunvextina eftir þá sprengingu sem varð í tíð Þorsteins Pálssonar sem forsrh.

Nei, ég get ekki þvegið hendur mínar af þessu því að ég tók þátt í því 1984, í góðri trú vissulega, að það væri óhætt að gefa samþykki fyrir vaxtahækkunum um 2% og það tókst í þeirri ríkisstjórn að halda vöxtum í 5%. En það sannaðist þó enn einu sinni að þegar skrattanum er réttur litli fingurinn þá tekur hann höndina alla. Þessu fylgdi síðan að okurlögin voru afnumin og að eftirlit Seðlabankans með vaxtaákvörðunum viðskiptabankanna varð nánast ekkert.

En hvernig er mætt þeim skilyrðum sem sett eru hér í lögum fyrir vaxtahækkunum eins og ég las áðan? Og hvernig sinnir þá Seðlabankinn sínu verkefni sem honum er treyst til skv. 9. gr. seðlabankalaganna? Hér hefur það tíðkast um nokkurt skeið að bankarnir bera saman bækur sínar. Því verður held ég alls ekki á móti mælt. Það er meira að segja svo langt gengið að þeir fara eftir ákveðinni formúlu í sambandi við lækkun og hækkun vaxta. Það var ekki með samþykki ríkisstjórnarinnar sem sú formúla var ákveðin. Það voru samningar á milli aðila vinnumarkaðarins og viðskiptabankanna sem leiddu til þess að viðskiptabankarnir féllust á að lækka nafnvextina, sem voru satt að segja ákaflega háir í byrjun ársins, einhvers staðar í kringum 12–13%, langtum hærri en raunvextir af verðtryggðum bréfum. Bankarnir féllust á að leiðrétta þessa nafnvexti eftir ákveðinni formúlu sem þeir komu sér saman um. Það þýðir vissulega ekki að einhver formúla eigi að gilda til eilífðarnóns um vaxtaákvarðanir bankanna þannig að þeir gangi þar allir í takt. Vitanlega verða bankaráðin að gæta hagsmuna bankanna og þau eiga að gera það með því að skoða efnahagsreikning bankanna og athuga hvernig hann kemur út. Það er á þeim grundvelli sem bankarnir hljóta að ákveða hvort nauðsynlegt sé fyrir þá að hækka vexti.

Ég hef hér undir höndum efnahagsreikning fyrir fyrstu níu mánuði ársins hjá öðrum ríkisbankanum. Mér er ekki heimilt að lesa þær tölur hér. En ég get fullvissað hv. þm. um að það eru ekki slæmar tölur. Eftir að búið er að afskrifa og leggja í varasjóði milljónahundruð, þá er það sem eftir er líka ansi glæsileg tala. (**FrS:** Hvor ríkisbankinn er það?) Það er Landsbankinn, fyrst hv. bankaráðsmaður Landsbankans spyr um það.

Ég endurtek það sem ég hef sagt, hér á þjóðarsáttartíma eins og um er talað, og vitanlega á það alltaf við, ekki síst um ríkisbankana, að það mun hrikta í ef afkoma ríkisbankanna verður eins og virðist stefna í með þessum reikningum sem ég hef hér undir höndum. Það er áreiðanlega mikið satt í því sem margir verkalýðsforingjar hafa sagt að það samræmist ekki þeirri viðleitni launþeganna í landinu að halda niðri launum til að ná niður verðbólgu. Og vitanlega er það algerlega rangt að hávextir hafi ekki áhrif á verðbólgu þó að hér hafi því verið haldið fram um árið. Ég endurtek því allt sem ég hef sagt um það að hér er um hið alvarlegasta mál að ræða.

Og það er fleira að sjálfsögðu sem verður að geta í sambandi við þessa ákvörðun bankanna um taktgöngu í vaxtahækkunum. Ég las áðan líka reglur þær sem Seðlabankanum ber að fara eftir. Samkvæmt þessari skýrslu Seðlabankans frá því í nóvember kemur fram að raunvextir hér á landi eru nú þeir hæstu sem finnast eða jafnháir og á Norðurlöndunum, segir hér í samantekt frá viðskrn. sem er best að ég lesi orðrétt, með leyfi forseta:

„Sé litið á raunvexti erlendis af skammtímalánum fyrirtækja og þeir bornir saman við raunvexti af verðtryggðum skuldabréfum hér á landi kemur í ljós að raunvextir hér á landi eru svipaðir og á hinum Norðurlöndunum, 8,5%, eilítið hærri en í öðrum Evrópulöndum, 7,2% en mun hærri en í Bandaríkjunum, 3,2%.“

Hvar eru okkar helstu viðskiptalönd? Þau eru að sjálfsögðu ekki á Norðurlöndunum. Í 9. gr. segir að Seðlabankanum sé heimilt að grípa til aðgerða til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Norðurlöndin eru ekki okkar helstu viðskiptalönd. Okkar helstu viðskiptalönd eru önnur lönd Vestur-Evrópu þar sem raunvextir eru 7,2% og Bandaríkin þar sem raunvextir eru 3,2%. Og af því að hv. þm. spurði að því hvernig ég hyggist fylgja eftir mínum orðum, þá verður það gert með því að beina þeirri fyrirspurn til Seðlabanka Íslands hvernig hann hyggist framkvæma þá grein sem er í lögum og tryggja að hér á landi verði raunvextir svipaðir og þeir eru í okkar helstu viðskiptalöndum. Hv. þm. vill gjarnan kenna ríkissjóði um að vextir hafi farið hér upp. Hæstv. fjmrh. mun eflaust ræða um það á eftir.

Hann minnist á einn lánaflokk sem boðinn var út með 7,05% vöxtum, bréf sem voru boðin út með alveg sérstökum kjörum. En staðreyndin er sú, eins og fram mun eflaust koma í orðum hæstv. fjmrh., að sú vaxtalækkun sem ég fór yfir áðan var leidd af ríkissjóði, af ríkisvaldinu. Hún var fyrst og fremst leidd, þessi vaxtalækkun, af ríkisvaldinu.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að hafa um þetta allt of mörg orð á þessum síðasta degi Alþingis fyrir jól. En ég fagna því að þessir menn sem ætíð hafa verið trúir og dyggir stuðningsmenn hávaxta skuli hér hafa kvatt sér hljóðs. Ég vona að okkur Íslendingum takist að vinna okkur út úr þessari hávaxtastefnu áður en svo fer hér eins og t.d. blasir við í Bandaríkjunum. Hvað hefur gerst þar? Þar blasir við kreppa. Og Bandaríkjamenn fara ekkert leynt með það að hávaxtastefnan sem ríkti í Bandaríkjunum á síðasta áratug á gríðarlega stóran þátt því sem þar er að gerast. Þar hafa vextir frá 1986 nú, með aðgerðum þeirra seðlabanka m.a., verið lækkaðir úr 6,2% ef ég man rétt niður í

3,2%. Þeir eru að reyna að bjarga frá stærri skakkaföllum en þar eru þegar orðin.

Ég held því miður að við hv. þm. höfum verið seinheppnir árið 1984 þegar við féllumst á að losa um vaxtahöftin hér á landi. Ég er sannfærður um að það er rétt að það verður að hafa hönd þar á og stjórnvöld verða, eins og þeir eru nú að gera sér grein fyrir í Bandaríkjunum, að hafa hönd á og koma í veg fyrir allt það brask og öll þau gjaldþrot sem fylgt hafa þessari hávaxtastefnu. Því miður hafa íslenskir atvinnuvegir liðið af þeirri stefnu sem þarna var tekin upp og það er ekki nokkur vafi á því, eins og kemur fram hjá forustumönnum atvinnuveganna, að hávaxtastefnan á árunum 1987–1988 átti hvað stærstan þátt í þeim stórkostlegu erfiðleikum sem þessi ríkisstjórn hefur síðan verið að vinna atvinnulífið út úr. Og það mun takast.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá næsta ræðumanni á undan mér væri velkomið að ræða stefnuna í vaxtamálum og árangur efnahagsstefnunnar og hefði þurft að hafa til þess betri tíma en gefst nú undir lok þings fyrir jólahlé. Það er vissulega rétt sem kom fram hjá málshefjanda, hv. 1. þm. Suðurl., að betri skilyrði hafa skapast fyrir jafnvægi á lánamarkaði og hóflegum raunvöxtum en um mjög langan tíma. Hv. þm. vitnaði til skýrslu Seðlabankans, um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum, sem birt var í byrjun þessa mánaðar. Honum varð tíðrætt um orð sem hrotið hefur úr penna eins skýrsluhöfundar í þessari 150 síðna bók. Það var orðið „svikalogn". Ég vildi leyfa mér að benda hv. þm. á það í allri vinsemd að þar fann hann eitt fölnað laufblað í grænum skógi góðra tíðinda af efnahagsmálum Íslendinga því sjaldan hefur jafnloflegur vitnisburður verið fram borinn af Seðlabankanum um stöðu íslenskra efnahagsmála og er enda samhljóða álitsgerðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunar Evrópu sem fyrir ekki löngu hafa látið í ljós álit sitt á því sem hér hefur til tíðinda dregið á því sviði.

Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að ástæðan fyrir þessu sé m.a. sú að hér hafi ríkt frjálslyndari, sveigjanlegri vaxtastefna en fyrr í framhaldi af lagabreytingum á árunum 1985–1987. Undir það tek ég.

Í öðru lagi vil ég nefna að það er rétt að gæfusamlegar hafi tekist með kjarasamninga á þessu ári en mörg, mörg undanfarin ár. Hann gleymdi þó því sem í þriðja lagi þarf að nefna og er farsæl stjórn ríkisfjármála. Þótt margt sé þar vandasamt og mætti betur fara hefur þó tekist mun skár en fyrr. Vitnisburður um það eru fjárlögin sem við vorum að afgreiða. Þótt í þeim mætti margt betur fara, og ég veit að fjmrh. tekur undir það með mér, hefur okkur þar miðað til réttrar áttar. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Verðbólgustig er nú lægra en verið hefur í 20 ár. Fyrsti dagur nóvember ætti að vera rauður dagur í almanaki íslenskra efnahagsmála vegna þess að þann dag fór verðbólgan miðað við sl. 12 mánuði undir 10% sem ekki hefur gerst frá árinu 1971. Það verður framhald á þessari þróun. Hér er m.a. að þakka vaxtastefnunni sem að sjálfsögðu er samslungin stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum að öðru leyti og farsælu samstarfi aðilanna á vinnumarkaðinum. En það þarf að skapa skilyrði fyrir svo farsælli niðurstöðu sem þar náðist með því sem gert er á hinum opinbera vettvangi, þótt opinberi geirinn ráði þar alls ekki einn för og kannski minna en margur heldur. Ég segi alls ekki minna en margur vildi því það er einmitt aðalsmerki góðra stjórnarhátta að þar sjáist lítt það sem hið opinbera gerir heldur séu þar lagðar fastar leikreglur fyrir farsælar ákvarðanir frjálsra aðila, samningsaðila, bæði á vinnumarkaðnum og vöru- og þjónustumarkaðnum. Þetta er einmitt það sem hefur gerst.

Það er rétt að það hefur orðið nokkur hækkun raunvaxta á verðtryggðum skuldbindingum á þessu ári. Það kemur reyndar fram í skýrslu Seðlabankans sem ég nefndi. En ég bendi á að lánamarkaðurinn hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðustu missirum. Verðbréfaviðskipti, frjáls markaðsákvörðun vaxta skiptir þar meira máli og ríkissjóði hefur lánast það sem ekki hefur áður lukkast, að fjármagna að mestu leyti fjárþörf sína innan lands með útgáfu spariskírteina og ríkisvíxla, að stórum hluta til innlánsstofnana og verðbréfasjóða. Og þetta hefur tekist án verulegrar útlánaþenslu og peningamyndunar um leið og verðbólga hefur hjaðnað.

Það er alveg rétt að fram undan getur verið enn meiri vandi en undanfarið þegar samkeppni milli hins opinbera og atvinnulífsins verður meiri á lánamarkaðnum vegna þess að fram undan kann að vera, vonandi, hagvaxtarskeið. Það er ánægjulegt viðfangsefni við að fást en ekki neitt til að bera kvíðboga fyrir. Það er eðlilegt viðfangsefni íslenskra stjórnmála að glíma við þann vanda sem hlýst af því að þjóðfélagið vill vaxa, að atvinnuvegunum fer fram, að við erum að fást við hluti sem skipta máli og geta þar af leiðandi valdið þenslu, eins og það er stundum kallað þótt sumir vilji kalla það góðæri. Ég ætla ekki að tala um að góðæri sé hafið vegna þess að það eru margar blikur á lofti, ekki síst til sjávarins, en við höfum, eins og hv. þm. komst að orði, forsendur til þess að gera vel og við höfum líka viljann til þess. Ég vil líka meina að við höfum getuna til þess.

Það er rétt sem fram kom að spariskírteinavextirnir hafa hækkað úr 6% í upphafi þessa árs í 7%. En það er líka rétt sem kom fram hjá forsrh. að í stjórnartíð þessarar stjórnar hafa vextirnir, raunvextirnir sem aðrir, lækkað mjög verulega. Hv. 1. þm. Suðurl. nefndi ekki að raunvextir óverðtryggðra skuldabréfa hafa lækkað úr 13% í lok sl. árs í um það bil 5% í lok þessa árs. Þar er mjög mikil lækkun.

Þar vík ég að einni spurningu hans, hvort þær breytingar í vaxtakjörum viðskiptabankanna sem hér hafa orðið mönnum að umtalsefni séu í samræmi við það sem menn settu sér þegar þjóðarsáttin var gerð í byrjun ársins. Ég svara því eftir atvikum já, set mig þó ekki í dómarastól þar, því hér erum við að tala um

frjálsar ákvarðanir. Mér finnst undarlegur tvískinnungur í málflutningnum. Annars vegar á þetta, eins og lög mæla fyrir um, að ráðast með sjálfstæðum, frjálsum ákvörðunum. Hins vegar er því haldið fram að allt þetta hljótist af því sem ríkið hefur ráðið, ákveðið sjálft. Einhvers staðar er brotalöm í þessum málflutningi. En kyndugast af öllu þótti mér þegar hv. 1. þm. Suðurl. kallaði frjálsa vexti rauða hunda, því það var það sem maðurinn sagði. Afleiðingar hins frjálsa vaxtafyrirkomulags væru menn nú að reyna að dylja. Er það orðið svo? Það er merkilegt til ígrundunar og ég er viss um að þetta hefði orðið Pétri Benediktssyni að yrkisefni eins og honum var lagið.

Ég kem svo að því sem hér var spurt um í öðru lagi. Var ákvörðun bankaráðsins að lögum? Hvernig féllu atkvæði? Byrjum á því hvernig atkvæðin féllu. Það voru þrír með heimildinni sem bankastjóranum var veitt til þess að breyta nafnvöxtunum í samræmi við verðbreytingar til þess að tryggja sem jafnasta raunvexti milli verðtryggðra og óverðtryggðra kjara sem var samkomulagsmálið, sammælið frá því í byrjun ársins. Það sat einn maður hjá og annar var á móti, að mér skilst fyrir misskilning. Ég ætla ekki að segja um það. Þetta er skýrslan. Ég tel að þetta hafi verið löglega tekin ákvörðun, en ég endurtek, það er ekki ríkisins að ráða þessum vöxtum. Ríkisins er að setja um það reglurnar. Ég ætla ekki að gagnrýna menn fyrir það að gæta hagsmuna þeirrar stofnunar og þeirra almannahagsmuna um leið sem þeim hafa verið fólgnir. Ég tel að þar hafi ekki verið farið offari. Ég tel að samkomulagið sem gert var í byrjun ársins á vettvangi vinnumarkaðarins í viðræðum fulltrúa þeirra aðila og bankanna, þar sem menn komu sér saman um í upphafi lækkun almennra skuldabréfavaxta um 7% þegar þann 1. febr., úr 29,3% niður í 22,3, hafi verið framkvæmt. Einn liðurinn í þessu samkomulagi var á þessa leið, og með leyfi forseta ætla ég að lesa hann: „Vaxtaákvarðanir síðar á árinu munu verða miðaðar við að ávöxtun verðtryggðra og óverðtryggðra útlána verði sem jöfnust yfir árið."

Það hefur ekki alveg tekist að halda henni jafnri. Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur fram. Raunvextir óverðtryggðra lána lækkuðu fyrst, þurftu að gera það til þess að komast í samræmi við verðtryggðu vextina, en svo fóru þeir upp yfir laxveiðitímann. Ég veit ekkert af hverju það var, það var þannig. Þriðji ársfjórðungurinn sker sig úr. Þá urðu raunvextir á óverðtryggðu pappírunum of háir. Síðan voru þeir lækkaðir. Svo var það komið svo djúpt að sumir bankanna töldu hver hjá sér, og ég tel að þeir hafi ekki haft ólögmæt samráð sín á milli um þessar ákvarðanir, þvert á móti finnst mér flest til þess benda að þeir hafi ákveðið þetta hver fyrir sig. Bendi á að Íslandsbanki fór fram nokkuð fljótt, að sumra áliti kannski helst til fljótt og byggði á spám sem e.t.v. hafa ekki staðist í öllum greinum. Það verður leiðrétt síðar. Nú kemur Búnaðarbankinn með sína takmörkuðu breytingu. Landsbankinn hefur enn ekki gert upp sinn hug. Ekki sé ég í þessu neina samstillingu svo orð sé á gerandi. (Gripið fram í.) Ég er að lýsa málinu eins og ég sé það, virðulegi þm. Þannig er þetta í mínum augum. Þannig er þetta í mínum huga. Ég hlýt að skýra frá málinu eins og ég sé það.

Hitt er svo annað mál að þeim hefur ekki tekist í bönkunum að tryggja alveg þessa jöfnu þróun. Það sem nú er verið að gera tel ég í samræmi við það sem menn settu sér í upphafi. Ég minni á tölurnar sem ég nefndi áðan. Raunvextir nafnvaxtabréfa voru tæplega 13% í lok sl. árs, voru það áfram í byrjun árins, lækkuðu niður í 5% tæplega á öðrum fjórðungi ársins, fóru upp fyrir 12 á þeim þriðja, og niður fyrir 5 á þeim fjórða miðað við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið. Ég sé ekkert í efninu sem bendir til þess að þarna séu vaxtakjörin hærri en á verðtryggðu kröfunum né að þetta sé hærra en gerist í löndunum í kring. Það er hins vegar ekki einfalt mál að bera þetta saman milli landa og ég tek undir með hæstv. forsrh. að það er ástæða til þess að huga að því hvernig þessi samsvörun er í víðara samhengi.

Þegar þetta er allt saman tekið finnst mér satt að segja ekki ástæða til þess að hafa uppi stór orð um að peningamálastefnan sé mislukkuð. Þvert á móti er hún næsta vellukkuð. Og ég vil líka leyfa mér að skýra frá því að í dag hafa ríkisstjórnin og Seðlabankinn einmitt orðið sammála um stefnumótun fram til byrjunar ársins 1993 um stigminnkandi vægi verðtryggingar á fjárskuldbindingum og opnun lánamarkaðarins. Þessari stefnu verður hrint í framkvæmd á næstu tveimur árum til þess að samræma okkar lánamarkað þeim alþjóðlega lánamarkaði sem við nú tengjumst stöðugt nánari böndum.

Ég skil vel að hv. þm. Sjálfstfl. finnist þessi vínber næsta súr sem þeir nú ekki ná til, hversu hátt sem þeir reyna að hoppa, þau eru handan við það sem þeir ná. Þannig er nú það.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill ítreka fyrri óskir sínar um að menn reyni sem mest þeir mega að stilla máli sínu í hóf svo að fundi okkar geti lokið.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og fara um hana og ákvarðanir Búnaðarbankans, sem mjög hafa verið hér til umræðu, nokkrum orðum.

Auðvitað er sú umræða sem fram hefur farið bæði hér og í þjóðfélaginu á síðustu vikum byggð á miklum misskilningi. Sú nafnvaxtahreyfing sem átti sér stað er ekki almenn vaxtahækkun eins og ákveðnir menn hafa látið líta út í fjölmiðlum á síðustu vikum. Hér er fyrst og fremst um hreyfingu á örlitlu af fjármagninu að ræða. Hvers vegna er hún? Hvers vegna þarf að fara í þessa uppsveiflu nú? Það er fyrst og fremst vegna þess að á næstu þremur mánuðum verður lítil uppsveifla á verðbólgu sem liggur fyrir í þetta 7–10%. Það er samkvæmt spá Seðlabankans, samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, samkvæmt spá fjmrn. Það er ljóst hvers vegna þetta er. Launahækkanirnar sem áttu sér stað 1. des. koma inn í grunn lánskjaravísitölunnar af fullum þunga nú í janúar. Síðan blasir

það líka við að launahækkanir eru 1. mars. Menn hafa áttað sig á því að launin vega þungt í lánskjaravísitölunni, vega þar þriðjung.

Til þess að útskýra hvað um var að vera vil ég segja það að nafnvextirnir eða óverðtryggðu kjörin hafa nú á seinni hluta þessa árs staðið, miðað við 4–5% verðbólgu. Verðbólga í desember miðað við 12 mánuði varð 7,13%. Þess vegna varð nú að taka þessa ákvörðun. Það er rétt sem hefur komið fram hjá hæstv. viðskrh. að hér er fyrst og fremst verið að jafna bilið á milli verðtryggðra og óverðtryggðra kjara. Til þess að glöggva menn á því hvað er um að vera vil ég segja þingheimi frá því að 15–20% af sparifénu í Búnaðarbankanum og bankakerfinu er á nafnvöxtum. 80% af sparifénu í Búnaðarbankanum er verðtryggt. Þar koma vísitölurnar sjálfrátt inn og sjá um verðbólguhækkanir. Þær koma þar sjálfrátt inn og koma með verðbólguvextina á spariféð, á höfuðstólinn í samræmi við verðbólguna.

Af útlánum í Búnaðarbankanum eru 60% verðtryggð en 40% á nafnvöxtum. Þar koma, á þessum 60%, vísitölurnar sjálfrátt inn, hækka vextina sjálfrátt til skuldaranna. En á þessum 40% verða bankaráðin að hreyfa til til samræmis. Það eru því tvö mæliker í bönkunum eins og menn vita samkvæmt lögum frá Alþingi. Og meira að segja hefur Alþingi bannað að verðtryggja fjárskuldbindingar á útlánum sem eru undir tveimur árum.

Ég varð líka að geta þess, af því að þetta er allt saman þekkt og upplýst, til að glöggva menn enn frekar t.d. á stöðunni í þeim banka sem ég veiti forstöðu, að þar eru 18 milljarðar af sparifé á verðtryggðum kjörum en 12 milljarðar af útlánum eru á verðtryggðum kjörum. Þarna er skekkja upp á 6 milljarða og auðvitað, ef þarna skapast mismunur milli verðtryggðra og óverðtryggðra kjara, myndast halli í bankanum. Hann getur numið nokkur hundruð milljónum á ári, við skulum segja ef í heilt ár væri mismunur á milli nafnvaxta og verðtryggðra upp á 3%, þá myndaðist í þessum banka halli upp á 180 millj. kr. En þá spyrja menn auðvitað: Getur bankinn ekki tekið þetta á sig? Er gróði bankakerfisins ekki með þeim hætti að bankinn geti tekið það á sig?

Nú hefur sú umræða verið með nokkuð glannalegum hætti. Verkalýðsleiðtogi úti í þjóðfélaginu hefur lýst því yfir að hagnaður bankakerfisins verði 3 milljarðar á þessu ári. Ég varð dálítið hugsi þegar þessi yfirlýsing kom, hverjir væru að gera það svona gott. Mér datt fyrst í hug að Seðlabankinn væri inni í þessari umræðu því að þar var gróði á síðasta ári upp á 2,2 milljarða kr. En það kom í ljós að hann átti ekki við Seðlabankann. Nú get ég upplýst það, ekki síst af því að hér situr hv. þm. Stefán Valgeirsson, fyrrv. formaður bankaráðs Búnaðarbankans, að útlit er fyrir það að hagnaðurinn í Búnaðarbankanum verði 100 millj. kr. minni á þessu ári en því síðasta. En eins og þið þekkið verða bankarnir samkvæmt lögum að skila ákveðnum hagnaði og staða bankans er allþokkaleg. En þetta segir allt um það að bankinn getur ekki tekið mikinn mismun á sig.

Auðvitað spyr maður: Hvaða bankar eru þá að græða? Skyldi það vera Landsbankinn, sem alltaf hefur haft minni hagnað en Búnaðarbankinn? Ég hef grun um að ef menn skoða reikninga Landsbankans frá síðasta ári komist þeir að raun um það að hann var á núlli á því ári. Ég ætla að spá því hér að þegar niðurstaðan kemur úr þeim ágæta banka eftir þetta ár verði sú niðurstaða á núlli. Þannig að talið um gróða bankanna á þessu ári á ekki við rök að styðjast.

Það er ljóst mál að mikið hefur gengið á í atvinnulífinu. Það hafa riðið yfir, eftir erfiðu árin 1987 og 1988, gjaldþrot og bankarnir hafa orðið fyrir miklum töpum sem ekki sést eru að koma fram á þessu ári. Ég vil líka, af því að ég minntist hér á Seðlabankann, minna menn á það að samkvæmt lögum eru bankarnir skikkaðir til þess að hafa háar upphæðir, svo milljörðum skiptir, bundnar þar inni á aðeins 2% vöxtum. Ríkisstjórnin gæti skoðað þetta mál, hvort þarna væri hægt að liðka til með einhverjum breytingum.

En af því að við erum að tala um verðtryggð og óverðtryggð lán, við erum að tala um þessi tvö mæliker sem eru í húsi bankanna, samkvæmt lögum frá Alþingi, þá vill það svo til að sú hæstv. ríkisstjórn sem ég styð og tel að hafi unnið mörg góð verk, á margt göfugt enn í stefnuskrá sinni sem hún hefur ekki nýtt sér. Ég er hér með málefnasamning ríkisstjórnarinnar. Þar stendur skýrum stöfum á bls. 7:

„Stefnt verður að því að afnema vísitöluviðmiðanir í lánssamningum eins fljótt og unnt er. Miðað verður við að árshraði verðbólgu verði innan við 10% á sex mánaða tímabili. Vísitölutenging fjárskuldbindinga til langs tíma verður athuguð sérstaklega og þess gætt að markaðsstaða spariskírteina ríkissjóðs veikist ekki. Áfram verður heimilt að gengistryggja lánasamninga."

Auðvitað blasa aðstæðurnar við að baki að þessu ber að koma til framkvæmda til þess að ekki séu tvö mæliker í húsi bankanna. Þetta er skýrt orðað í stefnuskránni. Auðvitað blasir það við, sem betur fer, að verðbólguspá næsta árs og horfur segir allt um það að hér verður verðbólga undir 10% á næsta ári. Mesta afrek í mínum huga hjá þessari ríkisstjórn er að ná svo glæsilegum árangri, sigla þannig upp úr kreppunni, ná samkomulagi í þjóðfélaginu og þessum glæsilega árangri, að verðbólga verði undir 10% á heilu ári, sú lægsta í ein 20 ár, tvö ár í röð.

Hér hefur verið rætt um hvort bankarnir hafi farið að lögum, hvort þeir séu að brjóta þjóðarsátt o.s.frv. Nú er það ljóst að bankarnir gengu inn í þjóðarsáttina af fullum þunga. Við þá náðist mjög merkilegt samkomulag sem segir það að menn eigi ekki að ganga með grjóthrið að bönkunum eftir svo gott starf sem þeir hafa unnið eftir nýjum reglum á því ári sem nú er að líða. Það var samið um allt annan útreikning á nafnvöxtum en gert hafði verið áður. Það var samið um, til þess að hraða nafnvaxtalækkuninni, að horfa einn mánuð til baka, tvo fram í tímann en áður hafði alltaf verið þrír mánuðir aftur. Eftir þessu samkomulagi hefur verið unnið við lækkunina en bankarnir hafa ekki farið núna jafnhratt í hækkanir. Tilefnin voru fyrr en þetta en bankarnir vildu sjá, bíða eftir niðurstöðum og hreyfa

sig ekki upp á við fyrr en nauðsyn knúði þá til þess.

Ég er með í höndum samkomulag sem fylgdi og gert var í þjóðarsáttinni. Þar stendur: „Vaxtaákvarðanir síðar á árinu munu verða miðaðar við að ávöxtun verðtryggðra og óverðtryggðra útlána verði sem jöfnust yfir árið.“ Ég býst við því að hæstv. ráðherrar þekki þetta, enda las hæstv. viðskrh. upp þessa yfirlýsingu.

Ég vil segja það hér að ég tel mjög mikilvægt að leita leiða til að lækka raunvexti. Menn ættu fremur að ræða um það, enda gerði forsrh. það hér í sinni ræðu, og lýsti vilja til að ná samkomulagi um það. Ríkisstjórnin, bankarnir og aðilar aðrir í þjóðfélaginu eiga að stefna að raunvaxtalækkun. En þar verða allir að taka á og tala sama tungutak. Því auðvitað er það ljóst að ýmislegt veldur því að bankarnir geta ekki mjög hreyft sig til með raunvextina. Þar eiga húsbréfin sinn hlut. Þar eiga ríkisskuldabréfin sinn hlut. Þar eiga spariskírteinin sinn þátt. Þar eiga lífeyrissjóðirnir sinn þátt og fleira og fleira sem þar kemur inn.

Ég vildi ræða örlítið um mikilvægi þess að bankaráð vinni sjálfstætt og starfi samkvæmt lögum og ég lýsi því yfir hér að ég er hvorki fangi ríkisstjórnarinnar í þessu máli né fangi bankastjóranna eins og látið hefur verið liggja að í blöðum. (**Gripið fram í:** En fulltrúi Framsfl.) Og mig langar heldur ekki að vera fangi á Litla-Hrauni þó að það sé í kjördæmi mínu. Þess vegna hef ég kappkostað að vera heiðarlegur fulltrúi Framsfl. í þessu bankaráði. Ég hef unnið með bankaráðinu og þar er mjög góð samstaða. Allar ákvarðanir í vaxtamálum hafa verið unnar í gegnum endurskoðendur bankans sem heyra sjálfstætt og beint undir bankaráðið. (**Fjmrh.:** Er það stefna Framsfl. sem þú ert að framkvæma?) Það væri nú mikilvægt ef hæstv. fjmrh., sem á sinn þátt í háum raunvöxtum, hefði hljóð á meðan ég lýk máli mínu hér.

Ég vil ekki taka þátt í neinu hnútukasti í þessu máli og ég vísa ummælum um vantraust á bankaráðið á bug. Ég hef reynt að rekja það hér fyrir ykkur, hv. alþm., hver staðan var og hvers vegna. Það var gæfa þessa nýja bankaráðs í Búnaðarbankanum að geta verið mikill þátttakandi í þjóðarsáttinni. Það var Búnaðarbankinn sem hraðast og oftast leiddi niður nafnvextina. Ég hygg að ég sé búinn að standa að einum 20–30 nafnvaxtalækkunum en aðeins orðið að síga með þá upp á við á móti verðbólgunni núna í tvö skipti.

En eru ekki einhver alvarlegri tíðindi sem eru að gerast fremur en þetta, þó menn ætli ekki að láta sparifé á nafnvöxtum, á almennum launareikningum og almennum bókum í eigu fullorðins fólks og fleiri aðila, fátækra verkamanna sem vilja hafa þessa peninga tilbúna og til taks, láta þá ekki bara brenna upp eða vera á allt öðrum kjörum en hjá hinu fólkinu sem hefur efni á því að binda sitt fjármagn til langs tíma? Alvarlegustu tíðindin eru auðvitað þau að fyrir mánuði tóku tvær peningastofnanir síðan ákvörðun um að keyra upp vexti á innlánum. Íslandsbanki og sparisjóðirnir hækkuðu á dögunum raunvexti á sparifé úr 5,5% upp í 6,5%. Við í Búnaðarbankanum vorum farnir að hreyfa raunvexti á verðtryggðu sparifé einnig niður í sumar. Við lækkuðum þar örlítið og ég hygg að hinir bankarnir hafi gert það einnig. En þessi ákvörðun Íslandsbanka og sparisjóðanna segir að það mun hækka á hinni hliðinni líka í peningakerfinu nema menn reyni að minna á þjóðarsátt og ná samkomulagi við þessar peningastofnanir um breytingu.

Ég vil taka sérstaklega undir orð hæstv. forsrh. um að lækka raunvexti. Ég vil lýsa því yfir að ég er tilbúinn sem bankaráðsformaður að leggja mitt af mörkum ef mennirnir hafa áhuga á að ræða um það við okkur, ef við höfum traust til þess að segja. Hæstv. viðskrh. fullvissaði þing og þjóð í sinni ræðu um það að þessi ákvörðun væri í samræmi við það sem menn settu sér. Flyt ég honum þakkir fyrir þau ummæli og er þá í mínum huga allur vafi horfinn og menn sjá að þær fullyrðingar að við höfum ekki farið að lögum og farið rangt að eiga ekki við rök að styðjast.

Hann minntist hér á annað. Hann spurði: Hvers vegna lækkuðu ekki nafnvextirnir um laxveiðitímann? Það er nú svo með sumarið og laxveiðitímann að það gleymist margt þá. En það var ekki nákvæmlega það sem gerðist í bönkunum. Það var unnið af fullu kappi þar um laxveiðitímann. Og ástæða þess að nafnvextirnir fóru þá hægar niður var auðvitað fyrst og fremst sú að þá blasti það við í þessu þjóðfélagi að þjóðarsáttin var í hættu. BHMR-deilan stóð sem hæst. Menn vissu ekki hvað tveir næstu mánuðir bæru í skauti sínu fyrr en ríkisstjórnin tók af skarið með sínum skörungsskap í þeim efnum og setti á bráðabirgðalög, sem að vísu eru umdeild. Þar með blasti það við að þjóðarsáttin mundi haldast og menn sigu niður strax á eftir. Búnaðarbankinn fór með nafnvextina t.d. á víxillánum 20. sept. niður í 12,25%, lægstur allra peningastofnana, meðan aðrir eins og Landsbankinn héldu sig í 12,75% og Íslandsbanki ofar.

Ég hef hér reynt að útskýra þessa niðurstöðu og vænti þess að bæði alþingismenn og ekki síður þjóðin fari nú að átta sig á því að hér er ekki um neina almenna hækkun að ræða heldur hreyfingu á örlitlu af fjármagni peningastofnananna, 15–20% af sparifénu eins og ég sagði og skammtímaútlánum sem eru um 40% og eru þá oftar eyðslu- og óþarfalán. Ég veit að nú hefur þjóðin fræðst um það að allt tal verkalýðsforingjans og fleiri hefur villt þessa umræðu og á ekki við rök að styðjast.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi óska forseta Sþ., forseta Nd. og forseta Ed. og starfsfólki Alþingis til hamingju með það að störfum á Alþingi síðustu daga hefur verið stýrt svo vel að þingheimur hefur tíma til þess að sitja hér á almennum málfundi um efnahagsmál og peningamál, þegar starfsfólk þingsins hefur unnið nætur, kvöld og daga undanfarið og allir þingmenn vita að það bíður eftir því að geta farið að sinna fjölskyldum sínum og jólaundirbúningi. (**FrS:** Þessi ræða hefði mátt koma fyrr.) Já, hún hefði mátt koma fyrr. En fyrsta skylda (**ÞP:** Er búið að afgreiða lánsfjárlög?) Nei, þeim var frestað samkvæmt ósk Sjálfstfl. En ég segi þetta hér vegna þess að venjan hefur verið sú, ég held að það sé nánast engin undantekning frá

þeirri venju um langan tíma, að menn ljúka afgreiðslu frv. og þeirrar lagasetningar sem þarf að sinna fyrir jól, en menn taka ekki upp almennar stjórnmálaumræður á þessum síðustu dögum. Og ég segi þetta vegna þess að það er merkilegt að forusta Sjálfstfl. sem hefur í merki sínu 40% verðbólgu, 14% raunvexti, milljarða viðskiptahalla, gjaldþrot atvinnulífsins, skuli kjósa að koma hér upp og vilja ræða það og jafnvel gagnrýna að raunvextirnir séu 6%, verðbólgan sé 7% og jákvæð formerki séu á öllum öðrum sviðum í efnahagslífinu.

Hér endurtaka menn hver um annan þveran að þetta sé allt saman á ábyrgð ríkissjóðs og fjmrh. Já, við skulum spyrja að staðreyndunum í þeim efnum. Hverjir voru raunvextirnir á spariskírteinum ríkisins þegar Sjálfstfl. fór með forustu? Þeir voru 9%. Hverjir eru raunvextirnir á spariskírteinum ríkisins nú? Þeir eru 6%. (**ÞP:** Rúmlega 7.) Þeir eru 6%, Þorsteinn Pálsson, með sama mælikvarða, hv. þm. En það er eðlilegt að hv. þm. Þorsteinn Pálsson sitji órór í sæti sínu þegar hann er minntur á það að fjármála- og efnahagsstjórn hans leiddi til þess að hann gat ekki selt spariskírteini ríkisins nema á 9% raunvöxtum, og það sem meira var, varð að binda hendur bankanna til þess að kaupa spariskírteini ríkisins vegna þess að það var ekki einu sinni hægt með þessu háa vaxtastigi að selja þau á frjálsum markaði. Það varð til viðbótar að koma til binding á bankana. Þegar ég kom í fjmrn. var þar samningur um að binda hendur bankanna í kaupum á spariskírteinum og raunvaxtastigið var með þessum hætti. En hvernig er veruleikinn nú? Frjálst markaðskerfi á þessum sviðum, þar sem ríkissjóður hefur náð meiri árangri með lægri vöxtum í sölu þessara ríkispappíra en Sjálfstfl. hefur nokkurn tíma komist nálægt. Það er staðreyndin. Það er niðurstaðan af þessari efnahagsstefnu sem markaðurinn sjálfur hefur dæmt. Og ef Sjálfstfl. trúir ekki dómi markaðarins, hverju ætti hann þá að trúa?

Á þessu ári hefur verið fullkomið frelsi á þessum markaði. Ríkissjóður hefur selt sína pappíra með lægra vaxtastigi, um það bil þriðjungi lægra vaxtastigi en var þegar Sjálfstfl. réð hér. Þriðjungsmunur í raunvöxtum er risavaxinn. Almenningur á Íslandi mun á næstu árum þurfa að borga til baka kostnaðinn af spariskírteinunum á hinu háa raunvaxtastigi Sjálfstfl. Svo kemur formaður Sjálfstfl. og segir hér: Það er efnahagsstefnan sem hefur búið til þetta raunvaxtastig. Hvernig var þá sú efnahagsstefna sem bjó til 9–10% raunvaxtastig á spariskírteinum ríkisins, vaxtagólfinu sjálfu, og 14–18% raunvaxtastig á almenna markaðnum? Hvaða orð má hafa um þá efnahagsstefnu Sjálfstfl. ef hv. þm. Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, telur sig þess umkominn hér síðustu klukkustundir fyrir jólafrí að eyða dýrmætum tíma til þess að setja sig á háan hest í þessum málum? Hvað gerðist svo eftir að við tókum við, þegar bankarnir neituðu að lækka raunvextina, bankarnir neituðu að lækka nafnvextina og bankarnir sögðu upp samningnum við ríkissjóð til þess að skilja hann einan eftir? Hvað gerðist? Jú, eins og hér var um getið áðan. Ríkissjóður fór í fararbroddi raunvaxtalækkunarinnar mánuð fyrir mánuð, missiri fyrir missiri sl. tvö ár. Það er ríkissjóður sem hefur leitt raunvaxtalækkunina á þessum markaði allan þennan tíma. Það eru staðreyndirnar, það er veruleikinn. Það er það sem allir viðurkenna.

En til viðbótar hefur tekist að snúa því við sem var er við komum í fjmrn. Þá var 80% af lánsfjárþörf ríkisins mætt með erlendum lánum. Árið 1989 snerum við því við í 80% innlend lán og í ár yfir 100% á frjálsum markaði með lækkandi raunvöxtum. Og ef það sýnir ekki muninn, að snúa 80% erlendri lánsfjármögnun á tveimur árum yfir í 100% innlenda lánsfjármögnun í fullri frjálsri samkeppni og með lækkandi raunvöxtum, þá veit ég ekki hvað er mælikvarði á árangur efnahagsstefnu. Enda er það auðvitað þannig að virtustu efnahagsstofnanir á Vesturlöndum, IMF, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og OECD, hafa í skýrslum sínum eindregið og afdráttarlaust fellt sinn dóm yfir þessum árangri og hann er mjög jákvæður, en vara jafnframt við því að efnahagsstefna Sjálfstfl. komist hér til valda á nýjan leik. Og þegar bæði markaðurinn og virtustu efnahagsstofnanir á Vesturlöndum kveða upp þennan sama dóm, þá þykist forusta Sjálfstfl. vera þess umkomin síðustu klukkustundir fyrir jól að setja sig á háan hest og biðja um utandagskrárumræður um þessi mál. Það væri vissulega tilefni til að ræða þetta hér dag eftir dag, til að draga fram hverja staðreyndina á fætur annarri til að leiða fram þennan mun. Bera saman tímann þegar mennirnir á háa hestinum réðu hér öllu og því sem hefur gerst síðan. Það er nefnilega ríkissjóður sem hefur leitt þessa raunvaxtalækkun, sem hefur skapað þennan stöðugleika með innlendri lánsfjáröflun og sem hefur treyst sér til þess í fyrsta sinni í langan tíma að gera það við fullkomlega frjálsar samkeppnisaðstæður á peningamarkaðnum.

Það hefur mikið verið gert úr því að í sumar bauð ríkissjóður fáeinum stórkaupendum, viðskiptabönkum og lífeyrissjóðunum, viss ... (**Gripið fram í:** Var það útsala?) Það var engin útsala, það sýnir nú best fákunnáttu þingmanns Sjálfstfl., þetta frammíkall — viss jákvæð skilyrði vegna þess, eins og tíðkast í almennum viðskiptum á frjálsum markaði, að góðum viðskiptavinum eru veitt betri kjör. Ef markaðskerfið gengur ekki út á það að góðum viðskiptavinum séu veitt betri kjör, þá veit ég ekki út á hvað markaðskerfið gengur. En það sýnir kannski fákunnáttu Sjálfstfl. í markaðskerfinu að þeir skuli standa hér upp og hneykslast á þessu líka. Er ekki kominn tími til að halda námskeið fyrir þingflokk Sjálfstfl. í markaðskerfinu? Jú, við gerðum þetta. (**ÞP:** En þetta markaðskerfi þýddi hærri vexti.) Það þýddi smávegis viðbót, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, já, já, það er alveg rétt, brot úr prósenti í tvo mánuði, hv. þm. En því lauk í ágúst, hv. þm. Ríkissjóður hefur ekki verið á þessum markaði síðan í ágúst nema að bjóða almenningi spariskírteinin í áskrift á 6% vöxtum. Hann hefur ekkert verið á þessum markaði síðan í ágúst þannig að ríkissjóður hefur ekkert verið að þrengja að bönkunum, a.m.k. ekki síðan í ágúst. Bankarnir geta ekkert notað ríkissjóð sem afsökun síðan í ágúst fyrir þessu háa raunvaxtastigi, ekki með neinum hætti. (Gripið fram í.) Já, við getum alveg rætt ríkisvíxlana, ég er tilbúinn til þess

hér áfram að fara í gegnum þetta lið fyrir lið, atriði fyrir atriði og mánuð fyrir mánuð. (**FrS:** Gerðu það nú.) Já, ég skal gera það, hv. þm. Friðrik Sophusson, sem hefur legið í bankaráði Landsbankans og beðið þar um vaxtahækkanir á undanförnum mánuðum af því að það hefur auðvitað verið krafa Sjálfstfl. að halda hér aftur inn á sömu vaxtahækkanabrautina. (**FrS:** Hver hefur sagt það?) Hver hefur sagt það? Það flýgur nú margt í Austurstrætinu, hv. þm. Friðrik Sophusson. En ef hv. þm. er reiðubúinn að koma hér upp á eftir og bera það til baka að hann hafi verið talsmaður vaxtahækkana í bankaráði Landsbankans, þá mundi ég fagna því.

Staðreyndin er nefnilega sú að það er ekki ríkissjóður sem er ábyrgur fyrir því að viðskiptabankarnir hafa verið á þessari villubraut. Það er fákeppniseðli íslensku viðskiptabankanna, það er þessi eilífi samanburður á milli þeirra, það er að ekki hefur tekist að koma á eðlilegum samkeppnisháttum milli viðskiptabankanna sjálfra. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það þurfi að breyta skipan bankakerfisins hér á landi til þess að efla þessa samkeppni. Og ég er líka þeirrar skoðunar að það eigi að banna bönkunum að breyta vöxtunum nema á um það bil tveggja mánaða fresti. Þessar eilífu breytingar og eltingar bankanna út frá einhverjum spám sem þeir hafa takmarkaða hugmynd um eru ekki eðlilegir þættir í starfsemi bankanna. (**FrS:** Er það þá markaðskerfi?) Já, já, það getur verið markaðskerfi, vissulega, hv. þm., ef það gildir um alla aðra markaði. Ég nefni að ríkissjóður, sem hv. þm. og aðrir hafa verið að tala um sem einn helsta samkeppnisaðila á þessu sviði, breytir ekki sínu raunvaxtastigi á spariskírteinum nema í fáein skipti á hverju ári. (**FrS:** Hann gerir það tvisvar á dag.) Það er rangt, hv. þm. Ef þm. er að vísa til húsbréfakerfisins sem banki hv. þm., Landsbankinn, tók að sér að ávaxta, þá er ég reiðubúinn í ítarlegar umræður um það að meginábyrgðin á því sem gerðist í húsbréfakerfinu í haust og vetur voru feilspekúlasjónir þeirra forsvarsmanna Landsbréfa í Landsbankanum sem stjórnuðu þeim viðskiptum. Og ef hv. þm. vill fara í ítarlegar umræður um það, þá er ég tilbúinn í það. Það var einfaldlega Landsbankinn sem feilspekúleraði á þessum markaði og það var það sem leiddi til þessara breytinga, en þeir sem lásu markaðinn rétt lentu ekki í neinum vandræðum. Og auðvitað er það þannig í frjálsu markaðskerfi að mönnum er frjálst að verða á eins og Landsbankanum varð á við þessi skilyrði.

Virðulegi forseti. Staðreyndirnar í þessu máli eru mjög einfaldar. Á síðustu tveimur árum hefur raunvaxtastig spariskírteina fallið úr 9% niður í 6%. Á síðustu tveimur árum hefur raunvaxtastigið í bankakerfinu fallið úr 14% niður í 8%. Á síðustu tveimur árum hefur 80% af erlendri lántöku verið snúið í yfir 100% innlenda lánsfjármögnun hjá ríkissjóði við frjálsa samkeppni. Á þessum tveimur árum hefur verðbólgan verið tekin úr 30% niður í 7–8%. Á þessum tveimur árum hefur tekist að snúa gjaldþroti efnahagslífsins yfir í tímabil nýs stöðugleika. Og svo koma þessir menn, forustumenn Sjálfstfl. og eyða tíma okkar og starfsfólks þingsins í almennt kjaftæði um þetta mál í stað þess að fara heim og lesa lexíuna sína og læra af reynslu undanfarinna ára til þess að Sjálfstfl. endurtaki ekki sömu mistökin þegar og ef hann kemst til valda á nýjan leik.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti verður nú að ítreka að um það var heiðursmannasamkomulag gert að þessi umræða stæði ekki mikið lengur en 1–1½ tíma. Mér finnst mjög á það samkomulag hafa verið gengið. Ég vil nú enn biðja menn að reyna að stytta mál sitt því vandinn er sá að forseti verður að geta haldið þingmönnum hér í húsinu til þess að unnt sé að samþykkja þál. um jólaleyfi þingmanna. Nú fara menn sem eiga langan veg heim að huga að ferðum þannig að forseti fer að verða í verulegum vandræðum ef þessu vindur fram á þennan hátt. (**Forsrh.:** Forseti, má ekki fresta til að samþykkja tillöguna fyrst?) Forseta er mjög illa við að gera það.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég vil staðfesta það að þegar forseti féllst á að leyfa þessa umræðu utan dagskrár, sem ég met mikils og hef þakkað fyrir, þá var um það talað að reyna að haga því þannig til að umræðan stæði ekki lengur en 1–1½ klukkutíma. Ég vil aðeins vegna áminningarorða hæstv. forseta vekja á því athygli að auk málshefjanda hafa hér aðeins talað talsmenn stjórnarflokkanna og að ég hygg formaður Alþb. ekki tekið skemmstan tíma af þeim sem hér hafa talað. En ég ítreka að þetta var umtalað og ég tel að af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna hafi það samkomulag fram til þessa að fullu verið virt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti getur einungis tekið undir þessi orð hv. 1. þm. Suðurl.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það sem hefur komið fram fyrr í dag að stjórnarandstæðingar, a.m.k. í Sjálfstfl., hafa flýtt mjög fyrir fundarstörfum þingsins í dag þótt fullt tilefni hafi verið til þess að taka þetta mál fyrir í umræðum um lánsfjárlög fyrir yfirstandandi ár eins og kom lauslega fram í umræðum þá. Þetta var gert vegna þess að samkomulag náðist um að hafa þessa umræðu sem hér hefur verið hafin. Formaður Sjálfstfl. talaði í korter af þeim klukkutíma og 20 mínútum sem nú er liðið á þessa umræðu þannig að stjórnarsinnar hafa þegar talað klukkutíma og 5 mínútur. Tek ég þess vegna undir það sem fram kom hjá þeim sem talaði um þingsköp.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í almennt málfundaþóf sem hæstv. fjmrh. hóf hérna, þó að vissulega væri tilefni til þess. Það er samt í tilefni af ummælum hans full ástæða fyrir okkur til að íhuga það aðeins hvernig hæstv. ráðherra leyfir sér að koma hér í ræðustól og flytja slíka ræðu sem hann flutti, rétt í þann mund sem við vorum að samþykkja fjárlög fyrir næsta

ár. Fjárlög sem staðfesta það að skuldir þjóðarinnar, þ.e. skuldir ríkisins, hafa aldrei verið meiri í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, landsframleiðslu, sem stafestir það að vandamálum er ýtt til framtíðarinnar, það er sópað undir teppið, sem sýnir að skattar hafa verið stórlega hækkaðir og þrátt fyrir það er enn bullandi halli á ríkissjóði og gera má ráð fyrir að hann verði álíka mikill á næsta ári eins og í ár og eins og í fyrra. Svo kemur hann hér í ræðustól, ber sér á brjóst og segir að nú sé allt í lagi, nú ætli hann að taka að sér að kenna Sjálfstfl. eitthvað um markaðslögmál. Þetta kallar maður kjarkmann.

En af því að hæstv. ráðherra var að lýsa því hvað allt væri í góðu lagi og yrði það í framtíðinni þá langar mig í örstuttu máli að lesa hér úr þessari bók, grænu bókinni getum við kallað hana af því að hæstv. viðskrh. nefndi hana það í sinni ræðu. Þar segir m.a.:

„Auk skuldabréfa ríkissjóðs er nú um að ræða verulega aukningu á framboði íbúðalánabréfa, einkum eftir að hin ríkistryggðu húsbréf komu til sögunnar. Er því ástæða til að ætla að lánsfjárþörf ríkissjóðs og útgáfa húsbréfa muni að mestu verða ráðandi um þróun vaxta hér á landi á næstunni."

Hér er það staðfest, sem auðvitað skiptir öllu máli fyrir þá sem vilja taka þátt í efnislegri umræðu málsins, að ríkið er afgerandi um raunvaxtahæð á innlenda markaðnum. Og það er viss hætta á því, eins og margoft hefur komið fram og er skýrt tekið fram í þessari skýrslu, að raunvextir fari hækkandi á næsta ári vegna þess að þá þarf atvinnulífið á því að halda að fá fjármagn sem það hefur ekki verið að nota að undanförnu í þeirri lægð og þeim samdrætti sem hér hefur verið. Og þá skiptir öllu máli hvort ríkisvaldið er tilbúið til að gefa eftir, því að það vita allir að er staðreynd að atvinnuvegirnir hafa verið að greiða til baka lánin sín á yfirstandandi ári. Það er þess vegna sem raunvaxtastigið er heldur lægra en undanfarin ár. Og að koma hér upp og stæra sig af því hvernig hlutirnir eru, það er svo óforskammað að ég hélt að þessi kjarkur væri ekki einu sinni til í hæstv. fjmrh.

Ef fjmrh. getur hins vegar sýnt fram á það á næsta ári að hann dragi svo saman í útgáfu bréfa á vegum ríkisins að það verði pláss fyrir atvinnulífið að taka lán til að byggja sig upp til að geta haldið úti atvinnulífinu, þá fyrst væri hægt að tala um möguleika á að hæla hæstv. ráðherra. En ég veit að tilgangur hæstv. fjmrh. var að fela það sem gerðist í þessari umræðu hér, tilgangurinn var ekki sá sem hann lét í veðri vaka, enda heyrðu það flestir sem þekkja til málsins. Hann var að fela það sem gerðist hérna og hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni, að hæstv. viðskrh. kom hér í ræðustól og — ja, ég vil leyfa mér að segja, rassskellti hæstv. forsrh. opinberlega. Það var að vísu gert með mjúkum hætti, með boxhönskum til þess að menn meiddu sig ekki. En það sem hæstv. viðskrh. sagði var ósköp einfaldlega þetta: Hækkunin sem átti sér stað í Búnaðarbankanum og í Íslandsbanka og hjá sparisjóðunum er hækkun til þess að samræma vexti og byggir á svokallaðri þjóðarsátt. Ég votta hæstv. forsrh. samúð mína því að hann situr eftir með sárt ennið því að hér hefur hann lent í umræðum þar sem menn hafa svipt hulunni af því sem hefur verið að gerast.

Hæstv. viðskrh. tók ekki undir það sem hæstv. forsrh. sagði að eitthvað væri ólöglegt hjá bankaráðunum þegar þau hækkuðu nafnvexti á óverðtryggðum lánum. Hann tók ekki undir það sem forsrh. gerði að aðalmáli í sinni ræðu og hann minntist heldur ekkert á það að Seðlabankinn ætti nú að beita valdi samkvæmt lögum til þess að hafa áhrif á vexti. Þetta var þvert á það sem hæstv. forsrh. sagði þegar hann sagði að kominn væri tími til að gera slíkt. Ég vek athygli á því að forsrh. er ekki bankamálaráðherra heldur er það hæstv. viðskrh.

Mig langar til að segja hæstv. forsrh. það enn fremur að í Bandaríkjunum eru markaðsvextir. Það er engin hávaxtastefna eða lágvaxtastefna rekin í Bandaríkjunum. Það er markaðsvaxtastefna og vextir færast upp og niður eftir markaðslögmálum. Það að tala um hávaxtastefnu í Bandaríkjunum á einhverjum tilteknum tíma er því einhver misskilningur. Ég veit ekki hvað það er sem gengur að hæstv. forsrh. en hann alla vega skilur ekki, hvort sem hann vill ekki skilja eða hvort hann þykist ekki vilja skilja, um hvað umræðuefnið snýst. Því miður verður að segja þetta nákvæmlega eins og það er.

Árið 1984 stóð hæstv. forsrh. að því að koma á markaðsvaxtakerfi hér á landi, a.m.k. að verulegu leyti. Það er eins og réttilega hefur komið fram hjá hæstv. viðskrh. undirstaða þess að hér jókst sparnaðurinn og hægt er að selja skuldabréfin sem hæstv. fjmrh. var að minnast á. Ef þessi breyting hefði ekki átt sér stað, hvernig halda hv. þm. að þetta hefði þá litið út í dag þegar þarf að fjármagna halla á ríkissjóði og húsbréfin á innlendum markaði?

Þá kem ég að því sem hæstv. forsrh. sagði, að þetta væri versta aðför að þjóðarsáttinni, versta aðför að þjóðarsáttinni, sagði hann um hækkunina hjá Búnaðarbankanum og sparisjóðunum. Hann hélt síðan áfram og kallaði starfsmenn bankans sem sæti eiga í bankaráði þræla. Hann notaði bókstaflega orðið þrælar bankastjóranna. Það hlýtur að vera einsdæmi þegar svona lagað gerist. Við skulum aðeins skoða það hver hefur brotið og hafið aðför að þjóðarsáttinni.

Það hefur verið rifjað upp hér að á sínum tíma var gert samkomulag á milli bankanna og aðila vinnumarkaðarins og ríkisins í þessum málum. Það hefur verið rifjað upp að bankarnir breyttu viðmiðun sinni. Það segir orðrétt í yfirlýsingu sem bankarnir senda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja: „Ákvörðun þessi er miðuð við forsendur um þróun lánskjaravísitölu skv. þeim drögum að kjarasamningi sem fyrir liggja og er byggð á þriggja mánaða hreyfingum þar sem tveir mánuðir eru áætlaðir fram á við auk þess sem litið er til eins mánaðar rauntalna." Það er nákvæmlega þetta sem bankarnir hafa verið að gera allan tímann. En auðvitað verður þessi regla að gilda bæði þegar verðbólga fer niður og eins þegar verðbólga fer upp. Bankarnir hafa farið miklu hægar í að hækka nafnvextina þegar verðbólgan hefur farið upp heldur en þegar verðbólgan fór niður. Og svo segir hérna í þessu samkomu-

lagsplaggi sem er hluti af þjóðarsáttinni svokölluðu, og ég bið hæstv. forsrh. að hlusta. Hér stendur: „Vaxtaákvarðanir síðar á árinu munu verða miðaðar við að ávöxtun verðtryggðra og óverðtryggðra útlána verði sem jöfnust yfir árið" o.s.frv. Það er einmitt þetta sem bankarnir hafa verið að gera og það er þetta sem Búnaðarbankinn var að gera nú og ég býst við að bankar muni halda áfram að gera á næstu mánuðum.

En það var annar hluti af þessu samkomulagi sem menn hafa ekki rætt hér, og skiptir miklu máli að menn átti sig á, að gert var samkomulag við hæstv. ríkisstjórn. Það samkomulag byggðist á því að viðskrh. lét kveðja til hóp manna til þess að skoða ákveðið viðfangsefni. Þetta voru menn frá fjmrn. og viðskiptabönkunum og Seðlabanka og samkvæmt minnisblaði átti að skoða ákveðna hluti og breyta þeim. Þetta er talið vera forsenda fyrir bankana til að taka þátt í þjóðarsáttinni. Starfshópurinn átti síðan að skila áliti 1. febr. Þetta er staðfest með bréfi sem skrifað er til viðskrn. 28. jan.

Hinn 12. mars gerðist það að Björn Friðfinnsson skrifaði bréf til Magnúsar Péturssonar, ráðuneytisstjóra fjmrn. Í þessu bréfi er fjallað um breytingu á bindiskyldu, um skattalegan afskriftareikning útlána o.s.frv. En einn stærsti þátturinn í því sem bankarnir fóru fram á og hafði verið rætt um frá upphafi var svokallaður gjaldeyrisskattur. Nú er frá því að segja að aðeins brot af þessum málum hefur komist í framkvæmd. Ég veit að viðskrh. hefur áhuga á því að koma þessu fram en hæstv. fjmrh. hefur staðið í vegi fyrir því. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þess að menn eru að tala um að einhver hafi rofið þjóðarsáttina og ég held því fram að því miður eigi hæstv. ríkisstjórn sök á því í þessum málum.

Hér fyrr hefur verið minnst á greinargerðina og afskipti ríkisvaldsins af vaxtaákvörðun bankanna. Það er kannski athygli vert fyrst menn eru að vitna til þessarar bókar að átta sig á því hvað segir um þetta atriði í skýrslunni. Þar segir á bls. 8 undir kaflafyrirsögninni „Viðbrögð vegna vaxtabreytinga":

„Það er umhugsunarefni að vaxtahækkanir sem fram koma vegna aukningar verðbólgu eða lánsfjáreftirspurnar valda gjarnan mikilli andstöðu. Þessi viðbrögð eru dæmi um að hlutverk bankanna sem er að stuðla að jafnvægi m.a. með því að breyta vöxtum nýtur ekki enn þeirrar viðurkenningar hér á landi sem í nágrannalöndunum. Þetta er ekki síst áhyggjuefni nú þegar ákveðið hefur verið að opna fyrir frjálsari gjaldeyrisviðskipti. Eitt grundvallaratriði frjálsra gjaldeyrisviðskipta er að vextir innan lands séu hreyfanlegir og fái að leita jafnvægis í takt við framboð og eftirspurn eftir lánsfé. Útilokað er að tryggja jafnvægi í peningamálum öðruvísi en vextir fái að hreyfast í takt við aðstæður á lánsfjármarkaði."

Þetta eru varnaðarorð Seðlabankans til hæstv. ríkisstjórnar. Og ég bið nú hæstv. forsrh. að skoða það vandlega hvort hann tekur þátt í því að undirbúa okkur undir þá auknu samkeppni í íslenskum peningamálum sem vænta má þegar erlendum bankastofnunum verður hleypt inn í landið, en það er eitt af áhugamálum hæstv. ríkisstjórnar. Það er áreiðanlega rétt hjá Ásmundi Stefánssyni að ríkisstjórnin á stærstan hlut að því máli þegar vextir hækka hér á landi með því að auka eftirspurnarþáttinn jafnmikið og ríkisstjórnir hafa gert.

Þá kem ég að öðru sem ég tel vera eitt alvarlegasta málið í þessu uppþoti hæstv. forsrh. Það er þegar hann heldur því fram að lög hafi verið brotin og segir að í raun hafi bankarnir sammælst um vaxtaákvarðanir. Hæstv. viðskrh. benti reyndar á það í sínu máli að svo hefur ekki verið. En ég bið þingheim um að hlusta núna vel á. Hæstv. forsrh. Íslands lýsir því yfir að hann hafi beint tilmælum til bankaráðsmanna í viðskiptabönkunum úr sínum flokki og fer ekki leynt með það að ætlast til þess að þeir verði samferða um vaxtaákvarðanir í sínum bönkum. Og hann hefur gert meira. Hann hefur sagt að hann hafi ætlast til að hæstv. samráðherrar hans geri slíkt hið sama. Ég ætla að endurtaka þetta. (Gripið fram í.) Já, já, ég skal endurtaka þetta, hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. hefur farið fram á það að bankaráðsmenn í tveimur bönkum ákveði að hækka ekki nafnvexti á óverðtryggðum lánum þrátt fyrir það að verðbólgan hafi hreyfst og gefi fullt tilefni til þess að vextir hækki. Og það er ákvörðun út af fyrir sig að hækka ekki nafnvexti á óverðtryggðum skuldbindingum þegar verðbólgan hreyfist. Hafi einhver brotið lög og farið gegn anda þeirra laga sem í gildi eru, þá situr hann hér. Það er sjálfur hæstv. forsrh. Íslands. Þetta er alvarleg ásökun en þetta er það sem eftir stendur í þessari umræðu.

Hann gerir meira. Hann segir í blaðaviðtali að formaður bankaráðs Búnaðarbankans, sem er samflokksmaður hans, sé þræll bankastjóra og hafi kannski brotið lög. En hann hælir öðrum sinna manna, Kristni Finnbogasyni, sem á sæti í bankaráði Landsbankans, og segir að hann hafi staðið sig vel þegar hann stóð gegn vaxtahækkun að sinni. Nú hef ég spurt Kristin Finnbogason að því hvort ég megi segja frá því opinberlega og hann hefur sagt mér að það sé óhætt, að hann hefur sagt mér það og ég hef sagt öðrum og hef fullt leyfi til að segja frá því að það hefur aldrei verið talað við hann um það að hækka ekki vexti, aldrei. Með öðrum orðum, hæstv. forsrh. heldur þessu fram, ekki vegna þess að hann hafi í alvöru fylgt þessu eftir heldur vegna þess að hann vill láta þjóðina trúa því að það sé honum að þakka ef vextir verða ekki hækkaðir. Og það er þetta sem er sá alvarlegi skollaleikur og tvískinnungur sem auðvitað ber að gagnrýna og hefur verið gert hér í dag.

Ég gæti lesið upp úr gömlum ræðum og reyndar kennt hæstv. forsrh. með orðum hæstv. viðskrh., sem hefur skrifað ágætlega um þessi mál, ég gæti sent hæstv. forsrh. þá grein við tækifæri, en ætla ekki að tefja tímann hér með því að ræða hana sérstaklega. Ég vil aðeins undirstrika það að verið er að samræma vexti og samræmingin á þessum vöxtum er ekki bara á útlánum heldur líka á innlánum. Bankarnir eru því ekkert að græða á þessari ákvörðun, það er mikill misskilningur. Og svo ruglar forsrh. því saman að afkoma sé góð eða slæm og það hafi eitthvað með vaxta-

ákvarðanir að gera. Þetta er rangt. Afkoma bankanna fer eftir vaxtamuninum fyrst og fremst. Ef maður hækkar bæði innláns- og útlánsvexti þá vex ekki vaxtamunurinn. Menn verða að átta sig á þessu fullkomlega því að það sem Búnaðarbankinn var að gera og það sem Landsbankinnn mun gera á næstunni er að hækka bæði útláns- og innlánsvexti að sjálfsögðu. Bankarnir eiga samkvæmt lögum að sjá til þess að það sé jafnvægi á markaðinum. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Guðna Ágústssyni að afkoma bankanna er því miður ekki nógu góð. Hún er allt of slæm. Efnahagurinn er svo slæmur að það horfir til stórhættu þegar við lendum í samkeppni við erlendar bankastofnanir. Þetta ætti hæstv. ríkisstjórn aðeins að hugleiða því að þetta er verulegt áhyggjuefni.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að misnota meira tíma þingsins. Það hafa stjórnarsinnar gert í stórum stíl. Fleiri þurfa að tala um þetta mál. Hæstv. forsrh. hefur af einhverjum ástæðum þurft að bregða sér úr þingsal en ég ætlaði satt að segja að hafa nokkuð stór orð um það sem ég vil kalla ófyrirleitnar yfirlýsingar af hans hálfu. Ég tel að hann hafi í raun verið að grafa undan trausti á stofnunum sem fara með viðkvæm mál. Ég tel að þetta hafi verið óþarfar yfirlýsingar sem hann gaf en vegna þess að hæstv. viðskrh. hefur tekið af mér ómakið, og reyndar hv. þm. Guðni Ágústsson, þá ætla ég ekki að eyða frekari orðum að því.

Ég vil aðeins segja það í lokin að aukinn sparnaður er eina ástæðan fyrir því að hægt er að reka ríkissjóð með halla og fá lán á innlendum markaði eins og gert hefur verið að undanförnu í stórum stíl, hættulega stórum stíl. Það er vegna þess að fólk velur á milli sparnaðar og eyðslu og þegar vextirnir hækka eru meiri líkur til þess að fólk leggi peninga til hliðar og spari en eyði þeim ekki í eitthvað það sem það getur verið án. Þetta er nú staðreyndin. Þetta er staðreynd markaðskerfisins og þetta eru kannski boðorð sem hæstv. ríkisstjórn mætti taka sér til fyrirmyndar, þ.e. að draga úr eyðslunni og spara og leggja til hliðar og gefa þá öðrum kost á því, t.d. atvinnulífinu, að taka lán á næstunni til að byggja sig upp á lægri vöxtum en ella. Þetta eru þau skilaboð sem þurfa að komast til skila til hæstv. fjmrh. sem situr hér enn í salnum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill nú leita samstarfs við hv. þm. í þeim tilgangi að taka tillit til þeirra hv. þm. sem úr bænum þurfa að fara. Hvort hv. þm., þeir sem eftir eru á mælendaskrá, geti ekki sætt sig við að gera mjög stuttar athugasemdir ef forseti þess í stað beitir sér fyrir því að þegar á fyrsta degi þegar þing kemur saman fari fram umræða um þessi mikilvægu mál. Þá væri hugsanlegt að unnt yrði að ljúka þinghaldi kl. 5. En ég endurtek að forseti mun þá beita sér fyrir því, ef menn ganga til þessa samstarfs, að á fyrsta degi þings þegar það kemur saman fari fram umræða um þessi mál. Hv. þm. sumir eru afar óþolinmóðir að komast til síns heima og starfsfólk löngu orðið yfir sig þreytt þannig að ég bið nú þá fimm hv. þm. sem enn eru á mælendaskrá að stytta mál sitt mjög.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég skal virða orð forseta og stytta mál mitt mjög þó að ástæða væri til að hafa nokkuð langt mál um það viðfangsefni sem hér er rætt.

Hæstv. viðskrh. hefur upplýst hér í umræðunum að í skjölum sem fylgja þjóðarsáttinni sé sérstaklega tekin fram sú krafa að ávöxtun verðtryggðra og óverðtryggðra fjárskuldbindinga skuli vera sem jöfnust. Hvað þýðir það? Það þýðir að nafnvextir, vextir óverðtryggðra fjárskuldbindinga skuli hreyfast með verðbólgu. Það hlýtur öllum að vera ljóst, ella myndast misræmi í lánaflokkum. Það sem skeði og hefur valdið þeim umræðum sem hér hafa orðið um vaxtabreytingar í Búnaðarbankanum er nákvæmlega það, aðlögun milli lánaflokka vegna breytts verðbólgustigs. Ef menn gerðu það ekki mundi augljóslega stefna í skömmtun vegna þess að sumir útlánaflokkar yrðu mun hagstæðari en aðrir og einungis gæðingar fengju þau lán sem bæru lægri raunvexti. Það er óhjákvæmilegt í bankakerfinu að samræma útlánaflokka. Hér er þess vegna ekki um að ræða neina raunvaxtahækkun eða vaxtahækkun sem slíka heldur eingöngu um aðlögun að ræða. Og ég tel að ómaklega hafi verið vikist að formanni bankaráðs Búnaðarbankans, hv. 5. þm. Suðurl.

Það má kannski segja að það hefði verið unnt að fara hina leiðina til samræmingar, þ.e. að lækka raunvexti. Það er auðvitað hin leiðin. Og forsrh. hefur bent á sem og viðskrh. að raunvextir séu háir um þessar mundir hjá okkur miðað við helstu viðskiptalönd okkar. Og þá segja menn kannski: Hvers vegna fór ekki hv. 5. þm. Suðurl. þá leið að lækka raunvextina til samræmingar? Það hygg ég að séu nokkuð miklar kröfur gerðar til þess hv. þm. Við skulum aðeins velta fyrir okkur, hvernig hefði ríkisstjórnin brugðist við í slíkum sporum? Miðað við það vaxtafrelsi sem hér ríkir ráðast raunvextir auðvitað verulega af framboði og eftirspurn. Það er ekki langt síðan ríkisstjórnin þurfti að örva sölu á húsbréfum. Henni virtust vextirnir vera of lágir á þeim miðað við almenna raunvexti á markaðnum. Hvernig brást hún við því? Í stað þess að leita almenns samkomulags um lækkun á raunvöxtum hækkaði ríkisstjórnin með ákvörðun raunvextina á húsbréfunum. Þar hefði kannski verið lag til að leita almenns samkomulags. Það sem er e.t.v. alvarlegast við hækkun vaxtanna á húsbréfunum, raunvaxtanna, er að þau eru til 25 ára og þau móta þess vegna vaxtastig mjög langt fram í tímann, miklu hærra en flestir sérfræðingar telja að það verði þegar fram í sækir og hærra en í okkar viðskiptalöndum. Ég hef ekki tíma til að fara nánar út í það.

En það er alveg ljóst að vilji menn ná niður raunvöxtum þá verða menn að velta fyrir sér eftirspurnar- og framboðsáformum. Því miður er það svo að þar veldur ríkisstjórnin nokkuð aukinni eftirspurn. Það er rétt sem fram hefur komið hjá ráðherrum að raunvextir hafa lækkað í tíð þessarar ríkisstjórnar, um það snýst ekki málið. En menn vilja fá þá meira niður og þá verða menn að horfa til þess að hallinn á ríkissjóði mun á þessu ári og næsta auka lánsfjárþörfina sjálfsagt um 10 milljarða kr. Og þegar horft er á að hús-

bréfin voru seld fyrir 2,5 milljarða á þessu ári en áætlað er að selja þau fyrir 10 milljarða á því næsta þá verða menn að horfa á að eftirspurnaráhrifin hljóta að hafa veruleg áhrif á þróun raunvaxtanna.

Samkeppni erlendis frá gæti auðvitað breytt þessu talsvert með auknu framboði, en þá er hætt við að jafnvægi það sem menn eru nú að tala um í efnahagslífinu mundi raskast. Það er mikilvægt að halda því jafnvægi og þau stjórntæki sem ríkisstjórnin hefur eru auðvitað ríkisfjármálin og peningamálin og þar eru vextirnir verulegur þáttur. Ég tel þess vegna að sú umræða sem hér hefur farið fram vegna hækkunar vaxta í Búnaðarbankanum snúist engan veginn um kjarna málsins. Hún fæst eingöngu við þá aðlögun sem reyndar er gert ráð fyrir í þjóðarsáttinni og óhjákvæmileg er milli útlánaflokka. Til þess að takast á við vandann, sjálfa raunvextina, þarf önnur ráð og allt aðrar umræður.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég fékk boð frá forseta þar sem hann skorar á okkur að stytta mál okkar. Ég setti það upp að þessi umræða yrði tekin upp aftur í janúar og mun því segja aðeins örfá orð. En mér þykir það dálítið snúið ef það verður fyrsta daginn, frekar í fyrstu viku þinghaldsins. (**Forseti:** Forseti mun hafa um það samráð við formenn þingflokka og hv. þm. svo að það verður ekki vandi að koma því fyrir.)

Ég ætlaði að vísu ekki að taka til máls vegna þess að ég vil taka tillit til starfsfólksins hér, en þar sem hv. þm. Guðni Ágústsson gat mín í ræðu sinni vil ég segja honum þetta, ef hann heyrir mál mitt. Okkur var sagt það í bankaráðinu allt sl. ár eða fyrri part sl. árs að það yrði tap á rekstri Búnaðarbankans nema vextir yrðu hækkaðir. Og það voru sömu mennirnir sem segja nú fyrir um hvað er að gerast í Búnaðarbankanum. Ég reyndi að standa á bremsunni eins og ég gat og ég verð að segja það að sá sem stóð oftast með mér, ykkur þykir það kannski ótrúlegt af því að það var vinstri stjórn þá, var hv. þm. Friðjón Þórðarson. En auðvitað er það málið að af því að við stóðum á móti vaxtahækkunum þá vildu þeir sem ráða blokkunum skipta um menn.

Tvískinnungurinn í þessu öllu er á þessa leið. Við stóðum t.d. á móti því að teknir yrðu upp þessir svokölluðu kjörvextir og hindruðum það. En hvað gerðist fyrstu mánuðina eftir að við Friðjón fórum úr bankanum? Þeir voru teknir upp. Og hvað þýddi það? Það þýddi 0,75% hækkun, bara sú kerfisbreyting. Svo koma menn hér og segja: Þið hafið staðið á móti hækkunum á raunvöxtunum. Þeir eru t.d. í Búnaðarbankanum núna 8,75% og voru 7,5 meðan við hv. þm. Friðjón Þórðarson vorum þar.

Af því að ég tek tillit til hæstv. forseta og starfsfólksins hér þá læt ég þetta nægja. En ég mun taka það betur í janúarmánuði þegar við komum saman.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skal vera mjög stuttorður, enda var ég það áðan, ég talaði í 12 mínútur samkvæmt tímatalinu en hv. þm. Þorsteinn Pálsson í 23 og hv. þm. Friðrik Sophusson einnig í 23 mínútur.

Ég stend fyrst og fremst upp til að bera af mér þær sakir að ég hafi sagt ósatt að ég hafi talað við framsóknarmanninn í bankaráði Landsbankans. Ég hef gert það oft og hann veit mjög vel minn hug í vaxtamálum og mun standa þar gegn eins og frekast er kostur. Það má gjarnan koma fram hér að við viðskrh. erum á öndverðum meiði í vaxtamálum að mörgu leyti. Hvor rassskelli hvorn veit ég ekki, en ég er stoltur af því að vera maður lægri vaxta.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil í lokin aðeins þakka fyrir þá merku umræðu sem hér hefur farið fram. Ég ætla að víkja aðeins í örfáum orðum að nokkrum atriðum, fyrst ræðu hæstv. fjmrh. Hún var býsna skondin. Mál þetta snýst um það frumhlaup hæstv. forsrh. að lýsa því yfir að bankaráð Búnaðarbankans hafi brotið lög og tekið ákvörðun sem sé alvarlegra brot gegn þjóðarsátt en nokkuð annað fram að þessu með því að hækka vexti. Þá kemur fjmrh., sem situr í sömu ríkisstjórn og forsrh., og lýsir ástandinu á þann veg þegar forsrh. telur að það sé svo alvarlegt vegna vaxtahækkana að vextirnir séu að lækka skref fyrir skref. Það mætti helst halda að hæstv. fjmrh. hafi komið til umræðunnar beint frá tunglinu.

Allt þetta mál, umræðan í gær og hér á þinginu, minnir óneitanlega á ævintýrið um nýju fötin keisarans. Í fjölmiðlum í gær fór hæstv. forsrh. í skrautklæði keisarans sem berst gegn vaxtahækkun. Í dag hefur hann verið í sömu sporum og keisarinn í ævintýrinu þegar strákarnir komu, í þessu tilviki hæstv. viðskrh., hv. 5. þm. Suðurl. og hv. 10. þm. Reykv., þingmenn Framsfl., og sögðu: Sjáið, hann er ekki í neinum fötum.

Niðurstaðan af þessari umræðu er sú að viðskrh. og tveir af þingmönnum Framsfl. hafa tekið hér fram: Ákvarðanir bankaráðs Búnaðarbankans brutu ekki gegn lögum. Ákvarðanir bankaráðs Búnaðarbankans voru í fullu samræmi við þjóðarsátt.

Þetta er kjarni málsins. Þetta er það sem gerir það að verkum að keisarinn sem fór í skrautklæðin í fjölmiðlum í gær og ætlaði að vera í forustu fyrir þeim sem berjast gegn háum vöxtum hefur af eigin mönnum verið afhjúpaður hér í dag og lýkur þessari umræðu af sinni hálfu með því að segjast vera stoltur af því að vera á öndverðum meiði í vaxtamálum við viðskrh. eigin ríkisstjórnar. Fátt lýsir betur ástandinu innan núv. hæstv. ríkisstjórnar og fátt staðfestir betur en þessi niðurstaða umræðunnar og ummæli tveggja hv. þm. Framsfl. sem bæta þau ummæli forseta Alþýðusambandsins að meginástæðan fyrir þeirri raunvaxtahækkun sem hefur orðið og í vændum er felst í þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin sjálf hefur tekið með fjárlagahalla og útgáfu á húsbréfum. Þetta eru þær meginástæður sem bornar hafa verið fram og þingmenn stjórnarliðsins sjálfs hafa staðfest. Kjarni málsins og niðurstaða er sem sagt þessi: Vextir eru að hækka vegna ákvarðana hæstv. ríkisstjórnar og ákvarð-

ana sem meiri hluti ríkisstjórnarflokkanna í bankaráði Búnaðarbankans hefur tekið.

Frestun á fundum Alþingis, síðari umr.

Þáltill. forsrh., 239. mál. — Þskj. 346.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 499).

Jólakveðjur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Haustönn Alþingis er nú að ljúka og fram undan eru kærkomnir dagar í friði jólahátíðarinnar. Þinghald hefur farið fram eins og best má verða og þakka ég öllum hv. alþm. gott og heiðarlegt samstarf. Varaforsetum færi ég sérstakar þakkir og ekki síður hæstv. forsetum Ed. og Nd.

Starfsfólki Alþingis færi ég þakkir fyrir framúrskarandi störf og óska því góðra og gleðilegra jóla eftir eril síðustu vikna. Ég óska öllum hv. þingmönnum góðrar og gleðilegrar heimkomu og bið fyrir kveðjur til fjölskyldna þeirra. Megi jólahátíðin verða okkur öllum tími gleði og friðar og samkenndar með þeim fjölskyldum sem nú halda jól eftir þungan missi í hörmulegum slysum þessa síðustu daga vestur á fjörðum og hér í Reykjavík. Eru þeim fluttar kveðjur.

Ég vona að okkur auðnist öllum að koma til þings á ný þegar þinghléi lýkur til starfa fyrir land og þjóð.

Málmfríður Sigurðardóttir:
Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar alþingismanna þakka ég hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur og fjölskyldum okkar til handa. Ég vil þakka forseta samstarfið á haustþingi sem nú er að ljúka.

Alþingi Íslendinga þó aldið sé er undarlega fátækt að hefðum borið saman við þjóðþing annarra landa. Því vil ég þakka hæstv. forseta Sþ. og hæstv. deildaforsetum sérstaklega fyrir að taka upp þá nýbreytni sem við nutum sameiginlega með starfsfólki þingsins á dögunum og vonandi verður að hefð.

Fyrir hönd okkar allra óska ég hæstv. forseta og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra og starfsfólki öllu fyrir góð og vel unnin störf, oft undir miklu álagi. Ég vil einnig fyrir hönd okkar þingmanna óska því og fjölskyldum þess friðsællar og gleðilegrar jólahátíðar, gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Ég vil biðja hv. þm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ég þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. fyrir hlýhug til mín og fjölskyldu minnar og öllum hv. alþm. fyrir að taka undir orð hv. þm.

Ég endurtek óskir mínar um gleðileg jól til handa öllum hv. alþm. og starfsfólki Alþingis, svo og árna ég Íslendingum öllum gleðilegra jóla.

Þingfrestun.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Virðulegi forseti. Ég les hér forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:
Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 113. löggjafarþings, frá 21. desember 1990 eða síðar ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 14. janúar 1991.

Gjört í Reykjavík 18. desember 1990.
Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég því hér með yfir að fundum þessa Alþingis, 113. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 14. jan. 1991.

Ég leyfi mér svo að óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

SAMEINAÐ ÞING

38. fundur, mánudaginn 14. jan.,
kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir Alþingis.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Hinn 4. janúar sl. var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:
Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 14. janúar 1991, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 4. janúar 1991.
Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Með þessu bréfi kemur Alþingi saman á ný eftir jólahlé. Ég vil nota tækifærið og óska öllum hv. alþm. gleðilegs nýs árs og þakka liðna árið, sömuleiðis öllum starfsmönnum hv. Alþingis.

Þetta verður tiltölulega stutt þing en ég vil lýsa þeirri von minni að það verði árangursríkt og þjóðinni til gæfu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þingmanna. Ég óska hæstv. forsrh. og hv. þm. öllum gleðilegs árs og flyt þakkir þeim og starfsfólki Alþingis fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Ég býð þingmenn alla velkomna til starfa á nýju ári og vona að þinghald allt verði landi og þjóð til gagns og farsældar, jafnframt að Alþingi Íslendinga auðnist að leggja friði í heiminum lið á viðsjárverðum tímum.

Samkvæmt forsetabréfi, sem hæstv. forsrh. hefur lesið, hefjast nú fundastörf í sameinuðu þingi.

Borist hefur erindi frá forsætisnefnd eistneska þingsins og ríkisstjórn lýðveldisins Eistlands.

Atburðirnir í Litáen og við Persaflóa.

Skýrsla forsrh.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir því að flytja Alþingi skýrslu um þá alvarlegu atburði sem gerst hafa, bæði í Eystrasaltslöndunum og við Persaflóa. Sérstaklega vil ég flytja Alþingi skýrslu um afskipti ríkisstjórnarinnar af þessum málum.

Ég mun fyrst ræða um atburðina í Eystrasaltslöndunum og þykir mér rétt að hafa nokkurn aðdraganda og draga saman á einn stað þær helstu dagsetningar sem einkenna afskipti okkar Íslendinga af málum þar allt frá því að þjóðþing Litáens samþykkti sjálfstæðisyfirlýsingu 11. mars 1990. Þegar að þeirri sjálfstæðisyfirlýsingu birtri samþykkti Alþingi heillaóskir til litáísku þjóðarinnar í tilefni sjálfstæðisyfirlýsingar hennar og var það gert 12. mars 1990. Ég hygg að Alþingi hafi þannig orðið hvað fyrst til þess að taka undir sjálfstæðisyfirlýsingu Litáa og með þessari samþykkt Alþingis var að sjálfsögðu undirstrikað að við Íslendingar höfum aldrei fallið frá viðurkenningu á sjálfstæði Litáa né annarra Eystrasaltsríkja.

Þann 2.–5. ágúst 1990 kom hingað til lands sérstakur ráðgjafi Landsbergis, forseta Litáens, dr. Ramanos A. Bogdanas, og átti hér fundi með utanrrh. og gekk sömuleiðis á minn fund. Þá var ákveðið að bjóða forseta Litáens, prófessor Landsbergis, hingað til lands.

Prófessor Landsbergis, forseti þjóðþings Litáa, var hér í heimsókn dagana 8.–10. okt. 1990 og gafst þá mjög gott tækifæri til þess að ræða við forsetann um stöðu mála í Litáen og reyndar í Eystrasaltsríkjunum öllum. Var sá fundur mjög gagnlegur. Augljóst var með komu Landsbergis og á þeim fundum sem við áttum með honum að mjög mikils var og er metin sú viðurkenning og sá stuðningur sem Íslendingar hafa sýnt Litáum í sinni sjálfstæðisbaráttu, en einnig verð ég að segja það að mjög komu fram hjá forsetanum vonbrigði með heldur slakar móttökur fjölmargra annarra lýðræðisþjóða. Að vísu vorum við í þeirri sérstöðu að augljóst var að við höfðum aldrei fallið frá, eins og ég sagði áðan, sjálfstæðisviðurkenningu okkar í garð Litáa, en svo hafa hins vegar fjölmargar aðrar þjóðir gert og raunar hafa líklega flestar vestrænar lýðræðisþjóðir á einn máta eða annan viðurkennt innlimun Litáens og Eystrasaltsríkjanna í Sovétveldið.

Á þessum fundi með forseta Litáens var mjög um það rætt á hvern máta við gætum stutt þá í þeirra sjálfstæðisbaráttu. M.a. var þá rætt um þann möguleika að tekin yrðu upp stjórnmálasamskipti þessara þjóða með því að opna sendiráðsskrifstofur. Því var að sjálfsögðu mjög vel tekið af forseta Litáens en það kom mjög berlega í ljós að þeir voru í engri aðstöðu til þess að veita fulltrúa Íslands starfsaðstöðu í sínu landi og jafnvel ekki ræðismanni og alls ekki í neinni aðstöðu til þess að svara slíku með því að skipa sendiherra hér á landi. Hins vegar kom fram að þegar fram í sækti væri sjálfsagt að skoða þetta skref.

Í þessum viðræðum kom jafnframt mjög glöggt fram að þeir teldu að við Íslendingar gætum á ýmsan máta orðið að liði í almennri þróun mála í Litáen. Hann gat þess t.d. að Norðmenn væru að íhuga að senda þeim ýmis eldri tæki til notkunar í landbúnaði og spurði hvort við Íslendingar gætum veitt einhverja svipaða aðstoð í sjávarútvegi. Má segja að á þessum fundum

sem forseti Litáens átti hér, m.a. með þingnefndum og sömuleiðis að sjálfsögðu utanrrh. og mér, þá hafi að ýmsu leyti verið lagður grundvöllur að áframhaldandi samstarfi þessara þjóða á breiðum grundvelli.

Ég hygg að það hafi verið 10. des. sem Landsbergis forseti fór til Bandaríkjanna til að ræða við stjórnvöld þar um stuðning. Hann hringdi til mín þaðan 12. des. og lýsti þá miklum áhyggjum af framvindu mála í Sovétríkjunum og í þeim samningum og viðræðum sem ákveðnar höfðu verið á milli Kreml og Litáens og taldi jafnvel að það kynni að draga þar til úrslita. Hann óskaði eftir því að við Íslendingar staðfestum ýmislegt af því sem við höfðum reyndar þegar látið fram koma.

Eftir fundi með utanrmn. samþykkti Alþingi síðan þál. þann 19. des. um stuðning við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna og var henni þegar komið á framfæri. M.a. var henni komið á framfæri strax daginn eftir af hæstv. utanrrh. á fundi sem hann átti þá með utanríkisráðherrum Norðurlanda og utanríkisráðherrum Eystrasaltslandanna. Ég kom henni sömuleiðis á framfæri við forsetann og fékk staðfestingu og þakkarbréf skömmu síðar.

Auk þess sem ég hef nú rakið hafa afskipti okkar Íslendinga af málefnum Eystrasaltsríkjanna verið ýmis önnur. Við flest tækifæri á alþjóðlegum fundum hafa íslenskir fulltrúar lýst slíkum stuðningi. M.a. hefur hæstv. utanrrh. gert það ítarlega á fundum Atlantshafsbandalagsins og á fundi Sameinuðu þjóðanna. Ég hef sömuleiðis gert það, m.a. á fundi Ráðstefnu um öryggismál og samvinnu í Evrópu sem haldin var í París dagana 19.–21. nóv. sl. Ég gerði það tvisvar í þeirri ræðu og þykir mér rétt, með leyfi forseta, að lesa þær greinar:

„Tillagan um miðstöð til að koma í veg fyrir átök er athyglisverð. Er þar vísað til þeirrar greinar í þeirri samþykkt sem þarna var síðan undirrituð þar sem gert er ráð fyrir að koma á fót slíkri miðstöð sem taki á málum þar sem vandræði skapast í Evrópu. Við verðum auðvitað að horfast í augu við það að ágreiningur mun áfram koma upp á milli þjóða. Hann kann að koma upp varðandi skipti á hernaðarlegum upplýsingum. Einnig gæti hann risið um mannréttindamál. Raunar er svo einmitt nú að ýmsir minnihlutahópar berjast fyrir rétti sínum og smáþjóðir leitast við að endurheimta það sjálfstæði sem glataðist við ríkjaskiptingu eftir síðari heimsstyrjöldina. Virða ber sjálfsákvörðunarrétt allra þjóða." Er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst vísað til Eystrasaltslandanna.

Þó nokkru síðar segir, með leyfi forseta, þegar lýst hafði verið ánægju með þá breytingu sem virtist vera og vonandi verður í Evrópu í framhaldi af þeirri ráðstefnu sem hér er um að ræða:

„Þó má ekki gleymast að enn eru þjóðir í Evrópu að *berjast fyrir þeim rétti sínum* að taka sæti meðal hinna frjálsu þjóða álfunnar. Við verðum að treysta því að með vinsamlegum og jákvæðum samningum við hinn volduga nágranna sinn í austri endurheimti Eystrasaltsríkin þrjú bráðlega sjálfstæði sitt og taki sæti meðal okkar hinna. Í raun töldum við að fulltrúar Eystrasaltsríkjanna yrðu hér á þessum fundi sem sérstakir heiðursgestir. Er leitt að ekki gat úr því orðið."

Við Íslendingar sýndum á fleiri vegu á þessum fundi að við studdum Eystrasaltslöndin og styðjum. M.a. stóðum við ásamt Dönum fyrir blaðamannafundum þar sem þeir sátu fyrir svörum og sömuleiðis mættu forsætisráðherrar Danmerkur og Íslands og utanríkisráðherrar þeirra landa á móttöku, einir leiðtoga af þessum fundi, sem Eystrasaltsríkin héldu. Það voru hins vegar vonbrigði að undirtektir á þessum fundi voru ekki miklar. Það gerði að vísu forsætisráðherra Dana ágætlega og einnig kom fram stuðningur frá forsætisráðherra Bretlands en í raun ekki annar frá vestrænum ríkjum. Hins vegar gerðu það t.d. forseti Tékkóslóvakíu og aðrir frá Austur-Evrópu.

Sömuleiðis er mikilvægt að minnast þess að heimsóknir hafa verið héðan til Eystrasaltsríkjanna, m.a. heimsótti formaður Sjálfstfl. þessi lönd og undirstrikaði stuðning okkar Íslendinga og forseti Norðurlandaráðs var í forustu fyrir nefnd frá Norðurlandaráði sem heimsótti þessi ríki. (**Utanrrh.:** Og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.) Já, það er rétt, og einstakir þingmenn. *Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var þar líka í* heimsókn og hefur skrifað um það ítarlega skýrslu. Ég held því að ekkert fari á milli mála að við Íslendingar höfum sýnt stuðning okkar í verki eins og við frekast höfum getað.

Því miður hafa svo atburðir orðið á annan veg en við og aðrir vonuðum. Við vonuðumst til þess að þær viðræður sem Eystrasaltsríkin höfðu fallist á að eiga með Sovétríkjunum, eiga með Kreml, leiddu til þess árangurs að þarna yrði endurheimt sjálfstæði, kannski að það tæki eitthvað lengri tíma en þessar þjóðir höfðu óskað, en stefndi þó örugglega í þá átt.

Nú hefur hins vegar farið svo að Kremlverjar hafa kosið að beita valdi og brjóta á bak aftur þessa sjálfstæðishreyfingu Litáa og eru við bæjardyrnar hjá öðrum Eystrasaltsríkjum. Eftir að þetta varð ljóst hefur ríkisstjórn Íslands rætt málið á fjölmörgum fundum og utanrrh. hefur haft forustu um að sameina Norðurlöndin fyrst og fremst um aðgerðir til að mótmæla þeirri hernaðaríhlutun sem þarna hefur farið fram.

Niðurstaðan af þessari viðleitni varð m.a. sú að forsætisráðherrar Norðurlandanna rituðu sameiginlegt bréf sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Forseti Sovétríkjanna,

Mikhail Gorbatsjov, Moskvu.

Herra forseti. Ríkisstjórnir og þjóðir á Norðurlöndum hafa þungar áhyggjur af atburðum síðustu sólarhringa í Litáen þar sem mannslíf hafa glatast í átökum. Við viljum fyrir hönd þjóða okkar beina þeim eindregnu tilmælum til yðar, herra forseti, að sovésk stjórnvöld og hersveitir grípi ekki til frekari valdbeitingar. Það er engum í hag að átök haldi áfram að *magnast. Lausn á deilunum í Eystrasaltsríkjunum* fæst ekki öðruvísi en eftir pólitískum leiðum. Þess vegna hvetjum við yður og stjórnvöld í Sovétríkjunum til að taka nýtt frumkvæði að viðræðum við ríkisstjórnir Litáens, Lettlands og Eistlands."

Undir þetta skrifa Poul Schlüter, forsætisráðherra Danmerkur, Harri Holkeri, forsætisráðherra Finnlands,

Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra Íslands, Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, og Ingvar Carlsson, forsætisráðherra Svíþjóðar.

Ýmis Norðurlandanna kusu þó jafnframt að senda sérstakt bréf og það gerðum við Íslendingar. Ég afhenti því sendiherra Sovétríkjanna bréf sem ég undirritaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, dags. 13. jan. sl., og vil ég einnig lesa það í óformlegri íslenskri þýðingu, með leyfi forseta. Þetta bréf er stílað til Mikhails Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna.

„Herra forseti. Mjög harma ég þau tíðindi sem mér bárust í morgun um ofbeldisaðgerðir sovéska hersins gegn litáísku þjóðinni. Ég hlýt að snúa mér beint til yðar og lýsi þungum áhyggjum vegna þessa máls. Ég bið yður að stöðva valdbeitingu gegn litáísku þjóðinni og lýðræðislega kjörinni stjórn landsins og fer þess á leit að þér kallið þegar í stað sovéskt herlið frá Litáen.

Allar þjóðir heims vænta mikils af þeim endurbótum sem átt hafa sér stað í Sovétríkjunum og gera sér grein fyrir afgerandi áhrifum þeirra á umbreytingu stjórnmálalegra aðstæðna í Evrópu. Við höfum ásamt Sovétríkjunum bundið vonir við nýja og varanlega skipan mála í Evrópu og að vantraust og tortryggni víki fyrir trausti og samstarfi sem byggi á grundvelli lýðræðis.

Aðildarríki Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu ákváðu í París fyrir tæpum tveimur mánuðum að byrja nýtt skeið í samskiptum ríkja Evrópu. Ríkisstjórn Íslands lítur svo á að mjög mikilvægt sé að ekkert verði aðhafst sem geti dregið úr þeim væntingum og áformum sem fram komu í Parísaryfirlýsingunni.

Íslendingar hafa lýst því yfir við mörg tækifæri að þeir óski þess af heilum hug að samningaleiðin verði farin til að leysa deilur sovéskra stjórnvalda og Eystrasaltsríkjanna á grundvelli meginreglna lokayfirlýsingar Helsinki-fundarins.

Við hvetjum yður til að endurskoða afstöðu yðar til Litáens og virða skuldbindingar um friðsamlega lausn deilumála."

Undir þetta bréf skrifaði ég.

Þetta bréf hefur fengið góðar viðtökur og verið viðurkennt sem ákveðnasta bréfið frá Norðurlöndunum. Hins vegar hefur greinilega komið fram að þeir vilja gjarnan að við gerum það annað og meira sem við megum til þess að styðja þá í þessari baráttu. Utanrrh. hefur haft forustu um að ná Norðurlöndunum saman í slíkri viðleitni og það hefur vissulega borið árangur. Sömuleiðis hefur utanrrh. leitað til Norðurlandanna um stuðning við það að mál þetta verði tekið upp í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Einnig hefur utanrrh. ritað öllum utanríkisráðherrum Atlantshafsbandalagsríkjanna og lagt eindregið til að þetta alvarlega ástand verði rætt á vettvangi þess. Það hefur verið gert og er fundur þar, ef ég veit rétt, í dag um þau mál og hafa verið reyndar fundir í nefndum Atlantshafsbandalagsins um það.

Ég skal ekki á þessu stigi segja hvað verður um þá viðleitni að fá málið upp tekið hjá öryggisráðinu. Það er nokkuð flóknara mál. Það þarf að fá einhvern flytjanda þess máls og þar hafa Sovétríkin, eins og allir vita, neitunarvald svo að ólíklegt er að það komist þar langt.

Ég vil svo geta þess að mér hefur borist bréf frá forsætisráðherra Eistlands þar sem hann hefur óskað eftir því að mega heimsækja okkur Íslendinga. Það er sjálfsagt og mun ég svara því. Þetta bréf barst mér í morgun en ég mun svara því strax að hann sé velkominn hingað hvenær sem hann óskar.

Ég vil einnig geta þess hér að mér hefur borist formlegt boð frá forseta Litaéns um að koma þangað í opinbera heimsókn. Ég hef mjög mikinn hug á að þiggja það boð en það kann að vera verulegum erfiðleikum háð eins og allir sjá og þar er ástatt nú svo að það kann að vera að það verði eitthvað að bíða.

Ég hef svo ekki mörgum orðum við þetta að bæta. Ástandið í Litáen og Eystrasaltsríkjunum hygg ég að allir þingmenn þekki svona nokkurn veginn eins og ég. Atburðir birtast jafnóðum í fréttum. Þó þykir mér ástæða til að geta hér um það síðasta sem fram hefur komið. Ef rétt er að forseti Sovétríkjanna, Gorbatsjov, hafi ekki gefið skipun um að beita hervaldi í Litáen er það í raun afar umhugsunarvert og alvarlegt mál og getur varla þýtt annað en að herinn hafi þá á bak við tjöldin að því er virðist tekið að meira eða minna leyti völdin í Sovétríkjunum. Með öðrum orðum að þarna hafi orðið eins konar bylting hersins. Það er að sjálfsögðu afar umhugsunarvert ef slíkt gerist í slíku stórveldi sem Sovétríkin eru og hlyti að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir alla þá viðleitni sem þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku hafa undanfarna mánuði, og ár reyndar, lagt í að snúa málefnum Evrópu til betri vegar.

Mér sýnist á þessu stigi kannski mestar vonir bundnar við viðbrögð Jeltsíns, forseta rússneska lýðveldisins, sem eins og allir þekkja er langsamlega stærst og áhrifamest innan Sovétríkjanna. Ef hann fær samþykkt á sínu þingi nú að draga her sem tengist Rússlandi burt frá Eystrasaltsríkjunum þá er þar orðið um meiri brest að ræða innan Sovétríkjanna en ég hygg að orð fái lýst og hlýtur þá á það að reyna hvort yfirstjórn hersins, sem er sameiginleg fyrir Sovétríkin, hlýðir slíkum tilmælum eða slíkri skipun. Þarna eru því að gerast hlutir sem eru svo sannarlega þess eðlis að með þeim verður vandlega fylgst.

Það er ástæða til að meta það að samist hefur um stutt vopnahlé í Litáen og vonandi verða þeir samningar sem þar fara nú fram til þess að stöðva frekara blóðbað. Við það hljótum við að binda miklar vonir. Ég hygg þó að það sem ég nefndi áður um viðbrögð forseta Rússlands sé það mikilvægasta sem í þessu hefur nú gerst.

Ríkisstjórnin hefur eins og ég sagði fjallað um þetta margsinnis og verið fullkomlega samstiga um það sem ég hef hér lýst og ég geri ráð fyrir því að utanrrh. muni koma nánar inn á þær aðgerðir hér á eftir.

Ég sagði í upphafi míns máls að ég vildi einnig geta hér um þá alvarlegu stöðu sem upp er komin við Persaflóa sem heimurinn sér ekki fyrir enda á núna og áreiðanlega bíða allir í ofvæni eftir því sem þar kann að gerast. Þar er hafin niðurtalning — ekki kannski

heimsstríðs, en stríðs sem getur haft gífurlegar afleiðingar um heim allan og það má segja að það sé orðið eins konar taugastríð og að því spurt hvor vægir.

Ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu einnig fjallað um það mál. Hún hefur tekið við ýmsum áskorunum frá almenningi. M.a. tók ríkisstjórnin við áskorun frá 19. des. frá nokkur hundruð mönnum, ekki síst læknum m.a. en reyndar mörgum fleiri, þar sem skorað er á ríkisstjórnina að lýsa ótvírætt yfir andstöðu Íslands við stríðsaðgerðir gegn nokkurri þjóð í Austurlöndum nær. Og þar segir áfram, með leyfi forseta:

„Við hvetjum íslensk stjórnvöld til að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir friðsamlegri lausn Persaflóadeilunnar og fyrir því að haldin verði sem fyrst alþjóðleg friðarráðstefna um Austurlönd nær með þátttöku allra deiluaðila í samræmi við ályktanir Sameinuðu þjóðanna."

Einnig tók ríkisstjórnin við, eða ég fyrir hennar hönd reyndar við báðum þessum ályktunum, 10. jan. sl. ályktun frá nokkur þúsund Íslendingum sem rituðu undir svipaða ályktun sem ég sé nú reyndar ekki ástæðu til að lýsa. Hún er held ég nokkurn veginn orðrétt eftir þeirri sem ég las upp áðan ef ekki alveg orðrétt. Segja má að þessar ályktanir séu mjög í þeim anda sem ríkisstjórnin hefur leitast við að starfa og mun beita þeim áhrifum sem hún hefur.

Ég minni á það að síðasta ályktun Sameinuðu þjóðanna var gerð 29. nóv. sl. og samkvæmt þeirri ályktun var heimilað að beita hervaldi eftir 15. jan., enda yrði tíminn fram að því vel nýttur, höfum við litið svo á, til að forða stríðsátökum við Persaflóa. Því miður verð ég að lýsa þeirri skoðun minni að ekki hafi tekist að nýta þann tíma eins og skyldi. Utanrrh. hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar leitast við að ná samstöðu með Norðurlöndunum um þrýsting á þá sem ráða ferðinni fyrst og fremst, einmitt til að nýta þennan tíma sem allra best.

Norðurlöndin hafa sameinast um það að skora á Sameinuðu þjóðirnar að koma á friðarráðstefnu um Austurlönd og að setja sveitir til að koma í veg fyrir frekari átök á milli Íraka og nágranna þeirra þegar þeir hefðu dregið her sinn frá Kúvæt.

Við Íslendingar höfum sömuleiðis lýst þeirri skoðun okkar hvað eftir annað, bæði munnlega og skriflega við okkar samstarfsaðila, að nauðsynlegt sé að taka á málefnum Palestínu í beinu framhaldi af þessum átökum við Kúvæt. Ég hlýt að lýsa þeirri skoðun minni að á það hefur mér þótt skorta í þeim viðræðum sem farið hafa fram, ekki síst á milli Bandaríkjanna og fulltrúa Íraka, þó að þær hafi ekki verið miklar og kannski meiri í fjölmiðlum heldur en á fundum, að taka undir þessa kröfu eða setja fram þá tillögu að á málefnum Palestínumanna verði tekið.

Því verður ekki neitað að í Palestínu hafa átt sér stað þeir atburðir síðustu árin sem engin siðmenntuð þjóð getur horft upp á. Þar hafa fleiri hundruð saklausir menn verið drepnir eða limlestir af her og það er engin furða þótt margir spyrji, m.a. þær þúsundir Íslendinga sem hafa skrifað undir þessar áskoranir: Er það ekki það sem stundum er kallað tvöfalt siðgæði að hlaupa upp með óvígan her þegar ráðist er í eitt land en hafa sig ekki í frammi þegar svo gengur á árum saman og hefur stöðugt farið versnandi eins og í Palestínu? Við höfum því séð ástæðu til að hvetja til þess að á það verði fallist að halda alþjóðlega ráðstefnu um Palestínu þegar Írakar hafa dregið burtu her sinn frá Kúvæt.

Því miður hafa allar sáttatilraunir mistekist, m.a. aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna nú upp á síðkastið og þing Bandaríkjanna og Íraks hafa samþykkt heimild til stríðs. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem ég hef sagt um þetta, en vil lýsa því að ég lifi nú enn þá í þeirri von að þeim manni, sem hefur kosið að leggja undir sig Kúvæt með miklum og sterkum her, verði ljóst að hann fær ekki tekist á við her heimsbyggðar og dragi sig til baka áður en til blóðugra átaka kemur. En þetta er vissulega bara óskhyggja sem kannski byggist á því að ég trúi að enginn maður sé svo brjálaður, ef ég má kalla það það, að ganga alla þá braut sem hingað til hefur verið farin og kjósi frekar að bjarga sinni þjóð frá slíkum átökum en að leiða til þeirrar gjöreyðingar sem ég hygg að mundi fylgja stríði í Kúvæt og í Arabalöndunum.

Ég læt þá lokið þessari skýrslu minni um ástandið í Eystrasaltsríkjunum og við Persaflóa. Ég hef reynt að gera grein fyrir afskiptum ríkisstjórnarinnar af þessum málum. Vissulega erum við Íslendingar litlir og okkar lóð er kannski ekki mjög þungt á vogarskálinni. En það er þó afar ánægjulegt að verða þess var að það er hlustað orðið líka á rödd lítillar þjóðar svo að það er ekki nokkur vafi á því, alveg sérstaklega í málefnum Eystrasaltsríkjanna, að þar hefur dropinn holað steininn. Það er ekki nokkur vafi á því að viðleitni okkar til að ná Norðurlöndunum betur saman hefur borið árangur og við höfum þá viðurkenningu frá Litáum alveg sérstaklega og nú með ósk forsætisráðherra Eistlands að koma hingað til lands. Og það hvetur okkur náttúrlega til þess að gera hvað það sem við getum gert til þess að beina slíkum málum á betri veg. Það staðfestir að við erum raunar öll í einum litlum bát og getum haft þar okkar áhrif.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil í upphafi færa hæstv. forsrh. þakkir fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið flutt og greinargerð um afskipti ríkisstjórnarinnar af þeim tveimur málum sem hér eru til umræðu. Það er skemmst frá því að segja að það sem aðhafst hefur verið af hálfu Alþingis fram til þessa og hæstv. ríkisstjórnar til stuðnings Eystrasaltsþjóðunum í sjálfstæðisbaráttu þeirra hefur allt verið til framdráttar þeirri baráttu og reyndar má segja að framlag okkar Íslendinga hafi í ýmsum efnum verið meira en annarra þjóða. Þó að við séum fámenn þjóð og höfum ekki áhrifavald á alþjóðavettvangi eins og ýmsar stærri þjóðir, þá höfum við þó sameinast um það Íslendingar að ganga feti framar í stuðningi við Eystrasaltsþjóðirnar en ýmsar aðrar þjóðir. Ég tel mjög mikilvægt að samstaða okkar í þessu efni haldi. Ég er þeirrar skoðunar að við get-

um látið gott af okkur leiða. Við finnum eðlilega til sterkra tilfinninga og samúðar með þessum þjóðum sem á sínum tíma fengu fullveldi og sjálfstæði í sömu mund og við fengum viðurkenningu á fullveldi Íslands. Menningarlega og sögulega hlýtur samúð Íslands að vera með þessum þjóðum. Við viðurkennum lagalegan rétt þeirra til sjálfstæðis. Við mótmælum því ofbeldi sem þær hafa þurft að sæta og neitum að viðurkenna innlimun þeirra í sovéska ríkjasambandið.

Atburðir síðustu daga í Litáen hafa ekki einasta vakið andúð heldur andstyggð flestra. Þeir hafa snert okkur Íslendinga mjög djúpt.

Það lýsir best andstæðum í heiminum og hversu snöggt veður getur skipast í lofti að sá maður, sem aðeins fyrir örfáum vikum tók við friðarverðlaunum Nóbels og skrifaði undir lokasamþykkt Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og hét því að virða lýðræði og mannréttindi og gaf þjóðum Evrópu nýja von um betri framtíð, öruggari framtíð, skuli vera forseti og æðsti yfirmaður þess hers sem síðustu daga hefur farið inn í sjálfstætt ríki, Litáen, og ekki aðeins ógnað sjálfstæði þess heldur limlest og deytt saklausa borgara. Og það er einkennilegt að heyra frásagnir af því að friðarverðlaunahafi Nóbels megi ekki vera að því í hádegisverði að tala við forseta Litáens þegar rauði herinn ryðst þar inn og limlestir og deyðir fólk. Þetta eru mikil örlög og þau hljóta að kalla á hörð og snögg viðbrögð þjóða heims. Það er fagnaðarefni að af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar, í samræmi við fyrri samþykktir Alþingis, hefur verið brugðist snarlega við í þessu efni.

Þingflokkur sjálfstæðismanna hélt fund í morgun og sendi frá sér svofellda yfirlýsingu í tilefni af innrás rauða hersins í Litáen sem ég ætla hér að lesa, með leyfi forseta:

„Þáttaskil hafa orðið í Evrópu. Innrás rauða hersins í Litáen og blóðug atlaga hans að sjálfstæði þjóðarinnar hefur brotið niður vonir manna um að undir forustu Mikhails Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna, nái sjálfstæðiskröfur lýðveldanna fram að ganga. Litáar hafa verið í fylkingarbrjósti í baráttu einstakra lýðvelda fyrir sjálfstæði undan miðstjórninni í Moskvu. Árásin sem hefur verið gerð á þá er ekki aðeins til þess fallin að svipta þá frelsi heldur er hún einnig áminning til sjálfstæðishreyfinga annars staðar í Sovétríkjunum. Kremlverjar skirrast ekki við að beita hervaldi til að halda síðasta nýlenduveldinu saman. Þingflokkur sjálfstæðismanna fordæmir harðlega þessar aðgerðir rauða hersins.

Íslendingar geta sett sig í spor Litáa, smáþjóðar sem þráir heitt og innilega að öðlast sjálfstæði og ráða málum sínum sjálf. Sjálfir háðu Íslendingar baráttu fyrir sjálfstæði sínu um svipað leyti og Litáar í upphafi þessarar aldar. Íslendingar áttu hins vegar undir þjóð að sækja sem virti samninga og lögfræðileg rök. Litáar standa hins vegar frammi fyrir valdsmönnum sem vilja láta hnefaréttinn ráða og skáka enn í sama skjóli og Jósef Stalín þegar hann innlimaði Eystrasaltsríkin með samþykki Adolfs Hitlers. Fólkið í Vilnius sér fulltrúa harðstjóra enn gráa fyrir járnum á götum borgar sinnar og skriðdrekar merja vopnlausa borgara undir beltum sínum.

Þingflokkur sjálfstæðismanna minnir á tillögur sem hann hefur flutt á síðasta þingi og því sem nú situr um formlega viðurkenningu á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og stofnun stjórnmálasambands.

Vegna þeirra atburða sem nú eru að gerast í Litáen og í öðrum Eystrasaltsríkjum vill þingflokkur sjálfstæðismanna árétta þessar tillögur. Framkvæmd þeirra yrði formleg og sýnileg staðfesting á vilja okkar Íslendinga til að rétta Eystrasaltsþjóðunum hjálparhönd. Þau sjónarmið sem Sjálfstfl. hefur haldið fram njóta nú vaxandi stuðnings.

Þingflokkur sjálfstæðismanna metur einnig aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem miðað hafa að því að styrkja sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

Þá minnir þingflokkurinn á ábyrgðina sem því fylgir að Landsbergis, forseti Litáens, hefur snúið sér sérstaklega til utanrrh. Íslands með ósk um aðstoð á þessari örlagastundu í sögu þjóðar sinnar. Þegar hann var á Íslandi á síðasta hausti tók hann fram að áréttíng á fyrri viðurkenningu mundi hafa mikla þýðingu fyrir stöðu Litáens í viðræðum við Sovétstjórnina.

Íslenskum stjórnvöldum ber að leita allra leiða til að afla málstað Eystrasaltsríkjanna stuðnings. Íslendingar eiga að láta fordæmingu sína á ódæðisverkum rauða hersins í Litáen koma fram í samskiptum sínum við Sovétríkin. Ríkisstjórnin á að kanna og gera Alþingi tafarlausa grein fyrir hvað hún telur árangursríkast í því efni. Kemur þar ýmislegt til álita, svo sem að fresta eða hætta viðskiptaviðræðum við Sovétmenn, kalla íslenska sendiherrann í Moskvu heim til skrafs og ráðagerða og skipa Sovétmönnum að fækka í sendiráði sínu hér á landi.

Þingflokkur sjálfstæðismanna hvetur til þess að íslenska þjóðin sameinist um leiðir til að veita Litáum, Lettum og Eistlendingum stuðning á örlagatímum."

Þannig hljóðar sú yfirlýsing sem þingflokkur sjálfstæðismanna samþykkti í morgun í tilefni þeirra atburða sem átt hafa sér stað í Litáen síðustu daga.

Auðvitað er það svo að hér á landi geta menn haft mismunandi sjónarmið á því hvaða ráð duga best og hversu langt er hægt að ganga í stuðningi við þessi ríki í mikilvægri baráttu þeirra. Ekkert er óeðlilegt við að mismunandi mat komi fram í því efni. Það er hins vegar ánægjulegt að um meginafstöðuna hefur tekist mikilvæg samstaða meðal þjóðarinnar og hér á Alþingi á milli allra stjórnmálaflokka. Og Sjálfstfl. vill fyrir sitt leyti stuðla að þeirri samstöðu því hún hefur úrslitaþýðingu í baráttu á alþjóðavettvangi í þágu þeirra þjóða sem hér eiga hlut að máli.

Alþingi, eins og áður hefur verið rifjað upp, brást við sjálfstæðisyfirlýsingunni á síðasta ári þegar hún var gefin út af þjóðþingi Litáens, með sérstökum árnaðaróskum og gekk þar fram fyrir skjöldu af hálfu þjóðþinga alheimsins. Og í ýmsum efnum hefur stuðningur okkar Íslendinga verið virkur og meiri en annarra þjóða allt frá þeim tíma, bæði af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og eins í viðræðum einstakra þingmanna við forustumenn stjórnmálaflokka og forustumenn þeirra

ríkja sem hér eiga hlut að máli.

Við sjálfstæðismenn töldum eðlilegt að árétta viðurkenningu á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og stofna til stjórnmálasambands. Í viðræðum sem ég átti sl. haust við forseta Eistlands og forseta Litáens kom fram að þeir töldu báðir að slíkar ákvarðanir af hálfu Íslendinga og annarra þjóða mundu styrkja þá í viðræðum við sovésk yfirvöld um lausn á deilumálum ríkjanna. Það sannfærði mig um að rétt væri að stíga slíkt skref.

Auðvitað er það svo að það er ekki einfalt að taka slíkar ákvarðanir og auðvitað er það rétt að eins og sakir standa er erfitt að koma slíkum ákvörðunum til fullra framkvæmda, ekki síst eftir að rauði herinn hefur unnið þau ofbeldisverk sem raun hefur orðið á síðustu daga. En kjarni þess máls er hins vegar sá að Eystrasaltsþjóðirnar voru reiðubúnar, eins og hér hefur komið fram, að eiga viðræður við Sovétstjórnina. Þær lögðu hins vegar á það áherslu að slíkar viðræður snerust ekki um það hvort Eystrasaltsþjóðirnar ættu að öðlast sjálfstæði heldur skyldu sjálfstæðisyfirlýsingar þjóðanna vera forsenda fyrir því að viðræður færu fram á milli sjálfstæðra þjóða. Og á þeim grunni vildu Eystrasaltsþjóðirnar ræða um stjórnmálasamskipti og efnahagsleg samskipti og töldu að því virkari viðurkenning sem kæmi fram af hálfu annarra ríkja því sterkari yrðu þær í því að halda þessum forsendum til streitu í viðræðum við sovésk yfirvöld.

En vitaskuld koma marghátttaðar aðrar aðgerðir líka að miklu haldi og yfirvöld í Eystrasaltsríkjunum hafa metið hversu langt íslensk stjórnvöld og Alþingi Íslendinga hafa gengið í þessu efni. Ég tel að atburðir síðustu daga hljóti að hvetja þjóðir heims til enn frekari og virkari aðgerða.

Á undanförnum mánuðum hafa mörg ríki á Vesturlöndum kosið að gefa varfærnar yfirlýsingar til stuðnings Eystrasaltsþjóðunum, fyrst og fremst með þeim rökum að það kynni að valda forustumönnum Sovétríkjanna og leiðtoga þeirra erfiðleikum og þannig draga úr líkum á árangri ef vesturveldin, eða vestræn lýðræðisríki gengju of hratt fram í stuðningi sínum við Eystrasaltsríkin. Þessi röksemdafærsla byggðist á miklu trausti á ærlegum vilja leiðtoga Sovétríkjanna til þess að styðja við lýðræðiskröfur og mannréttindakröfur. Því miður hefur innrás rauða hersins í Litáen brotið þessar vonir manna á bak aftur. Því miður sýnir innrásin að það er ekki með sömu rökum og áður hægt að byggja afstöðu vestrænna ríkja vegna þess að leiðtogar Sovétríkjanna hafa brugðist vonum manna og trausti. Því fremur sem þessir atburðir eru svo alvarlegir sem raun ber vitni þurfum við að herða á afstöðu okkar og hvetja til virkari samstöðu á alþjóðavettvangi til stuðnings Eystrasaltsþjóðunum.

Ég er sammála þeim viðbrögðum sem þegar hafa komið fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. En eins og fram kemur í yfirlýsingu þingflokks sjálfstæðismanna þá teljum við að einnig eigi að íhuga virkari aðgerðir svo sem eins og þær að fresta eða hætta viðskiptaviðræðum við Sovétríkin og kalla viðskiptasendinefndina heim. Enn fremur að kalla sendiherra Íslands heim til skrafs og ráðagerða og sýna sovésku ríkisstjórninni á þann hátt að við leggjum mjög þunga áherslu á yfirlýsingar okkar og orð í þessu efni. Og enn fremur kemur hér til álita að fyrirskipa fækkun í sendiráði Sovétmanna hér á landi.

Það eru líka miklar skyldur sem við tökum á okkur með þeirri afstöðu sem við höfum áður sýnt og verðum þess vegna að bregðast við þegar forseti Litáens óskar eftir því að við beitum okkur fyrir því að málið verði tekið upp hjá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Eins og fram hefur komið er það ýmsum erfiðleikum háð en ég tel að við eigum að láta á það reyna að málið verði tekið þar upp og við eigum að verða við því kalli að hafa þar um frumkvæði.

Það er að sönnu rétt að við höfum aldrei viðurkennt innlimun Sovétríkjanna að lögum. Það höfum við hins vegar, eins og aðrar vestrænar þjóðir, viðurkennt í verki og því er nú þörf á að sýna með ótvíræðum hætti og nýjum ákvörðunum að við ætlum okkur að viðurkenna þessi ríki sem sjálfstæðar og fullvalda þjóðir og koma fram við þær með þeim hætti. Aðalatriðið er að það takist samstaða um aðgerðir af Íslands hálfu og þó að ég hafi hér minnt á og lagt áherslu á að við getum stigið frekari skref í þessu efni þá skiptir þó mjög miklu máli að hér hefur tekist samstaða og við sjálfstæðismenn viljum tryggja að hún verði og við metum það sem gert hefur verið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Þessir atburðir bera upp á tímamót í stríðsátökunum við Persaflóa og e.t.v. er það ekki tilviljun að rauði herinn tók þá örlagaríku ákvörðun sem tekin var einmitt á þessum tímamótum. Við Persaflóa hefur verið stríðsástand síðan 2. ágúst að Írak réðst inn í Kúvæt og svipti réttkjörna ríkisstjórn og stjórnendur landsins valdi og innlimaði Kúvæt í Írak. Það eru ekki þau tímamót nú að spurning sé um það hvort á tímafresti sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið hefjist stríð við Persaflóa. Það stríð hófst 2. ágúst þegar Írak réðst inn í Kúvæt. Nú er hins vegar komið að því að sá tímafrestur sem Sameinuðu þjóðirnar gáfu rennur út og á þeim tímapunkti hljóta aðilar að þeirri samþykkt að grípa til eðlilegra ráðstafana í samræmi við þær ákvarðanir sem Sameinuðu þjóðirnar hafa tekið.

Við erum að vísu vopnlaus þjóð og tökum ekki af þeim sökum þátt í slíkum hernaðarátökum en við hljótum að leggja á það áherslu að við lítum á ákvarðanir Sameinuðu þjóðanna sem mjög mikilvægan þátt í varðstöðu um sjálfstæði og lýðréttindi smáríkja. Þær ákvarðanir, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa tekið, og m.a. byggja á því að þola ekki hernám Kúvæts og að leysa Kúvæt úr því hernámi með hernaðaraðgerðum ef aðrar aðferðir duga ekki, eru ákveðin trygging fyrir smáþjóðir að Sameinuðu þjóðirnar þoli ekki slíkt ofbeldi sem þarna var sýnt. Við hljótum því að styðja þær ákvarðanir Sameinuðu þjóðanna og þær ákvarðanir, sem þau ríki sem aðild eiga að alþjóðahernum taka, í samræmi við þá niðurstöðu.

Að því hefur verið vikið hvort tengja eigi saman Palestínuvandamálið, sem svo hefur verið nefnt, og innlimun Kúvæts í Írak. Það hefur verið meginkrafa leiðtoga Íraks að þessi mál væru tengd saman. Ég hygg

hins vegar að fáir hafi séð samhengið í því og fáir geti á það fallist að hernám Kúvæts sé sérstakur örlætisgerningur eða sérstakt góðverk í þágu Palestínuaraba. Enda hefur af hálfu vestrænna þjóða og Evrópuþjóða verið skýrt tekið fram að lausnin á hernámi Kúvæts gæti ekki tengst öðrum málum þó að þau séu flókin og viðkvæm og þarfnist úrlausnar eins og Palestínumálið.

Mér hefur sýnst sem af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hafi ekki komið glöggt fram hvaða afstöðu hún hefur að því er þetta atriði varðar. Ég hygg að enginn mæli á móti því að þjóðir heims leggi sig fram um að styðja við aðgerðir til þess að leysa vanda Palestínuaraba og ágreining þeirra við Ísraelsstjórn. En að minni hyggju er óráðlegt að blanda því máli saman við ólögmætt hernám Kúvæts. Ég vil því gjarnan óska eftir því að í þessari umræðu geri hæstv. utanrrh. nokkuð fyllri grein fyrir afstöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni. En aðalatriðið er auðvitað það að samstaða hefur tekist um það í fyrsta skipti innan Sameinuðu þjóðanna að bregðast við ofbeldisverkum eins og þeim sem Írak sýndi gagnvart Kúvæt og tryggja með aðgerðum á þeim vettvangi að fámennar þjóðir séu ekki beittar ofbeldi með hervaldi eins og þarna átti sér stað. Og við Íslendingar hljótum að styðja þær ákvarðanir og styðja þá samstöðu svo sem við frekast megum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég hyggst ekki rekja hér í einstökum atriðum til hverra aðgerða hefur verið gripið af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar vegna þeirra válegu tíðinda sem spurst hafa í Litáen og Eystrasaltsríkjunum af þeirri einföldu ástæðu að hv. þm. mun vera fullkunnugt um það nú þegar af greinargerð hæstv. forsrh. og almennt af fréttaflutningi þessara örlagaríku daga. Ég mun þess vegna takmarka mál mitt við nokkur meginatriði:

1. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að verða við áskorun Landsbergis, forseta Litáens, um það að skjóta þessu máli til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?

2. Við hvaða rök styðst það að aðgerðir Sovétríkjanna brjóti í bága við alþjóðlegar viðurkenndar skuldbindingar þeirra skv. Helsinki-lokaskjalinu og Parísaryfirlýsingunni?

3. Að segja fáein orð úr stöðu málsins nú og framtíðarhorfur.

Það var aðfaranótt sl. sunnudags sem mér barst orðsending frá Landsbergis forseta fyrir milligöngu upplýsingafulltrúa Litáensstjórnar í Ósló. Kjarni þess máls var að skora á utanrrh. Íslands í samráði við utanríkisráðherra Norðurlanda að kæra framferði sovéskra stjórnvalda til öryggisráðsins og leita eftir stuðningi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna við það mál. Þessa nótt og fram á sunnudaginn stóðu yfir símtöl og skeytasendingar milli okkar utanríkisráðherra Norðurlanda um alla þætti málsins og þar á meðal þetta. Það er nauðsynlegt að hv. þm. sé gerð grein fyrir því hvernig með slík mál er farið.

Í fyrsta lagi er þess að geta að að forminu til er ekki unnt að taka fyrir innan öryggisráðsins mál sem skilgreind eru sem innanríkismál. Af hálfu Sovétríkjanna er það að sjálfsögðu sú opinbera skilgreining sem þeir gefa.

Í annan stað. Það er því aðeins heimilt samkvæmt reglum öryggisráðsins að taka upp slíkt mál ef það er stutt þeim rökum að heimsfriðnum stafi sérstök hætta af þróun mála, en þá er það skilyrt að því aðeins geti ríki tekið upp slík mál að það eigi sæti í öryggisráðinu sjálft. Náist það fram þá mun beiðni um að öryggisráðið fjalli um slíkt mál tekið til umfjöllunar á óformlegum fundi ríkja sem sitja í öryggisráðinu og þá er tilskilið samþykki 9 ríkja af 15 í öryggisráðinu. Án þess að orðlengja allt það sem farið hefur milli aðila vil ég aðeins taka það fram að ég hef í þeim samtölum áskilið íslensku ríkisstjórninni rétt til þess að fara þessa leið ef hún reynist fær. En ég dreg ekki dul á það að á því eru tormerki.

Það er ljóst að við eigum ekki aðild sjálfir að öryggisráðinu og verður þess vegna að leita til annarra um það. Ég hef hins vegar þegar efnt til óformlegra samtala við fulltrúa annarra ríkja um það og þá fyrst og fremst hér á landi við staðgengil sendiherra Bandaríkjanna. Niðurstaða þess máls liggur ekki fyrir en það er unnið að því áfram. Hitt er þó ljóst að við getum ekki verið mjög bjartsýn um jákvæða niðurstöðu í því af þeirri einföldu ástæðu að innan öryggisráðsins gilda þær reglur að þar geta einstök ríki beitt neitunarvaldi.

Annað mál sem ég vil víkja að í tilefni af þessum umræðum eru þær staðhæfingar okkar að með beitingu hervalds í Litáen hafi sovésk stjórnvöld gerst brotleg við alþjóðlegar skuldbindingar og er þá vísað til lokaskjals Helsinki-sáttmálans og Parísaryfirlýsingarinnar. Þetta styðst einkum við V. kafla lokasamþykktar Helsinki-ráðstefnu RÖSE, eða Ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu, frá 1975. Þá er ég að vísa til kafla þar sem fjallað er um þær tíu grundvallarreglur sem þar voru samþykktar og undirritaðar með skuldbindandi hætti um að virða þær. Í V. kafla er sett fram grundvallarreglan um friðsamlega lausn deilumála. Þar segir svo, með leyfi forseta, í lauslegri þýðingu minni:

„Þátttökuríkin skuldbinda sig til þess að leysa deilur sín í milli með friðsamlegum hætti og á þann hátt að stofna ekki í hættu alþjóðlegum friði, öryggi og réttlæti." Enn fremur segir þar: „Í þessu augnamiði munu þjóðirnar neyta ráða eins og samninga, sérstakrar rannsóknar, sáttanefnda, úrskurðaraðila, málskots til dómstóla eða annarra friðsamlegra leiða sem færar kunna að vera til þess að ná fram samkomulagi til þess að leysa deilur milli aðila."

Önnur meginreglan sem hér á við er sett fram í VIII. kafla og varðar jafnan rétt til sjálfsákvörðunar allra þjóða. Þar segir m.a. að allar þjóðir skuli hafa rétt til þess að njóta frelsis og ákveða þegar þær óska þjóðréttarlega stöðu sína án utanaðkomandi íhlutunar og ráða sjálfar þróun mála innan lands að því er varðar stjórnmálalega, efnahagslega, félagslega og menningarlega þróun.

Að því er varðar Parísaryfirlýsinguna, sem var undirrituð við hátíðlega athöfn á einhverjum sögulegasta fundi sem haldinn hefur verið í Evrópu eftirstríðsár-

anna 19. nóv., má nefna til mörg ákvæði þar sem leiðtogar Evrópuríkjanna 35, þar á meðal leiðtogar Sovétríkjanna, hafa skuldbundið sig. Þar er t.d. að finna kafla sem ber yfirskriftina „Nýtt tímabil lýðræðis, friðar og samstöðu" en þar segir á þessa leið í lauslegri þýðingu minni:

„Til þess að stuðla að lýðræðislegri þróun, friði og einingu í Evrópu skuldbindum við okkur hér með hátíðlegum hætti að standa við og virða hinar 10 grundvallarreglur Helsinki-lokaskjalsins". Og enn fremur segir þar: „Við endurnýjum skuldbindingar okkar um það að forðast hótun eða beitingu valds sem varðar landfræðilegt sjálfræði þjóða eða pólitískt sjálfstæði ríkja."

Enn fremur er þar áréttuð skuldbindingin til þess að leita lausna á öllum pólitískum deilum með friðsamlegum hætti.

Á enn öðrum stað í kafla sem ber yfirskriftina „Leiðarvísir til framtíðar" segir á þá leið að þátttökuríkin skuldbindi sig undir öllum kringumstæðum til þess að forðast hótun eða beitingu valds en leita þess í stað friðsamlegrar lausnar á deilum og er það áréttað mörgum fögrum orðum.

Um það hefur verið spurt hvort þessi samningsákvæði séu skuldbindandi og ég vil taka það skýrt fram að á því leikur enginn vafi samkvæmt þjóðarétti að þær eru skuldbindandi. Þessi ákvæði og reyndar fleiri sem ég gæti vitnað til hafa því miður verið rofin með þeim aðgerðum sem Sovétríkin hafa gert sig sek um í samskiptum sínum við Litáen á undanförnum dögum.

Þriðji þátturinn sem ég vildi nefna er spurningin um hver er staða málanna nú og hvert verður framhaldið. Ljósi punkturinn, ef ég má orða það svo, í þessu máli er að mínu mati drengileg og sköruleg framganga forseta rússneska lýðveldisins í þessu máli, Boris Jeltsíns. Í gærkvöldi sótti hann fund með forsetum Eistlands, Lettlands og sendiherra Litáens. Þessi fundur var haldinn fyrir opnum tjöldum og honum var sjónvarpað beint. Á þessum fundi gerðist það að forseti rússneska lýðveldisins lýsti yfir ásamt hinum forsetum lýðvelda gagnkvæmri viðurkenningu á fullu og óskoruðu sjálfsforræði þessara ríkja. Hann tók þátt í því með ályktun fundarins að fordæma mjög harðlega beitingu vopnavalds í Litáen og vara við afleiðingum þess. Í framhaldi af þessu hefur forseti rússneska lýðveldisins komið á framfæri formlegum mótmælum við Gorbatsjov, forseta Sovétríkjanna, og við varnarmálaráðherra Sovétríkjanna. Hann hefur síðan fylgt þessu eftir í morgun með útvarpsyfirlýsingu til allra rússneskra þegna sem eru í sovéskum hersveitum á landsvæði Eystrasaltsríkjanna og upplýst þá um að samkvæmt lögum rússneska lýðveldisins sé þeim forboðið að taka þátt í beitingu vopnavalds utan landamæra ríkisins án beinna fyrirmæla rétt kjörinna forustumanna þess, þ.e. forseta rússneska lýðveldisins. Samkvæmt fréttaskeyti sem borist hefur frá forsetum Eistlands og Lettlands fara þeir mörgum orðum um hversu mikilvægur þessi stuðningur forseta rússneska lýðveldisins hafi verið þeim á örlagastundu og telja að með þessum aðgerðum sínum hafi hann stórlega dregið úr hættunni á því að sömu örlög biðu Eistlands og Lettlands.

Þetta á án vafa þátt í því að því hefur verið lýst yfir af hálfu forsetaembættis alríkisins að atburðirnir í Litáen séu ekki á ábyrgð forsetans, þ.e. Mikhails Gorbatsjovs. Síðan bíðum við þess að forseti Sovétríkjanna ávarpi þingið og geri hreint fyrir sínum dyrum vegna þess að ef það er svo að rauði herinn hefur beitt vopnavaldi án þess að það sé samkvæmt fyrirmælum æðsta yfirmanns rauða hersins, forseta alríkisins, þá hefur farið fram valdarán í Sovétríkjunum. Það hefur tekist núna 24 tíma samkomulag sem nær fram að miðnætti í nótt, samkvæmt litáskum heimildum, um það að hersveitir rauða hersins í Litáen muni ekki láta frekar til sín taka þar, nóg er nú að gert. Spurningin er hvort forseti alríkisins, Mikhail Gorbatsjov, nýtir þann tíma til þess að taka af tvímæli um að þetta hafi verið ólöglegar athafnir og kemur ábyrgð yfir á þá sem þarna hafa gerst brotlegir, stöðvar beitingu frekara vopnavalds og verður við áskorunum hins alþjóðlega samfélags að heita má um það að fjarlægja þessar hersveitir, um það að ganga þegar í stað til samningaviðræðna án fyrir fram skuldbindinga, svo sem allar áskoranir beinast að.

Að sjálfsögðu er það ekki lítið mál þegar réttkjörinn og lýðræðislega kjörinn forseti rússneska lýðveldisins, sem stýrir því ríki þar sem búa 160 milljónir manna af heildaríbúafjölda Sovétríkjanna og án þess ríkis eru Sovétríkin ekki til, tekur svo einarðlega afstöðu í þessu örlagaríka máli.

Að öðru leyti vil ég segja það um framhald málsins að næsta skref er að sjálfsögðu innan Ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu en innan vettvangs hennar er Helsinki-lokaskjalið samþykkt og Parísaryfirlýsingin gefin út. Það vill svo til að á morgun hefst á Möltu fundur aðildarríkjanna þar sem sérstaklega er fjallað um þann kafla Parísaryfirlýsingarinnar sem kveður á um nýja stofnun sem á að vera til þess að fyrirbyggja árekstra og deilur milli ríkja og þjóðernishópa, Center for prevention of conflict. Þar er á dagskrá skilgreining á hlutverki þessarar stofnunar. Við höfum að sjálfsögðu, í samræmi við fyrirheit sem við höfum áður gefið, gefið sendimanni Íslands á þessari ráðstefnu fyrirmæli um að taka þetta mál upp einarðlega og afdráttarlaust með þeim hætti sem við höfum gert hingað til. Mér er einnig kunnugt um að það mun fulltrúi bandarísku ríkisstjórnarinnar gera.

Ég vek athygli á því að frá því að þessar deilur hófust fyrst hefur orðið mikil breyting á afstöðu einstakra ríkja. Í fyrsta sinn þegar haldin var ráðstefna á vegum Evrópuráðsins með utanríkisráðherrum vestur- og austur-Evrópuríkja um grundvallarþætti um samvinnu og öryggi í Evrópu gerðist það að einungis tveir utanríkisráðherrar tóku þá upp mál Eystrasaltsríkjanna, þ.e. íslenski utanríkisráðherrann og sá danski. Það var lengi vel svo að fáir aðrir fengust til þess að taka undir þennan málflutning. Það er ekkert launungarmál t.d. að á þó nokkrum ráðsfundum innan Atlantshafsbandalagsins voru það einungis þeir tveir utanríkisráðherrar sem héldu mönnum við það efni án þess að aðrir tækju undir. Nú hefur það gerst í fyrsta sinn, ef til vill fyrir

okkar málflutning og okkar áskorun, að pólitíska nefndin innan Atlantshafsbandalagsins hefur hist tvisvar yfir þessa helgi. Meiri hluti utanríkisráðherra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hefur brugðist við og sent afdráttarlausar mótmælaorðsendingar, viðvaranir og kröfur um tafarlausa stöðvun beitingar vopnavalds og aðalframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins hefur fyrir hönd bandalagsins gefið út yfirlýsingu í sama anda. Það hefur ekki gerst fyrr og það skiptir miklu máli.

Einnig vil ég vekja athygli á því að af hálfu Evrópubandalagsins eða utanríkisráðherraráðs þess hefur þegar verið yfir lýst að á meðan ekki komi viðhlítandi og fullnægjandi skýring á því hver beri ábyrgð á þessum brotum á grundvallarsáttmálum hins nýja Evrópusamstarfs þá verði stöðvuð framkvæmd á öllum áætlunum um efnahagsaðstoð við Sovétríkin. Þetta skiptir meginmáli vegna þess að kjarni þessa máls er sá að Sovétríkin hafa hér gerst brotleg við þessa grundvallarsáttmála. Ef því heldur áfram er búið að leggja í rúst árangur af tíu ára uppbyggingarstarfi ríkja Evrópu sem hefur miðað að því að nú hæfist nýr kafli í sögu Evrópu þar sem við yfirgæfum tímabil kalds stríðs og átaka og upp væri tekin samvinna og samstarf milli ríkja og þjóða á grundvelli grundvallarreglna um virðingu fyrir alþjóðalögum, um viðurkenningu á rétti þjóða til sjálfstæðis og sjálfsforræðis, samstarf byggt á grundvallarreglum höfuðgilda vestrænnar siðmenningar um mannréttindi. Ef þessir sáttmálar eru ekki haldnir kallar það einfaldlega fram heildarendurskoðun á afstöðu lýðræðisríkjanna til Sovétríkjanna því sú afstaða er ekki byggð á afstöðu til einstakra stjórnmálamanna í þeirra eigin persónu. Hún er byggð á þessum grundvallarreglum og spurningunni um trúnað við þær í framkvæmd.

Ég vil að lokum geta þess að í gær barst áskorun frá sjónvarpsstöðinni í Kaunas í Litáen áður en henni var lokað með valdi, sem beint var til ríkisstjórna Vestur-Evrópu, um það að senda á vettvang til Litáens eins fljótt og unnt væri lyf, hjúkrunargögn og hjúkrunarfólk. Það var byggt á þeirri forsendu að þá þegar var mannfall orðið um 30 manns og tæplega 200 limlestir og alvarlega særðir. Á það var bent að þarna væru tugir þúsunda óvopnaðra borgara sem væru fyrirvaralaust fórnarlömb skriðdrekasveita og vopnaðra sérsveita ef átökin breiddust út og þá væri fyrir séður skortur á slíkum hjálpargögnum. Ég vil upplýsa það að af hálfu okkar hafa þegar í morgun verið teknar upp viðræður við rétta aðila, þar á meðal Rauða krossinn hér á landi, og það mál er í vinnslu og góðar horfur á að við munum taka þátt í því þótt ekki sé enn að fullu séð hvernig þeim verður komið áleiðis. Þó skal þess getið að Finnar hafa fengið leyfi fyrir lendingarrétti flugvéla til þess að koma slíkum hjálpargögnum á framfæri á flugvellinum í Vilnius þegar á morgun.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svo stöddu að segja fleira um þetta mál. Ég vil ljúka máli mínu um þennan þátt málsins með því að segja að ég lýsi ánægju minni með þá samstöðu sem lýst hefur verið hér á hinu háa Alþingi milli stjórnar og stjórnarandstöðu og ég er þakklátur fyrir þau ummæli leiðtoga stjórnarandstöðunnar þegar hann sagðist kunna að meta með hvaða hætti fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa hingað til tekið á þessu máli.

Virðulegi forseti. Örfá orð um stöðu mála í þeirri háskalegu deilu sem nú er á örlagaríkum tímamótum og leitt hefur af innrás Íraks í Kúvæt.

Hv. 1. þm. Suðurl. fór þess á leit að ég skýrði betur hver væri afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu máli og ég skal reyna að verða við því.

Fyrst er frá því að segja að Íslendingar, eins og yfirgnæfandi meiri hluti aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, eiga fulla aðild að öllum tólf ályktunum Sameinuðu þjóðanna í því máli. Við höfum greitt atkvæði með þeim og stöndum við þær. Í annan stað hefur íslenska ríkisstjórnin gert um það ályktun að fordæma þessa óréttlætanlegu innrás Íraka í Kúvæt og tekið undir kröfuna um að Írak beri skilyrðislaust að draga herlið sitt til baka frá Kúvæt. Þá er þess að geta að Íslendingar samþykktu í fyrsta lagi ályktun 661 um viðskiptabann og tóku þátt í því þegar eftir var leitað af hálfu annarra ríkja að leggja fram það sem kalla mætti okkar skerf í að aðstoða ríkin á svæðinu. Sú aðstoð var látin í té í formi matvæla, hjálpargagna, til grannlanda Íraks og Kúvæts, einkum Jórdaníu en einnig Egyptalands.

Þá er þess að geta að ályktun öryggisráðsins nr. 678, sem heimilar aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að beita öllum nauðsynlegum ráðum og fer ekki á milli mála hvað við er átt, þ.e. þar með talið hernaðaraðgerðum eftir 15. þ.m., hverfi Írakar ekki frá Kúvæt fyrir þann tíma, er einnig ályktun sem íslenska ríkisstjórnin hefur átt aðild að. Hitt skal skýrt tekið fram að ályktunin sem slík skuldbindur ekkert aðildarríkjanna til þátttöku í hernaðaraðgerðum og gerir ekki með sjálfkrafa hætti neitt ríki að styrjaldaraðila. Til þess þarf sjálfstæða ákvörðun hvers ríkis og vísa ég í því efni til þeirra umræðna sem farið hafa fram á Bandaríkjaþingi og lyktaði með því að forseta Bandaríkjanna var gefin heimild á grundvelli þessarar ályktunar. Svarið við spurningunni um styrjaldaraðild Íslands vegna stuðnings við þessa ályktun er einfaldlega það að það gerist ekki með sjálfvirkum hætti. Það eina sem gæti kallað yfir okkur beina aðild að styrjaldarátökum væri ef stjórnvöld í Írak hæfu styrjöld á hendur Tyrkjum, sem er aðildarríki Atlantshafsbandalagsins. Þá mundi reyna á 5. gr. Atlantshafssáttmálans sem kveður á um það að árás á eitt aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins er árás á öll. Þess skal getið af því það mun vera í fyrsta sinn í sögu bandalagsins að tyrkneska ríkisstjórnin sá ástæðu til að fara þess sérstaklega á leit að fluttar væru sérsveitir til Tyrklands til þess að undirstrika samstöðu bandalagsríkjanna og vara um leið Íraksstjórn við því að breiða út þessi átök með því að ráðast inn í Tyrkland. Við því var orðið en líkurnar á því að á þetta reyni er að flestra mati ekki miklar.

Virðulegi forseti. Þá vil ég fara nokkrum orðum um það sem kallað hefur verið frumkvæði utanríkisráðherra Norðurlanda varðandi þetta mál. Um það vil ég segja þetta:

Þegar ljóst var að fundur Bakers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Aziz, utanríkisráðherra Íraks, í Genf var árangurslaus, þá gerðist það að frumkvæði Stoltenbergs, utanríkisráðherra Norðmanna, að hann óskaði eftir því að norrænu utanríkisráðherrarnir bæru saman bækur sínar um það hvort þeir vildu leggja fram sameiginlegar tillögur um þetta mál sem beint yrði til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og síðan öryggisráðsins. Það skal tekið skýrt fram að því er þessar tillögur varðar að þær eru byggðar á mjög skýrri forsendu, nefnilega þeirri að ekki er vikið frá sameiginlegri ályktun Sameinuðu þjóðanna um þá skilyrðislausu kröfu að árásaraðilinn dragi herlið sitt til baka. Um það er enginn ágreiningur.

Hitt er svo ljóst að þótt það takist fyrir samstöðu Sameinuðu þjóðanna að knýja ofbeldisseggginn til þess að draga herlið sitt til baka er ekki þar með búið að leysa þau mál sem hér er við að fást, fjarri því. Tillögur norrænu utanríkisráðherranna eru þess vegna um það að skilgreina hlutverk Sameinuðu þjóðanna, hvert skuli vera þeirra hlutverk og hver skuli vera þeirra aðild að þróun mála eftir að Írak hefur dregið herlið sitt til baka. Þær tillögur voru í efnisatriðum á þessa leið:

Í fyrsta lagi að skora á framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að undirbúa það rækilega að Sameinuðu þjóðirnar gætu gripið inn í þróun mála þegar í stað með diplómatísku frumkvæði.

Í annan stað að Sameinuðu þjóðirnar væru í stakk búnar til þess að senda friðargæslusveitir og hernaðarlega eftirlitsaðila þegar í stað á vettvang.

Í þriðja lagi að beita sér fyrir því að endurreisn fullveldis Kúvæts yrði tryggt.

Í fjórða lagi að skilgreina nauðsyn uppbyggingarstarfs og skipuleggja og koma með tillögur um fjármögnun þess.

Þetta voru nokkur atriði. Síðan var lögð á það áhersla að ef samkomulag tækist um með þeim ríkjum sem þarna eiga hlut að máli, að deilum þá yrðu Sameinuðu þjóðirnar reiðubúnar til þess að beita sér fyrir alþjóðlegri ráðstefnu sem hefði það að meginmarkmiði að ná fram samningum um nýtt öryggiskerfi á þessu svæði. Rökin fyrir því eru augljós. Þetta svæði er eitt mesta vígreiður í heiminum. Nú mega forustumenn einstakra ríkja, bæði í austri og vestri, rifja það upp fyrir sjálfum sér að þeir hafa á undanförnum áratugum keppst hver við annan um að selja vopn og vígbúnað, hátæknivígbúnað, á þetta svæði. Fyrir því liggja óyggjandi sannanir að einstök fyrirtæki á Vesturlöndum hafa tekið þátt í því að auðvelda Írökum að byggja upp framleiðslugetu varðandi eiturefni og sýklavopn. Ríki bæði í austri og vestri hafa keppst um að gefa eða selja vígbúnað af þessu tagi. Niðurstaðan er því sú hvort heldur við lítum á Írak, Íran, Sýrland, Ísrael eða einstök önnur ríki, þar með talið Saudi-Arabíu, þá er þar nánast hvert þverfet lands þakið hátæknivígbúnaði sem er svo margfaldlega langt umfram allt sem skilgreint má verða sem eðlilegar varnarþarfir þessara ríkja.

Þegar við ræðum spurninguna um alþjóðlegt samkomulag sem reynt yrði að ná á alþjóðlegri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna þá snýst það fyrst og fremst um eitt. Með vísan til reynslunnar af afvopnunarsamningunum sem tekist hafa á evrópskum vettvangi á undanförnum árum væri það hlutverk Sameinuðu þjóðanna að beita sér fyrir massífum niðurskurði á vígbúnaði á þessu svæði. Sér í lagi samkomulagi um að fá allsherjarbann við framleiðslu, birgðahaldi á, svo ekki sé talað um nýtingu á efna- og sýklavopnum sem og útbreiðslu kjarnavopna á þessu svæði. Því næst þarf við að bæta samningum um gagnkvæma afvopnun í stórum stíl að því er varðar hefðbundin vopn og samkomulag um traustvekjandi aðgerðir í samskiptum ríkja sem og að lokum alvarlega tilraun til þess að fá fram lausn á langvarandi pólitískum deilumálum á þessu svæði á grundvelli þeirra ályktana sem Sameinuðu þjóðirnar hafa þegar gert í þeim málum.

Þetta er ekki lítið mál en ég læt mér nægja að segja: Við skulum vona að árásaraðilinn, í þessu tilviki stjórnvöld í Írak, láti sér segjast og dragi herlið sitt til baka. Jafnframt er augljóst að þá hljótum við að gera þær kröfur til hinna Sameinuðu þjóða sem hér eiga hlut að máli en ekki einstök ríki, að þau séu þegar í stað reiðubúin til þess að taka á þeim vandamálum sem taka þarf á og leysa, vegna þess að það eitt að koma í veg fyrir stríð er aðeins að slá málum á frest. Um þetta snýst hið svokallaða norræna frumkvæði.

Þess skal getið að þessum tillögum var afar vel tekið af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Þessar tillögur voru ræddar og um þær varð ekkert ósamkomulag af hálfu okkar utanríkisráðherra Norðurlanda við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Þessara tillagna hefur verið getið með mjög jákvæðum hætti í ályktunum Evrópubandalagsins. Ég persónulega lýsi því yfir að ég tel að þær séu jákvætt framlag til þessa máls en jafnframt vil ég taka það skýrt fram að með þessum hætti höfum við ekki rofið samstöðu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna vegna þess að við samþykkjum að undir engum kringumstæðum eigi að verðlauna árásaraðilann með einum eða neinum hætti. Það sem hér er um að ræða er siðferðileg ábyrgð og lagaleg skylda Sameinuðu þjóðanna til þess að tryggja frambúðarlausnir í framhaldi af því að hinu alþjóðlega samfélagi hefði vonandi tekist að koma í veg fyrir styrjöld.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við höfum undanfarna sólarhringa verið vitni að óhugnanlegum atburðum og erum með hverju dægrinu sem líður að færast nær hættuástandi sem heimurinn hefur ekki staðið frammi fyrir um langan tíma. Þau mál sem við ræðum hér, hernaðaríhlutunin í Litáen og ástandið við Persaflóa vegna innrásarinnar í Kúvæt, eru með vissum hætti tengd. Samhengið í báðum er vopnuð íhlutun í málefni ríkja, ríkja sem ættu að vera fullvalda og þar sem brotið er á alþjóðarétti. Þegar ég heyrði það í fréttum í gærmorgun hvað gerst hefði í fyrrinótt í Litáen hafði ég samband við forseta sameinaðs þings og óskaði eftir að þetta mál yrði rætt hér sérstaklega utan dagskrár. Nú ræðum við það hér í samhengi við ástandið í Persaflóa. Það er mjög eðlilegt að tengja þessi mál saman í um-

ræðu hér á Alþingi þó með sitt hvorum hætti séu þau varðandi bakgrunn og þróun.

Þegar við stöndum frammi fyrir því og erum ásjáendur þess, Íslendingar, að þjóðþing ríkis, sem við viðurkennum sem fullvalda og sjálfstætt ríki, er umkringt af skriðdrekum og herliði og þingmönnum er haldið í herkví er það eðlilegt og sjálfsagt að þjóð eins og Íslendingar og þing þess taki við sér og láti að sér kveða. Það hefur Alþingi borið gæfu til þótt ekki hafi dregið til svo válegra tíðinda. Það er aðeins í rökréttu framhaldi af stuðningi Alþingis Íslendinga við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna að við nú ræðum þetta mál hér en við daprari aðstæður en áður hafa ríkt þegar við höfum um það fjallað og um það ályktað.

Ég held við þurfum ekki mörg orð til þess að setja okkur í spor þjóðþings Litáens ef við hugsuðum okkur að eitthvað hliðstæðar aðstæður blöstu við okkur hér á Alþingi Íslendinga með skriðdreka og vopnað lið hér úti fyrir á Austurvelli og þinginu haldið í herkví. Undanfari væri áhlaup á helstu fjölmiðla landsins með hervaldi og manndrápi.

Það er ánægjulegt til þess að vita að við höfum borið gæfu til þess hér á Alþingi að taka á þessum málum undanfarið ár, lýst yfir stuðningi í orði og á alþjóðavettvangi við málstað hinna þjökuðu og kúguðu þjóða Eystrasaltsríkjanna og hvatt aðrar þjóðir til dáða.

Við erum hér með vissum hætti að leggja inn á nýja braut hér á Alþingi Íslendinga sem er fagnaðarefni og gerir kröfu til okkar um framhaldið. Við erum í rauninni þegar við ræðum bæði þessi mál að gera kröfu til þess að lagt verði af tvöfalt siðgæði í alþjóðamálum á alþjóðavettvangi. Og við þurfum að vera svo metnaðarfull áframhaldandi að standa undir þeirri kröfu sem við gerum til sjálfra okkar með þessum málflutningi, með umræðu okkar og ályktun.

Ég tel að þau skref sem ríkisstjórn landsins hefur tekið í þessum efnum og hér hafa verið rakin og rædd, bæði varðandi Eystrasaltsríkin og vegna Persaflóadeilunnar fram til þessa, séu jákvæð og réttmæt. Nú er spurningin frekar um það hvernig högum við okkur í áframhaldinu þó við getum auðvitað velt vöngum yfir því hvort við hefðum getað gert betur í fortíðinni.

Það er mjög eðlilegt að velta því fyrir sér hvernig stendur á því að sú staða er uppi í Evrópu nokkrum mánuðum eftir að undirritaðir eru samningar um lyktir á styrjaldarástandi sem í raun endaði í álfunni 1945, en að eftir standa ríki óvarin gagnvart áþján stórvelda og ofbeldisaðgerðum, eins og við höfum verið vitni að undanfarið.

Ég held að það sé nauðsynlegt að minna á ástæður þessa. Íslendingar hefðu vafalaust getað gert betur á liðinni tíð. Þeir viðurkenndu þessi ríki 1922 og sú fulla viðurkenning er í gildi þann dag í dag. En það hafa ekki önnur Evrópuríki gert mörg hver og ekki sýnt þann stuðning sem þurft hefði til þess að leiðrétta stöðu þessara ríkja og í rauninni að slá striki undir Evrópu eftirstríðsáranna þannig að við gengjum inn í nýja tíma þar sem smáþjóðir álfunnar gætu verið sæmilega óhultar fyrir skriðdrekum og vopnavaldi nágrannaríkja. Það hefði kannski betur verið dokað við að skrifa undir yfirlýsingar í París um þessi efni 19. og 20. nóv. sl. Það hefði kannski verið ráð að taka sér ögn meiri tíma og gera kröfu til þess af stóra ríkinu í austri að það viðurkenndi í reynd og gerði upp þessar leifar síðasta heimsstríðs að því er varðar mál Eystrasaltsríkjanna. Nú þurfum við að hvetja til þess á alþjóðavettvangi, hvar sem við fáum eyra og áheyrn, að þetta merki verði upp tekið og knúið á um það, eins og samþykktir ríkisstjórnar Íslands standa til og eins og Alþingi hefur ályktað um, að Sovétríkin standi við undirritanir og skuldbindingar sem þau hafa á sig tekið. Ekkert annað og ekkert minna getur verið nægilegt en auðvitað er fyrsta skrefið af öllum að láta af hernaðaríhlutuninni, að láta af valdbeitingunni, að draga herina til baka úr Eystrasaltsríkjunum og taka upp siðaðra manna samskipti við þessar þjóðir.

Við Íslendingar eigum að fylgja þessu eftir og gera þá kröfu til þjóðanna sem eru nákomnastar okkur, Norðurlandaþjóðanna annarra, að þær taki á í þessu máli með okkur því að ég er alveg sannfærður um að sú tilfinning forustumanna í Eystrasaltsríkjunum að Norðurlöndin hafi þarna aðra og betri stöðu en aðrir til þess að láta að sér kveða með árangri er rétt mat. Og við Íslendingar höfum til þess stöðu með vissum hætti betri en oft áður að sinna því frumkvæði. Í okkar hópi hér á Alþingi Íslendinga er forseti Norðurlandaráðs sem hefur látið sig þessi mál skipta með jákvæðum hætti og getur hvenær sem er kallað forsætisnefnd Norðurlandaráðs til fundar til þess að fjalla um þessi mál.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda hafa verið að taka á þessum málum með jákvæðum og eðlilegum hætti. Þeir þurfa að gera betur. Þeir þurfa að fylgja því enn betur eftir alveg eins og þeir eru að taka á hinu válega ástandi við Persaflóa á jákvæðan hátt og sýna að Norðurlandabúar eru kannski betur læsir á alþjóðamál og þær grundvallarreglur sem þar ættu að ríkja en almennt gerist á heimsbyggðinni.

Alþingi Íslendinga þarf að setja sig sem best inn í aðstæður Eystrasaltsríkjanna. Þar eru gagnkvæmar heimsóknir vel til fallnar og segja vissulega meira en orð. Það fann ég er ég heimsótti Eistland í júnímánuði sl. og átti þar viðræður við marga. Það er mikið ánægjuefni að forsrh. Íslands hefur hér lýst því yfir að starfsbróðir hans frá Eistlandi sé væntanlegur hingað í heimsókn og sérstaklega velkominn og þess megi vænta að einnig verði Litáen heimsótt af forsrh. landsins til að undirstrika samstöðu okkar. En Alþingi hefur fengið boð úr þessari átt einnig að senda þingmenn á vettvang og við eigum að verða við því kalli fyrr en seinna.

Það var mjög fróðlegt að sitja norræna ráðstefnu á Sjálandi um miðjan nóvember sl. þar sem m.a. voru staddir fulltrúar frá Eystrasaltsríkjunum og fleiri löndum þar í kring og einnig frá Sovétríkjunum, hlýða á málflutning þeirra og ákall um stuðning og ábendingar um hvernig hann best verði af hendi látinn. Þingmenn hér hafa nú fengið yfirlit af þessum fundi sem fróðlegt getur verið fyrir menn að kynna sér til þess að átta sig enn frekar á aðstæðum og málflutningi full-

trúa Eystrasaltsríkjanna.

Virðulegur forseti. Þingflokkur Alþb. hefur fjallað um þau mál sem hér eru á dagskrá og ályktað bæði um málefni Litáens og Eystrasaltsríkjanna og einnig um málefni Persaflóa. Ég ætla hér að kynna ályktun þingflokksins um málefni Eystrasaltsríkjanna en hún er svohljóðandi:

„Þingflokkur Alþb. fordæmir harðlega hernaðaríhlutun Sovétríkjanna í málefni Litáens. Sú hernaðaríhlutun er alvarlegt áfall fyrir þá jákvæðu þróun sem einkennt hefur málefni Evrópu síðustu missiri. Þingflokkurinn lýsir yfir stuðningi við þau skref sem íslensk stjórnvöld hafa þegar stigið til stuðnings við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna. Brýnt er að varðveita þá samstöðu sem tekist hefur í þessu máli hér innan lands. Til að undirstrika hana ætti Alþingi að sýna stuðning sinn við málstað Eystrasaltsríkjanna með tveggja mínútna þögn í upphafi fundar á morgun, þriðjudaginn 15. jan. kl. 14, og beina þeim tilmælum til þjóðarinnar að gera það einnig á sama tíma, hver á sínum vettvangi, á öllum vinnustöðum og með stöðvun allrar umferðar.

Þingflokkurinn átelur að forusturíki á Vesturlöndum skuli ekki hafa veitt sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna þann stuðning sem henni ber, m.a. með því að tengja kröfuna um óskorað sjálfstæði þeirra Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu og Parísaryfirlýsingunni í nóvember 1990. Eftir síðustu atburði hljótum við að gera þá kröfu, sérstaklega til vestrænna ríkja og allra Evrópuríkja, að þau veiti stuðning málstað Eystrasaltsríkjanna hvarvetna á alþjóðavettvangi. Þingflokkurinn styður það að Ísland fylgi málinu eftir af fullum þunga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, svo og hvarvetna annars staðar á alþjóðavettvangi, m.a. innan Norðurlandaráðs og RÖSE-ráðstefnunnar.

Þá telur þingflokkurinn rétt að Alþingi sendi hið fyrsta nefnd þingmanna til Eystrasaltsríkjanna og kanna ber hvort ekki sé hægt að kalla saman þegar í stað sameiginlegan fund forsætisráðherra Norðurlanda, forseta þjóðþinga Norðurlanda og forsætisnefnd Norðurlandaráðs til að fjalla um stöðu mála í Eystrasaltsríkjunum og samskipti Norðurlanda við Sovétríkin.

Þingflokkur Alþb. lýsir yfir þeirri von sinni að forustumenn í Sovétríkjunum sjái að sér og láti af hernaðarógnunum og ofbeldi í garð smáþjóða eins og Eystrasaltsríkjanna. Gerist það hins vegar ekki telur þingflokkurinn að endurskoða beri öll samskipti Íslands við Sovétríkin jafnt á sviði viðskipta, félagsmála og menningarsamskipta."

Þetta var ályktun þingflokks Alþb. sem samþykkt var á fundi hans eftir hádegið í dag.

Það væri ástæða til þess, virðulegi forseti, að fara mörgum fleiri orðum um þá stöðu sem uppi er í Eystrasaltsríkjunum og varðandi samskipti þeirra og Sovétríkjanna. Ég ætla að spara mér það tímans vegna en hlýt þó að nefna að þrátt fyrir þá ógnvænlegu atburði sem nú hafa orðið hljótum við að hafa í huga og hafa von um að klukkunni verði ekki snúið til baka, málum verði ekki snúið frá þeirri þróun sem orðið hefur á vettvangi Evrópu undanfarin ár, að það kalda stríð sem við höfum búið við allt of lengi verði ekki vakið upp á nýjan leik, eins og nú er hætta á. Það er undir forustumönnum Sovétríkjanna komið að þeir bregðist við og skilji það ákall sem frá okkur kemur og fjölmörgum öðrum um að leggja ekki út á þá braut.

Þá er það hitt málið sem við ræðum hér, virðulegi forseti, hættuástandið við Persaflóa. Þar hefur ríkt síðan 2. ágúst sl. alveg sérstakt ástand eftir innrásina í Kúvæt og innlimun þess ríkis í Írak með óréttmætum hætti og grimmdarlegum, svo að ekki sé farið orðum um þær ógnir sem íbúar þess lands hafa mátt búa við og rakið hefur verið m.a. af Amnesty International. Um framhaldið hefur verið fjallað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með ályktunum sem Ísland er aðili að. Það eru vissulega ný tíðindi að Sameinuðu þjóðirnar taki á slíkum málum sameiginlega og nái samstöðu um það að bregðast við innrás, eins og þarna var gert, samstiga og gera sameinaða kröfu um að árásaraðilinn dragi sig til baka. Þetta er gott og réttmætt svo langt sem það nær. En slík krafa á þó ekki að þýða að menn gangi blindandi til leiks og láti ályktanir og tímasetningar skera úr um hvenær slíkum kröfum er fylgt eftir með vopnavaldi með því gífurlega magni drápstækja sem safnað hefur verið saman í Mið-Austurlöndum og sem nú er verið að koma í skotstöðu, ef þeim undirbúningi er ekki þegar lokið, og þar sem eldregn eldflauganna getur hafist hvenær sem er, einnig með kjarnorkuvopnum vegna þess að þau er að finna á þessu svæði.

Það er hollt fyrir okkur hér að íhuga hvernig allt þetta vopnasafn er komið á þennan blett á jörðinni. Hvernig hefur það gerst að Írak, Íran og fleiri ríki á þessum slóðum hafa náð að byggja upp her og herbúnað með þeim hætti sem nú blasir við þannig að jafnvel stórveldið Bandaríkin, risaveldið, þarf marga mánuði til þess að koma sér fyrir þar í grenndinni, til að vera nokkurn veginn tryggt að hafa í fullu tré við árásaraðilann? Ég held að þá kæmi upp á borð okkar, ef við flettum þessari sögu, vopnasölunni til Íraks, þá birtist okkur í allri sinni hrikalegu mynd hið tvöfalda siðgæði í alþjóðamálum, þar sem lýðræðisríki Vestur-Evrópu m.a. hafa séð Írak fyrir efna- og sýklavopnum og búið þetta ríki í stakk til þess að ógna nágrönnum sínum með þeim hætti sem gerst hefur. Það hlýtur að vera eitt af brýnustu verkefnum á alþjóðavettvangi að taka fyrir vopnaviðskipti og vopnasölu, viðskipti með vopn og vopnasölu eins og það gerist nú með þátttöku landa sem telja sig að jafnaði hafa sæmilega hreinan skjöld í sambandi við vopnuð átök, hótanir og styrjaldarundirbúning.

Ég geri ráð fyrir því að hver og einn alþingismaður hafi farið yfir það í huga sínum hvaða afleiðingar beiting þessa búnaðar á báðar hliðar kunni að hafa fyrir aðstæður á þessu svæði og raunar um heim allan því að þó að við teljum okkur sæmilega óhult fyrir vopnunum hér norður frá fer ekki hjá því að við munum finna með einum og öðrum hætti fyrir afleiðingum átaka á þessu svæði, bæði í umhverfi okkar, vegna þess að þetta mun vafalaust hafa gífurlega mikil og ef til vill langvarandi áhrif sem geta haft áhrif á skilyrði

okkar til búsetu á Íslandi, að ekki sé talað um þau efnahagslegu áhrif sem mundu gera vart við sig nánast samstundis.

Ég tel því alveg nauðsynlegt fyrir Íslendinga að leggja á það áherslu nú og á næstu dögum að höndin verði ekki sett á gikkinn, að af hálfu þess liðssafnaðar sem búinn er að koma sér fyrir í Saudi-Arabíu undir merkjum Sameinuðu þjóðanna verði ekki lagt til atlögu og settur af stað sá surtarlogi sem af hlytist, án þess að það sé gert annað og miklu meira en það sem gert hefur verið til þess að stilla til friðar og fá fram friðsamlega lausn á þessu svæði. Við höfum efni á því sem gerum kröfu til almennilegra samskipta í alþjóðamálum, við höfum efni á því að hinkra við og láta reyna á það til fullnustu að fá fram friðsamlegar lausnir. Og við eigum að gera þá kröfu til þeirra, sem við höfum staðið að og ályktað með í þessum efnum, að þeir leggi sig fram og brjóti jafnvel odd af oflæti sínu til þess að laða fram friðsamlega lausn sé þess nokkur kostur.

Hér á Alþingi höfum við ályktað samhljóða fyrir tveimur árum eða svo að styðja alþjóðlega ráðstefnu, friðarráðstefnu undir merkjum Sameinuðu þjóðanna, um málefni Mið-Austurlanda þar sem m.a. væri tekið á málefnum Palestínumanna, deilum þeirra og Ísraels, sem hefur verið hinn alvarlegi fleinn á þessu svæði um áratugi og sem nauðsynlegt er að leysa og draga út og gera óvirkan fyrr en seinna eigi að skapast friður á þessu svæði. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að heyra það hér frá hæstv. forsrh. að hann er því samþykkur að einnig þetta mál verði tekið til meðferðar til þess að slökkva eldana eða væta púðrið áður en það springur og menn leggi sig alla fram með diplómatískum hætti til þess að ekki þurfi að láta vopnin tala á þessu svæði.

Þannig á Ísland að ganga fram og þess vegna er það von mín og ég geri ráð fyrir okkar allra að það megi takast að koma í veg fyrir það blóðbað sem þarna er í aðsigi. En við megum þá ekki sitja með hendur í skauti heldur þarf aðgerðir til. Íslensk stjórnvöld eiga að sýna frumkvæði í því ekki aðeins í samfloti með utanríkisráðherrum Norðurlanda heldur með því að koma þeirri kröfu af sinni hálfu á framfæri við risaveldið í vestri, sem stendur að og hefur forustu fyrir liðssafnaðinum í Saudi-Arabíu, að þeir taki sér aukinn tíma, að þeir leggist á sveif að finna diplómatíska lausn á þessari deilu. Ég teldi að hæstv. utanrrh. gerði margt lakara með sinn tíma á næstu dögum en það að skreppa bæjarleið vestur um haf til þess að koma slíkri áskorun og slíkum boðum til stjórnvalda í Bandaríkjunum og ræða við framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um slík málstök. Það væri í samræmi við þann anda og það lóð sem Íslendingar eiga að leggja á vogarskálir við aðstæður sem þessar. Þingflokkur Alþb. ályktaði fyrr í dag um Persaflóadeiluna með svofelldum hætti, með leyfi virðulegs forseta:

„Þingflokkur Alþb. leggur áherslu á að íslensk stjórnvöld geri allt sem unnt er til að koma í veg fyrir hernaðarátök við Persaflóa. Þingflokkurinn lýsir stuðningi við kröfur ríkisstjórnar Íslands og utanríkisráðherra Norðurlanda um friðsamlega lausn þessara deilumála. Höfuðáherslu ber að leggja á að Íraksher hverfi tafarlaust frá Kúvæt, að stofnaðar verði sérstakar friðargæslusveitir og að haldin verði alþjóðaráðstefna um málefni Austurlanda til að tryggja varanlegan frið. Þingflokkurinn bendir á að samþykktir Sameinuðu þjóðanna um Persaflóadeiluna fela í sér heimildir til hernaðaríhlutunar en ekki ákvörðun um að hefja stríð. Þingflokkurinn telur ekki rétt að beita þessum heimildum en reyna beri þess í stað með öllum tiltækum ráðum hvort samkomulag getur tekist um pólitíska lausn mála, en mikið vantar enn á að svo hafi verið gert. Íslendingar mega undir engum kringumstæðum gerast stríðsaðilar, heldur ber þeim að leggja lóð sitt á vogarskál friðar og afvopnunar."

Þetta er samþykkt þingflokks Alþb. sem gerð var á fundi nú eftir hádegið í dag. Eins og heyra má er það skoðun þingflokks Alþb. að nú þegar eigi að gera gangskör að því að knýja fram stjórnmálalega og friðsamlega lausn, sé þess nokkur kostur og menn eigi að taka sér til þess þann tíma sem þarf, lengri tíma heldur en dagsetningin 15. jan. Við eigum að koma þeim boðum á framfæri við þá sem við höfum staðið með að ályktunum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Við eigum líka að gera það skýrt og ákveðið að Ísland gerist ekki styrjaldaraðili, að Ísland fer ekki í styrjöld, gerist ekki þátttakandi að styrjöld, þó svo að ákvæði Atlantshafssamningsins geri ráð fyrir einhverju slíku. Við eigum að taka af allan vafa um það að við erum ekki í því bandalagi, þeir sem bera ábyrgð á því, til þess að gerast stríðsaðili. Það er jafnframt áskorun af minni hálfu til hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar allrar að tryggja að svo verði ekki.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í fréttum óskaði ég á laugardaginn eftir umræðum utan dagskrár um hið alvarlega ástand sem nú ríkir í heiminum, þ.e. um yfirvofandi styrjaldarátök við Persaflóa. Aðfaranótt sunnudagsins gerðust hörmulegir atburðir austur í Litáen og hafði forseti Sþ. samband við mig og tjáði mér að hv. 2. þm. Austurl. hefði óskað eftir umræðum utan dagskrár um þá atburði og vildi athuga hvort ég hefði nokkuð við það að athuga að í stað þess að ræða þessi mál hvort í sínu lagi yrðu málin rædd saman, þ.e. umræðan yrði almennt um hið alvarlega ástand sem ríkti í heiminum. Hafði ég auðvitað ekkert við það að athuga.

Samkomulag var einnig um að við sem óskum eftir umræðunni hæfum umræðuna í þeirri röð sem við hefðum beðið um hana að öðru leyti en því að forsrh. hefði óskað eftir að gefa yfirlýsingu vegna stöðu mála og yrði það væntanlega í upphafi umræðunnar. Í morgun kom síðan í ljós að fyrsta mál á dagskrá Sþ. er skýrsla forsrh. um atburðina í Litáen og við Persaflóa. Atburðir síðustu daga, það sem er að gerast í Litáen og það að hætta er á að styrjöld brjótist út næstu daga við Persaflóa, gerir þetta mál mjög sérstakt. Mér finnst þó óeðlilegt að ráðherra taki á síðustu stundu upp mál sem þingmenn hafa fengið leyfi til að ræða utan dagskrár.

Ég vona að þetta sé alger undantekning vegna eðlis málsins en ekki sé ætlunin að taka upp þau vinnubrögð af hálfu ráðherra að koma með stuttum fyrirvara með munnlega skýrslu um efni sem þingmenn hafa óskað eftir að ræða utan dagskrár og fengið til þess heimild hjá forseta.

Virðulegur forseti. Það ofbeldi og yfirgangur sem Moskvustjórnin hefur sýnt þjóðum við Eystrasalt er alls ekki hægt að líða. Íslendingar hafa frá upphafi stutt sjálfstæðisbaráttu þessara ríkja og fylgst grannt með því sem þar hefur farið fram. Það er ekki síst þess vegna sem innrás Sovétmanna í Litáen og það ofbeldi sem þar á sér nú stað kemur sérstaklega illa við okkur Íslendinga. Við erum smáþjóð og skiljum þess vegna hve yfirgangur hins stóra og sterka getur oft verið mikill og hve erfitt það getur reynst að ná rétti sínum ef við ofurefli er að etja. Framkoma Moskvuvaldsins gegn Eystrasaltsríkjunum hefur einkennst af hugarfari hermennskunnar sem ógnar friði og bættum samskiptum þjóða heims.

Ég tel ekki nokkurn vafa á því að tregða ríkja við að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna á sinn þátt í að Sovétmenn ráðast nú til atlögu. Þetta á sérstaklega við um Litáen sem hefur kallað ákafast eftir stuðningi frá þjóðum heims. Sovétmenn virðast telja sig geta brotið á bak aftur vilja þjóðarinnar um sjálfstæði og frelsi. Við verðum að halda áfram á alþjóðavettvangi, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar, að vinna að því að vilji fólksins fái að ráða.

Í reynd er ekki mikill munur á innrás inn í Litáen og innrás inn í Kúvæt. Það er því einkennilegt ef þjóðir heims rísa ekki upp með sama hætti vegna atburðanna í Litáen eins og þegar innrásin í Kúvæt átti sér stað.

Íslenska ríkisstjórnin hefur stutt sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna dyggilega, dyggilegar en aðrar ríkisstjórnir á Vesturlöndum. Ég hef verið nokkuð sátt við framgöngu bæði forsrh. og utanrrh. undanfarna daga og reyndar undanfarið og nú einnig vegna síðustu atburða sem hafa átt sér stað. Ég vil taka það fram vegna orða hæstv. utanrrh. hér áðan að fulltrúi Sjálfstfl. í þessari umræðu er ekki fulltrúi stjórnarandstöðunnar, eins og hann orðaði það, heldur er hann fulltrúi Sjálfstfl. og við kvennalistakonur getum túlkað okkar sjónarmið án hans aðstoðar. En vegna þess hversu vel mér hefur fundist ríkisstjórnin taka á þessu máli, þá þóttu mér það mjög furðulegar fréttir sem bárust í gegnum fjölmiðla í gær að viðskiptasendinefnd frá Íslandi hefði farið áleiðis til Moskvu í gærmorgun þrátt fyrir þá atburði sem áttu sér stað og verð ég að átelja það. Það er ekki nóg að senda bréf og skeyti. Það verður að vera ljóst að hugur fylgi máli. Það má vel vera að við töpum einhverjum viðskiptum á því að sýna ákveðni. Og þótt viðskipti séu mikilvæg eru þau aldrei svo þýðingarmikil að með þeim megi kaupa sér frið til að geta beitt aðra ofbeldi og kúgun. Það getur reynst nauðsynlegt að fórna einhverju í þessu máli af okkar hálfu og við megum ekki telja það eftir. Grænlendingar ákváðu að hætta þegar að ræða við Sovétmenn um fiskveiðar í Barentshafi og það er reisn yfir þeirri ákvörðun. Ég skora á ríkisstjórnina að kalla sendinefndina nú þegar heim, hafi það ekki þegar verið gert. Við verðum að gera það sem í okkar valdi stendur til að stöðva það ofbeldi sem þarna á sér stað og að Sovétmenn dragi heri sína þegar í stað út úr Litáen.

En það er ekki bara við Eystrasalt sem blikur eru á lofti. Við Persaflóa vofir nú yfir styrjöld. Óhugnanlega miklar líkur eru á að jafnvel strax eftir morgundaginn komi til átaka. Ef það gerist hefur það hroðalegar afleiðingar. Hundruð þúsunda barna, kvenna og karla gætu látið lífið og mikil hætta er á eyðileggingu umhverfis og auðlinda sem getur haft veruleg áhrif á lífsskilyrði næstu áratugina.

Allt frá innrás herja Saddams Husseins inn í Kúvæt þann 2. ágúst sl. hefur þessi hætta vofað yfir. Saddam Hussein hefur virt að vettugi áskoranir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að draga heri sína út úr Kúvæt og viðleitni til að finna friðsamlega lausn á málum hefur enn engan árangur borið. Hussein virðist ekki vilja gefa neitt eftir.

Innrás Íraka inn í Kúvæt snýst fyrst og fremst um olíu. Írak og Kúvæt hafa til samans yfir að ráða um 40% af olíulindum svæðisins. Þegar Cheney varnarmálaráðherra Bandaríkjanna sat fyrir svörum í bandarísku þinginu á dögunum um hugsanlegar afleiðingar styrjaldar við Persaflóa spurði hann þingmenn hvað þeir héldu að olíuverð mundi hækka mikið ef Írakar kæmust upp með að ráða yfir svo miklum olíubirgðum. Hækkun olíuverðs virðist vera honum ofar í huga en aðrar afleiðingar styrjaldar. Því miður hefur þjóðum oft áður verið sýnt ofbeldi á svipaðan hátt og Írakar beita nú gagnvart Kúvæt og það án þess að þjóðir heims hafi sameinast gegn innrásaraðilanum. Það væri vert að hugleiða hvers vegna.

Aðalmálið hjá mörgum þeirra sem nú fylkja liði gegn Írak virðist því miður ekki vera að standa vörð um lýðréttindi eða vilja kúvæsku þjóðarinnar, heldur tryggja sér aðgang að ódýrri olíu í Mið-Austurlöndum. Þetta hafa margir gagnrýnt, m.a. margir öldungadeildarþingmenn í Bandaríkjunum. Miklar deilur hafa verið á bandaríska þinginu um það hvort veita ætti forsetanum heimild til að ákveða að ráðast inn í Kúvæt. Það var samþykkt með naumum meiri hluta í öldungadeild bandaríska þingsins eða með 53:47 atkv.

Ef horft er á löndin á Arabíuskaganum og reynt að gera sér í hugarlund hvað muni gerast ef herir Bandaríkjamanna og þeirra ríkja sem hafa sameinast í Saudi-Arabíu beita valdi til að ná Kúvæt úr höndum Íraka verðum við að gera okkur grein fyrir því að á skaganum má segja að búi sama fólkið með sömu tungu og sömu trú. Öll landamæri á svæðinu voru dregin upp af erlendu stórveldi án samráðs við íbúana. Þannig voru Írak og Jórdanía t.d. ekki til fyrr en eftir 1930 og Kúvæt fékk ekki sjálfstæði fyrr en 1962 og oftast hafa þessi ríki staðið saman í deilumálum á móti öðrum.

Í flestum þessara landa eru ríkisstjórnir sem ekki hafa fengið vald sitt frá fólkinu í lýðfrjálsum kosningum og því er alls ekki víst að vilji ríkisstjórnanna endurspegli vilja meiri hluta fólksins. Almenningur lítur ekki svo á að landamæri milli landa skipti höfuðmáli, enda má ekki hafa landamæri milli trúaðra samkvæmt

því sem Kóraninn segir. Það er því ekki víst að almenningur muni styðja hernaðaraðgerðir gegn Írökum þó ríkisstjórnir landanna við Persaflóa séu andsnúnar innrás Íraka inn í Kúvæt, sérstaklega þó ef Hussein tekst að sannfæra fólk um að þar verði um að ræða heilagt stríð.

Ég er ekki viss um að við Vesturlandabúar gerum okkur grein fyrir hve trúin er stór hluti af lífi fólksins og að Kóraninn er í raun þeirra sameiginlega stjórnarskrá. Það er því ákaflega erfitt að setja vestrænan mælikvarða á það sem þarna mun gerast. Sérstaklega má búast við því að múslimar snúi bökum saman ef Ísrael blandast inn í átökin. Það er því ekki víst að eins auðvelt verði að brjóta á bak aftur innrás Íraka eins og margir, t.d. Bush og Baker, virðast halda. Það er því engin lausn í þessu máli frekar en öðrum að reyna að leysa það með ófriði. Stríð er engin lausn. Við hljótum þess vegna að spyrja hvort búið sé að reyna til þrautar að finna friðsamlega lausn á málum. Ég hef sannfæringu fyrir því að svo sé ekki.

Efnahagsþvinganir Sameinuðu þjóðanna hafa ekki haft langan tíma til að hafa áhrif. Í raun virðast þær ekki hafa neitt verulegt að segja fyrir Íraka. Ef tíminn sem efnahagsþvinganirnar stæðu yfir yrði lengdur er ég viss um að þær hefðu farið að segja til sín og neytt Íraka að samningaborðinu.

En það eru fleiri leiðir ræddar. Mikið er nú rætt um að lykillinn að friðsamlegri lausn geti verið að tekið sé á vandamálum fyrir botni Miðjarðarhafs í víðara samhengi samhliða lausn Kúvætmálsins. Í því samhengi er Palestínumálið stór þáttur og á því þarf að taka hvort sem er. Ef haldin yrði alþjóðleg ráðstefna um Palestínumálið með þátttöku allra deiluaðila og fulltrúa öryggisráðsins í samræmi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna væru miklar líkur á að hægt væri að koma í veg fyrir styrjaldarátök við Persaflóa. Jafnvel þótt andstaða sé hjá einhverjum gegn slíkri málsmeðferð má hún ekki verða til þess að hægt sé að koma í veg fyrir ógnvænlega styrjöld þar sem enginn getur sigrað. Í stríði tapa allir. Það er alveg ljóst að það verður að leysa þessi vandamál og það virðist ekki vera nein lausn í sjónmáli önnur en að reyna að komast út úr þeim hnút sem málið er nú í og þess vegna held ég að þarna sé lausn í sjónmáli. Ísland á að lýsa nú þegar andstöðu sinni við stríðsaðgerðir og leggja áherslu á friðsamlega lausn málsins.

Palestínumenn eru einnig hernumdir og hafa verið það lengi. Það getur því ekki verið neitt á móti því ef unnt verður að leysa málefni þeirrar hrjáðu þjóðar og um leið að frelsa Kúvæt undan hernámi Íraka. Hvers vegna er þetta svona slæm leið? Heyrt hef ég að þá gæti Hussein e.t.v. fengið of mikið hrós fyrir. En hve mikils virði er friður í hugum þeirra sem hugsa svo?

Virðulegi forseti. Í þessu máli verður að finna friðsamlega lausn þótt tíminn sé að renna út. Þótt Ísland sé ekki stórveldi skiptir rödd okkar þó miklu máli í sinfóníu þjóðanna. Við eigum að leggja áherslu á að vopn leysa engin deilumál hvort sem þau eiga sér stað við Persaflóa eða Eystrasalt. Mig langar að lesa upp tvær ályktanir sem kvennalistakonur sendu frá sér á laugardaginn. Sú fyrri er frá fundi sem haldinn var í Reykjavík og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alla þessa öld hafa friðarhreyfingar kvenna beitt sér gegn stríði og fyrir friðsamlegum lausnum deilumála. Sú eyðing lífs og átök sem nú blasa við hljóta því að kalla á sterk viðbrögð hjá konum. Á fundi kvennalistakvenna víðs vegar að af landinu sem haldinn var í Reykjavík laugardaginn 12. jan. komu fram þungar áhyggjur vegna þess hættuástands sem nú ríkir í heiminum.

Austur við Persaflóa standa herir gráir fyrir járnum og hætta er á að styrjöld brjótist út innan fárra daga. Þau átök kunna að kosta hundruð þúsunda barna, kvenna og karla lífið. Mikil hætta er á verulegri eyðileggingu umhverfis og auðlinda sem getur haft áhrif á lífsskilyrði næstu áratugina. Því er mikilvægt að allar þjóðir heims leggist á eitt og komi í veg fyrir að styrjöld brjótist út. Íslensk stjórnvöld verða að leggja sitt lóð á vogarskálarnar með því að tala máli friðar og samninga hvar sem því verður við komið og lýsa yfir andstöðu við stríðsaðgerðir. Kvennalistinn telur einu færu leiðina til friðar vera þá að þegar verði sest að samningaborði.

Beiting hervalds gegn Litáum er önnur birtingarmynd hugarfars hermennskunnar sem ógnar friði og bættum samskiptum þjóða. Kvennalistinn leggur áherslu á friðsamlega lausn þessa máls sem annarra en hún fæst ekki nema Sovétstjórnin dragi heri sína þegar í stað út úr Litáen og semji við Eystrasaltsríkin um framtíð þeirra og sjálfstæði."

Hin ályktunin er frá fundi kvennalistakvenna á Vesturlandi og hún hljóðar svo:

„Fundur haldinn í gistihúsinu Langaholti á Snæfellsnesi 11. og 12. jan. skorar á ríkisstjórnina að lýsa nú þegar andstöðu Íslands við stríðsaðgerðir við Persaflóa. Kvennalistakonur hugsa þessa dagana sérstaklega til kvenna um heim allan, sem eru að fæða börn og til þeirra barna sem lifa við stöðugan ótta um stríð. Í hótunum um stríð birtist hugarfar sem er í hróplegri mótsögn við menningu kvenna sem þiggur kraft sinn frá endurnýjun lífs, verndun þess og viðhaldi. Kvennalistakonur á Vesturlandi benda á að hernaðarátök eru engin lausn á deilumálum þjóða og hvetja íslensku þjóðina og ráðamenn hennar til að sýna samstöðu með þeim sem vilja friðsamlega lausn á málum."

Ég vil að lokum endurtaka áskorun mína til ríkisstjórnarinnar, að leggja sitt af mörkum til að finna friðsamlega lausn á þessum stóru deilumálum og gera allt til að koma í veg fyrir styrjaldarátök. Ísland á að lýsa formlega yfir andstöðu sinni við öll hernaðarátök við Persaflóa. Ég vil spyrja forsrh. að því hvort hann sé tilbúinn til að gera það. Jafnframt vildi ég fá að heyra álit hæstv. forsrh. og utanrrh. á því hvort þeir telji að styrjöld við Persaflóa geti leyst nokkur vandamál. Ég tel alls ekki svo vera því að ef styrjöld brýst út tapa allir, þar verður enginn sigurvegari.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið váleg tíðindi þeg-

ar fregnir af því bárust að Sovétríkin hefðu beitt hervaldi til þess að kúga smáríkið Litáen. Vonbrigðin eru því meiri þegar hugsað er til baka að nýlega hafa ríki Austur-Evrópu risið hvert á fætur öðru og losað um tökin. Þar hafa á þeim þróunarferli sem hófst árið 1989 myndast lýðfrjáls ríki á nýjan leik eftir margra áratuga hersetu Sovétríkjanna í þessum ríkjum. Þess vegna eru vonbrigði okkar meiri að svo virðist sem á þessari þróunarbraut sé nú verið að stíga stórt skref til baka. Óneitanlega hljótum við að hugsa til þeirra sem búa í ríkjum Austur-Evrópu. Þeim hlýtur að stafa mikil ógn af þessum síðustu atburðum og þeir hljóta að hugleiða það hvort þeir eigi e.t.v. eftir að horfa upp á að herir Sovétríkjanna muni enn á ný halda innreið sína jafnvel í þau ríki Austur-Evrópu sem þegar hafa fengið fullt frelsi og teljast nú til lýðfrjálsra ríkja álfunnar.

Við hljótum að fordæma þessar aðgerðir með öllum tiltækum ráðum og beita öllum þeim aðgerðum sem tiltækar eru til að koma í veg fyrir að þetta nái fram að ganga og vikið verði af þeirri braut þíðu og frjálslyndis sem Evrópuríkin hafa öll verið á að undanförnu. Það er því mikilvægt að það sé mjög sterk samstaða meðal Íslendinga, allrar þjóðarinnar, og þar á ég fyrst og fremst við að sjálfsögðu ríkisstjórn og þing, að ekki komi fram sundurlyndi okkar á meðal þannig að menn fari að nota sér þetta alvarlega ástand til þess að slá pólitískar keilur og fara að hagnast á þeim innbyrðis átökum sem því miður einkenna mjög alla pólitíska umræðu á Íslandi. En ég tel af þeim umræðum sem nú þegar hafa farið fram að svo sé ekki. Ég fagna þeirri samstöðu sem hefur komið fram í máli hv. þm. sem hér hafa talað á undan og vil leggja mitt lóð á vogarskálarnar og lýsa yfir fullri samstöðu okkar þingmanna Borgfl. við þær aðgerðir sem þegar hafa verið við hafðar af hálfu ríkisstjórnar Íslands og fullri samstöðu með þeim þingmönnum og þeim yfirlýsingum sem hér hafa komið fram af hálfu annarra hv. þm.

Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt og okkur Íslendingum ber skylda til þess að reyna að hafa áhrif á aðrar þjóðir og þau samtök annarra þjóða sem við eigum aðild að til þess að fljótt og skjótt verði brugðist við þessum válegu tíðindum. Ég tek því undir og fagna með öðrum sem hér hafa tekið til máls því frumkvæði hæstv. utanrrh. sem hefur haft samband við starfsbræður sína hjá NATO og óskað eftir að þeir taki málið upp á þeim vettvangi. Sömuleiðis hljótum við að þurfa að fylgja eftir frekar þeim aðgerðum sem við höfum séð af hálfu starfsbræðra okkar á hinum Norðurlöndunum. Og við hljótum að horfa til Sameinuðu þjóðanna og vonast til þess að þær taki málið enn frekari og fastari tökum.

Því miður eru víðar blikur á lofti og án þess að ég ætli að gera hér sérstaklega að umtalsefni þau válegu tíðindi sem einnig eru að gerast í Mið-Austurlöndum þá er ekki nokkur vafi á því að tímasetningin sem Sovétmenn hafa valið tengist þeim atburðum, því það leikur sá grunur á að sovéska herstjórnin hafi séð leik á borði að hún gæti e.t.v. falið þessi ofbeldisverk sín í Eystrasaltslöndunum í skjóli þeirra atburða sem nú eru að gerast í Mið-Austurlöndum.

Ef ekki tekst með öllum tiltækum ráðum sem hefur verið fjallað um hér í ræðum hv. þm. að framan, að knýja Sovétríkin til þess að hætta við þau ofbeldisverk sem þegar eru framin í Eystrasaltsríkjunum og stuðla að þeirri þróun sem þar er að eiga sér stað, a.m.k. að reyna ekki að koma í veg fyrir hana eins og hér er augljóslega verið að gera, þá hljótum við að íhuga hvort ekki verði að fara út í mjög harkaleg viðbrögð gegn þessum aðgerðum Sovétríkjanna. Ég vil varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki komi til greina að Íslendingar ríði þar á vaðið með mjög harkalegum aðgerðum. T.d. finnst mér fyllilega koma til greina að við köllum sendiherra okkar heim frá Sovétríkjunum, ef ekkert gerist til þess að koma ástandinu í það horf aftur sem það var áður. Eins hljótum við að íhuga það ásamt með öðrum þjóðum hins frjálsa heims að dregið verði úr öllum áformum, eða hætt við öll áform um frekari efnahagsaðstoð til Sovétríkjanna. Og við hljótum að taka alla viðskiptasamninga sem við höfum gert við Sovétríkin til endurskoðunar ef fer fram sem horfir. Þetta hljótum við að taka til mjög alvarlegrar yfirvegunar því það getur ekki staðist að við eigum eðlileg samskipti við Sovétríkin ef þau halda áfram á þeirri braut sem hófst hér sl. helgi.

Mig langar til að fjalla eilítið um afstöðu Norðurlandanna og þá sérstaklega samstarfsráðherra Norðurlanda. Á vettvangi þeirra hafa verið í undirbúningi margháttuð verkefni og samstarf við Eystrasaltsríkin. Hljóta þessir síðustu atburðir að hafa veruleg áhrif á þau áform. Það var 9. okt. í haust sem leið að sérstök framkvæmdaáætlun samstarfsráðherra Norðurlandanna var samþykkt um samstarf og verkefni með Eystrasaltríkjunum og öðrum ríkjum í Austur-Evrópu. Þessi framkvæmdaáætlun er mjög víðtæk og til hennar hefur verið veitt mjög umtalsverðum fjármunum af hálfu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Í fyrsta lagi er fyrirhugað að koma upp norrænum upplýsinga- og menningarskrifstofum í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna sem verða kostaðar af ráðherraskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Hér er um að ræða að það verði opnaðar skrifstofur í Tallinn, Riga og Vilnu, með einum starfsmanni og hugsanlega einhverjum fleiri sem hugsanlega verða fengnir í þeim ríkjum þar sem þessar skrifstofur verða reknar. Þegar hafa verið auglýstar stöður forstöðumanna þessara þriggja skrifstofa á öllum Norðurlöndunum.

Þá gerði framkvæmdaáætlunin ráð fyrir því að veitt yrði umtalsverðum fjármunum til þess að geta boðið nemendum frá Eystrasaltsríkjunum upp á námsstyrki til námsdvalar á öllum Norðurlöndunum en það er kannski það skynsamlegasta sem við getum gert til að hjálpa Eystrasaltsríkjunum á þeim þróunarferli sem þau vonandi fá frið til þess að halda áfram á í átt til frjálsra lýðvelda, þ.e. að hjálpa þeim við að mennta unga fólkið og kenna þeim á hvernig lýðfrjáls ríki hegða sér og hvernig hinn daglegi gangur á sér stað í lýðfrjálsum ríkjum heimsins.

Í þriðja lagi var svo um að ræða alhliða menningarsamstarf og hvers kyns verkefni sem hugsanleg væru milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, bæði á

sviði menningarstarfsemi og umhverfismála, svo dæmi séu tekin.

Fjallað var um umsóknir um styrki til margháttaðra verkefna á fundi samstarfsráðherra Norðurlandanna nýverið í Kaupmannahöfn. Ég verð að segja eins og er að það olli mér nokkrum vonbrigðum að þar var um að ræða umsóknir um ein 40–50 samstarfsverkefni en þar voru Íslendingar hvergi á blaði. Því miður er það nú svo að okkur hættir stundum til að tala mikið en gera minna. Og það vil ég að komi fram hér að það vakti mikla furðu mína að svo virðist að enginn hafi séð ástæðu til þess að sækja um styrk fyrir hönd Íslands til eins einasta samstarfsverkefnis við Eystrasaltsríkin í þeim aragrúa af verkefnum sem þar voru til umfjöllunar á okkar fundi.

Ég lít svo á að við getum gert mest með því að eiga samskipti við fólkið sem býr í þessum löndum, hjálpa því á ýmsa lund, bjóða því í heimsókn til hinna Norðurlandanna, bjóða ungu fólki frá Eystrasaltsríkjunum að koma hingað og fræðast um okkar búskaparhætti og kenna því á hina ýmsu þætti viðskiptalífs, iðnaðar og landbúnaðar, svo dæmi séu tekin. Því er mjög brýnt að við sinnum þessu og ég ítreka það enn og aftur að það er betra að gera eitthvað og tala kannski pínulítið minna.

Fyrirhuguð er heimsókn af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar til Eystrasaltsríkja en í ljósi þeirra atburða sem nú hafa gerst hafði ég samband við skrifstofu formanns ráðherranefndarinnar og spurðist fyrir um hvort af þessari heimsókn yrði. Og eins hvort við mundum halda okkur við þau áform að koma upp sérstökum menningar- og upplýsingaskrifstofum í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna í ljósi þessara atburða.

Það er samstaða okkar samstarfsráðherranna um að bíða nú átekta því að sjálfsögðu kemur það ekki til greina að eiga nein samskipti við einhvers konar leppstjórnir Sovétríkjanna sem kynnu að verða myndaðar í Eystrasaltsríkjunum. Hins vegar er fastur ásetningur okkar að halda samskiptum við þær útlagastjórnir sem kunna að verða myndaðar. Ef þróunin verður með þeim hætti að Rússar ætla að fylgja þessu eftir af hörku og reka lögmætar stjórnir þessara lýðvelda frá völdum og koma leppstjórnum sínum þar upp í staðinn þá hljótum við að taka allt þetta samstarf til gagngerðrar endurskoðunar.

Síðan langar mig til að víkja aðeins að svokallaðri Rönneby-áætlun. Sl. haust á fundi sem allir forsætisráðherrar þeirra ríkja sem eiga lönd að Eystrasalti sóttu í Rönneby í Svíþjóð varð til svokölluð baltnesk áætlun um að sinna af miklum krafti og í samstarfi allra þessara landa umhverfisverkefnum í Eystrasaltsríkjunum, þ.e. að hreinsa upp strendur og koma í veg fyrir þá mengun sem er í Eystrasaltinu vegna starfsemi í öllum löndum sem eiga eins og ég segi strandlengju að Eystrasalti. Það var stofnað sérstakt baltneskt ráð til að halda utan um þetta verkefni og ætla Norðurlöndin að veita umtalsverðum fjármunum til þess.

Nú er það svo að þrátt fyrir blikur á lofti í alheimsstjórnmálum og þó að þessi afturkippur hafi orðið á hinum pólitíska vegi Eystrasaltsríkjanna til frjálsræðis þá megum við að sjálfsögðu ekki láta það hafa þau áhrif að hætt verði við öll áform um að bæta ástand í umhverfismálum í þessum ríkjum. Hins vegar verður það að vera jafnljóst að við getum ekki verið í samvinnu við einræðisöflin né heldur leppstjórnir þeirra sem hafa kannski verið settar til höfuðs lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum þessara ríkja. Því hljótum við einnig að taka það samstarf allt til endurskoðunar og láta það koma skýrt fram að við munum ekki og viljum ekki vera í samstarfi við einræðisöflin sem þarna eru augljóslega komin á kreik aftur. Við hljótum því að taka þessi mál mjög til athugunar núna næstu daga og vikur. En að sjálfsögðu vil ég ítreka það að lokum að við hljótum að gera allt sem í okkar valdi stendur, Íslendinga, og þar legg ég mikla áherslu á það að um það skapist samstaða hér meðal okkar á Alþingi og í ríkisstjórn og meðal allrar þjóðarinnar í heild sinni, að við beitum öllum tiltækum ráðum sem okkur standa til boða til að reyna að hafa áhrif á þessa þróun og knýja Sovétríkin til þess að fara aftur inn á þá braut sem þessi mál voru komin inn á sem allir voru sáttir við.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ríkisstjórninni fyrir þau viðbrögð sem hún hefur haft í frammi í sambandi við þau tíðindi sem hafa orðið, sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum. Það fer ekki á milli mála að allur heimurinn reynir að fylgjast með slíkum málum og stendur á öndinni hvað gerist á næstu mínútum. Þó eru það tveir atburðir sem hafa skeð nú sem standa efst, það er valdbeitingin hjá Moskvuvaldinu í Litáen og síðan hlutur forseta Rússlands, sem eru ákaflega mikilsverð tíðindi. Ég fyrir mitt leyti ber miklar vonir um árangur af því frumkvæði vegna þess að hann er forseti langvoldugasta, fjölmennasta og besta stæða lands Ráðstjórnarríkjanna. Þær vonir hljóta að vera uppi um það að hans frumkvæði verði til þess að þeir sem ráða ferðinni í Eystrasaltslöndunum, hverjir sem það eru, hiki við. Hins vegar bendir allt til þess að það sé annaðhvort orðin uppreisn í Sovétríkjunum eða geti orðið eftir það frumkvæði sem forseti Rússlands hefur sýnt.

Ég held að það sem við verðum auðvitað að gera sé að reyna að verða við þeim óskum sem Eystrasaltsríkin hafa komið á framfæri við okkar ríkisstjórn og eiga kannski eftir að koma með. Ég held að það hljóti að koma fyllilega til athugunar að kalla sendiherra okkar heim strax til skrafs og ráðagerða og til þess að undirstrika okkar afstöðu. Ég held líka að það hljóti að koma nú upp athugun á því hvort við eigum ekki að árétta yfirlýsingu okkar frá 1922 um að við styðjum sjálfstæðisyfirlýsingar Eystrasaltsríkjanna. Það er sagt að það þurfi ekki en við þurfum bara að athuga að það er orðið æði langt síðan þau voru hernumin og hafa ekki haft sjálfstæði.

Mér finnst það hljóti að vera sjálfsagt mál að kalla viðskiptasendinefndina heim frá Moskvu og ég er eiginlega undrandi yfir því slysi, sem ég vil kalla, að hún skuli hafa farið til Moskvu eftir að það er ljóst hvað þeir sem ráða hernaðaraðgerðum í Eystrasaltsríkjunum ætlast fyrir og hafa gert.

Ég held líka að hæstv. ríkisstjórn okkar ætti að senda forseta Rússlands orðsendingu og lýsa yfir stuðningi og aðdáun á frumkvæði hans að reyna að koma í veg fyrir valdbeitingu í Eystrasaltsríkjunum. Það eru mikilsverðustu viðbrögðin sem hafa verið í þessu máli.

Ég held að við hljótum að ná samstöðu um það að þrátt fyrir lög og reglur NATO-ríkjanna komi það aldrei til greina að við verðum aðilar að stríðsrekstri á neinn hátt. Það er alveg andstætt okkar viðhorfum sem hafa verið í gegnum síðustu áratugi a.m.k. Þannig að *ég var nú alltaf hissa á því að við skyldum ekki hafa* fyrirvara á þessu lagafyrirmæli. En eitt slys hefur orðið hér hjá okkur, að ég tel, — ég hefði nú viljað að hv. 1. þm. Suðurl. væri hér inni, því að það eru ummæli hans við fjölmiðla í gær. Við vitum það að enginn maður sem nú er uppi hefur í raun og veru haft meiri áhrif á gang mála á undanförnum árum en einmitt forseti Sovétríkjanna, Gorbatsjov. Þessi maður fékk friðarverðlaun Nóbels fyrir sín störf og þær breytingar sem hann hefur komið á í heiminum. Ég held að þau hljóti að hafa verið slys, þau stóru orð sem formaður Sjálfstfl. hafði í frammi og ég var að vona það þegar hann var hér uppi áðan og flutti sína ræðu að hann tæki þau að einhverju leyti til baka. Ég vil ekki hafa þessi orð yfir. Þau vekja það mikla undrun mína að slíkt hafi getað skeð.

Mér sýnist að það sé tvennt sem er að gerast í Rússlandi og hljóti að vera skýringin á þessu. Annaðhvort er það að Gorbatsjov er niðurbrotinn maður eða þá að það er orðin uppreisn hersins og hann hefur ekki tök á málum. Og það er margt sem bendir til þess. Það er t.d. afsögn utanríkisráðherra hans hér á dögunum, það eru hin hörðu og ákveðnu viðbrögð forseta Rússlands. Ég held að maður, sem er formaður stærsta stjórnmálaflokks *Íslendinga, fyrrv. forsrh., geti hafa skaðað* eða skaði álit okkar erlendis með svona ummælum og ég held að það hljóti að verða einhverjir af hans flokksmönnum sem gefa skýringu á þessum ummælum og taki þau til baka vegna þess að þögn er sama og samþykki.

Ég ætla ekki að fara að tala mikið um mál við Persaflóa. Það er búið að segja það margt um það að undanförnu að það er í raun og veru ekki neinu við það að bæta. En ég held að það hafi verið mjög rétt hjá Norðurlöndunum hvernig þau hafa staðið að þeim málum og ég stend í þeirri trú og er alveg samþykkur því sem hefur komið fram hér hjá öðrum, t.d. hjá þingflokki Alþb., að það hafi ekki verið og sé ekki fullreynt hvort hægt er að ná samkomulagi án þess að það verði stríðsátök. En það veit enginn hvaða skelfilegar afleiðingar verða ef stríðsátök verða þar, hvað það muni leiða yfir heiminn á næstunni og hverjir muni blandast inn í það. Þess vegna hljótum við, sem erum vopnlaus þjóð sem viljum leysa mál með samningum en ekki valdi — og getum auðvitað ekkert annað, hitt væri bara sýndarmennska ef við léðum máls á því að verða stríðsaðilar, við höfum engan her, kunnum ekki einu sinni að skjóta úr byssu. Þess vegna væri það athugandi hvort ekki væri hægt að hafa áhrif á það að a.m.k. yrði ekki byrjað strax á morgun á stríðsrekstri við Persaflóa og reyna að gera fleiri tilraunir til þess að komast hjá slíkum hörmungum sem það mun leiða yfir.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Vegna þeirra tíðinda sem borist hafa frá Litáen hlýtur hugur okkar alþingismanna að vera hjá litáísku þjóðinni og þeim sem hún hefur kjörið til að vera í forustu. Samúð okkar hlýtur að vera með Litáum. Það er heilagur réttur þjóða að fá að velja sér sjálfar stjórnarhætti með lýðræðislegu móti.

Ég hafði tækifæri til þess á sl. hausti sem forseti Norðurlandaráðs og sem formaður sendinefndar á vegum ráðsins að heimsækja æðsta ráðið í Moskvu og þingin í Litáen, Lettlandi og Eistlandi. Það er sannfæring mín að vilji meiri hluta þjóðanna í Eystrasaltslöndunum sé að öðlast sjálfstæði og það er þeirra réttur að svo verði.

Þegar við vorum á ferð í Eystrasaltslöndunum fyrst í nóvember, þá létu forsetar allra Eystrasaltsríkjanna við okkur í ljósi ótta um að sovéski herinn mundi grípa til aðgerða, þvílíkra sem nú er raunin á í Litáen, þ.e. að Moskvuhollir minnihlutahópar yrðu notaðir til þess að efna til óspekta og það yrði notað sem afsökun fyrir íhlutun sovéska hersins. Því miður hefur raunin orðið sú í Litáen sem þeir óttuðust og ástand mála í Lettlandi og Eistlandi er mjög varhugavert. Ég persónulega óttast að austan þaðan berist fátt nema ótíðindi á næstunni.

Ég óttast enn fremur að það sé þýðingarlítið að skrifa Gorbatsjov. Ég óttast að hann hafi misst tök á þróun mála og pólitísk staða hans verið orðin mjög veik jafnvel þó að hann hafi fengið sig kjörinn að nafninu til í miklar trúnaðarstöður. Ég held að hið raunverulega vald sé komið til annarra, annaðhvort til rauða hersins eða einstakra hluta hans eða hið raunverulega vald yfir rauða hernum sé komið til annarra og séu í annarra höndum. A.m.k. hefur sú pólitík sem Gorbatsjov hefur fylgt undanfarin 5–6 ár beðið lægri hlut og henni er ekki fylgt núna. Nú er fylgt línu harðlínumanna.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs átti fund í Kaupmannahöfn 10. jan. Þar gerðum við ályktun varðandi þróun mála í Eystrasaltslöndum og ég hef fyrir hönd Norðurlandaráðs í dag sent þessa ályktun bæði til Anatolís Lúkíanovs, forseta æðsta ráðsins, og Ívans Laptévs, sem er forseti alríkisdeildar æðsta ráðsins, ásamt með bréfi sem ég vil lesa hér í lauslegri þýðingu. Þetta er bréfið til Lúkíanovs og Laptévs, það er samhljóða:

„Á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 10. jan. 1991 var ástandið í Eystrasaltsríkjunum til umræðu. Í ljósi hernaðaríhlutunar sovéska hersins í Litáen aðfaranótt 13. jan. sl. ber að líta á þessa yfirlýsingu forsætisnefndar Norðurlandaráðs sem tjáningu á alvarlegum áhyggjum og sem stuðning við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs krefst þess með þessu bréfi að raunverulegar samningaviðræður hefjist eins fljótt og framast er unnt milli ríkisstjórnar Sov-

étríkjanna og Eystrasaltsríkjanna til að koma sjálfstæðismálum þjóða Eystrasaltsríkjanna áleiðis.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs leggur áherslu á að samningaviðræður eigi sér stað í friðsamlegu andrúmslofti og án nokkurs ótta eða þrýstings.

Herra formaður. Við sem erum þingmenn Norðurlandaráðs biðjum eindregið þingmenn æðsta ráðsins að virða lýðræðið í Eystrasaltsríkjunum. Það er Norðurlöndum jafnt og öllum þjóðum við Eystrasalt afar mikilvægt að hin jákvæða þróun á Eystrasaltssvæðinu haldi áfram á friðsamlegan hátt þannig að grundvallaratriði sjálfsákvörðunarréttar allra þjóða séu viðurkennd. Það má ekki ske að lýðræðisþróunin í Eystrasaltsríkjunum verði bæld niður.

Yfirlýsingin fylgir bréfi þessu.

Páll Pétursson,
forseti Norðurlandaráðs."

Yfirlýsing forsætisnefndarinnar hljóðar svo, frú forseti, í lauslegri þýðingu:

„Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur á sama hátt og ríkisstjórnir Norðurlanda fagnað mjög hinni lýðræðislegu þróun í Eystrasaltsríkjunum og krefst þess að raunverulegar samningaviðræður verði hafnar eins fljótt og mögulegt er milli ríkisstjórnar Sovétríkjanna og ríkisstjórna Eystrasaltsríkjanna til að leidd verði til lykta barátta Eystrasaltsríkjanna fyrir fullu sjálfstæði. Það er í ljósi þessa sem forsætisnefnd Norðurlandaráðs lýsir djúpum áhyggjum vegna hernaðaraðgerða þeirra sem átt hafa sér stað undanfarna viku í Eystrasaltsríkjunum. Þjóðir Eystrasaltsríkjanna eiga rétt á að komið sé fram við þær í samræmi við grundvallarreglur RÖSE, Ráðstefnunnar um frið og öryggi í Evrópu.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs leggur áherslu á að samningarnir verði að eiga sér stað í friðsamlegum anda og án nokkurs ótta eða þrýstings. Það er Norðurlöndum jafnt og öðrum þjóðum við Eystrasalt afar mikilvægt að hin jákvæða þróun á Eystrasaltssvæðinu haldi áfram á friðsamlegan hátt þannig að grundvallaratriði sjálfsákvörðunarréttar allra þjóða séu viðurkennd. Það má ekki eiga sér stað að lýðræðisþróunin í Eystrasaltsríkjunum verði bæld niður."

Afrit af þessu bréfi lét ég senda til Landsbergis, forseta Litáens, Anatolijs Gorbunovs, forseta Lettlands og Arnolds Rüütels, forseta Eistlands.

Norðurlandaráð eru samtök þjóðþinga Norðurlandanna og það er eðlilegt að snúa sér til fyrirsvarsmanna þings Sovétríkjanna, þ.e. æðsta ráðsins, auk þess sem ég hitti þessa fyrirsvarsmenn æðsta ráðsins og veit um þeirra skoðanir.

Norðurlandaráð mun á næstu vikum fylgjast með þróun mála. Á vegum ráðsins eru uppi margvíslegar aðgerðir til aðstoðar Eystrasaltsríkjunum. Ég vona sannarlega að þær aðgerðir komist í framkvæmd. Það er skylda okkar að veita þessum nágrönnum okkar í austri það lið sem við megum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að í þessum umræðum hefur komið fram einróma fordæming Alþingis Íslendinga á hernaðaríhlutun Sovétríkjanna í málefnum Litáens og eindreginn stuðningur við þá lýðræðisþróun sem fram hefur farið í þessum ríkjum. Það er líka ljóst að við Íslendingar gegnum mikilvægu hlutverki á þessum dögum. Ástæðan er sú að forustumenn þessara ríkja binda vonir við okkar verk og hafa sýnt það á undanförnum vikum og mánuðum og við erum smáþjóð sem getur með meiri rétti gert kröfu til þess að þjóðir heims styðji aðrar smáþjóðir.

Það koma stundum þeir tímar að menn þurfa að sýna stuðning sinn við lýðræði og mannréttindi með víðtækari hætti heldur en bara í orðum. Yfirlýsingarnar einar og sér duga ekki. Verkin verða að tala með þeim hætti að þeir sem boðin eiga að fá finni að þeim fylgi mikil alvara.

Í þessum umræðum hefur verið kynnt ályktun þingflokks Alþb. Í henni koma fram nokkrar tillögur um aðgerðir af okkar hálfu. Ég vil í þessari umræðu, og áður en þingflokkar koma saman hér til fundar síðdegis, beina fyrir hönd Alþb. þeim eindregnu tilmælum til annarra þingflokka að þeir íhugi rækilega þær tillögur sem hér eru settar fram.

Í fyrsta lagi teljum við mikilvægt að það séu ekki aðeins forustumenn á vettvangi stjórnmála sem lýsa afstöðu sinni til þessara hrikalegu atburða heldur geri það þjóðin öll. Það getur gerst með ýmiss konar hætti en það hefur skapast sú venja í gegnum tíðina að örstutt stund, sameiginleg þagnarstund þjóða, sé eitt áhrifaríkasta tæki sem þeir eiga til þess að sýna samstöðu sína og samhug. Ég er viss um að það muni verða þjóðum Eystrasaltsríkjanna mikil hvatning ef það gerist á morgun að öll íslenska þjóðin nemur staðar stutta stund, stöðvar vinnu sína og umferð til þess að lýsa yfir eindregnum stuðningi hvers einasta Íslendings við málstað þeirra sem nú berjast fyrir lýðræði og frelsi í Eystrasaltsríkjunum.

Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum til annarra þingflokka að þeir hugleiði hvort formenn þingflokka og forsetar þingsins eigi á þessum degi að beina þeim tilmælum til allrar íslensku þjóðarinnar að kl. 2 á morgun í upphafi þingfundar sameinist allir Íslendingar í tvær mínútur í slíkri aðgerð. Ég er viss um að ef það gerðist þá yrði það ekki aðeins mikið fagnaðarefni hinum almennu borgurum í Eystrasaltsríkjunum heldur einnig mikilvægt vegarnesti fyrir forustumenn íslensku þjóðarinnar sem á næstu vikum og mánuðum geta þurft að grípa til veigameiri aðgerða á alþjóðavettvangi til stuðnings Eystrasaltsríkjunum en Íslendingar hafa almennt gert.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að þótt við séum smáþjóð þá höfum við verið í forustu vestrænna ríkja í stuðningi við Eystrasaltsríkin. Sú forusta hefur bæði komið fram á Alþingi, hjá forsrh., hjá utanrrh., hjá formanni Sjálfstfl. og hjá mörgum öðrum þingmönnum sem hafa lýst þessum stuðningi í verki. Það er mikilvægt að Íslendingar haldi þessu forustuhlutverki því að í því felst lýðræðislegur styrkur.

Í öðru lagi teljum við mjög mikilvægt að Íslendingar kalli nú á hollustu vestrænna ríkja við lýðræði og mannréttindi og knýi á um það að önnur vestræn ríki

og Evrópuríki sýni í verki stuðning sinn við lýðræðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna en hernaðarhagsmunir við Persaflóa og nauðsyn á því að láta Sovétstjórnina blessa þær hernaðaraðgerðir með einum eða öðrum hætti verði ekki látnar verða til þess að Vesturlöndin hiki í afstöðu sinni á þessari örlagastund í sögu þjóðanna við Eystrasalt. Mér finnst þess vegna koma til greina að utanrrh. Íslands geri sér á næstu dögum ferð til bæði Washington og nokkurra höfuðborga Evrópu til þess að leggja áherslu á þennan þátt.

Í tillögu Alþb. kemur einnig fram sú hugmynd að allir forsætisráðherrar Norðurlanda sem sameinuðust í einu bréfi í gær komi saman til fundar á allra næstu dögum og þar verði einnig forsetar þinganna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs þannig að æðstu menn Norðurlandanna allra komi saman til þess að sýna í verki að Norðurlöndin ætla sér að gegna stuðningshlutverki við Eystrasaltsríkin — ekki bara í dag og ekki bara á morgun heldur eins lengi og þarf þar til sjálfstæði og lýðræði hafa fest í sessi í þessum ríkjum.

Að lokum vil ég árétta það sem fram kemur í þessari ályktun en lítt hefur verið rætt í þessari umræðu að það getur verið nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga, ef hernaðaríhlutunin heldur áfram af hálfu Sovétstjórnarinnar í málefnum Eystrasaltsríkjanna, að grípa til þeirra aðgerða af okkar hálfu að slíta þau efnahagstengsl, þau stjórnmálatengsl og þau félagstengsl og þau menningartengsl sem þróast hafa í samskiptum við Sovétstjórnina. Við getum þurft að fórna skammtímaviðskiptahagsmunum til þess að sýna í verki stuðning okkar við lýðræðisþróunina og frelsisbaráttuna í Eystrasaltsríkjunum. Við megum ekki fara að meta það hvort gjaldeyristekjur okkar eða útflutningshagsmunir séu það stórir að við getum ekki gripið til slíkra aðgerða. Við þurfum að vera reiðubúin að sýna það að við viljum fórna einhverju í þágu þessa málstaðar. Þess vegna tel ég að bæði ríkisstjórnin og flokkar stjórnarandstöðunnar eigi að ræða það við aðra forustumenn í okkar þjóðfélagi á næstu dögum hvort og hvenær verður gripið til slíkra aðgerða.

Ég vil einnig hér setja fram þá hugmynd að ef svo illa fer að herinn í Sovétríkjunum tekur völdin algjörlega og brýtur lýðræðisþróunina í Eystrasaltsríkjunum á bak aftur og þau telja sig knúin til þess að setja á fót útlagastjórnir, þá bjóði Ísland slíkri útlagastjórn sæti í okkar landi. Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnin lýsi því yfir að við séum tilbúin til þess að okkar land verði meðan þarf heimkynni þeirrar lýðræðisbaráttu sem þarf að heyja utan Eystrasaltsríkjanna fyrir sjálfstæði, frelsi og lýðræði þessara ríkja. Ég vona að til þess þurfi ekki að koma. En við þurfum hins vegar að vera reiðubúin til þess að ef svo illa fer, þá verði fulltrúum frelsisaflanna í Eystrasaltsríkjunum boðinn sá griðastaður sem þeir helst vilja kjósa sér og ef þeir vilja kjósa hann á Íslandi, þá séum við reiðubúin að vera gististaður og heimkynni slíkrar útlagastjórnar.

Virðulegi forseti. Fyrstu daga desembermánaðar átti ég þess kost í hópi þingmanna frá Bandaríkjunum og Bretlandi að eiga klukkustundar fund með Gorbatsjov, forseta Sovétríkjanna. Á þeim fundi kom m.a. fram að sovéski herinn hefði framkvæmt tilraunasprengju með kjarnorkuvopn gegn hans vilja. Á þeim fundi kom einnig fram að hann lýsti því yfir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að sínu valdi væru takmörk sett og það var greinilegt í orðræðunni við Gorbatsjov og eins í viðtölum við forustumenn aðra og fulltrúa á þjóðþingi Sovétríkjanna að óvissan og spennan var slík að enginn vissi hvað mundi gerast næsta dag, hvað þá heldur í vikunni þar á eftir.

Á þessum viðræðufundi sagði Gorbatsjov okkur einnig að friðarverðlaun Nóbels sem væru honum mjög dýrmæt veittu honum siðferðilega hvatningu og legðu honum siðferðilegar skyldur á herðar til þess að gegna hlutverki á alþjóðavettvangi með öðrum hætti. Ég er persónulega sannfærður um það að sá maður sem við ræddum þar við hefur ekki getað gefið skipun um að sovéski herinn skjóti á borgara í Eystrasaltsríkjum og skapi umsátur um þjóðþingin nema hann sé gjörsamlega heillum horfinn, nema andstaðan og baráttan á síðustu mánuðum hafi brotið hann niður, bæði siðferðilega og pólitískt. Ég hef enga trú á því að hann, sem hefur svo mikið á sig lagt á síðustu árum við að breyta veröldinni, fórni þeim orðstír öllum á einum degi nema hann, eins og stundum gerist, brotni niður, eins og hver maður getur gert sem örlögin hafa lagt miklar byrðar á herðar. Ég ætla þess vegna ekki að fullyrða um það hér og nú hver þessa ákvörðun tók eða hvað var á bak við hana. En ég er sannfærður um það að innan Sovétríkjanna eru sterk öfl sem eru á móti þeirri ákvörðun, sem munu reyna að knýja á um að henni verði breytt og við eigum þess vegna líka að hugsa um það í okkar umræðu hér hvernig við getum stutt þau öfl, stutt þeirra baráttu og knúið það fram að þau verði ofan á til þess að varðveita allt það sem áunnist hefur í okkar heimsálfu á síðustu árum.

Ég vona, virðulegi forseti, að þær hugmyndir sem hér hefur verið varpað fram, bæði í tillögu þingflokks Alþb. og þær sem ég hef hér sett fram, geti orðið efniviður í sameiginlega afstöðu þings og ríkisstjórnar í dag og næstu daga. — [Fundarhlé.]

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það er með döprum huga sem ég stíg hér í ræðustól í kvöld og svo er áreiðanlega um alla hv. þm. hér á Alþingi sem hugleitt hafa þá atburði sem orðið hafa í Eystrasaltsríkjunum og þá fyrst og fremst Litáen nú undanfarna daga.

Málefni Eystrasaltsríkjanna og einkanlega Litáens hafa verið okkur alþingismönnum sérlega hjartfólgin allt frá því er hugir okkar fylltust gleði þegar við heyrðum um yfirlýsingu þings Litáens þar sem sjálfstæði þess ríkis var lýst yfir og við sendum á fyrsta fundi Alþingis þar eftir kveðjur til þings Litáens með ósk um náið samstarf beggja þessara löggjafarsamkoma. Frá þeim tíma hefur mikil vinátta og samskipti ríkt milli Litáens og ekki síst Landsbergis forseta og íslenskra valdhafa og hefur Alþingi ítrekað ályktað um stuðning sinn við Litáen. Þó er það ljóst að ein tegund stuðningsyfirlýsingar hefur þeim ekki borist þrátt fyr-

ir ítrekuð tilmæli um það efni, en það er formleg og afdráttarlaus yfirlýsing um viðurkenningu á algjöru og óskoruðu fullveldi Litáens.

Það liggja fyrir skýringar hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar á orsökum þess að það hefur ekki verið gert hér á landi, vegna þess að menn telja að þjóðréttarlega séð sé stuðningsyfirlýsing og viðurkenning frá 1922 enn í fullu gildi. Um það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir hér á Alþingi, hvort bæri að ítreka þessa yfirlýsingu formlega nú eða ekki. Sjálfstæðismenn hafa flutt um það tillögu en hins vegar gera sjálfstæðismenn sér það ljóst, eins og fram kom í ræðu formanns okkar sjálfstæðismanna, hv. 1. þm. Suðurl. í dag, að í raun hefur efni þeirrar tillögu verið tekið til greina og það samþykkt af hv. Alþingi, ekki síst í ordalagi þeirrar tillögu sem samþykkt var nú á Alþingi rétt fyrir jól þar sem ítrekuð er nauðsyn þess að viðurkenna sjálfstæði Litáens. Í því felst að sjálfsögðu hvatning til þeirra þjóða sem svo hafa ekki gert að standa að slíku.

En núna hafa þeir atburðir gerst sem fyllt hafa hugi okkar hryggð. Við finnum til með þessari litlu þjóð sem við skiljum á margan veg þótt þar sé við annað og meira ofurefli að etja heldur en jafnvel það sem við áttum við í okkar löngu sjálfstæðisbaráttu.

Þeir atburðir sem orðið hafa í Litáen hafa því miður gert að engu eða næstum engu þær vonir sem Evrópubúar og raunar heimsbyggðin öll hafa bundið við þau merki sem sést hafa á lofti um miklu betri sambúð þjóða, aukin réttindi manna í þeim ríkjum sem búið hafa við harðstjórn kommúnismans og mörg skref í átt til lýðræðis í þessum ríkjum, vitandi það að þeirri breytingu, einkanlega þeirri skyndilegu breytingu mundu vissulega fylgja vissir erfiðleikar. En þær þjóðir sem betur máttu sín hafa verið tilbúnar til þess að veita allan þann stuðning sem þær gátu í té látið. Ákvarðanir hafa þegar verið teknar um aðstoð, beina efnahagsaðstoð og í undirbúningi og í vinnslu er margs konar önnur aðstoð, bæði með ýmiss konar leiðbeiningar í sambandi við rekstur atvinnufyrirtækja, aðstoð vegna heilbrigðiskerfis, heilbrigðisþjónustu í þessum ríkjum sem því miður er á ýmsan hátt mjög í molum og sést best á þeirri beiðni sem send var út frá Litáen í gærkvöldi með ákalli til annarra ríkja um aðstoð í formi hjúkrunargagna og heilbrigðisstarfsfólks.

Allt þetta þýðir að við þurfum að meta þessa stöðu upp á nýtt. Þó leyfi ég mér að halda að það kunni að vera einhver von vegna þess að við sjáum ekki enn endanlega hvað raunverulega er að gerast í því mikla ríki Sovétríkjunum og hvaða áhrif hefur sú ákvörðun sem Boris Jeltsín hefur tekið í samstöðu við Eystrasaltslýðveldin.

Það má spyrja: Hvað getur Ísland gert frekar heldur en þegar hefur komið fram? Hvað getur Alþingi gert Litáum til stuðnings? Hvað getur ríkisstjórn Íslands gert? Höfum við ekki sýnt allan þann stuðning sem við höfum verið beðin um og allan þann stuðning sem við höfum mátt til þess að framfylgja og mun ekki sá stuðningur verða þeim mun áhrifaríkari sem það er ljóst að víðtæk samstaða er á Alþingi um þá afstöðu sem tekin er hér í dag og tekin hefur verið og er líkleg til að verða tekin í þessum málum nú næstu daga?

Hér hafa menn rætt í dag ýmsar aðgerðir í þessu sambandi og það hefur í raun og veru komið fram nokkur blæbrigðamunur samt á tillögum hæstv. ráðherra ekki síst, um það hvernig standa beri að því að mótmæla með sem kröftugustum hætti aðgerðum Sovétríkjanna í Eystrasaltslöndunum. Hér hafa komið fram hugmyndir af hálfu ráðherra að slíta stjórnmálasambandi, menningarsambandi og viðskiptasambandi. Hér hafa komið fram tillögur um ýmiss konar aðrar mjög eindregnar aðgerðir, en að því hafa verið leidd rök af hálfu hæstv. utanrrh. og forsrh. að slit á stjórnmálasambandi væri e.t.v. ekki það ráðlegasta í augnablikinu, eða svo þótti mönnum ekki fyrr í dag, en vel má vera að þeir atburðir sem nú fréttist af síðdegis hafi í einhverju breytt afstöðu manna.

Það er ljóst að þau dimmu ský sem hvíldu yfir himni þessara landa, okkar allra himni, eru enn þá dimmari í dag því að það er ljóst að Sovétherinn hefur svikið það vopnahlé sem hann samdi um, svikið 24 stunda vopnahlé. Svo lágt er lotið. Og þá er meira en tímabært að Alþingi Íslendinga, sem vill sýna Litáen eindreginn stuðning, stígi fastar á fjöl og sendi eindregna yfirlýsingu sem yrði samþykkt nú strax í kvöld.

Það hefur ríkt mikil samstaða í utanrmn. þingsins um afstöðu til þessa máls og utanrmn. samþykkti einróma í dag tillögu sem formaður hennar, hv. 8. þm. Reykn., mun gera grein fyrir hér á eftir. Þessi tillaga er harðari heldur en áður hefur verið samþykkt hér á Alþingi og hún tekur enn eindregnari afstöðu en menn hafa áður gert hér á Alþingi til þeirrar hugmyndar að viðurkenna beri fullt og óskorað sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna.

Ég vil leyfa mér að árétta örfáar hugmyndir, sem ég tel að ríkisstjórnin ætti að grípa til við fyrsta tækifæri, sem hlyti þá að vera á morgun, til viðbótar því sem þegar hefur verið gert. Ég vil taka samt fram að ég hef verið mjög sammála hæstv. utanrrh. og raunar hæstv. forsrh. um það sem gert hefur verið og þær yfirlýsingar sem þegar hafa fram komið um ástandið í Eystrasaltsríkjunum. En mér þykir ekki ólíklegt að samstaða fengist um það í öllum stjórnmálaflokkum hér á hv. Alþingi og veit ekki nema sú afstaða sé þegar mótuð í huga hæstv. utanrrh. að það sé rétt og sjálfsagt eins og málin blasa við nú að kalla heim viðskiptasendinefndina íslensku í Sovétríkjunum.

Það er óneitanlega einkennileg tímasetning til að gera upp viðskiptaskuld að bregða við að morgni þess sólarhrings sem sorgaratburðirnir í Vilnius urðu á nú aðfaranótt sunnudagsins, að þá skuli fyrsta sýnilega aðgerð af hálfu Íslendinga vera að senda viðskiptanefnd til Sovétríkjanna til þess að ræða um uppgjör gamallar skuldar. Mér er alveg óskiljanlegt í fyrsta lagi hvers vegna menn rönkuðu ekki við sér strax og sáu að þetta var ekki viðeigandi og svo hitt að það hljóti að vera einhver önnur ráð við að gera upp þessa gömlu skuld ef þá eitthvað er til til að borga hana með. En þetta held ég í raun og veru að sé mál sem við séum öll sammála um. Ég vil einungis nota þetta tækifæri til

að undirstrika þessa afstöðu. Ég held að við flest mundum styðja það mjög eindregið ef hæstv. utarrh. kveddi þessa nefnd heim.

Í öðru lagi held ég að við séum öll sammála um þá hugmynd að kalla bæri heim sendiherra Íslands til skrafs og ráðagerða. Það hefur ekki komið fram enn þá breið samstaða um það að slíta stjórnmálasambandi en í öllu falli virðist þessi aðgerð, að kalla heim sendiherra Íslands til skrafs og ráðagerða um þá atburði sem orðið hafa, vera sjálfsögð.

Í þriðja lagi vil ég láta í ljós þá skoðun að rétt sé að kæra athæfi Sovétríkjanna til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í samræmi við óskir forseta Litáens. Mér er alveg ljóst að það kunna að vera vandkvæði á því að láta þá kæru leiða fljótlega til lausnar á þessu máli enda var það ekki það sem forseti Litáens fór fram á, hann fór fram á að send væri kæra til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þetta getum við mæta vel gert, þó ekki væri nema til að koma til móts við þessa ósk, sýna hinni hrjáðu þjóð í Litáen siðferðilegan stuðning. Hvernig svo sem þessari kæru reiddi af — það er auðvitað rétt og viturlegt sem hæstv. utanrrh. benti á að það sé eðlilegt að hafa samráð við einhverja þeirra þjóða sem hafa neitunarvald í öryggisráðinu um það að þær a.m.k. settu ekki fótinn fyrir slíka tillögu og einnig er það líka athugunarefni sem hæstv. ráðherra benti hér á í dag að það kynni að vera að af vissum formsástæðum yrði slík kæra ekki tekin til greina eða henni hreinlega vísað frá. Ég vona að hæstv. ráðherra leiðrétti mig ef þetta er ekki rétt skilið, en hæstv. ráðherra skýrði það fyrir okkur í dag að vegna þess að menn mundu e.t.v. deila um það að hér væri um fullkomlega sjálfstætt ríki að ræða þá gæti slík kæra sem það varðaði ekki verið tekin til greina samkvæmt reglum öryggisráðsins.

Nú er það svo að þetta er ekki okkar afstaða. Við teljum að við séum að vinna fyrir sjálfstætt ríki og við viljum styðja það í þeirri viðleitni að fá viðurkenningu á því sjálfstæði, á því fullveldi frá sem flestum öðrum ríkjum. Þess vegna tel ég að við eigum ekki að láta bilbug á okkur finna með þetta og senda þessa kæru. Þó svo að hætta kynni að vera á að henni yrði vísað frá af þessum ástæðum kemur enn betur í ljós nauðsyn á því að senda formlega viðurkenningu á fullveldi Litáa.

Þetta vildi ég nú sérstaklega undirstrika og ég leyfi mér líka að láta í ljós það álit að það muni vera víðtækur stuðningur við það á Alþingi ef hæstv. utanrrh. stæði fyrir þessu, að senda slíka kæru, því þá erum við að vinna gerð þar sem hugur fylgir máli, við erum að gera okkar besta. Við getum auðvitað ekki tryggt framganginn. Við getum ekki tryggt niðurstöðuna. Að sjálfsögðu ekki. Við erum lítið ríki sem er að sýna skilning og samstöðu og siðferðilegan stuðning og á þessu þurfa þau að halda, bræður okkar og systur í Litáen og öðrum Eystrasaltsríkjum.

Í fjórða lagi vildi ég nefna þá gerð sem fram kom í yfirlýsingu þingflokks sjálfstæðismanna og lýst var hér af formanni Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., en það var að fækka starfsmönnum í sendiráði Sovétríkjanna hér á Íslandi, þ.e. að krefjast þess að einhverjir þeirra færu til síns heima, því hvaða nauðsyn gæti borið til þess að ríki sem hagar sér með þeim hætti sem komið hefur í ljós nú síðustu daga að Sovétríkin gera, hafi allan þann fjölda starfsmanna í sendiráði sínu í þessu litla ríki hér?

Þessi fjögur atriði virðast vera nokkuð sjálfsögð og ég leyfi mér að halda að um þetta sé í raun og veru víðtæk samstaða hér á Alþingi. Ég legg þann skilning í orð hæstv. utanrrh. og hans ríka vinarhug, sem hann hefur þráfaldlega látið í ljós gagnvart Litáen og Eystrasaltsríkjunum, á þann veg að hann mundi standa að slíkum ákvörðunum ef hann hefur þá ekki þegar gert það. Það má vel vera að hæstv. ráðherra hafi brugðið við og tekið nýjar ákvarðanir í framhaldi af þeim fréttum sem við heyrðum hér síðdegis í útvarpinu um nýjustu atburði í Litáen.

Þessi atriði, frú forseti, vildi ég nefna í þessu sambandi um leið og ég hlýt að láta í ljós þá von að það sé ekki öll von úti enn um áframhald á þeirri þróun til lýðræðis og mannréttinda í veröldinni sem við þóttumst sjá þegar Gorbatsjov, sá sem nú hefur tekið þessar hörmulegu ákvarðanir, stóð fyrir því öðrum mönnum fremur að opna þetta lokaða stóra ríki gagnvart öðrum ríkjum í vestri og annars staðar í heiminum og láta í ljós ósk um samstarf og nýja viðleitni til lýðræðis og frelsis fyrir borgarana sem mundi bæta hag þeirra, eitthvað á þann veg sem orðið hefur á Vesturlöndum.

Við vitum ekki enn þá fyrir víst hvað gerst hefur. Vissulega var það hörmulegt og þyngra en tárum taki að hlusta og horfa á það í sjónvarpinu nú í kvöld að Gorbatsjov, verðlaunahafi friðarverðlauna Nóbels, sæti á blaðamannafundi og verði gerðir Sovéthersins í Litáen. Það var hins vegar svo hörmulegt að það er erfitt að trúa því að þarna hafi maður talað sem var algjörlega sjálfum sér ráðandi. Það hvarflar að manni að sjálfur forseti þessa stóra veldis sé einhvers konar gísl, sé einhvers konar leiksoppur í tafli annarra manna. Þetta vitum við ekki fyrir víst enn, það bendir því miður of margt til þess að hann beri þarna stærri ábyrgð heldur en við heföum fyrir nokkrum mánuðum trúað að gæti orðið. Og svo mikið er víst að formlega og eftir öllum þjóða- og ríkjareglum þá ber hann þessa ábyrgð. Það er erfitt að horfast í augu við það en svo er það núna.

Á hverjum degi verða mikil og örlagarík tíðindi þessa dagana og við vitum ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Við vitum heldur ekki hvað þarnæsti dagur eða þarnæsta nótt ber í skauti sér annars staðar í veröldinni. Hér hefur í dag verið rætt um hið geigvænlega ástand við Persaflóa og þar gegnir öðru máli um afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar að því er mér heyrist. Því miður er þar allverulegur áherslumunur í afstöðu milli hæstv. ráðherra. Mér virtist svo ekki vera í fjölmiðlum í gær en í dag get ég ekki betur heyrt en hæstv. forsrh. tengi miklu nánar heldur en hæstv. utanrrh. vandamál Palestínu og vandamál Kúvæts. Ég hefði haldið að það væri öllum ljóst, eins og hæstv. utanrrh. sagði hér sjálfur í dag, að það var ekki ráðist inn

í Kúvæt til þess að bjarga Palestínu. Þar voru aðrar hvatir að baki. Af því einu væri nægilegt að forðast að tengja þau mál saman. Önnur er sú ástæða að í því felst viss blekking að tengja lausn þessara tveggja mála saman. Og ég hef orðið nokkuð undrandi á því að heyra menn tala um það fullum fetum að það sé sjálfsagt að láta að þeirri kröfu Saddams Husseins að standa að tillögu um alþjóðlega ráðstefnu um málefni Palestínu. Þetta hefur verið þeim mun undarlegra sem ég man ekki betur en við höfum margsinnis horft á það og hlustað á það og staðið að því í alþjóðlegum þingmannasamtökum sem fjölmargir þingmenn eru í, hver á sínum vettvangi, að menn séu sammála um það, Evrópuríki séu sammála um það að halda slíka ráðstefnu. Það þarf engan Saddam Hussein til að segja okkur það. Þess vegna er það fráleitt að tengja þessi mál. Tillaga liggur nú þegar fyrir án nokkurra tengsla við Írak og ég veit ekki betur en að Íslendingar hafi á ýmsum vettvangi tekið þátt í að samþykkja slíka tillögu.

Að því er varðar ofbeldi sem framið hefur verið í Kúvæt, að því er varðar þá saklausu borgara sem þar voru murkaðir niður, að því er varðar virðingu við sjálfsákvörðunarrétt þjóða hvar sem er í heiminum, þá finnst mér það í samræmi við sögu Íslendinga, hvar í flokki sem þeir standa, að þeir styðji hverja þá aðgerð sem verður til þess að hrinda ofbeldi af höndum þeirra sem beittir hafa verið því af stærri og voldugri ríkjum, af þeim sem vilja leggja sjálfstæði þeirra og framtíð sem þjóða í rúst. Það atriði kemur ekki lausn annarra mála við.

Þetta finnst mér eðlilegt að sé alveg greinilegt og því fagna ég að mér hefur oft virst þetta koma fram í máli hæstv. utanrrh. Ég tel það skipta mjög miklu máli því ég veit að hann beitir sér á ráðherrafundum ýmsum sem við eigum aðild að. Og ég hvet til þess að hæstv. utanrrh. haldi nú fast í hönd hæstv. forsrh. þannig að hann villist nú ekki í því máli. Ég efast ekkert um að öll erum við sammála um að stuðla að því að friður náist sem fyrst bæði í Austurlöndum nær, í Evrópu og hvar annars staðar sem er í heiminum. En við viljum að það verði varanlegur friður og við viljum að mannréttindi og frelsi þjóða séu virt.

Að þessu öllu saman er vandi að vinna og að þessu öllu saman vinnum við betur og náum öflugri og meiri árangri með því að taka eindregna afstöðu og láta ekki drepa málunum á dreif.

Frú forseti. Ég hygg að það sé fjöldi manna á mælendaskrá og finnst því ekki sanngjarnt að taka lengri tíma til að ræða um þetta mál. Ég veit það að mér liggur svo sem ekki meira á hjarta heldur en hverjum einasta hv. þm. sem situr hér inni í salnum. En mér liggur mikið á hjarta. Okkur öllum liggur mikið á hjarta og við sameinumst áreiðanlega öll um þá von að bæði þessi mál, hið alvarlega og sorglega mál sem við stöndum andspænis í Litáen og Eystrasaltsríkjunum öðrum e.t.v. alveg næstu daga og hið alvarlega mál sem heimurinn stendur frammi fyrir vegna ástandsins við Persaflóa, að þarna fáist sú viðhlítandi lausn að menn geti kinnroðalaust gengið á vit framtíðarinnar og í góðu og drengilegu samstarfi við önnur ríki sem stefna að því sama marki.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þjóðir heims standa nú óhug lostnar frammi fyrir þeim stríðsátökum sem virðast við blasa við Persaflóa. Við vitum að þau vopn sem nú virðast svo hárbeitt og öflug í höndum okkar vesturveldanna geta á örskotsstund, eins flugskeytis eða kjarnorkuskeytis, snúist og orðið að helsprengju sem springur í höndum okkar sjálfra. Takist Hussein að æsa aðra Araba gegn hinum sameiginlega forna fjanda sínum Ísrael munu ýmsar arabískar ríkisstjórnir heykjast á samstöðunni með vesturveldunum, knúnar áfram af hatri því sem ræktað hefur verið meðal arabísks almennings gegn Ísrael. Því liggur við að allt sé betra en stríð við Persaflóa og vænlegra mun vera að svelta refinn í greninu fremur en að svæla hann út með efnum sem koma kannski mest niður á okkur sjálfum og bandamönnum okkar.

Við eigum bágt með að skilja hugsunarhátt Araba og það hefur án efa háð þeim forustumönnum sem við stjórnvöl standa á Vesturlöndum. En eitt getum við skilið og það eru þarfir smáþjóða fyrir það að eiga sér öruggan samastað í viðsjárverðum heimi. Því skiljum við að bæði Palestínumenn og Ísraelsmenn þurfa að eiga sér land að búa í. Flóttamannabúðir þær sem Palestínumenn hafa búið í áratugum saman bjóða börnum þeirrar þjóðar enga framtíð og hver blóði drifinn árekstur milli þessara frændþjóða, Palestínumanna og Ísraelsmanna, leiðir þær lengra út á heljarslóðina og við, aðrar þjóðir heims, hrekjumst með þeim því hvert eitt slysaskot í Palestínu hæfir ekki aðeins þann sem verður fyrir því og deyr heldur okkur öll. Þess vegna verður að leiða deilu þessara tveggja þjóða til lykta svo báðir aðilar verði sáttir að kalla.

Ef Írökum væri boðið upp á það að lausn fengist á þessum erfiðu ágreiningsmálum í skiptum fyrir að þeir skiluðu Kúvæt þá gætu þeir borið höfuð hátt í fararbroddi Arabaþjóða, hvort sem Hussein á það skilið eða ekki. Hér er ekki um það að ræða, heldur hitt að forða heimi frá ófriði sem getur breiðst út um mikinn hluta heims.

Þið heyrið það, hv. þm., að ég er á öndverðum meiði við síðasta ræðumann. Ég held að við hljótum að geta skilið það að þessi maður, Hussein Íraksforseti, getur ekki látið undan nema hafa einhvern staf að styðjast við, einhvern fána að veifa framan í sína eigin landsmenn á eftir. Þess vegna er ég ekki sammála hv. síðasta ræðumanni.

Í skjóli átakanna við Persaflóa hafa voveiflegir atburðir átt sér stað við Eystrasalt. Enn einu sinni hefur réttur hins smáa verið troðinn fótum af hinum stóra og að því er virðist sterka. Björninn rússneski lyfti hrammi og sló litla veiðibráð í Vilnius svo að blóð flæddi og fjöldi fólks lét lífið. Enn einu sinni hefur stórþjóð neytt aflsmunar í von um að aðrar þjóðir bregðist við á sama hátt og í Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi fyrir áratugum, bregðist við með veikburða mótmælum en engum athöfnum. Það voru sárir dagar þegar vorið í Prag var kæft, er stórþjóðirnar héldu að

sér höndum í þögulu samþykki þess að hinn stóri og sterki hefði ætíð rétt fyrir sér. Þetta má ekki endurtaka sig. Nú verða vestræn ríki að láta í ljós kröftug mótmæli og samstöðu með Eystrasaltsríkjunum. Við getum ekki rétt Sovétríkjunum alls konar efnahags- og matvælaaðstoð á meðan þeir drekkja frelsisþrá Litáa í blóði. Gorbatsjov getur tæpast skýlt sér á bak við það að hann hafi ekki vitað hvað var að gerast. Ef svo er hefur hann misst tökin á stjórn lands og hers. Hann verður að gera meira en að lofa fögru og sýna okkur Vesturlandabúum fágaða framhlið. Ef hann hefur ekki annað fram að færa eru hans dagar nokkurn veginn taldir.

Það er þó ljós í þessu niðamyrkri að Boris Jeltsín hefur af djörfung stutt málstað Eystrasaltsríkja og ýmsir þingmenn sovéska þingsins virðast gera hið sama. Við í samtökum Norðurlanda verðum að grípa til öflugra mótmæla og þrýstings gagnvart Sovétstjórninni. Samstaða Norðurlanda með Finnum hefur ætíð verið þeim vörn gegn ágengni Sovétmanna og slíkan skjöld þurfum við líka að bera fyrir Eystrasaltsþjóðirnar. Evrópubandalagið og EFTA-löndin ættu nú að sýna samstöðu og kraft og reyna í sameiningu að þrýsta á Sovétveldið að leysa heljartökin á Litáen, Lettlandi og Eistlandi.

Við megum ekki stara í skelfingu til Persaflóa á meðan helstríð er háð við bæjardyr okkar. Fái sovéski herinn mótmælalaust að vaða uppi við Eystrasalt, í Lettlandi, Litáen og Eistlandi, er trúlegt að þrengjast fari fyrir dyrum annarra ríkja sem verið hafa undir járnhæl Sovétríkjanna. Á ég þar einkum við Rúmeníu, Búlgaríu, Júgóslavíu og ef til vill Ungverjaland sem öll gætu átt von á hernaðaríhlutun úr Sovéttáttinni þar eð innanlandsástand í þessum löndum er tvíbent og sums staðar jaðrar við upplausn, svo sem í Júgóslavíu. Austur-Þjóðverjar flúðu sem fætur toguðu í faðm bræðraþjóðarinnar í vestri. Pólverjar eiga sér sterka trúarhefð að byggja sitt lýðræði á og Tékkar eru gamalt iðnaðarríki með allmika lýðræðishefð. Því mun þessum þjóðum síður hætt en flestum hinna sem ég nefndi. En þau geta öll verið í stórhættu núna ef sovéski herinn fær að ráða.

Við gætum vonað að atburðirnir í Litáen hafi verið fjörbrot farlama óargadýrs, hins sovéska hers, en það væri óskynsamlegt að trúa því. Þess vegna verða Vesturlönd að grípa til hverra þeirra ráðstafana sem tiltækar eru til að hafa áhrif á það sem er að gerast við Eystrasalt. Þjóð sem beiðist aðstoðar okkar, eins og Sovétríkin hafa verið að gera, verður að skilja að sú aðstoð er ófáanleg nema á móti komi raunverulegar aðgerðir í frelsis- og lýðræðisátt fyrir Eystrasaltsríkin og raunar fyrir allar þjóðir innan Sovétríkjanna. Við vitum að þjóðir Sovétríkjanna eiga sér litla lýðræðishefð. Þær kunna ekki að hegða sér samkvæmt lýðræðisreglum og sú getur verið ástæða fyrir gerðum hersins í Vilnius. En þau verða að læra að réttur hins smáa er jafnmikilvægur og réttur hins stóra og sterka og það er hlutverk okkar að hjálpa þeim til að læra það.

Við Íslendingar getum verið ánægðir með framgöngu íslensku ríkisstjórnarinnar til stuðnings Litáen. Nú má ríkisstjórnin ekki láta deigan síga. Hún verður að styðja með öllum tiltækum ráðum rétt smárra þjóða til sjálfstæðis. Kúvæt, Ísrael, Palestína við Persaflóa og Rauðahaf, Litáen, Lettland, Eistland við Baltneska flóann. Það er sama hvort smáþjóðirnar eiga land við þessa stóru flóa eða hvort um er að ræða lítið land umlukt úthafi á allar hliðar. Allar þjóðir, smáar og stórar, eiga rétt á sjálfstæði og lýðræði þegnanna. Við verðum ætíð að standa vörð um þennan rétt og sjaldan hefur verið meira í húfi en nú.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka utanrrh. og forsrh. fyrir að hafa haldið vel á málum fyrir okkar hönd. Það var ánægjulegt að heyra og til þess að vita að Íslendingar urðu fyrir valinu þegar íbúar í Litáen sendu frá sér neyðarkall. Það er mikil og góð landkynning ef svo má segja á þessari örlagastundu að finna að við séum það vel kynnt að til okkar sé leitað og víst að mörgum Íslendingnum hlýnaði um hjartarætur og treystir okkar forustumönnum til að halda áfram að vinna það góða verk sem þarna er hafið á þessari erfiðu stundu hjá fólkinu í Eystrasaltslöndunum. Í dag hefur margt verið sagt hér, margt gott og annað skrýtið. Langar mig aðeins að stikla hér á stóru og drepa á nokkur atriði.

Fyrsta spurningin sem leitar á mig er: Við hvern eigum við? Við hvern er að eiga í Eystrasalti? Eru það Sovétríkin eða sovéski herinn eða er þetta einhver önnur útfærsla? Það hefur ekki komið greinilega fram enn þá þannig að öllum vafa sé burtu vísað hverjir áttu hlut að máli þegar herlið réðst inn í Litáen. Var það samkvæmt skipunum frá sovésku stjórninni eða var þarna um að ræða einkaframtak hjá sovéska hernum og hugsanlega eingöngu þeirri deild hersins sem dvelur í þessum þrem löndum? Á meðan það er ekki vitað er ákaflega erfitt fyrir Íslendinga og aðrar þjóðir í rauninni að átta sig á því við hvern er að sakast og hverjum á að senda þær ályktanir og þær óskir íslensku þjóðarinnar sem við erum svo hjartanlega sammála um að koma á framfæri á þessari stundu.

Það var svo að heyra og sjá í sjónvarpsfréttum að fólkið í Litáen kallaði innrásarherinn ekki Sovétmenn heldur Asíumenn. Ég staldraði við þetta og hef velt þessu fyrir mér. Af hverju kölluðu íbúar Litáens innrásarhermennina Asíumenn? Bendir það til þess að herfylkjunum sé ekki stjórnað af Rússum, sem eru Evrópumenn í þeim skilningi, þ.e. frá Rússlandinu gamla, og þarna sé eingöngu um lengra að komnar hersveitir að ræða sem hugsanlega lúta annarri stjórn en ef Rússar ættu þarna hlut að máli? Þetta er ein af þessum spurningum sem hefur vaknað og ég hef verið að velta fyrir mér. Hefur það gerst í Sovétríkjunum, sem margir hafa spáð, að ríkin séu að leysast upp á þann hátt að Evrópuríkin séu að skilja sig frá Asíuríkjunum? Og þá er spurningin: Er það til góðs fyrir Sovétríkin og er það til góðs fyrir okkur? Hver er staða Evrópuþjóða ef upp rís stórt ríki Asíumegin í Sovétríkjunum, sem lýtur Asíusjónarmiðum og stjórn þess fólks sem það kemur, en Evrópuríki Rússlands renna saman við önn-

ur ríki Evrópu í þjóðahópum og þjóðaheildum? Hvert leitar slíkt Asíuríki? Hvar leitar það að bandamönnum? Gæti það hugsanlega orðið bandamaður Saddams Husseins eða annarra álíka þjóðhöfðingja sem rísa upp í nágrenninu við Asíulandið? Er ekki affarasælast fyrir okkur að Rússland sé áfram forustuafl í Sovétríkjunum og Rússland leiði þetta mikla bandalag sem Sovétríkin eru þannig að Evrópusjónarmiða gæti í stjórnun og framkvæmd þeirra mála sem sambandsstjórnin fjallar um? Er það ekki meiri ávinningur fyrir Evrópuþjóðir? Þetta er ein af þeim spurningum sem hafa vaknað við þessa undarlegu hluti sem eru að gerast í Sovétríkjunum í dag.

Við megum líka gæta þess að reka ekki of hratt á eftir þróuninni. Löndin verða að fá að feta sig áfram en taka þessa þróun ekki í mörgum stökkum. Þó að þróunin á milli Austur- og Vestur-Þýskalands hafi gengið hratt fyrir sig er ljóst að þessi víðfeðmu ríki sem ná á milli stærstu hafa eru ekki undir það búin að stíga sjálf sín spor til sjálfstæðis með sama hraða og Austur-Þjóðverjum tókst að gera í skjóli Vestur-Þjóðverja. Við megum passa okkur á því, Evrópubúar og Vesturlandafólk, að hvetja ekki svo mjög til þeirrar þróunar, sem við öll kjósum að verði, að hún verði til þess að þetta mikla ríkjasamband splundrist og leiti sitt í hverja áttina því að við sjáum ekki fyrir endann á þeirri þróun.

Virðulegi forseti. Það hefur verið rætt um stjórnmálasamband Íslendinga við þessi ríki í umræðunum hér í dag. Það komst á árið 1922 og það er eftir því sem ég best veit við lýði enn. Því til staðfestingar má geta þess að til skamms tíma var einn virðulegur kaupsýslumaður hér í borginni, iðnrekandinn Tómas Tómasson í Ölgerðinni, ræðismaður Eistlands allt fram að því að hann lést. Ég kann ekki þessa sögu alveg en ég man eftir því að hann var titlaður ræðismaður, þessi ágæti iðnrekandi, sem staðfestir að á sínum tíma var og komst á það stjórnmálasamband við þessi lönd, eða a.m.k. eitt þeirra, sem hefur verið talað um í dag að við þyrftum að koma á. Það er fyrir hendi og þarf því vonandi ekki að hafa um það fleiri orð.

Virðulegi forseti. Þetta er annað þeirra tveggja mála sem þjóðir heims skelfast í dag. Hitt málið gerist fyrir botni Persaflóa og vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um það líka.

Það er sérstaklega einn þáttur þess máls sem hefur vakið mig til umhugsunar núna síðustu mánuði og það er það ógrynni vopna sem þarna hefur safnast saman. Hvernig það má í rauninni vera að vopn virðast leita hindrunarlaust út úr öllum helstu iðnaðarríkjum heimsins og í hendurnar á þjóðhöfðingjum sem víla ekki fyrir sér að nota þau á þennan hátt. Við vitum öll og höfum heyrt í fréttum hvernig Írakar hafa náð að kaupa sér vopn að því er virðist frá öllum þeim þjóðum sem annaðhvort framleiða eða selja vopn og hvernig þeir hafa keypt sér þann búnað sem þarf til þess að framleiða eiturvopn með þeim árangri að nú er saman komið fyrir botni Persaflóa meira vopnasafn en dæmi þekkjast um áður.

Þó er einn þáttur ótalinn í þessu sambandi og það er sá þáttur sem snýr beint að Bandaríkjunum og öðrum NATO-ríkjum. Það eru þau vopn sem Bandaríkjamenn hafa selt fyrrverandi vinaþjóðum sínum, fyrrverandi samherjum og vopnabræðrum sem núna blasa við þeim bandarísku hermönnum sem eiga innan tveggja sólarhringa að fylgja eftir samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Þannig seldu Bandaríkjamenn shainum af Íran ótæpilega vopn árum saman og áratugum saman þannig að þegar Írakar og Íranir börðust féll óhemju mikið magn af nýjustu bandarísku vopnunum í hendur Íraka. Það sama gerðist með Kúvæt. Bandaríkjamenn seldu Kúvæt vopn og þar á meðal fullkomnustu gerð af flugskeytum til þess að granda flugvélum. Nú bíður bandarísku flugmannanna að vera skotnir niður með þessum fullkomnustu tækjum sem bandarísk tækni getur framleitt því að Írakar hafa nú yfir að ráða öllum þeim vopnum sem voru í Kúvæt eftir að þeir hernámu landið. Þegar ég kom fyrir rúmum tíu árum í bandarískan flugskóla voru þar Írakar svo að hundruðum skipti sem Bandaríkjamenn voru að þjálfa bæði í flugi og flugvélaviðgerðum. Þannig mæta nú herir bandamanna íröskum flugmönnum sem eru þjálfaðir í Bandaríkjunum og vélum þeirra er haldið við af íröskum flugvélavirkjum sem hafa lært þar einnig.

Þetta er svo skelfileg niðurstaða að hún hlýtur að vera mæðrum bandarískra unglinga og drengja, sem eru nú sendir fram á vígvöllinn, ærið umhugsunarefni, hvernig þjóðin getur skaffað þessum óvinum sínum, bæði beint og óbeint, bæði inn um forstofudyrnar og bakdyrnar, bestu vopn þannig að þessir óvinaherir standa nú gráir fyrir járnum andspænis bandarísku æskunni sem þangað er send með sömu vopn og Bandaríkin sjálf búa yfir.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en að lokum vil ég taka fram, vegna þess að hér hafa fallið þau orð að Íslendingar ættu ekki að taka þátt í ófriði eða segja þessum Persaflóalöndum stríð á hendur, sem við óbeint gerum náttúrlega með því að styðja Sameinuðu þjóðirnar, að við verðum að standa fast við allar samþykktir þeirra alþjóðastofnana sem við erum aðilar að. Þar duga engin undanbrögð. Á sama hátt ef ráðist verður á Tyrki verða Íslendingar að standa sem einn maður við bakið á Tyrkjum. Það þýðir ekkert að hlaupast undan merkjum. NATO byggir á því og hefur oft verið gagnrýnt fyrir að einn fyrir alla og allir fyrir einn. Við getum ekki ætlast til þess að Ísland verði varið ef til kastanna kemur ef við erum ekki reiðubúin til þess að fylkja liði að baki þeim hersveitum og því fólki sem vill verja Tyrki í nafni NATO. Ef við ætlumst til verndar frá NATO verður sú vernd að ná jafnt yfir alla.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. „Þar sem áður voldugt ríki var, villiasninn er nú kóngur þar", sagði Ómar Kajam í Rúbæjat. Sagan kennir okkur að þar sem áður var voldugt ríki, þar er nú eyðimörk. Þar sem áður var voldugt ríki, þar eru nú frumskógar. Þannig liðast voldug ríki í sundur, eru forgengileg og gleymd mörg hver. En eftir lifir í hugum manna aðdáun og minning um

frelsisbaráttu smáþjóða sem risið hafa upp gegn ofríki með frelsisfána og frelsisandann einan að vopni. Frelsisþráin og frelsisandinn eru eilíft afl sem aldrei verður sigrað.

Eitt af því sem menn mega aldrei rugla saman í samskiptum einstaklinga og þjóða eru hugtökin afl og réttur. Á þeim hugtökum er grundvallarmunur. Smáþjóðir og einstaklingar geta átt ríkan rétt þótt unnt sé að beita þau afli og valdi. Réttur hins smáa og fámenna er iðulega borinn ofurliði af valdi hins fjölmenna og ríka þegar stálhanskinn og bryndrekinn leggja saman. Eigi að síður er það einmitt hið eilífa afl sem blívur, þ.e. frelsisþráin, frelsisástin, frelsisandinn.

Það eru alvarlegir atburðir sem gerst hafa í Litáen. Hér hafa margar ræður eðlilega verið fluttar um þá atburði. Málflutningur íslenska utanrrh. hefur verið einarður og skorinorður á alþjóðavettvangi og það svo að tekið hefur verið eftir. Það hefur vakið athygli að nafn Íslands hefur sérstaklega verið nefnt þegar Eystrasaltsþjóðirnar hafa skírskotað til umheimsins í sínum erfiðleikum nú. Valdbeiting, vopnabeiting og ofbeldi gegn litáísku þjóðinni og réttkjörnu þingi þess er hörmulegur atburður. Önnur Eystrasaltsríki standa frammi fyrir ógninni og enginn veit í raun hvað er að ske. Eðli þessara atburða sem nú hafa gerst er mörgum tiltölulega óljóst enn. Þáttur Gorbatsjovs hefur vakið margar spurningar þó að ljóst virðist nú af sjónvarpsviðtölum að hann hefur lagt blessun sína yfir það sem þarna hefur skeð.

Ég held að mönnum sé að verða ljóst og hafi verið ljóst að á þessum vandamálum sem þarna eru er engin önnur lausn til en óskorað sjálfstæði og fullveldi Eystrasaltsríkjanna. Það er ólöglegur og ógildur samningur Hitlers og Stalíns sem heldur frelsi þessara þjóða í fjötrum og þann samning verður að rjúfa úr gildi.

Reyndar er ástandið í Sovétríkjunum slíkt að enginn veit í raun hvað þar er að ske. Þær umfangsmiklu þjóðfélagsbreytingar sem menn höfðu hugsað sér að koma þar á á skömmum tíma virðast ekki ganga fyrir sig eins og þeir bjartsýnustu höfðu vonað. Efnahagskerfi Sovétríkjanna er í upplausn, matvælaskortur ríkir og matvæladreifingin virðist nánast í höndum glæpahringa. Verulegur ágreiningur virðist milli Sovétstjórnarinnar og stjórna lýðveldanna og margir velta því fyrir sér hvort Sovétríkin séu að liðast í sundur.

Ég tek undir með utanrrh. þegar hann sagði í ræðu sinni hér fyrr í dag að ljósasti punkturinn, ef unnt er að tala um ljósa punkta í þessari atburðarás, er afstaða forseta rússneska lýðveldisins, Boris Jeltsíns. Hann hefur beint þeirri áskorun til sinna hermanna að óhlýðnast skipunum um að skjóta á óbreytta borgara. Hann hefur rætt um að draga hermenn sína frá Eystrasaltslöndunum og hefur í raun lýst yfir að hann styðji sjálfstæði Eystrasaltslýðveldanna.

Þannig er ljóst að það er engin samstaða innan Sovétríkjanna um þá atburði sem nú hafa gerst. Í því felst von um að unnt sé að snúa við af þeirri braut sem þarna er hafin. Það er alveg ljóst að Íslendingar, þó að smáríki sé, verða að grípa til allra þeirra ráða sem þeim eru tiltæk til að styðja þessar vinaþjóðir við Eystrasalt og ég treysti utanrrh. vel til að halda á því máli á sama hátt og hann hingað til hefur gert, enda stendur íslenska þjóðin algjörlega einhuga í þessu máli.

Margir hafa gert hér að umræðuefni ástandið við Persaflóa. Þar stöndum við líka frammi fyrir ógnvænlegum atburðum þar sem meira en hugsanlegt er að á skelli alvarleg styrjöld innan tíðar. Ég ætla ekki að fara hér í nánari vangaveltur um hvað þar muni ske. Ég óttast þó að þar stefni í veruleg hernaðarátök og blóðugri en menn geta kannski gert sér í hugarlund. En ég hygg að það sé iðnríkjunum umhugsunarefni að 2. ágúst réðist Írak inn í Kúvæt og tók það smáríki á tiltölulega stuttum tíma, vopnum vætt frá iðnríkjunum. Nú standa vesturveldin og iðnríkin frammi fyrir styrjöld við Írak þar sem Írak er búið vopnum, efnavopnum, sýklavopnum og nýtísku hátæknivígbúnaði, sem vesturveldin og iðnríkin hafa keppst við að selja þeim á undanförnum missirum. Þar stöndum við frammi fyrir undarlegum þverstæðum í þessum sundraða heimi andstæðnanna sem við í reynd lifum í.

Skýrsla sem stofnun Simons Wiesenthals hefur gefið út beinir sjónum okkar að því að ekki færri en 207 stórfyrirtæki í vopnaiðnaði hafa selt Írökum vopn á síðustu missirum. Þessi 207 fyrirtæki eru frá svo að segja öllum iðnríkjum sem fær eru um að framleiða slík vopn. Jafnvel Þjóðverjar hafa orðið uppvísir að því að selja Írökum efnavopn, hráefni til efnavopna og aðstoðað þá við uppbyggingu slíkra verksmiðja eftir að Írakar hafa beitt efnavopnum gegn Írönum í stríði og jafnvel gegn sínum eigin landsmönnum, Kúrdum. Minnugir eru menn þeirra málaferla sem nú hafa staðið yfir í Þýskalandi vegna aðildar þýskra fyrirtækja að byggingu eiturverksmiðja í Líbýu.

Þannig hefur það verið eftir að stórveldin hafa náð öflugar saman í afvopnunarmálum að vopnafyrirtækin hafa leitað sér annarra markaða og vopnasalan hefur orðið meiri og öflugri til þriðja heimsins. Síðan geta menn risið upp og fyllst heilagri reiði yfir því að þessi ríki beiti þessum vopnum og noti þau. En á altari Mammons eru færðar stórar fórnir. Fyrirtæki sem búa við óhóflegan auð og vita ekki aura sinna tal freistast af gróðavoninni til þess að selja til þriðja heimsins slík vopn, efnavopn, sýklavopn og hátæknivígbúnað, með þeim afleiðingum að takmörkuðum fjármunum er varið frá matarkaupum í heimi þar sem 40 þús. börn deyja á degi hverjum úr hungri til vopnakaupa og afleiðingin er auðvitað örkuml fjölmargra einstaklinga og síðan atburðir eins og þeir sem við nú stöndum frammi fyrir við Persaflóa.

Það er alveg ljóst að þannig verður ekki lengur haldið áfram. Það er alveg nauðsynlegt að iðnríkin nái samstöðu um fullkomið eftirlit með vopnasölu, ekki bara eins og verið hefur til austantjaldslandanna, heldur til þriðja heimsins og raunar til allra landa í heiminum. Það er alveg nauðsynlegt að gera slíka vopnasölu gagnsæja. Það er alveg nauðsynlegt að stofna á alþjóðavettvangi stofnun eða ráð, ef til vill á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem hefur það hlutverk að fylgjast með vopnasölum, hvort sem menn eru að tala um efnavopn, sýklavopn, hátæknivígbúnað eða gjöreyð-

ingarvopn, og birta um það á vettvangi heimsins, til að mynda mánaðarlega, skýrslur og upplýsingar þannig að öllum sé ljóst hvaða sölur er um að ræða. Síðan verða menn að koma á alþjóðalögum og koma við refsingum þegar þau eru brotin með sölum sem þannig fara fram á vopnum.

Hér er um svo alvarlegt mál að ræða að undan verður ekki vikist. Það má segja að mörg þessara ríkja séu þannig sett í dag að hver þverþumlungur lands sé þakinn vígvélum eða jafnvel eldflaugum. Allt er þetta gert með tæknibúnaði og framleiðslu iðnríkjanna.

Þarna verður að sporna við fótum. Ég hygg að það væri verðugt verkefni fyrir Íslendinga, sem á undanförnum missirum hafa ítrekað á alþjóðavettvangi nauðsyn afvopnunar á höfunum réttilega og eru nú fyrst að ná hljómgrunni á vettvangi þjóðanna fyrir þann málflutning, að Íslendingar flytji þær tillögur inn á málþing þjóðanna að sett verði upp alþjóðastofnun eða alþjóðaráð sem fái það hlutverk, til að mynda á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að fylgjast algjörlega og eins nákvæmlega og unnt er með vopnasölum til þriðja heimsins og reyndar, eins og ég sagði áðan, til heimsins alls og birti um það skýrslur þannig að alheimur sjái hvað um er að ræða og reyni að eiga frumkvæði að því að menn komi á alþjóðasáttmálum um slíkar vopnasölur og viðhlítandi refsingum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera þessi mál að frekara umræðuefni í ljósi þess hvað tíminn líður hér frá okkur í kvöld. En ég þykist viss um að það er Eystrasaltslöndunum mikils virði að Alþingi Íslendinga bregðist fljótt við og samþykki í kvöld ályktun, sem send verði bæði Sovétríkjunum og Eystrasaltsríkjunum, þar sem fram kemur að eina viðunandi lausnin á þeim vanda sem við er að glíma við Eystrasaltið í dag sé fullt og óskorað sjálfstæði þeirra ríkja sem þar búa.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd þingflokks Alþfl. vildi ég í þessum umræðum gera grein fyrir samþykkt sem þingflokkurinn gerði í dag og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Alþfl. fordæmir harðlega þær ofbeldisaðgerðir sem Sovétríkin hafa gripið til í samskiptum við Litáen. Þingflokkurinn þakkar utanrrh. fyrir það frumkvæði sem hann fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands hefur frá öndverðu haft á alþjóðavettvangi um einarðan og drengilegan stuðning við málstað Eystrasaltsþjóða, svo sem ummæli Landsbergis forseta Litáens staðfesta. Sú staðreynd að Landsbergis leitar fyrst til utanrrh. og ríkisstjórnar Íslands um stuðning á neyðarstund staðfestir þetta betur en mörg orð. Með aðgerðunum gegn Litáen hafa stjórnvöld í Sovétríkjunum brotið gegn grundvallarreglum í samskiptum Evrópuríkja sem þau hafa skuldbundið sig til að virða samkvæmt Helsinki-sáttmálanum og öðrum samþykktum á vettvangi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Þingflokkur Alþfl. ítrekar nauðsyn þess að fram fari alvarlegar samningaviðræður milli stjórnvalda í Eystrasaltsríkjum og stjórnvalda í Sovétríkjunum til að leita friðsamlegra lausna á deilumálum ríkjanna.

Þingflokkurinn leggur hins vegar áherslu á að höfuðforsenda fyrir því að slíkar viðræður geti skilað árangri er skilyrðislaust brotthvarf sovéskra herja frá Eystrasaltsríkjunum.

Þá fagnar þingflokkur Alþfl. frumkvæði utanríkisráðherra Norðurlanda að friðsamlegri lausn Persaflóadeilunnar. Með þessum tillögum er skilgreint hvert skuli vera hlutverk Sameinuðu þjóðanna við að tryggja samkomulag um friðsamlega lausn deilumála eftir að Írak sem árásaraðili hefur dregið her sinn til baka og sjálfstæði Kúvæts hefur verið endurreist. Sérstaklega lýsir þingflokkurinn fylgi við tillögur um að Sameinuðu þjóðirnar beiti sér fyrir alþjóðlegri ráðstefnu með þátttöku allra deiluaðila. Markmiðið er að koma á nýju öryggiskerfi á svæðinu í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna og reynslu Evrópuþjóða af gagnkvæmum samningum um niðurskurð vígbúnaðar, traustvekjandi aðgerðir og gagnkvæma afvopnun. Það er hlutverk hinna Sameinuðu þjóða að ekki einasta að knýja ofbeldisaðila til að hlíta alþjóðasamningum og koma í veg fyrir stríð, heldur einnig að hafa frumkvæði að lausn pólitískra deilumála sem stofnað geta heimsbyggðinni í hættu."

Ég tel jafnframt rétt, virðulegi forseti, að fram komi hér í þessum umræðum að n.k. fimmtudag og föstudag munu formenn norrænu jafnaðarmannaflokkanna halda fund í Helsinki. Á þeim fundi verða einnig formenn jafnaðarmannaflokkanna í Eistlandi, Lettlandi og Litáen og mun það í fyrsta skipti sem slíkur fundur er haldinn. Formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh., mun sækja þennan fund og þennan fund munu væntanlega einnig sækja fjórir af fimm utanríkisráðherrum Norðurlandanna og þar verður fjallað ítarlega um atburði og þróun mála í Eystrasaltsríkjunum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þeir atburðir sem við höfum orðið vitni að á alþjóðavettvangi undanfarna sólarhringa og þessa sólarhringa hljóta að kalla á það að við veltum því mjög vandlega fyrir okkur hvar heimurinn eiginlega stendur og hvaða leiðir er hægt að fara til þess að koma í veg fyrir að sviptingar af þessu tagi hafi í för með sér hrikalegri örlög fyrir mannkynið en við höfum séð fram á mjög lengi.

Ég tel að þeir atburðir sem hafa átt sér stað í Litáen núna síðasta sólarhringinn lýsi fyrst og fremst í raun og veru tilraunum Sovétstjórnarinnar til að brjóta á bak aftur frelsishreyfingu Litáa, lýsi í raun og veru fyrst og fremst fjörbrotum harðstjórnar. Hér sé ekki um það að ræða að Sovétstjórnin, hver svo sem hana skipar núna, hvort sem það er herinn eða aðrir, geti gert sér í hugarlund að þessar aðgerðir geti brotið á bak aftur þá frelsishreyfingu sem hafin er í Sovétríkjunum yfirleitt. Þvert á móti held ég að það sé nauðsynlegt að við áttum okkur á því að þessar tilraunir sem birtast í skriðdrekum andspænis saklausu fólki eru dæmdar til að mistakast. Það er algerlega fráleitt að Sovétstjórninni, Kremlstjórninni, takist að endurreisa vald sitt í Sovét-

ríkjunum eftir það sem á undan er gengið.

Það var athyglisvert að um áramótin lagði Morgunblaðið þá spurningu fyrir formenn stjórnmálaflokkanna á Íslandi hvort þeir teldu að Sovétríkin yrðu til í lok ársins 1991 eða byrjun ársins 1992. Það var athyglisvert vegna þess að þessi spurning er lýsandi um stöðuna í dag. Það sem er að gerast í Eystrasaltslöndunum þessa dagana er undirstrikun á því að það kerfi sem byggt hefur verið upp í Sovétríkjunum á undanförnum árum er að liðast í sundur. Við verðum núna vitni að fjörbrotunum.

Það er einkar fróðlegt, virðulegur forseti, að verða vitni að því hér á Alþingi Íslendinga að allir þingmenn að mér virðist ná samstöðu um meginákerslur varðandi þessi mál, bæði í Eystrasaltslöndunum en það á einnig í rauninni við um þá atburði sem eru að ganga yfir í Persaflóa. Þessi víðtæka samstaða um mikilvægar ályktanir í utanríkismálum er í raun og veru einkar umhugsunarverð eftir þær deilur sem hafa átt sér stað hér í þessari virðulegu stofnun um áratuga skeið um utanríkismál. Og maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort það geti verið svo að þessi stofnun, Alþingi Íslendinga, gæti á grundvelli þeirrar afstöðu, sem nú er að verða til og hefur orðið til á undanförnum árum, náð samstöðu um utanríkisstefnu með skýrari hætti en nokkurn tímann hefur áður verið. Ég tel í raun og veru að í ljósi þess hversu miklar breytingar eru að eiga sér stað í heiminum hljótum við að velta því mjög alvarlega fyrir okkur hvort hér verði ekki til á næstu árum og jafnvel fyrr en seinna nýtt alþjóðlegt öryggiskerfi sem taki í raun og veru á mörgum þáttum þessara mála, m.a. þeim sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson gerði að umtalsefni hér áðan og snúa að vopnasölu, efnavopnum, sýklavopnum og slíku.

Mér sýnist í raun og veru að margt geti bent til þess að svo verði. Að hér á Alþingi Íslendinga geti náðst víðtæk samstaða um nýtt alþjóðlegt öryggiskerfi og aðild okkar að því, hvernig Ísland tengdist slíku kerfi. Eftir reynslu okkar bæði í landhelgisstríðinu og núna undanfarna mánuði, þar sem afstaða ríkisstjórnar Íslands og Alþingis varðandi Eystrasaltsmálin hefur vakið sérstaka athygli, þá liggur það fyrir að Íslendingar hafa getað náð eyrum í raun og veru heimsins alls. Það er því liðin tíð að við þurfum í þessu efni að hefja ræður okkar á því að við séum fáir og smáir. Við erum gild rödd sem getur heyrst og sem er tekið mark á. Ég held þess vegna að á grundvelli þeirrar umræðu sem fram hefur farið, m.a. hér í dag og reyndar oft áður á undanförnum árum, eigum við að geta velt því fyrir okkur hvort við stöndum á þeim tímamótum að við getum náð samstöðu um utanríkismálastefnu okkar með meira afgerandi hætti en verið hefur, m.a. um kröfuna um það að til verði nýtt alþjóðlegt öryggiskerfi.

Hér í þessum umræðum hafa verið nefndar fjöldamargar hugmyndir varðandi hugsanleg viðbrögð við því sem hefur gerst í Eystrasaltslöndunum. Um það mætti margt segja. Ég tel að þær hugmyndir séu í raun og veru allar þannig að þær beri að ræða af fyllstu alvöru. Ég vil engri þeirra vísa á bug fyrir mitt leyti á þessu stigi málsins. Og ég tel að ríkisstjórn Íslands hljóti í framhaldi af niðurstöðu mála hér í kvöld að fjalla um það hver eiga að verða næstu skref af okkar hálfu. Hún eigi að gæta þess að halda þannig á málum að um það sé sem allra best samstaða á Alþingi Íslendinga með góðu samráði við utanrmn. svo sem skylda ber til samkvæmt þingsköpum og lögum landsins.

En það er alveg ljóst að þó við afgreiðum málin hér nú í kvöld þá hlýtur Alþingi að vera áfram á vakt, ríkisstjórnin að vera áfram á vakt og allar þær tillögur sem nefndar hafa verið hér úr þessum ræðustól í dag, m.a. úr samþykktum þingflokks Alþb. og fleiri aðila, hljóta að verða til umræðu áfram og á þeim verður að taka efnislega.

SAMEINAÐ ÞING

39. fundur, mánudaginn 14. jan., kl. 22.30 síðdegis.

Fordæming á ofbeldisaðgerðum sovésks herliðs í Litáen, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 274. mál. — Þskj. 505.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég þarf líklega ekki að hafa mjög mörg orð um þessa till., sem er lögð fram af utanrmn., eftir allar þær umræður sem um þessi mál hafa orðið í dag í þinginu. Ég rifja aðeins upp í örstuttu máli aðdragandann að tillögugerðinni og aðild okkar að þeim hlutum sem hafa verið að gerast í Litáen allt frá því að landið lýsti yfir sjálfstæði sínu, endurheimti sjálfstæði sitt 11. mars á sl. ári. Strax daginn eftir samþykktum við þáltill. hér í sameinuðu þingi þar sem sent var heillaóskaskeyti til litáíska þingsins og þessum áfanga þeirra í sjálfstæðisbaráttunni fagnað. Aftur 19. des. sl. ítrekuðum við stuðning við sjálfstæðisbaráttu þeirra og samþykktum aftur þáltill. sem send var til þeirra í kjölfar þess.

Aðburðir síðustu daga í Litáen, sem lýst hefur verið mjög vel í dag og í fjölmiðlum síðustu daga, eru á því stigi að utanrmn. kom saman í morgun til langs fundar og ræddi þessi mál ítarlega í samráði við hæstv. utanrrh. sem gaf okkur nána skýrslu um þessi mál svo sem hann hefur og gert í sameinuðu þingi í dag.

Utanrmn. samþykkti í morgun að leggja fram hér þáltill. út af þessum atburðum og hittist aftur síðari hluta dags í dag þar sem einróma náðist samkomulag um orðalag hennar og er till. flutt í framhaldi af því. Þennan fund í utanrmn. sátu sá sem hér stendur, Guðmundur G. Þórarinsson, Eiður Guðnason, Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Kristín Ein-

arsdóttir og Hjörleifur Guttormsson, ásamt Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, sem er áheyrnarfulltrúi í utanrmn. Till. er svohljóðandi:

„Till. til þál. um fordæmingu á ofbeldisaðgerðum sovésks herliðs í Litáen.

Alþingi ályktar að fordæma harðlega ofbeldisaðgerðir sovésks herliðs gegn litáísku þjóðinni og lýðræðislega kjörinni ríkisstjórn hennar. Alþingi skorar á stjórnvöld í Sovétríkjunum að hætta þegar í stað hvers konar beitingu hervalds í samskiptum við Eystrasaltsríkin og flytja herlið sitt brott þegar í stað. Aðgerðir Sovéthersins undanfarna daga eru brot á þeim grundvallarreglum í samskiptum ríkja sem felast í gagnkvæmum skuldbindingum Helsinki-lokasamþykktar aðildarríkja Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og í beinni andstöðu við Parísaryfirlýsingu aðildarríkjanna um nýja Evrópu frá nóvember 1990.

Alþingi lýsir þeirri skoðun sinni að engin lausn sé viðunandi á málefnum Eystrasaltsríkjanna önnur en fullt og óskorað sjálfstæði þeirra.

Alþingi skorar á þjóðir heims, og ríki Vesturlanda sérstaklega, að veita Eystrasaltsríkjunum þann stuðning sem þau þurfa til að endurheimta sjálfstæði sitt.

Alþingi vekur athygli á þeim miklu vonum sem bundnar eru við varanlegan frið í Evrópu í kjölfar þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og varar við alvarlegum afleiðingum þess að sjálfsákvörðunarréttur þjóða sé fótum troðinn."

Þessu fylgir örstutt greinargerð.

„Ofbeldisaðgerðir sovésks herliðs í Litáen síðustu daga gefa tilefni til að Alþingi álykti enn á ný um málefni Eystrasaltsríkjanna.

Á fundi utanrmn. í dag var einróma samþykkt að flytja þáltill. þessa."

Ég vil svo taka það fram að haldinn var í kvöld einnig fundur formanna þingflokkanna ásamt forsetum Alþingis o.fl., sem sátu þann fund, og mæli ég líka fyrir hönd þess hóps sem þar hittist þegar ég mæli hér með till. þessari. Að lokinni þessari umræðu legg ég svo til að henni verði vísað til síðari umræðu en það er ekki ástæða til að vísa henni til nefndar þar sem hún er flutt af utanrmn. allri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

40. fundur, mánudaginn 14. jan.,
að loknum 39. fundi.

Fordæming á ofbeldisaðgerðum sovésks herliðs í Litáen, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 274. mál. — Þskj. 505.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 506).

EFRI DEILD

42. fundur, þriðjudaginn 15. des.,
kl. 2 miðdegis.

Nýárskveðjur.

Forseti (Jón Helgason):

Á þessum fyrsta fundi hv. Ed. á nýbyrjuðu ári vil ég bjóða hv. þm. velkomna til starfa og árna þeim og starfsliði Alþingis allra heilla á nýbyrjuðu ári.

Jarðalög, 1. umr.

Frv. EG o.fl., 223. mál (gjafir til ríkissjóðs). — Þskj. 297.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 297 ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Danfríði Skarphéðinsdóttur leyft mér að flytja frv. sem horfir til smávægilegra breytinga á forkaupsréttarákvæðum jarðalaga.

Samkvæmt 6. gr. núgildandi jarðalaga skal afla samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar þegar fyrirhuguð eru aðilaskipti að réttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem með kaupum, gjöf, skiptum, nauðungarsölu o.s.frv. eins og nánar er tilgreint í lögunum. Þetta frv. sem ég flyt hér ásamt þeim þingmönnum sem ég áður nefndi gerir ráð fyrir því að samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar þurfi ekki að afla þegar ríkissjóður eða stofnanir á vegum ríkissjóðs fá fasteignir að gjöf. Gildandi ákvæði um að samþykkis þurfi ekki að afla gilda eingöngu þegar ríkissjóður kaupir eða selur fasteignir.

Í 35. gr. gildandi jarðalaga er fjallað um hvenær ákvæði um forkaupsrétt komi ekki til framkvæmda. Lagt er til að þessi ákvæði verði rýmkuð á þann veg að forkaupsréttarákvæði falli ekki aðeins brott þegar ríkissjóður sjálfur ráðstafar fasteignaréttindum heldur líka þegar slíkum réttindum er ráðstafað til hans, t.d. að gjöf.

Skemmst er frá því að segja að tilefni þess að þetta frumvarp er flutt er það að á undanförnum árum hafa komið upp þau tilvik að ríkissjóður eða ríkisstofnanir hafa fengið fasteignir að gjöf, t.d. með erfðaskrá eða gjafabréfi. Ákvæði jarðalaga um samþykki og forkaupsrétt geta í slíkum tilvikum komið í veg fyrir að vilji gefandans nái fram að ganga og þessar hans eignir gangi til ríkisins eða ríkisstofnana. Þetta held ég að sé í eðli sínu rangt, að einstaklingar geti ekki ráðstafað eignum sínum til ríkissjóðs eða ríkisstofnana með gerningi eins og hér hefur verið lýst, gjafabréfi eða erfðaskrá, og því er þetta frv. flutt. Flutningsmenn telja eðlilegt að breyta þessum ákvæðum.

Ég vona að þessi tiltölulega einfalda og að ég tel sjálfsagða breyting fái greiðan gang í gegnum nefnd og þessa hv. deild og orðlengi þetta ekki frekar, herra forseti, en legg til að lokum að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 439, brtt. 406.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 406,1 felld með 8:5 atkv.

Brtt. 406,2 felld með 7:6 atkv.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, SvG, VS, DS, EG, GJH, JE, KSG, KP, JHelg.

SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ, GHG greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (SkA, StG, GuðmÁ, HÁ, HBl, JúlS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 100. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 103.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

41. fundur, þriðjudaginn 15. jan., kl. 2 miðdegis.

Nýárskveðjur.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þar sem þetta er fyrsti fundur hv. deildar á nýju ári leyfi ég mér að óska hv. þingdeildarmönnum farsældar á nýju ári og þakka þeim fyrir samstarf á síðasta ári.

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Stjfrv., 238. mál (heildarlög). — Þskj. 345.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um eftirlit með skipum á þskj. 345, 238. mál Nd.

Frv. þetta felur í sér heildarendurskoðun á lagaákvæðum um eftirlit með skipum og er í átta köflum sem allir kveða með einum eða öðrum hætti á um þetta eftirlit, um framkvæmd þess, um skyldur útgerðaraðila, um siglingadóm, gjaldtöku, refsingar, gildistöku-ákvæði o.s.frv.

Frv. er samið af nefnd sem þáv. samgrh. skipaði til að endurskoða þessi lög, nr. 51/1987, um eftirlit með skipum. Í þessari nefnd áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgrn., formaður, Einar Hermannsson, fulltrúi Sambands ísl. kaupskipaútgerða, Helgi Laxdal, varaforseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri LÍÚ, og Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri. Eins og sjá má komu helstu hagsmunaaðilar málsins að samningu frv. í gegnum þessa nefnd.

Í gildandi lögum, sem eins og áðan kom fram eru ekki nema fjögurra ára gömul, um eftirlit með skipum, var leitast við að færa lagaákvæði um þetta efni til samræmis við nútímaaðstæður um leið og þau voru einfölduð allverulega. En ýmis atriði laganna frá 1987 hafa sætt gagnrýni og töldu menn þörf á því að lagfæra þar ákveðin atriði og að fleiri breytinga væri þörf en gerðar voru 1987. Því var tekin ákvörðun um það að endurskoða lögin.

Við samningu þessa frv. hefur, eins og reyndar við samningu laganna á sínum tíma, sérstaklega verið höfð til hliðsjónar löggjöf nágrannalandanna, einkum Danmerkur og Noregs, og hefur ýmislegt úr þeirri löggjöf verið haft til hliðsjónar.

Fjölmargir aðilar voru kallaðir til nefndarinnar til ráðslags, t.d. formaður réttarfarsnefndar og formaður siglingadóms vegna ákvæða um siglingadóm og ríkissaksóknari vegna refsiákvæða.

Allmiklar breytingar eru gerðar á nokkrum aðalþáttum, ákvæðum um haffæri skipa, hámarksaldur inn-

fluttra skipa, farbann og siglingadóm, auk þess sem aukin áhersla er lögð á mengunarvarnir í skipum og aðbúnað og hollustuhætti. Við þessa uppsetningu laganna er horfið að því ráði að leitast við að raða saman efnislega skyldum ákvæðum í kafla og fylgja réttri tímaröð, allt frá því að skip er smíðað.

Um frekari athugasemdir held ég að ég vísi í einstakar greinar frv. en þeim eru allítarlega gerð skil í grg. Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til samgn. með 29 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, frh. 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 85, n. 360 og 386, brtt. 361, 387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Ólafur G. Einarsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það var skömmu fyrir jólaleyfi þingmanna að þetta mál var hér á dagskrá á næturfundi. Fyrir einhvern misskilning sem varð á milli okkar flm. brtt. og forseta deildarinnar, þá úrskurðaði hæstv. forseti að umræðu væri lokið eftir að ég hafði yfirgefið þingsalinn. Ég er ekki að ásaka hæstv. forseta fyrir þetta, það var um misskilning að ræða, en ég átti eftir að ræða meira um þær brtt. sem ég flutti ásamt hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni og Kristínu Einarsdóttur, af því tilefni að tveir af nefndarmönnum í allshn. höfðu flutt hér ræður eftir að ég mælti fyrir tillögunum. Ég tel nauðsynlegt að ég fái tækifæri til þess að tala frekar fyrir þessum tillögum áður en þær ganga til atkvæða og þess vegna kalla ég þær aftur til 3. umr.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Það er rétt sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykn. að misskilningur hafði orðið á milli mín og hans varðandi lok umræðunnar um þetta mál, þ.e. 2. umr. málsins, og hefur hv. þm. nú dregið til baka brtt. þær sem hann flytur ásamt þingmönnunum Kristínu Einarsdóttur og Friðjóni Þórðarsyni á þskj. 387 og munu þá eingöngu koma til atkvæða brtt. frá meiri hl. hv. allshn. sem eru á þskj. 361 við 1. gr. frv. og við b-lið 2. gr.

Brtt. 387 kallaðar aftur til 3. umr.
Brtt. 361,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 361,2 samþ. með 23:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Slysavarnaskóli sjómanna, 1. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 175. mál. — Þskj. 194.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 194 að flytja frv. til laga um Slysavarnaskóla sjómanna ásamt þeim hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Guðmundi G. Þórarinssyni, Málmfríði Sigurðardóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Stefáni Valgeirssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Kristínu Einarsdóttur, Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni og Sighvati Björgvinssyni.

Eins og fram kemur í upphafi grg. hefur Slysavarnaskóli sjómanna nú starfað í rösk fimm ár og er orðinn einn mikilvægasti þátturinn í starfi Slysavarnafélags Íslands. Skólinn hefur fengið rekstrarfé á fjárlögum undanfarin ár. Tilgangurinn með þessu frv. er að löggilda skólann og tryggja að allir sjómenn, sem lögskráðir eru á íslensk skip, hafi lokið þar námi. Löggilding skólans tryggir enn fremur fastar fjárveitingar til hans sem veita mikið öryggi við allan rekstur hans.

Það væri freistandi, virðulegi forseti, að fjalla nokkuð um þann mikla undirbúning sem hefur verið og var að starfi þessa mikilvæga skóla, Slysavarnaskóla sjómanna, sem Slysavarnafélag Íslands og fleiri aðilar ýttu úr vör með miklum myndarbrag. Skóli þessi hefur náð að þróast í þá átt og í þá stöðu að hann þykir gjörsamlega ómissandi og samtök sjómanna hafa lagt á það megináherslu að þessi skóli nái að eflast og þróast og dafna sem mest og best á næstunni.

Til þess að gera hv. þingdeild nokkra grein fyrir því hversu mikilvægt mál er hér á ferðinni óskaði ég eftir því við rannsóknanefnd sjóslysa að hún tæki saman skrá yfir þau slys sem hafa orðið á undanförnum áratug um borð í íslenskum skipum eða slys sem tengjast sjómennsku að einhverju leyti. Það kemur fram í skýrslu sem mér barst frá rannsóknanefndinni í desember að á tíu ára bili, frá 1980 til og með árinu 1989, hafa orðið 4489 slys um borð í íslenskum skipum eða sem tengjast sjómennsku, slys sem hafa verið tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins. Þetta er mikill fjöldi slysa, þau eru ekki öll alvarleg en þau hafa öll verið tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins því þau eru þá væntanlega bótaskyld.

Ég vil geta þess að árið 1980 urðu þessi slys sem tilkynnt voru 306 en árið 1989 var tilkynnt um 631 slys. Þeim hefur fjölgað um meira en helming. Þetta er mjög ískyggileg þróun enda þótt þessar tölur séu ekki nákvæmar frá ári til árs einfaldlega vegna þess að slysin eru oft tilkynnt miklu seinna en þau verða þannig að þau falla ekki undir þau ár sem þau eru tilkynnt.

Mig langar að vitna í orð Óskars Vigfússonar, formanns Sjómannasambands Íslands, sem hefur fjallað um þennan þátt sjómennskunnar. Hann segir í blaðaviðtali fyrir nokkru að á síðasta ári — og vitnar hann þá raunar í árið 1989, viðtalið er tekið á árinu 1990 —

hafi verið tilkynnt um 631 slys á sjómönnum og lætur nærri að á því ári hafi áttundi hver sjómaður slasast. Óskar minnir á það að fyrir fimm árum hafi verið tilkynnt um 415 slys og á þessu tímabili hafi þeim fjölgað um 216, sem er þó minni fjölgun en ég gat um á þessu tíu ára tímabili, frá 1980 til 1989 til og með því ári. Með leyfi forseta vil ég lesa upp úr þessari blaðagrein eftirfarandi:

„Að sögn Óskars Vigfússonar, formanns Sjómannasambands Íslands, hrýs mönnum orðið hugur við þessari þróun þó svo dauðaslysum hafi fækkað til muna frá því sem áður var. Þótt það komi ekki fram í slysaskráningu sjómanna um starfsaldur þeirra má hins vegar ætla að slys á nýliðum um borð séu í nokkrum mæli, einkum þegar það er haft í huga að um 300 manns hefja sjómannsstörf á ári hverju.

Í ályktun 17. þings Sjómannasambandsins um öryggis- og tryggingamál er lögð áhersla á nýliðafræðslu og skorað á fjvn. að veita Slysavarnaskóla sjómanna fjárhagslegan rekstrargrundvöll svo einnig megi stórefla starfsfræðslu tengda öryggismálum meðal sjómanna og þeirra sem hug hafa á sjómennsku. Enn fremur krefst þingið þess raunar að Alþingi samþykki nú þegar kaup á annarri björgunarþyrlu og mótuð verði stefna varðandi Landhelgisgæsluna sem lýtur að endurnýjun og rekstri skipa og flugflota."

Ég vil láta það koma fram að í viðtölum við starfsmann rannsóknanefndar sjóslysa, Kristján Guðmundsson, kemur fram að við skýrslugerð, þegar skráð er frásögn sjómanna af þeim slysum og óhöppum sem þeir hafa orðið fyrir, þá geti þeir þess gjarnan að það hafi bjargað miklu að þeir hafi verið á námskeiði hjá Slysavarnafélagi Íslands. Það má fullyrða það á þessari stundu að Slysavarnaskóli sjómanna, eins og hann hefur verið rekinn á undanförnum árum, hafi bjargað fjölmörgum mannslífum og komið í veg fyrir alvarleg slys um borð í íslenskum skipum.

Í skýrslu Slysavarnafélags Íslands um banaslys, sjóslys og önnur banaslys fyrir árið 1989, kemur fram að sjóslys og drukknanir hér við land 1988 voru ellefu en 1989 sjö. Hvort tveggja er of há tala.

Ég vil láta þess getið að árið 1988 sóttu Slysavarnaskóla sjómanna 895 nemar sem komu á 41 námskeið. Árið 1987 var þessi tala þó enn hærri, þá komu 1118 nemar á 47 námskeið, árið 1989 voru nemarnir 1067 sem komu á 51 námskeið og árið 1990 1024 nemar sem komu á 46 námskeið. Það er áætlað að á síðasta ári hafi heildarfjöldi nema þó orðið nokkuð hærri eða um 1207 sem komu á 53 námskeið.

Virðulegi forseti. Það er í mínum huga alveg ljóst að löggjafarvaldið, Alþingi Íslendinga, þarf að tryggja það á sem bestan hátt að Slysavarnaskóli sjómanna fái starfað með sem öflugustum hætti og með sem reglulegustum hætti og verði fastur þáttur í slysavörnum hér á Íslandi, þáttur sem hafi svo mikið að segja í sambandi við sjómannsstarfið að sjómenn sem óska eftir lögskráningu á íslensk fiskiskip verði að hafa lokið þessum námskeiðum til að teljast fullfærir sjómenn og til þess að geta fengið lögskráningu.

Mig langar, virðulegur forseti, að fara í stuttu máli yfir greinar frv. og geta þeirra helstu atriða sem þar koma fram.

Í 1. gr. segir að Slysavarnaskóli sjómanna sé miðstöð almennrar fræðslu um öryggismál sjómanna og fari Slysavarnafélag Íslands með yfirstjórn skólans er starfi á vegum þess og ábyrgð. Markmið Slysavarnaskóla sjómanna sé að veita sjómönnum fræðslu um meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar, um slysavarnir og að miðla upplýsingum um öryggismál sjómanna.

Í þessari grein er raunar kveðið á um að Slysavarnaskóli sjómanna skuli vera miðstöð almennrar fræðslu fyrir sjómenn en að Slysavarnafélag Íslands fari með yfirstjórn hans og beri fulla ábyrgð á rekstrinum. Þá eru staðfest þau markmið með rekstri skólans sem starfað hefur verið eftir í rösk fimm ár án þess að hann hafi verið löggiltur.

Í 2. gr. er fjallað um það að Slysavarnaskóli sjómanna skuli halda námskeið fyrir alla starfandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins.

Þá annist skólinn öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjóranámi í framhaldsskólum.

Aðalkennslugreinar Slysavarnaskóla sjómanna skuli vera: Fræðsla um öryggismál, slysavarnir, björgunaraðferðir, skyndihjálp, flutningur sjúkra og slasaðra, meðferð björgunarbúnaðar, slökkvibúnaðar og reykköfunartækja.

Í þessari grein, 2. gr., er getið aðalþátta í starfsemi skólans: skipulag námskeiða á helstu útgerðarstöðum landsins, fræðsla fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi, sem fer fram samkvæmt sérstökum samningi við menntmrn., og taldar upp helstu kennslugreinar.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um að það skuli verða skilyrði lögskráningar í skipsrúm að skipverji, sem skylt er að lögskrá samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, hafi lokið grunnnámi í Slysavarnaskóla sjómanna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Þetta er ein mikilvægasta grein frv. Samkvæmt henni verður ekki unnt að lögskrá sjómann á skip nema hann hafi lokið grunnnámi í Slysavarnaskóla sjómanna. Eins og fram kemur í 7. gr. er þó ekki gert ráð fyrir að ákvæði 3. gr. komi að fullu til framkvæmda fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna.

Ég varð þess var við undirbúning frv. og þegar ég sóttist eftir því að fá þingmenn til þess að flytja málið með mér að margir settu það fyrir sig að það skyldi bundið í þetta frv., sem væntanlega verður að lögum, að sjómenn sem óska eftir lögskráningu á skip, vilja ráða sig á skip, þurfi að hafa lokið námskeiðum hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Þessi mótbára finnst mér ekki byggð á skynsamlegum rökum. Þó hefur það komið fram að þeir sem eru andsnúnir þessu ákvæði telja óeðlilegt að maður, sem t.d. ekki hefur lokið námskeiðum hjá Slysavarnaskóla sjómanna, geti ekki ráðið sig á skip, t.d. ef um skamman fyrirvara er að ræða og það skorti í áhöfn skips sem er að fara til veiða.

Ég hins vegar lít svo á að þetta sé svo mikilvægt at-

riði að við eigum ekki að horfa í það þótt einn og einn sjómaður geti ekki ráðið sig í skipsrúm vegna þess að hann uppfylli ekki þessa kröfu. Ég held að það sé miklu meira virði að við hugum vandlega að öryggismálum sjómanna og að þeir sjálfir, eins og þeir hafa sýnt mikinn áhuga á, aðhyllast það að öryggismálin hafi veglegri og meiri sess í þeirra starfi heldur en hingað til hefur verið. Ég tel þess vegna þetta ákvæði vera ákaflega veigamikið og skipta miklu máli. Það er komið til móts í raun við þau sjónarmið, þau andmæli sem fram hafa komið með því að hafa ákvæði í 7. gr. þar sem gert er ráð fyrir að 3. gr. komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna. Það jafngildir því að þeir sjómenn, sem ekki hafa lokið þessum námskeiðum, hafi fimm ára frest í raun og veru til þess að ganga frá þeim málum og tryggja sér þau réttindi sem við viljum festa með þessu frv. og þessari frumvarpssmíð.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því að samgrh. tilnefni af sinni hálfu tvo fulltrúa til setu í skólanefnd og Slysavarnafélag Íslands þrjá fulltrúa og sé einn þeirra formaður nefndarinnar. Meginhlutverk skólanefndar sé að fjalla um málefni Slysavarnaskóla sjómanna, einkum varðandi tækjakaup og búnað hans, viðhald, framkvæmdir og áframhaldandi uppbyggingu.

Skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna gerir tillögur til stjórnar Slysavarnafélags Íslands um námskeiðahald, námsskrá og lengd námskeiða á vegum skólans.

Þessi grein skýrir sig að verulegu leyti sjálf. Í henni er kveðið á um skipan skólanefndar og gert ráð fyrir að samgrh. tilnefni tvo menn í hana og Slysavarnafélag Íslands þrjá, þar af formann. Þá er kveðið á um verkefni skólanefndar.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því að skólanefnd ráði skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna en um mannaráðningar fer samkvæmt lögum Slysavarnafélags Íslands.

Þarfnast þessi grein ekki frekari skýringa.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir því, sem auðvitað er veigamikið atriði, að rekstur skólans skuli greiddur úr ríkissjóði. Það hefur raunar verið gert að verulegum hluta hingað til. Skólinn hefur fengið fjárveitingar á fjárlögum. Það er hins vegar talið mjög nauðsynlegt að þessar fjárveitingar verði tryggðar með lögum. Það er gert ráð fyrir því með þessu frv. að skólinn komist inn á fjárlög og verði þar framvegis þannig að það þurfi ekki að leika neinn vafi á um framtíð hans eða stjórnendur skólans þurfi að velkjast í vafa um það hvort skólinn hefur meira eða minna af fjármunum úr að spila frá ári til árs.

Í 6. gr. er enn fremur gert ráð fyrir því að Slysavarnafélag Íslands geri fjárhagsáætlun fyrir skólann og leggi fyrir samgrn. til staðfestingar.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir eins og efni standa til að lögin öðlist þegar gildi, en þó sérstaklega tekið fram, eins og ég hef áður getið, að 3. gr. frv. skuli ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna.

Virðulegi forseti. Með þessu frv. fylgir alllöng grg. sem ég hirði ekki um að lesa en í henni er mikið af upplýsingum um þróun, skipulag og þá starfsemi sem hefur átt sér stað í þessum merkilega skóla og reynt að leggja drög að því og raunverulega að leggja grundvöll að því að þessi skóli njóti meiri stuðnings en hann hefur kannski gert, njóti þess að verða skóli eins og aðrir skólar í landinu að öðru leyti en því að skólahald fer að mestu leyti fram með námskeiðum. Þessi löggilding skólans skiptir hann auðvitað mjög miklu máli og sjómannastéttina í heild. Í mínum huga er hér á ferðinni engu ómerkari skóli en aðrir þeir skólar sem eru á fjárlögum íslenska ríkisins og ég vænti þess að þetta frv. megi njóta stuðnings í hv. deild. Ósk mín er auðvitað sú að frv. geti orðið að lögum fyrir þinglok. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að flest þau samtök sem hér eiga hlut að máli styðja þetta frv. mjög eindregið og afdráttarlaust og ég held í þessu sambandi að það sé full ástæða til þess að þakka þeim ágætu mönnum sem á undanförnum árum hafa lagt þessum skóla lið á margvíslegan hátt. Þeirra er að góðu getið í grg. frv. og ég leyfi mér að þakka þann stuðning sem skólinn hefur hlotið og vænti þess að hann sé enn þá, ef ég má orða það svo, á óskalista hv. þm. um þá skóla sem hv. þingdeild og þingið hefur áhuga á að löggilda og gera að gildum og góðum skóla í því annars ágæta skólakerfi sem við búum við.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft merku máli. Í fáum orðum sagt má segja að stefnt sé að því að löggilda starfsemi sem hefur notið stuðnings Alþingis og var í reynd sett af stað vegna hvatningar frá öryggismálanefnd sem Alþingi hafði skipað til að fjalla um öryggismál sjómanna.

Það fer ekki á milli mála að Slysavarnafélag Íslands vinnur mikið og gott starf hér á landi. Þar hafa margir góðir hugsjónamenn unnið. Þess vegna þarf að vera góður skilningur á því hvernig við getum virkjað það starf enn frekar og hvernig við getum náð betri árangri í öryggismálum sjómanna. Menn þurfa engu að síður ávallt að gæta sín þegar þeir breyta frjálsu starfi í stofnun því þá er hætt við að eitt og annað glatist úr starfseminni sem er dýrmætt. Það sem gert hefur verið til þessa hefur verið í mikilli sátt við sjómenn um land allt og skilað ótrúlega góðum árangri. Ég held t.d. að hluti af þeirri sátt hafi legið í því að þessi starfsemi hefur átt sér stað á fjölmörgum stöðum úti á landi. Það hafa ekki allt verið stórir útgerðarstaðir sem þar hafa komið inn í, heldur hefur áhugi á þátttöku skipt sköpum.

Mér finnst að þegar við setjum þetta í lagabúning sé það lykilatriði að ákvæði 2. gr. séu skoðuð gaumgæfilega, að reynt sé að fastsetja það sem skyldu að halda þessi námskeið á mörgum stöðum og einnig nægilega oft til þess að það geti verið meginregla til að fara eftir að sjómenn geti stundað þessi námskeið á þeim stað að það sé akstursleið frá þeim til námskeiðsins að morgni og heim að kveldi. Það yrði ekki friður um þessi námskeið ef þau yrðu haldin á svo fáum stöðum að sumum væri ætlað að leita sér að aðstöðu til uppihalds en aðrir gætu stundað þau í sinni heimabyggð.

Hér erum við að tala um öryggismál verulega fjölmennrar stéttar, því þó að sjómönnum sem stunda sjó hverju sinni hafi farið fækkandi á seinustu árum, þá er jafnrétt að minnast þess að stór hópur sjómanna er ekki sjómenn nema stuttan tíma af sinni ævi. Því má gera ráð fyrir að mjög mikil þörf sé fyrir þessa menntun vegna þeirrar miklu endurnýjunar sem á sér stað í stéttinni. En eins og allir vita er vinnan á íslenskum skipum trúlega mesta erfiðisvinna sem unnin er á Íslandi og því ekki skrýtið þó að þar verði örari tilfærslur en í öðrum starfsgreinum. Ég tel þess vegna að um leið og þetta er lögfest þurfi að leita eftir því að ná einhverju grunnsamkomulagi um það á hvaða stöðum slík námskeið yrðu haldin í framtíðinni og einnig hversu oft. E.t.v. má segja að sumt af því efni sem verið er að tala um gæti tengst fullorðinsfræðslu, sem menn tala um að þurfi að stórefla í landinu, því að sumt af því sem verið er að tala um eru atriði sem hverjum fullorðnum manni ætti að vera tiltæk þekking á. Það eru öryggisatriði sem snerta menn, bæði á sjó og landi.

Ég tel líka að það sé rétt hjá 1. flm. að 3. gr. skipti sköpum, hún þarf að vera til staðar. Það þarf að binda þetta þeim föstu böndum að það sé skilyrði fyrir lögskráningunni að menn hafi sótt þessi námskeið. Um það má deila hvort eigi að taka menn sem hafa stundað sjó mjög lengi og segja: Nú fáið þið ekki að fara á sjó meir nema þið farið á þessi námskeið. Sumum mun finnast að það sé viss harka í því en ég er ekki viss um að það sé verjandi að hafa annan hátt á en að krefjast þess að menn fari á þessi námskeið og sýni sjálfum sér og sínum nánustu þá virðingu að hafa þó gert það sem er lágmarksaðgerð til að tryggja meiri líkur á því að þeir geti unnið sín störf án þess að verða fyrir slysum á sjónum.

Ég fer þess vegna ekki dult með það að ég tel að sú starfsemi sem hér hefur farið fram og mun fara fram sé mikið alvörumál og mikil nauðsyn. Ég vil jafnframt hvetja flm. til þess að gefa sér þann tíma sem þarf til að vinna að samkomulagi um þau atriði sem ég hef minnst á. Ég vil ekki, svo að ég segi það hreint út, horfa fram á það að þessi námskeið ættu e.t.v. eftir að hverfa og aðallega yrði stílað upp á það að safna öllum önnum saman á Geldinganesinu við Reykjavík. Ég teldi að þá væri stefnan orðin ansi mikið út og suður frá því sem hún var þegar menn fóru af stað. Þetta vil ég að komi hér skýrt fram. En ég ætla heldur ekki flm. að það sé þeirra stefna að standa þannig að málum því að lagt er til að þessi námskeið verði haldin úti á landi.

Ég lýsi þess vegna stuðningi við þetta frv. í trausti þess að þau atriði sem ég hef gert hér að umtalsefni verði skoðuð nánar, reynt verði að ná samkomulagi um það sem lágmark á hvaða stöðum námskeiðin fari fram og einnig verði reynt að ná samkomulagi um það sem lágmark hversu oft þau fari fram á þessum stöðum því að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að þau verði haldin á hverju ári á hverjum stað fyrir sig heldur trúlega sums staðar annað hvert ár, sums staðar kannski þriðja hvert ár. Aðalatriðið er að þeim verði dreift um allt land og þannig verði þeirri miklu sátt sem verið hefur um þessi mál fram haldið og við náum því markmiði að bæta ástandið í öryggismálum íslenskra sjómanna.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hv. flm. fyrir það frumkvæði og þann áhuga sem hér er sýndur á málum Slysavarnaskóla sjómanna. Það er engin deila um það að starf Slysavarnaskóla sjómanna hefur skilað miklum árangri og er þegar á góðri leið með að færa til betri vegar almenna þekkingu og meðvitund fyrir öryggismálum í íslenska flotanum. Það er einnig þegar ljóst af skýrslugjöf um óhöpp sem orðið hafa á sjó undanfarin missiri og ár að þar hefur þjálfun sjómanna sem gengið hafa í gegnum skólann þegar borið árangur, bjargað mannslífum og skilað okkur minna tjóni en ella mætti búast við að orðið hefði í slíkum tilvikum.

Verkefni Slysavarnaskóla sjómanna hafa verið í mótun og allt starf skólans undanfarin ár. Það er ekki fyrr en hin síðustu 1–2 árin að starf skólans hefur verið tiltölulega fast mótað af þeim fimm árum sem skólinn hefur haft nokkra starfsemi í gangi. Það er því sjálfsagt á réttum tíma og réttum stað nú að fara að ræða hvort tímabært sé að lögfesta með einhverjum hætti starfsemi skólans og koma þessu fyrirkomulagi í enn fastmótaðra form en hingað til hefur verið. Þess er þó rétt að geta sem kom að nokkru leyti fram í máli frsm. að starfsemi skólans hefur verið fest í sessi með ýmsum hætti á undanförnum árum, svo sem með starfsreglum sem settar hafa verið og undirritaðar voru af forvera mínum, Matthíasi Á. Mathiesen, fyrir skólann og með samningum milli Slysavarnaskóla sjómanna og menntmrn. um samstarf þessara aðila hvað snertir fræðslu um öryggismál nemenda stýrimannaskólanna og vélskólanna. Með slíkum aðgerðum hefur skólinn verið að festast í sessi á undanförnum árum og starf hans verið að mótast. Það er því að mörgu leyti eðlilegt að nú sé það tekið upp og rætt hvort og þá með hvaða hætti tímabært sé að lögfesta starfsemina.

Ég vil leggja á það áherslu sem síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Vestf., sagði að sú samstaða sem yfirleitt hefur tekist og ríkt um málefni Slysavarnaskólans er ákaflega dýrmæt. Ég vonast til þess að í meðförum þessa frv. verði það einkum og sér í lagi haft að leiðarljósi að varðveita slíka samstöðu. Ég vil því leggja á það áherslu að gott samráð verði haft við helstu samtök aðila á þessu sviði, hagsmunaaðila, stofnanir og aðra sem eðlilegt má telja að kalla til ráðslags um málið.

Alþingi og alþingismenn hafa á undanförnum árum oft og með ýmsum hætti sinnt öryggismálum sjómanna og fyrir það ber að þakka. Mér finnst þar af leiðandi fara vel á því að Alþingi sjálft eða þingmenn hafi frumkvæði að því að ræða og eftir atvikum að sjálfsögðu setja lög um þessa starfsemi.

Ég ætla ekki að fjölyrða um efni frv. Ég vil þó leggja áherslu á það, ekki síst þegar rædd verða ákvæði 3. gr., sem væntanlega gætu orðið mönnum helst að verulegu umtalsefni, og varðar spurninguna um það hvort og þá hvernig eigi að gera slíka fræðslu eða

göngu á slíkan skóla að skilyrði lögskráningar í skipsrúm. Í því efni er ekki síst mikilvægt að reynt verði að ná samstöðu um þennan málaflokk, svo viðkvæmur sem hann er að ýmsu leyti.

Það er að sjálfsögðu ekki vafi á því, og ég vil að afstaða mín í því efni komi skýrt fram, að æskilegt er að ná fram þeirri skipan mála að einhver fræðsla af þessu tagi sé ávallt fyrir hendi þegar menn takast á við þessi störf. Spurningin er meira um það í mínum huga hvernig því verði komið á og því komið fyrir. Ég held að hyggilegt sé að ætla þar ákveðinn aðlögunartíma eins og reyndar er gert í frv. Ég minni á þá aðferð sem farin var og yfirleitt hefur verið farin þegar starfsréttindi eru með einhverjum slíkum hætti bundin, annaðhvort þá við menntun af þessu tagi eða almennt við sérmenntum, að gefa slíkum breytingum aðlögunartíma og jafnvel taka ákveðið tillit til og gera greinarmun á annars vegar þegar starfandi mönnum í viðkomandi grein og hins vegar þeim sem ráðast til starfa í faginu eftir tilkomu slíkrar lagasetningar. Það kemur að sjálfsögðu til greina að gera þar eftir atvikum einhvern greinarmun á.

Ég minni einnig á þá aðferð sem farin var þegar ráðist var í sérstaka herferð til að útrýma undanþágum varðandi réttindi skipstjórnarmanna. Þá var hvort tveggja gert, gefinn ákveðinn aðlögunartími að breytingunum en einnig þeim sem þegar voru starfandi í greininni og höfðu langa starfsreynslu að baki gert kleift með sérstökum námskeiðum og sérstökum hætti að öðlast slíka fullgildingu. Það teldi ég æskilegt að hv. samgn. deildarinnar, sem væntanlega fær þetta mál til skoðunar, ræddi og athugaði.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að vænta þess, sem ég reyndar gef mér og hef ekki áhyggjur af, að fulltrúar þess ráðuneytis og þeirra stofnana og samtaka sem hér eiga hagsmuna að gæta geti átt gott samstarf við hv. þingnefnd. Ég vil fyrir mitt leyti bjóða fram slíkt samstarf af hálfu samgrn. og Siglingamálastofnunar, ef það mætti verða til að auðvelda afgreiðslu málsins og koma því í farsæla höfn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þetta ágæta mál og rifja það upp hér, sem raunar er aðalatriði forsögu þessa máls, að það er staðreynd að Slysavarnaskóli sjómanna hefur nú starfað í rösk fimm ár og er raunar orðinn einn aðalþáttur í starfsemi Slysavarnafélags Íslands sem hefur veitt þessu máli farsæla forustu frá upphafi.

Það sem mér finnst mjög mikilvægt í þessu máli er það, eins og hér hefur komið fram í máli ræðumanna, að þess verði gætt alveg sérstaklega að rjúfa ekki hin nauðsynlegu tengsl og stjórnunarform sem hin ýmsu félagasamtök og ekki síst Slysavarnafélag Íslands eiga að þessu máli. Ég tel að það væri ekki til farsældar fyrir framtíðina ef lagasetning í þessu máli yrði til þess að rjúfa þetta mikilvæga atriði í starfsemi slysavarna og félagsmála að því er varðar slysavarnir í landinu og ekki síður þau hagsmunasamtök í landinu sem þessi áhugamál og nauðsynjamál varða fyrir íslenska sjómenn.

Þetta vil ég leggja sérstaklega áherslu á, það verður að tengja þessi félagslegu samtök löggildingu þessa máls og gera það á afgerandi hátt.

Það sem ég vildi aðeins koma hér inn á er að að sjálfsögðu er Slysavarnaskóli sjómanna í dag í fjárlögum íslenska ríkisins og er búinn að vera það alla tíð. Við síðustu afgreiðslu fjárlaga er framlag ríkisins á árinu 1991 23,8 millj. til skólans. Alþingi hefur síður en svo tekið þessari starfsemi illa og reynt að styrkja hana á allan hátt frá því að skólinn var stofnsettur, eins og kemur raunar fram í grg. sem fylgir þessu frv.

Ég vil einnig rifja upp að það var mjög ánægjulegt að vel skyldi til takast á árunum 1985–1986 að þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson tók myndarlega við því erindi sem kom fram frá Slysavarnafélaginu og hagsmunaaðilum sjómanna um að nýta varðskipið Þór, sem þá hafði verið lagt vegna verkefnaleysis, til þessara mála með því að bjóða Slysavarnafélagi Íslands skipið til eignar fyrir 1.000 kr. Þetta var upphaf að farsælu verkefni sem strax kom í ljós að var gífurlega mikilvægur þáttur í því að auka öryggisfræðslu fyrir íslenska sjómenn. Það þarf ekki annað en að líta á töfluna sem fylgir með frá Slysavarnaskóla sjómanna um námskeið og annað slíkt sem haldin hafa verið til að sjá að þetta skip, Sæbjörg, hefur þegar gegnt alveg gífurlega mikilvægu hlutverki og haft mikla þýðingu fyrir öryggismál sjómanna og hefur siglt víða umhverfis land og er nú raunar orðið sá þáttur í þessum málum sem fólk á landsbyggðinnni treystir mikið á. Það er óskandi að hægt verði að halda áfram þessari mikilvægu starfsemi með því að nýta þetta skip miklu betur en tekist hefur til þessa. Til þess þarf að sjálfsögðu aukið fjármagn.

Mér þótti eðlilegt að minnast á þetta hér því þetta er í raun og veru grundvöllur þess hve vel hefur til tekist á undanförnum fimm árum í sambandi við þetta heillaríka starf sem Slysvarnafélagið hefur haft forustu um.

Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða meira um þetta mál. Okkur Íslendingum ber skylda til að sinna sérstaklega þessum þætti í atvinnumálum þjóðarinnar, þ.e. að efla sjómannaskólana og þá starfsemi sem þar fer fram, til að tryggja öryggi þeirra sem sjóinn stunda. Ég tel að til þessa hafi tekist hér á hv. Alþingi að marka nokkuð góða stefnu að því er þetta varðar. Þá minni ég á þá uppbyggingu sem fer fram núna á vegum sjómannaskólanna, Sjómannaskólans í Reykjavík, Stýrimannaskólans og Vélskólans, að gera þeim kleift að nýta þá fullkomnustu tækni sem nú er til í heiminum í sambandi við það nám sem þar er stundað áður en farið er til starfa á sjó. Þetta er mikilvægt mál og tengist þessu vissulega. Ég vænti þess að haldið verði áfram á þessari braut því þetta er eitt þýðingarmesta málið fyrir íslenska þjóð, að þeir sem starfa við þann atvinnuveg, sem er undirstaða allrar framfara hér á landi, njóti þess besta í öryggismálum og fái þá bestu þjálfun og menntun sem völ er á í nútímanum og ekkert verði þar til sparað. Ég lýsi stuðningi við þetta mál

og legg áherslu á að það fái vandaða meðferð og tekið sé tillit til ýmissa atriða sem þarf að skoða vel og vandlega áður en af lögfestingu verður.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég er meðflm. að þessu frv. og mér er umhugað um að það fái góð málalok á þessu þingi. Ég held að við höfum alltaf hugsað okkur að námskeiðin yrðu haldin sem víðast á landinu því að ef þau yrðu kannski bara á einum stað kemur það auðvitað alls ekki að því gagni sem við hugsuðum okkur. Ég held að ekki sé vandamikið að setja þetta niður hingað og þangað um landið því alls staðar eru sjómenn og það er eins og okkur Íslendingum sé það í blóð borið að allir unglingar hugsa til að fara til sjós. Sjómennskan verður kannski ekki þeirra ævistarf og í fæstum tilfellum, en flesta langar að prófa að fara til sjós. Og það er eins og við vitum líka að slys eru kannski algengust einmitt á þeim sem ungir eru og kunna ekki fótum sínum forráð.

Ég hef dálitla reynslu af þessu en það vill svo til að ég þekki þó nokkra sem eru sjómenn að ævistarfi. Ég veit ekki hvort það var almennt með útgerðir hér í Reykjavík en ég veit þó um útgerð sem heitir Ögurvík sem beitti sér mjög fyrir því að sjómenn á hennar skipum færu á þessi námskeið. Einn af sjómönnunum kom oft til mín einmitt á meðan á námskeiðinu stóð, hann er búinn að vera sjómaður í milli 30 og 40 ár. Honum fannst hann alltaf vera að læra eitthvað nýtt á námskeiðunum og var mjög áhugasamur fyrir námskeiðunum þegar hann fór að sækja þau.

Þetta kom einnig heim við mína eigin reynslu. Ég fór á námskeið sem haldin voru á vegum míns félags. Þar hefði ég auðvitað samkvæmt minni vinnu átt að vita allt og ekkert þurft að læra, en það var nú þannig að ég var alltaf að læra eitthvað, í hverjum einasta tíma. Auðvitað sá ég að margt af þessu sem ég var að læra hefði ég kannski getað lært í vinnunni en það er bara öðruvísi. Þá er maður með hugann við vinnuna. Þegar komið er á námskeiðið er maður með hugann við það sem er verið að gera þar. Þess vegna yfirsést þér ýmislegt í vinnunni, eins og þér yfirsést náttúrlega ýmislegt ef þú ert bara á námskeiðinu og í engum tengslum við vinnuna.

Ég held að það verði að vera skylda að fólk sem fer til sjós taki þessi námskeið, annars verður þetta alltaf í einhverju ólagi. Það verða alltaf einhverjir til sem halda að þeir læri ekkert þó að þeir fari á námskeið. En alveg sérstaka áherslu legg ég á það að námskeiðin séu opin þannig að foreldrar á staðnum þar sem þau eru haldin eigi auðvelt með að senda unglingana á námskeið, að unglingar eigi auðvelt með að komast á þessi námskeið. Það gerir ekkert til þótt þeir fari ekki á sjóinn strax, það er alla vega gott að hafa farið á námskeið og vera tilbúinn þegar að því kemur.

Ég vil svo þakka öllum þeim sem hafa talað hér fyrir það hvað þeir hafa verið jákvæðir og endurtek að ég vona að þetta fái góð málalok á þessu þingi.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég er einn af meðflm. þessa frv. Hv. 3. þm. Norðurl. e., 1. flm., hefur gert grein fyrir okkar flutningsmanna sjónarmiðum, auk þess sem í grg. með þessu frv. er rakin saga þessa máls, þróun og þær staðreyndir sem þar liggja fyrir.

Hér kom hæstv. samgrh. og ég á ekki von á öðru en að það geti tekist hið besta samstarf á milli flm. og hans og ráðuneytisins, svo gott samstarf sem hefur verið milli ráðuneytisins hingað til og Slysavarnafélags Íslands um þessi mál. Ég held líka að það sé mjög þýðingarmikið eins og fram kom hjá 11. þm. Reykv. að við náum þessu frv. fram á Alþingi nú, það verði samþykkt og það orðið að staðreynd sem unnið hefur verið að á undanförnum árum.

Vikið hefur verið að því að það þurfi að sjálfsögðu að tryggja að Slysavarnaskóli verði ekki staðbundinn við eitt ákveðið svæði heldur svo vítt um landið sem slysavarnasamtökin starfa. Ég er því fullkomlega sammála og veit að þannig hefur verið að hlutunum staðið af hálfu Slysavarnafélags Íslands, þannig hafa þeir viljað sinna þessu eftir því sem þeir hafa haft bolmagn til. Það kemur einmitt skýrt fram í grg. frv. á bls. 6 og ætla ég að lesa það hér upp, með leyfi forseta:

„Námskeið skólans, sem flest standa í fjóra daga, höfðu þá verið haldin víða um land, en flest um borð í Sæbjörgu í Reykjavík. Allmargar skipshafnir höfðu þá komið til Reykjavíkur og gist í Sæbjörgu." — Kemur þar fram aðstaðan sem er fyrir hendi hjá Slysavarnafélaginu og hefur verið gerð af þess hálfu. Ég held áfram: „Mikill áhugi var á því að sigla Sæbjörgu sem víðast til námskeiðahalds, en slök fjárráð komu í veg fyrir það. Þó var siglt til Vestmannaeyja og Akureyrar 1987."

Það liggur því alveg ljóst fyrir hver er vilji og hver er ætlunin í þessum efnum. En það er alltaf gott að fá góðar ábendingar og þegar þetta verður rætt í samgn. þessarar hv. deildar getur það með einum eða öðrum hætti orðið til leiðbeiningar í sambandi við framgang þessa máls. En ég undirstrika stuðning og vænti þess að það takist svo gott samstarf um þetta mál að það náist fram á þessu þingi.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka vel fyrir þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Ég held mér sé óhætt að segja að ekki hafi komið fram nein gagnrýni á frv. heldur eðlilegar athugasemdir við einstakar greinar þess og menn hvatt til þess að þær yrðu vandlega skoðaðar og hugleitt hvernig mætti leiða áhrif þeirra til lykta á þann veg að allir gætu orðið ásáttir.

Ég vil nefna nokkur atriði sem hafa komið fram í ræðum hv. þm. Í fyrsta lagi gat hv. 2. þm. Vestf. þess að menn yrðu að vera á varðbergi gagnvart því að það að breyta frjálsu starfi í stofnun mundi ekki draga úr starfsemi skólans og að sú hætta mætti ekki verða fyrir hendi að skólinn breyttist í einhvers konar ríkisstofnun þar sem hin frjálsu félagasamtök hefðu ekki úrslitaáhrif um hvernig gengi og yttu ekki á eftir því

starfi sem fram fer í skólanum. Ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða að þrátt fyrir lögbindingu skólans mun engin breyting verða á þeim vilja sem fyrir hendi er meðal slysavarnafólks hér á landi, að efla og styrkja skólann og koma honum að því mesta gagni sem það má. Ég held að það sé einmitt verulegur þáttur í því hve vel starf Slysavarnafélags Íslands hefur gengið, það er hið ómetanlega starf sjálfboðaliða um allt land. Ég þori að fullyrða að enginn hefur áhuga á því að skerða það starf á nokkurn hátt. Slysavarnaskóli sjómanna hefur ekki síst notið þessa starfs og, eins og kemur fram raunar í grg., að starf skólans hefur notið mikillar velvildar út um allt land og er litið á það sem fastan lið í starfi félagsins. Skólinn fær þannig ómetanlegan styrk frá deildum og björgunarsveitum Slysavarnafélags Íslands, víðs vegar, sem leggja fram mikla sjálfboðaliðsvinnu í hans þágu en búast má við að fyrir slíka vinnu þyrfti að greiða að verulegu leyti ef hér væri um hreina ríkisstofnun að ræða.

Ég hef sem sagt ekki áhyggjur af því að þeim sjálfboðaliðum muni fækka sem tilbúnir eru að leggja skólanum lið eins og verið hefur.

Hv. 2. þm. Vestf. ræddi einnig um að ganga þyrfti tryggilega frá því að námskeið skólans yrðu haldin á eins mörgum stöðum og unnt væri. Ég er sannfærður um það að áhugi er fyrir þessu innan Slysavarnafélagsins, að hafa þessi námskeið á mörgum stöðum. En eins og kemur fram í grg. var það fjárskortur sem hamlaði því að Slysavarnafélagið gæti farið með námskeiðahald eins víða og félagið óskaði m.a. í tengslum við skólaskipið Sæbjörgu.

Ég vil þakka hæstv. samgrh. þann velvilja sem kom fram í hans orðum í garð þessa frv. Hann sagði orðrétt að það væri tímabært að ræða starfsemi skólans og lögbindingu hans. Þykir mér gott að heyra að flm. geta átt stuðning hans vísan í þessu máli.

Aðrir hv. þm. hafa rætt um starfsemi skólans á undanförnum árum og við það er fáu að bæta. Hjá hv. 1. þm. Vesturl. kom fram að hann vill að skólinn tengist áfram hinum félagslegu samtökum. Það er hárrétt hjá honum og ég hef komið að því áður í orðum mínum.

Hv. 1. þm. Vesturl. minntist réttilega á það að fjárframlög til skólans hafa verið sómasamleg á undanförnum árum, sómasamleg segi ég, þó að skólinn hafi ekki getað gert allt sem hann vildi gera fyrir þá peninga sem ríkið ætlaði honum á fjárlögum.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjalla um einstakar ræður hv. þm. Ég þakka þeim á nýjan leik fyrir þann stuðning sem þeir hafa veitt þessu máli á þingi í dag.

Það er svo önnur hlið á þessu máli sem ég hætti mér nú varla út í að ræða í þessu sambandi en hefur hvarflað mjög að mér í tengslum við samningu þessa frv. Það eru áhrif núgildandi kvótakerfis á öryggismál sjómanna. Ég verð að segja það sem afdráttarlausa skoðun mína að ég hef umtalsverðar áhyggjur af því að núverandi kvótakerfi, með því sóknarkappi sem fylgir sumum þáttum útgerðarinnar vegna kvótans, hafi dregið talsvert mikið úr öryggi sjómanna á tilteknum hluta fiskiskipaflotans. Ég vil t.d. segja það að ég tel með nokkrum ólíkindum hvað mikil heill og hamingja hefur verið yfir trilluútgerð á Íslandi eftir að kvótakerfið tók gildi. Ég er sannfærður um að það kapp sem oft hefur verið meira en forsjáin í sókn þeirra báta hefur oft á tíðum stofnað til mikillar áhættu, en sem betur fer hefur þetta blessast sæmilega þó að slysin hafi orðið.

Ég hef líka áhyggjur af áhrifum kvótakerfisins á vinnuna um borð í frystitogurunum. Ég tel t.d. að það gífurlega kapp sem lagt er á vinnslu afla um borð í frystitogurunum, þar sem 24 menn vinna störf 100–150 manna í frystihúsi á landi, sé komið út fyrir öll skynsamleg mörk. Ég hef um það rökstuddan grun að vökulögin séu í verulegri hættu um borð í frystitogurum. Mér hefur t.d. borist til eyrna að frívaktir um borð í frystitogurum hafi verið skornar niður um helming, úr sex klukkustundum í þrjár. Það er mjög alvarlegt mál sem þar er á ferðinni, vegna þess að vinnulúnum og þreyttum mönnum er miklu hættara við slysum en öðrum. Ég hef lagt fram fyrirspurn hér í hv. Sþ. til hæstv. sjútvrh. vegna þessa máls. Ástæðan er einfaldlega sú að ég hygg að það jaðri við lögbrot sem á sér stað nú um borð í íslenskum frystitogurum sem veiða hér við land. En nóg um það. Ég ætla ekki að blanda því inn í þessa umræðu frekar.

Ég endurtek þakkir mínar til allra þeirra sem tóku til máls í þessari umræðu og vænti þess að þetta mál megi nú fara til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsviðskipti, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 176. mál. — Þskj. 196.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl. Flm. ásamt mér eru hv. þingkonur Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Gjaldþrot og greiðsluerfiðleikar eru að verða hversdagsleg orð sem eru að glata merkingu sinni, nema fyrir þá sem standa í slíkri baráttu og þeir eru margir. 900 bú voru tekin til gjaldþrotaskipta á liðnu ári í Reykjavík einni saman ef tölur frá janúar til október eru marktækar. Þrjú af hverjum fjórum þessara gjaldþrota eru gjaldþrot einstaklinga. Það eru því margir sem eiga um sárt að binda vegna gjaldþrota, þessir einstaklingar, fjölskyldur þeirra, vinir og vandamenn, sem oft hafa einnig farið illa út úr gjaldþrotum annarra.

Ýmsar ástæður eru fyrir gjaldþrotum fólks og ætla ég ekki að rekja þá sögu hér, enda varðar frv. það sem hér er til umræðu aðeins einn hluta þess máls, hvernig staðið er að lánveitingum, hvers vegna bankar taka nánast aldrei á sig ábyrgð eða áhættu sjálfir, heldur leita eftir veðum eða sjálfskuldarábyrgðarmönnum fyrir nánast öllum lánum og virðast ekki gera þá kröfu að lántakandi sé borgunarmaður fyrir lánum sínum ef

hann getur útvegað ábyrgð. Því miður byggjast lánsviðskipti einstaklinga sárasjaldan á því að gerð sé raunhæf greiðsluáætlun í samræmi við tekjur þeirra og aðrar skuldir. Enn fátíðara er að slík áætlun sé grundvöllur lánsviðskipta banka og einstaklings. Raunar er slík áætlunargerð aðeins nýlega orðin almenn vinnubrögð við húsnæðiskaup og lántöku úr byggingarsjóði.

Eftir stendur að velflest bankalán eru veitt út á veð eða sjálfskuldarábyrgð, en oftast er þessa krafist. Því miður þekkja flestir hryggileg dæmi um hve röng þessi aðferð getur verið. Dæmi er um að eignalausir einstaklingar hafi æ ofan í æ komið ættingjum sínum eða vinum á kaldan klaka með því að geta sífellt slegið hærri lán ef þeir fá einhvern til að skrifa upp á fyrir sig eða lána veð. Það er í raun fráleitt að lána peninga á öðrum forsendum en þeim að gera ráð fyrir að sá sem tekur lánið borgi það einnig. Það verður aðeins gert með því að meta greiðslugetu lántakanda og nota þá áætlun sem grundvöll lánsviðskiptanna. Að lána einhverjum sem sýnilega getur ekki greitt sínar skuldir út á eignir annarra eða aðra ábyrgð ætti ekki að eiga sér stað.

Mig langar til þess að vitna í umsögn sálfræðings á Akureyri, Bjargar Bjarnardóttur, í bókinni „Undir hamrinum" sem fjallar um gjaldþrotamál. Með leyfi forseta segir hún þar:

„Nú er orðið miklu auðveldara að komast yfir fjármagn en var fyrir 1980. Hins vegar er orðið mjög dýrt að skulda. Fjöldi fólks hefur ekki áttað sig á þessu fyrr en of seint. Þetta sama fólk er oft lokað inni í gamla drauminum um vinnu- og viðskiptasiðferði, sjálfstæði, dugnað og heiðarleika í viðskiptum. Það áttar sig ekki á að hin nýja fjármögnunarvél slær allt annan takt og hér hefur orðið til nýr þjóðfélagslegur veruleiki á þessum áratug. Ýmislegt viðgengst og þykir sjálfsagt í viðskiptum hér á landi sem ekki er tíðkað meðal grannþjóðanna, eins og víxlar og skuldabréf með útgefendum og ábyrgðarmönnum. Í breskum bönkum t.d. er unnt að fá mörg þúsund pund að láni án þess að nokkur skrifi undir það annar en lántakandinn sjálfur. Veð er ekki farið fram á nema þegar fólk kaupir húsnæði, en þá er því líka lánað allt upp í 90% af verði íbúðarinnar. Þetta er eitt dæmið um einhliða vald og verndun réttinda og hagsmuna útlánastofnana hér. Oft hafa skuldarar ekki aðeins misst eigin eigur heldur dregið aðra með sér í fallinu. Í kjölfar eignamissis kemur því oft vinamissir, úlfúð og sundurlyndi. Einnig eru börn og afkomendur gerðarþola áfram bundnir á skuldaklafann. Atvinnumissir verður einnig hjá þeim sem hafa rekið eigin fyrirtæki, sömuleiðis hjá því starfsfólki sem þar hefur unnið.

Í viðtölum við mig talar fólk mjög gjarnan um það að þegar skriðan er á annað borð komin af stað, þá fari hún mjög hratt. Stór hluti af þjáningum fólks eftir missinn er sá að það skilur ekki enn hvað gerðist í raun og veru, hvers vegna svo margt brást."

Þetta voru orð sálfræðings og orð í tíma töluð.

Lánsviðskipti sem byggjast á viðskiptatrausti frekar en veðtryggingu eða sjálfskuldarábyrgð stangast að mati manna alls ekki á við löggjöf þá sem fyrir er um íslenska banka og aðrar lánastofnanir. Í reynd vantar þó að tekið sé af skarið og þessir viðskiptahættir verði almennt teknir upp. Þessu frv. er ætlað að bæta úr því og jafnframt að reyna að tryggja hagsmuni sjálfskuldarábyrgðarmanna og veðeigenda og fjölskyldna þeirra í þeim undantekningartilvikum þegar réttlætanlegt getur talist að krefjast aukinnar ábyrgðar. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að rekja greinargerð þessa frv. og grípa niður í athugasemdir við einstakar greinar þess.

„Í þessu frv. er lögð áhersla á að meginregla í öllum lánsviðskiptum sé gagnkvæmt traust lántakanda og lánveitanda. Eðlilegt er að við lántöku sé greiðslugeta lántakanda metin, greiðsluáætlun gerð og hún sé grundvöllur viðskiptatrausts hans. Í flestum lánaviðskiptum tíðkast nú að krefjast trygginga fyrir skilvísum greiðslum lántakanda. Algengt er að lántakandi leggi sjálfur fram slíkar tryggingar, t.d. með veði í fasteign sinni. Hitt er ekki síður algengt að krafist sé sjálfskuldarábyrgðar eins eða tveggja manna á greiðslum lántakanda. Þarf lántakandi að útvega þessa ábyrgðarmenn, sem oft eru ættingjar lántakanda.

Þá er einnig algengt að lántakandi fái lánað veð í eign annars manns til tryggingar greiðslum sínum, sérstaklega í tengslum við fasteignakaup. Segja má að nánast sé meginregla að lántakandi geti ekki fengið lán án þess að afla tryggинga frá öðrum. Slíkt ætti þó einungis að vera í undantekningartilvikum og gilda um það skýrar reglur." Mig langar að bæta því við að nánar segir um þessar reglur í greinargerðinni sem gilda þyrftu:

„Margir sem veita ábyrgð sína á endurgreiðslum af lánum annarra gera sér ekki grein fyrir því hvert eðli og umfang slíkrar ábyrgðar er. Ef til ábyrgðarinnar þarf að taka ábyrgist sjálfskuldarábyrgðarmaður greiðslu lántakanda með öllum eigum sínum, en sá sem hefur lánað fasteignarveð leggur viðkomandi fasteign undir. Ábyrgðarmaður þarf oft að greiða verulegar fjárhæðir fyrir lántakanda sem hann ábyrgist. Ef ábyrgðarmaður getur ekki greitt skuldir lántakanda missir hann eigur sínar í hlutfalli við skuldir lántakanda, oft allt sitt. Á síðustu árum hafa gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja aukist mjög mikið og sífellt fleiri ábyrgðarmenn hafa þurft að standa við ábyrgðir sínar, oft með þeim afleiðingum að ábyrgðarmaður verður líka gjaldþrota. Gjaldþrot hafa ekki einungis viðskiptalega hlið því að oft leysast heimili gjaldþrota einstaklinga upp.

Með þessu frv. er gengið út frá þeirri meginreglu að lántakandi ábyrgist sjálfur skilvísar endurgreiðslur sínar og geri sér grein fyrir sinni lánshæfni með gerð greiðsluáætlunar. Frv. er einnig ætlað að vekja athygli á stöðu ábyrgðarmanna og tryggja lágmarksréttindi þeirra til upplýsingaöflunar. Nauðsynlegt er að flytja sérstakt frv. um þetta efni því almenn lög um skuldabréf hafa aldrei verið sett hérlendis og ekki þótti rétt að setja þessi ákvæði í lög um viðskiptabanka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki þar sem fleiri lána fé en þær stofnanir. Frændur vorir á Norðurlöndum hafa búið við almenna löggjöf um skuldabréf í langan tíma og væri þörf á að setja slík lög hérlendis þótt ekki sé ráðist í það nú með þessu frv. Verði frv. að lögum geta

ábyrgðarmenn á auðveldan hátt áttað sig á efni þeirra ábyrgða sem krafist er. Einnig geta þeir gripið mun fyrr en nú er í taumana ef lántakandi greiðir ekki af skuldbindingum sínum. Bitur reynsla undanfarinna ára hefur sannað að ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga hafa *brýna hagsmuni af því að þessi löggjöf nái fram að ganga.*"

Ég vil aðeins gera grein fyrir nokkrum atriðum sem varða einstakar greinar frv. og nefni þá fyrst 1. gr. Þetta ákvæði hefur að geyma þá meginreglu laganna að grundvöllur lánsviðskipta sé viðskiptatraust lántakenda. Ákvæðið nær til lánastofnana, banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja. Lánastofnunum ber að gera greiðsluáætlun og meta þær tryggingar sem lántakandi getur ábyrgst þannig að meginreglan sé sem áður sagði að lántakandi ábyrgist sjálfur sín lán.

Um 2. gr. segir: Þrátt fyrir meginreglu 1. gr. getur verið í einhverjum tilfellum að lánastofnun telji viðskiptatraust lántakanda og hans eigin tryggingar ekki tryggja fjárskuldbindingu nægilega. Er helst að þetta komi til ef lántakandi er algerlega eignalaus, hefur slæmt viðskiptatraust og í öðrum ámóta tilfellum. Ef krafist er ábyrgðarmanna eiga þeir rétt á að kynna sér þær forsendur sem eru fyrir lánveitingunni, þ.e. greiðsluáætlun lántakanda. Mig langar að taka það fram varðandi þessa grein að í flestum tilvikum er ekki um það að ræða að réttlætanlegt sé að veita lántakanda lán standi svo á sem segir í þessari grein, þannig að ég geri ekki ráð fyrir að til þess þurfi að koma.

Um 3. gr. vil ég taka þetta fram: Þar er lögfest skylda lánveitanda til þess að upplýsa ábyrgðarmenn lántakenda um eðli þeirra ábyrgða sem gengist er undir hvert sinn og afleiðingar vanefnda. Upplýsingaskyldan nær aðeins til einstaklinga sem ganga persónulega í ábyrgðir fyrir aðra, en ekki til ábyrgða sem fyrirtæki veita. Lögin miða að því að gefa einstaklingum, sem ganga persónulega í ábyrgð fyrir aðra, tækifæri til að meta réttarstöðu sína.

Því má halda fram að þeim sem veitir ábyrgð sína á skuldbindingum annarra ætti að vera fullkunnugt um efni slíkrar skuldbindingar. Ýmsir veita ábyrgðir vegna fjölskyldu- eða vinatengsla og eiga af þeim orsökum erfitt með að neita lántakanda um ábyrgð. Á móti kemur að öll fræðsla almennings um þessi mál hefur verið af mjög skornum skammti. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur reynt að vekja athygli fólks á þýðingu lánveða en að öðru leyti hefur slík fræðsla verið nánast engin nú seinni ár. Telja má að of mikið sé gert úr þekkingu almennings á efni og eðli ábyrgða á fjárskuldbindingum. Lánveitandi hefur mikla hagsmuni af því að ábyrgðarmenn geti staðið við ábyrgðir sínar ef lántakandi getur ekki staðið við sínar greiðslur. Eðlilegt er því að gera þá kröfu til lánveitenda að þeir kynni ábyrgðarmönnum eðli og efni þeirra ábyrgða sem þeir krefjast og geri ábyrgðarmönnum það ljóst að hugsanlega þurfi þeir að standa við ábyrgð sína. Enn fremur segir um þessa grein: „Í 2. mgr. er kveðið á um skyldur lántakanda, sem fær annan mann til þess að ábyrgjast persónulega þær fjárskuldbindingar sem hann tekst á hendur, til þess að veita ábyrgðarmanni sínum upplýsingar um fjárhagsstöðu sína á meðan hann er í ábyrgðum."

Í 6. gr. er um samsvarandi skyldu lánveitanda að ræða. Er þessi skylda sett í lög til þess að gera þennan rétt ábyrgðarmanns ótvíræðan. Ábyrgðarmaður getur *reynt að grípa í taumana áður en í fullkomið óefni* er komið ef hann fylgist með fjárhagsstöðu lántakanda. Ábyrgðarmaður er á móti bundinn þagnarskyldu um fjármál lántakanda.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja athugasemdir við 4. gr. laganna þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu lánveitenda og bent á aðferðir til að fullnægja henni. En í skýringum við greinina segir m.a., ef ég tek örlítinn hluta af því:

„Til þess að brýna mikilvægi þessarar upplýsingaskyldu lánveitenda er gert ráð fyrir því að vanræksla á því að sinna skyldunni hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir lánveitendur. Gert er ráð fyrir því að þriðji maður, sem er ábyrgðarmaður, þurfi ekki að standa við ábyrgðir sínar ef honum hafa ekki verið kynnt efni þeirra. Í staðlaðan texta viðskiptabréfa yrði væntanlega sett yfirlýsing ábyrgðarmanns um að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar sem fram komu í texta bréfsins."

Um 5. gr. segir í skýringum við einstakar greinar: „Það virðist eðlilegt að leggja þá skyldu á lánveitendur að tilkynna ábyrgðarmönnum á sannanlegan hátt um vanskil lántakanda 10 dögum eftir að vanskil verða á greiðslum hans. Iðulega fá ábyrgðarmenn ekki að vita um vanefndir fyrr en kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir eru hafnar og lánsupphæð hefur öll verið gjaldfelld. Ábyrgðarmanni kann þá að vera ofviða að grípa í taumana, en hugsanlega hefði hann getað staðið við ábyrgð sína á fyrri stigum. Hér er því um veigamikla réttarbót að ræða fyrir ábyrgðarmenn. Ef ekki næst í ábyrgðarmenn vegna þess að ókunnugt er um heimilisfang þeirra er nægilegt að birta eina tilkynningu í Lögbirtingablaðinu. Lántakandi gæti hugsanlega bakað sér skaðabótaskyldu ef ábyrgðarmaður fær ekki tilkynningu."

Um 6. gr. segir: „Ábyrgðarmaður hefur ótvíræða hagsmuni af því að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um þær lánveitingar sem hann gengur í ábyrgð fyrir. Jafnframt að öllum upplýsingum sem lánveitandi hefur um fjárhag lántakanda. Hér er lagt til að réttur ábyrgðarmanns til upplýsingaöflunar verði lögfestur. Lántakanda er gert skylt í 2. mgr. 3. gr. að hlíta þessari skyldu lánveitandans til upplýsinga. Á móti er krafist þagnarskyldu af ábyrgðarmanni.

Í 20. og 21. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, er kveðið á um að þeim sem er í hjúskap beri að afla sér samþykkis maka fyrir veðsetningu fasteignar sem jafnframt er heimili fjölskyldunnar og muna sem notast til heimilisins. Hins vegar getur maki óhindrað gengist undir sjálfskuldarábyrgð þar sem ábyrgðin nær til allra eigna hans. Er með þessu ákvæði sett undir þennan leka. Jafnframt er lagt til að ofangreindar reglur laga um réttindi og skyldur hjóna gildi einnig um sambúðarfólk þar sem sömu rök eiga við um að sambúðaraðili þurfi að afla samþykkis sambúðar-

aðila áður en fasteign fjölskyldunnar er veðsett."

Um 7. gr. vil ég taka þetta fram: „Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. sept. 1991 þar sem lánveitendur þurfa aðlögunartíma til þess að undirbúa ný skjalaform og gera aðrar breytingar."

Það er því miður engin tilviljun að þetta mál er nú fram komið. Við höfum heyrt að undanförnu ótal dæmi um það í hvílíkum hremmingum góðgjarnir einstaklingar, sem skrifa upp á eða lána veð til fólks sem það treystir, getur lent. M.a. hafa verið frásagnir í blöðum um öryrkja sem orðinn er eignalaus af greiðasemi, með því að skrifa upp á. Fjölskyldur hafa orðið eignalausar af ævintýrum eins fjölskyldumeðlims. Á vinnustöðum hafa orðið vinslit. Það þýðir ekki að afgreiða þessi fjölmörgu dæmi með alhæfingum eins og: Enginn ætti að skrifa upp á lán eða fólk getur bara sjálfu sér um kennt.

Mig langar í lokin að vitna örlítið til greinar eftir Sigríði Gunnarsdóttur sem birtist í DV þann 10. desember sl. Hún segir í upphafi þeirrar greinar, með leyfi forseta:

„Í allri þeirri umræðu sem verið hefur undanfarið um breyttar forsendur í peningamálum hefur lítt eða ekki komið fram þáttur banka í harmsögum einstaklinga í þessu landi. Við, þessi fámenna þjóð sem hreykjum okkur á hátíðarstundu af sameiginlegri þjóðarsál, þekkjum næstum hver og einn einhvern sem farið hefur illa út úr fjármálum á undanförnum mánuðum og árum og getum ekki látið eins og þetta komi okkur ekki við. Þessi einhver er bróðir eða mágkona, vinur eða kunningi, tengdur, skyldur eða kunnugur á einhvern veg í svona smáu samfélagi. Staðreyndin er sú að bankar halda ótrúlega lengi áfram að lána jafnvel eignalausu og atvinnulausu fólki ótrúlegar fjárupphæðir löngu eftir að ljóst er að venjulegar tekjur standa engan veginn undir afborgunum af þeim. Hvers vegna? E.t.v. vegna vorkunnsemi eða kunningsskapar. E.t.v. vegna þess að þetta nauðstadda fólk fær betur stæða aðstandendur eða vini til þess að skrifa upp á. Það þarf sannarlega að hafa steinhjarta til þess að neita nánum ættingja um uppáskrift þegar ekkert blasir við annað en að hrekjast allslaus út á götu jafnvel með vansæl og taugaveikluð börn sem manni þykir vænt um og kemur við. Þá þakkar maður guði fyrir eigin hag og vonar að þetta blessist einhvern veginn. Innst inni veit maður vel að þetta er rangt að farið og aðeins til að lengja í hengingarólinni og gjaldþrotið verður bara stærra þegar að því kemur. Ætli bankarnir lánuðu svo mikið og lengi ef þetta ábyrgðarmannakerfi væri ekki til staðar og fólk fengi aðeins lánað út á andlitið á sér?"

Í fjölskyldu- og kunningjasamfélagi er ekki alltaf auðvelt að neita um greiða og enn erfiðara er að meta hvenær slíkt sé óhætt vegna þess að nú hafa menn litla möguleika á að afla sér upplýsinga um fjármál þess sem þeir skrifa upp á fyrir. Þeir sem lána veð geta lent í því að vita ekki af því að skuld sé komin í vanskil fyrr en kemur nálægt uppboði á eign þeirra sjálfra með öllum þeim kostnaði sem þá hefur hlaðist á skuldina. Ég vil í leiðinni jafnframt lýsa yfir stuðningi mínum við þáltill. hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og fleiri um fræðslu um fjármálaumsýslu í skólum. Það mál tengist þessu máli vissulega og er mjög þarft og tímabært. Aukin fræðsla og heilbrigðari grundvöllur lánsviðskipta eiga vonandi eftir að verða til þess að lát verði á gjaldþrotum og greiðsluvanda fólks sem af góðsemi er að reyna að hjálpa ættingjum og vinum sem virðast endalaust geta fengið lán án þess að þurfa að sýna fram á að þeir séu borgunarmenn eða gera greiðsluáætlun.

Með þeirri skipan mála sem er í frv. þessu sem hér er mælt fyrir er þess freistað að koma á annars konar lánsviðskiptum en nú tíðkast. Það er von mín að frv. þetta fái skjóta og góða afgreiðslu á þessu þingi því hér er um mjög brýnt mál að ræða sem varðar ótrúlega stóran hóp í samfélaginu.

Að umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að vekja athygli á því að svo virðist sem flest þau frv. og tillögur til bóta í efnahagslífi þjóðarinnar þegar kemur að fjölskyldunum í landinu séu yfirleitt flutt af konum hér á hinu háa Alþingi. Nægir að nefna till. hv. 9. þm. Reykn., sem hér var minnst á áðan, og ég leyfi mér að minna á fjölmargar tillögur mínar varðandi greiðslukortaviðskipti og annað slíkt.

Það frv. sem hér liggur nú fyrir um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna og fleira er hið athyglisverðasta mál sem full ástæða er til að skoða vandlega. Það væri góð breyting í þjóðfélagi okkar að bankar og bankastofnanir gerðu sér grein fyrir því að þær eiga fyrst og fremst að vera þjónustustofnanir. Allt annað hefur verið uppi á teningnum eins og við öll vitum og bankar landsins, og þá ekkert síður ríkisbankarnir, hafa verið reknir sem hreinar gróðastofnanir. Ég vil jafnvel leyfa mér að segja okurstofnanir fullkomlega á borð við aðrar slíkar. Öll vitum við að undirstaða heilbrigðs efnahagslífs í hverju landi er heilbrigt efnahagslíf hinna einstöku fjölskyldna. Grundvöllurinn undir að svo megi vera er auðvitað, eins og hér er tekið fram, gagnkvæmt traust lánastofnana og lántakenda.

Sannleikurinn er sá að allflest lán sem fjölskyldur í landinu taka eru lán sem tekin eru í neyð. Það eru ekki bankarnir sem lána peninga vegna vorkunnsemi og kunningsskapar, eins og hér var sagt áðan, heldur er skrifað upp á þessi lán af vorkunnsemi og vegna kunningsskapar.

Auðvitað eiga vinir og ættingjar erfitt með að neita fólki sem er að missa híbýli sín og allt fjölskyldulíf er í uppnámi vegna greiðsluerfiðleika um að ábyrgjast skuldir þó jafnvel að fólk viti innst inni að hvorki það sjálft eða fólkið sem lánið er að taka eru borgunarmenn fyrir því.

Það væri kannski full ástæða til að rekja dálítið sögu þeirra greiðsluerfiðleika sem tröllríða nú allt of mörgum fjölskyldum í landinu. Ég minnist þess að hér stóð ég alein árið 1984 og mótmælti þegar vextir voru gefn-

ir frjálsir. Menn höfðu nú ekki miklar áhyggjur af því. Við erum hins vegar allmörg sem aldrei höfum komist út úr þeim vandræðum og verður þess langt að bíða. Um árabil borguðu menn af skuldum sínum og þær hækkuðu því meira sem menn borguðu. Er stundum hlálegt að heyra þá sem að því stóðu tala hér af miklu mannviti um efnahagsmál. Við sem urðum fyrir þessu vitum betur. Sannleikurinn er sá að bankarnir hafa skilað stórgróða ár eftir ár. Hvaðan skyldi sá gróði aðallega vera kominn? Hann er nefnilega kominn fyrir dráttarvexti sem lagðir eru á það fólk sem getur ekki greitt. Þess vegna eru bankarnir auðvitað ekkert á móti því að lána fólki peninga, einkum ef það getur ekki borgað því þeim mun hærri verða dráttarvextirnir. Bankastarfsemi á borð við þetta er auðvitað hreint hneyksli, að ég ekki tali um þegar hið sama á við um banka sem við rekum saman, þ.e. ríkisbankana. Mönnum er samviskulaust att á foraðið og fólki lánað þótt ljóst sé að það geti engan veginn borgað þær upphæðir, sem það er að taka að láni, á svo stuttum tíma sem kostur er gefinn á.

Ef við færum almennt út í þessi mál þá er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að við þyrftum enga Húsnæðisstofnun ríkisins. Bankarnir eiga auðvitað að sjá um það að lána fólki peninga. Allt fólk verður að fá lánaða peninga og ekki síst í okkar landi þar sem allur þorri manna verður að eiga sín eigin híbýli. Nú erum við öll búin að samþykkja að gefin verði út ný tegund af húsbréfum fyrir fólk sem er í greiðsluerfiðleikum og maður getur auðvitað spurt: Þurfti þess virkilega? Hvers vegna getur þetta sama fólk ekki farið með lausaskuldir sínar í viðskiptabankann sinn og samið við bankann um einhverjar skynsamlegar afborganir af þessum skuldum til lengri tíma? Nei, við kjósum heldur að hafa stóra og mikla og dýra stofnun til að taka við því fólki sem bankarnir eru búnir að fara illa með. Þetta er nú bara sannleikurinn í málinu. Og það vantar stundum á að við tökum á málum sem þessum.

Ég get ekki komist hjá því að segja litla sögu af viðskiptum mínum við banka erlendis. Ég dvaldist í Bretlandi í þrjú ár á yngri árum. Þá voru ekki einu sinni námslán, stúdentar fengu ekki einu sinni regluleg námslán. Við fengum peninga frá vinum og vandamönnum mjög svo óreglulega, lögðum inn í bankann í hverfinu og fengum þá peninga sem við þurftum hvort sem eitthvað var inni á reikningnum eða ekki. Við fengum meira að segja að yfirgefa landið án þess að vera búin að gera upp við bankann og það var ekkert vandamál. Menn geta hins vegar gert sér í hugarlund hvaða skuldir við borguðum fyrst þegar heim var komið. Einmitt þannig á að ríkja traust milli viðskiptastofnunar hverrar fjölskyldu og fjölskyldunnar sjálfrar. Hirðuleysi margra, sem vissulega er líka fyrir hendi, um að greiða skuldir sínar til bankanna stafa ekki síst af því að milli þessara aðila ríkir ekkert traust. Hvor um sig fyrirlítur hinn og slíkt er aldrei gott í neinum viðskiptum.

Þetta held ég nú að allflestir hv. þm. viti innst inni en einhvern veginn hefur það verið svo að það hefur verið afar erfitt að fá setta löggjöf um hin ýmsu form viðskipta sem sífellt er verið að bæta á þjóðarbúið. Ég minnist áralangrar baráttu minnar við hið háa Alþingi fyrir því að það setji lög um greiðslukortaviðskipti. Loksins núna er frv. hér í þinginu, ekki er nú að sjá að það sé á neinni hraðferð í gegnum þingið og yrði ég ekki hissa þótt það dagaði uppi á þessu þingi sem og öðrum.

Eins og réttilega segir í grg. þá eru engin almenn lög um skuldabréf hérlendis. Það er auðvitað fullkomlega fráleitt þar sem næstum hver einasti Íslendingur sem er sjálfum sér ráðandi og fjárráða hefur einhver afskipti af skuldabréfaviðskiptum. Ég fór einmitt að hugsa þegar ég las þetta frv. hvers vegna þetta hefði ekki verið sett sem brtt. við lög um viðskiptabanka og sparisjóði. Það kann vel að vera rétt sem hér segir að ástæðan fyrir því sé að auðvitað láni fleiri fé en þær stofnanir. Öll þessi nýju verðbréfaþjónustufyrirtæki koma svo til hvert af öðru og eftir því sem ég las í helgarblöðunum er enn eitt að bætast við. Þau taka við enn einum hópi af fólki sem er í vandræðum, fyrirtækjum sem eru í vandræðum, maka krókinn á vandræðunum og öll höfum við séð hvaða afleiðingar það hefur haft, jafnt fyrir fjölskyldur sem fyrirtæki. Það er satt að segja vítavert fyrir hið háa Alþingi að hafa látið þessa þróun mála yfir sig ganga nær athugasemdalaust um árabil án þess að taka á þessum vandamálum.

Menn eru sífellt að tala um að laun hækki og eins og ástand mála er í þjóðfélaginu þá verða þau að hækka. Þau eru allt of lág hjá allt of stórum hópi manna. Hitt er svo annað mál að það mætti spyrja sig: Af hverju eru þau of lág? Það skyldi nú aldrei vera að fólk gæti hugsanlega lifað á launanum sínum ef það væri ekki með skuldir sem krefjast jafnvel allra launanna í afborganir hvern einasta mánuð. Slíkt efnahagslíf er auðvitað fullkomlega út í hött og árangurinn sjáum við allt í kringum okkur. Fólk sem er örþrota, er að missa heimili sín og jafnvel fjölskyldur sínar og allt það sem því fylgir, þeir harmleikir sem þar eiga sér stað og svo sannarlega hafa endað á skelfilegasta hátt og eru mörg dæmi um það.

Það er þess vegna svo sannarlega mál til komið að reynt sé að taka á þessum málum og ég vil þess vegna lýsa eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. Ég hef ekki svo farið í gegnum það að ég fullyrði að á því séu engir annmarkar. Það kann vel að vera að þeir séu og ég vænti þess að hv. fjh.- og viðskn. fari gaumgæfilega í gegnum það og þetta mál verði vel unnið í nefnd. En ég held að sú meginhugsun sem í því felst sé meira en tímabær og mikil nauðsyn að þetta þing líði ekki án þess að á þessum málum sé tekið.

Hitt er svo annað mál að eftir stendur að taka á bankamálum landsmanna. Allflestir Íslendingar fá núorðið laun sín inn á bankareikning og eru þar með fastir viðskiptavinir hver síns banka. Sá banki á auðvitað að hafa skyldur við það fólk og vera fær um að gera sér grein fyrir því hvað það fólk þolir af mánaðarlegum greiðslum og haga sér samkvæmt því. Það kynni þá að vera að við gætum sparað okkur rekstur stórra stofnana sem eru í raun og veru ekki að gera neitt ann-

að en að taka við því fólki sem ekki hefur neitt traust í bönkum landsins né neitt traust á sínum eigin banka og er þess vegna í vandræðum. Við þekkjum erlendis og í næstu nágrannalöndum að þegar fólk hyggur á íbúðarkaup fer það til síns banka. Þar er farið ofan í það hvað maðurinn er líklegur til að geta greitt á mánuði og síðan lánar bankinn það sem maðurinn þarf. Menn eru ekki í þessu uppnámi með fjármál sín eins og allflestir Íslendingar eru, því miður.

Þetta vildi ég nú leggja inn í þessa umræðu og treysti því að hv. alþm., sem augljóslega hafa ekki mikla trú á því að þetta frv. sé einhvers virði þar sem hér eru aðeins örfáir til að hlýða á mál okkar, þeir fáu sem hér sitja inni, veiti þessu frv. athygli og vinni að því að það fái góða meðferð í þeirri nefnd sem því verður vísað til.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að þakka þingkonum Kvennalistans framlagningu þessa frv. sem að mínu viti er brýnt. Því miður er það svo að reynsla undanfarinna ára sýnir að það er alveg nauðsynlegt að fram komi frv. og sett verði lög um þau atriði sem fjallað er um hér. Auðvitað á það að vera grunnatriði að viðskiptatraust viðkomandi lántakanda sé aðalgrunnurinn að tryggingu fyrir því láni sem hann tekur. Það er ekki þannig. Ég veit ekki um neinn Íslending sem getur tekið 100 þús. kr. víxil í banka án þess að útvega einn ef ekki helst tvo ábyrgðarmenn. Þá verða menn, jafnvel þó að augljóslega séu þeir öruggir greiðendur, í fyrsta lagi að ganga fyrir sína vini eða ættingja til að fá þá til að rita sem ábyrgðaraðila á jafnvel lægstu fjárskuldbindingu. Þetta sýnir að greiðslugeta lántakandans er ekki lögð til grundvallar.

Kannski er þetta nú minna mál en hitt að Íslendingar hafa undanfarið, og reynslan sýnir það, verið ákaflega ógætnir þegar að því kemur að skrifa upp á fjárskuldbindingar fyrir vini eða kunningja eða jafnvel ættingja. Allt of fáir gera sér grein fyrir því hvað það þýðir að skrifa upp á slíkar skuldbindingar og í allt of mörgum tilvikum hafa slíkar skuldbindingar lent á ábyrgðarmönnum sem grandalausir hafa ritað undir gífurlegar fjárskuldbindingar. Oft eru þetta ættingjar og því miður eru of mörg dæmi um það að heilu fjölskyldurnar missa sínar eignir vegna slíkra uppáskrifta. Ég held þess vegna að það sé jafnframt mjög mikilvægt í þessu frv. að lánastofnun verði, a.m.k. ef um verulegar fjárskuldbindingar er að ræða, að gera þeim grein fyrir eðli málsins sem upp á slíkar áskriftir rita.

Það eru ótrúlegar sögur af því hvernig Íslendingar bregðast við að taka á sig ábyrgðir jafnvel vegna ókunnugra aðila. Alþingi Íslendinga er ekki rétti staðurinn til að segja slíkar sögur en ég hef heyrt svo ótrúlegar sögur að það er vart hægt að trúa þeim ef ekki lægju fyrir nokkuð öruggar sannanir. Jafnvel eru dæmi um það að maður sem gengur inn á rakarastofu til að láta klippa sig bregst við af liðlegheitum þegar annar kemur inn og finnur ekki réttan rakara til að skrifa upp á fyrir sig og skrifar upp á ábyrgðarvíxla vegna greiðslukorta eða annars slíks og lendir svo í að missa íbúðina sína á endanum fyrir allt saman. Þannig hafa Íslendingar talið það sjálfsögð liðlegheit í gegnum árin að taka á sig fjárskuldbindingar og ábyrgðir annarra án þess að gera sér nokkra grein fyrir því hvað því getur fylgt. Með tilkomu raunvaxta og lánskjaravísitölu hafa hins vegar málin snúist þannig að liðlegheitin hafa orðið martröð fyrir allt of marga.

En ekki bara það, heldur eru dæmi um og þau of mörg að bankar og lánastofnanir hafa látið sig hafa það að láta lántakendur afla ábyrgðarmanna meðal vina sinna og kunningja á víxla sem undirritaðir eru blankó. Tryggingarvíxlar, sem ekki er nein upphæð á, heldur ótilgreind ábyrgð sem enginn veit í rauninni hvar endar. Slíkt ætti auðvitað að vera alveg gersamlega bannað og margir hafa farið flatt á slíkum undirskriftum.

Þess er getið hér að ekki sé löggjöf um skuldabréf. Ég held að hér á landi sé mjög mikilvægt að slík löggjöf sé sett. Flestir sem undirrita skuldabréf í dag, hvort sem það er sem ábyrgðarmenn eða lántakendur, gera sér ekki grein fyrir ýmsum ákvæðum í texta slíkra skuldabréfa, t.d. því að falli ein einasta afborgun hefur lánveitandi eða eigandi skuldabréfsins í langflestum tilvikum rétt til að gjaldfella allt skuldabréfið með því sama. Ég þekki dæmi um að skuldabréf til tíu ára, sem borgað er af tvisvar til þrisvar sinnum á ári, hefur verið gjaldfellt allt við það að fyrsta eða önnur afborgun af því gjaldfellur, fyrsta eða önnur af 30. Og það þýðir að öll skuldin til 10 ára er sett á dráttarvexti um leið. Þetta er leikur sem innheimtumenn leika mjög gjarnan því að við erum í þeirri stöðu nú að við höfum hér atvinnuinnheimtumenn sem kunna sitt fag til hlítar og hafa lært á allar þær aðferðir sem færar eru til þess að hámarka þann afrakstur sem unnt er að ná við innheimtu slíkra skulda. Það þýðir að við greiðsluþrot á jafnvel einni afborgun getur viðkomandi lent í því að vera með 10 ára lán á dráttarvöxtum í heild. Og eins og dráttarvextir hafa verið hér að undanförnu held ég að flestir geri sér grein fyrir því að ef um einhverja upphæð að ráði er að ræða, þá líður ekki langur tími þar til viðkomandi aðili á enga leið út. Svo ört hækka dráttarvextirnir.

Ég ætla ekki að rekja þetta mál hér frekar. Það þyrfti og væri sjálfsagt hægt að fara um það miklu, miklu fleiri orðum. Fyrsti flm. flutti hér ítarlega og mjög ágæta ræðu með þessu frv. Þetta mál mun fara í nefnd. Ég mun fyrir mitt leyti leggja áherslu á að það fái hraða og vandaða afgreiðslu ef það kemur til þeirrar nefndar sem ég sit í, fjh.- og viðskn. Nd., og ég fullyrði að hér er um hið þarfasta mál að ræða og tímabært að fram komi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu tekur fyrst og fremst á einum þætti þessa máls, þessa flókna máls. Ég hef nú aðeins hlaupið yfir þetta frv. og 3. gr. er sú grein sem er mest afgerandi í raun og veru í þessu frv. Eftir sem áður eru leiðir til þess að fá lán með ábyrgð eða veði annarra. En það ástand sem ríkir í þjóðfélaginu nú — höfum við ekki treyst okkur til eða haft frumkvæði á að reyna að fara með það hér inn

á þing til einhverrar lausnar. Þar á ég við hvernig er farið með þetta fólk sem er komið í greiðsluvandræði sem í mörgum tilvikum getur með þá nýju veði, viðbótarveði, fengið skuldbreytingu þar sem þá er bætt við, hækkaðir vextir af þessum nýju lánum. Þetta er mest aðkallandi málið í öllu þessu kerfi.

Ég hef verið að reyna að kynna mér hvernig þetta er erlendis og það hefur nú komið fram hér hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að ef menn búa t.d. á Norðurlöndum og fara inn í banka, þá verða menn að koma með öll spilin á borðið. Það er ekki eins og hér. Ef maður biður þar um, ja, við skulum segja bara milljón, þá meta þeir hvað menn þurfa til þess að það sé einhver von að þeir geti staðið undir greiðslunum, þ.e. það er ekki eins og hér þar sem maður fær kannski þriðjung eða í mesta lagi helming af því láni sem menn þurfa til þess að geta rekið t.d. fyrirtæki. Síðan líður stuttur tími þangað til menn komast í greiðsluþrot og þá kemur að þessu að vextirnir hækka. Það er ljótt að þurfa að segja það, en þetta er í mínum huga mafíustarfsemi. Á þessu máli þyrfti auðvitað að taka og ég er búinn að leggja mikla vinnu í það að reyna að finna leiðir út úr þessu með ýmsum mönnum en því miður hefur mér ekki tekist að ljúka því verki þannig að ég sé það að á þessu þingi verður lítil von um það hér á eftir að það nái fram að ganga. En þetta er einn þáttur í þessu máli og að einu leyti að mér sýnist fljótt á litið mikils vert að bankinn eða lánastofnunin verður að gera þeim, sem skrifa upp á eða lána veð, grein fyrir áhættunni sem þeir taka af því. Hitt þekki ég ekki. Það sem ég veit um þetta, þá held ég að ábyrgðarmanni sé alltaf gert viðvart um leið og þetta er komið í vanskil, ég veit ekki annað, þannig að menn fylgjast með því. En þegar maður skrifar upp á sem við sjálfsagt gerum að einhverju leyti öll fyrir okkar ættingja, þegar það er komið í vanskil, þá stendur oft þannig á að menn ráða ekki við það, þeir sem hafa skrifað upp á, öðruvísi en að taka þá dýr lán eða jafnvel taka við lánunum.

Hins vegar þekki ég ekki það sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði hér áðan að þó að þeir gjaldfelli lánin, þá hefur a.m.k. í ríkisbönkunum alltaf verið leið til þess að semja um það að þeir taki það til baka ef það er hægt að koma málum í lag eða þá að skuldbreyta. Hins vegar er það með öll vanskil að þar eru dráttarvextir og alls konar kostnaður.

Hér er um afskaplega alvarlegt mál að ræða. Forustumenn þjóðarinnar eru að tala um að það sé ekki hægt að ná vöxtum niður með handafli. Vextir voru hækkaðir með handafli. Þeir voru hækkaðir með handafli bæði 1984 og 1988. Nú er verið að tala um að það sé nauðsyn að hækka raunvexti um 2–3%. Þjóðfélagið sé þannig að það sé grundvöllur fyrir 2–3% raunvaxtahækkun ofan á 8,2–8,6% sem er í viðskiptabönkunum og auðvitað hærra annars staðar. Og ef menn þurfa að skuldbreyta, þá enn þá hærra.

Það hringdi í mig bóndi sem er allskuldugur, sagðist hafa þurft í skuldbreytingu að skrifa undir með 10,5%. En við sem erum hér á löggjafarþinginu náum ekki saman þó við hugsum eins til þess að taka á þessari svívirðu sem viðgengst í þjóðfélaginu að þessu leyti. Við náum bara ekki saman. Það er það sem er að.

Ég mun nú skoða þetta frv. mikið betur en mér hefur tekist, jafnvel ef ég sé mér það fært að koma með einhverjar breytingar, ef ég held að það skemmi ekki fyrir framgangi þess. Ég geri það ekki ef ég held það. En þetta er bara einn liður í þessu og það þarf að hugsa um hina.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði áðan að menn ættu að geta farið í bankana til þess að fá lán en ekki í Húsnæðisstofnun. Munurinn er sá að ef menn taka lán í Húsnæðisstofnun, þá geta þeir venjulega látið sína eign, sína íbúð að veði. En bankarnir hafa þann sið að ef það hvílir á t.d. að 60%, þá fá þeir ekki lán nema með ábyrgð eða annarri tryggingu og þetta skulum við líka hafa í huga. Bankarnir eru þannig að þeir lána til svo stutts tíma að það getur enginn staðið við það. Það er eitt. Það getur enginn staðið við það. Þannig að auðvitað ættu þeir sem sjá og skilja hvað er að gerast í þjóðfélaginu, eignatilfærsla sem er og allt þetta svínarí, auðvitað hefðu þeir átt að ná saman og reyna að gera þær ráðstafanir sem til þarf. Auðvitað er gott að flytja svona frv. En við erum nú búin að vera lengi hér. Það á ekki greiðan gang í gegnum þingið nema fleiri, helmingurinn af þingmönnum a.m.k., nái saman.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem til máls hafa tekið góðar undirtektir. Það eru aðeins örfá atriði sem ég ætlaði að drepa á.

Varðandi orð hv. 6. þm. Norðurl. e., þar sem hann sagði að 3. gr. frv. væri sú mikilvægasta, þá vil ég vekja athygli hans á því að verði ákvæði 1. gr. að lögum, þá eru þau hin langmikilvægustu. Þar með yrði sumt af þeim vanda er hann lýsti e.t.v. ekki framtíðarvandi í sama mæli og nú er.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta frv. eitt og sér leysir ekki öll þau mál sem leysa þarf í sambandi við greiðsluerfiðleika í þessu samfélagi, en ég er sannfærð um að það mun leysa einhver mál og hvert eitt skref hlýtur að skipta máli.

Í öðru lagi vil ég aðeins til glöggvunar geta þess að vissulega er það rétt að ábyrgðarmönnum er gert viðvart ef skuld er komin í vanskil. Það á hins vegar ekki við um eiganda veðs og því eru þau ákvæði mikilvæg sem þar eru þó þau séu aðeins varnagli í þeim undantekningartilvikum þar sem krafist er þess að fengin sé ábyrgð í eign annars manns.

Í þriðja lagi langar mig að taka undir það sem fram hefur komið hjá ýmsum hér að samkvæmt núgildandi siðum í lánaviðskiptum, því ekki eru þeir nú allir bundnir við reglur, þá eru hagsmunir lánveitenda ávallt tryggðir en hagsmunir lántakenda og þeirra sem lána ábyrgðir, hvort sem um er að ræða sjálfskuldarábyrgðir eða veð, ekki að sama skapi, þeim er ekki sýnd sú sama virðing að þeirra hagur sé alltaf tryggður.

Í fjórða lagi vil ég aðeins geta þess að verði þetta frv. að lögum, þá vonast ég til þess að gerbreyting verði á öllum grundvelli bankaviðskipta og ég tek ekki

síst undir þau orð hv. 13. þm. Reykv. að hér er um málefni að ræða sem varðar fyrst og fremst og ekki síst fjölskyldur þessa lands og málið er flutt í þeim tilgangi að liðsinna þeim ef verða mætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. ÁHE, 193. mál (alþingiskosningar o.fl.). — Þskj. 228.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga. Í stuttu máli er þar gert ráð fyrir í fyrsta lagi að sami kosningarréttur gildi fyrir alla landsmenn, í öðru lagi að landinu verði skipt upp í einmenningskjördæmi, í þriðja lagi að Alþingi starfi í einni málstofu og tínt til margt annað smotterí sem til betri vegar kann að horfa hér í þjóðfélaginu.

Ég þakka forseta fyrir það langlundargeð að hlýða á mál mitt og að öðru leyti vísa ég áhugasömum þingmönnum á þskj. 228.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. ÁHE, 226. mál (útgjaldafrumvörp). — Þskj. 308.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 52/1985. Við 18. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

„Ef í lagafrv. er gert ráð fyrir útgjöldum úr ríkissjóði má ekki taka það til meðferðar nema einnig sé í frv. ákvæði um samsvarandi tekjur fyrir ríkissjóð."

Virðulegi forseti. Þetta er að mínu mati stórmál og í rauninni eina leiðin til þess að hægt sé að ganga frá hallalausum ríkisbúskap.

Við fáum árlega hvert erindið á fætur öðru fram hér á hv. Alþingi þar sem gert er ráð fyrir að úr ríkissjóði verði varið svo og svo miklum peningum til þess að greiða fyrir eitt og annað án þess að nokkuð sé lagt til hvar á að taka þessa peninga, hvar eigi að afla þeirra eða hvar eigi að skera niður svo að nota megi sparnaðinn.

Þar sem stærsta verkefni Alþingis er að setja fjárlögin, þá hlýtur það að vera markmiðið að hafa fjárlögin í jafnvægi, að gjöld og tekjur standist á og ríkissjóður skili helst einhverjum afgangi til þess að mæta hugsanlegum áföllum.

Þess vegna á þingmönnum ekki að vera heimilt að ávísa á ríkissjóð nema sýna fram á raunhæfar tekjur í staðinn og rökstyðja þær. Annars má búast við því að hallinn aukist ár frá ári uns hann vex ríkissjóði endanlega yfir höfuð.

Á mörgum nágrannaþingum okkar eru ríkar hefðir fyrir því að þingmenn geri ekki útgjaldatillögur nema jafnframt sjái þeir fyrir tekjum á móti.

Á Alþingi Íslendinga virðist hins vegar ríkja sama hefð með öfugum formerkjum. Hér er stöðugt ávísað á ríkissjóð án þess að gera grein fyrir hvar fjárins skuli aflað.

Virðulegi forseti. Nái þetta frv. fram að ganga mun öll fjárlagagerð á Íslandi verða bæði ábyrg og raunhæf. Tími fjárlagahalla er þá væntanlega allur og eftirsóttur jöfnuður mun ríkja framvegis í þjóðfélaginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

43. fundur, miðvikudaginn 16. jan., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðislánastofnanir og húsbankar, 1. umr.

Frv. GuðmÁ. 232. mál. — Þskj. 333.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um húsnæðisstofnanir og húsbanka en frv. þetta er á þskj. 333 og er 232. mál þessa þings.

Þetta frv. sem ég legg hér fram er endurflutt frá síðasta þingi og raunar frá þinginu þar áður. Þá lagði ég ásamt Júlíusi Sólnes fram frv. mjög líkt þessu, en þetta hefur verið endurbætt og við greinargerð frv. bætt þeim breytingum sem eru í tengslum við þau lög sem nú hafa verið samþykkt um húsbréf. En ég tel rétt að gera betur grein fyrir þessu með því að lesa upphaf grg. Þar kemur það mjög skýrt fram hvernig þetta er hugsað:

„Þetta frv. er nú endurflutt í þriðja sinn. Það var fyrst lagt fram á Alþingi veturinn 1987–1988 af þingmönnum Borgfl. í efri deild, Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni. Frv. fékk þá enga afgreiðslu og var ekki sent út til umsagnar fyrr en þingi lauk þá um vorið. Haustið 1988 var frv. endurflutt án þess að fá þinglega meðferð. Í ljósi þess að enn á ný er hafin mikil umræða um húsnæðislánamál þjóðarinnar og vandamálin hafa aukist frekar en minnkað við tíðar breytingar, sem hafa verið gerðar á húsnæðislánakerfi landsmanna, virðist ekki vanþörf á að taka þetta frv. til rækilegrar meðferðar á hinu háa Alþingi nú.

Það er skoðun flm. að húsnæðismálin séu komin í algert óefni. Hinar sífelldu breytingar, sem hafa verið gerðar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á kjörtímabilinu, hafa ekki orðið til þess að bæta ástandið í húsnæðismálum þjóðarinnar. Einn megingalli kerfisins er sá að það er algerlega á vegum ríkisins þrátt fyr-

ir að fjármagn til húsnæðislána komi að langmestu leyti frá lífeyrissjóðunum. Nær væri að láta þá sem leggja til fjármagnið, þ.e. lífeyrissjóðina, spreyta sig á því að tryggja sjóðfélögum sínum skynsamleg húsnæðislán. Það litla fjármagn, sem ríkissjóður leggur fram til húsnæðislána, réttlætir ekki að ríkisvaldið hafi allt frumkvæði við að móta húsnæðislánastefnu landsmanna.

Það hefur ætíð verið mikið áhættuspil að leggja út í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði á Íslandi, einkum hjá launafólki. Það hefur aldrei verið hægt að treysta því að nægilegt fjármagn til útlána sé tryggt fyrir hvert ár í senn og að vaxtakjör séu ekki sífellt að breytast. Því hafa myndast langar biðraðir í öllum þeim húsnæðislánakerfum sem reynd hafa verið og húsbyggjendur og íbúðarkaupendur hafa ekki getað reitt sig á húsnæðislánin í fjármálalegum forsendum sínum fyrir íbúðarkaupum eða húsbyggingum. Þetta hefur verið áberandi síðustu árin, einkum eftir að sú breyting varð að lánum úr Byggingarsjóði ríkisins og lífeyrissjóðunum var slegið saman og hið nýja húsbréfakerfi hefur lítið bætt þar úr. Á árinu 1986 kom til samkomulag um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins sem jók fjárstreymi til hans svo um munaði. Samkvæmt því skyldu allir sjóðfélagar, sem hefðu 20 mánaða lífeyrissjóðsréttindi í þeim sjóðum sem samþykkt höfðu að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, fá lán hjá Húsnæðisstofnun. Aðrir, þ.e. þeir sem ekki hefðu slík réttindi, voru ekki taldir skipta máli. Þannig var ætlað að loksins hefði fundist leið til að tryggja rekstur húsnæðislánakerfisins með ríflegu fé til útlána og koma til móts við íbúðarkaupendur með hærri lánum en áður höfðu þekkst.

Þetta gekk ágætlega í fyrstu, en fljótlega fór að bera á löngum biðröðum í 1986-kerfinu sem ágerðust þegar fór að líða á kjörtímabilið. Þannig voru um 9500 umsóknir óafgreiddar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í upphafi árs 1988 sem allar voru taldar réttmætar. Hins vegar var ekkert gert til þess að stytta þessar biðraðir. Þeir einir áttu rétt á fullu láni sem voru aðilar að lífeyrissjóðum sem höfðu fullnægt kaupskyldu sinni gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins. Hins vegar var ekki tekið tillit til þessa ákvæðis. Lán voru ekki skert til einstaklinga sem voru aðilar að lífeyrissjóðum sem ekki höfðu staðið við samninginn, þ.e. að kaupa skuldabréf fyrir allt að 55% af ráðstöfunarfé sjóðsins á ári hverju. Þá hefði verið auðvelt með einfaldri lagasetningu að láta allar óafgreiddar umsóknir falla úr gildi við hver áramót og krefjast nýrra umsókna. Þetta eitt hefði væntanlega losað stofnunina við flesta þá sem einungis sóttu um húsnæðislán til að tryggja rétt sinn án þess að hafa raunverulega þörf fyrir lán. Enn fremur var lítið aðhafst til að þrengja aðgang að kerfinu sem þó hefði verið auðvelt.

Á árinu 1989 fór að bera á mikilli fjárvöntun í 1986-kerfinu sem stafaði meðal annars af þeim mikla vaxtamun sem var á innlánum og útlánum byggingarsjóðanna. Framlag ríkisins til sjóðanna fór sífellt minnkandi og gat því hvergi nærri staðið undir þessum mikla vaxtamun, en haustið 1989 nam hann um 3% á almennum byggingarsjóðslánum. Í desember 1989 fékk félmrh. samþykkta vaxtahækkun á öllum nýjum útlánum úr 3,5% í 4,5%, þ.e. lánum sem afgreidd voru eftir 3. des. 1989. Borgfl. hafði lagt til að vextir á öllum skuldabréfalánum Byggingarsjóðs ríkisins frá 1984 yrðu hækkaðir í tæp 4% eins og heimild í skuldabréfunum var til sem hefði gefið meiri tekjur fyrir sjóðinn, en um það sýndist geta náðst samkomulag í húsnæðismálastjórn. Félmrh. vildi ekki fara þessa leið, og olli vaxtahækkunin á nýjum lánum eingöngu miklum deilum í húsnæðismálastjórn, einkum við fulltrúa launþega, og varð til þess að rýra gildi 1986-kerfisins enn frekar. Nú síðla árs 1990 er orðið ljóst að gamla kerfið frá 1986 hefur runnið sitt skeið á enda án þess að það hafi verið fullreynt. Vegna vaxtamunarins og ónógra framlaga úr ríkissjóði stefnir það í gjaldþrot.

Þeirri skoðun hefur oft verið hreyft að bankakerfið eigi að taka að sér húsnæðislánin." M.a. hafa fulltrúar Sjálfstfl. hér á þingi mælt með þeirri leið. „Bankarnir geti algerlega séð um öll húsnæðislán og þurfi ríkið ekki að skipta sér frekar af þeim. Flm. telur að slíkt kerfi muni aldrei geta gengið í þessu fámenna þjóðfélagi. Bankarnir eiga fullt í fangi með að sinna lánum til atvinnurekstrar, veita lán til skamms tíma til að fjármagna kaup á alls kyns neysluvörum, bílum, heimilistækjum og Spánarferðum, svo eitthvað sé nefnt. Þeir veita einnig skammtímalán vegna húsbygginga og íbúðarkaupa og munu þurfa að halda því áfram hvaða húsnæðislánakerfi svo sem fundið yrði upp. Það að veita langtímaveðlán, allt að 40 ára lán, vegna fasteigna samræmist illa þeim bankarekstri sem landsmenn þekkja til. Þá hefur þessari spurningu heldur ekki verið svarað: Hvar eiga bankarnir að finna eða skapa það fjármagn sem óseðjandi húsnæðislánakerfið þarfnast? Má benda á það að bankarnir mundu aðallega geta sinnt þeim sem hafa góða afkomu og ættu auðveldara með að greiða hina háu markaðsvexti af húsnæðislánum bankanna. Eftir sem áður verður nauðsynlegt að ríkisvaldið sinni málefnum þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Þannig verða félagslegar íbúðir áfram að vera undir verndarvæng ríkisins og eins verður að sinna ungu fólki sem er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og hefur hreinlega ekki bolmagn til þess að *standa undir miklum lánum með markaðsvöxtum.*

Flm. leggur því til að tekið verði upp tvöfalt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi sjái ríkið aðeins um lánveitingar til bygginga með félagsleg markmið og til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í þessu skyni verði Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir. Hafa þingmenn Borgfl. þegar lagt fram á Alþingi ítarlegar brtt. við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins og þar fjallað um hlutverk hins sameinaða byggingarsjóðs ríkisins eins og hér segir:

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði"" eins og þar er kveðið nánar á um. En þar er einmitt verið að tala um

lágtekjufólk, íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð, verndaðar íbúðir fyrir öryrkja, verndaðar íbúðir fyrir aldraða og leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka.

„„Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka, svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili.“

Þetta leiðir af sér að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins verður aðallega að annast lánveitingar, hugsanlega með niðurgreiddum vöxtum eða sérstökum skattaívilnunum til 1) íbúða fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaða), 2) þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, 3) byggingar leiguíbúða í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og hagsmunasamtök launþega, 4) byggingar verndaðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja, 5) að takast á við sérstök verkefni, félagsleg, tæknileg og fjárhagslegs eðlis.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flm. hefur fengið, munu þeir sem þannig ættu rétt á húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vera tæplega 40% af þeim sem sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni. Ljóst er að mun auðveldara verður fyrir Húsnæðisstofnun að sinna þörfum þessa takmarkaða hóps. Starfsemi hennar, og fjárþörf umfram það sem endurgreiðslur lána tryggja, verður eftir sem áður fjármögnuð með ríkisframlögum og skuldabréfaútgáfu. Ljóst er að aðeins er hægt að veita hagstæð lán til ofangreindra forgangshópa.

Í öðru lagi þarf að sinna þeim sem ekki koma til með að eiga aðgang að Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er sá hópur sem þegar á íbúð og hefur væntanlega fengið lán á hagstæðum kjörum hjá Húsnæðisstofnun áður. Þetta munu vera rúmlega 60% þeirra sem eru á almennum fasteignamarkaði. Hér er um að ræða íbúðareigendur sem ætla að stækka við sig eða minnka við sig, breyta eða lagfæra íbúðir sínar, þurfa að flytja á milli staða og selja og kaupa íbúð þess vegna, svo að dæmi séu tekin. Til greina gæti þó komið að aðeins hluti þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð fái lán gegnum hinn sameinaða byggingarsjóð, þ.e. hinir tekjulágu. Hinir mundu þá eiga aðgang að hagstæðum húsnæðislánum gegnum húsbanka lífeyrissjóðanna sem yrði gert skylt að vera með sérstakar lánaraðir í þessum tilgangi.

Til þess að tryggja aðgang allra landsmanna að hagstæðum langtímaveðlánum vegna fjárfestingar í fasteignum telur flm. að nauðsynlegt sé að koma upp sérstökum húsnæðislánastofnunum, húsbönkum, sem hafi það hlutverk eingöngu að veita slík lán. Slíkir húsbankar verða að lúta lögmálum þess fjármagns- og viðskiptakerfis sem landsmenn búa við, en með heppilegri löggjöf má ætla að þeir geti haft jákvæð áhrif á þróun fjármála í landinu, einkum lánskjör og stefnumótun í verðtryggingar- og vaxtamálum. Flm. gerir ráð fyrir að bankarnir, tryggingafélög, hagsmunasamtök launþega og lífeyrissjóðirnir muni koma upp slíkum sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum eða húsbönkum. Er talið eðlilegast að lífeyrissjóðirnir og launþegasamtökin hafi frumkvæði að því. Mikilsvert er að vel til takist. Almenningur verður að geta borið fullt traust til slíkra lánastofnana ef á að vísa honum að hluta til frá húsnæðislánakerfi ríkisins yfir til sjálfstæðra stofnana.

Það lagafrv. sem hér er lagt fram og skilgreinir starfsemi slíkra húsbanka, er byggt á erlendum fyrirmyndum. Slíkir húsbankar eru víða starfandi í nágrannalöndum okkar og hafa gefið góða raun. Húsnæðislánakerfi nágrannaþjóðanna virðist yfirleitt vera í góðum farvegi og hinar örvæntingarfullu ráðstafanir, sem sífellt er verið að gera á Íslandi til þess að bjarga gjörónýtu húsnæðislánakerfi okkar, eru óþekktar með öllu. Stjórnmálamenn nágrannalandanna þurfa ekki að hafa mikil afskipti af húsnæðislánamálum, um þau hefur ríkt friður og ró um áratuga, jafnvel alda skeið. Þannig hefur danska húsnæðislánakerfið lítið breyst frá því að fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar um miðja síðustu öld. Það vekur nokkra furðu að Íslendingar skuli ekki hafa borið gæfu til að nýta sér danska húsnæðislánakerfið meðan þeir voru í ríkjasambandi við Danmörku.“

Þá kem ég að húsbönkum og húsbréfum.

„Það form sjálfstæðra húsnæðislánastofnana, sem þetta lagafrv. gerir ráð fyrir, er byggt á ævagömlum hugmyndum frá stjórnartíð Friðriks mikla Prússakonungs sem vildi auðvelda borgarastéttinni að eignast eigið húsnæði og reisa úr rústum atvinnulíf landsmanna eftir stríðið við pilsin þrjú. Fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar í Þýskalandi um miðbik átjándu aldar. Danir tóku þessar hugmyndir til sín og gerðu tilraun til að stofna húsnæðislánastofnun í Danmörku seint á átjándu öld. Það var þó ekki fyrr en um miðbik síðustu aldar að húsnæðislánastofnanir, þar sem lántakendur mynda með sér félagsskap til að fara með og ábyrgjast húsnæðislán þeirra, komu til sögunnar. Dönsku húsnæðisstofnanirnar hafa þróast og breyst gegnum árin, en grundvallarhugmyndin er hin sama, þ.e. lántakendur ábyrgjast sameiginlega öll útlán stofnunarinnar og eru jafnframt félagar í henni. Í seinni tíð hefur þó verið heimilt að húsbankar séu reknir í formi hlutafélags án þessarar samábyrgðar. Er gert ráð fyrir báðum þessum möguleikum í frv.

Húsbankarnir fjármagna útlán sín með útgáfu sérstakra húsbréfa (danska: obligationer), sem þeir hafa einkarétt til að gefa út og selja á frjálsum peningamörkuðum. Í rauninni er um að ræða venjuleg skuldabréf eða spariskírteini sem húsbankinn býður til sölu í samkeppni á fjármagnsmarkaðnum. Ef húsbréfin eru fullkomlega traust og áreiðanleg í líkingu við verðtryggð spariskírteini ríkisins ættu ekki að vera vandkvæði á því að selja þau á hagstæðu verði fyrir stofnunina þannig að nægt fjármagn verði til útlána hverju sinni. Þar sem útlán húsbankans byggja algerlega á sölu húsbréfanna verður að vera jöfnuður milli útgáfu og sölu húsbréfa og útlána. Fyrir hvert nýtt útlán þarf að gefa út og selja húsbréf. Oftast er þetta gert á þann veg að röð húsbréfa er sett á markað með reglulegu millibili og lánsumsóknir afgreiddar í takt við útgáfu bréfanna. Þó er jafnalgengt hjá dönsku húsbönkunum að húsbréfin séu seld frá degi til dags og lánsumsókn-

ir afgreiddar á sama hátt. Biðraðir eftir húsnæðislánum eru óþekkt fyrirbrigði í Danmörku. Lánsumsókn er venjulega afgreidd og lánið veitt innan viku frá því að hún barst.

Dönsku húsbréfin njóta mikils trausts meðal almennings. Algengt var að gefa börnum húsbréf í skírnar- og fermingargjafir. Nú eru það þó fyrst og fremst bankar og tryggingafélög, svo og stærri fyrirtæki og veðbréfamiðlanir sem geyma lausafé sitt í húsbréfum eftir að pappírslaus viðskipti urðu ofan á. Húsbréfin eru auglýst til sölu í öllum bönkum og peningastofnunum. Gengi þeirra, þ.e. söluverð og raunvextir, er skráð á viðskiptasíðum dagblaðanna á hverjum degi. Ef óheppileg þróun söluverðs húsbréfa er fyrirsjáanleg kemur danski seðlabankinn yfirleitt til aðstoðar og kaupir húsbréf í nægilegu magni. Í seinni tíð hefur bankakerfið í Evrópu í æ ríkara mæli farið inn á bein tölvuviðskipti. Þetta hefur gert nauðsynlegt að skilgreina og heimila svokölluð rafeindabréf. Rafeindahúsbréf eru aðeins til í tölvukerfi stórbankanna, tryggingafélaga og verðbréfasala svo dæmi séu nefnd. Þau ganga kaupum og sölum á venjulegan hátt en eru aldrei skráð á pappír. Þannig er hægt að selja eða kaupa mikið magn af húsbréfum á svipstundu.

Svíar hafa farið aðeins öðruvísi að. Þeir hafa ekki lagt eins mikla áherslu á jafnvægislögmálið, þ.e. að ávallt sé sama magn húsbréfa í umferð og útistandandi lán gefa tilefni til. Þeir hafa farið þá leið að gefa út raðir húsbréfa í mjög miklu magni sem boðnar eru til sölu um allan heim, þ.e. sænsku húsbréfin eru skráð til sölu hjá öllum helstu kauphöllum heims. Sænsku húsbréfin hafa yfirleitt fremur stuttan gildistíma, oftast um fimm ár, og henta því sérlega vel sem markaðsverðbréf. Húsnæðislánin, sem sænsku húsnæðislánastofnanirnar veita, eru hins vegar til miklu lengri tíma, og þarf því stöðugt að gefa út nýjar raðir húsbréfa til að hafa tiltækt fjármagn til útlána. Aðalatriðið er þó að húsnæðislán eru fyrst veitt þegar búið er að selja húsbréfin, og hefur hvorki lántakandinn né seljandi íbúðar neitt með sjálf húsbréfin að gera. Þau eru aðeins málefni húsnæðislánastofnunarinnar. Sænsku húsnæðislánastofnanirnar veita öllum sem hafa vilja húsnæðislán, svo fremi að veðhæf fasteign sé til staðar. Þannig geta hús- og íbúðareigendur fengið 40 ára veðlán til að kaupa hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og til ýmissa annarra þarfa.

Aðalatriði þess húsnæðislánakerfis [þ.e. þess sænska], sem byggir á fjármögnun með útgáfu húsbréfa eins og það þekkist t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, eru eftirfarandi. Lánsumsækjandi sendir inn umsókn um húsnæðislán til margra ára. Hann skrifar undir veðskuldabréf fyrir öllu láninu handa húsnæðislánastofnuninni. Þessi veðskuldabréf ásamt varasjóði *stofnunarinnar* er sú trygging sem liggur að baki húsbréfunum. Þess vegna er nauðsynlegt að veðskuldabréfin séu gefin út af stofnuninni og á ábyrgð hennar. Það er ekki hægt að treysta óviðkomandi aðilum fyrir því að gefa út slík veðskuldabréf og ætla stofnuninni að vera einhver skiptimiðstöð fyrir veðskuldabréf og húsbréf. Húsbréfin eru þannig hin eiginlegu verðmæti sem lántakandinn fær að láni, og þurfti hann áður að selja húsbréfin sjálfur, sem stofnunin afhenti honum við móttöku veðskuldabréfsins, til að fá peninga. Í seinni tíð hefur þróunin verið sú að stofnunin sér sjálf um sölu húsbréfanna fyrir lántakanda sem verður því ekkert var við húsbréfin. Hann fær beinharða peninga að láni. Eftir sem áður er stofnunin óháð utanaðkomandi fjármagni sem lagt er til hennar á beinan hátt.

Til að koma upp íslenskum húsbönkum er talið ráðlegt að nota hlutafélagaformið þótt það sé ekki einhlítt. Þá virðist sem sænska húsbréfakerfið henti aðstæðum á Íslandi að mörgu leyti betur en danska fyrirkomulagið. Þessi mál þarf þó að sjálfsögðu að kanna rækilega. Umfram allt verður að forðast við leit að heppilegum leiðum til úrbóta í húsnæðismálum þjóðarinnar að miklum kröftum sé eytt í að finna upp hjólið."

Þegar ég er búinn að lýsa hér á hvaða hugmyndum það frv., sem hér er lagt til, er reist, þá vil ég lýsa því hvernig húsbréfakerfið frá 1989 virkar í samanburði og hver þróunin á því hefur orðið.

„Sumarið 1988 skipaði félmrh. milliþinganefnd allra þingflokka á Alþingi til að huga að nýjum lausnum í húsnæðislánamálum. Áður hafði sérstakur starfshópur á vegum félmrh. undirbúið tillögur um breytt lánakerfi, þar sem m.a. hugmyndir Borgfl. um fjármögnun húsnæðislána með útgáfu og sölu húsbréfa höfðu verið hafðar að fyrirmynd. Það er reyndar athyglisvert að í allri umræðunni um svokallað húsbréfakerfi hefur verið farið með það sem mannsmorð að það voru þingmenn Borgfl. sem fyrstir kynntu hugmyndir um húsnæðislán á grundvelli húsbréfa.

Milliþinganefndin skilaði áliti sínu haustið 1988, en nefndin margklofnaði í afstöðu sinni. Fulltrúar Alþýðusambandsins og þingflokks Framsfl. skiluðu séráliti þar sem þeir lögðu til ýmsar lagfæringar og endurbætur á 1986-kerfinu. Meiri hluti nefndarinnar lagði hins vegar til að tekið skyldi upp húsbréfakerfi sem byggði á innri fjármögnun vegna mikillar eignamyndunar í íbúðarhúsnæði og vaxtabótum í gegnum staðgreiðslukerfi skatta. Júlíus Sólnes, sem var fulltrúi Borgfl. í nefndinni, gerði mjög ákveðinn fyrirvara við nefndarálit meiri hlutans, þar sem talið var að nær allar megingrundvallarreglur um fjármögnun húsnæðislána með útgáfu og sölu húsbréfa, eins og þær þekkjast í öllum nálægum löndum, væru þverbrotnar. Er fyrirvarinn svohljóðandi:

„Nefndin hefur farið ítarlega yfir ýmsar hugmyndir og tillögur til úrbóta á núgildandi húsnæðislánakerfi. Ekki hefur þó verið ráðist að höfuðmeinsemdinni í kerfinu, sem er fólgin í því, að ríkið er með allt á sinni könnu, bæði þá, sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda, og hina, sem geta staðið á eigin fótum. Þetta gerir núgildandi húsnæðiskerfi allt of þunglamalegt og fjárfrekt. Eðlilegra væri, að ríkið sjái aðeins um þá, sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda, en sérstakar húsnæðislánastofnanir, t.d. á vegum lífeyrissjóðanna og bankakerfisins, sjái um alla aðra. Með því myndi skuldabréfakaupskylda lífeyrissjóðanna við byggingarsjóði ríkisins sjálfkrafa falla burt, enda hefur hún

ekki reynst vel.

Á síðasta þingi [og þá er ég enn þá að vísa til nefndarálits Júlíusar Sólnes frá árinu 1988] fluttu þingmenn Borgfl. frv. til laga um sérstakar húsnæðislánastofnanir, sem fjármögnuðu útlán sín með markaðshæfum húsbréfum. Nefndin hefur að hluta til notfært sér þessa hugmynd í því formi að koma upp húsbréfadeild við Húsnæðisstofnun ríkisins. Sú útfærsla, að Húsnæðisstofnun skipti á fasteignaveðbréfum, sem verða til við kaup og sölu fasteigna hjá einkaaðilum, og húsbréfum, er þó frekar vafasöm. Eðlilegra er, að Húsnæðisstofnun gefi sjálf út þau fasteignaveðbréf, sem liggja að baki húsbréfanna.

Vaxtabætur eru í sama anda og aðrar bætur, sem eru greiddar í staðgreiðslukerfi skatta. Flóknar reglur eru settar um fjölskyldustærð og afkomu umsækjenda. Mun betra er að heimila beinan vaxtafrádrátt á skattframtali. Þá er og eðlilegra að viðhalda beinum vaxtaniðurgreiðslum á húsnæðislánum til þeirra, sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda."

Fulltrúar bæði Kvennalista og Alþb. gerðu einnig fyrirvara við meirihlutaálitið.

„Hinu íslenska húsbréfakerfi má einna helst lýsa með eftirfarandi hætti. Fasteignasali útbýr veðskuldabréf í stöðluðu formi sem kaupandi skrifar undir. Seljandi íbúðarinnar hleypur svo með veðskuldabréfið upp í Húsnæðisstofnun þar sem hann skiptir á því og bunka af húsbréfum sem stofnunin hefur látið prenta og gefa út. Áður hefur þó farið fram athugun stofnunarinnar á því að kaupandi íbúðarinnar sé borgunarmaður, þ.e. geti staðið við skuldbindingar samkvæmt veðskuldabréfinu. Hugmyndin er nú sú að seljandinn, ef hann ætlar ekki að kaupa aðra íbúð, geri sig ánægðan með að stinga húsbréfabunkanum ofan í skúffu og geyma hann þar næstu 25 árin og fá inn afborganir og vexti af bréfunum. Með þessum hætti er talið að hægt sé að nýta svokallaða innri fjármögnun í húsnæðiskerfinu, þ.e. nýta hina miklu skuldlausu eða skuldlitlu húsnæðiseign Íslendinga. Gallinn er hins vegar sá að seljandinn flýtir sér yfirleitt að reyna að selja húsbréfin með öllum tiltækum ráðum, og því hefur skapast mikil ringulreið á húsbréfamarkaðnum.

Hið íslenska húsbréfakerfi er því að mörgu leyti meingallað. Markmiðið með innri fjármögnun gengur illa upp. Seljendur verða nú að sætta sig við veruleg afföll á húsbréfum og freistast því til að hækka söluverð húseigna sinna. Þá er slæmt að ríkisvaldið sé að vasast á verðbréfamarkaðnum með ríkistryggð verðbréf við hliðina á spariskírteinum ríkissjóðs. Þá má benda á furðuleg atriði eins og það að sami aðilinn og gefur út húsbréfin hefur einnig nokkra kaupskyldu, þ.e. Byggingarsjóði ríkisins hefur verið gert skylt að kaupa húsbréf í einhverjum mæli. Hann væri þá nánast að kaupa pappíra af sjálfum sér. Miklu nær væri að láta lífeyrissjóðina um að gefa út húsbréfin sem þá yrðu án ríkisábyrgðar en nytu hugsanlega skattfrelsis eins og ríkistryggð skuldabréf. Lífeyrissjóðirnir hafa yfir það miklu fjármagni að ráða að þeir geta auðveldlega baktryggt húsbréfin jafn vel og ríkissjóður.

Grundvallarmismunur á hinu íslenska húsbréfakerfi og þeim sem eru við lýði víðast hvar annars staðar er hins vegar sá að í íslenska kerfinu er ekki höfðað til sparnaðarins í þjóðfélaginu, en það getur leitt til óvæntrar vaxtahækkunar vegna of mikils framboðs eins og þegar hefur komið í ljós. Í húsbréfakerfum erlendis er ætíð byggt á því grundvallaratriði að fyrst eru gefin út og seld húsbréf og síðan eru veitt húsnæðislán þegar peningarnir hafa á þann hátt verið útvegaðir. Þannig er höfðað til sparnaðarins í þjóðfélaginu þegar á að fjármagna húsnæðislán til langs tíma."

Ég ætla að hlífa þingmönnum við að fara yfir lánskjörin nema koma rétt lítillega inn á það, en það er gert ráð fyrir því í frv. með hvaða hætti lánskjörin verði á þessum húsbréfum, sem gert er ráð fyrir í frv. að verði gefin út, með hvaða tryggingu þau verði og við hvað verði miðað. Það er sýnt með töflu á bls. 13 í grg. frv. hvernig þróunin hefur verið, hinna ýmsu gjaldmiðla og svo í samanburði við lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu og launavísitölu og hvernig þær vísitölur íslenskar hafa komið mjög óhagstætt út fyrir íslenska aðila, þá sem skulda vegna húsnæðiskaupa.

Ég hef farið hér að miklu leyti yfir efni frv. og þá grg. sem því fylgir og vil leyfa mér að vísa til þess sem í frv. segir, hverjar hugmyndirnar eru á bak við og að hvaða leyti það frv. sem hér er lagt fram er frábrugðið því sem er í gildi og lagt var fram af hæstv. félmrh. fyrir tæpum tveimur árum síðan og hver sá grundvallarmunur er á þessu og því kerfi. Hann er einkum sá að í því kerfi sem nú er við lýði er það ríkið sem ber hitann og þungann af öllu kerfinu og gefur út húsbréfin með ríkisábyrgð, en í því kerfi sem hér er lagt til eru það fjármögnunaraðilarnir sjálfir, sem eru lífeyrissjóðirnir, sem taka áhættuna og það er þeirra að sjá sínum sjóðfélögum fyrirlán um til þess að kaupa sér íbúðarhúsnæði.

Að lokinni þeirri umræðu sem vonandi verður um þetta frv. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka sem mælt hefur verið fyrir af hv. flm., Guðmundi Ágústssyni. Ég efa það ekki að tilgangur flm. er góður. Það er hans skoðun, eins og hann hefur hér lýst í sinni framsöguræðu, að sú leið sem lögð er til í þessu frv. sé heppilegri en það kerfi sem við búum við núna sem er húsbréfakerfið. Flm. hefur í máli sínu borið saman þessi tvö kerfi og m.a. farið nokkrum orðum um þá ágalla sem hann sér á til að mynda húsbréfakerfinu og síðan kosti þessa kerfis sem hann mælir fyrir fram yfir húsbréfakerfið.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki hafa um þetta mál mörg orð. Ég sé þó ástæðu til þess að benda á verulega ágalla á þeirri leið sem hér er lögð til og ástæða er til að nefna, en þetta er ekki í fyrsta skiptið sem frv. um þetta efni er hér lagt fyrir hv. Alþingi.

Fyrirmyndin að þessari leið er augljóslega danska fasteignalánakerfið þó að segja megi að aðstæður hér og þar séu ósambærilegar, t.d. að því er varðar framboð á lánsfjármagni, en í Danmörku er það langt um-

fram eftirspurn.

Í þessu kerfi sem hér er mælt fyrir er það þannig að svokölluð innri fjármögnun á íbúðakaupum milli aðila þar sem bréf ganga upp í kaup yrði engin samkvæmt þessari leið frekar en í danska kerfinu þar sem skuldabréfin eru alltaf seld á verðbréfamarkaði til að afla fjár til íbúðakaupa og þetta eykur vitanlega eftirspurnina eftir lánsfé í samkeppni við aðrar fjárfestingar.

Ég tel ástæðu til þess að benda á 8. gr. frv. þar sem kveðið er á um að stofnunin sjálf sem fer með þessi viðskipti ákveði mat fasteignarinnar. Þetta atriði hefur orðið samkeppnisatriði milli dönsku fasteignalánastofnananna þar sem fasteignalánastofnanirnar hafa yfirboðið hver aðra og þess vegna valdið miklum erfiðleikum vegna verðfalls fasteigna. Það hafa mörg mál komið upp á sl. tveimur árum þar í landi vegna lánafyrirgreiðslu, t.d. þessara stofnana, m.a. vegna lóða sem aldrei var byggt á o.s.frv., og einnig að það er verið að lána langt umfram veðhæfni eignarinnar en í því felst samkeppnin raunverulega milli þessara aðila.

Ég tel líka ástæðu til þess að benda á að að ýmsu leyti er fjármagnskostnaður íbúðarkaupenda mun hærri í þessu kerfi heldur en í núverandi húsbréfakerfi og má t.d. benda á eftirtalinn kostnað sem kaupendur bera. Það er í fyrsta lagi raunvextir, allt að markaðsvöxtum. Afföll með sölu húsbréfa eru háð eftirspurn og framboði á lánsfjármarkaði. Framlag í varasjóð, eins og fram kemur í 11. og 15. gr., og í Danmörku eru þessi útgjöld veruleg og reiknuð bæði af höfuðstól og síðan hverri greiðslu, 1% af höfuðstól og 1,25–2,5% af hverri greiðslu, sem eykur verulega kostnað íbúðarkaupenda sem ekki er hér. Síðan er sérstakt lántökugjald í þessu kerfi vegna rekstrar, þóknun til verðbréfasala sem er 1,5% í Danmörku við sölu skuldabréfa, þinglýsing, stimpilgjöld og fleira. En eins og ég hef hér upp talið eru nokkrir af þessum útgjaldaliðum sem íbúðarkaupendur hér þurfa ekki að bera.

Í 6. gr. er síðan ákvæði um eignaraðild erlendra húsnæðislánastofnana. Þar er talað um að félmrh. geti heimilað stofnun að efna til samstarfs við hliðstæðar erlendar húsnæðislánastofnanir, m.a. með því að hinar erlendu stofnanir gætu öðlast eignaraðild að innlendum húsnæðislánastofnunum. Í þessu felst að verulegar ákvarðanir um fjármögnun íbúðarhúsnæðis á Íslandi yrðu kannski teknar af erlendum aðilum.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir ýmsum valkostum lántakenda. M.a. er boðið upp á happdrættisbréf með föstum vöxtum eða fasteignalán á bak við bréfin bera breytilega vexti og spyrja má þess vegna: Hver borgar mismuninn? Þetta kemur fram í miklum afföllum af þessum happdrættisbréfum, sérstaklega meðan verðbólga er lítil og menn vænta þess og ef búast má við því að verðbólga aukist. Happdrættisbréf útgefin í hærri verðbólgu gætu hins vegar, ef verðbólga lækkaði, gefið gengishagnað, en þá bæri lánastofnunin kostnaðarmismuninn því með lækkandi vöxtum kæmi minna inn til að standa undir föstum vöxtum.

Verðtryggðu bréfin, sem samkvæmt þessu frv. eiga að gegna litlu hlutverki, eru hins vegar aldrei innleysanleg eins og núverandi húsbréf og mundu þannig einungis höfða til þeirra sem eru að spara fé til 15, kannski 40 ára. Það má einnig spyrja: Hver tekur skellinn ef og þegar þessar húsnæðislánastofnanir eða húsbankar verða gjaldþrota? Varasjóðirnir eiga að vera trygging. En hve langan tíma tekur að byggja þá upp til að taka við áföllum sem geta hlotist af miklum verðbólgusveiflum? Áhætta húsbréfaeigenda yrði þannig veruleg og líklega ríkissjóðs á endanum þegar þessar lánastofnanir yrðu gjaldþrota eða vegna greiðsluerfiðleika lántakenda. Í núverandi húsbréfakerfi er útborgun bréfanna ríkistryggð en samkvæmt frv. er um að ræða tryggingu með varasjóðum. Áhætta eigenda slíkra bréfa er því augljós sem eykur enn á afföll bréfanna auk þess sem búast megi við að fáir hafi áhuga á að eiga þessi bréf til langframa. Þau yrðu því væntanlega mjög mikið í umferð.

Það má einnig benda á hverjum væri til að dreifa hér á landi sem hefðu áhuga eða getu til að koma slíkum stofnunum á fót. Hvorki bankar né lífeyrissjóðir hafa haft áhuga á að vera mikið í slíkum viðskiptum. Lántakendur yrðu hugsanlega sjálfir að bindast einhvers konar samtökum um að koma slíkum stofnunum á fót. En spyrja má líka, hvort þeir séu nógu margir hér og samstæðir til þess að standa í slíku. Danska fasteignalánakerfið hefur þróast í langan tíma eða á annað hundrað ár.

Á bls. 11 í grg. er verið að lýsa íslenska húsbréfakerfinu og talið að þetta kosti íbúðarkaupendur mikil hlaup milli aðila þar sem fasteignasalar útbúi veðskuldabréf í stöðluðu formi sem kaupandi skrifi undir. Seljandi íbúðar hleypur svo með veðskuldabréfið upp í Húsnæðisstofnun þar sem hann skiptir á því og bunka af húsbréfum sem stofnunin hefur látið prenta og gefa út o.s.frv. Því er með öðrum orðum haldið fram að þetta kerfi sé erfitt og þungt í vöfum og kosti íbúðarkaupendur mikil hlaup fram og til baka. En það má benda á í þessu sambandi ákvæði í 14. gr. þessa frv., sem er nokkuð sérkennilegt. Um þá grein segir í athugasemdum, og þá er verið að lýsa þessu kerfi sem hv. þm. hefur hér mælt fyrir:

„Ef lántakandi vill greiða upp lán sitt hjá stofnun verður hann að afhenda henni jafnmikið magn húsbréfa úr þeirri röð bréfa sem seld var til að mynda lánið og svarar til þess er hann skuldar af höfuðstól lánsins."

Ég er nú ansi hrædd um að þetta sé mjög þungt í vöfum og erfitt að sjá hvernig á að framkvæma það. Mér sýnist helst á þessu að sá sem er með slíkt undir höndum þurfi að fara að leita að bréfunum, þ.e. úr sömu röð bréfa, ef hann vill greiða upp lánið og það má benda á hlaupin milli húsbanka ef um fleiri slík er að ræða til að fá sem hæst matsverð eignarinnar.

Ég tel einnig að fjármagnskostnaður, eins og ég hef reyndar hér lýst, íbúðarkaupenda muni aukast. Í stuttu máli: Áhættan í kerfinu yrði mjög mikil, ekki síst vegna ósamræmis fastra og breytilegra vaxtabréfa og fasteignalána. Ég tel einnig að eftirspurnin eftir slíkum lánum yrði að sjálfsögðu mjög takmörkuð ef það er markmið frv. að draga úr íbúðarkaupum.

Ég hef hér stiklað á stóru sem ég tel að séu verulegir ágallar á þeirri leið sem hér hefur verið mælt fyrir, og get ekki séð, virðulegi forseti, að þetta frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka hafi neina kosti fram yfir húsbréfakerfið. Þvert á móti tel ég að á því séu verulegir gallar sem leiða mundu okkur í öngstræti í húsnæðismálum.

Þetta vildi ég að fram kæmi en ég ítreka það að ég veit vel að tilgangur flm. með því að koma með þetta mál hér inn á þing er góður. Það er hans skoðun að þetta sé betra fyrirkomulag heldur en það húsbréfakerfi sem við búum við og við því er raunar ekkert að segja. En ég hef þó talið mér rétt og skylt að vekja athygli á því sem ég sé sem galla á þessari leið.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að taka hér til máls og lýsa sinni skoðun á því frv. sem hér hefur verið lagt fram. Það er greinilegt að hún hefur farið mjög rækilega í þetta frv. og fundið galla þess. Hins vegar hefur hún ekki fundið neina kosti sem því eru samfara annað heldur en það að hugur flm. er greinilega góður.

En lokaorð hæstv. félmrh. voru þau að ef þetta yrði að lögum, þá værum við komin út í algjört öngstræti. Spurningin er sú hvort við séum ekki nú þegar í öngstrætinu og hvort við eigum ekki að reyna að koma okkur úr því. Það er því miður mín skoðun að við höfum ekki borið gæfu til þess á síðustu árum að rata þá leið sem okkur ber að fara í þessum málum. Við höfum eins og ævinlega þegar um vandamál er að ræða komið öllu yfir á ríkið, látið ríkið sjá um hlutina, látið ríkið sjá um það að bera kostnaðinn ef einhver er. Ég viðurkenni það fúslega að þetta hefur kostnað í för með sér fyrir þá sem ætla að njóta lánanna. Hins vegar er það líka spurning: Hver á að bera kostnaðinn? Á það að vera ríkissjóður með þeim auknu sköttum sem mundu brúa það bil eða á það að vera sá sem nýtur lánsins?

Ég viðurkenni það fúslega að áhættan af því að húsnæðisstofnanir verði gjaldþrota eru einhverjar og áhættan af því að bréf af þessu tagi verði ekki eins auðseljanleg og ríkisskuldabréf, eins og þau eru í dag frá Húsnæðisstofnun, er líka töluverð af því að það er munur á því hvort það er ríkið sem stendur að hlutunum eða frjáls samtök. En það sem hér er verið að leggja til og það sem þetta frv. gengur út á er einmitt spurningin um það hvort það séu hinir frjálsu aðilar í þessu þjóðfélagi sem eiga að standa að húsnæðislánunum eða hvort það eigi að vera ríkið og hafa skattpeninga þjóðarinnar í veði. Það er það grundvallaratriði sem er munurinn á þessu frv. og því kerfi sem er í gildi í dag.

Ef við förum yfir það kerfi sem nú er og það kerfi sem var og er raunar enn þá, það kerfi sem átti að leysa af hólmi, 1986-kerfið, þá eru að sjálfsögðu ýmsir kostir í húsbréfakerfinu. Ég neita því ekki. Enda virðist húsbréfakerfið að verulegu leyti, að einhverju leyti alla vega, vera byggt á þeim hugmyndum sem þetta frv. hefur lagt til og þá sérstaklega að nota skyldi húsbréf í staðinn fyrir það lánakerfi sem var 1986, að það skyldu vera húsbréf sem væru í viðskiptum. En húsnæðismálin eru núna í þessu tvöfalda kerfi, það er bæði verið að eiga við kerfið frá 1986, það er enn þá við lýði, jafnhliða því að það er verið að nota húsbréfakerfið. Ég hef lýst yfir þeirri skoðun minni, þó ég sé þar ekki beint að túlka skoðun míns þingflokks, að það eigi að loka kerfinu frá 1986. Ég er einnig á þeirri skoðun að það eigi að hækka vextina til samræmis við það sem gengur á markaðnum. Það gengur ekki lengur að hafa þennan vaxtamun sem leiðir til enn þá verra gjaldþrots byggingarsjóðanna þegar að því kemur. Það verður að fara að taka á þessum málum með einhverjum raunhæfum hætti. Og hugmyndin sem kemur fram í þessu frv. er einmitt að losa ríkið undan þeirri áþján sem húsnæðiskerfið er. Það á að vera nóg fyrir ríkið að hugsa um þá sem minna mega sín, þá sem eru að kaupa íbúðir í fyrsta skipti, þá sem hafa orðið undir í baráttunni, þá láglaunahópa sem þurfa aðstoð við að fá þak yfir höfuðið. En ríkið á ekki að vera að hugsa um þá sem vel geta bjargað sér sjálfir. Þeir eiga að keppa innbyrðis á þeim markaði sem er. Vanti þá lán, þá á ríkið ekki að vera að veita þeim lán með einhverjum afsláttarvöxtum. Á því er þetta frv. byggt. Það er byggt á því að þeir sem geta bjargað sér sjálfir þeir bjargi sér, en þeir sem ekki geta bjargað sér, þar komi ríkisvaldið inn og aðstoði þá við að eignast húsnæði eða fá þak yfir höfuðið.

Þetta vildi ég segja sem svar við ræðu hæstv. félmrh. Ég ítreka það að ég þakka henni fyrir að hafa kynnt sér svona ítarlega þessar hugmyndir. Ég veit að hún er mjög opin fyrir nýjum hugmyndum í húsnæðismálum, m.a. út af því hvernig komið er í þessum málaflokki. Ég hefði kosið að fulltrúar annarra flokka, og þá sérstaklega fulltrúi Sjálfstfl. sem ég hélt að væri inni á línu af þessu tagi, hefðu komið hér upp og tjáð sínar hugmyndir í húsnæðismálum. Ég hef ekki orðið þess áskynja hvaða leið þeir ætla að fara nema þá leið að þeir vilja fela bankakerfinu að sjá um þetta. Ég veit ekki hvort þeir vilja hafa þetta undir hatti ríkisins áfram eða að einkaframtakið og verðbréfamarkaðirnir taki þarna við og sjái um að fjármagna húsnæðiskerfið. Það væri alla vega mjög fróðlegt að heyra þeirra skoðanir.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Í raun er allt of lítil umræða sem á sér stað innan veggja hins háa Alþingis um jafnmikilvægt mál og húsnæðismálin. Reyndar voru á því kjörtímabili sem nú er að ljúka allheitar umræður um þessi mál, ef ég man rétt veturinn 1987–1988, og svo reyndar aftur á þinginu 1988–1989, en síðan hefur verið frekar hljótt um húsnæðismálin og ekki mikið verið fjallað um þau hér í sölum hins háa Alþingis.

Raunar mætti fara fram hér málefnaleg umræða um alla þætti húsnæðislánamála og sérstaklega finnst mér rétt að rætt sé um nýjar hugmyndir þegar þær koma fram. Ég leyni því ekkert að ég átti sjálfur þátt í því að móta það frv. sem hér hefur verið lagt fram og mælt fyrir af hálfu hv. þm. Guðmundar Ágústssonar, en

margt hefur gerst síðan það var lagt fram í fyrsta sinn veturinn 1987–1988 og ýmsar breytingar verið gerðar á húsnæðislánamálum þjóðarinnar, sumar í rétta átt og aðrar hafa kannski valdið glundroða og ýmsum ruglingi eins og gengur. En við erum öll að leita að leiðum til þess að ná því höfuðmarkmiði að tryggja öllum landsmönnum aðgang að heppilegum og hagstæðum húsnæðislánum til þess að auðvelda þeim það verkefni að koma sér þaki yfir höfuðið. Að því marki erum við öll að leita með ýmsum aðferðum og ýmsum leiðum og það er skylda okkar að leggja höfuðið í bleyti og reyna sameiginlega að finna skynsamlega lausn á þessum erfiðu málum.

Ég hef svolítið velt því fyrir mér hvað verður ef Íslendingar mundu nú innan fárra ára verða aðilar eða vera með í hinum svokallaða innri markaði Evrópuþjóðanna, þ.e. í hinu sameiginlega evrópska efnahagssvæði, og gangast undir það atriði m.a. að húsnæðislán eins og önnur fjármálabankastarfsemi verði algjörlega frjáls innan efnahagssvæðisins. Það þýddi væntanlega að íslenskir þegnar mundu eiga aðgang að húsnæðislánum frá öllum löndum hins innra markaðar eða löndum sem væru aðilar að hinu evópska efnahagssvæði. Ég hef svolítið reynt að gera mér í hugarlund hvernig það gæti nú virkað ef fjölskylda eða einstaklingur sem hygði á íbúðarbyggingu eða íbúðarkaup gæti þar með sótt um húsnæðislán hjá einhverri stofnun á Ítalíu eða í Portúgal eða hvar annars sem væri. Það er væntanlega það kerfi sem við eigum eftir að sjá ef við gerumst aðilar að þessu efnahagssvæði. Þess vegna finnst mér skynsamlegt að það fari fram verulega umræða bæði hér á hinu háa Alþingi og í þingflokkunum, almennt um húsnæðismál, og allar leiðir verði skoðaðar.

Það er eitt sem ég hef velt mikið fyrir mér að undanförnu og það er þáttur lífeyrissjóðanna. Mér virðist að sú breyting sem varð vorið 1986 þegar samkomulag náðist meðal aðila vinnumarkaðarins um að taka upp það húsnæðislánakerfi, sem hefur verið kennt við ártalið 1986, hafi orðið til þess að lífeyrissjóðirnir drógu sig nánast í hlé. Þeir hættu að hafa bein afskipti af húsnæðislánamálum og það má segja að fyrir þeim sé komið eins og manninum sem kaupir sér syndaaflausn hjá páfanum. Þeir kaupa sig lausa frá þeim kaleik, að tryggja sjóðfélögum sínum hagstæð húsnæðislán, með því að undirgangast að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins og þar með er þeirra verkefni lokið. Þeir hafa ekkert frumkvæði haft í húsnæðislánamálum síðan og þeir hafa ekkert gert til að stuðla að því að sjóðfélagar þeirra eigi aðgang að hagstæðum íbúðarlánum né heldur neitt frumkvæði í þeim efnum að móta húsnæðisstefnu og húsnæðislánastefnu landsmanna. Það er miður vegna þess að hér er um að ræða geysilega sterka og öfluga sjóði og stofnanir í þjóðfélaginu sem ég mundi í raun treysta að mörgu leyti mun betur til þess að sýna frumkvæði í þessum málum en ríkinu. Ég hef aldrei verið trúaður á það að ríkisvaldið leysi málin betur en einkaaðilar þegar þeir taka höndum saman. Þess vegna, af því að ég veit að hér inni í þingdeildinni er hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sem hefur geysilega reynslu og þekkingu á málefnum lífeyrissjóða, væri gaman að heyra hans álit á þessum málum. Ég leyfi mér nú að varpa þeirri spurningu fram til þessa ágæta þingmanns, hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar: Er það skoðun hans eins og mín að ef lífeyrissjóðirnir virkilega gengju í þetta mál mundu þeir finna heppilegri og betri leiðir og kannski geta sýnt meira frumkvæði heldur en ríkisvaldið hefur gert í þessum málum hingað til? Því miður virðist mér að það sem ríkisvaldið hefur haft til málanna að leggja hafi leitt til æ meiri glundroða á húsnæðislánasviðinu og því fleiri og meiri lög sem hið háa Alþingi hefur afgreitt sem tengist málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins, því meiri hefur ruglingurinn orðið. Þess vegna er sú leið, sem er bent á í frv., að fela lífeyrissjóðunum það verkefni að koma upp og reka húsnæðislánastofnun með stefnumótun í húsnæðismálum afar athyglisverð. Það kunna að vera á þessari leið ýmsir gallar og ýmis atriði sem auðvitað þarf að lagfæra því að hér er um geysilega flókið og stórt mál að ræða. En það meginatriði, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum þetta frv., er aðalatriðið, að lífeyrissjóðirnir taki þessi mál í sínar hendur og taki eitthvert frumkvæði í húsnæðismálum en láti ekki ríkisvaldinu einu eftir að sjá um húsnæðislánamál landsmanna.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það er nú ofmælt að sá þingmaður sem hér stendur hafi þá þekkingu á þessum málum sem hæstv. umhvrh. vildi halda fram, að hann gæti leyst úr þeim vandamálum sem hér eru til meðferðar sem eru húsnæðismál. Hins vegar get ég væntanlega eitthvað lagt til málanna varðandi það atriði sem hæstv. ráðherra kom inn á varðandi stöðu og þátttöku lífeyrissjóðanna í húsnæðismálakerfi þjóðarinnar.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að lífeyrissjóðirnir koma mjög við sögu þessara mála og hafa gert í áratugi, m.a. vegna þeirrar miklu söfnunar á ráðstöfunarfé sem á sér stað í lífeyrissjóðum þjóðarinnar. Ástæðan er öllum hv. þm. kunn. Hún er sú að Íslendingar eru tiltölulega ung þjóð og hún hóf skipulega að safna fé í lífeyrissjóði 1970 og m.a. vegna þess að greiðsluskylda sjóðanna með tilliti til trygginga er ekki orðin mjög mikil, þá hafa safnast miklir fjármunir í lífeyrissjóðina. Það hefur leitt til þess að lífeyrissjóðirnir hafa raunverulega verið sú uppspretta sem menn hafa litið til sérstaklega í sambandi við húsnæðismálin, eins og öllum hv. þm. er kunnugt um, og hafa menn leitað ýmissa ráða til þess að nýta þetta fé í sambandi við húsnæðismál.

Eins og fram hefur komið í ræðum hér, bæði hjá frummælanda þessa frv. sem hér er til meðferðar og einnig hjá hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh., þá hafa menn leitast við að beina fjármagni lífeyrissjóðanna inn á þessar brautir og með þeim hætti að þetta fé kæmi sem best að notum. Að sjálfsögðu kemur margt til greina í þeim efnum og það æskilegasta væri, svo að ég svari nú strax þeirri fyrirspurn sem til mín var beint, það æskilegasta væri, alla vega að mínu mati, að þetta

fé færi sem milliliðalausast frá lífeyrissjóðunum til þeirra sem þurfa að nota þessa peninga vegna íbúðarmála. Með því mundi það að sjálfsögðu sparast sem fer í kostnað til milliliða, sem og það, og hef ég sagt það hér fyrr í ræðum, að ef lífeyrissjóðirnir þyrftu að standa frammi fyrir því að ávaxta þetta fé á frjálsum markaði, þá er ég sannfærður um að það mikla fjármagn sem kæmi inn á markaðinn mundi hafa vaxtalækkandi áhrif þegar í fyrstu umferð. Þetta hef ég margsinnis sagt hér á hinu háa Alþingi en ætíð fyrir daufum eyrum, þ.e. hér er ekki meirihlutavilji til þess að skoða málið út frá því sjónarmiði.

Hins vegar er það að sumu leyti skiljanlegt, þó að ég ætli ekki að fara að verja það sjónarmið, að menn hafi viljað beina þessu fé inn í opinbera kerfið með þeim hætti sem við þekkjum þegar það er haft hugfast að hið opinbera og þar með hið háa Alþingi hefur margsinnis á liðnum árum boðist til þess að koma til skjalanna í sambandi við lausn þessara mála með þeim hætti að aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki getað hafnað því að ganga til samninga við ríkisvaldið. Þar á ég m.a. við það að ríkið hefur með löggjöf í gegnum árin allt til síðustu ára skuldbundið sig til þess að leggja ákveðið fjármagn til húsnæðismála, jafnframt því sem ríkið undirgekkst það á grundvelli laga sem samþykkt voru hér í byrjun árs 1986 að eiga viðskipti við lífeyrissjóðina á því sem ég mundi segja tiltölulega háum vaxtakjörum í sambandi við skuldabréf sem Húsnæðisstofnun seldi lífeyrissjóðunum, á sama tíma sem ríkið gekk í ábyrgð fyrir að sama fé yrði lánað út aftur á mun lægri vöxtum.

Það er náttúrlega erfitt fyrir þá sem bera ábyrgð á þessum málum fyrir hönd lífeyrissjóðanna að hafna slíkum kostaboðum þó það liggi í augum uppi og lá raunverulega í augum uppi strax í upphafi að það gæti ekki enst nema mjög tímabundið. Því að það hefur náttúrlega komið í ljós sem vitað var að hvorki ríkið né hið háa Alþingi getur skuldbundið þjóðina fram í tímann sem nemur milljörðum í því að greiða niður vexti á húsnæðislánum.

Ég verð nú að segja það, fyrst ég er byrjaður að tala um þetta, að það er margt sem þarf að íhuga og skoða í sambandi við húsnæðismálin áður en menn geta komið sér niður á hina endanlegu lausn. Í mínum huga er auðvitað hin endanlega lausn þessara mála svipuð því markmiði sem kemur fram í þessu frv., sem er sú að hér sé það sem við köllum frjáls markaður í sambandi við bæði lánastarfsemi til húsnæðismála og meðferð þessara mála almennt. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að losa þetta allt meira og minna frá ríkisvaldinu og þá með þeim hætti að Húsnæðisstofnun verði lögð niður. Það gerist auðvitað ekki á einni nóttu. Það gerist í samningum og hlýtur því að krefjast ákveðins aðlögunartíma. Það er okkur öllum ljóst. Hins vegar hlýtur það að stefna í þá átt og vera krafa. Ég held að þetta muni koma af sjálfu sér.

Hæstv. umhvrh. talaði um það að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki átt frumkvæði að þessu máli sem skyldi frá því að lögin frá 1986 komu til skjalanna og að þeir hefðu keypt sig undan skyldum sem hefði m.a. haft það í för með sér að frumkvæði í stefnumörkun í húsnæðismálum hefði ekki verið með þeim hætti sem æskilegt væri.

Ég held að það sé rangt að halda því fram að lífeyrissjóðirnir hafi keypt sig undan skyldum. Þetta voru *samningar ríkisvaldsins við aðila vinnumarkaðarins* og við skulum hafa það í huga að lífeyrissjóðinir eru á samningssviði aðila vinnumarkaðarins þannig að lífeyrissjóðirnir sem slíkir gátu ekki haft það frumkvæði sem ég tel að þeir hefðu átt að hafa, m.a. vegna þessarar bindandi löggjafar frá 1986. Hins vegar hlýtur að vera skylda þeirra sem standa að lífeyrissjóðunum sem og annarra sem koma við sögu húsnæðismála, og á ég þar sérstaklega við verkalýðshreyfinguna, byggingaraðila og svo að sjálfsögðu einstaklinga, að eiga ákveðið frumkvæði í þessum efnum og m.a. í þá veru sem hæstv. umhvrh. kom inn á, að losa um þau höft og þá miðstýringu sem er í núverandi húsnæðismálakerfi.

Ég er þeirrar skoðunar að lífeyrissjóðirnir eigi að koma inn í þetta eins og aðrir aðilar sem hafa yfir fjármagni að ráða, með þeim hætti að þeir eigi viðskipti á þessu sviði eftir því sem hentar, ég vil segja á hverjum stað á landinu, þannig að það á ekki að vera nein algild formúla í þeim efnum. Fjármagnið á að fara til notandans, þ.e. íbúðarbyggjanda eða íbúðarkaupanda eða verktaka sem á frumkvæði í þessum málum eftir hinum eðlilegu lögmálum frjáls markaðar. Hins vegar vil ég undirstrika að það er óhjákvæmilegt að búa við ákveðið kerfi í sambandi við hinar svonefndu félagslegu íbúðir. Það er nú einu sinni þannig að það hafa ekki allir möguleika á því að eignast sitt eigið húsnæði og þar verður hið opinbera að koma til skjalanna. Það er því hugsanlegt að Húsnæðisstofnun muni í framtíðinni fyrst og fremst verða stofnun í þágu þeirra sem þurfa að leita lausnar hins opinbera á þessum málum. Það verði að gerast á félagslegum grundvelli í gegnum, ég vil segja hálfopinbert húsnæðismálakerfi. Hvað sá þáttur er stór í húsnæðismálakerfinu í heild vil ég ekki segja til um, enda er það afstætt. Það fer eftir því hvernig menn meta þörf fyrir félagslegar íbúðir á hverjum tíma og eftir aðstæðum í efnahagsmálum og einnig með tilliti til þess hvernig eigna- og tekjuskipting er á hverjum tíma. Þá hlýtur skattastefna að koma hér mjög sterkt til skjalanna í sambandi við það að gera mönnum kleift að standa á eigin fótum varðandi sjálfstæða íbúðareign.

Ég held, virðulegi forseti, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um það. Ég vil undirstrika það einnig að gefnu tilefni þar sem hv. 5. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson talaði um það að Sjálfstfl. hefði ekki skýrt hver væri stefna hans í þessu máli. Ég þarf ekki að ítreka það í löngu máli. Það er stefna Sjálfstfl. að þetta sé sem frjálsast. Það er grundvallarstefna og þarf ekki að margendurtaka það, og það veit hv. þm. Við leggjum áherslu á það að viðhaldið sé ákveðnu félagslegu kerfi vegna þeirra sem hafa þörf fyrir það og geta ekki staðið á eigin fótum, eins og ég sagði hér áðan, en að öðru leyti leggjum við áherslu á frelsi á þessu sviði og að þau viðskipti geti þá farið fram hvort sem er í gegnum banka eða aðrar fjármálastofnanir sem eru í stakk

búnar til þess að gera það með þeim hætti að tryggt sé að fjármunir nýtist sem best og allar viðeigandi tryggingar séu fyrir hendi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

42. fundur, miðvikudaginn 16. jan., kl. 2 miðdegis.

Slysavarnaskóli sjómanna, frh. 1. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 175. mál. — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Lánsviðskipti, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 176. mál. — Þskj. 196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 193. mál (alþingiskosningar o.fl.). — Þskj. 228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 226. mál (útgjaldafrumvörp). — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, 3. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 509, brtt. 387.

Frsm. minni hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Þetta mál var til 2. umr. rétt fyrir jólahlé. Ég gerði þá grein fyrir brtt. sem eru á þskj. 387 og fluttar voru af mér ásamt hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Friðjóni Þórðarsyni. Ég kallaði þessar till. aftur til 3. umr. í gær þegar greidd voru atkvæði eftir 2. umr. Þegar þetta mál var til umræðu fyrir jólin voru ekki margir hv. þm. viðstaddir enda fór umræðan fram á kvöld- og næturfundi. Þar sem mér finnst um nokkur grundvallaratriði í stjórnsýslu vera að ræða verð ég að fara um þetta nokkrum orðum án þess þó að ég ætli að endurtaka ræðu mína frá því fyrir jól.

Við endurflytjum þessar brtt. nú við 3. umr. sömu flm. og fyrr. Brtt. eru sem sagt þær sömu og fluttar voru við 2. umr. Þessar brtt. okkar fela í sér að ákvörðun um einangrun fanga eða agaviðurlög sæti ekki kæru beint til dómsmrn., eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur verði að kæra fyrst til Fangelsismálastofnunar.

Ég vísaði í ræðu minni fyrir jól til bréfs fangelsismálastjóra þar sem sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar er í fyrirliggjandi lagafrv. gert ráð fyrir því að fangi geti skotið ákvörðun forstöðumanns fangelsis beint til dómsmrn., fram hjá Fangelsismálastofnun. Vegna þessarar málskotsleiðar vill stofnunin benda á að skv. lögum nr. 48/1988 fer Fangelsismálastofnun með daglega yfirstjórn fangelsismála, þ.e. rekstur allra ríkisfangelsanna, fullnustu refsidóma og öll mál sem varða fanga. Stofnunin leyfir sér að leggja til við hv. allsh. Nd. Alþingis að þær breytingar verði gerðar á lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 að fangi geti skotið ákvörðun forstöðumanns fangelsis fyrst til Fangelsismálastofnunar en hafi jafnframt heimild til að skjóta ákvörðun stofnunarinnar til dómsmrn. sem fer með yfirstjórn fangelsismála. Þannig gæti fangi ekki skotið ákvörðun fangelsisstjóra beint til ráðuneytisins eins og ráð er fyrir gert í fyrirliggjandi frv.

Tillögur Fangelsismálastofnunar byggjast á því að skapa eðlilega, rétta og umfram allt hraðvirka málskotsleið vegna stöðu og verkefna stofnunarinnar í fangelsiskerfinu og að málefni er varða stofnunina berist henni fyrst. Slíkt hlýtur að teljast rétt opinber stjórnsýsla." Þetta var úr bréfi fangelsismálastjóra.

Þessar brtt. okkar hníga sem sagt í þessa átt. Við viljum taka tillit til þessara ábendinga fangelsismálastjóra.

Fangelsismálastofnun ríkisins var sett á fót með lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, sem öðluðust gildi 1. jan. 1989. Þá tók Fangelsismálastofnun við verkefnum fangelsismáladeildar dómsmrn. og verkefnum Skilorðseftirlits ríkisins.

Í 2. gr. laganna sem ég var að vitna til er kveðið á um að Fangelsismálastofnunin annist daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa, sjái um fullnustu refsidóma, annist félagslega þjónustu við fanga og þá sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skil-

orðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar. Það er jafnframt hlutverk stofnunarinnar að annast eftirlit með þeim. Fleiri eru viðfangsefnin að sjálfsögðu án þess að ég ætli að telja þau hér frekar upp.

Fangelsismálastofnun var m.a. sett á stofn til að sameina hjá einu stjórnvaldi þau mál sem áður voru í fangelsismáladeild dómsmrn. og hjá Skilorðseftirliti ríkisins. Með þessari kerfisbreytingu var komið á fót lægra settu stjórnvaldi sem ábyrgð ber á öllum þeim málum er lögum samkvæmt heyra undir stofnunina. Fangelsiskerfið er þannig byggt upp samkvæmt fangelsislöggjöfinni að forstöðumenn ríkisfangelsanna bera ábyrgð á rekstri sinna fangelsa og ákvörðunum sínum gagnvart Fangelsismálastofnun. Stofnunin skiptir sér ekki dagsdaglega af rekstri fangelsanna eða daglegum ákvörðunum forstöðumanna þeirra. Fangelsislöggjöfin sýnist byggð þannig upp að jafnmikið stjórnarfarslegt bil er á milli Fangelsismálastofnunar og hinna einstöku fangelsa annars vegar og Fangelsismálastofnunar og dómsmrn. hins vegar.

Vegna þessa vaknar sú spurning hvaða rök séu nú til að breyta þessari kerfisuppbyggingu sem lögin settu í þá átt að ákvörðunum forstöðumanna fangelsanna verði skotið beint til dómsmrn. og fram hjá Fangelsismálastofnuninni í þeim málum sem hér um ræðir. Ég sé ekki betur en með þeim fyrirætlunum sem eru í frv., eins og það kemur frá hæstv. dómsmrh., sé beinlínis gengið gegn tilgangi laganna og uppbyggingu þeirra á fangelsismálakerfinu. Þar af leiðir, ef þetta er rétt skoðun, að með þessu móti er verið að færa hlutverk Fangelsismálastofnunar, að þessu leyti a.m.k., aftur til ráðuneytisins.

Ég skal ekki rekja fleiri atriði af þeim sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni við 2. umr. Við þá sömu umræðu töluðu tveir hv. nefndarmenn í allshn., fulltrúar í meiri hl. nefndarinnar, gegn þessum brtt. okkar sem ég hef hér gert grein fyrir.

Formaður nefndarinnar, hv. þm. Jón Kristjánsson, ræddi um hlutverk Fangelsismálastofnunar og vísaði til 2. gr. laganna um fangelsi og fangavist. Þau atriði hafði ég að öllu leyti rakið, en niðurstaða hans var allt önnur en mín. Hann talaði um að í þessum ákvæðum fælist leiðbeinandi hlutverk Fangelsismálastofnunar til fangelsisstjóranna, og það er vissulega alveg rétt. En Fangelsismálastofnunin rekur ekki fangelsin heldur hefur hún yfirumsjón með þeim, það eru fangelsisstjórarnir sem annast hinn daglega rekstur.

Ég fór fram á það við 2. umr. að málið yrði tekið fyrir að nýju og kannað betur í hv. allshn. Það hefur ekki verið gert enda mátti skilja orð hv. formanns við 2. umr. þannig að þeirri beiðni væri hafnað og það hefur verið gert í verki. Það er svo sem ekkert við því að segja, formaðurinn ræður því og hefur vafalaust talað í nafni félaga sinna sem stóðu að meirihlutaálitinu.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson, sem er einn af meirihlutamönnum í allshn., vísaði í sinni ræðu til umsagnar Landssambands lögreglumanna sem lýsti ánægju sinni með frv. Það var vissulega alveg réttilega vísað til bréfs Landssambands lögreglumanna. En ég bendi á að þeir taka ekkert á málskotsrétti til Fangelsismálastofnunar og kannski ekki von vegna þess að um það var ekkert fjallað í frv.

Umsögn Fangavarðafélagsins gerir það ekki heldur. Hv. þm. minnti á það að fulltrúi úr dómsmrn., sem kom á fund nefndarinnar, Þorsteinn A. Jónsson, hefði upplýst að þessi háttur væri viðhafður í nágrannalöndum. Ég efast ekki um að svo sé, ég hef ekki kannað það en geng út frá því sem gefnu að hann viti nákvæmlega hvernig þeim málum er háttað. Má svo sem vel vera að það þyki nógu gott að vísa til þess sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar þegar það hentar. En út af fyrir sig get ég vel skilið — og reynt, skulum við segja, að setja mig í spor fulltrúa úr dómsmrn. Mér sýnist þetta benda til þess að þeir sjái eftir þessum málaflokki úr ráðuneytinu og vilji ráða yfir honum beint og milliliðalaust. Þannig var þetta áður. En ég vil að menn geri sér þá grein fyrir því, ef þeir styðja þetta frv. eins og það er og eru andvígir þeim brtt. sem ég hef talað fyrir, að þá er verið að færa þetta viðfangsefni að nokkru leyti aftur inn í ráðuneytið. Því verða menn að gera sér grein fyrir.

Ég minntist í ræðu minni á að fulltrúi frá félagssamtökunum Vernd hefði komið til viðræðna við nefndina og hefði mælt eindregið með því að frv. yrði samþykkt eins og það er, óbreytt. Ég lét þau orð falla í minni ræðu að með fullri virðingu fyrir þeim félagasamtökum sýndist mér alveg ljóst að þau kæmu ekkert inn í ákvarðanir hinnar opinberu stjórnsýslu. Þetta var ekki sagt með neinum niðrandi orðum í garð Verndar. Þetta er líknarfélag áhugafólks og allt gott um það að segja. En það er ekki hluti af stjórnsýslunni og ber auðvitað enga ábyrgð samkvæmt lögum. Álit formanns Verndar sem kom á fund nefndarinnar var að frv. væri til bóta og um það erum við alveg sammála, allir nefndarmenn í allshn.

Hæstv. forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við þetta að bæta. Ég ítreka þá skoðun okkar flm. að brtt. ber að samþykkja vegna þess að í þeim felst rétt stjórnsýsla. Og ég bið menn að hafa það sérstaklega í huga að ef þær verða felldar er verið að gera grundvallarbreytingu á lögunum um Fangelsismálastofnun.

Það má vel vera að ástæða sé til að taka þá löggjöf til endurskoðunar. En það hefur ekkert komið fram í sambandi við flutning þessa frv. sem segir okkur að slíkt sé nauðsynlegt. Þvert á móti finnst mér skorta röksemdir fyrir því að sú leið sé farin sem gert er ráð fyrir í frv.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég óska að taka hér stuttlega til máls við 3. umr. um þetta ágæta mál sem er breyting á lögum um fangelsi og fangavist.

Meginmál frv. og brtt. meiri hl., sem þegar hafa verið samþykktar, er að einangrunarvist lengir ekki fangavist, að fangi á rétt á að kæra ákvörðun um einangrun og ákvörðun um önnur agaviðurlög og að tímamörk, 48 stundir, eru á afgreiðslu kæru. Berist úrskurður ekki innan þess tíma fellur ákvörðun um einangrun eða önnur agaviðurlög er um ræðir úr gildi.

Þessar breytingar á lögunum um fangelsi og fangavist eru allar jákvæðar og það er ekki ágreiningur um þær í raun. Ágreiningurinn eins og hér hefur komið fram er um hvort kæra eigi agabrot svo sem einangrunarvist til Fangelsismálastofnunar eða dómsmrn. og um það fjalla þær tillögur sem hv. 2. þm. Reykn. mælti hér fyrir fyrir stundu. Það kom fram hjá frsm. nefndarinnar við 2. umr. að í flestum tilfellum var það skoðun umsagnaraðila að kæra skyldi til dómsmrn. Þær umsagnir skipta vissulega máli þar sem þeir sem leitað var umsagnar hjá eru þeir aðilar sem gæta hagsmuna fanga á einhvern hátt.

Því hefur verið haldið fram að verði þessu frv. ekki breytt á þá lund sem hv. 2. þm. Reykn. hefur lagt til sé verið að færa hlut Fangelsismálastofnunar að þessu leyti aftur til dómsmrn. og þar með víkja frá annars ágætri stefnu.

Ég vil þess vegna líta á þá fimm þætti sem tilgreindir eru í lögunum og eru höfuðviðfangsefni Fangelsismálastofnunar. Þar er alveg ljóst að verksviðið er fyrst og fremst rekstur og félagsleg þjónusta við fangelsi. Í 2. gr. í kaflanum um stjórn og skipulag segir, með leyfi forseta: „Starfrækja skal sérstaka stofnun, Fangelsismálastofnun, til þess" — og ég legg áherslu á þessa þætti — „að annast daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa; að sjá um fullnustu refsidóma; að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar; að annast félagslega þjónustu við fanga og þá sem taldir eru upp í þriðja lið; að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem heilbrigðisþjónusta, prestsþjónusta o.s.frv."

Ég get alveg fallist á að það hefði e.t.v. átt að setja tilkynningaskyldu á einhvern hátt til Fangelsismálastofnunar um þann úrskurð sem felldur væri í dómsmrn. vegna þess félagslega þáttar sem svo gaumgæfilega kemur fram hér í 2. gr. En það er ekki að mínu mati verið að ganga á einn né neinn hátt fram hjá Fangelsismálastofnun með tilliti til þessarar verkefnaskilgreiningar.

Við skulum líta á það að fangelsisstjóri ber ábyrgð á rekstri gagnvart Fangelsismálastofnun. Dómsúrskurður á að falla eftir að fangelsisstjóri hefur fellt þann dóm að viðkomandi fangi skuli hljóta refsingu svo sem einangrunarvist. Þessum dómi fangelsisstjóra er þar með verið að vísa eða áfrýja, samkvæmt frv. og eins og það liggur fyrir, til æðsta valds, dómsmrn., sem á að úrskurða innan tveggja sólarhringa.

Ég lít svo á að Fangelsismálastofnun eigi í raun að fylgjast með, hafa eftirlit með aðbúnaði fangans, líka meðan á einangrun hans stendur, en Fangelsismálastofnun eigi ekki, samkvæmt þeirri skilgreiningu sem kemur fram í 2. gr. um málefni hennar, að vera úrskurðaraðili, eigi ekki að fella dóma, það er annars stjórnvaldsstigs.

Ég vil því láta það koma fram hér að ég tel það mjög eðlilegt að úrskurður um þetta mál komi beint frá ráðuneyti. Ég lít ekki svo á að hlutverk Fangelsismálastofnunar sé á einn eða annan hátt flutt til ráðuneytisins vegna þess, ég lít svo á að hún muni áfram sinna verkefnum sínum gagnvart viðkomandi fanga en að dómur og úrskurður eigi í raun heima annars staðar.

Kristín Einarsdóttir:

Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir skoðunum mínum á því. Ég vil taka það fram að að sjálfsögðu styð ég megininntak þess frv. sem hér er til umræðu, þ.e. að sá tími sem fangi er hafður í einangrun teljist ekki til refsitímans. Það er auðvitað meginmálið í þessu og að sjálfsögðu styð ég það. En ég er mjög ósátt við það að ákvörðun um einangrun sæti kæru beint til dómsmrn. en ekki til Fangelsismálastofnunar. Það er alveg ótvírætt að Fangelsismálastofnun hefur ákveðnu hlutverki að gegna innan fangelsanna og starfsmenn hennar kynnast aðstæðum fanga með starfi sínu þar, kynnast föngunum sjálfum. Þeir eru því miklu betur í stakk búnir til að meta hvort ákvörðun um einangrun er réttlætanleg og hvort hún muni hugsanlega bera einhvern árangur, því það hlýtur að vera tilgangurinn með einangrun að það sé von þeirra sem það úrskurða að hún muni verða til einhverra bóta. Ég á mjög erfitt með að sætta mig við það að ekki skuli vera fallist á þá brtt. að það verði fyrst kært til Fangelsismálastofnunar og hún látin meta aðstæður.

Mig langar til að spyrja hæstv. dómsmrh. hvað hann telji því til fyrirstöðu að Fangelsismálastofnun verði þarna úrskurðaraðili. Hvort hann telji að starfsmenn ráðuneytisins séu í stakk búnir til að meta hvort ákvörðun fangelsisstjóra að dæma mann til einangrunar hafi verið rétt og hvort hann telji að starfsmenn ráðuneytisins séu betur til þess fallnir en starfsmenn Fangelsismálastofnunar og hvort eitthvað komi í veg fyrir að Fangelsismálastofnun geti gert þetta með þeim hætti sem hæstv. dómsmrh. gæti fellt sig við. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir fanga að litið sé á mál þeirra frá öllum hliðum þannig að aðstæður þeirra séu líka metnar ekki síður en það hvort brot þeirra sé nægilega mikið til þess að það sé réttlætanlegt að þeir séu settir í einangrun. Það er mjög erfitt fyrir fanga að þurfa að sæta einangrun og þess vegna þarf að yfirvega þetta mjög vel.

Ég tel, þó að í 2. gr. laga um fangelsi og fangavist sé tekið fram að Fangelsismálastofnun annist daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa, þá sé hið félagslega hlutverk hennar mjög mikilvægt og raunar mikilvægara en hið stjórnunarlega. Þess vegna finnst mér mikilvægt að hún sé ekki sniðgengin. Mér finnst mjög freklega gengið fram hjá Fangelsismálastofnun og ég verð að taka mjög mikið mark á áliti hennar varðandi þetta frv. Og ekki síður að taka mark á því sem kemur fram í athugasemdum við frv. til laga um fangelsi og fangavist sem flutt var á 110. löggjafarþingi þegar núgildandi lög voru til umfjöllunar. Þar kemur greinilega fram að eitt meginhlutverk Fangelsismálastofnunar á að vera hið félagslega og þess vegna finnst mér þetta mjög miður. Þess vegna vonast ég enn til þess að hv. þm. átti sig á hvað hérna er á ferðinni og fari ekki að flokka álit sitt niður í það hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, þetta er ekki þannig mál. Við verðum að líta á þetta fyrst og fremst út frá hagsmunum

fanganna og gera það sem þeim kemur best.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst eðlilegt að dómsmrn. sé þarna úrskurðaraðili. Það sem kannski hefði átt að koma inn í þessa brtt. væri að Fangelsismálastofnun ætti að vera umsagnaraðili og sú umsögn ætti að berast til dómsmrh. áður en úrskurður er kveðinn upp. Það mættu vera tímamörk þar á.

Ég veit náttúrlega ekki hvernig hefur verið unnið í nefndinni í sambandi við þetta mál en auðvitað er það alveg rétt hjá flm. brtt., hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, Kristínu Einarsdóttur og Friðjóni Þórðarsyni, að allar forsendur liggja fyrir því að fá slíka umsögn. Það er að vísu rétt að gert er ráð fyrir því að hægt sé að kæra áfram til dómsmrn., en sama er.

Ég held að þessi breyting sé nauðsynleg. Ég vil nú skjóta því til 1. flm. brtt. hvort það væri ekki leið að fresta þessari umræðu og nefndin skoðaði hvort ekki væri hægt að komast að slíku samkomulagi. Mér finnst sú leið a.m.k. skynsamleg.

En hæstv. dómsmrh. á sjálfsagt eftir að svara hér spurningum. Ég vil nú með allri vinsemd beina því til 1. flm. að hann láti álit sitt í ljósi hvort þetta væri a.m.k. betri leið en að brtt. yrði felld.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín örstuttri fyrirspurn vegna þess máls sem hér er á dagskrá og skal ég reyna að svara henni. En áður en ég geri það langar mig til að segja aðeins örfá orð um málið í heild.

Eins og eflaust allir vita er tilefni þessa frv. sem hér er á dagskrá ályktun umboðsmanns Alþingis um það að ákveðin atriði í löggjöf okkar stönguðust á við ákveðna grein í mannréttindasáttmála Evrópu. Ég vil í fyrstu lýsa ánægju minni með það að allir sem hér hafa um fjallað eru sammála um megintilgang frv. og meginbreytinguna sem það felur í sér.

Einnig vil ég lýsa ánægju minni með störf allshn. Nd. Ég álít að þau hafi verið óvenjulega vönduð og nefndin hafi tekið sér góðan tíma til þess að vinna þetta verk. Hinu er hins vegar ekki að leyna að nefndin klofnaði í því atriði sem hér er sérstaklega til umfjöllunar núna, þ.e. brtt. þeirra hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, Kristínar Einarsdóttur og Friðjóns Þórðarsonar. Hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurn um það hvað ég teldi því til fyrirstöðu að Fangelsismálastofnun yrði þarna umsagnaraðili eða úrskurðaraðili þannig að málskotsréttur inn yrði til tveggja aðila, bæði til Fangelsismálastofnunar og dómsmrn.

Því er til að svara að ég tel þetta ekki vera rétt, fyrst og fremst af því að ég tel að málskotsréttur til tveggja aðila í þessu efni gefi ekki sömu skilvirkni og algjör nauðsyn er í svo viðkvæmu efni sem úrskurður um agabrot í fangelsi hlýtur að vera. Það er fyrsta atriðið og meginatriðið í minni afstöðu.

Ég hlýt líka að vísa til þess að meiri hl. allshn. og raunar aukinn meiri hl. nefndarinnar er sömu skoðunar. Einnig umsagnaraðilar sem til nefndarinnar komu, að því er mér virðist allir nema sá einn sem hér á sérstaklega hlut að máli, Fangelsismálastofnun eða fulltrúi hennar. Einnig má benda á það að starfsmenn Fangelsismálastofnunar sem slíkrar, hvort sem er forstjóri, fangelsisstjórar eða fangaverðir, eru í rauninni jafnsett stjórnvald. Það er yfirleitt meginforsenda fyrir stjórnvaldskæru að kært er til æðra stjórnvalds. En þarna er lagt til að hafa málskotsrétt til tveggja stiga og það hlýtur að flækja mál.

Auk þess er ég líka þeirrar skoðunar að eins og brtt. er orðuð þá sé hún vart framkvæmanleg, að kæra til tveggja aðila á tveimur sólarhringum. Ég fæ í rauninni ekki skilið að það sé framkvæmanlegt eins og hér er lagt til.

Enn fremur má benda á það að Fangelsismálastofnun er, eins og margoft hefur komið fram hér í þessum umræðum og fyrr í þessu máli, afskaplega náinn aðili þeirra starfsmanna sem þarna fjalla um, náinn samstarfsaðili þess aðila sem hefur kveðið upp þann dóm sem er til umfjöllunar og úrskurðar. Það kann vel að vera að Fangelsismálastofnun hafi þar af leiðandi verið beinn eða óbeinn þátttakandi í þeirri ákvörðun sem er að koma til úrskurðar.

Þess vegna tel ég að tímamörkin sem hér eru sett eins og samþykkt var við 2. umr., brtt. meiri hl. nefndarinnar, um tvo sólarhringa séu í rauninni lágmark en jafnframt tryggi þau tímamörk þegar úrskurðurinn er til dómsmrn. að fullnaðarafstaða náist í eins viðkvæmu máli og agaviðurlögum í fangelsi eins fljótt og ákveðið og nokkur kostur er. Þetta er meginafstaða mín í þessu máli. Ég hef borið hana undir starfsmenn í dómsmrn., sem margir eiga að baki langan starfsaldur í þessum viðkvæma málaflokki, og þar eru sömu skoðanir uppi á teningi og mér sýnist að meðal allra sem hér hafa komið að sé sama niðurstaða.

Frsm. minni hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Fyrst nokkur orð í tilefni af ræðu hæstv. dómsmrh. Hann rökstuddi hér sínar skoðanir á því að þetta skyldi vera svo sem segir í frv. upphaflega og taldi í fyrsta lagi að málskotsrétturinn beint til ráðuneytisins væri hinn eini rétti skulum við segja vegna þess að eins og við leggjum þetta til gæfi ekki sömu skilvirkni í svo viðkvæmum málum og þarna er um að ræða og vísaði svo til þess að meiri hl. allshn. væri sömu skoðunar. Allt er þetta svo sem gott og blessað og bætti svo við líka að umasagnaraðilar allir nema fangelsismálastjóri væru þessarar sömu skoðunar.

Ég hef bent á það í mínu máli að þessir umsagnaraðilar hafa í raun og veru ekkert verið spurðir um þennan málskotsrétt. Þeir hafa ekki verið spurðir hvort eðlilegt væri að skjóta málinu fyrst til Fangelsismálastofnunar. Þeir hafa verið spurðir um frv. eins og það liggur fyrir og allir eru sammála um að það sé til bóta frá því sem verið hefur, líka minni hl. í allshn.

Hæstv. ráðherra sagði svo að málskotsréttur til tveggja dómstiga eins og hér er lagt til flækti málið. Þetta má svo sem vel vera rétt. Mér dettur í hug hvort hæstv. dómsmrh. sé að velta fyrir sér breytingum á

dómaskipaninni í þá veru að við sleppum bara héraðsdómstólunum og færum með þetta beint upp í Hæstarétt. Það er miklu einfaldara. Það er kannski leið. Við skulum þá ræða það. En það er dálítið stærra mál en við erum að tala um hérna en mér sýnist þetta vera viss angi af því ef menn vilja einfalda þetta svo mjög að hafa bara eitt dómsstig og þá kannski sérstaklega í heldur viðkvæmari málum.

Hér er vissulega um viðkvæm mál að ræða. Þetta eru jafnframt mál sem þurfa að fá skjóta afgreiðslu og þess vegna er það sem við í okkar tillögum vildum ekki lengja þann frest sem má líða þar til fullnaðarúrskurður er kominn á málið. Við erum með tvo sólarhringa alveg eins og meiri hl. allshn. leggur til tvo sólarhringa í sínum tillögum um að þetta fari beint til dómsmrn. Við höfum orð fangelsismálastjóra fyrir því að einn sólarhringur nægi honum. En það getur vel verið að dómsmrn. þurfi miklu lengri tíma, það þurfi helmingi lengri tíma en fangelsismálastjórinn. Það má vel vera. Ég veit ekki af hverju. Það bendir a.m.k. ekki til ef dómsmrn. eða starfsmenn þess þurfa helmingi lengri tíma en fangelsismálastjóri að þeir séu eitthvað hæfari til þess að úrskurða í svona máli en fangelsismálastjóri og hans starfsmenn.

Svo kemur hæstv. ráðherra enn inn á það, sem áður hefur komið fram hér í málflutningi talsmanna meiri hl. allshn., að Fangelsismálastofnun sé of nálægt fangelsunum eða fangelsismálastjóri of nálægt fangelsisstjórunum til þess að þetta geti talist eðlileg stjórnsýsla. Ég hef rakið það, m.a. með tilvitnun í bréf fangelsismálastjóra, að Fangelsismálastofnun annast ekki daglegan rekstur fangelsanna. Það gera fangelsisstjórarnir sjálfir og bera ekki einstök mál beint undir fangelsismálastjóra. Það er ekki rétt. Fangelsismálastjóri er fangelsisstjórunum til leiðbeiningar og hann hefur yfirumsjón með fangelsunum. Þannig er málið. En það gerir hann ekki vanhæfan til þess að úrskurða í málum sem þessum, það er aldeilis fráleitt.

Það kemur auðvitað ekkert á óvart að starfsmenn dómsmrn. séu sömu skoðunar og hæstv. ráðherra. Það væri nú skárra ef þeir færu að standa uppi í hárinu á hæstv. ráðherra. Mér er hins vegar dálítil forvitni á að vita hvers vegna þessi breyting hefur orðið á afstöðu starfsmanna ráðuneytisins. Þegar þessi löggjöf var sett 1988 var að vísu annar ráðherra. Hæstv. núv. iðnrh., Jón Sigurðsson, var þá dómsmrh. Ég var nú ekkert að beina til hans fyrirspurnum hér áðan, enda var hann ekki viðstaddur og ég var ekkert að krefjast þess að hann kæmi og vitnaði í þessu máli. En ég neita því ekki að mér þætti afskaplega fróðlegt að heyra hans skoðanir á þessu, hvort honum þyki eðlilegt að þessi leið sé farin, sem hér er lagt til, eftir að hann beitti sér fyrir þeirri löggjöf meðan hann var dómsmrh. að flytja þessi viðfangsefni úr ráðuneytinu og til Fangelsismálastofnunar. Hvað hefur breyst? Mér þætti afskaplega verðmætt að fá að heyra álit hæstv. núv. iðnrh. og viðskrh. og fyrrv. dómsmrh. Það má vel vera að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi verið að kynna hans skoðanir hér áðan án þess að hún tæki það sérstaklega fram. (**RG:** Þetta eru mínar skoðanir.) Já.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson beindi hér til mín fyrirspurn. Ég skildi fyrirspurnina þannig hvort mér þætti betra að Fangelsismálastofnun yrði umsagnaraðili í svona málum, hvort mér þætti betra að breyta frv. þannig heldur en að tillögur okkar yrðu felldar. Því er mjög fljótsvarað. Mér þætti það miklu betra. En ég stend hins vegar við þá skoðun, sem kemur fram í okkar brtt., að mér finnst eðlilegast að Fangelsismálastofnun úrskurði fyrst og hennar úrskurði sé síðan hægt að áfrýja til dómsmrn.

Ég rakti það hér áðan að ég hefði farið fram á það við 2. umr. málsins að allshn. kæmi saman til þess að athuga þetta betur og því var í raun hafnað. Ég er enn þeirrar skoðunar að það væri gagnlegt að nefndin skoðaði þetta betur, m.a. með vísun til þess sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði. Mér finnst alveg fullkomið efni til þess að athuga málið betur. Menn hafa skipt um skoðun í þessu máli. Það hafa nefndarmenn í allshn. gert án þess að ég sé að rekja það neitt sérstaklega. Menn höfðu tjáð sig á annan veg á fyrri stigum málsins í allshn. en varð við lokaafgreiðslu málsins í nefndinni. Það kann að benda til þess að fleiri geti skipt um skoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 439.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, sem er 227. mál Ed. og liggur hér fyrir til umræðu á þskj. 439 eftir meðferð málsins í Ed. en þar var gerð á því smávægileg breyting.

Hér er um að ræða breytingar á lögum um málefni aldraðra sem taka til hlutverks Framkvæmdasjóðs aldraðra. Er gert ráð fyrir að víkka nokkuð hlutverk hans með því að bæta þar við ákveðnum verkefnum.

Einkum er hér um að ræða tvær breytingar. Sú fyrri lýtur að því að sjóðnum sé heimilt að styrkja viðhald á þeim stofnunum aldraðra sem þegar eru starfandi. Viðhald þessara stofnana getur verið geysilega fjárfrekt og þungur baggi á rekstraraðilum. Því er talið eðlilegt að opna hlutverk sjóðsins þannig að einnig megi styrkja viðhald til viðbótar við styrki til nauðsynlegra breytinga og endurbóta sem breyttir tímar valda. Í 2. tölul. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að bæta orðinu „viðhald“ inn í þá upptalningu sem þar er um verkefni sem sjóðnum er heimilt að styrkja, eins og breytingar á húsnæðinu og eðlilegar, sjálfsagðar og nauðsynlegar endurbætur. Fyrir liggja nú þegar margar umsóknir hjá stjórn sjóðsins um fjárveitingu til þess að kosta viðhald á húsnæði sem þegar er í rekstri og geta þær numið jafnvel 3–4 tugum milljóna. Sýnir það

best hversu brýnt er að það sé heimild fyrir sjóðstjórnina að styðja þennan þátt í endurbótum og viðhaldi húsnæðisins.

Síðari meginbreytingin er hins vegar viðbrögð við þeim vanda sem iðulega kemur upp þegar öldrunarstofnun fær starfsleyfi eða breytingu á starfsleyfi eftir að fjárlagaár hefst og ekki var gert ráð fyrir nýrri stofnun eða breytingu við fjárlagagerðina og þess vegna ekki fjárveitingar á sjúkratryggingalið Tryggingastofnunarinnar til þess að kosta þann rekstur. Með breytingu á starfsleyfi er fyrst og fremst átt við það þegar heilbrrh. heimilar að þjónustuhúsnæðisrýmum verði breytt í hjúkrunarrými vegna þungrar hjúkrunar dvalargesta á viðkomandi stofnun. Þetta hefur gert það að verkum að öldrunarstofnanir hafa ekki getað tekið til starfa eða breytt starfsemi sinni fyrr en allt að ári síðar en þörf fyrir breytinguna hefur komið fram. Núna er þetta að gerast nánast stöðugt. Við fáum slíkar umsóknir frá rekstraraðilum dvalarheimila þar sem fólk sem hefur búið þar um tíma, jafnvel áratug eða áratugi, hefur auðvitað elst og þarf á meiri umönnun að halda og þá þarf meiri þjónustu sem verður rekstraraðilum dvalarheimilisins um megn miðað við þau daggjöld sem þeim eru ætluð. Þá hefur verið óskað eftir breytingu á formi þessa reksturs úr dvalarheimili í það sem við köllum hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými sem þýðir hærri daggjöld. Heilbrigðisyfirvöld hafa þá reynt að verða við þeim óskum ef svigrúm hefur verið í fjárveitingum til að verða við slíku. Hins vegar hefur það svigrúm sem sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar hefur haft til slíkra breytinga oftar en ekki verið mjög takmarkað. Sem dæmi um þróun í þessu efni má geta þess að á seinasta ári, árið 1990, var vistrýmum breytt og heimiluð ný starfsemi sem kostaði samtals um það bil 30 millj. kr. í auknum útgjöldum.

Árið þar á undan, á árinu 1989, var þessi upphæð hins vegar allmiklu stærri vegna þess að þá komu inn tvær eða þrjár nýjar stofnanir með háar upphæðir. Þar ber hæst nýja deild á Skjóli, hjúkrunarheimili aldraðra hér í borg, þar sem var leyfður rekstur nýrrar 36 rúma deildar sem kostaði ein 40 millj. kr. í aukin útgjöld það ár. Samtals voru viðbótarútgjöld vegna breytinga og nýrra stofnana sem hófu rekstur á árinu 1989 105,7 millj. kr. Það sýnir að hér getur verið um að ræða mjög stórar upphæðir.

Nú er það svo, því betur, að okkur hefur tekist að koma allvel áfram uppbyggingu á húsnæði og þjónusturými fyrir aldraða þó að vissulega sé enn brýn þörf fyrir aukið húsnæði. Til eru dæmi þess í einstökum sveitarfélögum að þörfinni sé nokkurn veginn fullnægt og meira að segja hefur það aðeins komið fyrir að legurými hefur staðið autt, að ekki hefur verið þörf fyrir það en auðvitað ekki til langs tíma. Það sýnir þó að þannig er staðan á stöku stað og ber auðvitað að fagna því að sá árangur skuli hafa náðst en enn er að sjálfsögðu þörf fyrir viðbótarhúsnæði á ýmsum svæðum, þó kannski einkum hér á höfuðborgarsvæðinu.

Fjárveitingar sem runnið hafa í gegnum Framkvæmdasjóð aldraðra á undanförnum árum eru framreiknaðar með vísitölu nú um áramótin upp á 1,7 milljarða kr. Þar af hafa fjárveitingar til framkvæmda í Reykjavík numið um það bil 775 millj. kr. þannig að verulegar fjárveitingar hafa farið úr sjóðnum og umtalsverður hluti þeirra hér á þetta svæði, en vissulega er hér mikill fjöldi aldraðra sem þarf að sinna og veita aðstöðu. En á sama tíma gerist það hins vegar að við höfum ekki rekstrarfé til þess að kosta þær stofnanir sem þó eru fyrir hendi. Það er auðvitað sárt til þess að vita að það skuli kannski vera 140–150 rúm sem eru ónotuð í sjúkrastofnunum á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali á ári. Þá kemur auðvitað upp sú hugsun að heimila Framkvæmdasjóði aldraðra einnig að taka þátt í rekstri stofnananna, ekki aðeins að byggja þær upp, ekki aðeins að leggja styrki til framkvæmda heldur einnig leggja tímabundið fé í rekstur. Þegar hér er talað um tímabundið, eins og segir í 4. tölul. í 1. gr. frv., er átt við það, eins og hér hefur komið fram, að aðeins er um að ræða rekstrarfjárveitingu innan fjárlagaárs. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að nýjar stofnanir eða breyttur rekstur verði kostaður á fjárlögum næsta árs, eins og lög gera ráð fyrir, í gegnum sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar og þá hættir sjóðurinn að kosta rekstur viðkomandi stofnunar en hefur þá svigrúm til að koma inn í ný mál sem kunna að koma upp á næsta ári.

Í seinustu mgr. 1. gr. frv. er tilgreint hversu hárri upphæð af heildarráðstöfunarfé sjóðsins megi verja til þessara nýju verkefna. Það er takmarkað við að það skuli ekki fara yfir þriðjung af árlegu ráðstöfunarfé eða eins og segir þar: „Heimilt er að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr.“ Það er rétt að geta þess að í meðförum efri deildar var 5. tölul. bætt hér inn. Í frv. eins og það var lagt fram í upphafi var aðeins talað um 3. og 4. tölul., en það má segja að eðlilegt sé að 5. tölul. sé líka bætt þarna við, þannig að það sem kosta má með þessum þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins séu rekstrarverkefni, þ.e. þessi nýju verkefni um tímabundið rekstrarfé svo og það hlutverk sem sjóðurinn hafði áður skv. 3. tölul. greinarinnar, að styðja sveitarfélög til að koma á fót heimaþjónustu. Þar er um að ræða rekstrarverkefni einnig, a.m.k. að hluta til, og í 5. tölul. þar sem fjallað er um önnur verkefni sem sjóðstjórn kann að ákveða og ráðherra að samþykkja. Þar hefur hingað til ekki verið um stórar upphæðir að ræða. Þar hefur fyrst og fremst verið um að ræða fjármuni til rannsókna og nefndarstarfa og annars eftirlits og hafa ekki verið stórar tölur. En þessir þrír tölul. og þau verkefni sem þar er fjallað um mega aldrei nema hærri upphæð heldur en þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé þannig að tryggt er að $^{2}/_{3}$ hlutarnir fara til uppbyggingarverkefnanna svo og til breytinga, endurbóta og viðhalds.

Til að gefa hv. þm. aðeins hugmynd um hvaða tölur eru hér á ferðinni á nýbyrjuðu ári þá er í nýsamþykktum fjárlögum gert ráð fyrir að til sjóðsins renni 370 millj. kr. sem er sú heildartala sem áætlað er að skattur til Framkvæmdasjóðsins gefi, svokallaður nefskattur. Áætlað er að hann gefi 370 millj. kr. í tekjur

og þær renna allar til sjóðsins. $^2/_3$ hlutar eru þá 240–245 millj. og er það allverulega hærri upphæð sem þá mundi fara til framkvæmda en á nýliðnu ári, þ.e. árinu 1990, en þá var aðeins varið til framkvæmda í gegnum Framkvæmdasjóðinn 196–197 millj. Það var vissulega vegna þess að það árið bjó sjóðurinn við skerðingu, þ.e. Framkvæmdasjóðurinn fékk ekki alla þá upphæð sem skatturinn gaf af sér og hluti skattsins rann í ríkissjóð beint. Má kannski segja að það hafi verið rökstutt á þann hátt að ríkissjóður þurfti að standa undir þessum aukna rekstrarkostnaði vegna nýrra stofnana sem ég nefndi hér áðan.

Herra forseti. Ég vona að ég hafi gert grein fyrir því nokkuð ítarlega hvað hér er um að ræða og hvað þetta frv. í raun felur í sér og sé ástæðulaust að hafa lengri framsögu um málið enda er það þegar búið að fá umfjöllun í fyrri deild. Ég legg til, að lokinni þessari umræðu, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Við 1. umr. fjárlaga á sl. hausti gerði ég sterka athugasemd við fjárlagafrv. að því er varðar Framkvæmdasjóð aldraða þar sem gert var ráð fyrir því að skerða hann um verulega fjárhæð eða $^1/_3$. Eins og hér hefur komið fram fær Framkvæmdasjóður 370 millj. skv. álögðum sérskatti sem er sérmerktur og borgararnir greiða til ríkissjóðs og átti að gefa á þessu ári 370 millj. Í fjárlögunum stóðu aðeins 240 millj. Ég rökstuddi hvers vegna ég tæki þessa afstöðu, að það gæti ekki gengið lengur að Alþingi og ríkisstjórn skertu þetta framlag sem er sérstakur skattur þannig að það rynnu ekki nema $^2/_3$ af honum til þess verkefnis sem honum er ætlað lögum samkvæmt. Jafnframt lýsti ég því yfir að ég mundi ekki fallast á afgreiðslu fjárlagafrv. í þessu formi. Í fjvn. beitti ég mér fyrir því að ríkisstjórnin yrði að átta sig á því að hér væri um það stórt ágreiningsefni að ræða að það yrði að leysa það áður en fjárlög yrðu afgreidd.

Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. lagði fram frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra eins og hér liggur fyrir. Þar kemur fram að það er reiknað með því að framvegis gangi þetta framlag sem ríkið innheimtir að öllu leyti til sjóðsins, en jafnframt verði sjóðnum falið annað hlutverk, þ.e. eins og kemur fram í 1. gr. frv. Út af fyrir sig tel ég þetta í raun og veru eðlilegt. Þetta er að vísu viss útdeiling á því fjármagni til annarra hluta en menn hafa hingað til lagt aðaláhersluna á. Ég hef ekki við það sérstakar athugasemdir þó að vanda þurfi vel til þeirra reglna sem settar verða til þess að skipta þessu fjármagni sem getur orðið nokkur fjárhæð eftir því sem fjárhæðin verður afgreidd miðað við lögin.

Ég vil þó aðeins leggja áherslu á að það er mín skoðun að það eigi ekki til frambúðar að leysa hjúkrunarvanda aldraðra með því að breyta dvalarheimilum fyrir aldraða að hluta til vegna þessa verkefnis. Ég tel að það fari ekki saman nema í örfáum tilfellum að hafa fast rúmliggjandi gamalt fólk, sem er orðið sjúklingar, innan um fólk sem er á faralds fæti og getur bjargað sér að verulegu leyti sjálft innan þessara stofnana. Það veldur erfiðleikum í sambandi við rekstur þeirra dvalarheimila sem ekki eru byggð með þetta sérstaklega fyrir augum og eru mörg dæmi um það, þó að ég viðurkenni að það að taka þátt í rekstri þeirra dvalarheimila á þennan hátt, sem gert hefur verið nú undanfarið og verður sjálfsagt eitthvað enn, leysir viss vandamál fyrir viðkomandi rekstraraðila. En ég legg áherslu á það að það hlýtur að vera áfram mjög stórt verkefni í málefnum aldraðs fólks að byggja upp sérhönnuð hjúkrunarheimili og ekki hvað síst er þetta áríðandi mál í heilsugæsluumdæmum þar sem ekki er um sjúkrahús að ræða. Ég nefni bara hér örfá dæmi þar sem mörg ár eru liðin frá því að fullkomnar heilsugæslustöðvar voru byggðar en enn vantar hjúkrunarheimili sem gert var ráð fyrir við þessar heilsugæslustöðvar. Í öllum þessum tilfellum er aldrað fólk sem þarf á því að halda að dvelja eða leggjast inn á slík heimili. Ég get nefnt dæmi um staði sem bíða eftir þessu og hafa beðið lengi eins og Höfn í Hornafirði, þar sem er ekkert sjúkrahús, Ólafsvík, Hvammstanga og fleiri staði sem þarf að sinna að þessu leyti til. Þess vegna legg ég áherslu á það að alla vega hafi þessi sérbúnu hjúkrunarheimili, sem nauðsyn krefur að verði byggð á hinum ýmsu stöðum, vissan forgang í þessari uppbyggingu. Ég vona að það komi aldrei til að Alþingi eða ríkisstjórn láti sér detta í hug frekari skerðingu á þessum sjóði en orðið hefur á undanförnum árum og hann verði það öflugur að hann geti styrkt þessar byggingar það mikið að það verði hægt að flýta þeim eins og mögulegt er því að þarna er mjög mikið og alvarlegt vandamál á ferð í sambandi við aðstöðu fyrir aldraða sjúklinga. Ég treysti því að það verði gert.

Að öðru leyti vil ég fagna þessu frv. Það tókst við afgreiðslu fjárlaga nú, eins og ég sagði áður, að rétta sjóðinn við þannig að hann fær framlagið eins og lög gera ráð fyrir og verður tekinn út af lánsfjárlögum sem nú eru til meðferðar hér á Alþingi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það er rétt að fjár er vant til þess að bæta aðstöðu aldraðra í landi okkar. Þetta frv. er að mínu viti ekki til þess og skringilegt var að heyra röksemd hv. síðasta ræðumanns sem lýsti því hver þörf væri á því að bæta aðstöðu aldraðra með því að auka byggingar fyrir aldraða en fagnaði því um leið að lagt væri fram frv. sem skerðir einmitt þá möguleika sjóðsins. Ég þykist nú vita það að það geti varla verið að þetta sé sú röksemd sem liggur til grundvallar niðurstöðum hv. fjvn. En ég veit að hv. 1. þm. Vesturl. er ötull talsmaður þessara mála innan fjvn. og þess vegna þótti mér þarna skjóta nokkuð skökku við.

Hitt veit hann auðvitað manna best og þingmenn líka að hér er verið að skerða í raun og veru það fjármagn sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur til bygginga fyrir aldraða vegna þess að það skortir fé á fjárlögum til þess að hægt sé að standa almennilega undir rekstri þessara stofnana. Í öðru orðinu tala hv. þm., og flestir yfirleitt, um það hve mjög skorti stofnanir og húsnæði fyrir aldraða. Í hinu orðinu lýsa þeir því yfir að

samt sé ekki hægt að reka slíkt húsnæði. Það er ekki aðlaðandi að vera aldraður við þær aðstæður. Hver einasti einstaklingur í þjóðfélaginu vonast eftir góðri aðstöðu í ellinni. Þeir sem nú eru aldraðir og þurfa að bera þunga skatta til ríkisins og til hins opinbera, reyna að útvega sér húsnæði við sitt hæfi og oft með þeim hætti að til þess að fá íbúð í hinu marglofaða þjónustuhúsnæði, þá dugir ekki að selja heilu einbýlishúsin sem margt af þessu aldraða fólki hefur komið sér upp á langri og oft og tíðum erfiðri starfsævi.

Þess vegna þykir mér það skjóta afar skökku við að skömmum tíma eftir að sett voru ný lög um málefni aldraðra með nýjum nefskatti, sem menn bjuggust þó við að yrði í fyrsta lagi allur til þessara framkvæmda, en varð það ekki á því næsta ári á eftir, eins og hæstv. ráðherra lýsti hér áðan. Að auki var því yfir lýst af hálfu þeirrar ríkisstjórnar, sem breytti skattkerfinu á þann veg að nefskattar voru niður lagðir en fjárhæðirnar gengju inn í hina almennu skattahít, ríkissjóð, að sama fjárhæð og til þess nefskatts hefði svarað yrði látin ganga til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þetta hefur hæstv. ríkisstjórn afnumið. Þessi fjárhæð er alls ekki inni í sjóðnum. Að réttu lagi ætti það að vera svo. Úr því að nýr nefskattur gengur til þessa málefnis, ætti jafnhá upphæð að koma úr ríkissjóði á móti, þ.e. tvöfalt hærri fjárhæð heldur en nefskatturinn gaf. Þetta hefur einnig verið afnumið og samt er lagt til að nýjum böggum skuli á sjóðinn bætt. Þar með verður minna fé til ráðstöfunar til hinna brýnu framkvæmda sem felast í auknu þjónustuhúsnæði eða hjúkrunarrými fyrir aldraða eða annarra þeirra verkefna sem áður hafði þegar verið samþykkt að Framkvæmdasjóðurinn skyldi hafa með höndum. Þegar ég tala um verkefni Framkvæmdasjóðs aldraðra get ég ekki varist þeirri hugsun að það er heldur dapurlegt að horfa upp á hvernig upphaflegt verkefni þessa sjóðs hefur smátt og smátt í raun og veru breyst og orðið til þess að það sem var driffjöðrin til að byrja með er horfið úr þessu fyrirtæki sem er Framkvæmdasjóður aldraðra.

Forveri þessa sjóðs hét Byggingarsjóður aldraðra. Hann var settur á stofn á sínum tíma til þess að auðvelda öldruðum einstaklingum að koma upp yfir sig hentugu húsnæði með aðstoð þessa sjóðs á þann veg að unnt væri að létta á stofnunum, á þann veg að unnt væri að gera einstaklingum kleift að búa lengur í eigin húsnæði, hentugu húsnæði með aukinni heimaþjónustu, eins og vissulega hefur verið komið á í mörgum sveitarfélögum og er verið að bæta sífellt, en þetta verkefni vantar í upptalninguna um hlutverk sjóðsins. Framkvæmdir þessa sjóðs miða fyrst og fremst við stofnanalausnina.

Ég dreg ekkert úr því að það er líka mjög brýn þörf fyrir stofnanalausnina og einkanlega fyrir hjúkrunarrými. Ég veit að það þarf ekki að fjölyrða um það efni og það er ekki einungis hjúkrunarrými og breytingar eða bygging húsnæðis og ekki einungis rekstrarfé í venjulegum skilningi sem oft er takmarkað. Það er líka hreinlega fólksekla, það er skortur á fólki til að vinna hjúkrunar- og umönnunarstörfin á þessum stofnunum. Það er mjög alvarlegt úrlausnarefni sem ég vildi gjarnan sjá að meiri áhersla væri lögð á. Mér er ljóst að þetta frv. fjallar ekki um það, en það tengist því óneitanlega. Ég nefni það atriði ekki sem gagnrýnisatriði á þetta frv. heldur eru efasemdir mínar um þetta frv. fólgnar í því að þarna erum við að létta af Tryggingastofnun og ríkissjóði vissri skyldu með því að bæta henni á sjóð sem þegar hefur fullt fangið af verkefnum sem bíða víða um land óleyst í þágu aldraðra. Mér þykir slík lausn ekki vera ákaflega viturleg. Það eru til ýmsar líkingar í daglegu máli og íslenskum orðtökum um það hvað svona athæfi heitir. Ég vek athygli á því en mun ekki telja upp þær líkingar, ég veit að hæstv. ráðherra skilur mætavel hvað ég á við enda grunar mig að hann hugsi á þennan veg sjálfur og hafi neyðst til þess, vegna þrýstings frá starfsbróður sínum, hæstv. fjmrh., að flytja þetta frv. Við skulum heldur reyna að styðja hæstv. ráðherra í því að fara eðlilegar leiðir til þess að afla rekstrarfjár fyrir þær stofnanir sem þegar eru komnar upp og við skulum styðja hæstv. ráðherra í því að koma því fyrirkomulagi á sem lofað var, að því sem svarar til þess nefskatts sem með vissum hætti var rænt úr Framkvæmdasjóðinum og lagður í ríkissjóð verði skilað Framkvæmdasjóði aldraðra aftur. Við skuldum öldruðum þá fjárhæð.

Að því er varðar 2. gr. frv. virðist mér þar vera í raun og veru meiri breyting en gefið er í skyn í grg. frv. Ég hef ekki sjálf lögin fyrir framan mig en ég man ekki betur en 2. mgr. 19. gr. sé um það að mat á vistunarþörf til langframa skuli vera að jafnaði í höndum þjónustuhóps aldraðra. Mat á vistunarþörf er hins vegar látið opið og er þá væntanlega í höndum stjórnenda hverrar stofnunar fyrir sig. Ég minnist þess í umræðum um lögin á sínum tíma að menn töldu að þarna væri um hlut að ræða sem e.t.v. yrði býsna þungur í vöfum ef vista þyrfti gamalmenni um einhvern tíma á dvalarstofnun og matið á því þyrfti að fara fyrir einhvern úrskurðaraðila utan þeirrar stofnunar. Það verður að sjálfsögðu athugað í nefndinni og ég mun ekki fara frekari orðum um það. En ég vek athygli á því að með þessu frv. er verið að skerða það fé sem Alþingi hefur samþykkt að veita til framkvæmda fyrir aldraða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Aðeins fyrst út af því sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. Það er auðvitað rétt að hér er verið að breyta áherslum í sjóðnum, það er verið að leggja nýjar áherslur, það er verið að útdeila fjármunum til annarra hluta en áður var gert ráð fyrir. En ég minni á það aftur að ég hygg að það hafi ekki aðeins verið á seinasta ári sem fjárveitingar til sjóðsins voru skertar með lánsfjárlögum þannig að hann fékk ekki sinn tekjustofn að fullu heldur hafi það gerst áður. Þó ég hafi það ekki skjalfest fyrir framan mig þá er það því miður reynslan með svo marga markaða tekjustofna að þannig hefur farið og það fjármagn sem hefur átt að renna til hinna ýmsu verkefna hefur runnið beint í ríkissjóð. Í þessu tilviki hafa þeir fjármunir sem fóru í ríkissjóð af skattpeningunum sem áttu að renna í Framkvæmdasjóð aldraðra auðvitað á einn eða ann-

an hátt runnið til rekstrarverkefna og þá má auðvitað segja þar með talið til hinna gífurlega stóru og kostnaðarsömu verkefna sem sjúkratryggingadeildin stendur undir á hverjum tíma. En þetta er nú kannski frekar aðferðafræði en að beinlínis sé verið að segja að þessi krónan lendi í þennan farveg en ekki einhvern annan. Ég lagði þess vegna mikla áherslu á það að sjóðurinn fengi alla þá fjármuni sem honum ber samkvæmt þeim skatti sem lagður er á sem sérstakur nefskattur. Ég tek undir með báðum þingmönnum sem tjáð hafa sig um málið að um slíkt hljótum við að gera kröfu, annað er algjörlega óeðlilegt. Ég hef hins vegar fallist á það, og geri það af fúsum og frjálsum vilja af því að ég tel að það sé eðlilegt, að sjóðurinn hafi möguleika á að kosta að hluta til rekstrarverkefni tímabundið og reyndar í mjög smáum stíl. Þó ég hafi nefnt hér tölur sem jafnvel skipta hundruðum milljóna þá er það þó ekki nema brot af þeim kostnaði sem er við að reka stofnanir aldraðra, hvort heldur það eru dvalarheimili eða hjúkrunarheimili.

Ég get líka tekið undir það með hv. 1. þm. Vesturl. að það er út af fyrir sig ekki góður kostur að breyta dvalarheimilum sem byggð eru í þeim tilgangi og með það hlutverk að vera íbúðir og heimili aldraðra í hjúkrunarheimili vegna þess að oftar en ekki þá hentar það húsnæði ekki vel, eða a.m.k. þarf oft að breyta því eða gera á því lagfæringar til að það henti sem hjúkrunarheimili. Það þarf öðruvísi búnað, það þarf öðruvísi rúm, það þarf að breyta dyrabúnaði og þá nýtist ekki sumt af því sem byggt hefur verið inn í dvalarheimilið eins og t.d. litlar eldhúsinnréttingar eða eldunaraðstaða og fleira og fleira sem mætti upp telja. Þetta er því auðvitað ekki góður kostur en þetta hefur þó í mjög mörgum tilfellum ekki bara leyst rekstrarvanda þeirra aðila sem sjá um rekstur dvalarheimilanna eða bera ábyrgð á honum, annaðhvort sjálfseignarstofnanir eða sveitarfélög, heldur einnig leyst vanda þeirra einstaklinga sem þarna dveljast því þeir hafa ekki átt auðveldlega í önnur hús að venda, a.m.k. ekki þeir sem búið hafa og búa á smærri stöðum úti um land þar sem sjúkrahús eru ekki til staðar og þyrftu þá að flytjast milli héraða, jafnvel landshluta, til þess að fá þessa þjónustu. En með því að breyta dvalarheimilunum í hjúkrunarheimili, þó það kosti nokkuð því viðkomandi húsnæði er ekki byggt í þeim tilgangi, þá hefur það þó leyst þennan vanda fyrir viðkomandi einstakling og það tel ég að sé mjög mikilvægt. Þess vegna hefur heilbrrn. aftur og aftur fallist á þessa málsmeðferð.

Síðan kom það aftur fram í máli hv. 3. þm. Reykv. að hér væri í raun áfram verið að skerða sjóðinn. Það er auðvitað eins og ég sagði áðan verið að breyta verkefnum hans og ég reyni ekki að draga dul á það, það liggur auðvitað ljóst fyrir. Þessar 370 millj. kr. sem nú eru í sjóðnum fara ekki, ef frv. þetta verður að lögum, til uppbyggingar, til framkvæmda. Samkvæmt þessu fer hluti af upphæðinni, allt að $^1/_3$ eins og hér segir, til ýmissa rekstrarverkefna. Það má auðvitað segja að þar með séu skertir möguleikar sjóðsins til þess að halda áfram að styðja og styrkja uppbyggingu og framkvæmdir. En möguleikar hans eru þó ekki skertir miðað við það sem reynslan segir okkur að hafi verið, heldur þvert á móti. Nú er úr sjóðnum varið hærri upphæð til framkvæmda, þó ekki yrði nema um þessar 240–250 millj. að ræða, þ.e. $^2/_3$ hluta af ráðstöfunarfé sjóðsins, þá er það hærra en reynslan segir okkur að hafi verið á undanförnum árum.

Ég trúi því nú vart að hv. þm. meini það þegar hann segir að það sé ekki aðlaðandi að verða aldraður því aðstæðurnar séu þannig. Staðreyndin er auðvitað sú að okkur hefur tekist á undanförnum árum að gera stórkostlega hluti. Ég vil nú leyfa mér að segja að það eigi við í nánast öllum tilfellum þó ég verði að viðurkenna að á því eru auðvitað til undantekningar, eins og kannski á öllum reglum. Svo ég vitni nú líka til orðtaka eins og hv. þm.ýjaði að, þá segir einhvers staðar að undantekningarnar séu til að sanna regluna, og þó reglan sé sú að aldraðir fái í öllum tilfellum þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda og þeim ber, þá er auðvitað aðeins til tímabundið að við höfum horft upp á erfiðar aðstæður. Það er stundum erfitt að koma öldruðu fólki til vistunar á stofnunum þar sem það þarf nauðsynlega að vera og þó sérstaklega ef hagir viðkomandi einstaklings eru þannig þeir búa einir eða að aðstandendur eða aðrir sem næst standa geta ekki lengur veitt nauðsynlega þjónustu.

Í sambandi við það vil ég minna á tvennt. Annars vegar á það að við verðum auðvitað að leggja niður fyrir okkur hverjar áherslurnar eiga að vera, hvernig við ætlum að forgangsraða þessum mikilvægu verkefnum öllum sem eru í heilbrigðisþjónustunni og verða sífellt, við skulum segja í raun, þyngri og þyngri eða verða stærri og stærri hluti af okkar ríkisútgjöldum, gætu orðið það ef allt væri látið laust og ekki væri reynt að leggja mikla áherslu á hagræðingu og forgangsröðun vegna þess að möguleikarnir aukast stöðugt. Við fáum sífellt nýjan búnað, ný lyf. Ný meðferð, ný þekking gefur nýja möguleika og allt hefur þetta í för með sér aukinn kostnað. Þá þurfum við auðvitað að horfast í augu við þann vanda sem þessu fylgir. Á þetta hafa ágætir fulltrúar úr heilbrigðisstéttum bent ítrekað, ekki síst í töluverðri umfjöllun um heilbrigðismál sem átti sér stað í blöðum og fjölmiðlum rétt fyrir jólin og ég hef m.a. leyft mér að vitna til í ræðum í hv. Alþingi en ætla ekki að endurtaka hér og nú. Þetta minnir á það að við þurfum að horfast í augu við þær staðreyndir og það sem þar blasir við fram undan. En ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. að við verðum að leggja áherslu á þjónustuna við hinn aldraða, aldraðir eiga það sannarlega skilið.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna í sambandi við rekstur er að við gerum hér ráð fyrir því að Framkvæmdasjóðurinn hafi möguleika á að styrkja heimahjúkrun. Það er reyndar ekki nýtt verkefni hjá sjóðnum, það er í lögunum eins og þau eru nú. Þar tel ég einnig að sé verið að mæta því að hluta til að draga úr þörf á uppbyggingu og þörf á stofnunum. Þar sýnist mér að sé um að ræða mikilvægan þátt og við ættum að huga að því hvernig sjóðurinn gæti aðstoðað sveitarfélögin við að reka þessa heimaþjónustu. Auðvitað er þetta skipt verkefni, þetta er að hluta til verkefni sveit-

arfélaga, það sem við venjulega köllum heimilishjálp, en sá þáttur heimaþjónustunnar sem kallaður er í daglegu tali heimahjúkrun er hins vegar verkefni ríkisins eða heilsugæslunnar. Þarna getur sjóðurinn komið til hjálpar báðum aðilum eða verkefninu í heild.

Hv. þm. nefndi að hér hefðu áherslur breyst og væri nú eingöngu miðað við stofnanalausnina og áherslur sjóðsins væru mest á því sviði. Það er vissulega rétt að sú áhersla hefur aukist. Gert er ráð fyrir því að Framkvæmdasjóðurinn styrki hjúkrunarrýmið sem er hið dýrasta. Dýrasta uppbyggingin er uppbygging hjúkrunarrýmis og þar er sjóðurinn með sínar áherslur. En að hluta til koma framlög einnig úr ríkissjóði. Þetta er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga þannig að ríkið greiðir 85% af uppbyggingarkostnaði, sveitarfélögin greiða 15% af kostnaðinum. Þessi 85% sem ríkið kostar skiptast síðan á milli Framkvæmdasjóðsins og beinna framlaga af fjárlögum.

Þar að auki hefur sjóðurinn einnig heimild til þess að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, þjónustuhúsnæðis fyrir aldraða og dagvista sem hinir öldruðu, sem þó búa enn í eigin húsnæði, þurfa á að halda. Síðan eru heimildir til lánveitinga frá Húsnæðisstofnun ríkisins til þeirra einstaklinga sem vilja byggja sér þjónustuhúsnæði og byggja í slíkum íbúðarkjarna eða kjörnum sem nú eru mjög algengir og færast í vöxt. Ég tel að það sé reyndar líka hin rétta áhersla, þ.e. að einstaklingarnir búi sem lengst í eigin íbúðum ef þess er nokkur kostur en fái þjónustu sem þeir þurfa á að halda, fyrst heimaþjónustuna, síðan þjónustu í þjónustumiðstöðvum sem eru þá gjarnan reistar í tengslum við þessar þjónustuíbúðir.

Herra forseti. Ég hef nú talað lengra mál en ég ætlaði mér en vildi þó árétta það sem ég sagði áður í tengslum við það sem kom fram hjá þessum hv. tveim þm.

Og að lokum út af því sem hv. 3. þm. Reykv. benti á varðandi 2. gr. frv. um að mat á vistunarþörf skuli að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra þá er sagt frá því í greinargerð að hér sé nánast um leiðréttingu að ræða frá því að þessi lög voru seinast til meðferðar á hv. Alþingi. En ég tek undir það með hv. þm. að það er að sjálfsögðu rétt að skoða þetta nánar í nefndinni. Ég hef ekki lögin fyrir framan mig þannig að ég þori ekki að tjá mig nákvæmlega um þessa brtt. en treysti því að nefndin skoði það mál nánar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég held að hv. 3. þm. Reykv. hafi örlítið misskilið mitt mál, ég vona að hún hafi gert það. Það sem fyrst og fremst voru rök hjá mér var það að ég vildi stemma stigu við því í eitt skipti fyrir öll að ríkið tæki lögboðið framlag, og ekki síst þar sem hér er um að ræða nefskatt, að hluta til sín án þess að viðkomandi sjóður fái rönd við reist. Þetta er náttúrlega mjög mikil viðurkenning að fengist skuli hafa samþykki fyrir því að allar brúttótekjur sem sjóðurinn á lögum samkvæmt fari til sjóðsins sjálfs.

Hitt er svo nýtt mál að auka hlutverk sjóðsins eins og hér er lagt til í þessu frv., um það geta verið skiptar skoðanir. Ég lagði áherslu sérstaklega á einn þáttinn þar. Það var að hjúkrunarheimili fyrir aldraða mættu ekki líða fyrir það. Hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra sem ég þarf ekki að endurtaka að eins og allir vita þá er á fjárlögum á ári hverju framlag til hjúkrunarheimila aldraðra og annarra stofnana aldraðra umfram það sem sjóðurinn veitir samkvæmt hans lögum. Þetta þarf þingmönnum að vera ljóst þegar þetta mál er rætt.

Ég vildi aðeins, af því að hv. þm. fór út í fleira, m.a. aðstöðu aldraðs fólks til að eignast húsnæði, að við sátum saman í ríkisstjórn 1983–1987. Á því tímabili var lögum um Húsnæðisstofnun breytt, þ.e. félagslega þættinum, c-lið, þar sem tekið var inn nýtt ákvæði í þeim lögum sem gilda enn í dag, að Samtök aldraðra t.d. fá aðgang að sérstöku láni á félagslegum grundvelli 85–90% á 1% vöxtum til 40 ára. Þetta var mjög mikið áhugamál þeirra sem hafa forustu fyrir Samtökum aldraðra og hafa í gegnum þessa löggjöf frá 1984 getað hafið stórvirki, ekki síst á þéttbýlissvæðinu, með því að byggja myndarlegar íbúðir, fjölmargar íbúðir, svo hundruðum skiptir, sem aldraðir eignast einmitt í gegnum þetta lagaákvæði. Við getum því sameiginlega fagnað því að hafa átt hlut að því að koma þessu góða máli í gegn sem ekki hefur tekist að eyðileggja til þessa, þrátt fyrir mikið umrót í húsnæðislöggjöfinni.

Þess vegna held ég að við getum verið sammála um það að þrátt fyrir einhvern ágreining um þessa breytingu, sem ég tel vera mikilvæga þar sem Alþingi ákveður að viðkomandi sjóður fái 100% framlag til ráðstöfunar miðað við það að á undanförnum árum hefur þetta verið skert, ekki minna en um $^1/_3$, að þá er þetta mjög mikilvægur áfangi. Við getum svo rætt um hitt nánar, hvort hér sé of langt gengið. Ég tel að liðir 3, 4 og 5 séu atriði sem eru ekki stærst í sniðum en þýðingarmikil eigi að síður í sambandi við rekstur þessara stofnana. Ég vona að Alþingi gleymi ekki því hlutverki sínu, eins og þegar hefur verið viðurkennt í fjárlögum ár eftir ár, að standa undir rekstri þessara stofnana miðað við það sem viðurkennt er.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér fara fram umræður um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Þetta frv. er sjálfsagt borið fram af fullri nauðsyn. Ég get þó ekki látið undir höfuð leggjast að vekja athygli á mjög glöggum athugasemdum frá hv. 3. þm. Reykv. um þetta frv. Í upphafi athugasemda með frv. segir: „Talið er nauðsynlegt að gera breytingar á hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra sem báðar eru þess eðlis að þær rýmka hlutverk hans.“ Og að sjálfsögðu liggur í því að ef hlutverkið er rýmkað en ekki jafnframt gætt að því að tekjustofnar aukist þá þarf að hafa augun hjá sér.

Hæstv. heilbrrh. orðaði það svo að hér væri verið að breyta áherslum og er það að sjálfsögðu nokkuð gott orðalag og sjálfsagt gert af nauðsyn. Hitt er svo rétt að taka fram að fyrir nokkuð mörgum árum, jafnvel áratugum, var lögð mikil áhersla á að útrýma öllum mörkuðum tekjustofnum, þ.e. að safna öllum tekjum ríkisins í einn pott og úthluta úr honum, stundum eftir geð-

þótta og eftir þörfum líðandi stundar.

Hér er um tekjustofn að ræða sem er afskaplega þýðingarmikill og honum varið til mikilvægra mála. Ég man eftir því að Gísli Sigurbjörnsson, sá maður sem allra mest og best hefur sinnt málefnum aldraðra, sagði við mig eitt sinn þegar bygging dvalar- og elliheimilis var á döfinni á ákveðnum stað vestanlands, að sérhvert dvalar- og elliheimili þyrfti að starfa í samvinnu við sjúkrahús til þess að þangað gætu þeir farið sem þyrftu á meiri og nákvæmari hjúkrun að halda. Og hygg ég að hann hafi mælt þar af langri reynslu.

Það er ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um þetta þarfa málefni. Ég gat þó ekki látið undir höfuð leggjast að vekja athygli á þessu. Að sjálfsögðu verðum við alltaf að leggja áherslu á hagræðingu í þessum efnum, en þó ævinlega með hagsmuni hinna öldruðu fyrir augum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

41. fundur, fimmtudaginn 17. jan., kl. 10 árdegis.

Landafundir Leifs Eiríkssonar í Vesturheimi, ein umr.

Fsp. ÞK, 209. mál. — Þskj. 262.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar fsp. er fréttatilkynning frá utanrrn. um kynningarátak til að minnast landafunda Leifs Eiríkssonar í Vesturheimi, en fsp. er beint til forsrh., með því að hér er ekki um að ræða utanríkismál heldur eina af hugstæðustu minningum í þjóðarsögu Íslendinga.

Í fréttatilkynningunni segir að íslensk og norsk yfirvöld sem og einkaaðilar muni á næstu árum standa að kynningarátaki til að minnast landafunda Leifs Eiríkssonar í Vesturheimi. Hér er ekki um neitt smámál að ræða. Talað er um átak sem standa á yfir á næstu árum. Þetta vekur ýmsar spurningar. Er hér um að ræða samfelldar aðgerðir og undanfara hátíðahalda sem ætlað er að ná hámarki sínu á 1000 ára afmæli landafunda Leifs heppna árið 2000.

Hvaða fyrirætlanir hafa verið ákveðnar í þessu efni? Hverjir hafa haft frumkvæði í máli þessu, Íslendingar eða Norðmenn? Hvað hafa íslensk stjórnvöld gert af sinni hálfu? Hver er sá hlutur sem einkaaðilum er ætlaður í því sem hér um ræðir? Ég leita eftir svörum við þvílíkum spurningum í fyrri tölul. fsp. minnar en þar segir:

„Hvaða áform hafa íslensk yfirvöld nú uppi um að minnast landafunda Leifs Eiríkssonar í Vesturheimi?"

Í umræddri fréttatilkynningu frá utanrrn. segir enn fremur að Norðmenn muni sigla eftirlíkingu af Gauksstaðaskipinu á næsta sumri og muni ferðinni ljúka í Washington á minningardegi Leifs heppna, 9. okt. Í áhöfn skipsins verði nokkrir Íslendingar.

Þessi frétt vekur til umhugsunar. Hvað er hér á ferðinni? Er hér um að ræða lið í viðloðandi og þrálátri áráttu Norðmanna að tileinka sér Íslendinginn Leif heppna og afrek hans með sögufölsunum um þjóðerni hans? Hvaða hlutverki hafa Íslendingar að gegna í slíku slagtogi? Í tilefni af þessu hljóðar síðari tölul. fsp. minnar svo:

„Geta íslensk stjórnvöld átt hlut að kynningarátaki Norðmanna um Íslendinginn Leif Eiríksson nema staðinn sé vörður um óskipta arfleifð íslensku þjóðarinnar og fullur sómi sé sýndur sögulegum staðreyndum sem greyptar eru í þjóðarsögu og þjóðarvitund um heimssögulegt afrek Leifs heppna?"

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að mikilvægt er að við höldum nafni Íslendingsins Leifs Eiríkssonar sem mest á lofti í þessu sambandi og gleymum því ekki að hann er skilgetinn sonur þessa lands. Um þetta hafa hins vegar verið miklar deilur við Norðmenn sem hafa viljað telja hann Norðmann, en mér skilst að í sambandi við þetta kynningarátak nú hafi orðið eins konar salómonsdómur þess efnis að a.m.k. þeir Norðmenn, sem hafa tekið þátt í viðræðum við Íslendinga um málið, hafi viðurkennt að hann sé sonur Íslands en sonarsonur Noregs. Líklega verður því ekki mótmælt ef menn vilja lýsa þessu svo.

Hv. þm. las fréttatilkynningu utanrrn. og ég hef beðið um frekari upplýsingar þaðan. Þær eru hér í allítarlegu máli sem ég kemst nú líklega ekki yfir að lesa allt í stuttum tíma. Ég sleppi fréttatilkynningunni en tek fram að eins og hún er hér orðuð þá er ekki sagt að Norðmenn muni sigla, heldur að sumarið 1991 muni eftirlíking af Gauksstaðaskipinu verða siglt frá Noregi til Orkneyja.

Fundur um þetta mál varð 5. des. sl. og það sóttu fundinn fulltrúar frá forsetaskrifstofu, utanrrn., menntmrn., Útflutningsráði, Ferðamálaráði, Stofnun Árna Magnússonar, Sjónvarpinu og Þjóðræknisfélaginu. Fundir verða núna á næstunni um framkvæmd þeirrar áætlunar. Í minnisblaði frá þessum fundi, sem var haldinn 5. des., kemur m.a. fram það sem ég sagði áðan um þetta samkomulag um að svo skuli Leifur skilgreindur, eins og ég nefndi áðan, sem sonur og sonarsonur.

Síðan hefur verið sett á fót sameiginleg íslensk/norsk stjórnarnefnd. Af Íslands hálfu eiga sæti í henni Kornelíus Sigmundsson forsetaritari, Guðni Bragason frá utanrrn. og Ingjaldur Hannibalsson frá Útflutningsráði. En fleiri taka þátt í þessu starfi af Íslands hálfu eins og Kristinn Hallsson úr menntmrn., Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Jónas Kristjánsson frá Stofnun Árna Magnússonar, Sveinn Einarsson frá Sjónvarpinu og Jón Ásgeirsson frá Þjóðræknisfélaginu.

Ákveðið hefur verið að framkvæmdastjóri þessa

verks verði deildarstjóri í norska utanrrn., Leidulv Namtvedt.

Helstu þættir kynningarátaksins er sigling víkingaskips yfir Atlantshafið sumarið 1991. Í þessari fréttatilkynningu segir að í áhöfn Gauksstaðaskipsins verði sex til átta menn, íslenskir og norskir. Hins vegar hef ég ekki fengið skiptingu á því og ég veit ekki reyndar hvort hún er að fullu ákveðin, en skipstjóri verður norskur, þ.e. hinn þekkti sægarpur Ragnar Thorseth.

Þessi sigling, sem á að hefjast 17. maí, er allkostnaðarsamt fyrirtæki og kostar u.þ.b. 120 millj. kr. og er kostuð af norska skipaeigandanum Knut Utstein Kloster. Ég vil svo bæta því inn fyrir mitt leyti að þó ég fagni því mjög að Íslendingar séu þátttakendur í þessu, þá hefði náttúrlega verið skemmtilegra að við hefðum getað tekið meiri fjárhagslegan þátt í þessu starfi, en þessi skipaeigandi kostar mjög stóran hluta af öllu þessu prógrammi.

Það er gert ráð fyrir að skipið fari 17. maí, það fer á þjóðhátíðardegi Norðmanna, en kemur hingað á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní á það að koma hér og fara héðan aftur 25. júní. Það fer síðan til Nuuk á Grænlandi og síðan til Nýfundnalands, Halifax, Boston, Newport, New York og komið verður til Washington á degi Leifs Eiríkssonar 9. okt. Þetta er svona í fljótu bragði farið yfir dagskrána.

Það verður gerð kvikmynd af siglingunni, sem bresk hjón, Lomax, munu kosta og ekki veit ég hvernig þau eru komin inn í þetta mál. Síðan eru ráðgerðir sjónvarpsþættir 1992–1993 og eftir því sem ég best sé er ekki enn þá afgert hvernig sjónvarpsstöðvar á Íslandi koma inn í það, en það er gert ráð fyrir því. Hins vegar hefur norska sjónvarpið ákveðið að gera sjónvarpsþátt af þessu.

Síðan verður vörukynning 1991 sem Íslendingar munu standa fyrir af okkar hálfu að sjálfsögðu, í sambandi við alla siglinguna. Það verður menningarkynning líka sem menntmrn. mun hafa veg og vanda af. Það verður ferðamálakynning einnig í ár sem Ferðamálaráð mun annast. Allt þetta verður á viðkomustöðum skipsins og við Íslendingar reynum að hafa a.m.k. okkar hlut þannig sæmilega myndarlegan.

Það hefur mjög verið óskað eftir því að forseti Íslands verði viðstaddur þegar skipið kemur til Washington og það er í athugun á forsetaskrifstofunni og þá mun líklega vera einhver fulltrúi frá norsku konungsfjölskyldunni. Og það verða víkingasýningar frá 1993–1994. (Forseti hringir.)

Því miður get ég, eins og ég óttaðist í upphafi, ekki farið ítarlegar út í þetta. Það er sjálfsagt að afhenda fyrirspyrjanda þetta sem ég hef hér. Ég get ekki neitað því að mér finnst þáttur Norðmanna stór. Það hefur eingöngu fengist 10 millj. kr. framlag af Íslands hálfu og það á að greiðast, ef ég man rétt, á tveimur árum. Og það er náttúrlega í raun ekki nema dropi í hafið, við skulum gera okkur glögga grein fyrir því.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér er rætt um landafundi Leifs Eiríkssonar í Vesturheimi. Við erum ekkert óvanir því að frændur vorir Norðmenn reyni að eigna sér Leif Eiríksson. Ég held við megum vel við una, eins og hæstv. forsrh. sagði, að hann sé talinn sonur Íslands en sonarsonur Noregs. Þessu verður ekki breytt. Leifur fæddist að Eiríksstöðum í Haukadal í Dalasýslu og við mig hafa sagt menn úr Vesturheimi, Bandaríkjamenn, að þar sem Eiríksstaðir eru, þar höldum við á gimsteini í lófanum, eins og þeir orðuðu það. En þeim stað hefur kannski ekki verið nægur sómi sýndur. Það er annað mál. Við erum í fjölskyldu með Norðmönnum frá fornu fari og það er ýmislegt karpað innan vébanda fjölskyldunnar. Þeir hafa reynt að eigna sér Snorra í Reykholti. Við vitum alveg hvernig það er til komið. Á hinn bóginn verður það að segjast með sanni að frændur vorir Norðmenn hafa líka lagt sitt myndarlega af mörkum til þess að halda uppi minningu Snorra í Reykholti. Það er sjálfsagt að vera vakandi í þessum efnum, en við skulum vera óhræddir.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni fyrir það að vekja athygli á því sem er að gerast í sambandi við kynningu á Leifi Eiríkssyni í tengslum við afmæli landafunda Kristófers Kólumbusar.

Ég held þó að það hefði verið nauðsynlegra fyrir okkur Íslendinga að minna svolítið á okkur hér heima, minna á staði eins og Eiríksstaði í Dölum, Dranga á Ströndum, þar sem Eiríkur, faðir Leifs Eiríkssonar, nam fyrst land og jafnvel að tengja frekar landafundina við það að á því er ekki neinn vafi að það var íslensk kona sem var fyrsta hvíta móðirin í Ameríku.

Við höfum ekki séð ástæðu til þess að láta 1 millj., hvað þá 10 millj., til að kynna ákveðna sögustaði og ákveðna hluti hér heima á Íslandi, en hlaupum nú til að vera í slagtogi með Norðmönnum við það að kynna Norðmanninn Leif Eiríksson. Það má vel vera að það hafi verið nauðvörn okkar að taka þátt í þessu en fyrst svo er búið að ákveða þá verður þar sjálfsagt að halda áfram. En ég tel að okkur sé nauðsynlegur kostur að halda fram okkar þætti í því að hafa komið um árið 1000 til Ameríku, ekki aðeins sem finnandi eins og Leifur Eiríksson, heldur sem búandi og eins og ég nefndi áðan, í því að fæða af sér nýtt líf í þessu nýnumda landi og minnast fyrstu íslensku móðurinnar á þessu ónumda landi sem þá var, en það hefur einhvern veginn gleymst á undanförnum árum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Svo naumt er nú skammtaður tími í fsp. að varla er hægt að segja hér nokkur orð um þetta mál. Ég hygg að sú ákvörðun Norðmanna að senda þetta skip til Ameríku eigi að vekja Íslendinga til umhugsunar um það að það voru þrír stóratburðir taldir gerast árið 1000. Eitt var kristnitakan hér á landi, eitt var fall Ólafs konungs Tryggvasonar og eitt var landafundur Leifs Eiríkssonar.

Ég hygg að miðað við framtíðarmöguleika Íslands í ferðamennsku og þá staðreynd að flestir ferðamenn koma nú frá Ameríku, þá sé nauðsyn að ríkisstjórn Ís-

lands móti um það stefnu hvernig skuli minnast þeirra atburða hér á landi þegar Leifur Eiríksson fann Ameríku, því að tvímælalaust er það svo að sá atburður er frá viðhorfi nútímamanna langstærstur þeirra þriggja sem taldir voru gerast árið 1000. Og ég hygg að enn sé nægur tími til að taka á því máli, en hins vegar er ekki ráð nema í tíma sé tekið að fara að undirbúa slíka kynningu.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans upplýsingar. Hann greindi nokkuð frá því sem þarna er á ferðinni og það vekur nú þá spurningu, hvernig stendur á því að það hefur verið farið svo laumulega með þetta mál hér á Íslandi að við erum að heyra þetta fyrst nú?

Ég hef fengið upplýsingar síðan ég bar fram þessa fsp. frá Noregi um það hvernig þetta mál er til komið. Málið er þannig til komið að það er auðugur útgerðarmaður í Noregi sem átti þá hugmynd að sigla skipinu, Gauksstaðaskipinu, til Ameríku á þeirri forsendu að Leifur heppni hefði verið Norðmaður og hann vissi ekki betur. Þetta var að verða eins og eðlilegt var hneyksli á vissum stöðum og æðstu stöðum í Noregi og til þess að bæta úr var haft samband við Íslendinga og þeim boðið náðarsamlegast að vera með. En það er mjög lítið hlutverk sem þeim er ætlað í þessu efni. Það er talað um t.d. átta manna skipshöfn og það er gert ráð fyrir að þar verði tveir Íslendingar hvort sem þeir verða hafðir í austri eða einhverju öðru.

Hér er um mál að ræða sem varðar þráláta viðleitni Norðmanna að tileinka sér Leif heppna með sögulegum fölsunum. Hér hefur verið sagt af hæstv. forsrh. að það hafi verið kveðinn upp salómonsdómur í þessu máli milli okkar Norðmanna og Íslendinga. Og hver er salómonsdómurinn? Hann er að Leifur heppni sé að vísu sonur Íslands en sonarsonur Noregs. Já. Ef við færum nú að beita þessum salómonsdómum yfirleitt, þá yrðum við í hvert sinn sem við nefnum fyrsta lögsögumann Alþingis að láta þess getið að hann væri sonarsonur Noregs því að það væri í þessu efni jafn ástatt með Hrafn Hængsson og Leif heppna. Okkur þarf þá að vera tamt að nefna það alltaf þegar við nefnum t.d. Egil Skallagrímsson, sonarsonur Noregs. Nei, þetta er enginn salómonsdómur í þessu efni.

Ég vil aðeins í tilefni af því sem hér hefur komið fram leggja fram nokkrar spurningar fyrir mig og fyrir þingheim og okkur Íslendinga í þessu efni:

1. Er það rétt að Íslendingar hlaupi til þátttöku í aðgerðum sem stofnað er til til kynningar á afrekum Leifs heppna á þeirri forsendu að Leifur hafi verið Norðmaður?

2. Styrkir minni háttar þátttaka okkar Íslendinga í slíkum aðgerðum ekki tilkall Norðmanna til Leifs heppna?

3. Er ekki rétt að Íslendingar hafi myndugleik til þess að standa sjálfir fyrir kynningu á sögulegum staðreyndum um afrek Leifs og kveða um leið niður hinar þrálátu sögulegu falsanir Norðmanna um þjóðerni hans?

Það er rétt að það er ekki ráð nema í tíma sé tekið í þessum efnum eins og hv. 2. þm. Vestf. benti hér réttilega á. Þessi umræða hér verður áreiðanlega ekki síðasta orðið um það hvernig Íslendingar minnast afreka Leifs heppna.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir æði margt sem hér hefur verið sagt en tími er ekki til þess. Ég vil taka undir það m.a. með hv. þm. Skúla Alexanderssyni að ég held að það sé mjög verðugt að við kynnum fyrir okkar eigin þjóð m.a. og þeim gestum sem hingað koma þessa sögu. Ég hygg að það séu ekki mjög margir sem vita þær staðreyndir sem í því sambandi hafa verið nefndar.

Út af spurningum hv. þm., ég hef ekki fengið þær en svona eins og ég man þær, þá held ég satt að segja að þarna hafi verið forðað slysi. Það er rétt að auðugur Norðmaður ákveður þetta. Hann spyr út af fyrir sig engan að því. Hann kostar líka sjónvarpsmynd sem gera á í Noregi. Skipinu hefði verið siglt sem norsku o.s.frv. ef þó hefði ekki tekist að komast inn í þetta mál á þennan máta. Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að okkar hlutur þyrfti að vera meiri að sjálfsögðu. En ég tel þó að þarna hafi tekist að forða miklu slysi og vona ég að við getum út af fyrir sig verið sammála um það. Þessi misskilningur í Noregi er afar útbreiddur.

Ég ætla að segja hér þá litlu sögu að í mjög fjölmennum kvöldverði í sambandi við umhverfisráðstefnu í apríl í Bergen í Noregi sagði mér þáv. forsætisráðherra Noregs í borðræðu frá því að Norðmaðurinn Leifur Eiríksson hefði fundið Norður-Ameríku. Það vildi svo vel til að ég þurfti að þakka fyrir og ég gat leiðrétt þetta. Úr þessu varð hin mesta umræða við borðin á eftir og svo virtist sem jafnvel mjög háttsettir Norðmenn þar hefðu ekki hugmynd um annað. Þannig er það því miður. En ég tel að þarna hafi þó tekist vel, en ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, að við þurfum að gera vitanlega miklu betur.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki hægt að ræða þetta mál í fyrirspurnatíma, en mér finnst lítil reisn yfir þessu hjá íslensku ríkisstjórninni. Ég lít svo á að þarna hafi blátt áfram verið slys, að það verði til þess að útbreiða þá skoðun að íslenska ríkisstjórnin og Íslendingar séu að samþykkja það að verulegu leyti eða öllu leyti að Leifur Eiríksson hafi verið Norðmaður. Ég tel að það þurfi að ræða þetta á öðrum vettvangi en í fyrirspurnatíma.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. sagði að það hefði verið forðað slysi. Í mínum orðum fólst það hér áðan og fsp. mín er borin fram á þeirri forsendu að hér hafi orðið slys eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. tók skýrt fram. Ég tel að það hafi orðið slys með því að fara í slagtog með Norðmönnum um þessa kynningarathöfn og slysið liggi í því að í stað þess að okkar aðgerðir

miði að því að undirstrika hinar réttu, sögulegu staðreyndir í málinu, þá sé þetta stuðningur við hina þrálátu viðleitni Norðmanna að tileinka sér Leif Eiríksson.

Sérþjálfaðar leynisveitir hérlendis, ein umr.

Fsp. HG, 255. mál. — Þskj. 427.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Fyrir jólahlé þingsins lagði ég fram fsp. til hæstv. forsrh. um sérþjálfaðar leynisveitir hérlendis og hún er svohljóðandi:

„Hafa starfað hérlendis frá árinu 1951 að telja sérþjálfaðir hópar eða leynisveitir með tengsl við íslensk stjórnvöld, NATO eða CIA til að bregðast við hugsanlegu hernámi landsins af hálfu Sovétríkjanna, sbr. nýjar upplýstranir í mörgum löndum Vestur-Evrópu?"

Þetta er fsp. Tilefni hennar eru upplýsingar sem fram hafa komið á Vesturlöndum, í flestum NATO-ríkjum og raunar víðar, þar á meðal í Svíþjóð, um það að á áratugnum 1950–1960 hafi verið komið upp að frumkvæði bandarísku leyniþjónustunnar og Atlantshafsbandalagsins sérstökum hópum til þess að annast viðbrögð við sovésku hernámi í löndum Vestur-Evrópu og þeir hafi starfað án vitundar þjóðþinga þessara landa og með fárra vitorði, alveg fram á þennan dag sums staðar. Enn er að verki svokölluð Clandestine Cooperation Committee innan NATO sem hefur samræmingu með höndum á starfi þessara hópa.

Hér er um að ræða starfsemi sem einhver mesta leynd hefur hvílt yfir á Vesturlöndum eftir stríð og það er ekki aðeins svo að þessar sérþjálfuðu sveitir, sem hafa verið tiltölulega fámennar samkvæmt þeim tölum sem upp hafa verið gefnar, t.d. 150 manns í Svíþjóð, hafi haft með höndum viðbrögð við hugsanlegu hernámi af hálfu Sovétríkjanna í þessum löndum heldur hafa þær gripið inn í innanlandsmál landanna svo sem mjög er frægt á Ítalíu og enn ekki séð fyrir endann á því máli öllu saman, en þar gengu þessar sveitir undir nafninu Gladio, sem mun tákna stutt sverð og gladiatorar voru kallaðir þátttakendurnir í þeim. Þessar sveitir tengdust áætlun um að steypa ítölsku ríkisstjórninni og fasískri valdatöku 1964 að því er talið er og þræðir þessara sveita liggja inn í einhver dekkstu myrkraverk ítalskrar sögu eftirstríðsáranna eins og hefur verið að koma fram í einu málinu eftir annað.

Að því er Ísland varðar hefur ekkert komið fram um starfsemi af þessu tagi hérlendis. Það er ástæðan fyrir því að ég spyr hæstv. forsrh.: Hefur slík starfsemi farið fram hér í NATO-landinu Íslandi hliðstætt því sem verið hefur í flestum ef ekki öllum öðrum löndum Atlantshafsbandalagsins?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég hef beðið bæði dómsmrn. og utanrrn. að athuga vandlega hvort nokkur merki væru um slíkar sérþjálfaðar sveitir og sem betur fer fengið það svar að við athugun á málinu finni þeir engin merki þess að hér hafi starfað slíkar sveitir. Ég vek aðeins athygli á því að við Íslendingar höfum aldrei verið virkir þátttakendur í hernaðarnefnd Atlantshafsbandalagsins. E.t.v. er þar að finna skýringuna, ég veit það ekki, en sem betur fer finnast engin merki um slíkar sveitir hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans sem var stutt og laggott. Hæstv. forsrh. staðhæfir og ber fram að hann hafi enga vitneskju um starfsemi slíkra sveita hérlendis. Það er vissulega fagnaðarefni og við skulum vona að slíkt hafi ekki gerst. Við vitum það samkvæmt bandarískum gögnum frá fyrstu árunum eftir stríð í aðdraganda að stofnun Atlantshafsbandalagsins að hér var viðleitni af hálfu bandarísku leyniþjónustunnar til þess og hugmyndir um það að koma á slíkum sveitum. Hér störfuðu sérstakar sveitir sem reyndar stjórnmálaflokkar í landinu höfðu frumkvæði að að koma upp í aðdraganda að stofnun Atlantshafsbandalagsins. En ég er ekki að tengja það þessu.

Hæstv. forsrh. vék að því að Ísland væri ekki tengt hernaðarnefnd Atlantshafsbandalagsins og þar væri kannski skýringarinnar að leita. Auðvitað áttum við okkur á því að hér eru verulega aðrar aðstæður heldur en í öðrum ríkjum NATO þar sem hér er ekki starfandi leyniþjónusta og við rekum hér ekki her, sem betur fer. En hins er að gæta að þessar leynisveitir í hinum NATO-ríkjunum og í Svíþjóð voru ekki í neinum beinum tengslum við hernaðaryfirvöld í þessum löndum, heldur alveg starfræktar sér á parti þar fyrir utan, til hliðar við hernaðarkerfið og gegndu sem sagt alveg sérstöku hlutverki, m.a. í Svíþjóð, samkvæmt upplýsingum Dagens Nyheter, að bjarga ríkisstjórn og konungi úr landi, hjálpa til þess, fyrir utan hið almenna varnarkerfi eða undirbúning í þá átt þarlendis.

Fjármögnun til þessara sveita, t.d. í Vestur-Þýskalandi að því er Der Spiegel upplýsir í nóvembermánuði, hefti 47, ber vott um það að þessu hafi verið haldið leyndu nema fyrir alveg sérstökum trúnaðaraðilum í þessum löndum.

Virðulegur forseti. Ég vil síðan aðeins vekja athygli á því að það er mjög erfitt um vik að kanna gögn hérlendis og þau mál eru enn mjög langt frá því að vera komin í viðunandi horf. Aðgangur að opinberum gögnum Stjórnarráðsins, einstakra ráðuneyta, er ekki aðeins ófullkominn heldur með þeim hætti að það getur í rauninni hver sem er stungið því undir stól sem hann vill án þess a.m.k. að skjalageymslur íslenska ríkisins geti upplýst um slíkt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þessi fsp. er að því leyti sérstæð að það er upplýst af spyrjanda eftir þýskum heimildum að aðeins sérstakir menn — sérstakir menn í hverju þjóðlandi hafi fengið að vita um tilvist slíkra sveita hafi þær verið til. Og jafnframt að gífurleg leynd hafi hvílt yfir þeim. Þegar hv. fyrirspyrjandi fær þessar upplýs-

ingar í Þýskalandi snýr hann sér að forsrh. og spyr hvort hann viti um tilvist sveitanna. Mér finnst nánast að í því felist sú tilhneiging að hann telji forsrh. sennilegastan til að hafa verið meðlim í slíkum sveitum hafi þær verið til. Hvers vegna spyr hann ekki hæstv. fjmrh. þessarar spurningar? (**Gripið fram í:** Það er ólíklegt.) Kostaði þetta ekki peninga, hv. þm.?

Ég tel að í því fámenni sem hér er megi það með ólíkindum vera ef hugsanlegt sé að vopnabúr séu til í landinu í eigu Íslendinga sem hafi verið hugsuð til hernaðaraðgerða hér ef Sovét tæki landið. Ég tel að hv. þm., fyrirspyrjandi, skuldi okkur hinum óbreyttu skýringar á því hvers vegna hann beinir þessari fsp. til forsrh.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég átta mig nú ekki á því hvort innlegg hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar er tilraun til að gera það sem hér er rætt að gamanmáli. Það mátti nánast ályktа sem svo af hans orðum. Ég hélt að það væri hverjum þingmanni ljóst hvers vegna þessari fsp. er beint til hæstv. forsrh. Auðvitað vegna þess að hæstv. forsrh. er í forustu fyrir ríkisstjórn landsins og mál af þessu tagi getur snert mörg ráðuneyti, eðli málsins samkvæmt öðru fremur utanrrn. og dómsmrn. Og vegna þess hversu hv. þm. vísar þessu máli — ja, út í hafsauga í sínum málflutningi, þá ráðlegg ég honum að kynna sér gögn í öðrum löndum um það sem gerst hefur í þessum efnum. Ég legg líka til að hv. þm. athugi skipunarbréf nýrrar nefndar sem hæstv. utanrrh. setti á fót á haustdögum í samvinnu við hæstv. dómsmrh. um sérstaka skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál. En ég mun gera sérstaka fsp. til hæstv. utanrrh. fljótlega út af skipun þeirrar nefndar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Til að fyrirbyggja að hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson telji að hér sé um eitthvert gamanmál að ræða af minni hendi vil ég vekja athygli hans á þeirri staðreynd að forustumenn Framsfl. hafa farið með þau embætti sem hann hefur hér talað um að séu sennilegust til að hafa haft vitneskju um þessi mál og verið aðilar að þessum málum og ég tek svona aðdróttunum ekki þegjandi. Ég vísa þeim heim til föðurhúsanna og mælist til þess að hann hafi einhvern fót fyrir því sem hann er að bera hér á borð fyrir þingheim, að forustumenn Framsfl. á undanförnum árum eftir stríð hafi staðið að slíkum samtökum.

Vextir verðtryggðra innlána og útlána, ein umr.

Fsp. GGÞ, 188. mál. — Þskj. 220.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Það er í skugga mikilla átaka við Persaflóa sem þessi fyrirspurnatími hér á Alþingi Íslendinga fer fram og í skugga þess mikla hildarleiks verða nú skyndilæti hversdagsins sum smá hér.

Ég hef leyft mér að leggja hér fram á þinginu fsp. til hæstv. viðskrh. varðandi útreikningsreglur viðskiptabanka á vöxtum verðtryggðra innlána og útlána. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvernig eru vextir reiknaðir hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum:

a) af verðtryggðum útlánum,

b) af verðtryggðum innlánareikningi?

2. Telur ráðherra ekki nauðsynlegt að viðskiptabankar og sparisjóðir geri almenningi grein fyrir þeim grundvallarmun sem á þessum reikningsreglum er?"

Þannig er mál með vexti að um nokkurt árabil og líklega alveg frá stofnun verðtryggðra innlánareikninga hefur verið munur á því hversu innlánastofnanir reikna vexti innlána og útlána. Ég hygg að þeir séu fáir, jafnvel meðal helstu viðskiptavina innlánastofnananna sem gera sér grein fyrir þeim mun sem þarna er um að ræða. Það er í ljósi þess sem þessi fsp. er borin hér fram á Alþingi og ég tel það eðlilegt og nauðsynlegt að viðskrh. við slíkt tækifæri skýri frá því hér í heyranda hljóði hver munur er á þessum reikningsreglum.

Það hljóta að teljast eðlilegir viðskiptahættir að almenningi sé gerð mjög skýr grein fyrir þeim mun sem þarna er um að ræða, en eins og þingmenn vita eru reglulega birtar skýrslur um vaxtatölur og vaxtareikninga, jafnvel auglýsingar innlánastofnana þar sem ekki kemur skýrt fram að þarna sé um talsverðan mun að ræða.

Ég held að þó að í eðli sínu kunni að vera dálítill munur á innlánum og útlánum vegna færslufjölda, þá geri nýtískutölvutækni það auðvelt fyrir reiknistofnanir og lánastofnanir að samræma þessar reikningsreglur. Mér virðist að um umtalsverðan mun sé að ræða og hann er meiri eftir því sem verðbólga er meiri. Meginþáttur málsins er sá að taki menn að láni umtalsverða upphæð hjá lánastofnun, verðtryggt á ákveðnum vöxtum, leggi hana síðan inn á sömu vöxtum á verðtryggðan innlánareikning, þá dugar að ári liðnu ekki innlánið til að greiða útlánið eða lánið sjálft.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 10. þm. Reykv. hefur borið hér fram spurningu um útreikning vaxta í þremur liðum.

Í fyrsta lagi er spurt: Hvernig eru vextir reiknaðir af verðtryggðum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum? Svarið er að höfuðstóllinn er hækkaður upp á gjalddaga miðað við þá breytingu sem orðið hefur á vísitölunni frá útgáfudegi eða síðasta gjalddaga og vextir reiknaðir upp á upphækkaðan höfuðstól. Þetta er aðferðin þegar um útlán er að ræða.

Þá er í öðru lagi spurt hvernig vextir séu reiknaðir af verðtryggðum innlánsreikningum. Svarið er að vextir af slíkum reikningum reiknast í lok mánaðar af lægstu innstæðu mánaðarins og leggjast við höfuðstól um áramót. Hreyfingar innan hvers mánaðar bera sérstakar verðbætur sem einnig hafa verið nefndar í gögnum

bankanna vextir innan mánaðar.

Útreikningur á verðtryggðum innlánsreikningum er eðli málsins samkvæmt mun flóknari en af verðtryggðum lánum. Skýringin á því er tvíþætt: Í fyrsta lagi eru innborganir og útborganir ekki á fyrir fram ákveðnum gjalddögum þegar reikningar eiga í hlut heldur ráða eigendur reikninganna að sjálfsögðu mestu um það. Í öðru lagi er lánskjaravísitalan aðeins reiknuð einu sinni í mánuði, en viðskipti geta átt sér stað hvern dag. Ég ætla ekki að rekja þetta nánar í smáatriðum en get látið hv. fyrirspyrjanda í té nánari upplýsingar um það skriflega og tölulega.

Það er vissulega rétt að á þessum tveimur aðferðum er örlítill munur. Vextir lána reiknast eins og ég sagði af fulluppfærðum höfuðstól, en vextir innlána af höfuðstólnum eins og hann er í hverjum mánuði. Í lítilli verðbólgu er munurinn alveg hverfandi, en í mikilli verðbólgu er hann nokkur og um það má rekja dæmi. Þessi munur var mönnum ljós þegar verðtryggðir innlánsreikningar voru hér innleiddir árið 1980, en það þótti ekki ástæða til að jafna muninn þar er hann var talinn nokkuð flókið tæknilegt úrlausnarefni. Til þess að jafna hann, ef hann væri og ef menn vildu jafna hann, væri að sjálfsögðu grunnvaxtafóturinn rétta tækið til þess. Um það hlýtur málið að snúast. Hitt er tækni.

Í þriðja lagi er svo spurt hvort ráðherra telji ekki nauðsynlegt að viðskiptabankar og sparisjóðir geri almenningi grein fyrir þeim grundvallarmun sem á þessum reiknireglum eru. Mitt svar er að sjálfsögðu hiklaust já. Það eiga þeir að gera. Ég tel að það eigi ávallt að gera almenningi grein fyrir hvaða kjörum hann gengur að, hvort sem um innlán eða útlán er að ræða. Í stofnskírteinum verðtryggðra innlánsreikninga kemur skýrt fram hvernig útreikningi vaxta er háttað, en það mundi vissulega ekki skaða þótt í innlánsstofnununum lægju fyrir bæklingar með ítarlegum upplýsingum um þessar reiknireglur og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að innlánsstofnanirnar eiga að gera almenningi grein fyrir þeim mun sem er á þessum reglum og ástæðunum fyrir honum. Það þarf neytendavernd á þessu sviði, bæði gagnvart þeim sem eru að bjóða innlánsreikninga og auglýsa þá af miklu kappi og hinum sem eru að selja skuldabréf og auglýsa af miklu kappi og leggja þá sjaldnast mikla áherslu á hvernig vextir eru reiknaðir.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og eins hæstv. ráðherra fyrir skýr svör hans. Ástæðan fyrir því að ég kem hér í pontu er sú að ég tel eðlilegt að taka undir orð hæstv. ráðherra varðandi upplýsingaskyldu banka og annarra þeirra sem stunda lánsviðskipti og þá ekki síður ríkissjóðs. Það mætti reyndar benda á að stundum hefur ríkissjóður verið sakaður um það að gefa jafnvel allt að því rangar upplýsingar, þótt ég vilji ekki að taka undir það, með því að gefa meira í skyn heldur en eðlilegt er í auglýsingum um spariskírteini ríkissjóðs.

En vegna orða hæstv. ráðherra vil ég segja það að mér finnst vera full ástæða til þess fyrir bankaráð bankanna að beita sér fyrir því að slíkar upplýsingar liggi fyrir á hverjum stað og mun sjálfur vinna að því í því bankaráði sem ég á sæti í.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. hans svör. Það hefur skýrt komið fram í hans máli að verulegur munur er á reikningsaðferðum verðtryggðra inn- og útlána. Ég held að ég hafi höggvið rétt eftir því að ráðherrann hafi orðað það svo að á þessu væri örlítill munur. Það er rétt ef verðbólga er lítil. En í óðaverðbólgu undanfarinna ára hefur hér verið um nokkuð verulegar tölur að ræða. Mér virðist til að mynda að í 20% verðbólgu séu vextir innlána um 20% lægri í reynd heldur en tölur gefa tilefni til að ætla, ef borið er saman við útlánin. Ég mundi giska á það — og geri það nú reyndar án ábyrgðar og svona eftir þumalfingursreglu með því að skjóta á heildarinnlán landsmanna og í huganum að reyna að skipta þeim í verðtryggð og óverðtryggð innlán — að það sé ekki ólíklegt að bankarnir hafi með þessu reiknað sparifjáreigendum um 500–700 millj. kr. lægri vexti á ári heldur en þeim bæri ef reiknað væri á sama hátt og gert er af útlánum. Ég hygg að þegar samandregið er þá sé hér um mjög verulegar upphæðir að ræða sem bætast í reynd við þann vaxtamun sem oft er umdeildur og mörgum þykir of mikill, en þá gera menn sér ekki grein fyrir því hvað þarna er um að ræða.

Ég hef átt tal við fjölmarga og gert þá könnun að gamni mínu og mér er ljóst að aðeins örfáir gera sér grein fyrir því að þegar innlánastofnun auglýsir vexti — og nú skulum við bara búa til dæmi — 6% vexti á láni ef tekið er í bankanum og 5% vexti á innlánareikningi, þá er grundvallarmunur á því hvernig þessir vextir eru reiknaðir og sá munur verður mikill ef um er að ræða verulega verðbólgu. Þessi munur hefur verið minni nú upp á síðkastið.

Það er rétt sem ráðherra segir að það er mun meiri vinna að færa þessa vexti og reikna þá á reikningum þar sem hreyfingar eru margar. En ég vorkenni nú ekki innlánastofnunum með það öfluga tölvulið og tölvuútbúnað sem þær hafa að gera þetta á sambærilegan hátt og fullyrði að því hefur ekki verið komið til skila nægilega til neytenda að á þessu er mikill munur. Ég fagna því mjög að ráðherra hefur tekið undir það að eðlilegt sé og það sé neytendavernd í sjálfu sér að vekja ítrekaðri athygli á þessu máli.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á upplýsingaþörf á þessu sviði, þá vil ég endurtaka að það má ekki leggja að jöfnu muninn á þessum reiknireglum og muninn á vöxtum inn- og útlána. Vaxtamunurinn á inn- og útlánum, hvort sem um verðtryggð eða óverðtryggð lán er að ræða, ræðst af tvennu: vaxtafætinum og reiknireglunum. Hér hefur hv. fyrirspyrjandi gert að umtalsefni áhrif reiknireglunnar sem að hluta ræðst af framkvæmdaratriðum á innlánahlið sem eru öðruvísi en á

útlánahlið. Það er rétt og gagnlegt að benda á það. En munurinn ræðst í grundvallaratriðum af grunnvöxtunum sjálfum. Þess vegna er ekki rétt, eins og mér fannst vaka í máli fyrirspyrjanda, að munurinn á reiknireglunum hefði skaðað sparifjáreigendur. Það er ekki rétt skoðun. Menn verða að tala um allan hlutinn en ekki part af honum, þ.e. vaxtamuninn í heild. Á þetta vildi ég benda en ítreka það sem ég sagði hér áðan að það er þakkarvert að hreyfa þessu máli og styðja þannig neytendavernd á lánsfjársviðinu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. (Gripið fram í.) Ég hef haldið mig við það að virða herradóm forseta og svo verður áfram.

Ég ætlaði aftur á móti að vekja hér athygli á því að ein mesta verslunarþjóð veraldar, gyðingarnir, áttu sér siðbótarmenn sem héldu því fast að þeim að ákveðnar reglur væru grundvallaratriði í viðskiptum. Og sú elsta sem Biblían boðar var þessi: Þú skalt ekki hafa tvo mæla í húsi þínu. En kaupmenn höfðu löngum haft þann sið að mæla kornið með öðrum mæli þegar þeir keyptu það inn heldur en þegar þeir seldu það út.

Nú hefur hæstv. viðskrh. af mikilli málsnilld, eins og hann hefur vitsmuni til, varið það og jafnframt haldið því fram að það hafi verið á vitund allra Íslendinga eða þingmanna hvernig háttað er þeim útreikningum sem svo haganlega hefur verið komið fyrir að ekki verður annað sagt en að þeir byggist á því að brjóta þá reglu sem siðbótarmenn meðal gyðinga boðuðu: Þú skalt ekki hafa tvo mæla í húsi þínu. (**Viðskrh.:** Hv. þm. gleymir því að Biblían leyfði í gamla testamenti að taka vexti af útlendingum en ekki af sínum eigin ....)

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Rétt fyrir jólahléið var hér umræða um vexti utan dagskrár, vaxtahækkun sem hafði orðið og þá var því lofað að slíkri umræðu yrði fram haldið í fyrstu viku eftir að þing kæmi aftur saman. Ég vil spyrja forseta að því hvort ekki verði við það staðið, þó að það verði ekki í dag, að slík umræða fari fram.

En ég held að mælarnir séu fleiri en tveir og ég held að það sé raunar skylda Seðlabankans að upplýsa hvernig þetta er gert og enn fremur að setja um þetta reglur. Eða hvernig er það skýrt t.d. með útlánsvextina, af því að það er ekkert minna atriði heldur en með innlánsvextina, hve mikill munur er á þeim og framkvæmd sem er í þeim efnum. En það mun ég ræða betur þegar þessi utandagskrárumræða um vexti fer hér fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 6. þm. Norðurl. e. var einmitt rætt um þetta á fundi forseta í gær að talað skyldi við þingflokksformenn um þessa lofuðu umræðu.

Skipun í stöðu seðlabankastjóra, ein umr.

Fsp. KE, 202. mál. — Þskj. 255.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Þann 11. des. sl. lagði ég fram fsp. á þskj. 255 til hæstv. viðskrh. sem hljóðar svo:

„1. Hvenær ætlar ráðherra að skipa í stöðu seðlabankastjóra?

2. Hvernig verður staðið að undirbúningi í skipan í þá stöðu:

a) Verður staðan auglýst?

b) Er gert ráð fyrir að stjórnmálaflokkar tilnefni hver sinn fulltrúa í stöðuna, sbr. tilnefningu af hálfu forustu Sjálfstfl.?

3. Gilda einhverjar reglur, skráðar eða óskráðar, um að stjórnmálaflokkar eigi rétt á bankastjórastöðum í ríkisviðskiptabönkum og Seðlabanka Íslands?"

Frá því að þessi fsp. var lögð fram í desember hefur ýmislegt gerst sem svarar að hluta til þessari fsp. En tilefni hennar var frétt í Morgunblaðinu sem birtist laugardaginn 1. des. 1990, en þar segir, með leyfi forseta:

„Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður hefur verið tilnefndur af forustu Sjálfstfl. til að gegna starfi bankastjóra Seðlabanka Íslands."

Það var tilkynnt í gær að svo hefði verið gert þannig að það þarf ekki að svara því endilega hér þar sem það hefur komið fram, en tilefnið að þessari fsp. var þessi frétt. Það er kannski helst 3. liður fsp. sem stendur eftir, hvort einhverjar reglur gildi um þetta atriði. Greinilega var ekki gert ráð fyrir því að stjórnmálaflokkar tilnefni fulltrúa sinn í stöðuna, alla vega ekki allir, því ekki var leitað eftir því við þingflokk Kvennalistans að tilnefna sinn fulltrúa í stöðuna. Ég vil taka það fram að ég tel það ekki eðlilega málsmeðferð að stjórnmálaflokkar tilnefni í slíka stöðu. Fulltrúi Kvennalistans í bankaráði Landsbankans bar fram þá tillögu þar að staða bankastjóra Landsbankans yrði auglýst. Sú tillaga var ekki samþykkt.

Í Morgunblaðinu þann 29. des., eftir að bankaráð Landsbankans hafði ákveðið hver yrði einn af bankastjórum Landsbankans, birtist þar frétt sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lúðvík og Friðrik gerðu sérstaka grein fyrir sínu atkvæði og lýstu því yfir að þeir litu þannig á að samkvæmt þeirri hefð sem skapast hefði þá ætti Framsfl. að fá að tilnefna arftaka Vals heitins Arnþórssonar í bankastjórastól og fulltrúar annarra flokka ættu ekki að vera með nein afskipti þar, svo fremi sem viðkomandi væri hæfur til starfans." Þetta þóttu mér mjög merkilegar fréttir, að einhverjar ákveðnar reglur giltu þarna og einhverjir ákveðnir flokkar ættu tilkall til ákveðinna embætta bankastjóra. Þess vegna tel ég að þessi fsp., sérstaklega 3. liður hennar, sé í fullu gildi enn. Reyndar hefði ég áhuga á að heyra, ef slíkar reglur eru í gildi, hvaða álit hæstv. viðskrh. hefur á slíkum reglum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur beint til mín fsp. um skipun í stöðu seðlabankastjóra. Það gefur mér tilefni til, með leyfi forseta, að lesa upp fréttatilkynningu frá viðskrn. sem send var í gær. Hún er á þessa leið: „Viðskrh. hefur í dag, að fenginni tillögu bankaráðs Seðlabankans, skipað Birgi Ísleif Gunnarsson alþm. seðlabankastjóra til sex ára frá 1. febr. nk. að telja. Þessi skipun er hin fyrsta til afmarkaðs tíma á grundvelli laganna um Seðlabankann frá árinu 1986, en þar eru skipunartíma seðlabankastjóra sett ákveðin mörk sem ekki voru áður.

Auk tillögugerðar um skipan í stöðu bankastjóra samþykkti bankaráðið að beina því til viðskrh. að hann skipi nefnd til að endurskoða ákvæði laga um stjórnskipan Seðlabankans. Viðskrh. hefur, með vísan til þessarar samþykktar, ákveðið að skipa nefnd til þess að fjalla um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands og til þess að gera tillögur um breytingar í samræmi við niðurstöðu slíkrar endurskoðunar.

Breyttar aðstæður á íslenskum fjármagnsmarkaði frá því að núgildandi lög voru samin og aukið fjölþjóðasamstarf á sviði gengis- og vaxtamála mun í vaxandi mæli setja mark sitt á efnahagslíf Íslendinga í framtíðinni. Breyttar aðstæður kalla á breytt vinnubrögð og bætt stjórntæki Seðlabankans í gengis-, vaxta- og peningamálum. Það er því ástæða til að taka skipan og hlutverk bankastjórna og bankaráðs til endurskoðunar.

Markmið endurskoðunar á lögum um Seðlabanka Íslands er að stjórnskipulag bankans tryggi sem best faglega stjórnun bankans og þátttöku hans í hagstjórn. Viðskrh. mun leita eftir tilnefningu fulltrúa frá þingflokkunum í endurskoðunarnefndina."

Við þessa fréttatilkynningu vil ég bæta nokkrum orðum og bendi á að í 26. gr. laga um Seðlabankann segir að ráðherra skipi bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Eftir að autt sæti var orðið í bankastjórn Seðlabankans við fráfall Geirs Hallgrímssonar seðlabankastjóra á sl. hausti átti ég viðræður við formann bankaráðs Seðlabankans, en ég minni á að nýtt ráð var kosið í byrjun desember sl. á Alþingi. Ég óskaði eftir tillögu frá bankaráðinu um skipun í stöðuna með bréfi sem er dags. 14. jan. Bankaráðið ræður því að sjálfsögðu hvernig það semur sínar tillögur. Það gæti þess vegna auglýst eftir umsóknum. Á fundi ráðsins 15. jan. hlaut tillaga um Birgi Ísleif Gunnarsson mestan stuðning ráðsmanna í starfið og ég hef farið eftir þeirri tillögu.

Vegna þess sem hér er um spurt er það að sjálfsögðu ekkert launungarmál að þeir stjórnmálaflokkar sem lengst hafa verið við stjórn landsins hafa talið það æskilegt og hafa sóst eftir því að bankastjórn Seðlabankans skipi, a.m.k. að hluta, menn sem þeir hafi sérstakt trúnaðarsamband við. Ég þarf heldur ekki að minna á að bankaráðið er þingkjörið.

Þetta er niðurstaðan um langt skeið. Þetta er hefðin, en ég vil leggja áherslu á tvennt í þessu máli. Nú er í fyrsta sinn skipað í embætti seðlabankastjóra, samkvæmt lögunum frá 1986, til takmarkaðs tíma, en það var eiginlega sú ein breyting sem gerð var á þessu stjórnskipunarfyrirkomulagi með þeim lögum. Í öðru lagi, og það tel ég mjög mikils um vert, hefur náðst samstaða innan bankaráðsins, meðal allra ráðsmanna, um að taka stjórnskipun bankans til endurskoðunar í ljósi þeirrar öru þróunar sem orðið hefur á starfssviði hans, bæði innan lands og utan. Ég nefni það hér að þegar lögin voru endurskoðuð, sem lauk með lagasetningunni 1986, var lítt fjallað um stjórnkerfið sjálft og stöðu bankans í því. Seðlabankinn er mjög mikilvæg stofnun í okkar efnahagslífi og farsæl endurskoðun á stjórnskipulagi hans þarfnast breiðrar samstöðu. Ég skynja það að slík samstaða er nú að myndast og nauðsynlegar ákvarðanir hafa verið teknar til að fylgja því eftir. En þá er líka mikilvægt að ekki verði órói um bankann og að brotið við hina grónu hefð sé ekki of þvert. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að taka fram að ég tel að bankaráðið hafi unnið vel að þessu máli og óska hinum nýja bankastjóra velfarnaðar í hans mikilvæga starfi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil láta það koma fram hér í þessari umræðu að strax sl. haust lagði ég það til á vettvangi ríkisstjórnarinnar að stjórnskipun Seðlabankans yrði breytt og þar yrðu gerðar mjög róttækar breytingar á í samræmi við nútímaviðhorf í efnahagsmálum. Ég tel að Seðlabankinn sé allt of veik stofnun í dag og að þetta gamla flokkakerfi, sem stjórnar Seðlabankanum með þeim hætti sem nú hefur verið ákveðið að eigi að framlengja, geti staðið eðlilegri efnahagsstjórn á Íslandi fyrir þrifum.

Í fjarveru hv. þm. Geirs Gunnarssonar, sem er ekki viðstaddur þessa umræðu, vil ég síðan greina frá því, af því hæstv. viðskrh. gerði það ekki í sínu svari hér, að í bankaráðinu kom fram tillaga frá fulltrúa Alþb. á þá leið að breyting á stjórnskipan Seðlabankans hefði algeran forgang og henni yrði lokið á næstu mánuðum. Á meðan yrði til bráðabirgða einum af aðstoðarbankastjórum bankans falið að gegna bankastjórastöðunni. Því miður náði þessi tillaga ekki stuðningi. Í stað þess kom tillaga, sem kom upphaflega frá formanni Sjálfstfl., um að Birgir Ísleifur Gunnarsson yrði gerður að bankastjóra — það er auðvitað sá maður sem ákvað þennan næsta bankastjóra samkvæmt eðli málsins, hv. formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson. Tillagan fékk tvö atkvæði. Ég vil segja það alveg skýrt, ég tel það miður. Ekki vegna þess að Birgir Ísleifur Gunnarsson sé ekki hinn mætasti maður, heldur vegna þess að nú þarf að styrkja Seðlabankann sem faglegt stjórntæki í efnahagsmálum og peningamálum. Og það er alger mótsögn í því að vera að standa fyrir endurbótum í efnahagsmálum, víðtækum breytingum í átt að nútímaefnahagsstjórn á Íslandi og aðlögun okkar að alþjóðlegri þróun í þessum efnum og viðhalda svo þessu gamla lénskerfi flokkanna á þessum vettvangi í stað þess að breyta stjórnkerfi Seðlabankans.

Ég gæti rakið hér mjög ítarlega reynslu mína af því hve veikur Seðlabankinn er sem nútímastjórntæki í efnahagsmálum en ætla ekki að gera það við þetta

tækifæri. En hitt er nauðsynlegt að komi fram að á fundi ríkisstjórnarinnar í gær lögðum við ráðherrar Alþb. fram tillögu um að þetta yrði gert með öðrum hætti og í ríkisstjórninni kom fram mjög alvarleg gagnrýni á þessa skipan. Á vettvangi ríkisstjórnarinnar var síðan greint frá því að hv. alþm. Birgir Ísleifur Gunnarsson yrði skipaður til þriggja ára. Ég vil þess vegna ekki leyna þingið því að það kom mér mjög á óvart þegar ég heyrði það í fréttum í gær að hann hefði verið skipaður til sex ára.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. hans svör. En ég verð að lýsa undrun minni á því að hann skuli ekki telja það tímabært að brjóta hina „grónu hefð", eins og hann orðaði það, þar sem hann virðist líta á það nánast sem sjálfsagðan hlut að stjórnmálaflokkar sem lengst hafa verið við stjórn landsins eigi eitthvert tilkall til þess að eiga ákveðin ítök í stjórn Seðlabankans. Og það gildir ekki bara um Seðlabankann, það gildir um hina bankana líka. Mér hefði fundist mjög eðlilegt að þarna hefði verið brotin hin gróna hefð og sýnt að þarna ætti að standa öðruvísi að málum. Ég er þar með ekki að leggja dóm á hæfni þeirra manna sem taka við þessum störfum. Það getur vel verið að þeir hefðu eftir sem áður fengið stöðurnar ef þær hefðu verið auglýstar með eðlilegum hætti og fagleg sjónarmið hefðu verið látin ráða. Mér þykir mjög óeðlilegt að þessi hefð, að ákveðnir stjórnmálaflokkar, ég veit ekki hvort um er að ræða tvo, þrjá eða fjóra stjórnmálaflokka, sem lengst hafa setið hér við stjórn landsins, eigi rétt á ákveðnum embættum. Með því að viðhalda þessari hefð og brjóta hana ekki hlýtur sú stefna að vera tekin að halda áfram sömu efnahagsstefnu og hingað til hefur verið, það eigi ekki að breyta út af og það eigi ekki að leyfa neinum nýjum aðilum að koma þar að. Með þessu er verið að gefa í skyn og raunar segja að stjórnmálaflokkarnir eigi að hafa þarna bein áhrif á bankastjórana. Þetta þykir mér mjög miður og vona að það sé ekki stefna ríkisstjórnarinnar eða hæstv. viðskrh. að svo eigi að vera, að hann telji þetta eðlilegt. Mér finnst þó það að hann skuli hafi ákveðið að setja á stofn nefnd sem eigi að endurskoða þessi mál vera spor í rétta átt þó ég hefði gjarnan viljað sjá að brotin hefði verið hefðin með miklu ákveðnari hætti en með skipun þessarar nefndar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla að nefna þrennt að lokum í þessum orðaskiptum.

Í fyrsta lagi. Breytingar á stjórnskipulagi Seðlabankans eru mál þeirrar gerðar að þar þarf að vera mjög víðtæk samstaða til þess að það haldi.

Í öðru lagi. Það er næsta sérkennilegt að halda því fram að þær ákvarðanir sem ég hef nú tekið í þessu máli beri því vitni að það eigi að halda áfram því fyrirkomulagi sem ríkt hefur. Það er næsta sérkennilegt í ljósi þess að nú hefur verið tekin ákvörðun um það á grundvelli samstöðu innan bankaráðsins að fara til þess að endurskoða stjórnskipulag bankans.

Í þriðja lagi. Það sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. um skipunartíma hins nýja bankastjóra hlýtur hann að hafa frá einhverjum öðum en mér.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er athygli vert þegar svo mikilsvert mál er til umfjöllunar eins og skipan bankastjóra Seðlabanka að það skuli koma fram af hálfu hæstv. fjmrh. að alvarlegur ágreiningur sé innan hæstv. ríkisstjórnar um mál sem þetta. Ekki síst í ljósi þess að hæstv. ríkisstjórn stærir sig gjarnan af því hversu samstaðan sé mikil meðal ráðherranna.

Mér finnst líka gæta verulegs tvískinnungs í máli hæstv. fjmrh. sem talar hér um nýja tíma í stjórn peningamála og aukið sjálfstæði Seðlabanka. Af hálfu a.m.k. einstakra aðila að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur á hinn bóginn verið gengið lengra í því en menn muna að draga úr sjálfstæði Seðlabankans og krefjast þess að ríkisstjórn hafi þar meiri áhrif en áður. Menn minnast umræðunnar um hvernig eigi að ákveða vexti og hvernig a.m.k. talsmenn Alþb. og Framsfl. hafa talið að þar ættu stjórnmálamenn að segja meira um en bankakerfið sjálft og þar á meðal Seðlabankinn. Ítrekaðar tilraunir hafa af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, og sérstaklega þessara tveggja flokka innan hennar, verið gerðar til þess að draga úr sjálfstæði bankans og menn minnast þess nýlega að bankastjórn Seðlabankans var látin biðjast afsökunar á áliti sem hagfræðingar bankans höfðu komist að niðurstöðu um af því að um það þótti rétt að taka pólitískar ákvarðanir. Mér finnst gæta tvískinnungs þegar hæstv. fjmrh. er svo í ljósi þessarar reynslu að setja sig á háan hest og tala um aukið sjálfstæði bankans.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að auka sjálfstæði bankans, ekki aðeins að huga að endurskoðun á stjórnskipun bankans, sem ég tek undir með hæstv. viðskrh. að er nauðsynleg, það þarf líka að huga að breyttu hlutverki bankans þannig að hann verði enn sjálfstæðari við mótun og framkvæmd peningastefnu í landinu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það er enginn tvískinnungur í afstöðu Alþb. í þessu máli. Fulltrúi flokksins í bankaráðinu lagði fram skýra tillögu um það að stjórnskipulagi bankans yrði breytt í þá átt sem hér hefur verið lýst og síðan ráðnir bankastjórar í samræmi við það. Ráðherrar flokksins fluttu um það tillögu í ríkisstjórn sem því miður fékk ekki stuðning. Hitt er svo algjör tvískinnungur að sá maður sem tilnefndi Birgi Ísleif Gunnarsson sem bankastjóra, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., skuli koma hér upp og segja að nú eigi að breyta stjórnskipan og efla sjálfstæðan Seðlabanka vegna þess að það vita auðvitað allir að Birgir Ísleifur Gunnarsson mun halda áfram að gegna forustustörfum í Sjálfstfl. Hann er settur inn í bankann til þess að ganga þar erinda stjórnmálastefnu Sjálfstfl. Hann verður væntanlega áfram á framboðslistum Sjálfstfl. eins og fyrirrennari hans, hv. fyrrv. alþm. og ráðherra Geir Hallgrímsson, og er þess vegna

settur þarna inn sem erindreki og stefnufulltrúi Sjálfstfl. Það er sá gerningur sem hér hefur verið framinn og þar með er búið að frysta stjórnendur bankans til nokkurra ára þannig að sú breytta stjórnskipan sem menn hafa verið að tala um mun a.m.k. ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir allmörg ár.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Í tilefni af ummælum hæstv. fjmrh. vil ég aðeins leggja á það áherslu að öllum mönnum hlýtur að vera augljós sá tvískinnungur þegar sá hæstv. ráðherra, sem lengst hefur gengið í því verki á undanförnum missirum að reyna að draga úr sjálfstæði Seðlabankans, lýsir hneykslan sinni í þessu efni einungis vegna þess að skipaður hefur verið bankastjóri sem honum er ekki þóknanlegur. (**Fjmrh.:** Er ekki rétt að þú tilnefndir Birgi Ísleif?)

Smáfiskveiði, ein umr.

Fsp. BVG, 211. mál. — Þskj. 266.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. frá Birni Val Gíslasyni, varaþingmanni Alþb. í Norðurl. e., sem hann lagði fyrir hæstv. sjútvrh. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hefur sjútvrn. látið Hafrannsóknastofnun kanna áhrif aukinnar smáfiskveiði, vegna tilflutnings á aflakvótum af bátum yfir á togara, á afrakstursgetu ýsu- og þorskstofna?

2. Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?

3. Ef svo er ekki, hyggst sjútvrh. beita sér fyrir slíkri könnun?“

Ég tel að þessi fsp. sé lögð fram vegna þess að að undanförnu hefur flutningur á aflakvóta færst frá bátaflotanum yfir á togaraflotann. Sérstaklega hefur þróunin orðið sú að verksmiðjutogaraflotinn hefur stækkað mikið meira en annar hluti fiskiskipaflotans og með því hafi átt sér stað tilfærsla á þann veg að smáfiskaveiði hefur aukist.

Ég var t.d. á fundi í gærkvöldi þar sem því var haldið fram með nokkuð þungum rökum að togararnir væru að veiða fisk sem væri að meðatali rúmt 1 kg á sama tíma og bátaflotinn færði að landi afla sem væri jafnvel fjórfalt þyngri að meðaltali, allt upp í 4 kg.

Hér er því verið að leita eftir svari við því hve afrakstursgeta fiskstofnanna muni minnka miðað við þessa þróun og ekki síst ef sú þróun heldur áfram að stærri og stærri hluti af afla þeim sem sóttur er í þessa tvo stofna verði tekinn af togaraflotanum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Sjútvrn. hefur ekki falið Hafrannsóknastofnun að kanna þetta mál sérstaklega, þ.e. tilflutning á aflakvótum báta yfir á togara. Því er til að svara að við höfum enn sem komið er ekki nægilega gott yfirlit yfir það hvað þessi tilflutningur er mikill jafnvel þótt við vitum af honum. Hitt verður líka að taka fram að veiðar smábáta hafa aukist mjög á undanförnum árum og má segja að þeir hafi tekið til sín allmikinn hluta af því sem togararnir veiddu áður, sem kemur þá á móti þeim tilflutningi sem þarna er í gangi.

Það er heldur ekki hægt að alhæfa að bátar veiði ávallt stærri fisk en togarar. Hér er t.d. nefndur ýsustofninn. Það hefur ekki verið sérstakt vandamál að togarar veiði meiri smáýsu en aðrir. Það hefur hins vegar verið vandamál að ýmsir togbátar við suðurströndina hafa oft á tíðum veitt smærri ýsu en eðlilegt getur talist.

Hitt er svo annað mál að það er vissulega vandamál í okkar fiskveiðum að of mikið er veitt af smærri fiski og of lítið veiðist af stærri fiski. Þetta hangir fyrst og fremst saman við það að þorskstofninn er ekki nægilega sterkur og sú þróun hefur orðið í okkar veiðum yfir alllangan tíma að veiðar togara hafa aukist en veiðar báta við suðurströndina hafa minnkað. Fiskur er almennt smærri við Vestfirði, Norðurland og Austfirði, en það er ekki með einhlítum hætti hægt að segja að veiðar báta frá þessum svæðum séu þannig að þeir veiði almennt mun stærri fisk.

Hér er um mjög umfangsmikið mál að ræða og flókið. Inn í það koma veiðisvæðin, að hvaða veiðisvæðum hin mismunandi skip hafa aðgang, veiðarfærin, hagsmunir einstakra landsvæða, ástand fiskstofna o.s.frv.

Það kemur fram í ákvæði til bráðabirgða í lögum um stjórn fiskveiða, sem tóku gildi nú í upphafi árs, að það beri að kanna mismunandi aðferðir við stjórn fiskveiða, m.a. með því að athuga samsetningu fiskiskipaflotans. Undirbúningur að þessari vinnu er þegar hafinn og má því segja að á þessu máli verði tekið. En ekki hefur farið fram sérstök athugun af þessu tilefni en af tilefni þessa ákvæðis í lögunum, sem kom hér fram sem brtt. ef ég man rétt, þá hefur undirbúningur þess starfs verið hafinn.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svör hans. Ég geri ráð fyrir því að þau svari fyllilega því sem hér er spurt um þó að sjálfsagt hefði fyrirspyrjanda þótt æskilegra að þau hefðu verið á þann veg að þarna væri þegar hafin athugun. En eins og kom fram í svari hæstv. ráðherra þá er að vissu leyti hafin starfsemi við að kanna þessi mál, þ.e. að athuga samsetningu og æskilega stærð fiskiflotans.

Það sem kom fram í ræðu sjútvrh. í sambandi við að smábátafjölgunin og aukinn afli þeirra hafi að vissu leyti komið nokkuð á móti því sem færst hefur af kvóta til togaranna er að vissu leyti hægt að taka undir. En það er þó ekki nema brot af því sem hefur færst yfir til togaranna og þróunin hefur verið ískyggileg á þann veg að jafnvel togarafiskurinn hefur verið að smækka. Meðalvigt afla sem fluttur er að landi af togurum úr því að hafa verið um eða yfir 2 kg að meðalvigt í byrjun níunda áratugarins niður í það að vera kannski 1 kg. Þessi staða er mjög ískyggileg og hlýtur að hvetja til þess að þessir hlutir verði skoðaðir og

stefnt að því að andæfa gegn því mikla smáfiskadrápi sem á sér stað. Reynt verði að byggja stofnana upp á þann veg að afrakstursgetan verði aukin með því móti að dregið verði úr þeirri miklu sókn í smáfiskinn sem hefur átt sér stað á undanförnum árum og á sér enn stað.

Réttarstaða barna sem getin eru við tæknifrjóvgun, ein umr.

Fsp. GHelg, 221. mál. — Þskj. 283.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Árið 1985 flutti ég þáltill. um réttaráhrif tæknifrjóvgunar. Meðflytjendur mínir voru hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðrún Agnarsdóttir og Stefán Benediktsson.

Þegar sú tillaga var flutt hafði tæknifrjóvgun staðið yfir á kvennadeild Landspítalans frá árinu 1979. Í framsögu fyrir þessari tillögu hafði flm. áhyggjur af því að þessi börn og aðstandendur þeirra hefðu ekki stuðning í lögum ef upp kæmi ágreiningur af einhverju tagi, t.d. við erfðamál, skilnað og önnur slík tilvik.

Í stuttu máli var tillaga þessi samþykkt á vorþinginu 1986 og nefnd skipuð, eins og tillagan gerði ráð fyrir, 28. júlí 1986. Skyldi nefndin vinna að tillögum um réttarstöðu barna sem getin eru við tæknifrjóvgun og aðstandenda þeirra. Nefndin hefur síðan setið að störfum en ekki er séð fyrir endann á því starfi, að því er virðist.

Á Alþingi 14. des. 1989 var svo samþykkt þáltill. hv. þm. Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur, Láru V. Júlíusdóttur, Birgis Ísl. Gunnarssonar, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Guðmundar Ágústssonar, Inga Björns Albertssonar og Guðrúnar Helgadóttur sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi frv. til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli."

Þessi ályktun var send fyrrnefndri nefnd til fyrirgreiðslu og er enn ítrekun á því að unnið verði að því að tryggja réttarstöðu þessa fólks. Enn hefur ekki komið, að því er ég best veit, neitt frá þessari nefnd. Því hef ég leyft mér að bera fram þá fsp. sem hér liggur fyrir á þskj. 283. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta, og lýk ég þá máli mínu:

„Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var 28. júlí 1986 samkvæmt þál. til að kanna réttarstöðu barna, sem getin eru við tæknifrjóvgun, og aðstandenda þeirra?"

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 283 beinir hv. 13. þm. Reykv. svofelldri fsp. til mín: „Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var 28. júlí 1986 samkvæmt þál. til að kanna réttarstöðu barna, sem getin eru við tæknifrjóvgun, og aðstandenda þeirra?"

Efni þál. þeirrar frá 25. mars 1986 sem vitnað er til var að dómsmrh. skipi fimm manna nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði ákveðin. Nefndin skyldi þannig skipuð að dómsmrh. skipaði formann nefndarinnar án tilnefningar, tveir skyldu skipaðir samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, og sé hann sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, og einn samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands. Í nefndina voru skipuð Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri, formaður, hæstaréttarlögmennirnir Ólafur Axelsson og Þórður S. Gunnarsson, Jón Hilmar Alfreðsson læknir og Ásta K. Ragnarsdóttir námsráðgjafi. Ritari nefndarinnar er Drífa Pálsdóttir, deildarstjóri í dómsmrn. Með nefndinni hefur einnig starfað Anna G. Björnsdóttir deildarstjóri.

Nefnd þessi hefur enn ekki lokið störfum. Samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar hefur hún aflað sér ítarlegra gagna um þróun þessara mála erlendis, einkum á Norðurlöndum og í Bretlandi, bæði nefndarálita og lagatexta þar sem til sérstakrar löggjafar hefur verið stofnað. Sérstök lög hafa verið sett um tæknigetnað, tæknisæðingu og glasafrjóvgun í Noregi og Svíþjóð, en hins vegar ekki í Danmörku og Finnlandi.

Nefndin hefur enn fremur kynnt sér drög að ályktun um tæknigetnað sem undirbúin voru af sérfræðinganefnd á vegum Evrópuráðsins. Í nefndinni liggja fyrir drög að greinargerð um viðfangsefnið og þar á meðal þau atriði sem til álita koma við lagasetningu.

Eins og áður sagði hefur nefndin ekki lokið störfum en nokkurt hlé hafði verið á störfum hennar. Hafði verið gert ráð fyrir því að nefndin skilaði til ráðuneytisins tillögum að frv. um tæknigetnað, tæknisæðingu og glasafrjóvgun fyrir síðustu áramót. Dráttur hefur hins vegar orðið á starfi þessu.

Að undanförnu hefur formaður nefndarinnar ásamt starfsmönnum í dómsmrn. og læknir sá sem sæti á í nefndinni og er yfirlæknir á kvennadeild Landspítalans unnið að því að undirbúa lokastörf nefndarinnar. Er von þeirra að nefndarstarfi þessu megi ljúka sem fyrst.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fsp. Eins og kom fram í máli hennar flutti hv. þm. Sigríður Lillý Baldursdóttir ásamt fleirum till. til þál. sem hér var samþykkt um þetta sama málefni. Mér þykir mjög miður að störfum nefndarinnar skuli ekki vera lokið. Ég vil benda á í þessu sambandi að það er ekki eingöngu mikilvægt að taka á réttarstöðu barna sem getin eru með tæknifrjóvgun og aðstandenda þeirra heldur eru fleiri þættir sem verður að taka þar inn í og vona ég að það verði gert. Þar má taka t.d. rannsóknir á fósturvísum og eins eignarrétt á frjóvguðum eggjum. Í Bretlandi t.d. eignast viðkomandi stofnun frosna fósturvísa að tveimur árum liðnum eftir að frjóvgun hefur átt sér stað en

fram að því eiga mæður eða viðkomandi aðilar rétt á þeim. Hér eru ekki til neinar reglur um þessi atriði.

Þegar þessi till. sem ég nefndi var lögð fram á sínum tíma var það ætlun flm. að fyrir Alþingi yrði lagt lagafrv. áður en glasafrjóvganir hæfust hér á landi. Þótti það mjög mikilvægt í ljósi þess hversu áríðandi er að bæði réttarstaða sem og aðrir þættir séu ljósir áður en farið er af stað með slíkt hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans, en ég tek undir með hv. 6. þm. Reykv. að það má ekki bíða mikið lengur að löggjöf verði sett um þessi mál. Það er auðvitað fagnaðarefni að sú tækni skuli nú fáanleg að barnleysi fólks sé leyst með tæknifrjóvgun en jafnframt þarf vitanlega að koma í veg fyrir að það mál snúist upp í andhverfu sína við einhver þau tilvik sem þeim gætu valdið.

Það er ljóst að samkvæmt íslenskum lögum geta eiginmaður móður, barnið, móðir þess, lögráðamaður barnsins og erfingjar eiginmanns höfðað svokallað vefengingarmál og eins og sakir standa trúlega unnið það. Þar með er faðerni barnsins og réttarstaða öll gjörsamlega í lausu lofti og móðurinnar raunar einnig. Hið sama mundi að sjálfsögðu gilda ef móðirin færi í vefengingarmál sem ekki er annað að sjá en hún hlyti að geta unnið auðveldlega.

Þegar litið er til þess að fyrstu börnin sem getin voru á þennan hátt hér í landi eru nú að nálgast fermingaraldur er ljóst að þetta mál má ekki bíða. Það er varasamt. Ef einhver vandamál kynnu að skapast í þessum fjölskyldum er auðvitað hægt að vinna þessu fólki ómældan skaða með því að hafa þessi mál í lausu lofti.

Hv. 6. þm. Reykv. gat þess að einnig þyrfti að setja lög um aðra þætti málsins. Upphafleg tillaga mín fjallaði einungis um réttarstöðu aðstandenda og barna og ég tók það skýrt fram í framsögu minni að ég ætlaði ekki á því stigi málsins að fara út í hina siðferðilegu hlið málsins og allar þær aðrar hliðar sem auðvitað eru á málum sem þessum og skiptir þar auðvitað máli hvort sæðisgefandi er t.d. eiginmaður konu eða ókunnur aðili, sem til er líka.

Vitanlega er það hárrétt hjá hv. 6. þm. Reykv. og flm. hinnar síðari till. að löngu er tímabært að fram komi frv. til laga um þessi mál einnig. Við fjöllum nú á þessu þingi um vægast sagt mikilvæg mál eins og líf og dauða, en eins og kunnugt er liggur nú fyrir þinginu frv. um ákvörðun dauðastundar. Það virðist ætla að verða hlutskipti þessa þings að fjalla um mannlífið allt frá fæðingu til dauða og ekki hægt að víkja sér undan þeirri ábyrgð.

Ég vil þess vegna ítreka beiðni mína til hæstv. dómsmrh. að nefndin vinni nú af meiri alvöru og með meiri hraða þannig að komið verði í veg fyrir að upp kunni að koma mál sem valdið gætu íslenskum fjölskyldum ómældum skaða og ekki síst börnunum sem þar eiga hlut að máli.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Enda þótt þessi væntanlega löggjöf sem hér er unnið að sé vísast hin vandasamasta og miklu skipti að til hennar sé vandað svo sem kostur er, þá vil ég taka undir það sem bæði hefur komið fram í máli fyrirspyrjanda og hv. 6. þm. Reykv. að dráttur sá, sem orðið hefur á þessu nefndarstarfi, er óhæfilegur og ég vil bara lýsa því yfir að ég mun leggja á það áherslu eins og mér er unnt og í mínu valdi stendur að nefndarstarfinu verði hraðað og málslok verði sem fyrst.

SAMEINAÐ ÞING

42. fundur, fimmtudaginn 17. des., kl. 1 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf frá hæstv. forseta Ed.:

„Eiður Guðnason, formaður þingflokks Alþfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna veikinda 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Elín S. Harðardóttir matsveinn, sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Þessu bréfi fylgir eftirfarandi bréf:

„Vegna veikinda get ég því miður ekki tekið sæti Karls Steinars Guðnasonar, 4. þm. Reykn., á Alþingi næstu tvær vikur.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Oddsson,
1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi."

Elín S. Harðardóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf hennar skv. 4. gr. þingskapa.

Þá hefur borist svofellt bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Björgvin Guðmundsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Með þessu bréfi fylgja bréf frá 1. og 2. varamanni Alþfl. í Reykjavík, þeim Jóni Braga Bjarnasyni prófessor og Láru V. Júlíusdóttur lögfræðingi, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Jón Bragi Bjarnason, get ekki tekið sæti Jóns Sigurðssonar á Alþingi næstu tvær vikurnar vegna sérstakra anna.

Virðingarfyllst,
Jón Bragi Bjarnason."

Eftirfarandi bréf hefur einnig borist:

„Vegna sérstakra anna get ég undirrituð ekki tekið sæti Jóns Sigurðssonar á Alþingi næstu tvær vikur.

Virðingarfyllst,
Lára V. Júlíusdóttir."

Samkvæmt þessum bréfum og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Elínar S. Harðardóttur og Björgvins Guðmundssonar. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið fyrir tvö kjörbréf, annars vegar kjörbréf Elínar S. Harðardóttur, 3. varamanns Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, sem kemur inn fyrir Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn. Elín S. Harðardóttir hlaut kosningu sem 3. varamaður Alþfl. og kemur inn þar eð 2. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi hefur lýst veikindum sínum. En sem kunnugt er færast 2. og 3. varamaður upp þar eð 1. þm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi sagði af sér þingmennsku, en hann fór í önnur störf, og því er hér aðeins um málsatriði 2. og 3. varamanns Alþfl. í Reykjaneskjördæmi að ræða.

Hins vegar rannsakaði kjörbréfanefnd kjörbréf Björgvins Guðmundssonar, 3. varamanns Alþfl. í Reykjavík, sem kæmi inn í staðinn fyrir Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv. Þarna er um að ræða að 1. og 2. varaþm. Alþfl. gátu ekki tekið sæti vegna anna eins og komið hefur fram.

Kjörbréfanefnd hefur athugað þessi kjörbréf og leggur til að þau verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Elínar S. Harðardóttur samþ. með 34 shlj. atkv.

Kjörbréf Björgvins Guðmundssonar samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Elín S. Harðardóttir og Björgvin Guðmundsson hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi. Þeim ber því skv. 2. gr. þingskapalaga að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Elín S. Harðardóttir, 4. þm. Reykn., og Björgvin Guðmundsson, 4. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Elín S. Harðardóttir og Björgvin Guðmundsson hafa unnið drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Ég býð þau bæði velkomin til starfa.

Kortlagning gróðurlendis Íslands, fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 200. mál. — Þskj. 253.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kortlagningu á gróðurlendi Íslands. Flm. að þessari till. auk mín eru þeir hv. þm. Jón Helgason, Geir Gunnarsson og Árni Gunnarsson. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að hlutast til um að gróðurlendi Íslands verði kortlagt.

Lögð verði áhersla á að upplýsa:

1. heildarstærð gróinna landsvæða svo að staðfest verði hve mikill hluti landsins er hulinn gróðri,

2. stærð og mörk þeirra landsvæða þar sem gróðureyðing er ör til að auðvelda markvissar aðgerðir í gróðurvernd og uppgræðslu þeirra,

3. stærð þeirra landsvæða þar sem gróður á í vök að verjast og friðun telst árangursrík til styrkingar,

4. stærð ógróinna landsvæða sem hæf eru til landgræðslu en gróa ekki sjálfkrafa.

Að öðru leyti byggist nánari greining landsins eftir jarðvegi og gróðri á þeim möguleikum sem sú tækni í myndagerð, sem notuð verði við þetta verkefni, framast leyfir."

Till. fylgir allítarleg grg. og get ég á margan hátt vitnað til hennar en það má segja að þörfin fyrir þessa till. og aðgerðir á þeim grundvelli sem hún gerir ráð fyrir sé einkum brýn vegna samþykktar á þáltill. sem afgreidd var á Alþingi 19. mars 1990. En þar er kveðið á um að gert verði markvisst átak í því að stofna til aðgerða til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi nú á þessari öld. Til grundvallar við það verkefni verði lagt að úttekt verði gerð á gróðurfarslegum aðstæðum í landinu svo að með markvissum hætti verði hægt að vinna að þessum störfum.

Hér er í rauninni um fjórðu landgræðsluáætlunina að ræða, en þær þrjár fyrri, sem þegar er lokið, hafa grundvallast á tiltekinni fjárhæð og síðan leitast við að haga vinnubrögðum með þeim hætti í landgræðslumál-

um að bestum árangri skilaði.

Hér er hins vegar lagt til að meta stærð þessa verkefnis, kostnað þess og annan framgangsmáta og síðan á grundvelli þess að gera áætlun sem miðist við að ná tilsettum árangri á u.þ.b. 10 næstu árum.

Hér kemur hins vegar meira til og það má segja að áhugi hjá mér varðandi þetta málefni á þessum grundvelli hafi vaknað fyrir tæpu einu ári síðan þegar fyrir lá að Landmælingar Íslands og Raunvísindastofnun Háskólans höfðu lokið við gerð jarðfræðikorts af Íslandi, en slíkt kort hafði ekki verið unnið frá því um síðustu aldamót, þegar Þorvaldur Thoroddsen náttúrufræðingur gerði slíkt kort. Og með því að þar var að stórum hluta byggt á nýrri tækni í sambandi við notkun á gervitunglum þá sá ég að þarna var auðfengin leið fyrir okkur á sviði gróðurrannsókna og annarra slíkra nota.

Það kannast nú sjálfsagt allir hv. alþm. við það að um þessi efni hefur farið fram mikil umræða og ýmsar tölur í þessum efnum verið settar fram og ekki hafa bændum landsins í þeirri umræðu verið sérstaklega vandaðar kveðjurnar. Það má segja að það sé líka eitt tilefnið að þessum tillöguflutningi að það verði á grundvelli þeirra vinnubragða sem þar er lagt til gert út um það hvernig gróðurfarið er í landinu og hverjar séu ástæður fyrir því þannig að ekki þurfi að ganga á milli fólksins í landinu sífelld klögumál um þau efni.

Það er því vissulega víðtækur tilgangur sem liggur að baki flutningi þessarar till. en það er að sjálfsögðu ekki vansalaust hvað íslenska þjóðin er illa upplýst um þessi efni eins og reyndar mörg önnur í náttúrufarslegu tilliti og væri mikil þörf að hyggja betur að þeim efnum heldur en gert hefur verið.

Það er nauðsynlegt að fara örfáum orðum um það hvert ástandið er í þessum efnum hér á landi og hvaða árangur kann að felast í þeim kosti sem hér er sérstaklega tilgreindur. Vil ég í því sambandi fyrst minna á að árið 1974 var haldin ráðstefna að tilhlutan verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, Raunvísindastofnunar Háskólans og Rannsóknaráðs ríkisins um hagnýtt gildi fjarkönnunar fyrir Íslendinga. Þessi ráðstefna stóð í fjóra daga og hana sótti mikill fjöldi vísindamanna og áhugamanna um þessi efni.

Í upphafi ályktunar ráðstefnunnar segir: „Ráðstefna sú um fjarkönnun sem haldin var í Norræna húsinu 9.–12. sept. 1974 leiddi greinilega í ljós mikla þýðingu fjarkönnunar fyrir undirstöðu- og hagnýtar rannsóknir og nýtingu íslenskra náttúruauðlinda."

Strax árið 1974 komust menn að niðurstöðu um það að hér væri um gagnlega tækni að ræða á þessum vettvangi og þátttakendum í þessari ráðstefnu er raðað hér á lista og telja þeir marga tugi manna.

En þrátt fyrir þetta gerðist lítið í þessum málum. Árið 1985 birtist greinargerð starfshóps Rannsóknaráðs ríkisins sem út af fyrir sig er afar eftirtektarverð, ekki síst í ljósi þeirra miklu yfirlýsinga sem fyrir lágu eftir þá ráðstefnu sem haldin var árið 1974 og ég hef hér tilgreint. En þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Enn sem komið er gegnir fjarkönnun úr gervihnöttum litlu hlutverki í íslenskum rannsóknum. Verður í því sambandi ekki hjá því komist að láta í ljós það álit starfshópsins að Rannsóknaráð ríkisins hafi lítið sem ekkert gert til að hrinda í framkvæmd tillögum fjarkönnunarnefndar frá árinu 1976. Á ráðið því talsverða sök á því að ekki hefur miðað betur á þessu sviði. Ljóst er að fjarkönnun úr flugvélum og gervihnöttum getur gegnt veigamiklu hlutverki í íslenskum rannsóknum. Það verður þó ekki fyrr en átak hefur verið gert til að skapa íslenskum vísindamönnum lágmarksaðstöðu til úrvinnslu slíkra gagna."

Í þessu áliti koma fram margar tilvitnanir og áherslur, sem tími minn leyfir nú ekki að ég fari hér rækilega yfir, sem sýna með skýrum hætti fram á gagnsemi þessarar tækni og hvaða not megi af henni hafa, m.a. til þess að meta gróðurfarið í landinu.

Ég get heldur ekki stillt mig að geta þess hér aðeins að á forsíðu Náttúrufræðingsins frá árinu 1987 er einmitt sýnd mynd sem tekin hefur verið af gervitungli og inni í heftinu er vitnað til bréfs sem Kolbeinn Árnason jarðeðlisfræðingur ritaði með myndinni um leið og hann leyfði birtingu hennar. Í því bréfi segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Uppblásturssvæði koma fram á myndinni sem grágrænir flekkir. Hólssandur er þeirra stærstur og nær frá Sandvatni norður undir Bæjarfjall. Austan Kröflu er annað uppblásturssvæði og klofnar það um fjallið Björn."

Ég hygg að þær tilvitnanir sem hér eru tilgreindar sýni það með ótvíræðum hætti hvaða tækni hér er á ferðinni og hersu þýðingarmikið er fyrir okkur að taka hana í notkun, m.a. til þess að meta gróðurfarið í landinu.

Það má hins vegar segja að meginskýringin í þessum tillöguflutningi komi fram í umsögn Landmælinga Íslands sem fylgir sem fskj. og þessi tillöguflutningur er að sjálfsögðu í grundvallaratriðum byggður á. En þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Ný tækni við stafræna vinnslu gervitunglamynda hefur aukið verulega möguleika á rannsóknum á ýmsum sviðum. Sú þróun hefur orðið á síðustu árum að tæki og hugbúnaður til stafrænnar myndvinnslu hefur stöðugt verið að lækka í verði og verða aðgengilegri til notkunar. Notkunargildi myndanna hefur einnig aukist með tilkomu nýrra tækja í gervitunglunum sem skila skýrari myndum."

Fleiri tilvitnanir eru hér í þessu fskj. sem hv. þm. hafa að sjálfsögðu greiðan aðgang að að kynna sér.

Tíma mínum er nú lokið hér að þessu sinni og mun ég þess vegna ljúka máli mínu, en væntanlega gefst mér kostur á að skýra þetta mál betur í síðari hluta þessarar umræðu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og atvmn.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að leyfa mér að þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir áhuga hans og mikið starf að landgræðslumálum. Væri betur að fleiri þingmenn hefðu þennan brennandi áhuga á landgræðslu sem kemur fram hjá hv. þm. Agli Jónssyni.

Þegar ég tók við embætti umhverfisráðherra og verkefni ráðuneytisins voru ljós eftir að frv. þar að lútandi varð að lögum sl. vor færðust Landmælingar Íslands til umhvrn. Eitt mitt fyrsta verkefni var að kalla á forstöðumann Landmælinganna svo og reyndar fleiri þá aðila sem koma nálægt kortagerð hér í landinu og hlusta á þeirra skýringu á því hvernig þau mál stæðu. Sérstaklega hafði ég þó áhuga á því að fræðast um það hvernig væri ástatt með gerð gróðurkorta fyrir landið og hafði því einnig samband við Ingva Þorsteinsson náttúrufræðing sem hefur manna mest unnið að gerð gróðurkorta fyrir Ísland á undanförnum árum og áratugum.

Okkur kom saman um að kortamál almennt væru í miklum ólestri fyrir landið í heild sinni og það væri nauðsynlegt að taka á því máli og koma þeim til betri vegar. Í leiðinni yrði einnig hugað að því með hvaða hætti mætti flýta gerð gróðurkorta fyrir allt landið og sömuleiðis gerð jarðvegskorta, sem er ekki síður þýðingarmikið, en það er kannski enn þá meiri nauðsyn að hafa tiltækar góðar og nákvæmar upplýsingar um jarðveginn því hann er auðvitað forsenda þess gróðurs sem á jarðveginum hvílir.

Það varð til þess að snemma sl. haust var skipuð nefnd til þess að koma með tillögur og huga að ástandi kortagerðar í landinu. Þá nefnd skipa forstöðumaður Landmælinga Íslands, forstöðumaður Skipulags ríkisins, Gylfi Már Guðbergsson, prófessor í landfræði, frá Háskóla Íslands, Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur og Jón Gunnar Ottósson deildarsérfræðingur í umhvrn.

Þessi nefnd fékk það verkefni að taka út stöðu kortamála á Íslandi og koma með tillögur um það hvernig mætti koma því til leiðar að kortamál okkar færðust til betri vegar. Þar er fyrst og fremst um það að ræða að við þurfum að taka upp nýja tækni og í raun og veru að gjörbylta undirstöðuatriðum í kortagerð á landinu í heild sinni.

Við byggjum enn þann dag í dag að verulegu leyti á gömlu herforingjaráðskortunum dönsku en ný tækni er komin til sögunnar, svokölluð stafræn kortagerð, þ.e. kort sem byggja á stafrænum grunni og eru að verulegu leyti unnin í tölvu og byggja þá á tölvutækum upplýsingum ef menn vilja heldur orða það þannig.

Það er hugmynd okkar og tillaga nefndarinnar að gera fullkomin grunnkort af öllu landinu í mælikvarða 1:25.000 sem byggjast á stafrænum upplýsingum. Síðan í framhaldi af því verði hægt að kalla fram hvers kyns sérkort sem byggi á þessum grunnkortum, m.a. jarðvegskort, gróðurkort og byggðakort og skipulagskort til þess að þjóna hinum ýmsu verkefnum sem þarf að vinna sem byggja á fullkomnum grunnkortum. Þetta er geysilega viðamikið og stórt verkefni og mun taka langan tíma að ljúka því og það mun kosta mikla fjármuni.

Gróðurkortin, eins og þau hafa verið, hafa byggt á gamaldags aðferðum þannig að þau eru í raun og veru byggð á gömlu herforingjaráðskortunum og upplýsingarnar hafa verið handteiknaðar inn á kortagrunninn, sem er herforingjaráðsgrunnurinn, en gróðurkort í 1:25.000 eru nú orðin til fyrir verulegan hluta landsins. En þau eru með þeim galla að það er erfitt að endurnýja þau og endurskoða vegna þess að þau eru í raun byggð á úreltri aðferð, þ.e. þau hafa ekki enn þá verið færð yfir í stafrænt upplýsingakerfi sem er framtíðin í þessum efnum.

Það er annað sem er líka mikilvægt og það er að laða fram samstarf milli allra þeirra stofnana sem vinna að þessum málum, en það eru ótrúlega margar stofnanir á Íslandi sem koma nálægt kortagerð. Nægir þar t.d. að nefna Vita- og hafnamálastofnunina, Landsvirkjun, Orkustofnun og fjölda annarra stofnana sem allar hafa í raun með kortagerð að gera. Þess vegna er mjög mikilvægt að þessar stofnanir hafi nána samvinnu þannig að ekki sé um tvíverknað að ræða og fjármunirnir nýtist sem best í þessu skyni fyrir þjóðina í heild sinni. Það er m.a. hlutverk þessarar nefndar sem ég hef verið að segja hér frá að reyna að treysta þetta samstarf og koma því til leiðar að með samstilltu átaki verði unnið markvisst og skipulega að því að vinna upp þennan stafræna upplýsingagrunn og fá kortagerðina inn í nútímafarveg.

Þá komum við að fjarkönnunarhugmyndum og notkun gervitungla í þessu skyni sem er mjög mikilvægt í sambandi við alla kortagerð eins og þróunin hefur verið. Það er þó mjög erfitt að nýta gervitunglamyndir og fjarkönnunarupplýsingar enn sem komið er ef um er að ræða mjög nákvæma greiningu. T.d. er vart hægt að hugsa sér að nýta með auðveldum hætti gervitunglamyndir til gerðar korta í svo stórum mælikvarða sem 1:25.000, þó svo að það væri auðvelt að vinna kort í mun stærri mælikvarða fyrir landið í heild sinni byggt á gervitunglamyndun. Það er enn þá mjög erfitt að vera með nákvæmari greiningu á upplýsingunum en sem nemur reit sem er u.þ.b. 75 m á kant en það þykir mönnum ekki vera nógu nákvæm greining ef um á að vera að ræða fullkomnar upplýsingar um ástand gróðurs og jarðvegs.

Það eru ótal aðilar hér á landi sem hafa fylgst með þróun fjarkönnunar og náð mjög langt á þessu sviði. Nægir þar t.d. að nefna Merkjafræðistofnun Háskóla Íslands sem starfar sem undirdeild Verkfræðistofnunar, en þar hefur verið unnið að þróunarstarfi á þessum vettvangi og fylgst mjög grannt með þeirri þróun sem á sér stað í heiminum á fjarkönnun og notkun upplýsinga frá gervitunglum gegnum gervitunglamyndir.

Til þess að gera langt mál stutt, þá vænti ég þess að niðurstöður þeirrar nefndar sem ég skipaði sl. haust muni liggja fyrir nú í þessum mánuði og hugmyndin er sú að leggja fyrir Alþingi þáltill. um að ljúka því verkefni að gera fullkomin grunnkort í 1:25.000 byggð á stafrænum upplýsingum fyrir landið í heild sinni og í leiðinni leggja grundvöll að gerð fullkominna gróðurkorta í sama mælikvarða sem einnig verði byggð á stafrænum upplýsingum og sömuleiðis gerð jarðvegskorta. Ég geri því ráð fyrir því að við munum fá tækifæri til þess að skila umsögn um þessa þáltill. sem hér er flutt og reyna að fella efni hennar inn í þá miklu heildarvinnu sem er fram undan og ég er ekki í nokkrum vafa um það að þar eigum við hv. þm. Egill Jónsson og sá sem hér stendur samleið því að það er

okkur báðum áhugamál að reyna að koma þessum málum til betri vegar. Og ég tek sérstaklega undir það sem hv. þm. sagði að það er mjög brýnt að upplýsa þjóðina um þessi mál og reka dálítinn áróður fyrir landgræðslumálum meðal þjóðarinnar og sérstaklega kannski meðal ungu kynslóðarinnar.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, kannski setja aðeins spurningarmerki við vísun til atvmn. Ég hefði talið að e.t.v. ætti þetta mál heima hjá allshn. en ég skal viðurkenna það fúslega að ég er ekki mjög fróður um þingsköp hvað þetta atriði varðar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að taka undir efni þessarar till. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að gera það sem í þessari till. stendur, þ.e. að hlutast til um að gróðurlendi Íslands verði kortlagt. Ég þarf kannski ekki að hafa svo mörg orð um það hversu mikilvægt það er. Í ágætri framsögu hv. 1. flm. komu fram flest þau rök sem þarf að hafa í þessu máli.

Í fskj. með till. kemur fram á bls. 9 áætlun um kostnað. Ég tel það mjög til fyrirmyndar að það skuli koma fram í tillögu sem þessari áætlun um það hversu mikið það muni kosta að hrinda henni í framkvæmd eða alla vega hluta af henni. En það sem ég þó tók eftir og finnst dálítið sérkennilegt er að það er eingöngu talað um gerð gróðurkorts af Íslandi í mælikvarðanum 1:500.000. Slíkt kort mundi ekki gefa þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir í þessari till. og þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að gera sér grein fyrir hvernig gróðurfari er háttað á landinu. Það er mjög erfitt að skoða það á gervitunglamyndum, eins og hér er gert ráð fyrir að verði notaðar, að gera sér grein fyrir nákvæmlega hvernig gróðri er háttað í smærri mælikvarða. Það er hægt að skoða myndir, en eins og kom fram hjá hæstv. umhvrh. er greiningarhæfni gervitunglamynda svona í kringum 60–70 m, jafnvel upp í 75 metra, þ.e. það er ekki hægt að greina myndirnar nákvæmar niður og það er varla hægt að nota það til þess að gera gróðurkort í þeirri merkingu sem hingað til hefur verið notuð um gróðurkort. Og þeir sem hafa verið að gera gróðurkort af landinu hingað til hér á landi, sem væntanlega eru einna helst hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins mundu varla eða ekki getað notað myndir sem þessar. En þær eru hins vegar mjög nauðsynlegar eftir sem áður til stuðnings við aðrar mælingar, t.d. flugmælingar. Flugmælingar gefa möguleika á greiningarhæfni niður í miklu minna, kannski 2,5 til 5 metra þannig að hægt er að skoða gróðurlendið miklu nákvæmar. Til þess að hægt sé að gera þetta með slíkri tækni þá þyrfti einnig að taka tillit til þess í kostnaði. Mjög gott væri ef hægt væri að hrinda í framkvæmd þessu máli sem við hefðum þurft að vera búin að gera fyrir lifandis löngu.

Ég vil jafnframt benda á að Upplýsinga- og merkjafræðistofa Háskóla Íslands, sem hér hefur aðeins verið minnst á, hefur sérhæft sig í að taka flugmyndir og vinna úr þeim þannig að það er alveg hægt að gera hluta af þessu nú þegar hér á landi með þeim tækjabúnaði sem til er. Þó svo að Landmælingar Íslands hafi eingöngu talað um gervihnattamyndir — og ég heyrði ekki betur í máli hv. flm. hér áðan en að hann talaði eingöngu um það — þá eru flugmælingar nauðsynlegar einnig.

Hjá Merkjafræðistofu Háskóla Íslands, sem hefur sérhæft sig í að taka myndir og vinna úr þeim, er til sérfræðiþekking í fjarkönnun. Merkjafræðistofan hefur m.a. tekið að sér að gera gróðurrannsóknir og er ég hér með skýrslu frá Upplýsinga- og merkjafræðistofu um fjarkönnunarmælingar vegna gróðurrannsókna á Auðkúluheiði. Og mig langar til, með leyfi forseta, að lesa örlítið brot af inngangi þessarar skýrslu, en þar segir:

„Við Upplýsinga- og merkjafræðistofu Háskólans hefur á undanförnum árum verið unnið að því að koma á laggirnar starfhæfri fjarkönnunarstofu og bæta þar með úr þeirri brýnu þörf sem verið hefur á markvissum fjarkönnunarrannsóknum hér á landi. Undirbúningsstarfið hefur miðað að því annars vegar að koma upp tækjum til fjarkönnunarmælinga úr flugvél og hins vegar sérhæfðum tölvubúnaði til að vinna úr myndefni á stafrænu formi."

Síðar í skýrslunni stendur: „Haustið 1989 voru svo höfð samráð við Rannsóknastofnun landbúnaðarins um að prófa fjarkönnunarbúnað, UMH, í tengslum við gróðurrannsóknir stofnunarinnar og í september var flogið yfir tilraunareiti á Auðkúluheiði samtímis því sem gerðar voru nauðsynlegar mælingar á jörðu niðri til kvörðunar á myndgögnum."

Þarna virðist því vera fyrir hendi þekking sem að hluta til kemur þá inn í þetta sem hér er verið að tala um. Hér var minnst á Kolbein Árnason í framsöguræðu en hann er einn af þremur höfundum þeirrar skýrslu sem ég vitnaði hér til. En Merkjafræðistofa Háskólans hefur ekki einungis unnið hér á landi á Auðkúluheiði. Hún hefur einnig verið við gróðurmælingar í Krýsuvík. Einnig hefur stofan unnið að gróðurrannsóknum á Grænlandi. Hér á landi er því til þekking sem við getum svo gjarnan nýtt okkur í tengslum við þessa tillögu og auðvitað hlýtur það að hafa verið meiningin. Ef við lítum aftur á bls. 9 í greinargerðinni þar sem verið er að tala um kostnað við verkefnið, þá væri kannski hægt að hluta til að spara eitthvað þar vegna kaupa á hugbúnaði og tölvu til myndvinnslu að einhverju leyti þannig að verkefnið væri ekki alveg eins dýrt. Þannig væru e.t.v. meiri líkur á að hægt væri að fá stuðning við að hrinda þessu í framkvæmd.

Ég vil leggja áherslu á það og segja enn einu sinni að ég styð heils hugar þessa þáltill. og tel mjög mikilvægt að ef hún verður samþykkt, sem ég auðvitað vona, þá verði lögð mikil áhersla á samvinnu allra þeirra aðila hér á landi sem koma nálægt þessu, þ.e. Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Merkjafræðistofunnar og Landmælinga, og fleiri aðila. Það er aðalatriðið að við reynum að sameinast um að styðja mælingar sem þessar. Þær eru okkur mjög mikilvægar.

Að lokum vil ég minnast á eitt í viðbót. Með þessum mælingum sem hér er verið að tala um og nú þegar er hægt að hluta til að framkvæma hér á landi hjá Merkjafræðistofu Háskólans er einnig hægt að gera

verulegar mengunarmælingar. Það er því hægt að nota svona tæki ekki eingöngu til gróðurrannsókna heldur til mikið fleiri rannsókna. Ég vil leggja höfuðáherslu á að við reynum að hraða samþykkt þessarar till. og vona að það verði gert á þessu þingi.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem kom fram í máli síðasta ræðumanns. Við kvennalistakonur styðjum heils hugar þá hugmynd sem þessi till. lýsir.

Það er mjög mikilvægt að nýta þá tækni sem fyrir hendi er nú til að kortleggja gróðurlendið. Með þessari tækni tekur það miklu skemmri tíma og auðveldar mjög að ganga að landgræðslu, landvernd og landgæslu með skipulegum hætti sem er eitt mesta nauðsynjamál sem í höndum þjóðarinnar allrar er nú á þessum tíma. Þessi till. er nátengd till. sem samþykkt var í mars sl., að gera áætlun um aðgerðir sem stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs. Og það er í rauninni fyrsta aðgerð að gera kort af landinu sem sýnir hvar við erum á vegi stödd.

Þau markmið sem eru höfð í huga við þessa gróðurkortagerð eru eins og stendur í grg.: Flokkun landsins í fjóra aðalflokka, gróið land og ógróið land sem hægt er að græða og það land sem er að eyðast og auðnir, og síðan að skipta grónu landi í flokka eftir gróðri og jarðvegi að því marki sem unnt er. Eigi að vera unnt að vinna að landgræðslu í stórum stíl og með nútímalegum hætti er nauðsynlegt að þessi flokkun sé fyrir hendi. Menn verða að vita eðli og umfang meinsins til þess að finna þær lækningaraðferðir sem við eiga í hverju tilviki og á hverjum stað.

Kvennalistakonur styðja heils hugar þær hugmyndir sem eru að baki þessarar till., svo og hverja þá aðgerð sem stuðlar að endurheimt og aukningu gróðurs á landinu og leggja áherslu á nauðsyn samvinnu allra aðila sem geta lagt því máli lið.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um till. okkar fjórmenninganna og ég minni á að það voru menn úr öllum þingflokkum sem fluttu landgræðslutillöguna sem samþykkt var í mars sl. og að flm. að þessari tillögu eru að stofni til gamla landgræðslunefndin.

Ég átti vissulega von á því að fram kæmu einhverjar efasemdir um gagnsemi þessarar till. Reyndar bjóst ég við að þær yrðu meiri heldur en raun ber vitni í þessari umræðu því að undirtektirnar voru jákvæðar.

Ég hlýt líka að taka undir það og fagna því að auðvitað er þýðingarmikið að gott samstarf geti orðið um svona hluti. Sannleikurinn er nú sá að það er oft sem verkefnum í okkar þjóðfélagi er dreift of mikið. Löggjafinn hefur ákveðið það hver eigi að fara með þessi mál og vinna þessi mál. Það eru Landmælingar Íslands. Ég held að það sé mjög bagalegt að þeirri starfsemi hafi ekki verið gefið betra ráðrúm og hún hafi á umliðnum árum ekki fengið meiri stuðning heldur en raun ber vitni um. Ég er sannfærður um að það skynsamlegasta í þessum efnum væri að a.m.k. slík tækni sem þessi, fjarkönnunartæknin, sé á einum stað. Það er bæði virkast og ódýrast.

Það hefur komið upp sá misskilningur í sambandi við umræðu um þessa till., þó að það hafi nú ekki verið áberandi hér, að hér væri verið að seilast inn á svið annarra og þá sérstaklega Rannsóknastofnunar landbúnaðarins en hún hefur um áratuga skeið annast gróðurmælingar. Þetta er að sjálfsögðu mikill misskilningur. Og eins og fram kom hjá hæstv. umhvrh. þá er þar um allt annað mál að ræða. Grunnkortagerðin sem verið er að tala um núna, og í mörg undanfarin ár hefur verið á næsta leiti að því er okkur hefur verið sagt sem höfum verið í þessum málum, hún kostar hundruð millj. kr., kannski meira en einn milljarð, hver veit. Og hvað eigum við að bíða lengi eftir slíku þegar við getum fengið úttekt á gróðurfari landsins og jarðveginum með miklu, miklu minni kostnaði eins og fram kemur í nál.?

Þessi till. og þau verkefni sem hún kveður á um er þannig ekki í samkeppni við nokkurn annan aðila. Hún leggur það eitt til að jarðvegur og gróður verði kortlagður í þessu landi og fengnar verði trúverðugar niðurstöður um það hvert ástand hans er.

Í máli tveggja ræðumanna bar á efasemdum um gagnsemi myndagerðar í þeim stærðarmæli sem hér er gert ráð fyrir. Ég var búinn að afla mér upplýsinga um það hvernig svona verkefni hafa gengið fram meðal annarra þjóða. Það er afar þýðingarmikið að fyrir liggur reynsla um þessi efni. Ég ætla í þessum efnum að láta nægja að vitna í eina heimild yfir slíka vinnu, en þar er um að ræða plagg sem sænska geimrannsóknastofnunin hefur gefið út í sérstökum upplýsingabæklingi. Þetta plagg nær yfir 12 mánaða tímabil eða lýsingu á því, frá apríl 1987 til apríl 1988. Ekki er nú lengra um liðið heldur en þessi tvö ár. En þá vann sænska geimrannsóknastofnunin SSC að náttúrufarslegri úttekt á Filippseyjum með upplýsingum sem fengnar voru frá Spot-gervitunglinu. Verkefnið var hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum að því leyti að það náði til heils lands sem nær yfir 300 þús. ferkílómetra og það er eins og við vitum um þreföld stærð landsins. Og þar sem fjallað er um rannsóknir á upplblæstri segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Upplblástursmælingar með gervitunglum. Með því að skoða og greina gervitunglamyndir sem skerptar hafa verið í tölvum og bera niðurstöðurnar saman við upplýsingar sem fengnar eru á jörðu niðri og aðrar upplýsingar má teikna upplblásturskort með mælikvarða frá 1:250.000 í 1:25.000 þar sem fram koma upplblástursskilyrði og merki um upplblástur, veðrunarbreytingar á tilteknu tímabili, áhættusvæði.

Á grundvelli slíkra korta má gera áætlanir um landnýtingu og landvernd."

Þetta er umsögn um fyrsta verkefnið sem var unnið af þessum toga í heiminum og náði yfir heilt land og auðvitað gildir nákvæmlega það sama um þau verkefni sem bíða okkar hér, fari svo að þessi till. verði samþykkt og eftir henni verði unnið.

Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, virðulegi forseti.

og læt máli mínu lokið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna efasemda hæstv. umhvrh., sem að vísu er nú ekki staddur hér í salnum, um það að e.t.v. ætti frekar að vísa þessu máli til allshn. heldur en atvmn. eins og tillaga 1. flm. hljóðaði upp á, þá vill forseti til að taka af allan vafa leyfa sér að lesa hér það sem fram kemur í 15. gr. þingskapa varðandi vísan mála til nefnda, en þar segir: „Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi." Þess vegna telur forseti að hér hafi verið rétt að staðið og hæstv. umhvrh. hefur þá væntanlega fengið svar við þessum efasemdum sínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárveitingar til fræðsluskrifstofa, fyrri umr.

Þáltill. MálmS o.fl., 201. mál. — Þskj. 254.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér á þskj. 254 till. til þál. um fjárveitingu til fræðsluskrifstofa. Flm. með mér eru aðrar þingkonur Kvennalistans. Þáltill. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til menntmrh. að því fjármagni, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni til grunnskóla í fræðsluumdæmum landsins, verði ráðstafað beint til fræðsluskrifstofa hvers umdæmis um sig sem síðan sjá um að útdeila og ábyrgjast fjárveitinguna hver í sínu umdæmi."

Íslendingar eru þjóð sem á sameiginlega menningu, arfleifð og sögu. Óvíða er það brýnna en á Íslandi að þjóðin tapi ekki vitundinni um hvað gerir hana að þjóð og vitundinni um mikilvægi þess fyrir sjálfstæði hennar að hún varðveiti menningu sína og tungu. Vegna fámennis er ábyrgð og frumkvæði hvers og eins mikilvægt. Menning er lifandi og breytileg en ekki kyrrstæð frekar en lífið og þarfnast því stöðugrar endurnýjunar og aðhlynningar. Slíkt verður ekki tryggt með valdboði eða miðstýringu og er því óvíða meiri þörf á valddreifingu heldur en hvað varðar menntastofnanir og menningu yfirleitt.

Grunnskólum landsins er ætlað það hlutverk að leggja grunn að menntun landsins barna og í leiðinni að veita þeim undirstöðuþekkingu á menningu þjóðarinnar og efla vitund þeirra um að þau séu arftakar fornrar menningar og þátttakendur og gerendur í þeirri menningu sem skapast á hverjum tíma. Þetta er mikið hlutverk og mikilvægt að búa vel að skólunum til að þeir ræki það svo sem þeir best geta. Visst aðhald en um leið visst frelsi er brýnt nauðsynjamál í þeim efnum.

Um allmörg undanfarin ár hefur miðstýring samfélags okkar farið sívaxandi og það í þeim mæli að margir hafa áhyggjur af. Sú krafa verður nú æ háværari að stefna beri að því að færa völd, verkefni og ábyrgð til sveitarstjórna og landshluta enn frekar en orðið er. Mönnum þykir að sú skipan mála tryggi betur lýðræðislega stjórnun og efli sveitarfélögin og betra sé öllum landslýð að ákvarðanir séu teknar sem næst fólkinu sjálfu af þeim sem best þekkja til staðhátta, þarfa og innri mála á hverjum stað.

Sama máli gegnir með ýmsar ríkisstofnanir. Sú skoðun vinnur sér nú æ meira fylgi að rétt sé að ríkisstofnanir séu fluttar af höfuðborgarsvæðinu út um land eða a.m.k. deildir eða útibú frá þeim. Stjórnvöld hafa sýnt vilja sinn í þessum efnum, sbr. Skógrækt ríkisins, sem flutt hefur verið að Hallormsstað, og útibú Byggðastofnunar og Húsnæðisstofnunar á Akureyri og Ísafirði.

Það er einnig mat margra, enda vaxandi krafa, að það fé, sem stofnunum er ætlað á fjárlögum hvers árs, eigi ekki að vera niður neglt til hvers einstaks verkefnis innan þeirra heldur sé stjórnendum falin ráðstöfun fjárins og treyst til að ráðstafa því á þann hátt sem öllum kemur best. Þetta skref hefur þegar verið stigið varðandi Háskóla Íslands og virðist eðlilegt að halda áfram á þeirri braut hvað varðar menntastofnanir.

Núverandi ríkisstjórn hefur lýst vilja sínum til þess að færa verkefni, völd og ábyrgð út um landið og þegar hafið það starf, þótt hægt fari. Efling þeirrar opinberu þjónustu sem fyrir er á hverju svæði, ásamt auknu forræði, er mikið nauðsynjamál í augum landsbyggðarbúa. Sjálfstæði fræðsluskrifstofanna er þar ofarlega á blaði enda er starfsemi þeirra nátengd hverju einasta sveitarfélagi í landinu. Starfsfólk fræðsluskrifstofanna gjörþekkir starfsemi hvers einasta grunnskóla og er í nánum tengslum við þá. Því má ætla að þar sé fyrir hendi sú þekking sem á þarf að halda við útdeilingu fjár til rekstrar og uppbyggingar skólastarfsins á hverjum stað og til þeirra sérþarfa og verkefna sem kunna að vera fyrir hendi á mismunandi stöðum. Þetta verk ætlum við að verði unnið í samvinnu við fræðsluráð og skólanefndir.

Samþykkt þessarar till. væri mikilsverður þáttur í eflingu starfsemi í héruðum og í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar en þar stendur í kafla um byggðamál, með leyfi hæstv. forseta:

„Gerðar verða ráðstafanir til aukinnar valddreifingar, meðal annars með því að auðvelda flutning stofnana og svæðisbundinna verkefna frá miðstjórn ríkisvaldsins út í héruð."

Það er skoðun okkar kvennalistakvenna, flm. þessarar till., að á þennan hátt væri fyrirkomulag grunnskólafræðslunnar best skipað. Hlutverk ráðuneytisins gagnvart grunnskólunum væri fyrst og fremst að móta þá fræðslu- og menntastefnu sem skólanum væri ætlað að fylgja og gefa út námsskrár, en að öðru leyti hafi skólarnir sem mest sjálfræði um hvernig að fræðslunni er unnið innan þess ramma sem menntmrn. setur. Jafnframt því sem fræðsluskrifstofurnar eflast færast verkefni frá ráðuneyti og mætti þá fækka starfsfólki þar en færa stöðugildi til skrifstofanna.

Kvennalistakonur hafa á þeim tíma sem þær hafa átt sæti á Alþingi lagt fram bæði þáltill. og frv. sem miða

að því að draga úr miðstýringu og dreifa valdi. Flestum þessum málum hefur verið tekið vel í máli manna í þingsölum en lítið orðið um samþykktir eða framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á skýrslu sem út kom árið 1975 unnin af nefnd sem hafði það að markmiði að finna hvaða ríkisstofnanir væri hagkvæmt að flytja frá Reykjavík og út á land. Í skýrslunni, sem er vönduð og vel unnin, er bent á 25 stofnanir sem megi flytja. Deildir megi flytja frá 12 stofnunum og útibú mætti stofna frá 36 stofnunum og efla mætti útibú 11 stofnana.

Það má fullyrða að bjartara væri nú yfir atvinnulífi landsmanna hefðu stjórnvöld fylgt eftir þeim tillögum sem nefndarmenn lögðu fram í skýrslunni, enda var þar um úrvalslið að ræða sem nefndina sat, ekki færri en tveir núv. ráðherrar. En reyndar virðist sem nokkuð sé að þoka í áttina. Höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins eru loksins horfnar af malbikinu og sestar að í trjálundum Austurlands og afgreiðslur Byggðastofnunar og Húsnæðisstofnunar hafa verið færðar nær landsbyggðarbúum. En það má betur gera og því ekki að dusta rykið af skýrslunni góðu og framkvæma fleira af tillögunum sem þar er að finna? Nútímafjarskiptatækni auðveldar mjög samskipti milli stofnana og deilda og er því augljóslega auðveldara að flytja stofnanir og stofnanadeildir út á land en var fyrir 15 árum. En næsta skref í þeim efnum á að mati okkar kvennalistakvenna að vera það að efla fræðsluskrifstofur landsins á þann hátt sem till. fjallar um. Það yrði ótvírætt aðgerð til eflingar landsbyggðinni sem allir hljóta að geta verið sammála um.

Að loknu máli mínu, virðulegi forseti, óska ég eftir að till. verði vísað til félmn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í stólinn til þess að taka undir orð 7. þm. Norðurl. e. þar sem hún flytur þáltill. okkar kvennalistakvenna. Nú er því þannig háttað að fræðsluskrifstofur í öllum umdæmum, ekki síst hér í Reykjavík, hafa fyrst og fremst haft með hina fræðilegu hlið fræðslumálanna að gera, þ.e. kennslufræðina og kannski sérkennslumál og ýmislegt sem því viðvíkur, en ekki eins mikið með fjármálin. Þetta hefur háð þessum stofnunum á köflum þar eð þær hafa vitað til hvers þurfti helst fjármunina en þeir sem höfðu með útdeilingu fjármunanna að gera voru á annarri skoðun og vörðu fénu samkvæmt því.

Með því að veita fé beint til fræðsluskrifstofanna erum við að setja undir sama hatt bæði fjárnotkunarvaldið og líka kennslufræðiframkvæmdina. Ég held, ef það er rétt sem mér virðist, að við göngum nú inn í skeið þar sem er sífellt minna fé handa á milli til útdeilingar hjá ríkinu, að þá sé þeim mun mikilsverðara að einn og sami aðilinn hafi yfirsýn yfir þetta tvennt, bæði framkvæmd fræðslunnar og fjárútdeilinguna. Með þessu móti yrði mikið haganlegar varið fjármununum heldur en þegar tveir aðilar eiga um þetta að véla.

Það er mjög mikið atriði og við verðum að gera okkur grein fyrir því að það er mismunandi í hverjum landsfjórðungi og í hverju héraði hvað þarf að gera við þessa peninga. Það er erfiðara fyrir þá sem sitja á rökstólum hér uppi í ráðuneyti að átta sig á því hvaða fé þarf að nota norður í Grímsey heldur en fyrir þá sem sitja á fræðsluskrifstofu í Norðurl. e. Þetta liggur í augum uppi, finnst mér. Því nær sem við erum þeim velli sem starfað er á þeim mun auðveldara á að vera að sjá hvar virkilega skórinn kreppir.

Þess vegna held ég að þessi þáltill. sé hið þarfasta mál og styð hana af heilum hug.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Matvælaaðstoð við Sovétríkin, fyrri umr.

Þáltill. JSS, 212. mál. — Þskj. 267.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Mikið vatn hefur nú runnið til sjávar frá því að þessi till. til þál. var lögð fram um matvælaaðstoð við Sovétríkin. Þannig hefur fylgt þessari þáltill. grg. sem á margan hátt er orðin allverulega úrelt, svo ekki sé meira sagt. Þar segir m.a. að stefna Gorbatsjovs forseta og stjórnar hans byggist á því að gefa þjóðum Sovétríkjanna sjálfsvirðingu, sem byggist á frelsi, velsæld og samvinnu við vestræn ríki. Þetta virkar í dag sem hin örgustu öfugmæli. Og þar sem þetta voru á sínum tíma meðal forsendna þess að við stæðum að því að veita matvælaaðstoð til Sovétríkjanna og þessar forsendur eru meira en hrundar, þá segir sig sjálft að það verður vart við þessa till. staðið.

Auðvitað var fyllilega ástæða til þess á þeim tíma að gera grein fyrir þessari tillögu á þennan hátt. Pólitík Gorbatsjovs og stjórnar hans kom beinlínis af stað þeirri lýðræðisþróun í Austur-Evrópu sem auðvitað var óhugsandi án perestrojku og forustu Gorbatsjovs í þessum heimshluta. Hin stórkostlega þróun sem varð í Þýskalandi, sem leiddi til sameiningar landsins, þar sem í fyrirrúmi var stórhugur og friðarvilji austur-evrópskra stjórnmálamanna. Það voru alveg greinilegar framfarir sem áttu sér stað í afvopnunarmálum og þar kom að undirritun samninga í París um frið, lýðræði og virðingu fyrir mannhelginni. Þetta voru slíkir atburðir, sem aðrir eins höfðu ekki gerst í Evrópu í óralangan tíma og sem vöktu vonir um frið og samvinnu og eðlileg samskipti manna í milli, og þegar harðnaði á dalnum í efnahagsmálum í Sovétríkjunum þá var ekki nema von að menn víðs vegar um hinn frjálsa heim vildu bregðast við og koma til aðstoðar.

Ástandinu í efnahagsmálum Austur-Evrópu og Sovétríkjunum kannski sérstaklega var vel lýst í grein eftir Jón Sigurðsson í Morgunblaðinu frá 14. des. sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Efnahagur þessara landa er að hruni kominn vegna þess að sú víðtæka samvinna og samstilling í framleiðslu og dreifingu sem nauðsynleg er hagkerfi sem byggir á verkaskiptingu og sérhæfingu sprettur ekki af

sjálfu sér. Annaðhvort þarf valdstjórn til að knýja hana fram með góðu eða illu eða hún er löðuð fram af hvatningum verðkerfis í frjálsum markaðsbúskap. Hrunið verður ef hagkerfið er lengi á milli vita, á gráu svæði, þar sem hvorki vald né verð ræður för."

Og svipað ástand var vissulega í Þýskalandi eftir stríðið, áður en endurreisnarstarfið hófst.

En það var ekki einungis efnahagskerfið sem var að hruni komið í Sovétríkjunum, heldur var gífurleg pólitísk spenna þar manna á meðal. Þar virtust kristallast hópar umbótasinna, perestrojku-manna sem voru beinir stuðningsmenn Gorbatsjovs og hinna gömlu valdhafa, gömlu íhaldsmannanna. Það gerðust margir ótrúverðugir hlutir í Austur-Evrópu t.d. þar sem gömlu kommúnistaflokkarnir kölluðu sig allt í einu jafnaðarflokka, sem var ákaflega ótrúverðugt og hefur sennilega verið það versta sem jafnaðarmennskunni hefur verið gert á síðari árum, þegar gömlu, þekktu valdaandlitin birtust og kölluðu sig allt í einu jafnaðarmenn. Því gat auðvitað enginn trúað að nokkur alvara væri þar að baki. En það gerðist auðvitað víða. Meira að segja hefur sá siður borist hingað til lands.

En það gerðust líka stærri hlutir sem vöktu athygli manna á þessari þróun. Sjévardnadze varð að segja af sér. Prunskiene, sem menn bundu miklar vonir við, sagði af sér. Íhaldsmenn virtust herða tökin þannig að andrúmsloftið varð lævi blandið og framfarir virtust staðna.

Í Morgunblaðinu, fimmtudaginn 13. des., var vitnað í ræðu sem yfirmaður KGB hélt, en þar sagði hann, með leyfi forseta: „að sveitir hans mundu gera allt sem þær gætu til að koma í veg fyrir að róttækir umbótasinnar kæmust til valda og stuðluðu að sundrungu Sovétríkjanna. Hann sagði að starfsmenn KGB litu á það sem skyldu sína að berjast gegn afskiptum erlendra sérsveita og þeirra erlendu samtaka sem með stuðningi þeirra hafa háð leynileg stríð gegn sovéska ríkinu í áratugi." Við þessu voru viðbrögð frá Vasselí Sjaknovskí, sem er róttækur umbótasinni í stjórn Moskvuborgar, en hann kvaðst dolfallinn yfir ávarpi Krútsjkovs, sem er yfirmaður KGB. Hann sagði, með leyfi forseta: „Þetta er einfaldlega afturhvarf til gömlu aðferðanna sem margir hafa næstum gleymt. Þeir eru að leita að óvinum heima og erlendis til að kenna þeim um mistök okkar."

Þarna mátti strax greina merki um að váleg tíðindi væru að gerast. Þeim mun mikilvægara var fyrir alla lýðræðissinna um hinn vestræna heim að gera allt sem í þeirra valdi stóð til að hjálpa Gorbatsjov, til að hjálpa hans pólitík til að komast áfram til að varðveita frið, styðja við lýðræði og markaðsbúskap og um leið að koma í veg fyrir hungursneyð í Sovétríkjunum.

Fjöldamargar þjóðir brugðust líka við og veittu Sovétríkjunum gífurlega matvæla- og efnahagsaðstoð. Bandaríkin afnámu alls konar höft sem verið höfðu á útflutningi vara til Sovétríkjanna. Efnahagsbandalag Evrópu og Þjóðverjar sérstaklega hafa veitt stórkostlega aðstoð til Sovétríkjanna.

Það má e.t.v. segja að ástæðurnar hafi ekki alltaf verið af óeigingjörnum toga. Þannig segir í Berlinske Tidende þann 13. des. að hjálp Efnahagsbandalags Evrópu sé allt eins hjálp til sjálfshjálpar þeirra sjálfra, þ.e. að minnkun á matvælabirgðum Evrópu komi tvímælalaust fyrst og fremst Efnahagsbandalaginu til góða.

Hjálp eða framlag Íslendinga skipti auðvitað ekki sköpum í sjálfu sér. En með því værum við að sýna vinarhug til þjóða sem við höfum haft mikil menningarleg og viðskiptaleg samskipti við í gegnum tíðina. Því okkur virtist sem þessar þjóðir væru að berjast fyrir því sama og við Íslendingar höfum viljað standa vörð um með veru okkar í NATO, en það er fullveldi landsins og sjálfstæði ásamt frelsi einstaklingsins til orðs og æðis. Þannig má segja að við hefðum viljað bregðast við, sýna merki góðs vilja, aðstoða jákvæða pólitík Gorbatsjovs og hjálpa fólki í hungursneyð.

En auðvitað má líka finna einhverjar svipaðar aðstæður hjá okkur eins og hjá Efnahagsbandalagi Evrópu, að hjálp okkar hefði líka orðið að vissu leyti hjálp til sjálfshjálpar.

Nú er það svo að við eigum miklu meira en nóg af dilkakjöti alls konar, við eigum miklu meira af slíkri vöru heldur en kemur fram í skýrslum. Við vitum að dilkakjöt er framleitt utan kvóta svo að segja og gengur kaupum og sölum þar sem þau viðskipti eru hreinlega ekki skráð. En auðvitað er skráð framleiðsla er líka miklu meiri en nóg. Við framleiðum eitthvað í kringum 12 þús. tonn á ári og neyslan er eitthvað í kringum 7 þús. tonn. Minnkun á þeim matvælabirgðum hefði komið okkur mjög til góða. Við sáum þegar við sendum dilkakjöt m.a. til Jórdaníu til hjálpar hungruðu fólki þar að það skapaði mikla og góða vinnu við að pakka þessari vöru og koma henni til skila. Eins gæti það gerst í sambandi við matvælaaðstoð við Sovétríkin að það skapaði góða vinnu fyrir fólk út um alla landsbyggð að koma þessari vöru frá okkur og það minnkaði spennu framboðs á þeim markaði. Það væri miklu nær að landbrh. okkar liti sér nær hvað er að gerast á þessum markaði, bæði skráð og óskráð viðskipti, heldur en að æsa sig ófrýnilega gegn samstarfsmönnum í ríkisstjórn þó að örfá tonn af mjólkurvörum séu flutt inn til landsins og viðhafa við það tækifæri alls óviðeigandi ávirðingar.

En nú hafa þeir atburðir gerst í Sovétríkjunum að stalínisminn virðist vera að ná yfirhöndinni. Við sáum í Litáen fyrir nokkrum dögum aðferðir sem minna á Austur-Berlín 1953, sem minna á Búdapest 1956, sem minna á Prag 1968. Þetta eru aðferðir sem maður svo sannarlega hélt að heyrðu fortíðinni til og átti alls ekki von á að gætu gerst undir stjórn þeirra manna sem nú fara með völdin í Sovétríkjunum. En þá er það auðvitað að maður spyr sig: Hverjir fara raunverulega með völdin þar að svona aðferðum er beitt fram og aftur? Manni hnykkir við. Þetta er alls ekki það sem maður átti von á frá hendi einmitt þessara manna sem höfðu komið slíkum vonum af stað um allan heim að nú heyrði loksins til friðar, að þeir væru menn friðarins, lýðræðisins og virðingarinnar fyrir mannhelginni. Þannig að nákvæmlega eins og ég hafði í huga að við sýndum okkar góða hug með því að leggja til matvælaaðstoð við Sovétríkin, þá vil ég núna að við setj-

um þess merki að svona nokkuð er eitthvað sem við viljum ekki. Við viljum ekki stuðla að hjálp við stalínista, við getum ekki með því sýnt vinarhug þeim mönnum sem beita slíkum aðferðum.

Ég vil því, virðulegi forseti, leggja til að þetta mál fái ekki þinglega meðferð. Þessu máli verði ekki vísað til nefndar. Þetta mál verði tekið út af dagskrá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég er nú búinn að vera hér í 23 ár og ég er í fyrsta skipti vitni að því að hv. þm. sem flytur þáltill. leggur til að vísa henni frá, og m.a.s. án þess að fara eftir þingsköpum því hann þyrfti þá að koma með skriflega tillögu um það að næsta mál yrði tekið á dagskrá. Það er ekki nóg að segja það hér að hann leggi þetta til. Þannig að þetta er í raun og veru allt með ólíkindum. Hann talaði um stalínisma, og að hann vilji ekki styðja þá, en þarf það að vera það fólk sem sveltur? Spurningin er auðvitað þessi: Er hægt að koma þarna matvælum og dreifa þeim til þeirra sem þurfa, hvert sem stjórnarfarið er? Eða fer það í huga hv. þm. bara eftir því hvaða stjórnmálaskoðanir menn hafa hvort hann vilji seðja hungur þeirra? Ef hægt er að tryggja úthlutunina þá er náttúrlega þessi málflutningur alveg út í hött. Og einstakur.

Og svo er hann að tala um hæstv. landbrh. í sambandi við það frumhlaup sem hæstv. viðskrh. gerði, að leyfa innflutning á svokölluðu ostlíki. Mér varð nú að orði þegar ég heyrði ummæli hans um að þetta væri nú ekki landbúnaðarafurð, að sojaolía væri ekki landbúnaðarafurð, ég veit ekki hvað hún er. Ég veit ekki hvað hún er. Ég held að það hefði verið betra að hæstv. iðnrh. hefði lært náttúrufræði heldur en hagfræði og hefði komið þjóðinni að meira gagni. Þetta er auðvitað landbúnaðarafurð og kemur í staðinn fyrir innlenda framleiðslu. Það er staðreynd. Ég ætla ekki að fara með þetta hér, en vegna þess að hv. þm., sem var að flytja sitt einkennilega mál, kom inn á þetta í leiðinni, þá get ég ekki stillt mig um að segja þetta um það mál. Hins vegar verður ekki alveg þagað yfir þessu máli. Það er algjör stefnubreyting í þessum málum en ég ætla ekki hér og nú að fara að ræða það frekar.

En ég vil í fullri vinsemd biðja hv. þm. að hugleiða betur sinn málflutning í sambandi við þessa tillögu því hafi hún átt rétt á sér á annað borð, þá er ekki hægt að vísa henni frá á þessum forsendum. Ef á annað borð er hægt að koma matnum til þeirra sem þjást og þurfa.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Auðvitað er hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson mun eldri mér og reyndari í öllum þingsköpum á allan hátt og maður skyldi auðvitað ætla að hann vissi hvað rétt væri í þessum málum. Alla jafna er ég auðvitað algjörlega tilbúinn til að taka kennslu og leiðsögn í kringum frumskóg reglna og rétts háttalags á þingi frá mér eldri og reyndari mönnum.

Ég vildi þá að við Stefán, hv. 6. þm. Norðurl. e., skoðuðum 41. gr. þingskapa í sameiningu. Hann leiðbeindi mér þá hvernig með þá grein skuli fara, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill."

Það er nákvæmlega þetta sem ég er að gera. Ég er að kalla aftur þáltill. í þessu formi. Og að það hafi aldrei komið fyrir á hinum langa þingferli Stefáns Valgeirssonar, hv. 6. þm. Norðurl. e., finnst mér heldur furðulegt. Ég held m.a.s. að á mínum stutta þingferli hafi það gerst oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Bara núna rétt fyrir jólin var ég sjálfur með brtt. við stjfrv. til virðisaukaskatts og í miðri þeirri umræðu kallaði ég þá brtt. til baka og hún var tekin upp jafnóðum á þeim fundi. Og ég held að 41. gr. þingskapalaga höfði nákvæmlega eins til þess framgangs eins og þess sem er að gerast hér, þar sem talað er um að till. til þál. megi kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. Það er auðvitað Stefáni heimilt að taka till. upp og flytja hana áfram. Það skal mér vera algjörlega að meinlausu.

Hvað það snertir að það eigi að fara eftir pólitískum skoðunum valdhafa hverju sinni hvort veita eigi sveltandi fólki matvælaaðstoð eða ekki, þá er það auðvitað alveg hárrétt að það á ekki að fara eftir því alla jafna. Mér virtist hins vegar sem okkar aðstoð mundi ekki skipta sköpum. Hún sýndi einungis vinarþel, fyrst og fremst. Það var hugsunin á bak við það. En þegar við viljum sýna að okkur hnykki við óhugnanlegum atburðum, þá drögum við slíka aðstoð til baka.

Nú er það svo að sagt er að sú hungursneyð sem ríkir á sumum svæðum í Sovétríkjunum sé komin til m.a. vegna valdabaráttu innan Sovétríkjanna. Það hafi verið metuppskera á síðasta ári. Korn og kjötvörur hafi ekki eyðilagst meira en gengur og gerist á undanförnum árum. Málið sé það að rörin séu einhvers staðar stífluð, þetta fljóti ekki út vegna tilverknaðs skrifræðismanna sem haldi þessum vörum aftur og þá má ályktа að ef einmitt þessir menn eru að taka við völdum, þá megi segja að það losni eitthvað um í þeim rörum og matvælin fari þá aftur að koma fram.

Þýska tímaritið Der Spiegel nr. 50 frá 10. des. á síðasta ári kemur einmitt inn á þetta ástand þar sem þeir vitna til þess að sennilega sé matvælaástandið í Sovétríkjunum eins konar Potemkintjöld, en sem kunnugt er í sögunni var Potemkin hershöfðingi í Rússlandi hér fyrr á tímum og þegar keisarinn kom út á landið til að skoða ástandið á landsbyggðinni, þá lét hershöfðinginn reisa leiktjöld sem sýndu falleg og fögur hús en á bak við leiktjöldin voru kofarnir. Og þetta er oft tekið sem dæmi um glennur sem hægt er að gera auðtrúa mönnum, þannig að ástandið sé í raun og veru eins konar Potemkintjöld sem hengd hafa verið upp. Í raun og veru sé framleiðslan ekkert minni í Sovétríkjunum heldur en gerst hafi á undanförnum árum. Málið sé það að það séu skrifræðisherrar sem haldi þessu aftur og því sé ástæðulaust að hjálpa slíkum herrum ef ástandið er virkilega þannig.

Mín tillaga gekk út á það að sýna vinarþel vegna

þeirra vona, vegna þeirrar stórkostlegu pólitíkur sem Gorbatsjov hafði rekið fram að því. Mér hnykkir við þegar hann beitir aðferðum eins og í Litáen og ég vil sýna það með einhverju móti að mér hnykki við og það gerir miklu fleira fólki hér á landi, þannig að ég held að það sé alveg óhætt að bíða með þessa aðstoð eitthvað og svo fremi sem hún versni ekki til muna. En ég er alveg tilbúinn til þess að veita aðstoð fólki sem er í nauðum statt og ef hægt er að sjá til þess að hún komist virkilega til skila í réttar hendur. En á þessari stundu er ég ekki tilbúinn til þess.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson kom aðeins inn á orð mín um ummæli landbrh. um samstarfsmenn sína í fjölmiðlum sem mér fannst ákaflega óviðeigandi og óviðeigandi af samstarfsmanni að viðhafa slík ummæli. Hvað varðar efnisinnihaldið í þeirri umræðu, hvort eigi að flytja inn ostlíki eða ekki, þá er það auðvitað algert aukaatriði. Þetta ostlíki hefur verið flutt inn í áravís ofan á tilbúnum pizzum sem fluttar hafa verið hingað til Íslands í þúsundatali þannig að hér er akkúrat ekkert nýtt á ferðinni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað vill forseti upplýsa eftirfarandi. 41. gr. þingskapalaga hljóðar svo:

„Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla."

Forseti lítur því svo á að ef enginn þingmaður gerir till. hv. 5. þm. Norðurl. v. að sinni, þá telur forseti að umræðu um þessa tillögu sé lokið, enda hafi hún verið afturkölluð. Forseti gefur hv. þm. kost á því að gera till. að sinni hér á þessum fundi og vitaskuld er það einnig hægt utan þessa fundar. En gerist þetta ekki nú þegar lítur forseti svo á að umræðu um till. sé lokið, enda hafi hún verið kölluð aftur.

Stefán Valgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega fjarri mér að ætla að fara að taka þessa till. upp. Það var málflutningurinn sem ég var að gagnrýna, rökin fyrir því að taka þetta til baka. En eins og hv. þm. ræddi þetta, hann vísar þessu frá með dagskrártillögu að hann taldi. Það hefur aldrei gerst, mér er þá farið að förlast ef það hefur nokkurn tíma gerst á minni þingtíð. Það var það sem ég sagði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti tekur undir að hér hefur verið farið allóvenjulega að, en þó á engan hátt í trássi við þingsköp. Segja má að eðlilegast hefði verið að draga tillöguna til baka fyrir fund þannig að hún kæmi ekki til umræðu, en þar sem hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur óskað eftir að gera grein fyrir sínu máli, þá sér forseti raunar ekki neitt athugavert við það.

Tillagan kölluð aftur.

Stofnræktun kartöfluútsæðis, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 216. mál. — Þskj. 276.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 276 hef ég flutt till. til þál. um stofnræktun kartöfluútsæðis ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni og Valgerði Sverrisdóttur. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að koma nú þegar af stað stofnræktun kartöfluútsæðis sem fullnægt geti þörfum allra kartöflframleiðenda."

Það eru gerðar sívaxandi kröfur til kartöflubænda, ekki aðeins hérlendis heldur einnig í öðrum löndum. Neytendur ætlast til að kartöflur séu heilbrigðar, ódýrar og lítið sé notað af áburði og öðrum efnum frá efnaiðnaði til varnar skordýrum o.fl. Um þetta og margt annað sem snertir framleiðslu og sölu kartaflna var fjallað á alþjóðlegri ráðstefnu um þessa nytjajurt sem haldin var í Skotlandi á síðasta ári. Þar var skýrt frá niðurstöðum ýmissa rannsókna um það hvernig hægt er að ná þessum markmiðum án þess að draga úr magni og gæðum uppskerunnar.

En um eitt voru þó allir sammála á þessari ráðstefnu, að það væri grundvallaratriði til að fá góða uppskeru að hafa heilbrigt útsæði og til þess að það sé tryggt þarf að nota útsæði sem er komið úr stofn-eða vefjaræktun í upphafi.

Hér hefur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins undir forustu Sigurgeirs Ólafssonar verið lagður grunnur að slíkri ræktun af stofnunum gullauga, Helgu og rauðum íslenskum. Hins vegar hefur ekki verið hægt að hrinda framhaldsræktun af stað vegna þess að það hefur skort fjármagn til þess.

Í lögunum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru var gert ráð fyrir því að eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins gengju til þessa verkefnis, en vegna þess hve dráttur varð lengi á uppgjöri þeirra eigna hefur það fjármagn ekki enn þá verið handbært. Í bili er því nauðsynlegt að gera aðrar ráðstafanir til þess því að málið þolir enga bið. Það er af þeim sökum sem ég hef leyft mér að flytja þessa þáltill., til þess að ýta á eftir að á því verði ráðin bót.

Það eykur enn þá þörfina á því að gera átak í þessu máli að nýlega hefur komið upp kartöflusjúkdómur, hringrot, á nokkrum bæjum norður í Eyjafirði þar sem stofnræktun kartaflna hefur farið fram á undanförnum árum og áratugum. Það er því nauðsynlegt að einnig fari fram ítarleg rannsókn á því hvar er að finna bæi og ræktendur þar sem laust er við slíka sjúkdóma og herða eftirlit með allri vinnu við stofnræktunina.

Það er nauðsynlegt að allir þeir sem framleiða kartöflur til sölu eigi kost á þessu útsæði því að neytendur gera eðlilega sívaxandi kröfur um góða og vel út-

lítandi vöru. Framleiðendur verða líka að sjálfsögðu að vinna vel að því að koma á góðu skipulagi um dreifingu og sölu á framleiðslu sinni til þess að kostnaðurinn verði sem lægstur og jafnframt verði hægt að koma framleiðslunni á markaðinn á þann hátt sem best til að koma til móts við þarfir neytenda á hverjum tíma. Og gott skipulag á framleiðslu stofnútsæðis ætti að geta hjálpað til að koma slíku skipulagi í framkvæmd.

Hér er um að ræða svo brýnt hagsmunamál íslenskrar kartöfluframleiðslu að það er óhjákvæmilegt að hefjast þegar handa og það getur orðið mikilvægur þáttur til að treysta aftur grundvöll þessarar mikilvægu búgreinar.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til síðari umr. og atvmn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir hvert orð sem hv. 1. flm. hafði hér um þessa till. og er ég einn af meðflm. Mig langar að segja hér örfá orð til þess að ítreka mikilvægi þessa máls. Ástandið er þannig í dag að engin stofnræktun fer fram í landinu. Það útsæði sem verður á boðstólum nú í vor er þannig fengið að það hafa verið tekin sýni hjá öllum þeim bændum sem hafa verið með stofnrækt eða útsöluleyfi og þeir sem koma út úr þeirri könnun með heilbrigðar kartöflur fá leyfi til að selja, en það er ekki til frambúðar. Því er mjög mikilvægt að það fáist aukið fjármagn í það viðfangsefni sem unnið er að hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins undir stjórn Sigurgeirs Ólafssonar. Er það unnið á svipaðan hátt og hefur tíðkast hjá ýmsum nágrannaþjóðum sem eru miklar kartöfluþjóðir, eins og Danmörk og Holland, sem sagt að það sé byrjað hreint og beint í tilraunaglasi með þessa ræktun.

Kartöfluræktin er mikilvæg búgrein hér á landi og ég legg mikla áherslu á að þessi till. nái fram að ganga og að þarna finnist lausn fyrir kartöflubændur og fyrir neytendur í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á óhlutdrægni Ríkisútvarpsins í fréttaflutningi, fyrri umr.

Þáltill. SV o.fl., 252. mál. — Þskj. 418.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 418 höfum við nokkrir þingmenn leyft okkur að flytja till. til þál. en flm. með mér eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir, Karvel Pálmason, Eggert Haukdal og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta kanna af þekkingu og hlutleysi hvernig Ríkisútvarpinu hefur tekist að fylgja ákvæðum 15. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, sérstaklega þeim sem kveða á um fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð."

Alkunnugt er hve fjölmiðlar eru ráðandi um upplýsingu og skoðanamyndun almennings og fjölmennra hópa opinberra starfsmanna. Eru margir þeirrar skoðunar að engin starfsemi í landinu sé eins mótandi fyrir þjóðlífið og ráðandi um velferð þjóðarinnar og upplýsing hennar.

Ríkisútvarpið er öflugasti fjölmiðill þjóðarinnar og útvarpslögin, nr. 68/1985, setja því ákveðin fyrirmæli við gerð og flutning frétta og annars dagskrárefnis. Meðal þeirra er fyllsta óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Athugasemdir hafa komið fram um að ekki hafi ætíð tekist að fylgja þessum fyrirmælum. Svör forsvarsmanna Ríkisútvarpsins við þessum athugasemdum hafa verið mismunandi, en tæpast er unnt að gera ráð fyrir að þau hafi verið óhlutdræg í öllum greinum. A.m.k. er það útbreidd skoðun að Ríkisútvarpið og Sjónvarpið fylgi þessum lagafyrirmælum ekki til hins ýtrasta og langt í frá.

Veigamikill og vaxandi þáttur í öllu starfi þróaðra þjóða er athugun og prófun á því hvernig tekist hefur til með þegar unnin störf og rannsóknir á því hvernig betur má gera. Íslensk stjórnvöld leggja nokkuð til rannsókna og mikið til alls konar eftirlits, svo sem þess sem felst í starfi endurskoðenda og dómstóla. Mikilsverður þáttur fjölmiðlanna í þjóðlífinu hefur þó að mestu farið á mis við skipulagðar athuganir sjálfstæðra kunnáttumanna sem hafa miðað að því að kanna hversu vel hefur tekist að vinna þau verk sem fjölmiðlunum eru falin. Till. miðar að því að bæta úr þessu kæruleysi sem starfi Ríkisútvarpsins hefur verið sýnt.

Flm. leggja áherslu á að könnunin taki fyrst og fremst til frétta og annars efnis sem helst tengist stjórnmálum og að sá eða þeir sem fengnir verða til að vinna verkið hafi kunnáttu til og vinni verkið af óhlutdrægni. Fremur verði athugað það sem þegar hefur verið gert en það sem verið er að vinna að eða stendur fyrir dyrum og þessi athugun verði fremur takmörkuð en yfirgripsmikil. Nauðsynlegt er að könnuninni verði hraðað og helstu niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi fyrir lok ársins 1991.

Það má líka líta til þess að í sumum tilvikum er sjálfsagt ekki maklegt sem hefur verið borið á t.d. fréttamenn og þeir eiga rétt á því að þeirra vinna verði athuguð og þeir fái leiðréttingar ef bæði stjórnmálamenn, fjölmiðlar og almenningur ber á þá hlutdrægni sem ekki væri stafur fyrir. En okkur sem hér vinnum finnst oft að það skorti mjög á að hlutleysis sé gætt. T.d. þegar skoðanakannanir eru gerðar og þegar einhverjir fjölmiðlar eins og t.d. blöðin, jafnvel þau blöð sem eru talin hlutlaus í stjórnmálalegu tilliti, að um leið og þeir segja: þetta er þetta blað, sama hvað það er, þá eru fjöldamargir sem líta svo á að þarna sé um persónulegar njósnir að ræða. Þeir hringja í ákveðin símanúmer. Þeir vita hverjir eiga þennan síma og viðbrögðin eru þau oft og tíðum að mér er tjáð að fólkið svarar allt öðruvísi heldur en það mundi gera eða svara ekki af þessum ástæðum. Þess vegna er það eitt af því sem þyrfti auðvitað að gera varðandi skoðanakannan-

ir, t.d. um pólitíska afstöðu fólks, að þá þyrfti það að vera einhver ákveðin stofnun sem gerði þær alltaf þannig að ef á að marka þau svör, þá verða þeir sem spurðir eru að hafa það á tilfinningunni að það sé allt í lagi, það geti ekkert skaðað þá á neinn hátt þó að þeir svari eins og hugur þeirra stendur til.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til félmn. og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

43. fundur, mánudaginn 21. jan., kl. 2 miðdegis.

Kortlagning gróðurlendis Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 200. mál. — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Fjárveitingar til fræðsluskrifstofa, frh. fyrri umr.

Þáltill. MálmS o.fl., 201. mál. — Þskj. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Stofnræktun kartöfluútsæðis, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 216. mál. — Þskj. 276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til atvmn. með 40 shlj. atkv.

Könnun á óhlutdrægni Ríkisútvarpsins í fréttaflutningi, frh. fyrri umr.

Þáltill. SV o.fl., 252. mál. — Þskj. 418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Síðustu atburðir í Eystrasaltsríkjunum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þá hefst umræða utan dagskrár um síðustu atburði í Eystrasaltsríkjunum. Umræðan er leyfð skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og stendur því í hálfa klukkustund. Það er hv. 2. þm. Austurl. sem hefur óskað eftir að hefja umræðuna og tekur hann nú til máls.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki liðin nema rétt vika frá því að við ræddum hér á Alþingi þá voveiflegu atburði sem gengið hafa yfir ákveðna hluta heimsins á undanförnum dögum. En það er ástæða til þess í dag að ræða hér enn frekar síðustu atburði sem orðið hafa í Eystrasaltsríkjunum. Tilefni þess að ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár er árás sovéskra sveita á innanríkisráðuneytið í Riga í Lettlandi og líkur á valdatöku Sovétríkjanna í landinu, jafnvel síðar á þessum sólarhring.

Þegar við ályktuðum hér fyrir viku um málefni Litáens, þá var málinu líka beint til Moskvu vegna Eystrasaltsríkjanna allra þar sem Alþingi skoraði á stjórnvöld í Sovétríkjunum að hætta þegar í stað hvers konar beitingu hervalds í samskiptum við Eystrasaltsríkin og flytja herlið sitt brott þegar í stað. Þessi orð okkar og ákall Alþingis hefur ekki hlotið áheyrn. Þvert á móti. Nú hefur hrammur Moskvu hitt Lettland þar sem sovéskar sérsveitir tóku innanríkisráðuneytið í gærkvöldi. Þar féllu fimm manns a.m.k. og margir særðust. Valdataka er yfirvofandi í landinu og í Eistlandi magnast spenna þar sem reynt er að skapa glundroða með sprengingum og sálrænum hernaði til að byrja með. Öll Eystrasaltsríkin eiga nú augljóslega á hættu árásir sovéskra sveita og handbenda þeirra í lýðveldunum. Markmiðið er að knésetja sjálfstæðisbaráttu allra Eystrasaltsríkjanna og koma þar upp leppstjórnum sem auðsveipar eru miðstjórninni í Kreml. Aðferðirnar sem beitt er eru gamalkunnar og sviðsetningin sem þeim fylgir með lygum, prettum og upplognum sögum sem við heyrum nú í fréttum.

Gegn þessum áformum hljóta Íslendingar að rísa einróma og veita Eystrasaltsríkjunum áfram þann stuðning sem við megnum. Alþingi hefur ítrekað ályktað um málið. Utanrrh. Íslands hefur undanfarna daga heimsótt Eystrasaltsríkin og flutt þangað stuðningsyfirlýsingar okkar. Þingflokkar hér á Alþingi hafa ályktað um málið, m.a. þingflokkur Alþb. fyrir viku síðan þar sem hann átaldi það sinnuleysi sem gætt hefur á Vesturlöndum varðandi málefni Eystrasaltsríkjanna og skoraði á að öllum ráðum yrði beitt á alþjóðavettvangi til þess að telja Sovétríkjunum hughvarf og koma í veg fyrir annan og verri voða en þar er þegar orðinn.

Ég vil, virðulegi forseti, leggja alveg sérstaka áherslu á það, fyrir utan þau mótmæli sem fram eru komin, að málið verði að frumkvæði Íslands flutt inn á vettvang Sameinuðu þjóðanna. Ég hef raunar ítrekað mælt fyrir því í utanrmn. að það verði gert, bæði inn á vettvang öryggisráðsins og allsherjarþingsins, því að það er þar, á samkomu þjóðanna, sem við eigum að reyna að skapa þann þrýsting sem frekast er unnt til þess að rétta hlut þeirra sem nú eru valdi og óréttinu beittir, smáþjóðanna við austanvert Eystrasalt.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar, til

hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., til hvaða aðgerða ríkisstjórn Íslands hefur þegar gripið vegna síðustu atburða og versnandi þróunar í Eystrasaltsríkjunum og til hvaða ráða áformað sé að grípa nú í dag því að þessi mál þola sannarlega enga bið. Við þurfum að tala hvarvetna þar sem við höldum að líkur séu á að rödd okkar geti gagnast þeirri réttlátu baráttu sem þessi ríki heyja nú við ofureflið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að vitanlega þurfum við Íslendingar að beita okkur eins og við getum, hvar sem við megum, gegn því ofbeldi sem þarna er framið. Ég óskaði eftir því strax í morgun við utanrrn. að þessu yrði harðlega mótmælt í Moskvu og ég veit að starfandi utanrrh. getur upplýst að það hefur þegar verið gert.

Við höfum beitt okkur fyrir því innan Norðurlandanna að málið yrði tekið upp hjá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna en enn hefur það ekki verið afgreitt þar. Við munum ræða þetta mál í ríkisstjórninni í fyrramálið — utanrrh. kemur til landsins í nótt — og ég tel sjálfsagt að halda þeirri viðleitni áfram að fá málið þar tekið upp.

Við höfum einnig beitt okkur fyrir því að málefni baltnesku landanna, Eystrasaltslandanna, verði tekin upp í ráði Atlantshafsbandalagsins. Þar hafa verið samþykkt harðorð andmæli gegn því sem þarna er að gerast, en við munum halda því að sjálfsögðu áfram. Ég tel einnig afar mikilvægt að við beitum okkur eins og við megum við ýmsar samstarfsþjóðir okkar, sérstaklega stórveldin, að þau láti til sín taka í þessu máli. Með öðrum orðum munum við gera hvað það sem við teljum að geti orðið þessum löndum að liði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Við fordæmum grimmdarverk sovéthersins í Eystrasaltslöndunum. Fyrir viku var úthellt blóði saklausra manna í Vilnius. Í gær voru framin skelfileg ofbeldisverk í Rigu í Lettlandi. Hvað verður á morgun? Það er svo sannarlega þörf á því að allar þjóðir heims, allar lýðræðisþjóðir, fordæmi þetta atferli kröftuglega. Grimmdarverk sovéthersins, að því er virðist án þess að nokkur hafi stjórn á þeirri þróun, vekja ugg um það að lýðræðisöflin séu að verða undir í þeim breytingum sem svo miklar vonir voru bundnar við í Sovétríkjunum. Við þessu þarf að snúast með samstöðu allra friðelskandi þjóða, allra lýðræðisþjóða.

Fregnirnar af aðgerðum sovéthersins í gær, þegar þeir tóku byggingu lettneska innanríkisráðuneytisins í Riga herskildi, benda til þess að þvingunaraðgerðir sovéskra stjórnvalda gagnvart Eystrasaltsríkjunum færist nú í aukana. Tímasetning þessara atburða er athyglisverð. Þær áttu sér stað aðeins örfáum klukkustundum eftir að opinber gestur stjórnvalda í Lettlandi, utanrrh. Íslands Jón Baldvin Hannibalsson, kvaddi höfuðborgina á leið sinni til Eistlands. Við höfum að sjálfsögðu brugðist hart við þessum tíðindum og í morgun kallaði ég á sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi og lýsti þungum áhyggjum vegna ástandsins í Eystrasaltsríkjunum. Ég mótmælti líka fyrir hönd ríkisstjórnarinnar óréttmætri og hrottafenginni valdbeitingu Sovétmanna gegn lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum í Riga og varaði við þeim afleiðingum sem slíkir atburðir kynnu að hafa fyrir samskipti Sovétríkjanna og vestrænna ríkja.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að skýra frá því hér að sendiherrar Norðurlandanna í Sovétríkjunum áttu í morgun fund með aðstoðarutanríkisráðherra rússneska lýðveldisins, Fedrov, í Moskvu. Á fundinum kom fram mikill áhugi á almennum upplýsingaskiptum Norðurlanda og yfirvalda í rússneska lýðveldinu um Eystrasaltsríkin. Þar kom líka fram að yfirvöld í Rússlandi teldu mikilvægt að önnur ríki létu ofbeldisaðgerðir sovéska hersins ekki afskiptalausar, enda veruleg hætta á að ófriður breiddist út innan Sovétríkjanna í kjölfar þeirra.

Það er ljóst að vaxandi harðýðgi Sovétmanna gegn Eystrasaltsríkjunum útheimtir kröftug viðbrögð samfélagsþjóðanna. Utanrrh. hefur áður bent á það hér á Alþingi að hernaðaraðgerðir Sovétmanna gegn Eystrasaltsríkjum séu brot á meginreglum lokaskjals Helsinki-samkomulagsins um friðsamlega lausn deilumála og sjálfsákvörðunarrétt ríkja. Einnig eru þær í fullkominni andstöðu við nýundirritaðan Parísarsáttmála um nýja Evrópu, sem margir höfðu vonað að markaði þáttaskil, ekki einungis innan RÖSE-ferilsins heldur einnig í samskiptum Evrópuríkjanna eftir styrjöldina.

Atburðirnir í Litáen og Lettlandi benda til þess að Sovétmenn hafi enn ekki lært og enn ekki gleymt. Frá því að þeir létu til skarar skríða gegn Litáen fyrir tæplega tveimur vikum hafa aðgerðir íslenskra stjórnvalda verið margvíslegar, eins og kunnugt er. Í framhaldi af þeim orðsendingum sem héðan fóru, bæði frá utanrrh., forsrh., sameiginlega með forsætisráðherrum Norðurlanda og frá íslenska þinginu, ákvað utanrrh. að fara í heimsókn til allra landanna þriggja. Hann hóf þá heimsókn á föstudag og er væntanlegur í kvöld. Ég vænti þess að hann muni gera þinginu grein fyrir þeirri för. Hún var mikilvæg til þess að sýna samstöðu okkar Íslendinga með þessum þjóðum sem nú eru í nauðum staddar.

Það er hætta á að innan Sovétríkjanna sé nú stjórnarfarsleg upplausn. Við munum eftir því sem kostur er taka upp Eystrasaltsmálið á vettvangi RÖSE eða á öðrum vettvangi. Því að hvað sem líður hugsanlegum ágreiningi um þjóðréttarstöðu þessara þriggja ríkja — okkar afstaða er þar skýr, við höfum aldrei hætt að viðurkenna fullveldi þeirra frá því að það var viðurkennt árið 1922 — þá er hér um gróf mannréttindabrot að ræða þar sem farið er með líkamsmeiðingum og manndrápum að saklausu fólki. Það mál hlýtur því líka að vera hægt að taka upp undir mannréttindaákvæðum þeirra alþjóðasáttmála sem við og Sovétríkin erum aðilar að.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þeir atburðir sem nú hafa átt sér stað í Lettlandi og eru tilefni þessarar umræðu hér í dag sýna

svo að ekki verður um villst að friðarverðlaunahafi Nóbels, sem ræður ríkjum í Kreml, hefur augljóslega sett sér að brjóta niður með hervaldi sjálfstæðisviðleitni Eystrasaltsríkjanna og að hafa að engu lögmætar kröfur þeirra um að endurheimta sjálfstæði sitt. Það er því full ástæða til þess fyrir Alþingi Íslendinga enn einu sinni að sýna samstöðu og stuðning við baráttu Eystrasaltsríkjanna.

Það hefur verið fagnaðarefni að hér á Alþingi hefur verið um það samstaða að mótmæla ofbeldisverkum friðarverðlaunahafa Nóbels og knýja á alþjóðavettvangi á um þá samstöðu. Fyrir viku síðan var ítrekuð með sérstakri samþykkt sú afstaða Alþingis. Og það hvílir auðvitað á hæstv. ríkisstjórn að fylgja þeirri samstöðu eftir. Í þeim umræðum komu fram ýmsar hugmyndir um nauðsynlegar aðgerðir í því efni. Þar ber auðvitað hæst ósk Landsbergis forseta til íslensku ríkisstjórnarinnar um að hún taki þetta mál upp á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Og ég vil taka undir það með málshefjanda að hæstv. ríkisstjórn geri allt sem í hennar valdi stendur til þess að verða við þeirri ósk og gangi fram með öllu meiri snerpu en hún hefur gert fram til þessa til þess að koma því máli fram.

Í annan stað voru nefndar hér hugmyndir um að hætta viðskiptasamningum við Sovétríkin. Ég óska eftir því að í þessum umræðum komi fram upplýsingar um það hver hafi verið viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar í því efni.

Þá var í þriðja lagi minnt á að fyrirskipa mætti fækkun sendiráðsmanna í sovéska sendiráðinu hér til að undirstrika ákveðna afstöðu okkar.

Í fjórða lagi var bent á að kalla mætti sendiherra Íslands í Moskvu heim til skrafs og ráðagerða. Ég vil inna hæstv. ríkisstjórn eftir því hvort eitthvað hafi verið gert í þessum efnum.

Að lokum, frú forseti, vil ég fagna þeim fréttum sem borist hafa frá Eystrasalti í tengslum við ferð utanrrh. til Eystrasaltsríkjanna. Ég fagna því að hann skyldi hafa tekist þessa ferð á hendur þó að fyrir viku síðan hafi því verið lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að við núverandi aðstæður væri ekki hægt að fara þangað. Ég tel að þessi ferð hafi verið mikilvæg. Ég fagna þeirri yfirlýsingu, sem borist hefur, að ríkisstjórnin íhugi nú að stofna til stjórnmálasambands við Eystrasaltsríkin. Um það efni liggur fyrir ályktunartillaga hér í þinginu og hefur verið til meðferðar í hv. utanrmn. Ég vil sérstaklega endurnýja fögnuð minn ef þetta er nú til íhugunar hjá hæstv. ríkisstjórn og beina þeirri fyrirspurn til formanns hv. utanrmn. hvort ekki verði hafist handa við það í nefndinni í framhaldi af þessari yfirlýsingu að afgreiða þessa tillögu þannig að um það mál geti tekist, eins og um önnur atriði þessu tengd, víðtæk og breið samstaða hér í þinginu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það eru hörmulegar fréttir sem nú berast frá Eystrasaltsríkjunum. Þær eru framhald af því sem hefur verið að gerast undanfarna daga, en síðustu fréttir hrella mest.

Auðvitað eigum við að fordæma harðlega það sem þarna er að gerast og ég vona að mótmæli ríkisstjórnarinnar í gegnum sendiherrann hafi aðeins verið fyrsta litla skrefið og vel verði haldið á þessum málum þannig að það komi skýrt fram hvaða afstöðu við Íslendingar höfum.

Það verður að segjast að það voru ákveðin vonbrigði þegar samið var um öryggiskerfi Evrópu í nóvember í París og málin gerð upp eftir síðustu heimsstyrjöldina að málefni Eystrasaltsríkjanna voru skilin eftir. Þar með var óbeint viðurkenndur réttur Sovétríkjanna til að deila þar og drottna. Það voru aðeins Íslendingar og nokkrir aðrir sem reyndu að vekja athygli á þessu. Valdhafarnir í Moskvu ganga nú fram í skjóli styrjaldarátaka og e.t.v. einnig vegna þess hve illa var haldið á málum af hálfu ríkjanna sem funduðu um öryggiskerfið í Evrópu. Þannig að við verðum að nota öll þau ráð sem við getum til þess að koma okkar mótmælum á framfæri og styðja Eystrasaltsríkin í baráttu þeirra fyrir sjálfstæði. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að við þurfum að beita áhrifum okkar, sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það er réttur vettvangur og engin ástæða til annars en að þessi mál verði tekin þar upp, ekki síst með tilliti til þess hversu fljótt þjóðir brugðust við þegar innrásin í Kúvæt var gerð í ágúst sl.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Andspænis þeim hrikalegu atburðum sem eru að ganga yfir í Eystrasaltsríkjunum þessa dagana hljótum við að velta því fyrir okkur hvað við getum gert nákvæmlega til þess að sýna afstöðu okkar ekki aðeins í orði heldur einnig í verki. Ég held að öll þau atriði sem nefnd voru hér í umræðunni í síðustu viku eigi að skoðast mikið nánar og ég held að fleiri atriði eigi að koma inn í myndina, atriði sem ekki hafa verið rædd sérstaklega. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna menningarsamning Íslands og Sovétríkjanna, sem endurnýjaður hefur verið reglulega frá árinu 1961. Þessi samningur var gerður í Reykjavík 25. apríl 1961, undirritaður af þáv. sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi, A. M. Alexandrov, og fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands af þáv. utanrrh. Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Samningurinn hefur síðan, eins og ég sagði, verið endurnýjaður reglulega með sérstakri almennri áætlun um framkvæmd samningsins. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt í ljósi þeirra viðburða sem átt hafa sér stað undanfarna sólarhringa að við athugum það með hvaða hætti er unnt að segja upp þessum samningi.

Ég tel að í þeim efnum eigum við að hafa samflot með öðrum Norðurlandaþjóðum og kanna hvort unnt er að ná samstöðu með þeim í þessu efni vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt að einmitt Norðurlandaþjóðirnar sýni samstöðu í þessu máli, bæði á þessum sviðum sem öðrum, sem næstu nágrannar Eystrasaltsþjóðanna sem eiga nú við að glíma ofurefli sovéskra skriðdreka og hervalds.

Þessu vildi ég koma hér á framfæri, virðulegi forseti, um leið og ég legg áherslu á nauðsyn þess að við

tökum á þessu máli á vettvangi Norðurlandasamstarfsins og sömuleiðis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með þeim hætti sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði hér grein fyrir áðan að hefði komið fram í okkar ályktunum um þessi mál. Ég held með öðrum orðum að staðan sé þannig að þó við tölum hér fyrir smáa þjóð þá eigum við möguleika á því, ef við höldum myndarlega á hlutunum miðað við sögu okkar og reynslu, að stilla saman strengi með mörgum öðrum þjóðum. Og það afl sem í okkur felst að þessu leyti eigum við nú að *nota tafarlaust, virðulegi forseti.*

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Orð fá ekki lýst þeim viðbjóði og hryllingi sem við hljótum að hafa á þessum aðgerðum Sovétmanna í smáríkjunum Eistlandi, Lettlandi og Litáen. Vonbrigðin eru því meiri þar sem ekki er langt síðan að við héldum, bæði sá sem hér stendur og við öll væntanlega, að þessi mál væru nú komin í farveg í átt að lýðræði og frelsi þessara ríkja. Menn voru bjartsýnir á haustmánuðum og töldu að nú væri skammt undan að þessi lönd mundu formlega endurheimta frelsi sitt á nýjan leik og bætast í hóp lýðfrjálsra ríkja Vestur-Evrópu. Þess vegna er þetta skref aftur á bak hryllilegra en orð fá lýst.

Ég fyrir mitt leyti legg til að við grípum til harkalegra aðgerða. Að sjálfsögðu hljótum við að gera það í samvinnu við hin Norðurlöndin. Því fleiri ríki sem geta staðið sameiginlega að slíkum aðgerðum þeim mun þyngra vega þær að sjálfsögðu. Það er því miður kannski ekki mikið sem við Íslendingar einir fáum að gert. En í því sambandi langar mig til að rifja upp að á vettvangi Norðurlandasamstarfsins hafa verið fyrirhuguð ýmiss konar verkefni með Eystrasaltsríkjunum sérstaklega og í bígerð var að opna sérstakar upplýsinga- og menningarskrifstofur Norðurlandanna í öllum þremur Eystrasaltsríkjunum. Við hljótum nú að taka allt þetta upp til gagngerrar endurskoðunar. Þetta verðum við að reyna að gera með þeim hætti að það bitni ekki á fólkinu sem við erum að reyna að hjálpa og býr í þessum löndum. En að sjálfsögðu kemur ekki til greina að eiga nein samskipti við einhverjar leppstjórnir Sovétmanna sem kann að verða komið á í ríkjunum. Hljótum við því að beina augum okkar að þeim útlagastjórnum sem hugsanlega verða myndaðar í kjölfarið á þessum atburðum og reyna að styrkja þær með öllum þeim ráðum sem við kunnum að geta tekið til. Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegur forseti. Það má segja að dagurinn í gær hafi staðfest það, sem marga grunaði, að herinn er búinn að taka völdin í Sovétríkjunum. Sú frelsisalda sem gekk yfir austantjaldsþjóðirnar virðist vera búin. Það þarf enginn að halda að það verði ekki tekið á fleiri lýðveldum, þessum löndum, ef svo fer fram sem horfir og Sameinuðu þjóðirnar taka ekki mjög hart á þessu máli og koma þeim skilaboðum til herstjórnarinnar í Rússlandi að það verði litið mjög alvarlega á þau tíðindi sem berast, t.d. frá Eystrasaltslöndunum og raunar víðar ef athugað er.

Ég vona og veit raunar að hæstv. ríkisstjórn mun gera það sem í hennar valdi stendur til þess að ýta við Sameinuðu þjóðunum og öryggisráðinu. Það er það eina sem mér sýnist að við getum gert. Það er auðséð að það verður komið upp leppstjórnum í þessum löndum og ekki getum við tekið upp stjórnmálasamband við þær stjórnir. En við verðum að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að Sameinuðu þjóðirnar og öryggisráðið grípi til þeirra ráða sem tiltæk eru í þessu *hörmulega ástandi sem þarna ríkir.*

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil náttúrlega taka undir þau orð sem hafa fallið, hrylling okkar og vonbrigði með þá atburðarás sem orðið hefur í Eystrasaltsríkjunum þremur. Ég vil taka undir þau orð starfandi utanrrh., sem komu fram hér áðan, að það er athygli vert hvenær þessir atburðir gerðust í gær, örfáum klukkustundum eftir að utanrrh. okkar heimsækir Riga. Maður getur látið sér detta í hug að atburðarásin hafi hugsanlega frestast í nokkra klukkutíma vegna þessarar heimsóknar. (Gripið fram í.) Ég dreg í efa, hv. þm., að það hafi flýtt fyrir henni. Ég hugsa frekar að það hafi tafið hana. Það er þá kannski spurningin frekar að skora á kollega hans á Norðurlöndum að þeir geri slíkt hið sama til þess að reyna að hafa meiri áhrif á atburðarásina þarna.

Ég vil síðan upplýsa það hér að ég hef þegar gert *ráðstafanir til þess að haldinn verði fundur í utanrmn.* strax og utanrrh. er kominn heim. Eins og kom fram hér áðan kemur hann heim seint í kvöld og verður að mér skilst ríkisstjórnarfundur í fyrramálið. Fljótlega eftir það verður haldinn fundur í nefndinni og þá verður farið yfir öll þau atriði sem nefnd hafa verið hér og í fyrri umræðu í síðustu viku um til hvaða ráða íslensk stjórnvöld geta gripið. Þar með talin að sjálfsögðu sú þáltill. Þorsteins Pálssonar og fleiri þingmanna sem liggur fyrir í nefndinni.

Þau atriði sem hér hafa einna helst verið nefnd í þessum umræðum, sem eru ákveðin framkvæmdaratriði meira en samstaða íslenska þingsins í áskorunarformi til valdhafa í Sovétríkjunum og annarra ríkja, eru þessi. Það hefur verið nefnt að taka upp formleg stjórnmálaleg samskipti við þessar þjóðir. Það verður að sjálfsögðu skoðað eins og kemur fram í tillögu hv. þm. Þorsteins Pálssonar o.fl. Það verður ábyggilega líka rætt um þann möguleika að kalla sendiherra okkar heim, í styttri tíma a.m.k., frá Moskvu til skrafs og ráðagerða. Það verður örugglega rætt líka um þá viðskiptasamninga, menningarsamninga o.fl., sem hér hafa komið á dagskrá, ásamt því að taka til skoðunar hvort ástæða er til af þessu gefna tilefni og í framhaldi af þeim samþykktum sem þetta þing hefur gert og áskorun, og reyndar svörum frá sovéskum sendiherra hér á landi um að það verði ekki gripið til valdboðs, að gera kröfu til þess að þeir fækki starfsliði sínu hér í bæ.

Eins og ég sagði áðan tek ég undir þær vonbrigðaraddir sem hér hafa komið fram. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir að sú samstaða sem verið hefur

í utanrmn. upp á síðkastið haldi áfram og við munum komast að sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þeir atburðir sem orðið hafa í Eystrasaltsríkjunum á síðasta sólarhring hafa því miður staðfest þann ótta, sem margir okkar báru í brjósti fyrir nokkrum dögum síðan, að svo kynni að fara að lýðræði og frelsi í þessum ríkjum yrði hnekkt í fjötra. Í þeim umræðum lýsti ég þeirri skoðun, og hún kom einnig fram hjá fleiri fulltrúum Alþb. í þeirri umræðu, að þá yrði þjóðþing Íslendinga, Alþingi, og ríkisstjórn og þjóðin öll að vera tilbúin til að taka að sér sérstakt forustuhlutverk í hinum alþjóðlegu mótmælum, forustuhlutverk sem við höfum kannski ekki áður gegnt.

Nú er komið að þeirri stundu að á það reynir hvort við erum tilbúin til þess að gegna því forustuhlutverki. Þá óttast ég því miður að mótmæli ein og sér héðan frá stofnunum, hvort sem það er ríkisstjórn eða Alþingi, dugi skammt. Það sé nauðsynlegt að nota tímann í dag til þess að taka ákvarðanir um aðgerðir. Því að það er ekki víst að við höfum mjög marga daga í þessu máli.

Ég vil varpa fram í þessum umræðum nokkrum hugmyndum til viðbótar við þær sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hæstv. menntmrh. settu hér fram.

Í fyrsta lagi er sú hugmynd að Íslendingar beiti sér fyrir því að sendiherrar Norðurlanda hjá Sameinuðu þjóðunum gangi í dag á fund fulltrúa allra ríkja sem eiga sæti í öryggisráðinu og á fund framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til að óska eftir því að öryggisráðið og Sameinuðu þjóðirnar taki þetta mál tafarlaust á dagskrá. Klukkan er nú að verða 10 að morgni í New York og menn hafa þar þess vegna allan vinnudaginn til þess að ganga í þetta verk. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að leita tafarlaust eftir samstöðu Norðurlandaríkja um að sendiherrar Norðurlanda geri sér slíka för á fund allra fulltrúa í öryggisráðinu strax í dag.

Í öðru lagi að utanrrh. Íslands óski eftir því við utanríkisráðherra Norðurlanda að þeir óski eftir fundi á morgun með nýtilnefndum utanríkisráðherra Sovétríkjanna til þess að láta koma skýrt fram mótmæli Íslands og Norðurlandanna gagnvart atburðum sem þarna hafa orðið.

Í þriðja lagi að Ísland óski eftir að Evrópuráðsþingið, sem er mannréttindaþing Evrópu, þar sem allar lýðræðiskjörnar þjóðir Evrópu eiga fulltrúa, elsti lýðræðislegi vettvangur Evrópuþjóða sem sett var upp til þess að varðveita frelsi og lýðræði í álfunni eftir síðari heimsstyrjöldina, komi í þessari viku saman til aukafundar og þar verði fulltrúum þjóðþinga Eystrasaltsríkjanna boðið að koma. Ef þeir fá ekki fararleyfi þá verði lagðar fyrir Evrópuráðsþingið sérstakar tillögur um það hvernig öll lýðræðisríki Evrópu standi saman í baráttunni gegn þeim atburðum sem hafa verið að gerast í Eystrasaltsríkjunum.

Í fjórða lagi að forsetar Alþingis ræði það við forseta þjóðþinga Norðurlanda að þingmannahópur frá Norðurlöndum fari á morgun eða næsta dag til hvers ríkis Eystrasaltsríkjanna, þrjár sendinefndir, ein til hvers ríkis, og verði gestir þjóðþinga Eystrasaltsríkjanna meðan þarf. Í þinghúsum Eystrasaltsríkjanna verði sendinefndir allra þjóðþinga Norðurlanda þannig að þeir sem ætla að brjóta þingræðið í Eystrasaltsríkjunum á bak aftur þurfi einnig að glíma við þann vanda hvað þeir gera við fulltrúa þjóðþinga Norðurlanda sem þar eru í salnum.

Í fimmta lagi vil ég ítreka það, sem fram kom hér hjá menntmrh., að það verði rætt að slíta þeim samningum og samskiptum sem Ísland hefur gert við Sovétríkin með einum eða öðrum hætti.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka þá tillögu, sem þingflokkur Alþb. flutti hér í síðustu viku en því miður fékk ekki stuðning annarra þingflokka þá en ég tel fulla ástæðu til að ítreka hana nú, að Alþingi beini þeim tilmælum til þjóðarinnar allrar að á morgun eða miðvikudag verði nokkurra mínútna þögn og allsherjar vinnustöðvun um allt Ísland til þess að sýna að það er ekki bara Alþingi eða ríkisstjórn sem standa á bak við þennan málstað eða þessar kröfur, heldur þjóðin öll. Ég tel að Alþingi og ríkisstjórn þurfi á því að halda og baráttan gegn frelsissviptingunni í Eystrasaltsríkjunum þurfi á því að halda að það komi skýrt fram að þjóðin öll stendur á bak við þessa kröfu. Og ég bið fulltrúa annarra þingflokka að hugleiða í alvöru nú þegar þessir atburðir hafa gerst hvort ekki sé rétt að beita sér fyrir þannig táknrænum atburði sem sýni samstöðu íslensku þjóðarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það verður ekki um það deilt að dapurir atburðir hafa gerst í Eystrasaltslöndunum. „Vita skaltu að vorin eru vætusöm og köld", var eitt sinn ort og kannski er það umhugsunarefni í þessum efnum að þeir voru margir sem bjuggust við því og voru sannfærðir um það að þegar loks færi að vora þar austur frá kæmu engin hret meir áður en sumarið tæki við.

Mér finnst umræða sem hér fer fram einkennast af þó nokkuð mikilli hræsni. Við Íslendingar segjum í orði: Við viðurkennum Lettland sem sjálfstætt ríki. En gerum við það? Hvert sótti utanrrh. íslensku þjóðarinnar um vegabréfsáritun þegar hann fór til Lettlands? Ef hann lítur á Lettland sem sjálfstætt ríki hvers vegna fór hann þá ekki og óskaði eftir því að lettneskur utanríkisráðherra skrifaði upp á vegabréfið og hélt svo inn til Lettlands og lét reyna á það hvort hann yrði stöðvaður? Nei, hann leit á Lettland sem hluta af Sovétríkjunum og sótti um sovéska vegabréfsáritun. Þetta er tvöfalt siðgæði. Og það er tvöfalt siðgæði þessa lands ef við látum nú svo að við höfum alla tíð litið á Lettland sem sjálfstætt ríki frá því að frelsi þess var skert á sínum tíma. Hver einasti Íslendingur sem farið hefur til Lettlands á þessu tímabili hefur nefnilega sótt um vegabréfsáritun til Sovétríkjanna. Þetta eru hin köldu rök sem blasa við. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að sú þíða sem komið hefur í Austur-Evrópu nær að Sovétríkjunum hvað það snertir að hingað og ekki lengra ætlar sovéski herinn að líða það að valdhafar Sovétríkjanna leyfi þjóðum að ganga út. Þeir leyfðu Austur-Þýskalandi að ganga út, þeir leyfðu Póllandi að

ganga út, Ungverjalandi og Búlgaríu. En þegar kemur að ríkjunum innan ríkjasambands Sovétríkjanna segir sovéski herinn stopp. Og ég verð að segja eins og er að þeir sem töldu rétt að skrifa undir menningarsamning við Sovétmenn 1961 en telja nú að eigi að rifta honum, hvar er þeirra söguskoðun? Hvar er þeirra þekking á atburðum og stjórnarháttum Sovétríkjanna? Var Sovétríkjunum ekki stjórnað með hervaldi 1961? Var lýðræði í Sovétríkjunum 1961? Hvar eru rökin fyrir svona málflutningi?

Hitt er rétt að það hefur skapast það jafnvægisleysi í þessu þingi að Alþb. þorir ekki að verja einar einustu gerðir Sovétmanna. Það er það merkilega sem hefur gerst. En samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna blasir það við, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að atburðirnir í Eystrasaltsríkjunum eru innanríkismál Sovétríkjanna. Það blasir við sem staðreynd. Það þýðir þess vegna ekki að rugla í þessum efnum. Við verðum að fara að alþjóðalögum. Og ef við ætlum að hafa áhrif, þá hlýtur það að vera grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því að ekkert vestrænt ríki, ekki eitt einasta, viðurkenndi Lettland sem sjálfstætt land, því miður.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Kúgun og ofbeldisverkum sovéthersins í Litáen og Lettlandi verður að linna. Það er mjög mikilvægt að sú samstaða sem náðst hefur hér á landi milli allra stjórnmálaflokka um einarðlegan stuðning við sjálfstæðisbaráttu og málstað frelsis og lýðræðis í þessum ríkjum haldist og að þessi samstaða með málstað þessara þjóða, sem nú eru í nauðum staddar, verði kynnt á alþjóðavettvangi hvar sem rödd Íslands heyrist. Íslendingar hafa gegnt forustuhlutverki í þessum efnum á undanförnum mánuðum allt frá því að Alþingi Íslendinga varð fyrst þinga til þess að senda litáeska þinginu árnaðaróskir í tilefni af sjálfstæðisyfirlýsingu þeirra.

Það er mikilvægt að við tökum á þessu máli hvar sem komum því við. Á vettvangi öryggisráðsins ef það er vænleg leið. Það hefur þegar verið reynt. Það má vera að nú sé lag til þess að endurtaka það. Á vettvangi Evrópuráðsins. Það má líka reyna. Evrópuráðsþingið mun hefjast nk. mánudag. Það þarf að undirbúa. Á vettvangi RÖSE. Sérstaklega tel ég að þar verði áhrifaríkast að beita mannréttindaákvæðum þeirra sáttmála sem það starf byggist á. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins þar sem Íslendingar hafa þegar tekið málið upp. Á vettvangi Norðurlandasamstarfsins þar sem við erum í stöðugu, daglegu samráði við utanríkisráðuneyti þessara landa.

Það var athyglisvert að á þeim fundi sem utanrrh. sótti í Helsingfors í lok síðustu viku voru saman komnir formenn allra jafnaðarmannaflokka Norðurlanda, formenn jafnaðarmannaflokkanna í Eystrasaltsríkjunum þremur og í sovétlýðveldinu Rússlandi. Við þennan fund voru einnig tengdir utanríkisráðherrar fjögurra Norðurlanda, þ.e. allra nema Danmerkur. Formennirnir samþykktu við lok þessa fundar ályktun í þremur liðum um ástandið í Eystrasaltsríkjunum. Í fyrsta lagi fordæmdu þeir harðlega ofbeldisaðgerðir sovéthersins. Í öðru lagi beindu þeir því til Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu að taka þessi mál upp, eins og forsrh. Íslands og utanrrh. Íslands höfðu einir þjóða hvatt til á ráðstefnunni í París í nóvemberlok. Forustuhlutverk forsrh. og utanrrh. í málinu er því mjög skýrt markað í atburðarás undanfarinna vikna og mánaða.

Í þriðja lagi ályktuðu formenn jafnaðarmannaflokkanna í þessum löndum öllum, þ.e. Norðurlöndunum fimm, Eystrasaltsríkjunum þremur og í níunda ríkinu, hinu stóra lýðveldi, sovétlýðveldinu Rússlandi, að efna skyldi til alþjóðlegrar ráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna um ástandið við Eystrasalt. Ég tel að þar með sé í raun og veru búið að setja upp ákaflega sterka stöðu fyrir framhald þessa máls. Það er mjög mikilvægt að við Íslendingar tökum þátt í því og höldum því forustuhlutverki sem þegar er alveg ljóst.

Hér hefur nokkuð verið rætt um stjórnmálasamband okkar við Sovétríkin, um viðskiptatengsl okkar og menningartengsl. Allt þetta þarf að endurskoða í ljósi þessara atburða. Þar verður enginn steinn látinn óhreyfður en markmiðið verður ævinlega að ráða. Það sem við viljum vinna að er frelsi, sjálfstæði og lýðræði í þessum löndum sem eru okkur nákomin vegna nálægðar og sögulegra tengsla.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég hygg að þær umræður sem hér hafa farið fram sýni enn á ný að það er mikill vilji til þess að samstaða haldist hér um raunhæfar aðgerðir. Auðvitað er spurningin ekki fyrst og fremst sú hvort Ísland gegnir forustuhlutverki. Aðalatriðið er það að okkur takist á alþjóðavettvangi að hafa þau áhrif sem leiða til þess að þjóðirnar við Eystrasalt nái markmiðum sínum um að endurheimta fullveldi sitt og sjálfstæði.

Það er kórrétt sem hér hefur komið fram að í verki höfum við viðurkennt þessi ríki í 50 ár sem hluta af Sovétríkjunum þó að viðurkenning okkar frá því um 1920 standi enn að lögum. Einmitt þess vegna er mikil þörf á því að gripið sé til virkra aðgerða í þeim tilgangi að sýna að hér eru nýjar aðstæður. Yfirvöld í Eystrasaltsríkjunum hafa freistað þess að koma upp eigin tollgæslu, en enn sem komið er hefur miðstjórnarvaldið í Kreml hindrað það að sú tollgæsla gæti orðið virk. Ég er þeirrar skoðunar og ítreka það enn að færi svo að Ísland og aðrar þjóðir mundu stofna til stjórnmálasambands við þessi ríki, eins og sakir standa, þá mundi það enn þrengja kosti Sovétstjórnarinnar á alþjóðlegum vettvangi og veikja stöðu þeirra til þess að fara fram með ofbeldi. Þess vegna vona ég að þeim hugmyndum sem hér hafa verið nefndar verði flestum hverjum hrint í framkvæmd, svo og þeim tveimur sem ég tel að hér skipti mestu máli, þ.e. að taka málið upp á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og hefjast þegar handa við að undirbúa stofnun stjórnmálasambands.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka þær undirtektir sem hér

hafa komið fram í sambandi við þau tíðindi sem eru rædd. Þær undirtektir komu mér vissulega ekkert á óvart. Það hefur verið góð samstaða í þessu máli og *mikill hugur* á Alþingi Íslendinga að veita Eystrasaltsríkjunum þann stuðning sem við megnum.

Ég tel hins vegar að við þurfum að gæta þess einmitt nú að hver stund sem líður kann að vera dýrmæt, að við gerum það sem við getum til þess að fylkja ríkjum á alþjóðavettvangi um þann málstað sem við erum að rétta hjálparhönd. Þess vegna finnst mér að ríkisstjórn landsins þurfi nauðsynlega að taka á þessum málum strax í dag. Ég geri mér það ljóst að fjarvera utanrrh. Íslands kann að valda því að menn vilji bíða morguns, þar sem hann hefur verið á vettvangi. En ég held að það væri rétt að undirbúa aðgerðir með fundi ríkisstjórnarinnar þegar á þessum degi. Ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir slíku, m.a. í ljósi þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram í umræðunni.

Það hefur verið bent á, til viðbótar við það sem gerðist fyrir viku hér á Alþingi og rætt var, brýnar nauðsynlegar aðgerðir sem við getum haft frumkvæði að á alþjóðavettvangi. Og við eigum að taka á málunum nú þegar. Þetta snýst um það, bæði hvað Ísland getur í samfélagi þjóðanna komið á hreyfingu til stuðnings en einnig um einhliða aðgerðir af okkar hálfu, til þess að vekja bæði okkur sjálf til dáða í þessum málum og til þess að gera samfélagi þjóðanna ljóst að við erum reiðubúin að leggja nokkuð á okkur í samskiptum við Sovétríkin. Ég tel að ríkisstjórnin þurfi að fara yfir þau atriði sem Íslendingar geti tekið á einhliða. Hér hefur verið nefnt stjórnmálasamband. Hér hafa verið nefnd viðskipti. Hér hafa verið nefnd menningarsamskipti og fleira af þeim toga væri hægt að bæta við. Fækkun í sendiráðum er mál sem hefur ítrekað verið rætt hér á Alþingi, m.a. að mínu frumkvæði, og Alþingi ályktað um þau efni. Er eftir nokkru að bíða að stíga þar einhver skref af hálfu íslenskra stjórnvalda í ljósi þess sem hefur verið að gerast? Ég held ekki.

Ég vænti þess að ríkisstjórnin hafi forustu um það að fylgja á næstu klukkustundum eftir þeim ábendingum sem hér hafa komið fram á Alþingi um þessi mál og við getum þannig tekið á málum frá degi til dags í vissu þess að við höfum gert það sem í okkar valdi stendur.

Íslensk heilbrigðisáætlun, fyrri umr.

Stjtill., 271. mál. — Þskj. 500.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun sem flutt er á þskj. 500 og er 271. mál Sþ. Till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun á sér langan aðdraganda.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setti fram á síðasta áratug markmið, sem kölluð hafa verið Heilbrigði allra árið 2000, og gerði ráð fyrir að hvert starfssvæði tæki málið til athugunar og setti sér síðan markmið í samræmi við heilsufar og aðstæður þeirra þjóða sem á svæðinu eru.

Á fundi Evrópusvæðis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1984 voru samþykkt markmið sem þjóðirnar töldu að þær gætu sameinast um. Markmið Evrópuþjóðanna eru alls 38 og af ýmsu tagi. Raunar eru sum þeirra þess eðlis að Íslendingar hafa náð þeim markmiðum fyrir löngu, svo sem lífslíkur við fæðingu og ungbarnadauða. Önnur eru þess eðlis að þau stefna að því að ná á áratugnum fram til aldamóta betra heilsufari og færri ótímabærum dauðsföllum en verið hefur nú um hríð.

Áætlun Evrópusvæðisins gerir ráð fyrir að hvert land á svæðinu geri sérstaka heilbrigðisáætlun, setji sér sérstök markmið til þess að ná þessari áætlun og miði markmiðssetninguna við næstu aldamót.

Í ársbyrjun 1986 heimsótti framkvæmdastjóri Evrópusvæðis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar Ísland, hitti ráðherra og kynnti samþykktir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um markmiðið Heilbrigði fyrir alla árið 2000. Í framhaldi af þessari heimsókn lagði þáv. heilbrrh. Ragnhildur Helgadóttir fram í ríkisstjórninni til samþykktar tillögu um að unnið skyldi að landsáætlun í heilbrigðismálum með hliðsjón af stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Fyrstu tillögur að íslenskri heilbrigðisáætlun voru unnar af nefnd þriggja lækna og voru þær lagðar fram sem skýrsla til Alþingis.

Skömmu eftir að ég tók við sem heilbrrh. ákvað ég að vinna að því að tillögur þessar yrðu athugaðar ítarlega og kvaddi því til heilbrigðisþing til að fjalla um þær. Heilbrigðisþing þetta var haldið 5. febr. 1988. Fyrir þingið höfðu fjölmargir vinnuhópar, sem í störfuðu samtals um 50 manns, yfirfarið vandlega einstök markmið áætlunarinnar. Sömuleiðis voru tillögurnar sendar til umsagnar fjölmargra aðila innan heilbrigðisþjónustunnar og voru allar umsagnirnar kynntar á heilbrigðisþinginu. Í kjölfar þessa þings var upphaflega áætlunin endurskoðuð í ljósi tillagna vinnuhópanna, umsagna sem bárust og umræðna á heilbrigðisþinginu. Ný og endurskoðuð tillaga um íslenska heilbrigðisáætlun var síðan lögð fram á 112. löggjafarþingi sem þáltill. Tillagan fékk ítarlega umfjöllun í nefnd en náðist ekki að samþykkja hana fyrir þingslit vorið 1990.

Enn á ný hefur tillaga um íslenska heilbrigðisáætlun verið endurskoðuð og er hún nú lögð fram að nýju í breyttum búningi. Meginbreytingin frá tillögu þeirri sem lögð var fram á 112. löggjafarþinginu felst í framsetningu tillögunnar. Í þáltill. sem hér er lögð fram eru markmiðin sett fram án skýringa. Skýringarnar fylgja hins vegar með í sérstökum kafla. Þessi framsetning er gerð eftir ábendingu Alþingis og nefndarmönnum í hv. félmn. Efnisbreytingar eru hins vegar óverulegar. Markmið hafa þó verið felld saman og þeim fækkað úr 37 í 32. Með þáltill. er síðan eitt fylgiskjal þar sem rakin eru lið fyrir lið þau verkefni sem fram undan eru til að ná fram markmiðum heilbrigðisáætlunarinnar og

eru þau hverju sinni tengd við markmiðin.

Till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun gerir ráð fyrir að heilsugæslustöðvar verði hornsteinar heilsugæslunnar og að þjónusta heilsugæslustöðva nái til allra landsmanna árið 1995.

Sýnt hefur verið fram á að venjur og lífshættir hafa veruleg og oft úrslitaáhrif á heilbrigði einstaklinga. Tillagan leggur því mikla áherslu á og hefur að geyma allmörg markmið vegna forvarna og heilbrigðisfræðslu. Er það vel því að of lítið hefur verið gert af því af heilbrigðisyfirvöldum á Íslandi að taka jákvæða og hvetjandi afstöðu í þessum málum.

Nokkur markmið fjalla sérstaklega um heilbrigðiseftirlit og umhverfisvernd, enda er ómenguð náttúra ein forsenda andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar vellíðunar mannsins. Þá hefur tillagan að geyma markmið um þróun heilbrigðiskerfisins, um framlög til heilbrigðismála, um mannafla í heilbrigðismálum, um rannsóknir og kennslu og um alþjóðasamstarf.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mjög ítarlega í hvert hinna 32 markmiða sem þáltill. hefur að geyma að þessu sinni. Það gerði ég í framsögu minni með tillögunni er hún var lögð fram á síðasta þingi. Ég vil leyfa mér að vísa til þeirrar umræðu sem þá fór fram. Það er hins vegar von mín að framlagning þessarar þáltill. öðru sinni, og nú í breyttu formi að ábendingu Alþingis og þeirra þingmanna sem unnu að málinu á síðasta þingi, verði endapunktur tæplega fimm ára vandaðrar og ítarlegrar vinnu sem hófst í ráðherratíð Ragnhildar Helgadóttur.

Þáltill. þessi byggir á samþykktum sem Ísland hefur gert á alþjóðavettvangi. Það er mjög mikilvægt að Alþingi samþykki á þennan hátt íslenska heilbrigðisáætlun og hún verði síðan rammi verkefna okkar í heilbrigðisþjónustunni á nýbyrjuðuðum áratug.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það þingmál sem hæstv. heilbrrh. hefur hér mælt fyrir, till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun, er kunnugt hér á Alþingi þar eð það hefur tvívegis verið flutt áður. Það fékk allítarlega umfjöllun á síðasta þingi, sérstaklega í félmn. Sþ. þar sem ég á sæti. Að tillögu nefndarinnar var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar með nál. 30. apríl 1990 og er nú komið fram endurskoðað. Ég tel það fagnaðarefni að tillagan skuli hér komin öðru sinni en hefði kosið að sjá málið fyrr í rauninni á þinginu. Það var mjög jákvæður vilji hjá félmn. þingsins að koma þessu máli áleiðis og ég efast ekkert um að það verði viðbrögðin hjá hv. félmn. að svo megi verða en tíminn sem við höfum til stefnu til þingloka er ekki mjög langur. En við skulum vona að okkur takist með góðri samvinnu að koma þessu máli frá þinginu með ályktun eins og að er stefnt.

Ég hef ekki farið rækilega yfir málið enn sem komið er eins og það liggur nú fyrir. Hæstv. ráðherra sagði að hér væri ekki um efnislegar breytingar að ræða heldur meira breytta uppsetningu, enda er þar verið að bregðast við ábendingu frá félmn. sem samþykkt var hér á Alþingi 30. apríl sl. Fljótt á litið sýnist mér kannski það atriði dálítið umhugsunarvert sem blasir við, þ.e. að hér er fyrst og fremst lýst markmiðum í heilbrigðismálum en leiðirnar til þess að ná þeim markmiðum eru ekki felldar inn í sjálfa tillöguna, heldur er þær að finna í fskj. með tillögunni sem verkefni sem þarf að framkvæma til að markmið heilbrigðisáætlunarinnar náist.

Nú er það vissulega álitamál hvernig Alþingi tekur á málum af þessum toga. Mín hugsun var sú þegar við ályktuðum um þetta efni í félmn. að gerð yrði atrenna að því að fella leiðirnar að markmiðum þannig að einnig þær framkvæmdaáætlanir sem bent er á í þessu fskj. yrðu til meðferðar og ályktunar af hálfu þingsins. En þetta er efni sem þingnefndin sem fær þetta mál til meðferðar hlýtur að skoða og athuga.

Ég vil svo nefna það hér, virðulegur forseti, að ég teldi í rauninni fulla þörf á því að af hálfu forustu þingsins í samvinnu við þingflokka, verði gerð athugun á því hvernig með mál af þessum toga verði best farið á vegum Alþingis og þá verði farið yfir það hvernig tekið er á hliðstæðum málum í öðrum löndum, en það er allt með nokkuð mismunandi hætti eins og fram kom í áliti félmn. sl. vor. Þeim málum fjölgar sem flutt eru inn á þjóðþingin nokkuð samræmt frá alþjóðastofnunum eða að frumkvæði alþjóðastofnana og það eru rætur þess máls sem hér er rætt. Nú er ég engan veginn að mæla með því að öll þjóðþing felli þau vinnubrögð í sama horf. Þar eiga menn auðvitað að gæta sín og halda því sem best er hver hjá sér. En mér finnst þetta nokkurt umhugsunarefni í ljósi mála af þeim toga sem hér er á ferðinni sem á rætur í vissu alþjóðlegu átaki til þess að ná fram endurbótum og samræmingu á áherslum í heilbrigðismálum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál. Afstaða mín til þess er jákvæð eins og verið hefur og ég vona að okkur auðnist að afgreiða málið á þessu þingi.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. er nú fyrst og fremst að setja fram hin ýmsu markmið sem eru eins og fram hefur komið 32 að tölu. En hvernig á að ná þessum markmiðum? Ég hef ekki fengið skýringar á því. Að vísu hef ég ekki haft tíma til að athuga þetta nægilega vel og ekki athugasemdir með till. en ég hef hlaupið yfir markmiðin.

Ástandið í þessum málum í dag er allískyggilegt. Í fyrsta lagi er mér sagt að þeir sem þurfa að komast á bæklunardeild til meðferðar og uppskurðar þurfi að bíða allt upp í 18–19 mánuði. Fyrir nokkrum dögum hafði samband við mig vinur minn á Akureyri sem þarf að fara í hjartaaðgerð. Hann segir mér að hann sé að fara núna í þessum mánuði til Lundúna. Ég segi: Hvers vegna læturðu ekki gera þetta hér? Ja, mér er sagt að það séu 11–12 mánuðir sem þarf að bíða. Það hlýtur að vera markmið í heilbrigðismálum að þessir sjúklingar, þeir hópar sem ég er að nefna, geti fengið sjúkravist og hjálp hér án þess að þurfa að bíða mjög

lengi. Ég geri að vísu ráð fyrir því að bráðatilfelli sem ekki mega bíða sitji fyrir. En ég hef séð t.d. bæklunarsjúklinga sem hafa verið blátt áfram komnir á fjóra fætur, hafa ekki getað gengið öðruvísi en styðja sig við stafi. (**Gripið fram í:** Fjóra fætur?) Ég kalla það fjóra fætur, já. Það hlýtur að vera fyrst og fremst markmiðið að koma þessu fólki til hjálpar.

Nú stendur þannig á að aðstoðarlæknar eru að segja upp í stórum stíl. Það hlýtur að vera markmið að sjúkrahúsin séu fullmönnuð eftir því sem möguleikar eru á. Markmið eru auðvitað ágæt. En markmið duga ekki ein. Það þarf að vinna að framgangi hvers markmiðs. Og nú vil ég í fullri vinsemd spyrja hæstv. heilbrrh. að því hvort ráðuneytið eða þeir sem sömdu þessa till. hafi gert sér fulla grein fyrir því hvernig þeim verður náð á þeim tíma sem talað er um. Á undanförnum árum hafa þessi mál ekki lagast, t.d. með bæklunarsjúklinga, hjartasjúklinga og jafnvel þá sem þurfa að fara í augnaaðgerðir. Og auðvitað eru það fleiri aðilar en ég ætla að láta þetta duga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðurnar og jákvæðar undirtektir hjá hv. 2. þm. Austurl. varðandi þessa till. til þál. og þau markmið sem hér eru sett fram. Einnig þakka ég fyrir þær athugasemdir og ummæli sem komu fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. að þetta mál hefur komið hér áður, fyrst reyndar aðeins til sýnis. Öðru sinni fékk það þó umræðu og umfjöllun og allítarlega meðhöndlun í félmn. Sþ. Í framhaldi af því höfum við reynt að setja þetta upp í nokkuð breyttu formi, en nánast án efnisbreytinga. Þó kann að vera að það séu smávægilegar athugasemdir, smávægilegar breytingar sem tengjast breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eitthvað mun hafa verið fjallað um það að þessu leyti sem ég fann þó ekki núna svona við hraðan yfirlestur til þess að vitna sérstaklega í, enda veit ég að það kemur fram í nefndinni ef einhverjar athugasemdir eru við það. En aðallega er hér um að ræða breytta framsetningu.

Það kann að vera rétt hjá hv. þm. og reyndar báðum þeim sem tjáðu sig áðan að það hefði mátt setja þetta enn betur upp og setja þá þau verkefni sem þarf að vinna að og leiðirnar til þess að ná markmiðunum inn í sjálfa tillöguna þannig að það kæmi meira saman. En þó er nú hér, ef við tökum bara eitt atriði sem tengist þá líka fyrirspurn hv. 6. þm. Norðurl. e., markmið 27. Þar segir í markmiðinu sjálfu, í tillögunni: „Gera skal áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana þannig að stofnanir til þess að sinna heilsugæslu verði allar komnar upp fyrir árið 1995 og fyrir árið 2000 verði að fullu sinnt annarri stofnanaþjónustu eins og áætlunin gerir ráð fyrir." Í fskj. þar sem fjallað er um þau verkefni sem þarf að vinna og leiðirnar að markmiðunum segir um markmið 27: „Gerð verði rammaáætlun vegna bygginga heilbrigðisstofnana til næstu tíu ára og ítarleg áætlun til næstu fimm ára." Hér fellur þetta nokkuð saman og má kannski segja að hér sé um að ræða eitt og sama og inn í markmiðið sé komin sú stefna, sú áætlun sem menn vilja reyna að framkvæma og vinna eftir. En það má vafalaust skoða þetta nánar og vita hvort ekki er hægt að fella hér betur saman markmiðin og þær leiðir, þau úrræði sem við höfum til þess að framkvæma þessi markmið.

En þá komum við að því sem hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi hér og gerði hér aðallega að umtalsefni. Það er ekki nóg að setja fram tillögur, hugmyndir og markmið. Við verðum líka að reyna að átta okkur á því hvernig við getum staðið að því að framkvæma þau markmið. Hér eins og í svo mörgu öðru sem við erum að fást við skipta fjármunirnir sem við höfum til ráðstöfunar mestu máli. Við höfum þó reynt, og ég held að það verði ábyggilega verkefni heilbrigðisyfirvalda á næstu árum og stjórnvalda almennt, að nýta sem allra best og helst betur en okkur hefur hingað til tekist þá fjármuni sem við höfum úr að spila.

Í heilbrigðisþjónustunni eru heilmörg verkefni fram undan sem eru kostnaðarsöm og við þurfum að horfast í augu við hvernig við getum framkvæmt. Lífsmöguleikarnir aukast. Það kemur fram ný tækni, ný lyf, ný þekking sem gerir það að verkum að nú er hægt að gera ýmsa hluti sem ekki var mögulegt að framkvæma fyrir tiltölulega fáum árum. Þetta kostar stóraukna fjármuni og við stöndum ábyggilega frammi fyrir því að þurfa að velta fyrir okkur forgangsröð, bæði innan heilbrigðisþjónustunnar og forgangsröð almennt um það hvað það er sem við viljum láta sitja í fyrirrúmi í okkar ríkisútgjöldum.

Því miður er það svo að við búum nú við biðlista varðandi nokkrar tegundir aðgerða, t.d. bæklunaraðgerða eins og hv. þm. nefndi og gerði hér að umtalsefni. Þetta er auðvitað ekkert til þess að hrósa sér af, en segir okkur þó að við höfum nú þrátt fyrir allt náð æði langt. Varðandi hjartaaðgerðir og aðgerðir og biðlista hér heima og það að þurfa að fara erlendis þá vil ég minna á að það eru ekki nema örfá ár síðan engar hjartaaðgerðir voru gerðar hér heima og allir þurftu að fara erlendis. Nú höfum við þó tekið þessar aðgerðir upp og samkvæmt tölulegum upplýsingum eru þær ekki taldar dýrari, ekki kostnaðarsamari hérna, jafnvel ódýrari en erlendis. Þess vegna hlýtur það að vera markmið okkar að reyna að flytja þær inn í landið sem allra mest. En til þess þarf að bæta við skurðstofum og aðstöðu á sjúkrahúsunum og auka mannafla sem við þetta vinnur. Meðan ekki tekst að gera þetta nægjanlega hratt höfum við enn samninga við erlenda aðila, einkum í Lundúnum, þangað sem þeir sem ekki geta beðið, þeir sem þurfa að fá bráðaaðgerð, sem ekki er hægt að koma að hér, eru sendir. Reyndar er fjöldi af bráðaaðgerðum gerður hér heima líka og reynt er að spila þetta saman þannig að ekki leiði tjón af.

Í þessum markmiðum eru settar fram hugmyndir um uppbygginguna og um áætlun um mannaflaþörfina. Það eru einmitt þær leiðir sem við hljótum að ætlast til að stjórnvöld viðhafi til þess að reyna að ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram og til þess að stytta þá biðlista sem hv. þm. minnti okkur á.

Um stöðuna sem er í augnablikinu í samninga- og

kjaramálum aðstoðarlækna og lækna á sjúkrahúsum almennt skal ég nú ekki hafa mörg orð. Sú samningagerð er fyrst og fremst á sviði fjmrn. og samninganefndar ríkisins og hefur lítið verið á borði hjá heilbrrh. eða heilbrrn. að undanförnu. En ef svo fer sem horfir að deila þessi ætli að dragast á langinn og hún bitni á sjúklingum þannig að biðlistar lengist enn frá því sem verið hefur og sérfræðingar fara ekki að sinna öðru en bráðaþjónustu, eins og þeir hafa boðað, þá hlýtur þetta að verða mál sem við þurfum að fjalla um sérstaklega, heilbrigðisyfirvöld og þá í samráði við fjmrn. og þá aðila sem fara með samningagerðina. Í dag er samningafundur kl. 4 hjá ríkissáttasemjara sem fjallar um þessi mál. Ég vona sannarlega að málin þokist til réttrar áttar, en ætla ekki að hafa fleiri orð um það að sinni.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að ég hafi ekki talað nógu skýrt áðan. Það sem fyrir mér vakti fyrst og fremst var hvernig ætti að taka á þeim málum sem eru mest aðkallandi. Ég fann ekki við þennan lestur neitt út úr því. Þess vegna vildi ég spyrja um það.

Mér er tjáð að kostnaður við að senda sjúkling í hjartaaðgerð til Lundúnum sé, eins og hæstv. ráðherra sagði, verulega hærri en við að gera aðgerðina hér. Ég er dálítið kunnugur bæklunardeild Landspítalans og læknar sem þar eru segja að ef þeir hefðu bara meira pláss gætu þeir framkvæmt miklu fleiri aðgerðir en þeir gera. Mér er auðvitað ekki kunnugt um að menn fari í stórum stíl erlendis til bæklunaraðgerða en eitthvað hefur verið um það. Ég held að það þurfi að snúa sér að þessum málum. Og eftir því sem maður les í blöðum standa sjúkrarúm tóm langtímum saman. Kostar þetta ekki allt saman meira en ef tekið væri ákveðið á þessum málum? Hafa menn hugleitt vinnutapið sem margir verða fyrir? Þessi maður sem talaði við mig núna er hálfsextugur. Ef hann hefði farið að bíða í marga mánuði þá hefði hann lítið eða ekkert getað unnið þann tíma. Ýmsir sem þurfa að fara í bæklunaraðgerð komast ekki til vinnu. Við vitum um mörg dæmi þess og þeir eru á ýmsum aldri, jafnvel ekki nema fimmtugir.

Það þarf að taka á þessum málum að mínum dómi öðruvísi en ég skil þessa þáltill. Það er ágætt að setja markmið, við vitum það. En við þurfum líka að gera okkur grein fyrir hvernig á að ná markmiðunum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi talað alveg skýrt áðan og ég skildi mál hans þá a.m.k. alveg eins og nú í seinni ræðu. Ég reyndi að svara því líka á þann hátt að við vitum að við búum við biðlista sem við höfum ekki átt auðvelt með að stytta að undanförnu. Það stafar nákvæmlega af því sem ég sagði áðan og get auðvitað endurtekið og ítrekað. Okkur vantar að sjálfsögðu til þess meiri fjármuni. Ef við hefðum nægа fjármuni úr að spila væri auðvitað hægt að byggja upp skurðstofur og bæta aðstöðu á sjúkrahúsunum og fjölga fólkinu sem við þetta vinnur o.s.frv. en þær aðstæður hafa því miður ekki verið fyrir hendi að undanförnu. Við höfum verið að reyna að leita ýmissa leiða til þess að ná fram meiri hagræðingu og frekari sparnaði í heilbrigðisþjónustunni og þá jafnframt að nýta betur þá fjármuni sem við höfum til ráðstöfunar.

Alþingi samþykkti rétt fyrir jólin breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem m.a. felur í sér að sérstakt samstarfsráð sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu fjalli um skipulagningu, samvinnu þeirra og rekstur sem ætti að leiða til þess að út úr því kæmi aukin þjónusta. Við hefðum færri sjúkrarúm tóm. Það er rétt eins og hv. þm. minnti á að að meðaltali er hér fjöldi sjúkrarúma sem stendur ónotaður á þessum stofnunum yfir árið, en ég minni líka á að hluti þess stafar ekki af því að það vanti fjármuni heldur af því að það vantar fólk. Það vantar fólk t.d. til þess að halda stofnunum í fullum rekstri allt árið. Þar á ég við sumarafleysingatímann. Það er langt í land ef það næst nokkurn tíma að við höfum það mikinn mannafla, við getum sagt varamannafla, að við getum mannað stofnanirnar að fullu meðan sumarleyfistíminn er í algleymingi.

Það er auðvitað auðvelt að segja að við gætum gert mikið meira, bara ef við hefðum pláss og bara ef við hefðum meira fé. Um það snýst auðvitað málið. Það snýst nákvæmlega um það sem bæklunardeildirnar hafa sagt, öldrunarlækningadeildirnar, þvagfæraskurðlækningadeildirnar. Ég minnist þess að nýlega kom til mín yfirlæknir háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans og sagði: Ég gæti gert mikið meira ef ég hefði meira pláss. Ef ég fengi fleiri rúm í stofnuninni, þá gæti ég auðvitað gert meira og stytt þennan biðlista. Það er nú einu sinni svo að þessar stofnanir hafa skipt þeim plássum sem til reiðu eru upp á milli þessara sérfræðiþjónustugreina og við það búum við. En ég ítreka það að einn liðurinn í þessu er að ná betra samstarfi milli stofnananna, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu sem skiptir nú kannski mestu í þessu.

Ég vil líka segja frá því að landlæknir hefur á undanförnum vikum og mánuðum verið í viðræðum við sérfræðinga hinna ýmsu greina um það hvernig stytta megi biðlistana. Við höfum sent stærri stofnunum öllum erindi þar sem við höfum beðið þær að gera grein fyrir því hvernig hægt sé að taka á þessum sérstöku vandamálum sem við horfum á. Við höfum þegar fengið svör frá a.m.k. tveimur þessara stofnana og þau mál eru nú í athugun. Við höfum reynt að dreifa sérfræðiþjónustunni þannig að hægt væri að vinna hana á fleiri stöðum en bara hér á höfuðborgarsvæðinu. Svör sérfræðinganna hafa nú reyndar gjarnan verið þau að hér væru auðvitað bestu aðstæðurnar og ef fjármunir væru til þess að framkvæma fleiri aðgerðir hlyti þeim að vera betur varið til þess að nýta þá aðstöðu sem hér er fyrir hendi en að dreifa þjónustunni og vera að byggja hana upp, kannski á Ísafirði, Neskaupstað eða Vestmannaeyjum, svo að ég nefni nú einhverja staði. En allt er þetta til skoðunar hjá okkur og ég veit um þessi vandamál. Till. til þál. um þessa uppbyggingu, um stefnumótun á næsta áratug er auðvitað liður í þessu og

hefur mikið gildi að mínu áliti að koma slíkri stefnumörkun fram, fá hana samþykkta þó að hún ein og sér leysi að sjálfsögðu ekki málið. Um það get ég vissulega verið sammála hv. þm. sem hér hafa tekið til máls.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir orð hæstv. heilbrrh. um að það er nauðsynlegt að setja sér markmið eins og fram koma hér í þessari áætlun. Hv. 6. þm. Norðurl. e. minntist á vandræðaástand í heilbrigðiskerfinu sem skapast vegna skorts á sjúkrarúmum. Í mínum huga er það allra mikilvægasta í sambandi við þau markmið sem hér eru sett að efla forvarnastarf og heilbrigðisfræðslu. Það er miklu fleira en sú till. til þál. sem hér liggur frammi kemur inn á, sem taka þarf tillit til. Þar sem hv. 6. þm. Norðurl. e. minntist sérstaklega á biðlista vegna bæklunaraðgerða af ýmsu tagi dettur mér í hug að minna á liði í forvarnastarfi sem því miður er lítill gaumur gefinn. T.d. varðandi aðbúnað nemenda í skólum og vinnuaðstöðu þeirra. Ég gæti trúað því að mikið af þeim sjúkdómum og stór hluti þeirra biðlista sem nú hafa myndast séu einmitt vegna þess að fólk hefur ekki haft viðunandi vinnuaðstöðu. Það er t.d. viðurkennt í nágrannalöndum okkar að börn eru mismunandi stór á skólaaldri og þurfa þar af leiðandi húsgögn sem eru mismunandi. Það ráð hefur verið fundið að hafa borð og stóla sem hægt er að hækka og lækka eftir þörfum hvers og eins.

Þá vil ég minna á annað sem ég tel mjög mikilvægt í þessu sambandi og þarf að bjóða börnum upp á. Það eru skólamáltíðir sem oft hafa verið nefndar hér. Þar komum við inn á að ala börn upp í heilbrigðum lífsháttum og tryggja að þau fái nauðsynlega næringu á hverjum degi. Fyrir tveimur árum að mig minnir samþykktum við till. til þál. um manneldis- og neyslustefnu. Hún er ein af þessum viðamiklu tillögum sem við höfum fengið til umfjöllunar og varðar auðvitað líka heilbrigðismál. Ég tel mjög mikilvægt að fara eftir þeirri stefnu í sambandi við að fræða fólk og í sambandi við verðlagningu á matvælum. Eitt af því sem ætti að gera með manneldis- og neyslustefnu er að stýra neyslunni með verðlagningu. Og þá komum við að þeim grunnefnum sem allir þurfa að fá á hverjum degi. Á Íslandi búum við t.d. við það að grænmeti, sem er ákaflega mikilvægt í þessu tilliti, er mjög dýrt. Það ætti að vera miklu stærri hluti af neyslunni á degi hverjum hjá öllum Íslendingum.

Það væri hægt að minnast á ótal margt fleira. Það má minna á vinnutíma sem er óhóflega langur hér á landi. Minna álag á fólki í því tilliti mundi örugglega bæta heilsufar þjóðarinnar og er einmitt líka liður í þessu margumtalaða forvarnastarfi sem mér virðist stjórnvöld allt of oft sjá eftir peningum í. Það er mjög erfitt að fá peninga til fyrirbyggjandi aðgerða, í raun og veru á hvaða sviði sem er. Ég trúi því að með því að stórauka áhersluna á forvarnir þá þyrftum við ekki að bæta við svo mörgum sjúkrahúsrúmum eða starfsfólki á sjúkrahús í framtíðinni. En eins og kom fram í máli hæstv. heilbrrh. hafa spítalarnir ekki nógan mannskap, sérstaklega ekki á sumrin til sumarafleysinga. Það er auðvitað óviðunandi ástand sem við höfum horft á núna ár eftir ár hvernig gripið hefur verið til þeirra neyðarráðstafana að loka sjúkradeildum.

Ég vildi nú aðeins undirstrika hér í þessu stutta máli mínu að það er auðvitað nauðsynlegt að hafa svona markmið, en það þarf að setja þau í forgangsröð og þar held ég að sé öllum til heilla að byrjað sé á forvarnastarfinu og stutt dyggilega við það. Forvarnastarf í víðasta skilningi þess orðs. Að sjálfsögðu er það vandamál sem við okkur blasir núna að leysa vandamálin sem biðlistar hafa skapað og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á sjúkrahúsum með því að loka deildum. En við megum ekki gleyma því að forvarnastarfið er það sem við ættum að leggja mestu áhersluna á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Virkjun sjávarfalla, fyrri umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 273. mál. — Þskj. 504.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi úr hlaði till. til þál. um rannsókn á virkjun sjávarfalla á þskj. 504. Tillaga þessi er flutt af öllum þingmönnum Vesturl. Hún er þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka á hvern hátt hagnýta megi orku sjávarfalla til styrktar þjóðarbúinu í framtíðinni, eins og það er orðað.

Í grg. er minnst á lífskjarakönnun sem gerð var hér á landi árið 1988 í tengslum við norræna rannsókn á því sviði. Meginniðurstaðan varð sú að lífskjör á Íslandi séu svipuð og á hinum Norðurlöndunum eða þau gerast vart betri í heiminum, að sögn fróðustu manna. Sérstaklega var þess getið að Íslendingar þyrftu þó að hafa meira fyrir því að ná þessum lífskjörum en hinar þjóðirnar. En margs þarf að gæta. Þjóðin á enn eftir að koma miklu í verk. Ýmsar aðkallandi framkvæmdir eru fjárfrekar. Óhjákvæmilegt er að grynnka á skuldum við útlönd. Aðstöðu landsmanna þarf að jafna og bæta, en markmið okkar hlýtur að vera að halda uppi byggð í landinu öllu þar sem gott er undir bú. En þá verður að snúa vörn í sókn og byggja upp eitthvað nýtt við hlið þeirra atvinnugreina sem lengi og vel hafa dugað og fært þjóðinni björg í bú.

Nú er svo komið að fiskimiðin eru talin fullnýtt að mestu leyti. Gróðurlendið er einnig ásetið og þar þarf víða að græða upp og færa í betra horf. Þá er oft nefnt að orka fallvatna, jarðvarmi og menntun landsmanna séu þær auðlindir sem enn megi telja vannýttar hér á landi. Nýting þeirra auðlinda mun í framtíðinni verða forsenda velmegunar í íslensku þjóðfélagi.

Um þessar mundir er mikið rætt um það hvernig koma megi þeirri orku í verð sem við getum af hendi

látið. Þar er efst á baugi orkusala til hins fyrirhugaða álvers á Keilisnesi, einnig er minnst á hugsanlega sölu á orku um sæstreng til Skotlands og vetnisframleiðslu. Þó að við eigum enn þá langt í land með að fullvirkja orku fallvatna og jarðvarma er deginum ljósara að við verðum að hafa augun opin fyrir nýjum leiðum ef okkur á að takast að halda uppi þeim lífskjörum sem við njótum nú.

Sagt er að mennt sé máttur. Það kom fram á þingi Bandalags háskólamanna um daginn að Íslendingar eru að verða ein menntaðasta þjóð veraldar. Til þess að nýta þær auðlindir sem við eigum á hagkvæman hátt þarf marga vel hæfa og menntaða einstaklinga. En jafnframt kemur eðlisgreind, áhugi, staðarþekking og hyggjuvit alþýðu manna að góðum notum eins og dæmin sanna fyrr og síðar.

Ein er sú orkulind sem lítill gaumur hefur verið gefinn en það er firnaorka sú sem býr í straumum og sjávarföllum við strendur landsins. Hér við land er hæðarmunur sjávarfalla mestur við vesturströndina, við Breiðafjörð. Þar hefur mesti hæðarmunur mælst 6 metrar við mynni Hvammsfjarðar.

Það er ekki svo að skilja að hugmyndin um hagnýtingu á orku sjávarfalla sé nýmæli. Flm. vekja sérstaka athygli á ítarlegu erindi sem Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri flutti í Reykjavík og í Stykkishólmi árið 1955 um notkun sjávarfalla. Erindi þetta varð allfrægt á sínum tíma og var oft til þess vitnað. Það birtist í Ársskýrslu Sambands íslenskra rafveitna 13. ár 1955. Hluti af þessu erindi er birtur sem fskj. með till. til nánari útlistunar og rökstuðnings. Að öðru leyti vísast til þessa fróðlega erindis í heild.

Um þessar mundir er nokkuð rætt og ritað um vetni sem orkumiðil framtíðarinnar. Má í því sambandi benda á viðtal í Morgunblaðinu 29. júlí sl. við Björgvin Hjörvarsson kjarneðlisfræðing, sem er nýorðinn doktor frá Uppsalaháskóla. Ósk hans og áform er að smíða vetnisbíl því vetni er eldsneyti með mikla kosti. Eini úrgangurinn er að því er virðist drykkjarhæft vatn, eða með hans eigin orðum, með leyfi forseta: „Ég sá fyrir mér samfélag laust við bensíngufur, koltvísýring o.s.frv., það yrði aðeins pínulítið blautt á götunum en það rignir hvort eð er alltaf í Reykjavík."

Komin er fram á þessu þingi till. til þál. um framleiðslu vetnis. 1. flm. hennar er hv. 6. þm. Reykv. Till. þessi er komin til nefndar. Henni var vel tekið af hæstv. iðnrh. þó að hann léti þess jafnframt getið að rannsókn á þessum málum væri ekki svo langt komin að rétt væri að gefa í skyn að þetta væri „handan við hornið".

Mér er fullljóst að margir eru sammála iðnrh. að þessu leyti. Þeir telja notkun vetnis fjarlægan draum, sbr. t.d. grein sem forstjóri Iðntæknistofnunar skrifar í Morgunblaðið 6. nóv. sl. og nefnir „Vetnisumræða á villigötum". Í sama streng taka Jóhannes Nordal og Jón Sigurðsson í Dagblaðinu 11. sept. sl. Þar kemur fram að orkusala um sæstreng og til vetnisframleiðslu séu framtíðarmöguleikar sem ekki skipti máli nú.

Í grein sem Stefán Valgeirsson alþingismaður skrifaði í Morgunblaðið 2. okt. sl. segir hann frá fundi í Sjallanum á Akureyri og kveður svo að orði, með leyfi forseta: „Þeir álmenn sem töluðu á eftir mér kepptust um að reyna að gera lítið úr þessum hugmyndum mínum og einn þeirra sagði að vetnisframleiðsla væri fjarlægari draumur en stjörnustríðsáætlun Reagans fyrrum Bandaríkjaforseta. Fleiri gullkorn vanþekkingar létu álmenn frá sér fara á þessum fundi", segir þessi hv. þm.

Í merku riti eftir dr. Ágúst Valfells sem hann nefnir „Aftur til framtíðar. Ísland árið 2000 endurskoðað", segir höfundur m.a.: „Ef hefðbundinn hagvöxtur á að geta haldið áfram samhliða þeirri fólksfjölgun sem spáð er til aldamóta, er óhjákvæmilegt, að þjóðin snúi sér, í síauknum mæli, að virkjun og nýtingu orkulindanna. Verður hagkvæmast að gera það með orkufrekum iðnaði. Enn fremur verður að íhuga fljótlega hvort ekki muni hagkvæmt að framleiða eldsneyti með innlendum orkugjöfum, þegar væntanlegs jarðolíuskorts fer að gæta verulega. Það kemur að því, að auðlindir landsins verða fullnýttar."

Það má minna á að samkvæmt lögum hefur Orkustofnun það hlutverk að annast yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eða þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra, yfirlitsrannsóknir á orkubúskap þjóðarinnar er miða að því að unnt sé að tryggja að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma o.s.frv.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1991 er fjallað um iðnað og orkumál. Þar er nýliðnum árum skipt í ákveðin tímabil. Þar segir: „Á þriðja tímabili, í kjölfar olíukreppunnar á árunum 1973–1974, var markvisst dregið úr þýðingu innfluttrar olíu í orkubúskap þjóðarinnar. Á næsta tímabili" — segir í þjóðhagsáætlun — „samhliða aukinni stóriðju gæti hafist nýting raforku til framleiðslu á vetni sem gæti gagnast sem eldsneyti fyrir samgöngu- og atvinnutæki þjóðarinnar og þannig aukið enn frekar þátt innlendra orkugjafa í þjóðarbúskapnum á kostnað innfluttra orkugjafa."

Auk þess fskj. sem áður er nefnt er hér birt grein eftir Steinólf Lárusson, bónda í Ytri-Fagradal í Dalasýslu, sem hann nefnir „Virkjum Hvammsfjörð". Sú grein kom á prenti í DV 26. júlí sl.

Ég mun ekki rekja efni þeirrar greinar en það er fróðlegt — þó að hv. alþm. virðist ekki mjög margir hafa áhuga á þessum efnum — að velta fyrir sér frumlegum tillögum og tilgátum og hugleiða ýmis dæmi um mannvit og snilli alþýðumanna fyrr og síðar sem ættu að nýtast enn betur nú á tímum hjá einni menntuðustu þjóð heimsins, eins og ég gat um áðan. Alkunnugt dæmi frá gamalli tíð er þegar bóndinn á Þingvöllum í Þórsnesi, Þorsteinn surtur, fann sumarauka af speki sinni, lærdómslaus og ókunnur þeim fræðum sem best voru þá í þeim efnum, áhaldalaus og allslaus. Er þetta eitt merkasta afrek mannvits sem sögur greina, eins og Helgi Hjörvar kemst að orði í Árbók um Snæfellsnes frá 1932.

Ég nefni annað dæmi, mun yngra, frá þessari öld. Kennslubók í hornafræði kom út á árinu 1922 eftir Ólaf Daníelsson, hinn fræga stærðfræðing, sem þá og lengi síðan var fremstur lærdómsmanna í þeirri grein hér á landi. Hann ritaði stuttan formála fyrir bókinni.

Þar segir hann svo m.a., með leyfi forseta: „Enn fremur hef ég í lok bókarinnar sett nokkrar reglur um ferhyrninga. Naut ég þar góðra bendinga frá Vilhjálmi Ögmundssyni, ungum bóndasyni vestur í Dölum."

Vilhjálmur var um þetta leyti að alast upp í Vífilsdal í Hörðadal. Hann var reyndar síðar einn eða tvo vetur við nám í Verslunarskólanum. En það er einmitt Vilhjálmur, seinna bóndi á Narfeyri á Skógarströnd, sem ritar kaflann um sjávarfallastöðina í Brokey sem rætt er um í fskj. I með þessu frv.

Meðan við þekkjum dæmi um slíkt atgervi í byggðum landsins tel ég að við þurfum ekki að kvíða framtíðinni.

Ég mun ekki fjölyrða um þetta mál að sinni. Sjálfsagt finnst mörgum að hér sé um framtíðarmúsík að ræða, sbr. þau ummæli sem ég vitnaði í áðan. Mér finnst þó ástæða til að gefa gaum að þessum þætti orkumála þar sem fjölmargir kostir geta komið til álita ef beitt er þekkingu og hugviti jafnhliða dýrmætri reynslu sem fengist hefur við dagleg störf og athugun fólksins í landinu.

Ég legg til að máli þessu verði að lokinni fyrri umr. vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Stuðningur minn við þessa þáltill. kemur fram í því að ég er einn af meðflm. hennar. Hv. 1. flm., 2. þm. Vesturl., hefur gert hér allítarlega grein fyrir efni hennar og sé ég því ekki ástæðu til að fara um hana mjög mörgum orðum. En ég vil undirstrika mikilvægi þess að við Íslendingar lítum nú á nýja kosti í umhverfi okkar. Við þurfum að beina sjónum að okkar eigin umhverfi. Það er í raun og veru skylda hvers einasta Íslendings, ef svo má að orði komast, að hugsa með sjálfum sér: Hvað get ég gert hér í mínu eigin umhverfi til þess að bæta bæði mannlífið og atvinnulífið?

Það er einmitt m.a. þetta sem tillagan gengur út á, að rannsakað verði á hvern hátt megi hagnýta orku sjávarfalla til styrktar þjóðinni í framtíðinni. Það er ljóst og hefur oft komið fram í umræðum hér á Alþingi undanfarin ár að sérstaklega landsbyggðin á í vök að verjast í atvinnumálum sínum. Við kvennalistakonur höfum oft bent á nauðsyn þess að huga að smáiðnaði og reyna að byggja upp smáfyrirtæki sem víðast um landið í því skyni að skapa fjölbreytilega atvinnu. Einnig höfum við oft og einatt bent á að það eru einkum konur úti á landsbyggðinni sem eiga í vök að verjast á vinnumarkaðinum og því er nauðsynlegt að huga sérstaklega að atvinnusköpun fyrir konur.

Það er í raun og veru áhyggjuefni hversu andvaralausir Íslendingar eru gagnvart yfirvofandi orkuskorti í heiminum. Það er viðurkennt, t.d. í skýrslunni sem kennd er við Gro Harlem Brundtland, að þær olíulindir sem þekktar eru í heiminum duga aðeins til 30 eða 60 ára miðað við þá notkun sem nú er. Allar áætlanir gera ráð fyrir aukinni notkun, ekki síst með tæknivæðingu og iðnþróun í þeim heimshlutum þar sem ekki hefur verið mikið um slíkt hingað til. Það er í raun og veru líka dálítið áhyggjuefni að sú skoðun og trú virðist útbreidd að olía sé framleidd. Það höfum við fengið að heyra í fjölmiðlunum núna síðustu vikurnar hvað eftir annað, að þar er talað um olíuframleiðslu.

Við Íslendingar eigum því láni að fagna að eiga mikla orku í okkar fallvötnum. En hér er sem sagt lagt til að líta á nýja leið í þessum efnum, að athuga hvort ekki megi virkja sjávarföll til atvinnuuppbyggingar eða annarrar orkunotkunar. Hv. flm. minntist á vetni og þá till. sem kvennalistakonur fluttu um könnun á framleiðslu vetnis hér á landi fyrr á þessu þingi. Það er mjög mikilvægur kostur sem okkur ber að líta á, því á þeim tímum sem við nú lifum vitum við svo sem lítið hvað næsta framtíð ber í skauti sér. Að ónefndum þeim kostum sem vetnið hefur í för með sér er það laust við mengun og bygging vetnisverksmiðja kostar ekki rask á náttúrunni eins og t.d. þegar stórfljót eru virkjuð og lón mynduð, samanber það sem er að gerast við Blönduvirkjun eða í nágrenni hennar. Ég vil benda á að t.d. Frakkar, sem ekki eiga mikið af fallvötnum í sínu landi, hafa einmitt gert nokkuð af því að virkja sjávarföllin fyrir utan strandir Bretagne og fengið þannig raforku til notkunar.

Ég vildi með þessum örfáu orðum lýsa stuðningi mínum við till. Ég vona að hún fái góða og jákvæða afgreiðslu hér í þinginu því eins og ég minntist á í upphafi máls míns þá er mikilvægt að hver einasti maður hugleiði hvað hægt sé að gera til að leita nýrra leiða í að nýta það sem náttúran og umhverfi okkar hefur upp á að bjóða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

EFRI DEILD

44. fundur, þriðjudaginn 22. jan., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Halldór Ásgrímsson."

Þetta er ritað til forseta Ed.

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi

og er boðinn velkominn til starfa.

Sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák, frh. 1. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 344.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í þessari umræðu, er ég mælti fyrir frv. til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák skömmu fyrir jól, var á því áhugi að fjölga þeim aðilum sem þátttakendur yrðu í rekstri þessa fyrirhugaða happdrættis. Sá tími sem síðan er liðinn hefur verið nýttur til þess að efna til viðræðna við þá aðila sem nefndir voru í þessu sambandi.

Þær viðræður hafa nú skilað þeim árangri að samkomulag hefur orðið með Landssambandi flugbjörgunarsveita, Slysavarnafélagi Íslands, Landssambandi hjálparsveita skáta, Rauða krossi Íslands og Skáksambandi Íslands um rekstur happdrættis af þessu tagi ef lagaheimild fæst til þess hér á hinu háa Alþingi. Ég vildi gera grein fyrir þeim tillögum til breytinga á frv. sem af þessu leiða og ég mun leggja til við hv. allshn. þessarar deildar er málinu hefur verið vísað til hennar.

Fyrst vil ég leggja til að nafni frv. verði breytt þannig að það heiti „Frumvarp til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings björgunarmálum og skák". Þar sem happdrættinu er ætlað að styrkja fleiri þætti björgunarmála en flugbjörgun er eðlilegt að breyta nafninu á þennan veg.

Þá vil ég gera nokkra grein fyrir helstu breytingum á einstökum greinum sem ég mun leggja til við hv. allshn. Samkomulag er á milli björgunaraðilanna, þ.e. Landssambands flugbjörgunarsveita, Slysavarnafélags Íslands, Landssambands hjálparsveita skáta og Rauða kross Íslands innbyrðis og milli þeirra og Skáksambandsins um að eðlilegt sé að þessir aðilar standi saman að happdrættinu. Ég mun leggja til að tekið verði upp leyfisgjald af happdrættinu þannig að 20% af nettóársagnaði þess renni til starfsemi Rannsóknaráðs ríkisins. Þar sem hér er um að ræða ígildi peningahappdrættis þykir eðlilegt að það sé látið sitja við sama borð og Happdrætti Háskóla Íslands sem greiðir 20% af nettóhagnaði sínum til sömu starfsemi, þ.e. til Rannsóknaráðs ríkisins.

Jafnframt þessu er gert ráð fyrir að Landssamband flugbjörgunarsveita, Slysavarnafélag Íslands, Landssamband hjálparsveita skáta og Rauði kross Íslands, sem ég nefni einu nafni björgunarsamtökin, hafi meiri hluta í stjórn happdrættisins, enda eru þau samsett úr fjórum landssamböndum. Loks mun ég leggja til að ágóða af happdrættinu skuli varið þannig að 37,5% hans renni til björgunarsamtakanna, 12,5% til Skáksambands Íslands og það sem eftir er, 50%, renni í þyrlu- og björgunarsjóðinn.

Sú skipting sem lögð er til á ágóða af happdrættinu er í samræmi við samkomulag félaganna sem að happdrættinu mundu standa. Björgunarsamtökin ákveða sjálf hvernig þeirra hluti skiptist milli hinna einstöku sambanda.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og nefndin taki þessar tillögur, sem ég hef gert hér nokkra grein fyrir og mun koma skriflega á framfæri við nefndina, til meðferðar í starfi sínu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þegar mál þetta var lagt fram af hálfu hæstv. ráðherra einum eða tveimur dögum fyrir þinghlé um jólin andmælti ég því að þetta frv. kæmi frekar fyrir til umræðu eða því yrði vísað til nefndar. Raunar kom fram hjá ráðherra sjálfum í hans framsögu að hann hygðist gera breytingar á frv. og hafa samráð við nefnd um það. Það var sem sagt ekki fullsmíðað þá. Það hefur komið núna í ljós að ráðherra hefur hugsað sitt mál og ber nú fram nokkuð breytt frv., þ.e. leggur fram brtt. sem munu koma til nefndar.

En það var ekki eingöngu það að það var tímaþröng hér, eins og allir vita, og þetta mál hafði ekki verið á neinum listum frá stjórninni um að það ætti að takast fyrir. Ef það hefði verið einfalt mál, þá hefði kannski getað gengið að taka það fyrir og hafa það í meðferð þingsins í einn eða tvo daga. Svo var ekki gert og ég er ráðherra þakklátur fyrir að reyna ekki að knýja það fram. Það hefði auðvitað verið til ófarnaðar. Ég fyrir mína parta hefði reynt að stöðva það á öðru stigi þá af því að mér líst ekki á frv. í heild sinni.

Aðalatriðið er auðvitað, og það vita allir, að það sem er verið að gera hér er að reyna að ná fé öðruvísi en með sköttunum til nytjaþarfa. Það væri hægt auðvitað að samþykkja frv. um nánast allt það sem er í fjárlögum og lánsfjárlögum til þess að létta á ríkissjóði. Undirrótin er auðvitað sú að ráðherra gat ekki fengið fé í ýmislegt af því sem hann vildi gjarnan koma fram. Það er svo með okkur öll að við komum ekki fram okkar mestu áhugamálum, en það er ekkert sýnt að það eigi að gera það í þessu tilfelli nákvæmlega á þann veg sem ráðherra álítur. Hann er sjálfsagt eins og við önnur efins um að þetta sé rétta leiðin. Að því er slysavarnir varðar er það auðvitað fyrst og síðast Landhelgisgæslan sem á að styrkja og svo okkar gamla slysavarnafélag þó að síst haldi ég fram að þau samtök sem um ræðir í þessu frv., eins og það er nú breytt, séu ekki hin nytsamlegustu og þjóðarnauðsyn að styðja við bakið á þeim. Það er alveg ljóst.

Ég held að allt þetta mál þurfi að athugast mjög rækilega. Svo vill til að ég er í þeirri nefnd sem hæstv. ráðherra leggur til að málinu verði vísað til og mun ég a.m.k. reyna að skoða það til hlítar og lýsi sérstaklega eftir því að þeir sem hugsa um þessi mál og hafa eytt gífurlegum kröftum í þessi málefni öllsömul, skákina náttúrlega líka þó að það sé einkennilegt að blanda skák saman við slysavarnir, látum það vera, ekki bara

hugsi þetta mál heldur komi athugasemdum sínum á framfæri við nefndina. Það verður nægur tími til þess. Ég mun sjá um að menn fái að athuga þetta frv. mjög rækilega. Það er meingallað, líka eins og lagt er til að breyta því, en við skulum skoða málið með velvild og rasa ekki um ráð fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

43. fundur, þriðjudaginn 22. jan., kl. 2 miðdegis.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Frv. JSS, 218. mál (aukaskattkort námsmanna). — Þskj. 280.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessi breyting varðar 5. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 90/1987, um að þar bætist nýr málsliður við svohljóðandi: „Námsmenn við framhaldsskóla, sem lögheimili eiga á stöðum þar sem engir slíkir skólar eru fyrir hendi og hafa ekki nýtt persónuafslátt sinn að fullu við upphaf haustmissiris, eiga rétt á aukaskattkorti frá skattstjóra til ráðstöfunar fyrir foreldri eða viðurkenndan fjárhaldsmann þar sem tilgreindur er sá persónuafsláttur sem fyrirsjáanlegt er að námsmaðurinn nýtir ekki."

Þetta á sem sagt við framhaldsskólabörn sem búa á þeim stöðum þar sem framhaldsskólar eru ekki fyrir hendi og mun ég leiða nokkur rök að þessu máli.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda gera ráð fyrir því að launamaður, sem stundar nám í a.m.k. sex mánuði á ári en er í launuðu starfi yfir sumarmánuðina, geti sótt um að fá námsmannaskattkort hjá ríkisskattstjóra sem beri hærri mánaðarlegan persónuafslátt en aðalskattkort. Námsmaður við viðurkennda framhaldsskóla hefur þannig tvö skattkort til afnota fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst.

Nú þarf námsmaðurinn að hafa tiltölulega góð laun þessa þrjá mánuði til að fullnýta persónuafslátt sinn sem er einnig leið til að fjármagna námið. Fullvíst má telja að í fæstum tilvikum séu laun námsmanna þennan stutta tíma það góð að þau endist til framfærslu allt skólaárið. Aðstoð þarf því í flestum tilvikum að koma til frá foreldrum eða fjárhaldsmönnum. Framhaldsskólanemendur njóta ekki námslána fyrr en á háskólastigi.

Í eldri skattalögum nutu foreldrar og fjárhaldsmenn afsláttar vegna námskostnaðar barna sinna í framhaldsskólum. Í núgildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda er ekki gert ráð fyrir slíku, en þó er gefinn kostur á persónuafslætti námsmannsins sem oftast er sýnd veiði en ekki gefin.

Sérstakan kostnað umfram aðra hafa nemendur í framhaldsskólum og foreldrar þeirra þegar sækja þarf skóla í önnur byggðarlög. Það felst veruleg mismunun í því fyrir margt landsbyggðarfólk að geta ekki veitt börnum sínum fæði og húsnæði í heimahúsum meðan á framhaldsskólagöngu stendur, heldur verða að senda þau um langan veg með ærnum tilkostnaði.

Ég veit því miður um mörg tilfelli, allt of mörg, þar sem m.a.s. börn sem hafa haft hæstu einkunnir í samræmdum prófum hafa ekki getað stundað nám vegna þess að þau þurfti að senda um langan veg, þau fengu ekki inni í heimavist, fengu ekki inni í mötuneyti þannig að það var foreldrum þeirra ofviða að senda þau til náms og það á þeim tímum sem við lifum í dag. Þetta eru aðstæður sem við héldum að tilheyrðu upphafi aldarinnar en því miður búum við við þetta í dag.

Þessu frv. er ætlað að bæta úr þessum aðstöðumun til menntunar í landinu þannig að landsbyggðarfólki, sem ekki býr á framhaldsskólastöðum, gefist kostur á að fullnýta þann persónuafslátt námsmanna sem skattalögin hvort eð er bjóða upp á, ef það yrði þá til þess að þau gætu sent börn sín til mennta eins og aðrir geta sem búa upp við skólavegg.

Samkvæmt 1. gr. þessa frv. eiga námsmenn í framhaldsskólum, sem sjaldnast eru í hjónabandi eða í sambúð, sama rétt og makar og fólk í sambúð til að framvísa skattkortum sínum til ráðstöfunar, í þessu tilfelli til foreldra eða fjárhaldsmanns. Þessi réttarbót er ætluð til að jafna aðstöðumun til menntunar og er því bundin við lögheimili fjarri framhaldsskólum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. JSS, 217. mál (veiðiréttur). — Þskj. 279.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Þar segir að við 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: „sala og útleiga veiðiréttar er þó skattskyld."

Ég lagði þetta frv. inn í nóvember sl. Í desember sl. flutti ég svipaða brtt. við stjfrv. um virðisaukaskatt sem laut að því að gera veiðileyfi hvers konar skattskyld. Þessa brtt. flutti ég ásamt nokkrum samþingmönnum mínum.

Það hefur verið eitt meginatriði hinna nýju virðisaukaskattslaga að þau eru án teljanlegra undantekninga. Þess vegna vekja athygli þær undantekningar sem

ekki eiga sér menningarlega, félagslega eða þjóðhagslega afsökun þegar engin skynsamleg rök eru til fyrir því að þau atriði séu endilega skattfrjáls. Eitt þessara atriða eru veiðileyfi hvers konar en skattfrelsi þeirra virðist vart hægt að styðja með neinum skynsamlegum rökum miðað við fjölmarga hluti hins daglega lífs sem hinn venjulegi borgari þessa lands getur ekki veitt sér nema greiða af þeim virðisaukaskatt. Það er því alveg einsýnt að þeir sem ótilneyddir verða sér úti um laxveiði-, silungsveiði- eða fuglaveiðileyfi sér til ánægju geti líkt og aðrir lagt eitthvað til samneyslunnar. Verðlagning slíkra veiðileyfa virðist oftast nær heldur ekki vera í neinu samræmi við þann tilkostnað sem lagt er í af veiðisölumönnum þannig að þessi skattlagning ætti að færa ríkissjóði nokkrar tekjur.

Í Dagblaðinu frá 15. des. sl. kemur fram í viðtali við formann Stangveiðifélags Reykjavíkur að marga tugi milljóna þurfi að greiða fyrir veiðirétt á laxveiðiám og þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Bændur við þessar veiðiár vilja alltaf meira og meira þó veiðin sé alls ekki góð sumar eftir sumar."

Í annari grein í Dagblaðinu frá fimmtudeginum 27. des. er svo yfirlit yfir hvað hinar og þessar ár kosta og hvað veiðidagurinn kemur til með að kosta. Hálfur veiðidagur er allt frá 6–11 þús. kr. upp í 45–50 þús. kr. þannig að það er augljóst að kostnaður við slíkar ár er gífurlegur og það er sagt að veltan fyrir laxveiðiár í landinu nemi hundruðum millj. kr.

Það er hins vegar alveg ljóst að með þessu frv. er ekki lagt til að keypt eða útleigð aflahlutdeild fiskiskipa verði skattskyld. Þetta atriði er nánar rökstutt í bréfi fulltrúa ríkisskattstjóra sem lagt er fram sem fskj. með þessu frv., en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Þannig er meginregla að aflakvóti fiskiskips fylgir við eigendaskipti þess, ... Heimilt er með vissum takmörkunum að selja veiðikvóta sérstaklega, ... en einnig í þeim tilvikum ber alltaf að tengja þessi réttindi við ákveðin skip.

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt er sala og útleiga skipa undanþegin skattskyldri veltu. Ríkisskattstjóri túlkar lagaákvæði þetta þannig að það taki til aflahlutdeildar sem seld er með skipi eða leigð með skipi. ...

Samkvæmt framansögðu ber að áliti ríkisskattstjóra ekki að reikna útskatt á sölu eða leigu aflakvóta, hvort sem hann er seldur eða leigður sérstaklega um lengri eða skemmri tíma eða seldur eða leigður með skipi."

Þetta frv. snertir því ekki aflahlutdeild fiskiskipa, heldur varðar einungis laxveiðileyfi og silungsveiðileyfi í ám og vötnum, svo og skotveiðileyfi á landi.

Þetta er réttlætismál miðað við tildrög málsins og þetta sinnir þeirri beiðni fjmrh. og þeirra fjárveitinganefndarmanna að þingmenn leggi ekki fram útgjaldafrv., eins og ég gerði hér áðan um nýtingu persónuafsláttar á námsmannakortum framhaldsskólanema frá stöðum sem ekki hafa slíka skóla, nema tillaga sé um leið gerð um það hvernig fjármagna megi þau útgjöld. Virðisaukaskattur á veiðileyfi ætti að gefa ríkissjóði nægar tekjur til að standa undir þessum útgjaldaauka. Ég hef lagt fram tillögu um aukningu útgjalda og hreyft þar réttlætismáli og ég hef sýnt fram á hvernig megi fjármagna það á réttlátan hátt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 1. umr.

Frv. RA, 222. mál (síldar- og loðnubræðslur o.fl.). — Þskj. 284.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég flyt hérna frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Þannig er mál með vexti að við gerð kjarasamninga á árinu 1988 var samið um ákvæði sem gilda um greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta fastráðins fiskvinnslufólks. Vinnuveitandi, sem hefur skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, á rétt á, þegar stöðva þarf vinnslu tímabundið vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi til vinnslu, að fá greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo sem fyrirtækið heldur starfsmönnum á launaskrá.

Greiðsla þessi nemur fjárhæð hámarksdagpeninga skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/1981 fyrir hvern starfsmann í fullu starfi sem orðið hefur verkefnalaus vegna stöðvunarinnar meðan hún varir, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn og aldrei lengur en í sex vikur á hverju almanaksári.

Þessi ákvæði voru lögtekin með lögum nr. 34 18. maí 1988.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hve mikilvæg lög þessi eru fyrir fiskvinnslufólk. En sá er gallinn á þessum lögum að hugtakið „fiskvinnslufólk" hefur verið túlkað í mjög þröngri merkingu og lögin hafa ekki verið talin ná til þeirra sem vinna að síldar- eða loðnubræðslu eða niðursuðu og niðurlagningu.

Frv. er ætlað að bæta úr þessu. Hér er því í frv. ný skilgreining á fiskvinnslu þar sem tekið er af skarið um að hvers konar fiskvinnsla falli undir þessi lög.

Þannig er gert ráð fyrir því að á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein sem verði svohljóðandi, og þar er sem sagt reynt að skilgreina þetta hugtak, fiskvinnslufólk:

„Til fiskvinnslufólks teljast allir þeir sem starfa að vinnslu sjávarafurða hér á landi en með því er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með talin bræðsla og mjölvinnsla."

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 439.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

44. fundur, þriðjudaginn 22. jan., kl. 2.30 miðdegis.

Ástand mála í Eystrasaltsríkjunum.
Skýrsla utanrrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Ég vil byrja þessa greinargerð mína um ferð í boði stjórnvalda til Eystrasaltsríkjanna þriggja með því að flytja kveðjur og þakkir Landsbergis, forseta Litáens, til Alþingis Íslendinga með einlægum þökkum fyrir þann stuðning sem Alþingi hefur staðfastlega og ítrekað veitt Litáum á örlagastundu í sjálfstæðisbaráttu þeirra.

Tilefni minnar ferðar til Eystrasaltsríkja var það að mér barst orðsending fyrir milligöngu upplýsingaskrifstofu Litáens í Ósló frá forseta Litáens, Landsbergis, þar sem hann beindi brýnu neyðarkalli til okkar, til ríkisstjórnar Íslands, um aðstoð og aðgerðir til stuðnings sjálfstæðisbaráttunni. Og í lok þeirrar orðsendingar lét hann þess getið að fátt væri jafn vel þegið á þessari stundu eins og það ef utanríkisráðherra Íslands, annarra Norðurlanda og ráðherrar og fulltrúar þjóðþinga vildu á þessum alvarlegu tímum sýna samstöðu sína í verki með baráttu þessarar þjóðar fyrir sjálfstæði og fullveldi með nærveru sinni í þjóðþingum þessara landa.

Þá bar það til að efnt var til fundar í Helsinki milli forustumanna jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum með formönnum og sendinefndum jafnaðarmannaflokka í öllum Eystrasaltslöndunum þremur og reyndar jafnaðarmannaflokks Rússlands. Þessi ráðstefna fór fram í Helsinki, fjallaði um stöðu manna í Eystrasaltslöndun og gerði um það ályktun daginn áður en ég fór í ferð mína til Eystrasaltslandanna.

Það var góður aðdragandi að ferðinni vegna þess að það var góður tími til þess að ræða milliliðalaust við fulltrúa stjórnmálaafla innan lýðræðisaflanna í þessum löndum og auðveldaði undirrituðum að átta sig á stöðunni að nokkru leyti fyrir fram áður en haldið var í ferðina.

Tilefni þess að Landsbergis leitaði til ríkisstjórnar Íslands var það fyrst og fremst, að hann sagði sjálfur, að með okkar frumkvæði hefðum við á alþjóðavettvangi umfram flesta ef ekki alla aðra beitt okkur hvar sem við höfum haft til þess aðstöðu til þess að láta málstað þeirra heyrast og til þess að hvetja aðra til stuðningsaðgerða. Þetta höfum við gert eins og hv. þm. er kunnugt um ekki hvað síst hér á hinu háa Alþingi með ályktunum Alþingis, en einnig alls staðar þar sem við höfum fengið því við komið í alþjóðlegu samstarfi, innan Evrópuráðsins, innan Atlantshafsbandalagsins, innan Norðurlandasamstarfs, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og ekki hvað síst innan Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, oftar en einu sinni og við mörg tækifæri, m.a. á ráðstefnu í Kaupmannahöfn þar sem fjallað var um mannréttindaþáttinn þar sem fulltrúi Íslands var sá eini í hinu evrópska samfélagi sem gerði það að meginefni sinnar ræðu að gera grein fyrir réttarstöðu þessara þjóða, rétti þeirra til sjálfstæðis og hinu siðferðilega kalli til lýðræðisríkjanna um að veita þeim einarðlegan stuðning.

Þá vík ég að efni míns máls. Ég vil skipta því í nokkra þætti. Í fyrsta lagi er að gera grein fyrir því við hverja var rætt. Í annan stað að lýsa því hér á hinu háa Alþingi hvernig ástandið kom þeim sem hér stendur fyrir sjónir og hvernig ég gat lagt á það mat, bæði af sjón og heyrn og af viðtölum við forustumenn. Þá vil ég fara nokkrum orðum um það hvaða skýringar eru gefnar af hálfu forustumanna sjálfstæðishreyfinga þessara landa á þeim ódæðisverkum sem framin hafa verið, hvað gengur þeim aðilum til, að hverju er stefnt. Undanfarna daga hafa orðið með nokkrum hætti þáttaskil í stöðu þessa máls sem ég vil gera grein fyrir og leggja mat á og að lokum spyrja þeirrar sjálfsögðu spurningar: Hverjar eru framtíðarhorfur, hvað er það sem við getum gert einir og sér eða í samstarfi við aðra til þess að forða hinu versta og stuðla að friðsamlegri lausn þessara deilumála í samræmi við grundvallarreglur alþjóðalaga og samskipta þjóða í milli?

Ég átti viðræður við forustumenn í löndunum þremur: Lettlandi, Litáen og Eistlandi, við forseta Litáens, forsætisráðherra, settan utanríkisráðherra, þá menn sem næstir þeim gengu og fjöldann allan af þingfulltrúum í þinginu í Vilnu. Ég átti viðræður við forseta Lettlands, Gorbunov, forsætisráðherra, staðgengil utanríkisráðherra, ýmsa aðra ráðherra í ríkisstjórn og fulltrúa þjóðþingsins fyrir utan það að þar gafst mér kostur á að ræða við fjöldann allan af fólki í höfuðborginni. Í Tallinn átti ég viðræður við forsætisráðherrann og utanríkisráðherrann, en forseti ríkisins var þá nýfarinn áleiðis til Moskvu að freista þess að ná fundi Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna.

Ég vil fyrst leyfa mér að lýsa ástandinu eins og það kom mér fyrir sjónir. Eftir að viðræðum var lokið við forráðamenn í Riga áttum við þess kost að fara um höfuðborgina í einar þrjár klukkustundir og sjá með

eigin augum hvað þar var á seyði. Það sem við blasti var þetta: Tugir þúsunda óvopnaðra borgara stóðu vörð um borgina, helstu stofnanir ríkisins, þingið, ráðuneyti, fjölmiðla og fleiri stofnanir. Þetta fólk var vopnlaust. Það hafði reist víggirðingar um borgina alla. Það var kalt og hráslagalegt. Bændur höfðu flutt til borgarinnar nægan eldivið til þess að fólk kveikti elda við helstu víggirðingar og ornaði sér, yfirleitt fátæklega eða tötrum klætt við eldinn. Mér kom þetta fyrir sjónir eins og borg í herkví, eins og óvopnuð uppreisn þjóðar til þess að verja lýðræði og sjálfstæði, en jafnframt var þetta andleg reynsla vegna þess að þarna var þjóðhátíð. Hvert sem litið var voru hópar fólks sem sungu ættjarðarsöngva og lögðu þar með áherslu á að þetta er ekki bara pólitísk barátta fyrir sjálfsögðum mannréttindum og stjórnarfarslegum réttindum. Þarna er þjóð komin að endalokum þeirrar þjáningar sem menn geta þolað eftir að hafa mátt una tilraun sem staðið hefur í rúma hálfa öld til þess að uppræta þjóðtungu og þjóðmenningu og gera borgara landsins að annars flokks borgurum í eigin landi. Þessir dagar verða ógleymanlegir hverjum þeim sem þessarar reynslu varð aðnjótandi.

Þarna ríkti mikil spenna af þeirri ástæðu að þetta var nokkrum dögum eftir að ódæðisverkin höfðu verið framin í Vilnu og allur þessi mannskari átti von á því að á hverri stundu yrði e.t.v. látið til skarar skríða. Í Vilnu var ástandið svipað. Þar stóð fólk þögulan vörð og þó ekki alltaf þögulan. Það söng ættjarðarsöngvana sína, það varði þinghúsið, það hafði reist götuvígi, en það var eins og spennan væri minni, fólk hafði séð framan í ofbeldið, vissi hverju það átti við að búast ef það yrði endurtekið og það beitti æðruleysi gagnvart þeim örlögum sem ekki yrðu umflúin.

Í Eistlandi er ástandið að því leyti betra að þar er meiri ró yfir hlutunum, þar er ekki eins næm tilfinning fyrir yfirvofandi hættuástandi þótt forustumenn drægju enga dul á það að röðin gæti komið að þeim hvenær sem væri. Þeir hafa víggirt aðsetur ríkisstjórnarinnar. Þegar ég tala um víggirðingar, þá á ég ekki við vopnaðar varnarsveitir heldur einfaldlega að fólk hefur flutt á staðinn allt sem tiltækt er, þungavinnuvélar, vöruflutningabíla og steinsteyptar blokkir til þess að torvelda aðgengi skriðdrekasveita eða brynvarinna vagna.

Þær tilfinningar sem bærast í brjósti manns þegar maður er þátttakandi í þessum atburðum eru kannski ekki skiljanlegar nema menn átti sig á því hvað á undan er gengið.

Það er ekki einasta að Eystrasaltsþjóðirnar hafi mátt þola það sem þátt í annarri heimsstyrjöld að verða fyrir vopnaðri innrás, hernámi og innlimun í annað ríki. Saga sovéska hernámsliðsins í þessum löndum og leppstjórna þeirra, sérstaklega frá stríðslokum fram til 1956, er glæpasaga. Niðurstaða þess stjórnarfars að því er varðar Eista er það að um fimmtungur þjóðarinnar fórst, ýmist með fjöldaaftökum eða í formi nauðungarflutninga í gúlagið þaðan sem fáir áttu afturkvæmt. Sömu sögu er að segja um hin ríkin en við þetta bættist síðan — fyrir utan hreinsanir og nauðungarflutninga sem stóðu yfir á hverju ári frá 1946 — þá var kerfisbundið að því unnið að uppræta þjóðtungu og menningu með því að banna að tala mætti á máli eigin þjóðar hvort heldur var í verslun, viðskiptum eða í æðri menntastofnunum og það var útilokað að stunda nám nema því aðeins að menn yndu því að tunga herraþjóðarinnar yrði skör hærri. Að sjálfsögðu var ritskoðun alger og ströng viðurlög við allri andlegri starfsemi í þágu þjóðernis og þjóðmenningar.

Ég hitti þarna tugi ef ekki hundruð fólks. Ekki einn einasti þeirra, ekki einn einasti maður sem ég hitti hafði aðra sögu að segja en þá að fjölskylda hans ætti með einum eða öðrum hætti um sárt að binda af völdum þessarar ógnarstjórnar. Þetta hefur staðið í hálfa öld. Þegar farið var að losa um þrælatökin fyrir nokkrum árum kom á daginn að þetta tilræði við þessar þjóðir og tilveru þeirra hafði mistekist. Tungumálið, menningin, þjóðarvitundin, þetta lifði sem aldrei fyrr. Og það er einmitt þess vegna sem fólkið á götunum, sem hefur ekkert sér til varnar annað en sannfæringu sína, réttlæti og siðgæðisvitund, syngur.

Ef lýsa á mati forustumanna þessara þjóða á því hvað er að gerast, hverjir eru það sem hafa beitt sérsveitum til ofbeldisverka, hvað gengur þeim til, hvaða áætlanir búa þar að baki, hver er tilgangurinn, að hverju er stefnt, þá er það sameiginlegt mat þeirra allra og um það er enginn ágreiningur að hér sé unnið eftir kerfisbundinni áætlun. Það er mat þeirra að menn í innsta hring í æðstu stjórn Sovétríkjanna hafi talið óumflýjanlegt að láta til skarar skríða, kveða niður þessar sjálfstæðishreyfingar, gera þessi þjóðþing brottræk, koma á leppstjórnum í nafni þess að koma á lögum og reglum og forða upplausn. Það er talið að að þessari áætlun hafi staðið forsetaembættið í Sovétríkjunum, varnarmálaráðuneytið, leynilögreglan KGB og innanríkisráðuneytið, sem reyndar stýrir þeim sérsveitum sem beitt hefur verið í upphafi.

Það munu hafa verið áformin, og fyrir þessu telja menn sig hafa traustar heimildir, að láta til skarar skríða af fullum þunga um það leyti sem Persaflóastríð hæfist þannig að þetta mætti gerast meðan hið veraldlega samfélag liti undan eða til annarrar áttar, en þetta ætti að gerast í nokkrum áföngum og þá þannig að byrja með því að efna til ofbeldisaðgerða með sérsveitum. Þær eru ýmist fallhlífarhermenn eða svokallaðar Svarthúfusveitir sem eru sérstakar sveitir ofbeldisseggja á vegum innanríkisráðuneytisins. Þannig átti að skapa tilefni til átaka, helst af öllu að egna Eystrasaltsþjóðirnar eða almenning til mótstöðu með vopnavaldi þannig að unnt væri að búa sér til tilefni til yfirtöku með fullum herstyrk.

Þegar spurt er hvers vegna þessu hafi ekki verið framfylgt, þá eru ýmsar skýringar á því. Þeim sem að þessari áætlun stóðu mun hafa komið á óvart að þegar uppvíst var um hvert stefndi þá tóku nánast þjóðirnar sjálfar í taumana og gerðu mönnum það skiljanlegt með nærveru sinni að ef valdi yrði beitt þá yrði það blóðbað og það blóðbað yrði mikið.

Í annan stað mun það hafa komið á óvart eftir fyrstu morðin í Vilnu að viðbrögð manna og þjóða og stofn-

ana á Vesturlöndum urðu sterkari heldur en búist var við. Og þau voru það. Þau voru sneggri og þau voru ákveðnari og um það eru mörg dæmi.

Almennt hafði verið ráð fyrir því gert að forusturíki Vesturlanda, eins og Bandaríkin, teldu sig eiga of mikið í húfi vegna samstöðunnar í átökunum við Persaflóa til þess að þau treystu sér til að styggja valdhafa í Kreml. Einnig var vitað að þýska ríkisstjórnin taldi sig mjög skuldbundna forseta Sovétríkjanna eftir samþykki hans við sameiningu Þýskalands og áframhaldandi veru Þýskalands í Atlantshafsbandalaginu, þannig að þeir treystu því að viðbrögð yrðu linleg og þess vegna væri rétti tíminn til að láta til skarar skríða nú.

En viðbrögðin urðu miklu sterkari. Það má minna á að alls staðar á Vesturlöndum voru sendiherrar Sovétríkjanna kallaðir fyrir þegar í stað. Þessu var harðlega mótmælt. Það var varað við afleiðingunum. Ég minni á það sem gerðist hér, forsrh. íslensku ríkisstjórnarinnar skrifaði þegar bréf þar sem hann kvað fastar að orði heldur en kollegar hans aðrir á Norðurlöndum. Sameiginlega gerðu forsætisráðherrar Norðurlanda það hið sama og að sjálfsögðu utanríkisráðherrar.

Til þess að verða við óskum Landsbergis beitti ég mér fyrir því að fá þetta mál tekið upp innan Sameinuðu þjóðanna á vettvangi öryggisráðsins. Það gerði ég í samráði við aðra, fyrst innan samstarfsins við Norðurlönd þar sem eitt Norðurlandanna á fulltrúa í öryggisráðinu sem er Finnland. Það tókst því miður ekki. Einnig í samráði við Bandaríkin. Ég hef gert grein fyrir því í ríkisstjórn og í utanrmn. hvað gert hefur verið í þessu efni, hvað gera þarf til þess að það geti náð fram að ganga. Því máli er ekki lokið en það hefur ekki borið árangur. Þegar það bar ekki árangur þá beitti ég mér fyrir því að skrifa öllum utanríkisráðherrum Atlantshafsbandalagsríkja og reyndar bandalaginu sjálfu. Viðbrögðin voru afar góð og að því leyti óvænt að það hafði ekki gerst áður. Allir brugðust snarlega við og Atlantshafsbandalagið gaf út í fyrsta sinn varðandi þessi mál sameiginlega yfirlýsingu fyrir hönd allra aðildarríkja.

Ég legg á það áherslu, vegna þess að mér var gefið það rækilega til kynna í þessum viðtölum, að í Kreml er borin mikil virðing fyrir Atlantshafsbandalaginu og þótti miklum tíðindum sæta sú samstaða sem þarna náðist og einnig þær tillögur sem strax komu fram innan Evrópubandalagsins, reyndar að frumkvæði starfsbróður míns Uffe Ellemans Jensens, um það að bandalagið endurskoðaði allar áætlanir sínar um efnahags- og fjárhagslega aðstoð við miðstjórnarvaldið í Moskvu. Þetta kom á óvart.

En það var kannski þriðji þáttur þessa máls sem skipti mest sköpum og ég vil leggja á höfuðáherslu. Þegar í stað eftir að ljóst var um ódæðisverkin í Vilnu bar það til tíðinda að forseti Rússlands, Boris Jeltsín, kom á að eigin frumkvæði fundi sínum og forseta Eystrasaltslandanna allra að undanteknum Landsbergis sem ekki gat sótt þann fund. Á þessum fundi gerðu þeir með sér og undirrituðu samning sem m.a. felur í sér óskoraða viðurkenningu, gagnkvæma, Rússlands á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og gagnkvæmt Eystrasaltsríkjanna á Rússlandi sem sjálfstæðu ríki.

Þess skal að vísu getið að vegna þjóðréttarlegrar sérstöðu Litáens þá er sá samningur ekki undirritaður enn að því er þá varðar, þarfnast endurskoðunar, en ef ég hef réttar upplýsingar þá liggur þessi sögulegi samningur nú fyrir til staðfestingar í rússneska þinginu í dag og á morgun.

Forseti Rússlands lýsti því jafnframt yfir í útvarpsávarpi til rauða hersins að samkvæmt lögum rússneska ríkisins væri hverjum þegn þess sem þjónaði í rauða hernum óheimilt að bera vopn og beita vopnum utan landamæra ríkisins án þess að það væri samkvæmt fyrirskipun réttra rússneskra stjórnvalda.

Þriðja málið sem hann gerði var að hann lýsti því yfir í rússneska þinginu, þegar samningurinn var kynntur, að hann mundi innan tíðar, reyndar fyrir lok þessa mánaðar, leggja fram lagafrv. þar sem rússneska ríkið tæki í sínar hendur alla yfirstjórn varnarmála og þar með hersins að því er varðaði rússneska ríkið. Hann hefur enn fylgt þessu eftir með því að boða innan hálfs mánaðar til fundar fjögurra ríkja, Rússlands, Úkraínu, Hvíta-Rússlands og Kasakstans, þar sem hann hyggst beita sér fyrir undirritun sambandslagasamnings þessara ríkja sem byggir á allt öðrum hugmyndum en þeim sem forseti Sovétríkjanna hefur að undanförnu sagst vilja koma fram og þvinga ríkin til undirskriftar að. Þessi sáttmáli byggir á því að þarna eru fjögur fullvalda ríki, hvert um sig hefur forsvar og forræði eigin mála að fullu og öllu leyti, þar með talin varnarmál og hermál, en mynda með sér ríkjabandalag um einn þjóðhöfðingja og e.t.v. sameiginlega utanríkisstefnu.

Þetta eru mikil tíðindi og þetta var það mál sem mest var rætt í öllum pólitískum viðræðum mínum við forustumenn Eystrasaltsríkjanna vegna þess að þeir sögðu einfaldlega: Þegar þúsundirnar eða hundruð þúsundanna komu saman í Moskvu til þess að mótmæla olbeldisverkum sérsveitanna í Rígu, þá var það meginstefið í ræðum manna og blasti við á skiltum: Vilna í gær, Ríga í dag, Moskva á morgun.

Forustumenn Eystrasaltsríkjanna sögðu: Þetta eru svo söguleg tíðindi að menn um allan heim, ekki bara við heldur forustumenn vestrænna ríkja og allra þjóða í samfélagi þjóðanna, hljóta að bregðast við með einum eða öðrum hætti. Þau átök sem nú fara fram hér eru ekki lengur bara átök þriggja smáþjóða sem eru að berjast fyrir lífi sínu og sjálfstæði. Þetta eru orðin átök milli lýðræðisaflanna í því sem áður var nýlenduveldi Sovétríkjanna við leifar hins gamla kerfis sem er herinn, leynilögreglan, varnarmálaráðuneytið og leifarnar af Kommúnistaflokknum.

Að undanförnu hefur skapast tómarúm í Sovétríkjunum vegna stjórnleysis. Forseti Sovétríkjanna hefur með formlegum hætti safnað á sínar hendur meiri formlegum völdum heldur en Jósef Stalín hafði nokkru sinni. Á sama tíma hefur það smám saman verið að gerast að hin einstöku aðildarríki sambandsríkisins hafa verið að styrkja stöðu sína að mörgu leyti gegnum myndun lýðræðislega kjörinna þjóðþinga og lýðræðislega kjörinna sveitarstjórna, svo ég nefni dæmi, borg-

arstjórn Moskvu og borgarstjórn Leníngradborgar.

Forseti Sovétríkjanna gefur út tilskipanir sem stangast á við og brjóta í bága við lög og reglur þjóðríkjanna og ná ekki framkvæmd. Aðildarríkin, sem raunverulega hafa í reynd lýst yfir sjálfstæði, samþykkja lög og reglur en vegna valdastofnana alríkisins ná þær ekki fram að ganga. Sérstaklega hefur þetta hindrað að rússneska þingið geti komið í framkvæmd þeim umbótaáætlunum, lýðræðislegum, stjórnarfarslegum og efnahagslegum, sem eru þær einu umbótaáætlanir sem til eru í því landi, þ.e. um að skila landi til bænda, um það að leysa upp einokunarstofnanir miðstjórnarvaldsins og breyta þeim í fyrirtæki, koma á hlutabréfamarkaði, koma á myntsláttu, koma á sérstökum gjaldmiðli sem nothæfur væri í viðskiptum og koma á bankakerfi, breyta löggjöf þannig að unnt sé að stofna fyrirtæki og starfrækja fyrirtæki, þar með með aðild erlendra aðila, á grundvelli laga og réttar. Þessar áætlanir eru til, þær eru lögfestar en þær ná ekki fram að ganga vegna þess að það er stöðvað af miðstjórnarvaldinu. Þess vegna er tómarúm, þess vegna er upplausn, þess vegna er stjórnleysi.

Og ef menn vilja líta á málið frá hlið valdhafanna í Kreml, þá er nú svo komið að í örvæntingu sinni telja þeir ekki annað eftir en að beita þeim stofnunum sem einar eru starfhæfar eftir, her, lögreglu og sérsveitum, til þess að binda endi á þetta stjórnleysi en þar með á lýðræðisþróunina, þar með á umbótaþróunina.

Forustumenn Eystrasaltsríkjanna segja: Þetta hlýtur að knýja á um allsherjarendurskoðun á afstöðu vestrænna ríkja, og leggja á það áherslu að þar skiptir langsamlega mestu máli áform vestrænna ríkja um fjárhagslegan og efnahagslegan stuðning við miðstjórnarvaldið. Þeir segja einfaldlega: Í guðanna bænum stöðvið þessar áætlanir. Í guðanna bænum haldið ekki áfram að moka milljörðum dollara í tóma sjóði þessa miðstjórnarvalds. Þeir eru til þess að kosta það vald sem ætlar nú að kveða niður vonir manna um lýðræði og umbætur í Sovétríkjunum og mun að lokum halda uppi þeim hersveitum sem eiga að ganga milli bols og höfuðs á lýðræðis- og umbótaöflunum. Það getur ekki verið stefna vesturveldanna. Þess vegna er það meginatriðið. Endurskoðið þessa stefnu.

Þeir lögðu höfuðáherslu á það að það væri rétta leiðin sem birtist í ákvörðun Evrópubandalagsins um að frysta sínar áætlanir. Síðan sögðu þeir: Beinið þeim í aðrar áttir. Beinið þessum fjárhagsstuðningi þangað þar sem þessi aðstoð mun koma að gagni við að styrkja lýðræði og umbætur í sessi, til einstakra ríkja, Eystrasaltsríkjanna og til Rússlands. Þar munuð þið finna að er bæði pólitískur vilji og skilningur og tillögur um það hvernig þessu megi hrinda í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Þegar komið er að þeirri spurningu hverjar eru horfurnar fram undan og hvað getum við gert, þá er það ekki á mínu valdi að svara því nema á mjög ófullkominn máta. Það er algjör óvissa ríkjandi um framhaldið. Menn búast við hinu versta, menn vita ekki betur en enn verði reynt að halda þessari áætlun til streitu, en menn bíða og spyrja sjálfa sig: Munu mótmælaaðgerðir, munu aðgerðir vestrænna ríkja til þess að þrýsta á miðstjórnarvaldið til að beygja af þessari braut, munu þær duga? Hvað er það annað sem þarf að gera til að þessi skilaboð komist áleiðis og hafi áhrif? Duga þau? Er valdhöfum í Sovétríkjunum í mun að bjarga því sem bjargað verður af þeim ávinningi sem þó þrátt fyrir allt hefur náðst af þeirri stefnu sem kennd var við perestrojku og glasnost? Vegna þess að við megum ekki gleyma því að sá ávinningur er umtalsverður.

Það er í skjóli þeirrar stefnu sem fyrstu skrefin voru stigin í þá átt að opna fyrir pólitíska og lýðræðislega umræðu í Sovétríkjunum sjálfum. Það er undir formerkjum þeirrar stefnu sem stjórnarskrárbundin valdaeinokun Kommúnistaflokksins var afnumin. Það er fyrir þá sök að Gorbatsjov forseti lét undir höfuð leggjast eða afsalaði sér því valdi að beita hernum að hin lýðræðislega bylting í Austur-Evrópu náði fram að ganga. Og það ber ekki að gleyma því að hið gerbreytta alþjóðlega andrúmsloft sem skapaðist á grundvelli þessarar stefnu leiddi til árangurs. Hann leiddi til árangurs að því er varðaði hinn nýja mannréttindasáttmála Evrópu, Helsinki-sáttmálann. Hann leiddi til stórkostlegustu afvopnunarsamninga sem nokkurn tímann hafa verið gerðir í sögu Evrópu og eru þegar undirritaðir og kveða á um eyðileggingu vopna með meiri eyðingarmætti heldur en beitt var í allri seinni heimsstyrjöldinni. Hann leiddi til Parísaryfirlýsingarinnar þar sem við sjáum undirritaða með eigin hendi Gorbatsjovs og Sjévardnadses yfirlýsingu um nýtt tímabil í samskiptum Evrópuþjóða sem skuli byggð framvegis á grundvallarreglum alþjóðalaga, sem skuli byggð á grundvallarreglum um virðingu á sjálfsstjórnarrétti þjóða, rétti þjóða til sjálfstæðis og fullveldis, skuli byggð á grundvallarreglum um virðingu fyrir mannréttindum o.s.frv.

Þegar við spyrjum hvað við getum gert til þess að forða ógæfunni og beina Sovétstjórninni frá þeirri ógæfulegu stefnu sem nú stefnir í þá er það náttúrlega númer eitt að halda þeim við þessar skuldbindingar, að krefjast þess að við þær verði staðið. Og ef ekki fæst fullvissa um að svo verði, að endurskoða þá alla þá afstöðu sem við höfum, ekki kannski fyrst og fremst til að stöðva aðstoð við Sovétríkin eða þessar þjóðir, heldur til þess að beina aðstoðinni ekki til miðstjórnarvaldsins, sem svo ógæfulega heldur á málum, heldur til þeirra sem eru í fararbroddi fyrir lýðræðislegum umbótum og þar sem þetta getur komið að notum.

Ef spurt er um einstakar tillögur þá nefni ég þessar sem mönnum voru efst í huga: Hvað getum við gert?

Í fyrsta lagi: Eflum samskipti þjóðþinganna. Þjóðþingin, þjóðfundirnir í þessum löndum eru meginstofnun lýðræðisins. Við verðum að verja þjóðþingin og bein og milliliðalaus samskipti þjóðþinganna er kannski það sem ætti að gerast strax og fyrst. Sendið sendinefndir þingmanna. Megum við eiga von á því að það komi sendinefndir frá öllum þjóðþingum Evrópu? Frá Evrópuþinginu? Evrópuráðinu? Vilja þingmenn á Vesturlöndum beita sér fyrir því og hafa að því frumkvæði að þingin, þjóðþingin sjálf rétti hjálparhönd, sýni samstöðu í verki og taki með þeim vaktina í

Vilnu, Rígu og Tallinn.

Í öðru lagi: Gerið allt sem þið getið til þess að knýja Sovétstjórnina til að standa frammi fyrir skuldbindingum sínum. Þeir hafa undirritað Helsinki-lokaskjalið, þeir hafa undirritað Parísaryfirlýsinguna. Innan Ráðstefnunar um samvinnu og öryggi í Evrópu, takið þetta mál upp, haldið þeim við það efni, finnið leiðir til þess fram hjá erfiðum formsatriðum, þrátt fyrir neitunarvald Sovétríkjanna, að halda þeim við þetta efni. — Um þetta höfum við lagt þegar fram skriflegar tillögur sem ræddar voru í ríkisstjórn í morgun af okkar hálfu.

Í þriðja lagi: Vettvangur Sameinuðu þjóðanna. Hvað sem menn vilja segja um Sameinuðu þjóðirnar í upphafi þá hafa þær gegnt í sívaxandi mæli því hlutverki sem stofnendur þeirra ætluðust til. Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða kveður á um það hvernig haga skuli samskiptum þjóða. Þar er vettvangur vegna þess líka að Helsinki-ferillinn er innan ramma Sameinuðu þjóðanna. Takið upp málið innan Sameinuðu þjóðanna, ef ekki innan öryggisráðsins, þá á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Styðjið tillöguna, beitið ykkur fyrir tillögunni um það að þegar í stað verði kvödd saman alþjóðleg ráðstefna undir formerkjum Sameinuðu þjóðanna til þess að ræða hin pólitísku vandamál Eystrasaltsríkjanna og til þess í framhaldi af því að bjóða fram milligöngu einstakra ríkja, e.t.v. Norðurlandanna til að koma á raunverulegum samningum um það með hvaða hætti þessar þjóðir, þegar þær hafa endurheimt sjálfstæði sitt, geta framkvæmt það og náð rétti sínum í samningum við Sovétríkin.

Í fjórða lagi: Efnahagsaðstoðin. Ég hef reyndar þegar sagt það. Stoppið þetta. Beinið því þangað sem það kemur að notum. Fjármagnið ekki þá sem ætla að standa yfir höfuðsvörðum lýðræðis og umbóta í okkar heimshluta með vopnavaldi. Það skiptir höfuðmáli. Þar með biðja menn um að forustumenn lýðræðisþjóðanna í hópnum sem kenndur er við G-24 innan OECD, innan Evrópubandalagsins, innan Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, í nýja Evrópubankanum um þróun og fjárfestingar í Austur-Evrópu og í tvíhliða samskiptum ríkjanna. Hvað eru Bandaríkin, Þýskaland, Japan og Frakkland að gera? Ætlið þið að moka peningum í kistur rauða hersins? Samstaða alþjóðlegra samtaka. Það er lykilmálið.

Þá ætla ég að koma að máli sem hefur mikið verið rætt hér á heimavettvangi og varðar viðurkenningu á sjálfstæði þessara ríkja og spurninguna um það að taka upp svokölluð diplómatísk samskipti. Stundum virðist mér sem þetta hafi verið gert að meginmáli hér í umræðunni heima. Rifjum upp: Íslendingar hafa áréttað að þeir viðurkenndu sjálfstæði þessara ríkja á sínum tíma. Þeir hafa aldrei afturkallað þá viðurkenningu, þeir hafa aldrei fallist á innlimun þessara ríkja í Sovétríkin. Það skortir ekkert á að við höfum viðurkennt sjálfstæði þessara ríkja. En lítum á málið ögn nánar.

Það vill svo til að þjóðréttarleg staða þessara þriggja ríkja er nokkuð ólík innbyrðis, þ.e. hún er önnur að því er varðar Litáen heldur en Eistland og Lettland.

Í Eistlandi og Lettlandi voru gefnar út sjálfstæðisyfirlýsingar sem voru markmiðslýsingar um það að stefnt skuli að endurreisn hinna gömlu lýðveldа. Jafnframt voru settar upp starfsnefndir til þess að endurskoða stjórnarskrá og kosningalög. Síðan skal stefnt að lýðræðislegum kosningum og þar með myndun lýðræðislegs fulltrúaþings og myndun ríkisstjórnar sem raunverulega á grundvelli nýrrar stjórnarskrár endurreisi ríkin, því verki er ekki lokið, og hafi síðan það hlutverk að semja um framkvæmdaratriði um það hvernig þau verði losuð úr tengslum við Sovétríkin. Þetta er staðan að því er varðar Eistland og Lettland.

Og ég segi það hreinskilnislega af því að ég ræddi þetta mjög rækilega við forustumenn allra ríkjanna. Þeir óska ekki eftir því að við göngum lengra að því er varðar viðurkenningarmálin og segja: Það er ekki tímabært og ekki forsendur fyrir því að skiptast á sendifulltrúum, við höfum ekki stofnað okkar ríki. En þeir eru þakklátir fyrir þann stuðning sem við höfum veitt.

Það gegnir öðru máli að því er varðar Litáen. Litáen fór aðra leið. Sjálfstæðisyfirlýsing Litáens var yfirlýsing um endurreisn ríkis, um sjálfstæði Litáens frá og með þeim tíma. Þar með var því lýst yfir að sovésk stjórnarskrá og sovésk lög ættu ekki lengur við í því sjálfstæða ríki. Fulltrúar í fulltrúastofnunum innan miðstjórnarkerfisins, svo sem í þjóðfulltrúaþingi Sovétríkjanna í heild, voru kallaðir heim. Litáen er samkvæmt þessu sjálfstætt ríki nú þegar. Þeir hafa endurreist sitt gamla lýðveldi. Og það er fullkomlega eðlilegt mál að þeir óski eftir því, og það er þeirra sérstaða, að það verði viðurkennt sem nú þegar sjálfstætt ríki og síðan það skref tekið að efna til diplómatískra tengsla við það ríki.

Eins og kunnugt er hefur ekkert ríki enn tekið það skref að taka upp að fullu diplómatísk samskipti. Fjöldinn allur af ríkjum hefur sagt: Við viðurkennum sjálfstæði Litáens. Við gerðum það á sínum tíma. Við höfum ekki tekið það til baka. Sú viðurkenning er í fullu gildi. En spurningin um diplómatísk samskipti, ekkert ríki hefur enn gert það að fullu. Hins vegar hafa ýmis ríki reynt að gera það eftir öðrum leiðum. Og hvers vegna ekki? Þetta er ekki einhliða mál fyrir okkur að taka ákvörðun um. Þetta er tvíhliða mál fyrir okkur og viðtökuríkið að ná samningum um. Spurningin er sú ef við Íslendingar vildum gera það — og enginn efast um vilja okkar til þess, það held ég að enginn geri — að tilnefna sendiherra, sem sennilega sæti í einhverju öðru ríki, og koma síðan upp ræðismönnum, þá er það nú ekki stærra mál en það að það eru á því þeir framkvæmdarörðugleikar að ef sendiherrann ætti að koma til landsins til þess að afhenda skilríki sín og taka við útnefningu hjá viðtökulandinu, þá gerðist annað af tvennu: Hann yrði sennilega fangelsaður á landamærunum eða að hann yrði að koma inn í landið, eins og utanríkisráðherra Íslands gerði, með sovéska vegabréfsáritun sem er óaðgengilegt fyrir hið litáíska ríki. Þetta eru framkvæmdarerfiðleikar sem ég spyr auðvitað og ræði við menn um: Hvernig getum við komist fram hjá þessu? Getur það verið að það sé mál númer eitt að ef við gerum þetta, þá kannski komi einhverjir aðrir á eftir og þetta sé öryggisatriði ef hættu-

ástand skapast? Nú er það ekki mitt að dæma um það.

Það er rétt og satt að í viðræðum Landsbergis óskaði hann eftir því að þetta yrði gert. Og það er rétt og satt að ég sagði: Í ljósi breyttra aðstæðna mun ég beita mér fyrir því að okkar afstaða hingað til verði endurskoðuð, að við leitum allra leiða sem færar kunna að reynast til að verða við þessari ósk.

Hvað á ég við með breyttum aðstæðum? Ég vísa aftur til þess sem ég sagði áðan. Rússland hefur gert samning um að viðurkenna þessi ríki og óskorað sjálfstæði þeirra, að vísu ekki Litáens enn, en ég treysti því að það verði sama niðurstaða. Það þurfum við að endurskoða. Ætlum við að veita Rússlandi viðurkenningu? Ætlar alríkisstjórnin í Kreml að vísa Rússlandi úr sovéska samveldinu? Rússland boðar að þeir muni taka upp einhvers konar fulltrúaskipti, einhvers konar diplómatísk tengsl við Litáen með því að senda þangað ekki sendiherra heldur sendifulltrúa og það verður gert á gagnkvæmum grundvelli. Hvort þeir yfirstíga þau framkvæmdaratriði að sendifulltrúum þeirra verði gert leyfilegt að starfa, ja, á það verður kannski látið reyna.

Það eru almenn skilyrði þess þegar skipst er á sendifulltrúum, tekin eru upp diplómatísk tengsl að ríkisstjórn í viðtökulandinu ráði yfir landsvæði sínu, ráði landamærum, ráði yfir vegabréfaútgáfu, ráði yfir þegnréttindum og geti tryggt öryggi sendimanna sem þar starfa. Ég segi: Þetta eru svona hin almennu skilyrði. Við erum hins vegar hér að sjálfsögðu að tala um neyðarrétt. Við erum að tala um þjóð sem er í háska stödd. Við viljum vera vinir í raun. Við viljum fylgja eftir sjálfstæðisviðurkenningu okkar og við viljum gera það sem okkur er kleift.

Hvað hafa önnur ríki gert? Norðurlöndin hafa sett upp upplýsingaskrifstofur. Norðurlöndin hafa í sumum þessara landa sett upp ræðismannsskrifstofur sem eru hins vegar deildir frá ræðismannsskrifstofum í öðrum löndum. Það er ekki viðunandi fyrir Litáa. En eitt hefur gerst sem er nýtt fyrir utan Rússland. Það er það að Tékkóslóvakía, Pólland og Ungverjaland hafa til þess að verða við þessum óskum gert þetta á vettvangi þjóðþinganna. Þjóðþingið í Varsjá og þingin í Prag og Búdapest hafa sent fastafulltrúa til þjóðþingsins í Litáen og það er gert á gagnkvæmnisgrundvelli. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að hitta fulltrúa Póllands og Tékkóslóvakíu því að þeir voru þarna í þinghúsinu. Ég spyr: Getur þetta orðið fyrsta skrefið? Um þetta segi ég ekki annað en það að ég vænti þess að það verði enginn ágreiningur á milli okkar í þessu efni. Við erum hér að fást við óvenjulegar kringumstæður. Við viljum leita allra leiða til þess að leysa þetta mál þannig að það geti orðið þeim að liði og þannig að það geti komið til framkvæmda.

Að öðru leyti má telja upp margar hugsanlegar aðgerðir og margar hafa verið nefndar hér. Að utanríkisráðherrar Norðurlanda óski eftir fundi með utanríkisráðherra Sovétríkjanna, það kemur til álita en er ekki tímabært á þessari stundu.

Forsætisráðherra Eistlands lagði á þetta höfuðáherslu: Byggið betur upp tillögur ykkar um að bjóða fram Reykjavík eða einhverja norræna höfuðborg sem vettvang fyrir samninga og þróið betur tillögurnar um milligönguhlutverk einhvers Norðurlandanna. Byrjið á því að taka það hlutverk að ykkur og ræða þó ekki væri nema við annan deiluaðilann. Leitið svo til hins. Haldið þessari hugmynd vakandi í tengslum við hugmyndina um alþjóðlega ráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Þannig mætti lengi telja. Ég hef rætt um viðurkenningarmálið og um spurninguna um að taka upp diplómatísk samskipti. Mikið hefur verið spurt um viðskiptanefndina sem var að störfum í Mosvku. Hún er horfin frá Moskvu svo að hún verður ekki kölluð til baka. Hún er farin. Fækkun í sendiráði Sovétríkjanna. Það er mál sem sjálfsagt er að athuga en ekki hefur verið tekin ákvörðun um. Að kalla sendiherrann í Mosvku heim. Ég er andvígur þeirri tillögu af þeirri einföldu ástæðu að nú er okkur lífsnauðsyn að hafa sendiherra í Moskvu. Spurningin er hins vegar: Á hann líka að gegna því hlutverki að vera sendifulltrúi íslenska ríkisins gagnvart stjórnvöldum Rússlands?

Virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á því að það hefur tognað úr þessu máli mínu. Ég viðurkenni að mér lá mikið á hjarta. Ég er stoltur af því að Alþingi Íslendinga hefur skapað sér þann sess í vitund þeirra manna sem þarna eru í andlegri og líkamlegri herkví að það er borin virðing fyrir elstu löggjafarsamkundu heimsins, kannski meiri heldur en fyrir stærri og máttarmeiri stofnunum. Ég held að framganga okkar í þessu máli sýni að atfylgi á alþjóðlegum vettvangi byggist ekki á hersveitum, byggist ekki á höfðatölu. Ef við stöndum saman og ef við fylgjum réttum málstað, þá eru því kannski lítil takmörk sett sem við getum fengið áorkað ef fram er gengið af góðum hug. — Ég þakka, forseti.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. þá greinargerð sem hann hefur hér flutt í tilefni af ferð til Eystrasaltsríkjanna.

Ég tel að hér sé um að ræða mjög mikilsverða heimsókn. Í fyrsta lagi tel ég að hún hafi verulega pólitíska þýðingu til styrktar sjálfstæðisbaráttu þessara ríkja og það skipti einfaldlega máli að stjórnvöld annarra ríkja sýni Eystrasaltsríkjunum þá virðingu að sækja þau heim á slíkum örlagatímum.

Í annan stað er það mín skoðun og líka reynsla að heimsókn af þessu tagi dýpkar ekki aðeins skilning manna á því sem þarna er að gerast og hinu sögulega baksviði, heldur blæs hún einnig auknum anda, nýjum sannfæringarkrafti í þá sem þangað koma og kynnast aðstæðum af eigin raun. Og ég þykist vita og vænti þess að allt þetta hafi komið yfir hæstv. utanrrh. í þeirri heimsókn sem hann er nú nýkominn úr.

Heimsóknin er líka athyglisverð fyrir þá sök að það virðist vera mismunandi mat innan hæstv. ríkisstjórnar á pólitískum aðstæðum í Eystrasaltsríkjunum. Fyrir rúmri viku lýsti hæstv. forsrh. því yfir að hann gæti ekki við svo búið þegið boð um opinbera heimsókn til Litáens vegna þeirra aðstæðna sem þar eru. En hæstv.

utanrrh., sem ekkert slíkt boð hafði í höndum en vissi um hið almenna ákall stjórnvalda í þessum ríkjum, mat aðstæður hins vegar með þeim hætti að unnt væri að fara og ekkert væri því til fyrirstöðu að sýna þennan stuðning í verki. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þetta pólitíska mat skuli hafa verið fyrir hendi innan ríkisstjórnar Íslands.

Í umræðum um þessi efni og önnur verðum við hins vegar að gæta þess að umræðurnar verða að vera dýpri en svo að þær flokkist undir almennar fréttaskýringar. Því er ekki að leyna að mér finnst sem umræður um þetta efni og reyndar ýmis önnur beri þess oft keim að um sé að ræða að stjórnmálamenn bregði sér í hlutverk blaðamanna með almennum greinargerðum sem flokkast miklu fremur undir fréttaskýringar en pólitíska stefnumörkun.

Við höfum hér á Alþingi borið gæfu til þess að ná saman um mjög skýra pólitíska stefnumótun í afstöðunni til sjálfstæðiskröfu Eystrasaltsríkjanna og enn á ný er ástæða til þess að fagna þeirri pólitísku samstöðu.

Við erum hins vegar nú á nokkrum tímamótum. Fyrst í stað var mjög eðlilegt að bæði okkar afstaða og afstaða annarra þjóða, sem vildu veita Eystrasaltsþjóðunum liðsinni, miðaði að því að koma fram með yfirlýsingar til stuðnings þeirra kröfum og með aðgerðir á vettvangi alþjóðastofnana sem miðuðu að því að viðurkenna stöðu þessara ríkja.

Nú, eftir að Sovétstjórnin, undir forustu friðarverðlaunahafa Nóbels, hefur með hervaldi reynt að brjóta sjálfstæðiskröfurnar á bak aftur, hljóta aðgerðir bæði okkar og annarra að miða að því enn fremur að þrengja að Sovétríkjunum og við verðum að ræða nú bæði þær jákvæðu stuðningsyfirlýsingar og aðgerðir sem út á við og gagnvart Eystrasaltsríkjunum sjálfum miða að því að styrkja stöðu þeirra og hins vegar að ræða aðgerðir sem við sjálfir og aðrar þjóðir geta gripið til og miða að því að þrengja kost Sovétríkjanna og sýna með virkum hætti að við þolum ekki það hernaðarlega ofbeldi sem þar hefur verið beitt með þeirri afleiðingu að það komi niður á samskiptum við Sovétríkin sem við að öðru jöfnu viljum halda uppi. Eftir þessa atburði hljóta aðgerðir af okkar hálfu að miðast að þessu tvennu.

Eystrasaltsríkin hafa tekið ákvörðun um sjálfstæði, að endurheimta sjálfstæði sitt. Ég ætla ekki að rekja þá sögu og hinar sögulegu forsendur þeirra ákvarðana. Það hefur svo oft áður verið gert. En hér er ekki um að ræða átök um það hvort Eystrasaltsríkin eigi að njóta meiri eða minni sjálfsstjórnar innan Sovétríkjanna. Hér er einfaldlega um það að ræða að þessi ríki hafa ákveðið að brjótast undan Sovétríkjunum og endurheimta fullt og óskorað sjálfstæði sitt. Okkar afstaða hefur verið sú að standa við bakið á þeim í þessum ákvörðunum, standa við bakið á þeim sem sjálfstæðum, fullvalda ríkjum. Og afstaða okkar til Sovétríkjanna hlýtur að mótast samhliða af þessum ákvörðunum. Auðvitað eru þetta stórar ákvarðanir og vandasamar ákvarðanir. Auðvitað eru þetta ekki bara falleg orð sem við erum að segja þessum þjóðum til stuðnings. Á bak við þessi orð eru raunverulegir hlutir. Þessi orð hafa þýðingu fyrir þjóðréttarlega stöðu og samskipti okkar við þessar þrjár þjóðir annars vegar og Sovétríkin hins vegar.

Við höfum ítrekað gert ályktanir hér á hinu háa Alþingi og að undanförnu hafa verið settar fram hugmyndir um aðgerðir af Íslands hálfu. Ég tel að nú sé komið að því að það verði að myndast samstaða um raunverulegar aðgerðir. Það verði að myndast samstaða um meira en orð, heldur aðgerðir til þess að fylgja orðunum eftir. Aðgerðir sem miða bæði að því að styrkja Eystrasaltsríkin út á við og að hinu, að þrengja að Sovétstjórninni eftir ofbeldisverkin.

Hæstv. utanrrh. drap hér á nokkrar hugmyndir af þessu tagi sem hafa verið hér til umræðu, tillögur sem komið hafa fram frá, að ég hygg, flestum þingflokkum hér í þinginu með einum eða öðrum hætti. Nú er hins vegar komið að því að við getum ekki látið við það sitja að reifa slíkar hugmyndir. Nú þurfum við að ná samstöðu um að fylgja nægjanlega mörgum þeirra eftir í verki til þess að sýna að það er full alvara á bak við þau stóru orð sem og okkar yfirlýsingum og aðgerðum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar innan ýmissa alþjóðastofnana.

Ég nefni hér fyrst ákall Landsbergis um það að við beitum okkur fyrir því að mál Eystrasaltsþjóðanna verði tekið upp hjá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ég skil hæstv. utanrrh. þannig að á þann veg hafi verið staðið að því af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að þreifað hafi verið á möguleikum á samstöðu Norðurlandaþjóðanna um þetta efni, en það hafi ekki borið árangur. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að ganga lengra og leggja fram formlegar tillögur um að málið verði tekið upp á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og láta þá á það reyna með formlegum hætti hvort það nær fram að ganga eða ekki. Með öðrum orðum að láta ekki við það eitt sitja að þreifa með óformlegum hætti hvort aðrir eru tilbúnir að standa að þessu, að við gerum þetta þá sjálfir ef aðrir vilja ekki vera með okkur í því og látum formlega á það reyna að bera slíka tillögu upp á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt og reyndar vera efst á blaði.

Í annan stað vil ég víkja hér að spurningunni um stofnun stjórnmálasambands. Vera má að það hafi verið meira til umræðu hér vegna þess að sérstaklega hefur verið flutt um það þáltill. og það reyndar bæði á þessu þingi og hinu fyrra. Ég hef það svolítið á tilfinningunni að afstaða ríkisstjórnarflokkanna til þessarar tillögu mótist meira af því hverjir fluttu hana en hinu hver raunveruleg afstaða er til aðgerða af þessu tagi. Ég vona satt að segja að svo sé ekki. Af hálfu þeirra sem flutt hafa þessa tillögu liggur ekkert annað að baki en sannfæring um, eftir ítarleg viðtöl, m.a. við Landsbergis forseta, að Eystrasaltsþjóðirnar sjálfar, og þá fyrst og fremst Litáar, telji að þetta verði þeim mjög til styrktar.

Á sl. hausti þegar ég hafði farið í heimsókn til Eystrasaltsríkjanna og átt viðræður við forseta þeirra töldu þeir að slík viðurkenning kæmi fyrst og fremst að notum í samningaviðræðum, sem þá var reynt að koma fram, með því að aðrar þjóðir hefðu viðurkennt og stofnað til stjórnmálasambands stæði meiri þungi á

bak við fulltrúa Eystrasaltsríkjanna. Þeir nytu þá einhverrar alþjóðlegrar viðurkenningar sem sjálfstæðar þjóðir og það var þeirra mat að það styrkti stöðu þeirra. Fyrst og fremst út frá þessu efnislega mati þeirra sem við var rætt taldi ég nauðsynlegt að flytja þetta mál hér fram, en ekki til þess að gera það að pólitísku átakaefni eða einum flokki til framdráttar frekar öðrum hér á hinu háa Alþingi. Ef vilji er til þess nú að endurmeta afstöðuna og mynda um þetta samstöðu, þá er auðvitað eðlilegast að gera það með samstöðu og nýjum tillöguflutningi af hálfu hv. utanrmn. til þess að sem mestur þungi verði á bak við slíka ákvörðun, eins og aðrar, sem við höfum tekið í þessu efni. Fyrst og fremst er það nú samstaðan sem gildir í þessu því að annað dugar lítið í þeirri baráttu sem hér er verið að fjalla um.

Ég hef ekki gert mikið úr því í sjálfu sér hvort árétta þurfi viðurkenningu frá 1922 eða ekki. Auðvitað er það að lögum rétt að sú viðurkenning stendur og hefur ekki verið afturkölluð. Svo er um flestar aðrar þjóðir sem viðurkenndu Eystrasaltsríkin á sínum tíma, að þær hafa ekki afturkallað þær viðurkenningar og þær standa því að lögum. Undantekningar eru þó frá þessu, þar á meðal að því er varðar Svía. En hitt vitum við að við höfum í verki viðurkennt Sovétríkin að Eystrasaltsríkjunum meðtöldum. Það kemur m.a. fram í því að þeir sem ferðast til Eystrasaltsríkjanna, það á við bæði um hæstv. utanrrh., mig og hv. 2. þm. Austurl. sem þangað höfum farið, að allir höfum við þurft að fá vegabréfsáritanir frá sovéskum yfirvöldum. Til þess að breyta því sem við höfum í verki viðurkennt í 50 ár þarf nýjar athafnir. Vitaskuld er það rétt að það er ekkert einfalt mál, ekki eins og að drekka úr vatnsglasi, að stofna til stjórnmálasambands við þessar aðstæður. En hér er fyrst og fremst um að ræða pólitíska ákvörðun til þess að styðja við bakið á þessum ríkjum vegna þess að þau, og þá kannski fyrst og fremst Litáen, telja að það sé til verulegrar styrktar.

Það er auðvitað rétt að hin almenna skilgreining er sú að ríki sem viðurkennt er þurfi að hafa ríkisstjórn sem ráði yfir eigin landi og eigin málum. En við höfum annað dæmi þessa dagana þar sem aðstæður eru með öðrum hætti. Lögmæt stjórnvöld í Kúvæt ráða ekki yfir því landi. Þau ríki sem höfðu stjórnmálasamband og sendiráð í Kúvæt hafa ekki aðstöðu til þess að sitja þar og hafa ekki haft undanfarnar vikur. En þau hafa enn stjórnmálasamband við Kúvæt. Þau hafa ekki lagt formlegt stjórnmálasamband niður. Þvert á móti leggja þau áherslu á að viðhalda því vegna þess að það er verulegur þáttur og forsenda fyrir því að alþjóðleg samstaða sé um viðurkenningu á sjálfstæði þess ríkis og réttmæti aðgerða til þess að endurheimta sjálfstæði þess. Með nákvæmlega sama hætti getum við látið á þetta reyna. Ég tek alveg undir það með hæstv. utanrrh. að slík ákvörðun þarf mjög vandlegan undirbúning og það þarf að meta ýmsar aðstæður og m.a. tæknilegar aðstæður.

Ég held á hinn bóginn að hér sé um mikilvægt atriði að tefla. Fyrst í stað höfðu ýmsir það á móti bæði þessari aðgerð og ýmsum öðrum að þær kynnu að ögra valdhöfum í Moskvu og það væri ástæðulaust og beinlínis hættulegt vegna þess að það gæti veikt stöðu þeirra. Þá gengu menn út frá því að valdhafarnir í Moskvu hefðu fullan vilja á því að leiða þessi mál til lykta með friðsamlegum hætti og viðurkenna á endanum sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. Ég var satt að segja aldrei sérlega trúaður á að þetta væri raunin. En það var ekkert óeðlilegt að ýmsir kynnu að halda þetta og ég ætla ekki að gagnrýna þá sem lögðu þetta mat á aðstæður. En atburðir síðustu daga hafa með ótvíræðum hætti sýnt að þessi sjónarmið eiga alltént ekki við lengur. Það er miðstjórnarvaldið í Moskvu sem með hervaldi er að brjóta þessa sjálfstæðisviðleitni Eystrasaltsþjóðanna á bak aftur og ætlar ekki að viðurkenna með friðsamlegum hætti réttmætar kröfur þessara þjóða til að endurheimta sjálfstæði sitt. Þessar breyttu aðstæður, sem hæstv. utanrrh. minnti hér réttilega á, hljóta að leiða til endurmats á afstöðu manna, bæði að því er varðar þessa aðgerð og ýmsar aðrar.

Ég legg þess vegna enn einu sinni áherslu á að Alþingi freisti þess að ná samstöðu um að taka á þessu viðfangsefni og fagna því og get ekki skilið yfirlýsingu hæstv. utanrrh. á annan veg en þann að hann sé í ljósi nýrra viðhorfa reiðubúinn að horfa á þetta atriði og hugsanlega að undirbúa ákvarðanir á því sviði. En menn geta auðvitað ekki endalaust hugsað og velt vöngum. Það er komið að því að taka ákvarðanir.

Ég nefni hér eitt atriði í viðbót. Það eru tillögur, sem fram hafa komið frá ýmsum aðilum úr ýmsum flokkum, um það að taka ákvörðun um að fækka starfsmönnum í sovéska sendiráðinu. Hafi einhvern tíma verið tilefni til þess að taka slíka ákvörðun eftir margra ára umræður, þá er það nú. Það er ástæðulaust að vera að velta vöngum yfir því dögum og jafnvel vikum saman. Nú á að taka ákvörðun um að fyrirskipa þessa fækkun og sýna Sovétstjórninni með ótvíræðum hætti að við meinum það sem við segjum. Það er ekki nóg að tala um þetta hér dag eftir dag og viku eftir viku sem hugsanlegan möguleika. Nú er til þess ætlast að hæstv. ríkisstjórn taki ákvarðanir.

Ég nefni þá hugmynd sem fram hefur komið frá hæstv. ríkisstjórninni sjálfri um það að fella úr gildi menningarsamning við Sovétríkin. Nú er það svo að á því máli má taka með fleiri en einum hætti því að sérstaklega hefur verið samið um framkvæmd þessa samnings frá einum tíma til annars. Það er einfaldlega í höndum hæstv. menntmrh., sem setti þessa hugmynd fram, að taka nú þegar ákvörðun um að stöðva alla framkvæmd á grundvelli þessa samnings, án þess að honum sé sérstaklega sagt upp. Það gæti verið eðlilegt fyrsta skref. Það er ekki nóg að koma hér upp í ræðustól og setja fram hugmyndir af þessu tagi en fylgja þeim svo ekki eftir innan hæstv. ríkisstjórnar. Eða hvernig má það vera að ráðherra í ríkisstjórn flytji slíka tillögu inn á Alþingi og síðan gerist ekki neitt? Eru það einhverjir aðrir innan hæstv. ríkisstjórnar sem koma í veg fyrir að slík tillaga sé framkvæmd? Það er nauðsynlegt að fá á þessu skýringar þegar ekkert gerist nema talið. Það er leitt að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu en það er ástæða til

þess að kalla eftir skýringum þegar tillögur eru fluttar af þessu tagi og þeim ekki fylgt eftir.

Hæstv. utanrrh. nefndi að viðskiptasendinefndin sem verið hefur í Moskvu væri komin heim. Hún er einfaldlega komin heim vegna þess að verki hennar var lokið að sinni. En hafa verið teknar ákvarðanir um það að leita ekki eftir frekari viðskiptaviðræðum við Sovétmenn meðan þetta ástand varir? Hæstv. ráðherra greindi ekki frá neinni slíkri ákvörðun. En það hlýtur að vera ætlast til þess að hæstv. ríkisstjórn taki afstöðu til veigamikils atriðis eins og þessa.

Hæstv. ráðherrar eru stundum að tala um að þeir gangi feti framar en aðrar þjóðir í stuðningi við Eystrasaltsríkin. Ég ætla ekki að fara í neina þrætu við þá um þá fullyrðingu en hitt veit ég að Grænlendingar voru sneggri til í þessu efni, að því er varðar viðskiptasamninga við Sovétríkin, en við. Hæstv. utanrrh. lýsti sig algerlega andvígan því að kalla sendiherra Íslands í Moskvu heim til skrafs og ráðagerða. Ég hefði talið að það væri mjög eðlileg ráðstöfun við þessar aðstæður en ætla ekki að fara í neinar stórdeilur um það efni. En aðalatriðið er það að umræður um málefni Eystrasaltsríkjanna mega ekki festast í fari fréttaskýringar, mega ekki festast í fari almennra yfirlýsinga. Svo alvarlegir atburðir hafa gerst að eðlilegt er og nauðsynlegt að fylgja þeim eftir af okkar hálfu með virkari aðgerðum en gert hefur verið til þessa. Aðstæður eru með öðrum hætti eftir að ofbeldisverkin voru framin og kalla á nýjar aðgerðir, aðgerðir annars eðlis en við vorum í upphafi að tala um meðan menn eygðu vonir um að Eystrasaltsríkin gætu náð rétti sínum í frjálsum samningum.

Ég trúi því að það geti tekist jafngóð samstaða hér á Alþingi um virkar aðgerðir af þessu tagi, enda hafa hugmyndir um slíkar aðgerðir komið frá því sem næst öllum flokkum hér í þinginu og eiga þess vegna ekki að þurfa að vera flokkspólitískt ágreiningsefni eða metnaðarmál. Ég vænti þess að þessi umræða hér í dag geti allténT leitt til þess að við fáum að heyra af ákvörðunum sem fylgja orðunum eftir. Þá er það alltént ljóst að bæði ferð hæstv. utanrrh. til Eystrasaltslandanna, sem ég tel að hafi verið mjög mikilvæg og hann á allar þakkir skildar fyrir að hafa tekist hana á hendur, hafi borið árangur og sú umræða sem hér hefur orðið um skýrslu hans hafi skilað okkur fram á við.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá greinargerð sem hann hefur hér gefið og enn frekar og enn fremur fyrir þá ferð sem hann tók sér fyrir hendur til Eystrasaltsríkjanna og hefur miðlað okkur hér nokkru af því sem fyrir augu og eyru bar á því ferðalagi. Vissulega má segja að það sé kannski ekkert eitt sem sker úr í því sem hann flytur okkur hér. Jafnvel þessi ríki hafa færst nær okkur einnig í fréttum, máli og myndum, á undanförnum dögum. Áhorfendur sjónvarps hafa getað horft á það sem hæstv. ráðherra var að draga upp í frásögn sinni, t.d. frá höfuðborg Lettlands, Ríga, þar sem fólkið hefur verið að orna sér í hinum pólitíska kulda og kulda janúarmánaðar við elda á götum úti.

Þó er það svo að ekki er nokkur vafi á því að ferð hæstv. ráðherra hefur haft þýðingu fyrir þessi ríki og fyrir þá baráttu sem þau heyja nú þegar, þar sem hann hefur lagt lóð á vogarskál sem fleiri þyrftu að gera sem eru í forustu í ríkisstjórnum á Vesturlöndum um þessar mundir. Og hann hefur með eðlilegum hætti flutt þær áherslur, sem hér hafa verið uppi á Alþingi Íslendinga um stuðning við málstað þessara þjóða og sjálfstæðisbaráttu, inn á vettvang þeirra sjálfra, til þjóðþinga og til forustumanna í stjórnmálum og forseta þessara landa og það er vel. Fyrir það ber að þakka.

Ég tel að það sem hér hefur komið fram af hálfu hæstv. ráðherra beri vott um að það er hugur hjá stjórnvöldum hér að fylgja þessu máli eftir með skilmerkilegum hætti. Við ræddum það utan dagskrár í gær hér á Alþingi. Þá bættist við í safn þeirra hugmynda sem alþingismenn höfðu áður komið fram með fyrir utan ályktanir um stuðning við þessar þjóðir. Ríkisstjórn landsins hefur þannig úr nógu efni að moða, hugmyndum frá Alþingi Íslendinga og það er nauðsynlegt og brýnt að úr þeim hugmyndum verði unnið hið allra fyrsta.

Ég tek undir með þeim sem hér hafa mælt fyrir því að ekki verði látið sitja við orðin tóm í þessum efnum, og ferðir og frásagnir, heldur að unnið verði af hálfu íslenskra stjórnvalda eftir markvissri áætlun um aðgerðir, gripið til þess sem best má koma að gagni baráttu þessara þjóða við núverandi aðstæður og á þeim dögum sem fram undan eru. Satt að segja er safn þeirra hugmynda sem fram hefur komið það mikið að okkur kemur vart til hugar að það verði gripið til alls þess sem þar er nefnt á stundinni, heldur er þar af mörgu að taka sem velja má úr og beita eftir því sem skynsamlegast þykir.

Ég hef sagt að ég telji að ekkert af því sem bent hefur verið á eigi að útiloka, t.d. upptaka stjórnmálasambands við Litáen, sem er til skoðunar og þar sem ákvarðanir hljóta að verða teknar að athugun lokinni mjög fljótlega. Hér var í umræðu í gær alveg lögð sérstök áhersla á vettvang Sameinuðu þjóðanna, að við yttum við þeim vettvangi í samvinnu við Norðurlandaþjóðir eða einhliða, bæði gagnvart öryggisráðinu og allsherjarþinginu. Og þau alþjóðasamtök eru mörg þar sem við höfum þegar hreyft þessu máli en þurfum að fylgja því eftir af auknum þrótti á næstu dögum.

Nú stendur t.d. yfir á Möltu ráðstefna í framhaldi af Parísaryfirlýsingunni um öryggismál Evrópu þar sem verið er að fjalla um hvernig leysa megi deilumál ríkja með friðsamlegum hætti. Það sem hér er uppi er einmitt spurningin um friðsamlega lausn deilumála.

Fram undan eru fundir á vegum nefnda Norðurlandaráðs í Stokkhólmi á mánudag og þriðjudag í næstu viku. Þingmenn í Norðurlandaráði mynda svokallaða Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Þar var á fundi í morgun rætt um það með hvaða hætti nýta mætti samkomuna í Stokkhólmi, þá staðreynd að þar eru flestir þingmenn sem sæti eiga í Norðurlandaráði staddir, til þess að fjalla um málefni Eystrasaltsríkj-

anna og koma á framfæri í nafni þingmanna í Norðurlandaráði sem kröftugustum stuðningsyfirlýsingum við málstað þeirra og mótmælum gegn þeim órétti sem þau hafa verið beitt að undanförnu.

Ég hefði talið að æskilegast væri að Norðurlandaráð kæmi saman til sérstaks aukafundar af þessu tilefni. Kerfi Norðurlandaráðs er dálítið svifaseint og þungt í vöfum. Það má vera að ekki takist að boða til sérstaks aukafundar á þessum sama tíma sem væri þó hin eðlilegasta og æskilegasta ráðstöfun til þess að fjalla um þessi mál. Verði það ekki þarf samt á þessum vettvangi, og verður vonandi gert, að koma viðbrögðum á framfæri í formi yfirlýsinga af hálfu þingmanna í Norðurlandaráði.

Hér hefur verið rætt um heimsóknir fulltrúa frá Alþingi Íslendinga til Eystrasaltsríkjanna. Það ætti að vera sjálfsagður hlutur að svo væri gert. Raunar flutti ég þegar sl. sumar, í júnímánuði 1990, boð frá forseta eistneska þingsins til Alþingis Íslendinga um að senda nefnd frá Alþingi til eistneska þingsins. Það hefur ekki verið gert enn þá og hefði betur verið í það ráðist fyrr. Ég tel að ekki eigi að draga að taka ákvarðanir um þetta efni og það jafnt varðandi Eistland sem önnur ríki við austanvert Eystrasalt, þ.e. Lettland og Litáen einnig.

Ég tel, virðulegur forseti, að við eigum að varast það hér á Alþingi Íslendinga að gera þessi mál, stuðninginn við Eystrasaltsríkin, að einhverju pólitísku þrætuepli milli flokka. Það hefur tekist að koma í veg fyrir það. Ég held að vegna þess að menn eru í rauninni sammála um það hvernig bregðast eigi við aðstæðum þarna hafi tekist að koma í veg fyrir að menn væru að metast og vegast á í þessum efnum þó að þess gæti kannski stöku sinnum í máli manna að þeir séu að fara út í slíka leikfimi. Ég vænti þess að það verði ekki gert á meðan menn í reynd eru sammála efnislega um það hvað geti reynst árangursríkast og að hverju okkur beri að stefna í þessum efnum.

Þar skiptir auðvitað afar miklu að við höfum sem best samband við talsmenn þessara ríkja, sjálfa talsmenn þeirra. Ferð hæstv. utanrrh. hefur tvímælalaust orðið til þess að auðveldara er að halda uppi slíku sambandi a.m.k. á meðan þeir sitja við völd og ekki er meira að þeim þrengt en þó er orðið. Hæstv. utanrrh. gaf okkur nokkra mynd af því og mati forustumanna í Eystrasaltsríkjunum á aðstæðunum í Sovétríkjunum og samskiptunum milli Eystrasaltsríkjanna, sovéska alríkisins og einstakra lýðvelda og þá sérstaklega Rússlands.

Það er alveg ljóst að staða mála í Sovétríkjunum er afar snúin og getur átt eftir að verða mun flóknari og alvarlegri heldur en raun ber vitni enn í dag. Við þurfum því að fylgjast náið með í þeim efnum en ég er þeirrar skoðunar og hef verið frá því að Eystrasaltsríkin fóru að beita sér á nýjan leik í sjálfstæðisbaráttu sinni að við ættum að veita þeim stuðning, einlægan og öflugan stuðning, óháð því hver sæti að völdum í Kreml og hvaða áform í orði valdhafar þar teldust hafa uppi gagnvart einstökum lýðveldum og þá sérstaklega gagnvart Eystrasaltsríkjunum. Ég er því þeirrar skoðunar að við eigum ekki að láta deigan síga í þessum stuðningi, alls ekki, þó það komi óskir um það að nú eigi menn að draga í land og veita tíma til aðlögunar og þess háttar. Það hefði fyrir löngu þurft að vera kominn botn í þetta mál. Það var ekki notað það tækifæri sem lá fyrir þegar málefni Evrópu voru til umræðu á síðasta ári, í aðdraganda Parísaryfirlýsingarinnar, og við verðum að taka á þessu máli eins og Ísland gerði í sambandi við þau efni, áfram með það að markmiði að styðja við sjálfstæðissókn þessara ríkja þannig að það verði fyrr en seinna staðreynd.

Ég tel að greinargerð utanrrh. og ferð hans hafi hjálpað okkur í okkar viðleitni og baráttu í þessu efni. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðherra og vona að þessi mál fái skilmerkilegan framgang í formi ákvarðana af hálfu stjórnvalda nú á næstunni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargerð hans og frásögn af ferð til Eystrasaltsríkjanna sem ég held að hafi verið mjög mikilvæg fyrir þessi ríki. Ég er viss um að sá stuðningur sem Íslendingar sýna þessum þjóðum hefur verið undirstrikaður með ferð utanrrh. Það þarf ekki að endurtaka það hversu djúpt snortnir Íslendingar eru og hversu alvarlega þeir taka það ofbeldi og þann yfirgang sem Moskvustjórnin hefur sýnt og hvernig ráðist hefur verið að saklausum borgurum í þessum ríkjum. Þess vegna var ferð ráðherrans til að undirstrika áhyggjur Íslendinga af því hvernig málum er nú komið þarna austur frá. Hingað til hafa Íslendingar haft forustu á alþjóðavettvangi og hafa sýnt það hvar sem þeir hafa komið að þeim er alvara í því að styðja sjálfstæðisbaráttu baltnesku landanna og ætla að gera það áfram.

Ég hef verið nokkuð sátt við framgöngu íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu máli og er sammála því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að leita allra þeirra leiða sem hægt er til þess að sýna stuðning. Ég vil sérstaklega taka fram að ég styð þá hugmynd að Alþingi sendi sendinefnd til þessara ríkja til að auka líkurnar á því að ekki verði farið fram með ófriði. Ég styð líka að kannaðar verði allar þær leiðir sem hér hafa verið nefndar, á vettvangi Norðurlandaráðs, Sameinuðu þjóðanna, Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, Evrópuráðsins og fleiri leiðir.

Ég styð einnig það sem hér hefur verið nefnt, að taka upp formlegt stjórnmálasamband við Litáen. Auðvitað gerum við okkur grein fyrir þeim erfiðleikum sem í því eru fólgnir en einskis má láta ófreistað að sýna stuðning okkar í verki.

Ég legg áherslu á það að við höldum áfram eins og hingað til að leita samvinnu við aðrar þjóðir um aðgerðir. Ef það tekst ekki eigum við að gera það að eigin frumkvæði, og ein og sér, en samstaða með öðrum er mikilvægari.

Ein af ástæðunum fyrir því að málefnum þessara þriggja ríkja er svo komið er að þessi ríki voru skilin eftir þegar málin voru gerð upp eftir lok síðari heimsstyrjaldar. Í Helsinki-lokaskjalinu var ekki tekið á málefnum þessara ríkja. Sovétstjórnin túlkaði það þannig

að landamæri Evrópu væru ákveðin og þar með væru þessi þrjú ríki innan Sovétríkjanna. Það var heldur ekki tekið á þessu vandamáli í París þegar málin voru endanlega gerð upp og það skilið eftir, þannig að Sovétríkin geta litið svo á að þeir hafi rétt til að ráðskast með málefni þessara ríkja sem alls ekki er rétt túlkun, að því er mér finnst. Þó svo að þessi ríki séu talin vera innan Sovétríkjanna er aldrei hægt að líta á mannréttindabrot eins og þarna eru framin sem eðlilegan þátt þannig að hvernig sem þessir samningar eru túlkaðir þá er aldrei réttlætanlegt að láta nokkra ríkisstjórn beita slíku ofbeldi eins og þar hefur verið gert.

Við Íslendingar höfum alltaf lagt mikla áherslu á sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Við hljótum að ganga hart fram í því að styðja þær smáþjóðir sem þarna eru, því við ættum að geta skilið þjóða best mikilvægi þess að þjóðir geti lýst yfir sjálfstæði sínu. Okkur tókst að sigra í baráttu okkar fyrir sjálfstæði og þess vegna höfum við skyldur gagnvart smáríkjum að styðja þau í sams konar baráttu. Hvar sem er eigum við að leggja áherslu á þetta.

Ég vil einnig leggja mikla áherslu á að það verði samstaða innan Alþingis um þessi mál, eins og hefur verið hingað til að mestu leyti. Það er miklu mikilvægara og sterkara ef við getum sameinast í aðgerðum og á ég ekki von á öðru eftir þær undirtektir sem ríkisstjórnin hefur nú sýnt á fundi sínum nú í morgun og hæstv. utanrrh. hefur gert grein fyrir. Það hlýtur að vera skylda okkar að benda alls staðar á að styrjaldir og ofbeldi auka aðeins á vandamálin, það eru aldrei til að leysa þau. Þetta gildir að sjálfsögðu í Sovétríkjunum og löndunum við Eystrasalt en þetta á líka við annars staðar.

Við eigum að beita okkur hvar sem við getum fyrir því að deilumál verði leyst með friðsamlegum hætti og samningum og gera öðrum grein fyrir því sem við hljótum að gera okkur grein fyrir, að vandamál leysast aldrei með ofbeldi.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Málefni Eystrasaltsríkjanna hafa nú verið rædd hér í Alþingi allítarlega síðan þau komu fyrst á dagskrá í mars sl. Strax eftir að Litáen gaf út sjálfstæðisyfirlýsingu sína og Alþingi varð sammála um að senda Litáum heillaóskir í tilefni þess hafa verið hér miklar umræður í Alþingi um stöðu þessara mála. Það hefur sem betur fer skapast mjög góð samstaða innan þings og ekki síður innan utanrmn. um hvernig á þessum málum hefur verið tekið fram að þessu. Ég legg ríka áherslu á það að við reynum að halda áfram þeirri samstöðu sem við höfum náð.

Ég vil, eins og aðrir ræðumenn hér, þakka utanrrh. fyrir ítarlega skýrslu sem hann flutti þinginu hér áðan um heimsókn sína til þessara ríkja. Ég tel að hún hafi verið mjög brýn og hafi skýrt þessi mál að ýmsu leyti betur fyrir okkur sem stöndum fjær þessu og skapi okkur meiri möguleika á því, þegar við tökum ákvarðanir um á hvern hátt við grípum til raunhæfra aðgerða til styrktar þessum þjóðum, að málið verði skýrara í okkar huga.

Ég vil líka láta það koma fram hér sem kannski flestir vita að formaður utanríkismálanefndar litáíska þingsins er væntanlegur hingað til lands seint í kvöld og mun dvelja hér næstu tvo daga og eiga viðræður við utanrmn. þingsins, forseta þingsins og utanrrh. og ýmsa fleiri aðila. Ég hygg að bæði heimsókn utanrrh. til ríkjanna og heimsókn þessa manns hingað til lands muni að ýmsu leyti gera okkur einfaldara og þægilegra að taka afstöðu til þeirra ákvarðana sem við hljótum að taka núna á allra næstu dögum.

Ég hef líka hreyft því í utanrmn., og ég held að það sé mjög góð samstaða um það í nefndinni og var reyndar komin nokkrum dögum áður en ráðherra fór utan, að kanna það með hvaða hætti við gætum sent sendinefnd til þessara ríkja. Það er í skoðun núna og við erum að fylgjast með því hvað þjóðþing Norðurlandanna gera, þannig að ég hygg að á næstu dögum verði tekin ákvörðun um það.

Það kom mér hins vegar á óvart þegar ég heyrði fréttirnar í morgun þar sem kom fram að sovésk stjórnvöld hafi beðið sænsku stjórnina og aðrar ríkisstjórnir á Vesturlöndum að forðast harðorð ummæli sem gætu kynt undir átökum í Eystrasaltsríkjum Sovétríkjanna.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að harðorð mótmæli og heimsóknir ráðamanna á Vesturlöndum kyndi undir harðvítug átök í þessum ríkjum. Það er ekki mín skoðun. Ég er þvert á móti sannfærður um það að ef ekki hefði komið til þessara mótmæla og heimsókna hefði atburðarásin getað orðið mun hraðari og miklu harðar tekið á hlutum frá Sovétríkjanna hálfu heldur en raun hefur orðið á. Um þetta er kannski erfitt að fullyrða en þetta er mín skoðun.

Ég tel að á næstu dögum hljótum við að setjast niður í utanrmn. og hafa um það gott samráð við ríkisstjórnina eins og við höfum haft fram að þessu og meta það hvaða aðgerðir eru bestar til þess að styrkja sjálfstæðisbaráttu þessara ríkja. Því að sjálfsögðu verðum við númer eitt að hafa góða samvinnu við þjóðþing og ríkisstjórnir þessara landa hvað best mætti vera til að styðja þeirra mál.

Ég er sammála því að sjálfsögðu að halda því áfram sem hefur komið fram frá ríkisstjórninni að bjóða Reykjavík sem fundarstað deiluaðila í þessu máli. Hvort sem samkomulag yrði um Reykjavík eða aðrar höfuðborgir eða borgir á Norðurlöndunum, þá eigum við að bjóða Reykjavíkurborg fram og gera okkar til þess að úr slíkum fundi geti orðið.

Það kemur líka vel til álita að gera ýmislegt af því sem utanrrh. minntist á hér í morgun. Ég minni á að það er ekki langt síðan samþykkt var hér í þinginu þáltill. um að skoða það a.m.k. hvort ekki væru of margir starfsmenn hér í mörgum erlendum sendiráðum og ekki síst var þeirri umræðu beint að sovéska sendiráðinu og reyndar því bandaríska líka sem þó hefur gjörólíkra hagsmuna að gæta hér á landi heldur en það sovéska. Hvort við getum aftur fækkað í sendiráði okkar í Rússlandi, það tel ég nú varla. Ég held að það séu ekki nema tveir starfsmenn þar og þeir hljóti að vera önnum kafnir við það að fylgjast með þeim hlut-

um fyrir stjórnvöld hér á Íslandi sem nauðsynlegt er að gera. Hins vegar má að sjálfsögðu búast við því að ef við gerum kröfu til fækkunar í sendiráði Sovétríkjanna hér á landi, þá geri þeir sambærilega kröfu um einhverja hliðstæða fækkun hjá þeim.

Annað atriði sem ég vildi minnast á hér er það að við Íslendingar höldum áfram á þeim grunni sem við höfum hafið starfið, þ.e. að berjast fyrir því að málstaður þessara þjóða sé tekinn upp hjá öllum þeim alþjóðlegu stofnunum sem við tökum þátt í. Þar nefni ég fyrst og fremst Norðurlandaráð, ég nefni Evrópuráðið, ég nefni NATO og ég hygg að það sé rétt mat hjá utanrrh. að ekki síst samþykktir ráðherranefndar eða pólitísku nefndarinnar hjá NATO-ríkjunum hafi haft þung áhrif og verið þungt skoðuð í Moskvu þegar samstaða náðist í þeim hópi um harðorða ályktun til Sovétríkjanna vegna aðgerða þeirra í Eystrasaltsríkjunum.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Það er búin að vera ítarleg og mikil umræða um þessi mál hér síðustu vikurnar, en ég legg áherslu á það að heimsókn utanrrh. var mjög brýn og hefur skýrt ýmsa hluti fyrir okkur sem betur sjást með því að heimsækja þessar þjóðir heldur en lesa bara erlenda fjölmiðla eða fylgjast með fjölmiðlafréttum. Ég vænti þess líka að heimsókn formanns utanríkismálanefndar litáíska þingsins sem verður næstu daga muni hjálpa okkur við ákvörðunartöku hér á næstu dögum, en ég held að það hljóti innan örfárra daga að verða teknar ákvarðanir um einhverjar raunhæfar aðgerðir sem eru annað og meira en samþykktir hér í sölum hins háa Alþingis.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög fróðlega frásögn af málum Eystrasaltslandanna eins og þau komu honum fyrir sjónir. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að ræða hér um þá hröðustu þróun sem við Vesturlandabúar höfum horft á og er að gerast þessa dagana og hefur verið að gerast á seinustu árum.

Við stöndum frammi fyrir því að annað óumdeilanlega öflugasta ríki veraldar sem var fékk leiðtoga sem gjörbreytti stefnu þess ríkis, færði það frá hernaðaruppbyggingu sem höfuðmarkmiði, færði það til lýðræðisþróunar og afvopnunar. Það var stór stund í hinum vestræna heimi þegar Ronald Reagan og Gorbatsjov höfðu komið sér saman um að móta þau spor í afvopnunarmálum sem urðu.

Við stöndum frammi fyrir því að það er stríð við Persaflóa. Það stríð er svo eldfimt að ef Ísraelsmenn yrðu þátttakendur veit enginn hvort nokkur ríkisstjórn í Arabalöndunum gæti komið í veg fyrir fjöldastuðning óbreyttra múhameðstrúarmanna við Saddam Hussein.

Við stöndum frammi fyrir því að Sovétríkin eru nær borgarastyrjöld en þau hafa nokkurn tíma verið.

Við stöndum frammi fyrir því að það væri í fyrsta skipti í sögunni sem land sem ræður yfir kjarnorkuvopnum færi í borgarastríð.

Við stöndum frammi fyrir því að það eru hagsmunir hins vestræna heims, óumdeilanlegir, að Sovétríkin haldi velli sem ríki og lýðræðisþróunin innan þeirra haldi áfram án blóðsúthellinga eða þá með sem minnstum blóðsúthellingum.

Við skulum örlítið skoða þá stöðu hvað kæmi upp ef Sovétríkin splundruðust, hvert ríki eftir annað innan þeirra yrði að sjálfstæðu landi. Það fer ekkert á milli mála hvernig þeir mundu skipta landinu, það liggur ljóst fyrir. En hvernig mundu þeir skipta kjarnorkusprengjunum á milli sín? Hvernig mundu þeir skipta þeim? Er ekki trúlegt að múhameðstrúarríkin á landamærunum við ófriðarsvæðið í Miðausturlöndum nær fengju sinn hluta af eldflaugunum og kjarnorkusprengjunum? Væri bróðurlega skipt upp herveldinu mikla ef þetta mundi ekki eiga sér stað? Er það það sem Íslendingar vilja? Það liggur ljóst fyrir að hvorki forustumenn Breta, Bandaríkjamanna eða Frakka hafa áhuga á þeirri þróun. Viljum við að Rússland segi sig úr lögum við Sovétríkin og sá kjarni sem eftir verði, verði undir stjórn múhameðstrúarríkja? Þetta eru spurningarnar sem hæstv. utanrrh. verður að gera upp við sig. Hver er utanríkisstefna Íslands í þessum efnum?

Við Íslendingar áttum farsælan foringja þegar við börðumst fyrir okkar sjálfstæði og hann notaði pennann og hann notaði hið talaða orð til að ná árangri. Mér sýnist að af þeim þremur þjóðum við Eystrasalt, þ.e. í Eistlandi, Lettlandi og Litáen, þá standi mál þannig að einn þjóðhöfðinginn vill fara hraðar en skynsamlegt er. Hann vill fara miklu hraðar en skynsamlegt er. Hann vill fara svo hratt að vestrænar þjóðir hafa ekki þorað að veita honum stuðning. Hæstv. utanrrh. Íslands hefur ekki svarað þeirri spurningu hér og nú: Vill hann að við viðurkennum á opinberum vettvangi að Litáen sé frjálst og fullvalda ríki? Eistland og Lettland óska ekki eftir slíkri viðurkenningu. Þeir nota þjóðþing sinna landa til þess að vinna að framförum í landinu og bíða. Og hvers vegna bíða þeir? Vegna þess að þeim er ljóst að tíminn vinnur með þeim ef þeir hafa vit á að bíða.

En það er fleira að gerast í Sovétríkjunum. Forustumaður öflugasta lýðveldisins í Sovétríkjunum á í hatrammri deilu við æðsta mann Sovétríkjanna. Boris Jeltsín og Gorbatsjov eru andstæðingar. Það fer ekki á milli mála. Segjum nú svo að við vinnum að því dyggilega að kynda þá elda sem mest sem leiði til borgarastyrjaldar í Sovétríkjunum. Enginn veit hverjar afleiðingarnar yrðu. Enginn veit hver mundi ná völdunum. En það óttast ég mjög að þeir tveir sem nú deila harðast um völdin mundu hvorugur halda um þau eftir þann leik. Ég óttast að það yrði rússneski herinn sem hefði taflið í fyrstu atrennu.

Ég held að það sé hættulegur leikur, svo ekki sé meira sagt, hjá Vesturlöndum ef stefnubreyting yrði og menn hættu við að styðja Gorbatsjov í þeirri stöðu sem hann er. Það væri mjög hættulegur leikur. Sá leikur gæti kallað það yfir okkur í fyrsta lagi að lýðræðisríkin segðu sig úr Sovétríkjunum og kæmust upp með það. Rússland líka. Þá sætum við uppi með það að við hefðum fjölgað kjarnorkuveldum heimsins og værum búnir að fela múhameðstrúarríki kjarnorkuvopn. Og ég

gæti trúað því að það væri þó nokkuð hátt verð á þeim vopnum í dag ef þau væru til sölu, þó nokkuð hátt verð sem olíufurstarnir við Persaflóa, sumir hverjir, væru reiðubúnir að greiða til að hafa þau undir höndum í þeim átökum sem þar eru.

Íslendingar þurfa að horfa á þetta tafl heimsins í einni mynd. Þeir þurfa að horfa á það í einni mynd.

Ég held að það sé affarasælast að ræða það í þeirri stöðu sem menn eru nú að það verður að hvetja leiðtoga Eystrasaltslandanna og forseta Rússlands til að talast við og forseta Sovétríkjanna til að talast við og stöðva beitingu vopnavaldsins í þessum ríkjum. Með viðræðum er það hægt. En ef við höldum að vald okkar sé slíkt að með þvingunaraðgerðum pínum við þessa aðila, þá er það misskilningur.

Við heyrðum ágæta ræðu hæstv. utanrrh. hér í þingsal. En við heyrðum líka fréttir af þessu ferðalagi erlendis og þær fréttir drógu upp allt aðra mynd en hér kom fram. Þær fréttir drógu það upp að hæstv. utanrrh. ætti orðið í basli með KGB og væri búið að hafa af honum töskuna. Svo komu þær fréttir að taskan væri fundin í fatageymslu í hótelinu og féll nú hjá mörgum það álit sem þeir höfðu á KGB sem hæfum til að halda aga í Sovétríkjunum.

Ég veit ekki hvort þeir sem standa að fréttaflutningi á þennan veg gera sér grein fyrir því hversu illa þeir fara með tiltrú almennings á fjölmiðlum, hversu meðferðin á fjölmiðlum er slæm að búa við slíkan æsingarfréttaflutning sem þarna kemur fram. Og ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. gerir sér grein fyrir því hvað það er óheppilegt á stundum sem þessum að svona mynd sé dregin upp af ferðalagi í Eystrasaltslöndunum eins og fréttamenn hafa gert með þessum hætti.

Ég vil minna á það að það eru mörg mál heimsins sem eru erfið og óleyst. Hvað með Írland, sem er nú eins og Noregur land okkar forfeðra, er það ekki klofið í tvennt? Er það ekki lýðræðisland? Eru þar ekki drepnir menn af og til á báða bóga, bæði af Bretum og eins uppreisnaraðilum? Hvað stefndi í með Québec þegar forseti Frakklands á sínum tíma hvatti þá til að segja sig úr lögum frá Kanada? Tóku Kanadamenn því vel að það væri verið að hvetja til þess að eitt af svæðum Kanada rifi sig út úr ríkinu? Því var ekki vel tekið.

Íslendingar þurfa að hugsa það mjög vel hvort þeir gera ekki mest gagn í málum Eystrasaltslandanna með því að tala þar máli friðar í samskiptum manna á milli, tala þar máli friðar innbyrðis. Og hvort sem menn vilja trúa því eða ekki, þá væru það mikil sinnaskipti ef sá maður, sem hlotið hefur friðarverðlaun Nóbels, hefur á örfáum mánuðum orðið slíkur gangster og glæpamaður að það sé skynsamlegast fyrir vestræna menningu, sem sæmdi hann þeim heiðri, sæmdi hann friðarverðlaunum Nóbels, hvort sú sama vestræna menning á að trúa því í dag að slík sinnaskipti hafi orðið að þar fari blóðhundur, eins og einn íslenskur stjórnmálamaður hefur látið sér um munn fara.

Menn þurfa að hugsa og halda stillingu sinni í þessu máli. Það hefði vafalaust verið hægt í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga að halda þannig á málum að tugir og hundruð manna hefðu fallið í valinn. Það hefði vafalaust verið hægt en það var ekki gert.

Ég vil trúa því, sem betur fer, að leiðtogar Vesturlanda, jafnvel þó við stöndum í stríði fyrir botni Persaflóa, séu mikilhæfir menn og að sú þróun sem orðið hefur í heiminum sé því að þakka að lýðræðisþjóðirnar og sú lýðræðisþróun sem orðið hefur í Sovétríkjunum hefur fært okkur fram á veg. En ég segi það hér og nú: Ég held að það yrði eitt alvarlegasta áfallið fyrir vestræna menningu í þeirri stöðu sem við erum í dag ef Rússland og lýðræðisöflin í Sovétríkjunum legðu ekki höfuðkapp á það að tryggja lýðræðisþróun innan Sovétríkjanna, heldur legðu höfuðkapp á það að koma sér út úr Sovétríkjunum. Þá værum við búnir að dreifa kjarnorkusprengjunum ansi víða og þá værum við búnir að tryggja það að múhameðstrúarmenn væru komnir í þá stöðu að það yrði á fleiri stöðum en í Ísrael sem mönnum yrði ekki svefnsamt af ótta við að þeim vopnum yrði beitt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og tek undir með þeim hv. þm. sem sagt hafa: Ef við viljum beita okkur til góðs í þessu máli, þá gildir það að í okkar röðum sé traust samstaða og að þessi mál svo alvarleg sem þau eru verði ekki gerð að pólitísku bitbeini milli flokka eða tilraunir gerðar til þess að gera þau að máli sem verði einum flokki umfram aðra til framdráttar. Um það snýst málið ekki og um það vona ég að við séum öll sammála.

Það hefur verið gagnrýnt að ríkisstjórnin hafi ekki þegar við þessa umræðu tilkynnt ákvarðanir í framhaldi af mínu ferðalagi og þeirri greiningu á ástandinu sem fram hefur komið í minni ræðu, umræðum í ríkisstjórn, í utanrmn. og í þessum umræðum. Ég tel þá gagnrýni kannski ekki sanngjarna. Það er hverju orði sannara að orðum eiga að fylgja athafnir. Á næsta fundi ríkisstjórnar verða fyrstu tillögur lagðar fyrir. Það er líka rétt sem sagt var, m.a. af hv. 1. þm. Suðurl., að það ber að vanda til þeirra tillagna og ekki rasa um ráð fram þannig að þetta mál er að mínu mati í eðlilegum farvegi.

Stundum gætir nokkurs misskilnings um einstök atriði sem óþarfi er og rétt að leiðrétta. Það var ekki rétt sem fram kom í máli seinasta ræðumanns að tvö þessara ríkja, Eistland og Lettland, óskuðu ekki eftir viðurkenningu á sjálfstæði sínu af hálfu annarra ríkja. Það gera þau að sjálfsögðu og hafa hlotið, m.a. af okkar hálfu. Hitt er rétt að þau hafa ekki óskað eftir því að taka upp diplómatísk tengsl í framhaldi af slíkri viðurkenningu.

Ég ætla ekki að leggja hér frekar orð í belg um mat manna á hinum stóru þáttum alþjóðamála, þróun mála í Sovétríkjunum o.s.frv. Ég hef lýst mínum viðhorfum. Ég vil einungis ljúka umræðunni með því að þakka fyrir málefnalegar umræður og láta í ljós þá von að samstaða geti orðið á Alþingi Íslendinga um aðgerðir sem mega koma þeim að haldi sem eiga um sárt að binda.

EFRI DEILD

45. fundur, miðvikudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Launamál, 2. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40, n. 515 og 533.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er verið að taka hér á dagskrá eitt stærsta málið sem liggur fyrir þessu þingi, það mest umtalaða, og mér virðist að það sé ekki búið að leggja fram nál. sem á að leggja fram. Eftir því sem mér skilst eru a.m.k. fjögur nál. og það er ekki búið að leggja fram nema tvö þeirra. Ég tel að þessi vinnubrögð séu með öllu óeðlileg og þau eru það alltaf, hvaða mál sem um er að ræða nema alveg sérstök nauður reki til og þá eigi að leita afbrigða fyrir því. Hvaða nauður getur rekið til að taka mál fyrir áður en búið er að leggja fram nál.? Það er vandséð. En við þekkjum það að stundum er málum flýtt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ég fullyrði að það er engin ástæða til þess að hafa slík hroðvirknisvinnubrögð á þessu máli og legg til að málið verði ekki tekið til umræðu í dag.

Forseti (Jón Helgason):

Eins og hv. 4. þm. Vestf. veit, þá er ekki hægt að skylda neinn nefndarmann til að skila nál. Það er hverjum nefndarmanni í sjálfsvald sett. Í síðustu viku var ákveðið að 2. umr. um þetta mál færi fram í gær og allir nefndarmenn fjh.- og viðskn. voru búnir að fallast á það. Það voru hins vegar ytri aðstæður sem gerðu það að verkum að samkomulag varð um að fresta málinu þangað til í dag. Þetta er því gert í fullu samráði við alla nefndarmenn í fjh.- og viðskn.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir orð hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðars Kristjánssonar. Það er með öllu óeðlilegt að ætla að afgreiða þetta mál án þess að fyrir liggi nál. Hér liggja fyrir tvö nál. en það vantar nál. frá minni hluta eða minni hlutum og ég legg áherslu á það að öll gögn liggi hér fyrir áður en umræða hefst um þessi veigamiklu mál. Það er gjörsamlega óviðeigandi að eiga að keyra þetta mál í gegnum þessa deild án þess að við hv. þm. getum fengið að sjá nál. frá öllum aðilum í fjh.- og viðskn. Ed. Ég legg því áherslu á að þessu máli verði frestað þar til þessi nál. liggja fyrir.

Guðmundur Ágústsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um þingsköp kemur mér verulega á óvart þar sem það hafði verið fullt samkomulag í fjh.- og viðskn. um það að taka málið hér á dagskrá í gær. En eins og fram kom í máli forseta voru ytri aðstæður sem ollu því að það var ekki hægt. En það er kannski rétt að ég reki hér hvernig þetta mál hefur þróast og hvaða umfjöllun það hefur fengið í hv. fjh.- og viðskn.

Á þriðjudaginn síðasta, á miðvikudaginn og fimmtudaginn voru nefndarfundir þar sem málið var til umræðu og það var fullt samkomulag um það að taka málið út úr nefnd á fimmtudaginn og ákveðið þá að málið yrði tekið á dagskrá í gær, en eins og ég sagði áðan var ekki hægt að halda hér fund þá. En ef það á að vera regla að menn geti trassað að skila nál. og málið fái ekki meðferð, þá býð ég ekki mikið í þetta þinghald. Ef einn eða fleiri nefndarmenn í fjh.- og viðskn. trassa það að skila nál. og ætla út á það að fá máli frestað, þá er illa komið fyrir okkur.

Ég vil því skora á forseta og þá þingmenn sem eiga eftir að skila nál. að gera það strax þannig að þessi umræða geti farið hér fram.

Forseti (Jón Helgason):

Útbýtt er í deildinni:

1. Þskj. 535, Launamál, nál. frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn.

2. Þskj. 537, Launamál, nál. frá 3. minni hl. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér kemur ræða hv. 5. þm. Reykv. mjög á óvart, formanns fjh.- og viðskn. Honum var kunnugt um það að ég hafði beðið um tilteknar upplýsingar hjá fjmrn. þegar — ég má segja skrifstofustjóri launadeildar var staddur á fundi fjvn., Birgir Sigurjónsson, og aðstoðarmaður fjmrh., Svanfríður Jónasdóttir. Bað ég um ákveðnar upplýsingar um launataxta flugumferðarstjóra. Ég fór í gærmorgun upp í launadeild og ítrekaði mínar óskir og fékk svo í morgun eða seint í gærkvöldi upplýsingar sem fólu í sér hluta af því sem ég hafði beðið um. Síðan hafði ég samband við ritara fjh.- og viðskn. í morgun og sagði honum frá því að ég þyrfti á þessum upplýsingum að halda nú við umræðurnar og það varð að samkomulagi milli okkar að ég dokaði við til hálftvö ef vera kynni að þessar upplýsingar yrðu látnar í té. Ég er hér að tala um opinberar upplýsingar, launatöflu, ekkert persónulegt, ekkert sem hver og einn á ekki að hafa aðgang að.

Þó svo að þessar upplýsingar liggi enn ekki fyrir, herra forseti, geri ég ekki athugasemd við að umræður hefjist. Ég skilaði inn nál. rétt fyrir kl. hálftvö þó svo að þessar upplýsingar lægju ekki fyrir og ég hefði kannski bætt við einni eða tveim setningum eða breytt orðalagi hefði ég haft þær í höndum, en samkvæmt þeim nýjustu upplýsingum sem ég hef nú, og fékk rétt áður en fundur hófst, er þess að vænta að ég fái umbeðin plögg í hendur nú á næstu mínútum og ég vil vænta þess að svo verði.

Ég ítreka að formanni fjh.- og viðskn. var kunnugt um þetta þannig að það á ekki að koma honum á óvart þó svo að ég hafi skilað nál. seint, en ég vil taka það fram að frágangur nál. eins og það er á borðum þing-

manna er minn, þannig skilaði ég nál. í hendur Alþingis svo að það var ekkert eftir annað en ljósrita það. Þá var það fullbúið í hendur þingmanna.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. var mjög undrandi á því að ég gerði hér athugasemd við það að taka málið til umræðu nú. Undrandi á því. Og hvers vegna var hann undrandi? Var hann undrandi vegna þess að þingsköp væru túlkuð þannig? Nei. Hann var undrandi vegna þess að það hefði verið talað um það í fjh.- og viðskn. að málið skyldi tekið fyrir í dag, skildist mér. Það breytir engu um þingsköp og framkvæmd þingskapa hvað talað er um í þessu sambandi í fjh.- og viðskn. og það breytir því ekki þótt hv. 5. þm. Reykv. sé núna um sinn formaður þessarar nefndar.

Hv. þm. var svo að tala um trassaskap í sambandi við þetta og því virtist vera beint til hv. 2. þm. Norðurl. e. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur nú svarað fyrir sig og þetta sýnir hvað það er út í hött sem hv. 5. þm. Reykv. er að leggja til í þessu máli.

En frá því að ég talaði áðan hefur komið eitt nál. sem er upp á a.m.k. 20 blaðsíður, og ef ég veit rétt, þá er eitt nál. enn eftir. (**Gripið fram í:** Það er komið.) Nú, það er komið, já. En hvorki ég né aðrir hafa komist til að lesa þessi nál. og kynna sér þau.

Ég vil leggja áherslu á það að það eru gjörsamlega óeðlileg og óviðunandi vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Og ég spyr hæstv. forseta: Hvaða nauður rekur til þess að hafa þessi vinnubrögð núna? Hvers vegna þarf að flýta þessu máli svo mikið að það þoli ekki að hafa eðlileg vinnubrögð? Ég óska eftir því að hæstv. forseti skýri ástæðurnar fyrir því. Það eru engar ástæður fyrir því þó að um eitthvað hafi verið talað við fjh.- og viðskn. Ég þarf ekki að segja hæstv. forseta það. Hver er ástæða hæstv. forseta fyrir því að taka málið fyrir með þessum hætti?

Forseti (Jón Helgason):

Forseta var tjáð það á fimmtudag í síðustu viku að engir annmarkar væru á því af hálfu fjh.- og viðskn., sem hafði þetta mál til meðferðar, að það yrði tekið til umræðu í gær og þá ætlaði ég að gera það. En eins og ég sagði áðan varð samkomulag vegna ytri ástæðna um að geyma málið þangað til í dag og þá var það sett á dagskrá þannig að það er langt frá því að það sé verið með einhvern óeðlilegan hraða eða flýti af hálfu forseta í málinu.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það ærir nú óstöðugan að halda áfram þessum orðaskiptum við hæstv. forseta. Hann víkur sér undan að svara einföldum fyrirspurnum. Það er engin ástæða fyrir því að viðhafa óeðlileg vinnubrögð í þessu máli þó að um eitthvað hafi verið talað fyrir einum eða tveim dögum í fjh.- og viðskn. Og það þarf að taka tillit til fleiri heldur en þeirra sem eru í fjh.- og viðskn. Það þarf að taka tillit til allra deildarmanna og það tillit verður ekki gert nema að framfylgja þingsköpum og framkvæma þau á eðlilegan hátt.

Guðmundur Ágústsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að ég standi hér upp aftur til þess að svara þeim ásökunum sem fram hafa komið. Ég tel að í þessu máli hafi verið viðhöfð mjög eðlileg vinnubrögð. Þegar mál af þessu tagi eru fyrir þinginu þá vill oft þannig vera að menn fái ekki nema hálfan eða einn dag til þess að skila nál. Hér er um tæpa viku að ræða, frá fimmtudegi og til miðvikudags, og ég verð að segja eins og er að ég taldi og raunar flestir sem hér eru inni mættu telja það vera nokkuð rúman tíma til þess að skrifa álit.

Varðandi þær upplýsingar sem hv. 2. þm. Norðurl. e. minntist á hér áðan, þá tilkynnti hann mér nú rétt fyrir kl. 2 að hann hefði ekki fengið fullnægjandi upplýsingar frá fjmrn. Það var í fyrsta skiptið sem ég heyrði um það að þær upplýsingar lægju ekki fyrir. Hins vegar voru honum afhent gögn sem hann bað um á fundinum. Hins vegar skildist mér á þeim upplýsingum sem ég fékk frá fjmrn. að hann hefði verið að biðja um viðbótargögn frá því sem áður hafði verið beðið um. Ég hef gert ráðstafanir núna til þess að athuga hvort hægt sé að fá þau gögn sem hv. þm. hefur farið fram á að honum verði veitt og ég vonast eftir því að hér á eftir komi þessar upplýsingar.

En eins og hann sjálfur benti á ætti það ekki að trufla það að málið verði tekið hér á dagskrá því að þær upplýsingar eru kannski til enn frekari fyllingar en skipta ekki máli varðandi efnisafgreiðslu málsins og hvernig málið allt liggur fyrir, heldur eru þetta frekar staðfestingar á því sem haldið hefur verið fram þannig að það ætti ekki að vera nægileg ástæða til að fresta málinu þó að þessar upplýsingar lægju ekki fyrir.

Að sjálfsögðu væru það mjög góð og heppileg vinnubrögð hér í Ed. sem Nd. að nál. lægju alltaf fyrir þegar mál væru tekin fyrir, en þannig vill nú oft verða að það eru annir í þinginu og nál. oft skilað á síðustu stundu. Eins og raunin hefur orðið hér, þá hefur nú öllum nál. verið dreift og ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að málið verði tekið á dagskrá.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að standa í löngum umræðum um þingsköp í dag, en vegna ummæla formanns fjh.- og viðskn. vil ég í fyrsta lagi óska eftir því að hann geri grein fyrir því og útvegi mér þegar í stað eftirrit frá fundi fjh.- og viðskn. þar sem ég óskaði eftir tilteknum upplýsingum og gangi sjálfur úr skugga um það hvort þær upplýsingar hafi verið látnar í té. Ef svo er að starfsmaður fjmrn. hefur sannfært hann um að ég hafi fengið allar þær upplýsingar í hendur sem formaður fjh.- og viðskn. varð vitni að að ég bað um í nefndinni, þá óska ég eftir því að formaðurinn sjái um það að ég fái þessar upplýsingar í hendur eða fái að vita það heimilisfang þangað sem þær voru sendar.

Í öðru lagi kann ég ekki við það að formaður fjh.- og viðskn. komi hér upp í stól á Alþingi, beri fyrir sig einhverja ónafngreinda persónu uppi í fjmrn. og noti

hana sem eitthvert yfirvarp eða skálkaskjól þegar hann er að væna þingmenn um ósannindi. Ég kann ekki við það og óska eftir því að hann láti þess getið, annaðhvort í einkasamtali eða hér úr ræðustól, hver það var í fjmrn. sem sagði að ég hefði farið hér með ósannindi.

Ef það er svo, herra forseti, að það sé óeðlilegt að þingmenn óski eftir því að þurfa ekki að taka þátt í umræðum þegar þeir þurfa að vera við jarðarför, þá er það nýtt fyrir mér.

Ég vil enn fremur segja að það er altítt í þinginu að nál. liggi fyrir í þann mund sem umræða byrjar. Ef á hinn bóginn það er ósk meiri hluta Alþingis að taka þau vinnubrögð upp að umræður séu ekki um mál nema þingmenn hafi haft sólarhring til þess að setja sig inn í einstök nál., þá er ég síður en svo á móti því og er reiðubúinn til þess að hefja þessa umræðu hvort sem hæstv. forseti vill á morgun eða í næstu viku.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 515 um frv. til laga um launamál. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn., en nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frv. og hafa verið lögð fram þrjú minnihlutaálit sem verður gerð grein fyrir hér á eftir. Nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. er á þessa leið:

Nefndin hefur fjallað rækilega um frv. Eftirtaldir komu á fund nefndarinnar: Forsrh. Steingrímur Hermannsson, Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsrh., Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Páll Halldórsson, Eggert Lárusson og Birgir Björn Sigurjónsson frá BHMR, Svanfríður Jónasdóttir, aðstoðarmaður fjmrh., Birgir Guðjónsson, skrifstofustjóri launaskrifstofu ríkisins, Leifur Guðjónsson frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, Ólafur Örn Haraldsson og Tómas B. Bjarnason frá Gallup á Íslandi.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. vill vísa til þess nál. sem lagt var fram af meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. þegar mælt var fyrir frv. þar og vísar til þess rökstuðnings sem þar kom fram, en því til viðbótar vill meiri hl. benda á að í kjarasamningi fjmrh. f.h. ríkissjóðs og aðildarfélaga BHMR, sem undirritaður var 18. maí 1989, var m.a. samið um að endurskoðað yrði mat á námi, lagt yrði mat á faglega, fjármálalega og stjórnunarlega ábyrgð háskólamanna í þjónustu ríkisins og borin yrðu saman kjör háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og á hinum almenna vinnumarkaði. Námsmatsnefnd og ábyrgðarnefnd skiluðu lokaniðurstöðum á tilsettum tíma. Vegna ýmissa ástæðna, þar á meðal þeirrar að ekki lá fyrir fullnægjandi samanburður á kjörum háskólamenntaðra starfsmanna í þjónustu ríkisins og þeirra sem störfuðu á hinum almenna vinnumarkaði, gat kjarasamanburðarnefnd ekki skilað lokaáliti fyrir 1. júlí 1990 eins og ráð var fyrir gert í kjarasamningnum. Kom þá til kasta 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins er kveður á um launahækkun til handa háskólamenntuðum starfsmönnum í þjónustu ríkisins um sem svarar 4,5%.

Hefði þessi 4,5% launahækkun félagsmanna í BHMR umfram aðra launþega komið til framkvæmda hefðu forsendur þjóðarsáttar verið brostnar þar sem fyrir lá að aðrir launþegar hefðu krafist sömu hækkunar. Óhjákvæmilegt var annað, ef verja átti þá samstöðu sem sköpuð var með febrúarsamningunum, en að ríkisvaldið gripi til ráðstafana sem kæmu í veg fyrir að ákvæði samningsins kæmu til framkvæmda. Eftir að ljóst var með úrskurði Félagsdóms að túlka bæri kjarasamninginn þannig að félagsmenn í BHMR ættu tilkall til launahækkunar skapaðist sú hætta að þjóðarsáttin væri brostin. Lá fyrir bréf frá VSÍ um að kæmi hækkunin til framkvæmda mundu samtökin ekki komast hjá því að launþegar innan ASÍ fengju sambærilega hækkun. Eftir árangurslausar viðræður við forsvarsmenn BHMR þar sem reynt var að ná samkomulagi um að refsiákvæði samningsins í 6. mgr. 5. gr. kæmi ekki til framkvæmda ákvað ríkisstjórnin að grípa til bráðabirgðalagasetningar sem næmi úr gildi þær forsendur sem dómur Félagsdóms var byggður á. Meiri hl. nefndarinnar telur að ekki sé verið að setja lög á niðurstöðu dómstóls heldur sé með setningu laganna einungis verið að breyta þeirri réttarheimild sem dómurinn leggur til grundvallar í niðurstöðu sinni.

Eftir að hafa kynnt sér rækilega þau gögn sem lögð hafa verið fram í nefndinni, þar á meðal greinargerðir beggja aðila þess máls sem nú er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, með tilliti til þeirrar réttarframkvæmdar sem viðgengist hefur við setningu bráðabirgðalaga og þeirrar brýnu nauðsynjar sem bar til setningar bráðabirgðalaganna um launamál, telur meiri hl. nefndarinnar að lögin stangist ekki á við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og þess ástands sem Þjóðhagsstofnun hefur sýnt fram á í áliti sínu, sbr. þskj. 233, að gæti skapast í efnahagsmálum þjóðarinnar ef lögin yrðu felld á Alþingi leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

En í þessu áliti Þjóðhagsstofnunar segir svo m.a. er þeir fara yfir útreikninginn:

„Niðurstöður þessara útreikninga sýna að verði vísxlhækkanir verðlags, launa og gengis með þeim hætti sem að framan greinir stefnir í stöðugt vaxandi verðbólgu. Tilgangslítið er að reikna slík dæmi langt fram í tímann. Ljóst er að á nokkrum mánuðum yrði þriggja mánaða hraði verðbólgunnar miðað við heilt ár kominn í tugi prósenta. Í þeim dæmum sem reiknuð voru var verðbólgan á þennan mælikvarða í fyrsta dæminu komin í 22% í júlí 1991, 27% í öðru dæminu og í tæplega 40% í því þriðja.

Í öllum þessum dæmum mun kaupmáttur launa aukast umtalsvert fyrst í stað og er líklegt að almenn eftirspurn fari vaxandi. Það má því reikna með, ef þessi þróun gengur eftir, að þau markmið um viðskiptahalla og litla aukningu þjóðarútgjalda sem sett voru fram í þjóðhagsáætlun 1991, standist ekki. Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að það eru ekki ótvíræðar niðurstöður því óvissuatriðin eru mörg í þessum dæmum."

Þetta segir m.a. í áliti Þjóðhagsstofnunar hefðu þessar hækkanir komið til framkvæmda. Og þá er alveg

ljóst að þjóðarsáttin svokallaða var fyrir bí og efnahagsmarkmiðin farin úr böndunum.

Meiri hl. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. og er í samræmi við það sem bráðabirgðalögin sem sett voru í sumar og frv. sem lagt var hér fram sem 40. mál þessa þings.

Undir það nál. sem ég las hér áðan rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eiður Guðnason og Skúli Alexandersson.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. Við höfum fjallað um frv. sem ríkisstjórnin lagði fram til þess að fá staðfestingu á bráðabirgðalögum sem sett voru 3. ágúst 1990 til að ógilda kjarasamninga ríkisins og aðildarfélaga BHMR frá 18. maí 1989. Í þeim samningi var fallist á þá kröfu að BHMR-félagar ættu að þessu sinni að fá sérstakar hækkanir til að samræma laun þeirra launum fólks með sömu menntun og í sambærilegum störfum á almennum vinnumarkaði. Virðist hafa verið sátt um það milli samningsaðila hvernig að þessu skyldi staðið. M.a. var það með stofnun þriggja nefnda sem getið var um í áliti meiri hl. þessarar nefndar og sem hafa ýmist lokið störfum eða ekki hafa lokið störfum enn þá.

Þann 1. febr. 1990 gerðu *aðrir aðilar* vinnumarkaðarins með sér kjarasamning þar sem launahækkunum var í hóf stillt en ríkisvaldið tók að sér að sjá til þess að verðlagsþróun yrði innan vissra marka og jafnframt virðast aðilar hafa gert samkomulag um að launaþróun annarra yrði sú sama og greint er í þessum samningi sem kenndur er við þjóðarsátt. Þetta höfum við fengið fréttir um bæði í blöðum og útvarpi að muni hafa skeð.

Ekki virðist ríkisstjórnin hafa verið í vafa um að hún gæti staðið við umrædd „þjóðarsáttarmörk" þó svo að ákvæði í samningi BHMR fælu í sér 4,5% kauphækkun 1. júlí 1990 en í „þjóðarsáttarsamningi" ASÍ og VSÍ var kveðið á um 1,5% hækkun. Þegar í ljós kom að ASÍ og VSÍ gátu ekki fallist á að BHMR-fólk fengi fyrrgreinda 4,5% launahækkun en aðrir ekki komst málið í sjálfheldu. BHMR-fólk taldi sig eiga rétt á hækkuninni 1. júlí en ríkisstjórnin vildi a.m.k. seinka greiðslum fram yfir gildistíma „þjóðarsáttar". Fór svo að málið kom fyrir Félagsdóm og virðist ríkisstjórnin, sem hafði ráðfært sig munnlega við ýmsa lögfræðinga, álíta að málinu væri borgið. Þegar Félagsdómur kvað upp dóm sinn reyndist hann falla BHMR í vil og kom þá til þess gjörnings sem til umfjöllunar er nú, þ.e. setningar bráðabirgðalaga sem felldu úr gildi ákvæði þau í samningi BHMR og ríkisins sem Félagsdómur byggði úrskurð sinn á. Enn virðist ríkisstjórnin hafa byggt ákvörðun sína á munnlegri ráðgjöf ýmissa lögfræðinga.

Telja verður það meira en vafasamt að „þjóðarsáttaraðilar" geti ákveðið að launasamningar annarra, þ.e. BHMR-fólks, verði að falla úr gildi án þess að um það sé samið við BHMR. Einnig telur 1. minni hl. að hæpið sé fyrir ábyrga aðila að byggja ákvarðanir sínar í svo viðkvæmu og vafasömu máli á munnlegri ráðgjöf manna, þótt lögfróðir séu. En mergurinn málsins er þó sá að 1. minni hl. telur að óhæfa sé að skjóta deilumáli til úrskurðar dómstóls og að honum fengnum séu undirstöður úrskurðarins afmáðar með bráðabirgðalögum til þess að þurfa ekki að standa við úrskurðinn. Allt annarra leiða hefði þurft að leita í þessu máli. Fyrsti minni hl. er því alfarið á móti staðfestingu þessara bráðabirgðalaga. Að öðru leyti er vísað til nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. neðri deildar um mál þetta.

Ég vil undirstrika það að þessi gjörð, að afmá eða fella úr gildi með lögum ákvæði sem dómur byggist á, til þess að þurfa ekki að standa við dóminn, hlýtur að vera afskaplega varhugavert athæfi. Og fyrir þegna þjóðfélags þar sem þetta er iðkað skapar þetta afskaplega mikið óöryggi. Réttaröryggi okkar er sem sagt stefnt í voða ef valdhafarnir geta breytt ákvæðum eftir á og reynt að láta þau gilda gagnvart aðilum sem hafa fengið dóm sér dæmdan í vil. Slíkt getum við ekki fallist á. Það getur ekki nokkur fallist á slíka meðferð mála.

Þar að auki virtist mér afskaplega furðulegt þegar við ræddum við hina ýmsu aðila, sem komu og ræddu við okkur og taldir eru upp í áliti meiri hl. nefndarinnar, hversu ólíkum augum þeir virðast hafa litið á samtöl sem farið hafa á milli þeirra og samstarf allt. Þar sem einn álítur að fólk sé að ráðfæra sig um ýmis formsatriði álítur annar að verið sé að ræða um grundvöll og undirstöðuatriði kjarasamninga. Þetta var bæði mér og sjálfsagt mörgum fleirum til mjög mikillar undrunar.

Það er líka íhugunarefni að hópur lögfræðinga skuli hafa getað gefið ríkisstjórn vorri ráð og leiðbeiningar sem svo annar hópur lögfræðinga fellir algjörlega úr gildi eða telur marklaus vera. Þetta er líka íhugunarefni fyrir okkur. Ég tel að þegar svona gerðir eru gerðar, þá sé bráðnauðsynlegt fyrir valdhafana að hafa mjög vandaða ráðgjöf. Og sú vandaða ráðgjöf verður t.d. að byggjast á skriflegum og langíhuguðum niðurstöðum frá ráðgjöfunum. En fyrst og fremst er það grundvallaratriði að það er ekki hægt fyrir nokkurt samfélag að standast ef hafa á lög sem dæmt er eftir og svo þegar búið er að dæma eftir lögunum, þá sé þeim bara breytt til þess að fella úr gildi þann dóm sem búið er að fella. Það held ég að sé mjög fáheyrt og getur alls ekki gengið.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég sé að formaður fjh.- og viðskn. er í símanum, væntanlega að gera þeim grein fyrir því í hinu háa fjmrn. að það er náttúrlega viðkunnanlegt að fjmrh. sé við í deildinni þegar til umfjöllunar eru bráðabirgðalög um að ógilda hans undirskrift. Ég skil satt að segja ekki hvernig á því stendur að hæstv. forseti skuli ekki hafa gert ráðstafanir til að ná í hæstv. fjmrh. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur þessa umræðu, ekki svo að

skilja að mér þyki návera hans í sjálfu sér geðþekk, en ég hygg á hinn bóginn að þingið hljóti að ætlast til þess að hann sé viðlátinn. Ég vil óska eftir því að fá upplýsingar um það hvort hann sé í húsinu, hvort hann sé væntanlegur eða hvort við eigum að gera ráð fyrir því að halda þessum umræðum áfram að honum fjarstöddum. (**Forseti:** Forseti mun láta kanna hvort hæstv. fjmrh. er í húsinu.) Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt.

Þetta er svona kannski ekki óeðlilegt. Það er nú svo að þeir bera sameiginlega ábyrgð á þessum kjarasamningi sem við erum að tala um, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Eins og upplýst var í fjh.- og viðskn. hélt hæstv. forsrh. í höndina á fjmrh. meðan á samningsgerðinni stóð. Hæstv. forsrh. upplýsti á fundi nefndarinnar að hann bæri persónulega fulla ábyrgð á síðustu gerð I. kafla samninganna. Hann skoraðist að vísu undan því að bera ábyrgð á 15. gr. samninganna sem ég mun víkja að síðar og taldi að efni hennar væri ekki í samræmi við það handrit eða uppkast sem hann hafði séð og verið breytt á síðustu stundu efnislega. Við fórum ekki nánar út í það en það var athyglisvert að fulltrúar Bandalags háskólamenntaðra manna könnuðust ekki við að um efnisbreytingar hefði verið að ræða á 15. gr. heldur, þannig að þeim kom mjög á óvart að hæstv. forsrh. skyldi skorast undan ábyrgð á þeirri grein. En við sem fjarstaddir vorum vitum auðvitað ekki hver segir satt. Það er engin leið fyrir okkur að slá neinu föstu um það. Það talar þarna maður á móti manni. Eins og víðar í þessu máli ber mönnum ekki saman. Það sem einn segir svart segir annar hvítt og þannig er nú það.

Nú skal ég ekki, hæstv. forseti, láta það tefja mína ræðu þó fjmrh. sé ekki viðlátinn en óska sem sagt eftir því að hann sjái sóma sinn í að vera hér. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að hæstv. fjmrh. mun ekki vera í húsinu en ég hef gert ráðstafanir til þess að náð verði í hann.) Nú veit ég að vísu, hæstv. forseti, að fjmrh. er ekki þingmaður og má vera að hann fái ekki dagskrá þingsins senda af þeim sökum svo að honum hafi verið ókunnugt um að málið hafi verið tekið hér á dagskrá í dag. Ég vil þá biðja um að það séu gerðar ráðstafanir til þess að hann fái dagskrá þingsins eftirleiðis.

Aðdragandi þess að bráðabirgðalög um launamál voru gefin út 3. ágúst 1990 var í stuttu máli þessi:

Hinn 18. maí 1989 var undirritaður nýr kjarasamningur milli aðildarfélaga BHMR og ríkissjóðs. Forsrh. og fjmrh. komu einkum að samningsgerðinni á lokastigi. Af því tilefni er viðtal við forsrh. í Morgunblaðinu þar sem hann „sagðist mundu standa við þær yfirlýsingar sem hann hefði áður gefið, eins og í ríkisstjórninni 1985, að kjör háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins ættu að vera sambærileg við það sem gerðist hjá háskólamenntuðum mönnum utan ríkisgeirans". Síðan er haft orðrétt eftir Steingrími Hermannssyni: „Raunar skil ég vel þá tortryggni sem er hjá þeim, vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að fá þetta fram."

Þetta eru orð hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu, en bæði hann og hæstv. fjmrh. hafa ýmist gefið í skyn eða talað um það beinlínis að ýmsir aðrir menn sem hafa gegnt þeirra embættum hafi ekki notið fulls trúnaðar hjá starfsmönnum ríkisins og eru að reyna að gefa einlægt í skyn að þeir muni standa miklu, miklu betur við sín orð gagnvart opinberum starfsmönnum en aðrir hafa gert. Það eru einkum þessir tveir menn sem koma að þessari samningsgerð, formenn stjórnarandstöðuflokkanna tveggja, formaður Framsfl. og formaður Alþb., sem hafa verið að gefa í skyn að einhverjir aðrir en þeir hafi ekki viljað standa við stóru orðin um að jafna kjör háskólamenntaðra manna í þjónustu hins opinbera og úti á hinum almenna vinnumarkaði. Báðir hafa þeir hins vegar talað um að sínum orðum sé vel treystandi.

Fréttamaður Ríkisútvarpsins, Jón Guðni Kristjánsson, átti viðtal við hæstv. fjmrh. um það bil sem undirskriftum samningsins var að ljúka. Þá sagði Ólafur Ragnar Grímsson m.a. orðrétt: „.... og ég vil láta hér í ljós þá ósk, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að þessi samningur verði upphafið að nýrri sáttargjörð milli ríkisvaldsins og háskólamenntaðra manna og það er einlæg von okkar að þetta verk verði til þess að skapa tiltrú og traust milli aðila". Svo mörg voru þau orð.

Starfsmenn þessa sama manns komu á fund okkar í fjh.- og viðskn. og létu þess að sjálfsögðu getið, annar hvor þeirra, að ekki hefði verið allt með felldu um tiltrú opinberra starfsmanna til annarra en þess sem nú gegnir embætti fjmrh.

Báðir þessir menn sem báru höfuðábyrgð á samningnum, bæði forsrh. og fjmrh., sáu sem sagt ástæðu til að láta þess sérstaklega getið eftir undirskrift samningsins að þeir mundu vilja beita sér sérstaklega fyrir því að við samninginn yrði nú staðið. Mátti kannski ímynda sér að þeirra orð mætti skilja á þann veg að þeir vildu taka bæði persónulega og pólitíska ábyrgð á því að þeirra orðum mætti nú trúa. Og ég hef það áreiðanlega fyrir satt, ég held að mig misminni það ekki, að svo mikið var viðhaft að samningurinn var í heild sinni handskrifaður inn í gjörðabók ríkisstjórnarinnar til þess að sýna nú allri framtíð fram á að þessir tveir menn létu ekki við það sitja að tala við blaðamenn heldur vildu nú bóka það skilvíslega í sjálfu Stjórnarráðinu á ríkisstjórnar- og ríkisráðsfundi að nú skyldu þeir svo sannarlega standa við samninginn.

En þó að þeir hafi nú kallað þetta mikla þjóðarsátt á þeim tíma voru aðrir menn í þjóðfélaginu sem létu í ljósi efasemdir um að samningurinn væri með þeim hætti að honum væri treystandi, að við hann væri hægt að standa.

Davíð Oddsson borgarstjóri sagði af sama tilefni: "Í annan stað er ljóst að þessir samningar eru í raun settir á frost, ef svo mætti segja. Þeir falla að verulegu leyti á næsta ári og árinu þar á eftir og ég er hræddur um að þegar kemur að þeim tíma, að menn ætli að fara að yfirfæra þennan samning á veruleikann, þá lendi menn í óbrúanlegum þverstæðum."

Nú hafa hæstv. forsrh. og hinn fjarverandi hæstv. fjmrh. báðir reynt að gerast brúarsmiðir. Þeir hafa sennilega byrjað á sínum endanum hvor en sokkið í

árstrenginn þar sem hann var harðastur og rekið þaðan niður á þær fjörur sem helst verða kenndar við það að bregðast undirskrift sinni og standa ekki við þau fyrirheit sem þeir hafa svo útþrykkilega gefið.

Þorsteinn Pálsson sagði í Morgunblaðinu 20. maí: „Það er skrifuð út ávísun á framtíðina sem fjmrh. hefur ekki og getur ekki sýnt fram á að innstæða sé fyrir." Þessi orð hafa að fullu ræst.

Hinn 1. febr. 1990 náðust kjarasamningar milli ASÍ og VSÍ. Kjarni þeirra var sá að freista þess að koma í veg fyrir frekari rýrnun kaupmáttar með því að launahækkunum yrði stillt í hóf sem ætti að tryggja hjöðnun verðbólgu.

Einar Oddur Kristjánsson, forseti Vinnuveitendasambandsins, hefur skýrt svo frá að þá hafi forsrh. handsalað að ekki kæmi til launahækkana samkvæmt samningi ríkisins við aðildarfélög BHMR. Á fundi fjh.- og viðskn. hefur forsrh. staðfest að þetta sé efnislega rétt. Þó þeir hafi kannski ekki tekist í hendur, þá hafi slíkt samkomulag verið gert milli hans og forseta Vinnuveitendasambandsins.

Í viðtali við Morgunblaðið sunnudaginn 19. ágúst sl. víkur forsrh. að þessum atburðum og segist þar gjarnan hefði viljað standa við samningana við BHMR um að samanburður yrði gerður á kjörum háskólamanna í þjónustu ríkisins og á almennum vinnumarkaði. — „Ég hefði mjög gjarnan viljað standa við þetta," segir hann og bætir við síðar í viðtalinu að hann „hafi verið talsmaður þess að viðræður yrðu teknar upp við BHMR strax að loknum þjóðarsáttarsamningunum um breytt viðhorf, en það hafi ekki fengið hljómgrunn í ríkisstjórninni. Hann hafi þó einu sinni rætt við forsvarsmenn BHMR, þrátt fyrir að þessi málefni heyri ekki undir hann."

Við 1. umr. málsins reyndi ég að varpa á það ljósi hvort rétt væri að hann hefði tekið málið upp í ríkisstjórninni eins og hann gerir grein fyrir í viðtalinu, hæstv. forsrh. Ég kvaddi þá hér á fundinn bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. og reyndi að draga það fram hvort hæstv. forsrh. hefði sagt satt um þetta atriði. Þeir sem þá voru viðstaddir eða hafa síðar lesið þessi orðaskipti komast fljótt að raun um að ráðherrarnir vilja ekki tala einum rómi um þetta mál. Þeir vilja með öðrum orðum ekki upplýsa Alþingi um hvort það sé rétt að hæstv. forsrh. hafi tekið þetta mál upp í ríkisstjórninni, en að ekki hafi verið hljómgrunnur fyrir því í ríkisstjórninni.

Það er eftirtektarvert að fjölmiðlar hafa ekki talið þetta atriði skipta máli. Þeir hafa fjallað mjög mikið um hina svokölluðu þjóðarsátt en ég hef ekki orðið var við það að fjölmiðlafréttamenn hafi reynt að kryfja þetta mál frekar, brjóta það til mergjar og spyrja ráðherrana um það hvern og einn hvort það hafi verið tekið upp í ríkisstjórn að rætt yrði við háskólamenntaða menn á grundvelli þjóðarsáttar og hvort það sé rétt sem hæstv. forsrh. sagði í viðtalinu við Morgunblaðið að ekki hafi verið hljómgrunnur fyrir því innan ríkisstjórnarinnar.

Þetta mál hefur margsinnis borið á góma í opinberri umræðu. Hæstv. forsrh. hefur ekki séð ástæðu til þess að leiðrétta það sem eftir honum er haft í Morgunblaðinu þannig að ég geng út frá því að það sé rétt, þori samt ekki að fullyrða nema hann kunni að segja nú að hann reki ekki minni til þess að hafa sagt þetta.

Annað sem er athugavert, hér talar hæstv. forsrh. um það að hann hafi rætt við forsvarsmenn háskólamenntaðra manna þótt kjaramálin heyri ekki undir hann. Við í nefndinni spurðum háskólamenntaða menn hvort þá ræki minni til að þessi fundur hafi verið haldinn og töldu þeir að forsrh. ætti við þann fund sem haldinn hafði verið í janúarmánuði af því tilefni að stjórn Bandalags háskólamenntaðra manna hafði skrifað hæstv. fjmrh. í desembermánuði bréf þar sem kvartað var undan því að vinnubrögð í samstarfsnefnd BHMR og fjmrn. væru með óviðunandi hætti. Bréfi fjmrh. hefur enn ekki verið svarað, að ég hygg, og vegna þess tómlætis sem hæstv. fjmrh. sýndi opinberum starfsmönnum skrifuðu þeir hæstv. forsrh. bréf sem formaður Bandalags háskólamenntaðra manna lýkur með þessum orðum:

„Ég vil með þessu bréfi leggja áherslu á hlutverk þitt [þ.e. forsrh.] og ríkisstjórnarinnar við gerð þessa samnings og óska því eindregið eftir því að þú beitir þér innan ríkisstjórnarinnar fyrir því að lausn verði fundin á þessum málum. Hingað til hefur BHMR ekki talið rétt að opinbera þessar vanefndir í þeirri von að ríkið muni standa við gefin fyrirheit. En nú hefur fjmrh. ekki aðeins með tómlæti vanrækt samninginn heldur með beinum hætti brotið gegn honum. Við það mun BHMR ekki una."

Svo mörg eru þau orð sem persónulega er beint til hæstv. forsrh. Nú má segja að eftir að bráðabirgðalögin voru sett skipti kannski ekki máli hvernig ríkisstjórnin hafi staðið að því að reyna að efna samninginn frá 1979. Eftir þeim upplýsingum og gögnum sem við höfum í nefndinni virðist málið vera þannig vaxið að forsrh. hafi fengið þetta bréf, hann hafi átt einn fund með stjórn Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, hann hafi síðan eftir að þjóðarsáttarsamningarnir svokölluðu voru gerðir tekið málið einu sinni upp í ríkisstjórninni, hann hafi mætt tómlæti hjá öðrum ráðherrum. Mál hans fékk ekki hljómgrunn og þá lét hann það niður falla. Með öðrum orðum að hæstv. forsrh. hafi látið undir höfuð leggjast að rækja þá skyldu sína sem verkstjóri ríkisstjórnarinnar að bregðast fljótt og hratt og vel við þegar starfsmenn hans, háskólamenntaðir, kvarta undan því að samningar séu ekki efndir sem sjálfur forsrh. bar persónulega ábyrgð á, efnisatriðum þeirra og þar með vinnubrögðum, ekki síst eftir þau ummæli sem hann hafði látið falla um þá.

Þegar sýnt var að ríkisstjórnin ætlaði ekki að efna samninginn höfðaði BHMR mál fyrir Félagsdómi og féll dómur 23. júlí þar sem fallist var á kröfur BHMR um 4,5% launahækkun frá 1. júlí.

Þótt Halldór Ásgrímsson í fjarveru Steingríms Hermannssonar og Ólafur Ragnar Grímsson hefðu lýst því yfir að ekki kæmi annað til greina en hlíta niðurstöðum dómsins voru bráðabirgðalögin um launamál gefin út 3. ágúst 1990 þar sem kjarasamningarnir voru í raun felldir úr gildi.

Nú hlýt ég, herra forseti, að vekja athygli á því að í þessari hv. deild eiga tveir ráðherrar sæti, sem persónulega komu að þessum kjarasamningum og viðræðunum við opinbera starfsmenn. Það er hæstv. iðnrh. sem sat fundi með þeim forsrh. og fjmrh., og það er hæstv. sjútvrh. sem lýsti því yfir að niðurstöðum Félagsdóms yrði ekki hnekkt með bráðabirgðalögum, og átti einnig viðræður við opinbera starfsmenn sem lagðar hafa verið fram sem réttargögn í því máli sem nú liggur fyrir Félagsdómi. Ég vil enn fremur benda á það að hæstv. fjmrh. er víðs fjarri en hann hlýtur auðvitað að hafa sérstakar pólitískar skyldur til þess að vera viðstaddur hér í deildinni.

Allir þessir fjórir ráðherrar hafa komið svo mikið að þessari sögu að það er auðvitað hrein ósvinna að framsögumaður nefndar skuli þurfa að kvarta undan því að þeir séu ekki hér viðstaddir, hrein ósvinna að hæstv. forseti skuli ekki þegar í stað gera ráðstafanir til að þeir komi hingað inn í deildina. Ég vil nú óska eftir því að um það verði séð að þessir ráðherrar sitji hér við sín borð. Þetta lýsir fullkomlega þeirri lítilsvirðingu sem þetta þing, þessi heilagi staður, verður að búa við nú þegar við búum við Estrups-lýðræði á Íslandi. Alræmdur danskur forsætisráðherra sem stjórnaði með tilskipunum og illa þokkaður í íslenskri sögu. Við sitjum nú uppi með annan eins. Og þeir ráðherrar sem eru samsekir hirða ekki um að mæta hér í deildinni til þess að hægt sé að skiptast á orðum við þá. (**Forseti:** Forseti sem hér var áðan tjáði mér að hann hefði leitað að þeim ráðherrum sem í nálægð eru, en hæstv. sjútvrh. situr ekki á þingi sem stendur, eins og hv. þm. er kunnugt.) Ég hygg að hæstv. sjútvrh. hafi seturétt og hann ber persónulega ábyrgð á þessum samningum.

Það eru skiptar skoðanir um það hvort bráðabirgðalögin standist ákvæði stjórnarskrár. Við spurðum hæstv. forsrh. að því á fundi fjh.- og viðskn. hvort álitsgerð frá lögmanni eða lögfræðingi lægi fyrir varðandi það atriði. Hann taldi upp nokkra lögfræðinga, flestir þeirra eru undirmenn ráðherra, starfsmenn Stjórnarráðsins. Ekki liggur neitt skriflegt fyrir frá neinum þessara lögfræðinga. Enginn þeirra hefur lagt nafn sitt við slíkan pappír og þess vegna var ekki um það að ræða að nefndin gæti kynnt sér þær lögfræðilegu álitsgerðir sem ríkisstjórnin kynni að hafa aflað sér áður en bráðabirgðalögin voru sett af þeirri einföldu ástæðu að slíkar álitsgerðir eru ekki til. Það lýsir auðvitað vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar. Það má færa fyrir því gild rök að þessi bráðabirgðalög standist ekki ákvæði stjórnarskrár. Það lá fyrir 1. febr. að ríkisstjórnin hafði einsett sér og ákveðið að ekki skyldi koma til þess að samningarnir við BHMR gengju í gildi. Þá þegar hafði ríkisstjórnin metið það nauðsynlegt að samningarnir yrðu felldir úr gildi. Þess vegna bar henni á þeirri stundu að leggja frv. um þau efni fram á Alþingi. Það er fullkomlega út í hött að halda að ákvæði stjórnarskrárinnar eigi við það að ráðherra hafi gert sér grein fyrir því fyrir sex mánuðum að tiltekin lagasetning væri nauðsynleg, hafi gleymt að leggja frv. fyrir þingið og þetta ákvæði gefi einstökum ráðherrum af þeim sökum rétt til að gefa út bráðabirgðalög fyrir gleymsku sakir.

Það kom einu sinni fyrir að sveitarstjórinn í Ólafsvík gleymdi að leggja á útsvar. Þá var lagt fram sérstakt frv. á Alþingi til þess að reyna nú að bæta úr því og láta Ólafsvíkinga borga útsvarið sitt. Er þetta ekki rétt munað? Ja, það var einhvers staðar fyrir vestan. Og Alþingi brást vel við og ég veit að við mundum auðvitað hafa gert eins við hæstv. forsrh., ef hann hefði gleymt að leggja frv. fram í tíma, að veita afbrigðin. En hitt er misskilningur að það standi einhvers staðar í stjórnarskránni „ef brýna nauðsyn ber til, vegna gleymsku er heimilt" o.s.frv., það stendur ekki.

Sumir vilja halda því fram að það að Hæstiréttur hefur aldrei hnekkt bráðabirgðalögum þýði að stjórnmálamenn geti farið með þetta ákvæði stjórnarskrárinnar að eigin geðþótta. Stjórnmálamenn hafa margir hverjir, sérstaklega þeir sem við völd eru hverju sinni, reynt að sannfæra sjálfa sig um að ákvæði stjórnarskrárinnar um „brýna nauðsyn" sé merkingarlaust. Og stjórnmálamenn geta verið í þessari trú svo lengi sem Hæstiréttur kveður ekki upp úrskurð um annað. En það kann svo að fara að Hæstiréttur gefi þann úrskurð í þessu tilfelli að um brot á stjórnarskránni sé að ræða. Hitt er a.m.k. ljóst að tveir stjórnmálaflokkar hafa lýst því yfir, raunar þrír, ég veit nú ekki hvað á að segja um þennan Alþfl., hann er svona hér og þar eins og ríkisstjórnin í heild sinni — að rétt sé að nema úr gildi ákvæði stjórnarskrárinnar um útgáfu bráðabirgðalaga einmitt vegna þess hversu misnotkun á því hefur verið mikil.

Í 4. gr. bráðabirgðalaganna er kveðið á um að 5. og 15. gr. kjarasamninga milli aðildarfélaga BHMR og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs frá 18. og 19. maí 1989 skuli falla úr gildi. Ég hlýt, herra forseti, að vekja sérstaka athygli á því að í lagatexta er talað um að þessar greinar falli úr gildi, en hvorki í frv. sjálfu né greinargerð með því er að finna hvað í þessum texta stendur. Það er ekki hægt að sjá það á frv. hvert sé efnisatriði laganna, hvaða greinar eigi að nema úr gildi, hvert sé efni þeirra. Hlýtur að vera ámælisvert að láta ekki kjarasamningana fylgja með sem fylgiskjal þegar þessi bráðabirgðalög voru lögð fram í þinginu. Ég hef nú bætt úr því og læt prenta samningana sem fylgiskjal með nál. mínu.

Í 5. gr. kjarasamninganna er einkum eitt atriði sem skiptir máli í þessu sambandi: „Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990, skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði $^1/_2$ launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki.

Í stað tilfærslu milli launaflokka skv. þessari grein er aðilum heimilt að semja um önnur kjaraatriði, er jafngildi þeirri launaflokkatilfærslu, sem tilefni gefst til eða hluta hennar."

Þetta atriði, sem hæstv. forsrh. hefur sjálfur sagt í nefnd að hann hafi samþykkt í einstökum atriðum, tók fram að það gæti verið að breytt hefði verið orðalagi þar sem það skipti ekki máli, kannski eður í stað eða,

svo ég segi eitthvað, og/en eða eitthvað lítilfjörlegt. Efnislega er þessi lagagrein eins og forsrh. gekk frá henni. En í bráðabirgðalögunum, sem hann sjálfur gefur út, er skýrt tekið fram að þessi grein skuli þegar í stað falla öll úr gildi, þegar í stað. Hann er þarna að gefa út bráðabirgðalög beinlínis til þess að strika út grein í kjarasamningi við opinbera starfsmenn, sem hann sjálfur ásamt fjmrh. átti þátt í að semja. Þetta er auðvitað siðlaust. Hann skorast undan því að bera ábyrgð á 15. gr. þar sem segir: „Verði almennar breytingar á launakjörum annarra launþega eftir 30. nóv. 1989, þannig að þau hækki umfram launabreytingar skv. 12. gr., geta aðilar krafist breytingar á launaliðum sem því nemur." Hann segist ekki bera ábyrgð á þessu. Þessi grein er einnig úr gildi felld með bráðabirgðalögunum.

Hvergi, ég fullyrði hvergi, í nálægum löndum væri það hugsanlegt að fjármálaráðherra sem hefur hagað sér með þessum hætti sæti áfram í ríkisstjórn. Ég efast um að forsætisráðherra kæmist upp með þetta erlendis, ég er hér um bil viss um að hann gerði það ekki. Áreiðanlega ekki í Bretlandi. Ég er fullkomlega viss um að enginn fjármálaráðherra kæmist upp með annað eins og þetta. Að láta forsrh. sinn gefa út bráðabirgðalög til þess að fella úr gildi heildarsamning, sem hann ásamt forsrh., báru sjálfir persónulega ábyrgð á. Stóðu sjálfir í persónulegum viðræðum við viðsemjendur sína, hina háskólamenntuðu menn, tóku báðir skýrt fram um leið og þeir gerðu það að forverum þeirra hefði ekki verið treystandi til þess að minnka launamuninn milli háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins og annars staðar, en nú skyldi öðruvísi staðið að verki, báðir tveir. Og svo er það bara allt í lagi, allt í besta lagi, skiptir engu máli. Meira að segja ef einhver leyfir sér að finna að því og segja að ekki sé eðlilegt að slíkir menn fari með stjórn landsins þá er sagt að þeir séu að bregðast þjóðarsátt, þeir sem ekki sætta sig við að slíkir menn gegni áfram þessum störfum.

Það var eftirtektarvert á fundi fjh.- og viðskn., herra forseti, — nú er svo komið að meira að segja formaður fjh.- og viðskn. er ekki einu sinni í deildinni. Ætli það sé ekki rétt að gera ráðstafanir til þess að hann sé við? Ég tala náttúrlega ekki um fulltrúa Alþfl. eða Framsfl. í fjh.- og viðskn. Umræðan hefur staðið nú í tæpa klukkustund. Það er náttúrlega óþolandi að hafa ekki fjmrh. hér. Á fundi fjh.- og viðskn. lýsti aðstoðarmaður hans því yfir að það hefði staðið á Gallup að hægt væri að ljúka samningunum við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn. Þeir hefðu átt að skila inn niðurstöðum úr könnun á launamismun fyrir 1. júní, sem þeir hefðu ekki gert. Þessi ummæli urðu til þess að við báðum um það í fjh.- og viðskn. að fá fulltrúa frá þessari stofnun á fundinn. Þar kom fram, sem síðan hefur verið staðfest við mig símleiðis af formanni Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, að frumskýrsla Gallups var lögð fram á tilskildum tíma, gagnavinnslu lauk í júnímánuði og það kom meira að segja fram skýrlega hvort kjaramismunur, launamismunur væri á milli háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins og á hinum almenna vinnumarkaði Á hinn bóginn er þetta mál mjög flókið. Það er góð samvinna milli Gallups og viðsemjenda og aðila bæði í fjmrn. og hjá BHMR. — Ég vil nú þakka fyrir að formaður nefndarinnar er viðstaddur, því ef ég fer rangt með það sem sagt er getur hann leiðrétt mig. Það kom fram að enn er verið að ná fram ýmsum upplýsingum úr tölvunni, þetta mál er mjög flókið og nú er aftur farið að vinna að þessu máli með skaplegum hætti. Hins vegar lýsti starfsmaður fjmrn. því yfir að á þessari stundu lægju engar upplýsingar fyrir um það að launamunur væri á milli háskólamenntaðra manna á almennum vinnumarkaði annars vegar og í opinberri þjónustu hins vegar. Launamunur hefur ekki verið staðreyndur enn, sagði aðstoðarmaður fjmrh. Ég sé að formaður nefndarinnar kinkar kolli til merkis um að ég fari þarna rétt með.

Nú hef ég haft símasamband við formann Bandalags háskólamenntaðra manna og spurt hann hvort þetta sé rétt með farið. Það er vandasamt að ræða um þetta því hér er um trúnaðarmál að ræða. Við fengum í nefndinni tilteknar upplýsingar frá Gallup á Íslandi sem trúnaðarmál og ég skal ekki bregðast því, en tel óhjákvæmilegt að fram komi að Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna telur, þvert ofan í ummæli aðstoðarmanns fjmrh., að þegar liggi fyrir að um verulegan launamun sé að ræða.

Nú er fjmrh. ekki viðstaddur þannig að ég get ekki innt hann eftir hvernig á þessum yfirlýsingum stendur, hvort sé rétt, og læt forsrh. eftir hvort hann vill upplýsa um það og eyða þeim vafa sem þarna er. En ég tel það síður en svo til þess að bæta úr málinu úr því sem komið er að það séu alls konar sagnir á sveimi um það hvað sé rétt og hvað sé rangt. Og auðvitað er það forkastanlegt hvernig bæði hæstv. fjmrh. og aðstoðarmaður hans hafa talað um viðsemjendur sína á nefndarfundum og í opinberri umræðu.

Hinn 13. júlí voru undirritaðir kjarasamningar milli fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Félags ísl. flugumferðarstjóra. Hann er skýrður með því að í samræmi við reglugerð nr. 240 1989 skuli hámarksaldur flugumferðarstjóra vera 60 ár og þrem árum betur, ef viðkomandi er við góða heilsu, í stað 70 ára áður. Í kjarasamningnum er gert ráð fyrir að svokölluð föst yfirvinna, sem ekki hefur verið unnin, skuli felld inn í mánaðarlaunin í tveim áföngum. Hér er um 44 stundir að ræða sem eytt var með sex launaflokka hækkun 1. ágúst sl. og sjö launaflokka hækkun 1. jan. sl. Það jafngildir 39% hækkun mánaðarlauna með samsvarandi hækkun á yfirvinnu, gæsluvöktum og vaktaálagi og svo að sjálfsögðu með 39% hækkun á eftirlaunum. Þá er samið um að laun flugumferðarstjóra hækki um 4,5% á tímabilinu 1. sept. 1991 til 31. des. 1991 og um 4,26% eigi síðar en 1. júní 1992. Orðalag samkomulagsins og bókunar um niðurstöður og lokafrágang, sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu, bendir ótvírætt til að þessar launahækkanir skuli vera umfram það sem um semst á almennum vinnumarkaði. Að öðrum kosti er ekki hægt að sjá að hin sérstaka bókun hafi neitt að segja. Og þessi sérstaka bókun er birt sem fylgiskjal með nál. mínu.

Nú er hér að vísu talað um 9% hækkun umfram það

sem var hjá opinberum starfsmönnum, þar sem talað var um það að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn fengju 4,5% umfram þjóðarsátt 1. júní sl. Hér er talað um að flugumferðarstjórar fái 4,5% plús 4,26%. Ég vitna hér til nál. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. lagði fram í Nd. Þar er birt niðurstaða, dæmi um breytingar verðlags á næstu mánuðum. Það er Þjóðhagsstofnun sem gerir spá um verðbólguþróun á næstu mánuðum ef samningur við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna fái að halda gildi sínu, ef launin hækki um 4,5% 1. júlí og sú hækkun fái að haldast, eftir yfirlýsingar Vinnuveitendasambandsins um að aðrir muni fá hinar sömu hækkanir.

Nú skulum við hugsa okkur að Einar Oddur og Þórarinn V. Þórarinsson lýsi því yfir að þeir muni hækka laun þeirra sem eru í Alþýðusambandi Íslands um 4,5% á tímabilinu frá 1. sept. til áramóta og um 4,29% á eftir, samtals 8,79%, um leið og búið er að hækka hjá flugumferðarstjórunum. Og nú ætla ég að lesa fyrir hæstv. forsrh. hvað Þjóðhagsstofnun segir um annað eins og þetta, samninginn. Við getum sett samasemmerki á milli samningsins við flugumferðarstjórana og samningsins sem forsrh. gerði 1989, nákvæmlega hliðstætt. Það er aukahækkun sem á að koma einu ári og tveim mánuðum síðar, ekki strax. Það á að bíða í rúmt ár, þá á hækkunin að koma, 4,5%, 1991 hjá flugumferðarstjórunum, 1. júlí 1990 hjá háskólamenntuðum mönnum. Undir fyrri samninginn var skrifað 18. maí 1989, hann á að taka gildi 1. júní 1990, undir hinn síðari var skrifað 13. júlí 1990, hann á að rætast 1. sept. 1991, jafnlangur tími hér um bil upp á dag. Mismunurinn er innan mánaðar. Þ.e. eftir 13–14 mánuði á að hækka í báðum tilvikum um 4,5% og í báðum tilvikum er sagt að þetta eigi að vera umfram það sem aðrir fá. Hjá flugumferðarstjórunum er sagt: Nú er þjóðarsátt. Við getum ekki hækkað hjá ykkur núna um 4,5% meira en aðrir hafa fengið, en við skulum gera það eftir $13^1/_2$ mánuð. Hvað gerist síðan? Þjóðhagsstofnun hefur komist að niðurstöðu um það, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstöður þessara útreikninga sýna að verði víxlhækkanir verðlags, launa og gengis með þeim hætti sem að framan greinir stefnir í stöðugt vaxandi verðbólgu. Tilgangslítið er að reikna slík dæmi langt fram í tímann. Ljóst er að á nokkrum mánuðum yrði þriggja mánaða hraði verðbólgunnar miðað við heilt ár kominn í tugi prósenta. Í þeim dæmum sem reiknuð voru var verðbólga á þennan mælikvarða í fyrsta dæminu komin í 22% í júlí 1991." — í dæmi flugumferðarstjóra kemur ekki júlí 1991 heldur september 1992 — „27% í öðru dæminu og í tæplega 40% í því þriðja.

Í öllum þessum dæmum mun kaupmáttur launa aukast umtalsvert fyrst í stað og líklegt að almenn eftirspurn fari vaxandi. Það má því reikna með, ef þessi þróun gengur eftir, að þau markmið um viðskiptahalla og litla aukningu þjóðarútgjalda, sem sett voru fram í þjóðhagsáætlun 1991, standist ekki. Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að þetta eru ekki ótvíræðar niðurstöður því að óvissuatriðin eru mörg í þessum dæmum." Þetta er niðurstaða Þjóðhagsstofnunar, fjallar um afleiðingar samningsins við flugumferðarstjóra eins og nú er komið.

Nú kynni einhver að segja við mig og minn málflutning að þetta sé út í hött, þetta hafi bara alls ekki borið á góma. Engum manni hafi á þessum tíma dottið í hug að velta því fyrir sér hvað aðilar vinnumarkaðarins mundu gera eftir 1. sept. 1991. En þá er það heldur ekki rétt. Hinn 27. júlí áttu Páll Halldórsson, formaður Bandalags háskólamanna, Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri sömu samtaka, og Eggert Lárusson, formaður Hins íslenska kennarafélags, fund með Steingrími Hermannssyni, Jóni Sigurðssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni. Fundargerð af þessum fundi liggur fyrir í þeim dómsskjölum sem lögð hafa verið fram fyrir bæjarþing Reykjavíkur vegna þeirra málaferla sem þar hafa risið út af kjarasamningi opinberra starfsmanna út af bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar, orðum og efndum hæstv. ríkisstjórnar. Samkvæmt fundargerð spurði Birgir Björn Sigurjónsson hvort ráðherrarnir sæju nokkurs staðar á næstu árum tækifæri til að læða að leiðréttingum til Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Þessu svaraði forsrh. svo samkvæmt fundargerðinni, með leyfi hæstv. forseta. Ég vil taka fram að þegar hæstv. forsrh. mælir þessi orð er búið að skrifa undir nýja kjarasamninga við flugumferðarstjóra þar sem þeim er lofað launahækkun 1. sept. á árinu 1991. Á sama tíma og Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna er að spyrja er búið að semja við þá um 4,5% launahækkun á þeim tíma og svo 4,27% til viðbótar, eða hvað það var. (**Forsrh.:** Samkvæmt fundargerðinni.) Samkvæmt fundargerðinni, segir hæstv. forsrh. Nú veit ég auðvitað ekkert hvort þetta er rétt haft eftir, en samkvæmt fundargerð háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins segir forsrh. efnislega:

„Göngum í gegnum úrskurð skv. 9. gr. um leiðréttingartilefnið og ríkið er skuldbundið af samningnum. Þótt þetta tækist í haust eru ákvæði af öðrum samningum sem leiða til víxlverkana. Finnst líklegt að unnt sé að sannfæra þjóðina um leiðréttingu, enda komi hún ekki til framkvæmda fyrr en eftir þjóðarsáttina. Ef þeir semja aftur þjóðarsátt sem fæli í sér frystingu á kjörum BHMR" — hæstv. forsrh. notar sama orðið og borgarstjóri: frysting á kjörum BHMR — „þá veltur ábyrgð þeirra á þessari ráðagerð. Ég efa að þeir geti það. Ríkisstjórnin ætlar ekki að raska þjóðarsáttinni. Um það er samkomulag."

Svo mörg eru þau orð. Þá langar mig að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji þá ekki efni koma til að standa við samninginn við flugumferðarstjóra ef Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið gera athugasemdir við hann, hvort hann telji að þá sé hann siðferðilega skuldbundinn til þess að reyna að koma í veg fyrir að staðið verði við þann samning einnig.

Á þessum sama fundi lýsti hæstv. fjmrh. því yfir og gætti hneykslunar í frásögninni. Nú veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. var hneykslaður eða hvort það var ímyndun þess sem niður skrifaði. En í frásögninni gætti hneykslunar þegar fjmrh. var að segja þeim í Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna að

Vinnuveitendasambandið vildi eyðileggja samninginn sem ríkisstjórnin hefði gert við Bandalag háskólamanna.

Ég sé svo ekki ástæðu, hæstv. forseti, til að hafa þessi ummæli mikið lengri. Ég vísa til umræðna í Nd. um þetta efni. Þar sá hæstv fjmrh. ástæðu til þess að vera viðstaddur. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að reyna að ná sambandi við þann eðalborna og vekja athygli hans á því að umræðan sé hér í gangi áður en 3. umr. hefst þannig að honum gefist nú kostur á að vera aðeins við kurteisinnar vegna. Hann vill nú vera kurteis maður á yfirborðinu a.m.k., þannig að hann viti um þetta. Mér finnst líka rétt að hæstv. iðnrh., sem var í viðtalsnefnd við Bandalag háskólamenntaðra manna rétt um þær mundir sem bráðabirgðalögin voru sett, gaf þá m.a. yfirlýsingar sem stangast á við það sem fram hefur komið í fjh.- og viðskn., sé jafnframt sagt að hér sé verið að ræða um þessi mál. Ég veit ekki hvort það er tilefni til þess að hæstv. samgrh., sem gaf út reglugerðina sem leiðir til þess að verið er að hækka mánaðarlaun flugumferðarstjóra um 39% nú í tveim áföngum, breyta 44 tímum í mánaðarlaun upp á 39%, 39% hækkun eftirlauna. Er það almenn skoðun og stefna ríkisstjórnarinnar ef vinnutími styttist? Það er mikil krafa um það í vestrænum löndum að reyna að stytta vinnutímann hjá ýmsum starfsstéttum, að aðrar starfsstéttir eigi þá kröfu á leiðréttingu af því tagi sem flugumferðarstjórar hafa nú fengið. Segjum t.d. að kennurum verði gert að hætta 65 ára gömlum. Er þá sjálfgert að þeir eigi að fá að hækka um $4^1/_2$ launaflokk af því tilefni, um tæp 20%, 19,5% í launum og hækka um leið þeirra ellilaun um 19,5%? Er þetta virkilega svo? Og ég spyr: Getur hinn almenni vinnumarkaður staðið undir slíkri hækkun á skuldbindingum lífeyrissjóðanna? Mig langar af þessu tilefni að spyrja hæstv. forsrh. hvar frv. sé statt, sem búið er að semja, um samræmingu á lífeyrissjóðunum þar sem gert er ráð fyrir að breyta greiðslum í þá og úr þeim með þeim hætti að von sé til að þeir geti staðið undir sér? Hvað því frv. líði eða hvort hæstv. forsrh. telji kannski að lífeyrissjóðirnir séu almennt með góða fjárhagslega stöðu.

Ég vil líka vekja athygli hæstv. forsrh. á því að í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og líka í fyrra var dregið úr fjárveitingum í Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Ríkisstjórnin sá ekki ástæðu til að efna þau fyrirheit sem gefin höfðu verið um greiðslur í sjóðinn. Á sama tíma og hér er verið að íþyngja sjóðnum allverulega, búa til nýjar skuldbreytingar, nýja venju, sem við sjáum ekki fyrir endann á. Ég vil að þetta komi skýrt fram.

Ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji það samræmast ákvæðum um þjóðarsátt að nú verði gengið í það í sambandi við einstakar starfsstéttir opinberra starfsmanna sem hafa þessa föstu yfirvinnu sem ekki er unnin að breyta henni bara svona með einu pennastriki í föst mánaðarlaun sem hafi síðan áhrif til hækkunar á vaktaálag og annað slíkt. Og ég vil spyrja: Þeir samningar sem nú er verið að gera við lækna víðs vegar um landið, heilbrigðisstéttir, fela þeir líka í sér fyrirheit um að það megi hækka laun svo og svo mikið eftir 1. sept. á þessu ári? Hvar lýkur þessu öllu saman? Hvenær endar þetta? Hvar endar þetta?

Ég hef hér í höndum samning við flugumferðarstjóra og taxta þeirra. Samkvæmt þeim kjarasamningi sem fyrir liggur eiga mánaðarlaun á samningstímanum að hækka í samræmi við kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði hinn 1. júní 1990 um 1,5%, 1. des. 1990 um 2%, 1. mars 1991 um 2,5% og 1. júní 1991 um 2%. Samkvæmt þeim texta sem ég hef hér í höndum var einingarverð yfirvinnu í desember 1420,14 kr. en hefur hækkað 1. jan. í 1702,35 kr. Einingarverð fyrir gæsluvaktir hefur hækkað frá desember úr 349,90 í 419 kr. í janúar. Vaktaálag hefur hækkað úr 259,16 kr. í desember í 310 kr. í janúar og vaktaálag annað 45%, sem ég kann ekki að skilgreina, hækkar úr 349,90 kr. í 419,43 kr. Hér er með öðrum orðum um sérstaka launahækkun að ræða sem felur í sér hækkanir frá desember til janúar á launum flugumferðarstjóra umfram þá breytingu, sem auðvitað hefur ekki í för með sér launahækkun, að yfirvinnu er breytt í mánaðarlaun. Það eitt út af fyrir sig hefur ekki í för með sér hækkun launa nema, eins og ég segi, vegna hins að með því að hækka mánaðarlaunin hækkar sá grunnur sem vaktaálag og yfirvinna er reiknuð út frá. Ég sé ekki betur en með þessu sé verið að brjóta það samkomulag sem gert var um þjóðarsátt og þessi ákvæði standist tæplega, nema þá eftir skoðun, þau bráðabirgðalög sem hér liggja fyrir.

Ég er hér sem sagt með töflu frá Launaskrifstofu ríkisins dags. 23. jan. 1991 og spurning mín til hæstv. forsrh. er: Hvernig má það vera að launahækkanir séu til þessarar sérstöku stéttar nú í janúarmánuði sem aðrir þjóðfélagsþegnar geta ekki vænst að fá?

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 537 skila ég nál. sem er álit 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Efnislega hljóðar þetta nál. á þann veg að fyrst er rætt um að um þetta hafi mikið verið fjallað utan þings og innan undanfarna mánuði og mætti því ætla að í þessu máli væri komið fram flest það sem máli skipti. Allur málatilbúnaður af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur þó verið með þeim endemum að til umfangsmikilla málaferla hlaut að leiða og hefur nú gerst auðvitað og langt er frá að hilli undir lok þeirra átaka sem ríkisstjórnin hefur stofnað til í þjóðfélaginu. Það vita það allir að þar sýður og kraumar hvar sem niður er borið.

Þessar deilur eru ekki einungis stjórnmálalegar í þröngum skilningi heldur er einnig um það deilt hvort löggjöfin standist ákvæði stjórnarskrár. Um öll þessi atriði hefur verið deilt og verður áfram deilt hvort sem Alþingi samþykkir lögin nú eða ekki. Alveg er ljóst að það verða áframhaldandi málaferli. Þess vegna var hin viðamikla umræða sem fram fór í Nd. þýðingarmikil og er hér sérstaklega vitnað til álits 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., Friðriks Sophussonar, ásamt fylgiskjölum, svo og nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed., hv. þm. Halldórs Blöndals og þeirra fylgiskjala sem hann leggur fram.

Ríkisstjórninni tókst með harðfylgi að þröngva málinu gegnum Nd. en enginn þingmaður stjórnarandstöðunnar léði máls á stuðningi við það. Við þessar aðstæður eru nú rekin af mikilli hörku fyrir dómstólum mál þegar óðum líður að kosningum og alger óvissa er um framvinduna. Eðlilegt er að ríkisstjórnin ein beri ábyrgð á gjörðum sínum. Hún hefur stofnað til þessa óyndisástands, en síðar kemur það í hlut nýrrar stjórnar að ráða fram úr þeim margháttaða vanda sem hrannast hefur upp á ofstjórnar- og óstjórnarárum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar.

3. minni hl. telur ekki ástæðu til afskipta af málinu frekar og tekur því ekki þátt í atkvæðagreiðslu um málið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skal leitast við að svara nokkrum af þeim spurningum sem komu fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal þó ég telji mig nú hafa komið inn á þær flestar áður. Ég vil byrja með því að leiðrétta smámissögn, ef ég má orða það svo, sem kom fram í hans máli. Ég gerði aldrei samkomulag við formann Vinnuveitendasambands Íslands um eitt eða neitt í þessu sambandi. Ég lýsti þeirri skoðun minni við formann Vinnuveitendasambands Íslands að þetta mundi ekki leiða til víxlhækkana vegna ákvæðis 1. gr. Það er ekki rétt að kalla það samkomulag. Ég þurfti ekkert að semja við hann um það. Ég lýsti þeirri skoðun minni að þetta mundi ekki leiða til hækkana og hann hefur kallað það handsal. Menn geta kallað það hvaða nafni sem er.

Hv. þm. ræddi nokkuð um muninn á kjörum Bandalags háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins og þeirra sem utan eru. Ég hef hvað eftir annað lýst þeirri skoðun minni að ef um mun er að ræða eigi að leiðrétta hann. Ég hef gert það oftar en nú í þessari ríkisstjórn. Ég gerði það í ríkisstjórninni 1983–1987 t.d. Það er rétt sem ég hef einnig látið koma hér fram að ég lagði til að sæst yrði á það að þessi samanburðarvinna yrði unnin og síðan hafin leiðrétting á henni eftir að þjóðarsátt lýkur. Þetta hafa sumir gagnrýnt og sagt: Er ekki óvarlegt að vísa á þann tíma? En ég hef svarað því þannig að þá liggi þessi samanburður fyrir. Menn geti skoðað hann og menn geti sannfærst um það að hann sé rétt og skilmerkilega unninn og þá væntanlega aðilar hins almenna vinnumarkaðar fallist á að leiðrétt verði á þeim grundvelli og þá hafa þeir þennan samanburð fyrir sér þegar þeir gera nýjan kjarasamning.

Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur átt ýmsa fundi, eins og hann hefur lýst, með hinum ýmsu félögum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og eflaust verður þessari vinnu áfram haldið þó að ég hafi ekki kynnt mér það. Ég veit ekki hvort hv. þm. getur hlustað líka. Hann gerir stundum athugasemdir þegar hann er að tala við mig en ég ætla bara að hinkra við. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. vill að ég svari, þá er kannski viðkunnanlegra að hann hlusti en út af fyrir sig er það ekki mitt mál.

Hv. þm. vísaði í fundargerðir Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem ég þekki ekki og hef aldrei séð þær. Í fljótu bragði syndist mér þessu nokkuð rétt lýst, en ég man ekki eftir því að ég sæti fundi þar sem þeir héldu fundargerðir. Þó má það vel vera. Ég þori ekki að sverja gegn því. En mér heyrist í fljótu bragði því nokkuð rétt lýst, sem ég kom að áðan, að ég teldi unnt, ef allur samanburður lægi fyrir og væri vel unninn, að sannfæra hinn almenna vinnumarkað um að það bæri að leiðrétta þannig að háskólamenntaðir menn innan ríkisins nytu sömu kjara og t.d. Vinnuveitendasambandið greiðir sínum.

Samningurinn við flugumferðarstjóra hefur nú ekki verið út af fyrir sig á mínu borði. Um hann er þó það að segja að þar eru mjög sérstakar aðstæður því að þess hefur beinlínis verið krafist alþjóðlega af öryggisyfirvöldum flugsins að vinnulífslengd getum við sagt eða vinnualdur flugumferðarstjóra verði styttur, þeir vinni ekki til þess aldurs sem þeim er leyft hér. Þetta hefur skapað veruleg vandræði í þessu sambandi. Ef samkvæmt kröfu erlendis frá á að stytta starfsaldurinn skerðist þar með að sjálfsögðu það sem þeir fá úr lífeyrissjóði. Það var við þetta sem tekist var á og reynt að leysa með þeim samningi sem hæstv. fjmrh. og hans menn gerðu við flugumferðarstjóra. Og til að valda þarna engum vandræðum þá var þessu öllu frestað, sem er út af fyrir sig ekki gott mál, en menn vildu þó ekki að þetta ylli deilum og litu svo á reyndar að bráðabirgðalögin sem voru sett nái einnig til slíkra kjarasamninga og því væru þeir með bráðabirgðalögunum einnig ógildir. Sú er ástæðan fyrir því að horfið var frá þessari lagfæringu í fullu samkomulagi við flugumferðarstjóra.

Hv. þm. spurði einnig um lífeyrissjóðsfrv. Það er einnig réttara að hæstv. fjmrh. svari því. Það hefur verið í milliþinganefnd og eftir því sem ég best veit hefur ekki náðst um það samkomulag, því miður. Þetta er mjög flókið og viðamikið mál sem ég fyrir mitt leyti tel afar slæmt að ekki skuli unnt að leiða til lykta, en það hafa verið gerðar athugasemdir, ekki síst af ríkisstarfsmönnum.

Samningur við lækna var gerður að umræðuefni. Það er með þann samning eins og alla að þess hefur verið vandlega gætt að halda sér innan við eða sem allra næst þjóðarsáttinni. Ef hv. þm. er að spyrja um samning við sérfræðingana þá eru þeir mjög sérstakir að því leyti að fyrir tveimur árum var samið við sérfræðinga um að gefa afslátt sem næmi um 80–90 millj. kr. af greiðslum frá Tryggingastofnun. Þegar síðan reynsla fæst á þann samning kemur í ljós að sá afsláttur sem þannig fæst er um það bil 130 millj. kr. Sérfræðingarnir bentu á það, að mínu mati með töluverðum rétti, að í öllum þeirra samningum hefði verið gert ráð fyrir að afslátturinn væri, eins og ég sagði áðan, miklu minni eða 80–90 millj. kr. Þeir kröfðust þess að það sem þarna væri umfram yrði allt greitt, þ.e. að skalinn yrði hækkaður þannig að þeir fengju til baka þessar 40–50 millj. kr. Á það var ekki fallist og að lokum samdist um það að draga úr þessum afslætti til að byrja með um 15 millj. og síðan smám saman aðeins meira,

en alls ekki að fella niður allan þennan umframafslátt sem fékkst. Svo ég vil í fullri vinsemd vekja athygli á því að þarna er um allt annað mál að ræða en tókst þó að semja um, að mínu mati, á mjög viðunandi máta með tilliti til þess þaks sem við höfum reynt að halda á öllum samningum.

Um aðstoðarlæknana hins vegar er það að segja að þar standa yfir samningar núna sem er ekki lokið. Vitanlega hafa þeir m.a. snúist um hvernig þar verði komið við lagfæringum innan þjóðarsáttar. Það mál flækist að því leyti að þar eru vaktir mjög langar, allt upp í 48 tímar, en samkvæmt vinnuverndarlögum er það ekki heimilt. Mjög mikill áhugi er á því hjá mörgum að stytta þær vaktir niður í citthvað sem er rýmilegra, t.d. hámark 16 tíma vaktir. Við að gera það lenda sjúkrahúsin í vissum erfiðleikum af því að þá skortir lækna. Þá hljóta bara að gilda hin almennu launakjör á vinnumarkaðinum fyrir þá lækna sem við yrði samið um að vinna umfram þessa 16 tíma sem yrði smám saman reynt að draga úr. Ég get ekki sagt hvaða hækkun því kynni að fylgja til einstakra lækna, sem þannig yrði leitað til með sérstökum samningum, en eftir því sem ég hef séð það mál er það allt saman mjög eðlilegt og allt saman fullkomlega innan þjóðarsáttar.

Ég vona að mér hafi tekist að svara þeim spurningum sem til mín var beint. Ég þakka svo fyrir það að deildin hefur fallist á að koma þessu máli svona fljótt í gegn því að ég tel það vera nokkuð mikið prinsipp, ef ég má orða það svo, að bráðabirgðalög afgreiðist frá hinu háa Alþingi svo fljótt sem frekast má vera.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er óhjákvæmilegt fyrir mig af því að ég fékk taxtavarðstjóra hér upp í ræðustólinn að taka fram í sambandi við þær hækkanir, sem ég áðan gat um, að mér sýndist vera nokkur lækkun á samanlögðum launum fastrar yfirvinnu og mánaðarlauna hjá flugumferðarstjórum. Má vera að það sé eitthvert jafnvægi í því. Ég hef ekki slíka útreikninga við hendina. Hér er verið að breyta launauppbyggingunni á miðjum þjóðarsáttartíma um leið og gefið er fyrirheit um, sem ekki var vikið að, að hækka eigi laun flugumferðarstjóra umfram almenna vinnumarkaðinn um 4,5% frá 1. sept. nk. fram að áramótum. Er það ekki rétt, hæstv. fjmrh.? — Hæstv. fjmrh., ég er að spyrja um það. Er það ekki rétt skilið að í því samkomulagi og í þeirri sérstöku bókun sem gerð var við flugumferðarstjóra í júlímánuði, og ég gerði áðan grein fyrir í ræðu minni, hafi verið um það samið að laun flugumferðarstjóra skyldu hækka um 4,5% umfram aðra á tímanum 1. sept. til 31. des.? Er það rétt skilið? (**Fjmrh.:** Ég mun svara þessu úr ræðustól á eftir.) Ágætt að fá þetta allt í einu því við höfum nógan tíma.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins bæta því við að það er náttúrlega alveg á mörkunum fyrir ráðherra sem ekki mætir hér á réttum tíma að hann skuli ekki geta svarað svo einfaldri spurningu með jái eða neii þannig að umræður þurfi jafnvel að vera fram í 3. umr. eingöngu vegna þess að hæstv. fjmrh. fékk ekki í hendur dagskrá fundarins og vissi ekki að þetta mál var hér til umræðu í dag.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nú stundum dálítið erfitt að átta sig á því hvernig ætlast er til að umræður fari fram hér í hv. deild. Ef einstökum ráðherrum verður á að grípa fram í eru þeir beðnir um að gera það ekki. Ef ráðherrum finnst að ekki sé hægt að svara fyrirspurn þingmanns með einu orði og vilja frekar gera það úr ræðustól, þá verður það til þess að þingmenn hætta ræðu sinni og eru með ávítur. Ég held að það sé ekki æskilegur háttur á umræðum hér í þinginu í stórum málum að hv. þm. ætlist til þess að geta átt samtal við ráðherra úr ræðustól. Ef það er sá háttur sem menn vilja hafa á umræðum hér í deildinni þá er ég alveg tilbúinn að taka þátt í þeim, virðulegi forseti. En þá áskil ég mér alveg ótakmarkaðan ræðutíma úr sæti mínu eins og úr ræðustól.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru sérstakar þingskapaumræður, umvöndun við einstaka þingmenn. Ef forseti telur það greiða fyrir efnislegum umræðum um málið að við höfum umræðuna undir dagskrárliðnum þingsköp, þá er ég alveg reiðubúinn til þess og mun ekki gera athugasemdir við það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, EG, GuðmÁ, JHall, JE, ESH, KP, MF, SkA, JHelg.

nei: DS, GJH, HBl, SalÞ.

ÞK, EKJ, GHG greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (SvG, VS, EgJ, JúlS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta mál varðar kjarasamningana sem hlotið hafa nafnið þjóðarsátt. Þar var að sjálfsögðu engin endanleg lausn á baráttunni gegn verðbólgunni. Aftur á móti gaf þjóðarsáttin umþóttunarfrest til að vega að rótum verðbólgunnar og koma þannig á stöðugleika í verðlagi til frambúðar. En þessu tækifæri hefur verið kastað á glæ. Í stað þess hefur hæstv. ríkisstjórn þvert á móti eflt orsakavalda verðbólgu með síþenslu ríkisútgjalda og stöðugt auknum greiðsluhalla ríkissjóðs, hækkun skatta sem koma fram í verðlagi og peningamálastefnu sem ekki getur samrýmst því markmiði að halda verðlagi í skefjum. Þannig hefur þjóðarsáttin snúist upp í andhverfu sína með því að gefa ríkisstjórninni frið til að magna þá holskeflu verðbólgu sem okkar bíður með sama áframhaldi.

Kjarasamningur fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna breytir hér engu um. Samningsgerðin sjálf og bráðabirgðalögin, sem hér eru nú til staðfestingar, sýna svo að ekki verður um villst að mesti ógnvaldur við þjóðarsáttina

er ríkisstjórnin sjálf. Eðlilegt er að ríkisstjórnin beri ábyrgð á gerðum sínum og því greiði ég ekki atkvæði.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Í lýðræðisþjóðfélagi telst samningsréttur til grundvallarmannréttinda. Því miður er það svo að ein ríkisstjórnin af annarri hefur ekki skirrst við að rjúfa gerða samninga með bráðabirgðalögum. Aldrei hefur það þó gerst með þeim hætti sem gert var 3. ágúst sl. þegar núv. hæstv. ríkisstjórn setti bráðabirgðalög á samning BHMR eftir að Félagsdómur hafði kveðið upp þann dóm að ríkisstjórninni bæri að standa við hann. Það sem gerst hefur vekur óneitanlega ugg í brjósti margra og margar spurningar um lýðræðið og siðferðið í landinu. Þetta mál snertir virðingu framkvæmdarvaldsins og Alþingis fyrir eigin gerðum, fyrir dómstólum landsins og þetta snertir líka spurninguna um ábyrgð ríkisstjórna á eigin verkum.

Það er ljóst að hluti af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til er brot á íslensku stjórnarskránni, að ekki sé talað um siðferðið varðandi setningu þessara bráðabirgðalaga. Ég segi nei.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég mun halda mig við það að gera grein fyrir atkvæði mínu, ekki flytja efnisræðu um málið svo sem hér hefur verið gert í þessari umræðu. Þeir kjarasamningar sem kenndir eru við þjóðarsátt eru grundvöllur stöðugleika í samfélaginu og efnahagslífinu, stöðugleika sem ekki hefur áður tekist að skapa í þessu samfélagi, a.m.k. allt frá styrjaldarlokum. Á þessum stöðugleika hvílir það að verðbólga hefur náðst niður og almenningur, sem vissulega hefur tekið á sig kjaraskerðingar, býr við nýjan og áður óþekktan stöðugleika í efnahagsmálum. Það skiptir miklu að standa vörð um þá þjóðarsátt sem orðið hefur með verkalýðsfélögum, vinnuveitendum og opinberum aðilum, ríkisstjórn. Því segi ég já.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er nú greitt atkvæði um hefur valdið miklum deilum og er það ekki að ófyrirsynju þar sem hér er tekist á um þau grundvallaratriði sem efnahagsstjórn tekst á við á hverjum tíma, þ.e. víxlhækkanir verðlags og launa. Með þeim bráðabirgðalögum sem samþykkt voru í sumar var komið í veg fyrir að hér skapaðist óðaverðbólga, óráðsía og að ástand mála yrði eins og segir í niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar að verðbólga mundi fara upp í þriðja eða fjórða tuginn á nýjan leik.

Í sumar stóð ég fyrir því í mínum þingflokki að við stæðum að samningu þessara bráðabirgðalaga og við það stend ég, sem og aðrir þm. Borgfl. Við viljum koma í veg fyrir það að hér myndist þetta ástand sem ríkt hefur um árabil. Við viljum koma hér á því ástandi að hér myndist stöðugleiki til framtíðar. Það hlýtur að vera verkefni næstu ríkisstjórnar, sem tekur við í septembermánuði, að viðhalda þessum stöðugleika. Með vísun til þessa segi ég já við atkvæðagreiðslu um 1. gr. frv.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Atkvæðagreiðslan hefur snúist upp í efnislegar umræður um það mál sem hér liggur fyrir, oftsinnis af þingmönnum sem voru fjarverandi umræðurnar. Ég held að það væri hollt að reyna að beina efnislegum umræðum um mál inn á þann farveg að 1., 2. og 3. umr. séu til þess notaðar og menn reyni síðan að stytta atkvæðagreiðslur.

2.–5. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

46. fundur, miðvikudaginn 23. jan., að loknum 45. fundi.

Launamál, 3. umr.

Stjfrv., 40. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 40.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég gerði ítrekaðar athugasemdir við það að þetta mál væri tekið til 2. umr. hér í dag. Ég óskaði eftir svörum hæstv. forseta um það hver væri ástæða fyrir því að flýta þessu máli. Ég fékk engin svör við því. Hins vegar hefur það skeð að eftir þetta hef ég fengið upplýsingar um það hver væri ástæðan fyrir að flýta þessu máli og ef ég hefði vitað um þá ástæðu hefði ég ekki gert athugasemd hér fyrr í dag. Það hefði verið æskilegt ef hæstv. forseti hefði nú getað gefið upplýsingar um það sem ég hef fengið upplýsingar um utan fundar, en þær upplýsingar eru þannig að ég geri enga athugasemd við að 3. umr. fari nú fram.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hafði beint þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. hvernig hann hugsaði sér að sú umsamda launahækkun til flugumferðarstjóra sem samið hefur verið um í september nk. eða eftir þjóðarsátt, hvernig hann skilji hana. Skilur hann það svo að ríkisstjórnin hafi samið um 4,5% launahækkun umfram almennar launahækkanir á þessu tímabili? Og ég bað hann um að svara þessu áðan en orðaskiptin snerust upp í undarlega umræðu um þingsköp. Ég beindi jafnframt sömu fyrirspurn til hæstv. forsrh. en hann svar-

aði með því að hann bæri ekki ábyrgð á samningsgerðinni. Það væri kannski hollt fyrir fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. að íhuga það að ef rétt er að þessir samningar feli í sér 4,5% hækkun umfram almennar launahækkanir er verið að kalla fram það ástand sem menn vildu ekki horfast í augu við á sl. sumri. Sama ástandið og þá að vixlhækkanir verði milli einstakra starfshópa fram eftir næstu missirum. Það er sá stöðugleiki sem hv. þm. talar um. Hann er illa að sér í sögu ef hann heldur að sl. ár sé mesta stöðugleikaár frá stríðslokum og sýnir að hann hefur ekki lesið söguna áður en hann settist á Alþingi. Því það er náttúrlega ljóst að viðreisnin skildi við með þeim hætti að verðbólga var 1% síðasta árið sem hún sat hér við völd og vinstri stjórnir riðu hér í garð. — Hæstv. forseti. Fjmrh. er náttúrlega hlaupinn úr húsinu? Mér finnst þetta nú satt að segja allt saman hálfbroslegt. Hæstv. fjmrh. bað um orðið við 1. umr. um málið sjálft. Síðan bað hann um orðið um þingsköp sem hæstv. forseti skildi svo að hann var búinn að slíta fundi áður en nokkur vissi þannig að hæstv. fjmrh. fékk ekki tækifæri til að hefja sitt mál sem hann hafði þó beðið um til að svara minni fyrirspurn. Síðan hleypur hann út meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Er ekki ágætt að ljúka umræðum á Alþingi með þessu um þetta mál? Er þetta ekki eftir öðru í því samhengi, hæstv. forseti? Svara ekki spurningum um lykilatriði, hlaupast á brott, brjóta þingsköp. Það er góður endir á þessu máli.

Forseti (Jón Helgason):

Ef hv. þm. óskar mun ég fresta fundi til kl. 6 til þess að ljúka umræðunni. (**HBl:** Ég var að segja að mér fyndist þetta bara sæmilegur endir á umræðunni og alveg í samræmi við málatilbúnaðinn í heild.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 539).

NEÐRI DEILD

44. fundur, miðvikudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Fangelsi og fangavist, frh. 3. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 509, brtt. 387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 387 felld með 16:10 atkv.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 298.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Lagt er til að nýr kafli um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt verði hluti af húsnæðislöggjöfinni.

Það frv. sem hér er lagt fram er í megindráttum hliðstætt frv. til laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt sem samið var af nefnd sem þáv. félmrh. skipaði árið 1984. Samstaða varð ekki um það frv. í þáv. ríkisstjórn. Það var eigi að síður flutt fjórum sinnum á Alþingi en varð ekki útrætt.

Í því frv. sem hér er lagt fram hefur verið tekið tillit til þeirra breytinga sem gerðar voru á húsnæðislöggjöfinni í vor varðandi félagslegar íbúðir og jafnframt hefur sú reynsla sem fengist hefur af starfi húsnæðissamvinnufélaga verið höfð til hliðsjónar.

Í ár eru liðin sjö ár frá stofnun fyrsta húsnæðissamvinnufélagsins hér á landi. Nú eru félögin orðin ellefu og dreifð um allt land. Heildarfjöldi félagsmanna er 5.000–6.000 manns. Samkvæmt könnun Búseta í Reykjavík, sem gerð var í nóvember sl., er meginhluti félagsmanna ungt fólk, 60% félagsmanna eru undir þrítugu. Meginhluti félagsmanna eru leigjendur og ungt fólk sem býr enn heima hjá foreldrum. Alls reyndust hátt í 90% félagsmanna vera undir þeim tekjumörkum sem húsnæðismálastjórn hefur sett varðandi aðgang að félagslegu húsnæði.

Húsnæðissamvinnufélögin hér á landi eru stofnuð að frumkvæði samtaka leigjenda. Í ljósi víðtæks stuðnings stjórnvalda við þarfir íbúðareigenda á undanförnum áratugum má líklega segja með nokkrum rétti að leigjendur eigi tilkall til þess að aukin áhersla af hálfu stjórnvalda verði lögð á að rétta kjör þeirra og auka öryggi þeirra á húsnæðismarkaðinum með því m.a. að tryggja réttarstöðu húsnæðissamvinnufélaga, með húsaleigubótum til leigjenda og endurskoðun laga um húsaleigusamninga. Að þessum markmiðum hefur verið unnið að undanförnu.

Húsnæðissamvinnufélögin eru liður í því að færa fyrirkomulag húsnæðismála hérlendis í félagslegra form þar sem almennum félagasamtökum borgaranna er treyst fyrir meira frumkvæði en áður var. Draga má lærdóm af áratuga reynslu á Norðurlöndum og víða annars staðar í heiminum. Þá má benda á að í Finnlandi, þar sem búseturéttarformið hefur ekki þekkst, voru sett lög um þetta form sl. vor. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að réttaróvissa komi upp í tengslum við starfsemi húsnæðissamvinnufélaga. Réttindi og skyldur íbúanna og félaganna þurfa að vera ótvíræð í lögum. Húsnæðissamvinnufélög hafa nú þegar keypt hátt í 100 íbúðir og er þess að vænta að á næstu missirum bætist við 100–200 slíkar íbúðir víða á landinu.

Að því er varðar einstakar greinar þessa frv. sem ég hér mæli fyrir skal nú vikið að því helsta.

Í a-lið 1. gr. er fjallað um markmið húsnæðissam-

vinnufélaga. Í 92. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er kveðið á um kaup á eignarhluta í kaupleiguíbúð. Heimilt er skv. þessari grein að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af kaupleiguíbúð með því að selja honum eignarhluta í henni fyrir 10–30% kostnaðarverðs eða kaupverðs, allt eftir því hvort leigjandinn er innan tekju- og eignarmarka sem gilda um aðgang að félagslegu húsnæði.

Húsnæðissamvinnufélög grundvalla starf sitt á þessu fyrirkomulagi og láta félagsmönnum sínum í té íbúðir með búseturétti sem byggist á kaupum á eignarhluta í íbúðum.

Að öðru leyti eru markmið húsnæðissamvinnufélaga sambærileg við markmið byggingarsamvinnufélaga.

Í b-lið er fjallað um að stofnun, starfshættir og slit húsnæðissamvinnufélags fari eftir því sem við getur átt eftir ákvæðum laga nr. 46/1937, um samvinnufélög. Félmrn. þarf að staðfesta samþykkt húsnæðissamvinnufélags áður en skráning þess fer fram.

c-liður kveður á um að félagsmenn öðlist rétt til þess að fá keyptan búseturétt eftir því á hvaða tíma þeir gengu í húsnæðissamvinnufélagið, þ.e. hvar þeir lenda í röðinni.

Í d-lið er að finna skilgreiningu á búseturéttargjaldi en það er greiðsla fyrir eignarhlutann sem tryggir leigjandanum búseturétt.

Skv. 92. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins getur eignarhluti verið þrenns konar. Búseturéttargjaldið getur því verið með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi er um að ræða 10% búseturéttargjald fyrir eignarhluta í félagslegri kaupleiguíbúð. Í öðru lagi 10% búseturéttargjald fyrir eignarhluta í almennri kaupleiguíbúð ef leigjandinn er innan þeirra eignarmarka sem húsnæðismálastjórn hefur sett og í þriðja lagi 30% búseturéttargjald fyrir eignarhluta í almennri kaupleiguíbúð.

Í e-lið frv. er opnaður möguleiki fyrir ríki, sveitarfélög og almannasamtök að fjármagna og ráðstafa búseturétti í allt að 20% af íbúðum húsnæðissamvinnufélaga. Þetta þýðir í raun að húsnæðissamvinnufélög geta gert samkomulag við þessa aðila um að byggja og reka íbúðir sem sveitarfélög eða almannasamtök geta ráðstafað til þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Fyrir ýmis almannasamtök, svo sem samtök öryrkja og aldraða, getur þetta verið heppileg leið til að tryggja félagsmönnum húsnæði án þess að þurfa sjálf að standa í byggingu íbúða og rekstri þeirra.

Í f-lið er sett fram sú meginregla að réttur búseturéttarhafa er ekki framseljanlegur og kveðið á um reglur um ráðstöfun búseturéttar.

Í g-lið er kveðið á um vanskil og að búseturéttargjald standi sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds. Samkvæmt g-lið er óheimilt fyrir búseta að veðsetja búseturétt sinn þar sem hann felur ekki í sér nema lítinn eignarhluta í íbúðinni. Eignarhlutinn er háður verulegum takmörkunum og einungis í undantekningartilvikum framseljanlegur. Vanræki félagsmaður skyldur sínar ítrekað missir hann rétt sinn til húsnæðisins, hafi hann ekki gert skil þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir.

Í h-lið er opnaður möguleiki til þess að unnt sé að mynda sérstaka deild í húsnæðissamvinnufélagi fremur en að stofna sérstakt búsetufélag. Er þetta einkum hugsanlegt þegar um smáa byggingaráfanga er að ræða.

Í i-lið er skilgreining á búsetugjaldi sem er eins konar leigugjald sem er greitt mánaðarlega. Búsetagjaldið miðast við afborganir lána, rekstrarkostnað, fasteignagjöld, tryggingar og viðhald íbúða.

j-liður kveður á um hvernig háttað er veðsetningu íbúða. Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur veðsett íbúð fyrir stofnlánum en þegar um er að ræða lán til endurbóta og viðhalds þykir eðlilegt að stjórn búsetufélags þurfi að samþykkja veðsetningu.

k-liður fjallar um hvað skuli vera í búsetusamningi.

l-liður er um framleigu á íbúð með búseturétti sem er óheimil án samþykkis stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Er það í samræmi við ákvæði um aðrar félagslegar íbúðir.

m-liður er um viðhaldssjóð. Greiðsla í hann er hluti af búsetugjaldi. Sjóðnum er tvískipt, þ.e. vegna sameignar og hins vegar innra viðhalds hverrar íbúðar. Félagsmaður fær síðan fé úr viðhaldssjóðnum til viðhalds íbúðar sinnar þegar þörf krefur og eftir reglum sem aðalfundur félagsins setur. Ef búseturéttur er keyptur eða seldur fylgir með sú upphæð sem kann að vera inni á viðhaldssjóði fyrir íbúðina.

n-liður fjallar um fjármögnun húsnæðissamvinnufélaga sem er með hliðstæðum hætti og hjá byggingarsamvinnufélögum. Í rekstrarsjóð renna fyrst og fremst árgjöld félagsmanna, inntökugjöld renna í stofnsjóð, í varasjóð rennur hluti af byggingarkostnaði sem samsvarar greiðslu í tryggingasjóð. Með lögum nr. 70/1990 er lögfest að af öllum félagslegum íbúðum skuli leggja 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar í tryggingasjóð vegna byggingargalla. Vegna laga um samvinnufélög, nr. 46/1937, er nauðsynlegt að heitið varasjóður sé notað vegna húsnæðissamvinnufélaga, en hér er um að ræða sama gjald og vegna tryggingasjóðs fyrir aðrar félagslegar íbúðir.

Liðir o–q fjalla um hvernig staðið verður að lánaúthlutunum úr Byggingarsjóði verkamanna til húsnæðissamvinnufélaga. Í o-lið er kveðið á um hvaða upplýsingar skuli lagðar fram þegar húsnæðissamvinnufélög sækja um lán úr Byggingarsjóði verkamanna, þ.e. fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími og áætlaður byggingarkostnaður. Einnig skal fylgja greinargerð um hvernig að annarri fjármögnun til framkvæmdanna sé staðið.

p-liður kveður á um athugun Húsnæðisstofnunar á umsóknum og sérstaklega það hlutverk húsnæðismálastjórnar að gæta þess við ákvarðanir um lánveitingar til húsnæðissamvinnufélaga að uppfyllt séu skilyrði 52. gr. laga nr. 86/1988 ásamt síðari breytingum um félagslegar íbúðir og 75. gr. sömu laga um hagkvæmni íbúða til að tryggja sem lægst íbúðarverð. Einnig er þar heimild fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins að gera framkvæmdalánasamning með hliðsjón af 74. gr. sömu laga.

Í q-lið er síðan opnaður möguleiki fyrir húsnæðissamvinnufélög að kaupa tilbúið eða notað húsnæði sem ráðstafað yrði með búseturétti. Um lánveitingar sam-

kvæmt þessu ákvæði gilda allar almennar reglur um nýbyggingarlán og að kaupverð slíkra íbúða má ekki vera hærra en nemur byggingarkostnaði nýrra íbúða. Lánshlutfall er það sama og til nýbygginga en frá láni eru dregin áhvílandi lán.

Þá er að lokum ákvæði sem leggur bann við sölu íbúðar með búseturétti á meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Meðan búsetusamningur er í gildi milli búseta og húsnæðissamvinnufélags verður búseti ekki sviptur ótímabundnum afnotarétti sínum þó að íbúðin kynni að verða seld.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir meginefni þessa frv. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég er satt að segja dálítið undrandi á því að þetta frv. skuli vera hér fram komið vegna þess að ég sé ekki betur en það sé óþarft. Búseturéttarfélögin hafa verið hér starfandi um nokkurra ára skeið. Búið er að marka þeim ákveðinn farveg í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Annað tel ég að sé einkamál þessara félaga, innra starf þeirra og skipulag fari að sjálfsögðu samkvæmt almennum lögum og væntanlega í flestum tilvikum samkvæmt lögum um samvinnufélög vegna þess að þetta eru samvinnufélög eða eins konar kaupfélög. Það er reyndar búið að leggja fram á þessu þingi frv. til laga um samvinnufélög og mér fyndist jafnvel fara betur á því að flytja þetta frv. í tengslum við það eða láta það bara ógert.

Lögin sem hér er lagt til að verði breytt með þessu frv. eru lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta frv. er ekkert um Húsnæðisstofnun ríkisins eða nokkuð sem þeirri stofnun kemur sérstaklega við. Þetta frv. er um ákveðið sambýlisform, félagsform í sambandi við byggingar sem rúmast innan gildandi laga. Það sem Húsnæðisstofnun ríkisins varðar í því sambandi er spurningin um hvað slíkir aðilar eiga að fá mikið lán. Það eru ákvæði um það í lögum um Húsnæðisstofnun. Ég tel það ekki eðlilegt satt að segja að setja inn í lög um Húsnæðisstofnun þennan kafla sem hér er lagt til að bæta við, jafnvel þó að fyrir sé í lögunum um Húsnæðisstofnun kafli um byggingarsamvinnufélög. Ég tel það reyndar orka mjög tvímælis að sá kafli eigi heima í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það form sem hér er til umræðu og ráðherra lýsti með þessu frv. á að mínum dómi vissulega ákveðinn rétt á sér sem valkostur fyrir þá sem kjósa að búa um sig í þessu formi, borga fastar greiðslur, búseturéttargjald og fleira, án þess að eignast nokkurn tíma neitt í því húsnæði sem fólk borgar til. Það er valkostur sem sjálfsagt er að bjóða upp á fyrir þá sem þess óska, en það á auðvitað að vera á jafnréttisgrundvelli miðað við önnur byggingarform og ekki njóta sérstakra forréttinda. Það hefur nefnilega borið á því að menn vilji smeygja sér inn í þetta fyrirkomulag, menn með góðar tekjur, mikla menntun o.s.frv. vegna þess að búseturéttarfélögin hafa getað fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna á mjög góðum kjörum. Reyndar stæra menn sig af því á vegum þessara samtaka, þar á meðal einn af starfsmönnum Húsnæðisstofnunar ríkisins sem skrifaði um það í málgagn þessara samtaka að nú væru bestu kjörin sem fáanleg væru á markaðinum, hvernig sem á væri litið, innan þessara svokölluðu búseturéttarfélaga.

Ég minnist þess þegar þessi félög fóru fyrst á stúfana fyrir nokkrum árum þá gáfu sig strax upp nokkrir þingmenn sem höfðu gerst félagar í slíkum félögum. Fólki virðist vera alveg sama um að með því að ganga í slíkt félag og njóta þeirra kjara sem ætluð eru láglaunafólki er jafnframt verið að hindra að einhver annar, sem er raunverulegur láglaunamaður, njóti þeirra kjara á meðan.

Nú er það að vísu svo, eins og fram kom í máli ráðherrans, að langstærstur hluti félaga í þessum félögum, um 90%, er innan þeirra tekjumarka sem Byggingarsjóður verkamanna setur um lán til íbúða, og gagnvart því fólki skiptir þetta máli, en fyrir hin 10% er þetta óréttlætanlegt.

Nú er búið að flytja almennu kaupleiguíbúðirnar yfir í Byggingarsjóð verkamanna og ætla verður að eitthvað af slíkum íbúðum yrði byggt á vegum þessara félaga á þeim kjörum sem um þær íbúðir gilda. En maður getur hins vegar mjög auðveldlega séð fyrir sér vandkvæðin sem því fylgja að byggja á vegum sama félagsins íbúðir á mismunandi kjörum. Eins íbúðir, jafnvel í sama stigagangi, þar sem önnur er í svokölluðu félagslegu lánakerfi en hin í almennu. Á þetta er rétt að leggja áherslu, eins og svo oft hefur verið gert í sölum þingsins.

En um þetta frv. almennt að öðru leyti ætla ég ekki að hafa mörg orð. Ég tel að efni þess eigi að mestu leyti heima í samþykktum viðkomandi félaga en ekki í lögum nema þá að því marki sem um er að ræða samskipti húsnæðisstjórnar ríkisins við þessi félög. En um þau samskipti fjalla greinar o og q þar sem minnst er á Byggingarsjóð verkamanna í tengslum við lán til þessara húsnæðissamvinnufélaga.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegur forseti, til að eyða frekari orðum að þessu máli. Ég tel sem sé að á þessu frv. sé lítil þörf og enn minni nauðsyn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Öflun húsnæðis er viðamesta mál sem flestar fjölskyldur þurfa að glíma við. Lengst af hafa fáir möguleikar verið fyrir hendi þegar fólk fer út í það að tryggja sér húsnæði. Það hefur oftar en ekki þurft að hella sér út í kostnaðarsamar byggingarframkvæmdir eða íbúðarkaup. Á undanförnum árum hefur þó orðið jákvæð breyting á þessu. Æ fleiri hallast að því að reyna að tryggja sér húsnæði án þess að steypa sér í þungar og erfiðar fjárskuldbindingar og vera í margra ára ánauð sem fylgir séreignastefnunni. Leigu-húsnæði hefur sem kunnugt er verið af skornum skammti en vonandi og væntanlega verður á því einhver breyting á næstu árum.

Lengst af hefur það þótt sjálfsagt að ekki væri í önnur hús að venda en að kaupa sér húsnæði eða leigja á allt of þröngum leigumarkaði. Sem betur fer hefur orðið breyting á núna á allra seinustu árum, með tilkomu

húsnæðissamvinnufélaga og búseturéttarkerfisins. Það er að mínu mati mjög gott kerfi og eðlilegt að margir hafi leitað til þess og að það sé ekki bundið við einn tekjuhóp, þó ég treysti mér ekki í smáatriðum til þess að meta hvar og hvernig þetta kerfi gæti nýst best og hver er hin eðlilegasta lánafyrirgreiðsla í því. En mér þykir það heyra til mannréttinda að hver og einn eigi val um á hvern hátt hann kýs að koma yfir sig þaki. Það held ég að sé hægt með því að búseturéttarfyrirkomulagið sé hlekkur í þeirri keðju sem húsnæðismál eru hér á landi. Það er því orðið fyllilega tímabært að kveða skýrt á um á hvern hátt húsnæðissamvinnufélögum og búseturétti er háttað hér á landi.

Ég mun ekki fara hér út í einstök atriði þessa frv. né hvort þeim er endilega haganlegast fyrir komið í þessari löggjöf, þeim atriðum sem nauðsynleg eru og nauðsynlegt er að skýrt verði kveðið á um. Til þess mun gefast tækifæri í nefnd. Ég vek athygli á því að það er af hinu góða að skýrar reglur og gott kerfi sé á þessum málum og það sé viðurkennt í löggjöf. Og ég fagna því að umræða um þessi mál er hér nú og mun verða í nefnd og vonast til að þetta frv. muni treysta stöðu húsnæðissamvinnufélaga og búseturéttarkerfisins í landinu. Á því er fyllilega þörf.

Það tekur engu tali að hafa ákveðið kerfi sem er einungis fyrir láglaunafólk og annað kerfi sem er fyrir hina tekjubetri. Það kallar á að í einni blokk eða einu hverfi safnist fólk sem er einungis á ákveðnu tekjubili. Ég held að búseturéttarkerfið sé gott að því leyti til að þar er ekki um mjög þröngan hóp að ræða heldur þvert á móti víðan og það er kerfi sem margir kjósa að fara í þegar þeir tryggja sér húsnæði.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þetta mál. Hv. 17. þm. Reykv. vék sérstaklega að tveim efnisatriðum í sínu máli. Í fyrsta lagi taldi hann þetta frv. óþarft og að viðkomandi félög ættu að setja sér sjálf sínar reglur og samþykktir um þetta fyrirkomulag. Í annan stað beindi hann orðum sínum að því að hér væri líka verið að búa til form fyrir fólk sem hefði miklar tekjur.

Varðandi fyrra atriðið er ég honum ósammála því að ekki sé rétt að skapa lagagrundvöll að því er varðar þetta búsetuform með líkum hætti og þekkist á hinum Norðurlöndunum þar sem þetta form hefur verið lengi við lýði. Búsetuhreyfingin hefur um margra ára bil barist fyrir því að slíkur lagagrundvöllur væri skapaður sem felst í þessu frv. Það má auðvitað spyrja sig að því hvers vegna búsetuhreyfingin hafi lagt svona mikla áherslu á það í gegnum árin að fá lagagrundvöll fyrir því ef hún hefði einfaldlega getað sett sér sínar eigin reglur og samþykktir í þessu efni. Hér er fyrst og fremst verið að skapa lagagrundvöll um réttindi og skyldur búsetuhreyfingarinnar, búsetufélaga og þeirra sem kjósa sér þetta búseturéttarform og raunverulega tryggja réttarstöðu þeirra. Þess vegna tel ég tvímælalaust nauðsynlegt að setja slíkan lagagrundvöll sem felst í þessu frv.

Að því er varðar það að hér sé verið að búa til eignarform fyrir þá sem miklar tekjur hafa þá er það auðvitað rangt, og raunar kom fram í máli ræðumanns þegar hann endurtók það sem ég sagði í mínu máli að könnun sýndi að 90% félagsmanna í búsetuhreyfingunni væri lágtekjufólk sem væri innan tekjumarkanna. Það er að vísu rétt, eins og hv. þm. kom inn, á að það er opnaður möguleiki fyrir búseturéttarformið í almennum kaupleiguíbúðum. En þá er um allt önnur kjör að ræða. Þá þarf viðkomandi sem kýs sér slíkt búsetuform að leggja sjálfur fram 30% eignarhlutans og fær hann á allt öðrum vaxtakjörum en þeir sem eru undir tekjumörkunum. Og ég tel auðvitað rétt að alveg eins og menn töldu nauðsynlegt að almennar kaupleiguíbúðir væru fyrir hendi eins og félagslegar kaupleiguíbúðir, ekki síst vegna fólks úti á landsbyggðinni, þá hafi verið rétt að opna fyrir þetta form líka í almennum kaupleiguíbúðum.

En ég tel ekki ástæðu til að lengja mál mitt og legg áherslu á að þetta mál hljóti brautargengi og verði að lögum á þessu þingi.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þingmenn séu orðnir þreyttir á sífelldum breytingum á húsnæðislagakerfinu á undanförnum missirum. En hér er um að ræða mál sem ég tel eðlilegt að sé borið fram og mun styðja það í öllum aðalatriðum. Ákvæðin um byggingarsamvinnufélögin sem eru enn í gildandi lögum gerðu á sínum tíma mikið gagn. Sem betur fer er mikið af slíkum íbúðarbyggingum sem hafa komið launafólki sérstaklega til góða og gert því kleift að eignast húsnæði í gegnum samvinnulöggjöfina í viðráðanlegu kerfi. Það er hægt að vísa hér í ýmsar stórbyggingar, íbúðarbyggingar, blokkir sem hafa verið byggðar eftir þeim lögum og ekki síst á vegum félagasamtaka og launafólks í landinu. Þau þóttu vera víðtækari en verkamannabústaðirnir að því leyti að það var ekki sniðið eftir tekjumörkum að öllu leyti og þar af leiðandi var það frjálsara form. Hins vegar hefur þrengt að þessu formi á undanförnum árum og með rýmkun á húsnæðislöggjöfinni almennt varð sú niðurstaðan að þetta form varð miklu minna notað en önnur félagsleg form.

Ég kynntist þessu búsetafyrirkomulagi á árunum 1983–1984 sérstaklega. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þetta nýja form, búseturéttarform, hefur rutt sér til rúms í nágrannalöndunum með jákvæðum árangri á undanförnum árum. Þarna er um að ræða möguleika sem tengjast húsnæðissamvinnufélögunum. Ég sá þess vegna strax að það var eðlilegt að stuðla að því að þetta byggingarform eða félagsform og þessi aðferð kæmist inn í húsnæðislöggjöfina.

Eins og kemur fram í athugasemdum með frv. náðist ekki um þetta samkomulag á sínum tíma í þeirri ríkisstjórn sem var við völd 1983–1987. Það var reynt 1984 með formlegum hætti. Það náðist að vísu fyrsti vísir að möguleikum inn á þetta kerfi með lögunum 1984, þ.e. undir Verkamannabústaðir, c-liður. Það var að vísu takmarkað við námsmenn og aldraða og fatl-

aða, en engu að síður var hægt að byrja þetta form í sambandi við þetta ákvæði laganna.

Það fór ekki hjá því miðað við reynslu annarra þjóða að það urðu mér mikil vonbrigði árið 1984 að ekki skyldi hafa náðst samkomulag um það á Alþingi að festa þetta inn í lögin eða skýra þetta inn í lögin, þar sem fyrir lá kafli í lögunum sem er núna IX. kafli laganna um byggingarsamvinnufélög. Ég tel að gagnrýni sem hér hefur komið fram á að þetta sé óþarft sé á nokkrum misskilningi byggð. Auðvitað er það rétt sem kemur fram í frv. að þessi lög byggja í meginatriðum á ákvæðum laga um samvinnufélög eins og þau eru á hverjum tíma. Og mér finnst það ekki útiloka það að skilgreina búseturéttarformið í lögum miðað við þá reynslu sem fengin er í nágrannalöndunum.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja þetta nánar eða fara nánar ofan í þetta mál. Ég lét semja á sínum tíma frv. um þetta og lét leggja mikla vinnu í það. Þetta frv. hér er í aðalatriðum byggt á því frv. Ég sé ekki neina agnúa á því í sjálfu sér að þetta sé fest í lög undir húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Því tel ég þetta frv. þess eðlis að ástæðulaust sé annað en að samþykkja það. Það raskar ekki í meginatriðum neinum öðrum félagslegum þáttum í húsnæðislöggjöfinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. GHH, 229. mál (réttur til bóta). — Þskj. 329.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Frv. það sem hér er mælt fyrir gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar að allir launamenn eigi rétt til atvinnuleysisbóta, en ekki aðeins þeir sem félagsbundnir eru í stéttarfélögum.

Þessi meginbreyting kemur þegar fram í 1. gr. frv., þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Þeir launamenn, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum."

Í 3. gr. frv. er síðan skilgreint hvað átt er við með hugtakinu launamaður.

Flestum kann að finnast þetta sjálfsagt mál og eflaust eru margir sem ekki átta sig á því að lög um atvinnuleysistryggingar á Íslandi eru þannig enn þann dag í dag að þau undanskilja ákveðinn hóp launamanna rétti til slíkra bóta. Menn eru með öðrum orðum ekki jafnir fyrir lögunum þó svo að gjald í Atvinnuleysistryggingasjóð sé tekið af öllum launum. Þeir sem ekki eru í stéttarfélögum eiga ekki rétt til bóta. Þeir sem eru í stéttarfélögum eiga það.

Ég hygg að það sé einsdæmi í okkar heimshluta að réttur til bóta af þessu tagi sé bundinn aðild að einhverjum tilteknum félagsskap, enda er vandséð að þörf manna fyrir bætur, ef þeir verða fyrir því óláni að verða atvinnulausir og missa tekjur, fari eitthvað eftir því hvort þeir eru félagsbundnir í tilteknum félögum eða ekki. Þar við bætist að hér á Íslandi er Atvinnuleysistryggingasjóður að hluta til fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Þau framlög eru sameign allra landsmanna að sjálfsögðu, en ekki einkaeign þeirra sem aðild eiga að stéttarfélögum.

Nú fyrir jólin var samþykkt frv. um tryggingagjald og er orðið að lögum, þar sem frekar er kveðið á um hvernig greiða skuli svokölluð launatengd gjöld. Þau eru sameinuð í eitt gjald með lögum þessum, tryggingagjald, og síðan er því gjaldi ráðstafað eftir ákveðnum reglum í 3. gr. þeirra laga, m.a. þannig að Atvinnuleysistryggingasjóður fær í sinn hlut sem nemur 0,15% af gjaldstofni. Þarna er sem sagt enn á ný tekið af skarið með það að ákveðinn skattur, ákveðið gjald, er lagt á öll laun í landinu og látið renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs, þar á meðal er lagt á laun þeirra sem ekki eru í stéttarfélögum. En þeir fá engu að síður engan rétt þó að þeim sé gert að skyldu að inna af hendi greiðslur í þennan sjóð. Hér er brotið það grundvallaratriði íslensks réttarfars, og reyndar almenna grundvallaratriði, að saman fari réttindi og skyldur, að nokkurt samræmi sé á milli þeirra skyldna sem lagðar eru á herðar manna og þeirra réttinda sem menn hafa.

Frv. þetta felur ekki í sér flóknar breytingar. Hins vegar er þetta ákveðið grundvallaratriði í mínum huga og varðar grundvallarrétt manna, bæði til þess að þiggja bætur sem komnar eru til vegna gjaldtöku á þá sjálfa og af almannafé, en þetta er sömuleiðis nokkurt grundvallaratriði að því er varðar aðild manna og ákvarðanir um slíka aðild að stéttarfélögum.

Nú er það að vísu þannig hér á Íslandi að langstærstur hluti launamanna er í stéttarfélögum og vill vera þar. Samt eru alltaf einhverjir örfáir einstaklingar sem ekki eru í slíkum félögum, hugsanlega vegna starfa sinna eða vegna þess að ekki er til neitt félag um þá starfsgrein þar sem þeir hafa haslað sér völl. Um hvort tveggja eru til dæmi. Það er ekki óalgengt að starfsmannastjórar, framkvæmdastjórar og ráðningastjórar í fyrirtækjum séu utan stéttarfélaga. Það er ekki óalgengt. Sömuleiðis eru til þeir aðilar sem hafa lært ákveðin fræði eða greinar sem ekki er til stéttarfélag í eða utan um. Þeir aðilar eiga vissulega þann kost að ganga í eitthvert allt annað stéttarfélag til þess að njóta þessa réttar, en það er að mínum dómi óeðlilegt að gera þá kröfu til manna og þvinga þá þannig óbeint til þess að ganga í eitthvert tiltekið félag sem þeir hefðu ella ekki hugsað sér að gera.

Ég held hins vegar að sú breyting sem hér er um að tefla mundi ekki hafa áhrif í þá átt að fæla fólk frá því að vera í stéttarfélögum. Menn hafa af því ýmsan hag vegna þeirra hluta sem stéttarfélögin hafa samið um fyrir sína félagsmenn. En hér er hins vegar um að ræða lögbundin réttindi sem eiga að vera fyrir alla að mínum dómi, en ekki bara fyrir þá sem eru í þessum félögum. Það gegnir öðru máli um réttindi sem félögin hafa sérstaklega samið um. Ég hygg að það yrði nú ekkert um það að ræða að menn byrjuðu á því að flýja stéttarfélagsaðild í stórum stíl vegna þessara breytinga,

einmitt vegna þess að menn hafa væntanlega af því töluverðan hag að skipa sér í félag með sínum stéttarbræðrum, ef það má orða það svo, eða vinnufélögum og samstarfsmönnum.

Ég held að það sé óhætt að fullyrða, herra forseti, að sú stefna sé á undanhaldi, m.a. hér á Íslandi, að tengja opinber réttindi því að launamaður sé í stéttarfélagi. Í það minnsta hefur ófélagsbundnum launþegum hérlendis verið tryggð sambærileg réttarstaða og félagsbundnum í ýmiss konar nýlegri löggjöf hér á landi. Má í því sambandi nefna lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests, lög um sjúkdóms- og slysaforföll, lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög um ríkisábyrgð á launum og lög um orlof og fæðingarorlof. Hér er alls staðar um að ræða ákveðin réttindi sem allir launamenn eiga jafnan rétt á óháð því hvort þeir eru félagar í verkalýðsfélögum. Þess vegna tel ég að þessi breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar sé í samræmi við þá þróun sem kemur fram í þeirri lagasetningu sem ég hef hér nefnt.

Þess er rétt að geta, virðulegi forseti, að á síðasta þingi var samþykkt frv. um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Lögin hafa verið gefin út að nýju sem lög nr. 96/1990 og inn í þau felldar allar breytingar sem orðið hafa á þessum lögum frá því að stofnlögin voru sett 1981.

Á síðasta þingi flutti ég þetta frv. sem brtt. við það frv. sem þá var hér á ferðinni sem stjfrv. en hafði verið samið af sérstakri nefnd á vegum heilbr.- og trmrh. þar sem áttu sæti meðal annarra fulltrúar hinna svokölluðu aðila vinnumarkaðarins. Um efni þess frv. var samkomulag milli þeirra en hins vegar hafði myndast í nefndinni ósamkomulag um akkúrat það atriði sem þetta frv. sem ég flyt hér varðar og náði það þar af leiðandi ekki inn í stjfrv. Hins vegar var sú breyting gerð með því frv. sem hér varð að lögum á síðasta þingi að ýmsir hópar háskólamanna sem ekki höfðu áður rétt til atvinnuleysisbóta fengu þann rétt og var það vissulega spor í rétta átt.

Þetta mál, sem frv. sem hér er flutt snertir, er sem sagt ekki nýtt af nálinni. Málið hefur verið rætt í samskiptum aðila vinnumarkaðarins af og til á undanförnum árum. Um þetta mál er gamall ágreiningur vegna þess að vinnuveitendasamtökin hafa ekki talið upphaflega, þegar atvinnuleysistryggingar voru samþykktar og umsamdar hér 1955, að þær ættu aðeins að ná til stéttarfélagsbundinna manna. Slík hefur hins vegar orðið raunin í framkvæmd. Hins vegar er það tiltölulega nýtt að farið sé að gera athugasemdir erlendis frá við þessi ákvæði og það séu ekki bara innlendir vinnuveitendur og áhugamenn um jafnrétti og sjálfsögð grundvallarréttindi hérlendis sem gera slíkar athugasemdir.

Þannig hafa komið frá svokallaðri nefnd óháðra sérfræðinga, sem starfar á vegum Evrópuráðsins, alvarlegar athugasemdir við þau ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar hérlendis sem tengja rétt manna til atvinnuleysisbóta aðild að stéttarfélagi. Þessi sérfræðinganefnd telur að lögin eins og þau eru núna brjóti í bága við bæði anda og bókstaf 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu sem Ísland hefur undirgengist skuldbindingar gagnvart, þótt svo hafi ekki verið gert gagnvart öllum greinum sáttmálans.

Þetta kom allt saman hér fram á síðasta þingi í skýrslu félmrh. um 76. alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989 sem hér var útbýtt sem sérstöku þskj. Þetta var allt rifjað upp í tengslum við þær brtt. sem ég flutti hér á síðasta þingi og ástæðulaust að rifja upp á ný, nema láta þess getið að þessi sérfræðinganefnd fordæmir þetta harðlega og er mjög dómhörð um þessi atriði og telur að það sé óverjandi ráðstöfun að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar í atvinnuleysi.

Nú er það kannski umdeilanlegt hversu mikið mark eigi að taka á athugasemdum erlendis frá við íslensk lög og menn geta haft sínar skoðanir á því að sjálfsögðu. Hins vegar ber svo við að þessi sama nefnd gerði sams konar athugasemd, og hafði gert í nokkur skipti, við ákvæði í sjómannalögum sem hún taldi ekki samræmast ákvæðum í 1. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Þá brást ríkisstjórnin hins vegar á síðasta vetri mjög skjótt við og beitti sér fyrir breytingu á lögunum í samræmi við athugasemdir nefndarinnar. Það var frv. sem var hér á ferðinni í fyrravetur og hlaut samþykki fyrir vorið og er nú í íslenska lagasafninu sem lög nr. 53/1990. Þá þótti ríkisstjórninni sjálfsagt að fara eftir ábendingum þessarar sérfræðinganefndar þegar þurfti að breyta sjómannalögum. Það er vissulega athyglisvert ósamræmi af hálfu ríkisstjórnarinnar að bregðast ekki jafnskjótt við athugasemdum við atvinnuleysistryggingalöggjöfina.

Það hafa einnig komið athugasemdir erlendis frá við önnur atriði, framkvæmd læknalaga, og hefur verið flutt frv. um að breyta þeim í samræmi við þá athugasemd og það er til meðferðar í heilbr.- og trn. þingsins. Ríkisstjórnin virðist því stundum sjá ástæðu til að taka fullt tillit til slíkra athugasemda en stundum ekki. Alþýðusamband Íslands hefur svarað fyrir sitt leyti þeim ábendingum og þeirri gagnrýni sem fram hefur komið frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins um þetta atriði og fært fram sína hlið málsins og sín rök. Ég tel hins vegar að þau rök og sá málflutningur sýni það og sanni að það sé ekki hægt að ætlast til þess af Alþýðusambandinu eða verkalýðshreyfingunni yfirleitt að hún hafi eitthvert frumkvæði eða styðji breytingar í þessa veru. Það er ekki hægt að ætlast til þess að verkalýðshreyfingin hafi frumkvæði að því eða styðji breytingar sem í raun og veru draga úr þeim forréttindum sem aðilar að henni hafa umfram aðra. Það er skiljanlegt að hún vilji halda í þau réttindi og ég geri enga kröfu til þess að Alþýðusambandið samþykki eða styðji þetta frv. Þykist raunar vita að Alþýðusambandið sé andvígt því og hef hér í höndum í skýrslu forseta Alþýðusambandsins um störf þess árið 1990 yfirlit yfir röksemdir þess í þessu máli. Ég er þeim bara einfaldlega ósammála og tel reyndar, eins og ég segi, að ekki sé hægt að ætlast til þess að verkalýðshreyfingin hafi forgöngu um eða styðji breytingar á þessu grundvallaratriði. Það verk verður Alþingi sjálft að vinna. Löggjafinn verður sjálfur að taka af skarið í slíkum efnum en ekki hlaupa undan eða skýla sér ævinlega á bak við afstöðu hagsmunasamtaka þó að þau

séu merkileg og vinni þarft og mikið og gott starf í þjóðfélaginu.

Hæstv. fjmrh. sagði hér opinberlega fyrir jólin 1989 í háðungartón að Alþýðusambandið væri nú engin „heilög kirkja". Það var í tengslum við skattalagabreytingar sem þá voru til umfjöllunar og Alþýðusambandið hafði leyft sér að mótmæla. Mér dettur ekki í hug að tala um Alþýðusamband Íslands með þeirri háðung sem lýsti sér í ummælum hæstv. fjmrh. en ég hef hins vegar fullt leyfi til þess að vera þeim forsvarsmönnum Alþýðusambandsins, sem um þetta hafa tjáð sig, ósammála og svo er um þetta málefni. Hins vegar tel ég að þróunin í þessu efni sé augljós og að þessi breyting verði gerð á lögunum fyrr eða síðar, enda fær það ekki staðist að mismuna Íslendingum í þessu efni með þeim hætti sem nú er gert þannig að atvinnuleysingi í stéttarfélagi fái bætur en atvinnuleysingi sem ekki er í stéttarfélagi fái engar bætur. Þetta hlýtur að hverfa og því fyrr sem það gerist því betra að mínum dómi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég tel að greinar frv. skýri sig að öðru leyti sjálfar. Þær eru nákvæmlega útskýrðar í grg. með frv. hver og ein og ekki ástæða til þess að rekja þær hér frekar. En ég vil í lokin vekja athygli á athyglisverðri hugmynd sem fram hefur komið á vettvangi Vinnuveitendasambands Íslands um atvinnuleysistryggingar gagnvart atvinnurekendum. Það mál er auðvitað annars eðlis en það sem hér er til umræðu og kallar á aðra löggjöf og öðruvísi og einhverja sjóðmyndun með frjálsum framlögum þeirra sem þess óska. En það er vissulega hlutur sem kæmi til álita á næstu árum að beita sér fyrir. Hins vegar tel ég að sú breyting sem hér er gerð tillaga um í þessu frv. sé það brýnasta sem við blasir að því er varðar lög um atvinnuleysistryggingar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þetta er í annað sinn á einu ári sem réttur til atvinnuleysistrygginga kemur til umræðu hér í deildinni. Hinn 2. maí sl. urðu allítarlegar umræður um þessi mál hér. Í þeirri umræðu komu fram flest rök með og á móti því að víkka réttinn til atvinnuleysistrygginga svo og nú í máli hv. flm. þessa frv. Því mun ég ekki lengja þessa umræðu nú með endurtekningum, enda mun mér væntanlega gefast kostur á að fjalla frekar um málið í nefnd. Ég vil aðeins taka fram eftirfarandi:

Hlutverk stéttarfélaga er og á að vera mikið. En það er ekki hægt að verja það með nokkrum hætti að þau séu aðgöngumiði að jafnsjálfsögðum mannréttindum og atvinnuleysisbótum allra launþega. Þeir launþegar sem standa utan við stéttarfélög eru sárafáir og ástæður þeirra misjafnar. Langflestir kjósa að vera innan stéttarfélaga og hljóta að velja það áfram hvaða afgreiðslu sem þetta mál fær. Þótt sumum þyki sitt stéttarfélag e.t.v. mega vera snarpara í baráttunni fyrir bættum kjörum er þó meiri hagur að því að standa sameiginlega í launabaráttu og annarri réttindabaráttu en að semja einn og sér. Frá því eru fáar undantekningar.

Ég sé engin rök fyrir því að takmarka rétt launþega til atvinnuleysisbóta, enda eiga vinnuveitendur allra launþega að greiða til sameiginlegs sjóðs til að standa straum af kostnaðinum. Sem betur fer eru þessi sannindi ljós forsvarsmönnum einhverra stéttarfélaga og ég vona að þeir sem enn hafa ekki viðurkennt þessi almennu mannréttindi geri það sem fyrst. Stéttarfélög þurfa að sanna ágæti sitt með öflugri baráttu fyrir bættum kjörum félaga sinna. Þau þurfa að sinna því meginhlutverki sínu. Ef þau gera það þurfa þau ekki að kvíða því að fólk kjósi að standa utan þeirra.

Mjög er vegið að stéttarfélögum og réttur þeirra gagnvart stjórnvöldum hefur verið forsmáður, t.d. með setningu bráðabirgðalaga á frjálsa samninga. Stéttarfélög eiga mikið verk fyrir hendi að sækja samningsrétt og efla launabaráttu sína. Það er þeirra hlutverk en ekki að standa gegn því að allir launamenn njóti þeirra réttinda sem teljast til almennra mannréttinda nú en voru stéttarfélögum heilög barátta fyrir liðlega þremur áratugum. Stéttarfélög, eins og önnur félög, verða að skilja sinn tíma og skilja það að þeim ber að sækja fram á við en ekki líta til baka.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Mér fannst nú hálfpartinn þegar hv. 17. þm. Reykv. var að tala áðan að hann væri búinn að gleyma því að upphaflega var samið um Atvinnuleysistryggingasjóðinn í geysilega erfiðu og hörðu verkfalli 1955 og í því verkfalli fengu engir stríðsskaðabætur og báðu ekki um þær. En það var hins vegar fallið frá kaupkröfu til að fá þetta ákvæði inn og henni ekki lítilli. Það var þess vegna miklu fórnað til að fá þessa atvinnuleysistryggingu inn. Ég verð að segja að ég tel að sú fórn hafi borgað sig vegna þess að það hefði verið erfitt ástand á mörgum heimilum launþega ef þessar bætur væru ekki til.

Það hefur borið á því á seinni árum, alveg núna seinustu árum, að mjög er reynt að hafa áhrif á það að fólk sé ekki í stéttarfélögum. Það er verið með alls konar gylliboð til fólks. Það er ráðið sem einhverjir sjálfstæðir atvinnurekendur og réttindi þess eru meira og minna höfð af því ef það verður atvinnulaust eða verður fyrir slysum eða öðru þvílíku. Það hafa nefnilega nærri allir Íslendingar möguleika á að vera í stéttarfélagi sem ekki láta plata sig út úr því. Þeir hafa rétt til þess. Starfsmannastjórar t.d. hjá ríkinu eru sjálfkrafa í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Starfsmannastjórar hjá borginni og yfirleitt allir embættismenn þeir eru sjálfkrafa í sínu verkalýðsfélagi. Þetta hljóta að vera, sem hv. 17. þm. Reykv. er að tala um, aðallega menn sem eru í vinnu hjá atvinnurekendum og þá náttúrlega yfirleitt menn sem eru ekki á neinum kauptöxtum, sem vinna langt fyrir ofan alla kauptexta. Ég geri ráð fyrir að það séu þeir.

Upphaflega náðu þessar atvinnuleysistryggingar til þeirra sem fórnuðu fyrir þær og sömdu um þær, almennu verkalýðsfélaganna. Smátt og smátt hefur þetta verið víkkað þannig að allir launþegar eiga rétt á þessu sem eru í einhverju stéttarfélagi. Ég er hrædd við að þetta sé einn þátturinn í því að brjóta niður stéttarfé-

lögin. Ef menn sjá að þeir geta notið utan stéttarfélaga alls sem þeir geta notið ef þeir eru í stéttarfélögum þá fara menn að fara út úr þeim og losna við að borga félagsgjald og ýmislegt annað. Ég held að þetta sé stórhættulegt. Ég er eindregið á móti því.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt mál vegna orða hv. 11. þm. Reykv. Ég vil taka það fram að ég deili áhyggjum hennar fullkomlega vegna þess fólks sem ráðið er á skjön við alla taxta í launavinnu sem einhvers konar verktakar eða það sem kallað hefur verið gerviverktakar og glatað með því öllum sínum réttindum. Og ég vil raunar minna á að á sl. vetri var vísað til ríkisstjórnarinnar tillögu minni um að kanna sérstaklega og kynna réttarstöðu þessa fólks og réttindaleysi og jafnframt að fræða um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Ég tel hins vegar ekki að andstaða gegn því frv. sem hér er til umræðu muni á nokkurn hátt breyta stöðu þessa fólks vegna þess að hér er um annað og miklu víðtækara vandamál að ræða. Því sé ég ekki að hér sé hægt að blanda þessum málum saman. Og ég, eins og hún, veit mætavel að barátta stéttarfélaga hefur á tíðum verið mjög hörð og erfið og því gat ég hér fyrr í máli mínu sérstaklega um það að á meðan stéttarfélög sinna þeirri baráttu sem nú er brýnust, launabaráttu og réttindabaráttu, þá kvíði ég því ekki, svo framarlega sem fólk gerir sér grein fyrir stöðu sinni og kostum þess að vera í stéttarfélögum, að það muni forðast stéttarfélögin, heldur þvert á móti.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið til máls um þetta málefni. Og sérstaklega hv. 10. þm. Reykn. fyrir þann stuðning, sem fram kom í hennar ræðu, við þetta þingmál.

Ég tel að áhyggjur hv. 11. þm. Reykv. séu ekki á rökum reistar, a.m.k. vona ég það því það er ekki ætlunin með þessu frv. að grafa undan verkalýðsfélögunum með einum eða neinum hætti, enda held ég nú að þau hafi fleira upp á að bjóða félögum sínum heldur en þessi forréttindi til atvinnuleysisbóta. En það er alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. að þessi lög eru til komin í kjölfar samninga sem gerðir voru 1955 og eflaust er það rétt að verkalýðshreyfingin hefur alltaf litið svo á að hún hafi fórnað ákveðnum kauphækkunum á sínum tíma. Ég skal ekki draga í efa að sá sé skilningur verkalýðshreyfingarinnar.

Hitt er aftur annað mál að ég tel alveg vafalaust að hefðu þessar tryggingar ekki komist á með þessum samningum 1955 og löggjöf í framhaldi af þeim þá hefði það auðvitað orðið eitthvað seinna. Þá hefði Alþingi með einhverjum hætti, kannski að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar og sennilega að frumkvæði hennar, beitt sér fyrir að lög um þetta efni yrðu sett. Ég held að árið 1955 og á árunum þar á eftir hafi nú velferðarvitund Íslendinga verið orðin það mikil almennt að menn hafi gert sér grein fyrir að þörf væri fyrir slíkar tryggingar og eðlilegt væri að leggja gjald á laun eins og gert hefur verið og bæta síðan við framlögum úr opinberum sjóðum, upphaflega bæði frá ríki og sveitarfélögum en núorðið eingöngu frá ríkissjóði.

Ég held að þetta séu röksemdir sem ekki eigi lengur við, að það hafi verið borgað svo mikið fyrir þessi réttindi á sínum tíma í verkfallinu 1955 að það eigi enn þá að takmarka þessi réttindi við félaga í stéttarfélögum. Enda er það svo að það er búið að útvíkka réttindin heilmikið frá því sem var og þau ná núna til mjög margra hópa sem ekki komu nálægt þessu verkfalli 1955, höfðu ekki einu sinni verkfallsrétt þá en hafa nú fengið rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóðnum svo fremi að menn séu í stéttarfélagi.

Síðan er það spurningin: Hverjir eru þessi menn sem ekki eru í stéttarfélögum? Þeir eru mjög fáir. Það hefur komið fram í máli okkar allra. En menn geta verið það af ýmsum ástæðum, bæði vegna starfa sinna og af persónulegum ástæðum. Og ég tel óeðlilegt að þvinga menn til stéttarfélagsaðildar með þeim hætti að segja við menn: Þú getur fengið atvinnuleysisbæturnar þínar, góði, ef þú gengur í stéttarfélag. Ef það er ekki til í viðkomandi starfsgrein þá þarf viðkomandi að ganga í stéttarfélag í óskyldri starfsgrein. Um þetta eru því miður dæmi.

Ég nefndi hér í minni ræðu og hv. 11. þm. Reykv. sömuleiðis, starfsmannastjóra og ráðningastjóra í fyrirtækjum. Ég veit ekkert upp á hvaða kjör slíkir menn eru ráðnir en það eru líka til starfsmenn samtaka, t.d. starfsmenn atvinnurekendasamtaka, sem eðli málsins samkvæmt eiga ekki heima í stéttarfélögum. Starfsmenn Vinnuveitendasambandsins eiga ekkert heima í neinu sérstöku stéttarfélagi að mínum dómi. A.m.k. held ég að það sé erfitt að gera þá að félögum í þeim félögum sem þeir eru að semja við. Hins vegar hefur ekkert á það skort held ég að tekin hafi verið launatengd gjöld af þeirra launum og greidd m.a. í þennan sjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar er þá komið annað dæmi um það að mönnum er gert að greiða í sjóðinn án þess að fá réttindi til greiðslna úr honum ef viðkomandi verður fyrir þeirri ógæfu að verða atvinnulaus og missa sína tekjumöguleika.

Þannig er þetta mál, herra forseti, frá mínum bæjardyrum séð. Þó fram hafi komið hér ákveðin andstaða frá einum hv. þm. vænti ég þess að frv. þetta fái vandaða meðferð. Ég er vissulega mér meðvitaður um að það er andstaða við þetta mál á ákveðnum stöðum, ekki kannski síst innan einhverra verkalýðsfélaga og hjá Alþýðusambandinu. En það breytir ekki því að Alþingi á að hafa hér síðasta orðið.

Ég vildi láta það koma fram, herra forseti, að mér láðist að geta þess í minni fyrri ræðu að tillaga mín er að sjálfsögðu sú að þetta frv. gangi til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hönnun og viðhald opinberra bygginga, 1. umr.

Frv. ÁHE. 270. mál. — Þskj. 481.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um hönnun og viðhald opinberra bygginga. Ástæðan fyrir því að þetta frv. er hér flutt er sú að við höfum fyrir augunum og höfum líka haft á borðum þingsins í vetur og undanfarin þing sorgleg dæmi um hvernig hús hafa grotnað niður, hús á borð við Þjóðleikhúsið, Þjóðminjasafnið, Bessastaði og fleiri glæsilegar, fallegar opinberar byggingar sem eru okkar þjóðargersemar.

Hvernig má það vera að þessi hús eru svo illa á sig komin? Hús á borð við Þjóðleikhúsið, sem eru nú ekki eldri en 40–50 ára og varla það. Ástæðan er að mínu mati sú hvað Þjóðleikhúsið varðar að viðhaldsfé Þjóðleikhússins hefur verið varið í rekstur árum saman. Þeir peningar sem hafa verið eyrnamerktir á fjárlögum til þess að halda húsinu við hafa ekki runnið til þeirra hluta. Svo er um margar fleiri opinberar byggingar. Þess vegna þarf að fylgjast með því og það þurfa að vera ákveðin viðurlög við því að viðhaldsfé sé varið til viðhalds en ekki óskyldra hluta þannig að húsin okkar grotni ekki niður eins og þessi sorglegu dæmi sanna.

Við byggjum á yfirstandandi fjárlögum hús og mannvirki fyrir rúmar 5 millj. kr. Þetta er því ekki smáupphæð sem við verjum á hverju ári til mannvirkjagerðar. Því er mjög mikið í húfi að þetta sé vel gert og vel til húsanna vandað þannig að þau muni standa sem lengst og nýtast sem best. Og eins að viðhaldi á þessum húsum verði sem best við komið og þá að sjálfsögðu að því fjármagni sem til þess er ætlað sé varið samkvæmt lögum sem um byggingarnar eru.

Því er sagt hér í 1. gr. þessa frv.: „Ávallt skal höfð hliðsjón af viðhaldi opinberra bygginga þegar þær eru hannaðar. Að uppfylltum öllum öryggisþáttum bygginganna skal þess gætt að viðhald eignanna verði bæði eins auðvelt og aðgengilegt og notagildi þeirra framast leyfir. Jafnframt verði þess gætt að halda megi öllum kostnaði við þennan þátt í lágmarki eftir því sem hönnuðir geta best séð á hverjum tíma.

2. gr. Verktakar og byggingameistarar, eða aðrir sem hafa umsjón með eða verkstjórn á hendi við smíði opinberra bygginga, skulu jafnan hafa þetta að markmiði og leiðarljósi. Reynist verklýsingar og aðrar upplýsingar frá hönnuðum ekki hrökkva til í þessu sambandi, eða veita ekki nægilegar upplýsingar, ber tilsjónarmönnum að vekja þegar í stað athygli á því við hönnuð og yfirmann í því ráðuneyti sem hlut á að máli.

3. gr. Komi í ljós þegar ársreikningar opinbers fyrirtækis eða stofnunar liggja fyrir að viðhaldsfé samkvæmt fjárlögum hefur ekki verið nýtt til viðhaldsverkefna skal forstöðumaður stofnunar eða fyrirtækis sæta ábyrgð skv. 4. gr.

4. gr. Brot á lögum þessum varða sektum og varðhaldi, allt að tveimur árum, svo og réttindamissi."

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri og þakka gott hljóð og mæli með að frv. verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

45. fundur, fimmtudaginn 24. jan., kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Fyrirspurnir.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Þann 21. des. sl. lagði ég fram fsp. um dagpeninga ráðherra til hvers og eins ráðherra í ríkisstjórninni og óskaði svars hans. Fsp. þessi var heimiluð af forseta og dreift hér á hinu háa Alþingi og með því tel ég að ráðherrum sé í raun skylt að svara þeirri fsp. Nú hefur það skeð að ég hef fengið afrit af bréfi stílað til hæstv. forseta Sþ. frá heilbr.- og trmrn. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðherra vísar til bréfs forseta sameinaðs Alþingis frá 21. des. 1990 þar sem skýrt er frá því að lögð hafi verið fram fsp. til heilbr.- og trmrh. frá Inga Birni Albertssyni, um dagpeninga ráðherra. Þar sem samhljóða fsp. hefur verið lögð fyrir forsrh. svo og alla ráðherrana í ríkisstjórninni hefur orðið samkomulag um að fara þess á leit við forseta sameinaðs Alþingis að forsrh. svari fsp. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar."

Nú vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hér sé þinglega að farið, hvort ráðherra sem fái fsp. geti einfaldlega vísað þeim frá sér yfir á næsta ráðherra. Ég tel að svo geti ekki verið og get ekki unað þessari niðurstöðu, enda hefur hún ekki verið undir mig borin síðan þetta bréf var sent.

Það má líka vitna í þingsköp varðandi fsp. en þar segir, með leyfi forseta, í 31. gr.:

„Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli."

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé skylda ráðherra að svara þeim fsp. sem hér eru lagðar fram og samþykktar af hæstv. forseta og dreift á þingi. Ég óska úrskurðar forseta um þetta mál.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða vill forseti upplýsa að fordæmi munu vera fyrir því að telji hæstv. ráðherra að fsp. sé beint til annars hæstv. ráðherra en raunverulega á um málið að fjalla sé því vísað til annars ráðherra. Nú vill forseti taka fram að hann vill fá leyfi til að hlusta á

hæstv. forsrh. áður en þessu máli verður endanlega svarað og mun bera sig saman við embættismenn þingsins þegar hæstv. forsrh. hefur lokið ræðu sinni.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er gott og vel að hlusta á forsrh. Það verður sjálfsagt mjög athyglisvert að heyra hans mál eins og jafnan er. Ég skal alveg fallast á það að við heyrum mál ráðherrans fyrst en ég fer fram á það að niðurstaða og úrskurður forseta verði kynntur hér á þessum fundi í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að í 31. gr. þingskapalaga segir svo:

„Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli."

Sú venja er viðhöfð að ráðherrar eru spurðir um þau málefni sem hver ráðherra ber ábyrgð á og mér er ekki launung á því að forseti hefur verið gagnrýndur fyrir að taka við þessum umræddu fsp. þar sem reglur um dagpeninga ráðherra heyra raunverulega undir hæstv. fjmrh. og öll málefni heyra að sjálfsögðu undir hæstv. forsrh., en það hefur verið dregið mjög í efa að rétt hafi verið af forseta að leyfa að aðrir ráðherrar fengju fsp. af þessu tagi. Um þetta má vitanlega deila. Forseti kaus að leyfa fsp. enda hefur forseti reynt til hins ýtrasta að neita ekki fsp. þannig að forseti telur ekki óeðlilegt að hæstv. forsrh. svari fyrir hönd allra ráðherra þessari fsp.

En ég endurtek ósk mína um að fá að heyra mál hæstv. forsrh. og mun þá bregðast við því ef ég get fallist á að hv. þm. fái ekki svör við fsp. sínum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Forseti var að staðfesta það að hann hefði heimilað þessa fsp. og sent hana til allra ráðherra. Hafi það verið meining forseta Sþ. að aðeins forsrh. svaraði þessari fsp. þá átti hann auðvitað ekki að heimila fsp. og senda hana aðeins til forsrh. eða jafnvel fjmrh.

Ég vil benda á það sem stendur í þingsköpum að það er heimilt að setja fsp. til ráðherra um opinbert málefni eða einstakt atriði þess með fsp. í sameinuðu þingi, og einnig að fsp. skal vera skýr, um afmörkuð atriði. Þetta á hvort tveggja við í þessu máli. Þetta er opinbert málefni og þetta er um skýrt afmarkað atriði. Það er ekki bundið fast í þingsköpum við málefni sem falla undir ráðherrann. Í þingsköpum stendur orðrétt: „Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á." Þannig að það er alveg opið fyrir það að fara út fyrir það verksvið sem undir ráðherrann fellur.

Þetta er það mikilvægt mál að ég tel að þjóðin eigi heimtingu á því að heyra skoðun hvers og eins ráðherra á því hvernig farið er með skattpeninga fólksins í landinu. Hér er verið að tala um þjóðarsátt dag eftir dag eftir dag, fólki er gert að herða sultarólina á sama tíma og skattar eru auknir og þeir skattpeningar og skattaaukning fer að hluta til beint í eigin vasa ráðherranna.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég er sammála því sem komið hefur fram hjá virðulegum forseta að það er afar vafasamt þótt það hafi verið leyft, ég vil leyfa mér að segja fyrir kannski athugunarleysi, að beina slíkri fsp. til allrar ríkisstjórnarinnar, allra ráðherra. Það má gera það í flestum málum. Það mætti spyrja alla ráðherra að því hvað þeir telji um deilur við trillukarla og við getum haldið þannig áfram. Það er misnotkun á fyrirspurnatíma. Þetta fer dálítið eftir því hvernig þingsköpin eru lesin, í raun og veru hvar komman er sett. Í þingsköpum segir: „... um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á". Einstakir ráðherrar bera ekki ábyrgð á dagpeningum, það gera fjármálaráðherrar í samráði við forsætisráðherra. Þannig hefur það verið alla tíð eins og ég mun skýra frá hér á eftir. Það eru fjármálaráðherrar sem annaðhvort hafa borið slík mál upp í ríkisstjórn eða þá haft samráð við forsætisráðherra um slíka framkvæmd.

Ríkisstjórnin lét skoða þetta mál og það var einróma niðurstaða lögfræðinga sem það skoðuðu að svona bæri að halda á þessu máli. Þess vegna er ég reiðubúinn að svara þessari fsp. Ég hef haft samráð um það við alla ríkisstjórnina og með fullu samþykki allra ráðherra er ég hér mættur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á það að á dagskrá þessa fundar eru tvær fsp. og það er hæstv. forsrh. sem ætlar að svara fsp. Forseti vill því benda þingmanninum á að athugasemdir sem þessar eiga auðvitað ekki við á þessum fundi vegna þess að ekkert liggur fyrir um annað en að svar berist við þessari einu fsp.

Ingi Björn Albertsson:

Það er nú bara aldeilis rangt, hæstv. forseti, að svar sé að berast við þeim fsp. sem ég hef lagt fram. Það er að berast frá einum ráðherra úr ríkisstjórninni en fsp. voru lagðar fyrir þá alla. Það er bara alrangt og ósköp eðlilegt að gerðar séu athugasemdir við það. Ég ítreka það að þessi fsp. var heimiluð og ráðherrum ber skylda til að svara. Ég held það sé ekki nokkur einasti vafi á því. Ef hæstv. forseti væri í einhverjum vafa þá væri hægt að bera það undir dóm sameinaðs þings og greiða um það atkvæði hvort heimila ætti þessar fsp. eða ekki. Ég hefði að sjálfsögðu fallist á þann úrskurð sem þar hefði komið fram. Verði það hins vegar niðurstaðan hér að forseti muni meta það svo að svar ráðherrans verði fullnægjandi, sem ég efast ekkert um gagnvart honum sjálfum persónulega, ef hann metur það þannig að það þurfi ekki að leita eftir svörum annarra ráðherra — sem þjóðin á heimtingu á að heyra frá, hún á heimtingu á að heyra það — þá hlýtur það auðvitað að kalla á utandagskrárumræðu um þetta mál, og það með

lengra laginu en ekki skemmra laginu.

En ég vil aðeins segja út af upphafsorðum hæstv. forsrh. hér áðan, að við gætum farið að spyrjast fyrir um málefni trillukarla, ég gæti vel hugsað mér að gera það ef það væri sambærilegt við þetta málefni sem hér er, ef ráðherrar í ríkisstjórninni væru að hirða kvóta í eigin vasa, þá mundi ég að sjálfsögðu spyrjast fyrir um það.

Dagpeningar ráðherra, ein umr.

Fsp. IBA, 256. mál. — Þskj. 452.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að flytja hér fsp. á þskj. 452 til forsrh. um dagpeninga ráðherra sem orðast svo:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hið „ferðahvetjandi" dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?"

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er það svar er ég fékk við fsp. um ferðakostnað ráðherra. Óhætt er að segja að það svar hafi vakið verðskuldaða athygli almennings.

Ég vil taka það skýrt fram strax í upphafi að það er mín skoðun að við eigum ekki að vera með neinn nánasarskap við ráðherrana okkar, hverjir sem þeir eru hverju sinni. Þeir eiga vissulega að geta sinnt sínu starfi með fullri reisn, eiga til að mynda hiklaust að ferðast á Saga Class, búa á fínum hótelum o.s.frv. Þeir fá í dag allan kostnað greiddan vegna ferðalaga erlendis og er það vel. En það sem ég geri athugasemdir við eru hins vegar dagpeningagreiðslur þeirra og maka þeirra. Þær greiðslur eru að mínu mati algjörlega út í hött, reyndar siðlausar, og til þess eins að skapa ferðahvetjandi kerfi, m.a. kannski vegna þess að ráðherrarnir okkar hafa skammarlega lág laun.

Auðvitað á að greiða allan kostnað vegna ferða ráðherra erlendis fyrir þjóðina og ef við treystum þeim til að stjórna þjóðfélaginu hljótum við einnig að geta treyst þeim fyrir t.d. greiðslukorti. Þau hafa þó þann kost að lítill vandi er að stemma af eyðsluna. En að ráðherra fái dagpeningagreiðslur ofan á allan greiddan kostnað er óviðunandi.

Ég ætla ekki að ræða við aðra ráðherra en þann sem ég er hér að spyrja. Og ég vil spyrja: Finnst ráðherra það eðlilegt að hann hafi þegið á þeim 51 degi sem hann var erlendis á síðasta ári 573 þús. kr. eða 11 þús. kr. á dag í hreina launauppbót? Og á árinu 1990, og þó ekki öllu, aðeins níu mánuðum, 667 þús. kr. eða um 12 þús. kr. á dag í vasann? Þetta samsvarar á fjórða hundrað þús. kr. á mánuði. Finnst ráðherra það eðlilegt að maki skuli fyrir sama tímabil fá greiddar 699 þús. kr. í vasann? Eða hjónin samanlagt 1939 þús. kr. fyrir sama tímabil.

Þetta er að gerast á tímum þjóðarsáttar þegar öllum er gert að þola kaupmáttarskerðingu, þá skuli ráðamenn þjóðarinnar leyfa sér slíkt. Finnst ráðherra það boðlegt þjóðinni að fara fram á fórnir við hana, að hún herði sultarólina á sama tíma og ráðherrar sópa skattpeningum almennings í eigin vasa?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nú leyfa mér í upphafi að mótmæla því orðbragði sem hv. þm. hefur haft hér um að „sópa skattpeningum í eigin vasa" o.s.frv. Þessu hefur ekkert verið breytt á tíma þjóðarsáttar af því að það var nefnt.

Til að gefa nokkuð heillega mynd af þessu er nauðsynlegt að rekja hvernig dagpeningar hafa þróast og sömuleiðis hverjir dagpeningar annarra eru, t.d. hv. alþingismanna o.s.frv.

Í upphafi síðasta áratugar voru dagpeningar ákveðnir þannig að hótelkostnaður var greiddur og fullir dagpeningar. Síðan er það 22. júní 1975 að Matthías Á. Mathiesen fjmrh. leggur fram í ríkisstjórninni tillögu um breytingu þar sem hann leggur til að auk hótelkostnaðar verði greitt 20% álag á venjulega dagpeninga hjá ráðherrum.

Næstu breytingu sem gerð er á dagpeningakerfi ríkisins gerir Matthías Á. Mathiesen fjmrh. aftur 29. júlí 1975, eða rúmum mánuði síðar, þar sem segir samkvæmt bókuninni að ráðuneytisstjórar skuli fá $^2/_3$ fullra dagpeninga opinberra starfsmanna auk alls hótelskostnaðar.

Næsta breytingin sem gerð er á þessum dagpeningum æðstu yfirmanna í Stjórnarráðinu gerir síðan Albert Guðmundsson fjmrh. þann 22. ágúst 1984. Hann leggur það að vísu ekki fyrir ríkisstjórnina heldur bara tilkynnir þá breytingu þar sem segir:

„Ákveðið hefur verið að sömu reglur gildi um aðstoðarmenn ráðherra og ráðuneytisstjóra varðandi greiðslur á ferðakostnaði er þeir mæta á fundum heima og erlendis með eða fyrir hönd ráðherra sinna." Þ.e. þeir fái greidda $^2/_3$ hluta dagpeninga auk hótelkostnaðar.

Næsta breyting er gerð 13. okt. 1985 einnig af Albert Guðmundssyni fjmrh. og er ekki lagt fyrir ríkisstjórnina, og ég held nú að í því tilfelli hafi það ekki verið sent í minnisblaði til forsrh., a.m.k. finnst það ekki, en samkvæmt skjölum fjmrn. er það ákveðið að greiddir verði fullir dagpeningar á ferðum erlendis þó einnig sé greitt fyrir hótel fyrir ráðuneytisstjóra og þar með aðstoðarmenn o.s.frv.

Næsta breyting sem á þessu er gerð er þegar staðgreiðslukerfið er sett á fót. Þá er ákveðið af ríkisskattstjóra að skattleggja dagpeningagreiðslur sem eru umfram ákvörðun ferðakostnaðarnefndar. Með öðrum orðum að þegar hótelkostnaður er greiddur þá er lagður fullur skattur á helming af dagpeningum og þessi 20% sem greidd eru umfram til ráðherra og reyndar forseta Hæstaréttar og nokkurra fleiri. Með þessu móti eru í raun dagpeningarnir lækkaðir um u.þ.b. 25–26%. Það er lagður fullur skattur á um það bil 58% af heildardagpeningum ráðherra svo að þarna verður út af fyrir sig lækkun frá því sem fyrrv. fjármálaráðherrar höfðu ákveðið.

Um svipað leyti eða 31. ágúst 1989 gerir Ríkisendurskoðun tillögu um reglur um greiðslu ferðakostnað-

ar vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Þær eru töluvert langar, þær eru nákvæmlega eins og þær hafa verið framkvæmdar fyrir ráðherra og t.d. forseta Hæstaréttar o.s.frv. og engin breyting þar á gerð svo að ég sé ekki ástæðu til að lesa það að nýju. Þar eru að vísu tekin fram atriði eins og um rétt ráðherra til að ferðast á Saga Class og svo rétt til þess að maki ferðist með ráðherra. Það er staðfest í þessum tillögum Ríkisendurskoðunar.

Ég tel rétt einnig til upplýsinga að fyrir liggi hvernig þessu er háttað, t.d. hér á hinu háa Alþingi. Samkvæmt þeim reglum sem hér gilda, þá fá forsetar Alþingis sömu dagpeninga og ráðherrar samkvæmt því sem ég hef fengið upplýst, þ.e. hótelkostnað greiddan, fulla dagpeninga og 20% álag þar á. Samkvæmt þeim sömu upplýsingum er mér tjáð að aðrir alþingismenn fái hótelkostnað greiddan og fulla dagpeninga. Með öðrum orðum, þegar hv. þm. ferðast, þá er það ferðahvetjandi því að samkvæmt reglum ríkisskattstjóra geri ég ráð fyrir því að hann leggi skatt á helminginn af dagpeningum alþingismanna. Ég hef ekki heyrt að hv. þm. hafi kvartað undan því eða skilað því aftur eða eitthvað þess háttar.

Ég sé einnig að starfsmenn Alþingis sem ferðast með þingmönnum fá sömu kjör sem er nú ríflegra heldur en hjá ríkinu. Þar er það ekki svo. Ég hef einnig látið skoða hvernig þetta er í bönkunum. Þar er sérstök ferðakostnaðarnefnd nema hjá Búnaðarbankanum. Þar er farið eftir þeim ferðakostnaði sem ríkið ákveður. En bankastjórar Seðlabankans eru þó að því er virðist á einhverjum sérkjörum. Þeir fá allan hótelkostnað greiddan og dagpeninga samkvæmt ákvörðun bankans. En aðrir bankastjórar ríkisbankanna fá sömu kjör og ráðherrar, forseti Hæstaréttar og forsetar Alþingis. Ég held að þetta gefi nokkuð heillega mynd.

Síðan er spurt: Er ætlunin að breyta þessum dagpeningum? Ég hlýt að upplýsa að eftir að ég fór að skoða þessi mál vandlega, þá sýnist mér sannarlega þörf á því að skoða allt dagpeningakerfið frá grunni. Ég er sammála því að dagpeningakerfi á ekki að vera ferðahvetjandi, eins og hér er orðað, og má svo túlka, ef litið er á skilgreiningu ríkisskattstjóra. Ég lít hins vegar svo á að það sé ekki hvetjandi fyrir neinn að sitja á hótelherbergjum úti í löndum eða í flugvélum fram á nætur, um helgar o.s.frv. Ég vil gjarnan vera laus við eins mikið af því og ég mögulega get og vera heldur hér heima. Þannig að mér finnst öll þessi umræða satt að segja heldur furðuleg ef menn telja að svona ferðalög séu hvetjandi. Það getur vel verið að svo ungur maður og hress og hraustur eins og hv. fyrirspyrjandi hafi gaman af þessum ferðalögum. Það kann vel að vera. En ég a.m.k. er ekki einn í þeim hópi sem sækist eftir slíku.

En það er rétt að þetta þarf að skoða. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda, það á að greiða allan kostnað. Mér líst ekki vel á að greiða með plastkorti fyrir leigubíla o.s.frv. Það gengur varla upp. Og ég vek athygli á því að það er rangt sem kom fram að allur kostnaður sé greiddur og dagpeningar. Vitanlega bera þeir sem ferðast ýmsan kostnað sem er ekki greiddur. Ég tel að það eigi að ákveða dagpeninga, við skulum segja þannig að þeir dugi örugglega og svo ekki meira, svo verði einstakur ferðamaður að vera ábyrgur fyrir því hvernig hann ver þeim, hvort þeir nýtast eða nýtast ekki. Ég hef því sett af stað athugun á þessu. Það er ekki í verkahring einstakra ráðherra annarra. Þeir hafa ekki með þetta að gera. Það eru forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Og reyndar, eins og ég las áðan, hafa fjármálaráðherrar að því er virðist ákveðið dagpeninga æði oft upp á sitt eindæmi.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að sú fsp. sem hér var fram borin hafi verið nauðsynleg. Það er mikil þörf á að ræða þessi mál eftir þá umræðu sem upp kom í vetur. Hér hefur hæstv. forsrh. rakið hvernig ákvarðanir hafa verið teknar varðandi dagpeninga þeirra sem ferðast á vegum ríkisins eða Alþingis og það sem ég undrast er að þarna hafa verið teknar einhliða ákvarðanir, eins og hann gat um, jafnvel án þess að svo mikið sem minnisblað hafi verið sent til ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Hann gat þess að þáv. fjmrh., Albert Guðmundsson, hefði tvisvar sinnum tekið slíkar ákvarðanir sem ekki voru bornar sérstaklega undir þær ríkisstjórnir sem sátu í hans tíð.

Ég tek undir það sem hér hefur fram komið. Að sjálfsögðu á að greiða útlagðan kostnað en það á ekki að líta á dagpeninga sem launaauka. Við höfum á okkar snærum ferðakostnaðarnefnd ríkisins og henni er ætlað að meta þann kostnað sem af ferðalögum hlýst, hvort sem er innan lands eða utan og ég get ekki betur séð en hún geti metið jafnt fyrir Alþingi eins og aðra ríkisstarfsmenn.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. hefur lýst því hér yfir að hann vilji endurskoða dagpeningakerfið frá grunni. Ég hefði gjarnan viljað heyra að sú endurskoðun væri nú þegar komin í gang en ég vona að á þessu máli verði tekið hið snarasta.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins til að enginn sé rangupplýstur um þetta mál, þá vil ég taka það fram að forsetar Alþingis hafa ekki notið sömu dagpeninga og ráðherrar. Það hefur hæstv. ráðherra misskilið. Forsetar Alþingis hafa fengið nákvæmlega sömu dagpeningafyrirgreiðslu og þingmenn. Hins vegar mun vera í bígerð af hálfu fjármálastjóra þingsins að breyta þeim reglum sem þingið getur auðvitað ákveðið sjálft ef það svo kýs. En hingað til hefur þetta ekki verið á þennan veg. Forsetar hafa notið sömu kjara og hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka forsrh. fyrir varnarræðu hans fyrir dagpeningum og fyrir það að flytja þingi sögu dagpeninga og hvernig þeir hafa verið að þróast síðustu árin. Ég held að það hefði verið hyggilegra fyrir hæstv. ráðherra að lesa fsp. og snúa sér að því að svara henni beint heldur en eyða þessum stutta tíma sem hér er til umráða í að drepa málinu svona á dreif með þessum hætti. En það var engu að síður athyglis-

vert að fá að heyra þessa upplesningu. Hún bara kemur þessu máli ekkert við lengur. Spurningin er að hér er ákveðið kerfi við lýði sem er óviðunandi og á að taka á, hver sem forsaga þess máls er.

Það er rétt að það komi fram varðandi dagpeninga ráðherra, því að það kom fram í máli ráðherra að það mátti skilja það sem svo að þeir þyrftu að greiða af því hótel einnig. Það er ekki rétt. Það kemur fram í svari við fsp. að hótelkostnaður er sérstaklega greiddur og á þessu tímabili sem ég fór yfir hér áðan er hann tæpar 2 millj. Og það mátti einnig skilja að þeir ættu eftir að greiða skatt af þessu, en það er einnig rangt. Þær tölur sem ég fór með hér áðan voru að frádregnum sköttum.

Varðandi maka og ferðalög yfirleitt, þá hef ég ekki gert neinar athugasemdir við það. Mér finnst ósköp eðlilegt að ráðherrar ferðist með mökum og mér finnst ekkert óeðlilegt við það að ráðherrar ferðist yfir höfuð ef þeir meta það svo að þeir þurfi að gera það fyrir þjóðina. Ég geri engar athugasemdir við það og hef aldrei gert. Og ég sagði það hér í upphafi míns máls að ráðherra ætti að ferðast með reisn. Það eina sem ég er að gera athugasemdir við eru þessir siðlausu dagpeningar, það er ekkert annað, ekki um makana eða hversu margar ferðir menn fara.

Og að ég nota orðið „ferðahvetjandi", það er komið úr viðtali við sjálfan forsrh. í DV og er nú reyndar í fyrirsögn þar. Þar segir, með leyfi forseta: „Steingrímur Hermannsson um ferðakostnað ráðherra: Kerfið er ferðahvetjandi." Þetta er ekkert orð sem ég var að finna upp. Þó að ég sé ungur, og ég veit ekkert hvort ég er hraustari en hæstv. forsrh., þá er ég ekkert spenntur fyrir ferðalögum yfir höfuð þannig að þetta hefur ekkert með það að gera. En hæstv. forsrh. sagði einmitt í þessu viðtali þegar hann er spurður um hvort ferðir séu ferðahvetjandi, með leyfi forseta:

„Ef ráðherra sparar mikið og borðar á kaffiteríu má eflaust segja að ferðalögin séu launahvetjandi."

Ef forsrh. kýs að borða á kaffiteríu, þá er það hans mál. Hann er á mánaðarlaunum eins og allir aðrir og hann getur borgað þann kostnað af þeim launum alveg eins og við gerum hér. Hann þarf að borða jafnt hvort hann er á Íslandi eða í útlöndum þannig að það skiptir bara engu máli.

Ég fagna því hins vegar að málið skuli vera í athugun. En mér finnst þetta gamall frasi sem maður er að heyra hér alltaf þegar eitthvað kemur við kaunin á ráðherrum, þá eru málin kölluð „að vera í athugun" eða „sett í nefnd" eða eitthvað slíkt. Ég ber ekki mikið traust til þessara yfirlýsinga en ég vona samt að ég hafi rangt fyrir mér.

Ég vil benda á það að víða hefur verið tekið á dagpeningagreiðslum í fyrirtækjum og þar sem ég þekki til er yfirleitt allur útlagður kostnaður greiddur, eins og það á að vera, og sett einhver lítil upphæð í dagpeninga, samsvarandi yfirleitt 10% af því sem hér er verið að tala um.

Hins vegar vil ég benda hæstv. forsrh. á að það er vel þess virði að skoða dagpeningagreiðslur til einstakra ráðherra því að þær virðast vera mjög mismunandi háar eftir því hver á í hlut. Og ég bendi alveg sérstaklega á dómsmrh. sem virðist vera með mjög háar dagpeningagreiðslur.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skil það út af fyrir sig að hv. þm. þyki ekki gott að ég reki sögu þessara dagpeningagreiðslna, en ég er þeirrar skoðunar að fyrrv. fjármálaráðherrar hafi reynt að meta þetta af skyldurækni og hafi komist að niðurstöðu um hvað væri sanngjarnt og því er það sannarlega innlegg í þetta mál, það hlýtur að vera það.

Ég verð að biðja virðulegan forseta, þótt hann sé ekki hér, afsökunar á því ef ég hef farið með rangt mál, en ég ætla að leyfa mér að lesa það sem við fengum frá Alþingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rekstrarskrifstofa Alþingis hefur gefið út reglur um greiðslu ferðakostnaðar á vegum Alþingis. Þar gilda eftirfarandi reglur:

Forsetar Alþingis: Gistikostnaður og símtöl, dagpeningar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar auk 20% álags.

Skrifstofustjóri, alþingismenn, varaskrifstofustjóri og aðrir forstöðumenn sem gegna sérstökum embættisskyldum á vegum Alþingis: Gistikostnaður og símtöl, fullir dagpeningar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar.

Aðrir starfsmenn Alþingis í fylgd þingmanna eða forseta: Gistikostnaður og símtöl, fullir dagpeningar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar."

Ég mun að sjálfsögðu láta athuga hvernig stendur á því ef ég hef fengið rangar upplýsingar, eins og hér var upplýst áðan, frá skrifstofu Alþingis.

Ég vek athygli á því sem hv. þm. las. Ég hélt að hann væri nógu reyndur til þess að taka ekki fyrirsagnirnar einar gildar, og reyndar kom það fram því hann las það sem ég sagði. Ég sagði: „Eflaust mætti segja ..." og svaraði þar spurningu fréttamanns. Það er rétt að ríkisskattstjóri lítur svo á með því að skattleggja helminginn af t.d. dagpeningum hv. þm. og helminginn plús 20% sem ég fæ þegar við ferðumst. Ég skildi hv. þm. hins vegar svo að við ættum að greiða okkar fæði erlendis af okkar launum heima og þar er nú komið enn þá nýtt innlegg í málið sem ég held að engum hafi dottið fyrr í hug. Ég hef skilið það svo að dagpeningar ættu að standa undir öllum ferðakostnaði, þar með uppihaldi, þ.e. fæðiskostnaði o.s.frv. Og það er mín skoðun að svo eigi það að vera. Mín skoðun er sú að dagpeningar t.d. þingmanna og ráðherra og allra eigi að vera vel ríflegir þannig að þeir þurfi ekki að skera við nögl, en þeir eigi ekki að vera óhóflegir. Það eiga þeir alls ekki að vera. Og það kann að vera að þessir dagpeningar séu það, a.m.k. virðist ríkisskattstjóri líta svo á, þó að ég sé þeirrar skoðunar að sá helmingur sem er skilinn eftir í almennan kostnað sé ekki ríflegur. Ég held að hv. þm. hljóti að hafa fundið að svo er ekki.

Guðrún Helgadóttir:

Ég bið hæstv. forseta afsökunar á að ég skuli biðja

um að fá að gera aðra athugasemd, en aðeins svo að enginn sé að misskilja neitt. Þær upplýsingar sem hæstv. forsrh. fékk hjá starfsfólki Alþingis eru alveg réttar, en ég vil bara benda á að þær upplýsingar eru frá 10. janúar, bréfið er gefið út 10. janúar þannig að á það hefur ekki reynt enn þá svo að ég viti til. En fram að því hafa þessar reglur verið eins og ég áður sagði. En þegar ljóst var að forseti Hæstaréttar nýtur sömu dagpeninga og ráðherrar skilst mér að fjármálayfirstjórn þingsins hafi talið rétt að sama gilti um forseta þingsins. Þannig að það sé alveg ljóst að enginn hefur gefið neinum rangar upplýsingar.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins segja tvennt. Í fyrsta lagi það að söguskoðun þessa máls er mér sko langt frá því að vera viðkvæm. Ég held að ég sé þó orðinn það þroskaður — ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. er það — að ég get litið á málin eins og þau standa í dag. Ég þarf ekkert að vera að veltast upp úr fortíðinni með það. Það er ákveðið vandamál hér til staðar sem þarf að taka á. Það breytir engu hvernig það varð til eða hverjir komu að því. Þetta hélt ég að forsætisráðherra þjóðarinnar hlyti að skilja svona einfaldan hlut. Ef hann þarf alltaf að leita aftur í Öldina okkar eða eitthvað slíkt til að taka ákvarðanir, þá gengur þetta nú ekki mjög hratt fyrir sig hér eins og við höfum reyndar orðið vör við.

Ég vil hins vegar segja það að dagpeninga svona yfir höfuð á að leggja af. Hins vegar á að greiða allan útlagðan kostnað og menn geta lagt á móti sínum kostnaði nótur og eftir þeim á að greiða útlagðan kostnað.

SAMEINAÐ ÞING

46. fundur, fimmtudaginn 24. jan., að loknum 45. fundi.

Björgunarþyrla, fyrri umr.

Þáltill. IBA, 242. mál. — Þskj. 356.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 356 er till. til þál. um björgunarþyrlu. Tillögutextinn hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna."

Þetta mál er flutt í annað sinn, var flutt á 110. löggjafarþingi og náði þá ekki fram að ganga óbreytt en var samþykkt með eftirfarandi texta, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna."

Síðan sá tillögutexti var samþykktur hefur ósköp lítið gerst annað en það að ég fylgdi þessari samþykkt Alþingis eftir á síðasta þingi og lagði þá fsp. til hæstv. dómsmrh. um málið. Kom þar fram að ósköp lítið hafði verið gert í málinu. Nú ber svo við að hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram frv. um einhvers konar happadrætti. Ég man nú ekki hvaða titil það frv. ber, en út úr því happadrætti á ákveðinn hluti að renna til kaupa á björgunarþyrlu. Það er hins vegar alls óvíst hvort það frv. kemst í gegnum þingið, enda á það ekki að hafa nein áhrif á þá ákvörðunartöku sem hér er farið fram á að þingið taki. Í greinargerð segir m.a.:

„Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu nauðsynleg öryggistæki þyrlur eru fyrir sjómenn. Má segja að þær séu nokkurs konar sjúkrabifreiðar sjómannsins.

Stærri þyrla Landhelgisgæslunnar getur flogið um 150 sjómílur frá eldsneytisstað á haf út og bjargað sex mönnum. Hún hefur ekki afísingarbúnað frekar en aðrar sambærilegar þyrlur og ekki er hægt að setja slíkan búnað í hana. Þetta þýðir að þyrla, sem ekki er búin afísingarbúnaði, yrði að fljúga með ströndum fram um það bil 300 sjómílur á slysstað ef slys yrði á Hornströndum eða Húnaflóa að vetri til. Þyrla með afísingarbúnaði mundi hins vegar fara stystu leið frá Reykjavík sem er um það bil 90 sjómílur. Þyrlan, sem Landhelgisgæslan hefur núna, þyrfti að koma við á Ísafirði til eldsneytistöku og það tekur sinn tíma. Flugtími yrði því tvær klukkustundir og 40 mínútur. Væri vélin hins vegar búin afísingarbúnaði tæki flugið 42 mínútur.

Ef slys yrði á svæðinu við Langanes gæti þyrla, sem ekki er með afísingarbúnaði, þurft að fljúga 410 sjómílur á slysstað. Það tæki þrjár klukkustundir og 35 mínútur, en þyrla með slíkum útbúnaði gæti flogið beint en það eru um það bil 230 sjómílur og tæki flugið um eina klukkustund og 50 mínútur."

Síðan er upptalning á íslenska skipaflotanum þar sem farið er yfir stærð skipanna og fjölda manna í áhöfn. Síðan segir:

„Af þessari upptalningu sést að stærri þyrla Landhelgisgæslunnar ræður ekki við að bjarga heilum áhöfnum nema ef til vill af kaupskipi. Hún nýtist takmarkað til björgunaraðgerða vegna lítils flugþols og takmarkaðrar burðargetu.

Það er því brýnt að þjóðin eignist sem fyrst björgunarþyrlu er sinnt geti sem allra best öryggismálum sjómanna. Það er jafnframt grundvallaratriði að þyrlan sé með afísingarbúnaði. Hún þarf að geta flogið um eða yfir 300 sjómílur frá eldsneytisstað á haf út. Enn fremur þarf hún að geta flutt allt að 20 manns miðað við þá fjarlægð.

Það má ekkert spara þegar mannslíf eru í húfi. Í DV 19. okt. sl. er viðtal við tvo úr áhöfn björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar. Viðtalið hefst á eftirfarandi hátt:

„Við erum búnir að vera á uppleið frá 1984 eftir að reksturinn var endurskipulagður og TF-Sif komst í gagnið. En þyrlan er nú farin að stoppa lengur vegna bilana og viðhalds. Útköllin eru orðin nærri 500 og að áliti lækna höfum við bjargað 74 mannslífum — þar sem ekki var fræðilegur möguleiki á að önnur tæki hefðu getað komið til bjargar. Vegna aldurs þyrlunn-

ar er kúrfan því farin að falla og nú þegar er brýnt að við fáum aðra þyrlu til viðbótar. Við óbreytt ástand getum við ekki haldið uppi sömu þjónustu og verið hefur. Við förum að standa á brauðfótum. Þyrlan hefur snúist um öryggi annarra — nú er komið að öryggi okkar."

Afgreiðslutími fullnægjandi björgunarþyrlu er trúlega ekki skemmri en 18 mánuðir. Samþykkt þessarar tillögu ætti því ekki að raska fjárlögum ársins 1991 að neinu verulegu leyti."

Þegar þetta mál var flutt á 110. löggjafarþinginu fór það að sjálfsögðu til nefndar eins og önnur mál. Það var sent út til umsagnar og bárust nokkrar athyglisverðar umsagnir við þetta mál sem ég hyggst fá að kíkja aðeins á. Ég vil hins vegar taka það fram að allt síðan þá hafa verið áhugasamir hópar að störfum um þetta málefni og reynt að ná athygli ráðamanna fyrir nauðsyn þess og gildi fyrir þjóðfélagið að eiga fullkomna björgunarþyrlu. Því miður hafa raddir þeirra ekki náð eyrum ráðamanna nema e.t.v. mætti segja með því happadrættisfrv. sem hér hefur verið lagt fram og er vægast sagt mjög umdeilt frv.

Áhugi almennings hefur verið mikill. Allmargir aðilar hafa farið út í fjársafnanir og undirskriftalistar hafa verið látnir ganga og sendir hingað í Alþingi, m.a. til mín og hv. þm. Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur sem var með mér á þessari þáltill. á 110. löggjafarþinginu.

Það er einnig athyglisvert að þegar þetta mál var flutt árið 1987 tók m.a. til máls við 1. umr. hæstv. núv. samgrh. og landbrh. og sagði, með leyfi forseta: „Það er mér sönn ánægja að taka undir efni þessarar tillögu. Ég hafði sjálfur hugleitt það og við höfum rætt það í þingflokki Alþb. að taka með einhverjum hætti upp málefni Landhelgisgæslunnar, þá jafnvel í víðara samhengi en eingöngu hvað varðar flugvélakost hennar en þar er auðvitað brýnasta verkefnið sem oft hefur verið rætt um á undanförnum missirum að kaupa stærri og öflugri björgunarþyrlu. Ég held að enginn vilji hugsa þá hugsun til enda, sem atvik bjóða upp á að gætu orðið, að vegna þess hversu núverandi þyrla Landhelgisgæslunnar er lítil gæti þurft að skilja eftir hluta áhafnar í bráðum lífsháska einfaldlega vegna þess að vélin bæri ekki alla áhöfnina. Það er engu að síður staðreynd sem menn verða þá að horfast í augu við að svoleiðis gæti komið upp á.

Það er einnig mjög nauðsynlegt að fá hingað flugvél sem er tæknilega betur búin en sú sem við eigum nú. Þar er bæði um afísingarbúnað og reyndar ýmis fleiri tæki að ræða."

Síðan þetta var sagt hefur hv. þm. breyst í hæstv. og er orðinn ráðherra en ekkert hefur skeð. Hann er allt í einu kominn í valdaaðstöðu með málefni sem hann hefur stutt af heilum hug, þá alla vega, en ekki orð um það inni í ríkisstjórninni. Það er vissulega þörf ábending sem kemur fram frá hv. þm. um þann háska sem um er að ræða þegar flugmenn geta lent í því að þurfa að skilja eftir heilu eða hálfu áhafnirnar og ég trúi því ekki að óreyndu að stjórnvöld séu að bíða eftir stóra slysinu, bíða eftir að barnið detti ofan í brunninn áður en eitthvað verði gert. En því miður er ég hræddur um að það sé reyndin, það verði ekki fyrr en óhappið dynji yfir að stjórnvöld vakni af Þyrnirósarsvefni sínum. Það er hins vegar mín skoðun að verðmiða megi ekki setja á mannslíf, en það er svo sannarlega gert í þessu tilefni.

Það hafa verið uppi hugmyndir undanfarið innan Landhelgisgæslunnar og þær hafa verið kynntar, þar sem fram kemur að Landhelgisgæslan, eða alla vega einstaka aðilar innan hennar, hafa skipt um skoðun, hafa snúið sér frá því að eignast stóra þyrlu með lengra flugþoli, meiri burðargetu og afísingarbúnaði út í það að vilja kaupa tvær nýjar þyrlur eins og stærri þyrla Landhelgisgæslunnar er núna. Þessu sjónarmiði er ég alfarið mótfallinn einfaldlega vegna þess að þá erum við enn með sama vandamálið uppi á borðinu. Ef við fáum ekki þyrlu með meiri burðargetu, lengra flugþoli og afísingarbúnaði erum við ekki að leysa þau vandamál sem við blasa. Hins vegar er það að sjálfsögðu alveg rétt hjá flugmönnum Landhelgisgæslunnar að þær þyrlur sem nú eru í eigu gæslunnar eru orðnar slitnar og þreyttar og þeim ber að skipta út. En það má ekki vera á kostnað framþróunar í öryggismálum sjómanna.

Flugmálastjórn sendi frá sér ítarlega umsögn um málið á sínum tíma undirritaða af Pétri Einarssyni flugmálastjóra. Þar segir m.a., ef ég má grípa inn í miðja umsögn, með leyfi forseta:

„Algert frumskilyrði við ákvarðanatöku er að átta sig á og ákveða hvaða verkefni á að vinna með þyrlu. Sú ákvörðun er ekki flugtæknilegs eðlis heldur pólitísk spurning um gildi mannslífs. Þyrlur hafa sannað gildi sitt sem áhrifarík björgunartæki við margvíslegar aðstæður og hafa smáþyrlur Landhelgisgæslunnar iðulega bjargað mannslífum. Ég tel að þyrlukost landsmanna eigi að miða við björgun af stærri fiskiskipum, þ.e. um 20 menn í einum flutningi, og flugi við ísingaraðstæður. Þá duga ekkert nema stærstu þyrlur sem kosta gífurlegt fé. Þyrluþjónustan þyrfti að vera rekin allan sólarhringinn og ná yfir Ísland allt og nærliggjandi mið. Þessum markmiðum verður ekki náð með færri en þremur stórum þyrlum sem hefðu bækistöðvar á suðvesturhorni landsins og Norður- eða Austurlandi. Þyrlurnar yrðu að vera þrjár svo að líkur væru á að alltaf væri ein tiltæk í hverri bækistöð."

Ég ætla ekki að fara dýpra í þessa umsögn þó að hún sé vissulega þess virði en tíminn er naumur í þingsköpum þegar umræður um þáltill. eru þannig að ég tími ekki að eyða meiri tíma í það. Hins vegar er það vissulega rétt sem fram kemur hjá flugmálastjóra að það þyrftu að vera fleiri en ein slík þyrla á landinu en ég held að við gerum okkur öll grein fyrir að það er of stór biti, alla vega fyrst um sinn, að ráðast út í.

Landhelgisgæslan tekur einnig í sama streng og segir m.a., með leyfi forseta:

„Í greinargerð með þáltill. er getið um tvö atriði sem björgunarþyrlan þarf að uppfylla:

1. Þyrlan þarf að geta flogið um eða yfir 300 sjómílur frá eldsneytisstað á haf út og geta flutt allt að 20 manns miðað við þá fjarlægð.

2. Grundvallaratriði er að þyrlan sé búin afísingarbúnaði.

Þessi atriði einskorða val á þyrlu við gerðina Aero Spatial AS 332 L, Super Puma, sem þykir hafa frábæra flugeiginleika. Á undanförnum árum hafa flest ef ekki öll þyrlufyrirtæki við Norðursjó endurnýjað eða bætt við flugflota sinn þyrlum af þessari gerð."

Síðar í þeirra umsögn þar sem þeir hafa verið að fara yfir sjúkraflug og björgun mannslífa segir m.a., með leyfi forseta: „Eftirtektarverðast er þó að árið 1987 voru óafgreiddar beiðnir 16 og þar af 10 vegna fjarlægðar frá Reykjavík. Í flestum þessara tilfella var um að ræða beiðnir frá erlendum fiskiskipum langt suðvestur í hafi sem þyrlur frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli gátu sinnt en trúlega hefði einnig verið hægt að sinna þessum útköllum með þyrlu af gerðinni Super Puma ef hún hefði verið fyrir hendi.

Vegna stærðarmunar og afkastagetu þyrlu af gerðinni Super Puma og TF-Sif er mjög erfitt að gera nokkurn samanburð á þeim því að þar er svo ólíku saman að jafna um burðargetu, öryggi áhafnar og sjúklings eða skipbrotsmanna. Vegna fjölgunar beiðna um björgunar- og sjúkraflug og vel heppnaðs reksturs TF-Sif hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar verulegar áhyggjur af því að áhöfn þyrlunnar freistist til að leggja í meiri áhættu en skynsamlegt má telja vegna takmörkunar á getu hennar þegar um lífshættu er að ræða. Landhelgisgæslan er því hlynnt kaupum á stærri og burðarmeiri þyrlu."

Einnig barst stuðningur frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna sem ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að lesa. Ég ætla aðeins að fá að grípa hér ofan í umsögn Rannsóknanefndar sjóslysa, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nefndin telur að æskilegt væri að Íslendingar ættu stóra og fullkomna björgunarþyrlu með afísingarbúnaði og öðrum fullkomnum tækjum sem nútímatækni þekking hefur upp á að bjóða. Væri jafnvel æskilegt að Íslendingar ættu fleiri en eina slíka flugvél ef sinna á því hafsvæði sem Íslendingum er ætlað að sjá um til leitar og björgunar." Og síðan segir: „Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni getur stærri þyrla Landhelgisgæslunnar ekki bjargað heilli skipshöfn meðalskips í íslenska skipaflotanum í einni ferð. Slíkt mundi setja þá menn sem stjórna björgunaraðgerðum í mikinn vanda ef aðstaða verður þannig að gera yrði upp á milli manna, hverjum ætti að bjarga og hverjir þyrftu að taka áhættuna að hægt væri að fara aðra ferð með þyrluna til björgunar. Slíkt vandamál yrði ekki leyst með kaupum á einni þyrlu sem tæki 22 menn auk áhafnar eins og svonefndar Super Puma sem eru þær einu sem útbúnar eru afísingarbúnaði. Eftir sem áður yrðu nokkur skip þar sem fyrir fram yrði vitað að ekki yrði hægt að bjarga allri áhöfn þeirra í einni ferð þyrlunnar á neyðarstundu."

Hæstv. forseti. Ég tel að raddir þeirra sem þetta mál leggst hvað þyngst á beri að heyrast hér. Auðvitað hafa fjöldamargar umsagnir borist og m.a. ein frá Stýrimannaskólanum og þeim sem koma til með að stýra skipunum í framtíðinni. Er hún þess vissulega virði að gluggað yrði aðeins ofan í hana og ég fæ kannski að gera það í seinni ræðu minni.

Hæstv. forseti. Ég læt máli mínu lokið en að lokinni umræðu óska ég þess að tillagan verði send hv. allshn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins segja hér örfá orð til að lýsa stuðningi mínum við þá tillögu sem hér hefur verið mælt fyrir um kaup á björgunarþyrlu. Ég vil í raun lýsa undrun minni á því að þjóð sem byggir lífsviðurværi sitt á því sem hafið gefur og þarf að treysta því að hér í landinu sé fólk sem vill fara á sjó og sækja fiskinn, að þjóð sem á svo mikið undir hafinu skuli ekki hafa tekið ákvörðun fyrir löngu um að festa kaup á svo nauðsynlegu björgunartæki sem þyrla er. Eins og fram kom í máli hv. flm. má segja að þyrlur séu nokkurs konar sjúkrabifreiðar sjómannsins.

Það vakti nokkra undrun mína rétt fyrir jólin að hæstv. dómsmrh. skyldi leggja fram frv. í hv. Ed. um að nú skyldi stofnað til happadrættis til þess að fjármagna kaup á slíkri þyrlu. Ég hef um það efasemdir að við eigum að láta happadrættisgleði Íslendinga ráða hvenær verður hægt að kaupa þyrlu. Hver eru raunveruleikatengsl þeirra manna sem telja að hægt sé að treysta á happadrætti og að markaðurinn fyrir happadrætti sé endalaus, og það á tímum þjóðarsáttar?

Ég vildi með þessum örfáu orðum aðeins hvetja til þess að þessi tillaga verði tekin til rækilegrar skoðunar. Hún er endurflutt í a.m.k. þriðja sinn og ég tel mjög brýnt að við tökum um það okkar sjálfstæðu ákvörðun án tillits til happadrættistekna að keypt verði þetta sjálfsagða björgunartæki fyrir íslenska sjómenn. Það eru hagsmunir okkar allra.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til þess að lýsa stuðningi við þessa þáltill. Sannleikurinn er sá að við þurfum auðvitað að stefna að því að fá tvær slíkar þyrlur og önnur væri þá staðsett utan Reykjavíkur til öryggis. Það er spurning hvar slík þyrla ætti að vera og hvenær kemur að því en númer eitt er að reyna og sjá hvernig hún reynist okkur og hvort það sýnir sig ekki að það sé ekki nægjanlegt. Þetta er sérstaklega áríðandi núna þar sem þær nýju reglur sem verið er að setja í sambandi við smábáta, að kvóti þeirra í sept. 1994 eigi að miðast við þann afla sem þeir ná á krókaveiðum, þeir sem hafa lítinn kvóta. Þá er hætt við því að það verði til þess að sókn verði miklu meiri af þessum ástæðum. Ég tel að þetta ákvæði í nýjum lögum um kvótaveiðar sé rangt og þurfi að endurskoðast, en þetta er í dag. Þar af leiðir að það er hættara við því að menn sæki af kappi og þá þarf auðvitað á fleiri björgunartækjum að halda.

Ég styð þessa till. og það er eiginlega undur að ekki skuli vera hafist handa við að kaupa slíka þyrlu áður.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hlaupa í skarðið fyrir hv. 5. þm. Austurl. en það stendur nú vel á að ég segi hér nokkur orð um þessa þáltill. sem hér er til umræðu. Hér er hreyft mjög brýnu máli og þörfu. Ég

tek í sjálfu sér undir efni till. að því leyti til að það er nauðsynlegt að keypt verði fullkomin björgunarþyrla fyrir Landhelgisgæsluna. Hins vegar verð ég að benda á að það er alls ekki nóg að gert fyrir gæsluna að hafa aðeins eina þyrlu í rekstri. Það er á ýmsan hátt óhagkvæmt og verður að búa svo um hnútana að þessar þyrlur geti verið a.m.k. tvær. Og það er í rauninni alveg nauðsynlegt að önnur þyrlan sé staðsett úti á landi því að það eitt eykur viðbragðsflýtinn ef eitthvað kemur fyrir, t.d. á hafsvæðinu fyrir norðan eða austan land. Flug frá Reykjavík eða Keflavík eftir atvikum er æði langt ef eitthvað kemur fyrir fyrir norðan eða austan. Þannig að þó ég taki undir þessa till. — hún er þörf og hreyfir við þessu máli og ég veit að hv. flm. er mikill áhugamaður um þessi mál — þá þarf að líta á þetta til frambúðar í því samhengi að þessi rekstur verði staðsettur einnig á öðrum hlutum landsins en hér á suðvesturhorninu.

Ég flutti á Alþingi í fyrra till. um að þessi mál yrðu skoðuð í alþjóðlegu samhengi, hvort við gætum tekið saman höndum við aðrar þjóðir um björgunarmál hér á Norður-Atlantshafi. Sú till. var samþykkt fyrir þinglok í fyrra og hún er í meðferð ríkisstjórnarinnar. Ég sé í skýrslu um afdrif þáltill. að skipuð hefur verið nefnd til að skoða þessi mál og sú nefnd er að störfum. Ég tel að það sé nauðsynlegur þáttur í skipulagningu þessara mála þó að slíkt megi að sjálfsögðu á engan hátt tefja fyrir því að fullkomið öryggi verði í þessum efnum og bráður bugur verði undinn að því að bæta þyrlukost Landhelgisgæslunnar. En auðvitað verða menn líka að líta yfir þessi mál til lengri framtíðar og hvernig þessum málum verður háttað í framtíðinni.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé hreyft ákaflega mikilsverðu máli. Það er hættulegt starf að stunda sjóinn og því er ákaflega mikilvægt að útbúnaður til björgunar þegar sjóslys eiga sér stað sé eins góður og nokkur kostur er. Það er hæpið að spara fjármuni til nokkurs sem getur bjargað mannslífum. Mér finnst að fjölskyldur þeirra sem sjóinn stunda eigi kröfur á hendur samfélaginu um að allt sé gert til þess að hægt sé að bjarga mönnum úr sjávarháska þegar svo ber undir.

Ég vil enn fremur taka undir það að Landhelgisgæslan er mjög mikilvæg stofnun og við eigum henni mikið að þakka í sambandi við útfærslu landhelgi okkar hér áður fyrr. Starfsmenn hennar lögðu sig í mikla hættu og gegna þýðingarmiklu hlutverki í dag varðandi eftirlit í fiskveiðilögsögunni. Það er ljóst að betur mætti gera við Landhelgisgæsluna þannig að hún gæti sinnt sínu hlutverki betur en nú er.

Ég fagna þessari þáltill. og auðvitað vonum við að hún verði samþykkt því öryggismál sjómanna þurfa sífellt að vera í endurskoðun til þess að ná sem bestum árangri við að bjarga úr sjávarháska þegar svo ber undir.

Enn fremur vil ég taka undir þau sjónarmið að okkur beri að athuga hvort ekki er hægt að hafa björgunarþyrlu staðsetta úti á landsbyggðinni. Þegar um björgunarstörf er að ræða tel ég líka sjálfsagt að ræða það í nefnd hvort eitthvert samstarf komi til greina við björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Mér er kunnugt um að björgunarsveit varnarliðsins er að fá fjórar nýjar þyrlur á þessu ári og mér finnst fyllilega koma til greina að skoða þá hlið málsins, hvort um eitthvert samstarf geti orðið þar að ræða. Í sambandi við björgun mannslífa er það auðvitað alveg fullljóst að leita beri allra leiða til að ná hámarksárangri. Og ég þakka aftur flm. fyrir flutning þessarar till.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim sem hér hafa talað og lýst stuðningi við þessa till. Ég vona að sá góði andi sem þeim hefur fylgt geti smitast út í aðra þingmenn og orðið til þess að loksins verði tekið á málinu og það samþykkt.

Ég geri mér hins vegar fyllilega grein fyrir því að hér er um mjög kostnaðarsamt mál að ræða. Það er ekki bara mjög dýrt að kaupa þyrlu heldur er einnig mjög dýrt að reka hana og halda uppi viðhaldi og varahlutalager. En það er óhjákvæmilegur fylgifiskur sem við verðum að taka með, því eins og ég sagði áðan þá setjum við ekki verðmiða á mannslíf.

Ég tek alveg undir sjónarmið hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur um það sem hún sagði um happadrætti og að ekki mætti einblína á þá tekjulind til þess að fjármagna kaupin á björgunarþyrlu, enda eiga kaup á slíku tæki ekki að vera undir því komin hversu mikil spilafíkn þjóðarinnar er.

Hitt er svo annað mál að ávallt er talað um slíka björgunarþyrlu sem sjúkrabifreið sjómannsins og í raun ekkert athugavert við það, hún nýtist fyrst og fremst til bjargar úti á sjó. En það má heldur ekki gleyma því að slík þyrla, útbúin afísingarbúnaði, er ákaflega nauðsynleg landi eins og Íslandi, þar sem við getum átt von á slysum uppi á hálendinu hvenær sem er að vetrarlagi. Þá er ekki hægt að komast þar að til bjargar við ísingaraðstæður nema eiga slíka þyrlu. Ég vildi aðeins benda á að þetta snýr ekki eingöngu að sjómönnum og sjómannastéttinni.

Eins og kom fram hjá mér og einnig hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og reyndar einnig hv. þm. Jóni Kristjánssyni þá þurfum við náttúrlega fleiri en eina þyrlu, það held ég að allir geri sér grein fyrir. Hins vegar er þyrla af þessari stærðargráðu það stór biti fyrir ekki stöndugra þjóðfélag en okkur að við verðum að reyna að taka þetta fyrsta skref á þennan hátt, að sætta okkur við aðeins eina til að byrja með en með það að langtímamarkmiði að önnur verði keypt.

Hinu má svo ekki gleyma að við eigum í dag tvær þyrlur og ég geri nú ráð fyrir því að a.m.k. önnur þeirra yrði endurnýjuð þannig að það yrðu alla vega tvær þyrlur til staðar, önnur af þessari stóru og fullkomnu gerð og svo hin af þeirri gerð sem TF-Sif er, og er reyndar mikið endurbætt og fullkomnari en sú þyrla sem TF-Sif er núna.

Ég verð að segja það að þegar verið er að verja skattpeningum þjóðarinnar þá verður að setja þá í ákveðna forgangsröð. Ég get ekki komist hjá því að benda á þann fjáraustur sem nú fer fram, t.d. í kring-

um Þjóðleikhúsið. Sú nýsmíði á Þjóðleikhúsinu kostar andvirði einnar slíkrar þyrlu. Þar finnst mér að forgangsröðin sé röng. Varðandi Þjóðleikhúsið hefði mátt komast miklu, miklu ódýrara frá því dæmi með því að fara út í einfalt viðhald en ekki, eins og hv. þm. Eiður Guðnason sagði hér um daginn, að byggja nýtt Þjóðleikhús inni í gamla kassanum. Þannig er hægt að tína upp mörg dæmi þess að forgangsröðin í eyðslu skattpeninga þjóðarinnar er röng.

Varðandi þá hugmynd sem hv. þm. Kristinn Pétursson kom með, og er reyndar ekki ný af nálinni, um samstarf við varnarliðið vil ég segja að það er vissulega möguleiki sem má skoða en ég er ansi hræddur um að hann sé ekki raunhæfur og yrði mjög vandsótt að fara þá leið. En ég vil ekki afneita honum, ég tel að alla kosti megi skoða, alla möguleika eigi að skoða, en ég er hræddur um að ef við færum að ákveða að fara slíka leið þá mundi það verða til þess að tefja verulega þetta mál og að við eignuðumst ekki slíkt björgunartæki fyrr en allt of seint.

Ég sagði hér áðan í fyrri ræðu minni að ég vildi fá að glugga hér ofan í umsögn Stýrimannaskólans, þeirra sem taka við flotanum. Þessi umsögn er síðan í mars 1988. Jafnvel eru einhverjir þessara nemenda nú þegar farnir að stjórna úti á sjó. Umsögnin er nokkuð athyglisverð, einkum vegna þess að nemendurnir taka tvö raunhæf dæmi um það hvernig þessi mál eru. Ég ætla því að fá að ljúka máli mínu, hæstv. forseti, á því að grípa hér aðeins ofan í umsögn nemenda Stýrimannaskólans í Reykjavík. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það ætti ekki að þurfa að ítreka fyrir neinum hversu mikilvægt er að starfsöryggi allra starfshópa sé í sem bestu lagi. Það sem aðallega vantar á að starfsöryggi sjómanna komist í viðunandi horf er fullkomin björgunarþyrla. Sú þyrla sem er í eigu Landhelgisgæslunnar er langt frá því að standast þær kröfur sem teljast mættu eðlilegar. Sjómenn og aðstandendur þeirra hafa í allt of langan tíma þurft að búa við mjög svo falskt öryggi. Til að færa rök fyrir þessum staðhæfingum langar okkur að nefna tvö dæmi sem að okkar mati sýna vel það óöryggi er sjómenn þurfa að búa við. Gleggsta dæmið er þegar Barðinn GK-475 fórst undan Hólahólum á Snæfellsnesi í mars á síðasta ári. Þegar þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Sif, var komin á slysstað og hafði hafið björgun var ljóst að áhöfn Barðans var of fjölmenn til að þyrlan gæti tekið hana alla í einni ferð, en áhöfnin taldi 11 menn. Þyrlan þurfti að fara tvær ferðir í mjög tvísýnu veðri og var algjörlega óvíst hvort það tækist. Bæði var ísingarhættan mikil um þetta leyti ásamt því að skipið lá undir stöðugum áföllum. Varðandi ísingarhættuna þá er rétt að það komi fram að ef hitastig hefði verið 1–2 gráðum lægra hefði þyrlan aldrei komist í loftið vegna þess að hún hefur ekki afísingarbúnað og hefði þá ekki þurft að spyrja um afdrif þessara 11 manna.

Annað og nýlegra dæmi er þegar Hrafn Sveinbjarnarson GK-11 strandaði við Hópsnes þann 12. febr. sl. [þ.e. 1988] þá þurfti þyrlan TF-Sif að fara þrjár ferðir til að koma áhöfninni í land. Sem betur fer var veður gott á strandstað. Varðandi þetta slys þá hafa menn velt því fyrir sér hvernig farið hefði ef veðrið hefði ekki verið það gott að hægt var fyrir þyrluna að fara þrjár ferðir án þess að áhöfnin væri í neinni verulegri hættu á meðan á stóð. Hvað hefði gerst ef verið hefði suðvestan brim þegar Hrafn Sveinbjarnarson III. strandaði?

Af þessum dæmum má vera alveg ljóst að í þessi skipti mátti litlu muna að ekki færi illa.

Það er hægt að nefna fleiri dæmi til að sýna fram á hversu oft litlu hefði mátt muna að mannslíf týndust vegna annmarka þeirrar þyrlu sem Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða.

Það er okkur nemendum Stýrimannaskólans í Reykjavík nokkuð áhyggjuefni hvernig þessum málum er háttað. Við getum ekki undir neinum kringumstæðum sætt okkur við að vera settir í þá aðstöðu að þurfa kannski að velja hverjum eigi að bjarga ef skip sem við kunnum að vera yfirmenn á ferst. Það er ekkert sem segir að togari með 20–24 manna áhöfn geti ekki farist hér við Íslandsstrendur. Yfirmenn þess skips mundu hugsanlega verða settir í þá aðstöðu að velja hverjum bæri að bjarga vegna þess að sú þyrla sem nú er í eigu Landhelgisgæslunnar hefði bara tíma til að fara eina ferð og gæti einungis tekið lítinn hluta áhafnarinnar vegna smæðar sinnar og ekkert skip væri statt á nálægum slóðum. Yfirmönnum þessa sama skips bæri siðferðileg skylda til að undanskilja sjálfa sig.

Af þessu ætti að vera ljóst að þessum málum verður að kippa í liðinn hið allra fyrsta. Slysin gera ekki boð á undan sér og engin ástæða er til þess að bíða eftir þeim áður en einhverjar úrbætur verða gerðar.

Við nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík skorum hér með á alla þingmenn Alþingis Íslendinga að beita sér fyrir því að fjármagni verði veitt til kaupa á þyrlu sem þessari. Það væri óbærilegt til þess að hugsa ef það þyrfti eitthvert stórslys til að þyrla sem þessi yrði fengin til landsins. Það þarf ekki að taka fram að að sjálfsögðu mundi slík þyrla einnig nýtast til björgunarstarfa og sjúkraflutninga á landi."

Hæstv. forseti. Ég held það sé ekkert hægt að færa betri rök með málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegrið, fyrri umr.

Þáltill. IBA, 243. mál. — Þskj. 357.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram till. til þál. á þskj. 357 um áætlun um uppsetningu vegriða. Tilllögutextinn er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að móta hið fyrsta áætlun um uppsetningu vegriða í vegakerfi landsins.

Áætlunina skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóv. 1991."

Í stuttri grg. með till. segir: „Sá þáttur sem orðið

hefur út undan í uppbyggingu vegakerfis landsmanna er uppsetning vegriða. Það er reyndar með ólíkindum að jafnmikilvægur þáttur sem þessi skuli ekki vera inni á sérstakri áætlun. Tillögu þessari er ætlað að bæta þar úr.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi vegriða á vegum, t.d. í bröttum fjallshlíðum. Á undanförnum árum hefur vegakerfið stórbatnað og ber að fagna því. Þó þykir flutningsmanni að forvarnastarf megi skipa æðri sess í vegaframkvæmdum landsmanna."

Hæstv. forseti. Um þetta þarf ekki að hafa langt mál, mér persónulega finnst þetta mjög einfalt og sjálfsagt mál að huga að. Við erum jú að gera langtímaáætlanir í hinu og þessu, í vegamálum, hafnamálum, flugmálum og guð má vita hvað og bráðum gerum við sennilega langtímaáætlanir í langtímaáætlunum. Ég skil reyndar ekki af hverju slíkur hlutur sem þessi er ekki tekinn með og þá sérstaklega í langtímaáætlun um vegamál.

Auðvitað snýr þetta að öryggismálum vegfarenda sem er mál sem ég hef að nokkru látið mig varða síðan ég kom hér inn á þing. Má þar til að mynda nefna þál. um uppsetningu neyðarsíma á hættulegum heiðum og fjallvegum sem var samþykkt á þinginu 1987–1988. En því miður hefur farið svo með þá till. eins og margar aðrar sem samþykktar hafa verið hér á hinu háa Alþingi að þær virðast fara ofan í einhverja djúpa skúffu einhvers staðar í ráðuneyti og koma aldrei þaðan upp aftur. Að vísu er kannski merkilegt að meðflm. minn á þeirri till. var sá maður sem nú fer með þann málaflokk, hæstv. samgrh. Steingrímur J. Sigfússon, en hann hefur ekki séð ástæðu til þess að kafa ofan í djúpu skúffuna sína og fylgja eftir sínu eigin máli. En það er nú kannski annað mál.

Annað mál er varðar öryggi í umferðinni hef ég einnig lagt fram sem varðar þjóðveg nr. 1, hringveginn, um að gera hann að aðalbraut. Það halda það allflestir sem bruna eftir þjóðvegi 1 að þeir séu á aðalbraut og hafi allan rétt en svo er aldeilis ekki. Hinir smæstu sveitavegir eiga réttinn, þar gildir á mörgum stöðum varúð til hægri.

En það má svo sem segja með þetta mál eins og það sem var hér síðast á dagskránni um björgunarþyrlu að það megi ekki bíða eftir slysunum áður en slík vegrið eru sett upp. Við höfum talandi dæmi um þetta mál úr Hvalfirðinum, fyrir tveimur árum hygg ég að það hafi verið. Þar varð hörmulegt slys og skömmu seinna var þar sett upp vegrið.

Þetta mál er því forvarnamál. Vegagerðinni yrði gert að setja upp áætlun, finna helstu hættupunktana og setja þar upp þessi vegrið.

Ég geri mér grein fyrir því að hér er um mjög dýrt mál að ræða. Ég veit að á sumum stöðum getur uppsetning slíks vegriðs jafnvel verið jafndýr og vegurinn sjálfur. Og ég veit líka að á einstöku stöðum getur þetta haft ókosti í för með sér, sérstaklega vegna þess að vegrið kemur til með að safna í sig snjó. En þetta er að sjálfsögðu matsatriði þeirra vegagerðarmanna, þeim er gert að gera þessa áætlun og auðvitað taka þeir slíka hluti alla inn í þá mynd.

Ég vil líka geta þess að ég hafði samband við vegamálastjóra út af þessu máli og var hann mjög jákvæður en benti jafnframt á þessa annmarka sem ég var hér að minnast á.

Hæstv. forseti. Við þekkjum þessi vegrið, guard rail heitir þetta nú á ensku, erlendis frá þar sem nánast allir fjallvegir og meira að segja inni í borgum eru klæddir þessum vegriðum. Þar hafa þeir að vísu ekki við þetta snjóvandamál að stríða sem við höfum.

Hæstv. forseti. Ég tel að við þurfum ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég óska því að þessu máli verði vísað til síðari umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjónvarpssendingar um gervihnetti, fyrri umr.

Þáltill. IBA, 279. mál. — Þskj. 512.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Sjónvarpssendingar um gervihnetti eru vissulega tilefni mikillar umfjöllunar og umræðu þessa dagana. Ég tel hins vegar að það væri rangt af mér að fara út í þá umræðu hér og nú undir þessum dagskrárlið þar sem að síðan ég lagði þessa till. fram hefur þeirri reglugerð, sem ég hér vísa til og óska eftir breytingum á, verið breytt eða hún felld út. Þessi þáltill. á ekki lengur rétt á sér. Ég lýsi því hér með yfir að ég dreg hana til baka.

Tillagan kölluð aftur.

Sektir vegna mengunarbrota á hafnarsvæðum, fyrri umr.

Þáltill. ESH, 291. mál. — Þskj. 526.

Flm. (Elín S. Harðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sektir vegna mengunarbrota á hafnarsvæðum sem er á þskj. 526. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á samgrh. að setja nú þegar reglugerð um framkvæmd sektargerða skv. 29. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 frá 5. maí 1986, og um sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó skv. 32. gr. sömu laga."

Lengi vel héldum við Íslendingar að mengun væri eitthvað sem ætti sér bara stað í útlöndum. Hér væri landið fagurt og óspillt og sjórinn hreinn. Hegðun okkar var í samræmi við þetta. Drasli og úrgangsefnum var hent bæði á sjó og landi án þess að það þætti tiltökumál. Á íslenskum skipum var bæði venjulegt sorp og olíuúrgangur hvers konar einfaldlega látinn fyrir borð. „Lengi tekur sjórinn við" sögðu menn ef á annað borð var eitthvað um málið rætt.

Síðustu árin hafa verulegar framfarir átt sér stað varðandi þessi mál, bæði á sjó og landi. Árið 1985 setti samgrh. reglur um varnir gegn mengun sjávar frá skipum og árið 1986 samþykkti Alþingi lög um varnir gegn mengun sjávar. Hvort tveggja hefur verið til mikilla bóta. Núna skila skip drasli og öðrum úrgangi yfirleitt í land en henda því ekki í sjóinn. Hins vegar er olíumengun enn verulegt vandamál, bæði úti á sjó og í höfnum, þó ástandið hafi vissulega batnað frá því sem áður var.

Þáltill. sem hér er mælt fyrir er tilraun til að draga úr olíumengun í höfnum. Samkvæmt lögunum frá 1986 er hafnarstjórum og lögreglustjórum heimilt að sekta menn vegna losunar eða úrkasts á hafnarsvæði sínu. Gert er ráð fyrir að sektirnar renni í sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar segir í reglugerð sem samgrh. setur. Samgönguráðherrar hafa hins vegar trassað það í fimm ár að setja reglugerð um þetta og því miður er slíkur trassaskapur víst algengur í íslenska stjórnkerfinu. Afleiðingin í þessu tilviki er sú að engar sektir hafa verið innheimtar og sjóðurinn til mengunarvarna er enn óstofnaður. Um þetta hafa lögin orðið dauður bókstafur.

Á síðasta ári urðu um 20 slys í Reykjavíkurhöfn þar sem olía fór í höfnina. Hámarkssekt sem hafnarstjóri má ákveða skv. lögunum er 40 þús. kr. enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiri háttar tjóni og sökunautar játist undir þessa ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Hámarkssekt sem lögreglustjóri má ákveða í sömu tilvikum er 100 þús. kr. Þessar upphæðir eru reyndar ekki háar. Víða erlendis, t.d. í Þýskalandi, þurfa menn að greiða hundruð þúsunda þegar þeir valda olíumengun af þessu tagi. Mér er sagt að í Hamborg sé lágmarkssektin um 360 þús. kr. og mun hærri t.d. í Kílarskurðinum.

Fyrir þessi 20 mengunarslys í Reykjavíkurhöfn á síðasta ári var hins vegar ekkert greitt. Hefði hafnarstjóri beitt hámarkssekt hefðu um 800 þús. kr. runnið í sjóð til mengunarvarna. Er ekki að efa að t.d. þeir sem vinna að mengunarvörnum á vegum Siglingamálastofnunar ríkisins hefðu getað varið þeim fjármunum á skynsamlegan hátt, en þeir hafa einmitt unnið mjög gott starf á undanförnum árum. Auðvitað leysir það ekki allan vanda að sekta fyrir olíumengun í höfnum en það er gömul saga og ný að menn eru varkárari þegar þeir vita að þeir þurfa að punga út fjármunum fyrir trassaskapinn. Væru menn sektaðir eins og lögin gera ráð fyrir má þess vegna ætla að slysum vegna olíumengunar fækkaði í íslenskum höfnum. Þess vegna vona ég að Alþingi samþykki till. þessa og samgrh. kippi þessu í liðinn. Það er til lítils að setja lög og gleyma svo að setja reglugerðina.

Raunar er ýmislegt fleira sem ástæða væri til að ráðherra hugaði að í þessu sambandi, þó ekki sé það tínt til í till. Í reglunum um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1985 eru t.d. ákvæði í 8. gr. um búnað til hreinsunar á olíuúrgangi og olíukenndri blöndu. Þar er sagt að öll ný skip 300 brl. og stærri skuli hafa viðurkenndan olíuvatnsskiljara eða olíusíubúnað og sama skuli gilda fyrir gömul skip sem eru 400 brl. eða stærri. Samkvæmt reglunum geta ný skip verið 11–14 ára gömul. Þessar reglur gilda því ekki um suma minnstu togarana og fjölda báta. Ég tel eðlilegra að hér sé miðað við vélarstærð en ekki brúttólestir. Minnstu farskipin eru yfirleitt 700 brl. og reglurnar gilda þess vegna um þau eins og eðlilegt er. Vélarstærð þessara farskipa er hins vegar ekki nema rúmlega 700 kw. Bátarnir og litlu togararnir sem reglurnar ná ekki yfir hafa aftur á móti vélar sem eru kannski um 1200 kw. Hættan á því að úrgangur fari í sjóinn er meiri þegar vélarnar eru stærri. Mengunarhættan frá bátum og litlum togurum með stórar vélar er þannig meiri en af litlu farskipunum, jafnvel þótt þau síðarnefndu séu mun stærri þegar í brúttótonnum er talið.

Ef við erum að hugsa um mengunarhættuna er þess vegna full ástæða til þess að herða reglurnar um báta og litla togara. Það er a.m.k. umhugsunarvert að stór hluti fiskveiðiflotans þarf ekki að uppfylla skilyrðin um olíuhreinsibúnað. Þessi fiskiskip geta verið að losa olíuúrgang um leið og verið er að taka inn fiskinn þannig að olían sullast yfir hann. Nú veit ég ekki nákvæmlega hversu mikið þetta spillir fiskinum en hitt þykist ég vita að fiskneytendur erlendis yrðu ekki hrifnir ef þetta bærist þeim til eyrna.

Fleira mætti hér nefna en ég læt þetta nægja. Vegna þess að ég er sjómaður eru mér þessi mál hugleikin. Ég veit að sama gildir um marga sjómenn. Hins vegar er algengt meðal sjómanna að þeir geri grín að reglum sem ekkert er farið eftir eða þeim finnast vitlausar. Þess vegna legg ég fram þessa till. til þál. og skora jafnframt á ráðherra að hrista af sér slyðruorðið og taka duglega til hendinni í þessum málaflokki. Ég legg svo til að till. sé vísað til allshn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög þörfu og brýnu máli. Mengun er ekki bara mengun frá álveri sem við höfum svo oft og mikið rætt um á þessu þingi heldur er mengun næstum því allur sá úrgangur sem frá okkur kemur, ekki síst efnaúrgangur. Hér er því mjög þörfu máli hreyft.

Við viljum gjarnan halda þeirri ímynd okkar gagnvart erlendum þjóðum að land okkar sé hreint og allar framleiðsluvörur okkar ómengaðar. Við ætlum að græða á því að selja úrvalsfisk, úrvalsmatvæli og úrvalsvatn til útlanda. Ef við ætlum að halda þessari ímynd og ef við ætlum að standa undir því nafni sem við viljum hafa þá verðum við að ástunda mengunarvarnir á öllum sviðum og ekki síst í höfnum. Hver einasta manneskja sem kemur niður að Reykjavíkurhöfn eða öðrum höfnum á Íslandi sér brákina sem liggur á vatnsborðinu og við vitum að þetta er óhollt fyrir allt sjávarlíf. Af ofangreindum ástæðum öllum álít ég að við þurfum að taka á, ekki bara á því eina sviði sem um ræðir í þessari þáltill. heldur miklu, miklu víðar og miklu ákveðnar en gert hefur verið.

Ég vil skora á stjórnvöld að taka nú til hendinni, reyna að stuðla að því að ímynd Íslands verði áfram hrein. Við megum ekki menga landið okkar með þeim subbuskap sem öllum álverum fylgir og annarri stór-

iðju. Við megum heldur ekki samfara matvælaframleiðslu okkar og fiskveiðum stunda mengun í hafinu kringum landið okkar sem er þó einn mikilvægasti þátturinn í tilveru okkar. Löngum hefur verið sagt, eins og flm. sagði áðan að „lengi tekur sjórinn við" og hefur löngum verið notað sem afsökun og ég er hrædd um að þeir á litlu bátunum hugsi ekki um það að margt smátt gerir eitt stórt. Það er líka orðatiltæki sem við Íslendingar notum. Þegar einn lítill bátur hleypir olíu í höfnina þar sem hann liggur þá er hann bara að bæta í einn stóran og mikinn mengunarsjóð sem við þurfum því miður að gera stórátak til að útrýma. Því styð ég þetta mál af heilum hug og vona að það nái í höfn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka fram komna tillögu og tek undir orð hv. flm. og síðasta ræðumanns um mengunarvarnir þá vil ég jafnframt segja að það er mjög mikilvægt að reyna með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir mengun á sjó sem og á landi. Það er alveg ótækt að ekki skuli vera neytt allra þeirra ráða sem hægt er til að afla fjár til mengunarvarna og í rauninni alveg fullkomlega óskiljanlegt.

Ég vona að þessi till. sem nú er komin fram verði til að ýta við málinu. Í fsp. sem ég lagði fyrir hæstv. umhvrh. þann 22. nóv. sl., um neyðaráætlun vegna olíuleka á sjó og á landi, vitnaði ég í orð Eyjólfs Magnússonar, fulltrúa í mengunardeild Siglingamálastofnunar, og vil gjarnan að þau komi einnig fram hér í þessari umræðu þar sem þau varða mjög sama mál. Hann hefur m.a. sagt að mikið vanti upp á að á Íslandi sé útbúnaður til að bregðast við olíuslysum af stærri gerðinni. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt. Ástæðuna tilgreinir hann fyrst og fremst fjárskort. Hann segir, með leyfi forseta: „Til þess vantar fjárveitingar fyrir tækjakaupum upp á tugi ef ekki hundruð milljóna króna. Fyrir því hefur ekki verið vilji hingað til enda þótt líta megi á nauðsyn þessa búnaðar svipuðum augum og nauðsyn þess að hafa slökkvilið ávallt í viðbragðsstöðu. Fáar þjóðir eru eins viðkvæmar og Íslendingar fyrir mengunarslysum í hafinu."

Mér þykir þetta auðvitað mjög alvarlegt og var því miður ekki að heyra á svari hæstv. umhvrh. að hann væri ýkja bjartsýnn á að það mundi takast að afla þess fjár sem þyrfti. Þeim mun furðulegra er þá að ekki skuli vera notaðar þær leiðir sem eru til fjármögnunar. Ef ég aðeins vitna í svar hæstv. umhvrh. þá sagði hann: „Við endurskoðun hafnalaga frá árinu 1984 var til að auðvelda höfnum að eignast olíumengunarvarnabúnað tekið inn ákvæði um að ríkissjóður greiði allt að 75% af stofnkostnaði við mengunarvarnir hafna. Þrátt fyrir þetta ákvæði hafnalaga um að ríkisframlagið nemi allt að 75% hefur gengið mjög hægt að fá hafnir landsins til að afla þessa búnaðar. Einkum er borið við að búnaðurinn sé dýr og fjárskortur hrjái hafnirnar."

Þetta sýnir betur en margt annað að það ber að reyna að nýta alla þá fjáröflun sem hægt er og maður hlýtur að undrast að það skuli ekki hafa verið gert nú þegar. Ég vona að efni þessarar till. nái fram að ganga og jafnframt að tekið verði fastar á mengun á sjó og landi heldur en gert hefur verið til þessa.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka flm. fyrir það að bera þessa þáltill. fram hér. Ekki kannski út af efni þessarar sérstöku þáltill. heldur fyrir það að benda hv. þm. á að þeir eru meira og minna að semja lög, ganga frá lagasamþykktum ýmiss konar til þess að koma í veg fyrir þetta og þetta, en síðan er framkvæmdaþættinum sleppt. Honum er sleppt svo gjörsamlega að ráðherra sem fær í hendur lagasamþykkt, eins og hér er nefnd, 1986 sér ekki um að semja reglugerð um sektarákvæði eða hvernig eigi að framfylgja þessum ákveðnu lögum. Því miður er allt of mikið af slíku sem þessu. Og það er, ég veit ekki með hvaða orðum ég á að segja það, kannski dálítið sérstakt að það þurfi til þess varaþingmann að koma hér inn á hv. Alþingi til þess að benda þingmönnum og framkvæmdarvaldinu á stöðu eins og á sér stað í þessu máli, sem hér er verið að fjalla um.

Því miður er þetta á margfalt fleiri sviðum. Við heyrðum í fréttum nú fyrir tveimur dögum síðan að það varð bruni hér uppi á Hellisheiði og þar hefðu brunavarnir verið á þann veg sem braut algerlega í bága við lög. En það kom bara í ljós að viðkomandi aðilar sem áttu að framfylgja þessum lögum gátu það ekki vegna þess að það lágu engin ákvæði fyrir um framkvæmdina, um að loka viðkomandi húsi eða gera einhverja sérstaka hluti til að koma í veg fyrir að þarna gæti átt sér stað slíkur bruni sem þar varð. Í þessu tilfelli átti sér þó kannski stað óhapp sem var tiltölulega lítið miðað við það ef þetta hús hefði t.d. verið fullskipað gestum. Á sama degi held ég að hafi komið frétt um eldsvoða úr stórum skóla í Reykjavík þar sem í ljós kom að ekki hefðu verið nein brunavarnaviðvörunartæki. Þannig að sama uppákoman varð raunverulega þar.

Við samþykkjum lög hér á hv. Alþingi um að þetta skuli gert og hitt skuli gert. Við skulum koma í veg fyrir mengun, við skulum koma í veg fyrir eldsvoða og síðan er ekki fylgt eftir þeim sjálfsögðu hlutum sem í lögunum eru um að framkvæmdarvaldið fylgi því eftir að ganga frá jafnsjálfsögðum hlutum og hér er verið að leggja til að gert verði.

Ég endurtek að ég þakka fyrir þennan tillöguflutning og ég vona að þó að engir ráðherrar séu hér, engir fulltrúar framkvæmdarvaldsins að þá verði þetta til þess að minna á að það er ekki nóg að Alþingi samþykki lög um mengunarvarnir, um brunavarnir, ef ekki er fylgt eftir bæði sektarákvæðum, eins og hér er bent á, og ákveðnum framkvæmdaratriðum um að þessum lögum sé framfylgt.

Framsögumaður nefndi í sambandi við mengun hafna að ekki mundi vera fyrir hendi fullnægjandi ákvæði um olíuhreinsun hjá fiskiskipum. Því miður er þessu ábótavant. Því miður á það sér stað enn þá í íslenskum höfnum að fiskiskip getur verið að lensa sem kallað er, dæla út sjó, oft á tíðum er það olíumengað, oft á tíðum er það slagvatn, þ.e. mengað vatn. Á sama

tíma er kannski verið að dæla inn sjó í skipið til þess að hreinsa lestar skipsins. Það er verið að hreinsa geymslustaði sjávarfangs, fisksins, með því vatni sem verið er að dæla út úr skipinu á hinn veginn.

Það má nefna ótalmörg dæmi eins og þessi. En ég vænti þess að þessi þáltill. fái góða afgreiðslu hér á hv. þingi og verði fyrst og fremst til að minna hæstv. ráðherra á það að taka til greina lagasamþykktir sem gerðar eru hér á hv. Alþingi, koma því í verk að setja reglugerðir og fylgjast með því að lagasamþykktunum sé hlýtt.

Flm. (Elín S. Harðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa til máls um þessa tillögu og er mjög ánægð með þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér. Ég treysti því að það fái góða málsmeðferð í nefnd og náist í höfn eins og hv. 18. þm. Reykv. komst svo vel að orði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frelsi í útflutningsverslun, fyrri umr.

Þáltill. BGuðm og SighB, 298. mál. — Þskj. 534.

Flm. (Björgvin Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 534 svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela utanrrh. að breyta reglugerð nr. 27 11. jan. 1988, um útflutningsleyfi o.fl., á þann veg að útflutningsverslunin verði frjáls."

Till. gerir ráð fyrir því að sá vöruútflutningur sem heyrir undir utanrrn. verði frjáls. Ég mun síðar í máli mínu víkja að vörum sem háðar eru leyfum skv. sérstökum lögum, svo sem lagmeti og saltsíld, en vík að öðru fyrst.

Við lifum á tímum frjálsræðis í viðskiptum milli þjóða. Tollmúrar hafa verið brotnir niður, viðskiptahöft hafa verið afnumin. Ísland tekur, sem aðili að EFTA, þátt í viðræðum við Evrópubandalagið um að koma á fót Evrópsku efnahagssvæði þar sem m.a. er gert ráð fyrir algeru frelsi í vöruviðskiptum milli aðildarríkja svæðisins. Ísland knýr fast á um að fá tollfrjálsan og hömlulausan aðgang fyrir sínar afurðir að hinu Evrópska efnahagssvæði. Það er meginkrafa Íslands í viðræðunum. Á sama tíma viðheldur Ísland miklum viðskiptahömlum, svo sem á útflutningi saltfisks, saltsíldar og ísfisks. Þessar hömlur standast ekki í hinu Evrópska efnahagssvæði. Þær eru óheimilar og verða því að falla brott. Það má undarlegt teljast að Ísland skuli ekki fyrir löngu hafa afnumið þessar viðskiptahömlur. Þær þjóna engum tilgangi og ganga í berhögg við þá frjálsræðisstefnu sem nú ríkir í milliríkjaviðskiptum.

Þróun utanríkisviðskipta Íslands hefur verið í átt til aukins frjálsræðis undanfarin ár og áratugi. Innflutningsverslunin hefur að mestu verið gefin frjáls, en þróun í utanríkisverslun hefur ekki verið eins hröð í frjálsræðisátt. Þar eru enn stórir vöruflokkar háðir útflutningshöftum og jafnvel einokun. Þannig er ástatt um saltfisk, saltsíld og ísfisk að verulegu leyti svo stærstu vöruflokkar séu nefndir. SÍF hefur í raun haft einkaleyfi til útflutnings á saltfiski og síldarútvegsnefnd hefur haft lögbundið einkaleyfi til útflutnings á saltsíld. Þó hafa stór skref verið stigin í frjálsræðisátt, einnig á sviði útflutningsverslunarinnar. T.d. hefur útflutningur á freðfiski verið gefinn frjáls. Það var Jón Sigurðsson viðskrh. sem reið á vaðið í því efni. Hann heimilaði árið 1987 nokkrum útflutningsfyrirtækjum að flytja út freðfisk til Bandaríkjanna en fram að þeim tíma hafði aðeins einn aðili haft leyfi til að flytja út freðfisk þangað við hliðina á hinum stóru sölusamtökum SH og SÍS.

Þegar viðskrh. hafði kunngjört ákvörðun sína ráku stóru samtökin SH og SÍS upp mikið ramakvein. Töldu þau að ákvörðun ráðherra væri stórskaðleg og gæti spillt mjög markaðnum fyrir freðfisk í Bandaríkjunum. En þrátt fyrir hrakspár reyndist ákvörðun ráðherra til góðs og ýmsir talsmenn SH hafa viðurkennt síðar að þeir hafi haft á röngu að standa þegar þeir töldu að aukið frjálsræði í útflutningi freðfisks mundi stórskaða Bandaríkjamarkað. Nú gagnrýnir enginn frjálsræði í útflutningi á freðfiski, nú telja menn það sjálfsagt.

Ég spái því að hið sama verði upp á teningnum ef útflutningur saltfisks verður gefinn frjáls. Samkeppnin mun styrkja SÍF en jafnframt fá aðrir útflytjendur að spreyta sig og sýna hvort þeir ná sömu verðum eða betri en þau samtök. Þeir sem ekki standa sig munu heltast úr lestinni.

Næst vík ég að ísfiski. Útflutningur ísfisks er háður margvíslegum útflutningshömlum og ef eitthvað er þá hafa höft á útflutningi ísfisks verið aukin fremur en hitt. Sett hefur verið á fót skrifstofa undir heitinu Aflamiðlun sem skammtar útflutning á ísfiski. Engin leið er að úthluta réttlátlega útflutningsleyfum á þann hátt sem Aflamiðlun hefur tekið sér fyrir hendur að gera. Hefur það einnig verið svo að störf Aflamiðlunar hafa verið mjög umdeild og á stundum hefur ríkt stríðsástand í kringum starfsemi hennar. Eina lausnin á þessu máli er að gefa útflutninginn frjálsan, láta framboð og eftirspurn ráða. Mér er kunnugt um að iðulega hafa kaupendur ísfisks í Þýskalandi snúið sér til Norðmanna og annarra þjóða í Vestur-Evrópu þegar þeir hafa ekki fengið nægan ísfisk héðan. Það er því alls ekki eins og margir halda að með því að takmarka framboð héðan sé hægt að halda verðinu uppi úti. Það er sjálfsblekking. Það er eðlilegast að láta markaðinn stjórna þessum málum. Ég útiloka þó ekki að allur íslenskur ísfiskur væri látinn fara í gegnum fiskmarkaði hér á landi til þess að íslenska fiskvinnslan gæti ávallt boðið í fiskinn áður en hann væri sendur út. En skömmtunarskrifstofuna á að leggja niður.

Nokkur orð um lagmetið. Með lögum nr. 58 frá 4. júní 1981 er Sölustofnun lagmetis veitt einkaleyfi til útflutnings á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft, eða aðili fyrir þess hönd, er aðalkaupandinn. Þó má viðskrh. veita undanþágur frá ákvæði þessu. Framangreint

ákvæði var bundið í lög til að vernda viðskipti með lagmeti við Austur-Evrópu. En nú þegar Austur-Evrópuríkin hafa horfið frá miðstýringu og stefna að markaðsbúskap í viðskiptum er engin þörf á þessu lagaákvæði lengur. Vil ég því beina því til ríkisstjórnarinnar að lögum þessum verði breytt þannig að útflutningur á lagmeti verði algerlega frjáls.

Ég hef áður getið þess að ég teldi eðlilegt að útflutningur saltsíldar verði gefinn frjáls. Vil ég einnig beina því til ríkisstjórnarinnar að þeirri breytingu verði hrundið í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Það má undarlegt teljast að Ísland skuli ekki fyrir löngu hafa afnumið hömlur á útflutningi íslenskra sjávarafurða svo mjög sem Ísland berst fyrir frelsi á því sviði í viðræðum þeim sem nú fara fram um aukið frelsi í viðskiptum í Evrópu. Stóru sölusamtökin hér á landi hafa unnið gott starf á erlendum vettvangi en þau hafa gott af samkeppni. Hætt er við að stór sölusamtök sem hafa einokunaraðstöðu staðni. Það getur styrkt þessi samtök að hafa aðhald og samkeppni. Ef frjálsir útflytjendur sýna hugkvæmni og dugnað í starfi, afla nýrra markaða og ná jafngóðum eða betri verðum en stóru samtökin er það þjóðarbúinu til góðs og eykur tekjur þess.

Virðulegur forseti. Ég legg til að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og atvmn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hér er hreyft þörfu og afar mikilvægu máli sem er mjög í anda þeirra áforma sem sá sem hér stendur sem utanríkisviðskiptaráðherra hefur áður lýst. Oft er sagt að Íslendingar lifi á fiski. Það má orða á annan veg, nefnilega að Íslendingar lifi á utanríkisverslun. Það er leitun á þjóð sem er jafnháð utanríkisviðskiptum og við. Útflutningur okkar er tiltölulega fábreyttur en er samt hátt hlutfall af þjóðartekjum. Inn flytjum við flest þeirra gæða sem við byggjum lífskjör okkar á fyrir andvirði þessa útflutnings. Hlutfall utanríkisverslunar í þjóðartekjum Íslendinga er t.d. fjórum sinnum hærra en það er að meðaltali í Evrópubandalaginu. Íslendingar lifa þess vegna á utanríkisverslun. Þannig að við þurfum að móta okkur heildstæða stefnu, ekki aðeins varðandi fiskveiðistjórnun heldur líka varðandi fiskvinnslu, vöruþróun, markaðssetningu og útflutning. Og á því er mikill misbrestur.

Tímabili einokunar í útflutningi er að ljúka og því lýkur í seinasta lagi að fullu og öllu þegar samningar okkar um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis verða að fullu komnir til framkvæmda vegna þess að þetta einokunarkerfi, sem heyrir til liðinni tíð, verður þá einfaldlega ekki heimilt. Oft hefur mikið á það skort að það væri skilningur á mikilvægi fríverslunar í alþjóðaviðskiptum. Samt er það auðsannað mál að fríverslun, sérstaklega fyrir tilkomu milliríkjasamninga á vegum GATT, með iðnaðarvörur hefur átt stærstan þátt í efnahagslegum framförum, auknum hagvexti, bættum lífskjörum, lækkuðu verði og þar af leiðandi verið í anda hagsmuna neytenda meira en nokkurt annað mál.

Ein meginskýringin á hruni efnahagskerfis kommúnismans var innilokun hans og útilokun frá þátttöku í heimsviðskiptum. Sá meginmunur sem er á viðskiptum annars vegar með iðnaðar- og þjónustuvörur, og leitt hefur til framfara, tækninýjunga og lækkunar á verði, og hins vegar á verslun með matvæli og þá einkum landbúnaðarvörur leiðir þetta í ljós. Einungis um 3% af allri landbúnaðarvöruframleiðslu heimsins er á markaði í milliríkjaviðskiptum, enda hefur ríkt þar stöðnun, enda hefur verðlag landbúnaðarafurða ekki lækkað í neinu samræmi við aðrar vörutegundir og þetta er eitt meginvandamálið sem verið er að reyna að fást við í GATT nú þegar verið er að reyna að brjóta niður tollmúra og greiða götu milliríkjaviðskipta með landbúnaðarvörur.

Íslendingar hafa hér náttúrlega gífurlegra hagsmuna að gæta, meiri hagsmuna en flestar aðrar þjóðir. Hverjir erum við? Við erum matvælaframleiðendur. Okkar matvæli eru mestan part fiskur og fiskafurðir, sjávarafurðir. Stærsta hagsmunamál okkar er að fá tollfrjálsan aðgang með okkar matvæli á erlendum mörkuðum. Og það er meginviðfangsefni okkar um þessar mundir í stærstu milliríkjasamningum sem við höfum nokkurn tíma tekið þátt í.

Á sama tíma eru enn ríkjandi þau fornaldarviðhorf að um leið og við krefjumst þess af öðrum að fá tollfrjálsan aðgang að þeirra mörkuðum fyrir okkar matvæli, þá hefur það verið ríkjandi hugsunarháttur hér á landi að við ættum að loka gjörsamlega dyrunum fyrir innflutningi á matvælum annarra hingað. Þar er lýst sjónarmiðum framleiðenda eingöngu. En þegar kemur að innflutningsversluninni að öðru leyti þykir eðlilegt að hún sé frjáls vegna þess að samkeppni leiðir til lækkaðs verðs og gætir hagsmuna neytenda, þannig að hér er allt fullt af þversögnum.

En kjarni málsins er sá að í þeim fríverslunarsamningum, sem nú standa fyrir dyrum, mun þetta breytast og takist samkomulagið eitthvað í líkingu við það sem efni stóðu til innan GATT, þá mun það breytast einnig að því er varðar landbúnaðarafurðir þannig að við stöndum frammi fyrir mjög róttækum breytingum.

Nýjustu tíðindi eru þau af samningum um evrópska efnahagssvæðið að líkindi benda til þess að samningum verði raunverulega lokið í apríl þótt vera kunni að undirskrift samninga dragist eitthvað lengur. En það er almennt bjartsýni ríkjandi um að það takist að ná því markmiði að lúka þessum samningum formlega á fyrri hluta þessa árs. Takist þessir samningar og ef við náum þeim árangri að ná tollfrjálsum aðgangi fyrir okkar sjávarafurðir, þá mun það breyta ýmsum grundvallarforsendum varðandi íslenskan sjávarútveg. Það sem okkur ríður mest á að fá tollfrjálsan aðgang fyrir er fersk flök, það er saltfiskur, það er síld og það eru ýmsar tegundir af flatfiski. Sérstaklega er þetta mikilvægt varðandi flök og saltfisk. Ef það tækist að því er varðar fersk flök, þá þýðir það að við gætum hafið nýtt tímabil aukinnar vöruþróunar hér heima. Flakavinnslan er fyrsta stig úrvinnslu á fiskafurðum. Það mundi þýða það að við gætum hætt að flytja út í jafnstórum stíl og við gerum, um 11% af okkar heildarútflutningi, ósunninn ferskan fisk, sem að langmestu leyti er ekki

neytendaframleiðsla heldur hráefni til frekari úrvinnslu keppinauta okkar í öðrum löndum. Þetta er auðvitað afar mikilvægt.

Þetta er ekki reikningsdæmi upp á þá tvo milljarða í tollum sem við mundum spara okkur. Þetta ætti að þýða bætt skilyrði fyrir innlenda fiskvinnslu til þess að auka hér mjög vöruþróun, ná meira vinnsluvirði afurðanna hér heima og fyrir einstök fyrirtæki í fiskvinnslu að nýta sér tækifæri á margbreytilegum mörkuðum þar sem er hár kaupmáttur í Evrópu til nýs átaks í markaðsöflun. Og þegar við erum að tala um matvælaframleiðslu á neytendamarkað, ekki bara uppboðsmarkaði fyrir hráefni, þá erum við að tala um mjög fjölbreytilega markaði. Við erum að tala um möguleika á því að t.d. stofna til sameiginlegra fyrirtækja með erlendum aðilum um dreifingu og sölu þessara afurða. Það ætti að vera okkar höfuðkeppikefli að standa þannig að þessum málum að við stæðum undir því að íslenskar fiskafurðir væru hágæðavörur sem væru fyrst og fremst eftirsóttar á háum verðum á þessum mörkuðum, t.d. veitingahúsamörkuðum, hótelmörkuðum o.s.frv.

Að því er þessa till. varðar, þá sagði ég: Hún er mjög í anda þeirra áforma sem við höfum lýst. Því hefur verið yfirlýst af minni hálfu að þegar fyrir liggur að við náum samningum um evrópskt efnahagssvæði, þá verði afnumin sú einokun sem gildir varðandi útflutning á saltfiski. Sá tími kemur síðan að sama máli gegni um síld þannig að upp verði tekin meginreglan um frjálsan útflutning eins og innflutning. Menn mega ekki ætla að þar með verði innleitt eitthvert allsherjarstjórnleysi í þessum málum. Ég sagði: Gæði verða að vera meginkeppikefli og að sjálfsögðu verða sett almenn skilyrði sem allir þeir sem þessi viðskipti stunda verða að fullnægja. Og þau lúta bæði að gæðum, eiginfjárstöðu fyrirtækja, bankatryggingum og öðru slíku því við höfum ekki efni á því að stofna til einhverrar ævintýramennsku á þessu sviði.

Þetta varðar líka það fyrirbæri sem nú er uppi sem heitir aflamiðlun, skömmtunarkontór hagsmunaaðila. Það er líka tímaskekkja. Það er eingöngu á komið vegna þess að enn hefur ekki tekist samkomulag um það að setja um þetta efni almennar reglur. Ég hef margoft lýst þeim hugmyndum, og þær eiga verulegan stuðning meðal framleiðenda og útflytjenda og ýmissa stjórnmálaafla, að meðan við höfum núverandi kvótakerfi, sem líka er komið á tíma, þá eigi að færa heimildir til útflutnings inn í það kerfi til þess að upphefja þá mismunun sem nú ríkir. Það sem verst er núverandi sjávarbúskap okkar eða stefnu er þessi mismunun. Menn sitja ekki við sama borð. Fólki er mismunað í allra handa kerfum. Verðlagning sjávarafurða er mismunandi, ekki hvað síst eftir búsetu eða stöðum á landinu, aðstaða til heimildar til útflutnings er líka háð leyfum og þannig mætti lengi telja.

Ég tek undir með flm. Hér er um að ræða tímaskekkju. Við stöndum nú á tímamótum. Það hefur verið rýmkað til að því er varðar freðfiskinn. Við höfum veitt heimildir að því er varðar t.d. útflutning á saltfiski til þess að gefa sölusamtökunum aðhald með mjög góðum árangri, t.d. að því er það varðar að SÍF hefur hraðað mjög greiðslum til framleiðenda vegna þessa aðhalds. Fram undan er að afnema þetta einkaleyfi og við þurfum ekki að óttast það að hin stóru sölusamtök hverfi fyrir það. Þau hafa haft forréttindi á markaðnum. Þau hafa byggt upp sterka stöðu og þau munu ekki hrynja. Þau munu áfram vera öflug fyrirtæki en tímabili einokunar á að ljúka.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég átti reyndar ekki von á því að í sambandi við þessa umræðu mundi koma hér ráðherra, hæstv. utanrrh., og fara bara vítt og breitt yfir sviðið, ekki aðeins í sambandi við það sem þessi till. fjallar um heldur tengja það fiskveiðistefnu og allsherjarverslunarstefnu Íslendinga á næstu árum, sérstaklega næstu mánuðum. Ég held að það hafi einmitt verið mjög gott til þess að benda á það að þessi till. er ekki tímabær. Ég tel hana ekki tímabæra við þær aðstæður sem hæstv. utanrrh. var að lýsa. Það er ekki búið að ganga frá samningum þó að von sé um það að gengið verði frá samningum um evrópskt efnahagssvæði og fyrr en að gengið verði frá slíkum samningum og jafnvel ekki þá er hægt að stíga það skref sem lagt er til í þessari till.

Það eru margir þættir sem þarf að skoða í sambandi við verslun okkar með sjávarafurðir á næstu mánuðum og næstu árum, jafnvel þó að við gerumst aðilar að evrópsku efnahagssvæði og jafnvel þó að hlutirnir séu á þann veg sem hæstv. utanrrh. var að lýsa, að allt mundi koma með frelsinu. Staðreyndin er nefnilega sú að þeir aðilar sem við komum til með að semja við um verslun í sambandi við evrópska verslunarsvæðið eru haftapostular á ýmsa vegu, eru haftapostular á þann veg að þeir eru með ýmiss konar styrkjum að styðja sínar atvinnugreinar í beinni samkeppni við þann útflutning sem hér er verið að ræða um.

Núna er Evrópubandalagið að leggja milljarða til þess að byggja upp fiskvinnslustöðvar í Þýskalandi og Englandi beint í samkeppni við íslenskar fiskvinnslustöðvar. Það er verið að breyta stöðunni á þann máta að þeir þarna niðri í Evrópu þurfa ekki nema að litlu leyti að hugsa um fjárfestingu í sínum fiskvinnslustöðvum á sama tíma og við þurfum að standa undir öllum okkar kostnaði. Á meðan svona staða er og það má nefna mörg önnur dæmi sem eru í gangi í Evrópu einmitt í sambandi við sjávarútveginn, er ekki eðlilegt frelsi í viðskiptum vegna ýmissa styrkja og fyrirgreiðslu sem opinberir aðilar og beinlínis Efnahagsbandalagið standa fyrir, á meðan staðan er þannig er ekki hægt að taka mál eins og þetta og segja: Við skulum gefa allt frjálst.

Ég get tekið undir meginhlutann af því sem hæstv. utanrrh. var að segja í sambandi við þá þróun sem eðlileg er í þessum málum. En við getum ekki hlaupið í neinum hvelli, eins og þessi till. gerir ráð fyrir, í það að opna okkar viðskipti á þann veg sem hér er gert ráð fyrir. Það eru allt of margar hættur á leiðinni.

Fleira í þessu mætti náttúrlega spjalla ýmislegt um, en ég ætla ekki að gera það, t.d. eins og með aflamiðlun. Ég get að mörgu leyti tekið undir það að það

er ekki eðlilegt að hagsmunaaðilar, eins og þar standa að, annist þessa skömmtun eins og hefur verið gert á undanförnum mánuðum. Ég held að það hafi átt sér stað ýmiss konar mistök líka þegar þetta var í ráðuneytinu. Að opna þetta alveg held ég að sé ómöguleiki eins og stendur í dag.

Ég gæti vel tekið undir það sem frsm. nefndi að það væri kannski eðlilegt í sambandi við útflutning á ferskum fiski að það væri skylda að selja allan þann fisk á íslenskum mörkuðum á undan þannig að það væri jafnræði í verði a.m.k. til að byrja með á milli þeirra aðila sem eru að kaupa fisk til vinnslu.

Ég er svo ekki alveg viss um að það sé óskaplega mikið skref, sem er þó jákvætt, að við komumst í þá stöðu að flytja út fersk flök. Það er ekki nema skref í því sem við hljótum að stefna að í sambandi við útflutning á íslenskum sjávarafurðum, og dálítið stórt skref frá því að selja ferskan fisk eins og við gerum núna beinlínis til flökunar úti í Englandi og Þýskalandi. En það sem skiptir máli hjá okkur er að vinna þessar vörur enn þá meira, vinna þetta beinlínis í það sem hægt er að kalla á diskinn hjá viðskiptavinum okkar úti í Evrópu eða hvar sem við teljum okkur hagstæðast að hafa viðskipti.

Ég vil sem sagt undirstrika það að ýmislegt af því sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. bendir til þess að till. sem þessi sé ekki alveg tímabær og ég held að hún mætti þess vegna liggja og hljóta ekki eðlilega afgreiðslu á þessu þingi. En hún getur kannski að einhverju leyti verið til þess að benda á þau stóru vandamál sem við búum við og við okkur blasa í sambandi við samninga bæði við EB og núna í sambandi við evrópska efnahagssvæðið. Það er meira en að segja það að við fáum frelsi. Það eru ýmsir agnúar og ýmsir hryggir þar á leiðinni sem við verðum að komast yfir áður en hægt er að gefa allsherjarfrelsi í þessum viðskiptum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég þakka flm. till. fyrir að flytja hana því að það er alltaf þörf á að ræða svo mikilvægt mál sem þetta er. Ég er hins vegar ekki alveg sammála því að tími sé kominn til þess að gefa þetta allt saman frjálst þó að það sé trúlega það sem öllum er ljóst að verði það sem kemur í náinni framtíð.

Í fyrsta lagi er ekki um að ræða einokun í þeirri merkingu heldur einkaumboð sem allir framleiðendur hafa gefið t.d. SÍF, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Þeir hafa einkaumboð allra þessara aðila. Þetta eru framleiðendur sem hafa komið sér saman um þessa aðferð að selja vöruna, allan saltfisk frá Íslandi undir einu merki. Á því eru að sjálfsögðu bæði kostir og gallar sem ekki er kannski tími til að fara nákvæmlega ofan í hér.

En ég vil segja það, hæstv. forseti, að hinn endinn á þessum markaði eru fáir innflytjendur, t.d. um saltfisk. Það er öðruvísi heldur en með freðfisk. Það eru allt öðruvísi markaðsviðtökur t.d. á saltfiski og skreið. Það eru mjög fáir kaupendur, stórir innflytjendur sem ættu auðvelt með að ota íslenskum seljendum saman um að þessi bjóði svona lágt og þessi bjóði svona lágt og þar með er samkeppnin farin að virka á okkur sjálf.

Við vitum það að samkeppni í vörusölu er hagur neytenda. Við erum seljendur á saltfiski og skreið t.d. þannig að því harðari samkeppni um sölu þeim mun betra fyrir neytandann. En spurningin er hvort það er kostur fyrir seljandann. Í skreið til Ítalíu sem við framleiðum eru t.d. tveir innflytjendur á Ítalíu, en það eru fjórir útflytjendur frá Íslandi. Engin skreið er seld öðruvísi en í gegnum þessa tvo innflutningsaðila.

Að sjálfsögðu kunna að vera til einhverjir fáir markaðir þar sem einhverjir tilteknir einstaklingar gætu gert betur heldur en SÍF og þá er sjálfsagt að skoða það. En þá verður auðvitað að líta á þetta frá mestu hagsmunum. Umræðan er góð, tel ég. Þetta er það sem kemur þegar þessir markaðir opnast allir innbyrðis. En einfaldlega er fyrirkomulagið í saltfisksölu t.d. þannig að þar um að ræða mjög fáa innflytjendur og þetta er ekki mjög markaðsvætt þjóðfélag, ekki í þessum innflutningi. Þannig að ég hvet utanrrh. til þess að fara varlega í að breyta hlutum sem ganga vel, því nógu mikið af hlutum gengur ekki vel.

Það er ekki rétt sem kom fram hjá hv. flm. að magn í útflutningi á ferskum fiski skipti ekki máli. Ég er hér með línurit fyrir árið 1989 sem sýnir þetta akkúrat, hvernig verðið dansar upp og niður, akkúrat eftir magni. Verðið hækkar þegar magnið minnkar og öfugt. Svo að það er ekki rétt.

En varðandi útflutning á ferskum fiski vil ég segja það að ég tel að styrkir og tollar Evrópubandalagsins skekki þessa mynd það verulega að það vanti að lagfæra samkeppnisstöðu íslensks fiskiðnaðar áður en hægt er að gefa það frjálst. Það þarf að lagfæra samkeppnisstöðuna gagnvart styrkjunum og gagnvart tollunum.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að við eigum möguleika á markaði á ferskum flökum. Ég er hérna með tölur yfir það hvað þarf að borga í toll af ferskum flökum sem væru flutt með flugvélum. Það er ekki dýrt að flytja með Flugleiðum, kostar 40 kr. á kílóið. En í toll verður að borga 70 kr. Meðalverð í desember á ferskum þorskflökum með roði í Bretlandi var um 420 kr., þannig að þetta eru mjög mikilvægir markaðir og gífurlega mikið hagsmunamál að fá þessa tolla fellda niður. Hæstv. utanrrh. er að vinna í þeim málum og það eru gífurlega miklir hagsmunir fyrir íslensk fyrirtæki og íslenskt verkafólk að þessir tollar verði felldir niður. Sömuleiðis með saltfiskinn. Af saltfiski er borgaður 7% tollur að meðaltali. Gróft skotið gæti það þýtt að Grímseyingar hefðu þurft að borga 10 millj. á síðasta ári til Evrópubandalagsins í saltfisktoll. Ég spyr: Hafa Grímseyingar efni á því að borga 10 millj. í saltfisktoll til Evrópubandalagsins? Þetta er dæmi um skerta samkeppnisstöðu. (**JBH:** Það er mjög gróft skot.) Það er mjög gróft skot, segir hæstv. utanrrh., það er ekki upp á aura, nei. En ég hvet hæstv. ráðherra til að flýta sér hægt í að breyta hlutum sem ganga vel þó okkur sé það öllum ljóst að þetta sé það sem kemur í framtíðinni, markaðskerfi. En hinn endinn á markaðinum verður að vera tilbúinn til þess að taka þátt í því svo

við reiðum ekki svo hátt til höggs að kylfan komi í hnakkann á okkur sjálfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins, fyrri umr.

Þáltill. JSS o.fl., 287. mál. — Þskj. 521.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins. Meðflytjendur mínir eru Valgerður Sverrisdóttir, Matthías Bjarnason, Árni Gunnarsson, Kristinn Pétursson og Jón Kristjánsson.

Till. er á þessa leið: „Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum byggðarlaga þar sem loðnuvinnsla hefur verið veruleg með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum sem fyrirsjáanlegt hrun loðnustofnsins kemur til með að valda. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum um aðgerðir skulu lagðar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem verða má og kynntar alþingismönnum.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði."

Er loðnan brást fyrir níu árum var brugðist við á svipaðan hátt með skipan nefndar sem gerði gagngerar tillögur til úrbóta á ástandinu. Þessi nefndarskipan byggðist m.a. á tillögum fjvn. en áður höfðu Halldór Blöndal og fleiri lagt fram svipaða tillögu. Í greinargerð með þeirri tillögu segir m.a., með leyfi forseta: „Það virðist nú liggja fyrir að ekki verði um það að ræða að meiri loðna fáist úr sjó á þessu ári eða í náinni framtíð. Þetta hefur að sjálfsögðu mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið í heild sem enginn skyldi gera lítið úr. Mestur er þó skaðinn á þeim stöðum þar sem loðnuvinnsla hefur verið undirstaða atvinnulífsins, svo sem á Raufarhöfn og Siglufirði. Ef ekkert annað kemur í staðinn er því við að búast að til alvarlegs atvinnuleysis komi nema fólk flytji búferlum hópum saman. Á það er að líta í því sambandi að umsvif þjónustu- og verslunarfyrirtækja dragast stórlega saman samtímis því sem verksmiðjur Síldarverksmiðja ríkisins loka, svo að við blasir að rekstrargrundvöllur sumra þeirra a.m.k. sé ekki lengur fyrir hendi."

Nú einmitt á þessari stundu, virðulegi forseti, situr stjórn Síldarverksmiðja ríkisins á fundi þar sem m.a. verður rætt um það hvort ekki sé rétt að segja upp öllu starfsfólki Síldarverksmiðja ríkisins. Á Siglufirði einum saman þýðir þetta að 60 fyrirvinnur missa atvinnu sína. Á Raufarhöfn munu það vera um 30 manns en samtals munu það vera á fimmta hundrað manns sem starfa við loðnuverksmiðjur vítt og breitt um landið. Það er ljóst að þau sjávarpláss þar sem loðnuvinnsla hefur verið mikilvæg í atvinnulífinu verða fyrir verulegum fjárhagslegum skakkaföllum og sum sveitarfélaganna koma til með að tapa tugum milljóna króna.

Sá loðnukvóti sem Íslendingum var úthlutað á þessari vertíð var á fimmta hundrað þúsund tonn. Þar af er búið að veiða tæplega 100 þús. tonn þannig að eftir er að veiða tæplega 400 þús. tonn enn þá. Verðmæti þess afla sem ætti eftir að taka úr sjó er metið á í kringum þrjá milljarða króna þannig að enn má sjá hvert tapið er sem loðnubræðslustaðir og það fólk sem við þá vinnslu starfar verður fyrir vegna fyrirsjáanlegs loðnubrests.

Auðvitað hefur verið reynt að grípa til einhverra ráðstafana nú þegar. Það liggur fyrir að flutt verði frv. af hálfu sjútvrh. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum og er þá einungis höfðað til þess að veiðitap loðnuveiðiskipanna verði á einhvern hátt bætt. En það verður að segjast að vandinn er a.m.k. tvíþættur. Það kemur greinilega í ljós af viðbrögðum sjútvrn. að þar er í fyrirrúmi fiskveiðistjórnun en engin fiskvinnslustefna því auðvitað landa loðnuskip, sem ekki geta veitt loðnu, engri loðnu á loðnubræðslustaði heldur fara þau á botnfiskkvóta sem þeim verður úthlutað. Þeim afla verður ekki endilega landað á loðnubræðslustöðum, þ.e. það eru bræðslustaðirnir sem missa vinnu, missa tækifæri til vinnslu sjávarafla, meðan þeir staðir sem fyrst og fremst vinna botnfiskafla fá aukinn afla til vinnslu. Ég held að það skorti nokkuð á að sjútvrn. taki til greina þann möguleika að þau loðnuskip sem fá úthlutað botnfiskveiðiafla landi honum á þeim stöðum sem missa vinnslu á loðnunni. Ég held að þetta verði að taka mjög til greina. En það fáum við sjálfsagt að ræða mun betur þegar kemur til kasta okkar að ræða frv. sjútvrh. á þeim tíma.

Það er enn fremur einn möguleiki sem sjútvrn. ætti að taka til greina og hann er hvort ekki er hægt að huga að veiðum á kolmunna. Samkvæmt niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar eru a.m.k. 5 millj. tonna af kolmunna sem syndir um í sjónum einhvers staðar í okkar landhelgi. Nú er það svo að það eru önnur mið sem sækja verður á en loðnumið hvað varðar kolmunna. Það er önnur tækni, það eru önnur troll sem skipin verða að nota sem eru e.t.v. ekki í eigu loðnuútgerðarmanna. Það kemur því til kasta yfirvalda að stofna til tilraunaveiða á kolmunna, hvort við getum ekki nýtt okkur þær 5 millj. tonna sem synda um í sjónum og eru fullkomlega ónýttar því þar er þó fiskur sem kæmi til bræðslu og nýttist bræðslunum og þeim stöðum þar sem unnið er að bræðslu á fiski. Þannig mætti huga að því að finna annan bræðslufisk og þá værum við um leið að nýta okkur þá möguleika sem við höfum til bræðslu á fiski og þá um leið að tryggja atvinnu á þessum loðnubræðslustöðum.

Ég vil leggja til, og mun ítreka það þegar við ræðum um frv. sjútvrh., að hugað verði að þessu máli.

Það bendir flest til þess, eins og segir í grg. með þessari þáltill., að loðnustofninn sé hruninn. Stofnmælingar Hafrannsóknastofnunar benda til þess að loðnustofninn sé vart stærri en 350 þús. tonn. Loðnubræðslustaðir höfðu áhyggjur af þessu ástandi strax í nóvember og í utandagskrárumræðu sem ég fékk að koma inn í á sínum tíma með leyfi hv. félaga míns

Kristins Péturssonar, sem var að ræða þar önnur mál, vakti ég athygli á því að loðnubræðslustaðirnir, sveitarstjórnir á viðkomandi stöðum, hefðu hvatt til þess að leit yrði aukin að loðnunni og bent á það að loðnuveiðiskip væru tilbúin til leitar. Það mætti greiða þeim með því að leyfa þeim að veiða einn og einn farm. Á þeim tíma virtist sjútvrh. ekki hrifinn af þeirri hugmynd en hún var síðan tekin upp eftir jólin og loðnuveiðiskip send til leitar en því miður virtist þessi aukna leit einungis staðfesta bágborið ástand loðnunnar.

Nýjustu fréttir, og þær bárust frá Bolungarvík í gærkvöldi, segja okkur að e.t.v. sé stærðar flekkur af loðnu úti á miðunum sem nauðsyn væri að huga að. Ef það er tilfellið og ef hann er jafnstór og skipstjórinn lét í veðri vaka þá er þetta kannski allt saman ekkert vandamál. En það þýðir ekki að byrgja brunninn þegar barnið er dottið í hann og þess vegna flytjum við þessa tillögu, þannig að bregðast megi við þessum vanda. Flest þau byggðarlög þar sem loðnubræðsla fer fram byggja sína afkomu nær eingöngu á vinnslu sjávarafla og atvinnuástandið á sumum þessara staða hefur verið vægast sagt mjög ótryggt. Það er því fyllsta ástæða til að bregðast við því alvarlega ástandi sem þarna gæti skapast með markvissum aðgerðum til aðstoðar. Því legg ég til ásamt samflutningsmönnum mínum á þessari till. að Alþingi kjósi þessa nefnd líkt og gert var fyrir níu árum, nefnd sem var undir forustu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar sem vann mjög vel, gerði tillögur sem gagn var að. Við viljum endurtaka þennan leik ef ástandið verður jafnalvarlegt og það sýnist ætla að verða. Ég vil leggja til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og þá e.t.v. til fjvn. af því að mér virtist það hafa verið gert fyrir níu árum. Þó kemur mér það dálítið spánskt fyrir sjónir því ég hefði ætlað að svona tillaga færi til meðferðar hjá atvmn., en ég læt það í úrskurð forseta til hvorrar nefndarinnar honum þykir rétt að málinu sé vísað.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn af meðflm. þessarar tillögu og vil leggja örfá orð inn í umræðu um hana þó að hv. 1. flm. hafi fylgt henni úr hlaði. Till. er til komin vegna alvarlegs ástands sem upp hefur komið varðandi loðnuveiðar og loðnustofninn og kveður á um athugun atvinnumála vegna hruns hans.

Það er sannast sagna að miklum loðnuveiðum fylgir sú hætta að loðnustofninn hrynji ef ekki er varlega farið. Ég vil taka það fram í upphafi að ég tel að alla gát verði að hafa á í þessum efnum með veiðar loðnunnar og betra sé að stöðva veiðar um einhvern tíma en að taka þá áhættu að eyðileggja stofninn. Það er nú svo að hann er tiltölulega fljótur að ná sér upp ef varlega er farið. Má nefna sem dæmi að nú er landburður af loðnu við Noreg og löndunarbið en það er ekki nema tiltölulega skammt síðan loðnubrestur varð þar.

Þó að við vonum það besta og þó við vonum að sú mæling sem gerð verður um mánaðamótin leiði eitthvað betra í ljós, við höfum þá von en enga vissu, er tímabært að líta sérstaklega á áhrifin á atvinnulíf þeirra staða sem hafa byggt að meira eða minna leyti á loðnuvinnslu. Það eru nokkrir slíkir staðir í mínu kjördæmi þannig að ég þekki til þess hve víðtæk áhrif miklar loðnuveiðar hafa og ef þær bresta hve víðtæk áhrifin eru. Þau áhrif eru náttúrlega að sjómennirnir sem við þetta vinna missa sínar tekjur, útgerðirnar, hafnarsjóðirnir, og þar með bæjarsjóðirnir, og síðast en ekki síst verksmiðjurnar sem fá ekki hráefni til vinnslu. Þar að auki hefur þetta víðtæk og almenn áhrif á alla þjónustustarfsemi í þessum byggðarlögum eins og aflabrestur hefur ávallt. Það er nú þannig að flest þjónustufyrirtæki sem rekin eru í þessum byggðarlögum, t.d. járniðnaðurinn, netagerðirnar og allt sem fram fer í kringum þetta, byggjast öll á veiðunum.

Tillagan kveður á um að Alþingi láti þetta mál til sín taka og athugi það sérstaklega. Ég er sammála því þó að sjálfsögðu sé sjútvrn. með þessi mál í vinnslu. Ég veit að verið er að skoða málefni verksmiðjanna og frv. er í undirbúningi varðandi loðnuflotann og aflaheimildir til hans og mun áreiðanlega koma á dagskrá Alþingis innan tíðar. Þá gefst auðvitað tækifæri til að ræða þessi mál betur þegar það kemur fram.

Ég er sammála þessari þáltill. enda er ég einn af meðflm. hennar. Áhrifin af loðnubrestinum eru mjög alvarleg í byggðarlögum sem hafa byggt atvinnulíf sitt að meira eða minna leyti á þessum veiðum á þessum tíma. Hvað varðar Austurland þá er ekki ein báran stök þar því að síldarvertíð brást að nokkru leyti, ekki vegna aflabrests heldur vegna sölumála. Tekjur af síldarvertíð á Austurlandi eru því ekki nema svipur hjá sjón það sem af er þessum vetri. Þetta áfall kemur ofan í hið fyrra og ástandið er þá enn þá alvarlegra.

Við vorum einmitt hér í morgun, þingmenn Austurlands, að ræða málefni Seyðisfjarðar sem byggir mjög mikið á þessum veiðum. Þetta áfall kemur ofan í önnur áföll á atvinnulífið þar og gerir það m.a. að verkum að bæjarsjóður er ekki eins vel í stakk búinn til þess að taka þátt í atvinnuuppbyggingu á öðrum sviðum. Þannig er þessi keðjuverkun og þetta er þess vert að Alþingi athugi þessi mál, athugi hvað er til úrbóta. Sú vinna kemur til góða þegar til lengri tíma er litið því, eins og ég sagði í upphafi míns máls, auðvitað vonum við að það rætist úr þessu ástandi og þær mælingar sem fram undan eru leiði einhverjar betri fréttir í ljós en við höfum ekki leyfi til þess að byggja allan okkar málflutning á þeirri bjartsýni. Ég styð þessa tillögu og vona að hún fái skjóta meðferð.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég þakka 1. flm. fyrir að vinna að þessari þáltill. Það er brýn nauðsyn á því að gera úttekt á atvinnumálum þeirra byggðarlaga þar sem loðnuvinnsla hefur verið, fari svo sem verið er að tala um að ekki finnist loðna. En við skulum minnast þess að fyrir ári síðan stóðum við frammi fyrir svipuðu máli en svo kom loðnan. Það er mín persónulega skoðun að það muni fara eins núna, hún muni finnast, en fyrir því er auðvitað engin trygging. En þetta sýnir okkur kannski betur en margt annað hvað við raunverulega vitum lítið um þá fiskstofna sem þessi þjóð byggir af-

komu sína að öllu leyti á. Gætum við ekki nýtt fiskstofnana væru lífskjör á Íslandi ekki merkileg.

Ég vil enn fremur minna á það að nú veiðist loðna vel við Noreg. Samkvæmt upplýsingum sem við fengum í morgun mun vera þriggja til fjögurra daga löndunarbið í Noregi í dag og því er spurning hvort ekki sé hægt að fá loðnu frá Noregi til Íslands alveg eins og stundum er siglt með hana til útlanda þegar mikið veiðist hér. Ef löng löndunarbið er í Noregi munu menn kannski hugsa sig um og þetta er náttúrlega möguleiki. Alla vega er engin ástæða til þess að ætla að það þurfi að vera einstefna í flutningi á fiski frá Íslandi, hann gæti alveg eins komið til okkar. Við ættum alveg að vera samkeppnisfærir um að vinna sjávarafurðir, hvort sem það heitir loðna eða eitthvað, við aðrar þjóðir. Við hljótum að gera þá kröfu til þeirra sem standa að þeim rekstri og til stjórnvalda að þau stuðli að því að samkeppnisskilyrðin séu með svipuðum hætti.

Ég vil enn fremur nota tækifærið, hæstv. forseti, og ítreka að það er staðreynd að allt of lítið eftirlit hefur verið með fæðukerfi nytjastofna hér við land og það er fyllsta ástæða til þess að taka upp umræðu um það hvort ekki sé rétt að auka fjármuni til hafrannsókna. Ég hef oft áður minnt á það án þess að koma með beina tillögu í þeim efnum en það er nú einu sinni á færi þess stjórnvalds sem fer með sjávarútvegsmál hverju sinni að sjá til þess að útvega fjármagn til hafrannsókna. Ég er sannfærður um að við verjum ekki fé í betri hluti en hafrannsóknir og það skilar sér margfalt til baka til þjóðarinnar aftur, hvaðan svo sem við mundum fá fjármagn til þeirra hluta.

Enn fremur er rétt að minna á það að við eigum aðgang að stærsta fiskstofni í Norður-Atlantshafi sem er kolmunninn. Við höfum sömuleiðis varið allt of litlum fjármunum í það að finna leiðir til þess að nýta þann stofn, hvort sem væri til manneldis eða til bræðslu. Við höfum hins vegar farið rétt að í sambandi við rannsóknir á vatnasvæðum hálendisins og í það höfum við eytt gífurlegum fjármunum í áratugi. En að eyða ekki einni einustu krónu í það að reyna að nýta fiskstofna sem eru í milljónum tonna inni á okkar hafsvæði, að við skulum ekki veita fjármuni til þess að prófa okkur áfram við að nýta þessa stofna, það er alveg fyrir neðan allar hellur.

En ég ítreka það, hæstv. forseti, að það er ástæða til að þessi tillaga fáist samþykkt og hún verði hér til umræðu. Á næstu tveimur vikum mun koma í ljós hvort loðnan finnst eða ekki. Ég legg til að hvort sem hún finnst eða ekki munum við samt sem áður auka hafrannsóknir verulega. Fyrir ári síðan var spáð að nýta mætti á þessu ári allt að milljón tonn af loðnu. Enn fremur hefur Hafrannsóknastofnun upplýst að þorskstofninn éti milljón tonn af loðnu á ári. Þá erum við farnir að tala um tvær milljónir tonna. Eitthvað þarf svo loðnan að hrygna til þess að viðhalda stofninum. Nú um daginn fundust ekki nema 300 þús. tonn svo að það er von að maður spyrji sig hvað raunverulega sé að. Eru hafrannsóknir okkar ekki nægilega miklar eða eru einhverjir stórfelldir hlutir að gerast í vistkerfinu í kringum landið og hvað er þá að gerast? Þá er um svo alvarlega röskun í vistkerfinu að ræða, ef það er staðreynd að stofninn hafi hrunið við nefið á okkur, að það er fyllsta ástæða til þess að fá svar við því hvað hafi gerst í hafinu.

Eins og ég sagði áðan hef ég trú á því að við munum finna meiri loðnu. Það er erfitt að reikna þessa fiska út. Þeir kunna hvorki á landabréf né dagatal og hegða sér bara í samræmi við það hvar þeir finna æti hverju sinni og að sjálfsögðu leita þeir á sínar hrygningarstöðvar.

Hæstv. forseti. Ég ítreka að fari svo að ekki verði veidd meiri loðna í ár þá er fyllsta ástæða til að þessi tillaga verði samþykkt.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég er mjög samþykkur þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar. En ég hefði samt talið eðlilegra að hún hefði verið flutt af hæstv. ríkisstjórn, af hæstv. sjútvrh. og það hefði verið gert strax og útlitið var á þann veg sem það er búið að vera núna a.m.k. frá því að síðasta könnun fór fram á loðnustofninum.

Það mál sem hér er verið að ræða um er einmitt sá hluti vandans í kringum loðnubrestinn eða minnkun loðnustofnsins sem við þurfum að hafa sérstakar áhyggjur út af. Vandi loðnuflotans er ekki nema brot af vandanum. Þrátt fyrir það virðist ríkisstjórnin vera komin á annan endann út af því hvernig eigi að færa til kvóta á milli veiðiskipa til þess að laga stöðu hans. En það sem hér er vakin athygli á er svo margþætt, eins og hefur komið fram í ræðum hv. flm. sem hér hafa talað, að það er vandi sem verður að taka á á vegum opinberra aðila og einhvern veginn á þann veg sem hér er lagt til, að kosin verði nefnd til þess að kanna hvernig staðan er og leita beinna úrræða í þeim málum strax þegar stóri dómurinn kemur. Ef hann skyldi verða á þann veg að ástand loðnustofnsins væri þannig að ekki væri hægt að veiða úr honum nema eitthvað mjög lítið þá séu tilbúnar aðgerðir til að bjarga byggðum sem verða fyrir mjög miklum skakkaföllum ef svo fer sem horfir.

Það hefur verið talið hér upp að það eru ekki aðeins verksmiðjurnar sem eru í vanda staddar heldur eru það sveitarfélögin, verkafólkið og þjónustustofnanirnar sem sinna loðnuflotanum þegar hann er á veiðum. Þetta er gerbreyting á atvinnuháttum þeirra byggða sem hafa búið við það sem stóra atvinnugrein hjá sér að vinna loðnuafurðir. Þingmenn Austfjarða hafa bent á það til viðbótar að það svæði sem er nú mest tengt þessum veiðum, þ.e. Austfirðirnir, hefur orðið fyrir öðrum atvinnuskelli einmitt á þessum síðustu mánuðum, þ.e. í sambandi við síldina. Ekki virðist vera neinn áhugi á því að athuga þetta grundvallaratriði fyrr en allt er komið í vanda, fyrr en fólksflótti byrjar. En það er hlaupið til handa og fóta og troðið inn í þingflokka ríkisstjórnarinnar frumvarpsuppkasti að tilfærslu á aflakvóta milli annarra fiskiskipa sem á nú kannski ekki að fara að blanda inn í þá umræðu sem hér fer fram. En mér finnst það ekki vera mál sem neitt liggur á, að

skoða vandamál loðnuflotans sjálfs, fyrr en að því kemur að við fáum lokaúrskurðinn nú um mánaðamótin. Þá er sjálfsagt að skoða það en á allt öðrum grunni en ríkisstjórnin virðist vera að leggja til að eigi að gera.

Hér hefur verið nefnt að í hafinu suðaustur af Íslandi og jafnvel austur af Íslandi er stór fiskstofn, nokkurra milljóna tonna. Við höfum vitað um hann í áraraðir en okkur hefur einhvern veginn ekki tekist að ná tökum á því að veiða hann, þ.e. kolmunnann. Og eins og hv. þm. Kristinn Pétursson benti á hafa ekki verið til peningar til þess að leggja út í rannsóknir, leggja út í þjálfun sjómanna, skipstjórnarmanna, í það að sækja í þennan stofn. Á sama tíma höfum við verið framsýnir á Austurlandi, eytt hundruðum milljóna, milljörðum jafnvel í það að kanna möguleika okkar í vatnsvirkjun. Við gerðum það fyrir löngu síðan og ekkert hvimpin yfir því þó að þær upphæðir hafi hrúgast upp og velt upp á sig vöxtum. Engin endurgreiðsla komið. Ætli hún hefði ekki komið fljótt, endurgreiðslan, ef við hefðum kannað kolmunnastofninn og komist upp á lag með að veiða hann, sem ég er ekki í nokkrum vafa um að muni gerast ef í það verður lagt fjármagn?

Hv. þm. Kristinn Pétursson nefndi líka að við höfum þær gleðilegu fréttir af norska loðnustofninum, Barentshafsloðnustofninum, að hann er mjög stór núna og þar er mjög mikil veiði. Og eins og hv. þm. nefndi mun vera löndunarstopp hjá fiskiskipum í Noregi upp í fjórir sólarhringar þó þeir sigli með sinn afla af miðunum svipaða vegalengd og til Íslands og jafnvel lengri. Mér er sagt að leiðin af miðunum til Álasunds sé upp undir svipuð og til Austfjarða. En það er ekkert gert í því, ja, ég vil ekki segja ekkert, ég hef grun um að eitthvað sé gert, en ríkisstjórnin okkar virðist ekki vera mikið að kanna það hvort það sé ekki möguleiki að fá eitthvað af þessum flota sem liggur bundinn við bryggju í Noregi og bíður eftir því að fá löndun, til þess að koma til Íslands og skaffa hráefni í þær verksmiðjur sem eru núna verkefnalausar. Nei, heldur er hamast við það í sjútvrn. að búa til frv. um það að taka kvóta af þorskveiðisjómönnum vítt og breitt um landið, reyna að skapa atvinnuleysi á Vestfjörðum, Norðurlandi, búa til enn þá meiri vanda út úr þeim vanda sem við blasir.

Það er í sjálfu sér sorglegt að við þessa umræðu, sem ég tel að sé mjög mikilsverð og málið er mjög mikilsvert, að það skuli enginn ráðherra taka þátt í þessu, ekki hæstv. sjútvrh. (**Gripið fram í:** Hann er erlendis.) Því miður er hæstv. sjútvrh. erlendis. En hver skyldi sinna störfum hæstv. sjútvrh.? Trúlega hæstv. forsrh. sem væri þar með og er í eðli sínu jafnábyrgur og hæstv. sjútvrh. í því að taka á þessu mikilsverða máli. Getur það verið að það sé af því að hæstv. ráðherrar séu orðnir það stórir upp á sig að þeir geti ekki litið á merk frv. þingmanna jafngilt því að þeir séu að flytja málin sjálfir? Þó hér sitji ágætis ríkisstjórn, þá held ég að ráðherrar megi aldrei gleyma því að þó að þeir hafi góða yfirsýn í málum þá getur hún stundum brugðist og það hefur gerst núna. Ráðherrar hafa ekki sinnt þeirri skyldu sinni að standa að því að flytja mál svipað þessu inn á hv. Alþingi og sjá til þess að það yrði afgreitt á mjög stuttum tíma og það yrði valið forustulið til að vinna á þann máta sem hér er lagt til, sem væri viðbúið og gæti strax hafið undirbúning að því að taka á þessum málum ef svo fer að loðnuveiði verður svo gott sem engin og hráefni til verksmiðjanna þar af leiðandi ekki neitt og við blasir það vandamál sem menn hafa verið að lýsa hér. En því miður, ríkisstjórnin virðist ekki átta sig á þessum vanda. En þótt svo sé ekki þá vænti ég þess að hv. nefnd sem fær þessa tillögu til umfjöllunar taki hana til umfjöllunar strax á morgun og komi með þetta mál helst á mánudag hér inn á hv. Alþingi aftur þannig að það geti fengið þá umfjöllun sem það þarf og þeir menn sem yrðu valdir til þeirra starfa sem hér er lagt til geti hafið störf nú þegar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ástandið í loðnuveiðum er alvarlegt og bregðist loðnuveiði á þessari vertíð þá er það mikið áfall fyrir þjóðarbúið og ekki síst fyrir þá staði þar sem loðnuvinnsla hefur farið fram. En loðnuverksmiðjur eru hvorki meira né minna en 22 í landinu. Ég tel að það hafi verið staðið að loðnuleitinni á mjög raunhæfan hátt að þessu sinni og enn erum við ekki úrkula vonar um það að loðna finnist og vona ég svo sannarlega að hv. 5. þm. Austurl. reynist sannspár í þeim efnum.

Hv. 4. þm. Vesturl. hafði nokkuð stór orð hér um þessi mál og taldi að ríkisstjórnin svæfi algerlega á verðinum og væri ekki að vinna neitt í málinu. Nú er það ekki svo og veit ég að hv. þm. veit betur. Það eru uppi hugmyndir um að hugsanlega gæti Hagræðingarsjóður komið inn í þetta mál. Sé ég nú að hv. 4. þm. Vesturl. glottir. Mér finnst það nokkuð spennandi að vita hvort hagsmunaaðilar koma til með að kalla þennan sjóð hallærissjóð eftir að hann hefur e.t.v. komið þarna til hjálpar.

Það er þannig í mínu kjördæmi að þetta mál kemur mjög illa þar við a.m.k. tvo staði og jafnvel fleiri og vil ég þá nefna Þórshöfn og Raufarhöfn. Mér finnst mjög athugandi það sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að þessi mál verði tengd þannig saman að fái loðnuskipin bolfiskveiðikvóta þá verði hann einhvern veginn bundinn þannig við þessa staði að þeir fái aukið hráefni til vinnslu. Mér finnst að það þurfi að athuga það mjög gaumgæfilega hvort um slíkt geti orðið að ræða.

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort ég hef mikið meira um þetta mál að segja. Ég er meðflm. að tillögunni og styð hana því að sjálfsögðu og vonast til þess að hún eigi greiðan gang í gegnum þingið.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa fylgi mínu við þessa tillögu og væri full ástæða til þess að sú nefnd, ef kosin yrði, mundi líta á fleira í sambandi við atvinnuástand, þ.e. hinn skerta kvóta eða þá skertu aflaheimild sem t.d. lítur út fyrir að smábátarnir fái og þau al-

varlegu áhrif sem það hefur. En ég ætla nú að geyma mér að ræða það mikið þangað til sjútvrh. talar fyrir sínu frv. sem er væntanlegt um þennan sjóð sem átti að vera til þess að hjálpa þessum stöðum. T.d. var sagt hér í ræðustól af hæstv. sjútvrh. þegar það mál var á dagskrá að Kópasker væri einn af þeim stöðum sem ætti að sitja fyrir að fá úr þeim sjóði einhvern kvóta af því að þeir misstu skipið sem þeir notuðu til bæði rækjuveiða og þorskveiða. Það var verulegur kvóti sem þeir misstu þegar þeir misstu skipið. Ef þeir fá ekkert mun það valda því að sá aðili sem vinnur fisk þar fer á hausinn og það fólk sem hefur unnið hjá honum fær ekki atvinnu. Þetta mál er því ekkert einfalt.

Ég er nú eins og hv. þm. Kristinn Pétursson ekki búinn að missa alveg vonina um að það finnist loðna. Ég er ekki nógu vel að mér í þeim málum hvort það getur verið að loðnugöngur hér í Norður-Atlantshafi og jafnvel til Barentshafs breyti sinni göngu og hvort það getur verið einhver skýring. A.m.k. er það alveg sannað mál að þorskurinn gerir það. Hér á árunum þegar kaldast var í sjónum gekk hann lengra suðaustur í haf. Þá var mikill afli í Færeyjum einmitt á þeim tíma. Það hef ég eftir mjög glöggum skipstjórum sem voru alveg vissir um að þetta hefði þá skeð. En verði það niðurstaðan að loðnuskipin fái þorskafla, þá hlýtur það að vera hlutverk þeirrar nefndar sem kosin verður, því ég efast ekkert um að þessi tillaga verður samþykkt, það væri nú skárra, að róa fyrst og fremst að því öllum árum að það yrði skilyrt að þeir sem fá aflaheimild leggi upp á þessum stöðum þar sem verksmiðjurnar eru og þar sem fólkið hefur misst atvinnuna og sveitarfélagið þar með tekjur af þessari starfsemi.

Hins vegar skulum við gera okkur grein fyrir því að það eru ákaflega skiptar skoðanir um þetta mál. Það er vegna þess að fyrir nokkrum árum urðu menn að velja hvort þeir veiddu loðnu og veiddu síld og þá voru það 43–44 skip sem ákváðu að veiða loðnu. Þegar þetta er orðið þannig að öll útgerð, öll sjósókn, er komin í svo þröngan stakk að hún kemst ekki í hann, margir eru að gefast upp, sérstaklega á smábátunum, þá er vandinn ærinn. Þess vegna skora ég á þá menn sem fara í þessa nefnd — mér þykir það ákaflega líklegt að 1. flm. að þessari tillögu verði í þessari nefnd þó að ég ekki viti það, en mér finnst það líklegt — að skoða þessi mál líka því það er líka alvarlegt. Þetta er allt alvarlegt þegar svo er komið að maður má ekki veiða loðnu, kvótinn fyrir t.d. smábátana er svo að þeir geta ekki lifað af því og verða að selja og hvernig standa svo byggðarlögin sem byggja verulega afkomu sína einmitt á þessum bátum, fyrir utan ýmsa vitleysu sem er í þessum lögum sem ég ætla að geyma mér að tala um þangað til hæstv. sjútvrh. er hér í salnum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það féll niður hjá mér áðan að ég ætlaði einmitt að minnast á það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson var að tala um, þ.e. síldina. Ég held að við verðum að spyrja okkur og að hæstv. sjútvrh. verði að færa rök fyrir því hvað eigi að gera með svona stóran síldarstofn. Hvað á að gera við þann síldarlager hér í sjónum í kringum landið einmitt þegar fæðukerfið er veikt og hvert á að selja þessa síld?

Það er mikið álag á fæðukerfinu í hafinu og þar af leiðandi væri að mínu mati rétt að láta veiða núna einmitt verulegt magn af síld. Nákvæmlega hvað mikið er ég nú ekki með hér, en ég tel þetta vera einmitt einn af þeim möguleikum sem væri miklu réttara að huga að heldur en að færa kvóta úr þessum Hagræðingarsjóði eins og hæstv. sjútvrh. ætlar að fara að gera. Það væri miklu nær að leyfa skipunum að veiða eitthvað af síldarstofninum. Ég tel bara að það sé að öllu leyti gott.

Það er ákveðin mótsögn líka í því við frv. um stjórn fiskveiða og Hagræðingarsjóð að fara nú allt í einu í þveröfuga átt við eigin stefnu, fara að úthluta þessu í enn þá fleiri áttir, tvístra þessu meira en orðið er, og er nú ekki mikil hagræðing fólgin í því held ég. Því að dýrt verður nú að starta þorskveiði loðnuveiðiskips með öllum þeim byltingum og breytingum sem þarf að gera á viðkomandi skipi því það stendur að ekki megi færa kvótann af skipinu. Það þýðir að útgerðin hefur væntanlega ekkert út úr þessu og spurning hvort lagt verður í það.

En það er líka enn ein leið til og það er að veita hreinlega styrk til þessara fiskiskipa til að nýta vannýtta fiskstofna, svo sem kolmunna, gulllax og fleiri tegundir, eða reyna djúphafsrækjuveiðar t.d. fyrir Austurlandi. Þarna eru möguleikar sem ekkert er verið að ræða. Það er eins og annað komist aldrei að hjá mönnum. Þeir eru fastir inni í einhverjum hring og komast ekki út úr hugsunarhættinum inni í þessu kvótakerfi. Þar á alltaf að stjórna og herða og stjórna meira, skammta meira, deila og drottna og komast ekki út úr þessum hugsunarhætti. Menn verða að komast alla vega 100 mílur frá landi, þó að maður fari nú ekki fram á meira, í hugsunarhætti. Þar eru til fiskstofnar sem eru vannýttir. Því skyldum við ekki fórna peningum í það að reyna að nýta þessa stofna alveg eins og við fórnum peningum í rannsóknir á vatnasvæðum hálendisins eins og ég sagði hér áðan? Þegar verið er að ræða þessa hluti heyrist svo oft: Ómögulegt, ómögulegt. Fólk sem vill ekki bjarga sér er ómögulegt fólk.

Hæstv. forseti. Ég vildi bara koma þessu hér á framfæri.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hv. 5. Norðurl. e. Valgerður Sverrisdóttir nefndi nokkur atriði sem ég held að sé rétt að skoða svolítið betur. Í fyrsta lagi að loðnurannsóknir hefðu verið stundaðar við landið á þann veg sem ekki væri gagnrýnisvert og jafnvel að það hefði verið gert vel. Því miður er þetta nú ekki þannig alveg eins og hv. þm. Kristinn Pétursson gat um. Það hefur farið fram allrækileg loðnuleit, en það er alveg tvennt ólíkt og loðnurannsóknir. Líffræðilegar rannsóknir í hafinu hér norður af Íslandi hafa næstum engar farið fram þrátt fyrir að Hafrannsóknastofnun hefur vitað um það á undanförnum árum að ástand sjávar við Norðurland hefur verið mjög afbrigðilegt. Engan veginn er hægt að fullyrða, vegna þess að það er engin rannsókn þar fyr-

ir, en að öllum líkindum er mjög lítil fæðuframleiðsla í hafinu norður af landinu. Menn hafa verið að láta sér detta í hug núna á síðustu mánuðum að kannski stafi sá loðnubrestur sem við okkur blasir af því að ekki hafi verið næg fæðuframleiðsla í hafinu til þess að standa undir þessum stóra stofni sem loðnustofninn okkar var þarna á síðasta ári þegar hann var mældur. En því miður liggja engar öruggar rannsóknir fyrir um það að svo sé. (**VS:** Ég var að tala um loðnuleitina að þessu sinni.) Loðnuleitin já, virðulegi þm., loðnuleitin mun hafa verið framkvæmd — ég vil segja allsæmilega, m.a. að tillögum hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, að senda í þær fiskiskip ásamt með fiskirannsóknarskipunum okkar. En ef ég hef misskilið hv. þm. þá breytir það nú kannski ekki miklu. Ég ætla að taka það til baka að hv. þm. hafi verið að segja að loðnurannsóknir hafi verið vel framkvæmdar. Því miður er það ekki þannig. En loðnuleitin hefur verið, sérstaklega síðasti leitarleiðangurinn, mjög trúverðug og hefur sjálfsagt verið innt af hendi eins vel og kostur var.

Í öðru lagi. Ekki vildi hv. þm. taka undir það sem ég sagði að ríkisstjórnin hefði sofið á verðinum. Ég sagði að ríkisstjórnin hefði sofið á verðinum gagnvart þessum þætti málsins, gagnvart þættinum sem tengist loðnuverksmiðjunum og þeirri þjónustu og því starfsliði öllu sem þeim tengist. Og ég sagði að þetta væri forgangsverkefni, sem ætti að taka á undan því að tala um það hvernig ætti að standa að og styðja loðnuflotann. Það væri málefni sem ekki ætti að fara að fjalla um neitt alvarlega fyrr en eftir eða um það bil sem síðasti rannsóknarleiðangurinn færi fram og við fengjum úr því skorið að um það væri ekki að ræða að þessi floti gæti farið á veiðar.

Því miður er byrjað á öfugum enda og ég vil undirstrika það. Það er ekki verið að hugsa um vandamál íbúa á Þórshöfn og Raufarhöfn. Þeir mega bíða og sjá hvað setur. En við skulum reyna að hugsa fyrir því að hagur útgerðarmanna loðnuskipanna verði nú einhvern veginn réttur við — en því miður með því að taka af öðrum. Það er ekki verið að leysa vandamálin á þann veg að þessir aðilar geti bjargað sér að einhverju leyti sjálfir, heldur á að taka fiskiréttinn af öðrum, úr þorskstofninum, og veikja aðrar útgerðir hringinn í kringum landið á kostnað þeirra. Það er nú svo að bæði Þórshöfn og Raufarhöfn (**Gripið fram í:** Og Akureyri?) Ég ætla nú að taka þessa tvo staði fyrir. Ég veit ekki til þess að frá þessum byggðum séu gerð út loðnuskip, ég man ekki eftir því. Ef svo er mundi ég biðja þingmenn um að leiðrétta það. Það mun ekki vera. Þess vegna er það bara óskhyggja hv. þm. úr Norðurlandskjördæmi eystra að í frv., sem búið er að sýna í þingflokkum og ég vona að aldrei verði lagt fram, verði sett binding um það að loðnuskipin sem gerð eru út frá Reykjavík og Hafnarfirði komi til með að landa á Raufarhöfn og Þórshöfn. Það er mikil óskhyggja. Hvers vegna ætti frekar að binda loðnuskipið sem gert er út frá Reykjavík til að landa á Þórshöfn á Langanesi og hvernig ætti að velja skip úr til þess að landa þar frekar heldur en loðnuskipin sem gerð eru út á Neskaupstað, sem eðlilega ættu þá að landa þar? Því ekki Eskifirði? Akranesi?

Staðreyndin er sú að þetta eru mál sem ekki er hægt að tengja saman. Það verður að leysa þennan þátt hvern út af fyrir sig. Það verður ekki gert með öðrum hætti. (**VS:** Hver er tillaga hv. þm.?) Tillaga hv. þm. er sú, eins og ég nefndi hér áðan, að það verði kjörin nefnd eftir þessari tillögu sem við erum að fjalla um hér. Sú nefnd hefði helst átt að vera kjörin á þessum fundi að forgöngu ríkisstjórnarinnar til þess að taka á þeim vandamálum sem við blasa í verksmiðjubæjunum og þjónustubæjunum við loðnuveiðiflotann. Þar eru margir hlutir sem koma til, m.a. beinlínis gagnvart verksmiðjunum sjálfum að ganga í það að tryggja að lánastofnanir, sem maður heyrir nú að tilkynni hverri loðnuverksmiðjunni á fætur annarri að þetta lánið og hitt lánið sé fallið í gjalddaga, að þessir góðu herrar sem yfir peningunum ráða átti sig á því að þarna eru uppi vandamál og þeir skuli gera svo vel og láta þetta bíða. Það er líka hægt að athuga strax í dag hvort hægt er að fá norska flotann til þess að koma upp á Austfirði þó ekki væri nema eitt, tvö skip í hverja byggð. Það er bara ekki gert. Hæstv. sjútvrh. er erlendis og hæstv. forsrh. er eitthvað annað að gera.

Vitaskuld eru þetta margþættir hlutir sem þarna þarf að gera. Sú nefnd sem vann hér að svipuðu málefni, 1982 mun það hafa verið, hv. þm., leysti vandamálin á ýmsan máta. Sveitarstjórnirnar, hafnirnar voru styrktar og þeim var hjálpað til að komast yfir þennan erfiða hjalla og þetta var leyst á breiðum grunni. En það var ekkert tengt þessu vandamáli sem er kvóti fyrir loðnuskipin. Ég ætla að benda hv. þm. á það þegar verið er að fjalla um þetta frv. í þingflokkum ríkisstjórnarinnar að loðnuskipin, eins og hér kom fram í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, meginhlutinn af þeim flota hafði þorskveiðikvóta. Hvað skyldi hann hafa gert af þessum kvóta? Hann seldi hann eða ráðstafaði honum á einhvern þann máta að út úr því kom fjármagn til þeirra. Þetta var kannski alveg eðlilegt. Þeim var skammtaður þarna góður bás á loðnunni og hvað skyldi sá bás hafa verið mörg þorskígildi? Ég tel að þorskígildi hvers loðnuskips hafi verið um 1400 tonn. Það þætti hverjum vertíðarbáti, togara af svipaðri stærð og loðnuskipin, allsæmilegt. Þeim mundi finnast það bara alveg sæmilegt og það væru ekki nein stór vandamál að vakna upp hjá þeim þó það blasti við bann á veiði í nokkra mánuði, vonandi ekki lengur en fram í september, október næsta ár, ef þeir hefðu haft 1400 tonna aflakvóta á undanförnum árum, bátarnir sem hafa verið með 700 tonna, 600 tonna kvóta og orðið að láta rekstur standa undir sér.

Ég undirstrika að það er mikil nauðsyn og mikil alvara bak við þá tillögu sem hér er flutt og við megum ekki blanda henni í einu eða neinu saman við það plagg sem hæstv. sjútvrh. hefur sent til þingflokka ríkisstjórnarinnar til að skoða og sem ég vona að þar verði aldrei gert meira með en að það verði skoðað.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nú benda hv. þm. Skúla Al-

exanderssyni á það að þessi tillaga er aðeins um úttekt á atvinnumálum byggðarlaganna þar sem loðnuvinnsla hefur verið veruleg með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum sem fyrirsjáanlegt hrun loðnustofns kemur til með að valda. Það er ekkert annað sem felst í þessari tillögu í sjálfu sér. Og það að ekki sé hægt að skilyrða það þó að skipin séu frá öðrum stöðum þar sem loðnuverksmiðjur eru. (**SkA:** Virðulegi þm., ég sagði að það væri mikil óskhyggja ef þingmenn tryðu því að það yrði gert eitthvað af viti í þessu máli.) Það getur vel verið að hv. þm. Skúli Alexandersson búist ekki við að það verði neitt gert af viti í þessum málum. En ég held að það væri gert af viti ef það væri gert að menn fengju ekki slíkan afla öðruvísi en landa á þessum stöðum. En auðvitað á að athuga alla möguleika. Það á að athuga hvort það er hugsanlegt, bæði upp á verð og möguleika, að fá loðnu frá Noregi. Það á auðvitað að athuga það á undan öðru hvort það er óhætt að taka töluvert af síldarstofninum fyrir þessi skip. Það á auðvitað að gera tilraun með kolmunna. Ég geri ekki ráð fyrir því kannski að á þessari vertíð muni það verða til að bjarga miklu, öðru en því að það yrðu gerðar tilraunir. Það var ekki verið að víla fyrir sér að láta fé í rannsóknir í milljónatali, tugmilljónatali, þegar var áætlun um það að setja Jökulsá á Fjöllum austur á land, stóra vitleysan. Þá stóð ekki á peningum. En þannig er nú staðið stundum að málum af þeim mönnum sem stjórna og þar eiga embættismennirnir ekki lítinn hlut. Það er nú sannleikurinn í því. Og það mál þyrfti auðvitað að reyna að draga fram úr lokuðum skúfum og skoða hvað miklum fjármunum var með því móti kastað á glæ. En umfram allt á að fara eftir þessari tillögu um það að athuga atvinnulífið á þessum stöðum en huga í leiðinni að smábátunum.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir ágæta umræðu sem hér hefur farið fram. Það er mjög margt gott sem allir, sem hér hafa tekið til máls, hafa lagt til málanna þó að menn séu ekki sammála frekar en fyrri daginn um hvað eigi að leggja til í sjávarútvegsmálum. Það sem hefur að mínu áliti kristallast út í þessum umræðum er að vandinn er auðvitað miklu flóknari en ég lagði upp með hér til að byrja með. Ég taldi í upphafi að vandinn væri a.m.k. tvíþættur. En nú held ég að það sé óhætt að segja að hann sé a.m.k. margþættur.

Í fyrsta lagi er vandi loðnuskipanna sem við höfum séð hér að undanförnu að verið er að taka á með frv. sjútvrh. Auðvitað deilum við um það hvort þar sé rétt tekið á. Við deilum um það hvort það sé möguleiki að skikka loðnuveiðiskipin sem fá botnfiskveiðiafla til að landa á þeim stöðum þar sem vandinn er fyrir hendi. Ég er þeirrar skoðunar að auðvitað sé það hægt og mundi vilja minna hv. 4. þm. Vesturl., sem kemur nú úr Alþb., þeim ágæta flokki, á það að sá flokkur lagði til hér á sínum tíma að kvótinn yrði einmitt bundinn við byggðir. Hér væri þá kominn vísir að því í þessu tilfelli að við mundum binda kvóta þessara skipa einmitt við þær byggðir sem ættu við þennan vanda að stríða og þá fengju alþýðubandalagsmenn einhverja fullnægju í sinni viðleitni að koma á byggðakvóta. (**Gripið fram í:** Kannski fleiri.) Og kannski fleiri. (**SkA:** Ég er samþykkur þessu en ég veit um valdakerfið.) Ég skil fullkomlega hvað hv. þm. á við og vissulega sé ég erfiðleikana sem við okkur blasa. En svo fremi einhver okkar sem hér eru inni, sem mér finnst nú vera helst til fáir því mér finnst þetta vera það stórt mál að það komi þingheimi öllum við þó að það snerti sérstaklega vanda þeirra byggðarlaga sem missa loðnuna í þetta skipti, lendir í þessari nefnd er ég sannfærður um að þá mun þessi tillaga koma frá nefndinni. Ég mundi eindregið leggja til að þeir sem fara í þessa nefnd hugi einmitt að þessu.

Í öðru lagi er vandi verksmiðjanna sjálfra sem missa af loðnunni. Ég veit að í sjútvrn. er að störfum svokölluð bjargráðanefnd sem á að taka til vanda síldarverksmiðjanna, loðnuverksmiðjanna, sem missa af þessum afla væntanlega og það verður leitað leiða til að leysa vanda verksmiðjanna sérstaklega. Verksmiðjurnar sjálfar, Síldarverksmiðjur ríkisins, eru að taka á þessum vanda einmitt þessa stundina. Þær taka á þeim vanda á þann veg að segja upp öllu starfsfólkinu.

Þá kemur í þriðja lagi vandi verkafólksins sjálfs eins og hv. 4. þm. Vesturl. benti á. Það er vandi verkafólksins sem kemur til með að standa á götunni og hefur enga vinnu. Í því sambandi vildi ég benda á ágætt frv. hv. 4. þm. Norðurl. v. um atvinnuleysistryggingar þar sem er sérstaklega fjallað um rétt starfsfólk í loðnuverksmiðjum, þann sama rétt og starfsfólk í fiskvinnslustöðvum hefur þegar um hráefnisskort er að ræða. Það gengur út á það að þessar vinnslustöðvar geta fengið sem svarar 80% kaups þessa fólks og það er möguleiki á því í verksmiðjunum sérstaklega að halda því að vinnu. Það er margt að gera í loðnuverksmiðjum einnig þegar ekki er um bræðslu að ræða. Það þarf mikið viðhald að koma til og þetta fólk getur þá verið í vinnu án þess að starfa beint að bræðslu. En þetta er ekki mjög heppilegt ástand og ég nefndi hér áðan í minni framsögu að það ætti að huga að því að finna möguleika til að veiða kolmunna.

Hv. þm. Skúli Alexandersson, Kristinn Pétursson og fleiri hafa nefnt möguleikana á því að nýta síldarstofninn betur. Það hefur verið hugað að möguleikanum á því að fá norsk skip til að landa hér loðnu. Það er því ýmislegt hægt að gera til þess að fá bræðslufisk í verksmiðjurnar. Því má ekki gleyma að jafnvel þó við gætum fengið bindingu á loðnuveiðiskipin til að landa sínum botnfiskafla á þeim stöðum sem missa af loðnunni, þá er það ekki sama fólkið sem kemur til með að vinna botnfiskinn og það fólk sem annars hefði unnið í loðnuverksmiðjunum. Loðnubræðslufólkið er því eftir sem áður atvinnulaust. Það er því vandi verkafólksins í þriðja lagi sem verður að huga að. Í fyrsta lagi með þeim ráðstöfunum sem hv. þm. Ragnar Arnalds leggur til á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er leitin að kolmunnanum. Það er möguleikinn á síldinni og það er möguleikinn á afla norskra loðnuveiðiskipa í okkar verksmiðjum.

Þetta gæti bjargað ástandinu. Þetta eru þeir möguleikar sem nefndin, sem við leggjum hér til að sett

verði á stofn, ætti að huga að.

Í fjórða lagi er síðan vandi sveitarfélaganna sjálfra ef þetta gerist allt saman, þ.e. ef loðnuveiðin bregst. Allar þær tekjur sem sveitarfélögin verða af. Þau standa auðvitað uppi með gífurlegan tekjumissi og það eru einmitt sveitarfélög sem ekki eru sterk á svellinu og ekki mega við því að verða af verulegum tekjum sem hér um ræðir.

Ég átti samtal hér áðan við hv. 6. þm. Norðurl. e. um það efni til hvað nefndar væri rétt að vísa þessari tillögu. Ég skaut því til virðulegs forseta að skera úr um það hvort réttara væri að skjóta þessari tillögu til atvmn. eða til fjvn. eins og gert var hér fyrir níu árum. Við hv. þm. Stefán Valgeirsson urðum ásáttir um það í okkar samtali að réttara væri að skjóta þessu máli til atvmn. Mér sýnast mörg rök hníga að því. Ég heyrði hins vegar á máli hans sjálfs hér áðan, hv. þm., að svipuð virðuleg nefnd, sem starfaði hér fyrir níu árum, gerði einmitt margar og merkar tillögur um fjárútlát, stuðning til hafna, stuðning til sveitarfélaga og stuðning á margvíslegan hátt. Þetta eru auðvitað útgjöld sem taka til fjvn. Að því leyti hníga e.t.v. sterk rök að því að þessi nefnd verði sett á laggirnar að tilstuðlan fjvn. og hún fái að fjalla um það. Ég vil að menn hugi e.t.v. betur að því en eftir sem áður að forseti úrskurði í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða síðasta ræðumanns um hvert ætti að vísa þessari tillögu vill forseti taka það fram að hann er sammála því að það eigi að vísa þessari tillögu til atvmn. Það er úrskurður forseta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

47. fundur, mánudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Halldór Blöndal, varaformaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Þorsteinn Pálsson er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Árni Johnsen blaðamaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Árni Johnsen hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf, einnig frá hæstv. forseta Nd. Það hljóðar svo:

„Þórhildur Þorleifsdóttir, 12. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég sökum anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Kvennalistans í Reykjavík, Sigrún Helgadóttir líffræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þá hefur borist eftirfarandi bréf:

„Vegna anna get ég undirrituð ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Þórhildar Þorleifsdóttur.

Sigríður Lillý Baldursdóttir,
Funafold 52, Reykjavík."

Þá hefur borist annað bréf:

„Sökum anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á þingi í fjarveru Þórhildar Þorleifsdóttur, þingkonu Kvennalistans.

Með virðingu,
María Jóhanna Lárusdóttir,
Klapparási 6, Reykjavík."

Sigrún Helgadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hana velkomna til starfa.

Björgunarþyrla, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA, 242. mál. — Þskj. 356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til allshn. með 41 shlj. atkv.

Vegrið, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA, 243. mál. — Þskj. 357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Athugun á innumála vegna hruns loðnustofnsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. JSS o.fl., 287. mál. — Þskj. 521.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til atvmn. með 40 shlj. atkv.

Sektir vegna mengunarbrota á hafnarsvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ESH, 291. mál. — Þskj. 526.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 41 shlj. atkv.

Frelsi í útflutningsverslun, frh. fyrri umr.

Þáltill. BGuðm og SighB, 298. mál. — Þskj. 534.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til atvmn. með 41 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Persaflóadeilan.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þá hefst umræða utan dagskrár um Persaflóadeiluna. Umræðan fer fram skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapalaga og því er ræðutími manna ómældur. Málshefjandi er hv. 6. þm. Reykv. og tekur hún nú til máls.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka virðulegum forseta fyrir að leyfa þessa umræðu utan dagskrár. Ég vil jafnframt þakka hæstv. utanrrh. fyrir að hafa orðið við þeirri beiðni minni að taka þátt í þessari umræðu og jafnframt hæstv. forsrh. Ég hafði beðið ritara hans að koma boðum til hans um þessa umræðu og ég sé að hann hefur orðið við þeirri ósk minni að vera viðstaddur. Ég tel það mjög mikilvægt þar sem þetta mál kemur að sjálfsögðu ríkisstjórninni allri við en ekki eingöngu hæstv. utanrrh.

Það þarf varla að lýsa þeim hörmungum sem eiga sér nú stað við Persaflóa fyrir neinum hér, svo náinn sem fréttaflutningurinn hefur verið. Það er e.t.v. ekki síst þess vegna sem fólk, almenningur í landinu, veltir fyrir sér þeirri óhugnanlegu spurningu hvort Ísland geti orðið aðili að þessu stríði. Það er einmitt vegna aðildar Íslands að málinu sem ég kveð mér hljóðs utan dagskrár.

Af ummælum íslenskra stjórnvalda og túlkun þeirra á skuldbindingum Íslands hefur mátt skilja að Ísland geti hvenær sem er orðið aðili að styrjöld. Ég tel það hina mestu óhæfu og ógæfu fyrir Ísland ef sú túlkun margra verður ofan á að skv. 5. gr. í Norður-Atlantshafssamningnum frá 1949 verði öll NATO-ríki, að Íslandi meðtöldu, stríðsaðili sé ráðist á eitt NATO-ríki. Ég tel að þessi túlkun sé ekki rétt en reynist svo vera, þá held ég að tími sé til kominn að losa Ísland undan slíkri kvöð. Í 5. gr. NATO-samningsins segir, með leyfi forseta:

„Aðilar eru sammála um að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla. Fyrir því eru þeir sammála um að ef slík vopnuð árás verði gerð, þá muni hver þeirra í samræmi við rétt þann til eigin varna og sameiginlegra, sem viðurkenndur er í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðstoða aðila þann eða þá sem á er ráðist með því að gera þegar í stað hver um sig og ásamt hinum aðilunum þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar og er þar með talin beiting vopnavalds til að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins."

Greinin er örlítið lengri en ég les ekki lengra.

Í 9. gr. samningsins eru ákvæði um varnarnefnd sem gerir tillögu um ráðstafanir til framkvæmda, m.a. á þessari 5. gr. samningsins.

Ég fæ ekki betur séð en það sé á valdi hverrar ríkisstjórnar að dæma um það hvað nauðsynlegt er í þessu sambandi. Vilji íslensku ríkisstjórnarinnar þarf því að koma fram í NATO-ráðinu ef til kemur og þá að sjálfsögðu að höfðu samráði við utanrmn. og Alþingi. Ég vil þess vegna spyrja bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. álits á þessari túlkun og bið þá að svara skýrt því að þjóðin á heimtingu á að verða upplýst um svo alvarlegt mál.

Ég heyri í fréttum frá öðrum NATO-ríkjum, m.a. Danmörku og Þýskalandi, að þar eru uppi sömu sjónarmið og ég hef um túlkun á NATO-samningnum. M.a. kom það skýrt fram í útvarpsviðtali við Schröder, forsætisráðherra Neðra-Saxlands, 24. jan. sl.

Landið sem gert er ráð fyrir að Írakar kunni að ráðast á er NATO-ríkið Tyrkland. Það hefur reyndar lengi þótt svarti sauðurinn innan NATO vegna takmarkaðs lýðræðis, svo að ekki sé meira sagt, og stöðugra mannréttindabrota. Ég fæ ekki betur séð en Tyrkland sé að fyrra bragði orðið stríðsaðili þar eð það hefur heimilað Bandaríkjamönnum að nota bækistöðvar til árása á Írak. Einnig er ljóst að forseti Tyrklands, Turgut Özal, hugsar sér gott til glóðarinnar um stríðsþátttöku til að tryggja sér hluta í samningum um hugsanlega skiptingu Íraks að styrjöldinni lokinni.

Samkvæmt tímaritinu Der Spiegel í sl. viku hefur hann þegar flutt íbúa frá landamærum Íraks og komið upp 20 sjúkraskýlum. Uppáhaldsorðtæki hans samkvæmt sömu heimild er: Þar sem aðeins eru haukar getum við einir ekki leikið dúfurnar.

Ég bið menn að hugleiða hvaða glóra sé í því að taka á sig þær skuldbindingar sem sumir vilja lesa út úr 5. gr. NATO-samningsins. Ef land eins og Tyrkland lendir í útistöðum við nágranna sína, þá sé Ísland orðið skuldbundið sjálfkrafa til að veita aðstoð sem stríðsaðili. Og hvað ef tvö NATO-ríki fara í hár saman? Ég man ekki betur en það hafi gerst fyrir allmörgum árum þegar Tyrkland og Grikkland lentu í hár saman út af Kýpur.

Nú hefur stríðið við Persaflóa staðið í tíu daga og æ betur kemur í ljós alvara málsins þegar sigurvíman er að renna af fjölþjóðahernum og farið er að tala um stríð sem geti varað mánuðum saman. Það hefur einnig komið fram í fréttum undanfarið að verulega deildar meiningar hafi verið meðal forustumanna 28 ríkjanna sem standa að fjölþjóðahernum hvort ráðast skyldi til atlögu svo fljótt eða reynt frekar að ná pólitískri lausn með áframhaldandi viðskiptaþvingunum.

Bush Bandaríkjaforseti og John Major, forsætisráðherra Breta, virðast hafa verið öðrum ákveðnari í að láta til skarar skríða stuttu eftir eindaga 15. jan. og bundið það fastmælum sín á milli á fundi þeirra 21. des. Baker, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er hins vegar sagður hafa verið í hópi þeirra sem vildu doka við, að ekki sé talað um Mitterand Frakklandsforseta og Þjóðverja.

Ég er hrædd um að menn hafi ekki gert sér grein fyrir hvaða afleiðingar þessi styrjöld muni hafa varðandi samskipti Vesturlanda við Arabaheiminn á næstunni og e.t.v. um langan aldur. Sem dæmi um þetta get ég bent á viðtal sem sýnt var í fréttum, á CNN held ég að það hafi verið, við fjölskyldu sem flúið hafði frá Kúvæt til Jórdaníu þar sem þau hafast nú við. Hjónin bæði sögðust eindregið standa með Írökum í styrjöldinni þar sem málið snerist ekki lengur um Kúvæt heldur árás Bandaríkjanna á Írak sem hluta af Arabaheiminum. Fullyrt er að a.m.k. $^2/_3$ þeirra 200 milljóna Araba standi nú með Írak í þessu stríði og margar ríkisstjórnir í þessum löndum geta brátt staðið frammi fyrir uppreisn almennings.

Á Arabíuskaganum má segja að búi sama fólkið með sömu tungu og trú og segja má að Kóraninn sé sameiginleg stjórnarskrá ríkjanna sem þar eru. Almenningur lítur almennt svo á að landamæri skipti ekki höfuð-

máli enda má ekki hafa landamæri milli trúaðra samkvæmt því sem Kóraninn segir. Það er ekki hægt að setja vestrænan mælikvarða á það sem þarna getur eða er að gerast. Ég er ekki með þessu að réttlæta aðgerðir Íraka á neinn hátt heldur aðeins að sýna fram á hversu röng ákvörðun það var að láta vopnin tala við Persaflóann.

Áður en átökin hófust var haldin ráðstefna í London um hugsanleg umhverfisáhrif styrjaldar. Á ráðstefnunni voru rædd áhrif þess að kveikt yrði í olíuborholum í Kúvæt. Með reiknilíkönum reyna vísindamenn að meta hugsanleg umhverfisáhrif. Ef kveikt væri í um það bil helmingi af 1000 olíuborholum í Kúvæt mundu milljónir tonna af olíu breytast í sót og lofttegundir. Svart ský mundi berast í átt til Indlandssvæðisins og draga úr eða hindra alveg monsúnrigninguna þannig að afkoma milljóna manna í Pakistan, Indlandi og Bangladesh væri í hættu. Richard Scurer veðurfræðingur sagði að rykskýið mundi fljótt hylja Bagdad og Bombay og innan mánaðar ná um alla jörð. Sérfræðingur frá olíufélaginu BP lýsti því á ráðstefnunni hve erfitt væri að ráða við olíuelda. Hráolía er undir miklum þrýstingi neðan jarðar og spýtist upp með miklum krafti og nærir eldinn fyrir ofan borholuna. Hann taldi að eldur gæti logað í níu mánuði ef tækist að kveikja í borholunum. Hugleiðið þetta vandamál.

Poul Crutzen lofthjúpaefnafræðingur hefur með reiknilíkönum metið áhrif kjarnorkuveturs sem mundi fylgja í kjölfar kjarnorkustyrjaldar. Hann hélt því fram að ef kveikt yrði í borholum í Kúvæt í stórum stíl mundu áhrifin líkjast þeim sem yrðu við kjarnorkustyrjöld. Forsendur útreikninganna voru að 10 millj. tunna brynnu á dag sem hefði í för með sér 10 þús. tonn af reyk sem stigi upp í loftið þannig að áhrifin yrðu þá ekki aðeins við Persaflóa heldur mundi reykskýið þekja stóran hluta norðurhvels jarðar og hitastigið mundi falla um 10 gráður að meðaltali. Þetta mundi einnig hafa veruleg áhrif á lofthjúpinn og heiðhvolfið með mjög alvarlegum afleiðingum, m.a. eyðingu ósonlagsins, og það með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þrátt fyrir allar þessar upplýsingar, sem lágu fyrir áður en styrjöldin hófst, var því miður ákveðið að hefja styrjöldina og kveikt hefur verið í borholum þó að ekki sé það í eins miklum mæli og vísindamennirnir gerðu ráð fyrir í svartsýnustu útreikningum. En við vitum lítið hvað Saddam Hussein dettur í hug að gera.

Straumur olíu út í Persaflóa er annað dæmi um umhverfisspjöll sem fjölda ára tekur að bæta, ef það tekst þá nokkurn tíma. Nýjustu fréttir herma að tekist hafi að stöðva olíuflæðið en þetta er bara eitt af mörgum spjöllum sem þarna eiga sér stað. Enn hafa okkur ekki borist neinar fréttir af þeirri eyðileggingu sem fjöldþjóðaherinn hefur valdið með sprengingum sínum. Giskað hefur verið á að sprengiefnið sem varpað var á Írak og Kúvæt fyrstu nóttina hafi verið 1,5 sinnum meira magn en varpað var á Hiroshima. Reiknað hefur verið út að í 1300 árásarferðum sem farnar voru fyrstu 20 klukkustundirnar þann 17. jan. hafi 18 þús. tonnum af sprengiefni verið varpað. Það hlýtur einhvers staðar að mega sjá þess merki í Írak og Kúvæt að allt þetta sprengiefni hafi fallið. Mér þykir ótrúlegt annað en þúsundir manna hafi fallið, mannvirki eyðilagst, og það ekki eingöngu hernaðarmannvirki, og umhverfisáhrifin hljóta að vera gífurleg.

Ég óttast mjög að þetta stríð verði ekki til þess að auka líkurnar á friði í þessum heimshluta eða lausn muni finnast á deilumálum sem þar hafa verið. Áður en styrjöldin hófst var bent á að til þess að koma í veg fyrir stríð væri hægt að fallast á þá kröfu Íraka að leysa Palestínumálið samhliða því að Írakar drægju heri sína út úr Kúvæt. Mér er alveg hulin ráðgáta af hverju ekki var hægt að fallast á þessa lausn. Mér er einnig ómögulegt að skilja þá ósamkvæmni sem fólgin er í því að framfylgja ekki samþykktum Sameinuðu þjóðanna að því er varðar lausn Palestínumálsins, en bíða ekki einn einasta dag með árásina á Írak.

Virðulegur forseti. Úr því sem komið er ætti að vera ljóst að það er öllum til hagsbóta að stríðinu ljúki strax. Fyrir því eigum við að beita okkur á alþjóðavettvangi. Ég vil því endurtaka spurningu mína til hæstv. utanrrh. og forsrh. varðandi túlkun þeirra á 5. gr. Atlantshafssáttmálans og jafnframt hvort íslenska ríkisstjórnin sé ekki reiðubúin að beita sér fyrir að átök verði stöðvuð og sest að samningaborðinu. Mig langar jafnframt að spyrja að því hvort ríkisstjórnin hafi nú þegar mótað afstöðu vegna hugsanlegra árása á Tyrkland eða önnur NATO-ríki. Við eigum að lýsa andúð okkar á ofbeldi og yfirgangi hvar sem er í heiminum og vinna að friði. Það er hægt að vinna styrjöld en um leið tapa friðnum. Því miður er það nú að gerast. Ég legg áherslu á að Ísland hefur hlutverki að gegna til að koma friði á í heiminum. Þess vegna legg ég áherslu á að Ísland gerist ekki aðili að stríði við Persaflóa. Í styrjöld tapa allir. Þar verður enginn sigurvegari.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingheimi er kunnugt er upphaf þeirra blóðugu styrjaldarátaka sem nú geisa á Persaflóasvæðinu það að þann 2. ágúst sl. hóf Írak hernaðaraðgerðir á hendur grannríki sínu Kúvæt, hernam það og síðar innlimaði í ríki sitt. Þessar hernaðaraðgerðir Íraksstjórnar voru að sjálfsögðu skýlaust brot á grundvallaratriðum alþjóðalaga, brot á sáttmála hinna Sameinuðu þjóða og framkvæmd stríðsins af þeirra hálfu einnig brot á mörgum veigamiklum alþjóðasamningum.

Það er að sjálfsögðu öllum mönnum mikið harmsefni að til styrjaldar skuli hafa komið. Þessi styrjöld hófst 2. ágúst á síðasta ári með hernaðaraðgerðum Íraka sem ótvírætt eru árásar- og ofbeldisaðilinn. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Á þeim fimm mánuðum sem liðu fram að því að til hernaðaraðgerða var gripið til að framkvæma ályktanir Sameinuðu þjóðanna til að knýja Írak til þess að draga heri sína til baka frá Kúvæt var þess ítrekað freistað að fá írösk stjórnvöld til að fara að ályktun hinna Sameinuðu þjóða. Þetta sýnir að grundvallaratriði málsins byggist að sjálfsögðu á viðbrögðum hins alþjóðlega samfélags við þessum hernaðar- og ofbeldisaðgerðum. Þess vegna er nauðsynlegt að rifja hér upp hvernig örygg-

israð Sameinuðu þjóðanna hefur brugðist við.

Öryggisráðið hefur á undanförnum mánuðum samþykkt 12 ályktanir um Írak/Kúvæt-málið. Þessar ályktanir eru eftirfarandi:

1. Ályktun nr. 660 frá 2. ágúst 1990, þar sem innrásin er fordæmd og þess krafist að Írak dragi herlið sitt þegar í stað og án skilyrða frá Kúvæt.

2. Ályktun nr. 661 frá 6. ágúst 1990, um viðskiptabann á Írak og Kúvæt.

3. Ályktun nr. 662 frá 9. ágúst 1990, þar sem innlimun Kúvæts í Írak er lýst ólögleg og ógild.

4. Ályktun nr. 664 frá 18. ágúst 1990, þar sem þess er krafist að erlendum ríkisborgurum verði frjálst að fara frá Kúvæt og öryggi þeirra verði tryggt.

5. Ályktun nr. 665 frá 25. ágúst 1990, um hafnbann á Kúvæt.

6. Ályktun nr. 666 frá 13. sept. 1990, um sendingu matvæla til Íraks og Kúvæts í mannúðarskyni, þ.e. um undanþágu frá viðskipta- og hafnbanni.

7. Ályktun nr. 667 frá 16. sept. 1990, um lokun sendiráða í Kúvæt, vernd stjórnarerindreka og annarra erlendra ríkisborgara og frelsi þeirra til að yfirgefa landið.

8. Ályktun nr. 669 frá 24. sept. 1990, um umboð nefndar sem sett var á laggirnar með ályktun 661 um viðskiptabann á Írak og Kúvæt.

9. Ályktun nr. 670 frá 25. sept. 1990, um flugbann á Írak og Kúvæt.

10. Ályktun nr. 674 frá 29. okt. 1990, þar sem þess er krafist að Írakar láti án tafar af gíslatöku, gripdeildum og valdbeitingu gagnvart erlendum ríkisborgurum og íbúum Kúvæts.

11. Ályktun nr. 677 frá 28. nóv. 1990, þar sem fordæmdar eru aðgerðir Íraka til að hafa áhrif á samsetningu kúvæsku þjóðarinnar með tilflutningi fólks og eyðileggingu þjóðskrár lögmætra stjórnvalda í landinu.

12. Ályktun nr. 678 frá 29. nóv. 1990. Að margra mati er hún sú mikilvægasta. Þar er aðildarríkjunum veitt heimild í samstarfi við lögmæt stjórnvöld í Kúvæt til að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til fullnustu ályktunar 660, þ.e. að Írak dragi herlið sitt til baka, hafi Írak ekki orðið við tilmælum öryggisráðsins í ofangreindum ályktunum fyrir 15. jan. 1991.

Í þessum tólf ályktunum er ítrekað lýst þeim ásetningi ráðsins að brjóta á bak aftur innrás og hernám Íraka á Kúvæt og að endurheimta fullveldi og sjálfstæði landsins. Við umræður um síðustu ályktunina, nr. 678, var öllum aðildarríkjunum gert ljóst að vopnavaldi kynni að verða beitt sem neyðarúrræði ef Írak virti ekki frestinn sem settur var til 15. jan. 1991.

Það er því alveg ljóst að viðbrögð þeirra 28 ríkja sem létu til skarar skríða eftir 15. jan. eru til þess að framkvæma ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna er að finna skýlaus ákvæði um heimild öryggisráðsins til að úrskurða hvort fyrir hendi sé ófriðarhætta, friðrof eða árás. Skal þá gera tillögur um eða ákveða hvaða ráðstafanir skulu gerðar til að koma aftur á friði og stöðugleika.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna gefur færi á ýmsum leiðum til þess að hrinda í framkvæmd ályktun öryggisráðsins. Framkvæmdin þarf ekki nauðsynlega að vera í höndum ráðsins sjálfs. Öryggisráðið getur einfaldlega farið fram á það við aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að þau veiti þann stuðning sem nauðsynlegur er til að framfylgja ályktunum ráðsins. Og það er nákvæmlega þetta sem öryggisráðið hefur gert varðandi innrás og hernám Íraks á Kúvæt. Aðgerðir þeirra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna sem nú beita hernaðaraðgerðum eru byggðar á þessum ályktunum öryggisráðsins sem ég hef þegar tíundað og ákvæðum sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sérstaklega 51. gr. hans sem kveður á um rétt þjóða til sjálfsvarnar. Af því að spurt var um 5. gr. Atlantshafssamningsins, sem að flestra mati er ein mikilvægasta grein hans, skal þess getið að í henni er beinlínis vísað til 51. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, þ.e. til réttar þjóða til sjálfsvarnar, ýmist hver fyrir sig eða í bandalögum. Til hernaðaraðgerða var ekki gripið fyrr en að fimm mánuðum liðnum, eftir tólf ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og eftir að ljóst var að írösk stjórnvöld virtu að vettugi allar þessar ályktanir og brutu þannig gegn ályktunum Sameinuðu þjóðanna, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, alþjóðalögum og alþjóðlegum samningum.

Hv. 6. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir spurði fyrst og fremst: Hver er aðild Íslands eða Íslendinga að þessum styrjaldarátökum? Svarið er mjög einfalt. Ísland er ekki styrjaldaraðili og verður það ekki með neinum sjálfkrafa hætti, hvorki að því er varðar samþykktir Sameinuðu þjóðanna né heldur að því er varðar spurninguna um ákvæði 5. gr. Atlantshafssáttmálans. Þetta gerist ekki með neinum sjálfvirkum hætti. Og ef spurt er: Hver er staða málsins nú? þá er hún sú að Ísland er ekki styrjaldaraðili. En hitt er jafnrétt og skylt að taka fram að Íslendingar eru með samþykktum sínum á öllum þessum tólf ályktunum skuldbundnir til þess að fylgja fram þeirri stefnu sem þar er mótuð og að verða við, eftir getu og vilja, óskum Sameinuðu þjóðanna um aðstoð við að framfylgja þessum ályktunum.

Ef spurt er um stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar þá er hún nákvæmlega það sem gert hefur verið. Nú vil ég í örfáum orðum rifja upp með hvaða hætti íslenska ríkisstjórnin hefur lýst afstöðu sinni til þessa máls.

Þann 2. ágúst sl. birti utanrrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fréttatilkynningu þar sem segir: „Utanríkisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fordæmir harðlega árás Íraka á Kúvæt sem er skýlaust brot á sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Skorað er á stjórnvöld í Bagdad að draga herlið sitt þegar og skilyrðislaust til baka og greiða þannig fyrir friðsamlegri lausn á deilu ríkjanna."

Þann 8. ágúst gaf utanrrn. út fréttatilkynningu þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Íslensk stjórnvöld munu ekki viðurkenna hina nýju leppstjórn Íraka í Kúvæt. Stjórnvöld lýsa enn fremur fullum stuðningi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661, um efnahagslegar aðgerðir gagnvart Írak."

Þann 9. ágúst er enn gefin út fréttatilkynning þar sem segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin samþykkti

í dag ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661, um bann við viðskiptum við Írak og Kúvæt vegna innrásar Íraka í Kúvæt.

Í dag hefur verið gefin út auglýsing á grundvelli laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem lagt er bann við öllum inn- og útflutningsviðskiptum við ofangreind ríki."

Þann 17. ágúst er gefin út fréttatilkynning af hálfu utanrrn. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Norðurlöndin hafa sameiginlega mótmælt þeirri ákvörðun stjórnvalda í Írak að neita norrænum ríkisborgurum, sem staddir eru í Kúvæt og Írak, um brottfararleyfi. Norðurlöndin höfðu farið formlega fram á það að fólkinu yrði leyft að fara á brott en því hafa stjórnvöld í Írak neitað. Átta íslenskir ríkisborgarar munu nú vera staddir í Kúvæt, þar af fjögur börn. Utanríkisráðuneyti Norðurlandanna vinna nú sameiginlega að því að tryggja hag norrænna ríkisborgara í Írak og Kúvæt og munu íslensku ríkisborgararnir njóta aðstoðar sendiráðs Svía í Kúvætborg. Stöðugt samráð er á milli utanríkisráðuneyta Norðurlandanna til að reyna að tryggja farsæla lausn mála."

Þann 12. sept. er enn gefin út fréttatilkynning á vegum utanrrn. þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Utanríkisráðherrafundur Norðurlandanna, sem haldinn var í Molde í Noregi 11. og 12. sept., samþykkti m.a. sérstaka yfirlýsingu þar sem innrás Íraka í Kúvæt er fordæmd og lýst er yfir fullum stuðningi við aðgerðir Sameinuðu þjóðanna vegna innrásarinnar. Meðfylgjandi er síðan ofangreind yfirlýsing sem er í ítarlegra máli."

Þann 5. okt. er enn birt fréttatilkynning frá utanrrn. þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Fyrirhugað er að verja fjárframlagi að upphæð 140 millj. kr. til neyðarhjálpar vegna Persaflóadeilunnar. Rauði kross Íslands mun ráðstafa 90 millj. kr. af fjárhæðinni, þar af 50 millj. kr. vegna aðstoðar við flóttamenn í Jórdaníu og 25 millj. kr. vegna flóttamanna í Egyptalandi, en ráðgert er að kaupa matvæli og hjálpargögn hér á landi fyrir þessar fjárhæðir. Auk þess verður 15 millj. kr. varið til að kaupa vörur fyrir birgðastöð Rauða krossins á Kýpur vegna Persaflóadeilunnar. Enn fremur mun Hjálparstofnun kirkjunnar ráðstafa 15 millj. kr. til aðstoðar flóttamönnum, einkum í Jórdaníu og Egyptalandi. Enn hafa ekki verið fullmótaðar tillögur um ráðstöfun á 35 millj. kr."

Þetta eru þær ályktanir sem birtar hafa verið opinberlega af hálfu ríkisstjórnarinnar. Um þær má segja einfaldlega eftirfarandi: Þær staðfesta að íslenska ríkisstjórnin hefur mótað þá stefnu að styðja ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Það höfum við gert í reynd með því að greiða þeim atkvæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt höfum við orðið við öðrum tilmælum sem okkur hafa borist frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdastjórn Sameinuðu þjóðanna um stuðning við framkvæmd þessara ályktana. Það birtist m.a. í aðild að viðskiptabanni og með framlögum sem við hins vegar skilgreindum af okkar hálfu á þann veg að við beindum okkar framlögum til neyðarhjálpar og aðstoðar af mannúðarástæðum.

Sérstök ástæða er af þessu tilefni til að rifja upp að margt var gert á þeim fimm mánuðum sem stjórnvöld í Írak höfðu til að sjá sig um hönd og verða við samþykktum hinna Sameinuðu þjóða og til þess að koma í veg fyrir styrjaldarátök og til þess að ná fram lausn eftir friðsamlegum leiðum. Um það var hins vegar alger samstaða að krafan af hálfu Sameinuðu þjóðanna var sú að Íraksstjórn drægi herlið sitt til baka án skilyrða.

Ég nefni alveg sérstaklega að áður en úrslitadagurinn rann upp reyndu ýmsar ríkisstjórnir sérstaklega að koma á framfæri tillögum og hugmyndum sem höfðu það að markmiði að lýsa yfir hvert skyldi verða hlutverk hinna Sameinuðu þjóða eftir að Írak hefði orðið við meginkröfunni um að draga herlið sitt til baka. Ég legg áherslu á þetta vegna þess að úrslitakostir hinna Sameinuðu þjóða voru þeir að herinn hyrfi þaðan brott án skilyrða. Um það var út af fyrir sig enginn ágreiningur. En ég nefni sem dæmi um þetta tillögur utanríkisráðherra Norðurlanda sem komið var á framfæri við framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Peres de Cuellar, í tveimur atrennum, ef svo má orða, í vikunni fyrir 15. janúar. Þessar tillögur voru um það að leggja til við framkvæmdastjórann, og biðja hann að koma því á framfæri við öryggisráðið, að Sameinuðu þjóðirnar skilgreindu mjög rækilega hlutverk sitt, hvert skyldi verða þeirra hlutverk eftir að Írak hefði fullnægt kröfum Sameinuðu þjóðanna um að draga her sinn til baka. Og það var, svo að ég nefni nokkrar helstu hugmyndirnar:

Í fyrsta lagi að Sameinuðu þjóðirnar lýstu því yfir að þær væru reiðubúnar til þess að senda friðargæslusveitir á vettvang þegar í stað og eftirlitsmenn með framkvæmd vopnahléssamninga eða friðarsamninga.

Í annan stað að Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir þeirra, sem við eiga, hefðu frumkvæði að því að lýsa og skilgreina þann vanda sem við væri að fást og koma með tillögur um framkvæmd og fjármögnun endurreisnarstarfs.

Í þriðja lagi að Sameinuðu þjóðirnar lýstu sig reiðubúnar til þess að beita sér fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um málefni landanna á svæðinu sem skyldi sinna nokkrum meginverkefnum. Í fyrsta lagi að leita eftir samningum um afvopnun á svæðinu, um niðurskurð vígbúnaðar og sérstaklega um algert bann við framleiðslu, söfnun, hvað þá beitingu annars vegar efnavopna og hins vegar kjarnavopna. Og í þriðja lagi að beita sér fyrir samningum um samskipti ríkja, sem byggð væru á hugmyndum um traustvekjandi aðgerðir til þess að draga úr hættu á óvæntum hernaðaraðgerðum.

Í fjórða lagi. Að beita sér fyrir pólitískum lausnum á þeim djúpstæðu og langvarandi deilumálum sem hafa verið þjóðum að ágreiningsefni og verið styrjaldartilefni í fortíðinni en þau mál eru mörg. Þau eru aldagamall fjandskapur og deilumál milli Írans og Íraks, svo að ég nefni eitt dæmi. Þau eru langvarandi deilumál og fjandskapur með hernaðaraðgerðum milli Sýrlands og Líbanon, sem m.a. hernemur það land. Og þau eru að sjálfsögðu langvarandi og djúpstæð ágrein-

ingsmál milli annars vegar Ísraels og Arabaríkjanna hins vegar og þá sérstaklega Palestínumanna.

Við lögðum til að þetta yrði gert á grundvelli áður samþykktra tillagna á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða eftir ákveðnum grundvallarreglum um virðingu fyrir alþjóðalögum, virðingu fyrir rétti þjóða til sjálfsstjórnar o.s.frv. Það skal tekið fram að um þessar tillögur ráðfærðu Norðurlandabúar sig við bandarísk stjórnvöld og þeim var vel tekið eins og fram kom í fréttatilkynningum sem út voru gefnar m.a. af utanríkisráðherrafundi Evrópubandalagsins. Loks má geta þess að tilraunir Frakklandsforseta, Mitterands, á seinustu stundu til þess að fá Íraka til þess að virða ályktanir Sameinuðu þjóðanna og koma þannig í veg fyrir styrjöld voru af mjög svipuðum toga.

Þetta nægir til þess að færa rök að því að margt var gert áður en til styrjaldarátaka kom og það var hvenær sem var í höndum íraskra stjórnvalda að koma í veg fyrir styrjöld ef þessar og þvílíkar tillögur hefðu fengið einhver viðbrögð. Til þess að það valdi engum misskilningi skal það tekið fram að þessar tillögur út af fyrir sig buðu ekki upp á neina sérstaka tengingu milli annars vegar þeirrar deilu sem við er að fást og leiðir af hernaðarofbeldi, hernámi og innlimun Kúvæts og hins vegar deilunnar milli Ísraels og Arabalandanna og Palestínumanna hins vegar, vegna þess að þær voru tryggilega og rækilega skilyrtar að því leyti að þær skyldu fjalla um hvað gerðist eftir að Írak hefði orðið við kröfu Sameinuðu þjóðanna um að draga heri sína skilyrðislaust til baka. Þetta var ekki kaupskapur við ofbeldisseggina.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja máli mínu sérstaklega að spurningunni um hugsanlega aðild Íslands að styrjaldarátökum sem hlýst af aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og 5. gr. samnings bandalagsins sem oft hefur verið lýst sem grundvallargrein Atlantshafsbandalagsins. 5. gr. stofnsamnings Atlantshafsbandalagsins hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðilar eru sammála um að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla. Fyrir því eru þeir sammála um að ef slík vopnuð árás verður gerð, þá muni hver þeirra í samræmi við rétt þann til eigin varna og sameiginlegra, sem viðurkenndur er í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðstoða aðila þann eða þá sem á er ráðist með því að gera þegar í stað hver um sig og ásamt hinum aðilunum þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar og er þar með talin beiting vopnavalds til þess að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins. Tilkynna skal öryggisráðinu tafarlaust allar þvílíkar vopnaðar árásir og allar ráðstafanir sem gerðar eru vegna þeirra. Hætta skal slíkum ráðstöfunum þegar öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma á aftur og varðveita alþjóðafrið og öryggi."

Þetta er ákvæði 5. gr. sem um er spurt. Um þetta er margt að segja. Í fyrsta lagi vil ég leggja á það áherslu að 5. gr. Atlantshafssáttmálans er sett fram með beinni tilvísun til 51. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um rétt þjóða til sjálfsvarnar að því er varðar hverja fyrir sig eða sameiginlega samkvæmt nánari samningum. Þessi 5. gr. er þess vegna með beinni vísan til grundvallarreglna í þjóðarétti að því er varðar Sameinuðu þjóðirnar og enginn vafi á réttarstöðu þessa ákvæðis eða lögmæti vegna þess að sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða kveður í þessari umræddu 51. gr. á um rétt þjóða til sjálfsvarnar ef á er ráðist.

Nú er rétt að taka það fram að þetta ákvæði, 5. gr., verður ekki virkt með neinum sjálfkrafa hætti. Það sem gerist er einfaldlega það að ef ráðist er á eitt aðildarlanda bandalagsins, þá getur ríkisstjórn þess lands sem á er ráðist farið fram á það formlega að Atlantshafsráðið og varnaráætlunarnefnd þess komi saman og taki ákvörðun á grundvelli 5. gr. Ráðið þarf þá að staðfesta að árás sem falli undir skilgreiningu 5. gr. hafi átt sér stað. Þess skal síðan getið að allar ákvarðanir innan Atlantshafsráðsins, sem eftir atvikum er ráðherraráð bandalagsins, ef þeir ekki koma saman þá fastafulltrúarnir, eru teknar með fullri samstöðu.

Þá er að víkja að líkum á því að ákvæðum þessarar greinar verði beitt. Á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins þann 17. des. sl. var gerð sérstök ályktun um hættuástandið í löndunum við botn Persaflóa. Í þessari ályktun var frá því skýrt að tyrkneski utanríkisráðherrann hefði fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar lýst sérstökum áhyggjum af því að Írakar kynnu að vilja færa út styrjaldarátökin með því að ráðast á Tyrkland. Þess vegna óskaði tyrkneski utanríkisráðherrann sérstaklega eftir því að Atlantshafsbandalagið áréttaði samstöðu sína á grundvelli 5. gr. með Tyrklandi sem var gert í þessari ályktun. Því var lýst yfir að samstaða Atlantshafsbandalagsþjóðanna væri óbilandi og Írak sérstaklega varað við því að grípa til hernaðaraðgerða gegn Tyrklandi vegna þess að það kynni að hafa í för með sér að ákvæði 5. gr. yrðu virk og þá væri bandalaginu og bandalagsþjóðunum í heild að mæta. Þetta var gert til þess fyrst og fremst að vara við og bægja frá hættu á árás og koma í veg fyrir að misskilningur gæti freistað íraskra hernaðaryfirvalda til þess að færa stríðið út.

Í framhaldi af þessu gerðist það síðan að tyrkneska ríkisstjórnin óskaði eftir því að þessi afstaða yrði staðfest með áþreifanlegum hætti með því að senda til Tyrklands þrjár flugsveitir og svokölluð Allied Mobile Force eða aðgerðasveit bandalagsins sem var gert. Þannig að nú eru í Tyrklandi þrjár flugsveitir frá Belgíu, Þýskalandi og Ítalíu. Þann 17. jan. sl. gerist síðan það að tyrkneska þingið samþykkir ályktun sem er þess efnis að heimila ríkisstjórn Tyrklands að verða með jákvæðum hætti við aðstoðarbeiðni Sameinuðu þjóðanna um aðstoð við að framfylgja ályktunum Sameinuðu þjóðanna sem og er í þessari ályktun heimild tyrknesku ríkisstjórnarinnar til þess að setja tyrkneska herinn í viðbragðsstöðu ef á Tyrkland verði ráðist. Þessi ályktun tyrkneska þingsins er með öðrum orðum mjög í samræmi við ályktanir margra þjóðþinga aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um það að lýsa ekki einasta yfir stuðningi við ályktanirnar heldur að verða við beiðni sem berst um aðstoð við að framfylgja þeim.

Það sem síðan gerist í þessu máli er að samningar eru gerðir milli bandarískra og tyrkneskra stjórnvalda þar sem tyrkneska ríkisstjórnin heimilar Bandaríkjunum afnot af flugvöllum í Tyrklandi. Það samkomulag er tvíhliða milli þessara tveggja ríkisstjórna. Engu að síður undirstrika ég það að þing og ríkisstjórn í Tyrklandi hafa fyrst og fremst verið að bregðast við beiðni Sameinuðu þjóðanna með því að lýsa sig reiðubúið og gefa ríkisstjórn heimild til að bregðast með jákvæðum hætti við erindum um að aðstoða við framkvæmd á ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Þetta eru meginefnisatriði málsins. Ef spurt er hvað mun gerast í því tilviki að Írak ráðist á Tyrkland með vopnavaldi þá er svarið einfaldlega þetta: Þá mun Atlantshafsráðið koma þegar í stað saman og meta allar aðstæður, meta forsendur málsins og í ljósi þeirrar niðurstöðu taka ákvörðun um það hvort 5. gr. verður virk eða ekki. Þeirri spurningu getur enginn svarað fyrir fram vegna þess að það fer eftir mati ráðsins á aðstæðum. Ef niðurstaða ráðsins verður sú að aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, Tyrkland, hafi orðið fyrir hernaðarárás sem réttlæti það að 5. gr. verði gerð virk, þá er það ákvörðunarefni stjórnvalda í hverju landi hvernig með það mál skuli fara. Það getur verið mismunandi eftir stjórnarskrárákvæðum og stjórnarfarsrétti og venjum í hverju landi. Í sumum löndum er það stjórnarskrárákvæði að slíka ákvörðun skuli bera undir þjóðþing en í öðrum ekki. Að því er varðar íslensku stjórnarskrána, þá er ekki slíkt ákvæði um það. Það kann því að vera breytilegt eftir aðstæðum.

Ég kýs, virðulegi forseti, að segja ekki mikið meira um þetta á þessu stigi málsins, enda er mér það ekki kleift. Ég get ekki lýst yfir neinu fyrir fram um það hvernig brugðist verður við atburðum sem ekki eru orðnir. Ég vil einungis láta í ljós þá skoðun mína að þessi 5. gr. Atlantshafsbandalagsins er hornsteinn þess bandalags. Hún þýðir í reynd einn fyrir alla og allir fyrir einn. Sú grein verður ekki virk nema með samstöðu allra ríkja sem áréttar að Atlantshafsbandalagið er varnarsamtök lýðræðisríkja, fullvalda ríkja, sem er byggt á trausti.

Atlantshafsbandalagið hefur að mínu mati sannað það frá því að það var stofnað að það er árangursríkasta varnarbandalag sem nokkurn tíma hefur verið stofnað í þessari veröld. Það eru engar ýkjur að segja að á tímum kalda stríðsins, á þeim tímum þegar Sovétríkin voru vissulega afar ógnvænlegt, hernaðarlegt risaveldi, þá gegndi Atlantshafsbandalagið fyrst og fremst því lykilhlutverki að varðveita stöðugleika og frið í okkar heimshluta. Það hefur sýnt það síðan að sú stefna sem það byggir á, annars vegar öflugur varnarviðbúnaður, þar með talinn fælingarmáttur kjarnavopna til þess að halda ofbeldisseggjum frá ögrunum, sem og sveigjanleg pólitísk afstaða sem lýst hefur sér í því að aðildarríkin hafa verið reiðubúin að taka í útrétta sáttahönd hvenær sem þess gafst færi og sannast hefur í t.d. öllum Helsinki-ferlinum, samstarfinu innan Ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu, afvopnunarsamningum o.s.frv., þessi tvíþætta stefna, annars vegar traustur varnarviðbúnaður, byggður á samstöðu lýðræðisríkjanna, hins vegar vilji til þess að ganga til samninga og samkomulags um leið og skilyrði til þess höfðu verið sköpuð, hefur reynst farsæl og hún hefur skilað miklum árangri.

Það er alveg ljóst að 5. gr. bandalagsins með þessari tilvísun til stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna er lykilatriði þessa bandalags. Hver og ein aðildarþjóð hlýtur að hugsa fram í tímann til þess: Erum við reiðubúin til þess að meta okkar stöðu ef við værum í þeirri aðstöðu að öryggi okkar væri ógnað með hernaðarógnun utan frá? Mundum við ekki gera þá kröfu til þess að þessi grein héldi? Eða vildum við gera eitthvað sem síðar gæti leitt til þess að önnur aðildarríki gætu þvegið hendur sínar og sagt: Við metum það svo að þessi grein haldi ekki?

Ég hygg að það sé ekki hvað síst hagsmunamál vopnlausrar smáþjóðar, sem á viðsjárverðu tímabili eftir stríð hefur byggt öryggi sitt fyrst og fremst á þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og traustinu á því að þessi grein væri virt, að við munum skoða hug okkar vandlega áður en við stuðlum að því að grundvellinum verði kippt undan samstöðu lýðræðisríkjanna.

Ég tek það skýrt fram að spurningum hv. málshefjanda er ekki hægt að svara að fullu og öllu, en ég dreg það saman í kjarna málsins.

Í fyrsta lagi: Ísland er ekki stríðsaðili með neinum sjálfvirkum hætti samkvæmt ályktunum Sameinuðu þjóðanna.

Í annan stað: Við höfum hins vegar skuldbundið okkur með stuðningi okkar við ályktanir Sameinuðu þjóðanna til þess líka að leggja fram okkar skerf, að okkar eigin mati, til þess að stuðla að framkvæmd þessara ályktana.

Í þriðja lagi: Við erum að sjálfsögðu fullgildir aðilar að Atlantshafsbandalaginu og ef á eitthvert aðildarríki verður ráðist þá munum við ekkert skorast undan þeim skyldum okkar að meta það ásamt bandalagsþjóðum okkar, það gerum við í hverju einstöku tilviki. Ég lít hins vegar svo á að það sem tyrkneska ríkisstjórnin, bandalagsþjóð okkar, hefur gert í þessu máli hingað til sé fyrst og fremst að verða við óskum um stuðning við að framfylgja þessum ákvörðunum, að það verði ekki með réttu túlkað sem tilefnislaus ögrun við Írak sem í þessu tilviki er upphafsaðili styrjaldarinnar með hernaðar- og ofbeldisaðgerðum. Fjölmörg af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hafa ekki einasta sent á vettvang her heldur látið í té aðstöðu af því að þær voru með þeim hætti að undirstrika vilja sinn til þess að aðstoða hinar Sameinuðu þjóðir við framkvæmd á þeirra ályktun. Það verður ekki að mínu mati skoðað sem tilefnislaus styrjaldarögrun. Þess vegna legg ég á það áherslu að írösk stjórnvöld eiga að líta svo á að þau taki þá stórkostlegu áhættu, ef þau ætli að færa stríðið út með árás á Tyrkland, að þau séu þar með vitandi vits og af ásettu ráði að reyna að draga inn í stríðið Atlantshafsbandalagsríkin öll. Ef menn reyna að meta hvort líkurnar á því eru meiri eða minni getur auðvitað enginn sagt neitt um það. Viðbrögð einræðisherrans í Bagdad eru óútreiknanleg eins og fram kom í máli frummælanda. En miðað við þá umfjöllun

sem ég sé almennt af fundum, ráðstefnum og umfjöllun í fjölmiðlum, þá eru líkurnar á því á þessu stigi málsins ekki taldar mjög miklar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég get í raun verið stuttorður, ég er sammála í flestum eða öllum atriðum skilgreiningu hv. fyrirspyrjanda á Atlantshafssamningnum og möguleikum á því að við Íslendingar drögumst þar inn í átök. Það kom reyndar greinilega fram hjá hæstv. utanrrh. að það getur ekki gerst sjálfkrafa.

Báðir hv. ræðumenn hafa rakið 5. gr. samningsins og skal ég ekki gera það á ný. Ég vek bara athygli á því sem kom fram þegar greinin er lesið að það er samkvæmt ákvörðun hverrar þjóðar í hvaða mæli viðkomandi þjóð lætur í té nauðsynlega aðstoð til að standa við 5. gr. samningsins. Og ég vek athygli á því í því sambandi að nokkur sérstaða gildir um Ísland. Ísland hefur gert sérstakan samning við Bandaríkin þar sem tekið er fram í 1. gr. hans að Ísland er skuldbundið til að láta Bandaríkjamönnum í té nauðsynlega aðstöðu hér á landi til þess að Bandaríkin geti staðið við sína skyldu um varnir Íslands og varnir svæðis Atlantshafsbandalagsins. Íslandi er ætlað að láta í té þessa aðstöðu ef til átaka kemur. Sú aðstaða er þegar í té látin í raun með Keflavíkurflugvelli og engin beiðni hefur komið fram frá Bandaríkjamönnum um frekari aðstoð hér á landi. Þó ég taki undir það sem hæstv. utanrrh. hefur sagt um okkar skyldu samkvæmt samningnum þá gildir þarna sérstakt ákvæði um Ísland. Við erum á engan hátt skuldbundin til þess að skera hér upp herör og taka beinan annan þátt í þeim átökum sem kunna að verða til að fullnægja ákvæðum Atlantshafssamningsins.

Um þessi átök við Persaflóa og hugsanleg stríðsátök við Tyrkland sýnist mér í raun hljóta að gilda nokkuð sérstakt mat. Eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. eru Tyrkir að verða við beiðni Sameinuðu þjóðanna um að veita aðstoð til þess að framkvæma ályktun Sameinuðu þjóðanna. Ef á Tyrkland verður ráðist þegar Tyrkland gegnir þessari skyldu sinni, getum við sagt, sem aðili Sameinuðu þjóðanna, hlýtur að gilda um það nokkuð annað mál en ef ráðist er á citthvert ríki Atlantshafsbandalagsins af allt öðru og óskyldu tilefni. Þetta mál er raunar þegar í höndum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eins og gert er ráð fyrir í Atlantshafssamningnum að skuli vera ef um árás á eitt ríki bandalagsins er að ræða. En um þetta er hins vegar kannski erfitt að velta vöngum á þessu stigi. Hins vegar sýnist mér að það atriði sem ég hef nefnt hlyti að verða til athugunar hjá Atlantshafsbandalaginu ef málið kemur upp sem árás á Tyrkland.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það hvort unnt hefði verið að koma í veg fyrir þessi átök við Persaflóa. Ég hef út af fyrir sig oft sagt að mér sýnist að það hefði þurft að skoða samninga á breiðari grundvelli, m.a. með lausn á Palestínumálunum í huga. Hins vegar er þetta orðin staðreynd, átökin eru orðin staðreynd og ég treysti mér ekki til að taka þátt í vangaveltum hv. þm. um þann mikla skaða sem af þeim geta orðið. Ég efa ekki að líffræðingurinn fer þar með rétt mál. Hins vegar er fjölmörgum öðrum spurningum í raun ósvarað í þessu sambandi. Menn geta líka spurt sjálfa sig: Á að láta undan ofbeldinu? Á að láta undan lögbrjótunum? Hvað hefði tekið við næst? Hvar ber lögbrjóturinn niður næst, ofbeldismaðurinn? Og hve lengi er hægt að þola slíkt?

Ég held að enginn geti svarað þessum spurningum hér. Við höfum dæmin fyrir okkur, við höfum Hitler gamla fyrir okkur, hvernig þar hélt áfram stig af stigi og leiddi til heimsstyrjaldar sem margir fullyrða að hefði orðið miklu miklu minni ef stöðvuð hefði verið fyrr. Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til þessa.

Hins vegar tel ég hárrétt það sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. og full samstaða er um innan ríkisstjórnarinnar, að utanrrh. beiti sér, eins og hann frekast má, til þess að undirbúa að koma á friði á þessu svæði. Þar hefur hæstv. utanrrh. beitt sér innan Norðurlandanna. Skilaboðum hefur verið komið á framfæri við aðalritara Sameinuðu þjóðanna og það er einlæg von mín að þessum átökum þarna ljúki fljótt og unnt verði þá að hefjast handa um að koma á, við skulum segja varanlegum friði þó að varanlegt sé kannski einum of víðtækt hugtak, en koma á friði á þessu svæði og leysa þau fjölmörgu mál sem annars munu verða þarna til stöðugra vandræða. Ég tel að þar eigum við Íslendingar ekki að láta deigan síga heldur að halda áfram þeirri viðleitni sem við höfum þegar hafið.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að fagna þessari umræðu, ekki síst eftir þær skilmerkilegu yfirlýsingar sem tveir ráðherrar hafa gefið hér, ekki ómerkari en sjálfir hæstv. forsrh. og utanrrh. En ég sný mér fyrst lítið eitt að orðum fyrirspyrjanda og síðan kem ég þá frekar að máli hæstv. ráðherra.

Mér finnst það liggja í augum uppi að þessi fjölþjóðaher sé í rauninni her sjálfra Sameinuðu þjóðanna. Það kemur alveg greinilega fram í orðum hæstv. ráðherra. Við höfum samþykkt öll tilmæli Sameinuðu þjóðanna í þessa átt sem hlutu að leiða til annars hvors: að brjálæðingurinn í Írak, hafa menn kallað hann, ég held að það sé kannski ofsagt, hann er kannski klókur líka, það mátti nú líka segja um Hitler sem var nefndur hér áðan, en aðalatriðið er það að þetta gat ekki endað öðruvísi en annaðhvort yrðu þessi átök sem Sameinuðu þjóðirnar heimiluðu og beinlínis skoruðu á þjóðir heims, þjóðabandalag getur maður nærri því sagt, en þær skoruðu á þjóðir heims að ljúka þessu með einhverjum hætti, og í síðustu ályktuninni, númer 678, vissu allir hvað átt var við að heimiluð væru og hvatt til hverra þeirra aðgerða sem gætu nægt til þess að Írakar færu frá Kúvæt. Þess vegna hlaut styrjöld að verða. Þetta er styrjöld Sameinuðu þjóðanna og þetta er í raun og veru líka okkar styrjöld. Við höfum stutt allar þessar ályktanir, auðvitað með opnum augum. Það gat engum dulist hvert þetta mundi stefna ef stjórnandi Íraks sæi ekki út fyrir sjóndeildarhring sinn sem er æði þröngur. Þess vegna held ég að það þurfi ekkert að deila um það að við berum a.m.k.

siðferðilega ábyrgð á þessum átökum, Íslendingar, eins og aðrar frjálsar þjóðir.

Að því er varðar Tyrki sérstaklega þá er komið í ljós sem allir raunar vissu að þing Tyrklands samþykkti það sem gert hefur verið í því landi. Það samþykkti komu flugflotans og tókst á herðar ábyrgð á því og síðan auðvitað að hlíta reglum Atlantshafsbandalagsins sem hæstv. utanrrh. vék að hverjar væru og það þarf kannski ekki mikið að ítreka það en aðeins benda á, sem hann raunar ekki gerði, benti ekki beint á greinina en í 11. gr. í Atlantshafssáttmálanum segir: „Samning þennan skal fullgilda og skulu ákvæði hans framkvæmd af aðilum í samræmi við stjórnlagaákvæði hvers um sig." Þ.e. íslenskar reglur og lög gilda að því er varðar þennan samning eins og aðra og við gerum ekki annað en það sem landslög heimila og hafa ákveðið. Ég held að menn þurfi ekki að kvarta mjög undan ágengni Atlantshafsbandalagsins og því síður árangri þess sem er með þeim hætti að ég hef leyft mér að taka enn þá sterkara til orða en hæstv. utanrrh. gerði, ég hef kallað Atlantshafsbandalagið mikilvægasta bandalag mannkynssögunnar og þarf víst ekki að rökstyðja það fyrir þeim sem fylgst hafa með sögunni eftir að farið var að fletta ofan af — ja, hann var nú ekta brjálæðingur, Stalín, hvað hann ætlaði sér að gera og hans heimafólk hefur lýst því þannig að það vita víst allir hvernig heimsbyggðin hefði orðið ef hann hefði fengið að flæða yfir alla Evrópu fyrst og svo auðvitað yfir þau lönd sem sérstaklega er verið að ræða um hér núna. Þá gat eiginlega varla leikið á tveim tungum að atómstyrjöld hefði orðið því Rússar höfðu atómvopn á þeim tíma þegar Stalín var við völd. Njósnarar þeirra höfðu séð til þess. Ég hef margsinnis kallað Atlantshafsbandalagið mikilvægasta bandalag mannkynssögunnar og enginn hefur fram að þessu mótmælt því að svo sé. Ég hefði gaman af að sjá framan í þann sem vildi mótmæla því.

En sem sagt, þetta stríð sem er auðvitað ógnvænlegt er háð á vegum Sameinuðu þjóðanna, svo ekki sé sterkara tekið til orða, á ábyrgð samfélags þjóða heims, þess samfélags sem við viljum tilheyra og hins vestræna heims þar með sem við erum hluti af.

Auðvitað hefur hv. þm. Kristín Einarsdóttir sama rétt til þess að hafa skoðanir sínar í friði eða í flimtingum eða á almannafæri, hvernig sem menn líta á það og skoðanir kannski annarra í flimtingum, ég veit það ekki, ég er ekki að ásaka hv. þm. um það og vona þá að ég sé ekki heldur ásakaður um það. En hv. þm. sagði að vopnin hefðu verið látin tala. Hver lét vopnin tala? Svari hver fyrir sig. Erum það við Íslendingar eða samfélag þjóða heims sem loksins hefur áorkað því sem Þjóðabandalagið var stofnað um og síðan Sameinuðu þjóðirnar, að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi í heiminum sem nægilegt var af líka á milli styrjaldanna eins og núna eftir styrjöldina? Þjóðabandalaginu mistókst vegna samstöðuleysis. Sameinuðu þjóðunum hefur oftast mistekist, líka vegna samstöðuleysis, bæði innan þeirra ríkja sem eru meðlimir og líka ríkja sem ekki hafa verið í þessum samtökum. Þjóðabandalagið leið svo kannski fyrst og fremst undir lok vegna þess að þar voru ekki nægilega margir aðilar samtaka.

Þetta er mikilvægasta tilraun sem gerð er til þess að stöðva þróun sem óhjákvæmilega hlaut að leiða til þess ógnvænlegasta sem við höfum séð frá heimsstyrjöldinni og kannski í allri sögunni, líka því sem áður gerðist í heimsstyrjöldinni, vegna þess að það dettur engum manni það í hug held ég, ekki nokkrum manni, að Hussein mundi ekki hafa haldið áfram að vígbúast ef hann yrði látinn í friði. Eru einhverjir hér inni sem láta sér detta það í hug að hann hefði ekki haldið áfram að fullkomna kjarnorkusprengjuna? Að hann hefði ekki haldið áfram að framleiða meira af eiturvopnum sem hann hefur notað á sína eigin landsmenn, æ ofan í æ? Hann hefur haldið sýnikennslu í því hvernig nota beri þau til þess að engum gæti blandast hugur um að hann ætlaði að nota þau, hvar sem væri og hvenær sem væri, hermdarverk og hvað sem er. Er einhver maður hér inni sem heldur því fram, sem lætur sér detta það í hug að hann hefði hætt ef honum hefði verið leyft að taka Kúvæt? Að hann hefði ekki tekið fleiri lönd og þjóðir? Ég botna ekki í því að það geti verið nokkur maður sem haldi því fram að einhverjir aðrir en hann hafi látið vopnin tala. Það sem aðrir eru að gera er að reyna að stöðva vopnin. Þótt það séu ekkert sérstaklega glæsilegar fréttir sem voru í Washington Times og var greint frá í útvarpinu, að illa hefði gengið að eyðileggja gjöreyðingartæki hans, þá fylgdi það þó með að búið væri að eyðileggja kjarnorkuverksmiðjurnar og það er ekki lítið. Það er þá a.m.k. búið að koma í veg fyrir að hann nái kjarnorkuvopnum og alla vega helmingnum af eiturvopnunum, ef taka má mark á fréttum sem auðvitað eru óglöggar þegar styrjaldir eru annars vegar og ritskoðun o.s.frv. Og þó einhver ein Arabafjölskylda í útlegð lýsi því svo yfir að að baki Husseins og hans hugsjónum, eða hvað á að kalla það, hans skoðunum, standi Arabaheimurinn. Auðvitað eru til fjölskyldur alls staðar sem bæði af trúarástæðum og öllu mögulegu slíku lýsa málum með einum eða öðrum hætti. Ég ætla ekkert að fara að lýsa því hvað einstakar fjölskyldur segja um þetta. Auðvitað eru tvær hliðar á þessu og fólk sem hefur ákveðnar skoðanir og má hafa þær og sína trú í friði.

Olíumengunin er auðvitað geigvænleg. En hvað segja menn um olíumengun í samanburði við eiturvopn og kjarnorku? Auðvitað er þetta allt saman skelfilegt, en hve skelfilegt hefði það ekki orðið eftir fimm eða tíu ár ef Sameinuðu þjóðirnar hefðu brugðist frumskyldu sinni að reyna að halda uppi friði og reglu í heiminum, sem gengur nú auðvitað misjafnlega þrátt fyrir það að bestu menn sem starfa í þágu Sameinuðu þjóðanna hafa reynt að fá einhverju áorkað?

Því miður var ákveðið að hefja stríð. Ég er ekki svo dómbær á það að ég geti sagt hvort það var nákvæmlega á þessu augnabliki eða hvort það var strax í ágúst eða hvort það hafi verið eftir nokkur ár sem nauðsynlegt hefði verið að heyja þessa styrjöld. Og ég veit ekki hvort hv. þm. getur dæmt um að það hafi verið hörmulegt að það skyldi vera hafið akkúrat nú en ekki á einhverjum öðrum tíma því að varla heldur nokkur

því fram að meðan þessi maður lifir og hefur völdin í þessu gífurlega stóra og mikla ríki, þá sé friðvænlegt í heiminum. Enda sagði hv. þm. það raunar að Hussein væri óútreiknanlegur. Það erum við víst öll sammála um, hann er óútreiknanlegur og það getur sjálfsagt enginn okkar sett sig inn í hans hugarheim. Það eigum við þingmenn þó sameiginlegt að enginn okkar gerir það.

Eða að það sé öllum til hagsbóta að stríðinu ljúki strax. Ég er ekki viss um það. Ef ekki er hægt að eyðileggja eiturvopnin áður en styrjöldinni lýkur þá má henni ekki ljúka fyrr. (**ÁHE:** En Eyjólfur, hverjir senda honum eiturvopn?) Það er svo allt annað mál, það veist þú sjálfsagt betur en ég. Ég fylgist ekki mikið með gereyðingarvopnum, almennt talað. Ég skal játa það að ég er einhver allra mesti kjáni, ég þekki varla nokkra flugvélategund en treysti bara á það að manni sé borgið í þeim flugvélum sem maður er settur upp í. Það eru margir sem hafa gaman af að þekkja flugvélar og ýmiss konar tól. Það geri ég ekki.

Að það sé hægt að vinna stríð og tapa friðnum. Ja, ég mundi halda að það yrði friðvænlegra ef þetta stríð ynnist af okkur og þeim öðrum sem beint og óbeint eru aðilar að því.

Ég þarf kannski ekki miklu að bæta við það sem ráðherrarnir sögðu. Allt er þetta byggt á réttum reglum, aðdragandinn að þessari styrjöld og henni lýkur vonandi fljótt, það getum við öll verið sammála um. En henni má ekki ljúka fyrr en búið er að sjá til þess að Kúvæt verði aftur frjálst ríki og gereyðingarvopnin horfin. Það mun svo vera með kjarnorkuvopnin sem þeir voru langt á veg komnir með að framleiða og a.m.k. að hálfu leyti með önnur gereyðingarvopn, eiturvopn. Þegar því er lokið þá hugsa ég að allir mundu vilja fá frið, en við getum ekki verið svo bláeyg að óska þess að þessu ljúki þannig að Hussein geti talið sig sigurvegara. Hver yrði þá þróunin á eftir? Ég held að hann verði að fara frá völdum og vopnin, þau hættulegustu og geigvænlegustu, verði að hverfa áður en Sameinuðu þjóðirnar og her þeirra, sem ég kalla svo, hættir sínum athöfnum á svæðinu.

Það er eins og hæstv. forsrh. sagði réttilega, átökin eru orðin staðreynd. Ég mun ályktа sem svo, og það raunar kom fram í orðum beggja ráðherranna, að við verðum að hlíta þeirri staðreynd og þá auðvitað standa við okkar skuldbindingar, standa með öðrum þeim sem vilja að þessum ógnum ljúki og ljúki sem fyrst, en auðvitað með sem minnstu manntjóni en sem allra mestu tjóni, ef tjón skyldi kalla, á hervirkjum, eiturvopnum og kjarnorkuvopnum. Það er ekkert tjón þó að það hverfi af yfirborðinu.

Að því er varðar starfsemi Atlatnshafsbandalagsins sem hér hefur auðvitað verið dregin inn í þessa umræðu, þá endurtek ég það að það bjargaði heiminum. Atlantshafsbandalagið gerði það og gerir raunar enn og það held ég að við Íslendingar getum verið stoltir af að hafa ekki hikað við að taka þátt í þeim varnarsamtökum. Að vísu er nú að syrta í álinn aftur austan járntjaldsins gamla, en við vonum nú það besta og leggjum okkur fram til þess að sjálfsögðu að ekki verði aftur snúið inn á leið ofbeldis, einræðis og kúgunar í Austur-Evrópu, svo mikið sem áunnist hefur á síðustu árum og missirum. Við hljótum öll að vona að betur fari þar en á horfist og raunar að vel fari líka í Arabaheiminum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir það að þessi umræða fer fram. Það er mjög mikilvægt að skýra hér í þingsölum nokkur grundvallaratriði þessa máls því mjög hefur borið á því í almennri umræðu að þau eru mönnum ekki ljós.

Ég hnaut t.d. um það í seinasta hluta ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að hann notaði orðalagið „að þetta stríð ynnist af okkur". Þannig heyrir maður ýmsa tala á þann veg að með beinum eða óbeinum hætti er gefið til kynna að Íslendingar séu aðilar að þessu stríði. Lýsingin á þætti Sameinuðu þjóðanna er sett fram með þeim hætti að ályktа megi að vegna þess að Ísland er aðildarríki Sameinuðu þjóðanna og hefur framkvæmt ýmsar ályktanir öryggisráðsins sé það líka aðili að þeirri ákvörðun Bush Bandaríkjaforseta að hefja stríðsátökin. Það er þess vegna mjög brýnt að áréttað sé, eins og gert var af hálfu bæði utanrrh. og forsrh. í þessari umræðu, að Ísland er ekki aðili að styrjöldinni og Ísland verður ekki aðili að styrjöldinni með neinum sjálfkrafa hætti. Ísland hefur ekki undirgengist neinar skuldbindingar, hvorki á vettvangi Sameinuðu þjóðanna né á vettvangi Atlantsbandalagsins, sem gera Ísland að aðildarríki þessara styrjaldarátaka. Ísland er ekki í stríði og það er engin sú stofnun til sem getur dregið Ísland inn í þetta stríð nema Íslendingar ákveði sjálfir að fara í þetta stríð. Það er lykilatriði málsins. Ríkisstjórn Íslands og Alþingi Íslendinga verða að ákveða það ef Ísland ætlar að ganga inn í þessa styrjöld. Og þótt það standi ekki í stjórnarskrá lýðveldisins að það þurfi að samþykkja það á Alþingi að Ísland fari að segja Írak eða öðrum þjóðum stríð á hendur, þá er það alveg ljóst að það mun engin ríkisstjórn Íslands fara að segja Írak eða öðrum stríð á hendur og tengja Ísland þar með inn í þetta stríð sem beinan styrjaldaraðila án þess að bera það upp við Alþingi. (**ÓÞÞ:** Fjmrh. neitar að borga.) Mér er þetta það mikið alvörumál, hv. þm. Ólafur Þórðarson, að ég ætla ekki að tengja umræðuna um heimildarlausar greiðslur úr ríkissjóði inn í það hér, það verður að ræðast við fjárveitinganefndarmenn á öðrum vettvangi.

Ég held líka, virðulegi forseti, að það sé mjög mikilvægt að menn átti sig á því að um það hefur verið mikill ágreiningur, bæði innan Bandaríkjanna og á bandaríska þinginu og í stjórnmálaumræðu í Bandaríkjunum og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hvort það hafi verið rétt ákvörðun hjá Bush Bandaríkjaforseta að hefja styrjaldarátök á þeim degi sem hann kaus að hefja þau. Ég vil vekja athygli hv. alþm. á því að fjölmargir af helstu áhrifamönnum á bandaríska þinginu telja að sú ákvörðun hafi verið tekin of fljótt. Það hafi ekki verið tímabært að fara þá í styrjaldarátökin, það hafi átt að láta á viðskiptabannið reyna lengur og það hafi átt að taka jákvætt af hálfu Bandaríkjanna í þá tillögu Frakklandsforseta og tillögu Norðurlandanna að

bjóða fram ráðstefnu um málefni Palestínuþjóðarinnar strax. Þetta er nauðsynlegt að menn hafi í huga vegna þess að m.a. hér í þessum umræðum hefur verið talað um það og hv. síðasti ræðumaður notaði orðalag eins og um her Sameinuðu þjóðanna væri að ræða og stríð á vegum Sameinuðu þjóðanna. Það liggur alveg ljóst fyrir að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu ekki að í þetta stríð væri farið. Það liggur líka alveg ljóst fyrir að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Perez de Cuellar, var ekki einn af þeim örfáu sem Bush Bandaríkjaforseti tilkynnti að hann hefði ákveðið að hefja stríðið. Það hefur þvert á móti komið fram að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna vissi ekki að ákveðið hefði verið að hefja styrjöldina af hálfu Bandaríkjaforseta. Það sem gerðist var það að Sameinuðu þjóðirnar eða öryggisráðið heimiladi að gripið yrði til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar væru en það átti eftir að meta á hvaða tíma það væri gert og hverjar þær væru.

Ég ætla ekki hér í þessum umræðum að fara í ítarlegar umræður um þennan þátt málsins, en það er alveg nauðsynlegt að það fari ekki fram hjá hv. Alþingi að það hefur komið fram mjög veigamikil gagnrýni í æðstu stjórnstofnun Bandaríkjanna og af hálfu fjölmargra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna á þá ákvörðun að hefja styrjaldarreksturinn og hefja sprengjuárásirnar á þeirri nóttu sem þær hófust fyrir skömmu síðan og margir eru þeirrar skoðunar að það hefði átt að láta reyna lengur á það viðskiptabann sem við Íslendingar ásamt fjölmörgum öðrum þjóðum erum aðilar að.

Það er líka nauðsynlegt að menn átti sig á því í sögulegu samhengi að meðan Bandaríkin háðu þá glímu við Íran, sem hófst sérstaklega í valdatíð Carters Bandaríkjaforseta og hélt áfram í valdatíð Ronalds Reagans, og Írak fór síðan í stríð við Íran sem stóð mjög lengi og vil ég minna á að Olof Palme heitinn var formlegur sáttasemjandi Sameinuðu þjóðanna í þeirri styrjöld um langt árabil og ýmsir hafa velt því fyrir sér hvort dauðdagi hans kunni e.t.v. að vera tengdur því starfi sem hann gegndi þá og ætla ég ekki að fjalla neitt nánar um það hér, á þeim tíma voru fjölmörg ríki Vesturlanda sem töldu það bæði rétt og stjórnmálalega skynsamlegt að vopna Írak, að selja Írak vopn og byggja upp Íraksher af sem mestum krafti til þess að Íraksher gæti með árangursríkum hætti ráðist á Íran. Þess vegna eiga fjölmörg Vesturlanda stóra sök á því að Íraksher er jafnöflugur og raun ber vitni. Þessu megum við ekki gleyma þegar við erum að tala um réttlætingu þess að heyja þessa styrjöld til þess að afvopna Írak, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, vegna þess að verulegur hluti vopnanna sem í höndum Saddams Husseins eru er kominn þangað vegna þess að Vesturlöndin ákváðu að selja honum þau vopn. Og það er auðvitað sérkennileg þversögn að selja fyrst einu ríki vopn og fara síðan í styrjöld við það til þess að afvopna það. Það er ekki hluti af því öryggiskerfi sem við viljum byggja upp.

Hitt er líka mikilvægt að menn árétti að sú aðgerð Saddams Husseins að fara með her á hendur Kúvæt, yfirtaka það á fáeinum dögum og þurrka síðan Kúvæt út af landabréfi heimsins, er verknaður sem samfélag hinna Sameinuðu þjóða getur aldrei liðið og má aldrei líðast. Það verður að koma í veg fyrir að slíkur gerningur verði endurtekinn. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að það er mikilvægt fyrir smáþjóð að halda þeim málstað uppi að ein þjóð geti ekki yfirtekið aðra með vopnavaldi og þurrkað sjálfstæði hennar út á örfáum dögum. Í því sambandi skiptir að mínum dómi engu máli þótt stjórnarfarið í Kúvæt hafi ekki verið lýðræðislegt og þótt vissulega megi gagnrýna margt í fari og í verkum þeirra sem þar stjórnuðu ríki. Grundvallaratriði um sjálfstæði aðildarríkja er óháð því hvert stjórnarfarið er innan ríkja. Það er ekkert ríki sem getur tekið sér þann rétt að steypa stjórnvöldum í einu af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, hvað þá heldur að þurrka það út af landakortinu.

Afstaða Íslendinga í þessu máli, eins og hæstv. utanrrh. hefur kynnt hér og óþarfi er að endurtaka, er þess vegna mjög eindregin í samræmi við þau grundvallarviðhorf sem við viljum fylgja. Við viljum krefjast þess að Írak fari tafarlaust burt frá Kúvæt. Við viljum styðja það að friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna taki við verkefni friðargæslu í þessum heimshluta. Við viljum styðja að því að ráðstefna um málefni Mið-Austurlanda, sérstaklega um málefni Palestínu, verði haldin hið fyrsta og studdum þá tilraun Frakklandsforseta á elleftu stundu að reyna að koma slíkri ráðstefnu á. Það er þess vegna mjög mikilvægt að greina á milli þessara atriða sem hafa verið alveg skýr af hálfu Íslands og ríkisstjórnar Íslands og hins að reyna að draga Ísland með einum með öðrum hætti inn í styrjaldarreksturinn.

Í þessum umræðum hefur, sérstaklega af hálfu málshefjanda og einnig í ræðum allra annarra ræðumanna, verið vikið að því hvort 5. gr. Atlantshafssamningsins muni leiða til þess að Ísland verði stríðsaðili. Það er mjög mikilvæg spurning. Ég skal fara um hana nokkrum orðum. Í fyrsta lagi finnst mér rétt að láta það koma fram, því ég held að það hafi ekki gert það til þessa, að 5. gr. Atlantshafssáttmálans hefur aldrei verið notuð, hún hefur aldrei komið til framkvæmda. Það eru þess vegna ekki til nein fordæmi um það hvað felst í reynd í henni annað en pólitísk skuldbinding aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Í því tilviki sem hér um ræðir er margt sem bendir til þess að mjög óeðlilegt, ef ekki beinlínis rangt, væri að ætla sér að draga Ísland inn í stríðið við Persaflóa á grundvelli 5. gr. Atlantshafssamningsins. Ég skal skýra hvers vegna.

Það sem gerst hefur í Tyrklandi er að eitt af aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkin, sem við skulum kalla í þessu samhengi aðildarríki A, hefur óskað eftir því við aðildarríki B að mega nota flugvelli í aðildarríki B til þess að ráðast á þriðja aðila utan Atlantshafsbandalagsins. Ef svo þessi þriðji aðili kýs að svara í sömu mynt, og ég legg áherslu á það, svara í sömu mynt með því að ráðast á þá flugvelli sem notaðir voru til þess að ráðast á þennan þriðja aðila utan bandalagsins, þá er að mínu viti ekkert í skuldbindingum Íslands hvað snertir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu sem felur það í sér að þá sé eðlilegt, eða

eigi jafnvel að koma til umræðu, að Ísland sé þar með dregið inn í styrjöld við þennan þriðja aðila. Hvað sem mönnum finnst um Atlantshafssáttmálann að öðru leyti þá var hann alls ekki hugsaður á þann veg að tvö af Atlantshafsbandalagsríkjunum, sem kæmu sér saman um að ráðast á þriðja ríkið utan bandalagsins, gætu þar með verið að draga öll önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins inn í stríð ef þriðja ríkið svaraði í sömu mynt, vegna þess, og það er líka mjög mikilvægt að menn átti sig á því, að sú ósk Bandaríkjanna að fá að nota flugvellina í Tyrklandi var hvorki borin upp á vettvangi Sameinuðu þjóðanna né á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Hún var tvíhliða ósk milli Bandaríkjanna og Tyrklands. Það var aldrei borið undir önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hvort Bandaríkin ættu að nota flugvellina í Tyrklandi til þess að ráðast á Írak. Þvert á móti var sú ákvörðun tekin af hálfu Atlantshafsbandalagsins að senda þrjár flugsveitir til Tyrklands sem ekki eru bandarískar og skilja þannig alveg skýrt á milli þess sem Atlantshafsbandalagið greip til, að senda, ef ég man rétt, þýskar, belgískar og ítalskar sveitir til Tyrklands, til þess að greina skýrt á milli þess sem Bandaríkin eru að gera í Tyrklandi annars vegar og þeirra varúðarráðstafana sem þessar þrjár flugsveitir annarra NATO-ríkja eru að gera hins vegar. Þess vegna er sá gerningur Bandaríkjanna að nota flugvellina í Tyrklandi að mínum dómi Atlantshafsbandalaginu algerlega óviðkomandi. Og ég tel að Atlantshafsbandalagið hafi sýnt fram á það með því að framkvæma þátt sinn með þeim hætti sem hér var lýst, að það er Belgía, Ítalía og Þýskaland sem þann þáttinn annast.

Ég vil þess vegna alveg afdráttarlaust lýsa þeirri skoðun minni að ráðist Írak á flugvellina í Tyrklandi sem Bandaríkin hafa notað til að ráðast á Írak, án þess að bera það nokkuð undir Atlantshafsbandalagið, kemur það Atlantshafssáttmálanum ekkert við. Ef Írak kynni aftur á móti að ráðast á flugsveitir Atlantshafsbandalagsins, þ.e. Ítala, Þjóðverja og Belga, sem þangað hafa verið sendar, þá snýr málið öðruvísi við.

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að hér á þessum vettvangi og í almennri umræðu í landinu hafi menn miklar áhyggjur af þessari þróun. Ég lýsti þeirri skoðun minni að kvöldi fyrsta dags þessara átaka að þeir sem þá voru bjartsýnir um það að stríðið kynni að standa stutt, jafnvel bara fáeina daga, hefðu því miður á röngu að standa. Ég lýsti þá strax þeim viðhorfum mínum að ég óttaðist að þetta stríð ætti eftir að taka langan tíma og það vissi enginn hvernig það myndi enda, hvernig það mundi fara eða hvers konar fórnir yrði að færa áður en því lyki.

Reynslan af Víetnam og reynslan af Afganistan og ég tel reynslan nú þegar af styrjöldinni við Persaflóa sýnir að styrjaldir af þessu tagi geta staðið mánuðum og jafnvel árum saman og kostað gífurlegar fórnir í mannslífum, fjármunum og hagsæld þjóða án þess að nokkur fái í reynd neitt við ráðið. Þegar styrjöld er hafin er sett í gang atburðarás sem enginn stjórnar, enginn hefur yfirlit yfir og enginn veit hvernig endar. Það var meginástæða þess að stór hluti öldungadeildarinnar í Bandaríkjunum, stór hluti fulltrúadeildarinnar í Bandaríkjunum, fjölmörg aðildarríki Sameinuðu þjóðanna vildu láta reyna meira á viðskiptabannið og pólitískar leiðir til lausnar þessu máli áður en styrjöldin hófst.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegur forseti. Það er ekki neinum blöðum um það að fletta, því miður, að Ísland er komið í stríð. Það þurfti 20.000 árásarferðir á Mesópótamíu til þess að ná fram umræðu hér á Alþingi um kjarnann í varnarmálum Íslendinga og er það út af fyrir sig skelfileg þróun. Umræðan er eigi að síður hin gagnlegasta og hana ber að þakka.

Ég er sammála hæstv. utanrrh. að Íslendingar eiga allt sitt öryggi komið undir túlkun á 5. gr. NATO-sáttmálans. Hingað til hefur því verið haldið fram að ef á eitt ríkið væri ráðist muni hin sjálfkrafa bregðast til varnar og á þann hátt sem það ríki sem ráðist er á telur nauðsynlegt. Utanrrh. hefur aftur á móti túlkað það svo hér að engin sjálfvirkni sé í þessari 5. gr., það sé ekkert það í greininni sem kalli á sjálfkrafa viðbrögð frá félögum okkar í NATO ef til að mynda yrði ráðist á Ísland heldur yrði sest niður og metið til hvaða aðgerða skuli gripið. Þetta er hans túlkun á 5. gr. sáttmálans, sem er því miður mjög tyrfin, en ég vil, með leyfi forseta, lesa hana:

„Aðilar eru sammála um að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla. Fyrir því eru þeir sammála um að ef slík vopnuð árás verður gerð, þá muni hver þeirra í samræmi við rétt þann til eigin varna og sameiginlegra, sem viðurkenndur er í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðstoða aðila þann eða þá sem á er ráðist með því að gera þegar í stað hver um sig og ásamt hinum aðilunum þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar."

Hér á landi hefur fram að þessu verið túlkað að aðilinn sem sagt er um: „sem hann telur nauðsynlegar" sé sá sem ráðist er á. Í því er kjarni okkar varna fólginn, okkar öryggis, að það verði gripið til þeirra ráðstafana sem við teljum nauðsynlegar ef á okkur er ráðist.

Nú er aftur komið fram það sjónarmið hjá hæstv. utanrrh. að þær ráðstafanir sem grípa á til séu þær ráðstafanir sem verndararnir telja nauðsynlegar og það er allt, allt annar hlutur. Við sáum það t.d. í Víetnamstyrjöldinni hversu lítið gagn Suður-Víetnömum reyndist að vera í hernaðarbandalagi þegar á reyndi.

Ég get tekið undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram um að sú ákvörðun Tyrklands að leyfa árásir frá tyrkneskum flugvöllum hafi í rauninni firrt NATO-þjóðirnar ábyrgð skv. þessari 5. gr. og framhaldið sé algerlega komið undir Tyrkjum og þeim þjóðum sem í dag skipa hinn fjölþjóðlega her. NATO geti á engan hátt blandað sér í málin úr því sem komið er. Ef Tyrkir hefðu aftur á móti orðið fyrir árás frá Írökum áður en þessar árásarferðir voru hafnar af tyrkneskri grund þá hefði komið til kasta NATO-bandalagsins að verja Tyrki og bregðast til varnar. En Tyrkir hafa þarna gefið tilefni og NATO-þjóðirnar geta

undir engum kringumstæðum blandað sér inn í þá eftirmála sem kunna að fylgja í kjölfarið samkvæmt þeim ákvæðum sem eru í 5. gr. samningsins. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram í þá áttina.

En þá má kannski spyrja: Fyrir hvern er þetta stríð háð? Sameinuðu þjóðirnar samþykktu á sínum tíma að það mætti grípa til vopna til þess að endurheimta fullveldi og sjálfstæði í Kúvæt. Undir þetta getum við örugglega öll tekið. Írakar höfðu undir forustu Husseins lagt þetta ríki undir sig og í rauninni afmáð það úr samfélagi þjóðanna. Við erum öll sammála um að hér varð að taka í taumana. Ofbeldi af þessu tagi er ekki hægt að líða því það sér ekki fyrir endann á því. Þess vegna hlutum við öll að vera sammála um að það yrði gripið til vopna til að frelsa Kúvæt. En hvar hefst frelsun Kúvæts? Hefst hún á því að rústa Írak? Erum við ekki komin út fyrir þá hugsun, þann anda sem lá að baki þessari samþykkt Sameinuðu þjóðanna og Íslendingar skrifuðu undir? Er það nauðsynlegur aðdragandi að frelsun Kúvæts að leggja Mesópótamíu í rúst með 20.000 eða 50.000 eða 100.000 árásarferðum? Hvað þá með aðra aðila? Hvað með þá aðila sem hafa selt Írökum vopn? Er þá ekki sjálfsagt að leggja Þjóðverja í rúst til þess að koma í veg fyrir að þeir geti selt þangað frekari efnavopn eða rústa einhverjar aðrar þjóðir? Hvar tekur svona aðdragandi enda, hversu langt má hann ná, án þess að við förum út fyrir andann á bak við hugsunina um að frelsa Kúvæt? Hversu mörg lönd er hægt að leggja í eyði í nafni þess að við séum að frelsa Kúvæt?

Það er alveg ljóst að stór hluti af bandarískum ráðamönnum, þingmönnum, hefði kosið að doka við og rasa ekki um ráð fram í þessu sambandi heldur reyna til þrautar einhverjar aðrar leiðir, diplómatískar eða efnahagslegar þvinganir sem þegar var byrjað að beita. En af hverju lá svo mikið á að á fyrstu 24 klukkustundunum eftir að heimilt var samkvæmt ályktun Sameinuðu þjóðanna að ráðast inn í Írak var gripið til vopna? Var það gert vegna þess að það voru fleiri keilur sem átti að slá í þessari frelsun Kúvæts heldur en að frelsa Kúvæt? Átti í leiðinni að rústa allan vígbúnað Íraka? Og átti í leiðinni að tryggja einhvern aðgang að olíu? Voru það hin upphaflegu markmið Bandaríkjanna sem síðan eru fóðruð með frelsun Kúvæts? Eftir að hafa horft á 20.000 árásarferðir fer maður að velta því fyrir sér hvert sé hið raunverulega markmið og fyrir hvern stríðið sé háð.

Virðulegur forseti. Arabaheimurinn er nokkuð heildstæður heimur fólks sem býr að vísu í mörgum löndum en er stolt af sínum sameiginlega uppruna og fornri frægð, sem kannski náði hámarki einmitt í Mesópótamíu, því landi sem nú þolir 1000–2000 flugferðir árásarsveita á dag. Þessi Arabaheimur er líka niðurbeygður í dag því honum finnst illa komið sinni fornaldarfrægð og að hann leiki ekki í dag sama hlutverk og hann gerði til forna. Það er draumur allra Araba að endurreisa þessa frægð sína og komast aftur til þeirra mannvirðinga sem þeir nutu á sínum tíma. Þetta stolta fólk hugsar allt öðruvísi en við Vesturlandabúar. Og mikill hluti þessa fólks hefur alla tíð staðið á bak við Saddam Hussein í hugsun því það lítur á hann sem von um að mega endurheimta sína fornu frægð. Því miður fer fylgi við hann vaxandi innan Arabaheimsins með hverjum deginum sem líður og hverri árásarferðinni á Írak. Með hverjum deginum sem þetta stríð dregst á langinn mun fjölga stuðningsmönnum Husseins á meðal Araba.

Ég man sérstaklega eftir einni frásögn af njósnum sem Bandaríkjamenn glímdu við fyrir nokkrum áratugum þegar maður nokkur var gripinn fyrir að njósna í þágu Sovétríkjanna. Þegar hann var spurður: Af hverju, hvað kom þér til að njósna, hvað kom þér til að afhenda Sovétríkjunum skjöl og leyndarmál sem snertu öryggi Bandaríkjanna? Þá sagði maðurinn: Þegar ég var unglingur í Þýskalandi í borginni Dresden og lá þar í rústunum og horfði á hverja bandaríska sprengjuflugvélina af annarri fljúga yfir borgina og varpa sprengjum nótt eftir nótt og oft sömu nóttina, þá hugsaði ég með mér: Fyrr eða síðar skal ég ná mér niðri á Bandaríkjunum, fyrr eða síðar skal ég ná mér niðri á þeim. Þess vegna greip hann fyrsta tækifærið sem honum gafst þegar honum var trúað fyrir bandarískum leyndarmálum og afhenti þau erkióvininum.

Hversu mörg börn eiga eftir að liggja í rústum Mesópótamíu eða annarra Arabalanda og hugsa með sér: Einhvern tímann skal ég ná mér niðri á Bandaríkjunum eða þessum 28 þjóðum sem nú eru í fjölþjóðahernum? Hversu mörg börn liggja þar og segja: Einhvern tímann skal ég ná mér niðri á Vesturlöndum? Getum við á nokkurn hátt mælt það hatur sem er verið að rækta við Persaflóa með þessu stríði eins og það er rekið í dag, með því að rústa Mesópótamíu en leggja ekki til atlögu og frelsa Kúvæt eins og Sameinuðu þjóðirnar kváðu þó á um?

Vilji Bandaríkjamenn eyðileggja hernaðarmátt Íraka, sem út af fyrir sig er skiljanlegt sjónarmið, og vilji þeir eiga aðgang að olíubirgðum og jafnvel á lágu verði eftir stríðið þá verða þeir að gjöra svo vel að gera það í eigin nafni, ekki undir pilsfaldi Sameinuðu þjóðanna, svo einfalt er það mál. Og þeir skulu varast, Bandaríkjamenn, að ætla sér að ná NATO bakdyramegin inn í þetta stríð með því að hefja árásir frá tyrkneskum flugvöllum og ætlast síðan til þess að NATO komi til hjálpar ef á Tyrkland verður ráðist eftir slíkar aðgerðir.

Virðulegur forseti. Bandaríkin kunna að vinna þetta stríð við Íraka á vígvellinum en ég er hræddur um að Vesturlöndin eigi eftir að tapa þessu stríði á hinum pólitíska vettvangi. Sú spurning hefur stöðugt verið rædd hér í dag hvort Íslendingar séu aðilar að þessu stríði og ég hef sagt hiklaust já, því miður, Íslendingar eru aðilar. Það þýðir ekki að ganga í fjölþjóðasamtök eins og Sameinuðu þjóðirnar og NATO og láta svo eins og samþykktir sem þar eru gerðar komi okkur ekki við. Það gildir einu hvort Sameinuðu þjóðirnar stofna sinn eigin her, safna saman herjum undir sínum fána, eða gefa einhverjum öðrum þjóðum lausan tauminn og hleypa þeim og einhverjum málaliðaherjum inn yfir landamæri Íraks til þess að frelsa Kúvæt. Stríð sem er hafið undir þessum formerkjum með yf-

irlýsingu og samþykkt Sameinuðu þjóðanna er stríð sem aðildarþjóðirnar standa að. Og þverstæðurnar eru slíkar að í þeim hópi er íraska þjóðin sjálf. Við getum á engan hátt forðað okkur undan þeirri ábyrgð sem hvílir á þessu stríði, þó svo að við höfum ekki gripið sjálf til vopna og ekki sent fólk á vígvöllinn.

Hv. alþm. Eiður Guðnason, fulltrúi Alþfl., flokks utanrrh. í utanrmn., lýsti því svo snilldarlega í mín eyru að þó við Íslendingar höfum ekki samþykkt víxilinn þá erum við ábekingar, við erum ábyrgðarmenn á þessum víxli og undan þeirri ábyrgð getum við ekki hlaupist nema að ganga úr Sameinuðu þjóðunum og þó er það of seint vegna þess að við vorum í Sameinuðu þjóðunum þegar þetta var samþykkt. Sama gildir um NATO, við getum á engan hátt komið okkur undan þeirri ábyrgð sem NATO-ríkin kunna að bera, sem framtíðin kann að knýja NATO-ríkin til að axla í þessu stríði. Því miður virðist þetta stríð vera að teygja anga sína í fleiri áttir en þörf er á. Með þeirri ráðstöfun einni að hefja árásarferðir frá Tyrklandi er verið að kalla þetta stríð inn í Evrópu. Og við sjáum ekki fyrir endann á þessu stríði, því miður.

Íslendingar verða að þora að kannast við þá sáttmála sem þeir skrifa undir. Að koma hér og halda því fram að við berum ekki ábyrgð á afleiðingum gerða sem eru framkvæmdar í nafni þessara tveggja sáttmála er eins og að fylgja heim gleðikonu að nóttu til en vilja ekki kannast við hana daginn eftir þegar byrjar að birta.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nú hefja mál mitt á því að það er mjög bagalegt að vita ekki af svona umræðu fyrr en í fundarbyrjun. Þetta mál er þannig vaxið að menn hefðu þurft að geta athugað sitt mál, haft tíma til umhugsunar áður en slík umræða fer fram sem þessi. (**Forseti:** Vill hv. þm. leyfa forseta að svara þessu. Hér hafa orðið alvarleg mistök vegna þess að þegar í gærkvöldi var gengið frá því að allir þingflokkar og þar með hv. 6. þm. Norðurl. e. yrðu látnir vita af þessari umræðu. Ég harma það mjög ef þetta hefur eitthvað misfarist.) Ég þakka svarið, það eru mannleg mistök.

Mér finnst sú umræða sem hér fer fram dálítið einkennileg. Menn ræða um það að Íslendingar séu komnir í stríð. Menn ræða um það að við séum skuldbundnir til þess að fara í stríð ef ráðist er á einhverja þjóð sem er í Atlantshafsbandalaginu. En það kemur ekki fram hvernig menn ætla að framkvæma slíkt. Höfum við her? Hvernig ætla hinir stríðsglöðu menn eða þeir sem þykjast skilja þennan gjörning sem hefur verið gerður á milli þjóðanna, hvernig eiga Íslendingar að geta staðið við hann? Og hæstv. utanrrh. sagði að samþykktin þyrfti að öðlast samstöðu. Hvað þýðir þetta? Hefur einhver neitunarvald um þetta eða hvað þýðir þetta á mannamáli? Það þarf samstöðu. Ef á að taka þetta bókstaflega, þá er það alls ekkert sjálfkrafa sem við mundum verða stríðsaðilar þó að svo illa fari að stríðið breiðist til Evrópu sem kannski margt bendir til. Síðan segir hæstv. utanrrh. enn fremur: „Við höfum skuldbundið okkur en það er að eigin mati." Hæstv. utanrrh. er ekki hér í salnum en ég hefði viljað fá útskýringu á því hvað þetta þýðir. Hver er aðdragandinn að þessari styrjöld? Hafa Íslendingar framleitt vopn og selt þessum þjóðum? Höfum við gert það?

Það hefur verið fullyrt að Sameinuðu þjóðirnar væru sú merkilegasta samkunda sem hefur nokkurn tíma verið til í heiminum að mér skilst. En hvað er forvarnarstarf? Sömu þjóðirnar sem nú eru að heyja styrjöld við Íraka hafa skaffað þeim vopn til fleiri ára, jafnvel kennt þeim að beita þeim. Og það hafa ýmsir sagt: Þessi og hinn er vitfirringur. Stalín var vitfirringur. Hitler var vitfirringur. Hussein er vitfirringur. Þið hafið kannski komið til Ísraels og ferðast þar um, inn á Gazasvæðið, séð hvernig er farið með Arabana? Er það ekki líka vitfirring hvernig þar er að málum staðið?

Og ef við lítum aftur, jafnvel aftur í aldir, þá virðist það vera saga mannkynsins að það er sama hverjir stjórna í vissum löndum, það er eins og það sé áfram í sama mynstrinu. Það breytist í raun og veru ekkert þegar frá líður annað en það að fram koma nýir menn, menn sem ætla að berjast fyrir réttlæti. Og hvað er réttlæti? Það er þeirra dómur. Það er þeirra afstaða sem ráða í hverju tilviki. Það er hið rétta. Og sá sem verður undir er alltaf sekur. Hann er dæmdur, hann er kúgaður. Og síðan rísa menn upp, fá jafnvel vopn frá þeim sem börðust við þá, og reyna svo að hefna harma sinna. Þetta er sagan.

En mér finnst það kannski merkilegast við þessa umræðu að þó að á yfirborðinu virðist í raun og veru vera lítill munur á afstöðu hæstv. ráðherra þá er langt frá því að þeir séu sammála ef maður fer ofan í saumana á því sem þeir segja.

Ég vil fá útskýringu á því hvað t.d. hæstv. utanrrh. meinar þegar hann segir að það þurfi að vera samstaða meðal NATO-þjóðanna og að við séum skuldbundnir. En skuldbindingin er eftir því sem orð hans féllu, ef á að túlka þau bókstaflega, að okkar eigin mati hvort við erum skuldbundin eða ekki. Svo koma menn hér upp og segja: Við erum í stríði. Sem sagt, út og suður er hér rætt og hver er niðurstaðan? Rugl.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum vikum töldu börnin dagana til jóla. Nokkru seinna hófst annars konar niðurtalning og henni fylgdi annars konar spenna, ekki eftirvænting heldur kvíði. Fresturinn sem Írökum hafði verið gefinn til að hafa sig á brott frá Kúvæt var að renna út. Hann rann út og svo fór, sem flestir höfðu kviðið en vonað að ekki yrði, að stríð skall á. Það voru ekki jólin sem komu þótt einn hermaður hafi komist svo óhugnanlega að orði eftir eina fyrstu sprengjuferðina að Bagdad í sprengjuregni liti út eins og skreytt jólatré. Eða var hann kannski að tala um jól vopnaframleiðendanna?

Viðbrögð manna urðu mismunandi. Fyrst fylltust vesturveldin og aðrar þjóðir í fjölþjóðahernum barnalegri gleði yfir hvað græjurnar þeirra virkuðu vel. Vel er að vísu nöturlegt orð í stríði, orð sem þó heyrist mjög oft þessa dagana, jafnvel um mikla eyðingu og hörmungar.

En svo kom í ljós að eitthvað var öðruvísi en virtist við fyrstu sýn og nú búast menn við langri styrjöld. Mannfall getur orðið mikið. Það er deilt um hve mikið það er orðið núna og skaðinn getur orðið ógurlegur. Það var undarlegt hve margir virtust trúa því að hægt yrði að ljúka þessu af með fullkomnum tólum á dagsparti eins og fyrstu yfirlýsingar báru með sér. Ekki mikið skynsamlegra heldur en 11 ára drengirnir, vinir sonar míns, sögðu þegar þeir komu heim úr skólanum fyrsta stríðsdaginn: Stríð, sögðu þeir. Er það ekki búið núna? Pabbi eins stráksins í okkar bekk sagði að það yrði búið þegar við kæmum heim úr skólanum. Er verið að innræta börnum að stríð sé ekkert mál? Ef svo er, þá er full þörf á því að leiðrétta þær ranghugmyndir.

Það græðir aldrei neinn á stríði nema hergagnaframleiðendur og þeir eru raunar, eins og margoft hefur verið bent á, svokallaðir samherjar okkar. Þeir geta nú setið kátir og talið peninga. Þeir hafa selt báðum stríðandi aðilum vopn og eru nú kannski að reyna að endurnýja markaðinn. Segjum við börnum okkar nógsamlega frá þessum ógnvekjandi staðreyndum eða þegjum við þunnu hljóði?

Ég leyni því ekki að það fór um mig hrollur þegar ég heyrði í fréttum í gærkvöldi haft eftir einhverjum breskum eða bandarískum ráðamanni að nú snerist stríðið ekki lengur aðeins um það að koma Írökum frá Kúvæt heldur að brjóta veldi Saddams Husseins á bak aftur og eyða helst öllum vopnum Íraka. Og það er töluverður lager. Ekki var getið um hvort það yrði gert hvað sem það kostaði í mannslífum. Hvernig kemur þetta heim og saman við títtnefndar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og þau skilyrði? Er hæstv. utanrrh. Íslands sammála þessari skoðun? Við höfum nú þegar heyrt skoðanir Eyjólfs Konráðs Jónssonar en ég bið hæstv. utanrrh. um svar við þessari spurningu. Ég skal endurtaka spurninguna: Eru Íslendingar sammála því, og þá er ég að tala um stjórnvöld, að styrjöldin snúist nú ekki lengur um það að koma Írökum frá Kúvæt heldur að brjóta veldi Saddams Husseins á bak aftur og helst að eyða öllum vopnum Íraka? Þetta er yfirlýsing sem heyrðist í fréttum seinast í gærkvöldi.

Í útvarpi í morgun var greint frá að það væri mikill munur annars vegar á þeirri heimsstyrjöld sem við Íslendingar höfum kosið að nefna síðari heimsstyrjöldina en ekki aðra heimsstyrjöldina, eins og ýmsar aðrar þjóðir og ég vona að það verði að áhrínsorðum og engar fleiri heimsstyrjaldir verði, og hins vegar svo þeim staðbundnu styrjöldum sem síðar hafa verið háðar. Í fyrri heimsstyrjöldinni var mannfall mikið en þó töldust aðeins 14% þeirra sem féllu til óbreyttra borgara, en 67% í hinni síðari. Ef litið er á þær styrjaldir sem síðar hafa verið háðar, þá er um 90% mannfallsins óbreyttir borgarar. Þetta eru ógnvekjandi tölur. Öll mannslíf eru dýrmæt, jafnt hermanna sem annarra. En það hlýtur að setja að manni óhug hve stór hópur dregst inn í styrjaldarátök samkvæmt þessu bara vegna þess að hann býr á óheppilegum stað og verður þess vegna fyrir árásum. Þetta stríð er nefnilega ekki háð á tölvuskjám eða í sjónvarpi, eins og ætla mætti eftir fjölmiðlum, heldur á í hlut fólk af holdi og blóði beggja vegna víglínunnar.

Svo sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í upphafsorðum sínum eigum við Íslendingar enn sem komið er ekki beina aðild að þessu stríði en sú hætta vofir vissulega yfir okkur ef ráðist yrði á Tyrki eins og fram hefur komið í máli ýmissa þótt þar sé vissulega um blæbrigði að ræða. Og þetta hlýtur að vekja spurningar um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi.

Við bjóðum land okkar sem land friðar og sátta. Við tökum skynsamlega afstöðu með Eystrasaltslöndum, þá einörðustu sem um getur og erum stolt af. Við bjóðum þeim hjálp í samningaviðræðum, siðferðilegan stuðning, sendinefndir, ekki vopn eða varnir sem bjóða upp á ofbeldi, auðvitað ekki. Íslendingar eru friðelskandi þjóð og hafa notið þeirrar gæfu að fara ekki með vopn í mörg hundruð ár. En hverju eigum við að svara börnunum okkar þegar þau spyrja hvort við séum að fara í stríð? Getum við með góðri samvisku sagt: Nei, Íslendingar skipa sér á bekk með friðarsinnum nú eins og alltaf. Nei, það getum við ekki, ekki á meðan við búum ekki við það hlutleysi sem við lýstum yfir með fullveldinu 1918 en glötuðum er við gerðumst aðilar að hernaðarbandalagi fyrir liðlega 40 árum.

Með óbeinum hætti erum við reyndar orðin aðilar að þessari styrjöld nú þegar hvort sem okkur líkar betur eða verr. Fjölmiðlar eru fullir af stríðsfregnum. Fréttir berast af því að ungir íslenskir strákar vilji fara í stríðsleik og reyna að fá pláss í stríðandi herjum. Og fjölmiðlaumræðan ber því miður vott um að þar sé stríðsdýrkun í fyrirrúmi. Hvaða umræða er þetta? Hvaða hugsunarháttur hjá þjóð sem hefur ekki hervæðst síðan á Sturlungaöld?

Það er haft á orði að fjölmiðlaumræðu sé stýrt með það að meginmarkmiði að ala á stríðsdýrkun til þess beinlínis að það gerist ekki eins og á tímum Víetnam að andúð gegn stríði verði ríkjandi.

Um það leyti sem þjóðin gekk til náða í gærkvöldi gat að líta undarlegan fréttaflutning á bresku stríðssíbyljunni Sky, sem kom á eftir þjóðsöngnum okkar í ríkissjónvarpinu. Þar var glaðbeittur fréttamaður að spjalla við Veru Lynn sem söng fyrir hermenn í seinni heimsstyrjöldinni, söngva eins og White cliffs of Dover, hugljúfa söngva. Og það var ekki annað að sjá en þau gleddust bæði yfir nýja stríðinu og hún væri tilbúin að syngja og spjalla á ný við stríðandi hermenn. Ég held okkur veiti ekki af að efla friðarfræðslu í skólum með þessa innrætingu fyrir augunum því hún er ekki bara eftir miðnætti, hún er á miðjum degi líka.

Og hvert er svo hið göfuga markmið þessa stríðs? Ekki skal ég gera lítið úr rétti hverrar þjóðar til frelsis, friðar og fullveldis hvort sem hún heitir Litáar, Palestínumenn, Gyðingar, Kúrdar eða Kúvætar. En hvers vegna fær maður óþægilegan sting í samviskuna við athugasemdir eins og að blóð sé dýrmætara en olía? Kannski væri ekkert stríð við Persaflóa ef auðlegð Kúvæts væri gulrætur en ekki olía, eins og heyrðist á öðru þjóðþingi fyrir skömmu. Er frelsi, friður og fullveldi sumra dýrmætara en annarra?

Því miður snýst Persaflóastríðið fyrst og fremst um

verslun og viðskipti og miklu síður um frið og frelsi sem þó væri full ástæða til. Því gerir fólkið á Vesturlöndum sér grein fyrir þegar það mótmælir undir slagorðinu „Blóð er dýrmætara en olía". En þessar raddir komast illa að hátölurum fjölmiðlanna. Nei, það þykir meira um vert að flytja mjög nákvæmar lýsingar um tæknihlið vopnavæðingarinnar, jafnvel svo klukkustundum skiptir. Og ef einhver skyldi efast um að styrjöldin snúist meira um olíu en frelsi, þá er vert að minnast þess að þegar Japanir eru nú sakaðir um að leggja ekki nóg fjármagn til styrjaldarinnar, þá eru helstu rökin þau að þeir verði að borga eins og aðrir því að þeir noti svo mikla olíu. Og við megum ekki gleyma vopnaframleiðendunum sem alls staðar eru og við þekkjum þá sögu.

Fram til þessa er eitt það fáa sem hægt er að hugga sig við í þessu stríði sú staðreynd að Ísraelsmenn hafa enn haldið að sér höndum þrátt fyrir yfirlýsingar. Hve lengi það verður veit enginn. Í rauninni má segja að eini ljósi punkturinn enn sem komið er sé aðgerðarleysi. Þetta stríð snýst ekki bara um tækni- og vopnayfirburði. Það snýst án efa meira um hugarfar en menn gera sér grein fyrir. Ég held að orð Gunnars Eyþórssonar fréttamanns frá 4. jan. sl. og raunar í grein frá 25. jan. einnig séu í góðu gildi. Þá sagði hann í blaðagrein, með leyfi forseta:

„Eitt af því sem dregur úr trausti á forustu Bush Bandaríkjaforseta í deilunni við Persaflóa er að hann talar ævinlega eins og hann eigi í persónulegum illdeilum við Saddam Hussein Íraksforseta. Saddam sé verri en Hitler, engar viðræður við slíka menn komi til greina. Það er engu líkara en þessi eini maður sé andstæðingurinn. Málið er einfaldað fram úr öllu hófi. Það er eitt að haga þannig áróðri sínum, hitt er verra að það er ekki annað sýnna en Bush trúi þessu sjálfur bókstaflega. Hann virðist í raun og veru halda að vandamálið sé Saddam, allt falli í ljúfa löð þegar Saddam Hussein persónulega hafi verið rassskelltur og rekinn með skömm frá Kúvæt. Fyrir það markmið sé réttlætanlegt að fórna tugþúsundum eða hundruðum þúsunda mannslífa. Það er rétt eins og Adolf Hitler sé raunverulega upprisinn og nú sé loksins tækifæri til að koma í veg fyrir síðari heimsstyrjöldina sem kostaði yfir 50 millj. mannslífa. Bush tók sjálfur þátt í þeirri styrjöld og virðist ærið fastur í hugmyndaheimi þessara ára. Miðausturlönd eru ekki Evrópa. Írak er ekki Þýskaland nasismans. Engin heimsstyrjöld blasir við jafnvel þótt Saddam kæmist upp með að sameina allan Arabaheiminn undir sinni stjórn. Markaðurinn mundi eftir sem áður ráða verði á olíu. Það sem við blasir aftur á móti eftir stríð gegn Írak út af Kúvæt er fjandskapur Arabaríkja og ríkja íslams við Vesturlönd sem mundi vara miklu lengur en nokkur hernaðarsigur gegn vígvél Saddams. Ólga um öll Miðausturlönd sem mundi óhjákvæmilega breiðast út til Evrópu og Afríku og skipting heimsins í nýjar fylkingar nú þegar kommúnisminn er dauður. Með stríðsrekstri í Miðausturlöndum nú gætu Vesturlönd komið sér upp andstæðingi í stað kommúnismans sem engin hagfræðilögmál dygðu til að kveða niður."

Og síðar: „Bush forseti harðneitar að gefa Saddam nokkurt færi á að draga her sinn frá Kúvæt án auðmýkingar eða veita honum tryggingu fyrir því að ekki yrði ráðist á Írak ef hann færi frá Kúvæt. Markmið Bush er að refsa Saddam persónulega. Hér er ekki við Saddam einan að ræða, stríð yrði barátta tveggja ólíkra heima. Með því að einblína á Saddam Hussein gæti Bush forseti tryggt það að bilið milli þessara heima yrði óbrúanlegt um langa framtíð. Hernaðarlegur stundarsigur mundi breytast í varanlegan pólitískan ósigur."

Og örstuttu eftir að stríðið var hafið, þann 25. jan. segir Gunnar: „Ef rétt er verður ekki séð hvaða tilgangi stríðið þjónar. Það er nú þegar orðið miklu víðtækara en það eitt að endurreisa Kúvæt. Sú heildarmynd sem ég fæ af fréttum og ekki síður viðtölum og spjallþáttum CNN-sjónvarpsins er að ekki aðeins almenningur heldur einnig ráðamenn geri sér takmarkaða grein fyrir hvað þeir voru að fara út í með stríðsrekstrinum í Miðausturlöndum. Sjónvarpsfréttir eru þess eðlis að þær gefa frábærlega góða mynd af því sem er að gerast á stundinni. Þegar kemur að því að kafa undir yfirborðið og leita samhengis í hlutunum koma takmarkanir sjónvarps í ljós, en það er sjónvarpið sem mótar hugarfar og þar með afstöðu Bandaríkjamanna og í vaxandi mæli annarra. Á heildina finnst mér ástæða til þess að hafa áhyggjur af þeirri þróun."

Þetta eru orð manns sem hefur getið sér gott orð í fréttaskýringum, erlendum fréttaskýringum, og ég held að hann teljist ekki til öfgamanna á nokkru sviði. Ég vek athygli á því að hluti þessa texta er ritaður áður en átökin hófust en ég óttast að Gunnar sé forspár í þessum efnum. Það er hugarfarið sem við erum að glíma við og ekki er að vita hvort nokkur hefur betur í slíkri glímu. Sjálf erum við nú að glíma við hugarfar, ekki síður. Margt er breytt frá þeirri bjartsýnistilfinningu sem fylgdi endalokum kalda stríðsins en hugsanleg endurvakning þess draugs er önnur hlið á sama máli og Persaflóastríðið. Það er hugarfar hermennskunnar, hugarfar sem jafnvel er farið að smita út frá sér hjá þjóð sem ekki ber vopn. Ekki veit ég hvort og hvernig verður aftur snúið af þeirri óheillabraut sem við erum nú komin á, en það er verk að vinna hér á landi sem annars staðar, að endurhæfast eftir að hafa sogast inn í hringiðu haturs og hermennsku. Það er ekkert eðlilegt að lífið snúist um stríð og það yfirskyggi líf okkar. Við megum ekki innræta börnum okkar hatur á „vonda kallinum", hvort sem hann heitir Saddam Hussein eða eitthvað annað, hvað sem okkur finnst um hann og ekki er ég að verja hans gjörðir, því þá ölum við á hugarfari hermennskunnar, gefum börnum okkar ekki gott veganesti út í tilveruna, tryggjum ekki frið heldur stríð.

Það er barátta háð á fleiri vígstöðvum en við Persaflóa og konur eru nú, eins og svo oft áður, að heyja þá baráttu víða um heiminn, baráttuna sem mestu skiptir, að ala upp friðelskandi börn og útskýra fyrir þeim að það er ekkert spennandi eða skemmtilegt við stríð og hatur heldur aðeins eyðilegging. Við verðum að bregðast við því sem við stöndum nú þegar frammi fyrir, stríðsáróðrinum.

Í fyrsta lagi með því að koma með fleiri hliðar en stríðsáróður inn í fjölmiðlana.

Í öðru lagi með því að efla friðarfræðslu í skólum.

Í þriðja lagi með því að við öll, foreldrar, systkini, afar og ömmur, frænkur og frændur, gerum börnum okkar grein fyrir hörmungum stríðs svo þau telji ekki að hér sé um tölvuleiki og spennumyndir að ræða heldur blákalda alvöru.

Í fjórða lagi með því að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að halda Íslandi utan stríðsins og íhuga hvort við höfum ekki tekið ranga ákvörðun með því að skipa okkur utan hlutleysis.

Í fimmta lagi með því að vinna með öllum tiltækum ráðum að því á alþjóðavettvangi að leitað verði enn á ný friðsamlegra lausna og samninga í stað áframhaldandi styrjalda sem enginn getur unnið. Ég veit að þetta er torsótt en aðrir kostir sem við stöndum frammi fyrir eru ekki betri. Við verðum að reyna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þegar ég var lítið barn ólst ég upp í nágrenni við herstöð. Fyrstu árin sem ég man eftir mér bjó ég í nágrenni við stóran hóp hermanna og lærði að lesa með því að brjótast í gegnum styrjaldarfregnir Morgunblaðsins. Þetta gekk yfir, þó ekki áfallalaust vegna þess að í því litla byggðarlagi þar sem ég átti heima var það ekki óalgengt að þrjú til fjögur börn yrðu föðurlaus einu sinni, tvisvar á vetri þessi ár. Þær skelfingar fóru auðvitað ekkert hljóðalaust yfir viðkvæma barnssál. Þetta leið hjá, sem betur fer. Síðan tók það við þegar við vorum ungar manneskjur að byrja lífið að menn fóru að berjast austur í Asíu og með þá lífsreynslu að baki sem maður fékk sem barn, þá barðist maður gegn þeirri styrjöld. Við stóðum í mótmælagöngum og barðist af alefli með því fólki sem sagði: Aldrei aftur stríð.

Og hér stöndum við enn og getum ekki opnað svo fjölmiðil að ekki sé verið að segja frá styrjöld og það e.t.v. skelfilegri styrjöld en nokkurn tíma hefur verið háð. Maður spyr sjálfan sig: Hvað er að gerast? Hvar er dómgreind fólks? Til hvers höfum við staðið í baráttu árum og áratugum saman? Ég í stjórnmálaflokki sem barðist fyrir friði, gegn þátttöku í hernaðarbandalögum, fyrir ómengaðri náttúru, fyrir þeirri einföldu staðreynd að skila þessari veröld betri en við tókum við henni. Ég spyr hv. alþm.: Erum við á réttri leið? Svar mitt hlýtur að vera nei. Fyrir mér er heimurinn að ganga af göflunum og þar með obbinn af þeim stjórnmálamönnum sem hér eiga hlut að máli. Ég er svo hjartanlega sammála því sem bæði hv. 16. þm. Reykv. sagði hér áðan og hv. síðasti ræðumaður, 10. þm. Reykn., að það er ekki hægt að vinna styrjöld, hún hefur aldrei unnist og mun aldrei vinnast. Hún getur ekki haft neitt nema eyðileggingu og mannskemmdir í för með sér.

Það hlýtur að vera eina ráðið til þess að gera mannkyninu líft í þessum heimi að reyna að verja sína eigin dómgreind. Það er það eina sem við höfum að verja og mér sýnist að hún sé í hættu.

Hér hafa hæstv. ráðherrar skýrt hver staða okkar sé í þessum átökum. Sumt af því er sjálfsagt rétt og sumt beinlínis rangt. Ég horfði sjálf á, eins og áreiðanlega flestir þeir hv. þm. sem hér hlýða á mál mitt, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna segja það nóttina sem Bandaríkjamenn réðust inn í Írak: Ég var ekki látinn vita. — Hann sagði orðrétt og ég sá ekki betur en manninum væri svo brugðið að hann var í tárum: „I was not informed."

Hann var ekki látinn vita að þetta stæði til eða þetta væri orðið gerningur. Enda hlýtur hver maður með nokkurn veginn óbilaða dómgreind að spyrja sjálfan sig hvort þessi ákvörðun var tekin þá nótt eða nokkrum nóttum fyrr. Ef ég hef nokkra hugmynd um hernað, sem ég hef sem betur fer ekki mikla, þó fer ekki hjá því að maður neyðist öðru hverju til að setja sig inn í slíka hluti, þá hélt ég að það kostaði mikla vinnu og langan tíma að skipuleggja aðgerðir sem þessar, að ég tali nú ekki um að safna því sem til þarf. Þannig að fyrir mér er mörgum spurningum ósvarað í þessu máli. Ég veit ekki hvort það skiptir mig miklu máli að fá svör við þeim. Hver er sekur um hvað? Ég þekki ekki nóg til Arabaríkjanna þó ég hafi reynt að lesa mér nokkuð til, en það er vægast sagt einföldun á staðreyndum að tala um þetta eins og styrjöld milli tveggja manna. Auðvitað hefur hver þjóðarleiðtogi, góður eða vondur, þúsundir og milljónir manna á bak við sig. Fólk sem er af sömu rótum, af sömu menningu, sem er öldungis ólík þeirri menningu sem við höfum alist upp við og við skiljum. Eina leiðin til þess að þetta fólk skilji hvert annað er að menn reyni a.m.k. að setja sig inn í hugsanagang þess.

Engum hefur orðið tíðrætt hér í ræðum sínum í dag um þá fjármuni sem sóað er í þessi ósköp. Auðæfi jarðarinnar eru að 80% í höndum 20% mannkyns. Vitaskuld snýst þetta stríð ekki frekar en önnur stríð um umhyggju fyrir einni eða neinni þjóð eða nokkru lifandi fólki og það dettur varla nokkrum manni í hug. Þetta stríð er auðvitað háð um hagsmuni, fjárhagslega hagsmuni, eins og allar aðrar styrjaldir. Einhver vitur maður sagði: „Ef þeir í Kúvæt ræktuðu gulrætur væri ekkert stríð" — og auðvitað er það hárrétt. Þetta stríð er háð um olíu og ég vænti þess að menn gangi út frá því til að byrja með.

Hér sitja á hinu háa Alþingi hv. þm. sem hafa lagt á sig að vinna með hinum hungruðu heimi í Eþíópíu, nægir að nefna hv. 3. þm. Norðurl. e. Það hlýtur að vera skelfilegt fyrir það fólk sem það hefur séð af eigin raun, að horfa á billjónir, billjónir króna, ýmist notaðar í að limlesta og myrða fólk og eyðileggja byggingar, jafnvel mannvirki sem menning þúsunda ára hefur skapað, eða rekast hverjir á aðra uppi í himinhvolfunum engum til gagns, en þó kannski færra fólki til ógagns. Það má kannski hugga sig við það.

Er það ekki skortur á dómgreind að annað eins og þetta skuli geta átt sér stað? Á meðan stór hluti heimsbyggðarinnar líður skort, lítil börn deyja úr hungri. Ekki einu sinni það er látið nægja. Það þarf líka að sprengja þau í tætlur. Er ekki svolítið hlálegt að hér hafi komið fram í dag að ákveðinn stjórnmálamaður, sem mér er svo sem ekkert kær, Jósef Stalín, hafi ver-

ið brjálæðingur? Ég bara spyr: Hver er brjálæðingur og hver ekki? Ég sé ekki að hann hafi verið brjálaðri heldur en svo ótal margir aðrir þjóðarleiðtogar og mig langar ekkert að vera í hópi með þessum mönnum. Ég vil vera stolt af því að vera íslenskur þingmaður, forseti íslensks þjóðþings sem hefur stært sig af því að hafa aldrei borið vopn, aldrei stuðlað að því að þjóðin bæri vopn. Það getur vel verið að menn geti afgreitt svona ræðu með því að segja: Sentímentalt kjaftæði — eins og ég heyrði sem athugasemd við ræðu hér í dag. Þetta er ekkert „sentímental kjaftæði". Þetta er eitthvert brot af óbilaðri dómgreind. Við höfum setið hér og undirritað, staðfest, leyft staðfestingu á undirrituðum sáttmálum, sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fyrir okkur, um mengunarmál til að bjarga náttúru jarðarinnar, um mannréttindi. Sáttmálum sem tryggja föngum sómasamlega meðferð. Kannski það sé svo komið að það sé betra að vera stríðsfangi heldur en almennur borgari. Það er ekki samhengi í þessum hlutum. Og þegar maður hættir að skilja samhengi í sínum eigin gerningi hvað heitir það? Það er að vera *brjálæðingur. Þá er maður ekki heill á geðsmunum* lengur. Og þegar ég horfi á bófahasarinn sem er hellt yfir þjóðina á hverju kvöldi og hverri nóttu, þá hugsa ég stundum með mér: Hvort er það ég eða einhver annar sem er ekki lengur heill á geðsmunum?

Því halda menn að það sé einhver tilviljun að þessum stöðvum er leyft að hella heldur einhliða fréttaflutningi yfir alla heimsbyggð? Ég skal taka eitt dæmi, hv. þm.: Ég veit ekki enn þá, og ég held að enginn viti það hér inni á hinu háa Alþingi, hvernig olíumengunin við Persaflóa kom til? Annar aðilinn segir þetta, hinn segir hitt. Þegar Víetnamstyrjöldin var í gangi höfðum við ekki þessa miklu tækni í fréttaflutningi. Við höfðum þó allgóðar fréttir af því sem gerðist. Ég held að fréttir núna séu verri en þær voru þá. Af hverju skyldi það nú vera? Halda menn að þessum stöðvum séu ekki borgaðir peningar fyrir að flytja þessar ritskoðuðu fréttir sínar? Þessi styrjöld er á uppboði, hún er til sölu. Hún er okkur seld fyrir mikla fjármuni. „Við erum fyrstir með fréttirnar", segja menn í fréttamannatóni og ég endurtek spurningu hv. 10. þm. Reykn.: Hvað eiga ungar mæður að segja börnunum sínum?

Það eru haldnir fundir í skólum landsins þar sem sálfræðingar og félagsfræðingar eru að reyna að koma í veg fyrir varanlegar skemmdir á þessum börnum sem eru hrædd. Auðvitað eru þau hrædd. Þau hafa þetta fyrir augunum. Það er engin leið að hindra að þau horfi á þessi ósköp.

Nei, ég spyr, hæstv. forseti: Er vit í þessu á nokkurn hátt? Ég fæ ekki séð það og ég get ekki tekið undir með hv. 8. þm. Reykv. að ég sé hreykin af að vera NATO-þjóð. Það mætti kannski minna hv. 8. þm. Reykv. á að NATO-þjóðir höfðu ekkert sérstakar áhyggjur af því sem ein NATO-þjóða framdi óáreitt og ég nefni Tyrkland. Það hefur nú ekki verið allt í sómanum í þvísa landi. Það þurfti engan til að verja mannréttindi þess fólks. Af hverju skyldi það hafa verið? Það voru ekki mjög miklir fjárhagsmunir í húfi fyrir einn eða neinn. Það fólk var bara myrt og limlest í friði fyrir öllum. (**HBl:** Er það gamli stalínistinn sem kominn er í stólinn?) Sumar athugasemdir hv. alþm. geta verið skemmtilegar og áhugaverðar en þessi var ekki ein af þeim. Sá þingmaður sem hér stendur hefur aldrei verið stalínisti og verður aldrei vegna þess að hann fordæmir ofbeldi í hvaða mynd sem er og hvar sem það er framið.

Ég veit ekki hvar á að byrja að ræða um þessi mál og hvar á að enda. Eitt veit ég, að þjóðir heims eiga aðeins einn kost ef menn ætla að verja það eina sem þeir eiga, sína eigin dómgreind. Það er að taka höndum saman og stöðva þessa styrjöld, stöðva hana hér og nú. Vegna þess að eitt skal ég segja ykkur, hv. þm. og hæstv. forseti. Þessi styrjöld verður ekki unnin. Það er ekki hægt að vinna hana. Það munu hins vegar allir bíða ómælt tjón á náttúru heimsins, með týndum mannslífum, með menningarverðmætum sem aldrei verður hægt að bæta, með því hatri sem hlýtur að verða árangur af slíkum átökum, hatri sem engin leið er að uppræta, eins og hv. 16. þm. Reykv. tók dæmi *um áðan, vegna þess að það er nú einu sinni svo* með manneskjuna og þeirrar spurningar hljótum við öll að hafa spurt okkur: Hvernig bregðumst við við ef börnin okkar eru myrt af erlendum árásarher? Ég er ekki svo fullkomin. Ég hygg að ég færi að hata og ég veit ekki hvort hatrið yrði upprætt úr huga mínum.

Ég vona að við hér þurfum aldrei að standa frammi fyrir þessari spurningu. En annað fólk er ekkert öðruvísi en við jafnvel þótt það sé runnið upp úr ólíkri menningu og sé af öðrum rótum. Það á nákvæmlega sama rétt og við. Og ég bið þess vegna hæstv. ríkisstjórn og hv. alþm. að hætta að tala um hertæknileg atriði hér á hinu háa þingi eða einstakar greinar í þessum og þessum samningum sem því miður sýnast ekki hafa neitt gildi lengur. Það sem hér er um að ræða er að Íslendingar vilja frið í heiminum. Þeir vilja ekki taka þátt í því að leysa vandamál með því að myrða allt sem fyrir verður. Það er þetta sem skiptir hér máli og Íslendingar eiga ekki að vera til viðtals um neitt annað.

Ég vil ítreka það sem hér hefur áður komið fram. Við höfum staðið saman um að verja rétt smáþjóða hér í nánd við okkur þegar stórveldi ryðst inn á þær með ofbeldi þótt ólíku sé saman að jafna við þau ósköp sem hér er verið að tala um. Ég vona að hv. Alþingi geti verið jafnsamstiga um þetta mál og leggi sitt litla lóð, sem því miður er allt of lítið og menn hafa nú kannski stundum miklað fyrir sér, en þó sitt litla lóð á þá vogarskál að mótmæla þessum skelfilegu athöfnum sem fara fram nú við Persaflóa.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að sú umræða sem hér fer fram hljóti að kveikja margar spurningar og miklu fleiri en þær sem komu fram hjá málshefjanda, einfaldlega vegna þess að þeim spurningum hefur í sjálfu sér verið svarað, en hugmyndum málshefjanda um það hvað lægi á bak við þessa styrjöld og hvað bæri að gera hefur aftur á móti ekki verið svarað.

Við lítum gjarnan á það, Íslendingar, sem sjálfsagðan hlut að þjóð fái að vera í friði, fái að búa í friði og vera í friði. Við erum nú afkomendur víkinganna og virtum sjálfir ekki frið Írlands á sínum tíma. Var friður Vestmannaeyja virtur í Tyrkjaráninu? Og hvað hefði Kvennalistinn gert á bryggjunni í Vestmannaeyjum ef Tyrkir hefðu komið? Það hlýtur að vera spurning þegar fólk talar svona og að það hafi þá svör á reiðum höndum við því hvernig eigi að bregðast við ofbeldi.

Ég minnist þess að sem ungum dreng var mér það ærið umhugsunarefni hvers vegna menn vógu Gunnar á Hlíðarenda og satt best að segja voru það þungskilin rök sem lágu þar á bak. Hann hafði ekki farið að Gissuri hvíta, hann hafði ekki farið að Geir goða með ófriði. En íslenska þjóðveldið var þannig byggt upp að það hafði ekkert framkvæmdarvald. Þingið setti lög og þingið dæmdi og Gunnar á Hlíðarenda virti ekki lögin sem þingið hafði sett og virti ekki dóma þingsins. Og mestu höfðingjar Sunnlendinga og friðarsinnar jafnframt, Gissur hvíti og Geir goði, fóru að honum og drápu hann vegna þess að hann virti ekki dómsúrskurð þjóðveldisins og þeir töldu að með því að virða ekki dómsúrskurð þjóðveldisins skapaði hann þá ófriðarhættu að það væri réttlætanlegt að taka hann af lífi. Og hver er nú kannski besti umsagnaraðilinn um það að þessir menn sem tóku hann af lífi hafi verið drengir góðir? Ætli það sé ekki maðurinn sem hefndi Gunnars á Hlíðarenda, Skarphéðinn, sem deildi um það við föður sinn á hlaðinu á Bergþórshvoli hvort skynsamlegt væri að verjast inni eða verjast úti. Njáll vildi verjast inni. Skarphéðinn taldi það ekki skynsamlegt. Njáll vitnaði í það að það hefði gengið illa að sækja Gunnar á Hlíðarenda vegna þess að hann varðist inni. En Skarphéðinn svaraði: „Gunnar á Hlíðarenda sóttu heim höfðingjar þeir að þeir vildu heldur snúa frá en sækja hann með eldi." Honum var ljóst að þeir yrðu aftur á móti sóttir með eldi.

Það er gott að tala sig upp í þann hita að við höfum ekki vopn og beitum aldrei vopnum. Ég minnist þess að það er ekki langt síðan að Íslendingur tók opinbera byggingu norður í landi, vopnaður. Og hvað sendum við til höfuðs honum? Víkingasveitina. Lögregluþjónn náði þeim árangri að tala um fyrir manninum og það kom ekki að því að víkingasveitin gerði áhlaup. En nú spyr ég hér úr þessum ræðustól af því að engin mótmæli komu fram á Alþingi Íslendinga: Hvað telja menn að víkingasveitin hefði beðið lengi áður en hún hefði gert árás og áður en hún hefði notað skotvopn til að taka manninn úr umferð? Veit nokkur svarið?

Þetta er ekki bara bundið við Norðurland. Þetta er að gerast af og til. Vopnaðir menn skjóta úr byssu og víkingasveitin er kölluð til. Það hafa engin mótmæli komið hér við þessum vinnubrögðum. Það hefur engin tillaga komið hér frá Kvennalistanum um hvernig eigi að afvopna þessa menn. Svo tala menn um það sem sjálfgefinn hlut ef þjóðarleiðtogi sem hefur her á bak við sig og beitir honum, þá sé hægt að afvopna hann með friðsamlegum hætti.

Sameinuðu þjóðirnar standa í sömu sporum og þjóðveldið íslenska hvað það snertir að þær hafa ekki framkvæmdarvald til að ná fram ákvörðunum sínum. Þær ætla þjóðríkjunum að fylgja þeim eftir alveg eins og þjóðveldið íslenska ætlaði höfðingjum Suðurlands á sínum tíma að fylgja eftir dómnum yfir Gunnari á Hlíðarenda. Og hvað sagði framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna nóttina frægu þegar hann var spurður að því hvort þeir mundu lengja frestinn? Hér hafa menn látið svo að hann hafi grátið. Hvað sagði hann? Við lengjum ekki frestinn, sagði hann. Það er ekki á dagskrá að lengja frestinn. Menn hafa látið í það skína að Mitterand Frakklandsforseti hafi viljað lengja frestinn. Hvað sagði hann í ávarpi til sinnar þjóðar? Hann sagði að það væri fullreynt. Þess vegna er ekkert um það að ræða að það hafi blasað við, eins og sumir eru að tala hér um, að Frakkar hafi haft einhverja sérskoðun á þessu máli sem hafi verið kæfð og orðið undir. Það var algerlega beðið eftir því að Frakkar tækju sína afstöðu og forseti þeirra ávarpaði þjóðina.

Við stöndum frammi fyrir því hvort sem okkur líkar betur eða verr að Sameinuðu þjóðirnar sem ríki heimsins, þau sem sagt höfðu Þjóðverjum stríð á hendur í heimsstyrjöldinni síðari, komu saman til að stofna 26. apríl 1945 með það markmið að sameinast um afstöðu, beitingu vopnavalds, til að stöðva Hitler. En eins og menn vita gáfust Þjóðverjar upp 8. maí sama ár. Alveg eins og þá var markmið Sameinuðu þjóðanna að engum einræðisherra fengi að líðast það að fara með vopnaðan her á hendur annars lands án þess að hann yrði tekinn úr umferð. Alveg eins og það var samþykkt þá er það stefna Sameinuðu þjóðanna í dag. Þess vegna verða Íslendingar að gera það upp við sig: Ætlum við að vera í Sameinuðu þjóðunum eða ekki? Höfum við á því aðra skoðun en ríki Sameinuðu þjóðanna hvort það eigi að taka þá menn úr umferð sem fara með vopnað lið á hendur öðrum þjóðum? Það er ekkert til sem heitir að Sameinuðu þjóðirnar ætli sér að hafa aðra stefnu. Hún er ekki á dagskrá og hefur aldrei verið á dagskrá þar. Menn verða að átta sig á því hvers vegna þær voru stofnaðar og til hvaða verka.

Það blasir við að lýðræðisþjóðir heimsins standa á bak við þá ákvörðun og hafa safnað liði til að fara inn í Írak og Kúvæt. Menn geta sagt: Þeir áttu að bíða lengur. En þeir sem það segja svara ekki spurningunni: Hvað áttu þeir að gera ef viðskiptabannið hefði ekki dugað? Þeir hafa komið sér undan að svara þeirri spurningu. Átti þá ekkert að gera? Átti þá bara að samþykkja það að Saddam Hussein væri búinn að komast yfir Kúvæt, brjóta þar öll mannréttindi, drepa þar menn eins og honum sýndist og af því að þetta voru Arabar, þá ætlaði íslenska þjóðin ekki að senda neina til að standa við þinghúsið þar, ekki eina einustu sveit. Var það þetta sem menn töldu að væri rétt? Og voru menn reiðubúnir að skrifa upp á það að Saddam Hussein legði undir sig allan Arabaheiminn, dræpi þar menn eins og honum sýndist ef olíuverðið hækkaði ekki? Er það það sem menn telja að sé hið rétta? Það liggur nefnilega ljóst fyrir að það var þetta sem Vesturlönd vildu ekki samþykkja. Þau vildu frekar þola hækkun olíuverðsins en þola það að hann héldi áfram eins og

hann hafði gert. Svo segja menn hér og lesa upp eftir einhverjum fréttaskýranda að það sé engin heimsstyrjöld í augsýn þó að Saddam Hussein leggi undir sig allan Arabaheiminn.

Heimsstyrjöldin fyrri skildi eftir sig þá friðarsamninga, því miður, að það var auðvelt hjá manni að tala því máli í Þýskalandi að það væri ekkert réttlæti í þeim friðarsamningum og safna liði til þess að sameina Þjóðverja um að brjótast undan því oki sem þeir friðarsamningar höfðu sett á þá. Heimsstyrjöldin síðari skildi einnig ýmsa hluti eftir sem við erum ekki búin að komast fram hjá. Eitt af því er Palestínumálið, sprengjan mikla í Austurlöndum. Það verður aldrei hægt að verja það hvernig Ísraelsmenn fara með Arabana. Það er ekki hægt að verja það með því að Hitler og hans menn hafi drepið svo og svo marga Gyðinga. Þess vegna blasir það við að kjarnorkuvopn á þessu svæði munu þýða kjarnorkustyrjöld ef báðir aðilar hafa þau vopn undir höndum.

Það er hægt að segja að það eigi að leysa Kúvætmálið og Palestínumálið samtímis eins og hér var sagt í ræðustól. Menn hafa verið að glíma við að reyna að leysa þetta Palestínumál og hefur það tekist? Það hefur ekki tekist vegna þess að það var ákveðið af sigurvegurum heimsstyrjaldarinnar fyrri að Gyðingaþjóðin, þó hún ætti ekkert land, hlyti hún að eiga tilverurétt og það hlyti að vera réttlætanlegt að setja hana einhvers staðar niður. Og hvar settu þeir hana niður? Í landinu sem hún hafði átt fyrir mörgum, mörgum öldum. Ég held aftur á móti að það yrði allmikið fjör í Noregi ef við tækjum okkur til og legðum undir okkur Óslófjörðinn. Mér er sagt að Hallvarður súgandi sé kominn af því svæði og auðvitað tæki ég ekki í mál að fara að búa einhvers staðar norður frá.

Nei, það er hægt að segja svona hluti eins og hér: Fyrst leysum við Palestínumálið samhliða. Það er eins og þetta sé spurning um að komast út í mjólkurbúð fyrir lokun. Ég veit ekki hvort þeir, sem hér tala á þann veg að allir þjóðhöfðingjar Evrópu sem hafa tekið þátt í styrjöldum séu vitfirrtir glæpamenn, vita hvað þeir eru að segja. Það er hægt að hugsa sér mjög auðveldlega að Hitler hefði unnið heimsstyrjöldina síðari. Værum við ánægð með það þjóðskipulag sem hann hefði komið á? Værum við ánægð með það? Mundum við Íslendingar elska friðinn undir þeim kringumstæðum eða mundum við reyna að brjótast undan okinu? Ég neita að setja jafnaðarmerki á milli þeirra þjóðhöfðingja Evrópu sem þá börðust til að verja mannréttindi og Hitlers sem barðist fyrir allt öðrum hugsjónum. Ég hygg að ef menn á annað borð skoða sögu*na, þá átti menn sig á því* að lýðræðisþróunin í heiminum hefur tekið langan tíma. Hún hefur tekið langan tíma. Það er ekki langt síðan að viss ríki í Evrópu eins og Spánn og Portúgal komust undan einræðisherrum. Það er ekki langt síðan.

Eigum við að trúa því í dag að það sé sjálfgefinn hlutur að lýðræðisþjóðir heimsins fái að byggja sinn heim í friði ef einræðisherrar, sem staðnir eru að því að hafa verið í styrjöld sl. átta ár, fá að vera í friði og murka lífið úr nágrönnum sínum, leggja undir sig smáríki og auka sitt ríki? Hafa menn einhvern skjalfestan samning upp á það að Evrópa verði þá látin í friði? Hvaðan koma mönnum upplýsingar um slíkt?

Ég hygg, því miður, að við stöndum þannig í dag, eins og ég hef áður sagt í þessum ræðustól, að Vesturlönd eiga meira undir því en flestu öðru að Sovétríkin liðist ekki í sundur. Því að ef Sovétríkin liðast í sundur þá er enginn afvopnunarsáttmáli til á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Þá er enginn slíkur sáttmáli til. Og þó að menn tali hér um það eins og eitthvert gamanmál að það sé enginn áfangi þrátt fyrir allt að búið er að eyðileggja kjarnorkuuppbygginguna sem Írakar voru með þá hygg ég nú að ef menn hafa horft á flugskeytin sem send voru til Tel Aviv að mönnum sé ljóst að það hefði ekki þurft nema eitt að komast í gegn hefði kjarnorkusprengja fylgt.

Ég tel að Íslendingar eigi að vera í Sameinuðu þjóðunum og ég tel að þeir hafi ekki átt annarra kosta völ en að greiða atkvæði á þingi Sameinuðu þjóðanna eins og þeir hafa gert í þessu máli. Ég tel að sú draumaveröld sem sumir draga hér upp, að það sé hægt að tefla fram vopnlausum friðarsinnum til þess að koma á friði og taka það fram að friðarsinnarnir eigi að berjast, taka það skýrt fram trekk í trekk að friðarsinnarnir eigi að berjast, vopnlausir hlýtur þá að vera, að það sé hægt að ná árangri með þeim hætti, ég hef hvergi séð slíkan árangur. Er það kannski tilfellið að ástæðan fyrir því að íslenska þingið sendir menn til Eystrasaltslandanna sé sú að þeir telji að slíkur friðarsinni sitji við völd í Sovétríkjunum að það sé ekki bein mannhætta fyrir íslenska þingmenn að fara þangað en það sé mannhætta ef þeir fari til Kúvæts? Er það þess vegna sem við höfum ekki sent neina menn þangað til að framkvæma stefnuna með því að senda friðarsveitir á staðinn?

Ætli það blasi nefnilega ekki við þegar í alvöruna er komið að hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá býr Arabaheimurinn við myrkviði trúarbragða. Það *myrkviði og þær kenningar að hver sá sem fellur í* stríði fyrir Allah er hólpinn. Hann er hólpinn. Honum á eftir að líða vel í öðru lífi. Það er viðurkenningin mikla. Það er eins og mig minni að Íslendingar hafi einu sinni búið við þau trúarbrögð að sá sem félli í stríði eða yrði vopndauður hann þyrfti ekki mikið að kvíða þegar hann kæmi yfir um, honum mundi líða vel, en sá sem dæi á sóttarsæng hann fór til Helheima og þar var nú ekki vistin góð.

Þessar þjóðir, Arabaþjóðirnar, búa við trúarbrögð sem eru þess eðlis að innifalin er mikil hernaðarhyggja, þó ekki sé meira sagt. Þar er innifalin mikil *hernaðarhyggja. Og þeim mun fyrr sem* þessar þjóðir komast út úr þeim fjötrum þeim mun betra.

Ég gleðst ekki yfir stríði við Persaflóa. Ég gleðst ekki yfir því að þar séu vopnin látin tala. En það sem mig greinir á um við frummælandann hér í þessum sal er það að mér er ekki ljóst hvernig menn geti komist að þeirri niðurstöðu að vopnin hafi byrjað að tala núna í janúar. Það eru mér gjörsamlega óskiljanleg fræði. Ég veit ekki hvar á plánetunni þeir hafa verið sl. átta ár sem komust að þeirri niðurstöðu að vopnin hafi byrj-

að að tala við Persaflóa í janúarmánuði sl. (**Gripið fram í:** Þessum.) Þessum janúarmánuði. Það er rétt. Febrúar er ekki kominn. En svo spyrja menn trekk í trekk: Hvers vegna fóru Bandaríkjamenn strax inn eða fjölþjóðaherinn? Hvers vegna? Hvers vegna biðu þeir ekki fram í apríl? Það liggur alveg ljóst fyrir hvers vegna þeir biðu ekki og það vita það allir. Hitinn á þessu svæði er þeim hættulegri en nokkuð annað. Þeir eru í sömu stöðu hvað hitann í eyðimörkinni varðar og þýski herinn forðum í Rússlandi, nema þar var það kuldinn sem sá um að fella menn.

Ég vil undirstrika það að kannski er ein spurning sem sett hefur verið fram öðrum spurningum merkilegri. Það var spurningin sem Saddam Hussein varpaði fram. Hann spurði: Hafa Vesturlönd aldrei hugleitt þann möguleika að þau tapi stríðinu? Hafa friðarsinnarnir hér á þinginu, sem kalla sig sérstaklega friðarsinna, aldrei hugleitt það, og þar með talinn hæstv. forseti, hvað mundi gerast ef vestræn menning tapaði styrjöld eins og þeirri sem nú á sér stað við Persaflóa?

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég skal reyna að verða við beiðni hæstv. forseta að tala hér mjög stutt þó að vissulega væri tilefni til að hafa hér langt mál um það sem hér hefur komið fram í dag og kannski ekki síst það sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem hefði nú verið mjög skemmtilegt að fá að ræða sérstaklega.

En það sem ég tel mjög mikilvægt af því sem hér hefur komið fram er að það virðist ekki leika nokkur vafi á því að Íslendingar ráða sjálfir hvort þeir verði aðilar að þessari styrjöld. Að vísu er hér einhver blæbrigðamunur á afstöðu manna. Ég tel hins vegar alls ekki ljóst hvaða afstöðu ríkisstjórnin hefur til þessarar styrjaldar og hvort hún telur eðlilegt að Ísland taki þátt í styrjaldarátökum þó auðvitað getum við ekki tekið þátt í þeim með beinum hætti. Þess vegna finnst mér mjög miklu máli skipta hvernig á málum verður haldið.

Í mínum huga er ekki nokkur vafi á því að við eigum að lýsa yfir andstöðu við áframhaldandi styrjöld. Ég styð að sjálfsögðu að Írakar hverfi frá Kúvæt. Þá styð ég einnig að alþjóðaráðstefna verði haldin um allsherjarlausn á svæðinu eins og kom fram hér að ríkisstjórnin hefði samþykkt. Ég tel ekki nokkurn vafa á því að allir séu samþykkir því, enda er það í samræmi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna. En það er bara spurningin um hvort maður styðji styrjaldarátök eða ekki. Og það geri ég ekki. (Gripið fram í.) Ofbeldi leysir ekki deilumál. Þó einn beiti ofbeldi þá réttlætir það ekki að beita ofbeldi á móti. T.d. ef börn eru að deila *og rífast og þau fara í hár saman þá er það ekki lausn* að hvetja þau til dáða og skipa þeim að berjast þangað til yfir lýkur.(**FrS:** Á ekki að refsa nauðgurum?) Það á ekki að beita þá sömu aðferðum og þeir beita. Það er ekki lausn. Það er engin lausn að beita ofbeldi. Og ef fólk er svo vitlaust að ímynda sér það að vopnin hafi fyrst verið látin tala núna í janúar, þá er ekki nokkur einasti maður sem hefur haldið því fram. Það hljóta allir að vita það að þessi heimur riðar á barmi tortímingar og ef einhver geimvera færi og skoðaði þessa jörð þá væri hún viss um að það væri ekki bara einn og ekki bara tveir menn sem væru orðnir eitthvað bilaðir heldur værum við það meira og minna öll. Það er mikil einföldun að ímynda sér það að þó það takist nú að þurrka Saddam Hussein út af jörðinni þá væri þar með kominn á friður. Mér þykir það með ólíkindum og einföld heimsmynd sem kom fram í því, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan. Það er auðvitað ekki nokkur einasta lausn. Það hljóta allir að vita.

Þess vegna er mikilvægt að við Íslendingar lýsum andúð á ofbeldi alls staðar. Það er aldrei réttlætanlegt. Við höfum hlutverki að gegna til að koma á friði í heiminum. Það er aldrei hægt að vinna stríð. Það er ekki hægt að leysa nein deilumál með ofbeldi. Aldrei. Þess vegna verður að uppræta hugarfar hermennskunnar og uppræta þann hugsunarhátt sem í því felst. Auðvitað er það ekkert annað en ofbeldi og yfirgangur sem alls ekki er hægt að líða sem kemur fram hjá Saddam Hussein gagnvart Kúvæt en það réttlætir bara ekki að tortíma Írak til að frelsa Kúvæt. Það er ekki frelsun því það verður ekki lausn. Því miður, þó svo við gætum stöðvað, þó við gætum ja, þurrkað Írak út af kortinu og sprengt það upp eins og nú virðist eiga að gera, þá er það því miður ekki leiðin til að fá frið á þessu svæði. Því miður. Það er bara ekki hægt. Það verður ekki hægt að leysa þau deilumál sem þarna eiga sér stað með þeim aðferðum sem nú er beitt. Þess vegna eigum við að beita okkur fyrir því að það verði gengið til samninga. Og auðvitað verður það liður í því að frelsa Kúvæt. Að sjálfsögðu. Mér þykir það alveg furðulegt ef menn halda að með því að halda áfram þessu sprengjuregni sem þarna á sér stað, þá verði allir ánægðir þegar upp er staðið og friður ríki.

Ég skora enn á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að á þessum málum finnist friðsamleg lausn. Hætta strax styrjaldarátökum og reyna að koma á friði í þessum heimshluta sem verður varanlegur friður, ekki eitthvert *stundarhlé. Annars er hætta á að átök hefjist aftur, ef* ekki á milli landa á þessu svæði þá óttast ég mjög að yfirstandandi styrjöld geti orðið til þess að það myndist enn meiri andstæður milli Arabaheimsins og annarra hluta heimsins.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki þá dul að svara öllum þeim spurningum um stríð eða frið sem hér hafa verið orðaðar í þessari umræðu, heldur einungis þeim spurningum sem beinlínis var til mín beint og varða málið sem var spurt um.

Í fyrsta lagi spyr ég sjálfur hv. þingheim: Hefur einhvers staðar komið fram ágreiningur innan þings eða milli þingflokka um afstöðu Íslendinga í þessu máli, t.d. varðandi afstöðu gagnvart ályktunum Sameinuðu þjóðanna? (**Gripið fram í:** Nei.) Svarið er nei. Það hefur verið ágreiningslaust. Þessar samþykktir Sameinuðu þjóðanna hafa verið ræddar á löngum tíma. Þær hafa verið ræddar í utanrmn. Afstaða hefur verið kynnt af hálfu ríkisstjórnar. Enginn þingmaður, enginn hv. þm. hefur kvatt sér hljóðs til þess að andmæla þeim

eða lýsa annarri skoðun þannig að ég hlýt að líta svo á að það sé samstaða um það á þingi og milli þingflokka um að við þær skuldbindingar skulum við standa.

Í annan stað er spurt: Er Ísland styrjaldaraðili? Reyndar var því haldið fram af einum hv. þm., annar það um nánari skýringar á því. Svarið er einfalt: Ísland er ekki styrjaldaraðili vegna þess að Ísland gerist ekki styrjaldaraðili með neinum sjálfvirkum hætti. Eitt er það að við höfum skuldbundið okkur af samþykki okkar við ályktanir Sameinuðu þjóðanna og við höfum einnig orðið við áskorunum um að aðstoða við framkvæmd þeirra en við erum ekki styrjaldaraðilar. Við höfum ekki tekið ákvörðun um það.

Það er spurt: Eru hernaðaraðgerðirnar sem gripið var til á vegum Sameinuðu þjóðanna eða ekki? Svarið við því er: Já, þær eru á vegum Sameinuðu þjóðanna. Öryggisráðið ályktaði að brjóta á bak aftur innrás og hernám Íraka í Kúvæt. Það gaf ofbeldisseggnum tímafrest til þess að draga hersveitir sínar til baka. Það heimilaði aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða eftir það til þess að ná fram þessu markmiði og reyndar bætti um betur og skoraði á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að aðstoða við framkvæmd þeirrar ályktunar. Það eru ýmsar leiðir sem Sameinuðu þjóðirnar samkvæmt sáttmála sínum hafa til þess að framkvæma slíkar ályktanir. Ég skýri ekki frá því nánar. Ég vék að því í framsöguræðu minni. Í þessu tilviki var framkvæmd ályktana öryggisráðsins um Persaflóa byggð á ályktunum öryggisráðsins sem og 51. gr., um rétt ríkja til sjálfsvarnar. Það hefði út af fyrir sig verið unnt að beita öðrum ráðum. En það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Að því leyti er samlíkingin við íslenska þjóðveldið gild að Sameinuðu þjóðirnar geta beitt ráðum til þess að fá aðildarríki sín til þess að framfylgja ályktunum sínum og reyndar eru þær skuldbundnar til þess skv. 25. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þá er ein spurning sem tengist spurningunni um aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og Tyrklandi og hún er þessi: Er Tyrkland árásaraðili? Mitt svar við því er nei. Rökin eru þessi: Tyrkneska þjóðþingið hefur samþykkt að verða við beiðni öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að aðstoða við framkvæmd ályktana Sameinuðu þjóðanna. Hver er munurinn á afstöðu Tyrklands og annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í því tilviki sem ýmist hafa látið í té land til þess að verða við þeim óskum eða látið í té herlið til þess að verða við þeim óskum eða látið í té skip, flugvélakost eða annað? Ég tel að sá munur sé enginn. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt ráðið hjá Atlantshafsbandalaginu þegar það varaði Írak á sínum tíma, strax 17. des., mjög við því að færa út sviðið með því að ráðast á Tyrkland, varð við tilmælum tyrknesku ríkisstjórnarinnar um að flytja þangað liðsveitir sem gert var með sérstakri samþykkt, gátu reyndar ekki verið bandarískar vegna þeirrar skipunar Atlantshafsbandalagsins að þessar sveitir tilheyrðu suðurvæng og voru þar samkvæmt fyrri áætlunum þeim til varna, vegna þess að ég tel það öryggisatriði að það leiki enginn vafi á því að ef Írak ræðst á Atlantshafsbandalagið tekur það náttúrlega þá áhættu að 5. gr. bandalagsins verði virk svo fremi sem aðilar eru sammála um að Tyrkland hafi ekki gerst árásaraðili.

Ég tek sérstaklega undir þau orð sem hér voru látin falla af hv. þm., formanni Alþb., þegar hann sagði: Það er að sjálfsögðu afar mikilvægt fyrir smáþjóðir í þessum heimi að ofbeldisaðgerðir af því tagi sem Írak stofnaði til verði ekki látnar ná fram að ganga án aðgerða af hinu alþjóðlega samfélagi. Og ég tek undir með honum þegar hann sagði: Það er óháð stjórnarfari þeirra ríkja sem hér er um að ræða. Ég lýsi ekki yfir neinum stuðningi við það stjórnarfar sem ríkir í mörgum löndum Arabaheimsins. En það breytir engu um það, vegna þess að við erum hér að tala um grundvallaratriði, um alþjóðalög, sáttmála Sameinuðu þjóðanna, alþjóðleg samskipti að þessu leyti. Jafnvel þótt færa mætti rök að því að eitthvað væri hæft í sögulegum röksemdum Íraksstjórnar um landamærakröfur á þessu svæði þá réttlætir það heldur ekki hernaðaraðgerðir með vísan til sömu grundvallarreglna.

Þá var spurt: Eru íslensk stjórnvöld sammála því að markmiðið með hernaðaraðgerðum á vegum Sameinuðu þjóðanna sé ekki lengur að reka Íraka úr Kúvæt heldur að brjóta veldi Saddams Husseins á bak aftur? Svar við þessu lá fyrir fyrir fram. Markmiðið er að knýja með öllum mögulegum ráðum Saddam Hussein til þess að fara með her sinn frá Kúvæt og endurreisa fullveldi Kúvæts. Þar á meðal kemur það síðan til mats hvernig haldið er á þeim styrjaldarrekstri. Ég lýsi því yfir að ég tel það hafa verið sjálfsagt mál að beina hernaðaraðgerðum að því að eyðileggja og útrýma getu íraska hersins til þess að beita kjarna- og eiturvopnum, svo að ég nefni sem dæmi. Og það er þáttur í því sem við á að taka, nefnilega þeim vanda að vinna friðinn, að hernaðarmáttur Írakshers verði verulega minnkaður jafnframt því sem það er nauðsynlegt að draga úr mannfalli við að ná fram því markmiði að frelsa Kúvæt.

Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki tímans vegna sagt margt um þær spurningar sem hér hafa verið vaktar um stríð og frið, þar á meðal spurningu hæstv. forseta um hverjir hafi óbilaða eða óbrjálaða dómgreind í þessum málum o.s.frv., enda ekki til við þeim einhlít svör. Við getum aðeins litið til baka til sögulegrar reynslu Evrópuþjóða á okkar öld. Við höfum lifað einhverja blóðugustu öld sem nokkrar sögur fara af í sögu mannkynsins, miklu grimmilegri, miklu blóðugri í mannfórnum og töpuðum mannslífum heldur en þær aldir sem við kennum við myrkar miðaldir eða fyrri tíðar styrjaldir. Það má spyrja: Var það heilbrigð dómgreind þeirra sem töldu sig mesta friðarsinna á sínum tíma þegar ekki voru í tæka tíð gerðar ráðstafanir til þess að stöðva Adolf Hitler og ofbeldisheri hans? Við vitum síðar að það kostaði 52 milljónir mannslífa að stöðva hann. Það hefði mátt gera það fyrr og spara við það mörg mannslíf. Hefði verið unnt að koma í veg fyrir þær tugmilljóna blóðfórnir sem ógnarstjórn Jósefs Stalíns kostaði Sovétþjóðirnar með því að koma honum frá valdastóli fyrr? Þetta eru

spurningar sem varða dómgreind. En eitt er víst að þeir menn á þeim tíma sem lýstu skoðunum eins og þeim sem fram hafa komið í máli kvennalistakvenna og í máli hæstv. forseta Sþ., spöruðu ekki mannslíf með þeim skoðunum.

EFRI DEILD

47. fundur, þriðjudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Kjördagur.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hef hér fyrir framan mig fréttatilkynningu frá forsrh. sem ég fékk í hendur frá blaðamönnum í anddyri Alþingishússins þegar ég kom hér til fundar kl. 2. Hæstv. forsrh. hefur ekki haft svo mikið við að senda mér sem formanni þingflokks Sjálfstfl. fréttatilkynningu þessa um nýjar kosningar né láta mig vita að hún sé útgefin í dag og var þó auðvelt að ná til mín í morgun fram yfir tíunda tímann þannig að það er ekki sú skýring á þessu tómlæti að hæstv. forsrh. hafi ekki haft tök á því að ná í mig og hér í Alþingi beið mín engin tilkynning um að slík fréttatilkynning hafi verið út gefin.

Þar sem í þessari fréttatilkynningu er um mjög vafasamar fullyrðingar að ræða sem varða stjórnarskrána, friðhelgi Alþingis og almennt lýðræði í landinu tel ég óhjákvæmilegt, herra forseti, að gera athugasemdir við þessa fréttatilkynningu í heyranda hljóði og hlýt að lýsa því jafnframt yfir að mér gafst ekki rúm til þess að láta vita um þessa ósk mína fyrir hádegi þar sem mér var ekki um málið kunnugt á þeim tíma.

Ég vil óska eftir því að staðgengill hæstv. forsrh., hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson, verði kvaddur hingað í deildina til þess að svara athugasemdum sem ég tel nauðsynlegt að koma á framfæri. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti sjái til þess að þingfundi verði frestað á meðan. Ég tel það eðlilegt á meðan náð er í staðgengil hæstv. forsrh. til þess að við getum tekið þetta mál fyrir.

Forseti (Jón Helgason):

Eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. er kunnugt þá situr varamaður á Alþingi fyrir hæstv. sjútvrh. Ég hef þegar beðið um að beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. um viðveru hans í deildinni sé til hans komið, en ég veit ekki hversu langan tíma það tekur. En ég vil spyrja um það hvort ekki sé unnt að ganga til dagskrárinnar og taka fyrir fyrsta mál á dagskrá þangað til hæstv. sjútvrh. kemur.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að störf deildarinnar liggi niðri á meðan. Ég vil með því að óska þess leggja áherslu á mikilvægi málsins og um leið undirstrika þær aðfinningar mínar að stjórnarandstöðunni skuli ekki hafa verið gert það kunnugt að efnt yrði til nýrra kosninga á undan fjölmiðlum, einkanlega þar sem fréttatilkynning forsrh. fjallar einkum um afstöðu stjórnarandstöðunnar.

Ég vil óska eftir því að fá að bera mig saman við þingmenn Kvennalista um það sem stendur hér í fréttatilkynningu forsrh. þannig að við getum í sameiningu gert okkur grein fyrir því hvort þessi ummæli hafi við rök að styðjast varðandi stjórnarandstöðuflokkana báða og tel þess vegna eðlilegt að þessi frestur verði veittur. Það mun líka ýta á eftir því að náð verði í hæstv. sjútvrh., en eins og hæstv. forseta er kunnugt veltur það nú mjög á ýmsu hvort hæstv. ráðherrar telji ástæðu til þess að sitja yfirleitt inni í þessari deild þegar þeirra mál eru rædd.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það vill oft brenna við að ákvarðanir séu teknar og birtar í fjölmiðlum án þess að hv. þm. sem hér starfa fái um þær að vita. Ég hafði nú mínútubrot til þess að ráðfæra mig við minn þingflokksformann þar sem ég hef verið á nefndafundum í allan morgun. Það var hringt til hennar úr forsrn. og henni tilkynnt um þessa ákvörðun. Ég vil samt láta það koma fram hér að hún benti sérstaklega á það á fundi þingflokksformanna á föstudaginn var að 11. maí væri örugglega betri dagur með tilliti til samgangna hér á landi, þannig að ég er ekki sátt við að hér skuli standa: „Stjórnarandstaðan leggst gegn því að kjördagur verði 11. maí", eins og segir orðrétt í fréttatilkynningunni, því að mér er kunnugt um það eftir þetta stutta samtal sem ég átti við þingflokksformanninn, hv. 7. þm. Norðurl. e., að hún lagðist alls ekki gegn þeirri hugmynd. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil í upphafi ítreka aðfinnslur mínar yfir því að þingflokkur Sjálfstfl. skuli ekki hafa fengið fréttatilkynningu frá forsrh. um kjördag í hendur óðruvísi en að biðja fréttamenn að lána sér eintak af henni. Það væri auðvitað sjálfsögð kurteisi að senda stjórnarandstöðuflokkunum slíka fréttatilkynningu ekki síður en fjölmiðlum. Það er í samræmi við önnur vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar og þá áráttu hennar að hafa sem minnst samband og samvinnu við stjórnarandstöðuna. En hver verður að ráða sínum vinnubrögðum.

Ég vil í fyrsta lagi lýsa því yfir að ég fagna því að ríkisstjórnin skyldi hafa tekið þá ákvörðun að flýta kjördegi fram yfir það sem segir í stjórnarskrá og fram yfir það sem skilja má af áratuga hefð og kosningalögum hér á landi. Árið 1983 var kosið hinn 23. apríl eða fjórða laugardag í apríl. Það var kosið fjórða laugardag í apríl árið 1985 og samkvæmt lagahefð ber reglulegan kjördag að þessu sinni upp á 27. apríl. Það

er í samræmi við þau ákvæði kosningalaga hinna eldri að kjósa skuli fjórða sunnudag í júní. Nú er talað um að kjósa skuli annan laugardag í maí og ber þá að sjálfsögðu að skilja það svo, ef mark væri að kosningalögum, að alþingiskosningar hefðu átt að vera annan laugardag í maí fyrir tæpu ári og skírskota ég þá til ákvæða um forsetakosningar máli mínu til stuðnings og hefð sem orðið hefur hér á landi. Þetta sýnir okkur auðvitað að ákvæðið um reglulegan kjördag í kosningalögum er marklaust og skiptir ekki máli.

Það er rétt sem stendur í fréttatilkynningu frá forsrh. að við í Sjálfstfl. lögðumst gegn því að kjördagur yrði 11. maí, hálfum mánuði eftir að kjörtímabili lyki, á þeirri forsendu að kjörtímabil sé eins og stendur í 31. gr. stjórnarskrár: „á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri, hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í þessum kjördæmum". Þetta ákvæði er óhjákvæmilegt að skilja þröngt. Það getur ekki gengið að alþingismenn sitji lengur en fjögur ár. Ég minnist þess ekki meðan Ólafur Jóhannesson var formaður Framsfl. að hér risu upp deilur um það hvernig bæri að skilja það hversu langt kjörtímabil alþingismanna væri.

Nú vill svo vel til að ákveðið hefur verið að leggja fyrir Alþingi í vikunni frv. til laga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins og er þá óhjákvæmilegt að inn í það frv. verði tekin afdráttarlaus ákvæði um það hvenær kjörtímabili Alþingis ljúki og hvenær alþingiskosningar skuli halda, reglulegar alþingiskosningar. Virðing Alþingis er ekki of mikil og keyrir að sjálfsögðu um þverbak þegar upp rísa deilur um það á Alþingi sjálfu hversu langt kjörtímabil alþingismanna sé.

Ég skal ekki hér og nú elta ólar við fullyrðingar forsrh. um að eðlilegt hafi verið að kjósa 11. maí nk. Ég lýsi því einungis yfir að kjörtímabil þingmanna er fjögur ár, ekki lengra, má þó að sjálfsögðu kjósa hinn sama laugardag í árinu, fjórða laugardag í apríl ef svo ber undir. Fyrir þessu er hefð frá því Alþingi var sett 930 að það var haldið í hinni sömu viku sumars á hverju ári. Um þetta þarf ekki að deila, um þetta eru langar hefðir, lagahefð í landinu og ekki nema útúrsnúningur að halda því fram að ekki hafi verið heimilt að kjósa hinn 27. apríl að þessu sinni. Ég vil vekja athygli á því að þegar kosið var 1983 voru fimm laugardagar í aprílmánuði, þá var kosið þann 23. Að minni hyggju er eðlilegt að telja frá upphafi mánaðar.

Hér segir síðan í fréttatilkynningu frá forsrh.: „Þótt ekki sé að finna nein ákvæði í stjórnarskrá eða lögum sem krefjast þess að kosið sé til Alþingis innan fjögurra ára og fordæmin um að landið sé án þings séu mörg, er ríkisstjórninni kappsmál að samstaða geti orðið um kjördag." Ég hélt nú að venjulegum ríkisstjórnum væri kappsmál að þing gæti setið, það væri kappsmál númer eitt. Ég vil af þessu tilefni víkja að 1. gr. stjórnarskrárinnar. Hún er svohljóðandi: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn." Sú ríkisstjórn sem hér situr nú er þingbundin. Hún starfar í umboði Alþingis og ég get ekki séð að hún hafi umboð Alþingis til þess að leggja Alþingi niður. Stjórnarskráin tekur enda á þessu álitaefni í 36. gr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi." Nú veit ég ekki hvort mönnum finnst raskað friði Alþingis eða frelsi ef hugmyndin hefur verið sú að leggja Alþingi niður. Mér finnst það nú allmikil röskun á friði og frelsi ef ríkisstjórnir eiga að komast upp með slíkt. Við sjáum það í kringum okkur hvaða afleiðingar það hefur ef ríkisstjórnum og valdhöfum er ekki veitt sterkt aðhald af þjóðþingum. Ég vil láta í ljósi vonbrigði mín yfir því að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. skuli tala um það eins og sjálfsagðan hlut að eftir geðþóttaákvörðun þeirra sé unnt að leggja Alþingi niður um lengri eða skemmri tíma.

Ég veit ekkert fordæmi fyrir því í sögu okkar Íslendinga síðan við fengum lýðveldi og okkar eigin þjóðhöfðingja að kjörtímabil hafi verið lengt um hálfan mánuð eða svo. Það hefur verið haldið sig við þessa reglu að alþingismenn séu kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.

Ég vil svo, herra forseti, láta í ljósi ánægju mína yfir því að ríkisstjórnin skuli, að tilmælum og samkvæmt kröfu Sjálfstfl., taka þann kostinn að láta Alþingi í friði, taka þann kostinn að halda sig innan ramma stjórnarskrárinnar. Og ég vil láta í ljósi sérstaka ánægju mína yfir því að ríkisstjórnin hafi tekið þann kostinn til viðbótar að stytta kjörtímabil sitt um sjö daga og skuli nú hafa ákveðið að kosningar til Alþingis verði 20. apríl.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um fréttatilkynningu forsrh., sem birt var í morgun, vil ég láta þess getið og eiginlega endurtaka það sem ég sagði áðan að aðstoðarmaður forsrh. hringdi í þingflokksformann Kvennalistans í morgun og tilkynnti um þessa ákvörðun. Það er auðvitað vel að látið er vita en það hefur greinilega ekki verið þannig á öllum bæjum.

Formaður þingflokks Kvennalistans setti sig ekki upp á móti þessari dagsetningu og eftir að hafa kynnt sér þau lögfræðilegu álit sem lögð voru fram á fundi með þingflokksformönnum sl. föstudag var hún sannfærð um að ekki væri verið að brjóta stjórnarskrána þó kjördagur yrði 11. maí. Það hlýtur því að vekja undrun okkar að hér skuli sagt í þessari fréttatilkynningu að stjórnarandstaðan leggist gegn því að kjördagur verði 11. maí. Nú held ég að ég verði að endurtaka orð mín í þriðja skiptið í dag. Ég vil benda hæstv. starfandi forsrh. á það að formaður þingflokks Kvennalistans lagðist ekki gegn kjördegi 11. maí og því hlýt ég að fara fram á að þessi fréttatilkynning verði dregin til baka og leiðrétt. Á fundinum benti hún einmitt sérstaklega á það að á þessum tíma árs væru samgöngur orðnar öruggari og betri þannig að auðveldara væri fyrir fólk að komast leiðar sinnar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Út af þeirri umræðu sem hér er hafin þá hlýt ég að vísa til þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað milli formanna þingflokka um þetta mál og skoðunar ríkisstjórnarinnar að í fyrsta lagi sé það rétt að

hafa kosningar 11. maí. Ríkisstjórnin styðst í því sambandi við þá löggjöf sem sett var 1987 þegar ákveðið var að kosningar yrðu 25. apríl og það var jafnframt ákveðið að reglulegur kosningadagur yrði annar laugardagur í maí.

Þetta er samkvæmt gildandi lögum sem Alþingi hefur sett og ætti ekki að koma neinum á óvart.

Sjálfstfl. hefur hins vegar haft þá afstöðu, sem fáir skilja og er í ósamræmi við þá túlkun sem sett hefur verið fram, m.a. af skrifstofustjóra dómsmrn., Ólafi Walter Stefánssyni, og Baldri Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóra, að þetta væri ekki í samræmi við okkar stjórnarskrá. Hitt er svo annað mál að við hljótum að leita eftir sem bestri samstöðu um kjördag. Sjálfstfl. virtist helst vera inni á því, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, að kosningadagur yrði 27. apríl, þ.e. tveimur dögum síðar en síðast var kosið, sem þýddi þá að þingmenn eru umboðslausir í stuttan tíma.

Ég heyrði það hins vegar á hv. þm. að hann var mjög ánægður með það að ríkisstjórnin skuli hafa fallist á að breyta þessari afstöðu til þess að um þetta mál gæti náðst samstaða. Það þarf að flytja frv. þess efnis, sem er að sjálfsögðu skylda ríkisstjórnarinnar. Hann gat hins vegar ekki leynt óánægju sinni með málsmeðferð og hefur hann nú verið vanur að gera ágreining um æði margt að undanförnu og ekki getað leynt óánægju sinni með núv. ríkisstjórn, sem verður að sjálfsögðu að hafa sinn gang. En það kemur á óvart að hann skuli með þessum hætti hefja hér umræður um þetta mál.

Ég fagna því hins vegar ef um það getur orðið samstaða að kosningar verði 20. apríl og vænti þess að sú samstaða komi fram í afgreiðslu þess frv. sem þarf að flytja um þetta mál.

Ég harma það hins vegar ef uppi hefur verið sá misskilningur sem kom fram hjá hv. 6. þm. Vesturl. Danfríði Skarphéðinsdóttur að Kvennalistinn hafi getað fallist á að kjördagur yrði 11. maí. Ég skal játa það að ég hef ekki heyrt það fyrr. Ég hef skilið það svo að Kvennalistinn kysi heldur að kosningar yrðu fyrr, en ég hef, eins og henni er kunnugt um, ekki tekið þátt í þessum umræðum milli aðila og ber að sjálfsögðu að leiðrétta það. Hins vegar hefur það verið staðfest hér í þessum umræðum að Sjálfstfl. gerir stóran ágreining um kosningar 11. maí, jafnvel þótt Sjálfstfl. hafi staðið að því á sínum tíma að ákveða að reglulegar kosningar skyldu vera annan laugardag í maí. Er vandséð hvenær þeirri skipan verður komið á ef sú túlkun á að vera uppi sem hv. þm. Halldór Blöndal hafði frammi í ræðu sinni áðan. Það er kappsmál að mínu mati að komast niður á reglulegan kjördag. Það verður líka að taka það fram að maímánuður er almennt heppilegri til kosninga en aprílmánuður. Það er nú svo víða um landsbyggðina að febrúar og mars eru oft erfiðir mánuðir. Undirbúningur kosninganna hlýtur að flytjast fram og gerir mönnum erfiðara fyrir.

En til þess að um þetta geti orðið sem best samstaða hefur ríkisstjórnin tekið þessa afstöðu og vænti ég þess að hv. þm. Halldór Blöndal geri þá meira að því að fagna því og lýsa ánægju sinni yfir því að þarna skuli hafa verið breytt um skoðun, ekki til þess að taka undir afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli, það er langt í frá, heldur til þess að um þetta geti orðið bærileg samstaða. Það er vilji ríkisstjórnarinnar og ég vænti þess að sá vilji komi jafnframt fram hjá Sjálfstfl. í þessu máli. Þykist ég viss um að hann muni koma betur fram í þeirri síðari ræðu sem hv. þm. hefur nú boðað.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Út af því sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan þá er ekki allt fengið með því að hv. þm. Halldór Blöndal verði ánægður, það dugar bara skammt. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Það er rétt, já. Það þarf kannski að hugsa um fleiri einstaklinga í þessu landi sem eiga að ganga að kjörborði heldur en hv. þm. Halldór Blöndal. Þess vegna er þetta að mínu viti talsvert örlagarík ákvörðun sem hér er verið að taka fyrir fólk sem býr á þeim landsvæðum þar sem samgöngur eru erfiðar á þessum tíma og það er miklu stærra mál heldur en hvað líður ákvörðun Sjálfstfl. í þessum efnum.

En út af því sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði, varaformaður þingflokks þeirra sjálfstæðismanna, þá er auðvitað ástæða til að spyrja aðra hv. þm. Sjálfstfl. hér í þessari hv. deild: Er þetta krafa þingflokks Sjálfstfl., að kosningum sé flýtt með þessum hætti? Ég spyr aðra hv. þm. Sjálfstfl. í þessari deild um þetta. Er þetta sameiginleg krafa þingflokks Sjálfstfl., að kosningum verði flýtt með þessum hætti? Ég geri ráð fyrir að við fáum svör við þessu því að það er auðvitað mikilsvert að vita hvort það eru einn eða tveir úr þingmannaliði Sjálfstfl. sem hafa uppi þessar raddir eða hvort það er þingflokkurinn sem heild sem hefur samþykkt það.

Í öðru lagi virðist það vefjast fyrir ýmsum, bæði hæstv. forsetum Alþingis og hæstv. ríkisstjórn, hvernig menn eru flokkaðir í stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga. Nú hefur það legið fyrir af minni hálfu að ég er óskuldbundinn hæstv. ríkisstjórn. Ég er enginn flokksþræll hæstv. ríkisstjórnar, hef margoft lýst því yfir, og tek afstöðu til mála eftir þeim málum sem eru lögð fyrir hverju sinni samkvæmt sannfæringu minni og samkvæmt þingmannseiði. Og í þessu tilviki er ég stjórnarandstæðingur með þessa ákvörðun. Ég tel það nánast glapræði að vera að etja fólki út um landsbyggðina út í kosningar upp úr miðjum apríl. Ég tala nú ekki um þegar það liggur fyrir að ein vika getur breytt miklu. Kjörtímabilið gæti verið viku lengur heldur en þetta. Og því ekki þá að nota þá viku a.m.k. og láta kjósa á réttum tíma?

Þó að hæstv. ríkisstjórn leggi mikið upp úr því að ná sameiningu og samstöðu með tilteknum einstaklingum í Sjálfstfl., þá finnst mér þetta of langt gengið, hæstv. starfandi forsrh. Menn hefðu átt að athuga sinn gang betur áður en þessi ákvörðun var tekin. Því að í lýðræðislandi á auðvitað að huga fyrst og fremst að því að hinn almenni maður sem nýtur kosningarréttar geti nýtt sér þá aðstöðu til þess að nota hann og það gerist ekki með því að vera að efna til kosninga á verstu tímum ársins.

Ég vildi að það kæmi fram að í þessu eins og mörgu

öðru er ég andstæður þessari ákvörðun, teldi a.m.k. að það hefði átt að fara þá leið að kjósa á þeim venjulega tíma sem menn eru þó sammála um, 27. apríl, þó að ég ítreki líka að það stóðu flestir eða líklega allir þingmenn að því að ákveða kosningadaginn eins og hæstv. starfandi forsrh. gerði hér grein fyrir áðan. Og menn hlaupa ekki til með það frá ári til árs eða frá kjörtímabili til kjörtímabils. Það er ákvörðun sem búið er að taka og við hana á auðvitað að standa.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um þetta. Ég tek undir það sem bæði hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir sagði hér áðan og hæstv. sjútvrh. að maímánuður er auðvitað miklu heppilegri heldur en apríl til umferðar til þess að menn komist leiðar sinnar til að nota þann mikilvæga rétt sem atkvæðisrétturinn er.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hæstv. sjútvrh. Hann kom ekki málefnalega að því álitaefni hversu langt kjörtímabilið er og verður náttúrlega við það að una. Ég sé að hann hefur nú kvatt sér hljóðs þannig að við því er að búast að hann geri það í sinni seinni ræðu.

Þetta mál horfir þannig við mér og ég hygg að sannir þingræðissinnar — ég a.m.k. vil mega vænta þess að flestir alþingismenn séu þeirrar skoðunar að þeir geti ekki fellt sig við þá tilhugsun að ríkisstjórn geti lagt Alþingi niður. Ég sé að fulltrúi Framsfl. í Norðurl. v. hefur kvatt sér hljóðs, hv. þm. Stefán Guðmundsson. Ég vona að hann sé ekki að kveðja sér hljóðs hér til þess að taka undir þá skoðun ráðherrans að ríkisstjórn hafi heimild til að leggja þingið niður. Og ef hæstv. ráðherra vill hefja umræður á þessum grundvelli langar mig til að spyrja hann í hvaða umboði hann ætladi sér að starfa sem sjútvrh. ef hann hefði lagt Alþingi niður í 16 daga í umboði sjálfs sín. Þykist hann vera maður til þess að leggja Alþingi niður og starfa síðan sem sjútvrh. í umboði sjálfs sín? Það var svo að heyra.

Það stendur skýrt í stjórnarskrá að kjörtímabil sé fjögur ár. Hið sama stendur í kosningalögum. Kjörtímabilið er fjögur ár, en þar stendur einnig að almennar reglulegar alþingiskosningar skuli fara fram í maímánuði, annan laugardag í maímánuði. Hvað eru nú margir maímánuðir liðnir frá síðustu kosningum? Það var annar laugardagur í maí árið 1987, annar laugardagur í maí árið 1988, annar laugardagur í maí árið 1989 og annar laugardagur í maí árið 1990. Sem sagt fjórir laugardagar í maí sem sagt er að séu númer tvö í röðinni. Nú ætlar hæstv. sjútvrh. að halda því fram að reglulegur kjördagur sé á fimmta laugardegi í maí frá því að síðustu alþingiskosningar voru haldnar. Hvað segir nú stjórnarskráin um þetta ef við lítum á það þar sem hún fjallar um forsetann og er til leiðbeiningar um skilning á þessu ákvæði. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní eða júlímánuði það ár er kjörtímabil endar.“ Sem sagt áður en nýr forseti tekur við störfum. Síðan segir: „Nú deyr forseti eða lætur af störfum áður en kjörtíma hans er lokið og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningunum.“

Það er með öðrum orðum litið svo á í sambandi við fjögurra ára regluna um kjör forseta Íslands að hann geti ekki verið forseti degi lengur en fjögur ár. Ef það á að halla á annan hvorn veginn, þá styttist hans kjörtímabil. Eins er það auðvitað um reglulegan kjördag Alþingis.

Nú hittist svo á að ég tók í ógáti gömlu kosningalögin. En hvað varðar ákvæðið um hinn almenna kjördag, þá er það ákvæði óbreytt í það minnsta. Þetta vil ég að komi fram. Ef hæstv. sjútvrh. heldur því fram að hægt sé að leggja Alþingi niður í 16 daga, heldur hann því þá fram að það megi leggja Alþingi niður í 32 daga? Hvar eru mörkin? Einn mánuður, hálfur mánuður? Einn mánuður, tveir mánuðir, þrír mánuðir? Það væri nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. reyndi að gera grein fyrir því fyrst hann er að gera því skóna og gerast sérstakur talsmaður þess að unnt sé að leggja Alþingi niður. Auðvitað er tal um það út í hött. Auðvitað sættir hinn almenni borgari sig ekki við að óvinsæl ríkisstjórn geti framlengt líf með því bara að fresta kjördegi fram yfir þau fjögur ár sem Alþingi ber að sitja. Það er ósköp skiljanlegt að ríkisstjórnin skyldi ekki hafa treyst sér í kosningar undir þeim kringumstæðum.

Hitt er svo annað mál og mér finnst nafni minn vera þykkjuþungur í garð sjálfs sín þegar hann er að skamma mig fyrir það að ekki var kosið í maímánuði síðast. Við vorum samherjar fyrir síðustu alþingiskosningar. Þá var kosið 25. apríl. Þá voru kosningalögin í gildi um annan laugardag í maí. Ég man ekki eftir því að nokkur hafi haldið því fram fyrir þær kosningar að sú ríkisstjórn hafi ekki verið út kjörtímabilið. Var einhver að segja að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem var við völd frá 1983–1987, hafi ekki setið út kjörtímabilið? Vantaði hálfan mánuð upp á að sú ríkisstjórn sæti út kjörtímabilið? Þetta eru alveg ný sannindi. Það hefur aldrei verið talað þannig um þá ríkisstjórn að hún hafi hlaupist frá áður en kjörtímabilinu var lokið, enda hefði það verið fleipur eitt og ósannindi.

Ég hef áður heyrt það að menn séu að tala um að nauðsynlegt sé að veður sé gott á kosningadaginn. Nú eru menn að tala um það að veðrið kunni að verða mjög vont hinn 27. apríl og þá hefði það verið Sjálfstfl. að kenna af því að við vildum ekki brjóta stjórnarskrána. Nú kaus ríkisstjórnin 20. apríl. Ef veðrið verður vont 20. apríl, er það þá ríkisstjórninni að kenna? Ég á erfitt með að skilja þetta samhengi.

Ríkisstjórnin telur eftir atvikum rétt að velja þennan kjördag. Hún er ósammála um það eða snýr út úr þegar hún heldur því fram að við sjálfstæðismenn teljum að ekki megi kjósa hinn fjórða laugardag í aprílmánuði. Ef ekki má kjósa aftur hinn fjórða laugardag í aprílmánuði eru kosningalögin stjórnarskrárbrot að kjósa skuli annan laugardag í maí, voru gömlu kosningalögin stjórnarskrárbrot að kjósa skyldi fjórða sunnudag í júní, er kjörtímabil sveitarstjórnarmanna ekki fjögur ár því að kosningar til sveitarstjórna eru í

sömu viku maímánaðar ár eftir ár, voru áður í sömu viku janúarmánaðar ár eftir ár. Þannig að það er náttúrlega hreinn útúrsnúningur að tala um það á þessum grundvelli og ekki sæmandi manni sem yfirleitt er málefnalegur eins og hæstv. sjútvrh. þótt hann upp á síðkastið hafi ekki verið sérlega samvinnuþýður, og skal ég ekki fara út í það, en alveg eins og hann segir að ég setji mig upp á móti get ég frætt hann á því að ég hef ekki skilið það hvernig hann hefur rekið sitt embætti upp á síðkastið.

Ég vil svo að síðustu aðeins minnast á það að það voru ekki við sjálfstæðismenn sem gerðum því skóna að rétt væri að hlaupa til á miðjum vetri og efna til kosninga í janúarmánuði. Það var núv. hæstv. forsrh. sem hafði það við orð vegna bráðabirgðalaganna og var svo mikið niðri fyrir að hann gat ekki hugsað sér að eiga orðastað við stjórnarandstöðuna um framkvæmd þjóðarsáttar heldur hugðist hlaupa til eins og óþekkur krakki og rjúfa þingið í einhverri skyndingu. Þá var ekki verið að hugsa um það að veður væru misjöfn í janúarmánuði. Við sjáum það núna að þetta hefði svo sem gengið vel, veðráttan er blíð og góð og það hefði verið allt í lagi að kjósa sl. laugardag. Við vitum svo sem ekkert fyrir fram hvernig veðrið er. En ef ég hef brotið eitthvað sérstaklega af mér og Sjálfstfl. með því að ekki var kosið í maímánuði 1986 samkvæmt kosningalögum, vegna veðursins 1986, sagði ég, vegna þess að það var hinn fjórði laugardagur frá síðustu kosningum — og það er algjörlega þýðingarlaust fyrir hæstv. sjútvrh. að segja, ef reglulegur kjördagur á að vera annar laugardagur í maí og það er alveg sama hversu margir lögfræðingar úti í bæ skrifa álitsgerðir um þau efni, frá þingræðislegu sjónarmiði er ekki hægt að fallast á það að það sé ákveðinn reglulegur kjördagur, síðan er rofið þing, síðan eru fjórir slíkir dagar látnir líða og kosið á hinum fimmta til þess að þingið geti setið svo og svo lengi fram á fimmta árið, fram yfir fjögur ár. Þetta gengur ekki. Þetta veit hæstv. sjútvrh. Og það mun koma hér í ljós á eftir að hann mun ekki treysta sér til að halda því fram, ef þing væri rofið í janúarmánuði, að næsta þing ætti þá að sitja fram í maímánuð eftir rúm fjögur ár. Ef það væri kosið í desember, þá ætti bara að leggja þingið niður í desember. Svo ætti að bíða vors og hafa kosningar í maí eða hvar eru mörkin? Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm mánuðir? Þetta gengur ekki neitt.

Að síðustu verða það mín orð, hæstv. forseti, að það er óhjákvæmilegt nú þegar verið er að leggja fram frumvarp til breytingar á stjórnarskránni í þessari viku að þingið manni sig nú upp og setji það niður frá orði til orðs, nákvæmlega svo jafnvel þeir, sem verst gengur að lesa það sem stendur eftir efni þess, geti skilið hversu langt kjörtímabil þingsins sé. Þetta var ekki svona á tímum okkar gömlu leiðtoga. Það velktist ekki fyrir fyrrv. formanni Framsfl., Ólafi Jóhannessyni. Það er auðvitað óhjákvæmilegt að alþingismenn geti sagt við sína kjósendur hvar í flokki sem þeir standa hvenær þeirra kjörtímabil rennur út. Nú eru þeir í vandræðum, aumingja þingmenn Framsfl. annars staðar en — hvað eigum við að segja — fyrir austan og í Reykjanesi. Þeir verða auðvitað að elta foringjana. Og þeir verða auðvitað að lýsa því yfir í kjördæmi eftir kjördæmi að þeim þyki rétt að ríkisstjórnin geti lagt Alþingi niður, að þeir sitji þarna bara í umboði sjálfs sín, forsrh. og sjútvrh. og heilbrrh., og þurfi ekki að spyrja þingið að neinu, taka inn varamann og þarf ekki að spyrja þingið að neinu og taka svo umboðið af varamanninum. Þetta gengur auðvitað ekki. Við sjáum hvað er að gerast í — ég vil ekki líkja þessu við það sem er að gerast í Sovétríkjunum nú, en ég vil segja að ef menn byrja á því að fyrirlíta þingið og vilja leggja það niður, þá er ekki á góðu von. Það vil ég að komi alveg skýrt fram.

Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri nema ítreka ánægju mína yfir því að við ákvörðun á kosningadegi skuli ríkisstjórnin hafa haldið sig innan ramma stjórnarskrárinnar, en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt eins og hæstv. ráðherra segir að setja sérstök lög um kosningadaginn eða réttara sagt, ég geri ráð fyrir því að það samkomulag haldi að stjórnarskrá verði breytt og þing rofið hinn 20. apríl.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja það að það virðast hafa orðið endaskipti hér nokkur á hlutunum í þessari deild þegar hv. þm. Halldór Blöndal er kominn hér til þess að þakka ríkisstjórninni fyrir tillitssemi og nýgerðar samþykktir. Ég er ekki kominn hingað upp til þess að þakka ríkisstjórninni fyrir og ég út af fyrir sig harma það að ríkisstjórnin skuli taka þennan kostinn og falla frá því, eins og segir í lögum, að kosið skuli annan laugardag í maí.

Eins og við höfum hér heyrt hafa hinir virtustu lögmenn sem leitað hefur verið til staðfest það, bæði Ólafur Walter Stefánsson og Baldur Möller, sem ég held að enginn leyfi sér að vefengja að hafa alla burði til þess að kveða upp úrskurði í slíku máli, telja það að hér sé ekki á neinn hallað þó að kosið hefði verið 11. maí eins og lög kveða á um.

En því miður er það svo að sjálfstæðismenn hafa hafnað samkomulagi í þessa átt, að við gætum náð samkomulagi um það að kjördagur yrði 11. maí eins og lög kveða á um. En þannig er það nú að við höfum heyrt fyrr samþykktir gerðar eða okkur sagðar gerðar í þingflokki Sjálfstfl. og ekki mjög langt síðan. Og eitthvað fór það nú á milli mála sem skeði inni í því flokksherbergi á þeirri stundu um samþykktir manna. (**KP:** Ætli það sé ekki það sama núna.) Já, það er spurning, hv. þm. Karvel Pálmason, hvort það er eitthvað svipað núna og væri kannski fróðlegt að heyra um það. Kannski er það svo. Mér finnst hins vegar að ríkisstjórnin hafi teygt sig býsna langt og of langt til þess að ná samkomulagi við einhvern hluta af þingflokki Sjálfstfl. Ég er sannfærður um það að einhver hluti af Sjálfstfl., þó að ég viti og geri mér grein fyrir því að þeim fer því miður fækkandi, gerir sér grein fyrir því að það geta verið margvíslegir erfiðleikar á því að kjördagur sé í aprílmánuði. Og við þurfum ekkert að fara langt aftur til að minnast þess. Ég gæti

nefnt mörg dæmi um það hvernig ástatt var í mínu kjördæmi á þessum dögum. Það væri líka hægt að draga hér fram kostnaðartölur frá Vegagerð ríkisins og mörgum öðrum aðilum, hvað það kostaði að koma þingmönnum og öðrum milli staða til að uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um.

En vegna þess, virðulegi forseti, að hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason spurði þingmenn Sjálfstfl. út úr í þessu máli og óskaði eftir því að þeir kæmu hér upp og svöruðu, þá þætti mér vænt um að fá sérstaklega einn þingmann hingað upp úr þingliði Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Já, ég hefði ekki á móti því en einn sérstaklega. Hv. 4. þm. Vestf. Ég hefði mjög gaman af því að fá hann hingað upp sem reyndan þingmann, með mikla þingreynslu og líka ekki síður sem fyrrverandi forseta Sþ. og heyra álit þess mæta manns sem nú er að hverfa af þingi, því miður, á þessu atriði, hvort hann sé sammála túlkun flokksbræðra sinna í þessu máli. Ætli það sé ekki svipað og með samþykktina sem var gerð hér fyrr í vetur eða átti að hafa verið gerð í þingflokki Sjálfstfl.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. spurði mig um það hvaða rök ég færði fyrir því að kosningar gætu verið 11. maí. Það kom skýrt fram í máli hans að hann hafði ekki mikla trú á núv. ríkisstjórn, hvorki til góðra verka og jafnvel ekki til vondra, og látum það liggja á milli hluta, en hann hafði hins vegar mikla trú á áliti Ólafs heitins Jóhannessonar um þessi mál. Eigum við þó a.m.k. það eitt sameiginlegt að við höfum mikið álit á því sem hann lét frá sér fara og var yfirleitt mjög yfirvegað.

Þá er rétt að byrja á því að vitna í Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson sem ráðuneytisstjóri dómsmrn. vitnar í í minnisblaði um þetta mál 5. febr. 1987, í aðdraganda að breytingu kosningalaganna. En á bls. 253 í Stjórnskipun Íslands segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Þingrofið fellir umboð allra þingmanna úr gildi, og væri óheimilt að undanskilja því suma þingmenn, t.d. þingmenn efri deildar. Eru því engir alþingismenn til frá þeim tíma, er þingrof tekur gildi og þangað til nýjar alþingiskosningar hafa farið fram. Þeirri skoðun hefur að vísu verið hreyft, að það væri ekki þingrofið heldur hinar nýju kosningar, sem felldu umboð þingmanna úr gildi, af því að út frá því verði að ganga, að þingmenn séu alltaf til staðar, en sú kenning fær ekki staðist. Hins vegar fer auðvitað best á því, að þetta tímabil sé sem styst, og er ekkert því til fyrirstöðu eftir stjórnarskránni að þingrofið sé fyrst og fremst látið taka gildi frá og með þeim degi sem almennar alþingiskosningar fara fram. Þó verður því ekki við komið, ef strax á að binda enda á störf þingsins, en skilyrði til þingslita eru ekki fyrir hendi."

Árið 1971, og til þess er vitnað í minnisblaði Ólafs Walters Stefánssonar, kom sú staða upp að kosningar 1967 höfðu farið fram 11. júní. Samkvæmt kosningalögum hefðu kosningar þá átt að fara fram sunnudaginn 27. júní. Hins vegar var talið henta að kosningar færu fram fyrr og var því flutt lagafrv. um kjördag 13. júní, þ.e. tveimur dögum eftir að kjörtímabilið rann út. Var það svipaður árstími og 1963 og 1967. Í bæði skiptin var kjördagurinn ákveðinn í sambandi við þingrof, í fyrra skiptið til að stytta kjörtímabil, sem hefði ekki runnið út fyrr en í október, í síðara skipti vegna breytinga sem samþykktar voru á stjórnarskránni.

Í framsögu þáv. dómsmrh., Auðar Auðuns, kom fram að verið var að velja hentugri tíma en hinn lögboðna. Var litið svo á að um það væri samstaða. Þá sagði ráðherrann:

„Síðustu alþingiskosningar fóru fram 11. júní fyrir fjórum árum síðan og er því umboð þingmanna fallið niður þann 11. júní nk. og má segja að að því leyti til komi þessi kjördagur, 13. júní, vel heim við það."

Nokkur umræða varð um það hvort flýta ætti kosningunum og snerist umræðan þá um það hvort slíkt væri heppilegt. Í þeim umræðum sagði Ólafur Jóhannesson, sem var formaður þingflokks framsóknarmanna, m.a.:

„Það var nú raunar aðeins ein ástæða sem hæstv. ráðherra benti á, að mér skildist, og það var þetta, að umboð þingmanna væri útrunnið um þetta leyti. Það má segja það. Á hitt ber náttúrlega að líta í þessu sambandi, án þess að það megi skoða sem andstöðu mína við þennan kjördag, að í kosningalögunum er ákveðið í eitt skipti fyrir öll, ef ekki er gerð breyting þar á, að kjördagur sé síðasti sunnudagur í júní og það verður náttúrlega að álíta að það hafi ekki verið ákveðið út í bláinn heldur að vel yfirveguðu ráði, t.d. með tilliti til samgangna."

Þetta gerðist 1971. Það sem gerist 1987, þegar lög voru sett, og vil ég þá vitna í niðurlagsorð skrifstofustjóra dómsmrn., en þar segir:

„Samkvæmt þessu standa lög til þess að kosningar verði næst laugardaginn 11. maí 1991. Ákvæði stjórnarskrár standa því ekki í vegi. Sá kjördagur var í raun ákveðinn af Alþingi með kosningalagabreytingunni 1987 samtímis því að kjördagur það ár var ákveðinn 25. apríl. Lá þá því þegar fyrir að reglulegur kjördagur yrði ekki fyrr en nokkur tími væri kominn fram yfir fjögur ár.

Þessi niðurstaða varðar það hins vegar ekki hvort það kunni að teljast óeðlilegt að sú staða komi upp að ekki séu fyrir hendi kjörnir þingmenn með umboð. Það er annað mál en stjórnarskráin gerir ráð fyrir því að slík staða komi upp þegar þing er rofið og þingrofið fer ekki saman við nýjan kjördag."

Það er því ljóst að það sem hér er um að ræða er mat á því sem fram kemur í áliti Ólafs heitins Jóhannessonar þar sem hann segir: „Hins vegar fer auðvitað best á því að þetta tímabil sé sem styst." Og því held ég að allir geti verið sammála.

Hér er um stutt tímabil að ræða, frá 25. apríl til 11. maí. Og þegar það liggur fyrir að Alþingi hefur lýst vilja sínum í þessu máli fyrir fjórum árum með því að ákveða reglulegan kjördag 11. maí 1991 þá hefur Alþingi þar með lýst þeim vilja sínum að hér líði ekki óeðlilega langur tími.

Hins vegar tek ég mjög undir það með hv. þm. að

þetta tímabil hlýtur að þurfa að vera sem styst og hann hefur hér lýst því yfir að það megi verða tveir dagar og ég hlýt að spyrja hann um það: Hvers vegna má það vera tveir dagar? Hvers vegna gæti hann þolað hæstv. sjútvrh. að starfa þessa tvo daga en ekki hina sem á eftir mundu koma? Það fæ ég ekki skilið. En ég vil ítreka að það er skoðun ríkisstjórnarinnar að það sé eðlilegt að fara að kosningalögunum í þessu efni og reglulegar kosningar fari fram 11. maí. Hins vegar telur ríkisstjórnin óheppilegt að um kosningadaginn standi deilur og það sé dregið í efa af einhverjum þingmanna, hvar í flokki sem þeir standa, að slíkt fái staðist stjórnarskrá. Það er að sjálfsögðu alvarlegt mál en ríkisstjórnin er ósammála þeirri túlkun og vitnar í því sambandi til laganna og þeirra ummæla sem hafa komið hér fram á Alþingi og álits virtra lögfræðinga í þeim efnum, og reyndar þeirra aðila, sem hv. þm. vitnaði hér í, sem voru hér áður á Alþingi.

Það hefur hins vegar verið staðfest hér í umræðunum að það geta allir þingflokkar fallist á 11. maí nema Sjálfstfl. Ef Sjálfstfl. breytir um skoðun í þeim efnum og vill fallast á 11. maí þá er komin samstaða um málið hér á Alþingi og er þá óþarft að flytja frv. til laga um þetta mál og mun það væntanlega skýrast við frekari meðferð málsins hér á Alþingi en ég hef talið svo að þetta hafi verið alveg skýrt í þeim viðræðum sem hafa átt sér stað við þingflokksformann Sjálfstfl., af hvaða ástæðum sem það svo var.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki talið ástæðu til að fara inn í þessa þingskapaumræðu um væntanlegan kjördag af þeirri einföldu ástæðu að varaformaður þingflokks Sjálfstfl. hefur talað fyrir hönd þess þingflokks hér og ég hef ekkert við það að athuga sem fram hefur komið varðandi kjördaginn í hans máli. En vegna þess að hv. 3. þm. Vestf. beindi beinlínis spurningum til hvers einstaks þingmanns Sjálfstfl. hér í þessari hv. deild þá finnst mér rétt að koma hér upp og staðfesta það sem varaformaður þingflokksins hefur sagt um kjördaginn varðandi það sem snýr að mér. Aðrir svara fyrir sig.

Ég get staðfest það að þessi mál hafa verið rædd í þingflokknum og auðvitað hljóta að vera þar mismunandi viðhorf í þessu máli eins og öðrum, eins og reyndar hefur komið hér fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. sem er ekki sammála niðurstöðu ráðherra Framsfl. í þessu máli. Það hefur komið fram hjá hv. 3. þm. Vestf. að í þingflokki Alþfl. eru ekki allir sammála þar sem hann hefur lýst sig hafa aðra skoðun heldur en aðrir þingmenn þó við höfum nú reyndar ekki heyrt viðhorf fleiri alþýðuflokksþingmanna heldur en hans eins. En hann hefur marglýst því yfir að hann sé nú með frítt spil á hv. Alþingi og taki afstöðu til hinna einstöku mála eftir sinni eigin sannfæringu en fari ekki endilega eftir niðurstöðum Alþfl. eða vilja þingflokksins ef hann er ekki sammála þeim. Ef ég fer hér með rangt mál þá hef ég misskilið hans mörgu ágætu ræður í þeim efnum hér á hv. Alþingi og þá leiðréttir hann það að sjálfsögðu. En það sem hér hefur komið fram, m.a. hjá honum og sem ég held að ráði hans viðhorfum, er það að hann kemur úr því sem við köllum dreifbýlinu, utan af landsbyggðinni og telur að kjördagur 20. apríl geti orðið til þess að skapa vandamál vegna veðurfarsins. Og það sama skilst mér að ráði viðhorfum hv. 3. þm. Norðurl. v. Hann kemur líka utan af landsbyggðinni og þess vegna beindi hann sínum spurningum til hv. 4. þm. Vestf. sem hann væntir að komi nú úr þingflokki sjálfstæðismanna og staðfesti þar með að þar séu ekki allir á sama máli af því að hann veit að hann kemur utan af landsbyggðinni, sama byggðarlagi og hv. 3. þm. Vestf. Þetta er ósköp eðlilegt og þessi viðhorf finnst mér vera í sjálfu sér mjög eðlileg.

En þá skulum við ekki gleyma því að hér í eina tíð þótti það eðlilegt og sjálfsagt að sveitarstjórnarkosningar í dreifbýlishreppum færu fram síðustu helgina í júní vegna ýmissa aðstæðna, m.a. veðurfars úti á landi og vegna þess að mestu annir við vorverkin eru á þeim tíma sem kosningar í þéttbýli fóru fram, í maí. Þetta er allt mjög eðlilegt. En það er líka annað sem við megum núna taka inn í þetta dæmi og nefna, að við getum ekkert treyst á veðurfarið lengur. Sú breyting veðurfarslega séð hefur orðið á jarðarkringlunni eins og hún leggur sig að við höfum ekki hugmynd um hvort það verður fært eða ófært í apríl, maí eða júní. Við sjáum bara hvað er að gerast. Ég gæti trúað því að það sé núna ökufært víða um land, að menn komist landleiðina jafnvel norður á Kópasker. Ég skal nú ekki taka svona stórt upp í mig, a.m.k. hafa þann fyrirvara á að ég hef ekki heyrt fréttir um slíkt. En ég held að við getum á engan hátt dagsett veðurfarið lengur, hvorki hér á Íslandi eða annars staðar í veröldinni. Þetta vitum við að eru staðreyndir sem við megum líka taka með í reikninginn. Mér er það minnisstætt að þegar ég kom fyrst inn á Alþingi eftir kosningar sem fóru fram 3. og 4. des., þá blessaðist það. Það var gert ráð fyrir tveimur dögum vegna þess að það gæti verið ófært víða um land. Mig minnir að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi þá líka sest fyrst á Alþingi, jú, það mun vera rétt, hann gefur mér merki um það. Svo að við höfum bæði þær endurminningar um okkar fyrstu kosningar að þær voru í desember og það gekk upp. (Gripið fram í.) Við vorum heppin þá án þess að vita það fyrir fram. Það þótti djarft.

Ríkisstjórnin lét, eins og hér hefur komið fram, sér detta í hug að láta kjósa núna í janúar og eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. var víst ágætt veður þá helgi sem hæstv. forsrh. lét sér detta í hug að láta kjósa, 7. janúar, en ráðherrann vissi ekki fyrir fram að það mundi verða gott veður. (**KP:** Hann hætti við það.) Hann ræður ekki öllu. Hann missti kjarkinn og hætti við það.

Ég vona að ég hafi nú svarað þessari spurningu sem hv. 3. þm. Vestf. beindi til mín, þ.e. hvort ég hafi verið sátt við þá niðurstöðu sem þingflokkur Sjálfstfl. komst að. Nú hef ég lýst því yfir hér úr þessum ræðustóli að ég hafi verið sátt við niðurstöðu þingflokksins. Hins vegar vil ég taka það fram að ég hef ekki hugmynd um hvernig umræðurnar hafa verið á þess-

um fundum þar sem menn hafa verið að ræða þessi mál og semja um þau og hve mikil harka hefur verið í þeim umræðum. Það mætti skilja það sem svo að fulltrúi Sjálfstfl. hafi sett öðrum stólinn fyrir dyrnar, sem ég stórefast um að hann hafi gert. En ég er sátt við þessa niðurstöðu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. var svo elskulegur að lána mér minnisblað sem hann hafði í höndum frá Baldri Möller. Það kemur fram á þessu minnisblaði að hann telur það ekki eftirsóknarverða þróun frá sjónarmiði lýðræðislegrar hugsunar að umboð Alþingis sé fellt niður, að Alþingi sé lagt niður, en fjallar á þessu minnisblaði ekki um það álitaefni, hvort heimilt sé að láta alþingiskosningar fara fram meira en fjórum árum frá síðustu kosningum.

Á hinn bóginn kemur fram á þessu minnisblaði mjög athyglisverð hugsun. Fyrsta setningin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Kjörtímabili Alþingis þess sem nú situr lýkur 23. apríl 1987 en þá eru liðin fjögur ár frá alþingiskosningum 1983.“ Hann er svo harður í sínum minnisblöðum að samkvæmt hans mati hefur það í för með sér að alþingismenn verði oftar en ekki umboðslausir í einn eða tvo daga ef fylgt er þeim kjördegi, sem kveðið er á um í lögum um kosningar til Alþingis, að ævinlega sé kosið annan laugardag í maímánuði. Mér heyrðist hæstv. sjútvrh. vera sömu skoðunar ef kjörtímabilið yrði lengt um tvo daga. Ef þessi skilningur þessa virta lögfræðings er réttur, og skilningur hæstv. sjútvrh. er þar af leiðandi réttur líka, að umboð þingmanna nú renni út hinn 25. apríl en ekki fjórða laugardag í maí er greinilegt að með kosningalögunum er Alþingi að gera sjálft sig umboðslaust meira og minna. Þetta var nú ekki skilningur Alþingis þegar þau lög voru sett.

Ég vil líka vekja athygli á því að lög um kosningar til Alþingis frá 16. okt. 1987 eru sett af þeim þingmönnum sem nú sitja á Alþingi. Ber að skilja það svo að við gætum með einföldum lögum ákveðið hinn fyrri kjördag, síðasta sunnudag í júnímánuði, sagt að reglulegar kosningar til Alþingis eigi að vera síðasta sunnudag í júnímánuði og þá geti ríkisstjórnin bara sent okkur heim núna í apríl og setið sjálf út júní, framlengt valdatímabil sitt með þeim hætti? Hvar eru takmörkin fyrir því hvernig Alþingi getur með einföldum lögum gefið ríkisstjórninni umboð til að sitja lengur en búist hafði verið við samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár? Allt þykir mér þetta mjög valt.

Ég vil líka víkja að því sem vitnað er til Ólafs Jóhannessonar og endurtaka, með leyfi hæstv. forseta, tvær síðustu málsgreinar í því áliti sem þar er vitnað til. Hann segir:

„Hins vegar fer auðvitað best á því, að þetta tímabil sé sem styst, og er ekkert því til fyrirstöðu eftir stjórnarskránni að þingrofið sé fyrst látið taka gildi frá og með þeim degi sem almennar alþingiskosningar fara fram. Þó verður því ekki við komið, ef strax á að binda endi á störf þingsins, en skilyrði til þingslita eru ekki fyrir hendi.“

Hann talar með öðrum orðum um það að sú staða geti komið upp að ríkisstjórnin telji nauðsynlegt að senda þingið heim þegar í stað, eins og gert var 1930, eins og gert var 1974. Eftir að tillaga um vantraust var komin fram á Alþingi 1974 og eftir að fyrir lá að það vantraust yrði samþykkt rauf þáv. forsrh. Ólafur Jóhannesson þingið frá og með þeirri stundu til þess að vantraustið kæmi ekki til atkvæða og voru þingmenn af þeim sökum umboðslausir fram að kosningum. Á hinn bóginn verða ummæli Ólafs Jóhannessonar ekki skilin öðruvísi en svo að hann telji óeðlilegt að þingmenn séu sendir heim. Hin eðlilega framkvæmd sé sú að þingmenn haldi umboði sínu. Ég er nú að vísu þeirrar skoðunar að réttur skilningur á stjórnarskránni kveði skýrt á um það að ríkisstjórnin geti ekki svipt þingmenn umboði sínu af þeirri einföldu ástæðu að ríkisstjórnin starfar í umboði þingmanna og það er útilokað að ríkisstjórnin geti þess vegna lagt þingið niður. Það er mín skoðun.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég segi bara að síðustu að ég vona að þingið beri gæfu til að ræða þessi mál í botn, til þrautar, í sambandi við þá breytingu á stjórnarskránni sem nú er fyrirhuguð. Við afgreiðum ekki frv. til nýrrar stjórnarskrár öðruvísi en svo að enginn vafi geti leikið á því hver sé staða Alþingis gagnvart ríkisstjórninni og enginn vafi sé á því hvenær alþingiskosningar eiga að fara fram.

Ég hygg, hæstv. forseti, að það sé augljóst af ummælum hæstv. sjútvrh. að lagaákvæðið um reglulegan kjördag verði að falla niður, það sé einlægast. Hann treysti sér ekki til að svara þeirri spurningu hversu langur tími mætti líða að hans hyggju þannig að þingið væri ekki til, hversu lengi ríkisstjórnin mætti leggja þingið niður. Það kom ekki fram í hans máli. Hann talar nú um hálfan mánuð. Þess vegna gæti það verið mánuður, tveir mánuðir, þrír mánuðir. Hitt er óhaggað og skiptir engu máli hversu lengi einstakir lögfræðingar skrifa um hið gagnstæða. Lögfræðingar eru ekki allir sömu skoðunar og auðvitað erum við stjórnmálamenn og hljótum að fjalla um þingræðið, Alþingi, hlutverk Alþingis, samskipti Alþingis og ríkisstjórnar fyrst og fremst sem stjórnmálamenn. Við hljótum að taka undir þær skoðanir Baldurs Möllers að það sé hvorki lýðræðislegt né æskilegt að ríkisstjórn geti lagt Alþingi niður og við hljótum um leið að segja sem óbreyttir alþingismenn að við getum ekki sætt okkur við að nokkurri ríkisstjórn detti í hug að leggja þingið niður. Þaðan hefur ráðherrann umboð. Ætla svo einstakir ráðherrar að fara að bjóða sig fram í næstu kosningum til þingmennsku í stofnun sem þeir hafa sjálfir lagt niður, ef sú staða kæmi upp? Það væri nú fallegt upplit á slíku og væri eiginlega verið að breyta þessari stofnun í hálfgerðan hundakofa, svo ekki sé meira sagt.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Þetta hefur nú á margan hátt verið fróðleg og gagnleg umræða um þessi mál. Ég get verið sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. um að það er að sjálfsögðu ekki æskilegt að þingmenn missi umboð sitt.

Og ég get verið sammála honum um að það er nauðsynlegt að taka á þessu atriði í stjórnarskránni þannig að hér leiki enginn vafi á. Og það ætti að sjálfsögðu að gera við breytingu á stjórnarskránni.

En það er tvennt sem verður að hafa í huga í þessu efni. Annað er það að kjörtímabilið er fjögur ár og hitt er það að það er nauðsynlegt að velja kjördag, reglulegan, almennan kjördag, sem hentar sem best aðstæðum í landinu. Það var gert með kosningalagabreytingunni 1987 og ég minnist þess vel þegar um hana var rætt. Þá var talað um samgöngur og breytingar þær sem orðið höfðu í samfélaginu. Og það væri nauðsynlegt með tilliti til þess að færa kjördaginn fram. En það þótti of langt gengið að hafa það síðasta laugardag í apríl og það þótti of langt gengið að hafa það fyrsta laugardag í maí og niðurstaðan varð sú að það skyldi verða annar laugardagur í maí. Ég fæ ekki skilið hvers vegna í ósköpunum Sjálfstfl. vill ekki fallast á þennan reglulega kjördag. (**HBl:** Það er ekki heimilt.) Það er heimilt, hv. þm. Ég hef hér stuðst við álit Ólafs Jóhannessonar, bæði í bók hans um stjórnskipun Íslands og líka í ummælum hans á Alþingi 1971 þegar þessi mál voru rædd. Þar var enginn sem dró það í efa að hér væri ekki um stjórnarskrárbrot að ræða. Það má vel vera að það beri ekki að taka mark á þessum aðilum eins og hv. þm. Halldór Blöndal heldur hér fram. Það má vel vera að það eigi ekki að taka mark á þeim álitum sem ég hef hér lesið upp. En það hlýtur að vera æskilegt og eðlilegt að það sé ákveðinn reglulegur, almennur kjördagur sem miðað er við. Og hv. þm. svaraði ekki þeirri spurningu hvenær hann telur að þær aðstæður gætu komið að inn á slíkan dag væri farið. (Gripið fram í.) Það var ekki nóg fyrir hv. þm. að hafa vilja Alþingis í þessu efni og það er mjög miður.

Ég ítreka það að það er almennur vilji fyrir því hér á Alþingi að 11. maí verði næsti kjördagur. Það hefur verið staðfest hér og ég hef skilið það svo að það væri alveg ófrávíkjanlegt af hálfu Sjálfstfl. að ef kjördagur yrði 11. maí, þá yrði það með miklum ágreiningi við þann flokk. Hins vegar gæti það verið ágreiningslaust ef það yrði 27. apríl, þ.e. að þingmenn væru umboðslausir í tvo daga. Það væri alveg ágreiningslaust af þeirra hálfu og það fáum við ekki skilið. En til þess að þetta sé nú alveg ljóst og ríkisstjórnin sýni samstarfsvilja sinn nú sem fyrr, þá vildi ríkisstjórnin velja 20. apríl. En ég ítreka þá skoðun að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar eru almennt á því, og ég veit ekki betur en það sé nokkurn veginn undantekningarlaust og um það full samstaða í þingflokkunum og hér hafa tveir þingmenn, bæði frá Alþfl. og Framsfl., lýst þeim vilja, að kjördagurinn verði 11. maí. En við viljum ekki að um þetta sé mikill ágreiningur og höfum því fallist á að breyta þessari afstöðu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er nú í fyrsta lagi svo að það hefur alltaf verið ágreiningur milli Sjálfstfl. og Framsfl. þegar Framsfl. hefur verið að leggja Alþingi niður. Þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem við höfum sagt Framsfl. að við teljum að ráðherrar hafi enga heimild til að leggja Alþingi niður. Þetta hefur verið skoðun Sjálfstfl. frá stofnun hans. Þetta var skoðun Sjálfstfl. 1930 og þarf nú ekki að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra þykist ég vita. Sjálfstfl. hefur ævinlega talið að það eigi að rjúfa þing frá kosningadegi, umboð eigi að ná saman hjá því Alþingi sem er að hverfa og því Alþingi sem tekur við. Ríkisstjórnin gat því ekki verið undrandi á því að við skyldum ítreka það sjónarmið Sjálfstfl.

Í annan stað hefur ráðherra misheyrt mál mitt. Ég hélt að ég hefði verið nógu skýr samt sem áður. Það er talað um að reglulegar kosningar verði annan laugardag í maí. Sá dagur hefur liðið fjórum sinnum. Ef Alþingi hefði tekið mark á sínum kosningalögum hefðu reglulegar, almennar alþingiskosningar farið fram á fjórða slíkum degi, fjórða öðrum laugardegi í maí, sem var annar laugardagur í maí 1990. Það var hinn fjórði annar laugardagur í maí sem leið frá síðustu alþingiskosningum. Ef menn vilja ekki standa við þá löggjöf sem þeir setja sjálfir, þá þeir um það. En þetta er ljóst. Kjörtímabil þingmanna er fjögur ár. Við erum sammála um það, ég og hæstv. sjútvrh., að það sé ólýðræðislegt að leggja þingið niður. Við viljum vera lýðræðissinnar í lýðfrjálsu landi. Hitt er annað mál að sá reglulegi kjördagur til Alþingis sem kveðið hefur verið á um í lögum hefur ekki mikið komið við sögu alþingiskosninga frá lýðveldisstofnun. Það voru fyrstu kosningarnar sumarið á eftir ef ég man rétt. En það hefur ekki verið sú almenna regla að kosið hafi verið á reglulegum, sem talið er, kjördegi, og þarflaust að hafa fleiri orð um það.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, ítreka það sem ég sagði um þá leiðbeiningu sem stjórnarskráin gefur með 6. og 7. gr. þar sem talað er um forsetakosningar. Ég vék að þessu í minni ræðu með málefnalegum hætti að ég hélt, en hæstv. ráðherra kaus að víkja ekki að þeim ummælum mínum efnislega heldur þrástagaðist á því að lögin kveði á um það að ríkisstjórninni sé rétt að leggja Alþingi niður í hálfan mánuð eða svo. Það er nú ekki minn skilningur. Það getur ekki verið skilningur neins alþingismanns sem ber virðingu fyrir sjálfum sér og ber virðingu fyrir þingræðinu og lögunum. Ég er meira að segja ekki alveg sannfærður um að sá gamli Sósíalistaflokkur, sem sumir vilja nú ekki lengur kannast við, hafi verið þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin gæti eftir hendinni lagt Alþingi niður. En það má vera að hið nýja Alþýðubandalag, ég tala nú ekki um eins og það er orðið núna, sé að verða helsti talsmaður þess að þess hlutverk í ríkisstjórninni sé helst að leggja þingið niður.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Af því að orði var vikið að Sósíalistaflokknum og skotið um leið hýru auga hér til hægri frá ræðupúltinu að einum ráðherrastólnum, þá fannst mér ástæða til þess að leggja orð í þennan belg þó þegar hafi allmikið verið sagt satt að segja hér í dag og sé kannski ekki ástæða til þess að ræða málin mikið ítarlegar því hér hefur sennilega flestu skynsamlegu verið til haga haldið sem hugsast getur í þessu máli,

ekki flóknara en það nú er.

Eins og kunnugt er hafði ríkisstjórnin gert ráð fyrir því að kjördagur yrði annar laugardagur í maí og um það var full samstaða í stjórnarflokkunum. Alþb. fyrir sitt leyti stóð að þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að miða við það. Ég man ekki betur en forsrh. hafi kynnt það fyrir forráðamönnum stjórnarandstöðuflokkanna strax í október í haust án þess að það væri mikil harka í mótmælum af hálfu stjórnarandstöðunnar þá, a.m.k. mundi mönnum ekki detta í hug orðið kraftbirtingarhljómur þegar hugsað er til þeirra mótmæla. Síðan var það ákveðið auðvitað af hæstv. forsrh. að ræða málin frekar og þá kom í ljós að Sjálfstfl. var algjörlega andvígur þessum kjördegi, sem þó er kveðið á um í lögum frá árinu 1987, kjördegi sem var ákveðinn með breytingu á kosningalögunum sem allir flokkar stóðu að á sínum tíma. Það var mikil samstaða um þessa breytingu á kosningalögunum sem var fjallað um um þessar mundir.

Rökin sem hv. 2. þm. Norðurl. e. flytur fram fyrir máli sínu eru þau að þegar komið er fram til 11. maí séu liðnir nokkrir dagar fram yfir kjörtímabilið og landið sé þess vegna þinglaust í 16 daga í raun og veru. Hins vegar hafði ríkisstjórnin borið þessi mál undir hina vísustu menn og niðurstaða þeirra var sú að það væri ekki mótmæla vert að styðjast við 11. maí og að sjálfsögðu hefur ríkisstjórnin ekki haft áhuga á neinu öðru en því að fara að lögum í þessum efni, lögum landsins og stjórnarskrá. Á því er enginn vafi og óþarfi að vera að gera ríkisstjórninni það upp. Þó að sumum finnist hún vond, kannski t.d. hv. 2. þm. Norðurl. e., þá er óþarfi fyrir hann að vera að gera ríkisstjórninni það upp að hún hafi af sérstökum fantaskap sínum og andúð á lýðræðinu fundið það upp að láta kjósa 11. maí. Það var nú ekki þannig.

Eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. veit og aðrir hér í þessari virðulegu deild, þá eru margir sanngjarnir menn í ríkisstjórninni og vilja hafa það sem sannast reynist á hverjum tíma og sæti síst á mönnum, a.m.k. í þessari deild, að vera að hafa uppi hugmyndir um annað að mér finnst. Mér finnst satt að segja málflutningur hv. 2. þm. Norðurl. e. tæplega sæmandi jafn þingvönum manni og hann er. Mér finnst hann stráksleguur og í raun og veru algjör óþarfi að vera að ætla mönnum það með dylgjum að þeir vilji brjóta stjórnarskrá landsins og grundvallarforsendur hennar á bak aftur. Það er ekkert slíkt uppi að sjálfsögðu. Ég verð að segja það að oft tekst hv. 2. þm. Norðurl. e. mikið betur upp en honum hefur tekist í dag. Það kemur iðulega fyrir að hann er mikið skýrari en mér hefur fundist hann vera í dag, hvað sem veldur því, virðulegi forseti.

Þegar ríkisstjórnin stendur svo frammi fyrir því að um það getur ekki verið friður við Sjálfstfl., sem er stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn og öflugur flokkur hér í málflutningi á Alþingi, a.m.k. hér í efri deild, hvað sem um þá neðri má segja, þá náttúrlega er farið að leita sátta í málinu. Sátta. Og það kemur á daginn að Sjálfstfl. leggur ofurkapp á málið. Ég vona að einhverjir virði manni það nú til vorkunnar og ráðherrunum yfirleitt að það hafi runnið á þá tvær grímur þegar þeir stóðu frammi fyrir því annars vegar að sitja undir tvisvar sinnum lengri ræðum hv. 2. þm. Norðurl. e. um þingsköp og utan dagskrár hér í vetur og hins vegar því að sættast bara á þann 20. Það má kalla það heigulsháttt af ríkisstjórninni út af fyrir sig að hrökkva svo fyrir þessum kröfum Sjálfstfl. en það er þó gert. Enginn er út af fyrir sig samt að kenna Sjálfstfl. um það fyrir fram þó að illa kunni að viðra þann 20. apríl. Eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir vék að áðan, þá er sjaldan á vísan að róa með veður hér á landi. (Gripið fram í.) Svo þurfa menn að eiga regnhlífar, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson bendir á. Er það þörf ábending frá honum á þessum degi.

Niðurstaðan er því sú að menn eru að reyna að leita hér sátta og komast að sanngjarnri og drengilegri niðurstöðu en þá vill svo undarlega til að leiðtogi Sjálfstfl. hér í þessari deild prjónar upp með óbótaskömmum á ríkisstjórnina fyrir það að hún skuli hafa orðið við þeim ábendingum sem fram hafa komið frá Sjálfstfl. Það er vandlifað í þessum heimi, ég verð að segja það.

Ég held að þessi niðurstaða sé svona eftir atvikum góð, eins og málamiðlunarniðurstöður oft eru, og sé svo sem ekkert annað að gera en að búa við hana. Hins vegar er auðvitað ljóst og mikið umhugsunarefni að þetta verða þá væntanlega fjórðu vetrarkosningarnar, kosningarnar 1979, 1983, 1987 og 1991 voru allar á þessum tíma, þrennar í apríl, og kosningarnar 1979, eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir gat um, fóru fram í desember, þann 2. og 3. og tókst í rauninni furðuvel til. Það var auðvitað ekki þingmönnum að þakka að það tókst sæmilega til í það skiptið. Það er hins vegar kannski vert að rifja það upp að það var Sjálfstfl. sem beitti sér sérstaklega fyrir því að stefna þjóðinni út í þær kosningar og hafði þar alveg sérlegan stuðning Alþfl., eins og hv. 3. þm. Vestf. örugglega man og hefur í rauninni látið í skína í málflutningi sínum hér í dag að hafi kannski ekki verið ákaflega skynsamlegt því það er hæpið fordæmi upp á seinni tíma.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að hér sé komist að niðurstöðu sem menn muni una við og kvaddi mér aðallega hljóðs vegna þess að það var innt eftir því hver mundi vera afstaða okkar flokks í þessu efni. Hún hefur legið fyrir lengi og er sú að við hefðum viljað miða við þann 11. maí, eins og lög gera ráð fyrir, en féllumst á þetta til samkomulags.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þau eru sjálfsagt rétt lokaorð hæstv. menntmrh., að hér hefði komið niðurstaða sem menn yrðu að una við. Ég reikna með því. Ég sagði það hér áðan að ég væri ósáttur við þessa afgreiðslu en ríkisstjórnin hefur valið sér aðra stuðningsmenn en mig í þessu máli og þar á meðal hefur hún fengið hv. þm. Halldór Blöndal. Ég vonast til þess að hann skrifi þá upp á tillöguflutning með núv. ríkisstjórn í þessa átt og trúlega einhverjir fleiri.

En þessi umræða hefur verið gagnleg og ég fagna því hversu skýrt og rækilega hefur komið fram þessi gífurlega harða afstaða Sjálfstfl. gegn því að þing-

kosningar geti farið fram samkvæmt lögum, sem samþykkt voru í október 1987, annan laugardag í maí. Sjálfstfl. hefur krafist þess að þingkosningar skuli fara fram í aprílmánuði. Hann hefur ekki viljað hlusta á ummæli manna sem hafa viljað vara við þeim erfiðleikum og þeim mikla kostnaði sem af því hlýst að kjósa á þessum tíma.

Ég vil einnig þakka hæstv. sjútvrh. fyrir skelegga ræðu hér og ég fagna alveg sérstaklega kafla í hans máli þar sem hann vitnaði til, og ég bið nú hv. þm. Sjálfstfl. að hlusta, hæstv. fyrrv. dómsmrh. Sjálfstfl. Auðar Auðuns í umræðum um svipað mál þegar hún gegndi því embætti og ummæla hv. þm. Ólafs Jóhannessonar sem þá gegndi formennsku þingflokks Framsfl.

Ég vil leggja þunga áherslu á það að menn leggi þessi orð á minnið. Það er hins vegar öllum ljóst og það hefur komið fram að það er mikið af lögfræðingaliði í þingflokki Sjálfstfl. en það hefur jafnframt komið fram í þessum umræðum að það er vægast sagt misjafnt að gæðum.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umræðu mikið úr því sem komið er en vil þó drepa hér á tvö eða þrjú atriði sem fram hafa komið.

Það er að sjálfsögðu mjög eftirtektarvert að aðeins tveir hv. þm. Sjálfstfl. af þeim sem sitja í þessari deild hafa tekið hér til máls og varið þetta sem þeir segja kröfur Sjálfstfl. sem heildar. (Gripið fram í.) Það er hv. þm. Halldór Blöndal og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. Ég þakka hv. þm. Salome fyrir það að hún svaraði hreinskilnislega. Það er auðvitað eftirtektarvert að þingmenn flokksins sitji hér undir þessum umræðum verandi að því spurðir, beðnir um að svara, hvort þingflokkurinn sem heild hefur staðið að þessum ályktunum. Og af sex eru það tveir sem sjá sér fært að taka undir þessa ályktun og meira að segja var á einum, hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að heyra hér í framíkalli áðan að það væri bara hv. þm. Halldór Blöndal sem væri með þessa skoðun.

Ég ítreka þá beiðni til þeirra hv. þm. Sjálfstfl., sem enn hafa ekki orðið við því, að svara einföldustu spurningum í afstöðunni til þessa máls, hver hún er. Er það krafa þingflokks Sjálfstfl. sem heildar að kosningar fari fram með þessum hætti? Og svo í framhaldi af því: Er einhver munur á því, ef um brot er að ræða, hvort brot tekur tvo daga eða eitthvað fleiri daga — hv. þm. Halldór Blöndal? Ef Sjálfstfl. gat samþykkt brot á stjórnarskránni í tvo daga, að leggja niður Alþingi í tvo daga, af hverju þá ekki lengur? Hvar eru mörkin? Hversu marga daga gat Sjálfstfl. samþykkt að leggja Alþingi niður umfram tvo? Það liggur fyrir frá ræðu hæstv. sjútvrh. að hann gat fallist á 27. apríl. Þannig að það þýðir ekki fyrir menn að neita því. Samþykkti tveggja daga niðurfellingu á Alþingi en svo kannski ekki meir. (**StG:** Íhaldið bað um það.) Já, það liggur fyrir.

Ég ítreka enn spurningar til hv. þm. Sjálfstfl. sem ekki hafa svarað: Eru þeir þessarar skoðunar sem varaformaður þingflokks Sjálfstfl. hefur hér haldið fram og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir tekið upp?

Svari menn ekki þá lít ég auðvitað svo á að þeir séu samþykkir nema með einni undantekningu. Ég er þess fullviss að hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson er ekki þessarar skoðunar. Hann er jafnraunsær og hann hefur verið í gegnum árin, að telja það óskynsamlegt að velja kosningadag á þessum árstíma, a.m.k. úti á landsbyggðinni. Menn geta leikið sér að þessu hér í Reykjavík og á Reykjanesi á hvaða tíma árs sem er, en úti á landsbyggðinni er þetta óskynsamlegt.

Verði það nú svo að hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson komi ekki í ræðustól þá skil ég að hann vilji ekki fara þá leið sem Sjálfstfl. hefur verið að tala um. Hann er sammála okkur hinum um að velja seinni tímann.

Út af því sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sagði hér um „frítt spil" er kannski mismunandi hvaða merkingu menn leggja í orðin „frítt spil". Nú hef ég aldrei orðað það svo að ég ætti „frítt spil" hér á Alþingi. Það hefur aldrei verið eftir mér haft. Mér þætti vænt um ef menn gætu flett upp orðalagi af því tagi úr mínum munni. Hins vegar hef ég sagt og segi það enn að ég er óbundinn af hæstv. ríkisstjórn, tek afstöðu til mála eftir minni sannfæringu samkvæmt stjórnarskránni, eftir undirskrifuðum þingmannseið. Það er ekki frítt spil í mínum huga. Ég hef skilið það svo að frítt spil sé það að menn vilji hvergi koma nálægt einu eða neinu, ekki hafa afstöðu. Það er sá skilningur sem ég hef lagt í „frítt spil". Það er ekki í mínum huga.

Að síðustu: Ég skil nú ekki hvað hæstv. menntmrh. er orðinn hallur undir Sjálfstfl., að vilja endilega ganga til liðs við hann gagnvart þessari kröfu en ýta hinum, dyggustu flokksmönnum Framsfl., úr stjórnarsamstarfi, til hliðar. Það er af sem áður var. Hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan: „Það er óheppilegt að um kosningadag standi deilur." Það kann að vera rétt. En eru ekki deilur um þetta, hæstv. ráðherra? Það eru deilur. En var það bara Sjálfstfl. sem menn vildu ekki deila við í þessum efnum? Er þeim sama um alla hina sem hafa aðra skoðun? Þurfti endilega að taka tillit til hv. þm. Halldórs Blöndals af því hann vildi eitthvað annað, sem hann hefur kannski ekkert meint með þegar á reyndi? Nei, trúlega ekki. En það eru bullandi deilur um þessa dagsetningu, hæstv. ráðherra. Og það er enginn vandi fyrir okkur sem erum andvígir því að halda hér uppi umræðum gegn þessari dagsetningu.

Ég dreg í efa að það frv. sem kæmi fram með þessum hætti ætti mjög greiðan aðgang hér í gegnum þingið. Menn mundu deila um það með þessari dagsetningu. Út frá þeim sjónarmiðum sem ég hef meira að segja talað hér fyrir, hv. þm. Stefán Guðmundsson og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. Einmitt vegna þess að það er sá árstími sem getur valdið því að fólk geti ekki notað kosningarréttinn, nema með óhemju fjármagni sem þarf að leggja til en kannski á ríkissjóður nóg af því nú. Það er kannski nóg til í ríkissjóði núna til að borga óhemju kostnað af snjómokstri og flutningum, bæði á þingmönnum og öðru fólki, til þess að geta nýtt þennan sjálfsagða rétt. Ég held, hæstv. sjútvrh. og hæstv. menntmrh., að menn eigi að endurskoða þessa

afstöðu sína. Menn eiga ekkert að þjóna hv. þm. Halldóri Blöndal eða fleirum sem innan Sjálfstfl. eru með þessa skoðun með því endilega að taka upp þeirra tillögur í þessum efnum. Og það er af sem áður var að hæstv. menntmrh. er farinn að þjóna með þessum hætti undir íhaldinu, taka beint tillögu frá því af hinni verstu tegund. (**Menntmrh.:** Lengi getur vont versnað.) Já, og lengi má manninn reyna, má líka bæta við.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vildi gjarnan að hv. 2. þm. Norðurl. e. yrði kallaður hér í salinn. Hann er vanur að kalla á menn með stuttum fyrirvara hér í þingsal og ég tel eðlilegt að hann sé kallaður hér inn.

Ég vil, virðulegi forseti, byrja á því að harma þau ummæli hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldórs Blöndals að þeir þingmenn sem hafa þá skoðun að það standi í stjórnarskrá og löggjöf landsins að kjósa 11. maí beri enga virðingu fyrir sjálfum sér. Ég trúi því vart að þingmanninum sé sjálfrátt með svona ummælum og sé með því að segja að aðeins þingmenn Sjálfstfl. beri virðingu fyrir sjálfum sér. Við hljótum að harma svona ummæli í þessum umræðum hér. Hitt er svo annað mál að ríkisstjórnin hefur fallist á og lagt það til að kosningar verði 20. apríl. En það er ekki ríkisstjórnin sem tekur endanlega ákvörðun í því máli, heldur er það Alþingi Íslendinga. Og til þess að kosningar geti farið fram 20. apríl þarf Alþingi Íslendinga að setja lög um það. Ríkisstjórnin hafði vænst þess að það gæti skapast um þetta bærileg samstaða og ég vænti þess enn að svo geti orðið. Ef Alþingi Íslendinga vill ekki á það fallast, þá munu kosningar fara fram 11. maí samkvæmt þeim lögum sem sett voru á Alþingi 1987 og því fær enginn breytt nema Alþingi Íslendinga sem setti fram þennan vilja á þeim tíma.

Það er að mínu mati rétt að þessi mál verði rædd frekar í framhaldi af þessari umræðu. Það hefur komið hér skýrt fram að það er verið að fara að eindregnum vilja þingflokksformanns og varaformanns þingflokks Sjálfstfl. fyrir hönd þingflokksins í þessu máli. En ég endurtek þann vilja stjórnarflokkanna að við vildum fremur að þingkosningarnar færu fram 11. maí en teljum mjög slæmt að það verði efnt til deilna og óvissu um þetta mál og því þarf að sjálfsögðu að svara sem allra fyrst ákveðið hvenær þingkosningarnar fari fram, því að almenningur í landinu á kröfu á því að fá um það fullvissu sem allra fyrst. Ef hér á að breyta lögum, þá er mikilvægt að það gerist á allra næstu dögum þannig að enginn vafi leiki á um það hvenær alþingiskosningar eigi að fara fram nú á þessu vori.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi þingskapaumræða hefur nú staðið hér í líklega rúma tvo klukkutíma og út af fyrir sig er það ágætt að fá tækifæri til þess að ræða og skiptast á skoðunum um þetta mál, sem skiptir okkur nú ekki litlu, þó að mér finnist sumir hv. þm. hafa orðið ansi tilfinningaríkir í sinni tjáningu um afstöðu Sjálfstfl. Þá hef ég í huga hv. 3. þm. Norðurl. v. Hann flutti hér framboðsræðu áðan fyrir Framsfl. og ekki síst fyrir hæstv. sjútvrh. og notaði ansi sterk orð um þessa gífurlegu hörku Sjálfstfl. í afstöðu til kjördagsins, eins og hann orðaði það, og nafngreindi mig sem annan af þeim sem hefðu líklega þá verið að sýna þessa gífurlegu hörku í kröfunni um þennan kjördag. Ég verð nú að segja það að ég minnist þess ekki að ég hafi beitt einhverri gífurlegri hörku í mínum málflutningi hér áðan vegna þess að ég kom hér upp að áeggjan hv. 3. þm. Vestf. Hann beindi spurningum persónulega til okkar þingmanna Sjálfstfl. hér í hv. Ed. og það sem ég gerði var að staðfesta það að þetta mál hefði verið rætt í þingflokknum og þar væru að sjálfsögðu ýmis sjónarmið uppi, eins og í öðrum þingflokkum, en formaður þingflokksins hefði farið með sitt umboð með vitund þingflokksins. Ég get nú ekki alveg fundið hvaða gífurlega harka og gífurlega krafa felst í þessu svari mínu.

En það er annað sem mér finnst eiginlega vera ástæða til að vekja athygli á. Ég er ekki sammála landsbyggðarþingmönnum um að það skuli þurfa kosningar til þess að fólkið úti á landsbyggðinni eigi kröfu á því að hafa samgöngurnar í lagi og það geti komist á milli staða til sinna brýnu ferða, sem geta verið margvíslegar, og ekki endilega að það sé bara vegna þess að þingmenn þurfi að komast um kjördæmið eða fólk að komast á kjörstað til að kjósa til Alþingis, að þá þurfi að rjúka upp til handa og fóta og fara að moka vegi. Ég er ekki sammála þessu. Þingmenn landsbyggðarkjördæmanna hljóta að gera þá kröfu að samgöngur séu alltaf svo greiðar og góðar að fólk geti komist á milli staða þegar því liggur á, en ekki bara þegar þingmönnum þóknast að ferðast um kjördæmið eða að koma mönnum á kjörstað. (**StG:** Við erum of fáir til þess, þingmaður góður.) Þingmenn landsbyggðarinnar eru fleiri á hv. Alþingi heldur en þingmenn suðvesturhornsins. Því getum við flett upp og talið það. Og þarna skeikar nú aldeilis hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. (**StG:** Þú ættir að fara út á land.) Ég hef oft farið út á land og ég verð að segja það alveg eins og er að ég bý nú ekki nema 23 km frá Reykjavík, en ég lendi oft í því að komast ekki ferða minna alveg eins og landsbyggðarþingmennirnir þannig að ég hef góða tilfinningu fyrir hvað greiðar og góðar samgöngur geta skipt miklu máli. Og ég vildi bara hvetja hv. 3. þm. Norðurl. v. til að heimsækja mig einhvern tíma þegar snjóar og athuga hvort ég er ekki að fara með rétt mál. En þá þarf hann að koma upp í dalinn minn þar sem ég bý. Það er ekki nóg að fara bara niður í miðbæinn í Mosfellsbæ. Ég ráðlegg honum það, enda eru almenningssamgöngur þannig í mínu byggðarlagi, Mosfellsbæ, að það eru ekki nema fjórar áætlunarferðir á dag eins og úti á landi. (**StG:** Það er ein ferð á dag.) Sums staðar. Það er misjafnt.

Það var aðeins þetta sem ég vildi vekja athygli á, að ég tel að fólkið úti á landi eigi kröfu á greiðum og góðum samgöngum þó að það séu engar kosningar. Og ef þær eru í lagi, þá skiptir ekki máli þó að það verði kosningar í apríl eða maí. Það er kannski meginmálið.

Þessi fréttatilkynning vekur athygli mína vegna þess

að í upphafi er sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Í samræmi við lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. okt. 1987, hefur ríkisstjórnin gert ráð fyrir að kjördagur yrði annar laugardagur í maí. Sú niðurstaða var kynnt formönnum þingflokkanna í október sl. og aftur rædd á sameiginlegum fundi sl. föstudag." En síðan er niðurlagið: „Því hefur ríkisstjórnin í von um samstöðu ákveðið að kjördagur verði 20. apríl 1991." Það kom hins vegar hér fram í máli hæstv. ráðherra áðan, sem hlýtur líka að vera rétt, að þeir ákveða þetta ekki. Það hlýtur að vera Alþingi sem ákveður. En það er ósamræmi í upphafinu og í niðurstöðu tilkynningarinnar að mínu mati hvað þetta varðar.

Varðandi það sem sá ágæti þm., hv. 3. þm. Vestf., leiðrétti hér áðan, að ég hefði talað um frítt spil og hann hafi aldrei talað um að hann hefði frítt spil hér á Alþingi, þá skýrði ég nú fyrir honum hvað ég ætti við. Ég get endurtekið það. Ég átti nákvæmlega við það sem hann sjálfur sagði þegar ég talaði um að hann teldi sig hafa frítt spil á Alþingi.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er út af þeim áminningarorðum sem hæstv. sjútvrh. lét falla í minn garð af því að ég talaði um að þingmenn bæru ekki virðingu fyrir sjálfum sér. Í fréttatilkynningu forsrh., sem hann er staðgengill fyrir, segir: „Þótt ekki sé að finna nein ákvæði í stjórnarskrá eða lögum sem krefjast þess að kosið sé til Alþingis innan fjögurra ára og fordæmin um að landið sé án þings séu mörg er ríkisstjórninni kappsmál að samstaða geti orðið um kjördag."

Hér er það sagt berum orðum að það stendur til að leggja þingið niður. Ég kannast að vísu ekki við að fordæmin fyrir því að landið sé án þings séu mörg. Og það er hreinn útúrsnúningur hjá þeim stjórnarsinnum, sem hér hafa talað, að þingmenn missi umboð sitt ef kosið er sama laugardag í mánuði á fjögurra ára fresti, þá missi þeir umboð sitt. Þetta er alger útúrsnúningur og hefur hvergi verið um það talað en hentar í einhverjum ruglingslegum málflutningi nú um stjórnarskrá og kosningalög að vera að halda slíku til streitu. Það er auðvitað alveg fyrir neðan virðingu þeirra sem um þetta mál fjalla.

Deilan er ósköp einföld. Um hvað er deilt? Deilan stendur um hvaða þýðingu það hafi þegar stendur í stjórnarskrá að alþingismenn séu kjörnir til fjögurra ára. Allir sem hér hafa tekið til máls eru sammála um að alþingismenn geta ekki framlengt umboð sitt með almennum lögum. Um það eru allir sammála, hver einasti maður sem til máls hefur tekið. Þá eru sumir þingmenn sem halda því fram að Alþingi geti með almennum lögum gefið ríkisstjórn umboð til þess að leggja Alþingi niður svo og svo lengi. Hvar stendur að það sé heimilt?

Maímánuður frá upphafi til enda hefur liðið fjórum sinnum frá síðustu alþingiskosningum. Ef við hefðum tekið mark á lögum um kosningar til Alþingis hefðu alþingiskosningar verið annan laugardaginn í maí 1990. Þetta er alveg augljóst. Það var fjórði laugardagurinn frá síðustu alþingiskosningum. Ég man ekki eftir að einn einasti þingmaður hafi haft neina löngun til þess að fara í kosningar þá og ég held að það hafi verið alveg fullkomin samstaða um það hér á þinginu að láta þennan almenna kjördag líða. Og enginn var að hugsa um það þá að veðrið yrði kannski vont í apríl á næsta ári. Þá leið fjórði maímánuður. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki viljað ræða þetta mál efnislega á þeim grundvelli. Hann var nú í svo góðu skapi, menntmrh., að það var ekki von að hann myndi eftir því í flýtinum, en hæstv. sjútvrh. hefur ekki komið að þessu efnislega.

Ég hef talað og vakið athygli á þeirri hliðstæðu sem er um kjörtímabil forseta Íslands. Ég vil líka rifja upp að þegar verið var að undirbúa þau kosningalög sem nú eru í gildi, stjórnarskrárákvæðin, fyrir alþingiskosningarnar 1963, var efnt til mikils fundar í Þórshamri og þar kom fram að einstakir lögfræðingar voru ekki allir sammála um hvernig bæri að skilja ákvæði stjórnarskrárinnar og hvaða samhengi væri á milli þeirra ákvæða og almennra laga um kosningar til Alþingis. Sumir virtir prófessorar í lögfræði voru sömu skoðunar og ég er nú. Ég man ekki hvort fyrir liggur skriflegt álit frá þeim mönnum hér í hirslum þingsins. Ég mun athuga það. En það er auðvitað misskilningur hjá hæstv. menntmrh. ef hann heldur að ég sé búinn að gleyma þeim fundum sem við áttum þá saman í Þórshamri um þessi mál og honum er auðvitað jafnkunnugt um það og mér að allir lögfræðingar á Íslandi taka ekki undir það álit að þingið geti framlengt líf ríkisstjórnar með einfaldri breytingu á kosningalögum. Málið hangir ekki þannig saman.

Ég held að það sé alveg ljóst að um þetta er efniságreiningur. Tveir ráðherrar og einhverjir þingmenn hafa risið hér upp og lýst því yfir að þeir telji ekkert athugavert við það að vera sendir heim, hinir óbreyttu þingmenn, og ég segi að það sé lítil virðing fyrir þinginu og starfi sínu hér að geta fallist á það að Alþingi sé lagt niður einn einasta dag. Og ég endurtek það, hæstv. sjútvrh., að ég tel að sá þingmaður beri ekki mikla virðingu fyrir sjálfum sér og þeirri stofnun sem hann var kjörinn til ef hann getur fallist á að Alþingi sé lagt niður einn einasta dag. Það er ekki til í minni pólitísku orðabók að landið geti verið án þings. Það er ekki til í minni orðabók og þýðir ekkert um það að ræða. Ef að því er fundið verður bara að hafa það. Ég er allt of mikill þingræðissinni til þess að ég geti fallist á slíkt.

Hinu svaraði ekki hæstv. ráðherra ef þingið yrði lagt niður. Í hvaða umboði ætlaði hann að starfa þá? Umboði sjálfs sín, ekki í umboði þingsins og ekki í umboði þjóðarinnar því að þjóðin gaf honum umboð til að vera ráðherra fyrir hönd þjóðarinnar. Hann getur því ekki skírskotað til neinna annarra en sjálfs sín í þeim efnum. Og slíkir ráðherrar sem telja sig hafa mátt og afl til þess eru sannarlega ekki í mínu uppáhaldi þegar ég tala um þingræðið almennt, lýðræðið í landinu, sögu þingræðis á Íslandi, þegar ég minnist manns eins og Jóns Sigurðssonar og þegar ég tala um þá baráttu sem við háðum á sinni tíð við erlent vald og við framkvæmdarvaldið hér á landi einnig. Við erum umboðsaðilar fyrir þjóðina, þjóðkjörnir fulltrúar, og við föll-

umst ekki á það að einhverjir menn, hvort sem við erum 5, 7, 11, 12 eða 13 geti bara sagt við okkur: Farið þið heim. Við ætlum að hafa kosningar þegar okkur sýnist. Það föllumst við ekki á. Og um það verður ágreiningur.

Það má vel vera að orð mín hér í deildinni valdi því að kosningar verði ekki 20. apríl. Hæstv. sjútvrh. gerir því skóna. Það getur vel verið að orð mín verði til þess að þing verði ekki rofið þar sem ekki náist fram að samþykkja frv. til nýrra laga um stjórnarskrá. Það er auðvitað forsrh. sem rýfur þingið, það þarf enga samþykkt þingsins ef forsh. rýfur þingið. Það er mikill misskilningur. Það má vel vera að orð hans hafi boðað það að vel mætti vera að frv. til laga um stjórnarskrá verði ekki lagt fram, einhver kengur sé kominn í það mál, það veit ég ekki um, eða að Framsfl. ætli sér að reyna að hindra að slíkt frv. nái fram að ganga. Það er talað þannig hér. En ég mun nú samt leyfa mér að eiga von á því að menn reyni að standa við það samkomulag sem gert var um að samþykkja frv. um breytingar á stjórnarskránni. Og þá er það stjórnarskrárákvæði að forsrh. ber að rjúfa þingið þegar í stað og lög um kosningar til Alþingis skipta undir þeim kringumstæðum ekki máli.

Hitt álitaefnið, ef svo fer að alþingismenn geta auðvitað ekki með því að vera sjálfum sér sundurþykkir framlengt sitt umboð. Það er mikið íhugunarefni hvernig bregðast skuli við ef framkvæmdarvaldið lætur undir höfuð leggjast að efna til kosninga þegar því ber að gera það samkvæmt stjórnarskránni. Það er álitamál.

Að síðustu vil ég aðeins segja að allir eru sammála um að það sé ólýðræðislegt, ég álít að það sé óheimilt samkvæmt stjórnarskrá, aðrir segja að það sé ólýðræðislegt að leggja þingið niður. Og þá held ég að sé best að vera ekki að gera það, það sé niðurstaðan.

Að síðustu þetta: Eins og ég sagði í mínum fyrri ræðum, það er auðvitað lágmark að þetta þing komi sér saman um það, um leið og stjórnarskránni er breytt, hvernig standa skuli að kosningum, hversu langt kjörtímabil sé og geri þá drauma einstakra ráðherra að engu að þeir geti sent þingið heim og stjórnað í valdi og umboði sjálfs sín.

Mannanöfn, 2. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 28, n. 544, brtt. 545.

Frsm. menntmn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 544 um frv. til laga um mannanöfn frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra Þjóðskrár, Guðrúnu Kvaran orðabókarritstjóra og Árna Böðvarsson, málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins. Þá bárust nefndinni umsagnir um frv. frá Prestafélagi Íslands, Íslenskri málnefnd, heimspekideild Háskóla Íslands, biskupi Íslands, Jafnréttisráði og Hagstofu Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Breytingin við 2. gr. er vegna mistaka í prentun. Fjórði málsl. 2. gr. á að vera sérstök málsgrein.

2. Breytingin við 3. gr. er til að kveða skýrar á um mannanafnaskrá. Samkv. brtt. eru tekin af öll tvímæli um það að skráin sé viðmiðunarskrá en ekki tæmandi heimild um þau nöfn sem leyfa mætti. Jafnframt er kveðið á um að hún skuli gefin út á þriggja ára fresti í stað fimm ára og gerð aðgengileg almenningi.

3. Breytingin við 5. gr. er til að taka af öll tvímæli um að skírn og nafngift sé tvennt ólíkt og því geti skírn farið fram þó að ágreiningur um nafn barns hafi verið lagður til úrskurðar mannanafnanefndar. Það kom fram ábending um að óeðlilegt væri að setja lög sem legðu þá skyldu á herðar presta að hafna því að skíra barn vegna ágreinings um nafn.

4. Breytingin við 6. gr. tryggir að ekki dragist á langinn að mannanafnanefnd kveði upp úrskurð í máli sem henni hefur borist. Er miðað við að ekki líði lengra en tvær vikur frá því að málið barst henni og þar til að úrskurður liggur fyrir.

5. Breytingin við 8. gr. felur í sér að gefa má barni, sem á erlendan ríkisborgara fyrir annað foreldri, erlent nafn sem annað tveggja eiginnafna. Frv. gerði ráð fyrir að erlenda nafnið yrði hið síðara af tveimur eiginnöfnum. Nefndin telur hins vegar að það eigi að vera á valdi foreldranna að ákveða hvort hið íslenska eða hið erlenda sé fyrra eiginnafnið þar sem það getur verið tilfinningamál.

6. Breytingar á 12. gr. eru orðalagsbreytingar.

7. Breytingin við 23. gr. varðar málsmeðferð þegar barni er ekki gefið nafn innan þess tíma sem lögin tiltaka. Frv. gerði ráð fyrir að Þjóðskrá mundi tilkynna um slíkt til dómsmrh. er gæti beitt viðhlítandi þvingunarúrræðum. Niðurstaða nefndarinnar varð hins vegar sú að heppilegra væri að Þjóðskrá vekti fyrst athygli forsjármanns eða forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skoraði á hann eða þá að gefa barninu nafn án tafar og að ekki kæmi því til kasta dómsmrn. að beita þvingunarúrræðum nema áskoruninni væri ekki sinnt. Talið var rétt að úrskurður um þvingunaraðgerðir (dagsektir) væri á hendi dómsmrn. þar sem ráðuneytið fer með yfirstjórn þessa málaflokks. Í ljósi reynslunnar annars staðar á Norðurlöndum er þó líklegt að málið leysist oftast í framhaldi af áminningarbréfi Hagstofunnar og því komi sjaldan til þess að dómsmrn. þurfi að beita þvingunarúrræðum.

8. Breytingin við 24. gr. er til að taka af öll tvímæli um að frv. gerir ráð fyrir að það sé dómsmrh. er fari með mál er varða mannanöfn en ekki menntmrh. eins og verið hefur samkvæmt auglýsingu um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969.

9. Breytingin við ákvæði til bráðabirgða I er til að hraða því að skipuð verði mannanafnanefnd. Gert er ráð fyrir að dómsmrh. leiti strax eftir tilnefningum í nefndina og skipi hana innan mánaðar frá birtingu laganna.

Með þessum breytingum leggur nefndin einróma til að frv. verði samþykkt, en Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er þá eru gildandi lög um mannanöfn á Íslandi orðin gömul og það hefur gengið illa að framfylgja ákvæðum þeirra. Það hefur verið gerð tilraun til þess áður að endurskoða þessi lög, fyrir tæpum 20 árum eða svo. Þá fékkst ekki endanleg niðurstaða á Alþingi heldur var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar til meðferðar. Síðan gerist það fyrir nokkrum árum að menntmrh. felur tveimur mönnum að gera tillögur til breytinga á lögum um mannanöfn og árið 1988 féllst ég á þá hugmynd frá tveimur talsmönnum Orðabókar Háskóla Íslands að þeirri vinnu yrði haldið áfram. Niðurstaðan var svo það frv. sem hér var lagt fyrir.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að lögin um mannanöfn séu skýr og auðframkvæmanleg, það sé ekki verið að setja aðrar reglur en ætla má að menn geti framfylgt með sæmilegum hætti og ekki aðrar reglur en þær sem ætla má að þjóðin geti með sæmilegum hætti fellt sig við.

Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að þakka hv. menntmn. Ed. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Í fyrsta lagi og ekki síst fyrir þær brtt. sem hún gerir við frv. sem mér sýnist að séu allar til bóta, en í öðru lagi fyrir það að hún skyldi ná samhljóða niðurstöðu. Það held ég að sé mjög mikilvægt. Mannanöfn og mannanafnahefðir eru það mikilvægur þáttur í málþróun á Íslandi, eru undirstöðuþáttur íslenskrar málþróunar í raun og veru, að það skiptir miklu máli að um framkvæmd mannanafnahefðarinnar frá degi til dags sé víðtæk samstaða. Þess vegna held ég að það sé til að undirstrika nauðsyn þess að nefndin hefur náð samstöðu og það hjálpar til við að framkvæma lögin, ef frv. verður að lögum.

Dómsmrn. hafði gert athugasemdir við frv. á sínum tíma. Það var fjallað um þær í menntmn. eftir því sem ég best fæ séð og mér sýnist að í ákvæðum brtt. hafi verið farið yfir það sem frá dómsmrn. kom um málið. Málaflokkurinn mun nú, samkvæmt ákvæðum frv., flytjast til dómsmrn. frá menntmrn. Ég vænti þess að frv. sé nú orðið þannig að ekki einasta nefndin heldur líka framkvæmdaraðilinn, þ.e. dómsmrn., sé sáttur við málið eins og það liggur fyrir núna. Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, þá tel ég að það sé mikilsvert og endurtek þakkir mínar til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fangelsi og fangavist, 1. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 509.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist nr. 48 frá 12. maí 1988, sem hér er flutt á þskj. 509 eftir afgreiðslu í hv. Nd. Aðdragandi frv. er sá að í áliti frá umboðsmanni Alþingis, dags. 21. sept. sl., fjallar hann m.a. um ákvörðun agaviðurlaga í fangelsum. Kemst hann m.a. að þeirri niðurstöðu að ákvæði í 26. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 geti hæglega farið í bága við ákvæði 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og að þarna sé um að ræða meinbugi á íslenskum lögum.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta er birtur sá hluti framangreindrar álitsgerðar umboðsmanns er fjallar um þetta atriði. Í 26. gr. laga um fangelsi og fangavist eru ákvæði um agaviðurlög vegna brota fanga á reglum fangelsis. M.a. er heimilt að beita einangrun í allt að 30 daga vegna agabrota og skv. 1. málsl. 3. mgr. greinarinnar telst sá tími ekki til refsitíma. Skv. 6. mgr. greinarinnar má einangrun ekki lengja fangavist um meira en þriðjung dæmds refsitíma nema samþykki Fangelsismálastofnunar sé fengið og aldrei um meira en helming.

Umboðsmaður telur að þessi ákvæði samrýmist ekki 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, a.m.k. ekki ef slíkur frádráttur lengir í reynd þann tíma sem viðkomandi var dæmdur til fangavistar með dómi. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu umboðsmanns er lagt til í a- og c-lið 2. gr. frv. að framangreind ákvæði verði felld brott.

Í framangreindri álitsgerð fjallar umboðsmaður einnig um það að í lögum um fangelsi og fangavist séu ekki sjálfstæð ákvæði um málskot á ákvörðun forstöðumanns fangelsis til Fangelsismálastofnunar eða ákvörðunum stofnunar til dómsmrh. sem fer með yfirstjórn fangelsismála skv. 1. gr. laganna. Hann tekur þó fram að slíkar ákvarðanir sæti stjórnsýslulegri kæru til dómsmrn. í samræmi við þá meginreglu að ákvarðanir lægra setts stjórnvalds megi kæra til æðra stjórnvalds. Skilja má þessa umfjöllun umboðsmanns á þann veg að hann telji æskilegt að um þessi atriði séu bein lagaákvæði.

Í 25. gr. laganna er fjallað um einangrun á fanga vegna öryggis í fangelsi og eins og áður er fram komið fjallar 26. gr. um agaviðurlög. Í 1. gr. frv. og b-lið 2. gr. er lagt til að í lög verði sett ákvæði um að ákvarðanir um einangrun á föngum og um beitingu annarra agaviðurlaga sæti kæru til dómsmrn. og að fanga skuli skýrt frá því um leið og ákvörðun er birt. Við afgreiðslu málsins í hv. Nd. var því bætt við að þegar ákvörðun er kærð til ráðuneytis skuli það taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella falli hún úr gildi.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef áður nefnt er í frv. þessu verið að leggja til breytingar á lögum um fangelsi og fangavist í þeim tilgangi að þau lög stangist ekki á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar sem stjórnvöldum er skylt að fara að settum lögum vænti ég þess að frv. þetta fái skjóta meðferð og það verði sem fyrst að lögum.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er mikið neyðarúrræði að þurfa að svipta fólk frelsi sínu og setja það í fangelsi fyrir afbrot sem það hefur framið. Þó hlýtur að vera enn þá meira neyðarúrræði að þurfa að grípa til þeirrar ráðstöfunar að setja fanga í einangrun eða beita öðrum agaviðurlögum. Varðandi efni þessa frv. þá vil ég geta þess strax í upphafi máls míns að ég tek að sjálfsögðu undir tilganginn sem í því felst, þar sem m.a. er verið að tryggja að ekki sé verið að refsa fanga tvisvar fyrir sama verknað. Eins og kom fram í máli hæstv. dómsmrh. er talið að þetta brjóti í bága við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins og í mínum huga er spurning hvort það brjóti ekki einnig í bága við stjórnarskrá lýðveldisins þar sem segir að dómendur fari með dómsvaldið, því að í raun og veru er verið að dæma menn aftur fyrir sama brot með því að dæma þá til einangrunar.

Ég vil geta þess við 1. umr. að mér finnst þær brtt. sem gerðar voru í hv. Nd. um að hafa tímamörk á kærum sem berast til dómsmrn. til bóta. Ég hefði hins vegar viljað sjá, og það kom einnig fram í umræðunni í Nd., Fangelsismálastofnun ríkisins eiga aðild að málum þegar ákveðið er að beita fanga agaviðurlögum eða setja þá í einangrun. Það kom reyndar fram brtt. um þetta atriði í hv. Nd. en hún var felld. Ég held að það sé nauðsynlegt að við stöndum vel við bakið á þeirri stofnun sem við sjálf með lögum stofnum hér á Alþingi á þessu kjörtímabili, þ.e. lögin þar sem Fangelsismálastofnun er formlega stofnuð. Hún hefur mjög mikilvægu og ákveðnu hlutverki að gegna inni í fangelsunum. Með því að fela þessari stofnun yfirstjórn fangelsismálanna, þá ætti þróun og umbætur allar í fangelsismálum að geta orðið markvissari og það sama gildir um þjónustu við fanga.

Nú hefur okkur þingmönnum öllum að því er ég held borist ársskýrsla Fangelsismálastofnunar fyrir árið 1989 sem gefin er út í nóvember 1990. Þar kemur fram að stofnunin hefur viðamikil verkefni og þegar við samþykktum lög um hana á þingi hér á sínum tíma, 1988, lá fyrir það mat dómsmrn. að þörf væri á 12 stöðugildum við þessa stofnun. Þau hafa hins vegar aldrei orðið fleiri en átta. Mér er kunnugt um það að þeir sem þarna starfa eru mjög störfum hlaðnir og get nefnt sem dæmi að þeir sérfræðingar sem þarna eru, bæði sálfræðingar, félagsráðgjafar og afbrotafræðingur, ferðast milli fangelsa landsins og veita skjólstæðingum sína ýmiss konar þjónustu, bæði sálfræðilega og einnig varðandi ýmis hagnýt mál sem upp koma þegar fólk er skyndilega svipt frelsi sínu. Ég held að það sé mikið þjóðþrifamál að reynt verði að ná því markmiði sem við settum okkur hér í upphafi, að fá fleiri stöðugildi fyrir þessa stofnun þannig að hún geti staðið við sínar lögboðnu skyldur.

Þar sem ég er einmitt að minnast á Fangelsismálastofnun, þá langaði mig til þess að spyrja hæstv. dómsmrh. varðandi það mál sem við erum hér að fjalla um hvort það gæti ekki komið til greina að forstöðumaður fangelsis tæki ákvörðun skv. 25. og 26. gr., eins og hér er talað um, en að ákvörðun hans væri háð samþykki Fangelsismálastofnunar. Það leiðir af hlutverki Fangelsismálastofnunar að þörf er á nánu samstarfi við starfsfólkið í fangelsunum, að ekki sé talað um fangana sjálfa. Ég tel afar óheppilegt að hún skuli ekki eiga neina aðild að svo alvarlegum málum, sem upp koma í fangelsunum, að gripið er til þess óyndisúrræðis að dæma menn til einangrunar.

Þess vegna hef ég velt fyrir mér hvort möguleiki væri á að breyta þessum ákvæðum í þá átt að ákvörðun forstöðumanna fangelsanna væri háð samþykki Fangelsismálastofnunar. Og síðan væri allt annað óbreytt, bæði um málskotsréttinn til dómsmrn. og þau tímamörk sem gerðar voru tillögur um í hv. Nd.

Það væri í sjálfu sér hægt að ræða um fangelsismálin vítt og breitt. Þau hafa verið til umfjöllunar nú hin síðari ár og í einu dagblaðanna núna tvær helgar í röð. Ég ætla að geyma mér það til betri tíma þar sem ég hef lagt fram sérstaka till. til þál. á þskj. 553. Sú tillaga er í raun og veru þess efnis að lokið verði starfi þeirrar nefndar sem skipuð var 1982 og skilaði af sér frv. til laga um fangelsi og fangavist, en gerði í raun og veru ekki þá úttekt sem henni var ætlað og mótaði ekki framtíðarstefnu í fangelsismálum sem er nauðsynlegt að gera. Ég ætla að spara mér efnislega umfjöllun um það þangað til síðar, en ég vil inna hæstv. dómsmrh. eftir því hvort hann telji ekki nauðsynlegt að það fólk sem starfar við Fangelsismálastofnun og er í sambandi bæði við starfsfólkið í fangelsunum og yfirleitt að ég held í góðu persónulegu sambandi við fangana sem til þeirra leita og þekkja þeirra vandamál og þeirra hegðun, ef svo má að orði komast. Væri ekki eðlilegt að Fangelsismálastofnun fjallaði líka um slíkar ákvarðanir forstöðumannanna sem hljóta alltaf að vera örþrifaráð?

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Vesturl. fyrir það viðhorf sem fram kom í máli þingmannsins, að lýsa raunar fylgi við meginstefnumið þessa frv., enda held ég að það hafi vel komið fram við meðferð málsins í Nd. að menn eru almennt sammála um það meginmarkmið.

Hins vegar er það rétt sem kom fram í máli hv. þm. að nokkur meiningarmunur var einmitt um það atriði sem þingmaðurinn gerði sérstaklega að umræðuefni í sinni ræðu, þ.e. málskotsréttinn, og það er rétt að það kom fram brtt. í Nd. sem var felld, hafði raunar nokkuð verið rædd í allshn. Nd. en aukinn meiri hluti þeirrar nefndar var hins vegar á þeirri skoðun sem ofan á varð í deildinni.

Ef ég hef skilið hv. 6. þm. Vesturl. rétt var spurningin um það hvort ekki væri eðlilegt að við ákvörðun um einangrun fanga í fangelsi, sem alla jafna er tekin af fangelsisstjóra, kæmi Fangelsismálastofnun til skjalanna líka. Ég get út af fyrir sig alveg fallist á að það væri ekki óeðlilegt og ég tel í raun að samstarfið á milli Fangelsismálastofnunar og fangelsanna og daglegrar stjórnar fangelsanna sé það náið að svo sé í raun. Hins vegar var ágreiningurinn í Nd. um annað. Það var um málskotsréttinn, hvort málskot vegna

ákvörðunar sem tekin er í fangelsinu ætti að vera til Fangelsismálastofnunar og síðan til dómsmrn.

Niðurstaðan þar varð sú að það væri ekki nægilega skilvirk aðferð og á það get ég vissulega alveg fallist. Að öðru leyti tel ég að náið samstarf aðila Fangelsismálastofnunar og framkvæmdaraðilanna í fangelsunum sé nánast sjálfsagður hlutur því að í sjálfu sér tel ég þar um að ræða jafnsett stjórnvald og það finnst mér vera aðalatriði málsins.

Ég vil svo taka undir orð þingmannsins um það að hlúa beri að starfsemi Fangelsismálastofnunar, sem er nýr gróður á þessum vettvangi, sem best. Þó að ekki hafi tekist að fjölga þar stöðugildum, þá get ég undir það tekið að á því er full þörf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

45. fundur, þriðjudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 277. mál. — Þskj. 510.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill láta þess getið að leitað hafði verið eftir því að hæstv. viðskrh. gæti verið viðstaddur þessa umræðu en þar sem hann er á förum úr landi getur ekki orðið af því að hann verði hér í hv. deild í dag. Hins vegar mun forseti að ósk hv. 1. flm. gera ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh., nema hann sé einnig á förum úr landi sem er mjög líklegt því að báðir munu ætla að verða viðstaddir útför Ólafs Noregskonungs. (**Utanrrh.:** Báðir farnir.) Báðir farnir, segir hæstv. utanrrh. Ég vil því spyrja hv. 3. þm. Suðurl. hvort hann kjósi að mæla fyrir máli sínu við þær aðstæður, sem ég hef nú gert grein fyrir, að hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. viðskrh. geta verið viðstaddir þessa umræðu hér í dag.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár sem nú er flutt í fjórða sinn, nokkuð breytt, þótt megintilgangurinn að baki frv. sé sá sami. Frá upphafi hef ég látið frv. heita „Frumvarp til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár" og held því nafni enn þó segja mætti að frv. ætti að heita: Frumvarp til laga um afnám lánskjaravísitölu.

Í 1. gr. frv. segir: „Frá og með 1. júlí 1991 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar með lánskjaravísitölu, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.s.frv."

Í 2. gr. frv. segir: „Heimilt skal þó vera að verðtryggja spariskírteini ríkissjóðs enda sé þá miðað við vísitölu vöru og þjónustu."

Í 3. gr. frv. segir: „Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum."

Í 5. gr. frv. segir: „Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991."

Ég leyfi mér þessu næst að vitna í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar enda komið á daginn að atvinnuvegirnir þola hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað, hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitala er meiri verðbólguhvati en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni. Afnám hinnar síðarnefndu var þess utan loforð ríkisstjórnar sem ekki er lengur unnt að víkjast undan, enda öll sett skilyrði fyrir hendi."

Athugasemdir við 1. gr.:

„Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaðar í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af innlánum."

Athugasemdir við 2. gr.:

„Verðtryggð ríkisskuldabréf voru heimiluð á dögum viðreisnarstjórnarinnar og gáfust á ýmsan hátt vel. Bankar geta keypt þau og notað sem baktryggingu gegn innlánum með skilyrðum um vaxtaauka. Þau eru og önnur sparnaðarleið fyrir hinn almenna borgara en fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð til þess að greiða niður erlendar skuldir sem nú þegar krefjast of þungrar árlegrar greiðslu afborgana og vaxta.

Í vestrænum ríkjum, sem verðtryggja fjárskuldbindingar að einhverju leyti, er notast við vísitölu neysluvöruverðs til viðmiðunar. Hún samsvarar vísitölu vöru

og þjónustu sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Lánskjaravísitalan er óhentug, varasöm og hættulegur verðbólguvaldur."

Á síðasta degi þingsins fyrir jól fór fram umræða utan dagskrár um vaxtamál hér á Alþingi. Sökum tímaskorts komust færri að en vildu. Henni hefur ekki verið fram haldið en ýmislegt sem þar kom fram vil ég draga fram sem rök með mínu frv.

Í umræðunni var vitnað í nýlega skýrslu Seðlabankans sem gefur í skyn að breytt vaxtastefna á undanförnum árum hafi örvað innlendan sparnað og dregið úr eftirspurn eftir lánum. En hagskýrslur þessa sama banka segja annað. Almenn verðtrygging inn- og útlána samkvæmt Ólafslögum tók gildi frá ársbyrjun 1982. Lánskjaravísitalan tók þá viðbragð upp á við og jókst um liðlega 60% það ár. Hún fór upp í liðlega 74% árið eftir, árið 1983. Við þennan verðbótaþátt vaxta samkvæmt vísitölunni bættust svo raunvextir, 4% 1983 og 7% 1987.

Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra, en þeir eru nú hér ekki viðstaddir en þá um leið raunar þingheim: Dró úr útlánum bankakerfisins við þessa svimháu vexti? Nei, þvert á móti. Þau jukust samkvæmt Hagtölum Seðlabankans um meira en 300% á tveim árum. Meðaltalsvextir á öllu tímabilinu 1982–1989 voru um 40% en á sama tímabili nítjánfölduðust útlánin. Þessi útkoma stafar af því að vaxtahækkanir eru óvirkar þegar jafnvægisleysi ríkir í peningamálum og ríkisfjármálum, enda jókst peningamagn langt fram úr þjóðarframleiðslu að verðgildi. Erlend lán voru tekin og ríkissjóður lengstum rekinn með halla. Þetta ætti hver einasti alþingismaður og ráðherra að vita, en margir halda áfram að hamra á vitleysunni.

Það er hastarlegt að Seðlabankinn og talsmaður hans, bankamálaráðherra, sem eiga að veita leiðsögn, skuli gefa villandi upplýsingar sem stangast á við þeirra eigin hagtölur og að þeir skuli heldur ekki kunna skil á sumum staðreyndum fjármálalífsins.

Margir hafa bent á að tvær meginástæður séu fyrir hækkun raunvaxta, og þar á meðal sjálfur Seðlabankinn, þær eru halli ríkissjóðs og útgáfa húsbréfa. Þetta mun rétt vera. En á ekki Seðlabankinn að sjá um samkvæmt lögum að raunvextir séu ekki hærri en í helstu viðskiptalöndunum?

En ríkið stendur ekki í stöðu sinni, engu fremur en Seðlabankinn. Hæstv. fjmrh. hefur misst marks. Forsrh. hefur lög að mæla þegar hann segir að bankaráðsmenn séu ekki vandanum vaxnir. Ráðherrann viðurkennir þó auðmjúklega að hafa gert rangt, þó í góðri trú hafi verið, þegar hann féllst á 2% hækkun 1984.

Enn alvarlegri mistök hans voru þau að fella niður kaupgjaldsvísitölu en ekki lánskjaravísitölu, svo og að taka kaupgjald upp í lánskjaravísitöluna. Af því leiðir að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með hækkun íbúðalána af völdum aukins verðbótaþáttar vaxta.

En hvað um sparnaðinn? Jókst hann á hávaxtaskeiðinu sem ég nefndi, 1982–1989? Nei. Þrátt fyrir hæstu innlánsvexti sem þekkst hafa hér á landi okkar jókst sparnaður minna en sem nemur viðbættum vöxtum. Með öðrum orðum minnkaði grunnsparnaður, fé sem fólk leggur til hliðar af tekjum sínum inn á bundna sparifjárbók.

Þegar bankamenn segja að sparnaður hafi aukist eiga þeir við innlán sem ekki teljast til sparnaðar, þ.e. tékkareikninga, t.d. svonefnda skiptikjarareikninga eða almennar bækur er notast sem viðskiptabækur á sama hátt og tékkareikningar. Þarna er um enn eina fölsunina að ræða. Loks má geta þess að erlend lán jukust allt hávaxtaskeiðið með sama hraða og önnur útlán. Allt þetta er samkvæmt Hagtölum Seðlabankans.

Og hávextirnir fara beint út í verðlagið. Það hefur verið sýnt og sannað af hagfræðingum, bæði hér heima og erlendis. Vaxtakostnaður fyrirtækja er í mörgum greinum orðinn jafnmikill eða meiri en launakostnaður. Því er statt og stöðugt haldið fram að launahækkanir fari út í verðlagið, sem eðlilegt er. Hvernig í ósköpunum getur nokkrum manni dottið í hug að segja að hið sama gildi ekki um vaxtahækkanir? Ég sýndi fram á í máli mínu hér áðan að samdráttaráhrif vaxtahækkana við ríkjandi skilyrði eru engin.

Forsrh. sagði í umræðunum um daginn að bankarnir bæru saman bækur sínar og færu eftir ákveðinni formúlu. Þetta vita allir enda þótt bankamálaráðherrann þreytist ekki á að tala um frjálsa markaðsákvörðun vaxta. Sjálfur sagði hann frá því í ræðu sinni að við ákvörðun um nafnvaxtahækkun Búnaðarbankans hefðu þrír verið með heimildinni, einn hefði setið hjá og einn verið á móti. Spyrja má hæstv. ráðherra en hann er því miður ekki hér við: Var þetta ekki handaflsákvörðun? Kannski ekki hjá þessum eina sem sat hjá. Hann notaði víst ekki handaflið. En það var fróðlegt að heyra að það skyldu vera fulltrúi Framsfl., Alþfl. og Borgfl. sem stóðu að vaxtahækkun í Búnaðarbankanum rétt fyrir jólin, mitt í þjóðarsáttinni.

Stigminnkandi vægi verðtryggingar sem ríkisstjórnin kveðst áforma nú leysir engan vanda. Vandann leysir ekkert annað en afnám lánskjaravísitölunnar eins og landsmönnum var lofað af núv. ríkisstjórn þegar verðbólga hafði verið undir 10% í eitt ár. Þarf hæstv. ríkisstjórn ekki að standa við þau orð? Frv. mitt hjálpar henni að standa við sín eigin loforð.

Hv. þm. Guðni Ágústsson fáraðist yfir að í Búnaðarbanka séu 18 milljarðar af sparifé á verðtryggðum kjörum en 12 milljarðar af útlánum. Þar er leiðin ekki að hækka útlánsvexti með öllum þeim vandræðum sem slíkt skapar heldur t.d. færa niður vexti af verðtryggðum tékkareikningum, sér í lagi skiptikjarareikningum og af skammtímasparisjóðsbókum sem notast með sama hætti og tékkareikningar. Það skapar og möguleika til að borga hærri vexti af langtímaspariinnlánum. Vísast hér og til frv. míns. Vaxtahækkun er ekki heldur ráð til að losna við vanskilin. Hún mun aðeins auka þau. Myndast þannig vítahringur.

Hérlendis reyna menn að beita vaxtahækkun til að draga úr útlánum. Ég hef sýnt fram á í máli mínu að það hefur engan árangur borið eins og dæmin sanna. Erlendis er í þessu skyni miklu frekar beitt verðbréfaviðskiptum á opnum markaði, ekki vaxtahækkunum sem hafa öfug áhrif. Hins vegar er stundum gripið til

vaxtahækkana erlendis til að forða fjármagnsflótta þegar fjármagnsflutningar milli landa eru frjálsir. Þeir eru það ekki hér hjá okkur en það er verið að reyna að koma þeim á enda þótt þeir fái síður staðist í svo smáu landi sem okkar með einhæfan útflutning.

Það hefur margkomið fram að gróði bankanna hafi verið verulegur á síðasta ári og það var undirstrikað af forsrh. í vaxtaumræðunum fyrir jólin sem hér hefur aðeins verið vitnað til. Í fyrirspurnatíma hér á Alþingi fyrir fáum dögum um vexti og verðtryggingu innlána og útlána kom fram hjá fyrirspyrjanda, hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, að bankar hefðu reiknað sparifjáreigendum um 500–700 millj. kr. lægri vexti á ári heldur en þeim bæri ef reiknað væri á sama hátt og gert er af útlánum. Ef þetta er rétt, þá virðast skrýtnir hlutir gerast á tímum lánskjaravísitölu og verðtryggingar. Það hafa alltaf verið rökin að verðtryggingin skilaði sér til sparifjáreigenda. Það er nú aldeilis ekki, ef þetta er rétt. En skýrir þetta ekki að hluta vaxtamuninn og skýrir þetta ekki að hluta gróða bankanna? Hefðu þeir ekki í raun getað stillt vöxtunum meira í hóf á þjóðarsáttartíma? En þvert á móti fara bankarnir þá leið að hækka vextina með handafli undir því yfirskini að þeir séu að jafna mismuninn á vöxtum á óverðtryggðum og verðtryggðum lánum.

En það er til önnur aðferð við að laga þann mismun. Hún er sú að í stað þess að hækka vextina á óverðtryggðum lánum lækki þeir vextina af verðtryggðum lánum, þ.e. raunvextina, sem eru langtum hærri en lög leyfa og Seðlabankinn á að sjá um að séu sambærilegir við það sem þeir eru í helstu viðskiptalöndum okkar eins og ég kom að fyrr.

Þegar verðtryggingunni var komið á töluðu menn um að 2% raunvextir væru eðlilegir en 4–5% raunvextir væru óðs manns æði. En hvað er þá að segja í dag þegar óðs manns æði, þ.e. raunvextirnir, eru orðnir margfaldir frá því sem menn spáðu? Og ofan á vaxtaokrið og raunvaxtaæðið blasir nú við að á þessu ári muni lánskjaravísitalan, ef hún fær að halda sér, hækka miklu meira en á síðasta ári sökum þeirrar náttúru hennar að við hverja kauphækkun hækkar vísitalan og þar með skuldir íbúðaeigenda í landinu.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Frv. GHH, 229. mál (réttur til bóta). — Þskj. 329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, BÍG, EH, FÞ, GeirG, GB, GHelg, IBA, JóhS, JBH, BGuðm, JSS, KE, MB, MálmS, PJ, RA, SV, ÁJ, SigH, AðB, ÁrnG.

20 þm. (ÁHE, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, HG, HJ, JK, KrP, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RH, RG, SighB, StH, SJS, AS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég greiddi ekki atkvæði áðan við handaupprettingu, ekki vegna þess að ég sé ekki sammála því að vísa málinu til 2. umr. og nefndar heldur vildi ég gjarnan að það væri knúið fram hér nafnakall sem sýndi það að þegar er ætlun ríkisstjórnarinnar að ljúka þingi innan tiltölulega skamms tíma, þá mætir stjórnarliðið ekki betur en svo að það getur ekki einu sinni komið sínum eigin afkvæmum til 2. umr. og nefndar. Þetta sýnir algjört viljaleysi þessara stjórnarsinna sem hafa ráðið hér ríkjum þetta kjörtímabil og sýnir mjög glöggt að það sé kominn tími til að hvíla þetta lið. Ég segi já við að vísa þessu frv. til 2. umr.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því að þessar fjarvistir sem hér eru augljósar eiga sér fullkomlega eðlilegar ástæður. Fulltrúar okkar í Norðurlandaráði eru á fundum erlendis, jafnframt eitthvað af ráðherrum, a.m.k. veit ég um hæstv. forsrh. Það standa yfir fundir í Evrópuráði. Og það er kannski íhugunarefni fyrir þá hv. þm. sem fækka vilja þingmönnum að gæta að því að þessi störf verða menn að stunda, og það á jafnt við um stjórn sem stjórnarandstöðu, þannig að mér finnst mikilvægt að fjölmiðlum sé það ljóst að hér eru menn ekki að vanrækja störf sín heldur eru bundnir við störf annars staðar. Og ég vil nú taka undir þá ósk hæstv. forseta Nd. að menn sýni þá hollustu við þá félaga sína sem eru við störf erlendis að taka hér þátt í atkvæðagreiðslu svo að málum verði þokað áfram þó að menn séu bundnir við störf annars staðar.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Hönnun og viðhald opinberra bygginga, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 270. mál. — Þskj. 481.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allsh.n. með 22 shlj. atkv.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 277. mál. — Þskj. 510.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir til 1. umr. flytur hv. flm., 3. þm. Suðurl., nú í fjórða skipti og þó að þetta frv. heiti „Frumvarp til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár", þá er þetta frumvarp til laga um afnám lánskjaravísitölu eins og flm. gat um í sinni framsögu. Það hefði verið eðlilegt að ráðherrar sem mikið hafa talað um lánskjaravísitöluna og vaxtamálin og ríkisstjórnin í heild skýrðu hv. Alþingi frá afstöðu þessara mála. Það vantar ekki yfirlýsingarnar frá einstökum ráðherrum í þessum efnum og það er ekki orðinn neinn skammur tími frá því að hæstv. forsrh. hefur lýst yfir eindregnum vilja sínum að afnema lánskjaravísitöluna. En hann hefur slegið svona úr og í öðru hvoru í þessum efnum og talið að það yrði nú ekki gert svona með einu stökki heldur tveimur og þeir hafa tekist á meira að segja flokksbræður hans og hann hér í þessari hv. þingdeild um það hvernig eigi að stökkva yfir þessa lánskjaragjá í tveimur stökkum og hefur sitt sýnst hvorum. Forsrh. telur þetta hægt, að stökkva yfir lánskjaragjána í tveimur stökkum, en flokksbróðir hans og vinur, 2. þm. Vestf., telur að sá sem stekkur yfir gjá í tveimur stökkum lendi niður í gjánni og komist alls ekki yfir ef hann ætlar að fara í tveimur stökkum. Kannski er þetta ástæðan fyrir því að forsrh. hefur ekki einu sinni þorað að stökkva fyrra stökkið því það situr allt í sama rassfarinu. Hann er enn þá á brúninni og leggur ekki til atlögu að stökkva yfir lánskjaragjána í tveimur stökkum. Og nú hélt ég að væri fullkomið tækifæri til þess að hæstv. forsrh. segði okkur frá áformum sínum í þessum efnum.

Nú eru kosningar fram undan og þjóðin vill fá að vita það hver er afstaða hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar. Og nú vill svo til að af 11 manna ríkisstjórn — það voru nú þrír hér áðan að burðast við að koma stjórnarfrumvörpum til nefndar en tveir stukku hið bráðasta upp og hlupu á dyr, en það sem sjaldan skeður er að hæstv. utanrrh. er nú sá eini þeirra ráðherra sem situr rólegur hér í sínu sæti og hlýðir á umræður hinna óbreyttu þingmanna. Og það sýnir hvað hann er nú alltaf ljúfur og alþýðlegur maður í hvívetna. Það hefði verið ástæða til að hæstv. viðskrh. gæfi sér tíma til að hlýða á og taka þátt í umræðum um þetta frv. þó ekki væri nema annað hvert ár. Hann gerði það ekki í fyrra. Ég veit ekki hvað olli. Núna er hann að fara úr landi. Ýmist er hann eins og fleiri á þessum bæ að fara eða koma. Maður veit aldrei hvort þeir eru að fara eða koma og því síður hvort þeir koma aftur þegar þeir eru farnir — að hann skýrði nú frá sinni afstöðu í vaxtamálum og samræmdi vinnubrögð ráðherra ríkisstjórnarinnar. Það væri verðugt verkefni þessa hv. Alþingis að fá eina slíka alvöruumræðu og þá mættu gjarnan vera inni bankaráðsformaður Búnaðarbankans til þess að allir þessir ágætu snillingar gætu leitt saman sína góðu hesta við þær umræður og að við, þessir óbreyttu og hógværu þingmenn sem sjaldan förum nú hér upp í ræðustólinn, fengjum að heyra alla þessa vitsmuni og dæma um hver væri vaxtastefna núv. hæstv. ríkisstjórnar. Er hún ein eða eru þær margar? Á þessu leikur okkur töluverð forvitni. Og þá hversu margar þær eru ef þær eru ekki ein og ef þær eru ekki tvær? Hvað eru þær þá margar? Hvað er verið að tala alltaf um að það sé nauðsynlegt að afnema lánskjaravísitölu eða gjörbreyta henni? Það hafi verið nauðsynlegt að afnema kaupgjaldsvísitöluna á sínum tíma og halda kaupgjaldi niðri vegna þess að kaupgjaldið skapi verðbólgu, sem er auðvitað alveg hárrétt. Fjármagnskostnaðurinn skapar líka verðbólgu.

Raunvextir eru ekki ákvörðun bankaráða viðskiptabankanna. Raunvextir eru í höndum ríkisstjórnar hverju sinni. Nafnvextirnir eru svo ákvörðun bankaráðanna og þær ákvarðanir fara eftir því sem raunvextirnir eru á hverjum tíma. Það er þetta sem menn eru alltaf að blanda saman og vilja ekki viðurkenna, hvorki hæstv. forsrh. né ýmsir fleiri.

Ég dáist að þrautseigju hv. 3. þm. Suðurl. að flytja nú þetta mál í fjórða sinn. Það sýnir að þingmaðurinn er ekkert af baki dottinn. Hann heldur sig við sína skoðun hvort sem hún fellur í kramið hjá mér eða þér, en þá er hér um að ræða mjög virðingarverða viðleitni og jafnframt að rökstyðja þær hugmyndir sem þingmaðurinn hefur í þessum málum. Þessar hugmyndir hans koma saman við margar, fjölmargar yfirlýsingar einstakra hæstv. ráðherra en ekkert gerist og ekkert liggur fyrir í þessum efnum.

Ég vildi því aðeins með þessum fáum orðum taka undir það að ég vil að ríkisstjórnin geri hreint fyrir sínum dyrum, verði ekki alltaf að tala út og suður í vaxtamálum. Eitt í dag og annað á morgun og þegar þessi hefur sagt þetta, þá tekur hinn það aftur. Það er þetta sem er orðið óþolandi að hlusta á.

Ég tel rétt að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, sem er væntanlega fjh.- og viðskn. deildarinnar, kalli eftir þessari stefnu þó að það sé nú séð og víst að það er ekki ætlun stjórnarliðsins að afgreiða þetta frv. nú frekar en áður, enda kom það á daginn að þó að þetta eina mál væri hér á dagskrá, þá var umræðu frestað um það til þess að forseti gæti komið stjórnarfrumvörpunum til nefndar. En það mátti ekki ljúka atkvæðagreiðslu um þetta frv. því að það er nú sjáanlegt að sumir sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni áðan eru alveg örugglega hlaupnir út úr húsinu. Ég tel að hver sem er forseti, hvort sem það er deildarinnar eða sameinaðs þings, þá eigi á sama hátt að greiða fyrir þingmálum þingmanna og stjórnarliðs en ekki að setja það hér í tvo mismunandi flokka eins og hæstv. forseti Nd. gerir í þessu máli með því að slíta umræðuna í sundur fyrst ekki var reynt áður en þessi umræða fór fram að hafa atkvæðagreiðslu um hin þrjú málin.

En þessi málsmeðferð öll og mæting hér í þingi sýnir þann losarabrag sem er hér á öllu. Og þó að forseti sameinaðs þings flytji hér áminningarræður um það að menn eigi að taka þátt í sem mæta á þinginu og vera „loyalir" fyrir þá sem eru hingað og þangað úti í heimi, þá eru þetta ekki vinnubrögð sem verður litið á. Þeir eru ekki úti í heimi allir sem eru ekki mættir, for-

seti Sþ. (**ÓÞÞ:** Hún skammar alltaf þá sem eru viðstaddir.) Já, en það er kominn tími til að viðkomandi fari að breyta um og skipta um skammarræðu og skamma þá sem ekki eru viðstaddir og láta hina þá eiga sig í bili. Og þetta hefði viðkomandi hv. þm. og forseti átt að vita fyrr.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 1. þm. Vestf. verður forseti að vísa því algjörlega á bug að hann hafi mismunað hér við atkvæðagreiðslur frumvörpum ríkisstjórnarinnar og þingmanna. Þetta er fjarstæða. (Gripið fram í.) Á dagskrá þessa fundar í dag var gengið frá og afgreitt með atkvæðagreiðslu til nefnda tvö þingmannafrumvörp og eitt stjórnarfrumvarp. Forseti vill benda á þetta. Auk þess hafa þingmannafrumvörp gengið hér í gegn á færibandi eins og önnur frumvörp og forseti hefur ekki greint þar á milli hvort það hafa verið stjórnarfrumvörp eða þingmannafrumvörp. Það geta hv. þingdeildarmenn borið vitni um og ég vona að þeir geri það ef þessi umræða verður lengri.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Jæja. Þá fór sá síðasti. Ég held að ég hafi séð rétt að hæstv. forseti sameinaðs þings sé hér í hliðarsal og óska ég eftir því að hún hlýði á mál mitt. (**Forseti:** Það er óskað eftir nærveru virðulegs forseta sameinaðs þings í þingsal á meðan hv. 6. þm. Norðurl. e. flytur ræðu sína.) Ég man ekki betur en að þegar verið var að ræða um vaxtamálin utan dagskrár fyrir jólin hafi því verið lofað af hæstv. forseta sameinaðs þings — og ég held að hún hafi haft samráð við aðra forseta um það — að sú umræða færi fram í fyrstu viku þingsins eftir jólafrí. Ég hef einu sinni hér síðan spurt um þetta og fengið þau svör að þetta verði nú athugað, en nú er tekið fyrir frv., 177. mál á þskj. 510, sem er að hluta til um það mál, án þess að ráðherrarnir séu hér til staðar. Og ég verð nú að átelja þetta, sérstaklega vegna þess að hin umræðan utan dagskrár hefur ekki farið fram.

Ég vil segja það í sambandi við það sem hæstv. forseti deildarinnar sagði hér um atkvæðagreiðsluna áðan, að það var alveg rétt að tvö af þeim málum voru mál þingmanna og ég held að hv. 1. þm. Vestf. hafi misskilið það mál.

En þetta frv. sem hv. þm. Eggert Haukdal flytur nú í þriðja sinn er kannski má segja ekki athygli vert því að þessu lofaði ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar þegar hún var mynduð, að gera það sem í þessu frv. felst, þ.e. að afnema lánskjaravísitöluna á lánsskuldbindingar. Það var að vísu sagt að þegar lánskjaravísitalan væri búin að vera í sex mánuði í eins stafs tölu, en hún er búin að vera það og vel það og það heyrist ekkert um þetta mál.

Enn fremur eru — sem ég ætla ekki að ræða hér og nú út af því að hér er enginn ráðherra og ég nenni ekki að vera að flytja þá ræðu sem ég mun flytja þegar þeir eru hér til staðar — vaxtamálin í landinu náttúrlega algjörlega ólíðandi og þvert á það sem er í stjórnarsáttmálanum. Þvert á það. Bæði raunvextirnir og nafnvextirnir.

Vextir mega aldrei vera hærri en það sem eðlilegur atvinnurekstur getur staðið undir og ég held að það sé ekki mörg starfsemi í landinu sem getur staðið undir þessum vöxtum. Í staðinn fyrir 6% raunvexti hef ég séð skuldbindingar sem menn hafa neyðst til að skrifa undir sem er verið að skuldbreyta fyrir 10,5%. Þetta er nú jöfnuðurinn í þessu landi. Þetta er réttlætið sem menn eru að guma af. Þetta er nakin staðreynd og ég vona að hæstv. forseti sameinaðs þings sjái sér færi á því, ef ráðherrarnir yrðu einhvern tíma við fyrir kosningar, en það er ekki víst, noti þá fyrsta tækifæri sem gefst, ef þeir yrðu við.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hefur ekki við að leiðrétta ummæli hv. þm. Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði að þessi umræða færi fram að hæstv. ráðherrum fjarverandi. Um það var samið við hv. 1. flm. að hann talaði fyrir málinu enda þótt hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. væru ekki hér. En forseti tekur auðvitað undir það að það er ákaflega eðlilegt og sjálfsögð krafa sem hv. þingdeildarmenn eiga á hæstv. ráðherra að þeir séu hér viðstaddir umræður af þessu tagi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er eitt af sérkennum íslenskrar þjóðar að við erum mjög tregir oft og tíðum til að hagnýta okkur erlenda þekkingu, hvort heldur það er í hagstjórn eða á öðrum sviðum, heldur viljum við gjarnan finna upp okkar eigið kerfi og nota það.

Ég tel að það fari ekki á milli mála að það var mikið gæfuleysi hjá íslenskri þjóð þegar við tókum þá ákvörðun að í staðinn fyrir að samþykkja það að verðtrygging íslensku krónunnar yrði miðuð við erlendan gjaldeyri, það yrði heimilað að verðtryggja hana á þann hátt í fjárskuldbindingum, þá ákváðum við að verðtryggja hana með lánskjaravísitölu. Og hverjar voru nú afleiðingarnar?

1. Það vissi enginn lengur hvað hann skuldaði né hvað hann ætti að borga á hinum ýmsu gjalddögum. Þetta var allt útreikningsdæmi.

2. Bankakerfið tók sig til og kom upp þeim leikfléttum að það er ekki sama hvort þú ert að greiða af láni í banka eða hvort þú átt þar innstæðu. Það eru ekki sömu leikreglur notaðar við útreikningana. Og í annan stað blasir það við að útreikningar vísitölunnar eru byggðir á mjög flóknum atriðum og í sumum tilfellum er niðurstaðan röng vegna þess að forsendurnar sem eru notaðar standast ekki.

Hæstv. viðskrh. hefur verið mikill áhugamaður um að lækka vöruverðið í landinu. M.a. vildi hann flytja smjörlíki til landsins og sagði að það yrði mjög ódýrt. Ef Íslendingar hefðu nú almennt farið að borða þetta smjörlíki, segjum að það hefði náð 90% af markaðnum, þá hefði það í engu lækkað vísitöluna því útreikningarnir á vísitölunni eru bundnir við ákveðna tegund af smjörlíki með allt öðru vörumerki. Segjum nú að það sama gerist með ostlíkið. Þó að pitsa með slíku

ostalíki yrði lækkuð í verði, þá mundi það ekki lækka vísitöluna. Gamli Volvóinn var settur inn í vísitöluna fyrir mörgum árum og svo hefur Volvó verið að hækka í verði. Hver getur greint á milli þess í reynd hve mikið af þeim verðhækkunum stafar af því að sá Volvóbíll með sama farþegafjölda er allt annar og betri bíll en gamli Volvóbíllinn var og hve mikið er verðbólga? Hve mikið af verði gamla Volvóbílsins er vegna þess að það er verðbólga og hve mikið er vegna tækniframfara? Þetta er ekkert greint í sundur. Þarna kemur nýr bíll á hverju ári. Hann er ekki svo breyttur frá árinu á undan og þetta er allt skráð bara sem verðbólga.

Útreikningarnir sem byggja á þennan hátt á vörumerkjum eru e.t.v. það sem Hagstofan telur að sé heppilegasta leiðin til þess að reikna út verðbreytingar, en það er náttúrlega af og frá að þetta standist þegar menn eru að tala um verðtryggingar. Það gengur einfaldlega ekki upp. Ég hygg að það sé hægt að taka aðrar vörutegundir, fleiri en þessa einu sem ég nefndi, þ.e. Volvóbílinn, og benda á að á því tímabili frá því að við fórum að reikna út vísitöluna hafi sú vara verið að batna, meiru hafi verið til kostað með ýmsum aðferðum til þess að auka gæði hennar. Og þá er það spurning: Hve mikið af hækkuninni er vegna gæða og hve mikið er verðbólga?

Ég er sannfærður um það að sú niðurstaða sem við höfum fengið út úr þessu kerfi eins og við búum við það í dag er einfaldlega á þann veg að vísitölutryggða krónan íslenska er að styrkleika næst japanska jeninu, ef þessu er raðað upp, sem sérstakur gjaldmiðill meðal annarra gjaldmiðla þjóða heimsins. Og japanska jenið hefur svifið með ævintýralegum hraða upp, miklu hraðar en hægt er að tala um að byggist á einhverri verðtryggingu. Það hefur verið að styrkja sína stöðu meðal gjaldmiðla þjóðanna.

Nú munu margir segja að ef lánskjaravísitalan sé tekin í burtu þá muni hér verða öngþveiti af því að þá vilji enginn spara. Ég tel að það hljóti að vera eðlilegt að íslenskir sparifjáreigendur hafi sömu möguleika á verðtryggingu og sparifjáreigendur Evrópu. Við erum hluti af því efnahagssvæði og íslenskir þegnar þurfa að eiga sama rétt og þar er, hvorki meiri rétt né minni. Til þess að þeir eigi sama rétt og þar er er miklu eðlilegri verðtrygging að leyfa mönnum að binda fjárskuldbindingar miðað við erlendan gjaldeyri. Það er hægt að hugsa sér að menn bindi þetta við einstaka gjaldmiðla, en það er líka hægt að hugsa sér það, sem kannski er auðveldara, að það verði ákveðin karfa af gjaldmiðlum, hvort sem það yrðu helstu gjaldmiðlar í Evrópu, og þessi karfa verði viðmiðun, þ.e. í staðinn fyrir lánskjaravísitölu verði miðað við þessa gjaldmiðla. Með því að breyta þessu á þennan veg er það einfalt reikningsdæmi fyrir hvern og einn að finna það út hvað hann skuldar. Það er ekki flókið mál og það er auðvelt eins og það var áður en þessar reglur voru uppteknar að reikna það út á hverju menn eiga von þegar kemur að gjalddaga.

Nú veit ég að auðvitað sveiflast gengi krónunnar til. Í sumum tilfellum mundi þetta þýða að menn byggjust almennt við því að gengi íslensku krónunnar félli og margir vildu þá reyna að hreinsa upp og greiða sínar skuldir. En á hvað mundu slík hópviðbrögð í reynd kalla? Þau mundu kalla á mjög jákvæða þróun fyrir íslenskan efnahag. Þau mundu kalla á það að menn reyndu að spara undir þeim kringumstæðum og menn reyndu að greiða upp skuldir þannig að líkurnar fyrir þörfinni á því að fella íslenskan gjaldmiðil jafnmikið og ella hefði þurft að gera verða miklu minni. Það er þess vegna allt sem mælir með því að mínu viti að við tökum upp þá breytingu að miða fjárskuldbindingar frekar við erlendan gjaldeyri en lánskjaravísitöluna.

Ég sé að í 2. gr. er gert ráð fyrir því að spariskírteini ríkissjóðs lúti annarri reglu. Mér finnst það ekki rökrétt. Ríkið á ekki að hafa neinn rétt þarna umfram þegnana. Það er beinlínis óeðlilegt að mínu viti að hafa tvenns konar möguleika í gangi í þessum efnum og það hvetur mjög þá hugsun í framtíðinni, ef þetta verði gert, að sparifjáreigendur munu líta á það sem aðför að sér að slíkar tryggingar skuli hafa verið bannaðar á öllu nema spariskírteinum ríkissjóðs. Mér er jafnframt ljóst að hér er miðað við vísitölu vöru og þjónustu og hún hefur vissulega ekki hækkað jafnmikið og t.d. byggingarvísitalan, enda hafa inn í byggingarvísitöluna verið teknar ýmsar sveiflur. M.a. var það gert fyrir nokkrum árum að byggingarvísitalan var hækkuð bara vegna þess að það var samkomulag þeirra aðila sem það sáu um að líta bæri svo á að byggingar á Íslandi væru orðnar mun vandaðri en þær hefðu verið og þess vegna hækkuðu þeir byggingarvísitöluna. En um leið og þeir hækkuðu byggingarvísitöluna á þeim forsendum hækkuðu þeir allar skuldir þeirra sem skulduðu fé á Íslandi og var þó algerlega vonlaust að líta svo á að nokkurt samhengi ætti að vera á milli þess að byggingar væru vandaðri á Íslandi og hins að vegna þeirrar ástæðu bæri að greiða hærra gjald fyrir afnot af fjármagni.

Ég játa það að ég treysti því á sínum tíma, og það var mín einfeldni, að núverandi ríkisstjórn mundi standa við það ákvæði stjórnarsáttmálans að afnema vísitöluna þegar ákveðnu marki hefði verið náð í hagstjórn á Íslandi. Við erum búnir að ná þessu marki í hagstjórn á Íslandi. En hæstv. viðskrh. virðist ekki líta svo á að honum beri nein skylda til að virða stjórnarsáttmálann. Það er nú einu sinni svo að traust manna á ráðherrum fer mjög eftir því hvort hægt er að líta svo á að þeirra orð standi og að þeir virði þau atriði sem þeir hafa skrifað undir í stjórnarsáttmála. Þess vegna hygg ég að það sé nokkurt vandamál fyrir þann hæstv. ráðherra að gera grein fyrir því og verja það hvers vegna hann fer ekki eftir stjórnarsáttmálanum í þessum efnum. E.t.v. er það skýringin á því að hann er fjarverandi í dag, ég veit það ekki. En það liggur ljóst fyrir að mín afstaða er sú að það beri að samþykkja þetta frv. með þeirri breytingu að efnisatriði 2. gr. falli út.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti ætlar nú að fullnægja réttlætiskennd sinni og fresta þessari umræðu og sjá til þess að hún verði eigi tekin upp á ný fyrr en hæstv. ráðherrar geta verið við-

staddir umræðuna. Forseti telur þetta það mikilvæga umræðu að henni verði ekki haldið áfram nema að viðstöddum hæstv. ráðherrum sem hér þurfa að svara ýmsum spurningum sem til þeirra hefur verið beint.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

48. fundur, fimmtudaginn 31. jan., kl. 10 árdegis.

Störf frambjóðenda hjá ríkisfjölmiðlum, ein umr.

Fsp. HG, 268. mál. — Þskj. 464.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. Hún er á þskj. 464 og er svohljóðandi:

„Hvaða reglur gilda um störf frambjóðenda í alþingiskosningum hjá Ríkisútvarpinu?"

Þetta er stutt fsp. og skýrir sig væntanlega sjálf án langs formála en ég tel nauðsynlegt að það sé upplýst með hvaða hætti ríkisfjölmiðlarnir taka á þessum málum sem varða þátttöku frambjóðenda í alþingiskosningum og auðvitað í öðrum opinberum kosningum, þar sem er eðlilegt að reglur séu settar.

Ástæðan fyrir því að ég lagði þessa fsp. inn fyrir jólahlé þingsins var sú að ég varð var við það að frambjóðendur voru að störfum hjá Ríkisútvarpinu, jafnvel þáttastjórar í viðkvæmum þáttum, þ.e. þáttum sem hægt var að útfæra eftir ákvörðun viðkomandi. Ég tel í rauninni óeðlilegt að heimild sé til slíks eftir að ákvarðanir liggja fyrir hjá flokkunum um þátttöku manna í þingkosningum. Spurningin er síðan einnig um það hvort slíkar reglur ættu að vera almenns eðlis og gilda almennt um fjölmiðla. Ég hef ekki velt því mikið fyrir mér en mér fyndist ekki óeðlilegt að það væru samræmdar reglur að þessu leyti og þá væri ekki óeðlilegt að litið væri til, eða athugað a.m.k., hvernig staðið er að þessum málum í nágrannalöndum okkar, annars staðar á Norðurlöndum. E.t.v. getur hæstv. menntmrh. frætt okkur um það þegar hann svarar þessari fsp.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram að ég er út af fyrir sig sammála þeim almennu viðhorfum sem fram komu í grg. hv. 2. þm. Austurl. með fsp. Hins vegar segi ég það að ég hygg að það sé mjög erfitt að ná samkomulagi um almennar reglur í þessu efni á milli þeirra sem hafa rétt til þess að starfrækja útvarp hér á landi. Ég hygg að í grannlöndum okkar sé ekki um það að ræða að menn hafi náð samkomulagi um að setja samræmdar reglur að þessu leyti.

Þegar fsp. hafði borist í menntmrn. þá sendi ráðuneytið bréf til Ríkisútvarpsins dags. 2. jan. 1991. Svar barst ráðuneytinu með bréfi nokkru síðar og þar segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Því er til að svara að útvarpsráð hefur nokkrum sinnum á undanförnum áratugum samþykkt sérstakar reglur um þetta efni skömmu fyrir almennar kosningar. Reglurnar hafa tekið breytingum í tímans rás, m.a. með tilliti til prófkjörs eða forvals flokkanna, þar sem framboð hafa verið ákveðin talsvert löngu áður en framboðsfrestur hefur runnið út. Þessi aðdragandi kosninga hefur verið að lengjast og því kallað á viðbrögð innan Ríkisútvarpsins, ekki síst vegna hugsanlegrar þátttöku fastra starfsmanna stofnunarinnar í stjórnmálastarfi. Á fundi útvarpsráðs 13. febr. 1987 voru samþykktar nýjar reglur vegna alþingiskosninga sem þá fóru í hönd. Að gefnu tilefni hefur nýlega verið ítrekað fyrir deildarstjórum í stofnuninni að þessar reglur frá 1987 gildi óbreyttar þar til annað hafi verið ákveðið."

Ég hygg að þessi tilkynning til deildarstjóra stofnunarinnar frá útvarpsstjóra hafi orðið til þess að breyting varð á stjórn eins þáttar í Ríkisútvarpinu eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. þekki.

Á 2900. fundi útvarpsráðs 13. febr. 1987 voru samþykktar þær reglur sem í gildi eru í þessum efnum. Þær hljóða svo, með leyfi forseta:

„Frambjóðendur í aðalsætum í almennum kosningum skulu ekki koma fram í dagskrá frá því að framboð er ákveðið og þar til kosning hefur farið fram. Með sama hætti skulu starfsmenn Ríkisútvarpsins sem eru í framboði leystir frá dagskrárstörfum og verði þeim falin önnur verkefni hjá stofnuninni tímabundið. Ofangreindar reglur eiga að sjálfsögðu ekki við þegar um er að ræða sérstakar dagskrár eða fréttapistla sem dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins hefur samþykkt í tilefni af kosningaundirbúningi eða í öðrum tilvikum þegar beinlínis er gert ráð fyrir þátttöku frambjóðenda og fyllstu óhlutdrægni er gætt eins og meginreglur Ríkisútvarpsins mæla fyrir um.

Fréttastofu ber að varast að leiða frambjóðendur fram í fréttum eða fréttatengdum þáttum eftir að framboð hafa verið tilkynnt og þar til kosningar eru um garð gengnar, nema unnt sé að leiða sterk rök að nauðsyn þess að viðkomandi komi fram í fréttum eða í hann sé vitnað sérstaklega vegna fréttnæmra atvika.

Reglur þessar taka ekki alfarið til þátta sem byggjast á sameiginlegu framlagi margra flytjenda, svo sem í leikritum eða tónlistarþáttum. Deildarstjórar skulu vísa vafaatriðum til útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri metur hvort þeim skuli vísað til úrskurðar útvarpsráðs."

Þetta eru reglur Ríkisútvarpsins og eins og menn sjá er með öðrum orðum heimilt að flytja leikrit þar sem frambjóðendur væru í hlutverkum í aðdraganda kosninga. Sömuleiðis ef frambjóðendur eru í kór, þá er heimilt að láta kórinn syngja. Ef frambjóðendur eru í hljómsveit þá er heimilt að láta hljómsveitina spila en þegar um fréttatengt efni er að ræða þá gegnir öðru máli.

Ég hygg þó, virðulegi forseti, að þessir þættir sem hér eru ræddir og oft hafa verið ræddir á Alþingi séu kannski ekki aðalvandamálið á þessu sviði í seinni tíð. Aðalvandamálið held ég sé það að flokkarnir hafa á undanförnum árum, m.a. eftir að útvarpslögunum var breytt, í nokkuð auknum mæli og sérstaklega í kosningunum 1987 notað þessa fjölmiðla til þess að birta auglýsingar af margvíslegu tagi. Og ég hygg að í rauninni sé það mikilvægast fyrir flokkana að íhuga hvernig unnt er að koma við reglum sem koma í veg fyrir að um stórkostlegt auglýsingaflóð verði að ræða frá flokkunum í aðdraganda kosninga.

Í borgarstjórnarkosningunum 1990 náðu frambjóðendur allra flokka hér í Reykjavík samkomulagi um að ekki yrði um slíka auglýsingastarfsemi að ræða og það samkomulag hélt að fullu. Það er mín skoðun að forustumenn flokkanna ættu nú á sama hátt að beita sér fyrir því að á landsvísu tækist heildarsamkomulag af þessu tagi. Menn sjá það auðvitað í hendi sér, virðulegi forseti, að þó að settar yrðu reglur um fréttaflutning sem næðu kannski til allra miðlanna, ef á sama tíma birtist svo rétt á eftir fréttaþáttunum flóð af auglýsingum frá sömu aðilum, þá væru reglurnar um fréttaflutninginn sem slíkar í raun og veru lítils virði.

Ég vil koma þessu hér á framfæri, virðulegi forseti, til að undirstrika um leið og ég reyni að svara fsp. að hér er um að ræða nýjan veruleika í þessum fjölmiðlaheimi sem stjórnmálaflokkarnir þurfa að fjalla um núna á komandi vikum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra upplýsingar af hans hálfu. Þær gefa hins vegar tilefni til þess af minni hálfu að koma hér með nokkrar ábendingar og frekari athugasemdir. Það liggur fyrir að settar hafi verið reglur 13. febr. 1987 og það séu þær reglur sem í gildi eru. Það kom einnig fram að í þeim fælist að inn í fréttir og fréttatengda þætti, fasta þætti og fréttir, eigi ekki að koma frambjóðendur í þingkosningum. Það væri ekki ráð fyrir því gert og fréttastjórar ættu að sjá til þess að svo væri ekki.

Mér sýnist að það sé full þörf á því fyrir Ríkisútvarpið að fara yfir þessi mál því að það virðist svo sem þessu hafi ekki verið sinnt, í rauninni ekki fylgt eftir miðað við það að í laugardagsþætti Ríkisútvarpsins, hljóðvarpsins, var starfandi frambjóðandi sem er ákveðinn í fyrsta sæti eins framboðslistans hér í Reykjavík. Viðkomandi stjórnandi reyndar svaraði því til opinberlega að hann væri ráðinn alveg fram á útmánuði eða þangað til framboðsfrestur væntanlega rynni út. Það kom mér nú sérstaklega á óvart þar sem í hlut átti einn af frambjóðendum Kvennalistans að Kvennalistinn skuli ekki grípa í taumana þegar um svona er að ræða, svo sjálfsagt sem það ætti að vera að tengja ekki saman aðstöðu hjá ríkisfjölmiðlum og pólitík með þessum hætti. Ég er ekki að leggja mat á stjórnun þessa þáttar fyrir sig, heldur bara benda á að þetta er hættuleg braut.

En það eru ýmis fleiri dæmi alveg fram undir þetta. Menn eru að heyja prófkjörsbaráttu í kosningum. Alþfl. þessa dagana hér í Reykjavík. Ég hef orðið var við að einn af frambjóðendum í því prófkjöri, reyndar fyrrverandi kollega hæstv. menntmrh., hefur verið inni í þessum þáttum nú að undanförnu. Ég heyrði í honum á laugardaginn var í þættinum „Hér og nú" og ég hef heyrt að hann hafi verið inni í Ríkisútvarpinu í fréttatengdum þáttum, jafnvel í gær, þó ég hafi ekki sannanir fyrir því. Ég var erlendis en ég hef heyrt þetta. Svoleiðis að ég held að það sé fyllsta ástæða til þess fyrir Ríkisútvarpið að fara yfir þetta.

Ég er heldur ekki sammála hæstv. menntmrh. að aðalvandinn sé kannski auglýsingarnar. Það er vandamál fyrir flokkana og vandamál fyrir lýðræðið í landinu vissulega. Á að hleypa stjórnmálaauglýsingum inn í ríkisfjölmiðlana og inn í fjölmiðlana almennt og eiga stjórnmálaflokkarnir að standa í því? En þar veit almenningur þó að auglýsing er á ferðinni. Og það er dálítið annað þegar stjórnmálamenn, sem eru í starfi eins og þingmenn, koma fram þá vita menn fyrir hvað viðkomandi stendur, en almenningur í landinu hann fylgist kannski ekki grannt með því hver er akkúrat kominn í framboð, orðinn fastur í sæti eftir prófkjör eða forval, eða hvað það heitir hjá flokkunum. Það er það sem er ekki hvað síst viðsjárvert og ég hvet til þess að yfir þetta verði farið.

Ég vil líka hvetja hæstv. ráðherra til að afla sér upplýsingar um hvernig að þessum málum er staðið annars staðar á Norðurlöndum almennt varðandi fjölmiðlana. Ég er ekki að segja að það eigi að þurfa að negla allt í fastar reglur. Það eru hefðir sem ættu að gilda í svona málum og auðvitað ætti líka að gera kröfur til þeirra sem eru þátttakendur í þessu sjálfir, að vera ekki að nota sér það þar sem smugurnar eru, þó að freistingin sé vafalaust fyrir hendi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég er út af fyrir sig sammála mörgu af því sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Austurl. en málið er vandasamt og flókið. Hvar á að draga mörkin? Hvað eru fréttatengdir þættir t.d.? Eru veðurfréttir fréttatengdir þættir? Einn af frambjóðendum Alþfl. í téðu prófkjöri er jafnframt einn af vinsælustu veðurfræðingum fréttastofunnar að mér sýnist. Hvar á að draga mörkin í þessu efni? Það er býsna vandasamt og ég held satt að segja að reglur sem útvarpsstöðvarnar kynnu að setja væru býsna haldlitlar ef framboðsaðilarnir sjálfir koma sér ekki saman um að fylgja einhverjum reglum líka. Og ég vil leggja á það áherslu að þegar um svona mál hefur verið að ræða þá hefur það í rauninni verið að undirlagi flokkanna og framboðsaðilanna að settar hafa verið reglur og tekið á málum með alveg ákveðnum hætti, m.a. vegna þess að þeir hafa átt fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins, í útvarpsráði, sem hafa verið kosnir hér á Alþingi samkvæmt gildandi og eldri útvarpslögum eins og kunnugt er. Síðan kemur það inn í þessa mynd að það eru starfandi hér fleiri miðlar sem telja sig í raun og veru ekki þurfa að sæta neinum slíkum reglum og þess vegna er í rauninni útilokað að ná árangri að því er varðar þau sjónarmið sem hv. þm. setti fram, sem ég er alveg sam-

mála. Það er ekki hægt að ná árangri að því er varðar þau sjónarmið öðruvísi en að um það sé mjög víðtækt samkomulag, ekki aðeins handhafa útvarpsleyfanna heldur líka framboðsaðilanna alveg sérstaklega sem hér um ræðir.

Ég vil svo að lokum segja það, virðulegi forseti, að ég er reiðubúinn til þess að afla mér ítarlegri upplýsinga um það hvernig þessi mál eru í grannlöndum okkar. Í öðru lagi koma sjónarmiðum hv. þm. með formlegum hætti á framfæri við Ríkisútvarpið þannig að þau verði þar til hliðsjónar þegar reglur verða ákveðnar núna. Ég tel það auðvitað mjög alvarlegt mál ef stofnuninni er stýrt þannig að ekki sé farið eftir þeim reglum sem í gildi eiga að vera. Það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur og umhugsunarverður fyrir menntmrn.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektir en mér finnst hann víkja sér dálítið undan því sem er kjarni þessarar fsp., þ.e. að Ríkisútvarpið sem slíkt gangi á undan í þessum efnum og þar sé framfylgt þeim reglum sem settar hafa verið. Ég sé ekki betur en þær hafi verið sniðgengnar á undanförnum mánuðum. Það tel ég vera alvarlegt mál ef svo er og eigi ekki að taka mjög léttvægt og ekki að vísa því bara yfir til flokkanna. Ef menn ætla að ná hér upp hefðum í þessum efnum og einhverju aðhaldi hjá almenningsálitinu og inn í aðra fjölmiðla þá eru það ríkisfjölmiðlarnir sem við hljótum að gera sérstakar kröfur til að gangi þar á undan með góðu fordæmi.

Hlustunarskilyrði útvarps á miðunum fyrir Austurlandi, ein umr.

Fsp. HG, 276. mál. — Þskj. 508.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 508 að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Má vænta þess að bætt verði úr lélegum hlustunarskilyrðum útvarps austur af landinu, m.a. með styrkingu langbylgjukerfisins?"

Hér er um að ræða mál sem hefur borið fyrir á Alþingi, kannski ekki varðandi Austurland sérstaklega, en á fyrri árum man ég eftir. En það hafa ekki orðið þær úrbætur sem eðlilegt er að krafa sé gerð um. Ástandið er þannig á miðunum út af Austurlandi, sérstaklega þegar fjær dregur, þegar komið er kannski 40–50 mílur frá landi að það heyrist ekkert í íslenska Ríkisútvarpinu. Sjómennirnir þar og farmenn sem eru á þeim slóðum, auðvitað eru það aðallega sjómenn sem í hlut eiga, njóta ekki íslenska Ríkisútvarpsins á vinnustöðum sínum á miðunum. Þetta gerist sérstaklega þegar kvölda tekur, þá næst ekki Ríkisútvarpið þegar komið er 50 mílur austur af landinu. Þá taka við erlendar stöðvar og yfirgnæfa það og trufla þannig að hlustunarskilyrði eru engin. Þetta er varðandi hljóðvarpið sem ég er að spyrja hér sérstaklega um. Síðan er það sjónvarpið. Þar eru málin náttúrlega miklu lakari og full ástæða til þess einnig að gera kröfur um að úr því verði bætt. Langbylgjusambandið, langbylgjustöðvarnar, hafa verið vanræktar og það kerfi sem þeim tengist. Það varðar auðvitað miðin við landið og þá sem þar eru að störfum, en það snertir einnig öryggiskerfið í landinu og öryggismálin, eins og menn urðu varir við í óveðrum hér upp úr áramótunum þegar allt fjarskiptasamband Ríkisútvarpsins féll út í heilu landshlutunum. En ég er ekki að blanda því út af fyrir sig í þetta mál.

Þetta hefur versnað frá því sem var hér fyrr á árum þegar langbylgjustöðin á Eiðum náði út á miðin, þjónaði miðunum með ágætum hér fyrr á árum. Og ég vænti þess að það séu ráðagerðir uppi um að bæta úr þessu algerlega óviðunandi ástandi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Sú endurbót sem Ríkisútvarpið stefnir að í nánustu framtíð á Austurlandi, og m.a. þjónar sjómönnum, er bygging nýrrar endurvarpsstöðvar við Höfn í Hornafirði, en leigusamningur vegna lóðar undir núverandi stöð er löngu runninn út. Af einhverjum ástæðum hefur gengið erfiðlega að finna hentugan stað fyrir sendistöð en viðræður standa nú yfir við svokallaða varnarmálanefnd utanrrn. um lóð innan svonefnds varnarsvæðis á Stokksnesi. Í sendistöð á Höfn eru FM-sendar fyrir Rás 1 og Rás 2 og miðbylgjusendir fyrir Rás 1. Að því er stefnt að sami búnaður verði í nýju stöðinni.

Langbylgjustöð Ríkisútvarpsins á Eiðum, sem hv. þm. nefndi og sendir út Rás 1, er skv. upplýsingum Póst- og símamálastofnunar, sem rekur langbylgjustöðina, rekin núna á síðustu lömpunum sem fáanlegir verða fyrir þennan sendi. Stöðin er orðin svo gömul og fornfáleg að það eru ekki lengur framleiddir í fjöldaframleiðslu lampar í þessa stöð. Ef aðstæður í rekstri hennar verða með allra heppilegasta móti þá er von til þess að hún endist í fjögur ár í viðbót.

Af fjárhagsástæðum, sem fyrst og fremst má rekja til þess að mörg undanfarin ár hefur Alþingi, þ.e. við sem hér erum, svipt Ríkisútvarpið tekjustofni til þess að standa undir endurnýjun á þessum búnaði hefur ekki verið unnt að gera endanlegar áætlanir um endurnýjun þessa sendis. Það er að mati Ríkisútvarpsins hins vegar langmikilvægasta verkefnið á þessu sviði að vinna að endurnýjun langbylgjustöðvarinnar á Vatnsenda, enda eru loftnetsmöstrin þar þegar að falli komin fyrir alllöngu. Kostnaður við að endurnýja langbylgjustöðina á Vatnsenda er núna í kringum 700 millj. kr. Ég geri ráð fyrir að sú endurnýjun á dreifikerfi útvarpsins sem þarf að fara fram, bæði viðhald og ég tala nú ekki um nýjungar, kosti fráleitt undir 1000 millj. kr.

Ég hef nýlega rætt við útvarpsstjóra, Markús Örn Antonsson, og framkvæmdastjóra tæknisviðs, Eyjólf Valdimarsson, um þau mál sem hér um ræðir og um að það verði gerð sérstök áætlun um uppbyggingu, endurnýjun og viðhald á dreifikerfi Ríkisútvarpsins með

hliðsjón af því að við gerum ráð fyrir að á einhverju árabili, þremur, fjórum, fimm árum eða svo, verði farið í heildarendurbætur á þessu kerfi. Auðvitað fyrst og fremst af öryggisástæðum vegna þess að það ástand sem uppi er í þessum efnum með langbylgjustöðina á Vatnsenda svona lélega er í raun og veru gjörsamlega óverjandi og gjörsamlega óþolandi að horfa upp á ganga fyrir sig eins og það hefur verið.

Ég bendi á í þessu sambandi að við höfum nýlega fjallað um það í ríkisstjórninni að af Ríkisútvarpinu verði létt útgjöldum sem það hefur borið vegna niðurfellingar afnotagjalds útvarps til handa öldruðum og öryrkjum sem njóta eingöngu tekjutryggingar. Hér er um að ræða upphæð sem á ári hverju nemur 120 millj. kr. og ætti auðvitað með réttu að greiðast af Tryggingastofnun ríkisins frekar en af Ríkisútvarpinu eins og hefur verið frá því að sett var reglugerð um það efni árið 1986, í rétt einu ríkisfjármálakastinu sem menn fengu þá eins og menn fá venjulega, eins og kunnugt er, tvisvar til fjórum sinnum á ári.

Þessi mál eru því til meðferðar með þeim hætti sem ég hef hér rakið, virðulegi forseti, og ég vænti þess að þegar lóðamál þau, sem drepið var á í fyrri hluta svarsins, eru leyst verði hægt að hefjast handa við undirbúning að þeim framkvæmdum sem óhjákvæmilegar eru á Austurlandi.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Við heyrðum hér svar hæstv. ráðherra. Hann upplýsir okkur um það að uppbygging langbylgjukerfisins í landinu kosti um 1 milljarð kr. ef ég hef tekið rétt eftir, a.m.k. ef ætti að koma þeim málum í það horf sem þyrfti. Alþingi hefur árum saman staðið þannig að fjármálum Ríkisútvarpsins að það er til mikils vansa. Og því miður virðist mér sem núv. ríkisstjórn hafi ekki bætt þar um með þeim hætti sem ástæða væri til og var til. Ég var í hópi þeirra sem gagnrýndu harðlega fyrrv. ríkisstjórn fyrir að svipta Ríkisútvarpið lögboðnum tekjustofnum með einu „þrátt fyrir" ákvæðinu í sambandi við tekjustofna þess. Það er þessi vandi sem er að hlaða upp á sig frá ári til árs. Og þetta snertir m.a. þann hóp manna sem dregur fisk úr sjó fyrir Ísland á Íslandsmiðum og ekki nýtur sendinga Ríkishljóðvarpsins, hvað þá sjónvarpsins, svo sæmilegt sé. Þetta er, eins og ráðherrann sagði, gjörsamlega óverjandi og óþolandi ástand. En hver á að leysa þetta mál ef ekki stjórnvöld landsins? Stjórnvöld landsins með ríkisstjórnina í forustu og þingið auðvitað sem fjárveitingavald. Því að þetta gengur ekki svona áfram.

Eina huggunin sem nema mátti úr máli hæstv. ráðherra var að það stæði til að byggja upp langbylgjustöð við eða á Höfn í Hornafirði. Ég skildi það svo að það væri á svokölluðu „varnarsvæði". Ég hefði nú athugasemdir við það að gera en það er ekki ráðrúm hér til að ræða þau mál. Hvaða trygging er fyrir því að Íslendingar stýri sendingum frá svokölluðum varnarsvæðum? Hvaða trygging er fyrir því? Eigum við að vera útlendu valdi háðir, erlendum hernaðarsamtökum, hvort við fáum að senda út frá íslenskum fjölmiðlum? Ég held að það sé líka nauðsynlegt að átta sig á því. Leysir þessi uppbygging á Höfn í Hornafirði vandann á miðunum út af Austurlandi í heild? Ég þekki það ekki tæknilega. En að það standi á samningum stjórnvalda vegna einhverrar flækju við varnarmáladeild að hefjast handa er auðvitað saga út af fyrir sig.

Ég vil aðeins hvetja hæstv. ráðherra og ég vil að það sé hvatning til allra hæstv. ráðherra, líka hæstv. sjútvrh. sem sat hér við hlið hans áðan í þingsal og er kunnugur á Höfn í Hornafirði, að reyna að leysa þessi mál hið allra fyrsta og fá fjmrh. líka í lið með sér til að bæta þar úr. Þannig að sjómenn á Íslandsmiðum og farmenn við landið njóti íslensku ríkisfjölmiðlanna.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. menntmrh. talaði hér áðan eins og hann hefði ekki komið nálægt þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skerða tekjustofna Ríkisútvarpsins við afgreiðslu fjárlaga. (**Menntmrh.:** Það er nú rangt, hv. þm. Ég sagði: Við höfum hér á Alþingi. Þingmaðurinn hefur greinilega ekki viljað heyra.) Hæstv. menntmrh. sagði: „Við höfum hér á Alþingi tekið þátt í að" ... Mér finnst það hljóma eins og hann hafi ekki komið nálægt þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja fram fjárlagafrv., að það hafi verið nánast eins og Alþingi hafi þröngvað ríkisstjórninni til að taka þá ákvörðun að skerða tekjustofna Ríkisútvarpsins. Ég vil taka það fram að Kvennalistinn hefur aldrei stutt það. Ég er ekki að segja að þessi ríkisstjórn hafi ein staðið að því að skerða tekjustofna Ríkisútvarpsins. Það hafa margir ríkisstjórnir gert undanfarið. En ég þori að fullyrða að við nánast hver fjárlög og lánsfjárlög á Alþingi síðan Kvennalistinn kom á þing höfum við flutt brtt. við lánsfjárlög til þess að Ríkisútvarpið gæti notið þeirra tekjustofna sem því eru ætlaðir skv. lögum. Mér finnst það verða að koma fram og það eigi ekki að tala þannig hér eins og þetta sé nýtt vandamál. Við erum nýbúin að samþykkja fjárlög hér á Alþingi. Það er alveg rétt að það var ekki með öllum greiddum atkvæðum heldur var það meiri hluti sem studdi ríkisstjórnina sem samþykkti þau. Það verður líka að koma fram en ekki tala eins og þetta sé eitthvað sem menntmrh. hafi verið þröngvað sérstaklega til að gera af hálfu Alþingis.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að þessi mál eru í því ólagi að ekki er hægt að una við. En það er víðar en fyrir Austurlandi. Það er á miðunum kringum allt landið. Þess vegna þarf að huga að þessum málum og rannsaka, fá það upplýst hvernig það er á hinum ýmsu miðum og hvað er til ráða. Ég þekki menn bæði á Vestfjörðum og Norðurlandi sem kvarta mjög yfir einmitt þessu, ekkert síður sjónvarpinu. Ég vil að þetta komi fram og að það sé ekki verið að ræða um þessi mál eins og það sé eingöngu, ef ég hef tekið rétt eftir, eða verst á Austurlandi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Því er nú fyrst til að svara að það stendur ekki til að láta herinn reka þessa stassjón þarna fyrir austan. Það er meiningin að nota landið sem hefur verið notað undir svokallað varnarsvæði í þessu skyni. Það stendur ekki til og ég skil ekki hvernig menn fara að því að lesa það út úr mínum orðum að það sé meiningin af hálfu menntmrn. að láta herinn reka þessa stöð. Það kemur auðvitað ekki til greina. Auðvitað lýtur hún algerlega íslensku forræði eins og segir sig sjálft. Það vil ég segja í fyrsta lagi.

Í öðru lagi má kannski segja að kjarni þessa máls hafi komið fram í því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði hér áðan. Hann er sá að um allt land er við verulegt vandamál að eiga í þessu efni. Og þau voru ekki fundin upp af mér. Það er ekki stefna núv. ríkisstjórnar að koma í veg fyrir að menn heyri í Ríkisútvarpinu. Þó þar sé nú ýmislegt misjafnt þá er það ekki okkar stefna. Ég bendi á að síðar á þessum fundi er á dagskrá fsp. um hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins í Hveragerði og í Ölfusi. Ég bendi á að á síðasta þingi var á dagskrá fsp. um hlustunarskilyrði og sérstaklega sjónvarpsmóttökuskilyrði í Vík í Mýrdal. Og á hverju ári er varið tugum og sjálfsagt á annað hundrað milljónum króna í endurbætur á þessu kerfi.

En það er alveg rétt sem hv. þm. hafa hér sagt: Það er of lítið í þetta lagt. Spurningin í þessu er þá um vilja allra þingmanna til þess að knýja fram fjármuni í þessu efni. Ef tekjustofn sá sem hér hefur verið vitnað til væri látinn ganga í verkið þá munar það litlum tvö hundruð milljónum króna á ári sem ríkissjóður stæði verr en ella. Það er auðvitað mál út af fyrir sig sem þarf að skoða. Ég tel að í raun og veru sé Alþingi, hver svo sem hefur verið í meiri hluta, búið að afskrifa þennan tekjustofn fyrir löngu. Þess vegna sé í raun og veru fyrst og fremst spurningin um það: Eru menn tilbúnir til að kalla fram almenna skattpeninga í þetta verk?

Ég skýrði frá því hér áðan að við erum að reyna að rýmka fjárhag Ríkisútvarpsins þannig að það munar verulegum upphæðum, upp á u.þ.b. 120 millj. kr. á ári, með sérstöku átaki. Hins vegar gat ég þess ekki áðan að við höfum verið að fjalla um það líka að gerð verði framkvæmdaáætlun til nokkurra ára um uppbyggingu þessa kerfis. Ég gat þess að vísu að ég teldi að til hennar þyrfti um þúsund milljónir króna og ef hún væri framkvæmd á fimm árum þá tvö hundruð milljónir króna á ári. Ég skýrði frá því að um þetta værum við að fjalla.

Út af orðum hv. þm. Kristínar Einarsdóttur vil ég segja það að þó hún vilji kannski trúa því, hv. þm., að ég sé sú tegund af stjórnmálamönnum sem skýt mér undan ábyrgð á mínum eigin verkum þá er það ekki svo. Ég ber auðvitað ábyrgð í þessu efni, ekki aðeins sem þingmaður heldur einnig sem ráðherra. En ég vísa því algerlega á bug að menn séu að gera mér það upp í ræðum hér að ég sé að skjóta mér undan verkum mínum og ábyrgð á verkum mínum á Alþingi eða í ríkisstjórn Íslendinga. Ég tel að ég hafi ekkert tilefni gefið til þess, hvorki í þessu máli né í öðrum málum. Og satt að segja tek ég það illa upp þegar mér er borið það á brýn.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra skynji það að þau orð sem hér eru mælt almennt eru af góðum hug varðandi málefnið, sem ég veit að hann ber fyrir brjósti sem og við önnur hér á Alþingi. Þess vegna erum við að hvetja til að horfið verði frá þeirri stefnu, sem ríkt hefur lengi, að skerða lögmarkaða tekjustofna Ríkisútvarpsins sem mér heyrist að séu þær upphæðir í rauninni sem þyrfti samkvæmt hugmynd um fimm ára áætlun til uppbyggingar langlínukerfisins við landið.

En aðeins svo þetta, virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að spurt er um Austurland sérstaklega er í fyrsta lagi það að sjómenn eystra hafa rætt þessi mál við mig, en einnig það að aðstæður varðandi hljóðvarp a.m.k. eru lakari austur af landinu heldur en sums staðar annars staðar vegna þess að þar er nálægðin við meginland Evrópu og hlustunarskilyrðin varðandi stöðvarnar þar eru miklu betri en við þekkjum t.d. á þessu svæði og þær yfirgnæfa íslenska Ríkisútvarpið á þeim bylgjulengdum sem sent er út.

Málefni fatlaðra, ein umr.

Fsp. DS, 283. mál. — Þskj. 517.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Lög um málefni fatlaðra sem öðluðust gildi 1983 voru viðamikil og mjög mikilvæg fyrir fatlaða, en í 1. gr. þeirra segir, með leyfi forseta, að markmiðið sé „að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best".

Lögin eru ekki ýkja gömul, en þó hefur orðið mikil þróun í málefnum fatlaðra og hugmyndir fólks um hvernig þeir geta sem best orðið raunverulegir þátttakendur í þjóðfélaginu hafa breyst, svo og skoðanir á mikilvægum þáttum eins og t.d. stofnunum og öðrum sérúrræðum fyrir fatlaða. Þrátt fyrir lögin er enn langt í land með að fatlaðir njóti jafnréttis eða hafi í raun getað aðlagast þjóðfélaginu. Öll þekkjum við atvinnuvanda fatlaðra, lág laun þeirra, skort á húsnæði og enn skortir mikið á að aðgengi sé með þeim hætti að viðunandi sé. En þrátt fyrir þetta hefur merkum áföngum verið náð til þess að skapa fötluðum betri skilyrði í samfélaginu. Þar má nefna t.d. sambýli, verndaða vinnustaði og dagvist. Í grannlöndunum er verið að vinna að ýmsum mikilvægum málum með það að markmiði að gera fötluðum enn betur kleift að taka þátt í samfélaginu og t.d. er nú stefnt að því í Noregi að leggja niður allar stofnanir fyrir fatlaða. Verður fróðlegt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með hvernig sú þróun gengur fyrir sig.

Eins og ég minntist á hefur orðið töluverð breyting

á skoðunum fólks og hugmyndum um málefni fatlaðra á þessum tíma sem lögin hafa verið í gildi og haustið 1989 var skipuð nefnd stjórnarflokkanna, fulltrúa sveitarfélaga og hagsmunaaðila til þess að endurskoða lögin og þar sem ég tel brýnt að sem fyrst verði lokið þeirri endurskoðun hef ég leyft mér á þskj. 517 að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh. hvað líði störfum nefndarinnar og hvenær megi vænta þess að frumvarp líti dagsins ljós.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í desember 1989 skipaði ég nefnd til að endurskoða lög um málefni fatlaðra. Verkefni nefndarinnar var að leggja mat á framkvæmd laga um málefni fatlaðra og var óskað greinargerðar um þá úttekt eigi síðar en í maí 1990. Jafnframt var nefndinni falið að leggja fram tillögur um úrbætur og lagabreytingar.

Í þessari nefnd eiga sæti m.a. fulltrúar stjórnarflokkanna, fulltrúar samtaka fatlaðra og Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin skilaði áfangaskýrslu sl. vor eins og ráð hafði verið fyrir gert.

Í skýrslunni kom fram að einhugur var um að tímabært væri að gera á lögunum breytingar. Raunar átti það sjónarmið fylgi að fagna innan nefndarinnar að æskilegt væri að sérlög um málefni fatlaðra væru óþörf og kveðið væri á um málefni fatlaðra í heildarlöggjöf í félagsmálum sem tæki til almennrar félagsþjónustu landsmanna. Nefndarmenn voru þó sammála um að forsendur væru ekki enn þá fyrir hendi til að svo megi verða nú. Frumvarp um félagsþjónustu sveitarfélaga er að mati nefndarinnar fyrsta skrefið í átt til heildstæðrar félagsmálalöggjafar. Verði það að lögum væri lagður grunnur að almennri félagsþjónustu sem næði til allra landsmanna. Ljóst er þó að nokkur tími mun líða þar til því markmiði er náð. Það er mat nefndarinnar að þangað til sé óhjákvæmilegt að sérlög gildi sem tryggi hag fatlaðra.

Nefndin hófst handa um endurskoðun laganna í kjölfar úttektarinnar á framkvæmd laganna og er sú vinna nú á lokastigi. Það er von mín að unnt verði að leggja fyrir þetta þing frumvarp að nýjum lögum um málefni fatlaðra. Ekki er þó ljóst á þessari stundu hvort unnt verði að leggja frumvarpið nógu tímanlega fram á Alþingi svo að hægt verði að afgreiða það fyrir þingslit.

Það hefur skapað nokkra óvissu um endurskoðun laganna hver afdrif frumvarps um félagsþjónustu sveitarfélaga verði. Mikill áhugi er á því innan nefndarinnar að auka verulega hlutverk og ábyrgð sveitarfélaganna í þjónustu við fatlaða. Þetta sjónarmið á nú verulegu fylgi að fagna hjá hagsmunasamtökum og félögum fatlaðra og hafa heildarsamtök þeirra, svo og einstök félög fatlaðra ályktað í þeim málum að undanförnu. Verði frumvarp um félagsþjónustu sveitarfélaga að lögum er trúlega unnt að ganga lengra fram í því að flytja verkefni á sviði málefna fatlaðra til sveitarfélaganna en ella væri. Það er þó skoðun nefndarinnar að ekki sé tímabært að sveitarfélögin taki yfir alla þjónustu við fatlaða, m.a vegna þess hve veikburða hin almenna félagsþjónusta í landinu er að mörgu leyti. Aftur á móti kynni að koma til álita að heimila í lögum að stærri sveitarfélög og byggðasamlög önnuðust þjónustu við fatlaða í sínu umdæmi að hluta til eða að öllu leyti. Talið er æskilegt að stefna að því að sveitarfélög yfirtaki sem mest af þjónustu við fatlaða af svæðisstjórnum og að kveða á um slíkt markmið við endurskoðun laganna. Í því tilviki væri kveðið á um aðlögunartíma og tilflutning verkefna til sveitarfélaga í áföngum eftir því sem almennri félagsþjónustu þeirra vex ásmegin. Fyrst í stað yrði um að ræða verkefni á sviði stoðþjónustu, t.d. atvinnuleit, stuðningsfjölskyldur, fjárhagsaðstoð, sem yrði viðameiri þegar á aðlögunartímann liði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hér einstök atriði í þessu frumvarpi, enda ekki um það spurt, en ég vil þó segja að það er mjög góð samstaða í þessari nefnd um þær tillögur sem þar eru á borðum varðandi endurskoðun laganna og því vænti ég að ég geti nú fljótlega lagt fyrir þetta þing frumvarp til laga sem nefndin hefur nú unnið að um nokkurn tíma og vonandi verður hægt að leggja það nægilega tímanlega fram þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hún gaf hér en það er ljóst að málið er í nokkurri óvissu eins og stendur og tengist óhjákvæmilega frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eins og fram kom í máli hennar.

Ég er sammála þeirri hugsun að auðvitað eiga sérlög um málefni fatlaðra að vera óþörf. Það hefur hins vegar sýnt sig að til þess að ná áföngum hefur þurft að hnykkja á réttindamálum fatlaðra með sérstökum lögum eins og reyndar reynt hefur verið að gera með sérstökum jafnréttislögum til þess að jafna stöðu kvenna og karla. En báðir þessir lagabálkar hafa sýnt að þeir tryggja ekki endilega að þeim markmiðum verði náð sem sett eru en geta orðið til þess að þoka málum áfram. Það er ljóst að stutt er eftir af þessu þingi og mikilvægt hefði verið að frumvarp hefði getað legið frammi sem allra fyrst. Ég vil einnig láta það koma fram að ég tel mjög mikilvægt að samstaða skuli vera í þessari nefnd og ég vona að það geti líka orðið samstaða þegar þar að kemur að frumvarpið verði lagt fyrir þingið. En það hefði auðvitað verið heppilegra um svo brýnt mál sem þetta að fulltrúar allra flokka ættu þess kost að fylgjast með vinnunni alveg frá upphafi og fylgja því svo eftir hér inni í þinginu.

Málefni stundakennara, ein umr.

Fsp. KE, 286. mál. — Þskj. 520.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Það hafa birst í fréttum nú undanfarið frásagnir af deilum milli stundakennara og stjórnvalda, menntmrn. og fjmrn. Þar er um að ræða stundakennara við Háskóla Íslands, við Kennarahá-

skólann, Tækniskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri og e.t.v. einhverja fleiri. Þetta hefur haft í för með sér mikla röskun á kennslu og hafa m.a. borist fréttir um það að meinatæknadeild Tækniskóla Íslands, eða hluti hennar, sé alveg óstarfhæf og í Háskólanum sé í mörgum deildum um mjög skerta kennslu að ræða. Ég hef fregnir af því að t.d. á þriðja ári í líffræði sé um það bil helmingur kúrsa ekki kenndur og á sumum sviðum alls enginn, eins og t.d. í grasafræði. Þannig að nemendur sem hafa hugsað sér að fara t.d. í framhaldsnám í grasafræði geta ekki fengið neina kennslu í þeirri grein líffræðinnar á þriðja ári, sem er auðvitað mjög bagalegt.

Grunnforsendan fyrir því að ég legg fram þessa fyrirspurn eru áhyggjur mínar af því hvernig þetta muni koma niður á nemendum og kennslu í þessum skólum og ekki síst Háskólanum. Það sem deilunum hefur fyrst og fremst valdið er að stundakennarar virðast ekki hafa samningsrétt í þessu máli heldur hefur verið tekin einhliða ákvörðun um þeirra kjör. Ég tel það vera mjög miður ef ekki er viðurkenndur samningsréttur aðila eins og hér um ræðir.

Ég hef þess vegna lagt fyrirspurn fyrir hæstv. menntmrh. á þskj. 520, þar sem ég m.a. spyr að því hvers vegna stundakennarar hafi ekki samningsrétt. Einnig spyr ég:

„Hvaða rök eru fyrir því að stundakennarar njóti ekki kjara samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga, sbr. lög nr. 55/1980, heldur samkvæmt einhliða ákvörðun ráðherra?" En í lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir." Þess vegna spyr ég í þriðja lagi:

„Hvers vegna njóta stundakennarar ekki hliðstæðra kjara fyrir stundakennslu og sérfræðingar við Háskóla Íslands?" En í því stéttarfélagi er samið fyrir stundakennara.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur borið upp nokkrar fyrirspurnir um málefni stundakennara og mér er ljúft og skylt að svara þeim, en tek þó fram að orðalag fyrirspurnarinnar finnst mér vera á köflum á nokkrum misskilningi byggt eins og ég mun koma að hér nánar í svari mínu.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hvers vegna hafa stundakennarar ekki samningsrétt?" Að því er þá spurningu varðar höfum við byggt afstöðu okkar á 1. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra, með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf."

Hluti stundakennara við Háskóla Íslands hefur stundakennslu sem aðalstarf og þeir eru kallaðir fastráðnir stundakennarar. Þessir stundakennarar eru í Félagi háskólakennara sem fer með samningsumboð fyrir þá, sbr. viðauka 2 í kjarasamningi Félags háskólakennara og fjmrn. sem nýlega var gerður og í raun og veru var þetta ákvæði endurnýjað. Aðrir stundakennarar taka hins vegar að sér stundakennslu í tímavinnu og falla ekki undir ákvæði laganna um aðalstarf.

Í öðru lagi er spurt um rök fyrir því að stundakennarar njóti ekki kjara samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga, sbr. lög nr. 55/1980, heldur samkvæmt einhliða ákvörðun ráðherra. Það síðastnefnda í fyrirspurninni er rangt. Um einhliða ákvörðun ráðherra er ekki að ræða.

Eins og þegar hefur komið fram njóta svokallaðir fastráðnir stundakennarar kjara samkvæmt samningum Félags háskólakennara. Aðrir stundakennarar taka einnig laun samkvæmt þeim samningi, þ.e. grein 1.3 um röðun í launaflokka og grein 1.4 um tímakaup í dagvinnu. Þetta gerist með nákvæmlega sama hætti og hjá öðrum launamönnum sem ráða sig í tímavinnu hjá ríkisstofnunum. Að þessu leytinu til eru uppfyllt ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1980, sem ég geri ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi hafi í huga með tilvísun sinni í lögin, enda kom það reyndar fram í greinargerð hennar hér áðan. En til glöggvunar vil ég endurtaka upphaf þessarar greinar en þar segir:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, er samningurinn tekur til."

Þessi ákvæði laganna eru sem sagt uppfyllt og fullyrðing um það í öðrum lið fyrirspurnarinnar að svo sé ekki er því miður ekki rétt.

Ég tel að það sé mjög villandi í þessu sambandi, virðulegi forseti, að tala um einhliða ákvörðun ráðherra þegar rætt er um kjör stundakennara. Með fyrirspurninni er það gefið í skyn að ráðherrann ákveði kaupið í einstökum atriðum tíma fyrir tíma án hliðsjónar af einu eða neinu. En þær reglur sem við byggjum í raun og veru ákvörðun okkar á og taka til stundakennara á tímakaupi eru auðvitað byggðar á kjarasamningi Félags háskólakennara. Auk þess er að vísu gert heldur betur í reglunum en í kjarasamningi Félags háskólakennara vegna þess að það er tekið tillit til sérstöðu starfsins og ýmissa krafna sem gerðar eru til stundakennara. Þess vegna eru þetta að sjálfsögðu ekki einhliða ákvarðanir ráðherra sem byggjast á hugdettum hans sjálfs. Þessi ákvæði hafa þróast í um 20 ár í samvinnu menntmrn., fjmrn. og Háskóla Íslands eftir viðræður við samtök stundakennara á hverjum tíma. Sá hluti stundakennara sem fær greidd laun samkvæmt tímakaupi tilheyrir ekki einu stéttarfélagi og hefur ekki samningsrétt skv. 1. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem ég vitnaði til hér áðan. Þessar aðstæður leiddu til þess á sínum tíma að ráðuneytið hóf

að gefa út þessar reglur til þess að það væri alveg skýrt við hvað ætti að miða þegar menn eru ráðnir í tímavinnu við Háskóla Íslands.

Í þriðja lagi er spurt hvers vegna stundakennarar njóti ekki hliðstæðra kjara fyrir stundakennslu og sérfræðingar við Háskóla Íslands. Þessi fyrirspurn er einnig á misskilningi byggð. Sérfræðingar við Háskóla Íslands eru ýmist í Félagi háskólakennara eða öðrum stéttarfélögum sem hafa samningsumboð fyrir viðkomandi starf. Samkvæmt ákvæðum í ráðningarsamningi þeirra er unnt að ráðstafa hluta af vinnuskyldu þeirra til kennslu. T.d. segir svo um starfssvið sérfræðinga við Raunvísindastofnun Háskólans í reglugerð nr. 537/1975: „Kennsla þeirra við Háskólann skal háð samkomulagi milli deildarráðs og stjórnar stofnunarinnar, og skal þá m.a. ákveðið, hvort kennslan skuli teljast hluti af starfsskyldu viðkomandi sérfræðings." Ef kennsla sérfræðinga við háskólastofnanir fer fram eftir að þeir hafa skilað 40 stunda vinnu á viku við önnur störf fá þeir hana auðvitað greidda sem yfirvinnu. Það sama á við um stundakennara. Hafi þeir lokið 40 stunda vinnuviku við Háskólann fá þeir að sjálfsögðu yfirvinnu greidda sem slíka.

Það er nauðsynlegt að geta þess hér, virðulegi forseti, að 10. júlí sl. kvað Félagsdómur upp þann úrskurð að stofnanir Háskólans væru ekki sjálfstæðar í skilningi laganna heldur væru þær starfsdeildir innan Háskóla Íslands. Í ljósi þeirrar niðurstöðu ber að líta á alla sérfræðinga, og það gerum við, sem starfsmenn einnar og sömu stofnunar. Vinna þeirra sem fer umfram 40 stundir á viku greiðist því sem yfirvinna, hvort sem um er að ræða kennslu eða önnur sérfræðistörf. Af framansögðu má vera ljóst að þeir sérfræðingar stofnana Háskóla Íslands, sem kenna við deildir Háskólans, geta ekki talist stundakennarar. Samanburður á launagreiðslum þeirra og stundakennara sem ráðnir eru á tímakaupi er því í raun og veru ekki raunhæfur.

Þeir sem taka að sér stundakennslu í tímavinnu eru alla jafnan í aðalstarfi annars staðar, ýmist sem starfsmenn annarra ríkisstofnana eða njóta í sínu aðalstarfi kjara samkvæmt hinum ýmsu samningum opinberra starfsmanna eða eru starfandi á almenna markaðnum og eru þá í ýmsum stéttarfélögum eða utan stéttarfélaga. Sem stundakennarar fá þeir greidd laun á tímavinnukaupi þar sem tekið er mið af ákvæðum í kjarasamningum ríkisstarfsmanna fyrir slíka vinnu. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Þannig háttar til iðulega að það eru lagðar fyrir ráðherra spurningar um mjög flókin úrlausnarefni. Svo er um þetta. Satt að segja mætti margt fleira um þetta mál segja en ég hef þegar sagt og ég bið forseta afsökunar á því að hafa reynt á þolinmæði hennar. En hér er um að ræða að mörgu leyti óvenjulegt mál og mjög erfitt. Hér er gefið í skyn að ráðherra eftir sínum geðþótta sé að skammta mönnum tímavinnukaup utan við kjarasamninga. Það er rangt. Við erum einmitt þessa dagana að fjalla sérstaklega um þau vandamál sem upp hafa komið í Tækniskólanum. Það er í raun og veru einn alvarlegasti þáttur þessa máls eins og sakir standa. En ég vænti þess að þau muni leysast farsællega á næstu dögum og vikum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að hann skilur vel að hæstv. ráðherrar geta stundum lent í vanda með svör sín þegar spurt er um stór og veigamikil mál. En honum ber samt sem áður að framfylgja þingsköpum og tími ráðherra er fimm mínútur, en fyrirspyrjanda tvær mínútur og þess vegna er lögð áhersla á að báðir aðilar reyni að miða bæði spurningar og svör við þau tímatakmörk sem sett eru. En reyndar tvisvar sinnum fimm mínútur og tvisvar sinnum tvær mínútur.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Minn tími er enn knappari en ráðherrans og hefði ég þurft enn lengri tíma heldur en fimm mínútur sem hann fær þó. En ég ætla að reyna að gera langt mál stutt. Ég vil þakka ráðherranum svör hans þó mér finnist einkennilegt ef þessar fyrirspurnir eru allar á misskilningi byggðar. Ég veit ekki hvernig hægt er að túlka einhliða ákvörðun öðruvísi en að hún er einhliða að því leyti til að það er ekki haft neitt samráð við stundakennara sem þarna eiga hlut að máli. Ég efast ekki um að tekið sé tillit til ýmissa þátta þegar verið var að semja reglurnar sem nú gilda. Það voru ekki mín orð.

Ég hef fyrir því áreiðanlegar heimildir að margir af stundakennurum beinlínis lækki í launum ef þeir taka nú að sér kennslu, þeir þurfi að hlíta öðrum reglum en hingað til, þannig að það er verið að skerða þeirra kjör. Þetta á sérstaklega við um þá stundakennara sem kennt hafa mikið og lengi. Ef við tökum Háskólann fyrir, þá eru mjög margir stundakennarar þar sem kenna ákveðin námskeið og nýta þar með sína sérþekkingu. Það er mjög nauðsynlegt fyrir Háskólann, og sjálfsagt fyrir hina skólana líka en Háskólann þekki ég best, að geta notið sérfræðiþekkingar manna til þess að kenna ákveðin námskeið. Í Háskólanum er aldrei hægt að koma upp allri þeirri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er innan ákveðinna fræðigreina. Þess vegna getur verið nauðsynlegt og mjög æskilegt að fengnir séu stundakennarar sem kenna ekki bara örfáa tíma heldur kannski heil námskeið sem taka yfir tvær til þrjár vikur eða jafnvel heilt missiri. Og það er mjög mikilvægt að þeirra kjör séu ekki lakari heldur en þeirra sem kenna við hliðina á þeim innan Háskólans.

Nú er þannig háttað að stundakennarar hafa lagt niður kennslu eða ekki tekið að sér stundakennslu og eru fastir kennarar Háskólans beðnir um að taka að sér meiri kennslu. Þetta þýðir að fastir kennarar þurfa að kenna mjög mikið í yfirvinnu sem verður miklu dýrara fyrir Háskólann. Þetta er hægt að gera í ákveðinn tíma en það getur ekki gengið til lengdar. Þess vegna tel ég að þarna sé farið út á mjög hættulega braut, að virða ekki rétt þessa fólks sem þarna er að kenna. Þrátt fyrir að stundakennarar séu í mörgum stéttarfélögum og þeirra stéttarfélög semji fyrir þá um þau kjör sem þeir njóta á sínum vinnustað, þá er þetta einn mjög stór hópur sem kennir að vísu mismikið innan Háskólans, en hefur myndað samtök, Samtök stundakennara við

Háskóla Íslands. Ég tel mjög mikilvægt að þeirra réttur sé virtur og það sé reynt að ná friði í þessu máli þannig að stundakennarar fái að koma að þessu máli sem samningsaðili en ekki að það sé gengið fram hjá þeim. Þess vegna vil ég halda því fram að þarna sé um einhliða ákvörðun ráðherra að ræða.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Það er langt frá að ég hafi verið að finna að því að hæstv. forsetar leggi áherslu á að fylgja þingsköpum, heldur var ég aðeins að benda á að málið væri það snúið að það væri dálítið erfitt að svara því á þessum stutta tíma sem ætlaður er og vafalaust einnig erfitt fyrir fyrirspyrjendur að gera grein fyrir sínum málum á tveimur mínútum. Þannig að ég hygg nú út af fyrir sig að þetta sé nú kannski eitt af þeim ákvæðum í þingsköpum sem menn mættu skoða aðeins betur við þá endurskoðun þeirra sem nú fer fram.

En út af orðum hv. 6. þm. Reykv., þá er ég sammála mörgu af því sem hún sagði. Hér er um að ræða mjög erfitt mál og sú lausn sem verður að grípa til í þessu efni getur orðið dýrari heldur en sú að það náist samningar um kjör þessa fólks í heild. En ég vil benda á tvennt sem er mikilvægt í þessu máli.

Í fyrsta lagi. Í þeim reglum sem menntmrn. nú gaf út — sem er ekki í fyrsta sinn sem slíkar reglur hafa verið gefnar út, þær hafa verið gefnar út alveg frá árinu 1974 eða 1975, ef ég man rétt — er Háskólanum lagt í sjálfsvald að verulegu leyti hvernig hann framkvæmir þessar reglur í samræmi við þá stefnu sem við höfum um vaxandi sjálfstæði ríkisstofnana og þar á meðal og ekki síst Háskóla Íslands. Hér er því um að ræða útfærsluatriði sem við felum Háskóla Íslands að vinna að og þess vegna er það í rauninni þannig að okkar reglur eru þarna miklu opnari en þær hafa áður verið og þess vegna beinlínis ósanngjarnara en fyrr að gefa það í skyn að þær séu einhliða.

Í öðru lagi. Í þeim reglum sem gefnar hafa verið út og gilda fyrir fyrri hluta ársins 1991 — ég endurtek, það hefur ekki komið hér fram áður, fyrir fyrri hluta ársins 1991 — er beinlínis sagt að við útfærslu á þeim reglum skuli enginn lækka í launum. Ef einhver lækkar í launum er það brot á reglunum og þess vegna með öllu óeðlilegt að kenna þessari reglusetningu um það ef svo færi að einhver, við útreikning á tímavinnu, lækkaði í launum.

Loks þetta. Sá hópur sem hér um ræðir skiptist í fjóra flokka, má segja:

Í fyrsta lagi: Fastir kennarar við Háskóla Íslands sem taka að sér stundakennslu í yfirvinnu.

Í öðru lagi: Sérfræðingar hjá háskólastofnunum sem hafa lokið 40 tíma vinnuskyldu þar og taka að sér stundakennslu og fá það borgað sem yfirtíð.

Í þriðja lagi: Þeir sem hafa stundakennslu að aðalstarfi. Með þeirra kjör er líka farið eins og kjör annarra í Félagi háskólakennara.

Þeir sem eftir standa þá eru tímavinnumenn sem koma úr ýmsum félögum, héðan og þaðan, þannig að hér er um að ræða sundurleitan hóp en ekki einsleitan og það er mjög erfitt að nálgast þetta verkefni samkvæmt þeim lögum sem nú eru í gildi um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Og við getum í ráðuneytinu ekkert annað en framkvæmt lögin eins og þau eru. Það er enginn annar kostur uppi og þessi lög frá 1986 voru samþykkt samhljóða á Alþingi á sínum tíma með atkvæðum allra, m.a. þáverandi þingmanna Kvennalistans. Þannig að hér er eingöngu verið að framkvæma lögin nákvæmlega eins og þau eru og ekkert annað. Enda sjá það allir í hendi sér að ef ég og t.d. hv. þm. Ingi Björn Albertsson, ef við réðum okkur hérna niður á eyri í uppskipunarvinnu, sem ég hef komið að og hann kannski einhvern tímann líka, þá myndum við að sjálfsögðu ekki gera kröfu um þingfararkaup í þeirri vinnu, heldur mundum við taka kaup eftir samningum þess félags sem fer með kaup og kjör og samningsrétt á því svæði. Þetta er vandinn. Menn eru að koma þarna í tímavinnu á fjarska mismunandi forsendum úr alls konar stéttarfélögum út og suður. Og ég get alveg fullvissað hv. þm. um að fátt væri mér þóknanlegra en að það tækist að greiða almennilega úr þessari flækju vegna þess að þó ég viti það að sumir hv. þm. hafi ekki mikla trú á því að við viljum framkvæma hlutina með eðlilegum hætti, þá er það nú samt þannig að okkur leiðist frekar að standa í flækjum af þessu tagi. En að því er svona mál varðar, (Forseti hringir.) hvað er það sem markar okkar starfsramma? Það eru landsins lög. Rétt eins og virðulegur forseti er að reyna að framkvæma landsins lög með því að láta ráðherrann hætta og ráðherrann er hættur núna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 6. þm. Reykv. hefur nú þegar talað tvisvar en fær að gera örstutta athugasemd því eins og forseti hefur áður bent á hafa bæði fyrirspyrjandi og hæstv. ráðherra sem svarar farið langt fram úr þingsköpum varðandi tíma í þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt athugasemd, virðulegur forseti, sem ég þakka fyrir. Ég vildi bara segja hæstv. menntmrh. það að ég held að lausnin í þessu máli, sem ég vona og trúi auðvitað að hann vilji leysa, sé að viðurkenna Samtök stundakennara við Háskóla Íslands sem samningsaðila. Ég er ekki sammála hans túlkun á lögunum, að það megi alls ekki viðurkenna þá sem samningsaðila og að standa öðruvísi að þessu máli heldur en hingað til hefur verið gert.

Hlustunarskilyrði útvarps í Hveragerði og Ölfushreppi, ein umr.

Fsp. MF, 294. mál. — Þskj. 529.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 529 hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um það hvort fyrirhugað sé að bæta úr lélegum hlustunarskilyrðum útvarps í Hveragerði og Ölfushreppi.

Útsendingar Ríkisútvarpsins nást illa og sums staðar alls ekki á ákveðnum svæðum í Hveragerði og Ölfushreppi. Sérstaklega á þetta við um útsendingar á Rás 2 á FM-bylgju og gildir þá einu hvort um er að ræða útsendingar frá Selfossi, Vestmannaeyjum eða Skálafelli og þó sent sé út á mismunandi bylgjulengdum. Sérstakan útbúnað þarf við útvarpstækin ef fólk á að geta hlustað og á nokkrum stöðum duga góð loftnet ekki til. Íbúar svæðisins hafa búið við þessi lélegu hlustunarskilyrði lengi og ítrekað sent frá sér athugasemdir og kvartanir og nú nýlega birtist í Bæjarblaðinu, blaði sem gefið er út í Hveragerði, svar sem hafði fengist við einni slíkri kvörtun og beiðni um lagfæringu. Svarið var á þá leið að ef fjárhagur stofnunarinnar, þ.e. Ríkisútvarpsins, leyfði þá yrði kannski hægt að athuga málið. Slíkt svar er varla ásættanlegt því íbúar Hveragerðis og Ölfushrepps telja sig eðlilega eiga sama rétt og þeir sem búa í næsta nágrenni og við allt önnur hlustunarskilyrði.

Því spyr ég hæstv. menntmrh.: Má vænta þess að bætt verði úr lélegum hlustunarskilyrðum útvarps í Hveragerði og Ölfushreppi?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Svarið er: Já. Það er unnið að áætlun um þetta. Hún er unnin í samvinnu Ríkisútvarpsins og Pósts og síma eins og venjulega og miðar að heildarlausn, m.a. fyrir Hveragerði og Ölfus, með byggingu endurvarpsstöðvar á svæðinu, sem þjónar bæði útvarpi og sjónvarpi. Við þá framkvæmd styrkist jafnframt útsending sjónvarpsins á Selfossi og í nágrenni.

Fyrstu drög að framkvæmdaáætlun fyrir þetta sérstaka verk gera ráð fyrir að það kosti 9 millj. kr. Nákvæmari áætlun mun liggja fyrir fljótlega og við gerum ráð fyrir að í þessar framkvæmdir verði ráðist á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svar hans og fagna því að úrbætur eru væntanlegar. Það er fyllilega eðlileg krafa að þjónusta opinberra aðila sé hin sama hvar sem er á landinu, ekki síst þjónusta stofnunar eins og Ríkisútvarps þar sem greitt er gjald fyrir veitta þjónustu, sama gjald hvar sem notandinn er á landinu. Það er líka mikilvægt atriði til þess að sporna við þeirri þróun sem nú er, að fólk flytur í auknum mæli frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið, að opinber þjónusta sé sambærileg hvar sem búið er á landinu. Því fagna ég sérstaklega að vænta má úrbóta á því svæði sem hér um ræðir.

Reglur um fréttaflutning, ein umr.

Fsp. MF, 295. mál. — Þskj. 530.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 530 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um hvaða reglur gildi hjá Ríkisútvarpi og sjónvarpi um fréttaflutning af menningar- og listaviðburðum utan höfuðborgarsvæðis.

Ástæða þess að svo er spurt er sú að þrátt fyrir að víða um land sé blómleg menningar- og listastarfsemi í gangi þá má það heita viðburður ef sagt er frá því í fréttum, fréttatengdum þáttum eða þeim þáttum sem helgaðir eru menningu og listum í ríkisfjölmiðlum. Öðru máli gegnir hins vegar um fréttir af lista- og menningarlífi hér í Reykjavík. Meira að segja stórviðburðir líkt og svokallaðar M-hátíðar sem haldnar hafa verið úti á landi hafa ekki fengið mikið rúm í fréttatímum Ríkisútvarps eða sjónvarps. Víða um land eru starfandi áhugaleikhópar sem setja upp leiksýningar árlega, málverka- og listmunasýningar eru fastir liðir og oft verk manna sem ekki eiga greiðan aðgang að sýningarsölum hér í höfuðborginni. Tónleikahald, skákmót og þannig mætti lengi upp telja lista- og menningarviðburði sem setja svip á lífið utan höfuðborgarsvæðis.

Það er hægt að segja að frumsýningar áhugaleikhópa úti á landi séu ekki minni atburðir í lífi þeirra sem að sýningunni standa og þeirra sem á horfa og hlýða en frumsýningar í leikhúsum í höfuðborginni eru þeim sem þeirra njóta. Það hefur hins vegar verið erfitt að fá fjölmiðla til að viðurkenna fréttagildi menningar- og listalífs utan höfuðborgarsvæðis og jafnvel dæmi þess að það hafi verið neitað um fréttaflutning þegar til þeirra var leitað. Hinir svokölluðu frjálsu fjölmiðlar eru lítið skárri en fólkið í landinu gerir að sjálfsögðu meiri kröfur til ríkisfjölmiðla í þessum efnum.

Því spyr ég: „Hvaða reglur gilda hjá Ríkisútvarpi og sjónvarpi um fréttaflutning af menningar- og listaviðburðum utan höfuðborgarsvæðis?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að Ríkisútvarpið hefur auðvitað skyldur á þessu sviði umfram aðra fjölmiðla. Á því er ekki nokkur vafi. En Ríkisútvarpið hefur sent mér skýringar af sinni hálfu á þessu máli í bréfi sem er dags. 29. jan. 1991, þ.e. í fyrradag, og þar segir, með leyfi forseta:

„Engar reglur hafa verið settar um fréttaflutning Ríkisútvarpsins af menningar- og listaviðburðum utan höfuðborgarsvæðisins sérstaklega. Í útvarpslögum, nr. 68/1985, svo og í reglugerð um Ríkisútvarpið eru stofnuninni sett helstu markmið í dagskrárstefnu. Ýmis þau ákvæði eru tíunduð í inngangi að reglum um fréttaflutning Ríkisútvarpsins sem gefnar voru út 1. mars 1989. Þar segir m.a.:

„Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun. Ríkisútvarpið skal veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi eða almenning varða."

Í kaflanum um reglur um fréttaflutning segir svo í 1. gr.: „Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttaskýringar um hvað eina sem að dómi fréttastofa þess hefur almennt fréttagildi." Og í kaflanum um efnisþætti frétta segir í

16. gr.: „Ríkisútvarpið leggur áherslu á að flytja sem fyllstar frásagnir um atvinnuvegi landsins á hverjum tíma, afkomu þeirra, nýjungar, ástand á vinnumarkaði og afkomu þjóðarbúsins í heild, enn fremur um félags- og fræðslumál, heilbrigðis- og menningarmál og aðra helstu þætti þjóðmála.“ Og loks segir svo í 21. gr.: „Ríkisútvarpið segir fréttir af hvers konar vísindastörfum, lista- og menningarlífi, útgáfu nýrra bóka, hljóðritana, blaða og tímarita, allt með hliðsjón af hinum lögbundnu meginreglum um hlutverk Ríkisútvarpsins og samkvæmt almennu fréttamati.“

Það er síðan hlutverk starfsmanna fréttastofanna og fréttaritara, undir yfirumsjón fréttastjóra, svo og svæðisstöðva Ríkisútvarpsins úti á landi að meta hvaða fréttir eigi erindi við hlustendur og áhorfendur um land allt í fréttatímum útvarps og sjónvarps og hvað eigi heima í fréttum svæðisstöðvanna.

Fréttastofan ræður yfir dagskrárliðnum „Dagbókin“ sem fluttur er rétt fyrir hádegi á Rás 1. Þar er m.a. sagt frá menningar- og listaviðburðum af ýmsu tagi. Hin almenna vinnuregla fréttamanna Ríkisútvarpsins, útvarps og sjónvarps, er ekki sú að frásagnir af öllum leiksýningum, af öllum nýútgefnum bókum og öllum tónleikum teljist eiga erindi við alla hlustendur og áhorfendur um land allt í fréttatímum, enda er það ekki framkvæmanlegt. Hér reynir því á almennt fréttamat. Nýtt íslenskt leikrit er t.d. að öllu jöfnu mun líklegra fréttaefni en sviðsetning eldri íslenskra leikrita eða sviðsetning þyddra gamanleikja, svo að dæmi sé tekið. Nýtt íslenskt skáldverk er að öllu jöfnu fréttaefni en þýdd spennusaga sjaldnast.

Menningarmálum og listaviðburðum eru gerð ítarleg skil í fjórum föstum dagskrárþáttum Rásar 1, þ.e. í Kviksjá, Hornsófanum, Sinnu og Leslampanum. Í öllum þessum þáttum er leitast við að fjalla sem ítarlegast um það sem hæst ber á sviði menningar og lista, jafnt á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Flestir listviðburðir fara fram á suðvesturhorni landsins en lögð er áhersla á að fjalla um það sem hæst ber í öðrum landshlutum,“ og ég tek fram að hér er ekki um að ræða orðalag mitt, heldur er ég hér að lesa upp úr svari Ríkisútvarpsins.

„Viðtöl við listafólk utan höfuðborgarsvæðisins eru flutt í þessum þáttum. Fjallað er reglulega um sýningar Leikfélags Akureyrar og í vetur hefur oftlega verið skýrt frá myndlistarsýningum og öðrum menningarviðburðum, t.d. á Ísafirði. Útvarpið hefur gert M-hátíðum víða um land góð skil,“ og ég tek fram, virðulegi forseti, að ég er ósammála þessu. „Sumartónleikaröð á Norðurlandi var viðfangsefni sl. sumar og á sl. vori var uppfærsla Leikfélags Hornfirðinga á Sálminum um blómið kynnt ítarlega, svo að fáein dæmi séu nefnd.

Dagskrárstarfsmenn Rásar 1 njóta ábendinga og beins framlags starfsmanna svæðisstöðvanna í þessari umfjöllun. Því miður setur þröngur fjárhagur stofnunarinnar starfsmönnum við menningarmálaþætti allþröngar skorður varðandi efnisöflun úti um land, en þó er slík viðleitni ávallt fyrir hendi og er t.d. nýlokið ferð um Suðurland þar sem leitað var sérstaklega fregna úr menningarlífinu.

Sú deild innan sjónvarpsins sem annast gerð innlendra menningar- og listaþátta hefur kynnt ýmsa viðburði sem fram fara utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. í þættinum „Litróf“. Þá hafa verið gerðir þættir um menningarstarf áhugamanna á ýmsum sviðum, t.d. í þáttaröðinni „Fólkið í landinu“, svo og um einstaka listamenn sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðis. Hefur efni á landsbyggðinni aukist mjög að hlutfallstölu undanfarin tvö ár samkvæmt upplýsingum dagskrárstjórans. Núna er m.a. í undirbúningi hjá sjónvarpinu þáttur um Leikfélag Húsavíkur, verið er að ljúka við þátt um M-hátíð á Vesturlandi og hafinn er undirbúningur að þáttagerð um M-hátíð á Suðurlandi í vor. Fjöldi annarra sjónvarpsþátta sem falla undir þá skilgreiningu sem í fyrirspurninni felst er á verkefnaáætlun hjá sjónvarpinu.“

Svo mörg voru þau orð hjá Ríkisútvarpinu. Mín skoðun var sú að í rauninni sé nauðsynlegt að átta sig á því að sú menningarstarfsemi sem fer fram utan hinna hefðbundnu stofnana, hvort sem sú menningarstarfsemi er á Suðurlandi, í Kópavogi, á Vesturlandi eða á Norðurlandi, virðist í raun og veru ekki vera umfjöllunarefni sem skyldi. Hér á ég t.d. við starfsemi leikfélaga hér í landinu sem eru geysimörg og flytja 70–80 verk á ári. Ég á hér við starfsemi kóranna t.d., ég á hér við starfsemi áhugaleikfélaga á Reykjavíkursvæðinu, atvinnuleikhópanna hér á Reykjavíkursvæðinu, sem eru 20–30, og ég get nefnt margt fleira. Þegar við héldum M-hátíð á Vesturlandi í sumar, sem kom við í öllum byggðarlögum á Vesturlandi, voru 30–40 atburðir af ýmsu tagi sem við efndum til í samvinnu við héraðsnefndina fyrir vestan. Það var ótrúlega lítið sem þetta skilaði sér inn í fjölmiðlana og sérstaklega Ríkisútvarpið því að auðvitað gera menn sérstaklega kröfu til þess. Þetta er slæmt, ekki bara frá almennu sjónarmiði séð, heldur er þetta fyrst og fremst slæmt vegna þess fólks sem er að sinna þessum verkum sem telur að með því að atburðunum séu ekki gerð skil í fjölmiðlum, þá séu menn að vanmeta það framlag sem þarna á sér stað. Og það er auðvitað fagnaðarefni eins og hér kemur fram að Ríkisútvarpið hefur aukið verulega hlut efnis utan af landi á undanförnum tveimur árum en þarna þurfa menn að standa sig mikið betur. Ég hef látið ræða sérstaklega við Ríkisútvarpið út af M-hátíð á Suðurlandi sem verður sett núna 16. mars nk. Vonandi verður staðið betur að málum en var að því er varðar M-hátíðina á Vesturlandi.

Ég vænti þess að með þessum orðum hafi ég svarað fsp. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og jafnframt skýrt mín sjónarmið í þessu máli.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Eins og fram hefur komið í þessum fyrirspurnatíma hafa málefni Ríkisútvarpsins mjög borið á góma og fyrirspurnirnar bera svo sannarlega með sér að Ríkisútvarpið hafi verið og sé enn í langvarandi fjársvelti. Við þekkjum öll, og það hefur komið inn í þessa umræðu í dag, skerðinguna á

þeim lögbundnu tekjustofnum sem Ríkisútvarpinu eru ætlaðir til þess að bæta sína þjónustu.

Ég vil lýsa því hér sem minni skoðun að ég held að það þurfi að stórauka fé til innlendrar dagskrárgerðar. Það kom einmitt fram í lokaorðum bréfs Ríkisútvarpsins sá kjarni málsins að það er fjárhagurinn sem setur Ríkisútvarpinu skorður.

Ég vil líka minna á tillögur sem fram hafa komið hér, bæði varðandi Suðurland og Vesturland, um að setja þar á laggirnar svæðisútvarp. Þar sem M-hátíð á Vesturlandi bar hér sérstaklega á góma er mér kunnugt um það að þeir sem voru í forsvari fyrir þeirri hátíð voru einmitt mjög undrandi hversu treglega gekk að vekja athygli ríkisfjölmiðlanna á þeim fjölbreytilegu menningarviðburðum sem þar áttu sér stað. Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi nú í nóvember var sérstaklega ályktað um það mál, að ríkisfjölmiðlarnir hefðu þar ekki staðið sig sem skyldi.

En ég vil enn og aftur þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu og vona að hlutfall frétta af menningarlífi á landsbyggðinni eigi eftir að aukast mjög hjá Ríkisútvarpinu í framtíðinni.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil einnig þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég hef spurnir af því að þegar áhugaleikfélög hafa haft samband við fréttastofu Ríkisútvarpsins til þess að vekja athygli á sínu starfi, sem er mjög merkilegt í mörgum tilfellum, þá hafi svarið verið: Það er búið að taka ákvörðun um það að ekkert verði fjallað um störf áhugaleikfélaga. Mér þætti forvitnilegt að vita hvar sú ákvörðun er tekin. Reyndar kom það fram í máli ráðherrans varðandi Húsavík að nú á eitthvað að fjalla um sýningu sem þar verður sett upp þó svo að á Húsavík sé áhugaleikfélag. Þó svo að ég vilji Húsvíkingum allt hið besta þá langar mig til þess að hafa fregnir af því hvernig er hægt að gera þannig upp á milli að velja eitt áhugaleikfélag úr en öll hin eru höfð út undan.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Nú eiga ríkisfjölmiðlarnir að vera hlutlausir í sinni umfjöllun um allt efni. Finnst hæstv. ráðherra og hv. þm. að það sé gert ef við tökum t.d. menningarmálin annars vegar og knattspyrnuna hins vegar? Ég held að hæstv. ráðherra ætti að skoða það mál sem dæmi um hvernig umfjöllunin er í þessum fjölmiðlum.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. hans svör og fannst hans eigin orð öllu betri en það svar sem var flutt frá Ríkisútvarpinu. Ég vil líka þakka þingmönnum undirtektir við þessa fsp.

Í svari hæstv. ráðherra kom fram að í 21. gr. laga um Ríkisútvarpið segir: „Ríkisútvarpið segir fréttir af hvers konar vísindastörfum, lista- og menningarlífi," o.s.frv., allt með hliðsjón af hinni lögbundnu meginreglu um hlutverk Ríkisútvarpsins og samkvæmt almennu fréttamati. Jafnframt kemur fram að engar fastmótaðar reglur hafa verið settar um fréttaflutning Ríkisútvarpins af menningar- og listaviðburðum utan höfuðborgarsvæðis. Síðan kom upptalning listaviðburða sem hafa fengið rúm í fréttum eða öðrum dagskrárliðum ríkisfjölmiðlanna.

Engu að síður virðist „almennt fréttamat" þessara fjölmiðla vera með þeim hætti að fréttir frá lista- og menningarviðburðum á höfuðborgarsvæðinu hafa forgang og væri fréttamatið e.t.v. með öðrum hætti ef fréttamenn væru í fullu starfi vítt um land. Ég minni á, eins og við fsp. sem ég flutti áðan, að jafnrétti verður að vera þegar um opinbera þjónustu er að ræða. Margir þeirra sem standa fyrir menningar- og listaviðburðum úti á landi kunna þá sögu hve erfitt er að koma þeim á framfæri í fjölmiðlum landsins. Lista- og menningarstarf utan höfuðborgarsvæðis er ekki síður mikilvægt þjóðinni en það starf sem unnið er á þessu sviði í höfuðborginni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þann mikla áhuga á málefnum Ríkisútvarpsins sem fram hefur komið á þessum fundi. Það er kannski ekki eintóm tilviljun að þessar fyrirspurnir lenda allar á þessum fundi. Það er vegna þess að ég hef dálitla tilhneigingu til þess, allra náðarsamlegast, virðulegi forseti, að reyna að safna saman á einn fund þeim fyrirspurnum sem ég fæ. Engu að síður er ástæða til að þakka þennan mikla áhuga.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir spurði: Hver hefur tekið ákvörðun um það að ekki sé fjallað um starfsemi áhugaleikfélaga? Ég er sannfærður um að það hefur engin slík ákvörðun verið tekin. Ég er sannfærður um að það er á misskilningi byggt að Ríkisútvarpið hafi það sem starfsreglu. Það getur ekki verið og ég er viss um að enginn hafi tekið slíka ákvörðun.

Varðandi fjárhagsmál Ríkisútvarpsins sem hér hafa aðeins borið á góma í dag vil ég fyrst segja: það er rétt að að því er varðar uppbyggingu dreifikerfis og viðhald þá er um að ræða fjárhagsvanda, það er rétt. Að því er varðar rekstur Ríkisútvarpsins hafa rauntekjur þess hækkað mjög verulega á síðustu árum. Það er rangt að Ríkisútvarpið þurfi að búa við fjársvelti í rekstri sínum frá degi til dags.

Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins í fyrra og hittiðfyrra stafaði ekki af því að afnotagjöld hefðu ekki verið hækkuð. Það er rangt sem hér hefur komið fram hjá mörgum þingmönnum í dag um það efni. Hann stafar af því að Ríkisútvarpið var þá að borga niður stórkostlegar skuldir vegna kaupleigusamninga sem höfðu verið gerðir á árunum 1987 og 1988 og þáverandi stjórnvöld a.m.k. vildu ekki kannast við að hefðu verið gerðir. Fjárhagsmál Ríkisútvarpsins þurfa menn líka að skoða í því ljósi, þegar hv. þm. segja að það sé lítið efni til innlendrar dagskrárgerðar. Það er rétt, það er lítið. Það er hins vegar á annað hundrað millj. kr. Þegar Ríkisútvarpið er að gera sína fjárhagsáætlun, þá verða menn auðvitað að raða í forgangsröð. Það verða þingmenn líka að átta sig á að verður að gerast. Spurn-

ingin hlýtur að vera um það á þessu ári fyrir Ríkisútvarpið hvort eyða eigi peningunum í innlenda dagskrárgerð og aukningu hennar eða í verulegar endurbætur og áframhald á framkvæmdum við húsið þar sem Ríkisútvarpið er núna til húsa. Á að eyða í það 70–80 milljónum eða á að eyða einhverjum hluta af því í það að bæta innlenda dagskrá? Ég segi hiklaust: Innlend dagskrá er algert forgangsverkefni. Að því er varðar þá stöðu sem Ríkisútvarpið er í núna, m.a. með hliðsjón af aukinni samkeppni við erlendar gervihnattastöðvar, þá verður þetta að vera forgangsverkefni hjá Ríkisútvarpinu. En það er ekki hægt, og það er rangt, bæði hjá þingmönnum, útvarpsstjóra og útvarpsráði, að bera því við að fjársvelti til rekstrar hafi hindrað eðlilega starfsemi af þessu tagi. Þar er bara um það að ræða að menn hafa viljað raða hlutunum í aðra forgangsröð. Það er mál stofnunarinnar, það er mál sem ráðherrann hefur ekki með að gera þá og þá.

Að allra síðustu þetta, virðulegi forseti. Það er ekki þannig að menntmrh. sé að setja reglur um einstök atriði í Ríkisútvarpinu, eins og hversu miklum tíma er varið í einstaka liði. Það er ekki gert. Á mínum tíma sem menntmrh. á þriðja ár hef ég sett mér það að gera það alls ekki. Ég tel að það sé nauðsynlegt að auka verulega við frásögn af menningarefni, auka verulega við frásagnir af landsbyggð, eins og hér hefur komið fram og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur vakið rækilega athygli á. En ég vil hins vegar segja það að ég held að það væri misskilningur að gera það á kostnað knattspyrnuþáttanna í Ríkisútvarpinu.

Aðgangur ungmenna að skemmtistöðum, ein umr.

Fsp. VS, 293. mál. — Þskj. 528.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera upp fyrirspurn á þskj. 528 til hæstv. menntmrh. um aðgang ungmenna að skemmtistöðum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Gildir önnur regla um aðgang ungmenna að stöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga en sú sem almennt er boðuð í 43. gr. barnaverndarlaga, sbr. breytingu á þeim með lögum nr. 14/1983, þ.e. að miða skuli við fæðingarár en ekki fæðingardag?"

Ástæða þess að ég ber upp þessa fsp. er sú að ég hef vitneskju um það að skemmtistaðir fara ekki að lögum frá 1983 um að fæðingarár skuli gilda en ekki fæðingardagur. Ég tel það mikið sanngirnismál að fæðingarárið ráði þar sem það er ætlast til hins sama af þessum ungmennum við skólaborðið en þegar kemur að því að þau fari út saman til að skemmta sér á kvöldin þá er hópurinn tvístraður. Þess vegna ber ég þessa fsp. upp til hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Svarið við fyrirspurninni er já, reglurnar eru mismunandi. Í 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 segir að þegar barni eða ungmenni sé bannaður aðgangur að tilteknum skemmtunum, þ.e. kvikmyndasýningum, öðrum opinberum skemmtunum og hvers konar öðrum skemmtunum, þá skuli miðað við fæðingarár þeirra en ekki fæðingardag.

Skömmu eftir að ofangreindri lagagrein var breytt í þessa veru árið 1983, sbr. lög nr. 14/1983, gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út bréf dags. 13. janúar 1984 til allra lögreglustjóra á landinu. Í því bréfi áréttaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið að aldursmark í áfengislögum nr. 82/1969 er varða 18 ára aldur sem skilyrði fyrir dvöl á veitingastað að kvöldi til þar sem vínveitingar eru leyfðar og 20 ára aldur sem skilyrði í sambandi við sölu og veitingar áfengis miðist við fæðingardag en ekki fæðingarár. Því komi ákvæði 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 14/1983, ekki til álita í því sambandi. Því er svarið við fsp., eins og ég sagði áðan, já. Það gildir önnur regla en fram kemur í 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna um aldursviðmiðanir, um aðgang að stöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga, enda hefur verið litið svo á að ákvæði þeirra laga breyti ekki ákvæðum áfengislaga.

Niðurstaðan af þessu er svo að sjálfsögðu sú að þetta verður náttúrlega að samræma. Og það væri eðlilegast að gera það með því að breyta lögum. Það væri eðlilegast að taka á þessu með lögunum um vernd barna og ungmenna. Svo vel vill til að þau eru einmitt til meðferðar í hv. menntmn. Ed. þessa dagana þar sem hv. þm., fyrirspyrjandi, á sæti. Um leið og ég þakka henni fyrir að vekja athygli á þessu misræmi vil ég nefna það við hana að það mál yrði tekið þar sérstaklega til meðferðar.

Segja má að það sé nokkuð athyglisvert að ræða þetta mál út frá lögunum frá 1966 eða lögunum frá 1983, í ljósi þeirrar reynslu sem hefur verið að ganga yfir að því er varðar áfengisveitingastaði hér á undanförnum árum. Þeir eru núna í Reykjavík milli 90 og 100. Þetta eru jafnvel skyndibitastaðir svokallaðir þar sem börn og unglingar fara inn og kaupa sér mat, þó að í lögunum sé í raun og veru strangt tekið sagt að þetta fólk megi ekki fara inn á staðina nema í fylgd með fullorðnum af því að þar er selt áfengi.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við athugum þessi mál miklu betur. Ég held að við séum að sumu leyti með úreltar reglur og þær eru fyrst og fremst úreltar vegna þess að þær halda ekki, en líka það að framkvæmdin hefur verið hjá sveitarfélögunum. Það er Reykjavíkurborg sem gefur út þessi vínveitingaleyfi og eftir að svo er komið að svo að segja allir skyndibitastaðir eru með vínveitingaleyfi, 11, 12 og 13 ára börn geta farið þar inn ein og keypt sér skyndibita, eins og það heitir, þá er náttúrlega alveg augljóst mál að sá vandi sem reynt er að sporna við í þessum lögum snýr allt öðruvísi við heldur en hann gerði þegar lögin voru sett.

En ég þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á þessu misræmi sem er annars vegar á lögum sem heyra und-

ir menntmrn. og hins vegar á framkvæmd sem er á vegum dómsmrn.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Það er greinilegt að þessi mál þarf að athuga miklu betur. Lögin skarast þarna og ég reyndar var búin að taka eftir því að í því frv. sem liggur fyrir í hv. menntmn. var komin inn ný setning þess efnis að annað gildi um staði sem vínveitingaleyfi hafa. En þar sem mér fannst þetta vera nokkuð óljóst, þá leyfði ég mér að bera fram þessa fsp.

Ég vil segja það að lokum að það er ekki vegna þess að það sé mér kappsmál að ungmenni fái sem yngst aðgang að vínveitingastöðum, heldur hitt að þetta er vægast sagt leiðinlegt mál fyrir ungmenni sem eru saman í skóla og það er ætlast til nákvæmlega þess sama af þeim í skólanum, en þegar kemur að því að fara út á kvöldin, þá eru það bara sumir sem fá aðgang að stöðunum.

Sala á veiðiheimildum, ein umr.

Fsp. SV, 288. mál. — Þskj. 522.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 522 að koma fram með fsp. til hæstv. sjútvrh. um sölu á veiðiheimildum. Fsp. hljóðar þannig:

„Hvers vegna kemur framkvæmdarvaldið ekki í veg fyrir sölu á veiðiheimildum þar sem þær mynda „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila" yfir þeim eins og segir í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða?"

Með leyfi hæstv. forseta hljóðar 1. gr. laganna þannig: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Í 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði um framsal veiðiheimilda. Fyrri greinin fjallar um flutning á aflahlutdeild milli skipa, þ.e. það fasta hlutfall sem hvert fiskiskip hefur af leyfilegum heildarafla þeirrar tegundar sem nauðsynlegt er að takmarka veiðar á. Síðari greinin fjallar um framsal veiðiheimilda innan hvers fiskveiðiárs.

Í 11. gr. eru þau takmörk sett á framsal aflahlutdeildar að veiðiheimildir þess fiskiskips sem flutt er til verði ekki bersýnilega umfram veiðigetu skipsins. Þetta er nauðsynlegt skilyrði þar sem öllum veiðiheimildum er úthlutað til fiskiskipa og því væri óeðlilegt ef eitthvert fiskiskip fengi veiðiheimildir sem bersýnilega væru umfram þá getu sem skipið hefði möguleika til að veiða sjálft. Forsenda þess að það markmið náist sem flestir geta verið sammála um, að okkur takist að minnka fiskiskipaflotann á allra næstu árum, er að heimilt sé að sameina veiðiheimildir. Með því móti skapast tækifæri til að bæta rekstrargrundvöll þeirra fiskiskipa sem eftir verða í flotanum og draga úr heildarkostnaði við veiðarnar sem skilar sér í bættum lífskjörum fyrir alla landsmenn.

Þá er jafnframt nauðsynlegt að heimila fiskiskipum t.d. sem flytjast á milli landshluta að aðlaga veiðiheimildir sínar að þeim veiðimöguleikum sem eru á hverjum stað. Það mun gerast með því að fiskiskipin munu skipta á aflahlutdeild sín á milli eftir því sem hagkvæmt þykir á hverjum tíma.

Ákvæði 1. gr. laganna er hins vegar mjög mikilvægt og ljóst að þeir sem útgerð stunda vita að hér er aðeins um ráðstöfunarrétt á veiðiheimildum að ræða. Reynslan sýnir að tekið er tillit til ákvæða greinarinnar þegar framsal á aflahlutdeild fer fram. Útvegsmenn sem fá framselda til sín aflahlutdeild af öðrum fiskiskipum vita að þeir eru ekki að fjárfesta í varanlegum réttindum. Það verð sem þeir eru tilbúnir að greiða fyrir slíkar heimildir hlýtur því að taka mið af þeim raunveruleika að Alþingi getur hvenær sem er breytt lögunum um stjórn fiskveiða, komist Alþingi að þeirri niðurstöðu að annað fyrirkomulag tryggi betur lífskjör í landinu.

Að mínu viti gætir mikils misskilnings í þeirri umræðu sem fer fram um framsal veiðiheimilda. Slegið er upp fyrirsögnum um að hér sé um stórkostlega eignatilfærslu að ræða, jafnvel þá mestu sem orðið hefur í landinu. Staðreynd málsins er hins vegar sú að með því að skipta veiðiheimildum upp á milli fiskiskipa er ekki verið að taka verðmæti frá hinum almenna borgara. Fiskiskipin hafa haft veiðiréttinn svo lengi sem þetta land hefur verið byggt, en hinn almenni borgari hefur hins vegar notið afrakstursins af auðlindinni á hverjum tíma. Fyrir almenning er hins vegar mikilvægast að hinum tveimur meginmarkmiðum verði náð, þ.e. að beitt verði öllum ráðum til að lækka heildarkostnaðinn í sjávarútveginum og ekki verði gengið það nærri fiskstofnunum að tekjumöguleikar þjóðarinnar í framtíðinni verði skertir. Menn geta hins vegar haft mismunandi skoðanir um það hvernig þessum tveimur mikilvægu markmiðum verði náð, en ég er sannfærður um að það verður ekki gert nema síður sé með því að setja frekari skorður á það að þeir sem treysta sér til að ná í afla með minni tilkostnaði geti fengið til sín auknar aflaheimildir og greitt þeim hæfilegt gjald fyrir sem eru tilbúnir til að láta aflaheimildir af hendi.

Því er einnig við að bæta að Hagræðingarsjóður tók til starfa um síðustu áramót. Hann hefur heimild til þess að kaupa upp fiskiskip og þau kaup munu gagnast heildinni, en um það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir hvort ætti að minnka flotann með slíkum sameiginlegum hætti eða hvort það ætti eingöngu að gerast milli eigenda skipanna. Héðan í frá mun það gerast með þeim tvennum hætti.

Hin leiðin fyrir utan þessa til að fækka fiskiskipum

er að hið opinbera standi fyrir stórfelldum uppkaupum á fiskiskipum og fækkað verði í flotanum með þeim hætti. Til þess þarf hins vegar mikla fjármuni og ég hef stórar efasemdir um að almenningur í landinu sé tilbúinn til að skattar verði hækkaðir til að standa undir þeim útgjöldum. Þetta er að vísu sú leið sem mörg ríki hafa farið en árangurinn hefur því miður ekki orðið sá sem að var stefnt.

Ég vænti þess að þetta svar sé fullnægjandi að því er varðar þau sjónarmið sem koma fram í þeirri fsp. sem hér er beint til mín.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Alþingi hefur því miður ekki megnað að marka fiskveiðistefnu, hvað þá sjávarútvegsstefnu, sem geti vísað til framtíðar í landinu. Ég tel að stefna eins og sú sem nú er í gildi og í rauninni byggist að mestu á óheftum markaðslögmálum í sambandi við uppkaup á fiskveiðiréttindum, á veiðirétti til einstakra útgerða og skipa, sé kerfi sem ekki sé hægt að búa við í því formi sem nú gildir. Hæstv. ráðherra vísaði til að þetta samrýmdist hagsmunum hins almenna borgara eða unnið væri innan þeirra marka í sambandi við löggjöfina. Hver er hinn almenni borgari í þessu landi? Er það fólkið í sjávarútvegsplássum sem býr við það óöryggi að lífsbjörgin getur verið keypt frá því með núverandi kerfi? Það er hið allra hættulegasta við núverandi löggjöf og framkvæmd hennar. Skorturinn á að taka tillit til hagsmuna íbúa sem hafa rekið útgerð, þar sem stunduð hefur verið útgerð um langan tíma, og síðan það sem snýr raunverulega að eignarréttinum og tengslunum á milli upphafsgreinar laganna og síðan útfærslunnar í öðrum greinum. Ég hef því miður ekki tíma til að fara út í það hér, en ég vildi nefna þetta.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég get með engu móti fallist á skýringar eða svar hæstv. ráðherra, þó ég þakki þetta svar, vegna þess að það er náttúrlega auðséð að það er verið að selja kvótann úr ýmsum byggðarlögum. Hæstv. ráðherra vitnar í 11. gr. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að framselja aflahlutdeild" o.s.frv. Hvað er að framselja í íslensku máli? Það er að selja, það er ekki að leigja. Lögin eru misvísandi og ég sé ekki annað, ef sumar byggðar eiga ekki bara að hrynja eins og nú horfir, en það verði að fara í prófmál út af framkvæmd og skilningi hæstv. ráðherra og ráðuneytis á 1. gr. laganna, þó að vitnað sé í 11. og 12. gr. en það er misvísandi. Ef um leigu væri að ræða hefði átt að standa framleigja en ekki framselja.

En það er fleira sem er athugavert í þessum lögum, t.d. stingur í stúf það sem segir í II. bráðabirgðaákvæði, með leyfi forseta. Þar segir: „Ekki er leyfilegt að framselja aflahlutdeild þessara báta fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara". Það er verið að segja að að fimm árum liðnum megi selja kvótann. Nú er ástandið þannig að menn eru farnir að telja sér til eignar þennan hlut sem þeir eiga ekki miðað við 1. gr. ef á að taka hana bókstaflega.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér er ekki um neitt ósamræmi að ræða og ég vitna til þess sem ég hef áður sagt. Málið stendur einfaldlega um það hvort aflaréttindi eigi að fylgja fiskiskipum og hvort það eigi að vera heimilt að sameina aflaréttindi. Mér heyrist á mörgum þingmönnum að þeir séu andvígir því og það er skoðun út af fyrir sig að vera andvígur því og reyna að hafa útgerðina með þeim hætti óhagkvæma.

Það hefur hins vegar alltaf verið svo í íslensku samfélagi að upp hafa komið vandamál af fjárhagsástæðum hjá ýmsum byggðarlögum og þau lent í vandræðum. Það er ekkert nýtt. Það eru hins vegar þau ákvæði í núgildandi lögum að viðkomandi sveitarfélög hafa forkaupsrétt á skipum sem stendur til að selja úr viðkomandi byggðarlögum og þannig gefst ráðrúm og tækifæri til að reyna að taka á þeim vanda. En að ætla sér að leysa þann vanda með því annaðhvort að taka veiðiheimildirnar af fiskiskipunum og setja þær til annarra, fiskvinnslustöðvanna, sveitarfélaganna, eða banna að sameina veiðiheimildir, mun verða til þess að lífskjör í landinu munu rýrna mjög verulega. Það er mín skoðun.

Ég heyri að hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur aðra skoðun í þeim efnum. Ég minni hann á að það hafa orðið allverulegar tilfærslur á veiðiheimildum, það er rétt. Þær hafa einkum orðið frá Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu ekki síst til kjördæmis hans, Norðurl. e. Því er haldið fram að þessi tilflutningur sé andstæður byggðastefnu. Ég veit ekki hvernig byggðastefna er skilgreind af hverjum einum þingmanni. Ég tel þetta ekki vera andstætt þeirri byggðastefnu sem er í mínum kolli, svo mikið veit ég.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Já, við höfum ekki sömu skoðun á þessum málum og við vitum það. Hæstv. ráðherra veit það enn þá betur en ég að um beina sölu er að ræða, það er um beina sölu á kvótum að ræða. Ef á að fara eftir þessum lögum þá er það ekki hægt í raun og veru vegna þess að þau eru svo misvísandi.

Þegar hann er að tala um að kvótinn hafi flust til Norðurlands, ég er ekkert að tala frekar um norður, ég er að tala um hina smærri staði fyrst og fremst sem eru nú í hættu vegna þess að það er verið að kaupa bæði bátana en líka hluta af aflanum og þetta er liðið. Þetta er brot á lögunum, hvorki meira né minna.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Hér er ekki um neitt brot á lögum að ræða. Hins vegar verðum við að vænta þess að þeir sem kaupa þessi skip viti hvað þeir eru að gera. Ég hef sagt hér að viðkomandi aðilar hafa enga tryggingu fyrir því að þeir haldi þessum veiðirétti um aldur og ævi. Það er alveg ljóst í þessum lögum. (**SV:** Skapast ekki hefð í þessu eins og öðru?) Það skapast engin hefð vegna þess að lögin eru alveg skýr og þetta verða viðkomandi aðilar að hafa í huga. En auðvitað getum við

ekki ráðið markaðsverði á skipum. Þar er framboð og eftirspurn sem ræður ríkjum og menn geta sagt því miður, en það eru staðreyndir málsins. Auðvitað geta þeir sem greiða mjög hátt verð farið illa út úr slíkum kaupum ef óvarlega er farið.

Veiðiréttur smábáta, ein umr.

Fsp. SV, 289. mál. — Þskj. 523.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 523 að koma fram með fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um krókaveiðirétt smærri báta. Fyrirspurnin er í tvennu lagi:

„1. Hvers vegna er krókaveiði smábáta ekki frjáls að því marki sem sóknardagar heimila?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að breytt verði þeim hættulegu reglum sem nú gilda um hvernig veiðiheimild báta undir 6 tonnum, sem velja veiðar með línu og handfærum (krókaveiði), verður ákvörðuð á því veiðitímabili sem hefst 1. sept. 1994?"

Eins og hæstv. ráðherra veit og hv. alþm., þá fer það eftir þeim afla sem þeir fá á þessu tímabili hvert aflamark þeirra verður ef farið verður eftir lögunum eins og er gefið í skyn en þó ekki fullyrt að verði. Þetta veldur því að menn sækja mjög fast til að reyna að ná þessum afla. Ég er ekki að segja að þau hörmulegu slys sem hafa orðið séu af þessum ástæðum en það gæti verið og það geta orðið slys af því að menn sækja þarna með miklu kappi til þess að geta fengið lífvænlegan veiðirétt.

Það hafa borist hæstv. ráðherra og þingmönnum ýmis bréf og samþykktir í þessu máli. Það er ekki tími til að vitna í þau hér en þetta er mjög umhugsunarvert. Þetta er hættulegt og ég eiginlega skil ekki í því að þessi leið skuli hafa verið valin því þarna er ekki um umtalsvert aflamark að ræða.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér er nú í reynd um tvær fyrirspurnir að ræða en ég skal reyna að svara þeim innan tilskilinna tímamarka en ef það tekst ekki þá vænti ég þess að ég geti tekið af síðari tíma mínum. Að því er varðar fyrri spurninguna þá vil ég segja eftirfarandi:

Samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem komu til framkvæmda um síðustu áramót er meginregla varðandi úthlutun veiðiheimilda til smábáta sú að byggt er á veiðireynslu áranna 1987–1989 en meðaltalsafli tveggja bestu áranna er lagður til grundvallar. Er það gert til að koma til móts við þá aðila sem af ýmsum ástæðum hafa ekki fulla viðmiðun við öll þrjú árin. Aftur á móti er samkvæmt lögunum ekki tekið tillit til frátafa frá veiðum eins og gert var árið 1984 þegar úthlutun veiðiheimilda fór fram til stærri skipa, enda gafst útgerðum þá ekki kostur á að velja tvö bestu árin heldur var alfarið byggt á meðaltali þriggja ára.

Meginundantekning frá þessari almennu reglu um úthlutun veiðiheimilda til smábáta er sú að útgerðum báta undir 6 brúttólestum sem skráðir voru á skipaskrá fyrir 31. des. 1989 og útgerðum báta sem voru undir 6 brúttótonnum eftir þann tíma er fyrir gildistöku laganna 18. maí sl. gefinn kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 milli leyfis til veiða með línu og handfærum auk dagatakmarkana í stað aflahlutdeildar. Veiðar þeirra báta sem þennan kost velja eru því frjálsar innan þeirra takmarka sem leyfilegur dagafjöldi á sjó setur.

Allir bátar 6 brúttólestir og stærri fá fasta aflahlutdeild í leyfilegum heildarafla ásamt þeim bátum undir 6 brúttólestum sem þann kost velja. Um veiðar þessara báta gilda allar sömu reglur og um veiðar fiskiskipa 10 brúttólestir og stærri. Gildir það jafnt um framsal veiðiheimilda og að hálfur línuafli á tímabilinu janúar og febrúar, nóvember og desember telst aðeins að hálfu til aflamarks.

Drög að frumvarpi um stjórn fiskveiða voru á sínum tíma samin af ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu sem sett var á fót samkvæmt ákvæðum þeirra laga um stjórn fiskveiða sem féllu úr gildi um síðustu áramót. Í nefndinni var almenn samstaða um að leggja niður sóknarmarkið og láta sem flestar sömu meginreglur gilda um veiðar allra fiskiskipa án tillits til stærðar. Eina undantekningin sem gerð var í frumvarpinu var um veiðar báta undir 6 brúttólestum.

Þegar kvótakerfið var tekið upp á sínum tíma var ákveðið að draga mörkin við 10 brúttólestir. Bátar, t.d. á stærðarbilinu 10–20 brúttólestir, hafa því þurft að sæta ströngum aflatakmörkunum allt frá árinu 1984 á meðan bátar undir þeim mörkum hafa haft mun meiri möguleika til að auka hlut sinn. Um áramótin 1987–1988 var gerð sú breyting varðandi veiðiheimildir smábáta að sett var ákveðið aflahámark á veiðar þessara báta sem völdu að stunda netaveiðar. Krókaveiðar voru hins vegar frjálsar og leiddi það til þess að þeir bátar sem slíkar veiðar stunduðu þurftu ekki að taka á sig þær skerðingar í þorskafla sem því miður hafa reynst nauðsynlegar allt frá árinu 1987. Má í því sambandi nefna að aflamark fiskiskipa af þorski hefur verið lækkað um tæp 24% á þessum tíma en það hefur einungis komið niður á fiskiskipum 10 brúttólestir og stærri og þeim smábátum sem stunda netaveiðar. Þetta hefur því skiljanlega leitt til mikillar óánægju og skapað mismunun milli veiðarfæra og stærðarflokka fiskiskipa.

Loks er á það að benda að margir bátar sem mælast undir 10 brúttólestum eru í mörgum tilvikum mun stærri og afkastameiri fiskiskip en bátar yfir 10 brúttólestir en þessi mismunun á milli veiðiheimilda hefur einmitt verið hvati til þess að byggja eins afkastamikla smábáta og frekast er unnt til að auka veiðimöguleika bátanna og þar með að rýra hlut þeirra skipa sem fyrir eru í flotanum. Með því að taka upp samræmdar reglur án tillits til stærðar er því verið að koma á auknu jafnræði milli þeirra sem stunda sjósókn.

Að því er síðari spurninguna varðar þá er í lögum um stjórn fiskveiða að finna ákvæði þess efnis hvernig farið verður að, reynist heildaraflahlutdeild þeirra

báta sem velja leyfi með línu og handfærum hafa aukist meira en nemur 25% að meðaltali á næstu þremur árum. Verði það niðurstaðan, að þeir bátar sem þennan kost velja hafi aukið aflahlutdeild sína í heildaraflanum á kostnað annarra sem þessu nemur, verður þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. sept. 1994.

Aflahlutdeild einstakra báta skal ákvarðast miðað við aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1994. Heildaraflahlutdeild þessara báta í upphafi fiskveiðiárs 1. sept. 1994 skal þó aldrei vera hærri en *samanlögð hlutdeild sem þessir bátar áttu* kost á 1. janúar 1991 miðað við heilt fiskveiðiár. Með þessu er tekin upp nákvæmlega sama regla og gilti um útreikning á aflamarki áranna 1989 og 1990 fyrir þau fiskiskip sem völdu að stunda veiðar með sóknarmarki á árunum 1988 og 1989.

Ekki er vitað til að þessar reglur hafi haft í för með sér aukna slysatíðni á þeim skipum sem stunduðu veiðar með sóknarmark á árunum 1988 og 1989 en margir bátar, t.d. á stærðarbilinu 10–15 brúttólestir, stunduðu veiðar með sóknarmarki á þessum árum. Enda mega reglur sem þessar ekki verða til þess að menn fari að sýna óvarkárni við sjósókn. Og það er alveg sama hvaða reglur eru settar, það verður ávallt hver og einn sjómaður að meta aðstæður á hverjum tíma og það hlýtur að verða mest ráðandi um slysatíðni.

Það er skoðun sjútvrn. að mikilvægt sé að ekki þurfi til þess að koma að þessir bátar auki hlutdeild sína umfram þau mörk sem sett eru í lögunum. Við gerð reglugerðar um fyrirkomulag veiðanna hefur eftir fremsta megni verið reynt að koma í veg fyrir að nauðsynlegt reynist að úthluta þessum bátum aflahlutdeild við upphaf þess fiskveiðitímabils sem hefst 1. sept. 1994. Leiði reynslan hins vegar í ljós að veruleg hætta skapist á því að þessir bátar auki hlutdeild sína umfram mörkin væri einfaldast að fækka leyfilegum sóknardögum og takmarka afla þessara báta með þeim hætti. Á þessari stundu er hins vegar allt of snemmt að spá fyrir um líklega þróun varðandi veiðar þessara báta og ekki tímabært að leggja til breytingar, svo sem að fækka leyfilegum sóknardögum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið en mér heyrist á svari hans að hann gangi fram hjá þeirri hættu, þeim hvata sem felst í því að þeir, sem eru með kvóta sem er ekki lífvænlegur, velji sér krókaveiðar og sæki allfast. Það er þessi hætta sem ég verð var við víða um land að menn hafa áhyggjur af. Sýnir það ekki eftirlitsleysi með stærð bátanna ef það er þannig að þeir eru mældir minni en þeir eru í raun og veru? Er þá ekki fyrst og fremst að laga það frekar en að leyfa mönnum að komast upp með það, eins og ég hef heyrt, að jafnvel bátar sem eru undir 10 tonnum séu í raun og veru upp undir eða jafnvel yfir 30 tonn? Ég hélt að þetta væri þjóðsaga. En hæstv. ráðherra staðfesti það hér á hv. Alþingi að þetta sé svona.

Ég tel að sá aflakvóti, sem margir bátar fá á þeim stöðum sem hafa lítinn afla annan en úr smábátum, sé þannig að það verði vandræðaástand. Þeir neyðist annaðhvort til að taka krókaveiðileyfi, gera það sem þeir geta, eða selja kvótann sem — ja, selja það sem þeir ekki eiga en ráðuneytið heimilar í raun og veru eða a.m.k. hefur ekki afskipti af.

Aflaúthlutun til smábáta, ein umr.

Fsp. SV, 290. mál. — Þskj. 524.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að koma hér fram með fyrirspurn á þskj. 524 til hæstv. sjútvrh. um úthlutun til smábáta og minni skipa á Norðurlandi. Fyrirspurnin er í tveimur liðum og hljóðar þannig:

„1. Verður tekið tillit til sjávarkuldans á viðmiðunarárunum fyrir Norðurlandi og aflaleysis sem af honum leiddi þegar endanleg aflaúthlutun fer fram fyrir smábáta og minni skip á Norðurlandi?

2. Verður orðið við kröfu smábátaeigenda á Norðurlandi eystra að þeir fái til baka að minnsta kosti tvo þriðju af aflaskerðingunni sem miðað var við í frumúthlutun?"

Eins og hefur komið fram í fjölmiðlum var fjölmennur fundur á Akureyri, fundur smábátaeigenda á Eyjafjarðarsvæðinu til Húsavíkur og Grímseyjar, sem þar sóttu. Formaður þeirra nefndar sem úthlutar leyfunum var á þeim fundi en ekki hæstv. ráðherra. Á máli hans mátti heyra að hann taldi að náttúruhamfarir — það er ekki hægt að segja annað en að það séu náttúruhamfarir þegar það er svo kalt fyrir Norðurlandi, einmitt á þessum árum, og ef ekkert á að taka tilliti til þess. Venjulega hefur verið tekið fullt tillit til þess, eða a.m.k. eitthvert tillit til þess, þegar um náttúruhamfarir er að ræða að koma til móts við þá sem fyrir því verða.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Í lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði um úthlutun veiðiheimilda allra íslenskra fiskiskipa eins og áður hefur komið fram. Varðandi veiðar smábáta, þ.e. báta undir 10 brúttólestum, gilda eftirfarandi reglur:

1. Öllum bátum yfir 6 brúttólestir er úthlutað veiðileyfi með aflamarki.

2. Bátar undir 6 brúttólestum eiga kost á veiðileyfi með aflahámarki eða veiðileyfi með banndögum.

3. Þeim bátum, sem fá að velja veiðileyfi með aflamarki, er úthlutað veiðileyfi með aflamarki byggðu á aflareynslu áranna 1985–1987 hafi þeir valið veiðileyfi með aflamarki á árinu 1990. Að öðum kosti fá þeir veiðileyfi með aflamarki byggðu á aflareynslu áranna 1987–1989.

Ofangreindar reglur um viðmiðunarafla og tíma eru lögbundnar og hefur ráðherra ekki heimild til að víkja frá þeim.

Varðandi hlutdeild smábáta í afla er mjög erfitt að meta hvort um samdrátt hefur verið að ræða á Norð-

urlandi á umræddu tímabili. Kemur hér m.a. til að til þess þarf könnun á fjölgun smábáta á ýmsum svæðum. Sé litið til hlutfalls smábáta í heildarafla á Norðurlandi samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands hefur það verið að mestu óbreytt milli 1987 og 1990. Árið 1987 16,26%, 1988 15,48%, 1989 15,54% og 1990 16,03%. Ekki liggja fyrir tölur fyrir 1987 sundurliðaðar með sama hætti.

Varðandi sjávarkulda á viðmiðunarárunum má láta fram koma að eftir kuldaárin 1981 og 1982 þá hlýnaði og var hitastig sjávar á árunum 1985, 1986 og 1987 yfir meðallagi fyrir Norðurlandi. Upp úr því kólnaði og árin 1988 og 1989 voru undir meðallagi. Sama gilti í raun um hitastig fyrir Austurlandi.

Það er að vísu nokkuð óljóst hvaða samband er á milli hitastigs sjávar og fiskgengdar og auðvitað hafa ýmsir aðrir umhverfisþættir þar áhrif á. Það er hins vegar alveg ljóst að hitastig sjávar hefur mikið að segja að því er varðar uppvöxt ungviðis og sem betur fer hefur nú aftur hlýnað og vonandi verður það til þess að styrkja þorskstofninn á nýjan leik. En það er ekki síst af þessum sökum sem þorskstofninn hefur farið minnkandi og það hefur augljóslega haft veruleg áhrif á aflamöguleika víðs vegar um landið.

Af þessu svari má vera ljóst að jafnvel þótt finna megi rök fyrir leiðréttingum af þessum sökum og ýmsum öðrum af þessu tagi þá gera lagaheimildir ekki ráð fyrir slíku.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka svarið en það var nú ekki mikið á því að græða. Ég held að hæstv. sjútvrh. viti að það var verulegur aflasamdráttur á þessum viðmiðunarárum þannig að meira að segja sá sem var sendimaður ráðherrans á umræddum fundi viðurkenndi það. Hann viðurkenndi aflaleysið en sagði að það væri of seint að taka tillit til þess. Þannig að ég er eiginlega hissa á þessu svari hæstv. ráðherra. Þó að þetta sé svona í lögum þá er hann nú með heimildir í hér um bil hverri grein laganna um breytingar. Það eru ekki til lög á Íslandi sem gefa ráðherra eða ráðuneyti jafnmargar heimildir eins og í þessum lögum. Ég vona að ráðherrann bendi mér þá á það. Ég hef ekki séð slík lög. Ég held því að þetta sé nú að færast undan að endurskoða þetta, að kanna það.

Ég held að það sé ýmislegt sem bendi til að fiskurinn bara færist til miðað við sjávarkuldann. Það hafa skipstjórar sagt mér sem hafa mikla reynslu að á köldu árunum hafi hann farið mikið meira suðaustur í haf. Einu sinni á köldu árunum var t.d. mikil fiskigengd við Færeyjar þegar hann hvarf hér. Þannig að þetta er af náttúruhamförum eða getur verið það. Við skulum sjá hvort afli verður meiri í ár, en þá mega bátarnir ekki veiða og bjarga sér.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur að það séu mjög opnar heimildir í lögunum um stjórn fiskveiða nr. 38 15. maí 1990. Sú þróun hefur orðið í þessari löggjöf að þessar heimildir hafa verið mjög mikið þrengdar. Ég get ekki gefið hv. þm. annað ráð en að lesa þessa löggjöf og þróun hennar og þá mun hann komast að þeirri niðurstöðu að það er út í hött að halda því fram, eins og hann er að gera, að það sé nú lítið annað að gera í hinum ýmsu vandamálum en að ráðherra breyti þeim reglugerðum sem hann er að gefa út. Það má ekki ræða hlutina með svona lausum hætti. Ef á að taka á vandamálum sem upp koma, m.a. því sem hv. þm. hefur hér flutt fram, þá þarf til þess lagabreytingu, hver sem svo stendur að henni hér á Alþingi, og það þarf að sjálfsögðu meiri hluta Alþingis til þess að samþykkja hana. Þetta verður að vera ljóst og það má ekki gefa því fólki sem margt á um sárt að binda í þessum efnum aðrar hugmyndir því að það væri rangt.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Það er ein fyrirspurn til hæstv. ráðherra. Að vísu svaraði hann því fyrir jól. Ætlar hann, ef hann telur sig ekki geta breytt þessu, að gangast fyrir því að lögunum verði breytt, enda er krafa í landinu um það því að þau eru á þann veg að ekki er búandi við þau.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins eitt orð og það er nei.

Skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál, ein umr.

Fsp. HG, 296. mál. — Þskj. 531.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Í fyrri hluta desembermánaðar sl. barst mér fréttabréf öryggismálanefndar nr. 3, sem kallað er upplýsingar um öryggis- og utanríkismál. Á áttundu síðu þessa fréttabréfs er að finna frásögn af svonefndri skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál sem hæstv. utanrrh. hafði skipað með bréfi undirrituðu í september sl. Það er þessi fregn sem varð tilefni þess að ég legg svofellda fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra:

„1. Hvað veldur því að utanrrh. hefur nýlega skipað nefnd sem samkvæmt skipunarbréfi er m.a. ætlað að samræma áætlanir sem varða

„a) varnar- og liðsdreifingaráætlanir varnarliðsins á Íslandi, varnir hernaðarlega mikilvægra staða,

b) birgða- og stjórnstöðvaráætlanir til stuðnings lið a,

c) varnar- og liðsaukaáætlanir Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafi,

d) stuðningsáætlanir viðtökulands (Host Nation Support Plans),

e) neyðaráætlanir Almannavarna ríkisins, fjarskipta- og stjórnkerfi"?

2. Hverjir hafa verið skipaðir í þessa nefnd?

3. Var haft samráð innan ríkisstjórnar áður en þessi nefndaskipan var ákveðin?"

Virðulegur forseti. Það kemur sannarlega spánskt fyrir sjónir að á sama tíma og samningar hafa tekist

um skipan öryggismála í Evrópu og verulega fækkun í herliði austan fyrrverandi járntjalds sem og vestan, samningar sem frágengnir eru með þátttöku 34 þjóða, auk samninga milli risaveldanna um samdrátt vígbúnaðar, þá skuli unnið að því hér uppi á Íslandi á grundvelli herstöðvasamnings, sem gerður var við Bandaríkin 1951, að færa út hernaðarumsvif í landinu og samþætta íslenskt þjóðlíf og starfsemi íslenskra stofnana við starfsemi bandarískra herliðsins á Keflavíkurflugvelli. Ég legg þessa fyrirspurn hér fram af augljósu tilefni og það verður fróðlegt að vita hvaða svör hæstv. utanrrh. hefur fram að færa sem skýringar á þessum hernaðarumsvifum sem hann stendur hér fyrir eða undirbúningi slíkra umsvifa hér í landi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Utanrrh. og dómsmrh. ákváðu að setja á laggirnar skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál með vísan til bréfs frá dómsmrn. dags. 6. september 1990. Að mínu mati ber nauðsyn til að tryggja samstarf milli varnarmálaskrifstofu utanrrn. annars vegar og dómsmrn., Almannavarna ríkisins, Landhelgisgæslu og lögreglustjóraembættis í Reykjavík hins vegar um gerð áætlana á sviði öryggis- og varnarmála og almannavarna. Áætlanir og framkvæmd þeirra þarf að samræma svo sem kostur er, ákveða hlutverkaskipti og úrlausn verkefna þannig að ekki rekist á áætlanir varnarliðs og Almannavarna. Þetta á sérstaklega við, en er þó ekki einskorðað við, eftirfarandi þætti: Varnar- og liðsdreifingaráætlanir varnarliðsins á Íslandi á hættu- og ófriðartímum, birgða- og stjórnstöðvaráætlanir til stuðnings því, varnar- og liðsaukaáætlanir Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafi á hættu- og ófriðartímum, neyðaráætlanir Almannavarna ríkisins, fjarskipta- og stjórnkerfi.

Liðir a og b eiga við aðstoð Íslendinga vegna liðs- og birgðaflutninga til landsins á hættutímum eða í ófriði og flutninga um landið til hernaðarlega mikilvægra staða. Hér er t.d. um að ræða flutninga á birgðum og búnaði með íslenskum farartækjum, afnot af höfnum og flugvöllum o.s.frv. Einnig er hér vikið að vandamálum við umferð um flugvelli og hafnir hér á landi vegna liðsflutninga og birgðaflutninga frá Norður-Ameríku til meginlands Evrópu, en einnig til flotadeilda á hafi. Síðasti liðurinn á við samræmingu til að koma í veg fyrir að framkvæmd áætlana vegna hervarna rekist á framkvæmd neyðaráætlana Almannavarna. Það skal tekið skýrt fram að þessar áætlanir voru að vísu til staðar. Hér er einungis um að ræða eðlilegt samræmingarstarf milli þessara tveggja ráðuneyta.

Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir: Róbert Trausti Árnason, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu, formaður nefndarinnar, Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dómsmrn., Böðvar Bragason, lögreglustjóri í Reykjavík, Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, Arnór Sigurjónsson varnarmálaráðunautur og er hann ritari nefndarinnar.

Þessi nefndaskipan var ákveðin af utanrrh. og dómsmrh. með samráði milli þessara ráðuneyta, sbr. lög nr. 110/1951, um framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, og lög nr. 106/1954, um yfirstjórn varna á varnarsvæðum. Um hana var ekki fjallað á ríkisstjórnarfundi heldur í samráði þessara ráðherra og ráðuneyta.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þau voru fróðleg svör hæstv. ráðherra þó að ekki væru þau ítarleg. Hann byggir þessar aðgerðir á lögum um herstöðvarsamning frá 1951. Það var fyrst hin síðustu ár, eða alla vega eftir 1985, að utanrrn. íslenska og svonefnd varnarmáladeild þess fór að huga að útfærslu á áætlunum af þessu tagi. Ég hygg að það hafi verið dómsmrh., alþýðuflokksmaðurinn nú hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson, sem hafði sérstakt frumkvæði á öndverðu ári 1988 að taka upp þennan þráð og styrkja. Það hefur verið upplýst hér í umræðum á Alþingi að nánast engar áætlanir af þessu tagi hafi verið til, þó að hæstv. ráðherra sé nú að segja að slíkar áætlanir hafi legið fyrir. Forverar hans hafa staðhæft það hér úr þessum stól á síðustu árum að engar slíkar áætlanir hafi verið gerðar.

Það er nú saga út af fyrir sig að þessi Bandaríkjaher hefur verið í landinu allan þennan tíma í rauninni án þess að það væri farið ofan í þessa sauma en þegar fer að vænkast útlitið í heimsmálum með þíðu undanfarinna ára og samningagerð, þá er farið að koma hér upp viðbúnaði af þessu tagi með samþættingu íslenskra stofnana og starfsemi herliðsins í Keflavík. Hér er mikil tímaskekkja á ferðinni og ég mótmæli því eindregið að það sé unnið að slíkum verkefnum hér án þess að um þau sé rætt hið minnsta, t.d. í utanrmn. þingsins. Ég minnist þess ekki að þessi mál hafi verið kynnt þar eða þessi nefndaskipan og þau verkefni sem þessari nefnd eru ætluð. Teldi ég það þó sjálfsagt mál samkvæmt hefðbundnum venjum í þessum efnum að slíkt væri gert.

Hæstv. ráðherra upplýsir það einnig að hann hafi gripið til þessa ráðs, þessarar nefndaskipanar án þess að kynna það mál í ríkisstjórn, hvað þá að ráðfæra sig við ríkisstjórnina um málið, heldur hafi þetta verið ákveðið utan ríkisstjórnarfundar af hálfu tveggja ráðherra, hæstv. dómsmrh. og hans sjálfs. Þetta eru hin kynlegustu vinnubrögð. Þetta varðar margar íslenskar stofnanir, eins og hæstv. ráðherra greindi frá, og hvað endurspeglar þetta, virðulegi forseti? Það endurspeglar það að hæstv. ráðherra og þó umfram allt bandaríska herstjórnin er ekkert að hugsa um það að draga í land varðandi umsvif sín og búnað hér á Íslandi, heldur er hér verið að útfæra þá stefnu sem McVadon, fyrrv. yfirmaður herliðsins í Keflavík, upplýsti vikurnar áður en hann fór úr landi að ætti að vera uppi, þó að fækkaði í herliði í Evrópu, þó að þar yrði dregið saman, þá yrði fjölgað á Íslandi, umsvif herliðsins hér yrðu aukin og gildi Íslands sem herstöðvar innan Atlantshafsbandalagsins og fyrir Bandaríkjaher alveg sérstaklega færi frekar vaxandi en hitt þegar samdráttur væri á meginlandinu.

Ég vil ekki ganga yfir tímann frekar en orðið er, virðulegi forseti, þakka þolinmæði, en bæti því þó við

að í upplýsingabréfi svonefndrar varnarmáladeildar er greint frá því að í umræddri nefnd eigi sæti, fyrir utan fulltrúa íslenskra stofnana, tveir fulltrúar frá varnarliðinu svonefnda. Hæstv. ráðherra gat þess ekki að ég fengi numið í upptalningu og ég spyr hann: Er þetta röng staðhæfing í þessu upplýsingabréfi um öryggis- og utanríkismál að tveir fulltrúar frá bandaríska herliðinu eigi sæti í nefndinni?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Til þess að þessi nefnd geti gegnt hlutverki sínu þarf hún að sjálfsögðu að hafa samráð við yfirmann varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Af sjálfu leiðir. Það er ekki rétt sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda að þetta feli í sér á nokkurn máta fjölgun í varnarliði eða aukin umsvif á þess vegum. Það er heldur ekki rétt að hér sé einhver munur á að því er varðar áætlanagerð að því er lýtur að hættuástandi sem kann að skapast á ófriðartímum og svo ráðstafanir sem gerðar eru í öllum löndum. Með öðrum orðum er þetta áætlunargerð sem er eðlileg og heyrir undir eðlilega fyrirhyggju um viðbúnað við ástandi sem kann að skapast en brýtur ekki á nokkurn hátt í bága við þá stefnu sem ríkt hefur af hálfu ríkisstjórnar og bandalagsþjóða okkar og annarra þjóða í okkar heimshluta, samninga á sviði afvopnunar, fækkun í herliði o.s.frv. Hér er einfaldlega um það að ræða að af hálfu íslenskra stjórnvalda er það sjálfsagður hlutur að til séu áætlanir um það hvernig bregðast skuli við hættuástandi, ófriðarástandi. Fjölmargar stofnanir koma að því. Þær eru á verksviði þessara tveggja ráðuneyta, heyra undir forræði þessara tveggja ráðherra og það væri gagnrýni vert í meira lagi ef það væri látið undir höfuð leggjast að gera slíkar áætlanir og tryggja að allir aðilar sem að því mega koma hefðu um það samráð. Hér er því einfaldlega um að ræða ekki nýja stefnumótun heldur bætta framkvæmd á starfsemi stofnana sem heyra undir þessi tvö ráðuneyti. Og hafi það verkefni verið vanrækt á fyrri tíð má það vera aðfinnsluvert en það er ekki aðfinnsluvert að það skuli vera gert.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. vék sér raunar undan að svara því hvort skipaðir hafi verið fulltrúar frá bandaríska herliðinu í þessa nefnd. Hann viðurkenndi tengsl við herliðið en hann tók ekki af skarið um þetta og ég vek athygli á því.

Ég hlýt að nefna það líka vegna þess að hæstv. ráðherra er hér að tala um eitthvað sem sé sjálfsagt verkefni íslenskra stjórnvalda. Þessar aðgerðir, gæti ég trúað, eru til komnar vegna sérstaks ýtings frá yfirmönnum Bandaríkjahers og Atlantshafsbandalaginu. Ég vísa til rits starfsmanns öryggismálanefndar um herstöðina í Keflavík, bls. 93, þar sem fram kemur að nýleg skýrsla frá því sem kallað er CPC í Brussel feli í sér hvatningu til íslenskra stjórnvalda um að gera slíkar áætlanir. Þessi skýrsla er frá desember 1988. Mér sýnist að hér séu viðbrögð við þessari hvatningu frá yfirmönnum Atlantshafsbandalagsins í Brussel.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessi nefnd var skipuð að frumkvæði hæstv. dómsmrh. Óla Þ. Guðbjartssonar, eins og vikið var að í svari mínu, þ.e. hún er skipuð í kjölfar þess að dómsmrh. ritar bréf þann 6. sept. sl. og fer fram á það. Þannig að það fer ekkert á milli mála.

Réttur útlendinga til að fjárfesta í landareignum, ein umr.

Fsp. KE, 301. mál. — Þskj. 540.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Hingað til hefur það verið sögð ein grundvallarforsenda í samningum við erlendar þjóðir að við Íslendingar héldum yfirráðum yfir auðlindum lands og sjávar. Ég tel þetta mjög mikilvægt og tel mjög mikilvægt að við höldum yfirráðum yfir fiskimiðunum, fallvötnunum, háhitasvæðum, ferskvatnslindum og fleiri auðlindum sem við eigum hér á landi.

Í yfirlýsingu forsrh. landsins á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna í Ósló þann 14.–15. mars 1989 lagði forsrh. mikla áherslu á þetta og taldi að við yrðum ætíð að hafa stjórn á náttúruauðlindum landsins. Þetta hef ég skilið að væri sameiginlegt stefnumið allra stjórnmálaflokka hér á landi og ætti að vera grunnurinn í okkar samningagerð við aðrar þjóðir. Lengi framan af var talað um það í samningum við Evrópubandalagið, í þeim samningum sem nú standa yfir, að Ísland mundi halda fast í að yfirráð yfir auðlindum væru í höndum Íslendinga með varanlegum fyrirvörum inn í hugsanlegan samning. Í seinni tíð virðist hafa orðið samkomulag um það milli samningsaðila, þ.e. EB og EFTA, að falla frá nánast öllum varanlegum fyrirvörum að því er varðar þessi atriði og reyndar öll atriði, en setja hugsanlega einhverja varnagla inn í lög hvers ríkis. Það hefur ekki komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig hún ætlar að standa að þessu máli. T.d. hefur ekki komið fram neitt frv. hér á Alþingi þar sem á þessu er tekið. Það virðist heldur ekki vera neinn vilji hér á Alþingi að því er séð verður til þess að náttúruauðlindir landsins verði lýstar þjóðareign. Sama gildir um hálendi landsins og önnur svæði sem ekki eru í einkaeign heldur eru almenningur sem ekki neinn aðili á meira tilkall til en annar. Ekki hefur sést hér á Alþingi hvernig ríkisstjórnin hefur hugsað sér að halda á þessum málum. Þess vegna hef ég borið fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. sem er á þskj. 540 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með hvaða hætti er ráðgert að koma í veg fyrir að útlendingar festi kaup á íslensku landi, bújörðum og hlunnindum ef Ísland yrði hluti af evrópsku efnahagssvæði?“

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Svarið er að hlutaðeigandi ráðuneyti, landbrn., er að kanna hvaða breytingar eru nauðsynlegar á jarðalögum og ábúðarlögum til að tryggja þá nýtingu á bújörðum eigenda sem æskileg er talin og fullnægir þessum skilyrðum. Á ráðherrafundi EFTA-ríkja 23. október sl. og ráðherraráði Evrópubandalagsins degi síðar lýstu báðir aðilar vilja sínum til þess að leita pólitískrar lausnar á þeim vandamálum sem eftir stæðu í samningum Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna. Af hálfu EFTA var því yfir lýst að ríkisstjórnir EFTA-landanna væru reiðubúnar að gera um það tillögur til ríkisstjórna landanna að EFTA-ríkin féllu frá varanlegum fyrirvörum ef fullnægt væri tilteknum skilyrðum. Skilyrðin voru þau að af hálfu Evrópubandalagsins yrðu lagðar fram tillögur sem ásættanlegar væru varðandi stjórnun hins evrópska efnahagssvæðis og rétt beggja aðila á jafnréttisgrundvelli til þess að hafa þar áhrif á mótun ákvarðana. Hin vandamálin vörðuðu annars vegar tollfrjálsan aðgang sjávarafurða og hins vegar greiðara aðgengi landbúnaðarafurða að mörkuðum EFTA-landanna.

Að því er varðar það að falla frá varanlegum fyrirvörum, þá var lýst af hálfu EFTA þeim hugmyndum að vandinn yrði leystur í staðinn með eftirfarandi aðgerðum: Í fyrsta lagi með breytingum á löggjöf viðkomandi lands. Í annan stað með samningsákvæðum sem kölluð hafa verið varnaglaákvæðið, „safety clause", og í þriðja lagi í einstökum tilvikum með því að semja um tímabundna aðlögun.

Að því er þetta mál varðar sérstaklega, þá hefur það verið rækilega kynnt í ríkisstjórn og í utanrmn. og þar hefur verið lýst hugmyndum og tillögum af hálfu utanrrn. um það með hvaða hætti mætti tryggja sömu niðurstöðu að því er varðar heimildir erlendra ríkisborgara til fjárfestingar í landareignum í ágóðaskyni. Þær tillögur lúta að breytingum á ákvæðum um forkaupsrétt, búsetu, nýtingarskyldu og einnig breytingar á lögum um hlutafélög. Þessum hugmyndum hefur verið lýst. Aðalsamningamaður Íslands hefur rætt þetta mál rækilega við landbrh. og embættismenn í landbrn. Eftir því sem ég best veit er starfandi starfshópur í landbrn. til þess að undirbúa breytingar á jarða- og ábúðarlögum sem hefðu það að markmiði að tryggja sömu niðurstöðu og hinir varanlegu fyrirvarar sem áður höfðu verið settir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. sem hér er rædd lýsir inn í mjög stórt mál, sem er til meðferðar hjá stjórnvöldum, hugsanlegir samningar um svokallað evrópskt efnahagssvæði. Eins og við heyrum á máli hæstv. ráðherra og mér er vissulega fullkunnugt um, þá er hluti af þessu máli hugmyndir um það að falla frá varanlegum undanþágum, þ.e. eins og málum er nú komið, frá því að íslenskar auðlindir eins og land séu hluti og skilyrði af hugsanlegum samningi.

Þetta mál hefur ekki verið til meðferðar í þingflokki Alþb. þannig að það hafi verið beðið um afstöðu til þess. Það hafa ekki verið undirtektir við það sjónarmið, sem nú virðist vera tekið upp í þessum umræðum, að í staðinn fyrir varanlegar undanþágur komi einhver öryggisákvæði eða breyting á íslenskri löggjöf eins og hæstv. ráðherra lét hér að liggja. Ég hef ekki heyrt það frá hæstv. landbrh. að hann telji hér skynsamlega að verki verið eða líklegt sé að það verði stuðningur af hans hálfu við breytingu á lögum inn í þetta samhengi sem hér er rætt, þ.e. að sú leið verði valin í sambandi við þessi samningamál sem hæstv. utanrrh. og samningamaður hans virðast hafa lagt inn á.

Í rauninni er allt þetta mál þannig vaxið að það er mikið áhyggjuefni hvernig þar er á málum haldið af hálfu EFTA og Ísland er eitt af sex ríkjum sem þar eiga hlut að máli. Hér er ekki tími til að ræða um þetta frekar en það er gott að dæmi af þessu tagi skuli bera hér á góma.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra hans svör þó að ég sé mjög óánægð með hvað fram kom í þeim vegna þess að ég tel að þarna sé ekki nægilega vel á málum haldið. Mér þykir raunar mjög alvarlegt hvernig ríkisstjórnin hefur farið með þetta mál. Nú er talað um að skrifa undir þessa samninga í apríl eða í síðasta lagi í maí og enn er ekki komið neitt á borð okkar þingmanna um það hvernig eigi að ganga í þetta mál. Ég tel að þarna sé mjög illa komið að við skulum ekki gera kröfu um varanlegan fyrirvara, eins og talað var um í upphafi. Ég vil nú lýsa enn meiri furðu minni eftir það sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl., að þetta sé ekki heldur rætt í ríkisstjórnarflokkunum. Það virðist vera mjög þröngur hópur sem er að taka ákvörðun um hvernig á málum er haldið.

Mér þykir þetta ekki eingöngu eiga við um nýtingu á bújörðum og það sé eingöngu landbrn. sem þarna eigi hlut að máli vegna þess að við erum að tala um miklu meira. Við erum að tala um auðlindirnar. Því að um leið og einhver eignast land, þá eignast hann um leið rétt til að nýta þær auðlindir sem þar eru. Við getum talað um ferskvatn og jarðhita og ýmislegt fleira. Ég sé fyrir mér að við lendum í því sama, sem t.d. er farið að bera mjög mikið á í Svíþjóð, að stór hluti jarða þar, lands þar, er komið í hendur Þjóðverja sem reisa sér sumarbústaði. Ef um það sama væri að ræða hér ættu þeir þar af leiðandi rétt á að nýta þær auðlindir sem tilheyra því landi sem þeir eiga.

Ég tel því að við þurfum að fá greið svör við því hvernig ríkisstjórnin ætlar að halda á þessu máli og hvort það eigi að skrifa undir samninga núna fyrir vorið án þess að það sé orðið ljóst hvernig og hvort hægt verður að gera þetta á þann hátt sem talað er um. Ég held að það sé mjög erfitt og nánast útilokað að koma þessum málum fyrir á viðunandi hátt með því að setja ákvæði inn í lög landsins, heldur verði að vera um varanlega fyrirvara að ræða að því er varðar hlunnindi, jarðir, bújarðir, sem og aðrar auðlindir sem við eigum hér á þessu landi. Ég skora því á hæstv. ráðherra og ríkisstjórnina alla að taka almennilega á þessu máli. Og ég vildi gjarnan, ef hægt er, fá upplýst hvort ríkisstjórnin öll stendur á bak við þá aðferð sem þarna er

beitt, sérstaklega með tilliti til þess sem kom hér fram í máli síðasta ræðumanns.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það varðandi samninga um evrópskt efnahagssvæði að þar er ekki verið að ræða um eða semja um afsal yfirráða Íslendinga yfir auðlindum. Þetta er öllum hv. utanríkismálanefndarmönnum fullkunnugt um.

Að því er varðar forræði Íslendinga yfir auðlindum sjávar innan íslenskrar efnahagslögsögu, þá eru þau alveg ótvíræð, enda er það mál ekki á samningssviði þessara samninga eftir að Evrópubandalagið vísaði á bug kröfum um fríverslun með fiskafurðir og þar af leiðandi samræmdum samkeppnisreglum. Rétturinn til fjárfestinga og eignarréttar til þess að nýta auðlindir sjávar er ekki á borðum í þessari samningagerð.

Í annan stað að því er varðar orkulindir, aðra meginauðlind okkar, þá er það jafnskýrt að forræði Íslendinga yfir þeirri auðlind er alveg ótvírætt og til þess að styrkja það enn frekar og taka af öll tvímæli um það er flutt lagafrv. af hálfu ríkisstjórnarinnar, m.a. með vísan til frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur áður flutt, sem tekur af öll tvímæli í þessum efnum.

Það sem hér er rætt um er eingöngu spurningin um rétt útlendinga til fjárfestinga í landareignum í ágóðaskyni, ekki til þess að kaupa eða eiga bújörð við eðlilegan rekstur. Svarið er nákvæmlega þetta: Það er auðvelt að ná nákvæmlega sömu niðurstöðu til þess að tryggja íslenskt forræði í þeim efnum, eins og tryggt hefði verið með varanlegum fyrirvara í samningnum, með því að gera tilteknar breytingar á íslenskri löggjöf varðandi jarðakaupalög og ábúðarlög.

Að því er varðar spurninguna um hver eigi að gera þetta, þá er það svo að öll ráðuneyti íslenska lýðveldisins koma að þessu starfi og þau mál sem heyra beinlínis undir viðkomandi ráðuneyti eru á þess verksviði. Það er því hlutverk landbrh. og landbrn. að beita sér fyrir þeim breytingum á þessari löggjöf. Hugmyndirnar hafa hins vegar verið ræddar rækilega innan ríkisstjórnar í samninganefndum. Aðalsamningamaður hefur reyndar þegar sett fram slíkan texta, en það er, eins og ég segi, hlutverk landbrh. að flytja málið.

Að því er varðar umræðu í þingflokkum, þá skal það tekið fram að það hefur verið upplýst á ríkisstjórnarfundum að málin hafa verið rædd rækilega í þingflokki Alþfl. og í þingflokkki Framsfl. og því lýst yfir af hálfu forsrh. og af minni hálfu að þessar hugmyndir hafa þar fengið góðar undirtektir. Ef eitthvað skortir á umræður í öðrum stjórnarflokkum, þá er tímabært að þær umræður hefjist.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vildi einungis upplýsa það hér, þar sem verið var að ræða hér að ríkisstjórnin hafi lagt fram frv. sem ótvírætt taki á yfirráðarétti Íslendinga yfir háhitasvæðum eða jarðvarmanum, þá er í fyrsta lagi rétt að það hefur komið fram frv. frá iðnrn. inn í iðnn. í tengslum við frv. sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi, en það er ekki samstaða innan iðnn. um hvernig með málið skuli farið. Þetta mál er því í algeru uppnámi, því miður. Þess vegna finnst mér að það verði að taka alvarlega á þessu máli. Við höfum ekki mjög langan tíma, virðulegur forseti, þangað til að ætlað er að þinginu ljúki. Það er ekki nema liðlega mánuður og það er allt of lítill tími ef ekki er strax farið að vinna í málinu og eitthvað ákveðið kemur fram um hvernig á þessu máli skuli tekið.

SAMEINAÐ ÞING

49. fundur, fimmtudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun fiskveiðistefnu, fyrri umr.

Þáltill. ÞK o.fl., 292. mál. — Þskj. 527.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem ég flyt ásamt fjórtán þingmönnum úr fimm stjórnmálaflokkum.

Þegar rætt er um fiskveiðistefnuna kemur kvótakerfið strax til sögunnar. Ég ætla samt ekki að fara að fjölyrða hér um kvótakerfið og tíunda galla þess. Reynslan af því er augljós og blasir við öllum sem vilja sjá. Það verður ekki gengið fram hjá staðreyndum. Það er staðreynd að kvótakerfið hefur sýnt sig í fullkomnu haldleysi við að ná hinum tvíþætta tilgangi fiskveiðistjórnunar, hámarksafrakstri fiskstofnanna og verndun þeirra. Það er staðreynd að réttarvitund Íslendinga þolir ekki þá ráðstöfun á almannaeign sem fiskurinn í sjónum er og fylgir kvótakerfinu. Það er staðreynd að kvótaviðskiptunum fylgja slík fjörráð við einstakar byggðir, sem jafnvel hafa bestu aðstöðu til sjósóknar, að þeim er fyrirmunað að njóta hennar sem skyldi svo sjávarútvegurinn megi skila sem mestum arði í þjóðarbúið. Það er staðreynd að afleiðing þessa blasir við í fólksflótta og skelfilegri byggðaröskun. Þá er mörg staðreyndin ótalin sem ber með sér reynsluna af kvótakerfinu á óyggjandi hátt.

Þessar staðreyndir eiga sér sínar orsakir. Öll stjórnun atvinnulífsins getur verið annaðhvort einstaklingsbundin eða almenns eðlis. Það skiptir sköpum hver stjórnunaraðferðin er viðhöfð. Með einstaklingsbundnum stjórnunaraðferðum eru hverjum einstaklingi gefin bein fyrirmæli um athafnir sínar, um hvað hann megi gera og mikið aðhafast. En stjórnun almenns eðlis er fólgin í reglum þar sem einstaklingnum er heimilað að athafna sig eins og hann hefur vilja og getu til innan ramma þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á hverjum tíma. Hér skilur á milli frelsis og ófrelsis, valddreifingar og miðstýringar. Önnur leiðin er drag-

bítur á efnahagslegar framfarir, hin stuðlar að hagsæld og velmegun.

Með kvótakerfinu eru veiðiheimildir bundnar við einstök skip og því takmörk sett hvað hvert skip má veiða mikið. Þannig er kvótakerfið einstaklingsbundin stjórnun fiskveiða með þeim göllum og annmörkum sem slíkri skipan fylgir. Grundvallargalli kvótakerfisins er að aflatakmörk eru sett á hvert einstakt skip. Á þessari skipan byggist sú forsjá hafta og miðstýringar sem kvótakerfið er. Það er haldið þeirri eigind að því skilvirkari sem framkvæmd þess er þeim mun fráleitara er það. Ekki er þess vegna hægt að breyta kerfinu til batnaðar því að reynslan hefur sýnt að þó sníða megi einn vankantinn af koma tveir nýir í staðinn hálfu verri. Meiri miðstýring sem stjórnvöld hafa gripið til við hverja framlengingu kvótalaganna hefur verið að fara úr öskunni í eldinn.

En á meðan þessu fer fram magnast eldurinn sem fer eyðandi hendi um þjóðarbúið. Annmarkar kvótakerfisins færast meir og meir í aukana. Stöðugt verður augljósara að með kvótakerfinu næst ekki tilgangurinn með fiskveiðistefnunni, hámarksafrakstur fiskveiða og verndun fiskstofnanna. Alltaf verður þungbærara að kvótakerfinu fylgir kostnaður langt umfram það sem þarf til að bera að landi það aflamagn sem kostur er á. Af þessum ástæðum er ekki einungis sjómannshluturinn æ rýrari og rýrari og útgerðin lakar sett en vera þarf. Þess vegna er framleiðslukostnaður hráefnis til vinnslunnar meiri og meiri en nauðsyn krefur. Af því leiðir að útflutningsframleiðslan kallar á lægra gengi krónunnar en vera þyrfti. Það leiðir hins vegar til hærra og hærra verðs á lífsviðurværi almennings. Þannig dregur kvótakerfið dilk á eftir sér. Það er þjóðin í heild sem verður að axla byrðarnar af kvótakerfinu í stöðugt lakari lífskjörum en vera þyrfti.

Það stefnir nú í fullkomið öngþveiti og ráðleysi. Það er ekki nema um eitt að gera. Það verður að stöðva vitleysuna áður en lengra er haldið. Það er ekki um annað að ræða en að hverfa frá miðstýringunni, hverfa frá kvótakerfinu. Það verður að taka upp frjálsa samkeppni svo að markaðsöflin fái að njóta sín í aðalatvinnuvegi landsmanna.

Til þessa er um tvær leiðir að ræða. Annars vegar að taka upp sölu veiðileyfa. Hins vegar að afnema veiðileyfi með aflatakmörkum á hvert skip og taka upp sóknarstýringu. En á þessum leiðum er sá munur sem skiptir sköpum í þróun sjávarútvegs á Íslandi.

Það er hægt að koma við frjálsri samkeppni svo að markaðsöflin fái að njóta sín með því að selja veiðileyfin. Í samkeppninni um veiðileyfin standa þeir best að vígi sem reka útgerðina með sem mestum arði og hafa þannig sterkasta fjárhagsstöðu. Það er lögmál markaðarins þar sem arðsemin ræður. En með þessu er ekki öll sagan sögð um sölu veiðileyfa. Þeir sem ráða yfir fjármagni sem ekki er runnið frá sjávarútveginum eiga þess líka kost að komast yfir veiðileyfi jafnvel umfram þá sem sjóseltu hafa í æðum og hæfastir eru til sjósóknar og útgerðar. Það er engin trygging fyrir því að slíkir handhafar veiðileyfa reki þá útgerð sem skilar mestum arði í þjóðarbúið. Auk þess sem með sölu veiðileyfa væru opnaðar gáttir fyrir erlent fjármagn til yfirráða yfir mestu auðlind þjóðarinnar. Væri það raunar eitt næg ástæða til að hafna slíkri skipan.

Til þess að ná hámarksafrakstri af fiskveiðum verður hæfni til sjósóknar og aðstaða til fiskimiða að fá að njóta sín hindrunarlaust. Í stað þess að taka upp sölu veiðileyfa liggur þess vegna beint við að taka upp fiskveiðistjórnun með sóknarstýringu. Í stað þess að fiskveiðistjórnun sé einstaklingsbundin, þar sem veiðitakmarkanir eru bundnar við hvert einstakt skip, ber að taka upp fiskveiðistjórnun almenns eðlis. Fiskveiðistjórnun er þá fólgin í takmörkunum á heildarafla og sóknarstýringu með almennum fyrirmælum um veiðitíma, veiðisvæði, gerð skipa, útbúnað veiðarfæra og meðferð afla. Fiskveiðar eru þá frjálsar innan þeirra marka sem leyfilegt aflamagn á hverja fisktegund heimilar.

Slík skipan gerir mögulegt það úrval sem þarf að fara fram til að fækka fiskiskipum og minnka þannig sóknargetuna til samræmis við það sem nægir til að fullnýta fiskstofnana. Þetta úrval geta engar stjórnvaldsákvarðanir gert. Það verður einungis gert í frjálsri samkeppni þar sem hæfni og arðsemi fá að ráða.

Aðferðin er fólgin í sóknarstýringu þar sem beitt er reglum um tímabundin og svæðisbundin veiðibönn, gerð skipa og útbúnað veiðarfæra. Slíkar sóknartakmarkanir eru almennar og réttlátar og mismuna ekki einum fremur en öðrum. Með slíkri aðferð eru lagðar þær kvaðir á útgerðina sem ekki verður undan vikist nema með því móti að dregið sé úr sóknargetunni með fækkun skipa. Grisjun fiskiskipastólsins fer þá að lögmálum samkeppninnar en ekki að duttlungum stjórnvalda. Þeir halda velli sem kunna best til verka, hinir falla fyrir borð. Í frjálsum atvinnurekstri geta þeir einir verið þátttakendur sem standast samkeppnina. Þannig verður best tryggður hagkvæmur rekstur sjávarútvegsins. Þannig heltast úr lestinni þau skip sem eru óhagkvæm og úrelt til reksturs. Það borgar sig hreinlega ekki að gera þau út. Þannig gæti sóknargetunni miðað þegar til lengdar lætur í átt til jafnvægis við fiskstofnana svo að beita þurfi sem minnstum veiðitakmörkunum.

Til þess að flýta fyrir þessari þróun og að fiskiskipaflotinn verði ekki stærri að sóknargetu en hámarksnýting fiskstofnanna krefur og stuðla að því að svo geti jafnan verið þarf að gera sérstakar ráðstafanir. Þess vegna þarf úreldingarsjóð fiskiskipa til að styrkja útgerðina til að taka af skipaskrá skip sem ekki eru hagkvæm til reksturs. En til frambúðar varðar mestu að ekki verði ótímabær aukning á sóknargetu fiskiskipastólsins. Verða því að vera fyrir hendi reglur um endurnýjun skipastólsins ef á þarf að halda. Koma verður á þeirri skipan að endurnýjun fiskiskipastólsins megi ekki leiða til stækkunar hans meðan sóknargetan er umfram það sem nægir til að tryggja hámarksnýtingu fiskstofnanna.

Samt sem áður verður ekki hjá því komist að beita áfram tímabundnum veiðibönnum. En það á að vera í stöðugt minnkandi mæli eftir því sem fiskiskipastóllinn minnkar og leitar jafnvægis við veiðiþol fiskstofn-

anna. Það er mælikvarði á góða fiskveiðistjórn að skipin þurfi ekki að vera bundin við landfestar langtímum saman og fjárfesting í þessum framleiðslutækjum megi verða sem arðbærust. Hins vegar verður að gæta hagsmuna fiskvinnslunnar eftir því sem þörf krefur með því að beita sóknarbanni eftir veiðitímabilum til að stuðla að sem jafnastri hráefnisöflun og stöðugastri vinnslu fyrirtækjanna. Þá er aldrei of mikil áhersla lögð á þann þátt fiskveiðistjórnar sem varðar beinar ráðstafanir til verndar og friðunar hrygningar- og uppeldisstöðva með svæðisbundnum og tímabundnum veiðibönnum.

Það heyrist ekki ósjaldan sagt að sóknarstýringin sem lögð er til í þessari till. til þál. sé óraunhæf og ónothæf aðferð til fiskveiðistjórnunar. En því fer víðs fjarri. Þessi frjálsa aðferð, sóknarstýring, er til í veruleikanum og ekki óraunhæfari en svo að hún var viðhöfð 1976–1984 við stjórn fiskveiða. Og þessi aðferð reyndist ekki ónothæfari en svo að vandamál fiskveiðistjórnunar voru þá barnaleikur einn borið saman við erfiðleikana sem nú fylgja kvótakerfinu. Ógæfan var sú að hverfa frá sóknarstýringunni 1984 og taka upp kvótakerfið í stað þess að bæta þá aðferð sem fyrir var.

Það orkar ekki tvímælis að það mál sem við nú ræðum, fiskveiðistefnan, er það mikilvægasta sem staðið er frammi fyrir hér á landi. Hér er um að ræða aðalatvinnuveg landsins. Hér er um að ræða mál sem skiptir sköpum um efnahagslega þróun um langa framtíð. Hér er um að tefla lífæð efnahagslegs sjálfstæðis og undirstöðu velferðarríkis hér á landi. Það ætti öllum að vera ljóst að aðalatvinnuvegur þjóðarinnar verður ekki til frambúðar reyrður í þær viðjar miðstýringar, ríkisafskipta og hafta sem við köllum kvótakerfi. Það fær ekki samrýmst hinni frjálsu samkeppni og frjálsa hagkerfi sem stöðugt sannar gildi sitt sem aflvaki efnahagslegra framfara og hagsældar meðal þjóða heims. Það er þess vegna kaldhæðnislegt að á sama tíma og hver þjóðin af annarri í Austur-Evrópu kastar frá sér sem ónýtri flík skipulagi ríkisáþjánar í efnahagslífi sínu, rembast menn hér á landi við að halda kvótakerfinu gangandi. Og tólfunum kastar þegar jafnvel sömu menn sem vegsama frelsið sí og æ með hástemmdu lofi finna hvöt hjá sér til þess að standa vörð um andhverfu þess, kvótakerfið.

Við svo búið má ekki lengur standa, hæstv. forseti. Allir sem sjá ógöngur þær sem kvótakerfið hefur leitt til þurfa að sameinast um að leysa það af hólmi. Til að vinna að því marki þarf að leita nýrra leiða. Það dugar t.d. ekki að líta áfram á fiskveiðistefnuna sem mál einstakra stétta eða hagsmunahópa svo sem gert hefur verið. Hér er um að ræða mál alþjóðar og almannahagsmuni, svo sem frekast má vera. Þess vegna leggjum við flm. þessarar till. til þál. til að Alþingi sjálft kjósi sjö alþingismenn í milliþinganefnd er hafi það hlutverk að endurskoða fiskveiðistefnuna.

Herra forseti. Ég legg til að þegar þessari umræðu er lokið verði málinu vísað til hv. atvmn.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér er til meðferðar till. til þál. um að efna til endurskoðunar á fiskveiðistefnunni með ákveðnum hætti. Út af fyrir sig er það umræðuefni hvernig skuli standa að endurskoðun á löggjöf og hver og einn hv. alþm. hefur að sjálfsögðu fullar heimildir og rétt til þess samkvæmt okkar þingræðisreglum, sem betur fer, að leggja fram hvað eina á Alþingi. En það vill nú svo til að í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða var samþykkt og ákveðið að efna til endurskoðunar á þeirri löggjöf sem nú hefur tekið gildi með tilteknum hætti og skal það gert fyrir árslok 1992 og um það skuli haft samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Ég var þessu ákvæði sammála og tel eðlilegt að það sé unnið að þessu máli með þeim hætti. Ég er hins vegar ósammála því að á sama tíma og þetta ákvæði er í lögum sé ákveðið að efna til slíkrar endurskoðunar með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Ég ætla ekki að fara að elta ólar við allt sem stendur í greinargerð þessarar þáltill. En hún er með slíkum eindæmum að ég trúi því vart að allir hv. flm. taki undir það sem þar stendur. Ég ætla aðeins að grípa hér niður í það sem kallaðar eru staðreyndir. Þar stendur: „Öll stjórnun atvinnulífsins getur verið annaðhvort einstaklingsbundin eða almenns eðlis.“ Síðan segir að sú stjórnun sem nú er sé einstaklingsbundin. Hún er kennd við miðstýringu. Hún er kennd við Austur-Evrópu — og annað því um líkt og sagt að hún stuðli alls ekki að hagsæld og velmegun með efnahagslegum framförum heldur þvert á móti. Þetta eru stór orð.

Það liggur að sjálfsögðu alveg fyrir að þær reglur sem nú gilda eru almenns eðlis. Fiskstofnunum, veiðiheimildunum, er skipt á milli tiltekinna aðila, milli fiskiskipanna eftir almennum reglum og þeir hafa heimild til þess að nýta sér þessar veiðiheimildir.

En hvað er það sem hv. flm. er að leggja til með þessari þáltill.? Ég vænti þess að a.m.k. einhverjir þeirra, sem uppáskrifa þetta dæmalausa plagg, séu sambærilegrar skoðunar, þótt ég viti að þeir hafa ekki allir haft tækifæri til þess að kynna sér greinargerðina. Það er sagt að það eigi að gera með sóknarstýringu. Það er stjórnunaraðferðin sem hv. þm. er að leggja til, sóknarstýring, að stýra sókn allra fiskiskipa með þeim hætti að það megi tryggja að aflinn fari ekki yfir tiltekin mörk. Það eigi að gera með því að ákveða gerð skipa, útbúnað, veiðarfæri, meðferð afla og veiðitíma. Að sjálfsögðu er þetta hægt og að hluta til eru slíkar reglur í gildi sem hafa ekki reynst haldgóðar og því hefur þurft að grípa til þess að skammta aflann á sérhvert skip. En auðvitað mætti hugsa sér að grípa til þeirra aðferða sem hann er hér að leggja til, að loka veiðisvæðum, loka stórum svæðum og gera skipunum svo erfitt fyrir að þau geti ekki veitt nema tiltekið magn. Það er það sem hv. þm. er að leggja hér til. Ætli það sé ekki alveg ljóst að slíkir atvinnuhættir mundu valda því að kostnaður við útgerðina mundi vaxa mjög í landinu og ætli það sé ekki alveg ljóst að lífskjörin mundu þá versna jafnhliða?

Það er minnst hér á vanda byggðarlaga og talað um sóknarstýringuna sem bjargvætt í þeim efnum. Hér stendur: „Þeir halda velli sem kunna best til verka.

Hinir falla fyrir borð. Þannig heltast úr lestinni þau skip sem eru óhagkvæm og úrelt til reksturs. Það borgar sig hreinlega ekki að gera þau út.“ Það er náttúrlega alveg ljóst að þegar verður búið að grípa til þessara aðferða, þá munu menn lenda í svo miklum kostnaði að þeir sem lenda í mestum vandræðunum munu heltast úr lestinni, eins og kemur fram í greinargerð hv. þm. Þeir munu fara á hausinn og þá mun lögmál samkeppninnar og lögmál markaðarins njóta sín eins og kemur hér fram í greinargerðinni. Halda hv. þm. að þau fiskiskip verði ekki frá einhverjum byggðarlögum og það verði ekki einhver byggðarlög sem lenda í vanda vegna þessarar sóknarstýringar? Það er náttúrlega alveg deginum ljósara að það verða mikil vandamál út af slíkri stýringu veiðanna. Ég ætla að vona að Alþingi grípi aldrei til þess að taka upp slíka atvinnuhætti hér í landinu þótt vissulega sé það ekki gallalaust, langt frá því, sem við búum við í dag.

Ég ætla ekki að fara um þetta mikið frekari orðum. En aðeins vil ég nota tækifærið til þess að leiðrétta það sem kemur fram í þeim töflum sem hér eru birtar sem eru ekki réttvísandi. Í fyrsta lagi varðar það heildaraflann og vil ég fara yfir árin sem þar eru tilgreind.

Árið 1984 var það ákvörðun stjórnvalda að veiðin yrði 242 þús. tonn, þá er ég að tala um þorskinn, en veiðin var 282 þús. tonn. Skýringin á mismuninum er sú að veruleg aukning varð í smábátaafla og hann var vanáætlaður þetta fyrsta ár. Það var jafnframt heimild til færslu á milli fisktegunda og það voru ýmsar leiðréttingar á fyrsta kvótaárinu.

Árið 1985 var alveg ljóst að afli samkvæmt sóknarmarkinu varð meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Ég get raunverulega skýrt öll þessi ár en hef ekki tíma til þess. Hins vegar vil ég taka það fram varðandi árið 1988, þegar í greinargerð hv. þm. stendur, sem má vel vera að sé fengið frá Fiskifélagi Íslands, að það hafi verið ákvörðun stjórnvalda að aflinn yrði 315 þús. tonn, að það kom fram í reglugerð fyrir það ár að gert væri ráð fyrir því að hann yrði um 350 þús. lestir en varð 376 þús. lestir. Það kom líka fram í reglugerð 1989 að það mætti gera ráð fyrir því að aflinn yrði 325 þús. lestir. Hann varð að vísu 354 þús. lestir. Það kom jafnframt fram í reglugerð fyrir árið 1990 að aflinn gæti verið 300 þús. lestir. Samanburðurinn í þessu er því mjög villandi og það sama á við um þá töflu sem hér er birt yfir fiskiskipaflota landsmanna. Vísa ég þar til svars sem ég gaf hv. þm. Skúla Alexanderssyni á síðasta þingi, sem er á þskj. 698, þar sem kemur fram að við upphaf kvótakerfisins voru fiskiskip á þeirri skrá 673, voru í ársbyrjun 1990 626. Síðan hefur þeim fækkað um 5. Það kom fram í þessu svari að auk þess sé vitað um nokkur skip sem ekki eru gerð út til veiða heldur eru veiðiheimildir þeirra nýttar af öðrum skipum í eigu sömu útgerðar. Lausleg athugun bendir til að um geti verið að ræða 10–20 skip. Þessum skipum hefur nú mjög fjölgað, enda er það eitt af helstu gagnrýnisatriðum margra á þá fiskveiðistjórnun sem nú er framfylgt að verið sé að sameina veiðiheimildir. Það er jafnframt ljóst að veiðiheimildir ýmissa smábáta verða sameinaðar innan þess flokks eða yfir á önnur skip. Þessi mynd er því mjög að breytast til hins betra, þótt á það sé litið sem galla af mörgum. En ég fullyrði að þótt það verði til þess að hætt sé við að gera ýmis skip út, sem er rétt að valdi vandkvæðum, þá er það mikil hátíð miðað við það ef sú aðferð yrði tekin upp sem hv. þm. var að mæla hér fyrir, hefur að vísu mælt fyrir áður á hv. þingi. En það kom mér á óvart að svo margir hv. þm. vildu taka upp það búskaparlag.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. segir að það hafi komið sér á óvart að svo margir þingmenn sem raun ber vitni séu flm. að þessari tillögu og vilji taka upp það búskaparlag sem þar er lagt til að tekið verði upp. Ég segi: Það er gott að hæstv. sjútvrh. er nokkuð hissa á þessu. Hann hefur þá ekki áttað sig á þeirri umræðu sem er í þjóðfélaginu. Það væri nokkuð gott ef hæstv. ráðherra áttaði sig á því að margir hverjir sem hafa verið stuðningsmenn þess kerfis sem er við lýði í dag eru að hverfa frá því. Það eru fleiri en alþingismennirnir sem eru flutningsmenn að þessari þáltill. sem er til umræðu.

Við fengum líka sérstaka ábendingu frá hæstv. sjútvrh. um það að óeðlilegt væri að þingið legði til breytingar á fiskveiðistefnunni sem tók gildi 1. jan. þar sem ákvæði væri um það í lögunum að sú fiskveiðistefna skyldi tekin til endurskoðunar á árinu 1992. Mikið rétt. Við höfum líka fengið kveðju frá forustumönnum í hagsmunasamtökum, forustumönnum í LÍÚ og forustumönnum í Sjómannasambandinu, um að það sé óeðlilegt að hv. þm. bendi á að það kerfi sem við búum við hafi ekki staðist þá raun sem til er ætlast og það eigi að skoða þetta til grunna og breyta þessu kerfi. Á sama tíma og hæstv. sjútvrh. gagnrýnir okkur fyrir það að við erum að leggja til breytingar á fiskveiðilögunum er hann búinn að tilkynna fjölmiðlum, tilkynna samstarfsflokkum sínum í ríkisstjórn að hann sé að leggja til stórkostlegar breytingar á fylgilögum fiskveiðistjórnarlaganna, þ.e. um Hagræðingarsjóð. Það hefði verið trúlegt að það hefði átt að bíða líka til 1992, ekkert síður en heildarlögin og lofa þeim að reyna sig í tvö ár áður en lagðar verða til breytingar á þeim. A.m.k. ætti hæstv. ráðherra ekki á sama tíma og hann er að leggja til breytingar á þeim lögum að gagnrýna þingmenn fyrir nákvæmlega sama og hæstv. ráðherra er að gera. Og ég held að ég geti sagt það sama um þá virðulegu forustumenn hagsmunasamtaka svokallaðra, Kristján Ragnarsson, formann LÍÚ, og Óskar Vigfússon, formann Sjómannasambands Íslands, sem gagnrýna okkur og þá kannski sérstaklega þá hv. þm. sem voru stuðningsmenn og samþykktu fiskveiðistjórnarfrv. á sl. vori, þeir eru að gagnrýna okkur fyrir það að við leyfum okkur að leggja til breytingar á sama tíma og þeir eru líka að leggja til breytingar á þessari stefnu. Er það nú tvöfeldnin. Það er eðlilegt að þessir menn telji sig geta tekið dálítið stórt upp í sig. Og þeir eru meira að segja að leggja til breytingar á grundvallaratriðum fiskveiðistjórnarlaganna, t.d. formaður Sjómannasambandsins um það að takmarka endursölurétt, framsalsrétt á veiðiheimildum ef samþykkt-

ar verða breytingar á Hagræðingarsjóði sem hér hefur verið rætt um og lagt til. Formaður LÍÚ leggur til að Hagræðingarsjóði skuli breytt til þess að umbjóðendur hans hafi aðgang að þeim kvóta sem sá sjóður kemur til með að hafa. Svo gagnrýna þessir höfðingjar okkur sem leyfum okkur að koma hér fram fyrir Alþingi og leggja til breytingar á þessu kerfi.

Þetta kerfi hefur mistekist og ég fagna því að fimmtán þingmenn leggja til á þessari þáltill. breytingar á því kerfi sem við búum við. Ekki að breyta því í dag eða á morgun, heldur að kjósa til þess nefnd. Við erum ekki að leggja til, eins og hæstv. sjútvrh., að breyta lögunum bara núna næstu daga heldur viljum við láta skoða þetta mál í góðan tíma og leggja til þá ákveðna breytingu og sérstaklega þá grundvallarbreytingu að hverfa frá aflamarkinu yfir í sóknarstýringu. Gera grundvallarbreytingu á kerfinu.

Ég tel mig ekki þurfa að bæta miklu við þá ágætu ræðu og þá ágætu greinargerð sem fylgir till. frá hendi 1. flm. þessarar till.

Ég tek alls ekki undir þau orð sem hæstv. sjútvrh. lét sér sæma, að tala um þetta „dæmalausa plagg" og að hann mundi ekki elta ólar við allt það sem þar stæði.

Ég tel að sú greinargerð og sú ræða sem hér var flutt af 1. flm. að þessari till. hafi verið samfelld, mjög greinargóð gagnrýni á það kerfi sem við höfum búið við og ábending á nýja leið eða nýja möguleika án þess að hann væri beinlínis að binda sig við það. Vitaskuld stendur efni till. fyrst og fremst fyrir því hvað skuli gera, það á að kanna þetta, en að viðhafa þau orð sem hæstv. sjútvrh. hafði um þá ræðu og greinargerðina, það finnst mér ekki viðeigandi.

Það kerfi sem við höfum búið við og erum búin að búa við í sex ár hefur að meginhluta til mistekist. Ég get ekki tekið það upp í mig að segja að það hafi algjörlega mistekist. Í fyrsta lagi átti þetta kerfi að byggja upp fiskistofnana, það átti að tryggja það að afrakstursgeta fiskistofnanna ykist í sumum tilfellum og í öðrum tilfellum að hún minnkaði ekki.

Aðalrökin fyrir þessu kerfi, þegar við fórum í aflamarkskerfið gagnvart bolfiskinum, voru þau að þorskstofninn væri í lægð og það þyrfti að byggja hann upp. Hver er reynslan? Við erum með þorskstofninn í sömu stærð og við vorum þá. Það hefur því miður ekki tekist að byggja þorskstofninn upp og flestar vísbendingar eru á þann veg að sá stofn sé minnkandi og við horfum fram á það á næstu árum að það verði minna og minna sem við sækjum í þann undirstöðustofn.

Það má vitaskuld telja upp fleira. Grundvöllur þessa kerfis var númer tvö að minnka fiskiskipastólinn. Hann hefur stækkað og þó sérstaklega stækkað á þann veg að í staðinn fyrir allmyndarlegan og góðan bátaflota þá er búið að byggja upp verksmiðjutogaraflota. Við vorum með tvo eða þrjá verksmiðjutogara þegar þetta kerfi var tekið upp. Nú eru þeir komnir yfir þrjátíu.

Það var sagt að það yrði minnkandi reksturskostnaður í þessu kerfi. Hann hefur aukist og það vita allir sem koma nálægt útgerð að reksturskostnaðurinn við útgerðina er miklu meiri en hann áður var.

Okkur var sagt að við mundum koma með betri afla að landi í þessu kerfi. Þetta hefur mistekist líka, því miður. Við erum að koma með jafngamlan fisk og jafnvel verri fisk en áður. Togararnir eru ekkert að hika við það að halda úti núna í tíu daga alveg eins og áður.

Í lokin, virðulegi forseti, var okkur sagt að þetta kerfi styrkti byggðirnar í landinu. Það ætti að styrkja byggðirnar í landinu með því að koma á þessu kerfi. Við sem búum úti um land vitum að þessu er gjörsamlega öfugt farið. Þetta kerfi virkar á þann veg að fólk veit ekki um framtíð sína í einu eða neinu. Við vorum alltaf illa undir það búin í sjávarútvegsþorpunum að vita um framtíð okkar en við höfðum þó alltaf vissa von um það þegar afli var í lægð að hann mundi kannski aukast á næstu dögum. Nú er þetta þannig að það er búið að taka þessa von frá okkur vegna þess að nú er hægt að kaupa vonina burtu og það er gert í mjög miklum mæli.

Virðulegi forseti. Ég vildi nú hafa sagt mikið, mikið meira en ég mun gegna því að hverfa nú úr ræðustóli.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Mér var boðið að vera á þessari þáltill. en fyrst og fremst af tveimur ástæðum gerði ég það nú ekki. Fyrri ástæðan var sú að í þessari þáltill. er eingöngu talað um að endurskoða fiskveiðistefnuna. Ég vildi setja þarna inn í einnig fiskvinnslustefnuna vegna þess að það var búið að heita því að hún yrði sett á þessu kjörtímabili, það er í samningi ríkisstjórnarflokkanna að okkar ósk, en það hefur ekki verið framkvæmt. Fiskvinnslustefna er ekkert lítið atriði fyrir byggðirnar og auðvitað á að setja samasem-merki um stjórnun fiskveiða og fiskvinnslu. Enn fremur segir í tillögugreininni að það skuli kjósa sjö alþingismenn í milliþinganefnd með hlutfallskosningu, þ.e. að þeir sem með mér t.d. standa mundu ekkert koma að þessu verki ef af yrði. Það réði töluvert miklu um. Í þriðja lagi finnst mér líka að tillagan sé að setja ákveðinn ramma hvernig stefna skuli að þessum málum sem ég held að þessi nefnd, ef sett væri, þyrfti að hafa nokkuð frjálsar hendur um að setja.

En eitt er alveg víst, hæstv. sjútvrh., að þessi stefna með fiskveiðistefnuna og að setja ekki fiskvinnslustefnu er alvarlegt mál fyrir þjóðina og ekki síst fyrir byggðir þessa lands. Mér þykir ákaflega hart að þurfa að kyngja því að ráðherrann, sem var einn af þeim sem gekk frá þessum samningi stjórnarflokkanna og samþykkti það að taka upp fiskvinnslustefnu — ég skal viðurkenna að það var með vissum dræmingi, en gerði það þó — hann hefur ekki sýnt neina viðleitni til að verða við því.

Ég held að það þurfi að athuga ýmislegt í þessu máli. Hæstv. sjútvrh. sagði að það væri endurskoðunarákvæði í lögunum, að það ætti að endurskoða þau fyrir árslok 1992 og það er rétt. En það segir ekkert um það hvenær það skuli gert, það er hægt að endurskoða þau strax á morgun þrátt fyrir þetta. Það er verið að tryggja það að það verði í síðasta lagi þá. Þess vegna er ákvæðið. Hann hefur mikið á móti byggðakvóta sem er alveg grundvallaratriði. Og ef hann hef-

ur ekki heyrt það í sínum ferðum um landið og hjá sínum kjósendum þá hefur hann bara ekki lengur samband. Ég vil ekki trúa því að eins vel gerður maður og hæstv. sjútvrh. er sé búinn að missa allt jarðsamband. Þá er illa komið.

Hann sagði að þessi breyting sem flm. leggja til, að taka upp sóknarmarkið, muni leiða til þess að hætt sé við því að aflinn fari yfir þau ákveðnu mörk sem sett eru. Það er sjálfsagt rétt, en hvenær hefur það ekki verið, nema kannski eitt ár, eitt eða tvö ár sem það hefur ekki farið yfir? Ég veit ekki betur. Nei, það er ekki búandi við þetta svona.

Eitt mesta mál byggðanna er að setja upp vinnslukvóta og stjórna svo fiskveiðunum samkvæmt því. Ég er ekki maður til þess að segja alveg hvernig það á að vera og ég ætla ekki að gera það, enda erum við að tala um að kjósa nefnd þingmanna og það er athygli vert að þarna er gengið fram hjá hagsmunaaðilunum, en það er nauðsynlegt. Það er bara nauðsynlegt að gera það eins og þessi mál hafa þróast og standa. Undir það tek ég mjög ákveðið.

Það er ýmislegt í þessu basli okkar með sjávarútveginn. Það er kastað kynstrum af úrgangi úr fiski og jafnvel lifur einnig í sjóinn. Fuglinum fjölgar óhemjumikið af þessum ástæðum og síðan eru þessir fuglar í seiðagöngunum eftir því sem þeir geta og ná til. Það má ekki veiða hrefnu sem hefur fjölgað mikið og eins er það með hvalinn. Þó að það séu kannski ekki margar tegundir sem eru með í þessum botnfiskafla, þá eru það sumar tegundir og sérstaklega hrefnan og seluriinn.

En ég vil leggja áherslu á það, virðulegi forseti, að það verður ekkert undan því vikist að stokka þessi mál upp. Það verður ekki undan því vikist. Þjóðin mun heimta það, hvorki meira né minna. Byggðirnar sumar riða til falls af því ástandi sem er í þessum málum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af þeim sem skrifuðu upp á þessa till. til þál. um endurskoðun fiskveiðistefnunnar og ég vil taka það fram vegna orða hæstv. sjútvrh. og fleiri sem eru að reyna að gera hér að aðalatriði í þessum tillöguflutningi hártogun á greinargerð. Aðalatriði þessarar þáltill. er fyrsta setningin sem hljóðar svo: „Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö alþingismenn í milliþinganefnd er hafi það hlutverk að endurskoða fiskveiðistefnuna." Þetta er kjarni málsins. Fyrsta setningin.

Ástæðan fyrir því að ég tel að það þurfi að endurskoða fiskveiðistefnuna er m.a. sú að hæstv. sjútvrh. ásamt hrossakaupadeild þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr reif þetta mál af neðri deild Alþingis hér síðasta vor, ekki einu sinni hálfklárað. Neðri deild Alþingis fékk ekki einu sinni 24 klukkustundir til að fjalla um þetta mikilvæga mál. Það stoppaði ekki neitt hér í deildinni. Þetta var rifið hér út í hrossakaupum um húsnæðisfrumvarp, ráðherrastól og fleira. (Gripið fram í.) Nú erum við að ræða þetta hér í sameinuðu þingi, hárrétt hv. þm. Það má líklega. En það er eins og ekkert megi ræða í kringum þessa fiskveiðistjórnun, þá kemur kvótaklíkan á fullu og stígur á tærnar á öllum þeim sem vilja opna munninn í kringum þetta mál. Það liggur við að þessir hv. menn sem ekki vilja láta ræða þetta ættu að flytja hér þáltill. um að það sé bannað að ræða þessi mál.

Ég ætla að vekja athygli á því að frá því að þetta kerfi var tekið í notkun, fyrir bráðum átta árum, hefur þorskstofninn ekki stækkað neitt. Samkvæmt mínum upplýsingum er hann minni nú heldur en þá. Og ekki nóg með það, hann er miklu smærri, meðalvigtin er langtum minni þannig að verðmæti heildarkvótans í sjónum er langtum minna nú heldur en það var þá.

Það er alvörumál, hæstv. forseti, hvernig er að fara fyrir mikilvægasta fiskistofni þessa lands og þar að auki er hann grindhoraður. Og hver er nú skýringin á því að eftir svona mikla fiskfriðun og fiskvernd hefur meðalvigtin stórlækkað og fiskurinn hefur aldrei verið horaðri? Mér finnst að hæstv. sjútvrh. sem yfirmaður þessara mála og yfirmaður hafrannsókna skuldi okkur raunhæfari skýringar á þessu máli heldur en komið hafa fram.

Ég hef margsinnis ítrekað það og geri það enn og aftur að ég tel að þýðingarmesta mál íslensku þjóðarinnar um þessar mundir séu auknar hafrannsóknir og aftur auknar hafrannsóknir og enn þá einu sinni auknar hafrannsóknir. Ég tel það vera alvörumál að það skuli ríkja nánast stöðnun í þessum rannsóknum og allt of litlir fjármunir og sömu leiðangrarnir á sama tíma, frá ári til árs, en ekki stöðug rannsókn, t.d. á fæðukerfi nytjastofna. Stöðug rannsókn allt árið. Hefðum við upplýsingar núna, hæstv. forseti, um stöðugar rannsóknir á fæðukerfi nytjastofna þá hefðum við þó alla vega einhverjar upplýsingar um hvers vegna fiskurinn er horaðri. Svo maður nefni nú ekki dæmin sem nú eru hér til umræðu í þjóðfélaginu. Hvar er loðnustofninn?

Fyrir ári síðan var forstjóri Hafrannsóknastofnunar á fundi hjá sjútvn. og upplýsti þar að þorskurinn æti milljón tonn af loðnu á ári og það var verið að ræða það þá að upplýsingar bentu jafnvel til þess að veiða mætti milljón tonn af loðnu. Eitthvað þarf að hrygna. Og í dag finnast ekki nema 300 þús. tonn. Sem sagt tvær millj. tonna af loðnu hafa horfið sporlaust á tólf mánuðum og engin skýring. Þetta eru staðfestingar á því að það vantar meiri hafrannsóknir. Það vantar skýringar.

Allt of lítil umræða tel ég að hafi farið fram í sambandi við veiðar á vannýttum fiskistofnum. Það er ein leið. Kvótaklíkan segir gjarnan: Þið verðið að benda á einhverjar leiðir. Það er alltaf verið að benda á leiðir. Þeir vilja bara ekki ræða það sjálfir. Það mætti t.d. reyna að veiða meiri kolmunna. Þó það hafi ekki tekist vel hingað til þá hefur bara allt of litlum fjármunum verið varið í það. Kolmunnastofninn er stærsti fiskistofninn í Norður-Atlantshafi. Af hverju eigum við ekki að reyna að veiða hann? Þá kemst jafnvægi á milli flotans og fiskistofnanna, ef við aukum verkefni fyrir flotann.

Það eru líka til fleiri möguleikar en kolmunni. Það er úthafskarfaveiði, það er veiði á gulllaxi, það er veiði

á langhala og kúfiski og krabbaveiðar, fyrir utan að það eru fleiri þúsund fermílur af vannýttum rækjusvæðum á Íslandsmiðum. En það er engum tíma eytt í að ræða þetta heldur leggst þessi klíka, sem stjórnar þessum málum og ráðskast með þessi mál, á það, það má ekkert ræða. Það á bara að herða og stjórna og ofstjórnast og stjórna og stjórna en ekkert að komast út úr vandanum, hvorki með auknum hafrannsóknum eða leitun að nýjum verkefnum.

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé eitt mál sem sé öðru verra í sambandi við núverandi fiskveiðistjórnun og það er frjáls sala á aflakvóta eftir leikreglum sem eru mjög svo misjafnar og þá meina ég verðlagningu afurðanna. Ef ég nefni dæmi um þetta, þá hljóta sumir náð fyrir augum Aflamiðlunar og mega fá hæsta verðið. Aðrir frysta úti á sjó, sumir landa á fiskmörkuðum. En hverjir eru neðstir? Það eru þeir sem landa á lágmarksverði verðlagsráðs. Og hvar er sá flokkur staddur? Hann er staddur á landsbyggðinni. Síðan, hæstv. forseti, er kvótasalan gefin frjáls og sjálfvirk hagræðing á að ráða ferðinni, hvernig á að grisja, hagræða heitir það, fækka veiðitímum. Hvar verður veiðiskipum hagrætt? Hvar verður veiðiskipum fækkað? Úti á landi. Sá sem fær lægsta fiskverðið verður fórnarlambið í þessari stöðu, þessum óréttlátu leikreglum.

Ég er hér, hæstv. forseti, með skýrslu og þó að tíminn sé búinn óska ég leyfis að fá að segja hér eina setningu. Frá Lagastofnun Háskólans barst plagg örfáum dögum áður en þetta mál var afgreitt frá Alþingi í fyrravor. Það hefur aldrei verið tekið fyrir í sjávarútvegsnefndum, aldrei verið tekið fyrir, mikilvægt plagg um eignarrétt á fiskinum í sjónum, aldrei verið tekið fyrir, það má ekki heldur ræða það. Hér stendur ein setning: „Löggjafanum er heimilt að setja þeim almenn takmörk," þar er átt við fiskveiðistjórnun, „enda sé jafnræðis gætt." Og er það jafnræði sem ég var að segja frá áðan?

Ég sé ekki, hæstv. forseti, annað en að það verði einungis Akureyri, Ísafjörður, Vestmannaeyjar og Reykjavíkursvæðið sem eigi lífdaga fram undan við óbreyttar kringumstæður og það er ástæðan fyrir því að ég legg mikla áherslu á að þessi mál verði rædd hér í hv. Alþingi af alvöru og menn taki sig nú saman og reyni að fara að hugsa þessi mál en ekki einskorða sig við það að drottna og deila og koma í veg fyrir að þessi alvarlegu mál verði rædd.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er að vonum að fram komi krafa um endurskoðun fiskveiðistefnunnar, svo fáir sem eru sáttir við hvernig hún er framkvæmd og hversu margt menn telja henni til foráttu. Hins vegar virðist mér að felist þversögn í tillögunni þar sem greint er frá því markmiði sem stefna beri að við endurskoðunina þar sem segir: „Skal endurskoðunin hafa að markmiði að komið verði á þeirri skipan sem tryggir verndun fiskstofnanna og miðast við að atgervi þeirra, sem sjóinn stunda, fái að njóta sín og sjávarútvegurinn geti lagað sig sem frjáls atvinnuvegur að landsháttum, fiskimiðum og hagsmunum byggðarlaga".

Hér er annars vegar talað um að sjávarútvegurinn lagi sig sem frjáls atvinnuvegur að landsháttum, fiskimiðum og hagsmunum byggðarlaga en hins vegar er talað um að hann lúti stjórn. Ég verð að játa að ég skil ekki og hef ekki á máli manna hér heyrt skýringu á því hvernig þetta tvennt geti farið saman, að atvinnuvegur sé frjáls en hann sé jafnframt undir stjórnun.

Meginmarkmið þessarar tillögu virðist það að sóknarmarkið sé tekið upp á ný og það hlýtur þá að vera skoðun þeirra sem að tillögunni standa að það veiðifyrirkomulag sé það ákjósanlegasta í stöðunni, bæði gagnvart fiskstofnunum, afkomu útgerðarinnar og með tilliti til byggðarlaganna. Það er ekki lítið hlutverk sem þeirri nefnd er ætlað sem samkvæmt tillögunni á að endurskoða fiskveiðistefnuna undir formerki sóknarmarksins, ef hún á að finna leið til að koma stjórn á stærð fiskiskipastólsins, gerð skipa, útbúnað veiðarfæra og meðferð afla. Ég vil minna á þá staðreynd að sóknarmarksfyrirkomulagið leiddi ótvírætt af sér þá stækkun fiskiflotans sem nú er árangurslítið glímt við að ná að takmarka. Enn fremur er það ljóst að með tilkomu sóknarmarksins hefur smáfiskadrápið farið sívaxandi og er í þeim mæli nú að óverjandi er. Allir vita þetta þó að fáir vilji við það kannast.

Það er fyrst og fremst sóknarmarkið sem hefur orsakað það að á undanförnum árum hafa veiðarnar ætíð farið fram úr því sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til. Séu kenningar Hafrannsóknastofnunar réttar um ástand fiskstofna á miðum okkar, en því hljóta menn að trúa fyrst tillögur stofnunarinnar eru lagðar til grundvallar við úthlutun aflaheimilda, hlýtur sú framúrveiði sem stundað hefur verið hingað til að hitta okkur fyrir fyrr en seinna og spurning er hvort það hefur ekki þegar gerst.

Samtök um kvennalista eru síður en svo mótfallin því að skipuð sé nefnd til þess að endurskoða fiskveiðistefnuna. En við lítum svo á að sé það gert undir formerkjum þessarar tillögu, þá séu hendur nefndarinnar bundnar um of og ekki valin heppilegasta leiðin. Flestir virðast geta tekið undir það að þörf sé á veiðitakmörkunum enda blasir það við að okkar stóri floti með sínum afkastamiklu veiðitækjum getur veitt langt umfram þol fiskstofnanna séu honum ekki sett takmörk í þeim efnum. Það eru þær takmarkanir sem menn eru nú að glíma við.

Framkvæmd fiskveiðistefnunnar eins og hún er nú er óviðunandi. Það á ekki að líðast að menn hafi aðstöðu til og leyfi sér að versla með auðlind þjóðarinnar allrar og geti auðgast um milljónir á að selja óveiddan fisk í sjónum. Í heildina skaðar þetta þjóðarbúið meira en menn almennt gera sér ljóst. Það tíðkast nú að aflaheimildakaup eru gjaldfærð þegar um einnota kvóta er að ræða og þá fær útgerðin skattfrádrátt vegna kaupanna. Þannig greiða skattgreiðendur að hluta til kvótakaup útgerðarfyrirtækjanna. Þegar varanlegar aflaheimildir eru keyptar eru þær eignfærðar. Hvernig er hægt að eignfæra hjá einstökum fyrirtækjum sameign allrar þjóðarinnar? Ég spyr.

Alvarlegasta málið er þó hvernig einstök byggðarlög fara út úr aflaheimildaskerðingunni og kvótasölu

sem af henni leiðir. Menn velta því gjarnan fyrir sér á þessum dögum hvort það sé af einberri skammsýni eða af ráðnum hug að ekki eru settar skorður við þessari verslun. Hún leiðir óhjákvæmilega til þess að aflaheimildir safnast á fárra hendur sem aftur leiðir til fækkunar í flotanum, sem er að vísu yfirlýst markmið hæstv. sjútvrh. Þá er ekki tekið tillit til þeirra byggðarlaga sem eiga allt sitt undir sjávarsókn og mannlegi þátturinn er sniðgenginn. Fækkun skipa getur leitt af sér fækkun byggðarlaga, jafnvel þeirra sem best liggja við sjósókn.

Það væri víst að bera í bakkafullan lækinn að ræða frekar um þau mál núna, enda er það ekki ætlunin. Hins vegar get ég ekki tekið undir þann rökstuðning sem felst í greinargerð tillögunnar fyrir því að taka upp sóknarmark á ný, að þá muni flotinn minnka í heppilega stærð og barnaleikur að takmarka sóknina, segir þar. Það er óumdeilanlegt að á meðan sóknarmarkið var við lýði, þá stækkaði flotinn, allar smugur voru notaðar við endurnýjun og stækkun skipa, hver koppur sem flotið gat var settur á sjó og smáfiskadrápið jókst sem aldrei fyrr. Við því verður að setja skorður með ströngu eftirliti.

Samtök um kvennalista hafa áður lagt fram skýra stefnu um hvernig best verði staðið að fiskveiðum, hvernig þeim verður best fyrir komið. Við hefðum kosið að við endurskoðun fiskveiðistefnunnar væru þau markmið sem þar eru efst á blaði höfð í fyrirrúmi. Þessi markmið okkar má skilgreina á eftirfarandi hátt: Það er hindrun ofveiði og verndun og uppbygging fiskstofna, aukin hagkvæmni og minni tilkostnaður, bæði við veiðar og vinnslu, bætt meðferð sjávarafla, hámarksnýting sjávaraflans, bætt kjör þeirra sem vinna í sjávarútvegi, bættur aðbúnaður, meira öryggi og hærri laun. Okkar stefna til að ná þessum markmiðum er sú að árlegur heildarafli verði ákveðinn af sjútvrh. að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar og svigrúm verði til þess að hækka eða lækka aflamarkið innan ársins ef aðstæður krefjast þess.

Í öðru lagi að 80% þess heildarafla sem ákveðinn hefur verið verði skipt milli byggðarlaga eða útgerðarstaða með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára. Vilji viðkomandi byggðarlag halda sínum hlut miðað við fyrri ár ber því að greiða fyrir það sem á vantar. Gjald byggðarlaga fyrir fiskveiðikvótann miðist við ákveðið hlutfall af meðalverði afla upp úr sjó og renni í sérstakan sjóð í vörslu ríkisins sem verði varið til eftirfarandi verkefna:

1. Fræðslu sem nýtist sjávarútvegi.
2. Rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki og sjávarrannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum.
3. Vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir.
4. Verðlauna til handhafa aflamarks fyrir sérstaka frammistöðu í nýtingu og meðferð aflans og lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

Þetta eru okkar aðalmarkmið og tillögur. Með þessu viljum við draga úr miðstýringu og ofstjórn og gera byggðasjónarmiðum hærra undir höfði, stuðla að eflingu rannsókna og fræðslu og hvetja til meiri nýtingar og bættrar meðferðar aflans og betri aðbúnaðar starfsfólks. Það yrði unnt að byggja inn hvata til meiri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans og til þess að betur yrði búið að starfsfólki í sjávarútvegi. Með þessum tillögum teljum við að tekið sé á helstu vandamálum við stjórnun fiskveiða og á þennan veg sé þeim málum best borgið. Við trúum því að endurskoðun hefði átt að fara fram á þessum nótum.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað mjög tímabært að ræða um aðalatvinnuveg þjóðarinnar hér á hv. Alþingi, ekki síst í ljósi þeirrar stefnu sem verið hefur í þeim málum allt of lengi, þ.e. þeirrar fiskveiðistefnu sem við höfum búið við núna allt frá 1984, muni ég rétt, og hefur farið versnandi. Og ég er ekkert hissa á því þó að ýmsir vilji láta í sér heyra að því er þetta varðar.

Það er auðvitað ekki ástæða til í þessari umræðu að halda langa tölu þó það væri ákjósanlegt um svo mikilvægt mál. 1. flm. að þeirri tillögu sem hér er nú til umræðu hefur gert málinu það góð skil og á trúlega eftir að bæta enn betur við að ekki er mikil ástæða til þess að vera mjög langorður nema þá eitthvað sérstakt komi upp sem kann að verða.

Ég tók eftir því að hæstv. sjútvrh. sagði þá þingmenn dæmalausa sem leyfðu sér að skrifa upp á svona tillögu, dæmalausa í neikvæðri merkingu að mér fannst. (**Sjútvrh.:** Að greinargerðin væri dæmalaus.) Hún fylgir tillögunni, hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Er hún hluti af þingmönnunum?) Greinargerðin? Tillagan og greinargerðin er flutt í nafni þeirra sem flytja tillöguna. Það ætti hæstv. ráðherra að vita, svo lengi er hann búinn að sitja á þingi. Og hverjir eru þessir dæmalausu menn? Við skulum taka eitthvað af þeim. Það er hv. þm. Geir Gunnarsson. Er hann í augum alþingismanna svo dæmalaus í neikvæðri merkingu að menn þurfi um það að tala? Það er Ólafur Þ. Þórðarson, flokksbróðir hæstv. ráðherra. Er hann svo dæmalaus að það þurfi að hafa orð á því í ræðustól á hv. Alþingi að hann skuli leyfa sér að gera slíkt? (**Gripið fram í:** Í jákvæðri merkingu.) Var hann jákvæðari? (Gripið fram í.) Já, hv. þm. skilur þá betur en við, enda er þetta innanflokksmein hjá þeim framsóknarmönnum sem menn eru að tala um. Pálmi Jónsson. Er hann einn af þessum dæmalausu þingmönnum í neikvæðri merkingu sem þarf að hafa orð á að leyfi sér að skrifa upp á svona tillögu? Leyfi sér það. Og svona væri auðvitað hægt að telja miklu lengur. (**StG:** Enda miklu fleiri.) Það eru fleiri, já, já, og ef hv. þm. Stefán Guðmundsson vill að ég telji alla röðina upp, þá er sjálfsagt að verða við því. En ég tók út tiltekna einstaklinga sem ég hélt að hv. þm. væru sammála um að væru ekkert dæmalausir í neikvæði merkingu í þessum efnum. (**StG:** Heldurðu að það valdi ekki misskilningi?) Nei. Það þarf enginn að halda það, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að það valdi misskilningi sem ég segi. Það er mesti misskilningur ef hv. þm. heldur það. En það er auðvitað fullt af mönnum hér sem skrifa upp

á þessa tillögu sem eru ekkert dæmalausir í neikvæðri merkingu, hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Ekki hvað? Ég heyri að það er greinilega að lifna yfir mönnum þegar umræðan færist á þetta stig, meira að segja Reyknesingum, sem lítið hafa látið á sér kræla í þessum efnum undanfarið. (**Gripið fram í:** Og fleiri.) Það er rétt, eins og fleiri. Austfirðingar eiga þar líka undir högg að sækja, geri ég ráð fyrir. En mér finnst svona tal hjá hæstv. ráðherra, hjá öðrum af tveimur guðfeðrum kvótans, vera út í hött. Þeir eru nefnilega tveir, núv. hæstv. ráðherrar, sem eru guðfeður þeirrar helstefnu sem kvótinn hefur innleitt í sjávarpláss víðs vegar um landið. Það er hæstv. sjútvrh. og núv. hæstv. iðnrh. sem þá var að vísu virtur embættismaður á þeim tíma þegar það kom til. En þetta eru guðfeður kvótans. Og ég er satt að segja alveg undrandi yfir því hvað hæstv. sjútvrh. var rólegur hér áðan. Auðvitað veit hann, jafngreindur og gáfaður maður og hann er, að það er mjög vaxandi þrýstingur gegn því kerfi sem við búum við. Það er mjög vaxandi þrýstingur, meira að segja úr herbúðum þeirra manna sem hafa talið þetta til hins ágætasta verkefnis með stýringu gegnum kvótakerfið.

Ég hef ekki dregið neina dul á að það voru fulltrúar svokallaðra hagsmunaaðila, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem gerðu guðfeðrunum kleift að koma þessu kerfi á. Þeir gengust inn á það á sínum tíma og þess vegna búum við við ástandið eins og það er í dag, ástand sem er að leiða til glötunar á fleiri og fleiri stöðum í sjávarplássum úti um allt land. Það er ekki nema eðlilegt að menn fari að hugleiða það hvort ekki sé hægt með einhverjum hætti að breyta til og fara aðrar leiðir sem mundu reynast betur.

En enn eru til menn sem lemja hausnum við steininn, vonandi ekki margir en þeir virðast vera til. Ég sé það t.d. í Morgunblaðinu 24. janúar að formaður Landssambands ísl. útvegsmanna hefur að yfirskrift að því er varðar þessa tillögu, með leyfi hæstv. forseta: „Óvenjumikið ábyrgðarleysi og leit að atkvæðum." Taki menn nú eftir: „Leit að atkvæðum." Þessi ágæti maður að mörgu leyti telur það greinilegt að fólkið í landinu vill breytta stefnu, fólkið sem á að fara að ganga að kjörborðinu vill breyta um stefnu, ella væru menn ekki að leita að atkvæðum, hann teldi ekki svo vera. En hann heldur dauðahaldi í þessa tekjulind sem búið er að koma á hendur örfárra einstaklinga í landinu og búið að arfleiða þá að og þeir eru að halda til loka. Það kippir auðvitað í kynið í þessum tilfellum þegar komið er að þeim sem ætti að fara að ýta við, hafa skarað eld að eigin köku. Og hann er trúlega einn af þeim sem hefur haldið utan um það lið, sem verið hefur varðgæslustjóri í þessum efnum öll þessi ár.

Ég er alveg undrandi á því að mönnum skuli finnast það skrýtið eftir allar þær umræður sem orðið hafa um fiskveiðistefnuna á undanförnum árum og þær afleiðingar sem hún hefur haft á hina ýmsu staði, að mönnum skuli finnast það undrunarefni að flutt sé hér tillaga á hv. Alþingi um að kjósa þingmenn í milliþinganefnd til þess að yfirfara þetta mál. Það er í raun og veru ekkert sagt hvað hér á að gera varðandi stýringu. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Það er rangt. Það er ekkert sagt til. Það er auðvitað bent á hvað miða skuli við en ekkert sagt hvað á að gera. Til þess eru nú milliþinganefndir settar eða nefndir almennt að mínu viti. (Gripið fram í). Jú, hv. þm. Stefán Guðmundsson, til þess eru nefndir settar á laggirnar, til þess að finna út hvað hagstæðast er að gera í þeim tilvikum sem um er talað. Hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður sjútvn. Ed., ætti að vita þetta svo reyndur og gegn sem hann nú er. Þetta á öllum að vera ljóst.

Mér er alveg sama, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, hvað menn veifa plaggi mikið. Það breytir engu. Hér er verið að tala um að milliþinganefndin endurskoði það kerfi sem við búum við núna og það kemur auðvitað margt til sem hægt er að breyta. (Forseti hringir.) Já, hæstv. forseti, ég skal fara að ljúka þessu. Menn eru margir orðnir órólegir og ég skal fara að ljúka mér af.

Þetta er ósköp einfalt. Það er nauðsynlegt að það komi aðrir að þessu heldur en beinir hagsmunaaðilar sem hér eiga hlut að máli. Og hverjum er betur treystandi heldur en kjörnum fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi til þess að fara í gegnum þetta mál og finna þá leiðir, ef þær eru til, sem betri kunna að reynast?

Því hefur alltaf verið haldið fram og ekki síst af hæstv. sjútvrh. að við sem höfum gagnrýnt þetta kerfi höfum aldrei bent á neitt sem ætti að koma í staðinn. Og það eru fleiri sem hafa haft þessa tuggu upp eftir hæstv. ráðherra, að við höfum aldrei bent á neitt sem ætti að koma í staðinn. Ég minni nú hæstv. sjútvrh. á það að meira að segja formaður Alþfl., og langt er nú gengið þá, hæstv. utanrrh., var flm. að breytingum á þessu kerfi á sínum tíma ásamt mér. Og hv. þm. Matthías Bjarnason og ég fluttum ítarlegar breytingartillögur við lögin sem voru hér til umræðu á Alþingi um áramótin 1987/1988 þegar mest gekk á. Þar var bent á ýmsar leiðir sem hefðu betur verið farnar heldur en það kerfi sem við búum við núna þannig að það er hægt að benda á ótal dæmi þess að menn hafi verið með aðrar leiðir heldur en þá helstefnu sem hæstv. sjútvrh. og núv. viðskrh. bjuggu til á sínum tíma og hafa leitt yfir þjóðina.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að það eru mjög skiptar skoðanir úti í þjóðfélaginu um réttmæti þess kerfis sem notað er í fiskveiðistjórnun. Það má segja að kerfið hafi flotið áfram í skjóli þess hve það er umdeilt. Það er hins vegar jafnaugljóst að kerfi sem er eins umdeilt og það sem við búum við getur ekki staðið til lengdar vegna þess að það er vonlaust í okkar þjóðfélagi að búa við kerfi sem sífellt eykur tortryggni, ósætti og mismunun manna á milli. Það er grundvallaratriði í þessu máli. Þess vegna eru full rök og full ástæða til þess að stokka spilin upp og kryfja málið til mergjar, skoða málið upp á nýtt og leggja nýjan kjöl að þeirri stjórnun og þeirri stýringu sem nauðsynleg er.

Ég efa ekkert að hæstv. sjútvrh., eins og aðrir sem að málinu hafa komið, hefur unnið að því eins vel og hann hefur getað og viljað, en það er komið í sjálfheldu og svelti og fram hjá því verður ekki horft. Það er kominn tími til þess að hv. Alþingi taki málið upp frá grunni út frá þeim punkti þegar það kom inn 1983, nær fullskapað af hagsmunaaðilum í landinu, með samþykki og áherslu frá öllum hagsmunaaðilum nema, ef ég man rétt, Félagi botnvörpuskipaeigenda. Þannig að í sjálfu sér höfðu hv. þm. ákaflega lítið svigrúm til þess að taka einarðlega á málinu með þeim þrýstingi sem lá á bak við málið eins og það kom inn á hv. Alþingi.

Það er hægt að nefna mörg dæmi í þessu kerfi sem hafa gengið furðulega eftir. Gott dæmi er niðurfelling sóknarmarksins með stuttum fyrirvara, sérstaklega með tilliti til þess að þar er um að ræða stóran hluta af bátaflotanum í landinu sem hafði fjárfest, skipulagt og gert áætlanir um veiðar og atvinnustarfsemi út frá því kerfi. Ég hef sagt það áður og segi það enn að þessi niðurfelling á sóknarmarkinu er ekkert ósvipuð því þegar bændum var á sínum tíma heimilað að stækka fjárhús og mannvirki, en fengu síðan ekki fénað til þess að afla fjár upp í kostnaðinn. Að því leyti er þetta kerfi sífellt að verða meiri og meiri miðstýring sem getur ekki gengið upp til lengdar, hvorki í íslensku samfélagi né öðru.

Það er margs konar misskilningur sem hefur komið upp í dæminu. Eitt má nefna hér úr umræðum í dag, sem kom fram í máli hv. 7. þm. Norðurl. e., að sóknarmarkið hefði aukið smáfiskadráp. Í rauninni var málinu snúið við. Það vita allir sem vilja vita og fylgjast með að menn sem voru á sóknarmarki voru ekki að henda smáfiski fyrir borð. Þeir komu með hann að landi. Aflamarkið leiddi hins vegar til þess að menn fóru að velja úr þann fisk sem þeir komu með að landi og það er í sívaxandi mæli í dag. Það er opinbert leyndarmál sem jafnvel virtustu skipstjórar landsins viðurkenna og leggja á borðið hvar sem er og hvenær sem er. Þetta er auðvitað ákveðinn misbrestur í því kerfi sem við búum við. Auðvitað hefur margt heppnast í því en það er margt sem hefur farið úrskeiðis.

Í ljósi þess að málið sé tekið upp og kannað ofan í kjölinn, lögð ný lína, þá hygg ég að það sé kannski farsælast að horfa til þess að smíða enn frekar það bitastæðasta úr sóknarmarki og aflamarki þó svo það sé mín skoðun að sóknarmarkið sé miklu eðlilegra fyrirkomulag heldur en aflamark, einmitt út frá því sjónarmiði að sóknarmarkið tryggir það frekar að menn sitji við sama borð. Það er auðvitað það sem við eigum að bjóða upp á í okkar þjóðfélagi, að menn sitji við sama borð. Kerfið eins og það er í dag hefur marga vankanta, það kallar á ekki tvöfalt hagkerfi, það kallar á margfalt hagkerfi þar sem menn eru að kaupa annars vegar skipið, hins vegar óveidda fiskinn o.s.frv. Og það er tilfærsla á eignum, tilfærsla á fjármagni án þess að forsendur séu til fyrir því. Þetta er reyndar ekkert ósvipað eins og á sér því miður stað í sumum stofnunum þjóðfélagsins, að menn eru farnir að fá greitt fyrir það að mæta til vinnu og síðan fyrir það að vinna. Þetta er kerfi sem er margfalt í roðinu og skapar ekki eðlilega þróun í okkar samfélagi.

Það má segja að það sé t.d. ekki heldur samræmi í því að setja skerðingu á ferskfiskútflutning á sama tíma og frystitogarar halda ótrauðir áfram sínum veiðum og vinnslu án þess að slík skerðing komi til. Þarna er auðvitað misræmi í. Og þannig má lengi, lengi telja. Mér finnst það grundvallaratriði í þessari umræðu og þessu máli að draga út þann þátt sem lýtur að endurskoðun, fullnaðarendurskoðun og að menn hætti að berja höfðinu við steininn og reyni að hanga og krafsa í bakkann á þessari brún sem menn gera með þessu kerfi vegna þess að það kallar fyrst og fremst á það að menn fari á svig við lög og reglugerðir. Það eru menn að gera alls staðar og lög sem stuðla að því að menn eru í sívaxandi mæli að svindla á kerfinu, það eru lög sem þarf að breyta. Það þarf að taka af þessa vankanta og reyna að gera þetta eins ásættanlegt og hægt er fyrir þorrann. Það eru í meginatriðum þrjú sjónarmið í landinu í dag í þessum efnum og það þarf að finna farveg sem er sem ásættanlegastur fyrir heildina.

Í lokin, virðulegi forseti, er eitt sem ég vil nefna um það hvílíkt happdrætti þetta fyrirkomulag er. Ég man t.d. ekki betur en hæstv. sjútvrh. hafi á fundi úti í Vestmannaeyjum í haust sagt að skerðing á því svæði samkvæmt nýjum lögum eða nýjum reglum yrði 1588 þorskígildi. Þeir sem sögðu að skerðingin yrði mest sögðu að hún yrði 10.000 þorskígildi. Niðurstaðan verður líklega eitthvað þarna mitt á milli 1588 tonna og 10.000 tonna. Það er auðvitað ótrúlega mikið happdrætti og ótrúlega mikil ónákvæmni. En þetta undirstrikar það hve þetta kerfi stendur á veikum grunni, hvað menn hafa veikar forsendur að byggja á. Þær þarf að treysta og þess vegna þarf að stokka spilin upp. Ekki að það sé verið að gagnrýna í botn það starf sem menn hafa unnið heldur einfaldlega að horfast í augu við það að það er kominn tími til þess að smúla dekkið og láta skítinn ekki safnast fyrir áfram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Það hefur ekki verið deilumál þingsins að fiskveiðistefnan væri af þeirri stærð að hana þyrfti að endurskoða reglulega. Hins vegar má segja að með flutningi þessarar þáltill. sé tekin um það ákvörðun af hendi þeirra sem að flutningi hennar standa að þeir telji eðlilegt að fiskveiðistefnan sé endurskoðuð af löggjafanum einum. Og löggjafinn einn kalli svo til sín til skrafs og ráðagerða hina ýmsu hópa sem vilja hafa áhrif á gang mála. Kannski eru ávarpsorðin til Alþingis Íslendinga frá forustumanni LÍÚ skýringin á því hvers vegna: Við nennum hreinlega ekki að hafa slíka drulluháleista yfir okkur við slíka vinnu. Svo hreinar línur eru það. Sætabrauðsdrengir eiga ekkert erindi inn á slíka fundi. Það er hægt að kalla á þá til þess að þeir geri þá grein fyrir sínum sérsjónarmiðum, en þeir eiga ekkert erindi til að sitja eins og varðhundar yfir mönnum meðan þetta er unnið.

Ég verð að segja að það alvarlega sem er að gerast í íslenskri fiskveiðistefnu er það að við erum stöðugt að byggja meira og meira atvinnuleysi inn í okkar aðalatvinnuvegi. Þetta er ekki bara í þessum atvinnuvegi heldur mörgum öðrum og afleiðingin af því er sú að hagvöxturinn stöðvast hjá þjóðinni.

Ég ætla að víkja hér að fréttum sem mér berast, SAS-fréttir, 1. tölublað 3. árgangi 1991. Þar stendur á bls. 3: „Veiðigeta flota EB þarf að minnka um 40% á næstu 10 árum ef hann á að vera í einhverju samræmi við helstu fiskistofna þess. Niðurskurður þyrfti að vera um 70% á flotanum sem veiðir þorsk, ýsu og síld í Norðursjó." Þeir tala um að um 100 þúsund sjómenn muni vissa atvinnu sína. Hér kæmi það hreinlega ekki í ljós hvað mikið innbyggt atvinnuleysi væri komið hjá okkur nema ef flotinn fengi að fara á fulla ferð og menn sæju á hvaða tíma hann skilaði þeim afla á land sem við getum veitt. Þá lægi það alveg ljóst fyrir hver staðan væri orðin.

Ég vil aftur á móti líka vekja athygli á því hér að frændur okkar Norðmenn, sem við höfum margt lært af, glíma við fiskeldið af alvöru á sama tíma og við höfum það í hrakyrtu formi, helst til að gera grín að því. Þeir segja svo á bls. 3 í sama blaði: „Fiskeldi er einn af máttarstólpum Noregs. Ef heldur fram sem horfir verður fiskeldi í Noregi einn af undirstöðuatvinnuvegum landsins innan tveggja áratuga. Verðmæti eldisfisks nemi árlega 25–30 milljörðum norskra króna árið 2010 og veiti 75 þúsund manns atvinnu. Í Noregi hefur þorskeldi sums staðar gengið með ágætum og eru dæmi um að eldisþorskurinn hafi aukið þyngd sína að jafnaði úr 2,5 kg í um 5 kg á sjö mánuðum."

Við tölum um það sem sjálfgefinn hlut að fiskifræðingarnir séu þeir sem viti meira en aðrir um stærð fiskistofna. Ég get hvorki tekið undir það að ég treysti þeim eða trúi þeim en ég viðurkenni fúslega að þeir vita mun meira en aðrir um stærð fiskistofna við landið. Samt er nú svo komið að þeir komust að því nú um jólaleytið að loðnustofninn dygði fyrir hvalina og ekki fyrir skipin. Það var staðan. Ég veit ekki betur en þeir hafi verið að fylgjast með þessu undanfarið. Við erum að þreifa okkur í átt til hjarðbúskapar og það skyldi enginn gera lítið úr því að það hefur verið erfitt að feta þá braut og ég tel að það þurfi ekki að líta á það sem nokkurt vantraust á núv. sjútvrh. þó að menn ræði þetta út frá hinum stóru stefnumarkandi atriðum sem koma inn í þetta. Á sama tíma og við segjum við fiskifræðingana: Við treystum ykkur, við trúum ykkur, segja sumir. Ég segi: Þeir vita meira en aðrir en ég hvorki trúi né treysti þeim. Á sama tíma afgreiðum við alla þá sem hafa verið í hagfræði (**SV:** Vita þeir hvað þeir vita lítið?), alla sem hafa verið í hagfræði, Stefán Valgeirsson, og hafa álíka langt nám á bak við sig og fiskifræðingarnir og telja sig vita vegna sinnar þekkingar hvernig eigi að stjórna fiskveiðum, við afgreiðum þá alla út í ystu myrkur, að þeir viti ekkert hvað þeir eru að tala um. Kannski þyrfti nú að ræða við báða hópana og leita að málamiðlun.

Það er nefnilega staðreynd, t.d. ef svo fer að þorskeldi verður gert að stóratvinnugrein hér á landi, að þá er hugsanlegt að þar inni verði bæði sleppingar á seiðum og eldi á smáþorski. Það er ekki útilokað undir slíkum kringumstæðum að menn verði að endurskoða sína afstöðu til þess að það verði greitt aflagjald fyrir þann fisk sem veiddur er ef við getum stóraukið sóknina, stóraukið aflann, með því að klekja út þorskseiðum. En af því að rætt var hér um grg., sem er nú kannski ekki fullkomin frekar en önnur mannanna verk, það er svo með þau flest að þau eru ekki fullkomin, þá vil ég segja það að ég var að lesa blað sem heitir „Stjórnun". Þið þekkið myndina af þessum heiðursmönnum hér á fremstu síðu. Þetta eru menn sem hafa komið mikið við stjórnun í þessu landi. Maður telur þegar maður fer að lesa fyrirlestur eftir stjórnarformann ABB og SAS í Svíþjóð að þá hljóti maður að mega trúa því nokkurn veginn sem þar stendur, að þar sé ekki neitt fleipur á ferðinni. En hann segir á bls. 42 í þessu ágæta blaði, þ.e. tímariti Stjórnunarfélagsins, 1. árg. 1991: „Nicolin sagði að fyrirtæki ættu að gera allt sem þau gætu til þess að forðast að eiga vöru á lager því það væri óarðbært fjármagn. Sömuleiðis ætti að stilla fasteignakaupum í hóf eins og mögulegt væri. Gólfpláss væri geysilega dýrt og óarðbært. Hann hvatti til að fyrirtæki gaumgæfðu þetta sérstaklega og seldu svo óþarfa fasteignir. Og ef ekki er hægt að selja óþarfa fasteignir þá er best að kveikja í þeim."

Þetta eru tillögur Stjórnunarfélags Íslands og ég veit ekki hvort textinn er nokkuð verri í grg. sem fylgir þessari till. til þál.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tel það mjög eðlilegt að hv. þm. komi með till. um breytingar á kvótakerfinu. Sú till. er komin fram hér. Ég undrast það hvernig þessi till. er og ég undrast líka að þeir hv. þm. sem hafa gerst aðilar að þessari till. forðast að tala um efni till. heldur tala aðeins um að þeir vilji endurskoðun sem reyndar er lögbundin og enginn er ósammála um. Þessi till. fjallar um ákveðið markmið sem tillöguhöfundar vilja ná. Ég er mjög undrandi á þeim markmiðum, að hverfa aftur til fortíðarinnar, til skrapdagakerfisins sem nú fær nýtt heiti, sóknarstýring. Ég sé ekki að með því móti yrðu þau vandamál leyst sem eru við stjórn fiskveiða í dag. Það vita allir hér að menn eru mjög ósammála um fiskveiðistjórnunina og það er sama hvar maður kemur að það eru margar skoðanir uppi. Lendi maður í fimmtán manna hóp þá eru jafnvel sextán, sautján skoðanir í hópnum.

Ég vil líka vekja athygli á því að þegar núgildandi lög um fiskveiðistjórnun voru sett, þá voru það ekki aðeins hagsmunaaðilar sem settu þau lög eða sömdu það frv. heldur voru þingmenn þar líka. Ég verð að játa það að mér fannst ekki burðugur málflutningur allra þingmanna sem þar voru og ekki mikið um tillögur. Þær fundust, en það var ekki mikið af þeim. Ég verð að segja það að ég get ekki hugsað mér að lögin verði endurskoðuð á þann hátt að sjómenn og verkafólk fái ekki að koma nálægt því. Ég verð að spyrja spurninga varðandi merkingu þessara markmiða. Það er sagt hér:

„Skal endurskoðunin hafa að markmiði að komið verði á þeirri skipan sem tryggir verndun fiskstofnanna og miðast við að atgervi þeirra sem sjóinn stunda fái að njóta sín ...“ — Hvað er átt við með þessu? Þýðir þetta að með þessu skrapdagakerfi þá verði mönnum hleypt á miðin ákveðinn tíma þar sem menn veiða ótakmarkað? Það berst svo og svo mikill fiskur að landi og síðan seinni part ársins eða hvenær sem það er þá hefur fólk ekkert að gera á milli. Hvað með sjómennina og kjör þeirra? Hvað með verkafólkið sem er atvinnulaust í hundraðavís og mundi verða í þúsundavís ef af þessu yrði?

Ég botna ekki í svona málflutningi. Hann er alla vega ekki til bóta.

Ég óttast það að einhverjir sem hafa skrifað upp á þetta hafi ekki alveg lesið markmiðið sem í þessu er. Þetta er ekki bara tillaga um endurskoðun. Þetta er tillaga um að hverfa til fortíðarinnar, sem gafst mönnum mjög illa, því það segir í grg. að það eigi að miða við ákveðið aflamagn sem megi koma að landi. Einhvern veginn verður að skipta því. Einhvern veginn verður að takmarka það, en það eru engar hugmyndir um hvernig það skuli gert. Það á að siga öllum flotanum á miðin samkvæmt þessu og hlýtur að verða meðan ekki er útskýrt hvað menn vilja með þessu orðalagi. Það er ekkert sem stendur eftir annað en það að lögmál frumskógarins eigi aftur að ríkja. Þá er ég hræddur um að hinar ýmsu byggðir, sem menn eru að bera fyrir brjósti, fari illa.

Ég tel að endurskoðun þurfi að fara fram eins og lög segja til um og henni mætti gjarnan flýta. Menn gætu farið að vinna að því mikið fyrr en þar er sagt. Og ég bendi á að við þá endurskoðun sem var gerð síðast fengu allir að koma að því máli, bæði þingflokkar og einstakir þingmenn sem í nefndinni sátu. Núverandi kvótakerfi er afrakstur af þeim nefndarstörfum.

Ég tel að það þurfi ekki aðeins að skoða það sem aflaga hefur farið í fiskveiðistjórnuninni heldur eigi líka að koma í veg fyrir að atvinnan flytjist í jafnríkum mæli til útlanda og gerst hefur að undanförnu. Þá á ég við sölu fisksins óunnins beint á markaði erlendis. Ég tel að það eigi að haga málum þannig að fiskurinn verði boðinn upp hér innan lands. Bæði geta útlendingar og Íslendingar í hann boðið og það verði að styrkja stöðu fiskmarkaðanna. Ég trúi því að með því móti muni aðilar betur geta sætt sig við útkomuna og hinar einangruðu byggðir úti á landi þurfi ekki að búa við þau ósköp að fiskurinn sé seldur á verðlagsráðsverði. Og ég reikna þá með því að atvinna muni mjög aukast í þessari grein. Ég tel að það þurfi að taka einmitt á þessum málum mjög bráðlega. Það er mjög brýnt.

En ég endurtek varðandi tillöguna sjálfa að við hinir, sem kannski skiljum þetta ekki sem þarna er sett á blað, þurfum að fá frekari útskýringar á þeim markmiðum sem þarna eru sett fram. Það eru allir sammála um það að endurskoða lögin. En sú stefnumörkun sem tillagan segir til um er bæði óljós og undarleg og stangast líka á við hvað annað. Ég óska eftir að við hinir, sem erum svo fáfróðir eða skilningslausir, fáum að vita hvað átt er við með þessari tillögugerð.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur nú ekki verið venja mín að tefja umræður hér í sambandi við endurskoðun á fiskveiðistefnunni. Ég hef gert grein fyrir mínum skoðunum í nefnd í sambandi við þetta og undirbúning málsins. En ég verð bara að viðurkenna það að ég er svolítið undrandi yfir þessari tillögu eða samsetningu hennar. Ekki það að ég sé andvígur því að endurskoða fiskveiðistefnuna. Það er svo sjálfsagt mál að það hefur verið sett í lögin hverju sinni að endurskoðun skuli fara fram og hvernig og hvenær. Þess vegna er ekkert við það að athuga þó að þingmenn setji fram slíka tillögu um endurskoðun. Þá hefði líka verið alveg nægilegt að hafa bara fyrstu setninguna í tillögunni, að kjósa hlutfallskosningu sjö alþingismenn í milliþinganefnd er hafi það hlutverk að endurskoða fiskveiðistefnuna.

En ég vil bara segja eins og er að ég held það hafi verið viðurkennt hér á hv. Alþingi og í allri umræðunni um fiskveiðistjórnun frá fyrsta degi að umræða hófst um að setja á fiskveiðistjórnun að styrkur hennar er samstaða við hagsmunaaðila í sjávarútveginum. Og ég veit ekki betur en ég hafi hlustað á það hér á Alþingi allan þennan tíma að alþingismenn hafa hælt sér af því og metið það að verðleikum, sem eðlilegt er, hvað hefur náðst breið samstaða um þetta mál, þó að sjálfsögðu séu menn ekki sammála um svo stórt hagsmunamál þjóðarinnar eins og stjórn fiskveiða og ekki síst þegar um er að ræða að stjórnunin þarf að miða við það að draga saman afla til þess að vernda fiskstofnana. Þetta hélt ég nú satt að segja að væri öllum flm. þessarar till. ljóst. Ég verð að segja það, þegar ég fer að athuga það betur, að tiltölulega fáir af þessum hv. þm. hafa raunverulega tekið þátt í þeirri vinnu sem hefur tekið fleiri mánuði í hvert skipti sem lögin hafa verið endurskoðuð. Flestir aðrir þingmenn en þeir hafa tekið þátt í því og það getur kannski verið ein orsökin fyrir því að þeir vilja núna láta kjósa hlutfallskosningu sjö þingmenn í milliþinganefnd. **(Gripið fram í:** Hvað sagði hv. þm.?) Og ég verð að segja alveg eins og er, hv. þm., að það er alveg ljóst að hverjir sem yrðu kosnir í slíka milliþinganefnd hér á hv. Alþingi, hv. alþingismenn, mundu á fyrsta degi síns fundar verða að átta sig á því að þeir komast ekki hjá því að ræða við þá aðila í landinu sem þessi mál fyrst og fremst bitna á og fyrst og fremst eru hagsmunamál fyrir. Hvort sem við köllum þá sjómenn, útgerðarmenn eða aðra slíka þá eru það þeir aðilar sem þetta mál brennur á.

Það sem kom mér til að standa hér upp, og auðvitað getur maður talað langt mál um þetta ef maður byrjar á því á annað borð en ég ætla ekki að gera það undir þessari umræðu, er að ég verð að segja það alveg eins og er að ég skil ekki það sem kemur fram í þessari tiltölulega stóru grg. sem fylgir till. Að menn skuli ætla sér að bera það fram að það náist betri stjórnun í fiskveiðum á Íslandsmiðum miðað við þá staðreynd að fiskstofnar eru í lágmarki, og verða sjálfsagt miðað við

það magn sem úr þeim er tekið, og miðað við þær aðstæður sem eru á miðum, ef notuð er sóknaraðferð, sóknarstýring, til þess að veiða þennan nytjafisk. Það eigi að hleypa öllum flotanum á ákveðnum tíma í ákveðið magn. Hvað skeður þá? Einfaldlega það að tiltölulega fá skip á fáum stöðum koma til með að veiða helftina af þeim afla sem leyft verður að veiða. Hvað haldið þið að skip eins og stóru togararnir, frystitogararnir og stærstu togararnir, stærstu og fullkomnustu fiskiskipin sem við eigum undir annarri stærð, geti veitt ef þau hafa ótakmarkað magn, hvort sem það er einn mánuður, tveir mánuðir eða fimm mánuðir umfram aðra? Hvernig haldið þið að dreifingin verði á þessu?

Það er alveg ljóst að þetta er óframkvæmanlegt á þennan hátt. Og ég skil ekkert í mönnum sem meina það í raun og veru og ég veit að þeir meina það ekki því að ég er búinn að tala við nokkra af þessum flutningsmönnum hér og þeir hafa ekkert um þetta að segja. Þeir eru ekki fylgjandi því að taka upp sóknarstýringu í staðinn fyrir aflamark sem nú er. Og ég verð að segja það alveg eins og er að ég horfi með hryllingi á það tímabil sem kæmi upp ef þessi yrði staðreyndin. En ég tel að sóknarmarkið með þeirri stýringu sem hefur verið undanfarið hafi gert meira ógagn en menn hefur órað fyrir og gert meiri ójöfnuð milli svæðanna en menn hefur órað fyrir. Ég er því sannfærður um að þetta eitt sem er tekið fram í grg. er ekki sú aðferð sem við Íslendingar eigum að nota meðan við þurfum að stýra og takmarka aflann sem má sækja á miðin og meðan við þurfum að dreifa þessum afla sem mest um landið þar sem eru fiskiskip sem bera uppi hagsmuni byggðarinnar, þó að þau séu ekki afkastamikil eins og þessi nýjustu fiskiskip eru víða.

Þetta tel ég að sé grundvallarmisskilningur en segi það alveg eins og er að auðvitað þurfum við að endurskoða fiskveiðistefnuna og ná fram nauðsynlegum breytingum. Það er alveg ljóst að það verður að gera það og þegar við tölum um loðnuna og öll þau vandamál sem henni fylgja núna, þá verðum við að viðurkenna það um leið, og fiskifræðingarnir hafa frætt okkur á því, að fæða þorsksins á vissu þroskastigi er loðnan. Ef hún minnkar, þá minnkar þorskurinn. Það þekkjum við á þeim svæðum þar sem við höfum átt heima. Ég vil enda á því að ég tel að við eigum að treysta fiskifræðingunum og Alþingi á fyrst og fremst að hugsa um það að efla rannsóknir á fiskveiðum og fiskstofnum landsins. Það er aðalatriðið sem skortir mikið á í dag.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Það er nú orðnar miklar umræður um þessa tillögu sem hér er á dagskrá og er það ekkert undrunarefni, svo þýðingarmikið mál sem hér er um að ræða. Það er mjög ánægjulegt fyrir okkur flutningsmenn að meginhluti þeirra manna sem hér hafa látið í sér heyra eru sammála okkur í meginatriðum og vilja afnám kvótakerfisins. Frá þessu eru undantekningar að sjálfsögðu og á ég þá fyrst og fremst við hæstv. ráðherra sem mátti búast við að kæmi til varnar kvótakerfinu sem hann hefur átt mestan þátt í að móta og stjórna. Það kom líka stuðningur að mér skildist og greinilega frá tveim öðrum þingmönnum við þetta kerfi, þ.e. frá hv. síðasta ræðumanni sem hér var að ljúka máli sínu, hv. 1. þm. Vesturl. og frá hv. 4. þm. Reykn.

Hv. 1. þm. Vesturl. tjáði sig mjög undrandi yfir því að þessi tillaga væri fram komin og það undrar mig kannski ekki miðað við þau sjónarmið sem fram komu í ræðu hans. Mér fannst að það kæmi fram viss misskilningur hjá hv. þm. Ef ég hef fylgst rétt með, þá sýndist mér að t.d. hefði komið fram misskilningur eða ruglingur annars vegar á sóknarmarki og hins vegar á sóknarstýringu sem tillagan gerir ráð fyrir.

Hv. þm. sagði að það yrði að tala við útgerðarmenn og sjómenn. Hver hefur látið sér detta í hug að það yrði ekki talað við þessa menn? Auðvitað mun sú milliþinganefnd sem gert er ráð fyrir hafa samráð við sem flesta í sínu starfi, en það er grundvallarmunur á því að þingkjörin nefnd hafi forustu í þessu endurskoðunarstarfi, endurskoðun á fiskveiðistefnunni, eða það sé undir forustu hagsmunaaðila.

Hv. 1. þm. Vesturl. talaði sem svo að það væri ekki hægt að fá fullkomnari og betri stjórn á fiskveiðunum heldur en nú væri. Þetta er náttúrlega meira en ofmælt og ég skal nú ekki eyða tíma mínum í að ræða frekar um það því að öll mín ræða og ræður okkar sem erum á móti núverandi kerfi hafa fjallað um það að sýna fram á hvernig núverandi kerfi er óhæft og það er ekki um annað að gera heldur en að leysa það af hólmi.

Hv. 4. þm. Reykn. talaði mjög á móti þessari tillögu og kom nú fram þar ýmis misskilningur hjá honum og mér fannst nú að það kastaði tólfunum sumt af því sem hann sagði, t.d. þegar hann sagðist undrandi á þeim markmiðum sem sett væru fram í þessari tillögu. Þetta eru svo stór orð að mér þykir rétt, með leyfi hæstv. forseta, að fara yfir hvað segir um þetta í tillögunni. Það segir:

„Skal endurskoðunin hafa að markmiði að komið verði á þeirri skipan sem tryggir verndun fiskstofnanna og miðast við að atgervi þeirra sem sjóinn stunda fái að njóta sín og sjávarútvegurinn geti lagað sig sem frjáls atvinnuvegur að landsháttum, fiskimiðum og hagsmunum byggðarlaga svo að gefi sem bestan rekstrargrundvöll til að ná hámarksafrakstri af auðlindum hafsins."

Ég verð að segja það að ég skil ekki að menn þurfi að undrast slík markmið sem þessi. Ég held að svona ummæli séu byggð á misskilningi og það eru ýmis ummæli sem hér hafa komið fram og átt að vera til stuðnings kvótakerfinu sem mér sýnast vera byggð á álíka miklum misskilningi og þessi ummæli.

Hv. 7. þm. Norðurl. e. er á móti kvótakerfinu eins og það er núna og er þess vegna sammála okkur flm. að því leyti. En ég minnist á ræðu þessa hv. þm. einungis vegna þess að það kom greinilega fram alger misskilningur hjá henni. Hún ruglaði saman sóknarmarki og sóknarstýringu og fann þessu frv. til foráttu að það væri að taka upp skipan sem fylgdu þeir ókost-

ir sem sóknarmarkinu höfðu fylgt. Þetta er að sjálfsögðu á misskilningi byggt.

Skal ég þá víkja að því sem er mest bitastætt af því sem hefur verið sagt hér á móti þessari tillögu og það er það sem hæstv. sjútvrh. sagði. Hann lýsti mikilli undrun yfir tillögu þessari, enda sagði hann að hún væri dæmalaus og svo dæmalaus að honum þótti rétt að taka fram að þingmenn hefðu þó heimild til þess að flytja þessa tillögu. Gott er að vita það að hæstv. ráðherra er þó á þeirri skoðun.

En hann hneykslaðist nokkuð á nokkrum atriðum. Fyrst kom hann að því að hann sagði að það þyrfti ekki að bera fram tillögu um endurskoðun á fiskveiðistefnunni vegna þess að í núgildandi lögum væri ákvæði um endurskoðun þeirra laga. Það er rétt. Það er ákvæði um endurskoðun þeirra laga. En hvað felst í því ákvæði? Það felst í því ákvæði að lögin verði endurskoðuð til þess að kvótakerfið geti verið betur framkvæmt. Ég hef skilið að það væri skoðun hæstv. ráðherra. En ég er á allt annarri skoðun og við sem flytjum þessa tillögu. Við erum ekki að tala um að lappa upp á það kerfi sem núna er. Við erum að tala um að endurskoða fiskveiðistefnuna í heild með tilliti til þess að mótuð verði ný stefna þar sem kvótakerfið verði aflagt.

Hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um að það væri svo með kvótakerfið og þá skipun sem núna er að hún byggðist á almennum reglum. Hann talaði svo sem það *væri einhver misskilningur hjá mér og okkur flutningsmönnum* í þessu efni þegar við segjum að kvótakerfið sé einstaklingsbundin stjórnun. Það sem um er að ræða er það og það á ekki að valda neinum misskilningi. Við getum talað um staðreyndir án þess að deila um þær. Og það sem við erum að tala um þegar við tölum um einstaklingsbundna stjórnun en ekki almenna stjórnun er það að það er ákveðið aflamark á hvert skip. Auðvitað eru ýmsar reglur um framkvæmd kvótakerfisins sem má kalla almennar reglur, en það er annað mál.

Hæstv. ráðherra vitnaði í nokkur orð í grg. þar sem var talað um að þeir sem ekki stæðust samkeppnina mundu falla fyrir borð og hann spurði: Hvað verður þá um landsbyggðina? En ég segi: Við þurfum ekki að spyrja að því hvað verður. Hvað er núna um landsbyggðina? Hvernig fer kvótakerfið núna í dag með landsbyggðina? Það sem við erum að ræða um er að koma á skipan sem felur í sér að landsbyggðin fái að njóta sín og það verði ekki farið með hana eins og farið er með hana í dag. Það er engin tilviljun hvernig verstöðvarnar hafa byggst upp víðs vegar í kringum landið. Hvers vegna hafa þær byggst upp á þessum stöðum og orðið til? Það er vegna þess að þar hefur verið hagstæðust aðstaða til sjósóknar og þar hefur fólkið viljað lifa og starfa við sjó og fiskvinnslu. Og þessir staðir hafa vaxið og þeir hafa dafnað og hver kynslóðin tekið við af annarri á þessum stöðum. En kvótakerfið sker á þessa þróun. Nú á aðstaða þessara byggðarlaga ekki að fá að njóta sín þannig að þau geti haldið áfram að vaxa og dafna og fólkið geti haldið áfram að una glatt við sitt á þessum stöðum. Þetta er einn meginókostur kvótakerfisins og inn á þetta kom ég í minni frumræðu.

Það má ekki, eins og hæstv. ráðherra gerir, snúa þessu við. Við flutningsmenn viljum aðra skipan en kvótakerfið er. Við viljum styðja að hagsmunum hinna ýmsu byggðarlaga úti á landi sem hafa besta aðstöðu til sjósóknar, en það er meira en að styðja að þessum byggðarlögum því að með því leggjum við grundvöllinn að því að sjávarútvegurinn geti verið rekinn þannig að hann skili sem mestum arði í þjóðarbúið.

Hæstv. ráðherra taldi sig þurfa að leiðrétta töflur sem fylgja grg. Það var þá fyrst taflan um yfirlit um veiði helstu botnfisktegunda. Og hann vék að því sem þar greinir árið 1984 um veiði þorsks samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og einnig 1985. Hann talaði eins og hann væri eitthvað að leiðrétta í þessu efni. Hæstv. ráðherra var ekki að leiðrétta nokkurn skapaðan hlut því að það sem hann var að segja er getið um í töflunni og vitnað á þessa staði um að það hafi orðið viðbót við það sem stjórnvöld ákváðu um veiði þorsks á þessum árum. Svo tekur ráðherrann fleiri ár og segir að í einhverri reglugerð sé tekið fram að það megi hækka þetta hámark eða takmark. Jú, en hæstv. ráðherra hefur gert þetta þó að engin reglugerð hafi verið til sem hann hefur vitnað til í sambandi við árin 1984 og 1985. Þessar upplýsingar koma frá Fiskifélagi Íslands.

Þá er hann að gera tortryggilegar upplýsingar sem koma frá Siglingamálastofnun ríkisins. Ég skal nú ekki vera að elta ólar við það. Mér skildist helst að þarna væri um að ræða 10 eða 20 skip sem væru hætt veiðum. En hæstv. ráðherra er að gera þessar töflur tortryggilegar. Ég mótmæli að það sé gert vegna þess að þessar skýrslur eru gefnar af aðilum sem eru ábyggilegir og við höfum ekki traustari heimildir heldur en koma fram frá Fiskifélagi Íslands og Siglingamálastofnun um þetta efni. En þó að það *væru nú einhver* smáfrávik frá þessu, og hæstv. ráðherra telur sig geta fundið slíkt, þá er þarna ekki um að ræða nokkurn hlut sem nokkru minnstu breytir um aðalatriðin sem þessar skýrslur bera með sér. Það er það að eftir að kvótakerfið kom fram, þá hefur verið staðið verr að því að vernda fiskistofnana og staðið verr að því að minnka fiskiskipastólinn en var áður en kvótakerfið kom til. Einmitt þetta er grundvallarástæðan fyrir því og næg ástæða fyrir utan alla aðra galla kvótakerfisins að við eigum að hverfa frá því.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. 1. flm. þessarar þáltill., þá hefur ekki verið mikið um það að hv. þm. gagnrýndu þessa tillögu okkar nema þá á nokkuð óljósan hátt og með fullyrðingum. Því miður hefur það verið á þann veg.

Hv. 4. þm. Reykn. lét þau orð falla að það lægi jafnvel í okkar tillögu að með því að hún yrði samþykkt, þá mundu sjómenn og verkafólk ekki fá að koma að umræðum um skipulagningu og uppbyggingu nýs kerfis. Ég hélt að hv. þm. vissi það manna best eftir langa

þingreynslu að þingnefndir eru ekki síður duglegar við það að kalla til sín hagsmunaaðila til umræðu um málið heldur en nefndir sem skipaðar eru og vinna á vegum ráðuneytisins og jafnvel svo að þá er verið að leita að skoðunum þessara manna en ekki, eins og við höfum haft á tilfinningunni sem höfum verið að vinna í þessum nefndum á vegum ráðuneyta, að ákveðnir hagsmunaaðilar réðu þar ferðinni en ekki þingmenn og jafnvel ekki ráðuneytismenn, heldur væru það hagsmunaaðilar sem réðu ferðinni í undirbúningi að gerð frv.

Og svo hitt, að með því að koma á sóknarstýringu, sem lagt er til í þessari tillögu í staðinn fyrir aflamarkssókn, þá muni öllum skipaflotanum okkar vera sigað á miðin. Þetta eru náttúrlega fullyrðingar sem eiga hvergi við eitt eða neitt að styðjast. Ef við tökum þann flota sem við eigum núna, þá er nú því miður ástandið orðið þannig, eins og ég vænti að flestum þingmönnum sé kunnugt um, að á síðasta ári, árinu 1990, tókst sumum hverjum alls ekki að ná sínum kvóta. Aflamöguleikinn var ekki meiri, t.d. á þorskveiðum, þó þeir væru alltaf að. Sumir hverjir togarar og bátar sem slepptu varla úr degi náðu ekki sínum kvóta. Því miður er ástandið orðið þannig á þessum veiðistofnum okkar að það hefur ekki tekist að ná þeim litla kvóta sem við höfum til skipta. Það mundi ekkert breytast nema síður sé en það mundi gerast á annan veg með sóknarstýringu. Það liggur allt annað þar bak við. Það eru minni líkur fyrir því að sóknin yrði eins stíf í fiskstofnana með þeirri stýringu en með því aflamarkskerfi sem við búum við.

Hv. 1. þm. Vesturl. og 7. þm. Norðurl. e. nefndu hér svipaðar fullyrðingar. Hv. 7. þm. Norðurl. e. lét þau orð falla að undir sóknarmarki, undir skrapdagakerfinu, hefði smáfiskur aldrei veiðst jafnmikið. Þetta voru því miður fullyrðingar sem ekki standast og einnig fullyrðingar hv. þm. um það að flotinn hefði á þessum árum stækkað eitthvað óeðlilega. Það var ekki. Einmitt á þessum árum tókst að takmarka veiðisóknina og halda henni innan þeirra marka sem ráðuneytið ákvað. Jafnvel árin 1982 og 1983 mun ekki hafa náðst það aflamark sem talið var að mætti veiða eða ráðuneytið gaf heimild til þess að veiða. En á aflamarkskerfinu, sem átti nú að tryggja það að öllu væri haldið innan ákveðinna marka og stjórnin væri örugg, var svo mikil teygja, eins og hv. 4. þm. Vestf. hefur bent á og kemur fram í skýrslum með tillögunni, að það var aldrei vitað hvað þetta kerfi gæfi mikla möguleika á aflasókn í t.d. þorskstofninn. Og teygjan var óeðlilega mikil, bæði, eins og hæstv. sjútvrh. nefndi, vegna aukningar afla hjá smábátum, vegna sóknarmarksins og vegna ýmissa annarra þátta. Ég held að öll árin hafi verið teygja sem ekki varð ráðið við og menn gerðu sér ekki grein fyrir. Jafnvel þó það væri nefnt í reglugerð að þessi teygja gæti átt sér stað, þá var hún kannski ekki innan þeirra marka, og alls ekki fyrstu árin, að menn gerðu sér grein fyrir því hvað hún var mikil, þannig að aflamarkskerfið hefur reynst verr heldur en skrapdagakerfið. Sóknarstýringin er hagkvæmari gagnvart því að halda utan um sóknina í veiðistofnana heldur en aflamarkskerfið hefur reynst til þessa. Að blanda síðan saman sóknarmarkinu sem var við hliðina á aflamarkinu er svo allt annað mál. Ég get viðurkennt að það gekk bara ekkert upp að vera með tvö kerfi hlið við hlið. En það er allt annað að byggja upp þessi kerfi hvort út af fyrir sig. Og það er það sem við erum að leggja til með okkar tillögum, að það verði tekin allsherjar sóknarmarksstýring. Hún reyndist vel og við þurfum ekki að kvarta undan því að við séum að hverfa til fortíðar. Við hljótum að gera það í hvert skipti sem við vitum að fortíðin gefur betri mynd og hefur gefið okkur betri reynslu en það sem við erum að gera í nútíðinni. Þá eigum við að hverfa aftur til þeirra ráða sem við notuðum og reyndust okkur vel. Það er langt frá því að nokkur niðurlæging sé í því eða að þar sé verið að snúa á rangan veg.

Hv. 1. þm. Vesturl. nefndi svipaða hluti og þessa, að við stæðum frammi fyrir því að hætta væri á að dreifing í sókninni yrði vafasöm og annað eftir því og nú, miðað við það að fiskstofnarnir væru í lágmarki, væri hættulegt að setja þetta kerfi á. Því miður eru fiskstofnarnir í lágmarki núna eftir sex ára aflamark. Væri nú ekki reynandi að setja sóknarstýringu á og vita hvort það mundi ekki breytast og við hefðum möguleika til að byggja okkar stofna upp? Við teljum það sem flytjum þessa tillögu.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði að breið samstaða hefði náðst í sambandi við undirbúning — ég skildi það svo sem undirbúning þeirra laga sem við búum við núna. Því miður var þetta ekki þannig, við vitum það öll. Það er einn og einn þingmaður sem er að reyna að halda því fram sýknt og heilagt að samstaða hafi náðst. Flestallir aðilar sem komu að undirbúningi frv. skiluðu séráliti í lokin, eftir miklar umræður, séráliti um grundvallaratriði sem þeir eru reyndar að nefna aftur af og til eins og t.d. Sjómannasambandið hefur verið að nefna í sambandi við þær hugmyndir sjútvrh. um kvóta til loðnuskipa, það að takmarka framsalsrétt. Slík var samstaðan. Það má koma með mörg dæmi. Því miður hefur ekki verið samstaða, og sú litla samstaða sem jafnvel hefur staðið um aflamarkskerfið fer minnkandi dag frá degi.

Ég tel að sú umræða sem hér hefur átt sér stað í dag, flutningur þessarar tillögu, og tilfinningin fyrir því hvernig umræða er úti um landið meðal fólksins sem tengist sjávarútvegi, bendi til þess að okkar tillaga hafi verið tímabær og það sé nauðsynlegt að samþykkja tillögu sem þessa og að farið verði í það á vegum Alþingis að undirbúa nýja fiskveiðistefnu sem byggist á þeim grundvallaratriðum sem nefnd eru í þessari tillögu. Það verði horfið frá aflamarkinu og leitað svipaðra leiða og við notuðum áður en aflamarkið var tekið upp. Það hefur verið nefnt frekar ljótu nafni, skrapdagakerfi, en það kerfi þarf að lagfæra. Það er hlutverk þeirrar nefndar sem hér er lagt til að kjörin verði að koma með nýtt kerfi sem verður farsælla heldur en það kerfi sem við höfum búið við síðustu fjögur ár.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur atriði sem hér hafa

komið fram. Það var gagnrýnt, eftir því sem mér skildist á nokkrum þingmönnum, að ég skyldi leyfa mér að segja að greinargerðin væri dæmalaus. Það sagði ég. Ég hef ekki sagt það nokkurn tíma að einstakir þingmenn séu dæmalausir og dytti það aldrei í hug. En greinargerðin er dæmalaus. Ég ætla að lesa nokkur orð upp til að útskýra hvað ég á við þegar ég segi að hún sé dæmalaus:

„Á þessari skipan byggist sú forsjá hafta og miðstýringar sem kvótakerfið er. ... Arðsemissjónarmiðum er kastað fyrir borð. ... Meðalmennskan er færð til vegs og virðingar. Skriffinnskan, smámunasemin, hnýsnin, eftirlitið og gæslan er svo snuðrandi við hvert fótmál. En húsum ríður spillingin lipur og lævís, þessi sígildi fylgifiskur hafta og ofstjórnar í hvaða formi sem er."

Svo kemur hér að þetta séu fjörráð við einstakar byggðir. „Afleiðingin blasir við í skelfilegri byggðaröskun. ... Það stefnir nú í fullkomið öngþveiti og ráðleysi. ... Það verður að stöðva vitleysuna", og niðurstaðan er, eins og ég les þessa upptalningu alla, sem ég tel dæmalausa og í reynd ekki hv. þm. og fyrrv. forseta þingsins sæmandi, „að taka upp frjálsa samkeppni svo að markaðsöflin fái að njóta sín í aðalatvinnuvegi landsmanna." Og þessi frjálsa samkeppni á að koma fram í sóknarstýringu þar sem þeir sem ekki kunna til verka, eins og kemur hér fram, falli fyrir borð. Þetta tel ég dæmalausan málflutning, og ég kveð nú sterkara að orði en það, og dæmalausa greinargerð.

Ég spurði: Hvað verður um landsbyggðina? Og hv. 1. flm. spurði á móti: Ja, hvernig er með landsbyggðina í dag? Ég veit að þar eru margvísleg vandamál. Þau stafa ekki eingöngu af vandamálum í sjávarútvegi og ég vil minna hv. þm. á að það fer fram þróttmikil atvinnustarfsemi í sjávarútvegi um allt land. En þar steðja að önnur vandamál, m.a. samdráttur í landbúnaði. Fólk gerir aðrar kröfur en áður að vera þar eingöngu sem er hagstæðast til sjósóknar við önnur skilyrði og ófullkomnari fiskiskip. Það vill meiri þjónustu, það vill meiri félagsskap og það vill nútímalegra líf. Þetta er líka vandi landsbyggðarinnar og byggðarinnar í landinu. Hins vegar er það svo að verulegur fjöldi fiskiskipa hefur verið seldur á milli staða og það er einkum út á landsbyggðina sem þau hafa farið. En að leyfa sér að halda því fram, eins og oft er gert í umræðum, að vandi landsbyggðarinnar stafi af því að hér hafi verið tekið upp kvótakerfi er hrein rangfærsla. Ég tel að ef það hefði ekki verið gert hefði staðið mun verr á víðast hvar í landinu. Við skulum heldur ekki gleyma því að nýting þessarar auðlindar varðar ekki bara byggð á einstökum stöðum í landinu heldur í landinu öllu. Og að ætla sér að fara að stýra því með sóknarstýringu, vitandi það að aflabrögð eru mismunandi við landið, stundum eru þau góð við Reykjanes, stundum á Breiðafirði, stundum við Vestfirði, stundum við Austurland, og láta það síðan ráðast hvernig mönnum gengur og hinir geti bara fallið fyrir borð og taka upp lögmál samkeppninnar, þetta fína lögmál, þá verði allt saman í góðu lagi í okkar landi. Það er nú ekki svo. En auðvitað eru ýmis vandamál á ferðinni og allt er þetta gallað og það stafar af því að við skulum þurfa að takmarka sóknina.

Ég ætla ekki að fara um þetta mikið fleiri orðum en ég endurtek það að ég tel þessa töflu hér vera villandi vegna þess að við höfum alltaf gert okkur grein fyrir því, vegna ákvæðanna að því er varðar sóknarmarkið, vegna línuafla að hálfu, vegna smábátanna, þá mundu tölurnar verða hærri og það hefur verið tekið fram að því er varðar nokkur árin hver er sú áætlun. Að vísu er það alveg rétt að hún hefur heldur ekki alveg staðist vegna þess að við höfum ekki komið algerum böndum þar á. Meðan þetta er kynnt með þessum hætti og við vissum að það yrði öðruvísi, þá er sá samanburður villandi, hver svo sem hefur tekið hann saman og í hvaða tilgangi sem hann er settur fram. Það sama á við um yfirlitið um fiskiskipaflota Íslendinga, fyrst og fremst vegna þess að hér á sér stað allt önnur flokkun á fiskiskipum en er í kvótakerfinu. Þetta leiðrétti ég við hv. þm. hér í umræðum á Alþingi fyrir um það bil ári síðan og það kemur mjög skýrt fram í svari til hv. þm. Skúla Alexanderssonar. Ég undrast það að hann skuli ekki vilja taka þessar athugasemdir til greina ef hann vill fyrst og fremst hafa staðreyndir málsins á borðinu. Þetta eru villandi upplýsingar, a.m.k. miðað við framsetningu málsins.

Það er alveg rétt að flotinn hefur stækkað af ýmsum ástæðum. Það eru gerðar meiri kröfur til aðbúnaðar við menn og það er af hinu góða. Það eru gerðar meiri kröfur að því er varðar meðferð á afla. En staðreyndin er nú samt sú að ef litið er á virðismat fiskiskipa og heildartekjur þeirra eru skoðaðar á föstu verðlagi sl. 17 ár þá kemur í ljós að allt fram til ársins 1984 fylgdist virðismat fiskiskipanna og heildaraflatekjur þeirra að. Eftir 1984 hafa aflatekjur sífellt vaxið umfram virðismat fiskiskipa og eru nú um 34% meiri á fjármagnseiningu en þær voru 1984. Að vísu eru á þessu ýmsar skýringar og mér kemur ekki til hugar að segja að það sé bara vegna þess að hér hafi verið tekið upp kvótakerfi. En það er búið að koma á því kerfi sem hefur stöðvað aukningu flotans með því nú að ná böndum á smábátana. Það var meginmál. Nú hefur það verið gert og engum dettur í hug að ráðast í það nú að láta byggja nýtt fiskiskip. Menn eru að hagræða í þeim stóra flota sem við eigum, sem er góður floti og það er mikil eign í þeim flota. Ég vil ekki að hann verði brenndur eins og ýmsir vilja kannski gera. Það mun taka alllangan tíma að hagræða í þessum flota en við þurfum ekkert á því að halda að byggja hér eitt einasta nýtt fiskiskip á næstu árum. Ég ætla ekki að nefna árafjöldann en a.m.k. á næstu fimm árum þurfum við ekki á því að halda að byggja upp einasta nýtt fiskiskip.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Síðari ræða hæstv. ráðherra gefur tilefni til þess að ég svaraði henni ítarlega en ég hef ekki tíma til þess. Hæstv. ráðherra kom inn á byggðarlögin með tilliti til kvótakerfisins og ég var búinn að nefna það. Hæstv. ráðherra snýr því sem viðkemur

byggðunum algerlega við í þessum umræðum. Það sem við erum að leggja til er að bæta stöðu hinna einstöku byggðarlaga en ekki öfugt.

Ég mótmæli því að ráðherra skuli ítrekað gera töflur Fiskifélags Íslands og Siglingamálastofnunar ríkisins tortryggilegar í þessum umræðum. Ég hef svarað því áður og ég endurtek að sá tittlingaskítur sem hann telur sig geta fundið út máli sínu til stuðnings breytir ekki neinu um það sem er aðalatriðið í þessu efni, þ.e. að kvótakerfið hefur sýnt algert haldleysi sitt í því að vernda fiskstofnana og ná hámarksafrakstri þeirra.

Hæstv. ráðherra fór að lokum orðum um dæmalausa greinargerð. Ég vil aðeins segja hæstv. ráðherra að það er ekki hægt að skýra frá öllu sem vert væri í einni greinargerð. Ef það hefði verið gert, þá hefði þessi greinargerð orðið enn þá dæmalausari í augum hæstv. ráðherra en hún er í því formi sem hún er nú. Það er vegna þess að það sem verið er að lýsa, kvótakerfið, er algerlega dæmalaust í sjálfu sér þannig að lýsing, ef hún á að vera sönn, hlýtur að vera dæmalaus á því sem er dæmalaust.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram nokkrar fullyrðingar í sambandi við stöðu landsbyggðarinnar og þess kvótakerfis sem við búum við. Ég hef látið orð falla á þann veg að það kerfi væri óhagstætt fyrir landsbyggðina. Hæstv. sjútvrh. vildi ekki beinlínis taka undir það og taldi jafnvel að það kerfi sem við erum að leggja til í þessari þáltill. fæli í sér kannski meiri hættu.

Ég kem hér upp fyrst og fremst til þess að benda á eitt atriði sem hefur komið fram sérstaklega núna eftir áramótin. Það er veðhæfni sjávarútvegsfyrirtækja með því að búa við þessa fiskveiðistjórn eða þessa úthlutun aflamarks sem við búum við. Bankarnir eru að tilkynna núna að skipin okkar séu ekki lengur veðhæf vegna þess að ekki sé hægt að tengja veiðiheimildina við skipin. Skip sem er veiðiheimildalaust er næstum verðlaust.

Okkur er líka sagt að fiskvinnsluhúsin séu að verða verðlaus til veðs vegna þess að vitaskuld fylgir enginn kvóti fiskvinnslustöðvunum. Til þess að einhver eign úti um landið sé hæf til veðsetningar fyrir fjármálastofnanir verður einhvern veginn að tengja veiðiheimildirnar við hana. Við höfum verið að benda á að fyrir hendi sé sá möguleiki að kaupa upp eða fjarlægja veiðiheimildir heilla byggðarlaga. Þetta kerfi sem við búum við byggist fyrst og fremst á því. Það kerfi sem við erum að leggja til byggist fyrst og fremst á hæfni og möguleikum hverrar byggðar til þess að sækja afla í sjóinn við breytileg skilyrði. Eru það ekki þau skilyrði sem Íslendingar hafa búið við?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða fangelsismála, fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 309. mál. — Þskj. 553.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 553 um heildarúttekt á stöðu fangelsismála og æskilega framtíðarskipan þeirra. Flm. ásamt mér eru hv. þingkonur Kvennalistans Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Sigrún Helgadóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sjö manna nefnd sérfróðra aðila er hafi það verkefni að gera heildarúttekt á fangelsismálum og leggja fram tillögur um æskilega framtíðarskipan þeirra."

Segja má að hin síðari ár hafi fangelsismál oft verið í brennidepli og hefur umræðan einkum beinst að því sem aflaga hefur farið í aðbúnaði og húsakosti fangelsanna. Ýmsar mikilvægar umbætur hafa orðið á seinni árum. Má sem dæmi nefna þá þjónustu sem Fangelsismálastofnun ríkisins veitir og skólastarf í tengslum við fangelsið á Litla-Hrauni. Helsta nýjungin á sviði fangelsismála er stofnun Fangelsismálastofnunar en hún var stofnuð með lögum 1988. Með því að fela sérstakri stofnun yfirstjórn fangelsismála varð að mínu mati jákvæð þróun og umbætur í fangelsismálum ættu að geta orðið markvissari. Það sama gildir auðvitað um þjónustuna við fanga sem ég minntist á áðan. Einnig má segja að með stofnun Fangelsismálastofnunar hafi komist á skynsamlegri verkaskipting á sviði dómsmálanna þar sem Fangelsismálastofnun er samkvæmt lögunum falið að sjá um þau mál sem daglega koma upp og varða afplánun, refsingu og stofnanarekstur í því sambandi, en dómsmrn. getur þá einbeitt sér að því að sinna skipulagsmálum og þróun réttarreglna á sviði fangelsismálanna. Hins vegar má segja að það skorti nokkuð á að heildarstefna sé í þessum málaflokki og stjórnvöld hafa haft tilhneigingu til þess að vanrækja hann allt of lengi.

Það hlýtur alltaf að vera neyðarúrræði að svipta fólk frelsi sínu og dæma til fangelsisvistar. Markmiðið með fangelsisvistinni hlýtur að vera að gefa fólki tækifæri til að bæta sig. Því er mjög mikilvægt að heildarstefna sé til í fangelsismálum þjóðarinnar sem hafi það að markmiði að góður aðbúnaður sé í fangelsunum og umhverfið uppbyggilegt þannig að föngum sé gefið raunverulegt tækifæri til að bæta sig.

20. apríl 1982 var samþykkt þáltill. hér á hinu háa Alþingi þar sem kom fram vilji Alþingis til þess að skipuð yrði sjö manna nefnd sem skyldi hafa eftirtalin verkefni:

1. Að kanna stöðu fangelsismála.
2. Að leggja fram tillögur um brýnar úrbætur.
3. Að gera áætlun um æskilega framtíðarskipan fangelsismála.

Nefndin lauk störfum sínum í upphafi árs 1987 og má segja að þau lög sem tóku gildi 1988 með stofnun Fangelsismálastofnunar séu afrakstur þessa nefndarstarfs. Eins og fram kemur í skýrslu Fangelsismála-

stofnunar eru verkefni hennar ærin og viðamikil og má segja að á hverjum tíma séu skjólstæðingar stofnunarinnar milli 700 og 800. Ég ætla, með leyfi forseta, að fá að lesa hér upphafsorð úr ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 1989, en þar segir:

„Í umræðu um fangelsismál á opinberum vettvangi hefur þeirri alhæfingu verið haldið á lofti að þau séu alfarið í ólestri. Undir það verður ekki tekið hér en hins vegar er ástand ýmissa þátta húsnæðismála fangelsanna, aðbúnaður fanga og meðferð geðsjúkra afbrotamanna með þeim hætti að óviðunandi er. Öll tök eru á að leysa vandann. Til þess þarf vilja og fjármagn. Ljúka verður verki nefndar Alþingis frá árinu 1982 um heildarúttekt á stöðu fangelsismála, tillögur um brýnar úrbætur í þeim efnum og áætlun um æskilega framtíðarskipan fangelsismála á Íslandi. Það er löngu tímabært að móta heildstæða fangelsismálastefnu þar sem markmið og leiðir eru sett fram. Það er ekki verjandi að ýta þessum málaflokki ætíð aftast í röðina.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu eru verkefni Fangelsismálastofnunar víðtæk og fjöldi skjólstæðinga mikill. Stofnunin þarf í raun að hafa einhver afskipti af einum af hverjum 200 Íslendingum á aldrinum 15–64 ára. Starfsmenn stofnunarinnar eru því miður allt of fáir og fjárveitingar til hennar of naumt skammtaðar.

Megintilgangur Alþingis með Fangelsismálastofnun var að samræma og efla faglega starfsemi á sviði fangelsismála. Þrátt fyrir það voru einungis heimiluð átta stöðugildi þegar stofnunin tók til starfa, en það er í raun sami fjöldi starfsmanna og áður starfaði á þessu sviði. Þess hefur margítrekað verið farið á leit að starfsmannafjöldi Fangelsismálastofnunar verði aukinn en án árangurs.“ — Lýkur þar með tilvitnun minni í formála ársskýrslunnar sem rituð er af forstjóra hennar, Haraldi Johannessen.

Þrátt fyrir tilvist Fangelsismálastofnunarinnar er enn mikið verk óunnið á sviði fangelsismála og undirstrika þau orð sem ég hef lesið hér rétt í þessu einmitt að nauðsynlegt er að vinna áfram það verk sem nefndinni var ætlað sem skipuð var 1982. En eins og ég gat um áðan gerði nefndin tillögur um lagabreytingar og þau lög öðluðust gildi 1988 og þar var helsta nýmælið stofnun sérstakrar fangelsismálastofnunar.

Nú á þessu þingi hefur verið lagt fram eitt frumvarp af hæstv. dómsmrh. um fangelsi og fangavist. Fjallar það um agabrot fanga og er til meðferðar í hv. Ed. og á borðum hv. þm. liggur í dag frumvarp þar sem lagt er til að í ákveðnum tilvikum verði unnt að dæma þá sem brotið hafa af sér til þjónustu í þágu samfélagsins í stað þess að setjast í fangelsi. Bæði þessi mál eru mjög til bóta — fyrra frumvarpið sem ég nefndi er í raun sjálfsagt og kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh. í Ed. að í raun hefði með ákveðnum agaviðurlögum verið um brot að ræða á Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins og það frumvarp sem liggur á borðum okkar í dag um samfélagslega þjónustu kemur auðvitað mjög til móts við ný viðhorf varðandi refsingu, en þau hegningarlög sem nú eru í gildi eru að stofni til frá 1940 og því eflaust mikil þörf á að skoða ýmislegt fleira í þeim.

Ég vil benda á að á þessu kjörtímabili, í fyrra, bar fyrrv. þingkona Kvennalistans, Guðrún Agnarsdóttir, einmitt fram fyrirspurn um fyrirætlanir hæstv. dómsmrh. varðandi samfélagslega þjónustu. Það er mjög mikilvægt að farnar séu fleiri en ein leið til þess að endurhæfa fólk, ef svo má segja, því að ég held að það sé betra að nota orðið endurhæfing heldur en refsing þegar við tölum um fangelsun og það er auðvitað það sem ætti að vera markmiðið með því að setja fram ákveðna og heildstæða stefnu í fangelsismálum. Við verðum að gera upp við okkur hvaða markmiðum við ætlum að ná með refsingum og með því að svipta fólk frelsi sínu.

Eins og ég gat um þegar í upphafi máls míns hefur fangelsismál oftlega borið á góma og nú síðast í einu dagblaðanna tvær helgar í röð og ætla ég að fá að vitna aðeins í viðtal við forstöðumann fangelsisins á Litla-Hrauni, Gústaf Lilliendal, undir yfirskriftinni: „Fangelsismálin þarf að hugsa upp á nýtt.“ Hann segir m.a. í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Það er allt of mikið um það að hingað komi sömu mennirnir til afplánunar aftur og aftur. Ég reikna með að um sex af hverjum tíu sem sitja hér inni hafi verið hér áður. Mér þykir einsýnt af þessu að refðbundin fangelsun bætir ekki menn eins og hún ætti að gera. Það hljóta að vera til aðrar leiðir sem eru sársaukaminni fyrir alla aðila og um leið árangursríkari, segir Gústaf Lilliendal, forstjóri fangelsisins á Litla-Hrauni. Fangelsið hefur verið fullnýtt undanfarin tvö ár. Að jafnaði sitja hér inni 55 manns. Þörfin er einfaldlega svo mikil að hér er hvert rúm skipað og við höfum orðið að setja menn í klefa sem að öllu jöfnu geta ekki talist mannabústaðir. Þeir klefar sem þannig er ástatt um eru til allrar hamingju miklu færri, en það er engu að síður rétt að það er ekki forsvaranlegt að geyma í þeim menn, segir Gústaf. Hann fer ekki í neinar grafgötur með það að aðbúnaður fanga, sem og starfsaðstaða fangavarða, er ekki upp á marga fiska á Hrauninu. Því miður eru ekki nein teikn á lofti um að úr rætist á næstu árum. Gústaf segir að til skamms tíma hafi ekki verið nein deildaskipting á Litla-Hrauni. Við erum að gera smátilraunir með deildaskiptingu í húsnæði sem upphaflega var byggt sem einangrunardeild. Fangarnir þurfa að sækja um og að komast undir ákveðna skilmála til að komast á þessa deild. Þeir sem þar eru njóta heldur meiri friðinda og betri aðbúnaðar en aðrir fangar, segir Gústaf.“

Þetta er brot úr þessu viðtali, sem haft var við hann og reyndar fleiri sem tengjast fangelsismálunum, í Þjóðviljanum föstudaginn 18. jan. sl. Eins og hann segir þarna réttilega þarf að hugsa fangelsismálin upp á nýtt. Það er auðvitað mjög viðkvæmt mál að svipta menn frelsi sínu og hlýtur alltaf að vera örþrifaráð og það er mikilvægt að um raunverulega endurhæfingu sé að ræða. Til þess að svo megi verða þarf auðvitað að gera áætlun um uppbyggingu og starfsvettvang fangelsanna. Það er t.d. hægt með því að skipta þeim í deildir og eins og fram hefur komið er sérstakt áhyggjuefni nú um stundir hvernig fara skal með geðsjúka afbrotamenn, en aðstaða til að veita þeim nauð-

synlega þjónustu hefur verið mjög bágborin. Hins kemur kemur fram í viðtali við forstjóra Fangelsismálastofnunar, Harald Johannessen, í Þjóðviljanum laugardaginn 26. des. að að undanförnu hefur nefnd verið að störfum til þess að kanna hvernig leysa má þau mál. En þeir þættir sem ég hef nefnt hér, þ.e. samfélagslega þjónustan og meðferð geðsjúkra fanga, er auðvitað aðeins hluti af þeirri heildarstefnu sem móta þarf. Með leyfi forseta ætla ég að fá að vitna aðeins örstutt í forstjóra Fangelsismálastofnunar hér í Þjóðviljanum, en þar segir hann:

„Ég hef haldið því fram að ákveðnir þættir fangelsismála séu ekki með þeim hætti að viðunandi geti talist. Þá hef ég aðallega verið að tala um málefni geðsjúkra afbrotamanna og húsnæðismálin. Varðandi fyrra atriðið hefur ýmislegt gerst á undanförnum missirum.

Fyrir liggur áfangaskýrsla nefndar sem sett var á laggirnar í maí sl. til að gera tillögur um með hvaða hætti geðsjúkir afbrotamenn skyldu vistaðir. Nefndin setti fram ákveðna tillögu til stjórnvalda um það hvernig ætti að leysa þennan þátt fangelsismálanna og reyndar dómsmálanna líka.

Í framhaldi af skýrslu nefndarinnar voru samþykktar á Alþingi fjárveitingar til lausnar þessum vanda og það er hugmynd manna að koma upp réttargeðdeild hér á landi."

Það hefði auðvitað verið hægt að benda á miklu fleiri atriði sem rökstyðja nauðsyn þess að móta hér heildarstefnu í fangelsismálunum, en það er brýnt að að því starfi komi sérfróðir menn með starfsreynslu og þekkingu á þessu sviði og þess vegna tökum við flutningsmenn tillögunnar sérstaklega fram í greinargerð að við teljum rétt að auk forstjóra Fangelsismálastofnunar verði fulltrúi dómsmrn., afbrotafræðingur frá Fangelsismálastofnun, forstöðumaður fangelsis, fangelsislæknir, fulltrúi Dómarafélags Íslands og fulltrúi Fangavarðafélags Íslands skipaðir í þá nefnd sem þessa úttekt mundi gera.

Ég vil svo að lokinni þessari fyrri umræðu leggja til að tillögu þessari verði vísað til hv. allshn. og síðari umræðu.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér áður hafa verið sögð um þessa þáltill. og þörfina fyrir heildarúttekt á stöðu fangelsismála og úttekt á því hvernig framtíðarskipun verði. Það er ekki vansalaust fyrir þetta litla samfélag sem er eiginlega eins og ein fjölskylda að við skulum vera þó þannig að einn af hverjum 200 skuli þurfa að lenda á vegum fangelsanna. Þetta kemur auðvitað til af því að forvarnarstarfið hjá okkur er ekki nógu gott. Við þurfum að byrja forvarnarstarf og aðstoð við alla þá sem við sjáum að geta átt það á hættu að lenda úti á villigötum. Að vísu er það mín skoðun að allir geti lent í því að fremja eitthvað sem er refsivert. Þar er enginn undanskilinn. En mjög snemma á lífsleiðinni getum við séð að til óheilla horfir hjá mörgu ungmenninu. Þess vegna þarf að byrja forvarnarstarf mjög snemma og það tengist þessari úttekt.

En það er ekki nóg með það að við þurfum forvarnarstarf sem byrjar snemma og er stóreflt eftir því sem lengra kemur fram á lífsskeið fólksins, þ.e. á unglingsárunum, en þá er mjög algengt að fólk fari út af því spori sem samfélagið ætlar því. Og það er ekki nóg að forvarnarstarfið sé eflt heldur þarf það varnarstarf sem fer fram inni í fangelsunum að vera miklu, miklu víðtækara og meira og breytast eftir tímans þörfum.

Það er vitað mál að mjög margir af þeim sem koma inn í fangelsin hafa drýgt afbrot sín undir áhrifum annaðhvort áfengis eða eiturlyfja og þess vegna þyrfti sú starfsemi, sem færi fram innan fangelsanna við það að hjálpa fólkinu til þess að afvenjast áfenginu og eiturlyfjunum, að vera miklu, miklu sterkari og áhrifaríkari heldur en raunin er á. Ég hef horft upp á ýmsan ungan manninn, sem hefur komið út úr fangelsunum, og ætlað sér að ganga á þeim brautum sem samfélagið ætlar honum, á brautum afbrotaleysisins, detta í það eins og kallað er. Oft skeður það á hátíðum þegar aðrir eru að gleðjast saman í faðmi fjölskyldunnar, þá skeður það einmitt oft með margt af þessu fólki sem á kannski ekki að svo mörgum að halla sér að það missir fótanna, dettur í það, fær sér eiturlyf eða eitthvað og fremur afbrot. Þess vegna er þetta varnarstarf sem fram þarf að fara inni í fangelsunum alveg geysilega mikilvægt. Og ekki nóg með það. Eftiráaðstoðin þarf líka að stóraukast.

Í sambandi við það varnarstarf og uppbyggingarstarf sem þarf að fara fram inni í fangelsunum langar mig að minnast á það að biskup Íslands fór fram á það við síðustu fjárlagagerð að fá að ráða í starf fangaprests til viðbótar þeim sem nú er því að þörfin er mikil núna, en þingheimur sá ekki ástæðu til þess núna að veita fé til þess. Þetta finnst mér mjög miður. Ég held að sá ungi maður, sem ætlað var það starf að vinna með æskulýðnum sem kominn er inn í fangelsin, hefði getað unnið mjög gott starf og mér finnst jafnvel að þeir sem um fjármálin halda hér í þinginu ættu að endurskoða nú þegar afstöðu sína og veita fjárveitingu fyrir annarri stöðu fangaprests hér á Reykjavíkursvæðinu.

En þegar fólk er komið út úr fangelsinu blasir við hinn harði veruleiki. Það er erfitt að fá vinnu, það er erfitt að fá nýja félaga, félaga sem ekki draga það út í sukkið og afbrotin aftur, því að þeir bíða margir meira en fúsir til að taka þátt í leiknum með þeim sem út kemur, sem oft á líka dálítið af peningum af því að hann hefur unnið sér fyrir þeim inni í fangelsinu. Því er það að ég álít að þessu þingi, stjórnvöldum þessa lands beri skylda til að efla mjög einmitt þessa þætti.

Við verðum að gæta þess að það eru ekki nema nokkur ár síðan við ákváðum það í hinu háa Alþingi að leyfa sölu bjórs á Íslandi. Við ákváðum að opna fyrir flóðgáttirnar. Nú eru tugir kráa á götuhornunum hér í Reykjavík og það þarf enginn að ímynda sér annað heldur en að einmitt tilurð þessara kráa valdi því að afbrotum fjölgar meðal æskufólks á Íslandi. Það er ekki nóg með það að afbrotum fjölgi meðal æskufólks á Íslandi við tilkomu þessara kráa heldur hefur bjórinn valdið því að æskufólki á aldrinum 12–18 ára er

miklu hættara við að lenda í klóm áfengisins. Það hafa kannanir sýnt að neysla áfengra drykkja hefur stóraukist á þessu aldursskeiði jafnvel þó að svo hafi nú ekki verið hjá þeim sem eldri eru. Bjórinn hefur ekki haft eins mikil áhrif á þá sem eldri og þroskaðri eru og á hina.

Forvarnarstarfið, áður en fólkið verður fyrir þeirri ógæfu að drýgja afbrotið, varnarstarfið inni í fangelsinu og uppbyggingarstarfið þarf að stóraukast og það starf sem unnið er í samvinnu í fangelsismálum þarf líka að stóraukast.

Þetta þýðir sem sagt að fangelsismálin þurfa öll að endurskoðast og starfsemi Fangelsismálastofnunar þarf að stóreflast. Ég vil bara benda á að það er óralangt síðan orðið betrunarhús var búið til og notað um þessar stofnanir. Það heyrist ekki lengur vegna þess að við vitum þó það að þau standa ekki undir því nafni eins og ástandið er í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

48. fundur, föstudaginn 1. febr., kl. 1 miðdegis.

Skipti á dánarbúum o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildarlög). — Þskj. 108, n. 567.

Frsm. allshn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. Markús Sigurbjörnsson prófessor kom á fund nefndarinnar, en umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Dómarafélagi Íslands, gjaldheimtustjóranum í Reykjavík, Verslunarráði Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Mæltu fjórir umsagnaraðilar með samþykkt frv. án athugasemda en tveir gerðu lítils háttar athugasemdir, sem í sjálfu sér er óþarft að rekja nánar.

Hér er um mikinn lagabálk að ræða. Fv. þetta er flutt í tengslum við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, enda geta núgildandi lög um skipti á dánarbúum ekki fallið að nýskipan þessara málaflokka. Um leið hefur löggjöfin verið endurskoðuð og miðuð við þá framkvæmd sem skapast hefur. Má þar nefna að einkaskipti dánarbúa verða aðalregla við skipti dánarbúa en ekki opinber skipti eins og verið hefur að formi til. Einnig hafa ákvæði um skuldaröð krafna við skipti, þar á meðal gjaldþrotaskipti, verið felld brott úr skiptalögum en þess í stað tekin upp í frv. til laga um gjaldþrotaskipti, 97. mál þessa þings sem verður vonandi til afgreiðslu hér í deildinni bráðlega og er til umfjöllunar í allshn.

Núgildandi lög um skipti á dánarbúum eru frá 1878 og þrátt fyrir að þau hafi gegnt hlutverki sínu af mikilli prýði er nú þörf á nýjum lögum.

Allshn. leggur til að frv. þetta verði samþykkt án breytinga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–36. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
37.–84. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
85.–118. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
119.–133. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
134.–157. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Mannanöfn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 28, n. 544, brtt. 545.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 545,1 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,2 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,6 samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
13.–22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,7 samþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,8 (ný 24. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,9 (nýtt ákv. til brb. I) samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. II samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, frh. 1. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 509.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

49. fundur, föstudaginn 1. febr.,
að loknum 48. fundi.

Mannanöfn, 3. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 571.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipti á dánarbúum o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildarlög). — Þskj. 108.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

46. fundur, föstudaginn 1. febr.,
kl. 1 miðdegis.

Afsal þingmennsku.

Forseti (Geir H. Haarde):

Borist hefur bréf frá forseta Sþ., dags. 1. febr. 1991:

„Hér með framsendist yður, virðulegi forseti, bréf Birgis Ísleifs Gunnarssonar, 2. þm. Reykv., þar sem hann afsalar sér þingmennsku frá 1. febr. 1991.

Guðrún Helgadóttir,
forseti sameinaðs Alþingis.

Til forseta Nd."

Bréf Birgis Ísl. Gunnarssonar er dags. 29. jan. 1991 og er svohljóðandi:

„Forseti sameinaðs Alþingis,
Guðrún Helgadóttir.

Þar sem ég hef verið skipaður bankastjóri við Seðlabanka Íslands frá 1. febr. nk. afsala ég mér þingmennsku frá sama tíma.

Ég þakka þingmönnum og starfsfólki Alþingis ánægjulegt samstarf og óska Alþingi farsældar í störfum.

Virðingarfyllst,
Birgir Ísl. Gunnarsson,
2. þm. Reykv."

Samkvæmt bréfi þessu um afsal þingmennsku tekur Sólveig Pétursdóttir, 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, sæti á Alþingi sem 17. þm. Reykv. en kosninganúmer annarra þingmanna Sjálfstfl. í Reykjavík breytast samkvæmt því eftir venju.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á þessu kjörtímabili sem varamaður og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hennar. Ég vil bjóða hana velkomna til starfa á Alþingi.

Jafnframt vil ég færa Birgi Ísl. Gunnarssyni seðlabankastjóra, sem nú hverfur af þingi, þakkir fyrir störf hans hér á Alþingi undanfarin 11 ár. Ég veit að ég mæli fyrir hönd allra hv. deildarmanna þegar ég óska honum velfarnaðar í nýju starfi og færi honum og fjölskyldu hans árnaðaróskir okkar allra.

Réttindi alþjóðastofnana, 1. umr.

Stjfrv., 304. mál. — Þskj. 546.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um réttindi alþjóðastofnana o.fl. Í fjölmörgum alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að er að finna ákvæði sem leggja aðildarríkjum á herðar skyldur til að tryggja alþjóðastofnunum réttarstöðu í aðildarríkjunum svo og friðhelgi, forréttindi og undanþágur handa þeim, starfsliði og erindrekum. Hér á landi hafa verið sett nokkur lög sem fjalla um þetta efni. Sum þeirra laga fjalla um réttindi almenns eðlis svo sem lög nr. 13/1948, um réttindi og skyldur Sameinuðu þjóðanna, og lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband. Önnur lög varða réttindi einstakra stofnana og má þar nefna lög nr. 26/1976, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

Einfalt þykir og heppilegt að fara að dæmi ýmissa annarra þjóða og skapa grundvöll í almennum lögum þannig að ekki þurfi að setja sérlög um þessi skyldubundnu réttindi í hvert sinn sem Ísland gerist aðili að alþjóðastofnun. Verði frumvarp þetta, sem ég nú mæli fyrir, að lögum verður einnig unnt að gerast aðili að samningi um forréttindi og friðhelgi sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og samningi um réttarstöðu dómara Mannréttindadómstóls Evrópu, nefndarmanna Mannréttindanefndar Evrópu og þeirra aðila sem taka þátt í málflutningi fyrir Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að svo búnu að leggja til að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu

vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 319. mál (samfélagsþjónusta). — Þskj. 564.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um viðauka við almenn hegningarlög nr. 19 frá 12. febr. 1940 sem flutt er á þskj. 564.

Í frv. þessu er lagt til að tilraun verði gerð með samfélagsþjónustu hér á landi. Á síðustu tveimur áratugum hefur verið mikil umræða á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu um stöðu refsivistar í viðurlagakerfinu. Sú stefna hefur verið ríkjandi að draga beri úr notkun óskilorðsbundinnar refsivistar eins og unnt er. Til að það sé hægt þarf að finna önnur úrræði í staðinn. Frjálsræðissvipting er alvarlegustu viðbrögð við afbrotum og hefur oft mikla röskun í för með sér fyrir brotamann og fjölskyldu hans. Frjálsræðissviptingu á ekki að beita meira en nauðsynlegt er til að halda aftur af afbrotum og þá fyrst eftir að önnur og vægari úrræði hafa verið reynd eða þegar reynslan hefur sýnt að vægari úrræði koma ekki að gagni. Samfélagsþjónusta er eina nýja viðurlagategundin sem náð hefur almennri útbreiðslu og hefur nú verið tekin upp sem varanlegt úrræði eða til reynslu með einum eða öðrum hætti í öllum ríkjum Vestur-Evrópu nema fjórum auk Íslands.

Flestir fangar hér á landi sem og erlendis eru það sem kallað er venjulegir fangar, þ.e. menn sem fremja ítrekað auðgunarbrot, svo sem innbrot, þjófnaði, fjársvik og skjalafals. Oftast eiga þessir menn við persónuleg og félagsleg vandamál að etja. Samfélagsþjónusta hefur ekki síst átt fylgi að fagna vegna þess að þetta viðurlagaform hefur sannað gildi sitt gagnvart hluta af þessum venjulegu föngum. Samfélagsþjónusta með vinnuskyldu, ströngu eftirliti og félagslegri aðstoð skilorðseftirlits hefur vakið vonir um að í mörgum tilfellum megi beina brotamönnum inn á nýjar brautir og vekja áhuga á breyttu lífsmynstri.

Þótt ekki séu sett hærri markmið en þau að brotamaðurinn haldi sig frá afbrotum á meðan hann er að inna samfélagsþjónustu af hendi, en það er jafnlangur tími og refsivist dómsins, er verulegum árangri náð.

Almennt er samfélagsþjónustu ætlað að koma í stað styttri óskilorðsbundinna refsivistardóma. Helstu kostir samfélagsþjónustu eru að brotamaður getur haldið sambandi við fjölskyldu og vini meðan á fullnustu dóms stendur. Auk þess getur hann jafnframt stundað sína föstu vinnu eða nám. Hann er ekki slitinn úr tengslum við þjóðfélagið meðan á fullnustu stendur. Með samfélagsþjónustu tekur dómþoli út refsingu sína á jákvæðan hátt og má líta á hana sem bætur hans til samfélagsins fyrir afbrotið. Reynsla erlendis hefur sýnt að margir brotamenn halda tengslum við vinnustaði eftir að fullnustu dóms um samfélagsþjónustu er lokið. Þetta sýnir að samfélagsþjónusta hefur í mörgum tilfellum breytt lífsviðhorfum brotamannsins og vakið áhuga hans á nýjum áhugamálum.

Hér á landi hefur föngum fjölgað verulega síðustu tvo áratugi. Nú eru um hundrað manns að jafnaði á dag í afplánun. Þetta þýðir að um 40 fangar eru á hverja 100 þús. íbúa. Þótt föngum hafi fjölgað hér á landi síðustu ár eru Íslendingar með einhverja lægstu fangatölu sem þekkist í Vestur-Evrópu.

Samfélagsþjónusta er ekki úrræði sem leysir fangelsi af hólmi. Að ná því markmiði að hún geti komið í stað 5–7% refsivistardóma vegna hegningarlagabrota er góður árangur. Margir brotamenn vilja og geta hætt á afbrotabrautinni. Það eftirlit og aðhald og sú aðstoð sem veitt er á meðan samfélagsþjónustan er innt af hendi getur snúið mönnum til betri vegar.

Í frv. þessu er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi. Skilgreina má samfélagsþjónustu með þeim hætti að hún sé ein tegund viðurlaga við afbrotum sem felst í því að á brotamann er lögð sú skylda að vinna ákveðinn tímafjölda launalaust og í frítíma sínum að verkefnum sem koma þjóðfélaginu að gagni.

Skv. 1. gr. frv. er lagt til að á tilraunatímabilinu verði það fyrirkomulag á samfélagsþjónustu að heimilt verði að breyta allt að tíu mánaða óskilorðsbundnum refsivistardómi við fullnustu á þann veg að í hans stað komi ólaunuð samfélagsþjónusta í minnst 40 klst. og mest 200 klst. Skv. 5. gr. frv. er það þriggja manna nefnd sem dómsmrh. skipar sem tekur ákvörðun um hvort refsivist skuli breytt í samfélagsþjónustu. Þegar ákveðið er að breyta refsivist í samfélagsþjónustu er samkvæmt sömu grein gert ráð fyrir að nefndin taki einnig ákvörðun um inntak samfélagsþjónustu í hverju tilviki.

Ástæður þess að þetta fyrirkomulag er valið eru þær helstar að með þessum hætti nást best þau markmið að samfélagsþjónusta komi í stað óskilorðsbundinnar refsivistar og kostnaður við framkvæmd verður í lágmarki. Auk þess er mikilvægt að á tilraunatímabilinu verði hægt að hafa fullkomna stjórn á tilrauninni þannig að hún verði á hverjum tíma aðlöguð að aðstæðum hér á landi.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um það hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar svo að breyta megi refsivist í samfélagsþjónustu. Skv. 2. mgr. skal, áður en ákvörðun um samfélagsþjónustu er tekin, fara fram athugun á persónulegum högum dómþola þar sem m.a. koma fram rökstudd álit á því hvort hann sé líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða samfélagsþjónusta komi til greina í viðkomandi tilfelli. Skv. 6. gr. er Fangelsismálastofnun falið að annast þessa athugun. Ekki er gert ráð fyrir að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu nema líklegt sé talið að dómþoli vilji og geti innt samfélagsþjónustuna af hendi og að þetta úrræði teljist líklegt til að koma dómþola út úr hringiðu afbrota.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um inntak samfélagsþjónustunnar. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að 20 klst. ólaunuð samfélagsþjónusta komi að jafnaði í stað

eins mánaðar refsivistar þannig að ef e.t.v. fjögurra mánaða refsivist er breytt í samfélagsþjónustu komi 80 klst. samfélagsþjónusta í hennar stað. Miðað er við að sú vinna sé einnig innt af hendi á fjórum mánuðum. Skv. 2. mgr. er miðað við að vinnan verði aldrei innt af hendi á skemmri tíma en þremur mánuðum. Ekki er talið að uppeldisleg markmið samfélagsþjónustu náist ef vinnuskyldan er innt af hendi á skemmri tíma.

Skv. 4. gr. er samfélagsþjónusta háð þeim skilyrðum að dómþoli fremji ekki neitt brot á refsitímanum og verði háður eftirliti á þeim tíma sem það tekur að inna samfélagsþjónustuna af hendi. Auk þess er samkvæmt greininni heimilt að setja frekari skilyrði fyrir samfélagsþjónustu. Er þar miðað við þau skilyrði sem heimilt er að setja í venjulegum skilorðsdómum.

Skv. 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun ríkisins sjái um framkvæmd samfélagsþjónustu eftir að ákvörðun er tekin um að breyta refsivist í samfélagsþjónustu. Í þessu felst m.a. að stofnuninni er ætlað að finna heppilega vinnustaði og að semja við þá um að taka dómþola í samfélagsþjónustu. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur fyrir fram oft verið óttast að ekki tækist að útvega nægilega mörg atvinnutilboð til að þetta viðurlagakerfi gæti gengið upp. Almennt hefur sá ótti reynst ástæðulaus.

Í 8. gr. frv. eru ákvæði um hvernig við eigi að bregðast ef dómþoli rýfur skilorð samfélagsþjónustu. Er þar í öllum meginatriðum miðað við sambærilegt fyrirkomulag og er í 42. gr. almennra hegningarlaga um skilorðsrof vegna reynslulausnar.

Hæstv. forseti. Ég tel mig nú hafa gert grein fyrir þeim viðurlagapólitísku forsendum sem ákvæði frv. þessa byggjast á, svo og helstu efnisatriðum þess. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 556.

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort leggja á sérstaka merkingu í það að aðeins tveir hæstv. ráðherrar eru viðstaddir á þingfundi þar sem tekið er til 1. umr. frv. til stjórnarskipunarlaga, þar sem lagðar eru til grundvallarbreytingar á störfum Alþingis, breytingar sem, ef samþykktar verða, hafa veruleg áhrif á samskipti löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Ég vona að þetta hafi enga sérstaka merkingu, en lýsi vonbrigðum mínum með fjarveru ráðherranna, en met það að hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. eru hér viðstaddir.

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, sem er flutt á þskj. 566. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., Málmfríður Sigurðardóttir, formaður þingflokks Samtaka um kvennalista, og Stefán Valgeirsson, þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju. Að þessu frv. standa einnig hv. þm. Eiður Guðnason, formaður þingflokks Alþfl., Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokks Alþb., og Guðmundur Ágústsson, formaður þingflokks Borgfl. en þau geta vitaskuld ekki átt formlega aðild að flutningi málsins hér í deildinni vegna þess að þau eiga sæti í Ed.

Upphaf þessa máls er að hinn 19. sept. sl. rituðu forsetar Alþingis okkur formönnum þingflokka bréf þar sem m.a. kemur fram að forsetar hafi ástæðu til að ætla að afnám deildaskiptingar Alþingis hafi mikinn hljómgrunn í öllum þingflokkum og að samstaða geti tekist um breytingu á skipulagi Alþingis á þessu þingi. Síðan segir í bréfinu:

„Það er niðurstaða forseta eftir talsverðar umræður um þetta mál að heppilegast sé á þessu stigi að leita til formanna þingflokka með ósk um að þeir reyni að ná samkomulagi sín á milli um frv. sem fæli í sér nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá og þingskapalögum með tilliti til þess að þetta mætti takast nú á síðasta þingi þessa kjörtímabils."

Jafnframt var í bréfi forseta bent á að uppi hafi verið ýmsar fleiri hugmyndir um breytingar á stjórnarskrá að því er varðar löggjafarstarfið og störf alþingismanna og voru þingflokksformenn beðnir að kanna hvort samstaða gæti tekist um eitthvað af þeim atriðum. Nefnd voru í bréfinu eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu, þingseta ráðherra, bráðabirgðalög, þingrof, aukafjárveitingar, samkomudagur Alþingis og fleira.

Með þetta vegarnesti hófu formenn þingflokka þegar í upphafi þings að ræða um þetta mál og hefur sá sem hér talar haft forustu fyrir því starfi. Við héldum samtals sjö bókaða fundi og fengum mikilsverða aðstoð starfsmanna skrifstofu þingsins. Auk þess fór Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður yfir tillögur okkar nokkrum sinnum og sendi okkur ábendingar. Niðurstaða þessa starfs liggur nú fyrir í því frv. sem hér er á dagskrá.

Þær meginbreytingar, sem felast í frv., eru fjórar:

1. Deildaskipting Alþingis verði afnumin.

2. Samkomudegi Alþingis verði breytt þannig að reglulegt Alþingi komi saman 1. okt. ár hvert.

3. Starfstíma Alþingis verði breytt og er gert ráð fyrir að þingið standi allt árið. Jafnframt er reynt að tryggja að landið verði aldrei þingmannslaust með því að þingmenn haldi ævinlega umboði sínu til kjördags.

4. Nokkrum atriðum, er varða fresti á meðferð bráðabirgðalaga á Alþingi og í tengslum við þingrof, er breytt.

Auk þessara meginbreytinga eru í frv. nokkur minni háttar atriði sem ástæða þótti til að taka með:

1. Fellt er niður ákvæði um að ekki megi taka alþingismenn fasta fyrir skuldir án leyfis þingsins.

2. Brott falli úr stjórnarskránni ákvæði um eiðvinningu þingmanna.

3. Brott falli ákvæði um að embættismenn, sem á

þing eru kosnir, þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna.

4. Kveðið er skýrar á um meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi.

Ég mun nú fjalla stuttlega um þessa meginþætti og gera síðan grein fyrir einstökum greinum frv.

Deildaskipting Alþingis er nú orðin meira en aldargömul. Hún var tekin upp með stjórnarskránni 1874. Það virðist sem svo að ekki sé öllum ljóst hvernig deildaskiptingu Alþingis bar að. Í nýlegri blaðagrein, sem samflokksmaður minn og fyrrv. forseti sameinaðs Alþingis ritaði, er því haldið fram að deildaskipting Alþingis eigi sér rætur í óskum Íslendinga sjálfra og hafi komist á í óþökk danskra yfirvalda. (**Gripið fram í:** Hárrétt athugað.) Það sé sem sagt þjóðsaga ein að Alþingi hafi verið deildaskipt til þess að tryggja pólitíska stöðu danskra yfirvalda á Alþingi með því hafa alla konungkjörna alþingismenn, sex að tölu, í efri deild, þannig að þeir hefðu þar stöðvunarvald. Það sé rangt sem haldið er að æskulýð þessa lands í kennslubókum í Íslandssögu.

Deildaskipting Alþingis á í raun og veru upphaf sitt í afgreiðslu stjórnarskipunarlaga á Alþingi árið 1867 eins og dr. Bjarni Benediktsson rekur skilmerkilega í hinu mikla riti sínu um deildir Alþingis. Þá lagði danska stjórnin fram frv. sem vissulega gerði ráð fyrir því að Alþingi yrði óskipt þing. En í frv. voru hins vegar ýmis mjög óaðgengileg skilyrði um meðferð mála á Alþingi sem áttu að tryggja að danska stjórnin hefði hemil á starfi þingsins. Við meðferð frv. á þinginu gátu Íslendingar alls ekki fallist á þessar skorður sem setja átti þinginu en féllust í staðinn á að taka upp deildaskiptingu og komast þannig undan þessum ákvæðum frv. Um þetta eru fjölmargar heimildir og eru nærtækust orð Jóns Guðmundssonar, sem sæti átti í nefndinni sem fékk málið til meðferðar á þinginu 1867, en hann segir að það hafi einmitt verið stjórnin og hennar skorður er hafi hvatt og knúið nefndina, eins og þar stendur, til þess að gera þessa uppástungu um tvískiptingu þingsins þar sem því hafi alltaf verið borið við að ekki sé eigandi undir Alþingi með því fyrirkomulagi sem nú er á því. Og Benedikt Sveinsson, hinn mikli þingskörungur, sem var framsögumaður nefndarinnar orðar þetta svo: „Ég fyrir mitt leyti álít því að nefndin hafi verið neydd til að stinga upp á tveim þingdeildum ...“

Jafnframt er alveg ljóst hver var skoðun Jóns Sigurðssonar á skipulagi Alþingis. Bjarni Benediktsson vitnar til orða hans í Nýjum félagsritum en þar stendur orðrétt að „með því að þröngva frelsi Alþingis í frv. 1867 hafi stjórnin komið því til leiðar að stungið hafi verið upp á að skipta þinginu í tvær deildir en mjög fáir mundu vera með tvískiptu þingi ef þeir ættu kost að halda því heilu og óskiptu afarkostalaust.“

Ég vona að þessar tilvitnanir sýni það að hér er ekki verið að láta fyrir róða skipulag löggjafarstarfa sem íslenskar þjóðfrelsishetjur á ofanverðri 19. öld börðust fyrir. Öðru nær, á Íslandi var engin hefð fyrir deildaskiptu þingi og þar á ofan engar þjóðfélagslegar aðstæður sem knúðu til þess, engin aðalsstétt sem gerði tilkall til slíkra forréttinda, að sitja í sérstakri þingdeild, eins og var víða annars staðar í álfunni á þessum tíma. Nei, herra forseti, með afnámi deildaskiptingarinnar erum við að má út síðustu leifar danskrar nýlendustjórnar á Íslandi.

Frá 1875 og fram eftir þessari öld hafði sameinað Alþingi litlu hlutverki að gegna og þingið starfaði fyrst og fremst í tveim deildum. Það kom afar sjaldan saman til funda, í rauninni einungis til þingsetningar, til þess að prófa kjörbréf og til þess að skera úr um ágreining milli deildanna. En störf sameinaðs þings hafa hins vegar vaxið jafnt og þétt á þessari öld og nú er svo komið að málafjöldi í sameinuðu þingi er meiri en í deildum og þingfundir jafnmargir í sameinuðu þingi og í hvorri þingdeildinni. Þetta er löng saga en megindrættir hennar eru þeir að starf þingsins hefur færst æ meira til sameinaðs þings, þróunin hefur verið á þann veg að við höfum færst æ nær óskiptu þingi eftir því sem liðið hefur á þessa öld.

Ég skal nefna hér nokkur ártöl sem marka kaflaskil í þessari þróun.

Í fyrsta lagi má nefna að 1905 var fyrst leyft að flytja þáltill. í sameinuðu þingi, en það var áður bundið við deildirnar. Það ákvæði var ekki mikið notað framan af en hefur hins vegar aukist mjög síðan eins og öllum þingmönnum er kunnugt.

Mikilvægasta breytingin varð 1934 þegar fjárlagafrv. var flutt úr deildum í sameinað þing. Þá má í raun og veru segja að stofnað hafi verið til þriðju deildarinnar á Alþingi sem hefði alveg sjálfstæðu hlutverki að gegna. Það kemur glöggt fram í þingtíðindum frá þessum tíma að það hvarflaði mjög að mörgum þingmönnum við breytinguna 1934 að afnema deildaskiptinguna. Niðurstaðan varð þó sú að stíga það skref til hálfs, af nokkurs konar íhaldssemi, eftir orðum þáv. forsrh., Ásgeirs Ásgeirssonar, að dæma.

Árið 1946 voru fyrirspurnir leyfðar í sameinuðu þingi en þær voru áður í deildum.

Síðustu og þó einna skýrustu kaflaskilin í þessari þróun á leið frá deildaskiptu þingi eru ný þingskapalög frá 1985. Það má segja að þá hafi öll verkefni deildanna, önnur en meðferð lagafrv., verið færð á hinn sameiginlega vettvang þingmanna, þ.e. í sameinað þing. Ég á þar við meðferð þáltill., skýrslna og fyrirspurna, kosningar í ráð og nefndir og alla hina almennu pólitísku umræðu, bæði eftir ákvæðum þingskapa og utan dagskrár.

Sú hugmynd að afnema deildaskiptinguna er eins og ég hef áður sagt ekki ný af nálinni. Jón Baldvinsson og fleiri alþingismenn hreyfðu þessari hugmynd árið 1933 þegar unnið var að stjórnarskrárbreytingunni sem áður er getið.

Árið 1967 sagði þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson, í stefnuræðu á Alþingi svo orðrétt: „Teknar verði upp viðræður milli stjórnmálaflokka um þá breytingu á stjórnarskránni að Alþingi verði ein málstofa.“ Úr þessu varð þó ekkert að því sinni, en málinu hefur verið haldið vakandi síðan.

Á Alþingi 1973–1974 flutti Benedikt Gröndal, síðar forsrh., tillögur um afnám deildaskiptingar, og

reyndar á nokkrum þingum síðar.

Þegar stjórnarskrárnefnd sú er Alþingi stofnaði til árið 1978 skilaði áliti sínu í janúar 1983 lagði hún einróma til að Alþingi starfaði í einni málstofu. Og jafnframt var í frv. formanns nefndarinnar, Gunnars Thoroddsens, þáv. forsrh., sem hann lagði fram á þinginu vorið 1983, gert ráð fyrir því að þingið yrði óskipt.

Loks er að geta frv. Páls Pétursonar og allmargra þingmanna með honum sem flutt voru á 111. og 112. þingi þar sem gert var ráð fyrir margvíslegum breytingum á stjórnarskránni, þar á meðal afnámi deildaskiptingarinnar.

En hver eru þá rökin fyrir því að afnema deildaskiptingu þingsins? Ég vil nefna hér nokkur atriði sem eru í hugum okkar þingflokksformanna mikilvæg.

Í fyrsta lagi teljum við að með einni málstofu megi einfalda alla málsmeðferð á Alþingi, gera þingstörfin markvissari og nútímalegri. Fyrir sams konar breytingu er reynsla í Danmörku og Svíþjóð. Danir afnámu deildaskiptinguna 1953 og Svíar 1971. Ekki hef ég heyrt á nokkrum þingmanni sem ég hef rætt við né heyrt um það að menn telji þessa breytingu hafa verið misráðna og enginn sem ég veit af gert tillögu um að taka aftur upp hið eldra fyrirkomulag í Danmörku eða Svíþjóð.

Við teljum að afgreiðsla mála á Alþingi verði ekki bara einfaldari heldur muni hún öll ganga hraðar fyrir sig en áður. Jafnframt ætti að vera tryggt að málsmeðferðin verði vandaðri eins og ég mun koma að frekar á eftir.

Í öðru lagi hefur síðan 1934 verið kosið til deildanna með sama hætti og frá þeim tíma hafa ekki verið nein formleg rök lengur fyrir því að skipta þinginu í deildir. Það er að vísu svo í Noregi að allir þingmenn eru þar kosnir með sama hætti, en Stórþingið skiptir sér síðan í deildir, fjórðungur þingmanna situr í lögþinginu en aðrir þingmenn í óðalsþinginu. Skipulag norska þingsins er samt á ýmsan hátt með öðru sniði en hér.

Upphaflega var hluti efri deildar Alþingis tilnefndur af konungi. Síðan var kosið til efri deildar 1915–1934 með sérstöku landskjöri. Eftir 1934 hefur verið kosið á fundi sameinaðs Alþingis til efri deildar þriðjungur þingmanna. Þar sem hinar sögulegu forsendur deildaskiptingarinnar eru nú horfnar og enginn munur hefur verið í langan tíma á kjöri til deildanna er að okkar dómi eðlilegt að stigið verði nú það skref að gera Alþingi að einni málstofu.

Í þriðja lagi hefur deildaskiptingin oft leitt til þess að ríkisstjórnir, sem notið hafa stuðnings meiri hluta alþingismanna, hafa átt erfitt með að koma málum sínum í gegnum þingið vegna þess að þær hafa ekki haft tilskilinn meiri hluta í báðum deildum. Það má því segja að deildaskiptingin stríði á vissan hátt gegn þeirri grundvallarreglu að meiri hluti ráði úrslitum mála. Það er meira að segja svo að 11 þingmenn af 63 geta fellt mál, þ.e. meiri hluti þingmanna í efri deild. Mál er algerlega fallið ef það fellur í annarri hvorri deildinni eins og menn vita. Það getur ekki talist lýðræðislegt að svo fáir þingmenn, rúm 17% þingmanna, geti fellt mál.

Í greinargerð með frv. eru rakin nokkur dæmi þess að tvískipting þingsins hafi orðið til þess að ríkisstjórnir, sem höfðu meiri hluta á Alþingi og gátu varist vantrausti, höfðu ekki meiri hluta í annarri hvorri deildinni. Olli það oft talsverðum erfiðleikum eða því að ríkisstjórnir urðu að fara frá.

Í fjórða lagi teljum við flutningsmenn að með einni málstofu sé hægt að endurbæta starf nefnda Alþingis. Fastanefndum mætti þá fækka úr 23 í 12. Það þýddi jafnframt að þingmenn þyrftu ekki að sitja nema í um það bil tveimur nefndum og gætu þar af leiðandi rækt mun betur starfsskyldur sínar en nú er mögulegt. Við vitum nýleg dæmi þess að þingmenn sitji í allt að sjö fastanefndum, einkum í efri deild, þó að dæmi séu reyndar um slíkt í neðri deild líka. Það sjá auðvitað allir menn að það er ákaflega erfitt að rækja vel og samviskusamlega starf í sjö fastanefndum á þingtímanum.

Að frátalinni kjörbréfanefnd eru nefndasæti nú 163. Ef við reiknum með að tíu þingmenn gegni jafnframt ráðherrastarfi og sitji ekki í þingnefndum koma um þrjár nefndir að meðaltali á hvern þingmann. Þetta segir þó ekki alla söguna því að meira álag er á efrideildarmönnum en þessar tölur sýna. Í efri deild eru 63 nefndasæti, og ef við reiknum með eðlilegri hlutdeild þeirra í nefndastörfum í sameinuðu þingi og því að þeir ráðherrar, sem sæti eiga í efri deild, sinni ekki nefndastörfum, þá eru um fjórar nefndir að meðaltali á hvern þingmann í efri deild.

Það er ekki aðeins það hvað þingmenn þurfa að sitja í mörgum nefndum sem gerir nefndastarfið í þinginu örðugt. Allt skipulag þess er mjög erfitt og nefndir fá af þeim sökum oft ekki það næði og þann tíma sem þarf til að nefndastarfið geti talist fullnægjandi og gott. Það er líka að ýtt er á nefndir í fyrri deild að ljúka sem fyrst störfum svo að mál megi koma tímanlega fyrir síðari deild. Enda er það svo að afgreiðsla nefndanna, einkum í síðari deild, þar sem tími er oftast afar naumur, hefur ekki verið mjög ítarleg. Ég vil nefna í þessu sambandi að með afnámi deildaskiptingarinnar þyrftu þeir fjölmörgu aðilar, sem þingið ráðgast við um lagasetningu, ekki að koma tvívegis til fundar við þingmenn.

Þetta, sem ég hef hér sagt um nefndir þingsins, tel ég afar mikilvægt atriði. Ég bind miklar vonir við að þessi breyting, sem nú verður væntanlega á skipulagi þingsins, hafi góð áhrif á störf nefndanna og meiri festa, betri tími og bætt starfsaðstaða okkar þingmanna við nefndastörf muni skila sér í vandaðri málsmeðferð hér á Alþingi. Og er þó ótalið það atriði sem e.t.v. skiptir mestu máli fyrir nefndastarfið í þinginu, þ.e. að umboð nefndanna mun standa frá því að þær eru kjörnar að hausti og fram að setningu nýs þings ári síðar. Þær munu með öðrum orðum hafa heimild til að starfa allt árið.

Þá vil ég í fimmta lagi einnig nefna að í einni málstofu mun tími ráðherra nýtast betur en nú er því að þeir þurfa þá ekki að taka þátt í umræðum um sín mál í tveimur deildum. Með þessu er auðvitað ekki verið að slaka á þeirri kröfu að ráðherrar séu viðstaddir um-

ræður um sín mál. Þvert á móti, því að oft hefur það komið fyrir að ekki hefur verið hægt að fá ráðherra til að vera viðstadda umræðu í annarri deildinni vegna þess að þeir hafa verið bundnir við umræður í hinni deildinni. Þetta þekkja allir alþingismenn vel. Ég tel að í einni málstofu ættu ráðherrar hægara með að sinna þeirri skyldu sinni að vera viðstaddir umræður um mál, er þá varða, heldur er nú í deildaskiptu þingi.

Í sjötta lagi teljum við að skipting Alþingis í þrjár málstofur, þ.e. efri deild, neðri deild og sameinað þing, hafi oft valdið því að málsmeðferð hér á Alþingi þyki óþarflega flókin í augum almennings. Þó að þetta sé ekki veigamikil röksemd er það ákaflega mikilvægt fyrir störf okkar á Alþingi að landsmenn allir hafi góðan skilning á störfum þingsins og leikreglum hér. Slíkt er mikils virði.

Ég vil geta þess hér að það er stundum ekki fögur mynd sem landsmenn fá í gegnum fjölmiðla, sjónvarp t.d., af þeim miklu önnum sem hér eru oft fyrir jól og að vori en þær stafa oft af því að verið er að hraða málum milli deilda, oft til málamyndameðferðar í síðari deild.

Í sjöunda lagi vil ég nefna að í einni málstofu verður miklu hægara að skipuleggja þingstörfin en nú er. Flestir þingmenn kannast við, og þó e.t.v. fyrst og fremst þingforsetar og þingflokksformenn, hve það getur verið snúið að skipuleggja þingstörfin þegar styttist til jóla eða síðustu daga fyrir þinglok að vori. Þetta ætti allt að vera auðveldara verk í einni deild. En jafnframt held ég að þinghaldið gæti á margan hátt orðið sveigjanlegra en það er nú, við gætum í senn rætt og afgreitt lagafrv. og þáltill. en þyrftum ekki að skorða það eftir dögum eins og nú er.

Þá vil ég að lokum nefna þá röksemd að kostnaður við þinghaldið muni minnka. Það hlýtur að draga úr pappírsflóðinu sem þinghaldinu fylgir og það hlýtur að draga úr vinnu starfsfólks Alþingis með þessari breytingu.

Hins vegar vil ég engu spá um það hvort kostnaður við þinghaldið muni minnka á næstu árum. Það er skoðun mín og margra annarra að það væri ástæða til þess að bæta þjónustu við þingmenn og ég hef þá trú að þegar starf í nefndum Alþingis eykst muni það kalla á einhverja aukningu í starfsmannahaldi. Slíkt er óhjákvæmilegt ef þingið ætlar sér að styrkja stöðu sína og hafa sjálfstæða umfjöllun um mál. Þá gengur ekki að reiða sig algerlega á þá þekkingu og vinnu sem fá má úr ráðuneytum og öðrum stofnunum eins og við höfum þurft að gera í allt of ríkum mæli á undanförnum árum.

Sjónarmið þeirra, sem halda vilja óbreyttri deildaskiptingu, hafa einkum verið þau að með henni væri í fyrsta lagi tryggð virkari þátttaka alþingismanna í löggjafarstarfi. Um þetta vil ég segja það að á þessu eru ýmsir annmarkar, t.d. þeir að þingmenn geta ekki allir unnið sameiginlega að löggjafarstarfi. Ég hef áður getið þess á öðrum vettvangi að þegar við þingmenn vorum að afgreiða hina mikilvægu löggjöf um stjórn fiskveiða á síðasta þingi, þá gafst okkur þingmönnum neðri deildar ekki tækifæri nema í tvo eða þrjá daga að ræða það mikilsverða mál hér í þingsölum. Málið hafði hins vegar verið rætt mjög ítarlega í efri deild. Það er ekki ósennilegt að margir þingmenn neðri deildar hefðu viljað eiga orðastað við þá þingmenn sem mest beittu sér í málinu í efri deild. En skipulagið er þannig að það leyfir það ekki. Þessi röksemd talsmanna deildaskiptingarinnar er því á margan hátt léttvæg.

Í öðru lagi er sagt að núverandi skipan þingsins tryggi betri umfjöllun um löggjöf en væri möguleg í einni málstofu því að frv. þurfi nú að fara í gegnum þrjár umræður og nefndaumfjöllun í tveimur deildum. Það fyrirbyggi frekar en einnardeildarkerfi vanhugsaðar ákvarðanir og auðveldi þingmönnum að íhuga brtt. við frv. mjög vandlega.

Ég gef ekki mikið fyrir þessa röksemd. Fyrst vil ég nefna að athuganir sem gerðar hafa verið á störfum Alþingis benda ekki til að þessi rök séu sterk. Það er að vísu hægt að benda á einstök dæmi um að síðari deild hafi lagfært frv. þegar fyrri deild hafði yfirsést eitthvað sem betur mátti fara, en slík dæmi eru þó frekar undantekningar og varða oftast smávægileg atriði. Og hinu má heldur ekki gleyma að þrátt fyrir þrjár umræður í tveim deildum hefur það því miður komið fyrir að Alþingi afgreiddi lög sem meinbugir hafa verið á. Ekkert skipulag tryggir það í sjálfu sér að komist verði hjá mistökum af þessu tagi. Besta ráðið er að vanda vinnuna við löggjafarstarfið og flýta sér ekki um of. Það er hins vegar mikil hætta í núverandi skipulagi að sú deildin sem fyrr fær frv. til meðferðar sé knúin til þess að afgreiða mál hraðar en hún vill og verði að treysta á það að frv. sé skoðað betur í síðari deild. Það eru ekki góð vinnubrögð, sérstaklega ef sú deild sem síðar fær frv. treystir á að fyrri deild hafi farið vandlega ofan í saumana á því.

Í þessu sambandi þarf líka að hafa í huga að þrjár umræður um mál ættu í sjálfu sér að nægja til þess að fjalla ítarlega um frv. Samkvæmt þingsköpum er okkur ætlað við 1. umr. að fjalla almennt um frv., okkur er gert að ræða einstakar greinar frv. við 2. umr. og við höfum enn tækifæri við 3. umr. til þess að ræða mál ítarlega. Þetta kerfi er hugsað þannig að það nægi eitt sér til þess að gefa þinginu nægilegt ráðrúm til að ræða frv. Deildaskiptingin var ekki hugsuð þannig að með henni fengjust sex umræður. Hún átti sér allt aðrar forsendur eins og ég hef áður rakið. Og í þessu sambandi er líka rétt að nefna að í sumum öðrum þingum er ekki nema ein umræða um mál, eins og t.d. í norska þinginu.

Við höfum í þessu frv. samt sem áður reynt að taka nokkurt tillit til þessarar gagnrýni og settum inn í þau drög að nýjum þingskapalögum sem fylgja frv. ákveði til þess að tryggja að breytingar, sem verða á frumvörpum í meðförum þingsins, sæti ætíð nægjanlegri athugun. Í fyrsta lagi skulu frv. sem breytast við 2. umr. fara til nefndar fyrir 3. umr. ef einhverjir þingmenn krefjast þess. Í öðru lagi að heimilt verði að fresta lokaafgreiðslu frv. við 3. umr. eftir að búið er að afgreiða brtt. til þess að gefa mönnum kost á, ef einhverjir telja að meinbugir séu á samþykktum brtt., að gera leiðréttingu á síðasta stigi.

Með samþykkt þessa frv. verður sú breyting á störfum Alþingis að það mun koma saman 1. okt. ár hvert og sitja til jafnlengdar næsta ár. Þessi breyting er að nokkru leyti gerð með hliðsjón af ákvæðum dönsku stjórnarskrárinnar um hliðstætt atriði.

Við þingflokksformenn höfðum ekki uppi tillögur um að breyta starfstíma Alþingis að neinu verulegu leyti. Það verður að þróast eftir sínum lögmálum á næstu árum. En við leggjum til að þingið verði sett 1. okt. og það starfi fram í maí, lengur eða skemur eftir því sem verkast vill. Þá sé þingfundum frestað til loka þingársins með því skilyrði að það sé kallað saman ef nauðsyn krefur, t.d. til þess að afgreiða aðkallandi löggjöf að ósk ríkisstjórnar eða efna til mikilvægra umræðna.

Við teljum þetta mikilsverða breytingu sem treysti störf Alþingis og stöðu löggjafarsamkundunnar í stjórnkerfinu. Alþingi er því starfshæft allt árið og getur komið til funda mjög skjótlega ef þörf er á.

Þessa breytingu ber að nokkru leyti að tengja þeirri umræðu sem verið hefur um bráðabirgðalög nú upp á síðkastið. Við ræddum ítarlega um það í nefndinni, þingflokksformenn, hvort gera ætti verulegar breytingar á heimild forseta, de facto ríkisstjórnar, til þess að gefa út bráðabirgðalög. Um það voru ákaflega skiptar skoðanir, allt frá því að afnema bæri með öllu rétt til útgáfu bráðabirgðalaga, til þess að gera nánast engar breytingar á núgildandi stjórnarskrárákvæðum um þetta efni. Niðurstaða okkar varð sú að gera nokkrar breytingar á ákvæðunum um útgáfu bráðabirgðalaga og meðferð þeirra á Alþingi, og mun ég koma að þeim síðar, en jafnframt þessa breytingu á starfstíma Alþingis í því skyni að ekkert stæði í vegi fyrir því formlega að Alþingi gæti komið saman til fundar með stuttum fyrirvara ef eftir því væri óskað og ríkisstjórn teldi það mikilvægt.

Þetta var sú niðurstaða sem unnt var að fá með samþykki allra nefndarmanna. Ég vek athygli á því að með þessum breytingum er ekki verið að þrengja formlega rétt til útgáfu bráðabirgðalaga því slík heimild hefur verið talin gilda þegar Alþingi hefur verið frestað með þingsályktun, með samþykki þess sjálfs. Um það eru nokkur dæmi, sum nýleg.

Þá tengist þessari breytingu á setutíma Alþingis, ef svo má að orði komast, annað mjög mikilvægt ákvæði í frv. þar sem segir að við þingrof haldi alþingismenn umboði sínu til kjördags.

Það er nauðsynlegt að gera greinarmun á tvennu í sambandi við þingrof: Þingrofsúrskurði eða ákvörðun um þingrof annars vegar og þingrofi sem slíku hins vegar. Í 24. gr. stjórnarskrárinnar er augljóslega gert ráð fyrir því að þetta fari hvort tveggja saman, að þingmenn missi umboð sitt þegar við þingrof, þ.e. þegar þingrofsúrskurður er birtur. Í seinni tíð hefur það þó aftur á móti gerst mjög oft að í þingrofsúrskurði hefur verið svo fyrir mælt að þingrofið skyldi ekki taka gildi fyrr en síðar, þ.e. á kjördegi. Samkvæmt orðanna hljóðan og eðli máls missa þingmenn umboð sitt við þingrof, öfugt við venjulegar þinglausnir eða þingslit. Nú leggjum við til að þessu verði breytt og að þingrof taki aldrei gildi fyrr en á kjördegi. Þess vegna er orðalagi 24. gr. stjórnarskrárinnar breytt örlítið. Við greinina bætist að alþingismenn haldi umboði sínu til kjördags þótt Alþingi sé rofið. Jafnframt eru frestir frá þingrofi fram að kosningum nú miðaðir við þann dag þegar forseti Íslands gerir kunnugt um þingrofið og fram til kjördags.

Samkvæmt frv. ber því þingrof að með þeim hætti að Alþingi er rofið þegar forseti Íslands, í reynd forsrh., tekur ákvörðun um slíkt og gerir það kunnugt með forsetabréfi, en síðan þarf að fresta þinginu til þingloka, þ.e. fram að kjördegi. Þinginu verður auðvitað ekki frestað fyrr en samþykki þess liggur fyrir, en í raun mun þó aldrei geta liðið langur tími frá því að þingrof er kunngert og þar til þingið lýkur störfum því frestir eru það stuttir fram að kosningum að þingmenn eru auðvitað knúnir til þess að ljúka þingstörfum mjög fljótlega eftir tilkynningu um þingrof.

Hér er auðvitað um mjög mikilsverða breytingu að ræða og ljóst að framvegis verða ekki slíkar stórdeilur um þingrof og verið hafa a.m.k. tvisvar, þ.e. 1931 og 1974, þegar Alþingi var rofið frá og með þeim degi þegar kunngert var um þingrofið. Við erum vissulega ekki að leggja neinn dóm á þá atburði er þá gerðust, síður en svo, en með þessu frv. er verið að leggja til að þó að Alþingi sé rofið, þá verði þingmenn ekki umsvifalaust sviptir umboði. Forsrh. hefur áfram þingrofsréttinn en hann getur ekki tekið umboðið af alþingismönnum og heldur ekki bundið enda á þingstörf fyrr en meiri hluti Alþingis veitir samþykki sitt til þess að þingstörfum verði hætt eftir þingrofs-ákvörðunina fram að kjördegi þegar nýtt umboð er veitt.

Með þessu móti erum við að reyna að tryggja að landið verði aldrei þingmannslaust og ævinlega sé unnt, ef knýjandi nauðsyn er til, að kveðja Alþingi saman til funda, jafnvel þótt áður hafi verið kunngert um þingrof, þingið lokið störfum og komið nálægt kosningum.

Ég fagna því sérstaklega að okkur þingflokksformönnum skyldi takast að ná saman um þessi atriði, því að þau treysta stöðu Alþingis, löggjafarvaldsins, og mynda meiri samfellu í störfum þess.

Ég mun nú nánar fjalla um einstakar greinar frv.

Í 1. og 2. gr. er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða sem stafa af afnámi deildaskiptingarinnar. Fyrri greinin, 8. gr. stjórnarskrárinnar, fjallar um handhafa forsetavalds og einn þeirra er forseti sameinaðs Alþingis. Þessu verðum við að breyta því að embættistitill hans verður auðvitað forseti Alþingis eftir endanlega samþykkt þessa frv. 2. gr., þ.e. 11. gr. stjórnarskrárinnar, fjallar um brottvikningu forseta og tilskilinn aukinn meiri hluta fyrir henni í sameinuðu þingi. Orðið „sameinað" þarf að falla brott.

3. gr. varðar setutíma Alþingis. Nauðsynlegt er að breyta 22. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar nú svo: „Forseti stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til."

Eftir þær breytingar, sem ég hef áður lýst og kem

frekar að síðar, falla hefðbundnar þinglausnir niður og Alþingi verður aldrei slitið. Umboð þingmanna rennur út annars vegar þegar kjörtímabili lýkur eða hins vegar þegar þing er rofið. Við ætlumst til þess að forsetinn hafi frumkvæði að því að stefna Alþingi saman að loknum almennum kosningum og jafnframt að forsetinn setji reglulegt Alþingi ár hvert svo sem verið hefur. Fyrir því er ríkt hefð og það hefur sett virðulegan svip á þingsetningu og því viljum við alls ekki breyta. En önnur ákvæði greinarinnar um aukaþing og að ekki megi slíta þingi fyrr en fjárlög eru samþykkt eiga ekki lengur við.

4. gr. frv. fjallar um breytingar á 24. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. þingrofsgreininni. Ég hef þegar rætt um þær efnisbreytingar sem þar verða, en greinin fjallar í fyrsta lagi um það að stytta þá fresti sem líða mega frá því að gert er kunnugt um þingrof og þar til stofnað er til kosninga. Nú mega líða tveir mánuðir frá því að þing er rofið og þar til stofnað er til kosninga. Við leggjum til að það verði ekki nema einn og hálfur mánuður, eða 45 dagar, frá því að gert er kunnugt um þingrof og þar til almennar alþingiskosningar fara fram.

Í öðru lagi leggjum við til að frá þingrofi, þ.e. frá kjördegi, megi ekki líða nema 10 vikur, eða tveir og hálfur mánuður, þar til Alþingi kemur saman á ný. Þetta leiðir til þess að ekki líða meira en fjórir mánuðir frá því að gert er kunnugt um þingrof og störfum Alþingis lýkur þar til nýtt Alþingi kemur saman. Þessi frestur er nú átta mánuðir og þykir mörgum ærið langur tími.

Í þriðja lagi er í c-lið 4. gr. lagt til að við 24. gr. stjórnarskrárinnar bætist: „Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags." Ég hef áður fjallað um þetta efnisatriði og skal ekki endurtaka það.

Mér er þó ljóst að það er ekki fyllilega tryggt með þessu ákvæði að landið verði aldrei þingmannslaust vegna þess að þessi málsliður um að umboð þingmanna standi til kjördags á einvörðungu við í kjölfar þingrofs. Hann tryggir ekki að umboð þingmanna haldist til kjördags ef þess er ekki gætt ævinlega að stofna til kosninga áður en umboð þingmanna rennur út fjórum árum eftir að þeir eru kjörnir. Undir þann „leka", ef svo má að orði kveða, er ekki sett í þessu frv. Ég hef ekki ástæðu til að ætla að um þetta atriði sé nokkur sérstakur ágreiningur, þvert á móti held ég að flestir vilji koma í veg fyrir þær þrætur sem oft hafa orðið, m.a. fyrr í þessari viku, hér á Alþingi um kjördag og lengd kjörtímabils. Um þetta þyrfti að vera skýrt ákvæði. Það væri í góðu samræmi við aðrar grundvallarreglur, sem við erum að setja með þessu frv., þeim að þinginu er ætlað að sitja samfellt frá því að það kemur saman eftir kosningar og þar til veitt er nýtt umboð í næstu kosningum. Í dönsku stjórnarskránni, sem er skyldust okkar stjórnarskrá og á sér sömu rætur, er ákvæði í 3. mgr. 32. gr. um að sú ábyrgð hvíli á forsætisráðherranum að kosningar séu haldnar áður en kjörtímabilinu lýkur. Ég hvet mjög til þess að sú nefnd sem fær frv. til athugunar kanni þetta, sem hér er nefnt, og hvort ekki er hægt að ná saman um eitthvert orðalag sem allir gætu sætt sig við.

Í 5. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar á orðalagi 28. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um útgáfu bráðabirgðalaga. Í fyrsta lagi þarf að gera breytingu á greininni vegna þess að skv. frv. er ekki gert ráð fyrir því að Alþingi sé slitið og því óviðeigandi að í stjórnarskránni standi að forseti lýðveldisins gefi út bráðabirgðalög milli þinga. Við leggjum til að í staðinn komi að forseta sé þetta heimilt: „er Alþingi er ekki að störfum". Með því er átt við þann tíma þegar Alþingi er frestað eða frá því að umboð þess fellur niður og þar til nýtt þing kemur saman. Hér er því ekki um að ræða breytingu frá þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. Það er alveg ljóst að það hefur verið talið heimilt að gefa út bráðabirgðalög eftir að Alþingi hefur veitt formlegt samþykki sitt til frestunar á fundum þess. Um það eru a.m.k. sex dæmi á síðustu 20 árum.

Ég hlýt að geta þess í þessu sambandi að það eru mjög skiptar skoðanir í hópi þingflokksformanna, og reyndar þingmanna allra, um þetta ákvæði, útgáfu bráðabirgðalaga, en þetta er niðurstaða okkar og það sem samstaða náðist um.

Í öðru lagi er skv. greininni settur frestur í einn mánuð til að afgreiða frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum. Því hvílir sú skylda á ráðherra, sem staðið hefur að útgáfu bráðabirgðalaga, að leggja staðfestingarfrv. fram á fyrsta fundi Alþingis, þegar það kemur saman að nýju eftir útgáfu laganna, af hvaða tilefni sem það er, hvort sem það kemur saman að lokinni frestun eða til reglulegra starfa að hausti. Samþykki Alþingi ekki staðfestingarfrv. falla lögin úr gildi eðli málsins samkvæmt, en síðan er bætt við því nýmæli að hafi þingið ekki lokið afgreiðslu frv. innan mánaðar frá því að það var lagt fram og því útbýtt á þingfundi, þá falli lögin jafnframt úr gildi.

Við lítum svo á að ef starf þingsins félli niður af einhverjum ástæðum eftir að búið er að leggja fram staðfestingarfrv. áður en mánuður væri liðinn frá framlagningu þess, t.d. vegna þess að fresta þyrfti þinginu af einhverjum ástæðum, þá héldu lögin engu að síður gildi sínu í þann mánuð sem þing gæti haft til þess að afgreiða frv. Það má því segja að með framlagningu staðfestingarfrv. sé sett sólarlagsákvæði á lögin, einn mánuður sé hið mesta eftir af líftíma þeirra.

Mánaðarfresturinn er settur í því skyni að Alþingi taki svo fljótt sem auðið er afstöðu til bráðabirgðalaga sem gefin hafa verið út meðan það sat ekki að störfum til þess að það réttarástand sem bráðabirgðalög skapa standi sem styst eftir að löggjafarvaldið hefur tekið til starfa á ný. Þá er þess að geta að í drögum að þingskapalögum eru ákvæði sem eiga að koma í veg fyrir að staðfestingarfrv. falli vegna óeðlilega langra umræðna. Þar er gerð sú tillaga að forsrh. geti í slíkum tilvikum lagt til að ræðutími verði styttur til þess að þingið geti með eðlilegum hætti afgreitt staðfestingarfrv. fyrir bráðabirgðalögum, en ekki verði beitt neinum bolabrögðum til þess að fella lögin á tíma.

6. gr. frv. fjallar um að Alþingi starfi í einni málstofu. Um það atriði hef ég rætt það ítarlega að ekki er

ástæða til þess að gera því nánari skil hér.

Í 7. gr. er lagt til að samkomudagur Alþingis verði 1. okt. í stað 10. okt. eins og nú er. Að vísu hefur löggjafinn sjálfdæmi um samkomudaginn því að í stjórnarskrárákvæðinu segir að samkomudegi Alþingis megi breyta með lögum. Í núgildandi ákvæði segir raunar að samkomudagur Alþingis sé 15. febr. en því var breytt með lögum nr. 3/1967 í 10. okt., enda hafði þá skapast löng venja um þann samkomudag.

Með þessari breytingu gefst Alþingi lengri tími til þess að fjalla um frv. til fjárlaga á haustþinginu, en afgreiðslu þeirra þarf að ljúka fyrir áramót.

Í þessari grein er jafnframt kveðið á um að Alþingi standi allt árið, eins og vikið hefur verið að hér að framan, hafi umboð alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið. Þetta mun í reynd þýða að Alþingi verður frestað að vori en ekki slitið eins og nú er og reglulegu þingi lýkur þá ekki fyrr en 30. sept. ár hvert. Eins og áður er nefnt er ein meginröksemdin fyrir þessari breytingu sú að Alþingi geti komið saman án nokkurra vafninga sé eftir því óskað, t.d. til þess að afgreiða aðkallandi lagasetningu.

Þá er þess að geta að það er áfram sá möguleiki að Alþingi verði kallað til aukafunda, t.d. að loknum alþingiskosningum, sem fara fram snemma árs eða snemma sumars, áður en reglulegt Alþingi kemur saman 1. okt. Þá stæði slíkt aukaþing frá þingsetningu til 30. sept., hvort sem því yrði frestað fyrir þann tíma eða ekki.

Þá er þess að geta að því ákvæði stjórnarskrárinnar er haldið að breyta megi samkomudegi reglulegs Alþingis með lögum. Það verður að telja eðlilegt vegna ýmissa aðstæðna að heimilt sé að víkja frá stjórnarskrárákvæðinu með þeim hætti.

Í 8. gr. frv. er gerð breyting á 38. gr. stjórnarskrárinnar, en hún fjallar um frumkvæði að þingmálum. Breytingin stafar aðallega af afnámi deildaskiptingarinnar en jafnframt er greinin orðuð með nokkru nútímalegri hætti, eins og venjur hafa skapast um á Alþingi á síðustu áratugum. „Rétt til að flytja frv. til laga og till. til þál. hafa alþingismenn og ráðherrar", segir hér. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, aðeins staðfestingu á þeim reglum og venjum sem skapast hafa.

Það var nokkuð rætt í hópi okkar þingflokksformanna að staðfesta í stjórnarskránni rétt þingnefnda og þingflokka og forseta Alþingis í embættisnafni til að flytja mál á Alþingi en eftir nokkra íhugun töldum við rétt að slík ákvæði ættu fremur heima í þingskapalögum og gerum tillögu um það í þeim drögum að nýjum þingsköpum sem fylgja þessu frv.

Í 9. gr. eru gerðar breytingar á 39. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um rannsóknarnefndir Alþingis. Þar er engin efnisbreyting á ferðinni, aðeins orðalagsbreyting vegna afnáms deildaskiptingarinnar.

10.–13. gr. frv. breyta þeim greinum stjórnarskrárinnar sem fjalla um framlagningu fjárlagafrv. í sameinuðu þingi, kosningu yfirskoðunarmanna í sameinuðu þingi, samþykkt mála í deildum og um ágreining deildanna. Hér er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða, aðeins nauðsynlegar breytingar til samræmis við það meginefni þessa frv. að afnema deildaskiptingu þingsins.

Í 14. gr. er lagt til að eiðvinning þingmanna falli brott. Slíkt ákvæði er nú algerlega úrelt því að þingmenn hafa svo lengi sem elstu menn muna unnið drengskaparheit að því að halda stjórnarskrána þegar þeir taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn.

Í 48. gr. stjórnarskrárinnar segir svo í síðari mgr.:

„Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt sem stjórnin telur nægja."

Við þingflokksformenn vorum sammála um að þetta ákvæði væri algerlega úrelt og leggjum til að það verði fellt brott. Sú tillaga er í 15. gr. frv.

Í 16. gr. er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Slíkt hefur verið óheimilt hér á landi síðan 1887 og þess vegna meira en tímabært að fella þetta ákvæði brott. Í gildandi ákvæði segir einnig að ekki megi setja neinn alþingismann í varðhald meðan Alþingi stendur yfir. Þar er átt við gæsluvarðhald sem er þáttur í rannsókn sakamáls. Okkur þykir rétt nú, þegar verið er að gera breytingar á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, að kveða skýrara að orði um þetta atriði og breyta orðalagi ákvæðisins í samræmi við þann skilning sem á því hefur verið.

Þá er enn fremur breytt orðalagi fyrri mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar á þann hátt að í stað orðanna „meðan Alþingi stendur yfir" komi: meðan Alþingi er að störfum. Þetta er m.a. gert til þess að festa það orðalag að Alþingi er að störfum nema því hafi verið frestað eða það ekki komið saman að loknum alþingiskosningum, og hins vegar til að tryggja að ekki verði nú efnisleg breyting á ákvæðum þessarar málsgreinar þegar Alþingi situr allt árið. Þá hefur jafnan verið litið svo á að þessi sérréttindi alþingismanna, að ekki megi setja þá í gæsluvarðhald, féllu niður við þingfrestun og ekki eru áform uppi um að á því verði nein breyting.

Í 17. og 18. gr. frv. er um breytingar að tefla sem stafa af afnámi deildaskiptingarinnar. Í 18. gr. er orðalagi 53. gr. stjórnarskrárinnar breytt lítillega til samræmis við langa þingskapahefð. Í rauninni segir nú að ekki verði gerð samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði. Þetta orðalag „að greiða þar atkvæði" hefur oft valdið misskilningi, en framkvæmdin á því hefur venjulega verið sú að heimilt sé að gera samþykkt um mál ef meiri hluti þingmanna taki þátt í atkvæðagreiðslunni og þá jafnframt verið litið svo á að þingmaður, sem ekki greiðir atkvæði við nafnakall, taki þátt í atkvæðagreiðslunni. Þetta er í fullu samræmi við orðalag og túlkun dönsku stjórnarskrárinnar þaðan sem þetta ákvæði er ættað. Við teljum sjálfsagt að breyta þessu orðalagi um leið og gera þarf aðrar breytingar á greininni vegna afnáms deildaskiptingarinnar.

Í 54. gr. stjórnarskrárinnar segir að heimilt sé hverj-

um alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra. Heimild í þingskapalögum til þess að bera fram fyrirspurn styðst við þessa grein stjórnarskrárinnar, en hún er ekki ótvíræð um þetta atriði. Þess vegna hefur greinin verið orðuð skýrar í ljósi þeirrar framkvæmdar sem verið hefur um fyrirspurnir og skýrslur og orðast nú svo skv. frv.:

„Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu."

Þetta orðalag styðst við þá hefð sem hér hefur ríkt lengi.

Þá eru í síðustu greinum frv. gerðar nokkrar breytingar sem einvörðungu stafa af afnámi deildaskiptingarinnar. Það er í fyrsta lagi breyting á 55. gr. um að Alþingi megi ekki taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það. Í núgildandi ákvæði segir að hvorug þingdeild megi taka við neinu málefni nema einhver þingdeildarmanna flytji það. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða en hins vegar er bætt við orðinu „ráðherra" þannig að það sé ótvírætt að utanþingsráðherra geti flutt mál á Alþingi eins og þingmenn.

Í 56. gr. er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða sem stafa af afnámi deildaskiptingarinnar. Sú grein fjallar um að þyki Alþingi ekki ástæða til þess að gera ályktun um eitthvert mál þá geti hún vísað því til ríkisstjórnarinnar.

Í 57. gr. er sömuleiðis um orðalagsbreytingu að ræða vegna afnáms deildaskiptingarinnar. Sú grein fjallar um að þingfundir séu haldnir í heyranda hljóði.

Í 58. gr. er enn um orðalagsbreytingar að ræða vegna afnáms deildaskiptingar. Sú grein fjallar um að Alþingi setji sér þingsköp með lögum.

Þá eru loks í 24. gr. breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þar eru aðeins orðalagsbreytingar, en sú grein fjallar um breytingar á stjórnarskránni.

Í síðustu grein frv. segir að lög þessi öðlist þegar gildi. Vissulega er það svo að þegar Alþingi hefur samþykkt þetta frv. er ekki leitað staðfestingar forseta á því eins og um önnur samþykkt lagafrv. vegna þess að það öðlast ekki gildi sem stjórnarskipunarlög fyrr en það hefur verið samþykkt á nýkjörnu Alþingi að nýju. En þar sem líta má á að þetta þing sé að samþykkja frv. að stjórnarskipunarlögum fyrir næsta þing, þá er nauðsynlegt að hafa gildistökuákvæði því að ella gæti hið nýja Alþingi haft um það aðrar skoðanir en við hvenær þessar breytingar ættu að taka gildi.

Herra forseti. Með frv. fylgir fskj. sem eru drög að frv. til laga um þingsköp Alþingis. Þess er fyrst að geta að við formenn þingflokka höfum ekki rætt þingskapalögin ítarlega. Við höfum farið yfir helstu atriði er varða stjórn þingsins, nefndir, umræður, meðferð þingmála, fyrirspurnir, fundasókn, varaþingmenn, þingsetningu, störf skrifara og fleira. Við höfum hins vegar ekki rætt þessar breytingar í einstökum greinum. Engu að síður fylgja hér með allrækilegar tillögur um breytingar á þingsköpum.

Í þessum drögum er í fyrsta lagi fylgt þeim sjónarmiðum, sem hafa komið fram í nefndinni, um þessi meginatriði sem ég áður rakti. Í öðru lagi er byggt að nokkru leyti á frv. því eða þeim drögum sem fylgdu frv. Páls Péturssonar og fleiri þingmanna á 111. og 112. löggjafarþingi. Og loks hafa starfsmenn Alþingis farið yfir drögin og gert ýmsar gagnlegar tillögur um þingtæknileg atriði.

Ég mun ekki fjalla um drögin í einstökum atriðum, aðeins geta helstu efnisatriða sem þar eru.

Í fyrsta lagi gerum við ráð fyrir að varaforsetar þingsins verði fjórir og myndi ásamt aðalforseta þingsins forsætisnefnd eins og er í öðrum þingum.

Í öðru lagi er kveðið á um samráð forseta og þingflokksformanna um skipulag þingstarfa, þ.e. starfsáætlanir þingsins, bæði þingsins alls og styttri áætlanir, t.d. vikuáætlanir.

Þá gerum við ráð fyrir því að í nefndum þingsins sitji níu menn og að verkefnaskipting nefndanna verði í megindráttum hin sama og er í Stjórnarráðinu.

Í drögunum er ekki gert ráð fyrir neinum meginbreytingum á þeim reglum sem í gildi eru um umræður. Hins vegar er að mínu mati ákaflega mikilsverð nýjung tekin upp í drögunum þar sem eru stuttar athugasemdir sem leyfðar verða við ræður. Þeir sem þekkja störf annarra þinga eða setið hafa þing Norðurlandaráðs þekkja þetta vel, hinar svokölluðu replikkur. Þær eru með þeim hætti að þegar þingmaður hefur lokið ræðu sinni, þá er öðrum þingmönnum heimilt að gera stutta athugasemd við ræðuna og má hún ekki standa lengur en í tvær mínútur. Við gerum ráð fyrir því að slíkar athugasemdir geti samfleytt staðið í 15 mínútur. Við erum á þeirri skoðun að þetta muni gera umræður líflegri en verði jafnframt til þess að stytta umræður því að oft er það svo þegar þingmaður vill koma að stuttri athugasemd, þá verður hann að bíða með hana, oft klukkutímum saman, og svo loks þegar hann kemur henni að, þá finnst honum e.t.v. ástæða til þess fyrst hann er kominn í ræðustól að flytja lengra mál en ætlað var í upphafi.

Þá leggjum við enn fremur til að þingskapaumræður verði takmarkaðar við tíu mínútur í senn og hver ræðumaður megi tala allt að tveimur mínútum. Með því teljum við að tryggt sé að menn haldi þeim rétti að gera athugasemdir við framkvæmd þingskapa, en jafnframt að komið verði í veg fyrir að langar þingskapaumræður tefji þingstörf. Enn fremur gerum við tillögur um að hinum löngu og ótakmörkuðu utandagskrárumræðum verði breytt þannig að þær verði takmarkaðar við tíu mínútna ræðu málshefjanda, tíu mínútur fyrir ráðherra og fimm mínútur fyrir aðra þingmenn. Umræðan sem slík verður ekki bundin tímamörkum heldur aðeins ræða hvers þingmanns. Við leggjum til að áfram verði í þingsköpum hin svokallaða hálftímaumræða, sem er þá bundin með öðrum hætti, þ.e. sú umræða má í heild ekki standa lengur en í hálftíma.

Við leggjum til að stefnuræðu forsrh. verði flýtt þannig að hún verði flutt strax í upphafi þings. Þá leggjum við til nokkrar breytingar á atkvæðagreiðsl-

um í því skyni að stytta og hraða þeim. Oft er það svo að atkvæðagreiðslur með mörgum nafnaköllum taka langan tíma. Við gerum ráð fyrir því að rafeindabúnaður fyrir atkvæðagreiðslur verði settur upp í þinginu á næstunni. Með slíkum hætti má koma að mestu í veg fyrir nafnaköll því að með atkvæðagreiðslu sem fram fer með rafeindabúnaði er hægt að bóka í Alþingistíðindum afstöðu hvers þingmanns. Við teljum að það eigi að auka þann sið að láta yfirlýsingu koma í stað atkvæðagreiðslu. Það mætti t.d. gera þegar nefnd flytur samhljóða brtt., oft margar og ítarlegar, við frv. Þá ætti að vera óþarfi, ef forseti hefur gengið úr skugga um að nægilega margir eru í þingsalnum til þess að gera ályktun, að forseti lýsi yfir að tillögurnar séu samþykktar ef enginn hreyfir andmælum. Slíkt er alsiða í öðrum þingum.

Þá leggjum við til að skriflegar fyrirspurnir verði felldar niður, en þingmenn eigi áfram kost á að fá skrifleg svör við fyrirspurnum sínum, en nú með þeim hætti að biðja um skýrslur ráðherra. Við teljum að fyrirkomulag skriflegra fyrirspurna hafi á margan hátt farið úr böndum. Jafnframt má benda á að skrifleg svör hafa oft og einatt kallað á umræður í þinginu. Með þessu nýja lagi fá menn skrifleg svör biðji þeir um skýrslu. Þeir þurfa vissulega að vera fleiri um þá beiðni en nú er. Þá eiga menn líka jafnan kost á að efna til umræðna um svarið ef þeir vilja.

Við leggjum jafnframt til að fundasókn á fyrirspurnafundum verði afnumin en fyrirspurnatímar, þar sem ráðherrar svara munnlega fyrirspurnum þingmanna, verði að mestu leyti með sama hætti og verið hefur. Við leggjum til að tekin verði af tvímæli um að aðrir þingmenn en fyrirspyrjandi megi gera stuttar athugasemdir, eina mínútu hver í senn. Enn fremur höfum við rætt nokkuð í okkar hópi hvort það færi ekki betur á því að fyrirspurnatímar yrðu tveir á viku. Þá gætu ráðherrar hugsanlega skipt með sér verkum, hluti þeirra svarað fyrirspurnum fyrri hluta vikunnar og hluti þeirra síðari hluta vikunnar. Um þetta eru þó ekki gerðar formlegar tillögur á þessu stigi.

Loks leggjum við til að embætti skrifara verði fellt niður. Við teljum að það sé algerlega úrelt orðið að binda þingmenn við að skrifa fundargerðir á þingfundum. Í þeirra stað eiga auðvitað að koma starfsmenn þingsins. Með því er jafnframt það unnið að þá fái forsetar faglega aðstoð í störfum sínum.

Í drögunum eru mörg fleiri atriði sem ég tel á þessu stigi ekki ástæðu til að fjalla frekar um.

Ég vil taka það sérstaklega fram að við töldum skylt að leggja fram þessi drög vegna þess að öll útfærsla þeirrar breytingar sem felst í frv., þ.e. afnám deildaskiptingarinnar, hlýtur að fara fram í nýjum þingskapalögum. Þingflokksformenn hafa hver um sig fyrirvara um ýmis atriði sem í þessum drögum eru. Ég tel eðlilegt að um þau verði fjallað frekar í þingflokkunum og að við þingflokksformenn vinnum áfram að þingskapalögunum. Það væri á margan hátt ákjósanlegt að við gætum lokið því starfi fyrir þinglok að vori. Ella verðum við að taka okkur tíma til þess fram að næsta þingi að vinna frv. að nýjum þingskapalögum, ná samkomulagi um öll veigamestu atriði og leggja fram tilbúið frv. fyrir það þing sem kvatt yrði saman til þess að staðfesta það frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er mælt fyrir.

Herra forseti. Ég hef þá lokið að gera grein fyrir þessu frv. Það hefur auðvitað tekið dálítinn tíma, en það réttlætist af því að hér er um afar þýðingarmikið mál að ræða sem varðar leikreglur okkar hér á Alþingi.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir einstaklega ítarlega og greinargóða ræðu og glæsilega framsögu fyrir þessu mikilvæga máli.

Hinn 16. okt. 1990 greindi ég hv. þingheimi frá því bréfi sem forsetar Alþingis höfðu skrifað formönnum þingflokka um þetta mál svo að ástæðulaust er að endurtaka það hér. Hins vegar ber þess að geta að hv. formenn þingflokka tóku erindum forseta mjög vel og hafa unnið einstaklega gott og markvisst starf alveg síðan þeim var falið að kanna hvort kostur væri á því að nýta þetta síðasta þing þessa kjörtímabils til þess að breyta stjórnarskránni í þá veru að Alþingi yrði ein málstofa.

Eins og hér hefur komið fram lögðu forsetar mikla áherslu á að þingflokksformenn könnuðu til hlítar um hvaða atriði kynni að vera samkomulag og um hver þau atriði, sem um var rætt, væri slíkur ágreiningur að ekki væri ástæða til þess að hefja mikla umræðu um þau. Þetta hafa þingflokksformenn gert með miklum sóma og skilað hér mjög góðu verki og ber að þakka það sérstaklega. Ég leyfi mér fyrir hönd forseta þingsins að færa hv. 2. þm. Reykn. og öðrum nefndarmönnum miklar þakkir fyrir þetta góða starf.

Þá ber einnig að þakka starfsmönnum Alþingis sem hafa lagt fram mikla vinnu til þess að þetta mál mætti undirbúa svo sem best færi á. Ég sé ekki annað en það frv. sem hér liggur fyrir beri þess mjög merki að vel hefur verið til verksins vandað. Ég sé enga ástæðu til þess að bæta við það sem hv. 2. þm. Reykn. hefur hér lýst um tilgang þessa verks. Ég vil þó leggja áherslu á að fyrsta markmið þessa verks er að styrkja og efla Alþingi sjálft og stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu og það verður auðvitað ekki gert nema með því að styrkja innviði Alþingis sjálfs.

Það hefur einnig komið fram í ræðu hv. 2. þm. Reykn. að við teljum að með einni málstofu sé allt verklag hér á hinu háa Alþingi ekki bara einfaldað heldur gert markvissara. En ég vil einnig leggja á það mikla áherslu að með nýjum þingskapalögum, sem þegar hafa verið kynnt drög að, verður vitanlega að tryggja það að ekki einungis meiri hluti njóti sanngjarns styrks síns, heldur verði einnig réttur minni hlutans tryggður. Á þetta hafa allir aðilar að ég hygg lagt mikla áherslu.

Það er ljóst að á þessu síðasta þingi þessa kjörtímabils er gott tækifæri til að koma fram umbótum á starfsháttum Alþingis þar sem það þingrof sem fylgir

í kjölfar breytinga á stjórnarskrá getur nú fallið saman við eðlileg starfslok þingsins að vori og þarf þess vegna ekki að hafa í för með sér neina aðra pólitíska röskun. Ég vil því, hæstv. forseti, skora á hv. þingheim að flýta fyrir að þetta mál nái nú fram að ganga á þessu þingi. Þar með eru forsetar vitaskuld ekki að biðja um að málið fái ekki nákvæma, þinglega meðferð. Ég tek undir þá ósk hv. 2. þm. Reykn. að málið fari til meðferðar í hv. allshn. og síðan hv. allshn. hinnar seinni deildar. En ég held að það væri mjög miður ef þetta mál dagaði uppi á þessu þingi. Við höfum ekki mikla ástæðu til þess að halda það að vísu því að það er ljóst, sýnist okkur, af þessu verki sem hér hefur verið unnið að þegar um eflingu Alþingis og markvissari vinnu þess í þágu lands og þjóðar er að ræða sýnist ágreiningur hér á hinu háa Alþingi hverfandi.

Þetta verk hefur átt sér langan aðdraganda og á síðustu árum hefur verið unnið allvel að því að endurskipuleggja alla starfshætti Alþingis hvað varðar starfsfólk og skipulag þinghaldsins. Forsetar vænta þess að menn hafi veitt því athygli að ýmislegt hefur þar horft til framfara og nægir að nefna skipulag og vinnubrögð við nefndir þingsins. Það segir sig hins vegar sjálft að það háir mjög öllu nefndastarfi hversu margar nefndir þingsins eru og því mikið álag bæði á hv. þm. og starfsfólki þingsins. Því treystum við að þetta breytist mjög til batnaðar ef þetta frv. nær fram að ganga og ég endurtek óskir mínar um að hv. þingheimur skoði þetta mál mjög vandlega. Forsetar hafa ekki neina efasemd um að það horfi til bóta fyrir starfsemi Alþingis alla.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil einnig fagna því að þetta frv. er fram komið og þakka þá vinnu sem í það hefur verið lögð. Hv. frsm. kvartaði undan því að fáir ráðherrar væru viðstaddir. Reyndar eru afar fáir þingmenn viðstaddir þegar þetta mikilvæga mál er hér flutt. En ég varð var við það á ríkisstjórnarfundi í morgun að ráðherrar vissu ekki af því að málið væri hér á dagskrá, a.m.k. ekki allir. Reyndar hef ég orðið var við það að lítið samráð hefur verið haft við ráðherra að því er virðist. Það hefur aldrei verið sent ríkisstjórninni, sem er út af fyrir sig engin ósk mín að gert hefði verið, og kann að vera að eitthvað misjafnlega hafi verið að þessu máli komið í þingflokkum.

En fyrst og fremst sýnir þessi fjarvera ráðherra að sú hugmynd, sem fram hefur komið en er nú ekki í þessu frv., að ráðherrar geti eða eigi að víkja af þingi hefur stoð og ég er því fylgjandi. Ég hef nokkra reynslu af þessu og ráðherrastörfin hafa íþyngst mjög á síðustu árum með flóknara þjóðfélagi og miklum ferðalögum og nánari samskiptum við önnur lönd o.s.frv. Ég er því þeirrar skoðunar þó að það hafi ekki hlotið náð en var í fyrstu hugmyndum sem ég sá í þessu frv. Vitanlega geta menn spurt sig að því hvort það eigi þá að vera ráðherrum frjálst að víkja af þingi ef þeir óska þess þó að það sé nú skemmtilegra að hafa um það almenna reglu. Þetta er hugmynd sem ég hef aðeins heyrt fleygt hvort kæmi til greina. Nú er alveg ljóst að ráðherrar yrðu engu að síður oft að vera viðstaddir þingstörf, t.d. þegar þeirra mál eru flutt.

Ekki var nú ætlun mín að ræða þetta þó að ég komi hér inn á það heldur fyrst og fremst að lýsa yfir fylgi mínu við þær breytingar sem hér eru gerðar. Mér skilst að hér hafi eingöngu verið tekið inn það sem samstaða náðist um og ég held að í svo viðkvæmu máli og með svo skamman tíma til stefnu sé það rétt. Ég hef lengi verið því fylgjandi að breyta þinginu úr tveimur málstofum í eina og þarf ekki að orðlengja um það. Ég tek undir það sem kemur fram í grg. um réttmæti þess og sömuleiðis það, sem kom fram í framsögu, að hinn sögulegi aðdragandi, sem ég held að hafi verið hárrétt rakinn hjá hv. frsm., er ekki lengur til staðar, langt frá því.

Ég tel einnig verðuga tilraun, ef ég má orða það svo, að kveðja þing saman fyrr á haustin. Fyrst og fremst út af fjárlagagerð sem við erum oft í vandræðum með eða lendum í vissu tímahraki með. Það er að vísu háð því að menn hefjist þá handa strax og vinni. Að öðrum kosti mun þetta verða til lítils. En ég er fylgjandi því að gera þessa tilraun. Nefnt var í mín eyru jafnvel að koma saman fyrr en ég held að þarna sé fundinn viðunandi meðalvegur í þeim efnum.

Hér er gert ráð fyrir því að þingið standi allt árið og vitanlega er þá auðveldara að kveðja þing saman ef grípa þarf til einhverra þingstarfa. Það sýnist mér líka vera eðlilegt. Síðan er breytt hér tveimur ákvæðum um fresti, þ.e. bráðabirgðalög skulu samþykkt innan mánaðar frá því að þau eru lögð fyrir Alþingi. Ég tel afar mikilvægt að lesa það í sambandi við ákvæði 5. gr., hygg ég að það sé, þar sem er, ef ég skil rétt, gert ráð fyrir að komi: „fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný“ í staðinn fyrir „fyrir næsta Alþingi á eftir“. Það finnst mér vera kjarni málsins. Bráðabirgðalög á að leggja strax fyrir Alþingi og er þannig væntanlega nægilega ákveðið að orði komist eins og ég las. Mánaðar frestur kann að vera nóg þar sem Alþingi er þá orðin ein deild. En það er kannski í knappasta lagi finnst mér ef mörg stórmál liggja fyrir Alþingi og miklar umræður eru. En ég geri út af fyrir sig enga brtt. við það. Aðalatriðið er að leggja þau strax fyrir Alþingi og afgreiða þau svo fljótt sem unnt er, innan mánaðar ágætt, eins og hálfs mánaðar kæmi til greina.

Hér eru svo styttir aðrir frestir sem ég geri ekki athugasemdir við. Eitt atriði sem kemur fram í 3. lið er að landið verði aldrei þingmannslaust. Það kemur jafnframt fram í 4. gr. þar sem bætist við nýr málsliður: „c. Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.“ Ég fagna þessu. Ég tel að það hefði leyst vandamál sem við stöndum frammi fyrir núna. Á fundi með formönnum þingflokkanna nefndi ég þetta reyndar og fékk strax góðar undirtektir og ég fagna því að það er hér með. Hins vegar hnýt ég aðeins um það sem segir í lok 7. gr.: ... „stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út ...“ Vantar ekki þarna nauðsynlegt samræmi á? Það rennur ekki út. Þetta er ábending sem er gott að nefndin skoði. Þetta kann að vera vegna þess að atriðið um umboð alþingismanna hafi komið þarna inn það seint

að það hafi ekki verið gætt samræmis. Mér finnst ég hafa hnotið um þetta einhvers staðar annars staðar þegar ég var að lesa þetta — hef nú ekki séð frv. í heild sinni fyrr en núna — að rætt væri um að umboð alþingismanna rynni út sem það gerir þá ekki.

Ég veit að nefndin ræddi um fjöldamörg önnur atriði sem öll eru verðug umhugsunarefni, en kannski orka meira tvímælis og valda meiri deilum og ég ætla ekki að nefna þau. Sum, eins og ég sá, gæti ég stutt en önnur ekki, en látum það kyrrt liggja.

Ég vek síðan athygli á því að frá stjórnarskrárnefnd liggja fyrir breytingar á kosningalögum sem ríkisstjórnin hefur afgreitt og komið er til þingflokka stjórnarflokkanna. Ég hafði gert mér vonir um að það væri jafnvel komið hér fram. En ég held að ég fari með rétt mál að það er ekki komið fram. Ég mun knýja á um að það komi fram ef það gæti fylgst að þó að tími sé orðinn knappur.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil láta koma fram hér, eins og minnst hefur verið á í framsögu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, að samstaða er með nefndarmönnum um flutning þessa frv. og samkomulag hefur náðst um þær breytingar sem þar eru lagðar fram. Því er ekki að neita að í sumum efnum hefur verið gengið skemmra en ýmsum í nefndinni þótti æskilegt, en aftur á móti gengið í lengra lagi til móts við aðrar breytingar. Allt um það er samkomulag um það að nefndin standi óskipt að þessu frv. þó að nefndarmenn telji ekki að þeir hafi með því bundið hendur félaga sinna í þingflokkunum um að leggja fram tillögur til breytinga.

Ég vil játa það að persónulega hef ég ávallt haft efasemdir um að rétt sé að gera þingið að einni málstofu. Ég hef óttast það að mál ættu þá um of greiða leið í gegnum þingið og fengju e.t.v. ekki eins vandaða umfjöllun og nauðsyn væri. En ég hef beygt mig fyrir þeim rökum sem fram hafa verið færð fyrir þessari breytingu og hv. flm. hefur rakið í máli sínu og ég hef gengið til samkomulags við aðra nefndarmenn um þetta atriði. En þá verður þingið líka að hafa burði til þess að hindra að framkvæmdarvaldið gangi of langt í því að þrýsta sínum málum fram í þinginu með þeim aðferðum sem gjarnan eru notaðar og viðhafðar, svo sem með afbrigðum. Í trausti þess að þingsköpum verði beitt á þann veg að slíkt gangi ekki of langt samþykki ég þessa breytingu.

Ekki náðist samstaða innan nefndarinnar um að fella niður heimild til útgáfu bráðabirgðalaga. Ég vil minna á að hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur mælt hér fyrir frv. til laga um afnám þessara heimilda sem þingkonur Kvennalistans í Nd. hafa lagt fram. Það gefur því auga leið að erfitt er fyrir fulltrúa Kvennalistans í nefndinni að ganga til samkomulags um að þessi heimild sé áfram við lýði. En í ljósi þess að samkvæmt þessu frumvarpi eru verulegar takmarkanir á að beita þessari heimild gekk ég til samkomulags við nefndarmenn um þetta atriði. Þessa heimild hafa stjórnvöld annarra landa ekki leyft sér að nota þó að hún sé fyrir hendi þar og það væri ásættanlegt e.t.v. að þetta ákvæði væri til staðar hér hefði ekki reynslan sýnt hve gróflega því hefur verið misbeitt á stundum.

Margar mikilvægar breytingar eru í þessu frumvarpi á störfum Alþingis og yfirleitt allar til bóta og þær eru einnig til þess að gera ýmis ákvæði og reglur skýrari. Í ljósi þess að störf Alþingis muni við þetta verða skilvirkari og markvissari og að með nokkrum hætti verði betur greint á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, þá lýsi ég sem vænta má stuðningi mínum við þetta frumvarp og mun standa heils hugar með því svo sem og aðrir nefndarmenn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu stórmál sem varðar störf þeirrar stofnunar sem við sitjum í, Alþingis, og þingræðið og lýðræðið í landinu. Ég ætla ekki að halda langa ræðu við þessa umræðu. Mér gefst tækifæri til að fjalla nánar um þetta frumvarp því að ég stýri störfum í þeirri nefnd sem fær það til meðferðar. En frumvarpið kveður á um veigamiklar breytingar á starfsháttum Alþingis. Það ber að sjálfsögðu þess merki að þau atriði hafa verið tekin upp í frumvarpið sem samkomulag hefur orðið um hjá þingflokksformönnum sem undirbjuggu málið.

Ég verð að segja það í upphafi máls míns að ég tel flest í þessu frumvarpi til stórra bóta og bind vonir við að það verði, ef samþykkt verður, til að gera starfsemi og starfsháttu Alþingis skilvirkari og vandaðri, efla þingræðið og lýðræðið í landinu, en það er að sjálfsögðu langmikilvægasta markmiðið og frumvarpið verður að sjálfsögðu að miða að því fyrst og fremst.

Veigamesta breytingin í frumvarpinu er sú varðandi Alþingi að það gerir ráð fyrir að afnema deildaskiptinguna. Það er jafnframt sú breyting sem mest hefur verið til umræðu fyrir fram, áður en frv. kom hér til umræðu í Alþingi. Það hefur áhrif í ýmsum greinum sem ég tel til mikilla bóta og þeir ræðumenn sem hafa talað hér á undan hafa rakið það, m.a. frsm. í ítarlegri framsöguræðu fyrir málinu. Langveigamesta breytingin er sú eftir þetta að einfaldur meiri hluti þingmanna ræður úrslitum mála. Ég tel að það sé eðlilegt og það sé í samræmi við lýðræðisreglur.

En ástæðan til þess að ég tek þátt í þessari umræðu nú er sú að ég vildi einkum undirstrika eitt atriði sem leiðir af samþykkt þessa frumvarps en það er sú mikla breyting sem verður á nefndastörfum þingsins við samþykkt þess. Ef þingið verður ein deild þá fækkar nefndunum. Það hefur í umræðunni verið varað við að afnema deildaskiptinguna. Það hefur verið talið bjóða heim hættu á því að málsmeðferðin verði óvandaðri og þau frumvörp og löggjöf sem samþykkt er standist síður. Ég tel að þetta þurfi ekki að vera svo ef bætt er starfsaðstaða og málefnavinna þingnefnda. Ég tel að það sé mikilvægur grundvöllur að því að þingið sé ein deild, það starfi ein nefnd um ákveðinn málaflokk og hún hafi umboð allt árið.

Sá tætingur sem hefur verið á þingmönnum milli nefnda, í fjölmörgum starfsnefndum þingsins, við þekkjum hann öll sem eigum sæti hér á Alþingi. Ég held að störf nefndanna með þessum nýja hætti verði

miklum mun skilvirkari og það sé í rauninni það sem ræður úrslitum um það hvort þetta frumvarp verður til bóta eða ekki.

Það ákvæði að þingið sitji allt árið og verði frestað í staðinn fyrir að því verði slitið er nauðsynlegur grundvöllur að þessu, að nefndirnar hafi umboð og geti sýnt meira frumkvæði í því að kynna sér ákveðna málaflokka og hafa frumkvæði um upptöku ákveðinna mála og lagabreytinga. Fjvn. hefur haft visst starf milli þinga í að kynna sér ákveðin mál en hins vegar hafa fjárveitinganefndarmenn ekki haft umboð.

Það getur verið nauðsynlegt ef þessi löggjöf nær fram að ganga að gera ýmsar ráðstafanir til þess að störf hér í þinginu gangi fljótar og skilvirkar fyrir sig. Ein þingdeild verður miklum mun stærri heldur en þær deildir sem starfa núna. Þau drög að lagabreytingum um þingsköp sem fylgja hér í fylgiskjali gera ráð fyrir ýmsum breytingum í þessa átt. Ég hef ekki lesið þau eða kynnt mér til hlítar, en við fljótan yfirlestur eru ýmis atriði þar sem horfa til mikilla bóta, að ég hygg. Þar verður að þræða hinn gullna meðalveg. Það er varasamt að hefta málfrelsi þingmanna um of, en í þeim efnum verður þó að gá að því að góðar, réttlátar og fastmótaðar reglur sem er framfylgt vel í þingstörfum tryggja best lýðræði og þingræði jafnvel þó að hver þingmaður geti ekki haldið ræður hér ótakmarkað. Ótakmarkaður ræðutími og langar ræður hefta málfrelsi einhverra annarra þingmanna. Það þekkjum við frá þingstörfum í gegnum árin og er ég hvorki að ásaka neinn sérstakan þingflokk né sérstaka þingmenn í þessu efni, hvorki stjórn né stjórnarandstöðu. Það getur verið nauðsynlegt að takmarka ræðutíma til þess að tryggja greiðan og réttlátan framgang mála hér í hv. Alþingi.

Aðalerindi mitt hingað í þessa 1. umr. málsins er að undirstrika að það þarf að lyfta nefndastarfinu hér á Alþingi og þingmenn þurfa að leggja á það mikla áherslu að vinna vel í nefndum. Og ég tel að þessi breyting, að fækka nefndunum, og breytingin úr tveimur deildum í eina deild, sé nauðsynlegur grundvöllur að því að hægt sé að styrkja nefndastarfið í sessi, en það að styrkja nefndastarfið í sessi er grundvöllur að vandaðri löggjöf héðan frá hv. Alþingi. Löggjafarstarfið er nú einu sinni undirstaðan í störfum hér en því miður vill það oft falla í skuggann af öðrum þingstörfum sem njóta meiri athygli. Má þar nefna utandagskrárumræður og þingskapaumræður sem meiri fréttaflutningur er af heldur en af löggjafarstarfinu sjálfu sem er þó aðalverkefni þingsins.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta mál frekar nú. Ég mun reyna að gera mitt til þess að það fái vandaða meðferð í þingnefnd. Það skiptir mjög miklu máli að fá þar sem flest sjónarmið að. Ég tel að þessi breyting á þingstörfum, á stjórnarskipunarlögum sé tímabær og miði í þá átt að gera störfin hér skilvirkari og vandaðri en það er forgangsmál og það takmark sem þetta frumvarp á að stefna að.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég mun ekki tala hér langt mál því að hv. frummælandi gerði það ítarlega grein fyrir þeim breytingum sem samkomulag hefur orðið um að flytja á stjórnarskipunarlögunum. En það er þó eitt atriði sem ég get ekki samþykkt og það er sú túlkun hans að það sé, ef ég hef tekið rétt eftir, svipaður réttur áfram til útgáfu bráðabirgðalaga eins og verið hefur. Ég held að það atriði einmitt, að þinginu verði ekki slitið, það standi allt árið, sé einmitt til þess að það sé ekki nema alveg í undantekningartilvikum sem megi gefa út bráðabirgðalög. En að öðru leyti get ég tekið undir hina skýru og skilmerkilegu ræðu sem hv. þm. flutti hér.

Það er annað mál að ég hefði viljað taka inn mörg önnur atriði sem var ekki samkomulag um og sem er ekki vansalaust, að Alþingi skuli ár eftir ár ekki gera t.d. breytingar á því sem umboðsmaður Alþingis beindi til forseta Alþingis 1988. Það er umhugsunarvert að ekki skuli vera tekið á þeim málaflokkum og ekki skuli vera hægt að fá samstöðu um það vegna þess að ég get ekki skilið það að menn séu ekki alveg sammála um þær breytingar, sammála um breytingar sem í raun og veru eru um ýmiss konar samþykktir og samninga sem við erum aðilar að á opinberum vettvangi.

Ég ætla aðeins, hæstv. forseti, að lesa hér upphaf að þessu bréfi frá umboðsmanni Alþingis. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, tel ég ástæðu til að vekja athygli á ófullkomnum ákvæðum til verndar mannréttindum í íslenskum lögum. Ég bendi á að í íslensku stjórnarskrána vantar almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Sem dæmi má nefna skoðunarfrelsi, jafnrétti, bann við afturvirkum refsilögum, vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar meðferðar fyrir dómi.“ Ég held að nokkuð mikið sé um það rætt, t.d. í okkar þjóðfélagi í dag, hvort réttarfarið sé í lagi. Ég hef séð bréf í blöðum sem aðrir alþingismenn munu hafa fengið sem einmitt fjalla um þetta. Enn fremur segir:

„Ákvæði *íslensku stjórnarskrárinnar um félagsleg* mannréttindi eru og fábrotin. Mörg mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar eru ófullkomin af ýmsum ástæðum.“

Ég ætla ekki að lesa meira upp úr þessu bréfi, en það hlýtur að koma til álita í nefndinni að kveðja umboðsmann Alþingis til nefndarinnar til þess að hann útskýri nánar hvað hann þá á við, þ.e. hvernig hann hugsar sér að þessi ákvæði verði sett inn í stjórnarskrá. Það fer ekkert á milli mála hvað hann er að fara efnislega. En það er ekki nóg og það er ekkert víst að það mundi tefja störf nefndarinnar svo mjög þar sem umboðsmaður Alþingis hefur kynnt sér þessi mál og þekkir þau af *sínum* störfum sem dómari fyrir Mannréttindadómstólnum, eða ég hygg að hann sé þar.

Hv. 2. þm. Reykn. nefndi ekki að fleiri frv. um breytingu á stjórnarskipunarlögunum liggja hér fyrir nefndinni og hafa ekki fengið umfjöllun, sem er kannski eðlilegt þar sem að því var stefnt að bíða eftir því sem nefndin mundi verða sammála um. En ég vil minna formann nefndarinnar á það að ég er flm. að frv. um að gera breytingar á stjórnarskránni einfaldari í

sniðum og bera síðan þær breytingar undir þjóðina við næstu kosningar og að stjórnarskráin í heild sinni verði í raun og veru þjóðarlög sem þjóðin hefur sjálf samþykkt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en vil bara ítreka það, og ég mun spyrja eftir því við 2. umr. um þetta mál, hvort umboðsmaður Alþingis hafi verið kallaður til nefndarinnar og hverjar hans tillögur og ábendingar hafa verið, þ.e. ef ekki koma fram brtt. til þess að uppfylla a.m.k. að einhverju leyti þær óskir, þær ábendingar sem koma fram í hans áliti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að leiða hugann að þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Alþingi Íslendinga hefur kosið hina mætustu menn til að sitja í stjórnarskrárnefnd og vinna að framgangi þeirra mála. Það hefur ekki verið ágreiningur um það í þingsölum að eðlilegt væri að gera breytingar á íslensku stjórnarskránni. Hins vegar gerist það að hv. 1. þm. Norðurl. v. flytur frv. til laga um breytingar á stjórnarskránni og hefur meðflm. það sem ég mundi nú kalla „grúppuna úr Norðurlandaráðinu", svona bara á einföldu máli. Það fyrsta sem hv. þm. varð náttúrlega að gera var að sjá til þess að málið yrði ekki samþykkt því hann var ekki reiðubúinn að kaupa fall ríkisstjórnarinnar því verði. En eins og allir vita þýðir samþykkt á breytingum á stjórnarskránni að ríkisstjórnin þarf að efna til kosninga. Þess vegna var þetta borið fram á sínum tíma, fyrirhyggjan slík að það þurfti tvö þing áður en talið var eðlilegt að málið yrði afgreitt. En engu að síður var lögð á það áhersla að þar sem málið væri svo mikilsvert þyrfti að hafa þá kynningu að með tveggja þinga fyrirvara skyldi málið borið fram. Nú aftur á móti er sá sami flm. númer tvö í röðinni að frv. til stjórnarskrárbreytinga og nú hafa orðið þau sinnaskipti að hann telur hæfilegan tíma til þess að klára þetta mál það sem eftir lifir af þessu þingi. Sýnist mér nú að forsjárhyggjan hafi breyst allverulega.

Hér kemur fram að skipuð hefur verið nefnd að beiðni forseta Alþingis. Ég veit ekki til þess að forsetar Alþingis hafi verið til þess kosnir að leiðbeina um þetta mál, ég veit ekki til þess. Ég veit ekki til þess að þeim sé ætlað að skipa hér nefndir til þess að vinna að lagasetningu í þinginu. Ef forsetar þingsins þurfa að koma málum fram hlýtur að vera eðlilegt að þeir beri það þá undir þingið með eðlilegum hætti. Sérhver óbreyttur þingmaður hefur mátt horfa upp á það að átökin milli framkvæmdarvaldsins og þingsins hafa löngum notið formanna þingflokkanna til stuðnings við framkvæmdarvaldið um að troða þingið niður, ætla þinginu hvorki tíma né rúm til að afgreiða mál. Þetta kannast allir við. Aðstoðarmenn í gegnum tíðina við þessi vinnubrögð hafa verið forsetar þingsins. Þess vegna liggur það ljóst fyrir að sá hópur sem tekið hefur að sér að gera breytingar á stjórnarskránni er óhæfasti hópurinn í þinginu til að vinna það verk. Grímur Thomsen orðaði það snilldarlega um Halldór Ásgrímsson í Hemingsflokki Áslákssonar: „Með konungshundum hvassast sem að bíta, Halldór svarar, var ég aldrei fundinn."

Og það þjónustulið við framkvæmdarvaldið sem löngum hefur verið reiðubúið að troða á hverri einustu tillögu um eðlileg vinnubrögð í þinginu og vaða þannig áfram án þess að spyrja um gæði heldur afköst, það lið vill nú setja almennum þingmönnum leikreglurnar. Svo hart er málið keyrt að hv. 2. uppáskrifandi málsins fær ekki einu sinni að tala fyrir því við 1. umr. Og enginn hefur hugmynd um hvort hann muni vera í landinu við 2. umr. eða þá 3. Maðurinn er bara fjarverandi, erlendis, meðan málið er tekið fyrir. Og við spyrjum okkur líka þegar svona lagað gerist: Eru menn ekki með svona tillöguflutningi að stuðla að því að nefndir, sem falið hefur verið að vinna ákveðið verk, líti á það sem eðlilegan hlut að forsetar skipi þá bara einhverja undirhópa, vini og vandamenn, hvort sem það er komið til vegna Norðurlandaráðsins, kunningsskapar á hótelherbergjum úti í Svíþjóð eða Danmörku, sem er grundvöllurinn fyrir málflutningi hér í þinginu. Ég skil ekki hvaða rök geta legið fyrir því að svona vinnubrögð eru upp tekin, ég segi það bara hreint út.

Svo vill nú til, ekki veit ég hvort það er tilviljun, en Vestfirðingar verða sérstaklega hart úti. Hv. 1. flm., 2. þm. Reykn., eyddi megninu af sinni ræðu til að sannfæra okkur um að Morgunblaðið segði ekki alltaf satt, í það minnsta ef Þorvaldur Garðar, hv. 4. þm. Vestf., skrifaði þar greinar. Það fór bróðurparturinn af framsöguræðunni í það að halda því fram að ekki væri mark á þeim takandi. En hver skyldi þá vera formaður stjórnarskrárnefndarinnar? Það er 1. þm. Vestf., hann var afskrifaður orðalaust. Ég veit ekki betur en hann ætli í framboð fyrir vestan. Mér þykja þetta þess vegna fréttir, ég segi það hreint út.

Auðvitað hefur það komið fram í fréttaskýringarþætti sjónvarpsins að það sé ekkert venjulegt lið sem standi að þessum flutningi, þetta séu súpermenn þingsins, algerar sérsveitir, hvort sem þeir eru nú með svartar húfur eða annað. Og þegar þeir flytji mál sín, þá fljúgi málin bara áfram í gegn þannig að auðvitað þýðir ekki að mótmæla svona mönnum. Ég veit ekki hvar það mundi enda ef það yrði gert. Samt gerast þeir furðulegu hlutir að hv. 6. þm. Norðurl. e., sem er flm. að málinu, eyðir mestöllum tíma sínum í að skammast yfir því hve lítið sé í frv., það sé ekki hlustað á hvað umboðsmaður Alþingis segir, það sé ekki tekið tillit til þess. Hann boðaði brtt. og nánast krefst þess að úr nefnd komi hugmyndir um brtt. Það er nefnilega öllum ljóst sem lesa þetta plagg að það þarf að ganga heildstætt í þetta verk, eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. Málin eru ekki leyst með þessu. Þetta er yfirklór. Og auðvitað er það hámark ósvífninnar ef mönnum dettur í hug að það sem eftir lifir af þessu þingi eigi að rúlla svona málum í gegn.

Ég veit að það eru mörg atriði í þessu sem eru ekki deilumál og hafa aldrei verið deilumál, ef stjórnarskrárbreyting verður framkvæmd, að þurfi að leiðrétta. Önnur hafa verið í umræðunni, fram og til baka út frá ýmsum forsendum. Það má rífast um það hér fram og til baka hvort það sé frá Dönum komið að hér eigi að

vera tvær deildir eða ekki, hvor söguskýringin sé rétt, sú gamla sem vitnað var í til hins mætasta manns, sem er ekki til andsvara hvort túlkunin var rétt eða ekki, og til þess sem fyrrv. forseti Sþ., hv. 4. þm. Vestf., heldur fram. Kjarni málsins er aftur á móti sá að í flestum þjóðþingum heimsins eru tvær deildir. Það er kjarni málsins. Mér er ljóst að ef magnið sem þingið ætlar að afgreiða er aðalatriðið, þ.e. að koma lögum yfir landsmenn, þá er ein deild miklu afkastameira apparat. Því meira sem málfrelsi er tekið af þingmönnum og þeim mun erfiðara sem þeim er gert fyrir að hafa áhrif á gang mála, þeim mun fljótar fara frv. í gegn. Spurningin er: Verða gæðin eftir því? Nú lofa þeir nánast að starfslið verði aukið til þess að koma viti fyrir þingmenn þannig að gæðin muni lagast líka. Og það getur vel verið að þeir hafi það allt í hendi sér að ganga frá þessum þætti mála.

En þegar íslenska þjóðveldið varð til, þá reis það þannig upp af þingum sem voru haldin að hætti víkinganna sem komu frá Noregi. Það urðu fjórir fjórðungar til í þessu landi sem grundvallareiningin að lýðræðisskipuninni. Og af því að hv. 2. þm. Reykn. vekur á því athygli að kjarni málsins frá sumra dyrum séð sé hvort hér eigi að vera tvær deildir eða ein, þá er rétt að minnast þess að í upphafi var kosið til deildanna misjafnt og það er hægt að hugsa sér að það verði gert í framtíðinni. En Gamli sáttmáli hafði ekki gildi fyrr en meiri hlutinn í hverjum einasta fjórðungi var búinn að skrifa undir. Þess vegna liggur það ljóst fyrir sem eðlileg lagatúlkun að frelsinu hafi ekki verið skilað aftur til þeirra sem það var tekið af með því að svíkja samninginn fyrr en því er skilað aftur til fjórðunganna. Það voru fjögur ríki sem mynduðu sambandsríki á Íslandi á þessum tíma. Og það er ekki búið að skila því þegar búið er að skila því aðeins til eins sameiginlegs. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna þegar menn standa frammi fyrir því, hver og einn einasti maður og horfir á það sem staðreynd: Við teljum það eðlilegar leikreglur að lýðræðið sé þannig upp byggt að menn hafi jafnan atkvæðisrétt, er sagt. Spurningin er þá í framhaldi af því: Eru það ekki jafnlýðræðislegar leikreglur að hin ýmsu svæði hafi jafnmikið að segja um sín málefni?

Við höfum í mörg ár haft þau lög og þær reglur að t.d. hið stóra samfélag Reykjavík hafði meira að segja um sín málefni, miðað við önnur svæði þessa lands, en t.d. Suðurland eða Vestfirðingafjórðungur eða Norðlendingafjórðungur. Án þriðja stjórnsýslustigsins verður aldrei hægt að koma hér á eðlilegu lýðræði. Það er ekki glóra til í því að safna upp á efsta stjórnsýslustig öllum ákvörðunum eins og verið er að gera í heilbrigðismálum og víðar. Það er ekki glóra til í því. Spurningin er því þessi: Hefði ekki verið eðlilegra að reyna að komast til botns í kjördæmaskipulagi, í stjórnarskrármálinu og því sem allir sjá fyrir, sem vilja horfa fram í tímann, að núverandi kjördæmaskipulag mun ekki halda velli og fær ekki staðist.

Ég verð að segja eins og er að mér hefði þótt það skynsamlegra að menn hefðu snúið sér að þessu verki, farið í að endurskipuleggja eitt og annað í landinu með því að færa verulegan hluta af valdi ríkisins til byggðanna, til Stór-Reykjavíkursvæðisins, til Vestfirðingafjórðungs, til Norðlendingafjórðungs, til Austfirðingafjórðungs og til Sunnlendingafjórðungs. Í ljósi þess sem þá kæmi upp væri metið hvort við þyrftum á tveimur deildum að halda eða ekki til þess að halda jafnvægi í landinu.

Ég ætla ekki að fara hér út í efnislega umræðu um einstakar greinar. Ég er búinn að gera grein fyrir því hér og nú að ég tel að svona vinnubrögð eigi engan rétt á sér. Þegar þingið kýs ákveðna menn til ákveðinna starfa, þá er það traustsyfirlýsing til þeirra manna. Ég hef ekki samþykkt neitt vantraust á þessa menn. En ég tek því ekki að þá taki forseti sig til og skipi einhverjar súpersérsveitir til þess að fara í málið.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst rétt að leggja hér örfá orð í belg því að hér er flutt mikilvægt mál og fram borið af ágætum mönnum. Ég vil fyrst taka fram að ég tel að stjórnarskrá okkar sem við höfum lengi búið við sé harla góð og í raun þurfi ekki að gera á henni ýkja miklar breytingar. En eigi að síður ber að viðurkenna að það eru að sjálfsögðu ýmsar formbreytingar sem þarf að gera. Eftir lýðveldistöku 1944 hafa starfað að þessu margar góðar nefndir. Ein er starfandi nú að því er ég best veit undir forustu hins ágætasta manns, en því miður hefur ekki ýkja mikið heyrst um þetta mál í heild nú nýlega.

Sannleikurinn er sá að auðvitað má benda á að ýmsar greinar stjórnarskrárinnar séu ófullkomnar eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e., sem hann hafði eftir umboðsmanni Alþingis. En ég held nú að við eignumst aldrei alfullkomna stjórnarskrá. Og kaldhæðni örlaganna er svo mikil í veraldarsögunni að jafnvel hinar albestu stjórnarskrár sem hafa verið samdar af mestu hyggindum og áttu lengi að duga hafa reynst heldur valtar þegar á reyndi og stjórnmálamenn komu til sögunnar. Mætti tilfæra um þetta dæmi.

Ég held að yfirleitt sé ekki ýkja mikill vandi að ná samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni, ef frá er skilin 31. gr., um kjördæmaskipun og þingmannafjölda. Og sannleikurinn er sá að þar má auðvitað eitt og annað tína til, eins og það að að mínum dómi hefði þingmannafjöldi á hv. Alþingi Íslendinga aldrei átt að fara fram úr 60 manns. Það er svo mikil freisting stjórnmálamanna að leysa ýmsan aðkallandi vanda með því að bæta við einum og einum þingmanni að sagan sýnir að þar er nauðsynlegt að hafa eitthvert hóf og eitthvert þak. Og ég endurtek að þingmannafjöldi hefði aldrei átt að fara yfir 60. En margt annað sem stendur í 31. gr. stjórnarskrárinnar hefur vafist fyrir mönnum. Þar verður náttúrlega seint hægt að ná fullu samkomulagi.

Eins og hér hefur komið fram hefði maður getað ímyndað sér að stjórnarskrárnefnd sú sem nú situr hefði lagt fram brtt. eða drög að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Hér er því dálítið einkennilega að verki staðið. Þar verð ég að taka undir með hv. 2. Vestf. Að taka hér út úr nokkur ákvæði. Mér virðist

sem sagt sem hér hafi verið valin „létta leiðin ljúfa", eins og einhvern tíma var nefnt, það er að taka út úr nokkur ákvæði sem flestir alþingismenn geta í raun og veru orðið sammála um.

Meginbreytingin í þessu frv. er held ég talin sú að deildaskipting Alþingis er afnumin. Ég get vel tekið fram að ég hef verið þessu sammála lengi og tel að Alþingi Íslendinga hefði átt að vera komið í eina málstofu fyrir þó nokkru síðan. En það er ýmislegt fleira sem þarf að huga að þegar kosningar eru á næsta leiti.

Sumar þær breytingar sem hér eru gerðar eru næsta *lítilvægar. Þar er um að ræða ákvæði sem hafa að vísu* staðið í stjórnarskránni en þeim hefur ekki verið beitt. Það er eitt sem mér dettur í hug að nefna. Hér segir á einum stað: „Fellt er brott úrelt ákvæði um eiðvinningu þingmanna." Hver kveður upp svona dóma? Ég veit ekki betur en staðið hafi í 47. gr. stjórnarskrárinnar um áraraðir og standi enn: „sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni". Þetta er í hvívetna jafngilt að lögum og þarna velur maðurinn sjálfur á milli. En að hér sé verið að taka aðra aðferðina út úr og dæma hana úrelta. Ég held að það sé nú ekki mjög vel rökstuddur dómur.

Og það er ýmislegt annað sem við þurfum að gera þegar við horfumst í augu við kosningar. Ég álít t.d. bráðnauðsynlegt að kippa einhverju í liðinn að því er varðar kosningalögin sem við búum við núna og eru sennilega meðal vitlausustu kosningalaga sem spurnir fara af. En hvað um það. Það er hægt að láta svona athugasemdir falla. En ég vil þó segja það að ég get verið sammála flestu því sem hér er minnst á og er þess vegna ekki ástæða til að vera að hreyfa hvössum athugasemdum. Sé meginbreytingin sú að afnema deildaskiptinguna þá er ég því sammála, en um ýmis atriði önnur sem hér eru getur maður velt vöngum og hugsað sér að alveg eins hefði mátt taka einhver önnur ákvæði stjórnarskrárinnar til athugunar. Þannig leyfist vonandi að bíða enn eftir þeirri heildarskoðun sem fyrir löngu átti að hafa farið fram.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. Ég ætla mér ekki að fara hér út í efnisumræður en vil þó í upphafi segja að ég harma hversu fámennt er hér í salnum þegar jafnmikilvægt mál er til umræðu og hér er. Þegar verið er að ræða um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, þá horfum við á galtóma ráðherrastóla, ekki einn einasti ráðherra sýnir jafnmikilvægu máli og hér er verið að ræða um áhuga. Og það sem meira er, í þingsalnum sitja núna aðeins fjórir deildarþingmenn og allir stjórnarandstæðingar og verðandi stjórnarliðar vonandi, flestir. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki víst.) Nei, flestir, segi ég. (**Gripið fram í:** Það eru ekki miklar líkur.) Það er aldrei að vita. En þetta harma ég og vona að slíkt hendi ekki þegar jafnmikilvægt mál er á dagskránni.

Ég vil í upphafi þakka frummælanda fyrir framsögu hans sem var mjög skýr og greinargóð og gagnleg. Ég vil einnig sérstaklega þakka fyrir það þingskjal sem hér er lagt fram. Mér þykir það sérstaklega vel unnið og til eftirbreytni. Þá er ég sérstaklega að tala um skýringar með einstökum greinum því að þar er sú nýbreytni að þar eru gildandi lagagreinar settar fram og svo hins vegar eins og greinarnar líta út eftir breytingu. Þetta tel ég mjög til fyrirmyndar og þetta eru vinnubrögð sem við ættum að sjá í hvert sinn sem brtt. við lög eru lagðar fram þannig að menn geti strax gert sér grein fyrir því um hvað er að ræða.

Eins og fram kom í máli frummælanda metur hann það svo að hér sé um fjórar meginbreytingar að ræða. Sú eina sem ég ætlaði að tæpa aðeins á er sú breyting að *fara með þingið í eina málstofu. Ég fyrir mitt leyti* hef ákveðnar efasemdir um ágæti þessa. Ég get vel skilið hug þeirra manna sem styðja þá breytingu og ég er í sjálfu sér ekki að mæla á móti henni, en ég fæ ekki í fljótu bragði séð hvernig menn ætla að standa að því. Hér eru færð fram ýmis rök eins og skilvirkni og meiri hraði og meiri gæði á lagasetningu og annað slíkt. *Þetta er allt gott og blessað en ég sé einfaldlega* ekki hvernig menn ætla að ná þessu fram.

Meiri hraði. Ég fyrir mitt leyti sé hann ekki. Ég tel að það sé meiri hraði fólginn í því að menn geti talað hér í tveim deildum fyrir frv. en þegar 63 þingmenn sitja í einni deild og ræða frv. Ég get á hinn bóginn séð það fyrir mér að það taki miklu lengri tíma að ræða mál en það gerir í dag. Þar fyrir utan tel ég að fari þetta svo muni reynslan fljótlega leiða í ljós að málfrelsi verður skert hér í deild. Það er engin leið út úr því önnur en að skerða málfrelsið. Það þykir mér hið versta mál, einfaldlega vegna þess að málfrelsi er í mínum huga nánast það eina vopn sem stjórnarandstaðan hefur í dag. Það er eina vopnið og það vopn vil ég ekki slá úr hendi stjórnarandstöðu. Þetta tel ég mikinn ljóð á þessum tillögum.

Þar fyrir utan sé ég ekki að það verði nein breyting á því að hæstv. ráðherrar, hverjir sem þeir eru og úr hvaða flokki sem þeir eru, fari að taka upp ný vinnubrögð. Ég sé það alveg fyrir mér að þeir halda áfram að moka inn frv. á síðustu dögum þingsins og þá verður hér nákvæmlega sama færibandavinnan og við erum að upplifa ár eftir ár. Ég hef sjálfur á stuttum ferli hér inni orðið var við það að breytingar hafi verið gerðar í seinni deildum og ég tel það gott og er reyndar fylgjandi því að svo verði áfram.

Hvað varðar nefndarstörfin þá eru þau náttúrlega til háborinnar skammar í dag. Ég held að þingmenn yfirleitt viðurkenni það að þegar búið er að mæla fyrir málum og þau farin til nefndar þá eru þau að sjálfsögðu send til umsagnar. Umsagnir berast og menn ræða málin en eftir það fara málin í salthaug fram að síðustu dögum og þá byrjar færibandið aftur. Ég sé þessa hluti ekkert breytast, alls ekki neitt.

Fækkun nefnda er í sjálfu sér ágætt mál. En alveg á sama hátt sé ég nefndastarfið sem slíkt alls ekki breytast með því, ekki á nokkurn hátt. Það vantar meiri tryggingu fyrir því hvernig menn sjá þetta fyrir sér, hvernig þeir ætli að tryggja skilvirkari vinnubrögð og betri. Hvernig ætla menn að tryggja það að á síðustu dögum verði ekki seinni umr. eða 3. umr. um eitthvert ákveðið mál hér inni í hliðarherbergi eða í stigaher-

bergi eða í myndaherbergi eins og við þekkjum? Ég vil fá fullvissu fyrir svona hlutum áður en ég samþykki þá.

Við höfum reyndar reynslu af því síðast í dag hvernig ráðherrar haga sér. Hér var á dagskránni frv. frá hæstv. dómsmrh. um hegningarlög. Því var dreift í gær. Það hefur ekki nokkur maður tök á því að lesa það frv., það skjal. Samt ætlaðist hæstv. ráðherra til þess að það yrði afgreitt hér út úr deildinni í dag og færi til nefndar algerlega ólesið. Hvernig er hægt að ætlast til þess að menn fjalli um viðamikið frv. þegar svona er staðið að málum?

Hér var nefnt sem rök fyrir þessari breytingu að landsmenn þekktu ekki nógu vel til starfa Alþingis. Mér finnst þetta léttvæg rök og ég held nú reyndar að þau hafi verið sett fram undir því fororði reyndar. Það er þá bara okkur sjálfum að kenna ef við getum ekki kynnt landsmönnum nógu vel starfsemi þingsins. Það er okkur sjálfum að kenna og við getum mjög auðveldlega bætt úr því.

Hæstv. forseti. Ég hef miklar efasemdir um þetta *mál, þ.e. um eina málstofu. Ég tel að mörgum spurn*ingum sé ósvarað. Ég vil fá tryggingu fyrir því eða að mér sé sýnt fram á það hvernig menn ætla að ná meginmarkmiðunum áður en ég get fallist á það. Ein haldbærustu rökin fyrir því, og undir þau get ég tekið, eru náttúrlega þau sem við sjáum í dag þegar þing hefur jafnnauman meiri hluta og raun ber vitni, þá fær meiri hlutinn ekki við allt ráðið og mál geta strandað í annarri deild eins og við sjáum í dag. Það eru einu haldbæru rökin sem ég sé í þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar. Ég vænti þess að sú nefnd leggi mikla vinnu í málið og skoði það frá öllum hliðum og fari ekki í þessa færibandavinnu sem ég kallaði hér áðan.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það hefur nokkuð verið minnst hér á hina almennu endurskoðun stjórnarskrárinnar og jafnframt að það hefði tekið langan tíma og allmargar nefndir. Ég vil þó minna á að yfirferð yfir stjórnarskrána lauk að mestu leyti 1983. Þá var lagt fram af formanni nefndarinnar frv., en af honum einum, ekki í samvinnu eða með samþykki stjórnarskrárnefndar, frv. til laga sem var að meginefni þær tillögur sem stjórnarskrárnefnd hafði þá afgreitt. Hins vegar var það ljóst að um kjördæmaskipunina, þá eins og nú, var ekki full samstaða og vantar mikið á að svo verði.

Umfjöllun um tiltekin efnisatriði stjórnarskrárinnar var engan veginn lokið og er ekki enn þrátt fyrir að leitað hafi verið til færustu sérfræðinga á því sviði. Ég skal minna á að mannréttindakaflinn er engan veginn tilbúinn. Hann þarfnast breytinga. Margir segja: Stjórnarskráin okkar er góð, hún þarfnast lítilla breytinga. Síðast heyrði ég það hér áðan og ég skal að sumu leyti taka undir það. Allir sem ég heyri vilja að stjórnarskráin sé stutt. Við eigum ekki að orðlengja of mikið í henni og ég hygg að flestir séu sammála um þá hluti.

Mannréttindakaflinn þarf að taka breytingum vegna þess að við höfum gerst aðilar að alþjóðasamningum um margvísleg mannréttindi sem við þurfum að taka tillit til sem ekki voru í umræðunni þegar okkar ágæta stjórnarskrá tók gildi. Það er líka uppi mikill ágreiningur í nefndinni um eignarréttarákvæðin og einhvern veginn verður að finna ný ákvæði eða betri þannig að við getum sæst á breytingar á ákvæðum um eignarréttinn. Enn þá er heldur ekki komin niðurstaða um málefni sveitarfélaganna og með hvaða hætti við eigum að breyta því. Í núverandi stjórnarskrá segir afskaplega lítið um sveitarfélögin, hlutverk þeirra og stöðu, og væri réttara að setja þar miklu skilvirkari ákvæði heldur en núna eru.

Ég bendi á og tek undir það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. hér áðan að miðstýringin er orðin allt of mikil. Alþingi er að fjalla um hina lítilfjörlegustu skiptingu á fjármunum, smáupphæðir sem á engan veginn að vera hlutverk löggjafa. Þá þurfum við að koma þessum málefnum fólksins í landinu betur til skila. Margir hafa talað um þriðja stjórnsýslustigið. Að því leyti til er eðlilegt að gera slíka breytingu að með því *erum við þá að færa meira vald úr miðstýringunni og* yfir til hinna einstöku landsvæða eða sveitarfélaga. Hins vegar liggur ekki eins ljóst fyrir hvernig á að framkvæma þetta þriðja stjórnsýslustig. Allt er þetta enn þá í þessari hægu meðferð sem er á þessum málum, enda er lýðræðið eins og menn vita þungt í vöfum og það tekur sinn tíma.

Starf stjórnarskrárnefndar hefur farið afar mikið í kosningalögin sem nefndin sendi frá sér til ríkisstjórnarinnar í síðasta mánuði liðins árs. Það frumvarp verður borið hér fram og eftir því sem ég best veit er það í prentun. Þar hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf að létta störf þingsins með því að hafa nána samvinnu við þá sem fara með framkvæmd þessara *mála* — þá á ég við Hagstofu Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneytið — en fulltrúar frá þeim hafa unnið mjög mikið í sambandi við þessa endurskoðun. En þetta er auðvitað það sem snýr að hinni tæknilegu hlið kosningalaganna. Þau voru orðin úrelt, frestir allt of langir miðað við allt aðrar samgöngur í landinu. Hins vegar er langt frá því að menn séu ánægðir með kjördæmaskipunina eins og frá henni var gengið fyrir nokkrum árum í nefndinni. Það mál verður að taka upp og þar verður að taka upp nútímalegri skipan. Ég ætla ekki að fara inn á það hér, en þær athugasemdir sem fram hafa komið hjá nokkrum þingmönnum þess efnis að það sé eiginlega óeðlilegt að flytja frumvarp sem þetta sem hv. 2. þm. Reykn. fylgdi hér úr hlaði með ítarlegri framsöguræðu, um þetta má auðvitað alltaf deila. Þó að ég sé í stjórnarskrárnefnd þá tel ég það af því góða að gera hér veigamiklar breytingar og sérstaklega eina breytingu, sem mest hefur verið rætt um og framsögumaður skýrði ítarlega, sem er afnám deildaskiptingarinnar. Ég tel það mjög mikilvægt atriði.

Ég hlustaði að verulegu leyti á ræðu framsögumanns en þurfti að fara aðeins frá í síma, en ég held að hann hafi t.d. ekki minnst á það að með afnámi deildaskiptingar, þó að þingmenn verði jafnmargir og nú eru

sem væri mjög æskilegt að yrði sem fyrst breyting á til fækkunar, þá held ég að þörfin fyrir nýtt þinghús sé ekki eins fyrir hendi með afnámi deildaskiptingar. Ég held að hann hafi ekki komið inn á þetta. Við erum hér með sal þar sem er þröngt um 63 þingmenn. En við erum þá með annan sal hérna sem yrði þá niður lagður og hér er aukið pláss í þinghúsinu þannig að það mætti vera hérna rýmra húsnæði. Okkur veitir ekkert af því Íslendingum að slá á frest að fara að byggja höll yfir Alþingi. Þetta hús er indælt og hefur reynst vel. Og því eigum við ekki að nota okkur það að fresta þessu því að ærið er nóg af verkefnum í okkar þjóðfélagi?

Ég sé fyrir mitt leyti ákaflega mikil þægindi í því að hafa eina nefnd sem fjallar um hvert mál þannig að þingmenn þurfi ekki að vera í svona mörgum nefndum eins og þeir eru núna. Hversu mörg þingskjöl sjáum við þar sem sagt er að þessi og þessi nefndarmaður hafi verið fjarstaddur afgreiðslu málsins? Það er ekki af því að hann hafi endilega skrópað. Það getur verið af því að hann hefur verið á öðrum fundum í öðrum nefndum. Þetta eru allt of margar nefndir. Svo má líka taka tillit til útgáfustarfseminnar og annars slíks. Þetta hefur allt sitt að segja. Alþingi verður miklu betur í stakk búið að ganga til verks og sinna þeim málum sem vísað verður til nefnda.

En ég tek alveg undir þá gagnrýni sem fram hefur komið að í sambandi við endurskoðun þingskapa má ekki svipta þingið málfrelsi og það er ekki gert. Þó má líta á tiltekin atriði í þingskapadrögunum sem fylgja að það mætti gjarnan rýmka þar, en þar má að mínum dómi líka þrengja. Ég tel málfrelsi nauðsynlegt og málfrelsi er í raun og veru fyrst og fremst vörn minni hlutans á hverjum tíma. En ég vil ekki að þingmenn hafi þann rétt, sem þeir hafa nú, að beita hinu svokallaða málþófi vægðarlaust. Ég hef upplifað það að sjá þingmann hér í þessum ræðustól lesa upp úr bók í fjóra eða fimm tíma eða því sem næst og oftar en einu sinni. Þetta er auðvitað ekki sæmandi vinnubrögðum á Alþingi. Það er sjálfsagt að taka snarpar og góðar snerrur, en þær þurfa ekki endilega að taka svona langan tíma. Og sömuleiðis þegar við tölum um slíkt frelsi, þá eru ákveðnir þingmenn búnir að nota sér þetta frelsi svo út í öfgar að það verður þinginu til skammar. Ég segi fyrir mitt leyti að ég vil gjarnan að þessu sé breytt. En að það sé afmarkaður svo ræðutími að menn geti ekki skammlaust skýrt sjónarmið sín til ákveðinna mála, það nær heldur ekki nokkurri átt.

Ég tel að það sé mjög þarft að flytja þetta frumvarp og helst af öllu að koma því í gegn. Í raun og veru finnst mér óþarfi að leggja þetta frumvarp fram nú svo seint ef það er ætlun manna að koma í veg fyrir að það fari í gegnum báðar deildir. Við getum deilt um lítilfjörleg atriði, kannski ein tvö eða þrjú, í þessu frumvarpi eins og með eiðstafinn og þess háttar. Það verður bara að athuga nánar í nefndinni. Hitt er aðalmálið, sem við eigum ekki að deila um, því að það eru svo ótvíræðir þeir kostir við afnám deildaskiptingar umfram gallana sem á því eru.

Sú vinna sem að baki liggur er ekki eingöngu hjá þeim sem hafa verið núna að vinna að þessu heldur líka sem eru búnir að vinna að þessu mörgum, mörgum árum áður. Alþingi og ríkisstjórnir sem hafa setið síðan 1983 hafa haft tækifæri til þess að flytja stjórnarskrárfrumvarp. En það hefur bara ekki verið gert.

Ég tel það af því góða að gera breytingu sem þessa eða í þessa átt og ég lýsi yfir fullum stuðningi mínum við þessa breytingu, en ég vitna aftur í að endurskoðun á þingsköpunum verði mjög vönduð því að þar eru nokkur atriði sem vafalaust verður ella mjög mikill ágreiningur um. Við eigum að gæta þess að halda trúan vörð um málfrelsið en ekki þannig að málfrelsið fari út í öfgar með því að lengja störf þingsins. Þar er hægt að vinna tíma í þinginu. Það má líka setja ákvæði um það að mönnum sé ekki — og t.d. ríkisstjórn á hverjum tíma — leyft að leggja fram mál í ótíma. Það má setja fastar, ákveðnar reglur og það er bara hollt fyrir hverja ríkisstjórn sem er. Ég hef setið í ríkisstjórnum og þekki þetta og ég held að þetta fari nú versnandi heldur en hitt á seinni árum, en alltaf hefur þessi vitleysa verið fyrir hendi. Það er ekkert á móti því að setja slík ákvæði að frumvörp verði að hafa ákveðinn tíma til meðferðar þannig að það sé ekki hamast á þinginu af framkvæmdarvaldinu, alveg eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, með óeðlilegum hætti að afgreiða á færibandi viðamikil og erfið og flókin mál eins og gerst hefur á undanförnum árum.

Það má líka segja það um mörg lagafrumvörp að þau eru ekki á því gullaldarmáli sem þau voru hér á árum áður. Ég held að Alþingi verði að taka betur á þessum málum og láta ekki alveg stjórna sér af framkvæmdarvaldinu. Framkvæmdarvaldið verður að taka meira tillit til löggjafarvaldsins en gert hefur verið.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri en ég lýsi yfir stuðningi mínum við þetta frumvarp í öllum aðalatriðum af þessum ástæðum sem ég hef þegar getið um.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er nú út af ræðu hv. 2. þm. Vestf. sem ég vildi koma hér í ræðustól vegna þess að það voru rök fyrir hans máli, að mér heyrðist, að ég hefði verið að benda á aðrar breytingar. Ég hef lært það á þessum árum sem ég hef verið hér að menn taka oft ekki stór skref. En ef skrefin eru í rétta átt að mínu mati, þá vil ég heldur taka þau skref heldur en að allt standi í stað.

Ég tel að þarna séu nokkur atriði sem séu veigamikil og ekki síst með bráðabirgðalögin, ekki síst með það atriði, og að þingið sé í raun og veru til taks allt árið, þ.e. að því sé aldrei slitið fyrr en deginum áður en það er sett. Hins vegar eru rök bæði með og á móti deildaskiptingunni. Það er mér alveg ljóst. Ég hefði getað haldið hér langa ræðu í sambandi við hvernig á að tryggja meira sjálfstæði landshlutanna. En þetta er bara ekki á dagskrá hér og nú. Við erum að tala um það hvort við eigum að gera hér breytingar á nokkrum atriðum í stjórnarskrá eða ekki. Þess vegna talaði ég eins og ég gerði, en ég benti nefndinni á að athuga hvort ekki væri hægt að ganga lengra og benti á leiðina til

þess. Auðvitað ráða þingmenn því hvort þetta kemst í gegn. Ef margir eru á móti þessu, þá er tíminn það stuttur að það er hægt t.d. að vera það lengi með þetta í þeirri nefnd sem fær þetta hér í Nd. að það sé borin von að það komist í gegn. En þá verða menn líka að hugleiða: Eru ekki þessi skref, þó stutt séu, betri en engin?

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Í nafni okkar aðstandenda þessa frv. þakka ég þeim þingmönnum sem hafa getað séð af dýrmætum tíma sínum til að vera viðstaddir þessa umræðu. Þeim hefur farið svolítið fækkandi eftir því sem liðið hefur á daginn. Ég þakka líka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni. Þeir hafa talað hér málefnalega um þetta mikilvæga mál, að vísu einn af dálitlum stráksskap, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sem mér finnst að vísu ekki passa þegar við erum að ræða um svo mikilvægt mál sem breytingar á stjórnarskránni.

Það er eitt atriði sem ég vil sérstaklega nefna hér í upphafi að gefnu tilefni. Mér hefur þótt eins og nokkur gagnrýni hafi komið á þessi vinnubrögð, sem svo eru nefnd, sérstaklega kom það fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, og þessi gagnrýni hafi beinst í þá áttina að það sé jafnvel verið að taka fram fyrir hendurnar á stjórnarskrárnefnd. Það er mikill misskilningur. Ég vil taka það skýrt fram að ég sem formaður þessarar nefndar hafði sérstaklega samband við formann stjórnarskrárnefndar, hv. þm. Matthías Bjarnason, og greindi honum frá því hvað við værum að vinna og hann hafði ekkert við þau vinnubrögð að athuga eins og reyndar hefur komið fram í hans ræðu hér núna rétt áðan.

Þótt segja megi og fullyrða reyndar að hver einasti þingmaður og þeir saman í einhverjum hópi eða hópum geti auðvitað flutt frumvörp um þetta og hitt og þar á meðal breytingar á stjórnarskránni, þá finnst mér ekki eðlilegt að taka þannig fram fyrir hendurnar á stjórnarskrárnefnd. Ég tek það mjög skýrt fram. En í þessu tilviki erum við að fjalla hér um einn alveg afmarkaðan þátt, þ.e. atriði í stjórnarskránni sem varða Alþingi sjálft. Það hefði verið hægt að taka miklu fleiri atriði inn í þetta frumvarp og sem varða Alþingi. Við erum ekki að taka öll. Alls ekki. Og það hefði mátt hugsa sér að taka á þeim með öðrum hætti en hér er gert í þessu frumvarpi en þetta varð niðurstaðan. Og ég vona að ég hafi komið því sæmilega til skila í minni ræðu áðan að þetta eru þau atriði sem samkomulag náðist um í nefndinni. Það er ekki þar með sagt að allir nefndarmenn séu sáttir við nákvæmlega það orðalag sem þarna er. En þetta var það sem samkomulag varð um. Þetta vil ég nú taka sérstaklega fram.

Ég hlýt líka að nefna, vegna þess að það hefur þannig verið talað um stjórnarskrárnefndina og það kom einnig fram í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar eða ég skildi hann svo að það ætti ekki að vera að taka svona mál út úr heldur ætti að líta á þetta heildstætt. Ég get út af fyrir sig verið honum alveg sammála um það. En ég hef bara af minni reynslu ekki trú á því að við náum samstöðu um nýja stjórnarskrá eða svo miklar breytingar á henni, sem hafa verið lagðar fram áður og ég veit að unnið er að núna í stjórnarskrárnefndinni, að það réttlæti það að bíða með allt annað sem við kunnum að ná samstöðu um. Og þar tek ég undir síðustu orð sem hv. þm. Stefán Valgeirsson mælti hér áðan, að stutt skref eru betri en engin og ég tel að við séum að stíga einmitt slík skref.

Þá kem ég að því sem hann sagði reyndar í fyrri ræðu sinni og benti á að hann hefði viljað taka inn fleiri atriði sem ekki varð hins vegar samkomulag um og nefndi þar sérstaklega erindi umboðsmanns Alþingis um mannréttindamál. Ég get verið hv. þm. alveg sammála um það að út af fyrir sig hefði það verið æskilegt að taka slíkar breytingar inn í þetta frumvarp. En ég bendi bara á að við vorum að fást við atriði sem vörðuðu Alþingi og þetta þótti okkur vera svona nokkuð til hliðar við það viðfangsefni okkar og við vissum ekki alveg hvar við mundum enda ef við færum að taka slíka þætti inn, jafnvel þótt nefndarmenn gætu verið um þá sammála.

Mér finnst gagnrýni hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar á forseta þingsins, að þeir skuli hafa fundið það upp hjá sér, eins og hann orðaði það, að skipa nefnd til að semja frumvarp um þessi atriði, mér finnst sú gagnrýni óréttlát. Mér þykir það mjög eðlilegt að forsetar þingsins, sem finna kannski best hvar skórinn kreppir í sambandi við starf þingsins, taki sig saman um það að undirbúa með einum eða öðrum hætti breytingar á starfsemi þingsins. Þeir völdu þessa leið, að biðja þingflokksformenn um að hafa um þetta forustu og kanna í sinn hóp hver samstaða gæti orðið um það meginviðfangsefni að koma þinginu í eina málstofu, og síðan voru í bréfi forsetanna, eins og ég greindi hér frá í ræðu minni áðan, talin upp ýmis atriði sem æskilegt væri að athuga hvort samstaða yrði um, en ef ekki yrði samstaða um slík atriði þá yrðu þau geymd. Og það er einmitt svona sem nefndin vann.

Ég tek enn fram að mér sýnist engin ástæða til þess að segja að gengið hafi verið fram hjá stjórnarskrárnefnd eða gengið inn á hennar starfssvið.

Ég bendi á líka í þessu samhengi að einu breytingarnar sem í raun og veru hafa verið gerðar á stjórnarskránni gegnum árin eru breytingar sem varða kjördæmaskipanina og þær breytingar hafa, ég held aldrei verið gerðar að tillögu einhverrar stjórnarskrárnefndar. Þær hafa margar starfað í gegnum árin eins og við vitum. Þær breytingar hafa ekki verið gerðar að tillögum stjórnarskrárnefndar. Það hafa yfirleitt aðrir komið til. Ég minni bara á síðustu breytingar. Ég þekki það mjög vel. Fyrst unnu þingflokksformenn einmitt að þeim breytingum. Síðar tóku formenn stjórnmálaflokkanna sem þá áttu fulltrúa á Alþingi við og gengu endanlega frá málinu.

Þetta er alveg hliðstætt við það sem hér gerist. Að frumkvæði forseta þingsins taka þingflokksformenn þetta undirbúningsstarf að sér og ég sé satt að segja enga ástæðu til þess að vera að hafa uppi gagnrýni og stór orð um þetta framtak forsetanna. Mér þykir það virðingarvert að þeir skuli hafa tekið sig saman um að gera þetta.

Ég þakka sérstaklega hæstv. forsrh. fyrir hans ræðu hér. Hann tók undir öll meginatriði frv. okkar og lýsti stuðningi við þau. Ég fann að því í upphafi ræðu minnar að fáir ráðherrar væru hér inni, aðeins tveir, og nú er enginn. Ég veit að hæstv. forsrh. er bundinn annars staðar þannig að ég er ekki að finna að því að hann sé farinn af vettvangi, en hæstv. forsrh. sagði að það hefði stuðning hjá ráðherrum, eða ég skildi hann svo að alla vega hann væri því fylgjandi að ráðherrar væru ekki jafnframt þingmenn. Sú tillaga var á borði þessarar nefndar en ekki náðist um hana full samstaða þannig að við hættum við að flytja þá tillögu. Ég hef ekki farið út í það að skýra frá því hvað ágreiningur var um, ég sé það ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi og ætla að sleppa því. En að þessu gefna tilefni frá hæstv. forsrh. segi ég frá því að um þetta var rætt og í raun og veru var breið samstaða um það í hópi þingflokksformanna, en það var vitað að svo mikill ágreiningur er um það í þingflokkunum að við töldum ekki rétt að flytja þá tillögu. Ég hef áður lýst því úr þessum ræðustól að ég er fylgjandi þeirri skipan, en hef jafnframt sagt að það væri kannski ekki rétti tíminn til þess að koma þeirri breytingu á núna. Ég teldi réttara að nota tækifærið þegar — ég segi þegar, við breytum kjördæmaskipaninni. Ég er alveg sammála hv. þm. Ólafi Þórðarsyni að kjördæmaskipanin sem við búum við í dag stenst ekki og henni hlýtur að verða breytt. Við eigum alveg eftir að ræða með hvaða hætti og þar kann menn að greina mjög á, en ég teldi að um leið og við breytum kjördæmaskipan, þá eigum við að fækka þingsætum og þá eigum við að koma á þeirri skipan að þingmenn sem verða ráðherrar segi af sér þingmennsku á meðan þeir gegna ráðherradómi. Ég tel það rétta tímann til þess að koma þeirri skipan á. Ég skal ekki orðlengja meira um það, enda er það ekki á dagskrá núna.

Hæstv. forsrh. minntist á 7. gr. frv. þar sem segir: „Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið." Þessa grein þarf að skoða í samhengi við 4. gr. þar sem breytt er ýmsum frestum, þar á meðal því að ekki geti liðið meira en fjórir mánuðir frá því að þing er rofið þar til það kemur saman að nýju, en nú eru það átta mánuðir eins og ég tók fram í minni ræðu í dag.

Hæstv. forsrh. minntist líka á kosningalagafrv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft hér í undirbúningi og hefur samþykkt að leggja fram sem stjfrv. Ég vil aðeins upplýsa að það er a.m.k. rúm vika síðan það frv. var afgreitt í þingflokki sjálfstæðismanna. Þingflokkurinn fékk það sent frá hæstv. dómsmrh. Við afgreiddum það sem sagt fyrir einum tíu dögum og veittum okkar samþykki fyrir því að það mál yrði flutt hér þó að við ráðum því auðvitað ekki, en viljum leggja okkar af mörkum til þess að það frv. í núverandi eða breyttri mynd verði að lögum á þessu þingi.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson kvaðst ekki geta samþykkt *þá túlkun mína um heimild til útgáfu* bráðabirgðalaga sem ég setti hér fram, þ.e. að rétturinn til útgáfu bráðabirgðalaga sé svipaður og áður. Ég viðhafði þau orð og sagði að það væri ekki verið að þrengja rétt ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga og ég lít svo á að það sé í sjálfu sér ekki verið að þrengja þennan rétt. En af sjálfu leiðir að meðan þingið situr allt árið hlýtur hver ríkisstjórn sem situr á hverjum tíma að hika mjög við það að nota réttinn með sama hætti og við þekkjum þó að hefur verið gert. Ég nefndi að það væru sex dæmi þess síðustu 20 árin að bráðabirgðalög hafa verið gefin út í þinghléi, þ.e. þegar frestað hefur verið þingi með þál. Þá er ég að tala um í jólahléum. Það eru sem sagt sex dæmi um það og *þótt það hafi alltaf verið umdeilt hvort þetta sé heimilt*, þá hefur nú verið litið svo á í raun og veru. Ég man eftir mörgum þrætum hér fyrir jólaleyfi þingmanna þar sem þess hefur verið krafist af stjórnarandstöðu að ríkisstjórn lýsi því yfir að hún muni ekki gefa út bráðabirgðalög í jólahléi. Þær yfirlýsingar hafa held ég aldrei verið gefnar. Ríkisstjórn hefur ekki viljað afsala sér þessum rétti sem hún hefur talið sig hafa.

Ég vona að þessi ákvæði sem við höfum orðið sammála um verði til þess í raun að bráðabirgðalög verði ekki gefin út með svo frjálslegum hætti sem gert hefur verið á undanförnum árum. Ég er ekkert að tala um árið í ár, menn mega ekki misskilja það. Ég tel að það hafi verið farið of frjálslega með þessi réttindi sem ríkisstjórn hefur og tel að við eigum að láta af þeim ósið að gefa út bráðabirgðalög þegar þing er í hléi. Ef þessar brtt. okkar verða samþykktar á að vera hægurinn hjá að kalla þingið saman til þess að fjalla um löggjöf sem ríkisstjórnin telur sér á hverjum tíma nauðsyn á að fá samþykkta. Ég gat ekki um það, taldi að menn skildu það, og auðvitað gera menn það, að þegar og ef sú skipan kemst á að þingið situr allt árið er það miklu léttara verk að kalla þingið til aukafunda á miðju sumri eða hvenær sem er. *Þá þarf ekki að byrja á því* að kjósa forseta þingsins og í allar nefndir. Það er hægt að ganga beint að verki og taka á dagskrá það mál sem á að afgreiða. Þetta tel ég allt eigi að leiða til þess að menn hætti bráðabirgðalagaútgáfu, en ég gat fallist á það að rétturinn til útgáfu bráðabirgðalaga yrði ekki afnuminn núna þótt ég hefði áður látið í ljós þær skoðanir mínar að þann rétt eigi að afnema með öllu.

Ég ætla ekkert að fara að deila við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson um einstök atriði sem hann nefndi hér, enda er ég mörgum þeirra sammála. Við getum t.d. rætt það hvort það sé skynsamlegri leið að kjósa til þingdeilda með breytilegum hætti. Það er alveg sjónarmið að hafa þingið í tveim deildum. En þann hátt sem við höfum á því núna tel ég algerlega úrelt fyrirkomulag sem við eigum að afnema og á því eru okkar tillögur byggðar. En það er sjónarmið út af fyrir sig og rétt hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það eru kannski fleiri þing en færri í heiminum sem eru deildaskipt, en ekki með þeim hætti sem okkar þing er nema norska þingið sem skiptir sér sjálft, eins og ég gat um í minni ræðu áðan, en hefur allt annað fyrirkomulag á sínum störfum en Alþingi. Og satt að segja tala norskir þingmenn ekki *með neinni sérstakri virðingu um sínar deildir*. Þar sem fjórðungur þingmanna situr í því sem kallað var lög-

þingið, þykir mönnum afskaplega ómerkilegt að eiga sæti í raun og veru því að þar eru haldnir svona 5–10 mínútna fundir og málum rúllað í gegn. Þeim þykir það ekki til sóma og eiga erfitt með að svara ef þeir eru spurðir hvers vegna þeir hafi ekki breytt þessu. Ég kann ekki að svara því.

Ég ætla heldur ekkert að fara að ræða hér um þriðja stjórnsýslustigið og að hin ýmsu svæði hafi jafnmikið að segja hvert um sig um sín málefni. Þetta eru allt saman atriði sem eiga vissulega erindi í umræðu hér á hv. Alþingi. En það er ekki efni þessa máls, en á, eins og ég segi, auðvitað erindi í alvarlega umræðu hér í þinginu og þá ekki síður kjördæmaskipulagið sem hv. þm. minntist á.

Hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni þótti líka einkennilega að verki staðið og vísaði þar til stjórnarskrárnefndarinnar. Ég hef þegar svarað því. Hann talaði um að hér væru tekin út úr ákvæði sem flestir alþingismenn væru í sjálfu sér sammála um. Ég bið hv. þm. aðeins um að athuga það að við erum að stíga ákveðin skref og ef við erum sammála um þau þá eigum við ekki að láta það standa í vegi fyrir afgreiðslu málsins að við teljum að fleiri ákvæði hefðu átt rétt á því að vera til umfjöllunar og afgreiðslu.

Um þá tillögu okkar, eins og við orðum það, að úrelt ákvæði um eiðvinningu þingmanna falli brott, þá er þar í sjálfu sér ekkert ofsagt. Við teljum þetta vera úrelt ákvæði vegna þess að eiðvinning nýrra þingmanna á sér ekki stað og hefur ekki gert ég veit ekki hve lengi. Þingmenn undirrita hins vegar drengskaparheit um að halda stjórnarskrána og það er það atriði sem við leggjum til að standi eftir í greininni vegna þess að hitt er ekki notað. Og þess vegna er það kallað úrelt, það er einfalt mál. (**Gripið fram í:** ... að sverja eið.) Já, en það eru bara sumir ekki tilbúnir að sverja eið af vissum ástæðum, t.d. vilja menn ekki af trúarástæðum sverja eið. En þeir eru tilbúnir að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni og um það hafa menn átt val. Þetta er saga málsins.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson tók fram að hann ætlaði ekki að fara út í neina efnisumræðu um málið. Hann hefur efasemdir um ágæti þessarar megintillögu að þingið verði í einni málstofu. Hann tók fram að hann væri ekki sérstaklega að mæla á móti tillögunni en færði eitt og annað fram sem hann taldi mæla með því að við héldum óbreyttri skipan. Ég þykist hafa fært hér fram mörg og veigamikil rök fyrir okkar tillögum og ég verð aðeins að harma það ef þau ná ekki til hv. þm. og duga honum ekki til þess að hann fallist á okkar viðhorf. Það vantar þá eitthvað í sannfæringarkraftinn hjá mér og ég verð að una við það. Ég skildi hins vegar ræðu hv. þm. þannig að hann væri reiðubúinn að athuga þetta atriði betur en taldi sig þurfa betri tryggingu fyrir því að nefndastörfin sérstaklega yrðu skilvirkari við þessa breytingu en hann sæi eins og málin lægju fyrir nú. Ég get ekki annað sagt en það að ég vildi gjarnan geta sannfært menn um að sú trygging yrði fyrir hendi að nefndastörfin yrðu skilvirkari. Ég get t.d. ekki hugsað mér að það geti orðið svo áfram sem við höfum búið við að við getum drifið hér frv. í gegnum þrjár umræður með afbrigðum á einum og sama deginum. Oftast réttlæta menn það með því að það hafi áður gengið í gegnum fyrri deildina með því sem við getum kallað „eðlilegum" hætti, en ég vil þó hafa orðið eðlilegum í gæsalöppum. Þetta er því miður allt of algengt að frv. fari jafnvel á sama degi — ég er nú kannski að segja aðeins of mikið, ég hef ekki alveg í huga neitt dæmi um að frv. hafi farið í gegnum báðar deildir þings með afbrigðum á einum og sama degi. Þó hygg ég að slíkt dæmi megi finna um frv. sem ekki hefur verið ágreiningur um.

Ég vil tryggja það í nýjum þingskapalögum að þetta geti ekki gerst. Það hafa verið uppi hugmyndir hjá okkur um tryggingar í þessum efnum, t.d. að afbrigði verði ekki veitt nema þá með auknum meiri hluta, t.d. $^2/_3$ hlutum atkvæða. Og ég er ekkert viss um einu sinni að það eigi að opna fyrir þann möguleika að veita afbrigði um greiðari leið frv. í gegnum þingið, þegar það er orðin ein málstofa, með auknum meiri hluta. Ég hef um það ákveðnar efasemdir og tel heppilegast að það fari að þingskapalögum um þann tíma sem verður að líða milli umræðna. Ég skýrði frá því í fyrri ræðu minni að eitt með öðru sem á að tryggja vandaðri meðferð í þingnefnd er það að mál fari líka til nefnda eftir 2. umr. og það sé jafnvel hægt að stöðva afgreiðslu máls við 3. umr. Ef samþykktar hafa verið brtt. þá, þá sé hægt að fresta máli og koma því enn til nefndar. Þetta tel ég ákveðna tryggingu en ég get alveg fallist á það að við þurfum frekari tryggingar en þessar fyrir því að málum sé ekki hraðað svo hér í gegnum þingið að í raun og veru sé til vansæmdar eins og allt of oft hefur orðið í því skipulagi sem við búum við núna.

Alveg á sama hátt vil ég sjá í þingskapalögum skýr ákvæði um það hvaða tími verði að líða frá því að frv. er lagt fram og þar til það er tekið til umræðu. Ég vil að við tryggjum að framkvæmdarvaldið geti ekki, eins og hér hefur verið sagt í dag, vaðið svo yfir löggjafarvaldið sem það hefur svo oft gert. Ég vil tryggja það og ég heyri að það er eitt meginatriðið í málflutningi hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og undir það tek ég af heilum hug. Sannleikurinn er sá að það sem við erum að gera hér með þessu frv. er að treysta stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. En ég tek það fram að frá mínum sjónarhóli göngum við ekki nægilega langt. Við göngum ekki nægilega langt í þeim efnum en ekki varð samstaða um að ganga lengra. Og ég segi eins og hér hefur annar maður sagt, að þótt skrefin séu ekki löng þá eigum við samt að taka þau. Þau eru áfangi að settu marki.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Ég ítreka þakkir mínar til þeirra sem tekið hafa þátt í þessari umræðu og hlýtt á hana. Ég segi enn og aftur að mér þykir miður að hv. þingdeildarmenn sýni þessu máli ekki meiri áhuga en hér kemur í ljós, en vel má vera að það sé vegna þess að þingfundur er nú á afbrigðilegum tíma, á föstudegi, og þessi dagur var ekki ætlaður í starfsáætlun þingsins sem þingfundardagur. Það var ákveðið nú fyrr í vikunni. Það kann að vera ástæðan fyrir því að svo fámennt er hér og ég vona satt að segja að það sé ástæðan en ekki áhugaleysi þingmanna fyrir þessu mikilvæga máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Aðgangur ungmenna að skemmtistöðum (293. mál) 3017.
Aflaúthlutun til smábáta (290. mál) 3026.
Afsal þingmennsku 3075.
Almenn hegningarlög (319. mál, samfélagsþjónusta) 3077.
Athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins (287. mál) 2906.
Atvinnuleysistryggingar (229. mál, réttur til bóta) 2986.
Björgunarþyrla (242. mál) 2906.
Endurskoðun fiskveiðistefnu (292. mál) 3036.
Fangelsi og fangavist (83. mál, agaviðurlög) 2977, 3074.
Frelsi í útflutningsverslun (298. mál) 2906.
Hlustunarskilyrði útvarps á miðunum fyrir Austurlandi (276. mál) 2997.
Hlustunarskilyrði útvarps í Hveragerði og Ölfushreppi (294. mál) 3010.
Húsnæðisstofnun ríkisins (224. mál, húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur) 2985.
Hönnun og viðhald opinberra bygginga (270. mál) 2986.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (277. mál) 2981, 2987.
Mannanöfn (28. mál, heildarlög) 2975, 3074, 3075.
Málefni fatlaðra (283. mál) 3002.
Málefni stundakennara (286. mál) 3004.
Reglur um fréttaflutning (295. mál) 3011.
Réttindi alþjóðastofnana (304. mál) 3076.
Réttur útlendinga til að fjárfesta í landareignum (301. mál) 3032.
Sala á veiðiheimildum (288. mál) 3019.
Sektir vegna mengunarbrota á hafnarsvæðum (291. mál) 2906.
Skipti á dánarbúum o.fl. (104. mál, heildarlög) 3073, 3075.
Skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál (296. mál) 3028.
Staða fangelsismála (309. mál) 3068.
Stjórnarskipunarlög (312. mál, deildaskipting Alþingis o.fl.) 3079.
Störf frambjóðenda hjá ríkisfjölmiðlum (268. mál) 2993.
Um þingsköp 2949 (kjördagur).
Umræður utan dagskrár 2906 (Persaflóadeilan).
Varamenn taka þingsæti 2905.
Vegrið (243. mál) 2906.
Veiðiréttur smábáta (289. mál) 3023.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 2905, 2906.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 3008, 3010.
Forseti Ed. Jón Helgason 2949.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 2981, 2989, 2990, 2992.
Forseti Nd. Geir H. Haarde 3075.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2919, 3097.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 2977, 2980, 3077.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 3003.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 2924.
Menntmrh. Svavar Gestsson 2966, 2977, 2993, 2996, 2998, 3001, 3005, 3009, 3011, 3012, 3016, 3017.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2952, 2959, 2964, 2971, 3019, 3022, 3023, 3026, 3027, 3028, 3039, 3064.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 2910, 2946, 3029, 3031, 3032, 3033, 3035, 3076.
Alexander Stefánsson 3058.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 2932.
Árni Johnsen 3052.
Ásgeir Hannes Eiríksson 2928.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 2950, 2952, 2979, 3002, 3004, 3014, 3068.
Eggert Haukdal 2981.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2920.
Friðjón Þórðarson 3106.
Guðrún J. Halldórsdóttir 3071.
Guðrún Helgadóttir 2937, 2986, 3096.
Halldór Blöndal 2949, 2950, 2955, 2963, 2965, 2973.
Hjörleifur Guttormsson 2993, 2995, 2997, 2999, 3002, 3021, 3028, 3030, 3031, 3033.
Ingi Björn Albertsson 3107.
Jón Helgason 2975.
Jón Kristjánsson 3100.
Karl Steinar Guðnason 3056.
Karvel Pálmason 2954, 2969, 3050.
Kristinn Pétursson 3045.
Kristín Einarsdóttir 2906, 2945, 3000, 3004, 3008, 3010, 3032, 3034, 3035.
Margrét Frímannsdóttir 3010, 3011, 3015.
Matthías Bjarnason 2986, 2987, 3109.
Málmfríður Sigurðardóttir 3047, 3099.
Ólafur G. Einarsson 3079, 3113.
Ólafur Þ. Þórðarson 2940, 2990, 3054, 3103.
Salome Þorkelsdóttir 2961, 2971.
Skúli Alexandersson 3042, 3062, 3067, 3073.
Stefán Guðmundsson 2958, 2968.
Stefán Valgeirsson 2931, 2989, 3000, 3015, 3019, 3021, 3022, 3023, 3025, 3026, 3027, 3028, 3044, 3101, 3112.
Valgerður Sverrisdóttir 3015, 3017, 3019.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3036, 3059, 3066.

SAMEINAÐ ÞING

50. fundur, mánudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf hæstv. forseta Nd.:

„Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikurnar leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Helga Hannesdóttir verslunarmaður, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Með bréfi þessu fylgir bréf 1. varamanns Alþfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, svohljóðandi:

„Vegna sérstakra anna get ég undirritaður ekki tekið sæti Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, 5. þm. Norðurl. v., á Alþingi næstu tvær vikurnar.

Virðingarfyllst,
Birgir Dýrfjörð,
1. varaþm. Alþfl. í Norðurl. v."

Samkvæmt bréfum þessum og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf Helgu Hannesdóttur. Gert verður hlé á fundinum í fimm mínútur meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd hefur kannað kjörbréf Helgu Hannesdóttur sem hlaut sæti sem 2. varaþm. Alþfl. í Norðurl. v. við síðustu alþingiskosningar. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., getur ekki setið þing næstu tvær vikurnar og 1. varamaður Alþfl., Birgir Dýrfjörð, getur heldur ekki vegna anna tekið sæti hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar. Kjörbréfanefnd hefur ekkert við það að athuga að Helga Hannesdóttir taki sæti Jóns Sæmundar Sigurjónssonar á Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Helgu Hannesdóttur samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Helga Hannesdóttir hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður. Henni ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Helga Hannesdóttir, 5. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Helga Hannesdóttir hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hún er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Endurskoðun fiskveiðistefnu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞK o.fl., 292. mál. — Þskj. 527.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Staða fangelsismála, frh. fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 309. mál. — Þskj. 553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Virðisaukaskattssvik, síðari umr.

Þáltill. GuðnÁ og StG, 129. mál. — Þskj. 133, n. 543.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti atvmn. um till. til þál. um virðisaukaskattssvik og „svarta atvinnustarfsemi."

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Í umsögn um hana, sem nefndinni barst frá ríkisskattstjóra, lýsir hann sig eindregið hlynntan því að könnun af því tagi, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, verði framkvæmd. Leggur ríkisskattstjóri áherslu á að staðið verði að könnuninni með sama hætti og gert var í vinnu skattsvikanefndar 1984–1986 til þess að unnt verði að mæla með sambærilegum hætti ávinninginn af skattkerfisbreytingum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita Árni Gunnarsson formaður, Jón Kristjánsson, Matthías Á. Mathiesen, Geir H. Haarde, Hreggviður Jónsson og Geir Gunnarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 579).

Umræður utan dagskrár.

Ástandið í fjarskiptamálum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þá hefst umræða utan dagskrár sem leyfð hefur verið um ástand fjarskiptamála eftir atburði helgarinnar. Umræðan er leyfð skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapa og tekur því hálftíma. Til þess að árétta enn á ný hverjar leikreglur gilda um ræðutíma vill forseti taka fram að málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn og enginn má tala oftar en tvisvar.

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta og hæstv. menntmrh. fyrir það tækifæri að fá að vekja hér athygli á brýnu máli sem þarf að taka á nú þegar.

Einn helsti hlekkurinn í öryggiskerfi landsmanna brast í fárviðrinu um helgina þegar annað útvarpsmastrið á Vatnsenda hrundi og sendingar útvarps á langbylgju stöðvuðust, þeirri bylgju sem er öruggust þegar neyðarástand skapast á Íslandi. Líkur benda til að fella þurfi hitt mastrið af öryggisástæðum, svo slæmt er ástand þess. Þorri skipastóls landsmanna, um 1000 skip með um 6000 mönnum, missir þar með hefðbundna þjónustu sem getur skipt sköpum hjá mannskapnum í þessum 1000 fljótandi fyrirtækjum því aðeins langbylgjusendingar þjóna sjómönnum á hafinu að nokkru gagni. Mikilvægasti þátturinn sem skipaflotinn er nú án er veðurfréttir. Óveðrið um helgina undirstrikar best mikilvægi þess að sjómenn og aðrir landsmenn hafi örugga og fyrirvaralausa þjónustu á þessu sviði. Þá hefur langbylgjusending tryggt langmest öryggi í útvarpssendingum inn á hálendið. Íbúar einstakra staða á landinu ná aðeins langbylgjusendingum og þá skiptir miklu máli að langbylgjusending Ríkisútvarpsins hefur verið varastöð þegar FM-stöðvarnar hafa bilað. En FM-stöðvar Rásar 1 og 2 og hinna svokölluðu frjálsu stöðva geta ekki þjónað landsmönnum af neinu öryggi í þessum efnum. Til að mynda nást stuttbylgjusendingar FM aðeins nokkra tugi mílna á haf út, og aðeins á ákveðnum stöðum. Enginn gervihnöttur getur þjónað útvarpi og því er ekki um margt að velja svo augljóst er að grípa verður nú þegar til aðgerða.

Fárviðrið um helgina flokkast undir náttúruhamfarir en ekki venjulegt veður. Stjórnvöld þurfa að tryggja að þeir sem hafa orðið fyrir tjóni fái það bætt sem ótryggt er af viðlagatryggingu eða á annan hátt.

Um 20 ára skeið hafa forsvarsmenn Ríkisútvarps og Pósts og síma sótt fast að fá heimild til endurbyggingar langbylgjustöðvar sem reiknað er með að staðsett verði austan fjalls, í Flóanum. Það hefur ekki gengið upp. Nú standa stjórnvöld frammi fyrir orðnum hlut, skaðinn er skeður. Tryggja þarf til bráðabirgða eins öruggar langbylgjusendingar og kostur er með lægra bráðabirgðamastri og nýtingu strandstöðva Pósts og síma með veður- og fréttasendingum til sjómanna. En þegar á næstu vikum þarf að tryggja kaup á nýrri langbylgjustöð sem ætlað er að verði 500 kw. stöð með 300 metra mastur í stað þeirrar 100 kw. stöðvar sem hefur verið um langt skeið og 250 metra masturs.

Þess má geta að Færeyingar endurbyggðu fyrir skömmu langbylgjusendistöð sína, 200 kw. stöð, en Íslendingar hafa um langt árabil búið við 100 kw. Öll Evrópuríki hafa gætt þess í hvívetna að hafa langbylgjustöðvar sínar traustar og öruggar.

Framkvæmdin sem um er að ræða kostar 600–1000 millj. kr. að mati Pósts og síma. Það eru fimm fyrirtæki í Evrópu sem geta smíðað slíkar stöðvar. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvernig ríkisstjórnin hyggist standa að þessu máli sem þolir enga bið. Í landi mikilúðlegrar náttúru er enginn tími til að bíða með mál af þessu tagi þegar skaðinn er skeður og við blasir hrun í mikilvægu öryggiskerfi landsmanna. Það má reikna með minnst tveimur árum til þess að koma slíkri stöð upp, einu ári til að framleiða búnaðinn og ári til að koma stöðinni í gagnið. Þetta er mikilvægt mál og skiptir sköpum í öryggismálum Íslendinga.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði hér áðan að hér er um að ræða úrslitaþátt í öllu öryggiskerfi landsmanna, úrslitaþátt sem Ríkisútvarpið ber og Alþingi og ríkisstjórn. Og það er athyglisvert að það eru ekki nema fáeinir sólarhringar síðan þetta mál var hér til meðferðar á hv. Alþingi, þ.e. í fyrirspurnatíma 31. jan. og þar komst ég m.a. þannig að orði, með leyfi forseta:

„Ég hef nýlega rætt við útvarpsstjóra, Markús Örn Antonsson, og framkvæmdastjóra tæknisviðs, Eyjólf Valdimarsson, um þau mál sem hér um ræðir og um að það verði gerð sérstök áætlun um uppbyggingu, endurnýjun og viðhald á dreifikerfi Ríkisútvarpsins með hliðsjón af því að við gerum ráð fyrir að á einhverju árabili, þremur, fjórum, fimm árum eða svo, verði farið í heildarendurbætur á þessu kerfi. Auðvitað fyrst og fremst af öryggisástæðum vegna þess að það ástand sem uppi er í þessum efnum með langbylgjustöðina á Vatnsenda svona lélega er í raun og veru gjörsamlega óverjandi og gjörsamlega óþolandi að horfa upp á ganga fyrir sig eins og það hefur verið."

Ég hygg að um þetta mál hafi efnislega verið samstaða hér á hv. Alþingi mjög lengi þó svo menn hafi því miður ekki séð sér fært að ákveða fjármuni sem nægilegir eru í þessu skyni.

Í tilefni af þeirri fyrirspurn sem hér er borin fram og þeim atburðum sem hafa orðið vil ég hins vegar taka fram eftirfarandi, virðulegi forseti:

Ógæfuspor í þessu efni var stigið með því að svipta Ríkisútvarpið föstum tekjustofnum af aðflutningsgjöldum sem áttu að renna til endurbóta á þessu kerfi. Það

gerðist fyrst árið 1987, en þá runnu í ríkissjóð frá Ríkisútvarpinu með þessum hætti 357,8 millj. kr., 1988 120,6 millj. kr., 1989 147,1 millj. kr. sem með þessum hætti rann í ríkissjóð frá Ríkisútvarpinu. Það liggja ekki fyrir tölur um það hversu háar upphæðirnar eru á árinu 1990, en samtals er hér um það að ræða að frá Ríkisútvarpinu hafa runnið til ríkissjóðs á þremur árum, 1987–1989, 625,5 millj. kr.

Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 sem enn liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir því að halda áfram skerðingu á þessum tekjustofni Ríkisútvarpsins. Ég hygg að það sé algjörlega óhjákvæmilegt að sú ákvörðun sem við höfum staðið að verði nú endurskoðuð í ljósi þeirra viðburða sem áttu sér stað um helgina. Viðbrögðin sem við munum hafa uppi í þessu efni eru sem hér segir, virðulegi forseti:

1. Ég mun ræða þau mál við Póst og síma og samgrn., hvort unnt er að þessir aðilar taki beinan þátt í þeim endurbótum sem verður að taka ákvörðun um núna.

2. Með hvaða hætti verður staðið að endurskoðun lánsfjárlaganna þannig að þeir fjármunir sem samkvæmt þeim eiga að renna til ríkissjóðs renni til Ríkisútvarpsins.

3. Ég mun leggja sérstakar tillögur um þetta mál fyrir ríkisstjórnarfund í fyrramálið þar sem hæstv. forsrh. mun leggja fyrir skýrslu um tjónið af óveðrinu í heild.

Ríkisútvarpið skrifaði mér bréf um þessi mál í dag, en ég hafði fjallað um þau á sérstökum fundi í ráðuneytinu kl. 9 í morgun og ég vil leyfa þingheimi að heyra þetta bréf Ríkisútvarpsins, það er örstutt og er á þessa leið:

„Sendingar langbylgjustöðvarinnar á Vatnsenda liggja nú niðri eftir að annað mastranna sem héldu uppi sendiloftnetinu féll til jarðar í gær. Nú stendur yfir könnun á því hvort mögulegt sé að koma einhverjum sendingum í loftið á ný til bráðabirgða með því að nota mastrið sem eftir stendur til að bera hæfilegt loftnet. Alls óvíst er hvort þetta er unnt en það skýrist á næstu dögum eða vikum. Ástand mastursins verður rannsakað og úr því skorið hvort þorandi sé að láta það standa til þessara nota. Á Vatnsenda er enn hættuástand vegna hættu á falli mastursins."

Svo mörg voru þau orð í þessu bréfi Ríkisútvarpsins til mín sem skrifað var í dag 4. febrúar 1991.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi með þessu svarað fyrirspurn hv. þm. og vænti þess jafnframt að þingheimur taki vel þeim tillögum sem lagðar kunna að verða fyrir um úrlausn á þessu alvarlega máli.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hafa nú fleiri en hv. 1. þm. Suðurl. tekið eftir því að mastrið féll og ég held að við séum öll sammála um það að það sé mikilvægt að reisa það á ný eða reisa nýtt sem allra fyrst. Það er enginn ágreiningur um það að vinna þetta verk svo fljótt sem mögulegt er og svo fljótt sem tækni leyfir. Fjármunir eru ekki fyrir hendi en tekjustofn var tekinn af Ríkisútvarpinu í fjármálaráðherratíð, ef ég man rétt, hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar. Nú eru lánsfjárlög til meðferðar í nefnd sem ég veiti forstöðu, fjh.- og viðskn. Nd., og það er einfalt mál að taka út það „þrátt fyrir-ákvæði" sem er í lánsfjárlögum, en einnig er hægt að bæta þar inn lánsfjárheimild til þess að unnt sé að framkvæma verkið frá peningalegu sjónarmiði. En ríkisstjórnarfundur verður haldinn um málið á morgun.

Ég styð þá áætlun sem menntmrh. kynnti hér, en ríkisstjórnin þarf að gera fleira á morgun heldur en að fjalla um mastrið. Það er óhjákvæmilegt að mínu mati að ríkisvaldið með einum eða öðrum hætti komi til aðstoðar þeim sem orðið hafa fyrir mestu eignatjóni sem ekki fæst bætt með tryggingum.

Margir bændur hafa orðið fyrir gífurlegum áföllum og ég vil nota þetta tækifæri til þess að minna á skyldu samfélagsins við þá. Það eru bæði garðyrkjubændur, sem eru reyndar ýmsir með foktryggingar, en venjulegir bændur við venjulegar kringumstæður kaupa sér ekki foktryggingu, enda var hér um veður að ræða sem ekki kemur nema á mjög margra áratuga fresti.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki í dag eða í gær sem við erum að komast að því að þessi möstur voru að falli komin. Við erum búin að vita það í tvo áratugi. Ríkisútvarpið hefur æ ofan í æ sent beiðni um það til hins háa Alþingis að fé það sem áætlað er í 22. og 23. gr. útvarpslaga berist þeim, en við höfum séð okkur sóma í því að neita þeim um það.

Mér finnst engin ástæða til að vera að tíunda það hvaða maður hafi verið fjmrh. í þann tíð sem þessi leikur hófst. Við höfum leikið hann æ ofan í æ síðan og berum öll sömu skömmina af því.

Það er ekki bara að skip á hafi úti lendi í hættu við svona aðstæður heldur hver einasta byggð landsins. Mér er kunnugt um það að margir úti um landsbyggðina voru útvarps- og sjónvarpslausir núna þessa helgi af því að langbylgjustöðin virkaði ekki. Því verðum við að grípa til allra þeirra ráða sem möguleg eru til þess að endurreisa möstrin sem fyrst og endurnýja annað það í kerfunum uppi á Vatnsenda sem er orðið svo úrelt að það er eiginlega orðið að hálfgerðri antík en ekki nothæfri vöru.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál er hér rætt. Það er mikið hagsmunamál margra að hraðað verði endurbyggingunni við Vatnsenda þannig að bæði sjómenn og aðrir séu í því sambandi sem þeir þurfa að vera í.

Hér er um eitt mesta fárviðri að ræða sem hefur gengið yfir landið. Það jaðrar við að það hafi verið fellibylur sem tekur til svo stórs hluta af landinu og tjónið gífurlegt. Það er varla hægt að minnast á þetta mál án þess að dást að þeim sveitum björgunarsveitarmanna, RARIK-manna og fleiri sem berjast í þessum veðurham við svo mikilvæg björgunarstörf. Það eru

miklar öryggissveitir, sem leggja sig í hættu og vinna mikið gagn fyrir okkar þjóðfélag.

Þessar miklu skemmdir hafa lent á mörgum atvinnugreinum, bæði landbúnaðinum og fleiri atvinnugreinum. Hér minntist hv. 1. þm. Norðurl. v. t.d. á gróðurhúsamenn. Það eru ekki bara gróðurhúsin sem hafa brotnað og skemmst, það er allt ræktunarstarfið sem þeir hafa hafið. — En það sem ég vil leggja áherslu á hér í þessari umræðu er að menn gangi til þess verks, sem ég held að sé mjög mikilvægt, að endurskoða ákvæði 4. gr. laga nr. 88/1982, um viðlagatryggingu. Þar segir að hún taki einungis til tjóna af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Síðan þurfi menn að tryggja sérstaklega með foktryggingu. En svona hamfarir þurfa að koma inn í viðlagatryggingu og Alþingi á að vinna því farveg, helst á þessu þingi, að þetta gerist. Við getum hugsað okkur hús sem fýkur og stórskemmist í þessu veðri. Það eru borgaðar af því brunatryggingar og öll hús sem eru brunatryggð borga í viðlagatryggingu. En hefði það nú gerst í leiðinni að það kviknaði í húsinu, þá fékk maðurinn það að fullu bætt frá tryggingafélagi. En af því að kviknaði ekki í því um leið og það fauk, þá fær hann ekki neitt.

Ég vil brýna ríkisstjórnina til þess að skoða þetta mál með það í huga að endurskoða ákvæði viðlagatryggingar, helst á þessu þingi.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Suðurl. fyrir það að vekja athygli á þessu máli hér utan dagskrár í dag. Það var í tíð hv. 1. þm. Suðurl. þegar hann var fjmrh. sem þetta gjald var látið ganga til Ríkisútvarpsins árið 1986, en í því stjórnarsamstarfi sem þá átti sér stað undir forustu núv. forsrh. var það lagt af árið eftir og hefur ekki verið gert síðan. Þetta segi ég vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. v.

Það er allt góðra gjalda vert sem kemur hér fram hjá hæstv. menntmrh. og ágætur kafli sem hann las úr sinni eigin ræðu sem hann flutti hér á fimmtudaginn í síðustu viku. En það er annar kafli í þeirri ræðu sem hann sleppti að lesa og hann fjallar um tekjutap vegna þess að Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki afnotagjald fyrir gamalt fólk og það munu vera um 120 millj. kr. sem Ríkisútvarpið tapar þannig af tekjum sínum. En í ræðu sinni sl. fimmtudag sagði hæstv. ráðherra eitthvað á þann veg að hann hefði tekið það mál upp í ríkisstjórninni og það var á honum að skilja þá, ég hef þessa ræðu hér, ég kann ekki við að vitna í hana orðrétt, að hann mundi beita sér fyrir því að Ríkisútvarpið fengi með þeim hætti um það bil 120 millj. kr. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hefur það gengið eftir sem hann fjallaði um í sinni ræðu sl. fimmtudag?

Að allra síðustu, virðulegi forseti, og ég skal ekki misnota minn tíma hér, þá bendi ég á að þessi sjónarmið sem hér hafa verið rædd í dag koma öll fram mjög skýrlega í bréfi til hæstv. menntmrh., dags. 7. des. sl., en meiri hl. í hv. Ed. kaus að fara ekki að þeim ráðum sem allir virðast vera sammála um að nú eigi að gera, þ.e. að endurvekja þann sið sem áður var að útvarpið fái sinn skerf vegna aðflutningsgjalda af viðtækjum.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér kom fram hjá hv. 5. þm. Suðurl. um endurskoðun á viðlagatryggingu. Það sem ég vil koma hér inn á er það að vekja athygli á því að ríkisstjórnirnar frá 1987 til ársins í ár hafa allar ákveðið að skerða tekjustofn Ríkisútvarpsins og fresta framkvæmdum við langbylgjustöðina sem allir vissu að var á síðasta hálmstrái. Það þarf ekki að deila um það, þetta liggur ljóst fyrir. Og við afgreiðslu fjárlaga nú í ár var svarið sem fjvn. fékk við þessu atriði frá hæstv. ríkisstjórn að það ætti ekki að taka til afgreiðslu nú við afgreiðslu fjárlaga 1991. Hins vegar var ljóst þegar áður en þetta ofsaveður gekk yfir að hér var teflt á tæpasta vað og ég vil segja frá því að á fundi í fjh.- og viðskn. sem við mættum á sem varamenn tveir fulltrúar úr fjvn., á síðasta fundi vöktum við athygli á þessu, að það yrði við afgreiðslu lánsfjárlaga nú að taka tillit til þessa ástands sem þá var skapað fyrir nokkrum dögum áður en þetta veður kom og taka inn á lánsfjárlög núna afgreiðslu sem nægði til þess að undirbúa þetta mikilvæga mál sem allir eru sammála um.

Það verður að taka á þessu núna strax. Ég tel að öryggi sjómanna á Íslandi sé stefnt í þvílíka tvísýnu ef ekki verður tekið sterkt á þessu máli að ekki verður við unað. Það er ljóst að það er ekki lengur hægt að veðja á þá heppni sem hingað til hefur fylgt okkur í 20 ár. Það verður að taka hér ákvörðun og ég skora á fjh.- og viðskn. að gera þá afgreiðslu á lánsfjárlögum. Þó að það sé óvenjulegt í sjálfu sér að slíta það frá fjárlögum, þá verður að gera það núna vegna þess ástands sem hér hefur skapast.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Mark Twain sagði einu sinni: „Allir tala um veðrið en enginn gerir neitt í málinu.“ Það kann að vera að hér sé einmitt um þetta að ræða. En mig langar til þess að vekja í örstuttu máli athygli á einum þætti sem er mjög nauðsynlegur þegar horft er til þeirra atburða sem áttu sér stað núna um helgina, en það eru rannsóknir á eðli storma og þeirra gífurlegu krafta sem þeir leysa úr læðingi, þ.e. að efla og auka þekkingu þeirra sem fást við hönnun mannvirkja sem eiga að standast vindálag, slíkt ógnarálag sem við urðum öll vitni að hér um helgina.

Á þessu sviði hefur verið unnið merkt brautryðjendastarf á vegum Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, en því miður hafa þær rannsóknir liðið fyrir fjárskort og ekki verið hægt að efla þær sem skyldi. Því vil ég nota þetta tækifæri til að beina því til hv. alþm. að næst þegar farið er fram á fjárveitingar til þess að standa straum af kostnaði vegna þessa mikilvæga verkefnis, þá fái slíkt erindi jákvæða umfjöllun.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það hefnir sín nú það sinnuleysi sem fjárveitingavaldið og stjórnvöld hér hafa sýnt í

þessu máli. Hér hefur ekkert nýtt gerst. Hér hefur bara gerst það sem vitað var að mundi gerast. Og afleiðingarnar eru ekkert öðruvísi heldur en menn vissu að þær mundu verða. Þetta er mjög alvarlegt ástand sem hefur skapast, eins og hér hefur verið bent á, hættulegt, og hlekkur í öryggiskeðjunni hefur brostið. En þegar menn koma hér og tala um þetta eins og eitthvert nýtt fyrirbæri sem ætti að koma mönnum á óvart, þá er það út í hött. Þetta er búið að vera vitað lengi. Það er búið að benda á þetta hér árum saman úr þessum ræðustóli, í nefndum hér á Alþingi og víðar. Mér þykir það hjákátlegt þegar hv. þm. Sjálfstfl. koma hér og þykjast tala sem einhverjir sérstakir vinir Ríkisútvarpsins. Það hefur ekki alltaf andað hlýju úr þeirri átt til þeirrar merku stofnunar hér á hinu háa Alþingi í gegnum árin.

Kannski var það svo að þetta þurfti að gerast, að mastrið þurfti að brotna til þess að eitthvað yrði gert í málinu. Það er illt að segja það, en engu að síður hygg ég að það sé rétt. Og nú hefur þetta gerst. Nú verður að gera eitthvað, það er engrar undankomu auðið og ég lýsi ánægju með þær tillögur sem hæstv. menntmrh. lýsti hér áðan og vona að þær verði framkvæmdar sem allra fyrst þannig að ný langbylgjustöð með því öryggi sem henni fylgir geti risið sem allra fyrst. Það tekur óneitanlega einhvern töluverðan tíma, en héðan af verður málinu ekkert skotið á frest og það er engrar undankomu auðið. Þetta verður nú að gerast.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég tek það nú fram að ég tala hér sem ráðherra fjarskiptamála en ekki Veðurstofunnar, enda var sú stofnun flutt undan samgrn. á síðasta ári þó ekki verði nú séð að það hafi orðið til mikilla bóta hvað veðrið snertir.

En það er ýmislegt í rekstri og uppbyggingu fjarskiptakerfisins sem getur hjálpað til í þessum efnum þó að ég sé sammála þeim sem hér hafa talað um það að eina varanlega og fullkomna lausnin er að endurbyggja öfluga langbylgjusendistöð sem næst útvarpinu sjálfu, þá eru ýmsir fleiri möguleikar sem hér geta komið að gagni og styrkt útsendingarmöguleika útvarps við svona aðstæður, til að mynda uppbygging á miðbylgjusendum í landshlutunum og í gegnum fjarskiptakerfið að öðru leyti.

Við höfum verið minnt á það rækilega undanfarnar vikur, ekki bara í þessu áhlaupi, heldur áður að þrátt fyrir tækniframfarir er okkar fjarskiptakerfi að ýmsu leyti viðkvæmt og það þarf að stefna að því að auka þar öryggi og byggja á meiri möguleikum þegar einhverjir detta út. Ég held að hringtenging landsins með ljósleiðurum sé mjög stór áfangi í þeim efnum. Menn geta gert sér í hugarlund ástand á símamálum ef við hefðum í dag eða fyrir nokkrum vikum síðan í ísingarveðrinu þá búið við línur á landi eins og við gerðum hér áður í þeim efnum.

Ég held að uppbygging varajarðstöðvar sé eitt allra brýnasta mál fyrir utan þetta sem lýtur að öryggiskerfi útvarpsins. Og að koma upp annarri jarðstöð á einhverju því landshorni sem er ólíkast suðvesturhorninu hvað veður snertir er að mínu mati mjög brýnt.

En að sjálfsögðu eru samgrn. og Póstur og sími tilbúin til samstarfs um að leysa úr þessum málum eftir föngum og ég er tilbúinn til að skoða það að fjárfestingaráætlun Pósts og síma verði að einhverju leyti hnikað til til þess að unnt sé að taka þátt í samstarfi um úrbætur á þessu sviði.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé kannski kjarni málsins, sem fram kom hér í ræðu hv. 18. þm. Reykv., að Alþingi og stjórnvöld bera hér öll mikla ábyrgð í þessu efni. Ég held að það sé í sjálfu sér engin lausn að vera að vísa málinu frá einum til annars. Ég geri ekki ráð fyrir því að menn séu með mikið hreinni skjöld en sessunautar þeirra kunna að vera hér í þinginu í þessu efni nema þá kannski þeir sem voru að taka sæti hér á Alþingi sem varaþingmenn í dag.

Kjarni málsins er og aðalatriði að við verðum sammála um að taka núna á málinu. Ég geri ráð fyrir því að flestir eða allir hafi einhvern tíma flutt tillögur um það að grípa til endurbóta, flestir eða allir hafi einhvern tíma greitt atkvæði á móti skerðingu á þessum tekjustofni Ríkisútvarpsins, flestir eða allir hafi væntanlega einhvern tíma flutt tillögur um stuðning við Ríkisútvarpið af þessum ástæðum, en það gerir í raun og veru litla stoð í dag. Aðalatriðið er það að við drífum okkur í verkið eins og hv. 1. þm. Suðurl. vakti hér athygli á áðan og ég tók undir með honum.

Ég tel að það sé mjög mikilsvert sem hér kom fram í ræðu hæstv. samgrh. að samgrn. og Póstur og sími séu reiðubúin til að hjálpa til við upphafsskrefin í þessu máli núna næstu daga. Ég mun leggja sundurliðaða tillögu í þeim efnum fyrir ríkisstjórnina í fyrramálið.

Varðandi það sem hv. 1. þm. Reykv. spurði um hér áðan, þá kom það nú fram í umræðunni sem hann spurði um. Mér finnst út af fyrir sig ánægjulegt að hann skuli vilja láta mig lesa meira úr ræðum mínum en ég geri hér í ræðustólnum, en ástæðan til þess að ég nefndi ekki það mál sem hann var með var fyrst og fremst sú að það er til rekstrar en þessir tekjustofnar sem við ræðum hér í dag eru til stofnkostnaðar, endurbóta og viðhalds samkvæmt lögum og venjum. En það mál sem hann spurði um er til meðferðar á milli þriggja ráðuneyta, eins og ég skýrði frá hér áðan, þ.e. fjmrn., heilbrrn. og menntmrn.

Niðurstaðan er sem sé sú að við munum leggja mál*ið fyrir og ég vænti þess að við* það verði góður stuðningur og fagna því að sjálfsögðu að menn hafa margir hverjir lengi hugsað hlýtt til langbylgjumastranna þó lítið hafi orðið um athafnir fyrr en það verður það bersýnilega núna með góðri samstöðu á Alþingi Íslendinga.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þarf að leiðrétta misskilning hv. 1. þm. Reykv. Í lánsfjárlögum sem samþykkt voru á Alþingi 20. des. 1986 var svohljóðandi klausa:

„Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð."

Og stendur það sem ég áður sagði að þá var fjmrh. þegar þessi lög voru samþykkt hv. 1. þm. Suðurl. (**FrS:** Hver var forsrh.?) Með því að taka markaðan tekjustofn af Ríkisútvarpinu sem við stóðum reyndar báðir að, við 1. þm. Reykv., sem nefndarmenn í fjh.- og viðskn., þá tóku menn þá áhættu að þurfa að verja skyndilega miklum fjármunum til þess að bæta úr vanda sem upp á kynni að koma. Og nú hefur hann komið upp á og nú þýðir ekkert annað en bregðast við því með mannlegum hætti.

Það er rétt sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði að það þarf að breyta lögunum um viðlagatryggingu, en það er ekki hægt að gera þau afturvirk eða mér var það a.m.k. ekki ljóst að það sé eðlilegt. Það þarf sérsakt átak samfélagsins til þess að aðstoða þá sem orðið hafa fyrir stórfelldu eignatjóni núna og fá það ekki bætt í gegnum tryggingar.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Suðurl. fyrir að hefja þessa umræðu. Ég tel það hins vegar einkennilegt hvað einstakir þingmenn stjórnarliðsins eru að reyna að kosta kapps um það að kenna Sjálfstfl. um þá vanrækslu, sem orðið hefur við að leggja fram fé til endurbyggingar á möstrunum og annarrar starfsemi Ríkisútvarpsins, að kenna það Sjálfstfl. Hv. 1. þm. Norðurl. v. var hér áðan að fjalla um það að þetta væri eitthvað sérstaklega Sjálfstfl. að kenna, en var svo að viðurkenna að sjálfur hefði hann flutt tillögu og staðið fyrir því í fjh.- og viðskn. að þessi tekjustofn var tekinn af Ríkisútvarpinu. Svona málflutningur er náttúrlega ekki við hæfi þeirra atburða sem hér hafa gerst.

Ég vil hins vegar taka undir það að nú er nauðsynlegt að safna saman upplýsingum um það mikla tjón sem orðið hefur í þessu fárviðri sem er óvenjulegt og gerist ekki nema á margra áratuga fresti að fárviðri verði með þessum hætti og valdi svo miklu tjóni um land allt.

Ég vil einnig lýsa því að á hæstv. ríkisstjórn hvílir sú skylda að taka það til athugunar á hvern hátt verði mætt að hluta því mikla tjóni sem fjölmargir einstaklingar og aðrir aðilar hafa orðið fyrir í þessu veðri hvarvetna um landið. Þetta er sú skylda sem hvílir á stjórnvöldum og er mannlegra af hv. þm. stjórnarliðsins að taka þátt í því heldur en að vera með skæklatogi að reyna að koma sér undan því að þeir beri ábyrgð á því að fé hefur verið skert til þessara hluta, svo sem fyrir liggur að þeir bera ekki síður en aðrir ábyrgð á, nú síðast við afgreiðslu fjárlaga eins og hv. varaformaður fjvn. hefur sjálfur lýst, hvernig tekið var við skilaboðum frá ríkisstjórninni.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Í skýrslu Almennu verkfræðistofunnar fyrir Póst og síma árið 1978 stendur, með leyfi forseta:

„Nú er það staðreynd að ryðskemmdir hafa rýrt burðarþol mastranna á Vatnsenda um a.m.k. 20% og trúlega þó talsvert meira. Þess vegna er hætta á að möstrin brotni ef vindhraði á Vatnsendahæð nær 11 vindstigum og raunar er það nokkurt undrunarefni að þau skuli enn standa uppi. Duldir gallar, t.d. ef stög eru skemmd eða boltar brotnir, auka mjög á hættuna á hruni mastranna." — Á þrettánda ár er liðið síðan svo að ekki er að undra.

En ég vil þakka hv. þm. og ráðherrum jákvæðar undirtektir. Þetta er mál sem heyrir í rauninni undir menntmrh. yfirmann útvarps, dómsmrh. yfirmann Almannavarna, samgrh. yfirmann Pósts og síma og umhvrh. yfirmann Veðurstofu, þannig að tökin ættu að vera sterk þegar á er tekið í höndum þessara ágætu manna.

Ég fagna líka tillögu menntmrh. og það var nýtt sem kom fram í máli hæstv. samgrh. að hann mundi beita sér fyrir því að Póstur og sími tæki þátt í þessum kostnaði því að Póstur og sími hefur hingað til talið sig óskuldbundinn til þátttöku í kostnaði vegna langbylgju. En það er jákvætt og það er nýtt. (**Gripið fram í:** Hann orðaði þetta nú ekki svona.) Svona mátti skilja það, að hann mundi beita sér fyrir því að Póstur og sími mundi breyta sinni fjárhagsáætlun með tilliti til þessara aðgerða.

Ég vil einnig bera þakkir til 1. þm. Norðurl. v. þar sem hann tók undir þau orð mín að það ætti að tryggja bætur til þeirra sem hafa orðið fyrir tjóni og eru ótryggðir fyrir, bændur og búalið, fólk í þéttbýli og hvar sem er á landinu.

Ég ferðaðist um suðvesturhornið og Suðurland í gær og það er til marks um veðurhraðann að ég stöðvaði jeppa sem ég var í á Skeiðaveginum og tók tillit til sparnaðaráforma ríkisstjórnarinnar og innan skamms sigldi bíllinn áfram á 35 km hraða fyrir veðri og vindum án þess að vélin væri í gangi. Þannig var vindhraðinn í gær þegar verst lét. (**Landbrh.:** Var það nákvæmlega 35?) 35 nákvæmlega. Ég fór ekki upp fyrir það.

Ég vil líka taka undir þakkir til 1. þm. Vesturl. sem notaði orðið sem gildir í þessu efni: Strax, að framkvæma strax. Og þakka ég þingmönnum og hæstv. ráðherrum þessar jákvæðu umræður.

Ég vona að þessi umræða hér tryggi að málið verði leitt farsællega í höfn á næstu vikum.

Hækkun skattleysismarka vegna álagningar tekjuskatts, fyrri umr.

Þáltill. GHG, 282. mál. — Þskj. 516.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um hækkun skattleysismarka vegna álagningar tekjuskatts. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að hefja undirbúning að breytingu á lögum um tekjuskatt með þeim

hætti að mánaðartekjur einstaklings, 100.000 kr. eða lægri, verði skattfrjálsar."

Þessari tillögu fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi er lögð fram með tilliti til þeirrar neikvæðu þróunar sem hefur átt sér stað á undanförnum árum í skattamálum og með sérstöku tilliti til launatekna. Þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp á sínum tíma var einn megintilgangur þess að létta skattbyrði lág- og millitekjufólks, jafnframt því sem innheimtukerfið var gert einfaldara.

Því miður hefur reynslan orðið önnur. Skattprósentan hefur verið hækkuð og skattleysismörk ekki tekið eðlilegum breytingum með tilliti til verðbólguþróunar sl. þrjú ár. Niðurstaðan er stóraukin skattbyrði millitekjufólks með þar af leiðandi tekjuskerðingu. Á sama tíma hefur átt sér stað kaupmáttarskerðing vegna erfiðrar stöðu atvinnuveganna til að mæta aukinni tekjuþörf launafólks, m.a. vegna hærri skatta og almennra verðhækkana á vörum og þjónustu.

Erfitt er að setja fram nákvæmar tölur um þróun þessara mála, en eftir því sem næst verður komist þyrftu skattleysismörk hjá einstaklingi að vera hið minnsta 100.000 kr. á mánuði til þess að vega upp á móti neikvæðum áhrifum aukinnar skattbyrðar á síðustu árum jafnframt því sem kaupmáttur launatekna yrði bættur.

Ljóst er að undirbúa þarf vel hækkun skattleysismarka með þeim hætti sem þessi tillaga felur í sér. Þess vegna er rétt að eðlilegur aðdragandi sé að skattbreytingunum.

Með tilliti til fjárlagaársins mundu þessar skattbreytingar koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1992. Gefst þá svigrúm til að mæta viðeigandi tekjubreytingum hins opinbera með niðurskurði eða öðrum hætti vegna fjárlaga 1992.

Hækkun skattleysismarka mun hafa mikil áhrif á þróun launamála á næstu árum og skal minnt á það að haustið 1991 renna út samningar um svonefnda „þjóðarsátt". Mikilsvert framlag í launa- og kjaramálum væri ef skattar væru lækkaðir verulega á lág- og millitekjufólki. Þess vegna er þessi tillaga flutt nú."

Að lokum, virðulegi forseti. Skattleysismörk eru nú 57.378 kr. á mánuði. Staðgreiðsluprósentan hefur hækkað um rúm 2% frá því að staðgreiðslukerfið var tekið upp fyrir tveimur árum og er komið í 39,74%. Á sl. tveim til þrem árum hafa kauptaxtar lág- og millitekjufólks tekið litlum breytingum til hækkunar. Talið er að kaupmáttarskerðing þessa fólks hafi orðið rúmlega 20% á þessu tímabili. Íþyngingskatta hefur orðið mikil á millitekjufólki, m.a. vegna hærri álagningarprósentu og þess að skattleysismörkin hafa ekki hækkað sem skyldi nema síður sé. Þarna hefur ríkisvaldið brugðist. Fórnir almennings til að koma verðbólgu niður hafa verið miklar. Ríkisvaldið, þ.e. kerfið og stjórnmálamennirnir hafa ekki fórnað neinu. Skattar á almenningi verða að lækka. Þess vegna er þessi þáltill. flutt og vænti ég þess að hún verði samþykkt.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til allshn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Að heimta skatta af tekjum sem ekki duga til framfærslu er fullkomlega siðlaust og því fagna ég þeirri tillögu sem hér er fram komin. Ég vil jafnframt benda á hve óréttlátt það skattkerfi er sem leggur þyngstar byrðarnar á þá sem minnst hafa auraráðin.

Kvennalistakonur fengu fyrir um það bil tveimur árum hagfræðing hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun til að reikna út fyrir sig ýmsar útgáfur á því hvernig hækkun skattleysismarka og fjölgun skattþrepa kæmi út fyrir almenning og fyrir ríkiskassann. Þá kom í ljós sú alvarlega staðreynd að það er lágtekjufólk og fólk með lágar millitekjur sem ber hitann og þungann af öllum skattgreiðslum í landinu. Með öðrum orðum: Fólkið sem er með innan við 100 þús. kr. mánaðarlaun heldur samfélaginu uppi miðað við núverandi kerfi, ekki hátekjufólkið sem reyndar er á framfæri lágtekjufólks samkvæmt þessu. Þetta er auðvitað ekki nokkur hemja.

Alvarlegra var þó að sjá hve stór hópur það er sem á svo lágum launum er og á ekki fyrir framfærslu af þeim sökum. Það er engin tilviljun að fyrir sl. jól skuli stór hópur fullvinnandi ungs fólks hafa orðið að leita á náðir mæðrastyrksnefndar og annarra hjálparhópa til að eiga fyrir jólahaldinu.

Það er nauðsynlegt að vinna að öllum málum í senn, hækkun lægstu launa, hækkun skattleysismarka og fjölgun skattþrepa til að fjármagna að einhverju leyti tekjutap ríkisins.

Að þessum málum höfum við kvennalistakonur unnið einlæglega og lagt fram frv. um lögbindingu lágmarkslauna nokkrum sinnum, auk þess að leggja til hækkun skattleysismarka um tvö tekjuskattsþrep þegar samþykkt var að koma á staðgreiðslu tekjuskatts. Við vitum sitt af hverju um hvað kostar að framfleyta einstaklingi þótt lengi vel hafi mætt þeim sem vildu fá upplýsingar um slíkt fátt annað en útúrlur. Er þess skemmst að minnast hve langan tíma það tók að fá tillögu um athugun á lágmarksframfærslukostnaði samþykkta hér í þinginu. En sú till. var þó að lokum samþykkt hér í vetur í allbreyttri mynd. Á sl. ári virtist þó vera hægt að reikna út framfærslukostnað fyrir námsmenn. Kannski er einhverra hluta vegna auðveldara að átta sig á eyðslu þeirra en annarra. Ekki skal ég um það segja.

Á miðju síðasta ári þurfti um 80 þús. kr. til framfærslu einstaklings í námi en honum voru að vísu ekki skammtaðar nema 50 þús. kr. í námslán til að skrimta af. Það er raunar í takt við þau kjör sem ýmsir aðrir þurfa að lifa við. Ótrúlega mörgum er gert að lifa á launum innan við þurftarmörk og taxtalaun fara jafnvel niður í um 40 þús. kr. Við kvennalistakonur þekkjum vel hverjir það eru sem þiggja lægstu launin í samfélaginu. Og það hefur raunar komið mjög glögglega fram í umræðum nú að undanförnu og í útreikningum kom í ljós að þjóðarsáttin hvílir á herðum kvenna. Það eru nefnilega konurnar sem eru á lægstu launununum og

það á við í öllum tekjuhópum. Ekki veit ég hvort hv. alþingismenn gera sér grein fyrir því að á miðju síðasta þjóðarsáttarári voru meðallaun afgreiðslukvenna í fullu starfi um 55 þús. kr., 55 þús. fyrir fullt starf. En fullvinnandi afgreiðslukarlar fengu 72 þús. kr. í meðallaun og voru alls ekki of sælir af sínum hlut þótt þeir hefðu 17 þús. kr. í viðbót við konurnar. Það er þetta sem þjóðarsáttin skammtar fólki og svo klípur ríkið skatt af smánarlaunum. Hækkun skattleysismarka er sanngjörn aðgerð. Ég vildi nota þetta tækifæri til að hreyfa við öðrum málum sem eru þessu náskyld og þarf að kippa í liðinn í þeirri óréttlátu tekjuskiptingu sem nú er við lýði.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég fagna fram kominni till. hv. 8. þm. Reykv. Það er tímabært að stokka upp spilin í mörgum þáttum. Einn af þeim er kjaramálin og hagur heimila og einstaklinga í landinu. Hin margumtalaða þjóðarsátt, sem því miður hefur að mörgu leyti orðið að eins konar þjófasátt, hefur ruglað margt í okkar kerfi. Hún byggir á því m.a., svo sannanlegt sé, að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari og það er ekki frambærilegt í okkar þjóðfélagi. Þar koma inn í margir þættir varðandi vaxtastefnu og kjaraþróunaratriði hjá ríkisstjórninni sjálfri.

Það er svo í dag að atvinnuleysi er allvíða. Vandamál einstaklinga með lágar tekjur eru mikil og miðað við þær kröfur sem menn telja eðlilegar í þjóðfélaginu í dag jaðrar við fátækt hjá stórum hópi landsmanna. Það er ótrúleg skattheimta sem hefur verið hjá núv. ríkisstjórn. 100 þús. kr. skattleysismörk eru spor í rétta átt, spor í rétta átt til þess að rétta hlut þeirra lægstlaunuðu öndvert við það sem hefur átt sér stað í kjarasamningum um langt árabil þar sem þeir lægstlaunuðu hafa alltaf setið aftast á merinni, jafnaftarlega og þeir voru áður ef ekki aftar. Það er því miður staðreynd og þar með kannski komin helsta leiðin til þess að tryggja raunverulegar kjarabætur fyrir þá lægstlaunuðu í þjóðfélaginu. Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram í umræðunni, að þar eru konur stærsti hópurinn. Þær vinna störf sem eru að sumu leyti hálfgerð þrælastörf, í mörgu er lýtur að fiskvinnslu sérstaklega, hrein þrælastörf, mikið álag og ekki bara púl, heldur óþolandi þrælastörf að mörgu leyti. Þetta eru staðreyndir sem menn vilja gjarnan láta líða hjá að tala um en þannig er það nú samt.

Framgangur þessa máls gæti þannig leitt til þess að um leið og kjör þeirra lægstlaunuðu væru bætt í reynd þá fengju stjórnvöld eðlilegt aðhald til forsjálni og staðfastrar stjórnunar í landsins málum.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri till. sem hér er fram borin um að skattleysismörk verði miðuð við 100 þús. kr. Það mun hafa komið fram við umræðuna áðan að áætlað væri að venjulegur háskólastúdent þyrfti 80 þús. kr. til að framfleyta sér yfir mánuðinn en skattleysismörkin núna eru 57 þús. kr. Það er náttúrlega óeðlilegur munur þarna á.

Það er þannig að fólk sem hefur 80 þús. kr. í mánaðarlaun eða 100 þús. kr. getur ekki vænst þess að eignast þak yfir höfuðið eins og nú standa sakir því að fólk með þessar tekjur getur ekki fengið fyrirgreiðslu í félagslega húsnæðislánakerfinu og það getur ekki fengið venjulegt húsnæðismálalán vegna þess að launin eru of lág. Þetta fólk er því í sjálfheldu. Ég eygi smávon um að við þessa breytingu, ef skattleysismörkin verða færð upp í 100 þús. kr., muni fólk kannski geta fengið lán úr venjulegu húsnæðislánakerfi og eignast þak yfir höfuðið. En það hefur löngum verið eitt af markmiðum íslensku þjóðarinnar að hver maður ætti öruggt þak og húsaskjól.

Ég er ekki endilega að segja að það þurfi að vera í sama formi og verið hefur hingað til. Kaupleiguíbúðir og búseturéttaríbúðir eru líka kerfi sem eru mjög vænleg fyrir okkur venjulega borgara hér á Íslandi. En að ætlast til að fólk lifi á 57 þús. kr. er útilokað hér á Íslandi, enda reynir hver einasta manneskja sem er með slík laun að vinna miklu, miklu lengur en einfaldan vinnudag.

Þetta veldur því að önnur till., sem ég veit að liggur hér fyrir þessu þingi, um styttingu vinnuvikunnar er líka mjög mikilvæg og mundi þjóna sama markmiði og þessi till. hv. 8. þm. Reykv. Ég álít að ef við styttum vinnuvikuna og hækkuðum skattleysismörkin þá værum við búin að ná mjög góðum áföngum til þess að gera þetta land vel byggilegt og þessa þjóð hæfa til að fást við það sem hún þarf að fást við fyrst og fremst, þ.e. að koma börnum sínum á legg og gera þau að nokkurn veginn sjálfbjarga og ánægðum einstaklingum. Eins og málin standa í dag á það fólk sem á við lægstu launin að búa, minnsta öryggið í húsnæðismálum og lengstu vinnuvikuna afskaplega erfitt með að gegna því hlutverki sem hverri þjóð er þó nauðsynlegt að sé vel rækt, þ.e. að tryggja áframhaldandi tilveru nokkurn veginn eðlilegrar og ánægðrar þjóðar í þessu erfiða og veðraríka landi sem Ísland er.

Ég álít því að ef við gætum gert það sem ég hef nú nefnt, bæði borið gæfu til að hækka skattleysismörk, stytta vinnuvikuna og þar með aukið möguleikana á að fólk eignist þak yfir höfuðið þá gætum við annast betur börnin sem landið eiga að erfa og ekki eingöngu þau sem landið eiga að erfa, heldur líka þá sem landinu hafa skilað til okkar, þá værum við á vænum vegi. Ég vona að þessi þáltill. nái fram að ganga.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir er hugsuð þannig að það sem þá mundi gerast kæmi lágtekjufólki til góða, ekki efast ég um það. En einkum vegna þess að ég þekki hug hv. flm. Hitt er annað að mér þykir vanta útreikninga á því hvað eigi þá að koma á móti því tekjutapi sem verður af þessum völdum hjá ríkissjóði, tekjum sem þarf til að fjármagna sjúkrahús, skóla og annað. En hugsunin er vissulega mikils virði. Ég tel að svona till. þurfi að fylgja rökstuðningur fyrir því. Spurningin er líka hvort talan 100 þús. er akkúrat sú tala sem eigi að miða við eða hærra eða hvernig sem það yrði.

Hitt er annað að það sem rak mig hingað upp er sá andstyggðartónn sem hefur komið fram hér hjá nokkrum hv. ræðumönnum í garð þjóðarsáttar eins og almenningur nefnir síðustu kjarasamninga. Það sýnir manni oft skilningsleysið á aðstæðum í þjóðfélaginu hvernig menn tala hér úr þessum stóli. Það sýnir manni hvað margur fylgist lítið með launamálum og þeirri baráttu sem láglaunafólkið í landinu hefur háð fyrir sínum kjörum. Skilningsleysi á því hvaða ástand var í landinu þegar svonefnd þjóðarsátt var gerð. Skilningsleysið á því að hér ríkti bullandi verðbólga og atvinnulífið var komið að fótum fram. Það blasti við fjöldaatvinnuleysi, vextir voru 40% og verðbólgan ósköp svipuð. Verkalýðshreyfingin ákvað að fara nýjar leiðir í kjarabaráttunni vegna þess að menn hennar sáu að þær leiðir sem notaðar höfðu verið áður höfðu ekki dugað, einkum hvað varðaði láglaunafólkið, sem alltaf hefur farið verst út úr því þegar verðbólgan hefur verið hvað mest. Fólkið sem hefur liðið mest fyrir verðbólguófreskjuna og okurvextina og annað síkt. Það er láglaunafólkið sem hefur liðið mest fyrir það. Það fólk sem talar eins og það viti ekkert um þessa hluti skynjar ekki mikið hver er vandi láglaunafólksins í landinu.

Það er ekki nokkur vafi á því að hefði svonefnd þjóðarsátt ekki verið gerð þá væri verðbólga hér á fullri fart. Þá væru vextir a.m.k. 40% eins og var. Þá væri dýrtíð ótrúleg og ekki minni en það sem verðbólgan segði til um, auðvitað ekki, og kjör láglaunafólksins margfalt verri. Þjóðarsáttin var gerð til að stöðva það kaupmáttarhrun sem hafði orðið og byggja upp til að geta horft til nýrrar framtíðar til að geta náð þeim kjarabótum að henni lokinni sem yrði til þess að umhverfið yrði öllu betra. Sannleikurinn er sá að fyrri aðferðir höfðu ekki dugað. Þess vegna var gripið til þessa ráðs. Fjandmenn þessa eru náttúrlega fjandmenn betri lífskjara fyrir láglaunafólkið í landinu. Á því er ekki nokkur vafi.

Hitt er annað mál að lágu launin í landinu, kjör láglaunafólksins, er nokkuð sem ekki nær nokkurri átt og úr því þarf að bæta. En við gerum það ekki með aukinni verðbólgu, með ránsvöxtum, með aukinni dýrtíð og öðru sem því fylgir. Úr má bæta, bæði með taxtahækkunum, skattabreytingum og ýmsum félagslegum aðgerðum. Vandi þeirra sem hafa staðið í því að berjast fyrir betri hag láglaunafólksins hefur verið sá að hafi fengist eitthvað sérstaklega fyrir láglaunafólkið þá hafa hinir komið á eftir, grimmir sérhagsmunahópar og aðrir, sem margur hver innan þingsala hér tekur undir með og segir: Allt í lagi. Þið eigið að fá allt ykkar. Jafnvel þó krafist sé miklu meira heldur en láglaunafólkið hafði fengið. Það er vandinn í hnotskurn að þeir sem ofar hafa verið settir í launakjörum hafa ekki viljað una því að þeir sem eru lægst launaðir fengju kjarabætur.

Ég kom hingað til að lýsa andstyggð minni á málflutningi þeirra hv. þm. sem leggjast gegn þeirri tilraun sem nú er gerð, m.a. til þess að bæta kjör láglaunafólks í landinu með lækkun verðbólgu, með lækkun vaxta, með stöðugu verði á landbúnaðarafurðum t.d. og öðru vöruverði. Það hefur ekki allt tekist en flest af því hefur gengið upp. Ég vil undanskilja hv. flm. þessarar till. þeirri andstyggð sem ég hef á þeim málflutningi sem hér kom fram en taldi ástæðu til þess að láta hana í ljós.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hingað í stólinn ekki til að munnhöggvast en ég vil vekja athygli á því að það er fleira sem vekur andstyggð en málflutningur og skoðanir einstakra þingmanna. Það vekur andstyggð að láglaunafólk skuli einatt í öllum samningum fara illa út úr því sem út úr þeim samningum kemur. Það vekur andstyggð að fólki er ætlað að lifa á kaupi sem er langt undir framfærslumörkum, hvernig svo sem staðið er að slíku.

Ég held að allir geti verið sammála um einstök atriði eins og að ríkinu bera að hlífa og hjálpa því fólki sem lægst hefur launin en það firrir engan ábyrgð. Lækkun vaxta er góð aðgerð ef hún gengur. Ég hef að vísu ekki séð neina tryggingu fyrir slíku, jafnvel ekki eftir tíma þjóðarsáttar. Og ég vitna enn og aftur í orð konu sem sagði í tilefni þjóðarsáttar fyrir rúmu ári: „Ég hef ekki einu sinni efni á að skulda. Ég hef varla efni á að lifa.“ Verðbólgan kemur öllum illa en ég vil benda á annað sem hægt væri að kippa í liðinn ef það á að gera fólki kleift að lifa á sínum fáu krónum og það er afnám matarskattar. Það er ekki bara verðbólga sem hækkar matvöruverð, heldur líka skattheimta af mat. Og jafnvel þótt henni hafi að einhverju leyti verið mætt með niðurgreiðslum þá er það mál flestra, sem þurfa að lifa á lágum launum, að matvara og aðrar nauðþurftir séu sífellt stærri hluti launa og jafnvel öll launin fari í akkúrat þá kostnaðarliði.

Þetta er það sem ég held að flestir, sem á annað borð leiða hugann að því, hafi andstyggð á. Að öðru leyti trúi ég því að við séum hér flest sammála um það að sú till. sem hér er til umræðu sé til góðs eins en mér fannst ekki hægt annað en að taka til máls þegar umræðurnar hér á undan lágu fyrir.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki teygja mikið á þessari umræðu. Mér finnst samt ástæða til að fara nokkrum orðum um það mál sem hér er til umræðu. Ég vil líka vekja athygli á því hér hvaða hv. þm. það er úr Sjálfstæðisflokknum sem flytur þetta mál einn og sér. Það er sá þingmaður sem var að berjast fyrir pólitísku lífi sínu í síðustu viku innan flokksins. Það er sá maður sem lengst af hefur starfað innan verkalýðshreyfingarinnar af þeim sjálfstæðismönnum. Sá hugsunarháttur hefur verið hjá honum í gegnum árin að það verði að finna leiðir til að létta oki af láglaunafólkinu. Ég hugsa að fleiri hafi tekið eftir því í vetur og það hefur orðið mörgum umhugsunarefni hversu mikil fátækt er á Íslandi, í einhverju auðugasta landi heims. Það er auðvitað til skammar fyrir alla stjórnmálaflokka og forustumenn í þjóðfélaginu að fátækt hefur vaxið, þeim hefur fjölgað sem búa við raunverulega fá-

tækt í landinu á undanförnum árum.

Það ætti ekki að standa fyrir hv. þm. Alþfl. að tala máli þessarar till. Ég tilheyri þeim flokki, a.m.k. enn, og hann hefur á sinni stefnuskrá, hefur haft lengi og ég vona að hann muni halda því áfram og vinna að því, að ekki skuli lagður tekjuskattur á launatekjur. Nú skal ég ekkert segja um það hvort 100 þús. kr. er einhver sérstakur mælikvarði á þetta eða ekki en hér er auðvitað hreyft máli sem er nauðsynlegt að fara að taka á.

Hér hafa komið upp umræður um þjóðarsáttina svokölluðu. Mér finnst hv. 1. þm. Suðurl. ganga nokkuð langt þegar hann kallar þetta þjófasáttina. Mér finnst menn fara nokkuð glannalega þegar þeir tala með þessum hætti. Auðvitað er það öllum ljóst að það sem var samið um fyrir þá verst settu síðast dugði skammt, eins og oft hefur gerst áður, því miður, og dugar skammt. Það er stutt í það núna að menn þurfa að taka upp samninga aftur. Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið og menn þurfa auðvitað að fara að velta því fyrir sér. Ég hygg að þeir sem stóðu að þjóðarsáttinni, sem ég tel að hafi í mörgum tilvikum gagnað betur en þeir samningar sem voru gerðir áður með öllu uppskrúfuðu, en það er líka mikið að og á því þarf að vinna bug. Það hvarflar ekki að mér að næstu samningar verði gerðir án þess að raunverulega verði tekið á vanda þeirra verst settu.

Ég tek undir með hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Ég fer að halda að margir hverjir innan verkalýðshreyfingarinnar, fólk innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og almenningur margur á Íslandi sé svo félagslega óþroskaður að hann megi ekki heyra það nefnt að maður sem hefur 50 þús. kr. á mánuði hækki upp í 70 þús. kr. nema því aðeins að hinn sem hafi 100 þús. hækki líka á sama hátt. Þetta gerir það auðvitað að verkum að vart er hægt að semja fyrir þá verst settu í landinu þegar öll skriðan heimtar að koma á eftir. Þetta er auðvitað meingallað kerfi og á því þarf að taka. Við Íslendingar erum allt of margir vanþroskaðir félagslega að því er þetta varðar. Það verður aldrei lyft launum eða bætt kjör fyrir láglaunafólkið öðruvísi, a.m.k. eins og málin eru í dag, en það sé gert sérstaklega fyrir láglaunafólkið án þess að öll skriðan komi á eftir sem eru með miklu hærri og betri laun en þeir verst settu. Þetta verður auðvitað eitt meginverkefnið í næstu kjarasamningum fyrir þá sem með þá fara og þarna geta stjórnvöld ekki verið stikkfrí.

Það er nú einu sinni svo að til þess eru menn í stjórnmálum, að ég hygg, vonandi flestir, að menn vilja láta gott af sér leiða. En æði margir hafa mér fundist farið hinn veginn, hugsað frekar um þrengstu hagsmuni, eiginhagsmuni eða flokkshagsmuni án þess að taka tillit til þess fólks sem verið er að berjast fyrir. Á þessu þarf að vera breyting.

Ég held að það sé gott að svona mál kemur hér til umræðu. Menn fara þá kannski enn frekar að velta því fyrir sér og ég þakka hv. flm. fyrir það að koma þessu máli hér inn til umræðu. Vonandi fær það afgreiðslu, en ég vek sérstaka athygli á því hvaða hv. þm. það er sem flytur málið.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi mínum við þá till. til þál. sem hér er til umræðu þessa stundina. Mér þykir hins vegar miður hvernig umræðan hefur þróast og finnst mér jafnvel að úr þessum ræðustóli hafi verið notuð orð sem ekki eru sæmandi hinu háa Alþingi. Veit ég ekki hvort það er gert í einhverri vörn en ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi mál séu rædd með opnum huga og í einlægni. Ég veit ekki hvaða skýringar eru á því að hér eru svo fáir viðstaddir en ég fagna því auðvitað að sjá hér hæstv. fjmrh. sem e.t.v. kemur til með að taka þátt í þessari umræðu sem snýst um mjög mikilvæg málefni, þ.e. kjarajöfnun í landinu.

Hv. 4. þm. Reykn. benti á að tillögunni fylgdu ekki útreikningar um hversu mikið tekjutap yrði um að ræða fyrir ríkissjóð ef skattleysismörk yrðu hækkuð eins og hér er lagt til. Þeir útreikningar hefðu eflaust sýnt okkur einhverja milljarða. En þeir útreikningar hefðu ekki sagt alla söguna því það segir sig auðvitað sjálft að um leið og fólk hefur meira fé handa á milli skilar það sér inn í ríkissjóð í hærri veltusköttum og það er virðisaukaskatturinn sem er stærsti hluti þeirra skatttekna sem koma í ríkissjóð. Þeir reikningar yrðu því aldrei alveg tæmandi fyrir stöðu ríkissjóðs fyrir og eftir þá breytingu að hækka skattleysismörkin.

Ég vil enn og aftur minna á, vegna þeirrar umræðu sem hér hefur komið upp um það hvernig hinir lægst launuðu fara ávallt út úr kjarasamningum, og það hefur verið gert hér fyrr í umræðunni, að Kvennalistinn lagði fram frv. um lögbindingu lágmarkslauna. Við létum það ekki nægja heldur lögðum fram sérstaka tillögu um að settur yrði á laggirnar starfshópur sem hefði það verkefni að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Á þeim tíma, eftir áramótin 1988, þegar sú tillaga var til umræðu hefði verið gott að fá stuðning þeirra manna hér á Alþingi sem eru hvað nátengdastir verkalýðshreyfingunni. Ég tel að einmitt það mál sem hér er til umræðu, hækkun skattleysismarka, og ef við bættist afnám matarskattarins sem hv. 10. þm. Reykn. minnti á, þessi tvö atriði eru leiðir til þess að jafna launamuninn. Það hefur komið fram og ekki að ástæðulausu hér í umræðunni að það er allt of mikið launabil, lægstu launin eru allt of lág.

Hv. 4. þm. Reykn. benti réttilega á að þær leiðir sem hingað til hafa verið farnar í kjarabaráttu hafa alltaf farið verst með láglaunafólkið, eins og hann orðaði það. Þess vegna hefði verið nauðsynlegt að fara nýjar leiðir, gera tilraun til að fara aðra leið en hingað til hefur verið farin. Því miður verður að segjast um þá leið líka að þrátt fyrir allt, hversu mikla trú sem menn hafa á henni, þá hefur hún líka farið verst með láglaunafólkið. Síðan er auðvitað sú spurning, sem við hljótum að velta fyrir okkur, hvað gerist þegar þessu þjóðarsáttartímabili lýkur. Eins og nú hefur verið haldið á málum þá mallar og kraumar í pottunum og mun sjóða upp úr um leið og lokinu verður lyft.

Ég vildi aðeins leggja nokkur orð í belg vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. Mér sýnist að allir séu sammála um að það þurfi að stórbæta kjör hinna

lægstlaunuðu. Það hefur mikið verið rætt um þetta vandamál sem einhvern tímann var kennt við Mesópótamíulögmálið sem felst í því að hækki einn hópur komi allir hinir á eftir. Það var einmitt það sem Kvennalistinn vildi koma í veg fyrir með tillögu sinni um að jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna yrðu tryggð, þ.e. að komið yrði í veg fyrir að allir hinir kæmu á eftir. Sú till. sem við ræðum núna, um hækkun skattleysismarka, er einmitt í átt til jöfnunar og kemur í veg fyrir skriðu af því tagi sem hér hefur verið nefnd.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir góðar undirtektir yfirleitt og ágæta umræðu hvað varðar efnisleg atriði þeirrar þáltill. sem ég mælti fyrir áðan. Ég skildi umræðuna þannig að þeir sem tóku til máls styðji markmið tillögunnar. Hins vegar kom það fram í máli eins hv. þm., 4. þm. Reykn. Karls Steinars Guðnasonar, að hann var með nokkrar efasemdir um hvort hægt væri að framkvæma þetta og benti á hugsanlegt tekjutap ríkisins. Hann minntist m.a. á að það kynni að vanta eitthvað til að reka skólana, sjúkrahúsin o.s.frv.

Ég vil vekja athygli hv. þm. og sérstaklega hv. 4. þm. Reykn. á því að hér er hugsanlega um breytingar að ræða sem nema nokkrum milljörðum. Ef hv. þm. kynna sér taxta láglaunafélaganna og jafnframt tekjur millitekjufólks, þá munu menn komast fljótlega að raun um að það er ekkert of í lagt þótt hér sé talað um það í þáltill. að tekjur allt að 100 þús. kr. á mánuði verði skattfrjálsar.

Það er rétt sem kom fram í ræðu hv. 18. þm. Reykv. Guðrúnar J. Halldórsdóttur að með núverandi stefnu bæði í launa- og kjaramálum sem og í skattamálum er gjörsamlega vonlaust að millitekjufólk geti látið sér koma til hugar t.d. að eignast eigin íbúð.

Það út af fyrir sig segir mikla sögu að svo skuli vera komið í launa- og kjaramálum á Íslandi í dag að millitekjufólk skuli ekki geta eygt þá von að eignast eigin íbúð. Það brýtur algjörlega í bága við stefnu þess flokks sem ég hef barist fyrir í áratugi, Sjálfstfl., um íbúð handa öllum, eins og við orðuðum það á sínum tíma í okkar slagorðapólitík. Þess vegna er þetta að mínu mati mikilvægt framlag í þá átt einnig að gera millitekjufólki kleift að eygja von um að eignast eigin íbúð, þak yfir höfuðið.

Það gengur auðvitað ekki að svo skuli vera komið að fólk sem er með 100 þús. kr. á mánuði skuli varla hafa til hnífs og skeiðar, svo ekki sé meira sagt. Það er þörf umræðu um það á Alþingi Íslendinga hvernig eigi að leysa þetta vandamál.

Mér finnst það, virðulegi forseti, táknrænt að þegar þessi þáltill. er tekin til meðferðar, eftir að hún hefur verið kynnt þrisvar sinnum áður á dagskrá Sþ., m.a. í þeim tilgangi að gefa hv. þm. kost á því að átta sig á því að hún yrði til umræðu, og ég er ekki að ásaka virðulegan forseta, þá voru aðeins tólf þingmenn viðstaddir hér í salnum og enginn ráðherra, en ég fagna því hins vegar mjög að hæstv. fjmrh. skuli vera kominn. Hann var við skyldustörf annars staðar og kom strax til þings þegar hann var laus frá þeim, m.a. til þess að fylgjast með því sem hér er sagt um þessa þáltill.

Mér finnst, virðulegi forseti, að bilið milli hins háa Alþingis og fólksins í landinu vera orðið æði mikið þegar aðeins 12 þingmenn af 63 eru viðstaddir til að ræða jafnmikilvægt og þýðingarmikið mál og skattamál hljóta að vera í ljósi þess að svokölluð þjóðarsátt rennur út í haust. Það vita allir sem hafa komið nálægt samningum um laun og kjör fólks að samningar eiga sér langan aðdraganda. Ef íslenskir stjórnmálamenn og hið háa Alþingi meina nokkuð með því, hvar í flokki sem menn standa, hverjir sem mynda ríkisstjórn eftir kosningar í vor, að þeir framkalli í lok samningstímabilsins eitthvað í líkingu við svokallaða þjóðarsátt, sem hefur það í för með sér að verðbólgan yrði lítil og vextir þar af leiðandi lágir, þá er ekki til setunnar boðið að byrja að undirbúa það nú þegar, sérstaklega af hálfu hv. alþm. og ríkisstjórnar, með hvaða hætti ríkið kemur til skjalanna í þessum málum. Þess vegna furða ég mig á því að hér skuli ekki vera fleiri þingmenn, ég tala nú ekki um framámenn stjórnmálaflokkanna, til þess að vera viðstaddir þessa umræðu. Það getur vel verið að sumir hv. stjórnmálamenn telji sig ekki hafa þörf fyrir það að sitja undir umræðum á Alþingi þar sem þeir muni hafa það gott vald yfir atburðarásinni eftir kosningar að þeir geti teflt með valdið í Stjórnarráði Íslands að vild. Ég vil segja við þá ágætu menn að þeir skuli ekki vera of öruggir um það. Sá sem ekki tekur þátt í umræðum um mál eins og hér um ræðir á ekki að taka sæti í ríkisstjórn á Íslandi eftir næstu alþingiskosningar.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, segja þetta: Kjaramál eru mjög viðkvæm og erfið mál, það þekkja þeir sem hafa fjallað um þau, og samningar eiga sér langan aðdraganda. Aðild ríkisvaldsins er oft á tíðum jafnvel viðkvæmari en viðræður við viðsemjendur úti á hinum almenna vinnumarkaði. Þess vegna legg ég áherslu á það, virðulegi forseti, að þessi þáltill. fái afgreiðslu á hinu háa Alþingi sem nú situr þannig að það liggi ljóst fyrir gagnvart öllum stjórnmálaflokkum að það er markmið og tilgangur Alþingis að allir flokkar, burt séð frá því hverjir mynda ríkisstjórn, eru bundnir af þeirri niðurstöðu sem felst í þessari þáltill.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins til að taka undir með hv. flm. þeirrar till. sem hér er til umræðu. Ég vil þó ekki segja að sú upphæð sem hér er lagt til að verði innan skattleysismarka, 100 þús. kr., sé hin eina rétta. Hitt er víst að það er sú upphæð sem hver fjögurra manna fjölskylda í landinu þarf til framfærslu og dugar varla til.

Á þessu ári renna út samningar, þjóðarsáttin svokallaða. Þróun launamála á því tímabili sem þá rennur út hefur verið neikvæð, kaupmáttur launa hefur minnkað en kjörin e.t.v. verið á núlli. Það er þó svo að enn er til nokkuð stór hópur þjóðfélagsþegna sem ekki nær tekjum upp í núgildandi skattleysismörk. Það er sá

hópur sem sérstaklega þarf að huga að í komandi samningum. Hækkun skattleysismarka þarf einnig að koma til eins og lagt er til í þessari till. til þál. Hækkun skattleysismarka kostar sitt fyrir ríkiskassann og verður að mæta því á öðrum sviðum. Þá kemur til kasta þingmanna um forgangsröðun verkefna í ríkisfjármálum. Ef hugur fylgir máli hjá þingmönnum um það að hækka skattleysismörkin þýðir það samdrátt í framkvæmdum á vegum ríkisins en sá samdráttur þarf ekki endilega að koma fram í niðurskurði á framlögum til skóla, heilsugæslu eða sjúkrahúsa eins og oft er talað um. Ef nefndur er niðurskurður hér í þessum ræðustól, þá er upptalningin ævinlega þessi: Vilja menn ekki sjá skólakerfið í lagi, heilsugæslukerfið eða sjúkrahúsin? — Það er einfaldlega forgangsröðun verkefna sem ræður hverju sinni, ekki bara hjá ríkisstjórn heldur líka hjá Alþingi. Það reynir á það þegar þingmenn þurfa að taka á málum sem þessum, að hækka skattleysismörkin og mæta því með niðurskurði verkefna hjá ríkinu, hvar menn vilja helst skera niður til að mæta þeirri skerðingu. Og ég held að þó það séu mjög mörg verkefni sem við metum ákaflega mikils, eins og gatnagerð, það að bora í gegnum fjöll o.fl., þá séu það kjör fólksins og afkoma fjölskyldna sem þurfa að hafa forgang og síðan látum við önnur verkefni koma á eftir.

Ég tek undir það með flm. að þetta mál þarf að skoða og hefja undirbúning að lagasetningu og öðrum þeim ráðstöfunum sem þarf að gera, tillögum um niðurskurð til að mæta tekjutapi ríkissjóðs. Þá reynir á hvort þingmenn vilja hækka skattleysismörkin, tryggja kjör þeirra sem minnst hafa.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins koma hér af gefnu tilefni. Vegna orða hv. 3. þm. Vestf. þar sem hann vakti athygli á því að þessi till. til þál. væri aðeins flutt af einum þingmanni Sjálfstfl., þá vildi ég fullvissa hann um, ef hann hefur verið í einhverjum vafa, að hv. 8. þm. Reykv. á sér marga skoðanabræður í þingflokki Sjálfstfl. og það að hann flytur þessa till. einn er ekki af þeirri ástæðu að menn séu ekki sammála henni. Þetta vil ég að komi skýrt fram ef hv. 3. þm. Vestf. hefur verið í einhverjum vafa um það. Mér finnst það hins vegar mjög eðlilegt, þar sem þessi ágæti hv. þm., 8. þm. Reykv., mun væntanlega ekki sitja á þingi eftir kosningar, að hann flytji þessa till. einn. Mér finnst það mjög eðlilegur hlutur til þess að leggja áherslu á hver hans áhugamál hafa yfirleitt verið og hvað hann hefur lagt af mörkum í sinni baráttu fyrir launþegahreyfinguna í landinu. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram ef svo skyldi vera að hv. 3. þm. Vestf. hafi verið í vafa um að aðrir þingmenn Sjálfstfl. væru sömu skoðunar.

Málflutningur hv. 4. þm. Reykn. vakti athygli mína. Hann hafði nokkuð stór orð um stöðu láglaunafólks í landinu. Og það vakti sérstaklega athygli mína vegna þess að hann er einn af baráttumönnum verkalýðshreyfingarinnar og hefur staðið í samningum fyrir verkalýðshreyfinguna og verið að berjast fyrir þetta fólk. Þess vegna fannst mér það svolítið merkilegt að heyra hann tala eins og hann bæri enga ábyrgð á því að í samningum gerist það að fólkið í háu launaflokkunum notar láglaunafólkið til þess að skríða upp eftir bakinu á því til að fá hærri laun. Ég vildi nú aðeins minnast á að mér fannst athyglisvert að hann kom ekkert inn á það atriði hvernig stendur á því að verkalýðshreyfingin ræður aldrei við þetta í samningum. Svo má náttúrlega minna á það að þjóðarsáttin var til komin frá aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin sá sinn kost vænstan að hoppa inn í þjóðarsáttina á síðustu stundu en það var ekki hennar ætlun að leysa málin með slíkum hætti. Það voru aðilar vinnumarkaðarins sem þar komu til.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Hér hefur þjóðarsáttin svokallaða komið mikið til umræðu og ólundartónn nokkur í ýmsum þingmönnum út af því að hún skuli vera til. Ég vil segja það hér að ég held að það væri skynsamlegast við næstu kjarasamninga að halda áfram því starfi sem þar var undirbúið, gera nýja þjóðarsátt undir sömu formerkjum, þar sem verkalýðshreyfingin tekur þátt í því að gera efnahagsumhverfið betra og jafnframt um leið lífskjörin stöðugri og hagstæðari. Jafnframt þarf að koma því til leiðar að þeir sem eru verst settir fái mest. Ég tel að verkalýðshreyfingin þurfi til þess að þjóna sínum meðlimum að hugsa fyrst og fremst um kaupmáttinn en ekki bara krónurnar. Og ég fullyrði það að sú leið sem við höfum nú valið hefur dugað betur en ef gamla leiðin hefði verið farin. Og ég tel líka að það hefði verið margfalt auðveldara að semja um 30, 40 eða 50% hækkanir á kaupi heldur en fara þá leið sem við ákváðum að fara.

Vegna ókunnugleika síðasta hv. ræðumanns þá vil ég benda á að Verkamannasambandið semur fyrir sína meðlimi en semur ekki fyrir aðra. Það semur ekki fyrir lækna, það semur ekki fyrir ýmsar hálaunastéttir og það semur ekki fyrir aðra innan Alþýðusambands Íslands. Ég vil jafnframt taka fram að þrátt fyrir það að Verkamannasambandið hafi oft á tíðum náð fram hagstæðum samningum fyrir þá sem verst eru settir og jafnframt varið þá sem eru á tryggingabótum í þjóðfélaginu, þá hefur öðrum tekist vegna aðstæðna í þjóðfélaginu að skríða eftir bakinu á láglaunafólki. M.a. fyrir tilstilli þess fólks sem tekur undir allar kröfur, vill gera allt fyrir alla án þess að gera sér grein fyrir að það endar með því að þeir sem áður voru hvað verst settir verða verr settir á eftir.

Ég firri mig engri ábyrgð og hef aldrei gert. En það verða ekki aðrir til að berjast fyrir láglaunafólkið heldur en launþegaforingjarnir sem fyrir það standa. Það verða ekki aðrir sem gera það og það eru ekki aðrir sem hafa gert það. Og ég vil líka minna á að ég hef vantrú á því að hér á hv. Alþingi verði samþykktir einhverjir taxtar sem því miður mundu reynast gervitaxtar miðað við þá þróun sem hefur gerst í þjóðfélaginu til þessa, vegna þess vandamáls sem við búum við í þjóðfélaginu, að þeir sem betur eru settir hafa ekki viljað una því að þeir sem verr voru settir fengju eitthvað

meira. Þetta er vandamál sem ég vil ekki kenna neinum einstökum um heldur er þetta vandamál sem ekki aðeins Alþýðusambandið, Verkamannasambandið eða önnur launþegasamtök eiga við að stríða heldur er þetta almennt vandamál.

Ég vil líka taka það fram, sem verður að vera ljóst, að þjóðarsáttin hefði aldrei getað tekist ef ríkisstjórnin hefði ekki verið á fullu í því að koma henni á með okkur hinum. Ríkisstjórnin var fullur aðili að þjóðarsáttinni. Og ríkisstjórnin gerði margt mjög gott til þess að koma henni á. Ég fullyrði það hér og nú að hefði ekki tekist giftusamlegt samstarf í þeim efnum þá lifðum við ekki við það efnahagslega umhverfi sem við þó lifum við í dag. En ég tel að það þurfi að gera betur. Við höfum skapað grunn sem hægt er að standa á til þess að gera betur fyrir þá sem verst eru settir. Og ég trúi því, enda er það af mikilli reynslu sem ég mæli það, að það hafi verið farsælli leið sem verkalýðshreyfingin fór nú í kjaramálum heldur en að hlaupa inn í það að krefjast eða fá 20, 30, 40, 50, 80% kauphækkanir. Það hefði engum orðið til góðs. Hins vegar hefði það orðið til þess að þeir fátæku hefðu orðið fátækari og þeir ríku ríkari. Að því mun Verkamannasambandið ekki standa. Að því mun ég aldrei standa.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Hv. 6. þm. Reykn. gerði hér athugasemd áðan út af því sem ég sagði fyrr og var að fullvissa þingheim um að það væru fleiri en hv. flm. sem væru sammála þessari till. Ég var ekki með neinar hugleiðingar um það hvort hann væri einn innan flokksins sem vildi þetta fram. Það sem ég vakti athygli á var þetta: Hann er maðurinn sem barðist fyrir sínu pólitíska lífi síðustu viku innan flokksins, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Hann er sá aðili sem flytur þetta mál hér inn á Alþingi og það segir kannski sína sögu um innviði flokksins sem slíks fyrst menn eru farnir að rifja það hér upp. Mér finnst það athyglisvert, og það hygg ég að fleirum kunni að finnast, að þetta gerist á þennan hátt á þessum tíma.

Mér finnst hv. þm. Salome Þorkelsdóttir kannski segja of mikið þegar hún fullyrðir að þetta sé síðasta þing sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson situr. Enginn getur nú sagt fyrir um það og hver veit nema hann bylti líka í kosningum eins og hann bylti í innsta hring Sjálfstfl. hér í Reykjavík í síðustu viku. Svona eiga menn ekki að fullyrða án þess að ég sé að spá neinu fyrir þingmönnum Sjálfstfl. En ég er ekkert viss um að Guðmundur H. Garðarsson sé á síðasta þingi um aldur og ævi. Það getur ýmislegt breyst.

Þetta vildi ég draga inn í umræðuna vegna þess að verkalýðssinnaðir einstaklingar innan Sjálfstfl. eru ekki margir. Þeir eru ekki margir og þeim fækkar líka í fleiri flokkum en Sjálfstfl., verkalýðssinnuðum einstaklingum. Þeir eiga í flestum flokkum mjög erfitt uppdráttar sem ætla að fylgja sannfæringu sinni í kjarabaráttu til þess að berjast við hliðina á því fólki sem er verst sett hverju sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Heilsufarsbók, fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 322. mál. — Þskj. 568.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 568 um heilsufarsbók. Flm. ásamt mér eru þingkonur Kvennalistans þær Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Sigrún Helgadóttir.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að láta hanna heilsufarsbók sem fylgi hverjum einstaklingi frá vöggu til grafar.

Í heilsufarsbókina skulu skráðar jafnóðum allar þær upplýsingar um heilsufar einstaklingsins sem máli skipta, svo sem sjúkdómar, læknismeðferð og lyfjanotkun."

Ég vil hér í upphafi máls míns, virðulegur forseti, geta þess að till. þessi var fyrst flutt á 111. löggjafarþingi fyrir frumkvæði fyrrv. þingkonu Kvennalistans, Guðrúnar Agnarsdóttur, og er því endurflutt núna óbreytt frá því á síðasta þingi.

Stefna í heilbrigðismálum ætti að vera sú að auka vitund fólks um mikilvægi heilbrigðs lífs og þess að taka sjálft ábyrgð á að gæta heilsu sinnar. Þessi markmið koma reyndar fram í till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun, sem við höfum nýlega haft til umfjöllunar hér í sameinuðu þingi og mun nú vera til umfjöllunar í nefnd í sameinuðu þingi.

Eitt af því sem auðveldar mönnum að fá yfirsýn og finna fyrir þeirri ábyrgð sem þeir bera á heilsu sinni er að þeir fylgist nákvæmlega með bæði þeim lyfjum sem þeir taka, þeim aðgerðum sem á þeim eru gerðar og að þeir hafi yfir þetta gott yfirlit þar sem allar slíkar upplýsingar, sem nauðsynlegar geta talist og að gagni mega koma, eru skráðar. Skráning og varðveisla ýmissa mikilvægra upplýsinga um heilsufar einstaklinga hefur farið vaxandi á undanförnum árum og áratugum. Þessar upplýsingar er langoftast að finna hjá heimilislækni eða heilsugæslulækni hvers einstaklings en einnig hjá sjúkrahúsum eða öðrum rannsókna- eða meðferðarstofnunum. Þrátt fyrir aukna tækni á tölvuöld er þó skipulag á þessum upplýsingum með ýmsum hætti og oft þarf víða að leita fanga til þess að fá heildarupplýsingar um heilsufar fólks. Þá á ég auðvitað fyrst og fremst við að oft gengur erfiðlega fyrir einstaklinginn sjálfan og hann þarf oft að hafa mikið fyrir því að fá upplýsingar því að sjaldnast er skipulagt bókhald yfir þær á einum stað. Þess má einnig geta að fólk flytur á milli landshluta, það flytur á milli landa og þá fylgja slíkar upplýsingar ekki með. Þess vegna gerist það að allt of sjaldan hefur sjúklingurinn sjálfur yfirsýn yfir eigið heilsufar, tímasetningu og niðurstöður rannsókna

og læknismeðferðar sem hann hefur fengið. Sem dæmi má nefna bólusetningar, lyfjagjöf, skurðaðgerðir og þá hvað var numið brott, hvað var gert í hinum ýmsu aðgerðum o.s.frv. Þetta viðheldur vankunnáttu almennings og er ekki í samræmi við stefnu heilbrigðisyfirvalda sem hvetur til aukinna forvarna og frumkvæðis einstaklinganna til að taka ábyrgð á eigin heilsu.

Till. þessi, eins og ég minntist á áðan, fellur vel að þeim markmiðum sem sett eru fram í viðamikilli till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun og er nú í umfjöllun hér í þinginu. Þess má svo líka geta að t.d. nöfn á lyfjum eru oft ekki þannig að auðvelt sé að muna þau. Oft hafa þau latnesk heiti og venjulegu fólki er með öllu ómögulegt að segja til um hvaða lyf það hefur tekið því að nöfnin sem slík segja ekki neitt.

Til þess að auka vitund fólks um eigin ábyrgð á heilsufari sínu þarf aukna og skipulega heilbrigðisfræðslu, bæði í skólum og meðal almennings. Fræðslan ein nægir þó ekki til að tryggja það að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsuvernd. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Það þarf einnig að auðvelda einstaklingnum aðgang að mikilvægum upplýsingum í þessum efnum og stjórnvöld hafa þar mikilvægu hlutverki að gegna. Þeim ber t.d. að samstilla ýmsa þætti stjórnsýslunnar þannig að þeir verði samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu og heilsugæslu. Einn þáttur þess er að auka hlutdeild almennings í eigin heilsuvernd og mikilvægur liður í því er einmitt að gefa fólki kost á því að skráð sé í eina bók allt það sem viðkemur heilsufari þess. Upplýsingarnar eru þannig í fórum einstaklingsins eða umsjáraðila hans allt frá vöggu til grafar. Þar getur einstaklingurinn fylgst með eigin heilsufari, haft eftirlit með því og tekið ábyrgð á því á virkari hátt.

Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að heilsufarsbækur hafa verið notaðar meðal ýmissa annarra þjóða um nokkurt skeið með góðum árangri. Það skipulag að hafa heilsufarsbók eykur ábyrgð og vitneskju einstaklingsins um eigið heilbrigði og heilsufar og skírskotar jafnframt og hvetur til þátttöku. Ég vil ítreka það að heilsufarsbók, sem hér er lagt til að verði hönnuð og fylgi hverjum einstaklingi, er einfaldur og ódýr liður í heilbrigðisþjónustunni sem ýtir undir ábyrgð einstaklingsins og er í fyllsta samræmi við yfirlýst markmið og stefnu heilbrigðisyfirvalda.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. félmn. Sþ. Ég vil leggja á það áherslu að hún fái nú afgreiðslu. Það hafa ekki orðið miklar umræður um hana á þeim tveimur þingum þar sem hún hefur verið flutt, en mér hefur heyrst það utan funda að margir þingmenn séu henni hlynntir og þyki þetta sjálfsagt mál og til mikilla bóta til þess að auka ábyrgð fólks og fá það til þess að taka virkan þátt í því forvarnarstarfi sem á auðvitað að vera aðaláhersluatriðið í heilsugæslunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

50. fundur, þriðjudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. GuðmÁ, 281. mál (útvarp um streng o.fl.). — Þskj. 514.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, en þetta frumvarp er á þskj. 514. Ég er eini flm. frumvarpsins.

Það hefur nú um nokkurt skeið verið töluverð umræða um breytingu á útvarpslögum. Það hefur verið í gangi nefnd til þess að endurskoða útvarpslögin sem sett voru 1985. Á síðasta þingi var hér töluverð umræða um frumvarp sem var lagt fram en varð ekki útrætt og enn þá hefur verið mikil umræða í þjóðfélaginu um að leggja fram önnur lög er breyti núverandi útvarpslögum, enda komið í ljós að verulegir annmarkar eru á útvarpslögunum og menn vilja breyta þeim til meira frjálsræðis heldur en er í dag.

Það frumvarp sem ég mæli hér fyrir er að efni til einungis tvær greinar. Þar er verið að taka á einu brýnu vandamáli sem upp hefur komið og hefur stuðlað að því að hefta þá þróun sem verið hefur í útvarpsmálum og fjarskiptamálum og komið má segja í veg fyrir það að við Íslendingar séum á sömu bylgjulengd og aðrir í þessum málum, en eins og flestir vita þá varðar það mjög miklu að fá beinar upplýsingar út um allan heim hingað í stofu landsmanna um þær fréttir sem eru að gerast í umheiminum.

Til þess að skýra þetta enn frekar þá vil ég lesa greinargerð frumvarpsins og skýra síðan út þær greinar sem hér er um að ræða og hvað í þeim felst, en í greinargerðinni segir m.a.:

„Ný útvarpslög voru sett vorið 1985 og er því nokkur reynsla fengin af frjálsum útvarpsrekstri. Án þess að það sé tíundað hér frekar hefur orðið bylting í íslensku menningarlífi með tilkomu hinna frjálsu hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva.

Þótt undarlegt megi teljast hafa nýju útvarpslögin orðið til þess að tefja tækniþróun á sviði fjarskiptatækni sem byggist á lagningu strengkerfa til þess að miðla boðum og upplýsingum til notenda. Þessi þróun hefur verið mjög ör í nálægum löndum.

Upplýsinga- og tölvuöld hefur hafið innreið sína á Vesturlöndum. Samfara henni eru auknar kröfur um meiri og betri fjarskipti. Þá hefur tölvutæknin orðið

þess valdandi að grundvallarbreytingar eru að verða á símakerfum. Er þróunin í átt frá hliðrænum (analog) kerfum, sem byggjast á spennuferlum, til stafrænna (digital) kerfa sem byggjast á tölulegum boðum.

Samásastrengkerfi (coaxial) hafa verið í notkun lengi. Hefur fyrst og fremst verið um að ræða sameiginlegt loftnetskerfi til dreifingar á útvarpsefni til notenda í fjölbýlishúsum eða í íbúðahverfum. Þótt þessi kerfi séu mörg fremur ófullkomin hefur nýtt og betra lagnaefni til slíkra kerfa gert það kleift að víkka notkunarsvið þeirra.

Breiðbandskerfi er strengkerfi sem hefur þann eiginleika að geta flutt mikið magn upplýsinga samtímis á breiðu tíðnisviði fram og til baka. Breiðbandskerfin opna leiðir til nýrra fjarskipta þar sem hægt er að senda tölvuboð og alls kyns stafrænar upplýsingar fram og til baka ásamt símtölum og hljóðvarps- og sjónvarpsmerkjum frá einum stað til annars. Eiga þau eftir að valda byltingu í öllum mannlegum samskiptum á okkar tíð.

Ljósleiðarar hafa gert það kleift að senda mikið af upplýsingum eftir einum streng. Þar er átt við síma, hljóðvarps- og sjónvarpsmerki og tölvuboð. Á næstu árum er talið líklegt að þróunin verði í átt að samruna síma- og strengkerfa til flutnings á sjónvarps- og tölvuboðum ásamt símtölum. Póst- og símamálastofnun vinnur nú að því að tengja allar símstöðvar landsins með ljósleiðarastrengjum.

Ef horft er til nágrannalandanna er lagning slíkra strengkerfa hafin af miklum krafti. Þar er litið svo á að dreifing á erlendum og innlendum sjónvarpsrásum sé undanfari upplýsinga- eða boðveitukerfa. Aðgangur að auknu og fjölbreyttara sjónvarpsefni er það sem ryður brautina fyrir upplýsingatæknina.

Danska þjóðþingið samþykkti árið 1985 lög um breiðbandskerfi (hybrid net). Fyrsta verkefnið, sem leysa á með danska breiðbandskerfinu, er einmitt að taka á móti erlendum sjónvarpsdagskrám og dreifa þeim um landið til notenda. Í lögunum er kveðið á um verkaskiptingu milli dönsku póst- og símamálastofnunarinnar, einstakra sjálfstæðra símafélaga og loftnetsfélaga sem hingað til hafa annast móttöku og dreifingu á erlendu sjónvarpsefni til notenda.

Það er athyglisvert að dönsku loftnetsfélögin hafa starfað um árabil við að taka á móti þýsku sjónvarpssendingunum og dreifa þeim til notenda. Í heilum bæjum í Danmörku eru nær allar íbúðir, jafnvel tugþúsundir, tengdar við slík loftnetskerfi sem í raun eru ekki annað en ófullkomin strengkerfi. Þótt gert sé ráð fyrir að þessi strengkerfi renni saman við breiðbandsnetið hafa loftnetsfélögin þegar fengið heimild til þess að dreifa erlendum sjónvarpssendingum frá gervitunglum, enda hefur aldrei verið litið á slík kerfi sem útvarpsrekstur.

Í Svíþjóð eru þessi mál öll lausari í reipunum. Þar hefur „Televerket" tekið að sér sem verktaki að leggja sjónvarpsdreifikerfi fyrir loftnetsfélög í samkeppni við einkafyrirtæki. Loftnetskerfi, þar sem erlendum sjónvarpssendingum, m.a. frá gervitunglum, er dreift til notenda, hafa verið heimiluð um langt skeið í Svíþjóð. Þar hefur aldrei verið litið á slíka starfsemi sem útvarpsrekstur.

Mikill fjöldi erlendra sjónvarpsrása, sem sendar eru um gervitungl, er nú aðgengilegur fyrir Íslendinga. Til dæmis er nú þegar hægt að dreifa efni norrænna sjónvarpsrása til notenda á Íslandi. Ekki þarf að fjölyrða um aukið norrænt samstarf og betri tengsl okkar við hið norræna menningarsvæði sem sköpuðust við þennan möguleika.

Samkvæmt útvarpslögunum frá 1985 er einstaklingum heimilt að setja upp búnað til móttöku á sjónvarpsefni frá gervitunglum, svo og stofnunum og allt að 36 íbúðum samtímis. Þessi búnaður er mjög dýr og aðeins á færi efnamanna. Til þess að setja upp móttökubúnað fyrir 36 íbúðir samtímis þarf dýran og flókinn aukabúnað, þannig að kostnaður verður lítið lægri á hverja íbúð en fyrir einstakling. Miklu hagkvæmara væri að sjálfsögðu að leysa þetta verkefni með sameiginlegu loftnetskerfi. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, svo og fjölmörg sveitarfélög úti á landi, hafa sýnt áhuga á að koma upp slíkum kerfum sem yrðu þá undanfari breiðbandskerfisins. Í rauninni er auðvelt að tengja staðbundin strengkerfi við ljósleiðarakerfi Póst- og símamálastofnunarinnar og hafa eina sjónvarpsmóttökustöð á vegum stofnunarinnar fyrir allt landið. Með þessu yrði kostnaður á hverja íbúð og þar með þjóðfélagsins í heild miklu lægri en ella. Þá óttast menn þá sjónmengun sem óneitanlega yrði ef stór sjónvarpsdiskur kæmi við hvert hús. Þótt gerð sjónvarpsmóttökuloftneta fleygi ört fram er ekki líklegt, vegna legu landsins, að hann verði minni og ódýrari í framtíðinni.

Tvær greinar útvarpslaganna frá 1985, 5. og 6. gr., hafa verið túlkaðar á þann hátt að þær banni lagningu loftnetskerfa til móttöku og dreifingar á erlendu sjónvarpsefni nema útvarpsstöð, að fengnu leyfi til útvarpsrekstrar, sjái um kerfið. Með þessu er komið í veg fyrir eðlilega framþróun á sviði upplýsingatækni á Íslandi sem hins vegar er komin á hraðferð í öllum nágrannalöndum okkar. Það getur ekki hafa verið ætlunin með nýju útvarpslögunum að þrengja möguleika á móttöku útvarpsefnis frá því sem áður var.

Til þess að leiðrétta þennan misskilning er þetta lagafrumvarp flutt."

En það má bæta því við að frumvarpið er nú endurflutt. Það var flutt á þinginu 1988 en fékk þá ekki samþykki. Eftir því sem mig minnir var því þá vísað til nefndar og síðan vísað til ríkisstjórnarinnar og vísað til þess að útvarpslögin væru í endurskoðun og þessi mál yrðu þar tekin til meðferðar. Það hefur ekki orðið raunin á að ný útvarpslög hafi séð dagsins ljós og þar sem ég sé hæstv. menntmrh. er ágætt að spyrja hann að því hvað líði endurskoðun á útvarpslögunum og hvort búast megi við því að þær breytingar, sem hér er lagt til að verði gerðar, komi inn í þá endurskoðun eða hvort Alþingi þurfi nú á þessum dögum að taka á þessum málum og taka þessar breytingar sem hér er mælt fyrir um í gegn, þannig að sú tækni sem nú á sér stað út um allan heim komi hingað til Íslands og við getum nýtt okkur hana sem skyldi.

Meira vildi ég ekki segja á þessu stigi málsins en

legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til menntmn. og 2. umr.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég fæ ekki orða bundist þó þessi málaflokkur heyri nú ekki undir mig í ríkisstjórninni en ég sé að menntmrh. er hér í deildinni og veit ég að hann mun fylgjast með umræðum hér af miklum áhuga. Hér er um að ræða mál sem hefur komið upp á borð til okkar núna nýverið og er reyndar sorglegt til þess að vita að það þurfti stórstyrjöld til þess að við vöknuðum af værum blundi og færum að íhuga þessi mál og velta þeim fyrir okkur af nokkurri alvöru.

Ég hef verið áhugamaður um að ná hingað erlendum sjónvarpssendingum með aðstoð gervitungla allt frá árinu 1982 en þá voru fyrstu tunglin sett á loft sem buðu upp á þann möguleika að það væri hægt að nýta sér sjónvarpssenda í slíkum tunglum og ná geisla þeirra hér til móttöku á Íslandi. Tilraunir hófust þegar á árunum 1982 til 1985 um að ná þessum geislum og var sýnt að það mundi hægt með þeim búnaði sem þá var völ á. Síðan komu ný útvarpslög til sögunnar 1985 og þrátt fyrir allt tal um það að með tilkomu nýrra útvarpslaga skyldi frjálsræði í útvarpsmálum landsmanna aukið til muna og opnað fyrir tilkomu sjálfstæðra útvarpsstöðva, þá gerðist það að þar var stigið stórt skref aftur á bak hvað varðar möguleika einstaklinga til þess að bindast samtökum um að ná erlendum útvarps- og sjónvarpsmerkjum til dreifingar um lokuð kerfi. Fyrir 1985 hefði engum manni dottið í hug að amast við því að einstaklingar byndust félagssamtökum til þess að ná slíkum merkjum sem þarna skyndilega var mögulegt að ná í utan úr himingeimnum. Þannig var með nýjum útvarpslögum 1985 stigið stórt skref aftur á bak, skref í átt til afturhalds í þessu máli. En í tengslum við útvarpslögin var sett reglugerð sem í raun fyrirmunaði og kom í veg fyrir alla þróun sem hefur hins vegar verið á fullu í nágrannalöndunum, þ.e. að leggja strengkerfi til þess að auðvelda einstaklingum að ná merkjum erlendra útvarps- og sjónvarpsstöðva sem völ er á, a.m.k. í Evrópulöndunum og reyndar núna frá öllum heiminum.

Ég efast ekkert um tilgang þeirra sem settu þessar reglugerðir og þessi lög. Þeir voru í góðri trú. Þeir töldu að með þeim hætti væri staðinn vörður um íslenska tungu. Og ég efast ekkert um það að þeir sem voru þarna að verki hafi trúað því einlæglega að það þyrfti einhverjar slíkar varnir til þess að vernda tunguna. Hins vegar held ég þegar betur er að gáð að hér sé um ranga hugsun að ræða. Íslenskt mál og íslensk tunga verður ekki vernduð með þeim hætti sem þarna var lagt til. Ég hef oft bent á það áður að til þess að standa vörð um íslenska tungu þarf að efla kennslu í skólum landsins. Það þarf að sinna íslenskukennslunni miklu betur en mér virðist gert vera á þessum árum. Ég hef verið að rifja það upp þegar ég sjálfur gekk í skóla og nam íslensku á sínum tíma. Þá var agi í hernum. Þá var gengið hart eftir því að nemendur sinntu íslenskunáminu í skólunum. Við vorum rekin í gegnum stranga kennslu, stafsetningaræfingar og margt fleira. Allt þetta virðist mér vera horfið í skólum landsins í dag. Það er ekki lengur agi í hernum og þar er kannski ástæðan fyrir því, að það er eins og kannski hafi komið pínulítið los á íslenskukunnáttu landsmanna, og af þeim sökum er íslenskunni ef til vill meiri hætta búin af erlendum áhrifum en ella. Það væri hins vegar miklu betra og öruggara að stoppa upp í þetta gat í varnarmúrnum frekar en að meina landsmönnum að horfa á erlendar sjónvarpssendingar.

Ég er nú sjálfur svo heppinn að vera aðnjótandi þess að geta horft á erlendar sjónvarpssendingar að vild þar sem ég hef komið mér upp rándýrum búnaði til að ná þessum merkjum. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvaða áhrif þetta hafi haft á íslenskukunnáttu fjölskyldunnar í heild sinni. Nánast engin. Hins vegar hefur þetta haft þau áhrif að fjölskyldan er farin að læra heilmikið í hollensku vegna þess að ein þeirra stöðva sem völ er á utan úr geimnum er stöðin RTL 4 sem er hollensk og sendir útsendingar sínar hingað til lands um gervitungl. Þar er mikið um engilsaxneskt myndefni að ræða sem er með upprunalegu tali en með hollenskum undirtextum. Kemst ég ekki hjá því þegar farið er að horfa á þetta dagskrárefni, þá smám saman byrja ég að lesa hollenska undirtextann og það vill svo til skyndilega að við í fjölskyldunni erum farin að læra heilmikið í hollensku. Þetta er mjög athyglisvert, en ég hef ekki orðið var við að það hafi brenglað íslenskukunnáttuna.

Það er margt fleira sem mætti segja um þetta. Það er þó eitt sem mér finnst mjög athyglisvert. Hví í ósköpunum er einstaklingi leyft að setja upp búnað til að horfa á þessar stöðvar en félagsskap einstaklinga ekki leyft að setja upp sams konar búnað? Hvernig fer það saman? Ég fæ ekki skilið hvernig það dæmi gengur upp að félagsskap einstaklinga sé meinað að gera það sem einstaklingi leyfist. Síðan spyr ég: Hvers á íbúi t.d. á Ólafsfirði að gjalda sem ekki undir neinum kringumstæðum getur keypt sér búnað og sett upp á heimili sínu til þess að sjá og ná í þessar sendingar þar sem bærinn liggur þannig í landinu að fjallahringurinn kemur í veg fyrir að geislar þessara erlendu sjónvarpsstöðva náist til Ólafsfjarðar? Það er engin önnur leið að leysa það ef íbúar Ólafsfjarðar vilja horfa á slíkt efni en að gera það með sameiginlegu strengkerfi þannig að það verði komið upp loftneti einhvers staðar langt uppi í hlíðum fjallanna við Ólafsfjörð og síðan þarf að leggja um 1500 metra langan kapal með tilheyrandi mögnunarbúnaði til þess að hægt sé að ná merkinu inn til kaupstaðarins. Því spyr ég: Hvers vegna eru settar reglur sem heimila íbúum á tilteknum stöðum á landinu að horfa á þessar sendingar en íbúum annarra staða er meinað þetta af þessum sökum, að þeir mega ekki bindast samtökum um að leysa það tæknilega vandamál sem er því samfara að ná þessum merkjum? Það er svo margt í þessu sem ekki gengur upp að ég held að það hljóti að vera kominn tími til að endurskoða þessi mál og viðurkenna einfaldlega þá staðreynd að íslenskt mál og íslensk tunga verður ekki varin með því að meina landsmönnum að horfa á þessar erlendu gervitunglasendingar.

Síðan vil ég koma að öðru atriði sem mér finnst líka skipta máli í þessari umræðu, en það er þessi skýri greinarmunur sem ég vil gera á milli lokaðra strengjakerfa þar sem áskrifendur fá tækifæri til þess að horfa á sendingar sem er dreift viðstöðulaust um móttökustöð sem sendir merkin inn á kapalkerfið án þess að þar fari fram nokkur dagskrárgerð eins og á venjulegum útvarpsstöðvum. Kapalkerfi er að mínum dómi ekki útvarpsstöð. Hér er aðeins um að ræða stærra loftnetsdreifikerfi heldur en hingað til hefur tíðkast, en við þekkjum mjög vel loftnetsdreifikerfi í fjölbýlishúsum. Loftnetsdreifikerfi fyrir heila bæjarhluta eða heilu bæjarfélögin eru ekkert annað en framlenging á loftnetsdreifikerfi fjölbýlishúsa. Þess vegna er fáránlegt að fara að tala um það að lokað strengjakerfi, sem dreifir viðstöðulaust útvarps- og sjónvarpsmerkjum sem eru komin um móttökustöð slíks kerfis, eigi eitthvað skylt við útvarpsrekstur. Hins vegar er útvarpsstöð sem hefur fengið tilskilið útvarpsleyfi og er með dagskrárgerð allt annar handleggur og þess vegna vil ég gera þann greinarmun sem reyndar kemur fram í því frumvarpi sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson var að tala fyrir hér áðan. Þar er gerður einmitt þessi greinarmunur að skilgreining á útvarpsstöð er stöð þar sem dagskrárgerð fer fram, en útvarpskerfi eða loftnetskerfi sem einungis dreifir viðstöðulaust útvarps- og sjónvarpsmerkjum án þess að þar fari fram nokkur dagskrárgerð er ekki útvarpsstöð í skilningi þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar.

Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að útvarpsstöð sem vill standa undir nafni og er með dagskrárgerð eigi að þýða eða texta allt það efni sem hún sendir út. Þess vegna er það mikil hugsanavilla að heimila Stöð 2 og reyndar ríkissjónvarpinu að dreifa hér dagskrárefni erlendra sjónvarpsstöðva ótextuðu. Ég tel að það sé í andstöðu við anda þessarar hugsunar sem ég hef verið að tala fyrir hér að útvarpsstöð sem hafi útvarpsleyfi eigi ekki undir neinum kringumstæðum að dreifa útvarps- og sjónvarpsefni ótextuðu eða óþýddu.

Það má t.d. benda á að ein þeirra þýsku sjónvarpsstöðva, sem dreift er um gervitungl sem næst hér á landi, hefur tekið upp á því sama og Stöð 2, að dreifa bandarísku sjónvarpsrásinni CNN. En hún gerir það með allt öðrum hætti, sem ég tel að sé til fyrirmyndar, því að þýska stöðin rýfur útsendinguna á 30 mínútna fresti og þá eru fréttirnar endursagðar á þýsku. Það er hvað eftir annað látið renna yfir sjónvarpsskerminn að eftir svo og svo margar mínútur muni koma þýsk endursögn á fréttunum. Þannig væri hugsanlegt að heimila íslenskum sjónvarpsstöðvum að dreifa þessu efni, en ég tel þó betra að dreifa einungis slíku sjónvarpsefni um strengjakerfi til áskrifenda en að meina sjónvarpsstöðvum sem hafa tilskilin útvarpsleyfi og eru með dagskrárgerð að senda slíkt efni frá sér óþýtt eða ótextað. Þar á að gera mun á og ég get fyrir mitt leyti ekki fallist á það sjónarmið að það sé eðlilegt að Stöð 2 og ríkissjónvarpið hafi fengið leyfi til þess að dreifa þessu sjónvarpsefni án þess að það fái nokkra meðhöndlun, nokkra endursögn eða nokkra þýðingu þannig að fólk geti ekki fengið að fylgjast með þessu sem ekki kann enska tungu.

Ég gat ekki látið hjá líða, virðulegur forseti, að fá að taka hér til máls því að þetta hefur verið áhugamál mitt lengi. Ég tel að við höfum farið inn á villigötur, við höfum komið í veg fyrir eðlilega, tæknilega framþróun hér á landi sem alls staðar annars staðar hefur verið mjög hröð. Við höfum komið í veg fyrir að hér gætu myndast boðveitukerfi og það væri hafin notkun hér á ýmsum þeim möguleikum sem fjarskiptatækni nútímans býður upp á vegna þessa fáránlega ákvæðis sem kemur í veg fyrir að hægt sé að hvetja menn til að koma upp fullkomnum strengkerfum hér sem yrðu síðan boðveitukerfi framtíðarinnar.

Ég skora því á hæstv. menntmrh. að taka þessi mál upp til gagngerrar endurskoðunar og fara þar að ákvæðum sem lagt er til að verði sett inn í lög í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég held að það sé ýmislegt skynsamlegt í þessu frumvarpi og er raunar ekki nýtt vegna þess að þegar ný útvarpslög voru til umfjöllunar á Alþingi veturinn 1985, þá fluttum við fulltrúar Alþfl. í menntmn. Nd. og Ed. fjölmargar tillögur til breytinga á útvarpslögum þar sem m.a. var gert ráð fyrir þeim möguleika sem hér er upp tekinn, þ.e. að sveitarfélög á landinu gætu komið á fót boðveitukerfum til dreifingar á sjónvarps- og raunar líka útvarpsefni og ýmiss konar upplýsingum öðrum. Þar var þá gert ráð fyrir því að glögg skil væru á milli reksturs þessara kerfa sem slíkra og hins vegar stjórnar á dagskrárefni því sem um þau kynni að fara. Meiri hlutinn á Alþingi sem þá var hafði um það góða samstöðu að fella allar þessar tillögur og naut raunar til þess líka, muni ég rétt, tilstyrk einhverra úr stjórnarandstöðunni, t.d. úr Bandalagi jafnaðarmanna sem þá var við lýði og átti þingmenn hér í Ed. Þetta var auðvitað ákaflega miður. Borgfl. var þá raunar ekki til orðinn eða kominn til hinnar pólitísku sögu á Íslandi.

Það var ákaflega miður að þessar tillögur skyldu hafa verið felldar vegna þess að þær voru skynsamlegar og það hefði verið til mikilla bóta og til góðs, hygg ég, fyrir allan almenning ef þessi háttur hefði verið upp tekinn, að gefa sveitarfélögum heimild til að reka slík kerfi. Þá væri staða þessara mála önnur í dag. Mér er raunar enn þann dag í dag óskiljanlegt með öllu hvers vegna fulltrúar Sjálfstfl. sérstaklega beittu sér af slíkri hörku til að þessi ákvæði mættu ekki ná fram að ganga. Þarna var jú um að ræða aukið valfrelsi almennings, aukna þjónustu við fólkið en Sjálfstfl. stóð afar hart gegn þessum ákvæðum öllum af einhverjum ástæðum sem ég ekki kann að skýra.

Það hefði einhvern tíma þótt ótrúlegt, og þykir kannski sumum enn, að styrjöld suður við Persaflóa skyldi hafa til þess orðið að vekja umræðu af því tagi sem nú fer fram, ekki bara á Alþingi Íslendinga heldur í fjölmiðlum og þjóðfélaginu öllu, um íslenska tungu, vernd hennar og frelsi til þess að fylgjast með erlendum útvarps- og sjónvarpsstöðvum. Engu að síð-

ur er þetta staðreynd.

Sú ákvörðun sjónvarpsstöðvanna hér, fyrst Stöðvar 2 og síðan Ríkisútvarpsins, að endurvarpa beint efni viðstöðulaust frá fréttastöðvunum CNN og Sky News var rétt ákvörðun á sínum tíma og liður í góðri þjónustu við viðskiptavini og hlustendur. Ég er líka þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt ákvörðun hjá hæstv. *menntmrh.* að breyta *þeim reglugerðarákvæðum sem* þarna áttu við og voru í gildi og gerðu það a.m.k. efunarsamt að þetta væri leyfilegt ef ekki ótvírætt að það væri óleyfilegt. Ég held að það hafi líka verið rétt ákvörðun og lít nú raunar svo á að þetta sé ástand sem ekki geti eða muni vara mjög lengi. Og jafnsannfærður og ég er um það að mikið var á þetta efni horft og hlustað fyrstu nætur og daga stríðsins, þá er ég jafnsannfærður um það núna, þegar tíðindaminna er á austurvígstöðvunum, að það er mjög lítið á þetta horft. Það byggi ég svo sem ekki á neinum könnunum eða staðreyndum. Ég byggi það á samtölum við fólk og tilfinningu fyrir því sem hér er um að tefla. Þannig að ég held að menn geri stórlega of mikið úr þeirri hættu sem íslenskri tungu stafi af þessari ákvörðun. Ég held að þar sé svo sannarlega verið að gera úlfalda úr mýflugu, að ekki sé meira sagt. Mér finnst satt best að *segja sumt af því sem sagt hefur verið og skrifað um* þetta mál bera þess merki að það er skrifað í ótrúlega miklum hugaræsingi. Og það sem menn skrifa undir slíkum kringumstæðum er eiginlega aldrei mjög gott né yfirvegað.

Ef menn með svona tiltölulega rólegum huga setjast nú niður og skoða það sem um er að tefla gagnvart íslenskri tungu og skoða hvernig þessum málum er háttað eða farið annars staðar, þá hafa allar rannsóknir sem ég hef séð leitt í ljós að yfirgnæfandi meiri hluti fólks kýs að horfa á efni á sínu eigin tungumáli jafnvel þótt því standi til boða efni á tíu öðrum þjóðtungum. Samkvæmt könnunum halda 80–90% áfram að horfa á efni á sínu móðurmáli vegna þess að þess njóta menn best og skilja best. Sums staðar skekkir það þessar tölur svolítið að erlendar stöðvar senda á móðurmáli viðkomandi lands og það breytir tölunum svolítið, en það breytir *þessu ekki efnislega.* Þar að *auki* hefur komið í ljós þegar verið er að framkvæma kannanir um notkun á erlendum sjónvarpsstöðvum að þá munu flestir svarendur verulega ofmeta tungumálaþekkingu sína og telja sig jafnan skilja töluvert meira en raun ber vitni.

Mér finnst líka að í allri þessari umræðu sé horft fram hjá einu mjög mikilvægu meginatriði. Þegar verið er að tala um að nú hafi orðið þáttaskil með þessum gervihnattasendingum, þá hafi orðið þáttaskil varðandi áhrif erlendra tungumála á íslenska tungu. Menn horfa einfaldlega fram hjá þeirri staðreynd, sem er meginatriði í þessu máli, og hún er sú að a.m.k. 60–70% af efni íslensku sjónvarpsstöðvanna er með ensku tali, bandarísku, bresku eða frá Ástralíu eða Írlandi eða öðrum þjóðum þar sem enska er þjóðtungan, 60–70% a.m.k. Og ég hygg þó að þetta sé heldur *varlega áætlað. Þótt þetta efni sé sýnt hér með* íslenskum neðanmálstexta þá breytir það engu um það að það er ensk tunga sem hljómar í eyrum allra þeirra sem horfa á þetta efni. Það er meginatriði. Hinu er svo við að bæta, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 7. þm. Reykn., sem virðist vera orðinn fljúgandi fær í hollensku eftir að hafa horft á þetta gervihnattasjónvarp, að auðvitað er textinn tungumálakennari um leið. Það er staðreynd og ekki lítilvæg. Svo er hins að geta líka að textinn hefur annan kost. Hann gerir það að verkum að maður getur haldið uppi einhverjum samræðum við þá sem eru að horfa með manni án þess að missa af efnisþræðinum. Svo má heldur ekki gleyma því að textinn er líka ekki bara til hjálpar þeim sem ekki skilja hið erlenda tungumál. Hann er líka að vissu leyti hjálp fyrir þá sem búa við skerta heyrn eða heyrnarleysi.

Þannig gegnir textinn mikilvægu og margþættu hlutverki, en hann breytir ekki því að tungumálið sem talað er glymur í eyrum þeirra sem horfa vegna þess að fæstir skrúfa niður eða lækka talið því að þá hverfa önnur leikhljóð með, hann breytir ekki því að það er enska sem hljómar í eyrum sjónvarpsáhorfenda þó þeir séu að horfa á hinar rammíslensku stöðvar. Þannig að hér hefur ekki orðið sú breyting sem menn vilja vera láta.

Ég held líka að við eigum að hafa meiri trú á íslenskri tungu og íslenskri menningu heldur en fram kemur í ummælum margra þeirra sem kvatt hafa sér hljóðs í þessari umræðu. Ég held að það sé eins með tunguna og menninguna og fiskistofnana, að fiskistofnarnir dafna best þar sem mætast ólíkir hafstraumar og ég held að það sé eins með menninguna og tunguna að hún blómstrar best þegar hún verður fyrir hæfilegri áreitni annarra menningarstrauma. Ég held að þá hvetji það til frumkvæðis og átaka.

Ég er heldur ekki þeirrar skoðunar að þessi breyting sem nú var gerð hafi einhver afgerandi áhrif á málfar manna almennt. Síður en svo. Það má vel vera, um það er ég ekki dómbær — við höfum haft sjónvarp hér síðan 1966 — það má vel vera að í setningaskipan, orðanotkun, aukinni nafnorðanotkun kannski þykist menn sjá merki aukinna áhrifa frá ensku. Það má vel vera. *Ég er ekki málfræðingur og kann ekki um* það að dæma. En hitt, að menn sletti meira nú en áður, það er ég ekkert viss um að sé rétt. Svo er það nú líka þannig að þeim sem bærilega kunna ensku og bærilega kunna íslensku tekst alveg prýðilega að halda þessum málum vel aðskildum. Það er oft miklu frekar þannig að þeir sem minna kunna sletti stundum mest, hefur mér a.m.k. sýnst.

En það er auðvitað sjálfsagt og rétt að taka undir með þeim sem benda á — og það er mitt sjónarmið raunar líka mjög eindregið — að eina vörnin í þessu máli fyrir þá tungu sem okkur hefur verið trúað fyrir, eina vörnin er sókn og þar hefur verið bent á margt sem gera þarf. Hv. síðasti ræðumaður benti á aukna íslenskukennslu og aukna rækt við móðurmálskennslu. Það er alveg rétt, hárrétt og hverju orði sannara. Ég held að það sé bara ekki nándar nærri nóg. Ég held að það þurfi að leggja miklu meiri rækt við kennslu þeirra sem kenna íslenska tungu. Ég held að það sé mjög

brýnt. Vissulega fæst mikið af góðu og vel kunnandi fólki við íslenskukennslu, en ég er jafnsannfærður um að það eru líka margir sem væru betur komnir við einhver allt önnur störf. Það er nú bara eins og þetta er.

Mér var sagt að fyrir allmörgum árum hefðu komið danskir námsstjórar eða dönskukennarar til að kynna sér stöðu dönskukennslunnar á Íslandi. Þeir hefðu ekki verið svo mjög forviða yfir því hversu mikið eða lítið nemendur kunnu í dönsku, en þeir hefðu verið svolítið meira hissa á því hvernig kunnáttu kennaranna var háttað í þeim efnum. Og þá er auðvitað ekki við góðu að búast.

Ég held að við þurfum líka að efla metnað fjölmiðlanna til að sinna tungunni og kappkosta gott málfar. Álitamál er hvort á að setja reglur um það að ákveðið hlutfall efnis í ljósvakamiðlunum skuli vera á íslensku. Slík regla er auðvitað mjög vandsett ef jafnframt á að gera kröfur um gæði, sem tvímælalaust á að gera. Mér finnst þetta vera álitamál og til athugunar. Það á að hvetja fjölmiðlana til að ráða málfarsráðunauta eins og þann málfarsráðunaut sem hefur starfað við Ríkisútvarpið, ég hygg að starf hans hafi gefið mjög góða raun, og efla umfjöllun um íslenskt mál. Þar hafa, held ég, Ríkisútvarpið og Morgunblaðið verið til fyrirmyndar. Morgunblaðið hefur jafnan á sínum síðum áhugaverða þætti um íslenskt mál og það hefur Ríkisútvarpið líka á öldum ljósvakans.

Ég held að við eigum þar að auki að gefa þeim sem hafa lokið skólagöngu og vilja bæta kunnáttu sína í móðurmálinu kost á aðgengilegri fræðslu, námskeiðum til þess að bæta móðurmálskunnáttu sína. Og síðast en ekki síst eigum við að efla bóklestur vegna þess að góður texti er góður móðurmálskennari. Um það verður ekki deilt.

Þessi ræða mín, herra forseti, er nú orðin nokkru lengri en ég ætlaði mér og kannski komin út í svolítið aðra sálma. Mér hefur fundist þessi umræða sem vakin hefur verið með þeirri ákvörðun að sjónvarpa tímabundið, eins og ég lít nú á að hljóti að vera, þessu erlenda efni, mér hefur fundist sú umræða vera svolítið á ská og kannski hafi ekki verið horfst í augu við meginatriði málsins. Meðan við leyfum einstaklingum að kaupa og fjárfesta fyrir kannski á annað hundrað eða 200 þús. kr. í móttökubúnaði til þess að taka við erlendu sjónvarpsefni er auðvitað enginn eðlismunur á því að leyfa fleirum að gera það í senn. Við getum ekki gert upp á milli fólks eftir efnahag í þessum efnum, það finnst mér útilokað. Þess vegna eiga menn nú að rýmka þessar reglur, gera ráð fyrir að starfað geti boðveitukerfi og eitthvað í þá áttina sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég er ekki að segja að þau ákvæði sem hér eru séu hin einu réttu. Ég held að menn þurfi að hugsa þetta töluvert betur og ná um að þeirri samstöðu sem nauðsynlegt er að ríki um svona mál.

Ég hygg, herra forseti, að þetta mál muni verða tekið til umræðu í þeirri nefnd sem það fær til meðferðar, sem væntanlega verður menntmn. þessarar hv. deildar. Þá verði kannað á hvaða stigi umræður um þetta efni eru nú meðal þeirra sem mest um málin fjalla, mest um málin vita. Síðan muni sú nefnd taka sína ákvörðun í samræmi við þær upplýsingar sem þá munu frammi liggja.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Varðandi það frv. sem hér liggur fyrir vil ég segja að fyrir tveimur vikum eða svo, ég hygg að það hafi verið 18. jan., skipaði ég hóp manna til þess að fjalla um endurskoðun á útvarpslögunum út frá stöðu kapalkerfa, móttökudiska, þýðingarskyldu, stöðu íslensks máls. Þessi hópur mun skila mér áliti í kringum 15. febr. Þá hafði ég gert ráð fyrir því að niðurstöður hópsins kæmu að einhverju leyti til meðferðar á hv. Alþingi og þá má að sjálfsögðu taka afstöðu til frv. sem hér er verið að ræða um með hliðsjón af því. Ég held að það skipti mestu máli sem hv. síðasti ræðumaður, Eiður Guðnason, sagði að um mál af þessu tagi þarf að ríkja þjóðarsátt, ef einhvers staðar, þá þarna. Það þarf að vera þjóðarsátt um þjóðtunguna og þær forsendur sem fjölmiðlar starfa á og vinna eftir. Ég vona að það takist í framhaldi af áliti þessarar nefndar að breyta útvarpslögum og skýra þau og breyta reglugerðum og skýra þær með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur verið að ganga yfir.

Það er auðvitað enginn vafi á því að ef við ættum kost á því að koma í veg fyrir að óþýtt erlent efni kæmi hingað til lands frá erlendum sjónvarpsstöðvum mundum við mörg hver kjósa að halda þannig á máli vegna þess að við teljum að flóð af erlendu efni geti veikt menningarlegar undirstöður þjóðarinnar. Aðstæður eru hins vegar þannig að á því er enginn kostur að loka fyrir þetta flóð. Það er ekki hægt að setja regnhlíf yfir Ísland, eins og Einar Kárason rithöfundur orðaði það svo snilldarlega núna á dögunum. Þess vegna verðum við fyrst og fremst að velta fyrir okkur hvernig við getum búið við þær nýju, alþjóðlegu, tæknilegu aðstæður sem blasa við.

Hvað er það sem hefur haldið lífinu í íslenskri menningu? Það er stór spurning og verður auðvitað fátt um svör nú eins og fyrr. Menn hafa þó í því sambandi nefnt aðallega tvennt og þá eru menn að hugsa um málið, íslenska tungu, sem undirstöðu menningarinnar. Fyrsta ástæðan til þess að við höfum haldið málinu allar þessar aldir er landfræðileg einangrun sem hefur skapað aðstæður til þess að við höfum fengið að þróa okkar eigin málsamfélag á okkar eigin forsendum. Hin meginástæðan liggur hins vegar í því sem hefur verið kallað innri styrkur íslenskrar menningar og birtist okkur aðallega í bókmenntum okkar, sögu og fornum erfðum af ýmsu tagi sem okkur hefur tekist að gefa líf í nútíma.

Það er alveg augljóst mál að miðað við allar aðstæður er fyrri forsendan meira og minna fallin. Þessi landfræðilega einangrun er rofin, gervitunglin eru hér allt um kring yfir okkur þannig að það sem eftir stendur er að við reynum þá enn frekar að styrkja það sem kallað hefur verið innra þrek, baráttuþrek íslenskrar menningar.

Í umræðum um þessi mál á undanförnum áratugum hafa menn yfirleitt spurt sig þeirrar spurningar hvern-

ig eigi að verja íslenska menningu. Ég held að við þyrftum gjarnan að orða þessa spurningu aðeins öðruvísi og velta fyrir okkur: Hvernig eigum við að sækja fram í þágu íslenskrar menningar? Og getur það verið að eitthvað í hinum alþjóðlegu straumum sé þannig að það geti jafnvel orðið okkur og íslenskri menningu til styrktar ef rétt er á haldið?

Að því er varðar þá reglugerðarbreytingu sem hér hefur verið gerð talsvert að umtalsefni er það auðvitað alveg ljóst að það var útilokað annað en að breyta reglugerðinni. Þó það væri ekki nema vegna þess að bersýnilega var fyrir því yfirgnæfandi þingræðislegur vilji. Ráðherrar taka vald sitt frá Alþingi og þingmönnunum og það var augljóst mál og lá fyrir þegar á fyrsta sólarhring eftir að þessi ósköp dundu hér yfir að allir flokkar á Alþingi og formenn beggja menntamálanefnda þingsins voru þeirrar skoðunar að reglugerðinni yrði að breyta þrátt fyrir allt.

Ég get ómögulega neitað því að það var mér að mörgu leyti mjög erfitt að breyta þessari reglugerð vegna þess að ég taldi að það orkaði tvímælis að gera það, fyrst og fremst af einni ástæðu, þeirri að þeir sem gátu haldið áfram starfsemi samkvæmt hinni breyttu reglugerð höfðu bersýnilega brotið reglugerðina. Og það er óheppilegt, að ekki sé meira sagt, að stjórnvöld, í þessu tilfelli ráðherrar, skuli þurfa að standa frammi fyrir verki eins og því að breyta reglugerð í þágu þeirra sem höfðu brotið hana.

Ég held hins vegar að niðurstaðan sé ótvírætt sú að hér hafi ekki verið um neitt annað að gera. Og þá spyrjum við okkur: Hvað svo? Mitt fyrsta svar er það að við eigum að sækja fram í þágu íslenskrar menningar með almennum aðgerðum á mörgum sviðum. Það höfum við gert, m.a. með málræktarátakinu 1989, sem var satt að segja einhver ánægjulegasti atburður sem ég hef tekið þátt í að vinna við um dagana vegna þess að áhuginn var svo mikill alls staðar, í öllu þjóðfélaginu. Hann kom t.d. afar vel fram, svo að ég nefni dæmi, í leikskólum. Af því að hér var verið að tala um að það þurfi að halda góðu máli að börnunum þá hygg ég að þeir sem hafa kynnst starfi leikskólanna í tengslum við málræktarátakið hafi orðið varir við ótrúlega mikið hugmyndaflug, gleði í starfi og mikinn vilja til þess að rækta íslenskt mál.

Hvaða stoð gerir málræktarátak eitt út af fyrir sig? Jú, það hjálpar til að efla skilning þeirra sem taka þátt í því, en aðalatriðið er þó það að ég tel að málræktarátakið hafi verið undirstaða þess að hægt var að ná samstöðu um það að fella niður virðisaukaskatt af bókum. Ég er sannfærður um að ákvörðunin um að fella niður virðisaukaskatt af bókum er einhver þýðingarmesta aðgerð sem ákveðin hefur verið til þess að styrkja íslenskt mál og íslenska tungu af því að, eins og hv. þm. Eiður Guðnason sagði hér áðan, það er lesturinn sem ræður úrslitum. Niðurstaðan lét ekki á sér standa því að á bókavertíðinni miklu núna í haust kom í ljós að um var að ræða aukna bóksölu um 15–20%. Þarna er dæmi um svar sem felur í sér sókn.

Annað dæmi um svar sem felur í sér sókn er ákvörðunin um að opna fyrir íslenska sjónvarpið 1966. Það var í raun og veru rothöggið á Kanasjónvarpið sem var orðið, ef ég man rétt, inni á þriðja hverju heimili hér á þéttbýlissvæðinu. Og það var alveg augljóst mál að slík einokun erlends aðila eins og Keflavíkurstöðvarinnar á sínum tíma á sjónvarpsrekstri getur auðvitað skapað verulega hættu fyrir þróun íslenskrar tungu og menn þóttust sjá merki þess á þeim tíma. En opnun íslenska sjónvarpsins 1966 var svarið sem að lokum eitt dugði.

Það sama er að segja t.d. um þá ákvörðun Ríkisútvarpsins að opna fyrir Rás 2 á sínum tíma. Opnunin á Rás 2 og síðar fleiri íslenskar stöðvar, sem margt má nú um segja að því er varðar gæði efnis þeirra en látum það vera, en það að opnaðar eru fleiri rásir eins og Rás 2 og síðan fleiri stöðvar verður til þess að Kanaútvarpið, sem var mjög mikið notað hér um áratuga skeið, er í raun og veru slegið út.

Dæmi um sóknaraðgerðir af smærra tagi gæti ég líka nefnt eins og t.d. þá ákvörðun að efna til sérstaks átaks í tengslum við ár læsis á Íslandi sem varð til þess að vekja athygli þjóðarinnar, eða a.m.k. mjög margra, á nauðsyn þess að halda bóklestur í heiðri og að undirstrika það meginatriði að lestur er í raun og veru lykill að framförum fyrir þá sem kunna að lesa. Það er hins vegar alvarlegt umhugsunarefni að um þessar mundir er það þannig og hefur verið um nokkurra ára skeið, en við finnum það betur núna en verið hefur af því að það fara fleiri inn í framhaldsskólana en verið hefur, að það koma fleiri ólæsir eða mjög illa læsir út úr grunnskólunum en við áður vissum um. Ég segi vissum um, vegna þess að ég tel að við vitum þetta betur fyrst og fremst núna vegna þess að það koma fleiri inn í framhaldsskólana en var áður. Af þeim ástæðum höfum við m.a. sett í gang undirbúning að stofnun miðstöðvar fyrir lestrarrannsóknir hér á landi sem verður opnuð í tengslum við Æfingadeild Kennaraháskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands á þessu ári. Ég held að það sé afar mikið atriði að þessar rannsóknir komist af stað til þess að við áttum okkur á því hvaða aðgerðir eru bestar til að svara því hrikalega vandamáli sem ólæsi er, þó það sé hjá mjög litlum hluta hvers árgangs. Í þessum efnum vil ég ekki vera að kenna kennarastéttinni um sem heild. Aðstæðurnar eru þannig að vísu að skólinn er stærri og stærri þáttur í uppeldi barnanna. Fjölmiðlar hafa þar mikil áhrif og félagslegt umhverfi barnanna að öðru leyti sömuleiðis. Á þessu öllu þarf að taka í heild og byggja aðgerðir sem gripið verður til á rannsóknum þannig að menn viti um hvað þeir eru að tala.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi, virðulegi forseti, þá ákvörðun að gera sérstakt átak varðandi íþróttasmíð á Íslandi sem hefur verið í gangi núna um áratuga skeið með mjög myndarlegum hætti í sjálfboðavinnu, t.d. á vegum Verkfræðingafélags Íslands, á vegum flugmanna, á vegum hjúkrunarfræðinga og fleiri aðila. Þetta þarf hins vegar að gerast með skipulegum hætti. Við þurfum að átta okkur á því hversu mikið við eigum að þýða af erlendum orðum og fræðihugtökum. Til að menn átti sig aðeins betur á því hvað vandinn er stór má kannski rifja það upp að það var talið að heit-

in á hlutum rokksins, sem var eitt helsta tækniundur Íslendinga um aldir eins og kunnugt er og eitthvert brýnasta tæki hvers heimilis um aldir, það er talið að þau séu innan við 100 þegar allt er talið, líka samheiti. Fræðiheitin í byggingarverkfræði, þau sem óþýdd eru, eru hins vegar talin vera 100–200 þús. Við þurfum að átta okkur á því hversu stóran hluta þessara fræðiheita við ætlum að reyna að þýða á íslensku. Og það sem mikilsverðara er í því er það að fræðimennirnir sjálfir og stofnanir þeirra noti hin íslensku heiti í talmáli sín á milli en talist ekki við með erlendum fræðiorðum um það sem þeir eru að fjalla um. Mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi er sú samþykkt háskólaráðs núna frá byrjun janúarmánaðar sl. þar sem gert er ráð fyrir því að farið verði yfir þessi fræðiheita- og íðorðamál í hverri einustu háskóladeild og sagt: Það eiga að vera til íslensk orð um það sem hér er verið að kenna. Og ekki nóg með það, heldur verði sagt: Við eigum að þjálfa okkar nemendur í að nota þau. Ég held satt að segja að það að Háskóli Íslands skuli hafa ákveðið að taka sér tak í þessu efni sé mjög mikilvægt, muni smita út frá sér og hafa áhrif á fleiri stofnanir eða a.m.k. vona ég að svo verði.

Þá tel ég kannski rétt, virðulegi forseti, að nefna það í þessu sambandi að í tengslum við málræktarátakið kom fram að það er gífurlegur áhugi á íslensku máli meðal allrar þjóðarinnar. Við höfum verið að leita að leiðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að fjármagna, ásamt ríkinu, málræktarstarf. Við höfum rætt við forráðamenn fyrirtækja, t.d. Eimskips, Sjóvár og fleiri og fleiri slíkra fyrirtækja, Vátryggingafélagsins o.s.frv., um það að þessi fyrirtæki, ásamt einstaklingum og ríkinu, stofni það sem við köllum málræktarsjóð. Við höfum verið að reyna að aura saman fjármunum í þennan sjóð um nokkurra missira skeið og ég geri ráð fyrir því að hægt verði að tilkynna stofnun hans núna alveg á næstunni. Sjóðurinn verður með stofnframlagi frá sænsku Vísindaakademíunni og auk þess koma við sögu ríkissjóður og fjöldi innlendra fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga. Þetta er ekki aðeins nauðsynlegt til þess að virkja áhuga þeirra sem þegar hafa áhuga, heldur líka til þess að skapa nýjan áhuga hjá þeim sem finna skyldur í þessum efnum, eins og t.d. samtökum af ýmsu tagi, ungmennafélagshreyfingunni, atvinnurekendasamtökunum, verkalýðshreyfingunni o.s.frv.

Þegar við stofnuðum framkvæmdanefnd um ár læsis kölluðum við til, og þótti mjög sérkennilegt en er ekkert sérkennilegt, en það var nýtt og þótti þess vegna sérkennilegt, fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Menn voru vanastir því að þessir aðilar væru kallaðir til þegar fjallað er um kaup og kjör en ekki mál af þessu tagi sem þó eru kjör vegna þess að íslenskan er auðvitað þáttur af okkar lífskjörum. Niðurstaðan varð sú að þessir aðilar tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd árs læsis með mjög myndarlegum hætti.

Kannski er það táknrænt fyrir Íslendinga og um leið mjög skemmtilegt og fróðlegt til umhugsunar hvernig þeir bregðast við þegar mikil tíðindi gerast í kringum okkur. Við erum að sjálfsögðu upptekin af þeim vanda sem um er að ræða í stríðinu við Persaflóa, átökunum í Eystrasaltsríkjunum, en við erum núna sérstaklega upptekin af því hvernig íslenskri tungu og íslenskri menningu reiðir af í þessum sviptingum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé rangt sem sagt hefur verið að reglugerðarbreytingin ein út af fyrir sig hafi opnað fyrir einhverja flóðgátt. Ég tel að þessi flóðgátt hafi verið opin. En umræðan sem fylgir reglugerðarbreytingunni er að mínu mati mjög jákvæð vegna þess að hún snýst um kjarna málsins: Hvernig getum við haldið þannig á málum, bæði stjórnvöld og aðrir, að íslenskan nái að þróast og lifa þrátt fyrir þessar alþjóðlegu sviptingar sem við núna stöndum frammi fyrir?

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að í umræðunni um þessi mál núna að undanförnu má segja að í grundvallaratriðum séu allir þeir sem hafa velt þeim fyrir sér vandlega sammála um öll meginatriðin. Það eru að vísu til eldhugar sem halda því fram fullum fetum að það hefði verið hægt að láta það eiga sig að breyta reglugerðinni. Ég held að þeir hafi ekki rétt fyrir sér. Ég held að það hafi í rauninni ekki verið hægt að bregðast mikið öðruvísi við en gert var, kannski eitthvað aðeins öðruvísi auðvitað, en ekki mikið öðruvísi. Ég held að menn sjái það allir þegar þeir brjóta málið til mergjar og skoða til hlítar það vandamál sem hér er uppi. Hins vegar má segja að það jákvæða við reglugerðarbreytinguna sé að það kemur fram, bæði hjá alþingismönnum og öðrum sem fjalla um þessi mál á opinberum vettvangi, að menn finna á sér þá skyldu sem hvílir á hverjum einasta alþingismanni og hverjum einasta Íslendingi að standa betur að þessum málum en gert hefur verið. Þess vegna höfum við velt því fyrir okkur hvort unnt sé að mynda það sem ég hef kallað þjóðarsamstöðu um þjóðtunguna með því að hér verði til eins konar framkvæmdaáætlun til nokkurra ára um íslenskuna í skólum; leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskóla, í atvinnulífi, í fræðastarfi af ýmsu tagi, í rannsóknum, í útgáfustarfsemi, í bókaútgáfu, í kvikmyndagerð, í leiklist o.s.frv. Ég held að ef okkur tækist að skapa þjóðarsamstöðu um slíka framkvæmdaáætlun og tækist að tryggja til þess þá fjármuni sem óhjákvæmilegir eru sé það mikið líklegra til árangurs til að styrkja íslenska tungu en jafnvel ein reglugerð þó hún hafi verið sett á sínum tíma af góðum og gildum ástæðum sem ég geri ekki lítið úr.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur skapast um þetta frv. um breytingu á útvarpslögum og get tekið undir margt það sem fram hefur komið. Því miður hefur umræðan frekar snúist í átt að því hvernig eigi að efla íslenska tungu og fyrst og fremst sé um að ræða, ef þetta frv. verður samþykkt, spurninguna hvort íslensk tunga muni skaðast á einn eða annan hátt. Ég held að það sé ekki rétt og get tekið undir það sem fram kom hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, 3. þm. Vesturl., að í gegnum árin, að síðan íslenskt út-

varp og sjónvarp kom hefur glumið í eyrum okkar ensk tunga og meira að segja tunga frá öðrum menningarheimum og það sé fyrst og fremst spurning um það hvort sleppa eigi textanum eða ekki.

Ég er nýkominn frá Evrópuráðinu og þar var einmitt til umræðu mál af þessu tagi. Það var spurningin um svokölluð „local radios" eða staðbundið útvarp eða sjónvarp, til að þjóna litlum menningarheimum. Það er einmitt það sem er að gerast hérna þegar við erum að færast nær Evrópu, að við verðum einn af litlu menningarheimunum, einn afkiminn í þessum stóra Evrópuheimi, og það er spurning hvernig við getum viðhaldið okkar tungu og hvernig við getum komið út úr því. Ég held að sú þróun verði aldrei stöðvuð að við tengjumst Evrópu að meira eða minna leyti. Þessi umræða um íslenska tungu er mikilvæg en hún kemur ekki í veg fyrir þá þróun sem verður hér á næstu árum.

Ég legg á það mikla áherslu að þetta frumvarp er til að auðvelda þær öru breytingar í Evrópu í sjónvarps- og útvarpsrekstri sem hafa verið að flæða hér inn og ekki síður til að við getum nýtt þá tækni til ýmissa boðskipta í gegnum tölvur. Það er kjarni málsins að mínu mati og ég held að þó að þetta frumvarp verði samþykkt, þá geri það enga grundvallarbreytingu á íslenskri tungu. Það mál á að leysa á öðrum vettvangi, í skólum og með fræðslu, en við eigum ekki að tengja þetta beint eða neita þeim breytingum og þeirri tækni sem er komin og vísa til þess að það hafi skaðleg áhrif á íslenska tungu.

En ég vil aftur þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta frv. og vonast eftir því að formaður menntmn. Ed. taki það til umræðu í nefndinni og samþykki það vonandi. Að þessu mæltu hef ég ekki meira um þetta að segja en vil taka undir það sem sagt hefur verið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

47. fundur, þriðjudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Réttindi alþjóðastofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 304. mál. — Þskj. 546.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 556.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allsh.n. með 25 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 319. mál (samfélagsþjónusta). — Þskj. 564.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv. það til laga um viðauka við almenn hegningarlög sem hér er til umræðu.

Það er svo að á síðari árum hefur staða refsivistar í viðurlagakerfinu verið mikið til umræðu um gjörvalla Vestur-Evrópu. Sú stefna hefur verið ríkjandi að draga beri úr notkun óskilorðsbundinnar refsivistar eins og mögulegt er. En þá þarf að finna önnur úrræði í staðinn. Samfélagsþjónusta er eina nýja viðurlagategundin sem náð hefur almennri útbreiðslu. Hún hefur nú verið tekin upp sem varanlegt úrræði eða til reynslu með einum eða öðrum hætti í öllum ríkjum Vestur-Evrópu nema fjórum auk Íslands. Það má því segja að það sé kominn tími til að við förum að gefa þessu máli gaum.

Ýmis rök eru færð fyrir því að rétt sé að draga úr lengd refsivistar. Sérstaklega hafa fjögur atriði verið nefnd sem röksemdir fyrir að draga úr fangelsun. Í fyrsta lagi má nefna mannúðarsjónarmið. Í öðru lagi má velta því fyrir sér hver sé tilgangurinn með frjálsræðissviptingunni. Í þriðja lagi hefur verið bent á að meiri hluti fanga afplánar dóma fyrir auðgunarbrot og í fjórða lagi hefur verið bent á að refsivist er dýr kostur fyrir þjóðfélagið.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessu máli er hreyft hér á hv. Alþingi. Ég hef hér undir höndum þáltill. frá 1986 um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu. Hún var flutt af Kristínu S. Kvaran ásamt fjórum öðrum alþingismönnum.

Þá má spyrja: Hvað er samfélagsþjónusta? Það má skilgreina samfélagsþjónustu með þeim hætti að hún sé ein tegund viðurlaga við afbrotum sem felst í því að á brotamann er lögð sú skylda að vinna ákveðinn tímafjölda launalaust og í frítíma sínum að verkefnum sem koma þjóðfélaginu að gagni. Það sem hefur ýtt sérstaklega á menn að gefa þessu máli gaum er það almennt séð að yfirfull fangelsi í öðrum löndum hafa leitað á hugi manna og fengið þá til þess að hugsa um hvort ekki væri tiltakanleg önnur viðurlög við afbrotum og stjórnvöld í ýmsum löndum hafa leitað ódýrari lausna. Mannúðarsjónarmið og sparnaður hafa þannig orðið tvær hliðar á sama máli. Hér á landi hefur föngum fjölgað verulega síðustu tvo áratugi. Nú eru um 100 manns að jafnaði á dag í afplánun. Þótt föngum

hafi fjölgað hér á landi hin síðustu ár eru Íslendingar með einhverja allra lægstu fangatölu sem þekkist í Vestur-Evrópu.

Það má margt um þetta mál segja. Samfélagsþjónusta, sem svo er nefnd, hefur verið tekin upp á öllum Norðurlöndum nema Finnlandi. Það er skilyrði fyrir samfélagsþjónustu að dómþoli samþykki að þessu úrræði sé beitt og er það auðvitað skiljanlegt þegar málin eru hugleidd. Mér er kunnugt um að í Noregi er talinn vera mikill sparnaður af þessu árlega, bæði í rekstri fangelsa beint og óbeint.

Með frv. sem hér er lagt fram og hefur verið talað fyrir er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi. Með hliðsjón af því að fangarými er næstum fullnýtt nú þykir ekki raunhæft að gera ráð fyrir að þetta form lækki kostnað við rekstur fangelsa svo neinu nemi í það minnsta í fyrstu. En forsenda þess að heimilt sé að breyta refsivist dóms í samfélagsþjónustu er að sjálfsögðu að almannahagsmunir mæli ekki gegn því. Þess vegna koma hér mörg atriði til íhugunar og skoðunar. Ef þetta frv. verður að lögum er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. maí 1992 og gildi til 31. des. 1995, þ.e. séu tímabundin.

Ég tel að hér sé hreyft merkilegri hugmynd sem þarf að sjálfsögðu að skoðast vel og vandlega. Mér finnst að hún geti mjög vel komið til greina hér á landi ef rétt er á málum haldið. Að sjálfsögðu er að þessu nokkur aðdragandi því að ekki hefur verið gert ráð fyrir kostnaði af þessu tagi í fjárlögum þessa árs. Það ræðst því ekki fyrr en um næstu áramót hvort nauðsynlegt fjármagn fæst til þess að koma samfélagsþjónustu á fót. En ég endurtek að ég tel að hér sé hreyft það merkilegri hugmynd að full ástæða sé til þess að málið verði vandlega athugað á þessu þingi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því frv. sem hér er til umræðu og tek undir það meginsjónarmið sem það boðar. Ég held að þetta marki tímamót í dómssögunni að bjóða upp á þann valkost sem hér um ræðir og vildi lýsa fyllstum stuðningi við tilgang frv.

Vissulega vakna fjölmargar spurningar við lestur frv. en sennilega verður það að bíða nefndarstarfs að fara djúpt ofan í það. Hins vegar hafa fangelsismál verið hér nokkuð til umræðu og ég rifja það upp að þegar hér var til umræðu mál er varðar leyfilegt áfengismagn í blóði, þá viðraði ég hugmyndir í þá veru að hægt væri að beita öðrum refsingum en akkúrat þeim að setja menn í fangelsi og var einmitt að benda á leiðir eins og samfélagsþjónusta sú sem hér er til umræðu tekur á.

Mér finnst nokkrar spurningar vakna varðandi samfélagsþjónustu, t.d. varðandi þann þátt að hún sé launalaus. Ég tel að vel megi athuga hvort ekki megi greiða laun fyrir samfélagsþjónustu. Þó að ég sjái það hér á frv. að það þekkist ekki annars staðar þá tel ég að það megi vel skoða þann möguleika að greiða fyrir hana í því skyni að launin fari upp í það að greiða tjónþola sem viðkomandi brotamaður hefur brotið á og ekki er greiðslumaður fyrir sínu tjóni, að það geti runnið í það að bæta honum þann skaða sem hann varð fyrir.

Í II. kafla undir fyrirsögninni: Hvað er samfélagsþjónusta, er m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Hugsanlega má stuðla að víðtækari skilningi hjá fólki almennt á brotamönnum og aðstæðum þeirra með því að draga aðra þjóðfélagshópa á þennan hátt inn í sjálfa refsifullnustuna.“ Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. ráðherra að útskýra þetta nánar. Ég næ ekki alveg hugsuninni á bak við þessa setningu, hvernig aðrir þjóðfélagshópar eiga að verða betur upplýstir um brotamennina.

Auðvitað tek ég undir það að með samfélagsþjónustu erum við að stefna inn á braut betrunar og því ber að fagna. Ég vil líka kalla eftir útskýringum á því hvers lags brot hér er um að ræða. Hvort verið er að tala um t.d. hraðaakstursbrot, ölvunarakstursbrot og önnur slík, það kemur ekki skýrt fram hér, og fá kannski nánari dæmi um þetta.

Það er annar liður sem mér finnst líka spurningarmerki við. Hann er um hvort það eigi að vísa þessu til Fangelsismálastofnunar. Ég mundi gjarnan vilja sjá þetta afgreitt inni í dómsmálakerfinu, að þar sé heimild til þess að dæma menn til þessarar þjónustu, að sjálfsögðu með þeirra samþykki, en ekki að það þurfi fyrst og fremst að leita eftir skriflegu áliti Fangelsismálastofnunar um þennan þátt. Það er hins vegar hægt að hafa þetta tvíþætt. Ef maður hefur verið dæmdur óskilorðsbundið þá eigi hann engu að síður þann kost að leita eftir breytingu á sínum dómi og breyta honum yfir í samfélagsþjónustu.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á fyrirspurn sem ég bar fram fyrr í vetur og varðaði málefni fanga. Þar var m.a. spurt hvort geðsjúkir menn væru vistaðir á Litla-Hrauni. Í svari ráðherra kom fram að svo væri. Ég vil einnig minna hann á sömu fyrirspurn þar sem spurt var hvort ákvæði 110. gr. heilbrigðisreglna nr. 140/1990 væri framfylgt, en þar er kveðið á um löglega stærð klefa. Kemur mjög skýrt fram í svari ráðherra að þar eru mannréttindi þverbrotin. Og síðast en ekki síst vil ég minna á að spurt var hvort tekið væri á vandamálum fíkniefnaneytenda í fangelsum. Kom einnig fram hjá ráðherra að slíkt væri ekki gert.

Ég vil inna ráðherra eftir því hvort nokkur hætta sé á að þessum málaflokkum seinki eða hvort þetta flýti fyrir að tekið verði á þessum málum. Einnig er nauðsynlegt að fá upp kostnað við þessa breytingu. Hvar menn hugsa sér að koma mönnum í vinnu. Hefur það verið kannað? Og hvort þetta er raunhæfur möguleiki eða ekki, sérstaklega með tilliti til þess að það er gert ráð fyrir að aðeins einn dómþoli megi vera á hverjum vinnustað.

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í frv. er um tilraun að ræða. Þetta á að gilda til 31. des. 1995 en tekur ekki gildi fyrr en 1. maí 1992. Ég tel að það sé vel tilraunarinnar virði að fara út á þessa braut en óska eftir svörum við þeim örfáu spurningum sem ég hef hér lagt fram. Þær eru vissulega miklu, miklu fleiri sem nefndin hlýtur að taka fyrir og leita svara við.

En í öllum meginatriðum lýsi ég stuðningi við frv.

Ég tel að það sé til bóta. Það muni styrkja fjölskyldubönd að ekki þurfi að taka menn út af heimilunum og stinga þeim í fangelsi. Það styður við einkalífið og leggur það ekki í rúst.

Hins vegar finnst mér mörkin, 20 klst. á mánuði, vera nokkuð lág þó ég geri mér grein fyrir að það er fyrirmynd annars staðar frá. Ef maður reiknar þetta niður í vinnu á dag þá kemur það fram að þetta nær ekki einni klukkustund á dag. Þykir mér það nokkuð vel sloppið.

Hæstv. forseti. Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Ég ítreka stuðning við tilgang frv. og vona að við getum orðið sáttir um það í nefndinni að veita því brautargengi.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér við 1. umr. og ekki síst þar sem um er að ræða tvo hv. þm. sem báðir eiga sæti í hv. allshn. Nokkur atriði komu fram í máli seinasta ræðumanns, hv. 5. þm. Vesturl., sem ég mun leitast við að svara.

Þar er fyrst að mörkin sem um er að ræða, lágmark 20 klst. miðaðar við heilan afplánunarmánuð, munu vera, eins og kom raunar fram í máli hv. þm., þau sömu hvarvetna í Evrópu þar sem þessum refsikosti er beitt. Ástæðan mun vera sú að það er talið að vart sé þess að vænta að hægt sé að vinna lengur miðað við einn mánuð til viðbótar venjulegum vinnudegi eða venjulegum skóladegi þannig að sæmandi sé. Það munu vera mörkin sem þarna er um að ræða.

Það er líka gert ráð fyrir 40 tímum að lágmarki sem refsikosti í frv. og ástæðan er sú að til þess að hafa jákvæð uppeldisleg áhrif á dómþolann þá geti vart um styttri tíma verið að ræða.

Hvar þessi þjónusta gæti verið innt af höndum hefur ekki verið athugað neitt sérstaklega enn þá. Eins og kemur fram í frv. þá yrði það verkefni Fangelsismálastofnunar að vinna að því. Yfirleitt munu það vera alls konar aðstoðarmannsstörf sem koma helst til greina í þessu sambandi.

Hv. 5. þm. Vesturl. minntist á þann möguleika að hægt væri að dæma til samfélagsþjónustu. Það er víða gert erlendis en líka er til þessi leið sem hér er valin samkvæmt frv. Einnig minntist hann á möguleikann á því að greiða laun. Það mun hvergi vera gert í þessu sambandi en kæmi vitaskuld til greina eins og er raunar í fangelsum.

Ég vænti að þetta gefi einhver svör við þeim spurningum sem fram voru lagðar en endurtek síðan, hæstv. forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 565.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi. Ég vek athygli á því að á dagskránni er einnig frv. til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem þetta varðar. Sömuleiðis treysti ég því að þingmenn hafi fengið sérstaka samantekt sem aðstoðarmaður minn, Jón Sveinsson, hefur tekið saman og gefur nokkuð glögga mynd af því hvernig þetta er nú með erlenda fjárfestingu og hvernig gert er ráð fyrir að verði ef frv. verður samþykkt.

Ég ætla fyrst að fara yfir nokkrar gildandi reglur og þær upplýsingar sem liggja fyrir um erlenda fjárfestingu hér á landi áður en ég kem að stöðunni nú og sérstaklega þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir. Gildandi lagaákvæði um heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi eru mjög ósamstæð að efni til. Auk þess eru þau á víð og dreif í lögum. Mjög erfitt er því að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Af þessum sökum hefur nokkur óvissa og skoðanamunur ríkt varðandi það hverjar séu heimildir erlendra aðila til fjárfestinga í atvinnugreinum sem sérstök lög hafa ekki verið sett um. Íslensk lagaákvæði fjalla með mismunandi hætti um möguleika erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hérlendis. Til einföldunar má greina á milli fjögurra meginatriða.

Í fyrsta lagi er um að ræða reglur um stofnun eða kaup erlendra aðila á fyrirtækjum á Íslandi, svo og reglur um setu erlendra ríkisborgara í stjórn fyrirtækja sem eru skráð og starfrækt hérlendis. Ákvæði þess efnis er fyrst og fremst að finna í hlutafélagalögum og í lögum um einstakar atvinnugreinar.

Í öðru lagi skipta máli reglur um kaup eða leigu rekstraraðila, einstaklinga og fyrirtækja á fasteignum.

Í þriðja lagi hafa reglur um fjármagnsgreiðslur til og frá landinu sérstaka þýðingu fyrir þessi fyrirtæki.

Í fjórða lagi geta ákvæði skattalaga breytt starfskjörum þessara fyrirtækja. Að öðru leyti vil ég vísa til yfirlits í grg. með frv. og þess samanburðar sem ég nefndi áðan. Ég hygg að það komi glöggt fram af því að þar er raunar um hinn mesta frumskóg að ræða og full þörf á að hreinsað sé til þó ekki væri annað.

Ég vil þá geta þess að að beiðni nokkurra þingmanna lagði ég fyrir Alþingi sl. vor skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Hún var tekin saman af mínum aðstoðarmanni en ekki vannst tími til að ræða hana á hinu háa Alþingi. Afar erfitt reyndist að safna slíkum upplýsingum þar sem enginn einn aðili sinnir gagnasöfnun á þessu sviði. Engin lög eða reglur skylda opinbera aðila til þess að hafa heildaryfirlit yfir slíkar fjárfestingar. Útilokað er t.d. að fá glöggar upplýsingar um hvort fyrirtæki hérlendis í eigu erlendra aðila að einhverju leyti hafi greitt út arð. Hlutafélagaskrá hefur til þessa ekki sinnt gagna-

söfnunarhlutverki af þessu tagi. Hjá hlutafélagaskrá hefur áherslan verið lögð á nýskráningu félaga en breytingar á eignaraðild ekki verið skráðar sérstaklega. Þannig geta erlendir aðilar keypt hlut í starfandi fyrirtækjum eða aukið þann hlut sem fyrir er án þess að slíkt sé skráð í hlutafélagaskrá.

Seðlabanki Íslands hefur nú nýlega hafið söfnun upplýsinga um erlenda aðila sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum. Þessi upplýsingaöflun bankans er nú í mótun. Dómsmrn. heldur aðeins yfirlit yfir eignaraðild erlendra aðila að fasteignum í samræmi við lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Þjóðhagsstofnun hefur ekki talið það vera sitt hlutverk að sinna skýrslusöfnun um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Eina undantekningin er sú að sumarið 1989 kom fyrirspurn frá Efnahags- og framfarastofnuninni í París um þátttöku erlendra fyrirtækja í íslenskum iðnaði og þeirri fyrirspurn leitaðist Þjóðhagsstofnun við að svara.

Í apríl 1990 tók Seðlabanki Íslands að minni beiðni saman yfirlit yfir erlenda aðila sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum. Þær upplýsingar, ásamt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar, voru kynntar í skýrslu minni, sem ég nefndi áðan, um fjárfestingu erlendra aðila hér og lögð var fram á þingi sl. vor. Ég hef nú látið endurvinna þessar upplýsingar svo sem kostur er og koma þær fram í töflum I–V sem fylgja með frv. Í töflu VI er jafnframt yfirlit dómsmrn. yfir eignaraðild erlendra fyrirtækja að fasteignum á tímabilinu 1970–1990. Í þeim gögnum sem fyrir liggja má sjá að umsvif erlendra aðila í íslensku atvinnulífi eru ekki umtalsverð enn sem komið er. Þá er að vísu ekki talin með sú stóriðja sem sérstök lög fjalla um, þ.e. Ísal og Járnblendifélagið sérstaklega.

Það má segja að þessi umsvif séu jafnvel lítil þó að gera megi ráð fyrir verulegu vanmati. Hins vegar bendir margt til þess að þessi umsvif geti farið vaxandi. Afar brýnt er að koma upplýsingaöflun í fast form þannig að unnt verði framvegis að fá góða heildarmynd af umsvifum erlendra aðila í íslensku atvinnulífi hverju sinni og þróun þeirra mála. Í þessu skyni virðist eðlilegt að fyrirtækjum verði gert skylt að tilkynna til einhvers opinbers aðila allar breytingar á eignaraðild útlendinga í viðkomandi fyrirtæki, hvort heldur er um að ræða hlutafélag eða annað rekstrarform. Nærtækast virðist að fela Seðlabanka Íslands þessa skýrslugerð með hliðsjón af því að þetta verk er þar þegar hafið og gerir frv. ráð fyrir því.

Frá því árið 1960, eða frá stofnun Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, hafa aðildarríki þeirrar stofnunar verið sammála um að stefna beri að sem mestu frelsi í viðskiptum með fjármagn, vöru og þjónustu. Stefna þessi byggir á því að með auknu frjálsræði í fjármagnsviðskiptum milli landa verði tryggð hámarksnýting þeirra framleiðslugæða sem hagsæld hvílir á. Samþykktir OECD um að stefnt skuli að frjálsum fjármagnshreyfingum taka bæði til beinna fjárfestinga, svo sem með hlutafjárkaupum sem og til óbeinnar fjárfestingar, t.d. með lánveitingum. Meginmarkmiðið er að svipað frelsi gildi um fjármagn og almennt þykir sjálfsagt í dag að gildi um viðskipti með vörur og þjónustu.

Þrátt fyrir frjálslynda stefnu í þessum efnum hafa aðildarríki OECD lagt á það áherslu í samþykktum sínum að ekki séu fyrir borð bornir almennir öryggishagsmunir þeirra né réttur til að standa við gerða samninga á alþjóðavettvangi.

Í kjölfar stefnuyfirlýsingar OECD og markvissra rannsókna á löggjöf í aðildarríkjum stofnunarinnar hafa aðildarríkin á undanförnum árum breytt löggjöf sinni og dregið úr takmörkunum á erlendum fjárfestingum. Að sama skapi hefur traust í alþjóðlegum fjárfestingum farið vaxandi.

Frá árinu 1989 hafa farið fram viðræður á milli fulltrúa EFTA-ríkjanna annars vegar og fulltrúa Evrópubandalagsins hins vegar um myndun sameiginlegs markaðssvæðis ríkjanna, eins og hv. alþingismönnum er kunnugt. Tengist hugmyndin fyrirhuguðum innri markaði Evrópubandalagsins, þar sem hömlur á viðskiptum milli bandalagsríkjanna með vöru, þjónustu og fjármagn skulu úr gildi felldar frá árslokum 1992 að telja og með þeim undantekningum sem kann um að semjast fyrir einstök lönd. Slíkt markaðssvæði, eða evrópska efnahagssvæðið, mundi byggjast á fríverslun með vörur og þjónustu og frjálsum flutningum fólks og fjármagns milli ríkjanna. Aftur legg ég áherslu á að einstök ríki eru þar með fyrirvara á nokkrum sviðum.

Frjálsum flutningum fólks innan evrópsks efnahagssvæðis, sem hefur verið skammstafað EES, mundi fylgja réttur til þess að festa kaup á fyrirtækjum og húsnæði sem þeim fylgir ásamt íbúðarhúsnæði. Frjálsum flutningi fjármagns fylgir réttur til hvers kyns fjárfestinga yfir landamæri, ef fylgt verður þeim reglum sem nú gilda innan Evrópubandalagsins.

EFTA-ríkin hafa gert ýmsa fyrirvara gagnvart fullu frelsi í fjárfestingum yfir landamæri og lúta þeir flestir að fjárfestingu í fasteignum og mikilvægum atvinnugreinum eða fyrirtækjum.

Íslendingar hafa m.a. lagt sérstaka áherslu á bann við fjárfestingum erlendra aðila á sviði fiskveiða og vinnslu á fiski, orkuvinnslu og varðandi fasteignakaup erlendra aðila, m.a. landakaup, sem ég kem að síðar, og ekki tengjast beint einhverjum ákveðnum atvinnurekstri. Hugtakið fiskveiðisvið hefur enn ekki verið skilgreint nánar af hálfu Íslendinga en í viðræðunum hefur því verið lýst yfir að það taki bæði til veiða og vinnslu. Þá hafa Íslendingar lýst því yfir að ef úr samningum verði þurfi þeir þriggja til fimm ára aðlögunartíma frá árslokum 1992 til þess að aðlaga löggjöf um innlánsstofnanir og vátryggingarstarfsemi að væntanlegri löggjöf evrópsks efnahagssvæðis. En í henni felst m.a. að fullt frelsi skal ríkja í slíkum rekstri milli ríkjanna innan EES, þ.e. gagnkvæmur rekstur til eignarhalds á bönkum og rekstur þjónustustarfsemi eins og vátryggingarstarfsemi. Þar hefur verið settur, eins og ég sagði, þessi fyrirvari um aðlögunartíma af hálfu okkar Íslendinga.

Varðandi fjárfestingu erlendra aðila í fasteignum hefur athygli beinst að reglum Evrópubandalagsins á því sviði en samkvæmt þeim er heimilt að setja ýms-

ar hömlur á eignar- og afnotarétt að landareignum að því tilskildu að þær mismuni ekki eftir þjóðerni. Þannig er unnt að setja ýmis almenn skilyrði um nýtingu jarða eins og gert er t.d. í íslenskum jarðalögum.

Ef úr stofnun evrópsks efnahagssvæðis verður má vera að taka þurfi til endurskoðunar síðar einhver þau ákvæði sem hér er lagt til að gildi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.e. að því er varðar borgara innan evrópsks efnahagssvæðis. Samt sem áður er afar brýnt að lögfesta frumvarpið sem fyrst því að núgildandi reglur eru sundurlausar og ósamstæðar og illa aðgengilegar til samanburðar við það sem erlendis gildir. Auk þess eru engar hömlur á því að slíkar reglur geti gilt gagnvart öðrum löndum heims ef við svo kjósum. Einhverja undantekningu eða breytingu yrði að gera gagnvart ríkjum innan evrópsks efnahagssvæðis. Raunar tel ég nauðsynlegt að samræmdar og skiljanlegar reglur gildi áður en sérstaklega er fjallað um heimildir erlendra aðila til fjárfestinga hér á landi í þeim samningum sem nú fara fram við EES.

Ég ætla þá, herra forseti, að rekja aðdraganda þessa frumvarps. Alþingi samþykkti 9. maí 1985 þingsályktun þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Ákveðið var að fela lögfræðingunum Birni Líndal og Hreini Loftssyni að taka saman skýrslu er hefði að geyma skilgreiningu hugtaksins og greinargerð um hvern þeirra þriggja meginþátta sem efnislega skiptu mestu máli við mörkun heildarstefnu varðandi erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi. Skýrslan var lögð fram á 109. löggjafarþingi 1986–1987. Í framhaldi af þeirri skýrslu skipaði ég starfshóp hinn 19. febr. 1986 „til þess að samræma lög og reglur sem hér á landi gilda um fjárfestingu erlendra aðila". Á 110. löggjafarþingi 1987–1988 lagði þáv. forsrh. síðan fram frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi sem samið var af nefnd undir formennsku Baldurs Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns.

Í frumvarpinu var tvennt haft að leiðarljósi. Í fyrsta lagi nauðsyn á að samræma lagareglur um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri, en gildandi ákvæði þar að lútandi eru bæði sundurlaus og ósamstæð eins og ég hef ítarlega bent á. Í öðru lagi var höfð að leiðarljósi sú pólitíska stefnumörkun sem fram kom í starfsáætlun þáv. ríkisstjórnar um markmið endurskoðunar og samræmingar á reglum um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Fyrir þessu frumvarpi var hins vegar ekki mælt á Alþingi og lítil umræða hefur því farið fram um efni þess.

Í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar segir m.a. að athafnafrelsi einstaklinga og félaga verði meginregla í atvinnumálum og frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Jafnframt segir, með leyfi forseta:

„Unnið verður að því að endurskoða lög og reglur til þess að búa íslenskum fyrirtækjum starfsskilyrði sem eru sambærileg við það sem samkeppnisaðilar þeirra erlendis njóta."

Hinn 7. des. 1989 skipaði ég því nefnd til þess að yfirfara og endurskoða frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi sem lagt var fram á 110. löggjafarþingi, eins og ég hef áður nefnt. Í nefndina voru skipaðir Jón Sveinsson, aðstoðarmaður minn, sem var formaður, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri, Heimir Hannesson lögmaður og Ragnar Arnalds alþingismaður.

Í starfi sínu byggði nefndin eins og fyrr segir á fyrra frumvarpi og upplýsingum í framkomnum skýrslum á Alþingi um fjárfestingu erlendra aðila.

Við endurskoðun og samræmingu lagaákvæða á þessu sviði koma tvær aðferðir til greina. Annars vegar sú aðferð að leitast við að samræma efnisákvæði hinna einstöku laga, en láta þá skipan haldast eftir sem áður að ákvæði um erlenda fjárfestingu sé að finna á víð og dreif í einstökum lögum. Hin aðferðin felur í sér að sett verði almenn löggjöf um erlenda fjárfestingu þar sem verði að finna meginreglur á þessu sviði og breyta síðan einstökum sérlögum í samræmi við þær meginreglur.

Nefndin valdi síðari kostinn. Réði þar úrslitum að með því næst betri samræming á efnisreglum, betri yfirsýn yfir gildandi rétt á þessu sviði og betri möguleikar til að fylgjast með erlendri fjárfestingu hér á landi.

Eins og ég gat um áðan er samhliða frumvarpi þessu flutt fylgifrumvarp sem tekur til breytinga á einstökum lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og ekki eru í samræmi við þær grundvallarreglur sem frumvarp þetta byggir á. Þetta þarf nauðsynlega að fara saman í gegnum Alþingi og ætla ég, ef forseti leyfir, að lýsa því lítillega hér á eftir þó að það sé ekki komið til umræðu.

Síðastliðið sumar sendi nefndin mörgum áhuga- og hagsmunaaðilum drög að frumvörpunum tveimur til umsagnar. Bárust ýmsar þarfar athugasemdir sem nefndin hefur tekið tillit til. Ég kem þá að helstu ákvæðum þessa frumvarps.

Í frumvarpinu er lagt til að aukið samræmi verði tryggt í þeim reglum er um fjárfestingar erlendra aðila gilda og í því skyni hafa verið kannaðar ítarlega þær reglur sem í gildi eru í hinum margvíslegu atvinnugreinum. Þá er í frumvarpinu gerð tilraun til að skilgreina nokkur hugtök sem þýðingu hafa á sviði erlendrar fjárfestingar. Verður þannig að finna á einum stað lagaumgjörð um réttarstöðu erlendra fjárfestingaraðila.

Frumvarpið byggir á þeirri stefnu að full yfirráð Íslendinga verði tryggð yfir náttúruauðlindum lands og sjávar. Auk þess geymir frumvarpið nokkrar aðrar takmarkanir á erlendum fjárfestingum hér á landi. Helstu takmarkanir eru á sviði fiskveiða, fiskvinnslu og vegna virkjunarréttinda vatnsfalla og jarðhita. Þá eru skorður reistar við aðild erlendra aðila að viðskiptabönkum, flugrekstri og til kaupa á fasteignum hér á landi. Auk þess er erlend fjárfesting í vissum tilvikum háð leyfi. Með frumvarpi þessu er þó almennt lagt til að um verulega rýmkun verði að ræða varðandi rétt erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt er lögð áhersla á eftirlit með erlendri fjárfest-

ingu og þeir erlendir aðilar, sem hér fjárfesta, lúti í einu og öllu íslenskum lögum, þar á meðal skattalögum og lögsögu íslenskra dómstóla.

Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er stigið mikilvægt skref í þá átt að erlent áhættufé geti í ríkara mæli komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnurekstrar hér á landi. Frumvarpið mun því, ef að lögum verður, hafa mikilvæg áhrif á vaxtar- og þróunarskilyrði atvinnufyrirtækja innan fjölmargra atvinnugeina. Auknir möguleikar innlendra fyrirtækja til samvinnu við erlenda aðila, einkum í framleiðslu- og útflutningsgreinum, geta skapað ný tækifæri sem leitt geta til aukinnar verðmætasköpunar innan lands og þar af leiðandi til aukinnar hagsældar þjóðarbúsins í heild, svo sem vegna aukinna skatttekna, hærri vinnulauna, aukinnar þekkingar og lækkaðs verðlags svo að eitthvað sé nefnt. Er og vert að hafa hugfast í þessu sambandi að fáar þjóðir eru svo háðar utanríkisverslun sem við Íslendingar. Einnig fer í vöxt að íslenskir aðilar reki og taki þátt í atvinnufyrirtækjum í öðrum löndum.

Á hitt ber þó jafnframt að líta að þótt heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi verði rýmkaðar er ekki þar með sagt að vænta megi mikils áhuga erlendra aðila. Hér eru ekki í boði neinir sérstakir fjárfestingarhvatar eins og víða annars staðar, heimamarkaðurinn er lítill og fjarlægðir frá öðrum mörkuðum verulegar. Þó er það sannfæring mín að áhugi erlendra aðila til að fjárfesta hérlendis muni fara vaxandi, m.a. eftir því sem orka hækkar í verði og sömuleiðis á ýmsum nýjum sviðum, ef ég má orða það svo, sem tengjast gæðum, umhverfinu, hreinleikanum, þekkingu, vel menntuðu fólki o.s.frv., ef rétt er haldið á málum gagnvart slíkum oft smærri fyrirtækjum og ekki einblínt á þau sem stærst eru.

Verði frumvarp þetta að lögum ættu þó a.m.k. ekki lagalegir óvissuþættir og hindranir að þurfa að standa í vegi fyrir fjárfestingu erlendra aðila í sama mæli og til þessa, sé áhugi þeirra á annað borð fyrir hendi.

Þá ætla ég að víkja að einstökum greinum frumvarpsins. Í 1. gr. er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Samkvæmt greininni eiga lögin að gilda um fjárfestingu erlendra aðila, sbr. nánari skilgreiningu á fjárfestingu og erlendum aðilum í 2. gr., en ekki um venjulegar lánveitingar eða aðra fjármagnsflutninga erlendra aðila til landsins sem ekki tengjast eignar- eða rekstraraðild þeirra að atvinnurekstri hér á landi. Þá tekur frumvarpið einnig til fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, en ekki til annarrar hugsanlegrar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Frumvarpið gildir um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, nema annað leiði af sérákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim. Með orðunum „hér á landi" er átt við í íslenskri lögsögu.

Í 2. gr. eru helstu hugtökin skilgreind. Eins árs búseta einstaklings hér á landi og heimili lögaðila eru lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hver teljist vera erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Þannig telst t.d. íslenskur ríkisborgari sem á lögheimili erlendis vera erlendur aðili. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem fylgt er hjá Efnahags- og framfarastofnuninni þar sem áhersla er lögð á búsetuna en ekki þjóðernið. Til erlends aðila telst þó íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum, en þá er átt við að erlendur aðili eða aðilar eigi meiri hluta fyrirtækisins eða fari með meiri hluta atkvæðisréttar í því þótt minnihlutaeigandi sé eða hafi með öðrum hætti, svo sem með stjórnunarsamningi, raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki. Með því að skilgreina íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum sem erlent er leitast við að girða fyrir að erlendur aðili geti farið bakdyramegin inn á svið þar sem fjárfestingu erlendra aðila eru skorður settar. Ef svo væri ekki gæti erlendur aðili fyrst stofnað eða fjárfest í atvinnufyrirtæki hér á landi sem þar með teldist íslenskur aðili og það fyrirtæki síðan fjárfest á öðrum umræddum sviðum eins og í sjávarútvegi. Sé hins vegar um að ræða íslenskt atvinnufyrirtæki sem íslenskur aðili eða aðilar hafa yfirráðarétt yfir þótt erlendir aðilar eigi jafnframt hlut í því eru ákvæði frumvarpsins ekki því til fyrirstöðu að slíkt fyrirtæki fjárfesti í öðrum atvinnufyrirtækjum hér á landi.

Í 3. gr. kemur fram sú meginstefna frumvarpsins að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum einum sem af öðrum ákvæðum frumvarpsins og ákvæðum sérlaga leiðir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt. Af ákvæðum ýmissa annarra laga leiðir að á sumum sviðum er í reynd útilokað fyrir erlenda aðila að fjárfesta. Sem dæmi má nefna að samkvæmt áfengislögum, póstlögum og lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins hafa tiltekin ríkisfyrirtæki einkarétt til starfrækslu á viðkomandi sviðum. Fjárfesting erlendra aðila er þó með sama hætti og fjárfesting íslenskra aðila háð því að almennum lagaskilyrðum sé fullnægt, enda verða erlendir aðilar sem reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni sem og íslensk atvinnufyrirtæki með erlendri eignaraðild í einu og öllu háð íslenskum lögum og reglum og lúta lögsögu íslenskra dómstóla að því er varðar starfsemina hér á landi eins og ég hef reyndar þegar nefnt.

Í niðurlagi greinarinnar er settur sá almenni fyrirvari að íslenskir aðilar njóti ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki þess aðila sem hér óskar að fjárfesta.

Í 4. gr. frumvarpsins eru ýmsar veigamiklar undantekningar frá meginreglu 3. gr. Þær takmarkanir, sem þar eru ákveðnar, eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi eru lagðar fyrir fram hömlur við fjárfestingu erlendra aðila á tilteknum sviðum. Í öðru lagi verður tiltekin fjárfesting háð leyfi ráðherra. Og í þriðja lagi getur ráðherra í sérstökum tilvikum stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu.

Verður nú vikið nánar að sérhverjum lið 4. gr.

Í 1. tölul. er vísað til laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, að því er varðar efnisregluna um það hverjir stunda megi fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Samkvæmt þessum lögum mega íslenskir ríkisborgarar einir reka fiskveiðar í landhelgi við Ísland og má

aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna. Tekið er fram að íslenskir kallist þeir bátar eða skip sem íslenskir ríkisborgarar eiga einir. Þrátt fyrir þessa meginreglu mega erlendir ríkisborgarar skv. 11. gr. laga nr. 33/1922 eiga í hlutafélögum sem fiskveiðar stunda í landhelgi, svo lengi sem meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenskra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi og stjórn þess er skipuð íslenskum ríkisborgurum, enda sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur hér á landi.

Í a-lið 1. gr. fylgifrumvarpsins er gerð tillaga um nokkrar breytingar á lögum nr. 33/1922 og eru þær mikilvægar. Eru þessar breytingar þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að úr gildi verði numin heimild erlendra aðila til að eiga allt að helmingi hlutafjár í útgerðarhlutafélögum. Er með því leitast við að laga löggjöfina að þeirri stefnumörkun að þrátt fyrir rýmkun á heimildum erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri skuli tryggt að ekki aðrir en íslenskir aðilar nái tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar. Þetta er því mjög mikilvæg breyting gagnvart eignarheimildum í sjávarútvegi. Í 1. tölul. er því skýrt tekið fram að heimild til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands er bundin við íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Í öðru lagi er með b-lið 1. gr. fylgifrumvarpsins gerð tillaga um þá breytingu á lögum nr. 33/1922, að í stað þess að miða við að þeir bátar og þau skip teljist íslensk í skilningi laganna sem íslenskir ríkisborgarar einir eiga sé við það miðað að þeir bátar og þau skip teljist íslensk sem skráð eru hér á landi. Ræðst það þá af skilyrðum laga um skráningu skipa á hverjum tíma, sbr. 24. gr. fylgifrumvarpsins. Í þriðja lagi er lagt til að niður falli 8. og 11. gr. úr lögum nr. 33/1922, bæði vegna þess að tillaga er gerð um að niður verði felld heimild erlendra aðila til eignaraðildar að útgerðarfélögum og vegna þess að þau hafa gefið tilefni til lagaóvissu um það hvort erlendir aðilar mættu reka eða eiga hlut í fiskvinnslu hér á landi.

Í 2. tölul. er lagt til að öðrum en íslenskum ríkisborgurum sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðilum sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis skuli óheimilt að eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða. Í greininni er ítarlega lýst hvað felst í orðunum „vinnsla sjávarafurða".

Fiskiðnaður Íslendinga er viðkvæm atvinnugrein í harðri erlendri samkeppni og hún byggist á fullnýttum auðlindum sjávar. Því þykir rétt að setja fjárfestingarheimildum erlendra aðila í vinnslu sjávarafurða nokkrar skorður.

Samkvæmt skilgreiningu greinarinnar á „vinnslu sjávarafurða" er erlendum aðilum hins vegar heimilt að taka þátt í atvinnurekstri á sviði útflutnings á ferskum fiski og vinnslu í neytendaumbúðir svo nokkuð sé nefnt.

Þetta er einnig mjög mikilvæg grein og ég vil aðeins undirstrika það, af því að mér fannst það ekki koma nógu glöggt fram, að öðrum en íslenskum ríkisborgurum sem eiga lögheimili hér á landi er óheimilt að reka hér frumvinnslu í sjávarútvegi sem er raunar skilgreint sem vinnsla sem forðar fiski frá skemmdum.

Í 3. tölul. er lagt til að virkjunarréttur vatnsfalla og jarðhita annarra en til heimilisnota verði eingöngu bundinn við íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og íslenska lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að fullu í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér. Erlendir aðilar eiga þess því ekki kost að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum á þessu sviði.

Samkvæmt 4. tölul. er eignaraðild erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi bundin við 49% að hámarki. Nauðsynlegt þykir a.m.k. fyrst um sinn að tryggja full yfirráð íslenskra aðila í flugrekstri hérlendis og milli landa, enda er sá þáttur þýðingarmikill í eðlilegum og nauðsynlegum flutningum bæði innan lands og til og frá landinu. Sveiflur í flugrekstri geta verið miklar og því nauðsynlegt að stjórnvöld geti ráðið því hversu mikil þátttaka erlendra aðila verður í einstökum fyrirtækjum á þessu sviði. Sömu sjónarmið eiga hins vegar ekki að öllu leyti við hvað farmflutninga á sjó varðar enda sá rekstur yfirleitt stöðugri og ekki háður eins miklum sveiflum. Takmarkanir á því sviði eru því ekki lagðar til í frumvarpi þessu.

Í 5. tölul. er lagt til að aflétt sé hinu algjöra banni viðskiptabankalaganna við erlendri eignaraðild, en samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í hlutafélagsbanka megi þó á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans.

Sú takmörkun, sem í töluliðnum felst, tekur einvörðungu til hlutafélagsbanka. Hún nær hins vegar ekki til annarra fyrirtækja á íslenskum fjármagnsmarkaði, svo sem verðbréfafyrirtækja, fjárfestingarfyrirtækja, fjármögnunarleiga og greiðslukortafyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu gæti aðild erlendra aðila að slíkum fyrirtækjum á hinn bóginn takmarkast af ákvæðum annarra töluliða 4. gr.

Til viðbótar framangreindu er gert ráð fyrir því að erlendum hlutafélagsbönkum verði heimilt að setja upp útibú hér á landi. Rétt þykir að miða slíka heimild við 1. jan. 1992 svo að hæfilegur tími gefist til aðlögunar. Einnig þarf fyrir þann tíma að breyta viðskiptabankalögum í þessa átt. Í fylgifrumvarpi er ekki gert ráð fyrir slíkri breytingu.

Hér er því um verulega rýmkun á starfsemi erlendra banka að ræða hér á landi þó að rétt þyki að takmarka fyrst um sinn eignaraðild þeirra að innlendum hlutafélagsbönkum. En að sjálfsögðu geta útibú frá sterkum erlendum bönkum verið eins mikilvæg á íslenskum markaði eða jafnvel mikilvægari en aðild slíkra banka að innlendum bönkum.

Í 6. tölul. er lagt til að sérstakt leyfi viðskrh. þurfi til þess að erlent ríki eða fyrirtæki í eigu erlends ríkis geti og megi fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Fyrir þessari skipan eru þau rök að áhugi erlends ríkis til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi getur stafað af öðru en voninni um fjárhagslegan ávinning af slíkri

fjárfestingu. Þykir því rétt að tækifæri gefist til að skoða hvert tilvik sérstaklega.

Í 7. tölul. er sleginn ákveðinn varnagli að því er varðar umfang fjárfestinga einstakra erlendra aðila hér á landi og í heild.

Sérstakt leyfi viðskrh. þarf til þess að heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra aðila geti farið fram úr 200 millj. kr. á ári hverju. Gildir þá einu hvort fyrirhuguð fjárfesting felur í sér meirihlutaeign eða minnihlutaeign í viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ekki er ástæða til að ætla að oft muni að vænta erlendrar fjárfestingar af þeirri stærðargráðu sem í töluliðnum greinir nema í sérstökum tilfellum sem þá er um fjallað í sérstökum lögum eins og orkufrekan iðnað. Hér er á því byggt að eðlilegt sé að gæta vissrar varfærni þegar stærri fjárfesting er annars vegar.

Þá er jafnframt talið eðlilegt a.m.k. fyrst í stað að binda fjárfestingu erlendra aðila við 25% að hámarki í heild í tilteknum atvinnugreinum, þ.e. í iðnaði, öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi. Ástæðulaust er að óttast um hlut erlendra aðila í sjávarútvegi, m.a. vegna þeirra takmarkana sem fram koma í 1. og 2. tölul. 4. gr. og landbúnaði vegna þeirra takmarkana sem fram koma í lögum um landbúnaðarmál. Með heildarfjárfestingu er átt við áætlaða fjárfestingu í viðkomandi atvinnugrein samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar hverju sinni.

Í 8. tölul. er kveðið á um það hvernig með skuli fara ef erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni, en ekki með aðild að íslensku atvinnufyrirtæki. Greint er á milli þess hvort um er að ræða erlendan einstakling, erlent hlutafélag eða annan erlendan lögaðila.

Í 1. mgr. 9. tölul. er tekið fram að erlendur aðili megi öðlast eignarréttindi og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni enda sé farið að lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966. Samkvæmt þeim lögum þarf sérstakt leyfi dómsmrh. til þess að erlendir aðilar eða íslenskir lögaðilar með erlendri félagsaðild eða eignaraðild umfram tiltekið eignarhlutfall geti eignast eða fengið afnotarétt af fasteign. Þetta er afar óþjált og að mörgu leyti óeðlileg skipan þegar í hlut eiga aðilar sem rétt hafa til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í viðkomandi atvinnustarfsemi og er því lagt til að þetta verði afnumið.

Í 8. gr. fylgifrv. er því lögð fram sú breyting í fyrsta lagi að lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár nægi til þess að geta öðlast eignarrétt eða afnotarétt á fasteignum hér á landi. Er lögheimili hérlendis í samfellt fimm ár lagt að jöfnu við ríkisborgararétt í þessu efni. Í öðru lagi getur ráðherra veitt leyfi þótt um sé að ræða aðila sem ekki fullnægja almennum skilyrðum ef viðkomandi aðili hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt á fasteign til eigin nota og/eða til notkunar í atvinnustarfsemi, enda fylgi fasteigninni einungis venjuleg lóðarréttindi. Eftir sem áður þarf leyfi dómsmrh. til þess að framangreindur aðili geti eignast eða nýtt önnur fasteignaréttindi svo sem vatns- og veiðiréttindi. Með venjulegum lóðarréttindum er átt við leigu- eða eignarlóðir sem opinberir aðilar, sveitarfélög eða einkaaðilar láta af hendi undir húseignir til einkanota eða atvinnurekstrar.

Þar sem rísa kunna álitamál um það hvenær fasteignarréttindi eru undanþegin leyfi á grundvelli þessa ákvæðis er kveðið svo á að öll heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi skuli lögð fyrir dómsmrn. Öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áliti sínu. Er þessi aðferð jafnframt nauðsynleg til þess að halda gott yfirlit yfir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi hvað fasteignir og réttindi þeim tengd varðar.

Gera verður jafnframt ráð fyrir því að erlendir aðilar geti eignast fasteignir og önnur eignarréttindi á uppboði eða við nauðasamninga sem veðhafi. Eignarréttindi, sem erlendum aðila er óheimilt að eiga, geta þannig komist í hans hendur. Í 2. mgr. 9. tölul. er því tekið fram að við slíkar aðstæður skuli hinn erlendi aðili selja eignina svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að eignin komst í hans eigu. Með öðrum eignarréttindum er átt við eignir og réttindi sem upp eru talin í 4. gr. frumvarpsins og takmarkanir eru bundnar við.

Í 1. mgr. 5. gr. er lagt til að öll erlend fjárfesting verði tilkynningarskyld til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir.

Í 2. mgr. 5. gr. er lögð sú skylda á Seðlabanka Íslands að birta opinberlega fyrri hluta hvers árs upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi næsta ár á undan svo og upplýsingar um heildarfjárfestingu erlendra aðila hérlendis eftir atvinnugreinum.

Í 3. mgr. 5. gr. er tekið fram að gjaldeyriseftirlitið hafi sams konar rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila og það hefur samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Í 6. og 7. gr. frumvarpsins er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í lögum um rétt erlends fjárfestingaraðila til innflutnings á erlendu fjármagni vegna fjárfestingar og yfirfærslu þess í íslenskar krónur, um tilkynningarskyldu slíkra fjármagnsflutninga og um rétt aðila til að flytja arð og söluandvirði eða annað endurgreiðsluverð úr landi að nýju.

Í 8. gr. frumvarpsins er sett fram sú meginregla að framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum skuli eiga lögheimili hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskrh. getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Samkvæmt 9. gr. mun viðskrh. fara með leyfisveitingar og annast eftirlit með framkvæmd laganna ef frumvarpið verður að lögum, að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveiting er ekki samkvæmt ákvæðum frumvarpsins beinlínis falið öðrum. Öll rök hníga að því að eftirlit með hvers kyns erlendri fjárfestingu, leyfisveitingar og vald til að stöðva tiltekna

erlenda fjárfestingu heyri undir einn ráðherra þegar ein fjárfestingarlög koma í stað ákvæða í mörgum og mismunandi lögum. Með því að gjaldeyris- og viðskiptamál falla undir viðskrh. er lagt til að hann fari með yfirstjórn mála sem varða erlenda fjárfestingu.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. er lagt til að viðskrh. geti gripið inn í og bannað erlendum aðila að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi ef viðkomandi aðili hefur verið sviptur réttindum til að stunda atvinnurekstur með dómi í öðru ríki. Sömu heimild hefur viðskrh. ef íslenskir aðilar njóta ekki sambærilegra réttinda til fjárfestinga í heima- eða upprunaríki hins erlenda aðila.

Í 1. mgr. 10. gr. er lagt til að sérstök nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, verði viðskrh. til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt frumvarpinu og umsagnaraðili um einstök mál. Lagt er til að nefndin verði skipuð fimm mönnum kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi eftir hverjar almennar þingkosningar. Á sama hátt skulu kosnir jafnmargir varamenn. Viðskrh. skipar síðan formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. þarf nefndin að hafa komist að þeirri niðurstöðu að nánar tilgreind skilyrði séu fyrir hendi til þess að viðskrh. geti stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu. Stöðva má tiltekna fjárfestingu ef hún er talin ógna öryggi landsins, skerða verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða ef hún er á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu. Þessu ákvæði er ætlað að vera ákveðinn öryggisventill vegna fjárfestingar erlendra aðila sem hættuleg kann að þykja eða óæskileg, en er hvorki bönnuð né háð leyfi ráðherra samkvæmt ákvæðum laga. Ógnun við öryggi landsins getur bæði falið í sér ógnun við innra og ytra öryggi þess. Með verulegri skerðingu á samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein er fyrst og fremst átt við tilvik sem ætla má að gangi þvert á löggjöf um auðhringa og hringamyndanir, ef sett verða. Lagt er til að viðskrh. geti því aðeins stöðvað erlenda fjárfestingu á grundvelli þessa töluliðar að fyrir liggi álit nefndar um erlenda fjárfestingu, um að skilyrði fyrir beitingu stöðvunarheimildar séu fyrir hendi.

Til þess að erlendir aðilar þurfi ekki að vera lengi í óvissu um það hvort tiltekin fjárfesting nær fram að ganga er tekið fram að það sé skilyrði fyrir stöðvun fjárfestingar að ákvörðun þar að lútandi sé kunngerð innan átta vikna frá því að réttum stjórnvöldum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Samkvæmt 11. gr. er viðskrh. heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Í 12. gr. er lagt til að brot gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Meðal brota gegn lögunum má nefna að ekki sé tilkynnt um erlenda fjárfestingu eða fjármagnsflutninga vegna hennar, að ekki séu virtar fjárfestingartakmarkanir 4. gr. og að leyfis viðskrh. sé ekki leitað til erlendrar fjárfestingar þegar skylt er. Refsiábyrgðin getur eftir atvikum og almennum reglum ýmist legið hjá erlendum og/eða innlendum aðilum.

Ég ætla, með leyfi herra forseta, að hlaupa yfir fylgifrv., ef því er ekki andmælt, það tekur ekki langan tíma enda hef ég víða komið inn á ákvæði þess og þarf því ekki að flytja um það sérstaka framsögu þegar það verður tekið fyrir.

Eins og ég hef áður sagt þá er þetta fylgifrv. flutt til að breyta ýmsum ákvæðum í hinum ýmsu gildandi lögum um erlenda fjárfestingu.

Breytingar frumvarpsins miða að því að rýmka ákvæði gildandi laga hvað snertir fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri í samræmi við meginreglurnar í því aðalfrumvarpi sem ég hef þegar mælt fyrir. Er í mörgum tilfellum þá vísað til aðalfrumvarpsins og raðað upp í aldursröð laga.

Meginhugsun frumvarpsins er sú að lögheimili erlends ríkisborgara í eitt ár hér á landi er lagt að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt. Fimm ára regla er þó sett hvað varðar eignarhald og afnotarétt á fasteignum þó víkja megi frá henni í undantekningartilvikum.

Erlendur ríkisborgari, sem er búsettur hér á landi, er því ekki erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Þar sem búseta, en ekki ríkisfang, er samkvæmt frumvarpinu lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hvort einstaklingur telst erlendur aðili eða ekki er rökrétt að einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, sitji að því er varðar rétt til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi við sama borð óháð ríkisfangi. Þessu er þó í reynd mjög misjafnlega háttað. Stundum er íslenskur ríkisborgararéttur einstaklings óundanþægt skilyrði fyrir því að hann megi stunda tiltekna atvinnustarfsemi þótt hún sé ekki háð leyfi eða skilyrði fyrir því að hann geti fengið löggildingu eða leyfi til að stunda viðkomandi starfsemi. Í öðrum tilfellum er í gildandi lögum krafist íslensks ríkisfangs, en það skilyrði samt undanþægt, sbr. t.d. skilyrði fyrir iðnaðarleyfi og verslunarleyfi. Loks er um að ræða ýmis svið þar sem það er ekki skilyrði fyrir rétti til sjálfstæðra starfa eða starfrækslu að viðkomandi einstaklingur eða leyfishafi sé íslenskur ríkisborgari. Nefna má leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, leyfi til reksturs veitinga- eða gististaðar og skilyrði til að starfa sem læknir, tannlæknir, verkfræðingur, tæknifræðingur, löggiltur endurskoðandi og sálfræðingur. Þannig eru gildandi lög afar breytileg og jafnvel ekki í fullu samræmi.

Í þessu frumvarpi er hvorki lagt til að ríkisfangsskilyrði verði afnumin í þeim fjölmörgu lögum þar sem þau er nú að finna né lagt til að þau verði tekin upp þar sem þau eru ekki gerð, enda má vera að misræmi það sem nú ríkir styðjist stundum við gild sjónarmið. En í 2.–4., 6., 9., 11., 12., 13., 14., 15., 17., 18., 19., 21., 23., 25., 26. og 27. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að við þau lög, sem þar eru greind, bætist ákvæði þess efnis að erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi samkvæmt skilgreiningu laga um lögheimili, nr. 21 5. maí 1990, og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skuli vera undanþeginn skilyrði því um íslenskt ríkisfang sem kann að vera annars staðar að finna í lögum. Þótt erlendur ríkisborgari, sem hér er búsettur, verði þannig í sumum tilvikum undanþeginn ríkisfangsskilyrði þarf hann að sjálfsögðu eftir sem

áður að fullnægja öðrum lagaskilyrðum sem er að finna í lögum.

Ég hef áður lýst þeim sjónarmiðum sem liggja að baki 1. gr. og 5. gr. frv. og varða fiskveiðar og fiskvinnslu, svo og 8. gr. er tekur til eignar- og afnotaréttar á fasteignum. Þá er lagt til að ýmsum lögum verði framvegis vísað til fjárfestingarlaganna hvað erlenda fjárfestingu snertir. Má þar nefna 10., 16., 20. og 22. gr. í þessu efni.

Sérstök ástæða er hins vegar til að vekja athygli á 7. og 24. gr. er fjalla um skrásetningu skipa og loftfara. Í 7. gr. er lögð til sú breyting að rétt til að skrásetja eigin loftfar hér á landi sem íslenskt loftfar hafa íslenskir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar sem eiga heimili hér á landi. Með heimili lögaðila hér á landi er átt við fyrirtæki sem skráð er hérlendis og á hér varnarþing. Íslenskur lögaðili getur hins vegar verið í eigu erlendra aðila.

Tekið er fram að réttur til skrásetningar loftfars hér á landi sé þó háður ákvæðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Samkvæmt 4. tölul. 4. gr. aðalfrumvarpsins er eignaraðild erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi bundin við 49% að hámarki. Loftfar í eigu erlends aðila, sem ætti meira en 49%, fengist því ekki skráð hér á landi.

Í 1. mgr. 24. gr. er lögð til sama breyting hvað varðar skráningu skipa og fram kemur í 7. gr. um skráningu loftfara.

Tekið er skýrt fram í 2. mgr. 24. gr. að óheimilt er þó að skrá fiskiskip hér á landi, nema þau séu í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Eru þessi sjónarmið í samræmi við þær meginhugmyndir sem fram koma í aðalfrumvarpinu, um að standa beri vörð um fiskveiðar og helstu auðlindir þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég hef talið nauðsynlegt að flytja um þetta frv. allítarlega framsögu og m.a. að koma hér með allumfangsmiklar lagaskýringar. Hér er um verulegar breytingar á gildandi lögum að ræða, mjög mikilvægar breytingar og nauðsynlegt að skýrt komi fram hér í meðferð Alþingis hvernig þessar breytingar eru túlkaðar. Ég veit að um þetta frv. eru skiptar skoðanir. Þó hefur verið leitast við að rata meðalveginn. Sumir telja eflaust að hér sé ekki nægilega opnað fyrir erlenda fjárfestingu og æskilegt að fá meiri aðild erlendra að atvinnurekstri hér á landi. Aðrir munu telja of langt gengið. Ég tel að skynsamlegt sé að fara nokkuð rólega af stað og rýmka þá heldur síðar þegar reynsla fæst. Ég vek athygli á því að í fjölmörgum greinum er reyndar rýmkað mjög.

Ég hef sagt í minni framsögu að það er afar nauðsynlegt að þessi frv. verði að lögum áður en lokaumræða um evrópskt efnahagssvæði verður. Eins og íslensk lög eru nú og eins og glöggt hefur komið fram af því sem ég hef farið með eru þau afar óskýr og reyndar erfitt að gera grein fyrir takmörkunum þeirra og a.m.k. erfitt að semja um þær undanþágur sem við viljum hafa. Ég sagði líka áðan að það kann að vera að sumu þurfi að breyta. Ég er hins vegar sannfærður um að þau ákvæði sem hér eru og varða okkar meginfyrirvara, þ.e. að halda náttúruauðlindum landsins í eigin höndum, munu halda. Þau munu halda m.a. af þeirri einföldu ástæðu að fiskveiðar og frumvinnsla á fiski, og reyndar fiskur, er ekki í samningum um evrópskt efnahagssvæði. Um það hyggjumst við gera sérstakan samning, annaðhvort sem ákvæði við samninginn um evrópskt efnahagssvæði eða sérsamning okkar Íslendinga. Það hefur engin krafa komið fram um að heimiluð verði erlend fjárfesting í fiskveiðum hér á landi. Sama hygg ég að megi örugglega segja um orkulindir. Þar gilda almennar reglur. Það er eingöngu ríkisvaldið sem hefur rétt til að virkja og því er ekki mótmælt. Borgurum hins evrópska efnahagssvæðis er ekki mismunað.

Svo er jafnframt eins og kom fram gert ráð fyrir því í okkar fyrirvörum að aðlögunartími fáist eins og t.d. í fjármagnsflutningum og ýmiss konar þjónustustarfsemi á því sviði. Það er frekar í hinum almennu iðngreinum sem settar eru takmarkanir, eins og t.d. um eins árs dvöl hér á landi sem kann að vera að einhver ágreiningur verði um í þeim samningum sem ég hef hér nefnt.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að kl. 3.30, eftir 6 mínútur, er boðaður fundur í utanrmn. þar sem ég á sæti, mjög mikilvægur fundur að því er mér er sagt. Auk þess finnst mér þessi fundur mjög mikilvægur og ég hef ákveðið að taka þátt í þessari umræðu. Ég óska því eftir að gert verði hlé á umræðunni meðan á fundi utanrmn. stendur til þess að ég geti tekið þátt í þessari umræðu. Auk þess tel ég mjög nauðsynlegt að utanrrh. gefist tækifæri til að taka þátt í umræðunni þar sem óneitanlega kemur hluti af því sem við ræðum hér inn á hans verksvið.

Þetta vildi ég fara fram á, virðulegur forseti.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég er reyndar næstur á mælendaskrá og vil taka það fram að mér finnst afar slæmt að slíta þurfi umræðu eins og þessa í sundur jafnmikilvæg og hún er, ekki síst vegna þess að það skuli gerast að haldinn er fundur í þingnefnd á venjulegum þingtíma.

Mér er hins vegar ljóst að fundur í hv. utanrmn. mun vera um mikilvægt málefni og tel þess vegna eðlilegt að á það sé fallist að þessari umræðu sé frestað. Ég hef í viðræðum mínum við hæstv. viðskrh. fallist á það að hann taki hér til máls örstutt til kl. 3.30 og komi fram fyrir mig á mælendaskránni. Hann þarf síðan að víkja af fundi og þess vegna finnst mér eðlilegt að umræðan haldi áfram á morgun og hæstv. ráðherrar verði viðstaddir þá umræðu því ég hygg að umræðan muni þá

ekki síður snúast um evrópska efnahagssvæðið og hvernig þessar fyrirhuguðu lagabreytingar tengjast því starfi sem fer fram á þeim vettvangi. Í trausti þess að eftir þessu verði farið finnst mér eðlilegt að umræðunni verði frestað.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er afar illt að slíta í sundur umræðu um svo viðamikið mál og hlýt að andmæla því að fundur, þótt mikilvægur sé, sé haldinn í utanrmn. á sama tíma og hér stendur yfir umræða um eitt stærsta mál þessa þings. Ég mun að sjálfsögðu hlíta því sem hér er beðið um, en ég vil taka það fram að ég hafði ráðstafað mínum tíma þannig að annað kvöld get ég ekki verið hér á fundi ef það verður kvöldfundur og hafði gert ráð fyrir því að við gætum rætt þetta mál ítarlega í dag. En ég vil láta þetta koma hér fram þó að ég sé ekki að andmæla.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseta hafa borist tilmæli um að fresta umræðu þessari vegna fundar í utanrmn. og telur eðlilegt að verða við þeim tilmælum, þar sem hv. 6. þm. Reykv. á jafnframt sæti í utanrmn. og hyggst taka þátt í þessum umræðum. Forseti mun nú gefa hæstv. viðskrh. orðið í örfáar mínútur en síðan fresta þessari umræðu og taka til við önnur dagskrármál.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. tillitssemina og hv. 6. þm. Reykv. einnig. Meginkostur þessa frv. er sá að í því eru dregin saman í einn stað ákvæði um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri á Íslandi. Þegar þetta frv. verður að lögum verður eytt margvíslegri réttaróvissu sem ríkt hefur á þessu sviði. Ég stend hér fyrst og fremst upp til þess að lýsa stuðningi mínum við þetta frv. sem hæstv. forsrh. hefur gert ítarlega grein fyrir. Mér er hins vegar ekki launung á því að ég hefði viljað sjá ákvæði frv. ganga lengra í frjálsræðisátt en raun ber vitni. Þar á ég einkum við ákvæðin um heimildir erlendra banka til starfsemi á Íslandi, en ég tel að það væri íslensku atvinnulífi hagkvæmast að ekki væru takmarkanir á starfi erlendra banka hér á landi. Ákvæðin um heimild til reksturs útibúa eru vissulega skref í rétta átt, en ég tel ekki ástæðu til þess að takmarka rétt erlendra banka til þess að setja hér á fót dótturbanka eða til þess að kaupa hlut í íslenskum hlutafélagabönkum umfram þann fjórðung sem frv. gerir ráð fyrir. Reyndar má segja að heimildin til útibúarekstrar gangi lengra en eignarheimildirnar.

Ég tel ekki sterk rök mæla með því heldur að hafa í lögum takmarkanir á eignarhlut erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum sem stunda flugrekstur á Íslandi, tel reyndar að það þjóni ekki atvinnuhagsmunum hérlendra manna. Hér er reyndar fleira fólk í landinu með menntun á þessu sviði en innlend atvinnutækifæri eru fyrir. Því ættum við fremur að laða erlent fjármagn til þessa atvinnurekstrar en hið gagnstæða. Ég bendi á að vöruflutningaflugfélagið Cargolux, sem Flugleiðir áttu í upphafi $^1/_3$ í, hefur ávallt verið í minnihlutaeign Lúxemborgarbúa þar sem þetta fyrirtæki er staðsett og er það þó eitt af mikilvægustu atvinnufyrirtækjum í því landi.

Ég ætla þá að víkja örfáum orðum að ákvæðum 4. gr. sem eru ákaflega mikilvæg. Ákvæði 1., 2. og 3. tölul. eru sjálfsögð. Á sviði útgerðar og fiskvinnslu eru núgildandi lagaákvæði bæði úrelt og óskýr. Hér er bætt úr því. Ég tel mikilvægan þann greinarmun sem gerður er í 2. tölul. á frumvinnslu sjávarafla og frekari framleiðslu úr honum. Ég tel að 3. tölul. þurfi að útfæra nánar með breytingu á orkulögunum, ekki síst í sambandi við stofnun hins evrópska efnahagssvæðis sem nú er unnið að samningum um. Mér sýnist að ákvæði 7. tölul. í 4. gr. gætu orðið nokkuð þunglamaleg í framkvæmd og varla nauðsynleg.

Ég hef fallist á, eins og ég hef fallist á að styðja frv. í heild, að styðja ákvæði 10. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir sérstakri ráðgefandi nefnd um erlenda fjárfestingu. Ég tel hins vegar hættu á að slík stofnun, ef henni er ekki beitt rétt, gæti orðið til þess að fæla frá erlenda fjárfestingaraðila. Auðvitað verður reynslan að leiða í ljós hvernig þetta reynist og þá er líka ástæða til að benda á að það kann að orka tvímælis að löggjafinn blandi sér í framkvæmdarvaldsstörf með þeim hætti sem þarna er gert ráð fyrir. En til þess að koma málinu fram, til þess að koma á þeim framförum sem í frv. felast, tel ég rétt að taka þennan hlut með líka.

Ég tel til mikilla bóta ákvæðin í 5. gr. um eftirlit Seðlabankans með erlendri fjárfestingu, en það hefur hingað til reynst dálítið erfitt að fá upplýsingar um umfangið á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Ég tel þetta frv. eins og þegar hefur komið fram mikið framfaraskref og ég styð það með þeim ábendingum sem ég hef hér látið í ljós. Ég tel mikilvægt að það verði að lögum á þessu þingi, ekki síst vegna samninganna um hið evrópska efnahagssvæði sem fram undan eru.

Umræðu frestað.

Mannanöfn, 1. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 571.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um mannanöfn en það mál hefur þegar fengið meðferð í hv. Ed. Um málið var þar alger samstaða sem er mjög mikilvægt því að mannanöfnin eru einn af grunnþáttum íslensks máls og íslenskrar málhefðar. Ég tel því ekki ástæðu til þess að hafa ítarlega framsögu um málið í þessari virðulegu deild og vísa til umræðna sem

fram hafa farið um það í fyrri deild að öðru leyti en því að ég mun geta um nokkur meginatriði frv.

Frv. er samið af nefnd sem var skipuð 2. okt. 1989 og í áttu sæti dr. Guðrún Kvaran orðabókarritstjóri, sem var formaður nefndarinnar, dr. Ármann Snævarr fyrrv. hæstaréttardómari, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Svavar Sigmundsson dósent. Áður hafði fyrrv. menntmrh. Sverrir Hermannsson falið þeim Ármanni Snævarr og Hallgrími Snorrasyni að endurskoða gildandi mannanafnalög en þeir höfðu ekki lokið því verki.

Í því skipunarbréfi sem nefndin fékk var henni falið að endurskoða frv. til laga um mannanöfn sem lagt var fram á Alþingi sem stjfrv. á 91. og 92. löggjafarþinginu árið 1971. Var málinu þá vísað til ríkisstjórnarinnar. Auk þess var í þessu skipunarbréfi sem ég undirritaði í október 1989 vísað til ályktunar kirkjuþings frá 1986 þar sem skorað var á ráðherra að beita sér fyrir endurskoðun á lögum um mannanöfn. Nefndin studdist eins og fram kom í skipunarbréfinu við hin eldri frv. svo og við þann veruleika að mannanafnalögin frá 1925 hafa verið erfið í framkvæmd eins og kunnugt er og hefur þar margt verið losaralegra en vera þyrfti.

Sú meginbreyting hefur orðið á síðustu áratugum í þessum efnum að erlend áhrif á nöfn hér á landi hafa stóraukist. Það er þrennt sem kemur þar til. Í fyrsta lagi hafa áhrif erlendra tungumála og siða farið hríðvaxandi hér á landi á undanförnum árum. Í öðru lagi hefur orðið æ algengara að erlendir menn hafa flust til landsins, sest að hér og eignast börn. Og í þriðja lagi hefur þeim Íslendingum sem dveljast í útlöndum við nám eða störf fjölgað að mun og er drjúgur hluti íslenskra barna fæddur og alinn upp í útlöndum og þeim gefin nöfn þar. Þessi þróun hefur haft ýmis áhrif gagnstætt gildandi lögum frá 1925 og hefur reynst erfitt að stemma stigu við henni.

Frv. sem hér liggur fyrir, virðulegi forseti, er að talsverðu leyti byggt eins og ég sagði á frv. frá árinu 1971, en þó er vikið frá því í veigamiklum atriðum. Það má sérstaklega nefna að í frv. er ekki gert ráð fyrir því að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn eins og frv. lítur nú út. Á hinn bóginn er komið talsvert til móts við óskir um heimildir til notkunar ættarnafna á íslenskum börnum erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hér á landi.

Í I. kafla frv. er fjallað um eiginnöfn. Þar er í upphafi haldið þeirri meginstefnu, sem fram kemur í gildandi lögum og einnig var í frv. frá 1971, að barni skuli gefið eitt eiginnafn eða tvö. Gert er ráð fyrir tilteknu eftirliti í þessu efni, en það byggist fyrst og fremst á þrennu, þ.e. á skrá um heimil nöfn sem mannanafnanefnd skal semja, á eftirliti presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga og þjóðskrár og málskoti til mannanafnanefndar í álitamálum um nafngjafir og loks á þeirri skyldu þjóðskrár að taka ekki til skráningar nafn nema það sé á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Í gildandi lögum eru fyrirmæli um útgáfu skrár um þau mannanöfn sem bönnuð eru. Slík skrá hefur aldrei verið gefin út og eðli málsins samkvæmt er vandséð að slík skrá verði nokkurn tíma samin svo að raunhæft sé. Í þessu frv. er þess vegna gert ráð fyrir því eins og í frv. frá 1971 að samin verði skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast.

Í II. kafla frv. er fjallað um kenninöfn. Á sama hátt og í frv. frá 1971 tekur hugtakið kenninafn í þessu frv. til hvers konar kenningar samkvæmt lögunum, þ.e. að menn kenna sig til eiginnafns föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu son eða dóttir, og til ættarnafns. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður og að jafnt sé heimilt að láta ættarnöfn ganga í kvenlegg sem karllegg. Hins vegar er lagt til að mönnum sé aðeins heimilt að bera eitt kenninafn. Í þessu sambandi skal bent á að svo virðist sem vaxandi tilhneigingar gæti til þess að menn beri tvö kenninöfn eins og hv. þm. örugglega þekkja.

Í III. kafla frv. er fjallað um mannanafnanefnd, skipun hennar og verkefni. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt frv. er áþekkt því sem gert hafði verið ráð fyrir á sínum tíma. Þetta er nefnd sérfræðinga og er lagt til að tveir nefndarmenn verði skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskólans en einn eftir tilnefningu lagadeildar. Ætlast er til að mannanafnanefndin gegni í aðalatriðum þríþættu hlutverki, þ.e. að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast samkvæmt lögunum, að fella úrskurði og vera til ráðuneytis um nafngjafir.

Í IV. kafla frv. eru ýmis ákvæði um skráningu og notkun nafna. M.a. er kveðið á um gildistöku nafnbreytinga, um samræmi í skráningu nafna á þjóðskrá og nafnnotkun manna. Til þess er ætlast að í skiptum við opinbera aðila í lögskiptum og við samningsgerð riti menn ævinlega nafn sitt eins og það er skráð á þjóðskrá. Flest ákvæði þessa kafla voru í frv. frá 1971 og um sum gilda hliðstæðar reglur í norrænum mannanafnalögum.

V. kafli frv. geymir ákvæði til að hindra misnotkun nafns annars manns, ákvæði um viðurlög, heimild til setningar reglugerðar um gildistöku laganna og kynningu þeirra. Gert er ráð fyrir því að lögin taki gildi hálfu ári eftir að þau hafa verið staðfest á Alþingi og að ráðuneytinu sé ætlað að kynna efni þeirra á þeim tíma. Í frv. er gert ráð fyrir því að forræði þessara mála flytjist frá menntmrn. til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins svo sem gert var ráð fyrir í hinum eldri frumvörpum og öll rök mæla með.

Eins og ég gat um áður, virðulegi forseti, var um þetta mál víðtæk samstaða í hv. Ed., menntmn. deildarinnar og í deildinni sjálfri. Ég vænti þess að svo verði einnig hér í þessari virðulegu deild og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sigrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil að svo stöddu vekja athygli á einu atriði þessa frv. en það felst í 9. gr. frv. um kenninöfn og ég geri það að gefnu tilefni. Þar kemur fram, eins og kom líka fram hjá hæstv. ráðherra, að hver maður getur aðeins haft eitt ættarnafn. Gætt hefur þeirrar tilhneigingar undanfarið að foreldrar kenni

börn sín við bæði föður og móður, stúlka sé t.d. Jóns- og Kristínardóttir eða karlmaður, drengur, Aðalheiðar- og Magnússon. Oftast stytta börn annað kenninafnið og nota aðeins einn bókstaf en þau heita þessum nöfnum engu að síður og það gerir þeim auðveldara seinna meir að velja hvort nafnið þau vilja. Það hafa fjölmargar konur haft samband við okkur kvennalistakonur og lýst yfir óánægju með það að koma eigi í veg fyrir þennan möguleika, að foreldrar geti kennt börn sín við báða foreldrana og gefa börnunum síðar auðveldara val.

Að svo stöddu vildi ég aðeins gera þessa einu athugasemd, eins og ég segi, að gefnu tilefni.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að gera nokkrar athugasemdir við þetta frv. því ég tel að ýmis atriði í því þurfi betri skoðunar við. Nú hefur þetta mál verið afgreitt úr hv. Ed. og af menntmn. þar en svo virðist sem ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda er fram koma í bréfi til menntmrn., dags. 17. sept. sl., sem prentað er sem fylgiskjal með frv. og svo virðist einnig að ekki hafi verið haft samráð við dómsmrn. áður en nefndin gaf álit sitt um það.

Með leyfi forseta langar mig til að rekja aðeins þessar athugasemdir sem koma fram hjá dóms- og kirkjumrn. í þessu bréfi, sem er fylgiskjal með frv. þessu eldra frv. sem síðan hefur verið breytt að einhverju leyti, en þar eru gerðar athugasemdir m.a. við 3. mgr. 7. gr. frv. sem hljóðar svo:

„Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnabreytingu ef telja verður að nafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því."

Ráðuneytið lagði til að þessu ákvæði yrði breytt á þann hátt að dómsmálaráðuneytinu væri heimilt að leyfa hverjum sjálfráða manni nafnbreytingu ef telja verður að gildar ástæður mæli með því. Nafnbreyting verði einungis heimiluð manni einu sinni nema alveg sérstaklega standi á. Fyrir nafnbreytingu skuli greiða gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Það er álit starfsmanna dóms- og kirkjumrn. að það geti skapast margháttuð vandamál við þessa huglægu túlkun „að nafn sé til ama" og verði erfitt að meta í hvaða tilvikum slíkt er. Reyndar sýnist mér af umsögnum í þessu máli að það hafi komið fram athugasemdir í þessa átt frá öðrum umsagnaraðilum. Svo virðist sem það sé ákveðið misræmi sem komi fram milli þessa ákvæðis, þ.e. 3. mgr. 7. gr. og 16. gr. frv. annars vegar og athugasemda við 7. gr. hins vegar, þar sem í athugasemdum frá þeirri nefnd er frv. samdi er ítrekað tekið fram að nefndin sé á þeirri skoðun að það skuli vera meginstefnan að menn beri sama nafn alla ævi og að ekki komi til álita að veita jafnvíðtækar heimildir til nafnbreytinga og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. Það yrði erfitt að áliti ráðuneytisins að standa gegn umsóknum um nafnbreytingar er byggjast á huglægu mati umsækjanda og að búast megi við að réttur til nafnbreytinga verði nánast án takmarkana ef frv. verður samþykkt óbreytt að þessu leyti.

Það koma einnig fram í fylgiskjalinu og í þessu sama bréfi til menntmrn. athugasemdir varðandi 2. mgr. 12. gr. frv. sem hljóðar svo:

„Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðraað barn sé kennt til stjúpföður síns. Leita skal umsagnar kynföður barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi."

Mér sýnist að eina breytingin sem hafi verið gerð frá eldra frv. í það frv. sem hér liggur fyrir sé að stjúpföður er breytt í stjúpforeldris. En það er mjög skiljanlegt að dómsmrn. hafi áhyggjur af þessu ákvæði hér og leggur reyndar til að þessi grein verði orðuð svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðraað barn sé kennt til stjúpföður síns enda liggi fyrir samþykki kynföður sé unnt að afla þess. Ráðuneytinu er þó heimilt ef alveg sérstaklega stendur á að leyfa slíka breytingu á kenninafni þrátt fyrir synjun kynföður enda telji ráðuneytið að slík nafnbreyting sé barni til verulegs hagræðis."

Og ég held áfram: „Eins og 2. mgr. 12. gr. frv. er nú orðuð er ráðuneytinu veitt heimild til að breyta kenninafni barns þannig að það sé kennt til stjúpföður í stað kynföður og einungis skuli leitað umsagnar kynföður áður en ákvörðun er tekin. Afstaða kynföður er hins vegar ekki bindandi við ákvörðunartöku. Ljóst er að hér er um viðkvæmt mál að ræða fyrir marga forsjárlausa feður sem telja sig oft eiga undir högg að sækja í samskiptum við mæður barnanna varðandi umgengni við börnin og fleira."

En hér þarf að huga að ýmsum atriðum í sambandi við þetta ákvæði. Ég tel að það mætti e.t.v. skoða það betur. Er rétt að benda á að ættleiðing er í fæstum tilvikum veitt nema að fengnu samþykki kynföður. Hagsmunir barnsins þurfa að vega þarna þyngra en hagsmunir foreldra.

Það eru einnig athugasemdir varðandi 16. gr. frv. sem er svohljóðandi:

„Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni breytingu á kenninafni aðra en þá, sem um getur í lögum þessum, ef telja verður að kenninafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því."

Ráðuneytið leggur til að þessi grein falli alfarið niður.

Enn fremur eru athugasemdir við 23. gr. frv. sem hljóðar svo: „Nú er barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og skal Þjóðskrá þá tilkynna það dómsmrh. Heimilt er ráðherra, að undangenginni skriflegri áskorun, að leggja dagsektir á forsjármann/forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra."

En það virðist vera breytt orðalag í nýju frv. sem hér liggur fyrir hv. deild og ráðuneytið leggur til að þessi grein orðist svo, sem reyndar er ekki farið eftir að því er mér sýnist: „Nú er barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og skal Þjóðskrá þá skriflega skora á forsjármann/forsjármenn barns að

bæta úr því innan tilgreinds tíma. Verði ekki orðið við þeirri áskorun er Þjóðskrá heimilt að leggja dagsektir á forsjármann/forsjármenn barns þar til barni er gefið nafn. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra."

Það sem hér liggur á bak við að því er mér sýnist er það að dómsmrn. fer með ákaflega viðkvæma málaflokka sem snerta börn, t.d. forsjármál, og getur maður því hugsað sér að það sé andstætt því hlutverki sem ráðuneytið gegnir í þessum málum, m.a. til að leita sátta í viðkvæmum deilumálum, að ráðuneytið þurfi að beita viðurlögum við foreldra vegna þess að þau hafi vanrækt það að gefa barni nafn. Dómsmrn. hefur heimild til þess að beita dagsektum í sínum málaflokkum, enda er þetta almenn regla að álagning dagsekta heyri til þeirri stofnun er um framkvæmd mála fjallar.

Þetta eru svona þær athugasemdir sem ég vildi gjarnan gera í byrjun umræðu á þessu máli, hæstv. forseti. Ég tel að það sé ástæða til að þetta mál verði athugað nánar og verður það væntanlega gert í hv. menntmn. Nd.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. sendi dómsmrn. inn athugasemdir við frv. þetta um það bil sem það var á lokastigi við meðferð í ríkisstjórn og þess vegna taldi ég að það væri skylt að athugasemdir dómsmrn. kæmust á framfæri við hv. Alþingi. Og svo varð. Menntmn. Ed. fjallaði um þessar athugasemdir allar og að sjálfsögðu lét ég málið í hendur þingsins, þar á svona mál að vera, og niðurstaðan varð sú sem fram kemur í því þingskjali sem hér liggur fyrir til umræðu eftir meðferð í hv. Ed.

Það er auðvitað sjálfsagt að líta á þessi mál nánar í þessari deild eða menntmn. hennar þegar málið kemur til meðferðar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það takist að ljúka þessu máli á þessu þingi. Mannanafnalögin frá 1925 eru gölluð. Það hefur ekki verið unnt að framkvæma þau og ég vænti þess að hv. nefnd setjist yfir málið og ég geri ráð fyrir því satt að segja að hún muni komast að svipaðri niðurstöðu og efrideildarnefndin. Eitthvað af athugasemdum dómsmrn. er nú þannig að ég segi fyrir mig að ég á mjög erfitt með að fallast á þær eins og athugasemdir um það að beita skuli dagsektum í þessu efni. Ég er ekki sektartrúar í þessu efni frekar en öðrum.

Sú athugasemd, sem fram kom hjá hv. þm. Sigrúnu Helgadóttur (**SP:** Dagsektir eru í 23. gr. frv.) Já, eins og það er. Sú athugasemd, sem fram kom frá hv. þm. Sigrúnu Helgadóttur um tvö kenninöfn, hefur ekki komið fram áður. Mér finnst sjálfsagt að menn ræði það en ég er nú ekki alveg viss um að þessi aðferð, þegar menn hafa verið að kenna sig til beggja foreldra sinna, ég er ekki viss um að hún hafi nú verið beint falleg, eða þjál skulum við segja frekar, í öllum tilvikum. A.m.k. orkar hún tvímælis, en sjálfsagt er að skoða þetta í nefndinni, þar sem ég geri ráð fyrir því að báðir hv. þm. eigi sæti, ef ég man rétt, og sömuleiðis þetta dagsektamál, mér finnst sjálfsagt að skoða það bara nánar. Ég vænti þess að málið fái góðar undirtektir í þessari nefnd eins og var í menntmn. hv. Ed.

Umræðu frestað.

Skipti á dánarbúum o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildarlög). — Þskj. 108.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl. eftir afgreiðslu hv. Ed. á því máli sem flutt er hér á þskj. 108.

Helsta viðfangsefni frv. er að mæla fyrir um hvernig staðið verði að aðgerðum við skipti á dánarbúum. Að auki hefur það að geyma reglur um skipti við slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar og félagsslit ef ekki semst um þau milli hlutaðeigenda, en slík skipti fara að miklu leyti eftir sömu reglum og gilda um skipti á dánarbúum.

Frv. er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3 frá 1878, en auk þess tekur það til efnis nokkurra annarra laga.

Umrædd lög voru að mestu þýðing á dönskum lögum um sama efni er sett voru skömmu áður í Danmörku. Lögum nr. 3/1878 hefur tiltölulega lítið verið breytt frá upphafi ef frá er talin endurskoðun á reglum VIII. kafla, um skuldaröð, sem átti sér stað við setningu laga nr. 32/1974 og 23/1979. Þótt núgildandi lög um skipti dánarbúa hafi að meginstofni til staðið óbreytt í meira en öld eru þau af augljósum ástæðum vegna breyttra staðhátta orðin úrelt í fjöldamörgum atriðum.

Frv. er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipun, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 frá 1. júní 1989. Þau lög leiða til umfangsmikilla breytinga á skipan dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði og gera nauðsynlegt að fram fari endurskoðun á allri réttarfarslöggjöfinni, þar á meðal lögum um skipti á dánarbúum. Að auki er þörf endurskoðunar á ýmsum ákvæðum laganna þar sem þau eru aldurs síns vegna orðin úrelt í mörgum atriðum.

Samhliða þessu frv. hefur verið samið heildarfrumvarp til nýrra laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og hefur það frv. verið lagt fram hér á Alþingi og er til meðferðar í hv. efri deild. Hefur verið leitast við að samræma ákvæði þessara frumvarpa í þeim mæli sem unnt er enda fjalla þau um náskyld lagasvið.

Ein helsta breytingin frá núgildandi lögum, sem stefnt er að í frv. felst í því hverjir annist störf sem tengjast skiptum á sviði frumvarpsins. Í núgildandi lögum eru þessi störf nánast öll lögð í hendur dómara, skiptaráðenda, sem m.a. taka við tilkynningum um andlát, veita leyfi til setu í óskiptu búi og einkaskipta á dánarbúum, annast framkvæmd opinberra skipta, leggja

á erfðafjárskatt og innheimta hann, auk þess að leysa úr ágreiningi í héraði í dómsmálum sem verða rekin eftir sérreglum laga um skipti á dánarbúum.

Frv. þetta er sem fyrr segir m.a. byggt á þeim grunni sem var lagður með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. sem varð að þeim lögum eru ein þýðingarmestu markmið þeirra annars vegar að framkvæmdarvaldsstörf verði tekin úr höndum dómara og hins vegar að breytt verði eðli ýmissa umsýslustarfa sem dómarar hafa haft með höndum og hafa talist dómstörf, þannig að þau eru talin til starfa framkvæmdarvaldshafa í framtíðinni eða falin að einhverju marki öðrum en handhöfum ríkisvalds. Með þessu munu héraðsdómstólar framvegis svo til eingöngu fást við eiginleg dómstörf, en handhafar framkvæmdarvalds ríkisins í héraði, sýslumenn, munu annast fjölmörg önnur verk sem dómarar hafa haft með höndum til þessa.

Af þeim störfum, sem dómarar annast nú í tengslum við skipti á sviði þessa frv., verða aðeins sárafá talin til eiginlegra dómstarfa, en af þeim má einkum nefna annars vegar ákvörðun um hvort opinber skipti fari fram og hins vegar úrlausn ágreiningsmála sem rísa í tengslum við skipti. Önnur störf, sem núgildandi lög fela dómurum í þessu sambandi, eru hins vegar almennt því marki brennd að vera annaðhvort framkvæmdarvaldsstörf, t.d. álagning og innheimta erfðafjárskatts, eða umsýslustörf sem eiga fátt ef nokkuð skylt við almennt hlutverk dómara, t.d. að taka við dánartilkynningum, veita ýmis leyfi og framkvæma opinber skipti. Til samræmis við grundvöll laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds er byggt á því í frv. að héraðsdómstólar muni nánast aðeins fást við fyrrnefnd eiginleg dómstörf, en önnur verk á sviði þess verði ýmist í höndum sýslumanna eða falin sérstökum skiptastjórum.

Nánar tiltekið er gert ráð fyrir því í frv. að sýslumenn muni hafa með höndum mikinn hluta þeirra starfa á sviði þess sem skiptaráðendur annast eftir núgildandi lögum, annarra en eiginlegra dómstarfa, og að störf þessi verði þannig talin til framkvæmdarvaldsathafna. Af helstu viðfangsefnum sem sýslumönnum eru ætluð á þessum vettvangi má nefna að ákvæði frv. fela þeim m.a. að taka við andlátstilkynningum, veita leyfi til setu í óskiptu búi eða einkaskipta, skipa sérstaka lögráðamenn eða málsvara fyrir erfingja sem þess þurfa með, annast skráningu og mat á eignum dánarbúa, hafa með höndum forræði á málefnum dánarbúa frá andláti þar til frekari aðgerðir við skipti hefjast, veita erfingjum leiðbeiningar og aðhald varðandi frágang mála og leggja á og innheimta erfðafjárskatt.

Þau störf sem hér um ræðir verða eftir eðli sínu að teljast fara betur í höndum framkvæmdarvaldshafa en dómara, enda eiga þau ekkert skylt við almenn störf dómara og hætta getur að auki verið á að ágreiningur verði um framkvæmd þeirra sem væri ófært að einn og sami embættismaður annist og kveði síðan upp dómsúrlausn um réttmæti sinna eigin aðgerða. Að auki verður ekki litið hjá því að þessi störf eru um margt þjónusta við almenning sem sýslumenn munu einmitt annast í ríkum mæli á öðrum sviðum í framtíðinni.

Störf dómara er lúta að skiptum dánarbúa yrðu fyrst og fremst skv. frv. að leysa úr ágreiningi er kynni að koma upp við skiptin og kveða upp úrskurð um hvort opinber skipti á búi skuli fara fram. Samkvæmt gildandi lögum annast dómarar, skiptaráðendur, framkvæmd opinberra skipta. Í frv. er gert ráð fyrir að sérstaklega skipaðir skiptastjórar, sem dómari tilnefnir að gengnum úrskurði um að opinber skipti fari fram, annist framkvæmd opinberra skipta. Jafnframt er gert ráð fyrir að þóknun til skiptastjóra greiðist af verðmæti búsins.

Þessi skipan er í samræmi við framkvæmd skipta á gjaldþrotabúum, sbr. frv. um gjaldþrotaskipti sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi, en bæði þessi frv. fjalla um náskyld lagasvið. Telja má að margt vinnist með því að fela sérstökum skiptastjóra framkvæmd opinberra skipta fremur en að starfsmaður ríkisins, sýslumaður, hafi verkið með höndum. Vísast um það nánar til grg. með frv. Nefna má þó eftirfarandi því til stuðnings:

Reynslan við framkvæmd gjaldþrotaskipta hefur sýnt að skiptastjórum sé hægara en starfsmönnum ríkisins að gæta hagsmuna búa gagnvart öðrum og skipti hafa almennt tekið skemmri tíma og gefið betri fjárhagslegan árangur. Skiptastjórar eru einnig almennt í góðri aðstöðu til að leitast við að ná sáttum um ágreiningsefni við skipti. Ákvæði frv. og ýmissa núgildandi laga hafa í för með sér að sýslumenn muni gegna fjölbreytilegum störfum sem mundu samræmast því illa að þeir annist framkvæmd opinberra skipta.

Í IV. kafla frv. er t.d. gert ráð fyrir að sýslumenn krefjist opinberra skipta á dánarbúum ef erfingjar hlutast ekki sjálfir til um skiptin. Sýslumenn munu einnig annast álagningu og innheimtu erfðafjárskatts, hvort sem dánarbúi yrði skipt í einkaskiptum eða opinberum skiptum. Þá hafa sýslumenn með höndum innheimtu opinberra gjalda í fjölmörgum umdæmum landsins og reynslan er sú að slíkar kröfur beinast mjög oft að búum sem eru til opinberra skipta. M.a. af þessum ástæðum getur sýslumaður þurft að gegna skyldum embættis síns vegna sem væru ósamþýðanlegar því að framkvæma opinber skipti og hafa þannig með höndum forræði á málefnum dánarbús.

Ákvæði frv. miða að því að draga verulega úr nauðsyn opinberra skipta á dánarbúum í tilvikum sem erfingjar æskja þeirra ekki sjálfir og má ætla að talsvert minna verði um þau fyrir vikið. Má þannig telja sennilegt að ef frv. verður að lögum muni opinber skipti einkum koma til að ósk hlutaðeigenda eftir atvikum vegna ágreinings eða ósamkomulags þeirra um hvernig staðið verði að verki, þótt vissulega geti aðrar ástæður leitt til opinberra skipta.

Í lögum nr. 3/1878 er byggt á því að dánarbú teljist formlega vera til opinberra skipta frá andláti hlutaðeiganda þar til eftirlifandi maka hans er veitt leyfi til setu í óskiptu búi, erfingjum hans er veitt leyfi til einkaskipta eða skiptum er annaðhvort lokið án frek-

ari aðgerða vegna eignaleysis dánarbúsins eða í reynd með opinberum skiptum. Af þessum sökum miða ákvæði núverandi skiptalaga við að skiptaráðandi fari með forræði dánarbús frá andláti þar til eitthvað af framangreindu hefur átt sér stað og að hann hefjist handa um framkvæmd opinberra skipta ótilkvaddur ef erfingjar hlutast ekki til um aðrar ráðstafanir innan skamms tíma frá andláti.

Þótt þessar reglur laganna standi óbreyttar má heita að í framkvæmd hafi að mörgu leyti verið horfið frá því að fylgja ætlan þeirra fyrir áratugum síðan. Að vísu hefur ekki verið vikið frá þeirri grundvallarreglu að skiptaráðandi hafi formlegt forræði á málefnum dánarbús frá andláti fram til þess tíma að maki þess látna eða erfingjar kunni að taka við því forræði á grundvelli áðurnefndra leyfa. Á hinn bóginn heyrir til undantekninga að skiptaráðandi hefjist handa um beinar aðgerðir við skiptin nema fram komi beiðni erfingja um það. Af þessum sökum hefur hlutverk skiptaráðanda að mestu beinst inn á þá braut að eftir viðtöku andlátstilkynninga fylgjast þeir með og veita aðhald um að erfingjar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að ljúka skiptum og gefa erfingjum eftir þörfum heimildir til þessara ráðstafana. Hefur framkvæmdin þannig þróast á þann veg að skiptaráðendur hafa fremur gegnt eftirlitshlutverki en að eiga þátt að framkvæmd skipta nema í þeim tilvikum sem opinber skipti eiga sér stað í eiginlegri mynd.

Síðustu áratugi hafa opinber skipti hins vegar almennt ekki átt sér stað nema erfingi hafi beinlínis leitað eftir því, enginn erfingi hafi gefið sig fram eða vegna ákvæða skiptalaga sem skylda annars að opinber skipti fari fram við ákveðnar aðstæður.

Ákvæði frv. mótast mjög af þeirri framkvæmd sem hér hefur verið lýst. Kemur þetta einkum fram í því að eftir frv. mun dánarbú ekki teljast sjálfkrafa vera til opinberra skipta frá andlátsstund hlutaðeiganda heldur skapast við andlátið millibilsástand þar sem sýslumaður hefur til bráðabirgða forræði á málefnum dánarbúsins. Jafnframt er sýslumanni ætlað að gegna því hlutverki við eftirlit og gæslu almannahagsmuna varðandi skipti dánarbúa sem skiptaráðendur hafa annast til þessa í framkvæmd, bæði meðan á fyrrnefndu millibilsástandi stendur og í framhaldi af því við einkaskipti.

Þetta hlutverk sýslumanna samkvæmt frv. felst nánar tiltekið í því að þeim er ætlað að taka við andlátstilkynningum og veita um leið leiðbeiningar um hvernig staðið verði að framhaldi aðgerða og málalokum. Málalok geta orðið þau að dánarbú verði talið eignalaust og skiptum þess verði þá lokið þegar í stað fyrir sýslumanni. Þau geta einnig orðið á þann veg að maki þess látna fái leyfi sýslumanns til að setjast í óskipt bú. Þá getur sýslumaður orðið við umsókn erfingja um að veita þeim leyfi til einkaskipta, en að fengnu slíku leyfi öðlast erfingjar heimild til að ráða yfir hagsmunum dánarbúsins í stað sýslumanns og ljúka síðan skiptunum með því að afhenda sýslumanni gögn og greiða erfðafjárskatt.

Loks getur farið svo að krafist sé opinberra skipta á dánarbúinu og dómsúrskurður gangi um slíka kröfu eftir ákvæðum IV. kafla frv. Ef krafan er tekin til greina verða skiptin upp frá því í höndum sérstaks skiptastjóra sem tekur við forræði á dánarbúinu af sýslumanni. Þótt sú skipan frv. sem hér er lýst feli í sér allnokkra breytingu að formi til frá fyrirmælum núgildandi laga líkist hún mjög þeirri framkvæmd sem hefur verið ríkjandi áratugum saman.

Eins og getið var hér á undan miða ákvæði laga nr. 3/1878 við það að dánarbú séu alltaf talin vera til opinberra skipta frá því andlát ber að höndum og þar til slíkum skiptum lýkur eða skiptaráðandi veitir maka þess látna leyfi til setu í óskiptu búi eða erfingjum hans leyfi til einkaskipta. Tölulegar upplýsingar um framkvæmd skipta á dánarbúum frá árunum 1988 og 1989 benda til þess að raunveruleg opinber skipti á dánarbúum fari fram í tiltölulega fáum tilvikum. Í frv. er tilvikum fækkað þar sem lögskylt er að bú fari í opinbera skiptameðferð. Má því ætla að þetta hafi í för með sér að talsvert dragi úr aðgerðum við opinber skipti dánarbúa ef frv. verður að lögum.

Þó þannig sé gert ráð fyrir að ákvæði frv. leiði til talsverðrar fækkunar á tilvikum þar sem opinber skipti dánarbúa fara fram gefa þau ekki tilefni til að vænta sambærilegra breytinga á tíðni opinberra skipta við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar eða félagsslit, enda eru opinber skipti aldrei lögskyld við þessar aðstæður heldur koma þau alltaf til að kröfu einhvers hlutaðeigandi skv. reglum skiptalaga.

Í ákvæði núgildandi laga um skipti á dánarbúum o.fl. er gerður verulegur greinarmunur á því hvernig staðið verði að framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum eftir því hvort erfingjar þess látna lýsi yfir að þeir taki á sig ábyrgð á skuldbindingum hans eða ekki. Þessi munur er um margt óeðlilegur, m.a. vegna þess að ekkert tillit er tekið til þess af hvaða ástæðum ábyrgð erfingjanna fæst ekki. Í frv. er ekki gerður meiri munur á framkvæmd opinberra skipta eftir því hvort erfingjar lýsi yfir ábyrgð á skuldbindingum dánarbús eða ekki, en sem telja má óumflýjanlegt. Um þetta vísast nánar til grg. með frv.

Við gerð frv. hefur því viðhorfi verið fylgt, sem núgildandi lög byggja á, að í skiptalöggjöf eigi að koma fram reglur um verklag við framkvæmd skipta, svokallaðar formreglur, meðan önnur lög geymi reglur sem kveði á um tilkall til muna eða verðmæta, viðskiptin, svokallaðar efnisreglur. Þýðingarmestu efnisreglurnar sem reynir á í tengslum við skipti á sviði þessa frv. eru reglur um erfðaréttindi, sem er að finna í erfðalögum nr. 8/1962, og reglur um fjármál hjóna, sem koma einkum fram í lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923. Að auki reynir á margvíslegar efnisreglur af öðrum meiði, t.d. reglur félagaréttar þegar um skipti til félagsslita er að ræða og reglur fjármunaréttar varðandi kröfuréttindi annarra við búskipti o.s.frv.

Ég mun nú í örfáum orðum lýsa hvernig efni frv. er skipað niður í þætti og kafla og víkja að einstökum atriðum.

Fyrsti þáttur frv. hefur að geyma fyrstu þrjá kafla

þess sem fjalla um almenn atriði um skipti dánarbúa og í I. kafla frv. koma fram reglur um lögsögu við skipti dánarbúa. Ákvæði frv. um þessi atriði eru mun ítarlegri en núgildandi reglur og eru m.a. gerð til að taka af skarið um atriði sem vafi hefur leikið á um í framkvæmd.

Í II. kafla frumvarpsins kemur ákvæði um það tímaskeið sem dánarbú á undir forræði sýslumanns eftir að andlát hefur borið að höndum. Fyrst koma fram mun nánari reglur en í núgildandi lögum um hverjar upplýsingar þurfi að veita þegar andlát er tilkynnt, hvernig staðið verði að tilkynningunni sem slíkri og hvaða gögn þurfi að leggja fram í sambandi við hana. Reglur frv. um þessi atriði taka að miklu leyti mið af því hvernig þessu hafi verið hagað í framkvæmd á liðnum árum. Hér er að finna ítarlegri reglur um skipun sérstaks lögráðamanns, svo og skipun málsvara til að gæta hagsmuna erfingja. Í þessum kafla kom fram almennar reglur um hvernig verði staðið að skrásetningu og mati á eignum dánarbúa sem eru mun ítarlegri en sambærileg ákvæði gildandi laga og taka að nokkru mið af venjum sem hafa myndast í þessum efnum í framkvæmd.

Í III. kafla frv. er að finna reglur sem varða sérstök réttindi erfingja við skipti dánarbúa. Ákvæði 33. gr. geyma heimild til þess að tryggja maka þess látna og óuppkomnum börnum rétt til að halda vissum verðmætum án tillits til skipta. Þessi regla er mun rýmri en samkvæmt núgildandi lögum.

Í öðrum þætti frv., sem nær yfir IV.–X. kafla þess, eru reglur þess um opinber skipti á dánarbúum. Áður hefur verið minnst sérstaklega á ýmis atriði frv. sem er ætlað að leiða til breytinga á framkvæmd opinberra skipta og óþarft er að víkja frekar að hér.

Í IV. kafla frv. koma fram reglur um upphaf opinberra skipta. Af helstu nýmælum um þetta má í fyrsta lagi nefna að í 37. gr. er mælt fyrir um hvenær sýslumaður skuli eiga frumkvæði að opinberum skiptum vegna gæslu almannahagsmuna, en í framkvæmd hefur þótt skorta skýrari reglur um hvenær og hvernig eigi að hefjast handa um opinber skipti við hliðstæðar aðstæður án frumkvæðis erfingja.

Í öðru lagi er tekin upp heimild í 40. gr., sem skortir með öllu í lögum nr. 3/1878, til að lánardrottinn þess látna geti krafist opinberra skipta að liðnum vissum tíma frá andláti. En í núgildandi lögum er staða lánardrottna lítt tryggð ef dánarbú er ekki tekið til opinberra skipta af öðrum sökum og leyfi er ekki veitt erfingjum til einkaskipta eða maka til að setjast í óskipt bú.

Þá er loks í þriðja lagi kveðið skýrar á um það í 42.–45. gr. en í núgildandi lögum hvernig staðið verði að kröfu um opinber skipti og farið með hana fyrir dómi en að auki er þar mælt fyrir um að héraðsdómari kveði upp úrskurð um slíka kröfu í stað þess að taka afstöðu til hennar með ákvörðun eins og nú er tíðast.

Í V. kafla frv. er að finna almennar reglur um störf og stöðu skiptastjóra sem eins og áður hefur komið fram er ætlað að annast framkvæmd opinberra skipta.

Í VI. kafla frv. eru reglur um fyrstu aðgerðir við opinber skipti.

Í VII. kafla frv. er að finna sérreglur um meðferð krafna á hendur dánarbúum þegar erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldbindingum þess. Hér er að finna nokkur nýmæli sem varða innköllun, kröfulýsingu o.fl.

Í VIII. kafla frv. er að finna reglur um meðferð krafna skuldheimtumanna ef erfingjar hafa tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum dánarbús. Þessar reglur eru áþekkar ákvæðum 4. kapítula núgildandi laga að öðru leyti en því að ef innköllun er gefin út til skuldheimtumanna, þá annast skiptastjóri það verk. Einng má benda á sambærileg nýmæli og er að finna í VII. kafla.

Í IX. kafla frv. eru reglur um hvernig staðið verði að ákvörðunartöku um ráðstöfun á hagsmunum dánarbúa við opinber skipti. Í núgildandi lögum er byggt á því að ákvarðanir sem þessar verði teknar á skiptafundum sem skiptaráðandi heldur fyrir dómi, ýmist með skuldheimtumönnum eða erfingjum, eftir því hvort erfingjar hafa tekið ábyrgð á skuldbindingum bús, en skiptaráðandi framfylgi síðan slíkum ákvörðunum og komi fram sem forsvarsmaður búsins þegar það er gert. Ákvæði IX. kaflans fela þá meginbreytingu í sér að skiptastjóri haldi þessa skiptafundi utan réttar og gegni að öðru leyti því hlutverki sem skiptaráðandi hefur með höndum í þessum efnum eftir núgildandi lögum.

Að öðru leyti er reglum í IX. kafla ætlað að leiða í fyrsta lagi til þeirra breytinga að erfingjar fái rétt til afskipta til jafns við skuldheimtumenn af ráðstöfunum á hagsmunum búsins, þótt þeir taki ekki ábyrgð á skuldbindingum þess. En þessi réttur fellur þó niður ef afráðið hefur verið skv. 62. gr. frv. að fara með búið eftir reglum um framkvæmd gjaldþrotaskipta því þá fara skuldheimtumenn einir með þetta ákvörðunarvald.

Í öðru lagi veita ákvæði kaflans skiptastjórum mun rýmri heimildir til sjálfstæðrar ákvörðunartöku án þess að bera ráðstafanir undir skiptafundi en núgildandi fyrirmæli laga nr. 3/1878 veita skiptaráðendum að þessu leyti. Þessar breytingar eiga sér nokkra fyrirmynd í ákvæðum gjaldþrotalaga og er ætlað að draga úr þyngslum í þessum efnum.

Þá er í þriðja lagi leitast við að setja mun ítarlegri reglur en nú gilda um hvernig verði brugðist við ef skiptafundur kemst ekki að einróma niðurstöðu um ákvörðun eða ef ákvörðun þykir óeðlileg í garð þeirra sem eiga hagsmuna að gæta en hafa ekki átt þátt að henni. Í framkvæmd hefur verið talið að þau sjónarmið ættu við sem er lagt til að verði lögfest að þessu leyti en fyrir því hefur þó skort nægilega skýra lagaheimild.

Í X. kafla frv. er að finna reglur um hvernig opinberum skiptum verði lokið, til hverra ráðstafana skiptastjóri þurfi að grípa til að ljúka hlutverki sínu og að hverju marki verði heimilað að taka opinber skipti upp á ný þegar þeim hefur verið lokið.

Í þriðja þætti frv. eru reglur um framkvæmd og lok einkaskipta sem erfingjar annast sjálfir að fengnu leyfi sýslumanns, svo og um réttarstöðu erfingja og þeirra sem telja til réttinda á hendur dánarbúi meðan á einkaskiptum stendur. Þessar reglur eru í flestum atriðum

sambærilegar ákvæðum núgildandi laga og þeirri framkvæmd sem hefur mótast á grundvelli þeirra.

Í fjórða þætti frv. koma fram reglur um opinber skipti þegar ekki er um dánarbú að ræða. Þær taka nánar tiltekið til opinberra skipta við fjárslit milli hjóna og fólks í óvígðri sambúð og við slit á félögum þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum. Fyrirmælum þessa þáttar er ætlað að telja með tæmandi hætti hvenær opinber skipti geti farið fram eftir ákvæðum frv. á öðru en dánarbúum þannig að beinlínis verður ályktað að opinber skipti komi ekki til álita undir öðrum kringumstæðum, t.d. við slit hlutafélaga eða annarra félaga þar sem félagsmenn bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum.

Þýðingarmestu ákvæði þessa þáttar frv. koma fram í XIV. kafla sem tekur til opinberra skipta við fjárslit milli hjóna og fólks í óvígðri sambúð. Núgildandi fyrirmæli 6. kapítula laga nr. 3/1878, um opinber skipti við skilnað hjóna, hafa ekki átt við þá skipan á fjármálum hjóna sem var tekin upp með lögum nr. 20/1923 og gildir enn. Lítið sem ekkert hefur því verið fært að styðjast við þau frá þeim tíma. Helstu núgildandi lagaákvæði, sem verður fylgt í þessum efnum, koma fram í VII. kafla laga nr. 20/1923, sem varða skipti milli hjóna við andlát annars þeirra eða skilnað, og í VI. kafla sömu laga, sem varða svonefnd slit á fjárfélagi hjóna án þess að um skilnað eða andlát annars þeirra sé að ræða. Reglur þessar hafa ekki gefið nægilega skýra mynd af því hvernig verði staðið að aðgerðum við slík skipti í einstökum atriðum. Að auki verður að telja þeim ranglega komið fyrir í lögum sem kveða aðallega á um efnisleg réttindi milli hjóna í stað þess að vera skipað í löggjöf sem fjallar um sjálfa framkvæmd skiptanna. Með frv. er lagt til að þessar reglur færist í löggjöf um framkvæmd skipta auk þess sem leitast er við að gera þær mun skýrari og fyllri.

Í fimmta þætti frv. er kveðið á um meðferð ágreiningsmála sem rísa við skipti fyrir dómstólum en reglum þáttarins er skipt í þrjá kafla: XVI. kafla, þar sem mælt er fyrir um hver mál verði borin undir úrlausn dómara eftir sérreglum frv. og hver aðdragandi að því yrði, XVII. kafla, þar sem kveðið er á um afbrigði frá almennum reglum um meðferð einkamála í héraði við meðferð þessara mála, og XVIII. kafla sem fjallar um málskot úrlausna héraðsdómara til æðra dóms.

Í sjötta og síðasta þætti frv. koma fram reglur um gildistöku, ef það verður að lögum, brottnám og breytingu annarra laga og bráðabirgðaákvæði sem varða tengsl eldri laga og yngri.

Hæstv. forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þessu viðamikla frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

51. fundur, miðvikudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Endurgreiðsla á gjaldi af erlendum lántökum, frh. 2. umr.

Frv. HBl, 80. mál. — Þskj. 82, n. 317 og 370.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég óska eftir því að frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. sé viðlátinn. Nú orðið byrja allar umræður með því að athuga hvort nokkur stjórnarliði megi vera að því að vera viðstaddur. Það er hálfnöturleg venja hér í deildinni að ef um viðkvæm stórmál er að ræða, þá hlaupast hæstv. ráðherrar á brott og þegar um hin smærri málin er að ræða, þar sem maður vill kannski ræða við þá sem bera ábyrgð á afgreiðslu málsins í deildinni, þá eru þeir ekki heldur viðlátnir. Þeim hefur fjölgað hér sem skrifa undir meirihutaálitið, herra forseti, það hefur fjölgað um helming. Tveir af þeim fjórum sem skrifuðu undir nál. eru komnir í salinn.

Forsaga þessa máls er kunn. Á árinu 1988 var uggur í mönnum yfir því að of mikil þensla, eins og það heitir á hagfræðimáli, væri í þjóðfélaginu þó svo hún tæki ekki til allra starfsgreina, sums staðar væru erfiðleikar. Var af þeim sökum ákveðið að sérstakt lántökugjald skyldi lagt á erlendar lántökur. Þó náðist fram að þetta sérstaka lántökugjald var endurgreitt af þeim lánum sem tekin voru til viðgerða á fiskiskipum ef viðgerðin fór fram hér á landi. Það var þó ekki fyrr en hinn 21. des. 1989 sem fullnaðaryfirlýsing dróst út úr hæstv. fjmrh. þess efnis að lántökugjaldið vegna ársins 1989 skyldi endurgreitt en þá um áramótin hefði runnið út heimild til að endurgreiða lántökugjaldið eins og lögin um það voru. Það var á næstsíðasta degi þingsins sem þessi viðurkenning dróst loksins út úr hæstv. fjmrh. Þann hinn sama dag var boðsent upp í Byggðastofnun bréf frá fjmrn. til þess að staðfesta að svo skyldi verða.

Í þeim umræðum sem þá fóru fram í Sþ. lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að hann teldi lögin um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 101/1988 og nr. 51/1989, ekki þannig orðuð að í þeim fælist heimild til þess að endurgreiða það lántökugjald sem tekið hafði verið vegna lána á fiskiskipum sem hafin var smíði á hér á landi. Ég var ósammála þessum skilningi hæstv. ráðherra, taldi þvert á móti að lögin gæfu fyrirheit um að svo skyldi verða og færði sterk rök að því að með því að synja um endurgreiðsluna væri ríkisstjórnin að níðast sérstaklega á þeim fyrirtækjum sem hér áttu hlut að máli, einu fyrirtæki frá Ísafirði, einu fyrirtæki frá Akureyri og einu fyrirtæki frá Seyðisfirði.

Nú vill svo til að í þessari deild eru einmitt þingmenn sem eru sérstaklega kunnugir rekstri þeirra fyr-

irtækja sem hér um ræðir og getið er um í fskj. með nál. mínu, þ.e. Slippstöðin hf., Akureyri, Skipasmíðastöð Marsellíusar hf., Ísafirði og Vélsmiðja Seyðisfjarðar. Ég veit að þeir þingmenn allir sem ég vísa til geta auðvitað staðfest það að ég fer með rétt mál þegar ég segi að á öllum þessum þrem stöðum eru sakir þannig að skipasmíðastöðvunum veitir ekki af að fá þá endurgreiðslu sem ég er hér að tala um. Skipasmíðastöðvarnar hafa ekki bolmagn til að bera þennan sérstaka skatt, sem kalla má með réttu einkaskatt þeirra, einkaskatt ríkisvaldsins á þessum stöðvum.

Þegar ég tók þetta mál upp á síðasta þingi og átti m.a. orðaskipti við ráðherra skipasmíðaiðnaðarins, hæstv. iðnrh., lýsti hann því yfir að í löndum Efnahagsbandalagsins væru skipasmíðar styrktar að 26–36%. Það var á sama tíma og þessum skipasmíðastöðvum var synjað um endurgreiðslu á lántökugjaldinu, herra forseti. Hann lýsti því jafnframt yfir að hann teldi eðlilegt að íslenskir útgerðarmenn notfærðu sér þessa opinberu styrki erlendis og sniðgengju íslenskar skipasmíðastöðvar. Hann sá ekki ástæðu til að leggja sérstakan jöfnunarskatt á þá sem létu smíða skip erlendis, og má skilja vel að það hefði verið erfitt, og hann sagði að það væri ekki fyrr en eftir árið 1992, kannski á árinu 1993, kannski síðar, sem íslenskur skipasmíðaiðnaður gæti búist við því að geta náð eðlilegri samkeppnisstöðu við þann skipasmíðaiðnað sem nú nýtur sérstakrar fyrirgreiðslu í löndum Evrópubandalagsins.

Ég hef, herra forseti, í fjh.- og viðskn. skýrt formanni nefndarinnar og frsm., hv. 5. þm. Reykv., sem hefur notfært sér þann frið sem hann hefur hér undir ræðu minni til þess að fara inn í hliðarherbergi og vera í símanum allan tímann, þó að hann sé í þessu máli málsvari ríkisstjórnarinnar, og nú vill svo til að ég ætla að fara að beina orðum mínum til hv. formanns nefndarinnar og vil þá óska eftir því að lokað verði inn til hans svo að maður sjái hann ekki í símanum rétt á meðan, ég kann betur við það. Ég óska eftir að annaðhvort verði herberginu lokað eða frsm. komi í þingsalinn. Ég kann betur við það að frsm. nefndarinnar sé inni svona í tvær mínútur meðan verið er að ræða þingmál.

Ég gerði formanni nefndarinnar grein fyrir því á fundi í fjh.- og viðskn. að ríkisstjórnin telur sig ekki hafa lagaheimildir til þess að endurgreiða þetta lántökugjald af lánum vegna smíði fiskiskipa hér á landi. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ekki aðeins formaður nefndarinnar heldur aðrir þeir sem skrifuðu undir nál. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, t.d. þingmaður skipasmíðabæjarins Akraness — en á síðasta þingi þegar staðgengill formanns þingflokks Alþfl. sat hér á þingi, maður sem var mjög kunnugur skipasmíðaiðnaði á Akranesi og annars staðar, greiddi hann atkvæði gegn því að lántökugjald vegna skipasmíða yrði endurgreitt. Nú er aðalmaðurinn í þingsalnum. Hann hefur skrifað undir nál. þess efnis að þessu máli skuli vísað til ríkisstjórnarinnar, treystir sér greinilega ekki til að ganga jafn hreinlega til verks og varamaður hans sem lét sig hafa það að greiða atkvæði á móti málinu. Það er Jóhann Einvarðsson, hv. 8. þm. Reykn. Nú er hann fjarverandi, herra forseti, enda vill svo til að hér inni í salnum er hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., þingmaður Akureyrar. Ég hef stundum haldið því fram að sá þingmaður sem ekki hafi dirfsku til þess á Alþingi að standa vörð um Slippstöðina á Akureyri skuli láta það vera að þykjast vera þingmaður Akureyrar. Svo mikið er undir því komið að þetta atvinnufyrirtæki geti staðið undir sér.

Hér er þingmaður frá Seyðisfirði, hv. 1. þm. Austurl., staðgengill sjútvrh., en þar sem hann er varaþingmaður og kemur óviðbúinn inn í þessa umræðu skal ég ekki hafa fleiri orð um það en skil að hann er í vandræðum í þessu máli að koma inn fyrir hæstv. sjútvrh. og vera í raun og veru skuldbundinn til að haga sér með sama hætti og sjútvrh. gerði á síðasta þingi.

Nú má vera að nokkrar milljónir króna sýnist ekki vera há fjárhæð. Hjá Slippstöðinni á Akureyri, samkvæmt gengi á hverjum tíma frá 3. mars 1988 til 5. febr. 1989, erum við að tala hér um 5,8 millj. Í sambandi við Vélsmiðju Seyðisfjarðar erum við að tala um 560 þús. kr. á tímabilinu frá 10. ágúst 1988 til 25. apríl 1989. Og vegna Skipasmíðastöðvar Marsellíusar Bernharðssonar erum við að tala um 1,7 millj. á tímabilinu frá 6. okt. til 20. mars 1989. Þetta yfirlit fylgir sem fskj. með frv. Ég hef ekki séð ástæðu til að reikna það til núvirðis. Við sjáum að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða fyrir allar þessar stöðvar og auðvitað með öllu óafsakanlegt að í íþyngja þessum sérstöku skipasmíðastöðvum sérstaklega.

Herra forseti. Það getur verið að svo sé komið nú sem fólk sé kærulausara en áður fyrir því að einhver missi atvinnu sína. Þegar ráðist var í smíði skips í Slippstöðinni á Akureyri lá það fyrir að yrði að segja um 50 manns upp vinnunni ef ekki yrði ráðist í þessa nýsmíði. Tvö árin var það svo og hið þriðja árið hefði einnig komið til nokkurra uppsagna hjá Slippstöðinni á Akureyri. Það liggur líka fyrir að þeir járniðnaðarmenn sem þar vinna nú eru mjög þjálfaðir í skipasmíðum og allri járnavinnu sem lýtur að þeim iðnaði. Það er öldungis ljóst að Slippstöðin gæti ekki haldið þeim úrvalsstarfskrafti sem þar er nú ef iðnaðarmennirnir geta búist við því að þeir verði að una árstíðabundnu atvinnuleysi vegna þess að atvinnugrein þeirra mætir litlum skilningi hjá stjórnvöldum og vegna þess að á henni er troðið með þeim hætti sem ég hef nú gert grein fyrir.

Á sl. ári samdist um það við mikinn aflamann, útgerðarmann í Eyjum, að Slippstöðin á Akureyri réðist í smíði fiskiskips fyrir hann. Það verk hefur gengið mjög vel og sýnt starfshæfni starfsmanna Slippstöðvarinnar og þá miklu tæknikunnáttu sem þar er til að dreifa. Það liggur alveg ljóst fyrir að vegna þessa skipasmíðaverkefnis, vegna smíði þessa skips, hefur ekki komið til þess á þessu ári að starfsmönnum hafi verið sagt upp. Ef skipið hefði hins vegar ekki komið til sögunnar hefðu uppsagnir starfsfólks Slippstöðvarinnar á Akureyri verið óhjákvæmilegar.

Það er nú svo að ýmsir hafa sýnt áhuga á því að kaupa það skip sem Slippstöðin hefur nú lagt til hlið-

ar í bili. Ýmsir hafa sýnt því máli áhuga og enginn vafi á því að með því að endurgreiða þennan skatt sem af Slippstöðinni hefur verið tekinn yrði stigið eitt lítið skref til þess að gera það mögulegt að einstaklingar geti komist yfir skipið. Ég hef heyrt það á skotspónum, skal ekki segja hvort rétt sé, að hæstv. fjmrh. hafi talað um það að hann mundi e.t.v. hlaupa undir bagga ef kaupandi fyndist að nýsmíði Slippstöðvarinnar á Akureyri. Þá mundi hann kannski bara draga einhverja peninga upp úr skúffunni til þess að auðvelda slík viðskipti. Ég get, herra forseti, ekki séð að fjmrh. hafi þvílíkt vald og vil minna á að sala hans á hlutabréfum í Þormóði ramma er alræmt hneyksli sem nú er mjög fjallað um þessa dagana í blöðum og af Ríkisendurskoðun. Fleiri dæmi eru um það að einstökum fyrirtækjum hafi verið gefnir peningar úr ríkissjóði. Hér er ekki um það að ræða. Hér er um það eitt að ræða að endurgreiða lántökugjald sem aldrei var ætlast til að skipasmíðaiðnaðurinn bæri, endurgreiða lántökugjald sem var endurgreitt af öllum viðgerðum sem unnar voru í fyrirtækjum í sjávarútvegi. Þess vegna er hér beinlínis um átroðslu, vil ég segja, ríkisvaldsins að ræða. Og ég vil segja að þeir ráðherrar sem um þessi mál hafa fjallað hafa bæði brugðist þeim trúnaði sem Alþingi hefur sýnt þeim og þar að auki ekki staðið við þau fyrirheit sem þeir hafa gefið um það að þetta lántökugjald yrði endurgreitt. Ég vil mjög beina því til meiri hl. fjh.- og viðskn. að hann endurskoði sína afstöðu til þessa frv. og sýni með þeim hætti að hann vilji með þessu litla móti styðja skipasmíðaiðnaðinn sem á um sárt að binda og sem sums staðar er í þeirri kreppu að spurning er hvort fyrirtækin geti haldið nægilegum mannafla til þess að geta veitt fiskiskipum okkar þá þjónustu sem ætlast er til og þau þurfa á að halda.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Fyrir jól gerði ég grein fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli, en þar var lagt til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Nú hefur flm. frv. farið þess á leit að ég geri frekari grein fyrir því af hverju við leggjum þetta til og hefur haft uppi mikið mál um vanda skipasmíðastöðva og telur að þetta frv. geti leyst þann vanda. Því fer fjarri. Mál skipasmíðastöðvanna verður að taka í heild sinni. Hér er um að ræða mjög litla fjármuni. Vandi skipasmíðastöðva á Íslandi er miklu stærri og það verður að leysa hann með allt öðrum hætti en hér er lagt til. Á þeirri forsendu er lagt til að þetta mál komi til skoðunar þegar sá vandi er leystur eða gerð tilraun til þess að leysa þann vanda. Ég trúi því að ríkisstjórnin og við sem stöndum að meirihlutaálitinu lítum til þessara tillagna sem annarra þegar á þeim vanda verður tekið.

En vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. um það hvað meiri hl. fjh.- og viðskn. er kaldlyndur gagnvart skipasmíðastöðvunum og atvinnuuppbyggingu í landinu má benda á það að þessi ómögulegu lög sem hér er um að ræða voru sett á árinu 1988 þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var við völd og þetta ákveðna ákvæði um lántökugjald var inni í þeim pakka. Og meira að segja má benda á að þá var hv. 2. þm. Norðurl. e. formaður fjh.- og viðskn. og mælti með samþykkt frv. hér á Alþingi svo að það má segja að hann hafi verið frumkvöðullinn að því að þetta gjald komst á. Það á því ekki við að við séum að sýna íslenskum skipasmíðastöðvum ofbeldi. Hér er verið að tala um það hvort eigi að breyta þeim reglum sem hv. 2. þm. Norðurl. e. setti á á sínum tíma. Við sem erum í meiri hl. í fjh.- og viðskn. viljum líta til þess að það eigi að skoða málið í heild sinni því auðvitað viljum við sem aðrir að hér sé blómlegur skipasmíðaiðnaður sem geti fullnægt þeim kröfum sem til hans eru gerðar fyrir íslenskar skipasmíðar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér talaði áðan hv. 2. þm. Norðurl. e. sem, eins og ég skildi orð hans, er einn megnugur þess að vera þingmaður Akureyringa. Getur verið að rétt sé, en það kemur þá væntanlega í ljós innan fárra mánaða ef svo er.

Ástæða þess að ég óska eftir að taka hér til máls er sú að ég vil taka undir með hv. 5. þm. Reykv. þegar hann sagði að með endurgreiðslu á skattinum sem hér um ræðir yrði stigið of lítið skref til þess að bjarga fjárhagsmálum viðkomandi fyrirtækis, Slippstöðvarinnar á Akureyri sem hér um ræðir fyrst og fremst, og reyndar kom það fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að þetta væri ekki nema lítið skref þó svo að samþykkt væri.

Skipið sem um ræðir og ekki hefur selst er fjárhagsvandi stöðvarinnar fyrst og fremst. Ég lít svo á að það liggi fyrir loforð um það frá hæstv. ríkisstjórn að þegar kaupandi finnst að því skipi muni stjórnvöld koma inn í þetta erfiða fjárhagsdæmi og taka þátt í fjármagnskostnaði sem safnast hefur á skipið. Þess vegna tel ég að þetta dæmi verði að leysa í heild sinni þegar þar að kemur. Það eru nú reyndar ýmsir að spyrja eftir þessu skipi og það er ekki vonlaust að það seljist innan tíðar og þá munu þessi mál öll skýrast. En ég ítreka það að ég lít svo á að stjórnvöld hafi lofað því að þá verði þetta mál tekið upp í heild sinni.

Í sambandi við skipasmíðar yfirleitt skulum við vona að hagur þeirra vænkist þegar náðst hafa samningar á meðal GATT-þjóða um fríverslun. Þá verður væntanlega bannað að styrkja þennan atvinnurekstur sem er svo mjög styrkur í okkar samkeppnislöndum eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e.

Það væri hægt að halda mikla ræðu um Slippstöðina og ég get svo sem alveg hugsað mér að gera það en ég held að það sé í sjálfu sér ekki til neins. Ég mun standa að samþykkt meiri hlutans í þessu máli en ítreka að þegar kaupandi hefur fundist að skipinu mun þetta koma upp á borð hjá stjórnvöldum. Þar tel ég að liggi fyrir ákveðin loforð.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hlýt að biðja hæstv. forseta að gefa

mér tækifæri til þess að eiga orðastað við hæstv. iðnrh., sem er ráðherra skipasmíða, vegna þeirra ummæla sem hv. 5. þm. Norðurl. e. Valgerður Sverrisdóttir hafði hér og þeirra upplýsinga sem hún gaf um að það lægi fyrir hjá ríkisstjórninni loforð um að hún mundi hlaupa undir bagga til þess að greiða fyrir sölu á fiskiskipi því sem er í smíðum í Slippstöðinni á Akureyri. Ég vona að hæstv. forseti skilji að þetta eru algerlega nýjar upplýsingar í málinu og eðlilegt að frsm. frv. og nefndarmaður fái að eiga orðastað við ráðherra um það. Þessar upplýsingar komu ekki fram í fjh.- og viðskn. þar sem þær hefðu að sjálfsögðu átt að liggja fyrir þegar málið var rætt.

Formaður nefndarinnar er aftur kominn í símann þannig að það sýnir nú áhuga hans á málinu. En ég vil spyrja hæstv. forseta hvort möguleiki sé á að fá að eiga orðastað við ráðherra áður en umræðu um málið lýkur. (**Forseti:** Er óskað eftir því að iðnrh. komi? Hann er því miður við umræðu í Nd.) Þá óska ég eftir að fá að gera hlé á ræðu minni og ljúka henni þegar iðnrh. hefur tök á að vera hér viðstaddur og helst fjmrh. og vil ég óska eftir að þeir verði báðir viðstaddir þegar þessari umræðu lýkur þannig að það fáist staðfest af þeirra munni að þeir hafi gefið loforð um það að greiða fyrir sölu á fiskiskipi á Akureyri með fé úr ríkissjóði vegna þess að það hefur komið fram hjá þingmanni Framsfl. að það er forsendan fyrir því að hann kýs að standa á móti því frv. sem ég hef hér flutt.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

52. fundur, miðvikudaginn 6. febr., að loknum 51. fundi.

Héraðsskógar, 2. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 338, n. 585, brtt. 586.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. landbn. þessarar hv. deildar um frv. til laga um Héraðsskóga.

Nefndin hefur fjallað um frv. á tveimur þingum, í fyrra skiptið á sl. vori þegar nefndin sendi frv. til umsagnar áhuga- og hagsmunaaðila um land allt og svo aftur á yfirstandandi þingi nú á síðustu vikum. Þegar frv. var lagt fram á síðasta þingi gerði 4. gr. þess ráð fyrir að ríkið greiddi 100% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 80% á eyðijörðum. Í 4. gr. þess frv. sem nú liggur fyrir og hér er fjallað um eru þessi hlutföll lækkuð niður í 90% fyrir jarðir í ábúð og 70% fyrir eyðijarðir. Að öðru leyti er frv. að mestu í sömu mynd og það var þá.

Við vinnu landbn. nú var stuðst við umsagnir frá síðasta þingi, þ.e. 112. þinginu. Umsagnir bárust þá frá Skipulagi ríkisins, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Náttúruverndarráði, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Stéttarsambandi bænda, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Búnaðarsambandi Austurlands, Félagi skógarbænda á Héraði og Búnaðarfélagi Íslands. Á þessu þingi hafa umsagnir borist frá Félagi skógarbænda á Héraði, Skógræktarfélagi Austurlands og Helga Gíslasyni verkefnisstjóra.

Nefndin fékk nú á sinn fund Helga Gíslason, verkefnisstjóra Héraðsskóga, og Hauk Halldórsson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda.

Þeirri skerðingu sem gert var ráð fyrir í frv. við framlagningu þess í haust á hlut ríkisins borið saman við frv. á síðasta þingi hafa skógarbændur á Héraði mótmælt og telja hana verða til þess að einungis 20% þeirra bænda sem upphaflega ætluðu að taka þátt í verkinu Héraðsskógar muni halda áfram við þær aðstæður. Undir þá skoðun tók einnig Helgi Gíslason verkefnisstjóri og Skógræktarfélag Austurlands og fleiri.

Landbn. tekur undir þessi sjónarmið en til að ganga bil beggja er lagt til að skipting kostnaðar verði í hlutföllunum 97% fyrir jarðir í ábúð og 75% fyrir eyðijarðir. Til að bæta nokkuð stöðuna í framtíðinni til ræktunar nýrra skóga leggur nefndin til þá breytingu á 5. gr. frv. að í stað þess að 15% af tekjuafgangi skóganna fari til ríkissjóðs verði miðað við 30%.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með áðurgreindum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Undir nefndarálitið skrifa allir nefndarmenn, þeir Skúli Alexandersson, Egill Jónsson, Jón Helgason, Valgerður Sverrisdóttir, Karvel Pálmason, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Herra forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni yfir því að hv. landbn. skilar hér sameiginlegu áliti og þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir þá afstöðu og fyrir starfið í nefndinni við afgreiðslu þessa frv. Ég tel að hér sé um mjög mikilsvert mál að ræða sem stuðlar að leið til ræktunar og nýtingar okkar lands, leið sem beðið hefur verið eftir að farin yrði um nokkuð langan tíma, kannski í rúma öld. Í Aldamótaljóðum orti Hannes Hafstein um lundi nýrra skóga. Kannski hefur sú leið sem hér er lagt til að farin verði ekki verið tímabær fyrr en nú.

Grundvallarforsenda þessa frv. er í fyrsta lagi að bændur leggi land sitt undir skógrækt. Þar með hafa þeir bundið sitt land næstu áratugina frá annarri notkun og á þeim tíma skilar landið bændum litlum sem engum tekjum. Og í öðru lagi að ríkið veiti verkefninu öflugan stuðning meðan uppbygging skóganna fer fram.

Á undanförnum árum hefur ýmislegt verið athugað til að stuðla að áframhaldandi nýtingu landsnytja og

fjárfestinga sem eru fyrir hendi úti um okkar dreifðu byggðir. Sumt hefur verið lagt þannig fyrir að það skilaði jafnvel tekjum áður en rekstur hæfist, hvað þá um fyrirhugaða arðsemi. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir tekjum á næstu árum, aðeins fyrir kostnaði í nokkuð mörg ár. Það er því mikilsvert að þessu frv. er fylgt héðan með samhuga stuðningi landbn. og vonandi allra hv. þm. hér í Ed. Sjálfsagt mun ekki af veita en það tryggir kannski og er vísbending um að okkar framtíðarsýn um ræktun nytjaskóga á Íslandi er að hefjast og verður í framtíðinni mikilsverður þáttur í okkar landsnytjum.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég á það erindi eitt hingað upp í ræðustól að þessu sinni að færa samnefndarmönnum mínum í landbn. Ed. þakkir fyrir afgreiðslu þessa máls og fyrir ánægjulegt samstarf í landbn. að þessu máli. Það er sérstök ástæða til þess að færa formanni nefndarinnar þakkir fyrir lipurð í þessu starfi, ekki síst vegna þess að framgangur þessa máls átti náttúrlega allt sitt undir því að það yrði samkomulag um það á Alþingi. Það skiptir hér grundvallarmáli að óskum skógarbænda á Austurlandi hefur verið mætt að svo miklu leyti sem var samrýmanlegt sanngirnissjónarmiðum um hlutdeild ríkisins í þessu starfi. Það er að sjálfsögðu augljóst mál að það skiptir ekki svo miklu máli hvort um 97% þátttöku yrði að ræða eða 100%. Aðalatriðið er að samkomulag varð um málið.

Ég tek undir orð formanns landbn. að í skógræktarmálum á Íslandi vil ég líta svo á að sé brotið nokkurt blað með þessu frv., ef að lögum verður, og því starfi sem af því kann að leiða. Hér er í fyrsta sinn lögfest að hafist skuli handa um skógarbúskap sem slíkan þótt fyrr hafi verið tekið til við skipulagðar ræktunaráætlanir í skógrækt. Ég er sannfærður um að þetta mál á eftir að skila Austurlandi miklum árangri og ég vona að það verði fyrirmynd að hliðstæðum verkefnum í öðrum byggðarlögum. Þess vegna ríður mikið á að vel takist til við þessa framkvæmd. Það þarf að vanda þessa ræktun ekki síður en aðra ræktun. Auðvitað eru íslenskir bændur vel í stakk búnir til þess að taka til hendinni í þeim efnum því að ræktun, þótt sé með misjöfnum hætti, byggist að sjálfsögðu á sömu grundvallarviðhorfum. Af þeirri ástæðu er hægt að fullyrða með nokkurri vissu að þessi mál muni ganga vel fram í höndum austfirskra bænda. Þetta er þýðingarmikið framhald af þeim ákvörðunum sem teknar voru með því að flytja Skógræktina austur á land.

Ég vona að reynslan eigi eftir að sýna það að hér sé um hið besta mál að ræða. Ég endurtek þakklæti mitt til samnefndarmanna minna í þessum efnum og að ógleymdu þakklæti til hæstv. landbrh., sem hlýðir á þessa umræðu, fyrir mikilvægan þátt hans í framgangi þessa máls.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. Ed. og ekki síst formanni hennar fyrir góða vinnu að vanda við þetta þingmál sem nú er til umræðu. Nú sem oftar hefur tekist góð samstaða með nefndarmönnum um afgreiðslu mikilvægs máls og fyrir það ber að þakka einnig. Það er ekki síst mikilvægt þegar mál af þessu tagi á í hlut þar sem hrint er úr vör verkefni sem vonandi á eftir að standa um áratugi eða jafnvel aldir, ef maður má taka svo hátíðlega til orða. Vel skal það vanda sem lengi á að standa, segir einhvers staðar, og grunnurinn að slíkum langtímaverkefnum er auðvitað afar mikilvægur og hann er tæplega hægt að leggja með traustari hætti en algerri pólitískri samstöðu um afgreiðslu máls af þessu tagi. Þess vegna fagna ég því sérstaklega og ég er viss um að það á eftir að verða ekki síst gæfa þessa verkefnis að svo tókst til eða svo stefnir í að takist til.

Ég er fyllilega sáttur við þær breytingar sem hv. landbn. gerir á frv. Ég gat þess í minni framsöguræðu að þetta væri eitt af þeim atriðum sem rétt væri að nefndin færi vandlega yfir, enda höfðu menn nokkuð mismunandi sjónarmið um það hvar væri eðlilegast að þessar prósentutölur lægju, samanber þær breytingar sem urðu á frv. milli ára. Ég tel að hv. nefnd hafi þarna ratað á nokkuð góðan meðalveg og mörg rök megi færa fyrir því að það sé skynsamleg niðurstaða að hverfa frá því að um algera kostnaðarþátttöku ríkisins, eða 100% framlag, sé að ræða þannig að til komi á hverjum tíma a.m.k. táknræn þátttaka þeirra sem aðild eiga að verkefninu. Hins vegar er jafnljóst, og það hygg ég að hljóti að hafa ráðið niðurstöðu nefndarinnar um að færa þetta hlutfall aftur upp á við, að bolmagn þeirra sem gerast fullir þátttakendur í þessu verkefni til að leggja þar mikið fram af eigin aflafé er takmarkað, einkum fyrri hluta verkefnisins, fyrstu árin eða áratugina.

Á móti má segja að ekki sé óeðlilegt að ríkið eigi þá von í hærri hlut afrakstursins eða hagnaðarins þegar þar að kemur.

Það er svo að lokum, herra forseti, von mín að með þessu frumvarpi, sem vonandi verður að lögum á yfirstandandi þingi, og með þeim fjárveitingum, sem hv. Alþingi ákvað í desembermánuði sl. að leggja til þessa verkefnis og er allmyndarleg fjárhæð á upphafsstigi þess, sé búið að festa þetta stóra verkefni, sem tvímælalaust er mesta samfellda áætlun um skógrækt sem litið hefur dagsins ljós í landinu til þessa, svo vel í sessi og búa þannig um hnútana að ekki verði aftur snúið. Og þá er ég viss um og get tekið þar undir með hv. síðasta ræðumanni og 4. þm. Austurl. að við þetta mál og undangengin 2–3 ár verða í sögunni örugglega miðuð ákveðin tímamót og þar sérstaklega að skógarbúskapur sem slíkur er í raun og veru í fyrsta sinn að halda innreið sína í alvöru með þessum áformum. Og hvort sem tímasetningin verður miðuð við afgreiðslu þingsályktunartillögu Alþingis í maímánuði 1988 eða samþykkt ríkisstjórnar á Þingvöllum vorið 1989 eða við afgreiðslu þessa frumvarps þegar að lögum verður skiptir ekki máli. Aðalatriðið er að nú er þetta stóra mál vonandi að komast í heila höfn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið hér undir fögnuð annarra hv. þm. varðandi það að nú eigi að fara að vinna af fullum krafti að skógrækt á Fljótsdalshéraði. Engu að síður vakna ákveðnar spurningar hjá mér við yfirlestur þessa frv. sem ekki fást svör við í því nefndaráliti sem nú liggur fyrir. Þess vegna hefði ég viljað fá svör hjá hæstv. landbrh. um þessa áætlun á Fljótsdalshéraði þar sem talað er um skógarbúskap og í fyrsta skipti skógarbúskap svo að einhverju nemi. Er reiknað með því að þessi búskapur komi að fullu í staðinn fyrir hefðbundinn búskap? Koma bætur vegna riðuniðurskurðar, sem í mörgum tilvikum eru á sömu jarðir og áætlað er að fái 97% ríkisframlag vegna kostnaðar við skógrækt, að einhverju leyti inn í þetta dæmi? Jafnframt hefði ég viljað heyra, þar sem í kringum þetta verkefni hefur verið stofnað hlutafélag og aftur og aftur hefur heyrst í fjölmiðlum að ríkið sé hluthafi í því félagi um byggingu gróðurhúss, þess stærsta og fullkomnasta hér á landi, jafnvel á Norðurlöndunum og jafnframt það dýrasta. Er ríkið hluthafi í þessu gróðurhúsi? Ef svo er, hversu hátt hlutfall er áætlað að verði framlag ríkisins við lok byggingarinnar? Það er vissulega rétt sem hæstv. landbrh. sagði hér að vel skal vanda það sem lengi á að standa því að eftir þeim upplýsingum sem maður hefur í gegnum fjölmiðla þá er þetta dýrasta gróðurhús sem byggt hefur verið á landinu og þó búum við við það að byggingarkostnaður gróðurhúsa hjá garðyrkjubónda er um það bil helmingi hærri en gerist annars staðar á Norðurlöndum. Ég hefði viljað fá aðeins meiri upplýsingar um það hvaða hlutverki þessi bygging og þetta hlutafélag gegnir í allri þessari starfsemi. Það kom líka fram að hér er um að ræða umfangsmestu áætlun sem gerð hefur verið um skógrækt í landinu. Það verður að segjast að eftir öll þau ár sem Skógrækt ríkisins hefur starfað er dálítið einkennilegt að ekki skuli hafa verið gerð svo ítarleg áætlun fyrr og er það þó vissulega fagnaðarefni að að þessari áætlun standa bændur. Því að það hlýtur að koma að því að bændur landsins taki að stærstum hluta við skógrækt og landgræðslu, verkþættinum, framkvæmdaþættinum í það minnsta. Þarna er vissulega kominn vísir að því en þó með því að ríkið leggur fram tæplega 100% af kostnaði við þessa skógrækt og hefði kannski mátt mæta því með því að beina framlögum sem eru til Skógræktar ríkisins meira inn á þessar brautir, í skógrækt á Fljótsdalshéraði og á öðrum svæðum landsins.

Ég vil líka spyrja um þær eyðijarðir sem þarna er um að ræða. Það er ákaflega lítill munur á framlögum til skógræktar á jörðum sem eru í ábúð og svo aftur á hinum sem eru í eyði. Það hljóta að vera allt, allt önnur rök fyrir þessum framlögum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Það atriði sem hv. 4. þm. Suðurl. spurðist fyrir um hefur auðvitað verið mjög ítarlega skoðað og rætt í tengslum við þetta mál, þ.e. með hvaða hætti mætti hvetja til þess að bændur sem væru tilbúnir til að draga saman eða láta af hefðbundnum búskap, fyrst og fremst sauðfjárbúskap, gætu haft forgang að þessu verkefni. Niðurstaða hefur orðið sú að það væri ekki gerlegt og ekki skynsamlegt að binda þetta tvennt með beinum hætti og algerlega saman. Það yrði mjög erfitt í framkvæmd. Til að mynda ef hefði átt að tengja aðgengi manna að skógræktarátakinu framleiðslurétti þeirra í hefðbundnum búskap, hefði það orðið erfitt í framkvæmd og hætt við að það hefði til frambúðar mismunað mönnum mjög sem þátttakendum í þessu verkefni út frá þeim tímabundna fullvirðisrétti sem þeir höfðu á einni tíð.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að menn átti sig á því að fullvirðisréttur til hefðbundins búskapar er í raun ekkert annað en hlutdeild í tímabundnum samningi ríkisvalds og bænda. Kæmi til þess að slíkur samningur yrði ekki gerður eða ekki endurnýjaður fellur fullvirðisréttarhugtakið og þar með reiknieiningin í framleiðslustjórnuninni niður. Þar með væri brostin sú forsenda sem áður lá til grundvallar þátttöku manna í þessu verkefni. Niðurstaða þessa máls varð því sú sem lesa má um í 6. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ábúendur jarða sem teknar eru til skógræktar skv. samningi við Héraðsskóga skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á þeim jörðum er þeir sitja. Forgang að annarri vinnu á vegum Héraðsskóga skulu þeir bændur hafa sem láta af sauðfjárrækt samhliða aðild sinni að Héraðsskógum. Að þeim frágengnum hafa aðrir bændur sem aðild eiga að Héraðsskógum forgang að vinnu við verkefnið."

Þá segir enn fremur í 3. mgr.:

„Þá skulu þær jarðir, þar sem sauðfjárbúskapur dregst verulega saman eða er lagður niður, hafa forgang að verkefninu umfram aðrar jarðir." Því er ljóst að þó svo menn hafi ekki treyst sér til að binda þetta beint saman, þá eru inni í lögunum heimildir til þess að veita þeim jörðum og þeim bændum sem dregið hafa saman hefðbundinn búskap, sauðfjárrækt, forgang að verkefninu með ýmsum hætti, bæði jörðunum hvað snertir forgang að plöntum og fjármagni á hverju ári og bændunum hvað snertir forgang að vinnu. Lengra treystu menn sér ekki til að ganga eða fundu ekki forsendur til að ganga. Ég vona að með því að beita þessum heimildarákvæðum, þá verki þetta í raun og veru á sambærilegan hátt eða a.m.k. hvetji til þess og opni möguleika á því að þeir bændur sem draga saman hinn hefðbundna búskap hafi þarna forgang.

Varðandi bætur vegna samninga við Sauðfjárveikivarnir um niðurskurð vegna riðu er því til að svara að í þessu tilviki, eins og mörgum öðrum, reka menn sig á þau ákvæði samninganna sem Sauðfjárveikivarnir gera við bændur. Þar er beinlínis tekið fram að þeirra hlut megi ekki skerða umfram aðra bændur að framleiðsluréttinum sem leigður er. Það hefur frá upphafi verið grundvöllur aðgerðanna til útrýmingar riðu að ekki sé gengið á hlut þeirra bænda, sem jafnvel lögþvingað eru skyldaðir til að skera niður bústofn sinn í þágu þessara sjúkdómsvarna, umfram aðra starfandi bændur á sama tíma. Þetta er mikilvægt grundvallar-

atriði sem gerir það að verkum að engar réttar forsendur eru til þess að skerða með neinum beinum hætti bætur eða stöðu þeirra bænda sem lent hafa í niðurskurðaraðgerðum. Ég hygg því að á þetta atriði mundu menn reka sig mjög fljótt í þessu tilviki, eins og öðrum, ef ætti að taka tillit til þessa sérstaklega.

Hv. fyrirspyrjandi á væntanlega við þá staðreynd, sem auðvitað er ljós, að þessir bændur geta sem þátttakendur í Héraðsskógaverkefninu og vegna riðuniðurskurðarins fengið greiddar bætur frá hinu opinbera úr tveimur mismunandi áttum á sama tíma. Til þess getur komið. En þar eru á ferðinni metnar eða umsamdar bætur fyrir beint tjón sem riðuniðurskurðurinn hefur valdið mönnum. Þeir fá þar fyrst og fremst greiddan annars vegar bústofninn sem skorinn var og í öðru lagi launalið þess búskapar sem þeir héldu uppi. Það er rétt að menn átti sig á því að niðurskurðarbæturnar taka ekki til endurgjalds eða ávöxtunar á þeim fastafjármunum sem viðkomandi bændur eiga í ræktun og húsakosti á sínum jörðum. Þann tíma sem niðurskurðartímabilið stendur eru þeir fjármunir bænda bundnir án endurgjalds, án þess að vinna fyrir sér. Ég hygg því að ekki sé hægt með sanngirni að halda því fram að þeir séu í raun ofhaldnir af þeim bótum sem þeir þannig fá, til að mynda af þessum ástæðum, sem ég hef nefnt, að þeirra fastafjármunir og fastur kostnaður við búreksturinn er ekki reiknaður inn í bæturnar á nokkurn hátt. Það tjón sem það bakar þeim að geta ekki nýtt framleiðsluaðstöðu sína það 3–5 ára tímabil sem fjárleysið varir er þeim ekki bætt. Og af þeim réttarregluástæðum sem ég hef rætt, þá held ég að sé ákaflega erfitt að greina þá frá öðrum aðilum í þessu tilviki.

Ég get upplýst, án þess að kunna nákvæmlega tölur, það sem hv. 4. þm. Suðurl. spurði um, að ríkið hefur lagt fram fé til styrktar uppbyggingu hlutafélagsins Barra hf. Ríkið er minnihlutaeignaraðili að því félagi gegnum þau framlög sem það hefur reitt af hendi sem hafa fyrst og fremst verið framlög til uppbyggingarinnar þannig að plöntuframleiðsla fyrir skógræktarverkefni gæti hafist. Það var niðurstaða skógarbændanna sjálfra og ósk þeirra að standa svona að málum, að stofna hlutafélag sem sæi um plöntuuppeldið og þá fyrst og fremst fræplönturnar. Varðandi græðlingaframleiðslu er enn til athugunar að bændur geti leyst það að einhverju leyti heima á sínum býlum. En prósentutölur um einstaka eignarhlutdeild þarna kann ég ekki. Ég veit að fyrirtækið er að miklum meiri hluta í eigu heimaaðila og skógarbændur sjálfir eru þar langstærstu hluthafarnir í gegnum það fé sem þeir hafa sjálfir lagt fram og í gegnum það fé sem þeir hafa með stuðningi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins lagt af mörkum. Þetta er orðið fjölmennasta hlutafélag sem stofnað hefur verið á Austurlandi með þátttöku á annað hundrað aðila heima í héraði og á Austurlandi. Held ég nú að þátttaka heimamanna í því sýni betur en margt annað góðan hug og mikinn vilja þeirra til þess að standa á bak við þetta verkefni. Mér er varla kunnugt um að einn einasti aðili sem til hefur verið leitað á Fljótsdalshéraði eða Austurlandi hafi skorist úr leik þegar leitað hefur verið til manna um þátttöku í verkefninu.

Ég get ekki gefið hér á staðnum og stundinni því miður nákvæmar tölur um byggingarkostnað, en ég veit að aðalframkvæmdin, þ.e. húsið sjálft, var boðið út í opnu útboði. Það bárust nokkur mismunandi tilboð og lægsta tilboðinu var tekið sem var frá límtrésverksmiðjunni á Flúðum í kjördæmi hv. fyrirspyrjanda. Vænti ég þess að það gleðji hagsmunagæslumenn Sunnlendinga að verkefnið kom í hlut þess fyrirtækis, enda stóð það sig best þegar útboð fór fram á opnum markaði. Verkefni þessa fyrirtækis er að framleiða plöntur í skógræktarátakið. Það var eftir vandlega og ítarlega skoðun mat, bæði skógarbænda sjálfra og þeirra sérfróðu aðila sem að þessu komu og skoðuðu með þeim, að álitlegasti kosturinn væri þessi, að standa svona að málum. Með hagkvæmni stærðarinnar í einni stórri gróðrarstöð ætti að nást lægstur framleiðslukostnaður. Það var ljóst að eitt af fyrstu og brýnustu verkefnum í þessu átaki var að sjá með tryggum hætti fyrir framleiðslu á nægjanlegu magni plantna á viðráðanlegu verði.

Ég vona að þetta hafi svarað með fullnægjandi hætti spurningum hv. þm.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið lengur en af því að minnst var á hagsmunagæslumenn annarra kjördæma, þá vildi ég gjarnan fá því svarað fyrir hönd hv. þm. annarra kjördæma og jafnframt þá hagsmunagæslumenn þeirra kjördæma, hvort við megum eiga von á því að það verði farið út í að skipuleggja skógræktarverkefni á svipaðan máta og hér um ræðir í öðrum kjördæmum. Ég fagna því líka að ekki er verið að tala um að skógræktin eigi að koma í stað hefðbundins búskapar vegna þess að staðreyndin er sú að skógrækt getur það ekki. Ég er svo sem ekki hissa á því þótt ekki skorist margir úr leik þegar 97% af kostnaði er greitt úr ríkissjóði. Það væri nú meiri bjálfagangurinn að neita því að fá slíka aðstoð. (**Landbrh.:** Vill hv. þm. endurtaka spurninguna?) Já, hv. þm. skal endurtaka spurninguna til hæstv. landbrh. Hún var um það hvort við, hv. þm. í öðrum kjördæmum, hagsmunagæslumenn eins og hæstv. landbrh. talaði um, mættum eiga von á því að verkefni eins og það sem hér um ræðir, Héraðsskógar, verði skipulögð í öðrum kjördæmum, eða á öðrum svæðum landsins og hvort sú vinna er farin í gang og hver skipuleggur þá vinnu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vona að hv. fyrirspyrjandi og 4. þm. Suðurl. hafi ekki misvirt við mig orðalagið. Ég leyfði mér að taka svona gáleysislega til orða að tala um hagsmunagæslumenn kjördæma en auðvitað er það ekki nógu yfirvegað orðbragð þegar hv. þm. eiga í hlut. Svarið er það að ég hef margoft sagt, meira að

segja hér í þessum ræðustóli fyrr á þessum vetri og oftar, að ég lít á þetta verkefni fremur og vonandi sem upphaf að öðrum slíkum en ekki bara eitthvert einstakt fyrirbrigði undir sólinni. Ég er alveg sannfærður um það að ef vel tekst til og góður gangur verður í þessu verkefni, þá mun það verða mönnum hvatning til þess að fylgja í kjölfarið á öðrum svæðum. Ég hef nefnt þau héruð þar sem nytjaskógrækt bænda hefur komist á talsverðan skrið undanfarin ár, svo sem uppsveitir Suðurlands, Eyjafjarðarsýsla, Borgarfjörður og jafnvel fleiri héruð. Þau væru eðlilegur vettvangur fyrir könnun á því hvort sambærileg stórátök og samfelld verkefni gætu komið í framhaldinu. Þess vegna er það ekki síður hagsmunamál og mikilvægt, held ég, bændum og öðrum landshlutum að þetta takist vel og góður kraftur verði í þessu því þá mun það auka mönnum kjark til að sækja á um að svipuð vinna fari í gang.

Þrátt fyrir þetta verð ég að segja að það er ekki komin af stað bein vinna að áætlanagerð af því tagi sem varð grundvöllur Héraðsskógaverkefnisins annars staðar. Ég hef litið svo á að það væri eðlilegt að snúa sér að því þegar þetta verkefni væri í höfn og byggja þá á þeim grunni sem þegar er kominn í gegnum nytjaskógrækt bænda í öðrum landshlutum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 586,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 586,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6.–10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

53. fundur, miðvikudaginn 6. febr., að loknum 52. fundi.

Héraðsskógar, 3. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 588.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

48. fundur, miðvikudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Skipti á dánarbúum o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildarlög). — Þskj. 108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 565.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að taka undir það sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. um þingsköp í gær að það er afar óheppilegt að það hafi þurft að slíta þessa umræðu í sundur. Hér er á ferðinni mjög veigamikið mál og eðlilegt að viðhorf sem flestra stjórnmálaflokka fái að koma fram strax á fyrsta degi umræðunnar. En það var kannski athyglisverðast við þá umræðu sem fram fór hér í gær að hæstv. iðnrh. og viðskrh., Jón Sigurðsson, lýsti því yfir að hann hefði viljað ganga lengra í opnunarátt en frv. gerir ráð fyrir. Þegar umræðunni var hætt var það af þeim ástæðum að boðaður hafði verið fundur í hv. utanrmn. Sþ. til að ræða um málefni Litáens og samskipti Íslands og Litáens. Og eftir að hafa lesið blöðin í morgun þá skilur maður betur hvers vegna sá fundur var haldinn og kannski hefði maður átt von á því að einhver yfirlýsing kæmi frá hæstv. ríkisstjórn í dag varðandi það málefni. En af því hefur ekki orðið.

Ég vek einnig aðhygli á því, virðulegi forseti, að hæstv. viðskrh., sem hér talaði í umræðunni í gær og fékk til þess leyfi að tala á undan þeim ræðumanni sem fyrstur var á mælendaskrá, ætlaði sér að vera viðstaddur þessa umræðu og svífur hér inn í salinn í þeim svifum. Það hefði verið ákjósanlegt einnig, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. hefði séð sér fært að vera viðstaddur umræðuna en ekki skulu gerðar kröfur til þess. Hann veit af þessari ósk og kemur ugglaust síðar á þennan fund.

Við 1. umr. þessa máls er eðlilegt að fjalla nokkuð almennt um frv. en einnig er nauðsynlegt að ræða sér í lagi þær viðræður sem nú eiga sér stað milli EFTA-ríkjanna og Lichtenstein annars vegar og Evrópubandalagsríkjanna hins vegar um evrópska efnahagssvæðið, enda er það ljóst að þessi mál, sem hér er verið að ræða, mun þurfa að ræða aftur þegar og ef Íslendingar ákveða að taka þátt í því samstarfi sem hlotið hefur heitið Evrópska efnahagssvæðið.

Á bls. 18 í athugasemdum með þessu frv. sem hér er til umræðu er á þetta minnst, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin [þ.e. nefndin sem undirbjó þetta frv. sem hér er til umræðu] hefur ekki tekið afstöðu til þess hvaða fyrirvara Ísland verði að gera um erlenda fjárfestingu í viðræðum við Evrópubandalagið. Samningaviðræðurnar um hið Evrópska efnahagssvæði hafa ekki heldur verið til sérstakrar umfjöllunar í nefndinni sem samdi frumvarp þetta, en reikna má með því að ef úr stofnun EEA verði þurfi að taka til endurskoðunar þau ákvæði, sem hér er lagt til að gildi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.e. að því er varðar borgara annarra EEA-ríkja. Nefndin telur samt sem áður brýnt að lögfesta frumvarpið nú sem fyrst enda núgildandi reglur sundurlausar og ósamstæðar."

Með öðrum orðum lýsir nefndin því yfir að það starf, sem hefur verið unnið af nefndinni, hafi reyndar tekið tillit til þessara viðræðna og hugmynda um að opna fyrir aukið samstarf við útlendinga en það sé þó fyrirsjáanlegt og nauðsynlegt að taka málið algjörlega upp til skoðunar ef og þegar Ísland verður aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Það er því alveg bráðnauðsynlegt hér í þessari umræðu að fjalla nokkuð um þetta mál.

Fyrst vil ég þó snúa mér að frv. eins og það liggur fyrir og lýsa yfir stuðningi við þá meginstefnu sem kemur fram í því en taka jafnframt fram að æskilegt hefði verið að frv. gengi lengra í nokkrum atriðum en gert er eins og það lítur út núna og áður en hv. fjh.- og viðskn. hefur fengið tækifæri til að fjalla um það.

Það er ljóst að Íslendingar þurfa á auknu áhættufjármagni að halda og það kann að vera heppilegt og eðlilegt og æskilegra að leita eftir samstarfi við erlenda aðila þannig að það samstarf beri í sér áhættu útlendinganna fremur en að taka lán, oft með ríkisábyrgð eða opinberri ábyrgð einhvers konar, hjá útlendingum og greiða erlendum aðilum það aftur algjörlega án tillits til þeirrar áhættu sem felst í áhættusömum atvinnurekstri.

Það má gera ráð fyrir að slíkt samstarf og samvinna ýti undir útflutning, en eins og fram kemur í skýrslum OECD er eitt það mikilvægasta sem Íslendingar þurfa að gera og átta sig á á næstu árum, og reyndar allar þjóðirnar sem þar starfa, að ýta undir útflutning og utanríkisviðskipti og framkalla þannig þann hag sem fæst af sérhæfingu í framleiðslu einstakra ríkja og svæða. Með því að auka samstarf yfir landamæri má búast við að slíkt verði hægara því oft eru þeir tilbúnir til að leggja fé í fyrirtæki annars staðar sem þekkja vel til markaðarins þar sem vörurnar eiga að seljast.

Því miður hafa Íslendingar verið heldur óheppnir að undanförnu í vali á nýjum útflutningsgreinum. Ég ætla ekki að sakast við einn eða neinn í því sambandi en ég hygg að flestir geti nú verið sammála um að loðdýrarækt og fiskeldi hafi ekki skilað því sem ætlast var til þegar þeim atvinnugreinum var ýtt úr vör eða þær a.m.k. stórauknar eins og gert var fyrst og fremst og ekki síst vegna áhrifa frá stjónvöldum fyrir nokkrum árum síðan. Að vísu eru þau mál flókin og alls ekki ætlunin hér að fara að gagnrýna þá sem að verki stóðu. Það má ugglaust sýna fram á að það hefði verið hægt að ná betri árangri með öðrum vinnubrögðum en ekki er tækifæri til þess að fjalla frekar um það við þessa umræðu málsins.

Þetta er fyrst og fremst nefnt hér til þess að benda á að Íslendingar hafa lagt verulega fjármuni, mjög mikla fjármuni í útflutningsgreinar sem ekki hafa skilað sér og þetta er nefnt hér til þess að leggja áherslu á nauðsyn þess að Íslendingar vandi valið. Það kann að vera heppilegt að velja útflutningsgreinar í samráði og samvinnu við erlenda aðila sem eru nær markaðnum og geta þess vegna gefið okkur nauðsynlegar upplýsingar um það hvernig vel sé að verki staðið.

Ég fagna því að sjálfsögðu að í þessu frv. er verið að stíga ákveðið skref í átt til þess sem við getum kallað vestrænar leikaðferðir, þ.e. þær leikaðferðir sem tíðkast í Vestur-Evrópu og hjá iðnvæddum ríkjum, en þau ríki hafa verið einna fremst í því að opna fyrir erlenda fjárfestingu. Og þykir mér full ástæða til að nefna það hér, ekki síst vegna þess að hæstv. forsrh. gat þess í stefnuræðu núv. hæstv. ríkisstjórnar að vestrænar leikaðferðir í efnahagsmálum ættu ekki við hér á landi. Þykir mér full ástæða til að benda á að hér virðist vera nokkuð skipt um stefnu og er full ástæða til að fagna því.

Það frv. sem hér er til umræðu er byggt að langmestum hluta á frv. sem hefur verið flutt áður, fyrst til sýnis af ríkisstjórn hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar en síðan af nokkrum þingmönnum Sjálfstfl., síðast á síðasta þingi. Ég rifja það upp að það frv. var samið af fulltrúum sem þáríkjandi stjórnarflokkar settu á laggirnar. Í þeirri nefnd, sem undirbjó það frv., voru fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Niðurstaða fékkst í það samstarf án nokkurs fyrirvara, en í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar gerðist það að Framsfl. hafði fyrirvara og reyndist vilja fara gegn frv. eins og það lá þá fyrir en frv. var lagt fram á Alþingi án þess að ætlunin væri að afgreiða það þá.

Það er einnig ljóst að Alþb. hefur í gegnum tíðina verið á móti opnun fyrir erlenda fjárfestingu. Vil ég rifja upp í því sambandi málflutning sem bæði hv. 4. þm. Norðurl. v. og hæstv. menntmrh. viðhöfðu þegar verið var að breyta iðnaðarlögunum og gefa iðnrh. tækifæri til að opna möguleika fyrir erlenda aðila að eiga iðnfyrirtæki að meiri hluta til hér á landi. Það atriði er tekið upp í þetta frv. sem hér er til umræðu. Ég nefni þetta hér vegna þess að svo virðist vera sem Alþb. hafi einnig skipt um stefnu í þessum málum og ber vissulega að þakka það þótt ekki sé gengið eins langt og við hefðum kosið, þeir sem hafa meiri áhuga en kemur fram í þessu frv. á því að opna fyrir erlendar fjárfestingar hér á landi og að ýta undir fjárfestingar Íslendinga erlendis.

Mig langar nú, virðulegi forseti, til að fara nokkrum orðum um fyrirliggjandi frv. og varpa fram fyrirspurnum og athugasemdum um einstök atriði þess.

1. gr. frv. og 2. gr. eru nákvæmlega eins og greinarnar í frv. sem flutt var af fyrri ríkisstjórn, en í 3. gr. er breyting eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. þegar

hann mælti fyrir frv. Þessi breyting er sú að nú er gerður sá fyrirvari um erlenda fjárfestingu að þeir einir geti notið þess að fjárfesta hér á landi sem koma frá löndum þar sem Íslendingar hafa sama rétt til fjárfestingar. Slíkar reglur eru stundum kallaðar gagnkvæmnisreglur og má segja að hugmyndin sé góðra gjalda verð. Ég bendi hins vegar á að það er ekkert einfalt mál að fylgja slíkri reglu eftir, ekki síst vegna þess að í mjög mörgum tilvikum og kannski flestum horfa mál þannig að fyrirtæki af erlendum toga eru í eigu manna og fyrirtækja frá mörgum þjóðum. Það er einnig mjög erfitt að bera saman réttindi í mismunandi löndum, hvort réttur eins sé lakari en réttur annars. Þetta hlýtur þess vegna að vera flókið í framkvæmd og mjög erfitt að meta þetta atriði, enda er það svo að mismunandi reglur gilda á mismunandi sviðum. Ég verð því að segja að ég hef miklar efasemdir um að þessi regla geti gengið upp í íslenskum rétti og hefði kosið að hæstv. forsrh. gerði betur ljóst en gert er í athugasemd við þessa grein hvernig fylgja á þessari hugmynd eftir vegna þess að það liggur fyrir að mismunandi reglur gilda á mismunandi sviðum atvinnulífs í hinum ýmsu löndum.

4. gr. frv. er auðvitað aðalgreinin, rétt eins og 4. gr. í fyrra frv. og byggir hún að sjálfsögðu í meginatriðum á því frv. sem þá var til skoðunar í tíð fyrri ríkisstjórnar og eins á síðasta þingi þegar nokkrir sjálfstæðismenn undir forustu formanns Sjálfstfl. endurfluttu það frv.

Í 1. tölul. er gert ráð fyrir því að íslenskir ríkisborgarar einir geti átt fyrirtæki sem stundar fiskveiðar og virðist vera mjög víðtækt samkomulag hér á landi um það eins og fram hefur komið hjá öllum þeim sem talað hafa í þessum málum, að ástæða sé til að takmarka, jafnvel útiloka, fjárfestingar erlendra aðila í náttúruauðlindum landsins.

Ég ætla ekki hér við 1. umr. að ræða það mál mjög mikið en vissulega hefði gefist tilefni til þess og gefst kannski síðar því að hér er verið að ræða um málefni sem hefur þýðingu langt umfram það sem um getur í þessum tölulið vegna þess að hér er komið að kjarna þess máls, hver eigi auðlindirnar. Hver á fiskimiðin? Hvað þýðir 1. gr. laga um stjórn fiskveiða? Á að greiða fyrir það að fá að njóta þess réttar að fiska í fiskveiðilögsögunni? Og hverjum ber að greiða? Kann að vera að reglur um sölu veiðileyfa eða uppboð á kvótum mundu hjálpa okkur ef einhvern tíma kynni að koma að því að við þyrftum að eiga samstarf við annað ríki og teldum það heppilegt fyrir okkar hagsmuni að veita erlendum aðilum einhvern rétt til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu vegna þess að við fengjum önnur veigameiri réttindi í staðinn? Með þessum orðum er ég ekki að stinga upp á slíku, heldur aðeins að nefna það að það eru fjölmörg álitaefni sem þarf að svara og það er full ástæða til að kanna það þegar rætt er um jafnmikilvægan hlut og þann að breyta íslenskum lögum eins og hér er verið að gera ráð fyrir í það horf að einungis íslenskir ríkisborgarar megi veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að það er stefna Sjálfstfl. að hafa þennan 1. tölul. eins og þarna getur og hann er í fullu samræmi við 1. tölul. í því frv. sem lagt var fram af ríkisstjórn 1. þm. Suðurl. Ég hef hins vegar kosið að nefna þessi atriði hér því ég held að þau hangi saman og veit reyndar að ýmsir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn hafa gefið þessu máli gaum og hugað að málum eins og þessu.

Varðandi 2. tölul. hef ég athugasemdir fram að færa. Hér er gert ráð fyrir því að einungis íslenskir ríkisborgarar, og einungis þeir ríkisborgarar sem lögheimili eiga hér á landi, geti átt fiskvinnslufyrirtæki, en fiskvinnsla er skýrð í 2. tölul. Hins vegar geti útlendingar og íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru erlendis átt í frekari úrvinnslu, eins og það er kallað, eins og segir í lokaorðum 2. tölul. 4. gr.

Ég verð að játa það að mér finnst þessi tölul. of þröngur. Ég hefði kosið að íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis og erlendir aðilar ættu þess kost að eignast hlut í fyrirtækjum í fiskvinnslu öðrum en þeim sem eiga í fyrirtækjum eða gera út báta sem fiska í íslenskri fiskveiðilögsögu. Ég er þess vegna sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram í fyrra frv. Þar að auki tel ég að þessi grein sé þannig að það sé ekki vegur að greina á milli frumvinnslu og úrvinnslu í fiskvinnslunni sjálfri og sú greining, sem hér er um að ræða, sé þvert á rök og skynsemi.

Í þessum tölul. er gert ráð fyrir því að útlendingar geti ekkert átt í venjulegri fiskvinnslu en geti átt, ja, mikinn hluta í greinum þar sem um frekari úrvinnslu er að ræða. Og hver er þessi frekari úrvinnsla? Jú, samkvæmt orðanna hljóðan er um að ræða umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnslu afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu og matreiðslu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að menn komi til með að lenda í gífurlegum vandræðum þegar þeir ætla að greina á milli þessarar úrvinnslu og annarrar vinnslu, eins og reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu o.s.frv. Ég tel að það sé nánast útilokað og þess vegna sé afar óheppilegt að skipta með þeim hætti sem hér er gert. Nær hefði verið að reyna að finna reglu þess efnis að erlendir aðilar, sem tilbúnir eru til að fjárfesta í fiskvinnslunni, gætu gert það svo framarlega sem fyrirtækið sem í hlut á eigi ekki hagsmuni í fyrirtæki sem stundar veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu. Þess vegna tel ég að þessi breyting, sem hér hefur orðið á frá því að fyrra frv. var flutt, sé ekki til bóta.

Í 3. tölul. er um að ræða nýtt ákvæði, ákvæði sem ekki var í fyrra lagafrumvarpi. Hér er um að ræða tillögu til lagabreytingar en í dag er í sérstökum lögum sagt frá því hverjir geta virkjað og eignast virkjunarréttindi, bæði vatnsfalla og jarðhita. Það skal tekið undir með hæstv. viðskrh. og iðnrh. að kominn er tími til að skýrari lagareglur gildi um þetta atriði. Ég tel að Sjálfstfl. sé sammála því að full ástæða er til þess að Íslendingar einir geti átt fyrirtæki á borð við þessi, enda er um náttúruauðlindir landsins að ræða. Hins vegar kæmi auðvitað til greina að gera á þessu undantekningar við sérstök tiltekin skilyrði sem ég ætla ekki að ræða frekar hér, en gætu t.d. opnast ef við ættum

samstarf við einhverja sem vildu njóta mikillar orku frá íslenskum orkuverum. Þá mætti opna það mál með sérstökum lögum þegar tiltekin tilefni gefast.

Það sem er hins vegar athygli vert við þennan 3. tölul. er að hæstv. viðskrh. og iðnrh. lýsti því í gær að nauðsynlegt væri að flutt yrði lagafrumvarp um þessi atriði — og þá á hann ugglaust við jarðhitaréttindin og réttinn til að virkja vatnsföll hér á landi — vegna hugsanlegrar inngöngu okkar í Evrópska efnahagssvæðið. Undir þetta vil ég taka en bendi á að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki flutt slík frv. Og ef ég má nefna til sögunnar það starf sem unnið er nú í hv. iðnn. Nd. undir forustu hv. 2. þm. Austurl., þá er það starf unnið á vegum þingsins en ekki á vegum hæstv. ríkisstjórnar. Það starf er gagnlegt og við höfum fallist á það, fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni, að taka þátt í því starfi sem þar er unnið, en ég tel að það sé skylda hæstv. ríkisstjórnar að leggja fram stjfrv. um þetta efni ef hún vill fá það afgreitt á ábyrgð stjórnarmeirihlutans. Ég hygg hins vegar að það mál hafi stöðvast í þingflokki Framsfl. En ef ég fer með rangt mál í því sambandi er full ástæða til að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því og leiðrétti þau ummæli því mér hefur skilist að Framsfl. sé ekki tilbúinn til þess að afgreiða frv. með þeim hætti sem hæstv. viðskrh. og iðnrh. kýs.

Þetta vil ég nefna varðandi 3. tölul. 4. gr. frv. Mér finnst vera full ástæða til þess að hæstv. forsrh. skýri sín sjónarmið, ekki síst vegna orða hæstv. viðskrh. og iðnrh. sem hann viðhafði í umræðunni í gær.

Ég er sammála hæstv. viðskrh. þegar hann segir að það hafi verið óþarfi í 4. tölul. að þrengja ákvæði gildandi laga með því að koma í veg fyrir, eins og gert er ráð fyrir í þessum tölulið, að útlendingar geti átt meira en 49% í flugfélögum eða í íslenskum flugfélögum, þ.e. flugfélagi sem starfar hér á landi á grundvelli íslenskra laga.

Í núgildandi lögum hefur ríkisstjórnin tækifæri til að veita undanþágu ef útlendingar vilja eiga meira en en 50% í slíkum félögum.

Um 5. tölul. er lítið að segja um fyrri partinn. Þar er gert ráð fyrir að erlendir aðilar megi eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka sem rekinn er af hlutafélagi. Það er kannski þetta síðasta hugtak sem skiptir máli: „sem rekinn er af hlutafélagi". Þetta þýðir það að Íslandsbanki hf. getur, ef eigendum þess banka sýnist, selt 25% hlutafjár til erlends aðila eða bætt við hlutafé sitt þannig að erlendur aðili kæmi inn til samstarfs og ætti allt að 25%. En ég vek athygli á því að Landsbankinn og Búnaðarbankinn geta ekki nýtt sér þetta tækifæri ef stjórnendur þeirra banka vildu gera það, einfaldlega vegna þess að þeir bankar starfa ekki í hlutafélagsformi.

Fyrr á þessu þingi og reyndar á síðasta þingi hafa orðið við ýmis tækifæri umræður um bankana og form á bönkum. Hæstv. iðnrh. og viðskrh. hefur lýst skilningi á því að það kunni að vera nauðsynlegt til þess að undirbúa íslenska bankakerfið undir aukna samkeppni að reka ríkisbankana í öðru formi en nú er gert, en enn þá hefur ekkert frv. komið fram frá hæstv. ríkisstjórn um þetta efni. En ég get sagt frá því að þingmenn Sjálfstfl. hafa í hyggju að endurflytja sitt frv. á þessu þingi, en þeir hafa á undanförnum þingum flutt frv. þess efnis að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagaform.

Þá er gert ráð fyrir því hér að frá 1. jan. nk. geti erlendir hlutafélagabankar sem skráðir eru erlendis starfrækt rekstur útibúa hér á landi. Ég ætla ekki að vera margorður um þetta ákvæði en bendi á að hæstv. viðskrh., yfirmaður bankamála hér á landi, gerði við þetta athugasemd í sinni ræðu í gær. Ég vil enn fremur benda á að svo virðist sem hæstv. viðskrh. hafi í ýmsum efnum aðra skoðun en a.m.k. sumir stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar og kem ég síðar að því í mínu máli.

Um 6. liðinn ætla ég ekki að vera margorður en varðandi 7. liðinn er nauðsynlegt að taka fram nokkur atriði.

Hæstv. viðskrh. minntist á 7. liðinn í sinni ræðu hér í gær og taldi hann vera mjög þungan í vöfum. Undir það vil ég taka. Og þó vil ég sérstaklega benda á að í niðurlagi 7. tölul. 4. gr. er gert ráð fyrir því að heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig megi ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskrh. Ég tel að mjög erfitt sé að framkvæma þessa yfirlýsingu og ég tel alls óeðlilegt að viðmiðunin sé mat Þjóðhagsstofnunar. Ég tel það ekki vera mjög góðan lagagrundvöll að eitthvað sé „að mati Þjóðhagsstofnunar", og það verði að vera skýrari og fastari grundvöllur sem menn nota, grundvöllur sem þá er lögbundinn helst. En ég bendi á að hérna koma alls konar vandkvæði upp, t.d. þau hvort miða eigi við allan iðnaðinn. Á að miða eingöngu við byggingariðnað? Á að miða eingöngu við skóiðnað á Íslandi o.s.frv.?

8. liðurinn er óbreyttur frá því sem var í fyrra frv. 9. liðurinn nokkuð breyttur en þó í sömu stefnu og áður hafði verið í fyrri frv.

Í 5. gr. frumvarpsins vil ég gera þá athugasemd og gera þá fyrirspurn til hæstv. forsrh. í leiðinni — og þá ef hæstv. viðskrh. kýs að taka það mál upp enn fremur: Hvernig stendur á því að Seðlabanki Íslands skuli birta opinberlega upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila eins og kemur fram í 2. mgr.? Er ekki nóg að Seðlabankinn safni saman þessum upplýsingum og þær séu til haldbærar? Hvers vegna á að birta þessar upplýsingar á hverju ári frekar en upplýsingar um fjárfestingar íslenskra aðila í innlendum atvinnurekstri? Er ekki aðalatriðið að Seðlabankinn fyrir hönd íslenskra stjórnvalda fylgist með og geti gefið stjórnvöldum og öðrum upplýsingar þegar á þarf að halda án þess að honum sé það skylt í upphafi hvers árs?

Ég ætla ekki hér í 1. umr. að ræða um búsetuhugtakið og lögheimilishugtakið og hvort ástæða sé til þess að gera það að skilyrði stundum að um lögheimili sé að ræða en í öðrum tilvikum búsetu. Þetta þarf hv. nefnd að athuga.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðherra geti bannað erlendum aðila fjárfestingu hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki. Þetta er nýtt ákvæði sem er ástæða til þess að taka undir en kann að

vera æði erfitt í framkvæmd.

Í 10. gr. hefur orðið sú breyting frá fyrri frumvörpum að nú er gert ráð fyrir því að sú nefnd um erlenda fjárfestingu sem þar er gerð grein fyrir skuli kosin hlutfallskosningu í Sþ. Áður var gert ráð fyrir því að ráðuneytin tilnefndu menn í þessa nefnd. Ég skildi þá hugsun vel því að þá var verið að tilnefna sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum. Nú er þetta vald framselt til Alþingis sem þýðir auðvitað það að meiri hluti nefndarinnar getur haft pólitískt stefnuljós. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja en það þýðir í raun að álitaefni sem koma upp verða leyst fremur með pólitísku en faglegu mati. En síst situr á mér að koma í veg fyrir að Alþingi fái hér aukin völd og mun ég ekki beita mér gegn breytingu á þessu ákvæði þó að ég hafi skilið ákvæðið í fyrra lagafrumvarpi ágætlega.

Það hefði verið full ástæða til að ræða ýmislegt sem kemur fram í athugasemdum með frv. Ég beini því til hæstv. forsrh. að umsagnir sem bárust til nefndarinnar verði sendar til hv. fjh.- og viðskn. þannig að þingnefndin geti áttað sig á því hvernig frv. hefur breyst, en mér er kunnugt um það að frv. hefur breyst í ýmsum atriðum.

Áður en ég held lengra er þó full ástæða til þess að geta um það hér að það er ein víkkun í þessu frv. frá fyrra frv. og það varðar leyfi útlendinga til að stunda útvarpsrekstur og blaðaútgáfu hér á landi. Það er vissulega athygli vert og full ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvernig á því stendur að núv. hæstv. ríkisstjórn telur ástæðu til að rýmka þetta ákvæði miðað við það ákvæði sem var í því frv. sem áður hafði verið samið. Ekki svo að skilja að ég hafi við þetta að athuga á þessu augnabliki, en a.m.k. er full ástæða til að fá skýringar á því til hvers þessi breyting var gerð.

Á bls. 17 í greinargerðinni er fjallað um viðhorf innan OECD sem staðfesta það sem ég fyrr hef sagt í minni ræðu um þá stefnu sem þar er rekin.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að svo komnu máli að fara í frv. frekar, í einstök atriði þess. Hér er verið að samræma lagareglur, verið að eyða réttaróvissu og verið að undirbúa Íslendinga undir opnara samstarf við aðrar þjóðir. Um það er auðvitað gott eitt að segja þótt okkur kunni að greina á um einstök atriði frv. Hv. nefnd getur auðvitað fjallað um málið ítarlegar og þá kann að vera ástæða til að ræða það betur við 2. umr. málsins.

Mig langar nú, eins og ég gat um í upphafi, til að ræða um annan þátt þessa máls, en hann snýr að því að þessi mál munu verða aftur á dagskrá þegar og ef Íslendingar ákveða að taka þátt í Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta er skýrt tekið fram, eins og ég hef áður sagt í minni ræðu, á bls. 18 í athugasemdum með frv.

Það er öllum kunnugt, þeim sem hafa fylgst með umræðum um evrópska efnahagssvæðið hér á Alþingi, að meiri hlutinn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, höfnuðu því á sínum tíma að ríkisstjórnin fengi umboð til samninga. Hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar hér á Alþingi höfnuðu því jafnframt að teknar yrðu upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið á sama tíma og töldu það geta spillt fyrir árangri í viðræðunum. Það er líka alkunna að hæstv. forsrh. gerði mjög mikið úr þeim fyrirvörum sem Íslendingar hefðu þegar, að mig minnir í mars árið 1989, var ákveðið að Íslendingar tækju þátt í þessu sameiginlega starfi EFTA-ríkjanna og yfirlýsing kom frá EFTA um það hvernig þessar viðræður við EB yrðu lagðar upp.

Nú hefur það gerst á síðustu dögum að hæstv. forsrh. hefur verið sakaður um tvískinnung í þessum efnum öllum, ekki af hálfu stjórnarandstöðunnar, enda hefði slíkt verið reiknað sem árás stjórnarandstöðunnar á andstæðing í stjórnmálum. Þvert á móti hefur þessi árás komið úr herbúðum stjórnarsinnanna sjálfra því að hinn 1. febr. sl. skrifar hv. 2. þm. Austurl. opið bréf til hæstv. forsrh. og þetta bréf er birt í málgagni forsrh. sjálfs. Það er full ástæða til þess þegar verið er að ræða um þessi mál að fjalla um þetta bréf, sem hv. 2. þm. Austurl. sendi hæstv. forsrh., og spyrja af því tilefni hver sé stefna hæstv. ríkisstjórnar varðandi viðræðurnar sem nú fara fram á milli annars vegar EFTA og Lichtenstein og hins vegar Evrópubandalagsins og spyrja jafnframt um það hvort hæstv. utanrrh. hafi fullt og óskorað umboð allrar hæstv. ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna þegar hann er að vinna að þessum málefnum. En eins og allir vita hefur það gerst í samningaviðræðunum að ýmsum fyrirvörum, sem voru til í upphafi, hefur verið ýtt út af samningsborðinu.

Með leyfi forseta vil ég fjalla örlítið um þetta bréf sem varpar ljósi á það um hvað þetta mál snýst. Ég er engan veginn að gera það álit sem kemur fram í þessu bréfi að mínu, en þetta bréf varpar þó ljósi á þær hugmyndir sem eru uppi meðal a.m.k. sumra stjórnarsinnanna og hlýtur að leiða til þess að þess verði krafist af hæstv. ríkisstjórn að hún svari ýmsum grundvallarspurningum. Hv. 2. þm. Austurl. segir orðrétt m.a. í sínu bréfi, með leyfi forseta:

„Það sem ég tel alvarlegast við málsmeðferðina hingað til er að ekki fara saman orð og efndir. Málið er kynnt og rekið á allt öðrum forsendum en látið var í veðri vaka þegar upp var lagt fyrir tveimur árum. Sáralítið er gert af ríkisstjórnarinnar hálfu til að varpa hlutlægu ljósi á þessar samningaviðræður. Almenningur fær rangar og villandi upplýsingar um þýðingarmikla þætti."

Hér er því haldið fram að ekki fari saman orð og efndir og málið sé rekið á allt öðrum forsendum en látið var í veðri vaka þegar upp var lagt. Þetta eru stór orð og þungur dómur um málsmeðferðina í þessu mikilvæga máli.

Hv. 2. þm. Austurl. rifjar það upp sem menn vita að ef og þegar Íslendingar verða aðilar að Evrópusamstarfinu sem kallast Evrópska efnahagssvæðið, þá má gera ráð fyrir því að Íslendingar verði að taka inn í sína löggjöf á tilteknum tíma um það bil 1400 samþykktir Evrópubandalagsins og texta sem er upp á mörg hundruð ef ekki þúsundir blaðsíðna. (**HG:** 11 þúsund.) Já, 11 þúsund blaðsíðna í sama broti og íslenska lagasafnið er í dag. Það er sú tala sem menn hafa verið að tala um. Það starf jafngildir að magni til líklega nokkurra áratuga starfi Alþingis. En auðvitað er það ekki samanburðarhæft því að okkur er ekki gef-

inn sá kostur, eðlilega, eins og í venjulegri löggjöf að gera þær breytingartillögur sem okkur sýnist því að að sjálfsögðu þegar um er að ræða viðskiptasamning — ef menn kjósa að kalla þetta viðskiptasamning en ekki samstarf — þá verður auðvitað að taka hann með þeim gæðum og göllum sem hann hefur að geyma þegar við tökum þessa afstöðu.

Ég skil það svo, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. hafi vikið hér af fundi vegna þess að hann hafi lesið mjög ítarlega efni þessa bréfs og hann þurfi þess vegna ekki bæði að hlusta á það eftir að hafa lesið það þannig að ég læt það átölulaust þótt hann sé ekki hér staddur rétt á meðan ég geri grein fyrir efni bréfsins. En auðvitað mun ég víkja spurningum til hans jafnframt sem ég æski þess að hann svari hér í umræðunni.

Hv. þm. rifjar upp hvað hæstv. forsrh. sagði í Ósló 14. og 15. mars 1989, en þar sagði hæstv. forsrh. m.a. að hann teldi að Íslendingar gætu aldrei gefið sig á vald yfirþjóðlegum stofnunum. Við gætum aldrei afsalað okkur fullveldinu. Hann taldi líka og sagði það mjög skýrt í þessari yfirlýsingu að Íslendingar ættu að gera fyrirvara í þessu samstarfi, sérstaklega hvað varðar frelsi á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga. Og það sama sagði hann að ætti við um frelsi á sviði þjónustu og vinnuaflsflutninga. Og orðrétt sagði hæstv. forsrh., með leyfi forseta, í þessari yfirlýsingu sinni í Ósló:

„Við erum að sjálfsögðu fúsir til að kanna þessi atriði en aðlögun verður að gerast smám saman og byggja á vandlegu mati á áhrifum slíks á íslenskt fullveldi.“ — Þetta eru orðrétt ummæli úr yfirlýsingu hæstv. forsrh.

Síðar í þessu bréfi gerir hv. 2. þm. Austurl. grein fyrir því hvernig fyrirvararnir hafi dottið út í umræðunum hver af öðrum þannig að lítið standi eftir af þeim fyrirvörum sem gerðir voru í upphafi og hv. þm. segir að hæstv. viðskrh. hafi með reglugerðarbreytingu í sumar í raun og veru tekið ráðin af hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkum.

Hv. þm. gerir einnig grein fyrir því að líklega sé fríverslun með fisk úr sögunni í þessum viðræðum. En eins og þeir vita sem a.m.k. horfðu á sjónvarpið á dögunum þegar stjórnmálaforingjar okkar komu saman til að ræða um þessi mál, þá virðist það vera taktík eða strategía hæstv. utanrrh. að bíða með stærsta málið þar til á örlagastundu. Ég vil gjarnan ef hægt væri að forsrh. hlustaði á þetta. (**HG:** Hann kannast við þetta allt saman.) Já, hann kannast við þetta allt saman en ég tel að í þessari umræðu hér þurfi hæstv. forsrh. að svara því til hvort hann styðji eindregið þá stefnu sem rekin hefur verið af hálfu utanrrn. um taktík eða strategíu, svo að maður noti nú erlend hugtök, í þessum viðræðum sem nú eiga sér stað. En þessi taktík byggir á því að á örlagastundu, á síðustu stundu geti Íslendingar treyst á aðrar EFTA-þjóðir þannig að þær taki á sig fórnarkostnaðinn. Það þýðir á mannamáli að þær muni t.d. taka það á sig að leyfa innflutning á landbúnaðarafurðum og öðrum varningi sem ekki átti að vera kannski í upphafi í þessum samningum upp á það að Íslendingar geti hindrunarlaust og tollalaust flutt inn fisk til Evrópuríkjanna innan Evrópubandalagsins. Þetta er sagt á sama tíma og Norðmenn auka styrki sína við norskan sjávarútveg.

Ég er ekki að spyrja vegna þess að ég hafi á móti því að Íslendingar taki þátt í þessu samstarfi. Ég er að spyrja vegna þess að það kemur fram í bréfi hv. þm. að það sé allt öðruvísi farið með þetta mál heldur en hæstv. forsrh. lagði upp með. Það hlýtur þess vegna að vera krafa okkar að hæstv. forsrh. svari þessum atriðum nú við umræðuna.

Ég ætla ekki að gerast miklu margorðari um þetta bréf hv. þm. Hann hefur að sjálfsögðu málfrelsi hér í hv. deild og ég efast ekkert um það ef hann fyigir venju sinni að hann taki hér til máls og tali a.m.k. eitt „hjörl“ sem mun vera um það bil 45 mínútur þegar hann kemur að þessum þætti. Fagna ég því að hann muni taka þátt í umræðunni, sem einnig hans sessunautur, hv. 4. þm. Norðurl. v., sem var einn af þeim mönnum sem sömdu þetta frv., en það er full ástæða til að hann komi hér og staðfesti að sú opnun sem hér á sér stað sé á ábyrgð Alþb. En ég rifja það upp að fyrr á þessu kjörtímabili hafði hv. þm. — og ég gæti flett þeirri ræðu upp mjög einfaldlega — mörg horn í síðu þess að verið væri að örva erlendar fjárfestingar hér á landi. Þau orð lét hann falla m.a. í umræðu um breytingu á iðnaðarlögunum á sínum tíma, en einmitt sú breyting er nú orðin hluti af því frv. sem hér liggur fyrir og hv. þm. stendur að.

En í lok bréfs hv. 2. þm. Austurl. til hæstv. forsrh. er einmitt fjallað um þetta mál með þeim hætti að ég sé ekki betur en hæstv. forsrh. verði að koma hér í umræðuna og svara skýrlega fyrir sig.

Ég ætla ekki að fara dýpra ofan í þessa umræðu alla, en ég vil þó rifja upp að hæstv. forsrh. hafði nokkuð þung orð í garð dr. Gunnars G. Schram, prófessors í lögum, þegar Gunnar G. Schram leyfði sér að segja að það væri aðeins stigsmunur en ekki eðlismunur á þátttöku okkar annars vegar í Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar innan Evrópubandalagsins. Og hæstv. utanrrh. lofaði landsmönnum því að hann ætlaði að tala við hæstráðandi yfirvald sitt hér á landi, sem er tengdamóðir hans, til að koma skikk á Schram-ættina. Ekki veit ég hvort það hefur verið reynt en hafi það verið reynt hefur það a.m.k. gjörsamlega mistekist því að dr. Gunnar G. Schram skrifaði grein í Morgunblaðið skömmu síðar og endurtók staðhæfingar sínar. Ég hygg því að hæstv. forsrh. verði a.m.k. að gera upp sinn hug og skýra frá því hvort hann fallist á þau sjónarmið sem koma fram hjá dr. Gunnari eða hvort hann sé við sama heygarðshornið og vilji loka augunum fyrir því að þátttaka í Evrópska efnahagssvæðinu þýðir auðvitað gjörbreytingu á því sem við í dag köllum fullveldi Íslendinga.

Ég hef gerst, virðulegur forseti, nokkuð langorður um þetta atriði, sem ég tel mjög mikilvægt, því að hér á landi er því haldið fram að ríkisstjórnin sé sammála um hvernig standa beri að viðræðunum við Evrópubandalagið. Ég hef hins vegar fyllstu ástæðu til að halda að ríkisstjórnarflokkarnir séu margklofnir um

þetta mál og þeir séu að reyna að ýta þessu máli á undan sér til þess að koma í veg fyrir að þessi ágreiningur blossi upp fyrir kosningar. Það eigi að reyna að ýta ágreiningnum það langt fram í tímann að ekki verði á hann minnst fyrr en eftir kosningarnar sem verða í apríl. Vonandi skýrist samt eitthvað þegar hæstv. forsrh. hefur svarað þeim fsp. sem til hans hefur verið beint um þetta málefni.

Ég vil minna á í þessu sambandi að önnur þjóðþing, bæði norska þingið og sænska þingið, hafa tekið miklu meiri þátt í þessum undirbúningi í þessum viðræðum heldur en nokkurn tímann Alþingi Íslendinga. Þetta veit ég og hef heyrt frá þingmönnum bæði í Svíþjóð og Noregi. Og maður hlýtur að spyrja sig: Hvernig stendur á því að Alþingi Íslendinga tekur ekki þátt í þessu með sama hætti og þing sumra annarra EFTA-ríkja?

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að þó þessi gagnrýni komi fram á málsmeðferð ríkisstjórnarinnar og sá grunur læðist að manni að þar sé ekki allt með feldu, þá lít ég svo á og minn flokkur að taka eigi þátt í þessum viðræðum af fullum heilindum. Við bentum reyndar á það í upphafi að við vildum að ríkisstjórnin hefði umboð Alþingis, skýrt og afmarkað umboð Alþingis, til þeirra verka og jafnframt að Íslendingar tækju upp viðræður við Evrópubandalagið til þess að finna út hvort hægt væri að ná fram betri réttindum en við höfum nú með bókunum sem Evrópubandalagið hefur gert. En þar er bókun sex sú mikilvægasta.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég hef farið mjög ítarlega í nokkur helstu atriði frv. sem fyrir liggur. Ég hef jafnframt kosið að færa inn í umræðuna nokkur mikilvæg atriði sem snerta þau efnisatriði, ekki síst vegna þess að þau efnisatriði verða aftur til umræðu ef og þegar við gerumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þær viðræður sem þar fara fram hljóta að kalla á það að í umræðunni hér verði okkur gerð skýr grein fyrir því hvað þar er að gerast því það snertir í öllum meginatriðum það mál efnislega sem hér er til umræðu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur margoft verið bent á nauðsyn þess að samræma lög og reglur um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi því gildandi ákvæði hafa verið mjög óljós og ósamstæð. Að því leyti ber að fagna því að sett sé heildarlöggjöf um það efni. Ég get þó ekki sagt að ég sé sammála þeirri niðurstöðu sem kemur fram í frv. sem hér er til umræðu.

Ég er sammála megintilgangi frv. eða því leiðarljósi, sem lagt er til grundvallar, að Íslendingar haldi yfirráðum yfir auðlindum sínum en ég tel að því miður náist það ekki fram með þessu frv. Tilgangurinn er góður en ég efast stórlega um að hann náist með þessu frv.

Lítum nú á 4. gr. frv. sérstaklega, sem hlýtur að vera mikilvægasta grein þess, og athugum fyrsta liðinn. Þar er gert ráð fyrir að íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar, sem hér eiga heima, hafi einir rétt til þess að stunda fiskveiðar í landhelgi Íslands. Þessu er ég alveg sammála því og tel að það eigi að útiloka að erlendir aðilar geti átt eignarhlut í íslenskum fiskiskipum sem stunda veiðar í íslenskri landhelgi.

Ákvæði frv. um fiskvinnslu eru hins vegar mjög óljós og vil ég í því sambandi benda á að það er mjög erfitt að gera greinarmun á því hvenær erlend fjárfesting er leyfð og hvenær ekki. Það kemur t.d. fram að erlendir aðilar mega eiga fyrirtæki sem flytja út ferskan fisk og þeir geta átt fyrirtæki sem setja fisk í neytendaumbúðir og til frekari vinnslu. Ég er ósammála þessu. Ég tel að aðalútflutningsiðnaður okkar eigi að vera í höndum Íslendinga og að það fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir muni auðvelda erlendum hagsmunaaðilum að ná tökum á fiskafla og þá um leið á fiskveiðum. Þó það yrði með óbeinum hætti.

Ég vil benda á að það hefur komið fram hjá mörgum, bæði talsmönnum atvinnurekenda og samtaka í sjávarútvegi, að erfitt muni reynast að koma í veg fyrir ítök útlendinga í sjávarútvegi, einnig fiskveiðum, ef opnað verði fyrir erlenda fjárfestingu í atvinnulífi og þjónustugreinum. 2. tölul. 4. gr. er mjög óskýr og opnar fyrir innkomu erlendra aðila í fiskveiðilandhelgina. Þess vegna get ég alls ekki fallist á þennan tölulið óbreyttan. Ég held einnig að eignaraðild útlendinga að fiskvinnslufyrirtækjum muni ýta undir það að meiri aðgreining verði á þessum þáttum, þ.e. fiskvinnslu og útgerð. En í meiri hluta fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi eru veiðar og vinnsla á hendi sama aðila og yfirleitt er það talið treysta rekstur viðkomandi fyrirtækja og hamla jafnframt að einhverju leyti útflutningi á ferskum fiski.

Ég get því alls ekki verið sammála því hvernig þarna er með farið og hefði talið miklu heppilegra að öll fiskvinnsla væri á hendi Íslendinga en ekki grautað svona saman eins og þarna er gert ráð fyrir. Hef ég enga trú á að það sé nokkur lifandi leið að halda þessu aðgreindu. Ég tel einnig mjög vafasamt að frekari vinnsla sjávarafurða geti verið í höndum erlendra aðila að svo miklu leyti sem þarna er gert vegna þess að það mun geta orðið til þess að við missum alla möguleika á því að hér geti skapast frekari úrvinnsla á sjávarafla. Einnig tel ég að það ákvæði að erlendir aðilar geti átt fyrirtæki sem flytja út ferskan fisk sé mjög hættulegt fyrir greinina og með því munum við tapa yfirráðunum yfir auðlindinni sem er meginmarkmiðið með þessu frv.

Ef litið er aðeins nánar á frv. þá gerir það ráð fyrir mikilli rýmkun að því er varðar íslenska viðskiptabanka. Ég tel að það atriði þurfi að kanna nánar og vil í því sambandi benda á að opnun á bankakerfinu og íslenskum fjármagnsmarkaði getur haft ýmsa hættu í för með sér ef ekki er að gáð. Langar mig í því sambandi að spyrja hvort einhver athugun hafi verið gerð á hugsanlegum áhrifum á íslenskt efnahagslíf ef bankakerfið er opnað. Hér er einungis gert ráð fyrir 25% eignarheimild í bönkum en samkvæmt þeim samningum sem verið er að gera við Evrópubandalagið er gert ráð fyrir að erlendir bankar geti starfað hér óhindrað. Þessi ákvæði mundu því einungis ná til tiltölulega mjög fárra landa miðað við það hversu margir munu geta stofnað hér banka ef af samningum um evrópskt efnahags-

svæði verður. Þar er gert ráð fyrir að Íslendingar taki yfir öll lög Evrópubandalagsins. Þau gera ráð fyrir að ef banki hefur leyfi til að starfa í einu landi þá hafi hann leyfi til að starfa í öðru. Þarna er því mjög mikið ósamræmi.

Það sem ég hef áhuga á að vita er hvort reynt hefur verið að meta áhrifin á íslenskt efnahagslíf af því að opna bankakerfið á þennan hátt. Það er vert að minna á að *íslenska bankakerfið hefur veitt fyrirtækjum í* landinu nauðsynlega fyrirgreiðslu. Sparifé landsmanna er bakhjarl þeirra aðgerða. Þeir sem koma nýir inn á fjármagnsmarkaðinn hafa engar þess háttar skyldur og geta því laðað til sín sparifé en skilið innlendu bankana eftir með vandamál atvinnulífsins. Þetta finnst mér mikilvægt að athuga vel áður en farið er út í slíka opnun sem gert er ráð fyrir í frv. og reyndar enn frekar að því er varðar evrópskt efnahagssvæði.

Ein af þeim atvinnugreinum sem mikið er horft til núna er ferðaþjónusta. Nú er gert ráð fyrir að erlendir aðilar geti orðið aðilar að þess konar fyrirtækjum. Ég velti því fyrir mér hvort menn séu búnir að gera sér grein fyrir hvaða áhrif þetta muni geta haft á þá atvinnugrein. Í því sambandi bendi ég á að kröfur flestra í greininni sjálfri eru að minnka umsvif erlendra aðila hér á landi. Á þetta ekki síst við um ferðaskrifstofur þar sem þeirra fulltrúar hafa lagt höfuðáherslu á að fyrirtæki í ferðaþjónustu verði í höndum Íslendinga, sérstaklega að því er varðar ferðir innan lands. Mig langar til að vita hvernig þetta hefur verið hugsað og hve mikil samvinna hefur verið höfð við t.d. aðila í ferðaþjónustu varðandi þetta atriði og kannski enn frekar að spyrja hvort einhver takmörkun sé á þessu sviði varðandi evrópska efnahagssvæðið. Ég vil benda á að þarna er um nýtingu á mjög verðmætri auðlind að ræða, landinu, því að ferðaþjónusta byggir auðvitað fyrst og fremst á íslenskri náttúru og landinu. Þess vegna megum við ekki horfa fram hjá þeirri auðlind þegar við erum að meta það með hvaða hætti við tryggjum yfirráð Íslendinga yfir auðlindum landsins.

Ég sé heldur ekki nægilega vel tekið á þeim atriðum sem ég hef verulegar áhyggjur af. Það er almenningurinn, það er jarðvarmi, það eru fallvötn. Við getum tekið hálendið sem dæmi. Það getur verið mjög erfitt fyrir Íslendinga að krefjast þess að þeirra sé réttur inn þar ef á að hleypa erlendum aðilum t.d. inn í ferðaþjónustu án þess að þar sé tekið á hver hafi afnotarétt. Það er ekki einkaréttur á hálendinu og þar af leiðandi getur verið mjög erfitt að henda reiður á þessu.

Ég bendi einnig á, og það kom reyndar fram hjá síðasta ræðumanni, að mjög er óljóst hvort frv. um yfirráðarétt yfir jarðvarma og fallvötn og fleiri þætti, sem er til meðferðar í iðnn. þessarar deildar verður afgreitt á þessu þingi. Ekki virðist vera samkomulag um það meðal allra sem í nefndinni eru að svo verði gert. Þess vegna finnst mér það atriði ákaflega óljóst.

Ef þetta frv. verður að lögum þá er tekið mjög stórt *skref í einu í átt að því að hleypa erlendum aðilum inn* í íslenskt efnahagslíf, skref sem ég tel vera of stórt. Ég held að það eigi að taka smá skref og taka þau skref sem við teljum í hvert skipti að þjóni okkar hagsmunum. Velti ég því fyrir mér fyrir hvern þetta frv. er flutt nú, svo víðtækt sem það er.

Ég vil einnig benda á að í 5. gr. er talað um að tilkynna beri Seðlabanka Íslands og gjaldeyriseftirliti alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningar eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Ég velti því fyrir mér þegar ég var að lesa þessa grein og reyndar aðrar *greinar tengdar því hvað gerist ef þessu er ekki* framfylgt. Verður um starfsleyfismissi að ræða ef brotið er gegn þessari grein? Það kemur ekki neitt fram í frv. um hvernig með skuli fara ef ekki er farið eftir 5. gr. frv., sem er um tilkynningaskyldu og annað. En ég gat ekki séð það á yfirlestri frv. að það væri tekið á því atriði en mér þykir mikilvægt að svo verði gert.

Mér þykja einnig of rúmar heimildir viðskrh. til undanþága, sérstaklega í 4. gr. Ef við tökum t.d. 6., 7. og 8. lið 4. gr. þá er ekki greint sérstaklega í hvaða tilvikum viðskrh. skuli veita undanþágur. Þykir mér þurfa að vera ákvæði um það með hvaða hætti eða í hvaða anda undanþágur skuli verða. Mér þykir þetta mjög mikilvægt, ekki síst með tilliti til þess að sl. sumar, þann 27. júlí, gaf viðskrn. út reglugerð um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála á grundvelli laga, mjög gamalla laga að vísu, sem eru frá 1979 og hefðu sjálfsagt þurft endurskoðunar við. En ég fullyrði að með útgáfu reglugerðarinnar sem viðskrn. gaf út í sumar hafi viðskrh. í raun tekið sér löggjafarvald þar sem þar var um svo veigamiklar breytingar að ræða. Þar var farið inn á verksvið löggjafans. Hvaða skoðun sem maður hefur á þeirri reglugerð sem þá var út gefin er það ljóst að hún fór algjörlega á svig við þau lög sem sett voru 1979 sem og bæði umræður, greinargerð og annað sem fram kom þegar þau lög voru samþykkt. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að inni í lögunum standi hvenær og í hvaða tilvikum ráðherra skuli veita undanþágur frá ákvæðum laganna.

Ég vil líka gera að umtalsefni 10. gr. frv. þar sem tekið er fram að ákveðin nefnd muni geta metið hvenær erlend fjárfesting ógnar öryggi landsins. Þar er talað um að viðskrh. geti þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu. Ég hef velt því fyrir mér hvort þetta þyrfti ekki að vera ákveðnara, hvort hann þurfi þá ekki að gera það ef nefndin metur svo að fjárfestingin ógni öryggi landsins, hvort það sé ekki eðlilegra að þá skuli viðskrh. stöðva viðkomandi fjárfestingu. Mér finnst veikt að nefndin hafi þá raunverulega ekki vald til þess að hafa þarna eitthvað um að segja, heldur eingöngu að *vera til leiðbeiningar fyrir viðskrh. og síðan sé það sett* í hans vald hvort eftir skuli fara.

Á bls. 17 í greinargerðinni með frv. er talað um viðhorf innan OECD. Þar segir, með leyfi forseta: „Stefna þessi byggir á því að með auknu frjálsræði í fjármagnsviðskiptum milli landa verði tryggð hámarksnýting þeirra framleiðslugæða sem hagsæld hvílir á.“ Þetta er að vísu ekkert nýtt, maður heyrir þetta mjög oft. Og síðar kemur: „Meginmarkmiðið er að svipað *frelsi gildi um fjármagn og almennt þykir sjálfsagt í* dag að gildi um viðskipti með vörur og þjónustu.

Milliríkjaviðskipti með fjármagn og sú efnahags-

uppbygging, sem af þessu hlýst, leiða yfirleitt til virkari og víðtækari samskipta ríkja á milli og eru þá líkleg til að leiða til bættrar hagstjórnunar aðildarríkjanna."

Þetta finnst mér miklar fullyrðingar án alls rökstuðnings. Mig langar til að fá nánari útskýringar á því hvað þarna er átt við og langar jafnframt til að fá aðgang að og vita hvaða rannsókn þetta byggir á. Sagt er að það sé markviss rannsókn á löggjöf aðildarríkjanna sem OECD hafi framkvæmt og þetta m.a. er byggt á. Þessu hef ég ekki aðgang að og finnst þarna dálítið mikið fullyrt miðað við það að í mörgum ríkjum þar sem fjárfestingar hafa verið leyfðar frjálsar þá hefur þetta alls ekki gengið eftir. Get ég nefnt í því sambandi ýmis ríki í Suður-Ameríku, t.d. Argentínu, Úrúgvæ og Chile sem opnuðu sitt land fyrir erlendum fjárfestingum. Til að byrja með jukust erlendar fjárfestingar þar mjög og leit út fyrir að væri mjög til hagsbóta fyrir þessi ríki en síðan hefur efnahagsstjórn þeirra kollsteypst. Þannig að ég er ekki alveg viss um að fullyrðingar í skýrslu OECD séu réttar að því er varðar mörg ríki og gæti mjög átt við um Ísland líka. Ég óttast að Ísland sem er svo mjög háð einni auðlind, sem er náttúruleg auðlind, og þess vegna hlýtur efnahagskerfið, efnahagur landsins að sveiflast mjög eftir henni. Þess vegna óttast ég mjög að þarna sé allt of mikil bjartsýni á ferðinni og raunar fullyrði að þarna geti varla verið um staðhæfingar að ræða sem geti átt við Ísland.

Því er líka haldið fram að það sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur að fá erlenda aðila til að fjárfesta á Íslandi og muni það reynast okkur mjög farsælt þar sem erlendir aðilar muni fjárfesta og taka þar af leiðandi á sig einhverja áhættu. Ég veit ekki betur en að reynsla okkar af erlendri fjárfestingu í fiskeldi sé alls ekki góð og ég veit ekki betur en að íslenskir aðilar hafi tekið meiri hlutann af þeim skelli í gjaldþrotum t.d. í fiskeldi að undanförnu.

Síðan langar mig til að gera að umtalsefni samningana milli EB og EFTA. Það virðist augljóst að þetta frv. verður strax orðið úrelt ef af þeim samningum verður og því vandséð hvers vegna verið er að flytja þetta núna. Ríkisstjórnin virðist vera sammála um það að breyta verulega út af strax næsta vor, eftir tvo til þrjá mánuði, því hún hefur samþykkt, að því er manni skilst, að taka við öllum þeim 11 þúsund blaðsíðna lagatexta sem eru lög Evrópubandalagsins á þessu sviði. Þannig að það er merkilegt að vera að flytja þetta inn í þingið núna þó að auðvitað sé nauðsynlegt að taka á þessu máli. Þess vegna hefði mig langað til að vita hvort þetta er plagg sem er eitthvað í líkingu við það sem ríkisstjórnin er að semja um við Evrópubandalagið. Ef svo er er það algjörlega gagnstætt þeim upplýsingum sem við höfum fengið hingað til þar sem fyrir liggur að ríkisstjórnin hefur samþykkt allan lagagrunn Evrópubandalagsins. Þess vegna hlýtur það að vera umhugsunarefni hvað af þessu er sett sem skilyrði af Íslands hálfu í samningunum við Evrópubandalagið. (**Gripið fram í:** Verður ekki að spyrja forsrh.?) Já, Hann sést illa. Ég veit ekki hvort ég á að vona að hann heyri til mín eða ekki. En ég vil að sjálfsögðu fá svar hans við þessu því að þetta finnst mér vera mjög óljóst og einkennilega að þessu máli staðið.

Það er sem sagt margt að athuga í þessu máli og það þarf að fá svör við mjög mörgum þáttum þessa máls og hef ég alls ekki farið í hvert einasta atriði heldur farið tiltölulega vítt og breitt yfir frv., enda er þetta 1. umr. málsins og reikna ég með að fulltrúi Kvennalistans í fjh.- og viðskn. vinni þetta mál enn frekar og að það verði farið vandlega yfir þetta mál. Ég bendi hins vegar á að það er tiltölulega skammur tími til stefnu og þykir mér mjög alvarlegt að ríkisstjórnin skuli leggja fram svona viðamikið mál á síðustu vikum þingsins. Forsrh. tók þannig til orða hér í gær að þetta væri eitt af stærstu málum þingsins og get ég verið honum sammála um það. Síðan er ætlast til þess að við rjúkum í að samþykkja þetta fyrir þinglok sem ég tel mjög óraunhæft að ætla ef fara á í þetta mál eins og þarf að gera ef einhver alvara er að baki. Menn hljóta að þurfa að skoða mjög vandlega hvaða áhrif þetta muni hafa á íslenskt efnahagslíf og hef ég vissar áhyggjur af því.

Samvinna við erlenda aðila í atvinnurekstri hér á landi getur auðvitað haft ýmsa kosti í för með sér, svo sem aðgang að tækniþekkingu, mörkuðum og viðskiptasamböndum. Að sjálfsögðu er hægt að afla þekkingar og eiga markaðssamstarf við útlendinga án þess að um eignarhlut sé að ræða í fyrirtækjum. Vil ég benda á að í mörum tilvikum fá Íslendingar ekki aðgang að þeirri tækniþekkingu og þeim mörkuðum sem erlendu aðilarnir ráða yfir. Þeir vilja halda sínu sjálfir. Þeir halda þessu mjög þröngu og passa að Íslendingar fái ekki mjög mikil sambönd og of mikla þekkingu til þess að gera sjálfa sig ekki óþarfa. Ekkert kemur þó í staðinn fyrir rannsóknir og þróunarstarf í íslensku atvinnulífi. En það hefur hingað til verið vanrækt af stjórnvöldum.

Í stað þess að setja traust sitt á að erlendir aðilar bjargi þjóðarbúinu væri vænlegra fyrir íslensk stjórnvöld og atvinnurekendur að treysta undirstöður atvinnulífsins í landinu með því að tryggja óskoruð yfirráð yfir náttúruauðlindum okkar með því að hlúa að menntun og hugviti. Þetta held ég að væru betri fyrstu skref í átt að því að treysta undirstöðurnar heldur en fara þá leið sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér almenna löggjöf um erlenda fjárfestingu á Íslandi. Það er byggt á starfi tveggja nefnda og átti ég sæti í síðari nefndinni sem um það fjallaði en hún skilaði af sér seint á seinasta ári.

Tilgangur þessa frv. er að sjálfsögðu sá að samræma lagaákvæði um fjárfestingu erlendra aðila en ákvæði um þetta efni eru á víð og dreif í íslenskri löggjöf.

Það hafa átt sér stað miklar umræður um stefnumótun Íslendinga í framtíðinni gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu. Þar hefur margt verið samtímis í umræðu. Það er ljóst að þegar það Alþingi, sem þjóðin kýs í vor, kemur saman, þá fær það fljótlega það verk-

efni að svara einhverri stærstu og örlagaríkustu spurningu sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir um áratuga skeið, þ.e. spurningunni um samskipti okkar við Evrópubandalagið. Það er hins vegar afar auðvelt að villast og ruglast í myrkviði þessa máls sem er afar flókið. En ég sé ekki betur en allt bendi til þess að Íslendingar eigi þriggja kosta völ: Í fyrsta lagi geta þeir gengið formlega í Evrópubandalagið. Í öðru lagi geta þeir hugsanlega gert samning við Evrópubandalagið ásamt öðrum EFTA-ríkjum um svonefnt Evrópskt efnahagssvæði. Og í þriðja lagi geta þeir staðið utan við hvort tveggja og gert þá nýjan tollasamning við Evrópubandalagið.

Auðvitað er höfuðnauðsyn að allir landsmenn átti sig á þeim reginmun sem er á þessum þremur kostum.

Með aðild að Evrópubandalaginu eru dyrnar opnaðar upp á gátt fyrir fólki, fjármagni og fyrirtækjum frá Evrópu. Íslenska samfélagið verður þá hluti af stærri heild og t.d. yrðum við þá að opna landhelgi okkar milli 12 og 200 mílna fyrir bandalagsþjóðunum. Þessari leið höfnum við alþýðubandalagsmenn algjörlega.

Evrópska efnahagssvæðið, sem er annar kosturinn, er millileið. Því er ætlað að opna tollfrjálsan markað innan Evrópubandalagsins fyrir EFTA-ríkin án þess að þau þurfi að gerast formlegir aðilar að Evrópubandalaginu. Ég vil taka það skýrt fram að við alþýðubandalagsmenn höfum samþykkt að kannað sé í viðræðum hvað í þessu gæti falist. En við höfum ítrekað hvað eftir annað að hafa verður fullan fyrirvara áframhaldandi um óskert forræði Íslendinga yfir landi sínu og landhelgi, atvinnulífi, efnahags- og menningarlífi. Í því sambandi vil ég taka alveg sérstaklega fram að við alþýðubandalagsmenn viljum halda fast við þá fyrirvara sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh. í marsmánuði 1989 þegar þessar viðræður fóru af stað eða ákvarðanir voru teknar af hálfu EFTA um að hefja þær.

Auðvitað er Evrópskt efnahagssvæði miklu skárri kostur fyrir Ísland heldur en aðild að Efnahagsbandalaginu og á þessu tvennu er reginmunur þótt sumir vilji reyna að rugla þessu sem mest saman og villa um fyrir fólki, jafnvel telja því trú um að á þessu sé sáralítill munur. (**FrS:** Hvort er reginmunur eðlis- eða stigsmunur?) Alveg hiklaust eðlismunur. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að á þessu stigi málsins er ekki hægt að átta sig á því hvort þessi leið er yfirleitt fær fyrir Íslendinga. Enn er of margt óljóst í sambandi við þessar viðræður og niðurstöðu þeirra, sérstaklega hvað varðar hina fjölmörgu fyrirvara sem óhjákvæmilegt er að Íslendingar setji í þessu samhengi til að hægt sé að fullyrða hvað hentar Íslendingum í þessu efni.

Sérsamningur Íslands við Efnahagsbandalagið er svo aftur þriðja leiðin. Ég vil taka það sérstaklega fram að það væri sannarlega engin einangrunarstefna sem í því fælist. Þótt við hleyptum ekki þessum þjóðum alveg inn á gafl hjá okkur þá gætum við átt við þær stóraukið samstarf á fjölmörgum sviðum og við gætum aðlagað efnahagslíf okkar að alþjóðlegri þróun með ýmsum hætti og það er einmitt það sem í raun og veru er verið að gera með flutningi þess frv. sem hér er til umræðu um erlenda fjárfestingu á Íslandi. Það er frv. sem ætlað er að aðlaga íslenskt efnahagslíf að nokkru að þeirri alþjóðlegu þróun sem átt hefur sér stað í nálægum löndum og í því felst hiklaust nokkur opnun. En ég legg hins vegar áherslu á það að um leið er þar ákveðin varnarlína dregin til verndar íslensku atvinnulífi og ég teldi afar mikilvægt ef íslenskir stjórnmálaflokkar bæru gæfu til að fylkja sér um þá varnarlínu sem þar er dregin. Í þessu felst að samkomulag næðist milli stjórnmálaflokkanna um það að hér væru mörkin dregin. Í því felst þá um leið að um væri að ræða málamiðlun eins og þetta frv. að sjálfsögðu hlýtur að vera. Og ég þarf auðvitað ekki að taka það fram að ef við alþýðubandalagsmenn hefðum mátt ráða þessum málum alfarið sjálfir þá hefði þetta frv. að sjálfsögðu litið eitthvað öðruvísi út. Frv. er málamiðlun. Það er ekkert leyndarmál. Sumir samstarfsaðilar í þessari ríkisstjórn vildu ganga lengra til opnunar eins og greinilega mátti heyra á máli hæstv. viðskrh. þegar hann ræddi þessi mál í gær. En við alþýðubandalagsmenn vorum með ákveðna áherslupunkta. Við lögðum sérstaka áherslu á það hvað íslenskt atvinnulíf er smávaxið og viðkvæmt og því mikilvægt að landsmenn hafi forræði þess í eigin höndum og við töldum að frv. hefði við umræður milli samstarfsflokkanna mótast og þróast á þann veg að hægt væri að una við, þannig að við ákváðum að standa að flutningi þess.

Þau ákvæði sem við teljum hvað mikilvægust í þessu frv. snerta einmitt þá varnarlínu sem þarna er dregin. Ég nefni sérstaklega þá öryggisventla sem í frv. eru, annars vegar þann öryggisventil að ef fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fer fram úr 250 millj. kr. á einu almanaksári skal sú fjárfesting háð sérstöku leyfi viðskrh. Þetta er ákveðinn öryggisventill sem við töldum mjög mikilvægan. Ég nefni í öðru lagi það ákvæði frv. að heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig fari ekki fram yfir 25% nema til komi leyfi viðskrh. Í þessu felst líka ákveðinn öryggisventill þó ég taki að vísu greinilega fram að við alþýðubandalagsmenn hefðum kosið að þetta ákvæði hefði gilt um allar atvinnugreinar en ekki fyrst og fremst um almennan iðnað eins og hér er raunin. Þetta þyrfti að gilda einnig og ekkert síður um verslun og þjónustu.

Ég tek það líka fram hvað bankana varðar að ég geri mikinn mun á því hvort erlendum bönkum er heimilað að kaupa upp íslenska banka eða kaupa sig inn í þá eða hvort þeim er einungis heimilað að setja upp eigin útibú í samkeppni við íslenska banka. Við alþýðubandalagsmenn lögðum áherslu á það að þessi síðari leið yrði valin og það varð ofan á og ég tel að lengra sé ekki hægt að ganga í þeim efnum, því það er auðvitað grundvallaratriði að Íslendingar hafi fullkomið vald á bankastarfsemi sem hér fer fram.

Það eru ýmis áhersluatriði sem vissulega hefðu átt heima í þessu frv. Ég nefni bara sem dæmi að við alþýðubandalagsmenn hefðum talið að verja hefði átt íslenska menningarstarfsemi með sérstöku ákvæði til þess að koma í veg fyrir að erlendir aðilar hasli sér þar völl. Þetta náðist nú ekki fram við undirbúning máls-

ins og verður þá að leggja áherslu á það atriði við önnur tækifæri. Einnig hefðum við viljað sjá þarna ákvæði sem fæli það í sér að reynt væri að vernda innlendan ferðamannaiðnað, enda er alveg ljóst að nái erlendar ferðaskrifstofur forustu í þessari atvinnugrein, þá mun það mjög þrengja atvinnumöguleika Íslendinga, ekki síst íslenskra leiðsögumanna.

Þannig má ýmis dæmi nefna um það sem betur hefði mátt fara í þessu frv. en í heildina tekið töldum við samt það mikinn ávinning í því að í því fælist ákvæðin varnarlína til verndar íslensku atvinnulífi að við vildum standa að flutningi þess.

Auðvitað verður aldrei nógsamlega varað við því að Íslendingar opni ekki allt upp á gátt hvað varðar fjárfestingu erlendra manna á Íslandi.

Ég minni á yfirlýsingu Verslunarráðsins, sem fram kom í greinargerð frá starfsmönnum Verslunarráðs, þar sem talið er að allt að 30% af verslun og þjónustu gæti komist á hendur erlendra manna ef útlendir menn fengju fullt frelsi til fjárfestingar í þessum atvinnugreinum hér á landi. Auðvitað væri okkur mikil hætta búin ef svo færi og það er enginn vafi á því að einmitt verslunin og þjónustan eru mikið áhyggjuefni. Íslendingar eru auðvitað ekki nein venjuleg smáþjóð. Þeir eru tuttugu sinnum fámennari en minnstu smáríkin sem eru að reyna að halda uppi raunverulegu sjálfstæði. Hér er fjármagn af ákaflega skornum skammti og hér eru engin íslensk stórfyrirtæki á alþjóðamælikvarða. Margar atvinnugreinar standa hér veikt og á ég þar ekki síst við dreifbýlisverslunina og ýmiss konar þjónustustarfsemi.

Það er alveg ljóst að ef erlend stórfyrirtæki ná undirtökum í verslun og þjónustu þá er viss hætta á því að erlend fyrirtæki gætu komist bakdyramegin inn í íslenskan sjávarútveg, jafnvel þótt ákvæði væru af því tagi sem eru hér í þessu frv.

Ég hjó eftir því að hv. 6. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir spurði hæstv. forsrh. að því hvort efni þessa frv. væri í samræmi við samningsstöðuna gagnvart hinu Evrópska efnahagssvæði og það væri sannarlega ágætt að hæstv. forsrh. treysti sér til að svara þessari spurningu hér á eftir. Sjálfur get ég auðvitað auðveldlega gert það, því að mér sýnist einsýnt að svo er ekki. Í þessu frv. er greinilega gengið miklu styttra en gert hefur verið í viðræðunum um evrópskt efnahagssvæði. Í þessu frv. er einmitt dregin ákveðin varnarlína og það er ljóst að það er miklu meiri hætta á ferðum ef sú stefna yrði samþykkt sem virðist vera að mótast í viðræðunum um evrópskt efnahagssvæði. Hins vegar er ljóst hvort sem af þeim samningum verður eða ekki og hvort sem þeir ná meirihlutafylgi íslenskra alþingismanna þegar þar að kemur, að þörf er á samræmingu af því tagi sem felst í þessu frv. vegna þess að þá munu gilda tvenns konar ákvæði, annars vegar gagnvart þessum nýju samstarfsaðilum á evrópska efnahagssvæðinu og svo hins vegar ákvæði gagnvart öllum öðrum þjóðum.

Herra forseti. Ég hef lagt áherslu á það í mínu máli hér að Íslendingar eiga þriggja kosta völ. Það er einmitt reginmunur á því sem uppi er í viðræðum um evrópskt efnahagssvæði annars vegar og því sem felst í þessu frv. hins vegar. 250 millj. kr. formúlan í þessu frv. er ekki til umræðu í viðræðum um evrópskt efnahagssvæði. 25% formúlan, sem ég nefndi hér áðan, er heldur ekki til umræðu í viðræðum um evrópskt efnahagssvæði. Ég held þess vegna að það fari ekkert milli mála að með samþykkt þessa frv. væri dregin ákveðin varnarlína og ég vildi sannarlega sjá það að allir alþingismenn treystu sér síðan til að standa við þá línu. (**SV:** Er hún ekki of veik?) Hún þyrfti að vera traustari.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég get í rauninni tekið upp þráðinn þar sem hv. 6. þm. Norðurl. e. kom inn hér um það leyti sem síðasti hv. ræðumaður var að ljúka máli sínu, varðandi þá varnarlínu sem hugmyndin er að draga með því frv. sem við ræðum hér um erlendar fjárfestingar. Ég er þeirrar skoðunar að þessi varnarlína, sem menn hyggjast draga með lögfestingu þessa frv. eins og það liggur hér fyrir, sé of veik. Ég hefði talið að það þyrfti að draga þessa línu með verulega öðrum hætti. Ég hef algjörlega óbundnar hendur varðandi afgreiðslu þessa máls og það liggur fyrir í mínum þingflokki að ég áskil mér allan rétt til að taka afstöðu til þessa frv. óbundið, einstakra ákvæða þess, vegna þess að ég tel að hér sé um það stórt og mikilsvert mál að ræða að það sé útilokað að binda sig með þeim hætti sem hér er dregið vegna þess að hér eru mjög stórir hagsmunir fyrir þjóðina í húfi til lengri tíma litið.

Ég tel að þetta frv. sé allt of seint fram komið hér í þinginu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég hefði talið að mál af þessum toga þyrfti að fá heilt þing til umræðu og athugunar ef vel ætti að vera. En jafnframt tel ég mjög mikilsvert að það séu lögfest ákvæði, samræmd ákvæði varðandi erlendar fjárfestingar þannig að ég er ekki með ágreining um þá stefnu sem lagt er upp með í þessu frv. að samræma ákvæði þar að lútandi sem vantar í sumum lögum, er í einstökum sérlögum, en vantar hins vegar á vissum sviðum algjörlega ákvæði um þetta efni. Ég get því tekið undir það markmið að sameina í eina löggjöf meginreglur varðandi erlendar fjárfestingar.

Hér eru hins vegar tekin skref sem erfitt verður að stíga til baka og ástæðulaust er að taka svo stór nú og mun farsælla að flýta sér hægt í máli sem þessu því það er ekkert sem rekur á eftir, ekki íslenskir hagsmunir að ég fæ séð, að ganga svo langt eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Inn í umræðu um þetta mál hafa dregist samningaviðræðurnar um evrópskt efnahagssvæði og viðhorf til Evrópubandalagsins. Það er út af fyrir sig ekkert skrýtið. En þeim mun nauðsynlegra er að menn geri sér ljóst hvort eitthvert samhengi er þarna á milli og hvert þetta samhengi þá er. Mér fannst það t.d. afar þokukennt, svo ekki sé nú meira sagt, þegar hæstv. forsrh. tók þennan þráð upp í umræðuþætti í sjónvarpinu 22. jan. sl., en það var einmitt daginn sem ríkisstjórnin náði saman um það frv. sem hér er lagt fram. Og það

voru fleiri ráðherrar í þeim þætti sem gerðu mikið úr því að þarna væri verið að draga skýr mörk og fyrir áheyrandann mátti ætla að verið væri að tala um það að þau mörk sem hér eru dregin mundu þá einnig gilda sem almennir fyrirvarar í sambandi við hið Evrópska efnahagssvæði. Nú kann að vera að talsmenn ríkisstjórnarinnar hafi bara verið það óskýrir í sínu máli, en öðruvísi varð þetta ekki skilið. Ég hef þessa texta hér, þarf ekki að vitna til þeirra.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn átti sig á því að á sama tíma og þetta frv. er hér fyrir lagt þá er það stefna ríkisstjórnarinnar, a.m.k. hluta ríkisstjórnarinnar, að reyna að ganga frá samningi um evrópskt efnahagssvæði með vorinu. Ef slíkur samningur yrði gerður sem varðar svið þar sem um $^2/_3$ hlutar af útflutningi okkar, utanríkisviðskiptum, eru þessa stundina, þetta evrópska efnahagssvæði, þá stæði ekki steinn yfir steini í því sem hér er á ferðinni varðandi ýmsa þætti. Varðandi einstaka atriði er samræmi og sambærileg ákvæði sem gert er ráð fyrir, en varðandi meginmyndina þá mundi þetta frv. víkja fyrir lögfestingu þess samnings sem menn þar eru að tala um og margar af þeim hindrunum, sem hér eru fram settar, mundu fjúka út í buskann. Þá giltu ákvæði þessa frv. fyrir aðila utan svæðisins, utan EES. Það er mál út af fyrir sig. Það getur verið á sínum stað að hafa slíka almenna löggjöf og ganga svo lengra gagnvart tilteknu svæði í einhverjum samningi ef menn eru efnislega á því að það skuli gert. En umfram allt mega menn ekki leggja málin rangt fyrir. Það þarf að vera þingi og þjóð ljóst hvert verið er að fara og samningurinn um EES gengur svo miklu lengra um ýmsa þætti mála. Og ef áformin ganga upp þá er það skammt undan og þá er það verkefni næsta þings, ef ekki sumarþings, að fjalla um slíkan samning, fella hann eða lögfesta.

Þeir þættir sem ég geri efnislegar athugasemdir við í þessu frv. eru satt að segja margir. Ég vil, virðulegur forseti, aðeins nefna hér örfá atriði.

Ég tel að sú almenna opnun, sem hér er um að ræða varðandi atvinnulíf og fjármálastofnanir fyrir erlenda þátttöku og erlendar fjárfestingar — að ekki sé nú talað um reglugerðina sem hæstv. viðskrh. smellti hér á á sumardögum þegar þingið var ekki að störfum og ríkisstjórnin meira og minna út um allar koppagrundir, þá var bara í einu vetfangi, með einni reglugerð opnað fyrir fjármagnsflutninga til og frá landinu í áföngum en þannig að frá 1. jan. 1992 eru þar engar hömlur uppi nema varðandi skammtímafjármagnshreyfingar. Þegar þetta er tekið saman, opnunin fyrir erlenda banka, opnunin fyrir fjármagnshreyfingar, þá tel ég að þau atriði, sem eru góðra gjalda verð í 4. gr. frv. varðandi íslenskan sjávarútveg, varðandi fiskveiðar og hluta af íslenskri fiskvinnslu, muni reynast heldur haldlítil í raun vegna þess að leiðirnar fram hjá, ef ekki beint þá óbeint, með fjármálalegum tökum á veiðum og vinnslu séu það auðveldar að þar verði ekki miklum vörnum við komið, þegar hagkerfið að öðru leyti er orðið gegnsýrt af erlendum fjárfestingum, erlendum hagsmunum og möguleikum á því að flytja hingað fjármagn án þess að spyrja kóng eða prest í fjárfestingar og til þess að bjóða innlendum fyrirtækjum, til láns ef ekki með beinum hætti sem hlutafé.

Ég vil líka benda á, og það tel ég einn stóran galla á þessu frv., ákvæðin sem fela það í sér að það sé opnað fyrir fjárfestingu upp í 100% gagnvart meginhluta þjónustufyrirtækja og iðnaðar í landinu. Þar eru engar hömlur settar með þessu frv. Hér hefur verið tekið dæmi og ég tel það gott dæmi sem hv. 6. þm. Reykv. kom með hér inn í umræðuna. Það er ein af þeim greinum sem teljast til vaxtarbrodda í íslensku atvinnulífi, ferðaþjónustan. Hvað halda menn að gerist í íslenskri ferðaþjónustu eftir að búið er að lögfesta ákvæði sem þessi? Í grein sem auðveldara er fyrir útlendinga heldur en varðandi flest annað að koma inn í til þess að taka af toppana, fleyta rjómann ofan af og stýra þessari grein og flytja hagnaðinn af henni úr landi. Það er það sem menn eru að gera hér. Og hvernig er eignastaðan almennt í íslenskum fyrirtækjum, þar á meðal í íslenskum iðnfyrirtækjum, og aðgangur til þróunar í sjávarútvegi sem á að opna hér fyrir, í úrvinnslu, pökkunariðnaði og frekari úrvinnslu? Hvernig haldið þið að staðan sé hjá innlendum fyrirtækjum til þess að standast freistingar erlends fjármagns sem auðvitað reynir að koma sér inn þar sem matarholur eru, þar sem arð er að fá? Og þar er sannarlega opnað fyrir með þeim ákvæðum sem hér liggja fyrir. (**Forseti:** Forseta þykir lakara að þurfa að trufla hv. 2. þm. Austurl. í ræðu sinni en...) Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt. Ég ætlaði ekki að halda hér langa ræðu við þessa umræðu þó að full ástæða væri til þess. Ég vil spyrja virðulegan forseta hvenær áformað er að halda fundi áfram. (**Forseti:** Ef hv. þm. er tilbúinn að fresta ræðu sinni núna, það er komið að venjulegum þingflokkatíma, þá mun forseti leitast við að reyna að halda þessari áfram á föstudag ef um það næst samkomulag við þingflokkaformenn að hafa fund í deildinni á föstudaginn.) Virðulegur forseti. Þar sem óvíst er af sérstökum ástæðum að ég geti verið viðstaddur þá umræðu þá ætla ég að láta máli mínu lokið með ábendingu um eitt, ef ég fæ leyfi forseta til, en það er ákvæði í greinargerð á bls. 17 þar sem vikið er að viðhorfum innan OECD. Þar er að finna ákveðinn hugmyndagrunn á bak við þá stefnu sem hér er verið að taka. Ég vil bara vekja athygli á því hvað sá hugmyndagrunnur er hæpinn að mínu mati, svo ekki sé meira sagt, sem þar er fram dreginn og sem er undirstaða undir þá hyggju að úrlausnirnar í íslensku atvinnulífi felist í því að opna hér fyrir útlendinga með þeim hætti sem gert er með þessu frumvarpi og enn frekar í stórum samningi sem er í undirbúningi og með alla möguleika erlends fjármagns til þess að fara þar inn í matarholur og flytja arðinn úr landi.

Þetta er stefna sem ég trúi ekki á að sé til farsældar fyrir Íslendinga. Því hef ég alla fyrirvara á varðandi afstöðu til þessa máls.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

51. fundur, fimmtudaginn 7. febr., kl. 10 árdegis.

Sala hlutabréfa í Gutenberg hf., ein umr.

Fsp. GHH, 275. mál. — Þskj. 507.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Hæstv. forseti. Ég hef á þskj. 507 leyft mér að bera fram fyrirspurn til fjmrh. um sölu hlutabréfa í Gutenberg hf. sem áður var Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Þessi prentsmiðja heyrir að vísu undir iðnrn. en í fjárlögum er fjmrh. fengin heimild til þess að selja þessi bréf eins og ákvæði eru um í lögunum um Gutenberg hf., þar er kveðið á um að heimild Alþingis þurfi til að hlutabréfum þessum sé ráðstafað til sölu. Hins vegar bar það við þegar fjárlög voru hér afgreidd að ekki var af hálfu fjvn. eða ríkisstjórnarinnar gerð nein grein fyrir því með hvaða hætti ætlunin væri að nýta þessa heimild. Ég tel eðlilegt að Alþingi fái vitneskju um það með hvaða hætti ætlunin er að fara með þá heimild sem fjmrh. er fengin með lið 4.48 í 6. gr. fjárlaga.

Ég vil taka það fram að ég er ekki að spyrjast fyrir um þetta vegna þess að ég sé andvígur þessum áformum heldur þvert á móti. Ég tel engu að síður eðlilegt að Alþingi fái vitneskju um það hvernig ætlunin er að standa að þessu máli. Það er að vísu tilviljun að þessi fyrirspurn skuli koma hér upp í kjölfar viðureignar hæstv. fjmrh. við Ríkisendurskoðun en kannski væri einmitt í ljósi þeirra atburða ástæða til að það lægi skýrt fyrir með hvaða hætti ætlunin er að standa að þessu máli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Ég veit að hann er mikill áhugamaður um sölu ríkisfyrirtækja gagnstætt því sem ýmsir aðrir þingmenn Sjálfstfl. virðast vera, aðaláhugamenn um það að ríkið eigi áfram fyrirtæki, helst í útgerð og helst á sem flestum sviðum. En það er gleðilegt að innan Sjálfstfl. eru enn áhugamenn um sölu ríkisfyrirtækja og eru þeir velkomnir í hóp okkar hinna sem eru nú að reyna að vinna að því verkefni við litlar undirtektir.

Svarið við þessari fyrirspurn er hins vegar skýrt. Það hafa engar ákvarðanir verið teknar um það hvernig þessi heimild verði nýtt. Það hafa ekki farið fram viðræður milli fjmrh. og iðnrh. um þetta mál. Að sjálfsögðu verður farið með málið, ef til kemur að þessi heimild verði nýtt, að lögum. Það voru sett lög um prentsmiðjuna Gutenberg fyrir ekki löngu síðan og þeim lögum verður að sjálfsögðu fylgt.

Ég get í sjálfu sér ekki sagt neitt mikið meira um málið. Málið hefur ekki komið til neinnar sérstakrar umfjöllunar milli fjmrn. og iðnrn. Það hafa engar ákvarðanir verið teknar um það hvort eða hvernig þessi heimild verður nýtt, hvort það verður í tíð núverandi þings eða hins næsta. En að sjálfsögðu verður Alþingi látið fylgjast með því máli.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir þessi svör þótt þau séu nú óttalega rýr. Reyndar vekur furðu að þessi heimild skuli sett í fjárlög án þess að menn viti hvað þeir ætli sér að gera við hana eða hafi eitthvert ákveðið markmið með því. Ég hef grun um að það sé e.t.v. að undirlagi iðnrn. sem þessi heimild er komin í fjárlögin, enda heyrir þessi prentsmiðja undir það ráðuneyti. En mér kemur mjög á óvart ef menn hafa bara sett þetta þarna inn svona upp á grín án þess að hafa nein ákveðin áform eða markmið í huga varðandi þetta. Það ber þá nýrra við í stjórnarháttum hv. núv. valdhafa, a.m.k. að þeirra eigin dómi, ef þeir vita ekkert hvað þeir eru að vilja með því að óska eftir heimildum í takt við þessa hér.

Hins vegar er það alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að sá sem hér stendur er áhugamaður um sölu ríkisfyrirtækja og hlutabréfa sem ríkissjóður á í margvíslegum atvinnurekstri. Það er hins vegar ekki sama hvernig að því er staðið. Það mál sem hann drap hér á í upphafi síns máls og ég sömuleiðis er hins vegar þess eðlis að það verður rætt hér sérstaklega vænti ég og því fyrr því betra, en ástæðulaust að fara um það fleiri orðum á þessu stigi.

Ég vil einungis ítreka það að ég er hlynntur því að þessi heimild sem hér er fengin verði nýtt með skynsamlegum hætti, en mér kemur á óvart ef ríkisstjórnin hefur ekki getað komið sér saman um það af hverju hún var að óska eftir þessari heimild og hvernig hún ætlar sér að hagnýta hana.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég bið nú hv. þm. að misskilja ekki orð mín. Það er afstaða sem fjmrh. og iðnrh. hafa oft rætt um að ekki er eðlilegt að ríkið sé umfangsmikill rekstraraðili í samkeppnisgreinum þar sem fjölmörg fyrirtæki, einkafyrirtæki, hlutafélög og önnur eru starfandi. Í okkar landi eru öflug fyrirtæki í prentiðnaði sem m.a. eru orðin útflutningsfyrirtæki í þeirri grein þannig að það er eðlilegt og sjálfsagt að það sé tekið til skoðunar og leitað heimilda um það að breyta rekstrarformum ríkisfyrirtækja sem starfa í samkeppni við fjölmörg önnur fyrirtæki í sömu atvinnugrein.

Það má ekki misskilja orð mín sem ég sagði hér áðan að ekki hefðu farið fram sérstakar viðræður milli mín og iðnrh. um nýtingu þessarar heimildar á þann veg að við hefðum ekki rætt málið sem slíkt. Hins vegar er eingöngu liðinn rúmur mánuður af þessu ári og málið ekki talið það brýnt að í það sé gengið strax á fyrstu vikum ársins, en að sjálfsögðu verður það tekið til skoðunar og nánari umfjöllunar á árinu. En eins og ég gat um áðan hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvort það verður gert í tíð yfirstandandi þings, þ.e. fyrir kosningar eða hvort það verður látið bíða nýrrar ríkisstjórnar, nú eða þá þessarar ríkisstjórnar ef hún þá situr eftir kosningar, að taka ákvörðun um það.

Ég vona að þetta sé alveg skýrt. Málið hefur verið rætt með almennum hætti en það hafa ekki farið fram sérstakar umræður um tímasetningu þess að nýta þá heimild sem þarna kom inn í fjárlögin á því ári sem nú er nýhafið.

Eftirlit með síbrotamönnum, ein umr.

Fsp. MálmS, 310. mál. — Þskj. 554.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í okkar tiltölulega vel upplýsta velferðarþjóðfélagi er þó nokkur hópur fólks sem telja má að séu síbrotamenn. Fáir í þessum hópi hafa þó framið alvarlega glæpi. Þó eru þar innan um nokkrir einstaklingar sem eru samfélaginu hættulegir.

Kynferðisafbrot eru óhugnanlega tíð hér í okkar samfélagi miðað við hversu fámennt það er. Þó hafa kannanir leitt í ljós að aðeins sárafá þessara afbrota koma fram í dagsljósið. Kynferðisafbrot eru ofbeldisverk, ein grófasta tegund ofbeldis. Þetta ofbeldi er þeim mun svívirðilegra sem það bitnar eingöngu á þeim sem minna mega sín, konum og börnum. Þessi afbrot hafa vakið almennan viðbjóð og reiði, einkum þau sem framin eru gegn börnum. Því hlýtur það að vekja ugg og kvíða allra að þeim mönnum sem hafa framið hvað alvarlegust brot gegn börnum skuli hleypt óhindrað út í þjóðfélagið þegar er þeir hafa afplánað dóm, sem oftast er þó undarlega vægur, hversu oft sem þeir hafa brotið af sér. Ráðaleysi þjóðfélagsins virðist algert gagnvart þessum mönnum. Séu þeir geðsjúkir er enginn staður til þar sem hægt er að vista þá og forða samfélaginu frá tilhneigingum þeirra. Séu þeir sakhæfir afplána þeir dóm ákveðinn tíma, síðan er þeim sleppt út í samfélagið þar sem þeir brjóta af sér enn á ný.

Þess er nú skammt að bíða að látnir verði lausir úr fangelsi tveir menn sem hafa framið alvarleg ofbeldis- og kynferðisafbrot. Hefur fangelsisvistin bætt þá og leitt þá frá villu þeirra fyrri vegar? Hefur fangelsi reynst þeim betrunarhús? Verða foreldrar að búa við sífelldan ótta og kvíða vegna barna sinna? Eiga börnin að búa við það að geta átt von á árás af völdum slíkra manna? Því leyfi ég mér að beina fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. á þskj. 554:

„Eru síbrotamenn og þeir sem gerst hafa sekir um sérlega alvarleg afbrot undir sérstöku eftirliti stjórnvalda þegar þeir hafa afplánað dóm?

Ef svo er, hvernig er slíku eftirliti háttað og er þörfin á eftirliti byggð á mati sérfræðinga á því hverjar líkur séu til þess að afbrotamaður brjóti ekki af sér á ný?

Ef svo er ekki, eru þá einhver áform um að taka upp slíkt eftirlit byggt á sérfræðilegu mati?"

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 7. þm. Norðurl. e. beinir til mín þremur fyrirspurnum um eftirlit með síbrotamönnum.

Í fyrsta lagi er spurt: „Eru síbrotamenn og þeir sem gerst hafa sekir um sérlega alvarleg afbrot undir sérstöku eftirliti stjórnvalda þegar þeir hafa afplánð dóm?"

Þegar fanga er veitt reynslulausn eða dómþola er veitt náðun af refsingu er það almennt gert með þeim skilyrðum að viðkomandi fremji ekki refsivert brot á skilorðstíma og sæti umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar. Þeir fangar sem afplána refsingu sína að fullu eru aldrei undir eftirliti eftir að afplánun lýkur, enda engin heimild til slíks að lögum.

Í öðru lagi er spurt: „Ef svo er, hvernig er slíku eftirliti háttað og er þörfin á eftirliti byggð á mati sérfræðinga á því hverjar líkur séu til þess að afbrotamaður brjóti ekki af sér á ný?"

Eftirlit er almennt með þeim hætti að eftir losun úr fangelsi er viðkomandi boðaður á skrifstofu Fangelsismálastofnunar þar sem honum er kynnt innihald eftirlits o.fl. Þeim sem eru undir eftirliti er síðan gert skylt að hafa samband við Fangelsismálastofnun a.m.k. einu sinni í mánuði og oftar ef ástæða þykir til og einnig ber þeim að tilkynna breytingar á dvalarstað og vinnu. Ef þessu er ekki sinnt hefur Fangelsismálastofnun frumkvæði að því að setja sig í samband við viðkomandi og kanna hvers vegna tilkynningarskyldu hefur ekki verið sinnt. Auk þessa fylgist Fangelsismálastofnun með því hvort þeir sem eru undir eftirliti gisti fangageymslur lögreglu eða eru grunaðir um að hafa framið afbrot. Þá hefur Fangelsismálastofnun samstarf við félagsmálastofnanir og fleiri aðila varðandi málefni einstakra skjólstæðinga sinna.

Þetta sem hér hefur verið lýst eru almennar reglur en að sjálfsögðu er það háð mati starfsmanna Fangelsismálastofnunar í hverju tilviki hvernig eftirliti gagnvart einstökum mönnum er háttað. Ef vitað er eða ástæða er til að óttast að þeir sem eru undir eftirliti lifi ekki reglusömu líferni hefur stofnunin frumkvæði að því að setja sig í samband við viðkomandi og reynir með fyrirbyggjandi aðgerðum að koma í veg fyrir að þeir fremji refsiverðan verknað á ný. Í þessu sambandi get ég upplýst að undanfarin ár hafa um 67% þeirra sem veitt hefur verið reynslulausn staðist skilorð hennar og hlutfallið er mun hærra meðal þeirra sem veitt hefur verið skilorðsbundin náðun.

Í þriðja lagi er spurt: Ef svo er ekki, eru þá einhver áform um að taka upp slíkt eftirlit byggt á sérfræðilegu mati?

Hér að framan hef ég lýst því að flestir þeirra sem veitt er reynslulausn eða eru náðaðir eru háðir eftirliti. Ég hef einnig sagt að eftirliti sé ekki til að dreifa í þeim tilvikum þegar dómþoli afplánar refsingu sína að fullu. Í slíkum tilfellum er litið svo á að viðkomandi hafi gert að fullu upp sakir sínar við þjóðfélagið vegna afbrotsins eða afbrotanna. Eftirlit er hluti af refsivörslu þess opinbera og ef því væri beitt gagnvart dómþola sem afplánað hefur refsingu sína að fullu væri í reynd verið að beita viðkomandi strangari viðurlögum en refsidómur kveður á um.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans en satt að segja sýndist mér nú að þarna væri um-

talsverð brotalöm í dómskerfinu vegna þess að það er sama hversu alvarlegan glæp maður hefur framið, ef hann afplánar sinn dóm að fullu þá má ekki þyngja dóminn með því að hafa manninn undir eftirliti þó vitað sé að hann sé samfélaginu hættulegur. Þetta finnst mér mjög alvarlegt mál einkum með tilliti til þess að þeir menn, sem í rauninni eru undirrót þess að þessi spurning kemur fram, hafa sýnt sig að vera samfélaginu hættulegir. Þeir hafa afplánað sinn dóm og það er engin trygging fyrir því að þeir fremji ekki afbrot á ný þegar þeir koma út, en samt sem áður þykir ekki ástæða til að þyngja dóm þeirra með því að hafa þá undir eftirliti.

Ég vil ekki una því að börn og foreldrar séu réttminni en einstaklingur sem brýtur gegn þeim og það hlýtur að vera ástæða til, í ljósi þess hve brot þessara manna eru alvarleg, að yfirvöld hafi eitthvert eftirlit eða hafi einhvern viðbúnað til að fylgjast með þeim, að fólk þurfi ekki að búa við ótta og kvíða vegna barna sinna af því að þessir menn ganga lausir í samfélaginu.

Hraðamælingar í íbúðahverfum, ein umr.

Fsp. RG, 285. mál. — Þskj. 519.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Nú í janúar var birt yfirlit yfir þá ökumenn sem sviptir voru ökuleyfi fyrir of hraðan akstur í Reykjavík á liðnu ári. Kom þar fram fjöldi þeirra er sviptir voru, aldursskipting þeirra og hlutfall karla og kvenna. Fram kom að 208 ökumenn voru sviptir ökuleyfi, að helmingur þeirra var undir tvítugu og að af þessum 208 voru 16 konur. Þeir sem sviptir eru ökuréttindum vegna hraðaksturs hafa verið staðnir að því að aka meira en 50 km á klukkustund hraðar en lög leyfa á viðkomandi akbraut.

Þær varnir sem algengast er að grípa til í íbúðahverfum til að afstýra hraðakstri eru svokallaðar hraðahindranir, þ.e. þrengingar eða upphækkanir á vegi, og svo að lögbinda hámarkshraða, t.d. 30 km hámarkshraða. Það er oft sterklega knúið á um slíkar aðgerðir af hálfu foreldra sem búa í barnmörgum hverfum en hins vegar getur það oft verið erfitt fyrir viðkomandi yfirvöld að átta sig á því hver nauðsyn sé á aðgerðum á viðkomandi svæði eða hvers eðlis þær skuli vera. Þess vegna er það athyglisvert að fram hefur komið að lögreglan hefur nú eignast radar sem settur er upp á ákveðnum stöðum og látinn ganga í langan tíma. Geymir hann allar upplýsingar í tölvutæku formi og má síðan vinna úr þeim gögnum og fá ítarlegar upplýsingar um umferðina á viðkomandi stað. Slíkt tæki hlýtur með tíð og tíma að auðvelda mjög matið á aðhaldsaðgerðum.

En það er ekki nóg að auðveldara sé að leggja mat á t.d. að lögbinda verði í ákveðnum hverfum eða á ákveðnum götum 30 km hámarkshraða ef ekki er farið að tilmælum um akstursshraðann. Á síðustu árum hefur lögreglan verið mjög dugleg að radarmæla og við öll höfum orðið vör við það á ferð okkar og á það ekki síst við um götur við og umhverfis grunnskólana. En hversu mikil áhersla er lögð á að fylgjast með akstursshraða í íbúðahverfum? Þær spurningar sem ég hef borið fram í fyrirspurn minni til dómsmrh. eru:

Hversu oft á síðasta ári mældi lögreglan ökuhraða um götur í íbúðahverfum þar sem 30 km hámarkshraði er í gildi:

a. í Reykjavík,

b. í nágrannabyggðum?

Hver var meðalhraðinn úr þeim mælingum og hversu margir voru sviptir ökuréttindum vegna slíkra brota, hafi verið um það að ræða?

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 9. þm. Reykn. beinir til mín þremur fyrirspurnum á þskj. 519 og þar er óskað upplýsinga um ökuhraðamælingar lögreglu í Reykjavík og nærliggjandi byggðarlögum í íbúðahverfum þar sem 30 km hámarkshraði á klukkustund er leyfður.

Í Kópavogi liggja ekki fyrir tölur um hversu oft lögreglan mælir ökuhraða. Hins vegar liggja fyrir tölur um kærur fyrir ökuhraðabrot. Á sl. ári var enginn ökumaður kærður fyrir of hraðan akstur á götum í Kópavogi þar sem 30 km hámarkshraði er í gildi, en það er aðeins á eftirtöldum götum: Holtagerði, Álfatúni og Kjarrhólma.

Í Hafnarfirði er hámarkshraði alls staðar 50 km á klukkustund í íbúðahverfum.

Í Garðabæ eru hins vegar nokkrar götur með 35 km hámarkshraða. Eftir beiðni voru gerðar sérhraðamælingar þar á árinu 1988 og gáfu þær eftirfarandi niðurstöður: Um er að ræða fjórar dagsetningar. Sú fyrsta 3. júní, þar var um að ræða 10 bifreiðar með meðalhraða 35 km um götuna Ásbúð, síðan 21. sept. 144 bifreiðar með meðalhraða 36 km um sömu götu, 23. sept. 69 bifreiðar með 39,9 km meðalhraða um götuna Smáraflöt og loks 29. sept. 56 bifreiðar með 35,3 km meðalhraða um götuna Ásbúð. Engar mælingar eru hins vegar til frá árinu 1990.

Í Reykjavík mælir lögreglan reglulega ökuhraðann á starfssvæði sínu er nær einnig yfir Seltjarnarnes og Mosfellsbæ. Árið 1990 voru alls 5033 ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur og þar af 208 sviptir ökuleyfi hjá embættinu. Samsvarandi tölur fyrir 1989 voru 4322 og 173.

Eftirliti með ökuhraða er hagað þannig að það fer jafnan fram þar sem þörfin er talin mest og sem jafnast í öllum hverfum án tillits til ökuhraða á hverjum stað. Hins vegar er ekki fyrir hendi skráning um þá staði sem mælt er á hverju sinni né heldur hversu lengi. En á sl. ári var fengið til notkunar tæki, svokallaður umferðarskynjari, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, sem notaður er til þess að fylgjast með hraða ökutækja. Ekki er það gert til þess að kæra ökumenn fyrir hraðabrot heldur aðallega til þess að mæla raunverulegan ökuhraða. Tækinu hefur verið brugðið upp víðs vegar á Reykjavíkursvæðinu og það veitir

glöggar upplýsingar um raunverulegan ökuhraða. Tækið gefur þannig mjög mikilsverða vísbendingu um það hvert lögreglan eigi að beina hraðaeftirlitinu. Þá hafa niðurstöður mælinganna verið sendar borgarverkfræðingi vegna þess að verklegar úrbætur geta vitaskuld aukið öryggi vegfarenda.

Ég hef hér undir höndum eitt sýnishorn af umræddum mælingum. Það eru mælingar sem gerðar voru með umferðarskynjaranum á Laufásvegi mánudaginn 11. júní 1990. Þetta er allmikið verk, þessi mæling þennan eina dag, en svona aðeins til að gefa vísbendingu um niðurstöður af þessu verki þá eru hér á lokasíðu þessa verks svofelldar upplýsingar. Alls óku þarna um á þessum tíma 231 tæki á um eða undir 30 km meðalhraða, það voru 11,42%. Jafnframt óku þarna um 844 ökutæki á um eða undir 40 km meðalhraða á klukkustund eða 41,74%. Þarna óku hins vegar um 1628 ökutæki á um eða undir 50 km meðalhraða, sem sagt 80,51% á löglegum hraða. Þarna óku um 1968 ökutæki á um eða undir 60 km hraða eða 97,33% og 54 ökutæki óku þarna um á yfir 60 km hraða eða 0,67%.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör en eins og fram kom í svari hans þá er ekki mikið um að skráðar séu mælingar í þeim götum sem fyrirspurnin beinist að. Er það miður og telur fyrirspyrjandi að það sé full ástæða til að hafa meira eftirlit með og skrá nánar mælingar í þessum götum vegna þess að kærur gefa ekki á neinn hátt sömu mynd og annað eftirlit. Hins vegar tek ég undir það og þær tölur sem dómsmrh. kynnti hér um skráningu þess tækis sem um var rætt, það gefur mjög góðar væntingar í framtíðinni um að hafa eftirlit með þessum þáttum og ákveða hvar þurfi að vera með alvarlegar mælingar og alvarlegt eftirlit. Ég þakka fyrir svarið.

SAMEINAÐ ÞING

52. fundur, fimmtudaginn 7. febr., að loknum 51. fundi.

Reiðvegaáætlun, síðari umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 113. mál. — Þskj. 117, n. 576, brtt. 577.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um reiðvegaáætlun og skilað frá sér svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um þáltill. Umsagnir bárust frá Skipulagi ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarráði, Vegagerð ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ferðaþjónustu bænda.

Í greinargerð með tillögu þessari kemur fram að hún er flutt samhliða tveimur frumvörpum til laga sem nú eru til meðferðar í nefndum þingsins, 114. og 115. máli. Fjalla þau um breytingu á vegalögum og fjáröflun til vegagerðar. Allsherjarnefnd telur ekki ástæðu til þess að tengja tillögu þessa við þau frumvörp enda þótt þau fjalli um náskyld atriði. Nefndin telur vert að kanna ástand reiðvega hérlendis og að gerð verði áætlun um uppbyggingu reiðvega. Það verður síðan samgönguráðherra, eða þingmanna, að meta hvort rétt sé að flytja lagafrumvörp sem kveða á um framkvæmd slíkrar áætlunar. Því er tillögugreininni breytt í þá veru að felld eru úr henni þau atriði sem nefndinni ber að fara eftir þar sem ekki er ætlast til þess að reiðvegaáætlun greini frá framkvæmdum í smáatriðum, og eins er fellt úr tillögugreininni að áætlunin skuli gerð til fjögurra ára í senn. Hins vegar leggur nefndin ríka áherslu á að í nefndinni, sem samgönguráðherra skipar, sitji fulltrúar hestamanna og sveitarstjórnarmanna og fullt samráð verði haft við samtök þeirra.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristinn Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. skrifa Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara, og Eggert Haukdal.

Breytingartillagan hljóðar svo:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun."

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að færa nefndinni þakkir fyrir að hafa afgreitt þetta mál með þeim jákvæða hætti sem hér liggur fyrir. Ég veit að nefndarmenn hafa gert sér grein fyrir því hversu mikið öryggismál þetta er sérstaklega á hinum þéttbýlli svæðum landsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 577 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 594).

Skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins, síðari umr.

Þáltill. HG, 22. mál. — Þskj. 22, n. 587.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Nál. félmn. er á þskj. 587 svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér

að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála sem sinni m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Nefndin fékk umsagnir um tillöguna frá eftirtöldum aðilum: Félagi íslenskra sjúkraþjálfa, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, landlæknisembættinu, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjarðadeild Hjúkrunarfélags Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, héraðslækni Norðurlands eystra, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Læknafélagi Íslands, Félagi forstöðumanna sjúkrahúsa á Íslandi, Ljósmæðrafélagi Íslands, héraðslækni Vesturlands, Hjúkrunarfélagi Íslands, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Matvæla- og næringarfræðingafélagi Íslands, Félagi þroskaþjálfa, héraðslækni Austurlands, stjórn Austurlandsdeildar Hjúkrunarfélags Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Meinatæknafélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Sjúkraliðafélagi Íslands, héraðslækni Norðurlands vestra, Röntgentæknafélagi Íslands, Fjórðungssambandi Norðurlands, héraðslækni Reykjaneshéraðs og borgarlækni.

Í umsögnunum kemur fram yfirgnæfandi stuðningur við tillöguna. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt."

Birgir Ísl. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þetta er gert á Alþingi 31. jan. og undir þetta rita allir nefndarmenn í félmn. nema sá sem fjarstaddur var afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, IBA, JE, JóhS, JHelg, JK, HH, KrP, KE, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PJ, RG, SalÞ, SP, VS, ÞK, SigH, AÓB, ÁrnG, DS, EG, FÞ, GuðmÁ, GHG, GGÞ, GuðnÁ, GJH, JHall, GHelg.

HJ greiddi ekki atkvæði.

31 þm. (HBl, JBH, JónS, JúlS, KSG, KP, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PP, RA, RH, SighB, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, ÁJ, AðB, AS, ÁHE, EH, EgJ, EKJ, FrS, GeirG, GHH, GB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 593).

Afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum, fyrri umr.

Þáltill. IBA og FrS, 244. mál. — Þskj. 358.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 358 leyfi ég mér að leggja fram till. til þál. um afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum. Flm. ásamt mér er hv. þm. Friðrik Sophusson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að fela fjmrh. að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum og aðrar nauðsynlegar lagabreytingar í því sambandi. Frv. heimilar frjálsan innflutning og dreifingu á tóbaksvörum án þess að dregið sé úr þeim tekjum sem ríkissjóður hefur nú af sölu tóbaksvara."

Með tillögu þessari er lagt til að innflutningur og heildsala á tóbaki verði gefin frjáls og jafnframt verði gjaldtaka ríkisins af tóbaksvörum einfölduð þannig að tekið verði upp eitt gjald, tóbaksgjald, er lagt sé á tóbaksvörur í stað þeirra gjalda og skatta sem leggjast nú á þessar vörur. Eðlilegra er fyrir ríkið og mun einfaldara miðað við núverandi aðstæður að afla þeirra tekna af tóbaksvörum, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með beinni skattlagningu á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að ná tekjum þessum inn með einkasölu. Það er óviðeigandi í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð að ríkið skuli stunda verslun með tóbak.

Hæstv. forseti. Það hefði verið ánægjulegt að hafa hér viðstaddan hæstv. fjmrh. til þess að kalla eftir viðhorfum hans til þessara breytinga á einkasölu ríkisins með tóbak, sérstaklega í ljósi þess að ég hef heyrt að hann sé ekki fráhverfur þeim hugmyndum sem hér eru lagðar fyrir. Ég ætla ekki að fara í sögulega skýringu á hvernig einkasölu var komið á, en það hefur sennilega verið milli 1920 og 1930. Það má hins vegar geta þess að á árunum 1983–1984 var lagt hér fram frv. til laga um svipað efni. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að athuga hvort hæstv. fjmrh. er í húsinu og óskað eftir því að hann komi þá og hlusti á mál hv. þm.) Hæstv. forseti, ég þakka skjót viðbrögð. Þetta var kannski ekki beint krafa af minni hálfu en það hefði verið æskilegt að heyra viðhorf ráðherra hér úr ræðustól en ekki úr einhverjum hliðarherbergjum. Ég var að segja frá því að lagafrv. um þetta efni hafi verið lagt fram hér á árunum 1983–1984 og þá hafi það nánast verið komið í gegn. Það var afgreitt úr fyrri deild og kom, ef ég man rétt, til 2. umr. í seinni deild þegar það einhverra hluta vegna strandaði þar.

Sú breyting sem hér er gert ráð fyrir felur það í sér að ríkið mun ekki tapa tekjum. Öllu frekar má segja að ríkið muni hagnast á því að færa þetta út í einkageirann, þar sem þetta mál á vissulega heima. Fyrir því eru margvísleg rök. Í fyrsta lagi má nefna að ríkið sparar sér verulega í húsnæðiskostnaði. Það sparar sér verulega í fjármagnskostnaði. Það sparar sér verulega í dreifingarkostnaði. Það sparar sér verulega í starfsmannahaldi svo að eitthvað sé nefnt.

Áhyggjur manna af því að þetta muni auka neyslu á tóbaki er náttúrlega út í hött. Hins vegar mundi þetta auka úrvalið á markaðnum en ekki neysluna, þar sem neyslan á tóbaki fer ekki eftir framboði og heldur ekki eftir verði. Hins vegar mundi verðið ekkert breytast og varan á engan hátt verða ódýrari.

Hins vegar er það athyglisvert að ríkið skuli í dag vera að flytja inn vöru sem er seld í verslunum nánast eins og prins póló eða tyggjó eða hvað sem er.

Þetta fæst í hvaða sjoppu og á hvaða götuhorni sem er og er selt sem almenn neysluvara.

Í dag er ríkið að stunda þessa þjónustu nánast fyrir tvo umboðsaðila. Það eru þeir aðilar sem sitja að yfir 90% af tóbaksmarkaðnum og þætti nú einhverjum þægilegt að vera í þeirri stöðu að geta fengið ríkið til að annast um alla slíka hluti fyrir sig. Auðvitað á þessum umboðsaðilum, og ég hygg að þeir vilji það sjálfir, að vera frjálst að stýra sjálfir sínum innkaupum, sínum pöntunarstærðum og með því móti gera það sem þeir geta til þess að ná verði niður og ná sem hagstæðustum verðum og greiðslukjörum. Þeir eiga líka að stýra markaðssetningu og þeir eiga að stýra dreifingu.

Þannig finnst mér, hæstv. forseti, að hér sé um mjög sjálfsagt og eðlilegt mál að ræða og er gott dæmi um *atvinnurekstur sem ríkið á ekki* að vera að vasast í og er betur komið í höndum einstaklinga.

Það má geta þess að árið 1989 var nettóhagnaður af tóbakssölu í landinu 1 milljarður 840 millj. Hér er því um verulegar upphæðir að ræða.

Hæstv. forseti. Ég hef flutt þetta mál hér áður og tel ekki ástæðu til að orðlengja neitt sérstaklega um það. Ég vil hins vegar af því að ég finn að hér í Sþ. er greinilegur stuðningur við málið, hér er full deild af áhugasömum þingmönnum sem greinilega ætla að taka til máls og styðja þetta mál, þá vil ég að afgreiðslu þess verði lokið sem fyrst og það komist til nefndar þar sem ég hef mikinn áhuga á því að fá þetta mál í gegn á þessu þingi.

Að lokinni fyrri umr. legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lýsing á Reykjanesbraut, fyrri umr.

Þáltill. JE, 280. mál. — Þskj. 513.

Flm. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 513 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um að setja lýsingu á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun við að setja upp lýsingu við Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur og leggja hana fyrir Alþingi eigi síðar en við næstu endurskoðun vegáætlunar."

Með till. fylgir svohljóðandi grg.:

„Till. þessi var áður lögð fram á 111. löggjafarþingi. Þá hafði verið lögð fram till. til þál. um tvöföldun Reykjanesbrautar, till. sem er alls góðs makleg og flm. er hlynntur sem lokatakmarki.

Fyrir nokkrum árum stóð flm. að till. um að kanna hagnýtt gildi þeirra hugmynda sem uppi hafa verið um rafknúna járnbraut frá Reykjavík til Suðurnesja og austur fyrir fjall. Sú till. hlaut ekki afgreiðslu en slík könnun þyrfti að fara fram.

Báðar þessar till., þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautar og rafknúin járnbraut frá Reykjavík t.d. að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, eiga því miður of langt í land, m.a. vegna mikils kostnaðar. Talið er að umferð um Reykjanesbraut sé farin að nálgast 10 þúsund bifreiðar á sólarhring sem segir ekki alla söguna því í raun eru aðeins tveir toppar, þ.e. umferðin er langmest árla morguns og síðan síðdegis á brottfarar- og komutíma flugvéla á Keflavíkurflugvelli, svo og við upphaf og lok vinnutíma á Keflavíkurflugvelli, en þar starfar mikill fjöldi Íslendinga hjá innlendum og erlendum aðilum.

Slysatíðni á Reykjanesbraut er mikil og flest slys mjög alvarleg, enda hraði mikill og aðstæður ekki alltaf eins og best verður á kosið.

Það er skoðun flm. að fullkomin lýsing við veginn sé fljótvirkasta og ódýrasta lausnin í sjónmáli til að draga úr slysatíðninni. Það hefur sýnt sig að þar sem lýsing hefur verið bætt á hættulegum umferðarslóðum hefur slysum fækkað.

Unnt er að vinna þetta verk í áföngum. Samkvæmt upplýsingum, sem flm. hefur aflað sér, má ætla að kostnaður við þetta verk, þ.e. frá Hafnarfirði að Innri-Njarðvík sé 80–90 millj. kr. Þegar hafa gatnamót við Grindavíkurveg og Voga verið lýst og er það til mikilla bóta."

Til viðbótar þessu vil ég aðeins segja að eftir að vegurinn var malbikaður, þ.e. það var malbikað ofan á steypulagið, þá hefur vegurinn dökknað mjög mikið og er hann miklum mun erfiðari og hættulegri í öllum akstri, ekki síst þegar bleyta er. Sú lýsing sem þegar er komin, t.d. á gatnamótum Grindavíkurvegar og Vogaafleggjara, hefur sýnt sig ekki einungis að bæta mjög aðstæðurnar á þeim stað, heldur hefur umferðin samkvæmt upplýsingum lögreglunnar hægst nokkuð mikið vegna þess að það virðast verða eins konar áfangaskipti í akstri á veginum. Það er því mjög brýnt að mínu viti að ljúka því að lýsa upp alla brautina. Það er unnt að gera það í áföngum, eins og ég sagði áðan.

Ég vil líka vekja athygli á því að eftir malbikunina hafa stikurnar, sem hefur verið mikill léttir að við akstur, orðið miklu verri, þ.e. það hefur slest malbik á endurskinsmerkin á stikunum sem gerir þær raunverulega ónýtar. Verða þær þar af leiðandi ekki að því gagni sem þyrfti að vera. Auðvitað kemur að því að við þurfum að tvöfalda Reykjanesbraut. Samkvæmt tölum sem Vegagerðin hefur lagt fram þá ætla þeir að það þurfi ekki fyrr en árið 2005 eða jafnvel síðar, en ég er sannfærður um það að með tilkomu væntanlegs álvers á Keilisnesi verður að hraða þeim áætlunum öllum talsvert mikið.

Ég vil því að lokum, af því að þetta hefur verið rætt hér áður í þinginu, skora á allshn., en það er tillaga um að vísa þessu til hennar, að hraða afgreiðslu þessa máls og legg svo að lokum til að þessu verði vísað til síðari umr.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þessa till. sem hér er flutt af einum af þingmönnum Reyknesinga, hv. 8. þm. Reykn. Mér þykir jafnframt rétt að láta það koma

hér fram að þessi tillaga er í anda þeirrar stefnu sem ríkir innan þingmannahópsins í Reykjaneskjördæmi, þ.e. að leggja áherslu á í samgöngumálum innan kjördæmisins að gera þær ráðstafanir sem auka umferðaröryggi, láta þær hafa forgang, m.a. með því að koma upp lýsingu t.d. utan þéttbýlis eins og reyndar kom fram í framsöguræðu hv. flm. Þetta markmið settum við þingmenn okkur fyrir mörgum árum, á kjörtímabilinu 1983–1987, og að því höfum við unnið markvisst og orðið töluvert ágengt eftir því sem fjármagn hefur leyft hverju sinni og kom það reyndar einnig fram í máli hv. flm. till.

Lýsing Reykjanesbrautar er einn liður í slíkum framkvæmdum. Hún er auðvitað fjárfrek en mætti framkvæma í áföngum, eins og kom fram í hans máli, en hún er afar þýðingarmikið öryggisatriði. Þess vegna vildi ég koma hér upp sem einn úr þessum þingmannahópi því að ég þykist vita að það sé stuðningur innan hópsins og hefur reyndar verið rætt að þetta væri einn liður í þeim öryggisatriðum sem við munum markvisst vinna að. Þess vegna vil ég lýsa stuðningi við þessa tillögu, hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðning sjúkraþjálfara í öll fræðsluumdæmi, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 300. mál. — Þskj. 538.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um ráðningu sjúkraþjálfara í öll fræðsluumdæmi. Till. er nú flutt í annað sinn í óbreyttu formi en er nú beint til heilbrrh. auk menntmrh., eins og gert var sl. vetur. Er það gert samkvæmt ábendingu, enda eðlilegt að málið sé samvinnuverkefni yfirvalda menntamála og heilbrigðismála í landinu.

Flytjendur auk mín eru þingkonur Kvennalistans, þ.e. Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. og menntmrh. að beita sér fyrir því að ráðnir verði sjúkraþjálfarar í öllum fræðsluumdæmum landsins."

Till. kom seint fram á sl. vetri og varð ekki útrædd í nefnd. Hún var þá send til umsagnar ýmissa aðila og bárust nokkrar umsagnir um hana. Í umsögnunum er yfirleitt tekið jákvætt í efni till., en sumir velta því fyrir sér hvort ekki væri réttast að staðsetja þessa þjónustu við fræðsluumdæmin í heilsugæslustöðvum landsins. Það hefur lengi verið ljóst að sárlega vantar þjónustu sjúkraþjálfara við heilsugæslustöðvarnar og á ég þá við með formlegum hætti. Það mál er mun viðameira en svo að það taki einungis til þess sem hér kemur fram í þessari till. Því get ég ekki tekið undir það sjónarmið að ráðning sjúkraþjálfara við heilsugæslustöðvar mundi nákvæmlega fullnægja því hlutverki sem er megininntak þessarar till. Ég leyfi mér að vitna í grg. till. máli mínu til stuðnings, en þar segir um hlutverk sjúkraþjálfara í fræðsluumdæmum:

„Hlutverk sjúkraþjálfara væri fjórþætt.

1. Að fylgjast með vinnuaðstöðu skólabarna og veita ráðgjöf við innkaup á húsgögnum.

2. Að leiðbeina kennurum og nemendum um rétta líkamsbeitingu.

3. Að tengjast heilsugæslu skólabarna, t.d. með því að taka þátt í skólaskoðun ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi eða skoða einstaka hópa skólabarna.

4. Að eiga samstarf við íþróttakennara vegna barna sem ekki eru í almennri leikfimi."

Ég fæ ekki betur séð en störfum hlaðinn sjúkraþjálfari á heilsugæslustöð mundi eiga erfitt með að sinna því sem fram kemur í 1., 2. og 4. lið till. nema í mjög nánum tengslum við fræðsluumdæmin. Ekki vegna þess að viðkomandi væri ekki fullfær um að sinna þessu hlutverki heldur einfaldlega vegna þess að hér væri um örðugleika í framkvæmd að ræða. En vera má að því mætti koma við. Ég tek fram að útfærsla þessarar till. yrði í höndum þeirra ráðherra sem yrði skv. till. falið að sjá um framkvæmd hennar og þess fólks sem þeir fengju til þess að útfæra hana. Og að sjálfsögðu eftir tillögum þeirra sem gerst þekkja til þessara mála.

Þar sem ég hef nú bætt hæstv. heilbrrh. inn í tillgr. auk menntmrh. efast ég ekki um að hægt er að standa að þessu máli á þann hátt sem haganlegast er á hverjum stað. Ég get tekið undir viðhorf sem kemur fram hjá fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis vestra þar sem hann segir í sinni umsögn um þetta mál frá sl. vetri:

„Sjúkraþjálfara mætti ráða að hluta til sem ráðgjafa á fræðsluskrifstofu í minni fræðsluumdæmum, en að hluta sem starfsmann heilsugæslustöðvar á þeim stað þar sem fræðsluskrifstofan er staðsett."

Ég tel að þessi skipan mála hljóti að henta mætavel í smærri fræðsluumdæmum og æskilegt að sami aðili hafi bæði hlutverkin með höndum.

Till. þessi fjallar fyrst og fremst um leið til að tryggja skólabörnum nauðsynlega þjónustu á viðkvæmu uppvaxtarskeiði. Ég vil leyfa mér að ítreka það sem segir í grg. till.: „Grunnskólarnir eru fjölmennustu vinnustaðir landsins og stærsti hópurinn, sem þar er við nám og störf, er börn og unglingar. Á skólaárunum er lagður grunnur að líkamlegri og andlegri velferð barna. Þau eyða mörgum klukkustundum á degi hverjum innan veggja skólans og því er mikilvægt að vel sé búið að þeim á vinnustað. Brýnt er að tryggja skólabörnum þá sjálfsögðu þjónustu að fylgst sé með velferð þeirra á viðkvæmum uppvaxtarárum ...

Börn þurfa, ekki síður en fullorðnir, að búa við góða vinnuaðstöðu og viðeigandi ráðgjöf og kennslu til að tryggja eðlilega líkamsbeitingu, samhæfingu og hreyfanleika ...

Þýðing forvarna og vinnuverndar hefur komið æ betur í ljós á undanförnum árum. Góðar forvarnir og fræðsla fækka ekki einungis veikindadögum heldur bæta einnig líðan fjölda fólks á vinnustöðum. Einfald-

ar úrbætur á vinnustað geta þar skipt sköpum. Góð fræðsla um líkamsbeitingu er fjárfesting sem kemur öllum til góða og minnkar líkur á því að leita þurfi dýrra úrræða á sjúkrahúsum síðar meir vegna álagssjúkdóma.

Skólinn er vinnustaður barna og það fordæmi, sem þar er gefið, er veganesti út í lífið. Forvarnastarf í skólum er því ekki einungis mikilvægt til að hlífa börnum á viðkvæmu þroskaskeiði heldur jafnframt sá grunnur sem vinnuvernd framtíðarinnar byggir á."

Það er ekki síst þessi forvarnaþáttur sem gerir það mikilvægt að tengja sjúkraþjálfara traustum böndum við skólana, ekki einungis við heilsugæsluna. Góðar forvarnir í skólum gætu fækkað vandamálum sem koma til kasta heilsugæslunnar síðar meir. Það er ekki lítils um vert.

Nú er staðan sú að sárlega vantar sjúkraþjálfara við heilsugæslustöðvar og ekki skal ég draga úr því að það vandamál verður að leysa. En hlutverk sjúkraþjálfara í heilsugæslustöð er svo fjölbreytt eins og ég gat um áðan og yfirgripsmikið að ég er efins um að viðkomandi kæmist yfir mikið meira en að sinna brýnustu fræðslu og leiðsögn á heilsugæslunni sjálfri. Hins vegar er jafnmikilvægt að náin tengsl yrðu milli starfs sjúkraþjálfara heilsugæslu og við fræðsluumdæmi, hvort sem þar væri um eina manneskju að ræða sem sinnti báðum hlutverkum eða í stærri umdæmum væri um fleiri en einn sjúkraþjálfara að ræða.

Til að gefa hugmynd um hve nauðsynlegt er að sjúkraþjálfari starfi bæði á vegum fræðsluumdæmanna og einnig við heilsugæslustöðvarnar langar mig að vitna til skýrslu sem þær María H. Þorsteinsdóttir, Kalla Malmquist, Hulda Ólafsdóttir og Nanna P. Hauksdóttir unnu fyrir landlæknisembættið og skiluðu í árslok 1986. Í niðurstöðum þeirra segir m.a. að það verði að teljast eðlilegast að sjúkraþjálfari verði fastráðinn við heilsugæslustöð en sé ekki að sinna þeim störfum eins og nú er úti í bæ.

Þegar litið er á verkefni þess sjúkraþjálfara sem staðsettur yrði á heilsugæslustöð er greinilegt að hann hefði í afskaplega mörg horn að líta auk þess að sinna starfi í skólunum. Meðal þess sem getið er um í nefndri skýrslu er, auk þess að sinna skólabörnum: þjónusta við börn undir skólaaldri, m.a. við ungbarnaeftirlit þar sem lagt er mat á hreyfiþroska barna og fræðslu miðlað, heilsuvernd á vinnustöðum, fræðsla og eftirlit, fræðsla fyrir verðandi foreldra, almennt eftirlit og fræðsla, einkum með áhættuhópum og tilteknum aldurshópum, heimaþjónusta frá heilsugæslustöð, sem oft getur komið í veg fyrir að til sjúkrahúsvistar þurfi að koma.

Það er ekki lítið hlutverk sem lagt er á herðar þessum starfsmanni og því nauðsynlegt að sinna þessu. En hvernig rímar þetta saman við tillögu þá sem hér er rædd? Mætavel ef nóg væri framboðið af sjúkraþjálfurum við heilsugæslustöðvar. En samkvæmt skýrslu þeirri sem hér er vitnað til vantar mikið á að svo sé og ærinn starfi að kippa þeim málum í liðinn. Hætt er við að hlutverk sjúkraþjálfara við fræðsluumdæmin yrði aðeins lítill þáttur í því mikilvæga starfi.

Skýrsluhöfundar geta þess að víða erlendis hafi einmitt verið farin sú leið að skólayfirvöld ráði til sín sjúkraþjálfara. Hér er í fyrstu umferð ekki gengið svo langt að ætla að það sé hægt, heldur látið nægja að hvert fræðsluumdæmi eigi kost á þjónustu sjúkraþjálfara. Ég held að ég ljúki máli mínu með því að rekja verkefni sjúkraþjálfara í skólum eftir því sem fram kemur í þeirri skýrslu sem ég vitnaði til áðan. Þar ber fyrst að taka skoðun og skráningu á skólabörnum. Um það segja höfundar skýrslunnar, með leyfi forseta:

„Hér mætti hugsa sér að sjúkraþjálfari skoði þá aldurshópa sem ekki fara í hefðbundna læknisskoðun eða taki þátt í skoðun ákveðinna aldurshópa með skólalækni og hjúkrunarfræðingi. Markmið með slíkri skoðun er tvíþætt: Að fá yfirlit yfir ástand skólabarnanna með tilliti til hreyfanleika, samhæfingar, styrks, þols og líkamsmeðvitundar. Slík skoðun og skráning mundi verða mikilvæg í uppbyggingu markvissrar fræðslu og líkamsþjálfunar skólabarna. Auk þess er lagt til að hlutverk sjúkraþjálfara við fræðsluumdæmi eða í skólum sé að reyna að finna fyrr en nú frávik eða sjúkdóma í hreyfikerfi líkamans."

Síðan er í öðru lagi talað um kennslu skólabarna. „Sjúkraþjálfarar ættu að taka þátt í kennslu skólabarna um byggingu og starf líkamans og hvernig hægt sé að verja hann ofálagi. Börnin þarf að vekja til meðvitundar um eigin líkama, mikilvægi réttrar þjálfunar og líkamsbeitingar."

Í þriðja lið er hér talað um kennslu og samvinnu við kennara. „Í almennri kennslu uppgötvar kennarinn oft misbresti í færni barnsins. Í slíkum tilvikum getur sjúkraþjálfari meðal annarra aðstoðað við greiningu vandans og hugsanlega meðferð. Leikfimikennsla í skólum er tilvalinn vettvangur samvinnu. Skráning sjúkraþjálfara á ástandi skólabarna getur skapað grundvöll að því að leikfimikennsla verði markvissari þannig að unnið verði gegn þeim áhættuþáttum sem fundist hafa meðal skólabarna. Þetta krefst náinnar samvinnu milli kennara og sjúkraþjálfara.

Vinnuvernd skólabarna er einnig mikilvægur þáttur sem sjúkraþjálfarar eiga að sinna. Hafa ber í huga að skólinn er vinnustaður nemenda og mikilvægt að allur aðbúnaður sé við þeirra hæfi, svo sem stólar, borð, lýsing o.fl."

Hér er greinilega ærið verkefni sem sinna þarf og er ekki sinnt nú nema í einstökum undantekningartilvikum og þá vegna áhuga einstakra aðila. Ég vona að menn sjái að sú tillaga sem hér liggur fyrir ætti að geta orðið til þess að börnin okkar njóti sómasamlegrar vinnuverndar á viðkvæmu þroskaskeiði. Annað er ekki sæmandi.

Að umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalagning í óbyggðum, fyrri umr.

Þáltill. JHall o.fl., 324. mál. — Þskj. 572.

Flm. (Jónas Hallgrímsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 572 flyt ég ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni, Kristni Péturssyni, Valgerði Sverrisdóttur, Jóni Helgasyni, Málmfríði Sigurðardóttur, Jóni Sæmundi Sigurjónssyni og Eggert Haukdal till. til þál. um vegalagningu í óbyggðum. Tillagan er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sett verði á laggirnar formleg samstarfsnefnd Vegagerðar ríkisins, Orkustofnunar og Landsvirkjunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við vegi samhliða línulögnum á hálendi Íslands á næstu árum."

Í grg. með till. kemur fram að fyrir hendi eru mótuð áform um að ráðast í verklegar framkvæmdir við virkjanir og línulagnir á hálendi landsins á næstu árum. Samkvæmt lögum er það Landsvirkjunar að standa fyrir þeim ásamt nauðsynlegum slóðum eða vegum. Eins og nú háttar hefur Vegagerð ríkisins ekki möguleika til formlegra afskipta eða þátttöku í ákvörðunum og framkvæmdum. Og þó vitað sé að samband sé á milli Vegagerðar ríkisins og Landsvirkjunar um þessi mál er þar ekki um formlega verkaskiptingu að ræða, enda ekki um samstarfsverkefni eða mynsturáætlanir að ræða. Hvað varðar hlutverk Orkustofnunar í þessum málum virðist sú stofnun enn þá lausbeislaðri.

Það má e.t.v. segja að meginhvati þessarar tillögu sé tvíþættur: Annars vegar hin miklu virkjunar- og línubyggingaráform, sem vissulega eru nauðsynleg, og hins vegar viðbrögð heimaaðila sem á hinn bóginn eru bæði skörp og eðlileg. Ég vil leyfa mér að vitna örstutt í útdrátt af bréfi Náttúruverndarsamtaka Austurlands og Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, dags. 18. des. 1990. Bréfið varðar fyrirhugaðar línubyggingar sem liggja eiga um tvö friðlýst svæði, Krepputungu, sem nú mun vera í friðlýsingarmeðferð, og svæðið við Herðubreið og Dyngjufjöll. Í bréfinu segir síðan orðrétt, með leyfi forseta:

„Samfara línubyggingum sem þessum fylgir slóðagerð sem eykur umferð og um leið hættu á akstri utan vega og gerir eftirlit landvarða með svæðinu nánast óviðráðanlegt."

Hér er því sannarlega mál að spyrna við fótum.

Ég átti þess kost ásamt nokkrum fleiri hv. þm. að sitja ráðstefnu um svonefnda hálendisvegi 19. og 20. jan. sl. að Reynihlíð í Mývatnssveit. Ráðstefna þessi var bæði fróðleg og allfjölmenn. Í ályktun sem samþykkt var í lok hennar koma fram eindregin tilmæli til stjórnvalda um meiri formlegheit og afmörkun þessara mála en hingað til hefur verið. Ályktun ráðstefnunnar er örstutt, með leyfi forseta:

„Fundur ráðstefnu um hálendisvegi og áhrif þeirra haldin í Hótel Reynihlíð við Mývatn 20. jan. 1991 beinir þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnar og Alþingis að sem allra fyrst verði gengið formlega frá samstarfi Vegagerðar ríkisins og Landsvirkjunar vegna línuvega. Veitt verði sérstök fjárveiting til þessa verkefnis án skerðingar á almennu vegafé. Lögð verði áhersla á að vegstæði verði valið þannig að þessir vegir nýtist almennri umferð í framtíðinni, verði á snjóléttum svæðum og að tekið verði tillit til náttúruverndarsjónarmiða."

Ég vil ljúka máli mínu með því að láta þá skoðun í ljósi að það sé ekki með öllu vansalaust að Vegagerð ríkisins skuli ekki hafa átt þess kost að koma meira að þessum málum en raun er til þessa. Ef menn vilja gera hér bót á verður að koma á formlegum samskiptavettvangi aðila, útvega Vegagerð ríkisins fjármagn til að gerast raunverulegur þátttökuaðili í framkvæmdum. Nefndar hafa verið tölur á bilinu 20–40 millj. kr. í ár af fulltrúum Vegagerðar ríkisins og það fé má alls ekki koma til frádráttar af almennu vegafé. Með þessum hætti væri Vegagerð ríkisins orðin formlegur meðeigandi í umræddum vegum og eða slóðum og ætti því rétt til umfjöllunar og afnota þeirra fyrir almenna umferð í framtíðinni ef mönnum líst svo á.

Virðulegur forseti. Ég legg til að þessari tillögu verði vísað til allshn. og síðari umr. að loknum umræðum ef einhverjar verða.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Með tillögu þeirri sem hér var mælt fyrir um samstarf um vegalagningu í óbyggðum er hreyft þörfu máli sem hv. flm. hefur gert grein fyrir. Mér gafst kostur á að vera meðflutningsaðili að þessari tillögu og efnisins vegna hefði ég fúslega gert það, en við athugun máls kom það fram að samgrh., sem hefur fengið erindi frá þessari ráðstefnu sem haldin var við Mývatn og auðvitað frá fleiri aðilum vafalaust, hefur þegar að því er mér er tjáð gert ráðstafanir til þess að koma á því samstarfi sem tillagan gerði ráð fyrir í aðalatriðum að ég held með þeim hætti sem það er gert. Það er vissulega góðra gjalda vert og auðvitað markmið þeirra sem flytja mál hér inn á Alþingi að hafa einmitt áhrif á ríkisstjórnina eins og hér er gert ráð fyrir. Og með vísan til þess sá ég ekki ástæðu til að gerast meðflutningsaðili málsins.

Hins vegar dregur það ekkert úr því að það er gagnlegt að koma slíkum málum hér einnig fram og í umræðu á Alþingi. Ég þakka flm. fyrir frumkvæði hans að því leyti og þann hug sem fyrir liggur í þessu máli og þarfar ábendingar í greinargerð. Ég vona að því markmiði sem tillagan gerir ráð fyrir verði náð hið fyrsta með formlegu samstarfi þeirra aðila sem gert er ráð fyrir og þá sérstaklega Vegagerðarinnar og Landsvirkjunar. En mér sýnist einnig skynsamlegt að Orkustofnun fylgist með því samstarfi og ekki síður að Náttúruverndarráð eigi kost á að vera þátttakandi í því. Í rauninni held ég að það væri æskilegt að Náttúruverndarráð yrði formlegur aðili að þessari samstarfsnefnd sem nú er væntanlega verið að koma á laggirnar og því sjónarmiði hef ég komið á framfæri við hæstv. samgrh.

Frá árinu 1972 hefur verið starfandi samstarfsnefnd iðnrn. og Náttúruverndarráðs um orkuframkvæmdir, skammstöfuð SINO. Hún er orðin mjög endingargóð þessi nefnd. Hún er enn að störfum og hefur tvímæla-

laust verið mjög gagnlegur samráðsvettvangur milli náttúruverndaryfirvalda og framkvæmdarvaldsins á sviði orkumála, en fyrir hönd ráðuneytisins eiga sæti í þeirri nefnd fulltrúar frá Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun, að ég held. Þar fara menn skipulega yfir þau mál sem eru á döfinni og nú er verið á vegum þessarar nefndar að ég held að fara kerfisbundið yfir vatnsföll landsins og virkjanaáform og viðhorf til friðunaraðgerða, m.a. vegna samþykktar Alþingis um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða sem liggur fyrir frá árinu 1988.

Ég tel að það hafi dregist vonum lengur að vegagerðarmálum í sambandi við línulagnir og raunar vegna virkjunarframkvæmda hafi verið komið í skipulegra horf og í tengsl við Vegagerð ríkisins því þó að hún hafi komið að slíkum málum varðandi undirbúning og sumpart varðandi framkvæmdir, varðandi vegalagningu, t.d. vegna Blönduvirkjunar, undirbúnings vegna Fljótsdalsvirkjunar og fleiri slíkra virkjana, þá hefur þar eins og réttilega kom fram í máli hv. 1. flm. þessa máls ekki verið um lögformlega stöðu að ræða af hálfu Vegagerðarinnar, en úr því verður væntanlega bætt með því samstarfi sem hér er um að ræða og hugsanlegri öflun lagaheimilda í framhaldinu ef ástæða er til.

Vegna eins máls sem bar á góma í ræðu síðasta hv. ræðumanns hér áðan, þ.e. ráðgerðrar línulagningar frá Fljótsdalsvirkjun til Norðurlands, vil ég taka mjög sterklega undir það sem þar kom fram um nauðsyn þess að vel sé hugað að línustæðum og auðvitað þá vegalagningu í tengslum við þau og að þeim áformum sem uppi voru á síðasta ári og fram á þetta af hálfu Landsvirkjunar um það línusvæði verði breytt. Það hafa þegar komið fram fjölmargar áskoranir þar að lútandi frá hagsmunaaðilum og hagsmunagæsluaðilum á sviði náttúruverndar og ferðamála sem hafa hreyft því máli. Sjálfur hef ég átt hlut í samþykktum þar að lútandi, m.a. á vegum Náttúruverndarsamtaka Austurlands á síðasta sumri, en á aðalfundi þeirra samtaka við Snæfell var þetta mál upp tekið. Ég held að það séu fyrstu upptök málsins eftir að Náttúruverndarráð hafði um það fjallað með Landsvirkjun og síðan hafa margar samþykktir verið gerðar.

Mér var í rauninni fyrst ljóst á ferðalagi um þetta svæði, utanvert Ódáðahraun og Herðubreiðarlindir á sl. sumri, í hvað stefndi varðandi þessa línulagningu milli Herðubreiðar og Dyngjufjalla. Öllum sem um það svæði hafa farið hlýtur að vera ljóst að það væri mjög alvarlegt spor sem stigið væri ef þarna á milli, þvert yfir þetta svæði, yrði lögð raflína, jafnmikið mannvirki og um er að ræða í þessum stóru línum. Ég hef rætt þetta mál við stjórnarformann Landsvirkjunar í byrjun þessa árs og fengið fullvissu um það af hans hálfu að á þetta mál yrði litið af þeirra hálfu. Ég hef einnig átt viðræður við skipulagsyfirvöld um þetta og mér er kunnugt um að þessi mál eru í athugun á vegum skipulagsyfirvalda og væntanlega Náttúruverndarráðs á nýjan leik. Því verður að treysta að þarna verði gerð breyting á. Það eru aðrar leiðir og þó eitthvað kunni að muna í kostnaði þá ber að velja aðrar leiðir varðandi þessa línulagningu.

Nokkuð hefur við borið í umræðum um þetta mál að tími væri naumur til stefnu að undirbúa breytingu á þessari línulögn og viðkomandi vegslóða sem fylgja mundi. Ég tel að í rauninni séu aðstæður þannig nú að ekki þurfi að óttast tímaskort við endurskoðun málsins vegna þess að augljóst er að áformum um framkvæmdir vegna álbræðslu sem hafa verið í undirbúningi á vegum hæstv. iðnrh. mun seinka frá því sem áformað var af ráðuneytisins hálfu, að ekki sé talað um það að engra heimilda hefur verið aflað af hálfu Alþingis vegna þess máls. Alþingi á því alveg eftir að fjalla um það og ég vænti að þetta ráðrúm sem sýnilega er til staðar verði notað til þess að finna ásættanlega leið fyrir þetta línustæði.

Ég ítreka svo stuðning við það mál sem hv. 1. þm. Austurl. flutti hér og ég vona að sá rekspölur sem ég gat um að væri á þessu máli hjá samgrn. leiði til lausnar eftir þeim meginsjónarmiðum sem hann mælti hér fyrir.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Þessa till. sem hér er til þál. um formlegt samstarf Landsvirkjunar, Orkustofnunar og Vegagerðar ríkisins tel ég vera mjög mikilvæga. Það er kunnara en frá þurfi að segja að fyrirhuguð eru áform um að leggja háspennulínu um hálendið. Ekki síður er nú ástæða til þess að ræða hvort um varanlega vegagerð á að vera að ræða eða ekki samfara því að auðvitað er nauðsynlegt að leggja vegslóða þegar lína er lögð.

Í þessu sambandi langar mig til að minna á hve hraði er mikilvægur við nútímaframkvæmdir út frá arðsemissjónarmiðum. Það á að flytja fleiri hundruð tonn af stáli upp á hálendið í þessi möstur. Hvað sparast miklir peningar við þá flutninga ef um er að ræða vegi með bundnu slitlagi á móti troðningunum? Við getum séð það strax að þar er um að ræða mikla peninga. Flutningurinn á línunum sjálfum, vinnan við að byggja þessar línur. Væntanlega yrði um að ræða sparnað verktaka, verkið yrði ódýrara. Og þá komum við að einum þætti málsins sem við höfum nú nýverið upplifað, þ.e. hina íslensku veðráttu sem getur sýnt á sér sínar hvössu hliðar eins og nýverið er búið að gerast. Þá erum við komin að viðhaldi slíkra mannvirkja og mikilvægi orkukaupanda að missa ekki rafmagnið. Og ef línur slitna, að geta gert við þetta hratt.

Orkustofnun á eftir að stunda framtíðarrannsóknir uppi á hálendinu og eftir því sem samgöngur um hálendið eru betri, því ódýrari verða þær rannsóknir fyrir þjóðfélagið. Önnur arðsemi af varanlegri vegagerð yfir hálendið gæti orðið allt annað atvinnulíf síðast en ekki síst, þ.e. það er auðveldara fyrir fólk sem býr fjarri höfuðborgarsvæðinu að ferðast þangað og fyrir framleiðendur á landsbyggðinni að skipta við markaðinn hér syðra. Allt þetta skiptir mjög miklu máli. Það sem skiptir mestu máli er að fjármunum þjóðarinnar sé varið á sem arðsamastan hátt.

Það má ljóst vera að ekki er auðvelt að halda slíkum vegum opnum yfir háveturinn, enda ekki held ég

meiningin að slíkt verði gert. En þetta er fyrst og fremst spurningin um það hvernig þeim fjármunum verði varið sem best á varanlegan hátt og hvað við eigi að taka þegar línulögninni er lokið og hverjir eigi þá að halda við þessum vegi. Auðvitað er eðlilegast að Vegagerð ríkisins taki þá við veginum.

Rétt er að minna á þátt umhverfismála í þessu sambandi og þá byrja ég fyrst á þeim lið að það er stórt og mikið umhverfismál í mínum huga hvort svona vegur hefur bundið slitlag eða ekki. Það er mjög þurrt á hálendinu og vegur sem ekki væri með bundnu slitlagi á hálendinu yrði að engu á einum áratug. Hann mundi hreinlega fjúka út í loftið. Vatnsrennsli er oft mikið úr vegaslóðum sem eru lagðir á þann hátt sem gert hefur verið. Það rennur vatn eftir þessum slóðum sem lagðir eru einhvern veginn út í loftið og skemma og spilla umhverfi þar sem rót kemst á landið. Það er líka rétt að árétta sjónarmiðin um náttúruvernd, þ.e. að fylgjast með því að hálendi verði ekki raskað um of. Er þá ekki auðveldara að annast það eftirlit ef vegurinn verður góður um hálendið. Og þarf ekki að nefna það að það er auðvitað sjálfsagt að allir íslenskir borgarar og ferðamenn fái að skoða hálendið. Það er paradís út af fyrir sig og þeim auðveldara þá að komast þangað. Þetta eru hinar jákvæðu hliðar málsins.

En ég ítreka það að varanleiki fjárfestingarinnar er það sem skiptir hér höfuðmáli, þ.e. að þeir fjármunir sem fara í þessa vegarlagningu nýtist þjóðinni til framtíðarinnar. Það verði tryggt um leið hvað við taki, hverjir eigi að halda veginum við í framtíðinni eftir að þessi lína hefur verið lögð. Ég tel fyllstu ástæða til að ítreka að það verði vandlega farið yfir það hvort ekki sé jafnvel ódýrast fyrir þjóðina þegar búið er að reikna allt að þessi vegur verði lagður strax með bundnu slitlagi. Það er mín skoðun á málinu að þegar öll sjónarmið eru metin verði það ódýrast. Það samræmist best sjónarmiðum umhverfisverndar og náttúruverndar án þess að verið sé að kasta í það of miklum fjármunum. Þetta er fyrst og fremst spurningin um það að þessi framkvæmd nýtist þjóðinni sem best á allan hátt.

Flm. (Jónas Hallgrímsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Austurl., 2. þm. og 5. þm., undirtektir þeirra við meginefni þessarar þáltill. sem fram er komin. Jafnframt vil ég benda á að í máli hv. 2. þm. Austurl. kom fram að uppi hefðu verið snaggaraleg viðbrögð frá hendi samgrh. og er það vel. Hann hafði strax hug á því að leita eftir skipun nefndar, verða við þeim tilmælum sem hann hafði fengið. Ég sé þó þá meinbugi á því að í meginefni tillögunnar er gert ráð fyrir að þetta sé samstarfsnefnd þriggja aðila, Vegagerðar ríkisins, sem vissulega heyrir undir samgrh., Orkustofnunar og Landsvirkjunar, sem ég trúi að heyri hvort tveggja undir iðnrn. Þess vegna var tillagan þannig samsett að það væri ríkisstjórnar að skipa þessa nefnd. Nú er ég ekki þingvanur en að höfðu samráði við meðflm. fannst okkur þetta vera rétta leiðin. Ég efast ekki um að það standi góður hugur að baki málinu frá samgrh. með sínum áformum en bendi á að það þurfi að hafa samráð við aðra aðila og hélt að það væri einlægast í ríkisstjórn.

Að öðru leyti ítreka ég þakkir mínar til þeirra sem hafa tekið til máls hér og endurtek óskir um að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til allshn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að svara hér fyrir hæstv. samgrh. en aðeins láta það koma fram að mér var tjáð af honum að hann leitaði eftir tilnefningu, tæki málið upp við þessa aðila til þess að fá tilnefningu réttra aðila í samstarfsnefnd af þessum toga. Það er auðvitað alveg rétt sem nefnt var hér að eitt ráðuneyti skipar ekki fulltrúa frá öðru ráðuneyti og þess vegna geri ég ráð fyrir að ráðherrann hafi tekið málið upp í ríkisstjórn eða með bréfi til viðkomandi aðila en það er sá farvegur sem eðlilegur er og sjálfsagður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlýsing Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum, fyrri umr.

Þáltill. SigH o.fl., 325. mál. — Þskj. 573.

Flm. (Sigrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum, sem er á þskj. 573 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhvrh. að undirbúa lagasetningu um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár frá upptökum í Langjökli til Ölfusárósa og Jökulsár á Fjöllum frá upptökum í Vatnajökli til ósa í Öxarfirði."

Þessa tillögu flytja með mér hv. þingkonur Kvennalistans Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að með friðlýsingu ánna er átt við að vatnsmagni ánna verði ekki breytt af mannavöldum, t.d. með því að veita vatni sem til þeirra fellur inn á vatnasvið annarra áa. Vatnsyfirborði eða farvegum ánna verði ekki breytt af mannavöldum með uppistöðulónum, stíflum eða öðrum framkvæmdum eða mannvirkjum. Mannvirkjagerð og jarðraski meðfram ánum verði haldið í lágmarki og í óbyggðum verði ekki komið fyrir mannvirkjum sem áberandi eru frá árbökkunum. Losun mengandi úrgangsefna í árnar eða í ár sem til þeirra falla verði ekki leyfð. Náttúrulegt lífríki í og við árnar njóti verndar. Umferðarréttur almennings meðfram ánum verði tryggður. Aðstöðu til handa ferðamönnum verði komið upp meðfram ánum, en þess jafnframt gætt við skipulag og stjórnun ferðamennsku að svæðunum sé ekki spillt.

Að undanförnu hefur oft heyrst að Íslendingar ættu að auglýsa sig og marka sér þá ímynd að vera forustuþjóð í umhverfisvernd. Fyrir þeirri umræðu fer ríkis-

stjórnin sjálf með hæstv. forsrh. í broddi fylkingar, en ekki bara saklausir auðnuleysingjar, ábyrgðarlausir náttúruverndarar, prjónakonur í sveitum landsins og vaðmálskerlingar í kúskinnsskóm, svo notuð séu „kurteisleg" orð stjórnmálamanna um þá sem eiga sér þá hugsjón að standa vörð um náttúru landsins og framtíð þjóðar.

Hinn 15. mars 1990 skipaði hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, fimm manna nefnd til að kanna möguleika á kynningu Íslands á erlendum vettvangi og efla jákvæða ímynd þess. Nefndin átti m.a. að kanna hvort Ísland geti orðið ímynd gæða, hreinleika og heilbrigðs umhverfis og mannlífs. Nefndin skilaði af sér fyrir skömmu í formi skýrslu og í lokaorðum hennar á bls. 20 segir, með leyfi forseta:

„Hvað varðar umhverfismál þurfa Íslendingar að reka af sér slyðruorð á sem flestum sviðum umhverfismála. Þetta er unnt og ódýrara en í flestum öðrum löndum. Sköpun slíkrar ímyndar mætti hefja strax því staðfestar áætlanir um viðamikið átak í þessum málum mundu afla okkur mikillar virðingar meðal þjóða heimsins."

Nokkru síðar í greinargerðinni á bls. 21 stendur, með leyfi forseta: „Lagt er til að hafist verði handa á 2–3 svæðum með markaðsrannsóknum, gagnasöfnun, neytendakönnunum, markaðskönnunum, forkönnunum á áhrifum auglýsinga og kynninga, ráðgjöf og sérfræðiþjónustu áður en raunverulegar kynningaraðgerðir hefjast. Gert er ráð fyrir að kostnaður við ofangreint nemi 70 millj."

Þarna skýtur harla skökku við. Hætt er við að áætlanir um viðamikið átak afli okkur engrar virðingar meðal þjóða heimsins þótt staðfestar séu á meðan ekkert er farið að gera samkvæmt þeim áætlunum og enginn árangur þeirra gerða kominn í ljós. Enn einu sinni í íslenskri atvinnustefnu væri byrjað á öfugum enda, ef farið væri að tillögum nefndarinnar og byrjað á að verja 70 millj. kr. í markaðsrannsóknir og forkannanir á áhrifum auglýsinga o.s.frv. áður en hafist er handa við tiltektina heima hjá okkur. Þetta er svona álíka skynsamlegt og ef húsráðendur gerðu um það áætlun að taka nú ærlega til í húsi sínu þar sem allt væri á rúi og stúi til þess að bjóða heim gestum, sitjandi í rusli og skít en með áætlun um úrbætur í þeim efnum færu þeir svo að hringja í kunningjana og athuga með heimsóknir. En á meðan er næsta víst að einhverjir rækjust inn óboðnir eða boðsgestir yrðu með fyrra fallinu og kæmu áður en tiltekt og hreingerningu væri lokið og fínar áætlanir um tiltekt draga lítið úr hneykslun gesta. Svona þekkist auðvitað ekki á myndarheimilum þessa lands. Þar er tekið til og þrifið fyrst og fremst til þess að heimilisfólkinu sjálfu líði vel í notalegu umhverfi. Gestir sem rekast þar inn finna líka fyrir þeirri vellíðan og koma aftur og aftur, fleiri og fleiri og ég hygg að á mörgum gestkvæmum heimilum sé raunar aldrei gestum boðið formlega. Þeir koma án allrar markaðssetningar.

Hið sama gerðist með íbúðina Ísland. Ef við tækjum okkur tak í umhverfisvernd, þá mundi það vekja athygli og fréttast. Kannanir hafa margsýnt að fólk kemur til Íslands fyrst og fremst vegna umtals og upplýsinga frá kunningjum og vinum en ekki vegna hefðbundinna auglýsinga. Það ætti ekki að þurfa að færa sannanir fyrir því hve heimskulegt það er að byrja á röngum enda í þessu efni, svo augljóst er það. En ég vil þó nefna eitt nýlegt dæmi.

Sl. haust kom hér blaðakona frá blaðinu Miljö Aktuelt sem gefið er út af sænska náttúruverndarráðinu. Hún kom til að skrifa um land sem væri hreint og fagurt og um fyrirmyndarþjóð í umhverfisvernd. Hún sá að sumu leyti það sem hún leitaði að, hreint og fagurt land, en hún áttaði sig líka fljótt á því að hreinleikinn og fegurðin var ekki þjóðinni að þakka heldur aðeins því hve fámenn hún er í stóru landi. Og hneykslan hennar var mikil þegar hún fór að kynna sér aðstæður hér. Hún gerði grein fyrir ferð sinni í janúarhefti blaðsins, bæði á forsíðu og í tveimur opnugreinum. Þar segir í fyrirsögn yfir þvera síðu að skólp frá Reykjavík fari óhreinsað í sjóinn og meðfylgjandi er mynd sem sýnir þau herlegheit í fjöru á höfuðborgarsvæðinu. Nokkru neðar á sömu síðu er mynd af ruslahaug og þess getið að þar ægi öllu saman, bæði heimilissorpi og hættulegum efnum.

Á næstu opnu er vakin athygli á því, yfir alla opnuna í stórri fyrirsögn, að hálf milljón kinda níðist á gróðri landsins og einnig, neðar á blaðsíðu, að um umhverfismál á Íslandi sé mikið rætt en lítið gert. Mér er spurn: Þeir sem vilja byrja að auglýsa landið sem fyrirmynd í umhverfisvernd ætla þeir líka að taka upp nýju línuna í fjölmiðlum heimsins í dag og ritskoða þær greinar sem athugulir ferðamenn kunna að skrifa í blöð og tímarit þegar heim er komið? Ég er hrædd um að það verði eins og að moka sandi í botnlausa tunnu að ætla með staðfestum áætlunum og auglýsingum einum saman að efla jákvæða ímynd Íslands í augum umhverfisverndarmanna. Nei, hér sem annars staðar er best að láta verkin tala og hefjast handa strax og að því miðar sú tillaga sem hér er lögð fram.

Við þurfum að taka okkur á á öllum sviðum umhverfisverndar. Umhverfisvernd er ekki bara það að tína upp rusl eða rækta skóg. Umhverfisvernd er t.d. líka það að taka frá merkileg landsvæði og leyfa þeim að eiga sig svo að náttúran fái þar að þróast eftir eigin lögmálum án afskipta mannsins. Tilgangurinn er sá að komandi kynslóðir fái notið þessara svæða til menntunar og skemmtunar, til fróðleiks og til náttúrurannsókna. Aðstæður hafa hagað því svo að friðlýsing lands hefur verið auðveldari í löndum hins svokallaða nýja heims, þ.e. til dæmis í Ameríku, Ástralíu og Nýja Sjálandi, heldur en í Evrópu. Í þessum löndum eru stór friðlýst svæði algeng.

En Evrópa er þéttbýl heimsálfa og þar hefur fólk lifað og mótað landið í árþúsundir. Ísland hefur þess vegna þá sérstöðu í samfélagi Evrópuþjóða að hér eru enn stór landsvæði, jafnvel stórar heildir, sem eru tiltölulega lítið röskuð ef frá er talin gróðureyðingin. Segja má að þarna liggi ekki aðeins möguleikar þjóðarinnar að skapa sér sérstöðu innan Evrópu, sem markaðsfræðingunum þykir svo mikilvæg, heldur leggi þetta á herðar okkar ákveðna siðferðilega skyldu. Fyrst við

getum enn friðað heilar ár og eigum þrátt fyrir það yfrið næga orku, þá ber okkur að gera það. Hins vegar er tíminn að hlaupa frá okkur.

Á síðustu árum hafa orðið mjög hraðar breytingar og það fyrirtæki sem stundum hefur verið kallað ríki í ríkinu virðist einskis svífast og veður um allt, hvorki kannar vilja þjóðarinnar né virðir hann. Er þar nærtækast að benda á fyrirhugaða lagningu háspennulínu yfir hálendið norðan Vatnajökuls. Umræðu um legu hennar var haldið inni á stofnunum meðal örfárra manna og þjóðin vissi ekkert. Þegar fólk loksins fékk að vita hvað stæði til að gera og sýnist eiga að gera, að því er virðist alveg án tillits til þess hvort þörf sé fyrir orku Fljótsdalsvirkjunar eða ekki, þá var fólki misboðið og það mótmælti. Þeim viðbrögðum hefur að einhverju leyti verið mætt með hroka og stærilæti. Ég spyr: Hver á þetta land? Er það stjórn og starfsmenn Landsvirkjunar, eða er það fólkið sem býr í landinu, ræktar landið, verndar landið og vill varðveita gimsteina þess? Ég hygg að ef þjóðin væri upplýst og ef þjóðin fengi að ráða þá vildi hún halda í þau svæði sem hér er lagt til að verði friðlýst, þ.e. tvær af okkar fegurstu og merkilegustu ám og nánasta umhverfi þeirra.

Við sem hér í þingsölum sitjum eigum að vera fulltrúar þjóðarinnar og ekki bara þeirrar þjóðar sem nú lifir í landinu, heldur einnig þeirrar þjóðar sem hér verður vonandi eftir 100 ár og 200 ár. Eða ætlum við e.t.v. bara komandi kynslóðum að búa til sögualdarár rétt eins og við höfum verið að bisa við að búa til sögualdarbæ? Við höfum vel efni á því að geyma mikilvæg svæði, eins og alvöruárnar Hvítá og Jökulsá, fyrir afkomendur okkar og okkur ber skylda til að gera það.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Með flutningi þessarar þáltill. um friðlýsingu Hvítár, Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum er hreyft mjög merku máli, gamalli hugmynd í nýjum búningi þar sem gert er ráð fyrir að umhvrh. verði falið að undirbúa lagasetningu um friðlýsingu þessara tveggja vatnsfalla frá upptökum til ósa.

Ég tek undir það með flm. þessarar þáltill. að það er rík ástæða til þess að velja úr og friðlýsa valin vatnsföll á Íslandi til þess að við njótum þeirra og eigum þau eins og náttúran gengur frá þeim hverju sinni og hefur mótað þau og með þeim breytingum sem náttúran sjálf stendur fyrir. Út frá þessari hugsun hefur hér á Alþingi verið fjallað um þessi efni fyrr á árum. Eins og fram kemur í grg. með þáltill. samþykkti Alþingi 24. apríl 1989 sérstaka þál. um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða. Ég vil aðeins rifja upp hér þessa ályktun, sem gerð er að umtalsefni í grg., en hún er svofelld, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Með þessari ályktun sem gerð var samhljóða hér á Alþingi fékkst að mínu mati mjög mikilsverð fótfesta fyrir þau sjónarmið, sem koma fram í ályktuninni og þau sjónarmið sem verið er að mæla fyrir með flutningi þessarar þáltill., að gengið verði skipulega til verks af hálfu náttúruverndaryfirvalda að gera heildarúttekt á verndargildi íslenskra vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera, eins og það er einnig orðað í samþykkt Alþingis. Náttúruverndarráði er falið frumkvæði í þessu máli. Ég held að yfirvöld náttúruverndarmála geti ekki óskað sér betri viðspyrnu en felst í þessari samþykkt þingsins. Nú er í rauninni komið fram yfir þau tímamörk sem Alþingi setti í þessari samþykkt þar sem beðið var um kynningu á stöðu málsins, þessarar úttektar, í þinginu fyrir árslok 1990. Sú úttekt er því miður ekki komin til kynningar hér enn þá, en við skulum vona að á vegum Náttúruverndarráðs í samvinnu við yfirvöld orkumála sé nú unnið að því að verða við þessu ákalli Alþingis.

Ég treysti því og efast ekkert um það að hv. 1. flm. till., sem er varamaður í Náttúruverndarráði og með áhrif inn í Náttúruverndarráð frá síðasta þingi, beiti áhrifum sínum í þá veru að þessari samþykkt Alþingis verði fylgt eftir. Því að það er í rauninni slík úttekt sem ég tel að kallað verði eftir af hálfu þingsins og allra þeirra sem fjalla um einstaka þætti áður en menn fari að stíga þau skref að velja úr einstakar ár og lögfesta friðlýsingu þeirra.

Nú er það svo að ég hefði sannarlega ekki á móti því og væri reiðubúinn að standa að lagasetningu um bæði þessi vatnsföll, sem ég tel að hv. flm. hafi valið úr mjög réttilega, sem vatnsföll sem eru þess virði að friðlýsa þau og varðveita með þeim hætti sem þar er lagt til.

Ég hef raunar fyrir löngu bent á þörf þess að friðlýsa þessi vatnsföll, alveg sérstaklega Hvítá og Ölfusá. Í grein sem ég ritaði, ég má segja í svari við fyrirspurn, í tímaritinu Samvinnunni á áttunda áratugnum, þá benti ég á að ástæða væri til þess að ganga formlega frá friðlýsingu Hvítár og Gullfoss þar með, Hvítárness og alls sem tengist Hvítá frá upptökum til ósa. Það er í rauninni alveg sama hugsun og kemur fram í þessari till.

Ég vil benda á þessu máli til stuðnings, sem hér er mælt fyrir, að lögfesta friðlýsingu einstakra vatnsfalla, að í Bandaríkjum Norður-Ameríku er sérstök löggjöf sem samþykkt var árið 1968 og heitir „Wild and scenic river act". Hún gerir ráð fyrir að vernda ómenguð og lítt menguð fljót og læki ásamt næsta umhverfi og þannig að ekki verði hróflað við farvegi þeirra með stíflugerð eða á annan hátt. Þannig að Bandaríkjamenn, sem standa mjög framarlega á vissum sviðum náttúruverndarmála, ekki á öllum sviðum því miður, mengunin er þeirra vandi og þeir hafa ekki náð saman um það pólitískt að bregðast þar við, t.d. í sambandi við að draga úr mengun koltvísýrings og útblæstri þar að lútandi frá iðnaði, en á mörgum sviðum, þar á meðal í sambandi við friðlýsingar og vernd-

un lands og náttúrufyrirbæra, standa þeir mjög framarlega og samkvæmt þessum lögum frá 1968 hafa allnokkrar ár og vatnsföll í Bandaríkjunum verið lögverndud, friðlýst með lögum.

Ég má segja að þeir taka að því leyti öðruvísi á friðlýsingarmálum heldur en við hér, ef ég man það rétt, að setja lög um einstakar friðlýsingar en við erum hér með almenna heimild í náttúruverndarlögum til friðlýsingar.

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt frá því sem orðið er. Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við þá hugsun sem fram kemur í þessari till. Ég minni á þá samþykkt sem Alþingi hefur gert. Ég heiti á Náttúruverndarráð og yfirstjórn náttúruverndarmála að nota þá fótfestu sem þau hafa með samþykkt Alþingis frá 1989. Ég tel að í rauninni hafi þrátt fyrir allt þau sjónarmið, sem hér er verið að mæla fyrir, fengið kannski betri fótfestu en mátti þó skilja úr máli hv. 1. flm. þáltill. Við megum ekki ganga of beygð sem teljum okkur vera talsmenn náttúruverndarsjónarmiða sem stjórnmálamenn, og ég vænti að hv. 1. flm. líti á sig sem stjórnmálamann en hólfi ekki í sundur náttúruverndarmenn og stjórnmálamenn. Skoðanirnar eru hins vegar skiptar þegar kemur til stjórnmálanna á þessu sviði sem öðrum.

Ég vænti þess að mál þetta fái eðlilega meðferð hér í þinginu og þá athugun sem það verðskuldar.

Flm. (Sigrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir orð hans og góðar undirtektir við þá till. sem hér er lögð fram. Vegna þeirra orða sem hann hafði um þá tillögu sem ég get um í grg. og lögð var fram að hans frumkvæði, þá vissi ég fullvel um hana, eins og þar kemur fram. Hins vegar hræðist ég það verðmætamat sem ríkir í þessu landi og vald embættismanna. Það er ekki saman að jafna þeim fjárráðum sem annars vegar stofnun eins og Landsvirkjun hefur og hins vegar stofnun eins og Náttúruverndarráð. Það hefur oft viljað brenna við að Alþingi leggur ákveðnar skyldur á herðar stofnunum, eins og það gerir í rauninni í umræddri þáltill. Þar er lögð ákveðin skylda á herðar Náttúruverndarráði, en það fylgir ekki sá hugur máli að fjárveitingar séu nægar og allt starf sem fer fram hjá Náttúruverndarráði mótast mjög af fjársvelti, því miður.

Þetta eru hinar köldu staðreyndir þessa máls og tillaga Kvennalistans var kannski fyrst og fremst lögð fram til að vekja athygli á því og reyna að spyrna við fótum svo að tekin væru frá þessi tvö vatnsföll og ég heyrði að hv. 2. þm. Austurl. var mjög sammála því vali og ég hygg að það séu flestir. Þessar ár hafa margoft verið nefndar í mörg ár. Það hefur ekki tekist formlega að taka þær frá þó svo að ég telji að ef þjóðin fengi að ráða, þá gerði hún það. Ég hygg að fæstir þegnar þessa lands vildu sjá vatnsföll eins og Gullfoss og fossakeðjuna í Jökulsá á Fjöllum hverfa og landsvæði eins og þau svæði sem eru meðfram þessum ám, landsvæði eins og svæðin meðfram Jökulsá á Fjöllum, svæði eins og við upptök Jökulsár, Kverkfjöllin, Krepputungan, Hvannalindir, ýmis búsvæði hreindýra og fleiri dýrgripir sem eru meðfram Jökulsá á Fjöllum. Og meðfram Hvítá annars konar landsvæði en líka merkileg, Hvítárvatn, Hvítárnes og Gullfoss, Geysissvæði, ekki langt frá, Brúarhlöð, Pollengi og þannig mætti lengi telja. Ef þessum ám er raskað þá raskast líka öll þessi svæði og við vitum ekki alveg hvað þar henti.

Við eigum nóg af öðrum ám og það hefur aldrei þótt góður búskapur að eyða öllu strax, heldur geyma eitthvað. Það að friðlýsa þessi svæði þýðir í rauninni fyrst og fremst það að þau eru sett aftast í röðina. Það er ekki að þeim gengið fyrr en heimsbyggðin væri komin í nauð og það gerist nú vonandi ekki. En ég vil leggja áherslu á að þessi tillaga fái hér hraða umfjöllun og þingmenn sjái sér fært að samþykkja hana þótt stutt sé eftir af þingtíma. Ég sé ekki að það sé flókið mál og tel að vilji sé allt sem þarf.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta er nú einhver rólegasti fimmtudagur sem ég minnist á starfstíma þessa þings að því er varðar lengd dagskrár. Einnig sýnist mér að málin reki sig býsna hratt hér í þinginu þannig að ég hef litla samvisku af því þó ég notfæri mér rétt minn til þess að mæla hér nokkur orð til viðbótar vegna þessa ágæta máls. En ég skal ekki endilega fylla út tímann sem ég hef heimild til að nota vegna þess að ég gekk aðeins á þann ramma sem þingsköp setja í fyrri ræðu minni.

Það var aðeins eitt atriði sem ég vildi koma frekar að, sem hv. 1. flm. nefndi, og gera kannski örlitlar athugasemdir við það. Það var það sjónarmið að það væru fjárþrengingar sem yllu því að náttúruverndaraðilar, tilkvödd og tilskipuð yfirvöld náttúruverndarmála, fengju ekki haldið sínum hlut gagnvart hinu mikla veldi hinna virkjunarglöðu. Það er ekkert óeðlilegt að mál séu flutt með þessum hætti vegna þess að þarna er auðvitað afar ólíku saman að jafna í upphæðum talið. En við megum samt ekki hafa of mikla minnimáttarkennd sem erum að halda fram hlut náttúruverndar og möguleikum til að gera hana gildandi.

Ég tel að í rauninni, eins og kom fram hjá hv. flm., hafi málstaður náttúruverndar fengið þá innstæðu með þjóðinni í hugum almennings að þar sé í mikinn sjóð að leita sem geti vegið býsna þungt á móti þeim fjárhæðum sem virkjunaraðilar og þeir sem að framkvæmd og undirbúningi standa hafa til umráða. Þetta er þessum aðilum líka ljóst. Ég tel að það hafi orðið stórfelld breyting til batnaðar hér síðustu tvo áratugina í sambandi við möguleika þeirra sem halda fram náttúruverndarsjónarmiðum, sem halda utan um þá hagsmuni sérstaklega, til þess að hafa áhrif. Ég hef hins vegar vissar áhyggjur af því að þeir aðilar sem við höfum treyst til þess og eru settir til þess lögum samkvæmt að vera á vaktinni hafi ekki nógsamlega gætt þess að það þarf að tryggja sambandið við fólkið, hinn félagslega vettvang í landinu, til þess að hafa þann kraft og þann styrkleika sem þarf til að takast á um hagsmunina. Þarna er ég m.a. að tala til þess vett-

vangs sem hv. 1. flm. þessarar tillögu situr á, sjálfs Náttúruverndarráðs.

Til Náttúruverndarráðs samkvæmt núverandi skipan var stofnað með nokkuð sérstökum hætti með lagasetningu 1971. Sá sem mótaði það mál öðrum fremur í meðferð Alþingis og við undirbúning málsins var Eysteinn Jónsson, fyrrum forseti Sþ. og þekktur stjórnmálamaður, formaður Náttúruverndarráðs í framhaldi þess. Ég tel að hann hafi skynjað það samhengi sem þarf að vera á milli lagabókstafs annars vegar og félagslegra tengsla út um allt land ef málstaður náttúruverndar á að njóta sín og hafa þann styrk sem hann barðist fyrir og margir berjast fyrir. Við þurfum að gæta að nú að þau tengsl rofni ekki. Við megum ekki gera of mikið úr hinni formlegu hlið að því er fjármagnið snertir. Ef við ætlum að sækja það, þá þarf Alþingi líka að vera ljós þörfin og þá þarf líka að vera fólk í landinu sem ýtir á okkur þingmenn að láta meira af hendi rakna til þess að halda á þessum hagsmunum eins og fólkið kýs.

Ég held að sú vinna t.d., sem þál. Alþingis frá 1989, um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, gerir ráð fyrir, kosti ekki það fé að það standi í veginum fyrir því að á því máli sé tekið og það mál sé unnið eins og óskað var af Alþingi. Ég held að það sé fyrst og fremst áhugi þeirra sem halda þar á máli. Þeir þurfi þá að gera vart við sig ef það er fjármagnið sem skortir en það er tiltölulega auðvelt, að ég tel, að fá a.m.k. hluta af því úr þeim gildu sjóðum sem þeir sem vilja nýta þessi gæði með öðrum hætti, þ.e. virkja og stunda framkvæmdir, hafa úr að ráða. Ég vildi koma þessum ábendingum á framfæri og hvatningu til þeirra enn frekar sem eru á þessum vettvangi og eiga að vera að vinna að þessum málum lögum samkvæmt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

49. fundur, föstudaginn 8. jan., kl. 2 miðdegis.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 565.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Í umræðum um þetta mál sl. miðvikudag töluðu sumir ræðumenn um að kosturinn við þetta frv. væri sá að settar væru varnarlínur sem mundu reynast þannig að hinir erlendu aðilar kæmust ekki yfir þær línur, eftir því sem mér skildist.

Í athugasemdum við fylgifrv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta er flutt sem fylgifrv. með frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Breytingar þessa frv. miða allar að því að rýmka ákvæði gildandi laga hvað snertir fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri í samræmi við meginreglur í fyrrnefndu frv.“ — Þ.e. það frv. sem er hér til umræðu. — „Er í mörgum tilvikum vísað til aðalfrumvarpsins. Þá taka sumar breytingar til rýmkunar á starfsréttindum erlendra aðila hér á landi.

Breytingum á einstökum lagaákvæðum er í frv. þessu raðað upp í aldursröð laga.“

Mér finnst þetta frv. í raun og veru hálfgerð afturfótafæðing. Ég vona að menn viti hvað það er, menn séu ekki alveg slitnir úr sambandi við lífið í landinu. Mér finnst að þetta frv. megi bíða þar til í ljós kemur hvernig eða hvort Íslendingar semja við Evrópubandalagsþjóðirnar um Evrópskt efnahagssvæði. Ég hef áður verið með mikla fyrirvara í því máli. Ég hef talið og tel að ef við gerum það séum við búnir að stíga tvö skref af þremur inn í EB og það þykir mér ekki fýsilegur kostur, hvað sem um aðra hv. alþm. er að segja.

Ég ætla ekki að fara efnislega út í þetta frv. Mér virðist ákaflega erfitt að átta sig á því hvað þetta í sjálfu sér þýðir. Og ég held að af reynslu í sambandi við ýmis önnur lög þar sem ráðherrar hafa víðtækar heimildir ætti hv. Alþingi að taka sig á með því að gefa ekki slíkar heimildir sem síðan eru brotnar eins og er gert í þessu frv. og er gert í framkvæmd ýmissa laga. Þar á ég t.d. við lögin um stjórn fiskveiða sem eru dæmigerð fyrir þessar opnu heimildir til ráðherra. Ég hef áður sagt að um þau lög væri í raun og veru alveg nóg að segja: Sjútvrh. ræður öllu í sambandi við þau mál. Heimildirnar eru það rúmar að það liggur við að sú sé niðurstaðan. Ég fyrir mitt leyti a.m.k. mun ekki samþykkja að slíkar heimildir verði gefnar einstökum ráðherrum. Það er allt annað í sjálfu sér og mikil trygging fyrir því að það sé ríkisstjórnin í heild sem hefur slíkar heimildir og það sé það tryggt að málin verði tekið fyrir á ríkisstjórnarfundum og leyst þar, en einstakir ráðherrar hafi ekki slíkar heimildir á hendi. Enda skil ég ekki að nokkur hæstv. ráðherra vilji hafa slíkar heimildir og liggja undir þeirri pressu sem verður á þessum ráðuneytum ef á að samþykkja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir.

Ég vil bara endurtaka það að ég mun ekki standa að samþykkt þessa frv. að óbreyttu. Ég tel að það megi bíða og ég tel að þetta sé afturfótafæðing.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil byrja með því að þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta frv. þó að ég harmi að hún hefur verið svo sundurslitin. Hér er áreiðanlega um eitt stærsta mál þingsins að ræða og skal ég reyna að svara í nokkrum orðum því sem hér hefur komið fram.

Svo að ég komi fyrst að afturfótaræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., þá er það rétt hjá honum að það eru rýmkanir í fylgifrv. enda tók ég það fram að á fjölmörgum sviðum eru rýmkanir. Það má kannski kalla það fyrst

og fremst hreinsanir. Ef menn vilja hafa hlutina áfram eins og þeir eru, sem ég held að enginn hafi lagt til nema hv. þm., þá kemur mér það mjög á óvart og mig grunar að þá yrði þetta eins konar afturfótafæðing okkar Íslendinga inn í samfélagið í kringum okkur.

Í fylgifrv. er fyrst og fremst rýmkað þannig að horfið er frá kröfu um ríkisborgararétt og eins árs búseta látin koma í staðinn. Þetta er samræmt í gegnum þau fjölmörgu lög sem núna fjalla um heimildir erlendra aðila til að taka þátt í atvinnurekstri hér á landi. Þar er líka verið að breyta ákvæðum eins og þeim að fyrirtæki sem hafa leyfi til atvinnurekstrar hér á landi hafi ekki skýlausan rétt til að eignast þá fasteign sem þau verða að hafa vegna þessa atvinnurekstrar.

Nú er það þannig að fyrirtæki getur fengið leyfi til atvinnurekstrar hjá hæstv. iðnrh. og verður þá að leita til hæstv. dómsmrh. til að fá leyfi fyrir óhjákvæmilegri fasteign í því skyni. Ég er ekki að segja að þetta hafi stöðvað en ég held að flestir sjái að þetta er ekki eðlileg fæðing í slíkum tilfellum, ef ég má nota það orð. Þarna er hreinsað til og það held ég að sé óhjákvæmilegt hvað sem öðru líður.

Ég vil annars segja um umræðurnar almennt að ég þakka fyrir margt sem þar hefur komið fram. Ég hef skilið umræðurnar þannig að allir séu því sammála nema hv. síðasti ræðumaður að hér þurfi að hreinsa til. Hins vegar eru skiptar skoðanir um það hvort of langt sé gengið í frjálsræðisátt eða ekki. Og það undrar mig ekki neitt því að hér er, eins og kom fram ef ég man rétt hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, um málamiðlun að ræða. Þessi mál hafa verið í meðferð allt frá árinu 1987 og öll viðleitni hefur vissulega verið í þá átt að ná sem breiðastri samstöðu og í því felst að sjálfsögðu málamiðlun. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að frv. er of seint fram komið. Ég hefði helst viljað hafa það í upphafi þings. En ástæðan er hreinlega sú að það er búið að vinna mjög mikið í þessu, leita málamiðlana. Það er búið að ræða við fjölmarga aðila, senda út til umsagnar o.s.frv. og reynt hefur verið að taka tillit til hinna ýmsu sjónarmiða.

Það hefur komið fram, t.d. í ræðum hæstv. viðskrh. og ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds, að innan stjórnarflokkanna er þetta líka málamiðlun. Það er málamiðlun innan míns flokks. En ég sagði hér í upphafi míns máls að ég tel að satt að segja hafi tekist ótrúlega vel að ná þessari málamiðlun, komast inn á þennan meðalveg. Ég gæti sjálfur sagt að það eru einstök atriði hér sem ég hefði kosið að hafa á annan veg, en ég ætla ekki að fara að telja þau upp. Ég tel það ekki þjóna neinum tilgangi því að ég styð heils hugar þá málamiðlun sem hér hefur fengist sem er, eins og ég segi, mikil hreinsun og afar nauðsynleg vegna þeirra viðræðna sem við eigum nú í og ætla ég að koma að því dálítið síðar.

Hv. 1. þm. Reykv. hafði orð á því snemma í sinni ræðu að ég virtist orðinn því hlynntur að vestrænar leikaðferðir giltu. Ég hefði einhvern tíma sagt að þær ættu ekki við hér á Íslandi. Þetta er nú eitthvað bæði og því ég hef flutt margar ræður og sagt að a.m.k. í sambandi við lánskjaravísitöluna ættum við að taka upp sömu reglu og er í vestrænum löndum. Ég held að við hljótum að gera það núna þegar við opnum fyrir markaðinn og þar verða þessar sömu leikreglur að gilda, að fjármagnið búi við svipaða aðstöðu og það býr í þessum opna fjármagnsmarkaði. Hins vegar hef ég oft sagt að vegna smæðar landsins verði að sjálfsögðu að taka tillit til sérstöðu þess á ýmsum sviðum, t.d. í erlendri fjárfestingu. Við kunnum að þurfa að hafa þar einhver takmörk eins og eru sett í þessu frv., t.d. með hámark fjárfestinga á hverju ári verðum við að geta haft meiri bremsur en stórveldin í kringum okkur sem eru ekki í neinni slíkri hættu. Ég vona því að ekki sé alhæft þegar mér eru gerðar upp skoðanir. Þetta þarf vitanlega að skoða í hverju máli.

Hv. þm. minntist á ýmislegt sem ég tek undir með honum að er erfitt í framkvæmd eins og t.d. gagnkvæmnin. Það er vitanlega erfitt að útfæra hvernig á að fylgja eftir þessari gagnkvæmni og hvernig á að fylgja eftir atriðum eins og þeim þegar menn hafa hlotið dóm í sínu landi o.s.frv., og ýmsu því sem þeirri nefnd og hæstv. viðskrh. er ætlað að fylgjast með, eins og t.d. 25% fjárfesting í viðkomandi grein. Þetta er alveg hárrétt. Þetta eru ákvæði sem eru að mörgu leyti erfið í framkvæmd en eru miklu frekar sett inn til þess að þarna sé hægt að fóta sig ef menn vilja. Og vitanlega tengist þessu það ákvæði sem hv. þm. gerði einnig að umræðuefni, tilkynningarskylda til Seðlabankans og birtingarskylda Seðlabankans. Það má segja kannski að birtingarskyldan sé ekki beinlínis háð þessu, en hv. þm. taldi orka tvímælis að birta ætti. En ég tel nú að í opnu þjóðfélagi eins og okkar sé það mjög gott að menn geti gert sér grein fyrir hvernig þessi þróun er á þeim mótunartíma sem hlýtur að vera fram undan að þessu leyti.

Mér hefur heyrst allir þingmenn vera sammála því að hafa strangar reglur um sjávarútveginn. Að vísu kom fram, ef ég man rétt, hjá hv. þm. að kannski væri besta leiðin í þessu sala veiðileyfa. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held einmitt að ef við seljum veiðileyfi á annað borð verði krafan frá erlendum aðilum að mega hafa aðgang að slíkum kaupum meiri en eins og það er núna. Hins vegar er ekki þarna nein hætta í sambandi við evrópskt efnahagssvæði því útgerðin er ekki í samningunum. Hún er ekki í samningunum svo ég vil bara leggja það til hliðar. Það er sjávarútvegsmál og við getum ráðið því fullkomlega sjálfir. Hitt er miklu meira mál í þessu sambandi af því að ég er nú að tala bæði um þetta mál og evrópskt efnahagssvæði, ég tala um það nokkurn veginn í einu lagi því að það tengist mjög, það er miklu meira mál sem hér hefur komið fram hvernig skilið verður á milli þess sem menn vilja kalla frumvinnslu í sjávarútvegi og lokavinnslu, t.d. í neytendapakkningar. Þar kann oft að verða mjög erfitt að greina á milli þó að gert sé ráð fyrir því í 2. tölul. 4. gr. Spurningar vakna eins og t.d. um fyrirtæki sem er í lokavinnslu og færir sig smám saman yfir í frumvinnsluna, kaupir fiskinn af bátunum, frumvinnur hann líka og vinnur hann svo áfram. Hér er um mál að ræða sem sú nefnd sem er gert ráð fyrir að verði skipuð kann að þurfa að fjalla um. Ég lít

svo á að þetta fyrirtæki, ef það er komið yfir í frumvinnsluna, hafi ekki rétt til að eiga hlut í útgerðarfyrirtæki. Ef það er eingöngu í lokaframleiðslunni, þá má það samkvæmt þessu eiga hlut í lokaframleiðslunni, ef það er skráð sem íslenskt fyrirtæki að sjálfsögðu. En ef um einhverja erlenda aðild er að ræða getur það það ekki, ef það verður með í frumvinnslunni.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að frá eignarrétti á jarðvarma, eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh. held ég alveg örugglega, þarf að ganga betur með breytingu á lögum um þau réttindi. Og það er rétt hjá hv. þm. að innan þingflokks Framsfl. hafa verið skiptar skoðanir um þetta. En ég vil fullyrða að einmitt í sambandi við að tryggja þetta er flokkurinn reiðubúinn að endurskoða það ákvæði. Þarna er nánast spurning um það hvar eigi að draga mörkin á milli heimildar einstaklingsins til að virkja og svo hins sem yrði þá einkaréttur hins opinbera. Það er tiltölulega auðvelt að gera, t.d. er alveg ljóst að það er enginn eða mjög lítill áhugi hjá erlendum fyrirtækjum að virkja lágvarma. Þá er spurningin: Geta menn bundið þetta við háhita og sömuleiðis hve djúpt er borað o.s.frv.? Við þurfum að skoða það og ég veit að hæstv. iðnrh. er með það mál þegar í athugun.

Ákvæðið um bankana er atriði sem skoðanir hafa verið töluvert skiptar um. Hér er farin meðalleið eða málamiðlun. Eins og kom fram í einni ræðu er sú heimild að starfrækja hér útibú í raun og veru mjög víðtæk. Stór banki erlendis sem setur hér upp útibú starfar að sjálfsögðu alveg á sömu nótum og innlendir bankar. Ástæðan fyrir því að niðurstaðan varð sú að halda, a.m.k. fyrst um sinn, örugglega meiri hluta í hlutafélagsbönkum í íslenskri eigu er ákveðinn aðlögunartími og reynslutími sem þarf að fást. Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni að þarna tel ég mikilvægast að örugglega sé hér öflugur innlendur banki í innlendri eigu. Og ég er þeirrar skoðunar að þetta knýi á með það að hér sé a.m.k. einn öflugur ríkisbanki sem geti þá veitt ýmiss konar aðstoð sem þjóðarbúið þarf. Vitanlega yrði hann rekinn á bankalegum grundvelli en hlutverk ríkisbankanna hefur iðulega verið skilgreint svo að standa við bakið á innlendum atvinnuvegum og teygja sig eins langt og þeir treysta sér til að gera á viðskiptalegum grundvelli. En það út af fyrir sig er afar mikilvægt að hér sé banki sem viðurkennir það sem kannski aðalskyldu sína.

Hv. 1. þm. Reykv. ræddi um rýmkun í blaða- og útvarpsrekstri. Það er rétt, það er gert ráð fyrir verulegri rýmkun frá fyrri hugmyndum. Þó ég geti ekki talað fyrir munn allra held ég að ástæðan sé fyrst og fremst sú að þetta er að verða svo alþjóðleg starfsemi. Hér fáum við yfir okkur efni frá gervihnöttum inn á hvert heimili eins og nú er og menn hafa þá spurt: Er ástæða til að halda því svo lokuðu? Menn geta jafnvel líka spurt: Er einhver áhugi, er einhver hætta á því að erlendir aðilar yfirtaki íslensk dagblöð með þennan litla markað? Það eru líklega ekki mörg íslensk dagblöð sem eru það arðbær að það verði verulegur áhugi á því og ég treysti þeim sem þar hafa tögl og hagldir til að ráða þeim dagblöðum sem þeir óska. Sú var nú beinlínis niðurstaðan að það var ekki talið svo nauðsynlegt sem e.t.v. var talið áður. Ég vil hins leggja á það ríka áherslu að ég tel afar nauðsynlegt að innlendir aðilar hafi öruggan aðgang að fjölmiðlun. Og það má vitanlega aldrei gerast að þeir glati þeim aðgangi sem nauðsynlegur er að fjölmiðlun.

Hv. þm. ræddi dálítið um bréf sem mér var ritað í því góða blaði, Tímanum. Ég er búinn að svara því. Ég veit ekki hvort það er birt í dag eða á næstunni, ég hef ekki skoðað það. (Gripið fram í.) Er það komið? Það er fínt. Þá get ég sparað mín orð þar.

Það hefur alltaf legið fyrir að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur haft sérstöðu í þessu máli, það hefur alltaf legið fyrir og ég geri að sjálfsögðu engar athugasemdir við það. Ég vissi að svo er og ég læt það vera.

Hv. 6. þm. Reykv. var nokkuð neikvæður gagnvart þessu frv. Ég skildi það svo og vona að það hafi verið rétt að hún teldi nauðsynlegt að draga upp varnarlínur, að þessar væru ekki nægilega styrkar. Ég skildi hana líka svo að hún teldi nauðsynlegt að hreinsa til í þeim frumskógi sem þarna er en nú væri of mikið opnað. Ég geri enga athugasemd við þetta, þetta er sjónarmið sem ég virði fullkomlega. Hv. þm. kvaðst efast um að tilganginum yrði náð með þessu frv. Mig langar til að fara nokkrum orðum um tilganginn með frv. Hann er í mínum huga tvíþættur. Annars vegar er löngu orðin nauðsyn á því að hreinsa til. Ég hef kynnst þessu á mínum árum sem ráðherra að það er satt að segja frumskógur oft að finna út hvaða reglur gilda. Ég vek athygli á þeim samanburði sem dreift var á því sem nú er og því sem er annars staðar. Hér kemur meira að segja fram í mjög mikilvægum liðum eins og lið 3.3. Fiskvinnslan, ákvæðin óljós. Þó sátu menn yfir að reyna að skilgreina hvaða ákvæði giltu í raun og veru um fiskvinnsluna. Og það er á mörgum fleiri sviðum sem ákvæðin eru óljós. Óljóst hvort ráðherra hefur í hendi sér að veita ótakmarkað leyfi eða ekki. Það er t.d. algerlega óljóst, og þó reyndar ekki, hvort erlendir aðilar geti komist bakdyramegin inn í íslenskan sjávarútveg. Erlendir aðilar hafa heimild til að stofna hér fjárfestingarfélög eða verðbréfa- og fárfestingarfélög. Þau teljast síðan íslensk og þau geta komist inn í alls konar rekstur, eignast skip og báta. Þetta er náttúrlega annar tilgangur og það var hann sem lá að baki þegar þetta verk var hafið 1986–1987.

Hinn tilgangurinn sem ég hef svo lýst er að draga upp öruggari línur í viðræðum okkar við Evrópubandalagið um evrópskt efnahagssvæði. Og það var nú spurt, og reyndar hygg ég að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi svarað því, hvort þetta hafi verið lagt fram sem okkar fyrirvari. Það er rétt hjá hv. þm. að þetta hefur ekki verið lagt fram sem okkar fyrirvari. Hins vegar hefur alltaf verið sagt í umræðunum að við þurfum að hafa fyrirvara gagnvart erlendri fjárfestingu. Við höfum bara ekki getað lagt fram í raun hvernig við viljum hafa reglurnar um erlenda fjárfestingu. Við höfum sagt, eins og ég sagði í Ósló og er vel rakið í bréfinu til mín frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, ég sagði þar að við viljum hafa fullkomið vald yfir náttúruauðlind-

unum, þetta höfum við sagt. Og við höfum sagt að við þurfum að hafa aðlögunartíma og fleira þess háttar, en við höfum ekki getað skilgreint það nánar.

Ég fullyrði að þetta frv., ef það verður að lögum, verður lagt fram sem okkar till. um fyrirvara gagnvart erlendri fjárfestingu og það tel ég vera afar mikils virði. Þá eru þetta orðin íslensk lög sem við leggjum fram. Ég hef hins vegar sagt: Það kann vel að vera að það verði andstaða á vissum sviðum. Ég minnist þess að hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um fyrirvara eins og 250 millj. kr. hámarksfjárfestingu á ári, 25% í einstökum atvinnugreinum, um ársdvöl hér á landi til að geta verið fullgildur aðili að stjórnum fyrirtækja og fleiru slíku. Það kann því vel að vera að um þessi atriði verði einhver átök, einhverjar deilur. En ekki, fullyrði ég, um sjávarútveginn, fiskvinnsluna, náttúruauðlindirnar. Ef við búum um þær eins og ég hef gert ráð fyrir með einkarétti ríkisins, þá fullyrði ég að á þeim sviðum verði ekki deilur. Það getur orðið gagnrýnt að útlendingar megi ekki eignast meiri hluta í hlutafjárbönkum, það kann að verða gagnrýnt. Þess vegna sagði ég í minni framsögu að það kann að vera að til að ná þeim samningum kjósi menn að gefa eitthvað eftir á slíkum sviðum. En ég vil ekkert um það fullyrða og mín tilfinning er sú að Evrópubandalaginu sé það ekkert óskaplega mikið kappsmál að hér verði bakkað til hins ýtrasta, alls ekki. En það leyfi ég mér að fullyrða að það er betra að hafa þessa varnarlínu en enga eins og þetta er í dag. Ég geri mér vonir um að þannig verði tilganginum náð og við getum lagt fram nokkuð hreinar línur.

Hv. þm. spurði um áhrif á íslenskt efnahagslíf og bankana o.s.frv. Það hefur ekki verið athugað enda held ég að það sé óskaplega erfitt, ég veit ekki hvað menn eiga að gefa sér í því sambandi. Ef hér væri stofnaður hlutafjárbanki, erlent útibú, þá eru margir okkar þeirrar skoðunar, og ég í vaxandi mæli, að það væri mjög heilbrigt. Við höfum sett okkur sem grundvallarmarkmið t.d. í vöxtum að þeir séu svipaðir og í okkar helstu viðskiptalöndum. Og ég tel að það væri mikill áfangi í þá átt að hér kæmi banki sem byði vexti sem væru þeir sömu og í okkar helstu viðskiptalöndum.

Ég er nú svo bjartsýnn að ég tel að á mörgum sviðum okkar efnahagslífs sé nálægð við athafnalífið í kring mjög hollt og tel mig hafa af því verulega reynslu, t.d. í rannsóknum og vísindum þar sem ég tel að gott streymi á milli hafi verið mjög bætandi. Og ég er þeirrar skoðunar að einangrun sé ekki í myndinni, hún er það ekkert fyrir okkur. Þá förum við á afturfótunum, eins og hv. þm. frá Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, talar um. Þá förum við á afturfótunum inn í einhvers konar þjóðasamsteypu. Mér leyfist nú að nota þessu þjóðlegu, innlendu lýsingu. Ég held að áhrifin geti að mörgu leyti orðið mjög góð. En undir hitt tek ég með hv. þm. að við þurfum vitanlega að gæta okkar sem smáþjóð á því að verða ekki gleypt. Það er í raun og veru málið. Svo spurningin er: Höfum við fundið þarna meðalleið? Ég heyri að hv. þm. telur ekki svo vera. Annars vegar að lokast ekki inni og hins vegar að hverfa ekki inn í svona ríkjasamsteypu.

Hv. þm. ræddi nokkuð um ferðaþjónustuna. Ég vil taka undir það að ég tel að þar sé brotalöm og ég tel ófæra þá staðreynd að mikið af erlendri ferðamennsku hér er rekið af aðilum erlendis frá með erlendum bifreiðastjórum og erlendum leiðsögumönnum. Ég tel hins vegar algerlega rangt að loka okkur af til að vernda ferðaþjónustuna. Við eigum þarna eins og annars staðar að setja almennar reglur. Við eigum að setja strangar kröfur um þekkingu leiðsögumanna á sögu og náttúru landsins, við eigum að framfylgja kröfum um próf bifreiðastjóra. Mér er sagt að margir þeirra hafi ekki meirapróf. Af hverju aka þeir um landið? Við eigum að framfylgja kröfum um innflutning matvæla sem er ekki nema að litlu leyti gert. Þá held ég að við séum í engri hættu. Ég er sannfærður um það að það stenst enginn erlendur leiðsögumaður íslenskum leiðsögumanni snúning í sögu og náttúru landsins. Og ég er sannfærður um það að íslenskar ferðaskrifstofur eru margfalt færari um að skipuleggja allt slíkt ef svona reglur eru settar og gilda þá að sjálfsögðu fyrir alla. Ég held hins vegar að ekkert sé að því þó að erlendar ferðaskrifstofur starfi hér á landi, að öllum líkindum með íslensku starfsliði, og séu í samkeppni við þær innlendu. Þarna er mjög gott dæmi um það sem ég tel blasa við okkur, að setja heilbrigðar, strangar reglur og spjara okkur svo og standa okkur í samkeppninni með þeim reglum. Ég treysti Íslendingum mæta vel til að gera það.

Hv. þm. talaði töluvert um frv. og evrópskt efnahagssvæði og ég hef þegar komið töluvert inn á það. Ég lít svo á að þetta verði það sem við leggjum fram og engin deila um það, við leggjum það fram þegar kemur að því að afgreiða sérákvæði Íslendinga ef úr samningum um evrópskt efnahagssvæði verður. Ég sé ekki að það þurfi að hafa fleiri orð um það.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er ekki hér viðstaddur. Ég hef þegar nefnt að hann taldi frv. of seint fram komið. Ég get út af fyrir sig tekið undir það en sá tími hefur ekki verið illa nýttur að mínu mati. Það má vel vera, af því að sumt hef ég ekki skrifað hjá mér, að einhverjar spurningar hafi farið fram hjá mér og nokkur tími er liðinn, en ég vona að ég komist að meginatriðunum.

Ég vil aðeins í lokin segja það að ég treysti því að sú nefnd sem fær málið til meðferðar skoði það mjög vandlega, líka út frá þeim sjónarmiðum hvað það er mikilvægt að draga línurnar. Ég vona að það geti orðið samstaða um það að það verður að draga línu í gegnum þann frumskóg sem nú er, það verður að hreinsa þar til. Og ég vona að menn geti sameinast um að afgreiða frv. á þessu þingi. Ég tel það afar mikilvægt. Ég er algerlega mótfallinn því að þetta verði látið bíða og hanga, eins og hér kom fram áðan, það tel ég alrangt og kannski í allt of mörgum tilfellum það sem við gerum. Það verður svo vitanlega að ráðast hvar meiri hlutinn ákveður að línan skuli dragast og hvort hann vill á einhvern máta styrkja eða gera ákveðnari ýmis ákvæði sem hér eru gagnvart erlendum aðilum. Ég er fyrir mitt leyti tilbúinn til að skoða

það allt saman þó að ég telji að búið sé að vinna svo mikið í því að afar erfitt verði að ná þar saman um miklar breytingar, en ekki loka ég á það. Aðalatriðið er að fá skynsamlegar og ákveðnar reglur í lög settar svo að við vitum að hverju við göngum.

Hér var rætt mikið um evrópskt efnahagssvæði og reyndar fjallaði hv. 1. þm. Reykv. um mörg önnur atriði í evrópsku efnahagssvæði en erlenda fjárfestingu. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. að við þurfum að ræða það mál mjög mikið. Það hefur því miður mjög lítið gerst í því undanfarna tvo mánuði, en er kannski að komast á skrið aftur. Og af því að ég sé að hv. þm. er með svarbréf mitt til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þá veit hann að ég tel að við höfum staðið á þessum meginfyrivörum okkar í því sambandi. Hins vegar er það alveg ljóst að þeir eru ekki til lykta leiddir. Við eigum eftir talsvert mikla vinnu þarna sem ég skal ekkert fullyrða um.

Ég fagna því að mér hefur heyrst að flestir séu á því að það eigi að reyna að ná samningum um evrópskt efnahagssvæði, reyna það til þrautar. Ef það bregst verðum við að leita að sérstökum samningum. Í evrópsku efnahagssvæði er fjallað um viðskipta- og efnahagsmál og afar stór liður í því er einmitt erlend fjárfesting og fjármagnsflutningar sem eru náttúrlega nátengd mál. Við erum hér eins og réttilega hefur verið sagt að fjalla um afar mikilvægan þátt þess máls, en við þurfum að hafa þar hreint fyrir okkar dyrum.

Það var eitt atriði, herra forseti, sem mér láðist að minnast á sem ég tel afar mikilvægt. Það er eignaraðild að landi sem margir hafa spurt um og fjallað um. Við höfum skoðað það mjög mikið í allri umræðu um evrópskt efnahagssvæði. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að erlendur aðili sem hér starfar eigi kost á því að eignast land sem nauðsynlegt er fyrir hans atvinnurekstur. Þá hafa menn sagt: Kann ekki að fara svo að hann telji nauðsynlegt fyrir sinn atvinnurekstur að eignast heila dali og fjöll? Ég held að það sé afar langsótt og vek líka athygli á því að landbúnaðurinn er ekki í umræðunni um evrópskt efnahagssvæði. Hann er ekki með. Það er eins og með sjávarútveginn. Þar er ekki um það að ræða að erlendir aðilar geti hafið hér t.d. landbúnað eða fiskeldi, sem reyndar telst undir landbúnað. Svo það er ekki um það að ræða. Ég vildi aðeins slá á þetta sem ég skil afar vel að er viss ótti við.

Að öðru leyti skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð og lýsi bara ánægju minni með þá umræðu sem hér hefur verið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég kem hér upp aðallega vegna þess að hæstv. forsrh. túlkaði orð mín rangt. Ég tók það fram að ég mundi ekki styðja þetta frv. óbreytt. Það er nokkuð annað heldur en það sem hann vildi vera láta. Ég gat ekki betur heyrt á hans máli en að það væri ekki nein sérstök ánægja með margt í þessu frv. og að hann sjálfur væri ekki sáttur við ýmislegt sem er í þessu frv. eins og það stendur. (Gripið fram í.) Ja, hann sagði a.m.k. að hann hefði viljað hafa það á annan veg ef hann gæti ráðið því. Ég held að það þurfi að skoða þetta frv. miklu betur en hefur verið gert, þó ég efist ekkert um að unnið hefur verið í því nokkuð vel, og reyna að setja upp önnur gleraugu en þeir hafa haft, ráðherrarnir hæstv. og þeir sem stjórna þessu verki, því að hér eru mjög mörg álitamál. Ég hugsa að það yrði til bóta. Og ég tek það fram að ég er algerlega á móti því að einum ráðherra sé gefin svona heimild í eins veigamiklum málum og hér um ræðir og tel sjálfsagt mál að ríkisstjórnin í heild gefi slík leyfi eða undanþágur. Auðvitað eru allar þessar undanþágur til þess að þynna út efni frv. Það á að reyna að hafa þessar greinar á þann veg að þær feli það í sér sem löggjafinn vill láta þar standa og svo ekki neinar undantekningar frá því. Ég held nú að sú reynsla sem hefur orðið af samskiptum okkar við erlenda aðila og þeirri linku sem Íslendingar hafa í mörgum tilvikum sýnt í þeim samningum ætti að kenna okkur það sem hér erum og berum ábyrgð á slíkum málum að reyna nokkuð að geirnegla það sem frá okkur kemur til þess að ekki sé hægt að gera allt aðrar ráðstafanir en í raun og veru meiri hluti þingsins vill og heldur að hann sé að gera.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins hafa nokkur orð um það sem fram hefur komið í umræðunni eftir að ég tók til máls fyrr um þetta mál, sem því miður hefur þurft að skiptast í þrjá parta sem er auðvitað mjög slæmt en ekkert við því að gera.

Margt merkilegt hefur komið fram og lýsi ég sérstaklega ánægju minni með að hæstv. utanrrh. skuli vera kominn í salinn vegna þess sem kom fram í máli hæstv. forsrh. og reyndar kemur einnig fram í bréfi sem hann ritar í dagblaðið Tímann í dag. Þar talar hann um þetta frv., — ég vitna orðrétt: „Þar er leitast við að tryggja miklu betur en nú er að erlendir aðilar eignist ekki fyrirtæki í sjávarútvegi og frumvinnslu fiskjar, í virkjun vatnsafls og jarðvarma, eða eignist land umfram það sem nauðsynlegt er í atvinnurekstri. Mér sýnist jafnframt ljóst að þessir fyrirvarar muni standast vel, m.a. vegna þess að sjávarútvegur og landbúnaður eru utan hins evrópska efnahagssvæðis."

Þarna er hæstv. forsrh. að tala um þá fyrirvara sem hann gerði við samningana um evópskt efnahagssvæði og talaði um það hér áðan að þetta frv., ef samþykkt verður, muni verða lagt til grundvallar í þeim samningum sem nú eru í gangi um evrópskt efnahagssvæði. Þetta kemur mér mjög á óvart. Þetta er algerlega í andstöðu við það sem fram hefur komið hér á Alþingi, m.a. í skýrslu utanrrh. sem rædd var hér fyrr í vetur, þar sem mjög greinilega kemur fram að það sem lagt er til grundvallar í samningum um evrópskt efnahagssvæði eru lög og reglur Evrópubandalagsins. Og varðandi ýmis atriði er greinilega tekið fram og ég get tekið sem dæmi um bankastarfsemi að ef bankar sem eru með starfsleyfi í einu landi innan þessa svæðis, þá hafa þeir leyfi til að starfa í öllum hinum ríkjunum. Ákvæði frv. um þessi 25% mörk skipta því akkúrat engu máli

þegar um er að ræða samninga um evrópskt efnahagssvæði. Það er þá alveg nýtt ef það er komið inn í að þetta frv. og það sem þar kemur fram eigi að gilda í samningunum og nú skilst manni að samningarnir séu á lokastigi. Þetta kemur mér mjög á óvart.

Það eru fleiri atriði sem þarna koma. Það er t.d. gert ráð fyrir því að ákveðin mörk séu á heildarfjárfestingu í ákveðinni atvinnugrein í tölul. 7 í 4. gr. Þetta hefur ekki verið rætt varðandi evrópskt efnahagssvæði. Það hefur ekki verið talað um það hingað til að það séu nokkrir fyrirvarar að því er varðar þessi atriði. Það eina sem hingað til hefur verið talað um er að einhverjir ákveðnir fyrirvarar séu varðandi sjávarútveg. Það hefur einnig verið talað um að hugsanlegt sé að fá einhverja fyrirvara í fiskvinnslu en það er alls óljóst hvernig það muni fara. Ég vil þá gjarnan að hæstv. utanrrh. lýsi því hvort það sé rétt að það sem kemur hér fram sé sú varnarlína — ég held að það orð hafi verið notað hér í umræðunni — sem Íslendingar ætla að draga í samningum gagnvart Evrópubandalaginu. Það eru alveg ný sannindi fyrir mér og það er þá ágætt að það komi hér fram.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds sagði í umræðunum á miðvikudaginn var að það væri hans skilningur að þetta væri ekki það sem lagt væri til grundvallar þar. Hann sagði reyndar að sú varnarlína sem þarna væri verið að draga, sem hann virtist vera nokkuð ánægður með, kæmi þá fyrst og fremst að gagni gagnvart öðrum, ekki þeim ríkjum sem við erum að semja við núna, eða Evrópubandalagið í samvinnu við EFTA. Skilningur á því hvað þarna er á ferðinni virðist því vera eitthvað á reiki. Þess vegna er nauðsynlegt að fá þetta upplýst.

Í öllu því sem hæstv. utanrrh. hefur sagt hér á þinginu kemur fram að um er að ræða að við göngum til samninga á grundvelli laga og reglna Evrópubandalagsins, ekki á grundvelli þess sem við erum að samþykkja hérna, ef þetta verður samþykkt á þessu þingi. Ég fullyrði því að þessi svokallaða varnarlína sem verið er að reisa þarna hefur ekkert gildi, því miður, að því er varðar evrópskt efnahagssvæði. Þar finnst mér vera gengið allt of langt, miklu lengra en hér er gert þó að ég telji að þarna séum við ekki með nægilega góðar varnir gegn því að erlendir aðilar nái yfirráðum yfir náttúruauðlindunum, sem ég hef mestar áhyggjur af.

Mér finnst vera grundvallaratriði að íslenskir aðilar eigi meiri hluta í fyrirtækjum hér á landi. Mér finnst að í sjávarútvegi eigi það að vera þannig að Íslendingar eigi meiri hlutann, bæði í veiðum og vinnslu. Það er grundvallaratriði. En ekki er gert ráð fyrir því í þessu frv. Ég sé ekki þörfina fyrir því að heimila starfsemi erlendra banka og fjármálastofnana með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, með þessum hraða. Mér finnst þetta of stór skref. Við eigum frekar að reyna að taka færri skref og minni þannig að við ráðum betur við þetta. Þetta er því alls ekki sú vörn sem ég hefði viljað sjá fyrir okkar grundvallarhagsmuni, þ.e. yfirráð yfir náttúruauðlindunum. Það er því mjög merkilegt ef ríkisstjórnin ætlar núna að fara að setja fram fyrirvara. Ekki ætla ég að draga úr því að það verði lagðir fram fyrirvarar en það hefur alla vega ekki verið gert hingað til með þeim hætti sem mér fannst hæstv. forsrh. tala um.

Mér varð tíðrætt hér í fyrri ræðu minni um ferðaþjónustu. Það var einnig eitt af því sem kom fram í áðurnefndri grein í Tímanum og var nokkurn veginn samhljóða því sem hæstv. forsrh. sagði áðan. Málið er að það má vel vera að hæstv. forsrh. treysti vel íslenskum fyrirtækjum. Það geri ég líka. En það verður að hafa það í huga að erlendar ferðaskrifstofur hafa starfað hér í stórum stíl og, ég vil jafnvel taka undir það sem sagt hefur verið, arðræna landið og það er í mikilli óþökk þeirra sem starfa í ferðaþjónustu. Ég er alveg sammála því að það verður að gera strangar kröfur til þeirra sem hér starfa varðandi leiðsögumenn og réttindi þeirra sem keyra, innflutning á matvælum og fleira. En það verður bara að sjá fyrir hvernig í ósköpunum á að framfylgja því. Þeir aðilar sem vinna í ferðaþjónustu eru algerlega ósammála því að hleypa útlendingum meira inn í þessa atvinnugrein og telja að það sé mjög af hinu illa. Það er því ekki vegna þess að ég treysti ekki íslenskum ferðaskrifstofum heldur er þetta fyrst og fremst vegna orða þeirra sjálfra sem ég hef verulegar áhyggjur af þessu atriði.

Virðulegi forseti. Ég vona að hæstv. forsrh. verði ekki lengi burtu úr salnum. Ég á ekki mikið eftir af mínu máli og hefði gjarnan viljað að hann hlýddi á.

Ég vildi leggja áherslu á áhyggjur mínar vegna þess hvernig fara á að varðandi ferðaþjónustuna og hef verulegar áhyggjur af því hvernig þar á að halda á málum. Því miður hefur okkur ekki tekist hingað til að framfylgja reglum að því er varðar leiðsögumenn, matvælainnflutning og fleira. Mér þætti því fróðlegt að vita hvernig á þá að framfylgja þeim reglum sem þarna eiga að gilda. Það sem mér finnst vera sérkennilegast í þessu máli er að menn skuli halda að þessi varnarlína sem þarna er verið að draga, sem ég hef nú margoft haldið fram að væri allt of veik, sé einhver varnarlína gagnvart þeim samningum sem við eigum í við Evrópubandalagið. Það þykir mér merkilegast.

Það hefur komið fram og kom fram í máli hæstv. forsrh. að e.t.v. væri nú einhver skriður að komast á samninga EFTA og Evrópubandalagsins um evrópskt efnahagssvæði. Það er einmitt vegna þess að EFTA hefur fallið frá öllum sínum fyrirvörum. Það er kannski einmitt þess vegna. Þess vegna kemur mér mjög á óvart að verið sé að bæta við fleiri fyrirvörum.

Mér finnst það mikill barnaskapur, sem komið hefur fram hér í máli manna, að útlendingar komi hingað í stórum stíl til þess að fjárfesta í íslensku atvinnulífi, til þess að styrkja okkur. Þeir koma auðvitað hingað fyrst og fremst í hagnaðarvon og síðan fara þeir með ágóðann úr landi. Mér þykir það mjög slæmt ef við sitjum uppi með það að vera fjötruð inn í múra hafta, megum ekki fara út fyrir ákveðið svæði sem heitir kannski Evrópskt efnahagssvæði, munum ekki geta leitað okkur markaða eða leiða annars staðar. Því miður held ég að það sé mikil hætta á því að íslensku atvinnulífi verði stjórnað erlendis frá ef við reynum ekki að taka fá skref í einu og ekki gleypa allan bit-

ann og svelgjast svo á honum áður en við vitum af.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að setja hér á langa tölu. Ég talaði nokkuð langt mál fyrr í þessari umræðu og er í þeirri nefnd sem fær málið til skoðunar. Ég vil þó þakka hæstv. forsrh. fyrir að taka hér aftur til máls og skýra nokkur atriði sem skýra þurfti betur. Að vísu kom hann ekki inn á öll þau mál sem æskilegt hefði verið að fjalla hér um og sem gagnrýnd voru fyrr í þessari umræðu en auðvitað gefst tækifæri til þess síðar að taka upp þráðinn.

Það er athygli verðast við það sem hefur komið fram í þessari umræðu að stjórnarflokkarnir hafa náð því að miðla málum sín á milli í þessu frv. Nú blasir við hver ágreiningurinn er, ekki síst eftir ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds sem taldi að með því að leggja þetta frv. hér fram og fá það samþykkt værum við að setja upp varnargirðingu. Á honum var að skilja, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi í sinni ræðu, að þessi varnargirðing væri fyrir okkur Íslendinga vegna samskipta og vegna samninga við önnur ríki, samninga sem nú eiga sér stað á milli EFTA og Lichtenstein annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar.

Það er athygli vert að sjá hvaða atriði það eru sem Alþb. hefur komið að í þessu frv. Ég verð að lýsa því yfir hér að mér finnst nánast öll þau atriði vera þess eðlis að ástæða sé til þess að þau fari út úr frv. og mun beita mér fyrir því í nefnd að fallið verði frá þeim atriðum sem Alþb. hefur lagt til að kæmu inn í þetta frv. Ástæðurnar eru auðvitað margvíslegar en ekki síst þær að með þeim efnisatriðum sem Alþb. hefur fengið framgengt við samningu frv. er verið að gera frv. mun óskýrara en það ella hefði þurft að vera.

Ég ætla ekki að fjalla hér og nú um leikreglur efnahagslífsins. Ég er hér með útskrift af stefnuræðu hæstv. forsrh. þar sem hann lýsti því yfir 3. nóv. 1988, þegar hann flutti sína fyrstu stefnuræðu fyrir núv. hæstv. ríkisstjórn að frá 1985 hefði verið fylgt hefðbundnum vestrænum leikaðferðum í efnahagsmálum. Síðan tíndi hann til öll þau atriði sem mistekist höfðu af því að þetta ætti ekki við hér á landi. Það er því eðlilegt að draga þessa ályktun af hans orðum. En ég ætla að ítreka það nú að ég var að fagna því að hæstv. forsrh. væri kominn á þá skoðun að hér ætti að nota vestrænar leikaðferðir.

Það er aðeins að lokum atriði sem mig langar að fjalla um hér. Það snertir ekki beinlínis frv. heldur fremur þær umræður sem hafa átt sér stað núna um evrópska efnahagssvæðið. Ástæðan fyrir því að ég nefni það sérstaklega og vel það út úr af því að ég veit að tíminn er naumur er að okkur er sýndur sá heiður hér í dag að hæstv. utanrrh. er viðstaddur umræðuna og vonast ég til að hann hlaupi ekki á brott áður en henni lýkur. Hér hafa nefnilega átt sér stað talsverðar umræður um evrópska efnahagssvæðið og hvað þeir samningar þýða sem þar er verið að reyna að ná.

Við höfum lesið bréfaskipti hv. 2. þm. Austurl. og hæstv. forsrh. Í því sambandi vil ég sérstaklega benda á að á bls. 18 í frv. er þess getið að þetta frv. hafi ekki verið samið með tilliti til þeirra samninga sem þar eiga sér stað. Og það er fullljóst og er auðvitað öllum ljóst að ef og þegar við göngum til samstarfs við aðrar Evrópuþjóðir um evrópskt efnahagssvæði verður að taka þessi mál öll upp á nýtt. Það er rétt að þær umræður snúast ekki um landbúnað og sjávarútveg en það er eitt atriði sem ég vil leggja sérstaka áherslu á. Það snýr að fullveldishugtakinu og sjálfsákvörðunarrétti. Ég held því fram og lýsi því hér yfir að forsrh. fer með rangt mál þegar hann í svari til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar segir, með leyfi forseta: „Hins vegar ef við gerumst fullir aðilar að Evrópubandalaginu og missum tök á t.d. sjávarútveginum, orkulindunum eða landinu værum við ekki lengur fullvalda þjóð.“ Með þessu er hæstv. forsrh. að halda því fram að þjóð í Evrópubandalaginu sé ekki fullvalda. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Telur hann Danmörku vera fullvalda ríki? (**Utanrrh.:** Já.) Bretland? (**Utanrrh.:** Já.) Írland? (**Utanrrh.:** Já.) Frakkland? (**Utanrrh.:** Já.) Ítalíu? (**Utanrrh.:** Já.) Spán? (**Utanrrh.:** Já.) Hver er munurinn á því að við værum í Evrópubandalaginu og þessum ríkjum? (**Forsrh.:** Þau hafa ekki misst tökin á sínum náttúruauðlindum.) Við missum ekkert frekar tökin en þeir. Með öðrum orðum, hæstv. utanrrh. hefur með sex jáum sýnt fram á . . . (Gripið fram í.) ég spurði einungis um sex ríki — að hæstv. forsrh. fer með rangt mál. Svo einfalt er þetta.

Það er nefnilega þannig að ríkin í Evrópubandalaginu geta sagt sig úr bandalaginu og hafa þess vegna sjálfsákvörðunarrétt þó að litlar líkur séu til þess að þær segi sig frá bandalaginu. Samkvæmt lögfræðilegum skilgreiningum liggur það alveg skýrlega fyrir að þessi ríki eru öll fullvalda. En ástæðan fyrir því að hæstv. forsrh. kýs að orða sína hugsun svona er ósköp einföld. Hann þykist vera að sýna fram á að það sé eðlismunur en ekki stigsmunur á evrópska efnahagssvæðinu annars vegar og á Evrópubandalaginu hins vegar.

Að allra síðustu af þessu tilefni og vegna þess að hæstv. forsrh. hneykslaðist á dr. Gunnari G. Schram, prófessor í stjórnlagafræðum, þá held ég að ég ljúki minni ræðu með því að lesa lokaorð dr. Gunnars sem hann viðhafði í blaðagrein af tilefni sjónvarpsþáttar. Það var sjónvarpsþátturinn, virðulegi hæstv. utanrrh., þar sem hæstv. utanrrh. ákallaði æðsta dómstól landsins, tengdamóður sína, og ætlaði að biðja hana að tala um fyrir dr. Gunnari G. Schram. Það hefur nú ekki tekist betur en svo að dr. Gunnar skrifar svo í lokaorðum sínum: „En þá grundvallarkröfu verður að gera til þeirra sem stjórnarfarslega ábyrgð bera á þessum málum að þjóðinni verði afdráttarlaust greint frá göllum ekki síður en kostum aðildar okkar að efnahagssvæði Evrópu. Það er jafnframt hin mesta ósvinna að ætla að reyna að rugla menn í ríminu með orðhengilshætti og hártogunum um eðli og inntak hins nýja efnahagssvæðis. Til þess er málið allt of mikilvægt.“

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að ég get ekki bundið hæstv. ráðherra hér lengur. Þeir hafa öðrum hnöppum að hneppa, mjög mikilvægum reyndar. Mér er kunnugt um það. En ég óska eftir því í lok þessarar 1.

umr. að innan tíðar gefist hv. alþm. kostur á að ræða frekar en hér hefur verið tækifæri til um evrópska efnahagssvæðið, um stöðuna í því máli, hvort Íslendingar hafa haldið á þeim fyrirvörum sem hæstv. forsrh. gerði í sinni ræðu í Ósló á sínum tíma og að fyrir liggi álit okkar bestu manna um það til hvaða niðurstöðu slíkar viðræður geta leitt. Það er vissulega kominn tími til þess að Alþingi Íslendinga fái að fylgjast með þessu máli með svipuðum hætti og mér er kunnugt um að þing annarra EFTA-þjóða hafa fengið að gera. Skal ég láta nægja að nefna Noreg og Svíþjóð í því sambandi.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú stendur svo á um fundarhöld í þessari deild að formenn þeirra stjórnarflokka sem hér eru og eiga sæti í hv. deild hefðu þurft að vera komnir til fundar fyrir 6 mín. Ef þessi umræða verður mikið lengri þá getur forseti ekki gert annað en að fresta henni.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil minna á það í þessari umræðu að það var efnahagsnefnd þingflokks Framsfl. sem lagði fram skýra stefnu í október 1989 um grunn að meira frelsi í viðskiptum og fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri og öðrum samskiptum hér á landi. Síðasta flokksþing samþykkti ákveðna stefnu hér um. Þar segir, með leyfi forseta: „Tryggt verði að erlendir aðilar nái ekki yfirráðum í sjávarútvegi og fiskiðnaði þjóðarinnar, hvorki beint né óbeint. Þá verði jafnframt tryggt að erlendir aðilar eignist hvorki íslenskar orkulindir og virkjunarréttindi né íslenskt landsvæði. Þingið hvetur til að sett verði á yfirstandandi þingi skýr heildarlöggjöf um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.“ Þetta frv. hér er vissulega spor í rétta átt hvað þetta varðar og þess vegna styð ég það og fagna því.

En það sem ég vildi gjarnan koma hér að er eitt atriði í 4. gr. frv. Þar stendur: „Til vinnslu í þessu sambandi“, þ.e. í sambandi við atvinnurekstur í fiskvinnslunni, „telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.“ Um þetta stendur hér í skýringum: „Samkvæmt skilgreiningu greinarinnar á „vinnslu sjávarafurða“ er erlendum aðilum hins vegar heimilt að taka þátt í atvinnurekstri á sviði útflutnings á ferskum fiski og vinnslu í neytendaumbúðir svo nokkuð sé nefnt.“ Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta þarfnast meiri skýringar. Við vitum að nú þegar hafa erlendir aðilar lagt fram 20% í fiskvinnslu eingöngu, ekki útgerð, sem framleiðir beint á þann markað sem þessir erlendu aðilar sjá um. Ég er hræddur um að þarna vanti meiri skýringu. Ef það þyrfti að fara að stofna sérfélag um að pakka vörunni, sem fyrirtækið hefur verkað í þetta ástand, þá kæmi ýmislegt upp. Það mundi t.d. ekkert hamla því að erlendir aðilar ættu 100% í öðru fyrirtæki við hliðina á hinu. Mér finnst að þarna þurfi að koma frekari skýringar og skilgreining. Það er þess vegna sem ég vildi láta það koma fram við 1. umr. málsins.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Örfá orð af gefnu tilefni. Fyrst vil ég einungis lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Það stefnir að því að rýmka heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, draga úr því hversu háðir við höfum verið erlendu lánsfjármagni og greiða götu íslensks atvinnulífs til að nýta í auknum mæli erlent áhættufjármagn. Ég er sömu skoðunar og hæstv. viðskrh., sem lýsti þeim viðhorfum, að gjarnan hefði ég viljað ganga lengra í frjálsræðisátt á ýmsum sviðum, ekki hvað síst að því er varðar starfsemi banka. Engu að síður er hér um að ræða frv. sem stefnir í rétta átt, eyðir réttaróvissu og er ásættanlegt þess vegna.

Til mín var beint þeirri spurningu hvort þetta frv. gæti skoðast með einhverjum hætti sem varnarlína gagnvart þeirri hættu sem stafa kynni af erlendum fjárfestingum og hvort það samrýmdist þannig samningum okkar, eins og þeir nú liggja fyrir, við Evrópubandalagið um stofnun evrópsks efnahagssvæðis. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir spurði: Er ekki þversögn í því að þar erum við að semja um aðild að innri markaði Evrópubandalagsins á grundvelli fjórfrelsis, sem m.a. opnar einn sameiginlegan markað fyrir fjármagn og þjónustustarfsemi, og svo hins vegar þeirra takmarkana sem eru í frv.?

Það er auðvelt út af fyrir sig að misskilja þetta en út frá mínum bæjardyrum séð er kjarni málsins þessi: Í þessu frv. eru ákveðnar takmarkanir. Í þeim samningum, eins og þau drög liggja nú fyrir, við Evrópubandalagið eru einnig ákveðnar takmarkanir. Þær lúta fyrst og fremst að eftirfarandi: Þar sem við erum ekki að semja um fríverslun með fisk og sjávarafurðir, þ.e. um afnám tollfrelsis og samræmdar samkeppnisreglur, nánar tiltekið bann við ríkisstyrkjum, niðurgreiðslum og stuðningsaðgerðum innan Evrópubandalagsins, þá leiðir af því að hinar almennu reglur um hindrunarlausan rétt erlendra aðila til fjárfestingar eða atvinnureksturs í slíkri grein fá ekki staðist þannig að þær almennu reglur gilda ekki um íslenskan sjávarútveg í þessum samningum.

Ef spurt er um aðra meginauðlindina, þ.e. nýtingu orkulindanna, þá liggur það fyrir ljóst og skýrt að núgildandi löggjöf er í fullu samræmi við lög og reglur Evrópubandalagsins þannig að okkur er í sjálfsvald sett að tryggja eignarrétt opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, og einkarétt þeirra til þess að nýta orkulindirnar.

Að því er varðar fjárfestingu í fasteignum og þá einkum að því er varðar jarðeignir og kaup á þeim í ábataskyni, þá er því til að svara að okkur Íslendingum er sjálfum í lófa lagið að reisa þar við skorður aðeins ef við gætum þess að það feli ekki í sér mismunun milli innlendra og erlendra aðila, þ.e. mismunun milli lögaðila á evrópska efnahagssvæðinu. Þetta

hyggjumst við gera með því að breyta innlendri löggjöf, bæði að því er varðar jarðakaupalög og ábúðarlög, þannig að eitt gangi yfir alla aðila. Í mínum huga er það alveg ljóst að þar með gætum við tryggt að hlunnindajarðir, laxveiðijarðir svo ég nefni dæmi, verða ekki keyptar af erlendum aðilum og reknar í ábataskyni fram hjá ákvæðum jarðakaupalaga, ábúðarlaga eða ákvæða um búsetukvöð og búrekstur á viðkomandi jörð. Ég hygg því að þetta sé alveg skýrt. Ég held með öðrum orðum að þær skorður sem hér eru reistar við hindrunarlausum aðgangi erlendra aðila til atvinnurekstrar eða fjárfestinga séu í stórum dráttum hinar sömu og fyrir liggja í samningunum.

Hitt er svo alveg rétt að á bls. 18 í grg. þessa frv., með leyfi forseta, er orðalag á þessa leið: „Reikna má með því að ef úr stofnun evrópska efnahagssvæðisins verði þurfi að taka til endurskoðunar þau ákvæði sem hér er lagt til að gildi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.e. að því er varðar borgara annarra ríkja evrópska efnahagssvæðisins. Nefndin telur samt sem áður brýnt að lögfesta frv. nú sem fyrst, enda núgildandi reglur sundurlausar og ósamstæðar." Þetta á þó ekki við það sem ég hef þegar lýst.

Loks, virðulegur forseti, örfá orð út af sjónvarpsþætti, þar sem menn greindi á um það hver væri munurinn á evrópska efnahagssvæðinu annars vegar og Evrópubandalaginu. Þær umræður tengjast svolítið hugtakinu fullveldi. Það er afar auðvelt að færa fyrir því óyggjandi rök að munurinn á þessu tvennu er djúpstæður. Evrópubandalagið er samtök sem byggja á Rómarsamningnum og er í innsta kjarna sínum byggt á yfirþjóðlegu valdi þar sem ríkisstjórnir og löggjafarsamkundur hafa framselt vald í hendur framkvæmdastjórnar. Evrópubandalagið er ekki bara fríverslunarsamtök heldur tollabandalag sem afnemur landamæri að öllu leyti í viðskiptum og samskiptum innbyrðis og hefur sameinginlega stefnu út á við. Þar að auki er Evrópubandalagið að þróast í þá átt að það er myntbandalag. Það er einnig pólitískt bandalag og stefnir ákveðið í þá átt að verða sameiginlegt bandalag í öryggis- og varnarmálum. Vinnubrögð og aðferðir innan þess eru með allt öðrum hætti heldur en tíðkast á evrópska efnahagssvæðinu. Evrópska efnahagssvæðið tekur ekki til ákveðinna stærstu og veigamestu þátt-anna sem varða Evrópubandalagið sjálft. Ekki sameiginlega landbúnaðarstefnu, ekki sameiginlega fiskveiðistefnu o.s.frv. Innan EFTA og innan evrópska efnahagssvæðisins er yfirstjórn þar sem engar ákvarðanir verða teknar nema með samstöðu ríkja. Það er því ekki um að ræða framsal frá löggjafarsamkundunni né frá ríkisstjórnum umfram það sem tíðkast þá í formi reglugerða á grundvelli almennra reglna. Á þessu er þess vegna ekki stigsmunur heldur eðlismunur.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera örstutta athugasemd. Ég vildi gera þá athugasemd að hæstv. utanrrh. leiddi hjá sér að svara þeirri spurningu sem þó var aðalinntakið í því sem ég vildi vita. Ég vissi þetta með sjávarútveginn og orkulindirnar en ég vildi vita fyrst og fremst hvort 7. liður 4. gr., svo ég tali nú mjög skýrt, geti staðist gagnvart þeim samningum, bæði varðandi bankana og aðrar fjárfestingar. Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegur forseti, því ég get ekki sætt mig við að það sé svarað út í hött og sagt að um misskilning sé að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaákvæði er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 566.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og fram kemur í fyrirsögn frv. og í því sem ég hef sagt um aðalfrv. þá er hér um fylgifrv. að ræða þar sem gert er ráð fyrir að leiðrétta fjöldamörg ákvæði laga til samræmis við aðalfrv. Ég hef þegar farið í gegnum öll þessi atriði og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég vil aðeins segja það hér að mér þykir að sjálfsögðu leitt að geta ekki tekið upp ítarlega umræðu um ýmislegt sem hér hefur komið fram, t.d. um það að vitanlega er stuðningur minn við þetta frv., sem ég mæli fyrir, alger. Það mátti skilja annað hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Ég tel þetta mjög gott frv. og vitanlega hefði ég viljað ræða fullveldi og fullveldi ekki og allt það. Ég ætla ekki að leyfa mér það núna en vona að við fáum góðan tíma til að ræða það. Ég ætla ekki að fara að deila hér um fulla aðild eða ekki fulla aðild o.s.frv. og mun því ekki hafa meiri framsögu fyrir þessum málum en legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta frv. sem hér er til umræðu. Framsöguræða hæstv. forsrh. var að vonum stutt, enda hafði hann drepið á í sinni framsöguræðu fyrir hinu fyrra máli, sem hér var á dagskrá, flest atriði sem koma fram í þessu frv. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða þetta frv. heldur, hef tækifæri til þess að líta á það í nefnd. Ég fagna ummælum hæstv. forsrh. og skil þau á þann veg að hann muni beita sér fyrir því að hér á þingi verði ítarleg umræða um stöðu viðræðnanna, sem nú fara fram og virðast komnar á lokastig, segja sumir, aðrir ekki, en það eru umræðurnar sem eiga sér stað á milli annars vegar EFTA-þjóðanna og EB-þjóðanna um evrópska efnahagssvæðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.
Frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér á að fara að taka á dagskrá, félagsþjónusta sveitarfélaga, hefur óneitanlega haft eilítið undarlegan aðdraganda þó að mér sé ekki kunnugt um í einstökum atriðum hvað farið hefur á milli stjórnarflokkanna í þessu máli.

Ljóst er að fram er komið annað frv. sem útbýtt var hér í dag er varðar einn kafla í því frv. sem nú á að fara að taka á dagskrá. Er það til marks um vægast sagt óvenjuleg vinnubrögð. Að auki hefur flogið fyrir á meðal manna hér í þingsölum að það frv. sem hér á að fara á dagskrá nú sé tæplega stjfrv. í venjulegum skilningi þess orðs. Hins vegar hef ég orð hæstv. forsrh. fyrir því að svo sé og skal þá ekki draga það í efa. En hér er jafnframt um að ræða frv. sem gerir ráð fyrir breytingum á verkefnaskipan í Stjórnarráði Íslands og er þá spurning hvort það ætti ekki heima í væntanlegum breytingalögum um Stjórnarráðið.

En aðalatriði minnar athugasemdar hér um þingsköp, virðulegi forseti, er það að hér á að fara að taka fyrir 326. mál á sama degi og fram er komið sérstakt frv. um málefni leikskóla. Það er vitað að um þessi mál er mikill ágreiningur, svo vægt sé til orða tekið. Það er alveg öruggt mál að sá ágreiningur mun koma upp í umræðum um þetta frv. Ég fyrir mitt leyti tel ótækt að ætla að ræða frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga að menntmrh. fjarstöddum sem flytur hér sérstakt frv. annað um leikskóla. Það er mín skoðun og ég vænti þess að forseti athugi sinn gang áður en þetta frv. verður tekið til umræðu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 14. þm. Reykv. sem hér talaði áðan. Mér finnst full ástæða til þess ef á að ræða þetta sérstaka mál, sem ég er ekki að lýsa yfir að ég sé andvígur á þessu stigi málsins, heldur hitt að það liggur alveg fyrir að dregist hefur í marga mánuði að leggja þetta mál fyrir þingið vegna innbyrðis deilu í ríkisstjórninni milli ráðherra. Við höfum hlustað á hótanir ráðherra á víxl um það að leggja málefni um félagslega þjónustu sveitarfélaga og leikskóla fram í nafni viðkomandi ráðherra sem þingmannafrv. Þetta víxlast fram á síðasta dag að þannig var fjallað um þetta í hæstv. ríkisstjórn. Ég tel að þetta sé svo nátengt, þar sem bæði frumvörpin fjalla í raun og veru um málefni sveitarfélaga og það er hlutverk sveitarfélaganna samkvæmt lögum að annast um félagslega þjónustu og þar inn í eru að sjálfsögðu leikskólinn og dagvistunarstofnanir almennt, að ekki sé hægt að taka það til 1. umr. öðruvísi en báðir hæstv. ráðherrar, sem þessi mál heyra undir og sem eru orsök þess að hér eru komin fram tvö aðskilin frumvörp um félagslega þjónustu sveitarfélaga, séu viðstaddir.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti lítur svo á að hér sé á ferðinni stjfrv. Það hlýtur að vera samkomulag innan ríkisstjórnarinnar um að flytja þetta frv. þannig að forseti er í fullum rétti að taka málið á dagskrá. Forseti telur hins vegar eðlilegt, vegna þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að fara þann meðalveg í málinu að hæstv. félmrh. fái að mæla fyrir frv. en síðan verði umræðu frestað og henni ekki haldið áfram fyrr en hæstv. menntmrh. getur verið viðstaddur.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 574.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frv. þetta er samið af nefnd sem upphaflega var skipuð af þáv. félmrh. Alexander Stefánssyni þann 23. júlí 1986. Í þá nefnd voru skipuð: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, skipuð af ráðherra, Kristján Benediktsson, fyrrv. borgarfulltrúi, tilnefndur af þingflokki Framsfl., Gunnar Jóhann Birgisson lögfræðingur, tilnefndur af þingflokki Sjálfstfl., Ingibjörg Rafnar lögfræðingur, tilnefnd af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Rannveig Guðmundsdóttir, þáv. forseti bæjarstjórnar Kópavogs, skipuð af ráðherra, Sveinn Ragnarsson félagsmálastjóri, skipaður af ráðherra, og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjóri í félmrn., skipuð af ráðherra, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Í desember 1987 tók Sjöfn Sigurbjörnsdóttir kennari sæti Rannveigar Guðmundsdóttur í nefndinni.

Þann 12. jan. 1988 skipti ég nefndinni í tvær nefndir, vinnunefnd og ráðgjafarnefnd, og jafnframt skipaði ég tvo nýja fulltrúa í nefndina, Braga Guðbrandsson félagsmálastjóra og Ólöfu Thorarensen félagsmálastjóra. Upp úr miðju ári 1988 lágu fyrir áfangadrög að frv. þar sem m.a. var getið helstu kafla og þeirra málaflokka sem ætlunin var að frv. tæki til. Áfangadrögin voru þá lögð fram í ríkisstjórn og jafnframt send til umsagnar landshlutasamtaka sveitarfélaganna og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Umsagnir þessara aðila voru þess eðlis að nefndin taldi fulla ástæðu til að halda áfram á sömu braut og mörkuð hafði verið.

Rúmu ári síðar, í ágúst 1989, skilaði nefndin til ráðherra fullbúnum drögum að frv. Þegar frumvarpsdrögin voru lögð fram í ríkisstjórn kom í ljós að ágreiningur var um þau varðandi dagvistarmál. Í kjölfarið var skipuð sérstök nefnd með fulltrúum allra stjórnarflokkanna til þess að yfirfara frumvarpsdrögin. Því verki lauk með þeim hætti að fjórir af fimm nefndarmönnum stóðu sameiginlega að niðurstöðu nefndarinnar, en einn fulltrúi Alþb. skilaði séráliti.

Veturinn 1989–1990 voru frumvarpsdrögin til meðferðar í ríkisstjórn. Ástæða þess var sú að þá voru komin fram drög að frv. um leikskóla en þau voru í veigamiklum atriðum í blóra við frumvarpsdrög um félagsþjónustu. Á vordögum náðist niðurstaða í það mál með samkomulagi í ríkisstjórn sem fól í sér nokkra breytingu á báðum frumvarpsdrögunum. Frv. um fé-

lagsþjónustu sveitarfélaga var síðan lagt fram á Alþingi undir þinglok á síðasta ári en fékk ekki umfjöllun.

Þrátt fyrir það samkomulag sem náðst hafði í málinu vorið 1989 kom í ljós við upphaf þessa þings að enn var ágreiningur um ákvæði frv. um dagvistarmál þar sem þingflokkur Alþb. taldi samkomulag ekki ganga nógu langt til samræmis við frv. um leikskóla. Því hefur frv. um félagsþjónustu enn verið breytt í því skyni að komast hjá hugsanlegri skörun við leikskólafrv. Þannig er nú samheitið „leikskóli" notað yfir öll dagvistarheimilin óháð tímalengd vistunar barna á þeim.

Miklu lengri aðdragandi er að baki þessa frv. sem hér hefur verið greint frá. Þegar á sjöunda áratugnum hófust umræður um nauðsyn þess að setja heildstæða félagsmálalöggjöf á Íslandi. Þá þegar komu fram þær grundvallarhugmyndir sem þetta frv. byggir á, þ.e. heildarsýn í félagsmálum. Hins vegar hafa þessar hugmyndir aldrei náð fram að ganga í löggjöf þrátt fyrir verulegan áhuga og ítrekaðar tilraunir í þá veru. Þannig bárust stjórnvöldum þegar á áttunda áratugnum áskoranir um að sett yrði heildstæð löggjöf í félagsmálum, m.a. frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, Stéttarfélagi félagsráðgjafa og Félagsmálastofnun Reykjavíkur og Kópavogs. Í kjölfar þessarar umræðu unnu tvær ráðherraskipaðar nefndir á árunum 1979–1983 að því að undirbúa frv. að heildstæðri löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. En af ýmsum ástæðum lauk því verki ekki og lá því niðri þar til vinna við frv. þetta hófst haustið 1986, eins og áður var vikið að.

Helstu markmið nefndarinnar sem samdi frv. þetta eru að félagsþjónusta sveitarfélaga megi tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Skal það gert með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti, tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði, veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi, og grípa til aðgerða sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Markmiðum þessum hugðist nefndin sem samdi frv. ná með því að setja lagaramma um þá fjölbreytilegu félagsþjónustu sem nú er veitt í öllum stærri sveitarfélögum landsins þannig að sams konar þjónusta verði veitt um land allt svo að jafnræði megi hér ríkja. Til þess að svo geti orðið þarf heildstæða félagsmálalöggjöf sem felur í sér alla þætti félagsþjónustu sveitarfélaga. Slík löggjöf er einnig nauðsynleg til þess að ýta undir þá sýn að félagsleg aðstoð sveitarfélaga felst ekki í framfærslunni einni heldur felur í sér margháttaða þjónustu sem flestir þurfa á að halda einhvern tíma á lífsleiðinni. Meðan við hins vegar búum við framfærslulög sem undirstöðulöggjöf á sviði félagsmála sveitarfélaga ýtir það undir þá hugsun að félagsleg aðstoð af hálfu sveitarfélaga sé eingöngu ætluð til að bæta úr fátækt og felur jafnvel í sér vissa niðurlægingu. Sú forna hugsun skýtur og skökku við ef tekið er mið af félagslegri aðstoð af hálfu ríkisins, svo sem almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum og fleira, en þar er hinn forni hugsunarháttur fyrir löngu lagður fyrir róða og almenn velferðarsjónarmið viðurkennd. Úr þessu er frv. ætlað að bæta, þ.e. stuðla að því að félagsleg þjónusta sveitarfélaga verði viðurkennd sem nauðsynlegur hlekkur í velferðarkerfi þjóðfélagsins.

Í þessu samhengi má og geta þess að hin Norðurlöndin hafa fyrir mörgum áratugum fellt úr gildi sín framfærslulög og öll nema Noregur sett sér heildstæða löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Af þessu yfirliti má ljóst vera að hér er brýnt mál á ferðinni, málaflokkur sem dregist hefur stórlega aftur úr hvað nýsmíði í löggjöf viðvíkur. Er því löngu orðið tímabært að staðið verði myndarlega að málum og lagður grunnur að nútímalegri félagsmálalöggjöf sveitarfélaga, löggjöf sem í grundvallaratriðum hafnar hinum gömlu framfærsluviðhorfum en byggir þess í stað á því að félagsþjónusta sveitarfélaga er almenn þjónusta, öllum ætluð.

Helstu annmarkar á núverandi skipan félagsþjónustu sveitarfélaga sem frv. er ætlað að bæta úr eru í fyrsta lagi að framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaga er grundvölluð á mörgum sérlögum sem sett hafa verið á mjög löngum tíma. Mörg þessara laga eru fyrir löngu orðin úrelt en önnur skarast með óeðlilegum hætti. Þá er tæplega unnt að fá innbyrðis tengingu eða skírskotun þessara laga þannig að samræmingar við framkvæmd þjónustunnar sé gætt. Þessi sérhæfingarsjónarmið í löggjöf og framkvæmd orka tvímælis.

Í öðru lagi felur sérhæfingarsjónarmiðið í sér mikla verkaskiptingu eftir eðli vandamála. Þannig hefur það haft í för með sér mikinn fjölda nefnda sem hver um sig fer með einn málaflokk félagsþjónustunnar. Þetta hefur torveldað heildarsýn og samræmingu við uppbyggingu og rekstur félagsþjónustunnar og getur gert hana óhagkvæma og ómarkvissa. Þjónusta við einstaklinga hefur oft verið sundurlaus og almenningi gert erfiðara fyrir í skiptum sínum við félagsþjónustu en ella þyrfti að vera.

Í þriðja lagi hefur sérhæfingarsjónarmiðið enn fremur orðið til þess að yfirstjórn félagsþjónustu hefur dreifst á fleiri en eitt ráðuneyti. Slíkt fyrirkomulag byrgir fyrir möguleika á yfirsýn yfir málaflokkinn og getur staðið í vegi fyrir lagasamræmingu og samræmdri framkvæmd. Eftirliti með aðstoð við framkvæmd laga hefur jafnframt verið ábótavant sem rekja má til dreifðrar yfirstjórnar.

Virðulegi forseti. Í upphafi var gerð athugasemd við það að það frv. sem ég mæli fyrir og frv. um leikskóla sköruðust að verulegu leyti og þyrfti að fjalla um þau bæði samtímis. Ég sé að meira að segja þeir sem gerðu athugasemd við það sáu ekki ástæðu til þess að hlýða á framsöguna. Hér er verið að ræða um mjög mikilvægt mál þar sem 2–3 þingmenn sjá ástæðu til þess að fjalla um það. Ég tel það óviðunandi og óska eftir því að framsögunni verði frestað.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum (244. mál) 3243.
Almenn hegningarlög (319. mál. samfélagsþjónusta) 3164.
Drengskaparheit unnið 3122.
Eftirlit með síbrotamönnum (310. mál) 3237.
Endurgreiðsla á gjaldi af erlendum lántökum (80. mál) 3198.
Endurskoðun fiskveiðistefnu (292. mál) 3122.
Félagsþjónusta sveitarfélaga (326. mál) 3282.
Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri (320. mál. heildarlög) 3168. 3212. 3263.
Friðlýsing Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum (325. mál) 3256.
Heilsufarsbók (322. mál) 3146.
Héraðsskógar (236. mál) 3203. 3211.
Hraðamælingar í íbúðahverfum (285. mál) 3239.
Hækkun skattleysismarka vegna álagningar tekjuskatts (282. mál) 3132.
Lagaákvæði er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (321. mál) 3280.
Lýsing á Reykjanesbraut (280. mál) 3245.
Mannanöfn (28. mál. heildarlög) 3184.
Rannsókn kjörbréfs 3121.
Ráðning sjúkraþjálfara í öll fræðsluumdæmi (300. mál) 3247.
Reiðvegaáætlun (113. mál) 3241.
Réttindi alþjóðastofnana (304. mál) 3163.
Sala hlutabréfa í Gutenberg hf. (275. mál) 3235.
Skipti á dánarbúum o.fl. (104. mál. heildarlög) 3190. 3212.
Skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins (22. mál) 3242.
Staða fangelsismála (309. mál) 3122.
Stjórnarskipunarlög (312. mál. deildaskipting Alþingis o.fl.) 3164.
Um þingsköp 3281 (frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga).
Umræður utan dagskrár 3123 (ástandið í fjarskiptamálum).
Útvarpslög (281. mál. útvarp um streng o.fl.) 3148.
Vegalagning í óbyggðum (324. mál) 3251.
Virðisaukaskattssvik (129. mál) 3122.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 3121. 3122. 3123.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 3277. 3281.
Forseti Nd. Geir H. Haarde 3183.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3168. 3183. 3264. 3280.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 3167. 3190. 3237. 3240.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 3282.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 3235. 3236.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 3129. 3205. 3207. 3210.
Menntmrh. Svavar Gestsson 3124. 3130. 3158. 3184. 3189.
Umhvrh. Júlíus Sólnes 3128. 3151.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3278.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 3183.
Alexander Stefánsson 3128. 3277. 3281.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 3134. 3138. 3247.
Árni Johnsen 3123. 3131. 3135.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 3140. 3146.
Egill Jónsson 3205.
Eiður Guðnason 3128. 3154.
Friðjón Þórðarson 3164.
Friðrik Sophusson 3127. 3182. 3212. 3275. 3280.
Geir H. Haarde 3235. 3236. 3281.
Guðmundur Ágústsson 3148. 3162. 3201.
Guðmundur H. Garðarsson 3132. 3141.
Guðni Ágústsson 3126. 3241.
Guðrún J. Halldórsdóttir 3126. 3135.
Halldór Blöndal 3198. 3202.
Hjörleifur Guttormsson 3232. 3242. 3252. 3256. 3259. 3262.
Ingi Björn Albertsson 3165. 3243.
Jóhann Einvarðsson 3245.
Jón Kristjánsson 3122.
Jónas Hallgrímsson 3251. 3255.
Karl Steinar Guðnason 3136. 3144.
Karvel Pálmason 3138. 3145.
Kristinn Pétursson 3254.
Kristín Einarsdóttir 3182. 3223. 3272. 3279.
Margrét Frímannsdóttir 3142. 3207. 3210.
Málmfríður Sigurðardóttir 3237. 3238.
Ólafur G. Einarsson 3121.
Ólafur Þ. Þórðarson 3242.
Páll Pétursson 3125. 3130.
Pálmi Jónsson 3131.
Ragnar Arnalds 3228.
Rannveig Guðmundsdóttir 3239. 3241.
Salome Þorkelsdóttir 3143. 3246.
Sigrún Helgadóttir 3186. 3256. 3261.
Skúli Alexandersson 3203.
Sólveig Pétursdóttir 3187.
Stefán Valgeirsson 3263. 3271.
Valgerður Sverrisdóttir 3202.

SAMEINAÐ ÞING

53. fundur, mánudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Guðmundur Ágústsson, formaður þingflokks Borgfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv., er erlendis og getur ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni að óska þess að 1. varamaður Borgfl. í Reykjavík, Guttormur Einarsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Guttormur Einarsson hefur áður tekið sæti á þingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA og FrS, 244. mál. — Þskj. 358.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 41 shlj. atkv.

Lýsing á Reykjanesbraut, frh. fyrri umr.

Þáltill. JE, 280. mál. — Þskj. 513.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til allshn. með 43 shlj. atkv.

Ráðning sjúkraþjálfara í öll fræðsluumdæmi, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 300. mál. — Þskj. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til félmn. með 45 shlj. atkv.

Vegalagning í óbyggðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHall o.fl., 324. mál. — Þskj. 572.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Friðlýsing Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SHelg o.fl., 325. mál. — Þskj. 573.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til félmn. með 44 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Þormóð ramma.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir með bréfi til forseta þingsins að fá að ræða utan dagskrár skýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni Þormóðs ramma. Sú umræða hefur verið leyfð og tilkynnt þingflokkum og hefst hún nú. Umræðan fer fram samkvæmt síðari málsgrein 32. gr. þingskapalaga.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar fjmrh. hafði gert samning um sölu meiri hluta hlutabréfa í Þormóði ramma — fyrirtækið var að meiri hluta komið í eign heimamanna — óskuðu fjórir hv. alþm. eftir því að Ríkisendurskoðun gerði sérstaka skýrslu um þessa sölu. Ríkisendurskoðun skilaði síðan skýrslu þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að hægt væri að velja eina ákveðna tölu og segja: Þetta er virði hlutabréfanna í Þormóði ramma. Ein ákveðin tala. Og sumir þeirra þingmanna sem báðu um þessa skýrslu höfðu síðan í framhaldi af henni mjög stór orð um sölu fjmrh. á meiri hluta hlutabréfa í Þormóði ramma. Ég skrifaði þess vegna forsetum þingsins bréf þar sem ég vakti athygli á ýmsu sérkennilegu sem fram kemur í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar og óskaði eftir því að forsetar þingsins skoðuðu málið nánar. Ríkisendurskoðun skilaði þá annarri skýrslu sem svari við bréfi fjmrh. Báðum þessum skýrslum og bréfi fjmrh., ásamt fylgiskjölum, hefur verið dreift til þingmanna.

Sú breyting var gerð fyrir nokkrum árum síðan að Ríkisendurskoðun var flutt frá framkvæmdarvaldinu og yfir til þingsins. Þar með er Alþingi orðið ábyrgur stjórnandi þessarar stofnunar og bera forsetar þingsins og þingið endanlega ábyrgð á verkum hennar. Ég vil taka það fram strax í upphafi að ég var eindreginn stuðningsmaður þess að Ríkisendurskoðun væri flutt frá framkvæmdarvaldinu og yfir til löggjafarvaldsins.

Ég var þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að í okkar stjórnkerfi þurfi að starfa öflug og sjálfstæð og faglega sterk Ríkisendurskoðun sem allur þingheimur og þjóðin í heild geti borið fyllsta traust til. Hennar niðurstöður verða að vera unnar af slíkri faglegri hæfni að hinir færustu fræðimenn í endurskoðun og reikningshaldi viðurkenni þær forsendur, þær aðferðir og þær niðurstöður sem Ríkisendurskoðun fær.

Ríkisendurskoðun sem lendir í því að sumir af færustu endurskoðendum landsins og sérfræðingar á hlutabréfamarkaði og í verðbréfaviðskiptum draga forsendur, reikningsaðferðir og framsetningu stofnunarinnar alvarlega í efa, slík Ríkisendurskoðun er komin á hættulega braut. Það er þess vegna mjög nauðsynlegt fyrir Alþingi að taka þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar, ekki bara vegna þess að einstakir þingmenn kunni að hafa ýmsar skoðanir á því hvort hafi átt að selja hlutabréf ríkisins í Þormóði ramma, hvort Þormóður rammi eigi að vera ríkisfyrirtæki eða einkafyrirtæki, eða hvort einstakir þingmenn kunni að vilja dæma þann fjmrh. sem hér er pólitískt með ýmsum hætti. Það er satt að segja minni háttar mál í samanburði við það að nauðsynlegt er að tryggja að Ríkisendurskoðun, sem heyrir undir Alþingi og er æðsti umfjöllunaraðili um reikningsskil ríkisfjármálanna, beiti í hvívetna traustustu faglegu vinnubrögðum sem völ er á og hún njóti slíks álits í sínu faglega og fræðilega umhverfi að enginn málsmetandi fræðimaður eða fagmaður á hennar sviði dragi hennar framsetningu eða niðurstöðu í efa.

Ég kippi mér ekki upp við það þótt einstakir þingmenn sendi mér hér í þingsölum eða utan þings meira og minna marklaus en stóryrt pólitísk skeyti. Það er nú eitt af því sem við verðum að búa við. En þetta mál er þannig vaxið að það er alveg nauðsynlegt að fjmrh. geri Alþingi grein fyrir skoðunum ráðherrans, ráðuneytisins og þeirra faglegu aðila sem hann hefur fengið til umfjöllunar um málið á þeim athugasemdum og þeirri gagnrýni sem fram kemur við mat Ríkisendurskoðunar, sérstaklega vegna þess að ýmsir hv. þm., sérstaklega þeir sem báðu um skýrsluna, hafa kosið að nota niðurstöðurnar í fyrri skýrslunni sem algildan sannleika og tilefni til pólitískra árása.

Það er líka nauðsynlegt að ræða þetta mál vegna þess að í okkar þjóðfélagi er mikil umræða uppi um nauðsyn þess að draga úr umsvifum ríkisins í atvinnulífinu. Þess vegna kaus ég m.a. að færa Þormóð ramma úr hendi fjmrh. og ráðuneytisins yfir til heimamanna, vegna þess að ég aðhyllist þá skoðun að atvinnulífið sé betur komið í höndum heimamanna sem til þekkja á vettvangi atvinnulífsins heldur en í ráðuneytunum. Sumir hafa hins vegar látið þá skoðun í ljósi að Þormóður rammi hafi áfram átt að vera rekinn úr stól fjmrh. Ég er ósammála þeirri skoðun.

Ég vil þó segja í upphafi að ég tel að sú löggjöf, sem í gildi er í landinu um heimildir fjmrh. eða annarra ráðherra til þess að selja hlutabréf í eigu ríkisins, sé mjög ófullkomin. Satt að segja er hún þannig í dag að fjmrh. hefði fulla lagalega heimild til þess að selja hlutabréf ríkisins í Þormóði ramma, eða öðrum hlutafélögum sem ríkið á hlutabréf í, með hverjum þeim hætti sem ráðherrann kýs, á hvaða verði sem hann kýs og með hvaða skilmálum sem hann kýs. Þess vegna hefði fjmrh. getað selt hlutabréfin í Þormóði ramma og þar með kvótann frá Siglufirði til útgerðarfélags í Reykjavík eða á Akureyri eða annars staðar á landinu og þar með lagt atvinnulífið á Siglufirði í rúst. Það var ekkert í gildandi lögum sem hindraði slíkt. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að Alþingi búi þannig um hnútana og löggjöfinni sé breytt á þann veg að slíkir möguleikar séu ekki fyrir hendi, að sala á hlutabréfum og öðrum eignum ríkisins þurfi að fara um hendur löggjafans. Þetta vil ég segja strax í upphafi míns máls til þess að ítreka það að á sama hátt og ég var fylgjandi því á sínum tíma að Ríkisendurskoðun væri flutt yfir til Alþingis, þá er ég einnig fylgjandi því að lögum um sölu á eignum ríkisins verði breytt á þann veg að taka upp fastari reglur og betri stjórnskipunaraðferðir við þær sölur en gilt hafa til þessa.

Ég tel t.d. að sú viðtæka sala á hlutabréfum sem þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson efndi til — án þess að spyrja Alþingi að nokkru, án þess að ræða það að nokkru við þingmenn og gat kosið hvert það verð í raun og veru sem honum bauðst til þess að selja þessar eignir — hafi ekki verið réttur háttur þó Ríkisendurskoðun telji í sinni skýrslu, sem nýlega kom um söluna á Þormóði ramma, að sá háttur hafi verið til fyrirmyndar.

Ég mun í ræðu minni, virðulegi forseti, rekja hér sérstaklega faglegar athugasemdir við forsendur, reikningsaðferðir og framsetningu Ríkisendurskoðunar. Sú framsetning mun leiða það í ljós:

Í fyrsta lagi að Ríkisendurskoðun ruglar saman grundvallarhugtökum í reikningsskilum og mati á slíkum eignum. Slíkur grundvallarhugtakaruglingur er auðvitað mjög alvarlegt mál. En ég mun gera nánari grein fyrir því síðar.

Í öðru lagi að Ríkisendurskoðun valdi forsendur með þeim hætti að hún fékk bara út eina tölu þar sem annað val á forsendum sem að mörgu leyti hefði verið eðlilegra, t.d. það að miða við meðaltalsframlegð sl. þriggja ára en ekki bara eins árs hjá Þormóði ramma, hefði gjörbreytt niðurstöðunum á þann hátt að í stað þess að Ríkisendurskoðun hefði fengið útkomu yfir söluverðinu hefði útkoman verið undir söluverðinu. Og þingmenn geta velt því fyrir sér: Hefði verið eðlilegra að miða við framlegð sl. þriggja ára heldur en bara framlegð eins árs?

Ég mun í þriðja lagi leiða það í ljós að þær arðsemiskröfur sem Ríkisendurskoðun gerir í þessu mati eru í engu samræmi við það sem fræðimenn erlendis og hérlendis telja rétt. Vil ég í því sambandi vekja athygli á nýlegri grein í tímaritinu Vísbendingu og þeirri arðsemi sem er á ríkistryggðum og fasteignaveðtryggðum skuldabréfum. Ef sú arðsemi sem þar er talin eðlileg hefði verið látin ráða í matinu og meðaltalsframlegð Þormóðs ramma sl. þrjú ár lögð til grundvallar, þá var verðmæti fyrirtækisins komið langt undir söluverðið.

Virðulegi forseti. Þegar þingmenn kjósa í pólitísku stríði sínu við ráðherra að biðja Ríkisendurskoðun um

að leggja faglegt og fræðilegt mat á ákveðna sölu, þá er mjög mikilvægt að það faglega og fræðilega mat standist, eins og ég hef áður sagt, þær ýtrustu og afdráttarlausustu kröfur sem fagmenn og fræðimenn á þessu sviði gera. Ég vil einnig minna á að hér er verið að selja hlutabréf og ég vil spyrja: Hvor er æðri dómari við slíka sölu á markaðsbréfum, markaðurinn eða ríkisstofnunin? Samkvæmt öllum almennum mælikvörðum er það markaðurinn sem er æðsti dómarinn á verðgildi slíkrar markaðssölu. Það var þess vegna sem fjmrh. ákvað í sumar að biðja framkvæmdastjóra eins virtasta markaðsfyrirtækis á landinu, Sigurð B. Stefánsson, framkvæmdastjóra verðbréfaþings Íslandsbanka, að meta hlutabréfin í Þormóði ramma, hvort þau væru tæk á verðbréfamarkað Íslandsbanka. Svarið í því mati var afdráttarlaust og skýrt: Hlutabréfin væru það lítils virði að verðbréfamarkaður Íslandsbanka, að áliti Sigurðar B. Stefánssonar, mundi ekki taka þau á markaðinn.

Ríkisendurskoðun sendi fjmrn. bréf fyrir nokkru síðan, milli þess sem fyrri skýrslan og seinni skýrslan var gerð, og óskaði eftir því að fjmrh. tilgreindi hver hefði látið þetta markaðsmat í té. Það var gert. Fjmrn. sendi Ríkisendurskoðun bréf þar sem tilgreint var að Sigurður B. Stefánsson — og ég veit að ég þarf ekki að lýsa fyrir þingmönnum þeirri stöðu sem hann hefur og hvers álits hann nýtur á íslenskum verðbréfamarkaði — hefði látið þetta mat í té og það sem meira væri, hann væri reiðubúinn að ræða við Ríkisendurskoðun um matið og gera Ríkisendurskoðun grein fyrir matinu.

Í seinni skýrslu sinni víkur Ríkisendurskoðun að þessu með þeim hætti að gera lítið úr þessu svari fjmrh. en dregur fjöður yfir þá staðreynd að Ríkisendurskoðun óskaði aldrei eftir þessum viðræðum við Sigurð B. Stefánsson. Hún óskaði aldrei eftir því að kynna sér þetta mat og fá fram þau gögn í málinu.

Fjmrn. fékk óháðan sérfræðing, Ólaf Nilsson, til þess að vera faglegur ráðgjafi fjmrn. við þessa sölu og það var það verðmæti sem Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi, lagði á hlutabréfin í Þormóði ramma og lagði á eignir þeirra tveggja fyrirtækja sem runnu saman í Þormóð ramma sem lagt var til grundvallar. Hver er Ólafur Nilsson? Hann rekur eitt öflugasta endurskoðendafyrirtæki á Íslandi og hann var skattrannsóknarstjóri íslenska ríkisins 1967–1976, byggði upp embætti skattrannsóknarstjóra við góðan orðstír. Ég vil aðeins segja um það, en kem nánar að því síðar, að menn einfaldlega yppa ekki öxlum yfir faglegu mati sem maður eins og Ólafur Nilsson leggur formlega fram í sérstakri skýrslu miðað við þá hæfni sem hann hefur, miðað við starfsferil hans og það álit sem hann nýtur í röðum endurskoðenda í landinu.

Ríkisendurskoðun hefur hvorki svarað mjög ítarlega þeim athugasemdum sem Ólafur Nilsson hefur sett fram né heldur hefur hún kosið að ræða við Sigurð B. Stefánsson um hans mat. Í máli af þessu tagi er þó nauðsynlegt að hafa þau vinnubrögð að menn leiti af sér allan grun og ræði við alla þá faglegu aðila sem að málinu koma.

Virðulegi forseti. Þetta voru nokkur almenn atriði sem ég vildi nefna hér í upphafi til þess að gera Alþingi grein fyrir því hvers vegna ég kýs að óska eftir þessari umræðu hér. Ég vil áður en ég kem nánar að skýrslum Ríkisendurskoðunar gera aðeins grein fyrir sögu Þormóðs ramma og meðferð sölunnar svo að allir þeir þættir málsins komi hér fram.

Siglufjörður hefur löngum átt við mikla erfiðleika að etja í atvinnulífi og það þarf ekki að rekja þá erfiðleika hér. Þegar síldin hvarf þá brást ein meginforsendan undir blómlegu atvinnulífi Siglufjarðar. Síðan hefur það verið erfitt viðfangsefni í rúma tvo áratugi að tryggja atvinnulíf á Siglufirði. Fjölmargar ríkisstjórnir, fjölmargir ráðherrar og þingmenn hafa komið að því verki og fyrir tæpum 20 árum síðan var ákveðið að fara þá leið að ríkið gerðist umsvifamikill aðili í atvinnurekstri á Siglufirði. Fyrirtækið Þormóður rammi var stofnað, Síldarverksmiðjur ríkisins voru tengdar inn í það fyrirtæki og í upphafi var ætlunin að um blandaða eignaraðild væri að ræða. Því miður hefur rekstur þessa fyrirtækis í gegnum tíðina verið slíkum erfiðleikum háður að fyrir rúmu ári síðan var svo komið að ríkið hafði eignast 98% í Þormóði ramma. Fyrirtæki sem upphaflega átti að vera í blandaðri eignaraðild heimamanna og ríkisins var vegna marghátta erfiðleika og skuldasöfnunar í rekstri orðið nær 100% ríkisfyrirtæki. Það var líka ljóst að ef tryggja átti áframhaldandi starfsemi fyrirtækisins varð að grípa til sérstakra aðgerða og Alþingi veitti fyrir rúmu ári síðan heimild til þess að settir væru sérstakir fjármunir inn í fyrirtækið til að tryggja áframhaldandi rekstur þess.

Þormóður rammi var því á árinu 1988 mjög illa á sig kominn. Fyrirtækið var orðið mjög skuldugt. Gengisþróun hafði reynst því mjög óhagstæð. Þróun í sjávarútvegi hafði einnig reynst því mjög óhagstæð og það blasti við ef ekkert væri að gert að rekstur fyrirtækisins mundi stöðvast. Þess vegna var nýtt heimild í ársbyrjun 1990 til að skuldbreyta stórum hluta þeirra skulda fyrirtækisins við ríkissjóð, um það bil 380 millj. kr. Erfiðleikar fyrirtækisins voru líka sérstakir vegna þess að togarar þess voru orðnir mjög gamlir og á næstu árum var ljóst að ef rekstur fyrirtækisins átti að vera tryggður yrði að endurnýja skipastól fyrirtækisins með einum eða öðrum hætti.

Stjórn fyrirtækisins fór á fyrri hluta árs 1990 vandlega yfir stöðu fyrirtækisins og gerði fjmrh. grein fyrir því að vandi fyrirtækisins væri mikill í framtíðinni og nauðsynlegt væri að huga sérstaklega að því hvernig ætti að tryggja rekstur fyrirtækisins á Siglufirði, m.a. vegna þess að það væri lykilaðili í atvinnulífinu á staðnum.

Leiðir sjávarútvegsfyrirtækja til að auka eigið fé eru ekki mjög margar og við vitum að sjávarútvegurinn á Íslandi hefur á undanförnum árum í heild sinni verið of skuldsettur og þess vegna mikið vandamál að taka á því. Hafa stjórnvöld á undanförnum tveimur til þremur árum gripið til margvíslegra aðgerða í þeim efnum.

Það var í kjölfarið á þessari umfjöllun stjórnar fyrirtækisins sem Sigurður B. Stefánsson, framkvæmda-

stjóri verðbréfaþings Íslandsbanka, var beðinn að meta verðmæti eignar ríkisins í þessu fyrirtæki eftir þeim sömu mælikvörðum og verðmæti þekktra útgerðarfyrirtækja, sem hér eru á hlutabréfamarkaði, eins og Granda, eins og Útgerðarfélags Akureyringa, eins og Skagstrendings og ýmissa annarra útgerðarfyrirtækja á almennum markaði, eru metin. Könnun hans leiddi í ljós, eins og ég hef áður greint, að það var hans álit að fyrirtækið væri ekki tækt á verðbréfamarkað, rekstur fyrirtækisins mundi ekki standa undir skuldum, það væri ekki gjaldgengt og hlutabréfin af þeim sökum verðlaus á markaðnum. Til þess að fyrirtækið yrði tækt á almennan hlutafjármarkað yrði að minnka skuldir og auka eigið fé.

Í framhaldi af þessu mati átti ég fund 4. sept. á Siglufirði með bæjarstjórn Siglufjarðar. Á þeim fundi var einnig formaður verkalýðsfélagsins. Á þessum fundi var farið yfir stöðu Þormóðs ramma. Það var bent á hve erfiðlega hefði á undanförnum árum gengið að treysta rekstrargrundvöll fyrirtækisins, að ólíklegt væri að Alþingi væri reiðubúið á ný að dæla hundruðum milljóna kr. af almannafé inn í fyrirtækið og þar að auki væri löggjöfin í landinu með þeim hætti að fjmrh., hver svo sem hann væri, gæti kosið að selja hlutabréfin á almennum markaði og þar með talið kvótann burt úr bænum og leggja atvinnulíf Siglufjarðar í rúst. Á þessum fundi var ákveðið að það yrði kannað á næstu vikum og mánuðum hvort grundvöllur væri fyrir því að breyta eignarhaldi í fyrirtækinu í því skyni að treysta undirstöður atvinnulífsins á Siglufirði.

Þann 17. nóv. átti ég annan fund með bæjarstjórn Siglufjarðar og á þeim fundi kom fram skýr vilji allra þeirra bæjarfulltrúa sem tjáðu sig um málið, sem voru bæjarfulltrúar þriggja stjórnmálaflokka, að nauðsynlegt væri að kanna breytingar á eignarhaldi fyrirtækisins en þó þannig að það væri algjörlega bundið við fyrirtæki og einstaklinga á Siglufirði hverjir gætu orðið eigendur að hlutabréfunum í fyrirtækinu. Þar með yrði tryggt að fyrirtækið færi ekki burt úr bænum og komið á þeirri skipan líkt og í flestum öðrum bæjarfélögum að atvinnulífið væri í höndum heimamanna. Það er rétt að vekja athygli þingheims á því að í kjölfarið á þessum fundi, sameiginlegum fundi fjmrh. og bæjarstjórnar á Siglufirði, var gefin út sameiginleg fréttatilkynning bæjarstjórnar og fjmrh. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra átti í dag fund með bæjarstjórn Siglufjarðar. Fundinn sátu einnig aðstoðarmaður ráðherra og stjórnarformaður Þormóðs ramma. Fjmrh. kynnti hugmyndir um að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum á Siglufirði að kaupa hlutabréf ríkissjóðs í Þormóði ramma að einhverju eða öllu leyti. Grundvöllur slíkra viðræðna um eignarform fyrirtækisins væri að tryggja framtíð atvinnulífs á Siglufirði.

Á fundinum fóru fram ítarlegar og gagnlegar umræður um þessar hugmyndir. Stjórnarformaður Þormóðs ramma hf. og aðstoðarmaður fjmrh. munu á næstu vikum annast viðræður við fyrirtæki og einstaklinga á Siglufirði um þessi mál."

Tveimur dögum síðar eða 19. nóv. setti ég fram þá ósk við 1. þm. kjördæmisins, hv. þm. Pál Pétursson, að ég vildi þá strax fá fund með þingmönnum kjördæmisins til að kynna þeim þessi áform. Á fyrsta virka degi eftir þennan sameiginlega fund bæjarstjórnar og fjmrh. var sett fram formleg ósk við 1. þm. kjördæmisins. Ég harma það að hann kom því ekki í verk að efna til þess fundar þegar eftir honum var óskað og kom því reyndar ekki í verk að efna til þess fundar fyrr en í byrjun desember þegar ég hafði beðið í hálfan mánuð eftir þessum fundi. Þá loksins þegar aðstoðarmaður fjmrh. hafði gengið á fund 1. þm. kjördæmisins til þess að gera honum grein fyrir þróun mála og ítreka enn á ný óskina um það að eiga fund með þingmönnum kjördæmisins um málið.

Það er sérkennilegt að þessi ágæti þingmaður, sem hefur haft mjög stór orð um verk fjmrh. í þessu máli, hefur kosið að þegja algjörlega um það að hann dró það í hálfan mánuð að verða við ósk fjmrh. um að hann gæti rætt við alla þingmenn kjördæmisins um málið og það var þá fyrst þegar aðstoðarmaður minn hafði enn á ný ítrekað þessa beiðni sem af slíkum fundi varð.

Það var þess vegna alveg ljóst að það var eindregin ætlun mín að láta þingmenn kjördæmisins fylgjast með þessu máli frá upphafi eins og ég lét bæjarstjórn Siglufjarðar fylgjast með þessu máli frá upphafi. Og ég bið menn að bera þau vinnubrögð saman við þau vinnubrögð þegar hæstv. þáv. fjmrh., Albert Guðmundsson, bauð til sölu fjölmörg hlutabréf ríkisins, m.a. í Þormóði ramma, án þess að ræða við bæjarstjórnina nokkru sinni, án þess að ræða við þingmenn kjördæmisins nokkru sinni. En það er auðvitað lykilatriði þegar ráðherra óskar eftir því að eiga fund með þingmönnum kjördæmisins að fyrsti þingmaðurinn, sem ber ábyrgð á því að kalla fund saman, komi því í verk að hann sé haldinn, sérstaklega þegar sá hinn sami þingmaður kýs svo að hafa stór orð um meðferð málsins að því loknu.

Hinn 19. nóvember komu forsvarsmenn Drafnars og Egilssíldar til stjórnarformanns fyrirtækisins Þormóðs ramma og kynntu hugmynd sína um að kaupa allan hlut ríkisins á tilteknu verði. Þeim var síðan í vikunni á eftir tilkynnt að fjmrh. hefði tekið ákvörðun um að selja ekki allan hlut ríkisins, m.a. vegna þess að af hálfu heimamanna var það talið mikilvægt að ríkið væri áfram minnihlutaaðili í fyrirtækinu til þess að vera ákveðin trygging þegar fyrirtækið væri að færast alfarið frá ríkinu yfir í hendur heimamanna. Þann 4. desember tókst loks að koma á þeim fundi sem ég hafði óskað eftir 19. nóvember með þingmönnum kjördæmisins. Þar gerði ég þeim almenna grein fyrir málinu og jafnframt þeim sjónarmiðum mínum að það væri lykilatriði að það væru eingöngu Siglfirðingar sem hefðu aðgang að þessum kaupum. Á fundinum komu fram hugmyndir, m.a. frá þingmönnum, um að nauðsynlegt væri að þáttur í sölunni gæti verið almennt hlutafjárútboð þannig að þeir á Siglufirði sem vildu gætu gerst eigendur í fyrirtækinu. Jafnframt var rætt um nauðsyn þess að tryggja kannski í leiðinni hagræðingu í sjávarútvegi á Siglufirði til þess að tryggja

rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækjanna í bænum.

Næstu daga voru síðan haldnir fundir með forráðamönnum Drafnars og Egilssíldar. Tóku þátt í þeim fundum auk formanns stjórnar fyrirtækisins Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri, Hallgrímur Þorsteinsson endurskoðandi og Jóhann Antonsson, fulltrúi fjmrh. í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, sem á sínum tíma hafði haft kunnáttu á mati Atvinnutryggingarsjóðs á Þormóði ramma og ég mun koma að nánar á eftir. 8. des. átti ráðuneytisstjóri fjmrn. einnig fund með Ólafi Nilssyni til þess að fara rækilega yfir þær hugmyndir sem forráðamenn Drafnars og Egilssíldar höfðu sett fram og Ólafur Nilsson var beðinn um sérstaka skýrslu um málið. 11. des. skilar Ólafur Nilsson greinargerð þar sem hann metur verðmæti Þormóðs ramma og þau tvö fyrirtæki sem höfðu lagt fram tilboð og kynnt hugmyndir um sameiningu þessara þriggja fyrirtækja. 12. des. var gengið frá sérstöku minnisblaði til að kynna þingmönnum á fundi sem haldinn var 14. des. Þetta minnisblað var formlega lagt fram á fundinum 14. des. með þingmönnum kjördæmisins og þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Fjmrh. hefur nú ákveðið að ganga til viðræðna um sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma. Í væntanlegum viðræðum verður miðað við:

1. Kaupendur gefi bindandi yfirlýsingu um að þeim sé óheimilt að stuðla að því með sölu á skipum eða kvóta að minni afli verði verkaður hjá Þormóði ramma hf. heldur en á undanförnum árum.

2. Að farið verði blönduð leið, sem saman stendur af sölu hlutabréfa ríkissjóðs, almennu hlutafjárútboði og sameiningu fyrirtækja, sem leiði til aukinnar hagræðingar. Niðurstaðan verði dreifð eignaraðild að fyrirtækinu."

Í þessari greinargerð kom einnig fram að leitað hefði verið eftir sérfræðilegu mati hjá Hallgrími Þorsteinssyni, hjá Endurskoðunarmiðstöðinni N. Manscher, og hjá Ólafi Nilssyni. Í þessu minnisblaði kom einnig fram að gengið yrði til viðræðna við Drafnar og Egilssíld þar sem markmiðið væri að ríkissjóður seldi meiri hluta hlutabréfa sinna, að fyrirtækin þrjú yrðu sameinuð og eitt fyrirtæki, Þormóður rammi, stæði eftir og að lokinni sameiningunni yrði boðið út nýtt hlutafé sem allir einstaklingar og fyrirtæki á Siglufirði hefðu aðgang að að kaupa.

Það er athyglisvert að á þessum fundi þingmannanna kom ekki fram ein einasta athugasemd við þessa verklýsingu. Á fundinum 14. des. var þingmönnum kjördæmisins kynnt það að hafnar væru formlegar viðræður við Drafnar og Egilssíld um þessa sölu á grundvelli þessara skilmála og enginn þingmanna kjördæmisins gerði athugasemdir við að í þær viðræður væri farið. (Gripið fram í.) Þetta er ekki ósannindablaður, hv. þm. Pálmi Jónsson, heldur eru þetta staðreyndir málsins. Það getur vel verið að ýmsum þingmönnum kjördæmisins finnist erfitt að hlusta á staðreyndir málsins raktar hér vegna þess að þingmenn kjördæmisins höfðu heilan mánuð frá því að fyrst var óskað eftir fundi til að ræða við þá um málið til þess að koma að því þar til salan var gerð. Og hefðu þingmenn kjördæmisins undir forustu Páls Péturssonar verið sérstakir áhugamenn um að koma að málinu þá hefðu þeir ekki látið það dragast með þessum hætti.

Síðar þennan sama dag, 14. des., barst í ráðuneytið boð um viðræður í nafni bókhaldsskrifstofu Axels Axelssonar. Þótt formlega væru hafnar viðræður við aðra aðila var engu að síður ákveðið að efna til viðræðna við bókhaldsskrifstofu Axels Axelssonar til þess að kanna rækilega hvað þeir hefðu fram að færa. Þeim var gefinn kostur á því, þrátt fyrir það að viðræður væru hafnar við annan aðila, að koma með tilboð. Því miður var það þannig að á bak við þær tölur sem þeir komu með voru meira góð áform heldur en fjármálalegar tryggingar eða föst framlög inn í reksturinn. Satt að segja var haldið áfram dagana á eftir að láta á það reyna hvort þessi nýi aðili gæti reitt fram frekari hugmyndir um fjármögnun á kaupunum, tryggingarverð og annað. Því miður varð það ekki þannig. Það var því ljóst að það tilboð sem Drafnar og Egilssíld settu fram fólu í sér betri tryggingar, hærri upphæðir og öruggari viðskipti fyrir ríkissjóð heldur en hitt tilboðið.

Í sjálfu sér ætla ég ekki hér að gera að umtalsefni samninginn sjálfan. Hann liggur fyrir í þeim gögnum sem þingmenn hafa undir höndum. Það er ljóst að um ákveðna greiðslu í upphafi var strax að ræða. Það er ljóst að dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna gengst í ábyrgð fyrir verulegan hluta eftirstöðvanna og það er líka ljóst að eigendur Drafnars og Egilssíldar voru að leggja vel stæð fyrirtæki sín inn í nýtt fyrirtæki með Þormóði ramma, sem um áraraðir hafði verið erfitt í rekstri og safnað miklum skuldum. Og það er athyglisvert, sem sumir hafa sagt, að í raun og veru væri merkilegt að eigendur Drafnars og Egilssíldar, þessara einkafyrirtækja, væru reiðubúnir að taka áhættu sem í því felst að leggja fyrirtæki með langa sögu og trausta rekstrarstöðu inn í þennan áhætturekstur. Og það er sérstaklega merkilegt þegar ýmsir talsmenn einkaframtaksins hér í salnum eru að gagnrýna slíkt.

Hv. þm. Páll Pétursson hefur sérstaklega fundið það út af Derrick-hæfni sinni að þeir sem hafi keypt þetta fyrirtæki, eigendur Egilssíldar og Drafnars, séu flokksmenn mínir og ég hafi verið að selja pólitískum gæðingum mínum, og gott ef hann nefndi ekki einhvers staðar einhverjum Birtingarmönnum, þetta fyrirtæki. Því miður er það þannig að engir af eigendum Drafnars og Egilssíldar eru flokksbundnir alþýðubandalagsmenn og hef ég þó skoðað flokksskrána nokkuð mörg ár aftur í tímann. Ég veit ekki hvers konar pólitísk rannsókn hefur farið fram á Siglufirði en mér er sagt af kunnugum að obbinn af þeim sem fyrirtækið keyptu séu góðir og gegnir sjálfstæðismenn og kratar í bænum. Enginn þeirra hefur verið í forustusveit Alþb. á Siglufirði, ekki nokkur. Það er að vísu rétt að tveir eða þrír úr þessum hópi áttu aðild að blönduðum lista sem Alþb. studdi í bæjarstjórnarkosningum á Siglufirði sl. vor. Það voru ýmsir sem stóðu að þeim lista, alþýðuflokksmenn, óflokksbundnir menn, eins og gerist í bæjarstjórnarkosningum fram og aftur um landið, vítt og breitt. En að fara að búa til úr því þá sagnfræði að ég

hafi verið að selja flokksgæðingum mínum Þormóð ramma á Siglufirði er bara fullkomlega út í hött, hv. þm. Páll Pétursson. Og vondur er nú málstaðurinn ef þarf að grípa til þessara raka. Þá er orðið fátt um góð rök í búinu á Höllustöðum þegar rógurinn úr Húnavatnssýslu er það eina sem menn hafa fram að færa.

Staðreyndin er sú að þeir tveir höfðingsmenn sem hafa byggt upp þessi fyrirtæki, Drafnar og Egilssíld, voru mér svo ókunnir að ég þekkti þá ekki í sjón þegar ég hitti þá sama daginn og undir samninginn var skrifað og hafði aldrei hitt þá fyrr á ævinni. Þess vegna skulið þið nú bara gleyma þessum kafla í málinu sem eru dylgjur hv. þm. Páls Péturssonar um að það hafi verið einhver flokkspólitísk sjónarmið í þessari sölu. Málið er satt að segja af allt öðru tagi en að það eigi að fara að draga það inn á það plan.

Þegar ákveðið hafði verið að selja meiri hluta hlutabréfanna með þeim hætti sem ég hef lýst, þá óskuðu fjórir þingmenn eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Í sjálfu sér er ekkert við það að athuga að þingmenn óski eftir slíkum skýrslum. En hitt er ljóst að Ríkisendurskoðun er sérstakur vandi á höndum þegar þeir þingmenn sem óskað hafa eftir skýrslunni hafa dæmt málið fyrir fram. Því það var auðvitað alveg ljóst að hv. þm. Pálmi Jónsson og Páll Pétursson voru búnir að dæma málið fyrir fram í fjölmiðlum. Þeir voru búnir að komast að þeirri niðurstöðu að fjmrh. hefði gefið fyrirtækið. Og Ríkisendurskoðun var þess vegna sett í þá stöðu að annaðhvort úrskurðaði hún þannig að þingmennirnir tveir gætu sagt: Við höfum lög að mæla, eða hún úrskurðaði þannig að það sem þingmennirnir höfðu sagt væri ekki rétt.

Hvað gerir Ríkisendurskoðun í sinni skýrslu? Hún skilar einni tölu. Hún segir: Þormóður rammi er virði 250–300 millj. kr., klippt og skorið, ákveðið ein tala. Ekkert annað mat kemur til greina, engin önnur röð af forsendum, engar aðrar flækjur, engin markaðsviðmiðun, engin greinargerð fyrir því að ef þessi forsenda er valin þá er niðurstaðan svona og ef önnur forsenda er valin þá er niðurstaðan hinsegin. Ef valin er 15% arðsemi er allt önnur niðurstaða. Ef valin er 12% arðsemi er allt önnur niðurstaða. Nei, það er bara valin 10% arðsemi. Er rökstutt af hverju er valin 10% arðsemi? Nei. Síðan er valin framlegðin 14,2 úr meðaltalsskýrslu Þjóðhagsstofnunar. Er gefin framlegð sl. þriggja ára hjá þessu fyrirtæki sem verið er að selja? Nei. Það var ekki verið að selja eitthvert meðalfyrirtæki. Það var verið að selja tiltekið fyrirtæki, Þormóð ramma. Og það liggur alveg fyrir hver var meðalframlegð þess fyrirtækis sl. þrjú ár. Og bara 1% breyting á framlegðinni með allar aðrar tölur Ríkisendurskoðunar eins gerir það að verkum að fyrirtækið var metið í sölunni á hærra virði en slíkt mat hefði leitt af sér. Hvað þá heldur ef arðsemistölunni er svo breytt líka. Ef arðsemistölunni er breytt miðað við það sem margir sérfræðingar telja, og ég mun koma að hér á eftir, var fyrirtækið við söluna selt á margfeldi af því sem er raunvirði fyrirtækisins. Eða með öðrum orðum, það eru skýr efnisleg og fagleg rök fyrir því að Þormóður rammi hafi í reynd verið seldur á yfirverði miðað við eðlilegar forsendur í matinu, bæði framlegðarforsendur og arðsemisforsendur.

Ég hef óskað eftir því, virðulegur forseti, að hér sé dreift á borð þingmanna kafla úr ræðu minni. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hæstv. ráðherra um að ræðupartinum verður dreift þegar hæstv. ráðherra hefur lokið *máli sínu.*) *Ég þakka fyrir það. Ég hefði að vísu kosið* að hv. þm. gætu betur fylgt mér og tölunum með því að hafa textann fyrir framan sig, sérstaklega vegna þess að í þessari dreifingu fylgir með sérblað þar sem mismuninum á þessum þáttum er lýst mjög greinilega. Þar fylgir einnig ljósrit úr tímaritinu Vísbendingu þar sem arðsemi hlutafélaga af þessu tagi er metin. En látum það vera þó því sé dreift á eftir.

Ég mun nú fara nokkuð í gegnum þessar tölulegu forsendur og þetta mat Ríkisendurskoðunar. Eins og ég gat um áðan þá leggur Ríkisendurskoðun það mat á fyrirtækið, klippt og skorið, að verðmæti þess sé á bilinu 250–300 millj. kr. Mat á hlutabréfum í félögum sem ætlað er að starfa áfram er mjög flókið atriði, sérstaklega þegar fyrirtækin hyggjast auka hlutafé sitt með þátttöku almennings. Slíkt mat er afar sérhæft verkefni og hefur sérþekking til slíkra viðfangsefna verið að myndast hér á landi á allra síðustu árum, sérstaklega með tilkomu hlutabréfamarkaða. Það er ósköp eðlilegt að varpað sé fram þeirri spurningu: Var Ríkisendurskoðun þannig mönnuð, vegna þess að henni var í upphafi og er samkvæmt lögum ætlað allt annað hlutverk, að innan hennar vébanda séu starfsmenn með faglega hæfni til þess að annast þetta sérhæfða mat? Ég varpa fram þeirri spurningu því það er nauðsynlegt að forsetar þingsins og þingið gangi úr skugga um það *þegar stofnunin tekur að sér verkefni af þessu tagi.*

Margar viðurkenndar aðferðir eru til við mat á hlutabréfum félaga í áframhaldandi rekstri. Flestar þessara aðferða fela í sér fræðilega umfjöllun þess hvernig nálgast má líklegt söluverð hlutabréfa. Það er þess vegna mikill misskilningur sem Ríkisendurskoðun gefur til kynna í sinni skýrslu að það sé í raun og veru bara ein og klár aðferð sem skilar afdráttarlausri tölu sem kemur til greina við slíkt mat.

Flestar aðferðirnar byggja á því að vega saman nokkra þætti í rekstri og fjárhagsstöðu fyrirtækja, bæði vegna liðins tíma og áætlunar um framtíð. Þetta samspil liðins tíma og framtíðar er mjög flókið atriði í slíku mati en aðferðirnar sem beitt er eru þekktar víða um lönd og hafa einnig verið notaðar hér á landi. Þær leiða oft til mismunandi niðurstöðu og ekki er fræðilega hægt að halda því fram að ein niðurstaðan sé rétt en aðrar rangar vegna þess að aðferðirnar, sem allar eru fræðilega jafngildar, eru mismunandi. Það er auðvitað mjög vafasamt fyrir Ríkisendurskoðun að dylja þessa fræðilegu óvissu og þennan flókna, faglega veruleika *í sinni skýrslu með því að nánast á einni* blaðsíðu er bara náð fram einni tölu og látið eins og ekkert annað komi til álita. Fyrir svo utan það að kjarni allra slíkra viðskipta með hlutabréf er auðvitað sá að það mat sem reynist næst því verði sem kaupandi og seljandi semja um sín á milli er auðvitað það mat sem næst er raunveruleikanum.

Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að verðmætin séu 300 millj. kr. Ef enginn á Siglufirði hefði verið reiðubúinn til þess að gefa 300 millj. kr. fyrir fyrirtækið, eða með öðrum orðum að markaðurinn mat það ekki á 300 millj., ætlar Alþingi að hafa þá afstöðu að 300 millj. kr. sé hið rétta mat en markaðurinn hafi rangt fyrir sér og þar af leiðandi eigi fyrirtækið að vera áfram í eign ríkisins vegna þess að embættismennirnir hjá Ríkisendurskoðun hafi réttara mat á markaðsgildi hlutabréfanna en markaðurinn sjálfur? Hvert eru menn þá komnir í afstöðu sinni ef viðhorfin eru byggð upp með þeim hætti?

Mat Ríkisendurskoðunar er að áliti þeirra sérfræðinga sem við höfum leitað til allt of einhæft og bundið við ótraustar forsendur til þess að geta talist faglega unnið. Ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að það eru stór orð. En ég mun leitast við að rökstyðja þau nánar hér á eftir og bið forseta og þingheim forláts ef það tekur nokkurn tíma. En það er nauðsynlegt vegna þess að málið er mikilvægt og þetta er í fyrsta sinn sem slíkt kemur til umfjöllunar hér á Alþingi.

Í upphafi er gert grein fyrir helstu eignum félagsins í skýrslunni sem taldar eru vera þrír togarar með aflakvóta 3050 þorskígildi, frystihús, áhöld, tæki og fleira. Síðan eru eignirnar metnar á markaðsverði. Aflakvóti skipanna er metinn á 609 millj. kr. Skipin eru metin á 157 millj. kr., markaðsverð frystihúsa og annarra eigna er áætlað 200 millj. kr. Nettóvirði eigna er talið 575 millj. kr. Þá er þess getið að félagið eigi ónýttan skattalegan tapfrádrátt að fjárhæð 1106,2 millj. kr. miðað við árslok 1989. Sumir telja eflaust að unnt hefði verið að selja hið skattalega tap félagsins sem safnast hefur upp á mörgum árum vegna stöðugs taprekstur. Það hefði hins vegar jafnast að verulegu leyti með miklum söluhagnaði eigna ef eignirnar hefðu verið seldar á því verði sem hér hefur verið áætlað af Ríkisendurskoðun. Menn geta ekki gert hvort tveggja, haldið því fram að hægt hefði verið að selja tapið og ætla sér að meta eignirnar með þessum hætti, en í það er látið skína í skýrslunni til þess að gefa til kynna með óljósum og almennum hætti að þarna hafi verið tapfrádráttur sem hefði mátt selja vegna skattaástæðna, þarna væri frystihús, þarna væru skip og þarna væri kvóti. Það vekur hins vegar þá spurningu hver er tilgangurinn með þessu mati því það hefur bókstaflega ekkert með söluverð fyrirtækisins að gera.

Í seinni skýrslunni svarar Ríkisendurskoðun því að þetta hafi verið gert til fróðleiks. Það vantar bara að segja að þetta hafi verið gert til gamans. En það er auðvitað gert til þess að varpa fram í umræðunni tölum sem ýmsir grípa í fljótræði, eins og hv. þm. Pálmi Jónsson þegar hann í sjónvarpsviðtali gerði allt úr því hvað kvótinn væri mikils virði og þarna hefði verið eign sem hefði verið hægt að selja, þó allir viti að skilyrðið var að fyrirtækið væri áfram á Siglufirði. Og ef kvótinn hefði verið seldur burt frá Siglufirði væru skipin verðlaus, frystihúsið verðlaust því hver kaupir 20 ára gamla togara sem hafa engan kvóta og hver kaupir frystihús sem ekki hefur neinn kvóta eða nein skip? Það er auðvitað ekki hægt að reikna allt upp í topp, skipin, frystihúsið, kvótann og tapfrádráttinn í skottunum. Þetta vekur auðvitað upp spurningar. Hvers vegna er í skýrslu Ríkisendurskoðunar verið að leiða slíkt fram? Hver er tilgangurinn? Og þegar fjmrn. gerir athugasemdir við það í bréfi til forseta þingsins, þá kemur svarið: Það er gert til fróðleiks.

Sú matsaðferð sem Ríkisendurskoðun miðar niðurstöður sínar við er í skýrslunni nefnd tekjuvirðismat. Og hefst frásögnin á því að segja: „Við mat á tekjuvirði þarf að gefa sér ýmsar forsendur um reksturinn í framtíðinni.“ Hins vegar er engin umræða í skýrslunni um það hvort það eigi frekar að gefa sér þessar forsendur eða hinar forsendurnar, engin umræða í skýrslunni um hvaða forsendur koma til greina og hvers vegna Ríkisendurskoðun velur svo þær sem hún á endanum valdi og eru grundvöllur þess að fá út 300 millj. kr., sérstaklega þegar bara 1% munur í forsendum gerir gæfumuninn. Ekkert slíkt. Heldur er dæmið sett upp á tæpri síðu, heildartekjur 1 milljarður 20 millj. kr., framlegð 14,2%, meðaltal 145 millj. kr., afskriftir 62 millj. kr., vextir langtímalána 44 millj. kr., vextir afurðalána 9 millj. kr., nettóframlegð 30 millj. kr. Miðað við að fyrirtækið væri selt fyrir 300 millj. kr. gæfi það eigendum samkvæmt framansögðu 10% arð af söluverðmæti. Ekki orð meir um þær faglegu forsendur sem liggja þarna á bak við. En við skulum aðeins fara yfir þær. Þær eru kjarni málsins. Þær varpa skýru ljósi á það hvernig hér er unnið.

Ríkisendurskoðun gerir ráð fyrir því að hagnaður verði á fyrirtækinu um alla ókomna framtíð. Ríkisendurskoðun gefur sér það að áhættan við að standa í því að reka útgerðarfyrirtækið Þormóð ramma og fiskverkunarfyrirtækið Þormóð ramma sé ekki meiri en svo að ekki sé ástæða til að reikna með hærri arðsemiskröfu en 10% eða, og ég bið hv. þm. að athuga þetta vel, eða lægri ávöxtun en unnt er að fá með kaupum á fasteignatryggðum skuldabréfum. Og ég spyr: Hvaða heilvita manni í sjávarútvegi á Íslandi dettur í hug að reikna með lægri ávöxtun í áhættusömum sjávarútvegsfyrirtækjum en hægt er að fá með því að kaupa fasteignatryggð skuldabréf á almennum markaði?

Það eru fleiri þættir sem orka tvímælis í þessari framsetningu. Við skulum víkja aðeins að framlegðinni. Framlegðin er í þessu sambandi í skýrslu Ríkisendurskoðunar sú fjárhæð sem slíkur rekstur skilar til afskrifta af rekstrarfjármunum og til vaxta af fjármagni. Það eru heildartekjur að frádregnum öllum rekstrargjöldum öðrum en afskriftum og vöxtum. Ríkisendurskoðun hefur áætlað framlegðarhlutfallið um 14,2% af heildartekjum og segir: „Við ákvörðun á því hvað leggja skyldi til grundvallar mati á framlegð var litið til reynslu fyrirtækisins á undanförnum árum, áætlaðrar rekstrarniðurstöðu á árinu 1990 auk þess sem tekið var tillit til þeirra breytinga á rekstri fyrirtækisins sem fyrirsjáanlegar eru, svo og á almennum rekstrarskilyrðum fyrirtækis í þessari atvinnugrein.“ Þetta er rökstuðningurinn, eini rökstuðningurinn í skýrslunni. Og hann er því miður ekki byggður á traustum grunni. Reynsla Þormóðs ramma er sú að á síðustu fjórum árum hefur það aðeins einu sinni náð þeirri framlegð

sem reiknað er með hjá Ríkisendurskoðun og það var á árinu 1986. Meðaltal síðustu þriggja ára var 12,6%. Áætlun um rekstrarniðurstöðu ársins 1990 liggur ekki fyrir. Hins vegar er ljóst að fiskverð hefur hækkað meira á erlendum mörkuðum á síðasta ári en dæmi eru til um um áraraðir eins og hv. þm. er kunnugt. Ljóst er að slík verðhækkun getur varla haldið áfram og því óvarlegt að reikna með ástandinu 1990 sem dæmigerðu um alla framtíð. En það er það sem Ríkisendurskoðun gerir í sinni skýrslu.

Framlegðin í þessu eina dæmi, sem Ríkisendurskoðun byggir mat sitt á, ræður úrslitum, eins og ég hef sagt, um niðurstöðu matsins. Matið yrði 140 millj. kr. en ekki 300 millj. kr. að verðmæti eftir nákvæmlega sömu aðferð og Ríkisendurskoðun notar um aðra þætti ef miðað er við meðaltalsframlegð síðustu þriggja ára í staðinn fyrir þennan eina punkt sem Ríkisendurskoðun setur fram í sinni skýrslu. Og ég spyr hv. þm.: Hefði ekki verið faglegra að setja upp í skýrslunni a.m.k. tvo dálka og segja: Í þessum dálki er framlegðin á einum tímapunkti 14,2%, í þessum dálki er meðaltalsframlegð sl. þriggja ára hjá fyrirtækinu og kannski þriðja dálkinum framlegð sl. tíu ára eða fimm ára svo að menn sæju mismunandi forsendur? Það er ekki gert. Mönnum er ekki gefinn kostur á því að sjá matið út frá raunverulegum forsendum í fortíðinni, heldur bara tekinn einn tímapunktur og sagt: Öll framtíðin verður eins og þessi eini tímapunktur. Hvers konar fagleg vinnubrögð eru það eiginlega í flóknu mati af þessu tagi? Það þarf ekki mikla kunnáttu í endurskoðunarfræðum til að átta sig á því að ef á að gefa sér forsendur af þessu tagi koma margar til greina. Það er hægt að velja einn tímapunkt. Síðan er hægt að taka sögulegt meðaltal yfir eitthvert árabil o.s.frv.

Áætlun um framtíðina hlýtur þar að auki að taka mið af reynslu fortíðarinnar, ekki bara á einum tímapunkti heldur a.m.k. nokkur ár aftur í tímann. Ég hefði talið eðlilegt að Ríkisendurskoðun hefði í sínu mati gefið nokkra valkosti eftir því hvaða tímaforsendur eru valdar varðandi framleiðslu. Það var ekki gert, kannski vegna þess að ef raunveruleg framlegð Þormóðs ramma sl. þrjú ár hefði verið lögð til grundvallar hefði komið í ljós að fyrirtækið var selt á of háu verði, hærra en matið gaf til kynna.

Þá skulum við koma að ávöxtunarkröfunni. Sá þáttur er mjög fróðlegur. Þegar rætt er um arðsemi við mat á afkomu fyrirtækja á grundvelli upplýsinga sem koma fram í ársreikningum þeirra er oft reiknað út frá hlutfalli sem nefnist „arðsemi eigin fjár“ og hv. þm. er kunnugt. Hlutfallstalan er fundin með því að deila eigin fé í ársbyrjun í hagnað ársins eftir að fjárhæðir hafa verið færðar til sambærilegs verðlags. Við rökstuðning þess að velja 10% ávöxtunarkröfu við mat sitt á verðmæti eignarhlutar ríkisins í Þormóði ramma hf. vísar Ríkisendurskoðun eingöngu til þess að kannanir á arðsemi fyrirtækja hérlendis sýni að hún sé að meðaltali langt fyrir neðan 10%. Þessi rökstuðningur er byggður á misskilningi. Það eru ekki bara mín orð fyrir því heldur eru rök þeirra sérfróðu endurskoðenda og fagmanna á þessu sviði sem ég hef leitað til fyrir þessum grundvallarmisskilningi á hugtökum af hálfu Ríkisendurskoðunar eftirfarandi:

Þegar fjárfestir hyggur á fjárfestingu í fyrirtæki þarf hann að meta hvort telja megi að fjárfestingin verði ábatasöm miðað við aðra valkosti sem honum bjóðast til fjárfestingar. Hann verður að meta þá áhættu sem fjárfestingu í atvinnurekstri fylgir umfram fjárfestingu í tryggðum verðbréfum en mat á henni endurspeglast síðan í þeirri ávöxtunarkröfu sem hann gerir. Hlutfallsleg arðsemi eigin fjár hjá fyrirtækjum getur því samkvæmt framansögðu ekki verið haldbær rökstuðningur um val á ákveðinni ávöxtunarkröfu. Þar er verið að blanda saman tveimur ólíkum stærðum. Raunávöxtun spariskírteina ríkissjóðs og fasteignatryggðra skuldabréfa er á bilinu 6–12%. Áhrif áhættu á ávöxtunarkröfu verðbréfa sést ágætlega á því að raunávöxtun fasteignatryggðra skuldabréfa fyrirtækja er nú — og ég bið menn að taka eftir því — 10–12% og nokkru hærri þegar um einstaklinga er að ræða. Ávöxtunarkrafa við fjárfestingu í fyrirtæki þar sem áhætta er talin vera fremur lítil, þar sem fasteignaveð liggja að baki alls staðar, getur ekki verið undir 12%, samanber ávöxtunarkröfu fasteignatryggðra skuldabréfa fyrirtækis. Í fyrirtækjum með ætlaðri meðaláhættu getur ávöxtunarkrafan ekki verið undir 15% og í fyrirtækjum þar sem áhættan telst vera mikil getur hún ekki verið undir 20%. Og ég spyr hv. þm.: Eru sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi fyrirtæki þar sem áhætta er mikil, lítil eða nánast engin? Ríkisendurskoðun hefur gefið sér ávöxtunarforsendur þar sem miðað er við að arðsemisáhættan sé minni en í fasteignaverðtryggðum skuldabréfum.

Víða erlendis er ávöxtunarkrafan við mat á hlutabréfum 15–20% við fjárfestingar þar sem áhættan er talin undir meðallagi. Og menn geta velt því fyrir sér, af því að mikið er haft á orði að við eigum að samræma okkur alþjóðlegum aðferðum á fjármagnsmarkaði, hvort áhættan í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sé undir meðaltali eða ekki. Á erlendum mörkuðum er arðsemiskrafan sem á að gera þegar áhættan er yfir meðaltali talin 20–25%.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli hv. alþm. á grein í Vísbendingu eftir Stefán Halldórsson um ávöxtun hlutabréfa. Þar segir, með leyfi forseta:

„Áhætta hlutafélags ræðst m.a. af fjárhag þess, samkeppnisstöðu, hæfni stjórnenda og framtíðarhorfum í þeim greinum sem það stundar viðskipti í. Mat fjárfestis á áhættunni á að speglast í ávöxtunarkröfunni sem hann gerir. Á þróuðum erlendum hlutabréfamörkuðum hefur ávöxtunarkrafan“ — ég bið menn að hlusta vel eftir þessu — „gjarnan verið um 8% meiri en sú ávöxtun sem traustustu verðbréf gefa (ríkisskuldabréf og ríkisvíxlar). Ef þetta sama á við hér á landi, ætti meðalávöxtunarkrafa til hlutabréfa nú að vera um 15%. Ætla má að fyrir þau hlutafélög sem eru á íslenska markaðnum geti ávöxtunarkrafa því sveiflast frá 11–12% upp fyrir 20%.“

Það er því niðurstaða þeirra sérfræðinga sem meta ávöxtunarkröfuna í samræmi við alþjóðlega mælikvarða, í samræmi við reynsluna af íslenskum fyrirtækjum, í samræmi við áhættumatið sem eðlilegt er, að

í reynd hefði frekar átt að gera arðsemiskröfuna frá 12% og upp í yfir 20% en 10%. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því hvernig matið breytist. Ef menn gefa sér framlegð Þormóðs ramma sl. þrjú ár og 15% arðsemiskröfu, sem er þó í lægra lagi miðað við það sem þessir sérfræðingar telja að hefði mátt gera, jafnvel yfir 20%, hver er þá niðurstaðan? Ef miðað er við framlegðina 12,6% í staðinn fyrir 14,2% og 15% arðsemiskröfu er verðmætið 93 millj. kr. en ekki 300 millj. kr. en salan grundvallaðist á 150 millj. kr. verðmæti. Ef framlegðin er 11,7% og arðsemiskrafan 15% er verðmætið 27 millj. kr. eða innan við $^{1}/_{10}$ af því sem Ríkisendurskoðun segir að sé hið „absalúta" verð fyrirtækisins. Og hvert er verðmætið miðað við þá sömu arðsemiskröfu og Ríkisendurskoðun gerir, 10% arðsemiskröfuna, ef framlegðin er í átt við meðaltalsframlegð Þormóðs ramma, fyrirtækisins sjálfs? Ef miðað er við 12,6% framlegð og 10% arðsemiskröfu er verðmætið 140 millj. kr. en ekki 300 millj. kr., innan við helmingur. Og ef miðað er við 11,7% framlegð er verðmætið, jafnvel miðað við 10% arðsemiskröfuna, 40 millj. kr. en ekki 300 millj. kr. eða rétt rúmlega 10% af því sem Ríkisendurskoðun kemst að raun um.

Þetta ætti vonandi að sýna hv. þm. hve fáránlegt það er, fræðilega og faglega, að gefa út skýrslu með einni tölu um matið á Þormóði ramma án þess að tengja það við fræðilegt mat á eðlilegum arðsemiskröfum, án þess að tengja það við sögulegar staðreyndir um framlegð þessa tiltekna fyrirtækis og án þess að gefa þá valkosti sem hér eru nefndir. Eða með öðrum orðum, ef miðað er við framlegð Þormóðs ramma sjálfs sl. þrjú ár og jafnvel ef miðað er við arðsemiskröfuna sem Ríkisendurskoðun gerir, hvað þá heldur ef miðað er við arðsemiskröfuna sem Vísbending telur eðlilega og þeir sérfræðingar í endurskoðun fyrirtækja sem fjmrn. hefur leitað til telja eðlilega og ég rakti rökin fyrir því hér áðan, þá var fyrirtækið selt á margfeldi þess sem virði þess er samkvæmt þeim mælikvörðum. (**Gripið fram í:** Hvað má selja kvótann á?) Hv. þm. spyr að því hvað mætti selja kvótann á. Eins og ég gat um hér áðan var það grundvallarforsenda þess að í þessa sölu var farið eftir samkomulagi fjmrh. og bæjarstjórnar Siglufjarðar að frumskilyrðið væri það að kvótinn væri áfram í byggðarlaginu.

En það eru til fleiri mælikvarðar, hv. þm., sem líka varpa ljósi á þetta mat Ríkisendurskoðunar með því að bera sölugengi hlutabréfa Þormóðs ramma saman við sölugengi hlutabréfa hjá Granda hf., Skagstrendingi hf. og Útgerðarfélagi Akureyringa hf. En áður en ég kem að því vil ég ítreka að það sem ég lýsti hér áðan sem mati fræðimanna á meðhöndlun Ríkisendurskoðunar á ávöxtunarkröfunni og framlegðinni felur í sér það, eins og segir, með leyfi virðulegs forseta: „Rökstuðningur Ríkisendurskoðunar fyrir þeirri arðsemiskröfu sem stofnunin notar er byggður á grundvallarmisskilningi á hugtökum." — Grundvallarmisskilningi á hugtökum. Ruglað er saman hugtökum um innri arðsemi fyrirtækja, ávöxtunarkröfu fjárfesta í öruggum skuldabréfum eða öðrum verðmætum til tiltekins tíma og arðsemiskröfu við mat á fjárfestingu í hlutabréfum þar sem áhættuþátturinn skiptir verulegu máli. Áhættuþátturinn vegur misjafnlega mikið eftir því hve áhættusamur reksturinn er talinn vera þegar tekið er mið af fjárhagsstöðu félags, rekstrarumhverfi og fleiri þáttum. Tilvitnunin í reiknivexti Þjóðhagsstofnunar, sem er eina tilvitnunin í skýrslunni, þar sem notað er ákveðið innra vaxtahlutfall við afkomumælingar, á ekkert skylt við ávöxtunarkröfu sem almennt er gerð við mat á verðgildi hlutabréfa eins og hér hefur verið rakið. Þá er enn ótrúlegra að stofnunin skuli líkja ávöxtunarkröfu við kaup á hlutabréfum í áhætturekstri við ávöxtun á spariskírteinum ríkissjóðs. Það staðfestir aðeins að Ríkisendurskoðun er annaðhvort ekki með á nótunum eða hún hefur allt aðrar hugmyndir um áhættuna annars vegar í því að kaupa spariskírteini ríkissjóðs og hins vegar að reka sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi sem hafa skilað bullandi tapi á undanförnum árum.

Ríkisendurskoðun gerði í hvorugri skýrslunni neina tilraun til þess að líta á verðmæti hlutabréfanna í Þormóði ramma í samanburði við fyrirtæki sem eru á hlutabréfamarkaðinum, sem þó hefði verið eðlilegt vegna þess að þar hefur markaðurinn búið til sjálfstæðan mælikvarða um það hvers virði hlutabréfin í sjávarútvegsfyrirtækjunum eru. Og ætlum við ekki að búa í þjóðfélagi þar sem markaðssalan á hlutabréfunum er æðri dómur en einhverjir kontóristar? Ætlum við ekki að búa í frjálsu hagkerfi þar sem sala á hlutabréfum býr til markaðsverðið eða ætlum við að búa í hagkerfi þar sem ríkisstofnun segir: Markaðurinn hefur bara vitlaust fyrir sér? Er ekki slíkt hagkerfi að brotna niður í Sovétríkjunum? Ætlum við að fara að endurreisa það hér á Íslandi í nafni Ríkisendurskoðunar með því að hafa ríkisstimplað verðmæti á hlutabréfum sem er ekki í neinum takt við það sem markaðurinn segir að sé verðmæti hlutabréfanna? Ég hélt að menn ætluðu að vera hér á braut yfir í alþjóðlegt og eðlilegt, opið markaðskerfi þar sem sala á hlutabréfum í fyrirtækjum ræðst af markaðinum sjálfum og þar sem engir embættismenn, hvort sem þeir eru í fjmrn. eða Ríkisendurskoðun, setja sig í þann sess að vera æðri dómarar en markaðurinn sjálfur og markaðurinn hefur dæmt. Markaðurinn hefur nefnilega dæmt. (**Gripið fram í:** Markaðurinn á Siglufirði hefur dæmt.) Já, það er akkúrat hárrétt, hv. þm., markaðurinn á Siglufirði hefur dæmt, það er alveg hárrétt. Markaðurinn á Siglufirði dæmdi þannig að það komu engin tilboð frá Siglufirði um hærra verð. En markaðurinn almennt hefur nefnilega líka dæmt, hv. þm., og það er það sem ég ætla að gera grein fyrir. (**Gripið fram í:** Af hverju auglýstirðu ekki bréfin?) Þau voru auglýst með þeim hætti sem ég taldi eðlilegt og ég skal koma að hér á eftir, bæði með þeim hætti að bæjarstjórnin á Siglufirði og fjmrn. gáfu út opinberar tilkynningar um að hlutabréfin væru til sölu og það var hverju einasta mannsbarni á Siglufirði ljóst að hlutabréfin voru til sölu. Málið var rætt hér í þingsölum þar sem það kom skýrt fram. Og ef menn halda að einhver auglýsing í Morgunblaðinu eða öðrum slíkum fjölmiðli hefði komið þeirri vitneskju skýrar til Siglfirðinga en þegar var ljóst eftir sameiginlega tilkynningu bæjarstjórnar og

fjmrn. þá er það mikill misskilningur.

Hvernig er matið á hlutabréfunum í Þormóði ramma samanborið við Granda, Skagstrending og Útgerðarfélag Akureyringa? Hlutabréf í þessum félögum, og þetta eru öflug félög í sjávarútvegi, eru skráð á hlutabréfamarkaði. Skagstrendingur, Grandi og Útgerðarfélag Akureyringa. Tvö þau síðastnefndu, Grandi og Útgerðarfélag Akureyringa, hafa með höndum blandaðan rekstur í útgerð og vinnslu eins og Þormóður rammi. Skagstrendingur rekur útgerð. Við skulum skoða nokkrar stærðir um sölugengi og fjárhagsstöðu þessara félaga í samanburði við söluverð hlutabréfanna í Þormóði ramma og fjárhagsstöðu þess félags. Hlutfallið milli sölugengis og innra virðis hjá Granda er 1,41, hjá Skagstrendingi er það 0,78, hjá Útgerðarfélagi Akureyringa 1,18 og hjá Þormóði ramma 1,09. Þetta er mjög svipað hlutfall eins og markaðsverð þessara traustu útgerðarfyrirtækja var. Með öðrum orðum, fjmrh. tókst að selja hlutabréfin í Þormóði ramma með þeim hætti að matið sem á þau var lagt stenst helst samanburð við mat hins frjálsa markaðar á hlutabréfunum í þremur af sterkustu útgerðarfyrirtækjunum á landinu.

Með sölugengi á móti innra virði er átt við hlutfallið milli sölugengis allra hlutabréfa í viðkomandi félagi deilt með bókfærðu eigin fé. Sölugengi hlutabréfanna í Útgerðarfélagi Akureyringa er þannig 18% yfir bókfærðu eigin fé en söluverð hlutabréfa í Þormóði ramma var 9% yfir bókfærðu eigin fé.

Varðandi fyrst nefndu þrjú félögin eru upplýsingarnar um sölugengi og innra virði teknar úr Fréttabréfi Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, útgefnu í des. sl., en eiginfjárhlutfall er byggt á ársreikningum félaganna fyrir árið 1989. Þótt hlutfallið milli söluverðs hlutabréfa og innra virðis sé ekki algildur mælikvarði frekar en aðrir á eðlilegt söluverð, þá gefur þetta hlutfall ákveðnar vísbendingar. Það verður ekki annað séð, virðulegi forseti, en að þetta hlutfall hjá Þormóði ramma, reiknað miðað við söluverð hlutabréfanna, falli vel að sölugengi hlutabréfa annarra sambærilegra félaga þrátt fyrir, og ég legg áherslu á það, þrátt fyrir mun veikari eiginfjárstöðu.

En hvað er Ríkisendurskoðun þá að segja þegar hún segir að það hefði átt að vera tvisvar sinnum hærra hlutfall en hjá Granda, Útgerðarfélagi Akureyringa og Skagstrendingi? Annaðhvort er Ríkisendurskoðun að segja að Þormóður rammi, með alla sína sögu, allt sitt tap, alla sína veiku eiginfjárstöðu, sé miklu traustara fyrirtæki en Útgerðarfélag Akureyringa, Grandi eða Skagstrendingur, og ég veit að hv. þm. vita það allir að það er fáránlegt að halda slíku fram, eða þá að Ríkisendurskoðun er að halda því fram að markaðsverðið sem hefur verið búið til á frjálsum hlutabréfamarkaði á hlutabréfunum í Granda, í Útgerðarfélagi Akureyringa og Skagstrendingi, sé kolvitlaust eða markaðskerfið á Íslandi sé kolvitlaust og Ríkisendurskoðun hafi höndlað stærri sannleika á verðgildi markaðsbréfa fyrirtækja í sjávarútvegi en markaðurinn sjálfur. Og svo standa hér upp hugmyndafræðilegir aðdáendur markaðskerfisins og segja: Það er Ríkisendurskoðun sem hefur rétt fyrir sér, markaðurinn er vitlaus. Það er satt að segja alveg stórkostlegur málflutningur.

Þeir sem segja að það hafi átt að meta Þormóð ramma á 300 millj. kr. en ekki 150 millj. kr. eru að segja að það eignamat sem kaupendur og seljendur hlutabréfa í traustustu útgerðarfyrirtækjunum á Íslandi hafa lagt á þau hlutabréf á frjálsum markaði sé kolvitlaust og allt of lágt, eða með öðrum orðum að það sé verið að gefa hlutabréfin í Granda á almenna markaðinum, það sé verið að gefa hlutabréfin í Útgerðarfélagi Akureyringa og gefa hlutabréf í Skagstrendingi og þeir sem eru að selja þau viti ekki hvað þeir eru að gera og guð fyrirgefi þeim því þeir séu að tapa, þeir hafa ekki leitað til Ríkisendurskoðunar til þess að fá rétt verð.

Auðvitað er þetta ekki hægt. Auðvitað búum við í markaðskerfi þar sem markaðsverðið á hlutabréfunum er það eina rétta. Eða á að fara að búa til markaðskerfi þar sem þingmenn geta leitað til Ríkisendurskoðunar til að fá að vita hvert er verðmætið? Og ef markaðurinn hefur vitlaust fyrir sér þá á bara ekki að selja. En það er í Sovétríkjunum sem kerfið er að hrynja, þar sem ríkismatsmennirnir eru taldir hafa rétt fyrir sér en markaðurinn rangt.

Það er einmitt þess vegna, hv. þm. Geir Haarde, sem ég lagði fram í umræðunum þetta mat á Útgerðarfélagi Akureyringa, á Granda og á Skagstrendingi, vegna þess að salan á Þormóði ramma þolir nefnilega samanburð við sölu hlutabréfa á frjálsa markaðinum í traustustu útgerðarfélögum landsins þótt Þormóður rammi sé miklu veikara fyrirtæki. Fjmrh. tókst með öðrum orðum að fá jafngott verð fyrir hlutabréfin í Þormóði ramma og hann hefði verið að selja hlutabréf í hinum traustustu útgerðarfyrirtækjum í landinu.

Í mati Ríkisendurskoðunar virðist ekkert tillit vera tekið til þess að Þormóður rammi er með veika eiginfjárstöðu og það er ekkert tillit tekið til þess hvaða áhætta kann að fylgja þessum rekstri um langa framtíð. Þvert á móti segir í síðari skýrslunni á bls. 10, með leyfi forseta: „Ekkert bendir sérstaklega til þess að áhættan sem fylgir rekstri eins og um er að ræða hjá Þormóði ramma hf. sé meiri en almennt gerist í rekstri hérlendis."

Hér mætti lýsa skuldum fyrirtækisins. Skuldirnar voru 800–900 millj. kr. um mitt sl. ár. Það mætti lýsa sögu fyrirtækisins á sl. árum sem hefur leitt til þess að ríkissjóður neyddist til að eignast 98% í fyrirtækinu. Og svo er sagt að áhættan sé ekkert meiri en gengur og gerist. Ég bara spyr hv. þm.: Hefur ríkissjóður þurft að standa í því að dæla þannig peningum inn í fyrirtæki holt og bolt? Nei. Hann hefur gert það í veik sjávarútvegsfyrirtæki en ekki eins og gengur og gerist í rekstri hérlendis.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar koma einnig fram órökstuddar fullyrðingar um það að sömu aðferðum hafi ekki verið beitt við matið á Drafnari hf. og Egilssíld og á Þormóði ramma. Þetta er mjög alvarleg fullyrðing í garð Ólafs Nilssonar sem vann þetta mat. Er þessi fullyrðing rökstudd í skýrslunni? Nei. Það eru engin rök í skýrslunni um að það hefði verið annað

mat, það er bara gefið til kynna að ekki hafi verið beitt sömu aðferðum. Staðreyndin er hins vegar sú að það var beitt sömu aðferðum enda engin rök í skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir þeirri fullyrðingu að svo hafi ekki verið gert.

Virðulegi forseti. Í bréfi sem ég skrifaði forsetum þingsins kemur fram að Ríkisendurskoðun mat Þormóð ramma þegar verið var að gera skýrslu um Atvinnutryggingarsjóð. Þá voru metin fjölmörg fyrirtæki. Þormóður rammi var eitt af þeim. Það mat skilaði satt að segja þeirri niðurstöðu að fyrirtækið væri ekki tækt til meðferðar í Atvinnutryggingarsjóði, það væri svo illa á vegi statt. Það er eina matið sem lá fyrir í opinberum gögnum hjá Atvinnutryggingarsjóði.

Þegar á það er bent í bréfi fjmrh. að Ríkisendurskoðun hafi framkvæmt annað mat á Þormóði ramma fyrr á árinu sem hafi leitt til allt annarrar niðurstöðu segir Ríkisendurskoðun í fyrsta sinn: Það voru bara drög. Við breyttum svo matinu seinna og gáfum okkur aðrar forsendur og fengum þá aðra niðurstöðu.

Þá er allt í einu hægt að færa forsendur til og frá og fá út aðra niðurstöðu, sjálfsagt að vera með nokkuð margar. En í upphaflegu skýrslunni er ekki um neitt slíkt að ræða og þá segja menn að það sé bara ein forsenda sem er gild. Hún er hin rétta.

En þegar bent er á það að í trúnaðargögnum Atvinnutryggingarsjóðs liggi fyrir annað mat á Þormóði ramma með allt aðra niðurstöðu, sagt að það sé bullandi tapfyrirtæki, þá er komið fram og sagt: Jú, það er að vísu rétt en það voru drög og við breyttum því svo seinna. — En var Atvinnutryggingarsjóði sagt frá þeirri breytingu? Nei. Var fjmrn. sagt frá þeirri breytingu? Nei. Lá hún einhvers staðar annars staðar fyrir heldur en í Ríkisendurskoðun? Nei. Og svo leyfir Ríkisendurskoðun sér í skýrslunni að fara að ávíta fulltrúa fjmrh. í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs fyrir að hann hafi brotið trúnað með því að gera fjmrh. grein fyrir því hvernig Ríkisendurskoðun mat það fyrirtæki sem fjmrh. fór með 98% af eignarhlutanum í. Ég vil segja að það var þveröfugt. Ef fulltrúi fjmrh. í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs hefði leynt fjmrh. því hvernig Ríkisendurskoðun mat Þormóð ramma á sínum tíma sem vonlaust fyrirtæki þá hefði það verið brestur á trúnaði. En Ríkisendurskoðun kemst að þeirri furðulegu niðurstöðu að þegar fulltrúi fjmrh., skipaður samkvæmt lögum í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, lætur fjmrh. fá gögnin um það að Ríkisendurskoðun hafi metið þetta fyrirtæki ríkisins minna en einskis virði, þá hafi það verið trúnaðarbrot og beri að ávíta manninn fyrir það. Ég spyr nú bara: Hvað eiga fulltrúar fjmrh. í stjórnum og sjóðum að gera ef þeirra verkefni er ekki að gera fjmrh. grein fyrir því hvaða gögn koma þar fram varðandi þau mál sem fjmrh. fer með?

Virðulegi forseti. Það væri hægt að segja ýmislegt fleira um misjafna merkingu þeirra hugtaka og kannski rugling þeirra hugtaka sem Ríkisendurskoðun beitir í þessu mati, en það er vissulega mjög alvarlegt mál þegar Ríkisendurskoðun beitir hugtakaruglingi af því tagi sem fram hefur komið í þessari lýsingu.

Stofnunin fjallar nokkuð um hugtökin „framlegð" annars vegar og „verg hlutdeild fjármagns" hins vegar. Fyrra hugtakið er gjarnan notað af endurskoðendum yfir mismun rekstrartekna og gjalda, þ.e. hverju reksturinn skilar til að greiða vexti af lánum, afskriftum og eigin hagnaði. Seinna hugtakið er notað af Þjóðhagsstofnun til að mæla nákvæmlega sama fyrirbæri. Hins vegar kemur fram munur í mælingum þessara stærða þar sem rekstrartekjur og gjöld eru venjulega ekki leiðrétt fyrir verðbólgu með því að lækka tekjur sem nemur gengishagnaði af birgðum og með því að meta birgðir í upphafi og lok árs á sama verðlagi þegar framlegð er mæld. Það gerir Þjóðhagsstofnun hins vegar þegar hún mælir verga hlutdeild fjármagns. Hagfræðilega séð er aðferð Þjóðhagsstofnunar mun réttari aðferð til að mæla framlegðina til fjármagnskostnaðar og hagnaðar, þar sem verðbólgugróði af birgðum er ekkert annað en pappírshagnaður sem stafar af verðbólgu. Þegar meta á raunverulegan hagnað fyrirtækja til lengri tíma er því nær að miða við framlegðina eða verga hlutdeild fjármagnsins eins og Þjóðhagsstofnun mælir hana.

Gagnrýni Ríkisendurskoðunar á þetta atriði í bréfi mínu er þess vegna ekki vel grunduð. Þetta hefði Ríkisendurskoðun átt að vera ljóst því í bréfi Þjóðhagsstofnunar til Ríkisendurskoðunar segir orðrétt um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Hugtakið hagnaður fyrir vexti, verðbreytingarfærslur og afskriftir á verðbólgutímum er því afar varasamt. Þjóðhagsstofnun birtir efni um hag sjávarútvegsfyrirtækja, bæði samkvæmt ársreikningum fyrirtækjanna og eins að teknu tilliti til endurmats birgða en leggur jafnframt megináherslu á seinni aðferðina."

Í þessu sambandi er auðvitað vert að muna eftir því að því lægri sem verðbólgan er og stöðugleikinn meiri í gengismálunum er munurinn á mælingu hagnaðar fyrir vexti og afskriftir eftir þessum tveimur aðferðum minni.

Virðulegi forseti. Ég hef varið hér nokkuð löngu máli til þess að fara ítarlega í gegnum aðdragandann að sölu hlutabréfa Þormóðs ramma, um sögu málsins, en þó kannski fyrst og fremst um þær skýrslur sem Ríkisendurskoðun hefur hér gert.

Siglufjörður þarf að eiga örugga framtíð. Siglufjörður þarf að geta treyst því að atvinnulífið sé í öruggum höndum heimamanna. Ég tel mig hafa lagt grundvöll að því að svo verði. Siglufjörður er í dag miklu sjálfstæðari sem byggðarlag en hann var við lok síðasta árs. Hann er ekki eins háður ríkinu og duttlungum fjmrh. eins og hann var áður. Frumkvæðið, framtakið hjá heimamönnum, hefur verið hafið til vegs. Við skulum vona að það fylgi gæfa þeim sem hafa hætt sínum eignum og sínum fyrirtækjum með því að leggja þau inn í Þormóð ramma og Siglufjörður geti áfram búið við traust atvinnulíf. Það er vissulega skylda þjóðþingsins og stjórnvalda að tryggja að svo sé. Við getum deilt um það hvort fjmrh. sem hér stendur hefði átt að haga sölunni eitthvað öðruvísi. Hvort auglýsing í Morgunblaðinu hefði verið það sem skipti sköpum þegar gefin hafði verið út sameiginleg fréttatilkynning til allra fjölmiðla, sjónvarps, útvarps og blaða frá bæj-

arstjórninni og frá fjmrh. Og þegar búið var að ræða málið hér á Alþingi þá sé það hins vegar gagnrýni vert af því að ekki var auglýst í Morgunblaðinu. En slíkt er aukaatriði.

Hitt er alvarlegra mál, virðulegi forseti, að ég tel mig í þessari ræðu hafa reitt fram mjög ítarleg og efnismikil rök fyrir því að þær aðferðir, það mat og sú niðurstaða sem Ríkisendurskoðun komst að sé með kurteislegu orðalagi sagt mjög hæpin, beinlínis villandi. Ég ætla ekki að taka dýpra í árinni að svo stöddu. En þegar Ríkisendurskoðun blandast inn í pólitískt karp þingmanna einstakra kjördæma og ráðherra, sem alltaf verður til staðar, þá er höfuðnauðsyn ef Ríkisendurskoðun á ekki að glata sess sínum og Alþingi ekki að glata virðingu sinni að það mat sé svo ítarlega faglega unnið að fræðimenn á þessu sviði, bestu kunnáttumenn, ljúki nær allir upp einum rómi um að hér sé vel að verki staðið.

Ég hef leitt hér fram ítarleg rök fyrir því, byggð á samræðum við sérfræðinga, endurskoðendur og bókhaldsmenn, byggð á greinargerðum sem ég hef fengið í hendur frá þeim, að Ríkisendurskoðun ruglar saman grundvallarhugtökum. Ríkisendurskoðun gefur sér forsendur sem eru ekki í takt við veruleikann. Ríkisendurskoðun leggur til grundvallar tölur um arðsemi og framlegð sem ekki samrýmast, hvorki sögulegri reynslu né almennum markaðsmælikvarða í þessum efnum.

Alþingi axlaði mikla ábyrgð þegar það tók að sér að veita Ríkisendurskoðun forstöðu. Við þurfum að búa í þjóðfélagi þar sem þingið allt, þjóðin öll, treystir og virðir það sem frá Ríkisendurskoðun kemur til þess að þeir sem í þessum sal eru og eðlilega eru alltaf í pólitísku stríði, eðlilega eru í því að koma höggi hver á annan, freistist ekki til þess að biðja þannig um gögn frá Ríkisendurskoðun að hún glati sess sínum, faglegu áliti og virðingu. Það er hægt að misnota þau stjórntæki sem menn fá í hendur. Það er hægt að ætla sér um of. Það er hægt að gæta ekki nægilega að þeim fræðilegu og faglegu kröfum.

Kjarni málsins er sá að ég hef lagt hér fram ítarleg fagleg og fræðileg rök sem ég hef sótt í smiðju þeirra sem gegnt hafa trúnaðarstöðum á þessum vettvangi um áraraðir og njóta víðtæks álits í okkar þjóðfélagi. Þingmenn geta valið um tvennt og það verður fróðlegt að sjá það í umræðunni hér á eftir hvora leiðina þeir velja. Þeir geta valið þá leið að fara í pólitískt skak við fjmrh. í stíl við þau ummæli sem höfð voru áður en Ríkisendurskoðun var beðin um skýrsluna. Það er út af fyrir sig allt í lagi, en það er ekki kjarni málsins. Fjármálaráðherrar koma og fara en Ríkisendurskoðun verður áfram undir Alþingi. Þess vegna er það seinni leiðin sem skiptir miklu meira máli, þ.e. að hrekja lið fyrir lið þær fræðilegu og faglegu athugasemdir sem hér hafa verið settar fram við þessa skýrslu og þessi vinnubrögð. Ef þær verða ekki hraktar lið fyrir lið, þátt fyrir þátt, þá blasir sú staðreynd við að það þarf að grípa til ráðstafana til að treysta fagleg vinnubrögð og trúverðugleika þeirrar stofnunar, Ríkisendurskoðunar, sem Alþingi tók að sér að stýra fyrir nokkrum árum síðan.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér hefur nú hæstv. fjmrh. vaðið elginn með ósannindum og fúkyrðum hátt á annan klukkutíma og þó hefur honum ekki tekist að hnekkja í einu einasta atriði niðurstöðum Ríkisendurskoðunar. Ég er búinn að þekkja þennan hæstv. ráðherra í 20 ár, sem betur fer hefur hann ekki verið ráðherra nema skammt af þeim tíma, og ég er þaulvanur að hlusta á ósannindin í honum. Hann reynir að drepa málinu á dreif, skilur ekki ruglið í sjálfum sér og heldur að þingheimur taki það gott og gilt ef hann þusar því framan í okkur með nógu miklum merkilegheitum. Þetta er náttúrlega alveg einstæð málsupptekt þá þegar af þinglegum ástæðum. Það er þinglega séð mjög óeðlilegt að ræða skýrslu sem þessa utan dagskrár. Umræður um skýrslu eiga auðvitað að fara fram sem dagskrármál. Og það er fjmrh., sem ekki einu sinni er þingmaður, sem talar hér utan dagskrár og ræðst með óbótaskömmum á Alþingi, á forseta þess og starfsmenn þess, Ríkisendurskoðun. Ég hefði talið að það hefði verið eðlilegra að veita einhverjum okkar þingmanna orðið utan dagskrár til þess að ræða við fjmrh. um skýrsluna. Það hefði verið hin rétta þinglega aðferð að ræða við fjmrh. um söluna á Þormóði ramma og þar er af nógu að taka.

Fjmrh. fjölyrti mikið um faglega hæfni. Það var á honum að skilja að hann hefði faglega hæfni. Hann dregur í efa faglega hæfni Ríkisendurskoðunar hins vegar. Hæstiréttur stendur nú alveg jafnréttur fyrir því þó að virtir lögmenn eins og tveir Jónar hérna í bænum tapi málum fyrir Hæstarétti og skammi svo Hæstarétt fyrir það að hafa komist að rangri niðurstöðu. Hæstiréttur stendur alveg jafnréttur fyrir því. Hæstiréttur stendur alveg jafnréttur fyrir því þó að sakborningurinn eða sá sem sakfelldur er sé óánægður með sinn dóm. Í þessu tilfelli stendur Ríkisendurskoðun fyllilega jafnrétt þó að sá sakfelldi, fjmrh., sé eitthvað að nöldra.

Hann segist hafa stjórnað Þormóði ramma úr stól fjmrh. Það voru nú ekki góð vinnubrögð. Auðvitað átti að vera hæf stjórn fyrir Þormóði ramma. Hún hefði getað verið öðruvísi skipuð heldur en sú seinasta. Fjmrh. notaði ákvæði þeirra laga til sölu hlutabréfa, sem hann viðurkennir sjálfur að séu ófullkomin og við skulum þá sameinast um að breyta, með því að samþykkja frv. sem ég hef lagt fram um það efni. Hann notaði ákvæði þessara ófullkomnu laga til þess að selja svo sem hann kaus, svo ég noti akkúrat hans eigin orð. Það voru langtum siðlegri aðferðir sem hæstv. fyrrv. fjmrh. Albert Guðmundsson notaði á sínum tíma þegar hann ætlaði að selja hlutabréf.

Sigurður B. Stefánsson og Ólafur Nilsson hljóta að vera stoltir yfir því að hafa eignast þennan aðdáanda í stóli fjmrh. Stundum hefur nú blásið öðruvísi úr garði Ólafs Ragnars Grímssonar til þeirra félaga. Það er rétt að það varð nokkur dráttur á því að halda fund sem fjmrh. á hlaupum, ekki með neinum formlegum hætti, hafði óskað eftir eða sagt mér að sig langaði til að tala við þingmenn Norðurl. v. Það skipti nú litlu máli með þennan drátt þó hann sé að reyna að gera eitthvert mál úr því núna því það hefði engu breytt um niðurstöðu

málsins vegna þess að „kúppið" var þegar ákveðið. Það var búið að skipuleggja „kúppið" og það hefði engu breytt um niðurstöðuna svo sem raun ber vitni. Hún hefði orðið sú sama.

Það er rétt að Þormóður rammi hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja. Þetta fyrirtæki var mjög lengi í uppbyggingu og safnaði skuldum af því að hagkvæmur rekstur komst ekki á. Iðulega hefur þetta fyrirtæki lent í þrengingum en það var orðið fullkomið fiskvinnslufyrirtæki, burðarás í atvinnulífi í sínu plássi og fjöregg Siglufjarðar. Ég hef alla tíð viljað vernda þetta fjöregg og það hafa reyndar flestir þingmenn Norðurl. v. viljað gera. Ég varð ókvæða við þegar Albert Guðmundsson hreyfði þeirri hugmynd að ríkið seldi eignarhlut sinn í fyrirtækinu en þar var siðaður maður í stól fjmrh. og hann lét sér segjast og tók mark á andmælum. Eins og önnur fyrirtæki í sjávarútvegi þá var Þormóður rammi langt leiddur haustið 1988. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur tekist að rétta flest þessi fyrirtæki við með Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina og aðstoð Hlutafjársjóðs, m.a. Þormóð ramma. Veigamikil björgunaraðgerð var gerð þegar í lánsfjárlög 1989, 44. gr., var sett heimild til fjmrh. til að gera ráðstafanir til að bæta fjárhag Þormóðs ramma. Heimildin var nýtt og þar átti hæstv. fjmrh. góðan hlut að máli. Hann læknaði nefnilega sjúklinginn. Hann læknaði sjúklinginn og þar af leiðir að það þýðir ekkert að vera að tala um þriggja ára meðaltal af rekstri. Það sem skiptir máli er að þarna var orðið um heilbrigt fyrirtæki að ræða sem hafði rekstrarmöguleika og skilaði enda gróða á síðasta ári, líklega 120 millj. Þess vegna er það gremjulegt að hæstv. fjmrh., sem átti góðan hlut að björgun fyrirtækisins, skuli svo nokkrum mánuðum síðar kippa undan því fótunum.

Seint í nóvember heyrði ég áværing um að sennilega væri fjmrh. að pukrast við að selja Þormóð ramma. Ég trúði því ekki. Nú er ég búinn að þekkja þennan ráðherra, þennan stjórnmálamann í 20 ár, ég hef bæði átt hann að samherja og andstæðingi. Samt trúði ég ekki að honum dytti í hug að gera það sem hann gerði og allra síst í trássi við þingmenn kjördæmisins og með því að fara svona á bak við samstarfsmenn sína í ríkisstjórn og stjórnarliði. Fjmrh. sagði mér seint í nóvember að hann vildi ræða málefni Þormóðs ramma við þingmenn kjördæmisins en það dróst í nokkra daga, það er rétt hjá honum, og það er eitt af því fáa sem er rétt í málflutningi ráðherrans, það dróst í nokkra daga að koma þeim fundi á.

Svanfríður Jónasdóttir, aðstoðarmaður ráðherrans, gerði mér hins vegar grein fyrir því í lok nóvember, líklega 30. nóv., að ráðherra hefði uppi áform um að selja Þormóð ramma. Það sló mig strax illa að heyra þetta. Ég vildi fyrst og fremst halda fyrirtækinu í eigu ríkisins. Þetta fyrirtæki gekk orðið vel og var gott og traust fyrirtæki og það var engin ástæða til þess að selja það. Ég get getið þess hér og nú að ég er líka andvígur því að selja Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði. Mér þótti það einstaklega tortryggilegt að það voru ekki embættismenn fjmrn. sem voru með málið heldur voru það pólitískir handlangarar fjmrh. Í fyrsta lagi Svanfríður Jónasdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, og síðan annar pólitískur handlangari fjmrh., fyrrv. bæjarstjóri á Siglufirði, fyrrv. ritstjóri Þjóðviljans fyrir tilverknað Ólafs Ragnars Grímssonar, stjórnarformaður Þormóðs ramma illu heilli, Óttar Proppé. Þetta var fólkið sem var að leika sér með fjöregg Siglufjarðar.

Fljótlega eftir þennan fund sem við Svanfríður áttum komum við á fundi þingmanna kjördæmisins með fjmrh. Þá skýrði hann okkur frá því sjálfur að hann vildi selja. Hann nefndi þar óraunhæfar tölur um það hvernig hugsanlegt væri að selja þetta fyrirtæki og það var nú bara til þess að hlæja að því. Ég hélt að sá fundur hefði endað þannig að fjmrh. væri það ljóst að fjórir af fimm þingmönnum kjördæmisins voru mjög andvígir ráðagerð hans og ég vænti þess að aðrir þingmenn kjördæmisins segi frá sínum skilningi á endalokum þess fundar. Ég taldi að þar hefði verið gengið frá því að ekki yrði fari á bak við þingmenn kjördæmisins um málið og þeir fengju að vera með í ráðum.

Hinn 6. des. var umræða utan dagskrár. Þá sagði fjmrh., og þó hann segi eitt í dag og annað á morgun, þá ætla ég nú að leyfa honum að heyra hvað hann sagði 6. des. (**Gripið fram í:** Hann er farinn úr salnum.) Ég vona að hann sé orðinn leiður á slúðrinu í sjálfum sér. (**Fjmrh.:** Ég heyri þetta allt saman.) Með leyfi forseta sagði ráðherra: „Í fjórða lagi gerði ég það alveg skýrt", hann er að segja frá þessum fundi, „að ekki hefði verið tekin ákvörðun um það að selja hlutabréfin á þessu stigi og ég ítreka þá yfirlýsingu hér. Ákvörðunin sem hefur verið tekin er að kanna hvort það sé áhugi hjá fyrirtækjum og heimamönnum, einstaklingum, á því að breyting verði á eignarsamsetningu fyrirtækisins.

Mér er ekki kunnugt um það á þessu stigi hvað sá áhugi er mikill eða hve hann er útbreiddur en tel að sá tími sem liðið hefur frá 17. nóv. hafi sýnt að hann kunni að hafa verið nokkur og hann verður væntanlega meiri á þeim vikum sem fram undan eru. Þegar í ljós hefur komið hvers eðlis þessi áhugi er tel ég rétt að taka ákvörðun um það með hvaða hætti verður efnt til formlegra viðræðna eða sölu á þessum hlutabréfum og þá hve miklum hluta þeirra." — Síðan segir: „Ég óskaði strax og ég kom af fundinum 17. nóv. eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins, setti fram þá ósk við 1. þm. kjördæmisins. Það dróst nokkuð að sá fundur yrði haldinn. Hann var hins vegar haldinn hér fyrir nokkrum dögum og ég tel að slíkt samráð við þingmenn kjördæmisins hafi verið farsælt.

Ég vonast þess vegna til að geta á næstunni gert grein fyrir frekari framgangi þessa máls. Meginatriði þess er að treysta undirstöður atvinnulífs á Siglufirði, efla þróun þess á næstu árum, byggja upp öflugt fyrirtæki í eigu heimamanna og á forræði þeirra og draga úr því að Siglufjörður" — og takið nú eftir — „eigi jafnmikið undir gerræðisákvörðunum sitjandi fjmrh. á hverjum tíma eins og hann á nú." — Siglufjörður fékk sannarlega að finna fyrir gerræðisákvörðunum sitjandi fjmrh.

„Ég er mjög ánægður," sagði fjmrh., „með það að í

viðræðum mínum við fulltrúa bæjarstjórnar, fulltrúa allra flokka í bæjarstjórn, hefur komið fram jákvæður vilji þeirra í þessu máli. Ég mun kappkosta að hafa góða samvinnu við bæjarstjórn Siglufjarðar um málið." — *Svo mörg voru þau orð.*

Ég þekki að vísu hæstv. ráðherra og ég svaf því ekki alveg rólegur þó að hann reyndi að róa okkur þarna. Það var ekki í honum sami galsinn og í ræðustólnum áðan, það var ekki sami galsinn þá. Ég sagði í þessari sömu umræðu, frú forseti: „Ég er ekki sérstakur áhugamaður um sölu hlutabréfa í Þormóði ramma. Það er gott og sæmilega traust fyrirtæki sem komið er fyrir vind og ríkinu ekkert hættulegt að eiga það. Ég get vel hugsað mér að það verði rekið sem ríkisfyrirtæki áfram. Ég vil þó ekkert útiloka að það geti verið skynsamlegt að selja þarna einhver hlutabréf. En til þess að hægt sé að gera það upp við sig hvort skynsamlegt sé að selja þarf náttúrlega að liggja fyrir í fyrsta lagi níu mánaða uppgjör frá Þormóði ramma, níu mánaða uppgjör þeirra fyrirtækja sem kynnu að hafa áhuga á því að kaupa þessi hlutabréf eða hluta þeirra, þær tryggingar sem settar kunna að verða um að kaupendur ráði við það sem þeir ætla að fara að gera og greinargerð um hvernig hugsað er að fyrirtækið verði rekið.

Ég tel að það þurfi samþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar fyrir því að þessi hlutabréf verði seld. Ég legg á það mikla áherslu að ekki verði seld þarna hlutabréf, hvorki í trássi við bæjarstjórn Siglufjarðar eða þingmenn Norðurl. v. enda hef ég fyrir því orð hæstv. fjmrh. að hann muni ekki gera það."

Fjmrh. gerði enga athugasemd við þessi orð mín í umræðunni 6. des.

Ég varð auðvitað var við það að það greip um sig skelfing á Siglufirði þegar það fréttist til Siglufjarðar að fjmrh. væri að hugsa um að selja fyrirtækið með þessum hætti. Mér fannst sannarlega ekki álitlegt að fara að leggja þetta fyrirtæki í hendur F-listans á Siglufirði. Bæjarstjórnin mótmælti. Verkalýðsfélagið Vaka mótmælti. Nærri 200 Siglfirðingar sameinuðust um það að gera kauptilboð í fyrirtækið. Ég kom með engum hætti að því kauptilboði, ég hefði ráðlagt þeim að hafa þetta allt öðruvísi ef ég hefði verið spurður ráða um það hvernig ætti að bjóða í fyrirtækið. Ég taldi þá og tel enn að fyrirtækið væri best komið í eigu ríkisins en það var þó miklu, miklu betra að fyrirtækið lenti í höndum 200 Siglfirðinga sem hefðu bolmagn og ábyrgðartilfinningu til þess að sjá því farborða heldur en það væri gefið einni familíu. Ráðherrann kaus að hunsa tilboð þessara 200 Siglfirðinga. Aðstoðarmaður ráðherrans sýndi fádæma frekju og dónaskap í viðskiptum sínum við talsmenn þessa hóps Siglfirðinga. Það tilboð var miklu traustara og ábyrgara og hag ríkisins og Siglufjarðar miklu betur borgið með því að gengið hefði verið til samninga við þá. Hugsanlegt hefði verið að ráðherra hefði gert þeim gagntilboð og a.m.k. gefið þeim færi á að ná vopnum sínum og þá hefði hann getað kannað hvað markaðsverðið á Siglufirði væri, hverjir byðu betur, þessir 200 eða þessi familía sem búið var að ákveða að afhenda fyrirtækið. Heppilegast hefði náttúrlega verið að hann hefði viðhaft eðlileg vinnubrögð eins og t.d. Albert Guðmundsson gerði á sínum tíma, eins og hæstv. sjútvrh. gerði þegar hann seldi Hafþór þar sem leitað var tilboða og þau síðan metin og könnuð pukurslaust. Það mátti binda tilboðin við Siglufjörð, það mátti setja fram kröfur og skilyrði um það hvar fiskurinn yrði unninn o.s.frv.

Við hv. þm. Pálmi Jónsson bárum fram frv., 249. mál á þskj. 385, þess efnis að ráðherra væri óheimilt að selja án samþykkis Alþingis. En ráðherrann lét sér ekki segjast við það heldur seldi hann samt. Það þurfti svo sem ekkert að kalla á Ríkisendurskoðun til þess að fá að vita vissu sína um að það væri útilokað að með nokkrum eðlilegum eða siðlegum hætti gætu þessi tvö smáfyrirtæki, Egilssíld og Drafnar, sem vill nú svo til að við þingmenn kjördæmisins þekkjum dálítið, orðið aðilar, svona hér um bil til jafnvægis á móts við Þormóð ramma. Það var náttúrlega fáránlegt að hlusta á ráðherrann þegar hann var að tala um að þessir snillingar, þessi familía sem á þessi litlu fyrirtæki, væri að hætta fé sínu með því að yfirtaka Þormóð ramma.

Ég var auðvitað sannfærður um að þarna hefði fjmrh. misbeitt valdi sínu og ég leit á lögin um ráðherraábyrgð og fleiri lagabálka og á eftir að gera betur. Það lá náttúrlega alveg ljóst fyrir að þessi viðskipti gátu ekki staðist siðferðilega. Það lá alveg ljóst fyrir að fjmrh. hafði fórnað hagsmunum ríkissjóðs og gefið fyrirtækið skjólstæðingum sínum í Siglufirði. Það er kannski rétt, úr því að fjmrh. byrjaði á því, að greina ofurlítið hérna frá pólitískri stöðu í Siglufirði. Þar kviknaði rautt ljós í fyrra, skömmu fyrir bæjarstjórnarkosningar, þeir fóru þangað tveir nafnkenndir stjórnmálaforingjar, hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh., og komu þar við og héldu fund. Það hefur alltaf verið hugsjón Ólafs Ragnars Grímssonar, þessi 20 ár sem ég er búinn að þekkja hann, að sameina vinstri menn undir sér — en vel að merkja, undir sér, því alltaf hefur hann verið númer eitt, og láta þá þjóna sér og lyfta sér. Þess vegna hefur hann klofið hvern flokk þar sem hann hefur komið, og er langt kominn með þann sem hann er í núna. Það var sagt um Atla Húnakonung að það sprytti ekki gras þar sem hann hefði riðið um. Þetta er alveg eins með Ólaf Ragnar Grímsson, það er allt í rúst þar sem hann hefur farið um í pólitíkinni, og það er ekkert búið. Á þessu rauða ljósi varð til Nýr vettvangur hér í Reykjavík og F-listi á Siglufirði. F-listinn var upphaflega hugsaður eins og Nýr vettvangur, sem sameiginlegt framboð Alþfl. og Alþb. Alþfl. dró sig út úr þessu framboði og Alþb. bauð fram F-lista. Þeir þorðu ekki að bjóða fram G-lista, töldu heppilegra að fórna, eða setja í biðstöðu skulum við segja, ágætan foringja sinn á Siglufirði og hefja lið, sem er svona ámóta og Birtingarliðið hérna í Reykjavík, til vegs og virðingar innan bæjarstjórnarinnar. Og Alþb. bauð fram F-listann á Siglufirði.

Ég er hér með ljósrit af blaði Alþb. í Siglufirði sem heitir Mjölnir. Það er með ávarpi til siglfirskra kjósenda, þetta er 23. maí 1990. Þar segir í ramma á forsíðu . . . (**Forseti:** Forseti vill benda hv. þm. á að innanfélagsmál Alþb. eru ekki til umræðu hér í leiðinni.)

Má ég leyfa mér að benda forseta á að innanfélagsmál, félagatal Alþb., var gert hér athugasemdalaust að umræðuefni af hv. formanni þess, Ólafi Ragnari Grímssyni, sem verður formaður víst einhverja daga enn. Alþb. segir þar: „Tökum virkan þátt í kosningabaráttunni, látið vita af fólki sem verður fjarverandi á kjördag, styðjum F-listann.“ Þetta sögðu þeir.

Einn af bæjarfulltrúum F-listans er Ólafur Marteinsson, sá sem er eigandi Drafnars, og svili hans Róbert Guðfinnsson, sem sagðist vera guðfaðir F-listans því hann vildi nú ekki kenna hann við Ólaf Ragnar Grímsson. Róbert sagðist vera guðfaðir listans, þeir eru svilar þessi Ólafur og Róbert. Svo er að vísu til Jóhannes nokkur þarna á Siglufirði sem hefur sennilega kosið Sjálfstfl. og á hluta í Egilssíld.

Fjmrh. hafði sem sagt gaukað smá jólagjöf að sáluféIögum sínum og það lá á að koma henni út fyrir jólin, það var ekki hægt að draga þetta fram á milli jóla og nýárs, nei jólagjöf skyldi það vera.

Það er ekki gott að misfara með eigur samfélagsins. Tilboð þessara 200 Siglfirðinga var ekki nógu gott heldur. Það var óhagstætt fyrir ríkið að selja og því átti það ekki að selja. Hins vegar hefði verið, eins og ég hef margtekið fram, miklu skynsamlegra að selja þessum 200 því þeir hefðu þá einhverja burði til þess að reka þetta fyrirtæki áfram fremur en hinir og fjöregg Siglfirðinga er betur komið hjá þeim. En hæstv. fjmrh. kaus að kasta því í hendur þessarar familíu og það höfðu orðið eigendaskipti á eigninni. Þetta er svipað og í Heimsljósi þegar verið var að gera eigendaskipti á eigninni.

Við þingmenn kjördæmisins, að undanskildum flokksbróður ráðherrans, sáum okkur ekki annað fært en að skrifa forsetum Alþingis þar sem við töldum að hér væri um málefni af því tagi að ræða að ekki yrði undan því vikist að láta kanna hvernig að því væri staðið. Við óskuðum eftir því að forsetar bæðu Ríkisendurskoðun að kíkja á málið. Það er auðvitað verkefni Ríkisendurskoðunar að fara ofan í mál eins og þetta og það þýðir ekkert fyrir fjmrh. að koma með stóryrði eins og hann var með áðan um það að þetta væri ekki í verkahring Ríkisendurskoðunar. Eitt merkasta verk ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, hinnar fyrstu, var það að taka Ríkisendurskoðun undan fjmrn. og gera hana að sjálfstæðum eftirlitsaðila undir Alþingi, ekki deild í fjmrn. þar sem óprúttnir fjmrh. gætu reynt að kúga starfsmenn sína til þess að ganga erinda sinna eða látið þá þegja. Ríkisendurskoðun var með þessu hafin til vegs og virðingar. Þar starfa valinkunnir menn og þessi lagabreyting um Ríkisendurskoðun var mikið framfaraspor. Ríkisendurskoðun hefur öðlast sjálfstæði, frelsi og trúverðugleika og afl til þess að rísa gegn órétti, misferli eða afglöpum. Það þýðir hins vegar ekki það að Ólafur Ragnar Grímsson þurfi að vera ánægður með Ríkisendurskoðun þegar hann getur ekki sagt henni fyrir eða látið hana þjóna sér. Að sjálfsögðu urðu forsetar Alþingis við ósk okkar og báðu Ríkisendurskoðun að kíkja á þessi viðskipti. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar urðu auðvitað ótvíræðar. Þær staðfesta nákvæmlega það sem ég vissi. Að vísu er eitt atriði sem ég mundi nú svona í minni mestu hógværð, alkunnri hógværð, gagnrýna hjá Ríkisendurskoðun, þó ég ætli ekkert að fara að gera vesen úr því. Að mínu mati ofmeta þeir bæði litlu fyrirtækin, Egilssíld og Drafnar, þannig að ég tel að hlutur þeirra, jafnvel eftir mati Ríkisendurskoðunar, sé allt of hár.

Ég held að allir þeir sem til þekkja á Siglufirði og horfa upp á eignir og rekstur og umsvif þessara fyrirtækja hljóti að vera mér sammála. Ég get t.d., til fróðleiks fyrir þingheim, upplýst það að Róbert Guðfinnsson keypti helming hlutabréfa Egilssíldar árin 1987 og 1988. Vitið þið hvað hann gaf fyrir helminginn af þessu fyrirtæki? Hann gaf 800 þús. kr. fyrir þessi bréf. Það var verð sem var nærri lagi. Nú á þetta fyrirtæki, þar sem helmingurinn var 800 þús. kr. virði fyrir tveimur árum síðan, að vera orðið að stórveldi í Siglufirði.

Mig langar til, frú forseti, að vitna til niðurstöðu Ríkisendurskoðunar. Hún tekur það að sjálfsögðu fram að almennra jafnræðissjónarmiða hafi ekki verið gætt í nægilega ríkum mæli við sölu hlutabréfa ríkisins í Þormóði ramma hf. „Þar kemur einkum til að hvorki sala á hlutabréfum né þau skilyrði og skilmálar sem sett voru fyrir sölunni voru auglýst opinberlega. Þegar litið er til hagsmuna sem í húfi voru í máli þessu verður að teljast eðlilegt að uppgjör miðað við 30. nóv. 1990 varðandi rekstur og efnahag fyrirtækjanna sem samið var um og sameiningin tekur til hefði legið fyrir. Einkum á þetta þó við um Þormóð ramma hf.“ Ég held að það hefði ekki verið vanþörf á að það hefði legið fyrir líka um hin. „Full þörf sýnist vera á að setja með formlegum hætti samræmdar almennar reglur um það hvernig skuli standa að sölu á eigum ríkisins með sama hætti og settar hafa verið reglur um hvernig standa skuli að opinberum innkaupum, sbr. lög nr. 52/1987.“ — Ég vil skjóta því hér inn í að um þetta fjallar frv. sem ég hef flutt og verður tekið vonandi til umræðu allra næstu daga. Síðan segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Miðað við þær forsendur sem Ríkisendurskoðun gaf sér við útreikning á virði Þormóðs ramma hf. og að teknu tilliti til skilyrða sem fjmrn. setti fyrir sölunni telst verðmæti alls hlutafjár í félaginu á söludegi vera á bilinu 250–300 millj. kr. Við sölu hlutabréfa ríkissjóðs var hins vegar verðmæti þeirra metið á 150 millj. kr.

Ríkisendurskoðun telur að beita hefði átt sömu aðferðum við mat á virði Þormóðs ramma hf. og Drafnars hf. og Egilssíldar hf. vegna sameiningar félaganna. Sé virði allra fyrirtækjanna metið eftir sömu aðferðinni og forsendur Ríkisendurskoðunar að öðru leyti lagðar til grundvallar hefði hlutur Drafnars hf. og Egilssíldar hf. í hinu sameinaða fyrirtæki átt að nema tæpum 30 en ekki 40%.“

Þar lýkur þeirri tilvitnun sem ég ætlaði að nota í þetta skiptið úr niðurstöðum Ríkisendurskoðunar.

Það er auðvitað ljóst af þessu að ranglega hefur verið staðið að sölunni og stórkostlega misfarið með hagsmuni almennings. Svikamylla var sett í gang til þess að

umbuna fjölskyldu sem fjmrh. hefur, eins og sagt er í Biblíunni, velþóknun á. Málið er upplýst og dómur Hæstaréttar fallinn. En þá komu skapbrestir fjmrh. í ljós. Í stað þess að skammast sín og reyna að bæta úr mistökunum gerir hann atlögu að Ríkisendurskoðun. Þetta er alveg það sama og hann gerði við umboðsmann Alþingis. Þetta er alveg það sama og honum hættir til að gera þegar hann missir stjórn á sér. Þegar hann í örvæntingu sinni sér að hann er kominn út í horn grípur hann til svona óyndisúrræða.

Hann skrifaði framúrskarandi óskynsamlegt bréf til forseta Sþ. Það er náttúrlega yfirgengilegt út af fyrir sig að ráðherra í ríkisstjórn Íslands skuli skrifa þvílíkt bréf. Menn þekkja gang málsins síðan. Ríkisendurskoðun gerir grein fyrir mati sínu og greinargerðin staðfestir á mjög tryggilegan hátt hvert einasta atriði skýrslunnar. Þrátt fyrir fimbulfambið í ráðherranum þurftu þeir ekki að leiðrétta eitt einasta atriði í skýrslu sinni vegna þess að hún var pottþétt. Og þó að hann sé að tína saman einhverja pappíra eftir sjálfan sig og leggja út af þeim, grípa niðurstöður eða áætlanir eða umsagnir, blaðaúrklippur úr Vísbendingu eða mjög vægilega orðaðar álitsgerðir og fullar af fyrirvörum til þess að reyna að styrkja málstað sinn, sem er náttúrlega svo aumur að hann telur sig, úr því að hann er kominn í stríð á annað borð, verða að kasta öllu því grjóti sem hann getur náð í, þá haggar það ekki Ríkisendurskoðun vegna þess að Ríkisendurskoðun hafði rétt fyrir sér.

Fjöregg Siglufjarðar er komið í hendur þessarar fjölskyldu þó að siðlaust hafi verið að því staðið. Nú bíða Siglfirðingar framtíðarinnar. Forsmekkurinn er aðeins byrjaður að koma í ljós. Skrifstofustjóri fyrirtækisins var rekinn fyrirvaralaust um daginn af því að hann hafði leyft sér að hafa áhuga á því að fyrirtækið kæmist í hendur almennings á Siglufirði. Runólfur Bragason, skrifstofustjóri fyrirtækisins, sem hefur starfað þar til margra ára við ágætan orðstír er sannarlega ekki flokksbróðir minn, því að hann er frambjóðandi fyrir Sjálfstfl. í þessum kosningum. Hann var bara rekinn fyrirvaralaust og hann fær ekki að vita neina ástæðu, enda hafa þeir ekkert á manninn. Svona hugsa þessir herrar sér að beita valdi sínu. Í svona stöðu er nú búið að setja Siglufjörð. Þetta er réttlæti fjmrh. Ég sem er búinn að þekkja hann í 20 ár er svo sem ekkert mjög hissa lengur.

Þeir hafa fengið blómlegt fyrirtæki að gjöf. Með því að hengja tvö mjög veik fyrirtæki, sem þeir áttu sjálfir, utan á það. Svo stofna þeir Þormóði ramma fyrirsjáanlega í mjög verulega hættu. Og sannið þið til, þegar þeir verða búnir að reka þetta fyrirtæki í nokkur missiri, þetta sameinaða fyrirtæki, þá skulum við sjá hvernig komið verður fyrir því. Því miður, endirinn getur ekki orðið öðruvísi en erfiðleikar eins og í pottinn er búið og Þormóði ramma er stofnað í stórhættu. Orðalag fyrirvarans um kvótasölu úr Siglufirði er svo loðið að þar er ekkert hald. Þeir geta skákað í því skjóli að það sé hagkvæmast fyrir Þormóð ramma að selja kvótann úr byggðarlaginu og þá bara gera þeir það og það er ekkert hægt að stoppa þá í því. Bæjarsjóður Siglufjarðar er ekki þannig í stakk búinn að hann geti leyst til sín kvóta fyrirtækisins ef þeim þóknast að selja hann eða hluta hans. Bæjarstjórn Siglufjarðar getur heldur ekki keypt skipin ef þeim skyldi detta í hug að selja þau. Það eru engar hömlur á sem neitt hald er í. Og ríkissjóður hefur ekki lengur sömu skyldur við þetta fyrirtæki og hann áður hafði þar sem hann á einungis lítinn hlut í fyrirtækinu. Ótti verkalýðsfélagsins er sannarlega skiljanlegur.

Það er ofboðslegt að horfa upp á þessar aðfarir fjmrh. Hann hefur unnið Siglufirði stórtjón með gerræði sínu — og nú lyppast hann út um dyrnar. Ég ætla að biðja forseta að kalla á fjmrh. aftur í salinn. (**KP:** Er hv. þm. stuðningsmaður ráðherrans samt?) Ég er að koma að því. (**Fjmrh.:** Já, hann er einlægur stuðningsmaður ráðherrans.) Þessi embættisfærsla er fyrir neðan allar hellur. Ég get alveg upplýst hæstv. fjmrh. um það að Ríkisendurskoðun gengur ekki erinda okkar Pálma Jónssonar né annarra þingmanna og ég mótmæli þeim móðgunum sem ráðherra hefur látið út úr sér í garð þessara ágætu starfsmanna hér úr þessum ræðustól. Ég mótmæli því eins og öðru í ræðu ráðherrans, það er fljótgert.

Hann reynir að tína til þessi hálmstrá og leggja út af þeim. Hann spyr hvort Ríkisendurskoðun sé þannig mönnuð að hún ráði við verkefni sitt. Svar mitt við því er tvímælalaust já. En ég er hins vegar efins um að stóll fjmrh. sé þannig mannaður að unandi sé við.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti harmar hvernig þessar umræður ætla að þróast. Forseti vill benda hv. þingheimi á að það er óviðeigandi með öllu að ræða pólitískar skoðanir fólks norður í landi sem hvergi getur varið sig og engan varðar um hvar er statt á stjórnmálasviðinu. Þá er jafnóviðeigandi að bera brigslum embættismenn sem ekki geta varið mál sitt.

Forseti hefur nú orðið við þeirri beiðni að fresta þessum fundi um hálftíma þar sem nú hefjast þingflokksfundir kl. 5. Fundi verður fram haldið hér kl. 8.30 í kvöld. Þá verður tekin fyrir þáltill. um málefni Litáens og verður reynt að afgreiða hana til atkvæða en síðan verður áfram haldið umræðu um það mál sem hér hefur verið rætt í dag. Forsetum er nauðsynlegt að halda fund núna frá kl. 4.30 til kl. 5 og vil ég biðja hv. þm. að virða það að fundinum er nú frestað um hálftíma.

Pálmi Jónsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til þess að mótmæla vinnubrögðum hæstv. forseta og í raun og veru hvernig þetta mál er tekið fyrir hér í þessum þingsal. Það hefur aldrei komið fyrir, eftir því sem ég hef látið starfsmenn þingsins leita að, að skýrsla sem gerð er að beiðni Alþingis sé tekin fyrir í umræðum utan dagskrár. Ég óskaði eftir því og minn flokkur að þessi skýrsla væri tekin fyrir á dagskrá fundar í Sþ. við fyrsta tækifæri þegar efsti maður af skýrslubeiðendum væri við í landinu, hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson. Því miður hefur það dregist. Það var þó vitað að

hann yrði viðstaddur í dag og það var okkar ósk og okkar krafa að þessi skýrsla yrði tekin fyrir á dagskrá. Hvers vegna? Vegna þess að það er eðlilegt að sá sem fyrstur biður um slíka skýrslu hefji umræðuna. Hæstv. fjmrh., sem átti að sitja hér fyrir svörum, mundi síðan taka til máls og þá aðrir hv. þm. eftir því sem við ætti. Þessu hefur hæstv. forseti snúið við og í fyrsta sinn gegn þingvenju, nálgast að segja gegn þingsköpum, hefur þessi skýrsla verið tekin fyrir utan dagskrár. Hvers vegna? Til þess að hæstv. fjmrh. geti hafið umræðuna, til þess að hæstv. fjmrh. geti talað hér í sjö stundarfjórðunga með árásir á eina stofnun ríkisins sem heyrir undir Alþingi. Þetta vinnulag er ekki hægt að þola án þess að mótmæla.

Síðan ætlar hæstv. forseti að kóróna þessi vinnubrögð með því að eftir að hæstv. fjmrh. hefur flutt hér árásarræðu í sjö stundarfjórðunga og hv. 1. þm. Norðurl. v., fyrsti skýrslubeiðandi, hefur talað stutta stund, að rjúfa umræðuna og hefja hana ekki fyrr en einhvern tíma þegar dregur að miðnætti. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og get ekki sagt annað en að það verður þá að taka þessa skýrslu fyrir á fundi í Sþ. á morgun og láta deildafundi víkja ef ekki er unnt að halda umræðunni áfram nú.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Norðurl. v. skal eftirfarandi tekið fram: Eins og forseti gat í upphafi þessa fundar barst bréf frá hæstv. fjmrh. þar sem hann óskaði eftir við forseta að fengin yrði greinargerð um athugasemdir hans við skýrslu sem Ríkisendurskoðun hafði gert. Í því sama bréfi óskaði hann þess að sú greinargerð kæmi á dagskrá og málið allt þegar hún væri tilbúin. Við þessu urðu forsetar að sjálfsögðu og það varð síðan að samkomulagi.

Það kemur mér mjög á óvart og ég hafna því með öllu að embættismenn hins háa Alþingis hafi lagt á það áherslu að hér sé óeðlilega að verki staðið vegna þess að það var tillaga þeirra, það var tillaga embættismanna Alþingis, að svona skyldi með málið fara þar sem það er vissulega ekki á hverjum degi sem skýrsla af þessu tagi kemur til Alþingis og óskað er eftir umræðu þar sem sá sem skýrsluna gerði getur ekki staðið í ræðustól. Og ég ítreka það, það var gert að ráði embættismanna Alþingis eftir nákvæma könnun að nákvæmlega svona skyldu forsetar með málið fara. Allt annað eru ósannindi.

Forsetar eru nú að biðja um að fá 25 mínútur til þess að ræða saman um annað mál en þetta, sem óskað er eftir af sjálfri hv. utanrmn. Alþingis að verði afgreitt hér í dag. Forseti reynir að verða við þeim óskum sem þingmenn koma með. Og þar sem þingflokksfundir eru fram undan kl. 5 er þetta eini tíminn sem forsetar hafa til þess að ræða það mál. Verði því mótmælt mun forseti að sjálfsögðu halda þessum umræðum áfram til kl. 5 en lengur er það ekki hægt, þá verður að fresta fundi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Pálma Jónsonar tel ég nauðsynlegt að láta það koma fram að ég óskaði ekki eftir því að þessi umræða yrði utan dagskrár. Þvert á móti lét ég þá skoðun mína í ljós að skýrslan og málið yrði sett á dagskrá. Það er því misskilningur að hæstv. forsetar séu að þóknast ósk fjmrh. með því að hafa þessa umræðu í formi utandagskrárumræðu. Það er sjálfstæð ákvörðun forsetanna sem virðulegur forseti Sþ. hefur gert grein fyrir af sínum stóli.

Mér fannst nauðsynlegt að þetta kæmi fram, virðulegi forseti, vegna þess að það mátti skilja orð hv. þm. Pálma Jónssonar á þann veg að ég hefði óskað eftir því að formið á umræðunni yrði utan dagskrár. Það er rangt. Ég óskaði ekki eftir því.

Hins vegar sendi ég forsetum þingsins bréf 29. jan. þar sem ég óskaði eftir því að umrædd skýrsla Ríkisendurskoðunar um sölu hlutabréfa ríkisins í Þormóði ramma yrði sem allra fyrst tekin til umræðu á Alþingi, þannig að mér yrði kleift að koma athugasemdum mínum á framfæri við þingheim og þingmönnum gæfist tækifæri til að ræða um sölu hlutabréfanna, um hlutverk og stöðu Ríkisendurskoðunar í tengslum við mál af þessu tagi og um þau álitamál sem upp koma í þessu sambandi. Þetta var skrifleg beiðni til forseta þingsins sem sett var fram 29. jan. sl.

Ég vil svo að lokum vekja athygli á því að sú beiðni sem hv. þm. vísaði í frá þingmönnum kjördæmisins var ekki formlegt þingskjal heldur bréf sem sent var forsetum þingsins fyrir jól.

Pálmi Jónsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forseti sagði í svari sínu til mín áðan að það væri að ráði embættismanna þingsins að hafa þetta form á og allt annað væru ósannindi, eins og hæstv. forseti orðaði það smekklega. Ég verð að segja það að ég tek mark á því sem sá starfsmaður þingsins sem fjallar um viðlíka mál og þetta að formi til hefur kannað fyrir mig og ég tek því ekki þegjandi að sagt sé úr forsetastól að það sem hann hefur sagt mér og ég flyt hér eftir honum séu ósannindi.

Ég skal ekkert um það segja hvaða orðaskipti hafa farið á milli hæstv. fjmrh. og hæstv. forseta Sþ. og ég tek ekki meira mark á því sem hæstv. fjmrh. segir hér um þetta efni heldur en á ýmsu öðru sem hann lætur sér um munn fara. Hins vegar ítreka ég mótmæli mín við þessu vinnulagi og hlýt að krefjast þess að umræðunni verði haldið áfram með þeim hætti að það sé á eðlilegum fundartíma Alþingis og gefið sé tóm til þess að menn geti í efnislegum umræðum svarað þeirri endemis ræðu sem hæstv. fjmrh. hefur flutt því á því er full þörf þó henni hafi verið svarað að nokkru.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli mínu hér í athugasemdum mínum utan dagskrár og um þingsköp, þá hefur hæstv. fjmrh. flutt hér árásarræðu á eina af stofnunum ríkiskerfisins, þá stofnun sem heyrir undir Alþingi, Ríkisendurskoðun, í samfleytt sjö stundarfjórðunga. Ég hygg að þetta sé einsdæmi og það hafi

aldrei nokkru sinni áður hvarflað að nokkrum ráðherra að haga sínum málflutningi með slíkum hætti eins og hér var gert. Ég vil lýsa því yfir að sú stofnun sem hér á hlut að máli á fyllsta traust skilið. Hún hefur á að skipa hæfu starfsliði. Hún hefur á að skipa mönnum sem leita sér fanga í sínum niðurstöðum út fyrir veggi stofnunarinnar og til hennar er borið fyllsta traust. Ég fullyrði að til hennar og til þeirrar niðurstöðu sem fram kemur frá Ríkisendurskoðun er borið meira traust heldur en til þess sem hæstv. fjmrh. kýs að segja í það og það sinnið. Þetta kemur auðvitað ekki neinum á óvart og þetta eru auðvitað ekki nein lofsyrði um þá stofnun sem hér á hlut að máli því að það er nú þannig að þrátt fyrir mælsku og þrátt fyrir það að hæstv. fjmrh. kunni að leggja mál sín fyrir með þeim hætti að það líti sæmilega út á yfirborðinu, þá er það nú þannig að til hans er ekki borið traust og það hefur löngum loðað við þennan hæstv. ráðherra þannig að það er ekki á nokkurn hátt verið að gera Ríkisendurskoðun eða starfsmönnum hennar greiða með því að fara þar í einhvern samjöfnuð, enda er það fjarri mér.

Ég vil gjarnan hefja þessa ræðu mína á því að leggja nokkra áherslu á þýðingu þess fyrirtækis sem hér er verið að ræða um, þ.e. Þormóðs ramma. Ég held að það sé ekki ofmælt að Þormóður rammi hafi nú síðustu og síðari árin verið algjör burðarás í afkomu Siglufjarðar og í atvinnulífi þar. Þetta fyrirtæki á þrjá togara og fullbúið fiskvinnsluhús og það ræður yfir aflakvóta sem er 6050 þorskígildi, auk um 100 tonna rækjukvóta. Árið 1982 tók félagið í notkun nýtt frystihús sem þá hafði að vísu verið í smíðum í einn áratug. Svo langur byggingartími á fiskvinnsluhúsi er afar óheppilegur og það varð auðvitað til þess að fyrirtækið safnaði skuldum sem hafa verið því fjötur um fót alveg fram undir þetta. Svo langur byggingartími verður auðvitað afar erfiður og vaxtagreiðslur safnast upp. Auk þessa á fyrirtækið aðrar eignir sem skipta minna máli. Það á skrifstofuhúsnæði sem er skilið frá fiskvinnsluhúsinu. Þar er hægt að koma fyrir verbúðum og fyrirtækið á íbúðarhús ásamt ýmsu lausafé. Þetta er sem sagt stórt fyrirtæki á norðlenskan mælikvarða, raunar íslenskan mælikvarða, stórt fyrirtæki í þessum bæ og algjör burðarás þar í öllu atvinnulífinu.

Ég vil gjarnan að þetta komi fram til þess að þeir sem um þetta hugsa skynji þýðingu þessa fyrirtækis fyrir byggðarlagið og hvað hér er um stórt mál að ræða. Nú hefur það gerst að hæstv. fjmrh. hefur selt hluta af hlutabréfum fyrirtækisins til einstaklinga og hann hafði rætt þau mál á fundum með okkur þingmönnum tvisvar sinnum. Ég vil fyrst taka það fram að ég tel ekki ástæðu til þess að gagnrýna það að hlutabréf ríkisfyrirtækis séu seld og það sagði ég á fundum með fjmrh. En það er vitaskuld skilmálum háð hvernig að því skuli staðið og á fundi með fjmrh. þann 4. des. sl., sem hæstv. fjmrh. vitnaði til, lýsti ég mínum skilmálum. Þeir voru í megindráttum þessir:

1. Að farið væri að í samræmi við almennar viðskiptavenjur.

2. Að allir Siglfirðingar að minnsta kosti ættu þess kost að kaupa þessi hlutabréf og ættu þeir þá jafnan aðgang að því að fá þau keypt.

3. Að aðrir en Siglfirðingar gætu komið til greina við það að kaupa hlutabréfin, enda kæmi þá nýtt fé inn í fyrirtækið til að styrkja stöðu þess og stykrja hagsmuni atvinnulífsins í Siglufirði. Þetta væri ekki síst álitlegt ef svo háttaði að eigendur þess fjármagns væru reiðubúnir að fylgja fjármagni sínu eftir og gerast íbúar í þessari byggð.

4. Að fram færi hlutlaust mat á eignum fyrirtækisins og það færi jafnframt fram sambærilegt mat á þeim fyrirtækjum sem um var rætt að gætu orðið eignaraðilar og talað var um að sameina þessu fyrirtæki.

5. Að fyrir lægi eigi minna en 9 mánaða uppgjör á reikningum fyrirtækisins og þeirra fyrirtækja sem hugsað var eftir að sameina fyrirtækinu. Ef ekki 9 mánaða, þá 12 mánaða.

Enn var það skilyrði af minni hálfu, og sömu skilyrði settu ýmsir aðrir þingmenn kjördæmisins, að starfsemi fyrirtækisins yrði áfram með fullum þrótti á Siglufirði og að kvóti fyrirtækisins yrði ekki seldur úr bæjarfélaginu. Enn var það skilyrði af okkar hálfu að haft yrði samráð við okkur þingmenn og eins og það var orðað: að ekkert væri aðhafst í þessu máli án þess að þingmenn kjördæmisins fylgdust með því skref fyrir skref.

Ég get sagt það að á þessum fundi og í annan tíma lét hæstv. fjmrh. líklega yfir því að þannig yrði staðið að málum. Það kemur svo í ljós þegar selt er að þá er ekkert af þessum skilyrðum uppfyllt utan eitt. Ekkert utan eitt. Það er með fyrirvara í kaupsamningi gert ráð fyrir því að starfsemin haldi áfram á Siglufirði og kvótinn verði ekki seldur úr bænum. Svo kemur þessi hæstv. fjmrh. hér og segir það alveg blákalt og endurtekur með sínu steigurlæti að þingmenn kjördæmisins hafi ekki á fundum með honum gert eina einustu athugasemd og ekki sett eitt einasta skilyrði. Og þegar ég greip fram í fyrir honum og spurði hvers lags ósannindavaðall þetta væri, þá endurtók hann fullyrðingar sínar án þess að blikna eða blána. Þessi skilyrði voru ekki einungis sett af mér heldur voru þau einnig sett af ýmsum öðrum þingmönnum kjördæmisins. Þetta var auðvitað ekki eina dæmið þar sem hæstv. fjmrh. fór rangt með og fjarri sannleikanum.

Svo vill til að það hefur spurst að um þetta mál hafi verið fjallað í leynd og pukri allt frá því í ágústmánuði sl. Og síðan hefur verið slegið úr og í af til að mynda hæstv. fjmrh. hvort selt yrði eða selt ekki þó að í raun lægi það fyrir og séð eftir á að það var ákveðið fyrir alllöngu áður en kaup voru gerð að tilteknum aðilum væri afhent þetta fyrirtæki á því verði sem um var að ræða. Það var ekki verið að segja okkur þingmönnum frá því og það var ekki verið að segja frá því í bæjarstjórninni. Það var slegið úr og í, sagt að það væri verið að athuga hvort það kæmu einhver boð í þetta fyrirtæki, hvort einhverjir vildu kaupa, hvaða möguleikar væru á að selja einhvern hluta af hlutabréfum ríkisins í fyrirtækinu o.s.frv., en það var ekkert ákveðið um það sagt hvort nokkuð yrði af þessu, sennilega yrði bara ekkert af því. Þannig var slegið úr og í alveg sitt á hvað án þess að segja hið sanna, að

búið var að fjalla um þetta mál vikum og mánuðum saman.

Við kaupin var það auðvitað upplýst að það hafði engra jafnræðissjónarmiða verið gætt. Það var engra jafnræðissjónarmiða gætt að því er snertir viðskipti. Almennar viðskiptavenjur voru að engu hafðar. Hæstv. fjmrh. er hér í sínum sjö stundarfjórðunga lestri búinn að fjalla mikið um verð og verðútreikninga. Hann sjálfur kom í veg fyrir það að myndast gæti eitthvert raunvirði á þessum hlutabréfum við sölu með því að hindra það að þau væru auglýst eða boðin út. Ef hlutabréfin hefðu verið boðin út þá hefði myndast raunvirði. Allar útreikningsreglur um hlutabréf, við sölu þeirra þegar ekki má leita eftir því sem markaðurinn vill, má teygja og toga í allar áttir. Það er út af fyrir sig rétt. En það var sem sagt hindrað af hæstv. fjmrh. og þeim sem störfuðu að þessu með honum í fjmrn., sem ekki eru nú þar allir löglegir embættismenn, að haga þessu máli á þann hátt að engra venjulegra jafnræðissjónarmiða væri gætt og ekki viðskiptasjónarmiða.

Fyrirtækið var ekki auglýst. Hlutabréfin voru ekki auglýst. Og ekki var ansað, að kalla, tilboði frá 175 Siglfirðingum. Það var að vísu talað við þá í síma einu sinni eða tvisvar með þeim hætti sem Páll Pétursson hefur hér sagt frá, með höstuglegum hótunum um það að ef þeir ekki kæmu með þessi og þessi gögn innan dægurs eða eins eða tveggja dægra, þá yrði þeim ekki ansað. Þeim var síðan ekki ansað. Þeir voru raunverulega hunsaðir.

Það var ekkert samráð haft við þingmenn, a.m.k. ekki við mig, um það hvernig á þessum málum yrði tekið þegar til ákvörðunar kæmi. Ekkert. Lokafundur með hæstv. fjmrh. var einungis í því formi að ráðherra tilkynnti hvað verið væri að gera og síðan var gengið upp í ráðuneyti og skrifað undir hálftíma síðar. En það var ekki haft samráð og ekki hlustað á þau skilyrði sem við settum fyrir þessari sölu.

Það fór ekkert hlutlægt mat fram á eignum þessara fyrirtækja. Hæstv. fjmrh. hefur hér verið að vísa í mat Ólafs Nilssonar endurskoðanda. Það er út af fyrir sig rétt að Ólafur Nilsson er virtur endurskoðandi. Og það er alveg hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði að hann var einu sinni skattrannsóknarstjóri. En Ólafur Nilsson segir hér í greinargerð sinni til fjmrh. um starf þeirra félaga, hans og félaga hans sem Hallgrímur heitir, ef ég man rétt:

„Við höfum ekki haft aðstöðu til að skoða eignir félaganna sérstaklega og munum við ekki leggja hér mat á einstakar eignir þeirra. Ef farin verður sú leið að ríkissjóður selji hluta af hlutabréfaeign sinni í Þormóði ramma hf. og að félögin verði síðan sameinuð er nauðsynlegt að leggja mat á öll félögin í samningum aðila.“

Hér segir Ólafur Nilsson: Við höfum ekki lagt neitt mat á eignir þessara fyrirtækja.

Það kemur auðvitað í ljós að hæstv. fjmrh. ber fyrir sig menn eins og Ólaf Nilsson með miklu sterkari hætti heldur en nokkur fótur er fyrir. Ólafur Nilsson gerir hins vegar ábendingar um það hvert gæti verið mat á þessum fyrirtækjum án þess að hafa skoðað eignir félaganna. Og það er ekki fjmrh. til hróss að nota sér greinargerðir umfram það sem þær gefa tilefni til. Raunverulegt mat á eignum þessara fyrirtækja fór því ekki fram.

Ég vil gjarnan taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning að ég er ekkert að gagnrýna kaupendur þessara bréfa. Þeir kaupa auðvitað ef þeir telja sér það hagstætt. Þeir fara auðvitað eins langt og þeir komast í viðskiptum sínum við hæstv. fjmrh. Telji þeir sér hagstætt að kaupa, þá gera þeir það. Þeir eru ekkert gagnrýnisverðir fyrir það. Það er auðvitað eðlilegt að þeir kaupi á hálfvirði eða minna ef þeim er það mögulegt, ef eignin er föl á því verði. Það er eðlilegt, þeir hugsa um sig. Þeir eru ekki að gæta hagsmuna ríkissjóðs eða almennings í landinu. Það er líka þeirra mál hvar þeir eru í flokki. Ég skipti mér ekki af því. En það er nú víst ekki varlegt miðað við orð þess hæstv. forseta sem sat hér í forsetastól áðan að ræða þau mál frekar, enda held ég að það hafi verið sagt nóg um það. (Gripið fram í.) En það er nú svo að a.m.k. þeir ráðgjafar, sem hæstv. fjmrh. hafði í kringum sig, eru þeir vikapiltar sem hann hefur verið að raða kringum sig í fjmrn. og ég veit hvar þeir hafa verið í flokki. Ég mótmæli því að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hafi unnið þetta mál fyrir hæstv. ráðherra eða verið sérstakur ráðgjafi hans í því. Hann hefur auðvitað tekið þátt í því sem embættismaður vegna þess að honum sem slíkum er það skylt.

En það má auðvitað gagnrýna þessa menn, sem nú eru orðnir eigendur fyrirtækisins, fyrir það að þeir hefja störf sín á því að grípa skjótt til pólitískra hreinsana með því að segja skrifstofustjóra fyrirtækisins fyrirvaralaust upp, án nokkurra ástæðna vegna þess að hann leyfði sér að fara fyrir þeim flokki manna, 175 Siglfirðinga sem vildu kaupa þetta fyrirtæki og gera það að almenningseign í Siglufirði. Og það var alls engin endanleg tala, hv. þm. Páll Pétursson nefndi hér allt að 200, því að þessir 175 sem skráðir voru á blað höfðu skráð nöfn sín á skömmum tíma og það var auðvitað auðvelt að fá þá upp í verulega hærri tölu.

Ég hins vegar gagnrýni hæstv. ráðherra fyrir að fara ekki að viðskiptavenjum og hafa ekki í heiðri jafnræðissjónarmið, hvorki gagnvart þeim mönnum sem vildu kaupa, né heldur í mati á þeim fyrirtækjum sem þarna eiga hlut að máli.

Ég tel að hæstv. ráðherra hafi með þessum hætti brotið siðferðilegar leikreglur um sölu á ríkiseign. Þó hann hafi sennilega ekki brotið lög þá er þetta mál með þeim hætti að framferði hæstv. ráðherra við sölu á hlutabréfum fyrirtækisins er sennilega löglegt en siðlaust, eins og stundum var sagt hér áður af einum fyrrv. hæstv. ráðherra og þm.

Það var ekkert, eins og áður segir, útboð við haft. Það var engin tilraun gerð til þess af hálfu hæstv. ráðherra að leitast við að ná samstarfi aðila í Siglufirði um þetta mál. Það var ekki ein einasta tilraun gerð til þess að laða saman þá aðila sem vildu kaupa fyrirtækið, hvorki þá félaga, svilana, Ólaf Marteinsson og Róbert Guðfinnsson, né hina 175 undir forustu Runólfs Birgissonar. Það mátti ekki taka eina eða tvær vikur,

það mátti ekki taka örfáa daga til að kanna hvort væri hægt að ná friði um málið. Hæstv. ráðherra valdi það að ljúka þessu máli á þann hátt að ljóst var að hann væri að efna til ófriðar. Og það er ófriður um þetta mál í Siglufirði og hefur verið síðan. Hæstv. ráðherra hafnaði því að fara þá leið sem leitt hefði getað til friðar. (**Forseti:** Forseti verður að grípa hér inn í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. því nú þarf að fresta þessari umræðu og fresta þessum fundi vegna þingflokksfunda eins og áður hefur komið fram.) Ég fresta þá ræðu minni, forseti.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

54. fundur, mánudaginn 11. febr., kl. 9 síðdegis.

Málefni Litáens, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 350. mál. — Þskj. 616.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Samkvæmt því samkomulagi sem við gerðum á milli okkar í utanrmn. og að höfðu samráði við ýmsa fleiri mæli ég hér fyrir till. sem nefndin flytur varðandi málefni Litáens. Það samdist svo um að ég mælti fyrir nál. en héldi a.m.k. ekki á þessu stigi neina umtalsverða ræðu um málefnið. Till. frá nefndinni er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að staðfesta að viðurkenning ríkisstjórnarinnar frá 1922 á sjálfstæði lýðveldisins Litáens er í fullu gildi.

Alþingi styður ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 23. jan. 1991 að verða við ósk lýðræðislega kjörinna stjórnvalda í Litáen um viðræður um stjórnmálasamband.

Alþingi felur ríkisstjórninni að leiða málið til lykta með því að taka upp stjórnmálasamband við Litáen svo fljótt sem verða má."

Þessu fylgir örstutt grg.: „Utanrmn. hefur á nokkrum undanförnum fundum sínum rætt málefni Litáens og er sammála um að flytja tillögu þessa."

Ég tel að það fari vel á því að þessi till. sé flutt hér í dag, daginn eftir að skoðanakönnunin um sjálfstæðisyfirlýsingu þeirra Litáenbúa fór fram með svo afgerandi niðurstöðu sem atkvæðatölur þar sýna.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. Það er ekki þörf á því að vísa till. til nefndar enda er það nefndin sem flytur málið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Stjórnmál eru list hins mögulega og með fullri virðingu fyrir styrkleik Íslendinga, með fullri virðingu fyrir styrkleik íslensku ríkisstjórnarinnar og með fullri virðingu fyrir núverandi utanrrh. efa ég að miðað við líftíma núv. ríkisstjórnar, sem mun trúlega nálgast endalok hvað sem svo verður, þá hygg ég að hæstv. utanrrh. hafi ærin verkefni við að glíma þó hann leysi ekki það sem hér er verið að tala um. Að hæstv. ríkisstjórn hafi ærin verkefni við að glíma þó hún leysi ekki það sem hér er verið að tala um.

Ef ég skil þetta mál rétt, eins og orðanna hljóðan er, þá hefur ríkisstjórnin átt í viðræðum frá 23. jan. 1991 um að verða við ósk lýðræðislega kjörinna stjórnvalda í Litáen um viðræður um stjórnmálasamband. Viðbótin sem kemur fyrir neðan hlýtur að skoðast sem túlkun á því að þær viðræður hafi leitt til þess að nú sé rétt að samþykkja fullveldi handa Litáum. Það er beint framhald. Það er rökrétt framhald. Það hefur ekki heyrst neitt sem kemur fram um það að hér sé verið að leggja til óraunhæfa hluti.

Mér sýnist að staðan sé sú aftur á móti að núverandi forseti Sovétríkjanna, Gorbatsjov, hafi þurft að vinna eið að því að virða stjórnarskrá Sovétríkjanna. Samkvæmt þeirri stjórnarskrá er Litáen hluti af Sovétríkjunum. Ég fæ þess vegna ekki annað séð en það verði að vera sovéska þingið sem taki um það ákvörðun eigi að breyta þeirri stjórnarskrá. Það verði ekki gert á Alþingi Íslendinga. Ég sé ekki annað en að sú tímasetning sem menn eru að setja á þessa hluti sé einhver sú hættulegasta sem hægt er að velja vilji menn Eystrasaltslöndunum vel. Á sama tíma og stríðið geisar við Persaflóa. Á sama tíma og raddir koma fram um það að samþykkt Sameinuðu þjóðanna sé ekki túlkuð á réttan veg. Í staðinn fyrir að frelsa Kúvæt hafi menn snúið sér að því að minnka herstyrk Íraka fyrst og fremst með hernaðaraðgerðum úr lofti í stað þess að senda landherinn til að frelsa Kúvæt. Er það einmitt ekki í skjóli slíkra atburða sem mestar líkur eru á að menn fari af stað með vopnavald á fleiri stöðum? Er tímasetningin rétt? Hún er jafn kolvitlaus og hún getur verið. Enda athyglisvert að hin löndin tvö, sem vafalaust þrá ekki síður sitt sjálfstæði, hafa annan hátt á að sækja sinn rétt.

Sögulega séð fer það ekki milli mála að Ísland viðurkenndi sjálfstæði Litáens. Sögulega séð er það líka rétt að við höfum ekki afturkallað það. En það hefur margt gerst í tímanna rás sem ekki þýðir að horfa fram hjá. Mér er sagt að seinasti konsúll Eistlands hér á landi hafi verið Tómas Tómasson og 1948, í utanríkisráðherratíð Bjarna Benediktssonar, hafi það verið lagt niður og ekki orðið endurnýjun. Helsinki-sáttmálinn, sem Geir Hallgrímsson staðfesti á sínum tíma, var staðfesting á landamærum Evrópu eins og þau voru eftir stríð. Ford Bandaríkjaforseti mun hafa verið eini leiðtoginn sem mótmælti því að hann staðfesti landamærin eins og þau voru. Menn hafa verið að reyna að manna sig upp í að halda því fram eftir á að þeir hafi ekki samþykkt þetta eða hitt.

Ég held að verkefnin séu ærin hjá Íslendingum, ís-

lenska þinginu, og hæstv. utanrrh. ef við ætlum nú að taka upp þá stefnu að segja: Landamæri Evrópu eftir stríð eru ekki eins og Íslendingar vilja hafa þau. Ætlum við að sitja hjá ef Þjóðverjarnir sem nú eru í Pólandi heimta að fá að stofna sjálfstætt ríki? Heimta að fá að stofna ríki af því að þeir séu þýskumælandi og af því að þeir beri ekki umfram aðra Þjóðverja ábyrgð á stríðsglæpum Hitlers. Ætlum við að sitja hjá? Ætlum við að senda sendinefnd út? Hvað ætlar íslenska þingið að gera? Ætlum við að sitja hjá ef Pólverjarnir sem nú eru í Rússlandi og telja sig ekki frekar vera skiptimynt í samningum stórvelda eftir stríð heimta sinn rétt og vilja að landamærin séu leiðrétt? Ætlum við að sitja hjá? Ef Ungverjarnir, sem nú eru í minnst þremur löndum öðrum, krefjast þess að landamærum Ungverjalands verði breytt, ætlum við þá að senda fulltrúa þingsins til að framkvæma breytingar? Er það yfirlýst stefna að nú skuli frelsa heiminn?

Ég veit ekki hvort á slíkri stundu er rétt að minnast á kvæði eftir að vísu nokkuð svartsýnt skáld en vestfirskt, Stein Steinarr. Ég sé að hæstv. ráðherra kannast strax við texta þess. Það fjallar um að frelsa heiminn.

Það er svo:

Það er alveg sama, þótt þú sért góður maður
og gegn
og gangir í hlé eins og drengur, saklaus og feiminn.
Þú ræðst samt alltaf á það, sem þér er um megn,
og þess vegna tekst þér aldrei að frelsa heiminn.

En nú er Steinn Steinarr allur og kannski er þetta bara vitleysa.

Nei, hinn kaldi veruleiki þessa máls er sá að ef við í dag rjúkum til og samþykkjum fullveldi Litáa þá blasir það við að ef einhver Íslendingur ætlar að ferðast til Litáens þá verður hann að fá vegabréfsáritun hjá Litáen. Ekki fer hann til Sovétríkjanna til þess að biðja um vegabréfsáritun eftir að við erum búnir að samþykkja fullveldið. Gengur það upp? Og kemst hann þá til Litáens á vegabréfi frá Litáen?

Eitt af grundvallaratriðum til þess að hægt sé að samþykkja fullveldi þjóðar er að hún geti ábyrgst líf erlendra sendimanna í sínu landi. Það er forsendan fyrir því að hægt sé að hafa skipti á sendiherrum. Treysta Litáar sér til þess að ábyrgjast slíka menn? Ef til vill munu sumir segja: Ég er bara á móti því að þessi þjóð fái frelsi. Málið snýst einfaldlega ekki um það. Málið snýst um það hvort Litáen er frjálst og fullvalda ríki sem getur tekið við slíkum viðurkenningum frá öðrum þjóðum. Því miður bendir allt til þess að svo sé ekki. En það er óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. Íslands geri þinginu grein fyrir því hvort Norðmenn ætla að viðurkenna Litáen, hvort Svíar ætla að viðurkenna Litáen, hvort Finnar ætla að viðurkenna Litáen, hvort Bretar, Frakkar og Bandaríkjamenn ætla að viðurkenna Litáen. Hvers vegna?

Segjum nú að Norðurlöndin geri það af réttlætisást einni saman. Kannski væri viðurkenning frá Bretum, Frökkum og Bandaríkjamönnum þess virði að þetta tafl snerist við, það hefði tilgang að viðurkenna sjálfstæði Litáa vegna þess að þeir hafa styrkinn til þess. Þeir höfðu styrkinn til þess forðum þegar þeir yfirgáfu breska heimsveldið og börðust undir sínum slagorðum „Liberty or Death". En þá var líka barist með vopnum á bandarískri grund.

Ég hygg að Gorbatsjov standi frammi fyrir því mjög fljótlega, í síðasta lagi í marslok, hvort hann ætlar að halda Sovétríkjunum saman eða hvort hann ætlar að láta skeika að sköptu. Frammi fyrir þessari spurningu stóð einn virtasti forseti Bandaríkjanna fyrir mörgum árum, Abraham Lincoln. Og hverju kostaði hann til til að halda Bandaríkjunum saman? Mesta blóðbaði sem framkvæmt hefur verið í Bandaríkjunum. Það var vissulega vegna þess að þeir í suðurríkjunum vildu ekki samþykkja að þrælahaldið yrði lagt af. En hann kostaði því til sem þurfti að kosta til og hann átti ekki aðeins virðingu bandarísku þjóðarinnar á eftir, heldur alls heimsins og mína meðan ég lifi.

Ég held að þó að menn deili um stjórnarfyrirkomulag þurfi raunsæi að vera til staðar. Það þurfi að leggja á það kalt mat hverju sinni hvað er framkvæmanlegt, hvað er raunveruleikinn. Ég hef áður gert grein fyrir því hvað ég teldi það hættulegt fyrir vestræna menningu ef Sovétríkin nú, í því menningar- og lýðræðisvori sem þar er, mundu brotna upp í frumeindir sínar. (**Gripið fram í:** Það er farið að hausta aftur.) Það er farið að hausta aftur. Ber þá að skilja það svo að rauði herinn verði brotinn á bak aftur með ályktunum frá íslenska þinginu eða eigum við að storka honum frekar en orðið er? Eigum við að storka honum frekar, vita hvenær þolinmæðina brestur? Ég held að það sé ekki farið að hausta aftur. Ég held að stefnan hjá Kohl kanslara, þegar hann sendi mat til Rússlands, sé sú eina rétta í þessari stöðu, að gera sér grein fyrir því að ef nú fæst ráðrúm til þess að vinna áfram það verk að auka lýðræðið í Sovétríkjunum, þá er mannkynið á réttri braut. En ef þetta ráðrúm fæst ekki er hætta á því að rauði herinn taki yfir. Mér er ljóst að sumir sem nú fara að skrifa telji að það sé heppilegra fyrir næstu kosningar að áróðursbyssunum sé beint að Moskvu vegna þess að þeir viti ekki hvert á að skjóta ef djöfullinn á ekki lengur heima í Rússlandi.

Það verður að skoðast hreint út í þessari stöðu hvað það er sem menn stefna að. Ef menn stefna að velferð þessara landa er þessi tímasetning í það minnsta vitlaus. Það hljóta allir menn að sjá. Ef menn vilja að Alþingi Íslendinga samþykki fyrst og fremst hluti sem eru raunverulegir, sem eru veruleikinn, þá er þetta líka rangt. Þá er þetta eins og ódagsettur víxill sem enginn veit hvenær dagsetningin verður skrifuð á né hver skrifar hana. Hlutirnir geta breyst. Við stöndum hér um kvöld frammi fyrir því að ákveða hluti sem ég veit ekki til þess að menn treysti sér til þess að tímasetja hvort þeir eru reiðubúnir til að framkvæma í næstu viku, næsta mánuði, þar næsta mánuði eða á næsta ári. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa við virðingu Alþingis að utanrrh. geri grein fyrir því hvort hann er reiðubúinn til þess að leggja það fyrir ríkisstjórnina að Litáen sé viðurkennt sem frjálst og fullvalda ríki. Og þá þýðir ekkert að segja að það sé einhver spurning

hvort það verði gert í dag eða á morgun. Það þýðir ekkert að tala í líkingum eins og þeim: Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár. Það þýðir ekkert að rugla menn með því að það eigi að gera þetta e.t.v. eftir ár, tvö ár eða tíu ár. Ef eftir umboðinu er leitað þá hlýtur það að vera það að menn ætli sér að framkvæma það. Annars hlýtur það að vera rétt að utanrrh. meti það með kaldri yfirvegun hvenær hann treysti sér til að leggja þetta til. Og þegar hann hefur komist að þeirri niðurstöðu, þá væri ég reiðubúinn að mæta hér á þingfund á degi eða nóttu til þess að verða ekki til að tefja málið ef ríkisstjórnin telur að nú sé fært að samþykkja fullveldi Litáa og að þeir hafi aðstöðu til að taka á móti því.

En það er ein hlið á þessu máli sem er alvarleg og kannski alvarlegri en menn halda. Að vekja of miklar væntingar hjá undirokaðri þjóð, sem er búin að vera það lengi, er hæpið nema menn séu færir um að rísa undir þeirri ábyrgð. Og því miður hefur Ísland ekki þann styrkleika að það sé fært að rísa undir slíkri ábyrgð. Ísland hlýtur fyrst og fremst í deilumálum sem þessum að vera talsmaðurinn sem gengur á milli og reynir að koma málum áfram með ræðum, með ritum. Það var leiðin sem færði okkur sjálfstæði. Ef menn halda að þannig sé komið fyrir Sovétríkjunum að menn fari bara í kröfugöngu og labbi út, þá held ég að menn séu komnir á ranga braut. Ég segi það hér og nú.

Hitt er einnig ærið umhugsunarefni hvort Litáen sé ekki í þeirri stöðu að það sé aðeins í sátt við Sovétríkin sem þeir geti tekið við sjálfstæði. Einfaldlega vegna þess að hafnarborgirnar, sem skapa mesta vinnuna og tryggja afkomu fólksins, byggja að sjálfsögðu á því að flytja út vörur frá Sovétríkjunum. Ég hef talið að íslensk utanríkisþjónusta hefði ærin verk að vinna, m.a. að vinna að viðskiptahagsmunum Íslands, að vinna að því að stuðla að friði almennt í heiminum. Ég óttast það hreint og beint ef menn telja að nú sé sá tími upp runninn að það eigi að fara að starfa eftir þeim leikreglum að finna ranglætið og uppræta það og menn telji að þeir ráði við slík vinnubrögð. Það væri gaman að sjá hvernig mönnum yrði nú við ef það kæmi sendinefnd frá indíánunum í Ameríku með hvert skjalið eftir annað undir hendinni þar sem þeir sýndu fram á það að hver samningurinn eftir annan sem þeir gerðu við Bandaríkjastjórn hefði verið brotinn. Og nú gerðu þeir kröfur til þess að fá stuðning þessarar þjóðar til þess að ná undir sig merkilegri skikum en verndarsvæðunum sem þeir hafa verið staðsettir á. Það er óvíst að hæstv. utanrrh. mundi endast tíminn fram að kosningum til að leysa það mál. Það er óvíst.

Nei, ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að vera heiðarlegir í sinni utanríkispólitík. Þeir eigi að vera það heiðarlegir að þeir geti sagt við Litáa: Því miður. Okkar mat er að þið getið ekki tekið við fullveldisstuðningi í dag. Ykkar aðstaða er slík. En jafnframt að undirstrika að við teljum það hlutverk íslensku þjóðarinnar að tala því máli á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar að þessi þrjú ríki sem á sínum tíma voru innlimuð án þeirra vilja fái aftur sjálfstæði. Og að við berum gæfu til að vera vinir sem segjum þeim satt en ölum ekki á óraunhæfum hugmyndum.

Ég tel, andstætt við það sem hér hefur komið fram, að þróunin sé enn í þá áttina að þeir nálgist þann möguleika að geta orðið sjálfstæðir. En ég tel að það sé tómt mál að tala um að slíkt muni gerast fyrr en búið er að komast að einhverri niðurstöðu á sovéska þinginu um það hver verði heildarstefnan í Sovétríkjunum og hvort heildarstefnan verður sú að þau liðast í sundur eða heildarstefnan verður sú að þau halda velli. Í framhaldi af slíku væri möguleiki að semja um það að þessi þrjú ríki fengju frelsi. Þá yrði einnig að semja um lífshagsmuni þessara ríkja sem eru þeir í dag að viðskiptasambandið við Rússland, verslun og viðskipti, gangi með eðlilegum hætti. Hafnarborginar verði áfram notaðar til þess að flytja út rússneskar vörur.

Ég veit ekki til þess að nokkurt þjóðþing Evrópu sé á kvöldfundi til að ræða þetta mál, ég veit ekki til þess. Ég veit ekki til þess að nokkrir fjölmiðlar í Evrópu nema þeir íslensku hafi gert þetta að aðalatriði líðandi stundar núna á undanförnum dögum. Ég veit ekki til þess að nokkur utanríkisráðherra Evrópu, og þar tek ég þann með sem hér situr, hæstv. utanrrh., telji að Litáar geti tekið við fullveldi hér og nú. Og fer þó ekki á milli mála að hæstv. utanrrh. er hugrakkur maður sem þorir að gera hlutina. Ég held þess vegna að það hefði verið eðlilegra að menn flýttu sér ekki jafnmikið og hér er gert. Ég hefði talið eðlilegra að vísa svona tillögu til ríkisstjórnarinnar. Mér er ljóst að ég mun engu um það ráða. En því miður sýnist mér að hér stefni allt í það að samstaða um málefni Litáa verði rofin og ég neyðist til að greiða atkvæði gegn þeirri tillögu sem hér er lögð fram.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. 18.–22. jan. fór utanrrh. Íslendinga í opinbera heimsókn og sótti heim hin þrjú Eystrasaltslönd, Litáen, Lettland og Eistland. Það er margstaðfest í fundargerðum af viðræðum mínum við ráðamenn í þeim löndum og af yfirlýsingum þeirra ráðamanna sem við var rætt að í þeirri ferð voru engin loforð gefin og engar falskar væntingar vaktar. Í framhaldi af þessari ferð gerðist það að ríkisstjórn Íslands samþykkti þann 23. jan. yfirlýsingu um afstöðu og aðgerðir til stuðnings sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsþjóðanna þriggja. Einn þáttur þess máls var að ríkisstjórnin samþykkti eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin ákvað, að ósk stjórnvalda í Litáen, að taka upp viðræður um að koma á stjórnmálasambandi.“ Það er stefna sem ríkisstjórnin markaði, það er stefna sem kynnt var opinberlega viðeigandi aðilum, það er stefna sem, eftir því sem best var vitað eftir umræður hér á hinu háa Alþingi, naut einróma stuðnings Alþingis Íslendinga. Í þeirri ákvörðun var engu slegið föstu um það nákvæmlega á hvaða stundu eða hvenær þetta skyldi gert. Í viðræðum mínum við leiðtoga Litáens höfðum við lagt niður fyrir okkur að hvaða leyti aðstæður væru breyttar og hvað þyrfti að

gerast til að þessari ákvörðun yrði hrundið í framkvæmd.

Síðan gerðist það að Alþingi Íslendinga samþykkti boð og reyndar varð við áskorun frá ríkisstjórn Íslands um að senda sendinefnd þriggja þingmanna til Litáens. Þeir þingmenn komu til baka. Það hafði gerst í millitíðinni að fjölmiðlar í Litáen höfðu birt þau tíðindi að stjórnmálasambandi hefði þegar verið komið á. Enginn kann skýringu á því á hvaða heimildum það var byggt. En ljóst er að að lokinni þessari för var málið tekið upp í utanrmn. og reyndar tekið upp af íslenskum fjölmiðlum og sá sem hér stendur var krafinn mjög alvarlegra svara við spurningunni: Hvers vegna er ekki búið að gera þetta strax? Ríkisstjórn Íslands var krafin um svar við því.

Ég gerði rækilega grein fyrir því hvað um hefði verið rætt í Litáen og það var stutt rækilegum gögnum ef menn vilja rengja mitt mál, fundargerð undirrituð af þeim mönnum sem þar voru viðstaddir. Í raun og veru segir það sig sjálft að mínu mati að þegar ríkisstjórn Íslands ákveður að taka upp viðræður, þá gerir hún það ekki að gamni sínu, þá gerir hún það ekki til þess að vekja upp falskar vonir. Þá gerir hún það til þess að leiða það mál til lykta en áskilur sér rétt til þess að gera það að fullnægðum þeim forsendum sem samkomulag varð um.

Það er rétt að í utanríkismálum framselja menn ekki vald sitt öðrum og að í utanríkismálum taka menn sjálfir ákvörðun um það hvenær er rétti tíminn til þess að hrinda einhverri slíkri mikilsverðri ákvörðun í framkvæmd.

Sá texti að tillögu sem hér liggur fyrir er lagður fram af utanrmn. Hann er saman settur eftir viðræður við formenn allra þeirra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Hann er samkomulag eða málamiðlun sem menn gerðu sér vonir um að tækist milli allra þannig að þessi tillaga yrði samþykkt ágreiningslaust. Sá texti lýsir ekki væntanlega sjónarmiðum neins eins stjórnmálaflokks eða stjórnmálamanns.

Ég tel það styrkja stöðu mína og reyndar ríkisstjórnarinnar ef Alþingi samþykkir einróma stuðning við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem tekin var 23. jan. Ég dreg hins vegar enga dul á það að ég hef óskað eftir því í viðræðum við alla menn sem að þessu máli hafa komið að hendur mínar yrðu ekki bundnar þannig að mér gæfist a.m.k. ráðrúm til að vinna að málinu með þeim hætti sem um var rætt í viðræðum við forustumenn Litáens, með þeim hætti að mér gæfist kostur á að standa við skuldbindingar okkar Íslendinga samkvæmt RÖSE-samkomulaginu um það að kynna niðurstöður, rökstuðning og málflutning okkar Íslendinga, líka gagnvart sovéskum stjórnvöldum, og um það að mér gefist tími til þess að leggja fram rækilegar greinargerðir um rökstuðning fyrir þessum íslensku sjónarmiðum fyrir samstarfsaðila okkar og bandalagsþjóðir, ríkisstjórnir Norðurlanda og Atlantshafsbandalagsins og reyndar hugsanlega ríkisstjórnir aðildarríkja samkomulagsins um samvinnu og öryggi í Evrópu. Þetta er mitt sjónarmið og það hefur í engu breyst.

Satt að segja bjóst ég ekki við því að þurfa að gera hv. þingheimi neina grein fyrir mínum sjónarmiðum því að þau eru öllum kunn, svo rækilega sem ég hef áður gert grein fyrir þeim. Ég neyðist hins vegar til þess að gera ákveðnar athugasemdir við málflutning hv. 2. þm. Vestf. eins og við heyrðum hann hér áðan. Hann sagði: Vegna þess að forseti Sovétríkjanna er bundinn af eiðstaf sínum við sovésku stjórnarskrána, þá er hann ekki frjáls maður að sínum gjörðum nema með því að sovéska þingið hafi hugsanlega áður breytt sovésku stjórnarskránni. Veit hv. þm. það að hinn 24. des. árið 1989 gerði þjóðfulltrúasamkunda alríkisins í Sovétríkjunum samþykkt þar sem því var yfir lýst án mótatkvæða að samningurinn milli Molotovs og Ribbentrops ásamt með öllum þeim leynisamningum sem honum fylgdu og voru ekki gerðir opinberir fyrr en eftir það væru hér með lýstir ólöglegir frá upphafi til þessa dags? En á þessum samningi og leyniskjölum hans byggðist réttlæting Sovétríkjanna á hernámi og innlimun þessara þriggja landa inn í Sovétsamveldið. Forseti Sovétríkjanna er þar af leiðandi ekki bundinn af öðru en þeirri samþykkt þjóðþingsins að þessar athafnir Stalíns og ógnarstjórnar hans hafi verið ólöglegur gjörningur. Eftir það getur það ekki verið sovéskt sjónarmið að það eigi sér stoð í lögum eða þjóðarétti.

Annað mál. Hv. þm. hélt því fram að fyrrv. forsrh. Íslands, Geir Hallgrímsson, hefði árið 1975 með undirskrift sinni á lokaskjali Helsinki-sáttmálans samþykkt að lögum innlimun þessara landa í Sovétríkin. Ég átti satt að segja ekki von á því að heyra þessa söguskoðun eða þessa túlkun í íslenskum þingsölum af þeirri einföldu ástæðu að það er grundvallarregla í þjóðarétti að hernám, innlimun og ofbeldi skapar engri þjóð rétt og að engin þjóð ávinnur sér neinn rétt með hernaðaraðgerðum og ofbeldi af þessu tagi. Og það þarf engar sérstakar fótnótur eða fyrirvara um það að vestræn ríki samþykkja ekki með undirskrift sinni ólöglega gjörninga af því tagi heldur einungis þau landamæri í Evrópu sem sett hafa verið með löglegum hætti.

Hv. þm. sagði í þriðja lagi: Ætla Íslendingar að setja fram þá kröfu að þeim landamærum öllum, sem sett voru með valdbeitingu rauða hersins á styrjaldarárunum í Austur-Evrópu, skuli breytt? Veit hv. þm. það að nú hafa tekist samningar, m.a. fyrir þrýsting og samstöðu vestrænna ríkja, um það að sovésk stjórnvöld hafa samþykkt breytingar á þeim landamærum, nefnilega við þann atburð sem hvað merkastur er af þeim sem nú hafa gerst á árunum eftir stríð, að sameining Þýskalands hefur gerst með samningum við Sovétstjórnina sem m.a. fela það í sér að Sovétstjórnin samþykkti áframhaldandi aðild hins sameinaða þýska ríkis í Atlantshafsbandalaginu? Menn hefðu látið segja sér það tvisvar fyrir nokkrum mánuðum eða missirum síðan, en það hefur gerst. Það hefur nefnilega margt gerst, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Það hefur m.a. gerst það að auk þess sem Sovétstjórnin hefur undirritað lokaskjal Helsinki-sáttmálans, þá hefur hún einnig undirritað Vínarskjal á vegum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og leiðtogi Sovétríkjanna hefur undirritað í eigin nafni og eigin hendi Parísaryfirlýs-

inguna sem lýsir því yfir að ofbeldisgjörningar rauða hersins séu ólöglegir og lýsir því yfir að framvegis skuli samskipti þjóða í Evrópu byggja á grundvallarreglum alþjóðalaga, þjóðaréttar, virðingar fyrir lýðræði, virðingar fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða, virðingar fyrir mannréttindum. Og ég verð að segja það að hv. þm. var óheppinn í líkingu sinni þegar hann nefndi nafn Abrahams Lincolns sem lagði mikið að veði við að halda Bandaríkjunum sameinuðum en í nafni þess að *afnema* þrælahald en ekki að *viðhalda* því.

Hv. þm. spurði: Hvað með viðurkenningu annarra þjóða? Já, hvað með það? Reyndar er það fótnóta í sögunni að bandarísk stjórnvöld hafa aldrei fallið frá viðurkenningu sinni á sjálfstæði þessara ríkja, staðfestu það að sjálfsögðu með þeim fyrirvara sem Bandaríkjaforseti á sínum tíma gerði við Helsinki-sáttmálann og staðfestu það með því að þau hafa aldrei afturkallað umboð ræðismanns Eistlands og reyndar Litáens líka, sem báðir starfa í Washington og eru þar skráðir í diplómatalista sem viðurkenndir fulltrúar sinna landa, gefa út vegabréf fyrir þeirra hönd og þau vegabréf eru viðurkennd m.a. af Evrópubandalagslöndunum. En hvað með viðurkenningu annarra ríkja? Það eru 50 ríki í veröldinni sem lýsa því sem sinni afstöðu að því er varðar Eystrasaltsríkin að þau viðurkenndu gömlu lýðveldin sem stofnuð voru upp úr fyrra stríði. Þau segja: Við höfum aldrei afturkallað þessa viðurkenningu. Þau segja: Við viðurkennum ekki lögmæti hernáms og innlimunar þessara landa inn í Sovétríkin. Og þau vitna í samþykkt sovéska þingsins sem lýst hefur þann gjörning ólöglegan. Hvað merkir þetta? Þetta merkir það, ef þessi ríki meina eitthvað af því sem þau eru að segja, að þau hafi aldrei fallið frá viðurkenningu sinni á gamla litáíska lýðveldinu sem nú hefur verið endurreist. Hvað er þeim þá að vanbúnaði að staðfesta það? Því það að koma á stjórnmálasambandi er að staðfesta það að sú viðurkenning sé enn í fullu gildi. Hvað er þeim að vanbúnaði? Jú, hv. þm. sagði: Litáen getur ekki fullnægt skilmálum Vínarsáttmálans, hefur ekki vald á landamærum sínum, hefur ekki vald á vegabréfaútgáfu, hefur ekki vald á höfnum vegna þess að landið er hernumið. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson: Áttu Íslendingar að afturkalla viðurkenningu sína á Noregi á sinni tíð af því að það var hernumið af nasistum? Eiga ríki heims sem viðurkenndu Kúvæt sem sjálfstætt ríki að afturkalla það nú vegna þess að það hefur verið hernumið og innlimað af seinni tíma fasistum?

Virðulegi forseti. Sl. laugardag fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Litáen. Hún var að vísu óformleg. Hún var kölluð skoðanakönnun vegna þess að það lék vafi á því hvort lýðræðislega kjörin stjórnvöld þar í landi gætu framkvæmt þessa skoðanakönnun án íhlutunar sovésks hervalds þar sem þjóðin býr í hernumdu landi. Sem betur fór lét rauði herinn þessa skoðanakönnun, þessa þjóðaratkvæðagreiðslu afskiptalausa og hún leiddi það í ljós að tæplega 95% af kosningabærum mönnum tóku þátt og af þeim voru 94% sem lýstu sig fylgjandi þeirri skoðun að Litáen, þegar stofnað ríki, skyldi vera sjálfstætt ríki utan Sovétríkjanna svo sem það hefur allan þjóðréttarlegan rétt til. 6% greiddu atkvæði á móti sem m.a. staðfestir, af því að fólk af öðru þjóðerni en Litáar er um 20% í landinu, að meiri hluti þess fólks sem er af rússnesku bergi brotið, pólsku eða hvítrússnesku studdi sjálfstæði Litáens.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að segja meir. Þessi skoðanakönnun segir það sem segja þarf.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. spurði mig margra spurninga. Ég spurði hæstv. utanrrh. einnig spurninga. Þær voru að vísu aðeins örfáar. Munurinn aftur á móti er sá að *yfirleitt* er það *ráðherrann* sem er upplýsingagefandi en ekki að hinir almennu þingmenn taki sig til og veiti ráðherrum upplýsingar um málefni sem heyrir undir þeirra sérsvið.

Ég spurði hæstv. ráðherra beint: Viðurkenna Norðmenn fullveldi Litáa? Hann hefur haft tímann frá 23. janúar til að fá svör. Viðurkenna Danir fullveldi Litáa? Ekkert svar. Viðurkenna Finnar fullveldi Litáa? Ekkert svar. Viðurkenna Svíar fullveldi Litáa? Ekkert svar. Viðurkenna Frakkar fullveldi Litáa? Ekkert svar. Viðurkenna Bretar fullveldi Litáa? Ekkert svar. Hins vegar upplýsti hann hér af sínum fróðleik að Bandaríkjamenn lögðu ekki niður konsúlsembættin í Bandaríkjunum. Hann tók það sem sönnun fyrir því að þeir viðurkenndu fullveldi þessara þjóða. En Íslendingar lögðu niður konsúlsembættin. Var það þá gagnstæð sönnun fyrir því að Íslendingar viðurkenndu ekki fullveldi þessara þjóða? Ég minnist þess að fyrrverandi forseti sameinaðs þings sagði að menn hefðu rétt til að gagnálykta. Og ég geri það hér með.

Það vill nú svo til að þó að ég hafi flutt hér mjög ákveðna yfirlýsingu um ágæti Abrahams Lincolns, þá taldi hæstv. utanrrh. að ég hefði verið óheppinn með að nefna hann. Ég sæmdi Gorbatsjov ekki friðarverðlaunum Nóbels. Ég er alsaklaus af því, ræddi ekki við nokkurn mann til að hvetja hann til að hafa áhrif. Engu að síður var það gert. Og það er nú sennilega mesta viðurkenning sem nokkur þjóðhöfðingi getur fengið. Og fyrir hvað fékk hann þessa viðurkenningu? Fyrir að afnema þrælahald, miklu stærra þrælahald en Abraham Lincoln komst nokkurn tímann yfir. Skipulagt kerfi til að kúga yfir 300 milljóna samfélag. Ég veit ekki hvort það var hægt að finna betri samlíkingu.

Hins vegar er sú saga fræg af músinni og kettinum, þegar músin komst í bjórinn og klifraði svo upp á tunnubarminn og sagði: Komið þið nú með helvítis köttinn.

Hvar var þessi frelsishugsjón Íslendinga þegar Stalín sat við völd? Hvar var þá krafturinn í Íslendingum til þess að heimta rétt handa þessum þjóðum? Hvar var hann þegar Brésnév sat við völd eða Krústjoff? Nei. Þegar loksins þeir hlutir gerast að fulltrúi Sovétríkjanna, forustumaður þeirra, hefur verið sæmdur friðarverðlaunum Nóbels, þá rísa Íslendingar upp á afturlappirnar og segja: Komið þið nú með helvítis köttinn. Þá er kjarkurinn til staðar.

Svo er sagt að þessum 52 þjóðum sé ekkert að vanbúnaði að samþykkja fullveldi Litáa. Hæstv. utanrrh.

skuldar þessu þingi skýringar á því hvaða upplýsingar hann hefur fengið í viðræðum við forustumenn þessara þjóða. Hann skuldar þinginu skýringar. Hverjar eru þær? Hver eru svörin? Það þarf enginn mér að segja að hæstv. utanrrh. viti ekki hver svörin eru. Það þarf enginn mér að segja að hann hafi ekki spurt. Og það þarf enginn mér að segja að jafngreindur maður geri sér ekki grein fyrir því hvaða annmarkar eru á því að verða við þessari beiðni, enda hefur hann beðið um að sínar hendur yrðu ekki bundnar. Hvað á hann við? Er hann að biðja okkur um að koma ekki í veg fyrir það að hann geti veitt Litáum fullveldi með því að biðja um að hendurnar séu ekki bundnar? Nei, hann er að biðja um það að honum verði ekki skipað að framkvæma það áður en hann getur það. Það er það sem hann er að biðja um. Og ég skil hæstv. ráðherra vel. Hann vill ekki bera ábyrgð á því eins og staða mála er í dag að leggja þetta til og sýnir einfaldlega að þrátt fyrir þá miklu spennu sem myndast hefur, hefur hann haldið viti og ró og gert sér grein fyrir því að þetta er ekki hægt eins og hlutirnir eru í dag.

Ég rakti það hér hvaða stefnu mér sýndist þessi mál gætu tekið ef menn hefðu biðlund. Ég fékk frammíkall um það að vorið væri búið, það væri farið að hausta. Ég hef aftur á móti ekki skipt um skoðun. Ég tel að þegar búið er að ganga frá þeirri ákvörðun, hvernig verði staðið að framtíðarskipulagi mála í Sovétríkjunum, þá skapist grundvöllur til þess að setjast niður og taka þessi mál upp. En hitt, að nú skuli þjóðaréttur einn ráða landamærum í Evrópu og engin landamæri virt sem tekin hafa verið með vopnavaldi. Haldið þið virkilega að þetta muni gerast? Má búast við því að írska þjóðin verði eitt sjálfstætt ríki á morgun? Það verði þjóðaratkvæðagreiðsla um allt Írland, atkvæðin talin og niðurstaðan verði sú að meiri hluti Íra vilji að þeir séu eitt ríki og þeir verði sjálfstætt ríki á morgun? Er það þetta vor sem menn sjá fyrir sér í Evrópu? Má búast við því að Balkanlöndin verði nú ásátt um það hvernig eigi að skipa landamærum? Þjóðarétturinn segi til. Nei, þetta vor er ekki í augsýn því miður.

Flestöll landamæri Evrópu hafa verið ákveðin með vopnavaldi. Það þarf aðeins að fara misjafnlega langt aftur til þess að finna það út hvenær það vopnavald ákvað landamæri á þessum eða hinum staðnum. Þannig standa málin. Ég hygg að ég hafi skilið hæstv. ráðherra rétt þá hann vakti á því athygli að hann teldi það stuðning við sig ef ákvörðun ríkisstjórnarinnar fengi viðurkenningu. Ég hef ekki lýst andstöðu gegn því að viðræðurnar ættu sér stað. Orð eru til alls fyrst. Viðræður eiga sér stað og þegar viðræður hafa átt sér stað, þá taka menn ákvarðanir í ljósi þeirrar niðurstöðu sem þar hefur komið í ljós. Ég tel aftur á móti að nú blasi það við að þróunin sé á þann veginn að þó að í dag sjái ekki fyrir endann á þessum málum, þá eigi að halda viðræðunum áfram. Og ég tel það af hinu góða að utanrrh. Íslands leiti eftir því að fá að ræða við Sovétríkin um þessi mál.

En ég geri skýran greinarmun á því hvort viðræðurnar halda áfram ef við samþykkjum hér texta sem ekki verður skilinn á annan veg en þann að viðræðurnar hafi hafist 23. jan. og nú sé komið að því að taka upp stjórnmálasamband við Litáa svo fljótt sem verða má, eftir því sem póstþjónustan eða flugsamgöngurnar leyfa, gæti staðið þarna á eftir. Þetta er að vekja falskar væntingar að mínu viti. Þar skilur kannski á milli í mínum skilningi á þessum texta og annarra. Ég vil ekki standa að því að þrýsta svo á hæstv. utanrrh. í þessu máli að hann líti svo á að hann sé nánast með fyrirskipun um að framkvæma þetta hér og nú.

Mér er ljóst að trúlega er þingheimur með nokkuð mótaða afstöðu þannig að skoðanir manna breytast lítið þó ræður séu fluttar. En ég taldi, miðað við mikilvægi þessa máls, að mér bæri að gera grein fyrir mínum skoðunum, koma þeim á framfæri í þeirri stöðu sem þetta mál er, því að nú eru menn að tefla þessu máli til sundrungar meðal íslenskrar þjóðar. Menn eru að tefla því til sundrungar á íslenskri þjóð. Því geta menn áttað sig á ef þeir tala við menn á götum úti í Reykjavík, ef þeir tala við menn úti á landi. Íslenska þjóðin var ekki andvíg því að utanrrh. Íslands leitaði eftir viðræðum og reyndi að fá niðurstöðu. En íslenska þjóðin er raunsæ. Hún er raunsæ og gerir sér grein fyrir því hver raunveruleg staða þessara mála er.

Ég ætla ekki, herra forseti, að þreyta þingheim á lengri ræðu um þessi mál.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Þar sem fyrirsjáanlegt er að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson fær ekki svar við sínum spurningum um það hvað hinar Norðurlandaþjóðirnar ætla að gera í þessu máli, þá tel ég rétt, til að ljúka ekki þessari umræðu án þess að þau svör séu gefin, að ég standi hér upp og skýri það sem ég veit í þessu máli. Í Dagblaðinu í dag er skýrt frá því að þrír þingmenn hafi verið á ferð um Eystrasaltsríkin, hafi farið fyrst til Eistlands, síðan til Lettlands og loks til Litáens. Þessir þingmenn eru Karin Söder frá Svíþjóð, Anker Jörgensen frá Danmörku og Jan P. Syse frá Noregi. Þetta fólk hélt blaðamannafund í Litáen og var spurt að því hvaða afstöðu þjóðir þess hefðu til sjálfstæðisbaráttunnar. Svörin voru þau að það væri venja að viðurkenna einungis ríki sem hefðu fullan yfirráðarétt yfir landsvæði sínu. Á þeim forsendum sögðu þessir aðilar að þeir mundu ekki að svo komnu og með vísan til þessa viðurkenna Litáen sem sjálfstætt ríki. Þetta tel ég rétt að komi fram hér þegar við fjöllum um þessi mál og greiðum atkvæði á eftir um þessa þáltill., sem hv. utanrmn. hefur samið og lagt hér fram.

Ég persónulega hef haft mjög blendnar tilfinningar til þessa máls og hvernig það hefur verið rekið af hálfu okkar Íslendinga. Ég taldi í upphafi, eins og margir sem hafa fylgst með fréttum af þessu máli, að þetta væri hið besta mál. Það væri okkur til mikils sóma að standa við bakið á lítilli þjóð eins og við erum og stuðla að því að þetta ríki fengi sjálfstæði. En við verðum að líta á heiminn í samhengi og þá atburði sem eru að gerast. Ekki líta einungis á þetta mál heldur verður að líta á málin út frá því hvað er að gerast í Sovétríkjunum, hvað er að gerast við Persaflóa og hvað ger-

ist ef þau verk sem við erum að vinna ná fram að ganga.

Ég er mjög sammála því að þessi ríki fái sjálfstæði og vil gera það sem í mínu valdi stendur til þess að svo geti orðið. En ég held að við, þessi litla þjóð, eigum ekki ein sér að hafa algert frumkvæði. Við eigum, eins og við höfum hagað okkar utanríkispólitík, að vera í samstarfi við aðrar þjóðir, samstarfi við Norðurlandaþjóðirnar í einu og öllu sem við tökum okkur fyrir hendur á vettvangi alþjóðamála og stuðla að því að saman stöndum við í því að koma á þeim lýðréttindum og öðru sem við viljum.

Ég mun ekki greiða atkvæði gegn þessari tillögu á eftir þegar greidd verða atkvæði um þetta mál. Hins vegar mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu höfum við rætt þetta mál mjög ítarlega í þingflokki Borgfl. eins og ég geri ráð fyrir að aðrir þingflokkar hafi rætt þetta mál. Því er ekki að leyna að skoðanir hafa verið skiptar um hvernig ætti að halda á þessu. Þetta er erfitt, flókið og vandasamt mál. Það er ekki létt verk fyrir þingið að taka þessa ákvörðun.

Ég vil hins vegar ítreka að það er ekki skoðun Borgfl. sem kom fram hér hjá þingflokksformanni áðan. Við höfum haft mismunandi skoðanir í þessu máli og í þeim anda, sem við höfum starfað, að við viljum ekki leggja nein flokksbönd á menn heldur leyfa þeim að hafa sínar skoðanir og fá að tala fyrir þeim hér á hinu háa Alþingi geri ég engar athugasemdir við það sem þingflokksformaður Borgfl. sagði hér áðan. Ég virði hans skoðanir í þessu máli. Hins vegar mun ég greiða þessari tillögu atkvæði og aðrir þingmenn Borgfl. munu greiða ýmist atkvæði með eða móti eftir sinni sannfæringu. Hér er ekki um að ræða mál sem ég vil að sé bundið föstum flokksböndum heldur er hér um að ræða mál sem þingmenn verða að gera upp við sig og sannfæringu sína hvaða afstöðu þeir taka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Atkvæðagreiðsla um þáltill. um málefni Litáens.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hefði mælst til þess, ef hægt væri að verða við því, að það yrðu greidd atkvæði í tvennu lagi um þessa tillögu. Fyrst yrðu greidd atkvæði um fyrri hlutann, aftur að seinasta liðnum, þ.e. það yrði endað á orðinu „stjórnmálasamband", en svo yrði tekinn fyrir seinasti liðurinn sem hefst á orðunum: „Alþingi felur ríkisstjórninni að leiða málið til lykta."

Ég er að óska eftir þessu vegna þess að ég hef ekki hugsað mér að flytja hér fleiri ræður um málið og taldi rétt að koma þessu strax á framfæri áður en svefn færi að sækja á mig því ég tók það sem sjálfsagðan hlut að nú mundu þingmenn almennt fara að ræða málið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. heyrist forseta að það hafi verið um brtt. að ræða (Gripið fram í.) Þá hefur hv. þm. sleppt orðum í máli sínu sem ekki var annað að skilja en hann óskaði eftir að féllu niður. (**JE:** Greiða atkvæði sér um þetta hérna og sér um þessa setningu í tillögunni.) Það er rétt ábending hjá hv. þm. að þetta er að sjálfsögðu verkefni næsta fundar. Forseti hyggst þá taka sér nokkurra mínútna hlé milli umræðna til að skoða þetta mál.

SAMEINAÐ ÞING

55. fundur, mánudaginn 11. febr., að loknum 54. fundi.

Málefni Litáens, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 350. mál. — Þskj. 616.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1.–2. málsl. tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, ÁrnG, GuttE, DS, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GuðmÁ, GHG, HBl, HG, HJ, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, HH, JúlS, KSG, KP, KrP, MÁM, MálmS, ÓE, PP, PJ, RA, RH, RG, SalÞ, SkA, SP, StG, SV, SJS, SvG, VS, ÞP, ÞK, GHelg.

ÓÞÞ greiddi ekki atkvæði.

16 þm. (EH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GJH, JHall, JónS, KE, MF, MB, ÓÞG, SighB, StH, SigH, AðB, AS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er sammála ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 23. jan. 1991. Aftur á móti, eins og ég rakti hér áðan, þá virðist mér sem Ísland hafi ekki í reynd viðurkennt sjálfstæði Litáa, m.a. eins og ljóst er að við höfum sótt um vegabréfsáritun til Sovétríkjanna til að fara inn til Litáa. Þess vegna sit ég hjá við þennan hluta af tillögunni.

3. málsl. tillgr. samþ. með 43:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁrnG, GuttE, DS, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GHG, HBl, HG, HJ, IBA, JE, JóhS, JBH,

JHelg, JK, HH, JúlS, KSG, KP, KrP, MÁM, MálmS, ÓE, PP, PJ, RA, RH, RG, SalÞ, SP, StG, SV, SJS, SvG, VS, ÞP, ÞK, AÓB.
nei: ÓÞÞ.

GuðmÁ, GHelg greiddu ekki atkvæði.

17 þm. (EH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GJH, JHall, JónS, KE, MF, MB, ÓÞG, SighB, SkA, StH, SigH, AðB, AS) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ef ég gæfi einhverjum það loforð að ég mundi framkvæma ákveðinn hlut svo fljótt sem verða mætti þá fyndist mér að í því fælist tvennt: Í fyrsta lagi að ég teldi hlutinn framkvæmanlegan og í annan stað að ég teldi mig hafa skuldbundið mig um að hafa það sem forgangsverkefni. Ég veit ekki hvaða skilning hæstv. ráðherra hefur á þessum skilaboðum en í ljósi míns skilnings, að hér sé um alranga tímasetningu að ræða og óraunhæft að hægt sé að verða við þeim tilmælum Litáa að viðurkenna þeirra fullveldi eins og málum er háttað í dag, segi ég nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að það sé réttur allra þjóða að fá að ákveða sjálfar með lýðræðislegum hætti stjórnarform sitt. Litáíska þjóðin hefur lýst vilja sínum og við eigum að aðstoða þá með hverjum þeim hætti sem þeim má að gagni koma, þar á meðal taka upp viðræður um stjórnmálasamband Íslands og Litáens. Ég vil að Íslendingar taki upp stjórnmálasamband við Litáen svo fljótt sem verða má, þ.e. þegar þær aðstæður hafa skapast að samkvæmt eðlilegum samskiptaháttum alvöruríkja sé það mögulegt. Í trausti þess að svo verði gert þá segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 618).

Um þingsköp.

Framhald utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil biðja hv. þm. að doka við vegna þess að forseti hafði áður tilkynnt að framhald utandagskrárumræðu yrði á fundi sem boðaður yrði kl. 4 á morgun. Nú hefur komið í ljós að hæstv. fjmrh. getur ekki verið í þinginu fyrr en kl. hálfsex. Því verður boðaður fundur á morgun í sameinuðu þingi kl. hálfsex og utandagskrárumræðum um Þormóð ramma haldið áfram.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Við erum hér að tala um umræður um mjög beitta gagnrýni Ríkisendurskoðunar á embættisstörf hæstv. fjmrh. og ég tel það óviðeigandi að hann skuli ekki gefa sér tíma til að vera hér í þinginu á morgun kl. 4 þegar málið verður tekið til umræðu. Hann hélt hér uppi mjög langri ræðu í dag og auðvitað er það embættisskylda hans að láta það sitja fyrir öðru að mæta hér í þinginu. Má kannski segja að rökréttara og réttara væri að hefja umræður um gagnrýni Ríkisendurskoðunar á hæstv. fjmrh. þegar kl. 2 á morgun þannig að ekki verði bið á því að skýrsla Ríkisendurskoðunar verði rædd. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta en ég efast um að hæstv. fjmrh. skilji hvar embættisskylda hans liggur í þessum efnum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það vill svo til að fyrir ærið löngu síðan var ákveðið að sérstök ráðstefna um þróun ríkisútgjalda, sem haldin er á grundvelli skýrslu fjármálaráðherra Norðurlanda, yrði haldin á morgun frá því kl. 1 til kl. 5 eða hálfsex. Fjmrh. boðar til þessarar ráðstefnu. Á hana er boðið fulltrúum starfsmannafélaga opinberra starfsmanna, forstöðumönnum ríkisstofnana, þingmönnum og fjölmörgum öðrum. Það er embættisskylda fjmrh. að vera viðstaddur þá ráðstefnu sem hann hefur boðað til fyrir löngu síðan og finnst mér satt að segja sérkennilegt ef hv. þm. vilja ekki taka tillit til þess. Það vill svo til að þessar klukkustundir, frá því kl. 1 til hálfsex eru eini tíminn sem ég er bundinn á. Ég er reiðubúinn að ræða þetta mál hér í nótt, hv. þm., ég er reiðubúinn að ræða það í fyrramálið, ég er reiðubúinn að ræða það annað kvöld, ég er reiðubúinn að ræða það allan miðvikudaginn, allan fimmtudaginn, allan föstudaginn og svo lengi sem menn vilja og mun auðvitað mæta hér á morgun ef þingið vill ekki taka tillit til þess að þetta er eini dagurinn á þessu ári sem fjmrh. hefur boðað til fundar af þessu tagi, fjölmörgum innlendum gestum og reyndar einnig erlendum. Ef þingið vill ekki taka tillit til þess þá að sjálfsögðu mæti ég hér. En að gera úr því mál hér í þingsölum að þessi umræða hefjist hálfsex í staðinn fyrir kl. 4 finnst mér sérkennilegt.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Um það hafði verið gert samkomulag að framhald utandagskrárumræðu um málefni Þormóðs ramma skyldi hefjast kl. 4 á morgun. Ég hefði kosið að það yrði fyrr á fundartíma Alþingis á morgun, en gat þó sætt mig við þessa niðurstöðu. Og ég hlýt að fara fram á það að við það verði staðið.

Ég veit það, og það hefur komið hér fram hjá hæstv. fjmrh., að hann hafi ákveðið að efna til ráðstefnu á morgun sem hefjist kl. 1, ef ég man rétt, og boðið til hennar ýmsum þingmönnum. Nú er það skylda þingmanna að vera hér við á fundartíma og það er einnig skylda hæstv. fjmrh. að vera hér við á fundartíma, ef hann gegnir störfum þingmanns. Það er enn fremur skylda hans að vera hér við umræðu um þau mál sem hann er í forsvari fyrir í hæstv. ríkisstjórn.

En ég tel að það sé ekki hægt að sætta sig við það eftir það sem á undan gekk hér í dag um þá skipan sem höfð er á þessu máli að taka það upp eitt allra skýrslna til Alþingis í umræðum utan dagskrár. Hæstv. fjmrh. breiddi sig hér yfir fundartímann í dag í sjö stundarfjórðunga til þess að ófrægja eina af þeim stofn-

unum sem hvað mestrar virðingar nýtur í stjórnkerfinu. Ég sætti mig ekki við það sem hann er hér að fara fram á að framhald umræðunnar verði á kvöldfundum þegar enginn má vera að því að hlýða á umræður manna.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Var það í samráði við forseta Alþingis sem hæstv. fjmrh. efndi til sérstakrar ráðstefnu um ríkisfjármál og bauð þangað öllum alþingismönnum? (Gripið fram í.) Ja, sumum a.m.k. Ég bið nú afsökunar. Ef ég hef verið einn af hinum útvöldu þá er það nú út af fyrir sig gott en ég hélt nú satt að segja að það væri síður en svo ástæða til að taka tillit til slíks fundar, sem efnt er til á reglulegum fundartíma Alþingis, og ég get ekki skilið að hæstv. ráðherra geti reynt að skjóta sér undan að mæta hér í þinginu á þeim forsendum. Miklu fremur ætti hann að biðja okkur og stjórn þingsins afsökunar á því að velja þennan fundartíma.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en hæstv. fjmrh. tekur til máls vill forseti biðja menn að leyfa forsetum þingsins og aðstandendum umræðunnar, í þessu tilviki hæstv. fjmrh., að leysa úr þessu máli á fundi hér á eftir. Það er ljóst að menn ná ekki saman um fundartíma og ég hygg að það verði að ræða það við þingflokksformenn og stjórn þingsins þannig að menn fari ekki að halda uppi umræðum um þingsköp fram eftir kvöldi um vandamál eins og þetta, sem auðvitað er skylda forseta að leysa.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Herra forseti. Til að fyrirbyggja misskilning, þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að ég hef ekki óskað eftir því að þessari umræðu sé frestað til morguns. Það hefur engin slík ósk komið frá mér. Ég stóð þvert á móti í þeirri meiningu að þessi umræða mundi halda hér áfram í kvöld eftir að atkvæðagreiðsla hefði farið fram og er albúinn í þá umræðu. Þannig að það er einhver annar en ég sem hefur óskað eftir því að þessari umræðu sé frestað til morguns og væri satt að segja fróðlegt að fá að vita hver það er sem er að óska eftir því að umræðunni sé frestað til morguns, það er a.m.k. ekki fjmrh. (**EgJ:** Nei, en það eru vonbrigði fyrir fjmrh. að svo skyldi hafa verið gert.) Nei, það eru engin vonbrigði, hv. þm., ekki nokkur vonbrigði. Bara vegna getsaka sem hér komu fram í ræðustól um það að fjmrh. hefði óskað eftir því að umræðunni væri frestað þangað til á morgun og hún yrði síðdegis á morgun þegar enginn hefði áhuga á henni, þá taldi ég alveg nauðsynlegt að leiðrétta það. (**RH:** Ráðherra hefur alveg misskilið þetta.) Nei, nei, ég skildi alveg nákvæmlega hvað sagt var, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir. En ég vildi hafa það alveg skýrt. Fjmrh. er reiðubúinn að hv. þm. Pálmi Jónsson haldi áfram ræðu sinni nú þegar. (Gripið fram í.) Það er gott að hv. þm. Halldór Blöndal er nú vaknaður til lífsins aftur hérna í þingsölum og vonandi verður hann viðstaddur þessa umræðu og vonandi tekur hann þátt í henni. Ég óska eftir því að hv. þm. Halldór Blöndal taki þátt í þessari umræðu.

Það má vel vera að það hefði átt að hafa þá ráðstefnu sem ég boðaði hér til um ríkisfjármál á öðrum tíma en síðdegis á morgun. Það vill nú svo til að þingið starfar flesta daga síðdegis og það er erfitt að finna tíma vegna þess að þingið starfar líka að morgni til. Það er erfitt að finna tíma fyrir ráðstefnur af þessu tagi þar sem þingmenn eru ekki bundnir við ein eða önnur störf (Gripið fram í.) og á föstudögum eru þingmenn líka bundnir við margvísleg störf þannig að fjmrh. fylgdi þeirri venju í þessu tilviki eins og oft er gert varðandi þing og ráðstefnuhald af þessu tagi að velja til þess tíma sem væntanlega hentaði flestum þeim sem ráðstefnuna eiga að sækja.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hæstv. fjmrh. og efasemdir um hver hefði óskað eftir frestun umræðunnar, þá skal það upplýst að þegar þingflokksfundir áttu að hefjast hér í dag hafði hv. 2. þm. Norðurl. v. ekki lokið ræðu sinni. Forseti tilkynnti þá að fundi yrði frestað til kl. 9. Þá kom hv. 2. þm. Norðurl. v. að máli við forseta og lýsti óánægju sinni með það að hann héldi fram ræðu sinni hér í kvöld og fór fram á það að umræðunni yrði frestað til morguns. Eftir að hafa átt fund með forsetum þingsins varðandi deildafundi á morgun varð niðurstaðan sú að fundur yrði settur í sameinuðu þingi kl. 4 á morgun að afloknum deildafundum. Þetta var rætt við hv. 2. þm. Norðurl. v. og hann féllst á þetta. En það skal játað að þá vissi enginn forseta að hæstv. fjmrh. yrði bundinn á þessum tíma og það var ekki fyrr en á þessum fundi sem nú stendur yfir að hæstv. ráðherra tilkynnti mér að hann gæti ekki verið hér fyrr en kl. hálfsex.

Til þess að leysa þessi mál á vitrænan hátt vill forseti fara fram á það að tóm verði gefið hér að loknum þessum fundi til að reyna að leysa þetta mál svo að allir megi vel við una og mætti halda fund með hæstv. fjmrh. og þingflokksformönnum hér áður en menn fara heim í kvöld. Ef enginn mótmælir þessu munu forsetar fara svo að.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég er ekki viss um að það þurfi löng fundahöld til að finna lausn á þessu máli. Í sjálfu sér er ekkert athugavert við það að hæstv. fjmrh. boði til ráðstefnu hvenær sem honum þykir henta. Hann er hins vegar háður því að ef um er að ræða á Alþingi mál sem til hans kasta koma, þá er honum skylt að mæta og nú hefur hann lýst því hér yfir að ef eftir því verði óskað að hann mæti hér á morgun til þeirrar umræðu sem hér er verið að fjalla um, þá muni hann að sjálfsögðu verða við því. Ég sé ekki að hér sé um að ræða neitt vandamál. Það hafði verið ákveðið að þessi umræða skyldi hefjast kl. 4 á morgun að loknum deildafundum. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann sé reiðubúinn að koma ef þingið óski eftir því. Það er óskað eftir því á Alþingi að ráðherra mæti og þá geta menn svo sannarlega haldið við þær ákvarðanir og

áætlanir sem upphaflega voru ákveðnar. Ég sé því ekki að það þurfi að eyða löngum tíma í að komast að þeirri niðurstöðu að halda við þá áætlun sem gerð hefur verið. Ég skil orð hæstv. ráðherra á þann veg að hann sé tilbúinn til þess fyrir sitt leyti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill minna hv. þm. á að hér á hinu háa Alþingi hefur um langan aldur og eins lengi og elstu menn muna verið reynt að sýna ákveðna tillitssemi þegar menn hafa augljóslega verið bundnir störfum eins og þessum sem ógerlegt var að sjá fyrir fram að mundu falla svo illa saman við umræðu sem þessa. Vill forseti minna á að fullt tillit er tekið til landsfunda flokkanna við gerð dagskrár og annað slíkt svo að menn geti sinnt slíkum störfum.

En ekki vill forseti skera úr um þetta mál úr ræðustól, heldur óskar eftir að fá að ræða það við samforseta og þá aðila sem hér eiga hlut að máli og biður menn nú um að bíða til morguns eftir þeirri niðurstöðu sem unnt væri að ná.

EFRI DEILD

54. fundur, þriðjudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Gjaldþrotaskipti, 2. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 100, n. 601, brtt. 602.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. á þskj. 601 um frv. til laga um gjaldþrotaskipti. Það er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. Á fund nefndarinnar kom Markús Sigurbjörnsson prófessor og umsagnir um frv. bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Gsamtökunum, Neytendasamtökunum og Verslunarráði Íslands.

Frv. þetta er flutt vegna breytinga sem verða við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds 1. júlí 1992. Jafnframt hefur átt sér stað endurskoðun á núverandi löggjöf. Í frv. er m.a. fjallað um nauðasamninga, auk greiðslustöðvunar og gjaldþrotaskipta, en með því eru öll ákvæði, sem varða gjaldþrotameðferð, á einum stað. Ákvæði um skuldaröð eru flutt úr skiptalögum og hlutverk skiptastjóra er aukið.

Nefndin leggur til eina breytingu á frv. og varðar hún breytingu á lögum um ríkisábyrgð á launum. Með henni er félmrh. heimilt að greiða ríkisábyrgð á launum til einhvers sem er nákominn þrotamanni þótt krafa hafi ekki verið viðurkennd forgangskrafa sakir ákvæða 112. gr. frv. ef það er augljóslega sanngjarnt.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta nefndarálit rita allir nefndarmenn og einnig standa allir nefndarmenn að brtt. allshn. sem er svohljóðandi:

„Við 11. tölul. 182. gr. bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Við d-lið 5. gr. sömu laga bætist nýr málsliður svohljóðandi: Með sama hætti má ráðherra heimila greiðslu þótt krafa einhvers þess sem hér um ræðir verði ekki viðurkennd forgangskrafa við skipti vegna þess að hlutaðeigandi sé talinn nákominn þrotamanni."

Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þetta frv. umfram það sem ég hef þegar sagt og lesið upp úr nál. Að mínu mati er hér um mikla og stóra breytingu að ræða frá þeirri löggjöf sem nú er í gildi. Hér er verið að taka upp nokkuð nýja skipan á lögum um gjaldþrotaskipti og steypa saman þeim þremur meginþáttum sem mynda gjaldþrotaskiptameðferðina, þ.e. nauðungarsamninga, greiðslustöðvun og gjaldþrotaskipti, og setja saman í einn heilsteyptan lagabálk. Mjög ítarlegar reglur eru samdar um einstök atriði í þeirri meðferð. Ég held að ég geti ekki lýst því betur en með því að vitna til þeirra umsagna sem nefndinni bárust en þar eru allir aðilar sammála um að hér horfi til mikillar réttarbótar og saman komi á heilsteyptan hátt öll meginatriði gjaldþrotaskiptamála, og vitna ég þar sérstaklega til umsagnar Dómarafélags Íslands, Sýslumannafélags Íslands og Lögmannafélagsins, en þetta eru þeir aðilar sem mest fjalla um þessi mál og hafa með að gera.

Það er þó eitt atriði sem ég vil minnast á og sem hefur orðið tilefni til mestra umræðna um þetta frv. en það er sú fullyrðing að þetta frv. komi til með að fækka mjög verulega gjaldþrotaskiptum. Eitt og sér fækkar frv., verði það að lögum, ekki gjaldþrotaskiptum út af því að það eru sömu heimildir og eru í lögunum í dag fyrir gjaldþrotaskiptum. Það eitt út af fyrir sig fækkar þeim ekki. Hins vegar verður gert nokkuð erfiðara að biðja um gjaldþrotaskipti og er það aðallega vegna þess að nú þarf sá sem biður um gjaldþrotaskipti að bera allan þann kostnað sem af gjaldþrotaskiptunum leiðir. En samkvæmt upplýsingum sem nefndinni bárust kostar hvert gjaldþrot um 40 þús. kr. Hins vegar kemur það á móti að einnig var upplýst í nefndinni að upp undir 90% af öllum gjaldþrotaskiptum eru að kröfu opinberra aðila og fara þar fremstir í flokki innheimtumenn ríkissjóðs. Hér í Reykjavík er talið að yfir 60% af öllum gjaldþrotaskiptum séu að kröfu Gjaldheimtunnar og yfir 20% á vegum tollstjóra. Þar að auki eru upp undir 10% af gjaldþrotaskiptum að kröfu hálfopinberra stofnana eins og Landsbanka Íslands og Búnaðarbankans. Það eru því aðeins um 10% sem eru að kröfu lögmanna eða allra annarra landsmanna sem hugsanlega eiga kröfu á skuldara.

Þessar upplýsingar tel ég mjög nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu þegar þessi mál eru rædd og reynt er að gera sér grein fyrir því hvort frv. komi til

með að breyta fjölda gjaldþrotaskipta þar sem ég held að menn hafi yfirleitt ekki gert sér grein fyrir því hve hlutur ríkisins í gjaldþrotum er stór. Það ætti að gilda það sama fyrir ríkið hvort krafist er gjaldþrota því það er bara verið að taka úr einum vasanum og setja í hinn. Að vísu eru þetta spurning um tekjufærslur og gjaldafærslur hjá hinum og þessum ríkisfyrirtækjum en þegar upp er staðið, þó svo að þetta verði að lögum, þá ætti það ekki að breyta því að heimildirnar allar sem fyrir eru í dag verða áfram fyrir hendi.

Það kemur mjög skýrt fram í umsögn Gjaldheimtunnar í Reykjavík að þar er talið að þó að frv. verði að lögum verði ekki tekin upp breytt stefna í meðferð gjaldþrotamála. Ég vil, með leyfi forseta, lesa aðeins upp það sem gjaldheimtustjórinn í Reykjavík, Guðmundur Vignir Jósefsson, segir. Hann segir m.a.:

„Um annað atriði langar mig að fara nokkrum orðum að gefnu tilefni. Í athugasemdum með frv. er gefið í skyn að oft sé beðið um gjaldþrotaskipti án þess að í reynd sé ásetningur um að knýja á um skiptalok. Skiptaráðandinn í Reykjavík hefur opinberlega lýst því yfir að hann telji þá sem eru í fyrirsvari fyrir skattheimtu í Reykjavík vera framarlega í hópi þeirra sem misnota skiptaréttinn á þennan hátt. Hann hefur haldið því fram að skattheimtumenn teldu sig þurfa gjaldþrotaúrskurð til þess að fá fullnægjandi ástæðu til þess að afskrifa skuld. Þetta getur að vísu verið rétt en á þó engan veginn við sem meginregla. Þess eru mörg dæmi í Gjaldheimtunni í Reykjavík að skuldir einstaklinga eru afskrifaðar án þess að komi til gjaldþrotaskipta. Ákvörðun um afskrift byggist á almennu mati á því hvort líkur eru á að skuldin sé innheimtanleg. Oft er augljóst að svo er ekki, t.d. vegna þess að fyrir liggur vitneskja um að gjaldandi er látinn og bú er eignalaust. E.t.v. finnst gjaldandi hvergi með skráð heimilisfang. Vitneskja kann að liggja fyrir um sjúkdóm og getuleysi til greiðslu af þeim sökum. Í mörgum tilvikum liggur fyrir árangurslaust lögtak en þó þarf það ekki að vera þar sem stundum hefur ekki tekist að ná neinu sambandi við gjaldanda. Að hinu leytinu er fjarri því að skuldir séu alltaf afskrifaðar þar sem gert hefur verið árangurslaust lögtak og raunar heldur ekki þó búskiptum sé lokið skv. 120. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Skuldir geta innheimst eftir skiptalok, t.d. vegna möguleika á launaafdrætti eða skuldajöfnuði á móti framlagi ríkissjóðs í formi barnabóta, vaxtafrádráttar o.s.frv. Beiðnir um gjaldþrotaskipti á búum einstaklinga eru einkum sendar ef fyrir liggur að viðkomandi hefur haft með höndum rekstur af einhverju tagi þar sem eðlilegt er að fram fari eignakönnun í skiptarétti umfram það sem gerist í fógetarétti auk þess sem fjárhæð skulda skiptir máli.

Hinu er svo ekki að neita og þarf að mínum dómi ekki að biðja afsökunar á, að í sumum tilvikum er beðið um gjaldþrotaskipti hjá einstaklingum sem ekki er sérstök ástæða til þess að ætla að eigi eignir til skipta. Þetta á t.d. við um alla þá sem skulda staðgreiðslu og gert hefur verið árangurslaust lögtak hjá. Enn fremur um einstaklinga sem láta aldrei í sér heyra, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og tilkynningar m.a. um árangurslaus lögtök. Þeir hirða ekki um að telja fram og fá áætlaða skatta ár eftir ár og gera enga tilraun til þess að leita samkomulags um greiðslu né leiðbeininga um hvernig hægt er að fá skattálagningu breytt eftir eðlilegum boðleiðum. Þetta eru með öðrum orðum einstaklingar sem hafa tilhneigingu til þess að gefa „kerfinu" langt nef. Vitaskuld væri hægt að afskrifa allar slíkar skuldir að afloknu árangurslausu lögtaki og forða þannig skiptaréttinum frá því álagi sem nú er svo mjög kvartað yfir. En til hvers halda menn að slík vinnuregla mundi leiða? Að sjálfsögðu til þess að með hverju ári bætist fleiri í þann hóp sem ekki teldi ómaksins vert að telja fram til skatts, því þeir mættu þá ganga að því vísu að álagning yrði fljótlega felld niður.

Margir einstaklingar láta sér í léttu rúmi liggja þó hjá þeim sé gert árangurslaust lögtak. Hins vegar á það sama ekki við þegar beðið er um gjaldþrotaskipti. Í mörgum tilvikum er þá fyrst hægt að ná sambandi við gjaldandann og leiðir það oft til samkomulags um greiðslu. Hann tekur þá fyrst við sér og telur fram og er þá beiðni um skipti gjarnan afturkölluð. Það er því ekki fyrir það að synja að þessi háttur hafi borið sterkan keim af því að verið væri að „ógna skuldara til efnda á skuldbindingum sínum", eins og höfundur frv. orðar það í athugasemdum við 70. gr. frv. Hins vegar fæ ég ekki séð að hér sé um neina „óviðeigandi beitingu réttarfarsúrræða" að ræða. Það má til að segja það alveg tæpitungulaust að skattar verða aldrei innheimtir nema með þvingunaraðgerðum. Ef ekki má nota þessa aðferð verður að finna eitthvað sem kemur í staðinn. Þess er að vísu skylt að geta að frv. gerir ekki ráð fyrir neinni takmörkun á því að unnt sé að biðja um gjaldþrotaskipti, umfram það sem verið hefur, það á aðeins að leggja kostnaðinn á þann sem um skipti biður.

Mér hefur þó þótt rétt að benda á framangreind atriði vegna þeirra athugasemda sem fram koma með frv. og í fjölmiðlaviðtali skiptaráðandans í Reykjavík nú núverið þar sem hann lét í ljós þá skoðun að til skiptaréttar væri leitað að óþörfu og hann jafnvel misnotaður og alveg sérstaklega af fyrirsvarsmönnum opinberra skatta og gjalda."

Eins og fram kemur í þessari tilvitnuðu umsögn virðist ekki vera neinn beygur í gjaldheimtustjóranum í Reykjavík. Þrátt fyrir að þetta nýja frv. komi til framkvæmda virðist hann ekki ætla að breyta þeirri stefnu sem fram kemur í þessum málum, að biðja um gjaldþrot þegar það á við og forsenda er fyrir hendi. Ég held því að það atriði, að þetta muni draga verulega úr gjaldþrotum, komi til með að standa á sér nema þá að sú stefna verði tekin upp í fjmrn. að fyrirskipa innheimtumönnum ríkissjóðs að hægja á sér eftir að árangurslaust fjárnám eða lögtak liggur fyrir. Það virðist a.m.k. ekki vera stefna hæstv. núv. fjmrh. að gefa skuldurum neitt eftir í þeim efnum.

Þetta vildi ég að fram kæmi í þessari umræðu um þetta frv. um gjaldþrotaskipti og skýra það sem fram kom í nefndinni um frv. Á heildina litið, þrátt fyrir þessar ábendingar sem ég hef nú gert, þá er hér um

mjög heilsteypt og gott frv. að ræða og ég mæli svo sannarlega með því að það verði samþykkt. En það sem ég minntist á hér áðan er kannski ekki atriði sem tengist frv. beint heldur er frekar um að ræða verklagsreglu hjá ríkinu hvernig það eigi að haga sér í tengslum við borgarana við innheimtu skatta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
10.–26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
27.–63. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
64.–165. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
166.–179. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
180.–181. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 602 samþ. með 11 shlj. atkv.
182. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
183.–192. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Búfjárhald, 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 246, n. 603, brtt. 604.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Landbn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Ólaf R. Dýrmundsson ráðunaut, Sigurð Sigurðsson dýralækni og Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbrn. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Brynjólfi Sandholt yfirdýralækni, Páli A. Pálssyni dýralækni, Landgræðslu ríkisins, Stéttarsambandi bænda, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin ræddi frv. á nokkrum fundum og leggur til eftirfarandi breytingar á því.

1. Gerðar verði orðalagsbreytingar á fyrri mgr. 1. gr. þannig að búfjárhaldi verði hagað eins og kostur er í samræmi við þarfir dýranna, en ekki er hægt að miða allt búfjárhald við eðli dýra þótt vitaskuld sé nauðsynlegt að vel sé búið að búfénaði. Í því sambandi er lagt til að orðin „góð aðbúð" verði notuð í stað orðsins „vellíðan" þar sem þau orð eiga betur við. Einnig að notað verði orðið „drykkur" í stað orðsins „drykkjarvatn" þar sem nauðsynlegt er stundum að búfénaður hafi ekki bara vatn að drekka heldur líka annað, t.d. mjólk.

2. Gerð verði orðalagsbreyting í 1. mgr. 2. gr. Þau dýr, sem talin eru upp í 1. málslið 1. mgr. samkvæmt breytingartillögunni, teljast búfé, sama í hvaða tilgangi menn halda þau, þ.e. til nytja eða til ánægju. Einnig er lagt til að öll önnur dýr en talin eru upp í 1. málslið og haldin eru til nytja falli einnig undir skilgreiningu laganna á búfénaði. Nokkuð var rætt um skilgreiningu lokamálsgreinar 2. gr. á lausagöngu búfjár. Skilgreiningin kom fram á búnaðarþingi og sér nefndin ekki ástæðu til að breyta henni, enda hefur þessi nefnd jafnan verið nokkuð höll undir búnaðarþing.

3. Samþykktir, sem sveitarfélög gera um búfjárhald, sbr. 3. gr., verði sendar til umsagnar Búnaðarfélags Íslands áður en landbrh. staðfestir þær. Félagið hefur á að skipa sérfræðingum um málefni sem frv. þetta varðar og hafa þeir faglega yfirsýn og staðþekkingu. Þá telur nefndin óþarft að taka fram að samþykktir sveitarfélaga skuli birtar í Stjórnartíðindum.

4. Kveðið verði á um bótarétt þeirra sem verða fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi í samræmi við 4. gr. frv. Greinin er að mestu leyti byggð á lögum um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 44/1964, og tengist búfjárhaldi við svipaðar aðstæður. Í þeim lögum er mælt fyrir um slíkan bótarétt úr hendi sveitarsjóðs ef unnt er að sýna fram á tjón. Eðlilegt er að ákvæðið haldist í lögum. Þá er einnig lagt til að 3. málsliður 2. mgr. falli brott vegna breytinga sem lagðar eru til á 7. gr.

5. Graðhestar séu í öruggri vörslu allt árið frá 16 mánaða aldri í stað 18 mánaða.

6. 1.–4. mgr. 7. gr. verði umorðaðar og felldar í eina málsgrein og ákvæðin þannig gerð hnitmiðaðari. Ákvæði 5. og 6. mgr. eru hins vegar felld brott en í þeim er gert ráð fyrir að landbrh. geti með reglugerð ákveðið að leyfi sé veitt til búfjárhalds í einstökum búfjárgreinum og að hægt sé að takmarka búfjárhald í samræmi við leyfi búfjáreiganda til framleiðslu á hinum einstöku búfjárafurðum. Nefndin telur ekki rétt að setja reglur um slíkar leyfisveitingar og takmarkanir í lög um búfjárhald. Þessi málaflokkur á frekar heima í löggjöf um framleiðslustjórnun á búfjárafurðum. Sumir nefndarmenn töldu þó greinina eiga rétt á sér.

7. Í stað þess að héraðsdýralæknar skv. 4. mgr. 9. gr. séu skyldugir til að hafa eftirlit með þeim þáttum er varða heilbrigði búfjár þá er kveðið á um í brtt. að leitað skuli til héraðsdýralækna um eftirlit með þessum þáttum. Nefndin taldi ekki rétt að skylda héraðsdýralækna til að hafa svipað eftirlit og búfjáreftirlitsmaður.

8. Eftirlitsferð búfjáreftirlitsmanns verði lokið 1. des. á hverju ári í stað 15. nóv., sbr. 10. gr. Þá er víkkað ákvæði í 4. málslið 1. mgr. með því að talað er um „einstakar tegundir" búfjár í stað „viðkomandi tegund". Einnig er lagt til að allar fóðurbirgðir hvers búfjáreiganda verði kannaðar og skráðar, en ekki einungis gróffóðurbirgðir, og að búfjáreftirlitsmaður fylgist með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu, m.a. til að tryggja að hólf, sem dýr eru geymd í, séu ekki nauðbitin. Í 3. mgr. 10. gr. er landbrn. veitt heimild til þess að veita opinberum aðilum aðgang að skýrslum Búnaðarfélags Íslands um búfjárfjölda og forðagæslu. Lagt er til að í stað heimildar til aðgangs að skýrslum þessum verði kveðið á um aðgang að upplýsingum úr skýrslunum. Að lokum er lagt til að þrengja heimild landbrh. til þess að ákveða sérstaka talningu búfjár þannig að rökstuddur grunur liggi fyrir um að talningu hafi verið ábótavant.

9. 11. gr. verði talsvert aukin frá því sem nú er í frv. Í fyrsta lagi er búfjáreftirlitsmanni heimilað að grípa til aðgerða ef búfénað skortir beit. Þá er lagt til

að mun skýrar verði kveðið á um aðhaldsaðgerðir gagnvart þeim búfjáreiganda sem sinnir ekki aðfinnslum sveitarstjórnar eða búfjáreftirlitsmanns um aðbúnað. Er hlutverk dýralæknis og lögreglustjóra mun betur skilgreint en gert er í frv. Eru úrræði svipuð þessum í gildandi lögum en höfðu fallið niður við gerð frv.

10. Nefndin telur nauðsynlegt að kveða skýrar á um gjaldtöku skv. 12. gr. frv. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því að sveitarfélag geti bannað búfjárhald án leyfis. Lagt er til að sveitarfélögum, sem nýta þessa heimild, sé leyft að innheimta leyfisgjald til að standa undir kostnaði við búfjáreftirlit skv. 9. gr. Gjaldið skiptist í grunngjald fyrir leyfi til búfjárhalds og síðan gjald af hverjum grip sem haldinn er. Ekki er þó heimilt að leggja slíkt gjald á þá sem eiga og halda búfé á lögbýli þar sem þeir eru búsettir. Ráðherra skal ákveða í gjaldskrá hver upphæð leyfisgjalds skuli vera. Eru þessi ákvæði í samræmi við ákvæði um gjaldskrá fyrir hundahaldsleyfi, sbr. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. Í 14. gr. er bætt við upptalningu þeirra laga er falla úr gildi við gildistöku þessa lagafrumvarps.

Eins og ég nefndi í upphafi hélt nefndin nokkuð marga fundi um þetta frv. og lagði í það þó nokkuð mikla vinnu. Ég þakka samnefndarmönnum mínum fyrir gott samstarf í nefndinni. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem ég hef hér gert grein fyrir og flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir nál. skrifa allir landbúnaðarnefndarmenn en Danfríður Skarphéðinsdóttir skrifar undir það með fyrirvara.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. landbn. skrifaði ég undir frv. með fyrirvara. Vil ég í örstuttu máli gera grein fyrir á hverju sá fyrirvari byggist. Það eru einkum atriði sem varða 4. og 7. gr. frv., þ.e. ákvæði um hvað megi standa í samþykktum sveitarfélaga, þ.e. hvað í þeim megi felast. Ég tel til bóta að sveitarfélög fái meira um sín eigin mál að segja á öllum sviðum og þá auðvitað ábyrgð á málum heima hvert á sínum stað. Í þessum samþykktum er m.a. kveðið á um leyfisveitingu til búfjárhalds skv. greinunum eins og þær stóðu upphaflega í frv. og fjölda búfjár í sveitarfélögum. Ég hefði talið það mjög til bóta ef þetta hefði fengið að standa áfram í frv.

Það kom einnig fram í máli hv. frsm. að það hefðu komið fram skoðanir um að slík ákvæði ættu frekar að vera í öðrum lögum, þ.e. í búvörulögum. Það má að sumu leyti taka undir það sjónarmið en hins vegar finnst mér að það geti allt eins varðað aðbúnað búfjár hvernig til háttar í sveitarfélögum. Þar gæti verið um að ræða t.d. haga, beitarhólf, jafnvel umferð um sveitarfélögin. Að því leytinu til gætu þessi ákvæði vel átt heima í þessu frv. sem við fjöllum um hér núna. Ég hefði því viljað sjá þessi ákvæði 4. og 7. gr. standa óbreytt og undirstrika þá skoðun mína að ég tel að með því að dreifa ábyrgðinni á þessum málum, þá dreifum við um leið valdinu til sveitarfélaganna og það er einmitt mjög í umræðunni nú um stundir að dreifa valdi og ábyrgð. Minni ég á að það fellur mjög vel að hugmyndum og stefnu Kvennalistans.

Þá ætla ég að víkja hér aðeins að 9. gr. þar sem kveðið er á um ráðningu búfjáreftirlitsmanns. Við töluðum dálítið mikið um búfénaðinn á þeim nefndafundum sem við héldum um málið og verð ég að játa það að e.t.v. skaust mér yfir búfjáreftirlitsmanninn í einni setningu þar sem sagt er í 9. gr. að hann skuli ráðinn til starfa af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn að afloknum kosningum. Ég tel að búfjáreftirlitsmaður eigi að vera ráðinn á faglegum forsendum en ekki pólitískt ráðinn og hefði talið mun skynsamlegra að sveitarfélögum væri í sjálfsvald sett hvers konar ráðningarsamninga þau gera við búfjáreftirlitsmenn og til hve langs tíma. Þess vegna finnst mér það slæmt að við skyldum ekki ræða þetta atriði í nefndinni en þar verð ég að játa að mér skaust líka yfir.

Varðandi 11. gr. vildi ég aðeins benda á að þar tel ég að landbn. hafi með brtt. sinni e.t.v. flækt það mál nokkuð. Þar er kveðið á um að héraðsdýralæknir skuli, ef hann hefur athugasemdir við búfjárhald einhvers búfjáreiganda, í samráði við yfirdýralækni gefa ákveðin fyrirmæli. Þetta kemur aftur inn á sama atriði og ég nefndi áðan. Ég vildi sjá okkur treysta héraðsdýralæknum fyrir því að gefa búfjáreigendum á svæðinu fyrirmæli skv. sínu eigin faglega mati en teldi ekkert því til fyrirstöðu að þeir tilkynntu þau fyrirmæli til yfirdýralæknis, sveitarstjórnar og trúnaðarmanns Búnaðarsambandsins. Þetta atriði á eingöngu við þegar um það er að ræða að meðferð á skepnum brýtur í bága við lög og reglur og þegar þær líða vegna hirðuleysis. Því tel ég mikilvægt að málin geti gengið hratt og greiðlega fyrir sig án nokkurs vafsturs. Dýralæknar heima í héruðum hafa fagþekkingu til að meta ástand skepna og héraðsdýralæknar sem opinberir starfsmenn ættu að hafa vald til að gefa fyrirmæli um ráðstafanir en það væri ekki óeðlilegt að hugsa sér að búfjáreigandi gæti skotið máli sínu til yfirdýralæknis ef honum þykja kröfurnar óréttmætar.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, virðulegi forseti, en að öðru leyti tel ég að öll önnur atriði í þessu frv. til laga um búfjárhald séu til bóta. Það vantar hins vegar á varðandi 4. og 7. gr., um heimildir til sveitarfélaga til þess að gera samþykktir sínar með ákveðnum hætti. Tillagan um að fella þær burtu er það sem ég get verst sætt mig við í þessu frv. eins og það liggur fyrir núna.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Fyrirvari hv. 6. þm. Vesturl. kom mér nokkuð á óvart og þó sérstaklega sá fyrirvari sem hún gerði grein fyrir í sambandi við 4. og 7. gr. Hún hafði upplýst mig hér í hliðarherbergi um hina síðari þætti sem hún nefndi. (**DS:** 4. og 6. gr. voru upphaflegi fyrirvarinn.) Mikið rétt, hv. þm., 4. og 6. gr. voru upphaflegi fyrirvarinn en í umræðum í landbn. byggðist hann ekki á frelsi sveitarfélaga. Það er í fyrsta skipti sem ég heyri það hér að ákvæðunum í 4. og 7. gr. hafi

verið komið þar inn af einhverjum áhugamönnum um frelsi og ákvörðunarvald sveitarfélaga. Ég lít svo á að það hafi ekki verið, heldur hafi þau verið sett inn til þess að hjálpa til í landbúnaðarpólitíkinni við að stjórna málum þar. Að athuguðu máli var síðan talið, jafnvel af þeim aðilum sem sömdu frv., að þetta samræmdist ekki alveg lögum um búfjárhald heldur væri þetta, eins og ég sagði áður, búfjárstjórnun og ætti frekar heima í búfjárlögum eða einhverjum öðrum lögum.

Það má náttúrlega lengi spjalla um frelsi sveitarfélaga til að gera þessa eða hina samþykktina en í þeim málum hljóta þó að vera einhver takmörk. Sveitarfélögin verða náttúrlega ekki löggjafi. Hv. Alþingi verður áfram löggjafi þó að sveitarfélögunum verði gefið aukið athafnafrelsi. Síst af öllu held ég að hægt sé að gefa sveitarfélögunum sérstakt athafnafrelsi á vettvangi sem þessum. Ef þessi hugmynd hefði komið upp í landbn. hugsa ég að við hefðum nú tekið ákveðna snerru um þessa skoðun. Ég tel náttúrlega mjög vafasamt að veita sveitarfélögum heimild til aðgerða eins og þarna var lagt til og eiga það svo á hættu að sveitarfélög hlið við hlið séu með breytilegar reglur í málum eins og þessum, sem, eins og kom vel fram í hv. landbn., fyrst og fremst eða að stórum hluta til varða framleiðslustjórnun, sérstaklega 7. gr. Það sem okkur greindi því á um í nefndinni var fyrst og fremst það hvort þessir hlutir tilheyrðu búfjárhaldi og ættu að tengjast samþykktum sveitarfélaga um búfjárhald en ekki í eðli sínu um frelsi eða möguleika sveitarfélaga til að gera þetta eða hitt með beinum og einföldum samþykktum.

Varðandi hina þættina sem hv. þm. nefndi, þ.e. hvenær búfjáreftirlitsmaður skuli leita til dýralæknis og síðan áfram til yfirdýralæknis, tel ég rétt að gefa okkur aðeins tíma til að skoða það á milli umræðna. Sjálfsagt er að líta á það mál en ég tel þó að þar sé innifalin eftirlitsskylda yfirdýralæknis með ákvarðanatökum héraðsdýralæknis sem lagt er til í þessari grein. Og um það að kjósa búfjáreftirlitsmann eða ráða búfjáreftirlitsmann faglega, þá vona ég að sveitarstjórnir geri það alltaf. En að leggja til að ráðinn sé starfsmaður til þessara hluta utan kjörtímabils sveitarstjórna, þá finnst mér svolítið verið að snúast upp á það sem verið er að tala um frelsi sveitarstjórnanna. Ég held að það sé gott að ráðning starfsmanna sem þessara sé takmörkuð við ákveðið tímabil og ekkert tímabil er eðlilegra en kjörtímabil sveitarstjórna. Ég hef ekki nokkra trú á því að í einhverjum tilfellum verði farið að kjósa þarna mann pólitískt. Hann sé að einhverju leyti betri sem framsóknarmaður ef framsóknarmeirihluti er í sveitarstjórninni. Ég held að það gæti alveg eins farið þannig að þeir mundu kjósa annan til þeirra starfa ef þeir teldu hann vera hæfari til starfsins. Ég sé því ekki að þær breytingar sem hv. þm. leggur til séu beinlínis á þann veg að bæta það frv. eins og við eru búin að betrumbæta það í mikilli sameiningu og einingu í landbn. en sjálfsagt er að skoða þessa báða þætti á milli umræðna.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir hennar störf að þessu máli. Hér er á ferðinni síðari hluti þeirrar heildarendurskoðunar löggjafar um búfjárrækt og búfjárhald sem hófst á árinu 1989 má segja með skipan nefndar sem þá tók til starfa. Lögfest var síðan frv. um búfjárrækt í framhaldinu eða vorið 1989. Þá var jafnframt boðað að þessari lagaendurskoðun yrði síðan lokið með því að setja sérstök lög um búfjárhald. Það væri í samræmi við upphaflegar hugmyndir nefndar, sem að þessu starfaði, að eðlilegra væri að haga löggjöf á þessu sviði þannig að lagaákvæðum væri skipt upp í þessa tvo meginþætti. Allt sem lyti að búfjárræktarstarfinu og lagaákvæði um það annars vegar og búfjárhaldsákvæði, um forðagæslu, eftirlit og því um líkt hins vegar. Hér er sem sagt á ferðinni síðari hluti þeirrar endurskoðunar. Eru hér samræmd í ein lög ákvæði nokkurra eldri laga sem um þetta hafa fjallað, einkum ákvæði búfjárræktarlaga frá 1973, með síðari breytingum, laga um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum frá 1980 og síðan laga um loðdýrarækt.

Ég hef yfirfarið þær brtt. sem hv. landbn. leggur til og er bærilega sáttur við þær allar. Ég tel að þær séu í raun flestar til bóta og lagfæringar á frv. þó að auðvitað megi hafa mismunandi skoðanir á til að mynda þeim breytingum sem gerðar eru á ákvæðum 4. og 7. gr. eins og hér kom fram í umræðum áðan. Þar er valin sú leið að einfalda lagaákvæðin fyrst og fremst, gera einfaldari í sniðum og fáorðari þær heimildir sérstaklega sem t.d. sveitarfélög hafi til leyfisbindingar búfjárhalds. Um það vil ég segja að ég get að mörgu leyti tekið undir með formanni landbn. að það orkar tvímælis að færa inn í almenn lög um búfjárhald heimildir til framleiðslustjórnunar eða takmarkana og stjórnunar á einstökum greinum. Vel má vera að heppilegast sé að hafa þarna sem hreinust skipti þannig að búfjárhaldslöggjöfin sé mjög almenns eðlis og sem mest óháð slíkum stjórnvaldsaðgerðum á hverjum tíma eins og þeim sem lotið geta að framleiðslustjórnun eða öðru slíku.

Hitt er nauðsynlegt að mínu mati að sveitarstjórnir hafi sterka stöðu til að stýra þessum málum og það hafa þær, leyfi ég mér að segja, þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar eru hér í tillögum landbn. Ég held að staða sveitarfélaganna til þess að kveða á um búfjárhald með leyfisbindingu og stjórnun sé áfram nægjanlega sterk til þess að unnt sé að hafa þau mál í góðu horfi. Það er afstaða landbrn., og hefur verið unnið skv. því undanfarin ár, að mikilvægt væri að fá sveitarfélögin, ekki síst þéttbýlissveitarfélögin, til samstarfs um meðferð þessara mála, búfjárhalds í þéttbýli, og afar mikilvægt að unnt sé að koma þeim málum í sem best horf. Þar hefur mikið áunnist, t.d. hafa nokkur sveitarfélög undanfarin ár verið að setja sérstakar samþykktir um búfjárhald og í framhaldinu jafnvel gripið til ráðstafana til þess að fella allt búfjárhald á sínu svæði undir slíkar samþykktir. Sem dæmi má nefna Hafnarfjarðarkaupstað sem á undanförnum tveimur árum hefur tekið myndarlega á þeim málum, ráðist í

girðingarframkvæmdir og gert ýmsar ráðstafanir til þess að koma búfjárhaldi þeirra sem þar dútla við þá hluti, fyrst og fremst í tómstundum sínum, í gott horf þannig að það samrýmist fullkomlega hagsmunum annarra íbúa sveitarfélagsins hvað varðar útivist og landnýtingu af öðru tagi.

Um þetta er í sjálfu sér ástæðulaust að fjölyrða en ég tel, og segi það sérstaklega vegna orða hv. 6. þm. Vesturl., að eftir sem áður, þrátt fyrir þessar breytingar, sé réttarstaða sveitarfélaganna í raun og veru nægilega sterk til þess að stjórna þessum málum með farsælum hætti. Að lokum vil ég svo ítreka þakkir mínar til hv. landbn. deildarinnar fyrir hennar störf að þessu frv. Ég vænti þess að með því að það verði lögfest hafi þessi heildarendurskoðun lagaákvæða um búfjárrækt og búfjárhald komist í gott og nútímalegt horf.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar. Ég vildi aðeins minnast aftur á það sem ég var að tala um áðan sem mína fyrirvara. Það kom skýrt og greinilega fram í umræðunni hjá okkur í hv. landbn. að samþykktir sveitarfélaga um takmörkun á búfjárhaldi ættu auðvitað fyrst og fremst við þar sem þéttbýlisstaðir eru og það var skilningur allra nefndarmanna. Hv. 4. þm. Vesturl., formaður landbn., minntist á að skv. 4. og 7. gr. eins og þær stóðu sé verið að leita hjálpar sveitarfélaga í landbúnaðarpólitíkinni. Það hafi mátt skilja þessar samþykktir á þann veg. Það er okkur e.t.v. umhugsunarefni hvort það veiti nokkuð af að fá alla sem geta til þess að hjálpa okkur í landbúnaðarpólitíkinni því að það er eitt af þeim vandamálum sem okkur hefur ekki tekist að leysa og við þurfum e.t.v. að hugsa einhverjar nýjar leiðir í þeim efnum. Ég óttast það ekki að sjálfseyðingarhvöt dreifbýlissveitarfélaga sem hafa landbúnað að sinni einu atvinnu sé svo rík að slík sveitarfélög fari að setja samþykktir þvert á eigin hagsmuni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 604,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 604,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 604,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 604,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 604,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 604,6 (ný 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 604,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 604,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 604,9 (ný 11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 604,10 (ný 12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 604,11 samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 335. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 592.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem hér er flutt á þskj. 592. Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn sex manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt. Að mati dómsmrn. uppfylla þeir þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum.

Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar og gilt hafa síðustu árin.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. VS o.fl., 332. mál (leigutekjur og álag). — Þskj. 584.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, um tekjuskatt og eignarskatt. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Eiður Guðnason, Margrét Frímannsdóttir og Salome Þorkelsdóttir.

Frv. þetta fjallar um tvö óskyld atriði tekjuskattslaga. Með frv. er í fyrsta lagi gerð tillaga um breytingu sem lýtur að leigutekjum. Hugmyndin er sú að auðvelda fólki, sem áhuga hefur á, að flytja í annan landshluta um óákveðinn tíma án þess að hafa tekið ákvörðun um að flytja aðsetur sitt endanlega. En skv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru leigutekjur skattskyldar án tillits til þess hvort viðkomandi aðili greiðir leigugjöld. Dæmi eru um að ungt fólk, t.d. hér í Reykjavík, sem hefur áhuga á og vill reyna fyrir sér á landsbyggðinni hefur hætt við þegar það hefur áttað sig á þessum staðreyndum. Þarna á ég ekki síst við Akureyri. Eins og hv. þm. vita þá hefur Akureyri upp á margt áhugavert að bjóða sem ég hirði ekki um að telja hér upp, en mér er kunnugt um að ungt fólk á Stór-Reykjavíkursvæðinu hefur hætt við að flytja til Akureyrar tímabundið þegar það hefur áttað sig á að það getur ekki dregið leigugjöld frá leigutekjum á meðan það leigir eignir sínar hér. Þetta er svona um stund-

arsakir kannski meðan fólk er að velta því fyrir sér hvort það í alvöru getur hugsað sér að flytja í annað byggðarlag eða ekki. Því finnst kannski of mikil áhætta að selja strax sína húseign og kaupa aðra í öðrum landshluta án þess að vita með vissu að því komi til með að líka staðurinn.

Í öðru lagi er í 2. gr. frv. tillaga um að breyta ákvæðum c-liðar 7. gr. vegna þess óréttlætis sem viðgengst í núgildandi skattalögum í þeim tilfellum þegar hjón telja fram sameiginlega og annar aðilinn er með einhvers konar rekstur á sínum vegum en makinn starfar hjá opinberum aðilum. Telji hjónin ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar þrátt fyrir það að annar aðilinn sé í skilum skv. staðgreiðsluskatti. Eðlilegt hlýtur að vera að álagi í slíkum tilfellum sé einungis beitt gagnvart þeim aðila sem ekki er í skilum. Reynsla mín hefur sagt mér að hér sé um atriði að ræða sem er nokkuð algengt og hér er, þó ekki fari mikið fyrir þessu frv., um réttlætismál að ræða.

Nú er það svo að í þeim tilfellum þar sem mál sem þetta hafa komið upp hefur þetta fólk fengið leiðréttingu hjá ríkisskattanefnd eftir því sem ég best þekki til. Oft hefur verið komið fram á næsta ár þegar sú leiðrétting hefur legið fyrir og það fólk sem á í hlut hefur því orðið fyrir verulegum óþægindum af þessu. Ég hef einnig heyrt það hjá fleiri en einum skattstjóra að þeim finnst að þetta ákvæði vanti í lögin þannig að þeir þurfi ekki að vera að láta þessi mál ganga í gegnum allt kerfið þar sem, eins og kom fram áður, þau hafa fengið leiðréttingu.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

50. fundur, þriðjudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 565.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Lagaákvæði er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 566.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 2. umr.

Frv. FÞ, 208. mál (Grundarfjarðarprestakall). — Þskj. 261, n. 590.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 590 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og starfsmenn þjóðkirkju Íslands, frá allshn.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins en undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Friðjón Þórðarson, Ingi Björn Albertsson og Guðni Ágústsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Mannanöfn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 571.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Fyrir viku síðan urðu nokkrar umræður um þetta frv. sem hæstv. menntmrh. mælti þá fyrir. Hann tók sérstaklega fram að hann þyrfti ekki að hafa ítarlega framsögu þar sem málið hefði verið afgreitt með fullu samkomulagi í Ed. Vissulega er það oft svo að ástæðulaust er að flytja langt mál fyrir málum sem þannig er ástatt um, en eigi að síður þótti mér framsaga ráðherrans ekki gera nægilega grein fyrir þessu máli, enda komu strax fram athugasemdir frá tveimur hv. þm. við þá umræðu sem hér fór fram fyrir viku síðan. Það er vissulega óþægilegt, herra forseti, að ræða þetta mál að ráðherra fjarstöddum, en ég treysti því að hann sé væntanlegur.

Ég vil drepa sérstaklega á það í upphafi að í fskj. með þessu frv. er birt bréf frá dómsmrn. þar sem gerðar eru athugasemdir við frv. Svo er ekki að sjá á nál. hv. menntmn. Ed. að þessar athugasemdir hafi fengið formlega afgreiðslu í þeirri nefnd. Hins vegar tjáði for-

maður nefndarinnar mér það að þeir hefðu litið á þessar athugasemdir og ákveðið að taka þær ekki til greina nema að mjög litlu leyti og einungis að því er eina þeirra varðar og finnst mér það vissulega miður. Ég tel að það hljóti að verða verkefni hv. menntmn. þessarar deildar að fara rækilega yfir þessar athugasemdir sem mér sýnist flestar hverjar hafa við veruleg rök að styðjast. Auðvitað er mjög mikilvægt að taka til skoðunar athugasemdir frá því ráðuneyti sem á að taka þetta mál að sér því gert er ráð fyrir því að þessi málaflokkur flytjist frá menntmrn. til dómsmrn. og að hin nýja mannanafnanefnd, sem svo er kölluð, verði nefnd á vegum dómsmrn.

Hér urðu smá orðahnippingar á síðasta fundi þegar þetta mál var rætt milli hv. 17. þm. Reykv. Sólveigar Pétursdóttur og menntmrh. Það kom á daginn að hæstv. menntmrh. hefur ekki kynnt sér þetta frv. sitt til algerrar hlítar því að hann lýsti því yfir að hann væri ekki „sektartrúar" í þessum efnum. Engu að síður er það svo, eins og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir benti á, að gert er ráð fyrir sektum í frv. en athugasemdir dómsmrn. við það atriði gengu einmitt út á það að ráðuneytið treystir sér ekki til þess að beita menn sektum fyrir að brjóta þessi svokölluðu lög um mannanöfn og vill að annar aðili fari með þau úrræði, þ.e. Hagstofan. Hvort sem menntmrh. er sektartrúar eða ekki í þessum efnum, þá hefur hann hér lagt fram frv. sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að sekta menn fyrir hvað þeir heita eða fyrir hvað þeir skíra börnin sín. Það væri athyglisvert ef hæstv. núv. dómsmrh. tjáði sig um þetta mál því að það kemur til með að heyra undir hans ráðuneyti, hvort hann er sömu skoðunar og menntmrh. virðist vera, að það eigi að beita forráðamenn barna dagsektum fyrir að láta dragast að gefa börnum sínum nafn. Flm. þessa frv., hæstv. menntmrh., segist svo ekki vera sektartrúar. Annaðhvort hefur hann ekki kynnt sér málið eða þá að hann er trúvillingur í þessum sektarmálum.

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að hv. menntmn. fari vel yfir þessar athugasemdir frá dómsmrn. og raunar furðulegt að hv. menntmn. Ed. skuli ekki láta þess getið í sínu nál. hvaða afstöðu hún hafi tekið til einstakra liða í svo veigamiklum og málefnalegum athugasemdum.

Ég hafði hugsað mér, herra forseti, að ræða hér nokkur önnur atriði í þessu frv. við hæstv. ráðherra, flm. málsins. Þó að það sé rétt að þetta frv. byggist að verulegu leyti á lagafrv. frá árinu 1971 þá hafa verið gerðar á því frv. töluverðar breytingar. Ég hef kynnt mér það frv. sem var lagt fram 1971, hef það hér undir höndum, og ég tel ástæðu til að inna ráðherrann eftir ástæðum þess að frá því frv. er breytt í veigamiklum atriðum. Reyndar eru ýmis atriði í þessu frv. sem mér finnst óskiljanleg. Af hverju mega menn ekki heita nema einu eða tveimur nöfnum? Af hverju á það að vera bundið í lög að menn eigi bara að heita einu eða tveimur eiginnöfnum? Ég þekki ýmsa góða Íslendinga sem heita þremur nöfnum og það hefur hvorki orðið þeim til ama né leiðinda. Þeir eru ekki lakari borgarar en aðrir hér á landi. Það er að vísu þannig að í þessum undarlegu lögum frá 1925 um mannanöfn segir að menn megi aðeins heita einu eða tveimur nöfnum. Það ákvæði hefur auðvitað verið brotið eins og allt annað í þeim undarlegu lögum. En það er engu líkara en að menn setji inn svona ákvæði um að banna mönnum að heita þremur nöfnum bara til þess að geta bannað eitthvað í þessum efnum. Ef ekki er hægt að finna eitthvað til þess að banna, þá er sjálfsagt að banna það að menn heiti þremur nöfnum. Þetta er atriði sem engin haldbær skýring hefur komið á. Kannski er hún til, kannski er það eitthvað á vegum Þjóðskrár eða Hagstofu eða eitthvað sem gerir það að verkum að óþjált er að hafa þrjú nöfn inni í kerfinu. Ég veit ekkert um það, en það er engin skýring á þessu, hvorki í greinargerð né í framsögu ráðherra.

Eins er útilokaður sá möguleiki, herra forseti, að skíra börn því sem stundum eru kölluð millinöfn. Það er raunverulega tekið fram í greinargerð þessa frv. að ekki sé ætlast til þess að fólk skíri börnin sín slíkum millinöfnum og látið að því liggja að með slíkri nafngift sé iðulega verið að koma á vísi að ættarnöfnum. Öll þekkjum við eflaust dæmi um slík nöfn sem er skotið inn á milli eiginnafns og kenninafns, en eru stundum þess eðlis að þau fá ekki staðist ein og sér sem eiginnöfn viðkomandi. Ég ætla ekkert að nefna dæmi um slík nöfn en auðvitað þekkja allir þau dæmi.

Í frv. frá 1971 var sérstaklega áréttað um heimild manna til þess að skíra börn slíkum millinöfnum. Ég sé ekkert athugavert við það, bara ekki nokkurn skapaðan hlut. Ef menn vilja skíra börn sín einhverjum millinöfnum þá ættu þeir að mega það mín vegna og laganna vegna. Ég er hræddur um að ætla að banna það sé hreinn óþarfi og það eru náttúrlega ekki taldar upp neinar góðar ástæður fyrir því nema þá þær að slík millinöfn, sem kannski margir bræður bera hið sama eða systkini eða systur, séu eins konar vísir að ættarnöfnum. Og hvað með það? Það eru 7 þingmenn af 63, 11%, sem bera ættarnöfn, að vísu misjafnlega til komin, en gert er ráð fyrir því í þessum lögum að handhafar ættarnafna í dag geti náðarsamlegast fengið að halda þeim. Í frv. frá 1971 segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Nú er barni gefið millinafn sem ekki á við að nota sem eiginnafn að dómi mannanafnanefndar og má þá ekki gefa barninu þriðja nafnið."

Það er sem sagt gert ráð fyrir því hreint og klárt að slík millinöfn megi gefa. Mér finnst það afturför á tímum aukins frjálslyndis að banna slíkt. Og sama á við um það að banna að skíra nema tveimur eiginnöfnum. Ég var búinn að nefna það áður en ráðherrann kom að mér finnst það ástæðulaust og ég tel reyndar að það fari ekki vel á því að vera með mikil boð og bönn í sambandi við jafnpersónulega hluti og nöfn manna, það fer ekki vel á því. Að ég tali nú ekki um, eins og menntmrh. leggur til, að sekta menn fyrir að brjóta þessar reglur eða fyrir að verða seinir til að skíra börnin sín. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því og menntmrh. flytur þetta frv. en vill koma dagsektunum yfir á dómsmrn. sem hefur með bréfi sem birt er sem fskj. beðist undan því að þurfa að taka að sér slík verk. Ég

skil það mætavel. Ég tel að Alþingi sé engin hneisa að því að setja þessi lög án þess að í þeim sé beitt fésektum. Hér voru í gildi í mörg ár lög um bílbelti án þess að við lægju sektir eða aðrar refsingar og ég tel fullkomlega ástæðulaust í þessum efnum að taka hér upp einhverja sektartrú, eins og hæstv. menntmrh. kallaði það á síðasta fundi, sagðist ekki vera sektartrúar en hafði ekki áttað sig á því að hann leggur sjálfur til með þessu frv. slíkar sektir.

Það er eitt atriði enn eða reyndar tvö, virðulegi forseti, sem ég vil nefna. Í frv. frá 1971, sem þetta frv. er að verulegu leyti byggt á eins og fram hefur komið, er gert ráð fyrir því að menn megi taka upp ný ættarnöfn samkvæmt leyfi dómsmrn. Bæði frv. nú og frv. þá gerðu ráð fyrir tvenns konar kerfi kenninafna hér á Íslandi, annars vegar hinna hefðbundnu kenninafna þar sem menn kenna sig til móður eða föður með endingunni son eða dóttir, eða ættarnafna sem kenninafna. Frv. frá 1971 var hins vegar að því leyti til frjálslyndara en þetta frv. að það gerði ráð fyrir þeim möguleika að það mætti taka upp ný ættarnöfn með heimild dómsmrn. en þetta frv. gerir ekki ráð fyrir þeim möguleika. Það er sem sagt þrenging frá því sem þá var lagt til. Og þó ekki sé líklegt að margir kjósi að búa til ný ættarnöfn eða taka upp, önnur en þau sem innflutt eru, finnst mér ástæðulaust að banna þetta með öllu, ef það væri einhvern tíma einhver ein fjölskylda eða tvær sem teldu sér akk í því eða teldu sér það til þæginda, t.d. vegna flutnings úr landi eða tímabundinnar veru erlendis, að taka upp ættarnafn. Ég er ekkert að mæla með því að menn geri það en mér finnst ástæðulaust að banna það eins og gert er með þessu frv. Ég tek undir sjónarmið prófessors Ármanns Snævars, sem kemur fram í greinargerð frv., þar sem hann telur eðlilegt að hafa þennan möguleika fyrir hendi eins og frv. frá 1971 gerði ráð fyrir. Hann telur, að því er segir í greinargerðinni, að það sé óeðlileg mismunun milli manna að einhverjir borgarar í þessu landi, eins og sá sem hér stendur og einir sex aðrir þingmenn, Haukdal, Blöndal, Sólnes og fleiri, megi halda sínum ættarnöfnum en aðrir borgarar megi ekki verða sér úti um slík nöfn ef þeir af einhverjum ástæðum telja sér hag í því, þó að ég dragi mjög í efa að þeir séu margir sem þannig yrði hugsanlega ástatt um. Mér finnst ástæðulaust að banna það. Arnalds, Mathiesen og Björnsson (**Gripið fram í:** Hvað með Kvaran og Snævarr?) eiga ekki, ásamt þeim sem ég nefndi hér áðan, að hafa einhver forréttindi umfram aðra. Og svo er það vissulega rétt sem hv. 13. þm. Reykv. bendir á að tveir höfundar frv. eru í þessum flokki ásamt okkur nokkrum þingmönnum. Gert er ráð fyrir því að þeir sem hafa ættarnöfn núna, hvaðan svo sem þau kunna að vera upprunnin, geti haldið þeim og niðjar þeirra ef þeir svo kjósa en það megi ekki búa til ný.

Ég beini því til hv. menntmn. að hún kanni frv. frá 1971 og þessi atriði sem ég hef verið að nefna sem búið er að þrengja með þeim hætti sem ég hef hér rakið. Mér finnst ekki hafa komið fram haldbærar ástæður fyrir þeim þrengingum.

Ég ætla að nefna hér eitt atriði enn, virðulegi forseti, sem varðar 10. gr. frv. Þar er orðalag sem ég tel óeðlilegt nú á dögum þegar um er að ræða það að gera mun á því hvort karl eða kona á hlut að máli. Hér er til meðferðar í þinginu frv. um að breyta lögum um jafnréttismál og hv. menntmn. Ed. gerði eina eða tvær breytingar sem eiga að draga úr því að gerður sé munur á því hvort um er að ræða karl eða konu. En í 10. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Erlend kona, sem giftist Íslendingi . . ." o.s.frv. og síðar: „Hafi íslensk kona gift Íslendingi . . ." o.s.frv. Mér finnst eðlilegast að breyta þessu og segja bara: Íslenskur borgari eða erlendur borgari, erlendur einstaklingur, íslenskur einstaklingur o.s.frv. Þó að það sé það algenga í dag, ef um er að ræða eitt fjölskyldunafn, að kona taki upp nafn mannsins, t.d. við dvöl erlendis, þá er ekkert útilokað að það geti verið á hinn veginn, það er ekkert útilokað að kenninafn konunnar verði fyrir valinu, ég tala nú ekki um ef hún heitir einhverju fallegu íslensku ættarnafni en eiginmaðurinn einhverju erfiðu íslensku föðurnafni upp á hefðbundna móðinn. Það er allt til í dæminu í þessum efnum. Það er ástæðulaust að banna hluti eða vera hér með óþarfa boð og bönn gagnvart þeim einstaklingum sem þannig er ástatt um sem hér um ræðir í þessum málsgreinum 10. gr.

Auðvitað er margt sem mætti tína til varðandi þetta frv. og er auðvelt að hafa skoðanir á flestum atriðum svona máls. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu um of, en ég hygg að það sé öllum ljóst að eðlilegt sé að um þessi mál gildi einhver lög. Ég tel að þau eigi að vera frjálslynd og náttúrlega sýna lögin frá 1925, sem eru mjög stutt og margt sem í þeim er bannað, að eftir slíkum lögum er ekkert farið. Þá kemur auðvitað til greina, eins og menntmrh. leggur til, að beita menn dagsektum og því um líku, en það er hins vegar ekki sú aðferð sem ég kæri mig um að standa að og ég efast um að hann geri það sjálfur svona við nánari athugun.

Ég ætla rétt að nefna, virðulegi forseti, að í 2. gr. frv. segir: „Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama." Það er þetta með að hafa áunnið sér hefð í íslensku máli annars vegar og hins vegar að mega ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Það geta verið dæmi um nöfn sem ákveðin hefð er fyrir sem samt brjóta reglur íslenskrar málfræði eða framburðarfræði. Hvað á þá að gera í slíkum tilfellum? Það geta verið eiginnöfn sem eiga uppruna sinn í nálægum löndum þar sem framburður er annar en hér en sem hafa áunnið sér hefð erlendis og eru notuð hvort heldur er til skírnar drengja eða stúlkna. Hvað á þá að gera, hvor setningin er þá sterkari? Það að nafnið hafi áunnið sér hefð í íslensku máli eða hin að nafnið megi ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi? Ég bendi á þetta til athugunar. Það getur hugsast að þarna komi fram mótsagnir. Ég tel mig geta nefnt dæmi um slík nöfn, en ég sé ekki ástæðu til að tína til einstök mannanöfn í þessum umræðum.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu eins og ég

sagði, virðulegi forseti. Ég hef komið þessum athugasemdum mínum á framfæri. Ég tel einsýnt að breyta 10. gr. til samræmis við núgildandi jafnréttissjónarmið. Um hin atriðin má vissulega deila og menn sem vilja banna mikið og margt, þeir banna mönnum að bera þrjú eiginnöfn, banna mönnum að bera millinafn og banna mönnum að taka upp ný ættarnöfn og leggja síðan dagsektir við viðurlögum á þessu öllu saman. (Gripið fram í.) Það þyrfti þá sennilega að breyta frv. aðeins til að leggja dagsektir við öllu en það eru dagsektir við að skíra ekki börn sín nógu tímanlega. Það er rétt að ég leiðrétti það hér með.

En um þessi atriði má vissulega deila. Menn kunna að hafa á þeim misjafnar skoðanir. Ég beini því til menntmn. að fara yfir þessi atriði öll og sömuleiðis þær athugasemdir sem fram koma hjá dómsmrn. því þar er vissulega um að ræða, eins og að því er varðar hinar athugasemdirnar, atriði sem eiga fullan rétt á því að vera tekin til gaumgæfilegrar athugunar.

Það er ástæða til þess að setja ný lög um mannanöfn, en það er ekki ástæða til að setja ný lög með atriðum í sem geta valdið erfiðleikum, geta orðið mönnum til ama, eins og segir í frv., ef hægt er að komast hjá því. *Ég treysti því að hægt verði að ná samkomulagi* í nefndinni og við hæstv. menntmrh. um eitthvað af þessum breytingum.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 14. þm. Reykv. innti mig eftir skoðun minni á því ákvæði þessa frv. þar sem kveðið er á um rétt til þess að beita dagsektum ef út af er brugðið um nafngiftir eða ef þær eru ekki framkvæmdar tímanlega. Ég hef ekki mjög mótaða skoðun í þessu efni en get þó ekki varist þeirri hugsun að svipuð ákvæði munu vera í lögum um það þegar út af er brugðið um framkvæmd umgengnisréttar í barnalögum, en eftir því sem ég veit best þá er þar um að ræða í raun nánast dauðan lagabókstaf sem ekki er framkvæmdur og það segir sína sögu. Ég get því vissulega tekið undir það sem fram kom í máli hv. ræðumanns og raunar fyrr í þessari umræðu í máli hæstv. menntmrh. Þetta er eitt af atriðum sem sannarlega mætti athuga nánar í hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að margar af þeim athugasemdum sem fram komu hjá hv. 14. þm. Reykv. eigi að vera til skoðunar. Eins og þingmenn sjá af gögnum málsins er þetta frv. unnið af nefnd. Það hefur verið mjög lengi í vinnslu, var lagt fram fyrir hv. Ed. í vetur, óbreytt frá því sem það kom frá nefndinni með athugasemdum frá dómsmrn. sem birtar voru sem fylgiskjal. Sumar af þeim athugasemdum sem hv. 14. þm. Reykv. hafði uppi komu fram við 1. umr. málsins í Ed. frá mönnum sem áttu sæti í menntmn. Greinilegt er að þeir hafa af einhverjum ástæðum látið sannfærast og ekki haldið til streitu athugasemdum sínum, m.a. varðandi þrjú nöfn, varðandi millinafn, svo að ég nefni dæmi sem ég tel og er algerlega sammála hv. þm. um að er hvort tveggja álitamál og er reyndar smekksatriði. Er í sjálfu sér mjög erfitt að kveða á um eða færa fullnægjandi rök með eða á móti.

Í máli af þessu tagi verður að reyna að beita sanngirni og almennum sjónarmiðum. Auðvitað íslensks máls númer eitt. Vegna þess að mannanafnakerfið er mjög mikilvæg undirstaða íslenskrar málhefðar og íslenskrar tungu og þess vegna er það nú sem við erum með lög um mannanöfn, að við viljum halda þessu kerfi í meginatriðum og erum sammála um það. Hins vegar viljum við auðvitað ekki vera að setja reglur eða lög sem ekki standast það sem fólk telur almennt sanngjarnt að viðhafa í málefnum af þessu tagi.

Ég er í rauninni þeirrar skoðunar að flest af því sem hv. þm. nefndi séu álitamál. Ég segi fyrir mig að ég treysti mér engan veginn til þess að hafa endanlega skoðun á því hvað sé rétt eða rangt í sumum þeim efnum sem hann nefndi. Það fyrra er með dagsektirnar. Þær mega gjarnan fara. Hér er um að ræða tillögu sem kemur m.a. frá manni sem er viðriðinn svokallaða hegningarlaganefnd, trúi ég, og ég geri ráð fyrir því að þessar hugmyndir um dagsektir eigi að einhverju leyti rætur að rekja til sjónarmiða sem fram hafa komið þar. En ég hef enga trú á þessu kerfi og held satt að segja að *svona lagað leysi menn aldrei nema með fortölum.* Það er skynsamlegast að búa til eitthvert fortölukerfi eða fortölufarveg því auðvitað verður að ráða því til lykta að barn heiti eitthvað. Ég held að við séum öll sammála um það að við mundum ekki sætta okkur við það að heita t.d. 260644-4169, svo ég taki kennitölu undirritaðs sem dæmi. Það dygði mér a.m.k. ekki. Auðvitað verður að finna þarna eitthvert ferli sem er ásættanlegt fyrir þjóðina á hverjum tíma eins og við erum örugglega öll sammála um.

Ég er hins vegar ósammála hv. þm. um það að viðhalda möguleikanum á því að taka upp ný ættarnöfn. Ég held að ef búið yrði til eitthvert undanþáguferli í þeim efnum þá sé mjög mikil hætta á því að það yrði hugsanlega misnotað. Ég held að það sé hætt við því að þar mundu menn ganga býsna langt. Nú er það hins vegar svo, vill svo vel til, að sá maður sem er formaður menntmn. Nd. var jafnframt formaður menntmn. Ed. 1971 þegar frv. á þeim tíma var til meðferðar og því var vísað til ríkisstjórnarinnar. Frv. 1971 strandaði í raun og veru fyrst og fremst á þessu atriði. Nú vill svo vel til að maðurinn heitir Arnalds, hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég er þess vegna alveg sannfærður um að hann hefur bæði af þeim ástæðum og öðrum víðsýni til þess að taka á þessum málum af fullri sanngirni.

Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hvað það er sem er sérstakt fyrir eina þjóðtungu. Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hvaða stöðu íslenskt mál hefur almennt í samfélagi tungumálanna í heiminum. Í Cambridge Encyclopedia of Language sem kom út árið 1987 eða 1988 kemur fram að tungumál í heiminum eru talin vera 4.500 í dag. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, eru þau ekki á milli 150 og 160? Það er talið að það séu 258 hópar, þjóðir, svæði, þar sem 100 þús. manns eða fleiri tala viðkomandi tungumál. Í mörgum tilvikum er um að ræða tungumál sem aðeins nokkur þúsund manna tala. 138 þjóðir eða málsvæði telja

meira en eina milljón manna. Því er spáð í málvísindaritum að á næstu tveimur, þremur áratugum þá muni yfirleitt deyja eins og eitt tungumál á dag. Það er t.d. bent á það í þessu riti, sem er fróðlegt til umhugsunar, að í héraði einu í Venesúela bjó hópur sem talaði sérstakt tungumál, Trumai. Inflúensufaraldur sem geisaði þar um skeið árið 1962 hafði það í för með sér að þeim sem tala þetta mál fækkaði niður fyrir tíu. Mörg önnur hrikaleg dæmi er hægt að nefna úr þessari merku bók sem fjallar um öll tungumál heimsins sem eru í henni talin vera 4.500.

Ég fletti þessari bók og las með mikilli athygli fyrir nokkru. Eitt af því sem vakti athygli mína var það að það er eitt sem er algjörlega sérstakt við íslensku, eitt sem er algjörlega sérstakt, eitt sem er eingöngu til í íslensku af öllum þessum tungumálum, þúsundum tungumála, það er eitt. Og hvað er það? Það er mannanafnahefðin. Þegar tungumálin eru flokkuð saman eftir uppruna, germönsk mál, indóevrópsk mál o.s.frv., þá er svo fjölda margt og ótrúlega margt líkt með þessum tungumálum, bæði í orðum, orðmyndun, beygingarfræði, hljóðfræði o.s.frv. En það er algjörlega sérstakt í rauninni allri tungumálaflóru heimsins þessi aðferð við að gefa fólki nöfn á Íslandi: -son, -dóttir o.s.frv.

Ég verð þess vegna að segja fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að ég vil gjarnan halda í þetta í lengstu lög. Mér er alveg ljóst að það er ekki hægt að setja lagaákvæði sem eru þannig að þau stangast á við almenna, mér liggur við að segja réttarvitund almennings, sanngirnisvitund almennings, en ég tel að við ættum að reyna að halda í þetta sérkenni íslenskrar tungu í lengstu lög. Ég er viss um að við erum í raun og veru öll sammála um það og legg að lokum áherslu á það, sem kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. og öðrum sem hér hafa talað, að mannanafnalögin gömlu eru úrelt. Það hefur ekki verið hægt að framkvæma þau. Það þarf að setja ný mannanafnalög. Ég tek undir það með öllum hv. þm. sem hér hafa talað að það á að vera hægt að ná samkomulagi um málið og það er mjög mikilvægt að ná samkomulagi um þetta mál, svo mikilvæg sem mannanafnahefðin er í íslenskri tungu.

Ég legg á það áherslu að hv. menntmn. taki til athugunar allar þær ábendingar sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, Sigrúnu Helgadóttur og Geir Haarde og öðrum þeim sem kunna að taka til máls í þessum umræðum, málin verði skoðuð vandlega og við reynum að lenda þessu máli í samkomulagi. Vegna þess að í rauninni þarf að vera þjóðarsátt um atriði eins og þetta ef nokkur kostur er að finna flöt á því.

Guðrún Helgadóttir:

Ég skal hafa þetta örstutt. Ég get tekið undir það með hæstv. menntmrh. að það geti verið nauðsynlegt að endurskoða lög um mannanöfn en ég get verið sammála hv. 14. þm. Reykv. um ýmislegt af því sem hann sagði og ég ætla ekkert að endurtaka það. Mannanöfn eru vitaskuld ákaflega viðkvæmur þáttur af hverri manneskju.

Það eru nú aðallega tvö atriði hér sem mig langar að benda á, sem vel má vera að einhver annar hafi gert. Það er hér ákvæði í 12. gr., sem er nú reyndar aðeins öðruvísi orðað skv. brtt. sem hv. Ed. hefur gert, en það er um ófeðrað barn. Það skal kennt til móður sinnar eða móðurafa síns. Þ.e. í brtt. segir „eða föður hennar". Mér er alveg fyrirmunað að skilja hvar afinn kemur inn í þetta dæmi. Hvers vegna má þá ekki skíra barnið einhverju kenninafni? Hreinlega skíra barnið fullu nafni og velja barninu eitthvert snoturt kenninafn fremur en að fara að blanda föður móðurinnar í það mál. Mér finnst eitthvað óskaplega óviðfelldið við það.

Síðan er dálítið gælt við það í 13. gr. að eiginkona taki upp eftirnafn maka síns. Ég hélt að það væri vilji manna á Íslandi að kona héldi nafni sínu hvort sem hún er gift eða ógift. Ég tala nú ekki um ef hún giftist oftar en einu sinni. Mér hefur nú alltaf fundist heldur tætingslegur þessi erlendi siður að konur eru sískiptandi um nöfn. Fyrir mér er nafn manneskju svo veigamikill þáttur í manneskjunni allri að mér finnst engin ástæða til þess að fólk sé sí og æ að skipta um nafn og finnst það satt að segja hreinn óþarfi.

Ég vil hins vegar vera miklu frjálslyndari með að menn megi svo sem bera eftirnöfn ef þeim svo sýnist. Ég tala nú ekki um fólk sem er af erlendu bergi brotið. Ég man aldrei eftir því að það væri neinum til ama að Urbancic-fjölskyldan hét því nafni. Auk þess sem það er vísbending um að maðurinn sé af erlendu bergi brotinn og segir dálítið um manneskjuna þá þegar eins og nöfn gjarnan gera. En mér finnst algjör óþarfi að Íslendingar haldi þeim sið við að konur séu að taka upp nöfn sem þær hafa ekki borið áður.

Tvö önnur atriði vildi ég líka benda á og það er svokölluð mannanafnaskrá. Ég get ekki séð að það sé hægt að gera hana öðruvísi en svo að öll þau nöfn sem lifandi fólk ber og hefur borið hljóti að vera mannanöfn, hversu kyndug sem þau nú annars kunna að vera. Venjulega fær nafn, sem kannski hefur dálítið undarleg áhrif í fyrstu, aðra merkingu þegar menn venjast því. Ég sé ekkert athugavert við að það sé einhver þróun í mannanöfnum og fólk noti hugarflug sitt til þess. Ég held því að menn megi nú ekki hafa þá mannanafnaskrá mjög stranga. Ég get verið sammála um það sem segir í grg. að fólk eigi helst ekki að heita Gunna, Tóta og Lauga. Ef menn svo kjósa þá sé ég nú ekki að það sé hægt að banna það.

Að lokum, virðulegur forseti, ég skal ekki tefja tímann, er hér mjög sérkennilegt ákvæði í 22. gr.: „Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn, sem líkist því svo mjög að villu geti valdið, getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins."

Ég vil bara leyfa mér að spyrja: Hvað þurfa menn að heita til að geta haldið því fram að einhver sé að nota nafn hans? Ég er viss um að það eru a.m.k. hundrað Guðrúnar Helgadætur í þessu landi og ég hef ekki nokkra ástæðu til þess að halda að þær konur séu að nota nafn mitt. Þurfa menn að heita Eiður Sær eða eitthvað slíkt til að geta krafist leiðréttingar? (**Menntmrh.:** Svavar Gests.) Já, hvað mætti Svavar Gests

segja? Sá ætti nú að vera búinn að kvarta. Ég held að þetta hljóti að vera afar erfitt í framkvæmd. Hér hleypur ungur maður um göturnar sem heitir Halldór Laxness, enda náskyldur hinu mikla skáldi. Menn verða einfaldlega að venjast því að þessir menn heita báðir þessu nafni. Ég skil þetta ákvæði ekki alveg. Ég held að menn hljóti að verða að heita afar frumlegu nafni til þess að séð verði ástæða til þess að þeir þoli ekki að önnur manneskja beri sama nafn.

Ég vildi biðja þá hv. nefnd, menntmn., sem fær þetta mál að líta aðeins ofan í þetta og umfram allt að ekki verði bundið í lögum að einhver börn í landinu verði kennd við afa sinn. Það þykir mér afar óviðfelldið.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru mjög margar athugasemdir sem koma fram við þetta frv. og ljóst að það þarf að skoða það miklu betur í menntmn. Nd. Það hefur verið vakin hér athygli á þeim misskilningi sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. er hann mælti með þessu frv. í sambandi við dagsektarákvæði, sem er reyndar í 23. gr. Nú hefur þessi misskilningur verið leiðréttur. Enda þótt sú athugasemd sem ég gerði við þá umræðu málsins hafi ekki fjallað beint um það hvort dagsektum skyldi beita eða ekki, þá lagði ég aðaláherslu á að ekki væri eðlilegt að dómsmrn. hefði þessa heimild þar sem það færi jafnframt með mjög viðkvæma málaflokka sem snerta börn, t.d. í sambandi við forræðisdeilumál.

En ég var undrandi við þessa umræðu þegar fyrst var mælt hér fyrir málinu að þar sat hæstv. dómsmrh. en hann tjáði sig ekkert um þetta mál. Nú hefur hann tjáð sig um þetta mál hvað snertir dagsektarákvæðið en mig furðar samt að hann skuli ekki taka efnislega þátt í umræðum um þetta mál vegna þess að hans starfsmenn í dómsmrn. hafa gert mjög miklar athugasemdir við ýmis ákvæði í frv.

Mig langar aðeins til að ítreka það, hæstv. forseti, að ég gerði athugasemdir við m.a. 3. mgr. 7. gr. frv. þar sem segir að dómsmrn. sé heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef telja verður að nafn hans sé honum til ama. Spurning er hvernig túlka eigi þetta ákvæði. Hvort hér sé verið að opna allar flóðgáttir fyrir nafnbreytingum. Hvort menn megi breyta um nafn einu sinni eða hvort þeir megi gera það einu sinni í mánuði o.s.frv.

Ég vil benda á það að í athugasemdum um 7. gr. segir, með leyfi forseta: „Nefndin er á einu máli um að ekki komi til álita að veita jafnvíðtækar heimildir til nafnbreytinga og gert hefur verið á Norðurlöndum. Í þessu sambandi verður ekki síst að hafa í huga að eiginnöfn hér á landi munu hafa mun meira gildi til auðkenningar en víðast hvar erlendis. Því er eðlilegt að meira aðhald sé haft að breytingum eiginnafna Íslendinga en annarra Norðurlandaþjóða.“ Enn fremur segir beint í athugasemdum um 3. mgr. að ráðuneytinu sé heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef það telur nafn hans vera honum til ama eða af öðrum sérstökum og gildum ástæðum, þótt það sé meginstefna þessa frv. að þeirri íslensku venju sé haldið að menn beri sama nafn alla ævi.

Enn fremur má velta fyrir sér fleiri atriðum í þessu frv. en gefst væntanlega ekki tími til hér. Sérstaklega má nefna til fleiri ákvæði í 7. gr., t.d. 2. mgr. Þar segir: „Hafi barni verið gefið eitt nafn eða tvö við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er dómsmrn. heimilt að leyfa eiginnafni/nöfnum barnsins sé breytt, enda sé ósk borin fram um það af forsjármönnum barnsins eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út.“

Miðað við ákvæði þessa frv. þá mun um að ræða hámark eitt ár sem þessi frestur gildir. Þá hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort þarna geti ekki komið upp vandamál, t.d. ef foreldrar skilja eða sambúðarslit verða. Að vísu held ég að ráð sé gert fyrir því að báðir aðilar óski eftir þessari breytingu en ef um skilnað er að ræða þá skuli leita álits þess foreldris sem ekki fer með forræðið. Þ.e. þetta er einungis heimildarákvæði og ekki nein skylda. Þetta ákvæði mætti því athuga nánar, enda getur maður að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að vandamál geti komið upp.

Í lokin, hæstv. forseti, þar sem ég vil nú ekki tefja þessa umræðu öllu lengur, þykir mér rétt að varpa fram þeirri athugasemd til hæstv. menntmrh. hvort hann telji ekki rétt að taka upp í þetta frv. ákvæði er heimili ríkisstjórninni að gera samninga við önnur ríki varðandi frávik frá ákvæðum mannanafnalaga. Það hafa komið upp vandamál að því að mér er sagt, sérstaklega vandi Íslendinga sem eru búsettir í Danmörku sem hafa haft talsverð óþægindi af því að vera bundnir af danskri mannanafnalöggjöf varðandi kenninöfn barna sinna sem þar eru fædd.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég verð að taka undir það með hæstv. menntmrh. að auðvitað er nauðsynlegt að um svona lagasetningu takist svokölluð þjóðarsátt, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, og ég vil ekki draga úr því að það eigi einmitt við í svona löggjöf sem snertir hvern einasta einstakling í okkar landi.

Ég verð að segja það eins og er að ég hef þá skoðun að það eigi að ríkja talsvert frjálsræði í þessum málum, það eigi ekki að setja of mikið af boðum og bönnum í sambandi við þetta atriði í lífi okkar Íslendinga. Ég held að fólki á liðnum tímum hafi tekist nokkuð vel upp í sambandi við mannanöfn og það er svo í dag, finnst mér, að ungt fólk, vel menntað fólk og ungt fólk almennt, sem er að velja nöfn á sín börn hefur sýnt alveg ótrúlega hæfni til þess að setja saman mannanöfn sem skaða hvorki íslenskt málfar né íslenska tungu á einn eða neinn hátt. Ég dreg þess vegna í efa að mannanafnanefnd, þó hún sé ágæt og nauðsynleg, eigi að hafa of mikið vald í þessum efnum þannig að fólk hafi ekki möguleika til að sýna hæfni sína í því að setja saman ný nöfn á nýja borgara landsins. Þess vegna vil ég koma því að að mér finnst að það eigi ekki að skerða þennan möguleika fólks í þessum lögum.

Ég get tekið undir margt sem hér hefur komið fram í þessum umræðum. Ég er t.d. ekkert viss um að það

eigi að banna fólki að hafa fleiri en tvö nöfn. Það getur vel farið svo að einstaklingurinn sem er skírður þremur nöfnum velji kannski þriðja nafnið og leggi áherslu á að það sé notað í hans æviferli. Ég get heldur ekki séð að það þjóni sérstökum tilgangi að hafa það óheimilt að taka upp ný ættarnöfn hér á landi. Þessir ágætu aðilar hér á landi sem hafa valið sér ættarnöfn — það fer vel á þeim flestum. Ég veit um fólk sem hefur verið að tala um að það væri áhugavert að taka upp slík ættarnöfn og miða það við algjörlega íslensk nöfn.

Ég vil að lokum taka undir það að ég er andvígur því að það sé verið að setja hörð sektarákvæði í sambandi við þessa löggjöf. Mér finnst það óþarft í alla staði. En ég vildi aðeins koma þessu að. Ég vil ekki una því að hin svokallaða mannanafnanefnd geti ráðið um of möguleikum fólks til þess að velja nöfn sem bæði eru skemmtileg í meðferð og stangast alls ekki á við íslenska tungu eða málfar en geta verið miklu meðfærilegri og mætari heldur en mörg þau nöfn sem mest áhersla er lögð á í skýrslu mannanafnanefndar.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mig langaði til að lesa hér örstutt upp úr fylgiskjali, sem var með frv. sem flutt var 1971, sem samið mun vera af prófessor Halldóri Halldórssyni, um uppruna nafna, en þar er vikið að þessari spurningu um tvínefni eða fjölnefni sem ég var að gera athugasemd við hér áðan og tel rétt að menn fái að heita fleiri en tveimur nöfnum ef því er að skipta. Hér segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tvínefni eða fjölnefni fóru í vöxt á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld. Í nafnalögunum frá 1913 er gert ráð fyrir að menn geti borið tvö eiginnöfn eða fleiri en nafnalögin frá 1925 stemma stigu við að menn geti borið meira en tvö eiginnöfn. Misbrestur hefur þó orðið á framkvæmd laganna frá 1925 í þessu efni eins og mörgum öðrum. Má skjóta því fram hér að menn sem kunnugir eru refsimálum hafa bent á hve títt það er að sakborningar heiti fleiri nöfnum en tveimur og raunar að þeir beri oft nöfn sem ankannaleg eru eða bagi er að."

Það er rétt að menntmn. hafi þetta veganesti með sér til starfa sinna þegar hún fjallar um 1. gr. frv. þar sem bann er lagt við því að bera fleiri en tvö eiginnöfn, en ég held að við hæstv. menntmrh. hljótum að vera sammála um að þetta sé tóm vitleysa og ekki ástæða til þess að banna mönnum að skíra börn sín því sem þeim sýnist á þessum grundvelli.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég lofaði að tala stutt eins og aðrir hér á undan. Mér var að verða það ljóst að eftir umræðu í Ed. hljóðar 4. mgr. 7. gr. enn svo:

„Sé barn ættleitt eftir að því var gefið nafn, má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni sem það hefur áður hlotið. Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára."

Skilji ég þessa málsgrein rétt, þá má breyta nafni barns upp að tólf ára aldri án samþykkis þess við ættleiðingu. Ég bið hv. menntmn. að íhuga þetta mjög alvarlega í ljósi þess hvaða mannréttindi barnið hefur. Það er ekki girt hér fyrir þann möguleika að það sé hægt að ráðskast með þess eigið nafn fram til tólf ára aldurs, skilji ég þetta rétt.

Auk þess get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á því að einn af listamönnum þjóðarinnar hefur skipt um nafn vegna þess að hann var dæmdur til þess í öðru landi. Hann heitir nú Erró en hét áður Ferró. Og það þurfti dóm til þess að losa hann við fyrra nafnið.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þann mikla áhuga sem fram kemur hér á þessu máli og kemur að sjálfsögðu ekki á óvart því að hér er um að ræða undirstöðuatriði í okkar tungumáli. Varðandi það sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir spurði um viðvíkjandi hugsanlegum samningum við önnur ríki, þá tel ég að það sé mál sem rétt sé að menntmn. fjalli um. Þessi spurning hefur aldrei komið til meðferðar, svo að mér sé kunnugt um, og kom ekki til meðferðar í menntmn. Ed. Í menntmn. Ed. var mjög vel unnið að þessum málum. Menn fóru mjög vandlega yfir það og ég hygg að meginhlutinn af efni málsins sé þar afar vel unninn en að sjálfsögðu verður menntmn. Nd. að fara yfir málið engu að síður eins og hún telur rétt og nauðsynlegt.

Varðandi það sem fram kom hér um að eitthvað væri í þessu lagafrv. sem útilokaði það að fólk gæti tekið upp ný nöfn sem ekki hefðu verið notuð áður, þá er það ekki svo, vegna þess að samkvæmt ákvæðum frv., mig minnir 2. gr., þá er gert ráð fyrir því að skilyrðin séu tvö. Annað er það að nafnið samræmist almennt hefðum og beygingarkerfi íslenskrar tungu eða hafi unnið sér hefð í málinu, ef ég kann þetta rétt, þannig að ég hygg að í rauninni sé hægt að koma hlutunum þannig fyrir að ný nöfn geti unnið sér sess hér eftir sem hingað til og jafnvel þó að það yrði reynt að stemma stigu við því með lögum þá hygg ég að það sé bara hreinlega ekki hægt vegna þess að veruleikinn hefur sinn gang í þessu efni og ef um er að ræða nafn sem fellur vel að beygingar- og hljóðkerfi íslenskrar tungu, þá náttúrlega vinnur það nafn sér lönd og heiðir um leið og verður þar með óvefengjanlega hluti af íslensku máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 574.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (frh.):

Virðulegi forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni sl. föstudag hafði ég lýst undirbúningi og aðdraganda

þessa frv. sem og þeim markmiðum sem að er stefnt með þessu frv. Ég vil því nú hefja mál mitt með því að lýsa helstu annmörkum á núverandi skipan félagsþjónustu sveitarfélaga.

Helstu annmarkar á núverandi skipan félagsþjónustu sveitarfélaga sem frv. er ætlað að bæta úr eru:

Í fyrsta lagi er framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaganna grundvölluð á mörgum sérlögum sem sett hafa verið á mjög löngum tíma. Mörg þessara laga eru fyrir löngu orðin úrelt en önnur skarast með óeðlilegum hætti. Þá er tæplega unnt að sjá innbyrðis tengingu eða skírskotun þessara laga þannig að samræmingar sé gætt við framkvæmd þjónustunnar. Þessi sérhæfingarsjónarmið í löggjöf og framkvæmd orka tvímælis.

Í öðru lagi má nefna að sérhæfingarsjónarmiðið felur í sér mikla verkaskiptingu eftir eðli vandamála. Þannig hefur það haft í för með sér mikinn fjölda nefnda sem hver um sig fer með einn málaflokk félagsþjónustunnar. Þetta hefur torveldað heildarsýn og samræmingu við uppbyggingu og rekstur félagsþjónustunnar og getur gert hana óhagkvæma og ómarkvissa. Þjónusta við einstaklinga hefur oft verið sundurlaus og almenningi gert erfiðara fyrir í skiptum sínum við félagsþjónustuna en ella þyrfti.

Í þriðja lagi. Sérhæfingarsjónarmiðið hefur enn fremur orðið til þess að yfirstjórn félagsþjónustu hefur *dreifst á fleiri en eitt ráðuneyti. Slíkt fyrirkomulag* byrgir fyrir möguleika á yfirsýn yfir málaflokkinn og getur staðið í vegi fyrir lagasamræmi og samræmdri framkvæmd. Eftirliti með og aðstoð við framkvæmd laga hefur *jafnframt verið ábótavant sem rekja má til* dreifðrar yfirstjórnar.

Í fjórða lagi. Hin dreifða yfirstjórn hefur átt verulegan þátt í því að stefnumótun í félagsþjónustunni hefur átt erfitt uppdráttar. Einstakir málaflokkar félagsþjónustunnar hafa orðið að jaðarmálum margra ráðuneyta sem jafnvel hafa ekki haft á að skipa sérstökum starfsmönnum til að sinna þeim. Hin dreifða stjórn félagsþjónustunnar innan sveitarfélaganna hefur enn aukið á erfiðleika við stefnumörkun. Reyndin hefur því orðið sú að ekki er til stefna í félagsmálum sambærileg við stefnu stjórnvalda, t.d. í heilbrigðis- og menntamálum. Í sérlögum má þó finna markmiðslýsingu í einstökum málaflokkum þótt um framkvæmd þeirra markmiða fari með mjög ólíkum hætti.

Í fimmta lagi. Ekki gætir samræmis varðandi grundvallaratriði í framkvæmd félagsþjónustunnar. Almennt hefur verið gengið út frá því að sveitarfélögin séu grunneining félagsþjónustunnar. Hins vegar eru í veigamiklum málaflokkum lögbundin starfssvæði þar sem sveitarfélögum er skylt að sameinast um þjónustu eða hafa með sér samvinnu um hana. Þessi starfssvæði eru hins vegar ekki þau sömu heldur eru þau breytileg eftir því hver málaflokkurinn er. Þannig eiga sveitarfélög að sinna öldrunarþjónustu á grundvelli heilsugæsluumdæma, hafa samstarf í málefnum fatlaðra á vettvangi svæðisstjórna og starfa saman að vinnumiðlun á vettvangi atvinnusvæða. Þrátt fyrir þá annmarka, sem þessu fylgja vissulega, eru kostirnir þeir að reynt er að komast hjá þeim takmörkunum sem mannfæð margra sveitarfélaga setur félagsþjónustunni.

Í sjötta lagi. Flest sveitarfélög í landinu eru of fámenn til þess að geta ein og sér risið undir því að veita félagsþjónustu sem heitið getur. Segja má að þá félagsþjónustu, sem frv. nær til, sé nú nær eingöngu að finna í stærstu sveitarfélögunum. Þetta leiðir óhjákvæmilega til ójafnaðar eftir því hvar fólk býr á landinu.

Helstu nýjungar sem lagðar eru til með frv. þessu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi felur frv. í sér nýja sýn á félagsþjónustu og er það grundvallaratriði að baki þess. Þau viðhorf finnast enn að félagsþjónusta sveitarfélaga sé neyðarúrræði, ætluð afmörkuðum hópi sem orðið hefur undir í lífsbaráttunni. Í frv. er þessari sýn algjörlega hafnað. Í hennar stað er lögð áhersla á þá staðreynd að félagsþjónusta sveitarfélaga felur í sér margháttaða þjónustu sem ætlað er að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna.

Í augum margra felur félagsþjónusta sveitarfélaga eingöngu í sér framfærsluaðstoð sem sé angi af fátækrahjálp fyrri tíma. Erfitt hefur reynst að uppræta þann misskilning, mörgum einstaklingum til sárrar raunar. Raunin er hins vegar sú að fjárhagsaðstoð er einn liður í víðtækri aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur, þ.e. aðstoð í atvinnumálum, dagvistarmálum, barnaverndarmálum og húsnæðismálum, auk almennrar félagslegrar ráðgjafar. Þannig má segja að félagsmálastofnanir séu eini aðilinn í þjóðfélaginu sem fæst við fjölskylduvernd. Mikill ókunnugleiki virðist því ríkja um það hve fjölbreytileg þjónusta hér er á ferðinni, þjónusta sem flestir þurfa á að halda einhvern tíma á lífsleiðinni, svo sem heimaþjónusta og dagvist barna. Einnig að á vegum sveitarfélaga fer fram mikilvægt forvarnarstarf, bæði í málefnum barna og unglinga.

Mikilvægt er að skipan félagsþjónustunnar sé með þeim hætti að ekki sé stuðlað að aðskilnaði í almennri þjónustu og aðstoð við fólk sem á í félagslegum vanda. Slíkt getur leitt til þess að skapa sérstakar „vandamálastofnanir“ og er afar niðurlægjandi fyrir þá sem þangað þurfa að leita.

Með heildstæðum rammalögum um alla þætti félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið leitast við að ýta undir þá sýn að hér er um jafnsjálfsagðan þátt í velferðarþjóðfélagi að ræða og velferðarkerfi ríkisins byður upp á, svo sem almennar tryggingar, heilbrigðisþjónustu og skóla. Heildstæð löggjöf um þetta efni getur verið fyrsta skref í átt til þess að viðurkennt verði að félagsleg þjónusta sveitarfélaga er einn liður í velferðarkerfi samfélagsins. Einnig verður þá fyrst hægt að vinna markvisst að félagsmálastefnu sem á að vera jafnsjálfsögð og stefna í heilbrigðis- og skólamálum. Með hinni nýju sýn er hugsunarháttur fátæktar og framfærslu og sveitfesti lagður fyrir róða, hugsunarháttur sem hér hefur ríkt frá því að land byggðist. Réttur til þjónustu verði ávallt í því sveitarfélagi þar sem einstaklingur á lögheimili án þess að fortíð hans sé athuguð sérstaklega eins og núgildandi sveitfestuákvæði bjóða upp á. Öll þjónusta verði réttur fólks, jafnt fjár-

hagsaðstoð sem önnur þjónusta, miðað við mat á aðstæðum þeirra og reglum sem sveitarfélög setja sér innan ramma laganna.

Í öðru lagi felur frv. í sér breytta skipan félagsþjónustu sem miðar fyrst og fremst að því að sjónarmið heildarsýnar er tekið fram yfir sjónarmið sérhæfingar í stjórn og skipan félagsþjónustunnar. Í þessu felst að stigin eru skref í átt til þess að á vettvangi ríkisins verði yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd félagsþjónustunnar sameinuð að mestu í einu ráðuneyti. Jafnframt verði stjórn og framkvæmd félagsþjónustunnar sameinuð á vettvangi sveitarstjórnar í einni nefnd, félagsmálanefnd. Loks er áhersla lögð á að hvetja sveitarfélög til að sameinast um framhald félagsþjónustunnar með það fyrir augum að félagsþjónusta standi öllum landsmönnum til boða.

Hvað þátt ríkisins varðar er lagt til að félagsþjónusta sveitarfélaga heyri undir félmrn. og eftirlit með framkvæmd laganna verði á vegum þess. Með þessu er lagt til að nýr málaflokkur færist til þessa ráðuneytis auk þess sem þar verði komið á fót sérstakri deild til að sinna málaflokknum, bæði almennum atriðum hans, svo sem stefnumótun og samskiptum við hin einstöku sveitarfélög. Hin nýja deild gerir ráðuneytinu fært að sinna málaflokknum sérstaklega en hann verði ekki jaðarverkefni eins og reyndin hefur orðið fram til þessa.

Hvað nýja málaflokka varðar skal fyrst nefnd vernd barna og ungmenna, en í samræmi við frv. til laga um vernd barna og ungmenna sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að yfirstjórn þessa málaflokks færist til félmrn. Auk þess er lagt til að dagvist barna verði að hluta til verkefni félmrn. en til samræmis við frv. til laga um leikskóla er gert ráð fyrir að faglegur hluti þessa málaflokks heyri undir menntmrn. svo sem verið hefur.

Enn fremur ber hér að geta um þá þætti í málefnum aldraðra, málefnum áfengissjúkra og vímugjafavörnum sem heyra undir sveitarstjórnir en að öðru leyti eru þeir málaflokkar á vegum heilbrrn. svo sem kunnugt er.

Nauðsynlegt er að koma á festu í samstarfi ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd félagsþjónustu en fram til þessa hefur slíkt samstarf verið lítið sem ekkert. Með því að fela sérstakri deild í félmrn. að vera til eftirlits og ráðgjafar fyrir sveitarfélögin við framkvæmd félagsþjónustunnar verður í fyrsta sinn séð fyrir því að sveitarfélög geti leitað til ákveðins aðila sem hefur yfirsýn yfir málaflokkinn í heild. Verður það til mikilla hagsbóta fyrir sveitarfélögin sem þannig fá aðstoð og leiðbeiningar um meðferð þessara mála. Í sveitarfélögum verða félagsmálanefnd eða félagsmálaráð, lögskipuð nefnd, nauðsynlegur samnefnari fyrir alla þætti félagsþjónustunnar. Nefndin hafi á hendi stjórn félagsþjónustunnar innan sveitarfélagsins, bæði í stefnumarkandi málum og einstaklingsbundinni aðstoð. Eins og fram kemur í 11. gr. frv. er félagsmálanefnd ætlað víðtækt verkefni sem tryggir að þar verði yfirsýn yfir hina fjölbreyttu félagsþjónustu.

Vegna þess hve víðtækt verkefni félagsmálanefndar er hefur verið lagt til að sveitarfélagi verði heimilt að skipa undirnefnd félagsmálanefndar sem fer með sérstök verkefni. Einnig er gert ráð fyrir að í stórum sveitarfélögum megi fela undirnefnd hverfis- eða svæðisbundna þjónustu.

Í þriðja lagi að sett verði rammalöggjöf um alla málaflokka sem teljast til félagsþjónustu sveitarfélaga. Þeir málaflokkar eru: félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, fjárhagsleg heimaþjónusta, málefni barna og ungmenna, þjónusta við unglinga, málefni leikskóla, þjónusta við aldraða, þjónusta við fatlaða, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir, svo og atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun. Hér er um að ræða málaflokka sem öll stærri sveitarfélög í landinu hafa nú þegar fellt undir starfsemi félagsmálastofnana og félagsmálaráða í sínum umdæmum í meira eða minna mæli.

Í frv. felst í fjórða lagi sérstök hvatning til sveitarfélaga um að vinna saman að félagsþjónustu eða koma á sameiginlegri félagsmálanefnd. Með hliðsjón af sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og anda sveitarstjórnarlaga þótti ekki rétt að leggja til að sveitarfélögunum verði skylt að stofna til samvinnu á þessum vettvangi. Hins vegar felst í frv. hvatning til þess að svo geti orðið, enda talið farsælla að sveitarfélög ákveði sjálf slíka samvinnu en að boð komi um hana ofan frá. Gert er ráð fyrir að samvinna sveitarfélaga á þessum vettvangi verði á vegum héraðsnefnda, byggðarsamlaga eða samkvæmt sérstöku samkomulagi. Félmrn. mun að sjálfsögðu verða til ráðuneytis um slíka samvinnu sem er í mörgum tilfellum í raun nauðsynleg til þess að jafnvægi megi ríkja á milli byggðarlaga hvað þjónustustig varðar.

Í fimmta lagi eru lagðar til víðtækar breytingar hvað varðar innihald og framkvæmd framfærsluskyldu og fjárhagsaðstoðar. Í samræmi við hina nýju sýn í félagsþjónustu, hornstein þessa frv., er lagt til að framfærslulög nr. 80/1947 verði felld úr gildi með hinum nýju lögum, en í stað framfærslulaganna komi annars vegar ákvæði í almennum köflum frv. og hins vegar í VI. kafla þess sem fjallar um fjárhagsaðstoð. Sveitfestiákvæði verði afnumin en í því felst að sveitarfélög geta ekki lengur krafið hvert annað um endurgreiðslur veittrar fjárhagsaðstoðar á grundvelli sveitfesti.

Hvað framfærsluskyldunni viðvíkur er lagt til að felld verði niður framfærsluskylda barna við foreldra sína, svo og framfærsluskylda foreldra við börn eldri en 18 ára. Slík framfærsluskylda þykir nú hafa gengið sér til húðar, enda mun henni ekki hafa verið beitt undanfarin ár. Framfærsluskylda barna við foreldra byggir á gömlum, sögulegum merg og felur í sér þá hugsun sem áður þótti sjálfsögð að börn bæru ábyrgð á velferð foreldra sinna. Rök fyrir því að slík framfærsluskylda þykir ekki eiga við í nútímasamfélagi eru þau að afdráttarlaus lagaákvæði um ábyrgð barna á foreldrum hafi í reynd takmarkað gildi auk þess sem hvorki er æskilegt né oft á tíðum framkvæmanlegt að þvinga börn til að annast foreldra sína ef það er andstætt vilja þeirra eða getu. Þess í stað er í frv. lögð

áhersla á það að fólk beri ábyrgð á sjálfu sér og öðrum. Með öðrum er hér átt við ættingja, vini, nágranna og aðra sem fólk umgengst.

Auk framfærsluskyldunnar er einnig lögð til gagnger breyting á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Má þar einkum nefna að meginreglan verði sú að réttur til fjárhagsaðstoðar verði í því sveitarfélagi þar sem maður á lögheimili en hin gömlu sveitfestiákvæði felld úr gildi eins og fyrr var vikið að. Þetta endurspeglar það nýja viðhorf að fjárhagsaðstoð er ekki lengur ölmusa heldur réttur, séu fyrir henni gildar ástæður.

Ekki náðist samstaða um það að kveða á um lágmark fjárhagsaðstoðar í frv., t.d. miðað við bætur almannatrygginga eða lágmarkslaun. Hér vógust á tvö sjónarmið. Annað það að ef ætlunin væri að tryggja fólki jöfnuð um allt land væri nauðsynlegt að í rammalögunum væru sett viðmiðunarákvæði um lágmark fjárhagsaðstoðar. Hitt, og það sem vóg þyngra, fól í sér að það væri andstætt sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga að segja þeim nákvæmlega fyrir verkum í þessu tilliti. Auk þess væri jafnan hætt við því að lágmarkið yrði umdeilt. Því væri nægjanlegt að ganga svo frá málum, eins og gert er í frv., að skylda öll sveitarfélög til þess að setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Slíkar reglur tryggi að réttur íbúa sé ljós og þeim sé ekki mismunað. Hugsunin er sú að ráðuneytið gangi fast eftir því að reglur þessar verði settar og hafi eftirlit með því að þær séu innan ramma laganna.

Mikið er lagt upp úr því með hverjum hætti fjárhagsaðstoð sé veitt. Þar eru lagðar skyldur jafnt á herðar sveitarfélaga sem umsækjenda. Málið fái í alla staði faglega meðferð og komist verði hjá því að umsækjendur upplifi aðstoðina sem niðrandi heldur þess í stað sem lið í almennri þjónustu sveitarfélaga. Aðstoð verði veitt sem lán eða styrkur en óheimilt að beita öðrum aðferðum, svo sem matarmiðum eða úttektarmiðum.

Í sjötta lagi. Í stað laga um heimilishjálp í viðlögum nr. 10/1952 er í frv. kafli um félagslega heimaþjónustu en á þessum tveimur hugtökum er mikill munur. Heimilishjálp í viðlögum felur í sér að veitt er aðstoð við heimilisstörf í hefðbundinni merkingu, svo sem við hreingerningar og hugsanlega við matseld. Í félagslegri heimaþjónustu felst hins vegar víðtæk aðstoð, þ.e. auk venjulegra heimilisstarfa dagleg umönnun, heimsending matar, endurhæfing og félagslegur stuðningur. Með félagslegum stuðningi er átt við að rofin sé félagsleg einangrun skjólstæðingsins jafnframt því sem haft sé eftirlit með heilsufarslegu öryggi hans og andlegri vellíðan. Reynslan sýnir að heimaþjónusta í þessum skilningi getur stórlega dregið úr stofnanakostnaði til hagsbóta bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélag. Í frv. er það nýmæli að kveðið er á um skyldur sveitarfélaga til að veita fötluðum heimaþjónustu en um árabil hefur sveitarfélögum verið skylt að veita hana öldruðum samkvæmt lögum um málefni aldraðra.

Í sjöunda lagi. Nýmæli er að kveðið er sérstaklega á um félagslega ráðgjöf en ákvæði þess efnis hefur ekki áður verið að finna í íslenskri löggjöf. Ástæða er til að leggja áherslu á að sú aðstoð og þjónusta sem þetta lagafrv. fjallar um verður vart veitt öðruvísi en á grundvelli félagslegrar ráðgjafar. Óháð því er ljóst að hið flókna nútímaþjóðfélag kallar á aðgang fólks að ráðgjöf um félagsleg réttindi og í einkamálum.

Í áttunda lagi. Kafli frv. um þjónustu við unglinga er nýjung í löggjöf. Ekki hefur áður verið gerð tilraun í löggjöf til að draga fram þjónustu sveitarfélaga við unglinga í heild sinni. Áhersla er lögð á að samþætta almennt forvarnastarf í unglingamálum annars vegar og sértæk úrræði við unglinga í félagslegum vanda hins vegar. Þetta er í samræmi við sjónarmið fagfólks sem starfar með unglingum og ítrekað hefur bent á hættuna sem fólgin er í því að aðskilja áhættuhópa unglinga frá almennu æskulýðsstarfi.

Í níunda lagi. Nýmæli eru ákvæði frv. um málsmeðferð og málskot. Sætir það raunar nokkurri furðu að engin ákvæði hafa verið til í íslenskri löggjöf um meðferð mála af því tagi sem félagsmálanefndir fást við, ekki síst þegar haft er í huga hversu viðkvæm þau mál oft eru. Þetta hefur valdið jafnt skjólstæðingum sem starfsmönnum félagsþjónustunnar talsverðum vandkvæðum, skapað óvissu og óöryggi og er jafnvel líklegt til að valda árekstrum. Ákvæði frv. um málsmeðferð taka mið af þeirri meginreglu að ætíð skuli höfð samvinna og samráð við skjólstæðing frá upphafi málsmeðferðar. Einungis er vikið frá þessari meginreglu í undantekningartilvikum þegar brýna nauðsyn ber til.

Þegar nauðsynlegt reynist að grípa til þvingunaraðgerða, svo sem innlagningar á sjúkrahús eða öflunar upplýsinga án vitundar skjólstæðings, skal með þau mál farið að sérlögum, lögræðislögum eða barnaverndarlögum, þar sem engin slík heimild er samkvæmt frv.

Þá hefur frv. að geyma ákvæði er treystir réttaröryggi skjólstæðinga á ýmsum fleiri sviðum, svo sem rétt þeirra til upplýsinga á skráðum gögnum, um varðveislu gagna og þagnarskyldu. Ekki síst er tímabært að lögfesta rétt til málskots, þ.e. rétt einstaklings til þess að skjóta málum til óháðs úrskurðaraðila, úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða og má í þeim efnum benda á að Ísland hefur þurft að sæta ámæli Evrópuráðsins þar sem ekki hefur verið virt ákvæði í félagsmálasáttmála Evrópu um lagaákvæði sem heimila málskot um félagslega aðstoð til æðri stjórnvalda.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginefni þessa frv. Ég vil leggja áherslu á hversu brýna löggjöf er um að ræða, nauðsynlega undirstöðu þess að sveitarfélög um land allt geti hafið markvissa félagsþjónustu er veiti íbúum þeirra nauðsynlega öryggistilfinningu. Einnig legg ég áherslu á það að hér er öðrum þræði byggðamál á ferðinni, en flótti úr dreifbýli í þéttbýli stafar í mörgum tilvikum af því hversu fábreytilega þjónustu fámenn sveitarfélög hafa veitt til þessa. Ég vil benda á að frv. hefur verið vandlega undirbúið, bæði unnið af fagmönnum og fulltrúum stjórnmálaflokka og hefur sú vinna staðið í fleiri ár. Sérstaklega vil ég taka fram að á öllum vinnslustigum frv. hefur þess verið gætt að sjónarmið sveitarstjórnanna séu virt. Frv. var samið m.a. að ósk stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og átti hún fulltrúa í nefndinni sem samdi það. Áfangadrög að frv. voru send öllum lands-

hlutasamtökum sveitarfélaga til umsagnar. Loks skal þess getið að við frágang frv. var haft náið samstarf við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sem lýst hefur stuðningi við öll meginatriði þess. Þá hafa borist hátt á annan tug umsagna frá sveitarfélögum sem undantekningarlaust fela í sér stuðning við frv.

Í umsögnum 20 annarra aðila, stéttarfélaga, fagfélaga, hagsmunasamtaka fatlaðra og aldraðra og áhugahópa um málefni kvenna og barna, hefur nær undantekningarlaust komið fram eindreginn stuðningur við frv. Alþýðusamband Íslands og BSRB hafa fagnað framlagningu þess og hafa lýst stuðningi við meginatriði þess. Heildarsamtök fatlaðra, Öryrkjabandalag Íslands og Þroskahjálp, ásamt einstökum félögum fatlaðra, svo sem Sjálfsbjörg, Styrktarfélag vangefinna og Geðhjálp, hafa lagt mjög ríka áherslu á að frv. verði að lögum á þessu þingi. Þá hafa félagasamtökin Vernd, Samtök um kvennaathvarf, Félag einstæðra foreldra, Leigjendasamtökin og Landssamband aldraðra allir lýst fylgi við frv. og hvetja til þess að það verði að lögum. Loks skal getið fagfélaga á borð við Stéttarfélag félagsráðgjafa, Sálfræðingafélag Íslands, Félag þroskaþjálfa og Samtök félagsmálastjóra sem öll hafa ályktað um mikilvægi þessa frv. og veitt því stuðning.

Ég vil vekja á því sérstaka athygli að í umsögnum um frv. kemur fram að það er einungis eitt atriði í frv. sem ágreiningur hefur verið um sem máli skiptir. Er það um málefni leikskóla og hefur Fóstrufélag Íslands einkum beitt sér gegn ákvæðum frv. í þeim efnum. Verulega hefur verið komið til móts við þau sjónarmið í frv. eins og það er nú lagt fyrir Alþingi.

Nefnd sú sem samdi frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga lagði til að dagvistarmál heyrðu alfarið undir félmrn. og yrðu þannig samferða öðrum velferðarmálum á verkefnaskrá sveitarfélaga. Ekki hvarflaði það að nefndinni að með því yrði dregið úr uppeldislegu hlutverki dagvista og leikskóla en um mikilvægi þess er sérstaklega kveðið á í frv. Rétt er að benda á að í þeim löndum þar sem dagvistarmál hafa þróast lengst og hafa gjarnan verið fyrirmynd annarra þjóða, í Svíþjóð og Danmörku, heyra þessi mál undir félagsmálaráðuneyti. Sú nefnd sem skipuð var af ríkisstjórnarflokkunum til þess að yfirfara frv. var þessu sjónarmiði sammála ef undan er skilinn fulltrúi Alþb. Hins vegar breytti ég þessum tillögum nefndarinnar og lá það þegar fyrir þegar frv. var lagt fram á Alþingi sl. vor í fullkomnu samkomulagi við menntmrh. Þannig er nú gert ráð fyrir því í þessu frv. að fagleg yfirstjórn, uppeldisáætlanir, dagvistarheimili og starfsleyfi fyrir leikskóla verði undir menntmrn. svo sem verið hefur. Þar er engu breytt og verkefni og skyldur menntmrn. verða nákvæmlega þær sömu og verið hefur þótt frv. um félagsþjónustu verði að lögum. Í þessu felst að engin verkefni á sviði dagvistarmála flytjast frá menntmrn. til félmrn. Hins vegar fengi félmrn., sem er ráðuneyti sveitarstjórnarmála, það verkefni að hafa eftirlit með því að sveitarfélögin í landinu sinntu uppbyggingu í dagvistarmálum jafnframt því að veita þeim aðstoð til að sameinast um rekstur dagvista. Síðastnefnda atriðið er mjög þýðingarmikið þegar hafður er í huga hinn mikli fjöldi sveitarfélaga hér á landi, svo og smæð þeirra sem krefst þess að mörg sveitarfélög sameinist um dagvistarmál ef öll börn eiga að fá notið þeirrar þjónustu, óháð búsetu. Að auki er skýrt tekið fram í því frv. sem ég hér mæli fyrir að leikskóli skuli rekinn samkvæmt sérstökum lögum.

Þess hefur verið krafist að öll ákvæði frv. þessa um málefni leikskóla verði numin á brott og því haldið fram að þau séu í andstöðu við frv. menntmrh. um leikskóla. Ekki var menntmrh. þeirrar skoðunar sl. vor þegar samkomulag var gert í málinu og bæði frumvörpin lögð fyrir þingið. Því síður á það við um þetta frv. sem nú er lagt fyrir þingið þar sem enn hafa verið gerðar breytingar á því frá fyrri framlagningu sl. vor í þá veru að samræma hugtakanotkun beggja frumvarpanna þannig að orðið leikskóli er notað sem samheiti dagvista. Ég tel það mjög óeðlilegt að frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga taki ekki til dagvistarmála sem samkvæmt sveitarstjórnarlögum og verkaskiptingarlögum eru alfarið á ábyrgð sveitarstjórna, bæði í stofnkostnaði og rekstri. Dagvistarmál eru einn mikilvægasti þjónustuþáttur hvers sveitarfélags við íbúa sína og viðamesta viðfangsefni flestra félagsmálaráða eða nefnda um landið. Því væri afar sérkennilegt að fella út með öllu þennan mikilvæga málaflokk þegar verið er að skilgreina hvaða málaflokkar falla undir sveitarfélög í félagsmálum og hvaða skyldur sveitarfélög hafa í því efni.

Þar sem dagvistarþáttur þessa frv. hefur verið mjög blásinn upp í fjölmiðlum og því kyrfilega haldið fram að félmrh. stæði í miklu stríði og væri í raun með frekju og yfirgangi að gera óbilgjarnar kröfur um að hrifsa þennan málaflokk undir félmrn. frá menntmrn. er nauðsynlegt í lokin að fara um það nokkrum orðum hér til viðbótar og útskýra hvers vegna dagvistarmál eru höfð á meðal þeirra málaflokka sem frv. tekur til.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og verkaskiptingarlögum ríkis og sveitarfélaga eru dagvistarmál alfarið, bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður, á ábyrgð sveitarfélaganna jafnframt því að vera einn mikilvægasti þjónustuþáttur hvers sveitarfélags við íbúa sína. Því væri afar sérkennilegt að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga tækju ekki til dagvistarmálanna eins og t.d. málefna aldraðra sem eru mjög veigamikill þáttur í þjónustu sveitarfélaga. Í hvorugum þessara málaflokka verður þó um að ræða eðlisbreytingu á þeim verkefnum sem heilbrrn. fer með í málefnum aldraðra né í málefnum leikskóla sem menntmrn. fer nú með. Frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga er í 71 grein og er fyrst og fremst frv. að rammalögum. Í 6 þeirra er fjallað um dagvistarmál og málefni leikskóla. Í 2. gr. frv. er fyrst og fremst verið að fjalla um hver sú þjónusta er sem sveitarfélögin eigi að veita og hvaða málaflokkar það eru sem þau hafa skyldur við í félagsmálum. Eru þar m.a. talin upp málefni leikskóla. 3. gr. fjallar um yfirstjórn og kemur þar skýrt fram að málefni leikskóla heyra undir menntmrn. að því er varðar faglega yfirstjórn og uppeldisáætlanir. Í fjórum greinum í X. kafla er síðan sérstaklega fjallað um mál-

efni leikskóla og eru greinarnar orðaðar svo, með leyfi forseta:

37. gr. Sveitarfélög skulu eftir föngum bjóða upp á leikskóla barna þar sem þeirra er þörf. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélagi skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

38. gr. Félagsmálanefnd, skólanefnd grunnskóla eða sérstök leikskólanefnd fara með stjórn leikskóla.

Ákvörðun um stjórn leikskóla tekur sveitarstjórn.

39. gr. Samþykki menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn leikskóla fyrir börn.

40. gr. Markmið leikskóla skal vera að stuðla að og örva alhliða þroska barna með því að skapa þeim góð uppeldisskilyrði undir handleiðslu fóstra og annars starfsliðs sem sérstaklega er til þess menntað.

Leikskólar skulu reknir samkvæmt sérstökum lögum.

Eins og sést á ofangreindu er það ótvírætt að fagleg yfirstjórn og uppeldisáætlanir verða í höndum menntmrn. eins og verið hefur. Um það er einnig kveðið á í 3. gr. frv. um leikskóla. Þar segir, með leyfi forseta: „Stofnun leikskóla og rekstur er á ábyrgð sveitarfélaganna en fagleg yfirstjórn málaflokksins samkvæmt lögum þessum er á hendi menntmrn." Frumvörpin skarast því ekki og ekki er verið að flytja nein verkefni frá menntmrn. sem það hefur haft til þessa í dagvistarmálum. Í annan stað mun félmrn. samkvæmt frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga ekki geta sett neinar reglugerðir um málefni leikskóla sem eins og áður greinir skulu reknir samkvæmt sérstökum lögum. Ekkert í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga kemur í veg fyrir að frv. um forskólastig nái fram að ganga né heldur skarast á við það frv. Þvert á móti undirstrikar frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga skyldur sveitarfélaga um uppbyggingu leikskóla.

Eins og ég hef ítrekað hér, virðulegi forseti, þá er í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga gert ráð fyrir að fagleg yfirstjórn og uppeldisáætlanir dagvistarmála verði undir menntmrn. svo sem verið hefur en hins vegar fengi félmrn., sem er ráðuneyti sveitarstjórnarmála, það verkefni að hafa eftirlit með því að sveitarfélögin sinntu uppbyggingu í dagvistarmálum, jafnframt því að veita þeim aðstoð til að sameinast um rekstur dagvista. Síðastnefnda atriðið er auðvitað mjög þýðingarmikið þegar haft er í huga að sveitarfélögin eru yfir 200 að tölu og mörg smá og verða því mörg að sameinast um rekstur dagvistarheimila ef öll börn eiga að njóta þeirrar þjónustu óháð búsetu.

Ég tel mig, virðulegi forseti, rækilega hafa gert grein fyrir því að þessi frumvörp, frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga og um leikskóla, skarast á engan hátt og það hefur verið blásið upp og raunverulega komið fram mjög villandi útúrsnúningur um það að hér sé verið að hrifsa verkefni sem menntmrn. hefur haft yfir í félmrn. Þvert á móti eins og ég segi, þá styður þetta frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga og ákvæði þess um dagvistarmál uppbyggingu leikskóla í landinu.

Virðulegi forseti. Ég skal nú fara að ljúka máli mínu. Það verður ekki lengur við það unað að höfuðlöggjöf sem sveitarfélög styðjast við við framkvæmd félagsþjónustunnar við íbúa sína skuli vera framfærslulög sem fyrir löngu hafa runnið sitt skeið. Félagsþjónusta sveitarfélaga er fjölþætt þjónusta sem á að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna í nútímaþjóðfélagi og á ekki að líta á sem aðeins neyðarbrauð þeirra sem höllum fæti standa. Segja má að félagsþjónusta sveitarfélaganna sé fimmta víddin í íslenska velferðarkerfinu, hinar fjórar, menntakerfið, heilbrigðisþjónustan, tryggingakerfið og húsnæðismálin, eru betur skilgreindar enda hefur löggjafinn sett um þær heildstæða löggjöf. Fyllilega er því orðið tímabært að slík löggjöf verði sett viðvíkjandi félagsþjónustunni eins og nágrannaþjóðir okkar hafa fyrir löngu gert.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér hefur verið mælt fyrir er vissulega mikið að vöxtum og því fylgir löng og mikil greinargerð. Hins vegar er það svo um mörg þau atriði sem rakin hafa verið og sem um er fjallað í þessu frv. að um þau eru til sérstök lög. Nægir þar að sjálfsögðu að nefna lögin um málefni aldraðra, lögin um málefni fatlaðra og lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem er breytt oftar en einu sinni á hverju ári, lög um vernd barna og ungmenna, barnalögin o.fl. Hér á sem sagt að setja það sem kallað er rammalöggjöf utan um og fyrir ofan öll þau lög sem fyrir eru og fjalla um þessi málefni.

Það er auðvitað spurning hvernig menn skilgreina félagsþjónustu. Hvar á að draga mörkin? Heilbrigðisþjónusta og menntamál er auðvitað félagsleg þjónusta í víðasta skilningi og ýmislegt annað sem ráðherrann taldi hér upp, tryggingarnar t.d. Þannig að það er nú ekkert svo hlaupið að því að koma hér og segja: Við erum búin að „definera" þetta nákvæmlega, skilgreina það nákvæmlega hvað sé félagsþjónusta og hvað sé annað og af því að til að mynda leikskólinn er í okkar skilgreiningu félagsþjónusta þá eigi hann heima hér en ekki til að mynda á vettvangi menntamála eða uppeldismála.

Ég held að sá inngangur sem hafður var á þessu máli hafi einfaldað það allnokkuð sem er í raunveruleikanum. Enda er það svo að í þessu frv., einstökum greinum þess, eru mjög hallærislegar tilvísanir, ef forseti vill umbera slíkt orðalag, hallærislegar tilvísanir í önnur lög. Hér segir m.a. í 36. gr., þegar verið er að tala um þjónustu við unglinga:

„Um önnur atriði, er lúta að þjónustu við unglinga, er vísað í lög um æskulýðsmál, íþróttalög, lög um grunnskóla og lög um vernd barna og ungmenna."

Það er eins og þetta sé einhver ályktun sem eigi að fara að samþykkja hér en ekki ný löggjöf. Þetta er afar aulalegt, aulalega frá þessu gengið og alveg með ólíkindum að ætla að bjóða Alþingi upp á það að samþykkja lög þar sem er sagt „að öðru leyti vísast í önnur lög".

Það er þó skárra sem segir í köflunum um einstaka

kafla að um önnur málefni viðkomandi hópa, aldraðra og fatlaðra til að mynda, fari eftir sérlögum um þau mál. En allra aulalegast er þó, virðulegi forseti, þar sem segir í 8. gr. frv. þegar vikið er að félagsmálastofnunum og starfsmönnum félagsmálanefnda:

„Félagsmálastofnun skal hafa hæfu starfsfólki á að skipa til að sinna þeim verkefnum sem lög þessi kveða á um." — Það vantar eiginlega bara að skeyta aftan við þetta „að viðlagðri aðför að lögum" eða „að viðlögðum dagsektum", í anda hæstv. menntmrh. Þetta er auðvitað umhugsunarefni. Hvað skeður ef félagsmálanefndirnar brjóta þessa grein laganna? Hver á að skera úr um það? Það er þó skárra sem segir í 18. gr.: „Félagsmálanefndir skulu leitast við að hafa á að skipa menntuðu starfsfólki" o.s.frv.

En þetta er auðvitað fáránlegt orðalag að bjóða Alþingi upp á að samþykkja þetta svo, eins og hér er lagt til. Ég held að það yrði að reyna að ganga út frá því í lögunum að félagsmálastofnanir og félagsmálanefndir reyndu eftir atvikum á hverjum tíma og hverjum stað að ráða það hæfasta starfsfólk sem á væri að skipa og sem völ væri á.

Það er margt í þessu frv. sem vekur athygli og auðvitað er hægt að halda áfram að tína upp einhver svona atriði eins og ég hef nefnt sem ekki skipta meginmáli efnislega. T.d. segir í 2. gr., ef maður tekur hana aðeins í sundur, 1. mgr.:

„Með félagsþjónustu er í lögum þessum átt við þjónustu í tengslum við félagslega heimaþjónustu." — Þetta er auðvitað mjög nákvæmlega og vísindalega skilgreint. En það er nú kannski ástæðulaust að vera að tína upp fleiri atriði í átt við þetta og eðlilegt að nefndin sem þetta mál fær til umfjöllunar fari ofan í slík atriði. Ég vil hins vegar leyfa mér að hafa efasemdir um að það sé yfirleitt skynsamlegt að ætla að setja svona húfu yfir þá löggjöf sem fyrir er um hina ýmsu málaflokka í þessum efnum sem ég til að mynda nefndi hér áðan. Það er að vísu ekki þar með sagt að það sé mikill skaði skeður þó að svo væri gert. Ég skal ekkert halda því fram. Að auki er mikið um sjálfsögð stefnumið í þessu frv. sem flestir eru eflaust sammála um þó svo að það sé líka álitamál hversu mikið af stefnuákvæðum eigi að setja í lög. Það hefur allt of mikið verið gert af því á liðnum árum, „stefna skal að" o.s.frv. En út af fyrir sig má halda því fram að slík ákvæði séu ekki neinum til ama eða vandræða.

Hins vegar finnst mér mjög mikill keimur af því í þessu frv. að það eigi að hafa eftirlit með högum fólks umfram það sem það sjálft kærir sig um. Mig rekur minni til að hafa lesið það í blaðaviðtali við einn af höfundum þessa frv. að með því væri opnaður möguleiki á að hafa eftirlit eða yfirsýn yfir félagslega hagi fólks frá vöggu til grafar. Ég sé nú ekki að það sé endilega rétt. Í 11. gr. frv., um hlutverk félagsmálanefnda, segir að eitt af hennar hlutverkum sé að hafa yfirsýn yfir félagslega hagi fólks í sveitarfélaginu. Mér finnst þetta orðalag reyndar fullstjórnlynt, ef ég má orða það svo, bjóða upp á fullmikil afskipti af högum manna umfram það sem þeir sjálfir kjósa. En ég þykist vita að það sé ekki ætlun manna með þessu frv. heldur sé ætlunin sú að tryggja það að þeir sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni eða þurfa á aðstoð að halda fái hana. Og ég er auðvitað sammála því „að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti", eins og segir í 1. mgr. 1. gr., í markmiðsgrein frv.

Það er ýmislegt af þessu tagi sem mér finnst óþarflega áberandi í þessu frv. auk þess sem orðið „félagslegt" ríður hér húsum með þeim hætti að með ólíkindum er. Heimaþjónusta verður t.d. umfram allt að vera félagsleg. Í 26. gr. segir: „Sveitarfélag skal sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum" o.s.frv. En það má auðvitað ekki sjá um bara heimaþjónustu, það verður að vera félagsleg heimaþjónusta. Og í 27. gr.: „Með félagslegri heimaþjónustu skal stefnt að . . ." o.s.frv. Og í 28. gr.: „Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning" o.s.frv. Þetta er nú kannski nokkuð mikið af því góða, því þó að þetta orð eigi auðvitað rétt á sér í þessu frv. þá er nú ástæðulaust að það yfirkeyri allt annað.

Ég sé ekki betur en að kaflarnir t.d. um þjónustu við fatlaða og aldraða séu meira og minna óþarfir í ljósi þess að um þessi mál gilda sérstök lög. Þó mætti kanna það betur í nefndinni. En ég er ekki í nokkrum einasta vafa um að kaflinn um málefni leikskóla er óþarfur í þessu frv. Reyndar eru það dálítið undarleg þingsköp, virðulegi forseti, að hér skuli vera á dagskrá tvö mál um þetta málefni, því síðar á fundinum er á dagskrá annað frv., stjfrv. frá menntmrh. um leikskóla. En X. kafli í þessu frv. heitir „Málefni leikskóla", eins og kunnugt er.

Nú kom það fram í ræðu hæstv. félmrh. að menntmrh. styddi heils hugar það samkomulag sem gert hefði verið í ríkisstjórninni um að leggja fram tvö frv. og vænti ég þess að hann tjái sig sjálfur um það málefni hér í þessari umræðu, enda ástæðulaust fyrir einn ráðherra að tala fyrir annan þegar þeir eru báðir viðstaddir.

En ég held því fram að þessi kafli um málefni leikskóla sé óþarfur í frv. og eigi að fara héðan út. Vitanlega er það svo að þessi tvö frv. skarast. Það segir í II. kafla þessa frv., í 3. gr.:

„Málefni leikskóla heyra undir menntmrn. að því er varðar faglega yfirstjórn og uppeldisáætlanir."

En í 3. gr. frv. menntmrh. er líka tekið fram að fagleg yfirstjórn málaflokksins samkvæmt lögum þessum sé á hendi menntmrn. Auðvitað er þetta skörun. Það er verið að segja sama hlutinn á tveimur stöðum. Hvaða nauðsyn rekur til þess? Það er hins vegar undanskilið þegar talað er um faglega yfirstjórn og uppeldisáætlanir að annað það er varða kann leikskólann heyri þá undir félmrn. væntanlega.

Síðan segir í 39. gr. frv. félmrh. að samþykki menntmrn. þurfi til að stofna leikskóla fyrir börn. Það er nú alveg furðulegt að setja það í lög á vegum félmrn. að það þurfi samþykki annars ráðuneytis til tiltekinnar starfsemi, en þetta skarast líka við 3. gr. frv. menntmrh. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Til þess að setja á stofn leikskóla þarf starfsleyfi frá menntmrn."

Þarna er líka skörun, þetta er nákvæmlega eins og náttúrlega algjörlega ástæðulaust að setja þetta orðalag í lög á tveimur stöðum nánast á sama deginum eins og verið er að biðja þingið hér um með því að þessi tvö frv. eru fram komin samtímis og á dagskrá hér á sama fundinum.

Það segir líka í 37. gr. frv. félmrh. að það eigi að láta fara fram mat á þörfinni fyrir leikskóla á ákveðnu tímabili, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Sambærilegt ákvæði er líka í 3. gr. frv. menntmrh., um að sveitarfélag geri árlega könnun á því hversu margir foreldrar óski eftir leikskólavistun. Auðvitað er þetta skörun. Auðvitað er þetta enn á ný dæmi um það þegar verið er að reyna að setja í tvenn lög sama ákvæðið af einhverjum óskiljanlegum ástæðum.

Aðalatriðið í sambandi við þetta mál er auðvitað það hvernig menn skilgreina leikskóla. Á hann að vera forskóli til undirbúnings almennu skyldunámi eða á hann að vera félagslegt úrræði fyrir foreldra til að geyma börnin sín? Á að líta á þennan skóla, leikskólann, sem vettvang til þess að undirbúa börnin undir hið almenna skyldunám eða á að skilgreina alla foreldra leikskólabarna sem skjólstæðinga félagsmálastofnunar? Um það snýst þetta mál að mínum dómi. Hvort það eigi að skilgreina foreldra barnanna sem skjólstæðinga félagsmálastofnunar, fella þau undir hinar nýju félagsmálanefndir. Svo segir reyndar líka í 38. gr. þess frv. sem hér er til umræðu að félagsmálanefnd, skólanefnd grunnskóla eða sérstök leikskólanefnd skuli fara með stjórn leikskóla og ákvörðun um stjórn leikskóla tekur sveitarstjórn. Þessi grein er algjörlega óþörf og út í bláinn. Auðvitað ákveður hver sveitarstjórn það fyrir sig í samræmi við sveitarstjórnarlög hvernig hún skipar þessu. Hvar hún vistar innan síns stjórnkerfis stjórnun leikskólanna. Hér er bara verið að setja inn kafla, fjórar greinar, og hver einasta þeirra er óþörf, skarast annaðhvort við frv. menntmrh. eða fjallar um verkaskiptingu og innri vinnubrögð í sveitarstjórnum sem þær fara að sjálfsögðu eftir sveitarstjórnarlögum um. Ég sé því ekki hvaða nauður rekur til þess að vera að flytja þennan kafla hér í þessu frv., ekki síst þegar vitað er, eins og fram kom í máli ráðherra, að fóstrur eru þessu algjörlega andvígar og eflaust margir aðrir hópar. Til að mynda býst ég við að ýmsir sveitarstjórnarmenn séu ekkert hrifnir af þessu.

Í 40. gr. frv. segir að markmið leikskóla skuli vera að stuðla að og örva alhliða þroska barna o.s.frv. en í frv. menntmrh. er sérstakur kafli um markmiðin með leikskólanum. Þessi grein er sem sagt líka óþörf. Þær eru allar óþarfar, hver ein og einasta. Hver á að setja þau lög eða á vegum hvaða ráðuneytis eiga þau lög að vera sem kveðið er á um í 40. gr. þar sem segir að leikskólar skuli reknir samkvæmt sérstökum lögum? Er það þá það frv. sem hér liggur frammi um leikskóla sem menntmrh. hefur flutt eða er það eitthvað annað?

Mér finnst það með hreinustu endemum hvernig þetta mál ber hér að og hvernig þinginu er ætlað að fjalla um þetta. Félmn. Nd. mun fá þetta frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga til meðferðar, þar á meðal þennan kafla um málefni leikskóla. En menntmn. deildarinnar mun fá frv. menntmrh. að sjálfsögðu til umfjöllunar og taka afstöðu til þess þar. Það er auðvitað óviðunandi að leggja þetta fram með þessum hætti. Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. skýri sína afstöðu til þessa máls því ég held að það veiti ekkert af því að það komi beint frá honum hverjar hans hugmyndir eru um þetta efni.

Að því er varðar aðra þætti þessa frv. þá skal ég ekki eyða löngum tíma í þau atriði sem eftir eru og ég hef ekki nefnt. Ég sakna að vísu þess atriðis sem félmrh. nefndi að því er varðar framfærsluskyldu, að brott skuli numið hið gamla ákvæði úr framfærslulögum að börn skuli bera ábyrgð á foreldrum sínum eftir að þau eru komin á vissan aldur en ég ætla ekki að halda hér uppi miklum ágreiningi um það á þessu stigi. Í 19. gr. frv. segir að skylt sé hverjum manni að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Það mætti hugsanlega koma til móts við það sjónarmið sem ég er að nefna með því að breyta þessu á þann veg að skylt væri hverjum manni að framfæra sjálfan sig og fjölskyldu sína. En um það má auðvitað ræða í nefndinni. Ég tel að það sé samhjálp af besta tagi þegar börn endurgjalda foreldrum sínum umönnunina á unga aldri með því að hugsa um þau í ellinni þegar þau geta ekki sjálf séð fyrir sér eða bjargað sér. Þó að sjálfsögðu sé ekki þar með sagt að önnur úrræði eigi ekki að vera fyrir hendi.

Ég nefndi hér áðan að kaflinn um húsnæðismál væri þess eðlis að um þau mál væru náttúrlega önnur lög í gildi í landinu, sem félmrh. hefur nú mjög verið að beita sér fyrir breytingum á undanfarin missiri, m.a. að því er varðar leiguhúsnæði og félagslegt húsnæði af ýmsu tagi. Ég er því ekki viss um að sá kafli sem er í þessu frv., XIII. kafli, bæti neinu sérstöku efnislegu við það. Þó er rétt að benda á að í 51. gr., þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilt að fela félagsmálanefnd umsjón með leiguíbúðum í eigu sveitarfélagsins og útleigu þeirra í stað þess að húsnæðisnefnd fjalli um það, þá er þetta ákvæði þegar í gildandi lögum ef ég man rétt. Og ef ég man rétt frá síðasta vori þá kom ákvæði sambærilegt þessu inn í frv. gegn vilja ráðherra þegar á það var bent til að mynda af hálfu Reykjavíkurborgar að óeðlilegt væri að flytja hinar félagslegu leiguíbúðir Reykjavíkurborgar, sem heyra undir félagsmálastofnun, undan henni og til húsnæðisnefndarinnar. Ég sé ekki betur en þetta skarist algjörlega við gildandi lög.

Hins vegar er hér eitt nýmæli í 1. mgr. 49. gr. þar sem segir: „Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, hafa framboð af leiguhúsnæði.“ Nýmælið felst í þessu orðalagi „að hafa framboð“. Mér er ekki kunnugt um að það hafi áður tíðkast í lögum að skylda sveitarstjórnir eða aðra til að hafa framboð, hvorki af leiguhúsnæði né öðru. Hafa á boðstólum, bjóða fram, eitthvað því um líkt er hins vegar algengt.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að ég bíð spenntur eftir að heyra hvað hæstv. menntmrh. hefur um þetta frv. að segja almennt að öðru leyti en því sem hann skýtur hér inn til fróðleiks og skemmtunar og ætla þess vegna að láta máli mínu lokið á þessu stigi. En ég tel

sýnt að þetta mál þurfi að fá mjög vandaða meðferð í félmn. og ég tel jafnframt sýnt að um X. kafla frv. eins og hann er nú verður enginn friður, hvorki í félmn. né í þessari hv. þingdeild að óbreyttu. Það hygg ég að komi nú ekki ráðherranum á óvart en það skal þó ítrekað hér við 1. umr.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er alltaf nokkur vandi að fara orðum um frv. af þessu tagi þar sem mikil vinna hefur verið lögð í að breyta ákvæðum um mál sem tilheyra mörgum lagabálkum. Ég hef um árabil gagnrýnt bandormagerð við lagasetningu þar sem lögum út um allt lagasafnið er breytt með einu lagafrv. Það má kannski segja að hér sé ekki beinlínis um bandorm að ræða en það er enginn vafi á því og hægt að nefna þess dæmi að ákvæði hingað og þangað í þessu frv. eru vissulega breyting á gildandi lögum eða ekki samhljóða þeim.

Ég get tekið undir það með hv. 14. þm. Reykv., við eigum raunar bæði sæti í félmn. Nd. og eigum eftir að fjalla um þetta frv., að frv. líkist í einstökum greinum meira þáltill. en lagafrv. Nægir þar að nefna 1. gr. um markmið félagsþjónustu. Í raun og veru leggur hvorki sú grein né aðrar landsmönnum skyldur á herðar. Hún leggur engum skyldur á herðar. Það er talað um á ýmsum stöðum, eins og hér segir í 37. gr. um málefni leikskóla, að sveitarfélög skuli eftir föngum bjóða upp á leikskóla barna. Menn eiga að leitast við að gera hitt og þetta. Ef svona frv. á að taka af skarið um rétt manna í velferðarþjóðfélaginu til félagslegrar þjónustu þá verður það að vera miklu skýrara. Hvað eiga sveitarfélögin að hafa leikskóla t.d. fyrir stóran hluta barna í samfélaginu? Hvað eiga sveitarfélögin að hafa upp á að bjóða af leiguhúsnæði? Þetta verður auðvitað að vera skýrt. Þýðir þetta frv. að félagsþjónusta eigi að hafa forgang umfram önnur mál? Ég get ekki séð það. Það eru engar ákveðnar skyldur lagðar á sveitarfélögin með þessu frv.

Annað er að verði þetta frv. að lögum þá eru einungis tveir lagabálkar felldir úr gildi. Ég hef litið á nokkra aðra og það verður satt að segja skrýtinn samsetningur þegar svo er orðið. Maður hlýtur að spyrja af hverju þurfti að setja þetta allt í eitt frv. Af hverju var t.d. ekki breytt lögum um uppbyggingu og rekstur dagvistarstofnana?

Ég tek líka undir með hv. 14. þm. Reykv. að Húsnæðisstofnun sér um húsnæðismál að öðru leyti en því að sveitarfélögin eiga eftir föngum að leitast við að hafa á boðstólum leiguhúsnæði.

Ég verða að segja það alveg eins og er að lagasetning af þessu tagi er eitur í mínum beinum vegna þess að það er afar erfitt að sjá hvað sveitarfélögin eru skyldug til að gera varðandi félagslega þjónustu. Þetta eru vinsamlegar óskir en eiginlega ekkert meira.

Ég skal aðeins fara hérna yfir það sem ég hef gert athugasemd við. Þá er fyrst að nefna 1. gr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Skal það gert með því

a. að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti."

Sú spurning hlýtur að vakna: Hvað er þetta víðtækt? o.s.frv. Þetta er óljóst í meira lagi.

Síðan er komið að því hvernig skipa skal félagsmálanefnd eða félagsmálaráð. Það stendur meira að segja félagsmálanefnd eða félagsmálaráð. Það er ekki einu sinni ljóst hvað það heitir. Þó segir að vísu: „. . . hér eftir í lögum þessum nefnd félagsmálanefnd." Ég skil ekki af hverju félagsmálaráð, þó það heiti það núna, þurfti endilega að vera með í þessum texta. „Félagsmálanefnd skal skipuð þremur fulltrúum hið fæsta." Það er ekkert talað um neina menntun sem slíkt fólk þarf að hafa. Þetta hlýtur ósköp einfaldlega að vera pólitísk nefnd. Gott og vel, þannig eru ýmis ráð og nefndir sveitarfélaga skipaðar. En það sem kemur þá meira á óvart er að í 8. gr. er einungis sagt að heimilt sé að fela sérstakri félagsmálastofnun að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar. Síðan segir hvað eftir annað í frv., t.d. í 16. gr.: „Félagsmálanefndir skulu leitast við að bjóða upp á félagslega ráðgjöf." Gott og vel. En svo stendur líka í 18. gr.: „Félagsmálanefndir skulu leitast við að hafa á að skipa menntuðu starfsfólki í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til þess að annast félagslega ráðgjöf."

Ég vænti þess að hvergi sé ætlast til, hversu lítið samfélag sem um er að ræða, að pólitískt kjörnir fulltrúar eigi að fara að vinna að félagsráðgjöf á öllum sviðum mannlífsins. Til þess hafa þeir sjaldnast nokkra þekkingu og er fullkomlega ósiðlegt að þeir fáist við slíkt. Félagsmálanefndir eiga fyrst og fremst að hafa pólitíska yfirsýn yfir ástand mála í samfélaginu, í hverju byggðarlagi, en þeir eiga ekki að vera að blanda sér í einstök mál einstaklinga. Það er auðvitað alveg fráleitt. Það er því mjög svo óljóst hvað er verkefnið. Í 16. og 18. gr. segir að félagsmálanefndir skuli leitast við, þær skuli leitast við að hafa á að skipta menntuðu starfsfólki.

Það er ýmislegt svona almennt sem maður hlýtur að hnjóta um. Ef við lítum aðeins lengra og ég bendi á það sem ég kann illa við segir í 31. gr.: „Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna."

Hvað eiga þá barnaverndarnefndir og ráð að gera? Ég hélt að þessi ákvæði væru í lögum um vernd barna og unglinga og ég er ekkert viss um að þetta sé neitt betri texti en sá sem er þar.

Þetta er því allt satt að segja mjög einkennilegt. Ef við lítum á 42. gr.: „Félagsmálanefnd skal leitast við að tryggja öldruðum hentugt húsnæði og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu." Af hverju á hún að leitast við að gera það? Henni er skylt að sjá svo til að vel fari um aldrað fólk sem ekki hefur aðra til að annast um sig.

Og í 44. gr.: „Leitast skal við að tryggja að aldraðir taki sjálfir þátt í ákvörðunum um málefni sín." — Þó nú væri. Ég ætla að vona að einhver félagsmála-

nefnd fari ekki að taka ráðin af fullvita fólki þó það sé eitthvað komið til ára sinna. Þetta getur ekki staðið svona. Það er alveg ólíðandi.

Síðan komum við að XII. kafla, 46. gr.: „Félagsmálanefnd skal vinna að því að fötluðum, hvort sem heldur er af líkamlegum eða andlegum ástæðum, séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna.“ Er virkilega þörf á þessu? Hefur einhver efast um að fatlaðir, hvort sem væri andlega eða líkamlega fatlað fólk, ættu sama rétt í þjóðfélaginu og annað fólk? Hæstv. núv. félmrh. hafði frumkvæði um það á sínum tíma að sett yrðu sérlög um málefni fatlaðra, þ.e. þau hétu nú annað þá en urðu vissulega hvatinn að núgildandi lögum um málefni fatlaðra, vegna þess að það þótti nauðsyn að leggja sérstaka áherslu á rétt fatlaðs fólks til mannsæmandi lífs. Ég hefði haldið að svo mörg vötn væru runnin til sjávar síðan að ekki þyrfti að taka það sérstaklega fram að fatlað fólk ætti heima í þjóðfélaginu þannig að ég tel alveg nauðsynlegt að líta aðeins á þetta.

Í 48. gr. er þetta ítrekað og þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Fatlaðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og skal þeim veitt þjónusta á almennum stofnunum eftir því sem unnt er og við á.“

Hér finnst mér líka verið að tala um hluti sem ég held að þurfi ekki mikið að ítreka með lögum. Hér hafa kennarar um árabil tekið þátt í því að fatlaðir gætu gengið í almenna barnaskóla. Ég átti sjálf verulegan þátt í því að Reykjavíkurborg leysti vanda þroskaheftra barna varðandi leikskólana. Það var á sínum tíma gert án þess að byggja nokkurt hús. Það var einfaldlega gert með því að fjölga starfsfólki og ég veit ekki betur en sú skipan sé enn í dag þannig hér í Reykjavík að þroskaheft börn ganga að leikskólum borgarinnar rétt eins og aðrir, og þó það nú væri.

Síðan komum við að húsnæðismálunum og þá segir í 49. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er . . .“ Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta eftir því sem þau hafa efni á? Ég er nú ansi hrædd um að það geti þá farið eftir ýmsu hvort þau hafa efni á að hafa framboð af leiguhúsnæði. Ætli það verði nú ekki eins og oft áður að velferðarmál fjölskyldnanna víki þegar gerðar eru fjárhagsáætlanir fyrir vegalagningu og öðru slíku sem oft virðist vera í forgrunni á áhugamálasviði stjórnmálamanna?

Síðan koma hér greinar sem ég kann heldur ekki við og nefni ég þá 55. gr.: „Félagsmálanefndir“ — það segir ekkert um starfsmenn þeirra — „skulu hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Þá skal veita aðstandendum og fjölskyldum áfengissjúkra ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á.“

Ég ætla að vona að þetta sé sæmilega skynsamt fólk sem situr í nefndunum ef það á ekki einungis að taka ákvörðun um meðferð, og þá hlýtur það að vera læknismeðferð, heldur einnig að veita félagslega aðstoð þeim sem liðið hafa fyrir áfengisnotkunina eða vímuefnanotkunina. Ég játa það hreinskilnislega að ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvernig þetta er hugsað.

Síðan segir hér í 63. gr.: „Við meðferð mála og ákvörðunartöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við skjólstæðing eftir því sem unnt er, að öðrum kosti við talsmann, ef hann er fyrir hendi.“ Síðan segir: „Sé talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna eða velferðar viðkomandi einstaklings að hafa uppi þvingunaraðgerðir, skal með þau mál farið eftir ákvæðum laga um lögræði, laga um vernd barna og ungmenna og annarra þeirra laga er slíkar heimildir veita.“

Þessi ákvæði um meðferð slíks er í þeim lögum og gjörsamlega óþarfi að setja þau inn í þetta frv. líka. Lögræðislögin eru töluvert umfangsmikill lagabálkur sem ber að fara eftir og ég dreg stórlega í efa að félagsmálanefnd væri hleypt nálægt slíku vegna þeirra laga. Þar held ég bara einfaldlega að skarist allalvarlega núgildandi lög í landinu og þetta frv.

Það er ósköp leiðinlegt að þurfa að vera svona neikvæður þegar setja á lög um félagslega þjónustu en það er alveg óhjákvæmilegt, og ég held að nefndarinnar bíði mikið verk við að ganga úr skugga um hvernig þetta frv. fellur að núgildandi lögum um hin ýmsu málefni sem þetta frv. snertir. Nægir að nefna sveitarstjórnarlögin, það nægir að nefna lögin um málefni barna og unglinga, lögin um uppbyggingu og rekstur dagvistarstofnana, lögin um málefni fatlaðra, lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins o.s.frv. Ég er því alveg hissa hvað menn hafa þorað að setja hér ýmis ákvæði inn sem ég fæ ekki betur séð en að hljóti vera í nokkru ósamræmi við gildandi lög.

Virðulegur forseti. Ég skal nú ekki eyða miklum tíma vegna þess að ég á sæti í nefndinni sem kemur til með að fjalla um þetta, en ég hlýt að lokum að víkja að málefnum leikskólans. Það vita allir hv. alþm. hvers vegna svo er komið að tveir hæstv. ráðherrar leggja fram sinn lagabálkinn hvor um sama málefnið. Þessi mál höfðu verið í ósamkomulagi milli ríkisstjórnarflokkanna eitthvað á annað ár og alveg ljóst að hvorugur hæstv. ráðherrann vildi láta í minni pokann. Við vorum því margir hv. þm. sem sögðum sem svo: Leggjum málin fram og látum þingið skera úr um þetta. Ágreiningurinn er alveg einfaldur: Vilja menn að leikskólinn sé hluti af menntakerfi landsins eða vilja menn líta á hann sem félagslega þjónustu? Þetta er tiltölulega einföld spurning sem ósköp auðvelt er að svara. Þó er það nú svo að það er auðvitað alveg rétt að það eru sveitarfélögin sem eiga að byggja og reka leikskólann og hér er sagt að menntmrh. skuli hafa umsjón með hinum faglega þætti málsins. En eins og hv. 14. þm. Reykv. benti á er 38. gr. í algjöru ósamræmi við það því að þar stendur að félagsmálanefnd, skólanefnd grunnskóla eða sérstök leikskólanefnd fari með stjórn leikskóla. Ákvörðun um stjórn leikskóla tekur sveitarstjórn.

Hvort á félagsmálanefnd eða skólanefnd grunnskóla eða sérstök leikskólanefnd að stjórna leikskóla á hverjum stað? Það veltur töluvert mikið á því hvernig sú nefnd er skipuð. Venjulega er það nú svo að í stjórnum leikskólans eins og nú er er tryggt að fulltrúi starfsmanna, menntaðra starfsmanna, taki þátt í stjórnun viðkomandi heimilis eða leikskóla.

40. gr. er um markmið leikskóla, hvert það skuli vera. Það er ekki alveg eins, það er líkt sem betur fer en ekki alveg eins og 1. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila. Þar er markmið dagvistarstofnana ákvarðað. Ég varð síðan til þess árið 1981 að fá hér samþykkta brtt. við þá grein. Breytingin var svona:

„Gerð verði starfsáætlun á vegum menntmrn. sem kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna."

Að þessum lögum samþykktum var skipuð nefnd undir forustu frú Valborgar Sigurðardóttur, einnar virtustu fóstru landsins, til að gera uppeldisáætlun fyrir dagheimili sem síðar varð þessi bók. Í nefnd sem þetta verk vann sátu ýmsir þekktustu menn og konur í skóla- og uppeldismálum og hér var unnið mikið og gott starf sem unnið er eftir á leikskólum landsins í dag. Inntak þessarar áætlunar er að leikskólinn sé menntastofnun. Þar er bent á að meginmarkmið séu efling líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunaþroska, félagsþroska, fagurþroska og siðgæðisþroska litlu barnanna.

Við vitum öll að á leikskólanum læra börnin að tala. Menn hafa nú á tímum áhyggjur af rýrnandi málþroska barna. Engir staðir eru vísari til þess að hindra að íslensku máli hraki vegna tímaleysis foreldra og ýmiss annars sem hellt er yfir þjóðina sem ekki er nú í náinni snertingu við íslenska menningu og versnar í sífellu. Það eru fóstrur landsins sem annast þessa kennslu.

Sú tíð er löngu liðin að litið sé á leikskólann sem geymslustað fyrir börn á meðan foreldrarnir eru að vinna. Ég hélt að engum dytti slíkt í hug lengur. Ég minnist þess að bæði þegar þetta verk var í vinnslu og eins þegar ég var formaður í dagvistarstjórn Reykjavíkurborgar var lögð á það meginhersla að tengja leikskólann og grunnskólann og búa barnið undir grunnskólann. Með því að aðskilja leikskólann í meira mæli frá grunnskólanum held ég að stigið sé margra, margra ára skref aftur á bak og það er alveg ljóst að þennan þátt frv. um félagsþjónustu mun ég ekki styðja. Ég held að það sé enginn efi í nokkru hjarta sem komið hefur nálægt slíkum málum að það sé ástæða til þess að halda yfirstjórn leikskólans inni í menntmrn. og halda tengslum við grunnskólann þannig að starfsáætlun menntakerfisins sé í samhengi og þar skilji hver annan.

Það liggur fyrir að langflest og ég má segja næstum allt starfsfólk leikskóla landsins er sömu skoðunar og ég að þessu leyti. Þannig eru foreldrar barna í leikskólum líka stemmdir. Og það má nefna ýmis félagasamtök sem hafa ályktað um þetta, foreldrasamtök, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasamband Íslands og Fóstrufélag Íslands.

Menn hafa talað um og m.a. hæstv. félmrh. að leikskólafrv. krefjist ómældra milljóna ef ekki milljarða í kostnað. Það er auðvitað alveg ljóst að með því að byggja ekki neitt verður þetta ódýrt. Ég hygg að það sé alveg sama hvor aðilinn stjórnar leikskólakerfinu að því leyti. Það kostar peninga, það vitum við öll. Og það er kannski það sem maður hefði vonað, að þetta frv. skæri úr um það að við viljum og ætlum að leggja peninga í uppeldismál. Við ætlum að eiga góða leikskóla fyrir helst öll börn og alla vega fyrir alla þá foreldra sem þess óska. Við viljum ekki líta á leikskólann sem hluta af einhverjum félagslegum úrræðum. Hvert einasta barn á að eiga rétt á því að fá þá menntun sem leikskólinn veitir og það er alveg ljóst að það kostar mikla peninga, en ég hygg að betri fjárfesting finnist vart í nokkru þjóðfélagi heldur en slíkur aðbúnaður lítilla barna. Það er nú einu sinni svo að þau eiga misjafnlega kosti á uppeldi á heimilum sínum. Við erum misjafnlega vel til þess gerð að ala upp börn og leikskólinn á auðvitað að vera trygging fyrir því að öll börn fái þá þjálfun og þann þroska sem leikskólinn getur veitt ef vel er að honum búið.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki hafa þetta mál mikið lengra, en ég get ekki, hversu góðgjörn sem ég vildi nú vera varðandi þetta frv., annað en lýst vonbrigðum mínum yfir því vegna þess fyrst og fremst að mér finnst það ekki taka af skarið. Það er ekkert í þessu frv. sem segir: Við viljum efla félagslega þjónustu. Það er ekkert um hversu miklu skuli til þess varið. Þetta er almennt án þess að skuldbinda nokkurn mann eða nokkurt sveitarfélag, sýnist mér. En vitaskuld munum við taka þetta mál til vandlegrar skoðunar í hv. félmn. og svo sannarlega reyna að lagfæra það sem okkur þykir þurfa. En ég hlýt að lýsa því yfir hér og nú að ég fellst ekki á að leikskólamál séu þarna inni. Ég sé enga ástæðu til þess að ákvæði um málefni leikskólans séu þarna inni frekar en ákvæði um málefni grunnskóla. Það er nákvæmlega enginn munur þar á. Og ég verð að játa að ég hef reynt töluvert til þess að fá hæstv. félmrh. til að fallast á það sjónarmið og ég vil þakka henni það að hún gekk fram í því að breyta þó ekki væri nú nema nafninu á leikskólanum, en í fyrstu gerð frv. var ævinlega talað um dagvistarheimili. En það er bara ekki nóg vegna þess að staða leikskólans verður allt önnur ef hún er viðurkenndur þáttur af almennri félagsþjónustu.

Menn hafa sagt á móti að félagsþjónusta eigi að ná til allra. Auðvitað er öll okkar samneysla viss félagsþjónusta. En flest okkar eru a.m.k. á löngu skeiði lífsins fullkomlega fær um að lifa okkar lífi ef við höfum atvinnu og heilsu þannig að það er tómt mál að líta fram hjá því að oft miðast félagsþjónusta réttilega í hverju samfélagi við að jafna kjör þeirra sem eiga erfiðara með að afla tekna af einhverjum ástæðum, hvort sem þær eru heilsufarslegar eða efnahagslegar eða aðrar. Og að mínu viti á leikskólakerfið ekkert erindi þarna inn vegna þess að það eiga hreinlega öll börn rétt á því að komast á leikskóla. Mér er fullvel kunnugt um það að allir leikskólar í landinu taka vinsamlega beiðnum sem berast frá félagsmálastofnunum ef beðið er um pláss fyrir barn vegna félagslegra örðugleika heima fyrir. Það tryggir í engu meiri rétt þeirra þó að leikskólinn sé í þessu frv.

Ég gæti haldið um þetta langa ræðu og þetta er líklega ein lengsta ræða sem ég hef haldið hér á hinu háa

Alþingi. En ég skal hlífa mönnum við því þar sem ég fæ tækifæri til að fjalla um þetta frv. í nefndinni, en ég hefði kosið að sjá hér meira og betur afmarkað frv.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þetta mikilvæga frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga er lagt fram í skugga deilna um framtíðarskipan leikskólamála hér á landi. Ég hef enn ekki séð nokkur teikn þess að þeim deilum sé lokið. Það væri alvarlegt óhapp ef heildstæð lög um félagsþjónustu sveitarfélaga litu ekki dagsins ljós sem allra fyrst en til að það geti orðið verður að setja niður þær deilur sem ég ræði hér um. Það eru margir sem bíða eftir þessu frv. sem hér liggur fyrir, með eða án galla, með óþreyju og vil ég vísa til þeirra umsagna sem fylgja frv. Mér er kunnugt um það að aðstandendur margra félagasamtaka, fatlaðra og ýmissa annarra, bíða með óþreyju eftir því að lög af þessu tagi verði sett þar sem litið verður á félagsþjónustu sem heild og kveðið á um hvernig sveitarfélög eigi að reka hana.

Ég ætla ekki að rekja þær deilur sem hafa verið milli hæstv. félmrh. og menntmrh. Þær eru flestum kunnar og þau sjálf færari um að gera grein fyrir ágreiningsefnum sínum en ég. Raunar kom fram í máli hæstv. félmrh. nokkuð af því sem þar ber að huga að, en ég hlýt að æskja þess að heyra einnig í hæstv. menntmrh. í umræðunni um þetta mál hér.

Það er alvarlegt mál ef ýmis atriði í því frv. sem hér er til umræðu, þau atriði sem brýnt er að verði samþykkt, ná ekki fram að ganga vegna þeirra deilna sem ekki sér fyrir endann á. Jafnframt er það alvarlegt ef stjórnvöld bjóða ekki upp á aðra lausn í leikskólamálum barna en sundurþykkju. Það þolir hreinlega enga bið að leysa þann alvarlega vanda sem við stöndum nú frammi fyrir í þeim málum og í þessu frv. er því miður ekki að finna lausn jafnvel þótt ég efist ekki um góðan vilja til þess að finna hana. Góður vilji dugar skammt og hér er ekki boðið upp á það sem okkur vantar.

Kvennalistinn hefur alltaf lagt ríka áherslu á að það ættu að vera mannréttindi allra barna að eiga kost á góðum leikskóla og þessi leikskóli eigi að vera hluti af menntakerfi þjóðarinnar en ekki geymslustaður fyrir börn sem eru fyrir, félagsleg lausn fyrir sérstaka vandamálahópa eða félagsleg lausn yfir höfuð. Því höfum við eindregið stutt það að leikskólarnir heyri áfram undir menntmrn. og það er að hluta til viðurkennt í þessu frv. Þetta skiptir máli, ekki til þess að ráðherrar geti bitist um völd yfir þessum mikilvæga málaflokki, heldur vegna þess að uppeldishlutverk leikskóla þarf að vera í beinni samfellu við það uppeldisstarf sem grunnskólum er ætlað að sinna og hvort tveggja á að vera heppileg viðbót við það uppeldisstarf sem unnið er innan veggja heimilanna því að auðvitað kemur ekkert í stað þess þótt þau séu vissulega misjafnlega í stakk búin að sinna því. Hins vegar búum við við þær aðstæður að heimili hafa breyst frá því sem títt var áður í íslensku þjóðfélagi þegar þau voru fjölmenn og innan þeirra veggja sú margbreytni sem er börnum nauðsynleg til þroska. Óvíða fullnægja heimilin nú félagsþörf barna og því fjölbreytta uppeldi sem hverju barni ætti að standa til boða og þeirri menntun sem hverju barni þarf að standa til boða frá unga aldri. Því ætti sérhvert barn að eiga rétt á því að komast á leikskóla hvort sem þess gerist þörf vegna útivinnu foreldranna sem raunar vinna flestir úti í íslensku samfélagi. En væntanlega gefst betra tækifæri til þess að fjalla um hlutverk leikskóla í víðu samhengi þegar leikskólafrv. sem hæstv. menntmrh. hefur nú lagt fram verður tekið til umræðu.

En er þá enginn kostur við það að fjalla um leikskóla í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga? Bent hefur verið á að þar sem öll uppbygging og rekstur leikskóla er nú í verkahring sveitarfélaga með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þá muni þurfa að búa svo um hnútana að sveitarfélögum sé skylt að byggja markvisst upp leikskóla hvert á sínum stað og með þeim hætti samvinnu eða átaks hvers fyrir sig sem þörf krefur. Þessi rök má vissulega líta á og teygja sig jafnvel nokkuð langt til að koma til móts við þau ef þau skila meiru heldur en það kerfi sem við nú búum við. En ég fæ því miður ekki séð hvernig þetta frv. tryggir á nokkurn hátt bætta stöðu og ræða hæstv. félmrh. breytti þeirri skoðun minni raunar ekki. Til þess eru öll ákvæði um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum allt of loðin og í rauninni sé ég ekki hverju þetta frv. bætir við þá skipun mála sem ákveðin var í verkaskiptalögunum. Ég vil leyfa mér að vísa aðeins í það frv. sem við fjöllum nú um og vitna í 37. gr. í upphafi X. kafla, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu eftir föngum" — ég endurtek, „eftir föngum bjóða upp á leikskóla barna þar sem þeirra er þörf." Var nú ekki nóg að draga úr einu sinni, þurfti að draga úr tvisvar? Síðar í greininni segir: „Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélagi skal láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti." Þetta ákvæði er í sjálfu sér góðra gjalda vert og ég sé ekki að það sé nokkuð sem hindrar að slíkt yrði gert og væri inni í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga jafnvel þótt allur sá kafli, þessi umdeildi X. kafli, félli út.

Ég vísa til þess að fleiri greinar, svo sem 32. gr. frv. eins og það liggur nú fyrir, varða dagvistarmál barna, ekki leikskólana heldur þær lausnir sem sumar hverjar eru neyðarlausnir þar sem ekki annað býðst og að sumu leyti sjálfstæður hluti af þeirri dagvist sem börnum er boðið upp á, þ.e. dagmömmurnar og gæsluvellirnir. Þetta er inni í 32. gr. núna, rofið raunar úr tengslum við leikskólana. Mun ég síðar væntanlega víkja að því hversu heppilegt það er.

Það eina sem þetta frv. býður upp á er að yfirstjórn leikskóla sé innan félmrn. nema hvað varðar faglega yfirstjórn og uppeldisáætlanir. Er nauðsynlegt að færa þá yfirstjórn eða skapa henni sess ef hún er þegar komin óbeint a.m.k. undir félmrn. sem fer með málefni sveitarfélaga sem fara með málefni leikskóla svo að maður noti nú einbjarnar og tvíbjarnarstílinn í þessu efni? Ég spyr: Er þetta nauðsynlegt? Ég sé ekki hverju það mundi breyta í reynd að fella út allt sem varðar

leikskóla úr þessu frv. Það mundi e.t.v. breyta því að þá yrði minni valdabarátta um málaflokkinn. Ég efast ekki um að það er ekki af valdafíkn sem hæstv. félmrh. vill hafa þau ákvæði sem eru í þessu frv. En ég hlýt að benda á að hér eru miklir hagsmunir í húfi. Efnislega sé ég ekki að neitt annað en völd sitji eftir í þessu frv. jafnvel þótt það hafi áreiðanlega ekki verið hugsunin upphaflega þegar ætlast var til að öll málefni leikskóla féllu undir félmrn. og þar með félmrh. Ekki verður séð að ábyrgð sveitarstjórna á uppbyggingu grunnskóla sé minni nú þótt ekki sé hennar getið í þessu frv.

Það er ekki ætlan mín að fara að fjalla um leikskólafrv. það sem fram kom og kom á borð þingmanna á síðustu vinnustundum nú fyrir helgi. En sé það rétt sem mér sýnist, og þykist raunar hafa lesið nokkuð vel, að þar sé ekki tekið á aðalmálinu í uppbyggingu leikskóla, þ.e. aðalvandamálinu sem við stöndum nú frammi fyrir, hvernig tryggt verði fjárhagslega að leikskóli verði byggður handa öllum börnum sem þangað vildu komast eða eiga foreldra sem vildu bjóða þeim upp á þann kost, þá hlýtur manni að verða spurn: Til hvers eru öll þessi læti? Frv. út af fyrir sig er góðra gjalda vert, en það vantar mikið ef í því frv. eru engar nothæfar tillögur um uppbyggingu leikskóla. Ég vil benda á það að slíkar tillögur eru fyrir hendi. Þær hafa verið lagðar fram á ýmsum árum undir ýmsum heitum. M.a. þegar það frv. var að stofni til samið, sem hér liggur fyrir og verður væntanlega fjallað um fljótlega, um leikskóla, á vegum menntmrh. Þar var tekið á fjármögnunarþættinum. En við sjáum ekkert slíkt. Það má því segja að þau fögru orð sem eru í því frv. séu aðeins orð á blaði meðan ekki er hægt að sjá fyrir því að efndir verði.

Vilji foreldra í þessum efnum er ljós. Til er skýrsla ein ágæt sem heitir „Dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra" sem Félagsvísindastofnun sendi frá sér í október 1989. Með leyfi forseta vitna ég þar í hug foreldra forskólabarna. Í IX. kafla, sem heitir „Foreldrar forskólabarna og stjórnvöld", segir:

„E.t.v. er gagnlegt fyrir stjórnvöld að heyra um væntingar foreldra til stjórnvalda í þessum efnum. Foreldrar 4–5 ára barna voru nýlega spurðir eftirfarandi spurningar: Teljið þið þegar á heildina er litið að stjórnvöld styðji vel eða illa við bakið á foreldrum með börn á forskólaaldri?"

Eins og fram kemur í næstu töflu voru svörin afdráttarlaus. Aðeins 6,6% foreldra barna á þessum aldri töldu að stjórnvöld gæfu foreldrum með börn á forskólaaldri góðan stuðning, 6,6% mjög vel eða frekar vel. 66,5% foreldra barna á þessum aldri töldu stjórnvöld standa sig frekar illa eða mjög illa. Þetta er alvarlegt, ekki síst í ljósi þess að um 90% foreldra barna á þessum aldri kjósa að börn þeirra eigi kost á leikskólaplássi.

Ég vil minna á hvaða tillögur Kvennalistinn hefur haft um uppbyggingu leikskóla, bæði með sérstöku leikskólafrv., sem Sigríður Lillý Baldursdóttir mælti fyrir fyrir örfáum árum og einnig þegar verkaskipting ríkis og sveitarfélaga var til umræðu. Ef farið hefði verið að okkar hugmyndum, þá stæðum við e.t.v. ekki frammi fyrir þeim vanda sem við nú gerum. Í umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þann 19. des. 1987 segir Kristín Einarsdóttir m.a. í ræðu sinni:

„Ég tel að ríkið eigi að greiða hluta í þessari menntun, þ.e. leikskólamenntun, rétt eins og menntun sem veitt er í grunnskóla. Ég tel þessa menntun fyrir forskólabörn ekki síður mikilvæga en grunnskólamenntunina. Það er því spurning hvort þessi breyting á verkaskiptingunni hefði ekki verið betri á þann veg að ríkið greiddi laun þeirra starfsmanna sem fræða börnin og að sveitarfélögin byggðu yfir starfsemina eins og nefndir leggja til varðandi grunnskólana. Raunverulega þarf að velta fyrir sér hvert markmiðið yfirleitt sé með dagvistun. Lítur ríkisvaldið á þetta sem einhverja geymslustaði? Ég vona að sveitarfélögin geri það ekki af því að þau eiga að taka þetta yfir nú. Eru þetta bara einhverjir geymslustaðir eða hafa dagvistarheimili uppeldislegu hlutverki að gegna? Ég tel að svo sé og ég tel að það uppeldisstarf sem þar fer fram sé mjög mikilvægt og vil alls ekki draga úr mikilvægi dagvistarheimila. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort ekki sé rétt að þetta verði meðhöndlað á sama hátt og önnur menntun í landinu."

Það er hart að enn skuli hvorki hafa gengið né rekið í þessum efnum. Það er meira og minna verið að lýsa sama vandamálinu í þessum ræðustúf og við stöndum nú frammi fyrir rúmum þrem árum síðar, nema hvað nú er búið að festa verkaskiptingu í sessi og verður að sjálfsögðu að leysa fjármögnun í uppbyggingu leikskóla miðað við þær staðreyndir.

Ég ítreka það að kvennalistakonur hafa oftar en einu sinni komið með raunhæfar tillögur til úrbóta, bæði í því frv. um dagvistarmál, sem ég gat um áður og miðaðist við eldri skipan mála, og einnig innan þeirrar nefndar sem síðar samdi frv. um leikskóla og Sigríður Lillý Baldursdóttir sat í. Því miður er enn allt óljóst í þessum málum og er það slæmt.

Það er óviðunandi ef nú er verið að leggja fram frv. á þingi sem fyrirsjáanlegt er að ekki verður afgreitt frá þessu þingi, a.m.k. má búast við því að hér verði svo miklar deilur í veigamiklum málum að sú hætta sé fyrir hendi. Ég hefði kosið að við stæðum hér frammi fyrir því að ráðherrar innan stjórnarinnar hefðu treyst sér til að ná sáttum, ekki vegna þess að þingið sé ekki fullfært um að taka ákvarðanir heldur vegna þess að ég kvíði því að mál muni tefjast og þeir góðu þættir þessa frv. sem þyrftu að komast til framkvæmda líði fyrir þennan gang mála. Víða er beðið með óþreyju eftir því að þau ákvæði frv. sem varða málefni fatlaðra t.d. verði samþykkt. Vissulega eru það börnin sem gjalda þess ef ekki verður mörkuð skýr og ábyrg stefna í uppbyggingu leikskóla, ekki aðeins orðin tóm heldur einnig framkvæmdir.

Hver verða þá örlög þessa frv. sem hér er í þinginu? Það er seint fram komið. Það er í skugga ágreinings og maður hlýtur að vera uggandi. Margt af því sem í þessu frv. felst er á þann veg að ég held að það séu ekki aðeins efnisatriðin heldur einnig form frv. sem er af hinu góða.

Ég vil benda á hve gríðarlega merkilegt hlutverk sveitarfélaga hefur verið í ýmsum velferðarmálum frá upphafi Íslandsbyggðar. Ég teldi að það væri sæmandi að við mundum heldur halda áfram á þeim vegi en að hopa. Ég hef raunar heyrt því fleygt hjá efasemdafólki að það sé alger óþarfi að vera með einhvern lagabálk yfir hlutverk sveitarfélaga í velferðarmálum. Ég vil benda á það að forfeður okkar státuðu af mjög fullkomnum lögum um hlutverk sveitarfélaga á þeirra tíma og þeirra alda mælikvarða og á þeim byggðist m.a. það öfluga samfélag sem reis á Íslandi á þjóðveldisöld og ýmislegt sem við höfum verið stolt af, svo sem lýðræði og að land okkar hafi verið með lögum byggt. Eitt af því sem tengist því er einmitt tiltölulega góð og skýr löggjöf um sveitarfélögin, hreppana, þegar á þjóðveldisöld. Því er kominn tími til að standa áfram undir nafni í þessum efnum og fá heildstæða löggjöf um þau verkefni sveitarfélaga sem varða félagsþjónustu sérstaklega.

Mig langar til að vitna til eins veigamikils málaflokks sem löngum hefur verið á herðum sveitarfélaga og stöðu hans innan þessa frv. og áður fyrr. Þetta er málaflokkur sem er að mörgu leyti feimnismál og það hefur raunar komið fram hér í þessari umræðu. Það er framfærsla þeirra sem af einhverjum ástæðum geta ekki tímabundið eða um lengri tíma framfleytt sér. Í sögu sveitarstjórna á Íslandi eftir Lýð Björnsson segir svo um eldri tíma ef ég má í örstuttu máli vitna í hans mál:

„Framfærsla hefur verið aðalverkefni hreppanna er lög voru rituð. Greina má tvö aldurslög í ákvæðum fornlaga um framfærslu. Á hið yngra, þ.e. styrkur til þurfamanna, rætur að rekja til kirkjulegrar löggjafar frá árunum 1096–1097. Eldri ákvæðin kveða á um framfærsluskyldu hreppa á þeim ómögum sem ekki gátu notið framfærslu hjá öðrum aðilum. Framfærsluákvæði af þessu tagi virðast ekki eiga hliðstæðu á Norðurlöndum í þann tíð."

Hjá Lýð segir enn fremur, með leyfi forseta: „Menn sem fóru um sveitir, þágu ölmusu eða tóku gistingu alls staðar töldust göngumenn eða flakkarar. Virðist löggjafinn gera ráð fyrir tveim flokkum slíkra manna og er réttur þeirra mjög mismikill. Verða þá í öðrum flokknum þeir sem um gengu sökum elli og lasleika en í hinum þeir sem flökkuðu um vegna eigin ómennsku. Ómennska taldist að ganga um vegna leti eða sökum þess að þeir fengu ekki vist vegna einhverra ókosta. Göngumenn af fyrri flokknum nutu svipaðra réttinda og heimilisfast fólk." Ég þarf væntanlega ekki að taka það fram að hinir sem tilheyrðu ómennskunni gerðu það ekki. (**Forseti:** Nú stendur svo á að hér á að hefjast innan hálfrar mínútu fundur í Sþ. Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann óski þess að fresta ræðu sinni og halda henni áfram næst þegar málið verður tekið upp.) Ég á innan við fimm mínútna stúf eftir. (**Forseti:** Það er of langur stúfur því að það er frágengið að hér hefjist fundur í sameinuðu þingi á slaginu fimm.) Ég held að ég geti lokið máli mínu á um það bil tveimur mínútum. Mun það ganga? (**Forseti:** Það setur úr skorðum dagskrá fundar Sþ. en forseti gefur hv. þm. kost á því að halda áfram ræðu sinni og getur hann þá hafið umræðuna þegar málið kemur næst á dagskrá.)

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

56. fundur, þriðjudaginn 12. febr., kl. 5 síðdegis.

Umræður utan dagskrár, frh. umr.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Þormóð ramma.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Á þessum fundi stendur til að halda áfram umræðu utan dagskrár um málefni Þormóðs ramma. Nú stendur svo á að hæstv. fjmrh. er ekki kominn til þingsins. Hann mun vera væntanlegur innan tíðar. Forseti hefur því ákveðið að fresta þessum fundi til kl. 5.15 þar sem ég tel illviðunanlegt að hæstv. ráðherra sé ekki viðstaddur umræðuna. — [Fundarhlé.]

Pálmi Jónsson (frh.):

Virðulegi forseti. Sú umræða utan dagskrár um málefni Þormóðs ramma sem hófst hér í gær var einstæð og það á margan hátt. Í fyrsta sinn svo vitað sé hefur skýrsla til Alþingis verið tekin fyrir utan dagskrár en ekki sem dagskrármál. Í fyrsta sinn svo vitað sé hefur ráðherra úr ríkisstjórn hafið umræðu utan dagskrár um slíka skýrslu. Og í fyrsta sinn svo vitað sé hefur ráðherra í ríkisstjórn Íslands talað í nærfellt tvo klukkutíma, í sjö stundarfjórðunga, til þess að ófrægja eina af stofnunum ríkiskerfisins. Öll ræða hæstv. fjmrh. í gær miðaði að því einu marki að rakka niður þá af stofnunum ríkiskerfisins sem einnar mestrar virðingar nýtur, stofnun sem heyrir undir Alþingi og Alþingi ber ábyrgð á. Þetta framferði er fordæmanlegt og vinnulagið við að hefja þessa umræðu er einnig fordæmanlegt, eins og ég sagði í upphafi máls míns í gær. Það er fordæmanlegt að ráðherra, hæstv. fjmrh. í þessu tilliti, skuli hefja umræðu utan dagskrár um þetta mál og tala nærfellt allan eðlilegan fundartíma Alþingis. Síðan var ætlast til þess að aðrir, að frátöldum hv. 1. þm. Norðurl. v., skyldu tala á kvöldfundi eftir að búið væri að ræða þá tillögu sem var til meðferðar í gærkvöldi um Litáen. Þá hefði umræðunni verið haldið áfram kl. 11 eða skömmu fyrir miðnætti í gærkvöldi. Ætlun hæstv. ráðherra með þessu vinnulagi var vitaskuld sú að vera sjálfur hér að breiða úr sér í rógsherferð sinni á hendur Ríkisendurskoðun, en ætla síðan öðrum sem til varnar mundu taka og mundu sækja að þessum hæstv. ráðherra, sem er í sporum, eins og hv. þm. Páll Pétursson sagði, ekki sóknaraðila heldur varnaraðila og sá sem er að reyna að bera hönd fyrir höfuð sér. Aðrir skyldu þá tala þegar flestir væru gengnir til náða, þar á meðal fulltrúar fjölmiðlanna. Þetta

vinnulag allt er fordæmanlegt. Og ég get ekki annað, þó ég vekti á þessu rækilega athygli í gær, en hafið þennan hluta ræðu minnar með sambærilegum hætti.

Ég hlýt að ætlast til þess að Alþingi sem heild taki til varnar þegar þannig er sótt að einni af undirstofnunum þess. Það er vitaskuld hlutverk hæstv. forseta Alþingis. En það er einnig hægt að hugsa sér að það sé gert af öðrum hv. þm., til að mynda af hálfu formanna þingflokka hér á Alþingi, ef hæstv. forsetar sjá ekki sóma sinn í því að taka á málinu með þeim hætti.

Ég lýsti því í inngangi ræðu minnar í gær á hvern hátt í stórum dráttum hefði verið staðið að þeirri sölu sem fram fór á hlutabréfum Þormóðs ramma. Ég lýsti því að þar hefðu verið sniðgengin viðskiptaleg og siðferðileg sjónarmið sem skylt er að hafa í heiðri við sölu á ríkiseign. Ég lýsti einnig því að hæstv. ráðherra fjármála hefði valið þá leið við sölumeðferð á þessari eign ríkisins sem sýnilegt var að mundi stefna til ófriðar í Siglufirði og til pólitísks ágreinings við hæstv. ráðherra hér á hinu háa Alþingi í stað þess að freista þess að ná saman þeim aðilum sem höfðu sýnt áhuga heima á Siglufirði við að kaupa þessa eign. Hann valdi sjálfur þessa leið.

Hæstv. ráðherra valdi einnig þá leið að sniðganga viðskiptalegar og siðferðilegar leikreglur. Hæstv. ráðherra breiddi úr sér í ræðu sinni í gær með því að telja sig vera einhvern sérstakan merkisbera frjálslyndis í viðskiptalegu tilliti. Hann væri markaðshyggjumaður og hann stæði vörð um leikreglur markaðarins og leikreglur frjálshyggjunnar. Það væru einhverjir aðrir sem væru að halda í afgamlar og steindauðar leikreglur kommúnismans. Ekki veit ég hvort hann var að senda þetta til hv. þm. Páls Péturssonar eða til verkalýðsfélagsins á Siglufirði sem sendi mótmæli gegn þessari ráðstöfun á Þormóði ramma. Hafi hann verið að kasta þessu til mín . . . (**Fjmrh.:** Já, akkúrat.) Já, akkúrat, segir hæstv. ráðherra, (**Fjmrh.:** Aðallega til þín.) aðallega kannski, þá er það gersamlega út í hött eins og annað í hans málflutningi sem mest má vera. Ég lýsti því í máli mínu í gær að ég hefði aldrei mælt gegn því að þessi hlutabréf yrðu seld, enda væru þá eðlilegar leikreglur virtar og eðlilegir skilmálar settir fram. Hæstv. ráðherra var í lófa lagið, ef hann vildi viðhalda þeim leikreglum, ef hann vildi hafa eðlileg vinnubrögð, að auglýsa þessi bréf með þeim kvöðum og með þeim skilmálum sem þurftu að vera. Það var honum í lófa lagið. Það var í raun og veru eina aðferðin sem dugði endanlega til þess að kanna hvert væri markaðsverð þessara eigna.

Hæstv. ráðherra, sem hér talaði í sjö stundarfjórðunga í gær um verðgildi þessara eigna þar sem hann var að bera brigður á útreikninga Ríkisendurskoðunar, fór ekki þessa einföldu leið. Hann valdi hina leiðina. Hann valdi þá leið að pukrast með þetta og semja um það við nokkra vildarmenn sína með aðstoð nokkurra vildarmanna sinna í Stjórnarráðinu sem sumir hverjir eru þar ekki fastir starfsmenn en aðrir sumir hverjir eru þar væntanlega úr hópi þeirra sem hæstv. ráðherra hefur ráðið þar án allra heimilda. Því þar er hann með starfsmenn á sínum snærum, nokkra sína vildarmenn, sem er lögleysa að ráða til starfa, svo sem ég hef skýrt í öðrum ræðum og þarf ekki að fara að endurtaka hér, og brotin eru hvort tveggja lög um Stjórnarráð Íslands og reglugerð við lögin um Stjórnarráð Íslands. Það var sem sagt hæstv. ráðherra sem valdi þessar leiðir allar og það er þetta á fyrri stigum þessa máls sem er aðalgagnrýnisefnið. Út yfir tekur þó þegar hæstv. ráðherra ræðst að Ríkisendurskoðun sem ég mun koma að síðar í ræðu minni.

Ég hafði hugsað mér að draga fram nokkur atriði um það hvernig hagað hefur verið sölu á ríkiseign þar sem farið er að með eðlilegum, viðskiptalegum hætti og siðgæði í leikreglum er beitt og þær virtar. Þetta á til að mynda við, svo dæmi sé tekið, um sölu á svokölluðum raðsmíðaskipum sem boðin voru út og tilboð bárust í frá 10–20 aðilum. Þau tilboð voru síðan könnuð eins og eðlilegt er og tekið þeim tilboðum sem traustlegust þóttu og fullnægðu því að bjóða best verð. Sama má segja um sölu til að mynda á skipinu Mánabergi til Ólafsfjarðar þar sem komu ein tíu tilboð. Á allan hátt var fyllilega að farið í samræmi við eðlilegar leikreglur. Sömu sögu má segja um til að mynda skipið Hafþór sem selt var fyrir ekkert mjög löngu. Hæstv. ráðherra getur því sótt sér fyrirmyndir að því hvernig eigi að fara að því að selja eignir ríkisins, ef hann hefði kosið, þannig að ekki væri gagnrýnisefni.

Hæstv. ráðherra nefndi hér hvernig staðið hefði verið að sölu á Sigló á sínum tíma. Þar var staðið að með eðlilegum hætti. Samþykkt voru lög um það mál þannig að það var lagaheimild frá Alþingi. Verð á þeirri eign ríkisins var fundið út með þeim hætti að nefnd valinkunnra manna starfaði, ekki einhverra skósveina sem hæstv. ráðherra hafði á sinni hendi, heldur var það nefnd manna sem í áttu sæti Halldór Kristjánsson deildarstjóri, sem var formaður nefndarinnar, þar var Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður og þar var Guðmundur Malmquist, sem nú er forstjóri Byggðastofnunar eins og allir vita. Ef hæstv. ráðherra hefði sett á laggir nefnd manna sem áttu að baki sér fótfestu víðs vegar í ríkiskerfinu og hefðu reynslu og þekkingu á borð við þá menn sem ég hef hér talið upp, þá hefði það verið með allt öðrum hætti. Þá hefði þetta vinnulag verið með öðrum hætti.

Með þessari nefnd starfaði einnig maður frá Ríkisendurskoðun, Sveinn Arason, þannig að það voru engar sprungur á milli fjmrn., sem stóð að þeirri sölu, og Ríkisendurskoðunar á þeirri tíð þótt ekki væru yfirmenn Ríkisendurskoðunar viðriðnir það verk. Þannig eru auðvitað næg fordæmi sem hægt hefði verið að fara eftir við vinnulag í þessum efnum en hæstv. ráðherra kaus að nýta sér þau ekki.

Niðurstaða úr þessu máli, aðalgagnrýnisefnið við þessa sölu er sem sé þetta: Almennir viðskiptahættir voru að engu hafðir. Komið var í veg fyrir að jafnræðissjónarmiða hugsanlegra kaupenda væri gætt og þess var ekki gætt að verðmæti eignanna væri metið á jafnræðisgrundvelli. Þá er einnig að viðskiptasiðgæði var sniðgengið með þessum hætti. Það er því upplýst að hér er í raun um að ræða siðleysi í meðferð opinberra eigna.

Til viðbótar má endurtaka það sem fram kom í gær að boð 175 Siglfirðinga var að engu haft og þess í stað valið að afhenda á tilteknu verði tveimur aðilum meirihlutaeign í þessu fyrirtæki. Ég vil gjarnan taka það fram að við þá sameiningu eignar sem þarna hefur orðið eru litlar líkur til þess að verið sé að greiða fyrir einhverri leið til þess að Siglfirðingar heima fyrir bjóði í það hlutafé sem hæstv. ráðherra hefur hugsað sér að bjóða út á næstunni vegna þess að eftir að þessi fyrirtæki eru komin saman í eitt er þetta ekki lengur jafneftirsóknarverð eign og áður. Það er því meira en hæpið að sú fullyrðing hæstv. ráðherra standist að með þessum ráðstöfunum hafi hann verið að styrkja atvinnulíf í Siglufirði. Með sameiningu þessara þriggja fyrirtækja, Þormóðs ramma og tveggja smáfyrirtækja, er verið að koma að heita má öllu atvinnulífi Siglufjarðar á fárra hendur. Og það er nú svo að þrátt fyrir að annað sé látið í veðri vaka þá hygg ég að enginn vafi sé á því að litlu fyrirtækin, Drafnar og Egilssíld, eigi eftir að veikja stöðu Þormóðs ramma en ekki hið gagnstæða.

Ég vil gjarnan taka það fram að ef eðlilegar viðskiptavenjur hefðu verið í heiðri hafðar, hvort sem það væri, sem best er, að það væri gert með útboði sem fylgdu tilteknir skilmálar eða tilteknar kvaðir ellegar þá að það hefði verið farið að með því að nefnd manna víðs vegar að úr ríkiskerfinu hefði staðið að mati á þessum verðmætum, þá hefði ekkert sérstakt verið við verðið að athuga, hvert sem það í raun og veru var. Ef eignin hefði verið boðin út og markaðurinn látinn ráða er ekkert við því að segja hvert verðið er. Þá kæmi markaðsverð en ekki eitthvað annað. Ég ætla ekkert að fullyrða um það hvert það verð hefði orðið. En við það að hneykslanlega er staðið að sölu, þá verður verðið einnig gagnrýnisvert. Þess vegna er það mál einnig tekið upp að gagnrýna það verðmætamat sem á þessum eignum er gert. Það var undir þessum kringumstæðum sem okkur fjórum þingmönnum kjördæmisins þótti nauðsynlegt að biðja forseta þingsins að óska eftir skýrslu um málið frá Ríkisendurskoðun. Það var undir þessum kringumstæðum þar sem við sáum að ekki var farið að leikreglum við söluna og að mat á þessum eignum var í hæsta máta vafasamt, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið. Og grunsemdir okkar voru allar staðfestar í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Nú voru viðbrögð hæstv. fjmrh. við skýrslu Ríkisendurskoðunar á þá lund að skrifa forsetum Alþingis bréf þar sem með ósvífnum hætti var ráðist að Ríkisendurskoðun og skýrslu sem hún hafði látið frá sér fara. Þetta var auðvitað afar óvenjulegt og í hæsta máta ósvífið. Ég verð því að fara örfáum orðum um það að það eru ýmsir fleiri en Ríkisendurskoðun sem hafa tjáð sig um þetta mál og það verðmætamat sem í skýrslu Ríkisendurskoðunar er lagt til grundvallar sem og það verðmætamat sem lagt var til grundvallar sölu hæstv. ráðherra á þessum eignum.

Í ræðu sinni í gær vitnaði hæstv. ráðherra, sem hefur nú tekið upp þann sið sem hann tíðkar mjög hér á fundum þegar hann vill helst loka eyrunum fyrir því sem ræðumenn í ræðustóli á Alþingi segja, að lesa sér til í erlendum tímaritum. (**Fjmrh.:** Ég heyri allt sem ræðumaður segir.) En í ræðu sinni í gær gerði hæstv. fjmrh. mikið úr því að virt verðbréfafyrirtæki úti í bæ, eins og hann kallaði það — og það kom síðan upp að þar bar hann fyrir sig Sigurð B. Stefánsson endurskoðanda, og taldi að hann hefði látið frá sér fara einhver gögn (**Fjmrh.:** Það sagði ég aldrei. Ég sagði að hann hefði framkvæmt mat, þingmaðurinn skal fara rétt með.) jæja, framkvæmt mat sem styddi það (**Fjmrh.:** Og hann var reiðubúinn til viðræðna við Ríkisendurskoðun.) já, ég skrifaði það eftir hæstv. ráðherra, að hann hefði framkvæmt mat sem færi í bága við mat Ríkisendurskoðunar og að hann væri reiðubúinn til viðræðna við Ríkisendurskoðun um málið. Nú vill svo til að ég hef hér undir höndum yfirlýsingar Sigurðar B. Stefánssonar sem birtast í Morgunblaðinu. (**Fjmrh.:** Það er annar maður, þú skalt ekki vera að rugla þessu saman. Þingmaðurinn ætti að kynna sér betur hlutina, hann skal passa sig á þessu.) Ég hef (**Fjmrh.:** Það var elskulegt af Geir Haarde að stoppa þingmanninn.) Ja, hér er það Sigurður Stefánsson endurskoðandi sem á hlut að máli (**Fjmrh.:** Það er allt annar maður.) og ég hef þá aðeins feiltekið mig á því og það verður þá að hafa það. (**Fjmrh.:** Það er nú ekki það eina sem þingmaðurinn feiltekur sig á.) Ja, það er nú fleira sem hæstv. ráðherra feiltekur sig á. En Sigurður Stefánsson endurskoðandi segir . . . (**Gripið fram í:** Hann er með virtari endurskoðendum landsins.) Hann er mjög virtur endurskoðandi. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér finnst mat Ríkisendurskoðunar hógvært og heldur í lægri kantinum. Ef litið er á eignamatið má deila um virði kvótans en það hefur rokkað á bilinu 120–140 kr. kg," sagði Sigurður. Síðan segir Sigurður: „Endurskoðendur sem veittu ráðherra ráðgjöf hljóta að hafa verið í vanda vegna þess að þarna eru menn að kaupa sig inn í auðlindina. Hvað er hægt að gefa fyrir hana? Söluverðið hlýtur að byggjast á framtíðinni. Það má ekki aðeins horfa á fortíðina við svona mat. 6 þús. tonna kvóti, sem fylgir skipunum ásamt frystihúsi, er mjög þægileg eining sem hefði mátt selja fyrir gott verð. Vandinn er sá víða úti á landi að hús af sambærilegri stærð og Þormóður rammi eru kannski með 1–2 þús. tonna kvóta og þau lenda í vanda," sagði hann. Enn segir Sigurður að eftir að ríkissjóður færði skuldir fyrirtækisins niður um tæpar 400 millj. kr. á síðasta ári væri skuldabyrði þess ekki mjög erfið.

Í þessu er það staðfest að Sigurður Stefánsson endurskoðandi telur að mat Ríkisendurskoðunar sé í lægri kantinum og hógvært. Og það eru ýmsir fleiri sem taka með svipuðum hætti til orða. Það er til að mynda Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, sem segir, með leyfi forseta: „Það má skoða þetta mál frá ólíkum sjónarmiðum en mér finnst samt Ríkisendurskoðun taka hógværlega á þessu og meta fyrirtækið nokkuð rétt," sagði Guðmundur.

Í sama flokki viðtala í Morgunblaðinu er viðtal við Eirík Tómasson, útgerðarmann í Grindavík, þar sem hann segir að ekki séu miklar athugasemdir við sölu á fyrirtækinu af hálfu fjmrh. Hann kemur svo daginn eft-

ir með athugasemd og segir: „Þormóður rammi seldur langt undir sannvirði.“ Hann segir m.a. að það sem eftir honum var haft í Morgunblaðinu daginn áður varðandi söluverð Þormóðs ramma hafi verið byggt á ófullnægjandi upplýsingum sem blaðamaður hafi veitt honum um skuldastöðu fyrirtækisins. Var honum tjáð að heildarskuldir hefðu verið nálægt 800 millj. kr. en að frádregnum veltufjármunum nema þær raunverulega 554 millj. kr. eins og fram kom í fréttaskýringum blaðsins á laugardaginn.

Hvers vegna er nú þessi misskilningur? Það er auðvitað vegna þess að í árásum sínum á Ríkisendurskoðun hefur hæstv. fjmrh. haldið því fram að skuldir Þormóðs ramma hefðu verið 800 millj. kr. og í gær í ræðu sinni sagði hann að þær væru 800–900 millj. kr. Ef veltufjármunir eru hins vegar dregnir frá eru þessar heildarskuldir 500–600 millj. kr. eða eftir þeim gögnum sem ég hef um 554 millj. kr. Villandi og rangar upplýsingar og yfirlýsingar hæstv. ráðherra í fjölmiðlum um þetta mál hafa auðvitað leitt til þess að fjöldi manna hefur fengið aðra skoðun á málinu en rétt er. Menn fá villandi upplýsingar og standa í þeirri trú að allra handa villur séu réttar. Rangfærslur hæstv. ráðherra miða allar að þessu sama marki og hann gekk mjög ötullega fram í því að halda áfram á þeirri braut í ræðu sinni í gær.

Í DV fimmtudaginn 7. febr. er grein eftir Hilmar Viktorsson viðskiptafræðing, sem m.a. starfar við skipasölu, þar sem hann segir: „Ríkisfyrirtæki undir hálfvirði.“ Kemur það vitaskuld heim og saman við mat Ríkisendurskoðunar í þessu máli. Hilmar Viktorsson nefnir í grein sinni sölu á fyrirtæki og sölu á skipum til þess að styðja sitt mál. Hann segir t.d. að á árinu 1990 hafi yfirfæranlegur aflakvóti verið seldur á bilinu 140–150 þús. kr. tonnið staðgreitt. Í mati Ríkisendurskoðunar á verðmæti aflakvóta Þormóðs ramma er gert ráð fyrir að fáist 125 þús. kr. fyrir tonnið. Ég hef hins vegar sannspurt að nú í kringum áramótin hafi gangverð á þorskkvóta verið um 150 kr. á kg., þ.e. 150 þús. kr. tonnið, og að selt hafi verið upp í 158 þús. kr. tonnið sem hægt væri að fá staðgreitt á þremur dögum. Nú segir hæstv. ráðherra að þetta sé nú lítið að marka vegna þess að það er sú kvöð á þessari sölu að ekki megi selja kvótann úr bænum. En þetta sýnir eigi að síður að þarna er verið að selja mikla eign og það er verið að selja mikla hlutdeild í þeim afla sem enn er óveiddur í sjónum. Hilmar Viktorsson segir, með leyfi forseta: „Harpa GK-111 var seld á nálægt 250 millj. kr. með tæplega 1100 tonn þorskígildi. Guðfinna Steinsdóttir ÁR var seld á 170 millj. en kvóti Guðfinnu var 683 tonn þorskígildi 1990.“ Þá segir Hilmar Viktorsson: „Gjaldþrotabú Rafns hf. í Sandgerði seldist á 370 millj. kr., þ.e. bátarnir Víðir II GK, Barðinn GK, frystihús og eignir í landi. Kvóti var 874 tonn þorskígildi, 41 tonn rækja og síldarkvóti.“ Þarna er á nauðungaruppboði selt gjaldþrota fyrirtæki, með aðeins 874 tonna þorskkvóta og 41 tonn í rækju og skelkvóta, á 370 millj. kr. á meðan Þormóður rammi, með 6050 tonna þorskkvóta og 100 tonna rækjukvóta ásamt þremur togurum, fullbúnu frystihúsi og öðrum eignum sem eru verulegar, er seldur á 150 millj. kr.

Ég held að varla blandist nokkrum manni hugur um það að þetta bendir til þess, mjög ótvírætt, að verð á þessum eignum hafi verið lágt. Ég endurtek að ef vinnulag við sölu hefði verið með eðlilegum hætti væri ekkert við því að segja og ef tekist hefði um þetta mál friður heima í Siglufirði, náðst hefði saman um þetta mál, þá var ekkert við því að segja og þá engin ástæða til að áfellast ráðherra fyrir að hafa ekki spennt verðið upp. En þegar að sölu er staðið með þeim hætti sem hér hefur verið lýst, bæði hér áðan og eins í ræðu minni í gær, þá er þetta ekki einungis tortryggilegt heldur í hæsta máta vafasamt og fordæmanlegt.

Ég hef hér undir höndum gögn varðandi sölu á einum togara, sem er Hjörleifur RE og keyptur var til Seyðisfjarðar. Þessi togari er með 450 tonna þorskkvóta. Hann var eigi að síður keyptur á 125 millj. kr. Það munar litlu að verð á þessum eina togara með 450 tonna þorskkvóta sé hið sama og mat á öllum eignum Þormóðs ramma. Þeir segja það líka á Seyðisfirði að þeir muni þurfa að fá 1000–1100 tonna viðbótarkvóta til þess að hægt sé að reka skipið. Ekki veit ég hvort hæstv. sjútvrh. útvegar þeim þennan kvóta en þrátt fyrir þessa stöðu, þrátt fyrir að það vanti 1000–1100 tonna kvóta á skipið, þá selst hann samt á 125 millj. kr.

Hæstv. ráðherra flutti hér langa ræðu í gær, nærfellt tveggja tíma ræðu þar sem farið var yfir ýmsar forsendur sem hægt væri að leggja til grundvallar við mat á slíkum eignum. Það var aðsemismat, það voru framlegðartölur o.s.frv., sem ég ætla ekki að fara hér út í í löngu máli. En allt slíkt tal er lítils virði þegar reynslan af sölu sambærilegra verðmæta á frjálsum markaði talar sínu máli sem kemur þvert ofan í allt það sem þessi hæstv. ráðherra hefur sagt.

Hæstv. ráðherra sagði hér í gær að virði hlutabréfa í Þormóði ramma væri ein ákveðin tala í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þetta er vitaskuld ekki rétt frekar en flest annað sem þessi hæstv. ráðherra lét sér þá um munn fara. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er talan 250–300 millj. kr. Það er ekki ein tala. Jafnvel ætti hæstv. fjmrh. að geta skilið það. Það er hlaup í þessari tölu. Og það er þess vegna ekki ein tala sem Ríkisendurskoðun hefur látið frá sér fara heldur er mat hennar á þessu róli og það mat er varfærið í mörgum greinum eins og hér hefur komið fram.

Ráðherra sagði í gær það væri ekki sérstaklega vel grundað hjá Ríkisendurskoðun að nota hugtakið framlegð, þ.e. mismun rekstrartekna og gjalda fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Enda sé það ekki hagfræðilega rétt. Fremur eigi að nota svokallaða verga hlutdeild fjármagns eins og Þjóðhagsstofnun gerði. Og hann bætti því við og tók það fram hvað eftir annað að framlegðartölur Ríkisendurskoðunar væru miðaðar við eina dagsetningu, einn tímapunkt á árinu 1990. Þetta er heldur ekki rétt. Ríkisendurskoðun fór yfir framlegð fyrirtækisins á þremur árum, 1988, 1989 og 1990.

Nú er það svo að framlegð sjávarútvegsfyrirtækja á árinu 1988 var afbrigðileg vegna þess hvað hún var lág, vegna þess hve rekstrarskilyrði voru þá erfið í

sjávarútvegi. Þess vegna var meira mið tekið af framlegðartölum ársins 1989 og ársins 1990. Og það er ekki framlegðartala sem byggist á einum tímapunkti, á einni dagsetningu eins og hæstv. ráðherra lét sér um munn fara hér í gær.

Í sambandi við tal hæstv. ráðherra um mismun rekstrartekna og gjalda fyrir afskriftir og fjármagnsliði og verga hlutdeild fjármagns, eins og ég gat hér um áðan, þá getur hann þess hins vegar ekki að sá maður sem hann nefnir sem sérfræðing ráðuneytisins við sölu Þormóðs ramma, þ.e. Ólafur Nilsson, notar hugtakið framlegð í greinargerð sinni sem birt er með greinargerð Ríkisendurskoðunar og byggir m.a. mat sitt á verðmæti fyrirtækjanna á því. Ráðherra hæstv. sakar Ríkisendurskoðun um að rugla saman hugtökum en kann þó ekki sjálfur betri skil á þeim hugtökum sem hann notar en svo að hann ruglaði saman hugtökunum framlegð og vergri hlutdeild fjármagns í bréfi sínu til forseta Alþingis. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var verg hlutdeild fjármagns, sem er hið sama og framlegð í þessu tilfelli, 9,5% af tekjum í blönduðum rekstri meðalfyrirtækis með sömu uppbyggingu og Þormóður rammi hf. á árinu 1989 ef ekki er reiknað með greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði og í, en 11,8% að þeim meðtöldum."

Þessi misskilningur hæstv. ráðherra er honum síðan tilefni til þess að saka Ríkisendurskoðun í bréfi sínu til forsetanna um að birta rangar upplýsingar um meðalframlegð yfir 50 fyrirtækja með blandaðan rekstur í botnfiskveiðum og vinnslu á árinu 1989.

Hæstv. fjmrh., sem hér var að saka mig um rugling á mannanöfnum, ruglar saman hugtökum og leggur út af þeim í sínum útreikningum hér í gær, leggur út af þeim í máli sínu sem stóð í sjö stundarfjórðunga og gerir það vitaskuld af ráðnum hug. Ég frýja honum ekki vits en hann gerir það af ráðnum hug til að fá niðurstöður sem honum eru þóknanlegar og eiga að kasta rýrð á þá stofnun sem heyrir undir Alþingi og er Ríkisendurskoðun, og okkur er öllum mikið í mun að haldi sinni virðingu óskertri sem hún að sjálfsögðu gerir hvað sem líður árásum þessa hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra taldi auðsýnt í máli sínu hér í gær að 10% ávöxtunarkrafa sé allt of lág. Hann telur að því er virðist eðlilegt að ávöxtunarkrafan sé 15%, 20% eða jafnvel 25%. Þá má nú kannski spyrja: Í hvaða fyrirtækjum á Íslandi ætli menn fjárfesti ef ávöxtunarkrafan er 25%? — Mér þykir vænt um að sjá hæstv. ráðherra í svona miklu návígi. Ég sé að hann hefur svo mikinn áhuga fyrir því sem ég er að flytja hér í ræðustólnum að hann er hættur að lesa hin erlendu tímarit. (**Fjmrh.:** Ég sé að þessi texti er allt í einu vélritaður.) Það er nú svo, hæstv. ráðherra, að stundum vélritar maður, lætur vélrita kafla úr ræðum sínum og stundum ekki. — Í hvaða fyrirtækjum á Íslandi skyldi það nú vera sem menn fjárfesta ef ávöxtunarkrafan er 25%? Hvaða ávöxtunarkrafa skyldi í raun og veru gerð í sjávarútvegi þegar menn greiða allt að 150 kr. fyrir hvert þorskígildi? Hvort ætli mat Ríkisendurskoðunar eða hæstv. ráðherra sé því nær lagi í íslensku atvinnulífi? Hvaða valkosti um fjárfestingar ættu kaupendur Þormóðs ramma sem greiddu út 7,5 millj. kr. af kaupverðinu en fengu eftirstöðvar, tæpar 80 millj. kr., lánaðar hjá ríkissjóði til allt að 12 ára með 4,3% vöxtum auk verðtryggingar? Áttu þessir menn einhverja peninga til að fjárfesta í skuldabréfum ef þeir hefðu ekki fjárfest í Þormóði ramma?

Það má vel vera að maður sem á 87 millj. kr. fari til Sigurðar B. Stefánssonar verðbréfasala og kaupi af honum skuldabréf sem gefa 10–12% ávöxtun. En maður sem ekki á 87 millj. kr.? Skyldi Sigurður B. Stefánsson vilja lána honum kaupverðið í 12 ár með 4,3% vöxtum? Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra reiknar með því. En skyldi þessi maður telja 10% ávöxtunarkröfu of lága ef hann ætti þess kost að fá lán hjá ríkissjóði til að kaupa fyrirtæki með fyrrgreindum kjörum? Og hvernig dettur síðan hæstv. ráðherra þá í hug að halda því fram að menn væru að fórna einhverri ávöxtun með því að kaupa fyrirtæki miðað við 10% ávöxtunarkröfu?

Hæstv. ráðherra tók eftir því að þessi klausa í ræðu minni er vélrituð. Það vill svo til að hæstv. ráðherra, sem flutti hér ræðu sína í gær, dreifði á borð okkar þingmanna meginhlutanum af ræðu sinni eða drjúgum kafla úr ræðu sinni sem var vélritaður. Ég hafði þess vegna aðstöðu til að lesa það yfir sem þar var sagt og búa mig undir að svara því að nokkru.

Þá segir ráðherra einnig í þessum kafla ræðu sinnar að gengi hlutabréfa — og hann gerði mikið úr því — að gengi hlutabréfa í traustum sjávarútvegsfyrirtækjum, svo sem eins og Granda, Skagstrendingi hf. og Útgerðarfélagi Akureyringa hf., sýni að verðmæti þessara fyrirtækja sé mun lægra en mat Ríkisendurskoðunar á Þormóði ramma. Sala á hlutabréfum í Þormóði ramma er ekki sambærileg við sölu hlutabréfa á almennum hlutabréfamarkaði. Þar er verslað með mun minni hluta og þar eru því önnur sjónarmið sem ráða verði og ráða kaupum. Einnig er ástæða til að ætla að gengi hlutabréfa á markaðnum sé oft of lágt eins og lítið framboð á mörgum bréfum sýnir.

Það er svo enn fremur um þetta að segja að það er að mínum dómi næsta hæpið að krefjast þess að ávöxtun eða arðsemi hlutabréfa í fyrirtæki sem eigendur eru nýbúnir að eignast og hafa væntanlega þurft að stofna til skuldbindinga í sambandi við kaupin, að sú ávöxtunarkrafa sé jafnhá og hjá hinum traustustu fyrirtækjum sem verið hafa í rekstri í 20 ár eða lengri tíma.

Í sambandi við verðmætamat á þeim eignum sem hér er um að ræða er auðvitað ekki hægt að fara fram hjá því að annað er lagt til grundvallar við mat á eignum hinna litlu fyrirtækja, Drafnars og Egilssíldar, heldur en á Þormóði ramma. Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar er mat á eignum Þormóðs ramma í raun skrúfað niður, vægilega áætlað um helming, á meðan eigið fé Drafnars og Egilssíldar er margfaldað með 2,4. Það er því gerólíkur grundvöllur að mati á eignum Þormóðs ramma annars vegar og hinna litlu fyrirtækja hins vegar. Og þetta kalla ég að jafnræðissjónarmiða sé ekki gætt við mat á eignum. Þess er enn

að geta að eignir þessara fyrirtækja eru kannski sumpart hæpnar. Þar á ég við það að meginstoðin í eigin fé Drafnars eru birgðir af rækju sem í mati fjmrh. er upp á 88 millj. kr. En það vita allir að verð á rækju hefur farið hríðfallandi á undanförnum mánuðum og hætt er við að hér sé nokkuð of í lagt. Þetta mat er gamalt og Ríkisendurskoðun gerir í sinni skýrslu ráð fyrir að það sé ofmetið um 10%. En á sama tíma, frá því að matið var gert, hafði rækjuverð fallið um 18%. Þetta er aðeins eitt dæmið um varfærna niðurstöðu Ríkisendurskoðunar í sinni vönduðu skýrslu. Það er sem sé augljóst að jafnræðissjónarmiða er ekki gætt í mati á þessum eignum.

Þá er þess enn að geta að einungis fimm mánaða uppgjör frá síðasta ári lá að baki rekstraryfirliti Þormóðs ramma, þ.e. til 31. maí. Það er þó vitað að hagur fyrirtækisins hefur batnað mjög á síðari hluta ársins svo talið er að nemi um 80 millj. kr. og að hagnaður af rekstri fyrirtækisins nemi á síðasta ári um 120 millj. kr.

Auðvitað var í öllum þessum vinnubrögðum hæstv. fjmrh. forðast að draga fram t.d. níu mánaða uppgjör sem sýnt hefði allt aðrar tölur heldur en fimm mánaða uppgjör. Á sama tíma gerist það vitaskuld að hagur litlu fyrirtækjanna er að veikjast. Þó að reikningar sem þar er byggt á séu til sjö mánaða þá er það svo að við verðfall á rækju er a.m.k. mikil hætta á því að staða Drafnars hafi versnað á síðustu mánuðum ársins og það mjög. Og það er líka hætta á því að staða Egilssíldar hafi versnað á síðari mánuðum ársins. Hvers vegna? Vegna þess að það er sölutregða og nást ekki samningar við Rússa á niðurlagningarvörum. Hér ber því allt að sama brunni: Jafnræðis er ekki gætt. Það er forðast að verða við þeim kröfum sem ég og aðrir þingmenn kjördæmisins settum fram um að það væri byggt á eigi minna en níu mánaða rekstraruppgjöri, helst tólf mánaða, við sölu vegna þess að á síðari hluta ársins er hagur Þormóðs ramma að batna stórum en á síðari hluta ársins er hagur hinna litlu fyrirtækjanna að versna stórum.

Þetta er auðvitað einn þátturinn í því að gera það að verkum að ráðstafanir hæstv. fjmrh. á þessum eignum eru hneykslanlegar. Ég endurtek: Þær væru ekki hneykslanlegar ef eðlilegra vinnubragða hefði notið við, ef þessi eign hefði verið auglýst, ef það hefði komið í ljós í tilboðum sem byggðust á útboði, sem eðlilegar kvaðir fylgdu, hvers virði þessi eign væri. Þess var ekki gætt og hæstv. fjmrh. var ekkert knúinn til þess að selja hverjum sem hafa vildi þó svo tilboð hefðu komið. En það hefði komið í ljós hið raunverulega eignamat þessara bréfa og þessa fyrirtækis.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að árásum hæstv. ráðherra á Ríkisendurskoðun. Hæstv. fjmrh. sagði skömmu eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út og eftir að hann hafði ritað sitt endemis bréf til forseta Alþingis að Ríkisendurskoðun hefði skilað tveimur skýrslum um Þormóð ramma og að þessar tvær skýrslur stönguðust á. Eftir að greinargerð Ríkisendurskoðunar var komin út, þá segir hæstv. fjmrh. allt í einu að Ríkisendurskoðun hafi þá eftir allt saman skilað þremur skýrslum. (**Fjmrh.**: Þremur útgáfum.) Þremur skýrslum, hefur fjmrh. sagt. (**Fjmrh.**: Þremur útgáfum.) Allt er þetta rangt eins og flest annað í málatilbúnaði hæstv. ráðherra. Allt er þetta rangt. Ríkisendurskoðun hefur ekki skilað nema einni skýrslu um Þormóð ramma og það er sú skýrsla sem hér er til umræðu.

Hæstv. ráðherra segir að skýrsla hafi borist til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og hann segir að stjórnarmenn í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina hafi séð þar skýrslu og einn stjórnarmanna, Jóhann Antonsson, birtir bréf sem hann greinir frá í þessari skýrslu. Allt er þetta rangt nema að því leyti að vinnugögn voru send af hálfu Ríkisendurskoðunar til nokkurra aðila til umsagnar, vinnugögn um afkomu nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja, sem áttu að fylgja skýrslu Ríkisendurskoðunar um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Þessi vinnugögn voru trúnaðarmál og á fundi í Atvinnutryggingarsjóði lét forstjóri þess sjóðs þess getið að hann hefði fengið slík trúnaðargögn í hendur en gæti eigi rætt þau vegna þess að um trúnaðarmál væri að ræða. Við þessi vinnugögn og drög voru gerðar ýmiss konar athugasemdir og þeim var mjög breytt þegar Ríkisendurskoðun hélt áfram sinni vinnu. Og þegar Ríkisendurskoðun skilaði skýrslu um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina var forsendum og útreikningum að því er laut að afkomu Þormóðs ramma og afkomumöguleikum gerbreytt frá þessum drögum. Eigi að síður hefur hæstv. fjmrh. komist yfir þessi vinnugögn, sem voru trúnaðarmál, með aðstoð sendimanns síns í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og notar þau til þess að segja það að þar hafi Ríkisendurskoðun gefið út skýrslu sem hafi átt að sanna það að fyrirtækið Þormóður rammi væri einskis virði eða gæti ekki staðið að baki þeim skuldbindingum sem það tók á sig vegna hugsanlegrar aðstoðar Atvinnutryggingarsjóðs.

Eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar um Atvinnutryggingarsjóð kemur út, en henni var dreift á Alþingi hinn 23. febr. 1990, kemur í ljós að mat Ríkisendurskoðunar á afkomu Þormóðs ramma er mjög með sambærilegum hætti eins og mat Ríkisendurskoðunar nú í byrjun þessa árs. En hæstv. fjmrh. sagði hér í gær að þessi skýrsla hefði aldrei verið gefin út, hún hefði aldrei sést, hann hefði aldrei séð hana og stjórnarmenn í Atvinnutryggingarsjóði hefðu aldrei séð þessa skýrslu. Þetta fullyrti hann hér í gær. Samt var skýrslunni dreift á Alþingi 23. febr. 1990, samt var hún tekin til umræðu á fundi Atvinnutryggingarsjóðs þann 15. mars 1990 og var auðvitað notuð þar sem grundvöllur að því mati sem Atvinnutryggingarsjóður þurfti að leggja á þetta fyrirtæki eins og önnur.

Sendimaður hæstv. fjmrh. í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, sem kvað heita Jóhann Antonsson, kemst einhvern veginn yfir trúnaðargögn og kemur þeim í hendur fjmrh., trúnaðargögn sem eru vinnuskjöl, frumgögn og er síðan breytt á margan máta við þær athugasemdir sem fram koma og nýjar upplýsingar yfir í það að mat Ríkisendurskoðunar verður sambærilegt í skýrslunni sem út er gefin við skýrslu Ríkisendurskoðunar

nú í janúar um afkomumöguleika Þormóðs ramma. Hæstv. fjmrh. fullyrðir síðan að vinnugögnin hafi verið skýrsla sem gefin hafi verið út af Ríkisendurskoðun og hann fullyrðir síðan að skýrslan sem raunverulega kom út hafi aldrei sést. Þetta eru meðal margra dæma um ósannindavaðal þessa hæstv. ráðherra og blekkingar hans og rangfærslur til þess eins að reyna að ófrægja þessa stofnun sem hér hefur verið gerð að umtalsefni.

Þess má svo geta að frá því að drög Ríkisendurskoðunar voru gerð, sem send voru sem trúnaðarmál nokkrum aðilum til athugunar, og þangað til skýrslan kom út, þá hafði það gerst að hæstv. fjmrh. hafði breytt skuldum Þormóðs ramma, sem námu tæplega 400 millj. kr., yfir í hlutafé. Og þegar búið var að létta af fyrirtækinu 384 millj. kr. af skuldum þess, þá voru auðvitað rekstrarskilyrði þess önnur en fyrr.

Enn fremur hafði það gerst að almenn rekstrarskilyrði í sjávarútvegi höfðu farið stórbatnandi þó svo þau ættu eftir að batna enn frá því sem þá var. Hæstv. fjmrh. sagði hér í ræðu sinni í gær að hækkun á fiskverði á síðasta ári væri meiri en elstu menn muna. Samt notar hæstv. fjmrh. ósannindi og rangfærslur um þessi efni sem meginuppistöðu í viðtölum sínum við fjölmiðla þegar hann er að dreifa því til landslýðsins að Ríkisendurskoðun sé ótraust stofnun og ekki trúverðug. Og hann notar þetta enn sem meginuppistöðu í öllu því skvaldri sem frá honum gekk hér í þingsal í gær þegar hann var að ófrægja þetta fyrirtæki.

Þegar svona er staðið að málum, þá er ekki von að vel fari um trúverðugheit þess sem frá svona hæstv. ráðherrum kemur. Enda minnist ég þess aldrei, ég er nú búinn að sitja hér á Alþingi í nokkuð langan tíma, ég minnist þess ekki nokkurn tíma áður, og hafa þó hér verið margir ráðherrar í minni tíð, að nokkur ráðherra hafi leyft sér að fara með staðhæfingar sem byggjast á ósannindum, rangfærslum og vinnugögnum sem sendimenn ráðherra hafa með einhverjum hætti komist yfir en áttu ekki að komast í annarra hendur þar sem þau voru trúnaðargögn. Það er nóg af þessu í máli hæstv. ráðherra. Og þó að hann setji slíkan orðaflaum fram með sæmilega góðu yfirborði, þá fer það svo þegar kafað er í hans mál að þá sést í gegnum allan blekkingarvefinn.

Það er svo með hæstv. ráðherra að hann þolir ekki gagnrýni. Það hefur auðvitað komið í ljós, bæði nú og fyrr. Og hann notar nokkurn veginn sömu aðferðirnar þegar hann fær á sig gagnrýni. Þá ræðst hann á þann sem gagnrýnir með offorsi hvað sem líður vegum sannleikans. Hann ræðst með offorsi, steigurlæti og orðaflóði á þann sem leyfir sér að gagnrýna. Þetta hefur hann gert fyrr.

Við munum það hér frá fundum á Alþingi fyrir ári síðan eða svo þegar hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. líkaði miður við ríkislögmann, einn af hinum virtari starfsmönnum ríkisins, þegar hann gaf út álit sitt á meðferð þessara tveggja hæstv. ráðherra á svokölluðu Sturlumáli og varaði mjög við og lýsti andstöðu við hvernig ráðherrar færu með það mál. Þá fékk hann á sig árásir þessara tveggja hæstv. ráðherra.

Við munum líka eftir því hér á hinu háa Alþingi að þegar gagnrýni kom fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis, þá voru viðbrögðin nokkuð með sama hætti. Það var gert lítið úr hæfni þess starfsmanns sem þar á hlut að máli, dr. Gauks Jörundssonar, og það voru gerðar tilraunir til þess af hálfu hæstv. fjmrh. að gelda starfsemi þeirrar stofnunar með því að skerða framlög á fjárlögum. Það voru gerðar tilraunir til þess.

Og undir lok ræðu sinnar í gær gaf hæstv. ráðherra það í skyn svo að ótvírætt var að það þyrfti að hreinsa til í Ríkisendurskoðun. Þetta eru vinnubrögð sem við erum farin að þekkja hér á hinu háa Alþingi hjá þessum hæstv. ráðherra.

Það er svo að hæstv. ráðherra minnir mig á ónefndan rómverskan keisara sem hafði þann sið að taka af lífi þá menn sem komu með fréttir sem keisaranum þótti ekki gott að heyra. Slíkir menn voru auðvitað þegar í stað teknir af lífi. Og þeir sem keisarinn áleit að væru eitthvað að þvælast fyrir sér voru auðvitað umsvifalaust höggnir eða hent fyrir villidýr. Vinnubrögð þessa hæstv. ráðherra eru með sambærilegum hætti. Þessi keisari sem þarna situr ræður að vísu ekki yfir jafnáhrifaríkum aðferðum og Rómarkeisarar til forna, en það er auðséð að það er margt líkt, það er auðséð að hugurinn stendur í þessa átt. Og þó að hann hafi ekki yfir að ráða öðru en sínum orðaflaumi og blekkingum og sinni pólitísku aðstöðu og sínu pólitíska valdi, þá notar hann þetta allt til þess að ná sér niðri á þeim sem leyfa sér að gagnrýna keisarann.

Hæstv. fjmrh., þessi nútíma Rómarkeisari hér í íslensku ríkisstjórninni, ætti að taka eftir því að vinnubrögð af þessu tagi eru ekki í samræmi við það sem íslensk þjóð vill að sé við lýði hjá sínum ráðamönnum. Og þessi hæstv. ráðherra, þessi Rómarkeisari nútímans, ætti sannarlega að finna fyrir því að það dugar ekki að beita í sífellu steigurlæti og blekkingum, orðaflaumi og ósannindum til þess að ráðast að þeim sem leyfa sér að gagnrýna keisarann. Það fer svo að sannleikurinn kemur í ljós og fólkið mun sjá í gegnum allan blekkingarvefinn.

Ég vil ljúka máli mínu með því að skora á hæstv. ráðherra að biðja Ríkisendurskoðun afsökunar á þeim heiftarlegu árásum sem hæstv. ráðherra hefur gert. Það væri mannsbragur að því ef þessi keisari sem þarna situr, Rómarkeisari nútímans, breytti nú um svip og viðurkenndi að hann hafi farið offari í blekkingarleik sínum og bæði Ríkisendurskoðun afsökunar.

Ég endurtek það að ég tel að ekki verði hjá því komist að Alþingi bregðist til varnar vegna þess að Ríkisendurskoðun getur ekki varið sig hér í þessari málstofu. Þess vegna er það Alþingis að verja sínar undirstofnanir þegar með ódrengilegum og ósönnum hætti er á þær ráðist af slíkri heift sem hér hefur verið gert.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Eitt aðalatriðið í því máli sem hér er til umræðu er það að hér er höfð í frammi árás á ríkisstofnun og starfsmenn hennar sem ekki eiga þess kost á þessum vettvangi að skýra mál sitt og verja sig. Ríkisendurskoðun er sjálfstæð og óháð stofnun og verk

hennar eiga að vera hafin yfir gagnrýni. Ég tel að stofnunin ræki hlutverk sitt svo sem best má vera og ég tel sömuleiðis að orðaflaumur hæstv. ráðherra hér í gær beri þess vitni að málstaður hans er ekki sem bestur.

Hæstv. fjmrh. hefur í löngu máli vefengt bæði vinnubrögð og niðurstöður Ríkisendurskoðunar í sambandi við skýrslugerð um sölu fyrirtækisins Þormóðs ramma. En vinnubrögðin eru eftir því sem lög standa til um Ríkisendurskoðun. Vinnubrögðin eru þau að skýrslur af þessum toga eru gerðar samkvæmt ákvæði laga um Ríkisendurskoðun, en þar stendur m.a.:

„Ríkisendurskoðun nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundin af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Forsetar Alþingis geta þó, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna, krafið hana skýrslna um einstök mál.

Ríkisendurskoðandi stjórnar Ríkisendurskoðun. Hann ræður starfsmenn og skal leitast við að þeir hafi staðgóða menntun og þekkingu og séu í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá."

Ég hygg að menn séu almennt sammála um að Ríkisendurskoðun hafi hæfum mönnum á að skipa þrátt fyrir að hæstv. ráðherra hafi í máli sínu í gær dregið það mjög í efa. Stofnunin aflar upplýsinga um viðfangsefni m.a. með því að afla gagna sem tengjast verkefninu beint og öðrum upplýsingum sem koma að gagni við úrlausn verkefnisins.

Að því er varðar skýrslu um sölu hlutabréfa ríkisins í Þormóði ramma, þá var óskað eftir því við fjmrn. að það léti í té öll þau gögn sem tengdust sölunni og aðrar þær upplýsingar sem ráðuneytið teldi mikilvægt að koma á framfæri við stofnunina. Starfsmenn stofnunarinnar fóru til Siglufjarðar og ræddu þar við ýmsa aðila sem málið snerti, m.a. báða tilboðsgjafa, fulltrúa bæjaryfirvalda og verkalýðsfélagsins Vöku. Þá voru eignir Þormóðs ramma hf., Drafnars hf. og Egilssíldar hf. skoðaðar og loks áttu starfsmenn stofnunarinnar fundi með fjmrh., þeim fulltrúum fjmrn. sem unnu að sölu hlutabréfanna og þeim löggiltu endurskoðendum sem veittu fjmrh. ráðgjöf um sölu hlutabréfanna.

Við skýrslugerðina var leitað eftir upplýsingum hjá fjölmörgum aðilum sem tengjast útgerð og fiskvinnslu. Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi, sem hefur með áratuga starfi sínu aflað sér víðtækrar þekkingar á fyrirtækjum í útgerð og fiskvinnslu, veitti Ríkisendurskoðun m.a. ráðgjöf við gerð skýrslunnar. Þá var á ýmsum stigum vinnunnar leitað álits og upplýsinga frá framkvæmdastjórn Þormóðs ramma hf. Áður en endanlega var gengið frá skýrslunni voru drög send til nokkurra aðila sem tengdust málinu og stofnunin hafði leitað aðstoðar hjá og óskað eftir athugasemdum.

Hæstv. fjmrh. hefur haldið sig við þá skoðun að Ríkisendurskoðun hafi gert tvær skýrslur um málið. Staðreyndin er sú, eins og greinargerð frá Ríkisendurskoðun segir, sú greinargerð sem þingmenn hafa í höndum, að aldrei hefur verið gerð nema ein skýrsla um sölu hlutabréfanna í Þormóði ramma og hún er samhljóða greiðsluáætluninni sem Ríkisendurskoðun vann fyrir Atvinnutryggingarsjóð.

Aðalaðfinnsluatriði í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru fyrst og fremst þau hvernig staðið var að sölu hlutabréfa ríkisins. En þau eru eins og fram koma í helstu niðurstöðu skýrslunnar að þó svo að í lögum sé ekki að finna bein fyrirmæli eða reglur um það hvernig standa skuli að sölu hlutabréfa í eigu ríkissjóðs þá sýnist sem almennra jafnræðissjónarmiða hafi ekki verið gætt í nægilega ríkum mæli við sölu hlutabréfa ríkisins í Þormóði ramma. Þar kemur einkum til að hvorki sala hlutabréfanna né þeir skilmálar og skilyrði sem sett voru fyrir sölunni voru auglýst opinberlega. Það virðist því full þörf vera á að setja með formlegum hætti samræmdar reglur um hvernig standa skuli að sölu á eignum ríkisins með sama hætti og settar hafa verið reglur um hvernig standa skuli að opinberum innkaupum.

Þá telur Ríkisendurskoðun að of lágt verð hafi fengist fyrir hlutabréfin. Mat stofnunarinnar er að virði allra hlutabréfa í Þormóði ramma hf. sé á bilinu 250–300 millj. kr. miðað við forsendur Ríkisendurskoðunar, en ekki 150 millj. sem fjmrh. mat fyrirtækið á. Og þarna stendur einmitt hnífurinn í kúnni. Um þessa hluti eru menn ekki sammála. Hins vegar er ljóst að aldrei fæst skorið úr því hvert raunverulegt verð sé vegna þess að ekki var leitað eftir tilboðum í hlutabréfin á frjálsum markaði, en það taldi hæstv. fjmrh. í gær að væri það endanlega raunhæfa mat. En það kom aldrei til greina vegna þess að bréfin voru ekki sett á frjálsan markað. Fjmrh. hélt því fram að enginn marktækur rökstuðningur væri af hálfu Ríkisendurskoðunar fyrir mati hennar á verðmæti fyrirtækisins. Ég tel þá staðhæfingu ranga. Mat Ríkisendurskoðunar á framlegð Þormóðs ramma hf. styðst við afkomu fyrirtækisins á liðnum árum og áætlaðar rekstrarniðurstöður á árinu 1990 og jafnframt er höfð hliðsjón af almennum rekstrarskilyrðum í sjávarútvegi og fiskvinnslu í dag og áætluðum framtíðarrekstrarskilyrðum. Arðsemiskrafa sú, sem Ríkisendurskoðun gengur út frá í mati sínu á verðmæti hlutafjár í Þormóði ramma, getur ekki talist of lág þegar tekið er tillit til rekstrarskilyrða þeirra sem fyrirtækið býr við í dag og rýmilegra aflaheimilda. Ekkert í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á hlutabréfum ríkisins í Þormóði ramma gefur tilefni til þess að álykta megi sem svo að stofnunin telji að aðgangur að fiskimiðunum verði um alla framtíð gjaldfrjáls. Og því er hvergi haldið fram í skýrslunni að líta skuli á kvótaúthlutun til Þormóðs ramma sem eign fyrirtækisins. Hins vegar treystir stofnunin sér ekki til þess að líta fram hjá þeirri staðreynd að aflakvóti er framseljanlegur samkvæmt gildandi lögum um stjórn fiskveiða og hefur hann sem slíkur óumdeilanlega tiltekið markaðsverð. Skattyfirvöld hafa jafnframt litið svo á að eignfæra beri og afskrifa keyptan aflakvóta. Þarna er komið að býsna merkilegum hlut því sameign allrar þjóðarinnar geta fyrirtæki eignfært og afskrifað og yfirmaður skattamála leggur blessun sína yfir það.

Eins og áður er sagt gerði stofnunin aðeins eina skýrslu um Þormóð ramma hf. Fjmrh. notaði drög að skýrslu um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina við

árás á Ríkisendurskoðun en vitnaði ekki til endanlegrar skýrslu um sjóðinn. Mat Ríkisendurskoðunar á Þormóði ramma var svo til það sama þegar fyrirtækið var metið hjá Atvinnutryggingarsjóði, hvað varðar framlag, eins og í skýrslunni um söluna.

Ég vil vitna hér enn í greinargerð Ríkisendurskoðunar. Þegar Ríkisendurskoðun vann að skýrslu sinni um Atvinnutryggingarsjóð var það skilningur hennar að öll þau gögn sem sjóðnum hefðu borist frá umsækjendum væru trúnaðarmál. Og í greinargerðinni er harmað að fyrrum stjórnarmaður Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina skuli hafa brotið þann trúnað sem telja verður sjálfsagt að stjórnendur opinberra sjóða sýni.

Ríkisendurskoðun vísar á bug öllum fullyrðingum um að stofnunin hafi á einu ári sent frá sér tvær skýrslur um fyrirtækið Þormóð ramma. Skýrslan er aðeins ein. Og mat Ríkisendurskoðunar á framsetningu fjmrh. á þessum hlutum er að sú framsetning sé mjög villandi.

En Ríkisendurskoðun vekur líka athygli á eftirtektarverðum ummælum í bréfi ráðherra til forseta Alþingis á þá lund að sú aðferð að breyta tæplega 400 millj. kr. skuld í hlutafé breyti engu um framtíðarafkomu fyrirtækisins í heild þar sem hún hafi aðeins áhrif á skiptingu hagnaðar á milli lánardrottna og eigenda. Þetta trúi ég að ýmsum þyki athyglisverð skoðun hjá manni sem fer með æðstu yfirstjórn ríkisfjármála.

Það er í rauninni eftirtektarvert að á meðan Ríkisendurskoðun var undir framkvæmdarvaldinu var hljótt um starfsemi hennar. Þegar stofnunin er komin á vegu löggjafarvaldsins og fer að rannsaka að beiðni þingmanna gerðir framkvæmdarvaldsins þá vilja aðilar framkvæmdarvaldsins ekki una þeirri gagnrýni.

Greinargerð Ríkisendurskoðunar sýnir svo ekki verður um villst að Ríkisendurskoðun hefur rækt hlutverk sitt í þessu máli. Hins vegar er það alvarlegt mál ef menn í æðstu stöðum draga í efa hæfni þeirra manna sem hjá Ríkisendurskoðun vinna og leitast við að gera stofnunina tortryggilega. Þeir menn sem slíkt gera eru á *hættulegri braut.*

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Umræða um mál þetta hefur nú staðið bráðum í fimm klukkutíma og fjórir eru búnir að tala, en a.m.k. tvöfalt fleiri eru á mælendaskrá. Það er því ljóst að umræðuefnið mun endast alþingismönnum eitthvað töluvert það sem eftir lifir af þessu kjörtímabili. Umræðuefnið er líka þess eðlis að það er hægt að flytja um það ákaflega margar og merkilegar ræður. Umræðuefnið er: Hvert er hið rétta verð á Þormóði ramma? Var söluverð hæstv. fjmrh. hið eina rétta eða er mat Ríkisendurskoðunar nær lagi? Aðferðirnar til að meta söluverð eigna eru fjöldamargar og ég held að ég sé ekki að segja neinum neinn fróðleik þegar ég fullyrði að niðurstöður matsmanna á jafnvandasömu álitaefni *geta verið og hljóta að verða næstum jafnmargar* og mennirnir sem reyna að meta.

Þegar framkvæmt er mat á hlutabréfum getur niðurstaðan að sjálfsögðu *aldrei verið einhver eilífur einn* sannleiki. Það er útilokað mál. Það vita allir sem eitthvað til þekkja.

Í þessu máli er það staðreynd að ýmsir höfðu um þetta mál fjallað áður en sala fór fram, höfðu lýst hugmyndum sínum um verð á fyrirtækinu og allir höfðu þeir komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt verð ætti að vera lægra heldur en það sem endanlega var samið um. Það höfðu a.m.k. þrír óskyldir aðilar kannað þetta mál áður en sala fór fram og þeir höfðu allir nefnt tölur um verðmæti þessa fyrirtækis sem voru undir 150 millj.

Ég er sannarlega ekkert undrandi á því að hæstv. fjmrh. þurfi að halda langar ræður um þetta mál eftir að hafa verið borinn þungum sökum. Hann hefur gætt hagsmuna ríkissjóðs mjög vel þann tíma sem hann hefur farið með þetta ráðuneyti. Og áður en hann tók þessa ákvörðun hafði hann leitað álits ýmissa sérfræðinga bæði á sviði endurskoðunar, á sviði verðbréfa- og hlutabréfamarkaðar. Þannig að það hefur auðvitað komið honum mjög á óvart að þessi ákvörðun hans skyldi vera svo umdeild sem raun ber vitni.

En hverjar eru nú helstu aðferðirnar við að meta söluverð eigna? Í fyrsta lagi er auðvitað hugsanlegt að taka tölurnar eins og þær birtast í reikningum viðkomandi fyrirtækis og reyna að átta sig á því hver er mismunur skulda og eigna. Þetta er ein leiðin. Ef þetta er gert á miðju ári 1990 þá fá menn út tölu hvað varðar mismun skulda og eigna sem er afar nærri þeirri tölu sem varð endanlegt söluverð.

Önnur leið er sú að líta á arðsemi fyrirtækisins. Þá verða menn að gefa sér ákveðnar forsendur, þeir verða að stilla upp einhverjum eðlilegum arðsemiskröfum og hver framlegðin er líkleg að vera. Forsendurnar geta að sjálfsögðu verið fjölmargar og niðurstöðurnar mjög mismunandi eftir því hverjar forsendurnar eru. Þetta er sú leið sem Ríkisendurskoðun valdi sér og mat á því hversu góð niðurstaðan er eða rétt fer auðvitað eftir því hvernig menn meta forsendurnar.

Svo er auðvitað til þriðja aðferðin og það er satt best að segja sú aðferð sem mest tíðkast í viðskiptum á Íslandi. Það er einfaldlega sú aðferð að láta kaupendur ráða verðinu. Í þessu tilviki gat tvennt komið til greina. Annars vegar það að bjóða fyrirtækið til sölu með auglýsingu í fjölmiðlum, dagblöðum, ríkisfjölmiðlum, þannig að allir landsmenn ættu þess kost að kaupa fyrirtækið. Hin leiðin var sú að segja: Siglfirðingar eiga kost á að kaupa þetta fyrirtæki og fjmrn. býður fyrirtækið til sölu á Siglufirði til kaupa handa heimamönnum. Það þarf auðvitað ekki að segja neinum það að hvor þessara aðferða sem valin er leiðir til mjög mismunandi niðurstöðu. Það má gera ráð fyrir því að ef fyrri leiðin er valin þá séu fleiri um boðið og ef fleiri eru um boðið þá hafa þeir meiri möguleika á að kaupa og þar af leiðandi nokkrar líkur á því að verðið verði hærra. Ef aftur á móti sett eru skilyrði við söluna um búsetu þeirra sem kaupa eiga og um meðferð þeirra á kvótanum sem fylgir fyrirtækinu þá hlýtur auðvitað verðið að verða lægra.

Það er öllum kunnugt að þessi seinasta leið var valin og þar af leiðir að það eru heldur meiri líkur á að

verðið verði lægra með þeim hætti heldur en yrði ef um væri að ræða sölu á almennum markaði. Ég vil hins vegar taka það fram að þetta var að sjálfsögðu eina leiðin sem kom til greina frá mínu sjónarmiði séð og sem betur fer var þetta eina leiðin sem fjmrn. taldi verjanlega eins og á stóð.

Það sem gerðist síðan var það að fjmrh. ræddi málið við bæjarstjórn Siglufjarðar, kynnti henni áform sín, bað menn um að undirbúa þetta með sér með þeim hætti að kannaðir yrðu möguleikar á því að heimamenn yfirtækju fyrirtækið. Þetta var í ágústmánuði. Síðan líða nokkrir mánuðir. Áform fjmrh. eru á allra vitorði. Hann kemur í annað sinn til Siglufjarðar og kynnir bæjarstjórn þau áform sín að gera heimamönnum kleift að kaupa fyrirtækið með því að láta þá hafa forgöngu um kaupin en setur að vísu ákveðin skilyrði, m.a. þau að kvótinn verði ekki seldur úr bænum og ekki verði um almennt útboð að ræða. Hann hélt sem sagt tvo fundi með bæjarstjórninni auk þess sem hann hélt tvo fundi með alþingismönnum kjördæmisins. Söluáformin voru kynnt í fréttatilkynningu og beðið í nokkrar vikur eftir svörum.

Auðvitað hefði kannski verið hugsanlegt að framkvæma þetta með einhverjum öðrum hætti. Ég er ekki að segja að það hefði ekki verið hugsanlegt að vinna þetta verk með einhverjum öðrum hætti, en þetta var sú aðferð sem kynnt var bæjarstjórn Siglufjarðar og alþingismönnum með löngum fyrirvara og ég tel að þessi aðferð hafi verið fullkomlega eðlileg eins og á stóð.

Síðan brestur óveðrið á eftir á og menn koma og segja: Þetta fyrirtæki átti að selja á miklu hærra verði. Mér er hins vegar ekki alveg ljóst hvort þeir hv. þm. sem hér hafa talað í þessari umræðu, hv. þm. Páll Pétursson og hv. þm. Pálmi Jónsson, eru sjálfir þeirrar skoðunar að við sölu hefði átt að miða við tvöfalt hærra verð en gert var. Ef það er skoðun þeirra, telja þeir þá að það hefði verið heppilegt fyrir heimamenn ef verðið hefði verið tvöfalt hærra? Telja þeir að það hefði verið auðveldara fyrir heimamenn að komast yfir þetta fyrirtæki og að það hefði verið gæfulegt fyrir byggðarlagið að standa þannig að málum?

Nú er það vitað að eitt af því sem fylgdi með í kaupunum þegar frá þeim var gengið var það að fram færi almennt hlutafjárútboð á Siglufirði á a.m.k. 50 millj. til þess að gera sem allra flestum kleift að ganga inn í þessi kaup. En ef verðið hefði verið tvöfalt hærra þá er alveg ljóst að möguleikarnir á því að hinn almenni maður á Siglufirði gæti tekið þátt í þessum kaupum hljóta að minnka að sama skapi. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég trúi ekki öðru en að þeir hv. þm. sem ég nefndi hér áðan geri sér alveg fulla grein fyrir því að fyrir byggðarlagið sem slíkt hefði verið mjög óheppilegt að reyna að keyra verðið upp úr öllu valdi.

Annars verð ég að segja það að áhugi þessara þingmanna á annarri söluaðferð en valin var kemur mér og mörgum öðrum mjög einkennilega fyrir sjónir því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem fjmrh. selur hlutabréf eða eignir ríkissjóðs. Ég þekki tvö dæmi úr mínu kjördæmi þar sem slíkt hefur gerst á undanförnum árum. Og það vill svo til að þegar það gerðist voru báðir þessir hv. þm. í ríkisstjórn. Það var í samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Í annað skiptið var seld grasköglaverksmiðjan Vallhólmur og í hitt skiptið var Sigló-verksmiðjan seld. Hvernig var farið að í þessum tilvikum? (Gripið fram í.) Staðreyndin er nú sú, vegna þess að þessi athugasemd kom fram, að Vallhólmur var seldur áður en gjaldþrotaskiptin fóru fram. En lítum á það hvernig sala fór fram í þessum tilvikum.

Þegar Þorsteinn Pálsson ákvað að selja Vallhólm Kaupfélagi Skagfirðinga, auglýsti hann þá fyrirtækið með auglýsingu í blöðunum? Ekki er mér kunnugt um það. Ræddi hann málið við þingmenn kjördæmisins? Nei, nei, það gerði hann ekki. Ræddi hann málið við sveitarstjórnir? Það gerði hann ekki. Hann bara einfaldlega gekk í það að selja fyrirtækið. Fékk hann álit Ríkisendurskoðunar á því hvert ætti að vera verð verksmiðjunnar? Ekki er mér kunnugt um það. Seldi hann eftir matsverði fastafjármuna? Það er nú öðru nær. Ég get upplýst það hér að matsverð fastafjármuna í Vallhólmi er talið hafa verið 54 millj., skuldirnar fylgdu ekki með, en verðið var 12 millj.

Ég áleit ekki á þeim tíma að það væri nein gæfa fyrir Skagfirðinga að fjmrh. reyndi að sprengja það verð upp þannig að heimamönnum væri ókleift að kaupa fyrirtækið, því þeir hefðu aldrei keypt það á 54 millj. Ég gerði ekki athugasemd við þessa sölu, gerði engan hvell. Ég réðist ekki á hæstv. fjmrh. Þorstein Pálsson á sínum tíma út af því máli vegna þess að ég taldi það vera gæfu fyrir byggðarlagið að láta Kaupfélag Skagfirðinga fá fyrirtækið í sínar hendur, jafnvel þó að svona væri að málum staðið.

Ég er sannfærður um það að árásir hv. þm. á fjmrh. út af þessu máli eru ekki til komnar vegna þess að þeir beri hag Siglufjarðar svo mjög fyrir brjósti, heldur einfaldlega af hinu, að þeir eru að reyna að koma höggi á hæstv. fjmrh.

Hvernig var staðið að sölu á verksmiðjunni Siglósíld? Hverjir stóðu að þeirri sölu? Það var ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. undir forustu Sverris Hermannssonar, páv. iðnrh. Auglýsti hann Siglósíld á almennum markaði? Það gerði hann ekki.

Ég er ansi hræddur um að það megi finna býsna mörg dæmi þess að sala hafi farið fram með nokkuð hliðstæðum hætti og hér var um að ræða, að það væri látið fréttast að fyrirtækið væri til sölu og kannað hverjir gætu boðið í það og síðan selt að bestu manna yfirsýn. Ég er ekkert að segja það að þetta sé endilega hin eina og sanna og rétta aðferð. Ég hjó eftir því að hæstv. fjmrh. sagði það einmitt hér í umræðunum í upphafi að hann teldi koma til greina að setja fastar reglur um þessi efni. Ég er honum alveg sammála. Mér finnst það geti vel komið til greina að það séu settar fastar reglur um það hvernig svona sala eigi að fara fram þannig að það sé hægt að spara okkur þingmönnum nokkurra daga umræður um smáatriðin í sambandi við söluna, að menn séu ekki að deila um það eftir á hvort salan átti að fara fram svona eða hinsegin. En að halda því fram að vinnuaðferð hæstv. fjmrh. hafi ver-

ið eitthvert einsdæmi og eitthvað allt, allt öðruvísi heldur en venja hafi verið, það er auðvitað gjörsamlega út í bláinn.

Staðreyndin er nefnilega sú að ýmislegt í vinnuaðferð fjmrh. var mikil framför frá því sem verið hefur, eins og ég hef nú þegar rakið. Ég tel það ráðherranum til gildis að hann hafði hvað eftir annað samstarf og samráð við alþingismenn kjördæmisins um þetta mál. Það hafa fyrirrennarar hans ekki gert við svipaðar aðstæður. Alls ekki. Að vísu voru sumir þingmannanna ósammála, en það breytir því ekki að þeir áttu þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hvað eftir annað.

Ég tel það, í öðru lagi, hæstv. ráðherra mjög til gildis og til hróss að hann hafði tvívegis náin samráð við bæjarstjórn Siglufjarðar. Hann lagði það á sig að fara sérstaka ferð til Siglufjarðar í bæði skiptin og eyða deginum með bæjarstjórn Siglufjarðar til að ræða þetta mál tvisvar sinnum. Og þeir sem til þekkja vita að það var enginn sérstakur ágreiningur í bæjarstjórn Siglufjarðar um vinnuaðferðina, þvert á móti gerði bæjarstjórn Siglufjarðar nokkrum dögum áður en salan fór fram — ég man ekki nákvæmlega hvað það var löngu áður, kannski var það vika eða hálfur mánuður, eitthvað þess háttar — þá gerði bæjarstjórn Siglufjarðar sérstaka samþykkt um það að hún teldi rétt að heimamenn gætu yfirtekið þetta fyrirtæki og henni hefði verið kynnt hvað til stóð.

Þetta tel ég ráðherranum mjög til hróss og vona að þeir sem á eftir fylgja og lenda í svipaðri aðstöðu og hæstv. ráðherra gerði í þessu tilviki geri slíkt hið sama. En ég tek líka alveg undir með ráðherranum að það gæti út af fyrir sig verið ágætt að setja almennar reglur um þetta þannig að ekkert þurfi um það að deila hvernig best sé að þessu að standa. Hins vegar verður að vera í slíkum reglum ákveðið svigrúm til að setja skilyrði við söluna og það er auðvitað kjarni þessa máls, að hæstv. ráðherra setti ákveðin skilyrði, réttilega, þegar salan fór fram um það að kvótinn yrði áfram í byggðarlaginu og hann yrði ekki seldur burtu.

Ég verð nú að segja alveg eins og er um ágætan þingfélaga minn, hv. þm. Pálma Jónsson, sem ég hef átt mjög góð samskipti við um ævina, að ég undraðist það mjög hér áðan að hann skyldi máli sínu til stuðnings fara að vitna í blaðagreinar um þetta mál þar sem m.a. er reynt að sanna það að hæstv. ráðherra hafi selt Þormóð ramma á of lágu verði með því að benda á að það hefði verið hægt að selja kvótann sér á parti til annarra byggðarlaga. Þetta var einmitt greinin sem hv. þm. vitnaði í, grein eftir Hilmar Viktorsson viðskiptafræðing sem skrifaði í Dagblaðið fyrir nokkrum dögum síðan. Hann kemst að þessari niðurstöðu sem hv. þm. rakti hérna áðan, að það hefði verið hægt að fá tvöfalt meira fyrir fyrirtækið. En hvernig átti að fara að því? Hann las það ekki, hv. þm., og ég verð því að lesa það hér. Í þessari grein segir Hilmar Viktorsson, með leyfi forseta:

„Af hverju seldi fjmrh. ekki Stapavíkina SI með 1000 tonna kvóta fyrir 160–170 millj. kr.? Þá hefði Þormóður rammi hf. haft eftir 5.050 tonna kvóta. Eftir sölu á Stapavík SI hefðu verið komin rök fyrir sölu á hlutabréfunum á 150 millj. kr. Þannig hefði ríkissjóður fengið 310–320 millj. kr. fyrir hlutabréfin.“

Og seinna segir þessi viðskiptafræðingur: „Ef Þormóður rammi hf. hefði verið auglýstur með skilyrðum, sbr. að 4.500–5.000 tonn yrðu unnin í Siglufirði, hefðu líklega tilboð komið ca. 400–500 millj. umfram yfirteknar nettóskuldir.“

Sem sagt, þessi maður fær sína niðurstöðu út á þann hátt að það átti að byrja á því að selja 1000 tonna kvóta út úr byggðarlaginu. Þannig fær hann sína niðurstöðu. (**Gripið fram í:** Er ekki verið að því?) Nei, það er sko ekki verið að því. Það er einmitt þvert á móti gengið út frá því sem grundvallarreglu í þessu dæmi, og af því stafar kannski fyrst og fremst ágreiningurinn um það, að kvótinn verði þar eftir vegna þess að það var verið að selja heimamönnum.

Ég hjó eftir því þegar umræður fóru hér fram á Alþingi um þetta mál fyrir nokkrum mánuðum síðan. (**Fjmrh.:** 6. desember.) Já, 6. desember, að það var ágreiningur milli mín annars vegar og hv. þm. Páls Péturssonar og Pálma Jónssonar hins vegar um eitt atriði. Og um hvað snerist sá ágreiningur, ef menn rifja það upp? Jú, þeir munu sjá það ef þeir lesa umræðuparta úr Alþingistíðindum að ágreiningurinn snerist um það að ég taldi að það ætti að selja heimamönnum fyrirtækið en þeir vildu ekki útiloka að fyrirtækið yrði selt einhverjum öðrum. Þetta kom mjög skýrt fram í þeim umræðum. Þeir töldu að það ætti að halda þeim möguleikum opnum. Og nú þegar þeir koma hér upp þá eru þeir, sem þeir vilja helst vitna í, menn sem prédika einmitt þetta: að það hefði verið best að selja kvótann, a.m.k. talsvert af kvótanum úr byggðarlaginu, selja fyrirtækið einhverjum öðrum en heimamönnum. Þannig hefði ríkissjóður getað fengið eitthvað meira út úr dæminu.

Auðvitað er enginn að mótmæla þessu. Auðvitað er þetta hárrétt. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni. Það hefði auðvitað verið hægt að fá talsvert meira fyrir fyrirtækið ef kvótinn hefði verið seldur úr byggðarlaginu. Það hefði verið hægt að fá meira. En það var bara ekki það sem menn vildu. Ég er satt að segja alveg gáttaður á því að þingmenn Norðurl. v., sem hljóta að bera hagsmuni þessa byggðarlags fyrst og fremst fyrir brjósti, skuli leyfa sér hér í ræðustól Alþingis að taka undir sjónarmið af þessu tagi, því ég tel að einmitt þetta sé kjarni málsins.

Ef fyrirtækið hefði verið selt í pörtum, ef fyrirtækið hefði verið boðið á almennum markaði þannig að hægt væri að bjóða það til kaups mönnum utan Siglufjarðar, þá var fullkomlega raunhæft að fá meira fyrir fyrirtækið, meira í ríkiskassann. En ef átti að selja fyrirtækið heimamönnum þá var þetta fullkomlega raunsætt verð eins og fram kemur í því að það komu fram tvö tilboð og þau voru bæði miðuð við þetta verð. Og slík tilboðsverð eru auðvitað hið eina sem í raun og veru er hægt að miða við. Hitt, hvað fyrirtækið gæti verið verðlagt á miðað við einhverjar og einhverjar forsendur viðskiptafræðinga, ja, það er meira eða minna bara heimspeki og fræðilegar vangaveltur þar

sem menn geta komist að hundrað niðurstöðum án þess að nokkur þeirra sé endilega sú eina rétta.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í lok ræðu minnar í gær sagði ég að menn ættu um tvennt að velja í þessum umræðum, annaðhvort að færa umræðuna í stíl pólitísks orðaskaks eða fara í vandaða og ítarlega umræðu. Hv. þm. Páll Pétursson og Pálmi Jónsson völdu fyrri kostinn. Þeir hafa hvað eftir annað í þessari umræðu vitnað í að fjórir þingmenn hafi beðið um skýrslu Ríkisendurskoðunar og Pálmi Jónsson og Páll Pétursson hafa í þessari umræðu hvað eftir annað sagt að skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfesti það sem við fjórmenningarnir höfðum sagt. Pálmi Jónsson sagði orðrétt áðan: „Grunsemdir okkar voru allar staðfestar í skýrslu Ríkisendurskoðunar."

Áður en þessi umræða heldur áfram er nauðsynlegt að leiða hér fram að einn af þessum þingmönnum, Jón Sæmundur Sigurjónsson, er ekki viðstaddur þessa umræðu, en einn af þessum þingmönnum, Jón Sæmundur Sigurjónsson, hefur sent frá sér sína skoðun í grein í Morgunblaðinu sem birtist sl. fimmtudag. Í raun og veru þyrfti ég ekki að gera annað hér heldur en að lesa upp þessa grein. (Gripið fram í.) Nei, það er nefnilega alveg greinilegt að hv. þm. hafa ekki lesið hana. Ég ætla nú ekki að lesa hana alla af því að það er liðið á fundinn. (Gripið fram í.) Jú, ég gæti lesið hana alla, vissulega. Það er vísu byrjað á því að vitna í fornsögur, það má nú kannski sleppa því, en ég heyri það greinilega á frammíköllum að þessi grein er viðkvæmt mál. Ég heyri það greinilega. En ég væri alveg tilbúinn að lesa hana alla. (**StG:** Gott að fá hana í þingtíðindin.) Vissulega, já, já. Ég skal lesa hana alla í þingtíðindin ef menn vilja. Það er nú ekki það sem máli skiptir og þessi taugaveiklaði hlátur Páls Péturssonar gefur greinilega til kynna að hann veit að þessi grein slátrar bara hans málflutningi gjörsamlega.

Jón Sæmundur Sigurjónsson er þingmaður Alþfl. Hann var aðili að því að biðja um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hann hefur att kappi við Alþb. um langan tíma. (**PP:** Hann gekk á hurð.) Þetta frammíkall Páls Péturssonar að Jón Sæmundur hafi gengið á hurð er akkúrat dæmi um það á hvaða stigi Páll Pétursson er í þessari umræðu. (**PJ:** Hann skrifaði hana eftir það.) Hann skrifaði hana eftir það, segir Pálmi Jónsson. Það er dæmi um það að Pálmi Jónsson er á sama stigi og Páll Pétursson í þessari umræðu. (**SalÞ:** Það á að kenna þingmenn við kjördæmi sín.) Já, þessir þingmenn eru allir í Norðurlandi vestra, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, hafa alltaf verið og verða ávallt (**Gripið fram í:** Það hefur ekkert farið á milli mála í þessari umræðu.) og það hefur ekkert farið á milli mála í þessari umræðu.

Hvað segir Jón Sæmundur Sigurjónsson? Ég ætla að lesa það hér. Hvað segir hann um þá sem keyptu fyrirtækið og um söluna? Ég vitna í það, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrirtækið lenti í góðum höndum. Þar eru á ferðinni hörkuduglegir menn sem taka sjálfir til höndum ef því er að skipta. . . . Sú ávirðing, sem komið hefur fram, að hér sé eingöngu um vildarvini ráðherrans að ræða, er hallærisleg og út í hött."

Og hvað segir hann um skýrslu Ríkisendurskoðunar, þessi einn af fjórum sem það um skýrsluna, sá eini sem ekki er í Framsfl. eða Sjálfstfl.? Hvað segir hann, þingmaður Alþfl. sem það um skýrsluna? Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég skal ekki draga dul á það að með allri virðingu fyrir vönduðum vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar tel ég mat Ólafs Nilssonar mun nær raunveruleikanum."

Hafa hv. þm. Páll Pétursson og Pálmi Jónsson getið um það hér í umræðunum að einn af þeim sem það um skýrsluna með þeim kveður upp þann dóm yfir skýrslunni að álit Ólafs Nilssonar, sem fjmrn. hefur leitt hér fram, sé mun nær raunveruleikanum en skýrsla Ríkisendurskoðunar? Þetta hafa þeir ekki leitt fram hér í umræðunni en hafa báðir talað fyrir hönd allra þessara fjórmenninga. Þeir geta ekki talað fyrir hönd Jóns Sæmundar Sigurjónssonar. Hann er á allt annarri skoðun, og hann heldur áfram, hv. þm. Páll Pétursson: „Þessar deilur hafa tryllt a.m.k. tvo þingmenn kjördæmisins til glórulauss upphlaups."

Jón Sæmundur Sigurjónsson, þingmaður Alþfl. í Norðurl. v., sem er einn af þeim sem það um skýrslu Ríkisendurskoðunar, kallar þennan málflutning hv. þm. Páls Péturssonar og Pálma Jónssonar eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út „glórulaust upphlaup". Og hann heldur áfram: „Það verður fróðlegt að sjá hvort sami hamagangurinn verður viðhafður til að sprengja upp verðið á frystihúsinu á Hofsósi þegar þar að kemur." Og hann heldur líka áfram: „Það veldur því nokkrum vonbrigðum að Ríkisendurskoðun velur könnun sinni forsendur sem koma Þormóði ramma lítið við."

Hvað ætla hv. þm. Pálmi Jónsson og hv. þm. Páll Pétursson að halda lengi áfram í þessum umræðum að tala fyrir hönd þeirra fjórmenninga sem báðu um þessa skýrslu þegar Jón Sæmundur Sigurjónsson hefur lýst því yfir að þær forsendur sem Ríkisendurskoðun byggði sína skýrslu á komi Þormóði ramma lítið við? En hann er einn af skýrslubeiðendum. Hann er sá sem gaf skýrslubeiðninni pólitískan gæðastimpil af því að hann var ekki úr hópi ofsóknarsinnanna Páls Péturssonar og Pálma Jónssonar sem höfðu áður en þeir báðu um skýrsluna fellt sinn dóm. Hann var þess vegna sá eini í þingmannahópnum sem gat kannski litið málið hlutlausum augum. Hans niðurstaða er alveg skýr. Hann segir: „Það veldur því nokkrum vonbrigðum að Ríkisendurskoðun velur könnun sinni forsendur sem koma Þormóði ramma lítið við."

Ég vil geta þess að Jón Sæmundur Sigurjónsson er menntaður í hagfræði og viðskiptafræðum. Hann er sá eini í hópi skýrslubeiðenda sem hefur faglega menntun á því sviði sem skýrslan fjallar um. Hann er sá eini sem hefur „akademískar kvalifíkasjónir", faglega hæfni, til þess að fjalla um skýrsluna á faglegum grundvelli. Og hann kemst að þeirri niðurstöðu að skýrsla Ríkisendurskoðunar komi Þormóði ramma lítið við.

Svo eru menn að saka mig um að hafa farið með

árásir á Ríkisendurskoðun. Væri ekki nær að þessir fjórmenningar í hópi skýrslubeiðenda ræddu saman? Væri ekki nær að hv. þm. Páll Pétursson og Pálmi Jónsson, sem alltaf eru að hampa skýrslubeiðendum hér í umræðunni, horfðu á þann veruleika að sá úr hópi þeirra fjórmenninga, sem hefur faglega og fræðilega menntun og starfsþjálfun til að fjalla um skýrsluna á grundvelli viðskiptafræði og hagfræði, kemst að þeirri niðurstöðu að skýrsla Ríkisendurskoðunar um Þormóð ramma sé ekki marktæk. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að álit Ólafs Nilssonar, sem fjmrn. byggði afstöðu sína á, sé nær raunveruleikanum.

Það er leitt að Jón Sæmundur Sigurjónsson skuli vera fjarverandi. En hann heldur líka áfram: „Ég tel að Þormóður rammi hafi verið seldur á hærri kanti sannvirðis." Álit þessa þingmanns, sem það um skýrslu Ríkisendurskoðunar, er að verðið á Þormóði ramma hafi verið of hátt. Hafi verið of hátt, hv. þm. Páll Pétursson og hv. þm. Pálmi Jónsson. Einn af ykkar félögum, sem bað um skýrslu Ríkisendurskoðunar, kemst að þeirri niðurstöðu að verðið hafi verið of hátt. (**StG:** Hvaða menntun hefur fjmrh. til að fjalla um þessa skýrslu?) Ég heyri greinilega að hv. þm. Stefán Guðmundsson vill fara að tala um eitthvað allt annað heldur en álit Jóns Sæmundar Sigurjónssonar. Ég skal svara spurningu þingmannsins á eftir, en ég er bara ekki búinn með grein hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, sem þingmaðurinn fyrir nokkrum mínútum síðan óskaði eftir að ég læsi alla en vill nú greinilega að ég hætti að lesa upp úr. (**StG:** Nei, ég bið þig enn að lesa hana alla.) Já, já, ég er ekki enn búinn, því að hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson heldur áfram hér, að „Ólafur (þ.e. fjmrh.) hafi ekki fengið meira en honum bar, frekar en fyrri daginn þegar deilt var um Hvanndali." Síðan heldur hann áfram og segir:

„Það er ólánsverk að vilja magna deilur um atvinnulíf á Siglufirði." Með öðrum orðum segir hann að málflutningur hv. þm. Páls Péturssonar og Pálma Jónssonar sé ólánsverk. Þannig mætti lesa fleira úr þessari grein, en hann segir hér og sendir kveðju sína til hv. þm., félaga sinna úr hópi skýrslubeiðenda, hv. þm. Páls Péturssonar og Pálma Jónssonar: „Næsta verkefni er vandinn vegna loðnubrestsins. Sextíu manns eiga yfir höfði sér að missa þar atvinnu sína. Það væri nær að þingmenn eyddu kröftum sínum í að finna lausnir á því."

Í raun og veru er þetta nóg. Það þarf ekki að segja neitt meira hér við þessa umræðu. Það voru fjórir þingmenn sem báðu um þessa skýrslu. Tveir þeirra voru haldnir pólitísku ofstæki og ætluðu í stríðsleik við fjmrh., voru búnir að lýsa því yfir þegar þeir báðu um skýrsluna. Sá þriðji, flokksbróðir hv. þm. Páls Péturssonar, yfirgefur nú ekki foringja sinn í þessu máli frekar en öðrum, enda foringjahollur maður og hefur elt Pál Pétursson út í hvaða vitleysu sem er á stjórnmálaferli sínum. (**StG:** Það er ekki rétt.) En sá eini í hópi fjórmenninganna sem hafði burði til að hafa sjálfstæða skoðun, var hvorki háður hv. þm. Pálma Jónssyni né hv. þm. Páli Péturssyni og er stjórnmálalegur andstæðingur fjmrh., hann hefur kveðið upp þann dóm að hann taki meira mark á því mati sem fjmrn. lagði til grundvallar heldur en skýrslu Ríkisendurskoðunar. (**StG:** Hvað hef ég sagt í þessu máli?) Nei, hv. þm. hefur ekki enn sagt neitt í málinu. (Gripið fram í.) Ég skal að sjálfsögðu bíða með það. Menn geta því sparað sér allar þessar löngu ræður hér í salnum um okkur fjórmenningana. (**StG:** Hver hefur talað lengst?) Ja, það er nú merkilegt nokk, hv. þm. Pálmi Jónsson talaði lengst því að hv. þm. Pálma Jónssyni tókst að tala hérna rúma sjö stundarfjórðunga samtals í þessari umræðu.

Í raun og veru gæti ég hætt hér en mig langar þó að vekja athygli á því að hv. þm. Páll Pétursson vék eiginlega ekkert að skýrslu Ríkisendurskoðunar í sinni ræðu nema í örstuttu máli. Um hana sagði hann eftirfarandi: Að skýrsla Ríkisendurskoðunar væri gott verk og Ríkisendurskoðun væri traust stofnun. Þó væri það í einu atriði sem hv. þm. Páll Pétursson vissi meira um málin heldur en Ríkisendurskoðun og það væri matið á Drafnari og Egilssíld. Þar væri hann þeirrar skoðunar að Ríkisendurskoðun hefði rangt fyrir sér. Hún hefði ofmetið Drafnar og Egilssíld. Merkilegt. Páll Pétursson, sem byggir allan sinn málflutning á Ríkisendurskoðun, segir það hins vegar hér að á því eina sviði þar sem hann telur sig hafa nánari þekkingu en Ríkisendurskoðun hafi Ríkisendurskoðun rangt fyrir sér. Hún hafi metið það vitlaust. Það er dálítið fróðlegt fyrir menn að fletta upp þessum texta í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar. Því þetta var eina efnisatriðið sem hann vék að í skýrslu Ríkisendurskoðunar, það eina í allri ræðunni. Hitt var svona pólitískur skætingur um mig og hæstv. utanrrh. og fundahöld á Siglufirði og hinar og þessar persónur á Siglufirði. Þetta var eina atriðið í allri ræðunni þar sem hann vék að efnisatriðum úr skýrslu Ríkisendurskoðunar til að koma því sérstaklega á framfæri að þetta eina efnisatriði sem hann fjallaði um væri vitlaust.

Virðulegi forseti. Það er hér eitt atriði í viðbót sem mig langar til þess að víkja að. Það hefur mikið verið gert úr jafnræðissjónarmiðum, að salan hafi ekki verið auglýst. Nú má vel vera að það hefði átt að birta auglýsingu í Morgunblaðinu svona fyrir síða sakir til að koma því til skila svona formlega á Siglufirði að fyrirtækið væri til sölu fyrir Siglfirðinga. Það vita hins vegar allir að bæjarstjórnin og fjmrn. gáfu út sameiginlega fréttatilkynningu og það vissu allir á Siglufirði að þeir gátu boðið í fyrirtækið og það vissu allir skilmálana, enda er það athyglisvert í allri þessari umræðu að það hefur ekki gefið sig fram einn einasti einstaklingur eða eitt einasta fyrirtæki á Siglufirði og sagt að hann/það hafi ekki átt kost á að bjóða í þetta fyrirtæki. Það hefur enginn komið fram og sagt það. Það sem hefur gerst er það að hópur manna sem sendir ákveðið tilboð eftir að formlegar viðræður voru hafnar við annan tilboðsaðila telur að það hefði átt að ræða áfram við sig. Það er hlutur sem má ræða fram og aftur. En þar með fellur auðvitað öll gagnrýnin um skort á auglýsingu um sjálfa sig, enda er hún ekkert annað en í raun og veru húmbúkk í þessari umræðu vegna þess að sú aðferð sem notuð var, fundir með bæjarstjórninni, formleg tilkynning bæjarstjórnar og fjmrn.,

opinber í öllum fjölmiðlum, umræður á Alþingi, fundir með þingmönnum, komu því rækilega til skila — mun betur en auglýsing í Morgunblaðinu, því að hvað kaupa margir á Siglufirði Morgunblaðið? Hvað kaupa margir Alþýðublaðið? Hvað kaupa margir Lögbirtingablaðið? Og þessi blöð sem menn hefðu getað valið um að auglýsa í, svo að ég nefni nokkur? — komu því það rækilega til skila að það vissu allir að fyrirtækið var til sölu.

Og án þess að ég ætli að gerast dómari í því, þá er ég alveg reiðubúinn að bera þessar aðferðir saman við þær aðferðir sem fyrri ráðherrar hafa haft þegar ríkiseignir á Norðurlandi vestra hafi verið seldar. Ég vil spyrja hér af því að það hafa nokkuð oft verið seldar ríkiseignir í Norðurlandi vestra: Hafa þau áform verið kynnt viðkomandi sveitarstjórnum? Hafa þau áform verið kynnt þingmönnum kjördæmisins á formlegum fundum? Hve oft og hvenær? Ég efast um að það hafi verið oft. Ég efast um að það hafi verið einhvern tímann fyrr en nú.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að segja meira á þessu stigi málsins. Það er hins vegar misskilningur sem hér hefur komið fram í umræðunni að af minni hálfu hafi verið um að ræða árás á Ríkisendurskoðun, ófrægingarherferð eða annað af því tagi. Ríkisendurskoðun skilaði hins vegar skýrslu. Örfáir þingmenn hafa notað hana sem grundvöll að pólitískum ásökum á fjmrh. Ég hef látið fræðimenn og fagmenn og sérfræðinga fara yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þeir hafa gert alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð, sett fram ítarlega gagnrýni. Ég rakti hana ítarlega hér í gær, ekki vegna þess að hún væri frá mér komin, hv. þm. Stefán Guðmundsson, enda sagði ég það í ræðu minni í gær að ég byggði það á viðræðum og greinargerðum frá kunnáttumönnum og fagmönnum á þessu sviði. En þingmaðurinn spurði hér áðan hvort ég hefði faglega menntun á þessu sviði. Ég sagði þingmanninum að ég mundi víkja að því hér seinna í ræðu minni og er að því nú. (Gripið fram í.) Nei, það sagði ég ekki. Ég sagði: sá eini úr hópi skýrslubeiðenda. (Gripið fram í.) Ég sagði úr hópi skýrslubeiðenda. Ég veit að Ragnar Arnalds hefur góða menntun, hún er í lögfræði. (**StG:** Hún er ekki lakari.) Nei, nei, en hins vegar er það nú þannig um þessi fræði að menntun í viðskiptafræðum og hagfræði er vænlegri til þess að leggja mat á reikningsaðferðir, arðsemi, ávöxtunarkröfur, framlegð og annað um Ríkisendurskoðun byggir mat sitt á heldur en lögfræði og ber ég þó mikla virðingu fyrir lögfræði. Það er hins vegar staðreynd málsins. (Gripið fram í.) Það er merkilegt með svona dagfarsprúðan mann eins og Stefán Guðmundsson að síðan ég fór að vitna í hv. þm. Jón Sæmund Sigurjónsson hefur þessi þingmaður, Stefán Guðmundsson, verið mjög ókyrr í sæti sínu. (Gripið fram í.) Það er hins vegar ekkert merkilegt að hv. þm. Pálmi Jónsson skuli sífellt vera að grípa fram í því að hann hefur verið mjög órór í allri þessari umræðu. Við getum hins vegar haldið henni lengi áfram.

Kjarninn í þessu máli er ekki pólitískt karp milli flokka eða manna. Kjarninn í þessu máli er það sem ég sagði hér í minni ræðu við upphaf þessarar umræðu að við verðum að búa við þá skipan að vinnubrögð Ríkisendurskoðunar séu einróma lofuð af færustu fræðimönnum og fagmönnum á því sviði sem Ríkisendurskoðun starfar á.

Ég held að ég hafi nefnt það hér í fyrra að það væri galli á þingsköpum að þegar stofnanir Alþingis væru orðnar af því tagi eins og Umboðsmaður og Ríkisendurskoðun, þá þyrfti að vera vettvangur t.d. á opnum fundum þingnefnda þar sem þingmenn gætu, líkt og gerist t.d. í ýmsum öðrum þjóðþingum, ég nefni bandaríska þingið sem dæmi, fjallað um skýrslur þessara stofnana þingsins og kallað til sérfræðinga og fengið álitsgerðir og rætt málin að viðstöddum fulltrúum þessara stofnana og að viðstöddum öðrum sérfræðingum og að viðstöddum þingmönnum utan við formið hér í þingsalnum þar sem þessir aðilar eiga ekki sæti.

Ég vil beina því til forseta þingsins að þingsköpum verði breytt á þann veg að nefndir þingsins, t.d. sameiginlegir fundir fjh.- og viðskn. og fjvn. og þeirra þingmanna sem kjósa að sitja slíka fundi geti fjallað um skýrslur af þessu tagi þar sem menn geta í heyranda hljóði kallað til sín sérfræðinga, vegna þess að vandinn í þessu máli er sá að það er ekki höfuðatriði hvað einstakir þingmenn kunna að segja til eða frá. Höfuðatriðið er að það sé byggt upp það víðtæka, faglega og pólitíska traust sem menn þurfa að geta borið til Ríkisendurskoðunar. Ég rakti hér mjög ítarlega faglega gagnrýni á þær reikningsaðferðir sem hún notaði. Um það þarf að fjalla á ítarlegan og faglegan hátt vegna þess að þetta mál deyr út. En Alþingi þarf áfram að búa við þessa stofnun og það þarf að tryggja það að þar sé vel að verki staðið.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum ítreka það sem ég sagði í upphafi. Í sjálfu sér hefur Jón Sæmundur Sigurjónsson dæmt málflutning hv. þm. Páls Péturssonar og hv. þm. Pálma Jónssonar sem hafa haft forustu fyrir árásum á fjmrh. Jón Sæmundur Sigurjónsson segir að þessi málflutningur sé glórulaust upphlaup. Hann segist hafa orðið fyrir vonbrigðum að Ríkisendurskoðun velur könnun sinni forsendur sem koma Þormóði ramma lítið við. Það er niðurstaða eins af þeim fjórum þingmönnum sem bað um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þarf að segja meira í þessu máli?

EFRI DEILD

55. fundur, miðvikudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Skýrsla um úthlutun fiskveiðiheimilda.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hinn 18. des. 1990 lagði meiri hl.

sjútvn. Ed. og meiri hl. sjútvn. Nd. fram beiðni um skýrslu frá sjútvrh. um úthlutun á fiskveiðiheimildum til smábáta. Er beiðnin svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að sjútvrh. flytji Alþingi skýrslu um úthlutun á fiskveiðiheimildum fyrir smábáta.

Í skýrslunni komi m.a. fram hvaða bátum, annars vegar milli 10 og 20 brl. og hins vegar undir 10 brl., hafi verið haldið til veiða, hver hafi verið stærð þeirra og aflamark öll árin síðan 1984. Sérstaklega er beðið um, eftir að endanlegri úthlutun á aflaheimildum til smábáta er lokið, að gerð sé nákvæm grein fyrir tilraunaúthlutun þeirri til smábáta sem fram hefur farið, hverjar hafi verið aflaheimildir einstakra báta samkvæmt þeirri úthlutun og hvers eðlis þær leiðréttingar séu sem ráðuneytið hafi gert og hvers eðlis þær athugasemdir séu sem ekki hafa verið teknar til greina. Jafnframt er óskað upplýsinga um endanlega úthlutun til einstakra báta og að gerð sé grein fyrir þeim kaupum og sölum á bátum og fiskiskipum sem orðið hafa eða verða á árinu 1990.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs þings fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt á Alþingi."

Nú er komið fram í febrúarmánuð og ekki hefur heyrst eitt einasta orð frá hæstv. sjútvrh. um þetta mál. Ráðuneytið og hæstv. ráðherra hefur ekki haft samband við þá menn, sem um skýrsluna báðu, um það hvernig þessu máli liði þó svo að lögum samkvæmt sé skylt að þau mál sem hér er spurt um liggi fyrir um áramót. Ég þarf ekki að rifja upp að þetta mál hefur verið tekið upp á Alþingi nokkrum sinnum sem þingsköp þar sem hér er um málefni þingnefnda að ræða þar sem deilt er um það hvort hæstv. ráðherra sé skylt að afhenda sjútvn. nauðsynleg undirgögn varðandi lagafrv. og framkvæmd þeirra. Það hefur verið staðfest bæði í umræðu minni nú og áður að það er rétt að taka þetta mál upp sem athugasemd við fundasköp af því að hér erum við beinlínis að ræða um störf þingsins, samskipti þings og ráðherra og þá kröfu meiri hl. sjútvn. beggja deilda að hæstv. ráðherra leggi umbeðin plögg á borðið svo við getum með efnislegum hætti fjallað um það mál sem hér um ræðir.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það í þingdeildinni að margvíslegar sögur eru á kreiki um hvernig haldið hafi verið á kvótamálum smábáta og auðvitað ógerningur fyrir alþingismenn að taka efnislega afstöðu til einstakra sögusagna af því tagi á meðan hæstv. ráðherra kýs að halda þessu máli inni á borði hjá sér þó svo að fyrir liggi að listinn yfir svonefnda tilraunaúthlutun hafi komið út fyrir dyr sjútvrn. og sé m.a. til hjá Samtökum smábátaeigenda eftir því sem mér er sagt og sem kannski í huga hæstv. ráðherra eru þýðingarmeiri samtök en þjóðkjörnir þingfulltrúar.

Þeir sem skrifa undir þessa beiðni eru ásamt mér Skúli Alexandersson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Karvel Pálmason, Geir Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Hreggviður Jónsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristinn Pétursson og Guðmundur H. Garðarsson.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er verið að vinna að umbeðinni skýrslu samhliða því að sú nefnd, sem til þess er bær að fjalla um þau mál sem hv. þm. gerði að umræðuefni, er að vinna nánast dag og nótt við að ljúka þessari úthlutun. Ég vænti þess að nefndin geti gert mér grein fyrir niðurstöðum öðru hvoru megin við þessa helgi. Það hefur því miður tekið lengri tíma en hægt var að sjá fyrir en ég vænti þess að það komi í mínar hendur frá nefndinni öðru hvoru megin við helgina. Þá mun eins fljótt og auðið er verða gerð grein fyrir málinu og Alþingi að sjálfsögðu gerð grein fyrir umbeðinni skýrslu. Ég vænti þess að sjútvrn. geti átt fund með sjútvn. beggja deilda til að gera grein fyrir þessu máli þegar það liggur fyrir. Ég get því miður ekki sagt fyrir um það nákvæmlega hvaða dag það getur orðið en það er fullur vilji til þess að það verði svo fljótt sem auðið er enda orðið brýnt að þeir aðilar sem þarna eiga hlut að máli fái sín gögn og veiðileyfi í hendur.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil vona að hæstv. sjútvrh. takist að ljúka gerð skýrslunnar, eins og hann segist vonast til, áður en Alþingi ljúki þannig að eftir að þingmenn hafa fengið undirgögnin í hendur og þau liggja hér fyrir í skýrsluformi á Alþingi, hvernig tilraunaúthlutunin var í einstökum atriðum og hvers eðlis breytingar á henni verða og hver síðan lokaúthlutun, þá gefist svigrúm til að ræða þessi mál. Það er auðvitað ánægjulegt fyrir okkur í sjútvn. Alþingis að geta átt orðastað við starfsmenn sjútvrn. um þetta og ótal margt fleira. Við erum ávallt viðbúnir því og reiðubúnir. En Alþingi hefur samþykkt að þessi skýrsla skuli lögð fram með formlegum hætti og til þess að ekki sé neinn vafi í huga neins um það hvernig ég skil þá samþykkt þá er hún á þann veg að Alþingi líti svo á að ráðherra beri að láta alþingismönnum í té þær upplýsingar sem hann synjaði sjútvn. um.

Gjaldþrotaskipti, 3. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 626 (sbr. 100).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Búfjárhald, 3. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 627.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. VS o.fl., 351. mál (aðgangur ungmenna að skemmtunum). — Þskj. 617.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum, á þskj. 617. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Ágústsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Í 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, segir að þegar barni eða ungmenni sé bannaður aðgangur að tilteknum skemmtunum, þ.e. kvikmyndasýningum, öðrum opinberum skemmtunum og hvers konar öðrum skemmtunum, þá skuli miðað við fæðingarár þeirra en ekki fæðingardag.

Skömmu eftir að þessari lagagrein var breytt árið 1983, sbr. lög nr. 14/1983, gaf dóms- og kirkjumrn. út bréf, dags. 13. jan. 1984, til allra lögreglustjóra á landinu. Í því bréfi áréttaði dóms- og kirkjumrn. að aldursmark í áfengislögum, nr. 82/1969, er varðar 18 ára aldur sem skilyrði fyrir dvöl á veitingastað að kvöldi til þar sem veitingar áfengis eru leyfðar, miðist við fæðingardag en ekki fæðingarár. Því komi ákvæði 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 14/1983, ekki til álita í því sambandi. Litið var svo á að ákvæði þeirra laga breytti ekki ákvæðum áfengislaga.

Ástand þessara mála hefur breyst mjög á síðustu missirum, einkum eftir að sala á áfengu öli hófst 1989. Áfengisveitingastaðir í Reykjavík eru nú milli 90 og 100. Þeir eru ýmiss konar, jafnvel skyndibitastaðir svokallaðir þar sem börn og unglingar fara inn og kaupa sér mat. Samkvæmt lögunum er slíkt í raun og veru bannað. Ungmenni mega ekki fara inn á staðina nema í fylgd með fullorðnum af því að þar er áfengi selt. Ljóst er að hér er um úreltar reglur að ræða. Nauðsynlegt er því að breyta 20. gr. áfengislaganna og um það er gerð tillaga í þessu frv.

Á það verður að leggja mikla áherslu að með frv. þessu er ekki verið að auðvelda ungmennum að verða sér úti um áfengi. Skv. þessu frv. er ekki gerð tillaga um það. Reglan í 3. mgr. 16. gr., um að ekki megi afhenda eða selja yngri mönnum en 20 ára áfengi, stendur óbreytt og þar er eðlilegt að miða við fæðingardag. Hins vegar snýst þetta mál um aðgang að þeim fjölmörgu skemmtistöðum þar sem áfengisveitingar eru. Það hlýtur að teljast réttlætismál að sama gildi um allan árganginn í þeim efnum, að t.d. 18 ára skólafélagar geti farið saman á skemmtistað þótt þar sé áfengi á boðstólum.

Sem betur fer fer stór hluti ungmenna á skemmtistaði til að eiga þar ánægjulega stund með félögum sínum en ekki til þess að verða sér úti um áfengi. Hér gildir enn sami rökstuðningur og fylgdi frv. Níelsar Árna Lund og Páls Péturssonar á þinginu 1982–1983 fyrir þeim breytingum á lögunum um vernd barna og ungmenna sem áður getur. Þær eru sem hér segir:

„1. Löggjafinn gerir ráð fyrir því, m.a. í lögum nr. 63/1974, grunnskólalögum, að þessir unglingar eigi sama rétt og sömu skyldur og er skólanum skylt að leggja fyrir þá sama námsefni hvort sem viðkomandi er fæddur fyrst í janúar eða síðast í desember. Þar af leiðir að lögin hljóta að gera ráð fyrir að þeir hafi líkan þroska bæði líkamlegan og andlegan.

2. Af þessu leiðir m.a. að unglingarnir hafa í flestum tilvikum valið sér félaga innan síns bekkjar eða hóps án tillits til þess hvenær ársins þeir eru fæddir og með því að miða við fæðingardag þegar um skemmtanir ræðir er verið að sundra félagshóp sem ekki er æskilegt.

3. Þessi aðskilnaður er mjög óæskilegur og geta afleiðingar hans verið ófyrirsjáanlegar, og dæmi eru um að þeir unglingar, sem fyrir utan eru og hafa verið skildir frá hópnum, leiðist til óreglu og séu verr á sig komnir en þeir sem komast inn. Þessi sundrun félagshópa er því mjög varhugaverð og hlýtur að skapa fleiri vandamál en hún leysir.

4. Mjög erfitt er fyrir forráðamenn skemmtana að framfylgja núgildandi reglum þar sem ásókn jafnaldra er mikil í að sækja skemmtanir saman, og hefur þetta misræmi á aldursgreiningu orðið þess valdandi að unglingar hafa reynt að komast inn á skemmtanir á ólöglegan hátt, m.a. með fölsun á nafnskírteinum. Af þessu hefur svo leitt að á mörgum stöðum hefur í reynd verið farið eftir fæðingarári en ekki fæðingardegi þegar aldur er metinn."

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég hef því miður ekki haft langan tíma til að kynna mér það frv. sem hér er til umfjöllunar en það er túlkað sem réttlætismál og fljótt á litið held ég að ég geti sagt að nú fari réttlætismálin að gerast dálítið skringileg. Hér er að mínu mati lítið verið að gera annað en rýmka reglur um áfengiskaup ungmenna. Ef það er í sjálfu sér réttlætismál þá er kannski þetta mál réttlætismál en ég sé nú í hendi minni ekki að það geti kallast það.

Það má vel vera að ýmsir þættir í áfengislöggjöfinni, ýmis lagasmíð sé nokkuð vafasöm, en á að leysa þau vandkvæði með því að gefa eftir eins og hér er lagt til? Hér er raunverulega verið að bæta a.m.k. hálfum árgangi ungmenna við þann hóp sem hefur lagalegan rétt til að sækja áfengisveitingastaði. Að færa þau rök fyrir því að nú sé búið að opna fleiri áfengis- og bjórsölustaði hér í höfuðborginni og þess vegna þurfi að gera þetta finnst mér nú falla um sjálft sig.

Ég lýsi andstöðu minni við þetta frv. Ég tel að vel hefði mátt skoða þetta í einhverju samhengi við aðrar aðgerðir í áfengismálum. Ef það hefði verið tengt öllum þeim fögru fyrirheitum, sem gefin voru þegar bjórinn var samþykktur, um forvarnarstarf, um upplýsingastarf, sem skyldi sett í gang til þess að forða því að þróunin yrði á þann veg, sem hún hefur orðið, aukin áfengisneysla. Ég tel því að þetta mál hefði mátt bíða einhverra slíkra aðgerða af hendi heilbrigðisyfir-

valda og þeirra sem með áfengismál fara í þjóðfélaginu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki alveg á þankagangi hv. 4. þm. Vesturl. hér áðan. Það sem vakir fyrir flm. er mjög einfalt. Það er að reyna að stuðla að því að löggjafinn viðurkenni í sambandi við skemmtistaði og annað þvílíkt að unglingar í sömu bekkjardeild geti skemmt sér saman og haldið saman eins og þeir gera án þess að fara í kringum lögin. Við vitum vel að unglingar komast upp með það á 18. árinu og 18 ára að halda hópinn inni á vínveitingastöðum og við erum eingöngu með þessu að viðurkenna orðinn hlut. Að því leyti vil ég þakka flm. fyrir að flytja þetta litla frv.

Ég tel á hinn bóginn auðvitað spurningu hvort ekki sé rétt að athuga nákvæmlega og endurskoða hin ýmsu ákvæði sem eru í lögum um réttindi og skyldur sem fylgja mismunandi aldri. Ekki segjum við neitt við því þótt 17 ára unglingur eða ungmenni, eða hvað það heitir nú skv. laganna hljóðan, gifti sig. 18 ára kona, 19 ára maður sem kannski á tvíbura má ekki skv. landslögum kaupa sér pela af áfengi, fá sér bjór á vínveitingastað o.s.frv. Þetta orkar allt tvímælis, að þeir sem hafa kosningarrétt megi ekki kaupa sér bjórflösku. Þetta er auðvitað undarlegt og út í hött raunar. Þess vegna gæti 18 ára maður eða kona verið kosin á Alþingi og boðið til forseta Íslands eða í þingveislu af hæstv. forseta sameinaðs Alþingis og mætti ekki neyta þeirra veitinga sem þar eru fram bornar. Það er auðvitað skrýtin lagasetning. Ég er þó ekki að boða neinn tillöguflutning um þau efni en vil aðeins ítreka það sem ég sagði áðan að mér finnst eðlilegt að bekkjardeildir geti skemmt sér saman og hafi sambærilegan aðgang að skemmtistöðum.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég heyri ekki betur en hv. 4. þm. Vesturl. hafi gjörsamlega misskilið efni þessa máls. (**Gripið fram í:** Það er mjög líklegt.) Ekki voru það nú mín orð. Ég held að það hafi gerst óviljandi og ég hygg að hann muni ná áttum þegar hann hefur gert sér grein fyrir því um hvað þetta mál fjallar. Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal gerði nokkra grein fyrir því hér áðan um hvað er að tefla. Hér er verið að fjalla um dvöl á stað. Það er um það að tefla hvort þetta fólk má fara inn á veitingastað þar sem aðrir eru að hafa áfengi um hönd og þar sem selt er áfengi af einhverju tagi, t.d. borðvín eða áfengt öl.

Hitt er svo rétt, og það langar mig til að taka sérstaklega fram af því að aldrei þessu vant get ég verið sammála hv. 2. þm. Norðurl. e., þá tel ég ástæðu til að taka það alveg sérstaklega fram. (**KP:** Er það nýtt?) Við erum stundum sammála, hv. þm. Karvel Pálmason, og þá jafnvel um hin veigamiklu mál. Ég held að það sé alveg rétt að það þurfi í heild með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta að ýmsu leyti að endurskoða ýmis ákvæði sem aldursmörk varða. Ég held að það sé tímabært. Það hefði kannski átt að gera það um leið og kosningaaldur var lækkaður í 18 ár. Það er alveg rétt ábending og ég held að löggjafinn ætti að gera það. En að hv. 4. þm. Vesturl. skuli snúast svona öndverður gegn þessu litla máli sem samt hefur þýðingu fyrir það fólk sem hér er um fjallað, það hefur félagslega þýðingu fyrir það og er ekki af hinu vonda nema síður sé, á því er sú skýring ein að hann hefur ekki skilið það réttum skilningi en það gerist nú áreiðanlega áður en langt um líður.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta litla mál, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það, sem þó er nokkuð stórt mál í réttlætisátt fyrir ákveðinn aldurshóp. Þó þetta sé til breytinga á áfengislögunum þá fjallar þetta mál raunar ekki um áfengismál. Það fjallar um aðgang að skemmtistöðum, sem reyndar hafa vínveitingaleyfi. Eins og lögin eru í dag þá er ósamræmi á milli laga um vernd barna og ungmenna og áfengislaga. Til þess að samræma þau lög eru tvær leiðir til. Annars vegar að breyta lögum um vernd barna og ungmenna í fyrra horf þannig að það sé fæðingardagurinn sem ræður. Hin leiðin er að breyta áfengislögunum. Og það er sú leið sem við, þessir þingmenn, höfum valið.

Ég er sannfærð um það að þegar hv. 4. þm. Vesturl. hefur lesið málið aftur, ég veit að hann hefur átt mjög annríkt í nefndarstarfi í dag og kannski ekki verið búinn að lesa þetta mál alveg til fulls, muni hann átta sig á að þetta er ekki hættulegt mál varðandi áfengisneyslu heldur miklu frekar réttlætismál fyrir lítinn hóp ungmenna.

Svo vil ég taka undir það sem hefur komið fram hér að ég held að það sé ástæða til að skoða fleiri ákvæði í áfengislögunum. Ekki síst það sem hér hefur verið til umræðu, þó ég sé ekki að boða málaflutning í sambandi við það núna, en það er kannski ákveðið ósamræmi í því að ungmenni geti verið inni á þessum stöðum í tvö ár áður en þau mega kaupa áfengi. Hvort ekki þarf að breyta hér þannig að það sé samræmi hvað þetta snertir.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég hef litlu við að bæta sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni. Þó vil ég undirstrika að ég tel að mín afstaða sé ekki á neinum misskilningi byggð. Hér er verið að leggja til að í staðinn fyrir að það skuli miðað við fæðingardag þar til menn fylli heilt ár, þá skuli miða við það ár sem þessu aldurstakmarki er náð. Hér er verið að leggja til breytingu á áfengislögum og verið að leggja til eftirgjöf. Það er tónninn sem er í þessu frv. Og ég held að þannig eigi ekki að vinna í sambandi við breytingu á áfengislögum heldur eigi að taka þau mál fyrir í einni heild.

Það er lengi hægt að rökstyðja það að þessu eða hinu skuli breytt með þeim rökum að það sé verið að hjálpa einhverjum ákveðnum aldursflokk eða þess háttar. Það er ekki verið að gera neitt slíkt hér, því er nú verr og miður. Það er aðeins verið að slaka á ákveðnum reglum í áfengislögum okkar Íslendinga. Það get-

ur vel verið að þetta sé röng regla en það á ekki að fara að því á þann veg sem hér er verið að leggja til og síst af öllu að hafa uppi þau rök að það sé verið að leiðrétta aðstöðu ungmenna í landinu. Það finnst mér svo fráleitt að stilla því upp á þann veg vegna þess að það verður alltaf hægt að leita að einhverju ranglæti vegna aldurstakmarka eða vegna þess hvernig börn raðast í bekki. Það er endalaust hægt að leita að slíkum hlutum og segja: Við þurfum að leiðrétta og við þurfum að gefa eftir í þessu kerfi vegna þess að við þurfum að leiðrétta aðstöðu ungmenna.

Ég er hér uppi í ræðustól fyrst og fremst til þess að hugsa um börnin og unga fólkið og reyna að standa að því að þeirra hlutur verði betri.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég held að hv. 4. þm. Vesturl. hafi ekki enn gert sér alveg grein fyrir því um hvað þetta mál snýst. Og það er best að segja það alveg berum orðum — ég hélt að það hefði verið sagt nægilega skýrt áður — að það er ekki verið að rýmka með neinum hætti reglur um áfengiskaup unglinga eða ungmenna. Það er ekki verið að því. Það er verið að rýmka reglur um aðgang að þeim stöðum þar sem áfengi er selt. Eins og ég sagði hér áðan er verið að gera það mögulegt að þau geti komið inn á skyndibitastaði sem nú eru farnir að selja áfengt öl og léttvín. Ég er ekki að mæla því bót. Það er bara þannig. (**SkA:** Það er réttlætismál fyrir unglinga.) Það er bara ekki þannig. Það var það ekki að mínu mati, hv. þm., og hefur held ég ekki verið flutt þannig. Ég held að sú staðreynd, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. drap hér á áðan, að unglingar á þessum aldri eru langflestir í skóla og skemmta sér gjarnan saman eins og eðlilegt er hjá ungu fólki. Heilu bekkjadeildirnar fara saman fyrir árshátíðir og skemmtanir og borða saman á einhverjum veitingastað. Það vita þeir sem eiga ungmenni á þessum aldri að er mjög algengt. Það þýðir ekki að allt þetta unga fólk hafi vín um hönd, alls ekki. En staðreyndin er bara sú að þeir staðir sem bjóða góðan mat eru yfirleitt vínveitingastaðir. Eins og reglurnar eru núna þá verður kannski hálfur bekkurinn að sitja heima eða brjóta lög. (**KP:** Eins og er gert.) Eins og hugsanlega er gert, hv. þm. Karvel Pálmason. Þessi breyting held ég sé í þágu ungmennanna, og ég hygg að flest ungmenni, ef spurð væru, væru sammála þessari breytingu okkar flm. en ekki hv. 4. þm. Vesturl. Þó efast ég ekki um að honum gangi gott eitt til með sínum málflutningi. En eins og þessar reglur eru núna kann hálfur bekkurinn að þurfa að sitja heima, þeir sem fæddir eru eftir ákveðinn mánaðardag á árinu. Mér finnst þetta satt best að segja svo meinleysisleg breyting, sem kemur til móts við þessi ungmenni en er annars að meinalausu, að ég skil ekki af hverju hv. 4. þm. Vesturl. þarf svo mjög að agnúast út í hana vegna þess að það er ekki verið að breyta aldurstakmarki til þess að kaupa og neyta áfengis á opinberum veitingastöðum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Rök eins og þau að hálfur bekkurinn þurfi að sitja heima o.s.frv. eru náttúrlega alveg út í bláinn vegna þess að sem betur fer er ekki alveg bundið í sambandi við bekki þegar komið er á þennan aldur að það ruglist ekki nokkuð á milli 17 og 18 og jafnvel 16 ára aldurs. Það gerist þó nokkuð mikið, þó það sé ekki það algilda. Þá væri næsta frv. á þann veg að það yrði að opna bekkina niður svo lengi sem einhver unglingur á þessum aldri væri í yngri bekkjunum. Þessi rök finnst mér því alveg út í bláinn.

Ég vil fyrst og fremst segja það sem ég sagði í fyrstu ræðu minni að ég tel ekki rétt að farið sé að hreyfa þeim málum sem hér er verið að hreyfa, þ.e. breyting á áfengislöggjöfinni íslensku, óöruvísi en þar sé tekið eitthvað meira á í þessum málum en hér er verið að leggja til. Og þá sérstaklega að þeir aðilar sem lögðu til mikla breytingu og fengu samþykkta á árinu 1988 í sambandi við frjálsa sölu á öli sýni að vilji hafi verið bak við þau stóru orð að forvarnir skyldu auknar og upplýsingar í sambandi við skaðsemi við notkun áfengra drykkja. Ég held að það sé tímabært að slík brtt. komi fram eða eitthvað sem snúi í þá áttina. Ég er að mótmæla því að hér sé enn á ný verið að slaka á í sambandi við áfengislög okkar Íslendinga.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þetta skal sannarlega vera mjög stutt athugasemd. Það er alveg ljóst að hv. 4. þm. Vesturl. hefur engin tengsl eða samband við það unga fólk á því reki sem hér er verið að tala um, skilur ekki sjónarmið þess eða aðstöðu. Þess vegna er alveg tilgangslaust að tala um þetta mál við hann, enda erum við báðir búnir að tala okkur dauða í málinu með því að koma hér í ræðustól þrem sinnum.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það er kannski ekki ástæða til að blanda sér í þessa umræðu af því að mér finnst þetta mál liggja nokkuð ljóst fyrir. Þetta er nánast réttlætismál númer eitt gagnvart þeim ungmennum sem hér eiga hlut að máli. Ég lít ekki svo á að hér sé verið að opna gáttir vínmenningar að þessu leyti. Við vitum það, hvort sem menn þora að segja það eða ekki, að unglingar undir lögaldri eru inni á skemmtistöðum þar sem þeir mega ekki vera samkvæmt lögum. Þar skiptist fólk eftir aldri, eftir því hvenær á árinu það er fætt og það er auðvitað verið að skekkja þann grundvöll í samfélagi þessa fólks með því að meina helmingnum af bekknum, sem er fæddur síðari hluta ársins, að vera þarna en leyfa hinum það. Þetta er auðvitað grundvallarspurningin um það hvort við viljum sameina þá aðila sem hér eiga hlut að máli. Þeta er ekki spurning um áfengislögin að mínu viti. Ég skil þetta svo að hér séu menn að stíga skrefið gagnvart lagasetningunni sem hefur verið framfylgt, án laga að mínu viti, í verulegum mæli, en hér vilja menn að lögin taki af skarið um það að þessu fólki sé heimilt að vera þarna. Að vísu veit ég að hv. 4. þm. Vesturl. er Strandamaður og í öllum tilvikum þrjóskur og þrár og hafi menn þar tekið eitthvað upp í sig öfugt, þá kyngja menn því nú ekki fyrr en seint og um síðir. (**HBl:** Ég hélt að mönnum

þætti landi góður fyrir vestan, ef verið er að tala um að svo sé enn.) Ja, ekki skal ég dæma um það. Það getur hv. þm. Halldór Blöndal trúlega betur dæmt um en ég. Ekki ætla ég að gerast dómari þar í. En ég hygg að þegar hv. þm. Skúli Alexandersson hugsar þetta mál betur komist hann að raun um að menn eru að stíga spor í réttlætisátt gagnvart þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli. Hér er ekki um boð eða bönn að ræða gagnvart áfengi. Hér eru menn að leiða saman þá einstaklinga sem vilja vera saman, eru á svipuðu reki og vilja vera sameiginlega á þessum stöðum.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er örstutt. Alveg nákvæmlega þessi ákvæði voru samþykkt á Alþingi árið 1983. Þá hét þetta „Frumvarp til breytinga á lögum um vernd barna og ungmenna." Ég er sannfærð um það að ef þetta frv. héti það sama í dag þá hefði hv. 4. þm. Vesturl. ekki látið þessi orð falla. Bara af því að þetta er breyting á áfengislöggjöfinni, þá fór þetta svona öfugt ofan í hv. þm. En ég veit að hann mun skoða málið í nefnd og ég stend enn í þeirri trú að hann muni skipta um skoðun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Fundarsókn fjmrh.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Stundarfjórðungi fyrir kl. 3 var fundi frestað og þá borin þau boð frá hæstv. fjmrh. að hann mundi koma hér í þinghúsið til að svara fyrirspurn sem hann hafði verið látinn vita um varðandi mál sem hér er á dagskrá og honum ber embættisleg skylda til að svara. Nú er klukkan korter yfir 3. Ég hefði farið á skrifstofu mína og unnið að verkum sem eru áríðandi hefði ég haft hugmynd um að dráttur á komu ráðherrans yrði svo langur. Vil nú óska eftir því að hæstv. forseti taki frv. um gjald af erlendum lántökum fyrir í upphafi næsta fundar á þriðjudag því ekki er hægt að una því að þingmenn þurfi að bíða hér í húsinu og gá hvort ráðherra standi við orð sín um að mæta á löggjafarsamkomunni. Það er auðvitað dæmafátt að ráðherrar skuli senda slík skilaboð og hafa þannig heilar þingdeildir að ginningarfíflum.

Forseti (Jón Helgason):

Vegna 3. dagskrármálsins vill forseti geta þess að hv. 2. þm. Norðurl. e. mun aðeins hafa frestað ræðu sinni þegar málið var til umræðu á fyrri fundi. Umræðunni var frestað svo að hann hefur enn ræðutíma.

En hv. þm. hefur óskað eftir því að mál hans verði tekið út af dagskrá og tekið fyrir á fundi nk. þriðjudag. Ég vil geta þess að samkvæmt starfsáætlun Alþingis á að vera fundur í Sþ. á föstudag en þar sem ekki verður hægt að taka fyrir þau mál sem áætlað var á þeim fundi, þá er gengið út frá því að það verði fundir í deildum í staðinn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mjög fer nú úr skorðum áætlun Alþingis. Ég hef þegar auglýst fundi síðdegis á föstudag norður á Akureyri, hafði ekki mál að flytja á fundi Sþ. á föstudag og mun fljúga norður eftir hádegi. En þarna sé ég að hæstv. ráðherra er kominn í salinn og klukkan er 18 mínútur yfir 3 svo þá er hægt að taka málið á dagskrá.

Endurgreiðsla á gjaldi af erlendum lántökum, frh. 2. umr.

Frv. HBl, 80. mál. — Þskj. 82, n. 317 og 370.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal) (frh.)**:**

Herra forseti. Það kom fram þegar þetta mál var síðast til umræðu hér í hv. deild, í máli hv. 5. þm. Norðurl. e., að hæstv. fjmrh. gæti ekki fallist á það að það frv. sem hér liggur fyrir yrði samþykkt á þessu þingi. Dýrt er drottins orðið fyrir þau fyrirtæki sem verða fyrir barðinu á hans heilagleika. En á hinn bóginn hafi hæstv. fjmrh. lofað því að um enn hærri og frekari greiðslur yrði að ræða til Slippstöðvarinnar á Akureyri þegar kaupandi fyndist að því skipi sem þar er nú óselt. Hæstv. fjmrh. gaf svipaðar yfirlýsingar sl. vor þegar þetta mál var til umræðu. Þá átti það að vera mikil hjálp við skipasmíðaiðnaðinn að hann ætlaði að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt, sem hann hefur nú rausnast til að gera, svona hér um bil. Það vantar pínulítið upp á samt, látum nú kyrrt liggja. Seint og um síðir stóð hann við það svona nokkurn veginn, skulum við segja. En hitt stendur eftir að þrjú fyrirtæki hafa verið skattlögð sérstaklega með gjaldi af erlendum lántökum, þ.e. Skipasmíðastöð Marsellíusar Bernharðssonar á Ísafirði, Slippstöðin á Akureyri og skipasmíðastöð á Seyðisfirði.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsfl., telur sig ekki geta samþykkt þetta frv., hvorki nú né í maímánuði sl., vegna þess að fjmrh. hafi heitið sér því að bregðast rausnarlega við og greiða Slippstöðinni á Akureyri enn hærri fjárhæðir en þá sem felst í þessu frv. um endurgreiðslu lántökugjalds af erlendum lántökum. Nú langar mig að spyrja hæstv. fjmrh.: Er það rétt skilið hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að þvílíkt loforð hafi verið gefið gagnvart Slippstöðinni á Akureyri? Hvers eiga þeir þá að gjalda sem reka skipasmíðastöðvar á Ísafirði og Seyðisfirði? Hugsar hæstv. ráðherra sér að láta þá sem fyrir þeim rekstri standa bera lántökugjaldið að fullu en endurgreiða kannski tvöfalt til Slippstöðvarinnar á Akureyri? Ég hef verið mikill baráttumaður fyrir Slippstöðina, ég neita því ekki, en ég ætlast ekki til þess að ríkisvaldið sé svo rausnarlegt gagnvart þessari stöð, þó hún sé

á Akureyri, að hún eigi að sitja við allt annað og betra borð í skattalegu tilliti en sambærilegar stöðvar á Ísafirði og Seyðisfirði.

Ég gæti, hæstv. forseti, rifjað upp eitt og annað sem ráðherrann sagði í vor um það hversu mikið hann og ríkisstjórn hans hygðist gera fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Það átti að nema tugum milljóna sem þá átti að gera fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Við þetta hefur ekki verið staðið, síður en svo, og skal ég ekki fara út í þá sálma að þessu sinni. Þjóðin veit ofurvel að þessi ríkisstjórn stendur ekki við það sem hún segir yfir höfuð að tala. Og þó ég geti bent hér á eitt atriði til viðbótar, þá er það ekki kjarni málsins nú heldur hitt að hæstv. ráðherra endurtaki það hér í ræðustól sem hann hefur sagt við hv. 5. þm. Norðurl. e. prívat, að til standi að veita enn hærri fjárhæðir til Slippstöðvarinnar á Akureyri af opinberu fé, úr ríkissjóði, en nemur þeim fjárhæðum sem við erum að tala um samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst geta þess að söluskattur var endurgreiddur til iðnaðarfyrirtækja í samræmi við þær heimildir sem voru í fjárlögum til slíkra greiðslna. (**HBl:** En ekki í samræmi við loforð ráðherrans.) Fjmrh. hefur aldrei gefið loforð um að endurgreiða eitt eða neitt umfram það sem er í fjárlögum. (**HBl:** Fjmrh. skammtaði sér sjálfur fé í fjárlögunum í gegnum sinn meiri hluta.) Það er nú ekki þannig að fjmrh. skammti sér sjálfur í gegnum meiri hlutann. Það væri létt verk að vera fjmrh. ef það gengi þannig fyrir sig. (**HBl:** Það gengur nú þannig fyrir sig.) Það hefur kannski gengið þannig fyrir sig þegar hv. þm. Halldór Blöndal var í ríkisstjórn og er þá engin furða þó að hlutirnir færi úr böndunum. (**HBl:** Það vantar $^1/_6$ upp á og það veit ráðherrann.) Það vantar engan $^1/_6$ upp á. (**HBl:** $^5/_6$ voru greiddir og vantar $^1/_6$.) (Forseti hringir.) Þetta er allt í lagi, forseti, ég kann ágætlega við það að ræða við þingmanninn hérna og hef aldrei verið á móti slíku og er frekar andvígur þessum eilífu bjölluhringingum hérna í þinginu. Ef ræðumaður getur ekki haldið sjálfur hljóði í salnum, þá á hann bara að hætta að tala.

Hins vegar er rétt að geta þess að ég sótti í tvígang um viðbótarfjármagn gegnum fjáraukalög til þess að geta endurgreitt uppsafnaðan söluskatt til iðnaðarfyrirtækja og annarra fyrirtækja, m.a. vegna þess að áætlanir fyrirtækjanna um þessar upphæðir reyndust ekki vera réttar. En það er nú liðin tíð, því máli er lokið farsællega.

Það koma hins vegar oft upp mál á þann veg að menn vilja snúa hjólinu aftur á bak og fara aftur fyrir ákvarðanir sem teknar voru af þargildum löglegum stjórnvöldum á sínum tíma. Eitt af því er auðvitað þetta gjald sem lagt var á erlendar lántökur, ekki af núv. hæstv. ríkisstjórn, heldur af þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. Halldór Blöndal studdi, þannig að það var nú ekki uppfinning okkar að leggja gjald á erlendar lántökur til atvinnulífsins heldur var það uppfinning ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. (Gripið fram í.) Nei, nei, það er alveg rétt. Ég skil þess vegna vel að hv. þm. Halldór Blöndal er að reyna að baksa við það hér í þingsölum að þessi gjöld sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar lagði á atvinnulífið séu greidd til baka, en ég skil ekki af hverju hann vill ekki bara endurgreiða þau öll til baka, fyrst það er á annað borð byrjað á þessu. Þannig að ég beini því nú til þingmannsins að hugleiða það hvort hann vilji ekki flytja hérna frv. um að atvinnulífinu verði endurgreidd öll þau gjöld sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar lagði á atvinnulífið.

Ég hef þess vegna ekki viljað fara þá leið sem hv. þm. hefur sífellt verið að leggja til hér í þinsölum, að tekin væri upp sú regla að endurgreiða gjöld sem lögleg stjórnvöld lögðu á viðkomandi aðila með löglegum hætti á tilteknum tíma, því það er það sem hér um ræðir. Og sú skoðun mín er ekkert breytt. Til mín hafa komið t.d. fulltrúar ýmissa fyrirtækja sem hafa vakið athygli á því að þær breytingar á tollalögum sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar beitti sér fyrir hafi komið sér mjög illa fyrir — ég er ekki búinn, hv. þm., þetta er nú allt í lagi, ég má setja þetta aðeins í samhengi — að þær breytingar á tollalöggjöf sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar beitti sér fyrir hafi komið þeirra fyrirtækjum mjög illa vegna þess að þau hafi verið búin að kaupa vélar og tæki og greitt af þeim tolla, en samkeppnisaðilarnir keypt eftir að niðurfelling tollanna átti sér stað og það hafi skekkt mjög samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja gagnvart öðrum fyrirtækjum. Og þeir hafa farið fram á það að þessir tollar væru endurgreiddir til þess að styrkja samkeppnisstöðuna á nýjan leik. Þannig er auðvitað hægt að halda áfram endalaust ef menn á annað borð opna fyrir það að stjórnvöld nokkrum árum seinna fari að endurgreiða gjaldtöku sem hafi komið atvinnufyrirtækjunum illa þó að sú gjaldtaka hafi verið ákveðin með löglegum hætti.

Í málefnum Slippstöðvarinnar á Akureyri er það hins vegar rétt sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur væntanlega sagt, þó ég ætli nú ekki að treysta öllum útleggingum hv. þm. Halldórs Blöndals á hennar orðum, að ég hef átt viðræður bæði við hana og við forsvarsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri og stjórn Slippstöðvarinnar. Ég fór til Akureyrar sérstaklega til þess að eiga viðræður við stjórn fyrirtækisins og bæjarstjórn Akureyrar og lét í ljósi þá skoðun að mikilvægt væri að selja umrætt skip, sem hv. þm. Halldór Blöndal átti hlut í að ákveða að yrði byggt án þess að nokkur kaupandi væri til að, og það væri réttlætanlegt að lækka verðið eða grípa til annarra ráðstafana, sem hlutafjáreigendur fyrirtækisins þyrftu þá að bæta því með einum eða öðrum hætti til þess að styrkja rekstrargrundvöll Slippstöðvarinnar áfram. Þar yrði auðvitað að taka mið af heildarskuldastöðu og gjaldastöðu fyrirtækisins. Ég hef gefið vilyrði fyrir því að þau mál verði skoðuð í samhengi við söluna á skipinu og það verð sem endanlega fæst fyrir skipið og rekstrarstöðu fyrirtækisins að öðru leyti. Það voru fullkomlega faglegar og eðlilegar viðræður og ég varð ekki var við annað en stjórnendur fyrirtækisins, bæði forstjóri og stjórnarmenn, væru mjög ánægðir með það. Síðan hefur verið unnið að því að reyna að selja skipið og meta

þetta á skynsamlegan hátt. Þetta er þess vegna allt saman í eðlilegum farvegi og fullkomið samkomulag um það milli mín og hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur og stjórnenda fyrirtækisins og forstjóra.

Auðvitað munum við tryggja hag Slippstöðvarinnar á Akureyri og auðvitað munum við koma í veg fyrir það að sú vitlausa ákvörðun sem tekin var á sínum tíma komi til með að bitna á fyrirtækinu um aldur og ævi. Við erum í þessum efnum eins og öðrum að leysa þau vandamál sem aðrir skildu eftir sig.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er náttúrlega óþolandi í fyrsta lagi að ráðherra, sem hagar sér með þeim hætti að boða komu sína hingað í þingsalinn kl. þrjú og lætur þingmenn bíða eftir sér í stundarfjórðung og gefur ekki skýringar og tekur þannig upp mikilsverðan tíma þingmanna og kemur í veg fyrir að þeir geti snúið sér að öðrum verkum, skuli leyfa sér að koma svo hingað í þingsalinn með skætingi og svara engu þeirri fyrirspurn sem fyrir hann er lögð. Ég lagði fyrir hæstv. ráðherra ákveðna fyrirspurn. Hæstv. ráðherra hefur verið hér með útúrsnúninga, hefur ekki svarað í einu eða neinu því sem að var spurt sem auðvitað er mjög í samræmi við hegðan ráðherrans að öðru leyti.

Ég vil í fyrsta lagi aðeins rifja það upp að það lántökugjald sem við erum hér að tala um og fellur á þessar skipasmíðastöðvar er samkvæmt lögum sem annars vegar voru sett á þeirri tíð sem Jón Baldvin Hannibalsson var fjmrh. og hins vegar á þeirri tíð þegar hæstv. ráðherra Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh., þó svo að hann muni ekki eftir því sjálfur. Það sýnir einungis að hann hefur lítið minni eða er að vonast til þess að komast upp með það að segja ósatt. Ekki skal ég um það segja hvort heldur vakir fyrir ráðherranum. En þannig eru málin að þessi lög eru sett í tíð þessara tveggja ráðherra og það vill svo til, hæstv. ráðherra, að ég er hér með lögin og undir þau skrifar Ólafur Ragnar Grímsson, þannig að það þarf ekki um það að ræða að ráðherrann fer algjörlega með rangt mál. (Gripið fram í.) Það stendur hér að í stað orðanna 31. des. 1988 komi 31. des. 1989, þannig að sá hluti lántökugjaldsins sem fellur á þessu tímabili er að fullu og öllu leyti á ábyrgð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar.

Ég vil í öðru lagi taka það fram, sem kom fram í framsöguræðu minni þegar ég gerði grein fyrir lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, að ég tók það mjög skýrt fram að á þetta lántökugjald, svo hátt sem það þá var, hefði verið fallist vegna þess að mjög mikill kvíði var uppi vegna þeirrar miklu þenslu sem svo er kölluð sem þá var á vinnumarkaði hér á landi. Menn voru af þeim sökum að reyna að standa á móti því að tekin væru erlend lán til fjárfestingar. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. séu sammála um að í of mikla fjárfestingu hafi verið ráðist á fyrri hluta árs 1988 þó svo að þessi ákvæði hafi þá verið í lögum.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram að bæði á þeim tíma lagði ég áherslu á það að þegar talað var um útflutnings- og samkeppnisiðnað yrðum við að skilja það svo að slík ákvæði tækju til skipasmíðaiðnaðar í heild. Þegar hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, og gerði sig eins fallegan og hann getur best orðið, að það væri ekki hans siður að endurgreiða skatta sem á hefðu verið lagðir, var hann að gefa í skyn að ekkert fordæmi væri fyrir því sem ég fer fram á í þessu frv. Nú veit ráðherrann líka þar betur, herra forseti. Líka þar veit hann betur, alveg eins og hann vissi að hann hafði sjálfur skrifað undir lögin, þá vissi hann að hann fór þar líka með rangt mál.

Allt árið 1989 var ég að eltast við hæstv. ráðherra. Út af hverju? Vegna þess að það lágu fyrir loforð, sem gefin voru hér í Ed. vegna lánsfjárlaga og vegna þeirra umræðna sem urðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum, það lágu fyrir loforð bæði frá hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni um það að lántökugjöld sem tekin væru vegna íslensks skipasmíðaiðnaðar yrðu endurgreidd. Þessi loforð lágu skýrt fyrir. Það var líka staðfest þegar loksins náðist í gegn á næstsíðasta degi þingsins 1989, fyrir, ja, ég vil bara þakka mér það, ég eltist við ráðherrann hér dag eftir dag og loksins tókst það á næstsíðasta degi þingsins að knýja það fram að hann sendi bréf upp í Byggðastofnun þess efnis að lántökugjald vegna lána sem veitt höfðu verið af Byggðastofnun til þeirra útgerðarmanna sem létu gera við skip sín í íslenskum skipasmíðastöðvum, slíkt lántökugjald yrði endurgreitt. Sama daginn og sú fyrirspurn var tekin til umræðu barst bréfið upp í Byggðastofnun. Allt sem sagt hafði verið um endurgreiðslu þessara lána hér í deildinni, bæði þá um vorið og í sameinuðu þingi fyrr um veturinn, voru staðlausir stafir.

En bréfið barst loksins þennan næstsíðasta dag. Og það er til uppi í Byggðastofnun, ef ráðherra vefengir og er sjálfsagt að senda honum bréfið, þannig að það náðist fram. En ráðherrann kaus að skilja það þannig að þessi endurgreiðsla vegna samkeppnisiðnaðarins sem heitir skipasmíðar skyldi ekki taka til þess ef fiskiskip yrði smíðað hér á landi. Á hinn bóginn skyldi það taka til þess ef hér yrði smíðað farþegaskip eða prammi, vöruflutningaprammi. Það er fiskveiðiþjóðin sem stendur þannig að skipasmíðaiðnaðinum. Það mátti ekki endurgreiða lántökugjaldið ef um fiskveiðiskip var að ræða. Þannig var skilningur ráðherrans á þessu. Bæði reyndu einstakir þingmenn úr Alþb., úr Framsfl., úr Alþfl. að hafa áhrif á iðnrh. og fjmrh. í þessu máli en það var allt án árangurs. Þeir stóðu ekki við þau fyrirheit sem þeir höfðu gefið, hvorki varðandi Slippstöðina á Akureyri, Marsellíus Bernharðsson né Vélsmiðju Seyðisfjarðar. Síðan leið árið 1989 og það er rétt sem ráðherra segir, þá féllu lögin úr gildi og hann hafði ekki lengur heimild til að endurgreiða lántökugjaldið og það er af þeim sökum sem þetta frv. er nú flutt öðru sinni.

Nú skal ég ekki segja hvort ráðherra kýs að taka aftur til máls eða reynir með einhverjum öðrum og nýjum hætti að snúa út úr í þessu máli. Svona er þetta vaxið. Jón Baldvin Hannibalsson skrifaði undir lántökugjaldið í fyrra skiptið, Ólafur Ragnar Grímsson í

seinna skiptið. Ég hef síðan tekið þetta mál upp á Alþingi þrásinnis. Ég tók þetta mál upp í sambandi við undirbúning laganna um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum, 1988 tók ég þetta mál upp við þáv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson, en hann varð nú bráðkvaddur í embætti, ef svo má segja, og ég hef hér við hliðina á mér þann ráðherra sem við tók.

Ég segi svo eins og mér finnst, það er undarlegt þegar ráðherra Alþb. heldur því fram hér hvað eftir annað að það hafi verið röng ákvörðun að ráðast í smíði fiskiskips á Akureyri 1988. (**ÓRG:** Án þess að hafa kaupanda.) Án þess að hafa kaupanda. Slíkt hafði verið gert áður hjá þeirri skipasmíðastöð og tekist vel. Það hefur sennilega líka verið rangt þá.

Þá var um það að ræða að segja 50 manns upp atvinnunni. Það er það sem ráðherrann er að mæla með. Hann er að mæla með því að 50 manns hafi líka verið sagt upp atvinnunni á árinu 1989. Það er með öðrum orðum efnahagsstjórn Alþb., þegar verið er að byggja upp þekkingu í skipasmíðaiðnaði, halda til haga þekkingu og verkkunnáttu með því að ráðast í smíði fiskiskips, þá er svar Alþb. að það eigi að kasta slíku fyrir róða, það eigi að brjóta undirstöðu skipasmíðaiðnaðarins hér á landi með því að leyfa ekki slíkar aðgerðir, leyfa það ekki, brjóta niður Slippstöðina á Akureyri.

Þetta er auðvitað mjög athyglisvert. Svipað sjónarmið kom fram hjá hæstv. iðnrh. á fundi Fjórðungssambands Norðlendinga nú í sumar á Sauðárkróki. Það hefur komið fram hjá iðnrh. áður og hans sjónarmið hefur verið að við eigum ekki að reyna að halda til haga þeim iðnaði hér á landi sem á við þá samkeppni að stríða erlendis frá að slík sambærileg fyrirtæki þar njóta ríkisstyrks.

Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á að erlendis námu opinberir styrkir til skipasmíðaiðnaðar á þessum tíma minnst 15–20% í löndum Evrópubandalagsins og sums staðar var þessi styrkur enn meiri. Síðan gerðist það fyrir rúmu ári, á haustdögum 1989, að kaupandi fannst að skipinu í Slippstöðinni á Akureyri og bæði hæstv. fjmrh., hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. gáfu þingmönnum Norðurl. e., gáfu þeim aðilum sem vildu kaupa skipið og starfsfólki Slippstöðvarinnar á Akureyri loforð um að það yrði greitt úr smávegis erfiðleikum í sambandi við það að þessir aðilar keyptu skipið sem er í Slippstöðinni á Akureyri, sem sýnir að sú ákvörðun var rétt, herra forseti, að ráðast í smíði skipsins á því herrans ári 1988 að því tilskildu að það væru menn í ríkisstjórn á Íslandi.

Þetta mál var síðan tekið fyrir í Byggðastofnun. Ég lagði þá til að Byggðastofnun lánaði til skipsins sem svaraði 80% af kostnaðarverði þar sem ekki væri á það að treysta að Fiskveiðasjóður mundi koma til móts við Slippstöðina með því að lána helming þeirrar fjárhæðar. Þá var því lýst yfir af stuðningsmönnum og fulltrúum Alþb., Framsfl. og Alþfl. að ráðherrar þeirra, fjmrh., iðnrh. og forsrh., hefðu greitt úr málinu. Við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af því að ekki yrði úr kaupunum á skipi Slippstöðvarinnar á Akureyri af því að þessir þrír heiðursmenn hefðu nú látið hendur standa fram úr ermum. Og blaðafulltrúi hæstv. fjmrh., hann heitir Mörður, sögulegt nafn Mörður, flutti Norðlendingum skilaboð frá fjmrh. um það að starfsmennirnir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að sú lánsfyrirgreiðsla sem þá var beðið um fengist. Á þeirri stundu var það því samdóma álit fjmrh., iðnrh. og forsrh. að kaupandi, frambærilegur kaupandi hefði fundist að skipi Slippstöðvarinnar. Það var þeirra álit að um eðlileg viðskipti væri að ræða. Það var ekki fyrr en þeir höfðu sjálfir heykst á því að standa við sín fyrirheit sem þeir hafa verið að kasta fram alls konar glósum, ósmekklegum glósum á menn sem á árinu 1987 og 1988 báru fjárhagslega ábyrgð af rekstri Slippstöðvarinnar á Akureyri. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að á árinu 1988 var góður hagnaður af rekstri Slippstöðvarinnar og ekki undan því að kvarta. Og þegar þessi góði hagnaður á rekstri Slippstöðvarinnar var sýndur á aðalfundi þess félags sá hæstv. fjmrh. ástæðu til þess að vísa þeim manni úr stjórn Slippstöðvarinnar sem hér stendur, þannig að ég get ekki borið ábyrgð á stjórn hennar síðan og verður hann að beina orðum sínum til annarra ef hann vill vera með skæting í þeim efnum.

Ég hlýt hins vegar að harma að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera maður til að endurtaka það opinberlega sem hann sagði við hv. 5. þm. Norðurl. e., að hann hafi í hyggju að gera meira fyrir Slippstöðina á Akureyri en stendur í því frv. sem hér er flutt. Mér þykir líka mjög óviðurkvæmilegt af hæstv. ráðherra að hann skuli ekki skýra fyrir þingdeildinni sem hefur fjárveitingavaldið, það er Alþingi sem hefur það, með hvaða hætti hann ætlar að koma til móts við Slippstöðina ef hann aflar sér ekki lagaheimildar til þess. Það er háttur ráðherrans stundum að halda því fram að hann þurfi heimild í lögum. Ekki þurfti hæstv. ráðherra heimild í lögum þegar hann tók hugvitið eitt til greina sem tryggingu fyrir hárri skattaskuld eins og við munum. Ekki fékk hæstv. ráðherra heimild Alþingis til sölu á hlutabréfum sem hann hefur nú verið húðstrýktur fyrir af Ríkisendurskoðun að selja við of lágu verði. En hvaðan ætlar hæstv. ráðherra að fá heimildina? Og er það hugmynd ráðherrans að hann ætli sér að endurgreiða Slippstöðinni á Akureyri þann hluta gjaldsins sem hún hefur innt af hendi en láta fyrirtæki í eigu einstaklinga, Slippstöðin á Akureyri er að stórum hluta eign ríkissjóðs, en ætli á hinn bóginn að láta tvö fyrirtæki sem eru að öllu í eigu einstaklinga, þ.e. Skipasmíðastöð Marsellíusar Bernharðssonar og Vélsmiðju Seyðisfjarðar, standa undir skattinum algjörlega? Þetta er spurningin.

Í stuttu máli: Ráðherra hafði heimild til þess að endurgreiða lántökugjald vegna skipasmíða hér á landi. Hann lét endurgreiða skattinn þegar um það var að ræða að aðilar tóku lán til meiri háttar viðhalds og endurbóta. Það var endurgreitt. Ég kann ekkert dæmi í lögum um það að gerður sé skilsmunur á endurgreiðslum af skatti, herra forseti, þegar annars vegar er um endurbætur að ræða og hins vegar um nýbyggingu, enda erfitt að gera greinarmun á milli. Það var endurgreitt vegna endurbóta og endurgreitt vegna meiri háttar viðhalds á skipum ef viðgerðin og endurbæturnar

voru unnar í íslenskri skipasmíðastöð. Það þýddi auðvitað að ráðherra bar jafnframt að endurgreiða ef um það var að ræða að fiskiskip var smíðað hér á landi á sama tíma. Það er eðlileg framkvæmd laganna, það er heiðarleg framkvæmd laganna og það var embættisskylda ráðherrans að standa svo að framkvæmdinni. Það var hins vegar ekki gert. Hörmulegt, herra forseti, að ráðherrann skuli leyfa sér að snúa út úr þegar um svona lagað er að ræða og tala hér í ræðustólnum eins og aldrei hafi komið til endurgreiðslu á lántökugjaldi vegna verkefna sem unnin voru í skipasmíðastöðvum, tala þá þvert um hug sér og reyna að búa til ranga mynd af umræðunni, aðra mynd en raunverulega er fyrir hendi. Þegar menn grípa til slíkra ráða, geta ekki sagt satt í þessum efnum, þá eru þeir með vondan málstað. Þegar menn hafa sjálfir lagt á skattinn og eru að reyna að klístra honum, ábyrgðinni, yfir á aðra þá eru þeir með vondan málstað.

Það er kækur hjá framsóknarmönnum, kommúnistum og krötum — og ég vil taka það fram, herra forseti, að hæstv. fjmrh. er öfugt farið við flesta aðra stjórnmálamenn sem hafa nú reynt með árunum heldur að fjarlægjast hamarinn og sigðina, þessi hefur svona heldur hneigst í þá áttina — það er háttur þessara manna að reyna að koma ábyrgð af öllu sem gerst hefur hér á landi á Sjálfstfl., hvort sem hann hefur verið í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þeir hafa ekki reynt að halda uppi málflutningi á þeim grundvelli að þeir séu sjálfir ábyrgir. Ég get tekið eitt lítið dæmi. Einu sinni þótti þessum hæstv. ráðherra sæma að spauga með það að Sjálfstfl. hefði staðið illa að málum, hefði brugðist þegar hann tók ákvörðun um það í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að göng yrðu sprengd í gegnum Múlann til Ólafsfjarðar. Hæstv. ráðherra spaugaði með það mál m.a. á Ísafirði. Nú fer hann um allt land með samgrh. sínum og þá stendur í auglýsingunni að þessir tveir menn hafi tekið ákvörðun um Múlagöngin eftir að þeir urðu ráðherrar, ákvörðun sem áður hafði verið tekin. Þannig er nú málflutningurinn. (**Fjmrh.:** Matthías gleymdi að útvega peningana.) Gleymdi Matthías að útvega peningana? Skildi Matthías þannig við að hann gleymdi að útvega peningana? Er það þannig að ráðherrar, fjármálaráðherrar, útvegi peningana sjálfir með einhverjum sérstökum galdrastöfum? Ég held að núv. hæstv. fjmrh. hafi ekki útvegað neina peninga. Hitt er rétt að hann er búinn að þyngja skatta á fjögurra manna fjölskyldu um 120 þús. á ári, 30 þús. pr. einstakling. Hann hefur hækkað tekjuskattinn svo að á mörgum stöðum sjá menn fram á hreina örbirgð þar sem menn gátu þó kannski reynt að bjarga sér áður. Ég man ekki, hæstv. ráðherra, er hann búinn að útvega peningana fyrir göngunum sem á að leggja fyrir vestan? Eða hvar eru peningarnir? Ofan í skúffu? Eru það lánin sem ráðherrann er að taka núna sem eiga að fara í göngin fyrir vestan? Er það háttur í íslenskri stjórnsýslu að Vegagerðin sé látin fá poka fyrir öllu því sem samþykkt er á Alþingi í vegamálum fyrir fram og geymt þar í kofforti? Drottinn minn dýri. Það er nú hálfaumt.

En ég ítreka það sem ég sagði, herra forseti. Ætlar ráðherrann að láta eitt yfir skipasmíðastöðvarnar ganga? Það ætti að vera mjög einfalt að svara því. (**Fjmrh.:** Svarið er já.) Svarið er já. Ætlar ráðherrann að veita sérstöku fé til Slippstöðvarinnar á Akureyri til þess að greiða fyrir því að skipið verði selt? (**Fjmrh.:** Það hefur komið til umræðu.) Það hefur komið til umræðu. En ráðherrann er á móti því að endurgreiða lántökugjaldið? (**Fjmrh.:** Já.) Þá liggur þetta mál fyrir. Hv. 5. þm. Norðurl. e. verður svo að meta það hvernig ráðherra svarar. Ráðherra er heldur óákveðnari en hann var fyrir tæpu ári. Þá kvað hann miklu fastar að orði en nú. Hann hefur ekki staðið við neitt af því sem hann sagði í maímánuði, ekki eitt einasta orð. Og nú er spurningin hvort hv. þm. meti ummæli hæstv. ráðherra nú svo að hann treysti því að hann muni gera meira fyrir Slippstöðina á Akureyri heldur en felst í því frv. sem hér liggur fyrir. En mér skilst að það séu forsendurnar fyrir því að fella niður endurgreiðsluna af lántökugjaldinu að hv. þm. telur sig hafa loforð ráðherrans fyrir enn hærri greiðslu til Slippstöðvarinnar. Ráðherra hefur lýst því yfir að um það sé ekki að ræða. Ráðherra hefur sagt að það hafi komið rétt til greina að reyna að greiða fyrir einhverju sem hann hefur áður lofað að yrði áreiðanlega gert, þannig að spurningin er: Er betra að hafa einn fugl í hendi en tvo fugla í frumskógum Alþb.? Mér hefur nú sýnst að dauðinn hafi svo heltekið þá skóga vegna mengunarinnar frá Moskvu að varla sé við því að búast að fuglum fjölgi þar um slóðir.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Rétt skal rétt vera og af því að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur í tvígang haft eftir mér nokkuð sem ég sagði reyndar ekki, þá vil ég koma á framfæri leiðréttingu. Hann sagði að ég hefði sagt að það hefði verið lofað helmingi stærri upphæðum en lántökugjaldið næmi. Það er nú reyndar ekki rétt. Nú getur vel verið að það verði um helmingi hærri upphæð að ræða og er það þá vel, en bara til þess að það fari ekkert á milli mála hvað ég sagði í minni ræðu þegar þetta mál var síðast á dagskrá, þá var það að ég liti á það sem loforð stjórnvalda að taka þátt í þeim gífurlega fjármagnskostnaði sem safnast hefði á skipið.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekki ræðuna við höndina en ég man ekki betur en hv. þm. hafi sagt að það væri of lítið sem fælist í þessu frv. sem ég flyt hér. Það er ekki úrslitaatriði. Það er hægt að fletta því upp síðar. En ummæli mín byggðust á því að þingmanninum þætti of lítið það sem fælist í endurgreiðslunni og gaf með öðrum orðum í skyn að ekki tæki því að greiða fyrir því að þessi litla endurgreiðsla kæmi til, 6 eða 8 milljónir.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég taldi mig muna að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefði átt von á meiru frá ráðherranum og upplýst um það á þingfundi sem mun hafa

verið 2. maí 1990. Hér stendur það sem þingmaðurinn sagði:

„Hæstv. forseti. Með tilliti til orða hæstv. fjmrh. í umræðunni hér fyrir nokkrum dögum þess efnis að tekið verði á vanda Slippstöðvarinnar á Akureyri sérstaklega og þar sem hér er um tiltölulega lága upphæð að ræða þegar litið er til þess vanda sem það fyrirtæki á við að stríða, þá greiði ég atkvæði með meiri hl. fjh.- og viðskn. og segi já."

Í þessu held ég að felist nú það sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur verið að halda fram, að þingmaðurinn gerði ráð fyrir meiru frá ráðherranum, taldi sig hafa loforð fyrir því, heldur en því sem Halldór Blöndal lagði til. (**Fjmrh.:** Það getur líka vel verið að það verði meira.) Að það verði? (Gripið fram í.) Nú jæja. Það er kannski von í málinu enn þá. En það er að verða liðið eitt ár síðan hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir mælti þessi orð og biðin er orðin ansi löng. Ég held að það sé rétt fyrir þingmanninn að fara að knýja á framkvæmdir og knýja á það og berja ráðherrann þá til hlýðni, að hann verði þá við því að láta meira rakna til Slippstöðvarinnar heldur en felst í þessu frv. hv. þm. Halldórs Blöndals.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég minnist þess alveg hvað ég sagði í maí, en reyndar var ég ekki að vitna í þá ræðu og ég held að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi heldur ekki verið að því áðan. En bara til þess að rétt sé rétt, ég geri mér að sjálfsögðu vonir um að þarna verði um miklu hærri upphæðir að ræða heldur en nemur þessu lántökugjaldi, þá bar ég ekki meira upp á hæstv. ríkisstjórn en það að hafa lofað að taka þátt í þessum fjármagnskostnaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

51. fundur, miðvikudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 556, n. 638, brtt. 639, 640.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Eins og kunnugt er er frv. þetta flutt af þingflokksformönnum öllum þótt á þskj. standi einungis nöfn þeirra þingflokksformanna sem sæti eiga í Nd. eins og eðlilegt er samkvæmt þingsköpum.

Nefndin ræddi frv. ítarlega á nokkrum fundum og fór yfir efni þess. Hún fékk til fundar við sig lagaprófessorana dr. Gunnar G. Schram og Sigurð Líndal.

Dr. Gunnar G. Schram hefur áður komið að stjórnarskrármálum því hann var um tíma starfsmaður og ritari stjórnarskrárnefndar sem skipuð var haustið 1978 en hún skilaði skýrslu í ársbyrjun 1983. Það er ljóst að fyrirliggjandi frv. er í mörgum greinum byggt á tillögum stjórnarskrárnefndar að því er Alþingi varðar. Er að dómi nefndarmanna mikils virði að þeir prófessorarnir hreyfðu engum mikilvægum andmælum við efnisgreinum frv. né frágangi þess almennt.

Samstaða er í nefndinni um afgreiðslu frv. Hún stendur öll að fjórum brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Tveir nefndarmanna hafa fyrirvara og munu væntanlega gera grein fyrir þeim hér á eftir.

Ég vil þá, herra forseti, fyrst gera stutta grein fyrir þeim brtt. sem nefndin flytur.

Fyrsta brtt. er við 3. gr. frv. Hún felur í sér að Alþingi komi saman eigi síðar en 10 vikum eftir að almennar alþingiskosningar hafa farið fram. Með þessu ákvæði gildir þá sami frestur um samkomudag Alþingis eftir almennar alþingiskosningar án tillits til þess hvernig til þeirra er stofnað, hvort sem það er gert með þingrofi eða að kosningar fari fram í lok fjögurra ára kjörtímabils.

Þess má geta til fróðleiks að þessi frestur er víða annars staðar miklu styttri, í Danmörku t.d. er hann aðeins tólf virkir dagar. Hugmyndin að baki þessarar tillögu er að ekki líði óhæfilega langur tími frá kosningum og stjórnarmyndun í kjölfar þeirra þar til Alþingi kemur saman á ný. Nýleg dæmi eru kosningarnar 1983 og 1987. Í bæði skiptin leið hátt á sjötta mánuð frá því að þing var kjörið og þar til það kom saman til fyrsta fundar að hausti. Þetta verður að teljast óvenjulega langur tími nú á dögum þegar svo miklar breytingar hafa orðið á starfsemi Alþingis og samgöngur allar og aðstaða þingmanna til þess að rækja þingmannsstarfið er miklu betri. Því er svo við að bæta að margir telja eðlilegt og í samræmi við grundvallarreglur þingræðis að Alþingi komi saman til fundar skömmu eftir stjórnarmyndun til að á það reyni á ný hvort ríkisstjórn hafi stuðning þingsins.

Hins vegar vill nefndin leggja áherslu á að með þessu ákvæði er ekki verið að gera meiri háttar breytingar á starfsháttum Alþingis þannig að til einhvers verulegs þinghalds komi að sumri til. Ljóst er að á þetta ákvæði mun að öllu jöfnu fyrst og fremst reyna við reglulegar kosningar sem fara fram að vori. Þá verður Alþingi, ef kosið er um miðjan maí, að koma saman í síðasta lagi síðari hluta júlímánaðar. Vitaskuld gæti það verið miklu fyrr, en mörkin eru þá þessi.

Árið 1983 lauk stjórnarmyndun hinn 26. maí svo að þingið hefði þá getað komið saman stuttu eftir það, en stjórnarmyndun 1987 lauk ekki fyrr en 8. júlí og þá voru liðnar 11 eða 12 vikur frá kosningum. Hugsanlegt er að þetta ákvæði hefði þau áhrif að herða dálítið á stjórnarmyndun. Ef hún tekst ekki fyrir lok þessa frests gæti Alþingi eigi að síður komið saman, en því mætti þá fresta þangað til línur skipuðust betur í stjórn-

málum. Nefndarmenn eru allir á einu máli um það að ekki væri til bóta að Alþingi færi að starfa að einhverju ráði yfir sumartímann og vil ég vara sérstaklega við því að þetta ákvæði verði túlkað þannig. Hugmyndin er aðeins sú að hér yrði um stutta fundalotu að ræða þar sem ríkisstjórn kynnti stefnumál sín og fengi afgreiðslu á brýnum málum og stjórnarandstaðan gæti komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Venjuleg þingstörf biðu hins vegar reglulegs þings, 1. okt. að hausti.

Önnur brtt. fjallar um frestun á störfum þingsins og hvernig unnt er að kalla Alþingi saman meðan á þeirri frestun stendur. Hið nýja skipulag Alþingis er samkvæmt frv. þannig að þingstörfum verður frestað að *vori þegar þingið hefur lokið venjubundnum störfum* en þingi er ekki slitið eins og nú er. Sú frestun gildir væntanlega til loka þingsins, þ.e. til 30. sept. Hins vegar gæti komið til þess að kalla þyrfti Alþingi saman til funda ef brýna nauðsyn bæri til til þess að afgreiða aðkallandi löggjöf. Þess vegna þarf með einhverjum hætti að tryggja að Alþingi geti komið saman þótt slík frestun hafi verið samþykkt. Þetta mætti hugsa sér að gera með tvennum hætti, annaðhvort að Alþingi setti ákveðin skilyrði þegar það samþykkir frestun á þingstörfum með þál., eða þá, eins og nefndin leggur til, að festa í stjórnarskrána ákveðin skilyrði sem nægðu til að unnt væri að kalla Alþingi saman þegar svo stæði á að þingstörfum hefði verið frestað. Þau skilyrði sem nefndin leggur til að komi inn í stjórnarskrána eru í fyrsta lagi að forseti Íslands að tillögu forsrh. geti hvenær sem er kallað þingið saman til funda og í öðru lagi, og það er mikilsvert ákvæði, að meiri hluti alþingismanna hafi rétt til þess að fá þingið saman til fundar. Okkur finnst það sjálfsagður lýðræðislegur réttur að meiri hluti þingsins geti knúið slíkt fram.

Með þriðju brtt. er komið til móts við athugasemdir sem bæði komu fram við 1. umr. um málið, m.a. frá forsrh., og athugasemdir sem komu fram frá gestum nefndarinnar, lagaprófessorunum báðum, að sá frestur sem Alþingi hefði til þess að afgreiða staðfestingarfrv. bráðabirgðalaga væri of skammur og talsverð áhætta tekin varðandi afgreiðslu þeirra. Nefndin leggur því til að þessi frestur verði lengdur í sex vikur, en jafnframt er orðalagi breytt þannig að fresturinn miðist nú við þann dag sem Alþingi kemur saman, annaðhvort til *reglulegs fundar eða að lokinni þingfrestun*. Það er ljóst að ráðherrum er skylt að leggja staðfestingarfrv. fram þegar í upphafi þings, en dragist það verður það ráðherrunum í óhag því skemmri tími verður til þess að afgreiða málið en ella og meiri hætta á því að það falli á tíma.

Fjórða og síðasta brtt. sem nefndin flytur felur í sér að reglulegar kosningar til Alþingis megi ekki dragast fram yfir lok kjörtímabils. Þessi tillaga er flutt til að koma í eitt skipti fyrir öll í veg fyrir þær deilur sem oft hafa risið um það hvort heimilt sé að alþingiskosningar fari fram eftir lok kjörtímabils og landið verði með þeim hætti þingmannslaust. Samkvæmt núgildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar er að ég hygg ekkert sem bannar að landið verði þingmannslaust um einhvern tíma. Með því ákvæði sem nefndin gerir hér tillögu um ætti þá að vera endanlega tryggt að til slíks kæmi ekki framar því að samkvæmt brtt. eiga alþingiskosningar að fara fram aldrei síðar en fjórum árum eftir kjördag nema einhver óviðráðanleg atvik komi til og beita verði neyðarrétti, eins og dæmi eru raunar um í okkar sögu, þ.e. þegar kjörtímabil Alþingis var lengt á styrjaldarárunum, árið 1941.

Jafnframt eru lok kjörtímabils skilgreind nánar í greininni. Sú skilgreining miðar fyrst og fremst að því að kjördagur færist ekki sífellt framar á árið eins og hætta er á meðan ekki eru skýrar reglur um hvenær kjörtímabili lýkur. Vísa ég þá til þeirra umræðna sem um það hafa orðið að undanförnu. Samkvæmt brtt. er ljóst að hafi kosningar farið fram t.d. annan laugardag í maí, þá ættu reglulegar kosningar fjórum árum síðar að fara fram annan laugardag í maí, hvorki fyrr né síðar, því að þann dag lyki kjörtímabilinu. Þetta teljum við að sé til mikilla bóta þótt auðvitað hafi einstakir nefndarmenn áhyggjur af því í hvaða kreppu þetta kjördagsmál er nú og að kjörtímabilinu skuli ljúka svo snemma sem raun er á. Margir, og það á víst fremur við okkur landsbyggðarþingmenn, teldu eðlilegra að kosningar færðust fram á vorið þannig að þetta kæmist í betra horf en verið hefur undanfarið, við síðustu tvennar kosningar, eða þrennar ef svo má segja. Þótt allt hafi nú slarkast af í þeim slag vitum við ekki hvort gæfan verður okkur jafnhliðholl næst. Það er ekki aðeins veðrið og færðin á kjördegi sem skiptir a.m.k. okkur máli sem erum í framboði úti á landi, eins og margir virðast halda, heldur veðurfar þær vikur þegar kosningabarátta og fundaferðalög frambjóðenda standa yfir.

Rétt er svo að vekja athygli á því að umboð þingmanna rennur út á kjördegi jafnvel þótt þar skeiki einhverjum dögum frá fjögurra ára markinu eins og það er skilgreint í 31. gr. stjórnarskrárinnar, en þar er sjálft kjörtímabiið ákvarðað. Í upphafi þeirrar greinar segir: „Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir *leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára*“ o.s.frv. Þess vegna er ekki ástæða til að skilgreina lengd kjörtímabilsins í þessari grein sérstaklega. Það kemur fram annars staðar í stjórnarskránni. Með þessari grein er einungis verið að tiltaka nánar hvenær kjörtímabilinu lýkur og alþingiskosningar fari fram í síðasta lagi.

Ég vil svo vekja athygli á því að samkvæmt frv. og þeim brtt. sem nefndin flytur verður kjördagur annaðhvort við lok kjörtímabils — við getum kallað það reglulegan kjördag, en að öðrum kosti verður hann ákveðinn með þingrofi. Skiptir þá ekki máli hversu litlu munar frá reglulegum kjördegi. Það yrði ávallt að gera það með þingrofi. Nefndin ræddi nokkra möguleika á að forsrh. ákvæði kjördaginn og hefði til þess dálítið svigrúm án þess að til þingrofs þyrfti að koma. Eftir nokkra athugun féll nefndin frá þeirri leið. En það verður þó forsrh., að formi til forseti Íslands, sem ákveður kjördaginn nema þegar kosið verður á reglulegum kjördegi því að hann hefur þingrofsvaldið og jafnframt þá skyldu að ákveða kosningadaginn í kjölfar þingrofs.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt. sem nefndin flytur. Það gafst ekki mikill tími í nefndinni til þess að fjalla um einstakar breytingar á þingskapalögum eins og þau koma fram í drögum að frv. til laga um þingsköp Alþingis sem fylgir stjórnarskrárfrv. Hins vegar ræddi nefndin talsvert þau breyttu viðhorf sem óhjákvæmilega verða eftir afnám deildaskiptingar þingsins. Því er ekki að leyna að margir nefndarmenn, og mjög margir þingmenn raunar líka, hafa áhyggjur af því að réttur minni hluta verði ekki nægilega tryggður eftir að þingið verður ein málstofa. Það er mjög eindreginn vilji í nefndinni og hún vill að það komi skýrt fram að það verði með einhverjum hætti að tryggja rétt minni hlutans í þinginu, bæði rétt einstakra stjórnarandstöðuþingflokka og einstakra þingmannahópa sem í minni hluta eru, t.d. með því að áskilja aukinn meiri hluta fyrir afbrigðum frá þingsköpum þannig að ekki sé hægt að afgreiða þingmál með mjög miklum hraða nema um það sé víðtækt samkomulag. Þetta varðar einkum þá fresti sem gilda frá því að frv. er lagt fram og þar til það er tekið á dagskrá og fresti milli umræðna, að ekki sé vikið frá þeim nema aukinn meiri hluti sé fyrir því í þinginu.

Nefndin fagnar því að í þessum drögum að nýjum þingskapalögum er ekki að finna neinar frekari takmarkanir á málfrelsi þingmanna eða ræðutíma þeirra við afgreiðslu formlegra þingmála. Það eru að vísu tillögur um að takmarka umræður utan dagskrár og umræður um þingsköp, en meginatriðið er það að við meðferð almennra lagafrumvarpa hafi þingmenn áfram það málfrelsi sem þeir hafa haft fram að þessu.

Þess ber að geta að sumir okkar binda talsverðar vonir við að fyrirkomulag umræðna breytist með þeim nýju ákvæðum sem er að finna í 37. gr. draganna, þ.e. þegar gefinn verður kostur á því fyrir einstaka þingmenn að gera stuttar athugasemdir við ræður þingmanna strax og þær hafa verið fluttar. Það er trú okkar margra að það muni leiða til líflegri skoðanaskipta á þingfundum og til að menn stytti mál sitt og vandi ræður sínar meira en nú er oft og tíðum.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt. sem nefndin flytur og þeim áhersluatriðum sem hún vill að komi fram við þessa umræðu. Nefndin tók þá stefnu í starfi sínu að halda sig eingöngu við þær stjórnarskrárbreytingar sem í frv. eru og samkomulag hefur tekist um og starf hennar hefur miðast við það.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta frv. til stjórnskipunarlaga eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Ég hef undirritað nál. með fyrirvara. Ég vil þó taka skýrt fram að ég er sammála þessu frv. í meginatriðum. Ég fagna því að nú stendur til að gera Alþingi að einni málstofu og vona að það verði til bóta. Ég vona að sá ótti sumra hv. þm. sé ástæðulaus að það verði til að skerða málfrelsi manna, en ég tel mjög mikilvægt að allir þingmenn njóti málfrelsis í ríkum mæli. Á hinn bóginn tel ég að sumir mættu gjarnan stytta mál sitt stöku sinnum.

Ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 640 ásamt hv. 5. þm. Vesturl. Það má segja að sú brtt. lúti ekki að neinu stóru atriði í þessu máli. En þó er það yfirlýst af þeim sem það flytja að þeir hreyfi aðallega nokkrum meginatriðum sem hægt var að ná samstöðu um. Þess vegna finnst mér óþarfi að vera að hrófla við þeim greinum sem að mínum dómi mega vel standa lengur óbreyttar.

Brtt. fjallar um að 14. gr. þessa frv. falli brott. En 14. gr. lýtur að breytingu á 47. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir, eins og mönnum er kunnugt: „Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild." Flytjendur þess frv. sem hér er til umræðu leggja til að orðin „eið eða" falli út og telja að eiðvinningin sé úrelt og fara um það mörgum fögrum orðum. Ég leyfi mér að andmæla þessu og færi þau rök fyrir máli mínu að þetta ákvæði hefur í fyrsta lagi staðið í stjórnarskrá okkar frá upphafi óbreytt til þessa dags. Í öðru lagi að hin ágæta stjórnarskrárnefnd sem vann fyrir nokkrum árum mest og best að endurskoðun stjórnarskrárinnar hreyfði ekki við þessari grein til breytinga. Í þriðja lagi vil ég benda á að í 10. gr. stjórnarskrárinnar er sambærilegt ákvæði þar sem segir að forseti vinni eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. Á þetta líta hv. flytjendur með velþóknun og telja sjálfsagt að það standi áfram.

Ég ætla að það sé almennt talið að eiður og drengskaparheit hafi í hvívetna sömu þýðingu að lögum svo að þess vegna má líta á þetta frá ýmsum hliðum. Ég ætla ekki að lengja mál mitt mjög mikið um svona stutta brtt. en bendi þeim sem kynnu að hafa áhuga á þessum málum og vildu lesa sér til um þau á rit dr. jur. Páls Sigurðssonar prófessors um þróun og þýðingu eiðs og heitvinningar í réttarfari. Þetta er nokkuð mikið rit. Ég get líka bent á það mönnum til upplýsinga að þessu máli hefur verið hreyft á Alþingi áður, m.a. var það á Alþingi 1909, að ég ætla, að borið var fram þingmannafrv. til laga um eiða og drengskaparorð. Flm. þess voru Jón Þorkelsson og Benedikt Sveinsson. Það frv. varð síðar að lögum 1911.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar en ég tel að 47. gr. stjórnarskrárinnar megi að ósekju standa óbreytt þar til heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar hefur farið fram og alþingismenn geta litið á málin í heild með góðri yfirsýn.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu er breyting á stjórnskipunarlögum. Við 1. umr. lýsti ég yfir ákveðnum efasemdum um ágæti þessa máls, sérstaklega hvað varðar þær breytingar að færa Alþingi í eina málstofu. Ég verð að segja eins og er að í raun inni er ég enn á báðum áttum. Eftir umfjöllun í nefnd, sem hefur verið góð og þar hefur verið vel unnið, og eftir að hafa hlustað á mæta menn eins og prófessorana Gunnar G. Schram og Sigurð Líndal hef ég ákveðið að leggjast ekki gegn málinu og stend því að því með öðrum nefndarmönnum ásamt þeim brtt. sem nefndin flytur. Ég ætla hins vegar ekki að fjalla neitt

um þær, ég tel að hv. frsm. hafi gert það mjög skilmerkilega.

Mínir fyrirvarar sneru fyrst og fremst að breytingunni yfir í eina málstofu og fyrir því að verja rétt minni hlutans. Það kom nokkuð til umræðu í nefndinni hvernig mætti verja rétt minni hlutans og komu þar upp ýmsar hugmyndir sem ber að taka til greina þegar frv. um þingsköp verður rætt í framhaldi af þeim breytingum sem kunna að verða hér og vil ég aðeins fá að tæpa á þeim.

Einn var sá liður sem mér þótti nokkuð athyglisverður og vel þess virði að fylgja eftir. Hann var sá að minni hlutinn eða stjórnarandstaðan fengi formennsku í nefndum þingsins sem færi þá eftir þingstyrk flokkanna. Þetta tel ég vel athugandi og menn ættu að færa sig yfir á þessa braut og hætta því að vantreysta mönnum þó þeir séu ekki endilega í stjórnaraðstöðu í það og það skiptið.

Meginâhyggjur mínar varðandi það að fara í eina málstofu er það að málfrelsi verði skert. Ég er smeykur um að framtíðin muni bera það í skauti sér nema fast og ákveðið verði tekið á málum strax. Ég vil því að sett verði tímamörk á hvenær umræður megi fara fram eftir framlagningu mála til að þar megi hafa í huga einhvern ákveðinn dagafjölda, hvað sem hann yrði mikill, tveir, þrír eða fjórir dagar, en það verði að setja þarna ákveðna reglu um. Sama á við um nefndastörf, að mál fari til nefnda eftir hverja umræðu og að ákveðinn tími verði að líða á milli umræðna áður en næsta umræða geti farið fram. Þar má hugsa sér hið sama og í hinu dæminu að þar sé um einhvern ákveðinn dagafjölda að ræða. Einnig að hugsanlegt sé að fara þess vegna yfir í fjórar umræður ef með þarf.

Hv. frsm. kom inn á aukinn meiri hluta fyrir því að veita afbrigði frá þingsköpum. Undir það tek ég og tel að hann ætti að vera verulega aukinn, ekki minni helst en $^3/_4$ hlutar. Það má reyndar geta þess að prófessor Sigurður Líndal kom inn á það í heimsókn sinni til nefndarinnar að 30. gr. stjórnarskrárinnar er í rauninni úrelt. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Forseti veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til." Prófessorinn benti á þessa grein sem úrelta grein og upplýsti nefndina um það að hér væri átt við reglur sem giltu fram til ársins 1874. Þannig er sú grein algerlega úrelt og ætti í raun að falla út.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef sagt voru mínar áhyggjur fyrst og fremst þær að keyrt verði yfir minni hlutann, eins og við höfum upplifað undir þessari ríkisstjórn, að áfram verði lögð fram mál á síðustu stundu og þau keyrð í gegn með afbrigðum. Því hef ég sett þessa fyrirvara sem ég hef lauslega tæpt á.

Ég sé það alveg fyrir mér að með því að fara í eina málstofu verði langar umræður, um frv. sérstaklega, og hægt muni sækjast. Því muni það leiða fljótlega til þess að krafist verður skerðingar á málfrelsi. Þegar ég er að tala um málfrelsi þá er ég að tala um ræðutíma, ekki það að menn hafi ekki tjáningarfrelsi heldur það að ræðutími megi ekki skerðast. Þetta tel ég afar mikilvægan punkt og að menn verði að sameinast um að halda vörð um þetta. Ég hef lýst þessu sem eina vopninu í hendi stjórnarandstöðu og það vopn má ekki slá úr hendi hennar.

Það er reyndar með þessum fyrirvörum sem ég styð þetta mál. Ég vil aðeins í lokin segja það varðandi þá brtt. sem ég stend að með hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni og hann hefur gert ágæta grein fyrir að hv. eða ekki hv., jú, kannski hv. lagaprófessor Sigurður Líndal, kallaði þetta afhelgun þjóðfélagsins.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Út af fyrir sig hef ég ýmsar skoðanir í sambandi við það frv. sem hér er til meðferðar. En ég veit að hér er um að ræða samkomulagsfrumvarp sem menn hyggjast láta ganga fram og það vonandi gerist svo. Hér eru hins vegar fjórar brtt. fluttar á þskj. 639. Ég er efnislega sammála þremur þeirra, hefði kosið að óbreytt væri, og helst hefði ekki verið lengur heimild til bráðabirgðalagaútgáfu með tilliti til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu og met að það hefði verið óþarfi.

En ég kom hér í ræðustólinn aðeins til að spyrja frsm. allshn., hv. 3. þm. Austurl., hvort ekki er rétt skilið hjá mér að fjórða brtt., eins og hún er orðuð, er ekki annað en staðfesting á þeirri skoðun sumra þingmanna að kosningar hefðu átt að fara fram á þessu ári laugardaginn 27. apríl. Ef ég skil rétt er hér verið að tala um að upphaf og lok kjörtímabils miðist við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum, miðað við fjögurra ára kjörtímabil og kosning, miðað við þetta ákvæði, fari því fram 27. apríl í ár eins og fjölmargir hafa skýrt, lögskýrt kosningadagsákvörðun og venja hafði skapast, m.a. þegar síðast var kosið fyrir fjórum árum síðan og ef ég man rétt árin 1963, 1967 og 1971 þó að vísu réði þingrof í einu tilfelli dagsetningu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef verið hlynntur mörgu af því sem hér er gerð tillaga um í þessu frv. Það á alveg sérstaklega við ákvæðið um að Alþingi verði í einni málstofu enda verði starfshættir þingsins sniðnir að því. Það skiptir auðvitað miklu máli hvernig kveðið verður á um þingsköp Alþingis í sambandi við þá breyttu tilhögun en það er mál sem er ekki hér sérstaklega til ákvörðunar. En þessi fyrsta meginbreyting, að deildaskipting verði afnumin, er breyting sem að ýmsu öðru gefnu er tvímælalaust til bóta og mun væntanlega verða mörgum ljóst eftir að sá háttur hefur verið upp tekinn.

Ég er einnig samþykkur því að fastur samkomudagur þingsins verði 1. okt., heldur fyrr en verið hefur, og að Alþingi starfi allt árið að formi til þannig að hægt sé að boða menn til fundar hvenær sem er. Þessu tengist það ákvæði sem varðar setningu bráðabirgðalaga. Það hefur áður komið fram af minni hálfu að ég hefði viljað ganga mun lengra til að þrengja að setningu bráðabirgðalaga heldur en hér er gert. Í rauninni er eina breytingin sem það varðar að taka þarf afstöðu til bráðabirgðalaga á þingi sex vikum eftir að reglulegt

þing kemur saman, hafi bráðabirgðalög verið sett í þinghléi eftir að þinginu hefur verið frestað samkvæmt eigin ákvörðun. En ég hefði talið eðlilegt að ganga lengra og það eru ýmsir fleiri sem eru þeirrar skoðunar, þó ekki hafi verið samstaða um það og því er sú breyting ekki gerð.

Við skulum vona að sú umræða sem fram hefur farið um setningu bráðabirgðalaga og sá möguleiki að kveðja Alþingi saman sem er samkvæmt þessu frv. verði til þess að bráðabirgðavaldi verði ekki misbeitt af framkvæmdarvaldinu eins og ég held að megi finna mörg dæmi um og sum nýleg.

Varðandi kjördaginn sem fjallað er um hér hef ég hins vegar ýmsar athugasemdir að gera. Ég tel það skipta miklu að alþingiskosningar fari sem oftast fram á tilsettum tíma, á ásættanlegum tíma, eins og menn reyndu að lögfesta hér fyrir nokkrum árum með því að annar laugardagur í maímánuði, ef ég man rétt, yrði kjördagur fyrir alþingiskosningar, 11. maí ef kosið yrði samkvæmt þeim ákvæðum nú. En það er kjördagurinn á undan sem er leiðandi um þetta og eftir að lögum var breytt um kjördag hafa menn aldrei komist á þessa dagsetningu og frekar verið að fjarlægjast hana.

Ég hefði í rauninni viljað taka þetta mál með allt öðrum hætti en aðaltillagan fjallar um, þ.e. að festa kjörtímabilið sem fjögur ár. Það er stundum kallað norska kerfið vegna þess að Norðmenn hafa búið við það fyrirkomulag að þingrof er ekki mögulegt, kjörtímabilið er ákvarðað fjögur ár og samfellt og það er skipan sem ég hefði viljað reyna hér á Íslandi en um það er ekki tillaga hér. Þá hefðu menn ekki verið í þeirri óvissu hvenær til þingkosninga kæmi og þá þyrftu flokkarnir að koma sér saman um landsstjórnina, skipan ríkisstjórnar og þingbundinnar stjórnar innan ramma kjörtímabilsins án þess að hafa möguleika á þingrofi. En látum það vera.

Nú er þingrofsvaldið hér áfram og þá getur það auðvitað alltaf breyst með ákvörðun um þingrof, hvenær kosið er og það eru litlar líkur á því í rauninni að menn komist þar samkvæmt þeim ákvæðum sem hér eru í einhverja óskastöðu miðað við árstíma og alþingiskosningar. Þó hefði nú mátt reyna að stilla saman þetta frv. hér og ákvörðun um alþingiskosningar með ákvörðun frv. til laga um viðauka við lög um kosningar til Alþingis sem liggur hér fyrir deildinni, 358. mál, sem kveður á um að kosið skuli laugardaginn 20. apríl 1991. Það er hægt að breyta þeirri dagsetningu, menn geta fært sig yfir á 11. maí með kjördaginn. Ég tel að það væri engin goðgá að gera það og reyna að koma sér inn á þessa dagsetningu. Það er margt sem mælir með því, ekki síst með hliðsjón af því frv. sem hér er til umræðu, þannig að menn óttist ekki að það sé verið að taka upp þann sið að lengja kjörtímabilið, eins og stundum er talað um. Ég held að menn mundu nú lifa það af að þingmenn hefðu ekki umboð hér í nokkra daga, frá 25. apríl til 11. maí.

Það er líka önnur aðferð sem mætti beita til þess að færa kjördag inn á lögfestan dag, ekki með því að lengja kjörtímabilið heldur með því að stytta kjörtímabilið. Hafi þing verið rofið, segjum að hausti, þá yrði kjörtímabilið sem því svarar styttra, það yrði kosið á ákveðinni dagsetningu, eftir þrjú ár og ákveðna daga, á meginkosningadegi. Ég spyr hvort nefndin hafi fjallað um þann möguleika til þess að binda hér meginreglu varðandi kjördaga. Við skulum nú ætla að þingrof verði ekki reglan þó að enginn viti um það hvernig á því valdi verður haldið í framtíðinni.

Af hverju eru menn að tala um þetta? spyrja menn kannski. Það er vegna þess, eins og kom fram hjá hv. frsm. nefndarinnar hér áðan, að það eru ekki sömu aðstæður á landinu til þess að starfa að félagsmálum og málefnum sem tengjast þingkosningum og undirbúningi þeirra. Menn búa þar við misjafnar aðstæður hvað varðar samgöngur og snjóþyngsli. Það er ekki bara einhver fyrirsláttur landsbyggðarþingmanna að norðan, austan eða af Vestfjörðum að þetta er mælt, þetta er veruleg hindrun fyrir eðlilegum undirbúningi og eðlilegu kosningastarfi og þar með eru það kjósendurnir sem eru fyrst og fremst þolendur að þessu sem þátttakendur í því lýðræðislega ferli sem þingkosningar eru. Það skiptir máli að jafnaði, eins og veðri er háttað á Íslandi, hvort kosið er í apríl eða í maí og munar þar um hverja viku. Þess vegna held ég að menn ættu að koma sér niður á það a.m.k. núna innan meginramma þessa frv., vilji menn ekki breyta meira í það horf sem ég hef hér verið að benda á, t.d. með því að stytta kjörtímabil verði þingrof, að stíga nú það skref að ákvarða kjördaginn á þeim degi sem menn komu sér niður á fyrir nokkrum árum eða öðrum degi í maímánuði sem kjördegi fyrir komandi alþingiskosningar.

Virðulegur forseti. Það mætti margt fleira um þetta mál segja. Ég fagna því hins vegar að þetta frv. er hér fram komið og tel að þær breytingar sem þar er verið að leggja til lofi góðu, svona aðalbreytingarnar, þó ég geri hér mjög ákveðnar athugasemdir við þetta atriði er snertir ákvörðun kjördags og hefði vissulega viljað sjá ýmis atriði með öðrum hætti, m.a. afnám réttar til að setja bráðabirgðalög og að kjörtímabil væri fest fjögur ár og þingrofsréttur afnuminn, þá eru það mínar hugsanir og ekki tillögur sem samstaða er um hér á Alþingi nú, og því ætla ég ekki að fara fleiri orðum um þær, en vona að menn nái saman um afgreiðslu þessa máls nú á þinginu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins nokkur orð. Ég vil lýsa stuðningi mínum við það sem hér hefur náðst samstaða um varðandi breytingar á stjórnarskipunarlögunum. Þó ég hefði viljað sjá þetta frv. öðruvísi þá finnst mér mikilvægt að það hafi náðst sú samstaða um þó þau atriði sem hér koma fram.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, og hef reyndar sagt áður, að ég tel mjög mikilvægt að ekki verði skert málfrelsi manna við það að Alþingi starfi í einni málstofu. Það er mjög mikilvægt og verður að taka það sérstaklega fyrir þegar þingsköp verða endurskoðuð. Það kemur auðvitað langverst niður á stjórnarandstöðu ef það verður gert. Það er oft eina

tæki stjórnarandstöðunnar til að lýsa andstöðu sinni á málum að geta skýrt mál sitt hér óheft og þess vegna er mjög mikilvægt að málfrelsi verði ekki skert við endurskoðun þingskapa. Ég tel eðlilegt að til þess að afbrigði séu samþykkt hér þurfi aukinn meiri hluta en ekki einfaldan eins og nú er til þess að það sé ekki hægt að ganga yfir minni hlutann og keyra mál hér í hraðferð í gegnum þingið án þess að um það sé samstaða.

Ég tel einnig mikilvægt, eins og fram kemur reyndar í greinargerð með frv., að mál séu tekin til nefndar milli umræðna þannig að meira ráðrúm gefist til skoðunar á málinu.

Ég er mjög óánægð með það að ekki hafi náðst samstaða um að afnema algjörlega heimild ríkisstjórnarinnar til setningar bráðabirgðalaga. Ég vek athygli á því að þingkonur Kvennalistans fluttu hér í upphafi þingsins, það er 2. mál þessa þings, frv. sem gerði ráð fyrir afnámi heimildar ríkisstjórnarinnar til setningar bráðabirgðalaga og þykir mér mjög miður að ekki hafi náðst samstaða um að fella það ákvæði úr stjórnarskránni. Ég tel þó til bóta það sem náðst hefur samstaða um hér, að Alþingi muni sitja allt árið, og geri þar af leiðandi ráð fyrir að ekki þurfi lengur að nota þá heimild sem þó er eftir í stjórnarskránni um setningu bráðabirgðalaga, heldur muni Alþingi vera kallað saman þar sem ekkert á að vera því til fyrirstöðu með stuttum fyrirvara.

Ég hefði einnig talið eðlilegt að það ákvæði hefði komið hér inn í að ráðherrar sitji ekki jafnframt sem þingmenn heldur að varamenn verði kallaðir inn ef þingmenn gerast ráðherrar. Um það hefur ekki orðið samstaða en mér hefði þótt eðlilegt að taka það skref einnig.

Þó að ég hefði viljað sjá þetta frv. öðruvísi tel ég það þó skref í áttina og mun því styðja það.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það hefur náttúrlega komið hér fram í umræðum að þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði eru breytingar sem samkomulag náðist um. Jafnvel þeir sem flytja þetta mál hefðu viljað hafa sumt á annan veg og koma fleiru hér inn. En þar sem samkomulag var um aðeins þetta þá varð þetta nú niðurstaðan.

Ég gat þess við 1. umr. að ég óskaði eftir því að sú hv. nefnd sem hafði þetta mál til meðferðar kannaði það þar sem ég taldi að það væri samkomulag um þær breytingar á stjórnarskipunarlögum sem umboðsmaður Alþingis hefði ritað forsetum Alþingis fyrir tveimur árum, hvort nefndin mundi a.m.k. ekki ræða það. Ég reyndi í þessari nefnd að koma því að en þeim fannst að það ætti að bíða eftir endanlegri skoðun á stjórnarskránni, hvort sem það tekst nú á þessari öld eða þeirri næstu. En ég spurði um þetta fyrst og fremst vegna þess að ég stend í þeirri trú, þó að ekki væri tekið undir þetta af formönnum þingflokkanna, að það væri í sjálfu sér samkomulag um þessi málefni og því ekkert að kanna. Ég lít svo á í sambandi við útgáfu bráðabirgðalaganna að það sé búið að hindra það og sé ekki nema í algjörum undantekningartilvikum sem slíkt sé leyfilegt að gera miðað við það að alltaf er hægt að kalla saman þingið ef þessar brtt. verða samþykktar og engin afsökun nema eitthvað sérstakt gerist.

Ég vil bara benda á það, sem kannski sumum finnst ólíklegt, t.d. ef það færi að gjósa hérna á Reykjanesi eða eitthvað þess háttar. Í öðrum tilvikum, það yrði að vera svo mikil ástæða að það væri hægt að segja að það væri ekki hægt að kalla þingið saman, það yrði að bregðast við áður.

Þetta ræddi ég í þessari nefnd sem um þetta fjallar og þetta flytur og ég held að sumir af þeim mönnum hafi verið mér sammála í þessu máli.

Eitt er svo aftur undarlegt sem ég lýsti minni skoðun á, og raunar kemur ekki beint fram í þessu frv., og það er kosningadagurinn. Það er alveg furðulegt að það skyldi verða sett upp sú staða að annaðhvort yrði kosið 11. maí eða 20. apríl. Það var eins og það bæri búið að týna 27. alveg út úr dagatalinu. Ég tel enga afsökun fyrir því að hæstv. forsrh. velji þennan dag. Ég viðurkenni hins vegar að það er á hans valdi. En ég fyrir mitt leyti mótmæli þessari gerð hér og nú. Það er engin ástæða til þess og ég vil taka undir það sem hefur komið hér fram, m.a. hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að eftir því sem fyrr er kosið að vorinu er tekin áhætta um veður í mörgum kjördæmum. Það eru engin rök fyrir því að færa þetta til 20. apríl. Það eru rök fyrir því að kjósa ekki 11. maí miðað við það að þá eru þarna sextán dagar sem þingmenn hafa ekki sitt umboð.

Ég ætla að verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að stytta mál mitt en ég vil að þetta komi hér fram og vil endurtaka mína spurningu: Var þetta athugað, var samstaða um þetta? Það er sérstaklega það sem ég vil vita vegna þess að ég mun reyna með einhverjum hætti á næsta þingi að taka upp þennan kafla þó það sé ansi önugt að gera það vegna þess að það þarf að kjósa á milli að slíkt komi til greina, en ég hef nú flutt aðra brtt. við stjórnarskrána sem mundi þá ekki koma til, þá yrði þjóðaratkvæðagreiðsla við næstu kosningar um breytinguna.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka ágætar umræður um þetta mál og það nál. sem liggur fyrir. Það var beint til mín af hv. þm. a.m.k. tveimur spurningum sem ég vil leitast við að svara.

Hv. 1. þm. Reykn. spurði eitthvað á þá leið hvort fjórða brtt. sem nefndin leggur til fæli það ekki í sér að það hefði verið rétt að kjósa 27. apríl í vor. Því er til að svara að það er ekki út af fyrir sig lagður neinn dómur á það heldur er þessi tillaga gerð til að taka af allan vafa. Ef þessi lög hefðu verið komin í gildi þá hefði ekki þurft að koma til þessara álitamála eða deilu og það hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að kjósa 27. apríl þó að þingmenn hefðu þá verið umboðslausir í tvo daga eins og er nú raunin á. Brtt. er gerð til þess að taka af allan vafa um þetta.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi hér um kjördag sem ég reyndar kom að lítillega í minni framsöguræðu. Ég ætla að geyma mér umræðu um það mál. Það liggur fyrir frv. um kjördag þar sem þessi mál verða tekin til nánari umræðu. Mín skoðun stendur óbreytt, eins og ég sagði í framsöguræðunni, að ég tel að það sé hentugast að kjósa síðar á vorin heldur en raun verður á núna. En ég ætla ekki að orðlengja það frekar né taka upp umræður um kjördag við þessa umræðu.

Ég gat þess í framsöguræðunni að frv. hefði verið meðhöndlað á þann hátt í nefndinni með tilliti til þess að þarna er um samkomulagsmál að ræða og nefndin tók mið af því að taka þau mál inn sem samkomulag væri um og það var samkomulag um útgáfu bráðabirgðalaga og ákveðin niðurstaða í þeim efnum sem nefndin hróflaði ekki við nema frestinum sem er til þess að afgreiða þau þegar þing kemur saman.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. beindi til mín spurningu varðandi mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og bréf umboðsmanns Alþingis. Það varð ekki úr að nefndin tæki þessi mál fyrir af ástæðum sem ég hef þegar rakið, það var ekki samkomulag um að taka fleiri atriði inn í þessar stjórnarskrárbreytingar. Ég reyndi að ná til umboðsmanns Alþingis varðandi þessi mál. Ég náði ekki til hans vegna þess að hann er ekki á landinu um þessar mundir. Hins vegar vil ég geta þess að það eru vandkvæði á því að umboðsmaður Alþingis láti þingnefndum í té álitsgerðir. Það hefur þó líklega átt sér stað í einu tilfelli í Ed. þar sem málið snerti lög um stjórnsýsluna sem varðar hans starfssvið. En það mál sem hv. 6. þm. Norðurl. e. flutti er enn þá til meðferðar í allshn. Nefndin hefur ekki lokið um það umræðu eða tekið endanlega ákvörðun um afgreiðslu þess, en það var ákveðið að taka það ekki efnislega með í umræðuna um þetta mál sem snertir nær eingöngu starfsemi þingsins og þingkosningar.

Ég vona að ég hafi svarað því sem fram hefur komið við umræðuna og þakka aftur fyrir góðar undirtektir og málefnalegar umræður um þetta mikilvæga mál.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Sem formaður þeirrar nefndar sem undirbjó þetta mál vil ég þakka hv. allshn. fyrir röska og vandaða afgreiðslu á málinu og formanni nefndarinnar fyrir skýra framsögu fyrir brtt. og því starfi sem unnið var í nefndinni. Það eru aðeins örfá atriði sem mig langaði til að koma inn á og ég hef fengið tilefni til vegna ummæla sem hér hafa fallið.

Í fyrsta lagi varðandi brtt. sem hér er flutt af hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni og Inga Birni Albertssyni á þskj. 640, um að 14. gr. frv. falli brott, en þar er eins og ljóst er gert ráð fyrir að eiðvinning nýrra þingmanna falli brott úr stjórnarskrárákvæðinu. Eins og ég held að hafi komið fram í máli fyrri flm. till. er þetta ekki eitt af veigameiri atriðunum í þessu máli, en hann sagði í sinni ræðu að það væri rökstuðningur okkar fyrir brtt. að við teldum að eiðvinningin sé úrelt. Hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði að þetta ákvæði hefði staðið í stjórnarskránni frá upphafi. Það er vissulega rétt og það er einmitt það sem staðfestir þá röksemdafærslu okkar að ákvæðið sé úrelt vegna þess að eiðvinningin hefur ekki verið viðhöfð. Ég þekki í raun og veru engin dæmi þess, án þess að ég hafi nú látið fara fram neina vísindalega könnun á því, en það eru ekki þekkt dæmi þess að nýir þingmenn hafi unnið eið að stjórnarskránni og þess vegna er þetta ákvæði úrelt að okkar mati og það er ástæðan fyrir því að þessi tillaga okkar er flutt.

Hv. þm. sagði jafnframt að eiður og drengskaparheit hefði sömu þýðingu að lögum og það er alveg rétt. Það gerir það líka að drengskaparheitið ætti að nægja.

Eins og ég sagði er þetta ekki eitt af veigameiri atriðunum og ég legg ekki neina höfuðáherslu á þetta, hvorki til né frá, en mun hins vegar ekki greiða þessari brtt. atkvæði.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson minntist hér nokkuð á rétt minni hlutans sem hann vill tryggja og undir það tek ég mjög ákveðið að við eigum að gera það sem best við getum og það mun koma sérstaklega fram í þingskapalögunum, kemur að nokkru leyti fram í þeim tillögum að nýjum þingskapalögum sem fylgja sem fylgiskjal með þessu frv. og eiga að sjálfsögðu eftir að fá miklu meiri meðferð áður en það verður lagt fram sem sérstakt frv. sem verður væntanlega ekki fyrr en á næsta þingi.

Það hefur reyndar komið fram hér hjá fleirum að menn óttast að málfrelsið verði skert. Það hefur komið fram hjá okkur flm. frv. að það eru engar fyrirætlanir uppi um að það verði gert. Alls ekki. En við sem nú sitjum á þingi getum auðvitað ekki tryggt það um alla framtíð að málfrelsi verði ekki skert. Það kunna að koma fram tillögur um það einhvern tíma síðar á Alþingi en þær tillögur eru alla vega ekki uppi núna.

Ég hef sagt það áður og tek undir með hv. þm. Inga Birni Albertssyni að það þarf að fylgja mjög ákveðið þeim tímamörkum sem sett verða frá því að mál er lagt fram og til þess tíma að það verði tekið fyrir og einnig að fylgt verði þeim tímamörkum sem gilda milli umræðna og að afbrigði frá þessum ákvæðum verði ekki veitt nema með auknum meiri hluta. Undir þetta tek ég.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi hér nokkuð um kjördaginn og var ósáttur við það, ég held að ég hafi skilið það rétt, að ekki væri tekið ákveðnar á því máli þannig að nú þurfum við að kjósa í apríl. Hv. þm. nefndi það sérstaklega að um þetta væri rætt vegna hinna misjöfnu aðstæðna sem eru á landinu. Það þarf auðvitað ekkert um það að ræða, ég held að allir þingmenn séu því sammála að kjördagur í maí sé heppilegri heldur en kjördagur í apríl. Það eru áreiðanlega allir sammála um það. Menn verða hins vegar að átta sig á því að við höfum ekki frjálst val um að ákveða kjördag einhvern tímann og einhvern tímann eftir að fjögurra ára kjörtímabili er lokið. Og eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er ekki hægt að tryggja það að kjördagur verði ætíð í maí eða júní, eða hvaða dag sem við viljum velja, nema með því að upphefja þingrofsréttinn alveg. Það kom fram hér við 1. umr. þessa máls að um það var ekki

samstaða í nefndinni sem undirbjó frv., að fara yfir í þetta svokallaða norska kerfi, en meðan við höfum þennan þingrofsrétt þá er auðvitað ekki hægt að tryggja það að ætíð verði kosið í einhverjum tilteknum mánuði. Þetta eru nú þær einföldu staðreyndir. Það er heldur ekki eðlilegt að fara að ræða um kjördaginn núna, það er sérstakt dagskrárefni hér. Það er komið frv. til laga um viðauka við lög um kosningar til Alþingis, 358. mál, þar sem talað er um 20. apríl. Og ég tek undir með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að ég skil ekki hvers vegna það var ekki hægt að velja 27. En ég geymi mér frekari umræðu um það mál þar til það kemur hér sérstaklega til meðferðar.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi líka í sambandi við kjördaginn sem er ráðgerður núna, 20. apríl, hvers vegna það sé ekki hægt að fara yfir í 11. maí og ákveða það þá með lögum. Án þess að ég ætli að fara að ræða það sérstaklega núna þá held ég því fram að það sé ekki hægt. Við getum ekki ákveðið það með lögum hér á Alþingi að kjósa 11. maí. Ég skal hins vegar ekki leggja dóm á það hvort forsrh. hefur vald til þess að ákveða þennan kjördag. Hann taldi sig hafa þetta vald og ef hann hefur það þá getur hann alveg eins valið hann eins og 20. apríl. En frekari umræður um þetta ætla ég að geyma mér þangað til síðar.

Ég vil svo líka aðeins taka undir það sem ég held að hafi komið fram í máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um bráðabirgðalagaréttinn. Ég sé það fyrir mér að þessi réttur verði ekki notaður nema í hreinum undantekningartilvikum þegar við höfum breytt þessum ákvæðum þannig að auðveldara er en áður að kalla þingið saman til fundar og hefja strax störf að afgreiðslu þeirra mála sem bíða en þurfa ekki að fara að kjósa í nefndir og kjósa forseta þingsins sem tekur einn eða tvo daga.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það að þær breytingar á störfum þingsins, sem leiða af þessum stjórnarskrárbreytingum, sjáum við svo sem ekki allar fyrir í dag, þær koma fram í hinum nýju þingskapalögum sem hljóta að fylgja og samþykktar verða þá á næsta þingi. Ég sé fyrir mér ýmsar veigamiklar breytingar á starfi þingsins sem leiða af stjórnarskrárbreytingunni og svo sem einnig aðrar sem ég vona að komi til um leið. Ég nefni þar atkvæðagreiðslukerfi, sem við höfum rætt um að verði sett upp til þess að auðvelda hér allar atkvæðagreiðslur og flýta þeim, og fleira mætti nefna sem rætt hefur verið í sambandi við atkvæðagreiðslur til þess að þær taki skemmri tíma.

Ég sé líka fyrir mér forsætisnefnd þingsins öðruvísi skipaða heldur en nú. Það liggja ekki fyrir neinar endanlegar tillögur um það þó að gert sé ráð fyrir í þessu fylgiskjali að nýjum þingskapalögum að varaforsetar verði fjórir. En það á eftir að ræða það betur hvernig þeir verði kosnir. Ég hef sagt það áður og get ítrekað það að ég tel eðlilegt að þar hafi stjórnarandstaða rétt til áhrifa en sé ekki upp á náð og miskunn stjórnarflokka komin eins og hún er nú, hver sem hún er. Það er einfaldlega orðið samkomulag, má segja kannski hefð eftir 20 ár, að stjórnarandstaða fái fyrri varaforseta. Nú breytist það auðvitað og þess vegna þarf að setja um þetta skýrar reglur.

Ég sé það líka fyrir mér sem kom fram í máli hv. þm. Inga Björns Albertssonar að þingflokkar fái formennsku í nefndum þingsins eftir þingstyrk, sem þýðir með öðrum orðum að stjórnarandstaðan hafi möguleika á formennsku í einhverjum nefndum þingsins, eftir þá ákveðnu samkomulagi, hafi hún til þess þingstyrk. Ég er sannfærður um að það mun leiða til meiri samvinnu um þingstörfin og meiri ábyrgðar hvers þingflokks á þingstörfunum og þar að auki svo virkara starfs hér í þinginu.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir við þetta frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 639,1 samþ. með 25 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 639,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 639,3 samþ. með 25 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

6.–12. gr. (verða 7.–13. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 639,4 (ný 13. gr., verður 14. gr.) samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 640 felld með 18:6 atkv.

14.–25. gr. (verða 15.–26. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Brottnám líffæra og krufningar, 2. umr.

Stjfrv., 120. mál. — Þskj. 124, n. 611, brtt. 612.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til laga um brottnám líffæra og krufningar. Í nál. segir:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. Á fund nefndarinnar komu Björn Björnsson prófessor, Páll Ásmundsson yfirlæknir og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri. Umsagnir bárust frá biskupi Íslands, Prestafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, læknaráði Landakotsspítala, læknaráði Borgarspítala, landlækni, læknaráði Landspítala, Árna Kristinssyni yfirlækni, guðfræðideild Háskóla Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun Háskóla Íslands í siðfræði, Hjúkrunarfélagi Íslands og Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

Nefndin er sammála um að flytja nokkrar brtt. við frv. en engin þeirra breytir efni þess verulega. Brtt. koma fram á þskj. 612.

Í fyrsta lagi er lagt til að líffæragjafa sé tryggður réttur til að ráðfæra sig við annan lækni en lækni þess sem þiggur líffærið.

Í öðru lagi er lagt til að sömu læknar og staðfesta andlát skuli meta hvort brottnám líffæra geti haft áhrif á niðurstöður réttarkrufningar ef framkvæma þarf.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að skýrt verði kveðið á um að réttarkrufningar falli ekki undir ákvæði þessara laga um krufningu, enda af öðrum toga spunnin. Ákvæði um réttarkrufningu eru í 7. gr. laga nr. 42/1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, sbr. reglugerð nr. 24/1936 og 106. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, þótt hugtakið réttarkrufning sé ekki notað í lögunum. Hins vegar er hugtakið notað í reglugerð nr. 24/1936 þar sem er að finna leiðbeiningar um réttarlæknisskoðun á líkum.

Að lokum leggur nefndin til að læknir hins látna, sbr. orðalag í 3. mgr. 5. gr. frv., verði látinn meta hvort líkur séu til að réttarkrufningar verði krafist."

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum þeim sem ég hef nú gert grein fyrir og liggja fyrir hv. þingi á þskj. 612.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 612,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 612,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 612,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 612,4 (ný 6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ákvörðun dauða, 2. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 125, n. 613.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til laga um ákvörðun dauða.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. Á fund nefndarinnar komu Björn Björnsson prófessor, Páll Ásmundsson yfirlæknir og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri. Umsagnir um þetta frv. bárust frá biskupi Íslands, Prestafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, læknaráði Landakotsspítala, læknaráði Borgarspítala, landlækni, læknaráði Landspítala, guðfræðideild Háskóla Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun Háskóla Íslands í siðfræði, Hjúkrunarfélagi Íslands og Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

Í umsögnum komu fram nokkrar athugasemdir við hvernig staðið yrði að setningu reglna, sbr. 4. gr. frv., en ekki voru gerðar efnislegar athugasemdir við sjálfa greinina. Nefndin er sammála um að öryggi felist í því að skipuð verði fastanefnd fagfólks sem málið varðar. Fastanefndin mundi fylgjast með framþróun mála á því sviði sem hér um ræðir og gerði jafnframt tillögur til breytinga á reglugerð ef þurfa þætti.

Einnig ítrekar nefndin nauðsyn þess að öllum bestu rannsóknum, sem völ er á í landinu, verði beitt til þess að ákvarða heiladauða.

Nefndin er sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Einkaleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 133. mál (heildarlög). — Þskj. 137, n. 631, brtt. 632.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um einkaleyfi. Það er 133. mál þessarar deildar. Nál. er að finna á þskj. 631. Það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum og fékk á sinn fund til viðræðna um það Gunnar Guttormsson, Ómar Grétar Ingvarsson og Rán Tryggvadóttur frá iðnrn., Gunnar Örn Harðarson tæknifræðing, Jón Arnalds borgardómara, Hrafn Bragason, formann réttarfarsnefndar, Árna Vilhjálmsson, formann Samtaka áhugamanna um vernd eignarréttar á sviði iðnaðar, Árna Reynisson og Gunnlaug B. Daníelsson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Sindra Sindrason frá Pharmaco, Kristján Sverrisson frá Glaxo, Davíð Lúðvíksson og Bjarna Þór Jónsson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Friðrik Kristjánsson og Birki Árnason frá Omega Farma, Ottó B. Ólafsson og Guðbjörgu Eddu Eggertsdóttir frá Delta hf. Þá bárust nefndinni umsagnir um frv. frá Félagi ísl. stórkaupmanna og frá Glaxo.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með fáeinum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í brtt. er annars vegar um að ræða breytingu á gildistökuákvæði og hins vegar brottfall og breytingu á tilvísun til annarra laga."

Þetta er gert á Alþingi 12. febr. 1991 og undirritað af öllum nefndarmönnum í hv. iðnn. án fyrirvara.

Guttormur Einarsson:

Virðulegi forseti. Af þessu tilefni vil ég nota tækifærið og fagna því að ný lög um einkaleyfi eru að líta dagsins ljós hér á Íslandi. Það er langt um liðið síðan

Íslendingar fengu sín einkaleyfislög sem eru í gildi og satt best að segja eru þau með öllu úrelt. Má þar nefna sem dæmi atriði er varða alþjóðleg samskipti okkar varðandi skráningu einkaleyfa og ýmis þau ákvæði sem okkur ber að uppfylla til að geta slegist í hóp þeirra þjóða sem hafa þá samvinnu með sér.

Mér varð ljóst að nokkur styrr var um einstök ákvæði í hinum nýju lögum en sé nú að þau hafa fengið farsæla úrlausn. Hitt setur að mér nokkurn ugg þegar það nú upplýsist að til skrafs og ráðagerða við hv. iðnn. hafa verið kallaðir ýmsir aðilar en, sem vekur athygli mína og hugsanlega annarra, að þar voru ekki boðaðir á fund hagsmunaaðilar sem kannski fyrst og fremst eiga allt undir því að vönduð einkaleyfislöggjöf sé í gildi á Íslandi. Hér vitna ég til félagsskapar sem heitir Félag ísl. hugvitsmanna, félagsskapar þeirra manna sem fást við nýjungar og þurfa á réttarvernd að halda eins og þeirri sem lög þessi boða.

Það er einkum athyglisvert vegna þess að hið hv. Alþingi og fjvn. hefur í verknaði viðurkennt þessi félagssamtök með því að veita þeim styrk á síðasta ári og að því er ég best veit hefur í hyggju að gera það núna að nokkru leyti. Allt um það mun ég ekki, sem og aðrir sem hafa fengist við málefni hugvitsmanna, láta mér úldna í hjarta þó þarna hafi verið sneytt um að eiga orðastað við hugvitsmenn og lýsi enn og aftur að lokum fögnuði yfir því að mál þetta skuli komið á svo góðan rekspöl.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að gera stuttlega grein fyrir því, þar sem ég átti sæti í hv. iðnn. sem er að mæla fyrir þessu nál., að það álitaefni kom upp í þessu máli hvort ætti til að koma breyting á 75. gr. þessa frv. í sambandi við svonefndan aðlögunartíma. En í 2. mgr. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Ekki er hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku laga þessara. Einkaleyfi má þó veita fyrir sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra efna."

Það komu athugasemdir varðandi þennan árafjölda, fimm ár, frá ýmsum fulltrúum heildsala sem vildu stytta þennan tíma eða jafnvel fella þetta ákvæði út úr frv. Nefndin fékk hins vegar fulltrúa frá Félagi ísl. iðnrekenda og þeirra fyrirtækja sem stunda framleiðslu læknislyfja og enn fremur þykir mér rétt að benda athugasemdir frá Félagi ísl. iðnrekenda á á bls. 109 í fskj. með frv., en þar segir m.a.:

„Ljóst er að aðlögunartími á hinum Norðurlöndunum hefur verið fimm til tíu ár." Þarna er verið að ræða um gildistöku laganna hvað varðar einkaleyfi á læknislyfjum. „Þetta hefur verið ákveðið þrátt fyrir að í Sviþjóð, Danmörku og Finnlandi sé öflugur lyfjaiðnaður sem hefur bolmagn til nýþróunar lyfja. Þessi iðnaður hefur vaxið upp á löngum tíma og hefur náð að dafna í skjóli velvilja heilbrigðisyfirvalda í þessum löndum og að nokkru leyti í skjóli ófullkominnar einkaleyfalöggjafar á tiltölulega litlum mörkuðum.

Íslenskur lyfjaiðnaður er ung grein sem hefur verið að skjóta rótum á síðustu árum. Þrátt fyrir að iðnaðurinn hafi náð nokkurri fótfestu á markaðnum er það allt að því óhugsandi að hann geti stundað nýþróun lyfja þar eð kostnaður sem því er samfara er afar hár." Íslenskur lyfjaiðnaður getur því einungis framleitt svokölluð samheitalyf, þ.e. lyf sem upphaflega hafa verið þróuð og markaðssett erlendis. Engu að síður kemur fram í þessum athugasemdum að það sé rétt að veita þennan aðlögunartíma, fimm ár, og segir í lok bréfsins:

„Í ljósi ofangreindra atriða telur Félag ísl. iðnrekenda eðlilegt og mjög mikilvægt fyrir íslenskan lyfjaiðnað að hann fái sanngjarnan aðlögunartíma líkt og hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa haft, þar sem markaðsöflun fyrir lyf erlendis er afar tímafrek og kostnaðarsöm."

Það kom enn fremur fram hjá þeim fulltrúum sem mættu á fund nefndarinnar að þessi framleiðsla hentaði einkum vel fyrir fámennar þjóðir og var sérstaklega bent á Dani í því sambandi sem hafa náð mjög langt á þessu sviði og hafi á síðasta ári, ef ég man rétt, flutt út lyf fyrir um það bil 60 milljarða. Nefndarmönnum þótti því rétt að fallast á þau sjónarmið að veita þennan aðlögunartíma, þ.e. þau fimm ár sem 75. gr. gerir ráð fyrir.

Ég vildi einungis koma þessum athugasemdum hér að, virðulegi forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 632,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
8.–62. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 632,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
64.–65. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 632,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
66. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
67.–74. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 632,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
75. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
76.–82. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 3. umr.

Frv. FÞ, 208. mál (Grundarfjarðarprestakall). — Þskj. 261.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

NEÐRI DEILD

52. fundur, miðvikudaginn 13. febr., að loknum 51. fundi.

Stjórnarskipunarlög, 3. umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 647.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Brottnám líffæra og krufningar, 3. umr.

Stjfrv., 120. mál. — Þskj. 648.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ákvörðun dauða, 3. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 125.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Einkaleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 133. mál (heildarlög). — Þskj. 649.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

57. fundur, miðvikudaginn 14. febr., kl. 10 árdegis.

Vökulög, ein umr.

Fsp. ÁrnG, 272. mál. — Þskj. 503.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Sú fsp. sem ég hef leyft mér að leggja hér fram á sér nokkurn aðdraganda. Þegar í árslok 1987 höfðu forustumenn Sjómannafélags Reykjavíkur verulegar áhyggjur af vinnutíma um borð í frystitogurum. Þá ritaði formaður félagsins, Guðmundur Hallvarðsson, sjútvrn. bréf þar sem óskað var eftir því að fram færi vinnutímarannsókn um borð í frystitogurum svo hið sanna mætti koma í ljós um vinnutímalengd sjómanna. Í upphafi bréfs félagsins segir orðrétt:

„Með fjölgun frystitogara í íslenska fiskiskipaflotanum hefur umræðan um vinnutímalengd og aðbúnað aukist. Hefur jafnframt verið svo sterkt að orði komist að frystitogararnir hafa verið nefndir þrælaskip."

Fyrirspyrjanda er ekki kunnugt um að þessi rannsókn hafi farið fram. Á síðustu mánuðum hafa fréttir borist um óhóflegt vinnuálag um borð í frystitogurum, m.a. að frívaktir hafi verið skornar niður um helming, úr sex klst. í þrjár. Einnig að sjómönnum hafi verið hótað brottrekstri ef þeir hafa gert athugasemdir um óhóflegan vinnutíma. Enginn vill tapa plássi á frystitogara vegna hárra tekna. Þessar kvartanir hafa borist Sjómannasambandi Íslands og hefur forseti þess staðfest þær. Ég tel engum vafa undirorpið að vökulögin frá 1921 séu brotin um borð í þessum skipum. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp.:

„Hvernig er háttað eftirliti með framkvæmd vökulaga, laga nr. 53/1921, um borð í frystitogurum?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson hefur lagt fram fsp. um hvernig háttað er eftirliti með framkvæmd vökulaga, þ.e. laga nr. 53/1921, um borð í frystitogurum. Þessari fsp. var beint til sjútvrh.

Því er fyrst til að svara að ekki er með öllu vafalaust á verkefnasviði hvaða ráðuneytis lögin um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum eru. Enda þótt sjútvrn. fari með málefni er varða sjávarútveg og frv. að vökulögunum hafi á sínum tíma verið til umfjöllunar í sjútvn. Alþingis hafa málefni er varða starfsskilyrði og aðbúnað á vinnustöðum, þar á meðal um borð í fiskiskipum, verið falin öðrum ráðuneytum. Eru þau almennt falin félmrn. en þó eru slík málefni varðandi loftför og skip almennt á verkefnasviði samgrn.,

sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 46/1980. Af hálfu sjútvrn. hefur ekki farið fram sérstakt eftirlit með því hvernig framkvæmd vökulaganna er háttað um borð í frystitogurum. Leiðir það raunar af eðli máls að slíku opinberu eftirliti með vinnutíma verður ekki við komið varðandi starfsemi sem fram fer úti á rúmsjó. Er stjórnvöldum heldur ekki falið sérstakt eftirlitshlutverk í lögum nr. 53/1921. Virkt eftirlit með framkvæmd laganna getur aldrei orðið nema þeir sem lögunum er ætlað að vernda, þ.e. sjómennirnir sjálfir og samtök þeirra, láti í sér heyra ef þeir telja rétt á sér brotinn. Hefur ekki orðið vart við kvartanir sjómanna í þessu efni fyrr en á allra síðustu vikum.

Vökulögin sjálf kveða skýrt á um hvernig með skuli fara ef grunur vaknar um að þau hafi verið brotin. Skal fara með slík mál að hætti opinberra mála. Eðlilegur gangur mála af þessu tagi er því sá að þeir sem telja rétt á sér brotinn eða samtök þeirra kæri meint brot til lögreglu eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Málin sæta síðan venjulegri meðferð í réttarkerfinu en í lögunum er kveðið á um viðurlög í formi sekta eða réttindamissis. Enda þótt beinu eftirliti stjórnvalda með framkvæmd einstakra skipstjóra á ákvæðum vökulaga séu í eðli sínu takmörk sett er ekki þar með sagt að stjórnvöld geti ekki gert meira en hingað til varðandi aðbúnað og starfsaðstöðu um borð í vinnsluskipum.

Á síðustu árum hefur fullvinnsla á sjávarafurðum færst í auknum mæli út á sjó og hafa þau störf verið mjög eftirsótt. Eru nú 20–30 skip sem vinna bolfisk úti á sjó, flest í frystingu. Eflaust má gagnrýna stjórnvöld fyrir að vera sein til þess að bregðast við þessum breyttu aðstæðum á ýmsum sviðum, þar á meðal varðandi vinnuvernd og aðbúnað á vinnustað. Í sjútvrn. eru nú á lokastigi reglur um að auknar kröfur verði gerðar til nýtingar þessara skipa og aukaafla og því sem hingað til hefur verið kallaður úrgangur. Þótt vinnuumhverfismál á sjó séu ekki beinlínis á verksviði sjútvrn. er eðlilegt að þau verði tekin til skoðunar í tengslum við fyrirhugaðar breytingar og verður það gert í samvinnu við samgrn. og Siglingamálastofnun.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans svör. Það er lakara ef það fer eitthvað á milli mála undir hvaða ráðuneyti þessi málaflokkur heyrir, en ég heyrði það á hæstv. ráðherra að hann hefur fullan hug á því að skoða þessi mál og láta kanna þau.

Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir menn sem telja á sér brotið varðandi vökulögin frá 1921 munu seint koma til með að kæra þessi mál. Ástæðan er ákaflega einföld. Hún er sú að tekjur um borð í frystitogurunum eru einhverjar þær hæstu sem þekkjast um borð í íslenskum fiskiskipum. Menn munu ekki taka þá áhættu að missa atvinnu sína vegna þess arna, enda hefur mönnum verið sagt um borð í frystitogurum sem hafa gagnrýnt vinnutímann að þeir gætu tekið poka sinn og gengið í land ef þeir svo óskuðu. Það hefur enginn gert enn þá svo að mér sé kunnugt. Ég held að þetta sé mál sem þurfi að skoða mjög vandlega vegna þess að frystitogarar eru að hluta til orðnir ríki í ríkinu í þeim rekstri sem þeir stunda. Um borð í þeim afkasta örfáir menn starfi sem 70–100 manns afkasta í venjulegum frystihúsum.

En ég læt þessu lokið, þakka ráðherra hans svör.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessu sérstaka máli, en ég tel ástæðu til þess að vekja líka athygli á því að þau lög sem hér er verið að fjalla um að brotin séu voru ekki brotin í áratugi. Staðið var við þau sem sjálfsagðan hlut um borð í íslenskum fiskiskipum þar til að núverandi fiskveiðistefna var upp tekin og sú þróun átti sér stað að meira og meira af vinnu, sem framkvæmd hefur verið í landi, var flutt út á sjó. Það er það sem hefur orðið þess valdandi að um borð í frystitogurum, þeim skipum sem fyrst og fremst stefna að því að ná sem mestu verðmæti út úr þeim afla sem þau mega draga að landi, hefur þeim verið beitt á þann hátt sem hv. fyrirspyrjandi var að upplýsa. Þeim hefur verið beitt á þann hátt að reyna að ná út úr vinnu skipshafnarinnar sem mestu, það er beinlínis hægt að segja það á þann veg. En því miður, þetta er ein af afleiðingum þeirrar fiskveiðistefnu sem við búum við og þeirrar þróunar að meira og meira af þeirri atvinnu sem í landi á að vera og á að vinnast hefur flust út á sjó.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Það er leitt að hv. þm. Skúli Alexandersson þurfi að fara að blanda þessum málum saman. Auðvitað er það oft sem Íslendingar hafa vakað og hafa þurft að vaka við ýmsa vinnu. Og það verður aldrei komið á því opinbera eftirliti að komið verði í veg fyrir það að einstakir aðilar vaki umfram það sem sagt er í lögum. Ég veit ekki betur en þingið sé hér oft langtímum saman að næturlagi þótt það standi í lögum að slíkt sé óheimilt að því er varðar vinnutíma. Hv. þm. segir að þetta sé vegna breyttrar fiskveiðistefnu. Ég veit ekki betur en að það hafi verið gert þegar menn stunduðu síldveiðar hér áður fyrr, og ég gæti trúað því að hv. þm. hafi verið með í því eins og sá sem hér stendur. Ætli það hafi ekki stundum verið vakað í yfir tvo sólarhringa ef því var að skipta? Og ef lítið veiðist, t.d. við nótaveiðar, ætli menn vaki nú ekki oft langtímum saman og umfram það sem segir nákvæmlega í lögum? Það verður aldrei hægt að setja allar lífsreglur í lög. Íslendingar eru mjög gefnir fyrir að setja lög um hvað eina en það er ekki hægt að reikna með því að hið opinbera fylgist með öllu að því er varðar samskipti vinnuveitenda og launþega. Þess vegna verða launþegarnir sjálfir að vera hið vakandi eftirlit sem gerir mest gagn í þessum efnum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins benda á að það gætti nokkurs misskilnings hjá hæstv. sjútvrh. er hann talar um síldveiðar sem ekki falla undir þau lög sem hér er verið að ræða um. Hér er verið að ræða um vökulög á togurum.

Raðsmíðaskip, ein umr.

Fsp. RA, 302. mál. — Þskj. 541.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðið að hreyfa hér máli er varðar fjögur raðsmíðaskip sem Ríkisábyrgðasjóður seldi á árinu 1987 og leggja fram sjö spurningar sem þessi skip varða. Þetta eru skipin Nökkvi HU, Gissur ÁR, Oddberi EA og Jöfur KE.

Spurningarnar eru:

„1. Hvaða fiskveiðikvóta fengu raðsmíðaskipin Nökkvi HU, Gissur ÁR, Oddeyri EA og Jöfur KE sem Ríkisábyrgðasjóður seldi á árinu 1987?

2. Var ekki það fyrirheit gefið, þegar skipin voru boðin út í febrúar 1986, að þau mundu fá þann fiskveiðikvóta sem þarf til að reka slík skip?

3. Á hvaða verði seldi Ríkisábyrgðasjóður skipin?

4. Hvert væri söluverðið á núvirði?

5. Hvert er áætlað söluverð skipanna í dag ef ekki er meðtalinn sá fiskveiðikvóti sem fluttur hefur verið á skipin?

6. Hve miklar skuldir hvíla á skipunum hjá Ríkisábyrgðasjóði?

7. Hvernig og hvenær hyggst ríkisstjórnin koma þessu máli á hreint þannig að skipin fái viðunandi rekstrargrundvöll og unnt verði að gefa út afsöl?“

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér er um fyrirspurn að ræða sem beint er til tveggja ráðherra. Skal ég reyna að upplýsa það sem ég get að því er sjútvrn. varðar.

Í lögum nr. 97/1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987, var heimilað að veita skipum sem smíði var hafin á hér á landi fyrir árslok 1983 veiðileyfi sem einkum skyldu miðast við veiðar á vannýttum fiskstofnum. Á grundvelli þessarar heimildar var raðsmíðaskipum veitt leyfi til veiða á úthafsrækju sem á þeim tíma var talinn vannýttur stofn. Með þessu móti var leitast við að skapa þessum skipum rekstrargrundvöll og skerða þannig aflahluta annarra skipa sem minnst. Á þessum tíma gengu veiðar á úthafsrækju vel og verð á henni var hátt. Jafnframt þótti nauðsynlegt að úthluta skipunum aflaheimild í botnfiski því óhjákvæmilegt er að botnfiskur komi í rækjuvörpurnar við veiðar. Var meðafli skipanna ákveðinn 80 þorskígildistonn sem miðaðist við afla þess rækjuskips sem mestan meðalafla hafði árið 1985.

Á árinu 1987 var raðsmíðaskipum veitt heimild til úthafsrækjuveiða og úthlutað 200 þorskígildistonnum sem meðafla. Á árinu 1987 var að tillögu Hafrannsóknastofnunar gripið til takmarkana á úthafsrækjuveiðum. Var það m.a. gert með því að takmarka framsalsheimildir skipa sem rækjuveiðar stunduðu og fella niður heimild söknarmarksskipa til að stunda veiðar á úthafsrækju utan leyfilegra söknardaga. Með lögum nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, var ráðherra veitt heimild til að skipta úthafsrækjuveiðiheimild milli einstakra skipa. Var sú heimild nýtt þegar á árinu 1988, enda hafði Hafrannsóknastofnun lagt til frekari takmörkun á úthafsrækjuafla. Á grundvelli reglugerðar nr. 16/1988, um stjórn fiskveiða, gafst raðsmíðaskipum kostur á að velja milli tveggja kosta. Það var annars vegar leyfi til rækjuveiða með aflamarki að hámarki 500 lestir og hins vegar rækjuleyfi með söknarmarki með heimild til að stunda úthafsrækjuveiðar í 260 daga með 900 lesta hámarki. Jafnframt var veitt heimild til að koma með 200 lestir af botnfiski sem meðafla reiknað í þorskígildum. Var það gert til að bæta að hluta þá takmörkun á úthafsrækjuafla skipanna sem nauðsynlegt þótti að gera. Þrjú skipanna völdu söknarmark en eitt valdi aflamark.

Á grundvelli tillagna Hafrannsóknastofnunar var leyfilegur heildarafli á úthafsrækju lækkaður á árinu 1989. Vegna þessa niðurskurðar þótti nauðsynlegt að leggja niður möguleika til vals á söknarmarki í rækjuveiðunum. Á því ári fengu raðsmíðaskipin heimild til að veiða 500 lestir af rækju og 180 lestir af botnfiski og var þá felld niður sú skylda að hér væri eingöngu um meðafla að ræða. Lækkun í botnfiski um 20 tonn kom til vegna 10% samdráttar í heildarveiði á þorski.

Árið 1990 voru veiðiheimildir raðsmíðaskipa þær sömu í rækju og árið áður en bætt var við veiðiheimildina 10% síðla árs þar sem leyfilegur heildarafli var aukinn. Botnfiskveiðiheimildir lækkuðu aftur milli ára, nú úr 180 lestum í 165 lestir vegna samdráttar í heildarveiði á þorski.

Veiðiheimildir skipanna fyrir árið 1991 eru samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og er grunnur að aflahlutdeild þeirra í framtíðinni.

Varðandi 2. lið fsp. skal tekið fram að af hálfu sjútvrn. var aldrei gefið það fyrirheit að raðsmíðaskipin mundu fá þær aflaheimildir sem þyrfti til að reka slík skip. Það hljóta allir að sjá hversu fráleitt er að gefa slík loforð. Við skiptingu á takmarkaðri auðlind þar sem leyfilegur heildarafli er breytilegur milli ára verða aðilar því miður að sætta sig við ýmsar sveiflur. Á það er rétt að benda að frjáls aðgangur að úthafsrækju ásamt meðafla í botnfiski var á sínum tíma vænlegur kostur. Eins og ég hef bent á hér áður, þá varð að takmarka veiði í úthafsrækju vegna of mikillar sóknar. Veiðiheimildir raðsmíðaskipa eins og þær eru í dag ættu að vera vel viðunandi miðað við mörg önnur skip. Afkoma skipanna ræðst þó ekki eingöngu af aflaheimildum þeirra. Má t.d. benda á að raðsmíðaskip hafa ekki alltaf náð að veiða þann afla sem þeim var heimilað og verð á rækju er sveiflukennt og getur breyst mjög milli ára.

Virðulegur forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er ekki hér og ég skal því reyna að svara nokkru af því sem til hans var beint og ég hef upplýsingar um.

Í fyrsta lagi varðandi þá spurningu sem varðar það að Ríkisábyrgðasjóður hafi selt þessi skip, þá er það ekki rétt því að seljendur voru skipasmíðastöðvar þær sem smíðuðu skipin, þ.e. Slippstöðin hf., Stálvík hf. og Þorgeir og Ellert hf. Að því er varðar verð skipanna til kaupenda, þá mun það hafa verið sem hér segir: Oddeyri EA, seld 10. des.1986, 193 millj. 299 þús. kr. Nökkvi HU, seldur 9. febr. 1987, 202 millj. 310 þús.

kr. Gissur ÁR, seldur 10. mars 1987, 211 millj. 866 þús. kr. Jöfur KE, seldur 29. júlí 1988, 281 millj. 68 þús. kr. Þær skuldir sem hvíla á skipunum án dráttarvaxta miðað við síðustu áramót eru: Oddeyri EA 241 millj., Nökkvi HU 257 millj., Gissur ÁR 265 millj. og Jöfur KE 320 millj.

Að því er varðar áætlað söluverð skipanna treysti ég mér ekki til að segja fyrir um það. Þar verður framboð og eftirspurn og markaðsverð að ráða og ekki auðvelt að leggja þar mat á.

Hvernig endanlega á að ganga frá málum þessara skipa get ég ekki upplýst. Það mál er í höndum þeirra skipasmíðastöðva sem þessi skip seldu, væntanlega með aðild Ríkisábyrgðasjóðs.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans þótt ekki væru þau nú fullnægjandi og reyndar fengust ekki svör við öllum spurningunum. En það kom glöggt fram af máli hans að kvóti þessara skipa hefur verið skertur mjög verulega, þ.e. úr 900 tonnum í úthafsrækju og niður í 500–550 tonn og síðan í þorskígildum úr 200 tonnum í 165 tonn. Ég held að menn hljóti að átta sig á því þegar þetta mál er skoðað að rekstrargrundvöllur er engan veginn fyrir hendi hjá þessum skipum þegar svo er komið sem nú er. Vil ég í þessu sambandi vekja á því athygli að þegar samningar voru undirritaðir og útboðsskilmálar sendir út með sérstakri auglýsingu fjmrn. í janúar 1986, þá var sérstaklega tekið fram að skipunum yrði heimilað að stunda rækjuveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi utan grunnlínu samkvæmt reglum sem gilda um veiðiheimildir sambærilegra skipa. Mér sýnist á öllu að ekki hafi verið við þetta staðið. Og mér er nær að halda að í raun og veru séu brostnar forsendur fyrir þeim kaupum sem gerð voru á sínum tíma nema til komi einhver leiðrétting á kvóta eða kaupverði.

Það er ljóst að málefni þessara skipa liggja afvelta í kerfinu (Forseti hringir.) og ég vil, af því að ég hef nú ekki meiri tíma, láta nægja að skora á hæstv. ráðherra að líta á málefni þessara skipa af velvild og skilningi og reyna að finna þar einhverja lausn á.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Í þessari fsp. eru tvö meginatriði. Í fyrsta lagi er því haldið mjög staðfastlega fram af kaupendum þessara skipa að gefin hafi verið fyrirheit um að þeim yrði úthlutað kvóta sem væri í samræmi við það sem gerðist á sambærilegum skipum þannig að ætla mætti að það tryggði rekstrargrundvöll þeirra. Hæstv. ráðherra segir hér að engin slík loforð hafi verið gefin af sjútvrn. Það stangast auðvitað á við fullyrðingar eigenda skipanna um að slík loforð hafi verið gefin út af ríkisstjórn. Það virðist a.m.k. að þetta hafi ekki staðist. Í annan stað hafa ekki verið gefin út afsöl fyrir þessum skipum og það verður auðvitað að ganga í það að koma þeim málum á hreint.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er auðvitað bágt fyrir þessi skip eins og önnur sem verða fyrir skerðingu, rekstrargrundvöllur þeirra raskast allur og skekkist og menn geta ekki staðið við þær áætlanir sem upphaflega hafa verið gerðar. En það er ekkert sérmál þessara raðsmíðaskipa að svo sé því þetta gengur yfir allan flotann. Hins vegar hefur dregist allt of lengi að ganga frá málefnum þessara skipa, þ.e. að ganga frá kaupunum, en það er að sjálfsögðu málefni Ríkisábyrgðasjóðs sem heyrir undir fjmrh. og eðlilegt að snúa sér til hans með það mál.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins minna á það að þegar þessi skip voru seld á sínum tíma þá var mikil eftirspurn eftir þeim. Það virtist gæta mikillar bjartsýni hjá þeim sem þau vildu kaupa. Þau voru ekki boðin sérstaklega velkomin inn í veiðarnar af þeirri einföldu ástæðu að þar var nóg af skipum fyrir. Hins vegar var fallist á það hér á Alþingi til að miðla málum eins og oft áður að þessi skip fengju veiðiheimildir. Ég hefði gjarnan kosið að önnur skip sem fyrir voru í flotanum hefðu þær. En Íslendingar hafa verið allsmíðaglaðir að því er varðar fiskiskip og því oft komist í vanda af þeim sökum.

Að sjálfsögðu þarf að ganga frá málum að því er varðar þessi skip en ég vil þó minna á eitt sem virðist benda til þess að einhver rekstrargrundvöllur sé fyrir viðkomandi skip. Ég sá ekki betur í blöðunum en það væri verið að selja hlutabréf í því félagi sem á eitt af þessum skipum á allháu verði af Akureyrarbæ. Það bendir til þess fyrst hlutafé í viðkomandi fyrirtæki hefur eitthvert virði að það muni vera rekstrargrundvöllur fyrir útgerðinni, sem betur fer.

Umræðu frestað.

Vandamál atvinnulífs á Seyðisfirði, ein umr.

Fsp. HG, 306. mál. — Þskj. 550.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 550 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. forsrh.:

„Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að auðvelda lausn á vandamálum atvinnulífs á Seyðisfirði?"

Fyrirspurnin er borin fram vegna þess ástands sem ríkt hefur í atvinnumálum á Seyðisfirði um eins og hálfs árs skeið eða frá því að Fiskvinnslan hf. á staðnum varð gjaldþrota. Frá þeim tíma hefur ekki verið stunduð fiskvinnsla í landi fyrr en nýtt hlutafélag hóf þar rekstur um síðustu mánaðamót. Á þessum tíma hefur fjöldi manns verið atvinnulaus á Seyðisfirði, svona nálægt 100 manns að meðaltali á síðasta ári, og þar voru greiddar í atvinnuleysisbætur eitthvað nálægt 30 millj. kr. á sama tíma. Heimamenn og þá ekki síst bæjaryfirvöld og verkalýðsfélagið Fram á staðnum hafa glímt við þann vanda að endurreisa fiskvinnslu í landi og staðið fyrir hlutafjársöfnun og framlögum hlutafjár

og nýtt hlutafélag var stofnað sl. haust, Fiskiðjan Dvergasteinn, sem nú hefur hafið vinnslu og samið um kaup á togskipi.

Það er hins vegar alveg ljóst að grunnurinn undir rekstri þessa fyrirtækis er enn ótraustur og forráðamenn þess hafa leitað til Byggðastofnunar og ríkisstjórnar um úrlausn á þeim fjárhagsvanda. Fyrirtækið hefur ónógar veiðiheimildir og ótryggt hráefni til rekstrar og það er sá vandi sem einkum er við að glíma. Við þetta bætist síðan sá brestur í loðnuveiðum sem orðið hefur á þessum vetri. Nýendurgerð fiskimjölsverksmiðja Síldarverksmiðja ríkisins hefur úr litlu að moða eins og aðrar loðnuverksmiðjur og því ótryggt ástand um atvinnu hjá því fyrirtæki.

Ég tel eðlilegt þar sem hér eru ríkir almannahagsmunir í húfi í þessu 1000 manna byggðarlagi að það sé rætt hér á Alþingi og leitað upplýsinga frá stjórnvöldum hvað þau fyrir sitt leyti ætla að gera til að bregðast við óskum heimamanna á Seyðisfirði um aðstoð við þessum mikla vanda.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Strax og fsp. frá hv. þm. barst sendi ég hana Byggðastofnun og óskaði eftir tillögum hennar. Reyndar hafði Byggðastofnun þegar fengið málið því að mér barst erindi frá Seyðfirðingum um mánaðamótin og það erindi var tekið fyrir 4. þessa mánaðar í ríkisstjórninni og þá ákveðið að biðja Byggðastofnun um athugun á því erindi og tillögur.

Mér er kunnugt um að Byggðastofnun vinnur ítarlega að þessu máli, hefur m.a. heimsótt staðinn. Hins vegar tjáði Byggðastofnun mér að þeir gætu ekki haft þá skýrslu sem þeir vildu hafa tilbúna fyrr en eftir helgina. Þetta hefur hv. fyrirspyrjanda verið tjáð en hann óskaði engu að síður eftir því að málið yrði tekið hér fyrir. Af þessari ástæðu get ég í raun ekki svarað þessari fsp. á þessari stundu á annan máta en þennan að málið er í mjög ítarlegri athugun.

Hins vegar er það rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda og þarf ekki að ítreka hér að þarna er mjög alvarlegt ástand og búið að vera alllengi. Málefni Seyðisfjarðar og frystihússins þar var tekið fyrir í Hlutafjársjóði þegar í upphafi hans starfsemi á árinu 1989. Því var þá vísað frá af þeirri ástæðu að stjórn sjóðsins taldi sig ekki geta séð rekstrargrundvöll eins og ástatt var á staðnum fyrir frystihúsið af þeirri einföldu ástæðu að eigendur þeirra tveggja togara sem þar eru hafa kosið að flytja úr landi langmestan hluta aflans, allan hluta aflans af öðrum togaranum og mest af hinum þannig að ljóst var að kaupa yrði að kvóta sem ekki virtist falur.

Stjórn Hlutafjársjóðs hafnaði því að ganga inn í fyrirtækið og það var gert gjaldþrota. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda hafa heimamenn nú endurreist fyrirtækið og safnað hlutafé og hafa farið fram á það að þeim verði útvegað af opinberri hálfu hlutafé upp á 50–60 millj. kr. Ríkissjóður mun ekki leggja það hlutafé fram. Hann er eins og menn vita frekar að selja frystihús nú heldur en að kaupa, enda ekki eðlilegt að ríkissjóður geri það. Hins vegar sýnist mér vel koma til greina að Byggðastofnun taki þátt í þessari endurreisn staðarins og því er erindið þar og verður til meðferðar hjá stjórn Byggðastofnunar. Ég mun taka það fyrir í ríkisstjórninni strax og erindið berst og get ekki á þessari stundu sagt um hverjar tillögurnar verða eða hvernig þeim verður tekið nema það að það er fullur vilji í ríkisstjórninni að gera allt það af opinberri hálfu sem réttlætanlegt er og unnt er til að koma þessu frystihúsi í rekstur. En meira treysti ég mér því miður ekki til að segja á þessari stundu.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. þau svör sem hann reiddi hér fram varðandi þetta mál þar sem upplýst er að að þessu máli sé unnið að ósk ríkisstjórnar í Byggðastofnun. Hæstv. forsrh. vísar fyrst og fremst á þá stofnun til úrlausnar þeim fjárhagsvanda sem fiskvinnsla á Seyðisfirði stendur frammi fyrir og greinir frá því að ekki sé að vænta þess að ríkissjóður geti komið inn í það mál.

Nú er ég ekki að biðja um nákvæmar upplýsingar um það hvernig þessi vandi verði leystur í einstökum atriðum. Meginatriðið er að það verður auðvitað ekki hjá því komist að með samstilltu átaki heimamanna, bankastofnana og ríkisvalds, ríkisstjórnar, verði ráðið fram úr þeim mikla vanda sem er í þessu byggðarlagi. Það er almannavandi þess fólks sem þarna býr og hefur búið við þrengingar og óvenjumikið atvinnuleysi um rösklega eins árs skeið. Það er alveg ljóst að þarna verður að stilla saman og þar eð það hefur ekki tekist án íhlutunar af opinberri hálfu, þá er óhjákvæmilegt að opinberir aðilar og ríkisstjórnin stilli þarna saman til þeirrar lausnar sem nægir til þess að tryggja vinnslu á staðnum. Eins og ég gat um bætist þarna við vandi loðnuveiðanna, loðnubresturinn, sem leggst á þetta mál enn frekar.

Það sem hefur gerst á Seyðisfirði undanfarin missiri og raunar um lengri tíma hvað snertir útflutning á óunnum fiski er lýsandi dæmi um það hvernig til getur tekist undir merkjum þeirrar fiskveiðistjórnar sem við búum við og höfum búið við. Það er umhugsunarefni fyrir sig sem ekki er hægt að ræða hér, en á árunum upp úr 1980 var vinnslan í landi og veiðarnar aðskilin sem liður í fjárhagslegri endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja á staðnum. Það voru ráðin sem gripið var til þá. Það voru óráð að mínu mati og svo hefur reyndar gerst víðar í stað þess að nauðsynlegt er að þessir hagsmunir taki saman, leggist á eitt um að nýta það sem úr sjónum kemur.

Virðulegur forseti. Ég skal ekki bæta hér við. Ég vil aðeins hvetja stjórnvöld til þess að hraða eftir því sem frekast er unnt úrlausn mála þó mér sé ljóst að það þurfi og er eðlilegt að fleiri komi þar til og þá ekki síst bankastofnanir.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið við þessa umræðu að það er nauðsynlegt að það fáist niðurstaða sem fyrst um það með hverjum hætti Byggðastofnun hugsanlega getur komið til

aðstoðar til að styrkja stoðir fiskvinnslunnar á Seyðisfirði. Vandinn er tvíþættur, styrkja stoðir hennar og ná um það samkomulagi að sá afli sem berst á land þar á staðnum sé þar unninn.

Hér var minnst á útflutning afla. Ég hef verið þeirrar skoðunar að skerðing á aflakvóta þyrfti að vera meiri fyrir þau skip sem sigla, en við alþingismenn vitum að um þá skerðingu sem er er málamiðlun milli hagsmunaaðila í þjóðfélaginu og vegna þeirrar málamiðlunar er sú skerðing ekki nema 20%. Það er ekki nógu mikil skerðing til að slá nægilega á þessar siglingar.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Því miður hafa málefni Seyðisfjarðar ekki skýrst við þessa umræðu. Þess var kannski ekki að vænta út af fyrir sig, enda hefur sú raunin ekki orðið á.

Það vakti eftirtekt mína sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Austurl. þar sem hann hafði orð á því að afstaða og hjálp Byggðastofnunar í þessum efnum þyrfti að skýrast. Ég hélt að fyrir lægi erindi til ríkisstjórnarinnar frá Seyðfirðingum þannig að þetta væri ekki eingöngu bundið við Byggðastofnun.

Ég má til með út frá því sem hér hefur komið fram að minna á það að ýmsir hlutir eru óuppgerðir milli Byggðastofnunar og ríkisstjórnarinnar. Ef ég man rétt, þá sögðu Seyðfirðingar það með skýrum orðum að þau viðbrögð hefðu komið fram, m.a. frá hæstv. forsrh., að það ætti að tengja úrlausn vandamála Seyðfirðinga við afgreiðslu á málefnum Byggðastofnunar. Mér finnst því að þessi umræða hafi frekar gengið aftur á bak en áfram og það var tilefni þess að ég kom hér upp í pontu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins staðfesta að það er rétt sem hv. 4. þm. Austurl. Egill Jónsson sagði hér áðan, að lausn þessa máls er tengd afgreiðslu í ríkisstjórninni og málið er lagt fyrir á þeim grundvelli í stjórn Byggðastofnunar eftir viðtal sem forráðamenn Seyðfirðinga áttu við forsrh.

Fræðsla fyrir útlendinga, ein umr.

Fsp. DS, 307. mál. — Þskj. 551.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Á síðasta þingi fluttu þingkonur Kvennalistans till. til þál. um skipulagða leiðsögn og fræðslu fyrir útlendinga sem taka sér búsetu hér á landi. Skyldi tillagan einkum ná til kennslu í íslensku, fræðslu um íslenska þjóðfélagið og stofnanir þess, fræðslu um réttindi og skyldur þegna í þjóðfélaginu, svo og fræðslu um sögu landsins, staðhætti, íslenska menningu og þjóðlíf. Þar eð verið var að vinna að þessum málum í samstarfi þriggja ráðuneyta sl. vor var tillögunni vísað til ríkisstjórnarinnar með ítarlegu nefndaráliti þar sem tíunduð var nauðsyn þess að stunda skipulega fræðslu fyrir þann hóp útlendinga sem hér hefur fasta búsetu. Þeir sem hingað koma í skipulögðum hópum, t.d. flóttamenn, hafa notið kennslu og fræðslu sem Rauði kross Íslands hefur séð um, en það á eingöngu við þá sem koma hingað með skipulegum hætti.

Það er ljóst að á Íslandi býr nú fólk frá öllum heimsálfum og hefur það örugglega orðið til þess að auðga hjá okkur mannlífið og menninguna. Það er hins vegar ekki auðvelt að gera sér grein fyrir stærð hópsins. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni munu um 5000 erlendir ríkisborgarar búsettir hér þegar frá eru taldir starfsmenn erlendra sendiráða og þegnar á vegum Bandaríkjahers, en samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar munu búsettir hér á landi 10.000 manns sem fæddir eru erlendis. Margir þeirra eru orðnir íslenskir ríkisborgarar og hefðu e.t.v. þurft á slíkri fræðslu að halda einhvern tíma en eru sennilega flestir hverjir búnir að aðlagast íslenskri þjóðfélaginu.

Margir þeir sem hér búa koma úr samfélögum sem eru mjög ólík því íslenska, ekki síst fólk frá Austurlöndum þar sem skipan samfélagsins er með allt öðrum hætti en hér. Ég hef leyft mér á þskj. 551 að beina fsp. í tveimur liðum til hæstv. menntmrh. um fræðslu fyrir útlendinga. Þar er í fyrsta lagi spurt hvernig staðið sé að kennslu í íslensku fyrir útlendinga og fræðslu um réttindi og skyldur og sömuleiðis með hvaða hætti sé tryggt að útlendingar sem hér taka sér búsetu fái upplýsingar um þá fræðslu sem til boða stendur.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Því er til að svara fyrst að ekki hafa verið til almennar reglur um það hvernig staðið er að fræðslu útlendinga sem hingað koma eða kennslu, t.d. í íslensku. Ég hygg reyndar að yfirleitt vanti almennar reglur um það hvernig er tekið á móti útlendingum. Mér sýnist því að okkar löggjöf að því leytinu til sé að mörgu leyti götótt og þyrfti á því máli að taka sem heyrir eins og kunnugt er undir útlendingaeftirlitið og dómsmrn.

Fyrsta spurning hv. þm. er: „Hvernig er staðið að kennslu í íslensku fyrir útlendinga og fræðslu um réttindi og skyldur þeirra útlendinga sem taka sér búsetu hér á landi, en 5. maí 1990 var tillögu þess efnis vísað til ríkisstjórnarinnar?"

Því er til að svara að á sl. vetri, þ.e. 1989–1990, hófst undirbúningur að þessum málum með þeim hætti að í fyrsta lagi er að fara af stað starfshópur sem hefur það hlutverk að móta stefnu varðandi almennan rétt útlendinga til íslenskukennslu. Þessi hópur er undir forustu Guðnýjar Helgadóttur deildarstjóra í fullorðinsfræðsludeild menntmrn.

Í annan stað er verið að undirbúa námsefni fyrir byrjendakennslu sem sérstaklega er ætluð útlendingum frá ólíkum málsvæðum.

Í þriðja lagi er á vegum nokkurra aðila í gangi íslenskukennsla fyrir útlendinga, þ.e. á vegum Námsflokka Reykjavíkur, Tómstundaskólans, Bréfaskólans, Málaskólans Mímis og nokkurra framhaldsskóla, ekki

bara í Reykjavík heldur einnig út um landið.

Í fjórða lagi er þess að geta að haustið 1990, þ.e. núna fyrir áramótin, voru 30–40 nemendur í íslenskunámi í Námsflokkum Reykjavíkur á byrjendanámskeiðum. Þetta voru tvö námskeið, annað fyrir fólk frá Filippseyjum, hitt fyrir fólk frá Tælandi. Það lá ekki fyrir og liggur hvergi fyrir í íslenskri löggjöf hver átti að kosta þessi námskeið. Niðurstaðan varð þess vegna sú að menntmrn. greiddi skólagjöld fyrir þetta fólk á þessum námskeiðum þannig að þau voru fólkinu að kostnaðarlausu.

Námsflokkar Reykjavíkur verða líka með þessi námskeið núna á vorönn og í Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum hefur verið óskað eftir sams konar námskeiði fyrir 25 manns frá Filippseyjum og Tælandi. Við höfum fallist á það fyrir okkar leyti og að greiða skólagjöld fyrir þetta fólk eins og gert hefur verið við Námsflokka Reykjavíkur. En ég endurtek að það er í raun og veru engin lagaskylda á neinum, því miður, í þessu efni, en við höfum auðvitað talið okkur skylt engu að síður að gera það sem hægt er til að tryggja að þetta fólk fái kennslu í íslensku.

Í fimmta lagi varðandi fræðslu um réttindi og skyldur þá er komin út, eins og hv. þm. vita, bæklingur á vegum félmrn. sem unninn hefur verið á vegum nokkurra ráðuneyta. Hann er á ensku, en það er verið að þýða hann á kínversku og tælensku. Þessi bæklingur inniheldur upplýsingar um réttindi og skyldur fólks sem sest hér að. Hann verður afhentur öllum þeim sem flytja hingað til lands og Rauði kross Íslands mun halda námskeið víðs vegar um land um réttindi og skyldur innflytjenda og sögu landsins með hliðsjón af því sem þarna kemur fram. Fólki verður skrifað bréf, þ.e. þeim útlendingum sem hér eru eða hafa komið á allra síðustu árum, og því verður boðið upp á slík námskeið.

Með þessu hef ég svarað, virðulegi forseti, fyrri fyrirspurninni en sú seinni er: „Með hvaða hætti er tryggt að útlendingar, sem hafa hér fasta búsetu, fái upplýsingar um þá fræðslu sem til boða stendur?“

Svarið er þá að nokkru leyti komið, vænti ég, því að það eru í gangi og undirbúningi námskeið fyrir hópa frá tveimur þjóðum sérstaklega. Þau eru unnin í samvinnu við formenn viðkomandi félaga hér á landi. Þegar búið verður að móta heildarstefnu í þessum málum, samanber það sem ég sagði í upphafi um kennslu fyrir útlendinga hér á landi, verður ákveðið með hvaða hætti fólki verður kynnt málið frekar.

Þess má geta að mikið er spurt um þessi mál í menntmrn. Það er greinilega mjög mikil þörf fyrir þessa starfsemi og því hefur verið unnið að þessum málum og af þeim krafti sem hægt er miðað við þann vanda sem ég held að löggjafinn ætti aðeins að velta fyrir sér, að það er í rauninni ekki til nein skýr heildarlöggjöf um þessi mál sem þyrfti að vera. Þannig hefur verið staðið að þessum málum á undanförnum árum að oft hefur verið tekin um það ákvörðun af ríkisstjórn að hingað skuli koma svo og svo stór hópur útlendinga frá Víetnam eða annars staðar frá, jafnvel tugir manna, án þess að í raun og veru væri neitt gert til þess að tryggja um leið að þetta fólk fengi viðunandi fræðslu um land og þjóð og tungu þjóðarinnar þegar það kemur til landsins. Þar af leiðandi er hægt að fullyrða að það hafi oft ekki verið staðið nægilega vel að þessum málum af hálfu íslenskra stjórnvalda. Að því er nú unnið eins og ég hef látið koma hér fram og ég þakka fyrirspyrjanda, hv. 6. þm. Vesturl., fyrir að taka málið fyrir.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans og ég fagna því sem verið er að gera í þessum málum, þ.e. að skipuleggja fræðslu og leiðsögn fyrir útlendinga. Ég er alveg sammála honum um að það er orðið tímabært að löggjafinn hugi að því að setja sérstaka löggjöf um útlendinga. Þannig er það í nágrannalöndum okkar að þar hafa verið lagðar skyldur á stjórnvöld að veita þeim fræðslu af ýmsu tagi. T.d. í Danmörku er það svo að sú skylda hvílir á sveitarfélögum. Sveitarfélögum á Íslandi yrði það sennilega, alla vega mörgum hverjum, mjög erfitt. Hins vegar er mjög mikilvægt að fólk verði aðstoðað við að kynna sér aðstæður hér, að ekki sé talað um að læra tungumálið. Það hefur einmitt komið í ljós og hefur verið fjallað um það nokkuð nú að undanförnu að erlendar konur sem giftast Íslendingum virðast að ýmsu leyti vera verr settar en karlar hvað varðar það að tengjast og aðlagast íslensku þjóðfélagi. Einkum er það erfitt fyrir konur sem eru upprunnar í þjóðfélögum þar sem staða konunnar og viðhorf til kvenna er gerólíkt því sem hér gerist, þar sem litið er á stöðu konunnar eingöngu inni á heimilinu og engin félagsleg þjónusta þekkist. En það er auðvitað ekki síður mikilvægt að þeir karlmenn sem hingað flytja vegna hjúskapartengsla fái góða þekkingu á þjóðfélaginu og möguleika til þess að aðlagast.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. menntmrh. fyrir það sem þegar er í bígerð og vona að fljótlega verði að því hugað að setja sérstaka löggjöf um fræðslu fyrir útlendinga og réttindi þeirra á ýmsum sviðum. Ég vil einnig fagna því framtaki, fyrst hæstv. félmrh. er hér stödd núna, sem felst í því að gefa út þann bækling sem hæstv. menntmrh. minntist á. Það var líka orðið mjög svo tímabært.

Hlutafjárkaup Síldarverksmiðja ríkisins, ein umr.

Fsp. FrS, 331. mál. — Þskj. 583.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 583 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.:

„Hafa Síldarverksmiðjur ríkisins fjárfest í öðrum fyrirtækjum á undanförnum árum? Sé svo: Í hvaða fyrirtækjum? Hver er ástæða fjárfestingarinnar?“

Í Morgunblaðinu í dag eru á bls. 16 viðtöl annars vegar við hæstv. sjútvrh. og hins vegar við fram-

kvæmdastjóra Síldarverksmiðja ríkisins. Í viðtalinu við þann síðarnefnda kemur í ljós að hann telur að fækka þurfi verksmiðjum þannig að hægt sé að reka þessi fyrirtæki án styrkja. Hann segir jafnframt að til hafi staðið að gera SR að hlutafélagi en ekki hafi tekist að koma því í gegnum Alþingi og hann sjái ekki að það gerist á þessu þingi. Hann segir enn fremur í viðtalinu að verksmiðjurnar þurfi að selja afurðirnar sem fyrst vegna þess að þær eru orðnar peningalausar. Loks kemur fram hve margir vinna við fyrirtækið og að breytingarnar á verksmiðju SR á Reyðarfirði hafi kostað rúmar 500 millj. kr. og fyrirtækið hafi þurft að taka 340 millj. kr. lán hjá lánastofnun Export Finans í Noregi. Nú hefur það heyrst að þetta fyrirtæki hafi fjárfest í öðrum fyrirtækjum og þess vegna er spurt.

Mér er kunnugt um það, virðulegi forseti, að Sementsverksmiðjan og Járnblendiverksmiðjan höfnuðu því að taka þátt í atvinnurekstri á Akranesi með því að kaupa hlut í Þorgeiri og Ellert, sem er fyrirtæki í járniðnaði. Það er líka ljóst að yfirleitt hefur þróunin annars staðar en hér á landi gengið í þá átt að einkavæða opinber fyrirtæki. Þá hefur því heyrst fleygt að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi keypt hlut í öðru fyrirtæki, þ.e. í fyrirtæki sem á í mikilli samkeppni við önnur fyrirtæki. Mér finnst ástæða til þess að það komi fram hér á hv. Alþingi hvort þetta er rétt og þá í hvaða fyrirtækjum og hver sé ástæða slíkrar fjárfestingar.

Ég er að tala hér, virðulegi forseti, um fjárfestingar en ekki um lánamál. En mér er jafnframt kunnugt um það að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa ábyrgst lán, reyndar skrifað á víxil upp á einar 15 millj. kr., vegna skipakaupa erlendis í því skyni að tryggja sér hráefni síðar. Það er síðan efni í aðra sögu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni vanda Síldarverksmiðja ríkisins, en það er rétt hjá fyrirspyrjanda að ég hef haft fyrir því mikinn áhuga að breyta því fyrirtæki í hlutafélag. En gegn því hefur verið allmikil andstaða og ekki síst hjá stjórn fyrirtækisins sem er kosin hlutfallskosningu á Alþingi og sjútvrh. hefur í reynd engin áhrif á.

En að því er varðar fyrirspurnina, þá er það rétt að Síldarverksmiðjur ríkisins tóku þátt í hlutafjáraukningu í Landssmiðjunni hf. í febrúar 1990 ásamt þrem öðrum fiskimjölsverksmiðjum og nokkrum starfsmönnum Landssmiðjunnar hf. Aukning hlutafjárins nam 10 millj. kr. og lögðu SR fram 5,1 millj. kr., aðrar fiskimjölsverksmiðjur 0,9 millj. kr. og starfsmenn Landssmiðjunnar hf. 4 millj. kr. Hlutafé Landssmiðjunnar eftir aukninguna varð 15 millj. 960 þús. kr.

Áður en hlutafjáraukningin átti sér stað var rekstrarfjárstaða Landssmiðjunnar hf. mjög slæm og gjaldþrot blasti við. Þar sem fyrirtækið var með umboð og þjónustu fyrir Alfa Laval og fleiri fyrirtæki sem framleiða mikilvæg tæki í fiskimjölsverksmiðjur töldu SR og eigendur fleiri fiskimjölsverksmiðja nauðsynlegt að tryggja að sú sérhæfða þjónusta sem Landssmiðjan hefur veitt yrði áfram til staðar. Hagsmunir SR gagnvart Landssmiðjunni eru miklir þar sem skilvindueign SR hjá þessu fyrirtæki, Alfa Laval, er að núvirði um 400 millj. kr. Eftir hlutafjáraukningu Landssmiðjunnar hf. gerðu SR og Landssmiðjan með sér samning sem m.a. fól í sér að samnýta varahlutalager fyrirtækjanna og minnka þannig varahlutalager SR. Einnig var samið um nána samvinnu vélaverkstæðis SR á Siglufirði og Landssmiðjunnar hf. um ýmis verkefni.

SR *eiga fulltrúa í stjórn verksmiðjunnar og* samkvæmt upplýsingum hans hefur rekstur fyrirtækisins gengið vel og er nú ljóst að það muni sýna um 12 millj. kr. hagnað á rekstrarreikningi ársins 1990, sem er veruleg breyting frá árinu 1989, en þá var tap 14,5 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum er reiknað með að greiddur verði 10% arður til hluthafa og gefin verði út jöfnunarhlutabréf, um 20%.

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa ekki fjárfest í öðrum fyrirtækjum á síðustu 10 árum, en eiga nú hlutafé, stofnfé og séreignarsjóði í eftirfarandi fyrirtækjum, miðað við sl. áramót: Jökli hf. Raufarhöfn 800 þús., Jöklum hf. Reykjavík 16.220 kr., Umbúðamiðstöðinni hf. 336.469 kr., Séreignarsjóði Skreiðarsamlagsins 17.420 kr., Stofnsjóði Samvinnutrygginga 4.891 kr. og téðri Landssmiðju hf. 5.100.000. Samtals 6.275.000 kr.

Mér *sýnist að þessi ákvörðun hafi verið tekin af* stjórn Síldarverksmiðja ríkisins í ljósi þess að ef svo hefði ekki verið hefðu þær þurft að yfirtaka ýmis verkefni til að halda verksmiðjum *sínum* gangandi en virðast hafa metið það að sá rekstur væri betur kominn í höndum þeirra einkaaðila sem yfirtóku rekstur Landssmiðjunnar á sínum tíma af ríkinu, sem var nauðsynlegt og gott skref. Ef Síldarverksmiðjur ríkisins hefðu ekki gert það hefði þessi þjónusta ekki verið lengur í höndum þeirra sérhæfðu aðila sem þar starfa. Sýnist mér að það réttlæti þessa ákvörðun þótt ég sé mjög sammála hv. fyrirspyrjanda um það að að sjálfsögðu á rekstur sem þessi ekki að vera í höndum ríkisins. Það er ekki markmið ríkisins að stunda atvinnurekstur.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans sem reyndar kom ekki á óvart. Ég vil byrja á því að þakka yfirlýsingar hans um að hann telji að breyta eigi Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag. Ég skil það svo, án þess að það hafi komið fram í ræðu hæstv. ráðherra, að það geti verið fyrsta skrefið í þá átt að einkavæða þennan rekstur sem er í fullri og frjálsri samkeppni við samsvarandi rekstur annarra fiskimjölsverksmiðja.

Það var athygli vert að hæstv. ráðherra virtist ekki hafa komið nálægt þeirri ákvörðun þegar verksmiðjan keypti hlutafé í Landssmiðjunni, enda orðaði hæstv. ráðherra það svo að honum sýndist sem þetta lægi til grundvallar. Ég vil láta koma fram hér að það kann að vera í einhverjum tilvikum eðlilegt að slík viðskipti eigi sér stað. *Ég bendi þó á að Síldarverksmiðjur ríkisins* eru í fjárhagserfiðleikum, þ.e. í lausafjárerfiðleikum getum við orðað það, því eignarstaðan er áreiðanlega góð. Á móti kemur að fyrirtæki eins og Lands-

smiðjan — og ég fagna því sérstaklega ef því fyrirtæki gengur vel á yfirstandandi ári og síðasta ári — á í samkeppni við önnur samsvarandi fyrirtæki sem einnig eru fjárvana. Sum þessara fyrirtækja eru nánast undir hamrinum og hafa sótt um sams konar fyrirgreiðslu af mjög svipuðum ástæðum hjá öðrum ríkisfyrirtækjum en fengið synjun. Á ég þar sérstaklega við Þorgeir og Ellert á Akranesi.

Það er ugglaust rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að um samnýtingu sé að ræða og hægt að spara með þessu. Slíkt hefði verið hægt að gera án kaupa með sérstökum samningi. Það væri þess vegna full ástæða til þess að beina því til hæstv. ráðherra að hann, ekki síst vegna afstöðu sinnar til þess að breyta formi fyrirtækisins, hvetji Síldarverksmiðjurnar til þess að selja aftur þau bréf sem þær hafa keypt í gegnum tíðina þannig að fyrirtækið lítið út eignalega eins og önnur fyrirtæki sem starfa í þessari sömu grein.

Ég veit, virðulegi forseti, að ekki er hægt að hefja hér umræður um málefni Síldarverksmiðja ríkisins, um arðsemi af Síldarverksmiðjunum og hve miklu þær hafa skilað í ríkissjóð. En ég vildi vekja athygli á þessu máli vegna þess að ég tel að ríkisvaldið þurfi að gæta samræmis þegar um er að ræða þátttöku ríkisins í atvinnurekstri sem starfar á viðskiptalegum sjónarmiðum í fullri samkeppni.

Áfengisneysla, ein umr.

Fsp. SkA, 311. mál. — Þskj. 555.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 555 hef ég leyft mér að leggja svohljóðandi fsp. fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. um áfengisneyslu:

„1. Hvaða breyting varð á almennri áfengisneyslu milli áranna 1988 og 1989?

2. Hvaða breyting varð á áfengisneyslu unglinga 13–19 ára milli áranna 1988 og 1989 (sundurgreint eftir kynjum)?

3. Hvernig skýra heilbrigðisyfirvöld þær breytingar sem um er spurt?"

Þessar fsp. mínar flyt ég hér fyrst og fremst til þess að fá upplýst á Alþingi hver þróun í áfengiskaupum hefur orðið í beinum tengslum við það að bjórsala var leyfð í landinu og fá upplýsingar um það hvernig þær breytingar hafa komið fram í sambandi við áfengisneyslu unglinga. Ef þarna hafa átt sér stað breytingar, sem grunur minn er að hafi verið aukning, hvernig heilbrigðisyfirvöld skýra það þá. Og einnig hvort ekki hafi átt sér stað það sem mikið var um talað á hv. Alþingi þegar bjórsalan var samþykkt, hvort ekki hafi verið í gangi forvarnaaðgerðir, upplýsingaaðgerðir sem þá var talið sjálfsagt að mundi verða beitt til þess að bjórsalan hefði ekki áhrif í þá átt að auka áfengisneyslu í landinu. Að öðru leyti skýra spurningarnar sig sjálfar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. hefur borið fram fsp. á þskj. 555 sem hann hefur nú gert grein fyrir. Eins og lá í orðum hans hafa þessar upplýsingar vissulega komið fram opinberlega nú þegar. En ósk hans og vilji er að fá það sérstaklega tekið til umræðu á Alþingi og er það bæði sjálfsagt og eðlilegt.

Fsp. er í þremur liðum og 1. tölul. er: „Hvaða breyting varð á almennri áfengisneyslu milli áranna 1988 og 1989?" Breytingar á almennri áfengisneyslu milli áranna voru þannig að sala léttra vína minnkaði um 23,35%, úr 1.525 þús. lítrum í 1.169 þús. lítra. Sala sterkra vína minnkaði um 18,75%, úr 1.702 þús. lítrum í 1.383 þús. lítra. Á móti voru seldir tæplega 7 millj. lítra af sterkum bjór þannig að aukning neyslunnar milli áranna 1988 og 1989 var aðallega vegna tilkomu bjórsins, svo sem við mátti búast fyrstu mánuðina eftir breytingarnar sem gerðar voru á áfengislöggjöfinni og tóku gildi 1. mars 1989. Sé hins vegar litið á áframhaldið hefur komið í ljós að áfengisneysla hefur minnkað aftur nokkuð á sl. ári og er það í samræmi við það sem gert var ráð fyrir við tilkomu bjórsins.

Í 2. tölul. er spurt: „Hvaða breyting varð á áfengisneyslu unglinga 13–19 ára milli áranna 1988 og 1989 (sundurgreint eftir kynjum)?" Það verður að segja að um þetta liggja ekki enn fyrir nákvæmar tölulegar upplýsingar sem ná yfir lengra tímabil. Geðdeild Landspítalans hefur þó reynt að meta þetta og af upplýsingum sem fyrir liggja úr þeim athugunum, þar sem reynt var að áætla áfengisneyslu ungs fólks á aldrinum 13–19 ára á sex mánaða tímabili á þessum árum, 1988–1989, virðist sem neysla bæði pilta og stúlkna á aldrinum 13–19 ára á bjór hafi aukist verulega eða um allt að 160% hjá stúlkum og um 300% hjá piltum. Bjór var vart fáanlegur árið 1988 þannig að samanburðurinn er náttúrlega dálítið erfiður.

Neysla léttra vína virðist hins vegar hafa minnkað hjá báðum kynjum um 50–55%, neysla sterkra vína aukist nokkuð hjá piltum en minnkað hjá stúlkum. Hér er þó aðeins um sex mánaða tímabil að ræða og hefur ráðuneytið ekki enn aðra könnun eða athugun til samanburðar.

Nefnd um átak í áfengisvörnum sem starfaði á vegum heilbrrn. lét gera ítarlega könnun á neysluvenjum Íslendinga á áfengi og afstöðu þeirra til nokkurra þátta áfengismála í upphafi ársins 1989, nánar tiltekið dagana 13.–17. jan. Það var Gallup á Íslandi sem framkvæmdi þessa könnun fyrir nefndina. Fyrirhugað er að endurtaka þessa könnun til þess að fá samanburð og upplýsingar um breytingar þegar nokkuð er liðið frá því að bjór var leyfður.

3. tölul. fsp. var: „Hvernig skýra heilbrigðisyfirvöld þær breytingar sem um er spurt?" Til að fá yfirlit yfir þróunina verður að skoða áfengisneyslu yfir nokkuð lengra tímabil en samanburð milli tveggja ára. Sé litið á neyslu landsmanna í áfengislítrum á árunum 1987–1990 kemur í ljós að milli 1987 og 1988 minnkar neyslan aðeins eða um 1,12%, vex síðan aftur á ár-

unum 1988–1989 eins og fram hefur komið um 24,8%, en minnkar aftur á milli 1989 og 1990 um 4,13%. Almennt var gert ráð fyrir því að neysluvenjur Íslendinga mundu breytast hvað neyslu áfengis varðaði með tilkomu bjórsins og hefur reynslan orðið sú að neysla sterkra drykkja og léttra vína hefur minnkað verulega svo sem spáð var. Í staðinn hefur komið neysla á bjór. *Líklegt er að þróunin haldi áfram í þessa átt og ætti* því heildarneysla í áfengislítrum að minnka enn á þessu ári svo sem reynslan var á því seinasta miðað við þá verulegu aukningu sem varð á milli 1988 og 1989.

Að lokum spurði svo hv. þm., sem ekki er reyndar tilgreint í fyrirspurninni sjálfri, hvaða aðgerðir ráðuneytið hefði haft í gangi fyrir utan það sem hefur komið lauslega fram í mínum svörum. Þar er til að nefna, að vísu væri ástæða til þess að gera þinginu sérstaka grein fyrir því, en í örstuttu máli get ég sagt að á árinu 1989 starfaði sérstök nefnd sem hafði það verkefni að gera átak í áfengisvörnum og hafði verulega fjármuni úr að spila. Hennar vinnubrögð voru fyrst og fremst í þá veru að leita samstarfs við aðra aðila úti í þjóðfélaginu sem hafa unnið á þessu sviði. Á árinu 1990 var þeirri stefnu fram haldið, með allverulegum fjármunum sem við fengum til ráðstöfunar í þessu skyni, og svipuð stefna er í gangi enn á þessu nýbyrjaða ári. Það mætti auðvitað, eins og ég segi, gera betri grein fyrir því með aðeins rýmri tíma.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans. Eins og hæstv. ráðherra nefndi voru þau að sumu leyti reyndar kunn úr fréttum fjölmiðla, en ég taldi, eins og ég nefndi, ástæðu til að fá þessar upplýsingar hér inn á hv. Alþingi.

Ég vil aðeins nefna, til þess að bæta við þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf í sambandi við þróun á áfengiskaupum, að aukningin er sú á síðasta ári, þó hún hafi minnkað frá árinu 1989, miðað við árið 1988 fimmta hver flaska er aukning, þ.e. núna á árinu 1990 voru alkóhólkaup 5,24 lítrar en á árinu 1988 4,48.

Á þessu tímabili hefur líka, eins og öllum er kunnugt um, áfengisveitingastöðum fjölgað og flest verið meira á þann veg að aðstaða til neyslu áfengis og hvatning til neyslu áfengis verið frekar í gangi heldur en hitt, að við höfum fundið fyrir því að um miklar forvarnaraðgerðir hafi verið að ræða, þó að ég viðurkenni og taki undir það að ráðuneyti hæstv. ráðherra hefur verið með slíka starfsemi. Væri mjög æskilegt að fá frekari upplýsingar um þau mál hér á hv. Alþingi eins og reyndar hæstv. ráðherra nefndi.

Ég endurtek að ég þakka fyrir þær upplýsingar sem hér liggja fyrir. Þær eru þá komnar inn á hv. Alþingi, og væri eðlilegt að við fengjum frekari umfjöllun um þessi mál, ekki síst út frá þeim heitstrengingum sem í gangi voru þegar var verið að samþykkja bjórinn og um þá sjálfsögðu hluti sem í gang áttu að fara eftir að sú aðgerð hafði farið fram að reyna að hamla gegn aukinni neyslu. Því miður virðist neyslan hafa aukist og ekki beinar líkur fyrir því að hún sé neitt að minnka þó að munur hafi verið á milli ársins 1989 og 1990 þar sem vera má að sú minnkun sem átti sér stað á árinu 1990 sé fyrst og fremst vegna þess að á því ári varð kaupmáttarrýrnun. Það er þekkt fyrirbrigði í sambandi við áfengiskaup að áfengisneysla minnkar þegar þannig er ástatt í þjóðfélaginu.

Guttormur Einarsson:

Virðulegi forseti. Það má ekki hjá líða að benda á veigamikil atriði í þessu máli þegar það kemur á dagskrá hjá Alþingi. Einhvern veginn hefur svo farið að ekki hefur verið á það drepið í þessari umræðu að veigamikil breyting varð á öllum aðdráttum á áfengi við þessi umskipti. Það má segja að víst sé talið að smygl á bjór hafi nánast lagst af við tilkomu löglegrar sölu á áfengum bjór á Íslandi sem auðvitað hafði það í för með sér að ríkissjóður fékk réttilega þær tekjur af þessum annars umdeilda bölvaldi. Þar af leiðandi má sjá að allar viðmiðanir og tölur sem fyrir liggja eru að vissu leyti varhugaverðar þar sem ekki liggur fyrir hve mikil neysla var í gangi af smygluðum áfengisvörum áður en bjór var leyfður. Það er hins vegar hægt að geta sér til hvert magnið hefur verið ef menn reyna að áætla þá miklu aukningu sem varð í áfengisneyslu við þessi umskipti og þá getur hver sem er reiknað til baka hvaða tekjum ríkið hefur tapað af á meðan bjór var ekki leyfður á Íslandi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Mín athugasemd skal vera stutt. Ég vil aðeins taka undir það með hv. þm. Skúla Alexanderssyni að það ber að huga betur að fræðslustarfi í skólum. Það var ef ég man rétt eitt af skilyrðum fyrir samþykkt bjórfrv. á sínum tíma. Ég man ekki hvort það var beint inni í frv. en það var skýrt tekið fram hér í þingsölum. Ef ég man rétt, þá ætlaði hæstv. menntmrh. að standa fyrir slíkri fræðslu og ég teldi það nú innlegg í málið að fá að heyra hans álit á því hvernig hefur verið staðið að þeim málaflokki.

Mér þykir einnig athyglisvert að heyra stjórnarliða segja það að áfengisneysla fari greinilega minnkandi í beinu hlutfalli við aukna skattpíningu í landinu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Af því að beint var til mín orðum um forvarnarstarf í skólum landsins, þá vil ég vísa til rits sem dreift er til allra þingmanna í dag sem heitir „Forvarnarstarf í grunnskólum“ og liggur í hólfum þingmanna, og lítur svona út ef menn skyldu ekki hafa tekið eftir því, þar sem farið er ítarlega yfir þessi mál, bæði almennt og svo í einstökum skólum. Það er vísað til víðtæks samstarfs um vímuvarnir sem hefur tekist að koma á. Það er sagt frá nýju kennsluefni í grunnskólum þar sem rætt er um þau mál við Stefán Bergmann, lektor við Kennaraháskóla Íslands, sem hefur undirbúið þetta og annast. Síðan er sagt frá nýjum ákvæðum í aðalnámsskrá grunnskóla sem ber yfirskriftina „Heilbrigð og ábyrg umgengni við líf og umhverfi.“ Síðan er sagt frá Lions quest verkefninu sem

er mjög mikilvægt verkefni og hefur tekið til sín þó nokkra fjármuni og það er ekki eftir þeim séð. Það er samdóma álit þeirra sem um málin hafa fjallað að þetta sé nokkuð gagnlegt verkefni sem er samstarfsverkefni ríkisins og Lions-hreyfingarinnar. Í sjálfu sér held ég því að talsvert hafi verið gert. Hins vegar er ég algerlega sammála hv. 4. þm. Vesturl. um að það hefur ekki verið gert nærri nóg. Það er líka alveg ljóst að þau varnaðarorð sem við höfðum uppi, bæði ég og hann, þegar bjórinn var samþykktur á sínum tíma, hafa því miður reynst rétt.

Læknar utan samninga við Tryggingastofnun ríkisins, ein umr.

Fsp. MálmS, 313. mál. — Þskj. 558.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur komið upp að nokkur brögð séu að því að fólk verði að leita sér læknishjálpar utan tryggingakerfisins. Öll erum við þátttakendur í almannatryggingakerfinu sem er til þess ætlað að tryggja okkur jafna aðstöðu til læknishjálpar. Hins vegar eru læknar ekki skyldugir að taka greiðslu gegnum tryggingakerfið og margir kjósa að starfa utan þess. Þess vegna getur sú staða komið upp að sú læknisaðstoð sem fólk þarf á að halda sé ekki föl innan tryggingakerfisins. Dæmi eru um að fólk hefur þurft að kosta stórfé til aðgerða sem gerðar eru af læknum sem ekki eru á samningi við Tryggingastofnun.

Ég get nefnt dæmi þess að maður þurfti á liðaðgerð að halda. Hann var að fara í nám til útlanda og vildi ljúka sjúkrahúsvist áður en hann hæfi námið. Honum var tjáð að á annað ár mundi líða áður en hann kæmist að hjá lækni sem væri með samning við Tryggingastofnun. Hann taldi sig ekki geta beðið svo lengi og hefði e.t.v. orðið að hverfa frá námi, þar sem aðgerðin var óumflýjanleg, svo að hann tók þann kost að leita til læknis utan kerfisins. Sú læknisaðgerð kostaði á annað hundrað þús. kr. Og það má nefna fleiri dæmi þess að fólk neyðist til að leita sér aðstoðar utan kerfisins.

Fólk hefur talið að með skattgreiðslum hafi það tryggt sér rétt til læknishjálpar í gegnum almannatryggingakerfið. Síðan kemur í ljós að e.t.v. eru svo fáir læknar í greininni að lengri tíma tekur að komast að í aðgerð heldur en viðkomandi getur unað eða e.t.v. er enginn, sem sinnir tilfelli af þeim toga sem um er að ræða, á samningi hjá Tryggingastofnun. Engin gjaldskrá er í gildi fyrir sérfræðinga sem starfa utan kerfisins og illt er að una því að þrátt fyrir okkar góða kerfi skuli vera slík brotalöm á því að fólk get ekki verið öruggt um að eiga kost á þeirri þjónustu sem það á þó rétt á og verði að leita á náðir einkaframtaksins í þessum efnum með þeim kostnaði sem því fylgir og sumum er ofviða. Því hef ég leyft mér á þskj. 558 að leggja spurningar fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. 7. þm. Norðurl. e. hefur borið hér fram nokkrar fyrirspurnir á þskj. 558. Reyndar fannst mér nú koma fram í framsögu fyrirspyrjanda fyrir spurningunum að mikil brögð væru að því að sjúklingar þyrftu að leita til læknis sem ekki hefði samninga við Tryggingastofnun og margir læknar hefðu kosið að starfa þannig. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Tryggingastofnun getur það nú vart verið svo, a.m.k. ber þá eitthvað meira í milli heldur en það sem hér virðist koma fram.

1. tölul. fsp. hv. þm. er: „Hve margir læknar, sem reka eigin læknastofur, eru ekki á samningi við Tryggingastofnun ríkisins?“ Samkvæmt upplýsingum þaðan veit stofnunin aðeins um þrjá sérfræðinga sem reka eigin stofu og starfa utan samninga við Tryggingastofnunina. Það eru aðeins þrír einstaklingar sem hafa kosið þessa aðferð. Allir aðrir sérfræðingar, sem starfrækja sínar sjálfstætt starfandi stofur, eru með samning við Tryggingastofnun ríkisins.

2. tölul. er: „Hverjar eru sérgreinar þessara lækna og hve margir þeirra eru í hverri sérgrein?“ Samkvæmt upplýsingunum eru þessir þrír sérfræðingar allir sérfræðingar í bæklunarskurðlækningum. Það er aðeins um þessa grein að ræða sem er starfrækt án samninga við stofnunina.

3. tölul. tengist reyndar þessu líka og hljóðar svo: „Er einhver sérgrein innan læknisfræðinnar algerlega afskipt, þ.e. að ekki finnist læknir innan hennar sem er á samningi við Tryggingastofnun ríkisins?“ Að mati Tryggingastofnunarinnar og ráðuneytisins er það ekki svo. Það mun ekki vera nein sérgrein innan læknisfræðinnar sem teljast verður afskipt. Nú kann þetta að vera dálítið stór fullyrðing því að auðvitað eru alltaf að koma fram nýjar mjög sérgreindar sérgreinar, ef ég má orða það svo, og kann að vera, ef farið er ofan í mjög sérhæfða læknisfræði, að einhverjar slíkar sérgreinar séu fyrir hendi sem ekki er veitt læknishjálp í hér, en þá er það a.m.k. að mati stofnunarinnar ekki talið vera það sem máli skiptir gagnvart því að menn fái alla þá nauðsynlegu hjálp sem þeir eiga rétt á.

Varðandi þessa þrjá bæklunarlækna sem starfi utan samninga við stofnunina segir í upplýsingum frá henni að margir sérfræðingar í bæklunarskurðlækningum starfi skv. samningi við Tryggingastofnunina og þess vegna ekki ástæða til að ætla að ekki sé hægt að fá þessa þjónustu hjá þeim sérfræðingum sem eru þar með samninga.

Og 4. tölul.: „Hve langur biðtími er hjá þeim læknum sem starfa á samningi við Tryggingastofnun ríkisins og sinna sömu sérgreinum og þeir sem ekki hafa samning við stofnunina?“ Samkvæmt athugun sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert er biðtími hjá bæklunarskurðlæknum, sem starfa skv. samningi við Tryggingastofnun ríkisins, stuttur, 1–4 vikur, hvort sem um er að ræða bið eftir viðtali og skoðun eða bið eftir smærri bæklunarskurðaðgerðum sem unnt er að framkvæma á stofum læknanna eða sérstökum skurðstofum sem til þess hafa verið útbúnar. Hér ber auð-

vitað að láta það koma skýrt fram að verið er að tala um þá þjónustu sem bæklunarsérfræðingar framkvæma eða treysta sér til þess að framkvæma á sínum eigin stofum. Þar er ekki um að ræða langan biðlista. En hitt vita menn, og hefur komið fram hér í umræðum á Alþingi áður, að biðlisti er allverulegur hvað bæklunarlækningar varðar á sjúkrahúsunum sjálfum þegar verið er að tala um meiri háttar eða stærri aðgerðir sem aðeins verða framkvæmdar á sjúkrahúsi. Við höfum því miður staðið frammi fyrir þeirri staðreynd nú um tíma og þar koma til aðrar ástæður sem ekki vinnst tími til að rekja ítarlega hér eða nú. Þó er það svo að biðlistarnir, þó þeir séu ekki afsakanlegir og ekki réttlætanlegt eða gott að þurfa að viðurkenna að þeir séu langir, þá eru þeir þó í flestum greinum og flestum tilfellum styttri hér en í nágrannalöndum okkar.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svör hans. Ég man ekki að ég segði í þessari upptalningu minni að það væru margir læknar sem ég áliti að væru utan þessa kerfis en það kemur þó í ljós að það eru einkum bæklunarlæknar sem eru það. Það er einmitt þar sem skórinn kreppir því að það eru bæklunaraðgerðir sem margir bíða og mönnum finnst erfitt að þurfa að bíða eftir. Varðandi biðtímann, þá er ljóst að hann er skemmri hjá þeim sem sinna aðgerðum á sínum eigin stofum og það er líka ljóst að þeir sem gangast undir aðgerðir þar og eru síðan sendir heim fljótlega þurfa að koma til læknis kannski mjög oft eftir aðgerðina og greiða fyrir þá tíma og þetta getur orðið kostnaðarsamt.

Aftur á móti eru þessir löngu biðlistar á sjúkrahúsunum aðalásteytingarsteinn fólks því að því þykir illt að una því að þurfa að bíða jafnvel ár. Ég veit þess dæmi að það er ekkert óalgengt að fólk þurfi að bíða jafnvel í ár eða lengur eftir að komast að í aðgerð. Það geta margar orsakir verið fyrir því. En þessi biðtími er mjög erfiður og ég skora á hæstv. heilbrrh. að gera grein fyrir því hvernig er hægt að koma í veg fyrir að fólk sem þarf á aðgerðum að halda og er sárþjáð í heimahúsum og ekki vinnufært skuli þurfa að bíða mánuðum saman eftir því að geta komist að í aðgerð og jafnvel getur það þurft að fara að heiman frá sér utan af landi til þess að fara á stofur hjá læknum í Reykjavík og verða síðan að vera þar til þess að sækja þjónustu á þessar stofur og borga fyrir það stórfé.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. þm. að biðlistar eru einna lengstir og kannski líka erfiðastir hvað varðar bæklunaraðgerðir. En ég vildi aðeins láta það koma fram aftur, sem reyndar kom fram í umræðum hér á þinginu fyrir ekki löngu, að landlæknir hefur verið með sérstaka athugun í gangi á því hversu miklir þessir biðlistar eru og í hvaða greinum þeir eru sérstaklega. Hann hefur átt viðræður við bæði forsvarsmenn stofnana og sérfræðingana sjálfa um það hvernig mæta megi þessum málum og hvort hægt sé að raða þarna eitthvað í forgangsröð öðruvísi en gert hefur verið, en vissulega snýst þetta um fjármuni. Það er nú bara svo einföld spurning og svarið þá líka einfalt, að þetta kostar sitt. Þó má láta það koma fram að sérfræðingar og forsvarsmenn á Landspítalanum tóku þá ákvörðun á síðasta ári að fjölga þar verulega t.d. mjaðmaliðaaðgerðum frá því sem hafði verið áður. Það kom m.a. fram t.d. í hv. fjvn. að hluti af fjárhagsvanda sem ríkisspítalarnir stóðu frammi fyrir á seinasta ári var einmitt vegna þess að þeir höfðu ákveðið að reyna að fjölga þessum aðgerðum. En betur má ef duga skal. Ég hef því miður ekki í hendi mér neinar sérstakar lausnir á því máli nú annað en segja frá þessu, að við höfum verið að vinna að málinu og það hefur verið í umræðu við bæði stjórnendur stofnana og sérfræðingana í þessari grein. Það er auðvitað hart til þess að vita að fólk sem getur gengið fullfrískt út af sjúkrahúsi eða svo til eftir slíka aðgerð skuli þurfa að bíða eftir henni mánuðum saman, kannski jafnvel árum eða á annað ár, mánuðum saman í það minnsta, og njóti jafnvel tryggingabóta sem öryrki þann tíma sem það bíður eftir aðgerð sem það getur læknast af. Hér er því auðvitað mál sem þyrfti að reyna að taka á eins og hv. fyrirspyrjandi ítrekaði mjög í sínu máli.

Farþegaflutningar með ferjum, ein umr.

Fsp. GHelg, 330. mál. — Þskj. 582.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég hygg að fáir gleymi að sinni sunnudeginum 3. febr. sl. þar sem allt lifandi í þessu landi var í beinni lífshættu. Þjóðin sat í myrkri og fylgdist með fréttum af óveðrinu og ein var sú frétt sem vakti óneitanlega athygli, en hún var sú að 70 unglingar væru á leiðinni til Reykjavíkur með ferjunni Akraborg. Skýringarnar sem gefnar voru voru þær að ekki hefði verið hægt að hemja skipið við bryggju á Akranesi og þess vegna hefði orðið að sigla því til Reykjavíkur en í leiðinni voru teknir 70 strákar, eins og hér segir í Morgunblaðinu 5. febr., „í 4. flokki Víkings, Breiðabliks, Vals, HK og Reynis í Sandgerði."

Nú fór þetta allt saman vel. Skipið var að vísu hátt á þriðja tíma á leiðinni og í viðtali í Morgunblaðinu þriðjudaginn 5. febr. segir skipstjórinn: „Kókvél flaug yfir matsalinn og stólar horna á milli. Þetta er mesta hvassviðri sem ég hef lent í á Akraborginni, en ég er búinn að vera með skipið í 17 ár."

Ég veit ekki hvort mitt móðurhjarta er eitthvað viðkvæmara en annarra, en mér hefur sjaldan létt meira en þegar ég heyrði að þetta skip væri komið til hafnar. Nú eru þetta eflaust hæfir menn sem stjórna skipinu og skal ekki á þá ráðist, en þetta hlýtur að leiða hugann að því: Hver er ábyrgur fyrir slíkum farþegaflutningi? Það má hugsa sér að illa hefði farið og þá vaknar sú spurning: Hvern er hægt að kalla til ábyrgðar fyrir slíkt?

Það er haft eftir umsjónarmanni íþróttahússins við

Vesturgötu á Akranesi að ekkert hefði verið í veginum fyrir því að drengirnir hefðu gist og beðið af sér veðrið. Og illa trúi ég að foreldrum þessara barna hafi verið rótt á meðan á þessari siglingu stóð. Ég vil því spyrja hæstv. samgrh. — þetta virðist reyndar ekki vera einsdæmi því að í viðtali við strákana er sagt að „það hafi verið verra á Herjólfi þegar við fórum með honum til Vestmannaeyja, segja þeir, fyrir tveimur árum". Og því spyr ég: Hvaða reglur eru um það hvenær talið sé eðlilegt að flytja farþega og hver sé kallaður til ábyrgðar? Það mætti líka spyrja: Hefði nú eitthvert óhapp orðið, sem vel hefði getað verið, slys eða eitthvað þó ekki hefði nú komið til dauðsfalla, eru þessi börn tryggð? Hver er ábyrgur fyrir þessum ósköpum?

Ég hef leyft mér að bera fram fsp. þessa efnis á þskj. 582 til hæstv. samgrh. vegna þess að ég held að hér þurfi menn að hugsa sig aðeins um, þegar börn og unglingar eru annars vegar, þegar lagt er út í svona svaðilfarir.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Í fyrra lagi er spurt hver hafi tekið ákvörðun um ferð Akraborgar 3. febr. sl. Svarið við því er að það gerði skipstjóri skipsins eins og jafnan og þannig er því háttað að á þeim hlutum ber skipstjóri ábyrgð eins og öllu öðru sem lýtur að stjórn um borð í skipum samkvæmt sjómannalögum og siglingalögum.

Samkvæmt greinargerð sem ég hef fengið frá útgerðaraðilum Akraborgar segir að svo hafi háttað til að þegar Akraborg átti að hefja sína áætlun að morgni 3. febr. hafi verið á suðaustan fárviðri og spáð að vindur mundi snúast til suðvesturs og lægja nokkuð um hádegisbil. Því var ákveðið að fella niður áætlun skipsins um morguninn en flytja skipið til Reykjavíkur í öruggara lægi þegar suðaustanáttin gengi niður.

Þrír hópar íþróttaunglinga á aldrinum 15–16 ára voru á Akranesi og höfðu eindregið óskað eftir því að komast með skipinu þegar það færi til Reykjavíkur. Skipstjóri og framkvæmdastjóri útgerðarinnar ákváðu að verða við ósk þeirra og komu hóparnir um borð um hádegi. Þegar veður gekk niður var síðan brottför ákveðin og farið af stað kl. 13.25. En rétt í því sem skipið fór af stað brast síðan á suðvestanveður og var þá siglt á hægri ferð upp í vindinn út flóann en síðan snúið til Reykjavíkur og siglt rólega. Vind fór að lægja upp úr hálfþrjú og var komið til Reykjavíkur kl. 20 mínútum fyrir 4. Skipinu og farþegum var að sögn skipstjóra og útgerðarstjóra alls engin hætta búin á þessari siglingu inni á Faxaflóa, þó hvasst væri, en hins vegar er líklegt að skipið hefði slitnað eða meiðst við bryggju á Akranesi hefði það haldið þar kyrru fyrir.

Þess má geta að þennan dag voru á annað hundrað skip á sjó og varð ekkert þeirra fyrir áföllum, þótt á rúmsjó væri, vegna þess að sjólag var þrátt fyrir allt, þó hvasst væri, ekki mjög óhemjulegt. Það er rétt að geta þess einnig í þessu sambandi að sem betur fer hafa okkar stóru ferjur, Akraborg og Herjólfur, siglt án nokkurra óhappa undir stjórn sömu manna í rúmlega hálfan annan áratug og á þessu tímabili hafa þær flutt óhemjufjölda farþega, Akraborgin líklega í nágrenni við eina milljón bíla og á fjórðu milljón farþega.

Varðandi síðari spurninguna, um reglur í svona tilvikum, er því til að svara að ábyrgðin á þessum málum hvílir á herðum skipstjóra og það er alþjóðleg og ófrávíkjanleg regla í öllum siglingarétti og sjómannarétti að skipstjóri er æðsta vald um borð í skipi og ber alla ábyrgð á því að skip sé haffært, að það sé vel búið, það sé nægilega mannað, búið vatni og vistum, að tilskilinn öryggisbúnaður sé um borð o.s.frv.

Varðandi þetta atriði má svo taka fram að þær reglur sem gilda um farþegaskip og farþegaflutninga taka fyrst og fremst til smíði og búnaðar skipanna og þjálfunar áhafna þeirra. Auk reglna um stöðugleika skips, styrkleika, björgunar- og öryggisbúnað eru svo almennar reglur um aðbúnað farþega. En það eru engar almennar reglur til í siglingalögum eða siglingarétti um takmarkanir á flutningi farþega vegna veðurs eða ytri aðstæðna. Slíkt er því háð mati skipstjóra hverju sinni í samræmi við ákvæði sjómannalaga og siglingalaga þar um, þannig að þar er í raun og veru að finna þær reglur sem hv. fyrirspyrjandi spyr um.

Það gilda sérreglur fyrir minni skip og báta. Um stærri skip, sem flytja farþega, styðjumst við við alþjóðareglur varðandi allar kröfur um öryggisbúnað. Það eru svonefndar SOLAS-reglur, Safety of Life at Sea, og það er vandlega fylgst með því að íslensk skip uppfylli allar þessar alþjóðlegar kröfur.

Því mætti bæta við, og lýk ég þá máli mínu, virðulegur forseti, að það eru gerðar mjög miklar kröfur til menntunar og reynslu skipstjóra á farþegaskipum. Þeir þurfa að hafa minnst 36 mánaða siglingatíma auk þriggja ára náms til þess eins að öðlast stýrimannsréttindi á slíkum skipum og til þess síðan að öðlast skipstjóraréttindi þurfa þeir að hafa verið a.m.k. 24 mánuði eða tvö ár stýrimenn og af þeim tíma 12 mánuði eða eitt ár yfirstýrimenn, þannig að ljóst er að það eru gerðar mjög strangar kröfur til þeirra manna sem þessa ábyrgð bera.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið en ekki þykir mér það nú alveg nægjanlegt. Hér er verið að tala um farþegaflutning í einu versta veðri á öldinni og þarf ekki að fjölyrða um það. Hér í Reykjavík var beinlínis útgöngubann og margbúið að biðja fólk að vera ekki á ferð að óþörfu þannig að það eitt sér er nú dálítið þvert á þessa ákvörðun skipstjórans.

En það sem ég hjó eftir í máli hæstv. ráðherra er að engar reglur séu til í raun og veru um hvenær ástæða sé til þess að fella niður farþegaflutning. Ég vil því fara þess á leit við hæstv. ráðherra að slíkar reglur verði settar. Ég efast ekkert um hæfni áhafnarinnar á Akraborginni. En ég held að allir þeir sem eitthvað þekkja til skipa séu sammála mér um það að ferjur séu almennt ekki meðal bestu sjóskipa. Ég get ekki neitað því að ég tek hjartanlega undir með móður eins

drengjanna sem undraðist stórlega í viðtali í Morgunblaðinu yfir þessari ákvörðun. Það má gera sér í hugarlund hvernig þessu fólki leið þegar börnin voru að berjast þetta í þrjá klukkutíma.

Ég held að eins og veður eru nú oft í kringum okkar góða land, þá sé full ástæða til þess að setja um það reglur hvenær ástæða sé til að fella niður farþegaflutning áður en verra hlýst af. Við getum glaðst yfir því að hér fór betur en á horfðist, en það er ekki við það unandi að það sé ákvörðun skipstjóra hverju sinni hvort farþegar séu teknir. Hann getur vitaskuld ákveðið hvenær hann siglir skipi sínu, en í þessu tilviki verð ég að átelja það harðlega að börnin skuli hafa verið tekin um borð svo að ég fer fram á það við hæstv. ráðherra að um þetta verði tafarlaust settar reglur.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér hefur verið tekið til umræðu er allra góðra gjalda vert. Það er hins vegar svo að hv. fyrirspyrjandi hefur greinilega ekki verið til sjós eða kynnt sér þær reglur sem þar gilda þannig að hann hefði mátt vita það að skipstjórinn ræður í öllum tilfellum, svo sem kom fram í svari hæstv. ráðherra. Sömu reglur gilda einnig um farþegaflutninga með flugvélum og með farþegaflutningabílum. Það hafa oft komið upp slík tilvik á báðum vígstöðvum þó vel hafi farið. En við verðum að athuga það að þeir sem eru við skipsstjórn hér við Ísland eru yfirleitt mjög reyndir menn og hæfir í sínu starfi þannig að ég held að það séu óþarfa áhyggjur af því að illa geti farið. Ég tel að þeir geti metið aðstæður alveg rétt. Á sama tíma voru um 100 önnur skip á veiðum hér í kringum landið og allt fór það farsællega. Það má ekki heldur róta slíkum atburðum of mikið upp, að vera með óþarfa áhyggjur af hlutum sem eru e.t.v. í lagi. Og það er einnig þannig að menn verða að huga betur að þessu að því leyti til að það koma alltaf upp slík tilvik og það er erfitt að setja reglur í þeim tilvikum.

Guttormur Einarsson:

Virðulegi forseti. Hinn málefnalegi grundvöllur þeirrar fsp. sem hér var borin fram er allrar athygli verður. Á hitt vil ég benda að hér voru staðfærð ákveðin tilvik og nefnt eitt ákveðið dæmi þar sem ekki verður hjá komist að álykta sem svo að málið beinist öðrum þræði að ákveðnum ábyrgðarmanni. Það er viðhorf mitt að slíkt hafi verið með öllu óviðeigandi.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi verið rétt hjá virðulegum fyrirspyrjanda að beina til samgrh. þessari spurningu sem hér hefur verið fjallað um. Ég tek undir tillögur hennar um það að æskilegt væri að til væru reglur um það hvenær skyldi látið úr höfn við þær aðstæður sem geta skapast í sambandi við farþegaflutninga. Það er kannski erfitt að finna þeim reglum farveg, en ég tel að það væri æskilegt, ekki síst á landi eins og okkar þar sem er kannski meiri hætta á stórviðrum eins og þeim sem hér gengu yfir heldur en víða annars staðar.

En ég vil þó aðeins taka fram að ég held að í því tilfelli sem hér hefur verið um rætt hafi ekki verið hætta á ferðum. Ég vil a.m.k. segja það að ég vil draga það í land sem hv. fyrirspyrjandi sagði að þar hafi farið betur en á horfðist. Ég tel að skipstjórinn hafi gert sér fyllilega grein fyrir því hvað hann var að gera og hann hafi vitað það að hann var með sína farþega á öruggri leið og hann mundi geta skilað þeim á sínu fari heilu í höfn. Og það tókst líka. Ég held að þarna hafi sem betur fer ekki verið nein hætta á ferðum þó að um það megi vitaskuld deila hvort í þetta skipti hafi átt að vera farþegar með skipinu eða ekki.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns hvað það snertir að við höfum ekki ástæðu til að ætla að hættuástand hafi nokkurn tíma skapast á þessari siglingu þann 3. febr. sl. Í bréfi sem ég hef frá Siglingamálastofnun ríkisins kemur fram að ekki sé annað vitað en sú sigling hafi gengið eðlilega fyrir sig þrátt fyrir þessar aðstæður.

Varðandi það að setja reglur um það hvenær skipi sé heimilt að fara úr höfn með farþega og hvenær ekki, þá er það mat fagmanna að slíkt sé mjög erfitt. Það er afstaða Siglingamálastofnunar að það sé mjög erfitt að setja slíkar reglur og það hljóti fyrst og fremst að vera mat skipstjóra og á ábyrgð hans hvernig með hlutina er farið hverju sinni. Það er hin almenna regla og að sjálfsögðu mundu reglur, þó settar yrðu, ekki leysa skipstjóra á nokkurn hátt undan þeirri ábyrgð sem hann ber og verður að bera.

Þannig er það einnig í sambandi við samgöngur á landi og flugsamgöngur. Þó að í fluginu séu tiltekin lágmörk sett varðandi skyggni og annað þvíumlíkt, þá er það að sjálfsögðu síðan á ábyrgð flugstjóra hvort hann til að mynda reynir lendingu, hættir við lendingu eða hvaða ákvarðanir aðrar hann tekur sem skipstjóri í fluginu til að tryggja öryggi farþega sinna og farsæl ferðalok.

Eins er þetta með samgöngur á landi. Samgrn. fær af og til fyrirspurnir vegna þess að langferðabifreiðar hafa lagt upp á fjallvegi í tvísýnum vetrarveðrum o.s.frv. og þá er spurt hvort ekki eigi að banna mönnunum þessa vitleysu. En svarið er að sjálfsögðu hið sama. Það er ábyrgð þeirra sem skipstjórnarmanna, sem stýrimanna eða bílstjóra sem þeir bera lögum samkvæmt og má ekki frá þeim taka. Og sem betur fer held ég að við getum nú glaðst yfir því að yfirleitt hafa þessir hlutir gengið mjög farsællega fyrir sig og við eigum þarna á að skipa, til að mynda hvað skipstjórana á farþegaferjunum snertir hér við land, í flestum tilvikum mönnum með áratuga reynslu og farsælan feril að baki.

Ég tek þannig til orða, og það er afstaða Siglingamálastofnunar, að það sé í öllu falli erfitt að setja þarna reglur, en ég vek athygli á því orðalagi, það er ekki sagt að það sé óhugsandi. Það er auðvitað hugsanlegt að setja reglur. Við gætum hugsað okkur að sú regla væri hreinlega sett að færi vindstyrkur yfir 11–12 vindstig eða eitthvað af því tagi þannig að það teldist

fárviðri á mælikvarða Veðurstofunnar, þá skyldi skipi óheimilt að láta úr höfn með farþega, eitthvað af því tagi. Yrði skipið að flýja höfn til að leita sér að öruggu lægi annars staðar yrði það að gera það án farþega o.s.frv. Slíkt er hugsanlegt en næsta erfitt þó og gildir þar hliðstætt og um t.d. ákvarðanir sem bílstjórar á langferðabílum eða fólksflutningabílum verða að taka, hvort þeir eigi að leggja út í ferð í tvísýnu veðri. En þetta er auðvitað hugsanlegt.

Síðan er það sums staðar þannig að útgerðaraðilar sjálfir setja sér sínar eigin reglur. Það á líka við um flugfélög. Sum flugfélög nota strangari reglur heldur en alþjóðatakmarkanir segja til um hvað veðurskilyrði snertir og þannig gæti þetta líka gerst.

Að lokum vil ég svo benda á það atriði að þarna fara ekki alltaf saman öryggisaðstæðurnar sem slíkar og öryggi farþeganna annars vegar og vellíðan þeirra eða vist þeirra um borð hins vegar. Ég hygg að það sé miklu oftar sem sú ákvörðun er tekin að láta ekki úr höfn af umhyggju fyrir vellíðan farþeganna heldur en af hinu að menn óttist að öryggi þeirra yrði stefnt í voða. Og þetta held ég að skýri það að nokkru að yfirleitt telja menn sig hafa borð fyrir báru, ef svo má að orði komast, hvað snertir öryggisþáttinn, fyrst og fremst vegna þess að yfirleitt leggi menn ekki út í siglingu í verstu veðrum, þá fyrst og fremst vegna þess að þeir óttist að vist farþega um borð yrði svo ill að slíkt sé ekki á þá leggjandi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það hefur ítrekað komið fram í viðtölum við skipstjóra Akraborgarinnar að þarna var aldrei um hættuástand að ræða. Ég vil leyfa mér að lýsa hér yfir fyllsta trausti við þann skipstjóra. Ég er sammála hæstv. ráðherra að það er sjálfsagt mjög erfitt að setja reglur um þessi mál og þetta verður sjálfsagt í framtíðinni að vera mat skipstjóra í hvert sinn hvenær lagt skuli úr höfn.

En það sem kallaði mig helst hér upp voru þau orð sem féllu hér áðan að fólk hefði verið með óþarfa áhyggjur. Ég get ekki tekið undir það og sé vel fyrir mér fjölskyldur sem sátu hér í Reykjavík eða nágrenni og biðu eftir börnum sínum að berjast yfir hafið, vissulega höfðu þau áhyggjur. Því finnst mér ekki síður brennandi spurning: Hvaða ráðstafanir voru þá gerðar hér á þessum enda að taka á móti þeim börnum sem voru að koma yfir hafið, í ljósi þess að hér var nánast útgöngubann eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda og fólk var beðið að halda sig innan dyra og fara ekki út því bílar hreinlega fuku hér út og suður? Þess vegna finnst mér brýnni spurning: Hvaða ráðstafanir voru gerðar hér og hvernig var tekið á móti börnunum þegar þau komu til Reykjavíkur?

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. 16. þm. Reykv. vil ég taka fram að þessi fsp. var ekki fram borin til þess að draga í efa hæfni skipstjóra þessa umrædda skips og það er í raun og veru óþarfi að hafa um það fleiri orð. Fyrst og fremst var fsp. borin fram vegna þess að ég tel að hér þurfi að setja reglur. Það er auðvitað alrangt hafi Siglingamálastofnun sagt að þessi sigling hafi verið með „eðlilegum hætti". Það var hún auðvitað ekki. Ferð sem tekur venjulega innan við klukkustund tók næstum því þrjár stundir. Það kom fram í fréttum að börnin voru farveik alla leiðina, allur þorri þeirra. Þannig að líðan þeirra hefur sennilega ekki verið með besta móti. Ég held því að hér sé alveg nauðsynlegt að setja einhverjar reglur.

Það kom fram í fréttum af þessari siglingu að þegar skipið kom til Reykjavíkur varð ekki siglt til baka vegna þess að það var ekki hægt að ferma skipið, það var ekki hægt að koma bílum um borð. Og það er auðvitað hárrétt sem hv. 5. þm. Vesturl. segir, að á sama tíma og fólk var beðið um að vera ekki á ferðinni er aðstandendum 70 barna stefnt niður að höfn til að sækja börnin sín. Þetta er auðvitað vítavert, það verður ekki annað sagt, og í algjöru ósamræmi við allar aðrar ráðstafanir sem verið var að gera í landinu.

Vitanlega voru skip á sjó þegar veðrið skall á og við því varð auðvitað ekki gert. En það sem skiptir máli hér er að það var lagt af stað með 70 börn í veðri sem var verra en elstu menn muna.

Brunavarnir í skólum, ein umr.

Fsp. IBA og SkA, 317. mál. — Þskj. 562.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Sú fsp. sem hér er lögð fram er lögð fram vegna bruna og þess hættuástands sem varð í Árbæjarskóla nýlega. Því höfum við, ég ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni, leyft okkur að flytja fsp. á þskj. 562 til félmrh. og menntmrh. um brunavarnir í skólum.

Fsp. hljóðar svo:

„1. Hvernig er háttað brunavörnum og eldvarnareftirliti í skólum?

2. Fylgjast ráðuneyti félagsmála og menntamála með framkvæmd sveitarfélaga á 4. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, að því er skóla varðar?"

Sú grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnareftirlit, í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði."

„3. Eru brögð að því að ákvæðum brunavarnarreglugerðar nr. 269/1978, um viðvörunarkerfi í skólum, sé ekki framfylgt?"

Sá reglugerðarliður hljóðar svo, með leyfi forseta: Í skólum, þar sem samanlagður gólfflötur er 800 m^2 eða stærri, skal vera hægt að gera nemendum og kennurum viðvart um hátalarakerfi eða á annan öruggan hátt ef eldur verður laus. Í stærri skólum skulu vera sjálfvirk viðvörunarkerfi."

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fyrsti liður fsp. hljóðar svo: „Hvernig er háttað brunavörnum og eldvarnareftirliti í skólum?"

Því er til að svara að samkvæmt lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982, eru brunavarnir og eldvarnareftirlit í höndum sveitarfélaga. Í 4. gr. laganna segir að sveitarfélög skuli halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnareftirlit, í samræmi við kröfur sem nánar skuli kveðið á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál. Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með brunavarnarmál sveitarfélagsins.

Í lögunum eru engin sérákvæði um brunavarnir og eldvarnareftirlit í skólum.

Á nokkrum stöðum á landsbyggðinni eru starfandi sérstakir eldvarnareftirlitsmenn. Þeir hafa m.a. tekið út brunavarnir skóla á sínu svæði og séð kennurum og nemendum fyrir fræðslu um brunavarnir. Á hinum minni stöðum þar sem ekki eru starfandi sérstakir eldvarnareftirlitsmenn hafa slökkviliðsstjórarnir séð um eldvarnareftirlit í skólum og í sumum tilfellum sinnt fræðslu skólabarna. Í ýmsum skólum hafa farið fram brunaæfingar sem hafa m.a. beinst að rýmingu skóla.

Annar liður fsp. hljóðar svo: „Fylgjast ráðuneyti félagsmála og menntamála með framkvæmd sveitarfélaga á 4. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, að því er skóla varðar?"

Samkvæmt 25. gr. laganna skulu slökkviliðsstjórar, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál. Komi í ljós að ákvæði laganna eða reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim hafi verið brotin þá skal slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Ákvæði um þetta eru í 26. gr. laganna. Þessi ákvæði um eftirlit eiga að sjálfsögðu við um skóla eins og aðrar byggingar.

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála í landinu. Hlutverk hennar er skilgreint í 3. gr. laganna. Þar er ekki að finna nein bein ákvæði um að Brunamálastofnun ríkisins skuli hafa eftirlit með því að sveitarfélögin ræki lögboðnar skyldur sínar í sambandi við brunavarnir. Félmrn. hefur þó ekki í neitt annað hús að venda varðandi slíkt eftirlit, hvort sem um er að ræða skóla eða aðrar byggingar.

Í þriðja lagi er spurt: „Eru brögð að því að ákvæðum brunavarnarreglugerðar nr. 269/1978, um viðvörunarkerfi í skólum, sé ekki framfylgt?"

Því er til að svara að komið hefur í ljós að eldvarnareftirlit sveitarfélaga er allvíða ekki með þeim hætti sem vera þyrfti. Af þeim sökum var fyrir nokkrum árum tekin upp sú stefna að Brunamálastofnun ríkisins tæki út sem flestar byggingar og aðrar áhættur. Hefur verið unnið að þessu verkefni með skipulegum hætti sl. þrjú ár. Ákveðnir flokkar bygginga um allt land hafa verið teknir út. Fram til þessa hefur einkum verið um að ræða húsnæði þar sem fólk gistir, dvelur eða safnast saman annars staðar en í heimahúsum, svo og atvinnuhúsnæði eða önnur hús sem gerðar eru sérstakar kröfur um, m.a. þær að Brunamálastofnun ríkisins samþykki hönnun þeirra.

Staðan er nú sú að Brunamálastofnun hefur tekið út nærri 2000 byggingar og má segja að nær allar byggingarnar á landsbyggðinni í þessum flokkum hafi verið teknar út og þar með allir skólar á landsbyggðinni. Eftir er aðeins Reykjavíkursvæðið en þar mun þetta verk vera unnið í samvinnu við eldvarnareftirlitið í Reykjavík. Teknir hafa verið út 110 skólar, 35 íþróttahús og 28 heimavistir og hafa brunavarnarskýrslur verið gerðar um hverja úttekt. Skýrslurnar hafa verið sendar viðkomandi slökkviliðsstjórum og sveitarstjórnum ásamt bréfi þar sem vísað er til ábyrgðar þessara aðila skv. 4. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Niðurstaða þessara skoðana er í stuttu máli sú að brunavörnum í þessum byggingum hefur víða verið ábótavant og þær alls ekki í samræmi við ákvæði brunavarnarreglugerða. Á það við um viðvörunarkerfin svo og mörg önnur atriði. Samkvæmt úttektinni var ástandið slæmt í 52 skólum og óviðunandi í tólf. Í íþróttahúsunum slæmt í 18 og óviðunandi í þremur. Í heimavistunum slæmt í 14 og óviðunandi í fimm.

Brunahólfun og rýmingarleiðir í skólabyggingum er það sem oftast er ábótavant. Klæðningar veggja og lofta eru mismunandi í skólabyggingum. Í nýrri skólabyggingum eru í flestum tilfellum klæðningar góðar frá sjónarmiði brunavarna. Rýmingarleiðir úr skólabyggingum eru yfirleitt óviðunandi og kemur þar margt til. Algengt er t.d. að hafa venjulegan læsingarbúnað í útihurðum skólanna, þ.e. að þeim er læst með lykli. Þetta getur verið alvarlegt mál ef um er að ræða heimavistarskóla. Útgöngu- og neyðarlýsing er oftast engin í þessum byggingum en slíkur öryggisbúnaður er mikilvægur þáttur rýmingarleiða. Áætlanir eru yfirleitt ekki til um rýmingu skólahúsnæðis. Leiðbeiningar um rýmingarleiðir, sem ættu að hanga í öllum kennslustofum, finnast ekki nema í fáum skólum á landinu.

Ekki liggja fyrir neinar tæmandi upplýsingar um árangur þeirrar herferðar sem Brunamálastofnun hefur staðið fyrir. Engu að síður er ljóst, m.a. samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið frá byggingarfulltrúum, að undanfarið hafa verið gerðar miklar úrbætur í brunavörnum í skólum í kjölfar þessarar herferðar og ástandið er nú allt annað og miklu betra heldur en áður en hún hófst.

Haustið 1987 lagði ég fram á Alþingi frv. sem gerði ráð fyrir verulega auknum tekjum og eflingu Brunamálastofnunar. Frv. varð að lögum þá í desember. Í framhaldi af því rýmkaðist fjárhagur Brunamálastofnunar verulega og hún var betur í stakk búin til að sinna hlutverki sínu.

Í janúar 1989 skipaði ég síðan starfshóp til að gera heildarúttekt á stöðu brunamála í landinu. Sú úttekt lá fyrir í nóvember á sama ári. Niðurstaða starfshópsins var í stuttu máli sú að á sumum sviðum skorti talsvert á að lög og reglugerðir um brunavarnir og brunamál séu fullnægjandi en það sé þó fyrst og fremst í framkvæmd og í skipulagi brunavarna sem pottur sé víða brotinn. Í framhaldi af þessu fól ég starfshópnum að vinna að frekari útfærslu á tillögum til úrbóta í brunamálum, m.a. með samningu frv. til breytinga á lögum

um brunavarnir og brunamál. Frv. þetta er nú að verða tilbúið og er stefnt að því að leggja það fram á hv. Alþingi í næstu viku. Í því verður einmitt lögð sérstök áhersla á að herða eftirlit með brunavörnum og eldvarnareftirliti.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að mér hafi tekist að varpa ljósi á þau atriði sem fsp. fjallar um.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög brýnum og alvarlegum málum sem snerta fyrst og fremst spurningarnar um fjármuni ríkis og sveitarfélaga til varnarstarfs af ýmsu tagi. Bæði að því er varðar skóla og heilbrigðisstofnanir. Ég minnist þess t.d. að þann tíma sem ég sat í stjórnarnefnd og hafði með að gera málefni Landspítalans þá settum við í gang mjög umfangsmiklar brunavarnir í húsum Landspítalans. Það var áætlun sem var í gangi í nokkur ár og kostaði að sjálfsögðu verulega fjármuni eins og við er að búast. Ég geri ráð fyrir að þeirri áætlun sé lokið. En vandinn var sá þar, og það er í raun og veru svipað í skólunum, að menn fást því miður ógjarnan til að taka á þessum málum fyrr en eitthvað hefur gerst sem minnir óþyrmilega á veruleikann.

Fsp. er í þremur hlutum og það er fyrst spurt: „Hvernig er háttað brunavörnum og eldvarnareftirliti í skólum?" Hæstv. félmrh. hefur svarað því og vitnar hún þar í lögin nr. 74/1982, aðallega í 4. gr. laganna þar sem stendur að sveitarfélögin eigi að halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnareftirlit, í samræmi við kröfur sem nánar skal kveða á um í reglugerð. Þannig að eftirlitið er þar.

Síðan er spurt: „Fylgjast ráðuneyti félagsmála og menntamála með framkvæmd sveitarfélaga á 4. gr. laganna sem áður var vitnað til?" Eins og fram kom í máli hæstv. félmrh. hefur Brunamálastofnun ríkisins athugað skóla með tilliti til brunavarna og samið skýrslur um ástand mála víðast hvar. Þær skýrslur eru síðan að því er okkur varðar sendar skólastjórum skólanna, viðkomandi slökkviliðsstjóra og sveitarstjórnunum. Það er sú vinnuregla sem höfð er í menntmrn.

Í þessum skýrslum er oft krafist mjög mikilla breytinga á skólunum. Það kemur iðulega fyrir að það er krafist mjög mikilla breytinga sem þá kosta að sjálfsögðu verulega fjármuni og þeir fjármunir eiga að koma frá sveitarfélögum að því er varðar grunnskólann en hins vegar frá ríkinu að því er varðar framhaldsskólann. Eins og hv. alþm. vita hefur talsvert á það skort að það fáist nægilegt fjármagn á undanförnum árum til viðhalds opinberra bygginga yfirleitt, þar á meðal til skólabygginga. Það á við um byggingar á vegum ríkisins og byggingar á vegum sveitarfélaganna líka.

Það er spurt að því hvort brögð séu að því að ákvæðum brunavarnarreglugerðar nr. 269/1978, um viðvörunarkerfi í skólum, sé ekki framfylgt. Að því er varðar þá skóla sem ríkið kostar að öllu leyti eða að verulegu leyti, eins og framhaldsskólana þar sem ríkið borgar 60% af stofnkostnaði, þá hefur verið reynt að framkvæma þessi ákvæði brunavarnarreglugerðar og að láta þau verkefni hafa forgang sem krafist er endurbóta á þegar um er að ræða þá litlu óskiptu fjármuni sem menntmrn. hefur til framkvæmda við skóla, en að meginhluta til er þessum fjármunum varið á tiltekna skóla eins og hv. þm. þekkja. En það er í raun og veru mjög lítið um það að um sé að ræða almenna fjárveitingu t.d. í þessu skyni sem væri þó í raun og veru eðlilegt svar við þeim vanda sem uppi er.

Það er talið af ráðuneytinu að það hafi nokkuð áunnist í þessu efni á síðustu árum, en uppsetning brunavarnarkerfa af því tagi sem hér um ræðir kostar yfirleitt á bilinu 3–5 millj. kr. á skóla. Á sl. hálfu ári, þ.e. seint á síðasta ári og framan af þessu, hefur verið komið upp viðvörunarkerfum í fimm heimavistum ríkisskóla og því verki verður haldið áfram. Sömuleiðis er vitað um að sveitarfélögin hafa auðvitað mörg töluvert gert til þess að koma upp viðvörunarkerfum í skólum samkvæmt tilmælum frá Brunamálastofnun ríkisins. Hins vegar er ekki ljóst, eins og fram kom í máli hæstv. félmrh., hvernig nákvæm staða þeirra mála er.

Að lokum er rétt að geta þess að eftirlit með þessum málum hefur aukist verulega hin síðari missiri og komið hefur í ljós að margar eldri byggingar uppfylla ekki þær kröfur sem lög og reglugerðir mæla nú fyrir um. (Forseti hringir.)

Ég hef þegar tæmt þann tíma sem ég hef, virðulegur forseti, en vil segja að lokum, áður en ég yfirgef þennan stól, þetta: Í fyrsta lagi er ljóst að það hefur verið gengið talsvert í þessi mál í seinni tíð. Í öðru lagi er ljóst að ástand þessara mála er hvergi nærri nógu gott og sums staðar mjög alvarlegt. Og í þriðja lagi þá er ástæða til þess að þakka fyrir það að fsp. er hér borin fram því að þingmenn hafa auðvitað það hlutverk að vera vakandi auga almenningsálitsins með framkvæmdarvaldinu og sjálfum sér líka. Og í framhaldi af því hef ég falið mínum embættismönnum að skrifa öllum skólastjórum grunnskóla bréf og óska eftir því að í samvinnu við slökkvilið á stöðunum o.s.frv. fari fram reglulegar brunaæfingar. Við teljum að það þurfi í raun og veru ekki að kosta mikla fjármuni. Víða fara þessar æfingar þegar fram. En þetta er til að tryggja að það verði regla, auk þess sem má auðvitað koma málum þannig fyrir að heimsóknir frá slökkviliði verði reglulegar í skóla, ekki bara til að sinna brunaæfingum heldur líka af öðrum ástæðum.

Í fjórða lagi vil ég svo segja það, virðulegi forseti, að hér rekumst við á almennan vanda sem snertir svokallaða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem menn hafa reynt að bregða reglustiku og búa til það sem kallað er hrein verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Það er fyrirbrigði sem ég er satt að segja ekkert mjög ánægður með. Ég tel t.d. að það væri langeðlilegast í máli eins og þessu að fjárveitingavaldið, Alþingi og sveitarfélögin efndu til sameiginlegs heildarátaks um það að taka á þessum málum alls staðar. Eins og þetta er núna er málið allt of dreift. Það er hjá Alþingi að hluta og hjá 210 sveitarfélögum að hluta. Það segir sig sjálft að niðurstaðan úr því verður ekki nægilega örugg.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið í ljós í sambandi við þessar umræður og svör virðulegra ráðherra við þessari fyrirspurn að málið er svo yfirgripsmikið að varla verður því svarað eða rætt til hlítar eins og á þarf að halda í fyrirspurnatíma á hv. Alþingi. Þó vil ég sérstaklega þakka fyrir það sem hæstv. menntmrh. sagði hér í lok ræðu sinnar þar sem hann benti á þá nauðsyn að þau mál sem þessu tengjast verði leyst sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og svo að þessi fyrirspurn skuli þegar hafa haft þau áhrif að hæstv. menntmrh. er búinn að skrifa öllum sínum skólastjórnum eða sveitarstjórnum og óska eftir því að það verði hafnar brunaæfingar í skólum. Þetta er fyrsta skrefið til þess að átta sig á þeim stóra vanda sem þarna blasir við.

Það sem hefur komið í ljós í svörum virðulegra ráðherra er að meiri hluti skóla er vanbúinn í sambandi við brunavarnir og vanbúinn á mjög breiðu sviði. Það er ekki eingöngu að það vanti þar slökkvitæki, slökkvibúnað og viðvörunarbúnað heldur eru margir skólar þannig byggðir að þeir eru allt að því má segja brunagildrur. Það er ótrúlegt að fara um nýja skóla og reka sig t.d. á það um leið og maður kemur að inngangi skólans að þar er fyrsta gildran. Þar opnast aðalhurð inn, í staðinn fyrir að slíkar hurðir eiga samkvæmt brunavarnasamþykktum og, að ég held, venjulegum byggingarsamþykktum allar að opnast út. Þekkt er stórt slys sem átti sér stað hér á fyrri hluta aldarinnar. Orsökin var fyrst og fremst sú að unglingar sem voru á samkomustað komust ekki út úr húsinu vegna þess að hurðin opnaðist inn og allur fjöldinn hrúgaðist að hurðinni þannig að það var ekki hægt að opna hana. Þannig eru því miður margir skólar og það er alveg ótrúlegt að arkitektar sem teikna skóla og hafa verið að teikna skóla fram á síðustu daga, hugsa ég, skuli skila þannig löguðum teikningum og þær fáist samþykktar í byggingarnefnd.

Einmitt út frá þessu, að margar byggingar vítt og breitt um landið, ég á þar sérstaklega við grunnskólabyggingar, eru þannig úr garði gerðar að þær eru hættulegar og það þarf að leggja í stóran kostnað til þess að gera þær þannig að þær uppfylli venjulegar reglur, þá held ég að það sé alveg fráleitt að láta sér detta í hug að sveitarfélögin, sem hafa verið að taka við þessum byggingum núna á síðustu árum, eigi að standa undir lagfæringum á þessum byggingum og gera þær þannig úr garði að þær séu fullkomnar gagnvart brunavörnum. Ég tek undir það sem hæstv. menntmrh. sagði: Þarna þarf og verður að koma sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga til að bæta úr þeim miklu vandkvæðum við þessar byggingar og búnað þeirra.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherrunum fyrir svör þeirra. Þau voru allítarleg og greinargóð. Þetta auðvitað staðfestir það að hér er víða pottur brotinn og ástandið mjög slæmt í þessum málaflokki.

Það er alveg ljóst að það er ekki hægt að ræða þetta mikla mál ítarlega á þeim skamma tíma sem okkur er ætlaður í fyrirspurnatíma. Ég vil þó fagna því, sem hæstv. menntmrh. hefur staðfest hér, að hann muni standa fyrir reglulegum brunaæfingum og ég vil einnig taka undir það átak sem hann vill að komið verði á í þessum málaflokki milli ríkis og sveitarfélaga. Ég fagna því enn fremur að hæstv. félmrh. hyggst leggja hérna fram á næstu dögum heildarfrv. um þennan málaflokk og þá er væntanlega hægt að taka upp hér ítarlegri umræðu um þessi mál.

En ég hlýt að benda á að það er til lítils að vera að setja lög og reglugerðir ef ekki er síðan farið eftir þeim. Þau lög og reglugerðir sem eru til staðar í dag eru ekki alslæm og þessum málum væri ágætlega fyrir komið ef þeim væri hreinlega framfylgt. Hæstv. menntmrh. bendir á það að hér sé einnig spurning um fjármuni og vissulega er það rétt. En í því tiltekna dæmi sem hér hefur verið til umræðu, því afmarkaða dæmi, þá hefði nú ekki þurft meira en nokkra reykskynjara inn í þennan skóla, og ekki kosta þeir nú mikla peninga, til þess að afstýra því ástandi sem þar kom upp.

Talandi um reykskynjara, þá leiðir maður einnig hugann að handslökkvitækjum til að mynda sem eru víða í skólum en flest þeirra, hygg ég, eða allmörg því miður eru útrunnin og ekki mikill öryggisventill í raun og veru. Ég tel að brunamálastjóri eigi að hafa þau völd og eigi að hafa heimild til þess að loka þeim stofnunum, hvort sem það eru skólar, fyrirtæki eða annað, sem ekki uppfylla þau skilyrði sem lög og reglur gera ráð fyrir eftir að hafa gert þeim viðvart og gefið þeim ákveðinn frest. Ef þeim viðvörunum er ekki sinnt og ekki eru gerðar úrbætur, þá á hann að hafa þá heimild að loka og hann á að beita henni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Út af síðustu athugasemd hv. 1. þm. Vesturl., þá er það svo að Brunamálastofnun hefur ekki slíka heimild í dag til að beita t.d. lokun eða dagsektum ef ekki er farið eftir þeim atriðum sem Brunamálastofnun bendir á til úrbóta í þessum efnum. Það hefur komið í ljós í þeim 2000 úttektum sem hafa verið gerðar á undanförnum 2–3 árum, að það er, eins og fram hefur komið í mínu máli, mjög víða úrbóta þörf í þessum málum. Það er fyrst og fremst eldvarnareftirlit í sveitarfélögum og slökkviliðsstjórar sem hafa heimild til að beita lokun eða dagsektum. Þeim heimildum hefur lítið verið beitt til þessa en það er ekki nóg að gera slíkar úttektir ef þeim er ekki framfylgt.

Næsta verkefni Brunamálastofnunar að lokinni þeirri úttekt sem nú er eftir á Reykjavíkursvæðinu er að fylgja eftir þessum úttektum og athuga hvernig þeim hefur verið framfylgt. Í því frv. sem verður fljótlega lagt fyrir þingið er þessu breytt þannig að Brunamálastofnun mun fá slíka heimild til lokunar og til að beita dagsektum. Ég held satt að segja að það þurfi að beita því í miklu meira mæli til þess að framfylgja því að úrbætur séu gerðar sem eru oft kostnaðarsamar en í sumum tilfellum kosta þær ekki mikið og er oft hreinn trassaskapur að þær eru ekki gerðar. Ég held að það sé nauðsynlegt að beita slíkum ákvæðum í meira mæli

heldur en gert er. Á þessu verður tekið í því frv. sem ég mun leggja fram hér næstu daga.

SAMEINAÐ ÞING

58. fundur, fimmtudaginn 14. febr., kl. 1 miðdegis.

Umræður utan dagskrár, frh. umr.
Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Þormóð ramma.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. E.t.v. mætti halda því fram eftir þær löngu umræður sem orðið hafa um þetta mál í sölum þingsins að það sé þrautrætt. Þó er það nú þannig að mínum dómi að ástæða er til þess að hnykkja hér á nokkrum atriðum og gera athugasemdir við eitt og annað sem fram hefur komið af hálfu hæstv. fjmrh. í þessari umræðu og sömuleiðis vinnubrögð hans í málinu yfirleitt. Ég vil þó byrja á því að láta þess getið að ég fagna því út af fyrir sig ef það er orðin stefna Alþb. að draga úr umsvifum ríkissjóðs í atvinnulífinu eins og mátti skilja af ræðu hæstv. ráðherra. Það ber þá nýrra við og er vissulega fagnaðarefni ef gömlu kommúnistarnir sumir hverjir í Alþb. eru nú orðnir þeirrar skoðunar að ríkið eigi að hafa sem minnst umsvif í atvinnulífinu. Ég tel að þessari stefnubreytingu Alþb. beri að fagna og því sérstaklega ef hann hefur nú tekið upp þá stefnu Sjálfstfl. að minnka umsvif ríkisins í atvinnulífinu og selja ríkisfyrirtæki. Reyndar kom það fram í svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn frá þeim sem hér stendur sl. fimmtudag að það væri hans skoðun að ríkið ætti ekkert að vera að vasast í atvinnurekstri þar sem aðrir aðilar væru fyrir. Ég er þessu alveg hjartanlega sammála.

Spurningin er hins vegar þessi þegar alþýðubandalagsformaðurinn er að framfylgja þessari nýju stefnu Alþb.: Hvernig er staðið að málum? Og hann lét þess getið í sinni fyrstu ræðu að löggjöf um þetta málefni væri ófullkomin. Það er rétt að hún er ekki jafnafdráttarlaus og hún e.t.v. ætti að vera. Svo sá hann ástæðu til þess að fara nokkrum hnjóðsorðum um embættisstörf fyrrv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar í sambandi við þessi mál sem ég vil leyfa mér að vísa á bug. Hins vegar er það staðreynd varðandi löggjöf um sölu á hlutabréfum eða meðferð eigna ríkissjóðs að í fyrra var lagt fram sérstakt frv. á Alþingi um hvernig með þau mál skyldi fara. Og það er fyrir tilverknað fjmrh. sem það mál hefur ekki enn séð dagsins ljós á þessu þingi. Það er fyrir tilverknað fjmrh. að ekki er nú þegar búið að setja skýrar reglur um þessi mál. Ef frv. fjvn. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, sem var lagt hér fram í fyrra, hefði orðið að lögum á því þingi, þá hefði þetta mál aldrei komið upp. Ég bar fram fyrirspurn til fjmrh. fyrr á þessu þingi hvað liði meðferð þess máls. Hann hafði þá uppi stór orð um það að þetta mál kæmi hér fram endurskoðað og í miklu betra horfi heldur en það hefði verið í fyrra en það bólar enn þá ekkert á því, ekki nokkurn skapaðan hlut. Fjmrh. getur því sjálfum sér um kennt og engum öðrum ef hann vill vera hér að býsnast yfir því að hann hafi ekki haft nógu skýrar reglur eða löggjöf til þess að fara eftir varðandi þessi mál. Þannig er nú það atriði í málinu.

Það sem ég hins vegar vil gera að aðalumtalsefni er annars vegar spurningin um þá jafnræðisreglu sem skylt er að viðhafa þegar ríkið er á ferðinni með sölu sinna eigna. Og í öðru lagi þá aðför sem hæstv. fjmrh. hefur leyft sér að hefja gagnvart Ríkisendurskoðun. Fjmrh. fór með langt mál í sinni fyrstu ræðu um einstök atriði í mati manna á verðmæti þeirra eigna sem hér var verið að selja. Hann hélt því reyndar fram að Ríkisendurskoðun teldi að hægt væri að finna eina tölu sem væri hið endanlega söluverð á þessum fyrirtækjum, þó svo að Ríkisendurskoðun sjálf hefði talað um tölur á bilinu 250–300 millj. kr. Þar var því strax rangt með farið. En aðalatriðið í þessu máli, eins og ég held að fjmrh. hafi sjálfur verið að reyna að segja með sínum útúrsnúningum og dylgjum í garð Ríkisendurskoðunar, var það að hina færustu menn getur greint á um það hvað sé hið rétta mat á fyrirtæki sem þessu. Þó að menn séu ekki sammála um það mat, þó að tveir sérfræðingar komist ekki að sömu niðurstöðu um slíkt mat, þýðir það ekki að annar aðilinn sé fáviti eða faglega óhæfur eða fræðilega úti á þekju, eins og hæstv. fjmrh. sagði beinum orðum um Ríkisendurskoðun. Fjmrh. lýsti því yfir að Ríkisendurskoðun væri faglega og fræðilega ekki starfi sínu vaxin á þessu sviði. Hvað hefur hún til saka unnið í því máli annað en það að hafa komist að annarri niðurstöðu eftir þeim aðferðum sem beitt var?

Ég dreg enga dul á það að Sigurður B. Stefánsson, framkvæmdastjóri Verðbréfamarkaðar Iðnaðarbankans, og Ólafur Nilsson endurskoðandi (**Fjmrh.:** Íslandsbanka.) eru mjög virtir og færir menn. (Ef hæstv. fjmrh. gæti nú setið hér kyrr fyrir taugaveiklun sinni og hlustað án þess að vera sífellt að grípa fram í, þá er mér það vel ljóst að Verðbréfamarkaður Iðnaðarbankans heitir nú Verðbréfamarkaður Íslandsbanka, ef honum finnst það vera eitthvert atriði að koma því hér inn í þessa umræðu.) Þetta eru virtir menn sem tekið er mark á. En skoðanir þeirra og skoðanir annarra endurskoðenda í þessu máli fara greinilega ekki saman. Að vísu er það þannig að það er eitt að ætla að selja þessi hlutabréf á hlutabréfamarkaðinum hér, eins og mun hafa verið rætt við forstöðumann Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, og svo hitt að bjóða fyrirtækið út í heilu lagi, sérstaklega eftir að búið er að fella niður eitthvað af skuldum þess í millitíðinni eða breyta þeim í hlutafé.

En það sem ég vil leggja áherslu á varðandi þetta mat er nákvæmlega það sem felst í orðinu mat: Það er matsatriði. Og það er fullkomlega lágkúrulegur málflutningur, sem ekki er fjmrh. sæmandi, að gera því skóna að vegna þess að Ríkisendurskoðun hafi komist að annarri niðurstöðu, þá sé þar um að ræða fag-

lega óhæfa og fræðilega vankunnandi menn sem ekki séu starfi sínu vaxnir.

Spurningin um hvert sé mat á verðmæti þessarar eignar er auðvitað mikilvæg í þessu máli þó svo að ekki sé rétt það sem hv. þm. Ragnar Arnalds hélt hér fram, að þetta mál snerist um það eitt hvert væri hið rétta mat á fyrirtækinu. Ég tel ekki að svo sé, vegna þess að ég tel mjög erfitt að ætla að kveða upp úr um eitthvert slíkt endanlegt mat. Hins vegar er það þannig, eins og reyndar kom fram bæði hjá hv. þm. Ragnari Arnalds og hæstv. fjmrh., að það er til tiltölulega einföld leið til þess að komast að því hvað megi fá fyrir tilteknar eignir. Það atriði snertir einmitt það sem ég tel vera gagnrýni vert í þessu máli. Það er það hvernig að þessu útboði var staðið, hvernig að þessari sölu var staðið, vegna þess að það var aldrei gefið færi á því að markaðurinn, sem hæstv. fjmrh. dásamaði sem mest í sinni ræðu, gæfi svör við spurningunni: Hvað er hægt að fá fyrir þetta fyrirtæki? Ég greip hér fram í þegar fjmrh. fór sem víðast og geystast um völlinn og talaði um markaðsverð, og hvort markaður ætti ekki að ráða frekar en einhverjir menn á skrifstofum hjá ríkinu. Ég greip hér fram í og benti honum á að hann hefði ekkert gefið kost á því. Það var markaðurinn á Siglufirði, meira að segja í takmörkuðum mæli, sem fékk tækifæri til þess að spreyta sig varðandi þetta fyrirtæki.

Fjmrh. vildi gera lítið úr því og vék að því lítillega í lok ræðu sinnar að fyrirtækið hefði ekki verið auglýst. Hann sagði sem svo, að vissulega hefði mátt auglýsa fyrirtækið í Morgunblaðinu. Það hefði auðvitað mátt gera það, sagði hann. Og það hefði auðvitað mátt hafa eitthvert slíkt útboð en það væri algert aukaatriði, sagði hann, en víkur samt að þessu með þeim hætti að það er alveg ljóst að ráðherrann gerir sér grein fyrir því að hinn snöggi blettur á hans málflutningi er einmitt hér. Ég get bent honum á a.m.k. tvær aðferðir, sem hefðu verið fullkomlega ásættanlegar og yfir gagnrýni hafnar, við það að koma þessum bréfum í verð og tryggja áframhaldandi starfsemi á Siglufirði. Önnur hefði verið sú einfaldlega að auglýsa fyrirtækið með þeim skilyrðum að starfsemin héldi áfram á Siglufirði en gefa öllum jafnan kost á því að bjóða í fyrirtækið og þá þeim sem nú væru með starfsemi annars staðar kost á því að flytja sig til Siglufjarðar og halda starfseminni gangandi þar. Fjmrh. hefur stært sig af því að hafa selt lagmetisiðjuna Sigló utanaðkomandi fyrirtæki sem mundi setjast að á Siglufirði. Því hefði ekki mátt gefa öðrum aðilum kost á því að gera hið sama? Þetta hefði verið ein aðferð sem er líklegt að hefði verið yfir gagnrýni hafin.

Hin aðferðin hefði verið sú að auglýsa bréfin þannig að áskilið væri að fjmrh. gæti tekið hvaða tilboði sem væri eða hafnað öllum. Þá hefði komið í ljós hvað markaðurinn hefði viljað gefa fyrir þetta fyrirtæki. Þá hefði jafnframt komið í ljós hvert væri hæsta tilboðið á Siglufirði eða hæsta tilboð frá þeim aðila sem þar vildi starfa. Þá hefði þessi mismunur komið í ljós, ef hann er þá einhver. Þar með hefði auðvitað komið í ljós hvað ríkið væri þá að borga með þessu fyrirtæki til Siglufjarðar. En það hefði verið hægt, með þessum áskilnaði sem ég nefndi, að taka síðan hæsta tilboði frá Siglufirði eða þeim aðila sem þar vildi starfa.

Ég hygg að fjmrh. hefði getað sparað sér þessar umræður hér allar ef hann hefði kosið að viðhafa þessi vinnubrögð. Það er síðan algert aukaatriði að *mínum* dómi hvort fjmrh. finnst það við hæfi að fá samþykki þingmanna kjördæmisins fyrir ráðstöfun eignar eins og þeirrar sem hér er um að ræða. Ég tel ekki að það sé út af fyrir sig — þó að það sé alls ekki gagnrýnivert að hafa samráð við þingmenn kjördæmisins — nein trygging fyrir því að eðlilegt verð fáist að þingmenn kjördæmisins leggi blessun sína yfir það. Ég tel nú einmitt að í þeim reglum, sem um þetta ætti að setja, þá ætti að tryggja að mál geti gengið fram með eðlilegum hætti þó svo að þingmenn kjördæmisins hafi einhverjar tilteknar skoðanir á málinu.

Hér hafa menn verið að gera að umtalsefni sölu ríkisins á lagmetisiðjunni Siglósíld en það hefur gleymst að um þá sölu voru samþykkt sérstök lög og allir þingmenn höfðu aðgang að upplýsingum um það mál. Hv. þm. Ragnar Arnalds gerði að umtalsefni sölu ríkissjóðs á grasкögglaverksmiðjunni Vallhólma, sem var gjaldþrota, sem var þrotabú og átti reyndar þannig sögu, m.a. fyrir hans tilverknað, að það mátti þakka fyrir að hægt var að koma einhverju af þeim eignum í verð. En það er ekki rétt sem hæstv. fjmrh. hélt fram að það væri aukaatriði hvernig staðið væri að sölu eigna sem þessara og það væri aukaatriði að gefa öllum jafnan kost á því að bjóða í þessar eignir sem á því kynnu að hafa áhuga. Það er einfaldlega ekki rétt. En það að hann skuli nefna það í ræðu sinni sýnir auðvitað að hann veit að málstaðurinn er veikur að þessu leyti til.

Auðvitað gefur það hugmyndum eins og þeim sem hv. þm. Páll Pétursson hafði hér byr undir báða vængi um að þarna væri verið að hygla einhverjum ákveðnum einstaklingum. En ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu. Ég ætla ekkert að skipta mér af því hvaða einstaklingar það voru sem þarna eiga hlut að máli eða keyptu fyrirtækið. Mér finnst það ekki vera aðalatriðið. Það má vel vera að fyrirtækið hefði á endanum endað hjá þeim að undangengnu útboði og eðlilegum vinnubrögðum. Það má vel vera að þeir aðilar, sem hafa fengið fyrirtækið keypt, séu mjög vel færir til þess að reka það. Ég hef ekki uppi neinar fullyrðingar um þá aðila. Mér finnst það eiginlega aukaatriði og koma þessu máli eða efni þess ekki mikið við.

Aðalatriðið er það að aðrir sem þarna voru á ferðinni, annaðhvort heimamenn eða aðrir sem stunda sambærilegan atvinnurekstur, áttu þess ekki kost að bjóða í þessi bréf, kaupa þetta fyrirtæki með sama hætti og þeir aðilar sem hæstv. fjmrh. ákvað að eiga viðskipti við og var greinilega búinn að gera sér hugmyndir um að eiga viðskipti við strax og gengið var til viðræðna við Ólaf Nilsson endurskoðanda. Því að í greinargerð hans er beinlínis talað um að fyrir liggi ákveðnar hugmyndir um að selja fyrirtækið og þá væntanlega þeim aðilum sem á endanum var selt það. Það læðist því auðvitað að mönnum sá grunur að allur þessi málatil-

búnaður hafi verið ákveðinn fyrir fram og það hafi aldrei staðið til eða verið ætlun manna að gefa öðrum kost á að keppa þarna um að kaupa fyrirtækið, hvorki þessum hópi Siglfirðinga, sem mannaði sig upp í að gera tilboð, né öðrum.

Vegna þess að ekki var staðið að þessu máli með þeim hætti að fram kæmi mat markaðarins á þessum bréfum, þá hafa menn verið að deila um það hér klukkutímum saman hvað sé hið rétta mat og nefna hér til ýmsa sérfræðinga. Ég lét þess nú getið áðan að ég ætla ekki að blanda mér í slíkar umræður, þó að ég hafi tilhneigingu til þess að taka mark á manni eins og Sigurði Stefánssyni endurskoðanda sem allir vita að er manna fróðastur um uppgjör og reikningsskil í sjávarútvegi og afkomu fyrirtækja á þeim vettvangi og var reyndar sérstakur ráðgjafi Ríkisendurskoðunar við hennar mat. Og hans mat hefur komið fram í Morgunblaðinu og var lesið hér upp í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar. En þessar umræður hér hefðu verið algerlega óþarfar ef eðlilega hefði verið að þessu máli staðið frá byrjun. Það er nefnilega grundvallarblekking hjá fjmrh. að berja sér hér á brjóst og segja: Er það ekki markaðurinn sem menn vilja? Er ekki markaðurinn alls staðar að taka völdin? Er það ekki bara í Sovétríkjunum sem menn vilja halda í miðstýrt kerfi? og reyna að koma því hér að hjá fólki að þetta hafi verið eitthvert markaðsútboð eða eitthvert markaðsverð. Það var það nefnilega ekki, eins og ég hef rætt.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að mótmæla harðlega þeim málflutningi sem hæstv. ráðherra hefur látið sér um munn fara gagnvart Ríkisendurskoðun sem nú heyrir undir Alþingi. Ég hef þegar komið að því að ef menn vilja vera faglegir og fræðilegir á þessu sviði, þá verða menn að gera ráð fyrir því að á máli sem þessu geti verið skiptar skoðanir. Og það er algerlega fyrir neðan allar hellur að ráðast með þeim hætti, sem hæstv. fjmrh. hefur gert, á þessa stofnun vegna þess að hún dirfðist að hafa aðra skoðun og annað mat á þessum athöfnum hans heldur en hann sjálfur og hans ráðgjafar. Það er hvorki faglegt né fræðilegt að bregðast þannig við gagnrýni sem er á málefnalegum grunni reist, byggð á faglegum rökstuðningi, fræðilegri þekkingu og með ráðgjöf manna með bestu yfirsýn yfir þennan málaflokk. Það ber hvorki vitni um faglegan metnað né fræðilega þekkingu þess sem þannig málflutningi heldur uppi. Eða ber að skilja þau ummæli ráðherrans svo að Ríkisendurskoðun hafi ekki hæfum mönnum á að skipa? Ber að skilja það svo að aðrar skýrslur stofnunarinnar, sem iðulega hefur verið beðið um af hálfu alþingismanna, séu sama marki brenndar? Ég man ekki betur en að Ríkisendurskoðun hafi hvað eftir annað gert skýrslur að beiðni þingmanna eða jafnvel ráðherra um tiltekna málaflokka sem síðan hafa komið til umræðu eða orðið grundvöllur umræðu. Þingmenn Alþb. hafa notfært sér það eins og aðrir. Ég leyfi mér að fullyrða að allt tal hæstv. ráðherra um að menn geti pantað slíkar skýrslur og pantað fyrir fram ákveðnar niðurstöður í slíkum skýrslum er ekki sæmandi.

Hæstv. ráðherra var spurður að því í sjónvarpsviðtali hvort menn gætu pantað sér skýrslur hjá Ríkisendurskoðun og fengið þær niðurstöður sem þeir vildu fá. Hann gaf mjög sterklega til kynna að þannig væri það, menn gætu pantað þá niðurstöðu sem þeir vildu. Það var þannig í sjónvarpsviðtali í lok janúar að fréttamaður spurði ráðherra út í þessi mál og hann segir: „Það hafa tveir aðilar pantað skýrslu frá Ríkisendurskoðun, Atvinnutryggingarsjóður pantaði skýrslu um Þormóð ramma og fékk þau svör að þetta væri vonlaust fyrirtæki sem stefndi í gjaldþrot. Fjórir þingmenn, í pólitísku stríði við fjmrh., pöntuðu skýrslu og fengu þau svör að þetta væri gott gróðafyrirtæki.“ Og fréttamaður spyr: „Þannig að menn geta þá pantað þá niðurstöðu sem þeir vilja?„ Og Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh., segir: „Ég ætla ekki að svara því hér og nú. Það er hins vegar alveg ljóst að tveir aðilar hafa pantað skýrslu og fengið mjög ólíkar niðurstöður sem þjóna hagsmunum hvors aðilans fyrir sig.“

Þetta er rangt. Þetta er bæði rangt, villandi og ósæmandi fyrir fjmrh. Hann virðist ekki vita að það er lögð sú kvöð á Ríkisendurskoðun í lögum um þennan Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina að Ríkisendurskoðun geri reglulega skýrslur um starfsemi hans. Það þarf enginn að panta slíka skýrslu, hvorki hann eða annar. Auk þess sem þetta blað sem hann gerði að umtalsefni, og sem trúnaðarmaður hans í stjórn sjóðsins virðist hafa komist yfir og laumað til ráðherrans, var alls engin skýrsla. Þetta var vinnugagn á vegum Ríkisendurskoðunar en ekki skjal á vegum þessa sjóðs. Hér er sem sagt allt gert af hálfu ráðherra til að gera þessa ríkisstofnun tortryggilega og hennar vinnubrögð.

Það er heldur ekki hægt að segja að þeir þingmenn sem báðu um þessa skýrslu hafi pantað ákveðna niðurstöðu. Pantaði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ákveðna niðurstöðu þegar hann bað um að Ríkisendurskoðun gerði athugun á Búrfellsvirkjun og virkjunarframkvæmdum þar sem fyrirhugaðar eru til viðbótar þeirri virkjun sem nú er? Pantaði þingflokkur Framsfl. ákveðna niðurstöðu þegar hann bað um útekt á húsbréfakerfinu og ástandi húsnæðismála? Er það þetta sem hæstv. ráðherra er að halda fram, að menn geti pantað niðurstöður með þessum hætti? Var það pöntuð niðurstaða sem kom frá Ríkisendurskoðun varðandi búvörusamninginn og framkvæmd hans? Var búið að leggja línurnar fyrir Ríkisendurskoðun hvernig hún ætti að kanna þann samning? Var það pöntuð niðurstaða sem kom fram á þinginu í maí 1989 um málefni Sigló o.fl.? Og um það hvernig hæstv. fjmrh. misbeitti valdi sínu til þess að hygla Nútímanum og félögum sínum í fyrirtækinu Svart á hvítu? Voru þetta allt pantaðar niðurstöður?

Ég held að hæstv. fjmrh. verði eilítið að gæta þess að fara ekki offari í málum sem þessum. Þetta mál, málefni Þormóðs ramma, verður horfið af vettvangi þjóðmálaumræðunnar áður en við vitum, eins og öll svona mál. Þetta fyrirtæki mun halda áfram að starfa á Siglufirði, væntanlega í höndum þeirra sem það hafa fengið keypt með þeim hætti sem fjmrh. ákvað að viðhafa. Ég geri ekki ráð fyrir því að þeirri niðurstöðu verði breytt, hún var lögleg svo langt sem hún náði,

um það er ekki deilt, og það fyrirtæki heldur áfram sinni starfsemi. Og þessari umræðu hér á Alþingi um þetta mál utan dagskrár mun ljúka í dag eða næstu daga. En Ríkisendurskoðun mun halda áfram starfsemi sinni og þjóðin og þingið, þingmenn og þingflokkar, verða að geta treyst því að hún sé utan og ofan við þau daglegu átök og þá daglegu þrætubók sem sumir þingmenn og ráðherrar kjósa að viðhafa í þjóðmálabaráttunni. Virðing hennar og traust verður að vera óskert. Auðvitað er það eins og hv. þm. Páll Pétursson gat um í sinni ræðu, að Ríkisendurskoðun hefur ekki beðið hnekki við þessa árás hæstv. fjmrh., nema síður sé. Hins vegar hefur málflutningur eins og sá sem hæstv. ráðherra hefur uppi haft áhrif í þá átt að sverta og tortryggja þessa stofnun og það er bæði slæmt og varhugavert að vera viljandi að grafa undan þeim trúnaði sem þessi stofnun nýtur hér hjá Alþingi og hjá þjóðinni. Og auðvitað situr það síst á hæstv. fjmrh. að stunda slíkan málflutning.

Hvar værum við nú staddir með umræðu um þetta mál ef Ríkisendurskoðun heyrði enn undir fjmrh. eins og var fram til 1986? Geta menn gert sér í hugarlund hvers konar staða væri þá uppi og hvar þingið stæði þá ef það hefði óskað eftir hlutlausri úttekt þessara manna? Hann væri sennilega búinn að reka þá alla saman miðað við þau ummæli sem hann hefur hér uppi haft. En það er langt seilst að draga hæfni og faglega færni yfirmanna Ríkisendurskoðunar í efa með þeim hætti sem fjmrh. hefur leyft sér að gera í þessari umræðu.

Hvernig ber að skilja þau ummæli hans að þingið verði að grípa í taumana, þingið verði að grípa til ráðstafana til þess að treysta fagleg vinnubrögð og trúverðugleika Ríkisendurskoðunar í kjölfar þessa máls? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fjmrh. upplýsi hvað hann á við með þessum ummælum sínum og hvaða hreinsanir hann er að boða í þessum málum. Ætlar hann að víkja úr sæti eða reyna að beita sér fyrir því að þingið víki úr störfum einhverjum þeirra manna sem hafa unnið að þessari skýrslu, til að mynda ríkisendurskoðanda sjálfum, sem er nú formaður í prófnefnd endurskoðenda og hefur eftirlit með því að þeir endurskoðendur sem löggildingu fá kunni til verka og kunni sín störf og geti unnið þau þannig að faglegt sé? Ég held að það væri nauðsynlegt fyrir okkur að fá svar við því hvað felst í þessum hótunum hæstv. ráðherra. Hann gæti þá svarað því þegar hann er búinn að nefna dæmi um það að menn hafi pantað skýrslur hjá Ríkisendurskoðun og fengið þá niðurstöðu sem þeir hafi helst viljað. Það verður hann auðvitað að gera ef á að taka eitthvert mark á ummælum hans um þetta efni. Ég skora á hann að gera það, nefna skýrslur sem hafa verið pantaðar og niðurstöður sem menn hafa fengið út úr slíkum pöntunum.

Fjmrh. nefndi í sinni ræðu að komið væri inn á hið svokallaða skattalega tap Þormóðs ramma í skýrslu Ríkisendurskoðunar og vék síðan nokkrum orðum að því hvernig hægt væri að koma slíku skattalegu tapi í verð. Hann hélt því síðan fram að á móti kæmi söluhagnaður eigna, ef ég man rétt. En það vill svo vel til að hæstv. fjmrh. er vel kunnugur því hvernig menn hafa gert sér mat úr skattalegu tapi. Menn eru kannski ekki alveg búnir að gleyma því hvernig skattalegt tap NT, útgáfufyrirtækis Framsfl., var selt öðru óskyldu fyrirtæki, að því er fjmrh. hefur upplýst síðar, í hans óþökk. Þetta var rætt hér á þinginu vorið 1989. Og það kom upp á nýjan leik í kringum áramótin. Þá hélt fjmrh. því blákalt fram að Framsfl. hefði farið á bak við sig og blekkt sig til þess að aflétta skattaskuldum af þessu fyrirtæki sínu til þess að geta selt tapið á því fyrirtæki í annarri grein og þar með komið sér út úr þeim ógöngum sem þetta fyrirtæki var komið í, en jafnframt haft af ríkissjóði umtalsverðar tekjur í sköttum frá því fyrirtæki sem keypti hið skattalega tap. Það var fargi af þeim létt þá sumum sem komu við sögu í því öllu saman. Það er ekkert sérstaklega gott að taka mikið mark á manni með þennan feril í þessu efni þegar hann er að tala um það að aðrir viti ekki hvað þeir séu að tala um varðandi bókhald og reikningsskil og því um líkt. Ég minni nú bara á þetta mál, svona í framhjáhlaupi, að ráðherrann á ákveðna sögu að baki þegar kemur að því að gera upp og selja skattalegt tap á fyrirtækjum. Hann vill kannski fara yfir það með okkur eins og hann gerði í sjónvarpinu fyrir nokkrum vikum síðan. En það er þó vitaskuld ekki aðalatriði þessa máls.

Fjmrh. hefur reynt að drepa þessu máli á dreif eftir að það upplýstist að hann var staðinn að röngum vinnubrögðum og ósæmilegum árásum á Ríkisendurskoðun. Hvort tveggja var óþarfi. Hann hefði getað selt fyrirtækið með eðlilegum hætti. Það hefði verið fagnaðarefni og sérstakt ánægjuefni að Alþb. hefði skipt um skoðun í þessum veigamikla málaflokki sem heitir afskipti og umsvif ríkisins í atvinnulífinu. Hann hefði líka getað verið nógu faglegur til þess að viðurkenna það að uppi geta verið fleiri en eitt mat á fyrirtæki eins og þessu og að eina leiðin til þess að komast að því hvert markaðsverðið er er að leyfa markaðnum að spreyta sig á að bjóða í það, sem ekki var gert. Hann hefði sem sagt getað staðið eðlilega að þessari sölu og hann hefði getað látið árásir sínar á Ríkisendurskoðun kyrrar liggja og tekið þeirri gagnrýni karlmannlega að annar faglegur aðili, með fullt vit á þessum málum, hefði komist að annarri niðurstöðu. Og þá hefðum við þingmenn getað stytt okkur þessar umræður og deilt um einhver önnur atriði í þessu. Fjmrh., sjálfum sér trúr og því orðspori sem hann hefur skapað sér, kaus að þyrla upp moldviðri, kasta hér inn reyksprengjum um allt þetta mál og sneiða hjá kjarna þess í flestum atriðum. Segja að kjarni málsins væri aukaatriði og að mennirnir sem gagnrýndu hann gerðu það af annarlegum ástæðum, hvorki faglegum né fræðilegum.

Þannig er nú þetta mál í pottinn búið að mínum dómi, virðulegur forseti. Það hefur ekki orðið fjmrh. til framdráttar eða orðið til þess að efla trú manna á hans forsjá á þessu sviði. Það hefur ekki veikt Ríkisendurskoðun í störfum sínum gagnvart Alþingi að því er ég tel. Hins vegar er alveg ljóst að svona málflutningur getur smám saman grafið undan því trausti sem þessi

stofnun þarf að hafa. Kannski var það ætlunin með árásum fjmrh. og þá er vissulega miður. En ég tel að í þessari umræðu hafi þeim árásum verið fyllilega hnekkt og stofnunin hafi svarað fyrir sig með viðeigandi hætti í sinni skýrslu. Eftir stendur þá hvernig á að ljúka þessu máli sem hér er tekið utan dagskrár til umræðu. Hvernig á að klára þetta mál þannig að tryggt sé að slíkt gönuhlaup verði ekki endurtekið. Ég þykist vita að það sé til meðferðar hjá færustu mönnum hvernig rétt sé að svara þessari árás fjmrh. á Ríkisendurskoðun formlega á vettvangi þingsins.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið til umræðu mál sem skiptir miklu. Ekki vegna þess um hvað það fjallar efnislega heldur hvernig það er borið upp í þingi og með hvaða hætti. Það er óvenjulegt og einsdæmi í þingsögunni að ráðherra skuli fá leyfi til að koma hér upp utan dagskrár eins og venjulegur þingmaður, og þó er hann ekki þingmaður eins og allir vita, hann er bara varaþingmaður. Það verður að segjast eins og er að sú túlkun á þingsköpum að ráðherra skuli geta hafið utandagskrárumræðu er alveg fráleit. Það er fráleit niðurstaða. Næst á maður von á að hæstv. fjmrh. komi með fyrirspurn til sjálfs sín og svari henni svo sjálfur. Það verður næst. Þó það standi að ráðherra skuli hafa öll þau réttindi sem þingmenn hafa, þá er það ekki hugsað þannig að þeir skuli hafa þau sömu réttindi þegar þeir eru ráðherrar.

Umræða utan dagskrár er ætluð fyrir þingmenn til að ræða við ráðherra. Ráðherra hefur önnur ráð. Hann getur óskað eftir því að flytja skýrslu til þingsins um málið og það er það sem hæstv. fjmrh. hefði getað gert. Þetta eru vítaverð vinnubrögð, bæði af hendi ráðherra og hæstv. forseta, að leyfa umræðuna með þessum hætti. Þar að auki verður að telja það óviðurkvæmilegt að hæstv. ráðherra ráðist á starfsmenn þingsins með þeim hætti sem hann hefur gert, með þeim ómerkilega málflutningi sem við höfum orðið vitni að og órökstuddum. Það er merkilegt að fjmrh. eins lands skuli komast upp með það að ráðast á ríkisendurskoðun með þeim hætti sem hér er gert án þess að verða að segja af sér því að það er náttúrlega ekki nema um tvær leiðir í þessu máli að ræða. Það er annaðhvort að ríkisendurskoðandi segi af sér eða fjmrh. Þingið hlýtur að verða að taka afstöðu um það hér og nú með atkvæðagreiðslu hvort það styður ríkisendurskoðanda eða fjmrh. Og þá verður fjmrh. að segja af sér því ég er viss um að vinnubrögð ríkisendurskoðanda standast að öllu leyti. Það er alveg ljóst hvernig þessi fjölmiðlaleikur fjmrh. hefur farið fram. Hann er auðvitað bara að reyna að klóra yfir skítinn. Hann er að reyna að koma þessu máli yfir á ríkisendurskoðanda.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á þáltill. sem hv. 5. þm. Vesturl. og ég fluttum á síðasta þingi og náði ekki afgreiðslu um vinnubrögð endurskoðenda. Við sýndum fram á það í greinargerð með því þingskjali að vinnubrögð endurskoðenda geta verið afskaplega mismunandi og niðurstöður verið með ýmsum hætti. Það er alls ekki trygging fyrir því, þó hinir virtustu endurskoðendur skrifi um málið, að það komi endilega sama niðurstaða og annar, jafnvirtur endurskoðandi heldur fram á meðan ekki er til löggjöf sem bindur þetta með betri hætti en er í dag.

En ég vil undirstrika það hér að framganga fjmrh. í þessu máli er ekki til sóma fyrir Alþingi Íslendinga. Þingmenn hljóta að taka afstöðu til þess hvernig eigi að bregðast við slíkri umræðu. Það hefur komið fram m.a. í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að hann ber ekki traust til fjmrh. eftir þessa umræðu, eftir þessa málsmeðferð. Þá hlýtur maður að spyrja sem svo: Hefur fjmrh. traust? Hefur hann traust hjá þinginu? Getur fjmrh. starfað áfram? Ég segi nei. Hann getur það ekki. Við hljótum að gera þá kröfu til þingsins að það hleypi ekki fjmrh. eða neinum öðrum ráðherrum í umræður utan dagskrár með þessum hætti vegna þess að þeir eiga ekki rétt á því. Hæstv. fjmrh. átti að biðja um að fá að flytja skýrslu.

Salan á þessu fyrirtæki er náttúrlega önnur saga. Það að halda því fram, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert, að salan á þessu fyrirtæki sé markaðssala er ómark, ekkert mark. Hún er ekkert nein markaðssala. Hún er bara gjöf úr gjafavörubúð fjmrh. til einhverra manna. Þessi sala hefði verið marktæk ef fyrirtækið hefði verið boðið til sölu á almennum markaði. Þá hefði reynt á það hvaða mat menn hefðu lagt á verðmæti fyrirtækisins með boðum í það. Það er hið eina raunverulega markaðshugtak sem getur ráðið. Þá hefðum við fengið að vita hvort fjmrh. hefði haft rétt fyrir sér eður ei. Ég hef þá trú að hefði þessi leið verið farin hefðum við fengið að sjá miklu hærri tilboð í þetta fyrirtæki og niðurstaðan hefði orðið sú að það hefði verið selt á miklu hærri fjárhæðir. Þetta eru staðreyndir málsins. Og það bull sem hæstv. fjmrh. hefur verið látinn komast upp með í þessari umræðu er náttúrlega einstætt. Það skýrir að sumu leyti af hverju hann er svo vanhæfur sem fjmrh. í heildina tekið. Hann er ekkert nema munnsöfnuðurinn, yfirlýsingar og ómerkilegheit. Þegar kemur fram vönduð skýrsla frá ríkisendurskoðanda hleypur hann í fjölmiðla til að kafkeyra það embætti með ómerkilegum yfirlýsingum. Þetta er auðvitað alveg óviðunandi. Hæstv. fjmrh. á að hafa vit á því að segja af sér. En það mætti segja mér að hann hefði það ekki.

Ég vil undirstrika að það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir Alþingi Íslendinga að slíkir ráðherrar sitji í embætti. Það hlýtur að vera áhyggjuefni. Og það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir lýðræðið í landinu að slík ríkisstjórn skuli sitja sem styður þvílíkan fjmrh. Það hlýtur að vera meginkrafa að menn beygi sig undir þá eftirlitsaðila sem þeir eiga lögum samkvæmt að fara eftir, sem er Ríkisendurskoðun. Menn geta ekki hlaupið í burtu frá því að Ríkisendurskoðun er eftirlitsaðili jafnt ráðherra sem þings. Sú niðurstaða sem þar kemur hlýtur að vera marktæk og það verður að taka mark á henni. Fjmrh. sem ekki tekur mark á niðurstöðu Ríkisendurskoðunar á að segja af sér. Þetta er varaventill sem er settur upp til þess að vernda þingið og vernda þjóðina fyrir því að ráðherrar geti leikið sér með eignir ríkisins eins og þeim sýnist.

Þó að fjmrh. hafi ætlað að slá sér upp á þessari sölu í Norðurlandskjördæmi vestra til að sýna hvað hann er góður við Siglfirðinga, þá stenst það ekki nema það sé gert með þeim hætti að það sé opið öllum aðilum að kaupa slíkt fyrirtæki. Það er hin eina rétta leið. Sú sorglega misnotkun hæstv. fjmrh. á þinginu til að ráðast á Ríkisendurskoðun og ekki síður sú sorglega misnotkun á þingsköpum til að fara hér utan dagskrár er vítaverð. Það verður að koma í veg fyrir það ofbeldi sem hér hefur verið framið af hálfu ráðherra og forseta þingsins með þeim hætti að honum skuli leyfast að fara hér í utandagskrárumræðu með þessum hætti. Utandagskrárumræður hafa aldrei verið ætlaðar fyrir ráðherra. Þær eru ætlaðar fyrir þingmenn, það er réttur þeirra til að geta farið í þær, til að geta talað við ráðherrana. Ráðherrarnir geta flutt skýrslu samkvæmt þingsköpum og það eiga þeir að gera. Og næst verður það svo að hæstv. fjmrh. kemur með fyrirspurn á sjálfan sig og svarar henni sjálfur og hvar verður þingið statt þá? Verður þá ekki bara eintal ráðherranna í salnum? Þeir verða bara með fyrirspurnir á sjálfa sig og ég tala nú ekki um það að níu ráðherrar sem eru líka þingmenn gætu óskað eftir skýrslum um mál. Það væri kannski alveg nýjung í þingsköpunum líka. Þá geta þeir á ríkisstjórnarfundum óskað eftir skýrslum um hin og þessi mál og lagt þær fram. En allir sem þykjast vita betur vita að þau ákvæði þingskapanna eru ætluð til þess að þingmenn geti fengið fram upplýsingar í þinginu. Ráðherrar hafa alla möguleika á því sjálfir. Þess vegna hlýtur að verða að taka á þessum hlutum og það er vítavert að forsetar þingsins skulu hafa leyft þessa umræðu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki hugsað mér að vera langorður í þessu máli en ég vil byrja á því að taka undir orð síðasta ræðumanns. Mér sýnist ekki að hæstv. forseti hafi farið að þingsköpum í sambandi við það að leyfa fjmrh., sem ekki er þingmaður, að hefja umræður utan dagskrár. Í því sambandi ætla ég að lesa upp 32. gr. þingskapalaganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma í sameinuðu þingi geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst."

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að sjá að það sé leyfi fyrir því að leyfa ráðherra sem ekki er þingmaður að taka mál upp hér utan dagskrár svo að ég leyfi mér að spyrja: Er hér um einhver mistök að ræða eða samkvæmt hvaða heimild fer þessi umræða fram, hæstv. forseti?

Hæstv. forseti Sþ. og hæstv. fjmrh. eru svo uppteknir við tímaritalestur að það er ekki hægt að fá svör við spurningum hér. (**Forseti:** Forseti hyggst ekki fara að halda uppi samræðum við hv. þm. og biður hann um að halda áfram máli sínu.) Hæstv. forseti. Ég var að spyrja: Samkvæmt hvaða heimildum þingskapa fer þessi umræða fram? Það stendur í 32. gr. þingskapalaga að þingmenn geti fengið mál tekin fyrir utan dagskrár en nú er hæstv. ráðherra ekki þingmaður. Því spyr ég: Samkvæmt hvaða þingskapareglu fer þessi umræða fram? (**Forseti:** Forseti skal svara því til að hæstv. ráðherra hefur öll sömu réttindi í þinginu og þingmaður.) Samkvæmt hvaða grein þingskapalaga? (**Forseti:** Það er ekki ákvæði í þingskapalögum.)

Mér sýnist, hæstv. forseti, að hér hafi orðið mistök í stjórn þingsins og þetta mál hefði ósköp eðlilega getað komið á dagskrá. Hefði þá verið miklu eðlilegra að skýrslan sem slík hefði komið á dagskrá og þeir sem báðu um hana hefðu hafið þessa umræðu frekar en að fjmrh. kæmi hér og léti gamminn geisa eins og hann gerði og eins og hann er vel þekktur fyrir að reigja sig eins og hani á haug þótt málstaðurinn sé slæmur.

Þó hér sé um pólitíska umræðu að ræða er þetta kannski ekki skemmtilegt fyrir þá sem eru þolendur að þessari umræðu á einhvern hátt, þ.e. þá sem keyptu umrætt fyrirtæki af hæstv. fjmrh. Ég vil í því sambandi koma því að að það er miður ef þessi umræða bitnar á saklausu fólki eins og hún fer fram í þjóðfélaginu. En eigi að síður er það ljóst að hæstv. fjmrh. hefur ekki farið rétt að við sölu á þessum hlutabréfum því markaðsverð á þeim var ekki þekkt. Og þá var ekki um neitt annað að ræða fyrir hæstv. fjmrh. en að komast að því hvert væri markaðsverð hlutabréfanna með útboði, hreinlega með því að auglýsa þessi hlutabréf til sölu. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli vera genginn í félag þeirra sem vilja selja ríkisfyrirtæki. Allt mjakast þetta í átt til hægri, meira að segja úr ólíklegustu áttum.

En í sambandi við skýrslu Ríkisendurskoðunar vil ég lesa upp á bls. 12, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó svo að hlutabréfum í Þormóði ramma hf. fylgi ekki óafturkræfur aðgangur að sameiginlegum fiskstofnum landsins verður hins vegar ekki fram hjá því litið að kvótakerfið hefur verið við lýði í rúm sjö ár. Gildandi lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, tóku gildi 1. jan. sl. og eru ótímabundin. Markmið þeirra er m.a. að marka meginreglur um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar. Fyrirmæli í bráðabirgðaákvæði þeirra um að endurskoða skuli lögin fyrir árslok 1992 hafa engin áhrif í gildistíma laganna. Hafa verður í huga í þessu sambandi að Alþingi er að sjálfsögðu ætíð heimilt að endurskoða gildandi löggjöf án þess að til komi sérstök fyrirmæli um slíkt."

Síðan kemur hér á bls. 13 tilvitnun í samningsákvæði varðandi sölu á hlutabréfunum: „Kaupendur lýsa því yfir að þeir muni viðhalda öflugum rekstri í hinu sameinaða félagi á Siglufirði. Þeir skuldbinda sig til þess að nýta aflakvóta sem fylgir skipum félagsins í þágu útgerðar og vinnslu á Siglufirði. Ákvæði þetta hindrar því ekki eðlilega nýtingu aflakvóta með hliðstæðum hætti og gert hefur verið hjá félaginu á undanförnum árum né möguleika til þess að breyta samsetningu á skipastól félagsins, en einum togara af þremur hefur verið lagt."

Ég tel, hæstv. forseti, að við séum komnir inn á mál sem þarf kannski að ræða frekar. Þessi umræða dregur einnig í ljós, fyrir utan það sem aðallega er til um-

ræðu, þ.e. embættisfærslu hæstv. ráðherra, kvótalögin. Af hverju þurfti að taka sérstaklega fram við sölu þessara hlutabréfa að viðhalda ætti öflugum atvinnurekstri á Siglufirði? Er það ekki einmitt vegna þess að kvótalögin eru eitthvað skrýtin? Hæstv. fjmrh. þurfti að setja byggðakvótaákvæði inn við sölu á hlutabréfunum.

Ég vil enn fremur koma því að og spyrja hæstv. fjmrh.: Af hverju leitaði hann ekki til Ríkisendurskoðunar þegar hann var að selja þessi bréf, þar sem hér var nokkurn veginn vitað mál að um deildar meiningar væri að ræða? Þegar verið er að selja hlutabréf sem ekki hafa markaðsverð og hið eina rétta er það að enginn hlutur er meira virði en einhver vill borga fyrir hann, þá væri auðvitað eðlilegast að hæstv. fjmrh. auglýsti bréfin til sölu og markaðsverðið kæmi þannig í ljós. Mér sýnist því, hæstv. forseti, að niðurstaða þessa máls og kjarni þessa máls sé óvandvirkni hæstv. fjmrh. við embættisfærslu. Ætti það nú ekki að koma okkur alþingismönnum á óvart sem höfum umgengist hann frá því að þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð. Venjulega þegar hæstv. ráðherra talar hér í þessari pontu talar hann niður til þeirra sem hann er að tala við. Það er raunverulega dæmalaust hvað hæstv. ráðherra hefur sýnt virtum embættismönnum og Alþingi þjóðarinnar mikla lítilsvirðingu og hroka með öllu sínu yfirlæti eins og kom fram í ræðu hans hér við upphaf málsins. Ég leyfi mér enn fremur að gagnrýna hæstv. forseta Sþ. fyrir það að leyfa þessa umræðu því að hún samrýmist ekki þingsköpum. Þetta mál hefði átt að taka á dagskrá og eðlilegast þá að þeir sem báðu um þessa skýrslu hefðu verið frumflytjendur að þessu máli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna fyrirspurnar hv. 5. þm. Austurl. í upphafi ræðu hans skal það upplýst að skv. 51. gr. stjórnarskrár Íslands eiga ráðherrar „samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi," og eins og þar segir „eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn." Það fer því ekki á milli mála að um rétt hæstv. fjmrh. gilda allar sömu reglur og um aðra hv. þm.

Kristinn Pétursson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla þessum úrskurði. Hæstv. ráðherra hefur leyfi til að taka þátt í umræðum, sagði hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefur hvergi leyfi samkvæmt þingsköpum eða öðrum þeim reglum, sem ég hef gluggað í, til að hefja hér umræðu utan dagskrár. Það stendur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. ráðherra hefur að sjálfsögðu leyfi til þess ef forsetar leyfa slíka umræðu, en um rétt hæstv. ráðherra verður ekki deilt.

Hreggviður Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Vegna úrskurðar yðar varðandi þingsköp og tilvitnun í 51. gr. stjórnarskrárinnar, þá er það rétt að þeir hafa sömu réttindi og þingmenn. En þá liggur það ljóst fyrir eftir þennan úrskurð að hæstv. ráðherrar hafa einnig leyfi til að leggja fram fyrirspurnir til sjálfs sín og svara þeim.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið mikil umræða um Ríkisendurskoðun, hlutverk hennar og trúverðugleika.

Í skýrslu sem ég sem forseti Nd. flutti þinginu á síðasta ári, starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1989, sagði ég eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Grundvallarbreyting varð á starfsemi Ríkisendurskoðunar og stöðu hennar með lögum nr. 12/1986, sem tóku gildi 1. jan. 1987. Þá breyttist staða stofnunarinnar frá því að vera stjórnardeild eða ráðuneytisígildi í Stjórnarráði Íslands undir beinni stjórn fjmrh. í það að vera stofnun sem starfar á vegum Alþingis óháð ráðuneytum og öðrum handhöfum framkvæmdarvalds."

Í 1. gr. fyrrnefndra laga segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Ríkisendurskoðun skal vera þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, sbr. 43. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum handhöfum framkvæmdarvaldsins."

Þá segir í 3. gr.:

„Ríkisendurskoðandi nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Forsetar Alþingis geta þó ýmist að eigin frumkvæði eða skv. óskum þingmanna krafið hann skýrslna um einstök mál."

Þrátt fyrir þessi lagafyrirmæli gegnir þingið engu beinu stjórnunarhlutverki hvað snertir störf Ríkisendurskoðunar. Algert sjálfstæði Ríkisendurskoðunar er grundvöllur þess að hún njóti trausts og geti sinnt sómasamlega eftirlitshlutverki sínu. Þetta sjálfstæði leggur henni hins vegar miklar skyldur á herðar svo og ábyrgð. Í svonefndri Lima-yfirlýsingu um leiðbeinandi reglur varðandi endurskoðun er mikil áhersla lögð á þetta sjálfstæði ríkisendurskoðunar og er Lima-yfirlýsingin á vissan hátt grundvöllur þeirrar ríkisendurskoðunar sem vönduðust og best getur talist hvarvetna í heiminum.

Þótt forsetar þingsins eða þingið gegni engu beinu stjórnunarhlutverki varðandi Ríkisendurskoðun bera forsetar þingsins nokkra ábyrgð gagnvart stofnuninni. Sú umræða sem hér hefur farið fram snýst um ágreining á milli framkvæmdarvaldsins annars vegar og stofnunar sem heyrir undir Alþingi hins vegar. Þar eð Ríkisendurskoðun á engan beinan málsvara eða sjálfstæðan málsvara inni á hinu háa Alþingi tel ég bæði eðlilegt og sjálfsagt að í þessari umræðu, þó ekki sé til annars en það sé bókað í þingskjölum og komi fram í þingtíðindum, grípi Ríkisendurskoðun til andsvara í máli af þessu tagi. Hún getur sjálf ekki borið þau

andsvör inn í þingsali og verður því einhver að gera það fyrir hennar hönd. Það er eðlilegast að forseti Nd., sem hefur því hlutverki að gegna meðal forseta að hafa tengsl við Ríkisendurskoðun, komi þessum andsvörum á framfæri. Þau eru ekki löng og ekki yfirgripsmikil, snerta einkum einn þátt málsins, sem ég ætla nú að leyfa mér að koma á framfæri í þessari umræðu.

Svörin fjalla um trúverðugleika Ríkisendurskoðunar, þ.e. fagleg vinnubrögð. Og svörin koma fram eða eru viðbrögð Ríkisendurskoðunar vegna ummæla hæstv. fjmrh. um að það skorti á fagleg vinnubrögð innan stofnunarinnar. Um þetta hefur Ríkisendurskoðun eftirfarandi að segja: „Ef þessar fullyrðingar verða ekki hraktar lið fyrir lið, þátt fyrir þátt, þá blasir sú staðreynd við að það þarf að grípa til ráðstafana til að treysta fagleg vinnubrögð og trúverðugleika þeirrar stofnunar, Ríkisendurskoðunar, sem Alþingi tók að sér að stýra fyrir nokkrum árum. Ríkisendurskoðun telur enn fremur að hæstv. ráðherra verði að finna þeim orðum sínum stað, að starfsmenn Ríkisendurskoðunar starfi ekki af heiðarleika."

Um fagleg vinnubrögð innan stofnunarinnar hefur hún þetta að segja: „Þeir menn sem unnu að skýrslum um Þormóð ramma hf. voru löggiltir endurskoðendur, viðskiptafræðingur og lögfræðingur, sem allir eru starfsmenn stofnunarinnar. Auk þess var Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi, sem að öðrum endurskoðendum ólöstuðum er talinn hafa yfir að ráða einna yfirgripsmestu þekkingu á starfsemi og reikningsskilum fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu á Íslandi, stofnuninni til halds og trausts við gerð skýrslnanna og eru allar tölulegar upplýsingar settar fram í samráði við hann."

Þetta voru, virðulegi forseti, þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun sjálf vildi koma á framfæri til þess að tryggja að þær kæmu inn í þessa umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég vil taka það fram að það sem ég segi hér á eftir segi ég sem óbreyttur þingmaður en ekki sem forseti Nd.

Það er augljóst að ábyrgð Ríkisendurskoðunar er geypimikil. Henni er það lífsspursmál að hún njóti trausts, ekki bara Alþingis Íslendinga heldur þjóðarinnar allrar. Ríkisendurskoðun hefur með höndum svo mikilvæga endurskoðun á fjármálum ríkisins að það má ekki gerast að hún verði rúin trausti eða traust hennar verði skert á einhvern hátt. Ef sú staða kemur upp, þá þarf auðvitað að gera einhverjar breytingar. Það er ljóst. Þess vegna er það mjög mikils virði að það mál sem hér er til umræðu fái einhver þau endalok sem sýna og sanna á annan hvorn veginn hvort þetta traust er fyrir hendi eða ekki.

Ég hef sjálfur, og fer ekkert leynt með það, gagnrýnt afskipti starfsmanna Ríkisendurskoðunar af fjárlagagerð á þann hátt að ég hef sagt að það væri ekki eðlilegt að starfsmenn þeirrar stofnunar hefðu bein ítök í sambandi við fjárlagagerðina. Ég held að nú séu menn að átta sig á því að þessi gagnrýni mín hefur við rök að styðjast. Ég tók þetta fram í skýrslu sem ég flutti hér á síðasta ári og ég stend við þessa skoðun mína. Ég er fastlega þeirrar skoðunar að Alþingi sjálft eigi að eiga sína fjárlagastofnun. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram að það traust sem Ríkisendurskoðun verður að njóta er svo mikils virði að það má ekki ske að hv. þm. geri ekki allt sem í þeirra valdi stendur til þess að endurnýja það traust hafi það orðið fyrir áfalli. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Fyrir alla þá sem hafa tekið þátt í þessari umræðu hlýtur þetta að vera veigamesti þáttur umræðunnar. Hafi þetta traust Ríkisendurskoðunar orðið fyrir áfalli, þá beri að bæta úr og lagfæra. Ef traustið hefur hins vegar ekki orðið fyrir áfalli, þá snýr málið allt öðruvísi við.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vitna aftur í svonefnda Lima-yfirlýsingu, II. kafla, 5. gr. yfirlýsingarinnar, sem færir okkur heim sanninn um hversu mikilsvert það er að áliti allra þeirra manna, sem gerst þekkja ríkisendurskoðanir landa þar sem ríkisendurskoðanir eru yfirleitt starfandi, að ríkisendurskoðun njóti trausts og sé engum háð. Í 5. gr., sem er eins konar sjálfstæðisyfirlýsing þeirrar stofnunar eða þeirra samtaka sem hýsir fjöldamargar ríkisendurskoðanir, segir m.a.:

„Ríkisendurskoðanir geta því aðeins gegnt hlutverki sínu á hlutlægan hátt og með tilætluðum árangri ef þær eru óháðar þeim aðilum sem endurskoðað er hjá og eru verndaðar fyrir utanaðkomandi áhrifum. Enda þótt ríkisstofnanir geti ekki með öllu verið óháðar sökum þess að þær eru hluti af ríkinu sem heild, þá skulu ríkisendurskoðanir njóta þess sjálfstæðis að því er snertir starfsemi og skipulag sem nauðsynlegt er til þess að þær geti gegnt hlutverki sínu.

Í stjórnarskrá skal kveða á um stofnun ríkisendurskoðunar og það sjálfstæði sem hún skal njóta. Um einstök atriði má mæla nánar fyrir í lögum. Sérstaklega ber að tryggja að æðsti dómstóll veiti ríkisendurskoðun nauðsynlega lögvernd gegn hvers konar afskiptum af sjálfstæði og heimild hennar til að framkvæma endurskoðun."

Þá segir í 8. gr. þessarar yfirlýsingar, sem ég hygg að sé nauðsynlegt að komi fram:

„Sjálfstæði ríkisendurskoðana sem tryggt er í stjórnarskrá og lögum felur í sér að þær hafi mikið frumkvæði og sjálfsforræði, jafnvel þegar þær í umboði þings framkvæma endurskoðun að fyrirmælum þess. Í stjórnarskrá hvers lands skulu vera ákvæði um tengsl ríkisendurskoðunar og þings í samræmi við aðstæður og þarfir þess lands sem í hlut á."

Og í 9. gr. þessarar yfirlýsingar segir: „Ríkisendurskoðun endurskoðar verk ríkisstjórnar, stjórnsýslu og allra stofnana er þar heyra undir. Þó er ekki þar með sagt að ríkisstjórnin heyri undir ríkisendurskoðun. Einkum og sér í lagi ber ríkisstjórnin ein fulla ábyrgð á gerðum sínum og vanrækslu og getur ekki firrt sig ábyrgð með því að skírskota til endurskoðunar og sérfræðiálita ríkisendurskoðunar nema slík sérfræðiálit hafi verið lögð fram sem lögmætur úrskurður."

Þetta hygg ég að sé gagnlegt umhugsunarefni í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um sjálfstæði Ríkisendurskoðunar. Ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að það skortir mikið á að stjórnarskrá íslenska lýðveldisins tryggi Ríkisendurskoðun þetta sjálf-

stæði. Þessu þurfum við að breyta. Við þurfum að fá inn í stjórnarskrá lýðveldisins ákvæði sem tryggilega gera rétt Ríkisendurskoðunar til sjálfstæðis meiri og betri en hann er nú.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er svo sannarlega með hálfum huga sem ég kem hér í ræðustól eftir orð hæstv. fjmrh. í umræðunum þar sem hann sagði m.a. að sá eini af þeim þingmönnum Norðurl. v. sem hafa beðið um skýrslu Ríkisendurskoðunar og hefði fræðilega menntun til þess að fjalla um þetta mál væri Jón Sæmundur Sigurjónsson. Þetta er út af fyrir sig merkileg niðurstaða. En eftir að hafa fylgst með umræðum og athöfnum í þessu máli, hæstv. fjmrh., er vægt til orða tekið þegar ég fullyrði að það sé vafasamur heiður, ég gæti frekar sagt visst áfall, fyrir Háskóla Íslands að hæstv. fjmrh. noti nafn Háskólans sem eitthvert skjól eða noti nafn Háskólans sem einhvern gæðastimpil á misvitrar ákvarðanir við framkvæmdir og athafnir í þessu máli. Það er vægast sagt vafasamur heiður, hæstv. fjmrh, fyrir Háskóla Íslands. Mér leiðist hroki, það segi ég satt og ég tala nú ekki um, hæstv. fjmrh., þegar fer saman hroki menntamanns og embættismanns. Vitaskuld geta verið skiptar skoðanir um það hverjir séu hæfir til að ræða um málefni þessa fyrirtækis. En það er af og frá að hæstv. fjmrh. sé úrskurðaraðili í því máli líka. Nóg er nú samt að gert í þessu máli þó hæstv. fjmrh. ætli ekki að fara að taka málfrelsið af okkur þingmönnum í þessu máli. Nóg hefur hann gert samt í þessu máli.

Ég eyddi nokkrum hluta af starfsævi minni í að reka útgerðarfyrirtæki sem var mér bæði ánægjulegt og mjög lærdómsríkt. Ég taldi m.a. þess vegna, hæstv. fjmrh., að ég mætti allra náðarsamlegast fá að segja hér örfá orð í þessari umræðu og gæti kannski lagt eitthvað til málanna. En nú skulum við bara sleppa því að sinni hvað ég vildi sagt hafa en heyra frekar álit þeirra á þessari sölu sem óefað hafa meiri þekkingu til að bera á stöðu og afkomumöguleikum útgerðarfyrirtækja en bæði hæstv. fjmrh. og hv. 5. þm. Norðurl. v. Ég get bætt hv. 4. þm. kjördæmisins við. Ég veit ekki hvort ég á að segja samanlagt, en ætli það væri ekki óhætt að segja að þeir sem ég ætla að vitna til hafi það.

Ég vil þess vegna aðeins víkja að því fyrst sem einn virtasti endurskoðandi landsins, Sigurður Stefánsson, segir í grein um þessa sölu m.a.: „Mér finnst mat Ríkisendurskoðunar hógvært og heldur í lægri kantinum." Hann heldur áfram: „Þó er erfitt fyrir endurskoðanda" — og hlusti menn nú — „að ákveða söluverð þegar búið er að gefa upp hver er kaupandinn." Það er nokkuð til í því. Endurskoðendur sem veittu ráðherra ráðgjöf hljóta að hafa verið í vanda vegna þess að þarna eru menn að kaupa sig inn í auðlind. Síðar segir þessi mæti endurskoðandi: Eftir að ríkissjóður færði skuldir fyrirtækisins niður um tæplega 400 millj. kr. á síðasta ári var skuldabyrði þess ekki mjög erfið.

Við skulum líta á hvað forstjóri Byggðastofnunar, Guðmundur Malmquist, segir um þetta mál: „Það má skoða þetta mál", segir Guðmundur Malmquist, „frá öðrum sjónarmiðum en mér finnst samt Ríkisendurskoðun taka hógværlega á þessu og meta fyrirtækið nokkuð rétt."

Við skulum heyra hvað einn af dugmestu útgerðarmönnum landsins segir um þessa sölu, Þorsteinn Már Baldvinsson, framkvæmdastjóri Samherja á Akureyri. Hann segir m.a.: „Hins vegar tel ég ljóst að Þormóður rammi hefur verið seldur á háu verði en þó er mest gagnrýnisvert hvernig staðið var að sölunni." Hann bendir á máli sínu til stuðnings og gerir samanburð á því hvernig hæstv. sjútvrh. stóð að sölu á Hafþóri fyrir ekki ýkja löngu síðan. Og örstutt tilvitnun í það sem annar útgerðarmaður, Eiríkur Tómasson, segir: „Þormóður rammi seldur langt undir sannvirði." Þetta eru ekki mín orð. Þetta eru ummæli þeirra manna sem ég tel fyllilega og mjög prýðilega hæfa til að dæma þessa gerð.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í umræðunni að þingmenn kjördæmisins hefðu kosið að fara í pólitískt stríð við ráðherra út af þessu máli. Það vill nú svo til, hæstv. ráðherra, að ég hef hvergi átt orðastað við hæstv. fjmrh. út af Þormóði ramma eftir að þessi ákvörðun hans lá fyrir um að afhenda fyrirtækið. Það verður hæstv. fjmrh. að viðurkenna. Ég hef hvergi átt orðastað við hann um þetta mál. Það er hins vegar rétt að ég gerði sterklega athugasemd, og það er nauðsynlegt að það komi skýrt fram, við meðferð málsins þegar við þingmenn Norðurlands vestra áttum fund með ráðherra og hann kynnti okkur áform sín í þessu máli. Ég margítrekaði á þeim fundi að svigrúm yrði gefið til að kanna grundvöll þess að mynda sem víðtækasta samstöðu heimamanna til að stofna almenningshlutafélag um rekstur Þormóðs ramma, eins og vilji mikils meiri hluta Siglfirðinga stóð til, þar sem heimamenn sjálfir hefðu forræði í félaginu, sem er gjörsamlega og nánast öll lífsbjörg Siglfirðinga. Það er hvorki meira né minna en það.

Hæstv. fjmrh. spurði hvort það væri rétt að láta ríkissjóð greiða áfram hundruð milljóna króna á ári til þessa fyrirtækis. Er það rétt skilið, hæstv. ráðherra, að það sé skoðun þín að Þormóður rammi sé gjörsamlega vonlaus rekstrareining í dag og að fyrirsjáanlegt sé að fyrirtækið verði rekið með tapi sem nemur hundruðum milljóna á ári? Það var það sem ráðherrann var að segja. Sé þetta rétt hjá ráðherranum þá eru Siglfirðingar vissulega komnir í mjög alvarlegan vanda. Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði í umræðunum í gær eða fyrradag að þingmennirnir Páll Pétursson og Pálmi Jónsson bæru ekki hag Siglfirðinga fyrir brjósti í þessu máli. Hv. þm. er ekki staddur hér þannig að ég ætla að sleppa þeim kaflanum, en ég mótmæli auðvitað þessu harðlega. Þetta eru fáránlegar fullyrðingar hjá samþingsmanni okkar að leyfa sér að segja annað eins og þetta.

Á fundi okkar þingmanna Norðurlands vestra með hæstv. fjmrh. töldum við eðlilegt og sjálfsagt að uppgjör og mat fyrirtækjanna allra þriggja lægi fyrir áður en frá sölu og sameiningu þeirra yrði gengið. Hæstv. fjmrh. hefur í þessu sambandi bent á athuganir Ólafs Nilssonar endurskoðanda í þessu sambandi og reynt að

nota hann einnig sem skjól í þessu máli. En hvað segir nú Ólafur Nilsson endurskoðandi í skýrslu sinni um þetta grundvallaratriði málsins. Um það grundvallaratriði málsins að eignirnar séu allar metnar og metnar eins. Við skulum aðeins líta á það. Það er ekki langt mál. Ólafur Nilsson segir: „Við höfum ekki haft aðstöðu til að skoða eignir félaganna sérstaklega og munum við ekki leggja hér mat á einstakar eignir þeirra. Ef farin verður sú leið að ríkissjóður selji hluta af hlutabréfum sínum í Þormóði ramma hf. og að félögin verði síðan sameinuð er nauðsynlegt að leggja mat á öll félögin." Er nauðsynlegt. Þetta segir endurskoðandinn. Og þetta er auðvitað alveg grundvallaratriði.

Ég átel þetta harðlega því hér eru leikreglur og venjulegir viðskiptahættir vissulega alls ekki virtir, virðulegi ráðherra. Hér er jafnræðis ekki gætt milli þeirra sem nú hafa eignast fyrirtækið og hinna sem er verið að bjóða að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu í dag. Hér sitja menn nefnilega ekki við sama borð og það er ámælisvert. Það er ámælisvert. Hér hafa að mínu viti alvarlegir hlutir gerst sem eru í hróplegu ósamræmi við þau ummæli fjmrh., þar sem hann sagði hér að nauðsynlegt væri að byggja upp pólitískt og faglegt traust.

Sjálfsagt má endalaust deila um kaupverð þessa fyrirtækis og hvort rétt hafi verið af hæstv. fjmrh. að selja það. Um það má deila og verður örugglega deilt. Mitt álit er, og ég dreg það saman örstutt, hæstv. ráðherra, að söluverð fyrirtækisins sé of lágt og ekki hafi verið *rétt að sölu þess staðið. Ég átel harðlega málsmeðferðina* og tel að hæstv. fjmrh. og hans starfsfólk hafi staðið illa að þessu máli öllu og ekki virt venjulega viðskiptahætti. Það er mín niðurstaða í þessu máli, virðulegi ráðherra.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég met það svo að þær umræður sem hér fara fram séu býsna athyglisverðar og þarfar. Það hefur auðvitað komið í ljós að fruntaleg árás hæstv. fjmrh. á eina af stofnunum ríkisins, þ.e. Ríkisendurskoðun, sem heyrir undir Alþingi, hefur orðið til þess að vekja hér viðbrögð eins og brýn nauðsyn var til. Ég lýsi því yfir að ég met mikils ræðu hæstv. forseta neðri deildar, hv. þm. Árna Gunnarssonar, sem talaði hér áðan og sýndi það að hann áttar sig á því að fullu að Alþingi er skylt að snúast til varnar þegar undirstofnun þess, sem við eigum öll svo mikið undir að njóti virðingar og trausts, eins og hún hefur gert, haldi því trausti áfram.

Ég vil aðeins segja það út af einu atriði í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, þar sem hann vék að því, sem hann hefur gagnrýnt bæði fjvn. og Ríkisendurskoðun fyrir og er kunnugt frá fyrri tíð, að hann telur óeðlilegt að fjvn. njóti starfa frá Ríkisendurskoðun í sinni vinnu. Um þetta er ég honum ekki sammála. Ég hef alllanga reynslu af starfi í fjvn. og ég fullyrði það hér að hvort sem sú regla hefur verið viðhöfð að nýta starfskrafta frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, eins og löngum var gert, ellegar þá að starfsmaður fjvn. væri jafnframt starfsmaður Ríkisendurskoðunar, þá hefur það hvort tveggja gefist vel. Ég geri í rauninni ekki mun á því efnislega því að reynsluna hef ég af hvoru tveggja. Störf þess starfsmanns, sem nú starfar fyrir fjvn. og er jafnframt starfsmaður Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, hafa gefist afar vel og störf flestra þeirra, sem áður voru í tengslum við Fjárlaga- og hagsýslustofnun og urðu starfsmenn fjvn., voru einnig góð.

Ég tel því ekki ástæðu til að taka hér inn í þessa umræðu gagnrýni á þetta fyrirkomulag og hlýt að endurtaka það að starf Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar, sem nú starfar fyrir fjvn. og er jafnframt starfsmaður Ríkisendurskoðunar, hefur gefist afar vel. Þarf ekki að leita lengi í ræðum formanns fjvn., hv. 5. þm. Vestf., *til að sjá að hans dómur er hinn sami.* Við í fjvn. höfum svo enn fremur leitað nokkuð um upplýsingaöflun til Ríkisendurskoðunar og það er einnig eðlilegt. Við leitum okkur upplýsinga um framkvæmd fjárlaga, um stöðu ýmissa fyrirtækja og stofnana ríkisins og ýmsa þá þætti sem varða fjármál ríkisins til ýmissa aðila, ekki síst til fjmrn., áður til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar meðan hún starfaði sem sjálfstætt ráðuneyti, til Ríkisendurskoðunar, til Þjóðhagsstofnunar og annarra þeirra aðila sem við teljum þurfa. Og það er fullkomlega eðlilegt að fjvn. leiti upplýsinga og fanga í starfi sínu til Ríkisendurskoðunar eins og annarra þessara aðila. Að öðru leyti vil ég endurtaka að ég met mikils það sem hv. forseti neðri deildar sagði hér áðan.

Í ræðu sinni hér í fyrrakvöld sagði hv. 4. þm Norðurl. v. Ragnar Arnalds nokkur orð í garð okkar samþingsmanna, sem mér finnst ástæða til að gera að umtalsefni, þó að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi gert það einnig hér í síðustu ræðu. Í gær var einnig viðtal við þennan hv. þingbróður okkar í Þjóðviljanum. Þar er hann kynntur sem alþingismaður og leikritaskáld. Að því er vikið í viðtalinu að löngum hafi hann starfað sem þingmaður, stjórnmálamaður, hér á Alþingi. Og ég vil taka það fram að við hann sem slíkan hef ég átt ágætt samstarf. Hann starfaði sem mjög ötull þingmaður fyrir sitt kjördæmi og fyrir sinn flokk og sem stjórnmálamaður hér á hinu háa Alþingi þegar hann helgaði sig því hlutverki einvörðungu. Síðan slakaði hann nokkuð á þessu hlutverki sínu og tók að helga sig meira hinu síðara, sem kynnt er í viðtali við hann í Þjóðviljanum í gær, þ.e. ritun leikrita. Nú segir þar í því viðtali að hann geti ekki gegnt því hlutverki um sinn vegna anna og þær annir birtast væntanlega m.a. í þeim kveðjum sem hann sendi okkur hér í fyrradag, öðrum þingmönnum kjördæmisins. En þá kom sem sé í ljós að þessi hv. þingbróðir okkar hafði ruglað nokkuð saman starfsvettvangi sínum sem þingmanns og starfsvettvangi sínum sem leikritaskálds. Og það er mjög miður að hv. þingbróðir okkar, 4. þm. Norðurl. v., skuli ekki geta skilið þarna betur á milli heldur en hann gerði hér í ræðu sinni í gær.

Hann sagði að ágreiningur væri milli þingmanna kjördæmisins um eitt atriði í því máli sem hér er rætt utan dagskrár. Það var að — og hann nefndi hv. 1. þm. kjördæmisins og mig — komið hefði í ljós að við vildum selja öðrum, við vildum selja kvótann burt úr byggðarlaginu og það væri okkar ætlun að fá hærra

verð. Ég segi að þetta er ekki satt og þetta er ekki rétt. Við höfum talað alveg skýrt um þessi efni og engin ástæða til að semja um það eitthvert sérstakt leikrit sem ekki er í samræmi við raunveruleikann. Ég get lesið hér upp úr utandagskrárumræðu sem fram fór hinn 6. des. það sem ég sagði um þessi efni og sannar alveg hið gagnstæða. Ég segi til að mynda, með leyfi hæstv. forseta, eftir að ég hef lýst ýmsum þeim skilmálum sem ég telji að þurfi að vera við þessa sölu, ef af henni verður:

„Ég tel það einnig spurningu hvort ekki eigi að bjóða öðrum að gerast þarna aðilar að, öðrum en þeim sem búa á Siglufirði, því það kann að vera vinningur að því fyrir bæjarfélagið að fá nýtt fjármagn inn í þetta fyrirtæki, ekki síst ef því fylgir að eigendur fjármagnsins kynnu að vilja flytjast til Siglufjarðar. Ég vil því ekki loka fyrir þá leið sem er einnig eðlileg í viðskiptum eins og um þessi mál. En kvaðir sem fylgja sölunni mundu verða að tryggja hagsmuni bæjarins og bæjarbúa ef af slíku yrði."

Þrátt fyrir þessi orð mín tók hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds til máls í þeirri umræðu og sneri út úr þeim þannig að ég sá mig knúinn til að gera athugasemd og þar segi ég, og svara þá einnig fyrir hönd hv. 1. þm. Norðurl. v. Páls Péturssonar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvorugur okkar tók neitt af um þetta." Þ.e. að við kynnum að vera reiðubúnir til þess að fleiri en Siglfirðingar byðu í hlutabréfin. Enn segi ég svo áfram: „Hins vegar viljum við láta athuga það í framkvæmd þessa máls hvort ekki kunni að vera vinningur að því að fá nýtt fé inn í fyrirtækið, nýtt fé inn í bæjarfélagið og þá helst ef því fylgir að eigendur þess fjármagns flytjist þangað og gerist þar bæjarbúar."

Þetta sagði ég í umræðum um þessi mál hinn 6. des. sl. og það sem ég sagði hér í ræðu minni í fyrradag var allt í samræmi við þetta. Ég sagði að það hefði ekki verið fylgt leikreglum, hvorki viðskiptalegs eðlis né siðferðislegs eðlis, í framkvæmd þessa máls. Ég tel að það hefði átt að bjóða þessi hlutabréf til sölu. Það var líka mjög auðvelt að gera það á opnum markaði með kvöðum, með þeim fyrirvara sem er í tengslum við söluna, að kvótinn verði ekki seldur úr bænum, að atvinnutækin verði ekki seld þaðan án samþykkis bæjarstjórnar. Slíkar kvaðir var hægt að hafa varðandi útboð. Þá hefði komið í ljós hver bauð best og þá hefði markaðurinn verið látinn ráða miðað við þær kvaðir sem þar fylgdu. Ég er nefnilega sannfærður um að það hefði ekki veitt af því að fá nýtt fjármagn inn í þetta fyrirtæki. Það hefði ekki veitt af því að það flyttist fjármagn til viðbótar við það sem fyrir er í Siglufirði til Siglufjarðar með því að aðrir aðilar fengjust til þess að leggja fé í fyrirtækið og flyttust þangað sjálfir til þess að styrkja fyrirtækið sjálft og styrkja bæjarfélagið, þar með atvinnulífið allt á Siglufirði. Þetta mátti ekki. Og það mátti heldur ekki selja öðrum aðilum á Siglufirði sem á 12 tímum tókst að safna 175 manns sem vildu kaupa fyrirtækið. Það mátti ekki vegna þess að það var ráðið fyrir fram að afhenda það einni fjölskyldu. Meirihlutaeign í fyrirtækinu skyldi verða afhent einni fjölskyldu, að kalla, þeim svilum, Róbert Guðfinnssyni og Ólafi Marteinssyni. Það var þetta, það var þessi misnotkun valds sem réði því að ekki fékkst, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur okkar þingmanna kjördæmisins flestra, að eðlilegar viðskiptavenjur væru viðhafðar. Og það var þessi misbeiting valds sem gerir það að verkum að allt þetta mál er komið í það endemi sem raun ber vitni. Það er þessi misbeiting valds sem ræður því einnig að verðið verður umdeilanlegt.

Ef sala hefði farið fram með eðlilegum hætti, ef hæstv. ráðherra, sem hér gengur fram hjá ræðustólnum, hefði fengist til þess að nota eðlilega viðskiptahætti og fengist til þess að nota einhvern tíma, t.d. tvær til þrjár vikur, þó ekki væri nú meira, til þess að leitast við að ná saman samkomulagi þeirra aðila sem vildu kaupa þetta fyrirtæki heima í Siglufirði þannig að friður gæti orðið um málið, þá var ekkert við verðið að athuga, ekki nokkur skapaður hlutur. En vegna þess að valdi var misbeitt til þess að afhenda tilteknum aðilum meirihlutaeign, þá verður verðið líka umdeilanlegt og það hljóta allir að sjá. Og það er auðvitað margítrekað hér að verðið er lágt. Því verður vitaskuld ekki slegið föstu með einni tölu, hvorki til eða frá. En það er augljóst að verðið er lágt.

Það er svo hreinn útúrsnúningur hjá hv. þm. Ragnari Arnalds að við hinir þingmenn kjördæmisins hefðum viljað gæta hagsmuna kjördæmisins á þann hátt að verðið yrði tvöfalt hærra. Það er útúrsnúningur. (**RA:** Annað er ekki að sjá.) Það er útúrsnúningur hjá leikritaskáldinu. (**Gripið fram í:** Hvað segir Páll Pétursson?) Páll Pétursson segir sjálfsagt eitthvað um það á eftir. En þetta er útúrsnúningur hjá leikritaskáldinu. Ef friður hefði verið um málið, ef eðlilega hefði verið staðið að sölu, ef viðskiptaleikreglna hefði verið gætt, þá mátti verðið vera hvað sem var og ekki gagnrýnisvert. En við það að svona er á málum haldið af hinu pólitíska valdi, þá verður verðið líka gagnrýnisvert. Og a.m.k. þingmaðurinn hv., Ragnar Arnalds, á að geta skilið þetta, þessi einföldu sannindi. Leikritaskáldið kann að vilja vefja þetta í einhvern annan búning. Og ég vænti þess að hv. þm. Ragnar Arnalds geti í framtíðinni fengið betra tækifæri og aukið svigrúm til þess að þjóna því verksviði sínu að takast á við leikritun heldur en hann hefur gert til þessa. Ef hann hins vegar fer að rugla því saman við stjórnmálastarf, þá er illa farið með þann ágæta mann sem ég hef löngum átt gott samstarf við og hvergi um hann annað sagt. Ég held að ég láti þetta duga um þá ræðu sem hv. þm. Ragnar Arnalds flutti hér í fyrrakvöld.

En það var einnig flutt önnur ræða sem var býsna athyglisverð og það var ræða hæstv. fjmrh. Eftir að hér höfðu komið þingmenn í þennan ræðustól, hver á fætur öðrum, og tætt í sundur málflutning hæstv. fjmrh., sýnt fram á ósannindavaðalinn, sýnt fram á blekkingarnar, sýnt fram á hugtakaruglinginn, sýnt fram á vinnubrögðin, pólitísk vinnubrögð sem hvorki samrýmdust leikreglum viðskipta né siðferðis, þá kom hann hér í ræðustólinn. Og hvað sagði svo hæstv. ráðherra? Hvar greip hann til varnar? Ekki eitt einasta orð. Hann greip ekki til varnar með einu einasta orði.

Hann reyndi ekki með nokkru móti að hrekja eitt einasta atriði sem fram hafði komið í málflutningi, hvorki af minni hálfu né hv. þm. Páls Péturssonar. Ekki eitt einasta orð. Þess í stað greip hæstv. ráðherra til þess að lesa upp úr blaðagrein hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar sem birtist þann 7. þ.m. í Morgunblaðinu. Það kom sem sé í ljós að það ríður ekki við einteyming löngun hæstv. ráðherra til að rýra traust ekki einungis á stofnunum heldur einnig á einstökum mönnum, í þessu tifelli einstökum hv. þm. Hann sem sé gerði hv. þm. Jóni Sæmundi Sigurjónssyni þann bjarnargreiða að fara að lesa upp úr grein hans hér í ræðustól. Og það er auðvitað því verra þar sem þessi hv. þm. var ekki hér viðstaddur og situr ekki á þingi þessa stundina.

Vegna þessarar ræðu hæstv. fjmrh. verður hins vegar ekki hægt að komast hjá því að minna á það að það var einmitt þessi hv. þm., Jón Sæmundur Sigurjónsson, sem óskaði eftir umræðu utan dagskrár um þetta mál, umræðu sem fram fór þann 6. des. sl. Hvers vegna? Vegna þess að honum varð meira brátt í málinu heldur en öðrum þingmönnum kjördæmisins um að rífa það upp. Og honum þótti á þeirri tíð málið tortryggilegra heldur en jafnvel okkur hinum. A.m.k. var það mín skoðun að ekki væri tilefni til þess að biðja um umræðu utan dagskrár um málið fyrr en að loknum fundi þingmanna með hæstv. fjmrh. sem við höfðum beðið um. Þessi hv. þm., 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmundur Sigurjónsson, taldi ekki eðlilegt að viðhafa þá kurteisisvenju í meðferð mála hér á Alþingi að láta fyrst fara fram fund með þeim hæstv. ráðherra sem ætlunin var að tala við þannig að menn gætu skipst á skoðunum, heldur var honum svo brátt um þetta mál að hann bað um utandagskrárumræðu áður en fundurinn fór fram. Ég hafði hugsað mér að biðja um að málið yrði rætt utan dagskrár eftir þann fund, en þessi hv. þm. tók af mér ómakið. Í þeirri umræðu kemur það glöggt í ljós að honum er nokkuð í mun að að þessu verði staðið á annan hátt heldur en raun varð á.

Þessi hv. þm. skrifar síðan á beiðni með okkur öðrum þingmönnum kjördæmisins um sérstaka úttekt Ríkisendurskoðunar á framferði hæstv. fjmrh. Hvers vegna? Ekki er ástæða til að biðja um skýrslu eða greinargerð um framferði eins tiltekins ráðherra ef það er allt saman augljóst að þar sé allt í góðu lagi, þar sé allt í fínasta lagi, þar hefði engu valdi verið misbeitt, þar hefði ekki verið misfarið með fé, þar væri allt saman tandurhreint og hvítt. Auðvitað var það ekki þess vegna sem hv. 5. þm. Norðurl. v. bað um skýrslu Ríkisendurskoðunar um þennan gerning hæstv. fjmrh. Það var vitaskuld vegna þess að hann, eins og aðrir þingmenn kjördæmisins að undanskildum hv. þm. Ragnari Arnalds, taldi að hér væri ekki farið að eins og vera þyrfti í meðferð opinberra mála.

Svo gerist það að hv. þm. gengur á hurð og virðist skipta um skoðun og talar bara allt öðruvísi og þvert ofan í sjálfan sig í einhverri blaðagrein. Og til þess að hæstv. fjmrh. gæti þjónað lund sinni að rýra traust ekki einungis á Ríkisendurskoðun heldur líka á tilteknum mönnum, í þessu tilfelli þessum hv. þm., 5. þm. Norðurl. v., þá fer hann að lesa upp það sem stendur í þessari grein.

Þetta var nú það ráð sem hæstv. fjmrh. tók, eftir að málflutningur hans hafði verið tættur svo í sundur sem raun ber vitni hér fyrir tveimur dögum. Annað var það ekki. Ekki eitt einasta orð sem haggaði því sem við höfðum sagt, við hv. þm. Páll Pétursson. Ekki eitt einasta orð og ekki gerð tilraun til þess. Það má gjarnan skrifa það hjá sér. Ekki gerð tilraun til þess. Hann vék aðeins að einu atriði, að talað hefði verið við mann úti í bæ, Sigurð B. Stefánsson, og svo vill til að við þennan mann, Sigurð B. Stefánsson, er viðtal í Alþýðublaðinu í gær. Í þessu viðtali segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Okkar niðurstaða var að hlutabréfin væru jafnvel einskis virði, segir Sigurður B. Stefánsson, forstöðumaður Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, um mat á hlutabréfum í Þormóði ramma. Í fyrrasumar voru aðilar að Verðbréfamarkaði Íslandsbanka beðnir um að slá á virði hlutabréfa í útgerðarfyrirtækinu Þormóði ramma á Siglufirði. Lýsti forstöðumaður Verðbréfamarkaðarins munnlega sínum viðhorfum. Var miðað við að nýr aðili kæmi að fyrirtækinu til að reka það áfram."

Síðan segir: „Það mætti þakka fyrir að sala á eignum dekkaði skuldir, segir Sigurður. Skuldir Þormóðs ramma eru 850–900 millj. en deilt hefur verið um verðmæti kvótans."

Hvað segir nú þetta? Í fyrrasumar koma menn til þessa virta verðbréfasala og biðja um álit hans og honum er sagt að skuldir fyrirtækisins séu 850–900 millj. kr. Og miðað við það er líklegt, segir þessi forstöðumaður Verðbréfamarkaðarins, að fyrirtækið sé einskis virði. Þarna telur hæstv. fjmrh. að hann hafi aldeilis fengið tromp í hendurnar. En þarna er auðvitað það sem gerist að Sigurður B. Stefánsson fær rangar upplýsingar. Honum er sagt að skuldir Þormóðs ramma séu 850–900 millj. kr. Og hæstv. fjmrh. hefur notað þessa tölu og ruglað með því og villt um fyrir fólki með blekkingum. Skuldir Þormóðs ramma eru nefnilega ekki 850–900 millj. kr., heldur voru þær miðað við uppgjör frá því í maílok um 589 millj. kr., að frádregnum veltufjármunum, en eru núna væntanlega um 500 millj. kr., að frádregnum veltufjármunum, vegna þess hvað fyrirtækið hefur hagnast á þeim tíma sem liðinn er síðan 31. maí. Og ef Sigurður B. Stefánsson hefði nú fengið réttar upplýsingar, þá þýðir þetta það að að hans mati er fyrirtækið 450–500 millj. kr. virði.

Sigurður B. Stefánsson gerir því ekki einungis að staðfesta mat Ríkisendurskoðunar heldur er hans mat hærra, ef hann hefði fengið réttar upplýsingar. En það kemur ekki fram í þessu viðtali að hann hafi skilað um þetta neinni skýrslu eða hann hafi gert neina athugun heldur segir hann þessa hluti á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í viðtali. Spursmálið er það og það má spyrja hæstv. fjmrh.: Voru það sendimenn fjmrh. sem fóru til Sigurðar B. Stefánssonar og lögðu málið á þennan veg fyrir? Eða voru það þeir sem ætluðu sér að kaupa og voru að fá mat virts manns sem byggt var á fölskum forsendum, röngum upplýsingum?

Þetta er eins og annað í málflutningi hæstv. ráðherra og þetta var það eina sem tuðaðist út úr hæstv. ráðherra sem eitthvað kom við efni málsins í ræðu hans hér í fyrrakvöld. Það eina. Og það var þá svona.

Ég held að það sé ekki ástæða fyrir mig að flytja hér lengri ræðu. Ég taldi nauðsynlegt að láta þetta koma fram hér varðandi þessar tvær ræður sem fluttar voru í fyrrakvöld. Ég lýsti í fyrri ræðu minni hvernig meðferð hæstv. fjmrh. er á þessu máli og hans vinnubrögðum og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Það hefur ekki verið hrakið. En ég ítreka að það er illt verk þegar einn af æðstu mönnum stjórnkerfisins notar pólitíska aðstöðu og pólitíska starfsmenn sína til þess að rakka niður traust þeirrar stofnunar sem við eigum hvað mest undir að njóti virðingar og trausts eins og hún hefur gert — og gerir þrátt fyrir þá lúalegu árás sem hæstv. fjmrh. hefur gert hér á Alþingi.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Í raun og veru hafa verið hér til umfjöllunar í þessari umræðu tvö aðskilin málefni: Annars vegar er hér um að ræða ákvarðanir og athafnir hæstv. fjmrh. varðandi sölu á tilteknu fyrirtæki. Á hinn bóginn er hér um að ræða ávirðingar, mjög alvarlegs eðlis, sem hæstv. fjmrh. hefur borið fram á Ríkisendurskoðun.

Ég er þeirrar skoðunar að augljóst sé að hæstv. ráðherra stóð ekki rétt að ákvörðunum varðandi sölu þessa umræddа fyrirtækis. Rétt hefði verið að bjóða það út á almennum markaði og fá með þeim hætti annaðhvort þá stöðu að engin viðunandi tilboð hefðu komið eða að fá tilboð sem viðunandi hefðu þótt og með þeim hætti hefðu verið viðurkennd.

Ég er líka þeirrar skoðunar að með skýrum rökum hafi verið sýnt fram á að sú aðferð sem hæstv. ráðherra kaus að viðhafa við sölu fyrirtækisins hafi leitt til þess að það var selt við of lágu verði á kostnað skattborgara. Hér hefur komið fram þung gagnrýni á þessi vinnubrögð hæstv. ráðherra og þær ákvarðanir sem hann hefur tekið í því efni og sú gagnrýni hefur líka verið utan þingsala, úti í þjóðfélaginu. Þessa gagnrýni hafa ekki bara pólitískir andstæðingar hæstv. ráðherra borið fram heldur má sjá í þessum umræðum að það hefur ekki síður verið þungi í gagnrýni sem stuðningsmenn hæstv. ráðherra hér á Alþingi hafa flutt.

Nú er það svo að stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar bera vitaskuld pólitíska ábyrgð á gjörðum hæstv. ráðherra. Hann situr hér í umboði meiri hluta Alþingis. Við búum við þá stjórnskipunarreglu að ríkisstjórnir þurfa á grundvelli þingræðisreglu að njóta stuðnings meiri hluta þings. Meiri hluti Alþingis hefur tekist þá ábyrgð á hendur að verja setu hæstv. ráðherra í ráðherrastólnum og engin merki eru þess að þingmenn stjórnarflokkanna ætli að hlaupa frá þeirri ábyrgð. Þingmenn Framsfl. sem hér hafa í orði borið fram gagnrýni á athafnir ráðherrans kjósa ekki að sýna í verki það vantraust sem þeir hafa hér borið fram í orðum vegna þess að þeir sjálfir njóta atbeina flokks hæstv. fjmrh. til setu í ríkisstjórn og jafnvel til þess að taka ákvarðanir og vinna verk sem í sumum tilvikum eru jafnvafasöm og þær athafnir sem hæstv. ráðherra er hér gagnrýndur fyrir. Að því leyti er gagnrýni þeirra stjórnarþingmanna sem hér hafa talað léttvæg vegna þess að þeir eru ekki tilbúnir vegna annarra hagsmuna að koma þeirri ábyrgð fram gagnvart hæstv. ráðherra sem eðlileg er. En ég ætla ekki að gera þennan þátt málsins að aðalumræðuefni hér. Það verður vafalaust gert í hinni almennu pólitísku umræðu sem fram fer í aðdraganda næstu kosninga.

Hinn þáttur málsins er miklu alvarlegri og ég hef ástæðu til að ætla að þingmenn stjórnarliðsins, meiri hlutans hér á Alþingi, séu reiðubúnir að bregaðst við varðandi þann þátt málsins, enda eru þar miklu meiri hagsmunir í húfi.

Þegar hæstv. ráðherra fann að hann var kominn í blindgötu vegna þeirrar gagnrýni, sem fram var borin á verk hans og ákvarðanir, ákvað hann að snúa vörn í sókn. Í sjálfu sér er það ekki gagnrýni vert. En hann ákvað að grípa til meðala í þeirri sókn sem eru í meira lagi vafasöm og ámælisverð og hljóta að kalla á mjög ákveðin viðbrögð Alþingis. Hann kaus að snúa vörn í sókn með því að fara hér fram á umræðu utan dagskrár sem í reynd er umræða um munnlega skýrslu um vantraust hæstv. fjmrh. á Ríkisendurskoðun og þá verða menn að hafa í huga að hæstv. fjmrh. lætur þau ummæli falla í umboði meiri hluta stjórnarflokkanna hér á Alþingi. Og þeir bera ábyrgð á þeim ummælum ef Alþingi nær ekki að mynda samstöðu um að álykta á þann veg að Ríkisendurskoðun njóti trausts Alþingis þrátt fyrir ummæli hæstv. ráðherra. Það tel ég í raun og veru vera það umræðuefni sem hér þurfi að beina athyglinni að vegna þess að seinni þáttur í athöfnum ráðherrans, í tilraunum hans til þess að snúa vörn í sókn, felur í sér mun alvarlegri athafnir af hans hálfu.

Alþingi hefur sett á fót tvær mjög mikilvægar stofnanir, óháðar stofnanir sem starfa undir Alþingi og veita eiga stjórnvöldum og framkvæmdarvaldinu aðhald. Þetta eru umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun. Og það er óhjákvæmilegt, ef þessar stofnanir eiga að gegna hlutverki sínu, að þær njóti trúnaðar þingsins sjálfs. Þær eru settar upp til þess að fólkið í landinu hafi traust á framkvæmdarvaldinu. En það hefur ekki borið við einu sinni eða tvisvar, heldur æði oft í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar að ráðherrar hennar hafa gefið athugasemdum og fyrirspurnum frá þessum eftirlitsstofnunum langt nef. Með því móti hefur núv. hæstv. ríkisstjórn í verki verið að freista þess að brjóta niður starfsgrundvöll þessara stofnana og gera hlutverk þeirra að engu. Og það er að mínu mati alvarleg atlaga að nýjum vinnubrögðum til þess að viðhalda hér aðhaldi að framkvæmdarvaldinu og tryggja að borgararnir geti reitt sig á að fylgst sé með því hvort framkvæmdarvaldið fylgir settum leikreglum og hvort framkvæmdarvaldið styðst á hverjum tíma við almennt viðurkenndar siðferðisreglur.

Alvarlegasta árás hæstv. ríkisstjórnar í garð þessara stofnana er sú umræða sem hæstv. fjmrh. efndi til og við erum nú þátttakendur í og felur í sér af hans hálfu vantraust á Ríkisendurskoðun og kröfu um að gripið sé til ráðstafana til að treysta fagleg vinnubrögð og trú-

verðugleik þeirrar stofnunar, eins og hann kemst að orði.

Við getum tekist á um það í pólitískri umræðu hvort hæstv. ráðherra hafi farið rétt að við sölu fyrirtækisins eða hvort hann hafi selt það á of lágu verði. En það getur ekki gengið að Alþingi láti það viðgangast að hæstv. ráðherra, í umboði meiri hluta þings, vegi með þessum hætti að starfsheiðri Ríkisendurskoðunar. Þá er búið að draga þá stofnun inn í pólitísk átök með þeim hætti að hún hefur ekki þann starfsgrundvöll sem við ætlumst til að hún hafi og fólkið í landinu verður að treysta að þessi stofnun hafi. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að auðvitað væri eðlilegast að stjórnarmeirihlutinn í þessu falli sýndi í verki að hann meinti eitthvað með þeim þungu orðum sem hér hafa fallið í garð hæstv. ráðherra með því að leysa hann frá störfum. Það væri áhrifamesta aðgerðin til þess að koma fram ábyrgð í þessum þætti málsins. En það minnsta sem hægt er að gera til þess að verja stöðu Ríkisendurskoðunar er það að Alþingi láti frá sér fara ályktun þar sem lýst er yfir trausti á stofnuninni, starfsháttum hennar og starfsmönnum.

Stjórnarmeirihlutinn ber mikla ábyrgð í þessu efni vegna þess að það er fulltrúi hans sem hefur ráðist á Ríkisendurskoðun með þeim hætti sem hér hefur verið lýst. Ég trúi því og treysti að stjórnarmeirihlutinn sé reiðubúinn að taka á þessu máli og verja stöðu Ríkisendurskoðunar og það kom reyndar glöggt fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. e. að sá vilji er fyrir hendi. En nú vil ég inna eftir því hver viðbrögð stjórnarmeirihlutans verði í þessu efni. Er hann reiðubúinn til þess að standa að ályktun Alþingis um traust á Ríkisendurskoðun þrátt fyrir ummæli hæstv. ráðherra? Eðlilegast væri að forseti Sþ. svaraði fyrir hönd stjórnarmeirihlutans í þessu efni. En ég ítreka það að ég tel það nauðsynlegt í þessari stöðu til þess að treysta áframhaldandi grundvöll undir mjög mikilvægu starfi Ríkisendurskoðunar.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þessar umræður hafa leitt ýmislegt í ljós og skýrt málið töluvert. Ég held að það velkist enginn í þessum sal í vafa um það að fjmrh. hefur gert nokkuð sem er óverjandi. Þrátt fyrir það að fjmrh. hljóti að vita það sjálfur að svona nokkuð er ekki hægt að verja, þá vegna skapbresta sinna ber hann enn höfðinu við steininn. Þó er hann heldur að skána því að ég kunni betur við tóninn í ræðu ráðherra númer tvö, þeirri sem hann flutti í fyrradag heldur en í upphafsræðunni. Á mánudaginn, í upphafsræðunni var þessi örvæntingarfulla vörn hans fólgin í því að ráðast með fólsku á Ríkisendurskoðun. Hann flutti ræðu með skrifaðri uppistöðu sem hann lét dreifa hér á borð þingmanna. Hendurnar voru Esaús en röddin Jakobs. Hendurnar voru náttúrlega Svanfríðar þó að röddin væri ráðherrans.

Hann vitnaði í sérfræðinga, Ólaf Nilsson og Sigurð B. Stefánsson. Sigurður B. Stefánsson veðraðist nú svo upp að hann fór að vitna í Alþýðublaðinu og sagði að Þormóður rammi væri einskis virði, eftir að ráðherrann var búinn að vitna svona í hann og tala svona vel um hann. Sigurður B. Stefánsson er að vísu mikill hugsjónamaður en hann gengur með þá þráhyggju að allur ríkisrekstur sé frá djöflinum og reyndar allt sé nú frekar lítils virði sem er ofan við Elliðaár. Í fyrradag fann svo ráðherrann enn þá einn sérfræðinginn. Það var Jón Sæmundur Sigurjónsson, hv. 5. þm. Norðurl. v. Hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson er glaðsinna og tekur það ábyggilega ekkert nærri sér þó að fjmrh. skopist dálítið að honum fjarstöddum í ræðustól hér á Alþingi. Hv. þm. Jón Sæmundur stendur það alveg af sér þó að hann sé gerður hlægilegur stundarkorn á síðdegisfundi.

Grein Jóns Sæmundar Sigurjónssonar í Morgunblaðinu um daginn sagði mér ekkert annað en það að krataforingjann Kristján Möller á Siglufirði langar til að vera forseti bæjarstjórnar út þetta kjörtímabil. Jón Sæmundur stendur þetta af sér þó að fjmrh. vefji hann að sér með þeim hætti sem hann gerði hér úr ræðustól.

Mér finnst að ráðherrann hefði heldur átt að nefna sína raunverulegu ráðgjafa í þessu máli, þau Óttar Proppé, Svanfríði Jónasdóttur og Jóhann Antonsson. Þau ákváðu að koma þessu fyrirtæki í hendur ákveðinnar fjölskyldu á Siglufirði. Ráðherrann þykist ekkert vita um það að þarna hafi verið um alþýðubandalagsfólk að ræða. Alþýðubandalagsfólk á Siglufirði er yfirleitt undantekningarlítið ágætisfólk. Viðkomandi menn eru fulltrúar þess í bæjarstjórn Siglufjarðar. Ráðherrann segist aldrei hafa séð þetta fólk. Kannski Óttar Proppé hafi aldrei séð það heldur? Hann var bæjarstjóri um tíma á Siglufirði fyrir atbeina Alþb. Kannski Ragnar Arnalds hafi aldrei orðið var við það heldur?

Ragnar Arnalds tók nú reyndar af öll tvímæli því hann réðist í það stórræði að hann ómakaði sig í ræðustól í fyrradag. Það þykir mér merki þess að hann þekki þetta fólk og hafi til þess artir, úr því að hann gaf sér tíma til þess að taka hér til máls. Það er langt gengið þegar hann sér sig til þess knúinn að skipta sér af málefnum Norðurlandskjördæmis vestra. Hann hefur að vísu svarið þess eið í Þjóðviljanum að hann sé ekki að skrifa leikrit núna, ekki sem hann fær borgað fyrir sem leikrit, enda sé nú öðru að sinna því nú þarf hann að verja sig í kosningabaráttu.

Þetta er náttúrlega nægileg sönnun þess út af fyrir sig að þetta mál er svo rammlega flokkspólitískt að það dugði til þess að vekja Ragnar Arnalds. Hann hefur verið eins og björn í híði allt þetta kjörtímabil en allt í einu vaknar björninn og fer að skipta sér af pólitík. Og hann er meira að segja farinn að senda mér tóninn, ekki einasta í Þjóðviljanum heldur líka er hann búinn að skrifa tvisvar sinnum í blað þeirra alþýðubandalagsmanna á Norðurlandi vestra og guð má vita hvað kemur næst. Hann var ekki alveg búinn að átta sig eftir svefninn því hann fór að jafna sölu Þormóðs ramma við tvo gerninga fjmrh. í fortíðinni í Norðurlandskjördæmi vestra. Í fyrsta lagi jafnaði hann þessu til sölu á gjaldþrotabúi grasköggla verksmiðjunnar í Vallhólmi sem var ekki með nokkru móti sambærilegt. Þar var gersamlega gjaldþrota fyrirtæki og stöðvað fyrir löngu sett í gang aftur með þeim hætti að fjmrh. kom eignarhaldi þess eða Kaupfélag Skagfirðinga

skarst í leikinn og kom þessu fyrirtæki góðu heilli á fætur aftur. Að vísu tapaði ríkissjóður þarna verulegum fjármunum en þeir voru tapaðir hvort sem var því að fyrirtækið var gjaldþrota. Svo fór hv. 4. þm. Norðurl. v. að rifja upp söluna á Sigló hf., þ.e. Lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði og sagði að hún væri sambærileg. Það vildi svo til að 15. maí 1984 staðfesti forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði.

Ég hef ekki orðið var við það að Alþingi hafi samþykkt nein lög um sölu hlutabréfa í Þormóði ramma. Hvernig var svo verðið á hlutabréfum í Sigló fundið? Það var fundið með því að nefnd manna, og ég ætla að rifja upp hverjir það voru sem ákváðu hvað verðið skyldi vera. Það voru Halldór Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnrn., Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður og Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar. Þessa menn fékk þáv. iðnrh. Sverrir Hermannsson til þess að segja til um hvað væri sanngjarnt verð fyrir fyrirtækið. Ég tel að þarna sé um algerlega ósambærilega hluti að ræða. Það má að vísu bæta því við að ríkið fékk aldrei neitt borgað fyrir þessi hlutabréf sem þarna voru seld en það er önnur saga og getur vel verið að mér gefist tækifæri til þess að rifja upp afskipti hæstv. fjmrh. af því fyrirtæki líka því að þau eru sannarlega með þeim hætti að ástæða er til að halda þeim til haga.

Ragnar Arnalds, hv. 4. þm. Norðurl. v., spurði okkur Pálma Jónsson hvort við hefðum viljað selja Siglfirðingum hlutabréfin í Þormóði ramma fyrir helmingi hærra verð. Ég get svarað því fyrir mig að heppilegast hefði ég talið að selja ekki þetta fyrirtæki og halda því í óbreyttu rekstrarformi. Það hafði gefist vel og engin ástæða til þess að selja þetta fyrirtæki, allra síst af því að það var orðið traust og gott. Því það var búið að lagfæra þess efnahag og skuldastöðu og fyrirtækið var komið algerlega fyrir vind og farið að skila hagnaði, 120 millj. á síðasta ári. Af þeirri ástæðu lá ekkert á og var engin ástæða fyrir ríkið að selja það. Heimamenn undu því allflestir vel að ríkið ætti þetta fyrirtæki. Ef á annað borð átti að selja þetta fyrirtæki, þá var eðlilegra að gefa Siglfirðingum almennt tækifæri til þess að kaupa það og reka, ekki að selja í pukri einni fjölskyldu þetta fjöregg Siglufjarðar.

Ég hefði talið heppilegra að fjmrh. hefði staðið síðlega að þessari sölu. Auglýst fyrirtækið til sölu, hve mikið af hlutabréfum hann vildi selja o.s.frv. Hann gat bundið það skilyrðum eins og hann vildi. Hann gat bundið það þeim skilyrðum að hann tæki ekki við tilboðum nema frá Siglfirðingum. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að Siglufirði hefði ekkert gert það til þó eitthvert fjármagn hefði komið utan Siglufjarðar til þess að styrkja fyrirtækið og efnahagslíf í Siglufirði og atvinnulíf. Ég sé ekki að það hefði verið neitt skaðræði ef eitthvert útgerðarfélag eða fiskvinnslufyrirtæki t.d. hefði viljað kaupa hluta í þessu fyrirtæki, enda hefði mátt setja skilyrði um að kvótinn héldist í bænum og fyrirtækið starfaði áfram af fullum þrótti í Siglufirði. Ef átti að binda sig við það að selja einungis Siglfirðingum, þá var það líka hægt en þá átti að gefa öllum Siglfirðingum kost á að kaupa og gera þeim kunnugt um að þetta stæði til.

Mér var það ekki ljóst fyrr en eftir fund með fjmrh. 19. des. að honum væri alvara með að selja þetta fyrirtæki. Ég trúði þessu ekki fyrr. Siglfirðingum var heldur ekki ljóst að hann hygðist selja það með þeim hætti sem raun varð á. Menn bara trúðu þessu ekki upp á hann.

Jafnræðis meðal Siglfirðinga átti í öllu falli að gæta og þá hefði kannski fundist út hvað væri skynsamlegt verð fyrir þetta fyrirtæki. Óðagotið, sem fjmrh. kaus að viðhafa við þessa eignayfirtöku, er náttúrlega sönnun þess að þarna var um óhreint mjöl í pokahorninu að ræða. Þarna var um gjörning að ræða sem ekki þoldi dagsljósið og sem varð að drífa áfram. Gjörning sem varð að gerast í hvelli og ekki var hægt að draga í nokkra daga. Það var ekki hægt að gefa öðrum kost á því að komast að málinu. Það varð að keyra þetta áfram í óðagoti til þess að aðrir en fjölskyldan kæmust ekki inn í þetta mál. Þetta eru „gangstera" vinnubrögð en ekki eðlilegir viðskiptahættir.

Það hefur farið mikill tími í það hér að deila um verðmæti þessa fyrirtækis. Ég kemst ekki hjá því að fara örfáum orðum um það, þingheimi og þjóðinni allri til upplýsingar. Aflakvóti þessa fyrirtækis er 6050 tonn þorskígilda. Nú deila menn um það hvort kvóti sé eign eða ekki en hann er til ráðstöfunar hjá þessu fyrirtæki. Það er hægt að selja hann ef fyrirtækinu býður svo við að horfa, að hluta til eða jafnvel allan, vegna þess að hann er alls ekki samkvæmt samningnum við fjölskyldurnar bundinn við Siglufjörð. Það segir nefnilega í samningstextanum, með leyfi forseta:

„Á sama hátt lýsa kaupendur því yfir í 5. gr. að þeir muni viðhalda öflugum rekstri í hinu sameinaða félagi í Siglufirði. Þeir skuldbinda sig til þess að nýta aflakvóta sem fylgir skipum félagsins í þágu útgerðar og vinnslu í Siglufirði. Ákvæði þetta hindrar þó ekki eðlilega nýtingu aflakvóta með hliðstæðum hætti og gert hefur verið hjá félaginu á undanförnum árum né möguleika þess til að breyta samsetningu á skipastól félagsins."

Ákvæði þetta hindrar þó ekki eðlilega nýtingu aflakvóta með hliðstæðum hætti og verið hefur. — Þannig er að þetta fyrirtæki hefur í gegnum árin hvað eftir annað selt verulegan kvóta frá Siglufirði. Það er ekkert sem hindrar svilana í að gera slíkt hið sama. Það er nefnilega ekkert hald í þessu ákvæði, sem ráðherrann hefur verið að reyna að gera mál úr hér í ræðustól og á opinberum vettvangi annars staðar, um að það væri eitthvað verið að hugsa um hagsmuni Siglufjarðar. Það var svo sannarlega ekki gert í þessu sambandi. Söluverð 6050 tonna aflakvóta er mér sagt að hafi verið um það leyti sem þessi gjörningur var gerður á frjálsum markaði í kringum 900 millj. Brunabótamat fasteigna og tækja fyrirtækisins var í kringum 700 millj. Tryggingarverð skipafélagsins var 521 millj. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 19 stendur:

„Þá ber þess að geta að félagið á ónýttan skattalegan tapsfrádrátt, sem í árslok 1989 var 611,2 millj. kr.

Eftir að þessi frádráttarheimild hefur verið hækkuð skv. verðbreytingarstuðli stóð hún í 728,3 millj. kr. í árslok 1990."

Það kann nú að vera að Samherja hf. eða Skagstrending t.d. hefði munað í að eiga svolítinn hlut í þessu skattahagræði.

Hvað gjalda svo svilarnir fyrir Þormóð ramma hf.? Og nú ætla ég að biðja þingheim að hlusta. Kaupverð á 58,17% hlutafjár í Þormóði ramma var 87,3 millj., þetta sem þeir skrifuðu á blaðið og kölluðu kaupverð, 87,3 millj. Þeir borguðu við undirskrift 7,5 millj. Þeir skrifuðu upp á víxil með gjalddaga 1. des. 1991 upp á aðrar 7,5 millj. Þarna eru sem sagt 15 millj. sem þeir þurfa að gjalda fyrir þetta gilli á árinu. Á fyrra ári græddi Þormóður rammi 120 millj. og við skulum vona að þeim takist að hagnast í ár líka. Þeir skrifuðu upp á 5 millj. kr. skuldabréf til þriggja ára með sjálfskuldarábyrgð og 4,3% vöxtum. Þarna voru sem sagt komnar í púkkið 20 millj. samtals sem þeir að vísu þurfa að greiða í þremur lotum. Þá er eftir skuldabréf upp á 67 millj. kr. til 12 ára með 4,3% vöxtum. Af þessu skuldabréfi eru tíu afborganir. Sú fyrsta er reyndar ekki fyrr en 1. okt. 1992, þ.e. þetta bréf er afborgunarlaust í nærri tvö ár. Tryggingar þessa bréfs eru tvenns konar. Þær eru ekki persónulegar einkaeignir þeirra svilanna. 27% af þessum 67 millj. er sjálfskuldarábyrgð Jökla hf., dótturfyrirtækis Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, samtals 18 millj. Afgangurinn, 49 millj., er með handveðstryggingu í hlutabréfum í félaginu. Inni í eignarmati Þormóðs ramma, og þar bítur nú ráðherrann höfuðið af skömminni, er ekki eignarhluti Þormóðs ramma í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem mér er sagt að sé a.m.k. 15 millj. virði. Þetta er nú bara smáaurar sem jafngildir þá því sem þeir þurfa að svara út í peningum þangað til 1992.

Skuldir Þormóðs ramma voru 724 millj. að frádregnum veltufjármunum upp á 170 millj. Skuldir að frádregnum veltufjármunum í árslok 1990 voru sem sagt 554 millj. Í stuttu máli: Fyrir 7,5 millj. kemst þessi fjölskylda yfir allar eignir Þormóðs ramma með fullum yfirráðum yfir eignum Þormóðs ramma, fasteignum og tækjum að brunabótamati 700 millj., þrjá togara sem tryggðir eru á 521 millj., kvóta upp á 6050 tonn, þorskígildi fyrir 900 millj. og skattalegan tapsfrádrátt sem umreiknaður með verðbreytingarstuðli stóð í árslok 1990 í 728,3 millj. Yfirráð og eignarhald fyrirtækisins fékkst fyrir 7,5 millj. kr. greiðslu. Síðan þurfa þeir að borga víxil upp á 7,5 millj. 1. des. 1991 eftir að hafa ráðskast með fyrirtækið í 11 mánuði og síðan þurfa þeir að borga 5 millj. kr. skuldabréf að þremur árum liðnum á 4,3% vöxtum. Þetta er það sem fjölskyldan er ábyrg fyrir.

Þeir eignast meiri hluta og full yfirráð í Þormóði ramma fyrir 20 millj. 7,5 millj. í haust og 5 millj. að þremur árum liðnum. Þetta er svona eins og þegar fjölskyldur eru að kaupa sér einbýlishús. Þetta er svipað sem þeir þurfa að leggja að sér. Aðrir eru ábyrgir fyrir restinni. Jöklar hf. fyrir 18 millj. og 67,3 millj. og restin með veði í bréfum félagsins. Þetta eru nú viðskipti í lagi og það er von að hæstv. fjmrh. sé stoltur. Það er rétt að þjóðin geri sér grein fyrir þessu. Fyrir 20 millj., þar af bara 7,5 millj. í útborgun, öðlast fjölskyldan meirihlutaeign og full yfirráð yfir Þormóði ramma og eignum þess á sjó og landi. Þetta voru nú kjörin.

Þetta var fyrirtæki sem skilaði 120 millj. kr. hagnaði á sl. ári. Og svo dirfist fjmrh. að ráðast á Ríkisendurskoðun fyrir það að gagnrýna þessa sölu. Ríkisendurskoðun hefur sannað sitt mál og stendur náttúrlega alveg teinrétt eftir jafnvel þó að fjmrh. leiði hvert sannleiksvitnið af öðru, nú síðast Jón Sæmund Sigurjónsson, til hjálpar sér í þessari krísu.

Niðurstaða málsins er þessi, frú forseti: Fjmrh. misbeitti valdi sínu til að auðga og efla til áhrifa fjölskyldu á Siglufirði, fulltrúa Alþb. í bæjarstjórn Siglufjarðar. Familían hefur náð meirihlutaeign og fullum yfirráðum á fjöreggi Siglufjarðar fyrir 7,5 millj. kr. og til þessa hefur fjölskyldan notið atbeina fyrrv. bæjarstjóra í Siglufirði, Óttars Proppés, síðar ritstjóra Þjóðviljans. Óttar er gamall Dalvíkingur. Það eru líka hinir tveir alþýðubandalagsmennirnir sem stóðu að „kúppinu", Svanfríður Jónasdóttir, aðstoðarmaður ráðherrans, og Jóhann Antonsson sem er bréfberi. Segi menn svo að alþýðubandalagsmenn í Eyjafjarðarprófastsdæmi hjálpi ekki hver öðrum á neyðarstundum. Þetta framferði ver þingmaður Alþb. í Norðurl. v., Ragnar Arnalds, með mestu velþóknun, eða a.m.k. svona með munnherkjum, því hann er nú ekki alveg siðblindur. En hann metur flokkshagsmuni Alþb. hærra heldur en siðferðið í þessu tilfelli.

Ráðherrann gerði sig sem sagt sekan um misferli í embættisfærslu. Fjöregg Siglfirðinga er komið í hendur svilanna með siðlausum hætti. Örlög Siglufjarðar eru nú í þeirra höndum. Því miður er ekki útilit fyrir að vel fari. Og hver verður svo framtíð Siglufjarðar undir þessu „regímenti"? Ég óttast uppgjöf, vonleysi og fólksflótta. Það er ekkert álitlegt fyrir fólk í Siglufirði að eiga að búa við atvinnuöryggi Runólfs Birgissonar, fyrrv. skrifstofustjóra félagsins, sem var búinn að vera skrifstofustjóri þess við góðan orðstír, ég man ekki hvað, ég held í sjö ár, og rækti sitt embætti gjörsamlega óaðfinnanlega. Rekinn umsvifalaust án allra saka, umsvifalaust bara eftir geðþótta hinna nýju herra.

Það er e.t.v. eitthvert hald í bakábyrgð Jökla og spá mín er sú að eftir þrjú til fjögur ár verði Siglufjörður kominn í eign Jökla hf. og það eru heldur ekki kræsileg örlög fyrir byggðarlagið. Fjmrh. skal hafa skömm fyrir aðför sína að hagsmunum Siglufjarðar og þeir munu ekki gleyma meðhöndlan hans á lífshagsmunum þess byggðarlags.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er ávallt nokkuð skemmtilegt þegar hv. þm. Páll Pétursson kemur hér með tilþrifum í ræðustólinn og reiðir ekki alltaf sannleikann í mörgum pokum. (Gripið fram í.) Að hv. þm. Páll Pétursson reiddi ekki sannleikann í mörgum pokum? Já, já, það var fjmrh. sem sagði það. Við höfum tamið okkur alveg sérstakan stíl, ég og hv. þm. Páll Pétursson, í þessum umræðum eins og hv. þm. Pálmi Jónsson heyrði á ræðu hv. þm. Páls Pétursonar og ætla ég nú

þó ekki að fara að kalla hv. þm. Pál Pétursson „gangster" eins og hann kallaði hér áðan fjmrh. í ræðustól og var ekkert víttur fyrir það af virðulegum forseta. Finnst mér þetta sýna mikið umburðarlyndi og frjálsræði í þingsköpum. (**Gripið fram í:** Það vissu þetta allir.) Já, ekki bætir hann nú um betur. Má segja að þó að þeir hafi nú ekki alltaf verið vinir, hv. þm. Páll Pétursson og Guðmundur G. Þórarinsson, eins og alkunnugt er í Framsfl. fyrr og síðar, er þó greinilegt að hv. þm. Páll Pétursson hefur tamið sér það orðfæri sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur talið réttast að viðhafa um mótframbjóðanda sinn í Framsfl. í Reykjavík, Finn Ingólfsson, og vinnubrögð hans. Ég hélt að þeir framsóknarmenn hefðu þetta orðfæri kannski bara til heimabrúks — og hefur umræðan í þeim flokki greinilega versnað mjög frá því að ég var þar á bæ — en kæmu ekki með það hér inn í þingsalina.

En það er alveg rétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að ég fór hér í fyrradag ekki í langa ræðu til að fjalla um einstök efnisatriði í ræðum hans eða hv. þm. Páls Péturssonar. Ég taldi það ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi. Ég get tekið sem dæmi: Hv. þm. Páll Pétursson fullyrti það hér í sinni ræðu að bæjarstjórnin hefði mótmælt vinnubrögðum mínum við sölu á Þormóði ramma. Þetta sagði hv. þm. Páll Pétursson. Ég held að bæjarstjórnin hafi aldrei mótmælt því. Mér er ekki kunnugt um það að hún hafi samþykkt eina einustu mótmælaorðsendingu út af þessu máli. Væri fróðlegt ef hv. þm. Páll Pétursson eða Pálmi Jónsson gætu reitt þá mótmælayfirlýsingu fram. En engu að síður stóð hv. þm. Páll Pétursson hér í ræðustólnum og sagði að bæjarstjórnin hefði mótmælt vinnubrögðum mínum við sölu á Þormóði ramma. Ég hef verið í náinni samvinnu við bæjarstjórnina á Siglufirði og ég veit ekki til þess að hún hafi gert neina slíka samþykkt. Væri fróðlegt að hún væri lesin upp hér af þeim þingmönnum sem hafa fullyrt að bæjarstjórnin hafi mótmælt vinnubrögðunum við söluna á Þormóði ramma.

Hv. þm. Páll Pétursson lagði líka aðallega út af því í sinni ræðu, það var svona „Leitmotiv", ef ég má nota það orðalag, í hans fyrri ræðu hér, að þetta Þormóðs ramma mál væri afrakstur af fundi sem ég og hæstv. utanrrh. hefðum haldið á Siglufirði eins og frægt hefði verið. Ég get upplýst það hér að ég og hæstv. utanrrh. höfum aldrei haldið fund á Siglufirði saman, hvað þá heldur að slíkur fundur hafi verið frægur. (**PP:** Kannski hvergi haldið fundi saman?) Jú, jú, hv. þm., við höfum haldið fundi saman á nokkrum stöðum en aldrei á Siglufirði. Að byggja þannig allan málflutninginn upp á því að þetta mál væri sprottið upp úr einhverjum fundi sem ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, núv. hæstv. utanrrh., áttum að hafa haldið á Siglufirði er svona álíka út í hött og margt annað í þessum málflutningi. En ég taldi það ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi að fara yfir ræðurnar með þessum hætti og tel það heldur ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi í þessari umræðu.

Ég tel það heldur ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi að fara að leggja út af því að hv. þm. Páll Pétursson fór mikinn hér í ræðustól áðan með því að verðleggja Þormóð ramma á þeim grundvelli að kvótinn væri seldur á frjálsum markaði. Með því að segja að það eigi að leggja til grundvallar verð sem fengið er þegar kvótinn er seldur á frjálsum markaði, þá er hv. þm. að segja að það hafi átt að opna það að selja allan kvótann burt. Og svo heldur hann áfram að verðleggja með því að bæta við verði á togurum og verði á tækjum og byggingum. En það vita auðvitað allir að þegar búið er að selja kvótann frá Þormóði ramma burt, þá eru togararnir, tækin og frystihúsin nánast einskis virði. Þannig að ég ætla ekkert að elta ólar við reikningsdæmi af þessu tagi.

Ég ætla heldur ekki að elta neitt sérstaklega ólar við það sem hann sagði um hv. þm. Jón Sæmund Sigurjónsson þó að mér fyndist það ekkert sérstaklega smekklegt að standa hér og hæðast að hv. þm. Jóni Sæmundi Sigurjónssyni. Hvers vegna ekki? Vegna þess að hv. þm. Páll Pétursson mat hv. þm. Jón Sæmund Sigurjónsson svo mikils að hann lagði eindregið að honum að vera með sér á beiðninni um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Svo mikils virði fannst hv. þm. Páli Péturssyni að hafa hv. þm. Jón Sæmund Sigurjónsson með sér í för að hann lagði mikið á sig til þess að fá hv. þm. til að vera með sér á skýrslubeiðninni. En þegar það svo gerist að hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson hefur manndóm til þess að lýsa því yfir að hann taki meira mark á þeirri ráðgjöf sem Ólafur Nilsson hefur látið í té heldur en skýrslu Ríkisendurskoðunar og gagnrýnir skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem hann það sjálfur um, með þeim hætti að hún væri ekki í neinum tengslum við raunveruleikann, þá er allt í einu komið hér upp í ræðustólinn af hv. þm. Páli Péturssyni og jafnvel af hv. þm. Pálma Jónssyni og farið að gera grín að þessum félaga þeirra úr Norðurl. v., hv. þm. Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, af því að nú passar það ekki lengur í áróðurskramið að telja hann heiðursmann.

Það getur vel verið að mönnum finnist ýmislegt um það sem ég hef sagt í þessu máli. En ég hef tekið eftir því að ýmsir af þeim, m.a. hv. þm. Geir Haarde og hv. þm. Þorsteinn Pálsson, sem hafa haft nokkuð stór orð um minn málflutning í þessu máli, hafa algerlega skotið sér fram hjá þeirri staðreynd að einn af þeim fjórum þingmönnum sem bað um skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur lýst því yfir opinberlega, orðrétt, með leyfi forseta: „Það veldur því nokkrum vonbrigðum að Ríkisendurskoðun velur könnun sinni forsendur sem koma Þormóði ramma lítið við." Sá þingmaður sem bað um skýrsluna hefur dæmt skýrsluna á þann veg að forsendurnar sem Ríkisendurskoðun gefur sér í skýrslunni komi fyrirtækinu lítið við.

Ég verð satt að segja að láta það koma fram hér að þegar þingmenn eru að tala um samskipti þingsins við Ríkisendurskoðun, þá er það auðvitað alveg rétt að menn geta sagt ýmislegt um mat fjmrh. En hitt finnst mér öllu alvarlegra að einn af þeim þingmönnum sem báðu um skýrsluna hefur kveðið upp þann dóm yfir skýrslunni að forsendurnar sem Ríkisendurskoðun gaf sér komi Þormóði ramma lítið við. Og það sem meira er, að þessi samþingsmaður hv. þm. Páls Péturssonar

og hv. þm. Pálma Jónssonar, Jón Sæmundur Sigurjónsson, hefur lýst því yfir opinberlega að þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir og þegar skýrsla Ólafs Nilssonar liggur fyrir, þá kjósi hann að taka meira mark á skýrslu Ólafs Nilssonar. Og þetta er einn af þingmönnunum sem báðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hann ætti þess vegna að vera nokkuð marktækur dómari í þessu máli því að hann er upphafsmaður þess.

Hv. þm. Páll Pétursson og hv. þm. Pálmi Jónsson mátu þennan þingmann svo mikils að þeir vildu hafa hann með sér í þessu máli. En þegar hann dregur sjálfstæða, heiðarlega ályktun sem passar ekki í áróðurskramið hjá þessum þingmönnum, þá koma þeir hér upp og gera grín að honum. Þetta tel ég ekki vera traustvekjandi og reyndar ekki mjög þingleg vinnubrögð. Ef þingmenn eru að biðja félaga sína í þinginu um að óska sameiginlega eftir skýrslu frá Ríkisendurskoðun og það kemur í ljós að í þessum fjögurra manna hópi eru mjög skiptar skoðanir um þessa skýrslu — einn af skýrslubeiðendum kýs að taka ekki mark á skýrslunni, þrír hins vegar gera það — þá fyndist mér efnislega nær að skoða það með hvaða hætti þingið eigi þá að ræða um málið áfram og þeir fjórmenningarnir innbyrðis sem báðu um skýrsluna því að enginn af þeim er öðrum rétthærri í því máli. Þeir eru allir jafnréttháir í því máli. En það hefur bara komið í ljós að það er grundvallarágreiningur á milli þeirra um skýrsluna.

Þess vegna finnst mér út frá þeim almennu sjónarmiðum sem hér hafa komið fram í umræðunni fæstir hafa talað um þetta kjarnaatriði í málinu, að hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson hefur satt að segja tekið dýpra í árinni og dæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar harðar en fjmrh. hefur gert. Það er staðreynd málsins. Einn af skýrslubeiðendum, hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, hefur dæmt skýrsluna harðar en ég hef gert. Því að gagnstætt því sem sagt hefur verið í þessum umræðum, þá hef ég ekki dregið fram niðurstöðu sem er áfellisdómur yfir Ríkisendurskoðun. Það er bara alls ekki rétt að ég hafi gert það. Ég hef eingöngu sagt það í þessum umræðum að það sé ljóst að aðrir sérfræðingar, viðurkenndir sérfræðingar á þessu sviði, hafi komist að annarri niðurstöðu.

Ég er þess vegna alveg sammála því sem hv. þm. Geir Haarde sagði hér í sinni ræðu, og var kjarninn í hans ræðu, að aðalatriði í þessu máli væri það að menn gætu haft mismunandi mat á virði hlutabréfanna og virði fyrirtækisins Þormóðs ramma. Það er alveg rétt, hv. þm. Það er kjarni málsins. Það er það sem ég hef sagt allan tímann. Það er það sem ég sagði í minni ræðu. Vandinn er hins vegar sá að í fyrri skýrslu sinni tók Ríkisendurskoðun ekki þann pól í hæðina heldur þvert á móti lagði málin þannig fram að það væri bara ein niðurstaða sem gæti verið gild. Það væru ekki mismunandi forsendur sem kæmu til greina. Og eins og ég sagði í minni ræðu og hef sagt annars staðar: Ef Ríkisendurskoðun hefði lagt málin þannig fyrir að segja: Það koma ýmsar forsendur til greina í þessu máli, rakið þær, gefið síðan ýmsa valkosti byggða á þessum forsendum þar sem einn valkosturinn væri 300 millj. og kannski enn meira, en aðrir valkostir sýndir líka í skýrslunni byggðir á öðrum forsendum sem koma vissulega til álita, þá hefði ég ekki gert neina athugasemd við það, enga. Enda kemur fram í seinni skýrslu Ríkisendurskoðunar það sjónarmið að við mat af þessu tagi þurfi menn að gefa sér mismunandi forsendur og það geti verið umdeilanlegt hverjar þær forsendur eigi að vera. Þetta er kjarni málsins. Í fyrri skýrslunni voru ekki reifaðar neinar mismunandi forsendur og engin umfjöllun um það að þetta væri mat þar sem mismunandi kostir kæmu til greina. Þess vegna er efnislega enginn ágreiningur milli mín og hv. þm. Geirs Haarde í þessu máli hvað þetta snertir, enginn.

Í þessum umræðum hefur einnig komið fram hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni og Geir Haarde að fjmrh. hafi átt að láta hinn almenna markað ráða verðinu á fyrirtækinu. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson segir að það hafi átt að bjóða fyrirtækið út á almennum markaði og dregur síðan þá ályktun að of lágt verð hafi fengist fyrir fyrirtækið. Þetta er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig. En því hefur aldrei verið leynt í þessu máli að fjmrh. tók þá pólitísku ákvörðun að binda söluna við Siglfirðinga. Ég hef aldrei leynt því að þar með væri verið að lækka hugsanlegt verð á fyrirtækinu en rök mín voru þau að fjmrh. hlyti að þurfa að hugsa um atvinnuhagsmuni Siglfirðinga og framtíð byggðarlagsins, eins og hér hefur komið fram í öðrum ræðum. Ef það er skoðun hv. þm. Þorsteins Pálssonar að það hafi átt að selja veiðiheimildirnar burtu frá Siglufirði og hver sem var hefði átt að geta boðið í fyrirtækið, eins og hann sagði hér í sinni ræðu, þá er það auðvitað sjónarmið út af fyrir sig. (**PP:** Útúrsnúningur.) Nei, það er enginn útúrsnúningur vegna þess að hv. þm. sagði þetta alveg skýrt og greinilega. Það átti að bjóða fyrirtækið út á almennum markaði. (Gripið fram í.) Ég ætla ekkert að tala hér við þingmenn úr ræðustól og hv. þm. Þorsteinn Pálsson er alveg fullfær um að túlka sitt sjónarmið. Og eins og ég hef sagt, þetta er alveg gilt sjónarmið. Það er hægt að færa full rök fyrir þessu sjónarmiði. En eins og fram hefur komið í viðræðum við bæjarstjórnina á Siglufirði á sínum tíma þá óttuðust þeir einmitt að það kæmi að því að í stól fjmrh. gæti komið maður sem hefði slíkt almennt markaðssjónarmið að leiðarljósi og mundi bjóða hlutabréfin út á almennum markaði og leita þannig að kaupanda sem gæti flutt fyrirtækið, kvótann og skipin burt vegna þess að hann liti bara á verðmætamatið út frá þröngum hagsmunum ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Það kom einnig fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, forseta Nd., að hann hafi í ræðu í fyrra gagnrýnt Ríkisendurskoðun. Ég man mjög vel eftir þeirri ræðu. Það var að mörgu leyti mjög alvarleg gagnrýni sem kom fram í þeirri ræðu. Gagnrýnin fól það í sér að vegna þess að vararíkisendurskoðandi hefði tekið þátt í undirbúningi fjárlaga með fjvn. væri verið að draga úr sjálfstæði Ríkisendurskoðunar við að meta fjárlögin síðar meir. Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði að menn sæju nú að sú gagnrýni hans hefði verið á rökum reist. Ég ætla ekki að fjalla nánar um þenn-

an kafla í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, enda er hann ekki hér í salnum. En ég vek hins vegar athygli þeirra sem hafa talað hér af mikilli hneykslan um að ekki megi gagnrýna Ríkisendurskoðun og talið það afsagnarsök hjá núv. fjmrh. að hann hafi leyft sér að gagnrýna Ríkisendurskoðun, að þegar yfirmaður Ríkisendurskoðunar úr hópi forseta þingsins kýs að gagnrýna Ríkisendurskoðun hér í fyrra með þeim hætti sem hann nú endurvekur, þá þótti hv. þm. það sjálfsagt mál eða a.m.k. ekki þörf á því að gera við að athugasemd. En það er auðvitað mjög athyglisvert að sá af forsetum þingsins sem hefur yfirumsjón með Ríkisendurskoðun skuli nú í þessum umræðum rifja upp gagnrýni sína á Ríkisendurskoðun.

Ég vil líka nefna í þessu sambandi að vararíkisendurskoðandi Sigurður Þórðarson var ráðgjafi viðskrh. við söluna á Útvegsbankanum, þegar hlutabréf ríkissjóðs í Útvegsbankanum voru seld Iðnaðarbanka, Alþýðubanka og Verslunarbanka. Hann var ekki aðili að því mati sem vararíkisendurskoðandi. En hann tók fullan þátt í því með hæstv. viðskrh. að meta á hvað ætti að selja hlut ríkisins í Útvegsbankanum síðustu dagana sem sú sala stóð yfir, ekki formlega fyrir hönd Ríkisendurskoðunar heldur sem sérstakur ráðgjafi. Það gerir það auðvitað að verkum að það verður erfiðara fyrir Ríkisendurskoðun að framkvæma síðan óháð og sjálfstætt mat á því hvort Útvegsbankinn hafi verið seldur of lágu eða of háu verði. Hafa þó farið fram harðar deilur um það í þjóðfélaginu hvort Útvegsbankinn hafi verið seldur á of háu eða of lágu verði. Ég vil minna á það að hv. þm. Páll Pétursson, ef ég man rétt, hefur gagnrýnt núv. viðskrh. harkalega fyrir það að hafa selt hlut ríkisins í Útvegsbankanum á of lágu verði. Og ég vil minna á það að nýráðinn bankastjóri í Landsbankanum, Halldór Guðbjarnason, gagnrýndi í Tímanum, í sjónvarpi og í útvarpi viðskrh. mjög harkalega fyrir það að hafa selt hlut ríkisins í Útvegsbankanum á of lágu verði.

Viðskrh. mundi væntanlega svara því til að einn af hans ráðgjöfum í þeirri sölu hafi verið vararíkisendurskoðandi Sigurður Þórðarson. Er þá hv. þm. Páll Pétursson að segja að vararíkisendurskoðandi Sigurður Þórðarson hafi veitt viðskrh. vitlausa ráðleggingu með því að mæla með því að Útvegsbankinn yrði seldur á því verði sem hann var seldur á? Það mætti ætla svo. Eða er Halldór Guðbjarnason, nýráðinn bankastjóri Landsbankans, sem mjög ítarlega gagnrýndi söluna á Útvegsbankanum, að ráðast á vararíkisendurskoðanda sem var einn af ráðgjöfum viðskrh. við söluna?

Ég held að þessir ágætu þingmenn ættu þess vegna, áður en þeir hafa uppi fleiri stóryrði í minn garð, að átta sig á því að það hefur verið margvísleg gagnrýni uppi um mál af þessu tagi. Hv. þm. Árni Gunnarsson, forseti Nd., hefur gagnrýnt afskipti Ríkisendurskoðunar af fjárlagagerðinni. Hv. þm. Páll Pétursson hefur gagnrýnt, ef ég man rétt, sölu viðskrh. á Útvegsbankanum sem vararíkisendurskoðandi átti verulegan hlut í og þannig koll af kolli. Þessar sögulegu staðreyndir held ég að sé nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar þeir eru að leggja upp í þessum umræðum eins og það sé eitthvað alveg nýtt að um þessi mál sé fjallað.

Hver var ástæðan fyrir því að ég kaus að fjalla sérstaklega um skýrslu Ríkisendurskoðunar? Hún var sú að tveir af skýrslubeiðendum, hv. þm. Páll Pétursson og Pálmi Jónsson, drógu af skýrslunni pólitískar ályktanir. Þeir drógu af skýrslunni þá pólitísku ályktun að þeir hefðu haft rétt fyrir sér. Í hverju? Í fullyrðingum sínum um það að fyrirtækið hefði verið selt á of lágu verði. Þó að hv. þm. Pálmi Jónsson segi nú að hann hafi ekki talið að fyrirtækið hafi verið selt á of lágu verði þá kom það greinilega fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni í fjölmiðlum og annars staðar að hann teldi að fyrirtækið hefði verið selt á of lágu verði. (**Gripið fram í:** Allt saman misskilningur hjá hæstv. ráðherra.) Ja, það er nú alla vega ekki misskilningur að hv. þm. Páll Pétursson hafi talið að fyrirtækið væri selt á of lágu verði.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson fullyrti að Sigurði B. Stefánssyni endurskoðanda hefðu verið gefnar rangar upplýsingar. Í sjálfu sér ætla ég ekkert að fara að deila um skoðanir Sigurðar B. Stefánssonar fram og aftur í þessu máli. Ég vakti eingöngu athygli á þeirri staðreynd að þegar Ríkisendurskoðun spurðist fyrir um það hver það hefði verið sem á verðbréfamarkaði hefði metið verðgildi hlutafjár í Þormóði ramma, þá var Ríkisendurskoðun, áður en hún skilaði seinni skýrslunni, svarað bréflega að það væri Sigurður B. Stefánsson og hann væri reiðubúinn að ræða við Ríkisendurskoðun og gera henni grein fyrir áliti sínu. Ég harmaði það að Ríkisendurskoðun skyldi ekki hafa kallað þennan virta forsvarsmann á hlutabréfamarkaði til sín. Ef hún hefði gert það hefði mátt sannreyna hvort það var rétt sem hv. þm. Pálmi Jónsson var að fullyrða, að honum hefðu verið látnar í té rangar upplýsingar. Ríkisendurskoðun átti kost á því að ræða við Sigurð B. Stefánsson, en hafnaði því boði.

Nú er það hins vegar upplýst í þessum umræðum að áður en Ríkisendurskoðun skilaði fyrri skýrslunni ræddi hún við annan endurskoðanda með nokkuð líku nafni, Sigurð Stefánsson, sem sumir rugla saman við Sigurð B. Stefánsson. Er það í fyrsta sinn sem það kemur fram opinberlega. En hitt er svo athyglisvert að þeir sem hafa viljað ráðast á mig í þessari umræðu hafa nær flestir viljað vitna í ummæli Sigurðar Stefánssonar, þess hins sama, í Morgunblaðinu um skýrslu Ríkisendurskoðnar. En nú kemur í ljós að í þeim ummælum var Sigurður Stefánsson endurskoðandi í raun-inni að láta í ljós skoðun á sínu eigin verki án þess að það kæmi fram í hans ummælum að hann hefði verið ráðgjafi Ríkisendurskoðunar og væri þess vegna kannski ekki hæfur til þess að kveða upp óháðan dóm um hennar skýrslu. Þess vegna hefur hans nafn annars vegar verið notað til þess að dæma skýrslu Ríkisendurskoðunar og hins vegar til þess að segja að hann hafi átt hlut í að semja hana. En það er alveg rétt, hann er virtur maður, Sigurður Stefánsson endurskoðandi. Þeir eru það báðir nafnarnir, Sigurður B. Stefánsson og Sigurður Stefánsson, það er vissulega rétt. Þeir eru mjög virtir báðir tveir og eiga langan starfsaldur að baki.

Það sýnir kannski best það sem ég sagði í minni ræðu að í þessu máli verður að reiða fram þann flókna veruleika sem í því felst. Það er hægt að komast að ólíkum niðurstöðum um það hvert matið eigi að vera eftir því hverjar forsendurnar eru og við hvað menn miða. Það er kjarninn í minni ræðu hér. Slík mynd var ekki dregin upp af hálfu Ríkisendurskoðunar þegar hún fjallaði um málið af hálfu Alþingis. Ef hún hefði gert það, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, gert grein fyrir hinum ýmsu forsendum, reiknað dæmin út frá ólíkum forsendum sem til greina koma, leitt fram niðurstöður mismunandi sérfræðinga og útskýrt hvers vegna tekið er mark á þessum en ekki hinum, þá hefði ekki verið nokkur ástæða til þess að gera athugasemdir við þau vinnubrögð.

Virðulegi forseti. Einstaka þingmenn hafa í þessum umræðum endursagt ummæli mín um Ríkisendurskoðun á þann hátt að þeir hafa fært það mjög í stílinn, talað um árás, fordæmingu og ýmislegt af því tagi. Ekkert slíkt fólst í minni ræðu eins og sést vel ef hún er lesin lið fyrir lið, málsgrein fyrir málsgrein. (**GHH:** Hvað með viðtölin á undan?) Viðtölin á undan eru líka slitin úr samhengi, virðulegur þm. Geir Haarde, vegna þess að sá fréttamaður sem spurði mig spurningarinnar um pöntun á skýrslum, sem er væntanlega það sem þingmaðurinn er að vitna til, ekki rétt? (**GHH:** Jú, jú.) spurði spurningarinnar: Er þá hægt að panta skýrslur? Ég sagði í mínu svari alveg skýrt að ég mundi ekki nota það orð. (**GHH:** Þú varst þó búinn að því áður.) Nei, það er rangt. Ég var ekki búinn að því áður. Það er nefnilega rangt hjá hv. þm. Ég sagði það við fréttamanninn að ég mundi ekki nota þau orð. Hins vegar væri það staðreynd að Ríkisendurskoðun hefði fjallað um Þormóð ramma vegna Atvinnutryggingarsjóðs og síðan vegna beiðni um skýrslu frá fjórum þingmönnum þannig að það er stílfærsla fréttaviðtalsins sem býr til þá merkingu. Að sjálfsögðu hef ég aldrei sagt það að menn gætu pantað niðurstöður frá Ríkisendurskoðun í einu eða öðru efni, það hef ég aldrei sagt. Ég hef hins vegar leitt það fram hér lið fyrir lið að í flóknu máli af þessu tagi eru margvíslegar forsendur sem koma inn í matið og menn verða að hafa faglega einurð til þess að reiða málin fram með þeim hætti. En, hv. þm. Geir Haarde, það stendur hvergi í fyrri skýrslu Ríkisendurskoðunar að hér sé um mat að ræða þar sem menn geti gefið sér margar ólíkar forsendur. Matið geti verið mismunandi eftir því hverjar forsendurnar eru. Það stendur hvergi í skýrslunni. Þvert á móti er hún öll skrifuð út frá því að þær einu forsendur séu réttar sem eru gefnar í skýrslunni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál í þessari umræðu. Það hefur nokkuð verið vikið að forsetum og þeir gagnrýndir fyrir að velja þann hátt á sem hér var valinn. Ég tel þá gagnrýni ómaklega. Mér finnst eðlilegt að þegar þingmenn bera ráðherra þungum sökum utan þings eigi ráðherra kost á því að flytja þá umræðu inn í þingsalinn frekar en halda umræðunni áfram utan þings. Mér finnst það eðlilegri og þinglegri vinnubrögð að taka á málinu með þeim hætti. Síðan má auðvitað um það deila hvort það hefði átt að vera með nafni á dagskrá eða utan dagskrár. En það hlýtur að vera fullkomlega þinglegt að ráðherra óski eftir því að fá tækifæri til þess að fjalla um málflutning þingmanna utan þings og fjalla um þær skýrslur stofnunar Alþingis sem málflutningur þingmannanna byggist á. Ég veit satt að segja ekki hvar ráðherrann ætti að fjalla um það ef ekki í þingsölum. Eða eru þeir sömu þingmenn og gagnrýna meðferðina hér á málinu út frá þingsköpum að segja það virkilega að ef ráðherra er gagnrýndur í skýrslu í einni af stofnunum Alþingis og síðan af þingmönnum utan þings á grundvelli þeirrar skýrslu eigi hann engan rétt á því að taka upp málið á Alþingi sjálfur? (**Gripið fram í:** Á dagskrá.) Það er aukaatriði í málinu hvort það er nefnt í dagskrá eða ekki. Ég tek það fram að það var ekki ósk mín að fá það utan dagskrár. En það hafa ýmsir talað í þessum umræðum eins og ráðherrann eigi engan rétt á því. (**ÞP:** Hver var þá ósk ráðherrans?) (Gripið fram í.) Að taka málið utan dagskrár? Ég held að forseti hafi aldrei sagt að það hafi verið ósk ráðherrans að taka málið utan dagskrár, nei, það er ekki rétt. Ósk ráðherrans kemur fram í bréfi sem hefur verið birt í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem hann skrifaði forsetum þingsins um að fá að gera grein fyrir málinu á Alþingi. Ráðherrann tilgreindi ekki með hvaða hætti það ætti að vera og lét ekki í ljós neina skoðun á því með hvaða hætti það ætti að vera. (Gripið fram í.) Nei, ég lét ekki í ljós neina skoðun á því. Ég fól það í vald forsetanna að ákveða með hvaða hætti það ætti að vera. En hitt finnst mér vera aðalatriði sem þingmenn verða auðvitað að gera upp við sig þegar Alþingi er komið með sjálfstæðar stofnanir sem starfa að skýrslugjöf um verk ráðherra með hvaða hætti þingið ætlast til þess að ráðherra geti tekið þau mál upp í þingsölum, eða er virkilega ætlun manna að hafa þingsköpin þannig að ráðherra geti ekki gert það? Það finnst mér vera rangt og ekki þjóna því að skýra málin né efla virðingu Alþingis. Ég ítreka hins vegar þá skoðun sem ég flutti í fyrra að miðað við þær breytingar sem orðið hafa á störfum Alþingis með tilkomu Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis þá kann að vera eðlilegt að menn breyti lögum og þingsköpum á þann veg að um slíkar skýrslur sé hægt að fjalla, t.d. á formlegum fundum nefnda þingsins, opnum fundum þar sem þeir þingmenn sem kjósa að fjalla um málið geti einnig mætt, þar sem höfundar skýrslnanna og faglegir gagnrýnendur utan Alþingis geti einnig verið kallaðir fyrir, líkt og gert er í meðferð frv. í þinginu. Þetta er aðferð sem beitt er á þingi Bandaríkjanna með góðum árangri. Ég tel nauðsynlegt að menn breyti þingsköpum í ljósi þessarar reynslu og skapi þannig vettvang til þess að umræða um skýrslur geti farið fram á þann hátt að höfundar skýrslnanna, sérfræðingar annars staðar að úr þjóðfélaginu og þeir þingmenn sem kjósa geti fjallað um málið í heyranda hljóði svo að fjölmiðlar geti haft aðgang að þessari umræðu. Það tel ég nauðsynlegt. En það er ekki góð staða, hvorki fyrir ráðherra né þingmenn, að þurfa að ræða um slíkar skýrslur án þess að höfundar þeirra, forsvarsmenn þeirra stofnana sem starfa undir Alþingi, hafi rétt á að taka til máls og

fjalla um oft flókin atriði. Við verðum að breyta þingsköpum á þann hátt að það sé hægt.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það hefur svo margt komið fram í þessari síðustu ræðu hæstv. ráðherra sem ástæða er til að leiðrétta að það er dálítið vandasamt að ákveða hvar eigi að bera niður fyrst. En það er best að byrja á því sem tilheyrendum er e.t.v. ferskast í minni, því sem ráðherrann sagði síðast varðandi tildrög þessarar umræðu, þó að það út af fyrir sig sé ekkert aðalatriði.

Við upphaf þessarar umræðu sl. mánudag tilkynnti forseti Sþ. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir með bréfi til forseta þingsins að fá að ræða utan dagskrár skýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni Þormóðs ramma." Utan dagskrár. Ef þetta er rangt með farið, þá er þetta mál milli þeirra flokkssystkina, hæstv. fjmrh. og forseta Sþ., en þetta stendur í þingtíðindum um upphaf þessarar umræðu. Mér finnst þetta hins vegar ekkert aðalatriði. En eigum við ekki bara að hafa það sem rétt er í þessu og eigum við ekki að treysta því að forseti Sþ. hafi skýrt þingheimi rétt frá? Þó sú gagnrýni sem fram hefur komið sé vitanlega rétt að eðlilegast hefði verið að taka þetta mál á dagskrá og gefa skýrslubeiðendum kost á að hefja hér umræður.

Ráðherrann ber það síðan af sér, sem ég hafði þó lesið beint upp úr útskrift úr frétt Ríkisútvarpsins frá 29. jan. sl., að hann hafi að fyrra bragði talað um að „panta" skýrslu. Hann treystir því að það séu það fáir hér inni eða fólk sem hafi ekki tekið nægilega vel eftir að það muni ekki eftir því að ég las þetta beint upp úr útskriftinni og ég er með hana í höndunum. Fjmrh. er spurður í inngangi þessarar fréttar, þar er sagt: „En er fjmrh. með þessu að segja að annarleg sjónarmið ráði ferðinni hjá Ríkisendurskoðun?" Þá svarar ráðherrann, með leyfi forseta: „Ja, það hafa tveir aðilar pantað skýrslu frá Ríkisendurskoðun" o.s.frv. (Gripið fram í.) Síðan segir hér í næstu spurningu, með leyfi forseta: „Þannig að menn geta pantað þá niðurstöðu sem þeim líkar?" Það er væntanlega þetta sem ráðherrann er að reyna að koma hér að. Fréttamaðurinn spyr að þessu: „Þannig að menn geta pantað þá niðurstöðu sem þeim líkar?" Og þá svarar hæstv. ráðherra: „Ég ætla ekki að svara því hér og nú, en það er hins vegar alveg ljóst að tveir aðilar hafa pantað skýrslu og fengið niðurstöður mjög ólíkar sem þjónar hagsmunum hvors aðilans fyrir sig."

Á öllum vígstöðvum er reynt að koma ábyrgð yfir á aðra, í smáu sem stóru, og hlaupa undan því sem menn hafa sagt. Það var auðvitað einkenni á ræðu virðulegs ráðherra að hann er byrjaður að draga í land með það sem hann hefur sagt um Ríkisendurskoðun vegna þess að hann óttast það auðvitað núna í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram að Alþingi taki af skarið og álykti sérstaklega um traust sitt á Ríkisendurskoðun. Og hann er ekki mjög hrifinn af þeirri hugmynd.

Hafi það verið svo að umræddur fréttamaður hafi lagt ráðherranum orð í munn þá hefði kannski verið ástæða fyrir ráðherrann á fyrra stigi að óska leiðréttingar á því. En það er ráðherrann sjálfur, samkvæmt þessari frétt, sem fyrstur tekur sér þessi orð í munn, „panta skýrslu" og notar þau síðan tvívegis og fréttamaðurinn skýtur því inn í á milli ummæla ráðherrans.

Þetta er nú annað atriðið í þeim rangfærslum sem ráðherra hefur hér dregið upp, atriði númer tvö.

Síðan sá hann ástæðu til þess að nefna hér sérstaklega og nafngreina vararíkisendurskoðanda, Sigurð Þórðarson, sem hefur á undanförnum árum getið sér gott orð víðs vegar í stjórnkerfinu, m.a. í fjmrn., hjá Ríkisendurskoðun á árum áður og fyrir samstarf við fjvn. Hann hélt því fram að umræddur Sigurður Þórðarson hefði verið einn helsti ráðgjafi viðskrh. við sölu á Útvegsbankanum og vissulega er það rétt að Sigurður Þórðarson var kvaddur til þess verks áður en hann var skipaður í embætti vararíkisendurskoðanda og hélt þeim störfum síðan áfram, væntanlega að ósk viðkomandi ráðherra. Og auðvitað hefur hann verið til þess kvaddur ásamt fleirum vegna þess að menn hafa treyst honum til þess að leggja það mat sem um var beðið á hlutabréf ríkisins í Útvegsbankanum. Staðreyndirnar í því liggja að sjálfsögðu fyrir. Þær voru ekki þær sem hæstv. ráðherra klykkti hér út með að segja, að það væri á ábyrgð Sigurðar Þórðarsonar og annarra matsmanna hvert endanlegt söluverð hefði verið, sem hv. þm. Páll Pétursson og núv. bankastjóri Landsbankans, Halldór Guðbjarnason, hefðu síðan gagnrýnt harðlega fyrir að vera of lágt. Staðreyndin í því máli er nefnilega sú, virðulegi ráðherra, — kominn tími til að hann upplýsist um það — að núv. viðskrh. tók þá pólitísku ákvörðun að lækka söluverðið um einar 250 millj. kr. frá því sem matsmennirnir töldu vera eðlilegt mat. Ef hæstv. ráðherra vill halda uppi einhverjum umræðum um söluverðið á Útvegsbankanum og reyna að ófrægja þá menn sem stóðu að því mati fyrir viðskrh. þá ætti hann í fyrsta lagi að tala um það við viðskrh. sjálfan sem seldi bankann á lægra verði og í öðru lagi held ég að hann verði að leita á önnur mið til þess að ófrægja núverandi vararíkisendurskoðanda eða þá menn sem tóku þátt í að meta bankann í sínum tíma. Þetta er ómaklegt, og eins og margt annað sem fram hefur komið hjá virðulegum ráðherra í þessu máli, honum ekki sæmandi.

Að því er varðar þá umræðu hvort starfsmaður fjvn. eigi að koma frá Ríkisendurskoðun, þá er það auðvitað annað mál. En ég má til með að vitna í lögin um Ríkisendurskoðun. Í 2. mgr. 1. gr. þeirra segir m.a. að Ríkisendurskoðun skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Það er hennar skylda ef þingnefndir óska eftir því. Auðvitað er það mál fjvn. og þingsins hvort þessi háttur er á hafður. Það er fjvn. sjálf, í umboði Alþingis, sem hefur kosið að hafa það svo. Ef menn vilja breyta því þá er það einföld ákvörðun hjá fjvn. En það er ekki hægt að sakast um það við Ríkisendurskoðun eða blanda því inn í önnur verkefni hennar eða annað það sem frá henni hefur komið. Mér er vel kunnugt um að það hefur lengi verið um það viss ágreiningur hvort eðlilegt sé að starfsmenn Ríkisendurskoðunar aðstoði fjvn.

Fjvn. sjálf hefur ákveðið að hafa það svo.

Það er auðvitað fullkomin rökleysa og út í bláinn að fjalla um ummæli forseta Nd. Árna Gunnarssonar hér áðan og í ræðu hans í fyrra um þetta atriði í sama mund og verið er að ræða ársir fjmrh. á stofnunina. Og að bera þetta á einhvern hátt saman er auðvitað fjarstæða. Þingið á það við sjálft sig og nefndin við sjálfa sig hvort hún kýs að hafa þetta svona, hvort hún kýs að hagnýta sér það ákvæði í lögum um Ríkisendurskoðun að hún skuli vera þingnefndum tiltæk ef þær óska.

Fjmrh. fór í þessari síðustu ræðu sinni nokkuð um *víðan völl í tilraunum sínum til* þess að draga til baka að einhverju leyti það sem hann hefur látið frá sér fara um Ríkisendurskoðun og eins til þess að dreifa athyglinni frá því að matsverðið á þessum eignum er ekki aðalatriðið, eins og ég gat um í minni ræðu. Hann segir að við séum alveg sammála um það að þetta sé aðalatriði málsins. Við erum e.t.v. sammála um það, mér heyrist að menn geti komist að margháttaðri niðurstöðu um svona mál og ekkert eitt mat sé óskeikult. En það er samt ekki kjarni þessa máls. Kjarni þessa máls var það hvernig að þessari sölu var staðið, hvernig jafnræðisreglan var brotin og hvernig fram hjá þeim aðilum var gengið sem hugsanlega hefðu haft áhuga á því að kaupa þetta fyrirtæki ef þeim hefði verið gefinn jafn kostur á því við þá sem á endanum hrepptu fyrirtækið. Þetta er kjarni málsins. Og markaðsverðið hefði auðvitað komið í ljós ef eftir því hefði verið leitað með almennu útboði að finna það. En eins og ég gat um *í minni ræðu hefði mátt gera það með ýmsum skil*yrðum til þess að binda söluna við Siglufjörð eða áframhaldandi starfsemi þar, ef það hefði verið vilji manna. Ég gat þess að það væru a.m.k. tvær leiðir til að gera það þannig að gagnrýnislaust gæti verið. Það er því ekki kjarni málsins, virðulegi ráðherra, að menn geti komist að mismunandi niðurstöðu.

Það er rangt að hæstv. ráðherra hafi ekki fellt áfellisdóma yfir Ríkisendurskoðun í sinni fyrstu ræðu. Hann gaf í skyn að það væri rétt að grípa til sérstakra aðgerða gegn yfirmönnum þessarar stofnunar fyrir það hvernig þeir hefðu vogað sér að vera á annarri skoðun en hann. En ráðherra sá nú ekki ástæðu til þess að svara þeirri spurningu minni hvernig ætti að framfylgja þeim hótunum eða hvað í þeim fælist nákvæmlega. Ráðherrann sá ekki ástæðu til þess að svara því.

Ég tel hins vegar að það sé rangt hjá hæstv. ráðherra að segja sem svo að Ríkisendurskoðun hefði átt að koma hér með einhvern *lista af mögulegum* valkostum. Það er vissulega hægt að útbúa slíkan lista og ráðherrann var nú með vísi að honum í sinni ræðu, möguleikarnir a, b, c hérna megin, og 1, 2, 3 uppi, búa til töflu eða fylki, eins og það heitir í stærðfræðinni, og fylla síðan út í það, mönnum til fróðleiks og ánægju. En það hlaut auðvitað að vera tilgangurinn með svona skýrsluúttekt að fá það sem stofnunin teldi líklegast, þó að ekki væri þar með sagt að það væri óhjákvæmilega það eina rétta sem til greina kæmi.

Það er þessi skortur á umburðarlyndi sem varð síðan til þess hjá hæstv. fjmrh. að hann hellti sér yfir stofnunina fyrir að komast að annarri niðurstöðu en hann og hans ráðgjafar. Ég kalla það skort á umburðarlyndi og skort á víðsýni í sambandi við fagleg og fræðileg málefni á þessu sviði, sem eru hugtök sem ráðherranum eru töm. Ég hef hins vegar ekki blandað því við skapferli eða skapbresti hæstv. ráðherra eins og Páll Pétursson gerir. Ég vil ekki leggjast niður á það plan með hv. þm. Páli Péturssyni að taka þannig til orða.

Málið er hins vegar það að ráðgjafar ráðherrans og þeir sem selja fyrirtækið selja það við einu verði, einni tölu, væntanlega þeirri tölu sem þeir telja rétta. Ríkisendurskoðun kemur síðan með þá tölu sem hún telur líklegast að væri rétt mat og sú tala er reyndar ekki ein tala heldur hleypur á bilinu 250–300 millj. kr. meðan söluverð ráðherrans var 150 millj. kr. með þeim skilmálum sem hv. þm. Páll Pétursson rakti hér áðan. Ef einhver hefur gert sig sekan um að hlaupa upp á nef sér við það að fleiri möguleikar séu nefndir þá er það auðvitað fjmrh. sem það gerir. Og það er skortur á umburðarlyndi af hans hálfu að taka því svona að Ríkisendurskoðun birti annað mat á þessum gjörningum hans.

Hann getur ekkert hlaupið frá því í sinni síðustu ræðu að hafa fellt áfellisdóma og verið með ársir á þessa stofnun, enda tók hann það sérstaklega fram að það þyrfti að grípa til ráðstafana gegn henni ef ekki væri hrakið lið fyrir lið og þátt fyrir þátt allt sem hann hefði sagt. Hvað þýða þau orð? Ég spurði að því í minni fyrri ræðu en ekkert svar hefur komið við því.

Ég *vísa á bug þeim ummælum sem hæstv. ráðherra* vitnaði til í grein Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, hv. samþingmanns okkar, þar sem hann segir að forsendur Ríkisendurskoðunar komi Þormóði ramma lítið við. Auðvitað stenst sú setning ekkert af hálfu hv. þm. í þeirri grein. Auðvitað er ekki hægt að skýla sér á bak við þá setningu af hálfu hæstv. ráðherra. Þessi setning er auðvitað út í bláinn, þó að hv. þm. Jón Sæmundur hafi kosið að fría sig af málinu með því að skrifa grein með þessum hætti. Ég vil hins vegar vísa á bug og mótmæla þeim talsmáta sem nokkrir hv. þm. hafa haft uppi í garð hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar að öðru leyti og tel það málinu ekki til framdráttar eða innlegg í málefnalega umræðu með hvaða hætti hefur verið að honum vikið hér að öðru leyti. En hann hefur hlaupið á sig með þessari grein, eða með þeirri fullyrðingu réttara sagt, sem hæstv. ráðherra vitnaði til í ræðu sinni.

Þessari umræðu fer að ljúka, virðulegi forseti. Hún er búin að taka sinn tíma hér í þingsölum frá þingtímanum. Ég tel það illskiljanlegt hvernig hv. þm. Páll Pétursson og hæstv. fjmrh. geta haldið áfram samstarfi í ríkisstjórn eftir þá bunu sem yfir fjmrh. hefur gengið af könnu hv. þm. Það er vægt til orða tekið að segja að Páll Pétursson hafi tekið hér dýpst í árinni þeirra manna sem gagnrýnt hafa embættisfærslu hæstv. ráðherra í máli þessu. Hv. þm. Páll Pétursson er að sjálfsögðu óbeint ábyrgur fyrir þessari embættisfærslu allri saman vegna þess að hæstv. ráðherra situr í skjóli þingmanna eins og hv. þm. Páls Péturssonar og þigg-

ur völd sín úr lófa Páls Péturssonar og fleiri stjórnarþingmanna. Ef á að taka trúanleg hin stóru orðin hv. þm. Páls Péturssonar, þá lætur hann ekki hér við sitja. Hann tilkynnti okkur það hér fyrsta daginn sem þessi mál voru rædd að hann hefði það sem hann kallaði „kíkt á lögin um ráðherraábyrgð" og ætti nú eftir að skoða þau betur. Það væri nú fróðlegt að fá það upplýst hvað liði þeim rannsóknum af hálfu hv. þm. En það verður því miður að segjast eins og er að gagnrýni hans og annarra stjórnarþingmanna er býsna léttvæg fundin ef þeir ætla að sitja við óbreyttar aðstæður, ef þeir ætla að una því að hæstv. ráðherra sitji bara eins og hér hafi ekkert í skorist, maður sem hefur gert sig sekan að þeirra dómi um ótakmarkaða valdníðslu, siðleysi og það að úthluta sérstökum pólitískum skjólstæðingum sínum í einni fjölskyldu í Siglufirði heilmiklum verðmætum á kostnað ríkissjóðs. Þetta eru ásakanir Páls Péturssonar. Ég hef ekki tekið undir þær í öllum atriðum. Og mér finnst hann hafa talað ómaklega um ákveðna einstaklinga í Siglufirði. (**Gripið fram í:** Og misferli líka.) Og hann notaði reyndar líka orðið misferli sem er auðvitað alvarlegt mál í hegningarlögum landsins.

En við sjáum hvað setur með þetta allt saman, en einfaldasta og auðveldasta leiðin, og sú sem liggur beinast við til þess að ljúka þessu máli, er að sjálfsögðu að Alþingi samþykki hér einhvers konar ályktun þar sem trausti er lýst á starfsemi, starfsháttum, starfsmönnum Ríkisendurskoðunar og dylgjum, fullyrðingum og sleggjudómum hæstv. ráðherra um þessa stofnun þar með vísað á bug.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Fjmrh. er greinilega kominn á flótta og loksins farinn að skammast sín og nú á hann eftir að flýja lengra. Hann er kominn í sitt gamla far og málflutningurinn allur farinn að byggjast á útúrsnúningum, t.d. eins og þeim að hann hafi verið að tryggja kvótann í Siglufirði. Hluti af kvóta Þormóðs ramma hefur alloft, líklega flest ár, verið seldur á frjálsum markaði þannig að Þormóði ramma hafa alltaf orðið peningar úr hluta af sínum kvóta með beinni sölu á frjálsum markaði. Ég tel það ólíklegt að óréttlátari maður eigi eftir að koma í stól fjármálaráðherra þó að hann sé að búa okkur undir það að svo geti farið að það komi annar enn þá verri en hann. Mér þykir það mjög ólíklegt.

Ég vil leiðrétta það að ég hafi beðið Jón Sæmund Sigurjónsson um að skrifa upp á skýrslubeiðnina með okkur hv. þm. Pálma Jónssyni og hv. þm. Stefáni Guðmundssyni. Ég bauð honum að sjálfsögðu sem þingmanni úr Norðurlandskjördæmi vestra að biðja um þessa skýrslu með okkur, enda vissi ég að hann var búinn að átta sig á því að þarna var verið að gera óverjandi hluti. Hann þáði það. Ég bauð hv. þm. Ragnari Arnalds það líka, 4. þm. Norðurl. v. Hann þáði það hins vegar ekki.

Þetta með sjálfstæðar og heiðarlegar ákvarðanir. Ég tel að sinnaskipti hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar markist tvímælalaust af því að Kristján Möller hefur tekið sjálfstæða og heiðarlega ákvörðun um það að vilja vera áfram forseti bæjarstjórnar á Siglufirði.

Ég ber enga ábyrgð á öllu því sem Sigurður Þórðarson hefur sagt um dagana. Okkur hefur iðulega orðið sundurorða þegar við höfum rekist á í hans fyrri störfum og ég hef iðulega verið honum ósammála. Ég tel hins vegar að hér hafi hann eða Ríkisendurskoðun, því að miklu fleiri heldur en Sigurður Þórðarson hafa komið að þessari skýrslugerð, gert trúverðuga skýrslu um söluna á Þormóði ramma. Hún er áfellisdómur um fjmrh.

Ég dró þá ályktun af þeirri skýrslu sem þeir gerðu hjá Ríkisendurskoðun að það sem ég hef um málið sagt var staðfest í skýrslunni. Ráðherra réðist á Ríkisendurskoðun með fólsku og fruntaskap. Ríkisendurskoðun svaraði gagnrýni fjmrh. með ítarlegri skýrslu og hrakti alla gagnrýni fjmrh. Ríkisendurskoðun þurfti hvergi að hopa, hún gat sannað allan sinn málflutning. Ríkisendurskoðun stendur teinrétt eftir og á hana hefur hvorki fallið blettur eða hrukka. Ásakanir um að Ríkisendurskoðun hagi niðurstöðum skýrslna sinna eftir pöntun er ósönn og hefur verið hrakin. Ásakanir um vankunnáttu hafa líka verið hraktar. Ásakanir um óheiðarleg vinnubrögð Ríkisendurskoðunar fá ekki staðist. Fjmrh. hefur reynt að verja sig með því að klína óhreinindum á Ríkisendurskoðun en hún stendur tandurhrein eftir þótt ráðherra hafi hagað sér eins og óknyttastrákur. Ráðherrann á eftir að flýja lengra. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Ég ætla að ljúka ræðu minni með því að vitna til rannsókna minna á lögunum um ráðherraábyrgð. 10. gr. þeirra hljóðar svo:

„Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

a. ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín."

Og í 13. gr. segir:

„Hafi ráðherra bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem refsiverð er eftir lögum þessum, skal og þegar þess er krafist, jafnframt hegningunni dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum."

Þetta ætla ég að biðja frú forseta og þingheim allan að hugleiða og rannsaka með mér.

Hæstv. sjútvrh. er staddur hér í salnum. Hann stóð að svona sölu á ríkiseign fyrir skömmu síðan. Hvernig stóð hann að sölunni á Hafþóri? Mér væri ánægja að því að hann upplýsti þingheim um það.

Ríkisendurskoðun er ekki aðalatriði þessa máls þó mikið sé. Ráðherrann misbeitti valdi sínu og afhenti svilunum fyrirtækið Þormóð ramma fyrir 7,5 millj. og bakaði almenningi fjártjón.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram í ræðum tveggja síðustu ræðumanna að hæstv. fjmrh. hefur verið á flótta í þessari umræðu og var það í síðustu ræðu sinni. Þeir hafa hrakið flestöll þau atriði sem

hæstv. ráðherra reyndi að bera fram sér til málsbóta í umræðunni.

Ég vil þó nefna hér eitt atriði sem þeir eðlilega nefndu ekki, tveir síðustu ræðumenn, og laut enda að ummælum sem ég lét falla í minni fyrri ræðu hér. Hæstv. ráðherra kaus að snúa út úr ummælum mínum, eins og reyndar er hans háttur í öllu þessu máli og ýmsum fleirum. Þegar ég lýsti þeirri skoðun minni að eðlilegt hefði verið að bjóða þetta fyrirtæki út, þá kaus hæstv. ráðherra að túlka það á þann veg að ég væri þeirrar skoðunar að atvinnustarfsemin hefði átt að flytjast úr Siglufirði eða hefði verið reiðubúinn að beita þeim aðferðum sem leitt hefðu til verulegrar hættu á því. Þetta er auðvitað rangt og algjör útúrsnúningur. Því hefur verið lýst í þessari umræðu, og hæstv. ráðherra hefði reyndar átt að vita það, að það er hægur vandi að binda útboð þeim skilyrðum að atvinnustarfsemin haldist áfram á sínum stað. Það hindrar ekki að fram geti farið almennt útboð á grundvelli þeirra skilyrða og jafnræðisreglan sé með þeim hætti tryggð. Þessi ummæli hæstv. ráðherra eru því enn eitt dæmið um það hvernig hann reynir að verja gerðir sínar með ósannindum og útúrsnúningum.

Hæstv. ráðherra vék svo hér að því að hann hefði neyðst til þess að biðja hér um umræðu í þinginu vegna þess að þingmenn hefðu verið að bera hann sökum utan þings. Þingmenn kusu að fá að ræða þetta mál sem dagskrármál og hann gat gripið til varna í þeirri umræðu. Hann kaus að hefja hér máls á Alþingi í þeim tilgangi, eins og fram kemur í ræðu hans, að flytja vantraust á Ríkisendurskoðun af því að hann hélt að með þeim hætti gæti hann komist frá málinu vegna þess að hann hafði fundið að hann var í blindgötu í hinni almennu umræðu. En með því að bregðast við með þessum hætti hefur hann staðið að athöfn sem er að mínu mati miklu alvarlegri en hin fyrri og veldur því að Ríkisendurskoðun er komin í mjög svo sérstaka stöðu sem Alþingi verður að bæta úr.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur sakað hæstv. fjmrh. um misferli og siðleysi og hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur haldið því fram að þetta, sem hann kallar af hálfu hæstv. ráðherra misferli og siðleysi, geti leitt af sér verulegan skaða fyrir íbúa Siglufjarðar. Kjarni þessa máls er þó sá að hæstv. ráðherra situr í umboði hv. 1. þm. Norðurl. v. Það misferli og það siðleysi og það tjón sem hv. 1. þm. Norðurl. v. telur að aðgerðir og athafnir ráðherrans valdi Siglfirðingum er þess vegna á ábyrgð hv. þm. sjálfs. Það hefur ekki komið annað fram í þessari umræðu en að hv. 1. þm. Norðurl. v. ætli sér að veita hæstv. ráðherra áframhaldandi umboð til setu og hann vilji ekki með nokkrum hætti skerða hár á höfði hæstv. ráðherra.

Það tjón sem hv. þm. er að tala um að Siglfirðingar hafi orðið fyrir er þess vegna jafnmikið á hans eigin ábyrgð eins og hæstv. ráðherra og misferlið og siðleysið er jafnmikið á ábyrgð hv. þm. sem jafnframt er þingflokksformaður þess flokks sem hefur forustu í núv. ríkisstjórn.

Það er auðvitað út í bláinn að vera að ræða þetta mál með þessum hætti. Þeir bera þessi stóryrði hver á annan og henda þessum hnútum hver í annan, hæstv. fjmrh. og hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks framsóknarmanna. Svo koma þeir hér upp í stólinn og flissa hvor framan í annan til þess að undirstrika það að á bak við stóryrðin felst engin merking. Hv. þm. Páll Pétursson getur ekkert skotið sér undan þeirri ábyrgð að hæstv. ráðherra situr í hans umboði, tekur þessar ákvarðanir í hans umboði og ábyrgð þingmannsins er því alveg söm og jöfn og hæstv. ráðherra.

En ég vil enn og aftur víkja að hinum þætti málsins sem ég tel vera sýnu alvarlegri og það er sú staða sem hæstv. ráðherra hefur komið Ríkisendurskoðun í. Hæstv. ráðherra getur ekki, þó hann reyni að hlaupa frá því, vikið sér undan því að í raun var sú umræða sem hann hóf hér skýrsla af hans hálfu um vantraust á Ríkisendurskoðun. Lið fyrir lið og þátt fyrir þátt bar hann hér fram atriði sem hann túlkaði sem sannanir af sinni hálfu fyrir vanhæfni og röngum niðurstöðum Ríkisendurskoðunar og lét ekki þar við sitja heldur sagði: Ef menn hrekja ekki það sem ég hef sagt, þá er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana til að treysta fagleg vinnubrögð og trúverðugleika þeirrar stofnunar, Ríkisendurskoðunar. Það fer ekkert á milli mála hvað hér er við átt. Hér er verið að bera fram vantraust. Og hver er að bera það vantraust fram? Það er ekki einhver maður úti í bæ. Það er ekki einhver óbreyttur þingmaður. Það er hæstv. fjmrh. í ríkisstjórn Íslands sem situr í umboði meiri hluta þings. Og það er þessi meiri hluti sem ber ábyrgð á þessum ummælum og þau eru alvarleg vegna þess að þau eru sögð í umboði meiri hluta Alþingis. Þau eru ekki alvarleg vegna þess að það er persónan Ólafur Ragnar Grímsson sem segir þau. Þau eru alvarleg og hafa þýðingu af því að þau eru sögð í umboði meiri hluta Alþingis. Það er frammi fyrir þessum vanda sem meiri hlutinn stendur, að sá aðili, sem þeir hafa veitt trúnað til þess að fara með embætti fjármálaráðherra og þá umsýslu í Stjórnarráðinu sem Ríkisendurskoðun var að gagnrýna, hefur borið þetta vantraust fram. Og eigi ekki að víkja hæstv. ráðherra úr embætti vegna þessara ummæla, þá verður að koma fram trausti Alþingis á Ríkisendurskoðun með öðrum hætti, ef hún á að hafa starfsgrundvöll.

Ég vil líta svo á að það sé samstaða um það á Alþingi að Ríkisendurskoðun eigi að hafa starfsgrundvöll, hún eigi að njóta trausts Alþingis og þurfi ekki og eigi ekki og megi ekki vera dregin inn í pólitískar þrætur eins og hæstv. fjmrh. hefur í umboði meiri hlutans gert. Og til þess að rétta við stöðu Ríkisendurskoðunar á ný, ef ekki á að víkja hæstv. ráðherra úr embætti, getur Alþingi ekki vikið sér undan því að flytja hér og samþykkja tillögu þar sem lýst er yfir trausti á stofnuninni og starfsháttum hennar.

Ég er fyrr í þessari umræðu búinn að inna talsmenn meiri hlutans eftir því hvort þeir séu reiðubúnir til að sýna Ríkisendurskoðun þetta traust til þess að tryggja henni eðlilegan starfsgrundvöll á nýjan leik. Ég get ekki séð hvernig við ljúkum þessari umræðu öðruvísi en að hér fáist einhver niðurstaða og þess vegna sakna ég þess að enginn af talsmönnum meiri hlutans skuli hafa tjáð sig um þetta atriði með afgerandi hætti. Ég

vísa þó til þess að hv. 3. þm. Norðurl. e. gaf það til kynna að Alþingi yrði að grípa til ráðstafana af þessu tagi. En ég hlýt að óska eftir því að fulltrúar meiri hlutans svari þessari spurningu með afgerandi hætti vegna þess að á þeirra herðum hvílir ábyrgð á þeirri stöðu sem Ríkisendurskoðun er nú komin í.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Hér var beint til mín einni spurningu en áður en ég kem að henni vildi ég aðeins víkja að því máli sem hér er til umræðu og stöðu Ríkisendurskoðunar. Ég er alveg sammála hv. þm. Þorsteini Pálssyni um að það er mikilvægt að enginn vafi sé á því að Ríkisendurskoðun hafi traust hér á Alþingi. Ég get hins vegar ekki séð að það sé nauðsynlegt út af þessu máli að árétta það með sérstakri ályktun þar um.

Ég vil taka það skýrt fram að ég ber fyllsta traust til Ríkisendurskoðunar. Hitt er svo annað mál að auðvitað er það svo með þeirra vinnu eins og okkar vinnu og allra vinnu, að sjálfsagt má eitthvað gagnrýna í þeirra störfum með sama hætti og Ríkisendurskoðun gagnrýnir störf framkvæmdarvaldsins. Við sem í framkvæmdarvaldinu erum eru ekki endilega alltaf sammála því sem þar kemur fram en verðum að sjálfsögðu að þola þá gagnrýni og þola það aðhald sem felst í starfsemi Ríkisendurskoðunar. Þess vegna var Ríkisendurskoðun sett á stofn, til þess að veita framkvæmdarvaldinu aðhald í umboði Alþingis og til þess að reyna að koma í veg fyrir að Alþingi væri að sækjast í meiri og meiri mæli eftir því að vera í forsvari fyrir hinum ýmsu stofnunum framkvæmdarvaldsins. Þannig var nú staðan að þingið vildi kjósa fleiri og fleiri stjórnir sem undir framkvæmdarvaldið heyrðu og þar með hafa ábyrgðina á rekstri þeirra stofnana með óbeinum hætti. Þannig var það oft og tíðum hér áður fyrr.

Ég get nefnt eitt dæmi um atvinnufyrirtæki í landinu sem er rekið á ábyrgð Alþingis. Þetta atvinnufyrirtæki, sem er í samkeppni við önnur fyrirtæki í landinu, er undir stjórn ágætra manna sem eru kosnir hér á Alþingi. Nánar tiltekið heitir þetta ágæta fyrirtæki Síldarverksmiðjur ríkisins og hafa heimilisfang á þeim ágæta stað sem hér er einkum til umræðu, á Siglufirði. Ég tel þetta fyrirkomulag gjörsamlega óeðlilegt, að stjórn þessa fyrirtækis sé kosin með þessum hætti.

Hins vegar hefur þróunin að sumu leyti orðið sú að Alþingi hefur ekki að mínu mati dregið sig jafnmikið til baka og æskilegt hefði verið í stjórnum hinna ýmsu stofnana, en það er önnur saga.

Mér finnst að þessi umræða, þó hún sé nokkuð harðskeytt og ýmis orð falli hér sem ég skil ekki að séu beint málinu til framdráttar, sýni það að framkvæmdarvaldinu er veitt aðhald. Það er starfandi stofnun í landinu, í umboði Alþingis, sem hikar ekki við það að gagnrýna það sem framkvæmdarvaldið er að gera. Og það er starfandi stofnun í landinu, í umboði Alþingis, sem þingmenn geta leitað til, til að athuga einstök mál og skila um það skýrslu. Mér finnst það sanna að þetta eftirlitskerfi sé virkt. Svo er aftur á móti allt annað mál hvort einstakir ráðherrar eða einstakir þingmenn eða einstakir embættismenn eru sáttir og sammála við það sem þar kemur fram. Þeir hljóta að hafa rétt til þess að koma sínum skoðunum á framfæri eftir slíka gagnrýni og svara henni með þeim hætti sem þeir telja nauðsynlegt, koma með sínar útskýringar á þeim ákvörðunum sem þeir hafa tekið til þess að eðlileg umræða sé þar fyrir hendi.

Mér finnst sú umræða sem hér hefur farið fram bera þess merki að þetta sé allt í nokkuð góðum gangi þó að ég telji að margt af því sem sagt hefur verið hefði mátt orða með öðrum hætti. En ég skal ekki fara nánar út í það.

En þá er komið að því vandasama máli í þessu sambandi: Hver hefur rétt fyrir sér? Ég ætla ekki að gerast dómari í þeim efnum. Ég er hins vegar alveg sammála því og viss um að það þurfa að vera skýrar reglur um það hvernig eignir ríkisins eru seldar ef þær eru þá seldar. Og þetta er sem betur fer, eða því miður, eftir því hvaða pólitískar skoðanir menn hafa, en ég segi sem betur fer er þetta ekki í fyrsta skipti sem ríkið tekur upp á því að selja ákveðnar eignir. Ég býst við að það hefði mátt hafa ýmsar skoðanir á því með hvaða hætti það hefur verið gert.

Það var verið að spyrja hér um eitt fyrirtæki í morgun í fyrirspurnatíma og gagnrýna það að ríkisfyrirtæki hafi keypt í því hlutabréf. Það var fyrirtæki sem eitt sinn var selt starfsmönnum — er það ekki rétt? Mig minnir að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sem þáv. samgrh. hafi gengist fyrir því að selja Ferðaskrifstofu ríkisins og ef ég man rétt þá var það mjög gagnrýnt af öðrum, ef ég man rétt af núv. samgrh. Ekki skal ég fullyrða um það en eitthvað fannst aðilum athugavert við þá sölu. Mig minnir að fyrirtækið hafi ekki verið boðið til sölu á almennum markaði en ég skal ekki alveg fullyrða um það. Hv. þm. getur áreiðanlega upplýst það.

Hlutabréf í Eimskipafélaginu voru seld. Hlutabréf í Flugleiðum voru seld. Þannig að þetta hefur nú verið með ýmsum hætti. (**Gripið fram í:** Og auglýst mánuðum saman.) Og auglýst mánuðum saman, já. Ekki er ég nú viss um að þau hafi verið auglýst mánuðum saman. Alla vega var ég ekki sammála því að selja hlutabréfin í Flugleiðum vegna þess að ég tel að ríkið eigi að vera aðili að því fyrirtæki vegna þeirrar sérstöku aðstöðu sem það hefur hér og það veiti visst aðhald að ríkið eigi þar einhverja aðild. En það er svo annað mál. Það má vel vera að hlutabréfin hafi verið auglýst þar mánuðum saman.

Hér var spurt um það hvernig hafi verið staðið að sölu á tilteknu skipi sem heitir Hafþór. Það var hv. 1. þm. Norðurl. v., sem ekki er nú staddur hér en heyrir væntanlega til mín einhvers staðar. Það er rétt að það komi fram að auðvitað er það viðkvæmt mál þegar á að selja slíkar eignir frá byggðarlögum þar sem sjávarútvegur er aðaluppistaðan og selja þær á almennum markaði. Það er ekkert undarlegt þótt aðilar í heimabyggð vilji ganga þar fyrir og leitast við að fá atvinnutækin keypt, enda ráði þeir við það, þótt það sé nú ekki jafnráðandi í atvinnulífi á Ísafirði og Þormóður rammi á Siglufirði. En hvað um það. Eftir nokkurn

tíma, bollaleggingar í kringum það, þótti ekki annað fært og annað við hæfi en að selja skipið á almennum markaði og auglýsa það til sölu. Og það var gert. Síðan buðu ýmsir aðilar í skipið og það voru margir sem vildu hafa forgang til að kaupa það skip. Ég man eftir því að hv. 1. þm. Reykn. bað um fund með mér og öllum þingmönnum kjördæmisins þar sem hann fór þess á leit að aðilar í því kjördæmi hefðu þar alveg sérstakan forgang. Ég man eftir ummælum frá honum þess efnis að það væri alveg augljóst að sjútvrh. vildi lítið gera með hagsmuni aðila í því kjördæmi. Þannig að það eru ýmsir sem hafa þá skoðun að þarna eigi önnur sjónarmið að ráða en markaðssjónarmiðin.

Það varð hins vegar niðurstaðan í því máli að það var gengið á tilboðin, hvert af öðru, leitað eftir tryggingum, bankatryggingum o.s.frv. Og að lokum voru aðilar frá því byggðarlagi sem skipið hafði verið gert út sem keyptu þetta skip og var það vissulega ánægjulegt. Það voru hins vegar ekki alveg sömu aðilarnir og höfðu gert það út áður.

En það sem er deilt um í þessu máli sem hér hefur verið rætt sýnist mér fyrst og fremst vera það hvers virði viðkomandi fyrirtæki er. Það er út af fyrir sig alveg sama hvað menn skrifa miklar skýrslur um það, að lokum er það að sjálfsögðu markaðsverðið sem ræður því hvers virði viðkomandi fyrirtæki er, þ.e. hvað aðilar eru tilbúnir að kaupa það á og hvað aðilar eru tilbúnir að selja það á. Ef menn vilja vita þetta markaðsverð þá verður að bjóða það til kaups á einhverjum almennum markaði. Það er engin önnur leið. Ágætir endurskoðendur . . . (**Gripið fram í:** Eins og ég sagði.) Eins og þú sagðir? Ég hef nú misst af einhverju af ræðunum en það vill nú svo til að ég stóð einu sinni í því að kenna mönnum eitthvað um það hvernig ætti að meta fyrirtæki, þannig að ég get í sjálfu sér haldið langan fyrirlestur um það. En það vita allir sem að slíkum málum koma að það er það sem að lokum er ráðandi í þeim efnum. Bankar hafa notað brunabótamöt og vátryggingarverðmæti til þess að meta fyrirtæki og menn hafa verið að reyna að reikna út viðskiptavild og margt fleira. En það er engin niðurstaða rétt í þeim efnum nema að reikna út framtíðartekjur fyrirtækisins til núvirðis. Það er hins vegar vandasamt að spá inn í framtíðina og vita hverjar þær tekjur eru. Og það þarf að meta fyrirtækin sem heild, eins og fyrirtækið sem hér á í hlut, fyrirtækið Þormóður rammi, það verður að meta sem eina heild. Það er ekki nóg að meta skipin og selja þau frá því og reikna svo eignirnar í landi á vátryggingarverði, því þær eru þá orðnar einskis virði af því að tekjumöguleikarnir eru farnir.

En ég vildi fyrst og fremst koma inn á það sem hér hefur verið beint til mín og einnig það sem hv. 1. þm. Suðurl. kom inn á. Ég tel þrátt fyrir allt að þessi umræða hafi orðið til góðs. Það er ekkert óeðlilegt að menn vilji koma fram með sín sjónarmið eins og hæstv. fjmrh. hefur gert. Það hlýtur að vera eðlilegt í hans stöðu eftir að slík skýrsla er fram komin. Það mundi hver ráðherra gera og þurfa að gera, en ég tel aðalatriðið vera það að það þurfa að vera um það alveg skýrar reglur hvernig eignir ríkisins eru seldar og þá tel ég það vera einu regluna sem getur gilt að selja á almennum markaði. En auðvitað má binda það skilyrðum. Auðvitað væri eðlilegt að binda það því skilyrði í þessu tilviki að rekstur viðkomandi eignar sé á Siglufirði. Það er hins vegar erfitt að binda það því skilyrði að eigendurnir séu Siglfirðingar, fæddir og uppaldir og ekki þaðan fluttir. (**Gripið fram í:** Sem var þó gert.) Það er erfitt skilyrði. Auðvitað er það aðalatriðið í öllum byggðarlögum að atvinnustarfsemin haldi áfram og fólkið hafi tekjur af starfseminni. Það er aðalatriðið og það er eðlilegt að reynt sé að tryggja það í tilviki sem þessu.

En ég vil á engan hátt leggja dóm á það hvert er hið rétta söluverð þessa fyrirtækis. Það mun væntanlega koma í ljós síðar miðað við það hvernig því vegnar, hvaða hagnað það hefur. Ef það hefur góðan hagnað og mikinn þá má vera að söluverðið hafi verið heldur lágt. Ef fyrirtækið tapar þá er líklegt að söluverðið hafi verið heldur hátt. En þessu getur aðeins framtíðin svarað. Aðalatriðið er að við komum okkur saman um það og settar séu um það skýrar reglur hvernig beri að standa að eignasölu ríkisins. Ég tel ekki óeðlilegt að Ríkisendurskoðun komi með tillögur að slíkum reglum og þær séu annaðhvort settar í lög eða gerðar að slíkum starfsvenjum að ekki verði vikið þar frá. En þá verða menn líka að sætta sig við afleiðingarnar og þá þýðir ekkert fyrir þingmenn eins kjördæmis eins og Reykjaneskjördæmis að koma og krefjast þess að þeir fái þetta keypt, hvað svo sem aðrir bjóða. Það verða allir hv. þm. að sætta sig þá við.

Guttormur Einarsson:

Virðulegi forseti. Nú þegar þessar skylmingar manna í millum eru komnar að niðurlotum þá er þó rétt að staldra aðeins við og skoða nokkuð sérstakar staðreyndir máls.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun hefur gefið út er að finna þrjú arðsemislíkön með nokkrum breytum sem valda því að ef maður reiknar út ýtrasta möguleika stærðfræðilega séð á öllum þeim skýrslum sem hægt væri að gefa út með þessum breytum, þá er fjöldinn 10 milljarðar. Setjum svo að aðeins sé hægt að rökstyðja 0,1 ‰ af þeim skýrslum, þá sitjum við samt uppi með hundrað þúsund útgáfur. Ég vil að menn geri sér fulla grein fyrir þessum hlutum þegar verið er að ræða hve vandasamt verk það er að gera arðsemislíkön og meta líkur fyrir verðmætum hluta, ekki síst jafnumfangsmikilla hluta og Þormóður rammi er fyrir sitt byggðarlag.

Ég hef því miður ekki orðið þess áskynja að menn fjölluðu neitt í verulegum mæli um þær geigvænlegu afleiðingar sem það mundi hafa fyrir byggðarlagið í heild ef þessi lífsbjörg, þetta fyrirtæki hyrfi þaðan. Hafa menn með nokkru móti reynt að gera sér grein fyrir því hvað fasteignaverð fyrir allt heila móverkið mundi falla þar? Hvert yrði tjón fyrir landið í heild, fyrr eða síðar, ef þessir atvinnumöguleikar hefðu glatast úr byggðarlaginu?

Því miður getur víða að finna aðila sem vilja það

öðru fremur að lífsbjörg manna, hvar sem er að finna landið um kring, komi sem fyrst á uppboðsmarkað og hana sé hægt að kaupa hvert á land sem er. Það fer ekki á milli mála að slíkar vísbendingar hefur verið að finna kannski hjá fulltrúum eins stjórnmálaflokks umfram aðra og það var mér því viss ánægja að heyra hér áðan þegar 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., tók þannig til orða að að sjálfsögðu væri eðlilegt þótt salan hefði verið gerð að fullu opinber, sem ég persónulega tel að hafi verið gert, þá ætti samt að skilyrða söluna við byggðarlagið Siglufjörð.

Ég vona að menn haldi áfram að íhuga vandamál þjóðarinnar í heild með þeim hætti.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með undirtektir hæstv. sjútvrh. að því er varðaði traust af hálfu Alþingis á Ríkisendurskoðun. Það er meiri tvöfeldni í afstöðu en Alþingi getur sætt sig við þegar meiri hlutinn stendur að baki og hefur fullt traust á ráðherra sem hefur lýst vantrausti á Ríkisendurskoðun, eins og hann hefur gert, en segja á sama tíma: Ríkisendurskoðun getur starfað og hefur fullt traust. Í þessu kemur fram meiri tvöfeldni en hægt er fyrir Alþingi að sætta sig við. Það er ekki hægt að segja, um leið og ráðherra í umboði meiri hluta þings hefur lýst slíku vantrausti, að Ríkisendurskoðun geti starfað eins og ekkert hafi í skorist. Þess vegna eru aðeins færir þessir tveir kostir. Annaðhvort að ráðherrann víki eða Alþingi víki ummælum hans í reynd til hliðar með því að lýsa yfir trausti á Ríkisendurskoðun og ég skora enn á meiri hlutann að taka undir óskir þar um til þess að Ríkisendurskoðun geti haldið áfram störfum sínum.

Matthías Á. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram umræður allmerkilegar og kannski mikið fyrir það að þær eru á skjön við þingsköp og að ýmsu leyti sérstakar þess vegna, það að hæstv. fjmrh. er veitt heimild til utandagskrárumræðu hér samkvæmt ákveðinni grein í þingsköpum, grein sem fyrst og fremst er ætlað að tryggja rétt alþingismanna til þess að leita álits, fá upplýsingar hjá ráðherrum. Að það sé opnað fyrir slíkar umræður hér er töluvert sérstætt og ég man ekki eftir því að það hafi gerst áður. Það kannski skýrir sig dálítið með hvaða hætti þessar umræður hafa farið fram, hvers vegna það varð að breyta út af þessari venju en ég verð að segja sem mína skoðun að þessar umræður, þær ásakanir sem hér hafa verið bornar fram, eru með þeim hætti að ég trúi ekki að Alþingi láti þessu öllu saman lokið öðruvísi en það komi skýrt fram hvort Ríkisendurskoðun nýtur trausts Alþingis eða ekki.

Ég ætla ekki að ræða einstakar tölur sem hér hafa komið fram. Ég ætla ekki að ræða niðurstöður þeirrar verslunar sem átti sér stað og allt málið snýst um, 150 millj. eða einhverja aðra tölu. Á móti koma tölur sem Ríkisendurskoðun telur sig hafa fengið út úr dæminu við þá athugun sem hún hefur gert.

Það sem mér finnst vera hér alvarlegast eru ásakanir á hendur Ríkisendurskoðun um að þangað sé hægt að leita af hálfu Alþingis eða alþingismanna og fá pöntuð skjöl til þess að nota þau í pólitískum umræðum, til þess að koma pólitísku höggi á einhvern, hvort sem það er hæstv. fjmrh. eða þá einhver annar á öðrum tímum.

Ég segi það alveg eins og er, við getum deilt, við getum haft skiptar skoðanir á málum, en ég er þeirrar skoðunar að við verðum að kunna fótum okkar forráð þegar slíkar umræður eiga sér stað.

Að það sé hægt að panta frá Ríkisendurskoðun einhverja skýrslu eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt, ja, þá óneitanlega gefur hann í skyn að einhvers staðar sé hægt að panta skýrslu. Ég ætla ekki að halda því fram að hann hafi pantað skýrslu hjá þeim aðilum sem gáfu honum skýrslu eða gerðu mat á eignum þess fyrirtækis sem hann seldi. Það hvarflar ekki að mér að gera slíkt þó að ég gæti verið að athuguðu máli gjörsamlega ósammála þeim niðurstöðum sem frá þeim annars ágætu mönnum hafa komið og ætla ég þó ekki að gerast neinn dómari í því máli.

Það gerðist á Alþingi 1977 að einn þáv. hv. þm., Halldór Ásgrímsson, núv. hæstv. sjútvrh., flutti frv. til laga um Ríkisendurskoðun. Það var, ef ég kann sögu rétt, það fyrsta sem kom hingað í sali Alþingis um það að færa Ríkisendurskoðun frá því að heyra til stjórnvalds, þ.e. að vera ráðuneyti í fjmrn. eins og Ríkisendurskoðun var, til þess að gera Ríkisendurskoðun að sjálfstæðri stofnun og vera Alþingi til styrktar í því einmitt, eins og hann orðaði það hér áðan, að fylgjast með og gefa ríkisvaldinu, framkvæmdarvaldinu það aðhald sem það vissulega þarf eins og hver annar stjórnandi sem tekur að sér slík mál.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég varð fyrir þó nokkrum vonbrigðum hér áðan þegar ég heyrði þennan guðföður Ríkisendurskoðunar, í því formi sem hún er í dag, koma hér í ræðustól og tala í þessu máli og gera grein fyrir sínum skoðunum á þeim umræðum og málinu eins og það hefur birst hér í sölum Alþingis. Það voru ekki sömu blæbrigði á þeirri ræðu sem hann hér flutti og þeirri greinargerð sem fylgdi þessu frv., svo skilmerkileg sem hún er, þegar það fyrst var flutt og svo síðan þegar málin hlutu afgreiðslu hér á Alþingi. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég átti von á því að hæstv. sjútvrh. væri harðari og ákveðnari og með meiri eindrægni í stuðningi sínum við störf Ríkisendurskoðunar heldur en fram kom í þeirri ræðu sem hann flutti hér áðan.

Við höfum að vísu orðið vör við það og það hefur gerst að hér hafa talað ráðherrar, einn og tveir og þrír, um sama málefnið, verið á sinni skoðun hver, en þeir hafa gert það þannig að það hefur verið ósköp gróflega sett fram, notuð til þess þau orð að ekki væri beint um stóryrði að ræða, en það hins vegar sýnt sig að þeir hafa verið gjörsamlega ósammála.

Ég hjó eftir því að hæstv. sjútvrh. sagði að það þyrftu að gilda um sölu á eignum ríkisins skýrar reglur og ég er honum alveg sammála. Ég hefði gjarnan viljað að sú skoðun, sem hann setti þar fram, hefði verið hér í ræðustól sett fram af honum og fleiri af hans samflokksmönnum og fleiri alþingismönnum, t.d.

á síðasta þingi þegar fjvn. flutti hér frv. einmitt um með hvaða hætti farið skyldi með eignir ríkisins í sambandi við sölu og mjög margt annað sem þetta frv. fjallaði um, þar á ég við útgjöld ríkissjóðs í mörgum tilfellum. Þetta frv. var ekki flutt af einhverjum stjórnarandstæðingum, einhverjum aðilum sem eru í andstöðu við ríkisstjórn, heldur man ég ekki betur en formaður fjvn. hafi verið þar 1. flm. Einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að þegar málið var svo komið til fjh.- og viðskn., þá hafi það verið látið hvíla þar. Hefði formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, hv. 1. þm. Norðurl. v., þá verið röskur í sínum störfum, eins og hann oft getur verið, látið hendur standa fram úr ermum, látið þetta frv. ná fram, auðvitað að athuguðu máli, fram komnar tillögur skoðaðar, þá stæðu menn kannski ekki í þessum umræðum hér í dag. Svo einfalt er nú málið. Þannig að þegar hæstv. sjútvrh. lýsir því yfir að hér þurfi að gilda ákveðnar reglur þá er ég honum alveg sammála en þá vek ég athygli hans á því að hefðu menn tekið sig saman í andlitinu og skoðað þetta frv. sem ég tel að hafi að mörgu leyti verið mjög gott, en mér er sagt að það hefði þurft að — þarna kemur hv. 1. þm. Norðurl. v. Við vorum að ræða um reglur varðandi sölu á eignum ríkisins. Það var hæstv. sjútvrh. sem sagði að það þyrfti að setja reglur og það þyrftu að gilda um það reglur. Ég var honum alveg sammála og ég veit að hv. þm. er það líka nú. Ég vék þá að frv. sem hér var flutt á síðasta þingi, ekki af stjórnarandstæðingum, 1. flm. var formaður fjvn., og ég bætti því við að hefði þetta frv. náð fram að ganga, menn verið röskir, látið hendur standa fram úr ermum, þá hefðu menn ekki staðið frammi fyrir þessu máli sem við erum að fjalla um eða hefur, eins og ég orðaði það í upphafi, orðið að víkja frá venjum um fundarsköp, jafnvel frá reglunum um fundarsköp til þess að þessar umræður gætu farið fram. (**Gripið fram í:** Þetta er því miður rétt.) Þetta er því miður rétt, segir hv. þm. Nú, en við höfum enn tíma til þess að setja nýjar reglur. Á þeim dögum og þeim vikum sem eftir eru af yfirstandandi þingi væri hægt að koma þessum reglum fram, *því ég trúi ekki að slíkur skoðanaágreiningur sé* um einstök atriði að ekki sé hægt að ná samstöðu þar um á milli fjmrn., fjvn. og Alþingis sem endanlega að sjálfsögðu kæmi til með að samþykkja slíkt frv.

Þó að hv. formaður fjh.- og viðskn., formaður þingflokks Framsfl., sé genginn úr salnum, þá veit ég það að hæstv. sjútvrh. ber honum þá áskorun mína að þeir hvetji nú 1. flm. þess frv. til að flytja það aftur. — Kemur formaður fjh.- og viðskn., formaður þingflokks Framsfl. í salinn. Ég var að segja að mér fyndist eðlilegt að 1. flm. þessa ágæta frv. verði hvattur til þess að flytja þetta frv. og koma því í gegnum þingið.

Ég vissi af því frv., sem hv. þm. gaukaði hér að mér, sem hann flytur hér nú um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, og að sjálfsögðu er hægt að bæta að einhverju leyti úr í þessum efnum með því að hraða því máli og mér fyndist að það ætti að skoðast. Kannski væri auðvelt að leysa þetta mál með því að flytja frv. frá því í fyrra sem breytingartillögur við þetta frv. og þá getur farið fram umræða um málið, atkvæðagreiðsla um málið. Kannski væri það auðveldasta leiðin. Ég sé að hv. 1. flm. þessa frv. á þskj. 542 brosir og ég tek það sem merki þess að þetta sé góð hugmynd sem hér hafi verið sett fram og hann muni verða fyrstur til þess að fjalla um það og reyna að koma því máli fram.

Hæstv. sjútvrh. ræddi hér um markaðssjónarmiðin sem eigi að gilda og ég er honum alveg sammála. Hann vék nokkuð að fundi sem við þingmenn Reyknesinga áttum með honum að ósk þeirra sem þar syðra eru í útgerðarmálum og telja sig hafa farið halloka þessi tíu ár í þeim málum sem Framsfl. hefur veitt sjútvrn. forustu. Hann vitnaði til orða sem hann sagði að *ég hefði þar sagt. Ég skal nú ekki staðfesta að ég* hafi sagt það sem hann vitnaði til en ég skal heldur ekki segja að hæstv. ráðherra komi hér upp í ræðustólinn til þess að fara með rangt mál. (Gripið fram í.) Ég hef sagt alveg ákveðna hluti og ég hef vitnað til orða hæstv. sjútvrh. varðandi sjávarútveg hér á suðvesturhorninu og ég get gert það ef ráðherrann vill fara í þær umræður hér. Hitt liggur ljóst fyrir að þegar beðið er um að hér verði um að ræða forgang þá eru menn að sjálfsögðu að tala um á því verði sem hægt er að fá fyrir viðkomandi eignir, hvort heldur það eru skip eða einhverjar slíkar eignir sem verið er að selja.

En markaðssjónarmiðin, ég tók eftir því í fyrstu ræðu hæstv. fjmrh. hér, tæplega tveggja klukkutíma ræðu hans um þessi mál, að hann lagði mikið upp úr markaðssjónarmiðunum. Hvort þau voru siglfirsk eða markaðssjónarmið fyrir allt landið er kannski mál út af fyrir sig gagnvart honum. En hann hefur að ýmsu leyti viljað fylgja markaðssjónarmiðunum og þar eru þeir ekki samferða, hann og hæstv. forsrh., t.d. í sambandi við fjáröflun til handa ríkissjóði á innlendum markaði. Þar hefur hæstv. fjmrh. viljað láta markaðsöflin ráða og gert það og í dag eru þetta pappírar sem eru með hæstu vöxtum sem þar eru seldir. Hitt liggur ljóst fyrir að hæstv. forsrh. hefur ekki viljað vera inni á þeirri línu að markaðsöflin eða markaðssjónarmiðin fái þar að ráða ferðinni. En það er í þessu eins og svo mörgu öðru að þeir tala ekki sama tungumálið ráðherrarnir og fara ekki samhliða og það láta þeir sér lynda. Það er þeirra.

Hæstv. sjútvrh. vék að sölu á Ferðaskrifstofu ríkisins þegar ég gegndi embætti samgrh. Sala á Ferðaskrifstofu ríkisins var framkvæmd samkvæmt lögum sem samþykkt voru hér á Alþingi og leitað á þeim tíma til þeirra aðila sem störfuðu fyrir ríkið. Það var síðan spurt og þá kom það í hlut núv. samgrh. að svara. Það voru settar fram nokkrar spurningar varðandi þessa sölu. En í lögunum var það skýrt tekið fram hverjir *ættu forkaupsrétt á þessum eignum.* Það var skýrt tekið fram og í umræðunum kom það skýrt fram að þegar þessi sala átti sér stað þá var það fulltrúi Ríkisendurskoðunar sem mat verðmæti þessara eigna og það var ríkislögmaður sem aðstoðaði við söluna á þeim hluta Ferðaskrifstofunnar sem seldur var. Þannig að þetta gerðist nákvæmlega eftir því sem lögin sögðu. Og það var leitað til þeirra aðila sem voru í störfum vegna ríkisvaldsins, þ.e. Ríkisendurskoðun til skoðunar á hlut-

unum, þ.e. eigninni sem slíkri og verðmæti, og ríkislögmaður til þess að hlutirnir gerðust samkvæmt því sem Alþingi hafði samþykkt. Þetta kom allt skýrt fram í svörum núv. samgrh. þegar um þetta var spurt og hann gerði grein fyrir þessu.

Ég vil svo geta þess, til að menn átti sig á því hvað þarna var að gerast, og ég trúi að hæstv. fjmrh. geti staðfest það að á sl. ári var í fyrsta skipti greiddur arður í ríkissjóð af eignarhluta ríkisins sem núna er í Ferðaskrifstofu ríkisins. Þannig að það sýnir sig að það sem þarna var gert hefur skilað sér að þessu leyti til ríkissjóðs umfram það að eignirnar voru metnar af þeim endurskoðanda sem Ríkisendurskoðun tilnefndi sem endurskoðanda þessa ákveðna fyrirtækis.

Ég endurtek það sem ég sagði hér áðan að ég varð fyrir þó nokkrum vonbrigðum með það hvernig hæstv. sjútvrh. fjallaði um þetta mál. Mér fannst eins og sú stofnun og það fyrirkomulag, sem eins og ég orðaði það áðan hann var guðfaðirinn að, ætti ekki þann hauk í horni sem það vissulega þurfti á að halda því að burt séð frá, ég segi burt séð frá þeim deilum sem hér er um að ræða, þá er það óhemjulega þýðingarmikið fyrir Alþingi að hér starfi stofnun sem Alþingi ber traust til, stofnun til endurskoðunar, og þeir sem taka að sér að gegna ráðherrastörfum, hverjir svo sem það eru á hverjum tíma, verða að geta þolað. En eins og hæstv. sjútvrh. sagði, þá hafa þeir tækifæri til þess að koma fram sínum skýringum, gera grein fyrir þeim forsendum sem liggja til grundvallar gjörðum þeirra. Það hefði að vísu átt að gerast með öðrum hætti heldur en hér hefur verið staðið að. En númer eitt, tvö og þrjú: Ríkisendurskoðun er stofnun sem er sjálfstæð, starfar á ábyrgð Alþingis og við berum traust til hennar. Við munum bera traust til hennar og við eigum að láta þessa stofnun vita það að við gerum það.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það var aðeins út af orðum hv. 1. þm. Suðurl. og út af orðum hv. 1. þm. Reykn. að þeir hefðu orðið fyrir miklum vonbrigðum með það sem ég hafi hér sagt. Það er alveg rétt að ég taldi, og ég heyrði að hv. 1. þm. Reykn. var upphafsmaður að því að fitja upp á því máli, að það væri nauðsynlegt að koma hér upp sterkri Ríkisendurskoðun. Það var að mínu mati mjög nauðsynlegt mál. Auðvitað voru skiptar skoðanir um það á þeim tíma eins og margt annað. Og það tók langan tíma þar til Ríkisendurskoðun tók til starfa.

Ég er alveg sömu skoðunar í dag og ég var þá og ég gæti lesið upp greinargerðina og lesið upp ræðurnar mínar. Þar hafa mínar skoðanir ekki breyst. Ég sagði það hér að ég ber fyllsta traust til Ríkisendurskoðunar.

Ef það leikur einhver vafi á því að Alþingi beri traust til Ríkisendurskoðunar, þá þarf að sjálfsögðu að taka á því. Ég spyr: Bera forsetar þingsins, sem bera ábyrgð á Ríkisendurskoðun fyrir hönd þingsins, ekki traust til Ríkisendurskoðunar? Hefur eitthvað annað komið fram? Ég heyrði ekki betur en margir þingmenn hefðu tekið hér til máls og sagt að þeir bæru traust til Ríkisendurskoðunar. Ég hef ekki hlustað á alla þessa umræðu. Ég hef ekki heyrt hæstv. fjmrh. segja að hann vantreysti Ríkisendurskoðun. Ég hef heyrt hann vera með mjög mikla gagnrýni á þetta tiltekna mál. En ef það er einhver vafi á því að þingið treysti Ríkisendurskoðun, þá þarf að sjálfsögðu að taka á því. Ég tel Ríkisendurskoðun það mikilvæga að ég teldi það jafnalvarlegt ef það væri mikill vafi á því og það væri ekki traust til dómstóla landsins.

Nú er það svo að það eru ýmsir sem eru ósáttir við niðurstöðu dómstólanna í landinu. Menn eru jafnvel oft ósáttir við niðurstöðu Hæstaréttar. Traustið á dómstólunum verður hins vegar ekki byggt upp með atkvæðagreiðslum hér á Alþingi. Og traustið á Ríkisendurskoðun verður ekki byggt upp með einhverjum atkvæðagreiðslum hér á Alþingi. Traustið á Ríkisendurskoðun mun byggjast upp og hefur byggst upp með samstarfi þingsins og Ríkisendurskoðunar og ég veit ekki betur en það hafi verið í góðu lagi. Þó að upp komi ágreiningur þá þarf ekki að taka á honum með þeim sérstaka hætti, eins og mér hefur fundist koma hér fram, að um það fari fram sérstök atkvæðagreiðsla. Eða hafa menn hugsað sér það í framtíðinni í hvert skipti sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands verður ósáttur við það sem stendur í skjölum Ríkisendurskoðunar og gagnrýnir það með ýmsum hætti? — Sumir mundu gagnrýna það mildilega, aðrir allharkalega. — Hafa menn hugsað sér að í hvert skipti fari þá fram atkvæðagreiðsla hér í þinginu?

Ég vil taka það alveg skýrt fram að mér kemur ekki til hugar að halda það, og ég veit að það dettur engum hv. þm. það í hug, að það sé hægt að ganga í Ríkisendurskoðun og panta þar einhverja ákveðna niðurstöðu frekar en það er hægt að ganga til dómstóla landsins og panta þar einhverja ákveðna niðurstöðu. Auðvitað er það ekki hægt. Og auðvitað er þar það mikið af ágætismönnum að það er engin hætta á slíku. Enda heyrði ég ekki betur en hæstv. fjmrh. tæki það fram hér áðan að hann hefði ekki viðhaft slík ummæli. Þannig að hafi menn skilið ræðu mína þannig hér áðan að ég hafi ekki tiltrú á Ríkisendurskoðun, þá er það mikill misskilningur. Ég tel hins vegar mikilvægt að þetta traust verði byggt upp með góðum almennum samskiptum milli þingsins og Ríkisendurskoðunar. Ef þetta traust er ekki fyrir hendi þá þarf að taka sérstaklega á því. Og ég vil gjarnan hlusta á rök þeirra sem telja að um það þurfi að flytja sérstakar ályktanir. En það hefur ekkert í þessum umræðum sannfært mig um það að þess sé þörf því að ég tel að Ríkisendurskoðun hafi með störfum sínum unnið sér traust forseta þingsins og þingmanna.

Það er ánægjulegt að heyra að allir eru nánast sammála um ágæti þessarar stofnunar nú. En ég man þá tíð að svo var ekki. En þannig er það nú í öllum málum, án þess að ég tilgreini neitt sérstaklega nöfn í því sambandi, að þá er það ofur eðlilegt þegar ný skipan er tekin upp að um það séu eitthvað skiptar skoðanir.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það hefur nokk-

uð verið vikið að því hér í þessum umræðum að ég hafi sagt að það væri hægt að panta skýrslu frá Ríkisendurskoðun og hv. þm. Geir Haarde gerði það sérstaklega að umræðuefni. Ég vil biðja hv. þm. að skoða bæði það sem ég sagði og eins samhengi málsins, vegna þess að ég hef hvergi sagt að það væri hægt að panta niðurstöður frá Ríkisendurskoðun, frá einstökum aðila. Og þegar fréttamaðurinn spurði mig að því í inngangi að því viðtali sem hér hefur verið vitnað til, þá gaf ég alveg skýr svör við því.

Menn hafa verið hér í orðaleik um það að það er munur á því að segja að þingmenn hafi „pantað" skýrslu og vissulega má það til sanns vegar færa að þessir fjórir þingmenn hafi pantað skýrslu í merkingunni að biðja um skýrslu og svo hinni merkingunni að menn hafi pantað tilteknar niðurstöður í skýrslunum. Það eru hreinir útúrsnúningar sem menn hafa haft við hér í umræðunum þegar menn eru að nota það svar mitt, þar sem ég vitna í það að það sé staðreynd að bæði hafi þessir þingmenn pantað og síðan í tengslum við Atvinnutryggingarsjóð verið pöntuð skýrsla, í þeirri merkingu sem fréttamaðurinn vildi nota það, þ.e. beðið um skýrslu. Og ef menn ætla að gera þetta að einhverju aðalatriði í málinu, þá verða menn að gera þennan greinarmun á þessu tvennu. Þessu bið ég menn nú að átta sig á, ef þetta á að vera eitthvert aðalatriði í málflutningnum.

Hitt vildi ég svo segja í tilefni af ræðu hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen að það hefur verið unnið mikið starf að því að leiða saman þau sjónarmið sem ýmsir embættismenn, bæði í fjmrn. og annars staðar, einstaka ráðherrar og síðan fjvn. hafa varðandi það frv. sem fjvn. flutti hér í fyrra. Um það hefur verið fjallað ítarlega af ríkisreikningsnefnd, undirnefnd hennar, og það liggja fyrir tillögur um endanlega gerð slíks frv. sem fulltrúar fjmrn. og fjvn. hafa verið að ræða til þess að flytja frv. sem væri fullkomin samstaða um milli fjvn. og fjmrn. Ég tel að það sé unnið að því verki í góðum anda og það eigi á næstu dögum að geta legið fyrir niðurstaða í því. Ég held að í dag hafi verið fundur fulltrúa fjvn. og fjmrn. um það mál. Ég hef rætt það við formann fjvn. hvað eftir annað og það liggur fyrir tillaga að texta sem í grófum dráttum er samstaða um milli fjvn. og fjmrn. þannig að það þarf ekki að gera mikið mál úr því. Sú vinna er nánast í höfn. Og ég hef lýst því yfir hvað eftir annað en ég tel æskilegt að það sé sameiginlegt verk fjvn. og fjmrn. þótt það sé flutt hér af fjvn. vegna þess að ég tel að það sé enginn efnislegur ágreiningur um þetta atriði.

Ég sagði hér í þessum umræðum og hef sagt hvað eftir annað að ég telji að það þurfi að setja skýrari reglur og ákvæði um það með hvaða hætti eigi að selja eignir ríkisins. Það var upphaf minnar ræðu hér í þessum umræðum að taka það alveg skýrt fram að það þyrfti að gera, þannig að það er enginn ágreiningur við mig um það atriði. Þvert á móti lýsti ég því yfir í umræðunum um þetta frv. fjvn. í fyrra að það væri að mörgu leyti mjög þarft og það væru fjölmörg atriði í því nauðsynleg, en það þyrfti hins vegar að skoða frv. og fara yfir það mjög rækilega sem hefur verið gert. Og ég vona að áður en þingi lýkur hér í vor verði hægt að afgreiða slíkt frv.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Það eiga eftir að koma hér margir ráðherrar á næstu árum. Það eiga eftir að koma hér margar skýrslur frá Ríkisendurskoðun sem þingmenn biðja um, en ég bið menn að átta sig á því að það liggur í eðli máls að ráðherrar og sérfræðingar utan Alþingis hljóta oft að hafa aðra skoðun á því sem fram kemur í skýrslum Ríkisendurskoðunar heldur en höfundar skýrslnanna hjá Ríkisendurskoðun. Þau fræði sem Ríkisendurskoðun fjallar um eru einfaldlega þess eðlis að þar getur sýnst sitt hverjum og það er nánast út í hött að þingmenn vilji halda þannig á málum að fyrirbyggja að ráðherrar eða aðrir sérfræðingar geti látið í ljósi aðra skoðun eða þá ef þeir gera það, þá jafngildi slíkt vantrausti á Ríkisendurskoðun. Það er sem betur fer í íslensku máli mikill munur á því að leyfa sér að gagnrýna einstaklinga eða stofnun og að lýsa vantrausti á einstakling eða stofnun. Ég leyfi mér oft t.d. að gagnrýna samráðherra mína í ríkisstjórninni, en ég ber fyllsta traust til þeirra. Ég leyfi mér líka að gagnrýna ærið oft þingmenn stjórnarandstöðunnar þó að ég sé ekki að lýsa á þá vantrausti.

Ég bið menn að nota málið með þeim hætti að gera skýran greinarmun á þessu því að ella eru menn að setja slíkar hömlur á lýðræðislega umræðu í landinu að sá tilgangur, sem Ríkisendurskoðun átti upphaflega að þjóna — og ég var sammála, eins og ég sagði hér í minni upphafsræðu, ég var sammála því, það var mikil og góð breyting í stjórnskipun landsins að flytja Ríkisendurskoðun úr fjmrn. og yfir til Alþingis, en menn væru þá að koma í veg fyrir það að sá tilgangur næði fram að ganga.

Matthías Á. Mathiesen:

Frú forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umræður. Ég held að hvernig svo sem hæstv. fjmrh. hefur hagað orðum sínum í ræðu eða í blaðaviðtölum, þá liggi það ljóst fyrir að það er skoðun þeirra sem hafa fylgst með þessum málum að hann hafi gefið í skyn — ég skal ekki orða það svo að setningarnar hafi fallið þannig, en það hafi mátt skilja hann tvímælalaust þannig að ekki bara hér hafi þingmenn beðið um skýrslu heldur hafi þingmenn hér pantað niðurstöðu.

En ég ætla ekki að fara að deila um þetta heldur vildi ég segja hitt varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði að það lægi núna fyrir tillaga að texta að frv. til laga um ráðstöfun á eignum ríkissjóðs og því sem þessu frv. sem hér lá fyrir í fyrra var ætlað að ná yfir, það er mjög ánægjulegt að heyra það og ég trúi að hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því að þessi texti komi í frumvarpsformi hér inn í Alþingi eða þá, eins og ég lagði til hér áðan, verði sem brtt. við frv. hv. 1. þm. Norðurl. v., þá a.m.k. verður það hans frv. sem fer hér í gegn þó að það sé komið með breyttum texta.

En ég vildi aðeins taka fram út af því sem hæstv. sjútvrh. sagði að frumvarpið um Ríkisendurskoðun eins og Ríkisendurskoðun er í dag var flutt 1977. Ég gegndi fjármálaráðherraembættinu einmitt í þá tíð og ég lýsti

yfir fullum stuðningi við þetta fyrirkomulag að fenginni reynslu, taldi þetta vera það sem koma ætti og einmitt taldi ég að Alþingi væri að styrkja sína stöðu. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að við eigum að láta Ríkisendurskoðun finna það traust sem við berum til Ríkisendurskoðunar en ég tel að slíkar umræður eins og hér hefur verið til stofnað séu með þeim hætti að það sé til þess að veikja slíka stofnun í stað þess að Alþingi á að gera allt sem það getur til þess að styrkja hana.

EFRI DEILD

56. fundur, föstudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Brottnám líffæra og krufningar, 1. umr.

Stjfrv., 120. mál. — Þskj. 648.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Fyrir réttu rúmi ári síðan skipaði ég nefnd sem fékk tvíþætt verkefni. Annars vegar að gera tillögur að löggjöf um skilgreiningu dauða og hins vegar að gera tillögur að reglum um brottnám líffæra. Í nefndinni áttu sæti Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Ásmundsson yfirlæknir, sr. Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur, Sigþrúður Ingimundardóttir hjúkrunarfræðingur, Þórður Harðarson prófessor og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Nefnin lauk störfum snemma á seinasta ári. Eftir vandlega athugun mælti nefndin með því að sett verði lög um ákvörðun dauða og þar staðfest að maður teljist látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Nefndin samdi tvö lagafrv., frv. til laga um ákvörðun dauða og frv. til laga um brottnám líffæra og krufningar sem hér er til umræðu. Bæði frv. voru lögð fram á 112. löggjafarþinginu til kynningar en ekki afgreiðslu á því þingi.

Í gegnum starfsemi norrænu líffæraflutningastofnunarinnar, Scandiatransplant, hafa íslenskir sjúklingar þegið nýru úr nýlátnum einstaklingum frá árinu 1971. Í árslok 1989 höfðu samtals 50 nýru verið grædd í 46 sjúklinga. Þrír Íslendingar, tveir karlmenn og ein kona, hafa þegið hjarta eða hjarta og lungu. Ígræðslurnar hafa allar verið gerðar á sjúkrahúsi í Lundúnum. Þrír íslenskir sjúklingar hafa þegið lifur.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að ólíklegt sé að líffæraígræðslur, aðrar en hornhimnuígræðslur sem hér hafa verið framkvæmdar um árabil, verði stundaðar hér á landi í náinni framtíð vegna smæðar þjóðarinnar. Við bestu aðstæður hér á landi mun hins vegar verða unnt að nema brott líffæri sem send yrðu utan til ígræðslu. Þótt ólíklegt sé að slík líffæri nýttust í íslenska sjúklinga mundi þátttaka Íslendinga í slíku starfi auka líkur íslenskra sjúklinga sem bíða líffæraflutninga.

Nefndin taldi hins vegar nauðsynlegt að lögfesta skýr ákvæði um brottnám líffæra til ígræðslu, auk þess sem nefndin taldi nauðsynlegt að setja skýrar reglur um hvenær krufning væri heimil.

Frv. það sem hér liggur fyrir skiptist í þrjá kafla, brottnám líffæra, krufningar og almenn ákvæði. Í I. kafla frv. er fjallað um brottnám líffæra. Þó er blóðgjöf og notkun blóðs undanþegin ákvæðum laganna. Gert er ráð fyrir að einstaklingur sé orðinn 18 ára til þess að geta gefið samþykki til brottnáms líffæris eða líffrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Aldrei má þó stofna lífi og heilsu væntanlegs líffæragjafa í hættu. Lækni ber að gefa væntanlegum líffæragjafa upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar. Auk þess skal hann ganga tryggilega úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi hafi skilið upplýsingarnar.

Sé fyrirhugað að nema brott líffæri eða líffrænt efni úr nýlátnum einstaklingi skal einstaklingurinn fyrir andlátið hafa gefið samþykki sitt til slíkrar aðgerðar. Vottur þarf að geta staðfest munnlegt samþykki. Þó að samþykki liggi ekki fyrir skal brottnám líffæra eða líffræns efnis engu að síður heimilt ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns ef slíkt er ekki talið brjóta í bág við vilja hins látna.

Í frv. er sérstaklega tekið fram hverjir skulu teljast nánustu vandamenn í þessu sambandi. Er fyrst og fremst átt við maka, sambýlismann eða sambýliskonu. Hafi hinn látni ekki átt maka skal afla samþykkis barna og hafi hann verið barnlaus þá samþykkis foreldra. Séu foreldrar hins látna ekki á lífi teljast systkini hans nánustu vandamenn. Þannig má ekki nema á brott líffæri eða líffrænt efni úr einstaklingi sem á ekki svo nána vandamenn sem frv. tilgreinir nema hann hafi gefið samþykki sitt áður en hann lést.

Frv. gerir ráð fyrir að andlát skuli staðfest með enn tryggilegri hætti en venja er ef nema á brott líffæri til ígræðslu. Þannig skal andlátið staðfest af tveimur læknum öðrum en þeim sem nema brott líffærin.

Frv. setur fram skýrar kröfur um skrá yfir brottnumin líffæri.

Í II. kafla frv. er fjallað um krufningar. Þar er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að krufningu megi ekki gera nema hinn látni hafi samþykkt hana eða vandamenn hans í þeim tilvikum þegar ekki er vitað um vilja hins látna. Jafnframt er lögð sú skylda á lækni sem telur krufningu nauðsynlega að hann kynni vandamönnum tilgang og markmið krufningarinnar. Þá er og gert ráð fyrir því að vandamenn eigi sjálfstæðan rétt til þess að óska krufningar.

Í III. kafla frv. eru almenn ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að setja reglur um framkvæmd laganna, m.a. um frágang líka að lokinni krufningu. Þykir nauðsynlegt að slíkar reglur eigi sér skýra lagastoð.

Á kirkjuþingi sem stóð yfir þegar frv. var til um-

ræðu í Nd. var fjallað um dauðann og líffærakrufningar. Fyrir þinginu lá álitsgerð Rannsóknastofnunar í siðfræði um að skilgreining dauða skyldi miðast við algjört heiladrep og að brottnám og ígræðsla líffæra skuli heimiluð að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í álitsgerðinni er því haldið fram að sömu siðferðilegu rökin komi til álita þegar fjallað er um brottnám líffæra úr látnum manni og um brottnám og ígræðslu líffæra þegar lifandi gjafi á í hlut. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Að því tilskildu að aðgerðin sé í einhlítu lækningaskyni og engin annarleg sjónarmið séu með í för, t.d. verslun með líffæri, þá þjónar hún tvímælalaust góðu og göfugu markmiði, þ.e. að bjarga mannslífi."

Í álitsgerðinni er lögð áhersla á að virða beri yfirlýsta ósk hins látna um að líffæri úr líkama hans verði notað til ígræðslu að því tilskildu að fyrir liggi læknisfræðilegur úrskurður um að líffærið komi að tilætluðum notum. Að sama skapi ber að tala fullt tillit til þess hafi hinn látni lagt bann við að líffæri úr líkama hans verði notað til ígræðslu. Þegar ekki er vitað með vissu um vilja hins látna megi færa rök fyrir því að unnt sé að heimila aðgerðina að uppfylltum tilteknum skilyrðum er lúti að því að ráða í vilja hins látna.

Er niðurstaða álitsgerðarinnar sú að með hliðsjón af læknisfræðilegum þáttum og að uppfylltum siðferðilegum skilyrðum sé brottnám líffæra til ígræðslu réttmætt.

Virðulegi forseti. Ég hef hér rakið efni frv. þessa til laga um brottnám líffæra og krufningar. Frv. er hér til meðferðar í síðari deild, hefur þegar fengið meðhöndlun í Nd. og var samþykkt þar með smávægilegum breytingum. Ég leyfi mér því að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Ákvörðun dauða, 1. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 125.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um skilgreiningu dauða í nágrannalöndunum. Ástæða þess er m.a. sú að með aukinni tækni í læknisfræði, ekki síst með tilkomu öndunarvéla, er unnt að halda við öndun og hjartslætti sjúklings þó að heilastarfsemi sé sannanlega og endanlega hætt. Þetta hefur kallað á víðtækari skilgreiningu dauða en hina hefðbundnu sem gerir ráð fyrir að maður sé látinn þegar hjarta hans hættir að slá og öndun hans hættir. Fjölmargar þjóðir, bæði austan hafs og vestan, hafa af þessum sökum skilgreint dauðahugtakið að nýju á þann veg að maður teljist látinn ef heilastarfsemi hans er hætt og fullljóst að heilastarfsemi getur ekki hafist á ný. Danir og Íslendingar eru einu þjóðirnar í Vestur-Evrópu sem ekki hafa endurskoðað þetta hugtak. Fyrr á þessu ári var lagt fram á danska þinginu frv. sem gerði ráð fyrir sambærilegri breytingu og hér er rætt um.

Fyrir rétt rúmu ári síðan, eins og kom fram í framsögu um það frv. sem hér var til umræðu áðan, skipaði ég nefnd sem fékk það hlutverk að gera tillögur að löggjöf um skilgreiningu dauða. Frv. gerir ráð fyrir því að hér eftir sem hingað til verði það hlutverk læknis að ákvarða um dauða manns og rita dánarvottorð. Við ákvörðun um andlát skal læknir nota þá þekkingu og beita þeim ráðum sem tiltæk eru til þeirra verka hverju sinni.

Samkvæmt 2. gr. frv. skal maður teljast látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Þannig verður stöðvun á heilastarfsemi sú viðmiðun sem notuð er, jafnvel þótt stuðst sé við hin hefðbundnu dauðaskilmerki, stöðvun hjartsláttar og öndun, þegar maður er lýstur látinn.

Í 1. mgr. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því að staðfesta megi dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi sé hætt. Er hér miðað við að andlát sé staðfest með hefðbundinni aðferð. Rétt er að leggja áherslu á það hér að langflest dauðsföll ber að með þeim hætti að 1. mgr. 3. gr. frv. á við.

Í 2. mgr. 3. gr. er gert ráð fyrir því að hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skuli ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt. Í fylgiskjali með frv., sbr. 4. gr. frv., er nánar lýst þeim aðferðum sem beita skal í þessum tilvikum. Gera má ráð fyrir að innan við 20 dauðsföll á ári verði staðfest með þeim hætti sem 2. mgr. 3. gr. frv. tilgreinir.

Samkvæmt 4. gr. frv. skal heilbrrh. setja reglur um það hvaða rannsóknum skuli beita til þess að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé hætt. Þessar reglur skulu vera í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma.

Eins og áður sagði fylgja frv. í fylgiskjali drög að reglum um skilmerki dauða. Þar er ítarlega lýst í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu hvaða rannsóknum skuli beita til að ganga úr skugga um að heilastarfsemi sé ekki lengur fyrir hendi.

Á kirkjuþingi því sem sat á sl. hausti var fjallað um dauðann og líffærakrufningar. Á þinginu var til umfjöllunar tillaga flutt af kirkjuráði þar sem lagt var til að þingið samþykkti þau meginviðhorf sem fram koma í álitsgerð Rannsóknastofnunar í siðfræði, að skilgreining dauða skuli miðast við algjört heiladrep. Álitsgerð þessi var samin af nefnd sem í áttu sæti Björn Björnsson, prófessor í guðfræði, Páll Ásmundsson yfirlæknir, Mikael M. Karlsson, dósent í heimspeki, og Vilhjálmur Árnason, lektor í siðfræði.

Í álitsgerðinni er bent á að frá fornu fari hafi einkum tvennt verið haft til merkis um það hvort maður sé látinn: hjarta hans sé hætt að slá og hann sé hættur að anda. En síðan segir, með leyfi forseta: „Tæknilegar framfarir í læknisfræði á síðustu áratugum hafa neytt

menn til þess að endurskoða þessi skilmerki og þann skilning sem liggur þeim að baki. Nú orðið er hægt að viðhalda bæði starfsemi hjarta og öndunarfæra með vélrænum hætti, eða jafnvel setja tækjabúnað í stað þessara líffæra. Oft hefur slíkur vélbúnaður fleytt sjúkum og slösuðum úr lífshættu en hann hefur einnig verið notaður til þess að viðhalda hjartslætti og öndun sjúklings í djúpu dái þar sem engin sálarstarfsemi, ekkert sálarlíf á sér stað. Samkvæmt hefðbundnum skilmerkjum dauða eru slíkir sjúklingar enn lifandi."

Í skýrslunni segir einnig: „Hér verður því að horfast í augu við þá staðreynd að þótt algjört heiladrep feli í sér að öll sálarstarfsemi sé úr sögunni og manneskjan því skilin við, þá felur það ekki í sér dauða líkamans, manneskja er látin jafnvel þótt líkami hennar sé enn með lífsmarki. Það er rétt og eðlilegt að ættingjar kveðji hana á þessari stundu því „sálin er farin úr líkamanum" og raunar er það rangt gagnvart þeim að láta sem svo að manneskjan sé ekki dáin." Skýrsluhöfundar taka undir ákvæði lagafrv. þessa sem hér er til umræðu og telja rétt og eðlilegt að þessi lög verði sett.

Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur einnig hlotið meðferð í Nd. þingsins og er því til meðhöndlunar í síðari deild. Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 1. umr.

Frv. FÞ, 208. mál (Grundarfjarðarprestakall). — Þskj. 261.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Einkaleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 133. mál (heildarlög). — Þskj. 649 (sbr. 137).

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Með því frv. sem ég mæli hér fyrir og kemur frá hv. Nd. er lagður grunnur að einkaleyfalöggjöf sem mun svara betur þörfum atvinnulífs og almennings en núgildandi lög gera en þau eru frá árinu 1923. Jafnframt er með þessu frv. stefnt að því að samræma löggjöf okkar á sviði einkaleyfa þeirri sem gildir annars staðar á Norðurlöndum og í iðnríkjum Evrópu.

Þetta frv. var lagt fram til kynningar í lok síðasta þings. Í framhaldi af því sendi iðnrn. þeim aðilum sem málið varðar helst frv. til umsagnar. Það bárust skriflegar umsagnir frá nokkrum aðilum og lýstu þeir allir stuðningi við efnisatriði frv. Umsagnirnar sem hafa að geyma sérstakar athugasemdir og ábendingar eru prentaðar sem fylgiskjöl við frv. og greinargerð þess. Ábendingar og athugasemdir sem fram komu snertu einkum gildistökuákvæðin og eins og frv. liggur núna fyrir hafa sumar þessara athugasemda verið teknar til greina að fullu. Í einu tilfelli sem varðar gildistökuákvæði frv. eru þó skoðanir skiptar hjá hagsmunaaðilum. Þetta varðar þá spurningu hvenær ákvæði frv. um einkaleyfi fyrir lyfjum skuli taka gildi. Í því efni hefur verið farið bil beggja milli sjónarmiðanna sem fram komu í umsögnunum og er í frv. gert ráð fyrir að fimm ár líði frá gildistöku laganna þar til hægt verður að veita hér einkaleyfi fyrir lyfjum.

Eftir að frestur til að skila athugasemdum rann út og búið var að ganga frá frv. til framlagningar bárust nokkrar athugasemdir frá réttarfarsnefnd um réttarfarsatriði í frv. Þeim athugasemdum var komið sérstaklega á framfæri við hv. iðnn. Nd. og hefur hún tekið tillit til þeirra í sínum störfum. Margir aðilar hafa þegar haft tækifæri til að kynna sér efni frv. og sú umfjöllun sem það hefur fengið meðal sérfróðra manna og hagsmunaaðila í atvinnulífinu ætti að auðvelda meðferð þess hér á hinu háa Alþingi.

Umfjöllun um endurskoðun á núgildandi einkaleyfalögum má rekja allt aftur til ársins 1981 en þá var settur starfshópur til að fjalla um þörfina fyrir endurbætta löggjöf á þessu sviði. Síðan hafa þrjár nefndir verið skipaðar til að takast á við þetta verkefni. Sá starfshópur sem síðast vann að málinu lauk störfum í júlí 1989 og skilaði til ráðuneytisins drögum að frv. ásamt skýringum við einstakar greinar þess. Starfsmenn einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnrn. bjuggu síðan frv. til flutnings í þeirri mynd sem það kom fyrir Alþingi á þessu þingi.

Helstu nýmæli og breytingar miðað við núgildandi einkaleyfalög felast í því sem ég greini hér frá:

1. Kveðið er skýrar á um umfang og takmörkun einkaleyfaverndar. Þetta eru 1.–3. gr. frv.

2. Heimilað verður að veita einkaleyfi fyrir lyfjum og næringarefnum.

3. Betur er skilgreint hvað talist getur einkaleyfishæf uppfinning með tilliti til nýjunga og frumleika, þ.e. að hve miklu leyti uppfinningin getur talist frábrugðin þekktri tækni. Um þetta er fjallað í 2. gr.

4. Skýrari ákvæði eru um frágang einkaleyfisumsókna og meðferð þeirra á öllum stigum málsins. Þetta er í II. kafla frv.

5. Lagt er til að umsóknir verði gerðar aðgengilegar almenningi í síðasta lagi 18 mánuðum eftir innlagningu einkaleyfisumsóknar. Þetta er í 22. gr. Í núgildandi lögum er hins vegar miðað við sex mánuði.

6. Mun ítarlegri ákvæði eru en áður um andmæli gegn veitingu einkaleyfis og ágreiningsmál sem rísa kunna vegna réttar til einkaleyfis.

7. Gert er ráð fyrir aðild Íslands að alþjóðasamningi

um einkaleyfisumsóknir í PCT. Í samningnum felst m.a. að sama umsókn getur tekið gildi í mörgum löndum samtímis. Þetta er í III. kafla frv.

8. Einkaleyfi verður hægt að láta halda gildi í 20 ár frá umsóknardegi, en skv. núgildandi lögum hefur gildistíminn verið að hámarki 15 ár frá útgáfudegi. Þetta er í 40. gr.

9. Fyllri ákvæði eru um nytjaleyfi og rýmkuð eru skilyrði um veitingu svonefndra nauðungarleyfa. Þetta er í 43.–50. gr.

10. Gerðar eru ýmsar breytingar á gjaldtöku fyrir umsóknir og einkaleyfi, þar á meðal er gert ráð fyrir greiðslu árgjalda af einkaleyfisumsóknum meðan þær eru til meðferðar. Þessi gjaldtökuákvæði er að finna í 8., 20., 25., 40., 42. og loks 51. gr. frv.

Virðulegi forseti. Skipan einkaleyfamála á alþjóðavettvangi hefur sem vænta má tekið miklum breytingum frá því þau lög voru sett sem nú gilda um einkaleyfi á Íslandi. Iðnríkin hafa yfirleitt kappkostað að breyta sinni löggjöf til samræmis við breytingar í *tækniþróun*. Það er þannig orðið löngu tímabært að færa okkar löggjöf á þessu sviði til nútímahorfs. Þar kemur hvort tveggja til þær skuldbindingar sem Parísarsáttmálinn um vernd eignarréttinda leggur okkur á herðar og ekki síður hagsmunir íslensks iðnaðar og íslensks atvinnulífs.

Þeir sem hafa haslað sér völl hér á landi í nýjum greinum á borð við líftækni, rafeindatækni og tölvutækni, svo ég nefni nokkur dæmi um nýjar greinar, verða að eiga þess kost að sækja um einkaleyfisvernd á hugsanlegum nýjungum í sínum störfum. Sama máli gegnir vitanlega um þá mörgu hugvitsmenn sem hér vinna að ýmiss konar endurbótum og nýsköpun í okkar hefðbundnu atvinnugreinum.

Ísland gerðist aðili að Parísarsáttmálanum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar árið 1961. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að Ísland gerist aðili að svonefndum samstarfssáttmála um einkaleyfi, Patent Cooperation Treaty, skammstafað PCT, sem ég hef þegar nefnt í mínu máli. Þessi sáttmáli var gerður í Washington árið 1970. Með ákvæðunum í III. kafla frv. er kominn lagagrundvöllur til þess að unnt sé að framfylgja þessum sáttmála á Íslandi.

Meginmarkmið Patent Cooperation Treaty sáttmálans er að koma í veg fyrir tvíverknað við rannsóknir á einkaleyfisumsóknum sem kunna að verða lagðar inn samtímis í mörgum ríkjum. Sænska einkaleyfisstofnunin annast rannsókn alþjóðlegra umsókna fyrir Norðurlönd og er gert ráð fyrir að hún taki einnig að sér rannsókn á íslenskum alþjóðaumsóknum.

Fyrir þann sem sækir um einkaleyfi er einn helsti kosturinn við aðild að PCT-sáttmálanum sá að umsókn í einu aðildarríki getur, ef umsækjandinn óskar þess, tekið gildi samtímis í þeim löndum sem hann hefur hug á að fá einkaleyfisvernd í. Þetta losar auðvitað umsækjandann við umstang sem fylgir því að leggja inn sjálfstæða umsókn í hverju landi.

Ákvæði þessa sáttmála eru nokkuð flókin í framkvæmd. Því þarf að miða undirritun hans við það hvenær einkaleyfayfirvöld á Íslandi eru undir það búin að framfylgja honum. Uppfinningum í iðnríkjunum hefur fjölgað ár frá ári og einkaleyfisumsóknum að sama skapi. Einnig taka umsóknir stöðugt til flóknari fyrirbæra. Þetta þýðir að rannsókn á einkaleyfishæfri uppfinningu verður stöðugt yfirgripsmeiri og vandasamari. Stjórnvöld í hverju landi hafa reynt að bregðast við þessari *þróun* m.a. með því að hagnýta alþjóðastofnanir og alþjóðasamninga á þessu sviði og með því að endurskipuleggja starfsemi sinna einkaleyfastofnana. Þá hafa stofnanirnar lagt mikla áherslu á að auka þekkingu á starfsemi sinna einkaleyfastofnana. Þá hafa stofnanirnar lagt mikla áherslu á að auka þekkingu starfsmanna sinna, bæta gagnasöfn sín og hagnýta upplýsingatækni sem opnar þeim leið og aðgang að stórum gagnabönkum.

Með nýjum einkaleyfalögum og aðild að PCT-sáttmálanum má gera ráð fyrir að verkefni þeirrar deildar iðnrn. sem fer með einkaleyfamál muni aukast til muna. Iðnrn. hefur þegar gert ýmislegt til að búa í haginn fyrir þá starfsemi. Á árinu 1989 var einkaleyfa- og vörumerkjadeild flutt úr ráðuneytinu í sérstakt húsnæði að Lindargötu 9. Þá voru jafnframt ráðnir lögfræðingur og verkfræðingur til skrifstofunnar. Með þessu og tölvuvæðingu starfseminnar undanfarin ár hefur verið lagður grunnur að betri og sérhæfðari þjónustu á þessu sviði en áður hefur verið.

Það er ekki gert ráð fyrir að ríkið taki á sig neinn kostnaðarauka sem leiða kynni af þessu frv. Gjöld fyrir verndun eignarréttarins á sviði iðnaðar hafa á síðustu árum verið ákvörðuð með hliðsjón af því markmiði að þau stæðu að verulegu eða helst öllu leyti undir kostnaði við þjónustuna. Á árinu 1989 stóðu gjöld fyrir vörumerki, einkaleyfi og aðra þjónustu reyndar undir rekstrarkostnaði við deildina og gert er ráð fyrir að svo hafi einnig verið á árinu 1990 og muni verða á þessu líðandi ári. Rekstur einkaleyfa- og vörumerkjadeildar er nú færður sem sérstakt viðfangsefni á fjárlögum. Starfsemin hefur þannig í reynd verið skilin frá annarri starfsemi ráðuneytisins. Hefur ráðuneytið nú ákveðið að festa þá skipan í sessi með því að setja, að samþykktu þessu lagafrv., reglur um sjálfstæða einkaleyfaskrifstofu er heyri undir ráðuneytið. Lögð verður áhersla á að þróa skrifstofuna ekki eingöngu sem skráningarstofnun í þröngri merkingu heldur og ekki síður að hún geti orðið miðstöð fyrir þá þekkingar- og upplýsingamiðlun um tæknileg málefni sem getur komið einstaklingum, fyrirtækjum og rannsókna- og þróunarstofnunum að notum.

Ég tel hér rétt, virðulegur forseti, að fara nokkrum orðum um þá þróun sem er að verða í löndunum í kringum okkur á sviði hugverkaréttinda og það sem er á döfinni hjá iðnrn. í því sambandi.

Það er augljóst að með auknum samskiptum þjóða fá hugverkaréttindi aukið vægi. Gildir þar einu hvort um er að ræða höfundarrétt samkvæmt Bernarsáttmálanum eða réttindi í iðnaði samkvæmt Parísarsáttmálanum. Helstu hugverkaréttindin sem auk einkaleyfa tilheyra eignarrétti á sviði iðnaðar eru þessi: vörumerkjavernd, mynsturvernd, vernd á iðnhönnun, „industrial design“, og svo *smáeinkaleyfi* sem einnig hafa verið

kölluð nytjamynstur og er þar vísað til danska heitisins „brugsmønster" og þýska heitisins „Gebrauchsmuster". Vernd á svokölluðum smárásum í rafeindatækni liggur á mörkum höfundarréttarins og iðnaðarréttinda. Öllum þessum viðfangsefnum þarf nú að taka á hér á landi með skýrari og skilmerkilegri hætti og það vantar enn nokkuð á að okkar löggjöf um vernd eignarréttinda í iðnaði sé jafnvíðtæk og í þeim löndum sem við höfum mest viðskipti við.

Hér er ekki eingöngu um löggjöf um einkaleyfi og vörumerki að ræða, heldur allt það svið sem ég hef tæpt á. Framleiðendum og aðilum í viðskiptalífi þessara landa er mjög í mun að þeir geti fengið hliðstæða vernd á sínum hugverkum og þeir eiga kost í sínum heimalöndum. Fyrirspurnir um þessi mál berast ráðuneytinu ýmist frá sendiráðum viðkomandi ríkja, frá erlendum fyrirtækjum eða umboðsaðilum þeirra á Íslandi.

Þróun á sviði hugverkaréttarins er mjög ör í Evrópu um þessar mundir og það skiptir okkur miklu máli, ekki síst fyrir nýjungar í okkar atvinnulífi að við fylgjumst vel með því sem þar er að gerast.

Úrbætur og samræming löggjafar um hugverkarétt hefur komið nokkuð við sögu í þeim viðræðum sem nú fara fram milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Sem dæmi má nefna að EFTA-ríkin hafa nú skuldbundið sig til þess gagnvart Evrópubandalaginu að setja löggjöf um einkaréttarvernd á smárásum, þessari rafeindatækni sem ég nefndi áðan, og enn þarf að sjálfsögðu að undirbúa slíkt lagafrv. á Íslandi.

Slík vernd hefur mikla þýðingu fyrir þau fyrirtæki sem framleiða háþróaðan rafeindabúnað. Og þótt íslenskur rafeindaiðnaður hafi enn ekki náð því þróunarstigi að löggjöf um vernd smárása hafi teljandi þýðingu fyrir hann þá er nauðsynlegt að við stöndum við okkar skuldbindingar í þessu efni eins og önnur aðildarríki EFTA. Iðnrn. og menntmrn. vinna nú í sameiningu að undirbúningi lagafrv. um þetta efni. Annars staðar á Norðurlöndum og í mörgum ríkjum Evrópu hefur lengi verið í gildi löggjöf um svokallaða mynsturvernd sem verndar útlit, form og skreytingu vörunnar. Ýmis hagsmunasamtök í iðnaði hér á landi hafa lagt að stjórnvöldum að hraða setningu slíkrar löggjafar. Þetta á ekki síst við á sviði vefjariðnaðar og prjónaiðnaðar. Frv. um þetta efni, sem byggt er á norrænni löggjöf frá árinu 1961, er nú á lokastigi í iðnrn.

Einkaleyfayfirvöld annars staðar á Norðurlöndum hafa nú ákveðið að gera gagngerðar breytingar á sinni mynsturlöggjöf með hliðsjón af löggjöf um þetta efni sem nú er að mótast í ríkjum Evrópubandalagsins. Ég tel því ekki rétt að leggja þetta mynsturverndarfrv. fram að svo stöddu heldur hef ég hug á því að við tökum þátt í samstarfi Norðurlandaþjóða um mótun nýrrar löggjafar um vernd á iðnhönnun.

Smáeinkaleyfi er verndarform sem lítið hefur verið kynnt á Íslandi. Bæði Danir og Finnar eru í þann veginn að setja löggjöf um þetta efni. Hér er um að ræða eins konar millistig milli mynsturverndar og einkaleyfa, þ.e. einkaleyfið tekur til fleiri þátta í verkinu eða vörunni en útlits hennar, mynsturs eða skreytingar einnar saman. Verndin er hins vegar frábrugðin mynsturvernd að því leyti að hún tekur til tæknilegra eiginleika uppfinningarinnar. Verndin getur átt vel við minni háttar uppfinningar sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar verða samkvæmt einkaleyfalögunum, hinum væntanlegu, um nýjungagildi og frumleika í uppfinningunni. Rannsókn og skráningarhæfi er ekki eins umfangsmikil og um leið ódýrari en þegar einkaleyfisumsókn á í hlut.

Þá er þess að geta að hér skortir tilfinnanlega löggjöf um réttarstöðu manna sem starfa í þjónustu annarra að uppfinningu. Undirbúningur frv. um þetta efni er á verkefnaskrá iðnrn. Ég get látið þess getið hér að ég hef í hyggju að gerðir verði sérstakir samningar um þetta efni við starfsmenn rannsóknastofnana á vegum iðnrn. Ráðuneytið mun leggja áherslu á að afla sem gleggstra upplýsinga um þau verndarform sem ég hef hér nefnt og reynslu annarra þjóða af þeim en þessum upplýsingum mun verða komið á framfæri við hagsmunaaðila. Parísarsamþykktin kveður einmitt á um lágmarksskyldur aðildarríkjanna varðandi vernd hugverkaréttinda.

Það er hins vegar mikilvægast að mínu áliti að samtök iðnaðarins og aðrir hagsmunaaðilar meti það af raunsæi hvað af þeim verndarformum sem ég hef hér gert að umtalsefni sé skynsamlegt að innleiða á Íslandi að svo stöddu. En grundvöllurinn hlýtur jafnan að verða samþykkt þess frv. um einkaleyfi sem hér liggur fyrir og leysir af hólmi áratuga gamla löggjöf.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 647.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Sem einn þeirra þingflokksformanna sem áttu þátt í að semja þetta frv., eins og fram kemur í upphafi greinargerðar þess, vil ég segja hér nokkur orð við 1. umr. málsins í deildinni.

Upphaf þessa máls er að hinn 19. sept. sl. rituðu forsetar Alþingis okkur þingflokksformönnum bréf þar sem fram kemur að þeir hafi ástæðu til að ætla að afnám deildaskiptingar Alþingis hafi mikinn hljómgrunn í öllum þingflokkum og að samstaða geti tekist um breytingu á skipulagi Alþingis á þessu þingi. Síðan segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Það er niðurstaða forseta, eftir talsverðar umræður um þetta mál, að heppilegt sé á þessu stigi að leita til formanna þingflokka með ósk um að þeir reyni að ná

samkomulagi sín á milli um frv. sem fæli í sér nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá og þingskapalögum með tilliti til þess að þetta mætti takast nú á síðasta þingi þessa kjörtímabils."

Í bréfi forseta var bent á ýmis fleiri atriði en deildaskiptinguna sem við þingflokksformenn vorum beðnir um að kanna hvort samstaða gæti tekist um að breyta. Þau atriði voru m.a. eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu, þingseta ráðherra, útgáfa bráðabirgðalaga, þingrof, aukafjárveitingar, samkomudagur Alþingis og ýmislegt fleira. Þingflokksformenn skipuðu síðan nefnd sem hóf að vinna að þessu máli þegar þing kom saman undir forustu formanns þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Ólafs G. Einarssonar.

Við fengum við upphaf starfs okkar ítarlega skrá yfir þau atriði stjórnarskrárinnar sem varða Alþingi á einhvern hátt og til greina kæmi að breyta. Mig minnir að þau atriði hafi verið um það bil 20. Við unnum eftir þeirri meginreglu að kanna hvort samstaða gæti tekist um breytingarnar. Ef svo var ekki var því atriði vikið til hliðar og ekki gert meira með það. Þannig eru auðvitað í þessu frv. alls ekki öll þau atriði sem margir okkar þingflokksformanna hefðu gjarnan viljað sjá þar.

Meginatriði þessa frv. er afnám deildaskiptingar. Um það var alger samstaða í nefndinni þótt vitaskuld væru menn misjafnlega sannfærðir um ágæti þeirrar breytingar. Nokkrir þingflokksformanna, þar á meðal ég, lögðu áherslu á að fyrir lægju, áður en nefndin afgreiddi málið frá sér, sæmilega ítarleg drög að þingskapalögum þannig að við gætum séð hvernig þessi breyting á skipulagi Alþingis yrði útfærð í smáatriðum. Þessi drög að þingskapalögum fylgdu frv. eins og það var lagt fyrir Nd. og í þeim eru að minni hyggju mörg veigamikil atriði sem ég tel að horfi til bóta. En því er ekki að neita að þar eru einnig atriði sem ég vildi gjarnan sjá hverfa og önnur sem þarf að breyta.

Ég mun ekki í þessari stuttu ræðu minni fjalla ítarlega um þau rök sem fyrir því liggja að afnema deildaskiptingu Alþingis. Ég vísa í því efni til greinargerðar með frv. og ítarlegrar framsögu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar fyrir málinu í Nd. svo og ýmissa ágætra athugasemda sem fram komu í máli annarra ræðumanna við þá umræðu.

Hugmyndin um afnám deildaskiptingar Alþingis mun vera allgömul. A.m.k. er ljóst að þegar breytingar urðu á stjórnarskrá árið 1934, þegar m.a. frv. til fjárlaga var fært úr deildum þingsins yfir í Sþ., mun sú hugmynd hafa komið fram að Alþingi starfaði í einni málstofu. Af því varð ekki á þeim tíma. Síðan hefur hugmyndinni alltaf annað slagið skotið upp og meira að segja komist í stefnuyfirlýsingar ríkisstjórna. En þó er það sérstaklega á áttunda og nú á níunda áratugnum sem þessar hugmyndir hafa komið fram hvað eftir annað í ályktunar- eða frumvarpsformi hér á Alþingi. Þar hafa margir þingskörungar átt hlut að máli og er hægt að lesa sér til um það sem þeir hafa sagt um þetta mál í Alþingistíðindum.

Annað afar veigamikið atriði í þessu frv. er að mínum dómi sú breyting að Alþingi mun sitja allt árið. Við hugsum þetta þannig að það verði kannski ekki svo mikil breyting á starfstíma Alþingis, starfsdögum þess muni e.t.v. ekki fjölga þó þetta frv. verði samþykkt umfram þá lengingu starfstíma Alþingis sem felst í þeirri tillögu okkar að Alþingi komi saman fyrr á haustin, þ.e. 1. okt. ár hvert. En meginrökin fyrir þeirri breytingu eru þau að gefa þinginu aðeins rýmri tíma til þess að afgreiða frv. til fjárlaga. Einnig mætti hugsa sér að upp yrði tekin sú regla að annaskipta starfstíma Alþingis, t.d. í haust-, vetrar- og vorannir, og yrði þá betur hægt að skipuleggja störfin og setja strangari tímamörk varðandi framlagningu mála sem áætlað er að ljúka á hverri önn. En aðalatriði er hins vegar að þegar Alþingi hefur lokið venjubundnum störfum að vori sé því frestað fram að upphafi næsta þings. Með þessu móti vinnst að Alþingi er þá alltaf starfshæft, ef svo má segja, og getur komið saman með mjög skömmum fyrirvara ef á þarf að halda og þingmenn verið undir það búnir. Mætti t.d. hugsa sér að ætli þingmaður að taka sér sumarfrí, fara í burtu um lengri eða skemmri tíma, tilkynni hann það skrifstofu Alþingis og verði þá varamaður hans tilbúinn til þingstarfa ef á þarf að halda.

Því er ekki að leyna að sumir okkar þingflokksformanna hefðu gjarnan viljað gera róttækari breytingar á því ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjallar um útgáfu bráðabirgðalaga. Ég hefði t.d. viljað sjá heimild til útgáfu bráðabirgðalaga fellda niður. Ekki væri heimilt að setja bráðabirgðalög nema í algerum undantekningartilvikum, t.d. ef um náttúruhamfarir væri að ræða. Þó væri það háð því skilyrði að forsetar Alþingis teldu óframkvæmanlegt að kalla þing saman. Um þetta náðist því miður ekki samstaða. En líta má á þessa breytingu á setutíma Alþingis sem nokkurs konar málamiðlun þannig að framvegis verði ekkert því til fyrirstöðu að ríkisstjórnir geti kallað Alþingi saman með mjög skömmum fyrirvara til þess að fjalla um brýna og aðkallandi löggjöf, ef ríkisstjórnir á annað borð vilja hafa þann háttinn á. Það verður því áfram það ástand sem verið hefur að heimilt verður að gefa út bráðabirgðalög á þeim tíma þegar Alþingi hefur verið frestað, með samþykki þess sjálfs, svo siðlaust sem það nú er.

Í frv. eru samt sem áður gerðar nokkrar breytingar á meðferð bráðabirgðalaga á Alþingi. Gert er ráð fyrir því að reynt sé að afgreiða bráðabirgðalög eins fljótt og verða má eftir að Alþingi er komið saman. Fyrir því eru auðvitað þau rök að annars vegar sé reynt að létta af því óvissuástandi sem hlýtur að vera þegar Alþingi tekur við afgreiðslu bráðabirgðalaga og úr því fáist skorið sem fyrst hvort meiri hluti er fyrir þeim eða ekki. Í öðru lagi er því ekki að leyna að eftir því sem lengra líður frá setningu bráðabirgðalaga þeim mun efiðara er að gera á þeim breytingar eða fella þau. Um það höfum við mörg dæmi, sum nýleg. Við höfum hugsað okkur að Alþingi afgreiddi bráðabirgðalög á einum mánuði. Nd. hefur hins vegar lengt þann frest upp í sex vikur og ég get út af fyrir mig sætt mig við það.

Þá eru í frv. nokkrar breytingar á þingrofsákvæðum

stjórnarskrárinnar. Veigamesta atriðið er að þingrof mun framvegis taka gildi á kjördegi. Þegar þingrof er tilkynnt mun Alþingi væntanlega ljúka störfum í framhaldi af því. Þá hefur Alþingi svigrúm til þess að afgreiða þau frv. sem samstaða er um og nauðsynlegt er talið að afgreiða áður en þingstörfum lýkur. Þetta getur þó tæpast orðið langur tími því að kosningar skulu fara fram innan sex vikna frá því að þingrof er tilkynnt og auðvitað þurfa þingmenn og stjórnmálaflokkar sinn tíma þegar kosningar eru boðaðar fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið. Það má þó skjóta því hér inn að þegar þingstörfum lýkur við lok eðlilegs kjörtímabils ætti undirbúningstími stjórnmálaflokka og alþingismanna ekki að þurfa að vera langur. Vel gæti ég hugsað mér að þing starfaði þar til vika væri til kjördags. Þeir sem eru á framboðslistum, aðrir en þingmenn, og vinna kosningavinnu verða að stunda sína vinnu til kjördags þrátt fyrir framboð og kosningavinnu. Nægir að nefna kennara, verkafólk og sjómenn og aðra þá sem stunda alla algenga vinnu í þessu þjóðfélagi. Þeir fá ekki frí þó svo þeir bjóði sig fram til setu á Alþingi.

Ýmsar minni háttar breytingar eru í frv. sem ég sé ekki ástæðu til að fjalla um sérstaklega. Ég vil þó aðeins geta þess að í meðförum Nd. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. sem ég tel allar til bóta.

Í fyrsta lagi voru í Nd. sett inn ákvæði um það að Alþingi skyldi koma saman tíu vikum eftir reglulegar alþingiskosningar. Fyrir var í frv. það ákvæði að Alþingi kæmi saman innan tíu vikna frá því að kosningar hefðu farið fram ef til þeirra var stofnað með þingrofi. Það eru að vísu ekki allir í mínum þingflokki sérstaklega ánægðir með þetta ákvæði. En rökin fyrir þessu fyrirkomulagi eru fyrst og fremst þau að úr því fáist skorið sem allra fyrst hvort ríkisstjórn, sem mynduð hefur verið í kjölfar kosninga, nýtur stuðnings meiri hluta þingsins eða ekki. Það getur með öðrum orðum ekki dregist á sjötta mánuð eins og verið hefur eftir tvennar síðustu kosningar.

Einnig var í Nd. gerð sú breyting á frv. að sett voru inn skýr ákvæði um það hvernig Alþingi verði kallað saman þegar því hefur verið frestað. Þetta á fyrst og fremst við að sumrinu til. Ef Alþingi verður frestað við eðlileg starfslok að vori til hausts eða út þingið getur forseti Íslands að tillögu forsrh. engu að síður kallað þingið saman og svo jafnframt, sem ég fagna sérstaklega, að meiri hluti þingmanna getur með áskorun á forseta krafist þess að Alþingi komi saman. Þetta er sjálfsagður lýðræðislegur réttur.

Þá voru í meðferð Nd. sett inn ákvæði um að kosningar skuli aldrei dragast fram yfir lok kjörtímabils. Það er til bóta og jafnframt er með þessu höggvið á þá deilu sem staðið hefur um ákvörðun kjördags og deildarmönnum er væntanlega í fersku minni. Það er mjög mikilvægt í þessu sambandi að samkvæmt þessu nýja ákvæði í frv., 14. gr., ætti kjördagurinn ekki að færast sífellt fram á árið eins og hætta er á ef menn túlka núgildandi ákvæði eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert nýlega. Ég er ekki hér með að dæma hvort sú túlkun er rétt eða ekki. Verði þetta frv. að lögum verður kjördagur ávallt í sömu vikunni og hann var fjórum árum fyrr. Það er mikilvægt að fá þetta þrætumál afgreitt nú.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um frv. þetta. Vissulega væri hægt að segja margt fleira en ég hygg að það sé ástæðulaust eftir ítarlega og góða umræðu í hv. Nd. og þær breytingar sem þar voru gerðar að lengja þessa umræðu frekar. Ég legg svo til að frv. þessu verði vísað til allshn. eins og gert var í Nd.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Það er ekki hversdagslegur viðburður að hafa til meðferðar frv. um breytingar á stjórnarskránni. Allra síst þegar um er að ræða grundvallarbreytingu sem felst í þessu frv. sem nú er á dagskrá. Það verður því ekki undan því vikist að fjalla nokkuð um hið svokallaða stjórnarskrármál í víðara samhengi.

Allt frá stofnun lýðveldisins 1944 má segja að stjórnarskrármálið hafi verið á dagskrá. Þegar árið 1944 var sett á laggirnar stjórnarskrárnefnd. Það var fyrsta stjórnarskrárnefndin. Síðan hefur hver tekið við af annarri og nú situr fimmta stjórnarskrárnefndin. Engin stjórnarskrárnefndanna hefur lokið störfum. Því hefur ein tekið við af annarri. Þessi þráhyggja samfara árangursleysi á sínar skýringar.

Þegar við skildum við Dani þótti ekki annað sæmandi en að losa sig við það sem danskt var. Ekki þótti hægt að una því að búa við stjórnarskrá sem að stofni til var frá 1874 og gefin af dönskum konungi. Það var ekki spurt að því hvað gott væri, enda ekki sama hvaðan gott kæmi. Frá Dönum átti það ekki að vera. Það var samt mikið gæfuspor að þeir sem réðu ferðinni við sambandsslitin við Danmörku létu þetta ekki trufla sig. Hætt er við að lýðveldisstofnun hefði frestast um ófyrirsjáanlegan tíma ef menn hefðu verið haldnir þeim fordómum að slíkt mætti ekki ske nema jafnframt fengi þjóðin að stofni til ný stjórnskipunarlög, nýja stjórnarskrá.

Í umræðunni um stjórnarskrármálið hefur margur mælt af misskilningi um uppruna stjórnarskrár okkar. Hafa menn þá litið á íslensku stjórnarskrána sem afsprengi danskrar stjórnskipunar og stjórnvisku. En þá hefur mönnum yfirsést að bæði íslenska og danska stjórnarskráin, svo sem stjórnarskrár annarra lýðræðisríkja, eiga með einum eða öðrum hætti rætur sínar að rekja til stjórnarhátta sem viðgengust þegar fyrir tveim öldum í móðurlandi þingræðisins, Bretlandi.

Stjórnarskrár fela í sér almannareglur sem kveða á um skipulag og hlutverk ríkisins. Slíkar grundvallarreglur eru yfirleitt stuttorðar. Slíkt kemur ekki að baga, heldur er þvert á móti kostur. Í hverju landi fyrir sig getur framkvæmd á grundvallarreglum stjórnskipunarlaga verið með mismunandi hætti. Hin stuttorðu stjórnarskrárákvæði gefa svigrúm fyrir mismunandi framkvæmd og stjórnskipunarvenjur eftir því sem aðstæður og viðhorf í hverju landi krefjast. Það hefur stundum verið sagt um stjórnarskrár, að þær séu ekki búnar til, heldur þróist þær og dafni. Allt er þetta skiljanlegt þegar þess er gætt að ekki er óhjákvæmilegt að um skriflega stjórnarskrá sé að ræða.

Í Bretlandi sjálfu, þaðan sem fyrirmynd stjórnskipunarlaga er sótt, er ekki skrifleg stjórnarskrá. Þar er ekki gerður greinarmunur á stjórnskipunarlögum og almennum lögum eins og er hjá okkur. Þar eru ekki stjórnarskrárvarin réttarákvæði. Þar er grundvallarreglan að þingið er allsráðandi. Í þröngri merkingu er þess vegna ekki um að ræða nein stjórnskipunarlög í Bretlandi, heldur aðeins allsherjarvald þingsins. Í stað skriflegrar stjórnarskrár er að finna í Bretlandi reglur um stjórnskipunina í almennum lögum, dómvenju, þingsköpum og stjórnskipulegum venjum.

Þegar haft er í huga eðli og uppruni stjórnarskrár okkar má það verða nokkur skýring á þróun stjórnarskrármálsins allt frá lýðveldisstofnun fram til þessa dags. Með lýðveldisstofnuninni varð stjórnskipulega ekki önnur breyting en sú að þjóðhöfðingi var forseti í stað konungs áður. Við Íslendingar höfðum áður öll okkar mál í eigin höndum. Í þessu efni varð ekki breyting við lýðveldisstofnunina nema að slitið var persónusambandinu við Dani frá því 1918. Þjóðlíf, menning eða atvinnuhættir tóku vegna sambandsslitanna engum breytingum sem kröfðust aðlögunar stjórnskipunarlaga. Lýðveldisstofnuninni fylgdi enginn grundvöllur fyrir stökkbreytingum í almennri stjórnskipan landsins, heldur áframhaldandi þróun í venjum og framkvæmd okkar stjórnskipunarlaga.

Að þessu leyti voru fyrirheitin um lýðveldisstjórnarskrá á misskilningi byggð. Það var misskilningur, að okkur ræki nauður til að setja okkur stjórnarskrá af nýjum stofni, sem í grundvallaratriðum væri frábrugðin þeirri sem við áður höfðum búið við. Þetta hefur legið á borði þó það hafi ekki verið viðurkennt í orði.

Þetta er skýringin á því að ekki hafa ræst hin háfleygu loforð og fögru fyrirheit um nýja stjórnarskrá þjóðinni til handa, svokallaða lýðveldisstjórnarskrá. Það er ekki að kenna amlóðahætti stjórnarskrárnefnda, sem starfað hafa frá lýðveldisstofnun, að árangur hefur ekki skilað sér í nýrri stjórnarskrá. Það er heldur vegna þess að þegar í harðbakkann hefur slegið hafa menn staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að stjórnarskráin sem við höfum hefur þjónað okkur vel svo að afgerandi breytingar hafa ekki verið sjálfsagðar. Samt sem áður hafa margs konar hugsanlegar breytingar verið gaumgæfilega athugaðar af þeim mjög svo hæfu mönnum sem að jafnaði hafa skipað stjórnarskrárnefndirnar fyrr og síðar og athyglisverðar hugmyndir settar fram. En ekkert af þessu hefur náð fram að ganga eða verið nægileg samstaða um á þeim grundvelli að breyting væri til bóta.

Í raun og veru hafa engar breytingar verið gerðar á stjórnarskránni frá lýðveldisstofnuninni nema kjördæmabreytingin 1959, lækkun kosningaaldurs 1968 og fjölgun þingmanna 1984 úr 60 í 63 og samtímis lækkun kosningaaldurs úr 20 árum í 18 ár. Slíkar breytingar, sem í rauninni varða framkvæmd en ekki breytingar á grundvallarreglum stjórnskipunarinnar, hljóta að eiga sér stað um einstök atriði eftir því sem með þarf. En þetta á ekkert skylt við breytingar á grundvelli stjórnskipunarinnar sem væri svo gagnger að við gætum talað um nýja stjórnarskrá í þeirri merkingu að til kæmi stjórnarskrá af nýjum stofni.

Hér er hins vegar um að ræða grundvallarbreytingu á stjórnskipun landsins þar sem er frumvarp það sem við nú ræðum. Þetta leiðir af því að lögð er til grundvallarbreyting á skipan Alþingis sem er meginásinn í íslenskri stjórnskipan. Þetta felst í þeirri tillögu að leggja niður deildaskiptingu Alþingis og hafa það í einni málstofu.

Hugmyndin um að leggja niður deildaskiptingu Alþingis hefur stundum skotið upp kollinum en ekki orðið neitt úr. Færðar hafa verið fram þær helstu ástæður að deildaskipting Alþingis séu leifar þess skipulags sem Danir komu á til að tryggja yfirráð sín yfir landinu og ein málstofa tryggi skilvirkari störf Alþingis en deildaskiptingin geri. Vert er að líta á það sem hér er fram borið.

Það er söguleg staðreynd að Danir höfðu á sinni tíð ráð Íslendinga í hendi sér með stöðvunarvaldi á Alþingi. Hinir konungkjörnu þingmenn gegndu því hlutverki. En yfirráð Dana voru óháð því hvort Alþingi væri í einni málstofu eða í tveim deildum. Það er því rangt að tengja sérstaklega arfsögnina um hina konungkjörnu þingmenn við deildaskiptingu Alþingis. Danir vildu halda sínum yfirráðum, hvort sem Alþingi starfaði í einni málstofu eða í tveim deildum. Deildaskipting Alþingis er ekkert sérstakt hugarfóstur Dana, nema síður sé, svo sem sagan ber vott um.

Þegar Alþingi var endurreist 1843 var ákveðið að það skyldi starfa í einni málstofu. Það var ákveðið af Dönum. Enn sýndu Danir vilja sinn í þessum efnum með stjórnskipunarfrumvarpi sínu sem lagt var fram á Alþingi 1867, þar sem gert var ráð fyrir einni málstofu. Það voru Danir sem réðu því að Alþingi starfaði í einni málstofu á þessum tíma og lögðu áherslu á að svo yrði framvegis.

En Íslendingar voru andvígir Dönum í þessum efnum sem fleirum. Þeir vildu deildaskipt Alþingi. Þessi stefna ríkti á Alþingi og kom fram í stjórnskipunarfrumvörpum sem ítrekað voru samþykkt á þingunum 1867, 1869, 1871 og 1873, en Danir gerðu ekkert með. Og svo vill til að frumvarpið frá 1873 gerði einmitt ráð fyrir þeirri skipan sem er í dag, deildaskiptingu Alþingis með öllum þingmönnum þjóðkjörnum, öllum kosnum samtímis og á sama veg, sem skiptu sér sjálfir milli deilda.

Þannig var það að þessu leyti í samræmi við sjónarmið Íslendinga að tekin var upp deildaskipting Alþingis þó að til þess þyrfti að koma til samþykki Dana með stjórnarskránni 1874. Dönum var fastast í hendi að tryggja yfirráð sín og þeir vissu að það gátu þeir hvort sem Alþingi var í einni málstofu eða ekki þó að þeir reyndust tregir til að taka upp deildaskiptinguna.

Þegar á allt er litið er það þannig harla haldlítil ástæða fyrir afnámi deildaskiptingar að með því sé verið að afmá danskar leifar í stjórnskipun landsins. Í raun mætti segja að hlutunum væri snúið við og það sæmir ekki að beita slíkum sögufölsunum. Það er veikur málstaður sem þarf á slíku að halda.

Í hv. Nd. hefur flokksbróðir minn, hv. 1. flm. þessa frv., gert þetta frv. að lokaskrefi þjóðarinnar í þjóð-

frelsisbaráttunni gegn Dönum. (**StG:** Formaður þingflokksins.) Það er rétt til getið, hv. 3. þm. Norðurl. v., enda var um enga launung að ræða í mínum orðum. Hann lýsti því þar hátíðlega yfir að með afnámi deildaskiptingarinnar værum við að afmá, eins og hann orðaði það, „síðustu leifar danskrar nýlendustjórnar á Íslandi". Ekki dugði nú minna. Hann talaði eins og arftaki Jóns Sigurðssonar og hafði á takteinum ummæli, slitin úr samhengi, úr hinum margslungnu umræðum á Alþingi um stjórnskipunarmálin á síðustu öld. Það breytir í engu þeim staðreyndum sem ég hef hér greint frá um tilkomu deildaskiptingarinnar.

En mikil er sú sök og mikil er sú ávirðing hinna ágætu manna sem setið hafa í stjórnarskrárnefnd allt lýðveldistímabilið að hafa ekki lagt til afnám deildaskiptingarinnar og brugðist þannig í þjóðfrelsisbaráttu hv. 1. flm. þessa frv.

En þá er fullyrðingin um að ein málstofa geri Alþingi skilvirkara en deildaskiptingin. Er þá einkum átt við að störfin verði fljótvirkari þegar sloppið verði frá óþarfa umstangi sem fylgir deildaskiptingunni með því að fækka umræðum og fækka þingnefndum.

Það sem alla jafnan ræður mestu um hraða á afgreiðslu mála á Alþingi er sá tími sem fer í umræður um hvert mál. En málfrelsi þingmanna verður að halda í heiðri. Þingsköp kveða samt á um takmörk fyrir tímalengd umræðna. Eftir því sem þing er fjölmennara þurfa þessi takmörk að vera þrengri. Í þessu sambandi er því fámenni Alþingis kostur sem ber að nýta sem best með því að takmarka umræður sem minnst.

Umræður eru óhjákvæmilegar og þingmenn þurfa að tjá sig, hvort sem Alþingi er í einni málstofu eða deildaskipt. Skilvirkni í þessu efni er fólgin í því að sem flestir þingmenn geti tjáð sig á þeim tíma sem til umráða er. Ganga verður út frá því að þingmenn finni jafna þörf fyrir að taka þátt í umræðum, hvor skipunin sem höfð er á. En sá er munurinn að deildaskipanin gerir mögulegt að samtímis geta tveir þingmenn verið í ræðustól, hvor í sinni deild, en í einni málstofu talar ekki nema einn í einu. Má þá fara nærri um, þegar á heildina er litið, hvor skipanin svarar með fljótvirkari hætti þörf þingmanna fyrir að tjá sig í umræðum. Svo einfalt er það mál. Allt tal um flýti þingstarfa með afnámi deildaskiptingar Alþingis virðist því frá þessu sjónarmiði vera hrein rökleysa. Af þessu leiðir að einni málstofu fylgja óhjákvæmilega meiri takmarkanir á málfrelsi þingmanna en nauðsyn krefur í deildaskiptu þingi.

Þá er færð fram sú ástæða fyrir afnámi deildaskiptingar Alþingis að það geri störf þingnefnda skilvirkari með því að nefndum verði fækkað og nefndarmönnum fjölgað. Þessu er ætlað að flýta fyrir nefndarstörfum. En ekki er það sjálfgefið að stórar nefndir séu fljótvirkari en litlar nefndir, nema síður sé. Annars fækkar nefndum að sjálfsögðu ef Alþingi yrði breytt í eina málstofu og það mundi leiða í sjálfu sér til þess að hver þingmaður starfi í færri nefndum og því kann að geta fylgt aukin skilvirkni í nefndastörfum. En á hitt ber að líta að engin nauður rekur til að taka upp eina málstofu til að koma slíkum endurbótum á, því að nefndaskipun Alþingis má breyta á ýmsan hátt til aukinnar skilvirkni án þess að koma þurfi til að deildaskipting verði afnumin. Það þarf enga kollsteypu á skipan Alþingis til að bæta vinnubrögð þess.

Gæta verður þess að í skilvirkni felst ekki einungis flýtir, heldur öllu fremur gæði þess sem unnið er. Öllum ætti að bera saman um að deildaskipting Alþingis stuðli betur að vandaðri lagasetningu en hætta er á að gerist í einni málstofu, því að betur sjá augu en auga. Hins vegar segja nú þeir sem leggja til afnám deildaskiptingarinnar að vandvirknin sé á kostnað hraðvirkninnar og því of dýru verði keypt. En allur er þessi málatilbúnaður léttvægur fundinn þegar haft er í huga að deildaskipun fylgir ekki einungis meiri vandvirkni heldur og meiri hraðvirkni þegar á heildarstörf þingsins er litið.

Þegar fokið er í flest skjól fyrir formælendum einnar málstofu er gjarnan gripið til þess ráðs að benda á að þessa skipun hafi einmitt Danir og Svíar tekið upp fyrir 20–30 árum. Þetta er rétt, þó að misjafnar sögur fari af ágæti þessara tiltekta. Hins vegar er þess að gæta að hér er um einstæðar undantekningar að ræða. Með öllum öðrum þjóðum sem eru sambærilegar okkur Íslendingum að stjórnskipun, þjóðháttum og menningu er að finna tvískiptar löggjafarsamkomur í formi deildaskiptingar með einum eða öðrum hætti. Þessi skipun hvílir á mismunandi sögulegum hefðum í hverju landi fyrir sig, en alls staðar er þessu haldið við af ástæðum sem í grundvallaratriðum eru þær sömu og liggja að baki deildaskiptingu Alþingis. Það er miðað við að þjóðþingin megi sem best ná tilgangi sínum sem löggjafi og vettvangur þjóðmálaumræðu.

Frá þessu er ekki hvikað með því að hverfa frá deildaskiptingunni. Meira að segja Bretar halda við sína lávarðadeild, svo fáránleg sem skipan hennar má teljast. En ástæðan er engin fordild heldur sú að ekki megi hverfa frá tvískiptingu þingsins hvað sem tautar. Meðan ekki er fundið nýtt form fyrir efri deild þingsins halda þeir þess vegna við sína fornu lávarðadeild. Rökin fyrir þessu eru þau að tvískipt þing stuðli að vandaðri lagagerð og skapi skilyrði að víðtækari þjóðmálaumræðu en ein málstofa.

Þá færa flm. þessa frv. fram þá ástæðu að núverandi deildaskipting Alþingis hafi oft leitt til þess að ríkisstjórnir, sem notið hafi stuðnings meiri hluta þingmanna, hafi átt erfitt með að koma málum sínum í gegnum þingið vegna þess að þær hafi ekki haft tilskilinn meiri hluta í báðum deildum. Því er þá haldið fram að færa megi að því rök að deildaskiptingin sé í andstöðu við þá viðurkenndu grundvallarreglu í lýðræðislegum stjórnkerfum að meiri hlutinn ráði úrslitum mála.

Þegar slíkt ástand skapast getur það að vísu leitt til erfiðleika. Þó þarf ekki svo ætíð að vera. En auk þess ber að hafa í huga að andhverfa slíkra ókosta, sem í undantekningartilfellum geta fylgt deildaskiptingu Alþingis, getur eins vel verið kostur sem felst í vernd sem veitt er minni hlutanum og trygging fyrir því að naumur meiri hluti knýi ekki fram meiri háttar deilumál.

En hvað sem þessu líður er ekkert því til fyrirstöðu að settar verði nýjar reglur um meðferð ágreinings milli deilda svo að ströngustu kröfum um lýðræði verði fullnægt.

Ég hef hér vikið að þeim ástæðum sem fram eru færðar fyrir afnámi deildaskiptingarinnar. Að vísu veigra ég mér við að fara að ræða í alvöru þrjár aðrar svokallaðar ástæður sem nefndar eru í greinargerð frv. Þar segir að í einni málstofu muni tími ráðherra nýtast betur en áður þar sem þeir þurfi þá ekki lengur að taka þátt í umræðum um sín mál í tveimur deildum. Ráðherrar kunna að geta nýtt tíma sinn og vinnuþrek betur en þeir gera nú. En dæmalaus er sú hugmynd að slíkt þurfi sérstaklega að koma niður á löggjafarþinginu.

Þá segir að öll málsmeðferð á Alþingi virðist óþarflega flókin í augum almennings. Ein málstofa muni því stuðla að bættum skilningi landsmanna á störfum þingsins. Ekki þarf beint að kvarta yfir skilningi almennings á störfum þingsins í þá rúma öld sem búið hefur verið við deildaskiptinguna. Menn hafa verið mismunandi ánægðir með málsmeðferðina á hverjum tíma. Um það hefur fremur farið eftir stjórnun þingsins en óánægju með skipulag þess. Ekkert skipulag er svo gott að það geti komið í veg fyrir óánægju almennings ef ekki er vel stjórnað. Og tólfunum kastar að ætla að kasta fyrir róða góðu skipulagi og taka upp lakari kost til þess að málsmeðferð á Alþingi gangi betur í augu almennings. Það er hægt að taka upp bætt vinnubrögð á Alþingi án þess að umturna skipun Alþingis.

Og kemur þá rúsínan í pylsuendanum. Kostnaður við þinghaldið mun minnka, segja formælendur þessa frv. Þessi fullyrðing flutningsmanna frv. er algjörlega órökstudd og út í hött og er það nú ekki að undra.

Ég hef nú leitast við að rekja þær ástæður sem færðar hafa verið fram fyrir afnámi deildaskiptingar Alþingis. Sýnast þær lítt haldbærar. Það væri mikið bráðræði að hverfa nú frá deildaskiptingu Alþingis og reyndar stjórnskipulegt slys. Þar með er ekki sagt að engu megi breyta um skipan og starfshætti Alþingis. Í því efni kemur m.a. til álita sjálft skipulag og uppbygging deildaskiptingarinnar og meðferð ágreinings milli deildanna. Varast verður samt umfram allt að láta nýjungagirni glepja sér sýn. Varðar þá mestu aðgætni og íhaldssemi við það sem hefur sannað gildi sitt, ekki einungis hjá okkur Íslendingum, heldur og meðal annarra þjóða sem hafa mesta reynsluna af þingræðinu.

Flas er ekki til fagnaðar og allra síst í því sem varðar grundvallaratriði í stjórnskipun landsins. Það sætir raunar furðu þetta upphlaup nú á móti deildaskiptingunni, þar sem veður uppi brengluð söguskoðun á áhrifum Dana á skipun Alþingis og misskilin skilvirkni í störfum þess. Þetta sver sig fremur í ætt við fálm en forsjá. Slíkur hringlandi með æðstu stjórn ríkisins er til þess fallinn að auka á óvissu og lausung í stað þess að efla festu og stöðugleika í stjórnarháttum. Rekur nú nauður til slíks?

Ég talaði um upphlaup nú á móti deildaskiptingunni. Gæti ég trúað að hv. deildarmenn vildu fá nánari skil á við hvað væri átt. Og hv. þm. eiga rétt á því að vita hvað ég er að fara. Þegar ég tek svo til orða á ég við formhlið þessa máls eða málsmeðferðina. Er þar til að taka ýmis atriði.

Í fyrsta lagi kemur þar til stjórnarskrárnefndin, sem situr að störfum og hefur með lögformlegum hætti verið falið það verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Þetta frv. sem við nú ræðum er ekki komið frá stjórnarskrárnefnd, hvorki verk nefndarinnar eða á ábyrgð hennar.

Í öðru lagi er frv. samið af nefnd sem er skipuð formönnum þingflokka að beiðni forseta Alþingis. Hvorki forsetar Alþingis né formenn þingflokka hafa umboð Alþingis eins og stjórnarskrárnefnd til að endurskoða stjórnarskrána. Þeir eru umboðslausir þó að þeir, eins og aðrir þingmenn, geti borið fram á Alþingi þau mál sem þá lystir.

Í þriðja lagi er málsmeðferð þessa frv. með öðrum hætti en venja er um alvörufrumvörp um stjórnarskrárbreytingar. Það er regla við meðferð slíkra frumvarpa á þingi að vísa þeim ekki til fastanefnda þingsins heldur til sérnefnda, stjórnarskrárnefnda, sem kosið er til með sérstöku tilliti til mikilvægis máls. Slík vinnubrögð voru ekki viðhöfð nú í hv. Nd. Þessu frv. var þar vísað til allshn.

Í fjórða lagi er málið tekið úr hendi hinnar lögformlegu stjórnarskrárnefndar þar sem það á heima, ef eðlilegum vinnubrögðum væri beitt.

Í fimmta lagi er málið fram borið undir lok þings og sett í hraða meðferð til að ljúka því fyrir þinglausnir. Slík málsmeðferð er óvenjuleg um mál er varða breytingar á stjórnarskránni og algjörlega dæmalaus og forkastanleg þegar um er að ræða breytingar á grundvallarstjórnskipun landsins.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessi vinnubrögð. Þau lýsa sér sjálf. Þau dæma sig sjálf. Það er þetta sem ég hef leyft mér að kalla upphlaup á móti deildaskiptingu Alþingis. Þessi vinnubrögð sæma ekki þó að þau kunni að hæfa þeim málstað sem þeim er ætlað að þjóna.

Þetta frv., sem við nú ræðum, er okkur sent frá hv. Nd. Þar hefur frv. illu heilli verið samþykkt. En enn er ekki öll nótt úti. Hv. Ed. á eftir að afgreiða málið. Þess er að vænta í lengstu lög að hvað sem öllu líði endist hv. Ed. ábyrgðartilfinning til að láta ógert að samþykkja þetta frv. um afnám deildaskiptingar. Þá stæði hv. Ed. vörð um sæmd og stöðu Alþingis.

Ég hef núna talað aðeins um þann efnisþátt þessa frv. sem varðar afnám deildaskiptingarinnar. Öll önnur efnisatriði frv. leiða af afnámi deildaskiptingar þingsins eða eru aukaatriði borið saman við deildaskiptinguna, hvað sem annars má um þau segja. Ég geymi mér að ræða þau atriði þar til síðar ef ástæða verður til.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið mælt fyrir frv. um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og það er hv. 4. þm. Suðurl., formaður þingflokks Alþb., sem mælir fyrir frv. hér þar sem hún er, eins og fram kom

í hennar framsöguræðu, einn af þeim formönnum þingflokka sem sömdu þetta frv.

Mér fannst eitt eftirtektarvert sem ég held ég fari rétt með að kom fram í hennar máli og það var að hún fullyrti að nú lægi það fyrir að hér á hv. Alþingi væri meiri hluti fyrir því að fara frá deildaskiptingunni og yfir í eina málstofu. Kannski hef ég þar misskilið hennar mál og ef svo er, þá væntanlega leiðréttir hún það. Mér sýndist það á hennar svip nú að hún gæfi mér það til kynna að ég færi þar ekki með rétt mál. En það kannski skiptir nú ekki miklu máli. (**Gripið fram í:** Það skiptir bara öllu máli.) Það skiptir öllu máli ef þetta hefur verið sagt, já, en það kannski skiptir ekki öllu máli hvort ég fer hér með rétt eða rangt á þessari stundu því að hv. 4. þm. Suðurl. mun þá leiðrétta það hér á eftir.

En það má segja að hér sé um að ræða tímamótafrumvarp og ég verð næstum því að segja að síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Vestf., hafi haldið hér tímamótaræðu um þetta mál. Kannski eru það fáir þingmenn hér á hv. Alþingi sem hafa meiri reynslu í störfum Alþingis heldur en einmitt hv. 4. þm. Vestf. sem hefur setið á forsetastóli hér bæði í deild og sameinuðu þingi. Þess vegna hlustaði ég af mikilli athygli á hans ræðu. Hann var harðorður og ákveðinn í sínum málflutningi. En það sama get ég ekki sagt hvað mig varðar. Ég ætla mér hvorki að vera harðorð né ákveðin í mínum málflutningi. Ég held að hvað mig snertir þá hafi fæst orð minnsta ábyrgð. Ég á sæti í allshn., sem fær þetta frv. til umfjöllunar, og ég ætla þess vegna ekki að fara að fjalla efnislega um einstök atriði frv., enda eins og hv. 4. þm. Vestf. benti á, þá eru hin einstöku atriði frv. öll tengd þessu grundvallaratriði, þ.e. deildaskiptingunni.

En ég get ekki annað en talað hérna svolítið út frá tilfinningum og þá er mér kannski efst í huga sú spurning hvort þessi breyting, að breyta störfum Alþingis í eina málstofu, sé í raun til bóta. Hvort það verði til að einfalda störf þingsins, til þess að gera þau skilvirkari og til þess að auðvelda þingmönnum að fjalla um störf sem snúa að löggjafarstarfinu og fara fram í deildum þingsins. Þetta finnst mér vera meginatriðið og til marks um það þá hafa verið og eru miklar efasemdir í mínum huga að þarna hafi menn rétt fyrir sér, kannski ekki síst það hvað við heyrum það oft frá þingmönnum sem hafa átt þess kost að taka þátt í störfum þingsins í báðum deildum. Það kemur oft fyrir, eins og við vitum, að varaþingmenn koma ýmist til starfa í efri deild eða neðri deild eftir því fyrir hverja þeir koma inn á þing hverju sinni. Eins er það líka svo að við höfum heyrt þetta af vörum hæstv. ráðherra sem hafa verið þingmenn í neðri deild en koma svo hér inn í þessa hv. deild, efri deild, sem ráðherrar og fylgjast með störfum þessarar litlu, góðu deildar, að þeir láta í ljósi hvað þeim þykir þetta miklu betri deild að sitja í eða starfa í vegna þess að hún er fámennari og þess vegna verður umræðan öll málefnalegri og með öðrum hætti heldur en gerist í neðri deild.

Þess vegna liggur við að ég sé fyrir fram hér í ræðustólnum með söknuði í huga ef þingmenn fá ekki lengur tækifæri til að starfa með þeim hætti sem ég held að mörg okkar, sem eigum sæti hér í þessari hv. deild, kunnum vel að meta, a.m.k. þeir þingmenn sem ekki sækjast eftir því að vera ætíð í fjölmiðlunum. En það vitum við auðvitað sem sitjum í þessari deild að fjölmiðlarnir virðast ekki hafa sama áhuga fyrir því sem fer fram hér í þessari litlu deild eins og því sem fer fram í sameinuðu þingi eða hv. neðri deild sem situr í þessum stóra sal og umræðan verður óneitanlega með allt öðrum hætti. Það má vel vera, og ég held að ég hafi nú einhvern tímann heyrt þá skýringu frá fjölmiðlamönnum, að það sé svo erfitt, t.d. fyrir sjónvarpið, að fylgjast með í þessari deild því það sé svo erfitt að taka héðan myndir. Það má vel vera að svo sé. En ég held að það sé fyrst og fremst vegna þess hve umræðan hér er öll miklu málefnalegri af því að við erum svo fá að það hefur bætandi áhrif á okkur, tengslin verða persónulegri og þar með öll umræðan og vinnan betri.

Þetta leyfi ég mér að segja nú án þess að ég sé fyrir fram að taka þá ákvörðun að ég ætli að fara að berjast á móti samþykkt þessa frv. Það má vel vera að það sé rétt, sem ég hélt að hefði verið sagt hér, að það sé samstaða eða meiri hluti fyrir þessari breytingu. Þá kemur það í ljós. Ég hef þá talað hér sem einn úr minni hlutanum. Ég held að það sé nauðsynlegt að láta þær raddir einnig heyrast.

En ég er þeirrar skoðunar að með því að starfa í tveimur deildum í löggjafarstarfinu, þá megi segja að það sjái betur augu en auga, og við höfum líka reynslu af því að oft verða breytingar á hinum ýmsu frumvörpum sem við erum að fjalla um og meðhöndla milli deilda því það sem önnur deildin sá ekki, það sá hin síðari deild, og þannig er stundum hægt að lagfæra og koma jafnvel í veg fyrir slys í gerð lagasetningar hér á hv. Alþingi.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri en ég stenst það ekki að láta mína rödd koma hér fram við 1. umr., að láta það koma fram að það eru miklar efasemdir í mínum huga um ágæti þessara breytinga án þess, eins og ég sagði áðan, að ég sé að lýsa því yfir að ég ætli að berjast á móti þessari breytingu. Ég sé ýmsa kosti en ég held að þeir vegi ekki þyngra. Ég held að ókostirnir séu kannski þyngri á metunum. Þannig er þetta í mínum huga nú og þess vegna stóðst ég nú ekki mátið, þó ég hafi ekki sest niður og fjallað hér um þetta mál í ljósi sögunnar, eins og hv. 4. þm. Vestf. gerði hér áðan, og mér fannst bara mjög gott að fá inn í þingtíðindin hans sjónarmið hér og allar þær upplýsingar sem hann setti fram.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi þessi orð mín ekki fleiri hér við þessa umræðu. Eins og ég sagði áðan á ég sæti í hv. allshn. og fæ því tækifæri til að vinna að umfjöllun þessa frv. í nefndinni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hér í máli hv. 4. þm. Suðurl., sem er framsögumaður hér í þessari virðulegu deild, þá er þetta mál undirbúið af

formönnum þingflokkanna, að beiðni forseta Alþingis, eins og það mun vera orðað.

Ég vil láta það koma fram út af athugasemd hv. 4. þm. Vestf. um það atriði að ég fyrir mitt leyti hef ekkert við það að athuga. Ég tel í rauninni að það séu mýmörg fordæmi fyrir því að stjórnarskránni hafi verið breytt með atbeina flokkanna og er þá nærtækast að nefna allar meiri háttar breytingar á kosningalögum sem gerðar hafa verið, hvort sem það er núna síðasta breytingin, breytingin 1959 eða breytingin 1942. Allar þær breytingar á stjórnarskránni voru undirbúnar af formönnum flokkanna án þess að Alþingi hefði gert um það sérstaka samþykkt. Þannig að í rauninni er ekkert að gerast hér annað en það sem er eðlilegt framhald á því sem gerst hefur, að formenn þingflokkanna taka málin í sínar hendur að því er varðar starfsemi þingsins og stjórnarskrárákvæði um þau. Ég tel þess vegna að formenn þingflokkanna séu ekkert umboðslausari heldur en formenn flokkanna hafa verið í þessu efni. Ég nefni þetta nú ekki vegna þess að ég telji að þetta sé veigamikil mótbára heldur bara til þess að halda því til haga hvernig að þessum málum hefur verið unnið.

Hitt mega menn svo að sjálfsögðu hugleiða hér í þessari virðulegu deild hvernig á því stendur að með mál hefur verið farið að því er varðar breytingar á stjórnarskrá okkar eins og gert hefur verið. Hér hafa verið starfandi stjórnarskrárnefndir um áratugi og það er satt að segja með ólíkindum hvernig hlutirnir hafa gengið þar fyrir sig, hreinlega með ólíkindum. Ég minnist þess að í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens komst hins vegar þetta mál mjög vel áleiðis og þá lá fyrir fullmótað frv. um breytingar á stjórnskipuninni sem fulltrúar allra flokka höfðu unnið að og komið að, en lenti síðan í pólitískum eða flokkspólitískum hráskinnaleik veturinn 1982–1983 þannig að þinginu auðnaðist því miður ekki að afgreiða það frv. Síðan hefur ekki mikið til stjórnarskrárinnar spurst fyrr en þingflokksformennirnir núna taka sig til og leggja hér fyrir þingið þetta frv., þetta mikilsverða frv. sem snýst um það að Alþingi verði framvegis ein málstofa. Og það er alveg hárrétt hjá hv. 4. þm. Vestf. og öðrum sem hér hafa talað að það er ekkert smámál. Það er nú ekki bara eins og að skipta um innréttingu í húsi og slá út vegg á milli stóru stofunnar og litlu stofunnar. Það er mikið meira mál en það vegna þess að það, hvort Alþingi er ein málstofa eða tvær, fjallar í raun og veru um sjálft hjartað í lýðræðinu sem er þingið. Þess vegna eiga menn að sjálfsögðu að ræða það mál ítarlega og vanda sig. Það tel ég að út af fyrir sig hafi verið gert. Menn hafa legið yfir þessu máli og alla vega var það þannig í mínum þingflokki að þetta var rætt mjög ítarlega og hver einasta breyting sem hér er gerð tillaga um af hálfu þingflokksformannanna, og þar á meðal af hálfu okkar þingflokksformanns, var rædd í okkar þingflokki.

Það sem mér finnst að eigi að spyrja um í fyrsta lagi í þessu efni er þetta: Er lýðræðinu betur eða verr borgið í einni málstofu eða tveimur? Þá verð ég að svara því þannig fyrir mig að ég tel út af fyrir sig að tveggja málstofa þing sé ekkert betri trygging í sjálfu sér fyrir lýðræðið heldur en einnar málstofu þing. Við höfum auðvitað öll sem erum hér inni séð hraðafgreiðslur á þingmálum hér á milli deildanna tveggja og við vitum að meðferð málanna í seinni deildinni hefur iðulega verið afar losaraleg, að ég segi ekki stundum heldur marklítil. Menn hafa í rauninni verið að uppfylla form, því miður, frekar en að menn hafi haft í huga þá efnislegu og pólitísku skyldu sem hvílir á hverjum einasta alþingismanni. Ég held þess vegna að í tveggja málstofa kerfinu sé ekkert betri trygging út af fyrir sig fyrir lýðræðinu heldur en í einnar málstofu kerfinu, en ég viðurkenni að í einnar málstofu kerfinu er nauðsynlegt að setja ákvæði um meðferð mála sem skapa eins góðar tryggingar fyrir lýðræðið og mögulegt er, eins góðar tryggingar fyrir þingræðið og mögulegt er, m.a. gagnvart ríkisstjórninni á hverjum tíma, hver svo sem hún er.

Hluti af þessari spurningu um lýðræðið og þingræðið er þá líka það að spyrja um ríkisstjórnina annars vegar og stöðu hennar í þinginu og stjórnarandstöðuna hins vegar. Ég tel að það megi ekkert það gera sem við meðferð mála í þinginu yrði ákveðið þannig í nýjum þingsköpum að það skerði frá því sem nú er almenna möguleika þingmanna, og þá sérstaklega stjórnarandstöðunnar, til þess að hafa áhrif á mál, til þess að tala, til þess að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum. Ég verð var við það að þeir, sem vilja nálgast þessa hluti á svokallaða nútímavísu, vilja auðvitað gjarnan helst hafa þetta þannig að þetta gangi allt saman eftir stífum reglustikum út og suður og þetta sé skipulagt rétt eins og það hefði verið gert af tæknifræðingum í smáatriðum, tæknifræðingum sem væru að koma eiginlega að alveg ónumdu landi og segðu sem svo: Það hlýtur að vera hægt að afgreiða öll mál þannig að þingmenn tali svona að meðaltali ellefu mínútur um mál og þá er hægt að ljúka þinginu á sex mánuðum eða eitthvað því um líkt. Og menn deila sem sagt í heildarræðutímann í þinginu með þeim fjölda mála sem afgreiddur hefur verið og segja: Það eru að meðaltali ellefu mínútur sem fara í hverja umræðu og þannig yrði það. Ég verð var við svona hugsunarhátt, aðallega er það þó utan þingsins og sem betur fer örlar lítið á honum innan þingsins.

Ég held að það verði að vera alveg skýrt, og verður að vera það af minni hálfu sem styð þetta mál, að ég segi að það er algjör forsenda að mínu mati að það verði gengið þannig frá þingsköpum að réttur lýðræðisins, stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma og þingmannanna í heild, sé tryggður ekki lakar en gert er í núverandi tveggja deilda kerfi. Það er algjört grundvallaratriði í mínum huga.

Hinn þáttur þessarar spurningar er svo um möguleika stjórnar á hverjum tíma til þess að halda þannig á málum að það þrengi að þingræðinu, að stjórn geti með pressu á þingið skapað þannig aðstæður að það sé í raun og veru útilokað fyrir þingið, svo að segja, að verja sig fyrir kröfum sem upp kunna að koma á hverjum tíma hjá framkvæmdarvaldinu til þess að húrra málum í gegn. Og það er auðvitað mjög nauðsynlegt

að það gerist ekkert við meðferð þessara mála, og þar með þingskapaákvarðenda sjálfra, sem verður til þess að stjórnin, hver svo sem hún er, hafi mikið rýmri rétt í þessum efnum eða möguleika heldur en hún hefur núna.

Þetta tel ég, virðulegi forseti, að séu forsendur sem ég tel að mér sé skylt sem þingmanni að nefna vegna þess að hér er verið að tala um, eins og ég sagði hér áðan, hjartað í lýðræðinu, þingræðið og hvernig það virkar og það getur í raun og veru enginn þingmaður látið sér það í léttu rúmi liggja hvernig á þessum málum er tekið. Hér er um þvílíkt úrslitaatriði að ræða. Auðvitað þekkjum við dæmi þess hér úr þingsögunni frá síðustu áratugum eða öld að aftur og aftur hefur það gerst að það hefur verið gengið yfir þingið með býsna hrottalegum hætti þar sem málfrelsi þingmanna hefur verið skorið niður, þar sem ræðutími hefur verið styttur, þar sem mönnum hefur verið bannað að taka til máls vegna þess að framkvæmdarvaldið vildi við sérkennilegar og óeðlilegar aðstæður beita öllu sínu afli, þrátt fyrir það að einstakir þingmenn vildu tala í málum. Ljótasta dæmið um þetta er auðvitað innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949. Ljótasta dæmið. Þar sem allar þinghefðir voru í raun og veru að engu hafðar en stuðst við tæpa lagakróka til þess að bjarga málum í gegn af því að páv. ríkisstjórn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. taldi sér nauðsynlegt að róta málinu í gegnum þingið með þeim hætti sem menn þekkja sem hafa eitthvað lesið sér til eða þá þeir sem hafa beinlínis upplifað þá viðburði.

Ég vil þess vegna segja að það er mín skoðun að drögin að frv. til þingskapalaga séu gífurlega mikilvægt atriði í þessu sambandi, eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Suðurl. hér áðan þar sem hún lagði á það áherslu að drögin að þingskapafrv. hefðu verið forsenda málsins af hennar hálfu til þess að hægt væri að standa að því og það á einnig við um mig og ég hygg flesta aðra okkar þingmenn.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að menn lesi mjög gaumgæfilega þau ákvæði sem þarna eru í drögum að þingskapalagafrv. og ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að nefna nokkur atriði sem ég tel að orki þar tvímælis út frá þeim almennu grundvallarsjónarmiðum sem ég hef hér tæpt á.

Það er þá fyrst varðandi 36. gr. þingskapalagafrv. en þar segir: „Þegar brýna nauðsyn ber til getur forsætisráðherra gert tillögu um að ræðutími þingmanna og annarra ráðherra en þess sem mælir fyrir stjórnarfrv. sé takmarkaður við átta mínútur og ræðutími framsögumanna meiri og minni hluta nefnda við fimmtán mínútur. Hverjum þingmanni skal þá einungis heimilt að tala einu sinni við hverja umræðu og framsögumanni tvisvar en eigi fleiri en tveimur þingmönnum að framsögumanni meðtöldum frá hverjum þingflokki. Slík tillaga forsætisráðherra skal borin undir atkvæði umræðulaust."

Ég skil ekki hvaða nauðsyn ber vil að veita forsrh. þetta sérstaka vald umfram aðra þingmenn, sitji hann á þingi. Ég geri ráð fyrir að rökin séu þau að í þessu tilviki séu menn að hugsa um að hægt sé að flýta meðferð bráðabirgðalaga þannig að þau verði örugglega afgreidd fljótt eða innan þess frests sem tiltekinn er í frv. eins og það lítur út núna. Ég hugsa að það séu rökin og væri reyndar fróðlegt að heyra hvaða rök eru á bak við þetta, en ég ímynda mér að þetta séu þau vegna þess að í greininni er notað sama orðalag og er í stjórnarskránni um bráðabirgðalagaútgáfu þar sem segir: Þegar brýna nauðsyn ber til, o.s.frv. Ég held út af fyrir sig, virðulegi forseti, að einhverjar reglur megi menn gjarnan hugleiða í þessu efni, en segi þó alveg eins og er að ég set spurningarmerki við þetta ákvæði vegna þess að ég hef ekki heyrt nein rök fyrir því. Þó að ég leyfi mér auðvitað að hafa allan fyrirvara á þessum spurningum mínum, hafandi heyrt gild rök, þá væri ég tilbúinn til þess að hlíta þeim.

Í 52. gr. er ákvæði um það hvernig á að útvarpa frá Alþingi. Þar segir: „Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum." Og í 60. gr. segir, að í staðinn fyrir orðið „ríkisútvarpið" skuli koma: útvarps- eða sjónvarpsstöð. Með öðrum orðum, Ríkisútvarpið er fellt út sérstaklega í 60. gr. og í staðinn talað um útvarps- eða sjónvarpsstöð. Út af fyrir sig er það ekkert annað en viðurkenning á þeim veruleika sem menn eru að tala um. En ég spyr: Um hvaða útvarp er verið að tala í 52. gr.? Er verið að tala um Ríkisútvarpið eða eitthvert annað útvarp? Ég geri ráð fyrir því að verið sé að tala um Ríkisútvarpið því að ég býst ekki við að nokkrum manni detti það í hug að hinar svokölluðu frjálsu stöðvar færu að útvarpa með þeim hætti sem Ríkisútvarpið gerir frá setningu Alþingis eða þinglausnum. En þetta þarf auðvitað að taka fram. Þetta er út af fyrir sig ekki stórt atriði, en þetta þarf að taka fram og vera skýrt í drögum að þingsköpum. Ég hef ekki heyrt nein sérstök rök fyrir þessu og tel að þarna ætti einfaldlega að segja: „Ríkisútvarpið" í 52. gr.

Síðan kem ég að 69. gr. sem er ein almikilvægasta greinin í frv. um þingsköpin. Það er um afbrigði. Það er um það hvernig með skuli farið þegar leitað er afbrigða. Og auðvitað eru þessi afbrigði eins og þau eru hjá okkur, jafnvel þó að við búum við hið blessaða tveggja deilda kerfi, algerlega blöskranleg, hvernig á þeim er haldið. Ákvæðin um sex umræður, eins og er núna, eru iðulega formið eitt, því miður. Og við skulum ekkert vera að gera okkur heilagari í framan en nauðsynlegt er í þeim efnum að Alþingi hefur ekki staðið sig nægilega vel í að tryggja að þetta væru raunverulega sex umræður.

Í 69. gr., eins og hún er núna, stendur: „Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá þrem þingmönnum í Ed., sex þingmönnum í Nd. og níu í Sþ. má bregða út af þingsköpum þessum ef $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja." Í staðinn fyrir að tala um þrjá þingmenn í Ed. og sex í Nd. og níu í Sþ. er hér skotið inn orðunum „formanns þingflokks". Með öðrum orðum, gert er ráð fyrir því að aðeins forsetar og formenn þingflokka geti óskað eftir því að afbrigði séu borin undir atkvæði í staðinn fyrir það sem er í núverandi lögum að það eru þingmenn, þrír í Ed, sex í Nd. og níu í Sþ., sem geta borið þetta upp eða forseti. Auðvitað er ekkert við það að

athuga að forseti geti borið þetta upp af sínum stóli. Hins vegar er spurning hvort á að takmarka þennan rétt við formenn þingflokka, eins og hér er gert. Ég tel það orka tvímælis og eðlilegra að þarna væri ósköp einfaldlega talað um hóp þingmanna sem á þessu máli tækju, rétt eins og er í gildandi þingsköpum. Hvort það eru þrír menn, sex eða níu er fyrirkomulagsatriði en ég tel þó nauðsynlegt að þetta verði skoðað.

Síðan segir í gildandi þingsköpum: „Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti." Þegar um það er að ræða að veita þurfi afbrigði frá þingsköpunum ræður einfaldur meiri hluti þegar um stjfrv. er að ræða. Þannig er það núna í þessu tveggja deilda kerfi. Og ég vil segja fyrir mitt leyti: Mér finnst það koma til greina, ef menn eru að fara út í það að vera með eina málstofu, að það þurfi aukinn meiri hluta einnig þegar um stjfrv. er að ræða, að í einnar málstofu kerfi þurfi aukinn meiri hluta, ekki aðeins þegar um er að ræða þingmannafrv. og tillögur, heldur einnig þegar um er að ræða stjfrv. eða mál sem flutt eru á vegum ríkisstjórnar. Hvort það eru $^3/_4$ eða kannski bara $^2/_3$ skal ég ósagt láta, en það er alveg augljóst mál að þegar þingið er komið í eina málstofu verða reglur, sem tryggja rétt lýðræðisins og rétt stjórnarandstöðu á hverjum tíma og setja skorður gagnvart framkvæmdarvaldinu, að vera þeim mun skýrari. Enda er það alveg í samræmi við það sem við höfum lagt áherslu á í mínum þingflokki í þessu efni því við sögðum: Við viljum ekki flytja þetta frv. öðruvísi en að drög að þingskapafrv. liggi fyrir. Ég tel nauðsynlegt að þessi þáttur verði ræddur hér varðandi meðferð málsins, hvernig menn vilja hafa þetta. Ég segi það sem mína persónulegu skoðun. Ég tel að það komi til greina að á málunum sé þannig haldið að þarna þurfi einnig aukinn meiri hluta þegar um stjfrv. er að ræða.

Virðulegi forseti. Ég hef lýst því yfir að ég er almennt sammála frv. eins og það liggur fyrir, hef gert nokkrar athugasemdir við þingskapafrv. út frá almennum lýðræðis- og þingræðisforsendum sem ég býst við að í rauninni séu allir sammála um. Spurningin þar sé ekki hvort heldur hvernig í hlutina er farið. Ég held að við eigum að taka þessu máli vel. Ég tel að hér sé mál sem á að taka vel og menn eiga að skoða vandlega. Menn eiga ekki að hrökkva í hnút yfir minni háttar formsatriðum eins og þeim hvort formenn þingflokkanna flytja þetta eða stjórnarskrárnefnd eða einhverjir slíkir og stjórnarskrárnefnd hafi unnið málið. Ég tel það raunar engu máli skipta. Aðalatriðið er málið og að við vinnum það vandlega. Mér þykir frómt frá sagt það vænt um þessa stofnun og þau vinnubrögð sem hér þurfa að vera að mér fannst að mér væri skylt sem þingmanni að blanda mér í þessa umræðu, virðulegi forseti.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ekki vil ég trúa því að hv. þm. þessarar deildar telji formenn þingflokka umboðslausa í því starfi sem þeir hafa innt af hendi. Hæstv. forsetar þingsins fólu þingflokksformönnum að fara yfir málið og ég fullyrði það hér að nefndin reyndi að vinna þetta verk vel undir góðri stjórn formanns þingflokks Sjálfstfl. sem stýrði nefndinni og lagði mikla vinnu í að ljúka málinu þannig að samkomulag næðist meðal nefndarmanna. Eins og ég sagði áðan í framsöguræðu minni þá voru ýmis atriði sem við þingflokksformenn vorum beðnir um að fara yfir sem ekki náðist samkomulag um og því eru þau ekki hér í því frv. sem er verið að ræða.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur að það skiptir meginmáli hvort fullyrt er að það sé samstaða meiri hluta hér á Alþingi um afnám deildaskiptingar. Slík fullyrðing kom ekki fram í ræðu minni, enda hef ég ekki þá þekkingu á afstöðu hv. þm. almennt að ég geti fullyrt þetta, langt í frá. Það sem kom fram í ræðunni er þetta: Ég gat þess í upphafi að forsetar Alþingis hefðu sent þingflokksformönnum bréf og í því bréfi kæmi fram að þeir hefðu ástæðu til að ætla að afnám deildaskiptingar Alþingis hafi mikinn hljómgrunn í öllum þingflokkum og samstaða gæti tekist um breytingu á skipulagi Alþingis á þessu þingi.

Enn fremur sagði ég að meginatriði þessa frv. væri afnám deildaskiptingar. Um það væri samstaða í nefndinni, þó vitaskuld væru menn misjafnlega sannfærðir um ágæti þeirrar breytingar. Jafnframt sagði ég að nokkrir þingflokksformanna, þar á meðal ég, hefðu lagt áherslu á að fyrir lægi, áður en nefndin afgreiddi málið frá sér, sæmilega ítarleg drög að þingskapalögum þannig að við gætum séð hvernig þessi breyting á skipulagi Alþingis yrði útfærð í smáatriðum. Og einnig gat ég þess að hugmynd um afnám deildaskiptingar Alþingis væri gömul og hefði komið oft fram og hér á Alþingi hefðu verið flutt bæði tillögur og frumvörp þess efnis. En hvergi í minni ræðu fullyrti ég að um algera samstöðu meiri hluta þingmanna væri að ræða varðandi þessa breytingu.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. var auðvitað rætt í þingflokki Kvennalistans. Það komu upp nokkrar efasemdir um ágæti breytinganna. Þó var á þær fallist. Við vorum á þeirri skoðun að ef breytt yrði úr tveimur deildum í eina þá þyrfti mjög vandlega að ræða um þingskapalögin, hvernig þingsköpum yrði breytt, því það er náttúrlega frumskilyrði að lýðræðið fái sama framgang í einni deild og í tveimur.

Í annan stað finnst mér rétt, af því að ég er búin að hlusta á virðulega þingmenn sem hafa langa reynslu, jafnvel áratuga reynslu að baki héðan úr þinginu, að nefna hvernig nýliða finnst að koma inn í þingið. Það væri kannski ekki ófróðlegt fyrir ykkur að heyra það. Flestir eru hér með langa reynslu og kannski pínulítið samsamaðir þinginu, vita hvernig þetta allt saman gengur fyrir sig og finnst sjálfsagt að það gangi svo. En fyrir mér, sem kom fyrst sem varaþingmaður inn í Nd. og síðan í Ed., var það ekki nokkrum vafa undirorpið að það var miklu þægilegra að koma í Ed. Það var eins og fólk væri vinsamlegra í deildinni eða því kom meira við þessi nýliði en í Nd. Og ég tel það

vegna þess að í Ed. eru færri þingmenn, smæðin skapaði nándina.

Svo var það í haust að ég kom sem fastur þingmaður inn og þá fór að sverfa að mér meira og meira sú hugsun að það þyrfti að endurskoða þingsköpin í hinu háa Alþingi. Það var ekki að mér fyndist að þyrfti endilega að breyta úr tveimur deildum í eina, heldur hitt að mér fannst eins og umræður hlypu stundum út um víðan völl og yrðu kannski ekki eins málefnalegar og skyldi, einkum og sér í lagi í Sþ. Ég hafði náttúrlega ekki reynslu af Nd. núna. Í öðru lagi fer það ekki fram hjá neinum sem kemur nýr inn í þingið hversu oft er erfitt að ljúka málum vegna þess að það er ekki hægt að ná í nógu marga þingmenn inn í þingsalinn til þess að greiða atkvæði. Það hlýtur að vera eitthvað athugavert við þau þingsköp þar sem svo mikið er af nefndastörfum á sama tíma og þingtíminn er, því ég geri ráð fyrir að allir þessir þingmenn sem eru utan þingsalarins og erfitt er að ná í séu í einhverjum mjög ábúðarmiklum og þýðingarmiklum störfum. Þar af leiðandi hlýtur að þurfa að breyta þingsköpunum og þeim reglum sem unnið er eftir svo þeir hv. þm. sem á þessu þingi sitja geti haft tíma til þess að vera á þingfundum. Eins og við sjáum núna eru hér inni átta þingmenn en í deildinni eiga að vera 21.

Þetta er það sem blasir við nýjum þingmönnum. Það er erfitt að kalla saman þingmennina og það hlýtur að vera vegna þess að þeir eru svo önnum kafnir við að sinna skyldustörfum sínum utan þingsalarins að ekki er hægt að ná í þá. Þetta gerist nærri því á hverjum einasta degi sem á að efna til einhverrar atkvæðagreiðslu. Þar af leiðandi hlýtur það að vera að þingsköpunum þurfi að breyta.

Mér datt í hug að þegar hv. formenn þingflokkanna fóru að hugsa sér að breyta úr tveimur þingdeildum í eina þá væri það fátækleg tilraun þeirra til að bæta eitthvað úr þessu. En ég er ekkert viss um að þetta sé rétt aðferð, alls ekki viss um það. Á hinn bóginn er ég líka viss um að það þarf ekkert endilega að skerða lýðræðið þó að þingið verði ein deild. Ég held að þá skipti öllu máli hversu vandlega nefndirnar sinna sínum verkum.

Í annan stað hef ég auðvitað upplifað það, eins og komið hefur fram í þessari umræðu hérna, að mál eru afgreidd með mjög miklum hraða, svo miklum hraða að ég veit varla hvaða mál er verið að afgreiða því að flýtirinn er svo mikill. Það á við einkum í Ed. en getur líka átt við í Sþ. Það er því alveg rétt sem hæstv. menntmrh. sagði áðan að oft eru umræðurnar aðeins sýndarumræður en ekki raunverulegar umræður og það vita sjálfsagt allir sem hér eru inni.

Ég vil geta þess að mér fannst einstaklega ánægjulegt og gaman að hlusta á hinn sögulega fyrirlestur hv. 4. þm. Vestf. Það er gaman að heyra svo glögga frásögn og svo góða yfirsýn sem hann hefur yfir sögu og hlutverk þessa þings.

Ég vil undirstrika það að ég álít að þörf sé á breytingum á starfsháttum þingsins, mikil þörf. Hvort það sé aðalþörfin að breyta úr tveimur deildum í eina er ég ekki viss um, en hitt blandast mér ekki hugur um að þingstörfunum þarf að breyta þannig að þingmenn geti sinnt þeim betur en verið hefur.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem enginn hv. þm. getur látið afskiptalaust. Þótt um það hafi verið fjallað af formönnum þingflokka og einnig í þingflokkum er málið þess eðlis að hvorki formenn þingflokka né þingflokkar geta bundið hendur hv. þm. í meðferð þess.

Ég er innilega sammála hæstv. menntmrh. Svavari Gestssyni í því sem hann sagði hér fyrr í ræðu að það sem hér er verið að fjalla um er raunverulega hjartað í þingræði á Íslandi og kjarni þess lýðræðis sem við viljum starfa samkvæmt. Fór hann mörgum orðum um það og hef ég litlu við það að bæta. Einnig vil ég taka undir orð hv. 18. þm. Reykv. Guðrúnar J. Halldórsdóttur þar sem hún vísaði til ræðu hv. 4. þm. Vestf. Þorvaldar Garðars Kristjánssonar er hann flutti gagnmerka ræðu um stöðu og störf Alþingis. Það sem ég heyrði úr hans ræðu var þess eðlis að ég hlustaði á það með athygli og styrkti það skoðun mína á því að hv. þm. ættu ekki að flýta sér um of í þeim efnum að breyta tilhögun Alþingis.

Það er þannig með okkur sem höfum unnið mikið úti í atvinnulífinu að við kynnumst svokölluðum stjórnunarstörfum með dálítið öðrum hætti en hinir æfðu stjórnmálamenn. En þó verð ég að segja að það kom fram í ræðum manna áðan að þegar verið er að fjalla um einstök atriði þessa frv. þá stöldruðu menn nokkuð við ákveðin hugtök, ákveðin orð sem við, sem höfum tekið þátt í atvinnulífinu og rekstri stórfyrirtækja, höfum rekið okkur alloft á, sérstaklega nú á seinni tímum. Ég nefni þar sérstaklega orðið „skilvirkni“, en eins og kemur fram í greinargerð með þessu frv. er lögð alveg sérstök áhersla á það m.a. að með þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir sé verið að reyna að auka svokallaða skilvirkni Alþingis. Ég mun ræða nokkuð hér frekar á eftir um orðið skilvirkni vegna þess að mér finnst það ekki eiga við þegar verið er að fjalla um löggjafarsamkomu þjóðarinnar, hið háa Alþingi. (**Menntmrh.:** Frekar en t.d. framlegð.) Alveg rétt, hæstv. menntmrh., þetta var mjög góð ábending. Þetta var sama eðlis, mér finnst það ekki eiga við þar sem verið er að ræða um mál þess eðlis sem oft er fjallað um á hinu háa Alþingi. Það getur átt við í vissum tilfellum, þegar t.d. er verið að ræða um fyrirtæki eins og Þormóð ramma í Sþ. o.s.frv. en alls ekki þegar verið er að fjalla um stöðu Alþingis með þeim hætti sem hv. þm. eiga að gera sem útverðir lýðræðis og þingræðis í landinu.

Áður en hægt er að afgreiða þetta frv. tel ég að hér fyrir hinu háa Alþingi verði að liggja þingskapalög, þ.e. frv. til laga um ný þingskapalög. Hæstv. menntmrh. kom inn á það áðan og einnig hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir. Það er auðvitað meginmál að frv. til laga um þingsköp liggi fyrir þegar verið er að fjalla um jafnveigamikla og þýðingarmikla breytingu og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna hefði ég viljað varpa fram þeirri spurningu hér, virðulegi forseti, til frsm.,

sem því miður var nú að víkja af fundi, hv. 4. þm. Suðurl. Margrétar Frímannsdóttur: Hvenær mun það frv. liggja fyrir með þeim hætti að hægt sé að taka það til umfjöllunar jafnhliða þessu frv.? Þegar haft er í huga að hér er verið að hreyfa við hjarta þingræðis og lýðræðis þá liggur það auðvitað í augum uppi að það er ekki lagt út í aðgerð þess eðlis sem hér um ræðir án þess að fyrir liggi hvernig þingsköp skuli vera.

Ef þetta frv. fer í gegn með þeim hætti sem hér er um að ræða liggur það í augum uppi að þegar þing verður komið í eina málstofu er það þýðingarmeira, þó það sé auðvitað mjög þýðingarmikið núna, að vernda stöðu minni hlutans fyrir ofríki eða ofurvaldi meiri hlutans. Það er ekki sama hvernig á því máli er haldið nema síður sé. Þetta er algert grundvallaratriði, sérstaklega í þjóðfélagi eins og okkar Íslendinga með sínu lagi í sambandi við nálgun, í samskiptum manna við úrlausn erfiðra og flókinna mála, t.d. í sambandi við það hvernig stjórnmálaflokkar ná saman í samningum sín í milli. Við Íslendingar höfum upplifað það að hið svokallaða flokkavald hefur getað náð samkomulagi um það að stjórna í krafti mjög naums meiri hluta. Og það hefur margsinnis skeð í sögu Alþingis, sérstaklega á seinni árum, að sú deildaskipan sem við búum við hefur forðað því að naumur meiri hluti gæti keyrt í gegnum þingið mál með ólýðræðislegum hætti og þá jafnframt tryggt framkvæmdarvaldinu, þ.e. ríkisstjórn, framgang mála á mjög hæpnum forsendum. Ég tel að deildaskipan Alþingis eins og hún er hafi oft forðað því að hér hafi raunverulega verið haft í frammi það sem ég mundi álíta nálgun þess að landinu væri stjórnað í skjóli — ég segi ekki einræðis, en án tillits til stöðu minni hlutans, án tillits til allrar sanngirni í meðferð mála og án tillits til almenningsheilla. Þess vegna er ég ekki reiðubúinn til að greiða þessu frv. atkvæði mitt. Ég er ekki reiðubúinn til að leggja niður það deildafyrirkomulag, þá deildaskipan sem nú er fyrr en í fyrsta lagi að frv. til þingskapalaga liggur fyrir og í öðru lagi að það sé tryggt að staða minni hlutans og stjórnarandstöðu þar með sé tryggð og jafnframt að staða einstakra þingmanna til þátttöku í málsmeðferð í þinginu verði með þeim hætti að við verði unað.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að flytja hér lengri ræðu á þessu stigi en minni aðeins hv. þm. á það og okkur öll að lýðræði krefst þolgæðis, umburðarlyndis og skilnings á mannlegum samskiptum. Þetta er grundvallaratriði og sú meginforsenda sem við eigum að starfa samkvæmt þegar við fjöllum um mál þess eðlis sem hér er til umræðu.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til stjórnskipunarlaga eða um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, það er nú hvorki meira né minna en það. Ég tek undir það sem hér var sagt af hv. 18. þm. Reykv. Guðrúnu J. Halldórsdóttur að það væri svo sannarlega tilefni til þess að hér sætu fleiri og blönduðu sér í umræðuna á þessu stigi málsins. En við eigum sjálfsagt eftir að ræða þetta nokkuð mikið enn, þannig heyrist mér hljóðið í mönnum.

Ég vil eins og aðrir vekja athygli á eftirtektarverðri ræðu hjá hv. 4. þm. Vestf. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni sem flutti frábærlega gott mál og talaði af mikilli þekkingu um þessi mál. Það væri þarft, held ég og ætla ég þó ekki að vera með ábendingar til starfsnefnda þingsins, en ég held að það væri þarft að leitað yrði til þeirra sem hér hafa starfað lengst og þekkja best til allra hluta og þess sem hér gerist innan húss áður en menn flaustruðu af einhverju vanhugsuðu í þessu máli.

Ég verð að segja það einnig að mér finnst kveikjan að þessu máli nokkuð merkileg. Mér finnst upphaf og málatilbúnaðurinn að þessu máli nokkuð merkilegur, þar sem forsetar þingsins kvaka til formanna þingflokka og biðja þá að flytja þetta mál. Ég hrökk við þegar ég las um það í einu dagblaðinu sem skrifaði um þetta og þá voru þeir að skila af sér, þetta heiðursfólk sem skipar þessa vösku sveit í þinginu. Það var nokkurn veginn sjálfgefið, menn veltu því fyrir sér hvort það þyrfti nokkuð að fara með þetta mál inn í þingið, þetta væru slíkir afburðamenn og slíkir forustumenn í þinginu að það væri nokkurn veginn klárt að málið var afgreitt. Það var búið að samþykkja þær breytingar sem þetta ágæta fólk var að flytja. Mér blöskraði þessi tilbúnaður allur.

Ég verð að taka það skýrt fram að auðvitað má ýmsu breyta og ég er viss um að það væri þarfara að breyta ýmsu öðru í störfum þingsins en deildaskipan þess. Ég hef miklar, svo að ég segi ekki meira úr þessum stóli nú, efasemdir um ágæti þessa máls. Og ekkert, ekki nokkur skapaður hlutur hefur komið fram í máli þeirra sem breytingarnar flytja eða sem breytingarnar styðja sem sannfærir mig um nauðsyn þessa máls. Ef eitthvað er sem komið hefur fram í umræðunni þá er það hið gagnstæða.

Ég er ekki búinn að vera hér mjög lengi, þó einhverjum finnist kannski að ég sé búinn að vera nógu lengi og sumum kannski allt of lengi. Þetta er alltaf matsatriði. En ég er þó búinn að vera það lengi í þessari ágætu deild að ég veit að deildaskipting Alþingis hefur oftar en einu sinni orðið til þess að koma í veg fyrir að meingölluð mál færu frá þessari ágætu stofnun.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja lengur. Ég treysti því að sú þingnefnd sem tekur þetta að sér til að fjalla um þetta mikilsverða mál taki sér allan þann tíma sem hún þarf til þess að kryfja það sem best til mergjar og vinna það af sem allra mestri kostgæfni. Og annað sem ég vil einnig benda þessari ágætu nefnd á og ég hef velt fyrir mér í þessari umræðu er að það læðist að mér sá grunur að hér sé aðeins verið að stíga fyrsta skrefið að töluvert viðamiklum breytingum á starfsemi þingsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram hafa verið góðar og sérlega málefnalegar eins og hæfir því máli sem hér er til umræðu. Ég lýsti mjög ákveðnum skoðunum í minni fyrri ræðu og ég veiti því athygli að í máli manna hér hefur ekkert komið fram til að mótmæla einstökum þáttum málsins sem ég gerði

grein fyrir. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þeim ræðumönnum sem hafa farið viðurkenningarorðum um þá ræðu sem ég flutti áður í þessu máli.

Það var þó aðeins eitt atriði sem gerð var athugasemd við. Það var af hæstv. menntmrh. og jafnframt hv. 4. þm. Suðurl. Það viðkom þeim ummælum mínum að forsetar Alþingis og formenn þingflokka hefðu ekki haft neitt sérstakt umboð til þess að hafa frumkvæði í þessu máli og vinna í því og leggja það fram. Ég tók reyndar fram að þeir hefðu sömu heimild og aðrir þingmenn til að bera fram hvaða mál sem þá lysti. Það var gerð sú athugasemd að þetta væri ekki neitt sérstakt og það væru mýmörg dæmi þess að gerðar hefðu verið breytingar á stjórnarskránni, eins og hæstv. menntmrh. komst að orði, með samkomulagi á milli flokkanna án formlegs umboðs. Við þetta er fyrst að athuga að það geta nú ekki verið mýmörg dæmi af því að við höfum ekki mýmörg dæmi þess að stjórnarskránni sé breytt. (**Menntmrh.:** Enda sagði ég ekki mýmörg heldur mörg.) Þá hefur mér orðið á, mér fannst hæstv. ráðherra segja þetta. En það skiptir engu máli hvort hæstv. ráðherra sagði mörg eða mýmörg, enda ætla ég ekki að gera það að neinu máli.

En það sem er málið í þessu er að ekki má rugla saman stjórnarskrárbreytingum sem eru um grundvallarstjórnskipun landsins og öðrum breytingum sem varða framkvæmd í einstökum atriðum. Ég gerði grein fyrir þessu í minni frumræðu. Stjórnarskrárbreytingar sem hafa verið gerðar eftir lýðveldisstofnunina, 1959, 1967 og 1984, eru engin um grundvallarbreytingu í stjórnskipuninni, engin. Þær stjórnarskrárnefndir sem voru starfandi og sátu á þessum tíma voru ekki beinir aðilar að þessum stjórnarskrárbreytingum, heldur eins og hæstv. menntmrh. sagði, það var um að ræða samkomulag milli þingflokkanna og það mál unnið á öðrum vettvangi en í stjórnarskrárnefndunum.

En það sem ég lagði áherslu á í minni ræðu var að það stjórnarskrárfrv., sem hér er um að ræða, er allt annars eðlis heldur en stjórnarskrárbreytingarnar 1959, 1967 og 1984 vegna þess að þetta mál varðar grundvallarbreytingu á stjórnskipun landsins. Og stjórnarskrárnefndirnar voru tilkomnar og þær voru skipaðar til þess að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar með grundvallarbreytingar í huga.

Ég fór nokkrum orðum í minni fyrri ræðu um það hvers vegna ekkert hefði komið fram frá stjórnarskrárnefndunum um þessar grundvallarbreytingar og ég ætla ekki að endurtaka það núna. Það er viðamikið mál. En nú kemur þetta frv. sem felur í sér grundvallarbreytingu og málatilbúnaðurinn er allt annar heldur en gert hefur verið ráð fyrir að væri um slík þýðingarmikil mál.

Ég vil taka það fram að það er ekki út í loftið sem ég talaði um að stjórnarskrárnefndirnar hefðu haft umboð til þess að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég er hérna með í höndunum t.d. þingsályktun sem samþykkt var 1978 og hún hefst með þessum orðum: „Alþingi ályktar að umboð núverandi stjórnarskrárnefndar falli niður nú þegar en skipuð verði ný nefnd sjö manna . . .“ o.s.frv. Þannig hefur verið gætt formsins í þessu efni. Og það sem ég vildi segja er að það hefur ekki verið gert með því frv. sem hér er lagt fram og þess vegna orðaði ég það svo að hvorki forsetar eða formenn þingflokka hefðu haft neitt sérstakt umboð til þess að vinna í þessu máli. Ég vænti þess að þetta sé næg skýring.

Það er margt sem væri ástæða til að ræða hér um frekar en ég gerði í minni frumræðu. Það voru orð í tíma töluð þegar hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Norðurl. v., sagði að deildaskipting Alþingis hefði komið í veg fyrir mörg slys sem hefðu orðið við lagagerð ef ekki hefði verið um tvær deildir að ræða. Þeir sem standa að þessu frv. gera lítið úr þessu í greinargerð með frv. En það er mikill misskilningur. Ég leyfi mér t.d. að gefa þær upplýsingar hér að á þinginu 1983–1984 fór 18,9% af málum á milli deilda, nær $^1/_5$ af málum fór á milli deilda. Svo segja menn að þetta sé einhver hégómi og hafi enga þýðingu. Á næsta þingi á eftir fóru 22,5% á milli deilda og á næsta þar á eftir, 1985–1986, 22,5%. Svona má halda áfram. Á þinginu 1988–1989 fór þetta hæst, fór upp í 27,7%. Og svo segja menn að þetta sé ákaflega þýðingarlítið, þessi skipan sem við höfum. Það megi bara kasta þessu á glæ eins og ónýtu fati.

Ég skal ekki núna fara að nefna einstök atriði sem eru í raun og veru til stuðnings þess sem ég hef áður sagt í þessu máli. En ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá ræðumönnum, að það er mikil ástæða til þess að þessi deild kryfji þetta mál vel til mergjar. Og ef okkur er alvara að gera það þá megum við ekki fyrir fram ganga út frá því að það eigi að afgreiða þetta mál úr deildinni á þeim fáu dögum sem nú eru eftir til þinglausna. Ég er ansi hræddur um að málið fái ekki þá meðferð sem nauðsynleg er ef við erum í einhverjum hraða og óðagoti með þetta mál.

Er það nú óeðlilegt — og spyr ég nú af mesta lítillæti — er það óeðlilegt þó að deildin komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekki tímabært að flaustra þessu af núna á þessum fáu dögum sem eftir eru, því að það megi ætíð breyta þessari skipun Alþingis sem við búum núna við? Við höfum búið við hana á annað hundrað ár. Er það nokkurt höfuðatriði, ef menn vilja endilega breyta þessu, og komast að þeirri niðurstöðu, hvort sú breyting fer fram einu ári fyrr eða síðar?

Herra forseti. Ég segi þetta til þess að leggja áherslu á það, sem voru lokaorð í minni fyrri ræðu, að ég vænti þess að þessi hv. deild, efri deild Alþingis, stæði vörð um sóma, sæmd og stöðu Alþingis.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég hef nú hlýtt á mál manna hér og það er greinilegt að það er önnur skoðun hér í hinni hv. efri deild heldur en var í hinni neðri enda kannski aðra hagsmuni að verja hér heldur en í neðri deild þar sem þeir hafa löngum viljað taka til sín meira vald heldur en þeir hafa átt skilið. Ég tel samt rétt að ég komi hér og tjái aðeins mínar hugrenningar um þetta og hvað ég tel að hafi átt að gera. Ég er einn af þeim mönnum sem sátu í þessari nefnd og kem til með að ræða þetta sem formaður allshn.

Að mínu viti hefði mátt ganga töluvert lengra heldur en hér er lagt til. Því miður náðist ekki samstaða um meiri breytingar heldur en hér er fjallað um. Hér má segja að grunnhugsunin og það atriði sem samstaða náðist um var það að sameina þingið í eina málstofu, en án þess að gripið væri til annarra ráðstafana í leiðinni til þess að styrkja þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mín skoðun er sú að með þessari breytingu sé viss hætta á því að Alþingi missi tök á framkvæmdarvaldinu og það verði auðveldara fyrir framkvæmdarvaldið að koma hér sínum málum í gegn. Staða hins einstaka þingmanns og stjórnarandstöðu verður veikari. Þess vegna hefði ég kosið að aðrar breytingar sem ræddar voru í nefndinni hefðu náð fram að ganga og þá vil ég í fyrsta lagi nefna að þingrofsréttur væri í höndum Alþingis en ekki í höndum ríkisstjórnar. Einnig hefði ég kosið að *bráðabirgðalagasetning yrði* mjög svo takmörkuð og jafnvel afnumin og þingið látið fjalla um þau mál sem nauðsyn hefði verið að ræða um þó að þing sæti ekki og það bara einfaldlega kallað saman.

Öðrum breytingum var ég líka mjög hlynntur sem gengu í þá átt að styrkja Alþingi. Mín skoðun er sú að þær breytingar sem orðið hafa á undanförnum árum hafi verið í þá átt að styrkja framkvæmdarvaldið gagnvart Alþingi, hinni lýðræðislega kjörnu samkundu okkar. Þess vegna var ég þeirrar skoðunar allan tímann að við yrðum að styrkja þennan máttarstólpa í þessari þrígreiningu valdsins og efla mjög verulega Alþingi þar.

Þegar þetta mál kemur fyrir hv. allshn. kem ég að sjálfsögðu til með að fara mjög náið ofan í þær breytingar sem hér eru lagðar til og kalla til aðila sem þekkja *þessi mál mjög vel*. Ég heyri það á máli hv. 4. þm. Vestf., að hann hefur ýmsar athugasemdir við frv. og mér þætt það mjög slæmt ef mál af þessu tagi er afgreitt hér í Alþingi gegn andstöðu manns sem svo sannarlega hefur markað sín spor hér í þingsögunni og hefur einna gleggsta yfirsýn yfir það hvernig Alþingi eigi að starfa.

Ég er ekki jafnsannfærður nú eins og kannski áður að þarna sé verið að stíga skref í þá átt sem eðlilegt megi vera. Þó svo að hér sé verið að taka upp þá skipan sem er á öðrum Norðurlöndum þá hefði mér fundist að það ætti að styrkja aðrar stoðir í leiðinni eins og þá að Alþingi fái eitthvað annað í staðinn sem komi á móti þannig að þingið verði styrkara heldur en nú er. En því er ekki gert ráð fyrir í þessu frv.

Meira vil ég nú ekki segja á þessu stigi málsins, hef kannski sagt of mikið, þar sem þetta frv. er flutt af mér sjálfum, eða alla vega með vitund minni og vilja. En ég heiti þessari þingdeild því að þetta mál fái mjög svo góða meðferð í þeirri nefnd sem ég á sæti í og stjórna þannig að hér verði ekki eitthvert slys í þessa átt, því að eins og flestir vita þá verður mjög erfitt að ganga skrefið til baka aftur.

Hins vegar verð ég að segja að þau rök sem hv. þm. 4. þm. Vestf. hafði út af þessu, að hér hafi verið í gildi í 200 ár sú skipan að hafa Alþingi í tveim málstofum, það eru í mínum huga ekki rök í málinu að því leyti til að þjóðfélagið hefur breyst og þingmenn eru orðnir miklu fleiri en áður, og að mínu viti eru tvær málstofur arfleifð frá gamalli tíð. Ég er í sjálfu sér sammála því að taka upp eina málstofu en finnst að það þurfi á ýmsan hátt þá að styrkja stöðu einstakra þingmanna og stjórnarandstöðu á móti. Ég sé að það er gert að einhverju leyti en kannski ekki nægjanlega.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni láðist mér að fjalla um hugtakið skilvirkni með þeim hætti sem ég hefði viljað til þess að hv. þm. skildu hvað ég átti við þegar ég fjallaði um það í upphafi ræðu minnar áðan að með þessu nútímaorði væri raunverulega verið að þróa Alþingi inn í ákveðið skipulagsform sem ég tel vera andstætt lýðræðislegri hugsun. Ég gerði það ekki nægilega vel áðan í minni fyrri ræðu, virðulegi forseti, og vildi fá að víkja örfáum orðum að þessu.

Það að sameina þing í eina málstofu með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir og leggja niður núverandi deildaskipan felur í sér grundvallarbreytingu á stjórnskipun Íslands sem er þess eðlis að það er nauðsynlegt að hv. þm. geri sér fullkomlega grein fyrir að hverju er stefnt.

Í ræðu sinni hér rétt áðan sagði hv. 5. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson að við yrðum að taka tillit til breyttra aðstæðna og breytts umhverfis eins og nútímaþjóðfélag er. Ég er honum fullkomlega sammála í þeim efnum að þannig þurfum við auðvitað að skoða það umhverfi sem við lifum í bæði Alþingi og hv. þm. sem og aðrir sem bera stjórnunarlega ábyrgð í íslensku stjórnkerfi. En það þarf ekki að þýða að það eigi að gera grundvallarbreytingu á störfum og stöðu Alþingis, nema síður sé.

Þetta frv. einkennist af því sem ég mundi kalla hugsun nútímatæknimanna. Þessir menn hafa tileinkað sér ákveðna tegund skipulagshyggju sem að minni hyggju er andstæð lýðræðislegri hugsun. Þessi skipulagshyggja, sem byggist á nútímastjórnunaraðferðum í fyrirtækjum og tekur afstöðu til ákveðins umhverfis sem felur í sér nútímatækni, er þess eðlis að þar getur það átt við og á víða við í sambandi við rekstur fyrirtækja að það þurfi að koma á ákveðinni skilvirkni þar sem um er að ræða mikla tækni og háþróaða annars vegar og mikinn fjölda starfsmanna hins vegar. Hér erum við hins vegar að fjalla um samskiptasvið sem er allt annars eðlis.

Ef við lítum á hugtakið skilvirkni þá virðist vera nokkuð augljóst hvað við er átt. Þó geri ég ráð fyrir að það mundi nú vefjast fyrir sumum að gera sér fullkomlega grein fyrir hvað átt er við með orðinu eða hugtakinu, sérstaklega í þeirri merkingu sem það er notað í sambandi við þetta frv. Í mínum huga getur hugtakið átt við það að það þurfi að hraða hlutunum, flýta þeim, ýta hratt áfram, gera þá einfaldari þannig að niðurstaðan verði bæði augljós og þess eðlis að hún þurfi ekki að þvælast fyrir mönnum.

Lýðræðisleg umræða og umfjöllun er aftur á móti þannig að hún þarf oft mikinn tíma og umfjöllun margra. Hins vegar er ég ekki í nokkrum vafa um það að sú tilhögun sem þetta frv. gerir ráð fyrir og breyt-

ing Alþingis í eina málstofu á grundvelli þessa framlagða frv. mundi efla mjög framkvæmda- og flokksvaldið. Efling þess umfram það sem nú er er samkvæmt mínu mati andstætt lýðræðislegum vinnubrögðum. Við vitum það og höfum stundum upplifað það að flokksvald getur verið þess eðlis að það sé misnotað við ákveðnar kringumstæður. Ég legg samt áherslu á það, virðulegi forseti, að ég er því mjög fylgjandi að á Íslandi séu öflugir stjórnmálaflokkar, en ég er líka á móti því að þessir flokkar öðlist það vald sem getur verið lýðræðinu og einstaklingnum hættulegt.

Á grundvelli þessa hugtaks, skilvirkninnar, í sambandi við skipulag Alþingis mundi það að mínu mati gerast næst að það mundi styrkja stjórnunarstöðu, þ.e. forustu og valdakjarna þingflokkanna og þar með valdapíramítann í heild. Þessi valdapíramíti sem mundi myndast hér á hinu háa Alþingi við þessar breytingar mundi styrkja mjög framkvæmdarvaldið á sama tíma sem staða einstakra almennra þingmanna mun verða lakari.

Það er tilhneiging hjá framkvæmdarvaldinu, alveg eins og hjá þeim sem bera ábyrgð á stjórnun og rekstri stórra fyrirtækja, til þess að vilja keyra málin áfram, gera þau einfaldari í meðförum, draga úr umræðunni, framkvæma hlutina og láta ekki einstaka hópa eða einstaklinga þvælast fyrir. Það er skilvirkni í nútímafyrirtækjum að geta rekið fyrirtækin áfram án allt of mikillar umræðu á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar sem gerir mönnum kleift sem eru efst í valdapíramítanum að framkvæma hlutina. Og þá minni ég á það, hv. þm., að eftir því sem menn komast hærra í valdapíramíta stjórnmálanna, þá hafa þeir yfir að ráða meiri þekkingu þar sem þeir eiga greiðari aðgang að alls konar sérfræðingum, hvort sem það er innan ríkiskerfisins eða annars staðar.

Ég segi því, virðulegi forseti, að ég óttast það vegna þingræðis og lýðræðis í landinu að ef þessi tilhögun verður upp tekin sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá muni það skaða og skerða lýðræði á Íslandi og breyta íslensku þingræði á óæskilegan hátt. Það er andstætt þeirri meginhugsun sem ég legg í stjórnarskrá Íslands þannig að ég legg áherslu á, virðulegi forseti, að þetta mál fái ekki þá afgreiðslu að það verði samþykkt á þessu þingi sem nú stendur yfir. Ég vænti þess, eins og fram hefur komið hjá öðrum þingmönnum, að sú nefnd sem fær frv. til umfjöllunar geri það með þeim hætti að þetta frv. fari ekki í gegn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar því sem ég áður hef sagt um þetta frv. Það hefur komið fram að lög um þingsköp þurfa mjög nauðsynlega að fylgja þessum breytingum sem hér eru fyrirhugaðar, ef þær eiga að koma fram. Ég held að það séu kannski einhver rök að það fyrirfinnist á hinum Norðurlöndunum þing sem eru í einni deild, en þá er mér spurn, ef við ætlum að fylgja því: Höfum við þá líka athugað hvernig þings . . . (**ÞK:** Þetta er aðeins á tveim Norðurlöndunum sem er ein deild, ekki öllum Norðurlöndunum. Það er í Danmörku og Svíþjóð, en í öllum öðrum löndum í Evrópu eru þær tvær.) Hv. 4. þm. Vestf. benti á að það væri aðeins á tveimur hinna Norðurlandanna sem þingið væri í einni deild, Danmörku og Svíþjóð, og leiðréttist það hér með. Það sem ég vildi sagt hafa var eftirfarandi: Ef við ætlum að breyta yfir í eina deild og gera það m.a. vegna þess að nágrannar okkar tveir hafa þetta form á, þá þurfum við líka að athuga hvernig þingsköpin eru sem þeir fara eftir. Eiga lagafrumvörpin að mestu uppruna hjá ríkisstjórninni og eru þau rekin í gegn með harðri hendi eins og lýst hefur verið að hugsanlega gæti skeð hér hjá okkur? Eða eru lögin yfirleitt upprunnin úr hugum þingmanna?

Mér skilst að a.m.k. í sumum Norðurlandanna sé sá háttur jafnvel hafður á að ríkisstjórnir koma með drög að lögum og leggi fyrir þingheim sem síðan sjálfur formi lögin og hafi þessi drög sem undirstöðu og ívaf. Ef þetta eru réttar upplýsingar sem ég hef, og ég held að þær séu það, þá væri slík tilhögun mjög til eftirbreytni fyrir okkur hér á Íslandi. Ég held að það mundi auka mjög hlut þingsins í lagasetningu ef þessi aðferð væri viðhöfð jafnframt því sem ríkisstjórnir mundu auðvitað leggja fram tilbúin lagafrumvörp sem væru meðhöndluð eins og hingað til hefur verið gert. En það, að koma með drög að frv. sem nefndir þingsins ynnu síðan, mundi auka hlut þingsins um leið og einhverjar aðrar breytingar yrðu sem skertu hlut þingsins.

Ég vildi koma þessu á framfæri við hv. formann allshn. svo að hann gerði sér grein fyrir því að þarna væri kannski leið til þess að jafnvægið skertist ekki of mikið milli þings og ríkisstjórnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

53. fundur, föstudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 574.

Anna Ólafsdóttir Björnsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég þurfti því miður að gera hlé á ræðu minni fyrr í vikunni einmitt í þann mund sem ég var að fjalla um nauðsyn þess að um félagsþjónustu sveitarfélaga gilti heildstæð löggjöf. Ég tel óhjákvæmilegt að rekja í stuttu máli áherslur okkar kvennalistakvenna varðandi það frv. sem hér liggur fyrir áður en ég tek á ný við lokakafla ræðu minnar en mun gera það að sjálfsögðu í örstuttu máli.

Við kvennalistakonur deilum harðlega á ráðherra félagsmála og menntamála fyrir að bjóða upp á átök sem

gætu stefnt tveimur málum í hættu, málum sem þyrftu að komast í gegn vegna þeirra góðu þátta sem í þeim felast en jafnframt að stokkast upp til þess að svo megi verða. Þetta eru frv. sem hér er rætt, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og leikskólafrv. hæstv. menntmrh. Hætt er við að bæði málin gjaldi þessarar málsmeðferðar og hvorugt verði að lögum.

Til þess að við kvennalistakonur getum stutt það mál sem hér er til umræðu verður sá kafli sem varðar leikskóla að víkja úr frv. Ekki vegna þess að við höfum tekið afstöðu í valdabaráttu milli ráðherra heldur vegna þess að sá kafli skilar börnum þeim sem leikskólanna eiga að njóta ekki nokkrum sköpuðum hlut. Ég mun ekki endurtaka það sem ég sagði fyrr í þessari viku um gildi leikskóla fyrir börn, þroska þeirra og menntun í uppvexti en hlýt að vekja athygli á því að skyldur sveitarfélaga við börn í uppbyggingu leikskóla eru ekki tryggðar í þessu frv. umfram það sem þegar er í lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Því þjónar það engum tilgangi að halda kaflanum inni á þeim forsendum.

Leikskólafrv., það sem við munum brátt fjalla um, segir það sem segja þarf um uppeldisstefnu í leikskólum, en eftir stendur að á hvorugum staðnum er nokkuð bitastætt um uppbyggingu leikskóla og það er mikil hneisa. Við byggjum ekki leikskóla úr fögrum orðum og góðum markmiðum. Ég vek athygli á því að kvennalistakonur hafa oftar en einu sinni komið með raunhæfar og nákvæmlega útfærðar tillögur um fjármögnun í uppbyggingu leikskóla, nú síðast innan þeirrar nefndar er samdi leikskólafrv. En því miður eru þær tillögur hundsaðar og mikil vonbrigði að ekki skuli vera að finna úrræði í þessum málum nú frekar en áður. Ég vænti þess að menn hafi þroska til að leysa þá alvarlegu deilu sem er í afstöðu til leikskólanna og yfirstjórnar yfir þeim og manndóm til þess að taka einu sinni alvarlega á því ófremdarástandi sem víða er í uppbyggingu leikskóla.

En víkjum þá að spurninginni um hvort heildstæðrar löggjafar sé þörf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég hlýt að svara þeirri spurningu játandi og bendi á um leið að leikskólar og grunnskólar eru ekki óhjákvæmilegur hluti af þeirri heildstæðu löggjöf.

Íslendingar stóðu fremstir í flokki Norðurlandaþjóða á þjóðveldisöld einmitt hvað þennan málaflokk varðar og það er alger óþarfi að fara að láta eitthvert metnaðarleysi ná tökum á sér nú á seinni öldum. Þá gegndi íslenski hreppurinn mikilvægu hlutverki í samhjálp og samtryggingu. Ég vitnaði í máli mínu fyrr í vikunni til skilgreiningar Lýðs Björnssonar á þessari samhjálp og læt mér nægja að endurtaka síðustu orðin úr þeirri tilvitnun sem ég hafði um göngumenn og fleiri, með leyfi forseta. Lýður segir:

„Menn, sem fóru um sveitir, þágu ölmusu eða tóku gistingu alls staðar, töldust göngumenn, flakkarar. Virðist löggjafinn gera ráð fyrir tveimur flokkum slíkra manna og er réttur þeirra mjög mismikill. Verða þá í öðrum flokknum þeir sem gengu sökum elli eða lasleika en í hinum þeir sem flökkuðu vegna eigin ómennsku. Ómennska taldist að ganga um vegna leti eða sökum þess að þeir fengu ekki vist vegna einhverra ókosta. Göngumenn af fyrri flokknum nutu svipaðra réttinda og heimilisfast fólk."

Ég held að þótt með hrjúfum áherslum sé komi í þessum litla kafla fram ein grundvallarhugsunin sem ávallt verður að vera til staðar í félagsþjónustu, þ.e. sú hugsun að félagsþjónusta aðstoði þá sem þurfa á að halda til sjálfshjálpar en ýti ekki undir það sem þá var kallað ómennska en við mundum nú e.t.v. frekar kalla framtaksleysi.

Fyrirbyggjandi aðgerðir skipta verulegu máli í þessum efnum og ég fagna því að á það skuli vera lögð áhersla í þessu frv. sem hér er til umræðu. En það má ekki líta fram hjá því að framfærsluaðstoð er nauðsynleg í því samfélagi sem við búum við nú, ekki vegna ómennsku eða framtaksleysis fólks heldur vegna þeirrar launastefnu sem við búum við og veldur því að jafnvel fullvinnandi fólk og hörkuduglegt getur búið við svo kröpp kjör að það þurfi að leita á náðir sveitarfélagsins um tímabundna aðstoð. Ég held að slíkt geri enginn glaður og því skiptir máli að með þessi mál sé farið af nærgætni og sú hugsun ráðandi að hér sé um rétt að ræða og eðlilega aðstoð en ekki ölmusu eða bónbjargir. Við eigum að halda því góða úr fortíðinni, þeirri hugsun að samhjálp sé sjálfsögð í litlu samfélögunum okkar, þessum sem við nefnum sveitarfélög, en losa okkur við það sem miður fer eins og ómagahugsunarháttinn.

Það er undarlegt til þess að vita að nú fyrst skuli útrýmt ákvæðum um sveitfesti og þar með girt endanlega fyrir þann möguleika að reynt sé að losna við erfiðar fjölskyldur burt úr smærri samfélögum. En ég hlýt að nefna að nýrrar sýnar er jafnframt þörf í sambandi við fjármögnun félagsþjónustu sveitarfélaga á meðan við höfum fámennu sveitarfélögin okkar sem búa við mismunandi aðstæður í tekjuöflun og íbúafjölda og íbúahóp sem þarf mismunandi mikillar aðstoðar við. Þar má m.a. nefna aldursskiptingu íbúa og eitt og annað fleira. Það má ekki viska feimnismálum eins og framfærslu til hliðar vegna þess að við skömmumst okkar fyrir það að búa svo að fólki að jafnvel fullfrískir einstaklingar geta ekki alltaf framfleytt sér.

Varðandi málefni aldraðra vil ég taka fram að sá málaflokkur verður sífellt meira áberandi í okkar samfélagi og tel ég að í því frv. sem hér er fram komið séu nokkur mikilvæg ákvæði varðandi þeirra mál. Málefni fatlaðra eru tekin þeim tökum í þessu frv. að félög þeirra hafa fagnað mjög framlagningu þess. Ég treysti þeim betur en nokkrum öðrum til að meta gildi þessa frv. Innan þeirra vébanda eru þeir einstaklingar sem vita helst hvar skórinn kreppir og ekki er ástæða til þess að vefengja það sem forsvarsmenn þessara félaga hafa til málanna að leggja. Það er ekki síst vegna þessara atriða sem mér finnst mjög brýnt að þetta frv. hljóti afgreiðslu og af því verði þeir vankantar sniðnir sem óhjákvæmilega hljóta að leiða til tafa eða lélegrar afgreiðslu þessa máls.

Það mun mál flestra sem gerst þekkja til aðstæðna fatlaðra að miklu máli skipti að veita fötluðum sem besta þjónustu í heimabyggð. Það firrir hins vegar rík-

isvaldið ekki ábyrgð á mjög sérhæfðri þjónustu við fatlaða sem ekki er hægt að veita í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Því er nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög hafi með sér gott samstarf í þessum málum. Ég hlýt auðvitað að geta þess í leiðinni að framtíðartakmarkið er að ekki þurfi sérstaklega að fjalla um málefni fatlaðra í löggjöf heldur verði skólamál fatlaðra hluti af skólamálum almennt, þjónusta sveitarfélaga við fatlaða hluti af eðlilegri þjónustu sveitarfélaga við alla, ferlismál fatlaðra sjálfsögð skipulagsmál o.s.frv. En ég efa það ekki að þetta frv. er góður áfangi á þessari leið og við afnemum engin sérlög fyrr en önnur lög skila hópum eins og fötluðum því sama og sérlögin nú gera.

Um frágang frv. og einstakar ábendingar mun okkur gefast kostur á að fjalla í nefnd, svo og þau alvarlegu ágreiningsmál sem þessu frv. fylgja enn. Það ætti að vera kappsmál okkar allra að þetta mál nái fram að ganga nú á þessu þingi. Það hefði þurft að koma fram miklu fyrr á þessum vetri svo vönduð vinna gæti orðið í nefnd. Ég vonast til þess að nefndin muni engu að síður gefa sér tíma og taka fast á málum þannig að það komist í gegn án þess að slakað verði á kröfum um vönduð vinnubrögð. Og ég vona að þessu frv. muni ekki fylgja út úr þinginu óþarfa ómagar sem ekki ættu þar heima.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Við fyrri hluta umræðu um þetta mál fyrir nokkrum dögum var innt eftir því hver væri afstaða menntmrn. og menntmrh. til ákveðinna þátta þess frv. sem hér liggur fyrir um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það hefur út af fyrir sig komið fram hver afstaða okkar er í þessu efni og skal aðeins ítrekað að ég er ósáttur við það fyrirkomulag að ákvæði um leikskóla skuli vera inni í þessu frv. af því að ég tel að það sé eðlilegra að um þau efni fjalli sérstök lög. Og í öðru lagi vegna þess að hér sé um að ræða almennt uppeldisstarf sem opinberir aðilar, ríki og/eða sveitarfélög taka að sér með vissum hætti. Þess vegna sé ástæðulaust og beinlínis rangt að hafa það inni í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Það mál sem hér liggur fyrir, herra forseti, er hins vegar ekki einfalt og hæstv. félmrh. er mikill vandi á höndum við að flytja frv. af því tagi sem hér liggur fyrir. Árið 1980, hygg ég að það hafi verið, skipaði ég nefnd til að gera tillögur að löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga, löggjöf sem átti í raun og veru að taka yfir alla félagslega þætti sem þar eru til meðferðar. Niðurstaðan varð sú að lögð voru fyrir mig drög mjög ítarleg, upp á fleiri tugi greina, um þessi mál þar sem reynt var að spanna allt sviðið. Ég taldi í raun og veru varla gerlegt að flytja slíkt frv. við þær aðstæður sem þá voru og ég sé að þeir sem hafa tekið við af mér í félmrn. eftir 1983, bæði hv. 1. þm. Vesturl. og hæstv. núv. félmrh., hafa í raun og veru verið sömu skoðunar. Þess vegna ætti að vera hér um að ræða almenna rammalöggjöf en ekki löggjöf um einstök atriði og útfærslu þeirra.

Í þessu efni takast hins vegar greinilega á tvö meginsjónarmið þar sem félmrn. er bersýnilega milli steinsins og sleggjunnar, hvor sem er steinninn og hvor sem er sleggjan. Það geta menn út af fyrir sig fundið hver fyrir sig. Það er annars vegar það sjónarmið sem félmrn. hefur lagt vaxandi áherslu á í seinni tíð, að um eigi að vera að ræða það sem kallað er „sjálfstæði sveitarfélaganna“ og að þau eigi að geta ráðið sínum málum sjálf og útfærslu þeirra í einstökum atriðum.

Segja má að löggjafinn hafi tekið undir þetta sjónarmið með lögunum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vorið 1989, hygg ég að það hafi verið. Ég verð hins vegar að segja það sem mína skoðun að ég hef aldrei verið viss um, og lét það koma fram við afgreiðslu málsins á Alþingi á sínum tíma, að þessi svokallaða hreina verkaskipting væri einhver sérstök gæfa fyrir þjóðina og sérstaklega ekki fyrir það sem kallað er „félagsleg þjónusta“ hér á landi. Félagsleg þjónusta er þjónusta sem á að veita til þess að jafna aðstöðu íbúa landsins. Ef sveitarfélögum er ætlað að inna það af hendi er það augljóst mál að þau geta það ekki með jöfnum hætti. Þannig verða íbúar sveitarfélaganna misjafnlega settir meðan sveitarfélögin eru svona mörg og mismunandi eins og þau eru núna. Þetta er annað sjónarmiðið um sjálfstæði sveitarfélaganna.

Hitt sjónarmiðið er svo það almenna viðhorf, sem ég veit að hæstv. núv. félmrh. hefur, að það beri að leggja á það áherslu að í löggjöf sé svo um hnútana búið að þeir sem helst þurfa á stuðningi og þjónustu að halda fái hana undanbragðalaust og þeir fái hana samkvæmt lögum. Þeir hafi rétt samkvæmt lögum. Það er því ekki ölmusa sem menn séu að sækja um heldur réttur sem þeir eiga samkvæmt landslögum. Vandinn er hins vegar sá, ef þessi kvöð að uppfylla þennan rétt er lögð á sveitarfélögin umfram það sem þau vilja sjálf, að þá er í raun og veru verið að skerða það sjálfstæði sveitarfélaganna sem menn í öðru orðinu, í orði kveðnu vilja hafa hjá sveitarfélögunum. Þess vegna er það alveg augljóst mál að hér takast á sjónarmið sem eru að mörgu leyti andstæð og mjög erfitt að sameina og það sést best á því frv. sem hæstv. félmrh. talar hér fyrir og ríkisstjórnin stendur að að öðru leyti en því sem varðar leikskólann. Það sést best á því ef við berum þetta frv. saman við upphafleg frumvarpsdrög félmrh. sem send voru til Sambands ísl. sveitarfélaga m.a. þar sem var um að ræða mikið skarpari ákvæði um skyldur sveitarfélaganna en að lokum urðu ofan á í frv. eins og það lítur út núna af því að sveitarfélögin sögðu sem svo: Þetta er okkar mál. Við eigum að ráða þessu sjálf, við eigum að taka um þetta ákvarðanir sjálf. Ég held að menn þurfi, um leið og þeir gagnrýna þetta frv. sem hér liggur fyrir eins og nokkrir þingmenn gerðu hér um daginn þegar það var til meðferðar, að gera sér grein fyrir því hvað það er í raun og veru flókið að sameina þau sjónarmið sem hér eru uppi sem eru að mörgu leyti andstæð, sameina þau án þess að gengið sé á svokallað sjálfstæði sveitarfélaganna og án þess að ákvæði laganna séu með þeim hætti að þau séu eins og almennar frómar óskir, ályktanir, eins og einhver hv. þm. orðaði það á dögunum, um það að allt skuli vera gott

og fallegt og það skuli stefna að þessu og hinu.

Þetta er í raun og veru sá vandi sem löggjafinn stendur frammi fyrir í þessu efni. Hvort vill hann virða meira kröfur sveitarfélaganna um sjálfstæði eða rétt fólks til þess að taka á málum og njóta réttar síns samkvæmt almennum landslögum? Ég er ekkert að segja að í tilefni af þessu frv. komi upp hugrenningar um það sem haft er eftir persónu nokkurri í mjög miklu og heimsfrægu leikverki sem heitir „Dýrin í Hálsaskógi" þar sem Bastían bæjarfógeti gaf út svohljóðandi lög, eins og menn vita sem eru lesnir í þessum bókmenntum: Allir eiga að vera góðir við alla. Hættan er auðvitað sú þegar menn vilja ekki binda skyldur á sveitarfélögin, (**GHelg:** Þetta var í Kardimommubænum.) Ég biðst afsökunar á þessu. Það var hv. 13. þm. Reykv. sem leiðrétti mig, hæstv. forseti Sþ. Það er nú eins gott að hafa hana hér nálægt, enda þekkir hún betur til barnabókmennta en allir aðrir alþingismenn samanlagt og ég biðst afsökunar á því, virðulegi forseti, að þetta voru ekki Dýrin í Hálsaskógi heldur var þetta í Kardimommubænum. Mér þykir þetta afar leitt og er satt að segja gersamlega miður mín yfir þessum mistökum sem á auðvitað ekki að henda menn eins og mig, sérstaklega ekki menntmrh.

En hér er auðvitað um að ræða hluti sem eru snúnir og ég er að nefna hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég er að biðja þingheim um að átta sig á þeim vanda sem hæstv. félmrh. stendur frammi fyrir í þessu efni.

Á dagskrá þessa fundar er einnig skráð frv. til laga um leikskóla. Þar mun ég gera grein fyrir því frv. í einstökum atriðum og þeirri hugmyndafræði sem á bak við það liggur. Ég tel ekki við hæfi að ég sé að gera það í þessari umræðu þó að ég út af fyrir sig gæti það mjög vel. Mér þykir eðlilegra að ræða þessi frv. aðskilin þó að aðrir sem hér hafa verið í ræðustólnum hafi reyndar ekki gert það eins og hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson sem talaði um bæði málin í raun og veru. Ég tel það sé langeðlilegast að þetta sé aðskilið og mun þess vegna ekki víkja að leikskólafrv. sérstaklega hér að öðru leyti en því að segja: Ég tel að ákvæði um leikskóla eigi að vera í leikskólafrv. og leikskólalögum en ekki í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég tel að það sé að öllu leyti óskynsamlegt og tek þannig séð undir það sem fram hefur komið, ekki síst hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum sem við alþýðubandalagsmenn höfum haft í þessum málum. Ég minni á það í þessu sambandi að það var einmitt að frumkvæði hv. 13. þm. Reykv. að sett voru inn í lög ákvæði um uppeldisáætlanir á dagvistarheimilum sem ætti að sinna og vinna í menntmrn. Þar með má segja að Alþingi hafi fyrir margt löngu samþykkt það meginsjónarmið að leikskólinn sé almennt uppeldisúrræði. Þess vegna tel ég að það sé ekkert sem segir að það sé réttlætanlegt að breyta því á þessu stigi málsins og ekkert hafi komið fram í þeim efnum sem réttlætir það.

Aðalforsendan fyrir því að menn eru að tala um leikskólann sem almennt uppeldisúrræði er auðvitað sá veruleiki að 80–90% foreldra, þar sem tveimur foreldrum er til að dreifa, vinna báðir utan heimilisins sem aftur þýðir það að börn þessa fólks þurfa á skipulegri umönnun að halda. Það er algerlega fráleitt fyrir þjóðfélagið að ætla sveitarfélögum, svo misjafnlega sterk sem þau eru, að leysa ein úr þessu máli. Í raun inni verður aldrei leyst úr þessu máli öðruvísi en að ríki og sveitarfélög í sameiningu taki á því. Og af því að mér er kunnugt um að hér fljótlega á eftir mér er á mælendaskrá hv. 9. þm. Reykv. sem þekkir afar vel til, t.d. í Kópavogi, þar sem ljóst er að kostnaður við leikskóla og dagheimili hefur vaxið mjög verulega á undanförnum árum þar sem bæjarstjórnin stóð mjög myndarlega að málum í Kópavogi mjög lengi, þá er hitt jafnljóst að það að bæta við þjónustu leikskóla og dagheimila í Kópavogi er dýrt og erfitt fyrir sveitarfélagið og að mörgu leyti mjög eðlilegt að almennir sjóðir á vegum ríkisins komi þar við sögu, að ég tali nú ekki um mikið minni sveitarfélög þar sem þessir hlutir eru erfiðari. Og ég bið menn fyrir alla muni að vera ekki að hugsa um dagheimili og leikskóla út frá Reykjavík, sem er í rauninni forrikt sveitarfélag, en hefur haft þá forgangsröð að það eigi frekar að byggja ráðhús úti í vötnum og veitingahús uppi á tönkum en dagheimili eða heimili fyrir aldraða.

Reykjavík réði auðvitað við þessi mál ef hún hefði forgangsröð af viti í staðinn fyrir að eyða fjórum milljörðum í ráðhús, sem kostar sem sagt jafnmikið og jarðgöngin fyrir vestan samanlagt. Í staðinn fyrir það gæti Reykjavík auðvitað ráðið við þessa hluti en hún hefur ekki gert það því pólitísk forusta hér í Reykjavík hefur verið með þeim hætti að menn hafa kosið að byggja bautasteina um sjálfa sig úti í vötnum og uppi á tönkum fremur en að byggja barnaheimili og elliheimili. En það er önnur saga.

Ég taldi sem sagt, virðulegi forseti, óhjákvæmilegt að koma á framfæri tveimur grundvallarathugasemdum í þessum málum. Í fyrsta lagi þeirri að ég tel að leikskólaákvæðin eigi að vera í sérlögum en ekki í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og í öðru lagi þeirri meginábendingu að ég bið menn að átta sig á þeirri hugmyndalegu klemmu sem ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eru í þar sem eru annars vegar kröfurnar um jöfnun og hins vegar kröfurnar um sjálfstæði sveitarfélaganna. Ég tel að það sé brýn nauðsyn, virðulegi forseti, að fella úr gildi og taka inn ný lagaákvæði í stað laganna frá 1947 um framfærsluskyldu. Ég tel að þau lög séu blettur á lögbók Íslands. Þess vegna er brýnt að það verði sett lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hér hefur verið unnið að málum mjög lengi. Fjöldi aðila úti í þjóðfélaginu hefur fengið þetta mál til meðferðar þannig að ég tel í sjálfu sér að Alþingi eigi ekkert að vera að vanbúnaði að taka afstöðu til málsins í einstökum atriðum hér á þessu þingi þó að skammur tími lifi eftir af því. En ég segi samt sem áður, og það verður að vera alveg skýrt af minni hálfu, auðvitað verða menn þá líka að taka ákvörðun um leikskólamálin með tilliti til þess frv. sem liggur frammi um þau úr því að þetta mál er hvort eð er til meðferðar hér á yfirstandandi þingi.

Með þessum orðum vænti ég, virðulegi forseti, að ég

hafi svarað þeim ábendingum sem til mín var beint af fáeinum þingmönnum hér á dögunum.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því mjög að nú er lagt fyrir Alþingi frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Eins og fram hefur komið á það sér nokkuð langan aðdraganda þar sem nefndarstarf, sem frv. þetta er afraksturinn af, hófst í júlí 1986 og miðaði þá að því að endurskoða framfærslulögin. Sú nefnd óskaði fljótlega eftir því við þáv. félmrh., Alexander Stefánsson, að umboði nefndarinnar yrði breytt og að hún fengi það hlutverk að vinna rammalöggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaga og fól ráðherra nefndinni það verkefni. Það var mjög rökrétt að taka þannig á málum af hálfu nefndarinnar þar sem, eins og fram kom í máli menntmrh., önnur og ýmiss konar félagsleg úrræði eru fyrir löngu farin að hafa meira vægi í aðstoð við fjölskyldur heldur en framfærsla eða framfærsluaðstoð ein og sér.

Þar sem ég átti sæti í nefndinni fyrstu tvö árin þekki ég mjög vel hvaða viðhorf voru lögð til grundvallar nefndarstarfinu og þá umræðu að fara fremur þá leið að setja rammalöggjöf um félagsþjónustuna og styðjast áfram við sérlög í hinum ýmsu málaflokkum fremur en smíða heildarlöggjöf um félagslega þjónustu svo sem gert hefur verið í sumum nágrannalöndum okkar.

Í umræðunni sem hófst hér fyrir helgi var m.a. nefnt að þetta frv. eða þessi löggjöf sem hér væri lagt upp með væri eins og húfa yfir þá ýmsu löggjöf sem fyrir hendi væri. Á jákvæðan hátt má segja að þetta sé hárrétt því rammalöggjöf er eins konar almenn umgerð um þau sérlög sem eru til staðar. Ég tel að það sé báðum þeim ráðherrum sem hlut eiga að máli til mikils sóma að hafa haft skilning á þessu mikilvæga máli og að vilja festa í sessi þennan málaflokk sem í raun má kalla lífæð sveitarfélaganna.

Ég verð að segja að miðað við fjölda félagshyggjumanna í röðum alþingismanna þá átti ég sannarlega von á því þegar þetta frv. var tekið á dagskrá að það fengi mjög jákvæð viðbrögð. Það hefur hins vegar orðið þannig að þeir sem tekið hafa til máls um frv. hafa fremur slegið á neikvæða strengi þó vissulega séu á því undantekningar í máli manna. En þær umsagnir sem fylgja frv. eru í heildina mjög jákvæðar og má segja að tilkomu frv. sé almennt fagnað af þeim sem hlut eiga að máli, þ.e. bera ábyrgð á málaflokkum eða starfa að ákveðnum þáttum sem undir félagsþjónustuna heyra.

Ég mun ekki eyða tíma hér í ræðustóli til að fjalla um umsagnir en vil þó nefna það sem segir í umsögn miðstjórnar ASÍ, að hún telur feng í því að sett sé löggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaga, að á einum stað í löggjöf verði að finna hvers konar þjónustu sveitarfélögum er skylt að veita og hvernig hún skuli vera. Það kemur einnig fram í umsögn ASÍ að það megi segja að engar byltingarkenndar breytingar sé að finna í frv. um þá þjónustu sem hin stærri sveitarfélög veita í dag. Þetta er að vissu leyti rétt því á liðnum árum hafa hin stærri sveitarfélög skipað þessum málum sínum í ákveðinn farveg að eigin frumkvæði. Og eftir því sem sveitarfélög hafa aukið félagslegar áherslur sínar og starfsmönnum félagsþjónustunnar fjölgað hefur samráð milli þeirra og milli sveitarfélaganna aukist mjög og haft áhrif á þróun mála í mörgum stærri sveitarfélögunum. Þetta hefur gerst þrátt fyrir það að yfirstjórn málaflokksins hefur verið í mörgum ráðuneytum og að skort hefur vissa heildaryfirsýn.

Það að öflug félagsmálastefna hefur verið rekin í mörgum stærri sveitarfélögum hefur skapað visst misrétti þegnanna, þ.e. að þeir íbúar, sem búa í smærri sveitarfélögum eða þeim sveitarfélögum þar sem takmörkuð félagsleg þjónusta er veitt, sitja ekki við sama borð og hinir í þessum efnum. Því er afar jákvætt að lögfesta þær almennu skyldur sem hverju sveitarfélagi er ætlað að axla. Í stóru sveitarfélögunum og raunar mörgum þeirra smærri hefur samræmd félagsþjónusta heyrt undir félagsmálaráð og starfsemin víða farið fram innan veggja Félagsmálastofnunar.

Ég átti um árabil þátt í félagslegu starfi á vettvangi bæjarmála í Kópavogi og ég hef sagt í þessum ræðustóli og endurtek það nú að ég mundi vilja sjá annað heiti, t.d. heitið Fjölskyldustofnun, koma í stað Félagsmálastofnunar vegna þeirrar neikvæðni sem margir bera til þess sem þeir telja að slík stofnun standi fyrir. Það hefur líka verið dapurt að vera vitni að því að jafnvel öflugt félagsmálafólk hefur notað það málfar í hita leiks í umræðu um afmarkaða félagsmálaþætti að ekki megi flokka þá með neinni „aumingjaþjónustu". Í Kópavogi völdum við að á einni og sömu stofnun væru saman málefni aldraða, íþrótta- og unglingamál, dagvistarmál og atvinnumál, atvinnuleit og málefni fatlaðra, framfærslumál og nú einnig húsnæðismál. Það hefur verið farsælt að vinna að þessum þýðingarmiklu þáttum fjölskyldumála undir einum hatti og þannig að starfsmenn hafa betur en ella haft yfirsýn yfir skörun mála sem til þeirra kasta hafa komið. Ég er ekki í vafa um að sú tilhögun sem ég hér hef nefnt á þátt í hve vel hefur tekist í félagslegri uppbyggingu í Kópavogi og nefni það hér í tengslum við umræðu um samræmda félagslega þjónustu.

Þetta frv. miðar að því að á vettvangi ríkisins verði yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd félagsþjónustu sameinuð í félmrn., ráðuneyti sveitarstjórnarmála, í stað fleiri ráðuneyta eins og nú er. Í sveitarfélögunum verður stjórn og framkvæmd þessara mála sem mest hjá félagsmálanefnd. Smærri sveitarfélög eru hvött til að sameinast um þjónustu á vettvangi héraðsnefnda eða byggðasamlaga þannig að þjónustan standi öllum til boða og nefni ég einmitt þann þátt sem menntmrh. gerði að umtalsefni hér rétt áður í ræðustóli.

Það á að hafa sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna að leiðarljósi í málefnum þeirra og einmitt rammalög gefa sveitarfélögunum mikið svigrúm til ákvarðana miðað við aðstæður og sveigjanleiki getur orðið meiri en ella. En fyrst og fremst mun það auðvelda smærri sveitarfélögum að bjóða þessa þjónustu að þau fari saman í gegnum héraðsnefndir eða byggðasamlög. Hlutverk og ábyrgð ráðuneytis er fyrst og fremst reglur, leiðbeiningar og ráðgjöf, öflun og miðlun upplýs-

inga, ásamt vissu frumkvæði sem tekur þó mið af frelsi og sjálfræði sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þau orð sem féllu hjá menntmrh. áðan, og sem ég er sammála, að ræða eigi þessi mál í raun aðskilið, félagsþjónustu sveitarfélaga og frv. um leikskóla, þá vil ég koma örlítið inn á það sem hér hefur verið rætt í þeim efnum og snerta það sem menn hafa viljað kalla skörun á milli þessara tveggja frv. Fyrir mér er þetta ekki spurning um völd eða yfirráð eins og hér hefur verið nefnt. Fyrir mér er þetta spurning um að fagleg yfirstjórn leikskólamála, þ.e. innra starf, uppeldisáætlanir og veiting starfsleyfa, verða áfram í menntmrn. svo sem verið hefur. Hins vegar verður það verkefni félmrn. sem ráðuneytis sveitarmála að hafa eftirlit með því að sveitarfélögin sinni uppbyggingu dagvistarheimila, veiti þeim aðstoð og ráðgjöf við að sameinast um slíkan rekstur svo sem með stofnun byggðasamlaga eins og áður er nefnt og er þetta mjög þýðingarmikið verkefni með hliðsjón af fjölda og smæð sveitarfélaga ef leikskólar eiga að bjóðast öllum börnum óháð búsetu. Að mínu mati er því ekki um að ræða skörun á milli ólíkra frumvarpa heldur samhæfing á milli mikilvægra mála sem heyra undir sama málaflokkinn.

Það hefur verið gengið út frá því frá upphafi og reiknað með því að auk rammalaga um félagsþjónustuna gildi áfram sérlög um leikskóla og það eru engin ákvæði í frv. um félagsþjónustu sem hindra að leikskólafrumvarpið, sem hér er einnig á dagskrá, verði að lögum.

Ég vil líka nefna það að frv. um félagsþjónustu kveður á um skyldur sveitarfélaga viðvíkjandi öldruðum en þrátt fyrir það er ekki lagt til að hróflað sé við lögum um málefni aldraða, né að sá málaflokkur sé fluttur til. Þá hefur heldur ekki verið gerð krafa um að það sem snýr að öldruðum sé tekið út úr þessu frv.

Það kemur mér líka á óvart að viðbrögð menntmrh. skuli vera þau í dag að hann leggi það til úr þessum ræðustóli að fella kaflann um leikskóla út úr frv. um félagsþjónustu. Það er svo langur tími liðinn síðan þetta frv. var tilbúið og menn gerðu ágreining um hvort ákvæðið um leikskólann ætti að vera í félagsþjónustunni og heyra undir þau verkefni sem félmrn. mundi reka á eftir hjá sveitarfélögunum eða ekki. Og úr því farin var sú leið að leita samræmingar og sameinast um niðurstöðu, orðalag og annað í frv. sem samstaða gæti verið um, þá hefði ég haldið að fyrir því yrði mælt hér í dag af hálfu beggja ráðherra. Ef allan tímann átti að leggja til að leikskólinn yrði ekki með í félagsþjónustunni þá áfellist ég það að þetta mikilvæga frv. sé ekki komið hér inn í þennan þingsal fyrir rúmu ári síðan.

Hér var sett fram sú spurning hvort leikskólinn væri menntastofnun eða félagslegt úrræði og geymslustaður. Ég hef velt því fyrir mér hvort ég hafi skilið áherslurnar rétt. Hvort það sé sem mér heyrist að félagslegt sé enn á ný neikvætt og að þetta tvennt síðarnefnda hljóti að hanga saman.

Ég get spurt hvort menntastofnun fyrir yngsta aldurshópinn sé skilgreind sem stofnun sem allir hafa aðgang að. Eða hvort hægt sé að skilgreina hana þannig meðan einungis ákveðinn hluti barna í aldurshópnum á mögulegan aðgang. Fyrir mér er leikskólinn fræðslu- og uppeldisstofnun. En við skulum ekki gleyma því að stór hluti barna á leikskólaaldri er að fá þá fræðslu og uppeldi sitt inni á heimilunum, inni á sínum eigin heimilum eða annars staðar en í leikskólanum. En fyrir mér er leikskólinn líka stórkostlegt fyrirbæri og lán hvers sveitarfélags þegar þannig er haldið á málum að vel er mannað sérmenntuðu starfsfólki.

En halda menn að það ráði einhverju um hve vel tekst að fá sérmenntað fólk til starfa hvort leikskólinn heyrir undir sameiginlega yfirstjórn í félagsþjónustu sveitarfélaga eða hvort hann er rifinn þar frá? Halda menn að þar sem sérstaklega hefur verið tekið á í innra starfi leikskólans — og ég ætla að leyfa mér að taka sem dæmi starfsemi sem kennd er við Reggio Emilia — halda menn að það hafi orðið fyrir frumkvæði menntmrn. þar sem það var gert? Aldeilis ekki. Það gerðist undir stjórn félagsmálaþáttarins og með stuðningi þaðan. En ég ætla að árétta að menntmrh. verðlaunaði slíkt framtak og hefur haft skilning á því.

Menntmrn. hefur í gegnum tíðina, og er ég búin að þekkja til þessa málaflokks í tólf ár, engin afskipti haft af uppbyggingu og meira að segja oft verið erfitt að fá úrskurð um ýmislegt og minnist ég t.d. þess að vilja fá úrskurð menntmrn. um hámarksfjölda barna í svonefndum fjölskyldudeildum. Engin afskipti hafa verið af beinni uppbyggingu en þaðan hafa verið gerðar og séð um uppeldisáætlanir, innra starf, og sannarlega er það verkefni sem skiptir mestu máli um rekstur og innra starf leikskólans.

Mig langar að nefna það að skólinn eins og við þekkjum hann er fyrir öll börn og grunnskólaganga er skylda. Leikskólavist frá sex mánaða aldri er samkvæmt ósk foreldra, er ekki skylda en þýðingarmikið úrræði og mikilvæg uppbygging í sveitarfélagi.

Ríkið borgar laun allra kennara en sveitarfélögin byggja grunnskólann. Sveitarfélögin greiða allan kostnað við leikskólann, bæði uppbyggingu og laun starfsfólks. Ef við meinum eitthvað með að leikskóli sé skóli hljótum við að stíga skrefið til fulls og fela ríkisvaldinu launakostnað fagfólksins. Því það er enginn sveitarstjórnarmaður sem kærir sig um það samkrull ríkis og sveitarfélaga sem viðgengist hefur í gegnum tíðina þar sem ríkið á að koma með ákveðna hlutdeild í hinum ýmsu þáttum og skilar henni aldrei, og þar hefur ekkert að segja hver er við stjórnvölinn, hvorki hjá ríkisvaldinu né sveitarfélaginu.

Með því að við stígum skrefið til fulls og segjum: Fóstrur skulu á sama hátt og kennarar hljóta laun frá ríkinu, þá væri hægt að setja skyldur á sveitarfélögin um uppbyggingu. Ég ætla að nefna það hér, sem er þekkt þumalfingursregla sveitarfélaga, að stofnkostnaður myndarlegs leikskóla er etinn upp á þremur árum í rekstri svo við mundum geta tvöfaldað fjölda leikskóla í Kópavogi, sem eru tíu til ellefu, á þremur árum ef við værum komin með launakostnaðinn yfir til ríkisins eins og grunnskólinn.

Hv. 13. þm. Reykv. gagnrýndi að ekkert væri getið

um það í þessu frv. hvað sveitarfélögin ættu að bjóða upp á af leikskólaplássum. Það er vissulega einungis ætlast til þess að sveitarfélögin miði að því að fullnægja þörf. Til að áætla þörfina gerir sveitarfélagið könnun og setur sér síðan framkvæmdaáætlun. Ég hef staðið að því að gera tíu ára áætlun um uppbyggingu á árunum 1980–1990 í Kópavogi. Sú áætlun var nokkuð hliðstæð áætlun sem vinstri meiri hlutinn í Reykjavík gerði á sama tíma, bæði í Kópavogi og í Reykjavík, að tilhutan félagsmálaráðs. Áætlunin gekk nokkuð vel eftir í Kópavogi en var ekki fylgt eftir í Reykjavík, enda skipt um pólitískar áherslur þar. Og það hafði ekkert með málið að gera undir hvaða ráðuneyti innra starfið heyrði. Það hafði með það að gera hvaða félagslegu áherslur voru við lýði í viðkomandi sveitarfélagi, hvaða áherslur sveitarfélagið vildi leggja, hvaða áætlun sveitarfélagið gerði og hvernig það vildi standa við þá áætlun.

Þó að ég haldi því fram hér, og það hefur komið fram í máli mínu, að þessum þáttum sé mjög vel borgið innan félagsmálaþáttarins og það sé trúa mín að þar skuli þessum þætti valinn farvegur, þá er það nú einu sinni svo, eins og hæstv. menntmrh. nefndi hér áður, að við erum í annan tíma að tala um sjálfstæði sveitarfélaganna. Því gat ég mjög vel staðið að því að sett væri inn í frv. um félagsþjónustu að leikskólinn skyldi annaðhvort heyra undir félagsmálanefnd, sérstaka nefnd eða skólanefnd. Með því fellst ég fullkomlega á það sjónarmið að það sé ákvörðun sveitarfélagsins hvar leikskólinn er staðsettur í stjórnkerfinu og kemur það fram í 38. grein.

En við ættum og höfum hingað til tekið nokkurt mið af viðhorfum sveitarfélaganna varðandi málefni þeirra og um þennan kafla ætla ég ekki að hafa fleiri orð, hæstv. forseti, nema að lesa, með leyfi forseta, fylgiskjal II með frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem hér liggur fyrir. Þar stendur:

„Í umfjöllun stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sl. vetur um fyrstu drög að framangreindu frumvarpi kom skýrt fram, að stjórnin var algerlega sammála þeim meginmarkmiðum frumvarpsins, að lögin væru rammalög, að yfirstjórn allra félagsmála verði í félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt er ráðuneyti sveitarstjórnarmála og að ein nefnd í hverju sveitarfélagi (félagsmálanefnd/félagsmálaráð) fjallaði um öll félagsmál. Var þetta sjónarmið staðfest í bréfi til félagsmálaráðuneytisins sem umsögn um drög að frv. til laga um félagsmál. Í bréfi til ráðuneytisins dags. 19. f.m. ásamt umsögn um frv. í heild voru áðurnefnd sjónarmið ekki endurtekin, enda er í þeirri umsögn aðeins vikið að þeim atriðum frumvarpsins, sem stjórnin gerði athugasemdir við.

Það hefur alla tíð verið stefna Sambands ísl. sveitarfélaga að félagsmálaráðuneytið ætti að hafa af ríkisins hálfu yfirstjórn félagsmála á vegum sveitarfélaga, þ.m.t. barnaverndarmál og mál er varða yngstu borgarana, leikvelli og dagheimili."

Virðulegi forseti. Nóg um þetta mál enda á það eftir að koma hér síðar á dagskrá.

En því viðhorfi að félagsþjónustan sé fyrir afmarkaðan hóp þeirra sem hafa orðið undir í lífsbaráttunni er hafnað í því frv. sem hér er til umræðu. Þess í stað áréttar þetta frv. það viðhorf að félagsþjónusta sveitarfélaga sé sú margháttaða þjónusta sem ætlað er að koma til móts við þarfir íbúanna. Það áréttar að félagslegar þarfir fólks séu ekki síður merkilegar en aðrar þarfir, að þær séu mismunandi eins og einstaklingarnir og að íbúar og sveitarfélög eigi valkosti í að sinna þessum þörfum.

Þetta frv. skipar félagsþjónustunni á þann veg að ekki er flokkað í sundur, almenn þjónusta annars vegar og aðstoð við fólk sem á í vanda hins vegar. Þannig vil ég einmitt sjá þennan þátt velferðarþjóðfélagsins og skora á þingmenn að veita þessu máli góðan stuðning.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég bað um orðið vegna þess að það gætti ákveðins misskilnings í ræðu hv. 9. þm. Reykn. þar sem kom fram að það hefði í rauninni engu máli skipt hverjir hefðu farið með þennan málaflokk á undanförnum árum hjá ríkinu. Ég minni á það að 1987 voru framlög til byggingar dagvistarheimila á vegum ríkisins 50 millj. kr. og þau voru það líka 1988. Haustið 1988, þegar Alþb. kom til starfa í ríkisstjórn, var tala fjárlagafrv. frá þeim drögum sem lágu fyrir hækkuð þannig að hún tvöfaldaðist í krónutölu eða upp í tæpar 100 millj. kr. Það er alveg augljóst mál að það hefur skipt miklu máli hverjir hafa farið með þessa málaflokka.

Í því sambandi get ég rifjað það upp að upphaflegu lögin um þátttöku ríkisins í uppbyggingu leikskóla og dagvistarstofnana voru sett á árunum 1971–1974. Þar var um að ræða lagaákvæði um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði en líka í rekstrarkostnaði dagheimila hér á landi. Og það liggur fyrir og þarf ekki annað en að skoða vissar tölur því til sönnunar, þá liggur það fyrir að þessar ákvarðanir höfðu gífurleg áhrif á uppbyggingu dagvistarstofnana í landinu. Sú ákvörðun ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. í september 1975 að fella niður lagaákvæði um þátttöku ríkisins í rekstri dagheimila dró verulega úr þessari uppbyggingu frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Þess vegna segir það sig auðvitað sjálft að það hefur skipt máli hverjir hafa farið með þessa málaflokka, enda geri ég ráð fyrir því að talsmenn Alþfl. vilji meina svona yfirleitt að það skipti máli hvort þeir fari með málaflokka eða einhverjir aðrir, eða hvað? (**RG:** Ráðherra misskildi orð mín e.t.v. viljandi.) Hafi ráðherra misskilið orð hv. þm. þá biðst hann afsökunar á því, en ráðherrann gerði það örugglega ekki viljandi.

Ég taldi mikilvægt að koma þessum sjónarmiðum á framfæri, virðulegi forseti, í tilefni af þeim ummælum sem féllu hér áðan.

Um ýmsa aðra þætti sem hv. 9. þm. Reykn. ræddi, m.a. varðandi uppeldisþáttinn í þessum málum og afstöðu einstakra aðila, þá held ég að það sé því miður óhjákvæmilegt að láta það koma fram líka að það er ekki þannig að víðtæk samstaða sé um að leikskólamálin séu inni í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er ekki þannig. Það er fjöldi aðila sem telur

óhjákvæmilegt að endurskoða það. Þar má nefna t.d. Félag áhugafólks um málefni barna, sem eru virt samtök og vaxandi í seinni tíð. Þar má nefna aðila eins og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem hefur beitt sér mjög í þessu máli. Það má nefna aðila eins og Kennarasamband Íslands, Fóstrufélag Íslands og t.d. Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg er þrátt fyrir allt einhver stærsti rekstraraðili dagvistarstofnana í landinu. Þar er það ekki þannig að dagvistarmál séu undir félagsmálaráði heldur er stjórn dagvistar barna sjálfstæð stofnun, kosin með þeim hætti að hún nýtur sjálfstæðis innan stjórnkerfis Reykjavíkur. Í umsögn Dagvistar barna um þessi mál segir, m.a. með leyfi forseta:

„Það er yfirlýst stefna Dagvistar barna í Reykjavík að málefni leikskóla verði áfram vistuð í menntmrn. Samkvæmt lagafrv. því sem hér liggur fyrir er engan veginn tryggt að svo sé."

Þessi umsögn Dagvistar barna hefur verið samþykkt í borgarráði Reykjavíkur.

Í umsögn félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar sem fékk frv. um félagsþjónustu líka til umsagnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt núgildandi lögum hefur menntmrn. yfirstjórn dagvistarmála og faglegt eftirlit og ráðgjöf og hefur haft síðan fyrstu lög um dagvistarmál voru sett árið 1973. Félagsmálaráð er sammála því grundvallarsjónarmiði að dagvistarheimili fyrir börn séu uppeldis- og menntastofnanir og hljóti því að heyra áfram undir sömu yfirstjórn og grunnskólar. Öll þróun í starfi dagvistarheimila hér á landi styrkir æ betur þennan skilning og að víkja frá þessu grundvallarsjónarmiði væri síst til bóta. Félagsmálaráð Reykjavíkur telur því að fella þurfi niður úr frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga öll ákvæði er lúta að dagvist barna að undanskilinni 31. gr."

Ég gæti talið hér upp fleiri aðila sem ég tel að séu marktækir í þessu efni sem nauðsynlegt er fyrir Alþingi að muna eftir í þessari umræðu og auðvitað algerlega fráleitt fyrir hv. þm. að horfa fram hjá því. Það er kannski líka nauðsynlegt að ítreka það út af því sem hér var sagt áðan að Alþýðusamband Íslands hefur haft mjög eindregna afstöðu í þessu máli sömuleiðis. Og það er alveg rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að hér er ekki um það að ræða að verið sé að deila um völd. Það er alls ekki um það að ræða, heldur er hér verið að deila um ákveðin grundvallarsjónarmið. Ég hélt satt að segja að það væri hægt að ná samkomulagi um þessi grundvallarsjónarmið og ég held að það sé enn þá hægt að ná samkomulagi um grundvallarsjónarmið eins og þetta vegna þess að ef menn tala saman af sanngirni um mál og beita hvern annan rökum og gagnrökum eins og gengur, þá muni menn fallast á að lenda hlutunum með þeim hætti sem við höfum verið að tala um, fyrst og fremst af því að leikskólinn hlýtur að vera almennt uppeldisúrræði. Hann er nútímasvar við félagslegum niðurstöðum.

Ég er algerlega viss um það, virðulegi forseti, að eftir 10–20 ár eða svo muni mönnum finnast það harla skrýtið að á Alþingi Íslendinga árið 1991 hafi menn verið að deila um það hvort leikskóli ætti að vera inni í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eða ekki. Ég tel að mönnum muni finnast það nákvæmlega eins skrýtið og mönnum þætti það undarlegt í dag ef farið hefðu fram umræður um það fyrir 40–50 árum hvort barnaskólarnir ættu að vera hluti af hinum almennu félagslegu úrræðum sveitarfélaganna, svo aum sem þau voru þá á þeim tíma. Það datt auðvitað engum í hug, en þó var það þannig, virðulegi forseti, að skólar, barnaskólar, voru á vegum sveitarfélaganna. Þeir voru reknir að verulegu leyti á vegum sveitarfélaganna. Það var frumkvæði þeirra, fátækra hreppa og byggða allt í kringum landið, að koma upp skólum fyrir börn. Engu að síður fór það svo að þetta þróaðist allt inn í löggjöf um grunnskóla. Alveg á sama hátt mun það gerast, það er alveg óhjákvæmilegt, að leikskóli verður talinn sjálfsagt uppeldisúrræði í þjóðfélagi þar sem þess er krafist að foreldrar barnanna fari út á vinnumarkaðinn og staðreyndin liggi fyrir um það að 80–90% þeirra séu úti á vinnumarkaðinum og þjóðfélagið ætlast til þess.

Það liggur líka fyrir í þessu sambandi, virðulegi forseti, sem er nauðsynlegt að undirstrika, að leikskólinn er í raun og veru að mörgu leyti undirbúningur undir grunnskólann, þó að hér sé um að ræða sjálfstæða stofnun. Og það liggur fyrir að þau börn sem koma úr leikskólum eru að mörgu leyti betur undirbúin undir grunnskóla en ýmis önnur börn samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið. Hér erum við í raun og veru að deila um hluti sem ekki ætti að þurfa að deila um. Og ég endurtek að ég er handviss um það að eftir 10–20 ár þyki það beinlínis sérkennilegt að menn hafi þurft að setja á langar ræður út af deilum um mál eins og þetta, svo sjálfsagt sem það er. Leikskóli er uppeldisstaður.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég hyggst ekki bæta löngu máli við það sem þegar hefur komið fram af minni hálfu við þessa umræðu, en ég hlýt að benda á þann ágreining sem uppi er milli ráðherra í ríkisstjórn Íslands um þetta mál. Ég sagði það í minni fyrri ræðu að ég hefði miklar efasemdir um að þetta væri stjfrv. og ég tel að umræður hér í dag staðfesti að þó að svo kunni að vera að formi til, þá er þetta efnislega ekki stjfrv., ekki frekar en frv. sem sjútvrh. hefur lagt fram í Ed. í eigin nafni vegna þess að hann fékk ekki stuðning í ríkisstjórninni til að flytja stjfrv. um ráðstafanir vegna loðnubrests.

Það er orðið þannig ástandið í ríkisstjórninni að ráðherrarnir flytja í eigin nafni frumvörp í þingdeildunum sem koma á dagskrá eins og hver önnur þingmannafrumvörp. Og miðað við þær upplýsingar sem hér hafa komið fram af hálfu hæstv. menntmrh. er náttúrlega augljóst að hæstv. félmrh. hefði átt að leggja þetta frv. fram í eigin nafni.

Hæstv. félmrh. hélt því fram við 1. umr. að um þetta mál hefði náðst samkomulag í ríkisstjórninni sem menntmrh. væri sáttur við. Ég sagði það í minni fyrri ræðu að það væri rétt að hæstv. menntmrh. segði sjálfur frá því, ef svo væri, og það er komið á daginn að

svo er ekki. Þær upplýsingar sem hæstv. félmrh. reiddi hér fram fyrr í vikunni við þessa umræðu voru því miður ekki réttar. Hæstv. félmrh. sagði, með leyfi forseta í ræðu sinni þann 12. febr.:

„Þess hefur verið krafist að öll ákvæði frv. þessa um málefni leikskóla verði numin á brott og því haldið fram að þau séu í andstöðu við frv. menntmrh. um leikskóla.“ Síðan segir, með leyfi forseta: „Ekki var menntmrh. þeirrar skoðunar sl. vor þegar samkomulag var gert í málinu og bæði frumvörpin lögð fyrir þingið. Því síður á það við um þetta frv. sem nú er lagt fyrir þingið þar sem enn hafa verið gerðar breytingar á því frá fyrri framlagningu sl. vor í þá veru að samræma hugtakanotkun beggja frumvarpanna þannig að orðið leikskóli er notað sem samheiti dagvista.“

Hér hafa verið bornar á borð af hálfu hæstv. félmrh. þær upplýsingar að það sé samkomulag í ríkisstjórninni um þetta mál. Það er bara einfaldlega rangt. Það er ekki ég sem held því fram. Það er sjálfur menntmrh. sem hefur staðfest það. Það liggur alveg fyrir, til að mynda eftir ræðu hv. 13. þm. Reykv., að um þetta mál er ekki bara ágreiningur milli einstakra ráðherra heldur djúpstæður ágreiningur milli stjórnarflokkanna. Ég tók eftir því að hv. 13. þm. Reykv. lýsti því yfir að þetta frv. yrði aldrei samþykkt af hennar hálfu með þeim X. kafla, um málefni leikskóla, sem er nú í frv., þar inni. Það er reyndar nákvæmlega það sem ég sagði í minni fyrri ræðu. Ég lýsti því yfir að það yrði ekki samkomulag um að hafa hann í frv. eða ganga frá því eins og það er óbreytt.

Ráðherra menntamála lýsti því hér yfir fyrir örstuttu síðan að hann væri ósáttur við það að ákvæði um leikskóla væri í þessu frv. þvert á það sem félmrh. var búinn að upplýsa þingheim um. Og ráðherra menntamála lýsti því líka yfir að hann teldi það að öllu leyti óskynsamlegt að hafa þessi ákvæði í frv., að öllu leyti óskynsamlegt. Hér er því ekki bara um það að ræða að það er ágreiningur milli ráðherra, það hefur líka verið sagt rangt frá í framsögu þessa máls. Því hefur ranglega verið haldið fram að það sé samkomulag í ríkisstjórninni um þetta mál sem ekki er tilfellið, þannig að þó að þetta sé að formi til stjfrv., þó að það sé nú á mörkunum að það uppfylli formskilyrði þess, þá er ekki efnislegt samkomulag um þetta mál, hvorki í ríkisstjórn né stjórnarflokkum.

Þannig að mér sýnist einsýnt að það náist samkomulag með öðrum hætti heldur en nú er í þinginu milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það að breyta þessu frv. Ég sé nú ekki betur. Það mætti þá taka ýmis önnur ákvæði eins og þau sem við hv. 13. þm. Reykv. gerðum hér að umtalsefni og breyta þeim þá í leiðinni eins og það að leggja þá lagaskyldu á herðar félagsmálastofnana að hafa ætíð hæfu starfsfólki á að skipa, að viðlagðri aðför að lögum, sem er að vísu undanskilið en ekki tilgreint í frv., og öðrum álíka ákvæðum sem hv. 13. þm. Reykv. benti á í sinni ræðu að væru margvísleg sem þyrftu nánari athugunar og meðferðar við.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þessar umræður um leikskólann sem hæstv. menntmrh. gat um, en ég bendi á það að í Morgunblaðinu fyrir tveimur dögum síðan, eftir umræðurnar hér á þriðjudag, þá sagði hæstv. menntmrh. að hann væri enn þeirrar skoðunar að ákvæðin um leikskóla í frv. félmrh. ætti að fella á brott eða breyta frv. á einhvern annan sambærilegan hátt. Ég les þetta, með leyfi forseta:

„Menntmrh. sagði að hann og félmrh. hefðu reynt að ná samkomulagi en það hefði ekki tekist.“

Þetta staðfestir enn að það sem ráðherrann hélt hér fram við 1. umr., að allt væri hér komið í gott samkomulag, það er rangt.

Það hafa borist athugasemdir frá ýmsum aðilum, eins og hæstv. menntmrh. gat um, við þennan kafla, X. kafla frv., sem eru samhljóða því eða ganga í sömu átt og þau viðhorf sem hann hefur lýst og ég lýsti í fyrri ræðu minni og hv. 13. þm. Reykv. Ég skal ekki draga þessa umræðu með því að vera að lesa það upp, en það er alveg ljóst að það er ekki bara Fóstrufélag Íslands sem er andstætt þessum áformum eins og þau liggja nú fyrir. Það eru miklu fleiri aðilar sem þessu máli tengjast og hafa starfað að þessum málum. Auðvitað er þetta á endanum, þegar öllu er á botninn hvolft, spurning um það hvernig menn vilja skilgreina þá starfsemi sem fram fer á vegum leikskólanna, hvort menn vilja líta á hana sem undirbúning undir skólanám og þar af leiðandi sem menntamál og uppeldismál, eða hvort menn vilja skilgreina hana á annan veg eins og tilraun er gerð til í þessu frv.

En mér finnst aðalatriðið á þessu stigi málsins, burt séð frá efnisatriðum frv., vera að það hefur verið leitt í ljós við þessa umræðu að um málið er djúpstæður ágreiningur. Því hefur ranglega verið haldið fram að þetta mál gæti siglt hér í gegnum þingið þöndum seglum nánast á grundvelli samkomulags í stjórnarflokkunum. Það er ekki svo. Ef á að gera hér eitthvert samkomulag um að koma þessu máli í gegn, ja, þá er það á milli stjórnarandstöðu, að einhverju leyti a.m.k., og einhverra stjórnarflokkanna um að gera breytingar í átt við það sem fram hefur komið hér í þessari umræðu að nauðsynlegt sé. Þannig stendur þetta mál að mínum dómi.

Ég tel að félmn. þurfi að fara mjög rækilega í saumana á þeim athugasemdum sem komið hafa hér fram. Hún kemst ekkert hjá því. Þó að þetta mál sé búið að vera lengi í meðferð og undirbúningi og þó að ýmsir aðilar hafi fengið að skoða það á undan þinginu og fengið það til umsagnar, þá er það óhjákvæmilegt eins og þetta mál er allt í pottinn búið og nauðsynlegt að hvika í engu frá þeim kröfum sem hér eru gerðar í þinginu, eða eiga að vera alla jafna, um vandaða meðferð mála.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður um það frv. sem hér er á dagskrá. Að hluta til finnst mér þær hafa verið á köflum nokkuð sérkennilegar. Það er auðvitað hægt að benda á ýmislegt sem fram hefur komið í þessum umræðum hjá einstökum ræðumönnum sem styður það. Ég nefni að það kom fram í máli eins þingmanns að hér væri nánast um að ræða

einhvers konar bandorm þar sem væri raunverulega verið að breyta lögum í mörgum málaflokkum, hér væri um að ræða frv. sem væri almennt orðað, nánast eins og þáltill., engar skyldur væru settar á sveitarfélögin. Einn þingmaður hafði það á orði að kaflinn um fatlaða og aldraða væri óþarfur og eins kaflinn um leikskóla. Ákvæði frv., sem í þessu væri, væri að finna í öðrum lögum eins og í löggjöf um húsnæðismál, almannatryggingalögum, lögum um málefni fatlaðra og aldraðra, og því væri hér nánast um að ræða frv. sem væri óþarft. Einnig kom fram hjá þingmanni að hann gagnrýndi að það væri eins ákvæði í frv. um leikskóla og félagsþjónustu sem sköruðust og að sveitarstjórnarmenn væru ekki hrifnir af þessu frv. Ég vil því fara nokkrum orðum, virðulegi orðum, um þessi atriði.

Í þessari umræðu fannst mér koma fram hjá einstökum þingmönnum að þeir áttuðu sig raunverulega ekki á hvernig frv. hér væri á ferðinni. Hér er um að ræða frv. að rammalögum og í því felst að það er einungis kveðið á um markmið og meginreglur en til hliðar við þau gilda áfram sérlög. Hér er raunverulega verið að draga út úr hinum ýmsu sérlögum þau verkefni sem snúa sérstaklega að sveitarfélögunum, svo að dæmi sé tekið í húsnæðismálum, málefnum aldraðra, málefnum fatlaðra. Í þessum sérlögum er að mestu um að ræða þær skyldur sem ríkið hefur í þessum málaflokkum, en hér er verið að draga saman í eina löggjöf, rammalöggjöf að félagsþjónustu, þau verkefni og þær skyldur sem sveitarfélögin hafa í þessu efni. Hér er raunverulega um að ræða fyrsta vísinn að félagsmálalöggjöf. Hér er raunverulega verið að setja velferðarmálin sem sveitarfélögin hafa skyldu við í stjórnkerfislegan farveg, en þau hefur, eins og ég sagði í minni framsögu, verið að finna í hinum ýmsu sérlögum. Alla heildaryfirsýn hefur skort yfir þær skyldur og verkefni sem sveitarfélögin hafa á sviði velferðarmála. Mér finnst mjög mikilvægt, þegar þetta frv. er gagnrýnt, að menn skoði það í þessu ljósi.

Það er einnig rætt um að hér sé ekki verið að setja neinar skyldur á sveitarfélögin og þetta sé almennt orðuð löggjöf. Þá held ég að það sé líka brýnt að menn hafi í huga það sem raunverulega allir stjórnmálaflokkar hafa á sinni stefnuskrá sem er að auka sjálfstæði sveitarfélaganna. Það er auðvitað að verulegu leyti skýringin á því að ekki er afdráttarlaust í einstökum atriðum kveðið á um skyldur sveitarfélaganna í einstökum efnum. Hæstv. menntmrh. kom einmitt réttilega inn á þetta atriði.

Ég hygg að það mundi nú eitthvað heyrast í sveitarfélögunum ef í slíkri löggjöf yrði kveðið nákvæmlega á um hve margar félagslegar íbúðir, svo að dæmi sé tekið, sveitarfélögin ættu að byggja á ári eða hve marga leikskóla sveitarfélögin ættu að reisa o.s.frv., eða að nákvæmlega yrðu njörvaðar hér niður þær reglur um fjárhagsaðstoð sem sveitarfélögin eiga að veita íbúum sínum í sérstökum tilvikum, að það yrði nákvæmlega njörvað niður hér á Alþingi hve háar upphæðir hér væri um að ræða. Þetta er einn þáttur málsins. Svo er hinn þáttur málsins líka að hér eru um 200 sveitarfélög sem eru mjög misjafnlega í stakk búin til að takast á við slík verkefni og þess vegna væri það auðvitað ekki rétt að negla þetta nákvæmlega niður í slíkri rammalöggjöf, fyrir utan það grundvallaratriði að það ber að virða sjálfstæði sveitarfélaganna.

Nefndin sem vann þetta frv. vildi hafa þessar skyldur miklu nákvæmar niður negldar í einstökum greinum heldur en hér er lagt til. En nefndin taldi engu að síður rétt að taka tillit til þeirra umsagna sem komu frá sveitarfélögunum að því er varðar einstök atriði þessa frv.

Um það atriði, að hér skarist ákvæði laga um leikskóla og félagsþjónustu, eins og hv. þm. Geir Haarde nefndi — hann nefndi yfirstjórnina, hann nefndi könnun á þörf fyrir leikskóla og að leikskóla ætti að reka samkvæmt sérlögum — þá skarast hér ekkert á, nákvæmlega ekki neitt. Ég hygg að það sé ekkert óvanalegt að kveðið sé á um skyldur og sömu atriði í fleiri en einni löggjöf. Þau eru raunverulega samhljóða, ákvæðin að því er varðar yfirstjórn, um innri málefni og faglega þáttinn að því er leikskólann varðar, bæði í frv. um leikskólann og í þessu frv. (Gripið fram í.) Könnun á þörfinni fyrir leikskóla, það er getið um það — við erum að kveða á um það, hv. þm., hverjar séu skyldur sveitarfélaganna og verkefni að því er varðar málefni leikskóla og dagvista þannig að það er auðvitað ekkert við það að athuga að slík ákvæði séu sett inn í löggjöf sem er rammalöggjöf um þau verkefni og skyldur sem sveitarfélögin hafa að því er varðar þessi velferðarmálefni.

Hv. þm. nefndi einnig að kaflinn um fatlaða væri með öllu óþarfur. En ég vil þá nefna það að í þeim kafla er að finna nýmæli sem ekki er að finna í öðrum lögum og það er um heimaþjónustu við fatlaða í 47. gr. Um heimaþjónustu fatlaðra er ekki að finna nein ákvæði, ekki í lögum um málefni fatlaðra, svo að dæmi sé tekið. Um það er kveðið á að því er varðar aldraða en að því er varðar heimaþjónustu við fatlaða er hvergi kveðið á um það, þannig að það eitt atriði út af fyrir sig nægir auðvitað til þess að um þennan málaflokk sé fjallað í þessu frv.

Ég nefni einnig, af því að hér eru menn að tala um að þetta séu aðeins almennar markmiðslýsingar, þá má auðvitað finna ýmis lög sem sett hafa verið á Alþingi, sem menn hafa þó ekki gagnrýnt, sem kveða á um almennar markmiðslýsingar og stefnumarkandi atriði. Það má t.d. benda á ýmis ákvæði í lögum um málefni fatlaðra. Það má nefna lög um grunnskóla. Þar eru ýmsar almennar markmiðslýsingar og stefnumarkandi atriði sem ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að lesa hér upp þó að hægt væri, þannig að hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða að því er það varðar.

Í lokin vil ég mótmæla því sem mér fannst koma fram hjá hv. 10. þm. Reykn. að hér væri um einhverja valdabaráttu að ræða milli ráðherra sem væru að toga á milli sín þennan málaflokk varðandi leikskóla og til að mynda að félmrh. legði allt kapp á að sá málaflokkur félli undir félmrn. Það er auðvitað alrangt að halda slíku fram. Mitt sjónarmið hefur verið að það sé mjög óeðlilegt, þegar við erum að kveða á um rammalöggjöf um félagslega þjónustu þar sem upp eru talin

verkefni sem sveitarfélögin hafa á velferðarsviðinu, að þá sé verið að taka út einn af mikilvægustu málaflokkunum sem sveitarfélögin hafa skyldur við. Það er það sem mér finnst með öllu óeðlilegt, fyrir utan það sem hefur komið hérna fram, og verður kannski aldrei nógsamlega undirstrikað, að sveitarfélögin bera fjárhagslega og faglega ábyrgð í þessum málaflokki. Og aftur skal það ítrekað, sem skýrt kemur fram í báðum þessum frumvörpum, að það er á engan hátt verið að taka nein verkefni frá menntmrn. sem það hefur haft í þessum málaflokki.

Hv. þm. Geir Haarde sagði hér í síðari ræðu sinni að ég hefði ekki farið með rétt mál í minni framsöguræðu, að hér væri um að ræða samkomulag milli menntmrh. og félmrh. hvernig frá þessum málum var gengið í þessum tveim frumvörpum sem hér hafa verið til umræðu. Um það vil ég segja og rifja upp að þessi mál voru lögð hér fram á síðasta þingi rétt áður en þingi lauk. Um þau urðu að vísu ekki umræður, þau komust ekki á dagskrá en þau voru lögð hér fram.

Ég vil rifja upp að nefndin sem samdi þetta frv. lagði til að dagvistarmálin flyttu alfarið til félmrn. Ég féllst á að breyta þeim tillögum sem nefndin var með í þeim efnum í þá veru að þessi málaflokkur, að því er varðar faglega þáttinn og innri málefni, yrði áfram hjá menntmrn. eins og verið hefur. Um það var það samkomulag sem ég og menntmrh. gerðum. Hægt er að fara lið fyrir lið í gegnum þá þætti sem var breytt í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga eins og nefndin skilaði því frá sér og frv. um leikskóla eins og það var áður úr garði gert. Til eru bréfaskipti og minnisblöð milli ráðuneytanna tveggja um þetta mál. Það náðist að lokum að mínu viti fullt samkomulag í þessu máli sem mætti rekja lið fyrir lið ef ástæða væri til. Ég treysti því auðvitað að menntmrh. standi við það samkomulag. Hann sagði í ræðustól áðan að hann væri ósáttur við að ákvæði um leikskóla væri í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. En það er nú einu sinni svo að menn þurfa stundum að ná málamiðlunum og niðurstöðum í málum, það þekkja allir stjórnmálamenn, og ég tel að við höfum náð málamiðlun og samkomulagi í þessu máli. Það breytir því kannski ekki út af fyrir sig að menntmrh. getur verið ósáttur við það að ákvæði um leikskólann séu inni í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. En ég treysti því auðvitað að menntmrh. standi við það samkomulag sem gert var á milli okkar ráðherranna og ráðuneytanna sl. vor í þessu máli.

Reyndar er það svo að ég hef gengið lengra en það samkomulag kvað raunverulegra á um og þá taldi ég mig hafa verið að ná samkomulagi við hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem gagnrýnt hefur nokkuð þetta frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga, bæði ýmis almenn ákvæði frv. og kannski ekki síst kaflann um leikskólann. Þar var breytt í samráði við hv. þm. hugtakanotkun sem er í frv., þar stóð áður dagvistir þar sem fjallað var um leikskólamálefni. Þeirri hugtakanotkun var breytt þar sem kveður nú á um leikskóla að því er varðar alla þætti þess. Af þessu sést að ég hef lagt mig mjög fram um það að ná samkomulagi í þessu máli.

Ég hef út af fyrir sig ekki meira um þetta að segja og treysti því auðvitað að samkomulag það sem menntmrh. og ég höfum gert í þessu máli standi.

Hér voru rifjaðar upp ýmsar umsagnir sem fram hafa komið um þetta mál og menntmrh. taldi að það væru ýmsir aðilar sem væru á móti því að kaflinn um leikskóla væri inni í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort þeir aðilar sem setja fram slík mótmæli og vilja að kaflinn fari alfarið út úr þessu frv., átti sig raunverulega á því um hvað málið snýst og hvort. Og þó að þessi frv. yrðu að lögum hvort um yrði að ræða nokkra breytingu frá því sem verið hefur. Fagleg yfirstjórn og innri málefni hafa verið hjá menntmrn. og þar er ekki gerð nein breyting á.

Ég gæti út af fyrir sig rakið hér á fjórða tug umsagna, lið fyrir lið, sem kveða á um stuðning ýmissa aðila í þjóðfélaginu, félagasamtaka, stéttarfélaga og fleiri aðila, við frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga, bæði almenn ákvæði frv. og kaflann um leikskóla. En ég skal ekki eyða tíma þingsins í það.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál en vænti þess að frv., sem lengi hefur verið í undirbúningi, verði að lögum á þessu þingi. Ég tel raunar mjög brýnt að svo verði og að við búum við nútímalega löggjöf á þessu sviði en þurfum ekki áfram að styðjast við úrelta framfærslulöggjöf sem við höfum búið við allt frá 1947 í þessu efni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég bað um orðið var auðvitað sú að það er ekkert efnislegt samkomulag um það að leikskólinn sé inni í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaganna. Það sem menn hafa rætt um milli stjórnarflokkanna er það hvort frv. verður lagt fram sem stjfrv. með fyrirvara um þetta atriði, sem við féllumst á og er ekki aðeins fyrirvari minn heldur þingflokks Alþb. Það verður að vera alveg skýrt.

En það að hv. 14. þm. Reykv. skuli vera mjög undrandi á slíku, að það komi fyrir að stjórnarflokkar séu með fyrirvara, kannski um einstök atriði í stjfrv., er aftur á móti sérkennilegra, vegna þess að hann var stuðningsmaður ríkisstjórnar sem ruddi mjög brautina í þessum efnum. Það var haustið 1987. Þá var lagt fram fjárlagafrv. með stuðningi hv. 14. þm. Reykv. sem var með þeim hætti að ríkisstjórnin stóð að frv. í heild nema landbrh. Hann hafði fyrirvara um tekjuhliðina en hafði samþykkt útgjaldahliðina. Það var mjög nýstárlegt í þessu efni. Það kemur auðvitað iðulega fyrir að stjórnarflokkar kunna að vera með mismunandi áherslur í sambandi við einstök atriði við flutning stjfrv.

Hins vegar er það að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. Geir Haarde að það er ekki alveg einfalt að svara því í ljósi sögunnar hvaða pólitísk formsatriði frv. þarf að uppfylla til þess að heita stjfrv. Hin formlegu atriði eru hins vegar þau að viðkomandi ráðherra fái það samþykkt í ríkisstjórninni, sem þó er ekki fjölskipað stjórnvald, að frv. megi flytja sem stjfrv. og að forseti Íslands skrifi upp á það að málið sé lagt fram sem stjfrv. Það eru í raun og veru hin einu formsatriði sem þarf að

uppfylla í þessum efnum, en að því er varðar að hin pólitísku atriði í aðdraganda þessa máls séu lögð fyrir sem stjfrv. þá hygg ég að menn geti fundið ótrúlegustu dæmi í sögunni um það hvernig að þeim hlutum er staðið.

Ég ætla t.d. ekki að rifja upp í þessu efni hvernig var með frv. til laga um stjórn efnahagsmála, sem urðu síðan lög nr. 13/1979. Það var upphaflega flutt af páv. forsrh. sem lagði það fram á Alþingi 1. mars 1979 eftir nokkrar umræður um þau mál. (Gripið fram í.) Það eru nú kannski aðrir hér í salnum sem eru betri vitni um það hvar það var samið nákvæmlega en undirritaður, þar á meðal og einkum og sér í lagi hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. En það er annað mál. Ég hygg að í þessum efnum sé hægt að finna dæmi af þessu tagi.

Auðvitað er það betra að menn nái samkomulagi um málin lið fyrir lið. Auðvitað er það betra og það var venjan á Alþingi þegar lögð voru fyrir stjfrv. þá var það þannig að það var í raun og veru búið að binda þingmenn stjórnarflokkanna svo að segja upp á punkt og prik í alla hluti. Ég man eftir því á árum viðreisnarstjórnarinnar að þá var það svo að segja algjör undantekning að breytt væri stafkrók í stjfrv. við meðferð málsins á Alþingi af því það var búið að kemba málin svo nákvæmlega í þingflokkunum og Stjórnarráðinu áður. Þetta hefur verið að breytast og menn sjá það þegar verið er að afgreiða frv. hér undir núverandi ríkisstjórn, og eins þeirri sem var þar á undan og þar á undan, að það kemur aftur og aftur fyrir að menn eru með brtt. við ýmsa þætti í stjfrv. og það er ekkert við því að segja.

Ríkisstjórn á ekki að gera tilraunir til þess að stilla Alþingi upp við vegg í smáatriðum í málum af þessu tagi. En hitt er auðvitað rétt að best er að menn séu búnir að kemba hlutina pólitískt sín á milli. Og það er alveg rétt að viðurkenna að það er ekki í þessu tilviki að því er varðar leikskólann í þessu frv., því miður. Og ástæðan fyrir því hvað hefur dregist að koma því inn var auðvitað fyrst og fremst sú að við vildum bæði, ég og hæstv. félmrh., reyna allt sem hægt var til að finna lendingu í málinu áður en það kæmi inn til þingsins.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil bara þakka hæstv. menntmrh. fyrir að staðfesta þau ummæli mín að um þetta mál er ekkert pólitískt samkomulag að því er varðar X. kafla frv., kaflann um leikskóla. Það er nákvæmlega það sem ég hélt hér fram áðan. Ráðherrann hefur staðfest það. Sögulegar vangaveltur hans um meðferð stjfrv. læt ég mér að öðru leyti í léttu rúmi liggja á þessu stigi máls.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Örstutt, virðulegi forseti. Það kemur mér nokkuð á óvart ef menntmrh. lýsir því yfir að ekkert samkomulag sé um frv. því ég taldi að svo væri eftir að við höfðum gengið í gegnum þetta mál sl. vor. Vil ég bara í örstuttu máli rifja upp að um þetta mál gengu minnisblöð milli ráðuneytanna þar sem lið fyrir lið var farið í gegnum þennan ágreining og liggur það alveg fyrir, eins og ég hef sagt, milli ráðuneytanna. Ég á því mjög erfitt með að trúa því ef menntmrh. er að hlaupa frá þessu samkomulagi. Þau blöð sem komu frá menntmrn. eru dags. 9. mars 1990, 16. mars 1990, 3. apríl 1990. Þetta liggur hér skjalfest fyrir og í því síðasta sem kom frá menntmrn. segir: „Vonandi er nú búið að ná samkomulagi í þessu máli." — Það varð niðurstaðan sem þannig var lögð fyrir þingið. Þess vegna kemur það mér mjög á óvart ef menntmrh. er að hlaupa frá þessu samkomulagi. Eins og ég sagði áðan geta menn verið ósáttir og viljað hafa hlutina öðruvísi, en engu að síður breytir það ekki því að ég taldi að í stjórnmálum, þegar menn væru búnir að ná málamiðlun og ákveðnu samkomulagi, þá stæði það en menn væru ekki að hlaupa frá hlutunum. Ég kann auðvitað ekki við slík vinnubrögð. Ég vil benda á, eins og ég sagði áðan, að ég hef gengið raunverulega lengra en það samkomulag sem var gert á milli mín og menntmrh. í þessu máli segir til um og menntmrh. skemur, vegna þess að hann hefur við meðferð málsins, eftir að það var lagt fram sl. vor, í nokkru breytt ákvæðum um þær nefndir sem fjalla eiga um málefni leikskóla og var mér ekki kunnugt um þá breytingu. Ég tel þó ekki ástæðu til þess að lýsa yfir ágreiningi við menntmrh. þó hann hafi gert þessa breytingu frá því samkomulagi sem við gerðum, en ég kann því illa ef sú verður niðurstaðan í því samkomulagi sem við menntmrh. náðum í þessu máli, sem var auðvitað undirstrikað með því að frv. voru lögð fram sl. vor, að menntmrh. ætlar að hlaupa frá því samkomulagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stöðlun, 1. umr.

Stjfrv., 305. mál. — Þskj. 549.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stöðlun. Frv. um þetta efni var lagt fram til kynningar á 112. löggjafarþingi en kom þá ekki til umræðu. Það frv. var samið af nefnd sem ég skipaði í ágúst 1989. Til undirbúnings nefndarstörfunum var aflað gagna um tilhögun staðlamála í Evrópulöndum. Þáverandi framkvæmdastjóri evrópsku staðlastofnunarinnar CEN, Evangelos Vardakas, lagði fram að ósk nefndarinnar tillögur um löggjöf um staðla á Íslandi. Einnig var safnað athugasemdum við tillögur hans frá fjölmörgum aðilum.

Frv. sem kynnt var á 112. löggjafarþingi var svo sumarið 1990 sent til kynningar hjá öllum helstu hagsmunaaðilum. Frv. sem nú kemur á ný til kasta Alþingis, og ég flyt hér og birt er á þskj. 549, er samið með tilliti til fjölmargra þeirra athugasemda sem bárust. Tilgangurinn með flutningi frv. er að styrkja lagagrundvöll reglna um staðla á Íslandi og festa starfsemi Staðlaráðs Íslands í sessi. Staðlaráðið starfar nú á grundvelli starfsreglna sem stjórn Iðntæknistofnunar

setti með heimild í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands, þar sem segir að stofnunin gegni hlutverki sínu m.a. með stöðlun. Lagalegur grundvöllur starfseminnar er hins vegar ófullnægjandi miðað við þá auknu áherslu og það mikilvægi sem stöðlun er gefið og henni tengd starfsemi, þar á meðal hér á landi, í Evrópusamstarfinu.

Samkvæmt reglum Alþjóðastaðlasambandsins, ISO, og Alþjóðaraftækninefndarinnar, IEC, er eitt megineinkenni staðla og stöðlunar að staðlarnir eru samdir í samvinnu helstu hagsmunaaðila og í þeim endurspeglast, eða á að endurspeglast, góður framkvæmdamáti að bestu manna yfirsýn. Af þessu leiðir að enginn einstaklingur eða stofnun getur samið staðal án samráðs við hagsmunaaðila. Þetta nána samráð greinir staðla frá öðrum reglum og vöruforskriftum af opinberri hálfu.

Annað atriði sem greinir staðla frá öðrum fyrirmælum er að staðlar eru frávíkjanlegir, þ.e. notkun þeirra er yfirleitt ekki skyldubundin heldur hafa framleiðendur og aðrir sem nota þá kosið að hlíta þeim af fúsum og frjálsum vilja.

Vegna þessara eiginleika staðla ákvað framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að þeir skyldu gegna veigamiklu hlutverki í áformum þess að gera aðildarríki bandalagsins að einum markaði fyrir árslok 1992. Lögbundin samræming á tilskipunum Evrópubandalagsríkja á tæknisviðinu er hins vegar takmörkuð við grunnkröfur um öryggi og heilsu manna og dýra og verndun umhverfisins. Síðan var þeim stofnunum sem lengi hafa unnið að stöðlun í iðnaði fengið það hlutverk að semja tæknilegar forskriftir í einstökum atriðum. Þessar forskriftir eru síðan gefnar út sem samræmdir staðlar í aðildarlöndum bandalagsins. Framleiðendum er í sjálfsvald selt hvort þeir nota staðlana en svo er litið á að sá sem fylgir stöðlunum hafi fullnægt grunnkröfunum í tilskipunum Evrópubandalagsins. Þeir sem ekki fylgja stöðlunum þurfa hins vegar að geta sýnt fram á það sérstaklega að þeir hafi fullnægt þessum grundvallarkröfum.

Evrópubandalagið hefur gert rammasamning við evrópsku staðlasamböndin, CEN, á almennu sviði og CENELEC, á raftæknisviði, um að stýra gerð þeirra staðla sem gert er ráð fyrir í tilskipunum EB. Í rammasamningunum er það gert að skilyrði að samþykktir staðlar á vettvangi staðlasambandanna (Evrópustaðlar) verði gerðir að landsstöðlum í hverju aðildarlandi CEN og CENELEC innan missiris frá samþykkt þeirra og þeir landsstaðlar numdir úr gildi sem fara í bága við Evrópustaðlana skilgreinda á þennan hátt. EFTA-ríkin komu í kjölfarið og gerðu samsvarandi samning við staðlasamböndin tvö, CEN og CENELEC. Í yfirstandandi samningaviðræðum milli EFTA og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir að vísað verði til samræmdu staðlanna í stjórnvaldsfyrirmælum á tæknisviðum og, sem er ákaflega mikilvægt, við opinber innkaup.

Staðlaráð Íslands gerðist aðili að staðlasamböndunum CEN og CENELEC um miðbik ársins 1988.

Með þeirri nýju stefnu sem ég hef hér lýst breytist hlutverk þeirra sem semja staðla í smærri Evrópuríkjum, t.d. hér á landi. Áður voru nánast einvörðungu samdir staðlar sem iðnaðurinn í viðkomandi ríki taldi sig þurfa á að halda á þeim hraða sem aðstæður leyfðu hverju sinni. Engar kvaðir lágu á stjórnvöldum að vísa til staðlanna. Á þrjátíu ára tímabili höfðu þannig alls verið staðfestir um fimmtíu staðlar á Íslandi en síðan Staðlaráð gerðist aðili að CEN og CENELEC 1988 hafa um 500 staðlar verið staðfestir.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem stöðlum er ætlað í framtíðinni innan Evrópu og innan hins sameiginlega væntanlega evrópska markaðar og hins Evrópska efnahagssvæðis er einstökum ríkjum nauðsynlegt að fylgjast vel með samningu þeirra og taka fullan þátt í þeirri vinnu á þeim sviðum sem varða beina hagsmuni þeirra eins og t.d. í útflutningsgreinum okkar og innlendum samkeppnisgreinum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja í þessari framsöguræðu nákvæmlega ákvæði allra níu greina frv. eða bráðabirgðaákvæðanna tveggja, en ég vil hins vegar fara hér nokkrum orðum um fimm meginþætti þessa frv.

Í fyrsta lagi er lagt til að Staðlaráðið starfi sem sjálfstæð einkastofnun sem verði opinber vettvangur hagsmunaaðila um stöðlun og starfi á grundvelli ákvæða þessa frv. ef að lögum verður og stofnskrár sem ráðið setur og iðnrh. staðfestir. Í frv. er byggt á þeirri meginhugsun að það séu einkaaðilarnir, fyrirtækin og samtök þeirra, sem beri aðalábyrgðina á staðlavinnunni, enda eiga þeir við hana að búa. Nú starfar Staðlaráðið, eins og ég hef þegar nefnt, sem sérstök deild í Iðntæknistofnun. Verði þetta frv. að lögum hverfur sú deild og þær sex stöður sem henni tilheyra verða lagðar niður. Hér er því í reynd um að ræða einkavæðingu á ríkisstarfsemi og fækkun ríkisstarfsmanna. Í frv. er gert ráð fyrir að starfsmönnum núverandi Staðlaráðs verði boðið starf hjá hinni nýju einkastofnun, Staðlaráði Íslands.

Í öðru lagi er hér lagt til með tilliti til allra aðstæðna að Staðlaráðið verið miðstöð stöðlunarstarfs hér á landi og komi fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi staðlaráða. Það stefnumið er í samræmi við stefnu EFTA-ríkjanna um það að einn aðili skuli staðfesta staðla og koma fram fyrir hönd hvers ríkis í stöðlunarmálum. Þó er gert ráð fyrir að Staðlaráðið geti falið einstökum stofnunum eða aðilum framkvæmd einstakra þátta í staðlaframkvæmdinni, þar á meðal þátttöku í alþjóðlegri staðlastarfsemi.

Í þriðja lagi er í frv. gert ráð fyrir skýrum reglum um birtingu staðla ásamt rétti til athugasemda við þá og að tryggt verði víðtækt samráð um efni þeirra. Með þessu er ætlunin að leggja grunn að því að við samningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla verði í ríkara mæli en nú er stuðst við staðlana.

Í fjórða lagi er í 6. gr. frv. fjallað um fjármál þessarar starfsemi. Gert er ráð fyrir að aðilarnir að Staðlaráði greiði bæði stofnframlög og árgjöld. Þá er gert ráð fyrir að Staðlaráð hafi töluverðar tekjur af sölu staðla og ýmiss konar þjónustustarfsemi í tengslum við stöðlun, rétt eins og verið hefur.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi

Staðlaráði til nokkurt fé á fjárlögum. Aukin verkefni Staðlaráðs og staðlaráðanna í Evrópu yfirleitt valda því að framlög ríkisins til þessa málaflokks hafa aukist í flestum Evrópuríkjum. Reiknað er með því að svo verði einnig hérlendis. Aukningin er einkum vegna þess að með aðildinni að CEN og CENELEC hafa Íslendingar játast undir þá skyldu að gera staðla sambandanna að sínum. Aðildin er liður í aðlögun að samræmdum Evrópumarkaði og það verður því að teljast eðlilegt að ríkisvaldið, sem væntanlega tekur þær ákvarðanir, tryggi grunnfjármögnun vinnu vegna þessarar skyldu. Hér er ekki verið að leggja til útgjaldalið fyrir ríkissjóð því á undanförnum árum hefur Staðlaráð, auk hlutar þess í fjárveitingu Iðntæknistofnunar, fengið sérstaka fjárveitingu til þess að sinna einmitt þessum verkefnum, Evrópustöðlunum. Þá er gert ráð fyrir að Staðlaráð verði undanþegið sköttum og gjöldum til ríkis og sveitarfélaga, enda verður um að ræða sjálfseignarstofnun sem starfar án hagnaðarmarkmiðs.

Í sjötta lagi er í frv. lagt til að lögin öðlist gildi hinn 1. sept. á þessu ári og fyrir 1. maí nk. verði boðað til stofnfundar hins nýja Staðlaráðs þar sem lögð verði fram til samþykktar drög að stofnskrá og sex menn af sjö kjörnir til setu í stjórn ráðsins fram til fyrsta reglulegs aðalfundar þess. Með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir að ríkissjóður veiti áfram umtalsverðu fé til starfsemi ráðsins þykir eðlilegt að leggja til að iðnrh. skipi sjöunda manninn í stjórn ráðsins og að í stofnskrá verði kveðið á um að hann sé jafnframt formaður stjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki að sinni hafa fleiri orð um þetta frv. en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldþrotaskipti, 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 626 (sbr. 100).

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um gjaldþrotaskipti sem er flutt á þsk. 626, sbr. þskj. 100, eftir afgreiðslu þess máls í hv. Ed. Frv. þetta er samið að tilhlutan dómsmrn. Hefur verið unnið að gerð þess í samráði við réttarfarsnefnd en jafnframt voru drög að því kynnt stjórnum Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Sýslumannafélags Íslands og leitað tillagna þeirra og ábendinga. Frv. er ætlað að leysa af hólmi núgildandi gjaldþrotalög nr. 6/1978 og lög um nauðasamninga nr. 19/1924, auk ákvæða um svonefnda skuldaröð í VIII. kapítula laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3/1878. Frv. geymir þannig reglur um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti, en með því að meginefni þess varðar gjaldþrotaskipti ræðst heiti frv. af því.

Frv. er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92 frá 1. júní 1989. Ákvæði laga nr. 6/1978 og 19/1924 miðast við þá skipan dómstóla og réttarfars sem líður undir lok við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Í frv. eru þó einnig gerðar tillögur um breytingar frá núgildandi lögum sem eiga ekki beinlínis rætur að rekja til breyttrar dómstólaskipunar, en ýmsar ástæður búa þar að baki. Eru þær þessar helstar:

1. Reynslan af framkvæmd laga nr. 6/1978 hefur leitt í ljós að betur geti farið á því að skipa vissum atriðum á annan veg en gert er í lögunum auk þess að skýrari reglur hefur þótt vanta þar um ýmis álitaefni. Af þessum ástæðum eru gerðar tillögur í frv. um breytingar á reglum um gjaldþrotaskipti frá núgildandi lögum, ýmist til að stuðla frekar að því að upphaflegum markmiðum gjaldþrotalaga verði náð eða til að bæta úr atriðum sem framkvæmd eftir lögunum hefur gefið til kynna að þurfi að haga á annan veg en þar er gert.

2. Þess skal getið að í II. kafla gjaldþrotalaga voru í fyrsta sinn lögfest hér á landi ákvæði um greiðslustöðvun. Í frv. eru lagðar til ýmsar breytingar á reglum um greiðslustöðvun sem byggja aðallega á fenginni reynslu af þessu úrræði hér á landi, en að nokkru er tekið mið af nýlegum breytingum á reglum um þetta efni í danskri löggjöf.

3. Þá má nefna að fram kom í athugasemdum við frv. sem varð að lögum nr. 6/1978 að þá hafi staðið til að gera sérstakt frv. um breytingar á lögum um nauðasamninga. Í þessum athugasemdum var þess þó getið að umrædd lög hafa ekki haft mikla raunhæfa þýðingu og var sú tilgáta sett þar fram um ástæður þess að gerð nauðasamninga eftir lögunum hafi verið of flókin og torveld. Ekki varð af því að breytingar yrðu gerðar á lögum nr. 19/1924, en eftir setningu laga nr. 6/1978 hefur komið til þess í stórauknum mæli að nauðasamningar hafi verið gerðir eftir reglum laga nr. 19/1924. Reynslan af beitingu þeirra reglna hefur vissulega leitt í ljós ýmsa vankanta, en úrræðið sem þær bjóða upp á hefur reynst eiga fullan rétt á sér. Er því gert ráð fyrir nýjum reglum um nauðasamninga í þessu frv. en þær eru jöfnum höndum byggðar á fenginni reynslu í framkvæmd hér á landi á þessu sviði og dönskum reglum um þetta efni.

4. Loks má geta þess að samhliða gerð þessa frv. hefur verið samið heildarfrv. til nýrra laga um skipti á dánarbúum og fleira sem er einkum ætla að leysa af hólmi fyrrnefnd lög nr. 3/1878 og hefur verið gengið út frá að þessi tvö frv. verði lögð fyrir Alþingi um líkt leyti, sem og gengið hefur eftir.

Framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum byggist í mjög mörgum atriðum á sömu grundvallarreglum og framkvæmd gjaldþrotaskipta. Í því ljósi hefur þótt rétt að stefna að því að ákvæði þessara tveggja frv. verði hliðstæð í sem flestum atriðum, enda ætti slík tilhögun að stuðla að verulegu hagræði í framkvæmd á báðum sviðum. Þessi stefna hefur í för með sér að vissar breytingar verða óhjákvæmilegar á reglum um fram-

kvæmd gjaldþrotaskipta, en rétt er að benda á að þessar samræmdu reglur frv. tveggja bera stórum meiri keim af núgildandi reglum nr. 6/1978 en af ákvæðum laga nr. 3/1878. Þrátt fyrir að frv. geymi þannig ýmsar tillögur um breytingar eru fjölmörg ákvæði þess um gjaldþrotaskipti og greiðslustöðvun efnislega þau sömu og í gildandi lögum. Þess gætir hins vegar í nokkrum mæli að reglur komi fram í annarri röð í frv. en í lögum nr. 6/1978. Stafar þetta einkum af því að í frv. er leitast við að setja reglur fram í þeirri röð sem má ætla að samsvari atburðarás í framkvæmd, en í núgildandi lögum hefur því viðhorfi ekki verið fylgt sem hefur leitt til talsverðra óþæginda í framkvæmd. Þá á þetta einnig að nokkru leyti rætur að rekja til þess að leitast hefur verið við að samræma efnisröð einstakra reglna í þessu frv. og áðurnefndu frv. til laga um skipti á dánarbúum og fleira. Ég mun hér í örstuttu máli gera grein fyrir helstu breytingunum sem eru lagðar til frá núgildandi reglum.

Eins og áður sagði eru ákvæði þessa frv. samin með það fyrir augum að þau falli að breyttri skipan dómstóla og réttarfars samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989. Í athugasemdum við frv. sem varð að þeim lögum kom fram að með ákvæðum þess væri stefnt að þeirri breytingu á eldri skipan að dómstólar hefðu hvorki með höndum framkvæmdarvaldsstörf né umsýslustörf, heldur kæmi aðeins í hlut þeirra að fást við svokölluð eiginleg dómsstörf. Meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði yrði hins vegar falin sýslumönnum að því leyti sem héraðsdómarar höfðu gegnt slíkum störfum og umsýslustörf sem dómstólar hafa haft með höndum eftir eldri skipan yrðu ýmist falin sýslumönnum eða öðrum en handhöfum ríkisvalds.

Í frv. er sú leið farin til samræmis við stefnu laga nr. 92/1989 að leggja til að ýmis umsýslustörf sem hingað til hafa verið í höndum héraðsdómara, skiptaráðanda, verði færð úr hans höndum. Er þetta gert annars vegar með því að lagt er til í III. þætti frv. að héraðsdómari skipi hverju sinni sérstakan umsjónarmann með nauðasamningsumleitunum ef heimild er veitt til þeirra í dómsúrskurði og umsjónarmaðurinn annist síðan alla umsýslu á þessu sviði á kostnað skuldarans, en héraðsdómari komi ekki að öðru leyti við sögu nema til að leysa úr vissum ágreiningsefnum í tengslum við samningsumleitanir og kveða upp úrskurð um hvort nauðasamningar verði staðfestir. Hins vegar er lagt til í 4. þætti frv. að héraðsdómarar hafi aldrei með höndum framkvæmd gjaldþrotaskipta heldur skipi þeir ávallt skiptastjóra til að gegna slíkum störfum og skiptastjórar annist síðan alla umsýslu við gjaldþrotaskiptin gegn þóknun sem greiðist af eignum þrotabúa. Héraðsdómurum er því ætlað að kveða upp úrskurði um kröfur um gjaldþrotaskipti og skipa skiptastjóra ef slíkar kröfur eru teknar til greina, en að því búnu komi héraðsdómarar ekki nærri gjaldþrotaskiptunum nema til að leysa úr ágreiningsefnum sem rísa í tengslum við þau. Þessi skipan 4. þáttar frv. er sú sama og byggt er á í ákvæðum um framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum í frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í 2. þætti frv. er að finna reglur um greiðslustöðvun sem er ætlað að koma í stað ákvæða II. kafla laga nr. 6/1978. Þessar reglur frv. byggja um margt á núgildandi reglum en eins og áður var nefnt eru þó lagðar fram ýmsar breytingar sem tilefni þykir til af fenginni reynslu í framkvæmd, auk þess að hliðsjón hefur verið höfð hér af reglum danskrar löggjafar um þetta efni eins og þeim var breytt með lögum nr. 187/1984 þar í landi. Skal vikið hér nánar að helstu breytingunum sem eru lagðar til í þessu sambandi.

1. Í II. kafla laga nr. 6/1978 er það skilyrði sett fyrir heimild til greiðslustöðvunar að skuldarinn ráði sér lögmann eða löggiltan endurskoðanda til aðstoðar í tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál sín. Ákvæði laganna eru óljós um það hverju hlutverki aðstoðarmaðurinn eigi að gegna og hefur því ríkt óvissa í framkvæmd í þessum efnum, auk þess að ósamræmis hefur gætt í því hvernig staðið hefur verið að verki að þessu leyti í einstökum tilvikum. Í frv. eru gerðar tillögur til úrbóta í þessum efnum með því að tiltaka nánar til hvers sé ætlast af aðstoðarmanni. Helstu nýmælin að þessu leyti koma fram í 4. kafla frv. þar sem tekið er af skarið um að aðstoðarmaður verði að taka virkan þátt í öllum fjárhagslegum ráðstöfunum skuldarans sem máli skipta meðan á greiðslustöðvun stendur, en með þessu er aðstoðarmaðurinn í reynd gerður ábyrgur gagnvart lánardrottnum fyrir því að ekkert verði hafst að við greiðslustöðvun þeim til tjóns. Þá er aðstoðarmanninum einnig ætlað að hafa talsvert samráð við lánardrottna meðan á greiðslustöðvun stendur, en það kæmi einkum til vegna skyldna aðstoðarmanns til að halda fundi með lánardrottnum eftir einstökum reglum 3. kafla frv.

2. Eins og áður var nefnt voru ákvæði II. kafla laga nr. 6/1978 á sínum tíma nýmæli í íslenskri löggjöf því þar var í fyrsta sinn mælt fyrir um heimild til greiðslustöðvunar í því skyni að endurskipuleggja fjárhag skuldara svo að komast mætti hjá gjaldþrotaskiptum á búi hans. Meðan á greiðslustöðvun stendur er lánardrottnum óheimilt að koma fram fullnustugerðum fyrir kröfum sínum. Nokkuð hefur borið á að þetta úrræði hafi verið misnotað í framkvæmd, en einkum var um það að ræða á fyrstu árunum eftir gildistöku umræddra laga. Var þá ekki síst um það að ræða að leitað hafði verið heimildar til greiðslustöðvunar gagngert til að fyrirbyggja að fullnustugerðir næðu fram að ganga án þess að neinn ásetningur hafi búið að baki til að reyna að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans með samningum við lánardrottna hans.

Í 3. kafla og að nokkru í 5. kafla frv. eru gerðar þær breytingar að gert er ráð fyrir að í byrjun verði skuldara veitt heimild til greiðslustöðvunar í skamman tíma án afskipta lánardrottna eða til allt að þriggja vikna. Eftir það er lánardrottnum hins vegar tryggður afskiptaréttur af framvindu mála því aðstoðarmanni skuldarans er ætlað að boða þá til fundar við sig og kynna þeim ráðagerðir sínar áður en hann getur leitað framlengingar á heimild til greiðslustöðvunar, sbr. 13., 14. og 18. gr. frv., og lánardrottnum er heimilað beinlínis í 16. gr. að mæta á dómþingi þegar beiðni skuld-

ara um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar yrði tekin fyrir. Er þetta gert að danskri fyrirmynd. Með þessum hætti má ætla að ekki sé aðeins verið að veita lánardrottnum úrræði til að fyrirbyggja að greiðslustöðvun verði misnotuð heldur sé einnig verið að girða fyrir að skuldari freistist til að verða sér úti um heimild til greiðslustöðvunar án eðlilegs tilgangs. Að auki má telja að þessi skipan geti stuðlað að því að líklegra verði að greiðslustöðvun beri árangur með því að lánardrottnar verði virkari þátttakendur í viðleitni til að koma nýrri skipan á fjármál skuldara og vinni þannig fremur með honum að því en nú er.

3. Ákvæði II. kafla laga nr. 6/1978 um skilyrði fyrir greiðslustöðvun eru um margt óákveðin og láta ósvarað ýmsum spurningum um það hvenær eigi að veita heimild til hennar. Í frv. eru skýrari ákvæði um þetta og byggja að mestu á ríkjandi venjum í framkvæmd.

4. Í 8. gr. laga nr. 6/1978 koma fram meginfyrirmælin um réttaráhrif greiðslustöðvunar, bæði um það hvað skuldari megi gera varðandi fjárhagsleg málefni sín meðan hún stendur yfir og til hverra aðgerða lánardrottnar geti gripið í gerð skuldarans á þeim tíma. Reglur umræddrar 8. gr. eru ekki langorðar í þessum efnum og hafa gefið tilefni til vafa um ýmis atriði í framkvæmd. Í 4. kafla frv. eru gerðar tillögur um mun nánari reglur um áhrif greiðslustöðvunar en þær byggjast að verulegu leyti á ríkjandi skoðunum í framkvæmd um skýringu 8. gr. laga nr. 6/1978.

Núgildandi reglur um nauðasamninga koma fram í lögum nr. 19/1924. Eins og vikið var að hér í upphafi er gert ráð fyrir því í frv. að reglur um nauðasamninga verði felldar inn í löggjöf um gjaldþrotaskipti. Þessu er þannig hagað á sama veg í danskri löggjöf, en fyrir þessu eru þau rök að reglur um nauðasamningsumleitanir eru um margt tengdar reglum um gjaldþrotaskipti og greiðslustöðvun, enda býr sú hugmynd að baki þessum reglum í heild að þegar fjárhagsörðugleikar steðja að geti skuldari aflað sér heimildar til greiðslustöðvunar til þess að reyna að greiða úr málum sínum en ef greiðslustöðvunin ein út af fyrir sig nægir ekki til að ráða bót á erfiðleikunum blasi þeir tveir kostir við að skuldarinn leiti annaðhvort nauðasamnings eða gefi bú sitt upp til gjaldþrotaskipta.

Reglur frv. um nauðasamninga koma fram í tvennu lagi. Annars vegar í 3. þætti þess, þar sem mælt er fyrir um gerð nauðasamninga án undanfarinna gjaldþrotaskipta, og hins vegar í 21. kafla þar sem gert er ráð fyrir að gjaldþrotaskiptum geti lokið með því að nauðasamningur komist á fyrir þrotamann.

Ákvæðum 3. þáttar frv. er ekki ætlað að leiða til teljandi breytinga frá þeirri framkvæmd við gerð nauðasamninga sem nú tíðkast á grundvelli laga nr. 19/1924 ef frá er talið að sérstakur umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum færi með þau umsýslustörf sem héraðsdómarar annast nú eftir umræddum lögum. Hefur þó verið leitast við að gera reglur um nauðasamninga aðgengilegri og einfaldari, en hliðsjón hefur verið höfð af dönskum reglum í þessu sambandi. Er vænst að ef frv. verður að lögum geti það leitt til nokkurrar aukningar í beitingu þessa úrræðis, bæði fyrir félög eða menn í atvinnurekstri og fyrir menn sem eiga í fjárhagsörðugleikum af öðrum sökum.

Í 4. þætti frv. er að finna reglur um gjaldþrotaskipti, en eins og áður sagði eru þau byggð að miklu leyti á ákvæðum laga nr. 6/1978. Af einstökum breytingum sem hér eru lagðar til í þessum efnum má telja þær þýðingarmestu felast í því að ákvæði frv. gera ráð fyrir að sérstakir skiptastjórar muni að öllu leyti og í öllum tilvikum annast framkvæmd gjaldþrotaskipta og umsýslu í sambandi við þau. En með þessu er lagt til að algerlega verði afnumin sú tilhögun að héraðsdómarar hafi störf sem þessi með höndum. Hér er engan veginn um alger nýmæli að ræða, enda var stigið þýðingarmikið skref í þessa átt með setningu laga nr. 6/1978 þegar teknar voru upp heimildir til þess að fela bústjórum og skiptastjórum að gegna störfum á þessum vettvangi. Í frv. er hins vegar gengið mun lengra í þessu sambandi því ætlast er til að skiptastjórar verði ávallt skipaðir við gjaldþrotaskipti en ekki að það verði aðeins gert ef vitað er að einhverjar eignir séu fyrir hendi í þrotabúi.

Fjölmargar röksemdir má færa fyrir þeirri skipan sem er lögð til að þessu leyti í frv. Má í fyrsta lagi nefna að það fengi ekki samrýmst þeirri stefnu laga nr. 92/1989, sem áður hefur verið nefnd, að héraðsdómarar gegni þeim umsýslustörfum við gjaldþrotaskipti sem þeir hafa með höndum eftir lögum nr. 6/1978. Í öðru lagi fara gjaldþrotaskipti fram í þágu lánardrottna þrotamanns, en í því ljósi er nærtækt að skiptin fari þá fram á kostnað þeirra með því að sérstaklega ráðinn maður framkvæmi skiptin og fái þóknun greidda af fjármunum sem hefðu ella komið í hlut lánardrottna. Í þriðja lagi hefur reynslan af störfum bústjóra og skiptastjóra orðið sú í framkvæmd að fjárhagslegur árangur af störfum þeirra af gjaldþrotaskiptum hefur að jafnaði orðið stórum betri en þegar héraðsdómarar hafa orðið að leysa slík störf af hendi auk þess að skiptin hafa yfirleitt tekið skemmri tíma.

Til viðbótar því sem nú hefur verið nefnt má telja sýnt að sú breytta skipan sem hér um ræðir leiði óbeint til þess að það dragi mjög úr tíðni gjaldþrotaskipta hér á landi þar sem enga þýðingu hefur fyrir lánardrottna að krefjast gjaldþrotaskipta í þeim tilfellum þegar engar eða litlar eignir eru í húfi. Til upplýsinga má geta þess með hliðsjón af framkvæmd í Reykjavík að í 85–90% tilvika komi engar eignir fram við gjaldþrotaskipti þannig að skiptum verði lokið án þess að lánardrottnar fái greiðslur upp í kröfur sínar. Samkvæmt ákvæðum frv. yrði sá sem krefðist gjaldþrotaskipta að bera kostnað af störfum skiptastjóra og af skiptunum að öðru leyti ef eignir kæmu ekki fram til þess að standa undir þeim útgjöldum. Hér er um verulega breytingu að ræða frá núgildandi reglum sem leiða til þess að ríkið beri meginhluta kostnaðarins í tilvikum sem þessum.

Aðrar ráðagerðir í frv. um breytingar frá núgildandi reglum um gjaldþrotaskipti eru ekki sambærilegar að umfangi við þá sem hér hefur verið fjallað um, en hafa verður í huga að sú skipan að skiptastjórar annist ýmis

umsýslustörf sem héraðsdómarar hafa áður haft með höndum setur mark sitt á fjölmörg ákvæði frv. Hér má þó nefna eftirfrandi atriði í frv. sem fela einnig í sér tillögur um breytingar frá reglum um gjaldþrotaskipti í lögum nr. 6/1978:

1. Í 11. kafla frv. eru reglur um heimildir til að krefjast gjaldþrotaskipta og um meðferð slíkra krafna fyrir héraðsdómi einfaldaðar nokkuð frá því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 6/1978.

2. Í 13. kafla frv. koma fram ítarlegri almennar reglur um hæfi og störf skiptastjóra en nú gilda.

3. Í 17. kafla frv. koma fram reglur um innbyrðis rétthæð krafna við gjaldþrotaskipti, eða svokallaða skuldaröð, en núgildandi reglu í þessum efnum er að finna í 8. kapítula laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3/1878. Eins og fjallað er um í athugasemdum með frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl. reynir mjög lítið á þessar reglur á þeim vettvangi. Fyrst og fremst hafa þær þýðingu við gjaldþrotaskipti. Tillögur eru ekki gerðar um veigamiklar breytingar á þessum reglum, en einstök atriði í þeim efnum eru nánar skýrð í athugasemdum við 109.–115. gr. þessa frv.

4. Í 14. og 18. kafla frv. er að finna mun nánari reglur en í lögum nr. 6/1978 um efni og áhrif innköllunar til skuldheimtumanna við gjaldþrotaskipti, kröfulýsingar þeirra og meðferð krafna. Þessar reglur frv. taka mið af þeirri framkvæmd sem hefur mótast eftir núgildandi lögum, auk þess að leitast er við að taka af tvímæli um ýmis atriði á þessu sviði sem óvissa hefur þótt standa um.

5. Reglur 19. kafla frv. um ráðstöfun hagsmuna þrotabúa fela að ýmsu leyti í sér tillögur um breytingar frá núgildandi reglum til einföldunar og hagræðingar, m.a. með því að draga nokkuð úr nauðsyn þess að ákvarðanir í þessum efnum verði teknar á skiptafundum með lánardrottnum, en þessi breyting er lögð til með hliðsjón af þróuninni sem verið hefur í framkvæmd að þessu leyti. Þá felst enn fremur í 19. kafla tillaga um afnám reglna um kosningu sérstakra kröfuhafanefnda en heimildum laga nr. 6/1978 til þess hefur aldrei verið beitt í framkvæmd svo að vitað sé. Loks má nefna að í 129. gr. frv. er gert ráð fyrir sérreglu um aðra ráðstöfun en nauðungarsölu á eignum þrotabúa sem hafa verið veðsettar fyrir hærri fjárhæðum en megi ætla að þær seljist fyrir. Sambærileg regla er ekki í núgildandi lögum sem hefur þótt valda verulegum erfiðleikum í framkvæmd.

Í 5. þætti frv. koma fram sérreglur um hvernig verði leyst úr ágreiningsmálum sem rísa í tengslum við greiðslustöðvun, nauðasamningsumleitanir eða gjaldþrotaskipti. Þessar reglur eru um margt mótaðar með hliðsjón af framkvæmd á grundvelli núgildandi laga en nýmæli eru þó óhjákvæmileg um ýmis atriði vegna breyttrar dómstólaskipunar á grundvelli laga nr. 92/1989 og vegna breytts hlutverks dómara við framkvæmd greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana og gjaldþrotaskipta eftir öðrum ákvæðum frv.

Hér hefur verið lýst í meginatriðum þeim breytingum er frv. felur í sér. Um nánari útlistun vísast til greinargerðar með frv. Ég vil að lokum vekja athygli á því að frv., ef að lögum verður, hefur ekki aukakostnað í för með sér fyrir ríkissjóð heldur þvert á móti mun það hafa nokkurn sparnað í för með sér. Til þess liggja einkum tvær ástæður. Gert er ráð fyrir að gjaldþrotaúrskurðum fækki verulega þar sem eignalaus eða eignalítil bú muni ekki koma til skiptameðferðar. Og í annan stað, sem vegur þyngra í þessu dæmi, er gert ráð fyrir að skiptameðferð þegar gjaldþrotaúrskurður liggur fyrir verði í höndum skiptastjóra er fái greidd laun úr búinu.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti en þegar hefur verið rakið tel ég að svo stöddu ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir einstökum ákvæðum þessa frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.). — Þskj. 597.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis sem flutt er á þskj. 597. Frv. er flutt sem stjfrv. en er samið af stjórnarskrárnefnd.

Með bréfi þáv. forsrh. haustið 1987 var nefndinni falið að vinna að endurskoðun laga um kosningar til Alþingis, svo sem fram kemur í greinargerð með frv. Þar er og gerð grein fyrir starfi nefndarinnar að þessu frv. og helstu breytingum sem í því felast.

Meginbreytingar samkvæmt frv. varða gerð kjörskrár, framboðsfrest og utankjörfundaratkvæðagreiðslu en ýmsar fleiri breytingar felast í frv. og mun ég hér greina frá helstu atriðum þess.

Lagt er til að kjörskrá skuli miðuð við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag. Kjörskrá er nú miðuð við lögheimili eins og það var 1. des. næst fyrir kjördag. Íbúaskrá Þjóðskrár er nú eins og áður leiðrétt árlega miðað við 1. des. Sá háttur hefur hins vegar verið tekinn upp að allar tilkynningar um breytingu á lögheimili sem berast Þjóðskránni eru skráðar jafnóðum. Hafa þannig skapast möguleikar á því að miða við aðrar dagsetningar en áður.

Samkvæmt frv. verður miðað við lögheimili eins og það er skráð í Þjóðskrá 49 dögum fyrir kjördag. Samkvæmt gildandi reglum hefur við endanlega gerð kjörskrár hins vegar verið tekið tillit til tilkynninga sem fram hafa komið eftir 1. des. ef breyting átti sér stað fyrir þann dag. Tæknilega er nú unnt að ganga frá kjörskrá með þessum hætti. Leiðir þetta til þess að kjörskrá sem kosið verður eftir verður í meira samræmi við búsetu manna á kjördegi. Kjósandi verður í enn ríkari mæli á kjörskrá þar sem hann á heima og

minni þörf verður á því fyrir kjósendur sem flutt hafa að greiða atkvæði utan kjörfundar í öðru sveitarfélagi en þeir eiga heima. Jafnframt verður minna um það en áður að sveitarstjórn þurfi að gera breytingu á þeim kjörskrárstofni sem hún fær frá Þjóðskrá.

Tengt þessari breytingu á gerð kjörskrár er að lagt er til að breytt verði reglum um framlagningu kjörskrár. Er lagt til að kjörskrá verði lögð fram 24 dögum fyrir kjördag í stað tveggja mánaða. Eins og áður sagði verður staðsetning fólks á kjörskrá, ef ákvæði frv. verða lögfest, í fastari skorðum. Álitaefnum er leitt geta til kæru fækkar og mundu því einkum varða ríkisfang, andlát, mistök vegna þess að einhvern vantar á kjörskrá eða sé þar ofaukið eða það að íslenskur ríkisborgari sem dvelur erlendis og telur sig hafa kosningarrétt er af einhverjum ástæðum ekki færður á kjörskrá.

Lagt er til að reglum um framboðsfrest verði breytt þannig að framboðum þurfi ekki að skila fyrr en tveim vikum fyrir kjördag í stað fjögurra vikna. Þessi breyting og nokkrar aðrar tillögur samkvæmt frv. eru af stjórnarskrárnefnd m.a. rökstuddar með því að þannig skapist almennar forsendur til þess án lagabreytinga að stofna til kosninga með skömmum fyrirvara. Lagt er til að ýmsir frestir, þar á meðal framboðsfrestur, sem runnið hafa út á miðnætti, renni út á hádegi. Lagt er til að reglum um fjölda meðmælenda með framboði verði breytt. Í stað þess að miða við 50–100 meðmælendur í hverju kjördæmi nema Reykjavík, þar sem talan er 100–200, verði meðmælendafjöldi tengdur þingsætatölu kjördæmanna og þá um leið tekið meira tillit til fjölda kjósenda í kjördæmi. Verði miðað við margfeldi af þingsætatölunni og 10 að lágmarki og 20 að hámarki. Breytingin mun fela í sér nokkra aukningu meðmælenda í Reykjavík, í 180–270, og í Reykjaneskjördæmi í 110–165. Í öðrum kjördæmum verður lágmarkstalan óbreytt nema í Suðurlandskjördæmi, þar sem hún færi í 60 og í Norðurlandi eystra þar sem hún verður 70.

Þá er lagt til að reglu um það hvenær umsókn um framboðslista skuli í síðasta lagi lögð fram í dómsmrn. verði breytt þannig að slík umsókn skuli hafa borist þangað þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út. Með því gefst ráðrúm til þess að yfirfara og úrskurða slíka umsókn áður en framboðum í kjördæmum þarf að hafa verið skilað.

Allveruleg breyting er lögð til á tilhögun utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar með nýjum og breyttum kjörgögnum. Er ætlunin að kjörgögnin verði einfaldari að gerð og það leiði til þess að sjálf athöfnin gangi greiðar fyrir sig. Hin eiginlegu kjörgögn eiga að samanstanda af einföldum kjörseðli og kjörseðilsumslagi. Þessu fylgir fylgibréf þar sem kosningin er vottuð og svo sendiumslag. En vegna breyttra reglna um lengd þess tíma sem greiða má atkvæði utan kjörfundar er m.a. brýnt að taka upp ný kjörgögn þar sem nauðsyn ber til að kjörgögn séu jafnan til staðar ef boðað er til kosninga með stuttum fyrirvara. Varðandi framkvæmdina er þess að geta að fellt er niður ákvæði um að undirskrift kjörstjóra skuli vottuð og einnig að fellt er niður ákvæði um að umslög skuli innsigluð.

Tekin er upp heimild til þess að utankjörfundaratkvæðagreiðsla megi fara fram á stofnunum fyrir fatlaða í viðbót við sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra. Einnig er lagt til að heimilað verði að slík atkvæðagreiðsla fari fram í fangelsi, en fangar hafa nú kosningarrétt með sama hætti og aðrir. Þá er enn fremur lagt til að heimilað verði að kosning geti farið fram í heimahúsi þegar þannig stendur á að kjósandi mun ekki geta sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar. Lagt er til að ákvæði sem fela í sér bann við því að greiða atkvæði oftar en einu sinni við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar verði afnumin. Með lagabreytingu 1987 var ákveðið að utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti hafist áður en framboðsfrestur rennur út. Við þær aðstæður getur það komið upp að kjósandi, sem þegar hefur greitt atkvæði, vilji greiða atkvæði að nýju vegna nýs og óvænts framboðs. Fortakslaus ákvæði er banna þetta eiga því ekki lengur við og þykir því rétt að afnema þau. Eftir því sem best er vitað mun ekki hafa komið til þess að kjósanda hafi verið meinað að greiða atkvæði oftar en einu sinni eða að atkvæði hafi ekki verið metin gild af sömu ástæðu.

Að því er varðar tilhögun atkvæðagreiðslu almennt, hvort heldur er utan kjörfundar eða á kjörstað, er lagt til að hnykkt verði á ákvæði er varðar það hvernig kjósandi gerir grein fyrir sér áður en hann fær að greiða atkvæði. Segir í tillögunum að kjósandi skuli gera grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Í gildandi ákvæðum segir að kjósandi skuli, ef kjörstjóri eða kjörstjórn æskir þess, sanna hver hann er með því að framvísa, o.s.frv. Er breytingin lögð til til að tryggja það að ekki verði kosið í nafni annars manns. Þótt það sé sett sem meginregla að kjósandi framvísi nafnskírteini getur hann sannað hver hann er með öðrum hætti og getur það farið eftir aðstæðum á hverjum stað hve ríkar kröfur eru gerðar.

Loks er í tillögunum lagt til að kjörfundi skuli ljúka eigi síðar en kl. 9 að kvöldi. Nokkrar minni breytingar felast að auki í frv. Verða þær ekki tíundaðar hér, en getið hefur verið allra helstu breytinga sem í því felast.

Eins og áður hefur komið fram er frv. þetta með greinargerð samið af stjórnarskrárnefnd. Í bréfi nefndarinnar til forsrh. sem fylgdi drögum að frv. kom fram að frumvarpsdrög höfðu verið send þingflokkunum til umfjöllunar. Komu fram athugasemdir við nokkur atriði en að öðru leyti eru þingflokkarnir samþykkir breytingunum. Tillögur þær sem felast í frv. hafa verið til athugunar í dómsmrn. Hafa þar verið settar á blað ábendingar um nokkur frekari atriði sem ástæða væri til að endurskoða. Hefur þeim athugasemdum og þeim athugasemdum sem þingflokkarnir létu stjórnarskrárnefnd í té við lokameðferð hennar þegar verið komið á framfæri við þingflokkana. Munu þær væntanlega koma til athugunar í þingnefnd og mun ég ekki fara frekar út í þau atriði hér.

Ljóst er að nú er alllangt liðið á þingtímann og stytt-

ist til kosninga. Eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin lagt til að alþingiskosningar fari fram 20. apríl og er frv. um það efni raunar hér næsta mál á dagskrá þessa fundar. Ég tel hins vegar sérstaka ástæðu til að víkja að tveimur atriðum í því frv. sem hér er til umræðu. Varðar annað atriðið hina nýju gerð kjörgagna við kosningu utan kjörfundar. Er þar um að ræða breytingu sem þarfnast nokkurs undirbúnings. Prentun og dreifing kjörgagna þessara hefur þegar verið undirbúin samkvæmt gildandi lögum, enda þurfa kjörgögnin að vera til staðar með nægum fyrirvara. Því má segja að of seint sé nú að huga að breytingu á kjörgögnum fyrir þær kosningar sem í hönd fara.

Hitt atriðið varðar tilhögun atkvæðagreiðslu í heimahúsum. Er þar um að ræða mikilvægt mál er varðar möguleika margra til að greiða atkvæði. Varðar það í raun að skapa þeim sem eru sjúkir eða farlama en dveljast heima hjá sér jafnan rétt á við hina sem dveljast á sjúkrahúsi eða á stofnun og eiga kost á að greiða atkvæði í stofnuninni. Þetta atriði er þó nauðsynlegt að verði skoðað mjög vel með tilliti til þess hvort stjórnvöld geti í raun tryggt að kjörstjórar, hvar sem er á landinu, geti veitt þá þjónustu sem frv. gerir ráð fyrir. Gera má ráð fyrir því að þær aðstæður geti verið almennt eða skapast að annmarkar verði á þessari framkvæmd.

Kosningalög og öll framkvæmd kosninga eru þýðingarmikill þáttur í lýðræðislegu skipulagi þjóðarinnar. Veltur á miklu að vel sé þar að öllu staðið. Tillögur þær sem hér eru lagðar fram þarf því að skoða vel í þinginu sem og þær ábendingar sem að öðru leyti hafa komið fram um hugsanlegar breytingar. Vegna alls undirbúnings kosninga er, eins og ég hef þegar bent á, afar nauðsynlegt að meðferð frv. þessa verði tekin föstum tökum í þinginu ef reglum frv. á að beita við komandi kosningar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um efni frv. þessa, en leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.n.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 358. mál (kjördagur). — Þskj. 628.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um viðauka við lög um kosningar til Alþingis sem hér er flutt á þskj. 628.

Meginefni frv. þessa er að ákveða kjördag við komandi alþingiskosningar laugardaginn 20. apríl nk. Skv. 57. gr. kosningalaganna er kjördagur við almennar kosningar til Alþingis annar laugardagur í maímánuði. Var þeirri skipan komið á með breytingu á kosningalögunum 1987. Samkvæmt því ætti kjördagur nú að vera laugardaginn 11. maí. Ríkisstjórnin hefur talið rétt að kosningar fari fram nokkru fyrr en á hinum lögákveðna kjördagi og telur rétt að kjördagur verði ákveðinn 20. apríl. Er þetta eins og ég hef þegar tekið fram meginefni þessa frv.

Kjördagur var síðast 25. apríl 1987. Kjörtímabilið rennur því ekki út fyrr en þann hinn sama dag nú í vor. Það verður þó ekki talið standa í vegi fyrir því að kjördagur verði nú nokkrum dögum áður. Reglur um kjördag hafa jafnan verið með þeim hætti að miðað hefur verið við tiltekinn vikudag í mánuði. Nú er miðað við annan laugardag í maí. Áður var miðað við síðasta laugardag og þar áður síðasta sunnudag í júnímánuði. Annan laugardag í maí getur borið upp á 8.–14. maí. Árið 1988 hefði kjördag borið upp á 14. maí, en fjórum árum síðar, 1992, yrði kjördagur 9. maí, þ.e. fimm dögum fyrr.

Árið 1974 fóru alþingiskosningar fram sunnudaginn 30. júní samkvæmt þingrofi. Fjórum árum síðar, 1978, var kosið á reglulegum kjördegi, sunnudaginn 25. júní, þ.e. fimm dögum áður en kjörtímabilinu var lokið. Þótt kjörtímabilið verði ekki runnið út á kjördegi er alveg ljóst að Alþingi verður þá ekki starfandi og nýtt þing mun ekki koma saman áður en fyrra kjörtímabilinu verður lokið.

Á þeim árstíma sem lagt er til að kjördagur verði kunna samgöngur að bregðast og tíðarfar að spillast. Má í því sambandi minnast á áhlaupsveður sem gerði um land allt helgina fyrir kosningar þær sem fram fóru 23. apríl 1983. Kosningalög gera að vísu ráð fyrir því í 120. gr. að einstakar kjörstjórnir geti frestað kosningum vegna veðurs. Með frv. þessu er lagt til að dómsmrh. verði veitt heimild til þess að ákveða að kjördagar verði tveir, þ.e. einnig sunnudaginn 21. apríl í kjördeildum sem að öllu leyti eru utan takmarka kaupstaðar eða kauptúns. Er við það miðað að ákvörðun um þetta efni verði tekin m.a. á grundvelli veðurspár og birt í Ríkisútvarpinu eigi síðar en fimmtudaginn 18. apríl. Komi til þess að ráðherra ákveði kjördag einnig á sunnudaginn eru settar reglur um það hvernig ákveða megi að kjördagur verði einungis einn. Eru þær með sama hætti og að jafnaði hefur verið fylgt þegar kjördagar hafa verið fleiri en einn. Er þá gert ráð fyrir því að ef kjörstjórn er því öll sammála og allir umboðsmenn lista sem mættir eru megi í lok hins fyrra kjördags ákveða að kjördagur verði aðeins einn. Einnig geti kjörstjórn ákveðið þetta einróma ef kjörsókn hefur náð 80%.

Loks er í frv. lagt til að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefjist ekki fyrr en 23. mars, þ.e. fjórum vikum fyrir kjördag og þegar framboð eru öll komin fram, en ekki allt að átta vikum fyrir kjördag svo sem ákveðið er í 64. gr. kosningalaganna. Gagnrýni hefur komið fram um að óeðlilegt sé að atkvæðagreiðsla geti farið fram áður en framboð eru öll komin fram og er því lagt til að þessu verði breytt.

Hæstv. forseti. Frv. þetta er flutt til að ákveða kjördag 20. apríl nk. og um sérstakt fyrirkomulag við þær kosningar. Að öðru leyti mun við kosningar þessar farið samkvæmt kosningalögunum frá 1987 með þeirri breytingu sem samþykkt var 1989 og þeim breyting-

um sem kunna að verða gerðar á kosningalögum með frv. því sem ég fylgdi úr hlaði nú áðan.

Rétt er að taka fram að ef samþykkt verður nú á þinginu frv. til laga um breytingu á stjórnarskránni verður þing rofið og ákveður forseti þá kjördag að tillögu forsrh. Fari svo verður að telja að tilefni frv. þessa sé niður fallið.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. að þessari umræðu lokinni og hv. allshn.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að gera eina athugasemd við það frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur nú gert grein fyrir í sinni framsögu. Mín skoðun er sú að þetta frv. sem slíkt fái ekki staðist gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins. Ástæðan fyrir því er sú að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að kosningar skuli fara fram laugardaginn 20. apríl, en þá vantar fimm daga upp á að liðin séu fjögur ár frá síðustu kosningum. Verði þing ekki rofið með þeim hætti sem við þekkjum og forseti ákveði kjördag að tillögu forsrh. er með þessum lögum, ef samþykkt yrðu, verið að brjóta stjórnarskrá lýðveldisins, einfaldlega vegna þess að hún kveður á um að kjörtímabilið skuli vera fjögur ár. Með lögum af þessu tagi er ekki hægt að breyta stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Ég vildi vekja athygli hæstv. dómsmrh. á þessu atriði. Ég hygg að það kunni að hafa farið fram hjá frumvarpssmiðunum. Í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir m.a.: „Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára", þannig að það kemur skýrt fram í stjórnarskránni að kjörtímabilið skuli vera fjögur ár. Það gefur því auga leið að með lögum breytum við ekki þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Ef þetta frv. fellur ekki um sjálft sig í meðferð þingsins vegna annarra ákvarðana um hvernig staðið skuli að kjördegi þá hygg ég að í nefnd mundi sú niðurstaða verða að frv. stæðist ekki.

Ég hef vakið athygli hæstv. forsrh. á þeim annmörkum sem ég tel vera á þessu frv. og ég man ekki betur en hann væri sammála mér í því að þetta væri svo alvarlegur ágalli á frv. að ekki væri hægt að bera það fram með þessum hætti.

En að öðru leyti væri freistandi að fara út í nokkra efnislega umræðu um kjördaginn 20. apríl. Það er auðvitað nokkuð sérkennilegt að það skuli vera fjórir hv. þm. og einn hæstv. ráðherra í sal Nd. þegar verið er að fjalla um jafnmikilvæg mál og þessi tvö frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur nú mælt fyrir, kosningalagafrv. sem snerta hvern einasta þingmann. Ég hefði t.d. viljað að hv. þm. væru hér til þess að átta sig á því að þetta frv. brýtur gegn stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Ég fæ ekki betur séð en að þetta frv., eins og ég sagði áðan, sé að stytta kjörtímabil sem kveðið er á um í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að skuli vera nákvæmlega fjögur ár, að þetta frv. stytti kjörtímabilið um fimm daga. Og ég endurtek það að þingið hefur ekki leyfi til þess að breyta stjórnarskrá lýðveldisins með lögum, ekki með þessum hætti. Það er gert öðruvísi.

Varðandi kjördaginn að öðru leyti er mér mikill ami að kjördeginum 20. apríl, ég get ekki leynt því. Meginástæða er auðvitað sú að með ákvörðun um þennan kjördag er nákvæmlega ekkert tillit tekið til hv. landsbyggðarþingmanna. Ég hefði talið ögn skárra, og auðvitað mundi það ekki brjóta í bága við stjórnarskrána, ef kjördagur væri ákveðinn 27. apríl í staðinn fyrir 20. apríl, en ég tel að þingið eigi að halda sig við 11. maí og forsrh. eigi að ákveða að kjördagur verði 11. maí en ekki 20. apríl. Fyrir þessu eru veðurfarslegar ástæður, það eru ástæður vegna færðar, það eru ástæður sem ég tel að liggi svo í augum uppi að það þurfi vart að rekja þær. Við höfum reynslu af vetrarkosningum. Stundum hefur það tekist sómasamlega að framfylgja þeim og hafa vetrarkosningar en við megum alltaf búast við því hér á Íslandi að í kringum 20. apríl verðum við vitni að einhverju páskahreti eins og þau gerast stundum á þessum árstíma hvað verst.

Einhvers staðar las ég í dagblaði í dag, hygg ég, að með því að skoða veðurkort undanfarinna ára megi búast við því að það verði tiltölulega milt og þægilegt veður 20. apríl. Ég tek ekki mikið mark á veðrameðaltali á Íslandi. Það hefur ekki alltaf gengið upp og veður gera sjaldnast boð á undan sér. Og þó menn séu miklir spádómsmenn þá er, eins og kerlingin sagði, erfitt að spá og sérstaklega um framtíðina.

Ég vildi láta þessar athugasemdir mínar koma fram. Einkum og sér í lagi hef ég mjög alvarlega athugasemd fram að færa við dagsetninguna í frv., 20. apríl, varðandi stjórnarskrána. Það kann að vera að menn telji t.d. 31. gr. stjórnarskrárinnar ekki binda kjörtímabilið í fjögur ár en ég lít svo á að kjörtímabilið sé fjögur ár og þá lýkur því ekki fyrr en 25. apríl. Við breytum ekki slíkum stjórnarskrárákvæðum, svo að ég endurtaki það nú í þriðja sinn, með einfaldri lagagerð hér á Alþingi.

Ég vil biðja hæstv. dómsmrh. að kanna það hjá glöggum mönnum sem kunna að lesa úr stjórnarskrá lýðveldisins, sem er nú tiltölulega einfalt mál, hvort hér kunni ekki að vera á ferðinni athugasemd sem er þess eðlis að það beri að taka hana gilda og skoða hana.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fleira um þetta að segja en það væri ósköp freistandi að ræða þessar kosningadagsetningar. Ég held að það fari miklu betur á því að hafa kosningar 11. maí en 20. apríl af margvíslegum ástæðum. Ég bjóst nú satt að segja við því að þetta frv. mundi hrinda af stað mikilli umræðu hér á hinu háa Alþingi um kjördaginn. Ég hélt að þetta yrði ein helsta umræðan í þessari viku. En það er kannski oft gott að láta mæla fyrir umdeildum frv. þegar fátt er um þingmenn í þingsal.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. e. og hæstv. forseta þessarar deildar, að ég átti von á því að um þetta frv. yrðu meiri umræður og fleiri yrðu viðstaddir. En ég vil taka fram

vegna þeirrar athugasemdar sem hann hafði fram að færa, af því að útlit er á því og raunar víst að þetta frv. kemur til meðferðar allshn. Nd., að ég mun að sjálfsögðu sem formaður nefndarinnar gera ráðstafanir til þess að það verði skoðað sérstaklega hvort frv. brýtur í bága við stjórnarskrána. Ég tek undir það að ef svo reynist vera gengur það að sjálfsögðu ekki. Ef menn ætla að halda sig við kjördaginn verður það að gerast með þingrofi. Auðvitað er sú leið opin.

En ég ætla ekki að fara að taka upp umræður hér um kjördaginn sjálfan. Ég er sammála hv. þm., þetta er að mínum dómi of snemma að vori sem kosið er af því að líkur eru á því að þetta verði þá til frambúðar nema það verði regla að rjúfa þing og kosningar verði á breytilegum tíma þess vegna. Það er staðreynd að veðurfar getur verið afar erfitt á þessum tíma. Við höfum reynslu fyrir því, t.d. í kosningunum 1983, að ferðalög og framkvæmd þeirra var mjög erfið á vissum hlutum landsins. Það munaði reyndar mjög litlu á Norðausturlandi, í mínu kjördæmi, að þar væri hægt að framkvæma þar kosningar á þessum tiltekna kosningadegi sem var þó 26. apríl, ef ég man rétt. Ég hefði frekar viljað kjósa í maí og halda mig við þennan kjördag 11. maí.

Ekki þarf að rekja forsögu þess af hverju þessar umræður eru komnar upp um kjördaginn. Það er kominn fram meiningarmunur um það hvort það sé við hæfi að þingmenn séu umboðslausir í hálfan mánuð og þess vegna er þetta upp komið. Það er ástæða þess að frv. er flutt.

Erindi mitt hingað upp var eingöngu, frekar en vera að vekja upp umræður um kjördaginn, að lýsa því yfir að þegar þetta mál kemur til nefndar mun ég að sjálfsögðu byrja á því að láta kanna að færustu manna yfirsýn hvort þetta frv. brýtur í bága við stjórnarskrána.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég heyrði því einhvers staðar fleygt fyrir fáum dögum að það væri ýmissa manna mál að helsta kosningaefnið fyrir næstu kosningar yrði kjördagurinn og út af fyrir sig getur það verið rétt. En viðvera þingmanna í þingsal núna bendir ekki beinlínis til þess þó svo að hér hafi að vísu komið fram í umræðunum sem þegar hafa orðið tilefni til slíks.

Mig langar aðeins að segja örfá orð vegna orða hv. 3. þm. Norðurl. e. um það hvort þetta frv. geti hugsanlega stangast á við stjórnarskrá. Ég þarf í sjálfu sér ekki að taka það sérstaklega fram hvernig þetta er tilkomið með þennan dag, 20. apríl. Þar er auðvitað um að ræða þá umræðu sem hv. 3. þm. Austurl. minntist á í sínu máli, að að sumra áliti væri það ekki gott að þingmenn væru umboðslausir fyrir kosningar eftir lok kjörtímabils. Þó held ég að það liggi alveg óyggjandi fyrir að það væri ekki brot á stjórnarskrá að hafa kosningadaginn nokkru eftir að kjörtímabilinu lýkur. Fyrir því eru mörg fordæmi.

En hvort það stangast á við stjórnarskrá að hafa kjördaginn nokkru fyrr en kjörtímabilinu lýkur og ákveðinn með þessum hætti, þá tók ég það fram í ræðu minni hér áðan að það hefur borið við áður. Það mun vera aðeins einu sinni á sl. hálfri öld sem kosningar eru hér á reglulegum kjördegi eftir fjögurra ára kjörtímabil. Það var 1978 og ég gat einmitt um það dæmi í ræðu minni áðan. Árið 1974 fóru alþingiskosningar fram sunnudaginn 30. júní samkvæmt þingrofi. Fjórum árum síðar, 1978, var kosið á reglulegum kjördegi, sunnudaginn 25. júní, en það var fimm dögum áður en kjörtímabilinu var lokið, nákvæmlega eins og nú yrði ef þetta frv. yrði að lögum. Þetta kemur náttúrlega til vegna þess að menn binda sig við ákveðinn vikudag sem hins vegar hreyfist til. Eins og löggjöfin er núna gæti annan laugardag í maí borið upp á 8. til og með 14. maí. Og það er vegna þessa mismunar sem þessar aðstæður skapast.

Ég ætla ekki að deila um það hvort þetta stangast á við stjórnarskrá eða ekki. Ég treysti allshn. Nd., og raunar allshn. beggja deilda, vel til þess að finna lausn á þessu máli. Hins vegar vil ég gjarnan láta koma fram þá skoðun mína að 11. maí væri vítaskuld langæskilegasti dagurinn, þó ekki væri nema af því að það er náttúrlega lokadagur í mörgum skilningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

57. fundur, mánudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 647.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það var lagt til hér áður í umræðunni að þessu máli yrði vísað til hv. allshn. Ég tel að það sé ekki við hæfi að gera það vegna þess að hér er um að ræða frv. til laga um breytingar á stjórnarskránni. Það hefur verið viðtekin venja að vísa slíkum málum til sérnefndar, svokallaðrar stjórnarskrárnefndar. Ég geri það því að tillögu minni að málinu verði vísað til sérnefndar, til stjórnarskrárnefndar, og það fari fram atkvæðagreiðsla um það. Ef haldið verður við aðra tillögu fari fyrst fram atkvæðagreiðsla um það hvort málinu skuli vísað til fastanefndar eða sérnefndar.

Guðmundur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Tillaga hv. 4. þm. Vestf. kemur verulega á óvart þar sem í Nd. var málinu vísað til allshn. Ég tel enga ástæðu til að hafa annan hátt á í Ed., að vísa til einhverrar sérstakrar og óskilgreindrar stjórnarskrárnefndar sem er ekki vitað um hverjir eiga sæti í. Það væri, held ég, mjög slæmt á þessu stigi.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. sagði að sér kæmi mjög á óvart að ég hefði lagt til að þessu frv. yrði vísað til sérstakrar nefndar, til stjórnarskrárnefndar. Hann sagði að það hefði verið hafður sá háttur á í Nd. að vísa málinu til allshn. Ég vék að því í minni frumræðu í umræðum um þetta mál og fann að því. Og þó að þau vinnubrögð hafi verið viðhöfð í hv. Nd. er það ekkert afgerandi um það hvað hv. Ed. gerir því að það er gert ráð fyrir því að svo geti farið að máli sé vísað til mismunandi nefnda í deildum. Það er ekki reglan en það segir í þingsköpum að að jafnaði skuli vísa til sömu nefndar. En þá er átt við fastanefndir þingsins og breytir ekki því að það er það eina eðlilega í þessu tilfelli sem hér um ræðir að vísa málinu til sérnefndar, stjórnarskrárnefndar.

Ég vil til áréttingar þessu láta það koma hér fram sem ég sagði að væri viðtekin venja. Ef litið er á það kemur í ljós að stjórnarskrárbreytingin samkvæmt stjórnskipunarlögum nr. 16/1903 var afgreidd með þeim hætti að vísa til stjórnarskrárnefndar. Stjórnskipunarlög nr. 12/1915 voru afgreidd á þann hátt að málinu var vísað til stjórnarskrárnefndar. Frv. um stjórnarskrá, að lögum nr. 9/1920, stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, var vísað til stjórnarskrárnefndar, sérstakrar nefndar. Stjórnskipunarlögum nr. 22/1934 var vísað til sérnefndar, til stjórnarskrárnefndar. Stjórnskipunarlögum nr. 78/1942 var vísað til sérnefndar, stjórnarskrárnefndar. Stjórnskipunarlögum nr. 97/1942 var vísað til sérnefndar, stjórnarskrárnefndar. Frv. að lögum um stjórnarskrá, nr. 33/1944, lýðveldisstjórnarskránni, var vísað til sérnefndar, stjórnarskrárnefndar. Stjórnskipunarlögum nr. 51/1959 var vísað til sérnefndar, stjórnarskrárnefndar. Stjórnskipunarlögum nr. 9/1968 var vísað til allshn. Stjórnskipunarlögum nr. 65/1984 var vísað til sérnefndar, stjórnarskrárnefndar.

Ég hef hér farið yfir allar breytingar á stjórnarskránni sem hafa verið gerðar á þessari öld og í öll skiptin hefur frv. að þessum breytingum verið vísað til sérnefndar, til sérstakrar stjórnarskrárnefndar, nema í einu tilfelli sem ég nefndi. Það var árið 1968, en þá var sú breyting gerð á stjórnarskránni, sú ein, að kosningaaldur var færður niður um eitt ár, úr 21 ári í 20 ár.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég legg áherslu á það að það er ekki við hæfi, þó að ekki sé tekið sterkara til orða, ef þessu frv., sem við nú höfum til meðferðar, er ekki vísað til sérnefndar, stjórnarskrárnefndar. Það hefur alltaf verið venja — í tilefni af því sem hv. 5. þm. Reykv. sagði — að þegar búið er að samþykkja að vísa máli til sérnefndar, hvort sem það er stjórnarskrárnefnd eða önnur sérnefnd, þá fer fram kosning í þá nefnd sem stofnuð hefur verið.

Forseti (Jón Helgason):

Eins og fram hefur komið í máli hv. ræðumanna var tillaga frá frsm. um að vísa málinu til allshn. eins og gert var í Nd. Hins vegar hefur hv. 4. þm. Vestf. lagt til að kosin verði sérstök nefnd um málið og þar sem sú tillaga gengur lengra, þá verður hún að sjálfsögðu borin undir atkvæði fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillaga um að vísa frv. til sérnefndar, stjórnarskrárnefndar, felld með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, GHG.

nei: HÁ, HBl, JE, JúlS, KSG, SalÞ, SkA, SvG, VS, EG, EKJ, GuðmÁ, JHelg.

DS, KP, GJH greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (MF, StG, EgJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið rétt að fela málið sérstakri nefnd eins og venja hefur verið þegar fjallað hefur verið um frumvörp til stjórnskipunarlaga, þ.e. lausanefndir sem kosnar eru samkvæmt sérstökum ákvæðum í þingsköpum. Þar sem hins vegar stendur þannig á að Nd. ákvað að fara með málið eins og komið hefur fram og allshn. hennar fjallaði um það tel ég að Ed. sé ekkert annað eftir látið en

að fallast á það einnig. Þess vegna segi ég nei við tillögu hv. 4. þm. Vestf., enda þótt ég vilji láta það koma um leið fram að ég fellst á hans almennu sjónarmið.

Þorv. Garðar Kristjánsson:
Herra forseti. Með tilliti til þess sem hæstv. menntmrh. sagði þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu, þá vil ég vekja athygli á því að þingsköp gera ráð fyrir því að svo geti verið að sama máli sé vísað til mismunandi nefnda ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi þó að hitt sé aðalreglan að málið fari í sömu nefnd í báðum deildum. Það er tekið fram í þingsköpum með sérstöku tilliti til þess að undanþágur geta verið frá meginreglunni að hún skuli gilda „að jafnaði" eins og það er orðað í þingsköpum. Þegar ég hef vakið athygli á þessu, þá segi ég það sem ég hafði ætlað að segja þegar ég kom hér upp. Ég greiði atkvæði með tillögunni og segi já.

Eyjólfur Konráð Jónsson:
Með vísan til greinargerðar hæstv. menntmrh. þá segi ég nei.

Guðrún J. Halldórsdóttir:
Virðulegi forseti. Það vill svo til að að störfum er stjórnarskrárnefnd sem hefði sennilega verið rétt að vísa þessu máli til í upphafi. Það hefur ekki verið gert og var vísað til allshn. í Nd. Því fyndist mér a.m.k. ekki óeðlilegt að málið, verði því vísað til allshn. í Ed., yrði borið undir umsögn þessarar nefndar, sem ég fyrst nefndi, og fjallar um stjórnarskrá Íslands. Það hefði sem sagt í upphafi verið eðlilegt að bera þetta mál allt undir þá nefnd, en það var ekki gert og ég álít að kannski hafi ekki verið réttilega staðið að málinu í upphafi. Jafnframt vil ég benda á það að ef þessi lög verða samþykkt án þess að ný þingskapalög komi fram, þá stefnum við í óhæfu og á rangar leiðir. Þar af leiðandi álít ég að það þurfi mjög nauðsynlega að koma fram ný lög um þingsköp ef þessi lög eiga að geta orðið að veruleika. En í ljósi þess að svo virðist að með þessi mál hafi frá upphafi ekki verið alveg rétt farið, þá greiði ég ekki atkvæði.

Frv. vísað til allshn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

54. fundur, mánudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Forseta hefur borist eftirfarandi bréf:
„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni af heilsufarsástæðum leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á þingi taki 2. varamaður Borgaraflokksins í Reykjavík, Hulda Jensdóttir, sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
11. þm. Reykv."

Hulda Jensdóttir hefur áður tekið sæti á þessu þingi og þarf því ekki að undirrita eiðstaf og er hún boðin velkomin til starfa.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 574.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Gjaldþrotaskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 626 (sbr. 100).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Stöðlun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 305. mál. — Þskj. 549.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.). — Þskj. 597.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 358. mál (kjördagur). — Þskj. 628.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

59. fundur, mánudaginn 18. febr.,
að loknum fundum í deildum.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Borist hefur eftirfarandi bréf til forseta Nd.:
„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:
„Þar sem Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., getur ekki sótt þingfundi á næstunni af heilsufarsástæðum, leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Kristjánsson, sæti á Alþingi í forföllum hans."
Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Með bréfi þessu fylgir bréf 1. varaþingmanns Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi svohljóðandi:
„Forseti Nd. Alþingis, hr. Árni Gunnarsson.
Vegna sérstakra anna get ég ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum Matthíasar Bjarnasonar nú í febrúarmánuði 1991.

Einar K. Guðfinnsson,
1. varaþm. Sjálfstfl.
í Vestfjarðakjördæmi."

Samkvæmt bréfum þessum og 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf Ólafs Kristjánssonar, 2. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi. Gert verður hlé á fundinum í fimm mínútur meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):
Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Ólafs Kristjánssonar, 2. varamanns Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, en óskað er eftir að hann taki sæti á Alþingi í fjarveru Matthíasar Bjarnasonar þar sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í kjördæminu, Einar K. Guðfinnsson, getur vegna sérstakra anna ekki tekið sæti Matthíasar Bjarnasonar. Kjörbréfanefnd hefur ekkert við kjörbréfið að athuga og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Kjörbréf Ólafs Kristjánssonar samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ólafur Kristjánsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Honum ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ólafur Kristjánsson, 1. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ólafur Kristjánsson hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Vaxtamál.

Beiðni ÞP o.fl. um skýrslu, 359. mál. — Þskj. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Beiðnin leyfð með 33 shlj. atkv.

Staða samningaviðræðna EFTA og EB og aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Beiðni ÞP o.fl. um skýrslu, 360. mál. — Þskj. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Beiðnin leyfð með 33 shlj. atkv.

Kynning á vörum frá vernduðum vinnustöðum, síðari umr.

Þáltill. SkA o.fl., 70. mál. — Þskj. 72, n. 633, brtt. 634.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegur forseti. Félmn. hefur fjallað um till. og skilar nál. á þskj. 633. Umsagnir bárust um till. frá Verslunarráði Íslands, Neytendasamtökunum og Öryrkjabandalagi Íslands. Á fund nefndarinnar komu til viðræðna um málið Helgi Seljan og Ásgerður Ingimarsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands, Gréta Aðalsteinsdóttir, formaður stjórnarnefndar um málefni fatlaðra, og Aðalsteinn Steinþórsson, formaður Sambands verndaðra vinnustaða.
Forráðamenn verndaðra vinnustaða hafa myndað með sér samband sem ráðið hefur starfsmann til að vinna að hagsmunamálum verndaðra vinnustaða. Að mati nefndarinnar er Samband verndaðra vinnustaða kjörinn vettvangur til að beita sér fyrir því kynningarátaki sem tillagan gerir ráð fyrir á vörum frá þessum vinnustöðum og stuðla um leið að æskilegri samræmingu og samstarfi milli þeirra, svo og um nýbreytni í

framleiðslu. Eðlilegt er að þetta samband fjalli um ráðstöfun á því fjármagni sem veitt yrði frá ríkinu í þessu skyni og leiti stuðnings opinberra stofnana eins og Iðntæknistofnunar við kynningarátakið.

Með þetta í huga mælir nefndin með samþykkt tillögunnar með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristinn Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita aðrir fulltrúar í félmn.

Brtt. sem er á þskj. 634 er þannig:

„Tillgr. orðist svo: Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við Samband verndaðra vinnustaða um átak til kynningar og þróunar á framleiðslu verndaðra vinnustaða og að veitt verði fé og önnur aðstoð í þessu skyni."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 634 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 666).

Læknisþjónusta á landsbyggðinni, síðari umr.

Þáltill. MB, 23. mál. — Þskj. 23, n. 654.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Nefndin hefur fjallað um till. á nokkrum fundum og fengið um hana umsagnir frá aðilum sem tilgreindir eru í nál.

Þá fékk nefndin á sinn fund Pál Sigurðsson, ráðuneytisstjóra í heilbr.- og trmrn., Ólaf Ólafsson landlækni og Matthías Halldórsson aðstoðarlandlækni.

Frá því tillagan var lögð fram hefur verið gripið til ýmissa aðgerða af hálfu stjórnvalda til að bæta úr brýnasta vanda varðandi læknishéruð sem erfitt hefur verið að manna.

Á fjárlögum fyrir árið 1991 er 19 millj. kr. framlag til að leysa vanda lítilla heilsugæslustöðva og á fjáraukalögum fyrir 1990 var 5 millj. kr. framlag í sama tilgangi. Þessu fjármagni hefur í aðalatriðum verið varið með eftirfarandi hætti:

a. Ríkið hefur keypt eða átt hlut að kaupum á torfærubifreiðum til fimm heilsugæslustöðva.

b. Sex heilsugæslustöðvum hefur verið heimilað að gera svokallaða staðarsamninga til að bæta starfskjör heilbrigðisstarfsfólks eftir nánari ákvörðun stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar í samráði við starfsfólk á stöðinni og heilbrrn. Á árinu 1991 eru til ráðstöfunar 15 millj. kr. í þessu skyni.

Viðræður fóru fram á árinu milli fulltrúa Læknafélags Íslands og heilbrrn. um málefni H1-stöðva, m.a. um breytt starfskjör lækna á þessum stöðvum.

Af hálfu talsmanna heilbrrn. og landlæknis komu fram í viðræðum í nefndinni ýmsar hugmyndir um aðgerðir til að bæta heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Einnig komu umsagnaraðilar um tillöguna fram með margar gagnlegar ábendingar sem nefndin hefur komið á framfæri við heilbrrn.

Með vísan til þess sem að framan greinir leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál. skrifa allir fulltrúar í félmn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 654 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 32 shlj. atkv.

Vísinda- og tæknistefna.

Skýrsla menntmrh., 334. mál. — Þskj. 591.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því við hæstv. forseta Sþ. að fá tækifæri til þess að gera grein fyrir samþykkt ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu til aldamóta sem byggð var m.a. á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 15. ágúst 1989. Málið er lagt fyrir í skýrsluformi og hefur skýrslunni verið dreift til hv. þm. og þeir hafa fengið kost á því núna síðustu dagana að kynna sér efni hennar. Ég mun í ræðu minni fara yfir tillöguna í heild. Ég mun síðan tæpa á nokkrum aðalatriðum í skýrslunni, víkja svo að því talnaefni sem fylgir skýrslunni og loks rekja hvernig framlög hafa þróast til rannsókna- og vísindastarfsemi að undanförnu og gera að lokum grein fyrir því sem gert verður í framhaldi af þeirri áætlun sem hér er verið að kynna.

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, var það á fundi ríkisstjórnarinnar 15. ágúst 1989 að samþykkt var tillaga frá menntmrh. á þessa leið: „Ríkisstjórnin samþykkir að fela menntmrh. að hefja undirbúning að tillögum um vísinda- og tæknistefnu á Íslandi. Verði samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs falið að gera tillögur um þessa stefnumótun."

Í framhaldi af þessari samþykkt fól menntmrn. samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins að hlutast til um undirbúning tillagna um vísinda- og tæknistefnu. Samstarfsnefndin lagði með bréfi dags. 20. sept. 1990 fram tillögur sínar í formi draga að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu ásamt greinargerð. Um undirbúning tillagnanna höfðu á vinnslustigi verið höfð samráð við stjórn Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins. Eftir nánari umfjöllum í deildum Vísindaráðs, þar sem málið var tekið fyrir, óskaði samstarfsnefndin eftir að gera fáeinar breytingar, aðallega á greinargerðinni, og var álitsgerð nefndarinnar þannig breytt lögð fram 2. nóv. 1990.

Álitsgerð samstarfsnefndarinnar var lögð fyrir ríkisstjórnina á fundi hennar 6. nóvember 1990. Ríkisstjórnin féllst á tillöguna að stefnuyfirlýsingu í meginatriðum og var ákveðið að kynna yfirlýsinguna og greinargerðina er henni fylgir á ársfundi Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs, en sá fundur var haldinn 30. nóvember 1990, og síðan var ákveðið að undirbúa

skýrslu til Alþingis um þessa stefnumörkun.

Það þskj. sem hv. þm. hafa á borðum sínum hefur annars vegar inni að halda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu og hins vegar greinargerð um þá stefnu. Yfirlýsingin er stutt og hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin markar svofellda stefnu um hlutverk vísinda og tækni í íslensku þjóðlífi og meðferð vísinda- og tæknimálefna á vettvangi ríkisstjórnarinnar:

Framfarir í vísindum og tækni eru nú örari en nokkru sinni og stöðugt bætist við þekking á innri og ytri gerð efnisheims og lífheims, svo og þekking á manninum sjálfum, menningu hans og þjóðfélagi.

Vísindi og tækni eru meðal helstu hornsteina nútíma þjóðfélags og ný þekking er einn aðalaflvaki framfara. Vísindaleg og tæknileg þekking er forsenda farsælla ákvarðana og skilnings á æ fleiri sviðum þjóðlífsins, í hagrænum, félagslegum og menningarlegum efnum. Iðkun vísinda á sem flestum fræðasviðum er skilyrði þess að sjálfstætt menningarsamfélag fái staðist og eflst á Íslandi.

Stór hluti hverrar upprennandi kynslóðar á Íslandi nýtur nú háskólamenntunar og þeim Íslendingum fjölgar ört sem fengið hafa vísindalega sérþjálfun á ýmsum sviðum. Í þessu felst auðlind sem þarf að virkja í þágu þjóðarhags og menningar. Tryggja verður að þetta fólk fái verkefni við hæfi og þurfi ekki að hverfa til annarra landa.

Vísindi og tækni dafna þá best og nýtast til framfara að unnið sé að þeim í nánum tengslum við líf og starf þjóðarinnar. Einnig þurfa þau bæði frelsi og aðhlynningu til að vera frjó og skapandi, en jafnframt aðhald og gagnrýni. Þannig geta þau bæði leyst vandamál líðandi stundar og veitt leiðsögn til framtíðar.

Íslendingar hafa löngum varið hlutfallslega minna fé og mannafla til vísindalegra og tæknilegra rannsókna en aðrar þjóðir, sem búa við svipuð lífskjör. Flest bendir til að nú sé brýnt að efla vísinda- og tæknirannsóknir og auka þróunarstarf til að tryggja áfram góð lífskjör hér á landi í vaxandi samkeppni milli þjóða og heimshluta á sviði viðskipta, tækni og menningar.

Ríkisstjórnin vill stuðla að því að þjóðfélagsþróun á Íslandi byggist á vísindalegri þekkingu og tækni í stað of einhliða sóknar í auðlindir lands og sjávar. Því vill hún stefna að því að auka veg vísinda og tækni í þjóðarbúskapnum með því að stærri hlut þjóðartekna verði varið til þeirra en áður. Ríkisstjórnin vill efna til samvinnu við atvinnulífið í landinu um að auka raungildi fjárframlaga til rannsóknastarfsemi um 10% á ári næsta áratuginn. Þannig er stefnt að því að hlutfall þjóðartekna, sem varið er til rannsóknastarfsemi hér á landi, nálgist það sem nú er annars staðar á Norðurlöndum. Þetta verði gert annars vegar með því að auka opinber framlög til verkefnabundinna rannsókna á sviði grundvallarvísinda og hagnýtra rannsókna, og hins vegar með því að bæta almenn skilyrði fyrirtækja og einstaklinga til að stunda rannsóknir og nýsköpun.

Með auknum hlut vísinda- og tæknirannsókna í þjóðarbúskapnum verði leitað leiða til að tengja þessa starfsemi enn betur við breytilegar þarfir þjóðlífsins. Starfsemi á einstökum sviðum vísinda taki mið af aðsteðjandi vandamálum sem og framtíðarhorfum á þeim þjóðlífssviðum sem best geta nýtt sér þá vísindalegu þekkingu sem leitað er að. Jafnframt verði ávallt svigrúm til óheftrar leitar að þekkingu þar sem aðeins er spurt um fræðilegt gildi verkefnis og hæfni vísindamanns.

Opinberar vísinda- og tæknistofnanir heyra undir mismunandi ráðuneyti og hlutverk þeirra endurspegla verkaskiptingu þjóðfélagsins. Vísindaleg þekking verður hins vegar til og nýtist þvert á þá skiptingu. Lögð verður áhersla á samstarf milli stofnana, einstaklinga og fyrirtækja til að nýta sem best þekkingu sem til er í landinu og dreifa ekki kröftunum um of. Einstökum ráðuneytum og stofnunum þeirra er ætlað að taka mið af þeirri stefnu.

Unnið verði markvisst að því að auka skilning þjóðarinnar á mikilvægi vísinda og tækni. Efld verði kennsla á þeim sviðum í grunnskólum og framhaldsskólum og tengsl skólanna við vísindastarf í landinu aukin. Menntun til vísindastarfa verði efld m.a. með skipulegri uppbyggingu framhaldsnáms við Háskóla Íslands og aðrar æðri menntastofnanir landsins. Endurskoðuð verði tilhögun opinberrar fjárhagsaðstoðar við námsmenn á síðari stigum framhaldsnáms og við unga vísindamenn að framhaldsnámi loknu.

Búið verði í haginn fyrir virka þátttöku Íslendinga í fjölþjóðlegu vísinda- og tæknisamstarfi, reista á skipulegu mati á forgangsverkefnum.

Vísindaráði og Rannsóknaráði ríkisins er falið:

að gera nýja úttekt á stöðu rannsóknamála í landinu og að fylgjast af árvekni með þörfinni fyrir rannsóknir og vísindalega eða tæknilega sérþjálfun Íslendinga á nýjum sviðum og miðlun niðurstaðna úr innlendum og erlendum rannsóknum,

að gera tillögur um ráðstöfun á auknum framlögum til vísindalegra og tæknilegra rannsókna, m.a. með langtímaáætlun fyrir einstök svið, svo og árleg framlög, þar á meðal um forgangsröðun viðfangsefna,

að gera tillögur um leiðir til að auka hlut atvinnulífsins og annarra aðila utan ríkiskerfisins í fjármögnun og framkvæmd rannsókna og hvetja til nýsköpunar í atvinnulífi landsmanna,

að fylgjast með nýtingu fjármagns og starfskrafta til rannsókna og gera tillögur um endurbætur á aðstöðu, skipulagi eða framkvæmd rannsóknastarfa eftir þörfum.

Í því skyni að samræma framkvæmd vísinda- og tæknistefnu við aðra þætti þjóðmála er gert ráð fyrir að forsætisráðherra efni tvisvar á ári til fundar fulltrúa Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs með ráðherrum menntamála, iðnaðar, sjávarútvegs, landbúnaðar, heilbrigðismála, umhverfismála, samgöngumála og fjármála. Gert verði ráð fyrir því að fulltrúum allra þingflokka verði boðið að sitja þessa fundi. Á öðrum fundinum skulu fulltrúar ráðanna gera grein fyrir framvindu og meginviðhorfum í vísinda- og tæknirannsóknum og á hinum fundinum leggja fram tillögur um fjárveitingar til rannsókna á næstu árum. Fulltrúum at-

vinnulífs, Háskóla Íslands og annarra vísindastofnana skal boðið á þessa fundi eftir því sem málefni segja til um. Dagskrá og tilhögun hvers fundar skal undirbúin af samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins í samvinnu við forsrn. og menntmrn."

Þetta var, virðulegi forseti, í heild yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu.

Eins og fram kemur felur stefnan það í sér að teknar eru þegar ýmsar ákvarðanir sem lúta að þessum málum og ég tel ástæðu til að víkja nokkrum orðum að þeim. Ég get auðvitað hugsanlega farið yfir skýrsluna í einstökum atriðum en ætla ekki að gera það, heldur aðeins að víkja að því hvernig hefur þegar verið staðið að framkvæmd þeirrar vísinda- og tæknistefnu sem þarna er lagður grunnur að. Um leið og þessi samþykkt var gerð í október 1990 ákvað ríkisstjórnin að á árinu 1991 yrði um að ræða verulega hækkun á framlögum til Vísindasjóðs og Rannsóknasjóðs og ýmissa rannsóknastofnana.

Þegar litið er á framlög til vísinda og rannsókna í fjárlögum ársins 1991 kemur fram að framlög til tilraunastöðvarinnar á Keldum hækka úr 55 millj. í 71 millj. kr. eða um 30% að raungildi milli áranna 1990 og 1991.

Í öðru lagi kemur fram að framlag til Rannsóknasjóðs er hækkað mjög verulega, úr 88,4 millj. kr. í 110 millj. kr. eða um 24,4% að raungildi.

Í þriðja lagi kemur fram að hækkun verður veruleg á framlögum til Vísindasjóðs, úr 20,4 millj. kr. í 30,6 millj. kr. eða um 50,2% að raungildi milli ára. Ef skoðuð eru framlög til vísinda og rannsókna alls kemur í ljós að um er að ræða hækkun úr 356 millj. kr. í 442 millj. kr. milli áranna 1990 og 1991 eða um 24%. Ef við skoðum hins vegar lengri tíma og berum það saman hver eru framlögin til vísinda og rannsókna á Íslandi á árinu 1991 t.d. við árin 1984–1986 kemur í ljós að um er að ræða hækkun að raunvirði um 54%. Og ef við skoðum enn þá lengri tíma, tökum t.d. árið 1984, þá voru framlög til vísinda og rannsókna sléttar 200 millj. kr. en eru núna 442,5 millj. kr. Í fjárlögum ársins 1991 er stigið markvert skref í þá átt að ná því marki sem sett er í þessum plöggum, að tvöfalda framlög til vísinda og rannsókna á Íslandi á næstu tíu árum. Á þessu ári er í raun og veru um að ræða, eins og ég sagði, 24% hækkun á framlögum til vísinda og rannsókna frá síðasta ári, árinu 1990.

Nú er það hins vegar svo að umræða um þessi mál þyrfti að verða mikið meiri og mikið ítarlegri vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að rannsóknir og vísindi, bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir, séu mikilvægari undirstaða framfara í þessu þjóðfélagi en menn gera sér yfirleitt grein fyrir. Og það alvarlega er kannski það að manni hefur iðulega fundist að ákvarðanir um mjög mikilvægt svið, eins og t.d. fiskeldi, hafi verið teknar án þess að nægilega miklar rannsóknir hafi farið fram. Og þó ríkisstjórn og Alþingi hafi á hverjum tíma verið tilbúin til að tryggja fjármuni að einhverju leyti til stofnkostnaðar með lánum og rekstrarkostnaðar með lánum, þá hefur staðið á hinu að menn legðu fram fjármuni til rannsókna. Niðurstaðan hefur orðið hörmuleg á sumum sviðum að þessu leyti.

Það er hins vegar augljóst mál að við Íslendingar verðum að breyta um hætti í þessu efni. Við höfum á þessari öld eins og áður fyrst og fremst lifað á grunnframleiðslu, þ.e. landbúnaði og sjávarútvegi, og það er greinilegt að ef við ætlum okkur að bæta lífskjörin á komandi árum, þá er sú fjárfesting sem færi í menntun, rannsóknir og vísindi í raun og veru sú besta og þýðingarmesta til þess að ná upp sæmilegum lífskjörum í landinu.

Því miður virðist mér að málið sé þannig að í raun inni sé ákaflega erfitt að ná upp þessum skilningi. Ég ákvað að fara fram á það að þessi skýrsla yrði lögð hér fyrir á hv. Alþingi til þess að þingmenn gætu rætt um það sem felst í henni, til þess að menn gætu áttað sig á því hvernig þessi mál eru. Og ég held að það sé í raun og veru mjög auðvelt að átta sig á málunum út frá forsendum þessarar skýrslu eins og hún liggur fyrir. Hér er um að ræða mjög ítarlegt talnaefni og margvíslegar upplýsingar um rannsóknir, vísindi og þróun eins og þau mál hafa þróast á Íslandi á undanförnum árum.

Ég vil í því sambandi víkja aðeins að greinargerðinni og benda á af hverju við teljum að það sé þörf fyrir stefnumörkun á sviði vísinda- og tæknimála á Íslandi. Til þess eru í meginatriðum fjórar ástæður.

Fyrsta ástæðan er sú að vísindi, tækni og rannsóknir eru meðal hornsteina vestrænnar menningar og ef við ætlum okkur að taka þátt í samkeppninni um lífskjör við þessar þjóðir, þá verðum við að halda uppi merkjum vísinda og rannsókna með miklu myndarlegri hætti en við höfum gert. Góð almenn þekking, byggð á vísindum og tækni samtímans, er forsenda þess að unnt sé að starfrækja öflugt, sjálfstætt menningarsamfélag við núverandi skilyrði og sá grundvöllur, sem hagrænar og félagslegar framfarir byggjast á.

Í öðru lagi eru ástæðan sú að allar iðnvæddar þjóðir nota nú orðið vísinda- og tækniþekkingu meðvitað til að skapa sér betri stöðu í samkeppni um markaði í viðleitni sinni til að tryggja þegnum sínum batnandi lífskjör. Öflugar eigin rannsóknir eru forsenda þess að þjóðir geti tekið við nýrri þekkingu annars staðar frá og aðhæft hana sínum eigin raunveruleika og viðfangsefnum.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að halda uppi öflugri vísinda- og rannsóknastarfsemi hér vegna þess að það þarf að gæta að afleiðingum þeirra breytinga sem ný tækni hrindir af stað fyrir umhverfi og félagslega aðstöðu fólks og beina afli þeirra á farsælar brautir. Skilningur á náttúrunni og þeim breytingum sem í henni verða svo og skilningur á manninum sjálfum og þjóðfélagsþróuninni, er viðfangsefni vísinda í víðustu merkingu þess orðs. Vísindaleg og gagnrýnin viðhorf til tækninnar auka líkur á að henni sé beitt farsællega til að efla þjóðarhag. Án slíkrar gagnrýni gæti altæk tæknileg hugsun leitt til draumhyggju um tæknilega lausn allra vandamála. Stöðug gagnrýni á heimsmynd mannsins er eitt af mikilvægustu hlutverkum vísinda.

Fjórða meginástæðan er sú að öflun vísinda- og

tækniþekkingar er dýr og á sér langan aðdraganda í heimi þar sem tækniframfarir eru jafnframt örar. Engin þjóð er sjálfri sér nóg lengur í þeim efnum. Miklu varðar því hvernig varið er takmörkuðu fé og mannafla þannig að sem mestur árangur náist. Kostnaður við þessa starfsemi fer jafnframt vaxandi eftir því sem tækni fleygir fram. Af því leiðir að taka þarf mikilvægar ákvarðanir um markmið, skipulag, fjármögnun, verkefnaval og um samræmingu starfa og samvinnu heima fyrir og erlendis.

Hér voru rakin nokkur meginatriði sem kannski liggja í augum uppi fyrir nauðsyn þess að hér sé haldið uppi öflugri vísinda- og tæknistarfsemi. En það má auðvitað fjöldamargt fleira nefna. Auðvitað er það þannig að við í sjálfu sér eigum minni möguleika að þessu leytinu til en aðrar og fjölmennari þjóðir, þó ekki sé nema vegna þess að þjóðin er ekki ýkja fjölmenn. En hér eigum við hins vegar líka möguleika sem eru einstakir og okkur ber að hagnýta, bæði í grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum. Við teljum að á sviði hagnýtra rannsókna þurfi að raða verkefnunum upp í forgangsröð en slík forgangsröðun má þó ekki ganga svo langt að ekki verði nauðsynlegt svigrúm fyrir frumkvæði og frumleika þeirra sem að rannsóknunum starfa. Þetta á reyndar við um alla vísindastarfsemi og er meginatriðið í grunnrannsóknunum sjálfum. Í þeim er mjög mikilvægt að virða frjálsræði vísindamannsins til að velja þau verkefni til rannsókna sem hann telur áhugaverðust og líklegust til að skila markverðum árangri. Gæði vísindastarfseminnar sjálfrar á alþjóðlegan mælikvarða hljóta ætíð að vera eitt af því sem taka verður mest tillit til varðandi opinberan stuðning og starfsaðstöðu.

Engu að síður er varla hægt að ganga fram hjá því að sum rannsóknasvið liggja ýmist betur fyrir Íslendingum en önnur vegna staðsetningar þeirra í heiminum eða varða menningu þeirra og efnahag meira en önnur. Augljós dæmi um þetta eru rannsóknir á íslenskri jarðfræði sem bæði hafa margvíslegt gildi, t.d. í orkumálum og mannvirkjagerð, en gefa Íslendingum um leið tækifæri til mikilvægs framlags til alþjóðlegrar vísindastarfsemi á þessu sviði. Svipuðu máli gegnir um rannsóknir á hafinu og lífríki þess þar sem íslenskir vísindamenn eiga mikið samstarf við aðrar þjóðir. Sama á einnig við um íslenskt samfélag og hagkerfi sem er mjög sérstakt og á sér ekki nákvæmar hliðstæður annars staðar og hins vegar rannsóknir á íslenskri miðaldamenningu og bókmenntum til forna ásamt rannsóknum málvísinda á íslenskri tungu.

Þetta eru dæmi, virðulegi forseti, um rannsóknir á sviði mannlegra fræða og félagsvísinda sem Íslendingum ber sérstök skylda til að stunda, bæði vegna sjálfra sín og vegna þess skerfs sem þeir vilja leggja til heimsmenningarinnar. En auk þess að beina sjónum að rannsóknasviðum sem eru áhugaverð fyrir Íslendinga vegna stöðu þeirra í heiminum getur einnig verið mikilvægt að tryggja að ekki verði út undan hér á landi rannsóknasvið sem skipta miklu máli til að Íslendingar geti fylgst nægilega vel með heildarþróun vísinda, bæði vegna almenns menningargildis og vegna hugsanlegra tengsla við rannsóknir í öðrum greinum.

Þau viðhorf sem ég hef talað fyrir í þessari kynningu, virðulegi forseti, eiga sér í raun og veru mjög langa sögu á Íslandi. Í því sambandi má kannski minna á, að sjálfstæðisbarátta Íslendinga var háð á sviði fræða og þjóðmenningar. Jón Sigurðsson tók sagnfræðina og menningarsöguna í þjónustu sjálfstæðisbaráttunnar og allt frá því á 18. öld börðust þjóðarleiðtogar okkar og andans menn, skáld, náttúrufræðingar og embættismenn jafnt sem bændur við að vekja þjóðina til dáða með samþættingu verkmenningar og þjóðmenningar. Þannig eru og vísindi í öllum greinum sínum enn sem fyrr frumskilyrði þess að íslenska þjóðin geti haslað sér völl meðal þjóða heims, sjálfri sér til farsældar.

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, víkja aðeins að því talnaefni og þeim upplýsingum sem fram koma í þessum greinargerðum. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara þar út í einstök atriði, minni á t.d. kaflann um fjármagn til rannsókna á bls. 13 í þskj. þar sem það kemur fram að hlutfall Íslendinga til rannsókna og þróunar hefur í raun og veru staðið í stað á liðnum áratugum. Það var sá sári og alvarlegi veruleiki sem varð m.a. til þess að við ákváðum að taka sérstaklega á þessu máli. Ástæðan er sem sagt sú að á síðustu tíu árum hefur hlutfallslega sáralítil aukning orðið, bæði á ráðstöfunarfé til rannsókna og aukning á rannsóknafólki til rannsókna hefur einnig verið mjög lítil. Ef litið er á hvaðan fé til rannsókna er komið, hverjir borga og hverjir framkvæma rannsóknir, sést að hlutur opinberra aðila er mun stærri hér á landi en hlutur atvinnufyrirtækja. Þar skera Íslendingar sig algerlega úr eins og sést á myndum 5 og 6 í þessu þskj. þar sem kemur fram hversu mikið er borgað af rannsóknarfénu af fyrirtækjum og hversu mikið af opinberum aðilum. Þegar við berum þessi hlutföll saman við aðrar þjóðir kemur í ljós að hlutur fyrirtækja á Íslandi er mikið minni, mikið lakari en í öðrum löndum. Það er út af fyrir sig mjög alvarlegt umhugsunarefni.

Hlutur fyrirtækja hefur þó að undanförnu farið stækkandi, sérstaklega ef við miðum við hlutfall af mannafla. Þannig fjölgaði starfsliði við rannsóknir hjá fyrirtækjum úr um það bil 100 ársverkum árið 1985, en þau voru aðeins 100, í öllum fyrirtækjum á Íslandi voru 100 ársverk í rannsóknum árið 1985, en þessi tala var orðin 147 árið 1987. Ég tel að það sé ekki nokkur vafi á því að stofnun Rannsóknasjóðsins hafi ráðið hér mjög miklu um.

Ef við lítum á skiptingu þessa fjármagns eftir viðfangsefnum sést að stærstur hlutur fjármagnsins fer til rannsókna í þágu frumframleiðslugreinanna, landbúnaðar og fiskveiða, ásamt orkuframleiðslu en mun minna til úrvinnslugreinanna, iðnaðar, fiskvinnslu og byggingariðnaðar. Til vísindalegra grunnrannsókna fer um það bil $^1/_4$ af heildarfjármagninu. Það er svipað heildarhlutfall til grunnrannsókna og gerist í öðrum aðildarlöndum OECD.

Í því skyni að fjalla um það með hvaða hætti mætti auka fjármagn til rannsókna og vísinda hér á landi hafa menn bent á mjög margt. Auðvitað má segja að það sé einfaldast, en þó um leið að mörgu leyti pólitískt erf-

iðast, að ná auknum fjármunum til rannsókna á Íslandi með því að styrkja þær rannsóknar-, þróunar- og vísindastofnanir sem þegar eru til og það hefur verið gert í fjárlögum þessa árs með myndarlegum hætti, eins og hér hefur komið fram. Hins vegar hafa menn líka rætt um ýmsa aðra hluti. Ég held að það skipti langmestu máli að staldra við það hvað fyrirtækin geta lagt til til viðbótar við það sem þau gera þegar.

Árin 1986 og 1987 flutti ég hér á Alþingi sem stjórnarandstæðingur tillögu og frv. um það að fyrirtæki fái sérstakar skattaívilnanir til þess að stunda þróunarverkefni og markaðsstarfsemi. Sérstaklega eru þetta algeng tæki til að stuðla að nýsköpun í smáfyrirtækjum hjá grannþjóðum okkar. Þetta er í raun og veru mér liggur við að segja í hróplegri mótsögn við það sem gert hefur verið varðandi fyrirtæki á Íslandi, þar sem aldrei er farið að sinna þeim fyrr en þau eru farin á hausinn eða eru að fara á hausinn eða verða gjaldþrota, en það að menn ýti undir rannsóknir, nýjungar, þróunarverkefni og vísindastörf í fyrirtækjum sem eru að leggja af stað og hasla sér völl á nýjum sviðum sem eru auðvitað til fjölda, fjöldamörg, það hefur ekki gerst hér í þessu landi. Þegar lagt er til að fyrirtæki fái skattafrádrátt eða skattaívilnanir af þessum ástæðum mætir það ævinlega verulegri andstöðu hér á Alþingi og tillögur um það efni, m.a. frá mér, hafa verið felldar aftur og aftur á árum áður og mér hefur ekki tekist að sannfæra þingið um það núna eða ríkisstjórnina að þetta væri rétt leið vegna þess að menn bera alltaf fyrir sig það sem heitir „skattatæknilegar ástæður" og ég skil nú aldrei, en það er nú bara af því hvað undirritaður er takmarkaður. En staðreyndin er hins vegar sú að allar aðrar þjóðir hafa gert þetta. Þær hafa veitt fyrirtækjum skattaívilnanir vegna nýjunga í rannsóknum, þróun og vísindastarfsemi sem íslensk yfirvöld hafa því miður ekki verið tilbúin til þess að fallast á.

Í skjalinu er farið yfir háskólamenntun á Íslandi og minnt á hækkað menntunarstig þjóðarinnar. Eftir að kennsla hóst í mörgum nýjum kennslugreinum við Háskóla Íslands á seinni huta sjöunda áratugarins hefur þeim stórfjölgað sem leita sér sérmenntunar í háskóla, bæði erlendis og hérlendis, og starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur gerbreytt aðstæðum til langskólanáms frá því sem áður var.

Gerð hefur verið spá um fjölda Íslendinga við nám á háskólastigi fram yfir aldamót. Jón Torfi Jónasson gerði hana og var hún birt í ritinu „Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár, 1985–2010". Samkvæmt þessari spá mun þeim stórlega fjölga sem stunda langskólanám. Hlutfall þeirra sem eru í langskólanámi núna er 40%, en því er spáð að það verði 80% árið 2010, 80% eða tvisvar sinnum fleiri verði í langskólanámi af einhverju tagi eftir 20 ár en er í dag.

Við Háskóla Íslands eru núna skráðir 4700 nemendur og þaðan brautskrást um 570–600 manns á hverju ári. Við aðra innlenda skóla á háskólastigi eru nú 800–900 nemendur og þaðan brautskrást á ári um 200 manns. Erlendis eru um 2100 námsmenn við nám með stuðningi frá Lánasjóði ísl. námsmanna og má reikna með að a.m.k. 20% fleiri séu við nám með styrkjum eða á launum erlendis frá eða á annan hátt án stuðnings frá sjóðnum. Af námsmönnum erlendis er talið að a.m.k. 80% séu við háskólanám. Ætla má að um 20% þeirra ljúki námi árlega og lætur þá nærri að alls ljúki 1100–1200 Íslendingar prófi á háskólastigi á ári, en það samsvarar fjórða hverjum manni í árgöngunum 24–30 ára. Fjórði hver Íslendingur á aldrinum 24–30 ára lýkur með öðrum orðum háskólanámi eins og staðan er í dag. Og þetta hlutfall mun fara hækkandi.

En þetta er aðeins önnur hlið málsins. Hin sem blasir við er sú að það fólk sem er að ljúka námi og gæti vissulega hjálpað til við að skapa aðstæður til að treysta grundvöll lífskjaranna í landinu betur en gert hefur verið, margt af þessu fólki kemur heim en margt af því kemur ekki heim. Það er kannski önnur meginástæðan fyrir þessari stefnumótun í vísinda- og tæknimálum á Íslandi sem við erum hér að beita okkur fyrir að sköpuð verði aðstaða til þess að við getum nýtt okkur þekkingu, færni og hæfileika þessa fólks þannig að það þurfi ekki að hverfa héðan úr landinu eða búa langdvölum erlendis þar sem það hefur verið við nám. Það er með öðrum orðum ýmislegt nú sem bendir til þess að fólk með mikla sérmenntun setjist í vaxandi mæli að erlendis vegna þess að það fær ekki störf við sitt hæfi við núverandi aðstæður. Ekki hefur verið gerð sérstök könnun á þessu frá árinu 1978. Þá var talið að hér væri í raun og veru ekki um sérstakt vandamál að ræða. Það var gerð á þessu sérstök könnun og niðurstaða hennar varð sú að þá vildu flestir koma heim eða vera heima eða fyndu sér öllu heldur störf við sitt hæfi hér heima, hvort sem þeir höfðu lokið námi við erlendan eða innlendan háskóla. Nú vitum við hins vegar, bara af því sem við þekkjum til sjálf, að þetta er vaxandi vandamál. Þess vegna höfum við ákveðið að láta fara fram á vegum ráðuneytisins sérstaka könnun á því hvað er mikið um það að fólk komi, hvað er mikið um það að fólk dveljist annars staðar og hugsi sér að vera annars staðar af því að það hefur ekki trú á því að það fái tækifæri til að starfa hér á Íslandi.

Í greinargerðinni er farið yfir þessi mál nokkuð ítarlega, bæði um aukna hlutdeild vísinda og rannsókna í þjóðarbúskapnum samkvæmt þessari stefnu en þessi hlutdeild er raunar þegar aukin á árinu 1991. Það er farið yfir samstarf við atvinnulífið, um langtímaáætlanir, gagnaöflun, húsnæði og tækjakost, bókakost, hlutverk sjóðanna og fleira. Það er lögð áhersla á samstarf greina atvinnulífsins og hlutverk ráðuneytanna í þeim efnum. Síðan er fjallað nokkuð ítarlega um vísindalega menntun og menntun rannsóknarmanna sem ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um.

Staðreyndin er sú að við erum með mjög gott kerfi til þess að tryggja það að fólk geti stundað háskólanám, langskólanám af ýmsu tagi, eitt það besta sem gerist á byggðu bóli satt að segja. Hins vegar er það ljóst að engin stefna hefur verið mörkuð sérstaklega um menntun fólks til vísindalegra rannsóknastarfa eftir að það hefur lokið háskólaprófi. Háskóli Íslands hefur til skamms tíma ekki boðið upp á skipulegt nám til meistaraprófs nema í örfáum greinum og ekki til dokt-

orsprófs fyrr en núna að við breyttum reglum Háskóla Íslands á sl. vetri þannig að nú er hægt að stunda þar skipulagt nám til meistaraprófs og til doktorsprófs. Þeir sem stefnt hafa að slíku námi hafa að mestu leyti orðið að sækja til annarra landa. Vissulega hefur þetta þann kost í för með sér að íslenskir vísinda- og tæknimenn flytja til landsins þekkingu frá öðrum löndum, en það hefur þann ókost að þeir nýtast ekki í íslenskri rannsóknastarfsemi meðan á náminu stendur. M.a. af þeim sökum er það svo, eins og ég gat um, að verið er að byggja upp framhaldsnám á nokkrum öðrum sviðum. Einnig er rætt um að taka upp lengra nám í samvinnu við erlenda háskóla, einkum háskóla á Norðurlöndum. Opinber fjárhagsaðstoð við fólk sem hefur lokið háskólaprófi en sækist eftir doktorsprófi eða sambærilegri háskólagráðu til undirbúnings rannsóknastörfum er nú í engu frábrugðin því sem gerist um annað framhaldsskólanám á háskólastigi. Á þessu þarf að verða breyting. Það þarf að taka um það ákvarðanir að fólk sem lokið hefur háskólanámi geti sest hér að og stundað rannsóknir sínar, ýmist með þeim hætti að það sé ráðið í tímabundnar stöður við rannsóknastofnanir eða með þeim hætti að það fái sérstakan stuðning til þess, eins og var áður, að Vísindasjóður veitti sérstakan stuðning í þessu efni. Með því að styrkja stöðu Vísindasjóðs eins og við gerum núna á þessu ári á að vera hægt að koma þar við styrkjafyrirkomulagi þannig að þetta fólk geti hafið störf að rannsóknum á Íslandi.

Á vegum ráðherranefndar menntamálaráðherra Norðurlanda var nýlega lögð fram skýrsla um þessi mál þar sem lagt er til að samstarf Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði verði stóraukið og mörkuð stefna um sameiginlegt kerfi til vísindalegrar þjálfunar. Í skýrslunni kemur fram, sem kemur okkur ekki á óvart, að Íslendingar eru langt á eftir öðrum Norðurlandaþjóðum í þessu efni.

Í þessari greinargerð okkar er einnig fjallað um skipulag rannsókna, rannsóknir og byggðaþróun og síðan ítarlega um alþjóðlegt samstarf. Það sem ég vil segja um það er eftirfarandi:

Við höfum verið að gerast aðilar að mjög mörgum erlendum samningum á undanförnum missirum. Við höfum gerst aðilar að ýmsum Evrópusamningum t.d. í samvinnu við Evrópubandalagið, m.a. Science áætluninni sem við urðum aðilar að á síðasta ári. Við erum að ræða um það hvernig Íslendingar yrðu aðilar að sérstakri rannsóknaáætlun Evrópubandalagsins á sviði umhverfismála og náttúruhamfara og sömuleiðis á sviði sjávartækni og hafrannsókna. Af einstökum öðrum áætlunum mætti benda á iðnaðar- og efnistækniáætlun, fiskveiða-, matvæla- og landbúnaðartækni og áætlun um rannsóknir á sviði læknis- og heilbrigðisfræði, svo og hagfræði. Vísindaráð hefur nýlega fyrir hönd Íslands fengið aðild að European Science Foundation sem er einhver mikilvægasti samstarfsvettvangur innan Evrópu á sviði frjálsra grunnrannsókna. Við höfum gerst aðilar að Norðurlandasamningum til þess að tryggja okkar ungu vísindamönnum aðgang að áframhaldandi vísindastörfum og þannig mætti lengi telja. Það hefur sem sagt heilmargt gerst og það er augljóslega mikið líf í kringum þennan málaflokk.

Í lok greinargerðarinnar er fjallað um það hvaða verkefni það eru sem Vísindaráð og/eða Rannsóknaráð þurfi að taka að sér núna í framhaldi af þessari stefnumótun. Fyrir utan það sem ég hef þegar nefnt má nefna að þessar stofnanir eiga

að gangast fyrir eða taka þátt í úttektum og mati á starfsemi, starfsháttum og skipulagi einstakra rannsóknastofnana sem kostaðar eru af hinu opinbera,

að gangast fyrir eða taka þátt í úttektum á rannsókna- og þróunarstarfsemi á einstökum sviðum vísinda og tækni,

að gangast fyrir eða taka þátt í úttektum og kortlagningu á nýjum sviðum vísinda og tækni, sem telja verður mikilvæg fyrir rannsóknastarfsemina í landinu og atvinnuvegi þjóðarinnar,

að gangast fyrir eða taka þátt í úttektum og mati á því hvernig hið opinbera, stofnanir þess og fyrirtæki sem það á aðild að standa að því að nýta þá þekkingu sem aflað er með rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Meðal þess sem lögð er sérstök áhersla á er:

staða íslenskra rannsókna í alþjóðlegu samhengi vísinda,

samband íslenskra rannsókna við skólakerfið og við stofnanir er vinna að þróun á sviði atvinnumála, félagsmála, heilbrigðismála og menningar,

áherslur í verkefnavali í ljósi hlutverks rannsóknastofnana, þarfa þjóðarinnar og atvinnuvega og í ljósi þeirrar stefnu sem stjórnvöld marka,

loks hvernig fjármagn, mannafli og aðstaða nýtist sem best.

Til þess að vinna að framkvæmd þessarar stefnu er svo gert ráð fyrir ákveðnu ferli sem ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns og mun ekki endurtaka hér. Greinargerðinni fylgir ítarlegt talnaefni þannig að menn geta áttað sig á því hvernig þessi mál hafa þróast hér á landi á undanförnum árum.

Það liggur sem sagt fyrir að það hefur verið stöðnun í tíu ár í þessum málum. Það liggur fyrir að raunframlög hafa lítið hreyfst. Það liggur fyrir að atvinnufyrirtækin hafa lítið lagt fram í þessu efni, þó hefur hlutur þeirra verið að vaxa. En það er einnig ljóst að um er að ræða verulega aukningu á framlögum til vísinda og rannsókna á fjárlögum þessa árs eða 24,3%. Það er ljóst að með því er stigið myndarlegt skref til að ná því marki sem sett er, að tvöfalda framlög til rannsókna- og vísindastarfsemi á tíu ára tímabili, að auka það um 10% á ári á tíu árum eða svo og þetta er hægt ef menn vilja. Reyndar eigum við dæmi um þetta úr fjárlögum íslenska ríkisins þar sem tekin var sú stefna árin 1987–1988 að tvöfalda framlög til menningarmála frá því sem þau voru í fjárlögunum fyrir 1987, þ.e. þau færu úr 1% af öllum fjárlögum íslenska ríkisins upp í 2%. Og ég man eftir því að þegar ég talaði fyrir þessari stefnu þá, að tvöfalda framlög til menningarmála, töldu menn það algera fjarstæðu, loftfimleika sem ekki væri hægt að standa við. Niðurstaðan er sú núna að framlög til menningarmála á þessu ári frá ríkinu, bein framlög, eru 1,8% af fjárlögum fyrir utan virðisaukaskatt sem felldur hefur verið niður af

menningarstarfsemi og nemur um tveimur milljörðum kr. Með markvissum, pólitískum vilja er hægt að ná marki eins og því sem hér er sett, að tvöfalda framlög til rannsókna- og menningarstarfsemi.

Að lokum vil ég segja þetta, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi að ég tel að aukin áhersla á rannsóknir og vísindi og þróunarstarfsemi sé í raun og veru ein meginundirstaða góðra lífskjara í þessu landi. Þá er ég ekki bara að tala um þróaðar langtímarannsóknir af ýmsum toga. Ég er líka að tala um menntun og skólakerfi í heild, ég er líka að tala um barnaskóla, ég er líka að tala um góðan grunnskóla, ég er líka að tala um framhaldsskóla og jafnvel leikskóla. Almennt gott menntunarkerfi er í raun og veru mikilvægari undirstaða batnandi lífskjara en menn fást yfirleitt til þess að viðurkenna.

Í öðru lagi segi ég: Við eigum að leggja meiri áherslu á þessi svið þegar við erum að tala um það hvernig við ætlum að byggja upp batnandi lífskjör í landinu, meiri áherslu en á stóriðju í samvinnu við útlendinga. Það leysir að mínu mati engan vanda. Þess vegna er mjög mikilvægt að það hefur tekist að auka verulega hlut vísinda og rannsókna í fjárlögum ársins 1991. Þar er verið að taka á málum og þar er undirstrikuð sú stefnumótun að þó að það sé að sjálfsögðu þannig að þjóðin eigi að kappkosta að nýta þær orkulindir sem við eigum og fá fyrir þær gott verð, þá verður hitt í raun og veru að vera aðalatriðið af því að nýtingin á okkar orkulindum mun ekki skila sér út í þjóðfélagið í batnandi lífskjörum öðruvísi en að við eigum hér fólk til þess að taka við þeim þekkingarverðmætum sem svona starfsemi getur skilað.

Í þriðja lagi vil ég leggja á það áherslu, sem er náskylt, að ég tel augljóst að nýting orkulindanna verði undirstaðan undir batnandi lífskjörum á Íslandi á komandi árum og áratugum. Ég tel satt að segja að Íslendingar eigi þar möguleika langt, langt umfram það sem menn hafa yfirleitt gert sér grein fyrir, langt umfram það. Við þurfum ekki að selja okkar raforku við lágu verði. Það er alveg augljóst mál að þegar kemur hér örfá ár fram í tímann þá mun verða kostur á því að selja þessa orku við góðu verði. Og það er augljóst mál að við sitjum á orkupotti, svo að segja, sem getur skapað hér aðstæður fyrir góð lífskjör og traust efnahagslegt sjálfstæði þessarar þjóðar. Ef við ætlum að gera það, ef við ætlum ekki bara að verða hráefnisframleiðendur, ekki bara að selja hráorku til stórfyrirtækja, þá verðum við að eiga gott og öflugt menntakerfi, góða skóla, og öfluga vísinda-, rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, vildi ég gera grein fyrir þessari skýrslu og tel mig þá þar með jafnframt hafa gefið Alþingi kost á því að ræða um stefnumótun í vísinda- og tæknimálum til aldamóta eins og hún birtist í þeirri tillögu sem fylgir þessu skjali.

Sigrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með að ríkisstjórnin skuli hafa stefnu í þessum mikilvægu málum, vísindum og tækni, en jafnframt lýsa yfir undrun minni yfir áhugaleysi alþingismanna á þessu mikilvæga máli því hér sitja aðeins inni örfáir þingmenn.

Mér virðist stefnan vera hnitmiðuð og góð byrjun. Ég er að mestu leyti sammála forsendum stefnunnar sem er þarna á fremstu blaðsíðunni, á bls. 5, en hef vissar efasemdir, finnst að þarna örli dálítið um of á forsjár- og þó fyrst og fremst tæknihyggju frekar en vísindahyggju. Ég hnýt um orðalag eins og á bls. 5, með leyfi forseta:

„Stór hluti hverrar upprennandi kynslóðar á Íslandi nýtur nú háskólamenntunar og þeim Íslendingum fjölgar ört sem fengið hafa vísindalega sérþjálfun á ýmsum sviðum. Í þessu felst auðlind sem þarf að virkja í þágu þjóðarhags og menningar."

Þetta er kannski bara klaufalega orðað, en það kemur fram þessi tæknihyggja kannski. Það á ekki að þurfa neinar sérstakar virkjanir til að njóta krafta fólks. Ef starfsskilyrði í þjóðfélaginu eru eðlileg þá streymir orka þessa fólks sjálfkrafa um þjóðfélagið. Áherslan á tæknina og raungreinarnar speglast líka í því að ég hef ekki séð að talað sé í skýrslunni um þær rannsóknir sem stundaðar eru t.d. við Kennaraháskóla Íslands, rannsóknir á sviði uppeldismála og kennslu. Þetta er fyrst og fremst um þau vísindi og þá tækni sem er við Háskóla Íslands. Og gott og vel. Það er ágætt að fá stefnu á því sviði. Ég er eins og ég segi ánægð með stefnuna í heild og að hún skuli hafa verið gerð.

Mig langar til þess að koma með nokkra punkta sem ég rakst á í greinargerðinni, þessari ítarlegu greinargerð. Þeir eru kannski frekar sundurlausir eins og vill verða þegar maður les yfir langt plagg. Það verður að segjast að það gladdi mitt hjarta og mér fannst ánægjulegt að sjá hafða hugsun í öndvegi sem kemur fram í orðum eins og á bls. 7 þar sem stendur: „Vísindaleg og gagnrýnin viðhorf til tækninnar auka líkur á að henni sé beitt farsællega til að efla þjóðarhag. Án slíkrar gagnrýni gæti altæk tæknileg hugsun leitt til draumhyggju um tæknilega lausn allra vandamála. Stöðug gagnrýni á heimsmynd mannsins er eitt af mikilvægustu hlutverkum vísinda."

Undir þessi orð tek ég heils hugar. Mér hefur fundist oft örla um of á að tæknin leysti allan vanda og það er einmitt mjög mikilvægt að vísindin séu notuð á gagnrýninn hátt eins og þarna er gert ráð fyrir.

Mér finnst aftur á móti miður að sjá hve oft er minnst á hagvöxt, hinn hefðbundna hagvöxt sem æskilegt og nauðsynlegt markmið og þá gjarnan í tengslum við virkjanir og orkufrekan iðnað. Gagnrýni á hina hefðbundnu hagvaxtarstefnu gerist nú æ háværari í heiminum enda má færa rök fyrir því að hagvöxtur endurspegli ekki endilega aukna velferð og lífsgæði. Ég hefði gjarnan viljað sjá að vísinda- og tæknistefna miðaði að því að Íslendingar legðu sitt af mörkum til þess sem hefur nú á síðustu árum verið kallað sjálfbær þróun, sem þýðir í rauninni bara það að athafnir okkar mannanna og gjörðir standist þegar til langs tíma er litið, að þær falli inn í þau náttúrulögmál sem móðir jörð setur okkur. Það er stefnan víða í heiminum í dag og þá ekki síst í hinum svokölluðu þróunarlöndum. Við vitum að sú tæknistefna, sem hófst fyrir

nokkrum hundruðum ára, hefur farið ákaflega illa með umhverfi jarðar og hún stenst ekki þegar til langs tíma er litið og lausnarorð hjá mörgum nú í dag er sú hugsun sem er á bak við orðin sjálfbær þróun. Það hefði verið gaman að sjá að íslensk vísinda- og tæknistefna beindist í þá átt.

Á bls. 15 er grein sem ég vil taka undir þar sem stendur:

„Í mannvísindum, félagsvísindum og læknisfræði hamlar ekki aðeins fjárskortur því sem hér er nefnt „nýting rannsóknakrafta", heldur einnig of lítil áhersla rannsóknamanna á að miðla til almennings þekkingu og skilningi á viðfangsefnum sínum í aðgengilegu formi. Væri æskilegt að örva sérfræðinga til að semja bækur fyrir kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins til þess að tryggja það að ný þekking lokist ekki inni í sérfræðitímaritum. Væri þetta einn liðurinn í því að efla tengsl vísinda og tækni við skólakerfið og almenning."

Ég vil sérstaklega taka undir þessi orð. Ég er sammála þeim. Vísindamenn eru því miður oft allt of mikið inni í lokuðum heimi. Þeir verða stöðugt sértækari í því sem þeir eru að gera og verða þeim mun óskiljanlegri fyrir almenning. Það er mjög nauðsynlegt að þarna á milli, á milli vísindamanna og almennings, séu einhverjar brautir þannig að þau atriði sem vísindamenn komast að nái til almennings. Ég tek því sérstaklega undir þessa grein.

Á bls. 16, svo ég fari úr einu í annað, fannst mér ágætt að sjá að þarna væri viðurkennt að vöxtur þjóðarframleiðslu undanfarin tíu ár hafi að miklu leyti byggst á aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Ég nota tækifærið og bendi á að á sama tíma berast um það upplýsingar frá aðilum eins og kjararannsóknanefnd að enn breikkar launabil á milli karla og kvenna og að þjóðarsáttin svokallaða hvílir fyrst og fremst á herðum kvenna.

Nokkru aftar fannst mér aftur ánægjulegt að sjá í þessari ágætu skýrslu haldbær rök fyrir þeirri stefnu Kvennalistans að stofna sérstakt atvinnumálaráðuneyti allra frumatvinnuveganna og sterkt umhverfisráðuneyti. Ég get ekki betur séð en að skýrsluhöfundar styðji þessa tillögu okkar kvennalistakvenna þar sem þeir skrifa, með leyfi forseta, neðst á bls. 18: „Vísinda- og tækniþekking er hins vegar yfirleitt ekki bundin einstökum atvinnugreinum, heldur er almennari í eðli sínu, og getur góð þekking nýst þvert á þessa hefðbundnu skiptingu. Reyndar er það eðli nýtæknigreinanna, eða hátæknigreinanna, að framfarir síðustu ára í skilningi á innri gerð líf- og efnisheims hafa áhrif þvert á allar tæknigreinar og hefðbundna atvinnuvegaskiptingu. Hagnýting þessarar nýju þekkingar er hins vegar háð samvinnu milli þekkingarsviða.

Margt bendir til þess að breyta þurfi skipulagi og starfsháttum vegna þessarar þróunar, færa stofnanir saman og koma á þverfaglegri samvinnu. Hefðbundin atvinnuvegaskipting má ekki verða til þess að hindra að þekking nýtist sem best fyrir þjóðfélagið í heild."

Þetta þótti mér ágætt að sjá þarna og nokkuð sem við höfum haldið fram líka.

Á bls. 21 er þörf ábending þar sem segir að taka þurfi afstöðu til hlutverks skóla á háskólastigi, verkaskiptingar þeirra á milli og hlutdeildar þeirra í rannsóknum. Þetta er þörf ábending en því miður er ekki gerð nein tilraun til að gera þessu efni skil í greinargerðinni en vonandi verður ekki látið þar við sitja.

Smáathugasemd: Aðeins aftar, í kafla 3.7, er oft vitnað í töflu 3, en hún virðist hafa gleymst og fylgir ekki skýrslunni.

En þó ég hafi stiklað hér mjög á stóru þá vil ég aftur þakka fyrir þetta góða framtak og vona að þetta verði stefna sem komandi ríkisstjórnir geti fylgt eftir.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir það sem hún sagði og þær áherslur sem hún flutti. Ég held að ég hafi verið sammála þeim öllum. Hún nefndi t.d. það að skýrslan væri kannski dálítið Háskóla-Íslands-leg og það er alveg rétt, hún er það. Ég gerði vissar athugasemdir við þetta á ýmsum stigum málsins, að þarna hefði þurft að taka bæði inn þau sjónarmið sem uppi eru í Rannsóknastofnun uppeldismála og í kringum hana, Kennaraháskóla Íslands og sömuleiðis Búvísindadeildina á Hvanneyri. Það má segja að með almennum hætti sé sums staðar komið inn á þessi mál en það hefði mátt gera það mikið skýrar.

Ég vil aðeins taka undir það að að sjálfsögðu hefði mátt gera því máli sem komið er inn á á bls. 21, um verkaskiptingu skólanna á háskólastigi, betur skil. Það hefði kannski mátt koma betur inn á það og skýra það betur. Ástæðan til þess að það var ekki gert var satt að segja sú að við erum að vinna að heildarskipulagi fyrir háskólana og reyna að fá þá til að sætta sig við tiltekna verkaskiptingu, þannig að málið er á viðkvæmu stigi. Það má svo sem tala um það sem kjarkleysi eða eitthvað annað að við skyldum ekki vilja taka af skarið í þessu plaggi af því að við erum að reyna að semja okkur í gegnum þetta gagnvart Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Búvísindadeildinni á Hvanneyri og öðrum slíkum aðilum sem eru með einhvers konar nám á háskólastigi. En auðvitað verður þetta að skýrast mikið betur. Ef á að takast, m.a. að nýta fjármunina betur heldur en gert er, þá verður að kveða betur á um verkaskiptingu á milli þessara skóla heldur en nú er gert. Auðvitað verður líka að tryggja það að þessir skólar eins og Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskólinn geti stundað rannsóknir, að þeir séu alvöruháskólar að því leytinu til að þeir hafi rannsóknasvigrúm sem hafa að vísu verið skapaðar aðstæður til. En auðvitað þarf það að vera þannig ef vel á að vera, ef um á að vera að ræða alvöruháskólastofnun, þá þarf hún auðvitað að vera með rannsóknastarfsemi og hæft rannsóknafólk á sínum vegum og það er fyrir því áratuga- ef ekki aldareynsla í starfsemi háskóla að eftir því sem rannsóknir þeirra eru öflugri eftir því ná svona stofnanir meiri myndugleika í hinu almenna skóla-, rannsókna- og vísindaumhverfi sem þeir búa við.

Ég get einnig sagt margt um hagvaxtarhyggjuna sem

hv. þm. nefndi og er einn meginlasleiki þessa svokallaða nútímaþjóðfélags og getur náttúrlega ekki endað nema með ósköpum, ef menn eru í henni mjög einhliða. Og vissulega er það svo að víða er í þessu skjali lögð mikil áhersla á hagvöxtinn en málið liggur nú einfaldlega þannig að það er margt sem kallar á í þessu þjóðfélagi okkar. Við erum með óskir um margvíslega hluti, m.a. á sviði félags- og menningarmála. Til þess þurfum við auknar tekjur í þjóðarbúinu frá því sem er nú og það er vandséð að nær náist öðruvísi en með auknum hagvexti. En hagvöxtur þarf náttúrlega ekki alltaf að vera fólginn í því að menn bæti eingöngu við það sem fyrir er heldur getur hann líka verið fólginn í því að við förum betur með það sem við eigum. Og það er mjög fróðlegt að sjá þá alvarlegu staðreynd sem kemur fram í þessari skýrslu að það er svo að segja algjör stöðnun í framleiðni íslenskra atvinnuvega núna um langt árabil. Algjör stöðnun. Ein leiðin til þess að auka framleiðni þeirra er auðvitað aukin áhersla á rannsóknir, þróun og vísindastarfsemi af ýmsu tagi til þess að menn fái sem mest út úr því sem þeir hafa handa á milli.

Hv. 12. þm. Reykv. vék að því hér áðan að það væru fáir í salnum þegar verið væri að ræða þetta mikilvæga mál. Það hefur nú orðið mitt hlutskipti í lífinu að sinna dálítið því sem er kallað „mjúk mál" í Stjórnarráði Íslands, í félmrn., heilbrrn., tryggingarn. og menntmrn. Það hefur nú bara farið svo. Ég hef verið með þessi mál mjög lengi og ég get ekki neitað því að iðulega hefur Alþingi valdið mér pínulitlum vonbrigðum í þessum efnum. En síst sæti nú á mér að fara að gagnrýna þá sem eru viðstaddir. Þvert á móti vil ég þakka þeim fyrir að leggja eyra að þessari umræðu af því að það er auðvitað nauðsynlegt að vita að þessi mikilvægi þáttur þjóðlífsins eigi stuðning sem mætti auðvitað oft vera meiri.

Varðandi þau mál sem við erum reyndar að fjalla um almennt, þá má segja að lykillinn að svörunum við þeim spurningum sem eru bornar hérna fram undir öðrum dagskrárliðum úr þessum ræðustól, lykillinn að þeim svörum er í rannsóknum, lykillinn að þeim svörum er í vísindastarfsemi, hvort sem þar er um að ræða grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir. Ég nefni dæmi: Ég veit ekki betur en hér á eftir sé á dagskránni þáltill. um að stytta vinnutíma. Ég er alveg sannfærður um það að eitt af brýnustu framfaraverkefnum Íslands er að stytta vinnutímann. Auðvitað á að tryggja það að menn hafi vinnu en menn séu ekki að vinna að meðaltali 50–60 tíma á viku eins og verið hefur um áratuga skeið. Til þess að það sé hægt þarf að breyta vinnuskipulagi og vinnuhefðum íslensku þjóðarinnar í grundvallaratriðum og um leið að tryggja að verðmætin eftir styttri vinnutíma séu ekki minni en þau sem nú fást, a.m.k. ekki minni, helst þyrftu þau að vera aðeins meiri. Leiðin til þess að svara þessum spurningum: Hvernig á að tryggja þetta með skaplegum hætti? Leiðin til þess, hver er hún? Hún er rannsóknir. Hún er að vita um það hvernig á að bæta og breyta vinnuskipulagi hér á landi.

Í þessu sambandi geta menn auðvitað rætt um sjávarútveginn og fiskinn sem ævinlega er talað um þegar talað er um hina miklu vinnu hér á landi og menn séu að bjarga miklum verðmætum og þar fram eftir götunum og allt er það rétt. Hins vegar höfum við niðurstöður af því, sem voru gerðar með tiltölulega óvísindalegum hætti, það var rannsóknarverkefni sem verkalýðshreyfingin beitti sér fyrir vorið 1978. Það var eitthvert merkilegasta rannsóknarverkefni sem hér hefur verið í gangi mjög lengi. Hún lét banna yfirtíð í landinu. Niðurstaðan varð sú að þrátt fyrir það að enginn vann yfirtíð í frystihúsunum þá var framlegðin, framleiðsluverðmætið svipað og áður hafði verið með tíu tíma vinnu.

Ef menn átta sig á því hvað hagnýtar rannsóknir eru í raun og veru lykill að svörum við mörgum hversdagslegum vandamálum, þá held ég að menn færu kannski að kveikja og átta sig á því að hér er ekki um að ræða verkefni sem er hér á dagskrá sem kemur engum við nema kannski einhverjum menntmrh. og einhverjum svona sem hafa hrærst í þessum málum að öðru leyti af einhverjum sérkennilegum ástæðum á undanförnum árum, heldur er þetta mál sem kemur við hverjum einasta þingmanni. Vegna þess að það er í raun og veru alveg ljóst að það er ekki hægt að bæta lífskjörin svo að um muni til langframa nema með því að menn taki sig á að því er varðar rannsóknir, vísindi og þróunarstarfsemi. Það er ekki hægt öðruvísi.

Slembilukkuaðferðirnar sem hafa verið hafðar uppi hér í atvinnumálum á undanförnum áratugum gilda ekki lengur. Það var alveg hægt að halda því fram hér á árunum 1944–1946 að það væri lausn á vanda manna og vanda byggðarlaga að fá togara. Og það var hægt að halda því líka fram á árunum 1956–1958 og 1971–1974: Togari, lausn, frelsi. Og það var hægt að segja það líka á þessum árum og síðar að það gæti verið lausn á atvinnuvanda tiltekinna byggðarlaga að fá eina stóra verksmiðju. Það gæti verið lausn út af fyrir sig, en staðreyndin er hins vegar sú að þessar ákvarðanir og þessi viðhorf byggjast öll í rauninni á þessum almenna, skammsýna hugsunarhætti veiðimannaþjóðfélagsins og verðbólguþjóðfélagsins líka vel að merkja. Og sá hugsunarháttur er andstæður öllu því, því miður, sem heitir rannsóknir, vísindi og þróun, öllu því. Þess vegna er það auðvitað mikilvægt atriði að við losum um hlutina þannig að menn fari að skynja þetta sem víðtækt og langt ferli, eitthvað sem tekur tíma en getur samt skilað árangri.

Ég nefndi veiðimannahugsunarháttinn og ég nefndi líka verðbólguhugsunarháttinn. Ég held satt að segja að einn versti óvinur vísindalegrar hugsunar, liggur mér við að segja, hér í þessu landi undanfarna áratugi hafi verið verðbólgan, þegar menn voru alltaf á harðahlaupum að bjarga sér og sínum frá degi til dags. Þetta er hugsun sem síaðist alls staðar inn á öllum sviðum, í prívatlífi einstaklinganna, í atvinnulífinu, í efnahagsmálunum í heild, bönkunum, fyrirtækjunum, alls staðar. Ég er þeirrar skoðunar að ef okkur tækist að halda hérna uppi tiltölulega miklum stöðugleika í efnahagsmálum, m.a. lítilli verðbólgu, þá getum við frekar gert okkur vonir um það að við fáum þjóðina alla til að

skilja mikilvægi langtímaverkefna eins og vísinda-, rannsókna- og þróunarstarfs.

Þetta læt ég nægja af minni hálfu að sinni, virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það framlag sem hér kom fram frá hv. 12. þm. Reykv. Og þeim þingmönnum öllum sem hér hafa verið viðstaddir og hlustað á þessa umræðu þakka ég einnig fyrir að gefa sér tíma til þess.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka svari þeirra sem hér eru fjarstaddir við þessa umræðu. Mér finnst það eðlilegt að hv. alþm. séu svolítið feimnir við að horfa á þessa vissulega ágætu stefnu sem hér er sýnd og kynnt og muna svo eftir afgreiðslu fjárlaga og öðrum þingmálum í því sambandi. Það er nefnilega svo, þó að menn skirrist hér við að viðurkenna gildi hagvaxtar, þá er litlum árangri náð á þessu sviði án hagvaxtar. Það er afar mikið óraunsæi að halda það að framfarir í tækni og vísindum komi einhvern veginn af sjálfu sér án hagvaxtar og það sé hægt að krefjast þess að slík starfsemi njóti fjárhagslegs stuðnings og fyrirtæki séu þess umkomin að efla vísindarannsóknir án hagvaxtar. Ég held að það sem einmitt þessa starfsemi skortir hér á landi sé raunsæi af því tagi að menn horfist í augu við það að ýmsir þættir rannsókna eru afar kostnaðarsamir, en þeir munu skila árangri síðar meir.

Hugsum okkur bara hversu miklu fé er varið í það sem oft eru nefndar nýjar atvinnugreinar. Menn keppast við að dæla fé í ýmsar nýjar atvinnugreinar. Við þurfum ekki að nefna mörg dæmi á umliðnum árum til þess að sjá að þar skorti ekki fé og fyrirgreiðslu í lánum og framlögum, en á því sama sviði er aftur á móti vísindaundirstaðan vanmetin. Það kemur mönnum einfaldlega í koll síðar.

Við skulum líta á atvinnumálin. Menn tala um það hve dýrt sé að koma því sem þarf á markað. Markaðssetning hefur orðið eins konar lykilorð. En hver sinnir því þegar um er að ræða niðurstöður vísindarannsókna? Við tölum um það í hátíðlegum og fallegum ræðum, eins og hér hjá hæstv. menntmrh. áðan, hvílík undirstaða þekkingin, vísindin, rannsóknirnar séu að framförum á okkar landi. Og hvað gerist svo þegar að því er komið að styðja við bakið annaðhvort á þessum verkefnum eða því fólki sem þessi verkefni vinnur? Þá gera menn þjóðarsátt við aðra heldur en þá sem í hlut eiga í þessu tilviki að þeir skulu látnir borga brúsann af því að þeir eru búnir að undirbúa sig til vísindastarfa og afla sér þekkingar og svo á ekki að ansa því að fjármagn þurfi til þess að þessi sami mannskapur skili því verki sem þeir eru undirbúnir til og sem þeir eru tilbúnir að vinna í öðrum löndum og sem önnur lönd eru tilbúin að greiða fyrir, enda hafa þau af því aldalanga reynslu hvernig sá kostnaður skilar sér margfalt í árangri síðar í framförum í þeim hinum sömu löndum.

Og það er rétt, því miður, sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan þegar hann vitnaði í veiðimannaþjóðfélagið. Við erum veiðimannaþjóðfélag, því miður, enn þá að svo mörgu leyti. Það er ósköp ánægjulegt á vissan hátt þegar við verðum þess vör að við séum talin sem veiðimannaþjóðfélag hafa varðveitt okkar sérstæðu menningu og fleira í þeim dúr sem sagt er stundum við okkur. Vissulega er það ánægjulegt og það skulum við gera, að varðveita okkar sérstæðu menningu. En við verðum að gera okkar atvinnulíf og þjóðlíf fjölbreyttara heldur en svarar til þess sem veiðimannaþjóðfélög liðinna alda hafa gert.

Og þá er ég kominn að einu atriði sem vissulega er vikið að hér í þessari ágætu skýrslu og það eru tengsl vísindastarfseminnar og byggðastefnunnar. Hér var áðan minnst á tengsl vísindastarfseminnar og hagvaxtarins. Ég tel að hagvöxturinn sé nauðsynlegur fyrir vísindastarfsemina. En ég er ekki alveg jafnviss um að framkvæmd byggðastefnunnar sé nauðsynleg fyrir vísindastarfsemina. Ég held nefnilega að þar séu stundum hagsmunir sem rekast á. Hins vegar held ég að vísindastarfsemin geti skilað árangri sem er gagnlegur fyrir framkvæmd byggðastefnunnar. Það er þess vegna meginatriði þess sem ég vildi sagt hafa í þessum fáu orðum að gott er að hafa fagra og háleita stefnu í þessum efnum en það sem meginmáli skiptir er að þær eiingar, sem að þessum störfum standa, séu nægilega öflugar fjárhagslega til þess að geta sinnt því verki sem við viljum láta vinna og menn gleymi því ekki að hagnýtar rannsóknir, sem svo eru nefndar af því að þær eru í beinu sambandi við atvinnuvegina og eru vissulega nauðsynlegar, byggjast á grunnrannsóknum sem eru dýrar og með langtímamarkmið í huga, en því þurfum við að geta sinnt. Það eru því miður dæmi sem við vitum um og hv. þm. margir muna kannski eftir að þegar slíkar rannsóknir eru á þröskuldi þess að ná þeim árangri að þær fari að skila fjárhagslegum ávinningi fyrir þjóðfélagið, þá er sagt: Nú getur þessi starfsemi bjargað sér sjálf og þá hættir stuðningurinn og þá er ekki lengur hægt að sinna neinni markaðssetningu sem svo er nefnd. Á meðan við takmörkum okkur einungis við það að ýta hlutunum af stað en hjálpa þeim síðan ekki áleiðis, þá getum við ekki vænst þess að slík starfsemi skili þeim árangri í þjóðarbúið sem við tölum oft um í hátíðaræðum, að íslenskt hugvit og þekking sé undirstaða framfara á Íslandi. Víst er að það verður undirstaða enn meiri framfara og betra og fjölbreyttara þjóðlífs ef við styðjum enn betur við bakið á þessum greinum og því fólki sem vinnur að þeim.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa lagt fram þetta plagg. Þarna hafa vissulega margir færir aðilar lagt hönd á plóginn. En ég vonast til þess að það verði ýmsar raunhæfar ráðstafanir gerðar til þess að betur verði staðið að þeim stuðningi sem hér er greinilega sýnt fram á að þörf er á og m.a. með því að styðja fyrirtæki með ýmsum lagaákvæðum til þess að þau sjái sér hag í því að veita vísindarannsóknum stuðning.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu. Ég er sammála mjög mörgu af því sem hún sagði og þó kannski alveg sérstaklega því að framkvæmdin er það sem kannski ræður úrslitum, þ.e. hvernig búið er að þessum stofnunum og rannsóknarfólki, m.a. fjárhagslega.

Það má segja að stigin hafi verið markverð skref í þeim efnum í fjárlögum ársins 1991 þar sem um er að ræða um það bil fjórðungs hækkun á framlögum til rannsókna og vísinda frá því sem var á síðasta ári, úr 356 millj. kr. í 442 millj. kr. Framlög til Rannsóknasjóðs hafa verið aukin um 24%, til Vísindasjóðs um 50% og til Keldna um 30%, þannig að þegar þessi málaflokkur er skoðaður, vísindi og rannsóknir, þá er það rétt að þetta er of lítið, en það er um fjórðungs aukning frá því sem var á sl. ári. Mér finnst að með því móti hafi ríkisvaldið sagt, ekki einasta: stefnan er þessi, heldur sagt: þetta viljum við gera og óskum eftir því að fyrirtækin með markvissum hætti komi til liðs í sambandi við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. En eins og kom hér fram áðan og glöggt er minnst á í skýrslunni, þá er hlutur þeirra enn þá talsvert lakari en hann er í grannlöndum okkar þó að hann hafi vissulega aukist á undanförnum árum sem er ekki síst, eins og ég sagði hér áður, að þakka því að Rannsóknasjóðurinn hefur beitt sér fyrir því að ná fyrirtækjunum með í þessa þróun.

En mér finnst ánægjulegt að geta staðfest það að um meginatriði og áherslur tel ég, eftir þessa umræðu, að sé mjög víðtæk samstaða. Og það er ánægjulegt að geta í þessari umræðu staðfest það líka að í fjárlögum íslenska ríkisins er komið til móts við þessa samstöðu á þessu ári þó að hitt sé líka rétt að það verður að gera mikið, mikið betur.

Um samhengi hagvaxtar og vísindalegra rannsókna mætti tala lengi en ég segi ekki að hagvöxtur sé forsenda vísindalegra rannsókna. Ætli það sé ekki erfitt að ákveða hvað er forsenda hins. Ætli það sé ekki þannig að vísindalegar rannsóknir, bæði hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir, séu í rauninni forsenda hagvaxtar miðað við þann auðlindaaðgang sem við höfum núna. Hins vegar er það ljóst að ef hagvöxtur verður verulegur, þá getur það náttúrlega orðið til þess að það fáist meira fé í rannsóknir og þróun. En um þetta má tala lengi, lengi og í sjálfu sér kannski ekki ástæða til að bæta miklu við það að sinni. En ég endurtek þakkir fyrir þessa umræðu.

Löggjöf og eftirlit með vopnasölu, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ, 299. mál. — Þskj. 536.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt hér fram till. til þál. um sáttmála um og eftirlit með vopnasölu. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér með málflutningi og tillögugerð á alþjóðavettvangi fyrir:

a. Að gerður verði alþjóðasáttmáli á vegum Sameinuðu þjóðanna um skipan vopnasölu í heiminum, ekki síst til þriðja heimsins. Sáttmálinn feli m.a. í sér:

1. ákvæði um upplýsingaskyldu varðandi vopnaframleiðslu og vopnasölu,

2. ákvæði um skilyrði fyrir sölu vopnategunda er kaupandi og seljandi verða að uppfylla,

3. ákvæði um refsingu ef sáttmálinn er brotinn og hversu refsing skuli framkvæmd ef til brots kemur,

4. ákvæði um að hvert aðildarland skuli lögfesta á þjóðþingi sínu að alþjóðasáttmálinn hafi lagagildi.

b. Að sett verði á fót á vegum Sameinuðu þjóðanna stofnun eða ráð er hafi það hlutverk að fylgjast með vopnaframleiðslu í heiminum og vopnasölu og birta upplýsingar reglulega þannig að þær séu aðgengilegar allri heimsbyggðinni. Stofnunin hafi jafnframt það hlutverk að vekja athygli hinna Sameinuðu þjóða á brotum á sáttmála sem nefndur er í a-lið.

c. Að haldin verði alþjóðaráðstefna um vopnasölu í heiminum með þátttöku helstu vopnaframleiðslulanda."

Á undanförnum árum hafa iðnríkin selt gríðarlegar vopnabirgðir til þriðja heimsins. Svo er komið að heimsfriðnum stafar vaxandi hætta af átökum í þriðja heiminum. Eftir að afvopnunarviðræður tóku að skila verulegum árangri hafa vopnaframleiðendur með vaxandi þunga leitað markaða fyrir framleiðslu sína meðal þróunarlanda. Lönd þessi verja mörg stórum hluta af takmörkuðum fjármunum sínum til vopnakaupa. Í löndum sem búa íbúum sínum slök lífskjör verður vart þverfótað fyrir eldflaugum og orustuþotum. Í heimi þar sem talið er að 40.000 börn deyi á degi hverjum úr hungri verja hinar fátækustu þjóðir verulegum hluta tekna sinna til kaupa á stríðsvélum. Illa klæddir og vannærðir þegnar þessara þjóða vegast á með nýtískuvopnum, tortímingartækjum, fullkomnustu tækni, sem iðnríkin hafa af góðsemi sinni og velvild selt þeim og arðurinn rennur í vasa stórfyrirtækja sem ekki vita aura sinna tal og nýta hóflausan gróða sinn til þess að fullkomna tæknina við framleiðslu tortímingartækja.

Nýjasta og augljósasta dæmi afleiðinga þess að iðnríkin hafa selt þróunarlöndum gríðarlegar vopnabirgðir er staða mála við Persaflóa. Hinn 2. ágúst sl. réðust Írakar á Kúvæt og gjörsigruðu landið í skyndiárás. Í þessum heimshluta er Írak stórveldi hernaðarlega séð þótt mörg landanna búi yfir rándýrum nýtískuvopnum. Búnað og vopn til þess að ráðast á Kúvæt hafa Írakar keypt frá nær öllum iðnríkjum sem framleiða þessi tæki.

Nú er svo komið að fjölþjóðalið á í styrjöld við Írak, styrjöld sem hinar Sameinuðu þjóðir hafa heimilað. Fjölþjóðaliðið, grátt fyrir járnum, á í bardaga við Íraka sem eru ótrúlega vel útbúnir efna-, sýkla- og hátæknivopnum sem þessi sömu iðnríki hafa selt þeim. Bankar iðnríkjanna hafa lánað Írökum stórar fjárhæðir til þess að þróa Scud-flugskeytin sem nú er beitt gegn Saudi-Arabíu og Ísrael, sem og önnur vopn.

Stofnun Simons Wiesenthals hefur gefið út skýrslu um vopnasölu til Íraks. Mér vitanlega hefur þessi skýrsla ekki verið vefengd. Skýrslan greinir frá því að 207 fyrirtæki frá hinum ýmsu iðnríkjum hafi hjálpað Írak til þess að framleiða efnavopn og sýklavopn. Hluti þessara fyrirtækja hélt slíkri sölu og aðstoð áfram jafnvel eftir að Írak reyndist uppvíst að beitingu eiturgass í stríðinu gegn Íran og gegn eigin þegnum, Kúrdum.

Því er haldið fram að með þessari miklu aðstoð geti Írak nú framleitt 1500 til 2400 tonn á ári hverju af eiturvopnum. En reyndar hefur fjölþjóðaliðið upplýst að það muni líklega hafa eyðilagt flestar þessar verksmiðjur. Í skýrslu Simon Wiesenthal-stofnunarinnar er þess getið að 86 þeirra fyrirtækja, sem útbúið hafa Íraka með þessari tækni, séu frá Þýskalandi, 18 frá Bandaríkjunum, 18 frá Bretlandi, 17 frá Austurríki, 16 frá Frakklandi, 12 frá Ítalíu og 11 frá Sviss þannig að breiddin er gríðarlega mikil. Flest iðnríkin hafa tekið þátt í að útbúa Íraka með þeim morðtækjum og tólum sem þeir nota nú.

Er nú svo komið að ekki er talið nóg að hrekja Íraka frá Kúvæt. Brjóta verði hernaðarmátt þeirra á bak aftur, eyða vopnum sem fjölþjóðirnar hafa útbúið þá með.

Fullkomnasta tækni við framleiðslu kafbáta er seld til Suður-Afríku. Pakistan og Brasilía eru aðstoðuð við að koma sér upp kjarnavopnum. Jórdanir kaupa flugvélar sem geta skotið eldflaugum og Íran kaupir hráefni í efna- og eiturvopn.

Gróðavonin rekur auðug stórfyrirtæki iðnríkjanna til útflutnings á tortímingarvélum og tækni. Síðan fyllast þeir hinir sömu heilagri vandlætingu yfir því að vopnin skuli notuð. Sundraður heimur andstæðnanna eykur sundurþykkju sína.

Vopnasalan á sér bæði stjórnmálalegar og efnahagslegar rætur. Vopnakaup fjölmargra landa, m.a. þróunarlanda, eru hins vegar langt umfram nauðsyn vegna varna og öryggis. Víða hamla vopnakaup þjóðfélagsumbótum og þróun atvinnulífs í þriðja heiminum. Iðulega eru vopnin notuð af óvönduðum stjórnvöldum til alvarlegra brota á mannréttindum. Vopnasalan nær síður en svo einungis til svokallaðra hefðbundinna vopna, heldur einnig hátæknivopna og flauga til að flytja kjarnavopn, efnavopn og sýklavopn. Svo er því komið að heimsfriðnum er í reynd ógnað af vígbúnaði þriðja heimsins, vígbúnaði sem iðnríkin hafa fengið honum í hendur.

Alþjóðasamningar hafa verið gerðir til að hindra útbreiðslu kjarnavopna og efnavopna og sáttmáli hefur verið í gildi um sölu hátæknibúnaðar til austurblokkarinnar. Allt frá árinu 1949 hafa vestræn iðnríki ásamt Japan reynt að hindra útflutning háþróaðrar framleiðslu til austurblokkarinnar, framleiðslu er nota mætti í hernaði. Árið 1949 var sett á laggirnar sérstök nefnd, COCOM (Co-ordinating Committee on Multilateral Export Controls), til þess að samræma aðgerðir í þessu skyni. Sautján gerðust aðilar að þessari samþykkt og bannlistinn náði fljótlega yfir um 100.000 vörur og vöruflokka.

Á síðastliðnum missirum hefur fremur verið dregið úr hömlum á útflutningi hátæknivara til austurblokkarinnar og frá því í sumar hefur veruleg áhersla verið á því að losa um útflutningsbann. Sérstaklega hefur það verið gert gagnvart Ungverjalandi, Póllandi og ríki Tékka og Slóvaka. Hér er um að ræða tilraunir til að hjálpa ríkjum Austur- og Mið-Evrópu til að endurreisa efnahag sinn í kjölfar hruns hins kommúníska kerfis og aukinnar viðleitni þessara landa til þess að láta öfl markaðarins ráða meiru. En á sama tíma og hömlur hafa verið lagðar á hátækniviðskipti við Austur-Evrópu hefur útflutningur hergagna og vopna verið gríðarlegur til landa þriðja heimsins. Afleiðingar þessa verða æ skýrari.

Hér er ekki tilefni til að rekja í ítarlegu máli upplýsingar um vopnasölu í heiminum. Þau fáu dæmi sem hér hafa verið nefnd eru aðeins örlítið brot þessara viðskipta.

Nauðsynlegt er að bregðast við með lagasetningu á alþjóðavettvangi. Við svo búið má í raun ekki standa lengur. Því er þessi tillaga flutt. Íslendingar eiga að leggja sín lóð á vogarskálina.

Staðan við Persaflóa, sem og víðar í heiminum, sýnir að harðra aðgerða er þörf. COCOM-nefndin starfaði aðeins gegn austurblokkinni. Nauðsynlegt er að koma á fót alþjóðlegri stofnun eða ráði, t.d. á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem fylgist náið með allri vopnasölu í veröldinni. Komið verði á tilkynningarskyldu um vopnasölu. Allar upplýsingar um slíka sölu verður að birta og gera heyrinkunnar, gera þessi viðskipti gagnsæ. Strangar reglur verða að gilda og alvarleg refsing verður að liggja við brotum.

Til setunnar verður ekki boðið í þessum efnum. Velferð mannkyns er í veði, þúsundir almennra borgara víða um heim falla og börn hljóta örkuml, fjármunum er varið til vopna í stað fæðu. Það er í raun ótrúlegt hve gróðavonin er sterkt afl. Aðilar innan iðnríkjanna, aðilar sem hafa allt til alls í óhófs mæli, eru tilbúnir til að fórna öllu á altari Mammons og gjörvöllu mannkyni verður æ ljósari uppskeran.

Íslendingar eiga jafnframt með málflutningi sínum á alþjóðavettvangi að hvetja til alþjóðlegrar ráðstefnu um þessi mál með þátttöku allra helstu vopnaframleiðslulanda.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu um þessa þáltill. verði henni vísað til utanrmn.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. flm. fyrir þessa tillögu og þá vinnu sem hann hefur lagt í greinargerðina sem tillögunni fylgir þótt ástand í heiminum sé kannski ekki þannig að líklegt sé að sú hugsun sem liggur að baki þáltill. leiði til þess að með skjótum hætti verði komið á því eftirliti og upplýsingum sem tillöguhöfundur ætlast til. En það er verðugt verkefni fyrir þessa litlu þjóð, sem hefur verið um langt skeið óvopnuð, að fulltrúar hennar reyni að koma þessum hugmyndum á framfæri við Sameinuðu þjóðirnar. Ég held að eftir henni verði tekið ef málflutningurinn verður í líku formi og var hjá hv. flm.

Það er engu við það að bæta sem hann flutti hér. Ég vil ekki að þessi tillaga verði afgreidd umræðulaust. Hún er þess virði að fleiri taki þátt í umræðu um hana en flm. Þess vegna vildi ég aðeins segja nokkur orð.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. þáltill., Guðmundi G. Þórarinssyni, 10. þm. Reykv., fyrir ítarlega greinargerð sem hann lét fylgja. Í tillögunni er gripið á máli sem er mjög þýðingarmikið í þeim hverfula

heimi sem við búum í, en því miður er hann svo hverfull að það sem er rétt í dag er rangt á morgun, þeir sem standa með okkur í dag eru andstæðingar okkar á morgun og andstæðingarnir í dag eru okkar samherjar eftir örskamma stund. Þess vegna held ég að það geti orðið dálítið erfitt að koma svona lögum á sem hægt verður að fylgja af nokkurri sanngirni. Ég er þó ekki á móti því að þessi þáltill. verði samþykkt, síður en svo. En ég velti aðeins vöngum yfir því: Hvernig ætlum við að framkvæma refsingu ef sáttmáli verður brotinn og hver á að framkvæma þá refsingu?

Einnig mundi ég líta svo á að í a-liðnum, þar sem segir: „gerður verði alþjóðasáttmáli á vegum Sameinuðu þjóðanna um skipan vopnasölu í heiminum," ætti að standa: gerður verði alþjóðasáttmáli á vegum Sameinuðu þjóðanna um takmörkun vopnaframleiðslu og skipan vopnasölu, mætti gjarnan fylgja. En höfuðatriðið er auðvitað takmörkun vopnaframleiðslu, ekki hvernig við ætlum að skipa því að selja öll þau vopn sem við framleiðum. Vandamál okkar í dag er fyrst og fremst að vera með allt of mikið af vopnum, það er hamslaus vopnaframleiðsla. Og um leið og sú framleiðsla fær að blómstra, þá er auðvitað vitað mál að það þarf að prófa þessi vopn. Þess vegna er númer eitt, tvö og þrjú að í svona alþjóðlegum sáttmála séu ákvæði um takmörkun vopnaframleiðslunnar og síðan um fyrirkomulag á þeirri vopnasölu sem þá mundi verða um að ræða, það er það sem kemur á eftir. En númer eitt er að takmarka vopnaframleiðsluna og helst náttúrlega að skera hana niður í ekki neitt.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að þakka þeim sem lögðu orð í belg í þessu máli. Það sem hér vakir fyrir flm. er að gerður verði alþjóðasáttmáli, í anda hafréttarsáttmála og annarra slíkra alþjóðasáttmála, um vopnasölu. Ég hygg að þróun mála á undanförnum missirum og árum sýni að slíks er ekki vanþörf.

Menn segja það gjarnan þegar kemur að umhverfismálum að í reynd sé svo komið á jörðinni að þau geti ekki verið sérmál neinnar þjóðar. Frelsi þjóða í umhverfismálum hljóti að verða takmarkað. Með auknum hraða og aukinni fólksfjölgun má segja nánast að jörðin hafi minnkað og það sem ein þjóð gerir hefur veruleg áhrif á aðrar.

Það er alveg ljóst að eftir að afvopnunarviðræður hafa náð nokkrum árangri hafa vopnasöluaðilar í mjög auknum mæli leitað nýrra markaða hjá hinum fátæku þróunarlöndum. Og eins og ég sagði áðan í ræðu minni er það nánast ótrúlegt að illa klæddir og vannærðir þegnar þessara landa vegast á búnir hátæknivopnum á sama tíma og börn þessara þjóða falla í tugum þúsunda á degi hverjum vegna þess að fæða er ekki til staðar. Atvinnulíf og efnahagslíf þessara þjóða bíður hnekki á sama tíma og hver ferþumlungur lands hjá þessum fátæku þróunarlöndum mörgum er þakinn sprengjum, orustuþotum og eldflaugum.

Það eru í heiminum alþjóðasáttmálar gegn útbreiðslu kjarnavopna og efnavopna. Spurt er: Með hverjum hætti getur refsing farið fram og hvernig á að framkvæma slíka hluti? Nokkrar þjóðir reyna með lögsóknum að ná fram refsingum við brotum á slíkum sáttmálum. Frægt dæmi eru málaferli sem standa nú yfir í Þýskalandi gegn þýskum fyrirtækjum sem talin eru hafa selt Líbíu efnavopn. Ef slíkur sáttmáli sem þessi nær lagagildi í viðkomandi landi þá er unnt að lögsækja þau fyrirtæki sem hann brjóta. Öðruvísi verður ekki að þessu máli komið. Hér er ekki um að ræða einkamál þeirra fyrirtækja sem vilja auka framleiðslu sína að hagnast á slíkum viðskiptum, heldur er svo komið að menn horfa í auknum mæli til þess að heimsfriðnum jafnvel kunni að standa ógn af þeim vígbúnaði sem á undanförnum missirum hefur hlaðist upp meðal hinna fátæku þjóða þriðja heimsins. Og það hygg ég að leiði beint af sjálfu sér að úr vopnaframleiðslu hlýtur að draga ef markaðurinn er deginn saman með mikið þrengri löggjöf og meira aðhaldi.

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þau orð sem hér féllu um þessa tillögu. Ég lít svo á að það sé afar mikilvægt að einmitt Íslendingar hefji máls á alþjóðavettvangi, meðal alþjóðastofnana um þessi mál. Það er tími til kominn að hið alþjóðlega samfélag þjóðanna taki sig til og setji strangar reglur. Sérstaklega vil ég taka undir orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar þegar hann sagði að það væri vel til fallið að sú þjóð sem engin vopn hefur og engan her hefji einmitt máls á þessu á alþjóðavettvangi og beiti sér fyrir því að samkomulag náist um alþjóðasáttmála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stytting vinnutíma, fyrri umr.

Þáltill. BGuðm og ÁrnG, 315. mál. — Þskj. 560.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál. um styttingu vinnutíma. Eins og kom fram hjá virðulegum forseta var fyrri flm. Björgvin Guðmundsson, sem hér átti sæti um tíma sem varaþingmaður, og 2. flm. sá sem hér stendur. Í tillögugreininni segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. að semja áætlun um almenna styttingu vinnutíma í landinu án skerðingar tekna. Skal ráðherra hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um málið."

Í greinargerð kemur fram að stjórnvöld hafa nokkrum sinnum á undanförnum árum og áratugum fjallað um vinnutíma og leiðir til þess að stytta hann. Félmrh. skipaði hinn 22. sept. 1987 nefnd til þess að fjalla um málið. Sú nefnd skilaði áliti 20. júlí 1988. Þann 13. okt. 1987 skipaði þáv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, nefnd til þess að annast samanburðarkönnun á launum karla og kvenna. Verksvið þeirrar nefndar var síðar víkkað út þannig að nefndin skyldi gera fjölþætta lífskjarakönnun. Var á vegum nefndarinnar framkvæmd víðtæk könnun á launum og lífskjörum að norrænni fyrirmynd. Niðurstöður þeirrar könnunar voru

birtar í bók sem út kom á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Hagstofu Íslands í júní 1990. Nafn bókarinnar er „Lífskjör og lífshættir á Íslandi". Í bókinni er fjallað ítarlega um atvinnu og vinnutíma, vinnuaðstæður og starfsferil, laun og launatengd fríðindi, húsnæðisaðstæður, frístundalíf og félagslíf, heilsufar, menntun, afstöðu til lífskjara o.fl.

Í lífskjarakönnuninni kemur fram að vinnutími hér á landi er mjög langur og grunnkaup frekar lágt en tekjur aukast mikið með yfirborgunum, yfirvinnu og aukavinnu.

Fullvinnandi fólk vinnur að jafnaði um 55 stundir á viku í launuðum störfum, þegar allt er talið með. Fullvinnandi karlar eru með hátt í 60 stundir á viku. Fullvinnandi konur vinna um 49 stundir á viku.

Samkvæmt könnuninni er vinnutíminn mjög mismunandi langur eftir starfsstéttum. Lengstur er vinnutíminn hjá bændum og sjómönnum, eða 78,2 stundir á viku. Hjá sjálfstætt starfandi mönnum er hann 59,7 stundir á viku, hjá faglærðu verkafólki 53,5 stundir á viku og hjá ófaglærðu verkafólki 52,7 stundir á viku, svo nokkrar helstu stéttir séu nefndar.

Í greinargerð með þessari tillögu segir m.a. orðrétt, með leyfi forseta: „Ljóst er að vinnutími hér á landi er of langur. Ef unnt er að stytta vinnutímann án tekjuskerðingar yrði það mjög mikilvæg lífskjarabót sem auk þess mundi áreiðanlega stórlega bæta heilsufar launafólks og hafa góð áhrif á fjölskyldulíf í landinu. Í dag er ástandið hjá fjölskyldunum í landinu mjög slæmt vegna hins langa vinnutíma og vegna þess að báðir foreldrar vinna yfirleitt utan heimilisins og hafa ekki nægan tíma með börnum sínum. Stytting vinnutímans mundi væntanlega stórbæta þetta ástand.

Tillagan gerir ráð fyrir að félmrh. semji áætlun um styttingu vinnutíma. Hugsunin er sú að stytting vinnutíma verði í áföngum, t.d. á 2–3 árum. Framkvæmd málsins fer að sjálfsögðu eftir aðstæðum í þjóðarbúskapnum og mati aðila vinnumarkaðarins á mikilvægi málsins. Ef til vill gæti ný þjóðarsátt orðið um styttingu vinnutímans."

Svo segir í greinargerð með þessari þáltill.

Virðulegi forseti. Það þarf nú vart að orðlengja það hversu óhæfilega langur vinnutími er hjá flestu vinnandi fólki á Íslandi og hversu mikið það þarf að hafa fyrir því að afla tekna sem nægja til sómasamlegs lífsviðurværis.

Það gerðist fyrir nokkrum árum að verkalýðshreyfingin eða hluti af henni ákvað að hefja yfirvinnubann sem var um margt merkilegt. Það kom nefnilega í ljós eftir að þetta yfirvinnubann hafði staðið í nokkurn tíma að afköst í fyrirtækjum minnkuðu ekki. Framleiðni í frystihúsum minnkaði ekki þrátt fyrir yfirvinnubannið. Skýringin var talin sú að verkafólkið og starfsmenn almennt væru betur hæfir til að inna störf sín af hendi, ekki eins illa þreyttir og venjulega, frítíminn væri lengri og þar með tími til þess að hvílast og ná áttum eftir langan og strangan vinnudag.

Hér á Íslandi hefur löngum verið mikil tilhneiging til þess að líta á mikla atvinnu sem sjálfsagðan þátt í þjóðlífinu. Fyrir nokkrum dögum spurðist ég fyrir um það hvernig háttað væri eftirliti með vökulögum á togurum, einfaldlega vegna þess að ég veit að þar er unninn allt of langur vinnutími og þar eru vökulög brotin. Vökulögin kveða á um það að togarasjómenn eigi að hafa í það minnsta sex klukkustunda samfellda hvíld, en það er kunnugt og yfir því hafa sjómenn kvartað að búið er að stytta frívaktina um helming, niður í þrjár klukkustundir. Við þessa umræðu kom þessi merkilegi hlutur í ljós að sá hæstv. ráðherra sem svaraði fyrirspurninni talaði í nokkrum hneykslunartón, og þeir sem til máls tóku, um það að ég væri að fárast yfir því að menn ynnu langan vinnudag hér á Íslandi. Auðvitað hafa menn orðið að gera það og hann tilnefndi nokkur dæmi um það, til að mynda sjómenn á síldveiðum o.s.frv. Ég held að við göngum að því sem allt of gefnu að vinnudagur hjá okkur þurfi að vera langur og ég hygg að meginástæðan fyrir því sé sú að kannski hafi barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir kjörum hins almenna launamanns á Íslandi ekki verið nægilega hörð, ekki verið nægilega öflug og ekki skilað nægilega miklu.

Það er alveg ljóst að sá lífsgæðastuðull sem við höfum búið til og flestir reyna að klífa upp eftir er með þeim hætti að það þarf gífurlega miklar tekjur til þess að viðhalda og eignast það sem nútímamaðurinn telur að hann þurfi að eiga og hafa til þess að lifa sómasamlegu lífi. Það eru ekki allir sammála þessu. Og það eru ekki allir sammála því að menn kaupi hamingjuna með tækjum og tólum sem hverjum nútímamanni er talin trú um að hann þurfi á að halda um þessar mundir. Engu að síður er það alveg ljóst að eftirsókn eftir hvers konar þægindum þeirra tíma sem við lifum á hefur valdið því að fólk leggur á sig ótrúlega langan vinnudag. Þær stundir sem eftir eru af sólarhringnum fara þá illa og eru sjaldnast notaðar til þess að viðhalda manneskjulegu og góðu heimilislífi. Af þessu hafa menn vaxandi áhyggjur. Menn hafa vaxandi áhyggjur af aukinni firringu í samfélaginu sem m.a. stafar af því að hornsteinn þjóðfélagsins, heimilið, hefur látið undan síga í því gífurlega kapphlaupi sem við verðum vitni að á hverjum einasta degi í þá veru að auka lífsþægindin, hvað sem það kostar. Ég held að þetta sé einn megingallinn á okkar ágæta samfélagi að við erum orðin svo trúuð á þær hagfræðikenningar sem reyna að færa okkur heim sanninn um það að hamingjan verði keypt með auknum hagvexti, aukinni framleiðni, aukinni vinnu o.s.frv. Ég hygg að þessar kenningar séu að mörgu leyti að ganga á skjön við allt mannlegt samfélag og þær séu í raun að eyðileggja það gildistmat sem menn hafa haft um það hvernig á að lifa lífinu.

Það væri hægt að hafa um þetta mörg orð en ég er sannfærður um það að allir hv. þm. gera sér ljósa grein fyrir því að í þessum efnum er okkur mikill vandi á höndum. Við erum í raun og veru að brjóta smátt og smátt undirstöður samfélagsins sem byggja á þeirri rótgrónu íslensku hefð að heimilið skuli vera undirstaðan. Þannig hefur það verið og þannig á það að vera.

Ég vitnaði áðan í greinargerð í nefndarálit svokallaðrar vinnutímanefndar sem starfaði árið 1987 og skil-

aði mjög merkilegum niðurstöum sem væri fyllsta ástæða til þess að rifja upp. Það var talsvert rætt um þetta mál þegar þessar niðurstöður birtust og komu þær mjög mörgum á óvart, m.a. hversu langur vinnutími margra stétta er. Þess er sérstaklega getið í greinargerð með tillögunni að vinnutími bænda og sjómanna reyndist vera 78,2 stundir á hverri viku þegar þessi könnun var gerð. Það kunna að hafa orðið einhverjar breytingar á því núna. Ég ætla ekki að fullyrða um það. Þessi könnun er rösklega þriggja ára gömul.

Það sem er athyglisvert við þessa könnun er viðhorf einstaklinga til vinnutímans. Þar kemur m.a. fram að um helmingur þeirra sem spurðir voru töldu að styttri vinnutími mundi henta sér betur en sögðust þó ekki tilbúnir til að fallast á styttingu ef því fylgdi skerðing á tekjum. Hér liggur gamli hundurinn grafinn, að menn óttast tekjuskerðinguna þegar farið er að ræða um styttingu vinnutíma. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að tekjur mundu í engu skerðast þrátt fyrir styttingu vinnutímans. Það eru til fjöldamargar aðferðir til að stytta vinnutíma og þeirra er m.a. getið í tillögum fyrrnefndrar nefndar. Það er ekki eingöngu með einhverri tiltekinni ákvörðun að stytta vinnutímann heldur er hægt að stytta hann með margvíslegum hætti. Það má tala um og minna á sveigjanlegan vinnutíma og t.d. að líta á breytingar á vinnutímaviðmiðun í kjarasamningum, líta á breytt vægi yfirvinnulauna o.s.frv. eins og gert er hér í nefndarálitinu.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæðulaust að tala mikið meira um þetta mál í framsögu. Ég vænti þess að að lokinni umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn. Það er nú svo að þó það sé álit mitt að þetta mál sé hið ágætasta mál og geti komið mörgum að góðum notum þá er ekki víst að allir séu sammála því. Áður hafa vinnutímamálin verið rædd hér á Alþingi með þeim hætti að þeir sem voru að fjalla um hugsanlega styttingu vinnutímans mættu mikilli andspyrnu hv. þm. sem töldu að þetta væri fráleit kenning, hún væri óframkvæmanleg. Ég man mjög vel eftir þessari umræðu. Ég vænti þess að þetta mál fái einhvern framgang í hv. nefnd þannig að það komi a.m.k. hingað inn aftur. Ég geri mér grein fyrir því að málið er nokkuð seint á ferðinni nú áður en þingi lýkur.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þáltill. þeirri sem mælt var hér fyrir áðan og er borin fram af tveimur hv. þm., Björgvin Guðmundssyni og Árna Gunnarssyni, er komið inn á mál sem ég hef haldið að væri eitt af þörfustu málum íslensku þjóðarinnar. Það er tvímælalaust eitt það besta sem fyrir íslenskar fjölskyldur gæti komið ef vinnutíminn næði að styttast. Og það er ekki síst fyrir þær fjölskyldur þar sem er ein fyrirvinna, ein fullorðin manneskja í heimili með barn eða börn þar sem þetta mundi kannski geta haft úrslitaþýðingu fyrir framtíð barnsins eða barnanna.

Í því samfélagi sem við lifum í núna er heimur barnsins afskaplega óöruggur. Barnið fer frá einni stofnun til annarrar og kemur heim til þreyttra foreldra, kannski bara þreyttrar móður eða þreytts föður, og á litla stund ánægjulega með þeim. Þeir sem eiga að veita börnunum mest hafa minnsta möguleika til þess vegna þess að þeir hafa ekki þrek eða tíma. Ég er alveg sannfærð um að einmitt þetta er ein af ástæðunum fyrir því hversu illa horfir nú fyrir mörgum íslenskum börnum, hversu hált þeim verður á brautum tilverunnar á fyrstu árunum. Ef við næðum því að stytta vinnutímann þannig auðvitað að laun og launakjör rýrnuðu ekki hjá þeim sem styttri vinnutíma fengju, þá værum við búin að stíga eitt mjög mikilvægt skref fyrir tilvist þessarar þjóðar.

Það var áreiðanlega mikið deilt um vökulögin á sínum tíma, mikið rifist og þótti mikið afrek þegar þau voru sett. Það er auðvitað alltaf deilt um styttingu vinnutímans. Það eru alltaf einhverjir sem álíta að það sé rangt vegna þess að það gangi á hagsmuni vissra aðila. En síðasti ræðumaður, sá sem mælti fyrir þessari tillögu, benti einmitt á það að könnun 1987 hefði sýnt að stytting vinnutímans hefði ekki haft í för með sér minnkaða framleiðni.

Ég hef heyrt verkstjóra lýsa því svo að þreyttastir væru starfsmennirnir á mánudagsmorgnum þegar þeir kæmu úr aukavinnunni sem þeir hefðu um helgar. Það er ekki vansalaust fyrir íslenskt samfélag að fólkið skuli lifa við þær aðstæður að það vinni ekki bara dagvinnutímann og eftirvinnutímann í venjulegu vinnunni, heldur reyni að strita í aukavinnu um helgar. Þessi þróun, sem hefur átt sér stað á síðustu 30–40 árum, er svo geigvænleg að ég er alveg sannfærð um það að hún leiðir okkur í miklar ógöngur og er búin að leiða okkur í miklar ógöngur vegna þess að við höfum ekki megnað að gefa þeim æskulýð sem við ætlum að skila fram á veginn það öryggi og þá fyrirmynd sem hver fjölskylda á að vera, eins og við höfum átt að gera og eins og við munum þurfa að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

58. fundur, þriðjudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Endurgreiðsla á gjaldi af erlendum lántökum, frh. 2. umr.

Frv. HBl, 80. mál. — Þskj. 82, n. 317 og 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 317 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, KSG, KP, MF, SkA, StG, VS, EG, JHelg.

nei: GHG, GJH, HBl, SalÞ, ÞK, DS, EKJ.

5 þm. (GuðmÁ, JE, JúlS, SvG, EgJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Þar sem hér er um sértækan skatt að ræða sem lagt er til að verði endurgreiddur og aðeins leggst á þrjú fyrirtæki en samsvarandi verk hafa hins vegar verið endurgreidd hjá öðrum fyrirtækjum og gagnvart öðrum mönnum er af þeim sökum hér um óheiðarlega, ósiðlega og ég vil segja ólöglega skattheimtu að ræða. Ég segi nei.

Karvel Pálmason:
Virðulegur forseti. Hér er vissulega um mikið réttlætismál að ræða og full þörf hefði verið á því að málið fengi endanlega afgreiðslu á hv. Alþingi. Hér er tillaga um það að vísa málinu til ríkisstjórnar. Að vísu hef ég ekki sterkar taugar þangað en enn eygir maður kannski von um það að menn sjái að sér í þeim herbúðum. Í trausti þess að það verði gert segi ég já.

Salome Þorkelsdóttir:
Hæstv. forseti. Þar sem ég eygi enga von til þess að ríkisstjórnin leysi þetta mál segi ég nei.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur marglýst því yfir á Alþingi, bæði í Sþ. og eins hér í Ed., að hann telji sig ekki hafa lagaheimildir til þess að endurgreiða það gjald af erlendum lántökum vegna þriggja fyrirtækja í skipasmíðaiðnaði sem hér um ræðir. Þessi atkvæðagreiðsla jafngildir því og er yfirlýsing stjórnarmeirihlutans um að hann sé andvígur því að þessi fyrirtæki fái lántökugjaldið endurgreitt. Það er eftirtektarvert að íhuga hvaða þingmenn það eru sem haga sér með þessum hætti og það er líka eftirtektarvert að þessi ríkisstjórn hefur í smáu sem stóru svikið þau fyrirheit sem hún hefur gefið skipasmíðaiðnaðinum í landinu.

Karvel Pálmason *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Það er nýtt að heyra jafnmikla traustsyfirlýsingu frá hv. þm. Halldóri Blöndal á hæstv. fjmrh. sem hann telur að ráði lögum og lofum og túlkun á lögum fyrir hæstv. ríkisstjórn. Ég verð að lýsa því hér yfir að ég met ekki persónu hæstv. fjmrh. með þessum hætti. Hann hefur ekki einn túlkunarákvörðun í þessum efnum. Það eru sem betur fer fleiri í hæstv. ríkisstjórn en hæstv. fjmrh. og ég segi enn: Ég eygi enn von til þess að hæstv. ríkisstjórn, þrátt fyrir trú hv. þm. Halldórs Blöndal á fjmrh., þá eygi ég þó von til þess að hinir sjái leið út úr þessum ógöngum og leysi málið. (**Gripið fram í:** Mikil er trú þín.)

Salome Þorkelsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Vegna orða hv. 3. þm. Vestf. og hans trúar á því að aðrir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni leysi þetta mál vil ég lýsa því yfir að ef vilji hefði verið til þess væri búið að því.

Um þingsköp.
Frv. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Skúli Alexandersson:
Herra forseti. Það mál sem er nr. 2 á dagskrá og var næstum því búið að taka á dagskrá var lagt fram á dálítið sérstakan máta. Hæstv. sjútvrh. leggur það fram sem ráðherrafrv., ekki sem stjfrv. En með yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra lét frá sér fara í fjölmiðlum lýsti hann því yfir að þetta væri gert með stuðningi formanns Alþb., Ólafs Ragnars Grímssonar. Ég vil, áður en þessi umræða fer fram, óska eftir svörum við því hvort sá stuðningur var stuðningur við frv. eða hvort sá stuðningur var um það hvernig málið yrði lagt hér fyrir hv. deild.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):
Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur ekki lofað mér stuðningi við þetta frv. Þau orð sem eftir mér voru höfð eiga einungis við efnismeðferð málsins.

Halldór Blöndal:
Hæstv. forseti. Það var upplýst í sjútvn. Ed. að þetta frv. hefði verið lagt fram með samþykki formanns Alþb. en engin slík samþykkt hefði legið fyrir frá þingflokki Alþb. Í þingnefndinni kom fram og var staðfest að hér er ekki um stjfrv. að ræða og sá eini fulltrúi Alþb. sem á seturétt á Alþingi en ekki atkvæðisrétt mælti með því að þetta frv. yrði lagt fram.

Skúli Alexandersson:
Virðulegi forseti. Ég bjóst ekki við því að hér í hv. deild færi fram umræða um það sem um hefur verið fjallað í sjútvn. deildarinnar þar sem sú umræða hefur nú farið fram á dálítið sérstakan hátt áður en málið er komið til umræðu hér í hv. deild. Þykir mér því athugasemd hv. þm. Halldórs Blöndals nokkuð sérstök. Fyrir utan það að ég tek svar hæstv. sjútvrh. um afstöðu formanns Alþb. fyllilega til greina held ég að það sé í sjálfu sér alveg óþarft, þó að ég viti að hv. þm. Halldór Blöndal er mikill stuðningsmaður sjútvrh., kannski fyrst og fremst í þessu máli, að hann sé sérstaklega að útskýra afstöðu ráðherrans eða hvernig málið var lagt fram og þaðan af síður afstöðu formanns Alþb.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, 1. umr.

Frv. sjútvrh., 370. mál. — Þskj. 650.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum. Eins og öllum er kunnugt um kom í ljós í leiðangri Hafrannsóknastofnunar sem farinn var á sl. hausti að loðnustofninn, hinn veiðanlegi stofn samkvæmt hefðbundnum mælingum, væri aðeins um 360 þús. lestir.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum voru loðnuveiðar stöðvaðar í byrjun desember. Það var gert með þeim hætti að um það var þokkalegt samkomulag við veiðiskipin þannig að ekki var gefið út formlegt veiðibann. Síðan var ákveðið að rannsóknaskipið Árni Friðriksson héldi rannsóknum áfram og enn áttu sér stað frekari mælingar á loðnustofninum sem skiluðu engum nýjum niðurstöðum eða nýjum upplýsingum sem gætu orðið til þess að taka aðra ákvörðun. Í framhaldi af því voru haldnir fundir með ýmsum hagsmunaaðilum fyrir jól og milli jóla og nýárs og ákveðið í framhaldi af því að hefja ekki veiðar fyrr en frekari mælingar hefðu farið fram. Þá var jafnframt ákveðið upp úr því að taka upp samstarf við útvegsmenn og sjómenn um loðnuleitina. Í framhaldi af þessu var ákveðið að bæði rannsóknaskipin færu til loðnumælinga í byrjun janúar ásamt fimm veiðiskipum. Út úr þeim mælingum komu mjög svipaðar niðurstöður en loðnan hélt sig þá einkum á tveimur svæðum úti fyrir Austurlandi. Enn var ákveðið að halda rannsóknum áfram og sem betur fer kom í ljós að loðnustofninn mældist lítið eitt stærri eða 525 þús. lestir og aðalgangan hafði þá komið, eins og stundum hefur gerst áður, upp að suðausturströnd landsins.

Í framhaldi af þessu var ákveðið að heimila veiðar á 175 þús. lestum en í gegnum tíðina hefur aðallega verið við það miðað að um 400 þús. lestir gætu gengið til hrygningar. Í ljósi þess að hér var um mjög mikilvæga ákvörðun að ræða, hvernig sem á hana er litið, og þeirrar staðreyndar að ekki getur verið um að ræða algjöra nákvæmni í mælingum sem þessum þótti rétt að heimila lítið eitt meiri veiði en áður hafði verið gert en jafnframt ákveðið að halda áfram rannsóknum á loðnustofninum.

Rannsóknaskipið Árni Friðriksson hefur verið við athuganir á loðnunni og mælingar. Í þeim leiðangri sem lauk hjá því rannsóknaskipi nú í gærkvöldi kom í ljós að endurtekin mæling var mjög sambærileg þeirri sem áður hafði verið gerð, þ.e. á því magni sem kom úr göngunni upp að suðausturströnd landsins. Áður hafði rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson, við endurteknar mælingar, mælt um 50 þús. lestir við austantvert landið. Það magn hefur ekki svo vitað sé komið enn upp að ströndinni. Það má því segja að endurteknar mælingar á þessum stofni hafi ekki leitt í ljós nein veruleg frávik og það er ekki ástæða til að vænta þess að þar verði mikil breyting á nema þá að ný ganga komi öllum að óvörum upp að landinu, hvort sem það væri upp að suðausturströnd landsins eða upp að vesturströndinni. Það hefur vissulega gerst áður en yfirleitt hefur þá orðið vart við slíkar göngur við Vestfirði eða austanvert landið á þessum tíma.

Það er að vísu vitað mál að eitthvað af loðnu er við Vestfirði en ekki hefur verið talið að þar væri um verulegt magn að ræða. Hins vegar verður gengið úr skugga um það, annaðhvort með því að Árni Friðriksson fari í rannsóknaleiðangur til að athuga það eða það verði gert í tengslum við rannsóknaleiðangur sem nú er að hefjast á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Líkur eru til þess að það verði eitt fyrsta verkefni í þeim rannsóknaleiðangri að athuga enn frekar um loðnu úti fyrir Vestfjörðum.

Það er jafnframt haft í huga að ef nauðsynlegt er talið fari rannsóknaskipið Árni Friðriksson enn á ný í stuttan rannsóknaleiðangur, einkum til þess að fylgjast með því hvort einhverjar frekari göngur af loðnu komi upp að suðausturströndinni. Því má segja að aldrei fyrr hafi verið lagt í jafnmikinn kostnað við loðnurannsóknir og loðnuleit og á þessu hausti og þessum vetri. Margir hafa dregið mjög í efa þær niðurstöður sem okkar vísindamenn hafa komist að en endurtekin mæling leiðir það í ljós að mínu mati að ekki er hægt að efast um þær alvarlegu niðurstöður sem þeir hafa komist að. Það má því segja að ef þær eru dregnar mjög í efa, eins og sumir gera, þá verði að draga mjög í efa allar fyrri rannsóknir á þessum stofni.

Það er að mínu mati mikilvægt að spara á engan hátt til nú í vetur til að endurtaka mælingar og framlengja rannsóknir, ekki síst til að sannreyna hvort áreiðanleiki slíkra mælinga er ekki fyrir hendi. Ég hef fyrir því nokkra sannfæringu að þessar mælingar séu áreiðanlegar og beri að taka alvarlega enda höfum við ekkert annað betra til að byggja á. Loðnan er aðalundirstaðan í fæðu þorsksins og annarra botnfisktegunda, einkum þó þorsksins og við hljótum því að leggja mikið upp úr því að ganga ekki of langt í þessum efnum.

Það er hins vegar svo að með tilliti til þeirra viðskiptahagsmuna og hagsmuna einstakra byggðarlaga sem hér eru í húfi þótti rétt að leyfa veiðar á þessu magni og tel ég að þar sé ekki stefnt í neina verulega hættu og það sé svo mikilvægt að viðhalda þeim mörkuðum sem við höfum m.a. aflað okkur í Japan að við hljótum að reyna að sinna þeim með sem bestu móti enda þar mikil verðmæti í húfi fyrir þá sem atvinnu hafa af þessum veiðum og vinnslu og ekki síst fyrir þjóðarbúið í heild.

Allan þann tíma sem þessi alvarlega staða hefur verið uppi hefur verið fjallað um það með hvaða hætti skyldi við bregðast. Það var ekki óeðlilegt að eitt það fyrsta sem um væri fjallað í þessu sambandi væri til hvaða verkefna þau 44 eða 45 skip, sem þessar veiðar hafa stundað, skyldu halda. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt að þessi skip stunduðu ýmsar aðrar veiðar, sérstaklega botnfiskveiðar, á loðnuleysisárunum. En þegar loðnuveiði skánaði á nýjan leik þótti rétt að skerða veiðiheimildir þessara skipa að því er botnfisk varðar mjög verulega og urðu þær tiltölulega mjög litlar. Hins vegar eru dæmi þess að einstaka skip hafi veitt allt upp undir 3000 tonn af botnfiski á einu ári þegar loðna var ekki veidd.

Samkvæmt 9. gr. laga um stjórn fiskveiða er ráðherra veitt heimild til að bregðast við ástandi sem þessu og á því er enginn vafi að skilyrði til að uppfylla þetta lagaákvæði eru fyrir hendi. Hér er að sjálfsögðu ekki einungis um heimild til ráðherra að ræða þannig að hann geti farið með hana eftir því sem honum best þykir henta hverju sinni heldur leggur þessi heimild á hann skyldur til að bregðast við í tilvikum sem þessum. Þannig eru margar heimildir í lögum og má e.t.v. segja að um það megi deila hvort rétt sé að

leggja slíkar skyldur á ráðherra í alvarlegu máli eins og þessu eða hvort rétt þykir að leggja það fyrir Alþingi hverju sinni. Á það ætla ég ekki að leggja mat en tel hins vegar að í tilviki sem þessu, þegar veiðiheimildir íslenska flotans eru tiltölulega litlar og rekstrargrundvöllur margra skipa heldur bágur, sé það svo alvarlegt mál að skerða veiðiheimildir skipanna enn frekar að það þurfi að leita allra annarra leiða áður en slíkt er gert.

Þá vaknar að sjálfsögðu sú fyrsta spurning, hvort eitthvað skuli gera fyrir þessi skip eða ekki. Það kunna margir að vera þeirrar skoðunar að svo eigi ekki að gera. Þau verði að bera þetta mikla tekjutap eins og ekkert hafi í skorist og ráðherra að komast að þeirri niðurstöðu að það beri á engan hátt að bregðast við. Ég tel að slík niðurstaða sé á engan hátt rökrétt né sanngjörn miðað við það sem segir í lagagreininni. Ég hef því kosið að fara þá leið og leggja það til að allra annarra leiða sé leitað áður en þessari 9. gr. er beitt og gef mér þá forsendu að henni verði að beita ef aðrar tiltækar leiðir finnast ekki.

Það er svo í þessu máli eins og mörgum öðrum að ekki eru margar leiðir færar. Það fyrsta sem kemur í huga er hvort rétt sé að auka veiðiheimildir í einhverjum stofnum. Sérstaklega hefur þorskur þar verið nefndur. Ég hef ekki viljað standa að því á þessu stigi máls vegna óvissu um framvindu mála og tiltölulega litla veiði að undanförnu. En væntanlega munu mælingarnar á næstunni gefa okkur betri upplýsingar um það hvort Grænlandsganga hefur komið á Íslandsmið og þær forsendur sem eru fyrir fyrri ákvörðunum að því er þann stofn varðar reynist bærilega traustar. Það gæti vissulega komið til þess að einhver frekari skerðing yrði á veiðum í þorski. Það væri óeðlilegt að fara að taka nú ákvörðun um aukningu þar í þessu skyni. Hins vegar er það svo með rækjustofninn að hann hefur sem betur fer reynst allsterkur. Það er margt sem mælir með því að þar verði veiðar eitthvað auknar. Því hefur verið lagt til að rækjuveiðin verði aukin um 5 þús. lestir og þær veiðar einkum stundaðar af loðnuskipunum.

Ég tel jafnframt að það sé rækjuiðnaðinum hentugt um þessar mundir að hægt verði að auka rækjuveiðina. Ekki sérstaklega vegna þess að markaðsaðstæður séu svo góðar að því er rækjuna varðar, heldur vegna þess að það er þeim mikilvægt að fá meira magn til vinnslu þannig að afkoma þeirra batni. Loðnuskipin eru afkastamikil rækjuveiðiskip sem hafa reynst rækjuverksmiðjunum traustir og góðir samstarfsaðilar, bæði á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Því tel ég að aukin veiði þeirra muni koma atvinnulífi í þessum landshlutum til góða en þeir þurfa mjög á því að halda.

Þá er það einnig ljóst að Hagræðingarsjóður hefur til ráðstöfunar á fyrsta átta mánaða tímabili þessa árs, þ.e. því fiskveiðiári sem nú er yfirstandandi, 8 þús. lestir af botnfiski. Það er hlutverk þessa sjóðs að bregðast við aðstæðum, einkum í byggðarlögum sem hafa misst veiðiskip í burtu frá sér og þar sem búið er við verulegt atvinnuleysi. Ég tel hlutverk þessa sjóðs vera mikilvægt fyrir framtíðina en hinu er ekki að leyna að það mun taka nokkurn tíma að komast að niðurstöðu að því er varðar einstök byggðarlög. Jafnframt verður að taka tillit til þess að það er svo alvarlegt mál fyrir mörg byggðarlög víða um land að aflaheimildir verði skertar frá því sem nú er að ekki er óeðlilegt að brestur sem þessi flokkist undir svipuð tilvik og lögin um Hagræðingarsjóð telja.

Það hefur því orðið mín niðurstaða að leggja til að þeim 8 þús. lestum sem þessi sjóður hefði annars fengið til ráðstöfunar verði í þessu tilviki ráðstafað til loðnuflotans. Það mætti vissulega gera með tvennum hætti. Annars vegar með því að Hagræðingarsjóður fengi það hlutverk að bregðast við aðstæðum sem þessum, sem við skulum vona að komi tiltölulega sjaldan, eða að gera það með ákvæði til bráðabirgða eins og hér er lagt til. Og ef slík aðstaða kæmi upp aftur mundi það verða gert með svipuðum hætti, með því að leggja frv. fyrir Alþingi.

Ég hef orðið þess var víða þar sem ég hef komið í sambandi við þetta mál og jafnframt í mörgum byggðarlögum sem eingöngu byggja á botnfiskafla að þau leggja allt upp úr því að ekki komi til frekari skerðingar á þeirra aflaheimildum. Þannig get ég nefnt dæmi af byggðarlagi eins og Raufarhöfn sem hefur verulegra hagsmuna að gæta að því er varðar loðnuveiðar. Þeir lögðu á það megináherslu að ekki kæmu til frekari skerðingar á aflaheimildum þeirra þar á staðnum, bæði að því er togarann varðar og líka að því er smábátana varðar því að mjög margir af þeim mönnum sem hafa haft atvinnu við loðnubræðslu eru menn sem stunda róðra á trillum á vorin og á sumrin. Því mundi skerðing á þeirra veiðiheimildum í reynd verða tvöfaldur skellur fyrir þá.

Margir sem um þetta mál hafa fjallað hafa gjarnan sagt að það væri að sjálfsögðu ekki nóg að líta til hagsmuna skipanna og áhafna þeirra, heldur yrði jafnframt að huga að hagsmunum verksmiðjanna, byggðarlaganna og þess fólks sem hefur haft atvinnu af þessari vinnslu. Það er vissulega rétt og vil ég í því sambandi benda á greinargerð sem er með þessu frv. en þau mál hafa verið mjög til umfjöllunar.

Það er því miður svo að ekki er auðvelt að útvega verksmiðjunum ný verkefni og því hljóta menn fyrst og fremst að huga að framtíðarstöðu þeirra og nota tækifærið til þess að endurskipuleggja þann rekstur og reyna að fækka þeim þannig að framtíðarhagur verksmiðjanna og skipanna sé svo bjartur að það sé til þess von að þessi atvinnutæki verði til staðar þegar loðnuveiði hefst af fullum krafti á nýjan leik. Ég ætla ekki að hafa um það mörg orð en vitna til greinargerðar sem fylgir þessu frv.

Að því er sveitarfélögin varðar, þá eiga þau rétt á tekjujöfnunarframlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þótt slík framlög geti á engan hátt komið í stað þeirra tekna sem þau mundu tapa munu þau lagfæra stöðu sveitarfélaganna verulega.

Að því er atvinnumál á einstökum stöðum varðar er það að mínu mati mikilvægt að verksmiðjurnar séu það vel staddar fjárhagslega að þær geti tekið áföllum sem þessum á þann hátt að fólkið sem þar vinnur geti unn-

ið að viðhaldi og margvíslegum endurbótum þegar slíkt kemur fyrir eins og nú. Það er því miður svo að margir þessara aðila hafa staðið í verulegum fjárfestingum á undanförnum árum og eru því illa í stakk búnir fjárhagslega til að halda utan um sitt starfslið, en það verður hins vegar að segjast eins og það er að allir eru að reyna að leysa þau mál svo þeir geti haldið þeim kjarna sem hefur verið uppistaðan í þeirra atvinnustarfsemi. Til þess þurfa þessir aðilar skilning þeirra stofnana sem lána þeim fjármagn en það er jafnframt að mínu mati langmikilvægast að afkoma þessara fyrirtækja sé það góð í framtíðinni að þau geti tekið á sig áföll sem þessi. Það verður best gert með því að endurbæta þessar verksmiðjur miðað við þarfir markaðarins eins og þær eru í dag og fækka þeim þannig að rekstrartími þeirra lengist og þær skili betra árangri.

Að því er varðar atvinnumál í einstökum byggðarlögum er að sjálfsögðu hægt að grípa til margvíslegra ráðstafana. Mörg þessara byggðarlaga leggja á það áherslu að flýta opinberum framkvæmdum og grípa til aðgerða sem bæta ástand á viðkomandi stöðum. Sums staðar er þannig háttað að viðkomandi byggðarlög geta aukið úrvinnslu sjávarafla, en mörg þeirra vildu gjarnan fá meiri sjávarafla til vinnslu. Þeirri hugmynd hefur verið hreyft að rétt væri að skylda loðnuskipin til að landa á þessum stöðum til þess að bæta atvinnuástandið. Ég skil mjög vel slíka hugsun. Hins vegar verður það að teljast óeðlilegt að leggja allt aðrar kröfur á þennan hluta flotans en gengur og gerist með flotann í heild. Það er hins vegar annað mál að við Íslendingar hljótum að stefna að því að vinna sem mest af okkar afla hérlendis og sem betur fer hafa þær skerðingar, sem ákveðnar hafa verið með nýsettum lögum, borið þar nokkurn árangur því útflutningur á ferskum þorski hefur stórlega dregist saman nú í upphafi ársins og meira komið til sölu á innlendum mörkuðum þótt ekkert skuli um það fullyrt hvort þar er um varanlegt ástand að ræða. Auðvitað má auka slíkar skerðingar ef menn vilja beina meira magni að innlendri vinnslu, en að mínu mati er ekki hægt að mismuna flotanum í þeim efnum með því að leggja þessa skyldu á loðnuskipin en allt aðrar skyldur á önnur skip.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins að lokum ítreka það að ég tel að hér sé verið að framfylgja þeim skyldum sem sjútvrh. hefur skv. 9. gr. laganna. Ég tel hins vegar svo alvarlegt að beita þessari 9. gr. vegna þess hve lítill afli er til ráðstöfunar hjá mörgum byggðarlögum og skipum að menn hljóta að leita allra leiða áður. Því vænti ég þess að hv. alþingismenn hafi svipaðan skilning í þeim efnum og reyni að koma í veg fyrir það að 9. gr. verði beitt. En ef þeir hafa hins vegar þá skoðun að flotinn eigi ekki að fá neinar bætur og standa frammi fyrir þeim alvarlega loðnubresti án þess að nokkrar bætur komi fram, þá er það skoðun út af fyrir sig en henni er ég ekki sammála.

Ég vil svo að lokum þakka hv. sjútvn. fyrir að hafa tekið þetta mál nú þegar til meðferðar. Ég vænti þess að það sé heldur til bóta en hitt því að oft og tíðum er mikilvægt að geta kallað til sín aðila áður en umræður fara fram. Og að mínu mati mætti það frekar vera regla að því er varðar mörg frv. að nefndum gefist kostur á að fjalla um mál áður en þau eru tekin til meðferðar í deildum en hitt. Ég vænti þess að gott samstarf geti náðst um að hraða heldur afgreiðslu á þessu máli. Þótt ég geri mér fyllilega ljóst að skiptar skoðanir kunni að vera á því þá vænti ég þess að við séum sammála um að það sé eðlilegt að dreifa þeim byrðum sem á aðila eru lagðar vegna loðnubrestsins með réttlátum hætti og á þann hátt að það komi sem jafnast út fyrir þá sem mestra hagsmuna hafa hér að gæta.

Það er líka mikið hagsmunamál fyrir botnfiskveiðiflotann að vel sé gengið um loðnustofninn og þess vegna veit ég að það er fullur vilji fyrir því hjá þeim aðilum að sýna þessu skilning og ætti að vera nægilegt að nefna að á fundi sem haldinn var hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna var yfirgnæfandi meiri hluti sem vildi að flotinn fengi þessar bætur og mun meira. Eru það aðilar sem koma alls staðar að af landinu og eru að sjálfsögðu fulltrúar allra þeirra manna sem þar hafa hagsmuna að gæta. Svipaða afstöðu hafa sjómannasamtökin tekið í þessu máli og ætti það að vera nægilegur vitnisburður um það hvað mál þetta nýtur mikils skilnings þó að sjálfsögðu vilji enginn missa af því sem hann hefur fyrir.

Ég vil svo að lokum leggja til að þessu máli verði vísað til hv. sjútvn. og 2. umr.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, flutt af hæstv. sjútvrh. Það er ekki algengt að ráðherrar í ríkisstjórn leggi fram frv. einir og sér, en þegar það gerist liggur yfirleitt að baki ágreiningur um málið innan stjórnarflokka, enda er það eins og fram hefur komið á síðustu dögum ástæða þess að svona er staðið að verki nú.

Þingflokkur Alþb. hefur fyrir sitt leyti ekki fallist á frv. eins og það er lagt hér fram og nauðsynlegt að ástæður þess liggi ljósar fyrir við 1. umr. um málið. Með sérstökum lögum í tengslum við stjórn fiskveiða sem samþykkt voru á síðasta ári var ákveðið að setja á stofn Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem hefði það tvíþætta hlutverk að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum sem standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum. Þingmenn Alþb. hafa haft það sjónarmið að meira tillit ætti að taka til byggðarlaga og fiskvinnslusvæða en gert hefur verið og mikið reynt til að fá ákvæði þar að lútandi inn í frv. til laga um stjórn fiskveiða á sínum tíma.

Við þingmenn Alþb. höfum haft það í huga að breytingar á útgerðarháttum koma ekki eingöngu niður á þeim sem útgerðina stunda og eiga, heldur ekkert síður á sjómönnum og fiskvinnslufólki og þá afkomu heilu byggðarlaganna. Stefna Alþb. í sjávarútvegsmálum um skipulag veiða og vinnslu fékk ekki mikinn hljómgrunn innan núv. ríkisstjórnar og þá sérstaklega ekki hjá hæstv. sjútvrh. Þar virðist ríkja sú skoðun að þrátt fyrir að núverandi stefna hafi í sáralitlu og jafn-

vel engu skilað sér miðað við þau markmið sem sett voru í upphafi megi þar engu breyta. Alþb. hefur aftur og aftur sett fram það sjónarmið og þá kröfu að við úthlutun aflamarks verði að taka í auknum mæli tillit til byggðarlaga, tryggja afkomu þeirra sem vinna við og eiga allt sitt undir því að þessum mikilvæga atvinnuvegi okkar sé stjórnað með hagsmuni heildarinnar í huga. Það var því skref í rétta átt, vissulega ekki stórt en skref í rétta átt, þegar lögin um Hagræðingarsjóð voru samþykkt og reyndar forsenda þess að sumir þingmanna Alþb. greiddu atkvæði með þeirri stjórnunaraðferð fiskveiða sem samþykkt var á síðasta þingi. Þó voru efasemdir uppi og einn þingmaður Alþb. taldi að lögin, og þá sérstaklega 1. gr. laga um Hagræðingarsjóðinn, væru aðeins viljayfirlýsing, fyrsta tækifæri yrði notað til að gera 1. gr. ómerka. Og því miður hefur reyndin orðið sú eins og berlega kemur í ljós í því frv. sem hér liggur fyrir um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum. Það tryggir á engan hátt afkomu þeirra byggðarlaga sem hlut eiga að máli. Aðeins er um að ræða að bæta þeim sem gera út skip á loðnuveiðar þann tekjumissi sem þeir verða fyrir vegna aflabrests.

Vissulega neitar því enginn að gera verður sérstakar ráðstafanir vegna þeirra sem byggja sína útgerð á loðnuveiðum fyrst og fremst. Því hefur þingflokkur Alþb. aldrei neitað. Þvert á móti voru tillögur hæstv. sjútvrh. skoðaðar og ræddar af þingflokki Alþb. sem lagði síðan til að gerðar yrðu ákveðnar breytingar á frv., breytingar sem tryggðu að loðnuskipin fengju úthlutað aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði en tryggðu jafnframt tillögur okkar að þau byggðarlög sem verst verða úti vegna aflabrests í loðnuveiðum fengju notið þeirra ráðstafana sem gera ætti. Það átti að gera með því að skylda þann hluta loðnuflotans sem ætlar sér að nýta þessar veiðiheimildir til þess að landa aflanum á þessum stöðum. En á tillögur þingflokks Alþb. var ekki fallist heldur þvert nei.

Í greinargerð með frv. fylgja minnisatriði til ríkisstjórnarinnar frá samstarfshópi ráðuneyta um málið. Þar segir um þetta atriði að þær hugmyndir sem fram hafa komið um að skylda loðnuflotann til að landa þeim afla sem hann kann að fá í loðnubætur á þeim stöðum sem loðnubræðslur eru virðast ekki raunhæfar og telur samstarfshópurinn að þar komi tvennt til. Í fyrsta lagi verða bæturnar af svo skornum skammti að ófært sýnist að binda þær sérstökum skilyrðum sem dragi úr hagkvæmni veiðanna. Í öðru lagi eigi mestur hluti loðnuflotans heimahöfn á Suður- og Vesturlandi og muni að líkindum kjósa að stunda botnfiskveiðar fyrst og fremst á þeim slóðum og landa í heimahöfn. En vandi byggðarlaganna sé mestur á Norður- og Norðausturlandi. Ég sé nú ekki hvernig þessi ágæti samstarfshópur getur kallað þetta í fyrsta og öðru lagi því þarna er í báðum tilvikum um það sama að ræða, hagkvæmni veiða. En skýtur ekki skökku við þegar þessi sami samstarfshópur, sem er að leggja til ýmsar aðrar ráðstafanir fyrir loðnuflotann og tryggja, eins og segir einnig í minnisatriðum þeirra, að sem flestum útgerðum verði gert kleift að lifa áfallið af, leggur ekki til aðgerðir sem tryggi jafnframt að þau byggðarlög sem hlut eiga að máli lifi áfallið af?

Vissulega er fjallað um sveitarfélögin og atvinnumálin í þessum minnisatriðum, en hér á Alþingi liggur ekkert fyrir um hvernig með þau mál verður farið, ekkert í því frv. sem hér er til umræðu tryggir neitt í þeim efnum. Ekkert frv. annað hefur verið lagt fram um aðgerðir sem fylgja í kjölfarið og tryggja afkomu þeirra byggðarlaga sem hér um ræðir. Öllum tilraunum þingflokks Alþb. til að fá þessa tryggingu fram var hafnað og því gátum við ekki staðið að þessu frv. sem stjfrv.

Það má líka benda á að um leið og samstarfsnefndin, sem ég er hér að vitna í, bendir á ýmsar leiðir til að leysa vanda loðnuflotans og neitar jafnframt þeirri hugmynd að binda veiðiheimildirnar því að landað verði á ákveðnum stöðum á þeirri forsendu að það verði óhagkvæmt og dýrt, bendir hún á ýmsar aðrar leiðir. T.d. segir nefndin í kaflanum um atvinnumál sveitarfélaga að ódýrt sé að flytja afla með Ríkisskipum milli landshluta. Hefði nú ekki mátt nýta þá hugmynd til að tryggja að afli loðnuskipanna yrði unninn á ákveðnum tilteknum stöðum?

Ýmsum kann að finnast að þær kröfur sem hér eru settar fram um að málið sé skoðað í heild sinni, að horft sé á vanda útgerðarinnar samhliða vanda vinnslunnar í landi og afkomu byggðarlaganna og að ráðstafanir verði gerðar sem nýtast heildinni, séu of miklar í ljósi þess að stuttur tími er til umráða í þessu tiltekna máli. Lengri tíma verði að fá til þess að ljúka málinu öllu. Þetta séu aðeins fyrstu viðbrögð. Aðrar tillögur fylgi á eftir. Þetta er bara ekki rétt og reyndar furðulegt þegar um sérveiðar eins og þessar er að ræða að ekki skuli hafa fyrir löngu verið gerðar ráðstafanir til þess að mæta áföllum eins og þeim sem nú blasa við. Það er eins og loðnubresturinn komi algerlega á óvart, eins og enginn hafi nokkru sinni reiknað með honum. Hvers vegna var ekki fyrir löngu búið að skoða hvernig ætti að bregðast við og leggja fram tillögur þar að lútandi í stað þess að vera að leita lausna núna, undir tímapressu, eftir að ógæfan er skollin á? Það hlaut að koma að aflabresti í loðnu. Þetta er stofn sem sveiflast mikið í fjölda fiska milli ára án þess að sjútvrn. eða Hafrannsóknastofnun ráði þar neinu um. Hámark veiðiheimilda breytir þar litlu og jafnvel engu. Við höfum áður upplifað hrun í loðnustofninum á síðustu tíu árum og það er alveg ljóst að það mun gerast aftur seinna.

Afrakstursgeta loðnustofnsins er engin föst stærð. Hún er og verður breytileg milli ára. Við það verður að miða þegar reglur eru settar um fiskveiðar og við verðum líka að sýna þá fyrirhyggju að vera viðbúin aflabresti sem hlaut að koma að fyrr en síðar. Það þýðir ekki að segja að við séum undir þetta búin, að við höfum heimildir samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða til að mæta slíkum aflabresti sérstaklega. Þessar heimildir eru til en þær tryggja ekki ráðstafanir nema að litlu leyti. Þær tryggja útgerðina, ekki byggðarlögin, ekki fiskvinnslufyrirtækin og jafn-

vel ekki sjómennina. Því ekkert ákvæði eða skilyrði er um það í þessu tilviki, sem hér er um fjallað, að loðnuskipin verði sjálf að nýta þær veiðiheimildir sem þau fá. Útgerðarfyrirtæki þessara loðnuskipa gætu þess vegna selt allar heimildirnar undir yfirskini hagræðingar þannig að aðeins útgerðirnar sjálfar njóti afrakstursins en ekki þeir 600 sjómenn sem eru á loðnuflotanum þegar hann er á loðnuveiðum. Þeirra hagur er ekki tryggður með þessu frv.

Virðulegi forseti. Á undanförnum þremur árum hafa botnfiskveiðiheimildir fiskiskipaflotans verið skertar verulega. Aflamark á þorski t.d. verið skert um 24% frá árinu 1987. Þessi skerðing ásamt núverandi kerfi í stjórnun fiskveiða hefur reynst mörgum erfið. Sala fiskiskipa og báta sem kvótinn er seldur í burtu með hefur orðið til þess að afkoma margra byggðarlaga í landinu er afar slæm. Breyting frá sóknarmarki yfir í aflamark varð þess valdandi að hætta er á að útgerð margra báta, sérstaklega smábáta, leggist af. Það þýðir gjaldþrot margra fjölskyldna. Fjöldi þeirra er ekki þekktur en ég fullyrði að þar er ekki um færri aðila að ræða en þá sem gera út á loðnu. Engin sérstök ástæða hefur þó verið talin til að grípa til lagasetningar vegna þeirra. Þegar þeir báðu um leiðréttingu þá var enginn kvóti til.

Alþb. hefur lagt áherslu á að fiskimiðin eru eign okkar allra og að þau beri að nýta með hagsmuni heildarinnar í huga. Það frv. sem hér er til umræðu tekur ekki á vandamálinu út frá þessari forsendu. Því gat þingflokkur Alþb. ekki staðið að framlagningu þess.

Það er alveg ljóst að aflabrestur í loðnu hefur veruleg áhrif á útgerð loðnuskipa og efnahags- og atvinnulíf í sveitar- og bæjarfélögum víða um land. Áhrifin eru ekki eingöngu á þau fyrirtæki og starfsmenn þeirra sem vinna beint við loðnuna heldur er hér um keðjuverkun að ræða sem greinist í margar áttir. Ekki síst í litlum samfélögum þar sem hvert atvinnufyrirtæki vegur mjög þungt í heildarmyndinni. Stjórnvöld verða að taka á vanda þessara byggðarlaga sem sannarlega verða hart úti ef ekki verða veittar heimildir fyrir meiri loðnuveiði nú en útlit er fyrir. En það er ekki gert með því frv. sem hér er til umræðu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er óvenjulegt að stjórnarsinnar telji það samræmast venjulegum mannasiðum hér á Alþingi að rjúka upp í ræðustól áður en stjórnarandstöðu gefst kostur á að ræða þau frv. sem einstakir ráðherrar leggja fram. Má kannski halda því fram, hæstv. forseti, að spurning sé hvort ekki sé nauðsynlegt að forsetar þingsins sjái til þess, ef þýðingarmikil frv. eru borin fram af einstökum ráðherrum, að stjórnarandstaðan fái að gera sínar athugasemdir áður en málfundir hefjast milli þeirra sem kalla sig stjórnarsinna hér á þessari samkundu.

Við höfum nú heyrt formann þingflokks Alþb. tala og má kannski segja að hann hafi í einstökum atriðum mjög minnt á þá afstöðu sem formaður Framsfl. hefur í sambandi við kvótamálin. En Steingrímur Hermannsson forsrh. sagði í viðtali við Morgunblaðið 19. ágúst sl., með leyfi hæstv. forseta, að í sjávarútvegsráðherratíð sinni hafi hann látið vinna tillögur sem bundu kvótann við ákveðna landshluta en þessu hafi verið hafnað og seinna samþykktur kvóti bundinn við skip. Og hvort sem kvótinn sé bundinn við skip eða menn þá fylgi sú stóra hætta að fáir geti eignast þann gífurlega auð sem sé sameign þjóðarinnar. Á þessu vandamáli hafi ekki fundist lausn og það sé brýnt að takast á við það.

Nú er það svo í þessu máli að Alþb. hefur samþykkt það að sjútvrh. leggi frv. fram til að bregðast við loðnubresti og má kannski draga þá ályktun af því að formaður Alþb. sé sammála sjútvrh. En eins og málflutningur formanns þingflokks Alþb. var hér áðan virðist hann vera miklu nær formanni Framsfl. í sjávarútvegsmálum heldur en sjútvrh. sem þó á að heita varaformaður í Framsfl.

Ég vil vekja athygli á því að bæði hér nú úr þessum ræðustól hefur formaður þingflokks Alþb. látið sem hann beri ekki ábyrgð á lögum um stjórn fiskveiða. Landbrh. fór um Norðurlandskjördæmi eystra, hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon, talaði þar mjög hart gegn stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum og hafði svo mikið við að hann gaf út sérstakt blað sem var helgað stefnu Alþb. einmitt í því hvernig ætti að haga fiskveiðum við Ísland.

Nú munum við það frá því að þessar umræður voru teknar á dagskrá hér á sl. vori að allir þingmenn Alþb. nema hv. þm. Skúli Alexandersson snerust gegn því að efnt yrði til sérstaks sumarþings sem mundi eingöngu fjalla um sjávarútvegsmál. (**SkA:** Að ég hefði snúist gegn því?) Nei, allir aðrir þingmenn Alþb. Allir aðrir þingmenn Alþb. greiddu atkvæði með frv. um stjórn fiskveiða sem varð að lögum 1. jan. sl. Og ég vil sérstaklega minna á það vegna þeirra ummæla sem formaður þingflokks Alþb. hafði hér áðan um það að sóknarmark hefði verið lagt niður, að öll skip yrðu nú að notast við aflamark, hafði sérstakt orð á því að það hefði valdið því að margar fjölskyldur hefðu orðið gjaldþrota og enginn kvóti verið til svo hægt yrði að hlaupa þar undir bagga. Þegar ég var spurður með frammíkalli hér við 2. umr. um frv. um stjórn fiskveiða, hvaða atriði það væru í frv. sjútvrh. og ríkisstjórnar sem ég vildi sérstaklega breyta, þá var það einmitt þetta atriði sem hv. þm. minnist nú á. Það kom hins vegar skýrt fram í sjútvn. að ráðherrar Alþb. voru ekki til viðtals um neinar slíkar breytingar fremur en aðrir meðlimir ríkisstjórnarinnar. Og sá ágæti þingmaður, sem hér talaði áðan um það í hneykslunartón að sóknarmark hefði verið lagt niður en allir yrðu að sæta aflamarki, hafði engin orð um það í þeim umræðum að hugur hans stæði með okkur sjálfstæðismönnum í þeim efnum. (Gripið fram í.) Það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að Alþb. ber fulla ábyrgð á þeim lögum sem nú eru í gildi um stjórn fiskveiða, sömuleiðis Alþfl. (**KP:** Ekki allur.) nema hv. þm. sem greip fram í, Karvel Pálmason, enda treystir hann sér nú ekki til að bjóða sig fram fyrir Alþfl. á nýjan leik en ýmsar sögusagnir eru uppi um það að hann muni

kjósa að bjóða sig fram fyrir önnur samtök á Vestfjörðum. Ekki veit þessi þingmaður heldur meira skammaryrði en ef sagt er að hann sé mjög traustur stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar og lúti þeim aga sem er í þingflokksherbergi Alþfl. Þannig að það þarf ekki að minna á það, hv. þm., að Karvel Pálmason er ekki mesti alþýðuflokksmaðurinn hér á þingi þeirra manna sem kjörnir voru á þing fyrir Alþfl. (**KP:** En mesti jafnaðarmaðurinn.) Ég held að það sé alveg ljóst. Ég held að hv. þm. vilji gjarnan reyna með einhverjum ráðum að tosa þessum Alþfl. upp í A-flokk ef A þýðir gæðaflokkur, (**KP:** Ég hef alltaf verið að reyna það.) en það hefur ekki tekist.

Það frv. sem hér er til umræðu er mjög einfalt í sniðum. Það fjallar um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum og snýr eingöngu að skipunum, flotanum, þeim skipum sem hafa verið að loðnuveiðum, loðnuskipum. Ég er alveg sammála hæstv. sjútvrh. um að ekki kemur til greina að skerða botnfiskveiðiheimildir meira en gert hefur verið. Og það er rétt ábending sem kom frá hv. 4. þm. Suðurl. að þorskveiði hefur dregist mjög saman á undanförnum árum, um tæp 24% frá árinu 1987. Því til viðbótar liggur það fyrir að fjórir mjög lélegir stofnar eru nú að koma inn í veiðina í röð. Stofninn frá 1986, má ég segja, er sá allra lélegasti stofn sem mælst hefur og er búist við að þessir fjórir stofnar hafi ekki meira veiðiþol en sem nemur 200–250 þús. tonnum á ári.

Ég vil í því sambandi aðeins rifja það upp að það hefur verið svo á sl. árum að við höfum farið svona 50–70 þús. tonn fram yfir það sem fiskifræðingar hafa lagt til í sambandi við sókn í þorskstofninn og við hljótum auðvitað að velta því fyrir okkur nú, þegar við sjáum hversu alvarlegt ástand fiskstofnanna og sérstaklega þorskstofnsins er, hvort sú stjórn fiskveiða, sem við nú höfum beitt, sé rétt í víðum skilningi þess orðs, bæði þegar við reynum að meta það hversu mikil sókn skuli vera í einstaka fiskstofna og eins hljótum við að velta því fyrir okkur hvort ekki sé nauðsynlegt að Alþingi verji meiri fjármunum til að athuga lífríki sjávarins. En fjvn. og ríkisstjórn treysta sér ekki til að verða við beiðni Hafrannsóknastofnunar um þau efni nú á fjárlögum fyrir árið 1991. Það er auðvitað mjög undarlegt að ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis skuli ekki taka tillit til ýtrustu óska Hafrannsóknastofnunar þegar útlitið er jafnsvart í sambandi við okkar fiskstofna eins og nú er.

Ég get auðvitað ekki sagt að ég skilji ekki hæstv. sjútvrh. þegar hann freistast til að veita heimildir fyrir meiri fiskveiði heldur en fiskifræðingar leggja til. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að skera aflann niður sem veldur erfiðleikum í útgerð og getur riðið mörgum fyrirtækjum á slig. Ég hef að vísu haldið því fram eftir að í ljós kom hversu svart ástandið er að við ættum að fara okkur gætilegar en við höfum gert. Það er kannski ekki kjarni málsins. Hitt skiptir meiru að við horfum nú fram á mjög dökkt útlit og því miður er engin vissa fyrir því að Grænlandsþorskurinn komi nú inn í stofninn. Ef sú verður niðurstaðan, gegn auðvitað von okkar allra, að Grænlandsþorskurinn lætur ekkert á sér kræla vaknar sú spurning hvort nauðsynlegt kunni að vera að skera botnfiskveiðarnar niður frá því sem nú er gert ráð fyrir að heimila. Við höfum þess vegna ekki neinn varasjóð upp á að hlaupa. Þegar við veltum því fyrir okkur hvort þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir að grípa til samkvæmt þessu frv., séu fullnægjandi verðum við einmitt að gera það í ljósi þess að við eigum hvergi neinn varasjóð sem við getum gripið til.

Ég var á sínum tíma andvígur þeim hugmyndum sem settar voru fram um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og er þess vegna fyllilega sammála því að nú skuli til hans gripið til þess að mæta vanda loðnuskipanna. Síðan tel ég sjálfsagt að tíminn verði notaður til þess að velta því fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt að nema úr gildi lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Vil ég sérstaklega minna á að ekki hefur enn verið gefin út reglugerð í samræmi við ákvæði laga um Hagræðingarsjóð og má vera að það sé vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir komi sér ekki saman um þau efni.

Í 2. gr. er lagt til að heimilt verði að veiða 30 þús. tonn af rækju í stað 25 þús. tonna og að þessi viðbót, 5 þús. tonn, eigi að ganga til loðnuskipanna. Fiskifræðingar höfðu að vísu lagt til að veiðin yrði nokkru minni en þeir geta eftir atvikum fallist á að þannig verði farið að og sé ég ekki ástæðu til annars en að lýsa yfir stuðningi við það.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að í þeirri loðnuleit, sem verið hefur nú frá áramótum og níu skip hafa stundað, hafa fallið í þeirra hlut 21.980 lestir sem er um 11% af því heildarloðnumagni sem búist er við að veitt verði á þessu ári. Fyrir því eru engar sérstakar heimildir í lögum að einstökum skipum sé þannig heimilað að taka þátt í loðnuleit. Hér erum við að tala um mjög verulegan afla. Þessi sérstaka úthlutun fram hjá kvóta hjá einu þessara skipa, Hólmaborg, er t.d. 3240 lestir en sum skipanna verða að sætta sig við heildarloðnukvóta sem er litlu meiri en þessi aukaúthlutun og sum skip eiga þess ekki kost að veiða neitt á þessum mánuðum þar sem þeirra veiði fyrir áramót hafi gengið svo vel.

Ég vil vænta þess að sú góða reynsla, sem samt sem áður fékkst af þessari tilhögun, muni valda því að leitað verði til loðnuskipa um að þau taki þátt í loðnuleit nú á næsta hausti og vil þó mega búast við því að önnur skip en þessi níu, sem nú var leitað til, komi inn í leitina þá.

Þá góðu reynslu sem orðið hefur á milli Hafrannsóknastofnunar og sjómanna nú verður að reyna að nýta og ber að skilja orð mín fremur sem ábendingu um að rétt sé að íhuga hvort rétt kunni að vera að endurskoða ákvæði laganna um þessi efni fremur en orð mín séu gagnrýni á hæstv. sjútvh.

Ég hlýt að lýsa yfir áhyggjum mínum vegna þess hversu ríkissjóði er nú þröngur stakkur skorinn til þess að hlaupa undir bagga með einstökum sveitarfélögum varðandi atvinnumálin. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það nú. Við í sjútvn. höfum gert ráðstafanir til þess að einstökum sveitarfélögum gefist kostur á að kynna sín sjónarmið og við munum fá í hendur þá

skýrslu sem Byggðastofnun hefur gert um þessi efni. En á hinn bóginn vil ég nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ráðherra um nokkur atriði varðandi vanda loðnuverksmiðja og einstakra skipa.

Nú er það svo að Fiskveiðasjóður hefur vilja til að veita þeim loðnuskipum sem hafa lán í sjóðnum greiðslufrest vegna þeirrar erfiðu stöðu sem útgerð þeirra er nú komin í. Mörg skipanna eru ný og skulda verulegar fjárhæðir í Fiskveiðasjóði þannig að sú aðstoð kemur auðvitað að góðum notum. Eins er það svo um mörg önnur skip að þá hefur verið skipt um eigendur en slíkir útgerðarmenn skulda á hinn bóginn kannski lítið í Fiskveiðasjóði. Ég vil af þeim sökum spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki megi treysta því að Fiskveiðasjóður hlaupi þar undir bagga og láni fyrir slíkum afborgunum þó ekki sé í opinberum sjóðum um leið og ég hlýt að spyrja hæstv. sjútvrh. hvað líði þeirri almennu skuldbreytingu á lánum fiskibáta sem mjög voru á dagskrá á síðasta þingi, varðaði til að mynda mjög útgerð á Húsavík og ýmsum stöðum fyrir norðan. Mér er ekki kunnugt um að ríkisstjórnin hafi brugðist við þeim óskum sveitarfélaga og útgerðarmanna norður þar að sérstaklega yrði lánað til að skuldbreyta fyrir þau fiskiskip. Þá höfðu eigendaskipti farið fram og verulegar kvaðir hvílt á skipunum. Það er komið svo nú að sum þessara skipa hafa verið seld hálfgerðri nauðungarsölu frá sínum útgerðarplássum með þeim afleiðingum sem það hefur fyrir byggðarlögin.

Ég vil mjög taka undir þau sjónarmið hæstv. ráðherra að það fólk, sem um langan aldur, jafnvel áratugi, jafnvel alla sína starfsævi, hefur unnið hjá einstökum loðnuverksmiðjum og verið fastur kjarni í þeirra úthaldi, geti haldið vinnu sinni þó til þessara tímabundnu erfiðleika hafi komið hjá loðnuverksmiðjunum. Á hinn bóginn er það kunnugt af fréttum að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur sagt upp öllu sínu starfsfólki, hverjum einasta manni, og mér er ekki kunnugt um að um endurráðningu hafi enn verið að ræða. Ég þykist vita að slík ákvörðun sé ekki tekin nema í samráði við hæstv. sjútvrh. Ég get auðvitað líka tekið undir það að auðvelt sé að segja að loðnuverksmiðjur þurfi á skilningi að halda hjá lánastofnunum. Það er á hinn bóginn svo um lögin um Síldarverksmiðjur ríkisins að ríkið ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Síldarverksmiðjanna og þess vegna er ekki óeðlilegt þótt viðskiptabanki Síldarverksmiðjanna ætlist til þess af eiganda þeirra, ríkinu, að það taki afstöðu til þess hvernig það hugsi sér að staðið verði að rekstri Síldarverksmiðjanna nú á þessu ári, a.m.k. fram að næstu loðnuvertíð.

Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. af þessu gefna tilefni hvort því megi treysta að sá kjarni sem unnið hefur í Síldarverksmiðjunum haldi sinni atvinnu úti á stöðunum og þurfi ekki að óttast uppsagnir. Hér er um þjálfað fólk að ræða og augljóst að á mörgum þessara staða hlýtur það að endurskoða mjög búsetu sína á viðkomandi stað ef það getur ekki treyst því að halda atvinnu sinni hjá þessu hálfopinbera fyrirtæki. Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að rétt sé að Síldarverksmiðjunum verði breytt í hlutafélag og get þá vel hugsað mér að sjálfstætt hlutafélag verði stofnað um þær á hverjum stað. Ég er sammála því að slíkt kunni að leiða til þess að rekstur þeirra verði markvissari á stöðunum. Ég get þannig sem dæmi tekið að mjög hæpið er að einstaklingar hefðu ráðist í þá miklu endurnýjun á Síldarverksmiðjum ríkisins á Seyðisfirði sem nú er unnið að eins og útlitið er án þess þó að ég sé sérfræðingur í þeim málum og án þess að það megi skilja orð mín svo nú að í þeim felist sérstök gagnrýni. Síldarverksmiðjurnar á Seyðisfirði liggja auðvitað vel við loðnumiðum eins og þau hafa verið.

Um aðrar loðnuverksmiðjur vil ég segja hið sama. Ég hygg að nauðsynlegt sé að ríkið komi inn í til þess að hjálpa þeim yfir þá erfiðleika sem þessar verksmiðjur standa nú frammi fyrir um leið og ég styð heils hugar hugmyndir sem uppi eru um það að auðvelda mönnum að leggja slíkan atvinnurekstur niður þar sem hann er óhagkvæmur og bitnar þunglega á öðrum sambærilegum fyrirtækjum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Það vekur furðu mína að stjórnarflokkarnir skuli nota það tækifæri sem þetta frv. gefur til þess að taka upp almenna stjórnmálaumræðu um stjórn fiskveiða. Þetta frv. er um neyðarráðstafanir vegna loðnubrests. Ég tel að þingið hafi skyldu til að afgreiða frv. hratt og fljótt og vil á þessu stigi málsins lýsa því yfir fyrir mína hönd að ég er sammála þessu frv. eins og það liggur fyrir (**Gripið fram í:** En flokkurinn?) en áskil mér að sjálfsögðu rétt til að taka afstöðu til breytinga sem fram kunna að koma. Ég er ekki að segja að ég geti ekki hugsað mér einhverjar breytingar á frv. en ég er efnislega sammála þeim atriðum sem hér koma fram. Á hinn bóginn hefur ekki unnist tími til að ræða málið í þingflokki Sjálfstfl.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar, frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, hefur þegar fengið umfjöllun í sjútvn. Hæstv. ráðherra nefndi það að honum fyndist að þetta væri góð leið og væri kannski rétt að um mörg frumvörp væri fjallað í nefndum þingsins áður en þau væru tekin til 1. umr. Ég tek undir þetta sjónarmið, en það fylgir minni skoðun að ég tel að eftir að málið er síðan komið til nefndarinnar aftur megi ekki líta á þá vinnu sem unnin hefur verið á undan því að málið kom til nefndarinnar þannig að það sé ekki gefinn tími eða takmarkaður tími til umfjöllunar eftir að málinu hefur verið vísað til nefndarinnar. (Gripið fram í.) Þegar jafnvel það langt er gengið að hv. þm. mælast til þess að mál séu tekin út úr nefnd áður en þeim hefur verið vísað til hennar, þá er nú skörin farin að færast upp í bekkinn. Ég vil vona það að umfjöllun um þetta mál verði ekki því marki brennd eins og því miður hefur verið ansi oft um sjávarútvegsmál hér á hv. þingi að það verði aðalatriðið að koma málinu sem hraðast í gegnum hv. Alþingi. Ég lít þannig á að það sé mikið atriði að einmitt mál eins og sjávarútvegsmál, þau snerta flesta aðila í okkar þjóðfélagi, að það sé ekki

gert á þann máta eins og gert hefur verið oft áður. Það er ekki aðeins það að umfjöllunin verði takmörkuð hér inni á hv. Alþingi, heldur er það líka að þeir aðilar úti í þjóðfélaginu, sem vilja fjalla um málin og ættu að fjalla um málin, hafa ekki tíma og ekki möguleika til að skoða málin eins og þyrfti. En ég tel að þau vinnubrögð sem hér hefur verið beitt í sambandi við þetta mál séu af hinu góða. Það er að mörgu leyti notalegt og heppilegt að fá upplýsingar frá þeim aðilum sem kallaðir eru til nefndarinnar áður en 1. umr. fer fram. Það getur bæði verið á þann veg að menn sleppi ýmsum fyrirspurnum sem annars þyrfti kannski að beina sérstaklega til ráðherra eða að þættir komi upp sem mönnum finnst mikilsvert að ræða.

Þetta frv. er á vettvangi fjölmiðla a.m.k. og ég hugsa víða í þjóðfélaginu orðið að lögum fyrir löngu síðan. Umræðan hefur verið þannig að það hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum hvernig þessir hlutir mundu nú verða, hve mikið þessi og þessi fengi og á hvern hátt framkvæmd laganna yrði. Það var farið að fjalla um lausn þessa máls — ja, ég held að það hafi verið fyrir áramót sem maður fór að heyra það, að hæstv. sjútvrh. fór að tala um það að það þyrfti að beita 9. gr. fiskveiðilaganna til þess að hjálpa sérveiðiflotanum. Og jafnvel í fyrstu ekki talað um það að sá lagabókstafur væri neitt vondur. En svo breytist allt þegar yfir áramótin kom. Þá hefur sjálfsagt ráðherra og fleiri fundið fyrir því að það var ekki nein sérstök hrifning kringum 9. gr., að beita ákvæðum 9. gr., þessarar góðu greinar sem sett var í fiskveiðilögin á sl. vori sem talinn var hinn mesti nauðsynjaþáttur þar inni. Og þá var fundið upp það snjallræði að í staðinn fyrir það að beita 9. gr., eins og ráðherra var búinn að útlista að mundi vera þörf á að gera við þessar aðstæður og lagalegur réttur til, þá datt mönnum allt í einu í hug að nota Hagræðingarsjóðinn.

Það þarf þó nokkra hugkvæmni til, ekki eingöngu til þess að nota þennan sjóð, sem var ætlaður til allt, allt annarra hluta, heldur líka til þess að segja það að með því að taka 8000 þorskígilda kvóta úr Hagræðingarsjóði, þá væri hann bara frá engum tekinn. Þeir sem ættu bolfiskkvóta yrðu ekki skertir. Það lægi í hlutarins eðli. Þetta væri kvóti sem hefði orðið til af sjálfu sér og það mundi ekki hafa nein áhrif á veiðimöguleika þeirra sem sjó sækja og hafa til þess aflaheimildir úr bolfiskinum.

Maður hefur fundið fyrir þessu áður að frumvörp eða hugmyndir um leiðir til þess að leysa vandamál sjávarútvegsins hafa verið orðin að lögum áður en þau hafa komið hér inn í hv. Alþingi. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti og þess vegna skal ekkert sérstaklega kippa sér upp við það.

En hvað er verið að leggja til með þessu frv. og hver skyldu vera þau vandamál sem þarf að leysa? Vandamálin eru dálítið víðfeðm. Aflabrestur á loðnu orsakar fjölþætta erfiðleika. Það er í fyrsta lagi að með aflabresti á loðnu gerist það að við því starfsfólki, sem hefur unnið við loðnuna í landi, blasir atvinnuleysi. Það blasir við atvinnuleysi eða minnkandi atvinna hjá fjölda fólks hringinn í kringum landið vegna þess að loðnuverksmiðjur eru staðsettar frá Bolungarvík austur um og til Akraness, austur og suður um og til Akraness. Það er vitaskuld nokkuð mismunandi hjá verksmiðjum en alls staðar mun þessara hluta gæta, að atvinnan minnki hjá öllum og sums staðar verður atvinnuleysi eins og þegar er orðið upplýst að við blasir hjá ríkisverksmiðjunum en þær eru fyrst og fremst norðanlands og austan og þeirra starfsliði hefur þegar verið sagt upp. Það skapast líka vandamál hjá starfsfólki þjónustustofnana sem voru viðbúnar því að þjónusta loðnuveiðiflotann á þessum stöðum, fyrir Norðurlandi og Austfjörðum, t.d. í verslunum, netaverkstæðum kannski sérstaklega, vélaverkstæðum og fleiru og fleiru. Þessu tengjast líka vandamál sem koma upp hjá sveitarfélögunum. Með minnkandi veltu í byggðarlögunum kemur það af sjálfu sér að aðstöðugjöld minnka og með minnkandi tekjum starfsfólks, hvort sem það er hjá loðnuverksmiðjunum eða þjónustustofnunum í byggðunum, þá minnka tekjur hjá sveitarfélögunum og vitaskuld skapar þetta keðjuverkun á öllu því sem er að gerast í þessum byggðum, minnkandi athafnir. Og ekki nóg með það að sveitarfélögin tapi aðstöðugjaldi og útsvari beint vegna loðnubrestsins og afleiðinga þess, heldur gerist það að hafnirnar, sem yfirleitt eru lífæðar þessara byggða, tapa stórum hluta af sínum tekjum. Og eins og ég hef nefnt áður, þá eru á flestum þessum stöðum þjónustustofnanir sem hafa búið sig undir það að sinna loðnuflotanum og því sem er umleikis í kringum loðnuvinnsluna. Ég nefndi þar verslanir, netaverkstæði, vélaverkstæði. Allir þessir þættir, staða allra þessara aðila skerðist. Þetta er að gerast hringinn í kringum landið vegna þess að það er staðreynd að við höfum lent í því að það er aflabrestur á loðnu. Og því miður var hæstv. sjútvrh. að upplýsa það nú í ræðu sinni að síðasta könnun hafrannsóknaskipanna um stærð loðnuflekksins undan Suðurlandi hafi staðfest fyrri mælingar þannig að við getum ekki lifað í voninni um að úr rætist á þessu sviði.

Enn þá erum við að reyna að lifa í voninni um að það rætist úr á öðru sviði í sambandi við aflabrögð. Enn höfum við von um það að Grænlandsþorskurinn sýni sig þó að með hverjum deginum sem líður minnki sú von og þær líkur. En við vonum samt enn þá að úr því geti ræst þó að þannig líti nú út fyrir með loðnuveiðistofninn, að hann sé ekki stærri heldur en þær mælingar sýna sem síðastar hafa verið, þ.e. áður en síðasta úthlutun fór fram. Þetta er nú staðan í mörgum fiskiþorpum frá Bolungarvík til Akraness.

En eru ekki fleiri vandamál uppi í þessum byggðum? Því er nú verr og miður. Flestar þessar byggðir byggja afkomu sína að stórum hluta til á bolfiskafla og þar eru að gerast sömu hlutirnir. Það er kannski of stórt að segja að það sé skollinn á aflabrestur þar en það er mjög nálægt því vegna þess að á síðustu árum hafa aflaheimildir í bolfiski verið skertar um 24%. Við vorum upplýst um það í sjútvn. í gær af forstjóra Hafrannsóknastofnunar Jakob Jakobssyni, að ef ekki rættist úr með Grænlandsgönguna, þá mættum við búast við því að við fengjum skerðingu á veiðiheimild í bolfiski, í þorskinum, um 40–50% á næstu árum, þ.e.

möguleg aflaúthlutun á þorski á næsta ári, næsta veiðitímabili, næsta veiðiári yrði 200–250 þús. tonn.

Þessi mynd, bæði aflabresturinn á loðnunni og það sem blasir við og það sem við búum við í sambandi við bolfiskaflann, getur varla þýtt neitt annað en einn hlut sem við viljum síst af öllu nefna eða taka trúanlegt að yfir okkur dynji. Það er hreinlega að ef ekki verður einhvers staðar bjartara fram undan á næstu missirum heldur en við horfum á núna, þá þýðir það ekkert annað heldur en byggðaröskun. Undirstöðuatvinnuvegirnir sem halda uppi sjávarbyggðunum okkar hringinn í kringum landið (**Gripið fram í:** Það þýðir meiri byggðaröskun. Það er byggðaröskun.) ef þeir skila ekki því sem til þarf til að halda uppi sæmilegum tekjum í þessum byggðum, halda þar uppi venjulegri þjónustu sveitarfélaga. Getur ekki þýtt annað.

Þetta er dökk mynd og ég sé ekki að það séu nokkur rök fyrir því að á sama tíma og við blasir sú mynd sem ég hef verið að nefna hér í sambandi við þorskveiðiflotann, þorskveiðibyggðirnar, þá sé hægt að leggja það til hér á hv. Alþingi að það sé hægt að bjarga nokkrum með því að skerða þessa stöðu. Þó það sé lítið, þá er það allt í þá áttina. Þessi 8000 tonn, sem lagt er til í þessu frv. að verði tekin úr bolfisksstofninum og færð yfir til loðnuskipanna, koma ekki til með að hrygna næsta vetur eða vera í veiðistofninum næsta ár. Það er alveg fráleitt að láta sér detta það í hug að leysa vanda ákveðins hóps veiðiskipa á kostnað annarra. Það er hægt að gera það kannski við sérstakar góðar aðstæður, en alls ekki við þær aðstæður sem við búum við í dag eða við blasa.

Vandi loðnuskipanna er mikill. Ég hef nefnt vanda sveitarfélaga, hafna, verksmiðjanna lítillega og starfsfólksins en ég tel að þó að vandi loðnuskipanna sé mikill, þá sé hann þó minnstur af öllum þessum aðilum sem ég hef nefnt hér. Og hann er líka auðveldastur til lausnar vegna þess að hann liggur svo klár fyrir. Það er augljóst hver skaði hefur þar orðið. Hann er augljós. Það er vont til þess að hugsa að því var hafnað og hefur verið hafnað af eigendum þessara skipa á undanförnum árum að byggja sér upp sinn eigin aflatryggingasjóð. Maður heyrði jafnvel þau orð frá — ja, ég vil ekki segja eigendum þeirra heldur frekar umboðsmönnum — að þegar búið væri að koma á því fiskveiðikerfi sem við búum við, þá þyrfti ekki neina slíka tryggingasjóði. En eins og hv. 4. þm. Suðurl. benti á hér áðan, þá megum við alltaf búast við því að aflabrestur eigi sér stað á loðnuveiðum, enda er það hlutur sem við vitum um að hefur gerst með nokkurn veginn ákveðinna árafjölda millibili. En þessu var hafnað. Og í umræðunum um 9. gr. við undirbúninginn að fiskveiðifrv. á sl. vetri var ágæti 9. gr. útmálað og talin alger fjarstæða þegar ég hélt því fram þar að það ætti ekki að tryggja loðnuveiðiflotann á kostnað þorskveiðiflotans heldur ætti loðnuveiðiflotinn að byggja sér upp sinn eigin aflatryggingasjóð. Þá var því hafnað. Ég er ekki að segja að sá sjóður hefði verið það burðugur í dag að hann hefði getað tekið við þessum skelli, en það hefði þá verið búið að benda á leið sem væri til að tryggja rekstur þessa flota til framtíðar. En því var hafnað af eigendunum og því var hafnað af hæstv. sjútvrh. Talið betra að láta hlutina reka á reiðanum, eins og raun ber vitni, og sjá svo til þegar vandamálin kæmu upp hvort það væri ekki hægt að hlaupa yfir í þorskstofninn og láta hann standa undir þeim skelli sem við blasir núna og gæti komið oftar.

Það var svolítið sérstakt þegar það fór að kvisast, þegar menn fóru að verða varir við það á miðunum hvað loðnan gaf sig lítið til, þá var strax byrjað að ræða um að það þyrfti að bjarga loðnuveiðiflotanum. Menn höfnuðu því ekki neitt. Þetta eru mikilsverð atvinnufyrirtæki sem eru undirstaða þess að atvinna haldist í þeim byggðum sem ég hef verið að margnefna hér á undan. Vitaskuld gerðu menn sér grein fyrir því að þarna þurfti að leysa vanda, en það var ekki eðlilegt að umræðan snerist á þann veg eins og hún hefur verið og eins og henni hefur verið haldið til, á þann eina veg að þau vandamál sem fyrst og fremst þyrfti að leysa væru tengd þessum skipum. Og eins og ég nefndi hér í upphafi, þá byrjuðu ráðamenn á því að tala um að sú lausn sem við blasti til þess að leysa þennan vanda væri sú að koma vandamálunum yfir á aðra aðila í þjóðfélaginu, aðra aðila sem væru kannski ekki betur undir það búnir heldur en þessi loðnuskip. Það var strax farið að tala um þorskinn og það var farið að tala um 9. gr. Og svo merkilega vildi til að umræðan hélt þannig áfram hér inni á hv. Alþingi, eða svona a.m.k. í ráðuneytunum, þar til hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson og aðrir þingmenn af Norðurlandi ýttu við ráðamönnum um það að vandinn væri mikið stærri en þetta. Í sameinuðu þingi var umræða um tillögu þessara þingmanna, en hún var ekki tekin alvarlegar en það að hvorki forsrh. né aðrir — ja, ráðherrar sem fengust við atvinnumál, ég held að ég fullyrði það að félmrh. var þar ekki og ekki heldur iðnrh., en hæstv. sjútvrh. mun ekki hafa verið á landinu þegar þessi umræða fór fram þannig að það er ekki hægt að ætla hann fyrir að hafa verið þar hvergi nærri — en það var eins og ríkisstjórnin, þessi trausta og örugga ríkisstjórn, (**Gripið fram í:** Hver segir það?) sem sumir segja að sé og hafi fundið lausn á mörgum hlutum, hafi ekki gert sér grein fyrir því í hvaða vanda var verið að stefna. Það er ekki fyrr en 1. febr. sl. að ríkisstjórnin kemur til fundar og þá kýs hún nefnd til þess að athuga önnur vandamál, þessi vandamál sjálfsagt líka, varla hafa þau verið þarna undanskilin, loðnuskipavandamálin. Allan desember og nóvember og allan janúar er fyrst og fremst talað um vanda skipanna, en hann var mikill, og það fannst engin lausn eftir að menn voru búnir að kasta 9. gr. til hliðar. Þau lög tóku gildi 1. jan. sl. Ég segi ekki að henni hafi verið hafnað fyrir áramótin, en það voru ekki margir dagar sem hún var búin að vera í gildi þegar hæstv. sjútrh. fór að tala um að það væri ekki hægt að beita þessari grein. Hann var með ákveðin rök fyrir því, en þau rök sáu margir fyrir sl. vor, að henni mundi ekki verða beitt og ætti sjálfsagt aldrei að beita henni vegna þess að hún er í sjálfu sér óréttlát. Sjútvrh. var fyrstur manna til að lýsa því yfir að þessari grein mætti ekki beita. Og þá var það fundið upp, eins og ég sagði áður, að nota

Hagræðingarsjóðinn. Þar fannst nefnilega kvóti sem væri ekki tekinn frá neinum. Og umræðan komst á þetta sígilda, góða ríkisstjórnarplan, hvort sem Alþb. eða kratar eða Sjálfstfl. eru í ríkisstjórn. Nú skal afhenda einum aðila hlut, í þessu tilfelli aflaheimildir, án þess að nokkur verði fyrir skerðingu. Nú skal leysa málin án þess að nokkur verði fyrir skerðingu, 12 þús. tonna þorskígildi verða bara tekin utan úr tóminu.

Er þetta boðleg umræða fyrir hv. Alþingi og fyrir þá sem lenda í því að verða skertir þó að hæstv. ráðherra og aðrir segi það að þessi hluti sé tekinn bara einhvers staðar og einhvers staðar frá og enginn finni fyrir því? Við vissum flest að formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, Kristján Ragnarsson, og líka hæstv. sjútvrh. kynnu ýmislegt fyrir sér. En að búa til aflaheimildir án þess að taka það frá einhverjum, það hélt ég að fáir hefðu gert sér grein fyrir að þeir gætu.

Úr þessu, eftir þeirri túlkun sem hér er, bæði í frv. sjálfu og því sem hæstv. ráðherra hefur sagt hér, þá þurfum við sjálfsagt ekki að vera í neinum vandræðum með það að fá aflaheimildir. Þær verða bara búnar til úr einhverjum sjóðum eins og t.d. þeim sjóði sem ráðherra ætlar sér að fara að úthluta úr núna.

Staðreyndin er nefnilega sú að í því kerfi sem við búum við og í auðlindum sem eru takmarkaðar, eins og þær auðlindir sem við erum að ræða um hér, þá verður aldrei einum eða neinum afhent eitthvað öðruvísi en það sé verið að taka það frá öðrum. Hitt er bara blekking og ekkert annað. Það er nákvæmlega sama aðferðin sem verið er að nota, hvort sem 9. gr. er beitt eða hvort það er tekinn kvóti úr Hagræðingarsjóði. Það er verið að taka afla og skerða flatt eins og sagt er. En það er merkilegt að þeir höfðu ekki uppgötvað þetta, þessir höfðingjar sem ég nefndi hér áðan. Fyrir nokkrum dögum voru smábátamenn vítt um landið að biðja um nokkur tonn til þess að leiðrétta ýmiss konar misfellur eða vandamál sem upp komu í úthlutun smábátakvóta. Þá kunnu þeir ekki að ná sér í kvóta svona eins og þeir gera nú í sjútvrn. Það var alls ekki hægt að finna kvóta á lausu fyrr en allt í einu þegar hæstv. sjútvrh. sá það að lögin sem samþykkt voru sl. vor var ekki hægt að nota. Það var ekki hægt að beita þeim. 9. gr. var óhæf.

Við þessa umræðu um að nú skuli úthluta úr Hagræðingarsjóði, þá er talað með mikilli umhyggju um þá sem veiða þorsk. Og eins og ég hef nefnt áður, þá er talað um að það megi ekki breyta 9. gr. vegna þess að hún sé svo ranglát við þær aðstæður sem við búum við núna. Það hefði verið gott að heyra þetta fyrr. En það er ósköp svipaður tónn í valdsmönnunum um það hvað sé hættulegt að skerða aflaheimildir skv. 9. gr. og þar með alla jafnt og þegar þeir eru að tala um kauptaxta láglaunafólks, þá tekjulægstu í þjóðfélaginu. Þeir setja sig í sérstakar stellingar, það verði að bjarga þeirra stöðu. Nú er sagt að það verði að bjarga stöðu þeirra sem hafa þorskveiðiheimildir með því að beita ekki 9. gr. á svipaðan máta og þegar valdsmenn eru að segja og fara í samninga: Við verðum að verja þá lægst launuðu. — Hvort tveggja er marklaust. Það hefur aldrei verið sýnt fram á að tónn valdsmanna í þeim málum hafi skilað sér. (**HBl:** Kjör þeirra lægst launuðu hafa versnað mest.) Gæti verið að þetta sé rétt sem hv. þm. Halldór Blöndal segir, að nú um stundir hafi kjör þeirra lægst launuðu versnað mest? Og allra kannski versnað þar með. Og gætu þá verið sannindi í því að það sem hæstv. sjútvrh. er að tala um núna, að það megi ekki skerða þorskveiðikvótann með 9. gr. (**Gripið fram í:** Hann segir það ekki.) Jú, jú, hann segir að það þurfi endilega að beita Hagræðingarsjóðnum. (**Gripið fram í:** Já, eins og er.) Það virki á svipaðan hátt og það sem menn hafa verið að tala um þá lægst launuðu. Í báðum tilfellum er verið að tala vel til þeirra sem verið er að skerða, jafnt hvort verið er að tala um þá tekjulægstu eða þá sem nú á að skerða samkvæmt þessu frv. Það er verið að reyna að tala vel til þeirra og verið að telja þeim trú um að það sé verið að bjarga þeim þegar verið er að taka frá þeim. Og allt gert í mjög góðum tilgangi eftir þeirra útlistingum.

Þetta frv. sem við erum að fjalla um hér leysir ekki þann vanda sem við blasir hjá öllum þeim fjölda sem tengist loðnuveiðum og vinnslu. Það leysir engan vanda að færa vandann yfir á aðra, jafnvel aðila sem eru verr staddir en þeir sem á að fara að hjálpa. Aðalatriði þessa frv. er tillaga um slíka leið.

Þau vandamál sem blasa við í sambandi við loðnubrestinn eru margþætt. Það á ekki að taka þar eitt vandamál út úr, jafnvel þó að það verði leyst á sérstakan hátt eins og hér er lagt til. Þeir sem eiga í vandræðum á öðrum sviðum eiga kröfu á því að þeirra vandamál séu ekki skilin eftir. Þau verði leyst jöfnum höndum og í tengslum við þann þátt þessa máls sem hér er fjallað um. Því ætti að fresta þessu máli nú. Það er sjálfsagt að ljúka þeirri umræðu sem hér stendur yfir, en láta málið síðan bíða í nefnd og skoða vandamál sveitarfélaganna, verksmiðjanna, hafnanna, þjónustustofnananna og verkafólksins og íbúa þeirra byggða sem vandamálið tengist og leita að sameiginlegri lausn.

Áhugi ríkisstjórnarinnar á þessu vandamáli hefur verið mjög takmarkaður eins og ég hef hér lýst. Sjútvrh. var oft búinn að nefna það að færa vandann til milli fyrirtækja og útgerðarþátta þegar ríkisstjórnin tók á sig rögg og skipaði nefnd til að fjalla um viðbrögð vegna loðnubrests. Þótt fimm ráðuneyti hafi fjallað um vandann eru tillögur þeirra varla burðugri en það frv. sem við fjöllum hér um. Það vakna miklu fleiri spurningar heldur en svarað er í því plaggi sem fylgir hér frv. sjútvrh., upplýsingar frá þessari nefnd. Það vaknar t.d. sú stóra spurning í sambandi við loðnuverksmiðjurnar: Hvaða verksmiðjur á að úrelda? Hverjar eru tillögur þessarar nefndar í því máli? Að slá hér fram þegar á að fara að leysa vandamál byggða að það þurfi helst að leggja niður þessa eða þessa verksmiðjuna, það tel ég mjög vafasaman hlut. Og að segja að það eigi að tengjast þessum vanda að fækka verksmiðjum kannski vítt um landið. Er þetta verksmiðjan á Raufarhöfn? Er þetta einhver hluti verksmiðjunnar á Siglufirði? Eða er þetta verksmiðjan á Þórshöfn, Neskaupstað eða hvar sem er? Svona upplátur eins og hér á sér stað er ekki réttur og síst af öllu við þá stöðu

sem við búum við í þjóðfélaginu núna, þá erfiðu stöðu byggðanna vítt og breitt um landið. Og það eru ýmsir aðrir þættir sem hljóta að vekja spurningar í þessum tillögum eða yfirferð nefndarmanna, en ég ætla að láta það eiga sig að fjalla um það sérstaklega núna. Það kemur til þess tækifæri við 2. umr.

En nú spyrja sjálfsagt ráðherrar og ríkisstjórnin, samstarfsflokkar: Ef þið teljið ekki okkar ráð góð, hvað viljið þið þá gera? Þetta er dálítið sígild spurning. Við höfum heyrt hæstv. sjútvrh. segja það ansi oft að við sem höfum verið að andæfa gegn fiskveiðistjórninni hefðum ekki neinar tillögur í þeim málum. Ég hef ekki viljað taka undir það og hef borið á móti því að svo sé, en samt hefur þessari fullyrðingu verið beitt ansi oft. Þetta eru nefnilega sígild svör þeirra sem ráða ekki við verkefni sitt eða vilja ekki leysa það. Sá sem er með ráðherravald á að hafa möguleika til að skoða ýmsar leiðir þegar leysa þarf vandamál líkt og þau sem hér blasa við. Ráðherra hefur tækifæri til að skoða málin betur en þingmenn og hefur tekið það að sér að undirbúa lagafrumvörp á þann veg að í þeim sé ekki tilætlun um að mismuna í þjóðfélaginu.

Í því frv. sem hér er til umfjöllunar er ákvæði um mismunun gagnvart aðilum, bæði gagnvart þeim öllum sem standa frammi fyrir vandamálum tengdum loðnubrestinum og þeim sem á að hjálpa og þeim sem á að taka frá sem í þessu tilfelli eru þeir aðilar sem tengjast þorsk- og bolfiskveiðum hringinn í kringum landið.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. sjútvrh. sérstaklega til hamingju með hinn nýja og ferska stuðningsmann sem hann hefur aflað sér í dag, og kannski hæstv. ríkisstjórn líka, þar sem í hlut á hv. þm. Halldór Blöndal. Það er ekki afleitt fyrir hæstv. ráðherra að fá stuðning slíkra hv. þm. eins og hér á í hlut og það fellur í sama farveg því að hæstv. sjútvrh. gegndi starfi hæstv. forsrh. fyrir stuttu síðan og féllst þá á kröfu hv. þm. Halldórs Blöndals um breytingu á kosningalögum og kannski er þetta gagnkvæmt núna, að hv. þm. Halldór Blöndal hafi lofað stuðningi við þetta vegna þess að það var farið að hans kröfu í hinu tilvikinu. Það er merkilegt og ástæða til að íhuga það sérstaklega hvernig þessar leiðir liggja saman hjá hæstv. ráðherra og hv. þm. Halldóri Blöndal, hvaða spottar það eru sem í er togað í hverju tilviki. En ekki meira um það.

Hæstv. ráðherra fór hér vítt og breitt um sviðið vegna þess frv. sem hér er um að ræða og ekki að ástæðulausu því að vissulega er það viðurkennt að hér er vandi á ferðinni. En það er líka spurning hvort það frv. sem hér er um að ræða tekur á þeim vanda eða bara hluta af honum. Og það heyrist mér almennt menn vera nokkuð sammála um að hér er einvörðungu tekið á kannski litlum hluta af því vandamáli sem um er að ræða. En ég held að það sé nauðsynlegt með örfáum orðum að rifja aðeins upp sögu eða aðdraganda þess sem nú er að gerast.

Ný lög um fiskveiðistjórnun tóku gildi nú um áramót og einnig lög um Hagræðingarsjóðinn. Þetta var samþykkt á Alþingi í maí sl. og ein rökin voru þau að hvor tveggja þessi lög væru með þeim hætti að þau eru ótímasett vegna þess að þau þyrftu að standa nokkuð langan tíma án þess að þeim yrði breytt. Það voru ein meginrökin fyrir því, m.a. hjá hæstv. sjútvrh., að hafa löggjöfina ótímasetta. Nú eru tæplega tveir mánuðir frá því að lögin tóku gildi og þegar er komið frv. um breytingu á löggjöfinni, komið frv. á þessum tíma þrátt fyrir það að engin reglugerð hafi verið sett fyrir þennan sjóð sem hér er um að ræða. Engin reglugerð komin út. Og það er nýbúið að skipa stjórnina í sjóðinn. Kannski segja menn eðlilega vegna þess að lögin tóku ekki gildi fyrr en núna um áramótin. En það eru ekki traustvekjandi vinnubrögð, sem hér er um talað, að nota þá röksemdafærslu við afgreiðslu laga hér á Alþingi, m.a. í þá veru að tímasetja þetta ekki vegna þess að lögin séu það merkileg að það þurfi að láta á þau reyna, en hlaupa svo upp til handa og fóta tæpum tveim mánuðum síðar með breytingu á viðkomandi lögum. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm., Halldór Blöndal, nýjasti stuðningsmaður hæstv. ráðherra? (**HBl:** Þetta er engin stjórnviska, segi ég.) Það er trúlega rétt hjá hv. þm., þetta er engin stjórnviska, en samt styður hann það dyggilega.

Hér hafa menn auðvitað talað um vandamál á fleiri sviðum heldur en nú steðja að varðandi loðnuna. Hagræðingarsjóðurinn var töframál þeirra sem á sínum tíma vildu koma honum á og virðist vera það enn. Og þeir fyrstu sem stuðluðu að því að sjóðakerfið svonefnda var lagt niður, eru nú hinir fyrstu sem sækja í sjóðinn, þennan nýstofnaða. Og það sýnir auðvitað hvers konar hráskinnaleikur það er sem menn hafa uppi í stjórnun fiskveiða, stjórnun hagræðingar innan fiskveiðistefnunnar og almennt í stjórnun hér í landinu, þegar svona liggur nánast á borðinu. Hagsmunasamtök í sjávarútvegi, bæði Landssamband ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og aðrir hagsmunaaðilar í þessu máli, voru sammála um að leggja niður alla sjóði. Þeir ættu ekki rétt á sér lengur. Og það var gert. Þangað til í maí í fyrra að þessi nýi sjóður sá dagsins ljós. Og þeir fyrstu sem biðja um úr honum eru þeir sem voru fremstir í flokki með að leggja niður sjóðakerfið.

Hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan að bæði Landssamband ísl. útvegsmanna og sjómannasamtökin mæltu með þessari leið og þvílíkur vitnisburður nægði til þess að það ætti að fara hana. Hvað sögðu þessir aðilar, bæði Landssamband ísl. útvegsmanna og sjómannasamtökin, bæði Farmanna- og fiskimannasambandið og Sjómannasambandið á sínum tíma um fiskveiðistefnuna? Þeir stigu fyrstu skrefin með hæstv. sjútvrh. til að innleiða þá fiskveiðistefnu sem við höfum núna og höfum búið við nánast frá því 1984. Og hver er reynslan af henni þó að þessir aðilar hafi nánast leitt þjóðina ásamt hæstv. ráðherra inn í þessa stefnu? Þeim fjölgar alltaf og það verulega sem eru andstæðir þessari fiskveiðistefnu. Þeir sjá með reynslunni til hvers hún leiðir. Og þetta er enn eitt dæmið um það til hvers sú fiskveiðistefna leiðir sem hæstv. ráðherra og hags-

munasamtökin öll upp til hópa hafa stuðlað að að næði fram að ganga, þannig að í mínum huga eru það engin sérstök meðmæli með þessu frv. þó að Landssamband ísl. útvegsmanna eða aðrir hagsmunaaðilar mæli sérstaklega með því. Það mætti kannski segja þveröfugt ef menn líta í ljós reynslunnar varðandi kvótann. Það mætti kannski segja þveröfugt.

Það hefur komið hér fram, án þess að ég ætli, virðulegur forseti, að teygja neitt úr umræðum hér eða tefja málið, það er engin ástæða til þess, en mér sýnist á öllu að með nýjum liðsstyrk við hæstv. ráðherra, þá sé nokkuð ljóst að málið er nánast í höfn með þessum nýja liðsstyrk þó að hv. þm., varaformaður þingflokks þeirra sjálfstæðismanna, segði hér eitthvað áðan á þá leið: Ég styð frv., en ég veit nánast ekkert um þingflokkinn minn, hann hefur ekki tekið afstöðu. Og nú bíðum við og sjáum hvað setur, hvort fleiri hv. þm. Sjálfstfl. hafa lagst á sveif með hæstv. ráðherra til þess að tryggja framgöngu þessa máls hér á Alþingi. Sé það svo, er það þá vísbending um eitthvað annað sem koma skal að kosningum loknum? Er það vísbendingin um það sem menn eru þarna að bralla sitt á hvað frá Framsfl. og sjálfstæðismönnum í hinu og þessu málinu? Er það það sem á að koma í framkvæmd eftir kosningar? Menn geta m.a. hugleitt þetta mál í ljósi þessa.

Nú hefur það komið hér fram að með lögunum sem samþykkt voru í maí sl. var verulega hert á skrifstofuhaldinu og einræðiskenndinni hjá viðkomandi hæstv. ráðherra, hver sem hann er hverju sinni, verulega hert á því að hann réði lögum og lofum í stjórnun fiskveiða við landið. (Gripið fram í.) Nei, það er eins gott að það heyrist ekki.

Það er auðvitað augljóst að lögin sem tóku gildi núna um stjórnun fiskveiða herða mjög á þeim aðilum sem hafa stundað þorskveiðar fyrst og fremst. Menn muna kannski hvað hefur verið sagt, sem er rétt um smábátaeigendurna, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir minntist hér á áðan. Það eru gjaldþrot hjá trúlega fleiri tugum ef ekki hundruðum fjölskyldna í landinu vegna þeirrar fiskveiðistefnu sem núverandi lög hafa innleitt. Það var ekki hlaupið upp til handa og fóta þá til að bjarga þeim aðilum í þessu máli sem eru trúlega ekkert færri en þeir sem eiga hlut að máli varðandi loðnuna. Og menn hlupu ekkert upp til handa og fóta þó hrefnuveiðar stöðvuðust og hafa verið stöðvaðar svo árum skiptir. Þar hafa heilu fjölskyldurnar þurft að búa við gjaldþrot vegna þess. Engin ástæða var séð til þess af ráðamönnum að gera eitt eða neitt í þá veru.

Það er auðvitað augljóst að með þessu frv. eru menn að skerða hjá þeim sem þegar er búið að skerða verulega hjá í þorskveiðum. Það er búið að skerða hjá þeim aðilum sem stundað hafa þorskveiðar undangengin ár svo mikið og enn frekar með núverandi fiskveiðistefnu, sem tók gildi um áramót, að það er ekki gerlegt að leggja meira á þá. Er skynsamlegt að leysa þann vanda sem fyrir höndum er, og ég viðurkenni að er nokkuð mikill en á kannski eftir að versna enn, með því að ganga á fiskveiðiflotann með þorskinn, skerða hann enn frekar til þess að láta loðnuskipin hafa hann? Á þetta þá ekki að vera sameiginlegt frá þjóðarbúinu öllu? Á þetta ekki að vera sameiginlegt skipbrot allra landsmanna og taka á því þannig? Það er stór spurning og kannski augljóst að það verður að gera meira en þetta. Þó veltur það auðvitað á því hvernig úr rætist varðandi aflamagnið, veiðarnar sjálfar. Ég sé ekkert réttlæti í því að ganga þá götu frekar að skerða þorskveiðarnar hjá þeim sem hafa sitt lifibrauð af því og dugar ekki til undir núverandi stjórn.

Mér fannst hæstv. ráðherra í sjónvarpsviðtali, líklega fyrir tveimur dögum eða svo, nánast vera með hótanir vegna þessa máls. Ég þori ekki að fullyrða hvort ég man það orðrétt en efnislega man ég það: Ef þetta frv. verður ekki samþykkt þá er það 9. greinin. 9. gr., sem hæstv. ráðherra taldi nauðsynlegt að væri inni í löggjöfinni sem var samþykkt í maí. Til hvers þá? Átti að nota hana sem hótun eða átti að beita henni? Svona hljóta menn að spyrja þegar svona er talað.

Hér sagði einhver áðan: Það er auðvitað nauðsynlegt að dreifa byrðunum réttlátlega. Ég held að það hafi verið hæstv. sjútvrh. sem sagði það. Og ég spyr á móti: Er þetta réttlát dreifing byrða að haga því með þessum hætti? Er þetta réttlætið? Er þetta eina réttlætanlega leiðin sem hæstv. ráðherra sér í því að leysa þennan vanda? Var ekkert annað til í huga hæstv. ráðherra, nú eða hæstv. ríkisstjórnar, þeirra sem þetta styðja? Þá er auðvitað ástæða til að spyrja — menn hafa talað um Alþfl., Alþb., Framsókn, ríkisstjórnarflokkana. Hvar er Borgfl.? Hvar er hann í þessu máli? Hvar eru ráðherrar hans? Og hvar eru fulltrúar hans hér í hv. deild í þinginu? Það væri ástæða til að fá vitneskju um það hver þeirra afstaða er í þessu máli. Ekki síst vegna þess að Borgfl. brást í því hlutverki sem honum var ætlað í þeirri lagasetningu. Það mál hefði fallið hér á hv. Alþingi ef fulltrúi Borgfl. hefði skapað sér þá stöðu sem hann átti að gera með því að koma í veg fyrir að lögin sem nú eru í gildi næðu fram að ganga. Þannig að Borgfl. ber að minnsta kosti mikla ábyrgð á því hvernig komið er varðandi stjórnun fiskveiða.

Hv. þm., nýjasti stuðningsmaður hæstv. sjútvrh., var undrandi á því að þingmenn vildu ræða um sjávarútvegsmál í tengslum við þetta frv. Ég sé ekki annað en að hér sé einn af stóru þáttum sjávarútvegsstefnunnar, sjávarútvegsmálanna, sem þetta frv. fjallar um.

Ég hef gagnrýnt harðlega, og geri það enn, þá fiskveiðistefnu sem við höfum búið við undanfarin nokkuð mörg ár og ekki hvað síst núna vegna þess að henni er miðstýrt héðan frá Reykjavík, henni er miðstýrt nánast frá einum einstaklingi, sem er sjávarútvegsráðherra hverju sinni. Þetta frv. eykur vald hans til miðstýringar. Það eykur vald hæstv. ráðherra til miðstýringar í þessum efnum. Það er verið að færa honum meira vald, verði þetta samþykkt, en þegar er í hans höndum vegna löggjafarinnar sem nú er í gildi um stjórnun fiskveiða. Ég er því andvígur. Það á ekki að vera nýtt fyrir neinum að heyra slíkt. Ég hygg að það hafi ekki þurft að fara í grafgötur með minn vilja í þessum efnum. Það ætti hver að hafa vitað fyrir. Ég er jafnmikið á móti

þessu eins og ég hef verið á móti þeirri fiskveiðistefnu sem hefur verið innleidd hjá okkur, sem er ekki hvað síst með þessu frv. að sýna að er svo meingölluð að menn geta átt á því von, hvenær sem er, að hæstv. ríkisstjórn, hver sem hún er, og hæstv. sjútvrh., hver sem hann er, grípi inn í með þessum hætti. Aukin völd, aukin miðstýring. Og ég er alveg sannfærður um það að þessi stefna á ekki langa lífdaga fyrir sér.

Ég hygg að menn hafi áttað sig á því að þeir verða að fara inn á nýjar brautir. Það hefur lítið sem ekkert staðist af því sem þessi löggjöf hefur talið að ætti að gera. Hún hefur skapað meiri vanda en hún hefur nokkurn tímann leyst og því verða menn auðvitað að átta sig á.

Ég skal, virðulegur forseti, ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Þetta er 1. umr. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að það eru auðvitað skynsamleg vinnubrögð, þó málið sé ekki komið til umræðu hér í þinginu að nefndir fái um það að fjalla, innan þeirra marka sem nefndarmenn hljóta að setja sér um að ekki sé verið að hnýta málin með einum eða öðrum hætti í afgreiðslu hér inni í þinginu þó nefndir fái að fjalla um það með þessum hætti.

Það kann vel að vera að mjög mikil nauðsyn sé á því að flýta þessu máli. Ég tek þó undir með hv. þm. Skúla Alexanderssyni að það er nánast einkenni á öllum umræðum hér um sjávarútvegsmál að það má helst ekki heyrast, hvorki hér innan veggja þingsins eða fyrir utan, fyrr en búið er að negla og njörva allt niður eins og hæstv. ráðherrar og meiri hluti hér á Alþingi vill hafa hlutina hverju sinni. Og þetta er auðvitað ljóður á því, þetta er ein mikilvægasta atvinnustefnan sem menn þurfa að hlúa að, þurfa að ræða um og þurfa að gera sér grein fyrir hvernig á að leysa þau vandamál sem þar eru uppi hverju sinni.

Ég tók eftir að hæstv. sjútvrh. sagði áðan: Verði þetta að lögum þarf ekki enn, ekki í þessu tilviki, að breyta 9. gr. Er hæstv. ráðherra að gefa eitthvað í skyn um að það kunni að verða gert, þrátt fyrir að þetta verði samþykkt? Á þetta bara að verða fyrsta skrefið í þessari göngu, þetta frv., og svo 9. gr. næst? Af því að það viðurkenna allir að það er kannski meiri vandi en menn eru að tala um sem þetta frv. kann að leysa. Það hefur verið bent á það að hér er bara verið að tala um hlut skipanna og kannski hugsanlega áhafna þeirra. En hér eru skildar eftir verksmiðjurnar, sveitarfélögin, verkafólkið. Það liggur allt eftir. Þó svo að þetta frv. verði samþykkt þá er þessi vandi fyrir hendi enn. Og ég sé það ekki, hversu velviljaður sem ég vil vera gagnvart hæstv. sjútvrh., eða þeim sem halda á þessu máli í hans umboði, hvort sem það er hv. þm. Halldór Blöndal eða einhverjir aðrir, þá get ég ekki séð að þetta mál . . . (**EgJ:** Ekki er hann stjórnarliði.) Stjórnarliði, Halldór Blöndal? Já, það upplýstist í dag, hv. þm. Egill Jónsson. Halldór Blöndal er orðinn stjórnarliði, einhver dyggasti stuðningsmaður hæstv. sjútvrh. í þessu máli. Það er á hreinu.

En að lokum. Ég sé ekki að þetta frv. leysi þann vanda sem við er að glíma. Ég viðurkenni þann vanda og tel að á honum þurfi að taka en með þessum hætti verður hann ekki leystur. Það er tekið af þeim sem hafa búið við þetta enn meira og fært til hluta af þeim sem eiga í vandanum en stór hópur liggur óbættur hjá garði að því er þetta varðar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að auka nokkrum orðum inn í þessa umræðu. Það má vel rétt vera hjá hv. 3. þm. Vestf. að það frv. sem hér er til umræðu leysi ekki þann vanda sem við er að fást. Það er sjálfsagt alveg rétt hjá honum, það gerir það ekki. En það er a.m.k. tilraun til að koma til móts við þá sem eru í vanda staddir vegna þess hvernig mál hafa á þessum vettvangi þróast. Það er tilraun til að leysa þennan vanda. Hún er umdeild, það hefur komið fram hér. En ég verð hins vegar að segja að mér finnst þessi umræða ekki einkennast af alvöru málsins, vegna þess að það er alvarlegt mál sem hefur gerst. Og það er, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, það er ekki bara alvarlegt fyrir sjómennina á loðnuskipunum, það er ekki bara alvarlegt fyrir útgerðir loðnuskipanna. Það er alvarlegt fyrir miklu, miklu fleiri. Og það er auðvitað næsta auðveldur leikur að koma hér í ræðustól og segja: Hæstv. sjútvrh., þetta er alveg ómögulegt. En það þýðir þá ekki jafnframt að vera hissa á því þó þeir sem þannig gagnrýna séu að því spurðir hvað þeir vilji gera. Það þýðir ekki að bera sig upp undan því að um það sé spurt. Mér finnst á það hafa skort að um það hafi komið skýr svör. Og það þarf auðvitað ekkert að fara um það mörgum orðum að á þeim sem segja sem svo: Þessi leið er ófær og ómöguleg, á þeim hvílir sú skylda að benda þá á aðrar og betri leiðir. Ég hef ekki heyrt það frekar en fyrri daginn.

Þegar frv. um stjórn fiskveiða og Hagræðingarsjóð voru samþykkt á sínum tíma höfðum við þingmenn Alþfl. ýmsar athugasemdir við þau að gera. Sumar af þeim voru teknar til greina að einhverju eða öllu leyti og aðrar ekki. Niðurstaðan varð auðvitað sú málamiðlun sem kannski enginn var raunverulega ánægður með. En engu að síður sú málamiðlun sem náðist í þeirri stöðu. Nú fjöllum við um þetta við breyttar aðstæður. Ég viðurkenni það að ég hafði ekki hugsað mér að nota þyrfti Hagræðingarsjóðinn með þessum hætti og á þessum tíma, þ.e. svona fljótt, og hafði bundið vonir við að hægt væri að nota hann til þess sem átti að vera og er hans höfuðmarkmið, að koma til móts við þau byggðarlög sem í vanda væru stödd.

Auðvitað er með nokkrum hætti verið að því með því sem verið er að gera núna tímabundið til átta mánaða. Það er verið að bregðast við vandanum. Það kom fram hér áðan að þingflokkur Alþb. vildi ekki standa að þessu máli með þeim hætti sem það liggur nú fyrir. Það er skylt að geta þess og láta það koma fram að málið varð ekki útrætt í þingflokki Alþfl. þegar það var lagt fram. Þar voru uppi skiptar skoðanir en þar var allverulegur stuðningur við málið, að mínu mati, án þess að um það hefðu verið greidd atkvæði. Það voru einstakir þingmenn sem höfðu um það athugasemdir. Það er bara eins og gengur og gerist að því er þessi mál varðar. Þar sýnist mönnum ekki eitt og veldur þar

ýmislegt. En það er ekki lausn á málinu að fresta því og bíða eins og ég heyrði lagt til áðan. Mér er þessi lausn ekkert alls kostar að skapi, langur vegur frá. Ég geri mér grein fyrir því að hún hefur marga annmarka. Ég held hins vegar að í þeirri stöðu sem við nú erum væri það ábyrgðarleysi að gera þetta ekki. Vegna þess að ég held að svo megi líta á að ef þetta frv. og þær ráðstafanir sem hér er gert ráð fyrir að gerðar verði ná ekki fram að ganga á Alþingi sé ég ekki, og ég tek það ekki sem neinar hótanir, að sjútvrh. eigi neinn annan kost en að beita þeim ákvæðum 9. gr. sem heimila skerðingu á alla. Þeir lögspekingar kunna að vera til sem halda því fram með rökum að ekki aðeins sé þetta óhjákvæmilegt heldur beri ráðherranum skylda til þess. Fyrir því er örugglega hægt að færa lagarök. Af því tvennu sem þá við blasir vel ég þann kost sem hér liggur fyrir, ekki með glöðu geði frekar en maður gerir ýmislegt í stjórnaraðstöðu og stjórnarsamstarfi fleira en gott þykir, en þó er þetta skárri kostur en að skerða veiðiheimildir flotans í heild. Það er ekki þar með sagt að þetta sé góður kostur.

En ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni. Mér finnst málflutningur gagnrýnenda málsins vera svolítið alvörulaus, svolítið úr tengslum við veruleikann. Og mér finnst hann ekki bera það með sér að þeir geti bent á raunhæf úrræði gagnvart þeim vanda sem hér er við að etja.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Við stöndum frammi fyrir ákveðnum vanda og hér hafa verið reifaðar hugmyndir um hvernig hann skuli leysa. Ýmist það að gera ekki neitt, að láta reyna á heimild hæstv. sjútvrh. varðandi 9. gr. núgildandi laga um fiskveiðistjórnun eða í þriðja lagi að fara þá leið sem lagt er til með þessu frv. Það hafa raunar ekki komið neinar aðrar formlegar tillögur fram varðandi lausn þessa vanda. Ég verð að játa það að mér finnst enginn þessara kosta fýsilegur, að ekki sé minnst á þá óvissu sem við stöndum frammi fyrir, þó svo að þetta frv. eða einhver önnur leið verði samþykkt.

Ég ætla aðeins að gera örfáar athugasemdir við þessa 1. umr. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því að nú þegar hafa verið veittar heimildir til þess að veiða 175 þús. tonn af loðnu úr stofni sem er 525 þús. tonn, en í máli hæstv. sjútvrh. og einnig forstöðumanns Hafrannsóknstofnunar kom fram að nauðsynlegt er talið að hlífa 400 þús. tonnum af hrygningarstofninum. Hér er því að mínu mati nokkuð frjálslega farið með tillögur Hafrannsóknastofnunar. Ég vil gera sömu athugasemd við 2. gr. en þar er líka verið að leggja til að farið verði langt fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar um rækjuveiðar, burt séð frá því sem fram kemur í grg. um að ástand stofnsins sé gott um þessar mundir. Það er okkur verulegt umhugsunarefni hversu djörf stjórnvöld eru við að ganga fram hjá tillögum fiskifræðinga. Það hefur verið gert svo að segja í hvert skipti sem úthlutað hefur verið veiðiheimildum og ættum við nú held ég að hugleiða það mál alvarlega og reyna að læra af því sem á undan er gengið og halda okkur alla vega nær tillögum fiskifræðinga. Okkur ber auðvitað fyrst og fremst skylda til að hugsa um framtíðina og þess að þeir sem á eftir okkur koma geti nýtt þessa auðlind líka.

Það eru fleiri óvissuþættir sem ég vildi nefna. Það kom fram á fundi sjútvn. í morgun að það gengur erfiðlega að selja loðnuafurðir nú um stundir og loðnumjöl á í samkeppni við sojamjöl, sem er mun ódýrara. Þá er einnig alkunna að mikið framboð er á rækju þannig að verð á henni hefur lækkað til muna að undanförnu.

Þriðji óvissuþátturinn snýr að atvinnumálum byggðarlaganna þar sem loðnubresturinn veldur verulegum samdrætti í atvinnulífinu.

Í því fskj. sem fylgir frv. og unnið er af samstarfsnefnd ráðuneyta er að finna úttekt á þeirri stöðu sem nú er uppi í ýmsum byggðarlögum. En tillögur um aðgerðir eru óljósar og engar ákvarðanir liggja fyrir t.d. um flýtingu framkvæmda á vegum hins opinbera sem þó er á valdi hæstv. ríkisstjórnar. Hefði ég viljað beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort við megum vænta þess að nú alveg á næstunni verði birtar ákvarðanir um að ríkisstjórnin hafi ákveðið að flýta framkvæmdum á einhverjum stöðum. Spurning mín var á þá leið hvort við getum vænst þess að ákveðnar tillögur komi fram frá ríkisstjórninni nú á næstunni um að framkvæmdum á vegum ríkisins verði flýtt á tilteknum stöðum.

Í þessu fskj. og grg. með frv. er minnst á tekjutap loðnuflotans og tekjumissi sveitarfélaga. Mér finnst lítt bera á áhyggjum af afkomu einstaklinga, þær eru alla vega ekki mjög áberandi. Það er vikið að Atvinnuleysistryggingasjóði en lítið minnst að öðru leyti á fjárhagslegar eða félagslegar afleiðingar þess fyrir einstaklingana sem hlut eiga að máli.

Með stofnun Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins samhliða afgreiðslu laga um stjórn fiskveiða á sl. ári þótti okkur kvennalistakonum aðeins örla á viðurkenningu á þeirri hugmynd og þeim tillögum okkar að nauðsynlegt væri að taka tillit til byggðarsjónarmiða við stjórn fiskveiða. Hagræðingarsjóður, eins og hann er nú, er þó reyndar fjarri hugmyndum okkar um að leggja 20% heildaraflans í sérstakan veiðileyfasjóð sem yrði til leigu, sölu eða sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga.

Það er auðvitað eitt af því sem við hljótum öll að hafa áhyggjur af ef upp kemur sú staða síðar á árinu að straumhvörf verða í atvinnulífi einhvers staðar á landinu vegna skipasölu, að ekki verði til neinar aflaheimildir í Hagræðingarsjóði. Það er auðvitað enn einn af þeim óvissuþáttum sem tengjast þessu frv. En það væri e.t.v. önnur spurning mín til hæstv. sjútvrh. hvort hann telji líkur á því að Hagræðingarsjóði muni standa til boða að kaupa skip á þessu ári, hvort menn viti um það nú þegar, hvort eitthvað kemur inn í sjóðinn.

Eins og heyra má á máli mínu hef ég uppi ýmsar efasemdir og það hafa fleiri haft hér í dag. Það er auðvitað ljóst og við gerum okkur öll grein fyrir því að þetta frv. leysir ekki allan þann vanda sem við blasir. Ég hef áhyggjur af því að við séum stöðugt að ganga

of nærri fiskstofnunum og eins að atvinnuleysi og upplausn geti blasað við í ýmsum byggðarlögum. Það vantar auðvitað algjörlega á enn þá að mótuð verði heildstæð atvinnustefna fyrir landið allt. Einn hæstv. ráðherra í núverandi ríkisstjórn fékk það verkefni þegar hann settist í ráðherrastól að móta hana. Það hefur hins vegar lítið bólað á að raunveruleg stefna kæmi fram. Það birtist ein skýrsla sem árangur af hugarflugsnefnd hans en síðan hefur svo sem ekki annað gerst en fregnir berast af misárangursríkum viðræðum við erlenda aðila um að koma hér á laggirnar mengandi stóriðju, sem eins og öllum hv. þm. ætti að vera ljóst er okkur kvennalistakonum mjög á móti skapi. Við teljum að við ættum einmitt frekar að byggja afkomu okkar á þeirri sérstöðu sem við höfum með hreint og ómengað land sem við gætum haft. Það er auðvitað líka eitt sem vantar í sjávarútvegsstefnuna og það er fiskvinnslustefna sem einhvers staðar er setning um í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um að mótuð skuli á þessu kjörtímabili sem nú er senn á enda. Þó aðeins hafi verið reynt að stýra þeim gegndarlausa útflutningi á óunnum fiski sem verið hefur á síðustu árum þá er ekki nándar nærri nóg að gert.

Ég vil láta það koma fram hér við 1. umr. að ég tel þá leið sem lagt er til í þessu frv. að farin verði illskárri en þá að hæstv. sjútvrh. beiti heimildum í 9. gr. til þess að skerða allan flotann. Það hefur margoft komið fram í umræðunni í dag að flotinn hefur verið skertur verulega á síðustu árum, um 24% frá 1987. Ég ítreka það að mér er ljóst að frv. leysir ekki allan vanda og það kemur til okkar kasta að meta hvort við teljum rétt að stíga það skref í átt til að leysa þann hluta vandans sem frv. gerir ráð fyrir þegar við afgreiðum það út úr nefndinni. Það er auðvitað sjálfsagt að almennar reglur gildi á öllum sviðum atvinnulífsins og að þær séu virtar, en mér sýnist að í þessari stöðu eigum við e.t.v. ekki margra kosta völ. Mér hefur ekki gefist tími eða ráðrúm til þess að ræða þetta frv. sérstaklega í mínum þingflokki, en við munum skoða það opnum huga og taka afstöðu til þess sameiginlega, eins og við reyndar reynum að gera í öllum málum sem um er fjallað hér. Ég vil endurtaka það að ég tel að sú leið, sem hér er lagt til að farin verði, er mér alla vega hugnanlegri en sú að allur flotinn verði skertur.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Auðvitað er það alveg rétt hjá hv. þm. mörgum sem hér hafa talað að með þessu frv. er ekki allur vandi leystur, enda sé ég enga leið til þess að leysa allan vanda vegna aflabrests í landinu. Ég vildi gjarnan að við ættum til slíkar lausnir en við hljótum samt að reyna að líta til þeirra vandamála og gera það sem hægt er í þeim efnum.

Það er að sjálfsögðu ekki hægt þegar svona kemur upp að benda á einn ákveðinn ráðherra og spyrja hann út úr um það hvað eigi að gera í þessu og hvað eigi að gera í hinu. Það hlýtur að vera allrar ríkisstjórnarinnar og þingsins að benda á leiðir í þeim efnum. Við höfum leitast við í sjútvrn. að taka eins heildstætt utan um þennan vanda og okkur er nokkur kostur, m.a. með því að kynna okkur sjónarmið fólks í þeim byggðarlögum sem talið er að fari hvað verst út úr þessu. Það er alveg ljóst að skoðanir eru skiptar og þar er engin ein leið einföld.

Ég tel það hins vegar mjög mikilvægt að taka á vandamálum verksmiðjanna. Það er alveg rétt sem kemur fram í þeirri skýrslu sem m.a. hv. 4. þm. Vesturl. vitnaði hér til, ég er þeirrar skoðunar að það eigi að reyna að fækka verksmiðjunum, ekki vegna þess að það sé áhugi fyrir því að ráðast gegn hagsmunum einstakra byggðarlaga heldur til að skapa framtíðarmöguleika í greininni.

Ég vil minna á það að frá 1976 hefur verksmiðjum í Noregi verið fækkað um 50 og var nauðsynlegt að takast á við þann mikla skipulagsvanda sem þar var. Ég held að allir geti líka verið sammála um að það að veiða 550 þús. tonn af loðnu með 418 skipum, eins og Norðmenn gera, getur ekki kallast afar hagkvæm fiskveiðistjórnun. Ég vildi biðja þá sem mest gagnrýna fiskveiðistjórnun hér á Íslandi að kynna sér hvernig framkvæmd þessara mála er í ýmsum nágrannalöndum okkar. Það má vel vera að það þyki góð rekstrarspeki að nota öll þau skip við veiðar en það er ekki von til þess að slík búmennska verði einhvern tímann hagkvæm. Auðvitað má hafa þetta allt með öðrum hætti ef engar arðsemiskröfur eru gerðar og allt má reka með tapi og biðja svo um aðstoð frá ríkissjóði.

Það er ekki það sem við blasir í íslenskum þjóðarbúskap að við getum rekið sjávarútveginn með þeim hætti. Hann verður að skila hagnaði og arði í þjóðarbúið, m.a. til þess að hægt sé að gera ýmislegt af því sem við viljum leysa í okkar samfélagi. Því er stundum haldið fram að vandamál byggðanna séu vandamál sjávarútvegsins. Það er vissulega rétt að þau vandamál sem skapast í sjávarútvegi verða jafnframt vandamál viðkomandi byggða. En það eru ýmis önnur mál sem er við að glíma í okkar samfélagi. Það hefur orðið gífurlegur samdráttur í landbúnaði, svo eitthvað sé nefnt, og það er gjarnan reiknað með því að sjávarútvegsfyrirtækin geti tekið við því ágæta fólki sem þar hafði áður vinnu. Sama má segja um margvíslegan framleiðsluiðnað og svo mætti lengi telja.

Ég ætla ekki að fara að ræða almennt um þau mál, enda ekki ástæða til þess að því er varðar þetta einstaka mál. Það liggur nokkuð einfalt fyrir og það kom alveg skýrt fram hjá hv. 6. þm. Vesturl. hér áðan, það eru nánast þrír kostir: að gera ekki neitt, að beita 9. gr. eða reyna að finna aðra leið.

Það er stundum að menn segja: Af tvennu illu vel ég hvorugt. Það hefur ekki þótt mikil speki en hv. 6. þm. Vesturl. hafði ekki þau ummæli heldur sagði: Af þrennu illu vel ég ákveðna lausn. Auðvitað er það hygginna manna siður að komast að slíkri niðurstöðu þótt það kunni að vera stundum erfitt. Ætli það sé ekki eins hjá þeim sem eru í því hverju sinni að standa í forsvari fyrir þessum málum, að þeir þurfi að gera það upp við sig hvaða vondi kostur skuli valinn. Ég get út af fyrir sig alveg tekið undir það sem þingmaðurinn

sagði hér að þetta eru þrír kostir og ég er alveg sammála henni að þessi kostur er bestur þótt ekki sé hann sérstaklega góður.

Ég skal reyna að svara þeim fyrirspurnum sem hér hafa komið fram. Hv. þm. Halldór Blöndal spurði um það hvaða heimildir væru til þess að senda skip til rannsókna með þeim hætti sem hefur verið gert í loðnunni. Því er til að svara að í 15. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, segir: „Ráðherra getur að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunar veitt heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna innan fiskveiðilandhelginnar og þurfa þær heimildir ekki að bera bundnar við íslenska aðila eina. En ætíð skulu slíkar tilraunir og rannsóknir fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar."

Það er á grundvelli þessarar greinar sem leyfin hafa verið veitt og talin nauðsynleg. Það verður ekki hjá því komist að skip sem send eru til slíkra rannsókna veiði eitthvert magn, en mikilvægt að takmarka þær veiðar þannig að þær verði ekki óhóflega miklar og það var gert í þessu tilviki.

Ég get vel tekið undir það með hv. þm. Halldóri Blöndal að það er vandi að velja skip til slíkra hluta. Það var allmikið rætt og nánast engin leið þar góð. Það var rætt um að draga skipin út. Að lokum var ákveðið að velja þau eftir stærð og hæfni til að stunda þessar rannsóknir en almennt er talið að stærstu skipin séu einna best til þess fallin og þau voru einfaldlega valin með þeim hætti. Nú hafa verið valin átta skip með þeim hætti. Ég hef heyrt það á fiskifræðingum hjá Hafrannsóknastofnun að þeim hefur líkað það vel að standa að málum eins og þar hefur gerst og vilja gjarnan gera það á næsta hausti. Ég tek undir það með hv. þm. að ég tel eðlilegt að leita til annarra skipa en þeirra sem hafa stundað þessar rannsóknir á þessum vetri þegar þar að kemur. Mér finnst það eðlileg sjónarmið, enda hafi þau skip til þess áhuga en það verður að taka fram að það voru ekki öll skipin sem hefðu getað farið til þessara rannsókna sem vildu það þannig að það gengu nokkur skip úr sem voru við önnur verkefni. Mér sýnist að við séum í sjálfu sér alveg sammála um þetta atriði. Ef það er dregið í efa að heimildir séu til til þess að standa að málum með þessum hætti þarf að skera betur úr um það, en það hefur ekki verið talið af lögfræðingum sjútvrn. Ég vil jafnframt geta þess að á sama grundvelli hafa þorskrannsóknir farið fram að nokkru leyti með aðstoð fáeinna togara um nokkurra ára skeið. Þær rannsóknir eru nú að hefjast í marsmánuði.

Að því er varðar spurningu hans um Fiskveiðasjóð þá er það alveg rétt sem fram kom í hans máli að það er vilji ráðuneytisins að þau skip sem ekki skulda í Fiskveiðasjóð og geta ekki fengið lánalengingu annars staðar, t.d. í sínum lánastofnunum — það verður að telja eðlilegt að lánastofnanir séu tilbúnar að lengja lán eins og Fiskveiðasjóður — að Fiskveiðasjóður geti lánað nokkurt fjármagn til slíkra aðila. Það er ekki komin endanleg niðurstaða í því en að málinu er verið að vinna á þeim grundvelli. Ég vænti þess að sú niðurstaða fáist og stjórn Fiskveiðasjóðs hefur haft fullan vilja á því. Það er alveg rétt eins og komið hefur fram að hér er á engan hátt verið að bæta að fullu, langt í frá, þann mikla skaða sem þessi skip hafa orðið fyrir heldur eingöngu verið að létta þeirra byrði þannig að þau hafi einhverja möguleika til að komast fram úr honum. Það er ekki nóg að þau fái þessar auknu veiðiheimildir heldur þurfa þau einnig á lánalengingum að halda.

Hvað liði almennum skuldbreytingum skipa. Ekki var horfið að því ráði, eftir að Atvinnutryggingarsjóður hafði framlengt lán mjög margra fyrirtækja allt í kringum landið, að fara út í beinar skuldbreytingar á vegum sjóða ríkisins heldur var farin sú leið að ræða það við viðskiptabanka og Fiskveiðasjóð. Ég veit að í mörgum tilvikum, þegar þessir aðilar hafa talið að um rekstrargrundvöll gæti verið að ræða fyrir viðkomandi skip, hafa slíkar skuldbreytingar átt sér stað. Það hafa verið viðbrögð ríkisstjórnar eða sjútvrh. í þeim málum. En auðvitað er það því miður svo í mörgum tilvikum að lánastofnanir hafa ekki séð að rekstrargrundvöllur væri fyrir hendi eða viðkomandi eigendur hafa ekki séð hann og því brugðið á það ráð að selja.

Það er einnig rétt hjá hv. þm. að starfsfólki Síldarverksmiðja ríkisins hefur verið sagt upp og hafin er vinna við endurskipulagningu á rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Ég hef talið það mjög mikilvægt að breyta rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins, ég tel það á allan hátt úrelt. Það liggur fyrir tilbúið frv. í ráðuneytinu um breytingar á Síldarverksmiðjum ríkisins. Það hefur ekki náðst um það samstaða hjá stuðningsflokkum þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar. Ég ætla ekki að fara að tilgreina ástæður í þeim efnum, en ég tel þetta form vera algerlega úrelt og því beri að breyta og þessar verksmiðjur starfi á sambærilegum grundvelli og önnur fyrirtæki í landinu. Ég tel því eðlilegast að fyrirtækinu verði breytt í hlutafélag, en hef talið að það væri réttara að félagið ætti allar þær verksmiðjur sem það á í dag því að með því er áhættunni dreift og reksturinn betur samræmdur. Hvort það eigi að fara út í það að skipta þessu fyrirtæki upp í mörg sjálfstæð félög er að sjálfsögðu atriði sem má ræða, en ég hef efasemdir um að það reynist hagkvæmara. Ég held þvert á móti að það sé hagkvæmt og traustara að reka þetta margar verksmiðjur í einu félagi. Við höfum oft orðið vör við það að þótt rekstur bregðist í einum landshluta þá kemur nokkurt magn til vinnslu í öðrum.

Hvort það megi treysta því að kjarninn af þessu starfsfólki haldi sinni vinnu get ég því miður ekki fullyrt um. Það er ekki í mínu valdi að fullyrða neitt um það. Það fer eftir því hvort tekst að leysa fjárhagsvanda verksmiðjanna en viðræður fara fram við Landsbanka Íslands um það mál nú. En það verður að segjast alveg eins og er að fyrirtækið hefur minna svigrúm til að leysa fjárhagsvandann nú en þegar loðnubresturinn varð fyrir nokkrum árum. Ástæðan er augljós. Hún er sú að fyrirtækið hefur lagt í miklar fjárfestingar og er þar af leiðandi mun skuldugra en það hefur oft verið áður og skuldug fyrirtæki eiga ekki eins létt með að leysa slíkan vanda og þau sem minna skulda.

Það voru ekki beinar spurningar hjá hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssyni. Og ég ætla ekki að fara að lengja þennan fund með því að rekja það sem hann sagði eða svara því. Hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason spurði hvort þetta væri eina réttlætið, var ekkert annað til? Það er sjálfsagt svo að ýmislegt annað er til og ekki get ég svarað því hvort ekkert annað er til. Þetta voru hins vegar einu úrræðin eins og hér hefur áður verið rakið sem komu upp í þeirri umræðu sem fram fór. En ef hv. þm. getur bent á önnur eru þau að sjálfsögðu vel þegin og það er sjálfsagt að ræða allt sem fram kemur í þeim efnum.

Hann spurði hvort sjútvrh. væri með hótanir. Það eru engar hótanir uppi í þessu máli eins og hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnson tók hér fram og alveg rétt hjá honum. Það verður hins vegar ekki vikist undan þessu máli og fram hjá því verður ekki gengið. Ég get hins vegar svarað hv. þm. Karvel Pálmasyni skýrt um það að ef þetta frv. verður samþykkt er það ekki ætlun núv. sjútvrh. að beita 9. gr. Það hefur komið skýrt fram í mínu máli að ég vil komast hjá því. Og ef þetta frv. verður samþykkt, svona nokkurn veginn í því formi sem það er, þótt það megi að sjálfsögðu ræða breytingar á því, þá er ekki ætlun mín að beita 9. gr. Ég hélt að það hefði komið svo skýrt fram í mínu máli að það þyrfti ekki að árétta, en ég geri það hér með.

Hv. 6. þm. Vesturl. spurði beint um það hvort til stæði að flýta framkvæmdum. Það er ekki í mínu valdi að svara því. Hins vegar eru uppi óskir um það á nokkrum stöðum á landinu, t.d. á Siglufirði, hvað varðar framkvæmdir við vegagerð, hvað varðar framkvæmdir við hafnargerð og margvíslegar aðrar framkvæmdir. Ég tel sjálfsagt að reyna allt sem hægt er til að verða við því ef það getur bætt atvinnuástand á viðkomandi stað. Hitt er svo annað mál að það hefur færst mjög í vöxt að bjóða út allar slíkar framkvæmdir og það er engin vissa fyrir því þótt þær fari fram að þær gagnist einvörðungu því fólki sem er í byggðarlögunum. Það er t.d. ljóst að verkstæðið á Siglufirði getur tekið að sér margvíslega smíði. Þar er mjög fullkomið vélaverkstæði sem vill gjarnan taka að sér margvísleg verkefni. Ég vænti þess að það verði hægt að útvega þessu ágæta verkstæði mörg verkefni. Þeir bentu t.d. á það að þeir hefðu viljað smíða hurðir í ný jarðgöng sem er verið að bora ekki langt frá þeim, en þar væri tekið hagstæðasta tilboði og þeir hefðu orðið undir í þeim efnum. Ég býst við því að svona verkstæði gæti vel smíðað ýmis möstur sem menn vilja byggja hér í landinu og ekki ólíklegt að þau geti smíðað efni í háspennulínur sem þarf að leggja um landið. Þetta eru atriði sem við þurfum að athuga mjög gaumgæfilega, en ég bendi hins vegar á að reglur um útboð og að taka hagkvæmasta tilboði standa stundum í vegi fyrir slíkum aðgerðum.

Hv. 6. þm. Vesturl. spurði um Hagræðingarsjóð. Ég vil benda á að Hagræðingarsjóður mun hafa 12 þús. þorskígildistonn til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu sem byrjar 1. sept. á þessu ári. Það eru nokkur byggðarlög sem þar hafa sótt um og eru til athugunar. Ég á ekki von á því að niðurstaða fáist í sum þeirra mála fyrr en í fyrsta lagi á komandi vori eða sumri. Því er alveg ljóst að þetta eru allverulegar veiðiheimildir eða helmingur þeirra sem eiga að ganga til byggðarlaga sem illa eru stödd og kemur ekkert í veg fyrir það að undirbúningur að því er varðar framkvæmd þeirra laga haldi áfram. Það hefur nokkuð verið gagnrýnt hér að reglugerð hafi ekki enn verið gefin út. Það er alveg rétt. Það stafar af því að stjórn sjóðsins var mjög seint skipuð vegna þess hve seint tilnefningar bárust þrátt fyrir mikla eftirgangssemi. Stjórnin hefur verið að fjalla um drög að reglugerð en hún verður sett svo fljótt sem verða má. Það er hins vegar rétt að það hefur nokkuð verið hægt á þeirri vinnu vegna þeirra hugmynda sem hafa verið uppi um það að ráðstafa tímabundið þessu aflamagni til loðnuskipanna.

Herra forseti. Ég vænti þess að ég hafi að mestu svarað því sem beint var til mín og vænti þess að þetta mál geti fengið skjóta meðferð hér á þinginu. Með því er ég ekki að segja að þingið eigi ekki að taka eðlilegan tíma til að fjalla um málið. Það er einnig gagnrýnt hve mál berast oft seint til síðari deildar, hvort sem það er Nd. eða Ed. Það er að sjálfsögðu líka mikilvægt að hv. Nd. fái góðan tíma til þess að fjalla um þetta mikilvæga mál.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það eru fyrst og fremst tveir þættir sem hafa komið fram í þessari umræðu sem getur orkað tvímælis að hafi verið skýrðir rétt. Það er í fyrsta lagi allt að því fullyrðing hv. 3. þm. Vesturl. Eiðs Guðnasonar um að sjútvrh. sé bundinn því að beita 9. gr. Skyldurnar ráðherrans eru ekki svona stífar heldur er honum heimilt að beita henni. Það er þó nokkuð mikill munur á því að hafa heimild til að gera einhverja hluti eða að það sé bundið skyldu. Ráðherra hefur að vísu lýst því yfir að hann meti stöðuna þannig að þessi heimild sé allt að því skylda eða nálægt því. En ég tel að það sé ekki á þann veg. Vitaskuld er undir þessum kringumstæðum ráðherrans að meta það.

Svo er það yfirlýsing hv. 6. þm. Vesturl. — báðir þessir þingmenn eru líkast til farnir af fundi — sem hæstv. ráðherra tók undir, þ.e. að ekki væri um nema þrjá kosti að ræða í þessu máli. Í fyrsta lagi sú tillaga sem hér er uppi að beita Hagræðingarsjóði og fleiri aðgerðum, eða 9. gr. eða þá gera ekki neitt. Ég vil segja að sem betur fer er málið ekki það lokað að ekki sé hægt að hugsa sér fleiri leiðir. Ég nefndi það í ræðu minni að sjálfsagt væri staða loðnuflotans að því leyti best að það væri auðeldast að leysa það vandamál eða vandamál flotans. Það kemur m.a. til af því að eignin í loðnuflotanum er á þann veg að það er sjálfsagt miklu meira veð í flotanum en t.d. í loðnuverksmiðjunum, fiskimjölsverksmiðjunum, sem bankarnir hafa lýst yfir að þeir treystu sér ekki til að lána vegna þess að veðið í þeim eignum væri ekki mjög mikið. Sá kostur er vitaskuld fyrir hendi að þessum flota sé útvegað lán annaðhvort úr sameiginlegum sjóði eða fyrir hvert skip vegna þess að það sem hér er verið að tala um er ekkert annað en peningar. Þó að við séum að tala um þetta sem kvóta eða aflaheimildir þá er

staðreyndin sú að mestar líkur eru fyrir því að fæst af þessum skipum muni nota þessar aflaheimildir heldur aðeins verða sér úti um peninga í einhverri mynd fyrir þessar aflaheimildir. Lausnin er því greinilega til á hinn veginn, annaðhvort að skipunum verði útveguð sérstök lán til langs tíma, jöfnum höndum og lán þeirra yrðu framlengd, eða þá, sem ég teldi nú vænlegasta kostinn, að stofnaður væri aflatryggingasjóður loðnuflotans sem tæki lán svipað og gert var við myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1988 þegar tekin voru lán til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, og veita þessum skipum lán úr slíkum sjóði. Það mætti hugsa sér að síðan yrði sá sjóður byggður upp á næstu 15–20 árum um leið og vandamálin, sem við blasa í dag, yrðu leyst.

Það er hægt að nefna ýmsa fleiri þætti, en alls ekki loka sig inni að það sé annaðhvort að gera þetta sem hæstv. ráðherra er að leggja til með þessu frv., beita 9. gr. eða gera ekki neitt. Sem betur fer eru möguleikarnir margir fleiri.

En mér finnst, eins og hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason sagði, að meðferð þessa máls einkennist ekki af nægilegri alvöru. Ég tel að ríkisstjórnin hafi ekki tekið af nægilegri alvöru á þessu máli öllu saman, ekki neitt sérstaklega máli loðnuskipanna, heldur öllu í heild. (**KP:** Heldurðu að þingmaðurinn hafi meint það?) Ja, hv. þm. nefndi það að sér fyndist að umræðan um þetta mál einkenndist ekki af nægilegri alvöru og ég tek alveg undir það.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Við eigum eftir að spjalla um þetta við 2. umr. og fjalla um frv. frekar í nefnd. En mér þykir miður að þessir ágætu þm. Vesturl. skuli ekki vera hér af því að ég taldi ástæðu til þess að benda á það sem kom fram í ræðum þeirra.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er meira aðdráttaraflið sem hæstv. sjútvrh. hefur hér í dag. Nú er hann kominn með Kvennalistann líka inn í dæmið, hálfgerða stuðningsaðila við málið. Og enn má fagna með hæstv. ráðherra hvernig hann fjölgar í liðinu sem ætlar að standa að þessu.

Það er auðvitað slæmt að hv. þm. Eiður Guðnason skuli ekki vera hér til staðar en ég tel rétt að víkja aðeins örfáum orðum að því sem hann sagði og það talaði líka hæstv. sjútvrh. um. Þeir segja að þeir sem segja að þessi leið sé ómöguleg verði að koma með aðrar tillögur. Þetta er auðvitað gamli tónninn alltaf hreint, alltaf það sama. Hvorki hæstv. ráðherra né hv. þm. Eiður Guðnason hafa þá hlustað á mitt mál áðan. Ég gerði að vísu enga beina tillögu en ég spurði þingdeild og hæstv. ráðherra um það hvort það væri ekki skynsamlegra, eða hugsanlegt, að menn tækju þetta úr sameiginlegum sjóði landsmanna heldur en að taka brauðið frá þeim sem verst eru settir í þessu tilviki, auka vanda fleiri en eru í honum núna. Mér sýnist nefnilega að hæstv. ráðherra og þeir sem að hessu standa hafi talið þetta einu leiðina sem kæmi til greina. Og mér finnst þeirra skammsýni miklu meiri en okkar hinna, að setja þetta fram svona og tala um það svona. Auðvitað getur ríkisstjórn ef hún vill fundið aðra leið en þessa ef hún vill fara hana sjálf eða telur hana betri. En það er augljóst að hæstv. sjútvrh. hefur talið þessa leið hina einu færu. Það er auðvitað hans skoðun og þeirra sem það telja og ekkert við því að segja. En ég tel að það sé rangt að halda því alltaf fram að við sem höfum verið að andæfa gegn því kerfi sem hér hefur verið við lýði frá því 1984 og innleitt allt tapið í sjávarútveginum, láta það versna alla tíð síðan, aldrei verið verra heldur en á árinu 1990. Þetta kerfi hefur innleitt allt tapið sem hæstv. ráðherra var að víkja hér að áðan þegar hann var að spyrja hvort menn vildu hafa sama hátt á og Norðmenn hefðu með sínar fiskveiðar. Síðan hefur allt verið í bullandi tapi undir þessari stjórn, þrátt fyrir eða vegna þessa. Við erum ekkert lausir við tap á fyrirtækjum í fiskvinnslu þó að þessi kvóti hafi verið innleiddur og hafi verið í gildi í þennan tíma.

Menn segja hér: Þetta er aðeins tímabundið til átta mánaða. Geta menn fullyrt um það? Er mönnum það alveg ljóst og geta menn lýst því hér yfir að það verði bara þessi 8 þús. tonn, þetta verði bara til átta mánaða? Hvað á að taka við eftir átta mánuði, að kosningum loknum? Hvað á þá að taka við? Það er alveg ljóst að þetta dugar ekki. (Gripið fram í.) Ég heyri að einn hv. þm. er kominn í salinn svo að það er kannski rétt að taka aðra törn á málinu.

Ég spurðist fyrir um það hér í dag hvernig væri með hæstv. ráðherra Borgfl. eða hv. þm. hans hér í deildinni, hver viðhorf þeirra væru til þessa máls því að varðandi ríkisstjórnina er bara talað um þrjá flokka, þrjá flokka úr ríkisstjórninni sem hafa um þetta fjallað. Það hefur aldrei verið getið um Borgfl. (**Sjútvrh.:** Jú, jú.) Ekki svo að ég hafi heyrt, hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Er ekki í nefndinni.) Ég hef ekki heyrt viðhorf þeirra borgaraflokksmanna og það er sjálfsagt að fá þau fram. En ég spyr: Geta menn sagt hér að þetta verði bara í átta mánuði þó að menn lýsi því fyrir fram yfir að þetta dugi ekki og mikið sé skilið eftir?

Ég neita því að menn séu að tala um þetta sem einu færu leiðina. Það séu bara þrír kostir, að gera ekki neitt, það er 9. gr. og það er þetta. Það eru auðvitað til fleiri leiðir, hæstv. ráðherra. Af hverju ekki að taka þetta af okkur, t.d. í skatti? Því ekki það? Er það ekki ein leiðin, að leggja á sameiginlegan skatt vegna þessa, alveg eins á okkur eins og hina sem búa við þröngan kost í fiskveiðum? Er það hugsanlegt? Ég spyr. Af hverju eigum við að sleppa við að taka á okkur hluta af þessum skelli? Og það mætti spyrja um fleira en þetta. Ég er ekki sammála því sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði og hæstv. ráðherra, að þetta sé bara eina leiðin og hana eigi að fara, ella verði hæstv. ráðherra að beita 9. gr. Ég tek undir með hv. þm. Skúla Alexanderssyni, það er engin skylda hans að gera það. Hann hefur heimildina. Hann getur komið með hvaða tillögu sem er sem hann telur réttlætanlega til að bregðast við þessum vanda. Mér finnst að menn einangri þetta um of þegar þeir tala með þessum hætti.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri nema frekara tilefni gefist til.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að hafa ekki hlýtt á hv. 3. þm. Vestf. hér í dag þar sem hann átti víst að hafa beint orðum til mín og míns flokks um afstöðu okkar til þessa frv., að ég best skildi. Hún liggur alveg ljós fyrir, enda erum við einn af þeim flokkum sem standa að þessu frv. og er ég þá að túlka skoðun Borgfl. en kannski ekki beint mína. Þetta var tekið fyrir á sínum tíma í þingflokknum og talið að þarna væri um að ræða þá lausn sem gæti fullnægt þeim vandamálum sem væri við að glíma vegna aflabrests á loðnuveiðum.

Ég ætlaði ekki að hafa langt mál um þetta frv. en taldi rétt að koma hér upp og lýsa þeirri skoðun sem minn flokkur hefur á þessu frv. Ef menn vilja ræða hér málefni sjávarútvegsins að öðru leyti þá held ég að hvorki sé tími eða stund til þess. Lög um fiskveiðistjórnun eru að taka gildi þessa dagana og menn eru að reyna að feta sig áfram í þeim flóknu lagareglum sem við á Alþingi samþykktum hér í fyrra.

En út af því sem hv. þm. Skúli Alexandersson talaði um má kannski segja að örlög þeirra sem stóðu ekki að frv. séu ráðin út af því að það er nokkuð ljóst að hv. 4. þm. Vesturl. og 3. þm. Vestf. verða mjög líklega ekki til þess að ræða næstu frv. um stjórn fiskveiða ef taka má mark á orðum þeirra sjálfra.

En ég tel mig hafa lýst skoðun míns flokks. Þegar þetta var lagt fram í þingflokki Borgfl. var ákveðið að mæla með því að þetta frv. sem sjútvrh. leggur nú fram mundi verða stutt af þingflokki Borgfl.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Guðmundur Ágústsson sé nú vart í sambandi við hæstv. sjútvrh. eins og hann talaði hér áðan. Hv. þm. segir að þeir borgaraflokksmenn hafi rætt þetta frv. og styðji það í ljósi þess að það leysi allan vanda sem við er að etja. (**GuðmÁ:** Það voru ekki mín orð.) Ég vildi óska eftir því ef hv. þm. heldur þessu fram að hann fái ljósrit af ræðunni því að ég fullyrði það að þetta voru orð þingmannsins. Í þessu ljósi eru borgaraflokksmenn alveg á öndverðum meiði við hæstv. ráðherra því hann hefur haldið því fram hér í umræðunni í allan dag, og það er rétt að undirstrika það, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, að hér hafa staðið yfir umræður í allan dag um sjávarútvegsmál og það hefði hv. þm. átt að vita. Þarna eru borgaraflokksmenn alls ekki sammála hæstv. ráðherra um málið. Hæstv. ráðherra lýsti yfir hér í umræðum í dag að þetta leysti ekki nema hluta af vandanum en þingmenn Borgfl. lýsa því hér yfir að þetta leysi bara allan vandann eins og hann leggur sig. Eitthvað hlýtur að bera á milli þarna. Og það væri auðvitað gott að fá það upplýst, hvort sem það er frá hv. þm. Borgfl. eða hæstv. ráðherrum hans eða sjútvrh., hvort þarna ber ekki eitthvað í milli, hæstv. ráðherra, milli fulltrúa Borgfl. í staðhæfingu um það að þeir gangi út frá því að þetta frv. leysi allan vandann eins og hann leggur sig eða því sem hæstv. ráðherra talaði um í dag að þetta væri bara hluti af lausninni, það leysti ekki allan vandann. Þarna er mikill munur á.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hafi mátt skilja orð mín þannig og hafi ég talað þannig að hér væri verið að leysa sjávarútvegsvandann eða vanda þessara loðnuskipa, (**KP:** Það var fullyrt.) þá vil ég taka fram að meiningin á bak við mín orð var sú að að sjálfsögðu er ekki verið að leysa allan vandann, hvorki þessara skipa eða annarra skipa með sjávarútvegsstefnunni sem uppi er. Ef svo væri þyrftum við ekki að ræða þessi mál hér eða önnur sem tengjast sjávarútvegi.

Það sem ég vildi segja er að þarna væri verið að reyna að finna leið til þess að jafna á milli skipa og reyna að finna leið til þess að koma til móts við þessa aðila sem vegna loðnubrests geta ekki farið á veiðar. Þetta var kjarninn í því sem ég vildi alla vega hafa sagt. Hafi hv. þm. Karvel Pálmason skilið mig á annan veg þá biðst ég velvirðingar á því.

En ég vil taka það fram að þegar þetta frv. fór fyrir minn þingflokk sáum við í sjálfu sér ekki aðra leið færa en að samþykkja það, enda skildist mér að samkomulag væri milli aðila í sjávarútvegi um að þetta væri leið til þess að koma til móts við eigendur þeirra skipa sem þarna er um að ræða.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það voru í fyrsta lagi þessi síðustu orð hv. þm. Guðmundar Ágústssonar um að það hafi legið fyrir þegar frv. var borið undir stjórnarflokkana að aðilar í sjávarútvegi hafi verið tilbúnir að standa að þessu. Þessi tilkynning kom a.m.k. ekki til Alþb. og það var ekkert reynt að þrýsta á samþykkt frv. á þeim grunni þar. En það hefur verið beitt öðrum brögðum við þá í Borgfl.

En þetta var ekki aðalerindið hingað upp heldur sú sérstaka kveðja sem hv. þm. sendi okkur Karvel Pálmasyni um það að okkar hlutur mundi verða frekar lítill hér á hv. Alþingi þegar að því kæmi að fjalla næst um fiskveiðistefnuna. Ég ætla að mótmæla þessu. Í fyrsta lagi er ég í framboði til Alþingis, þegar búið að ákveða það. Og þó ég skipi ekki sæti sem er ofarlega á lista þá er aldrei útilokað að ég geti verið hér á þingi þegar næst verður fjallað um þetta mál. Og í öðru lagi veit ég ekki til þess að Karvel Pálmason, og ég fer hér með skilaboð hans, hafi gengið frá því á einn eða neinn hátt að hann verði ekki í framboði í næstu kosningum. Það er algerlega ófrágengið mál. Guðmundur hefði getað gefið hér yfirlýsingu um sjálfan sig en ekki um okkur, mig og hv. 3. þm. Vestf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

55. fundur, þriðjudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 439, n. 655, 661 og 674.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Frv. þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í Ed.

Nefndin hefur fjallað um frv. og meiri hl. hennar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. Tveir minni hlutar eru í málinu sem leggja fram sín nefndarálit.

Að meirihlutaáliti standa Guðmundur G. Þórarinsson, Helga Hannesdóttir, Geir Gunnarsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Frsm. 1. minni hl. heilbr.- og trn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Lagabreyting sú, sem lögð er til með þessu frv., leggur auknar skyldur á Framkvæmdasjóð aldraðra án þess að fé sé veitt til sjóðsins sem dugar til að hann geti sinnt þeim skyldum. Sjóðurinn hefur árum saman verið skertur við afgreiðslu lánsfjárlaga og af þeim sökum hefur hann ekki getað annað því sem honum er ætlað. Nú, þegar ákveðið er að skerða ekki framlög til sjóðsins heldur auka þau, er bætt á hann verkefnum sem eru það viðamikil að ekki sér fyrir endann á því hvernig það dæmi lítur út þegar það verður gert upp. Þó má telja fullvíst að fé til nýframkvæmda muni skerðast, jafnvel verulega, með þeirri skipan mála sem felst í þessu frv. Því getur 1. minni hl. ekki stutt frv. nema framlög til sjóðsins verði aukin verulega til að mæta þeim nýju verkefnum sem sjóðnum er ætlað að sinna og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Ólafur Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Á þeim skamma tíma sem ég hef haft til umráða hér, sem er réttur sólarhringur, leit ég yfir þetta frv. um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989. Vissulega fagna ég því að í þessu frv. skuli vera viðurkenning á því að veita fé til viðhalds og endurbóta á mannvirkjum fyrir aldraða sem og að veita fé til reksturs þeirra mannvirkja sem tekin verða í notkun eftir að fjárlagaárið hefur hafist. Ég hygg að í þessu sé mjög góður tilgangur og menn vilja mæta þessu eins og hér er lagt til.

En hér er galli á gjöf Njarðar. Ef við lítum á stöðu Framkvæmdasjóðs aldraðra er það vitað mál að hann hefur verið févana á liðnum árum og ekki getað sinnt því hlutverki sínu sem tengist nýbyggingum. Mér er kunnugt um það að nú þegar liggja inni beiðnir sem eru á bilinu 700–900 millj. og ég get ekki séð að það sé hægt að setja sjóðnum önnur verkefni og ný jafnviðamikil og hér er lagt til öðruvísi en það fylgi því tillögugerð um fjárveitingu til sjóðsins. Um þetta hljótum við öll að vera sammála.

Upphaflega var áætlað að skerða þennan sjóð um 130 millj. kr. en lögbundin framlög árið 1991 áttu að vera 370 millj. kr. Mér er sagt að nú hafi verið leiðrétt skerðing upp á 130 millj., þannig að í fjárlögum munu vera 370 millj. kr.

Ég get ekki fellt þetta frv. vegna þess að það er það góður tilgangur með því, en ég get heldur ekki samþykkt frv. öðruvísi en að séð verði fyrir fjárveitingu til þessara mikilvægu þátta. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu þess.

Frsm. 2. minni hl. heilbr.- og trn. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Afstaða 2. minni hl. heilbr.- og trn. þessarar deildar er afar einföld. Við erum andvíg þessu frv. Ég heyrði að hv. síðasti ræðumaður talaði um hinn góða tilgang í því. Sá góði tilgangur er nú þegar í lögum sem ég sé enga ástæðu til að breyta vegna þess að það hlutverk sem sjóðnum er falið með gildandi lögum er svo stórt að því hefur engan veginn verið fullnægt. Þess vegna er alls ekki tímabært að bæta nýjum hlutverkum á þennan sjóð. Það þýðir í raun og veru það sama og að skerða fjármagnið til þeirra framkvæmda sem honum er ætlað að sinna. Þess vegna getum við ekki stutt þetta frv. á sama tíma og hundruð aldraðra borgara bíða eftir hjúkrunarplássum. Þess vegna greiðum við einfaldlega atkvæði gegn því.

Fram til þessa hefur ætlunin verið, og bæði rétt og skylt reyndar, að sjá fyrir því fjármagni sem þarf til að sinna þeim skyldum sem nefndar eru í þessu frv. til viðbótar þeim skyldum sem áður voru, þ.e. til þess að halda við og reka þær stofnanir sem reistar verða fyrir fé sjóðsins. Fyrir þessu hefur verið séð og á að sjá með öðrum hætti. Segjum nú að jafnvel væri hugsað fyrir nýju fjármagni vegna þessara nýju hlutverka, sem alls ekki er, í því felst hin mikla blekking. Það er ekki séð fyrir nýju fjármagni heldur einungis fyrir nýjum skyldum. Þetta er því einungis feluleikur sem reyndar kom í ljós með öðrum hætti þegar fjármagnið var skert á lánsfjárlögum.

Hitt er svo annað mál og vel má benda á og minna á í þessu sambandi að til þess að unnt sé að nýta með viðhlítandi hætti þau hjúkrunarrými sem vonandi verður bætt við á næstu árum þarf líka að hugsa fyrir því af alvöru hvað gera þarf til þess að fjölga í þeim stéttum sem sinna umönnun og hjúkrun. Ég er þeirrar skoðunar að hvaða kenningar sem menn hafa um aðferðir til að mennta þessar stéttir þá leysi framkvæmd þeirra kenninga alls ekki úr þessu máli. Sá þröskuldur sem hæstur er og stendur þarna raunverulega í vegi er gamalt viðhorf — þið afsakið ég segi það, kæru þingsystkin, er gamalt viðhorf karlmanna í heilbrigðiskerfinu, ekki síst til hefðbundinna kvennastétta í þeim

sömu greinum Það er ósköp einfaldlega það að menn halda enn, þess verður enn þá vart, að konur hafi einhvern veginn í húðinni og fingrunum tilfinningu fyrir því hvernig á að hjúkra þeim sem verst eru haldnir af sjúkdómum og elli, en vanmeta hins vegar allar þær miklu framfarir sem ýmsir þeir sem lagt hafa stund á nám í þessum greinum hafa svo eignast hlutdeild í.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi hópur sem við erum að tala um að sinna með frv. eins og þessu, með frv. um Framkvæmdasjóð aldraðra, hvað sem í því stendur, þá erum við að tala um að leita úrræða til þess að greiða úr þörfum, greiða úr vanda þeirra sem elstir eru. En ég er þeirrar skoðunar að það gerum við ekki með fullnægjandi hætti nema einnig sé hugsað um þennan þátt málsins. Í stuttu máli: Viðhorfið til hefðbundinna umönnunar- og hjúkrunarstétta þarf að breytast. Það þarf að bæta viðhorfið á þann veg að meiri virðing verði sýnd þessum stéttum. Það þarf að minnast þess að hinir öldruðu borgarar eiga það skilið að fá umönnun þeirra sem besta hafa þjálfun og þekkingu, byggða á þeim framförum og athugunum sem færustu menn í ýmsum löndum hafa gert og það atriði skulum við ekki vanmeta. Með þessum orðum mínum er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því og undirskilið að þekkingin ein dugi ekki, heldur þarf auðvitað líka viðhorfið og umhyggjan að vera leiðarljós þeirra sem starfa að umönnun aldraðra. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það leggi ekki aðrir fyrir sig þetta starf og það nám sem til þess dregur en þeir sem hafi til að bera þann áhuga og þá umhyggju sem þarf.

Þetta vildi ég, herra forseti, nefna í sambandi við þetta mál en ég tek það fram að sú breyting sem þetta frv. gerir á gildandi lögum leysir ekki vandann heldur eykur hann. Þess vegna greiðum við atkvæði á móti frv. því við viljum að þeim lögum sem nú gilda sé sinnt til fullnustu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég átti þess auðvitað ekki kost að taka þátt í umræðum þegar þetta frv. var lagt fram, en gerði við það nokkrar athugasemdir þegar það var sýnt þingflokkum. Ég held að þetta frv. sé dæmi um að nokkuð skortir á hér í landi að menn skipuleggi mál fyrir fram og hafi einhverja heildarhugmynd um út í hvað er verið að leggja.

Þær greinar frv. sem ég set stórt spurningarmerki við eru 2. gr. og 4. gr. Ég held að það sé ljóst að ef verulegur hluti af fjármunum Framkvæmdasjóðs aldraðra á að nýtast í viðhald og endurbætur þá verði ekki langt þangað til að stærri hluti af sjóðnum verði nýttur til þess. Hver maður getur vitaskuld sagt sér fyrir fram að hús þarfnast viðhalds og endurbóta og menn hefðu átt að sjá það fyrir hvernig ætti að sinna því.

4. gr. gerir ráð fyrir að veitt sé tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða og eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „. . . sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst."

Ég hlýt nú að spyrja: Hvernig getur slíkt gerst? Menn hefja ekki starfsemi stofnana á örfáum mánuðum án þess að að því sé verulegur aðdragandi þannig að það má nú vera lítil framsýni ef menn gera sér ekki grein fyrir að til stendur á næsta fjárlagaári að hefja rekstur eða breyta starfsemi. Ég held að þetta sé alveg gjörsamlega út í hött.

Þetta er auðvitað angi af miklu stærra máli. Greinargerðin með þessu frv. er t.d. afar óljós. Það er ákaflega erfitt að fá engar upplýsingar um einfaldar staðreyndir eins og: hvað eru margar slíkar stofnanir til í landinu, hvað er margt fólk á þeim stofnunum, hvað greiðir ríkið, þ.e. Tryggingastofnun ríkisins, mikinn hluta rekstrarins? Dæmi eru þess í okkar góða þjóðfélagi að menn hafa orðið ríkir af því að reka elliheimili fyrir peninga frá Tryggingastofnun ríkisins. Er þessi rekstur með eðlilegum hætti? Er eytt of miklum peningum í hann, o.s.frv.?

Ég held að miðað við hvað við höfum byggt mikið af þessum stofnunum sé mál til komið að við fáum eitthvert yfirlit yfir hvernig þessi rekstur hefur gengið, hvað hann hefur kostað, hvað hann er orðinn mikill að vöxtum. Ég hef, hæstv. forseti, áður lyft þeirri skoðun minni að varla sé hægt að ætlast til að allt fullorðið fólk á Íslandi eigi kost á slíku húsrými. Ég hef minnst á hvort ekki væri nær að miða fyrirgreiðslu Húsnæðisstofnunar ríkisins að því að hygla því fólki sem óskaði þess að hafa minni íbúð í sínu eigin húsi þar sem aldraðir foreldrar gætu verið, eða leitað yrði annarra leiða en þeirrar að setja allt fólk sem komið er um og yfir sjötugt inn á stofnanir. Mér finnst það óeðlilegt og hef alltaf sagt það.

Mér er fullkunnugt um að það er ástæða fyrir gagnrýni sem upp hefur komið um rekstur þessara stofnana. Ég sá í blöðum bæjarins nýlega að gagnrýnd var lyfjanotkun á þessum stofnunum. Ég hef séð það með eigin augum, það skal enginn voga sér að mótmæla því, að fólk sem aldrei á ævi sinni hefur sett upp í sig svefnlyf hefur fengið svefnlyf um leið og það hefur komið inn á slíka stofnun. Og ég er andvíg þessu. Ég er andvíg þessu með öllu. Þetta viðgengst og ég veit það. Ég held að menn ættu aðeins að bíða með að afgreiða þetta góða frv. og fá eitthvert yfirlit yfir hvar við erum stödd í þessum rekstri. Það er ákaflega óheppilegt þegar verið er, eftir örfárra ára reynslu, að breyta merkri löggjöf eins og hún vissulega var þegar Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður án þess að fyrir liggi hvar skórinn kreppir. Hvað er nákvæmlega margt fólk á t.d. stofnunum fyrir aldraða sem gæti allt eins búið á annan hátt?

Við skulum horfast í augu við að þetta er mjög dýr rekstur. Og auðvitað vil ég taka það skýrt fram að ekki skal ég hafa á móti því nema síður sé að við séum manneskjur til að búa öldruðu fólki góð og ánægjuleg lífskjör. En ég held að það eins og annað verði að gerast með dálítilli skynsemi. Ég hef marginnt hæstv. fjmrh. t.d. eftir því: Hverju hefur Lottóið breytt í uppbyggingu stofnana fyrir fatlaða? Ég hef engin svör fengið við því. Ég veit bara eitt: að það er búið að kaupa fyrir ágóðann af því á milli 60 og 70 íbúðir. Þess vegna vil ég vita hvaða áhrif það hefur á annað það fé sem veitt er til þessara hluta. Það er nefnilega afskaplega erfitt að stjórna löndum og þjóðum án þess

að hafa heildaryfirsýn yfir hvernig þetta fé er nýtt og fyrir hvern. Það er jafnljóst að fleira gamalt fólk á sín vandamál óleyst sem þyrfti að komast á hjúkrunar- og sjúkradeildir. Ég er jafnsannfærð um að fjöldinn allur af fullorðnu fólki sem hefur ekkert að gera inn á stofnun er þar. Þess vegna er ég dauðhrædd við að fara nú, án nokkurrar heildarumræðu um þessi mál, að breyta verkefnum Framkvæmdasjóðs aldraðra vegna þess að grunur minn er sá að þetta gæti farið út í mjög svo óskipulagðar fjárveitingar. Og eins og hv. þm. Ólafur Kristjánsson kom hér inn á áðan þá held ég að það sé afskaplega erfitt að gera sér grein fyrir því hvað þetta í raun og veru þýddi. Hvort þetta yrði ekki fljótlega til þess að nær allar nýframkvæmdir legðust af. Þess vegna vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, og þá nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta mál, sem er auðvitað hv. heilbr.- og trn., þar á ég ekki sæti og get þess vegna ekki beitt áhrifum mínum þar, en áður en ég samþykki eða hafna þessu frv. kysi ég að sjá athugun á því hvað umfang þessa máls er mikið. Hvað eru þessar stofnanir margar? Það hlýtur að vera auðvelt að gera áætlun um nauðsynlegar endurbætur og viðhald þannig að við vitum í raun og veru út í hvað við erum að fara.

Ég vil leggja á það áherslu, hæstv. forseti, að ég tel að okkur sé nokkur þörf á að fara að hafa einhverja heildaryfirsýn yfir þær stofnanir sem við höfum byggt á síðasta áratug. Það vill nefnilega svo til, eins og hv. þm. Ólafur Kristjánsson nefndi hér áðan, að það kostar líka rekstur þegar stofnanir eru teknar í gagnið. Allt þarf það að liggja nokkurn veginn fyrir hvort þetta eru viðráðanleg verkefni eða hvort við erum að fara út í blindgötu þar sem við komumst ekki á leiðarenda.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hafði ekki búist við mikilli umræðu um þetta frv. við 2. umr. en hann telur auðsætt að hér hafi komið fram fyrirspurnir og óskir um upplýsingar frá a.m.k. tveimur ráðherrum, hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. fjmrh. Af þeim sökum ætlar forseti að fresta þessari umræðu nú. Hún verður tekin upp á nýjan leik á morgun og þá gerðar ráðstafanir til að hæstv. ráðherrar verði hér viðstaddir. En það skal tekið fram að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur fjarvistarleyfi.

Umræðu frestað.

Flutningur Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 164, n. 659, brtt. 660.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntmrn.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og fengið til viðræðna Bryndísi Víglundsdóttur, skólastjóra Þroskaþjálfaskólans, Margréti Ríkharðsdóttur, formann Félags þroskaþjálfa, Sigrúnu Valdimarsdóttur, skólastjóra Lyfjatæknaskólans, Einar Magnússon, formann skólastjórnar Lyfjatæknaskólans, Önnu Sveinsdóttur, formann Lyfjatæknafélags Íslands, og Elínu Þrúði Theódórsdóttur, varaformann félagsins. Umsagnir bárust frá Lyfjatæknafélagi Íslands, en auk þess var stuðst við umsagnir sem nefndinni bárust á 112. þingi, en þá var málið ekki afgreitt.

Nefndin telur að einungis sé tímabært að flytja Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntmrn. en skoða þurfi nánar hvernig verði staðið að flutningi Lyfjatæknaskólans og Ljósmæðraskólans. Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta á þessu stigi lagaákvæðum um Sjúkraliðaskólann. Einnig þarf að breyta 6. gr. frv. og heiti þess.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Geir H. Haarde var fjarstaddur afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn heilbr.- og trn. rita undir það nál. sem hér liggur fyrir.

Brtt. eru á þskj. 660 og eru þess efnis að 1., 2., 4. og 5. gr. og seinni málsl. 6. gr. falli brott, sem og að fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til laga um breytingu á lögum um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 40/1985.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það má eiginlega segja að við stöndum hér yfir jarðneskum leifum þessa frv. sem upphaflega var flutt af hæstv. heilbr.- og trmrh. Þetta frv. var upp á sex greinar og nefndin leggur til að fjórar og hálf af þessum sex greinum falli brott. Eftir standi ein grein með einni setningu og loks setningin í 6. gr.: Lög þessi öðlast gildi á tilteknum degi.

Ég stend ekki hér upp til þess að gera ágreining út af þessu heldur eingöngu til að vekja máls á því og athygli á því hvernig að framlagningu stjfrv. er staðið hér á hinu háa Alþingi og hvers konar undirbúningur býr eiginlega að baki þegar stjórnarmeirihlutinn í virðulegri heilbr.- og trn. sér ekki annan kost en tæta frv. svona sundur og afgreiða það þannig að af sex greinum stendur eftir ein og hálf.

Ég hygg að það sé umhugsunarefni fyrir forseta og stjórnendur þingsins hvernig mál fara hér fram. Þetta þingmál, þó það sé nú ekki með stærstu málum þingsins, er á vissan hátt dæmigert fyrir það upplausnarástand sem hér hefur skapast við afgreiðslu þingmála.

Heilbr.- og trn. eyddi verulegu af tíma sínum í að fara yfir þetta mál og niðurstaðan varð sú að það varð ein og hálf grein brúkleg af þeim sex sem fram höfðu komið og þar með talið gildistökuákvæði frv.

Mér finnst það, herra forseti, hálfgerð vanvirða að undirbúa þingmál af hálfu ríkisstjórnarinnar ekki betur en hér hefur verið gert. Og eins og ég segi, ég tel að þetta sé dæmigert fyrir það ástand sem hér hefur skapast og spái því að þetta sé fyrirboði þess sem verða mun hér í þinginu á næstu vikum. Stjfrv. annaðhvort fáist ekki afgreidd, og harma ég það nú út af fyrir sig ekki, ellegar þá að þau verði öll rifin og tætt í sundur

með svipuðum hætti og þetta mál, ekki bara fyrir atbeina stjórnarandstöðunnar heldur ekki síður vegna innbyrðis ágreinings stjórnarflokkanna.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirrar ræðu sem hv. 14. þm. Reykv. hefur flutt hér.

Ég er ekki sammála þeim kjarna sem mér fannst leynast í hans ræðu að undirbúningur stjfrv. ætti að vera slíkur eða stjfrv. afgreidd með þeim hætti að þingið gerði sem minnstar athugasemdir við þau og þau færu þá væntanlega í gegn með sem allra minnstum breytingum.

Ég er í rauninni þeirrar skoðunar að Alþingi Íslendinga hafi verið og sé í allt of ríkum mæli afgreiðslustofnun ríkisstjórna. Að ríkisstjórnir leggi sín stjfrv. fram og þingið telji það skyldu sína að afgreiða þau með tiltölulega litlum breytingum. Ég tel það vera grundvallaratriði fyrir lýðræði í þessu landi og það stjórnskipulag sem við viljum helst búa við að Alþingi Íslendinga sé svo sjálfstætt að það treysti sér til hverju sinni að taka þau frv. sem fyrir koma með gagnrýnum huga, fjalla um þau og breyta þeim eftir því sem meiri hluti þingsins telur rétt vera en líti ekki svo á að stjfrv. skuli fara í gegn óbreytt eða að menn séu alfarið bundnir af því sem ríkisstjórn leggur fram.

Í rauninni er ég í grundvallaratriðum ósammála hv. 14. þm. Reykv. í þessu máli og hygg að ef hann hugsar sig betur um sannfærist hann um hvílíkt gríðarlegt atriði það er einmitt í lýðræði Íslendinga og stjórnskipun að Alþingi starfi sjálfstætt og taki frv. fyrir með þeim hætti að þegar nýjar upplýsingar berast og málflutningur og rök liggja á þann hátt þá sé það þingið sem er í raun löggjafarsamkunda Íslendinga sem tekur ráðin í sínar hendur. Því tel ég, burt séð frá þessu máli, að hér hafi eðlilegir hlutir gerst sem e.t.v. ættu að gerast oftar, að Alþingi taki gagnrýnum huga við þeim frv. sem ríkisstjórnin leggur fram.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. hefur kosið að breikka þessa umræðu eilítið frá því sem ég hafði í huga. Ég var að tala um tiltekið ástand á tilteknum tíma en ekki þá almennu, stjórnskipulegu spurningu hvort þingið eigi að starfa sjálfstætt eða breyta stjfrv. svona almennt séð. Ég tel að þingið hafi fullan rétt til þess og mætti gjarnan gera betur í mörgum tilvikum. Ekki síst þau stjfrv. sem sést hafa frá núv. ríkisstjórn í mörgum málum. Við höfum verið að ræða sum þeirra í mörgum nefndum þingsins í dag.

En ég tel hins vegar að afgreiðsla þessa frv., þar sem 75% af efni frv. er kastað í öskutunnuna af nefnd þingsins, sé lýsandi ástand um hvernig staðið er að undirbúningi mála af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni, enda tók ég fram að ég geri ekki efnislegan ágreining við það að hv. heilbr.- og trn. hefur treyst sér til þess að hafa vit fyrir stjórninni í þessu máli, ef það má orða það þannig.

En ég tel, eins og ég segi, að þetta sé lýsandi dæmi um hvernig staðið er að undirbúningi mála. Auðvitað er málflutningur hv. 10. þm. Reykv. líka lýsandi dæmi um það hvaða afstöðu einstakir þingmenn í stjórnarliðinu hafa og hvaða trú þeir hafa á málafylgju núv. ríkisstjórnar. En fyrr má nú rota en dauðrota þegar verið er að breyta stjfrv. og 75% brottfall er óvenjulega mikið. (**Gripið fram í:** Það hefur orðið 90% einu sinni.) Hefur orðið 90% einu sinni, segir hér reyndur þingmaður úr sæti sínu, hv. 1. þm. Vesturl. Ég þykist vita að hann sé með nokkur önnur frv. í huga sem hann vildi gjarnan afgreiða með þeim hætti hjá núv. stjórn.

Þetta var það sem ég vildi sagt hafa, virðulegur forseti. Ég skal ræða við hv. 10. þm. Reykv. um verkaskiptingu löggjafans og framkvæmdarvaldsins, stjfrv. og meðferð þeirra við betra tækifæri. Það passar kannski ekki alveg í umræðum um frv. um það hvort það eigi að flytja Þroskaþjálfaskólann frá heilbrrn. til menntmrn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 660,1 (1., 2., 4. og 5. gr. og seinni málsl. 6. gr. falli brott) samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

6. gr., fyrri málsl. (verður 2. gr.), samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 660,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Héraðsskógar, 1. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 588.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Héraðsskóga. Þetta er 236. mál og komið frá Ed. eftir nokkrar breytingar sem þar urðu á frv.

Það ætti að vera óþarft að rekja fyrir hv. alþm. aðdraganda þessa máls, hann er væntanlega nokkuð vel kunnur. En upphaflega má segja að þáltill. nr. 79/1988, um skógræktarátak á Fljótsdalshéraði, og síðar samþykkt ríkisstjórnar frá 27. maí 1989 marki upphaf þessa máls. Hefur síðan verið unnið að því og undirbúið sleitulaust síðan að hrinda í framkvæmd því skógræktarátaki á Fljótsdalshéraði sem hér um ræðir. Á sl. vetri var hliðstætt frv. lagt fram í hv. Ed. til kynningar og fór þaðan til umsagnar og voru þær umsagnir m.a. hafðar til hliðsjónar þegar málið var tekið fyrir að nýju á þessum vetri og unnið af hv. landbn. Ed.

Frv. markar lagaramma um það nytjaskógræktarátak á Fljótsdalshéraði sem hafið er og á grundvelli fjárveitinga undanfarinna ára og yfirstandandi árs. Það kveður á um helstu skilmála þessa skógræktarátaks, kostnaðarþátttöku ríkissjóðs og hlutdeild ríkissjóðs í afrakstri, heimilar þá samninga við þátttakendur átaks-

ins, þ.e. fyrst og fremst bændur sem hlut eiga að máli, og kveður með öðrum hætti á um framkvæmd verkefnisins, stjórn þess, reikninga og aðra slíka hluti.

Á frv. urðu í hv. Ed. eingöngu tvær breytingar og lutu báðar að hlutdeild ríkissjóðs. Annars vegar var hækkuð á nýjan leik í 97% kostnaðarþátttaka ríkisins í skógrækt á jörðum í ábúð og í 75% á eyðijörðum og í annan stað var hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri af verkefninu hækkuð úr 15% í 30%. Um þessar breytingar sem og um afgreiðslu málsins tókst fullkomin samstaða í hv. Ed. og skilaði landbn. samhljóða nál. þar sem mælt var með samþykkt frv. með þessum nefndu breytingum.

Óþarft er að minna hv. þingdeildarmenn á að til þessa verkefnis hefur verið tvö undanfarin ár varið allnokkrum fjármunum, fyrst til undirbúnings og síðan til beinna framkvæmda sem og fjárfestinga til að unnt sé að hefja plöntuframleiðslu og aðra starfsemi. Er sú fjárveiting sem fyrir hendi er á þessu ári allmyndarleg og dugar til að koma verkefninu á góðan skrið.

Þá er og rétt að nefna að bak við þetta mál er mikill hugur heimamanna sem m.a. hefur komið fram í mikilli þátttöku þeirra í stofnun hlutafélags til framleiðslu á plöntum sem ákveðið var að stofna og til að standa fyrir þeirri starfrækslu. Er mér tjáð að almannaþátttaka í því hlutafélagi sé nú orðin meiri á Fljótsdalshéraði og á Austurlandi en þekkst hefur áður í sambærilegum tilvikum.

Ég sé ekki ástæðu til í sjálfu sér, herra forseti, að fara ítarlega í einstökum atriðum yfir efni frv. enda ekki ýkja mikil lesning þeim sem það vilja kynna sér nánar, en vænti þess að sú góða samstaða sem tekist hefur um þetta tímamótamál í nytjaskógrækt í landinu, einkum hvað varðar þátttöku bænda í slíkri skógrækt, geti haldist og hv. Nd. afgreiði frv. greiðlega frá sér. Það er mikið og brýnt hagsmunamál fyrir þetta verkefni og alla sem að því standa að unnt sé nú að lögfesta þann grundvöll sem verkefnið byggir á því það þarf vel að vanda sem lengi á að standa. Hér er verið að hrinda úr vör langstærsta nytjaskógræktarverkefni landsins til þessa og því fyrsta þar sem fleiri tugir bænda og bújarða eru beinir þátttakendur. Í því felast óneitanlega tímamót sem við skulum vona að séu ekki bara frekar einstæð heldur boði þau upphaf fleiri slíkra verkefna og átaka í þeim héruðum landsins sem vel eru til skógræktar fallin. Ég er sannfærður um að bændur og landsmenn annars staðar en á Héraði og Austurlandi munu horfa til þess hvernig til tekst í þessu máli og binda við það vonir að það geti orðið fordæmi og boðberi þess sem koma skal víðar.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. deildarinnar.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðu um þetta mál sem hæstv. landbrh. hefur talað hér fyrir um skógræktarátak á Fljótsdalshéraði og lagaramma þar um. Ég fagna því að þetta frv. er komið frá Ed. og þar hefur tekist um það víðtækt samkomulag. Það voru skiptar skoðanir um kostnaðarhlut ríkisins áður en frv. var lagt fram, en í meðförum landbn. Ed. hefur tekist þar samkomulag um sem ég tel ásættanlegt og er ánægður yfir því að það skuli hafa tekist.

Ég el þá von í brjósti að þetta frv. verði samþykkt fyrir þinglok. Ég held að það sé nauðsynlegt vegna þess að það er áhugi fyrir málinu en bændur sem í þetta fara skortir þann ramma sem lögin setja utan um þetta verkefni. Það er mjög mikið fagnaðarefni ef þetta þing gengur frá þessu máli. Það er afar mikill áhugi fyrir þessu verkefni og þar fara hagsmunir allra saman, þeirra sem hafa áhuga fyrir byggð að hún dafni sem víðast, þeirra sem hafa áhuga fyrir landgræðslu og þeirra sem hafa áhuga fyrir búskap í sveitum. Þetta verkefni sameinar öll þessi áhugamál. Ég vona að þetta frv. fái góða meðferð hér í Nd. og takist um það áframhaldandi góð samstaða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búfjárhald, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 627.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um búfjárhald. Þetta er 199. mál og er á þskj. 627 eftir breytingar og 2. umr. í Ed.

Í frv. þessu birtist í raun og veru síðari hluti heildarendurskoðunar lagaákvæða um búfjárhald og búfjárrækt og kemur efni frv. í stað þeirra ákvæða í búfjárræktarlögum nr. 31/1973, sem enn hafa verið í gildi og varða lausagöngu gripa og forðagæslu. Einnig er þessu frv. ætlað að koma í stað laganna um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum nr. 44/1964, en framkvæmd þeirra laga hefur verið á hendi félmrn. eins og kunnugt er. Þannig eru í þessu frv. sameinuð öll ákvæði laga sem varða búfjárhald og er með tillögum þessum lokið endurskoðun á hinni faglegu löggjöf um búfjárrækt, jarðrækt og búfjárhald sem staðið hefur yfir undanfarin ár og að hluta til verið lögfest á líðandi kjörtímabili.

Frv. þetta er að stofni til samið af þriggja manna nefnd sem skipuð var 1. nóv. 1989 í beinu framhaldi af samþykkt Alþingis á nýjum búfjárræktarlögum. Nefndina skipuðu þeir Jón Viðar Jónmundsson ráðunautur, sem var formaður, Ólafur Dýrmundsson ráðunautur og Sigurður Sigurðarson dýralæknir. Nefndin skilaði tillögum sínum að frv. í byrjun mars á sl. ári og kemur fram í bréfi frá henni að samráð hafi verið haft við félmrn. um þá þætti frv. sem varða búfjárhald í kauptúnum og jafnframt við menntmrn. um þau ákvæði sem snerta dýravernd, en á þeim tíma, fyrir tilvist hins nýja umhvrn., heyrðu dýraverndunarlög undir menntmrn. Þannig var reynt að vinna að þessu máli í samráði við þau ráðuneyti sem verkefnum hafa að gegna á þessu sviði.

Frumvarpsdrögin voru á sl. vetri send búnaðarþingi sem þá sat og hefur síðan verið reynt að taka eftir föngum tillit til afstöðu og vilja búnaðarþings og ábendinga sem þaðan hafa komið.

Ef hlaupið er örstutt yfir efni frv. þá skiptist það í sex kafla, hinn fyrsta um markmið og yfirstjórn. Í öðru lagi um takmörkun búfjárhalds. Þar er gerð grein fyrir þeim samþykktum sem sveitarstjórnir geta gert og þeim heimildum sem þær hafa til að setja reglur og takmarka búfjárhald og stýra því. Í þriðja lagi eru svo ákvæðin um vörslu sem tengjast að sjálfsögðu einnig almennum ákvæðum og heimildum sveitarstjórna. Í IV. kafla er kveðið á um aðbúnað og meðferð búfjár, í V. kafla um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár, vel að merkja, og í sjötta lagi eru svo ýmis ákvæði.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða um efni frv. Á því urðu nokkrar breytingar í hv. Ed. sem landbn. deildarinnar lagði til og voru samþykktar einróma. Það var síðan afstaða landbn. að mæla einróma með samþykkt frv. að gerðum þeim breytingum. Aðeins einn þm., hv. þm. Kvennalista, 6. þm. Vesturl., hafði fyrirvara sem gerð var grein fyrir í umræðum um málið.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til hv. landbn. deildarinnar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskóli, 1. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 599.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um leikskóla. Frv. hefur í raun og veru þegar fengið þó nokkra umræðu eða forsendur þess í tengslum við frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem hefur verið hér til meðferðar á tveimur eða þremur síðustu fundum þessarar virðulegu deildar. Ég mun nú víkja að einstökum efnisatriðum frv. og forsendum þess, bæði hugmyndalegum forsendum og fjárhagslegum og gera grein fyrir þeim málum jafnharðan. Þetta er frv. sem hefur verið þó nokkurn tíma til meðferðar. Skipuð var nefnd í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, sem mynduð var í september 1988, en þar segir að undirbúa skuli lög um forskólastig. Nefndina skipaði ég síðan 25. jan. 1989 til að endurskoða lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, í þeim tilgangi að skapa ramma um nýtt skólastig, forskólastig, fyrir börn undir skólaskyldualdri. Nefndinni var einnig falið að gera áætlun um uppbyggingu og rekstur dagheimila og leikskóla næstu tíu ár og um æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði.

Í nefndinni áttu sæti Ásmundur Stefánsson hagfræðingur, forseti Alþýðusambands Íslands, Bergur Felixson, framkvæmdastjóri Dagvistar barna í Reykjavík, Gerður G. Óskarsdóttir, ráðunautur menntmrh. í uppeldis- og skólamálum, Guðrún Alda Harðardóttir, fóstra, Gunnhildur Gísladóttir efnafræðingur, Hallgrímur Guðmundsson, nú bæjarstjóri í Hveragerði, Sigríður Lillý Baldursdóttir eðlisfræðingur, sem hefur setið á þingi sem varamaður iðulega fyrir hönd Kvennalistans, Kristín Á. Ólafsdóttir borgarfulltrúi, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, sem einnig hefur setið á Alþingi fyrir hönd Alþfl., Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fóstrufélags Íslands, Svandís Skúladóttir deildarstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Sóknar. Ólafur Guðmundsson, þáverandi deildarstjóri í menntmrn., var formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti með þeim hætti að hún sendi frá sér tvö frv. Annars vegar frv. til laga um leikskóla og hins vegar frv. til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Allir nefndarmennirnir tóku þátt í gerð frumvarpanna en Ásmundur Stefánsson tók þó ekki þátt í samningu frv. um leikskóla, en hann tók aftur á móti þátt í smíði frv. um fjármögnun og ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla. Bergur Felixson skilaði séráliti sem birt er sem fskj. með frv. þessu.

Frv., eins og nefndin lagði það frá sér á sínum tíma, er birt í heild með þessu frv., en frv. tók nokkrum breytingum í meðförum ríkisstjórnarinnar, bæði í fyrravetur og sömuleiðis nú í vetur í tengslum við umræður sem fram fóru á milli stjórnarflokkanna um framlagningu þessa frv. og frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í yfirliti á síðu 12 í þskj. þá eru fjögur fylgiskjöl með því, þ.e.:

1. Frv. til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla og fjármögnun dagvistunar forskólabarna.
2. Tillaga frá forskólanefnd um átak í menntun fóstra.
3. Frv. til laga um leikskóla eins og það kom frá forskólanefndinni.

Loks birtast fjölmargar umsagnir sem bárust menntmrn. fyrir 12. okt. 1990, en umsagnir sem síðar hafa borist eru ekki prentaðar hér með en verða að sjálfsögðu aðgengilegar fyrir hv. menntmn. þegar hún fær málið til meðferðar.

Helstu rök að baki þess að leikskóli er uppeldis- og menntastofnun og heyrir þar af leiðandi undir menntmrn. og yfirstjórn þess, eru þessar:

Vandaðar, ítarlegar rannsóknir, m.a. erlendis og hérlendis, sýna fram á að börnum sem byrja snemma í góðum leikskólum gengur betur í skólum og atvinnulífinu síðar meir miðað við börn sem ekki hafa verið í leikskólum. Íslenskir foreldrar hafa frá upphafi þess að fyrstu leikskólar voru settir á stofn óskað eftir leikskóla, fjórum tímum, fyrir börn sín. Hefur þetta verið óháð atvinnuþátttöku kvenna þó svo að þörfina fyrir lengingu leikskóladags megi sjá í ljósi þjóðfélagsbreytinga og aukinnar atvinnuþátttöku kvenna. Þannig hafa foreldrar í þessu landi talið leikskólann hafa uppeldislegt og menntunarlegt gildi fyrir börn sín, talið leikskólann fyrsta skóla barnsins.

Menntun við hæfi er, eins og kunnugt er, réttur hvers og eins þjóðfélagsþegns, óháð kyni, þjóðerni, trúarbrögðum, félagslegum aðstæðum og ekki síst aldri hans og þroska, eins og margoft hefur verið staðfest í íslenskri löggjöf. Menntakerfi þjóðarinnar á öllum stigum, þ.e. frá leikskóla til háskóla og fullorðinsfræðslu, gegnir stærra hlutverki í samfélagi nútímans en nokkru sinni fyrr.

Nútímafjölskylda þarfnast skóla fyrir börn sín á öllum aldursskeiðum, skóla þar sem starfsemin er og verður viðbót við það er foreldrauppeldið getur veitt. Aldrei á æviskeiði einstaklingsins verða eins mikilvægar breytingar og á sex til sjö fyrstu æviárunum. Mikilvægt er að hlúa að fyrstu bernskuárunum og er því öllum þjóðfélögum nauðsynlegt að standa vel að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Fræðimenn sem núna reyna að sjá inn í framtíðina fullyrða að framtíðarmenntun felist fyrst og fremst í því að móta virka og skapandi einstaklinga með sjálfstæða hugsun og samvinnuhæfileika. Þannig byggist þjóðfélag okkar tíma að verulegu leyti á þeirri þekkingu og færni sem einstaklingar öðlast, svo og hæfileikum einstaklinga til samvinnu. Þessa færni þurfa börn nútímans að þróa í samspili við foreldra og fjölskyldu, en því til viðbótar við fjölbreytt verkefni og samvinnu við önnur börn undir handleiðslu sérmenntaðs fólks. Í dag eru það því fáir sem efast um gildi leikskólamenntunar fyrir barnið og þjóðfélagið allt, þó að þeir hafi verið margir fyrir allmörgum áratugum.

Eins og kunnugt er hafa leikskólar mjög lengi, eða frá því að fyrst voru sett lög um starfsemi þeirra á Íslandi, verið skilgreindir sem menntastofnanir og málefni þeirra hafa heyrt undir menntmrn. Menntunarlegar forsendur liggja því að baki innra starfi leikskóla. Þannig hefur leikskólinn verið í vissum skilningi skólastig en með þessu frv. er ætlunin að lögfesta leikskólann sem formlegt skólastig. Það er nauðsynlegt, og um það eru í rauninni allir sammála, að eitt fagráðuneyti fari með yfirstjórn menntamála á öllum skólastigum. Á þann eina hátt er mögulegt að hafa yfirsýn og marka framtíðarstefnu í menntunarmálum þjóðarinnar. Yfirstjórn leikskóla og grunnskóla þarf að vera sú sama og tryggja verður samfellu í menntun leikskólabarna og grunnskólabarna. Engar stórar þroskabreytingar verða að sjálfsögðu hjá barni sem hættir fimm eða sex ára í ágúst í leikskóla og þar til það byrjar fimm eða sex ára í september í grunnskóla. Börn eiga rétt á að samfella sé í uppeldi þeirra og menntun og að starfsemi og aðbúnaður í leikskóla og neðstu bekkjum grunnskóla sé sem líkastur.

Á allra síðustu árum hefur samstarf aukist á milli leikskóla og grunnskóla. Þannig hafa fóstrur og kennarar í auknum mæli sameinast um að draga úr þeim skilum sem verða þegar barn yfirgefur eitt skólastig og byrjar á öðru skólastigi. Náið og markvisst samstarf leikskóla og grunnskóla kallar þess vegna á sömu yfirstjórn.

Á undanförnum missirum höfum við í menntmrn. unnið að því að móta heildarstefnu í skólamálum, frá leikskóla til fullorðinsfræðslu, og við höfum jafnframt tekið mikilvægar ákvarðanir í þeirri stefnumótun og við framkvæmd hennar. Í því sambandi má segja að um málin hafi í raun og veru ríkt mjög góð samstaða, mjög góð hugmyndaleg samstaða. Því er hins vegar ekki að neita, og yfir það skal ekki reynt að draga fjöður hér úr þessum ræðustól, að það hafa verið deilur um málin að sumu leyti og menn hafa viljað í rauninni ýta þessum málum út af borðinu hjá sér með almennum kostnaðarröksemdum. Menn hafa sagt sem svo: Ef þessar hugmyndir koma til framkvæmda á næstu tíu eða tuttugu árum, þá þýðir það svo og svo mikinn kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin í landinu og/eða ríkið. — Og það er rétt. Það þýðir það.

Það er hins vegar alveg augljóst mál að þeir foreldrar, sem núna búa við þær aðstæður sem þekktar eru, að þurfa að þeytast á milli gæslustaða fyrir börn sín en hafa ekki örugga dagvistun, verða að leggja fram gífurlega fjármuni sem ekki hafa verið teknir saman í einstökum atriðum. Ég lét líta á það mál núna á sl. ári hversu mikill kostnaður gæti þar verið á ferðinni hjá foreldrunum. Mér sýndist í fljótu bragði að þar gæti verið um að ræða kostnað sem á einu ári næmi 1,2 til 1,7 milljörðum kr. Það er mjög erfitt að áætla þetta nákvæmlega vegna þess að rannsóknir liggja ekki fyrir.

Sá kostnaðarauki við, mér liggur við að segja, fullbúið dagvistar- eða leikskólakerfi sem gert er ráð fyrir hér í þessu frv. er 1,5 milljarðar kr. á ári. Til samanburðar má kannski geta þess að framlög ríkisins eins til grunnskóla á þessu ári eru 4500 millj. kr. eða þreföld þessi upphæð. Ég segi það fyrir mig, eftir að hafa farið yfir þessi skólamál og uppeldismál nokkuð rækilega núna síðustu missirin, að ef ég væri að koma að ónumdu skólalandslagi á Íslandi, þar sem enginn skóli hefði verið fyrir, þá mundi ég byrja á að byggja upp leikskólann. Ég mundi byrja á að byggja upp leikskólann vegna þess að ég held að þau slys sem oft verða í þeim efnum, þau slys sem oft verða einmitt á þeim aldri þegar börnin eru viðkvæmust, séu með þeim hætti að afleiðingunum verður ekki breytt þrátt fyrir góðan grunnskóla og framhaldsskóla. Því fyrir utan hin beinu útgjöld foreldranna í þessu efni sem ég var að drepa á, þá er það ljóst að kostnaður þjóðfélagsins almennt vegna vanrækslu við börnin á þessu stigi, á þessum aldri, er gríðarlegur. Ég tel því þegar menn eru að reyna að varpa skugga á þetta mál með því að segja að hér sé um að ræða óraunsæjar kröfur í kostnaði, þá held ég að það sé á misskilningi byggt, ég held það sé ekki um það að ræða að hér sé um stórfelldar kostnaðartölur að ræða. Ég vísa því a.m.k. algjörlega á bug að það séu stórar kostnaðartölur miðað við tjónið sem verður í þjóðfélaginu af því að þessum málum er ekki sæmilega sinnt.

Nú skulum við ímynda okkur, virðulegi forseti, að það hefði gerst árið 1974 þegar grunnskólalögin voru sett að kostnaður við framkvæmd þeirra til ársins 1991 hefði þá verið reiknaður út og sagt við þingheim: Þetta mun ákvörðun ykkar kosta. Hún mun kosta í raun og veru tvöföldun á framlögum til grunnskólans frá því sem er á árinu 1974 til ársins 1991. Ég er sannfærður um það að einhverjir hefðu hrokkið við ef þeir hefðu

séð þá tölu. Ég er svo sem ekkert hissa á því þó að menn hrökkvi við þegar þeir sjá leikskólatöluna sem við næðum kannski eftir 10 ár eða svo samkvæmt þessu máli eins og það liggur hér fyrir. En allt um það er það þó alveg ljóst að þeir sem hefðu 1974 eða 1934 talað um það að hér ætti ekki að reka grunnskóla á vegum ríkisins heldur á vegum sveitarfélaganna, að sveitarfélögin ættu ein að sjá um barnafræðslu í landinu, og að menn væru á móti því að styrkja skólann eins og þrátt fyrir allt hefur verið gert á árinu 1934 eða 1944 og ef við kæmumst í slíkar ræður í þingtíðindum þá mundu þær verða samfellt skemmtiefni hér í þessum sal. Þær væru minnisvarði um afturhaldsviðhorf sem sem betur fer heyrast ekki og hafa ekki heyrst um margra áratuga skeið. Ég segi þetta vegna þess að þeir sem nú eru að streitast á móti því að viðurkenna þann veruleika að við verðum að eiga góðan leikskóla, það verður gaman fyrir framtíðina að lesa um þau viðhorf í þingtíðindum ársins 2010. Og ég vona að enginn þingmaður, og ég veit það reyndar, að enginn þingmaður hefur áhuga á því að gera sjálfan sig að slíku skemmtiatriði.

Ég tel, virðulegi forseti, að það hafi verið óhjákvæmilegt að hafa nokkurn almennan inngang að þessu máli áður en ég kem að kynningu þess í heild. Ég mun nú víkja nokkuð að efni frv. sem slíks án þess að fara allt of nákvæmlega út í einstök atriði. Ég gæti auðvitað bætt við þennan almenna inngang því að þjóðfélagið sjálft, atvinnulífið og efnahagslífið og kjaramálastefnan í landinu hafa fyrir löngu sagt það við þjóðþingið og bæjaryfirvöld og sveitarstjórnir: Það verður að taka á þessum málum.

Hér á landi er atvinnuþátttaka kvenna meiri en nokkurs staðar annars staðar og það kom reyndar fram í máli sem við vorum að tala um í gær, sem var mótun vísinda- og tæknistefnu til ársins 2000, að svo að segja allur hagvöxtur hér sl. áratug á rætur að rekja til aukinnar útivinnu kvenna. Jafnljóst er hitt að við höfum ekki mætt þessum veruleika með sæmilegu skjóli fyrir börnin, því miður, og það frv. sem hér liggur fyrir er tilraun í þá átt. Áður en ég kem að einstökum atriðum málsins vil ég svo undirstrika það líka að um þetta mál, leikskólafrv. sem slíkt, er fullt samkomulag í núverandi ríkisstjórn. Fullt samkomulag á milli stjórnarflokkanna. Og þó að það sé skammur tími eftir af þinghaldinu nú, þá vænti ég þess að þinginu auðnist að afgreiða málið.

Í frv. er hugtakið leikskóli notað yfir þá starfsemi sem hingað til hefur verið nefnd dagheimili ef um heilsdagsdvöl barna hefur verið að ræða og leikskóli ef um hálfsdagsdvöl hefur verið að ræða. Orðið dagvistarheimili hefur gjarnan verið notað sem heildarheiti. Í notkun orðsins leikskóli í stað dagvistarheimili eða dagheimili felst ákveðin stefnumörkun. Lögð er áhersla á að í leikskóla fari fram markvisst uppeldisstarf byggt á leik og hvers konar sköpun í máli, myndum, tónum og hreyfingu, en ekki aðeins gæsla barna meðan foreldrar þeirra stunda vinnu.

Aðgreining í leikskóla og dagheimili er villandi og gefur í skyn að markmið þessara stofnana séu ólík. Með því að afnema skiptinguna er lögð áhersla á að hlutverk leikskóla sé það sama hvort sem barn dvelur þar fjórar eða níu stundir daglega, þ.e. að búa börnunum lærdómsrík og örugg leikskilyrði í hópi annarra barna og veita þeim markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra undir leiðsögn sérmenntaðs starfsfólks. Lögð er áhersla á það í frv. að leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans, í senn bæði markmið og leið og eðlilegt tjáningarform barna á leikskólaaldri.

Leikskólinn er uppeldisstofnun þar sem fram fer uppeldisstarf, kennsla og menntun í stað þess að líta fyrst og fremst á gæsluhlutverkið. Hér er í fyrsta sinni litið á leikskóla sem skólastig og það er mikil breyting frá því sem verið hefur. Lítill munur á eldri börnum í leikskóla og yngstu börnum í grunnskóla er með þeim hætti að það er auðvitað fráleitt að draga þar skörp mörk á milli.

Fjöldi barna á aldrinum hálfs til fimm ára hér á landi er núna 22.500. Um 47% þessara barna eru á dagheimilum eða í leikskólum eða um 11.000 talsins. Til þess að ná því marki sem frv. setur sér þá eru nú um 6700 rými þannig að það er nauðsynlegt að bæta við verulegum fjölda til þess að ná því marki sem við setjum okkur. Heildarútgjöld til leikskóla á ári frá sveitarfélögum eru 1,8 milljarðar kr. Dagvistarstofnanir eða leikskólar í landinu eru núna 215, fóstrur sem starfa við þessa skóla eru 500 og fjöldi starfsfólks með aðra uppeldismenntun er um 70 manns. Fjöldi ófaglærðra sem vinna við þessar stofnanir er um 800 og til upplýsingar skal þess einnig getið í þessu sambandi að Fóstruskóli Íslands útskrifar á ári um 60 fóstrur og fjöldi útskrifaðra fóstra frá stofnun Fóstruskóla Íslands er um 1250 talsins.

Fyrir þremur árum var flutt á Alþingi till. til þál. um að sett yrði löggjöf um nýtt skólastig sem komi á undan grunnskólastigi og var gert ráð fyrir því að á því skólastigi væri ekki skólaskylda heldur fræðsluskylda, ef svo má að orði komast, þ.e. val foreldra um hvort börn þeirra sæktu þennan skóla. Núv. ríkisstjórn setti síðan í málefnasamning sinn að sett skyldi löggjöf um nýtt skólastig sem þar var nefnt forskólastig. Í framhaldi af því var sett á laggirnar sú nefnd sem ég greindi frá áðan og ég tek það fram að fóstrur áttu myndarlega aðild að samningu frv. og hafa stutt það mjög eindregið eins og fram hefur komið.

Frv. þetta skiptist í tíu kafla. Í I. kafla er fjallað um gildissvið. Í III. kafla er fjallað um stofnun og rekstur leikskóla og hlutverk sveitarfélaga. Í kafla um yfirstjórn segir að menntmrn. fari með þau mál er lögin taka til og í VII. kafla er gerð tillaga um að réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar sé tryggður í lögum. Í VIII. kafla er gerð tillaga um þróunarsjóð leikskóla sem við stofnuðum reyndar 1989 en úr honum er veitt fé í margs konar þróunarstarf í leikskólum og einnig lagt til að menntmrn. ráði starfsmenn til að sinna tímabundnum rannsóknar- og þróunarverkefnum. Árið 1989 var fyrst veitt fé úr þessum sjóði, 3 millj. kr., og aftur árið 1990, 3,5 millj. kr. Hann hefur þegar orðið til þess að athyglisverð verkefni hafa verið sett af stað, t.d. um umhverfisvernd og

náttúruna og afrakstur þess getur orðið stuðningsefni sem nýtist um allt land. Þannig stuðlar sjóðurinn að framþróun og endurnýjun. Síðustu tveir kaflarnir fjalla síðan um ráðgjafarþjónustu og heilsuvernd og hollustuhætti í leikskólum.

Eins og kunnugt er þá er það þannig samkvæmt núgildandi lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að menntmrn. hefur með höndum faglega umsjón með starfi dagvistarheimila og skal vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þau mál. Samþykki menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili. Stofnun og rekstur þeirra er síðan á ábyrgð sveitarfélaga.

Það er litið svo á að verkefni menntmrn. á sviði leikskólamála séu m.a. eftirfarandi:

Að móta heildaruppeldisstefnu, m.a. með útgáfu uppeldisáætlunar þar sem kveðið er á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla og meginstefnu varðandi starfshætti.

Að sinna þróunar- og rannsóknarstarfi, m.a. með úthlutun styrkja úr þróunarsjóði leikskóla.

Að veita ráðgjöf og leiðsögn til sveitarstjórna og starfsmanna leikskóla.

Að hafa faglegt eftirlit með innra starfi leikskóla.

Að veita samþykki sitt til stofnunar leikskóla.

Að sinna alþjóðlegum samskiptum.

Að sjá um menntun starfsfólks.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, þá eru börn á aldrinum hálfs árs til fimm ára nú talin vera um 22.500 talsins. Samkvæmt spám Byggðastofnunar um fólksfjöldaþróun hér á landi er gert ráð fyrir því að fjöldi barna á þessum aldri um aldamót verði um 24.000. Nú eru 6500 heilsdagsrými í leikskólum í landinu, þar af aðeins um 420 fyrir börn yngri en tveggja ára. Um 3800 þessara rýma eru notuð af tveimur börnum hálfan dag hvort. Heilsdagsvistun, svokölluð dagheimili, eru í mörgum sveitarfélögum nær eingöngu fyrir forgangshópa, þ.e. börn einstæðra foreldra og í sumum tilfellum námsfólks. Um 20% kostnaðar af þessum stofnunum er nú greiddur af foreldrum. Í hálfsdagsvistun, því sem nú er kallað leikskólar, greiða foreldrar 35% kostnaðar. Sveitarstjórnir ákveða hvort rými eru nýtt fyrir heils- eða hálfsdagsdvöl. Nokkur sveitarfélög hafa eins og kunnugt er tekið upp sveigjanlegan viðverutíma barna.

Það er mjög erfitt í raun og veru að áætla þörf fyrir leikskólarými, en það er ljóst að þörfin er mjög mikil. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um dagvistun barna sem kom út árið 1989 kemur fram að 90% foreldra fjögurra til fimm ára barna í Reykjavík óska eftir því sem kallað er opinber dagvistun. Það liggja ekki fyrir tölur um aðra aldurshópa eða aðra landshluta.

Samhliða frv. um leikskóla, eins og fram kom hér áðan hjá mér, var samið á vegum ráðuneytisins og nefndarinnar frv. til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla. Þetta frv. hefur enn ekki verið lagt fram á Alþingi en er prentað sem fylgiskjal með þessu frv. um leikskóla. Í þessu frv. er lagt til að ríkissjóður leggi til leikskóla sveitarfélaganna ákveðna fasta krónutölu á hvert barn og vistunarstund, allt að átta stundum á dag. Heildarupphæðin nemi þeirri viðbót sem leggja þarf í rekstrarkostnað miðað við núverandi framlög svo tilteknu markmiði sé náð. Sveitarfélögin bæru þannig sama heildarkostnað og þau gera í dag og gætu fullnægt eftirspurn án þess að leggja í viðbótarkostnað fyrir sitt leyti. Einnig er í frv. gert ráð fyrir möguleika á stuðningi vegna stofnkostnaðar.

Í greinargerð með þessu frv. um fjármögnun er ítarlega farið yfir það hvernig þessi kostnaður gæti hugsanlega fallið til og um hann vil ég segja þetta. Það er alveg augljóst mál að fjöldi sveitarfélaga hér í landinu ræður eins og sakir standa ekki við þá uppbyggingu leikskólakerfis sem hér er verið að tala um. Og það er alveg ljóst, og við höfum þegar af því reynslu þó að það séu ekki liðin nema tvö ár síðan við samþykktum lögin um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að sú breytta verkaskipting dugir ekki minnstu og veikustu sveitarfélögunum.

Það er auðvitað nokkuð ljóst að Reykjavík, sem hefur talsverða peninga, hefur manni sýnst a.m.k. stundum þegar verið er að byggja hús úti í Tjörninni og uppi á hitaveitutönkunum, Reykjavík hefur fjármuni. Hún gæti byggt upp þetta kerfi. Hitt er hins vegar ljóst að önnur sveitarfélög, jafnvel stór sveitarfélög eins og Kópavogur, mundu eiga mjög erfitt með að koma til móts við þær kröfur sem verið er að gera í þessu frv. Þess vegna er það svo að ef hér á að vera um raunverulegt jöfnunarkerfi að ræða, raunverulegan leikskóla sem nær til allra, þá verður ríkið að koma inn í þá mynd. Það er algjörlega útilokað að ná framþróun í málefnum leikskólans öðruvísi en það komi peningar úr samfélagslegum sjóðum, hvort sem það er ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eða einhver annar sjóður sem kemur þar til skjalanna.

Það er nokkuð merkilegt að hugsa um það, virðulegi forseti, að við rekumst á það aftur og aftur um þessar mundir að menn eru sammála um að í rauninni dugi ekki þetta verkaskiptafyrirkomulag eins og það var ákveðið af því að sveitarfélögin eru mörg svo veik og svo misjöfn. Og það er kannski fróðlegt að nefna það að á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun voru lögð fram ein tvö mál þar sem bersýnilega var um það að ræða að menn viðurkenna að sveitarfélögin ráða ekki öll við þau verkefni sem þeim eru ætluð í dag. Mál eins og t.d. frv. til laga um brunavarnir og brunamál var kynnt í ríkisstjórninni í morgun. Þar kom fram að það er mat félmrn. sjálfs að það verður að koma til heildarátak í þessu efni þar sem ríkið kemur til skjalanna. Það að ætla sér að framkvæma verkaskiptinguna eftir þeirri stífu reglustiku sem var ákveðin 1989 er í raun og veru útilokað og þess vegna er það ekki goðgá heldur sjálfsagt mál að flytja hér á Alþingi frv. um það að fjármunir komi frá ríkinu, samfélaginu, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða öðrum sjóði til að byggja upp leikskólana í landinu. Fullkomlega eðlilegur hlutur og algjörlega fráleitt að vísa því á bug, algjörlega fráleitt. Ég hef hins vegar tekið eftir því að einn og einn sveitarstjórnarmaður er tregur í þeim efnum vegna þess að menn vilja líta á þessa ákvörðun um verka-

skiptingu ríkis og sveitarfélaga sem „ritúal", sem heilög vé sem megi ekki snerta. Ég vísa því á bug. Satt best að segja held ég að staðan sé þannig að í þágu félagslegrar þjónustu sé hin hreina reglustikuverkaskipting ríkis og sveitarfélaga ekki það besta sem geti komið fyrir fólkið í landinu. Þvert á móti er ég þeirrar skoðunar a.m.k., hvað sem aðrir segja, að það sé að mörgu leyti gott að verkaskiptingin á milli ríkis og sveitarfélaga sé óhrein og að ríki og sveitarfélög hjálpist að við að byggja upp félagslega þjónustu. Og það er a.m.k. mjög sérkennileg jafnaðarstefna að vísa því á bug.

Í umræðum um þessi mál af hálfu menntmrn. á undanförnum missirum höfum við rætt ítarlega um marga þætti þessa máls, m.a. um leikskólann og þróun hans með hliðsjón af þróun skólakerfisins í heild. Við höfum rætt um fóstrumenntunina sérstaklega og vorum m.a. að fjalla um það í menntmrn. núna í hádeginu hvernig á þeim málum verði tekið núna í framtíðinni í skipulegri samvinnu við Kennaraháskóla Íslands með það að markmiði að hér verði til einn samfelldur, íslenskur uppeldisskóli fyrir allar þær faglærðar stéttir sem starfa að uppeldismálum.

Ég ætla ekki að fara í einstökum atriðum yfir þessa áhersluþætti í framkvæmdaáætlun ráðuneytisins, virðulegi forseti, ég ætla aðeins að víkja að örfáum umsögnum sem borist hafa um þessi mál frá ýmsum samtökum í þjóðfélaginu þar sem má segja að fram komi eindreginn stuðningur við þau sjónarmið sem birtast í þessu frv. Í þeim efnum vísa ég t.d. til foreldrasamtakanna, Félags áhugafólks um málefni barna. Ég vísa til Alþýðusambands Íslands, stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands. Ég vísa til Fóstrufélags Íslands, Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar, bæjarráðs Selfoss, félagsmálaráðs Akureyrar og dagvistarfulltrúa, félagsmálaráðs Vestmannaeyja, Hveragerðisbæjar. Og ég gæti einnig í þessu sambandi, virðulegi forseti, vitnað til bréfs sem var skrifað Steingrími Hermannssyni forsrh. og var afhent 30. okt. 1989 með undirskriftum 1782 starfsmanna leikskóla þar sem mótmælt er hvers konar hugmyndum um að flytja málefni leikskóla og dagheimila í félmrn. Ég gæti nefnt bréf foreldrafélags leikskólans Hálsaborgar sem sent var alþingismönnum í desember 1990. Ég gæti nefnt könnun sem foreldrasamtökin gerðu í Reykjavík árið 1990 en þar kemur fram að 72% foreldra barna sem eiga börn á dagvistarheimilum telja að þessi málaflokkur eigi eingöngu að heyra undir menntmrn. Og ég gæti nefnt Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og enn fleiri aðila.

Það nýjasta af umsögnum af þessu tagi er ályktun eða bréf sem barst alþingismönnum, ég hygg í gær eða fyrradag, og er dags. 14. febr. 1991 frá dagvistarhópi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í þessari umsögn segir svo, með leyfi forseta:

„Frv. til laga um leikskóla, leikskólafrumvarpið svonefnda, hefur nú verið lagt fram á Alþingi. Af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja var lýst afdráttarlausum stuðningi við inntak frv. þegar um mitt síðasta ár. Hefur þessi afstaða oft verið ítrekuð, nú síðast með samþykkt stjórnar BSRB frá 7. febr. sl.

Samtök okkar styðja það markmið frv. að leikskólinn verði fyrir öll börn, óski foreldrar eftir því, og að honum sé ætlað að tryggja börnum rétt til umönnunar og öruggra uppeldisskilyrða undir handleiðslu sérmenntaðs starfsfólks.

Dagvistarhópur BSRB, starfshópur um málefni leikskólans, hefur mótað stefnu samtakanna í þessum málaflokki í samráði við stjórn BSRB. Starfshópurinn samanstendur af fólki úr ýmsum aðildarfélögum samtakanna, en meðlimir hans eiga sammerkt í því að vilja gera sitt til að knýja á um heildarlausn í málefnum ungra barna og foreldra þeirra og þá með réttindi barnanna að leiðarljósi.

Það er krafa BSRB að stórátak verði gert í uppbyggingu leikskóla, tekinn verði upp sveigjanlegur vistunartími og afnumdar þær forgangsreglur sem í gildi eru þannig að öll börn eigi jafnan rétt á leikskóladvöl.

Við fögnum því að í leikskólafrv. skuli lögð áhersla á tengingu við grunnskólann, en með því móti skapast æskileg samfella í lífi barnsins.

Ljóst er að verulegra fjármuna er þörf til að tryggja uppbyggingu leikskólans og í því skyni var samið sérstakt frv. um fjármögnun hans jafnhliða leikskólafrv. Illu heilli hafa þessi mál tekið þeim breytingum í meðförum ríkisstjórnarinnar að horfið hefur verið frá því að leggja fjármögnunarfrv. fram á Alþingi. Þess í stað hefur það verið gert að fylgiskjali leikskólafrv. og hefur því sem slíkt ekkert vægi lengur þegar fjármögnun leikskólakerfisins er annars vegar, með öðrum orðum eru engir peningar ætlaðir til boðaðrar uppbyggingar og eflingar leikskólans.

Dagvistarhópur BSRB harmar þessa þróun mála. Í leikskólafrv. eru réttindi barnanna sjálfra til hollra uppeldisskilyrða og manneskjulegs lífs fortakslaust sett í öndvegi og því skorum við á Alþingi að veita leikskólafrv. brautargengi. Jafnframt krefjumst við þess að tryggt verði nægjanlegt fjármagn til uppbyggingar leikskólans og heitum því á þig, alþingismaður góður, að sjá til þess að fjármögnunarfrv., frv. til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla, verði hafið til vegs á ný."

Undir þetta rita félagar í dagvistarhópi BSRB, Kristjana Stefánsdóttir frá Fóstrufélagi Íslands, Grétar Guðmundsson frá Félagi ísl. símamanna, Jónína Sigurðardóttir frá Landssambandi lögreglumanna, Oddný S. Gestsdóttir frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Elín Mjöll Jónasdóttir frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Hrafn Harðarson frá Starfsmannafélagi Kópavogs, Katrín Bragadóttir frá Ljósmæðrafélagi Íslands og Þuríður Einarsdóttir frá Póstmannafélagi Íslands.

Ég get fyrir mitt leyti tekið undir allt sem í þessu plaggi stendur fyrir utan það að það er rangt sem í því stendur að drög að frv. um fjármögnun leikskóla hafi ekkert vægi. Þau hafa vægi en minna en ég hefði kosið. Ég tel hins vegar að með því að menntmrn. leggur þetta frv. fram sem fylgiskjal með frv. um leikskóla, þá sé verið að sýna það hvaða stefnu menntmrn. vill móta í þessu efni. Ég verð að segja það sem mína skoðun, virðulegi forseti, að ég er sannfærður um

að þessi stefna mun verða ofan á. Hún mun ráða úrslitum, hún mun vinna sigur í þessu máli. Það er aðeins spurning um það hversu langan tíma það tekur fólk að átta sig á því að þetta er eina stefnan sem vitlegt er að fara, ef menn ætla sér á annað borð að reyna að byggja upp almennilegt leikskólakerfi hér í þessu landi.

Í blöðunum í dag er sagt frá ályktun fulltrúa 12 leikskóla í Reykjavík og birtist hún í ýmsum blöðum. Þar er lögð áhersla á það að málefni leikskóla heyri undir menntmrn. Það var fundur fulltrúa 12 leikskóla í Reykjavík sem samþykkti þessa ályktun og birtist hún, eins og ég sagði, í blöðunum í dag og hljóðar svo í heild:

„Við lýsum furðu okkar á því að lagt sé fram á Alþingi frv. um leikskóla sem sérstakt skólastig án þess að samhliða sé tryggður réttur allra barna til skólans. Við bendum á að í frv. eins og það kom frá forskólanefndinni var ákvæði sem tryggði öllum á leikskólaaldri rétt til hans. Við lýsum stuðningi við leikskóla sem forskóla fyrir öll börn sem heyri einungis undir ráðuneyti menntamála. Við styðjum tillögur forskólanefndar um ríkisframlag til uppbyggingar leikskóla og teljum sjálfsagt að ríki og sveitarfélög sameinist þannig um að tryggja öllum börnum rétt til leikskóla.

Við lýsum undrun okkar á því að alþingismenn aðrir en félmrh. og menntmrh. hafi ekki látið þetta mikilsverða málefni barna og foreldra til sín taka“ — mér finnst þetta nú ekki alveg sanngjarnt, virðulegi forseti, jæja, — „og hvetjum þá því til að taka opinberlega afstöðu til málsins.

Við félagsmenn í hinum ýmsu samtökum launþega og atvinnurekenda skorum á samtök okkar að beita sér fyrir hagsmunum okkar í þessu efni.“

Undir þetta rita 43 fulltrúar foreldrafélaga 12 leikskóla sem að ályktuninni standa.

Ég tel að með því að frv. um leikskóla yrði samþykkt væri stigið mikilsvert skref, mjög mikilsvert skref í því skyni og í þá átt að festa leikskólann sem skólastig, auðvitað ekki sem skólaskyldu heldur sem skólastig og sem hluta af hinu almenna menntakerfi landsins. Ég er sannfærður um að það væri best að afgreiða frv. um fjármögnun leikskólans líka á þessu þingi. Mér er hins vegar ljóst að þar eru menn enn tregir til, en ég er sannfærður um það jafnframt, virðulegi forseti, að áður en langur tími líður mun renna upp fyrir öllum þingmönnum ljós í þessu efni og þá munu allir þingmenn, jafnvel þeir sem eru tregir í dag, vilja þá Lilju kveðið hafa sem felst í leikskólafrumvörpunum báðum.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vildi áður en þetta frv. sem hér um ræðir, um leikskóla, fer til nefndar leggja örfá orð inn í 1. umr. málsins hér í þessari hv. deild.

Að frv. er nokkur forsaga. Það hefur verið rakið í ítarlegri framsöguræðu hæstv. menntmrh. og það hefur verið ágreiningur um þátttöku sveitarfélaganna og hlutverk þeirra og hlutverk ríkisins varðandi leikskóla. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hefur blandast inn í þá umræðu. Óþarft er að endurtaka þá umræðu alla en hins vegar vil ég láta koma fram að áður en umrædd frumvörp voru lögð fram, frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga og frv. um leikskóla og dagvistarstofnanir, voru þessi mál rædd ítarlega í þingflokki Framsfl., einkum hvort leikskólar ættu í eðli sínu að vera menntastofnanir eða hvort þeir væru félagsmál.

Ég vil láta koma fram við þessa umræðu bókun þingflokksins sem var samþykkt þegar samþykkt var framlagning frv. til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga því að þessi bókun varðar þetta mál einnig. Við í þingflokki Framsfl. samþykktum 18. des. sl. bókun sem er svohljóðandi:

„Þingflokkur framsóknarmanna hefur fyrir sitt leyti samþykkt að frv. um félagslega þjónustu sveitarfélaga verði lagt fram. Samþykktin var gerð með svofelldri bókun:

Leikskólar og dagvistarstofnanir eru í eðli sínu menntastofnanir. Þar sem félmrh. hefur fallist á að fagleg yfirstjórn leikskóla verði áfram undir menntmrh. heimilar þingflokkurinn að frv. um félagslega þjónustu sveitarfélaga verði lagt fram.“

Þetta þýðir með öðrum orðum að þingflokkurinn er þeirrar skoðunar að fagleg yfirstjórn leikskóla sé undir menntmrn. og leikskólinn og dagvistarstofnanir séu í eðli sínu menntastofnanir.

Þetta varðar grundvallarmál í sambandi við þetta frv. og ég vildi ekki láta þessa umræðu líða hjá án þess að þessi skoðun kæmi fram.

Hvað varðar yfirstjórn sveitarfélaga og ríkisins yfir þessum málaflokki, þá hafa þær skoðanir heyrst og verið nokkuð háværar, ég man m.a. eftir þeim í umræðum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en ég tók þátt í þeirri vinnu, að sveitarfélögin ættu að hafa algjöra yfirstjórn þessara mála þar sem þau greiddu af þeim kostnað alfarið. Ríkið ætti ekki að hafa nein afskipti af þeim og sveitarfélögunum væri fullkomlega treystandi til þess að sjá fyrir þessum málum. Þessar röksemdir voru háværar.

Ég er ósammála þessu. Með því er ég ekki að vantreysta sveitarfélögunum að neinu leyti til þess að gera vel í þessum málaflokki. Ég veit að margir hafa vilja til þess. Hins vegar getum við ekki gert börnunum það að hafa ekki einhverjar almennar viðmiðunarreglur í þessum efnum, hvað má bjóða upp á og eins að þetta séu í eðli sínu menntastofnanir en ekki geymslustaðir fyrir börn meðan foreldrarnir eru að vinna. Eins og kom fram hjá hæstv. menntmrh. er ekki samkomulag um það að breyta kostnaðarskiptingunni aftur en það er tvímælalaust hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og nú er í pottinn búið að jafna aðstöðu sveitarfélaga til að vinna að þessum verkefnum.

Ég held að þetta frv. sé til bóta og ég styð það. Ég held að það sé skref í áttina til betri tíðar í þessum efnum þó að samþykkt þess leysi að sjálfsögðu ekki úr öllum vanda í þessum viðkvæmu málum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa mjög langt mál að þessu sinni um það frv. sem hér er til umræðu þar sem hér í þinginu var í liðinni viku allítarleg umræða um hlutverk leikskóla þegar rætt var um frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég lýsti þá þeirri meginafstöðu okkar kvennalistakvenna að leikskóli eigi að vera eðlilegur þáttur í menntun barna, réttur allra barna, en ekki geymslustofnun eða félagslegt úrræði. Mér finnst þetta í raun svo sjálfsögð sannindi að það þurfi ekki að fjölyrða mikið um þau. Í samræmi við það styðjum við þingkonur Kvennalistans eindregið að leikskólinn heyri áfram undir menntmrn. og það eitt og áréttum þá skoðun okkar að leikskólamenntun eigi að standa öllum börnum til boða. Við teljum að í lögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sé nógu fast kveðið á um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum, skyldur sem þau eiga að vísu mjög misauðvelt með að rækja miðað við núverandi ástand. Það út af fyrir sig er ámælisvert að þau skuli ekki öll geta sinnt þeim skyldum sem þeim ber en við sjáum ekki á hvern hátt frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga bætir þar nokkru við.

Það mætti hugsa sér, ef frv. um félagsþjónustuna bætti einhverjum viðbótarskyldum á herðar sveitarfélögum, að það væri íhugunarvert hvort það væri leið til þess að ná þeim áfanga að leikskólar verði byggðir upp í öllum sveitarfélögum hér á landi. Því er ekki til að dreifa og virðist ekki vera nokkur áhugi fyrir þannig að ég sé ekki að sú deila sem er nú um forræði þessa málaflokks, alla vega að hluta til, skili nokkru fyrir þau börn sem þurfa á leikskólum að halda og ættu að hafa aðgang nú þegar að þeim.

En vegna þess frv. sem hér er til umræðu er það ljóst að markmið þau sem í því koma fram eru í samræmi við stefnu Kvennalistans og að sjálfsögðu styðjum við það. Hins vegar skýtur mjög skökku við og er mjög alvarlegt mál að frv. skuli vera sett hér fram aðeins með góð áform um fjármögnun og að allar raunhæfar fjármögnunartillögur skuli aðeins vera birtar sem fylgiskjal. Ég tek undir það með dagvistarhópi BSRB að slíkt plagg hefur ekkert vægi og er mjög ósammála hæstv. menntmrh. um að það dugi að setja fram fylgiskjal til að fjármagna eða koma í kring að einhvern tíma muni vera fjármögnuð sú uppbygging sem á þarf að halda hér. Við byggjum enga leikskóla úr fylgiskjölum og fóstrur þiggja fylgiskjöl áreiðanlega ekki í laun þannig að börn eru engu bættari þótt það sem ætti að vera tillögur sé nú fylgiskjal.

Ég vil enn einu sinni ítreka það að kvennalistakonur hafa komið með hugmyndir um fjármögnun við uppbyggingu leikskóla, bæði áður en verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varð með núverandi hætti og eins í nefndarstarfi við undirbúning þess plaggs sem hér er til umræðu, stórlega og alvarlega skert. Grundvallaratriðið er auðvitað að stefna sé sett fram sem einhver hefur trú á að hægt verði að framkvæma.

Ég fagna því vissulega að þetta frv. skuli vera hér til umræðu til þess að vekja umræður um rétt barna til leikskóla, en mér þykir að vísu mjög alvarlegt mál hve fáir sýna þessu áhuga í þinginu. Ég get af þeim ástæðum og ýmsum öðrum ekki verið svo bjartsýn sem hæstv. menntmrh. virðist vera um að fjármögnunarmálin verði leyst vegna mikils skilnings eða vilja þingmanna í þessum efnum.

Mig langar til þess að varpa spurningu til síðasta ræðumanns ef hann heyrir orð mín, hv. 3. þm. Austurl., og bið hæstv. forseta að gera ráðstafanir til þess að athuga hvort hann er hér í húsinu. Áður en ég vík að því sem tengist ekki síst fjármögnunarþætti þessa frv. langar mig til þess, vegna orða hæstv. menntmrh. í umræðunni um félagsþjónustu sveitarfélaga, að spyrja þeirrar spurningar hvort hann telji vega þyngra í sambandi við uppbyggingu leikskóla að börn þurfi að komast á einhvern stað á meðan foreldrar eru í útivinnu, sem er fullgilt sjónarmið, eða að leikskóli sé fyrst og fremst réttur barna vegna þess að þau þurfi á því að halda að hafa aðgang að þeirri menntun og því uppeldisstarfi sem unnið er á leikskólum. Því miður er ég ekki með ræðu hæstv. menntmrh. en mér þótti í röksemdafærslu hans hér fyrir helgina og raunar að nokkru leyti nú í dag eins og hann væri að tala um tvö aðskilin málefni, þ.e. vanda þeirra fjölskyldna sem eru ofhlaðnar af vinnuálagi nú þegar, hafa ekki í nokkur hús að venda með börn sín og þurfa því á jafnvel heilsdagsgæslu fyrir ungbörn að halda. Ég er ekki viss um að þetta sé ósk allra foreldra, að leikskóli sé fyrst og fremst til vegna þess að mæta þurfi fjarvistum foreldra frá heimili vegna mikils vinnuálags. En það má vera að ég hafi oftúlkað orð hæstv. menntmrh. hér fyrir helgi er hann blandaði saman þessum tveim atriðum, löngum vinnudegi foreldra annars vegar, sem er staðreynd og vissulega áhyggjuefni að ekki skuli einu sinni vera hægt að tryggja að börn fái örugga dagvistun á þeim tíma, því þar er bara verið að tala um dagvistun en ekki leikskóla sem menntastofnun, og svo hins vegar það að leikskóli sé menntastofnun fyrir börn sem öll börn eigi að eiga rétt á en í samræmi við aldur barna og vilja foreldra. Það er í rauninni um tvennt ólíkt að ræða í þessu efni.

Ég sé að hv. 3. þm. Austurl. er hingað kominn og mig langar því til að beina spurningu til hans sérstaklega, vegna þessa frv. og frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga og vænti þess að hann muni geta upplýst okkur sem hér erum stödd um það hvort Framsfl. telji að þau frv. sem hér liggja fyrir nú muni njóta stuðnings Framsfl. heils og óskipts og þá með hvaða hætti. Gerir hann ráð fyrir, eins og mér heyrðist á orðum hans, að það sé með þeim hætti að þetta frv. verði samþykkt óbreytt nú á þessu þingi og félagsþjónustufrv. sömuleiðis eða með því að kaflarnir um málefni leikskóla verði felldir út úr félagsþjónustufrv., eins og er vilji margra þingmanna, og frv. bæði samþykkt með þeim hætti? Mig langar einnig að fá skýrari svör um hvort hann telur að lausir endar í sambandi við fjármögnun fyrir sveitarfélög séu of margir til þess að framsóknarmenn geti stutt þessi frumvörp, annað hvort eða bæði.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta mikilvæga frv. að sinni. Vissulega væri full ástæða til þess að fara nánar út í umræðu um uppeldisgildi leikskóla og leik-

skóla sem menntastofnanir, uppbyggingu leikskóla og hvert okkar framtíðarmarkmið er. En ég tel að hér sé aðeins um frv. að ræða sem lýsir því hvernig þessi stefna ætti að líta út en ekki um að eitthvað verði gert vegna þess að það vantar þennan veigamikla fjármögnunarþátt inn í dæmið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Hins vegar harma ég að það skuli ekki hafa komið fram fyrr á þessu þingi vegna þess að ég er ekki eins bjartsýnn og hæstv. ráðherra á að það verði tóm til þess að klára þetta mál á þeim tíma sem þing á eftir að sitja, jafnvel þó að um þetta sé samstaða í þinginu, sem ég vona. Hitt er auðvitað áhyggjuefni að það er ekki nóg, eins og hér hefur komið fram, að samþykkja svona frv. ef ekki er neitt fjármagn fyrir hendi til þess að hefja starfið. Það virðist alveg vanta.

En vegna þeirra ummæla sem síðasti hv. ræðumaður hafði hér og taldi að það mundi ekki vera áhugi að því er mér skildist úti á landi að koma á fót svona leikskólum, þá held ég að það sé mjög mikill misskilningur. Það er að vísu sjálfsagt ekki mikið í sveitahreppunum — ég segi, það er misskilningur vegna þess að þar er ekkert síður þörf á því. Ég hygg að ef framkvæmdin verður sú að Reykjavík ein getur framfylgt þessu verði það til þess að soga fleira fólk en annars hingað til höfuðborgarsvæðisins. En þá er ég kominn að því sem hæstv. ráðherra gat hér um áðan, hinni misjöfnu aðstöðu sveitarfélaganna til þess að geta framkvæmt það sem lög mæla fyrir um að þau eigi að gera fyrir sína íbúa á hverjum stað. Og það frv. sem hér liggur fyrir skekkir myndina enn þá meira nema eitthvað komi til.

Hæstv. ráðherra gat um það hvað Reykjavík hefði mikið meira fjármagn en öll önnur sveitarfélög, meira að segja Kópavogur. Það er nú ekkert smáræði. Þeir hafa um eða yfir 30% meira af hverjum íbúa en önnur sveitarfélög. Og auðvitað hlýtur það að vera, a.m.k. miðað við þá hugsun sem ég hygg að hæstv. ráðherra hafi, að þarna þarf að jafna metin. Reykjavíkurborg fær aðstöðugjöld af öllum innflutningi og mestmegnis af allri verslun og öllu sem er byggt í kringum hina opinberu stjórnsýslu og viðskipti, aðstöðugjöld og fasteignagjöld og það er það fyrst og fremst sem um munar.

Einnig er það staðreynd, a.m.k. hefur verið það fram að þessu, að tekjur hvers íbúa beint eru verulega meiri en er í öðrum þéttbýlisstöðum og ég tala nú ekki um í strjálbýlinu. Þarna þarf að láta fylgja þessu frv. eftir með því að gera öðrum sveitarfélögum kleift að byggja leikskóla eins og hér á höfuðborgarsvæðinu. Annars missir þetta marks, annars verður það til þess, eins og ég sagði áður, að ýmsir flytja sig hingað frá öðrum stöðum á landinu því að fólkið leitar auðvitað þangað sem þjónustan er mest og á meðan þetta misrétti gildir verður raunin sú að slíkt frv., ef ekki fylgir annað með, verkar þannig.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykn. beindi til mín spurningu varðandi afstöðu Framsfl. og þingflokks hans til þess frv. sem hér er um rætt og frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga og hvort þingflokkurinn muni samþykkja frumvörpin óbreytt í hv. Alþingi.

Þessi frv. voru að sjálfsögðu lögð fram með almennum fyrirvörum um vinnu í þinginu og um að fylgja eða flytja brtt. ef upp kæmu við nánari athugun. Ég get því í sjálfu sér ekkert sagt um það hvort þau verða samþykkt óbreytt en þingflokkurinn stendur að þessum frv.

Annar hluti spurningarinnar var hvort við mundum beita okkur fyrir því að taka út úr frv. um félagsþjónustu sveitarfélaganna kaflann um leikskólann. Ég tel að það sé ekki einhugur um það í okkar þingflokki og á því séu viss vandkvæði að gera það. Við stöndum að þessum frv. eins og þau eru. Ég vil ekki lýsa því yfir fyrir hönd félaga minna í þingflokknum að þeir séu tilbúnir til þess að taka úr þann kafla. Leikskólinn og fjármögnun hans heyrir undir sveitarfélögin samkvæmt öðrum lagabálkum og ég tel á því viss vandkvæði. Ég hef áður lýst afstöðu okkar til grundvallarþátta þessara mála og tel það skipta mestu máli að gera sér grein fyrir þeim við 1. umr. málsins. Hvað kostnaðarþættinum viðvíkur verðum við auðvitað að búa við þá fjármögnun sem nú er og treysta á vilja sveitarfélaganna í þeim efnum og þátttöku Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til styrktar fyrir hin smærri sveitarfélög til að leysa þessi verkefni.

Eins og ég sagði í mínum upphafsorðum tel ég að þetta frv. gott skref. Ég lýsti því jafnframt yfir að ég teldi það ekki leysa þessi mál í eitt skipti fyrir öll eins og svo mörg önnur lagasetning sem við göngum frá hér á hv. Alþingi. En það er einlæg von okkar að fyrir þessum málum verði sem best séð.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem málið hefur fengið. Ég heyri það að þeir hv. þm. sem hér hafa talað eru sammála frv. og hafa ítrekað stuðning sinn við það. Hér hafa talað þingmenn úr þremur þingflokkum auk mín þannig að ég tel góða ástæðu til að ætla að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi. Hér er í raun og veru um að ræða skýr ákvæði sem er auðvelt fyrir þingið að taka á. Hitt hefði auðvitað verið betra að málið hefði komið fram fyrr eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði. Ég geri ráð fyrir að hann viti af hverju það kom ekki fram fyrr. Það var annars vegar vegna togstreitu um ákvæði þau sem eru í þessu máli í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga og það var auðvitað líka vegna fjármagnsþáttarins sem ég lagði mikla áherslu á að yrði þarna inni en menn voru ekki tilbúnir að fallast á, því miður.

Það er því mjög góð samstaða um þetta mál og það er mjög mikilvægt skref. Það væri að sjálfsögðu æviinlega best þegar maður er að taka á málum, hvort sem það er leikskóli, grunnskóli eða hvað það nú er, að leysa málið í eitt skipti fyrir öll og ganga bara frá því, bæði starfsramma og fjármunum, endanlega og því um

líkt. En það er nú bara ekki svoleiðis heldur verðum við sem tökum þátt í pólitísku starfi iðulega að sætta okkur við það að þoka málunum áfram skref fyrir skref. Ég vil ekki setja mig í þær stellingar að hafna hinum smærri skrefum af því að menn geti ekki leyst málin, hvert fyrir sig, í eitt skipti fyrir öll. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að hér er um að ræða mjög mikilvægan áfanga, ef þetta frv. verður staðfest, þó það sé ekki nema vegna þess sem nýlega hefur komið upp í málinu, þ.e. þær skiptu skoðanir sem uppi eru um það hvar málaflokkurinn eigi að vera í lögum. Og ég bið hv. þm. um að hugleiða það hver staða leikskólans væri stjórnkerfislega ef menn hefðu látið þar við sitja að sjá hér frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem leikskólinn er nefndur án þess að um leið væri um að ræða heildarfrv. til laga um leikskólann sem slíkan og starfsramma hans.

Það er auðvitað algerlega rangt sem hér hefur verið haldið fram að það séu engir peningar í þessu. Það er algerlega rangt vegna þess að samkvæmt gildandi lögum eru þessir peningar hjá sveitarfélögunum og sveitarfélögin eiga að leggja í þetta fé. Ég hef hins vegar sagt: Það þarf meira, aðallega í hinum litlu sveitarfélögum. Þess vegna eru menn að sverta málið að mínu mati með því að segja: Hér er bara um að ræða einhvern pappír, skiptir engu máli, smámál vegna þess að það eru engir peningar til. Það er ekki svoleiðis.

Dæmi: Drög að fjárhagsáætlun Akureyrar voru lögð fram núna á dögunum. Samkvæmt frétt í Morgunblaðinu í dag er gert ráð fyrir því að verja til dagvistaruppbyggingar á Akureyri á þessu ári 70 millj. kr. Ég hef ekki upplýsingar um fjármuni til dagvistarstofnana í öðrum sveitarfélögum en það er auðvitað alveg ljóst að mjög víða eru sveitarfélögin að vinna að þessum málum. Það má geta þess að á árunum 1978–1988 jukust útgjöld sveitarfélaganna í landinu öllu til dagvistarmála að raungildi um 112%, þ.e. meira en tvöföldust. Sveitarfélögin hafa auðvitað verið að gera ýmislegt og eru að gera ýmislegt.

En það sem ég hef hins vegar sagt í þessu máli er að þetta er ekki nægjanlegt af því að sveitarfélögin standa svo misjafnlega að vígi. Þess vegna þarf Jöfnunarsjóður að koma til, eða ríkissjóður eða einhver annar sjóður sem hjálpar sveitarfélögum sem á því þurfa að halda að taka á sig þessi uppbyggingarverkefni leikskóla.

Það er því auðvitað tilraun til þess að drepa málinu á dreif að segja: Ja, ekki byggja sveitarfélögin fyrir fylgiskjöl, ekki fá fóstrurnar borgað kaup í fylgiskjölum. Af hverju eru menn að setja hlutina svona upp? Af því auðvitað að það er verið að reyna að setja málin í annað samhengi en þau í raun og veru eru. Ég fagna því að sjálfsögðu að hv. þm. Kvennalistans og Samtaka um jafnrétti og félagshyggju eru tilbúnir til þess að samþykkja fjármögnunarfrv., það skulum við gera þegar við myndum saman ríkisstjórn eftir kosningarnar. Við skulum skella okkur í að leysa þetta mál ef Kvennalistinn verður einu sinni tilbúinn til þess að gerast aðili að umræðu um myndun ríkisstjórnar, þó ekki væri nú annað.

Varðandi það sem hér kom fram að öðru leyti hjá hv. 10. þm. Reykn. er kannski aðeins rétt að nefna það að auðvitað má segja að margt af þeim tillögum og stefnuyfirlýsingum sem eru að koma fram frá ýmsum aðilum geri litla stoð í raun fyrr en þær eru komnar í framkvæmd. Það má t.d. halda því fram um þingmenn og þingflokka stjórnarandstöðu að þeir eigi oft mjög erfitt með að þoka sínum málum fram. Það segir ekki það að t.d. þingmál Kvennalistans séu ómerkileg þótt þau komist ekki til framkvæmda í núinu. Þau eru merkileg stefnuyfirlýsing fyrir þeirra flokk. Og á ýmsum sviðum eru þau mikilvæg eins og t.d. í sambandi við það mál sem hér er uppi. Aðalatriðið er þó það að hér er verið að stíga skref til að setja lög um að leikskólinn og leikskólastigið verði hluti af menntakerfinu í landinu. Það hefðu einhvers staðar þótt tíðindi, t.d. í Svíþjóð um þessar mundir þar sem fram fara mjög harðar deilur um þessi mál á milli félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins þar enda þótt þeir sem standa fyrir málum séu úr sama stjórnmálaflokknum. Ég er sannfærður um að sá árangur sem þrátt fyrir allt hefur náðst hér væri talinn til verulegra tíðinda þar á bæ.

Varðandi það hvort ég er hér fyrst og fremst að leggja þetta mál fram af því að ég sé að hugsa um rétt barna eða rétt foreldra, eins og ég skildi það. Það má náttúrlega halda um það mjög langar tölur og dálítið snúið að greina þar á milli. En mín hugmyndafræði er hins vegar sú að það er réttur barna sem við erum að tala um. Við erum að tala um að festa í lög grundvallarmannréttindi handa börnum af því að börn eru menn. Og það eru tíðindi ef Alþingi Íslendinga hefur rænu á því loksins núna að sameinast um að setja í lög ákvæði um það að börn séu menn og eigi að njóta mannréttinda.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins orð tveggja hv. þm., annar er raunar hæstv. ráðherra einnig, sem fá mig hingað í stólinn aftur. Í fyrsta lagi vil ég að það komi skýrt fram að í máli mínu áðan og í fyrri viku um félagsþjónustu sveitarfélaga kom ekki fram að ég teldi að sveitarfélög úti á landi hefðu nokkuð minni áhuga eða þörf á að byggja upp leikskóla fyrir börn en önnur sveitarfélög. Hins vegar vakti ég þá athygli á því og ítreka nú að ein af meginástæðunum fyrir því að ég fjallaði svo mikið um fjármögnunarþáttinn sem ég gerði er sú að ég sé ekki á hvern hátt smærri sveitarfélög eiga að geta svarað þeim kröfum sem á þau eru. Það er ekkert fast í hendi í sambandi við Jöfnunarsjóð og það vitum við öll. Ég er sammála hæstv. menntmrh. um að það þarf meira til. Einmitt þess vegna hefði ég viljað sjá á hvern hátt það hefði verið tryggt, að það hefði verið gert meira en að leggja fram þessa ágætu stefnu.

Það er nú svolítið ómaklegt að halda því fram að þeir sem hafa þessar áhyggjur, þungu og einlægu áhyggjur, séu að sverta það mál sem hér liggur fyrir. Það var raunar ekki af nokkru nema umhyggju fyrir málinu og framgangi þess og þeim markmiðum sem fram koma að ég gat þess að ég teldi að fjármögnun-

in yrði að fylgja. Og það er engin hártogun í því heldur er þetta raunsætt mat. Mér er að vísu fullkunnugt um að mörg sveitarfélög hafa ágæta burði til að byggja upp dagvistarstofnanir, eins og það er núna kallað, leikskóla, eins og það ætti að vera kallað. En það er alveg ljóst að mörg þeirra hafa ekki nýtt sér að þau geta það. Þar af leiðandi þarf dálítið mikið meira til en góða stefnu til þess að við sjáum fram á betri tíma fyrir börnin.

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans í sambandi við hlutverk leikskóla. Við erum þar sammála. Það er fyrst og fremst réttur barna að leikskólar séu til. Það er aftur á móti staðreynd að langur vinnudagur og léleg laun hafa skammtað fólki mjög vondar aðstæður fyrir börn sín og að því leyti til skil ég mjög vel að þessi atriði hafi komið hér fram í ræðu hans. En hér hefur fengist svar við þessari spurningu og fyrir það þakka ég.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til að segja að mér þykir mjög miður að þörf umræða um málefni barna í þessu þjóðfélagi skuli blandast ágreiningi, einkum milli ríkisstjórnarflokkanna. Þar á ég við deilur um leikskóla, hvort þeir eigi að heyra undir menntmrn. eða félmrn. Það er því miður allt of sjaldan sem málefni barna eru rædd hér á hinu háa Alþingi og er því miður að slíkar deilur eigi sér stað. En í þessu sambandi tel ég þó óhætt að lýsa því yfir að sjálfstæðismenn eru á þeirri skoðun að málefni leikskólanna heyri undir menntmrn. Þetta frv. má og þarf að ræða efnislega og það verður væntanlega skoðað vandlega í menntmn. þessarar hv. deildar.

Það eru ýmsar athugasemdir gerðar í fylgiskjölum og langar mig m.a. til að benda á bls. 38 í þessu frv. þar sem er umsögn frá Foreldrasamtökum og Félagi áhugafólks um málefni barna. Þar segir m.a. í lokin, með leyfi virðulegs forseta: „Ekki er nauðsynlegt að tiltaka aldursskeiðið hálfs árs til sex ára, eins og gert er í 1. gr. frv. Rannsóknir Foreldrasamtakanna hafa leitt í ljós að 55% foreldra (barna, í Reykjavík, sem fædd eru árið 1988) vilja fyrst nýta sér þjónustu dagvistarheimila er barnið hefur náð u.þ.b. tveggja ára aldri. Heillavænlegra er því að skylda ríki/sveitarfélög til að sinna þörf leikskóla fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára, og mæta þörfum fólks með yngri börn á annan hátt."

Það verður ekki litið fram hjá slíkum atriðum því foreldrar hljóta að öðru jöfnu að vera best fallnir til að meta þessa þörf.

Að öðru leyti langar mig til að benda á bls. 6 í frv. þar sem vitnað er til uppeldisáætlunar, sem er starfsrammi í þessu frv. að því er ég fæ best séð. Er greint frá því þar að Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. menntmrh., sendi öllum dagvistarheimilum á landinu í maí 1985 bréf þar sem gerð er grein fyrir uppeldisáætlun sem þá var nýkomin út. En í bréfi Ragnhildar segir m.a.: „Í uppeldisáætlun þessari eru sett fram markmið sem nefndin telur að stefna beri að í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum, og síðan er fjallað um helstu uppeldissvið, grundvallarviðhorf og meginleiðir í uppeldi ungra barna." Síðan er þetta rætt hér nánar en ég tala ekki meira um það í einstökum atriðum. En þar segir í lokin: „Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin í huga geta forstöðumenn og fóstrur sérhvers dagvistarheimilis gert sínar eigin áætlanir og mótað uppeldisstarfið í samræmi við þroska og þarfir barnanna og þær aðstæður sem fyrir hendi eru."

Ég tel þetta merkilegt mál að mörgu leyti og ég fagna því að þessi umræða kemur hér upp. Efnislega ætla ég hins vegar ekki að tjá mig um þetta frv. öllu frekar en það er vissulega þörf á úrbótum í málefnum barna í þjóðfélaginu. En eins og hér hefur verið um rætt þá þarf til þess fjármögnun. Orð hæstv. menntmrh. breyta þar engu um þrátt fyrir bjartsýni hans um veru Alþb. í næstu ríkisstjórn. (**Menntmrh.:** Hefur þingmaðurinn tillögu til fjármögnunar?) Þær tillögur gætu komið, já, hæstv. menntmrh., þó það sé náttúrlega á hans verksviði.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Aðeins út af orðum hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur þá verð ég nú að segja eins og er að ég er ekki sammála því áliti að yngri börnin eigi ekki heima í þessu almenna kerfi sem hér er um að ræða. Ég held að svo sé. Og það dugir þeim skammt að segja að það eigi að mæta þörfum fólks með yngri börn á annan hátt. Það verður þá að svara því hvernig það á að gerast og það gerði hv. þm. ekki.

Það er rétt að í gildi hefur verið um langt skeið uppeldisáætlun sem var samþykkt í menntmrn. árið 1985 á grundvelli lagabreytingar sem var ákveðin á Alþingi að frumkvæði Guðrúnar Helgadóttur árið 1984. Eftir þessari uppeldisáætlun hefur verið starfað síðan og hún hefur gefist vel. Aðvitað er hún í endurskoðun og verður alltaf stöðugt að breyttu breytanda.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kom hins vegar inn á að það væri mjög sorglegt að fjármuni skyldi vanta til að framkvæma þessa stefnu. Auðvitað vantar ekki fjármuni til að framkvæma það sem er í þessu frv., það er alveg skýrt að þar er séð fyrir hlutunum. En ég geri ráð fyrir því líka að hv. þm. hafi ekki átt við það heldur hafi hv. þm. átt við það að það vantaði fjármuni til að byggja upp leikskólakerfið í landinu yfirleitt. Um það má ýmislegt segja. Í fyrsta lagi það sem áður hefur komið fram, að samkvæmt gildandi lögum er þetta á verksviði sveitarfélaganna og þannig háttar til, a.m.k. í sveitarfélaginu Reykjavík, að þar er fullt af seðlum. Það er aðeins spurning um það hvaða forgangsröð menn vilja hafa. Vilja menn eyða 4,5 milljörðum í það að byggja út í Tjörnina og 1,5 í það að byggja uppi á hitaveitutönkunum eða vilja menn eyða peningum í leikskóla? Og hv. þm. getur ekki sagt við mig: Það er þitt mál að koma með tillögur vegna þess að hún er alveg eins og ég í framboði hér í Reykjavíkurkjördæmi í þeim kosningum sem í hönd fara, nema þá að hv. þm. sé að snúast gegn stefnu Sjálfstfl. Það væri fínt vegna þess að Sjálfstfl. hefur þá stefnu, samkvæmt yfirlýsingum Þorsteins Pálssonar, í kosningabaráttunni sem nú er fram undan að það eigi að skera niður alla skatta sem hinn vondi maður, Ólafur Ragnar Gríms-

son, hefur lagt á. Og það er engin smátala. Það eru 13 þús. millj. kr. Fyrir utan það eigi að reka ríkissjóð í jafnvægi, eins og sagt er, til viðbótar, þannig að þar eru menn komnir upp í 15–20 þús. millj. kr. Menntakerfið allt kostar 13–14 milljarða kr. Menn eru þá að tala um það að skera úr verulegan hluta af hinni félagslegu þjónustu sem er í dag og menn eru líka að segja við landsmenn: Engin ný þjónusta á vegum ríkisins. Og það er hræsni, með leyfi að segja, virðulegi forseti, það er hræsni þegar þingmenn Sjálfstfl. eru að kvarta undan því að það vanti peninga til félagslegrar þjónustu, sama lið og ætlar að ganga til kosninga með hnífinn á lofti til að skera þá sömu þjónustu niður eftir nokkra mánuði, ef þeir fá völd til. Við ætlum hins vegar, bæði ég og hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, að gera það sem við getum til að koma í veg fyrir það í sameiningu eftir kosningarnar.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mér þykir ráðherrann aldeilis kominn í kosningaham hér á þessum fundi. Má vera að ástæðuna fyrir því sé að finna hér uppi á pöllum. En hér hafa spunnist að mörgu leyti fróðlegar umræður um merkt málefni, þ.e. málefni leikskólans. Það er alveg ljóst, eins og hefur komið fram í þessari umræðu og hér áður í þinginu undanfarna daga, að af hálfu stuðningsliðs núv. ríkisstjórnar er ekkert samkomulag um það hvernig eigi að fara með þessi mál.

Við ræddum hér í síðustu viku allt annað frv., frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar er sérstakur kafli um málefni leikskóla. Þá stóð hæstv. menntmrh. upp og lýsti því yfir að um þann kafla væri ekkert pólitískt samkomulag á stjórnarheimilinu. Og hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir lýsti hinu sama yfir. Hið sama hefur komið fram af hálfu hv. 1. þm. Vesturl. Alexanders Stefánssonar um þetta efni, reyndar ekki við 1. umr. um þetta mál vegna þess að hann var fjarverandi, heldur á vettvangi félmn. deildarinnar.

Það urðu hörð orðaskipti á föstudaginn var milli menntmrh. og félmrh. um þetta málefni. En félmrh. lætur ekki sjá sig í dag þegar á að ræða þetta frv. sem sagt er að sé á ábyrgð allrar ríkisstjórnarinnar og varðar þetta málefni. Ég skal engu spá um það hver úrslit þessa máls verða. En það er alveg ljóst að ekkert af þessum málum nær hér fram að ganga nema um það sé gert samkomulag í einhverjum mæli við stjórnarandstöðuflokkana.

Það þarf auðvitað ekkert að taka það fram, enda kom það fram í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, að það er skoðun Sjálfstfl. að leikskólamálefni séu málefni sem heyra eigi undir menntmrn. alveg eins og málefni grunnskólans og önnur skólamál. Það þarf ekkert að ræða það. En það má auðvitað skilgreina alla hluti þannig að í víðasta skilningi séu þeir félagsmál. Heilbrigðismálin eru það auðvitað. Skólamálin eru það auðvitað á breiðum grundvelli og tryggingarnar. En það er samt rangt og röng afstaða að skilgreina þá þjónustu og þá uppeldislegu starfsemi sem fram fer í leikskólum sem einhvers konar félagsleg vandamál eða skilgreina foreldra leikskólabarnanna sem skjólstæðinga félagsmálastofnana. Það er kjarni þess ágreinings sem uppi hefur verið í þessu og hygg ég að sá ágreiningur verði vandleystur á þeim örfáu vikum sem lifa af þessu þingi nema þá með samkomulagi við stjórnarandstöðuna.

Ég læt mér að sjálfsögðu skæting menntmrh. í garð Sjálfstfl. að öðru leyti í léttu rúmi liggja og fjarstæðukenndar fullyrðingar hans um hver stefna Sjálfstfl. væri í skattamálum eða í sambandi við útgjöld Reykjavíkurborgar. Ég held að það hafi fá sveitarfélög gert meira í uppbyggingu dagvistarstofnana á undanförnum árum en einmitt Reykjavíkurborg. Og það hefur oft verið svo, þó það sé kannski ekki vandamál í dag, að stofnanir hafa ekki komist í rekstur vegna þess að það hefur ekki tekist að manna þær. En ég hafna því að af hálfu Reykjavíkurborgar sé rekin fjandsamleg stefna í garð leikskóla eða starfsmanna þeirra, hafna því algerlega.

Ég vil hins vegar láta það koma fram vegna ummæla menntmrh. fyrr í umræðunni um að ríkið ætti að hafa meiri afskipti af þessum málaflokki en verið hefur og verkaskiptingarlögin ættu að vera „óhrein", það ætti að vera „óhrein" verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, að ég er þessu í grundvallaratriðum ósammála. Ég tel að það sé þeim mun betra sem skiptingin í verkefni milli ríkis og sveitarfélaga sé hreinni og minna samkrull, eins og það er stundum kallað. En um þetta er bara pólitískur ágreiningur og allt í lagi að horfast í augu við það.

Ég tel að þó að um málefni sem þetta megi gjarnan gilda heildar- eða rammalög eigi það að sem stærstum hluta að vera á ábyrgð þess sveitarfélags sem þjónustuna veitir eða sem sér fyrir þeirri starfsemi sem um er að ræða.

Hv. 1. þm. Vesturl. er kominn hér í salinn og ég nefndi nafnið hans hér áðan. Það er rétt að hann viti af því en ég ætla að öðru leyti ekki að mana hann hér upp í ræðustól út af þessu máli eða út af félagsþjónustu sveitarfélaga. Vissulega væri forvitnilegt ef hann svaraði einnig þeirri spurningu sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson bar fram um afstöðu Framsfl. til þessara mála því það virðist vera eitthvað á reiki hver hún er og hver afstaða þess flokks verður til þeirra tveggja frumvarpa sem hér hefur illu heilli verið blandað saman og sem skarast með þeim hætti að einn kafli í frv. félmrh. fjallar um hitt frv. sem menntmrh. flytur. Þannig á ekki að standa að málum. Það er óþinglegt í fyrsta lagi, en í öðru lagi, og það er aðalatriðið, þá er það efnislega rangt og óviðeigandi þegar um þennan málaflokk er að ræða.

Sigrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu eða lengja hana, fannst satt að segja að sjónarmið Kvennalistans hefðu komið ágætlega fram í máli Önnu Ólafsdóttur Björnsson, bæði nú og í síðustu viku þegar við ræddum hér félagsþjónustu sveitarfélaga. En ég kom hér fyrst og fremst vegna tilvitnunar hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur þegar hún bendir á bréf frá stjórn Foreldrasamtakanna og tekur

undir að ekkert þurfi að hugsa um þessi mál fyrir börn yngri en tveggja ára.

Ég hygg að ég hafi þá sérstöðu meðal þess fólks sem jafnan sækir vinnu í þennan sal að hafa verið og vera í rauninni enn heimavinnandi húsmóðir með ung börn og ég þekki ákaflega vel hvað það er. Ég vil leggja áherslu á að öll börn hafi rétt til leikskóla, ekki foreldranna vegna. Ég hef verið svo heppin að ég hef getað verið heima af því að ég hef getað unnið heima þannig að ég get haft börnin heima mín vegna. En þau þurfa að fara í leikskóla sín vegna og þau þurftu það löngu fyrir tveggja ára aldurinn.

Hv. þm. Geir Haarde gaf mér annað tilefni til að koma hér upp þegar hann talaði um að að þessum málum væri vel staðið í Reykjavík. Mínar dætur töldu dagana þangað til þær urðu tveggja ára svo að þær gætu komist allra náðarsamlegast inn á gæsluvöll Reykjavíkurborgar. Síðan varð að telja dagana þangað til þær urðu þriggja og hálfs árs til þess að komast inn á leikskóla en þá var ekki hægt að opna leikskólann vegna þess að það vantaði starfsfólk. En hvers vegna vantaði starfsfólk? Fólki inni á leikskólunum er boðið innan við 50 þús. kr. í laun á mánuði. Og hver getur unnið fyrir það og lifað á þeim launum? Jafnvel einstæðar mæður með börn.

Fyrst ég er komin hér á annað borð vil ég árétta frekar með rétt barna til leikskóla því að stundum heyrir maður það líka að börnin eigi bara að vera heima og eigi að vera hjá foreldrum sínum og foreldrarnir séu þeir sem best geta sinnt þeim málum. Sjálf hef ég menntun í uppeldisfræði, er kennari að mennt þannig að mér óar ekkert við því að vera með börnum. En mér finnst ekki rétt að leggja það á börnin sjálf. Það var hægt þegar við vorum að alast upp því þá voru börn í hverri íbúð. Þannig er það ekki nú og það er fátt eins ömurlegt og að vera heima í íbúðahverfum þessarar borgar sem eru nánast dauð allan daginn. Það er ein og ein kona heima, kannski hluta úr degi með nokkur börn en það eru langfæstar. Og það er ekkert skemmtilegt að standa við gluggann með börn hangandi í buxnaskálmum eða pilsfaldi af því að þeim hundleiðist. Heimilin eru allt öðruvísi nú en fyrir 20–30 árum síðan. Þá var nóg að gera heima. Það var þvegið í höndum jafnvel og bakað brauð og börn gátu tekið þátt í heimilisstörfum. En núna fara þessi heimilisstörf fram að miklu leyti utan heimilis og það sem gert er innan heimilis er gert í vélum. Börn eru ekki lengur þátttakendur og það sem er verst fyrir börn er að skorta verkefni. Stundum hef ég á tilfinningunni að þau séu hreinlega í stofufangelsi því að þau eru oft og tíðum lokuð inni og þau eru ein, fjölskyldurnar eru miklu minni en þær voru hér áður fyrr, bæði systkinahópurinn og líka hvað það eru fá börn allt í kring. Þau eru einmana, þau eru ein og þau skortir leikfélaga og þau skortir að kunna að leika sér og vera með hópi, læra að taka tillit til annarra en bara sjálfs sín og móður sinnar. Þess vegna verður að vera til og virtur réttur barns að fá að fara á leikskóla og fá það miklu fyrr en þau eru tveggja ára. Þau hafa þörf fyrir að vera með öðrum börnum og læra á okkar samfélag miklu fyrr en þau verða tveggja ára. Og það eru fyrst og fremst þau orð sem ég vildi árétta hér og taka undir eins og þau eru í frv. að leikskólinn taki við þegar fæðingarorlofi lýkur. Auðvitað er fæðingarorlof allt of stutt en leikskólinn þarf að taka við eftir það. Og auðvitað þarf að vera samfella í því, en barnanna vegna þarf leikskóli að koma fyrr en börnin eru tveggja ára og barnanna vegna hefði ég líka viljað sjá að sú grein hefði gilt sem mun hafa verið í upphaflegum drögum að sveitarfélögum væri skylt að hafa leikskóla fyrir öll börn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið hér við fyrstu ræður sem hafa komið hér og framsögu um þetta mikilvæga frv., frv. til laga um leikskóla, og hef því ekki hlustað á þær umræður sem hér hafa farið fram. Það eru e.t.v. einhver örlög að ég eigi ekki að ræða þessi mál hér í þingsölum að ég óskaði eftir frestun á frv. um félagslega þjónustu sveitarfélaga vegna þess að ég var boðaður á annan fund í mínu kjördæmi sem ég eða við þingmenn gátum ekki án verið og á sama tíma var umræðan hér um það frv. Hins vegar hefur komið hér fram að í félmn. í morgun lýsti ég afstöðu Framsfl. til þessara mála. Ég verð að segja það alveg eins og er hér og nú að ég tel að þær deilur sem hófust milli ráðherra í hæstv. ríkisstjórn, þ.e. hæstv. menntmrh. og félmrh., muni verða til þess að þessi tvö mikilvægu mál dagi uppi hér á hv. Alþingi.

Þessi frumvörp voru bæði til meðferðar á sl. hausti í ríkisstjórn og í þingflokkum. Það var ljóst að hér var um mjög mikilvægan ágreining að ræða sem þurfti að leysa á farsælan hátt. Annars vegar var um að ræða rammalöggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaga og hins vegar um þá afstöðu að leikskólinn skyldi vera samkvæmt lögum undir menntmrh. sem er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þegar litið er á það að sú aðgerð sem þetta frv. fjallar um gerir ráð fyrir því að ung börn og allt upp að skólastigi sæki leikskóla. Þar af leiðandi er þetta nokkurs konar forskóli fyrir grunnskólann og ekkert óeðlilegt við það að hann heyri að öllu leyti undir yfirumsjón menntmrh.

Þetta tengist auðvitað sveitarstjórnarlögum og lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þess vegna var náttúrlega alveg augljóst mál að það þurfti í ríkisstjórn að gera sér fulla grein fyrir því hvað þyrfti að koma í sambandi við hvor tveggja þessi lög til þess að það væri meira en orðin tóm því að enginn gerir það átak sem nauðsynlegt er að gera í sambandi við uppbyggingu leikskólakerfisins miðað við þá breytingu sem hér er lagt til nema til þess komi nýtt fjármagn. Og ég vil taka það fram að ég er algerlega sammála því að leikskólinn fái það hlutverk sem hér kemur fram í þessu frv. til laga um leikskóla. Á því er enginn vafi að við þurfum að stefna að því. Það er margt í þessu frv. sem gerir það að verkum að við þurfum að sjá árangur þannig að sveitarfélög landsins, sem ber skylda til að annast þetta hlutverk samkvæmt lögum, hafi til þess möguleika. Það er aðalatriðið. Ég tel að sú deila sem

upp hefur komið og er raunar enn í gangi geri það að verkum að hér þarf að vanda sig vel til að ekki verði úr því klúður, sem gerir það að verkum að ekkert gerist í þessum málum. Algerlega er útilokað að ætla sér að setja rammalöggjöf um jafnmikilvægan málaflokk og félagsþjónusta sveitarfélaga er sem ber í sér það að aðgerðarleysi er algert. Og ég vil benda á það, ekki aðeins með leikskólann, heldur tenging við aðra málaflokka ef um er að ræða að þetta eigi að vera rammalöggjöf eins og um félagslegu þjónustuna, þá þarf að tengja það ýmsum öðrum lögum sem í gildi eru. Til hvers þurfum við félagsmálaráð eða félagsmálanefnd sveitarfélaga til að sjá um húsnæðismál sveitarfélaga þegar jafnhliða er í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sérstök húsnæðisnefnd á vegum sveitarfélaga sem sér um alla félagslega þætti þeirra mála í bæjum og sveitarfélögum landsins? Þarna er bara eitt lítið dæmi um það hvert við erum að ana með svona löggjöf sem ekki tengist því einu sinni sem fyrir er í lögum.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega hér vegna þess að ég heyrði ekki framsöguræðu hæstv. ráðherra, sem hefði verið nauðsynlegt. En ég vil bara benda á afstöðu Framsfl. Við fengum þessi mál hvor tveggja, þessi frumvörp upp á borð á sl. hausti og það var enginn vafi á því að skoðanir voru skiptar eins og er í öllum flokkum. Sumir vildu halda sig við það einvörðungu að sveitarfélögin ættu að sjá um þetta hlutverk og þeim væri í sjálfsvald sett hvenær og hvernig þau byggðu upp þessa þjónustu samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Aðrir vildu ganga lengra og ganga í það verk að semja frv. um leikskólann sem fullnægði öllum þeim kröfum sem nútíminn krefst í sambandi við þessi mál. Þar af leiðandi væri eðlilegt að þessi þáttur í þjónustu sveitarfélaga landsins heyrði undir menntmrn. og væri algerlega undir forræði þess ráðuneytis. En hins vegar varð málamiðlun. Þingflokkurinn tilkynnti ríkisstjórninni um þessa afstöðu sem ég geri ráð fyrir að hafi komið fram frá öðrum þingflokkum einnig. Niðurstaðan varð sú að félmrh. hafði tilkynnt að það hefði verið samkomulag um það að breyta frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga þannig að draga úr vægi þess að sveitarfélögin hefðu algert forræði eða sjálfræði um það hvernig þau kæmu inn í þetta mál. Miðað við þá niðurstöðu taldi þingflokkurinn ekki eðlilegt að við værum að sitja á þessum málum. Það var í desember sem þessi afstaða var tilkynnt ríkisstjórninni og þar af leiðandi hefðu þessi frumvörp alveg getað komið fram í desember eins og núna í febrúar. Hins vegar þori ég ekkert að segja um það hvort þingmenn flokksins almennt muni taka þá afstöðu að samþykkja annað og fella hitt. Ég geri ekki ráð fyrir því. En niðurstaðan er sú að núna, þegar komið er að þinglokum, að það er alveg útilokað að þessi frumvörp nái fram að ganga hér í gegnum Alþingi. Það er kannski kjarni málsins í dag og það verður þá að nýta þann tíma sem eftir er til þess að reyna að átta sig á því hvernig er hægt að standa að þessum lagafrumvörpum þannig að það verði þá a.m.k. fljótlegt verk fyrir Alþingi þegar það kemur næst saman að afgreiða þessi mikilvægu mál.

En ég vil endurtaka það að ég tel að bæði þessi frumvörp séu mikilvæg. Annað er rammalög sem þarf að semja að verulegu leyti upp á nýtt eins og þau liggja fyrir í frv. og hitt er frv. til laga um leikskóla sem allir eru sammála um að við þurfum að hafa mjög góða löggjöf hér um. Aðalatriðið er að við tryggjum hvernig á að standa að fjárhagslegu hliðinni. Og til þess að það sé hægt þarf annaðhvort að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga eða verkaskiptingu sveitarfélaga og gera þá um leið algeran tilflutning til baka um það að ríkið sjái um a.m.k. verulegan hluta af leikskólauppbyggingunni, annaðhvort rekstrarlega eða stofnkostnaðarlega. Ég tel að það sé visst spor aftur á bak í sjálfu sér en alla vega þurfa sveitarfélögin að fá tryggt fjármagn til þess að þau geti gert að veruleika það sem er hægt að vænta í gegnum þessa löggjöf. Á það vil ég leggja mikla áherslu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær ítarlegu umræður sem þetta mál hefur fengið hér í dag og þær fróðlegu upplýsingar sem fram hafa komið í þeim umræðum um afstöðu einstakra flokka og þingmanna. Mér þykir til að mynda mjög vænt um að það kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. skilningur á nauðsyn þess að afla sérstaklega fjármuna í því skyni sem hér er verið að tala um, eins og reyndar er lagt til í frv. um uppbyggingu og fjármögnun leikskóla. Og ég segi það alveg eins og er að ég tel að það mættu gjarnan vera fleiri en hann og við úr þingflokkum ríkisstjórnarinnar sem hefðu aðeins fyrr kveikt á því. En það er auðvitað ekki öll nótt úti enn vegna þess að það er greinilegt að margir vilja gjarnan ganga undir þessu merki og það er vel.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér áðan að þetta mál væri kannski sérstaklega vandasamt núna vegna þess að stutt væri eftir af þinginu, málin væru tvö og það væru deilur um þau. Ég vil segja við þingið í fullri vinsemd: Ég held að það sé algerlega óhjákvæmilegt, því miður þó að tíminn sé stuttur fyrir Alþingi, að taka á þessum málum. Ég tel að það sé óþolandi fyrir ráðuneytin, hvort sem það er menntmrn. eða félmrn., að þetta séu togstreitumál. Það getur enginn kveðið upp dóm í þessu efni annar en Alþingi, enginn kveðið upp dóm. Ég mun fyrir mitt leyti hlíta niðurstöðu meiri hluta Alþingis í þessum efnum en það er útilokað annað en að þingið kveði upp þennan dóm. Og ég fer fram á það í fullri vinsemd við þingmenn að menn íhugi það mjög vandlega að taka af skarið um bæði þessi mál og afgreiða þau. Þau eru þannig undirbúin að það er hægt út af fyrir sig að taka afstöðu til þeirra með tiltölulega einföldum og skýrum hætti, a.m.k. á það við um leikskólafrv. og a.m.k. á það við um deilumálið í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Það er rangt að setja þetta mál þannig upp eins og stundum er gert og hefur jafnvel aðeins verið vikið að hér að hérna hafi einhverjir tveir ráðherrar fyrst og fremst verið að takast á um þessi mál. Staðreyndin er auðvitað sú að hér er um að ræða átök um grundvallarsjónarmið sem geysilega stór hópur manna hefur

fylkt sér um að því er varðar uppeldissjónarmiðin annars vegar og reyndar þó nokkur hópur hefur fylkt sér um í sambandi við félagslega þáttinn og áhersluna þar hins vegar. Og ég tel að fyrir menntmrn., fyrir uppeldiskerfið í landinu, fyrir skólana í landinu, sé nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið í þessu máli. Eftir þessa umræðu, bæði um þetta frv. og frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga, á þingið leikinn og það á að vera hægt að komast að niðurstöðu þó að skammur tími sé til þinglausna.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. talar núna í sinni síðustu ræðu af fullri vinsemd til þingsins og er það vel. Ég hygg að hv. þm. sé það jafnljóst og hæstv. menntmrh. að hér er um mjög merkilegt mál að ræða og er nauðsynlegt að taka á því. En mér virðist þó að það sé farið að verða nokkuð auðvelt að ná sér í kosningaprik ef menn viðhafa sömu vinnubrögð og hæstv. menntmrh., hann er í aðstöðu til þess. Hann leggur fram hvert frv. á fætur öðru án þess að tryggja fjármögnun. Menn hljóta að vera sammála um að það er ekki vænlegt til árangurs nema e.t.v. í kosningabaráttu. En gott dæmi um þetta er frv. um grunnskóla sem nú liggur fyrir í hv. menntmn. Nd. þar sem leggja á greiðslubyrði á sveitarfélögin upp á líklega 8 milljarða. Það segir sig sjálft að varla er hægt að samþykkja frv. sem þessi án þess að litið sé nánar til þessa þáttar.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu öllu frekar, virðulegi forseti, en vegna orða sem hér féllu áðan varðandi 1. gr. þessa frv. langar mig til þess að geta þess að það hafa komið fram fleiri athugasemdir í þá átt sem ég minntist á, benti á þessi atriði. Það er t.d. á bls. 33 í frv. frá félagsmálaráði Akureyrar og dagvistarfulltrúa. Þar segir m.a. um 1. gr. að það sé hægt að sleppa „frá hálfs árs aldri eða" og skýringin er sú: „Ekki teljum við rétt að tilgreina $^1/_2$ árs aldur sem neðri aldursmörk í lögum. Nægir að taka fram að leikskóli skuli vera fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur, þar eð við hljótum að stefna að lengingu fæðingarorlofs um a.m.k. $^1/_2$ ár." Það er því ljóst að það eru ýmis sjónarmið um þetta mál.

En ég get alveg tekið undir það sem hér kom fram áðan að það vantar svo sannarlega markvissa fjölskylduumræðu. Það má segja að í stefnuskrám allra stjórnmálaflokka standi setning sem segir eitthvað á þá leið að fjölskyldan skuli vera hornsteinn samfélagsins. Mér finnst mikið vanta á að stjórnmálaflokkarnir hafi tekið upp þessa umræðu. Í sambandi við það sem við vorum að ræða hér áðan, 1. gr., finnst mér líka rétt að vekja athygli á því að það ætti að gera foreldri kleift að vera heimavinnandi, ef það vill vera heima með ung börn sín og annast þau. Þar þyrfti að taka til athugunar ýmis málefni, t.d. skattaleg. Er hægt að nefna atriði eins og persónuafslátt þar sem ekki er samræmi á milli hvort báðir foreldrar eru útivinnandi eða þar sem annað er heimavinnandi. Finnst mér rétt að litið sé til þessa þáttar og sú umræða höfð í huga einmitt varðandi þetta frv. um leikskólann þar sem fjallað er ekki einungis um þörf barna heldur líka um þörf foreldra í þessu þjóðfélagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, 1. umr.

Frv. PP, 303. mál. — Þskj. 542.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 542 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda. 1. gr. þessa frv. er svohljóðandi:

„Fjmrh. er óheimilt að selja eftirtaldar eignir ríkissjóðs, ríkisstofnana eða sjóða í ríkiseign nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum:

a. fasteignir,

b. hlutabréf eða eignarhluti í félögum,

c. skip eða flugvélar,

d. listaverk, listmuni og söfn sem geyma menningarverðmæti,

e. aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi."

Greinargerðin er stutt og laggóð og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjmrh. er óheimilt að selja fasteignir ríkissjóðs samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar. Því er mjög óeðlilegt að ekki gildi sama regla um hlutabréf, eignarhluta í félögum, skip, flugvélar, listaverk, listmuni, menningarverðmæti eða aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi."

Þetta frv. er flutt að gefnu tilefni. Þetta er ekki ný hugmynd. Síðast var henni hreyft á síðasta þingi en þetta var einn þáttur í frv. sem hv. fjárveitinganefndarmenn fluttu um meðhöndlun á eignum ríkisins. Því miður varð þessi hluti frv. ekki að lögum. Þar strandaði m.a. á að frv. var miklu víðtækara en þetta og mætti andstöðu, sérstaklega ákvæði um launakjör. Því miður varð þessi þáttur ekki að lögum þá og því hef ég kosið að taka hann út úr frv. þeirra félaga eða hliðstæðan þátt og flytja hér sem sérstakt þingmál.

Eins og menn muna hafa iðulega verið hér til meðferðar lagafrv. um sölu á fasteignum ríkisins, t.d. um kotið Streiti í Breiðdal er búið að flytja þingmál ég held þrisvar sinnum. Við höfum ekki borið gæfu til að afgreiða það frá þinginu, þ.e. það frv. hefur aldrei náð fram að ganga. Ég minnist þess að einu sinni var flutt frv. um húsnæði lögreglustöðvar á Akranesi. Það er mjög óeðlilegt að unnt sé að selja stóreignir sem hlutabréf standa að baki, stórar fasteignir að geðþótta fjmrh. Og fjmrh. er enginn greiði gerður með því að láta leiða sig í freistni, enda var svo komið um daginn að hann vildi ekki hafa þennan kaleik hjá sér og tók undir það að lögum þyrfti að breyta. Nú gefst honum tækifæri til þess að styðja þetta frv. og hans flokksbræðrum.

Ég vonast eftir því að þingheimur geti sameinast um

að afgreiða þetta frv. sem lög áður en þingi lýkur í vetur. Ég vil taka það fram að með orðunum „verulegt verðgildi" er átt við meiri háttar verðmæti, ekki bíla eða eignir sem kosta fáeinar milljónir heldur einungis stærri eignir.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira, herra forseti, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég get fyllilega tekið undir það frv. sem hér var verið að mæla fyrir. Það stefnir örugglega í rétta átt. En út af ummælum flm. um frv. fjvn. get ég sagt frá því hér að ég geri ráð fyrir því að það frv. verði lagt fram nú í vikunni, endurbætt að því er varðar launamál o.fl. Það væri óskandi að það frv. eða þessi bæði yrðu að lögum á þessu þingi því hér er um mál að ræða sem er löngu orðið tímabært að Alþingi setji vissar skorður og reglur sem varða fjármál og fjárfestingu ríkis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

59. fundur, miðvikudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, frh. 1. umr.

Frv. sjútvrh., 370. mál. — Þskj. 650.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 2. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 71, n. 671 og 697, brtt. 672.

Frsm. meiri hl. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 671 frá meiri hl. félmn. um frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur á þskj. 672.

Frv. þetta var lagt fram í Nd. á síðasta þingi og afgreitt þaðan á allra síðustu starfsdögum þingsins. Ekki vannst tími til að ljúka umræðu og afgreiðslu þess hér í Ed. og var það því lagt hér fram aftur núna í vetur eins og það var afgreitt frá Nd. í lok síðasta þings.

Frv. byggir að stofni til á tillögum nefndar sem hæstv. félmrh. skipaði í maí 1988. Þeirri nefnd var ætlað að endurskoða núgildandi lög um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, en þau lög voru sett 1985. Hæstv. félmrh. lagði síðan fram hér á Alþingi frv. sem byggt var á tillögum nefndarinnar. Það frv. tók nokkrum breytingum í meðförum félmn. Nd. og voru þær breytingar gerðar í samræmi við þær umsagnir sem bárust og þær viðræður sem nefndarmenn áttu við fulltrúa sem komu á fund nefndarinnar. Málið var síðan afgreitt með fullu samkomulagi frá þeirri nefnd.

Engu að síður komu fram ýmsar athugasemdir við umfjöllun um frv. nú í félmn. Ed. og flytur meiri hl. nefndarinnar brtt. á sérstöku þskj. eins og ég gat um áðan.

Því er ekki að leyna að ýmsar aðrar hugmyndir komu fram innan nefndarinnar um breytingar á frv. sem nefndin varð síðan sammála um að bíða með og leggja þær hugmyndir frekar í dóm jafnréttisþing sem frv. kveður á um að skuli halda a.m.k. á þriggja ára fresti.

Þær breytingar, sem meiri hl. félmn. leggur til og lýst er á þskj. 672, eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

Við 13. gr. Á eftir orðinu „frumkvæði að" í 2. málsl. bætist: sérstökum tímabundnum.

Breytingar við þessa grein eru aðeins til að undirstrika að þær aðgerðir, sem Jafnréttisráð og jafnréttisnefnd hafa frumkvæði að til að bæta stöðu kvenna, hljóti að vera sérstakar tímabundnar aðgerðir.

Við 14. gr. leggjum við til að í stað orðanna „jafnréttismál kvenna og karla" í lok greinarinnar komi: framkvæmd laga þessara.

Við 16. gr. Á eftir orðinu „frumkvæði að" í 2. tölul. bætist: sérstökum tímabundnum. Er það eins og við 13. gr. til þess að undirstrika að þær aðgerðir, sem Jafnréttisráð og jafnréttisnefndir hafa frumkvæði að til að bæta stöðu kvenna, hljóti að vera sérstakar tímabundnar aðgerðir, enda samræmist það vel 3. gr. frv.

Við 18. gr. frv. gerir meiri hl. nefndarinnar eftirfarandi brtt. Greinin orðist svo:

„Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa. Hann skal vinna í samvinnu við Jafnréttisráð að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur."

Nefndin taldi rétt að heimild til að skipa jafnréttisráðgjafa væri bundin við einn slíkan ráðgjafa en ekki ótölusettan fjölda eins og hefði mátt skilja á því frv. sem við fjölluðum um.

Við 19. gr. laganna gerir nefndin eftirfarandi tillögu. 1. mgr. orðist svo:

„Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir formann nefndarinnar, sem skal vera lögfræðingur, félmrh. skipar tvo án tilnefningar og Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna einn nefndarmann hvor. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar kæruefni varðar aðra aðila vinnumarkaðar en

sæti eiga í nefndinni skal leita umsagnar þeirra samtaka sem hlutaðeigandi eiga aðild að."

Við lögðum til að þessi breyting yrði gerð á skipan kærunefndar jafnréttismála. Í fyrsta lagi að nefndarmönnum yrði fjölgað úr þremur í fimm. Sem áður er gert ráð fyrir að Hæstiréttur skipi formann nefndarinnar og skal hann vera lögfræðingur, en í stað fulltrúa Kvenréttindafélags Íslands telur nefndin rétt að komi fulltrúi skipaður af félmrh. og þannig skipar félmrh. tvo nefndarmanna. Þá taldi nefndin eðlilegt að fulltrúar stærstu heildarsamtaka launþega og atvinnurekenda, þ.e. ASÍ og VSÍ, eigi aðild að nefndinni. Jafnframt er kveðið á um að þegar kæruefni varðar aðra aðila vinnumarkaðarins en sæti eiga í nefndinni skuli leitað umsagnar þeirra samtaka sem hlutaðeigandi eiga aðild að.

Í sjötta lagi leggjum við til breytingu við 22. gr. frv., þ.e. að í stað orðsins „gáleysi" í fyrri málsl. komi: vanrækslu. Okkur fannst það orð eiga betur við og lýsa því sem þar er átt við heldur en það orð sem fyrir var í greininni.

Virðulegi forseti. Hér hefur verið gerð grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. félmn. leggur til að gerðar verði á frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Undir nál. meiri hl. félmn. rita auk frsm. hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Jón Helgason og Jóhann Einvarðsson.

Frsm. minni hl. félmn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 697 um frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frv. þetta um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var lagt fram í neðri deild Alþingis á 112. löggjafarþingi. Félmn. neðri deildar náði samkomulagi um að afgreiða málið með nokkrum brtt. sem samþykktar voru í neðri deild. Ekki vannst tími til að taka málið fyrir í efri deild á síðustu dögum fyrir þingslit sl. vor. Frv. var því lagt fram í efri deild nú á haustþingi eins og það kom frá neðri deild í fyrra. Fulltrúi Kvennalistans í félmn. neðri deildar féllst á að standa að afgreiðslu málsins þrátt fyrir það að kvennalistakonur hefðu viljað sjá tekið á jafnréttismálum af meiri myndugleik og festu en kom fram eftir umfjöllun neðri deildar um frv. Stuðningur Kvennalistans við frv. byggðist ekki síst á því að nokkur mikilvæg atriði náðu fram að ganga sem ekki er að finna í núgildandi lögum. Má sem dæmi nefna ákvæði um jafnréttisþing og virkara og skýrara hlutverk jafnréttisnefnda.

Við umfjöllun málsins í félmn. efri deildar á 113. löggjafarþingi komu fram ýmsar athugasemdir við frv. og leggur meiri hl. félmn. fram brtt. í samræmi við þær á þskj. 672. Flestar tillögurnar snerta málfar og gerir minni hl. félmn. ekki athugasemdir við þær. Fimmta brtt., sem snertir 19. gr. frv., er hins vegar efnisleg og þar greinir minni hl. félmn. á við meiri hl. nefndarinnar. Brtt. felst í því að í kærunefnd jafnréttismála eigi fulltrúar ASÍ og VSÍ fasta fulltrúa. Í frv., eins og það var lagt fram á 112. löggjafarþingi og eins og það kom frá neðri deild á sl. vori, var gert ráð fyrir að í þeim tilvikum er kæruefni varðar vinnumarkað skuli fulltrúi heildarsamtaka viðkomandi starfsmanns og fulltrúi samtaka atvinnurekenda viðkomandi launagreiðanda taka sæti í kærunefnd.

Minni hl. telur það réttlátari og eðlilegri skipan kærunefndar að þeir aðilar sem málið varðar hverju sinni eigi sæti í nefndinni. Þetta er í raun sama skipan og gildir um Félagsdóm. Minni hl. vekur athygli á að samstaða náðist um þessa skipan mála bæði í nefndinni sem samdi frv. og fulltrúar allra þingflokka áttu aðild að, svo og í neðri deild Alþingis.

Því er ljóst að minni hl. leggur til að brtt. meiri hl. félmn. við 19. gr. frv. verði felld en styður frv. að öðru leyti."

Undir þetta nál. skrifar Danfríður Skarphéðinsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 672,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 672,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 672,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 672,4 (ný 18. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 672,5 samþ. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, SalÞ, SkA, VS, ÞK, EG, GHG, HÁ, JúlS, KP, JHelg.

nei: DS, GJH.

GuðmÁ greiddi ekki atkvæði.

7 þm. (StG, SvG, EgJ, EKJ, HBl, JE, KSG) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
20.–21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 672,6 samþ. með 12 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
23.–24. gr. og ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Brottnám líffæra og krufningar, 2. umr.

Stjfrv., 120. mál. — Þskj. 648, n. 684.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 684 frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um brottnám líffæra og krufningar. Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið Pál

Sigurðsson ráðuneytisstjóra til fundar um efni þess.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum málsins í Nd.

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Stefán Guðmundsson, Guðmundur H. Garðarsson og Karl Steinar Guðnason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ákvörðun dauða, 2. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 125, n. 685.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 685 frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um ákvörðun dauða. Nefndin fékk Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra til viðræðna um efni frv. og leggur hún til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Stefán Guðmundsson, Guðmundur H. Garðarsson og Karl Steinar Guðnason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 101, n. 686, brtt. 687, 696.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 686 og brtt. á þskj. 687 og 696 við frv. til laga um meðferð opinberra mála. Þessar brtt. sem og nál. eru frá allshn. og allir nefndarmenn rita undir þetta nál. og þær brtt. sem hér eru lagðar til. Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Á fund nefndarinnar komu Halldór Þorbjörnsson, fyrrv. hæstaréttardómari, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Bogi Nilsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari, Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, Gunnlaugur Briem yfirsakadómari, Pétur Guðgeirsson sakadómari og Helgi I. Jónsson sakadómari. Umsagnir bárust frá sakadómi Reykjavíkur, Dómarafélagi Íslands, Rannsóknarlögreglu ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, ríkissaksóknara og dóms- og kirkjumrn.

Frv. er flutt vegna breytingar á réttarfarskerfi landsins, en hún tekur gildi 1. júlí 1992. Því er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, en þau eru að stofni til frá 1951. Frv. gerir ráð fyrir að skilið verði til fulls milli ákæruvalds og lögreglu annars vegar og dómsvalds hins vegar, auk þess að reglum um ákæruvaldið, flutning opinbers máls og réttarstöðu sakbornings er breytt. Þá er reglum um málskot til Hæstaréttar breytt ásamt fleiru.

Nokkrar umræður urðu meðal nefndarmanna um heimild lögreglustjóra til að höfða opinbert mál með útgáfu ákæru. 28. gr. frv., sem fjallar um þá málaflokka sem lögreglustjórar geta ákært í, verður að skýra með hliðsjón af 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. frv. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds og skiptir verkum með öðrum ákærendum. Það er því á hans valdi að ákveða hvort og í hvaða málum lögreglustjórar ákæra, innan þess ramma sem 28. gr. setur.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frv. sem hún telur til bóta þótt flestar breyti efni þess ekki að ráði. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Dómara verði heimilt að vísa þeim sem haga sér ósæmilega í réttarsal út án sérstakrar viðvörunar. Í frv. er gert ráð fyrir að slík viðvörun skuli ávallt gerð, sama hver hegðun þess, sem truflar, er.

2. Skýrt sé kveðið á um að bókað skuli í þingbók ef framburður er tekinn upp á myndband.

3. Lagt er til að ákærur, fyrirköll, dóma eða úrskurði megi einungis birta þeim sem í hlut á eða lögmanni hans eða öðrum lögráðamanni sem fengið hefur umboð hans í þessu skyni, en ekki á heimili eða dvalarstað. Allt önnur sjónarmið gilda um birtingu stefnu heldur en gilda um birtingu ákæru og mjög varhugavert er að ákæra sé birt með sama hætti og stefna í einkamáli. Þannig gæti langur tími liðið þar til ákærði vissi af birtingu ákærunnar og eins kynni ákæran að vera birt fyrir börnum og öðrum sem ástæða kann að vera til að hlífa við slíku.

4. Til að taka af allan vafa um að dómsmálaráðherra getur ekki gefið sérstökum saksóknara fyrirmæli um hvernig hann starfi er lagt til að niðurlag 26. gr. falli brott.

5. Ef hæstaréttarlögmanni er falið að sækja mál fyrir Hæstarétti í umboði ríkissaksóknara er lagt til að hann verði nefndur saksóknari og beri skyldur sem slíkur. Hins vegar er ekki ætlast til þess að slíkur saksóknari gefi út ákæru þótt ríkissaksóknari geti falið þeim sem gegna embætti saksóknara að gera það.

6. Brtt. við 59. gr. er einungis orðalagsbreyting.

7. Nefndin leggur til að tekin verði af öll tvímæli um að sá sem gefi leyfi til hlerunar síma eða fjarskiptatækis sé sá sem hefur umráð og eiginleg not tækisins en ekki sá sem er skráður fyrir símtæki enda fer slíkt ekki alltaf saman.

8. Fresti ríkissaksóknara til að fella sektargerð lögreglu úr gildi, ef annmarkar eru á, verði breytt þannig

að fella verði gerðina úr gildi innan mánaðar frá því að ríkissaksóknara barst vitneskja um hana, enda sé ekki liðið ár frá málalokum. Telur nefndin að síður sé hætta á réttarspjöllum með þessu móti heldur en ef fresturinn væri einungis tveir mánuðir.

9. Dómara verði falið að meta hve mörg eintök af gögnum máls þurfi að fylgja ákæru.

10. Fjögurra vikna frestur verði fyrir dómara til að birta ákæru og fyrirkall eftir að ákæra hefur verið gefin út. Er þetta gert til að stuðla að hraðari málsmeðferð opinberra mála, en stundum hefur dregist úr hömlu að birta ákæru sem gefin hefur verið út. Einnig er lagt til að ákærða verði gefinn frestur til að taka ákvörðun um verjanda máls fram að þingfestingu þess.

11. Skýrt sé kveðið á um hver geti boðið ákærðum að ljúka máli með því að gangast undir sekt sé málið þannig vaxið.

12. Lagt er til að ákærði og ákærandi tjái sig einungis um þau atriði sem geta verið því til fyrirstöðu að dómur sé lagður á mál ef frávísunarkrafa kemur fram, en ekki verði aðalregla að ákærði tjái sig um þessi atriði án tilefnis áður en dómur er lagður á málið.

13. Ákærandi hafi heimild til að reka mál, sem höfðað er eftir kröfu þess sem misgert var við, þrátt fyrir að kærandi hafi fallið frá kröfu um málssókn ef ákærandi telur að rétt sé vegna almannahags að halda málinu áfram.

14. Lagt er til að héraðsdómara verði alltaf stefnt ef gerð er krafa um að hann verði dæmdur í sekt vegna dráttar eða afglapa í máli. Eðlilegt er að dómarinn geti tekið til varna.

15. Að lokum er lagt til að ákvæði 1. og 3. mgr. 29. gr. frv., um heimildir ríkissaksóknara til að fela öðrum að flytja opinber mál fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, verði látnar öðlast gildi nú þegar. Stöðugt eykst sá málafjöldi sem ríkissaksóknari þarf að flytja og því ástæðulaust að bíða í rúmt ár með gildistöku þessarar heimildar. Nú gilda ákvæði 1. mgr. 79. gr. og 181. gr. laga nr. 74/1974 um þetta efni, en þau ákvæði heimila ríkissaksóknara einungis að skipa lögmenn til að flytja mál fyrir héraðsdómi en ekki Hæstarétti. Þá er ríkissaksóknara ekki heimilt að fela lögreglustjórum flutning máls fyrir héraðsdómi."

Síðan segir:

„Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Þá eru einnig lagðar til tvær breytingar við frv. á þskj. 696 sem eru ekki beint teknar upp í nál. Það er annars vegar breyting á 133. og og hins vegar 154. gr., en þær fjalla um það að flýta máli frá því að endurrit kemur fram og þangað til ákæra er síðan gefin út. Það má segja að tilefni þessarar brtt. sé það að í svokölluðu Hafskipsmáli leið óeðlilega langur tími frá því að niðurstaða sakadóms lá fyrir þangað til dómsgerðir allar komu inn á borð hins sérstaka ríkissaksóknara. Það sem er verið að gera með þessari brtt. er að stytta þennan frest með það að markmiði að auðvelda og flýta málum í dómskerfinu.

Ég hef hér gert grein fyrir nál. og þeim brtt. sem nefndin leggur til og í samræmi við það sem ég sagði hér áðan legg ég til að þessar brtt. verði samþykktar og málinu vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 687,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10.–14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 687,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
16.–19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 687,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
21.–25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 687,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
27.–28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 687,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
30.–58. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 687,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
59. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
60.–86. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 687,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
87. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
88.–114. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 687,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
115. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
116.–118. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 687,9 samþ. með 12 shlj. atkv.
119. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 687,10 samþ. með 13 shlj. atkv.
120. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
121.–123. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 687,11 samþ. með 13 shlj. atkv.
124. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
125.–127. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 687,12 samþ. með 12 shlj. atkv.
128. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
129.–131. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 687,13 samþ. með 12 shlj. atkv.
132. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 696,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
133. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
134.–153. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 696,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
154. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
155.–159. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 687,14 samþ. með 14 shlj. atkv.
160. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
161.–192. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 687,15 samþ. með 14 shlj. atkv.
193. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
194.–202. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

60. fundur, miðvikudaginn 20. febr.,
að loknum 59. fundi.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 3. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 699.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Brottnám líffæra og krufningar, 3. umr.

Stjfrv., 120. mál. — Þskj. 648.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 701).

Ákvörðun dauða, 3. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 125.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 702).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 700.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Varnir gegn mengun sjávar, 1. umr.

Frv. MF og SkA, 339. mál. — Þskj. 598.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, sem flutt er af frsm. og hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Þar segir í 1. gr.:

„18. gr. laganna orðast svo:

Umboðsaðilar og fyrirtæki, er annast dreifingu og sölu á olíu, skulu koma upp fullnægjandi búnaði og þjálfa lið til hreinsunar á olíu úr sjó. Hafa skal samráð við viðkomandi sveitarstjórn, hafnaryfirvöld og Siglingamálastofnun ríkisins. Siglingamálastofnun ríkisins skal setja reglur um samræmdan búnað með hagkvæm samnot í huga.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Frv. þetta er flutt til þess að létta af sveitarfélögum þeirri skyldu sem á þau er lögð skv. 18. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, að þau annist og kosti búnað til að hreinsa olíu úr sjó. Þrátt fyrir ákvæði þetta hefur hreinsibúnaði ekki verið komið upp í höfnum landsins utan Reykjavíkur. Sveitarfélög eða hafnarsjóðir þeirra hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þeim kostnaði sem þessu fylgir, þrátt fyrir að ríkissjóði beri að greiða hluta af þessum kostnaði.

Í 16. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar segir að ef hætta er á mengun sjávar, sem brýtur gegn ákvæðum laganna, skuli sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann beri einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans valda öðrum. Í þeim tilvikum sem hætta er á olíumengun á sjó í eða utan hafnarsvæðis er sjaldnast hægt að benda á sveitarfélagið sem mengunarvald eða ábyrgðaraðila á þeim búnaði sem menguninni veldur. Það er því að dómi flutningsmanna eðlilegt að þau fyrirtæki og umboðsaðilar, sem annast sölu og dreifingu á olíu, beri sjálf kostnað af mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og þjálfi lið til að hreinsa olíu sem fer í sjó. Siglingamálastofnun skal samkvæmt frv. setja reglur um samræmdan búnað með hagkvæm samnot í huga og kemur þá að sjálfsögðu til greina að sami búnaður nýtist fleiri en einni höfn. Fullt samráð skal einnig haft við sveitarstjórn og hafnaryfirvöld á hverjum stað."

Eins og segir í greinargerð með frv. því sem hér er flutt er hér um að ræða breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar. Í VII. kafla laga þeirra þar sem fjallað er um viðbúnað vegna mengunaróhappa segir í 18. gr.:

„Sveitarstjórnir skulu skipuleggja viðbúnað, koma upp búnaði og þjálfa lið til hreinsunar á olíu úr sjó í

samráði við Siglingamálastofnun ríkisins sem leitast við að samræma búnað einstakra sveitarfélaga með hagkvæm samnot í huga."

Við flm. þessa frv., sem ég mæli hér fyrir, leggjum til þá breytingu að í stað þess að sveitarstjórnum sé gert skylt að skipuleggja viðbúnað, koma upp búnaði og þjálfa lið til hreinsunar á olíu úr sjó, þá verði það hutverk umboðsaðila og fyrirtækja sem annast dreifingu og sölu á olíu. Þessir aðilar skulu þó eðlilega hafa samráð við viðkomandi sveitarstjórnir, hafnaryfirvöld og Siglingamálastofnun ríkisins.

Það ákvæði 18. gr. núgildandi laga um að Siglingamálastofnun ríkisins skuli setja reglur um samræmdan búnað með hagkvæm samnot í huga er óbreytt í því frv. sem hér er til umræðu. Þetta ákvæði var á sínum tíma sett inn í lögin m.a. til þess að stuðla að því að sveitarstjórnir sameinuðust um það að koma sér upp olíumengunarvarna- og hreinsibúnaði sem nýttist fyrir fleiri en eina höfn. Þetta er hagræðingaratriði því að fullnægjandi búnaður er töluvert dýr og þó að ríkissjóði beri að greiða hluta af þessum kostnaði er staðreyndin sú að fjárhagsleg staða flestra sveitarsjóða og hafnarsjóða á landinu er þannig að verkefni sem þetta reynist þeim ofviða.

Það má e.t.v. einnig rekja ástæður þess að ekki hefur verið tekið á þessu verkefni, því ekki verið sinnt, að ástand hafnarmannvirkja í landinu er með þeim hætti að það vantar stórar fjárhæðir til framkvæmda bæði frá ríkissjóði og frá sveitar- og hafnarsjóðum. Því verða menn ávallt að forgangsraða verkefnum og það verður að segjast eins og er að það verkefni sem 18. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar felur sveitarstjórnum hefur ekki verið sett ofarlega á forgangslista nema í örfáum sveitarfélögum.

Í 27. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar segir:

„Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar."

Ekki veit ég hversu mikil sök það er að hafa ekki komið upp olíumengunarvarnabúnaði í höfnum ef mengunarslys verður og enginn búnaður eða þjálfað lið er til staðar til hreinsunar olíu úr sjó. Líklega hefur ekki reynt á það. Í þeim tilvikum sem slík óhöpp hafa átt sér stað hefur góð aðstoð þeirra sem sjá um dreifingu á olíu ávallt verið til staðar. Það er hins vegar staðreynd að sveitarstjórnir eru þeir aðilar sem eiga samkvæmt lögum að sjá um þessi verkefni og því hljóta þær að vera brotlegar ef slys verður og ekki er neinn viðbúnaður til staðar.

Ég nefndi hér áðan að í þeim tilvikum sem einhver mengunaróhöpp hafa átt sér stað í höfnum, þá hefur ávallt verið til staðar góð aðstoð frá þeim aðilum sem annast dreifingu og sölu á olíu. Meiri líkur eru á að þeir hafi yfir að ráða þekkingu og reynslu sem til þarf þegar olíumengunarslys verða heldur en að sérþekking sé til staðar í hverju sveitarfélagi. Auðvitað hlýtur þó ávallt að verða um að ræða ákveðna samvinnu eða samráð við heimamenn á hverjum stað.

Að lokum vil ég segja þetta: Í lögum um mengunarvarnir hvers konar og reglugerðum eru það yfirleitt rekstraraðilar og stjórnendur þeirra fyrirtækja sem hugsanlega geta valdið mengun sem er gert skylt að setja upp mengunarvarnabúnað og útbúnað til að mæta hugsanlegum mengunarslysum. Nægir í þeim efnum að minna á umræðu um væntanlegt álver og mengunarútbúnað þess. Það verður því að teljast fullkomlega eðlileg ráðstöfun að þeir aðilar sem sjá um dreifingu og sölu á olíu komi upp búnaði og hafi þjálfað lið til hreinsunar olíu úr sjó ef slík mengunarslys verða.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað að lokinni þessari umræðu til samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 385. mál (húsnæðismálastjórn, umdæmisstjórnir o.fl.). — Þskj. 690.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það frv. er ég mæli hér fyrir varðar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að því er tekur til stjórnsýslulegrar stöðu stofnunarinnar. Frv. er tvíþætt. Fyrri hluti þess varðar breytingar á skipan húsnæðismálastjórnar og öðrum þáttum í skipulagi stofnunarinnar. Síðari hlutinn felur í sér þau nýmæli að landinu verði skipt niður í 8 húsnæðisumdæmi. Í hverju húsnæðisumdæmi verði umdæmisstjórnir sem taki við hluta af verkefnum húsnæðismálastjórnar og annist einnig ný verkefni.

Um nokkurt skeið hefur stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar verið fremur óljós. Árið 1987 framkvæmdi Ríkisendurskoðun endurskoðun á reikningsskilum þeirra sjóða sem Húsnæðisstofnun hefur umsýslu með, en það eru Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 1988 kemur m.a. fram að vafi virðist leika á því hver sé stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar ríkisins og lögð áhersla á að niðurstaða þurfi að fást um það hver hafi vald til að gera hvað og hver beri ábyrgðina.

Ríkisendurskoðun telur að þær skipulagsbreytingar, sem gera þurfi, eigi að fela í sér að yfirstjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins sé alfarið á einni hendi.

Eins og margoft hefur komið fram hér á Alþingi telja þingmenn félmrh. bera ábyrgð á framkvæmd húsnæðisstefnunnar á hverjum tíma. Þeir ráðherrar sem með húsnæðismál hafa farið hafa sætt gagnrýni fyrir framkvæmdir á þessu sviði sem umdeilanlegt er hvort voru innan valdmarka ráðherra.

Í þeim breytingartillögum sem hér eru lagðar til er m.a. lagt til að valdmörk ráðherra og húsnæðismálastjórnar verði skýrari en verið hefur og lögð áhersla á að valdið sé hjá þeim sem ábyrgðina ber. Í frv. er jafnframt lögð áhersla á valddreifingu með því að koma á átta umdæmisstjórnum sem munu hver í sínu umdæmi

hafa veruleg áhrif á húsnæðismál í sínu umdæmi. Það munu þær í fyrsta lagi gera með áætlanagerð um húsnæðisþörf og umfjöllun sinni um umsóknir um félagslegar íbúðabyggingar frá húsnæðisnefndum. Umdæmisstjórnirnar munu enn fremur móta stefnuna um uppbyggingu félagslegs íbúðarhúsnæðis í einstökum sveitarfélögum innan umdæmisins. Þá má ekki gleyma því hversu mikið þjónusta við einstaklinga og sveitarfélög mun aukast við það að komið verði á fót umdæmisskrifstofum.

Þær tillögur, sem hér eru lagðar fram um að komið verði á fót umdæmisstjórnum og umdæmisskrifstofum í húsnæðismálum, miða fyrst og fremst að því að bæta þjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins við landsbyggðina og stuðla að valddreifingu í húsnæðismálum.

Í nefnd þeirri, sem ég skipaði til að endurskoða og gera tillögur um framtíðarskipan félagslega hluta húsnæðiskerfisins og skilaði niðurstöðum sínum í febrúar á síðasta ári, kom fram að bæta þyrfti skilvirkni húsnæðislánakerfisins. Fram kom að nefndin taldi að Húsnæðisstofnun væri nú á ýmsan hátt vanbúin til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til lánakerfisins. Nefndin tók sérstaklega fram að einstaklingar og sveitarfélög á landsbyggðinni eigi erfitt með að nálgast þær upplýsingar og þá ráðgjöf sem stofnunin veitir og íbúar og sveitarfélög sem nær eru eiga aðgang að. Nefndin taldi brýnt að þjónusta Húsnæðisstofnunar við landsbyggðina yrði bætt þannig að allir sætu við sama borð. Frv. þetta miðar að því. Þetta er í samræmi við þær breytingar sem verið er að gera á afgreiðslu í húsbréfakerfinu. Áætlað er að frá og með 15. apríl nk. hefjist móttaka umsókna í húsbréfakerfinu hjá bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Við það mun þjónustan batna verulega frá því sem nú er. Umsækjendur munu ekki þurfa að leita til Reykjavíkur með hvert erindi sem þeir eiga við Húsnæðisstofnun.

Á sl. þremur til fjórum árum hefur stóraukin áhersla verið lögð á félagslegar íbúðabyggingar. Á þriggja ára tímabili, 1988–1990, voru heimiluð lán til 2076 félagslegra íbúða og almennra kaupleiguíbúða. Til samanburðar voru á öllu tímabilinu 1980–1987 eða á 8 árum veitt 1764 lán til félagslegra íbúða. Þetta hefur gert það að verkum að verkefni Húsnæðisstofnunar hafa stóraukist frá því sem var.

Vandinn í húsnæðismálum á undanförnum árum hefur ekki síst stafað af því að framboð á félagslegu íbúðarhúsnæði hefur verið of lítið. Of margar fjölskyldur hafa neyðst til að festa kaup á íbúðarhúsnæði á hinum almenna markaði án þess að hafa til þess fjárhagslega getu. Langt er í að þessi vandi hafi verið leystur þrátt fyrir mikla aukningu á félagslegu íbúðarhúsnæði. Óhjákvæmilegt er að uppbygging á félagslega íbúðakerfinu verði á næstu árum enn meiri en verið hefur. Fyrirsjáanlegt er því að Húsnæðisstofnun muni engan veginn geta annað þeirri þörf sem verður fyrir þjónustu stofnunarinnar á næstu árum.

Á félagsíbúðadeild Húsnæðisstofnunar starfa fjórir starfsmenn og á tækniþjónustu eru 8,7 stöðugildi. Það er ekki við því að búast að svo fátt starfsfólk nái því að svara öllum fyrirspurnum um jafnviðamikil verkefni og fylgja umsóknum og afgreiðslu lána úr Byggingarsjóði verkamanna jafnframt því að afgreiða öll þau mál frá stofnuninni. Einfaldasta leiðin til að bæta þjónustu Húsnæðisstofnunar er að dreifa henni um landið eins og lagt er til í frv. þessu. Þjónustan mun án efa batna þannig að einstaklingar og sveitarfélög á landsbyggðinni munu eiga sama aðgang að upplýsingum og ráðgjöf frá umdæmisstjórnum og veitt hefur verið í Húsnæðisstofnun hingað til en sem allir hafa ekki haft jafngreiðan aðgang að.

Samkvæmt frv. verða verkefni húsnæðismálastjórnar og Húsnæðisstofnunar fyrst og fremst yfirumsjón og eftirlit. Ég vil fyrst greina frá þeim breytingum sem lagt er til að verði á Húsnæðisstofnun og húsnæðismálastjórn. Hér er lagt til að þess sé sérstaklega getið að félmrh. fari með yfirstjórn húsnæðismála til að taka af allan vafa um stjórnsýslulegt samband félmrh. og húsnæðismálastjórnar.

Hvað varðar hlutverk Húsnæðisstofnunar er lagt til að fellt verði brott það ákvæði í lögunum að stofnunin hafi forustu um stefnumótum í húsnæðismálum. Öll forusta um stefnumótun kemur að áliti Ríkisendurskoðunar annars vegar frá félmrh. og ríkisstjórn og hins vegar frá Alþingi. Lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins veita stofnuninni ekkert svigrúm til slíkrar stefnumótunar og því á ofangreint ákvæði ekki rétt á sér að mati Ríkisendurskoðunar.

Í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins er kveðið skýrt á um skiptingu hennar í deildir. Lagt er til að deildaskipting sé ekki tilgreind í lögunum heldur sé það ráðherra að ákveða hana með reglugerð um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þegar breytingar verða á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þykir nauðsynlegt að geta aðlagað innra starf stofnunarinnar að breytingum hverju sinni. Með því að ákveða deildaskiptingu og annað er varðar innra fyrirkomulag stofnunarinnar í reglugerð ætti með stuttum fyrirvara að vera unnt að gera þær breytingar sem tryggja að stofnunin uppfylli þær þjónustukröfur sem gerðar eru til hennar.

Húsnæðismálastjórn er nú skipuð tíu fulltrúum, þar af sjö kjörnum af sameinuðu þingi. Lagt er til að þeim verði fækkað í fimm og verði fjórir þeirra kjörnir af sameinuðu Alþingi en ráðherra skipi formann án tilnefningar. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands eigi ekki lengur sæti í stofnuninni, en hins vegar fái launþegahreyfingin tvo fulltrúa af fimm í hverri umdæmisstjórn. Launþegahreyfingin mun því fá, samkvæmt því sem hér er lagt til, 16 fulltrúa í umdæmisstjórnir. Áhrif verkalýðshreyfingarinnar eiga því til muna að aukast á stefnuna í húsnæðismálum. Tíu manna stjórn er að mínum dómi of fjölmenn til að tryggja skilvirkni auk þess sem sú valddreifing sem hér er lögð til með umdæmisstjórnum mun minnka verulega umsvif húsnæðismálastjórnar.

Sú nefnd, sem ég skipaði til þess að fjalla um félagslega húsnæðiskerfið og í áttu sæti m.a. fulltrúar ASÍ, BSRB og Sambands ísl. sveitarfélaga, lagði einmitt til skipan slíkra umdæmisstjórna og í skýrslu

þeirrar nefndar sem var gefin út í febrúar 1990 kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að landinu verði skipt í sex til átta umdæmi og kosin sérstök umdæmisstjórn húsnæðismála í hverju umdæmi. Gert er ráð fyrir að ýmis verkefni sem Húsnæðisstofnun og húsnæðismálastjórn hafa nú með höndum verði færð til umdæmisstjórnanna. Þess vegna þykir eðlilegt að fækka stjórnarmönnum í húsnæðismálastjórn."

Hér er því um að ræða að hluta til tillögur nefndar sem ég skipaði á sínum tíma og í áttu sæti fulltrúar ASÍ, BSRB og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Þá er lagt til að í stað þess að framkvæmdastjóri húsnæðismálastjórnar sé æviráðinn verði hann skipaður til sex ára í senn. Tillaga þessi raskar þó ekki stöðu núverandi framkvæmdastjóra þar sem hún er ekki afturvirk.

Rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar ríkisins er verulegur enda mikil umsvif hjá stofnuninni. Til að draga úr þeim kostnaði fyrir ríkissjóð er lagt til að kostnaður við tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónusta við lántakendur verði borin uppi af sölu á þjónustu stofnunarinnar.

Lagt er til að í fjárhagsáætlun stofnunarinnar verði mun nánari sundurliðun en nú tíðkast. Áætlun rekstrarkostnaðar verði sundurliðuð og að í fjárhagsáætlun komi fram fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka og meginsjónarmið um ráðstöfun þess. Fjárhagsáætlun verði lögð fyrir ráðuneytið fyrir 1. apríl ár hvert fyrir næsta ár á eftir. Með þessu á að vera unnt að tryggja til muna samband húsnæðismálastjórnar og ráðuneytis og á það að gera félmrh. unnt að sinna þeirri yfirstjórn sem ætlast er til.

Ekki hefur til þessa verið sérstaklega kveðið á um upplýsingaskyldu húsnæðismálastjórnar í lögum. Lagt er til nú að kveðið verði á um skyldu hennar til að koma á framfæri upplýsingum um hlutverk og störf Húsnæðisstofnunar.

Eins og áður getur er síðan lagt til að landinu verði skipt í átta húsnæðisumdæmi sem fylgja kjördæmaskiptingunni að undanskildu höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Umdæmin eru, eins og lagt er til í þessu frv.: Höfuðborgarsvæðið, Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi vestra, Norðurlandsumdæmi eystra, Austurlandsumdæmi, Suðurlandsumdæmi og Suðurnesjaumdæmi.

Nauðsynlegt er talið að sérstök umdæmisstjórn verði fyrir höfuðborgarsvæðið þrátt fyrir nálægð húsnæðismálastjórnar við það svæði. Skýr verkskipting verður að vera á milli húsnæðismálastjórnar og umdæmisstjórnar. Umdæmisskrifstofur verði í öllum umdæmum en hins vegar er ekki óeðlilegt að umdæmisskrifstofa höfuðborgarsvæðisins yrði í húsnæði Húsnæðisstofnunar og samnýti þá aðstöðu sem þar er. Slíkt yrði að sjálfsögðu ákvörðunaratriði umdæmisstjórnar höfuðborgarsvæðis og húsnæðismálastjórnar.

Kveðið er á um að skipaðar verði fimm manna umdæmisstjórnir húsnæðismála í hverju umdæmi sem félmrh. skipar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Tveir skulu tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga, tveir af ASÍ og BSRB, en einn skipaður af ráðherra eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar. Umdæmisstjórnir munu fara með verkefni í umboði húsnæðismálastjórnar í hverju umdæmi fyrir sig. Þau verða annars vegar á sviði félagslega hluta húsnæðislánakerfisins og hins vegar ýmis önnur verkefni er varða áætlanagerð og upplýsingamiðlun. Nánar tilgreind eru verkefnin eftirfarandi samkvæmt frv.:

1. Áætlunargerð um byggingarþörf.
2. Móttaka umsókna sveitarfélaga um byggingu félagslegra íbúða.
3. Tillögugerð til húsnæðismálastjórnar um heildarlánsfé vegna félagslegra íbúða.
4. Að annast lánveitingar til sveitarfélaga eða annarra framkvæmdaaðila félagslegra íbúða.
5. Að afla upplýsinga um stöðu og horfur í húsnæðismálum.
6. Kostnaðareftirlit og úttektir á félagslegum íbúðum.
7. Ráðgjöf og fræðsla um lána- og húsnæðismál almennt til einstaklinga, sveitarfélaga og félagasamtaka.

Umdæmisstjórnum verði heimilt að ráða starfsmann eða starfsmenn að fengnu samþykki húsnæðismálastjórnar. Laun þeirra starfsmanna skulu greidd af Húsnæðisstofnun. Kostnaður af rekstri umdæmisstjórnar og umdæmisskrifstofu skal greiddur af landshlutasamtökum sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilað að greiða framlag til landshlutasamtakanna á móti þessum útgjöldum samkvæmt reglum sem ráðherra staðfestir.

Þar sem þjónustan flyst frá Húsnæðisstofnun til umdæmisstjórna er eðlilegt að störfum á Húsnæðisstofnun fækki og ætti því ekki að verða um að ræða aukin rekstrarútgjöld ríkisins, auk þess sem lagt er til að þjónusta Húsnæðisstofnunar verði kostuð að mestu leyti af þeim sem njóta hennar.

Lögð er til breyting á 70. gr. laganna. Er kveðið á um að sveitarstjórn eða framkvæmdaraðili skuli tilkynna umdæmisstjórn ákvörðun sína um að sækja um lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Nú tilkynna þessir aðilar þetta til Húsnæðisstofnunar. Kveðið er á um í frv. að umsóknir sveitarfélaga eða annarra framkvæmdaaðila skuli berast umdæmisstjórnum fyrir 1. sept. ár hvert og tillögur umdæmisstjórnar þurfa að berast húsnæðismálastjórn fyrir 1. nóv. ár hvert.

Kveðið er á um það að húsnæðismálastjórn ákveði skiptingu ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs verkamanna til einstakra umdæma — hér er um veigamikla breytingu að ræða — en að umdæmisstjórnir úthluti síðan lánunum til sveitarstjórna og annarra framkvæmdaraðila.

Þá er fjallað um upphaf byggingarframkvæmda. Umdæmisstjórn skal tilkynna húsnæðismálastjórn ákvörðun um lánveitingu til sveitarstjórnar eða annars framkvæmdaraðila telji umdæmisstjórnin að skilyrðum laga sé fullnægt. Húsnæðisstofnun hefur tilkynnt sveitarstjórnum og öðrum framkvæmdaraðilum þetta hingað til.

Lagt er til að kostnaðareftirlit verði í höndum um-

dæmisstjórna undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar. Húsnæðisstofnun hefur haft allt eftirlit með höndum til þessa.

Gerð er breyting á 77. gr. þar sem umdæmisstjórn er ætlað að staðfesta lok framkvæmda og byggingarkostnað með úttekt sinni í stað Húsnæðisstofnunar.

85. gr. er breytt á þann veg að tekið er fram að umdæmisstjórn skuli staðfesta byggingarkostnaðinn með úttekt sinni í stað Húsnæðisstofnunar áður.

Lögð er til breyting á 102. gr. þannig að umdæmisstjórn skal í stað Húsnæðisstofnunar staðfesta útreikninga á söluverði félagslegra íbúða. Húsnæðismálastjórn skal skera úr um ágreining sem kann að koma upp.

Þá er lagt til að 109. og 110. gr. laganna verði felldar brott sem hefur það í för með sér að ekki verður lengur í lögum kveðið á um sérstaka tækni- og þjónustudeild. Eins og kemur fram í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að deildaskiptingin verði ákveðin í reglugerð og þar nánar skilgreint verksvið deilda.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir helstu atriði þessa frv. sem fela í sér veigamiklar breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar og stofnun umdæmisskrifstofa og umdæmisstjórna um land allt til þess að auka þjónustu í húsnæðismálum við landsbyggðina og stuðla að aukinni valddreifingu í því efni.

Ég vil svo leggja til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frv. sem fjallar um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins og æðstu stjórn húsnæðismála. Það verður því ekki undan því vikist að fjalla nokkuð um húsnæðismálin í víðara samhengi. Húsnæðiskerfið sem búið hefur verið við er að stofni til frá 1953. Þá var sett á fót hið almenna veðlánakerfi og húsnæðismálastjórn sem var undanfari Byggingarsjóðs ríkisins og Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Þetta markaði tímamót í lánveitingum til húsbygginga.

Hin fyrstu skref voru tekin af varúð og gætni. En mjór er mikils vísir. Íbúðalánakerfið var smám saman aukið og eflt til þess að það gæti sem best náð tilgangi sínum. Markmiðið var að gera fólki kleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið af almennum launatekjum. Einungis með þeim hætti gat séreignastefnan í húsnæðismálum haft raunhæft gildi. Að því marki sem almenningur hafði ekki efni á að eignast eigin íbúðir hlutu félagslegar ráðstafanir að koma til því að íbúðarþörfinni varð að sinna með einhverju móti.

Uppbyggingu hins almenna íbúðalánakerfis voru takmörk sett. Ferðinni hlaut að ráða það fjármagn sem til reiðu var. Það var ekki hægt að ætla lánakerfinu meiri verkefni en fjárhagurinn leyfði. Þess vegna var verkefnunum haldið innan þeirra marka sem nauðsyn krafði til þess að kerfið gæti staðist. Þetta var gert með því móti að lánin voru bundin við þá sem byggðu íbúð í fyrsta sinn og innan ákveðinna stærðarmarka. Með þessu móti voru lánveitingar takmarkaðar við þá sem ekki áttu íbúðir fyrir og ekki voru þeim efnum búnir að geta ætlað sér stærri íbúðir en lánað var út á.

Þannig var sinnt hinum breiða fjölda húsbyggjenda, þeim sem mest reið á hagkvæmum íbúðarlánum og þannig tryggðar nauðsynlegar nýbyggingar til að fullnægja íbúðarþörf þjóðarinnar, jafnframt því sem þetta var grundvöllur þess að viðhaldið yrði sjálfseignarstefnunni í húsnæðismálunum.

Með þessum hætti var komið á því öryggi í húsnæðismálunum að þeir sem fullnægðu skilyrðum gátu reiknað með að fá lán og þeir sem fengu lán gátu reiknað með að fá það útborgað án þess að standa í biðröð. Þá þekktist ekki það öngþveiti sem nú ríkir og verið hefur um langt skeið. En þetta íbúðarkerfi, sem búið var að koma á fót, var ekki fullkomið. Kom þar ýmislegt til. Íbúðarlánin voru ekki nægilega há, ekki nógu stór hluti af byggingarkostnaði. Þau voru ekki til nægilega langs tíma, lánstíminn of stuttur. Þau voru ekki með nægilega hagkvæmum kjörum, vextirnir of háir. Viðfangsefnið var því að hækka lánin, lengja lánstímann og lækka vextina. Þetta voru forgangsverkefnin. Að þessu var unnið eftir því sem efni stóðu til. Lánin voru hækkuð, lánstíminn lengdur og kjörin bætt.

En grundvöllurinn fyrir þessari þróun var fjárhagur lánakerfisins, ráðstöfunarfé þess. Þess vegna var það alltaf höfuðatriðið að styrkja kerfið fjárhagslega, efla grundvöll þess. Þannig varð til skyldusparnaður ungs fólks til að auka ráðstöfunarfé kerfisins og launaskatturinn sem lögfestur var til að auka eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins. Með þessu móti var þess gætt að verkefni þau sem lögð voru á kerfið færu ekki fram úr fjárhagslegri getu þess. Þetta var á sinni tíð svo sjálfsagt að ekkert annað þótti koma til mála. Menn voru sér meðvitandi að allt annað kæmi lánakerfinu í koll til ómetanlegs skaða öllum þeim sem á það treystu.

Þannig var lengi vel haldið á húsnæðismálunum. Lánakerfið var smám saman endurbætt og eflt eftir því sem efni leyfðu. Það var víðtæk samstaða um þessa stefnu sem fylgt var. Allir stjórnmálaflokkarnir áttu hér hlut að máli. Þannig var fram haldið fyrstu tvo áratugi sem lánakerfið var við lýði. En upp úr 1970 fór að bera á því að menn yrðu andvaralausir um grundvallarþýðingu þess að lánakerfið hefði fjárhagslega getu til að sinna þeim verkefnum sem því yrðu fengin. En í þessu efni kastar samt ekki tólfunum fyrr en 1980 og síðan hefur verið óslitinn hrakfallabálkur. — Asninn var kominn í herbúðirnar. Og í hverju voru asnaspörkin fólgin?

Byggingarsjóði ríkisins voru fengin ný og aukin verkefni án þess að honum væri séð fyrir fjármagni til að standa undir hlutverki sínu. Þvert á móti var fjárhagsleg undirstaða sjóðsins veikt. Af þessu er slík saga að með miklum ólíkindum er. Í stað þess að lána aðeins til þess sem var að byggja í fyrsta sinn íbúð af takmarkaðri stærð var nú öllum lánað, út á allar íbúðir. Af nýjum verkefnum sem auk þess var hlaðið á sjóðinn má nefna: Kaup á eldri íbúðum, lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, lán til meiri háttar við-

bygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði, sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir, lán til orkusparandi breytinga á húsnæði, lán til tækninýjunga í byggingariðnaði — og er þá ekki allt til talið.

Hver getur haft á móti því að þessum verkefnum sé sinnt? Ég ætla enginn. Spurningin er aðeins með hverjum hætti skuli séð fyrir þeim þörfum sem hér er um að ræða. Það er hins vegar engin spurning hvaða áhrif það hefur haft að leggja þá kvöð á Byggingarsjóðinn að svara þessum þörfum án þess að sjá honum fyrir fjármagni til að standa undir því. Það má með sanni segja með tilliti til Byggingarsjóðsins í þessu efni að veguinn til vítis er varðaður fögrum fyrirheitum.

En ábyrgðarleysið í húsnæðismálunum hefur ekki riðið við einteyming. Nóg var nú komið þó að ekki þyrfti á sama tíma að koma til þess að Byggingarsjóðurinn væri sviptur þeim mikilvæga tekjustofni sem launaskatturinn gaf. Breytir þar engu þó að lofað væri í staðinn framlagi af fjárlögum hvers árs. Verður ekki saman jafnað reikulu ráði fjármálaráðherra hvers tíma við fastan tekjustofn sem launaskatturinn var, enda hefur reynslan sýnt sig.

Það er svo kapítuli út af fyrir sig að byggja ráðstöfunarfé ríkisins mest á lánsfé frá lífeyrissjóðunum með þeim vaxtamismun Byggingarsjóðnum í óhag sem fær með engu móti staðist. Það var því að bíta höfuðið af skömminni að leggja skyldur á Byggingarsjóðinn sem ekki er hægt að standa undir nema með lánsfjármagni sem reyndist gjörsamlega gera út af við fjárhagslegan grundvöll sjóðsins.

Hvernig má þetta allt saman ske? Er einhver skýring á feigðargöngu húsnæðismálanna? Ef þetta er ekki óskýranlegt er helst að leita að hinstu rökum, annars vegar í séreðli húsnæðismálanna og hins vegar í leyndardómum manneðlisins.

Húsnæðismálin eru að ýmsu leyti sérstaks eðlis. Þau snerta persónulega hagi mannsins meira en flest önnur mál. Húsnæði er ekki einungis nauðsynlegt. Það getur haft afgerandi áhrif á það sem varðar mestu fyrir gæfu mannsins, svo sem hjónaband, heimilislíf og heilbrigði. Fá mál eru því viðkvæmari en einmitt húsnæðismálin. Þau geta þess vegna höfðað meira til tilfinninga, réttlætis og siðgæðis en önnur mál. Hver hefur ekki samúð með manni sem er í nauðum staddur vegna húsnæðisvanda? Hver vill ekki koma til hjálpar í slíkum nauðum? Ekkert er líka jafnþakksamlega þegið og að láta gott af sér leiða í húsnæðismálunum. Það er vinsælt. Það er til að efla fylgi stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna. Ekkert er óeðlilegt við þetta í sjálfu sér. Hver á að uppskera svo sem hann hefur sáð. Hins vegar má ekki þjónustuköllunin við málstaðinn bera ofurliði ábyrgðartilfinningu og fyrirhyggju svo það sem unnið er sé unnið fyrir gýg eða geri illt verra. Freistingin til fylgisaukningar eða vinsældar má ekki verða svo mikil að menn sjáist ekki fyrir. En ekki verður betur séð en það sé einmitt þetta sem hefur skeð. Menn hafa ekki sést fyrir í góðverkunum sem þeir vildu gera. Saga húsnæðismálanna á undanförnum árum verður naumast skýrð á annan veg.

Margt er athyglisvert þegar þessi saga er skoðuð. En ætli það sé ekki einkennilegast við þetta allt saman hve rík tilhneigingin hefur verið til að leggja undir almenna íbúðarlánakerfið og Byggingarsjóð ríkisins verkefni sem ætla mátti að betur ættu heima á öðrum vettvangi? Það er rétt eins og það hafi ekki verið gert ráð fyrir almennri bankastarfsemi í landinu eða frjálsum peningamarkaði. Gleggsta dæmið um þetta, og það langþýðingarmesta, er sú ráðstöfun að Byggingarsjóður ríkisins veiti lán til eldri íbúða. Þetta kom eins og skollinn úr sauðarleggnum á þann megintilgang húsnæðislöggjafarinnar að tryggja nauðsynlegar nýbyggingar til að fullnægja íbúðarþörfinni og gera séreignastefnuna í húsnæðismálum mögulega í framkvæmd.

Í staðinn fyrir að efla Byggingarsjóðinn til að ná þessum grundvallartilgangi sínum hefur ráðstöfun á fjármagni sjóðsins til lána út á eldri íbúðir gert meira en nokkuð annað til að eyðileggja sjóðinn til þess sem hann var upphaflega ætlaður. Sama má segja um önnur þau verkefni sem hlaðið hefur verið á íbúðarlánakerfið þó að áhrif þeirra hvers og eins hafi vegið minna en lánin út á eldri íbúðir.

Það er einkennandi hve mikil samstaða hefur verið milli stjórnmálaflokkanna í húsnæðismálunum. Þessi samstaða var eindregin framan af árum almenna íbúðarlánakerfisins og Byggingarsjóðs ríkisins og sama má segja eftir að halla tók undan fæti. Hér er ekki átt við einstök ágreiningsatriði, sem alltaf er deilt um, heldur meginatriði sem valda þeirri þróun sem orðið hefur. Hér er átt við það meginatriði að hlaða verkefnum á Byggingarsjóð ríkisins án þess að sjá fyrir fjármagni til þess. Hér er átt við þær aðgerðir sem hafa komið Byggingarsjóðnum í rúst.

Það er ljót sagan af húsnæðismálunum. Sárast kemur hún við þá sem sviknir hafa verið með einum eða öðrum hætti um loforð og væntingar sem hið opinbera lánakerfi hefur gefið. Þetta snertir á einn eða annan veg hverja fjölskyldu í landinu. Ástandið hefur verið óviðunandi fyrir þjóðina í heild og til skammar. Ábyrgðina bera þeir sem hafa stjórnað. Um þetta eiga stjórnmálaflokkarnir óskipt mál. Í raun og sannleika hafa þeir keppst um að hlaða verkefnum á Byggingarsjóðinn. Sá hefur þóst bestur sem lengst hefur gengið í ábyrgðarlausum yfirboðum af þessu tagi.

Ég geri ekki upp á milli stjórnmálaflokkanna í þessu efni. Ég mæli þetta ekki í ádeilu á einn fremur en annan. Allir eru samsekir. Það sem hefur skeð eru ein mestu mistök í stjórnun opinberra mála sem átt hafa sér stað, a.m.k. hin síðari ár. Meðferð húsnæðismálanna er hneyksli hvernig sem á það er litið. Þjóðin í heild geldur fyrir syndir landsfeðranna. Það er eftir að bíta úr nálinni fyrir þann skaða sem valdið hefur verið. Þetta eru stór orð sem ég viðhef. Þó eru þau ekki nógu stór. Það eru ekki til nógu stór orð yfir þetta athæfi. Látum því staðreyndirnar tala sínu máli.

Í september sl. kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Sú skýrsla er nú vel kunn enda verið mikið í umræðu fjölmiðla. Þar segir að þó að útlánastarfsemi byggingarsjóðanna væri hætt nú þegar yrði ekki komið í veg fyrir að eigið fé Byggingarsjóðs

ríkisins gengi til þurrðar eftir 15 ár eða á árinu 2005 og eigið fé Byggingarsjóðs verkamanna eftir 11 ár eða á árinu 2001. Eftir sem áður mun sjóðina skorta verulegt fé á þessu tímabili til þess að standa undir skuldbindingum sem þá mundu hvíla á þeim. Hætti sjóðirnir strax útlánastarfsemi sinni, jafnframt því sem framlög ríkisins féllu niður, þyrfti í árslok árið 2028 að leggja sjóðunum til 62 milljarða kr. til þess að gera upp skuldir þeirra við lánardrottna.

Þá segir einnig í skýrslu þessari að haldi sjóðirnir áfram starfsemi sinni óbreyttri frá því sem nú er til ársloka 2028, jafnframt því sem framlög A-hluta ríkissjóðs haldist óbreytt frá því sem þau eru í ár eða á síðasta ári og þörf sjóðanna fyrir lánsfé verði svarað allan tímann, þá mundi vanta 400 milljarða kr. til að sjóðirnir gætu gert upp að fullu við lánardrottna sína í árslok 2028. En fjárhæð þessi jafngildir fjórföldum tekjum A-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum ársins 1991.

Það þarf ekki að rekja frekar skýrslu Ríkisendurskoðunar til þess að sjá að búið er að gera húsnæðiskerfið gjaldþrota og rústirnar blasa við. Spurningin er ekki hvernig ástandið sé nú heldur hvað nú sé til ráða.

Með tilliti til þessa hefði mátt ætla að við stæðum nú frammi fyrir því að ræða stjórnarfrumvarp um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem tekið væri á hinum raunverulega vanda sem við er að fást í húsnæðismálunum. Það er komið að skuldadögunum. Það verður að gera upp þrotabú lánakerfisins og ákveða hvað við á að taka. Enn hefur ástand húsnæðismálanna, nú sem fyrr, grundvallarþýðingu fyrir lífshamingju og heilbrigði þjóðarinnar.

Það er ekki nægilegt að setja á stofn húsbréfakerfið og starfrækja það eftir því sem reynslan sýnir að henti best. Húsbréfaviðskiptin taka ekki til allra lánaflokka Byggingarsjóðs ríkisins. Það verður ekki gengið fram hjá því að taka húsnæðismálin til endurskoðunar í heildarsamhengi. Þetta frv. sem hér er til meðferðar fjallar ekki um slíkt. Það gerir ekki tillögur til úrlausnar hinum raunverulega vanda. Það ræðst ekki að rótum vandans. Því fer ég hér ekki út í þá sálma sem ætti að vera aðalatriðið í umræðum um húsnæðismálin í dag. Hins vegar fjallar þetta frv. sem hér er á dagskrá um hrein aukaatriði. Ég endurtek: Hrein aukaatriði samanborið við grundvallarvandann sem við er að glíma í dag í húsnæðismálunum.

Ég verð að viðurkenna að mér hefur ekki unnist tími til að fara vandlega yfir frv., athugasemdir við greinar þess og greinargerð. Hins vegar hef ég þó litið það á þetta plagg, þetta frv., svo mikið að ég leyfi mér að lýsa nú strax miklum efasemdum um margt sem í þessu frv. er að finna.

Þetta frv. gerir tillögur um breytingu á kosningu og skipun húsnæðismálastjórnar og fjölda stjórnarmanna. Ég er samþykkur þessu ákvæði. Ég tel að þetta sé sjálfsagt og mæli sannarlega með því. Ég kemst þó ekki hjá því að láta þess getið að mér finnst engin ástæða til þess að allir stjórnarmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins séu ekki kosnir af Alþingi, þ.e. allir fimm, þó að frv. geri ráð fyrir að ráðherra skipi einn án tilnefningar og hann sé formaður. Það eru færð þau rök fyrir þessu að með því sé tryggt að ráðherra, hver sem hann er, hafi sem formann húsnæðismálastjórnar mann sem hann óskar að bera ábyrgð á og vill hafa í þessu starfi. Mér sýnist ekki betur en það sé fullkomin mótsögn í þessu vegna þess að þó að allir stjórnarmenn Húsnæðisstofnunar væru kosnir af Alþingi er tekið fram að það eigi að kjósa þá að loknum almennum kosningum. Með því móti getur ráðherra alltaf haft það í hendi sinni hver verður formaður húsnæðismálastjórnar. Þetta er nú ekki stórt atriði í sjálfu sér.

Ég skal ekki fara hér orðum um það sem þetta frv. felur í sér varðandi skilgreiningar á hlutverki ráðherra og húsnæðismálastjórnar og verkaskiptingu á sviði húsnæðismála. Ég leyfi mér að koma til hugar að það sé nú ekki veigamikið atriði og skipti ekki sköpum um stöðu húsnæðismálanna hvort heldur að það sé látið standa sem nú gildir í þessum efnum eða þó að breytt verði að tillögu þessa frv.

Þá er ákvæði um að það séu gerðar meiri kröfur til fjárhagsáætlana Húsnæðisstofnunar ríkisins samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður. Já, það kann að vera en ég hefði nú látið mér detta í hug að það þyrfti ekki að breyta lögum til þess að ná slíkum tilgangi.

En ég geri alveg ráð fyrir því að sumt í þessu frv. sé til bóta og ég er búinn að tala um í því sambandi breytingu á stjórnarkjörinu í húsnæðismálastjórn.

En svo er annað sem ég tel svo vafasamt að mig í raun og veru furðar á því að það skuli koma fram tillaga um það. Og þá á ég sérstaklega við að frv. gerir ráð fyrir að landinu verði skipt í átta húsnæðissvæði eftir kjördæmum og að það verði komið á fót kjördæmisstjórn í húsnæðismálunum í öllum kjördæmum.

Það var kostur að fækka í húsnæðismálastjórn, eins og ég var búinn að koma að áður, úr tíu í fimm. Það var kostur. En að fjölga húsnæðismálastjórnarmönnum og stjórnarmönnum í þessum kjördæmissamtökum úr tíu í fjörutíu og fimm, það þykir mér ekki til bóta. Og ég held, og vil raunar varla trúa því að þessi fjarstæða verði nokkurn tímann lögfest. (Gripið fram í.) Auka þjónustuna við landsbyggðina. Það er gott og það er sérstaklega gott að hafa það í huga þegar þjónustan við landsbyggðina í húsnæðismálunum er þannig að það er í stórum landshlutum og stærstum hlutum landsins utan þéttbýlissvæðanna hér á suðvestursvæðinu þar sem þykir til tíðinda draga ef það er byggt nýtt hús. Það er ekki þessi þjónusta sýndarmennskunnar sem skiptir máli fyrir landsbyggðina. Það er allt annað og ég veit að hæstv. ráðherra er mér sammála um það. En það gæti verið að einhver á landsbyggðinni léti sér detta í hug að þetta væri framför og til bóta, en ég leyfi mér að efast um það, ég held að menn séu það raunsæir.

Það er talað um það einhvers staðar í þessari greinargerð að með þessu geti menn komist hjá því að þurfa að ferðast til þess að koma á héraðsskrifstofu húsnæðismálastjórnar. Það er rétt eins og fólk í hverju kjördæmi fyrir sig sé allt staðsett á einum punkti og það þurfi ekki að ferðast til þess að komast á þessa skrifstofu. Það er oft miklu auðveldara fyrir menn úr hvaða

kjördæmi sem er að fara í höfuðstöðvar húsnæðismálastjórnar í Reykjavík heldur en að fara á einhvern tiltekinn stað í kjördæminu. Þannig að það eru nú ýmsar hliðar á þessu máli.

En auðvitað á landsbyggðin að fá sem besta þjónustu. En hún liggur í því að hafa sem virkast lánakerfi. Það er númer eitt, númer tvö og númer þrjú í þessu efni. Og það er oft og tíðum ekki betra skipulag að fjölga milliliðum milli fólksins í landinu og þeirrar stofnunar sem fer með æðsta vald á hverju sviði.

Ég sagði að ég hefði ekki farið nákvæmlega yfir frumvarpið og greinargerð þess. Það var lagt fram í gær, það hefði verið betra að hafa lengri tíma til þess að kynna sér málið. En af því sem ég hef orðið vísari við að líta á frv. og greinargerðina, þá sýnist mér að þar sé jafnvel flest ekki til bóta í þessu frv. heldur þvert á móti.

En ég ætla ekki að ræða einstakar greinar frv. nú, ég ætla að geyma mér að gera það ef þessu frv. verður hugað líf og það kemur úr nefnd aftur hér í hv. deild, en ég leyfi mér að efast um að við eigum eftir að sjá það.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

56. fundur, miðvikudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseta hafa borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur vegna utanfarar með utanrmn. og funda Norðurlandaráðs leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Björn Grétar Sveinsson, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Hjörleifur Guttormsson,
2. þm. Austurl."

Hitt bréfið er á þessa leið:

„Vegna sérstakra anna get ég undirrituð ekki tekið sæti Hjörleifs Guttormssonar á Alþingi.

Unnur Sólrún Bragadóttir."

Björn Grétar Sveinsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi og þarf því ekki að undirrita eiðstaf og er hann boðinn velkominn til starfa.

Héraðsskógar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 588.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Búfjárhald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 627.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Leikskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimildar, frh. 1. umr.

Frv. PP, 303. mál. — Þskj. 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Flutningur Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 681.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 439, n. 655, 661 og 674.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég stend ekki hér upp til að flytja

langt mál til viðbótar því sem fram kom í ræðu hv. frsm. 2. minni hl. heilbr.- og trn., en ég vil nota þetta tækifæri til að vekja enn einu sinni athygli á þeirri háðung sem frammistaða þessarar ríkisstjórnar er í málefnum þess sjóðs sem hér er verið að fjalla um, Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Hér er verið að samþykkja frv. um að skerða raunverulegt ráðstöfunarfé sjóðsins með því að bæta á hann nýjum verkefnum án þess að auka tekjurnar. En saga þessarar ríkisstjórnar í tengslum við þennan sjóð er orðin slík að ég held að hún ætti nú að skammast sín fyrir að taka þennan sjóð á dagskrá þingsins eins og búið er að féfletta hann og eins og búið er að fara með lagaákvæði sem að honum lúta.

Ég bendi enn á það, eins og ég hef ítrekað gert hér í þingræðum, að skatturinn í þennan sjóð er innheimtur tvisvar sinnum. Annars vegar sem sérstakt gjald og hins vegar sem hluti af hinni almennu staðgreiðslu sem allir greiða. Því hefur ekkert verið breytt þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar manna eins og hæstv. utanrrh., sem var að sjálfsögðu ekkert að marka, óþarft að taka það fram, og ýmissa annarra ráðherra um að hið sérstaka gjald í Framkvæmdasjóðinn ætti ekki rétt á sér, bæði vegna þess að það ætti ekki heima í staðgreiðslukerfi og í öðru lagi vegna þess að búið væri að tryggja sjóðnum tekjur með því að hækka staðgreiðsluhlutfallið sem nam þessu gjaldi.

Þessi umræða hefur farið fram nokkrum sinnum í þingsölum og það sem eftir hana stendur er það að allir hv. stjórnarþingmenn segjast í orði kveðnu vera á móti þessu sérstaka gjaldi nema einn, sem hefur haft manndóm í sér til að segja að hann vilji frekar hafa þetta á þennan veg. Hann telji að það eigi frekar að vera sérstakt gjald í sjóðinn en lækka staðgreiðsluna á móti og það er hv. þm. Geir Gunnarsson, sem tók það fram hér sérstaklega á síðasta þingi þegar til afgreiðslu kom frv. frá þeim sem hér stendur um að tryggja tekjur sjóðsins með öðrum hætti heldur en þessu sérstaka gjaldi og ganga sérstaklega frá því í lögum um hann hvernig útreiknuð hlutdeild í staðgreiðslufé skyldi vera.

Nei, það hefur ekkert verið hlustað á það. Alþfl. er uppvís að því að ekki hefur reynst að marka eitt né neitt sem formaður flokksins hefur ítrekað látið frá sér fara um þetta mál. Það kemur náttúrlega fæstum hér á óvart en er engu að síður staðreynd.

Nú er lagt til að framkvæmdafé sjóðsins verði skert með því að hann taki að sér viðhaldsverkefni o.fl. Á sama tíma liggur fyrir í fjh.- og viðskn. lánsfjárlagafrv. þar sem, eins og það kom frá efri deild, er gert ráð fyrir því að skerðing á fjármagni sjóðsins verði eitthvað á annað hundrað milljónir króna miðað við þær tekjur sem gert er ráð fyrir að hið sérstaka gjald skili, 130 millj. kr., og því hefur ekkert verið breytt enn þá hvað svo sem verður. Það er ósamræmi í fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. að því er þetta varðar. Í fjárlögunum er gert ráð fyrir því að 370 millj. kr. renni í sjóðinn en í lánsfjárlögunum segir 240. Það má vera að það sé ætlunin að breyta því. Það væri vissulega ánægjulegt. En jafnframt eru teknar 370 millj. kr. í gegnum staðgreiðsluna sem upphaflega voru ætlaðar þessum sjóði en renna nú til almennra þarfa ríkissjóðs.

Ég tel ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta, virðulegi forseti. Ég vildi bara minna á þessar staðreyndir og hvernig búið er að fara með þennan sjóð og tel þess vegna ekki á það bætandi að auka verkefni sjóðsins eins og á stendur um hans fjárhagsmálefni og mun þess vegna, eins og fram kom í framsögu hv. 2. þm. Reykv., greiða atkvæði gegn þessu frv.

Hitt er að sjálfsögðu vitað að nýjar byggingar, sem reistar eru, kosta sitt í rekstri og viðhaldi. Það hygg ég að öllum hafi verið ljóst, sem upphaflega stóðu að þessum framkvæmdasjóði, að það kynni að verða kostnaðarsamt að reka þessar stofnanir og halda þeim við. En viðhald þessara húsa, eins og annarra opinberra eigna, er sérstakt verkefni, sérstakt mál, sem þingið ætti nú kannski að taka fyrir sérstaklega við betra tækifæri, hvernig haldið er við ýmsum opinberum eignum hér í landinu. En þessi sjóður má ekki við því að bæta við sig slíkum verkefnum eins og ástatt er.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við þær umræður sem hér hafa farið fram. Mér þykir rétt að rifja það upp að við 1. umr. fjárlaga á sl. hausti lýsti ég því yfir að það kæmi ekki til mála að samþykkja fjárlögin miðað við það að fara enn á ný að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra og ég mundi beita mér fyrir því í fjvn. að við þessu yrði snúist. Niðurstaðan varð sú að við lokaafgreiðslu fjárlaga fékk sjóðurinn til baka þær 130 millj. sem gert var ráð fyrir að skerða hann um í framsetningu fjárlaga og í lánsfjárlagafrv. Þannig fær sjóðurinn til ráðstöfunar á þessu ári 370 millj. í staðinn fyrir 240.

Þetta var að mínu mati mikil viðurkenning hjá Alþingi að falla loksins frá þeirri árátttu, sem hefur fylgt í sambandi við lög um þennan sjóð, að láta ríkissjóð hirða hluta hans til annarra nota. Þar af leiðandi var þetta vissulega spor í rétta átt.

Ekki þarf að ítreka að þessi skerðing verður felld út úr lánsfjárlögum miðað við afgreiðslu fjárlaga við 3. umr. á sl. ári. Það er því ljóst að svo verður í sambandi við þetta mál, annað kemur ekki til greina.

Það sem hefur komið fram hér í umræðunum að undanförnu er gagnrýni á það að ríkisstjórnin leggur til að í stað þessarar skerðingar þá taki sjóðurinn að sér visst hlutverk í sambandi við rekstur þessara mikilvægu stofnana. Um það má að sjálfsögðu deila. Ég ætla ekki að gera það hér en ég vil bara minna á að það er nauðsynlegt, miðað við breytt viðhorf í þjónustu við aldraða og breytt viðhorf til þess sem þó hefur miðað í sambandi við byggingar til þjónustu við aldraða, að taka sjóðinn til rækilegrar endurskoðunar. Ég mundi telja það þarft verk á næstu missirum að svo verði gert, skilgreina stöðu hans nánar og jafnframt að leggja fram meiri upplýsingar um stöðu þessara mála heldur en liggja fyrir í dag. Ég tek undir það sem hefur komið fram í umræðunum að á þessu er mjög mikil þörf af þeirri einföldu ástæðu að, eins og ég sagði áður, það er orðið nýtt viðhorf til þessara mála og miklu meiri kröfur um ákveðna þætti og liggur fyrir

alveg á borðinu að það á eftir að leysa gífurlegt vandamál í sambandi við aldraða, þ.e. hjúkrunarheimili fyrir aldraða, sem að vissu marki hafa orðið út undan en eru núna eitt brýnasta úrlausnarefnið til þess að geta sinnt þessum málum í heild á eðlilegan máta, þannig að ekki þurfi að grípa til þess að dvalarheimili aldraðra, sem nú eru fyrir fólk sem hefur hreyfigetu, verði í vaxandi mæli tekin fyrir hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Ég álít að það þurfi að aðskilja.

Ég tel nauðsynlegt að við áttum okkur á þessu og að Alþingi og stjórnvöld í framhaldi af því skoði þetta mál um hlutverk sjóðsins og stærð hans í náinni framtíð. Það er enginn vafi á því að þess er þörf þó ég leggi áherslu á að sú viðurkenning sem fékkst við afgreiðslu fjárlaga, að hætta skerðingu á þessu lögboðna framlagi, er vissulega spor í rétta átt og ég vona að Alþingi beri gæfu til í framtíðinni að sjá um að til slíkra aðferða í fjármálum ríkisins þurfi ekki að grípa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16:7 atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuttE, GeirG, GB, BGS, JK, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SV, HuldJ, AS, ÁrnG.

AÓB, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, KrP, MÁM, ÓE, PJ, SP, ÞP, SigH greiddu ekki atkvæði.

13 þm. (GGÞ, GuðnÁ, GHelg, IBA, JóhS, JBH, JónS, KE, ÓK, MálmS, RH, StH, SJS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 16:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.). — Þskj. 597, n. 677, brtt. 657, 678.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hefði að vísu kosið að taka til máls á eftir framsögumanni en það er ekki aðalatriðið.

Hv. allshn. hefur verið svo vinsamleg að taka fullt tillit til þeirrar brtt. sem ég hef flutt og sé ég því ekki ástæðu til þess að halda þeirri tillögu til streitu og er hún hér með dregin til baka. En það er rétt að láta þess getið að sú tillaga varðar lágmarksfjölda meðmælenda við hvern framboðslista í kjördæmi við kosningar til Alþingis. Það er lagt til að í staðinn fyrir að sú lágmarkstala sé tíföld tala þingmanna í hverju kjördæmi skuli koma tuttugföld tala. Hv. allshn. hefur fallist á þetta en jafnframt hækkað hámark meðmælendafjölda í þrítugfalda tölu þingmanna. Ég taldi að vísu óþarft að vera með eitthvert sérstakt hámark. Menn gætu lagt fram eins marga meðmælendur og þeim sýndist, en það er auðvitað ekkert aðalatriði. Ég hef fallist á þessa tillögu og vil þakka nefndinni fyrir vinsamlega umfjöllun um mína brtt. sem hér með er tekin aftur.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Samkvæmt tilmælum virðulegs forseta vil ég mæla fyrir nál. allshn. Nd. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með tveimur breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Fyrri breytingin varðar þann fjölda kjósenda sem þarf til að lýsa stuðningi við framboð til þess að það sé löglegt, eins og að var vikið í máli hv. síðasta ræðumanns. Lagt er til að hámarks- og lágmarkstölur séu nokkuð hækkaðar. Seinni breytingin varðar lok kjörfundar. Lagt er til að kjörfundi ljúki í síðasta lagi kl. 22, eða 10 að kvöldi, en frv. miðaði við kl. 21. Um þetta urðu allir fulltrúar í hv. allshn. sammála en hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listamannalaun, 2. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 145, n. 664 og 682, brtt. 665, 683, 695.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 695. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Það frv. til laga um listamannalaun sem hér er til umræðu felur í sér margar mikilvægar breytingar frá núverandi kerfi listamannalauna.

Á árinu 1989 voru veitt listamannalaun og starfslaun úr Launasjóði rithöfunda af sérstakri fjárveitingu sem kennd var við starfslaun, samtals 764 mánaðarlaun, eða 64 árslaun, alls um 45 millj. kr. Auk þess hafa verið veitt heiðurslaun til listamanna sem nema á árinu 1991 14,4 millj. til 18 listamanna.

Samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að auk heiðurslauna verði starfslaun til listamanna samanlagt 840 mánaðarlaun og bætast 60 mánaðarlaun við á ári næstu fimm árin.

Hv. menntmn. Nd. hefur fjallað ítarlega um þetta frv. og fengið um það fjöldamargar umsagnir, auk þess sem nefndin ræddi við forseta og varaforseta Bandalags íslenskra listamanna, Brynju Benediktsdóttur og Hjálmar H. Ragnarsson.

Ein helsta breytingin, sem nefndin leggur til að gerð verði á frv., er að starfslaunin aukist frá því sem frv. gerir ráð fyrir, úr 840 mánaðarlaunum, sem ég nefndi hér áðan, í 900 mánaðarlaun, eða samtals 75 árslaun.

Önnur helstu ákvæði frv. eru þau að sett er upp sérstök stjórn listamannalauna sem hefur yfirumsjón með kerfi listamannalauna. Þrír sérgreindir sjóðir verða starfandi, þ.e. Launasjóður rithöfunda, Tónskáldasjóður og Starfslaunasjóður myndlistarmanna en auk þess almennur sjóður sem ber heitið Listasjóður.

Starfslaun verða nú miðuð við lektorslaun við Háskóla Íslands í staðinn fyrir að miðað hefur verið við laun framhaldsskólakennara og listamenn sem njóta

starfslauna munu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur þá launagreiðandi skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu.

Í frv. var gert ráð fyrir því að sett yrði ákvæði um heiðurslaun listamanna á þann veg að nýir heiðurslaunahafar skuli hafa náð 65 ára aldri. Það var niðurstaða nefndarinnar að þetta frv. ætti ekki að hreyfa við heiðurslaunakerfinu á einn eða neinn hátt og því er það tillaga nefndarmanna, sem ég hygg að sé eining um, að 2. gr. falli niður.

Eins og ég gat um áðan er frv. þannig upp byggt að gert er ráð fyrir þremur sérgreindum sjóðum en Listasjóður er almennur sjóður í þágu allra listgreina.

Í ákvæðum um Listasjóð var gert ráð fyrir því að hann veitti verkefnastyrki, náms- og ferðastyrki og jafnframt sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem hafa notið listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Umræður í nefndinni hafa mjög snúist um verkefni Listasjóðs. Er óhætt að segja að nefndin hafi verið sammála um að sá sjóður væri of þröngur miðað við verkefni sín og því gerir meiri hl. menntmn., sem ég mæli hér fyrir, það að tillögu sinni að Listasjóður veiti ekki náms- og ferðastyrki til allra listamannahópanna heldur verði það verkefni hvers sjóðs fyrir sig. Þannig skapast auðvitað aukið svigrúm í Listasjóði.

Í öðru lagi gerir meiri hl. menntmn. tillögu um að Listasjóður sé aukinn úr 180 mánaðarlaunum í 240 mánaðarlaun. Þannig eykst heildarupphæð starfslauna, eins og ég nefndi hér áður, úr 840 mánaðarlaunum í 900 mánaðarlaun.

Þegar á það er litið hverjir það eru sem einkum munu njóta styrkja úr Listasjóði er að sjálfsögðu ljóst að það eru fyrst og fremst þeir hópar sem ekki tilheyra hinum sérgreindu sjóðum sem ætlaðir eru rithöfundum, myndlistarmönnum og tónskáldum. Það þótti rétt við samningu frv. að ætla þessum hópum sérstaka fyrirgreiðslu með sérgreindum sjóðum vegna þess að þessir hópar eiga þess síst kost að vinna að list sinni í fastlaunuðu starfi. En hverjir eru það þá sem fyrst og fremst mundu sækja um starfslaun í Listasjóð? Jú, það mundu einkum og sér í lagi vera leikhúslistafólk hvers konar og einnig túlkendur lista, flytjendur tónverka og að sjálfsögðu allir aðrir listamenn sem ekki falla undir það að vera annaðhvort rithöfundar, myndlistarmenn eða tónskáld.

Í ýmsum umsögnum sem bárust nefndinni, einkum frá leikhúslistafólki, voru óskir uppi um það að sérstakur sjóður yrði stofnaður í þágu þess þannig að sjóðunum yrði fjölgað. Á þetta gat meiri hl. nefndarinnar ekki fallist vegna þess að okkur virtist að það væri þörf á einum almennum sjóði og að það væri ekki til bóta að fara að skipta öllum listamönnum upp í tilgreinda hópa. Það yrði of flókið mál og Listasjóðurinn ætti að geta gegnt sínu hlutverki í þágu leikhúslistafólks alveg eins þó að sjóðurinn væri ekki sérstaklega kenndur við þann hóp. Ég get því alls ekki fallist á það að leikhúslistafólk sé með einum eða öðrum hætti sett til hliðar þó að ekki sé stofnaður sérgreindur sjóður í þágu þess. Þvert á móti er auðvitað ljóst að Listasjóðurinn mun sérstaklega gegna því hlutverki að sinna þörfum þess, en hann er að vísu almennur sjóður og hefur fleiri skyldum að gegna.

Til þess að koma til móts við þau sjónarmið að meira þyrfti að gera fyrir leikhúslistafólk, þá var ákveðið af þeim sem skipa meiri hl. menntmn. að bæta við úthlutunarfé Listasjóðs, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, og hann stækkar því verulega frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Auk þess gerir meiri hl. nefndarinnar ráð fyrir því að helmingur af starfslaunum úr Listasjóði gangi til leikhúslistafólks því að í lok 8. brtt. við 10. gr. frv. er bætt inn setningunni: Að minnsta kosti helmingur starfslauna úr Listasjóði skal veittur leikhúslistamönnum. Að sjálfsögðu er ekki alveg gott að átta sig á því hversu há þessi upphæð er vegna þess að sjóðurinn hefur líka því verkefni að sinna að veita sérstök framlög til listamanna sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri, en ég hygg að það sé ekki fjarri lagi að í kringum 90 mánaðarlaun gangi til leikhúslistafólks skv. þessu ákvæði.

Í nál. meiri hl. nefndarinnar er gerð tilraun til að skilgreina hverjir falli undir þetta heiti, leikhúslistamenn. Er þar sagt að það sé átt við alla þá sem semja eða flytja leikhúsverk og vinna hvers konar önnur listræn störf við uppfærslu danssýninga, leik- og söngverka. Um þetta atriði varð hins vegar ágreiningur í nefndinni og má segja að þrjú sjónarmið hafi komið fram í þeim tillögum sem fyrir liggja. Í fyrsta lagi þetta sjónarmið meiri hl. menntmn. sem ég nú hef gert grein fyrir. Í öðru lagi sjónarmið 1. minni hl. nefndarinnar sem leggur til að stofnaður sé sérstakur sjóður í þágu leiklistarfólks með 120 mánaðarlaunum. Og svo í þriðja lagi sjónarmið Ragnhildar Helgadóttur og Sólveigar Pétursdóttur, sem skipa meiri hl. menntmn. og skrifa undir nál. meiri hl., en flytja brtt. um þetta atriði þar sem segir: „Listasjóður veitir starfslaun og verkefnastyrki til sviðslistamanna og annarra túlkandi listamanna.“ Skil ég það svo að í þeirri tillögu felist að flytjendur tillögunnar vilji ekki binda ákveðinn hluta Listasjóðs við leikhúslistafólk, en hins vegar sé það skýrt tekið fram að Listasjóðurinn sé fyrst og fremst ætlaður fyrir sviðslistamenn og aðra túlkandi listamenn.

Eins og ég hef þegar getið var í upphaflega frv. gert ráð fyrir því að Listasjóður veitti náms- og ferðastyrki til allra listamanna en hér er gerð tillaga um að á því verði gerð breyting þannig að allir sjóðirnir veiti starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki. Meiri hl. nefndarinnar gerir líka tillögu um það að stjórn listamannalauna sé kosin til þriggja ára í senn, en láðst hafði að geta þess í frv. til hversu langs tíma stjórnin skyldi skipuð.

Um 5., 6. og 7. brtt. meiri hl. nefndarinnar þarf ekki að fara mörgum orðum. Það felst ekki nein efnisbreyting í þeim tillögum. Það er fyrst og fremst verið að gera það alveg ljóst að menntmrh. beri að skipa úthlutunarnefndir skv. tillögum viðkomandi samtaka listamanna, þ.e. Rithöfundasambandsins, Sambands ísl. myndlistarmanna og Tónskáldafélags Íslands. En þetta

var ekki nægilega ljóst eins og það birtist í frv.

9. brtt. er síðan leiðrétting í samræmi við þá breytingu sem felst í 6., 7. og 8. brtt.

Eins og ég hef þegar tekið fram, þá mæli ég hér fyrir meiri hl. menntmn. Hann skipa Ragnar Arnalds, Sólveig Pétursdóttir, með fyrirvara, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara. Það er sérstaklega tekið fram að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma og hef ég þegar gert grein fyrir því að tveir af þeim sem skrifa undir nál. flytja sérstakar brtt. á þskj. 695.

Áður en ég lýk máli mínu vildi ég fara örfáum orðum um brtt. þeirra en ég tel að 1. brtt. sé í fullu gildi og eigi fullan rétt á sér, enda hefur meiri hl. flutt sams konar tillögu á sérstöku þskj.

2. brtt. þeirra snýst um það að listamenn skuli að öðru jöfnu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna en í frv. er hreinlega sagt að menn skuli ekki gegna öðru föstu starfi og sú hefur verið reglan í sambandi við veitingu starfslauna jafnt úr Launasjóði rithöfunda sem úr Starfslaunasjóði. Sé ég persónulega ekki ástæðu til að hverfa frá því skipulagi sem verið hefur. Menn geta að sjálfsögðu haft aukatekjur af aukastörfum en þarna er gerð sú krafa að menn sinni list sinni óskiptir á meðan þeir njóta starfslaunanna.

Ég er búinn að fjalla um 3. brtt. þeirra og 4. brtt. er fyrirkomulagsbreyting sem kannski felur nú ekki í sér mikla efnisbreytingu. Ég tel betra að það verði eins og það er í frv., að starfslaun séu veitt til hálfs eða eins árs, til þriggja eða fimm ára og miða skuli við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár. Ég vil taka það sérstaklega fram að Bandalag ísl. listamanna hefur lagt mjög þunga áherslu á það að starfslaun til listamanna séu ekki bútuð niður í svo smáar einingar og veitt svo mörgum að engir njóti þess í lengri tíma og þess vegna var það upphaflega sett í frv. að miða skyldi við að fjórðungur heildarstarfslauna skyldi vera a.m.k. árslaun. Þetta tel ég að sé skynsamlegt og get því ekki mælt með brtt. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur og Sólveigar Pétursdóttur hvað þetta varðar.

Við 13. gr. flytja þær brtt. um að í stað Rithöfundasambands Íslands, Sambands ísl. myndlistarmanna og Tónskáldafélags Íslands komi hugtökin samtök rithöfunda, samtök myndlistarmanna og samtök tónskálda. Ég vil sérstaklega taka það fram að ég treysti mér ekki til að standa að þessari tillögu eða mæla með samþykkt hennar. Ég hygg að þessi breyting mundi vekja upp mikil andmæli hjá Bandalagi ísl. listamanna. Ég get nefnt sem dæmi að það eru til tvö tónskáldafélög. Annað er Tónskáldafélag Íslands og hins vegar er til Félag tónskálda og textahöfunda og hefur frá upphafi verið gengið út frá því að það væri fyrst og fremst verið að veita starfslaun til félaga frá Tónskáldafélagi Íslands. Ég hef alltaf heyrt þá túlkun á þeirri fyrirætlun sem hér er á ferðinni að starfslaunin sem verið er að veita ættu fyrst og fremst að nýtast þeim sem vinna að sígildri tónlist og að sjálfsögðu er hér einkum og sér í lagi verið að skapa listamönnum skilyrði til þess að semja listaverk sem erfitt yrði að fá greiðslur fyrir á hinum almenna markaði framboðs og eftirspurnar og því óvíst að þau listaverk yrðu til ef starfslauna nyti ekki við. Það er sem sagt álit þeirra sem undirbjuggu frv. og þeirra sem ekki standa að þessari brtt. í nefndinni að með þessu væri verið að færa starfslaunin verulega út og á þann hátt sem Bandalag ísl. listamanna mundi ekki geta fallist á.

Með þessum athugasemdum læt ég skýringum menntmn. lokið og legg til að með þessum breytingum verði frv. samþykkt.

Frsm. minni hl. menntmn. (Sigrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá minni hl. menntmn. sem ég reyndar stend ein að. Kvennalistinn styður heils hugar að gert sé átak í launamálum listamanna og fagnar því fram komnu frv. um listamannalaun. Eins og fram hefur komið gerir frv. ráð fyrir þremur sérgreindum sjóðum listamanna, rithöfunda, myndlistarmanna og tónskálda. Í fjórða sjóðinn, Listasjóð, eiga allir listamenn að geta sótt og sá sjóður á einnig að veita framlög til listamanna sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri.

Umsagnir um frv. eru flestar mjög jákvæðar nema leikhúslistafólk vill ekki una því að þeim er ekki ætlaður sérgreindur launasjóður. Í brtt. meiri hl. er gert ráð fyrir að a.m.k. helmingur starfslauna úr Listasjóði skuli veittur leikhúslistafólki. Sýnist eðlilegra að stíga skrefið til fulls og stofna sérstakan launasjóð leikhúslistafólks. Í Félagi ísl. leikara er hátt á þriðja hundrað manns, leikarar, söngvarar, dansarar og leikmynda- og búningahönnuðir. Aðeins um fjórðungur þessa fólks er fastráðinn við leiklistarstofnanir og aðeins tveir af 68 í Félagi leikstjóra. Atvinnu- og öryggisleysi er síst minna innan þessa hóps listamanna en þeirra sem frv. ætlar sérgreinda launasjóði, en margt það fólk vinnur t.d. við kennslu í listaskólum. Flestir eru sammála um að menningin og þá ekki síst tungumálið geri Íslendinga að þjóð og frv. gerir ráð fyrir að ritlistamenn fái sem svarar 360 mánaðarlaunum en listamenn hins talaða orðs eiga skv. frv. og brtt. meiri hl. nefndarinnar að sætta sig við að skipta 240 mánaðarlaunum Listasjóðs með öllum öðrum listamönnum.

Brtt. Kvennalistans gerir ráð fyrir að helmingur Listasjóðs, 120 mánaðarlaun, verði notaður til að stofna launasjóð leikhúslistafólks. Brtt. gerir því ekki ráð fyrir meiri fjárútlátum en tillaga meiri hl. heldur miðar að því að mæta þeirri ósk leikhúslistafólks að listgrein þeirra sé ekki sett skör lægra en aðrar listgreinar sem fá sína sérgreindu sjóði. Brtt. sem hér eru lagðar til eru fyrst og fremst við 3. gr., að þar komi inn Launasjóður leikhúslistafólks og bætist við þá fjóra sjóði sem tilgreindir eru í greininni þannig að þessir sérgreindu sjóðir verði fjórir og nái til allra stærstu listgreinanna. Það verður að segjast að ef það er ekki talið betra að hafa sérgreindan sjóð af hverju er þá ekki bara einn sjóður og allir sækja í hann?

2., 3. og 4. brtt. miðast allar við það að þessi fyrsta brtt. verði samþykkt. Það eru þá breytingar á frv. sem

væru nauðsynlegar í kjölfar þessarar breytingar á 3. gr. Þá kæmi inn ný gr. sem yrði 10. gr. og væri samhljóða 7.–9. gr. frv. þar sem kveðið væri á um stærð og úthlutunarnefnd Launasjóðs leikhúslistafólks. Við 10. gr. gerir brtt. ráð fyrir að Listasjóður lækkaði sem næmi þessari upphæð sem færi í Launasjóð leikhúslistafólks. Og við 13. gr. er þá gert ráð fyrir því að menntmrh. hafi samband við Leiklistarsamband Íslands við gerð reglna alveg eins og við hina.

Í viðbót við þetta nál. vil ég gjarnan bæta nokkrum orðum. Mér varð stundum hugsað til þess þegar við vorum að ræða þetta mál, og ég hugsa að við eigum mörg sameiginlega reynslu í því, að hafa alist upp við það að hlusta á útvarpsleikrit á laugardagskvöldum, þar sem fjölskyldan sat saman og hlustaði með andakt og það var hlegið og grátið eða maður æsti sig eftir efni leikritsins, en um leið smaug kynngimagnað orðfæri og fagur framburður hæfra leikara inn um hlustir. En útvarpsleikrit eru ekki lengur fastir samverutímar fjölskyldunnar. Þeir samverutímar eru nú helst fyrir framan sjónvarpið en frá því heyrist fyrst og fremst enska. Á íslensku er fátt eitt annað en síbyljandi umræðuþættir í útvarpi og fréttir og auglýsingar sem oft eru varla samfellt mál heldur stuttar klisjur og slagorð og harla misvel flutt og jafnvel sumt á afleitu máli.

Ég vil gerast örlítið persónuleg og nefna það að í fyrra bjó ég í Bandaríkjunum. Dóttir mín sem þá var átta ára sótti þar skóla og í bekkinn hennar komu tveir ungir leikarar. Þetta urðu einhverjar skemmtilegustu stundir dóttur minnar og félaga hennar í bekknum. Þessir ungu leikarar höfðu fengið styrk til þriggja ára til að koma með verkefni inn í skólana í þessari borg og þeir byrjuðu á því að fara inn í átta ára bekki. Þeirra styrkur var til þess að kenna krökkunum brot af sinni list. Þeir byrjuðu í átta ára bekkjunum og áttu svo að fylgja bekknum í þrjú ár. Og í fyrra lærðu börnin ýmislegt um það hvernig saga er uppbyggð og sögð og túlkuð. Hvert barnanna lærði utan að stutta sögu sem þau æfðu aftur og aftur að flytja og að lokum voru sögurnar fluttar frammi fyrir áhugasömum foreldrum. Reyndar veit ég ekki hvað þessir ungu leikarar kenna fyrrverandi bekkjarfélögum dóttur minnar í vetur eða næsta vetur, en ég veit hins vegar að í fyrra lærði hún heilmikið og skynjaði mikilvægi þess að segja vel frá, mikilvægi talaðs máls. Ég, og þá ekki síður hún, hefðum gjarnan viljað að hún hefði fengið að halda áfram sambærilegu námi og þjálfun á eigin móðurmáli. Ég get ekki varist því að hugsa sem svo að söguþjóðin heldur ekki áfram að vera söguþjóð ef enginn kann lengur að segja sögu, ekki bara skrifa sögu heldur líka segja hana og túlka hana. Sú er list leikhúslistafólks og þeirra sem ég hér reyni að tala fyrir.

Ég efa ekki að margir hinna 300 leiklistarmanna sem hér ganga um án vinnu á sínu sviði búa yfir mörgum frumlegum hugmyndum að leikverkum eða verkefnum sambærilegum þessum sem ég minntist hér á. Hins vegar eru þær fáar, matarholurnar, sem hægt er að leita í til styrktar slíku frumkvæði. Ég er reyndar ekki þingvön kona og ég verð að viðurkenna að ég skil ekki hvers vegna ekki má ganga að samhljóða óskum alls leikhúslistafólks. Allt leikhúslistafólk sem lét í ljós álit á þessu frv. gagnrýndi frv. fyrir það að vera ekki með sérgreindan sjóð leikhúslistafólks. Það hefur ekki nein viðbótarútgjöld í för með sér heldur aðeins viðurkenningu á því að þeirra list er ekki síðri en hinna.

Ég tel að ef hægt væri að stofna sérstakan launasjóð fyrir leikhúslistafólk, þá væri það viðurkenning á því að þetta fólk er ekki síður listafólk heldur en rithöfundar, tónskáld og myndlistarmenn, að sköpun leikverks sé ekki síður mikilvæg en sköpun ritverks, tónverks eða myndverks.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Við Ragnhildur Helgadóttir skrifuðum undir nál. meiri hl. hv. menntmn. með fyrirvara og leggjum því fram brtt. Ég vil byrja á að gera hér stuttlega grein fyrir þessum tillögum. Auðvitað er þörf löggjafar af þessu tagi en ég hygg að hér hafi því verið gerð nokkuð greinargóð skil hvað felst í því frv. til laga um listamannalaun sem hér er til umræðu.

Brtt. eru á þskj. 695. Í 1. lið segir:

„Við 4. gr. Á eftir orðunum: „Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra“ í 2. málsl. komi: til þriggja ára í senn.“ Þetta ákvæði er samhljóða tillögu meiri hl. menntmn. og þarf því ekki að koma til atkvæða.

Í 2. tölul. segir:

„Við 5. gr. 3. málsl. orðist svo: Þeir skulu að öðru jöfnu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín.“

Þarna er verið að útvíkka aðeins ákvæði frv. en í 5. gr. þess segir: „Þeir skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna.“ Þarna er því gert ráð fyrir ákveðinni víkkun þar sem er bætt við orðunum: að öðru jöfnu.

Í 3. tölul. segir:

„Við 10. gr. Greinin orðist svo: Listasjóður veiti starfslaun og styrki er svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 24 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.“ Þarna er líka um að ræða ákveðna útvíkkun á frv. þar sem er aðeins um að ræða 12 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Síðan segir: „Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri.“ Þá kemur viðbótin: „Listasjóður veitir starfslaun og verkefnastyrki til sviðslistamanna og annarra túlkandi listamanna.“ Hér er lögð áhersla á það að víkka út verksvið Listasjóðs og veita fleiri listamönnum tækifæri til þess að sækja eftir launum í þennan sjóð.

4. tölul. Þar segir: „Við 11. gr. Fyrri málsl. orðist svo: Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs en heimilt er að framlengja starfslaunatímann til þriggja ára.“

11. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs, til þriggja eða fimm ára. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.“

Það var skoðun okkar nefndarmanna að þarna væri um of langt tímabil að ræða, að hægt væri að veita starfslaun til fimm ára. Einnig viljum við að það sé

aðeins heimildarákvæði að framlengja starfslaunatímann til þriggja ára.

Í 5. og síðasta tölul. segir við 13. gr.: „Í stað orðanna Rithöfundasamband Íslands, Samband ísl. myndlistarmanna og Tónskáldafélags Íslands“ komi: samtök rithöfunda, samtök myndlistarmanna og samtök tónskálda.“ Er þá ætlunin að útvíkka og hafa þau samtök sem hafa á samráð við fleiri þar sem við teljum ástæðu til þess.

Virðulegi forseti. Þetta mál var afgreitt í nokkrum flýti út úr hv. menntmn. og þess vegna vil ég taka það strax fram að fluttar verða fleiri brtt. við 3. umr. Af þessum sökum eru tillögurnar kallaðar til baka til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 318. mál (yfirheyrslur yfir börnum). — Þskj. 563.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Það mun raunar ekki gefast langur tími vegna þessa máls til að doka eftir ráðherrum og vil ég taka það fram í upphafi. Ég mæli hér fyrir 318. máli á þskj. 563 um breytingar á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru þingkonurnar Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Sigrún Helgadóttir.

Sú breyting sem hér er lagt til að gerð verði á þessum lögum er í sjálfu sér mjög einföld í sniðum. Í 1. gr. frv. er lagt til að 5. mgr. 40. gr. laganna orðist svo:

„Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd. Getur nefndin sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar. Einnig skal tilkynna foreldri eða forráðamönnum barnsins um yfirheyrslurnar svo fremi að grunur leiki ekki á að þau tengist málinu.“

Um 2. gr. þarf ég ekki að hafa mörg orð: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Þetta mál er nú endurflutt frá síðasta þingi og þá rakti ég hér grg. þess en langar að stikla á stóru um tildrög málsins. Í grg. er vakin athygli á því að börn geta verið mikilvæg vitni í opinberum málum og það mun gerast að þau eru kölluð til þess að vera vitni. Þá er leitað eftir því að fulltrúi barnaverndarnefndar sé viðstaddur. Þetta er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt og ekki verið að gera athugasemd við það. Hins vegar er lagt til í þessu frv. að það sé skylda að tilkynna barnaverndarnefnd ef barn er kallað til yfirheyrslu. En það sem kannski er stærsta breytingin með þessu frv. er að lagt er til að skylt sé að tilkynna foreldri eða forráðamanni ef barn er tekið til yfirheyrslu hjá lögreglu.

Þetta er mjög mikilsvert mál því að börn eru að sjálfsögðu mjög viðkvæm og það að vera kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu getur haft mikil áhrif á þau. Mér finnst að þetta sé í fullu samræmi við þá stefnu sem er í ýmissi lagasetningu eða frumvörpum um vernd barna og unglinga m.a. og því nauðsynlegt að þetta ákvæði komi inn í lög um meðferð opinberra mála.

Nú er það ljóst að í Ed. er verið að fjalla um frv. til laga um meðferð opinberra mála og það eru lög sem ætlast er til að komi í staðinn fyrir þau lög sem hér er lagt til að verði breytt í þessa veru. Það er ljóst að verði það frv. að lögum, sem þar er til umræðu, þá eru engin ákvæði af þessu tagi og verður þá að finna þessum mikilsverðu ákvæðum stað á einhverjum öðrum stað. Það mun raunar vera í takt við þær tillögur sem hafa verið til umræðu um vernd barna og unglinga og mun ég ekki fjölyrða um það frv., enda er það annað mál. Verði hins vegar það frv. ekki að lögum á þessu þingi, frv. til laga um meðferð opinberra mála sem er á þskj. 101, er nauðsynlegt að fylgja eftir þeirri breytingu sem ég legg hér til. Og það er nauðsynlegt við afgreiðslu á þeim lögum að gæta að því hvar þau ákvæði, sem ekki eru í því frv. sem á að leysa það af hólmi, komast fyrir. Ég varpa þessu hér fram til athugunar í nefnd og vænti þess að efni þessa frv. komist á réttan stað innan kerfisins þegar verið er að gera mikilsverðar breytingar og legg til að lokinni þessari umræðu að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. og vonast til þess að hún gefi þessum atriðum gaum sem ég vakti hér athygli á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

60. fundur, fimmtudaginn 21. febr., kl. 10 árdegis.

Raðsmíðaskip, frh. umr.

Fsp. RA, 302. mál. — Þskj. 541.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Búið var að svara sumum af þeim spurningum sem ég hafði lagt fram á þskj. 541 en öðrum var ósvarað. Á það sérstaklega við þriðju spurninguna um raðsmíðaskipin sem Ríkisábyrgðasjóður seldi á árinu 1987 en hún fjallar um það á hvaða verði Ríkisábyrgðasjóður hafi selt skipin. Síðan var spurt að því hvert væri söluverðið á núvirði og einnig hvert er áætlað söluverð skipanna í dag ef ekki er meðtalinn sá fiskveiðikvóti sem fluttur hefur verið á skipin. Spurt var hve miklar skuldir hvíla á skipunum hjá Ríkisábyrgðasjóði. Og loks var spurt hvernig og hvenær ríkisstjórnin hyggst koma þessu máli á hreint þannig að skipin fái viðunandi rekstrargrundvöll og unnt verði að gefa út afsöl.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við spurningu númer þrjú vil ég geta þess að söluverð á skipinu Oddeyri EA var 193 millj. 299 þús., á skipinu Nökkvi HU 202 millj. 210 þús. kr., á skipinu Gissur ÁR 211 millj. 866 þús. kr. og á skipinu Jöfur KE 281 millj. 68 þús. kr.

Þá var einnig spurt hvert væri söluverðið á núvirði. Svarið er: Miðað við verðlag í febrúar 1991 er það á skipinu Oddeyri EA 376 millj. 444 þús. kr., á skipinu Nökkvi HU 381 millj. 140 þús. kr., á skipinu Gissur ÁR 394 millj. 197 þús. kr. og á skipinu Jöfur KE 391 millj. 851 þús. kr.

Þá var spurt að því hvert væri áætlað söluverð skipanna í dag ef ekki er meðtalinn sá fiskveiðikvóti sem fluttur hefur verið á skipin.

Fjmrn. telur sig ekki hafa upplýsingar sem gera okkur kleift að meta eða áætla slíkt söluverð, sérstaklega vegna þess að markaður á skipum sem ekki hafa fiskveiðikvóta er satt að segja mjög óverulegur. Ýmsir halda því fram að slík skip séu óseljanleg, aðrir halda því fram að fyrir þau fáist mjög lítið. Allt fer það eftir því hver á í hlut sem kaupir, þannig að fjmrn. treystir sér ekki til þess að setja fram einhverja marktæka áætlun um slíkt söluverð því það getur verið frá því að vera nánast ekki neitt upp í það að skipta einhverjum tugum eða fáeinum hundruðum milljóna.

Spurning númer sex var: „Hve miklar skuldir hvíla á skipunum hjá Ríkisábyrgðasjóði?" Svarið er: Á skipinu Oddeyri EA 241 millj. kr., á skipinu Nökkvi HU 257 millj. kr., á skipinu Gissur ÁR 265 millj. kr. og á skipinu Jöfur KE 320 millj. kr.

Að lokum var spurt: „Hvernig og hvenær hyggst ríkisstjórnin koma þessu máli á hreint þannig að skipin fái viðunandi rekstrargrundvöll og unnt verði að gefa út afsöl?" Svarið er að það mál hefur ekki verið tekið til slíkrar umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar að hægt sé að veita viðhlítandi svar við þessari spurningu. Málið er mjög flókið, m.a. vegna þess að það kann að skapa fordæmi varðandi ýmis önur mál og ég get því miður ekki hér og nú skýrt frá niðurstöðum í því máli.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Ég ítreka það sem ég sagði þegar fyrri liðir þessarar fsp. voru hér til umræðu, að það er ljóst að kvóti þessara skipa hefur verið mjög skertur og þegar rekstrargrundvöllur þeirra er skoðaður er ljóst að hann er ákaflega tæpur, að ekki sé meira sagt. Ég ítreka líka það sem ég sagði þegar ég ræddi þetta mál við hæstv. sjútvrh., að þegar þessi skip voru auglýst var sérstaklega tekið fram að þau mundu fá veiðiheimildir sambærilegra skipa. Vegna þess að sú auglýsing var gefin út af handhafa ríkisvaldsins, þó að sjútvrh. ætti ekki þar í hlut, má segja að þar hafi verið um að ræða bindandi loforð ríkisstjórnarinnar, ríkisvaldsins um að svo yrði gert. En við þetta hefur ekki verið staðið og ég er með fsp. að vekja athygli á því að í raun og veru eru brostnar forsendur fyrir þeim kaupum sem gerð voru á sínum tíma nema til komi einhver leiðrétting annaðhvort á kaupverðinu eða þá á kvóta sem þessi skip hafa fengið.

Ég vil svo að endingu skora á hæstv. fjmrh. að ganga í það að koma málefnum þessara skipa á hreint, og á báða ráðherrana að sýna þessu máli velvild og skilning í samræmi við efni máls.

Öryggi fjarskiptaþjónustu í Húnavatnssýslum, ein umr.

Fsp. JSS, 314. mál. — Þskj. 559.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég er með fsp. til hæstv. samgrh. um öryggi fjarskiptaþjónustu í Húnavatnssýslum. Tilefnið er það að 2. og 3. jan. gekk gífurlegt óveður yfir landið. Bilun varð í ljósleiðarastreng milli Sauðárkróks og Blönduóss meðal annarra mikilla skemmda sem urðu í því óveðri, en sá strengur rofnaði þar sem hann er strengdur yfir gil í Skálahnjúksdal á Laxárdalsheiði. Við þetta varð símasambandslaust vestan við strenginn, þ.e. á Blönduósi, Hvammstanga, Laugarbakka, Hólmavík og Skagaströnd. Þó gat fólk á svæðinu með höppum og glöppum talað innan svæðisins, en það má segja að báðar Húnavatnssýslur hafi verið nær símasambandslausar við aðra landshluta. Stjórnstöð þessa nýja hátæknilega útbúnaðar er á Sauðárkróki, austan við strenginn, en engu að síður var ekki hægt að hafa samband vestur fyrir og illa innan héraðs og alls ekki til Reykjavíkur þó stöðin væri fyrir austan. Þetta er einhver önnur tækni en var í gömlu símstöðvunum þegar var þó hægt að hringjast á öðru megin við bilunina. Það er ekki hægt, virðist manni, með þessum nýja hátæknilega útbúnaði.

Það gat verið erfitt að ná símasambandi við Norðurland héðan þar sem margar línur voru óvirkar samkvæmt gamla kerfinu. Truflanir urðu einnig á útvarpssendingum og á sjónvarpssendingum. Á Norðurlandi eru engir viðgerðarflokkar sem hafa þá kunnáttu að gera við þennan nýja hátæknibúnað, þ.e. ljósleiðarana, og því verður að fá viðgerðarflokka frá Reykjavík þegar þessi útbúnaður bilar.

Því er það forvitni mín að fá að vita, því ég geri nú ráð fyrir að Póstur og sími hafi einhverjar ráðstafanir uppi til að bæta úr þessu ástandi, hvenær og með hvaða hætti sé gert ráð fyrir því að úr þessu öryggisleysi verði bætt þegar útvarps-, sjónvarps- og tölvuþjónusta bilar og fellur niður, hvað á að gera til að bæta úr þeim skaða sem óveður geta valdið og sérstaklega þá á þessu svæði.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það hefur verið unnið markvisst að því að bæta öryggi í fjarskiptakerfinu, jafnt í Húnavatnssýslum sem og reyndar um allt land á undanförnum áratug. Eitt stærsta skrefið væntanlega í þessa öryggisátt hefur verið að leggja niður allar loftlínur og

byggja í staðinn jarðstrengjanet sem tengir alla notendur við almenna símakerfið. Þetta verk var unnið á árunum 1981 til 1986. Menn gætu hugleitt hvernig ástand símamála hefði verið í landinu ef við hefðum í janúarmánuði sl. búið við hinar gömlu loftlínur úti um allt land. Áður var örbylgjukerfi milli sjálfvirku stöðvanna í símkerfinu en á síðustu fimm árum hefur verið unnið að því, eins og menn þekkja, að leggja ljósleiðara sem á árinu 1993 munu ná hringinn í kringum landið. Með tilkomu ljósleiðarans fæst nýtt stafrænt samband milli símstöðvanna sem hefur meiri bandbreidd og getur annast allan fyrirsjáanlegan sjónvarpsflutning og efnisflutning af því tagi, auk allrar símaumferðar.

Þegar hringtengingu ljósleiðarans lýkur á árinu 1993 næst fram það markmið að engin ein bilun á hringnum á að geta valdið útfalli símkerfisins. En það var einmitt ein slík bilun í byrjun janúar sem varð til þess að Húnavatnssýslur urðu sambandslitlar við umheiminn. Þessi bilun á ljósleiðara varð á stað þar sem hann er strengdur yfir árgil og verður strengurinn nú strax í vor lagður þar í jörð, lagður undir ána, sem ætti að draga verulega úr bilanahættu.

Á fjárlögum fyrir árið 1991 er ný stafræn örbylgja: Reykjavík, Blönduós, Akureyri, sem verður nýtt varasamband fyrir tengingu Húnavatnssýslna við umheiminn. Þetta samband verður vonandi tilbúið fyrir næstu áramót.

Það er ljóst að óveðrið í byrjun janúar hefði lítil sem engin áhrif haft á fjarskipti í Húnavatnssýslum ef ofannefndar aðgerðir hefðu þá verið komnar í framkvæmd.

Næsta verkefni sem þegar er unnið að er uppsetning vararafmagns fyrir allar stöðvar á svæðinu. Á símstöðvunum eru alls staðar rafgeymar sem geta haldið almenna símkerfinu gangandi í minnst einn sólarhring og allt upp í þrjá sólarhringa. En til að tryggja kerfi gegn langvarandi rafmagnsleysi verður unnið að því að setja upp til viðbótar fastar vararafstöðvar fyrir stærri staðina og eiga til færanlegar rafstöðvar fyrir minni staðina. Á Skagaströnd verður sett upp í næstu viku lítil bensínvararafstöð, nægilega stór til þess að geta haldið símstöðinni í gangi í rafmagnsleysi. Allar símstöðvarnar í Húnavatnssýslum eru tengdar við móðurstöð eða hnútstöð á Sauðárkróki en tenging við aðra landshluta fer síðan fram í gegnum hana. Nú er unnið að því að skipuleggja neyðartengingu svo hægt sé að kúpla inn neyðartengingu allra símstöðvanna við aðra hnútstöð ef sambandið rofnar við Sauðárkrók, t.d. stöð eða stöðvar í Reykjavík, sem yrði þá hægt að grípa til ef jafnalvarleg bilun ætti sér stað og í janúarmánuði sl., ef slíkt kæmi fyrir aftur.

Þá má þess geta að farsímakerfið verður betur nýtt í framtíðinni og myndar í raun og veru þriðja eða jafnvel fjórða öryggissambandið, eftir því hvernig á það er litið, með því að hafa farsíma til almenningsnota staðsetta á hverri símstöð. Þá er þegar byrjað að tengja inn á hverja símstöð númer úr öðrum stöðvum sem verður hægt að nota í neyðartilvikum. Með þessum ráðstöfunum öllum er í raun og veru verið að margfalda öryggið þannig að það á að vera orðið eftir þetta afar ólíklegt að stöð, hver símstöð, hafi ekki einhverja möguleika upp á að hlaupa. Ég leyfi mér að fullyrða að þegar þessum framkvæmdum öllum lýkur og hringtengingu ljósleiðarans á sumrinu 1993 komum við til með að búa í raun og veru við afar fullkomið og öruggt fjarskiptanet hvað varðar símaumferð og fjarskipti innan lands.

Það er sömuleiðis á dagskrá, eins og hv. þm. væntanlega muna, að reisa vararafstöð fyrir landið og talsverð fjárveiting reyndar ætluð til þeirrar framkvæmdar þegar á þessu ári í fjárfestingaráætlunum Pósts og síma.

Ef ég fer síðan yfir þetta aftur til að skýra það þá verða í fyrsta lagi sett upp neyðarnúmer og neyðarsímar á öllum símstöðvum, bæði farsími og föst númer úr öðrum stöðvum. Í öðru lagi verður ljósleiðarinn grafinn í jörð í þessu nefnda árgili Laxár. Í þriðja lagi verður sett upp varaleið á örbylgjunni sem tengir svæðið við móðurstöðina á Sauðárkróki og önnur landsvæði þótt ljósleiðarinn bili. Í fjórða lagi verða símstöðvar á svæðinu útbúnar þannig að hægt verði að tengja þær við aðra móðurstöð þótt sambandið rofni við aðalmóðurstöð og í fimmta lagi verður vararafmagn aukið alls staðar strax í vetur.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir mjög ítarleg svör. Þau voru þess eðlis að ég held að þau eyði því óöryggi sem ríkt hefur eftir það óveður sem geisaði í byrjun ársins. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þessar upplýsingar komi fram og þeim sé komið til réttra aðila.

Heilbrigðiseftirlitsgjald, ein umr.

Fsp. JSS, 316. mál. — Þskj. 561.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Við yfirlestur á lögum um heilbrigðisþjónustu hér fyrir nokkru tók ég eftir því að sá háttur er hafður á um greiðslu heilbrigðiseftirlitsgjalds að í raun og veru er heilbrigðissvæðunum í sjálfsvald sett með hvaða hætti þau setja á slíkt gjald fyrir þá þjónustu sem veitt er við heilbrigðiseftirlit. Við könnun í mínu kjördæmi við ýmis lítil iðnfyrirtæki var mér tjáð að heilbrigðiseftirlit sé að vísu með ágætum, þar komi heilbrigðiseftirlitsfulltrúi, gangi um fyrirtæki í 15–20 mín. og staðfesti að allt sé í lagi. Síðan komi reikningar upp á 16–18 þús. kr. fyrir þessa korters þjónustu. Í öðrum svæðum er mér tjáð að gjaldið farið jafnvel yfir 30 þús. kr. fyrir ekki meiri þjónustu en þarna er veitt. Það tekur kannski ekki lengri tíma að staðfesta að allt sé nú með þeim hætti að gott sé. Ég held ég hafi komið því til skila sem ég vil að komi fram með þessum spurningum. Þær hljóða svo:

„1. Hvað veldur því að iðnfyrirtækjum á lands-

byggðinni er gert að greiða heilbrigðiseftirlitsgjald, en iðnfyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu ekki?"

Tilfellið er að höfuðborgarsvæðið notfærir sér ekki þessa heimild og þar þurfa fyrirtæki ekki að greiða þetta gjald, þar er strax mismunur á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

„2. Hver er greiðsla samkvæmt gjaldskrá fyrir árlegt eftirlit í iðnfyrirtækjum?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur nú gert grein fyrir þessum spurningum sem lagðar eru fram á þskj. 561. Sem svar við fyrri fsp., þar sem spurt er um hvað valdi því að iðnfyrirtækjum á landsbyggðinni sé gert að greiða heilbrigðiseftirlitsgjald en iðnfyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu ekki, er því til að svara að heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit er í höndum og á ábyrgð sveitarfélaganna samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og annast heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna framkvæmdina. Skv. 5. gr. laganna er sveitarstjórnum heimilt að höfðu samráði við svæðisnefndir um heilbrigðiseftirlit, en eftirlitssvæðin eru samtals þrettán, að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi bæði með hliðsjón af ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og mengunarvarnareglugerðar en í seinna tilvikinu að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins er ekki falið eftirlit með mengandi starfsemi, þ.e. Hollustuverndinni sjálfri, sem er í einstaka tilvikum. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrrh. staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda.

Það er með mjög misjöfnum hætti hvernig sveitarstjórnir nýta sér þessa lagaheimild. Og það er kannski einmitt tilefni fyrirspurnarinnar.

Í sumum tilvikum, eins og í Reykjavík, hefur hún ekki verið nýtt. Í öðrum tilvikum er hún nýtt að fullu, þ.e. bæði er kveðið á um leyfisgjald og árlegt eftirlitsgjald og bæði gjöldin innheimt. Ein útgáfan er þó sú að gjaldskrár hafa verið samþykktar bæði með hliðsjón af leyfisgjöldum og eftirlitsgjöldum en hlutaðeigandi sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau innheimta gjöldin. Í nokkrum tilvikum eru einungis innheimt leyfisgjöld en ekki árlegt eftirlitsgjald.

Samkvæmt ofangreindu er það algjörlega á valdi viðkomandi sveitarstjórna að setja gjaldskrá vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlitsins og hlutverk ráðuneytisins eingöngu fólgið í því að staðfesta þessa gjaldskrá þannig að þær verði birtar í samræmi við lög um birtingu laga og stjórnvaldserinda.

Ráðuneytið tekur því ekki ákvörðun um upphæð gjaldsins en hefur þó beitt sér fyrir því að gjöld þessi séu ekki hækkuð umfram almenna verðlagsþróun nema sérstök rök séu færð fyrir því. Og eins og nú háttar hefur verið reynt að halda þessum hækkunum mjög í skefjum. Enn fremur hefur ráðuneytið lagt á það áherslu að ekki megi líta á þessi gjöld sem skattheimtu heldur eingöngu til þess að standa undir lögboðnu eftirliti og kostnaðinum af því.

Seinni liður fsp. er: „Hver er greiðsla samkvæmt gjaldskrá fyrir árlegt eftirlit í iðnfyrirtækjum?" Og þá er því til að svara að um er að ræða tvenns konar gjaldskrár. Annars vegar á vegum sveitarfélaganna vegna þess eftirlits sem þau annast og hefur nú hér verið reynt að skýra frá og hins vegar vegna mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins sem fer með sérhæft eftirlit, þ.e. með meiri háttar starfsemi eins og t.d. Ísal, Járnblendinu og Sementsverksmiðjunni svo dæmi séu tekin, þar sem Hollustuverndinni sjálfri er falið eftirlit en ekki heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna. Gjaldskrár sveitarfélaganna eru hins vegar með ýmsu móti eins og áður sagði. Gjaldskrár mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og mengunarvarnaeftirlitis sveitarfélaganna voru fram til síðasta sumars staðfestar af heilbr.- og trmrn. Með tilkomu sérstaks umhvrn., sbr. breytingar á áðurnefndum lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með 8. gr. laga nr. 47/1991 er það hlutverk umhvrn. að staðfesta slíkar gjaldskrár. Byggist það á því að umhvrn. hefur tekið við yfirstjórn mengunarvarnadeildar Hollustuverndarinnar og þeirra mála er lúta að mengun, samkvæmt lögum um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit.

Það er því ekki lengur hlutverk heilbr.- og trmrn. að staðfesta áðurnefndar gjaldskrár heldur umhvrn. Mér er hins vegar kunnugt um að sl. sumar var staðfest ný gjaldskrá í umhvrn. þar sem gert er ráð fyrir fjórum flokkum eftirlitsgjalda með hliðsjón af rekstri og umfangi viðkomandi starfsemi.

Rétt er að umhvrh. geri grein fyrir þeim upphæðum sem þar er um að ræða. Ef hv. fyrirspyrjandi vill fá upplýsingar úr öllum þessum gjaldskrám svo og gjaldskrám sveitarfélaganna teldi ég nauðsynlegt að bera fram fsp. þar sem óskað væri skriflegs svars vegna þess að annars yrði hér um mikinn lestur á talnarunum að ræða.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ítarleg svör hæstv. heilbrrh. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það væri heilmikill lestur að gera grein fyrir öllum þeim gjöldum sem þarna ríkja. Það eru þó enn þá spurningar sem eru svífandi í mínum huga jafnvel þó að þessi málaflokkur sé að einhverju leyti kominn yfir í annað ráðuneyti. Er það álit ráðherra að það geti verið eðlilegt að þessi mismunur í gjaldtöku sé ríkjandi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis? Telur hann það hvetjandi fyrir iðnfyrirtæki á landsbyggðinni að liggja m.a. undir slíkum gjöldum meðan iðnfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sleppa við þau? Getur það líka verið eðlilegt að gjaldið sé mjög mismunandi milli svæða? Það var eiginlega það fyrst og fremst sem ég vildi fá fram með seinni spurningu minni um hver gjöldin væru. En mér er kunnugt um að þau eru mjög mismunandi þannig að eitt svæði greiðir undir 20 þús. kr. og annað yfir 30 þús. kr. Það eru kannski ekki mjög háar upphæðir en engu að síður er þarna um mismunun að ræða. Og kannski þriðja spurningin: Væri ekki ástæða til að ráða bót á þeim mismun sem þarna ríkir?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Eins og reyndar kom fram í svari mínu áðan hefur ráðuneytið í sjálfu sér ekki mikið með það að gera hvernig þessi gjöld eru útreiknuð. Það sem við höfum reynt að gera til að samræmis sé gætt er að leggja áherslu á að gjöld þessi má ekki heimta eða líta á sem skattheimtu heldur eiga þau fyrst og fremst að standa undir lögboðnu og eðlilegu eftirliti. Þau eiga því að byggjast á kostnaði þeim sem sveitarfélögin hafa af þessari innheimtu.

Auðvitað getum við ábyggilega verið sammála um það, hv. fyrirspyrjandi og ég og vafalaust þingmenn allir upp til hópa, að það sé bæði óeðlilegt og reyndar slæmt að það skuli vera mikill mismunur á. En ef til dæmis Reykjavíkurborg eða heilbrigðiseftirlitið hér telur ekki þörf á því að innheimta þetta gjald og þá trúlega fyrir það að kostnaður við það er þá greiddur með einhverjum öðrum tekjum sveitarfélagsins, ég get ekki séð aðrar forsendur fyrir því, en ýmis önnur minni sveitarfélög, sem ekki hafa eins sterka og víðtæka tekjustofna, verða að innheimta sérstakt gjald fyrir kostnað af eftirlitinu, þá ræður auðvitað ráðuneytið lítt eða alls ekki yfir því þó við getum verið sammála um að þetta sé alls ekki gott.

Varðandi mismun milli einstakra fyrirtækja er auðvitað það sama sem gildir, að það er geta sveitarfélaganna til þess að veita atvinnufyrirtækjum á sínu svæði þjónustu án þess að innheimta af því þau gjöld sem eftirlitið kostar.

Þannig að málið er því miður ekki mikið í höndum stjórnvalda að þessu leyti. Það er mál sveitarfélaganna og heilbrigðiseftirlits þeirra lögum samkvæmt og því ekki gott fyrir okkur að ráða bót á nema menn vilji taka þetta upp með lagabreytingu og fela það stjórnvöldum, þ.e. ráðuneyti og ríkisvaldinu, að ráða yfir þessum þætti meira en er. En venjulega tala menn á hinn veginn, að það eigi að fela mönnum sem mest vald og sjálfsforræði heima í héraði og í aðalatriðum er ég sammála þeirri skoðun.

Viðlagatrygging Íslands, ein umr.

Fsp. PJ, 346. mál. — Þskj. 609.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegur forseti. Í umræðum hér á hv. Alþingi um tjón vegna fárviðris sem gekk yfir landið í byrjun þessa mánaðar komu fram hugmyndir um að breyta lögum og verksviði Viðlagatryggingar Íslands. Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir hvernig er háttað um tekjur og fjárhagsstöðu þess fyrirtækis. Því hef ég lagt fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 609, með leyfi forseta:

„1. Hvað voru tekjur Viðlagatryggingar Íslands miklar á síðasta ári?

2. Hversu háum fjárhæðum námu tryggingabætur fyrirtækisins á síðasta ári?

3. Hver var eignastaða fyrirtækisins þann 31. desember sl.?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. þm. hefur hér gert grein fyrir fsp. sinni sem er í þremur liðum. Eins og hann sagði réttilega er hún til komin vegna umræðna um Viðlagatryggingu og hlutverk hennar í þeim skaða sem óveður hefur valdið bæði nú nýlega og reyndar þar áður fyrir nokkrum vikum síðan og svo auðvitað oft áður.Í fyrravetur upp úr áramótum munum við eftir miklu tjóni sem vakti líka umræður um Viðlagatryggingu Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu eru svör við fsp. hv. þm. á þessa leið. Í fyrsta lagi, þar sem spurt er: „Hvað voru tekjur Viðlagatryggingar Íslands miklar á síðasta ári?" Samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands hinn 19. febr., samkvæmt reikningum fyrir árið 1990, sem þó eru ekki endanlega frágengnir, kom í ljós að iðgjaldatekjur voru 322 millj. kr. og fjármagnstekjur 373 millj. kr. eða samtals 695 millj. kr.

Annar liður fsp. var: „Hversu háum fjárhæðum námu tryggingabætur fyrirtækisins á síðasta ári?" Tjónabætur félagsins námu 129 millj. kr. Önnur gjöld fyrirtækisins voru 149 millj. kr. og skiptust þessar 149 millj. kr. þannig að endurtryggingariðgjald var 79 millj. kr., innheimtuþóknum til tryggingafélaganna, sem innheimta iðgjaldið fyrir Viðlagatryggingu, eins og mönnum er kunnugt, var 32 millj. kr., varnaraðgerðir, styrkir og matskostnaður, sem að hluta til mætti kannski flokkast með tjónabótum en er ekki færður þar undir af því að það er ekki beinlínis heldur er hér um að ræða varnaraðgerðir sem Viðlagatrygging þó styður eða styrkir, voru 31 millj. kr. og almennur rekstrarkostnaður var 7 millj. kr. Þetta er sundurliðunin á útgjöldum fyrirtækisins, bæði tryggingabótum og öðrum kostnaði.

Þriðji liður fsp. var síðan: „Hver var eignastaða fyrirtækisins þann 31. des. sl.?" Hreinar tekjur ársins 1990 voru, eins og fram hefur komið af þessum upplýsingum, 417 millj. kr. og eigið fé í árslok 3 milljarðar 117 millj. kr.

Vegna þess sem fyrirspyrjandi nefndi að auki um umræður um að endurskoða lög og verksvið tryggingarinnar vil ég láta það koma fram að sú vinna er í gangi. Það er nú unnið að endurskoðun á lögunum og hugmyndum um annað og víðtækara verksvið. En þó bið ég menn að hafa í huga að auðvitað er reynt að gæta þess að það séu skýrar línur, eins skýrar og þær geta verið, milli Viðlagatryggingar annars vegar og verkefna eða hlutverks hinna almennu vátryggingafélaga og þeirra bótaþátta eða áhættuþátta sem menn geta keypt sér tryggingar á hjá almennum vátryggingafélögum.

Að lokum er auðvitað nauðsynlegt að staða Viðlagatryggingar sé sterk, að Viðlagatrygging hafi góða eiginfjárstöðu og sé reiðubúin að mæta áföllum sem kunna að verða enn þá stærri og meiri en þó þau sem

við höfum horft upp á á undanförnum vikum, ef yfir ríða alvarlegir jarðskjálftar eða eldgos, svo eitthvað sé nefnt. En ég vona að þetta hafi svarað nokkuð greinilega þeim fyrirspurnum sem bornar voru fram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og fyrir það að vekja á því athygli að þó nokkuð stór hluti íslenskrar þjóðar er með viðlagatryggingu, er skattlagður til þess að greiða tryggingariðgjald en jafnframt þannig frá því gengið þegar kemur að greiðslum að hann mun aldrei eiga rétt á því að fá krónu til baka. Það er vegna þess að þessir aðilar hafa ekki byggt hús sín þar sem snjóflóðahætta er. Þeir hafa ekki byggt hús sín þar sem sjór á eftir að granda þeim. Þeir hafa ekki byggt hús sín þar sem eldgos verða og þeir hafa ekki byggt hús sín þar sem jarðskjálftar munu setja þau um koll. En engu að síður eru þeir greiðendur.

Hins vegar blasir það við að veðsetning á húsum er hreinlega í hættu ef það er látið vera frjálst hvort menn tryggi hús fyrir foki. Ég hygg að hætta á foki sé ekki minni en hætta á eldsvoða í dag, mjög víða. Og það fárviðri sem gekk yfir landið á sínum tíma hlýtur að segja okkur það að viðlagatryggingalögunum verður að breyta og Viðlagatrygging verður að einhverju leyti að koma inn í það dæmi.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir afar greinileg og góð svör við fyrirspurnum mínum. Það kemur í ljós, sem er allt gott um að segja, að staða Viðlagatryggingar er traust, fjárhagur hennar er tiltölulega rúmur, eiginfjárstaðan er yfir 3 milljarða kr. og hreinar tekjur á síðasta ári voru 417 millj. kr. Þetta er vitaskuld mikilvægt, enda er það vitað mál að iðgjöld til Viðlagatryggingar eru býsna há. Meðan t.d. Bjargráðasjóður var og hét með meiri starfsemi en hefur verið á síðustu árum þá var það tíðkanlegt í sveitum þar sem ég þekki til að iðgjald frá einum bónda til Viðlagatryggingar var hærra en sveitarfélagsins í heild til Bjargráðasjóðs og var þó Bjargráðasjóður sá sjóður sem menn leituðu gjarnan til í nauðum þegar áföll urðu.

Ég tel að það sé ástæða til að taka undir það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vestf. að það sé eðlilegt að taka verksvið Viðlagatryggingar til endurskoðunar, enda hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir að sú vinna sé hafin. Það er nú svo að tjón vegna fárviðris er sama eðlis og tjón vegna náttúruhamfara. Veður getur orðið það stritt á Íslandi að það nálgist að vera náttúruhamfarir. Og þó að það mælist kannski ekki á hinum venjulegu veðurathugunarstöðvum þá eru víða annars staðar þær aðstæður að veðrin verða slík að það er nánst ekkert sem stendur fyrir. Þess vegna er ástæða til að huga mjög að því hvort ekki sé ástæða til að fella undir verksvið Viðlagatryggingar Íslands að takast á við að bæta tjón af slíkum orsökum og mæli ég með því við hæstv. ráðherra að að því verði hugað í þeirri endurskoðun sem nú fer fram.

Ríkisreikningur 1989, ein umr.

Fsp. KrP, 347. mál. — Þskj. 610.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að koma hér með fsp. til fjmrh. um ríkisreikning fyrir árið 1989. Fyrirspurnin orðast svo:

„Hvað veldur því að ríkisreikningur fyrir árið 1989 hefur ekki verið lagður fram á Alþingi?"

Örstuttur rökstuðningur hvers vegna fsp. er lögð fram. Það voru uppi deildar meiningar milli mín og fjmrh. um bókun á bókhaldsfærslum á Verðjöfnunarsjóði m.a. og ég sá mig knúinn til að skrifa forsetum Alþingis bréf 29. mars 1990 og óska eftir því að Ríkisendurskoðun svaraði ákveðnum spurningum varðandi bókhald og gerð ríkisreiknings. Svar við því fékkst 18. apríl 1990, þar sem var tekið undir flest þau sjónarmið sem sá er hér stendur setti fram varðandi gerð ríkisreiknings. Átti ég von á því að hann kæmi í október eins og venja er, en var að spyrjast fyrir um það fyrir jól og fékk þau svör þá að hann væri væntanlegur í janúar. Nú er langt liðið á febrúar og ríkisreikningur ekki kominn. Þess vegna þykir mér eðlilegt að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því hvort reikningur ríkissjóðs fyrir árið 1989 sé væntanlegur fljótlega.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. fyrir langvarandi áhuga hans á ríkisreikningi og kerfisbreytingum í meðferð ríkisfjármála. Það eru nú satt að segja ekki mjög margir þingmenn í þingsölum sem hafa haft jafn staðfastan áhuga á þeim málum og hv. þm. ef frá eru taldir þeir þingmenn sem sitja í fjvn.

Ástæður þess að ríkisreikningur fyrir árið 1989 liggur ekki fyrir eru í meginatriðum þær að um árabil hefur það tíðkast, en jafnframt verið á það bent, að í ríkisreikningi eru ekki taldar allar þær skuldbindingar sem ríkissjóður hefur tekið á sig. Þess vegna ákvað ég á miðju síðasta ári að vísa því máli til ríkisreikningsnefndar til meðferðar. Ríkisreikningsnefnd lagði til að rétt væri að vinna öll bókhaldsgögn þannig að ríkisreikningurinn fyrir árið 1989 sýndi eins vel og unnt er allar, og ég legg áherslu á það, allar skuldbindingar sem á ríkissjóði hvíla. Til álita kom að þessi breyting tæki til ársins 1990, en af ýmsum ástæðum, þar á meðal vegna ábendinga frá ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun, taldi ríkisreikningsnefnd rétt að miða uppgjörsbreytingarnar við árið 1989.

Í ljósi þessa ákvað ég að unnið yrði yfirlit um allar skuldbindingar sem á ríkissjóði hvíla. Hér er hins vegar um allmikla nýbreytni að ræða og vona ég að fyrirspyrjandi og allir hv. þm. geri sér grein fyrir því að þetta er umfangsmikið verkefni að gera þessu jafnnákvæm og glögg skil og nauðsynlegt er, ef allar

skuldbindingarnar eru tíundaðar í ríkisreikningnum.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna tvennt. Í fyrsta lagi munu koma til gjalda í ríkisreikningi fyrir árið 1989 skuldbindingar sem hafa hlaðist upp á mörgum árum og jafnvel áratugum. Þegar kerfisbreytingin er aftur á móti komin á munu einungis bætast við hvert ár þær viðbótarskuldbindingar sem til verða á viðkomandi ári. Heildarniðurstöðutölur gjalda og tekna verða af þessum sökum mjög afbrigðilegar og ómarktækar um stöðu og afkomu ríkissjóðs það tiltekna ár sem hér um ræðir.

Í öðru lagi, sem er meginatriði málsins, hefur það tekið lengri tíma en ætlað var í upphafi að vinna yfirlit um skuldbindingar ríkissjóðs mörg ár aftur í tímann vegna þess m.a. að undir verkstjórn fyrirrennara minna í fjmrn. var þessu ekki haldið til haga. Þess vegna hefur orðið að fara mjög rækilega ofan í allt þetta mál og ég vil hér aðeins nefna nokkur dæmi til þess að sýna mönnum hve umfangsmikið verkið er.

Þar er í fyrsta lagi um að ræða allar langtímaskuldbindingar Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Þar er í öðru lagi um að ræða allar skuldir við sveitarfélög. Þar er um að ræða kröfur vegna óuppgerðra vegaframkvæmda, þar er um að ræða skuldbindingar vegna ýmissa samninga við atvinnuvegi eins og t.d. vegna riðuniðurskurðar og skuldbreytingar vegna ógreiddra en áfallinna vaxta af skuldum ríkissjóðs.

Það hefur tekist á síðustu mánuðum að vinna yfirlit yfir alla þessa þætti nema skuldbindingar Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Það hefur hins vegar verið afstaða mín að það gæfi ekki rétta mynd að leggja ríkisreikninginn fram með þeim hætti sem ég hef hér lýst án þess að þær væru með. Þær eru ein veigamesta langtímaskuldbindingin af hálfu ríkissjóðs. Þess vegna væri nauðsynlegt að í þessu nýja heildaryfirliti væru skuldbindingar Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna einnig með.

Ég vona að ekki síðar en í lok næsta mánaðar eða í allra síðasta lagi í aprílmánuði muni þessu verki verða lokið og þá verði hægt að loka ríkisreikningnum á þessum nýja grundvelli og þar með hafa staðfest þá veigamiklu kerfisbreytingu sem felst í því að reiða fram allar langtímaskuldbindingar ríkissjóðs.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir svarið en ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með það ef ríkisreikningur á ekki að birtast áður en þingi lýkur þannig að hægt sé að taka hann til umræðu hér á Alþingi.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem hæstv. fjmrh. gaf hefði verið full ástæða til þess að taka það mál til umfjöllunar hér á Alþingi, sérstaklega í ljósi þeirra staðreynda að það kemur í ljós að bókhald ríkissjóðs hefur ekki verið fært rétt síðustu árin og fyllsta ástæða er því til að taka þetta mál hér upp.

Í raun og veru er það mikið fagnaðarefni ef hægt er að koma því í kring að bókhald ríkissjóðs verði fært í samræmi við ríkisbókhaldslög þannig að ríkisstjórn á hverjum tíma verði að færa bókhald í samræmi við það sem hún gerir. Í því sambandi ætla ég að minna á þessa hæstv. ríkisstjórn. Hún hefur gert hinar og þessar ráðstafanir sem margar hverjar voru nauðsynlegar, eins og t.d. framlag í Verðjöfnunarsjóð, fyrirgreiðsla Atvinnutryggingarsjóðs o.fl. sem var gert til þess að aðstoða atvinnulífið úti á landi og hér í Reykjavík og skal ekki deilt um það hvort það var rétt eða rangt. En bókhald ríkissjóðs á auðvitað að færa í samræmi við það sem verið er að gera á hverjum tíma. Þegar um er að ræða að verið er að afhenda verðmæti eða ríkissjóður tekur á sig skuldir eins og t.d. í Verðjöfnunarsjóðinn, þar er um 1,5 milljarða að ræða, þá er auðvitað alveg óþolandi annað en að bókhald ríkissjóðs sé fært í samræmi við veruleikann þannig að ríkjandi stjórnvöld á hverjum tíma séu ekki að falsa bókhaldið og velta vandanum yfir á næstu ríkisstjórnir. Þjóðin á að fá að sjá það hvernig hver ríkisstjórn hagar sér á hverjum tíma og það sé ekki alltaf verið að fela fyrir borgurum landsins hvernig ríkisstjórnir haga sér.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að upplýsingar hæstv. ráðherra eru athyglisverðar. Vissulega er það framfaramál sem hann vék hér að, að taka inn í ríkisreikninginn allar þær skuldbindingar sem fyrir liggja og gera þar ákveðnar breytingar á uppgjöri.

Þetta mál hefur hins vegar dregist úr hömlu að mínum dómi. Mér er kunnugt um það, sem einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, að ríkisbókhaldið hefur ekki getað lokað þessum reikningi á þeim tíma sem æskilegast hefði verið. Ég tel að það sé mjög óheppilegt, þó að þar kunni að vera einhverjar tæknilegar ástæður fyrir hendi, að komið skuli fram í febrúar þegar þessi mál koma hér til umræðu og ekkert bólar enn á reikningnum og fjmrh. segir að það geti verið að hann komi ekki fyrr en í apríl. Þá er alveg ljóst að hann verður ekki til umræðu á þessu þingi, verður ekki til umræðu fyrir kosningar.

Hvort sem það er nú tilviljun eða ekki þá hlýt ég að benda á þetta atriði jafnframt sem ég rifja upp að við hv. þm. Pálmi Jónsson fluttum hér frv. í tvígang á tveimur undanförnum þingum þar sem gert er ráð fyrir því að endurskoðaðan ríkisreikning skuli leggja fyrir Alþingi og afgreiða svo skjótt sem verða megi á næsta ári eftir reikningsárið. Ég hlýt að rifja þetta upp og tel að það sé orðið tímabært að koma þessu í lög, gjarnan eftir að sú uppgjörsbreyting sem ráðherra gat um verður komin til framkvæmda.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nú biðja menn að fara ekki að ræða þetta mál hér sem eitthvert hefðbundið skæklatog í pólitík. Hér er verið að koma á mjög víðtækri og tímafrekri kerfisbreytingu. Hér er verið að fara yfir allar skuldbindingar ríkissjóðs af hverju tagi sem eru og fella þær allar saman í einn ríkisreikning. Það er verk, eins og ég hef getið hér um, sem hefur ekki verið unnið í áratugi. Ég bið virðulega þingmenn að hafa skilning á því að það tekur lengri tíma en bara fáeinar vikur eða jafnvel örfáa mánuði. Það sem hefur gert þetta

verk erfiðara er að færa upp allar skuldbindingar ríkisins vegna Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Verkið væri bara hálfkarað ef ríkisreikningurinn væri lagður fram án þess að það sé gert upp. Og þeir þingmenn sem hér með réttu hafa gert kröfu til þess að þetta sé gert á þeim grundvelli að öllum langtímaskuldbindingum séu gerð skil hljóta að hafa skilning á því að verkið væri bara hálfkarað ef stærsta skuldbindingin væri þar ekki með, skuldbindingin vegna Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Og það er tæknilega flókið og mjög tímafrekt verk. Jafnframt vek ég athygli á því að skuldbindingar vegna samninga við atvinnuvegi og vegna samninga við sveitarfélög hafa líka tekið langan tíma.

Hinu vil ég svo mótmæla sem fram kemur hjá hv. þm. Kristni Péturssyni að bókhald ríkisins hafi verið falsað. Ég ætla ekki að standa hér í þingsölum og halda því fram að hæstv. fjmrh., núv. þm. Þorsteinn Pálsson og hæstv. fyrrv. fjmrh. Albert Guðmundsson eða hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson hafi falsað ríkisbókhaldið. Mér finnst satt að segja slík ummæli ekki þjóna neinum tilgangi. Það vita allir að hér er um mismunandi aðferðir í reikningsskilum að ræða. Fagmenn hafa haft mismunandi skoðanir á því hvaða leiðir eigi að fara í þessum efnum. Þeir eiga fullan rétt á þeim skoðunum. Ég tók hins vegar þá ákvörðun um mitt ár í fyrra að fara inn á þessar nýju brautir. Ég gerði það ekki á þeim grundvelli að fyrirrennarar mínir hefðu falsað ríkisbókhaldið. Ég bið menn að misskilja ekki ákvörðun mína um kerfisbreytingu á þann veg að hv. þm. Kristinn Pétursson ætli að fara að leggja út af því hér að fyrri fjmrh. hafi falsað ríkisbókhaldið. Það var ekki tilgangur minn með því að ákveða þessa kerfisbreytingu að fara að koma slíkum sökum yfir á fyrirrennara mína og ég tek ekki þátt í því. Ég tek það alveg skýrt fram ef umræðan á að vera á þessum grundvelli. Hins vegar taldi ég nauðsynlegt að framkvæma þessa kerfisbreytingu líkt og ég hef beitt mér fyrir margvíslegum öðrum kerfisbreytingum í meðferð ríkisfjármála á þeim rúmum tveimur árum sem ég hef gegnt þessu embætti vegna þess að ég taldi þær kerfisbreytingar vera nauðsynlegar en ekki vegna þess að ég væri að koma einhverju sérstöku höggi á fyrirrennara mína. Þess vegna á ég dálítið bágt með að skilja að þessi uppfærsla ríkisreikningsins geti verið tilefni til þess að menn fari í flokkspólitískt skæklatog í málinu. Ég vona að við getum öll sameinast um það að þetta verk verði þá unnið fullkomlega fyrst á annað borð var ákveðið að stíga þetta veigamikla skref.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh. að það er full ástæða til þess að ræða þetta hér málefnalega og enginn hefur verið að tala um að vera hér í einhverju pólitísku skæklatogi þó menn notuðu orðið falsa eða rangt bókhald yfir hluti eins og Verðjöfnunarsjóð sem ég átti eingöngu við. Ég átti við það að gjöld á að færa þegar afhending verðmæta fer fram. Ég átti eingöngu við það að þegar ríkisbókhaldið er ekki fært í samræmi við það tel ég það ekki rétta færslu. Það er bara málefnaleg afstaða mín, fullkomlega málefnaleg afstaða. Og ég skora á hæstv. fjmrh. að leggja hér fram ríkisreikning fyrir árið 1989 með áætluðum tölum fyrir t.d. Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Það má þá laga hann til seinna. En það er nauðsynlegt að fá þetta hér í þingsali og ræða kjarna málsins því að aðalatriðið er það að fá þetta nokkurn veginn á hreint því að 100% hreint getur það komið svo árið eftir en að talan yrði áætluð núna.

Heildarkostnaður Blönduvirkjunar, ein umr.

Fsp. SV, 352. mál. — Þskj. 620.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 620 hef ég leyft mér að koma með fsp. til hæstv. iðnrh. um heildarkostnað Blönduvirkjunar. Þar á ég auðvitað við eftir áætlun um hvað er eftir.

„1. Hver er heildarkostnaður nú orðinn við byggingu Blönduvirkjunar?

2. Hver er áætlaður kostnaður við að ljúka virkjuninni?

3. Hver var kostnaðaráætlun Blönduvirkjunar þegar ákvörðun um hana var tekin?"

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn var sú að ég man ekki betur heldur en á þeim tíma hafi verið rætt um það að Blönduvirkjun væri ódýrasta virkjunin sem hefði verið könnuð og dálítið ódýrari heldur en Austurlandsvirkjun.

Nú hefur heyrst í fjölmiðlum að kostnaður við Blönduvirkjun sé orðinn það hár að það líti út fyrir að orkuverðið t.d. til stóriðju þurfi að vera a.m.k. 29 mill ef þetta á að standa undir sér. Það er auðvitað nauðsynlegt í ljósi þess að fá hér upplýsingar um hvað er satt í þessu efni og ræða áframhald annarra virkjana út frá þessari reynslu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur lagt fyrir mig fyrirspurn í þremur liðum á þessa leið:

Í fyrsta lagi hver sé heildarkostnaður orðinn við byggingu Blönduvirkjunar. Í öðru lagi hver sé áætlaður kostnaður við að ljúka virkjuninni. Og í þriðja lagi hver verið hafi kostnaðaráætlun við virkjunina þegar ákvörðun var tekin um að ráðast í hana.

Ég mun svara þessum spurningum á grundvelli upplýsinga frá virkjunaraðilanum, Landsvirkjun. Svarið við fyrstu spurningunni er: Áfallinn kostnaður vegna Blönduvirkjunar var í árslok 1990 9.894 millj. kr. og er þá allt uppfært miðað við verðlag í árslok 1990.

Svarið við annarri spurninginni er: Það er áætlað að kostnaður við að ljúka framkvæmdum við virkjunina verði 3.102 millj. kr. og er þá líka miðað við verðlag í árslok 1990.

Ég kem þá að þriðja lið í spurningunni og svarið við þeim þætti málsins er að samkvæmt áætlun sem gerð var árið 1983 og hefur verið færð fram til verðlags í

árslok 1990 skv. vísitölum virkjanakostnaðar er gert ráð fyrir að kostnaður við virkjunina verði 12.280 millj. kr. Samkvæmt því sem kom fram hjá mér hér áðan sem svar við fyrsta og öðrum þætti spurningarinnar er nú gert ráð fyrir að kostnaður við virkjunina verði 12.996 millj. kr. sem er 5,8% hærra en framreiknuð áætlun frá árinu 1983. Þarna munar langmestu að kostnaður við fjármögnun, vaxtakostnaður, er orðinn tæplega 600 millj. kr., 587 millj. skv. tölum Landsvirkjunar, hærri en hin framreiknaða áætlun frá árinu 1983.

Ástæðan fyrir þessum mun liggur í augum uppi. Byggingartími virkjunarinnar verður sjö ár en ekki fjögur eins og reiknað var með. Við þekkjum ástæðurnar fyrir þessum drætti. Þær eru að væntingar og spár sem menn höfðu gert sér um markað og höfðu að leiðarljósi þegar ákveðið var að hefjast handa hafa ekki staðist. En ef við lítum á framkvæmdakostnaðinn við Blönduvirkjun annan en fjármagnskostnað, þá er hann nánast nákvæmlega skv. þessari framreiknuðu áætlun frá árinu 1983, eða 10.911 millj. kr., sem er 129 millj. kr., eða 1,2%, hærri en þessi áætlun. Allar fullyrðingar um það að þarna hafi framkvæmdakostnaðurinn gersamlega farið úr böndum og niðurstaðan orðið öll önnur en að var stefnt fá því ekki staðist. Hitt er því miður rétt að það hefur tekið óhóflega langan tíma að afla markaðar fyrir þessa virkjun, en að því máli er nú, sem kunnugt er, unnið. Fullyrðingin, sem hér kom fram áðan hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., um að reiknað í Bandaríkjadollurum væri áætlaður kostnaður á kwst. tala eins og $^{29}/_{1000}$ úr Bandaríkjadollar eru ekki réttar. Þær fullyrðingar eru ekki réttar. Ég ætla ekki hér að nefna nákvæma tölu í því máli, enda margt sem athuga þarf þar, m.a. gengi, en þar eru tölur miklu nær $^{20}/_{1000}$ úr Bandaríkjadollar en $^{30}/_{1000}$ hinar réttu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það var ekki fullyrðing mín um 29 mill heldur sagði ég að það hefði komið fram í fjölmiðlum og þess vegna vildi ég fá það svar hér og nú hvað væri rétt í því efni. Og það er ánægjulegt ef það reynist rétt sem hæstv. ráðherra sagði. En það er allt annað heldur en manni er tjáð annars staðar.

Ég er ánægður yfir þessum svörum að því leyti að þarna er um 13 milljarða að ræða sem heildarkostnaðurinn er og ég vona að þarna sé allt talið, bætur og allt annað en línulagnir. Ég vona að það sé rétt skilið.

En það er nauðsynlegt að fá þessar upplýsingar hér og nú vegna þeirrar stöðu sem öll þessi mál eru í.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Það var rétt skilið hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að með framkvæmdakostnaði er talinn kostnaður við uppgræðslu, girðingar, gangnamannahús og aðrar bætur til heimamanna. Þessi kostnaður er í heild áætlaður hvorki meira né minna en 672 millj. kr. en var upphaflega áætlaður 540 millj. kr. Mismunurinn er því 132 millj. á þessum eina lið. Ef maður tekur hann frá þá standa hinar eiginlegu virkjunarframkvæmdir nákvæmlega á áætlun, kannski 3 millj. undir. Um orkuverð á hverja kwst. sem hv. þm. hafði hér eftir fjölmiðlum tölur um ætla ég ekki að fullyrða í nákvæmum greinum en endurtek það sem ég sagði áðan að tölur á bilinu 20–23 þúsundustu úr Bandaríkjadal á kwst. hafa verið nefndar. En þetta er að sjálfsögðu háð bæði gengi, vaxtafæti, afskriftartíma og nýtingu orkugetu virkjunarinnar. En það hefur komið fram nú upp á síðkastið að þar hafi menn e.t.v. vanmetið möguleika þessarar virkjunar.

Ég ætla ekki að segja um þetta fleira en vona að þetta hafi svarað spurningum hv. 6. þm. Norðurl. e.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér hafi komið fram mjög gagnlegar upplýsingar frá hæstv. iðnrh. sem staðfesta að kostnaður við virkjun Blöndu er mjög nálægt því sem áætlanir sögðu til um. Þær tölur sem hæstv. ráðherra gaf hér upp varðandi bætur til landeigenda, sem svo er kallað, eru eftir því sem ég best veit reiknaðar býsna rúmt. Inni í þeim lið hefur virkjunaraðili reiknað vegagerð, sem nauðsynleg er vegna virkjunarinnar sjálfrar, færslu á gangnamannahúsum sem fara undir vatn og það verða vitaskuld virkjunaraðilar að endurgreiða, girðingar vegna breytinga á vörslu, sem verða vegna virkjunarframkvæmda, kaup á landi vegna virkjunarinnar sjálfrar, sem allt er nauðsynlegt vegna virkjunarinnar og þeirra framkvæmda sem eru í gangi en eiga ekki að réttu lagi að teljast bætur til landeigenda.

Kostnaðaráætlun Fljótsdalsvirkjunar, ein umr.

Fsp. SV, 353. mál. — Þskj. 621.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 621 til hæstv. iðnrh. um kostnaðaráætlun Fljótsdalsvirkjunar og háspennulínu til Keilisness. Fyrirspurnin hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hver er áætlaður byggingarkostnaður á Fljótsdalsvirkjun miðað við að bygging hefjist á þessu ári?

2. Hver er áætlaður kostnaður á byggingu háspennulínu ásamt spennuvirkjum og öðrum tilkostnaði frá Fljótsdalsvirkjun til Keilisness á Reykjanesi?"

Eins og ég gat um í fyrri fyrirspurn minni, þá var umræðan um þessar virkjanir, Blönduvirkjun annars vegar og Fljótsdalsvirkjun hins vegar, á þann veg að Fljótsdalsvirkjun mundi verða dálítið dýrari. Síðan heyrði ég það frá mönnum austur á Héraði sem voru á fundi á Egilsstöðum, þar sem Landsvirkjun var að kynna virkjunaráætlunina og allt það um Fljótsdalsvirkjun, að þar hafi verið nefndar mjög háar tölur, svo háar tölur að ég treysti mér ekki einu sini að fara með þær, um kostnaðinn við háspennulínuna ásamt spennivirkjum og öðrum tilkostnaði. Þess vegna er þessi fyrirspurn komin fram því að í ljósi þeirra upplýsinga sem

kunna að liggja fyrir áður en áætlanir eru ákveðnar er nauðsynlegt að þetta komi fram.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. ber fyrir mig tvær spurningar. Hin fyrri: Hver er áætlaður byggingarkostnaður Fljótsdalsvirkjunar miðað við það að framkvæmdir hefjist á þessu ári? Svarið við þeirri spurningu er að á verðlagi í desember 1990 er áætlaður byggingarkostnaður við virkjun Jökulsár í Fljótsdal 19.850 millj. kr., 19,9 milljarðar.

Seinni spurningin var: Hver er áætlaður kostnaður við byggingu háspennulínu ásamt spennivirkjum og öðrum tilkostnaði frá Fljótsdalsvirkjun til Keilisness á Reykjanesi? Og svarið er: Á verðlagi í desember nemur áætlaður byggingarkostnaður við þessi mannvirki 9,2 milljörðum kr., 9.176 millj. svo að ég telji þetta í milljónum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Fyrri talan er við það að vera það sem ég hef heyrt, bæði frá Landsvirkjun og annars staðar, en seinni talan, ef rétt er haft eftir, er verulega lægri heldur en þeir sem voru á þessum fundi tjá mér. Nú vil ég ekki rengja ráðherrann um að þetta sé rétt tala en þetta vil ég að komi fram.

Nú lá það í orðum hæstv. ráðherra áðan þegar við ræddum um fyrri fyrirspurnina að líklegt væri að orkan mundi kosta 22–23 mill frá Blönduvirkjun. Mér sýnist að miðað við þessar tölur og miðað við þær tölur sem voru ræddar í upphafi, eða þegar var ákveðið með Blönduvirkjun, þá sé þetta eitthvað hærra, ég vil ekki segja hvað hærra. Ég tel því rétt að skoða þessi mál betur miðað við þær tölur sem maður er að heyra að sé verið að miða við í samningum um sölu á orkunni. Því að hæstv. ráðherra hefur hvað eftir annað sagt að það kæmi auðvitað ekki til mála, sem er rétt, að það væri farið að gera samninga á þann veg að íslenska þjóðin hefði bagga af slíkum samningi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Það er rétt skilið hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að það stendur ekki til að gera orkusölusamninga sem ekki endurheimta virkjunarkostnaðinn og skila eðlilegum ávöxtum af fjármagninu. Hins vegar er það ekki rétt að þessar tölur sem ég nefndi hér um virkjunarkostnað við Fljótsdalsvirkjun og línubyggingar frá henni að Keilisnesi feli það í sér að þar sé um meiri kostnað að ræða en hér var áður nefndur vegna Blönduvirkjunar eða vegna þess sem fyrr hefur fram komið. Sannleikurinn er sá að með nýrri tilhögun við virkjun á Fljótsdalsheiði og því fyrirkomulagi sem þar er nú að stefnt er Jökulsárvirkjun í Fljótsdal ein hin hagstæðasta sem landið hefur upp á að bjóða og kostnaður við þá virkjun á hverja orkueiningu verður mun lægri en talan sem nefnd var hér vegna Blönduvirkjunar. En vegna ýmissa aðstæðna í þessu máli, óvissu um gengismál og fleira, er ekki tímabært og eðlilegt að setja fram um það tölur að svo stöddu.

Vetnisframleiðsla, ein umr.

Fsp. SV, 354. mál. — Þskj. 622.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 622 að koma fram með fsp. til hæstv. iðnrh. um athugun á vetnisframleiðslu í samstarfi við Þjóðverja. Með leyfi forseta hljóðar fsp. þannig:

„1. Hefur iðnrh. falið Háskóla Íslands að halda áfram athugun á hagkvæmni vetnisframleiðslu hér á landi í samstarfi við Þjóðverja?

2. Hafi það ekki verið gert, hefur öðrum þá verið falin athugunin? Og þá hverjum?“

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Mér er ljúft að svara þessari fsp. hv. 6. þm. Norðurl. e. um athuganir á vetnisframleiðslu og hagkvæmni slíkrar starfsemi hér á landi í samstarfi m.a. við Þjóðverja.

Eins og reyndar hefur komið fram áður hér í þinginu við umræður um þáltill. hv. 6. þm. Reykv. og annarra hv. þm. Kvennalistans um framleiðslu vetnis, sem er 134. mál þessa þings, vinnur iðnrn. nú að þessu máli og nýtur við það liðsinnis markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og hefur einnig verið gott samstarf um það mál við prófessora Háskóla Íslands og reyndar fleiri. Þannig var að fyrir milligöngu iðnrn. komu hingað til lands í júlí í fyrra fulltrúar frá þýsku fyrirtækjasamtökunum Dechema frá Hamborgarstað og frá Evrópubandalaginu til að ræða þetta mál. Í lok október sl. var svo haldin í Hamborg ráðstefna um möguleika til samstarfs milli Íslendinga og Þjóðverja um vetnisframleiðslu. Á þessa ráðstefnu fóru sex menn af Íslandi á vegum iðnrn., þar af voru þrír prófessorar við Háskóla Íslands. Af hálfu Þjóðverja sátu ráðstefnuna fulltrúar frá opinberum aðilum, háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum. Á þessari ráðstefnu var kynnt staða rannsókna í báðum löndunum og möguleikar til þess að nýta orkulindir á Íslandi til vetnisframleiðslu og reyndar fleira sem þarna var rætt.

Í lok ráðstefnunnar skrifuðu forseti Vetnisfélagsins í Hamborg, en þar starfar sérstakt félag sem vinnur að því að hvetja til notkunar á vetni sem orkubera, og stjórnarformaður markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar undir minnisblað um það að stefna að sameiginlegum rannsóknum á sviði vetnistækni og fleiri atriða sem tengjast hugsanlegri vetnisframleiðslu á Íslandi. Við vinnum nú að því í samráði og samvinnu við þessa þýsku aðila að skilgreina þetta verkefni betur.

Mér finnst líka ástæða til að geta þess að nú er unnið að því að koma á formlegu samstarfi milli Íslendinga og Evrópubandalagsins um orkunýtingu hér á landi og m.a. um vetnismál.

Þar sem nú er verið að stofna til formlegs samstarfs við erlenda aðila, bæði þýska aðila og Evrópubandalagið, um möguleikana til þess að nýta innlenda orkuframleiðslu til eldsneytisframleiðslu, þá hafa orðið nokkur þáttaskil í þessu máli. Ég hef því talið ástæðu til að skipuleggja okkar starf að því að nýju og hef þess vegna skipað sérstakan hóp ráðgjafa sem í eiga sæti menn og konur frá stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum og Háskólanum. Þetta hef ég gert m.a. í samráði við rektor Háskóla Íslands, til þess að fylgjast með og fjalla um samstarfsverkefni, hugsanleg og raunveruleg, við erlenda aðila um framleiðslu eldsneytis og stuðla að því að slíkt samstarf styrkist og nýtist sem best til þess að tryggja okkur arð af okkar orkulindum. Þessum hópi er m.a. ætlað að taka þátt í viðræðum við erlenda aðila um eldsneytisframleiðslu, þar á meðal vetnis, á vegum iðnrn. Þessi hópur mun í sínu starfi hafa náið samráð við alla sem tengjast þessu verkefni, bæði Háskóla Íslands og stofnanir hans, umhverfisyfirvöld, Landsvirkjun, Orkustofnun, Iðntæknistofnun og Rannsóknaráð ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin. En mig undrar þau algerlega vegna þess að það var Háskóli Íslands sem hafði allt frumkvæði í sambandi við þá í Hamborg um þetta mál. Og mig undrar ef það er staðreynd að hæstv. ráðherra er að taka þetta verkefni frá Háskólanum, sem er búinn að vinna að þessum málum í hvorki meira né minna en 30 ár. Ég hef fylgst með Háskólanum í þessu efni um 15 ára skeið og þekki þetta vel. Það var ekki markaðsskrifstofa iðnrn. sem kom þessu á og þeir vissu ekkert um það á fundinum á Akureyri, þegar verið var að ræða um álverksmiðju, þeir höfðu ekki hugmynd um að þarna væri verið að vinna að þessu máli. Þetta er því furðuleg ráðstöfun.

Mér er kunnugt um það að Bragi Árnason prófessor hefur skrifað skýrslur og fylgst með bæði eldsneytisframleiðslu og vetnisframleiðslu allt frá árinu 1961, 50 að tölu, fyrir utan 18 erindi sem hann hefur flutt um þetta á ýmsum stöðum og þar fyrir utan útvarpserindi og í félögum. Mér er líka kunnugt um það að háskólinn í Hamborg hefur fyrst og fremst haft samband við Háskólann. Það var ekki að frumkvæði iðnrn. að þessi samskipti fóru fram, heldur Háskólans. Ég hef nefnilega öll þessi gögn í mínum höndum af því að ég hef sýnt þessu áhuga og þess vegna verð ég að segja það, þetta er alveg furðuleg ráðstöfun.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég harma það að hv. 6. þm. Norðurl. e. skuli taka því illa þegar loksins, loksins er eitthvað verið að gera sem áþreifanlegt er í okkar sameiginlega áhugamáli, að kanna til botns hverjir kostir séu á því að framleiða vetni með íslenskri raforku.

Sannleikurinn er auðvitað sá að það er í fyrsta sinn að á þessu ári er veruleg fjárveiting á fjárlögum til að vinna að þessu verki og til að nýta hana sem best hef ég kvatt til þessa ágætu menn og konur sem ég hef skipað í þennan ráðgjafarhóp, reyndar í samráði við Háskóla Íslands.

Ég vildi leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa upp nöfn þeirra sem munu sitja í þessum hópi, en þau eru Geir Gunnlaugsson framkvæmdastjóri, formaður, doktor í verkfræði, Ágúst Valfells verkfræðingur, líka doktor, Páll Kr. Pálsson, forstjóri Iðntæknistofnunar, Runólfur Þórðarson, verksmiðjustjóri Áburðarverksmiðjunnar, sem hefur að sjálfsögðu verið vetnisframleiðandi hér á landi um árabil, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarsérfræðingur í umhvrn., og dr. Þorsteinn Sigfússon, prófessor við Háskóla Íslands, sem hefur unnið mikið að þessum málum að undanförnu.

Með þessu er ekki á nokkurn hátt varpað rýrð á Braga Árnason eða hans mikla starf að rannsóknum á þessu sviði, því fer víðs fjarri. Og við hann og hans starf verður að sjálfsögðu haft náið samráð. Ég þarf ekki að taka það fram að þessum ráðgjafarhópi er ekki ætlað fyrst og fremst að fjalla um vísindastörfin heldur á hann að tengja saman hlutina og koma fram fyrir landsins hönd í viðræðum við erlenda aðila. Og ég endurtek það sem ég sagði hér áðan að frumkvæðið að þessum samskiptum við Vetnisfélagið þýska og við Evrópubandalagið er frá iðnrn. í þetta sinn. Hvort sem hv. 6. þm. Norðurl. e. líkar það betur eða verr er þetta sannleikurinn í málinu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Já, það kemur fram að maðurinn sem hefur unnið mest í þessu, maðurinn sem er mesti vísindamaðurinn í þessu, maðurinn sem hefur til fleiri ára haft samband við háskóla í Þýskalandi og hefur haft bréfaskriftir við þá, er settur til hliðar. Ég verð að segja það bara hér og nú að ég lít svo á að sú ráðstöfun sé til þess gerð að tefja málið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vísa því harðlega á bug að þetta sé gert til þess að tefja málið. Þegar það loksins kemst á skrið, þá finnst mér það furðu sæta að hv. þm. skuli leyfa sér að kalla það tafir. Og það er enn fjarstæðukenndara að halda því fram að Braga Árnasyni sé á nokkurn hátt ýtt til hliðar með þessum hætti. Þvert á móti er þarna skýr tenging við Háskóla Íslands og það starf sem þar fram fer, reyndar að höfðu samráði við rektor Háskólans.

Drauganet, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 361. mál. — Þskj. 635.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til umhvrh.:

„Má vænta þess að ráðherra beiti sér fyrir því að drauganet séu slædd upp eða verður allt við það sama í þeim efnum?“

Varla verður um það deilt að við Íslendingar eigum mikið undir því að okkar lífríki sé umgengið með fullri virðingu. Eitt af því sem verður að gera, ef við ætlum að tryggja að fiskklak sé eðlilegt við landið og að við höfum full not af okkar fiskstofnum, er að tryggja að veiðarfæri séu ekki skilin eftir í sjó og þau haldi áfram að veiða.

Fyrir nokkrum árum gerðist það við Breiðafjörð að menn tóku sig til og fóru að draga upp net sem skilin höfðu verið eftir í sjó, það voru grásleppunet. Það var verulegt magn sem þeir drógu upp. Þetta varð til þess að ég fór að halda uppi njósnum um það hvort það væri e.t.v. víðar sem slík net væru í sjó. Og það merkilega kom í ljós að mér voru sagðar hinar ótrúlegustu sögur í þeim efnum. Þess vegna er það ekki skrýtið þó á mann sæki sú hugsun: Hvað með önnur net, eins og t.d. þorskanetin, sem mikið er lagt af í sjó á hverju ári? Margir halda e.t.v. að þessi net séu þannig að þau verði endanlega óklár í sjónum og veiði ekki. Ég ætla aftur að víkja að grásleppunetunum.

Ég veit um mann sem dró úr sjó grásleppunet sem var búið að vera þar eitt ár. Netið hafði árið áður sokkið af því að þari settist í það. Þegar það var dregið upp ári síðar var enginn þari til í netinu, aðeins beinagrindur, beinagrindur m.a. af fiski og fugli. Hann dró þetta net upp í aprílmánuði.

Af þorskanetunum er það að segja að á sumum svæðum þar sem þorskanet eru lögð við landið hafa togarar rétt á að toga á öðrum tímum ársins. Ég hef séð myndir þar sem mikið af netum hefur verið dregið upp og bæði nýr fiskur og úldinn verið í þessum netum en þau hafa komið upp á trollinu þegar togskip hafa farið um þessa veiðislóð.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. sem ég held að sé mjög tímabær. Hér er hreyft mjög alvarlegu máli. Ég er mjög sammála fyrirspyrjanda að hér er um erfitt og vandræðalegt mál að ræða. Það er enginn vafi á því að svokölluð drauganet valda umtalsverðri mengun í sjó og það er alveg hárrétt sem kom fram í máli fyrirspyrjanda að sú hætta er fyrir hendi að drauganet haldi áfram að fiska og því er nauðsynlegt að hreyfa við þessu máli.

Af hálfu umhvrn. verð ég að játa það að við höfum ekki enn þá haft tækifæri til að sinna þessu máli sérstaklega. Við höfðum samband við siglingamálastjóra sem benti okkur á ákvæði reglugerðar um netaveiðar þar sem kemur fram í 12. gr. að týni skip þorskfisknetum í sjó ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna eins nákvæmlega og unnt er.

Við höfðum enn fremur samband við Landhelgisgæsluna og fengum upplýsingar um hvernig Landhelgisgæslan hefur staðið að því að slæða upp svokölluð drauganet. Helgi Hallvarðsson skipherra útvegaði okkur góðfúslega þær upplýsingar að Landhelgisgæslan reynir að sjálfsögðu eftir föngum að tína upp þessi drauganet. En það er ljóst, eins og kemur fram í upplýsingum frá Helga Hallvarðssyni, að hún kemst ekki yfir nema kannski smávægilegt brot af því sem um er að ræða, enda berast henni einfaldlega ekki tilkynningar um þau net sem hafa tapast nema í litlum mæli.

Landhelgisgæslan leggur til og telur æskilegt að starfrækt væri sérstakt skip sem hefði eingöngu það verkefni að leita uppi drauganet og slæða þau upp í kringum landið. Ég mundi því telja skynsamlegt að þetta mál verði rannsakað sérstaklega og mun beita mér fyrir því að skipuð verði samráðsnefnd þeirra aðila sem þetta mál varðar, þ.e. við mundum fyrir hönd okkar gegnum Siglingamálastofnun vilja stuðla að því að slíkt samráð eigi sér stað með fulltrúum sjútvrn. og Landhelgisgæslu um hvernig megi taka á þessu máli.

Að lokum langar mig til að víkja aðeins að því að það er ekki bara hér við Íslandsstrendur og á Íslandsmiðum sem menn hafa áhyggjur af drauganetum heldur er þetta vandamál um allan heim. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa menn reynt að finna leiðir til þess að koma í veg fyrir drauganet sem eru vandamál mjög víða í heiminum. M.a. er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna unnið að samkomulagi um að reknetaveiðar verði alfarið bannaðar hvar sem er í heiminum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans svar og fyrir hans eftirgrennslan sem hann hefur nú þegar sett í gang vegna þessa máls. Það er frekar fátítt að ráðherrar taki fsp. og ábendingum með jafnopnum huga og með jafnmikilli ákvörðunarvissu um að það beri að gera eitthvað í málinu.

Ég minnist þess að fyrir 1960 var talað um að það væri algjör nauðsyn að bæði uppihöld og einnig korkur og steinar á þorskanetum væru úr efni sem gæti fúnað svo að í tímans rás mundi netið af þeirri ástæðu ekki geta veitt fisk. Nú er búið að setja blý í teininn að neðan og flot inn í teininn að ofan þannig að netið heldur áfram að veiða. Ég er sannfærður um það að eitt af því sem í dag veldur því að fiskifræðingar mæla með minni og minni sókn í íslenska þorskstofninn er sú staðreynd að drauganetin fiska það mikið, utan kvóta vel að merkja, að við erum að eyðileggja ákveðin veiðisvæði við strendur landsins með þessum netum.

Afdrif skýrslu Byggðastofnunar um Vestfirði, ein umr.

Fsp. ÓK, 380. mál. — Þskj. 676.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til forsrh. um afdrif skýrslu Byggðastofnunar um Vestfirði. Hún er svohljóðandi:

„Hefur ríkisstjórnin afgreitt áætlun Byggðastofnunar, „Vestfirðir, byggðaáætlun", sem gefin var út í júlí 1989? Ef svo er, hver eru framkvæmdaáform í lands-

hlutanum og á hvaða stigi er undirbúningsvinna eða tillögugerð?"

Aðdragandi að þessari fsp. er sá að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fór þess á leit við stjórn Byggðastofnunar í aprílmánuði 1986 að hún léti vinna alhliða róttæka byggðaþróunaráætlun fyrir Vestfirði með það markmið í huga að fá fram tillögur um með hvaða hætti mætti leitast við að stöðva frekari fólksfækkun á Vestfjörðum.

Þessu var vel tekið af stjórn Byggðastofnunar og hún samþykkti að setja þessa vinnu af stað með þeim skilyrðum að heimamenn mundu vinna eins og þeir frekast gætu að þessari væntanlegu áætlun. Þessi vinna hófst í Reykjavík 1987 og var af hálfu Vestfirðinga settur í þá vinnunefnd Guðmundur H. Ingólfsson í Hnífsdal.

Í upphafi var ákveðið að skipta þessari vinnu í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi að fá fram alhliða úttekt á búsetuskilyrðum og stöðu byggðar. Í öðru lagi tillögur heimamanna um eflingu byggðar og bætt búsetuskilyrði og síðan að setja fram tillögur um aðgerðir sem talið er að mestu máli skipti að nái fram að ganga á næstu árum.

Nú er það svo að áætlanagerð ein og sér gerir ekkert. Það sem skiptir meginmáli í þessu er hvernig unnið er í framhaldi af tillögugerðinni og hvað er að gerast. Það er þess vegna sem ég hef lagt þessa fsp. fram því ég vil fá að vita það hjá hæstv. forsrh. á hvaða stigi sú undirbúningsvinna eða tillögugerð er sem um er fjallað í þessari skýrslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna fjarveru hæstv. forsrh. er það hæstv. sjútvrh. sem svarar þessari fsp.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Eins og fram kom þá hefur hæstv. forsrh. beðið mig um að svara þessari fsp. og mun ég byggja svar mitt á þeirri grg. sem mér hefur borist frá forsrn.

Svarið er svohljóðandi: Forsrh. dreifði skýrslunni á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 12. sept. 1989 ásamt bréfi Byggðastofnunar, dags. 28. ágúst 1989, þar sem m.a. sagði:

„Byggðaáætlun fyrir Vestfirði var unnin að beiðni Fjórðungssambands Vestfirðinga frá árinu 1986. Verkið var unnið í nánu samráði við sveitastjórnarmenn á Vestfjörðum. Á fjórðungsþingi þeirra árið 1987 var það lagt fram og kynnt. Þingið gagnrýndi verkið í almennum atriðum og fór þess á leit að haft yrði enn frekara samráð við sveitarstjórnarmenn um þriðja hluta verksins, þ.e. tillögukaflann. Var þetta gert og ákveðið að rita skýrslu um áætlunina að mestu leyti upp á nýtt.

Endurritaður þriðji hluti áætlunarinnar var lagður fram á fjórðungsþingi 1988 og þar var gerð um hann ályktun. Í henni kemur fram að misræmi er á milli þeirra væntinga sem Vestfirðingar höfðu gert sér til innihalds áætlunarinnar og þeirra möguleika sem Byggðastofnun telur vera á innihaldi og þá einkum um ákveðna tillögugerð í slíkum áætlunum um aðgerðir og framkvæmdir ríkisins. Vestfirðingar fara því þess á leit [eins og þar kemur fram] að hinum ýmsu málaflokkum verði vísað til fagráðuneyta. Þar verði unnið yfirlit yfir aðkallandi og óloknar framkvæmdir og sett fram tímasett framkvæmdaáætlun sem leitað verði staðfestingar framkvæmdarvalds og sveitarstjórna á.

Þessi beiðni Vestfirðinga er rökrétt. Lög um byggðaáætlanir segja hins vegar ekki til um hvaða hlutverk þeim er ætlað né hvers eðlis þær eiga að vera. Væntingar Vestfirðinga til þessarar áætlunar voru að hún mótaði stefnu ríkisins í uppbyggingu opinberrar þjónustu og í stuðningi við atvinnulíf og þá frekast til að flýta framkvæmdum sem taldar eru mikilvægar.

Á milli laganna og þessara væntinga er mikið misræmi sem hefur leitt til vandkvæða eins og meðferð Vestfjarðaáætlunar er dæmi um. Byggðastofnun telur sig ekki geta farið inn á þá braut að gera áætlanir um uppbyggingu þjónustu sem heyrir undir fagráðuneyti að eigin frumkvæði eða að beiðni aðila í héraði. Hið sama gildir um tillögugerð í landbúnaði og sjávarútvegi. Stofnunin sér engar forsendur til þess að gera tillögur sem hugsanlega brjóti í bága við almenna stefnumótun ráðuneyta þessara atvinnugreina. Hins vegar er starfsmönnum stofnunarinnar afar vel ljóst að byggðavandi Vestfjarða er mikill og tvímælalaust meiri en vandi annarra landshluta. Haldi þróunin áfram óbreytt verður með hverju ári sem líður erfiðara að nýta hin miklu framleiðslumannvirki á Vestfjörðum og hin gjöfulu fiskimið úti fyrir ströndum fjórðungsins.

Skv. þeim lögum sem um byggðaáætlanir fjalla skal það verk sem nú liggur fyrir lagt fyrir forsrh. Í samræmi við vilja Vestfirðinga vill Byggðastofnun fara þess á leit að í meðferð ríkisstjórnarinnar á áætlun þessari geri ráðherrar einstakra fagráðuneyta grein fyrir framkvæmdaáformum innan ráðuneyta sinna á Vestfjörðum í þeim atriðum sem á er minnst í tillögukafla áætlunarinnar. Þetta er hins vegar ljóslega ekki einföld leið til að komast að því hvað fyrir stjórnvöldum vakir um framtíð þessa landshluta og með þessu móti er samræming og stefnumótun einnig erfið. En þegar greinargerðir liggja fyrir kemur til greina að Byggðastofnun verði falið að annast samræmingu aðgerða fyrir hönd ríkisins í fullu samráði við viðkomandi ráðuneyti. Mætti þá gera tilraun til að byggja upp samstarfskerfi og reyna það í starfi sem síðan gæti orðið að fyrirmynd um setningu nýrra laga um byggðaáætlun."

Málið var rætt á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 12. sept. 1989 og ákveðið að forsrh. skrifaði Byggðastofnun og tilkynnti að bréfið hefði verið lagt fram og ráðherrar einstakra ráðuneyta hefðu málið til meðferðar hver á sínu sviði. Sama dag var Byggðastofnun sent bréf þess efnis.

Ég vil bæta því við að að sjálfsögðu hefur verið samstarf milli einstakra ráðuneyta og Fjórðungssambands Vestfjarða og Vestfirðinga almennt í framhaldi af þessari áætlun. Ég get nefnt sem dæmi að við í sjútvrn. unnum umfangsmikið starf um aflabrögð og kvótamál Vestfirðinga og ég vænti þess að það starf hafi verið nokkurs metið. Einnig er rétt að taka það fram að sjútvrn. hefur komið á góðu samstarfi milli Vestfirðinga og Grænlendinga, sem m.a. hefur leitt til

þess að aðilar á Vestfjörðum hafa fengið sérstakar heimildir til loðnuveiða af kvóta Grænlendinga sem aðrir hafa ekki fengið. Þetta hefur gerst með samvinnu við sjútvrn.

Að því er samgrn. varðar þá hefur farið fram umfangsmikið starf að því er jarðgangagerð varðar, sem öllum er kunnugt um, og það á að sjálfsögðu jafnframt við um hafnaáætlun og vegáætlun. Að því er heilbrrn. varðar þá er ávallt í gangi samstarf að því er varðar þá þjónustu og jafnframt á sviði menntamála.

Ég vænti þess og tel fullvíst að þessi áætlun, byggðaáætlun fyrir Vestfirði, hafi mjög verið til gagns í samstarfi einstakra ráðuneyta við Vestfirðinga. Hitt er svo annað mál, eins og fram kemur í þessu svari, að þessa hluti mætti samræma mun betur og ég vænti þess að það sé m.a. það verkefni sem menn standa frammi fyrir í þeirri endurskoðun á framkvæmd byggðamála sem nú stendur yfir, m.a. er ætlunin að breyta þar löggjöf.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann flytur hér fyrir hönd hæstv. forsrh. og fagna því að það skuli vel eiga að taka á þessari skýrslu sem er hér til umræðu. Vissulega væri hægt að hafa hér mjög langt mál um stöðu byggðar á Vestfjörðum en því miður hef ég aðeins tvær mínútur til umfjöllunar svo það verður ekki gert. En ég gat ekki annað en vakið athygli á því að það er mjög aðkallandi að hin ýmsu fagráðuneyti fari að vinna eftir þeirri tillögugerð sem lögð er til í þessari skýrslu. Ég vil þó ekki vanþakka það sem þar hefur verið gert og nefni hjá samgrn. um jarðgangagerð og eins sjútvrn., eins og hér var um getið. En vissulega er margt sem eftir er. Ég hygg, ef það er rétt haft eftir hæstv. forsrh. á blaðamannafundi í gær þar sem hann segir, með leyfi forseta: „Það er ekkert vit í því að vera að bora göt í fjöll til þess eins að síðasti íbúinn geti farið um þau þegar hann flytur á brott.“ Þetta mun hæstv. ráðherra hafa átt að segja á blaðamannafundi í gær.

Ég vona að hann meini annað en úr þessu má lesa og hefði gjarnan viljað hafa hann hér í þingsölum til þess að eiga um þetta orðaskipti við hann. En einmitt til þess að forðast slíkt þá þarf að vinna alldyggilega og rækilega í hinum ýmsu fagráðuneytum að því að ná fram þeim markmiðum sem sett voru fram í þessari skýrslu og hygg ég að ef ráðuneytin í samráði við Vestfirðinga taka saman höndum, þá verði bjartara í byggðamálum á Vestfjörðum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. er orðvar maður og vill hafa fyrirvara í sínu máli. Hann hefur komið því á framfæri að ekki sé skynsamlegt að bora göt í gegnum fjöll til þess að seinasti íbúi viðkomandi byggðar fari þar í gegn og yfirgefi byggðarlagið. Ég er honum sammála hvað þetta snertir. Það er ekkert vit í slíku. Það stendur ekki til, hvergi á Íslandi mér vitanlega, að ráðast í slíka jarðgangagerð að bora göt í fjöll til þess að síðasti íbúinn flytji þar í gegn. Hafi blaðamenn komist að þeirri niðurstöðu að svo sé er það á misskilningi byggt og verður að segjast eins og er að þeim væri þarft að ferðast ögn um okkar land.

NEÐRI DEILD

57. fundur, fimmtudaginn 21. febr., kl. 1 miðdegis.

Um atkvæðagreiðslur.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Til þessa fundar var sérstaklega boðað svo að fram mættu fara atkvæðagreiðslur um fjögur dagskrármál. Það horfir ekki vel með að það takist að greiða atkvæði í dag því hér eru aðeins mættir 14 stjórnarliðar í upphafi fundar og var þó sérstaklega hringt í alla hv. neðrideildarmenn til þess að boða þá til fundar og þeim gerð grein fyrir því að hér ætti að fara fram atkvæðagreiðsla. (Gripið fram í.) Það kann að vera rétt að það séu átta stjórnarliðar í salnum en í húsið eru komnir 14 stjórnarliðar og 9 stjórnarandstæðingar. Það gerir 23 þingmenn.

Forseti er eiginlega hálfráðvilltur vegna þessarar stöðu og er skapi næst að fella niður þennan fund því að það gengur auðvitað ekki þegar sérstaklega er boðað til fundar þar sem eiga að fara fram atkvæðagreiðslur að aðeins hluti af stjórnarliðum skuli vera mættur. Engu að síður ætlar forseti að láta reyna á fyrsta dagskrármálið og athuga hvort hann fær nægilegan fjölda hv. þingdeildarmanna í salinn.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 439.

Enginn tók til máls.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseta er ami að því að þurfa að fara í nafnakall út af máli á borð við þetta og biður hv. þingdeildarmenn að reyna að greiða fyrir því að þetta megi ná fram að ganga. Ef það gengur ekki mun forseti slíta þessum fundi og verður það þá á valdi hæstv. ríkisstjórnar að stjórnarliðar mæti hér til atkvæðagreiðslu. Forseti mun bíða eftir tryggingu hæstv. ríkisstjórnar fyrir því að þeir geri það. Það er illt að forseti skuli þurfa að halda skammarræðu yfir hv. þm. sem eru mættir, engu að síður verða þessi sjónarmið að koma fram. Hér var haldinn fundur í gær þar sem áttu að fara fram atkvæðagreiðslur en vantaði mikið upp á það að stjórn-

arliðar væru hingað komnir. Þessi fundur var sérstaklega hringdur út og stjórnarliðar og allir deildarmenn boðaðir á fundinn, en nú vantar talsvert mikið upp á það að þeir séu komnir til fundar.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að stjórnpallur er vel mannaður, en miðskipsmenn vantar tilfinnanlega. Ég vil eindregið beina þeim tilmælum til forseta að þeir breyti nú til og hætti alfarið að skamma þá sem eru viðstaddir en snúi sér að hinum sem eru fjarverandi. Verði ekki með munnlegri boðleið hægt að koma skömmunum á framfæri, þá verði það gert skriflega því að það hvekkir okkur hina sem höfum verið að mæta mjög að þurfa að búa við miklar athugasemdir dag eftir dag og það út af sama málinu í sömu atkvæðagreiðslunni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti lofar hv. ræðumanni, 2. þm. Vestf., að þessari skammarræðu verður komið á framfæri við þá sem ekki eru viðstaddir.

Forseti ætlar að gera eina tilraun enn til þess að ná fram fyrsta dagskrármálinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

61. fundur, fimmtudaginn 21. febr., að loknum fundi í Nd.

Löggjöf og eftirlit með vopnasölu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 299. mál. — Þskj. 536.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

Stytting vinnutíma, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁrnG o.fl., 315. mál. — Þskj. 560.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Heimilisiðnaðarráðgjafar, síðari umr.

Þáltill. SnG o.fl., 88. mál. — Þskj. 91, n. 669, brtt. 670.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um heimilisiðnaðarráðgjafa. Í nál. frá hv. nefnd segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á þessu stigi telur nefndin vera fullviðamikið að stofna embætti heimilisiðnaðarráðgjafa. Var ákveðið að breyta efni tillögunnar þannig að gerð yrði könnun á því hvernig mætti efla heimilisiðnað í landinu, að tilhlutan forsrh. í samráði við fræðsluyfirvöld, samtök listamanna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Matthías Á. Mathiesen og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins."

Undir nál. rita nöfn sín Árni Gunnarsson, Geir Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Geir H. Haarde og Hreggviður Jónsson.

Brtt. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„1. Tillgr. orðist svo: Alþingi ályktar að fela forsrh. að kanna, í samráði við fræðsluyfirvöld, samtök listamanna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands, hvernig efla megi heimilisiðnað hér á landi. Helstu markmið verði eftirfarandi:

a. Að kanna stöðu heimilisiðnaðar og minjagripagerðar á landsbyggðinni.

b. Að leita uppi gamlan fróðleik um gerð ýmissa þjóðlegra muna með það að markmiði að þjóðleg handíð varðveitist og þróist áfram.

c. Að kanna hvernig veita megi faglega ráðgjöf með því að efna til námskeiða þar sem kunnáttufólk leiðbeini um rétt vinnubrögð og handtök við gamla heimilisiðnaðinn og mikilvægi þess að nota hráefni sem er sérstakt fyrir Ísland.

d. Að leggja sérstaka áherslu á vinnslu íslensku ullarinnar, t.d. með því að standa fyrir tóvinnunámskeiðum.

e. Að sækja aðstoð til hönnuða og hugmyndasmiða í leit að nýsköpun í heimilisiðnaði.

f. Að aðstoða fólk við fjármögnun og markaðssetningu.

g. Að hafa samstarf við atvinnumálaráðgjafa þar sem þeir eru starfandi."

Í öðru lagi er gerð brtt. á þessa leið: „Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Till. til þál. um eflingu heimilisiðnaðar."

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar þáltill. um heimilisiðnaðarráðgjafa var flutt af Snjólaugu Guðmundsdóttur, sem þá sat á þingi, og okkur öðrum kvennalistaþingmönnum höfðum við að vísu þó nokkuð annað í huga heldur en nú er komið fram frá atvmn. Við höfðum í huga að stofnað væri embætti manneskju sem ekki bara gæfi

ráð og kannaði, heldur virkilega yrði drifkraftur í því að heimilisiðnaður yrði efldur í landinu.

Þó að svo sé komið að búið sé að draga pínulítið tennurnar úr þessari ágætu tillögu okkar, þá lítum við svo á að tillaga atvmn. sé mjög góðra gjalda verð og miði í rétta átt. Við hefðum gjarnan eða a.m.k. hefði ég gjarnan viljað að hún gengi þó nokkuð lengra, en það að þetta mál skuli þó komast á eitthvert skrið með því að kannað verði hvernig efla megi heimilisiðnaðinn tel ég að sé til mikilla bóta og fagna því í sjálfu sér. Ég hefði gjarnan viljað að tillagan hefði verið samþykkt með minni breytingum af hálfu atvmn. en tel að þetta sé þó í mjög svo jákvæða átt. Auðvitað hefði tillaga okkar um að ráða heimilisiðnaðarráðgjafa gjarnan mátt vera tekin til greina.

En vonandi verður einmitt sú niðurstaða af könnuninni, sem þeir í atvmn. vilja láta gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni geðsjúkra afbrotamanna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hefst þá utandagskrárumræða að beiðni hv. 13. þm. Reykv. skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapalaga. Er það umræða um málefni geðsjúkra afbrotamanna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hinn 10. des. 1987 bar ég fram fsp. til hæstv. heilbrrh. sem þá lá fyrir á þskj. 175 og var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Telur ráðherrann það samrýmast lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, að geðsjúkt fólk sé vistað í fangelsum eins og tíðkað er?

2. Hve margir geðsjúkir einstaklingar eru nú vistaðir í fangelsum þó að þeir hafi verið úrskurðaðir ósakhæfir vegna geðveiki?

3. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til þess að geðsjúkir einstaklingar sem gerast brotlegir við lög vegna sjúkdóms síns fái nauðsynlega læknismeðferð?"

Ég minnti á þáltill. hv. fyrrv. þm. Helga Seljans árið 1980 um úrbætur í geðheilbrigðismálum sem samþykkt var svo breytt að skipuð skyldi nefnd til að gera tillögur um úrbætur. Þáv. hæstv. heilbrrh. skipaði sérstaka nefnd sem gera skyldi tillögur um úrbætur í málefnum geðsjúkra afbrotamanna og veittar voru tvær millj. kr. í því skyni og tillögum skilað árið 1982. Nefndin lagði til að stofnuð yrði réttargeðdeild ríkisins undir stjórn yfirlæknis sem væri starfsmaður dómsmrn. en sú tillaga er í rauninni í samræmi við 3. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973.

Í svari sínu við fyrirspurn minni taldi hæstv. heilbrrh. að málið væri tæplega í verkahring heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt lögum heldur heyrði það undir málefni dómsmrh. og skilja mátti að þar toguðust menn á um málið. Hæstv. þáv. dómsmrh., Jón Sigurðsson, taldi hins vegar geðsjúka afbrotamenn eiga heima í sjúkrahúsi og það mundi hann leggja til í frv. til nýrra fangelsislaga sem lagt yrði fram á næstunni. Þau lög tóku síðan gildi 1. jan. 1988.

Tími minn er takmarkaður, hæstv. forseti, og því skal mál mitt stytt. Sannleikurinn er hins vegar að enn er engin raunhæf lausn fyrir hendi. Hinn 8. nóv. sl. bar hv. 4. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason fram fyrirspurn um hvað heilbrrn. hefði aðhafst í málefnum geðsjúkra afbrotamanna. Enn svaraði hæstv. núv. heilbrrh. að í kjölfar nýrra fangelsislaga hefði enn verið skipuð nefnd fyrir tilstilli tveggja ráðuneytanna sem ekki hefði lokið störfum en ljóst væri að hún legði til stofnun réttargeðdeildar eins og hin fyrri en beðið er eftir lokatillögu.

Um árabil hafa geðsjúkir afbrotamenn alið aldur sinn í fangelsum landsins og nú hafa þeir atburðir gerst sem öllum eru kunnugir. Tveir fársjúkir einstaklingar og einn þroskaheftur eru þegar þetta er talað í gæsluvarðhaldi þó að slíkt varðhald sé fyrst og fremst til þess ætlað að auðvelda rannsókn mála sakhæfs fólks. Þessi sorglegu mál eru upplýst hvað varðar þá sem af sér brutu og öllum er ljóst að þeir þarfnast fyrst og fremst hjálpar og öryggisgæslu. En ábyrgðin er okkar. Angist aðstandenda þessa fólks verður ekki með orðum lýst, en miskunnarleysi samfélagsins sýnist á stundum algert, sbr. vinsælt fréttaefni sumarsins af íþróttavöllum borgarinnar. Á æskustöðvum mínum hefðu það ekki þótt góðir mannasiðir að skopast að sjúklingum. Þar komum við hvert öðru við.

Áðurnefndir atburðir, hæstv. forseti, valda því að ég krefst þess að hæstv. ráðherrar svari því hér og nú afdráttarlaust: Er þess að vænta að málefni þessara samborgara okkar, sem bágast eiga allra, verði leyst á þann hátt sem sæmir samfélagi siðaðra manna?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hér er einu sinni enn hreyft máli á hv. Alþingi sem vissulega er ekki í þeim farvegi sem það hefði þurft að vera og er ekki til sóma löggjafarsamkomunni eða framkvæmdarvaldinu. Ég verð þó að segja það að eftir umræður að undanförnu og reyndar í samræmi við svar sem ég gaf við fyrirspurn hér nú rétt fyrir sl. áramót, þá hafa mál tekið allmiklum stakkaskiptum og veruleg hreyfing er loksins á málinu. En það er ekki svo að það sé að byrja þá eða byrja núna. Það er búið að vera til umræðu lengi, eins og hv. málshefjandi, 13. þm. Reykv., hefur látið skýrt koma fram.

Þann tíma sem ég hef setið á stóli heilbrigðisráðherra hef ég reynt að ýta á eftir þessum málum með öllum þeim leiðum sem ég hef talið mig hafa yfir að ráða. Auðvitað hefur verið leitað álits manna. Það hafa verið settir á fót starfshópar til þess að fylgja því eftir og við höfum reynt að leita eftir fjárveitingum. Við höfum einnig reynt að leita eftir samkomulagi og samstarfi við geðdeildir sjúkrahúsanna.

Það er hins vegar líka rétt sem kom fram í máli hv. málshefjanda að um þetta hafa í gegnum tíðina verið nokkuð skiptar skoðanir og e.t.v. einhver átök um það

hvernig þessum málum ætti að koma fyrir og það er synd að þurfa að segja það og viðurkenna það að slík átök innan ríkisvaldsins og stjórnkerfisins skuli þurfa að bitna á þeim sem síst skyldi. En það sem ég meinti með því að segja að málin hafi nú komist á skrið, sem ég vona að leiði nú alveg á næstu dögum til þess að við sjáum einhverjar aðgerðir, ekki bara skýrslugerðir og orð, er það að í samræmi við það sem ég sagði hér skömmu fyrir áramótin, þá fékk ég í hendur áfangaskýrslu frá nefnd um geðsjúka afbrotamenn, dags. 12. des., og þar sem hún er ekki löng langar mig til þess að fara þar yfir . . . (Forseti hringir.) Er það svo, herra forseti, að tíma sé lokið? Þá veit ég nú bara ekki hvernig ég á að svara þessu máli, en ég verð, held ég, að fá aðeins að bæta við örfáum orðum.

Þessi nefnd skilaði áfangaskýrslu 12. des. þar sem lagt er til að komið verði á fót réttargeðdeild, eins og reyndar hefur margkomið fram. Hún verði starfrækt í tengslum við geðdeildir spítalanna, annaðhvort Borgarspítala, Landspítala eða Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, sem eru þau þrjú sjúkrahús sem hafa þessa þjónustu upp á að bjóða, og hlutverk hennar verði þríþætt: Í fyrsta lagi að vista þá sem dæmdir eru ósakhæfir, í öðru lagi að annast geðlæknisþjónustu í fangelsum landsins og í þriðja lagi að framkvæma geðrannsókn á þeim sem hefur verið gert að sæta geðrannsókn.

Í öðru lagi lagði nefndin til að inn í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 kæmi heimild um að taka á leigu eða kaupa hús, breyta því þannig að það henti fyrir starfsemi slíkrar deildar og í þriðja lagi að heilbrrh. og dómsmrh. taki upp viðræður um það við stjórnendur áðurnefndra sjúkrahúsa með hvaða hætti slík deild geti starfað.

Strax eftir að ég hafði fengið þetta álit 12. des. lagði ég svohljóðandi tillögu fyrir ríkisstjórnina:

1. Að nú þegar verði auglýst staða forstöðumanns eða yfirlæknis réttargeðdeildar.

2. Að heimild fáist í 6. gr. fjárlaganna til húsakaupa.

3. Að í fjárlögum fyrir 1990 er óráðstafað nokkurri fjárhæð sem fáist færð milli ára, 10 millj. kr., til ráðstöfunar á árinu 1991.

4. Að inn í fjárlögin komi upphæð til ráðstöfunar, 10–15 millj. kr., þannig að við höfum 20–25 millj.

Þetta gekk eftir. Tillagan var samþykkt. Við fengum 12 millj. inn í fjárlögin, 10 millj. eru geymdar. Auðvitað er þessi upphæð, 22 millj., of lítil til þess að starfrækja öfluga deild allt árið, en það er þó alla vega til þess að hefja þessa starfsemi. Heimild er til húsakaupa og staða forstöðumanns hefur verið auglýst. Umsóknarfrestur er liðinn. Ein umsókn hefur borist og ég vonast til þess að hægt verði að ganga frá ráðningu réttargeðlæknis, yfirlæknis þessarar nýju deildar, alveg næstu daga.

Við höfum að undanförnu reynt að leysa mál þeirra sem verst eru settir með því að vista þá annars staðar en í fangelsum ef þess væri nokkur kostur. Tveir hafa verið vistaðir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, einn hefur verið vistaður hér á Vogi, sem auðvitað er nú ekki staður sem er heppilegastur en vonandi betri en fangelsin, og tveir einstaklingar eru nú vistaðir erlendis með ærnum tilkostnaði. Við höfum haft samstarf við sænska réttargeðdeild þar sem starfar íslenskur læknir eða er forstöðumaður, og einn er enn á förum þangað en ég vona að það verði sá seinasti sem við þurfum að senda í svoleiðis útlegð, ef ég má nota það orð yfir þetta ástand.

En vandamálin eru auðvitað miklu fleiri en hér hafa verið rakin. Það eru vandamál fólks sem ekki er dæmt ósakhæft, þ.e. fólks sem hefur komið út af geðdeildum en ekki fengið þá framhaldsmeðferð samfélagsins sem það hefði þurft á að halda. Það er auðvitað að hluta til félagslegt vandamál og nú er á vegum félmrn. og heilbrrn. unnið sameiginlega að því að reyna að finna leiðir í því sambandi. Það er gert ráð fyrir nýju sambýli fyrir geðsjúka á hinum nýsamþykktu fjárlögum þannig að málin hafa að undanförnu fengið nokkru betri umfjöllun heldur en áður og ég vona svo sannarlega að við lítum til bjartari framtíðar hvað þetta mál varðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti sér ástæðu til að minna á hver umræðutíminn er í utandagskrárumræðu skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapalaga. Þá má sá sem hefur umræðuna tala í þrjár mínútur tvisvar en ráðherrar og aðrir þingmenn í tvær mínútur tvisvar. Þetta vildi ég biðja þá sem eiga eftir að tala hér að hafa vel í huga því að tíminn takmarkast við hálftíma.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hér er enn hreyft máli sem þeir eiga mest undir sem bágast eiga og í mestar raunir hafa ratað í okkar þjóðfélagi og eins og kom fram bæði í máli hv. fyrirspyrjanda og hæstv. heilbrrh. hefur þetta mál verið hér á baugi nokkuð lengi.

Mig langar aðeins að nota þessar tvær mínútur sem ég hef til þess að ræða um hópinn sem um er að ræða. Það er talað um geðsjúka fanga en þarna er um að ræða stærri hóp í rauninni. Það má skipta þessum hópi í þrennt: Í fyrsta lagi þeir sem dæmdir eru til vistar á viðeigandi hæli, svokallaðir öryggisgæslumenn, ósakhæfir. Í öðru lagi geðsjúkir afplánunarfangar eða fangar með geðræn vandamál. Í þriðja lagi menn sem úrskurðaðir eru til að undirgangast geðrannsókn. Málefni allra þessara manna eru í rauninni undir í þessari umræðu.

Nefndin sem við hæstv. heilbrrh. skipuðum á sl. ári til þess að leita lausnar í þessu efni kom með þá niðurstöðu eins og raunar hafði fyrr verið að ráðið væri að stofna réttargeðlæknisdeild til umönnunar fyrir alla þessa hópa — ég tek það fram: alla þessa hópa. Mergur málsins í niðurstöðunni er þessi: Hér er um heilbrigðismál að ræða sem verður að taka á samkvæmt því. Og niðurstaðan, eins og málin standa í dag og það sem er annálsvert í þessu efni, það hefur orðið samkomulag milli tveggja ráðuneyta um þetta togstreitumál og það samkomulag tryggir framkvæmd á næstu

dögum sem öllu máli skiptir. Það er aðalatriðið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er hart að hörmungaratburði eins og þá sem urðu um síðustu helgi þurfi til að beina sjónum manna að þeim alvarlegu aðstæðum sem margir geðsjúkir búa við, ekki einungis geðsjúkir afbrotamenn. Ýmsir aðilar, svo sem Geðhjálp, hafa um nokkurt skeið reynt að vekja athygli á þeim 20–30 manna hópi geðsjúkra sem lifa meira og minna á vergangi. Sumir þeirra eru taldir hættulegir umhverfi sínu. Fleiri eru einfaldlega í sinni eigin neyð. Hvorki heilbrigðiskerfið né yfirvöld félagsmála virðast hafa komið fram með lausnir á vanda þessa fólks nema þær sem við höfum hér heyrt og viðraðar hafa verið að undanförnu. Enn er stór hópur sem ekki virðist hilla undir að fái neina lausn á málum sínum.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í orð Sigrúnar Friðfinnsdóttur, framkvæmdastjóra Geðhjálpar, er hún segir í DV í gær:

„Sigrún sagði Geðhjálp vinna stöðugt að málum þessa stóra hóps sem ekki virðist eiga heima í kerfinu. Að öllu jöfnu væri þessum málum almennt lítill gaumur gefinn nema ef eitthvað gerðist í líkingu við atburði helgarinnar. Sigrún sagðist eiga von á því að starf það, sem nú væri unnið í málum geðsjúkra, bæri árangur ef ekki kæmi bakslag í það vegna atburða eins og um helgina og umfjöllunar í kjölfar þeirra.

Þegar málum sem þessum er slegið upp í fjölmiðlum vill almenningsálitið oft snúast á þann veg að loka eigi þetta geðsjúka fólk inni. Punktur og basta. Það er ekki talað svona um fólk sem ekki er geðveikt en banar engu að síður mönnum. Það eru hlutfallslega færri geðsjúkir sem lenda í svona málum en svokallað venjulegt fólk."

Ég tel að þær lausnir, sem nú eru vonandi fyrirsjáanlegar til að leysa vanda geðsjúkra afbrotamanna, séu brýnar en vek athygli á að ekki má gleyma þeim hópi sem ekki er talinn hættulegur umhverfi sínu miðað við núverandi aðstæður en býr við óviðunandi félagslegar aðstæður, jafnvel heimilisleysi. Þeir þurfa einnig einhverra úrræða við. Ég tel að bæði þurfi að koma á laggirnar stuðningi við þetta fólk og um leið að leysa húsnæðisvanda þess og hvet til þess að þessu máli verði sinnt í nánu samstarfi við samtök á borð við Geðhjálp. Þar er fólk með mikla þekkingu á vandanum og jafnframt þarf að velta fyrir sér öflugum félagslegum stuðningi við það merka starf sem slík samtök vinna.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Sú umræða, sem hér fer fram um málefni geðsjúkra afbrotamanna, er mjög þörf og því ber að fagna henni. Undanfarin ár hefur verið gert stórt átak til að byggja upp nútímageðlæknisþjónustu hér á landi. Þó hefur ekki verið hægt að sinna sem skyldi málefnum geðsjúkra afbrotamanna þar sem algjör skortur hefur verið á aðstöðu fyrir svonefndar réttargeðlækningar en það er mjög sérhæfð þjónusta. Því er það fagnaðarefni að nú standi til að koma upp aðstöðu fyrir slíka þjónustu eins og hæstv. heilbrrh. hefur skýrt hér frá og hæstv. dóms- og kirkjumrh. tók undir. Þetta á að gerast nú loksins í kjölfarið á áratuga umræðu þegar ljóst er að þjónusta við geðsjúka hefur verið allt of neðarlega á forgangslista stjórnvalda.

Það er enn fremur staðreynd að þótt ýmislegt hafi verið vel gert í þessum málum, þá þarf að gera enn betur til þess að þörfum geðsjúkra sé vel mætt. Því betur sem staðið er að þörfum þessa fólks, bæði á sviði heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu, því meiri líkur eru á því að dragi úr fordómum og að skilningur almennings aukist á þessum sjúkdómum.

Tómas Zoëga, formaður Geðlæknafélags Íslands, ritar mjög athyglisverða grein um þetta málefni í Morgunblaðinu í morgun undir fyrirsögnini „Þögul barátta". Þessi orð held ég að séu nokkuð lýsandi fyrir erfiðleika þessara sjúklinga og aðstandenda þeirra. Læknirinn bendir á að margir kjósi að afneita því hversu algengir geðsjúkdómar séu og skýrir frá því að gera megi ráð fyrir að a.m.k. tveir af hverjum þremur landsmönnum fái geðsjúkdóma fyrir 81 árs aldur ef þeir lifi svo lengi. Þessar truflanir eru vafalaust misalvarlegar en engu að síður er þetta mjög há tala, ekki síst í ljósi þess að innan við helmingur þessa hóps fær meðferð. Enn fremur segir orðrétt í grein geðlæknisins, með leyfi virðulegs forseta:

„Þó að geðtruflanir séu meðal algengustu sjúkdóma sem hrjá fólk í dag hafa yfirvöld, ríkisstjórn og alþingismenn, sýnt þeim ótrúlegt tómlæti á seinni árum. Þessu verður að breyta."

Þeir voveiflegu atburðir, sem átt hafa sér stað undanfarna daga, draga skýrt fram þá brýnu þörf að komið sé upp aðstöðu fyrir geðveika afbrotamenn. En eins og ég nefndi áður, þá er einnig þörf á því að koma meira til móts við þarfir geðsjúkra almennt. Það hlýtur að koma öllum þjóðfélagsþegnum til góða.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í þessum umræðum að ýmislegt hefur áunnist á undanförnum árum, en það hefur líka kannski meira verið talað heldur en gert. Oft finnst mér að þannig fari um vandamálin okkar, að við tölum meira um þau heldur en við framkvæmum. Ég veit þó — ég hef þá aðstöðu að ég ólst upp í nágrenni Klepps og hef haft geðsjúkrahús í návist minni allt frá blautu barnsbeini, — að það hefur mjög mikið áunnist í störfum fyrir geðsjúkt fólk. En í því samfélagi sem við lifum í er því þannig varið að hættan á geðsjúkdómum vex stöðugt og forvarnarstarfið verður þar af leiðandi að vaxa að sama skapi.

Það er dálítið sorglegt til þess að vita að í því velferðarsamfélagi, sem við teljum okkur búa í, skulum við geta átt von á því að tveir af hverjum þremur, þ.e. 41 þingmaður t.d., muni þjást af einhverjum geðrænum sjúkdómi áður en hann verður 81 árs. Þannig er ástandið og það er hollt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir þessu.

Það er því enn á ný erindi mitt í þennan stól að ræða um forvarnir, ræða um það að við þurfum að gera allt

sem við getum, bæði í heilbrigðismálum og félagslegum málum á Íslandi til þess að ekki komi til svo alvarlegra atburða eins og hafa skeð núna undanfarið. Við þurfum að taka höndum saman, leggja að því mikla rækt að allt frá blautu barnsbeini eigi börn og ungmenni við slíkt umhverfi að búa að þau lendi ekki út í þau geðrænu vandamál sem síðar þjá mörg þeirra. Því allt það unga fólk sem fremur sjálfsmorð í dag gerir það meira og minna vegna þess að það þjáist af geðrænum vandamálum.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni ræddi stjórnarnefnd ríkisspítalanna þetta mál á fundi í hádeginu í dag. Það er ekki heimilt að greina frá þeim gögnum sem lögð voru fram í þeirri umræðu sem þar fór fram, en ég hygg að niðurstaðan hafi verið sú í megindráttum að þessi mál yrðu ekki leyst nema á þann veg sem nú er verið að gera í góðri samvinnu við hæstv. dómsmrh. og hæstv. heilbrrh., þ.e. að koma á fót réttargeðdeild.

Það er enginn vafi á því að þetta er eitt viðkvæmasta mál sem við er að fást í þjóðfélagi nútímans. Geðsjúkir afbrotamenn hafa verið hýstir í fangelsum. Við vitum að þeir hafa verið hýstir á Litla-Hrauni, m.a. um langan tíma sumir hverjir. Ég hygg að staðan þar sé þannig að fangaverðir á Litla-Hrauni telji að þar séu nú menn sem ekki eigi þar heima og þarf auðvitað að athuga þau mál mjög vandlega.

Að undanförnu hafa birst í dagblöðum ávörp frá áhugafólki um geðverndarmál. Undir þessi ávörp hafa ritað nöfn sín margir þjóðkunnir Íslendingar, þar á meðal helftin af alþingismönnum.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þetta en ég hygg að niðurstaða okkar allra sem hér höfum talað í dag sé sú að það sé í raun verið að gera mjög gott átak í að reyna að leysa þann vanda sem við blasir á þessu sviði og er það vel.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherrum fyrir þau svör sem hér hafa komið fram. Það er vissulega gleðilegt að nú loksins skuli vera í sjónmáli einhver lausn á þessu átakanlega vandamáli. Fyrir þremur árum birtist í tímaritinu Mannlíf, 7. tölubl. 1987, grein sem hét „Skógarmenn okkar tíma". Þar átti greinarhöfundur við það fólk sem ósakhæft hafði orðið fyrir því að fremja afbrot og var um árabil búið að sitja í fangavist þó það hefði verið dæmt ósakhæft. Í þeirri grein fór landlæknir hörðum orðum um yfirvöld fyrir meðferðina á þessu fólki. Ég verð því að lýsa vonbrigðum mínum yfir því að heyra það enn og aftur að hæstv. ráðherra boðar að enn skuli slíkur einstaklingur sendur í fangelsi erlendis. Það getur hver ímyndað sér hvernig er fyrir slíkan mann að þurfa að dveljast erlendis, hugsanlega án þess að vera fær um að tjá sig á því tungumáli sem í landinu er talað. Ég hef þekkt tilvik, vegna minna fyrri starfa, um fólk sem varð fyrir því að þurfa að fara í slíka vist án þess að skilja eitt aukatekið orð af því sem við það var sagt og að sjálfsögðu ófært um að tjá sig við það fólk sem það umgekkst daglega. Það er auðvitað engin lausn og vanlíðan þessa fólks er áreiðanlega næg til þess að á það bætist ekki með þessum hætti. Ég vona því að við þurfum aldrei að vita af því aftur að fólk sé sent til slíkrar vistunar í öðrum löndum.

Þegar þessi þróun mála er skoðuð varðandi þær aðgerðir sem nú eru á döfinni þá hlýtur maður að undrast það dálítið að sú nefnd sem tillöguna gerði upphaflega um réttargeðdeild skyldi hvergi nærri koma þegar ný nefnd var skipuð átta árum seinna. Í hinni fyrri nefnd, sem Ingvar Kristjánsson læknir stýrði, voru þjóðkunnir kunnáttumenn á sviði geðheilbrigðismála og vissulega eru fulltrúar þeirra mála líka í hinni síðari nefnd, en það vekur athygli að enginn sem var í fyrri nefndinni skyldi vera í hinni síðari. Ég get þess vegna tekið undir þau orð sem hæstv. forseti sameinaðs þings sem nú situr viðhafði einmitt í umræðu sem átti sér stað hér í nóvember sl., en þar sagði hún, með leyfi hæstv. forseta: „Það er alltaf verið að skipa nefndir, alltaf verið að gera kannanir en það er ekkert gert til þess að bæta úr." Nú skal ég ekki taka svo djúpt í árinni þar sem horfur eru nú á að eitthvað sé verið að gera. Þó las ég það í einu dagblaðanna að líklega væri eitt ár í það að slík réttargeðdeild gæti tekið til starfa og það er of langur tími. Við höfum illilega orðið þess vör á síðustu dögum.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki fara fram yfir leyfðan tíma. Ég held að við séum öll sammála sem hér erum inni að úr þessum málum verði að bæta því það hlýtur að vera skylda okkar sem teljumst með ráði og rænu að við berum ábyrgð á og sjáum til þess að þeir sem orðið hafa fyrir þeirri ógæfu að missa vit sitt vegna sjúkdóms fái þá meðhöndlun sem sæmileg er í einu ríkasta þjóðfélagi veraldar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa mér að koma hér aftur því líklega hef ég talað allan minn tíma áðan og skal nú reyna að vera stuttorður. Það eru aðeins örfá atriði sem hér hafa komið fram. Hv. 17. þm. Reykv. nefndi það að stórátak hafi verið gert að undanförnu til að byggja upp nútímageðlæknisþjónustu og það vil ég undirstrika, það hefur verið gert þó svo að við höfum ekki getað leyst öll vandamálin sem við hefur verið að glíma. Kannski vantar það að félagslega þjónustan hafi síðan tekið við af þessari uppbyggingu í geðlæknisþjónustunni vegna þess að hún hefur einmitt miðað að því að loka ekki lengur einstaklinga inni. Það er eitt af því sem menn hafa verið að leggja áherslu á, að það væri ekki læknisaðferðin, það ætti að reyna að koma fólkinu aftur út í þjóðfélagið en þá hefur e.t.v. vantað þann stuðning sem nauðsynlegur var þegar þangað kom á nýjan leik.

Það var einmitt út af seinustu orðum hv. málshefjanda, 13. þm. Reykv., um það að í einu dagblaðanna í dag kemur fram að við þurfum að bíða e.t.v. eitt ár enn og haft eftir landlækni, Ólafi Ólafssyni. Ég vil láta það koma hér skýrt fram að þetta hlýtur að vera ein-

hver misskilningur. Hér er beinlínis sagt: „Að sögn landlæknis er ósennilegt að þessi deild taki til starfa fyrr en á næsta ári.“ Við munum leggja alla áherslu á að það geti gerst hið fyrsta. Það verður innan tíðar gengið frá ráðningu yfirlæknisins og við höfum fjármuni til reksturs og heimild til húsnæðiskaupa. Auðvitað verður það að gerast í samráði við væntanlegan yfirlækni en það verður vonandi — og ég vil leyfa mér að fullvissa hv. þm. um að við munum ekki bíða svo lengi eins og hér er nefnt eftir að málið er loksins komið á þennan rekspöl.

Síðan það að ósakhæfir afbrotamenn séu sendir erlendis í fangelsi, sagði hv. málshefjandi. Ég vil segja við ágætan hv. þm. að þar erum við í samstarfi við sænska réttargeðdeild, en ekki fangelsi. Ég vona líka, eins og ég sagði áðan og tek undir með hv. 13. þm. Reykv., að það verði í síðasta sinn sem við þurfum að grípa til slíkra úrræða, því bæði er það afar kostnaðarsamt, þar er um að ræða tungumálaerfiðleika, og þá auðvitað félagsleg vandamál og samskiptavandamál sem því fylgja, að til slíkra hluta þurfi ekki að koma og við getum nú litið til nokkuð bjartari framtíðar hvað þetta varðar, þennan erfiða málaflokk sem við erum hér að fjalla um eins og ég reyndar lauk máli mínu með áðan.

Norrænt samstarf.

Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 341. mál. — Þskj. 600.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir skýrslu um norrænt samstarf frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Það er 341. mál þingsins og er á þskj. 600.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir störfum Norðurlandaráðs árið 1990 og fram í janúar þetta ár. Það er gerð grein fyrir störfum Íslandsdeildar, forsætisnefndar og fastanefndar ráðsins og störfum síðasta Norðurlandaráðsþings sem haldið var hér í Reykjavík dagana 27. febrúar til 2. mars 1990.

Um þessi störf almennt vísa ég til skýrslunnar en ætla hér að fjalla með örfáum orðum um nokkur málefni, þ.e. samskipti Norðurlandaráðs við Eystrasaltsríkin, skipulagsmál Norðurlandaráðs, fjármögnun samstarfsins, Norrænu eldfjallastöðina og undirbúning næsta Norðurlandaráðsþings sem hefst nú um helgina og haldið er í Kaupmannahöfn.

Eins og kunnugt er hafa störf Norðurlandaráðs á alþjóðavettvangi verið að aukast mjög undanfarið. Á liðnu ári heimsótti forsætisnefnd Norðurlandaráðs Evrópuráðið og gerði þar samning við Evrópuráðið um áframhaldandi samskipti. Í sömu ferð heimsóttu fulltrúar forsætisnefndar Mannréttindadómstólinn. Fulltrúar forsætisnefndarinnar sóttu fund Benelúx-landanna í Lúxemborg og formaður laganefndar ráðsins, Sighvatur Björgvinsson alþingismaður, átti á starfsárinu fund með fulltrúum frá laganefnd Evrópuþingsins. Sjö manna sendinefnd frá Norðurlandaráði heimsótti æðsta ráð Sovétríkjanna og Eystrasaltsríkin þrjú. Fulltrúar frá félags- og umhverfismálanefnd heimsóttu Eystrasaltsríkin og Leningrad. Og fulltrúar menningarmálanefndar áttu fund með fulltrúum Evrópuráðsins.

För sjö manna sendinefndarinnar til Eystrasaltsríkjanna varð ekki fyrr en eftir miklar umræður og efasemdir frá mörgum um það hvort rétt væri að taka upp samskipti við þessi ríki. Förin var loks farin í október á sl. ári og var undir forsæti forseta ráðsins, Páls Péturssonar. Að mati allra sem hlut áttu að máli var þessi för gagnleg og til þess fallin að koma á árangursríku samstarfi við Eystrasaltsríkin. Það er ekki ólíklegt að förin geti leitt til þess að Eystrasaltsráðið, sem nú er samstarfsvettvangur ríkisstjórna Eystrasaltsríkjanna, verði einnig gert að þingmannaráði. Við það mundi skapast eðlilegur samskiptagrundvöllur milli Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins.

Fulltrúar Eystrasaltsríkjanna sýndu að vonum mikinn áhuga á að þing þeirra fengju að senda áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs. Á því eru þau vandkvæði að reglur Norðurlandaráðs heimila ekki að neinum sé veitt staða áheyrnarfulltrúa og fremur ólíklegt er að breyting verði á því í nánustu framtíð. Hins vegar hefur þingum ríkjanna verið boðið að senda fulltrúa sem gesti á næsta þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn og verða það líklega þingforsetar ríkjanna þriggja sem þangað koma.

Auk þessa má kannski segja að þessi för fulltrúa frá forsætisnefndinni hafi orðið til þess að 13 tillögur um aukið samstarf við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu hafa verið lagðar fram í Norðurlandaráði og eru þær á dagskrá þingsins nú í næstu viku.

Auk fyrrnefndrar ferðar til Eystrasaltsríkjanna sendi forsætisnefnd þriggja manna nefnd að boði þingsins í Litáen til að fylgjast með þjóðaratkvæðagreiðslunni sem fór þar fram nú í byrjun febrúar.

Á árinu starfaði á vegum Norðurlandaráðs skipulagsnefnd sem nú hefur lagt fram tillögur um breytta starfshætti í Norðurlandaráði. Ástæður þess að nefndin var skipuð voru þær að mörgum sýndist að þær öru breytingar sem nú verða á alþjóðlegu samstarfi í Evrópu kölluðu á skilvirkari starfshætti hjá Norðurlandaráði. En Norðurlandaráð er nú kannski þekkt fyrir eitthvað annað en að taka skjótar ákvarðanir. Tillögur skipulagsnefndar liggja nú fyrir og verða til umræðu á þinginu í Kaupmannahöfn. Við í Íslandsdeild erum kannski ekki alls kostar sáttir við þessar tillögur allar þó við styðjum þær í aðalatriðum. Okkur þykir fremur lítið fara fyrir hagræðingu í starfi ráðsins en þeim mun meiri áhersla er lögð á að styrkja stöðu flokkahópanna í ráðinu á kostnað landsdeildanna. Þetta er þróun sem hófst fyrir nokkru og vekur ugg um að Ísland muni í framtíðinni ekki sitja við sama borð og hin ríkin, hvorki varðandi áhrif í störfum þess né um skiptingu um trúnaðarstöður. Það er svo sem ekki fullljóst hvernig við munum bregðast við nema að því leyti að við munum augljóslega ekki sætta okkur við að í okkar hlut falli færri trúnaðarstöður en í hlut hinna.

Annað sem veldur okkur nokkrum áhyggjum er að

ráðherranefndin hefur nú ákveðið að norrænu fjárlögin muni næsta ár ekki hækka að raunvirði en þau eru nú að fjárhæð tæplega 700 millj. danskra króna. Einnig ber þess að geta að norræna samstarfsáætlunin um efnahagsmál, sem fjármögnuð hefur verið utan við norrænu fjárlögin, rennur út árið 1992 og hvorki hefur ákvörðun verið tekin um að framhald verði á því starfi né stendur til að veita samsvarandi fjármunum til nýrra norrænna verkefna eftir 1992. Þessi stöðnun í norrænu fjárlögunum hefur það í för með sér að nýjum verkefnum fylgir að hætta þarf við önnur og gjarnan eru, eins og kunnugt er, skiptar skoðanir um mikilvægi verkefna og stofnana.

Í fyrra kom upp sú staða að lagt var til að lagðar yrðu niður fjórar norrænar stofnanir, Nordplan, Asíustofnunin, Sjóréttarstofnunin og Norræna þjóðkvæðastofnunin. Þessum tillögum var illa tekið og fjölmargir aðilar höfðu samband við fulltrúana í Norðurlandaráði og lýstu áhyggjum yfir þessum áformum. Það er nefnilega þannig með norrænt samstarf eins og ýmislegt annað að margir sem finna því flest til foráttu mundu sakna margs ef það yrði lagt niður.

Tillögurnar um að leggja niður þessar stofnanir hafa ekki komið til framkvæmda en ráðherranefndin hefur nú lagt fram tillögu um starfsáætlun, um breytingar á fjármögnun og skipulagi norrænna menningarstofnana o.fl. Samkvæmt þessari tillögu verður ætlast til að þau ríki þar sem stofnanirnar eru taki meiri þátt en hingað til í fjármögnun þeirra auk þess sem stofnanirnar skulu í auknum mæli fjármagna starfsemina með greiðslum fyrir veitta þjónustu. Einnig stendur til samkvæmt tillögunni að leggja niður einhverjar stofnanir og ætlar ráðherranefndin að hafa náð því marki árið 1994 að lækka kostnað vegna stofnananna um 30 millj. danskra kr. árlega. Þetta þýðir einfaldlega það að allar norrænar stofnanir eru í vissri hættu.

Þetta sem ég hef hér sagt leiðir hugann að Norrænu eldfjallastöðinni sem er hér á Íslandi. Ég vil í því sambandi nefna að forstöðumaður Norrænu eldfjallastöðvarinnar, Guðmundur Sigvaldason, hefur komið að máli við fulltrúa í Íslandsdeild, auk þess sem fulltrúar Íslandsdeildar hafa fengið afrit af bréfi, dags. 17. jan., sem forstöðumaðurinn sendi hæstv. menntmrh. Þar rekur forstöðumaðurinn nokkuð söguna, að þegar Norræna eldfjallastöðin var sett á stofn þá kom það í hlut íslenska ríkisins að sjá stofnuninni fyrir húsnæði en að öðru leyti kemur allt stofnfé og rekstrarfé stofnunarinnar frá fjárlögum Norðurlandaráðs. Stofnunin fékk í upphafi húsnæði í atvinnudeildarhúsnæðinu á háskólalóð þar sem fyrir var starfsemi Háskóla Íslands í jarðfræði og landafræði. Forstöðumaðurinn segir í þessu bréfi að tíu ár séu liðin síðan þetta húsnæði varð ófullnægjandi. En fyrir þremur árum hafi verið gert samkomulag milli Háskóla Íslands og ráðuneyta menntamála og fjármála. Þetta samkomulag er dagsett 10. nóv. 1988 og þar segir að Háskóli Íslands áformi að byggja jarðvísindahús árið 1991. Um það varð svo samkomulag að framlag ríkisins til þessarar húsbyggingar skyldi verða allt að 40 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu í júlí 1988.

Síðan gerðist það þann 11. jan. 1991 að fulltrúar Norrænu eldfjallastöðvarinnar voru boðaðir á fund byggingarnefndar Háskóla Íslands og þar upplýst að Háskólinn hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að fylgja þessum fyrri áformum og telur að a.m.k. tíu ár muni líða áður en hægt verði að hefja byggingu þessa húss.

Forstöðumaðurinn lýsir þeirri skoðun sinni að vanefndir á þessu samkomulagi muni valda mjög hörðum viðbrögðum stjórnarmanna í Norrænu eldfjallastöðinni og vandséð að þeir eigi annarra kosta völ en að snúa sér hver til sinnar ríkisstjórnar. Hann telur að ekki þurfi að orðlengja að æskilegt væri að þetta verkefni íslenska ríkisins væri betur leyst til þess að ekki þurfi að koma til þessara viðbragða. Hann segir jafnframt að þetta sé þeim mun mikilvægara sem nú fari fram umræða um áherslubreytingar í dreifingu fjár til samnorrænna verkefna, eins og ég hef hér rakið fyrr í ræðu minni.

Þetta vildi ég gera hér að þessu leyti að umtalsefni vegna þess að þetta hlýtur að vera áhyggjuefni þeirra sem vilja veg norrænna stofnana hér á landi sem mestan. Ég læt þess getið að við höfum rætt þetta mál á sameiginlegum fundi, fulltrúar í Íslandsdeild og hæstv. samstarfsráðherra, og mér er kunnugt um að þetta hefur einnig verið rætt í ríkisstjórninni og legg aðeins áherslu á að þetta mál fái farsæla lausn.

Fyrir næsta þingi Norðurlandaráðs liggja 48 þingmannatillögur og 8 ráðherranefndartillögur. Margar þeirra eru hinar mikilvægustu en of langt mál yrði að telja þær upp. Ég vil sérstaklega þakka norrænu ráðherranefndinni fyrir eina tillögu. Það er tillaga um norræna samstarfsáætlun um æðri menntun á Norðurlöndum. Þar er nefnilega fjallað um mál sem ég hef haft mikinn áhuga á og reynt að koma áleiðis bæði í fyrirspurnum og ræðum á Norðurlandaráðsþingum og eins í einkabréfum til norrænna menntamálaráðherra. Samkvæmt þessari ráðherranefndartillögu verða árið 1992 lögð fram drög að norrænum milliríkjasamningi um æðri menntun og þar verða ákvæði um að norrænir umsækjendur um nám við æðri menntastofnanir verði jafnréttháir án tillits til þjóðernis og að ekki verði sérstakir kvótar fyrir norræna umsækjendur. Fleira sem á eftir að koma norrænum stúdentum til góða er talið þar upp en ég læt þetta nægja.

Eins og fram hefur komið í máli mínu verður næsta þing Norðurlandaráðs haldið í Kaupmannahöfn dagana 25. febr. til 1. mars nk. Þá mun Páll Pétursson skila af sér sem forseti Norðurlandaráðs en hann hefur gegnt því trúnaðar- og virðingarstarfi um eins árs skeið. Þetta ár hefur að ýmsu leyti verið sérstakt í starfi ráðsins. Skipulagsmál hafa verið ofarlega á baugi, e.t.v. vegna þess að mönnum hefur sýnst hið norræna samstarf vera á nokkrum tímamótum m.a. vegna þróunar í Evrópu. Þá hefur umræðan á vettvangi ráðsins færst í æ ríkari mæli á svið utanríkismála þrátt fyrir efasemdir ýmissa um réttmæti þess. Þetta tvennt, skipulagsmál ráðsins og umræða um Eystrasaltsríkin og utanríkismál þar með, mun setja mestan svip á þing Norðurlandaráðs í næstu viku.

Hæstv. forseti. Ég læt þetta nægja en vísa að öðru

leyti til skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við að bæta þá ræðu sem hv. 2. þm. Reykn. flutti og fjallar um skýrslu Íslandsdeildar um norrænt samstarf. Ég vildi þó aðeins undirstrika nokkur atriði og það hvernig þetta samstarf hefur komið mér fyrir sjónir sem fulltrúa í menningarmálanefndinni, fyrst varafulltrúa og nú síðast aðalfulltrúa þar.

Það er einkennandi á þeim tíma sem ég hef setið þar fundi og ráðstefnur að vægi utanríkismála í umræðunni hefur vaxið mjög mikið. Það er rétt sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Reykn. að þau mál hafa sett æ meiri svip á umræður í ráðinu og ég held að starfsemin sé á nokkrum tímamótum hvað þetta snertir.

Þetta er áreiðanlega tímanna tákn en hins vegar felur það í sér vissar hættur. Ég segi fyrir mig að ég tel að fulltrúar í Íslandsdeildinni, og ég held að það sé samkomulag um þá afstöðu þar, vara við því að vaxandi áhersla á utanríkismál verði til þess að hinum gömlu markmiðum ráðsins verði gleymt, að hlúa að samstarfi milli Norðurlanda sem byggðist á sameiginlegum viðhorfum í þjóðfélagsmálum og sameiginlegum menningarlegum grunni. Ég held að það megi ekki gleyma þessu þótt Norðurlandaráð leiti út á víðara svið og hafi samstarf og samvinnu víðar en áður var. Það hefur orðið mikil breyting í starfsemi ráðsins, sérstaklega síðasta ár, hvað þetta snertir. Íslendingar hafa haft vissa forustu í Norðurlandaráði á síðasta ári undir forustu hv. þm. Páls Pétursson. Það hefur komið í hans hlut að leiða þessi vaxandi alþjóðlegu samskipti ráðsins. Ég tel líka að þessi vaxandi samskipti og áhersla á Evrópumálin megi ekki verða til þess að jaðarsvæðin, Vestur-Norðurlönd, verði út undan í þessu samstarfi. Ég er ekki að halda því fram að þau séu það en auðvitað verðum við að gjalda hér vissan varhug við.

Það er fullt samkomulag um það í Íslandsdeild Norðurlandaráðs að halda þeim skoðunum fram að landsdeildirnar haldi sínum áhrifum og sínum hlut. En það er vaxandi tilhneiging til þess að leggja meira vald í hendur flokkahópanna í ráðinu um framvindu mála. Við teljum þetta varasamt og við teljum þetta geta leitt til þess að hver einstök þjóð missi visst sjálfstæði í ráðinu og ekki á það síst við um hinar smærri þjóðir.

Hvað menningarmálanefndina varðar hefur þar eins og í öðrum nefndum ráðsins farið mikill tími í umræður um breytt viðhorf í Evrópu, ekki síst breytt viðhorf í Austur-Evrópu, og samstarfið við Eystrasaltslöndin og vaxandi samskipti á þeim vettvangi. Það er fjölduinn allur af tillögum fyrir menningarmálanefndinni sem varða þessi auknu samskipti og tíminn þar hefur farið mjög í að ræða þau.

Ekki síst hafa fulltrúar í menningarmálanefndinni áhyggjur af því að norræn framlög til menningarmála skuli ekki vera aukin og telja að það feli í sér vissa hættu á tíma sem ráðið er að taka að sér ný verkefni ef þessi gamli grunnur verður út undan. Eigi að síður eru, eins og kemur fram bæði í skýrslu Íslandsdeildarinnar og skýrslu ráðherranefndarinnar, mjög mörg og mikilvæg verkefni sem unnið er að á þessu sviði. Ég tel að þátttaka okkar á vettvangi Norðurlandaráðs sé okkur afar mikilvæg nú sem áður og það eigi að efla hana og styrkja. Skoðanir mínar hafa ekki breyst á því. Ég vísa að öðru leyti til þeirra skýrslna sem hér liggja frammi og ætla ekki að lengja þessa umræðu en vildi láta þessi sjónarmið koma fram.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að okkur gefst tækifæri til að ræða þessa skýrslu um samstarf Norðurlanda svo og aðrar þær skýrslur um alþjóðleg samskipti sem eru á dagskrá sameinaðs þings í dag.

Ég tel það samstarf sem fram fer á vettvangi Norðurlandaráðs vera afar mikilvægt fyrir Íslendinga og auðvitað hinar þjóðirnar allar líka, en tala þó sérstaklega um Ísland vegna þess að ég tel að þjóð sem byggir eyland eins og við gerum hafi mikla þörf fyrir að hafa sem mest og fjölbreytilegust tengsl í allar áttir.

Í þessari skýrslu og í máli hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, kemur fram að viðfangsefnin á sviði Norðurlandaráðs eru býsna mörg og fjölbreytileg og er það vel. En það kom einnig fram í máli hv. þm. að starfsvettvangur Norðurlandaráðs hefur víkkað nokkuð nú hin seinni ár, bæði með auknum samskiptum við Eystrasaltsríkin og Evrópuþingið. Það er eðlilegt og nauðsynlegt í þeirri nýju Evrópu sem við okkur blasir og sýnir að Norðurlandaráð er ekki steinrunnin stofnun, lokuð gagnvart umhverfi sínu.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Ólafs G. Einarssonar eru ekki allir sammála um þær hugmyndir sem nú eru uppi um skipulagsmál Norðurlandaráðs. Vilja Íslendingar m.a. tryggja sér fulla aðild að stjórnunarstörfum þar eins og verið hefur hingað til. Það tel ég vera eðlilegt viðhorf og langaði til í framhaldi af þeim hugleiðingum formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs að benda á að eins og fyrirkomulagið er nú hjá okkur hér á hv. Alþingi er ekki tryggt að allir flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi eigi aðild að Norðurlandaráði vegna þeirra reglna sem í gildi eru. Þetta tel ég vera miður en met það þó mikils að t.d. þingflokkur Kvennalistans sem ekki á fulltrúa í Norðurlandaráði skuli með skýrslu sem þessari fá tækifæri til þess að setja sig inn í það mikla starf sem þarna fer fram. En auðvitað væri allra best að eiga beina aðild að þessu starfi.

Ég ætla ekki að víkja að einstökum þáttum eða því sem hér er gerð grein fyrir úr nefndarstarfi Norðurlandaráðs en mig langar til þess að fagna sérstaklega einu verkefni sem norræna ráðherranefndin styrkir. Það er verkefni sem kallað er NORDJOBB, sem felst því að íslensk ungmenni og norræn ungmenni geta sótt um sumarvinnu í nágrannalöndunum. Það kemur fram í skýrslunni að 163 íslenskir unglingar fóru til annarra norrænna landa á síðasta ári og 87 unglingar komu hingað til lands. Ég tel þetta mjög mikilvægt vegna þess að þetta er ein greiðasta leiðin til þess að auka og efla kynni á milli ungs fólks á Norðurlöndunum. Það fær tækifæri til þess að kynna sér þjóðfélagsaðstæður

og atvinnuhætti í öðrum löndum. Þarna tel ég að fari fram mjög frjótt og skapandi starf og hef reyndar kynnt mér það nokkuð og veit að það er ýmislegt gert til að kynna löndin, sögu þeirra og merkisstaði fyrir þeim ungmennum sem fara í vinnu á vegum NORDJOBB.

Í öðru norrænu ráði, sem er reyndar hér með skýrslu sína á eftir, Vestnorræna þingmannaráðinu, hafa oft verið samþykktar ályktanir og tillögur um að koma á skiptum milli skólanemenda og á síðasta sumri var samþykkt tillaga um að lagt yrði fé til þess að útbúa námsefni fyrir skólanemendur til kynningar á þessum þremur löndum. Það gefst tækifæri til að ræða það hér á eftir undir öðrum dagskrárlið en ég tel að þarna sé einmitt verið að byrja á réttum enda með því að víkka sjóndeildarhring ungs fólks.

Ég rak augun í það hér í skýrslunni að það hafði gerst á árinu 1989 að danskur stúdent, búsettur á Íslandi, hafði sótt um lán til Lánasjóðs ísl. námsmanna og hafði verið leitað til umboðsmanns Alþingis um álit á rétti hans til þess að fá námslán úr íslenska lánakerfinu. Sýnist mér að niðurstaðan í því máli hafi verið sú að fela hæstv. samstarfsráðherra Júlíusi Sólnes að kanna hvort unnt væri að samræma reglur norrænu námsmannasjóðanna innbyrðis. Vildi ég í tilefni af þessari umræðu, því ég veit að hann mælir fyrir sinni skýrslu á eftir, inna hann eftir því hvað hafi verið gert á þeim vettvangi. En að öðru leyti vil ég enn og aftur þakka fyrir þessa ágætu skýrslu. Hún er okkur sem ekki eigum sæti í Norðurlandaráði sérstakt fagnaðarefni.

Norræna ráðherranefndin 1990–1991.

Skýrsla umhvrh., 355. mál. — Þskj. 623.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Mér finnst umræður um skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs hafa þróast með þeim hætti að ég velti því fyrir mér hvort það hefði verið skynsamlegt að fyrst hefði verið mælt fyrir öllum skýrslunum og síðan hefði farið fram almenn umræða. En þetta er nú svona ábending til seinni tíma.

Mig langar í stuttu máli til að gera grein fyrir þeirri skýrslu sem ég hef lagt fram sem samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1990 og fram til mánaðamótanna janúar/febrúar 1991. Hún byggir að sjálfsögðu á þeirri skýrslu sem ráðherranefndin hefur sjálf gefið út um norræna samstarfið, sem er stór og mikil bók sem ég tók nú með mér hér í pontuna. En ég ætla ekki að lesa mikið upp úr henni heldur fjalla um skýrslu íslenska samstarfsráðherrans í fáum orðum.

Samstarfsráðherrarnir héldu sex fundi á starfsárinu. Síðasti fundur samstarfsráðherra var 11. jan. sl. í Kaupmannahöfn. Starfsemi ráðherranefndarinnar hefur verið með hefðbundnum hætti og á bak við samstarfsráðherrana eru skrifstofur Norðurlandamála sem eru starfræktar í utanríkisráðuneytum allra landanna. Á skrifstofu Norðurlandamála hjá utanrrn. á Íslandi hafa starfað Jón Júlíusson skrifstofustjóri og Áslaug Skúladóttir deildarstjóri.

Norrænu fjárlögin eru kannski fyrst og fremst verkefni samstarfsráðherranna, að setja samstarfinu fjárlög, þ.e. þann fjárhagsramma sem þau hafa til sinnar starfsemi. Það kom reyndar fram í máli frummælanda fyrir skýrslu Íslandsdeildarinnar að fjárlögin eru komin upp í tæpar 700 millj. dkr. Sú stefna hefur nú verið tekin upp að þau skuli haldast óbreytt að raungildi milli ára. Það er fyrst og fremst að kröfu Dana og hafa Svíar enn fremur tekið undir þá kröfu að útgjöld verði ekki aukin þannig að segja má að það sé búið að frysta starfsemi Norðurlandaráðs að því leytinu til að fjárlögin munu nú haldast óbreytt að raungildi næstu árin. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að það verði miklar tilfærslur innan ramma fjárlaganna eftir því sem verkefnaval breytist og forgangsröðun verði breytt þannig að það megi taka mið af þeim straumum sem eru hverju sinni. Eftir sem áður hafa fjárveitingar verið langmestar til menningarmála svo og umhverfismála. Síðan hefur, eins og undanfarin ár, verið miklu veitt til Evrópumála sem hafa haft nokkurn forgang meðal málaflokka sem norræna samstarfið hefur verið með.

Það er áfram unnið að gerð sérstakrar áætlunar um stöðu Norðurlanda í samstarfi Evrópuþjóðanna og hefur verið fjallað um það frá flestum hliðum hvaða áhrif vaxandi samvinna Evrópulandanna muni hafa á Norðurlandasamstarfið, bæði innan Evrópubandalagins og eins hefur verið hugað að því hvað muni gerast ef hið sameiginlega evrópska efnahagssvæði verður að veruleika. Samin hefur verið sérstök áætlun um að styrkja heimamarkað Norðurlanda til að búa þau betur undir þetta víðtæka efnahagslega og menningarlega samstarf. Þar hefur fyrst og fremst verið fjallað um sameiginlegan markað, bæði vörumarkað og þjónustu, menningar- og menntunarsamfélag, vinnumarkað, samgöngumál, vinnuverndarstefnu, neytendamál og umhverfismálastefnu. Þá hefur það verkefni að fjalla sérstaklega um samband Norðurlanda og Austur-Evrópu orðið æ meira áberandi í samstarfi Norðurlanda og var stór hluti af störfum ráðherranefndarinnar á starfsárinu 1990–1991. Það var byrjað á að kanna forsendur slíks samstarfs mjög rækilega og var t.d. sérstök skýrsla, sem ráðherranefndin óskaði eftir að yrði samin um málefni Eystrasaltsríkja, birt í haust sem leið. Danskur sérfræðingur var fenginn til að fara í heimsókn til Eystrasaltsríkjanna og kanna forsendur samstarfs við Eystrasaltsríkin og birtist sú skýrsla á haustmánuðum. Þá má minna á Ronneby-fundinn í Svíþjóð sem var haldinn í september 1990, en hann markaði tímamót í samstarfi Norðurlanda og þeirra ríkja sem eiga strönd að Eystrasalti, þar með talin Eystrasaltsríkin. Þar hittust forsætisráðherrar allra landanna og varð samkomulag um sérstaka áætlun, svokallaða Eystrasaltsáætlun, sem miðar að því að reyna að koma umhverfismálum við Eystrasalt í betra horf en nú er. Hefur síðan verið samin sérstök framkvæmdaáætlun

Eystrasaltsríkja og annarra ríkja sem eiga lönd að Eystrasalti um hvernig megi ná fram þeim markmiðum.

Þá hefur ráðherranefndin látið semja sérstaka áætlun um samstarfið milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sérstaklega og eins annarra Austur-Evrópuríkja sem eru nágrannar Norðurlanda. Þar má t.d. telja Pólland, Austur-Þýskaland og þau landsvæði Sovétríkjanna sem eru í grennd við Norðurlönd. Þessi framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að það verði sérstaklega þrjár leiðir samstarfs.

Í fyrsta lagi verði um norrænt styrkjakerfi vegna menntunar- og menningarsamstarfs að ræða milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja og hefur verið varið um 5 millj. dkr. á árinu 1991 til þeirrar starfsemi. Þá var tekin sú ákvörðun að opna upplýsinga- og menningarskrifstofur í öllum höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna þ.e. í Tallinn, Riga og Vilnu, og verður varið 4,5 millj. dkr. árin 1990 og 1991 til þessa verkefnis en að tveimur árum liðnum verður svo árangur metinn af starfsemi þessara upplýsingaskrifstofa. Verið er að ráða forstöðumenn allra skrifstofanna og eru þær að hefja störf sín eða munu verða opnaðar á næstu vikum.

Þá er í þriðja lagi um að ræða almenn samstarfsverkefni með bæði Eystrasaltsríkjum og öðrum Austur-Evrópuríkjum, grannsvæðum við Norðurlönd eins og ég gat um áðan, og verður varið 4,8 millj. dkr. á árunum 1990 og 1991 til slíkra verkefna.

Þá má minna á umhverfisfjárfestingarfélagið NEFCO, sem svo hefur verið skammstafað. Það hóf starfsemi sína í október 1990 með stofnfé upp á 36 millj. SDR en Íslendingar greiða sinn hluta af stofnfénu samkvæmt norræna deililyklinum. Þá var líka um að ræða að lánarammi Norræna fjárfestingarbankans var hækkaður úr 700 millj. SDR í 1.000 millj. SDR vegna norrænna fjárfestingarlána, svokallaðra verkefnalána, sem eru fyrst og fremst hugsuð til þess að auðvelda norrænum fyrirtækjum að takast á hendur verkefni í Austur-Evrópu. Má geta þess að íslensku fyrirtækin Virkir-Orkint og sömuleiðis Icecon hafa notið aðstoðar við verkefni sem þau hafa tekist á hendur. Virkir-Orkint í Ungverjalandi og einnig mun Virkir-Orkint hugsanlega taka að sér verkefni í Rússlandi, en Icecon hefur sinnt verkefnum í Arabalöndum og fengið til þess stuðning frá Norræna fjárfestingarbankanum.

Mig langar til að fara örfáum orðum um þær ráðherranefndartillögur sem ráðherranefndin mun leggja fram til umræðu og afgreiðslu á Norðurlandaráðsþinginu í Kaupmannahöfn í næstu viku.

Í fyrsta lagi er um að ræða nýtt norrænt kvennaþing. Ákveðið hefur verið að halda annað kvennaþing í líkingu við það sem var haldið í Ósló 1988 og hefur verið samþykkt að verja 13,5 millj. dkr. á tímabilinu 1992–1995 til undirbúnings þessa þings. Gert er ráð fyrir að það verði haldið í Danmörku og munu þátttakendur verða um 10.000 manns.

Þá er í öðru lagi lögð fram tillaga um norræna umhverfisrannsóknaáætlun. Hún er mjög viðamikil og gerir ráð fyrir þremur meginverkefnasviðum. Það er í fyrsta lagi rannsóknir á loftslagsbreytingum, rannsóknir á umhverfisvandamálum sem tengjast Eystrasalti og síðan eru rannsóknir á þjóðfélagslegum forsendum umhverfismálastefnu þar sem reynt er að tengja saman efnahagslegar forsendur og umhverfisverndarstefnu.

Af hálfu Íslendinga voru gerðar nokkrar athugasemdir við þessa rannsóknaáætlun meðan hún var í mótun þar sem okkur þótti ekki hafa verið tekið nægjanlegt tillit til þeirra nauðsynlegu verkefna sem tengjast Norður-Atlantshafi. Í sambandi við rannsóknir á loftslagsbreytingum bentum við á að þar er Norður-Atlantshafið og rannsóknir á umhverfismálum sem tengjast Norður-Atlantshafi lykilatriði. Það verður vart fjallað um loftslagsbreytingar á jörðinni nema til komi viðamiklar athuganir á því sem er að gerast í Norður-Atlantshafinu, þ.e. á samspili hafs og lofts, rannsóknir á hafstraumunum í Norður-Atlantshafi og ýmsum öðrum þáttum sem tengjast því hafsvæði. Á þetta var hlustað og sérstök bókun var samþykkt sem segir að það verði tekið fullt tillit til verkefna á Norður-Atlantshafi og það verði séð til þess að fjárframlög til slíkra verkefna rúmist innan þess fjárhagsramma sem þessari áætlun er settur.

Þá má benda á þriðju tillöguna sem fjallar um samstarfsverkefni á háskólastigi. Þar er um að ræða að breyta og endurbæta svokallaða NORDPLUS-áætlun sem gerir ráð fyrir kennaraskiptum og nemendaskiptum á háskólastigi.

Fjórða tillagan fjallar um menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi. Þar er gert ráð fyrir, sem mér þykir afar athyglisvert, að framhaldsskólanemendur geti ferðast á milli Norðurlanda, stundað nám um stundarsakir í einhverju Norðurlandanna og fengið það að fullu viðurkennt þegar þeir koma heim aftur til áframhaldandi náms við sinn skóla sem þeir hafa áður verið í. Þarna skapast möguleikar á því að nemendur á Norðurlöndum geti farið í heimsóknir og kynnst námi og samfélagi á hinum Norðurlöndunum án þess að það þurfi að trufla sjálft framhaldsnámið sem að sjálfsögðu er aðalatriðið.

Framsögumaður fyrir skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, hv. þm. Ólafur G. Einarsson, fjallaði að nokkru um nýtt skipulag norrænna stofnana sem er fimmta ráðherranefndartillagan. Eins og hann gat um er gert ráð fyrir því að dregið verði úr beinu framlagi til slíkra stofnana og reynt í staðinn að finna leið til þess að fjármagna þær með beinum fjárframlögum þeirra ríkja þar sem þessar stofnanir eru svo og þeirra notenda sem nota stofnanirnar.

Sjötta ráðherranefndartillagan er um ár gigtveikra 1991. Það er ætlunin að árið 1991 verði gert sérstakt átak til þess að vekja athygli á vandamálum gigtveikra og þeim rannsóknum sem eru nauðsynlegar til þess að fjalla frekar um þennan geigvænlega sjúkdóm sem herjar á okkur.

Sjöunda ráðherranefndartillagan fjallar um öruggari umferð á Norðurlöndunum. Samin hefur verið sérstök framkvæmdaáætlun fyrir árin 1992–1994 til að stuðla að bættu umferðaröryggi og betri háttum í þeim efnum.

Áttunda ráðherranefndartillagan fjallar um breytingar á Helsingfors-samningnum. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson fjallaði einnig um það í sinni framsögu með skýrslu Íslandsdeildarinnar og hef ég litlu þar við að bæta. Ég vildi aðeins geta þess að það varð niðurstaðan að þær tillögur sem skipulagsnefndin lagði fram voru aðeins teknar inn í þessar ráðherranefndartillögur að hluta til og fjalla þær því aðeins um breytingar á starfsemi þings Norðurlandaráðs. Aðrar tillögur og hugmyndir verða aðeins ræddar á þinginu í næstu viku, svo sem að utanríkisráðherrar Norðurlanda taki við störfum samstarfsráðherra og þar með yrði embætti samstarfsráðherra lagt niður. Eins er það hugmynd sem hefur komið fram í skýrslu nefndarinnar að fjármálaráðherrar taki við þeim hluta starfa samstarfsráðherranna að semja fjárlög fyrir Norðurlandasamstarfið. Menn eru mjög efins um að þetta sé skynsamlegt, eða a.m.k. eru mjög skiptar skoðanir um þessar tillögur og geri ég ráð fyrir að það verði fjörug skoðanaskipti um þetta á þinginu.

Síðasta tillagan fjallar um að komið verði á fót sérstöku rannsóknarráði til þess að fjalla um löggjöf og reglugerðir innan Evrópubandalagsins. Mér sýnist í sjálfu sér ekkert veita af því að um það verði fjallað. Nægir hér að benda á bláskinnuna sem ég sé á borði eins ráðherrans en þar er einmitt fjallað um lög og reglur sem eru í gildi innan Evrópubandalagsins og sýnist nú að ráðlegt væri að fela einhverjum að kafa svolítið ofan í það og kanna hvað þær bera með sér.

Þá ætla ég að hlaupa hratt yfir aðra starfsemi ráðherranefndarinnar. Þar hefur verið fjallað um mjög mörg og mismunandi málefni. Það hefur átt sér stað mikið samstarf á sviði umhverfismála og væri hægt að flytja langa ræðu um öll þau miklu verkefni sem þar eru í gangi og það fjöruga samstarf sem á sér stað á vegum ráðherranefndarinnar um umhverfismál. En ég læt mér nægja að vísa til þess kafla í skýrslu minni sem fjallar um þau verkefni. Eins er verkefnið „Öflugri Norðurlönd", sem er tengt Evrópusamstarfinu og sameiningu Evrópu í öflugt markaðssvæði en það er einmitt þessi undirbúningur Norðurlanda til að geta tekist betur á við það samstarf sem er fram undan innan Evrópu.

Menningar- og menntamál hafa sem áður verið mjög stór þáttur í störfum ráðherranefndarinnar en sá málaflokkur hefur frá fornu fari verið einhver mikilvægasti málaflokkurinn sem samstarfið fjallar um og byggir á. Eins hefur verið fjallað um heilbrigðis- og almannatryggingamál, um sjávarútvegsmál, um norræna líftækniáætlun, um húsnæðis- og byggingarmál og um norrænan vinnumarkað. Vísa ég til skýrslunnar þar sem er fjallað sérstaklega um þessi verkefni.

Mig langar hins vegar til að fara örfáum orðum um Norræna fjárfestingarbankann. Þetta er ein af þeim stofnunum sem eru í hvað örustum vexti á vegum Norðurlandasamstarfsins. Hefur starfsemi fjárfestingarbankans gengið mjög vel á árinu. Hagnaður á árinu 1990 varð 37 millj. SDR eða um 3 milljarðar ísl. króna. Eftir afskriftir og framlög í varasjóð og tryggingasjóð útlána verður útgreiddur arður um 8 millj. SDR og mun því arðgreiðsla til íslenska fjmrn. verða um 6 millj. ísl. kr. á árinu 1990. Fjárhagsstaða bankans er mjög sterk og hefur hann fengið viðurkenningu þekkts alþjóðlegs fjármálafyrirtækis og fengið flokkun í hæsta lánstraustsflokk, Aaa, en ekkert Norðurlandanna eitt sér kemst í þann flokk.

Á fyrstu átta mánuðum ársins 1990 hefur bankinn veitt Íslendingum lán samtals að upphæð 16,9 millj. SDR eða rúmlega 1.300 millj. ísl. kr. en útistandandi lán til Íslands frá upphafi stofnunar bankans nema nú samtals 236,8 millj. SDR sem eru um 8,6% af heildarútlánum bankans. Miðað við að hlutur Íslands í bankanum er aðeins 1% verður að segja að sennilega hefur engin norræn stofnun komið okkur eins vel til góða og Norræni fjárfestingarbankinn.

Þá langar mig til að fjalla sömuleiðis í örfáum orðum um Norræna verkefnaútflutningssjóðinn. Hann var stofnaður árið 1982 og er fyrst og fremst ætlað að hvetja til útflutnings norrænna fyrirtækja á verkefnum til Austur-Evrópu og þróunarlanda. Núverandi forstöðumaður verkefnaútflutningssjóðsins er Þorsteinn Ólafsson viðskiptafræðingur, en hann tók við störfum fyrir u.þ.b. ári síðan. Verkefnaútflutningssjóðurinn hefur m.a. aðstoðað íslensku fyrirtækin Virkir-Orkint og Icecon eins og ég gat um áðan ásamt Norræna fjárfestingarbankanum.

Þá get ég einnig fjallað örstutt um Norræna þróunarsjóðinn en hann var stofnaður 1. febr. 1989. Hefur sjóðurinn það verkefni með höndum að styrkja félagslegar og efnahagslegar framfarir í þróunarlöndum. Sjóðurinn er til húsa hjá Norræna fjárfestingarbankanum og hefur að stofnfé 100 millj. SDR. Hefur sjóðurinn þegar hafið starfsemi sína og komið inn í ýmis verkefni, aðallega í Afríkuríkjum.

Þá má geta um önnur samstarfsverkefni svo sem norrænt samstarf á sviði neytendamála og afnám tæknilegra viðskiptahindrana.

Í umræðum um skýrslu Íslandsdeildarinnar var fjallað eilítið um Norrænu eldfjallastöðina og tek ég undir með frsm., hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, að við þurfum finna lausn á húsnæðismálum þeirrar stofnunar. Það er Íslendingum til vansa að þeir skuli ekki geta fundið lausn sem aðilar geta sætt sig við á húsnæðismálum stofnunarinnar. Það væri miður ef það yrði til þess að tekin yrði ákvörðun um það að leggja þá stofnun niður. Við vitum að nú er vakað yfir hverri stofnun innan hins norræna samstarfs og ef einhver brotalöm finnst í rekstri einhverrar stofnunar má alltaf búast við því að það verði reynt að hætta starfsemi hennar. Það er alveg ljóst að það er leitað með logandi ljósi að því hvernig megi ná fram sparnaði í Norðurlandasamvinnunni til þess að viðhalda því markmiði að fjárlögin þurfi ekki að aukast að raungildi milli ára. Þess vegna held ég að það sé mjög brýnt að við finnum sameiginlega lausn á því hvernig megi leysa húsnæðismál Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Það er annað hliðstætt vandamál sem hefur komið upp í sambandi við norrænt samstarfsverkefni um jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi en það er verkefni sem er nánast kostað eingöngu af fjármunum sem samstarf

Norðurlanda leggur til. Það hefur borið svo einkennilega við að af rannsóknartækjum sem hafa verið flutt hingað vegna verkefnisins frá Norðurlöndum þarf að greiða fullan virðisaukaskatt. Það þykir hinum norrænu samstarfsaðilunum að sjálfsögðu skrýtið þegar um er að ræða verkefni sem er eingöngu kostað af norrænu fé, að það skuli síðan þurfa að taka hluta af þeim fjármunum og greiða sérstaka skatta til íslenska ríkisins vegna þeirra reglna sem hér gilda um virðisaukaskatt.

Þá langar mig til að fjalla í nokkrum orðum um vestnorræna samstarfið þó svo við munum heyra skýrslu vestnorrænu þingmannanefndarinnar hér á eftir og hafa þá tækifæri til að fjalla enn frekar um það samstarf. Vestnorræna samstarfið heyrir að sjálfsögðu undir ráðherranefndina og reyndar er starfandi sérstök norræn embættismannanefnd um byggðastefnu, svokölluð NÄRP-nefnd. Í umboði hennar starfar síðan sérstök vestnorræn embættismannanefnd sem hefur einn starfsmann sem hefur aðsetur í Færeyjum. Fulltrúar Íslands í þeirri nefnd eru Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, og Bjarni Einarsson, aðstoðarforstjóri Byggðastofnunar. Sérstakur norrænn þróunarsjóður fyrir hin vestlægu Norðurlönd tók til starfa í Reykjavík 1987 og hefur sjóðurinn aðsetur hjá Byggðastofnun. Forstöðumaður sjóðsins er Steinar Bent Jakobsson. Sjóðurinn hefur að auki starfsmenn í Færeyjum og á Grænlandi. Stofnfé þessa sjóðs eru 14,1 millj. Bandaríkjadala og er hluti Íslands í stofnfé sjóðsins 400 þús. Bandaríkjadalir.

Í nóvember 1990 hafði norræni þróunarsjóðurinn veitt tíu lán alls og voru átta þeirra veitt íslenskum fyrirtækjum en aðeins eitt lán veitt til Færeyja og eitt til Grænlands. Hefur það vakið athygli að erfitt hefur reynst að finna hæf verkefni bæði í Færeyjum og á Grænlandi. Er um það að ræða að bæði hafa efnahagsaðstæður í þessum tveimur nágrannaríkjum okkar valdið því að fyrirtæki almennt eiga erfitt uppdráttar og hafa ekki getað mætt hinum ströngu kröfum sjóðsins um tryggingar, en sömuleiðis hefur líka vantað að kynna betur starfsemi sjóðsins í Færeyjum og á Grænlandi. Er nú verið að kynna starfsemi sjóðsins betur til að vekja athygli á þeim möguleikum sem fyrirtæki hafa til lántöku í gegnum norræna þróunarsjóðinn.

Þá hefur vestnorræna samstarfið verið sérstaklega tekið til umræðu á fundum ráðherranefndarinnar. Íslenski samstarfsráðherrann lagði fram sérstaka tillögu á síðasta ráðherrafundi samstarfsráðherra þann 11. jan. sl. í Kaupmannahöfn þess efnis að stofnað verði sérstakt útibú frá ráðherraskrifstofunni í Kaupmannahöfn sem yrði staðsett í Reykjavík þar sem yrðu forstöðumaður og aðrir starfsmenn sem hefðu það verkefni fyrst og fremst með höndum að fjalla um hagsmuni vestnorrænu þjóðanna, þ.e. Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga. Þessi tillaga fékk þá afgreiðslu að það var samþykkt að fela embættismönnum norrænu ráðherraskrifstofunnar að semja sérstaka greinargerð um málið og skila henni fyrir næsta fund samstarfsráðherra sem verður í Kaupmannahöfn í tengslum við Norðurlandaráðsþingið. Því miður verður að segjast eins og er að greinargerð embættismannanna er fremur neikvæð. Þeir telja að sjálfsögðu að þetta vestnorræna samstarf sé í góðu lagi eins og það er og ekki nauðsyn þess að stofnuð verði sérstök skrifstofa í Reykjavík til þess að sinna því betur. Engu að síður hef ég þrýst á að þetta verði tekið upp til formlegrar afgreiðslu í ráðherranefndinni. Hef ég fengið vilyrði bæði danska samstarfsráðherrans og fleiri samstarfsráðherra fyrir því að þetta verði skoðað mjög gaumgæfilega, en rökstuðningur minn hefur verið sá að norræna samstarfið beinist nú mjög í austurátt, þ.e. að augu manna á Norðurlöndum beinast mjög til austurs. Það er mikill áhugi fyrir samstarfi við Austur-Evrópu og sérstaklega Eystrasaltslöndin. Við Íslendingar höfum að sjálfsögðu lýst yfir ánægju okkar yfir því að eiga betra og nánara samstarf við bæði Eystrasaltsríkin og sérstaklega þau Austur-Evrópuríki sem nú eru að stíga sín fyrstu skref í átt til lýðræðis í þeim anda sem við þekkjum hér á Vesturlöndum. En þó að þetta séu spennandi verkefni og spennandi tímar, og það sé eðlilegt að þetta heilli hugi okkar, þá mega þjóðirnar hér í Norður-Atlantshafinu ekki gleymast alveg í þessu samstarfi. Við vekjum athygli á því að við erum töluvert langt frá aðalstofnunum og miðstöðvum norræns samstarfs í Skandinavíu. Við eigum erfiðara með að sækja samnorræna fundi sem eru oftast haldnir í einhverri höfuðborg Norðurlandanna, í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og stundum í Finnlandi, og þess vegna væri það mjög æskilegt að hægt væri með einhverju móti að styrkja vestnorræna samstarfið. Ég tel að slík skrifstofa sem lagt hefur verið til að yrði stofnuð í Reykjavík og sinnti fyrst og fremst málefnum þessara þriggja landa, Grænlands, Færeyja og Íslands, gæti verið mjög mikilvæg í þessu sambandi.

Hér var nýlega á ferð formaður grænlensku landsstjórnarinnar, Jónatan Motzfeldt, og tók hann mjög undir þessi sjónarmið, en á fundi hans og forsrh. var samþykkt yfirlýsing þess efnis að efnt skyldi til víðtækara samstarfs milli Grænlands og Íslands á sviði efnahags- og menningarmála, sömuleiðis á sviði samgöngumála og annarra þeirra málefna sem varða hagsmuni þessara tveggja ríkja. Og í yfirlýsingunni er um það rætt að bjóða Færeyingum að gerast aðilar að slíku samstarfi.

Þá má sömuleiðis minna á það að Jógvan Sundstein, sem er nú orðinn samstarfsráðherra eða fulltrúi færeysku landsstjórnarinnar í ráðherranefnd samstarfsráðherra, hefur mjög tekið í sama streng í athyglisverðri grein sem hann birti um efnahagssamstarf þessara þjóða í Norður-Atlantshafinu í tímaritinu Nordisk kontakt nýlega. Ég tel því að það sé mjög tímabært að taka þetta málefni upp til rækilegrar umræðu og fá niðurstöðu sem ég tel að eigi að vera sú að hér verði rekin öflug skrifstofa sem sinni hagsmunum þessara þriggja þjóðlanda og ég er mjög hvetjandi þess og bið um að allir þingmenn leggist á eitt með það að tala fyrir þessari tillögu um að það verði tekið upp víðtækt samstarf þessara þriggja landa, en þau eiga svo margt sameiginlegt.

Og að lokum, virðulegi forseti, langar mig rétt til að

fjalla örstutt um norrænt samstarf almennt og framtíð þess. Það hafa komið upp ýmis vandamál í tengslum við norrænt samstarf núna á seinni árum og ég hef reyndar þegar fjallað um nokkur þeirra. Mig langar aðeins til þess að vekja athygli á einu atriði sem hefur sérstaklega verið til umræðu sl. sumar, en það eru stöðuveitingar hjá norrænu ráðherranefndinni. Íslendingar áttu einn deildarstjóra hjá ráðherranefndinni á skrifstofu hennar í Kaupmanahöfn þangað til í sumar sem leið og þannig áttu þeir einn fulltrúa í æðstu yfirstjórn ráðherraskrifstofunnar. Því miður gerðist það að þegar íslenski fulltrúinn, deildarstjóri menningardeildarinnar sem var Tryggvi Gíslason, skólameistari á Akureyri, hvarf frá störfum og aftur til Akureyrar þar sem hann hefur tekið á nýjan leik við starfi skólameistara, var sú staða að sjálfsögðu auglýst. Þá gerðist það að íslensku umsækjendunum var vikið til hliðar og eftir mikið málþóf var að lokum ráðinn finnskur umsækjandi til þess að gegna stöðu deildarstjóra menningarmáladeildar. Þannig er staðan þessa stundina að Íslendingar eiga engan fulltrúa í æðstu yfirstjórn ráðherraskrifstofunnar sem er miður. Við höfum vakið athygli á þessu og teljum að það sé raunverulega ekki stætt á því að Ísland, þó það sé lítið í samstarfi Norðurlandaþjóðanna, þá er það þó eitt af þeim fimm frjálsu ríkjum sem Norðurlandasamstarfið byggist á, sé án fulltrúa í æðstu yfirstjórn ráðherraskrifstofunnar.

Sama hefur orðið uppi á teningnum með aðrar stöður, þó svo við höfum aðeins getað rétt hlut okkar nú núverið, en þetta eru hlutir sem við verðum að fylgjast mjög náið með og gæta þess að hinar Norðurlandaþjóðirnar noti sér ekki í krafti þess hvað þær eru stórar að okkur sé nánast ýtt til hliðar í þessu efni. Annaðhvort byggi þetta samstarf á því að hér sé um að ræða fimm jafnréttháar þjóðir, svo og þrjú sjálfsstjórnarsvæði, eða þá það verður að endurskilgreina með hvaða hætti þetta samstarf skuli eiga sér stað.

Margir halda því fram að norrænt samstarf skili okkur litlum árangri og þetta séu fyrst og fremst fundahöld og mikil pappírsvinna og höfum við öll heyrt ýmsar dylgjur um allt pappírsflóðið sem fylgir Norðurlandaráðsþingunum. En þegar öllu er á botninn hvolft held ég, eins og kom reyndar fram í máli frummælanda, hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, að mörgum mundi bregða í brún ef allt yrði tekið frá okkur sem áunnist hefur með norrænu samstarfi, ef við vöknuðum upp á morgun við það að búið væri að skrúfa tímann til baka og taka af okkur öll þau réttindi sem Norðurlandasamstarfið hefur fært okkur, svo sem sameiginlegan vinnumarkað, frjálsan flutning fólks milli landa án vegabréfa og margt fleira. Enda virðist nú vaxandi tilhneiging meðal ríkja sem finna með sér menningarlega samkennd að efna til samstarfs í líkingu við það sem á sér stað meðal Norðurlanda. Núna nýlega hafa þjóðirnar, sem áður voru innan vébanda gamla austurríska keisaradæmisins, ákveðið að taka upp með sér menningarsamstarf í líkingu við það sem Norðurlöndin gera. Það er gaman að segja frá því að sendinefnd frá þessum ríkjum, þ.e. Júgóslavíu, Ítalíu, Austurríki, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu, kom í heimsókn til ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn til þess að kynna sér starfsemi ráðherranefndarinnar og hvernig samstarfi Norðurlanda er háttað. Þess vegna held ég að Norðurlandasamstarfið hvíli á traustum fótum og það muni verða svo um alla framtíð. Ef eitthvað er, þá spái ég því að fleiri þjóðir sem eiga slíka menningarsögulega arfleifð eins og Norðurlöndin muni efna til slíks samstarfs. Hugsanlegt er að allar Evrópuþjóðirnar muni engu að síður mynda sameiginlegt efnahagssvæði, en það kemur ekki í veg fyrir að ýmsar þjóðir innan þessa sameiginlega efnahagssvæðis Evrópu geti átt með sér samstarf á sviði menningarmála og annarra þeirra málefna sem varða þær þjóðir sérstaklega.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil einnig þakka fyrir þessa skýrslu eins og þá hina fyrri og lýsa því hér sem minni skoðun að mér finnst það vera jákvæðar áherslur sem fram koma í þeim tillögum sem norræna ráðherranefndin mun leggja til á komandi Norðurlandaráðsþingi. Eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh., sem einnig er samstarfsráðherra Norðurlandaráðs, eru stærstu póstarnir í samstarfi okkar við Norðurlöndin menningarmál og umhverfismál.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að þessum tillögum og byrja á því að lýsa ánægju minni með það að ákveðið skuli hafa verið að efna til nýs norræns kvennaþings. Það var mjög ánægjulegt þing sem haldið var sumarið 1988. Það sem e.t.v. var ánægjulegast við það, burt séð frá því að hlutfallslega var þátttaka Íslands mest á Norðurlöndum, var það hversu þátttakan var almenn af Íslands hálfu, en til Óslóar þyrptust þá konur úr borg, sveit og bæ. Það kom reyndar í ljós að margar hverjar, þó að á miðjum aldri væru, höfðu ekki lagt land undir fót yfir hafið fyrr á ævi sinni. Það tel ég hafa verið sérstaklega ánægjulegt. Þar sem líklegt er að tillaga þessi verði samþykkt vil ég benda á að einmitt sú staðreynd að konur komu úr öllum áttum í þjóðfélaginu og að bakgrunnur þeirra var mjög misjafn varð þess valdandi að sumar gátu ekki notið þeirrar dagskrár sem í boði var í Ósló til fulls vegna þess að ekki var túlkað yfir á íslensku. Ég vil gera þessa athugasemd hér og beina þeim tilmælum til þeirra sem starfa á vettvangi Norðurlandaráðs að ráðstafanir verði gerðar til þess að túlkað verði þegar næsta ráðstefna verður haldin.

Ég vil líka víkja aðeins að orðum hæstv. ráðherra um samstarfsáætlun um umhverfisrannsóknir og hvernig þær rannsóknir tengjast þjóðfélagsforsendum og efnahagsmálum. Ég fagna þessari áætlun sérstaklega vegna þess að ég tel að Norðurlöndin eigi að geta verið öðrum þjóðum fordæmi á þessum vettvangi og tel mjög mikilvæga þá þætti sem hæstv. ráðherra taldi upp sem eiga að felast í þessari rannsóknaáætlun.

Ég vil sömuleiðis víkja að gildi samstarfsáætlana um menntun, þ.e. bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi. Ég tel að það geti verið mjög örvandi fyrir skólakerfið hjá okkar, og reyndar á Norðurlöndunum öll-

um, fyrir bæði nemendur og kennara við háskóla og framhaldsskóla að slíkt samstarf skuli skipulagt. En ég vona þó að það sem kallað er hér menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi feli ekki um leið í sér þá kröfu að saminn verði samræmdur námsvísir fyrir Norðurlöndin. Ég þykist vita að svo sé ekki, en ég vara mjög við því vegna þess að aðalatriðið er að sett séu markmið með því námi sem viðurkennt yrði á milli landanna án þess þó að það þyrfti að samræma það í öllum smáatriðum.

Ég vil víkja einni spurningu til hæstv. ráðherra varðandi þennan lið tillagna hans. Í þessum lið er kveðið á um að ekki skuli krefja um greiðslu „fyrir kennslu, kennsluefni og þess háttar sem nemendur frá norrænum ríkjum verða aðnjótandi," eins og þar segir orðrétt. Fyrir mér vakir aðeins sú praktíska spurning vegna þess að við vitum að íslenskir nemendur á framhaldsskólastigi eyða tugum þúsunda í bækur á ári hverju, hvort þar með sé verið að segja að hinir norrænu nemendur einir fái ókeypis kennsluefni eða allir nemendur framhaldsskólans, en ég tel reyndar að svo ætti að vera.

Ég sé svo ekki ástæðu til að víkja að öðrum tillögum í bili. Ég get tekið undir þær allar því að þær eru allar jákvæðar og uppbyggilegar. Ég tel að sú hefð sem komin er á norræna samstarfið sé okkur öllum mikilvæg og við eigum að einhverju leyti orðið okkar rætur í því. Og alveg burt séð frá því hver þróun mála verður í Evrópu tel ég einsýnt að við munum áfram hafa þörf fyrir öflugt samstarf á vettvangi Norðurlanda, ekki síst á sviði umhverfis- og menningarmálanna.

Hæstv. ráðherra minntist aðeins á vestnorræna samstarfið og tillögu Íslands um að opna hér útibú eða skrifstofu. Ég er hjartanlega sammála honum í því að það þarf að efla þetta starf en það sem ég tel fyrsta og síðasta skilyrðið í þeim efnum er að láta tillögur Vestnorræna þingmannaráðsins ekki daga uppi. Ég er hjartanlega sammála ráðherranum um það að við megum ekki gleyma vestrinu þótt austrið sé nú um stundir nýtt og gefandi verkefni.

Ég vil að lokum ítreka það hér sem mína skoðun að ég tel að norræna samstarfið eigi framtíð fyrir sér og það sé mjög verðugt verkefni fyrir Norðurlandaþjóðirnar að sameinast um að verða til fyrirmyndar á sviði samstarfs í menningar-, umhverfis- og jafnréttismálum.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samstarfsráðherra fyrir mjög ítarlega og greinargóða skýrslu um norrænt samstarf. Það eru aðeins örfá orð sem ég vil hér segja.

Í fyrsta lagi varðandi það sem hæstv. ráðherra nefndi, að það kynni að vera heppilegra að tala fyrir öllum skýrslunum fyrst, áður en almenn umræða um hið norræna samstarf hefst. Ég vil taka undir þetta og það gæti verið okkur til athugunar svona fyrir seinni tíma að það er sjálfsagt heppilegra fyrirkomulag að gera þetta þannig.

Hæstv. ráðherra nefndi tvær tillögur sem nú liggja fyrir Norðurlandaráði frá skipulagsnefndinni. Önnur er sú að utanríkisráðherrar landanna verði jafnframt samstarfsráðherrar. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að hann væri ekki hlynntur þessari tillögu og ég er það ekki heldur. Íslandsdeild Norðurlandaráðs ályktaði gegn þessu og ég tel það ekki heppilegt að ákveða það í reglum Norðurlandaráðs hvaða ráðherra skuli jafnframt vera samstarfsráðherra. Það hlýtur að vera miklu heppilegra að það sé ákveðið í hverri ríkisstjórn hverjir til þess eru hæfastir og hafa til þess rýmstan tíma að sinna samstarfsverkefnum á sviði Norðurlanda. Þetta vildi ég upplýsa að þarna erum við sammála.

Einnig nefndi hann tillöguna um að fjármálaráðherrar ríkjanna verði ábyrgir fyrir norrænu fjárlögunum. Við erum einnig, Íslandsdeildin, andvíg þeirri tillögu. Ég held að hún sé í sjálfu sér ekki skynsamleg. Ég hugsa að það sé nú svo í öllum ríkjunum að fjármálaráðherrarnir hæstv. hafi nóg á sinni könnu yfirleitt og það sé á allan hátt eðlilegra að samstarfsráðherrarnir séu áfram sem hingað til ábyrgir fyrir þessum mikilvæga þætti.

Mér þótti gott að heyra það sem hæstv. ráðherra sagði varðandi Norrænu eldfjallastöðina og efast ekki um að hann muni á vettvangi ríkisstjórnarinnar beita sér fyrir lausn á því máli.

Hæstv. ráðherra nefndi svo einnig stöðuveitingar hjá norrænu ráðherranefndinni og ég skildi hann svo að Ísland ætti þar heldur erfitt uppdráttar með að fá að njóta sannmælis, held ég að ég megi segja, og það sé vont til þess að vita, og er, að enginn Íslendingur gegnir nú hinum æðri stöðum hjá norrænu ráðherranefndinni. Mér sýnist satt að segja að það sé einhver svipuð hugsun í gangi á vettvangi Norðurlandaráðs, að Ísland sé þar sett til hliðar, og þetta er uppi núna í sambandi við formennsku í fastanefndum Norðurlandaráðs þar sem nú er búið að færa tillögugerð um það á vettvang flokkahópanna. Við höfum barist gegn þeirri breyttu skipan sem nú virðist eiga að koma á og það sýnist eins og afleiðingarnar af því að þessi tillögugerð fari í flokkahópana frá forsætisnefndinni og landsdeildunum að eitthvert land, og í þessu tilviki Ísland, verði alfarið sett til hliðar. Ég vonast til að við munum í sameiningu berjast gegn því að svona fari. Þetta er ekki sagt vegna þess að það sé eitthvert höfuðatriði að Íslendingar gegni hinum og þessum trúnaðarstörfum. Þetta er í fyrsta lagi táknrænt upp á samstarfið og það er jafnframt sönnun þess að við sitjum allir við sama borð en það fari ekki eftir stærð landanna eða fólksfjölda hvernig þessum trúnaðarstöðum er skipt.

Ég legg sem sagt áherslu á að við bregðumst við þessu sem virðist vera þarna stefnumörkun hjá ýmsum vinum okkar á Norðurlöndum. Við eigum að berjast gegn því. Við eigum að leggja áherslu á, eins og kom fram í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar hér fyrr í dag, að halda við landsdeildunum meðan ekki er kjörið beinni kosningu til Norðurlandaráðs eins og kannski einhvern tíma verður. Ég er ekki að mæla með því en þær tillögur hafa heyrst á vettvangi Norðurlandaráðs að

það eigi að kjósa beint til þings Norðurlandaráðs. En meðan það er ekki gert þá erum við fulltrúar þinganna hver og einn og myndum þannig landsdeildir og sendinefndir en eigum ekki að leysast upp í einhverja pólitíska flokkahópa þegar við komum til funda í Norðurlandaráði. Samstarf á þeim vettvangi er út af fyrir sig ágætt og ég er ekki að finna að því, en það á ekki að verða ráðandi um afstöðu í einu og öllu.

Þetta vildi ég nú að kæmi fram, hæstv. forseti.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég hef litlu við að bæta. Ég minnist þess að hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir beindi til mín tveimur spurningum, sem mér láðist reyndar að svara. Þær voru var um málefni dansks stúdents sem býr hér á Íslandi og hafði sótt um styrk til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Við höfum haft þetta erindi til sérstakrar athugunar og ég geri ráð fyrir því að við munum taka þetta mál upp á vettvangi samstarfsráðherra. Hins vegar er málið nokkuð snúið vegna þess að það er eiginlega ekki hægt að leysa þetta á annan veg en það verði gerður sérstakur sáttmáli meðal Norðurlandanna um það að norrænir ríkisborgarar gætu fengið námsstyrki hjá hverju Norðurlandanna sem þeir ættu búsetu í hverju sinni. Til þess að þetta geti náð fram að ganga þarf væntanlega að breyta löggjöf allra hinna Norðurlandanna þó svo það sé ekki alveg ljóst hvort það þyrfti að gera það hér á Íslandi. En að sjálfsögðu þyrfti þá að grandskoða þetta mál og ég mun beita mér fyrir því að þetta verði tekið til umræðu á vettvangi samstarfsráðherra.

Á það hefur verið bent að sennilega mundu Íslendingar hagnast hvað mest á því að þetta næði fram að ganga af öllum Norðurlöndunum, þ.e. ef hægt væri að ná samkomulagi um það að norrænir ríkisborgarar gætu sótt um námsstyrki til jafns við þegna þess lands sem þeir dveldust í og hefðu fasta búsetu í.

Hitt var varðandi menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi. Það er rétt að það er talað þar um að samningsaðilar krefji ekki hverjir aðra um greiðslu fyrir kennslu, kennsluefni og þess háttar sem nemendur frá öðrum norrænum ríkjum verða aðnjótandi. Ég er nú ekki viss um að þetta ákvæði sé mjög mikilvægt í þessu sambandi þó að það sé eitthvað um það að kennsluefni sé úthlutað frítt til nemenda í einhverju Norðurlandanna. Ég held að það sé þó mjög lítið um slíkt. En þetta er einfaldlega til að slá þann varnagla að ef um það sé að ræða að t.d. bækur eða annað námsefni sé afhent nemendum án þess að þeir þurfi að greiða fyrir það, þá verði gestur frá einhverju öðru Norðurlandi sem dvelur í slíkum skóla ekki krafinn um greiðslu, þ.e. hann njóti sömu réttinda og aðrir nemendur í þeim skóla. En þetta mundi ekki verða til þess að breyta þessu fyrirkomulagi eins og það er á Norðurlöndum yfirleitt, heldur var aðeins varnagli um þetta atriði sérstaklega.

Vestnorræna þingmannaráðið 1990.

Skýrsla Íslandsdeildar, 374. mál. — Þskj. 658.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Lögð hefur verið fram skýrsla um 6. fund Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1990 frá Íslandsdeild ráðsins.

Vestnorræna þingmannaráðið var stofnað árið 1985 í Nuuk á Grænlandi. Ástæðan fyrir stofnun þess var sú að þau lönd sem eiga aðild að ráðinu, þ.e. Ísland, Grænland og Færeyjar, telja að sameiginleg hagsmunamál þeirra séu svo mörg og margvísleg að þeim beri að vinna að þeim í sameiningu. Það fer heldur ekkert leynt að þessum löndum þótti á stundum að sérstök málefni vestnorrænu landanna væru ekki hátt skrifuð innan Norðurlandaráðs og hafði komið fram gagnrýni á því að málefni þessara þriggja landa ættu ekki mjög mikinn hljómgrunn á fundum Norðurlandaráðs. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að Vestnorræna þingmannaráðið var stofnað.

Ég verð að segja að því miður hefur það gerst í starfi Vestnorræna þingmannaráðsins að ríkisstjórnir og heimastjórnir og landsstjórnir landanna þriggja hafa verið allt of hægfara í því að framfylgja þeim ályktunum sem samþykktar hafa verið á fundum ráðsins. Mín skoðun er sú að hinir sameiginlegu hagsmunir sem þessi þrjú lönd eiga séu svo miklir og svo dýrmætir að það megi ekkert til spara til þess að reyna að vernda þá. Þá er ég auðvitað fyrst og fremst að tala um hafsvæðið á Norður-Atlantshafi sem er einhver mesta matarkista veraldar.

Það má heldur ekki gleymast að þessi matarkista er afskaplega viðkvæm fyrir utanaðkomandi áhrifum, fyrir mengun, fyrir ofveiði o.s.frv. Mér hefur oft fundist persónulega að við Íslendingar, og raunar Færeyingar og Grænlendingar einnig, höfum gengið að því sem vísu að þessi matarkista yrði óskemmd um aldur og ævi. Það er af þeirri ástæðu sem ég hef t.d. innan Vestnorræna þingmannaráðsins lagt á það ofurkapp að ráðið léti fara frá sér ályktanir varðandi mengunarvarnir Norður-Atlantshafs og varðandi afvopnunarmál. Ég vil minna á það í þessu sambandi að um þessar mundir er talið að í kjarnorkuskipaflota stórveldanna séu um 670 kjarnorkuknúin skip, bæði ofansjávar- og neðansjávarskip, og að um borð í þessum skipum séu um 15 þúsund eldflaugar með kjarnaoddum.

Við vorum kyrfilega á það minnt hversu skammt undan hættan er þegar rússneskur kafbátur fórst við Bjarnarey nú fyrir nokkru. Enginn veit hvaða afleiðingar það mun hafa og enginn veit hvenær ógnaröfl sjávar og eyðingaröfl munu vinna á því efni sem skilur hafið frá þeim hættulegu, geislavirku efnum sem um borð í þessum kafbáti eru. Um borð í honum er t.d. mikið af geislavirku kælivatni og mikið af geislavirkum efnum sem notuð eru í tengslum við hreyfla eða vélar bátsins.

Mér hefur oft og tíðum fundist að við Íslendingar, ég vil nú ekki segja að við fljótum sofandi að feigðarósi,

en að við höfum verið lítt varkárir gagnvart þeim hættum sem steðja að sameiginlegum hafsvæðum þessara þriggja landa og ekki nægilega fylgst með því sem er að gerast á höfunum í kringum okkur. Ég vil minna á það að við erum aðilar að ýmsum mengunarsamningum, m.a. kenndum við París og Ósló, en ég minni líka á það að þau stórveldi sem stunda vopnaskak á höfunum í kringum okkur hafa ekki gert neina samninga fyrir sjóheri sína varðandi mengunarvarnir o.s.frv. Herir þessara stórvelda eru því gjörsamlega óbundnir af öllum samningum og undirstrikar það þörfina á vörnum gegn mengun sjávar.

Ég hef stundum sagt það að við þyrftum líklega ekki, Íslendingar, að binda um efnahagssárin ef það yrði alvarlegt slys í kjarnorkuknúnum kafbáti einhvers staðar nálægt hrygningarstöðvum íslenska þorsksins. Ég er hræddur um að slíkt slys mundi fljótlega kippa fótunum undan efnahagslífi Íslendinga og ég efast um að við höfum gert okkur fulla grein fyrir þeirri hættu sem af þessu steðjar. Innan Vestnorræna þingmannaráðsins gera menn sér hins vegar mjög ljósa grein fyrir þessari hættu og menn gera sér ljósa grein fyrir því að Norður-Atlantshafið hefur verið notað sem ruslakista fyrir stór fyrirtæki á meginlandi Evrópu sem hafa kastað í hafið eiturefnum af ýmsu tagi í gegnum árin. Enginn veit hve mikið magn af eiturefnum liggur á botni Norður-Atlantshafs og enginn veit hvenær þau berast út í hafið þegar, eins og ég sagði áðan, ógnaröfl sjávar vinna á umbúðunum.

Vestnorræna þingmannaráðið hefur líka hugað að samstarfi þjóðanna á sviði menningar- og menntamála, samgöngumála og yfirleitt þeim þáttum sem gætu tengt þessar þjóðir nánari böndum. Auðvitað er megintilgangurinn með þessu samstarfi sá að þessi ríki geti í sameiningu komið fram sem sterkari heild heldur en sem þrjár smáþjóðir. Mér sýnist að smáþjóðum veraldar veiti ekki af því að standa saman gegn yfirgangi ýmissa aðila bæði á vettvangi atvinnurekstrar og þeirra ríkjaheilda sem við er að eiga. Þessar þjóðir þurfa líka að mínu mati að móta sameiginlega afstöðu gagnvart Evrópubandalaginu, gagnvart hugsanlegum samningum við evrópskt efnahagssvæði.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að ræða þessa skýrslu eða lesa hana. Það getur hver gert fyrir sig. En ég legg á það megináherslu að starf Vestnorræna þingmannaráðsins verði eflt eftir mætti, m.a. til þess að þessar þjóðir geti gert sig betur gildandi í samstarfi annarra þjóða. Ég vil að menn hugleiði það að þessar þjóðir eiga og búa yfir auðlindum sem eru ómetanlegar. Þessar auðlindir koma fram í ýmsu formi. Ég hef þegar nefnt matarkistuna miklu. Ég get líka nefnt ómengaða náttúru. Ég get líka nefnt hreint vatn. Sameiginlegur vatnsforði þessara ríkja, t.d. Grænlands og Íslands, er líklega meiri en vatnsforði flestra annarra nálægra ríkja og þörfin fyrir þennan vatnsforða getur orðið umtalsverður á næstunni. Þessar þjóðir eiga líka, og þá auðvitað einkum Íslendingar, orku sem verður innan skamms mjög eftirsótt. Þessar þjóðir þurfa að standa sameinaðar í því að mæta þeirri ásókn sem vissulega á eftir að verða í þær auðlindir sem þær búa yfir. Ég hygg að afl þessara þjóða, m.a. vegna þess arna sem ég hef nú nefnt, sé meira en þær gera sér yfirleitt nokkra grein fyrir.

Ég sagði áðan að það hefði gætt nokkurra vonbrigða innan Vestnorræna þingmannaráðsins með það hve t.d. ríkisstjórn Íslands og landsstjórnin í Færeyjum hafa verið linar við að hrinda í framkvæmd þeim ályktunum og tillögum sem gerðar hafa verið hjá Vestnorræna þingmannaráðinu. Einhvern veginn verður þessi málaflokkur alltaf út undan þegar verið er að ræða um samstarf þjóða. Líklega þykir það svolítið „sveitó" að standa í samstarfi smáþjóða sem ekki eiga meira undir sér heldur en þessar þrjár. En ég hygg að það muni koma í ljós áður en langur tími líður að það er ekkert „sveitó" að standa í og efla þetta samstarf.

Ég held t.d. að við eigum núna í æ ríkari mæli að reyna að stuðla að því að það geti komist á samvinna þessara þjóða í sambandi við fisksölu. Það yrði mikill styrkur fyrir allar þjóðirnar ef þær gætu komið sameiginlega fram gagnvart Evrópubandalaginu og ég hygg að það yrði þeim mikill styrkur í öllum þeim málaumleitunum sem nú eiga sér stað um evrópskt efnahagssvæði ef þessar þjóðir gætu staðið hlið við hlið í órofaheild.

Mig langar að geta þess, virðulegi forseti, að það hefur verið ákveðið að árið 1992 verði sérstakt Vestnorrænt ár, þetta er samkvæmt tillögu frá Vestnorræna þingmannaráðinu, og þá verði haldnar þrjár ráðstefnur eða þrenns konar ráðstefnur, ein í hverju landi, um umhverfismál á Grænlandi, æskulýðsmál í Færeyjum og jafnréttismál á Íslandi. Ég verð að játa það að ég hef ekki orðið var við mjög mikla hreyfingu hjá því ráðuneyti hér sem á að taka upp þennan málaflokk, þ.e. að undirbúa ráðstefnu um jafnréttismál á Íslandi. Kannski halda menn að þetta sé tillaga sem hafi verið samþykkt eitthvað sisvona út í loftið, sem ekki sé mark á takandi, en það er fullt mark á henni takandi og ég hygg að það þurfi að ýta mjög rösklega á eftir íslenskum stjórnvöldum til þess að þegar verði farið að undirbúa þessa ráðstefnu. Að vísu hefur nokkuð verið um ráðstefnuna rætt en hún ekki undirbúin að öðru leyti svo mér sé kunnugt um.

Ég tel ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að fara fleiri orðum um þetta en legg á það enn ríkari áherslu en ég gerði í upphafi að ég tel að hagsmunamál þessara þriggja þjóða séu með þeim hætti að oft á tíðum eigi þær ekki möguleika á því að ganga samhliða í því samstarfi sem nú á sér stað innan Norðurlandaráðs vegna þess að stóru þjóðirnar í Norðurlandaráði hafa ekki nokkurn minnsta áhuga á hagsmunamálum þeirra. Þetta varð ég hvað eftir annað var við þegar ég starfaði sjálfur innan Norðurlandaráðs og tók þar þátt í umræðum og störfum. Þessi þrjú lönd fengu oft að sitja á hakanum þegar umræður fóru fram um sameiginleg hagsmunamál Norðurlandaþjóðanna.

Ég held því miður að það eimi eftir af þessum skoðunum. Ég hef stundum kallað þetta sænsku kenninguna og leyft mér að halda því fram að stórveldadraumar einstakra ríkja, sem ég nefni ekki innan Norðurlandaráðs, séu með þeim hætti að ríkin þrjú, sem hér

eiga samstarf innan Vestnorræna þingmannaráðsins, séu þar ekki á landakortinu. Oft á tíðum hefur mér fundist það. Þetta á kannski einkum við um Færeyjar og Grænland. Auðvitað er stjórnarfarsleg staða þessara tveggja þjóða öðruvísi heldur en hinna Norðurlandanna, en engu að síður ber okkur sem Íslendingum að hafa forustu í þessum hópi, vera fremstir meðal jafningja og stuðla að því að sameiginleg hagsmunamál þessara þjóða nái fram að ganga. Það eru um leið okkar eigin hagsmunir. Við verðum að gæta að því að báðar þessar þjóðir líta nokkuð til Íslendinga með það að við getum og munum aðstoða þær við að koma á framfæri og hrinda í framkvæmd þeim áhugamálum sem þær bera fyrir brjósti. Og við skulum gæta að því að einmitt um þessar mundir er ríkari ástæða til að styðja við bakið á þessum þjóðum heldur en nokkru sinni fyrr, einfaldlega vegna þess að efnahagsástandið hjá þeim er með þeim hætti að þar er nánast voðinn vís ef ekki verður brugðist við fljótlega. Þessi efnahagsvandi þeirra er af sömu rótum runninn og sá efnahagsvandi sem við áttum við að stríða fyrir nokkrum árum. Okkur hefur þó tekist að synda út úr brimgarðinum þó við siglum enn þá nokkuð stríðan sjó, en engu að síður erum við a.m.k. á þessari stundu úr hættu og getum kennt og getum miðlað fróðleik um það hvernig unnt sé að ná tökum á þeim vanda sem hinar tvær þjóðirnar eiga við.

Að endingu þetta: Við skulum hætta því, sem við höfum gert allt of mikið af, að tala um þetta samstarf nær eingöngu í hátíðaræðum. Það er slæmur siður sem við verðum að leggja af. Það er ekki nóg að ræða þetta og halda ræður, skálaræður við hátíðleg tækifæri. Við þurfum að gera eitthvað og þessum orðum mínum beini ég sérstaklega til hæstv. ríkisstjórnar.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því um leið og ég þakka fyrir skýrsluna að taka undir síðustu orð hv. 3. þm. Norðurl. e. Sú skýrsla, sem liggur hér frammi frá Vestnorræna þingmannaráðinu fyrir starfið á árinu 1990 og tillögurnar sem fylgja, kom að mörgu leyti kunnuglega fyrir sjónir þeim sem hafa starfað innan ráðsins. Hér segir, með leyfi forseta, í þriðju greinaskilum skýrslunnar:

„Aðalefni fundarins að þessu sinni var: Hvar stöndum við; hvert ætlum við?"

Þegar ég fór á minn fyrsta fund í þessu ráði síðsumars 1987 þá var þetta einnig sú spurning sem brann á vörum flestra sem fundinn sóttu. Í framhaldi af umræðum á þeim fundi, sem haldinn var í Færeyjum, var ákveðið að sendinefndir þjóðanna þriggja skyldu reyna að þrýsta enn frekar á ríkisstjórnir eða landsstjórnir landa sinna með því að bera tillögurnar inn í þjóðþingin í formi tillagna og hefur það verið gert æ síðan. Eftir sem áður virðist okkur ekki hafa miðað langt við að fá þessar tillögur framkvæmdar þó flestir geti eflaust tekið undir efni þeirra.

Það er nú svo með þessar þrjár þjóðir að þær eiga margt sameiginlegt. Þetta eru eylönd, misstór reyndar, og allar þjóðirnar þrjár búa við einangrun og einhæft atvinnulíf. Og það er kannski ekki síst með tilliti til þess síðastnefnda, einhæfs atvinnulífs, sem þær hafa getað sameinast svo mjög í umhverfismálum eins og raun hefur orðið á í þessu samstarfi.

Ég vil víkja sérstaklega að tillögu sem samþykkt var einróma í fyrsta skipti á Grænlandi sumarið 1988 á fundi ráðsins, og það var fyrir forgöngu hv. 3. þm. Norðurl. e. Þar var samþykkt sameiginleg ályktun fulltrúa landanna þriggja um að beina tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna landanna að knýja á stórveldin um að þau setjist að samningaborði vegna umferðar kjarnorkuskipaflotans sem vitað er að er á ferðinni í höfunum hér í kringum okkur. Það sem í mínum huga var merkilegt við þessa tillögu — það var svo sem ekkert skrýtið að fulltrúar á þessum fundi sem eiga allt sitt undir því að líf haldist í sjónum gætu sameinast um þetta, en ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka sameinast um slíka tillögu. Hún hefur verið ítrekuð síðan — og nú hefði verið gott að hafa hér einhverja hæstv. ráðherra til að gefa upplýsingar um hver hafi orðið viðbrögð þeirra við þessum ítrekuðu tilmælum. Eins og sjá má á þeim ályktunartillögum, sem liggja fyrir hér á þskj. 663, þá koma þar fram margar merkilegar tillögur bæði á sviði menningarsamskipta og einnig viðskipta, og þá ekki síst gagnvart Evrópubandalaginu. Og þar sem ég minnist á Evrópubandalagið þá vil ég minna á að það var e.t.v. dæmigert fyrir þessar þrjár smáþjóðir að á ári samrunans mikla í Evrópu höfðu fulltrúar í Vestnorræna þingmannaráðinu lagt fram tillögu um að efnt yrði til Vestnorræns árs þar sem vakin yrði sérstök athygli á málefnum þessara smáþjóða. Ég tel mjög mikilvægt að þessum tillögum verði hrint í framkvæmd. Mér skilst að undirbúningur sé þegar hafinn bæði í Færeyjum og Grænlandi, ég verð væntanlega leiðrétt ef ég fer ekki rétt með, en alla vega er mér kunnugt um að Grænlendingar hafa lagt fram fjármuni nú þegar til þess að undirbúa þetta og ég hygg að svo sé einnig í Færeyjum, og þá væri aumt ef Íslendingar létu sitt eftir liggja.

Ég vil mega vænta þess í framhaldi af þessum umræðum hér í dag og þeim skýrslum sem fyrir liggja og þá þeirri skýrslu sem við fjöllum um núna, að fulltrúar í Vestnorræna þingmannaráðinu þurfi ekki á næsta ári að standa hér við sama tilefni og brýna ríkisstjórnir sínar til framkvæmda. Ég vona að spurningunni hvar við stöndum og hvert við ætlum hafi þá þegar verið svarað. Ég tel mjög mikilvægt að styðja þetta samstarf. Eins og fram kom við flutning síðustu skýrslu hæstv. samstarfsráðherra, þá megum við ekki gleyma vestrinu þó austrið sé ferskt og nýtt í hugum Norðurlandaþjóðanna um þessar mundir.

Það hefur verið minnst á skrifstofu til þess að vinna að málefnum landanna þriggja. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, við verðum að byrja á að framkvæma tillögurnar til þess að skrifstofa sú hafi verkefni að vinna.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl.

e. fyrir þær skýrslur sem hann hefur flutt hér um ályktanir og starfsemi Vestnorræna þingmannaráðsins. Ég vil láta það koma fram að ég tel samstarf þessara þjóða afar mikilvægt og það beri að efla. Það er nú svo með þessar þjóðir, sem mynda það svæði sem kallað er Vest-Norden, Grænland, Ísland, Færeyjar og Vestur-Noreg, að þær hafa mjög sameiginlega hagsmuni, sömu vandamál og áhugamál þeirra eru þau sömu á mörgum sviðum vegna svipaðra aðstæðna. Ég vil sérstaklega taka undir það sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. um mengun hafsins og samstarf á þeim sviðum. Reyndar kom það fram í ræðu hæstv. umhvrh. hér áðan hversu nauðsynlegt er að vinna í þeim efnum. Við eigum einnig samleið með þessum ríkjum í því að við viljum nýta auðlindir hafsins skynsamlega en við viljum vernda þá stofna sem sótt er í og fara þar að með gát og skynsemi. Þetta eru sameiginleg áhugamál allra þessara þjóða. Á þessum sviðum er mjög mikið verk að vinna.

Það er eitt svið sem ég vildi minnast á sem hefur ekki komið inn í þessa umræðu enn en það eru samgöngumálin. Það vill nú svo til að á þeim sviðum er orðið nokkuð langþróað samstarf milli Íslendinga og Færeyinga. Þar á ég við ferjusiglingarnar milli þessara landa á sumrin, siglingar Norröna. Þetta samband var tekið upp að frumkvæði Færeyinga á sínum tíma og hefur nú staðið um alllangt árabil og hefur haft gífurlega mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga, þó við séum aðeins minnihlutaeigendur í þessu fyrirtæki. Það væri verðugt verkefni að setja af stað könnun á því hvort þetta samstarf gæti verið víðtækara, hvort t.d. væri hægt að opna nýjar flugleiðir milli þessara landa. Ég er viss um að það hefði einnig gífurlega þýðingu. Það hefur oft verið rætt í gegnum árin hvort það væri mögulegt að hefja áætlunarflug á nýjum leiðum milli Grænlands, Íslands og Færeyja og yfir til Skandinavíu. Þetta væri verðugt verkefni að taka upp á þessum vettvangi.

Ég vil undirstrika þýðingu þessa samstarfs og tek undir það sem þeir hv. ræðumenn, sem hér hafa talað á undan mér, hafa sagt um þau efni. Ég er sammála þeim markmiðum sem koma fram í ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins og skýrslu ráðsins sem hér liggur fyrir.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990, fyrri umr.

Þáltill. ÁrnG o.fl., 376. mál. — Þskj. 663.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins. Flm. eru sá sem hér stendur ásamt hv. þm. Alexander Stefánssyni, Margréti Frímannsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Hreggviði Jónssyni.

Flutningur þessarar skýrslu er í samræmi við þær ályktanir sem gerðar hafa verið innan Vestnorræna þingmannaráðsins um að koma á framfæri og fá samþykktar á þjóðþingum landanna þær tillögur sem ráðið hefur flutt og samþykkt.

Í þessari tillögu segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hrinda í framkvæmd eftirfarandi ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. sept. 1990:

1. Að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands kanni hvort grundvöllur er fyrir sameiginlegum samningaviðræðum um útflutning á fiskafurðum til landa Evrópubandalagsins."

Ég ræddi nokkuð um þetta mál þegar ég fjallaði um skýrslu Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir árið 1990 og þarf ekki að fara fleiri orðum um þessa tillögu en hún hefur oft komið upp á borðið innan Vestnorræna þingmannaráðsins og verið þar mikið rædd, enda hygg ég að Færeyingar og Grænlendingar leggi á það mikla áherslu að Íslendingar reyni að hafa einhverja forustu í þessum málaflokki.

„2. Að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands vinni að því að komið verði á árlegum, skipulegum kennara- og nemendaskiptum á milli grunn- og framhaldsskóla í öllum aðildarlöndunum."

Þessi tillaga þarf ekki frekari skýringar við.

„3. Að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hafi frumkvæði að samningu námsefnis um samfélagsaðstæður, menningu og lífsskilyrði í Færeyjum og á Grænlandi og Íslandi. Námsefnið verði samið til notkunar í skólum landanna í því skyni að auka upplýsingar og gagnkvæma kynningu þeirra þjóða sem byggja þessi lönd."

Meginástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu, virðulegi forseti, er sú að það varð niðurstaða á síðasta fundi ráðsins að þessar þjóðir legðu kannski enn þá meiri áherslu á að kynna menningu og ýmsa samfélagsþætti annarra landa heldur en þeirra sem næst þeim standa, þ.e. þessi þrjú lönd, og í skólum þessara landa sé lögð á það meiri áhersla að kynna aðrar þjóðir en þær sem þær eiga í raun meira sameiginlegt með en öðrum þjóðum.

„4. Að vestnorrænu löndin meti möguleika á samningum þeirra á milli um gjaldalausar landanir svo að fiskiskip geti óheft selt afla sinn í löndunum þremur."

Þessi tillaga þarfnast nokkurra skýringa. Hér á Alþingi hefur legið í salti nokkuð lengi frv. til laga um breytingar á lögum um heimildir fyrir erlend skip til þess að landa fiski í íslenskum höfnum. Gegn þessari tillögu hefur mjög verið þráast og því hefur farið svo að grænlensk og færeysk skip hafa ekki haft frjálsan rétt til þess að landa fiski hér á landi. Tel ég það mjög miður og að á því þurfi að verða breyting og hvet því mjög til þess að það frv. sem nú liggur fyrir þinginu, og ég hygg að sé nú í sjútvn. hv. Nd., verði samþykkt áður en þing fer heim að þessu sinni.

„5. Að vestnorrænu löndin hefji þegar viðræður um hvernig unnt sé með sameiginlegum aðgerðum að takmarka selastofninn svo að aftur náist vistfræðilegt jafnvægi í sjónum."

Þessi tillaga þarfnast engrar skýringar.

„6. Að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja hugleiði möguleika á samræmingu á reglum um æskulýðsferðir á Vestur-Norðurlöndum, hugsanlega með „Nordrejsekortet" að fyrirmynd, og kanni einnig möguleika á að samræma þessar reglur reglunum um „Nordrejsekortet". Vísað er til ályktana nr. 2/86 og 3/87."

Ekki þarfnast þessi tillaga frekari skýringa.

„7. Að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja hefji viðræður um að fjarskiptahljóðvarp og sjónvarpsnet landanna verði bætt svo að allir búi við sömu aðstæður í fjarskiptum."

Þetta er mjög mikilvæg tillaga og væri æskilegt að hæstv. samgrh. skoðaði hana fljótlega og léti kanna hvaða möguleikar eru á samstarfi á þessum vettvangi.

Með tillögunni eru þrjú fylgiskjöl. Það eru yfirlýsingar frá Vestnorræna þingmannaráðinu sem einnig vega nokkuð þungt í afstöðu ráðsins til þeirra málaflokka sem yfirlýsingarnar fjalla um. Ég tel þó ekki ástæðu til þess að fara að lesa þær hér upp. Þær eru nokkuð langar og tef ég ekki tímann meira á því að fjalla um þetta mál.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnsýsla á miðhálendi Íslands.

Skýrsla umhvrh., 388. mál. — Þskj. 693.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli sem oft ber á góma í umræðum manna í millum, en það er hvernig haga skuli stjórnsýslu á hálendi Íslands, hver eigi hálendið, þ.e. það landsvæði sem telst til hálendis Íslands, og hvernig megi treysta löggæslu og eftirlit með mannaferðum á hálendinu og umsvifum mannsins þar og svo ekki hvað síst, hvernig sé hægt að vernda hina sérstæðu náttúru sem einkennir hálendi Íslands. Öll höfum við tekið þátt í að ræða þessi mál hvert á sínum vettvangi. Þessi mál hafa reyndar verið í umræðunni áratugum og jafnvel öldum saman.

Eitt af verkefnum umhvrn. er að sinna alhliða umhverfisvernd, þar með talin málefni umhverfisverndar á hálendinu. Því var það að fljótlega eftir að umhvrn. var tekið til starfa tókum við að velta því fyrir okkur hvort ekki væri hægt með einhverjum aðgerðum að koma á traustari yfirstjórn mála á hálendinu, hvernig væri hægt að tryggja verndun þeirrar sérkennilegu og sérstöku náttúru sem einkennir hálendið og hvernig væri hægt að hafa betra eftirlit með ferðum manna og umsvifum mannsins á hálendinu. Í samráði við ríkisstjórnina var ákveðið í októbermánuði sl. að skipa sérstaka nefnd til þess að undirbúa aðgerðir til að bæta stjórnsýslu á hálendinu og taka til þeirra atriða sem ég hef hér nefnt. Í þessa nefnd voru skipaðir fulltrúar samkvæmt tilnefningum þingflokka sem eru á Alþingi, samkvæmt tilnefningum tiltekinna ráðuneyta og svo Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndinni var falið að undirbúa tillögur um frv. til laga um stjórnsýslu á hálendi Íslands og verndun þess.

Þau atriði sem nefndinni var einkum ætlað að taka afstöðu til voru eftirfarandi: Hver eiga að vera mörk þess svæðis sem væntanleg lög taka til, með hvaða hætti á að ákveða þau mörk lögformlega, til hvaða stjórnsýsluþátta eiga lögin að taka, hvernig á að haga stjórnsýslu í einstökum atriðum, hvernig á að haga löggæslu- og eftirlitsstörfum á hálendinu og, eins og ég hef oft getið um, hvernig á að tryggja verndun þeirrar sérstæðu og einkennilegu náttúru sem einkennir hálendi Íslands? Með nefndinni störfuðu ótal fulltrúar og embættismenn þeirra ríkisstofnana sem hafa fjallað um hálendi Íslands, fulltrúar Landmælinga Íslands, Skipulags ríkisins og fleiri stofnana.

Þegar fjallað er um stjórnsýslu og löggjöf um hálendi Íslands koma upp fjölmörg vandamál. Í fylgiskjali með þessari skýrslu er greinargerð sem Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur samdi fyrir umhvrn. í tengslum við þetta mál. Þar er að finna mjög skemmtilegt yfirlit yfir hálendi Íslands, hvernig það í aldanna rás hefur öðlast viðurkenningu sem sérstakt hugtak í vitund almennings. Eins og Gunnar bendir á var hálendið hér áður fyrr ekki neitt sérstakt hugtak í vitund almennings né heldur ýmislegt sem við tengjum hálendinu í dag. Óbyggðir og hálendi og skyld orð voru einfaldlega ekki til í málinu. Hins vegar töluðu fornmenn um öræfi í merkingunni eyðiland, en það var eins og allir vita fyrst og fremst tengt landsvæðinu sunnan Vatnajökuls, samanber sérnafnið Öræfasveit.

Það eru ævafornar lögsögu- og stjórnsýsluheiðir sem eru ríkjandi um afnotarétt á hálendinu og hvernig dómgæslu var hagað þar. Þó voru þau mál ekki í neinum sérstökum farvegi enda var náttúrlega um það að ræða að til forna var að sjálfsögðu mjög sérkennilegt stjórnsýslukerfi og er kannski ekki hægt að bera það saman við það stjórnsýslukerfi sem við búum við nú. Eins gerðu menn sér litla grein fyrir því fyrr en á allra síðustu áratugum hvernig ætti að skilgreina og afmarka hálendi Íslands. Það er þó athyglisvert að vitna til Þorvaldar Thoroddsen sem í riti sínu um lýsingu Íslands fjallar um hálendi Íslands, en þar leggur hann til þá skilgreiningu að aðalhálendi Íslands afmarkist við þá hæðarlínu sem er 2000 fet.

Um eignarhald á hálendinu eru mjög skiptar skoðanir. Það var því strax í upphafi nefndarstarfa tekin sú ákvörðun að þessi nefnd mundi ekkert fjalla um eignarhald á hálendi né hverjir telja sig eiga rétt á afnotum á því landi sem þar er, heldur skyldi fyrst og fremst hugað að því með hvaða hætti væri hægt að koma á einhverju kerfi í stjórnsýslu fyrir hálendið. Nefndin varð um það sammála að þetta væri mjög viðkvæmt og flókið mál og bæri því að fara afar varlega í að taka afgerandi ákvarðanir um hálendi Íslands heldur taka stutt og lítil skref í einu og reyna að nálgast niðurstöðu í málinu sem byggði á breiðu samkomulagi allra þeirra aðila sem telja sig þetta mikilvæga mál varða.

Í fyrsta lagi var fjallað um það af hálfu nefndarinnar hvert skyldi verða umfang löggjafar sem rétt þætti að setja um hálendi Íslands. Í þessari skýrslu er lagt til að fyrsta skrefið í þá átt að setja heildstæða löggjöf um hálendið sé að koma einhverju lagi á það sem nefnt er byggingar- og skipulagsmál á hálendinu. Það er mat nefndarinnar að það sé kannski það verkefni og það viðfangsefni sem sé hvað brýnast að finna skynsamlega lausn á vegna þess að seinni árin hefur það farið ört vaxandi að verið er að reisa ýmis mannvirki á hálendinu. Er þar t.d. um að ræða miklar virkjunarframkvæmdir, lagningu háspennulína, svo og vegaframkvæmdir og síðan fer það mjög í vöxt að félagasamtök séu að reisa alls konar byggingar vegna starfsemi sinnar, fjallaskála bæði ferðafélaga og björgunarsveita sem hafa risið á víð og dreif um hálendið.

Sú hugmynd kom upp hjá þeim aðilum sem hafa fjallað um þetta, m.a. hjá Skipulagi ríkisins, að ein leið til þess að sinna byggingar- og skipulagsmálum á hálendinu gæti falist í því að framlengja mörk allra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu þannig að landinu öllu yrði þar með skipt í sveitarfélög. Töluverð vinna hefur verið lögð í að kanna þessa leið en hún sýnist mjög vandfarin vegna þess að þá gæti komið upp sú staða að sum lítil sveitarfélög gætu haft skika sem væri orðinn allt að 200 km langur inn á hálendið og þyrftu þau þá að sinna stjórnsýslustörfum, t.d. sem tækju til byggingar- og skipulagsmála, í órafjarlægð frá þeirri miðstöð sem stýrir slíkum málum í sveitarfélaginu. Þar sem oft væri um að ræða mjög lítil og fámenn sveitarfélög mundi það eflaust reynast þeim algerlega ofviða að sinna því svo að viðunandi væri. Þess vegna er komin fram sú hugmynd sem hér er lýst, að afmarka hálendi Íslands sem sérstakt stjórnsýslusvæði. Það mætti þá hugsa sér að inni á þessu afmarkaða svæði giltu sérstök stjórnsýslulög um byggingar og skipulagsmál, sem er lagt til að verði fyrsta skrefið í þá veru að koma á heildarlöggjöf um hálendið. Þeirri hugmynd er síðan hreyft að sérstök stjórnskipuð nefnd fari með byggingar- og skipulagsmálefni þessa afmarkaða svæðis.

Tillaga nefndarinnar um afmörkun hálendis Íslands er á öftustu síðu skýrslunnar. Þar er lögð fram hugmynd að línu sem afmarki miðhálendi Íslands eins og það er kallað í skýrslunni. Það kann að vera að mönnum sýnist sitt hvað um þessar hugmyndir en þetta eru hugmyndir sem nefndin telur að séu raunhæfar og skynsamlegar. Ég vek sérstaklega athygli á því að ýmsir hálendisstaðir, m.a. á Vestfjörðum og Snæfellsnesi, eru ekki teknir með, en hér ráða að sjálfsögðu hagkvæmnissjónarmið. Ég held að það yrði erfitt að taka tillit til fleiri landsvæða sem væru þar með langt hvert frá öðru, enda kannski auðveldara um vik að sinna stjórnsýslu á þessum tveimur umræddu stöðum, þ.e. á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Ef samkomulag yrði um að þessi leið yrði farin yrði þessi markalína að sjálfsögðu að vera skilgreind í lögunum. Það þyrfti að hnitsetja hana þannig að það væri alveg ákveðið, skýrt og greinilegt, hvar þessi mörk væru.

Ég vil undirstrika að hér er aðeins um fyrstu hugmyndir að ræða og því er þessi skýrsla lögð fyrir Alþingi til að fá viðbrögð við þessum hugmyndum. En að sjálfsögðu munum við halda þessari vinnu áfram. Gert er ráð fyrir því að á Alþingi, þegar það kemur saman að nýju eftir kosningar í vor, verði eins fljótt og auðið er reynt að leggja fram frv. til laga um fyrirkomulag stjórnsýslu á hálendinu að því er tekur til byggingar- og skipulagsmála.

Það má benda á að ýmsir hafa hreyft þeirri hugmynd að gera allt hálendi Íslands að friðlýstum þjóðgarði. Það er í sjálfu sér mjög athyglisverð hugmynd, en þar er um að ræða mjög viðamikið og flókið verkefni þar sem að sjálfsögðu þarf að fjalla um eignarhald, afnotarétt og margt fleira sem auðvitað þyrfti að undirbúa mjög vel áður en niðurstaða mundi fást í slíku máli. Því þótti okkur rétt að staldra hér aðeins við, leggja fram þessa litlu skýrslu og fá kannski einhver viðbrögð Alþingis við henni áður en lengra er haldið. Ég tel að á næstu árum þurfi að halda þessari vinnu áfram og með einhverju móti komast að niðurstöðu um það hvernig megi standa vörð um hálendi Íslands, þessa sérkennilegu náttúru sem þar er, og hvernig megi með löggjöf tryggja að löggæslu- og eftirlitsstörfum verði hagað á hálendinu svo að viðunandi sé.

Sigrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega þakka þessa skýrslu umhvrh. um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands og þá vinnu sem liggur að baki henni.

Ég verð nú samt að segja að ég hefði gjarnan viljað sjá slíka skýrslu komna út fyrir löngu síðan, a.m.k. fyrir 10 árum ef ekki 20. Þá hefði e.t.v. verið hægt að koma í veg fyrir öll þau spjöll sem unnin hafa verið á þessum verðmæta hluta landsins. Það er enn þá allt of ríkt í okkur að líta á þetta sem verðlaust land. En þarna hafa verið unnin mikil spjöll auk allrar þeirrar mannvirkjagerðar sem þar hefur átt sér stað, oft því miður án nægilegrar aðgæslu og stjórnunar.

Á hálendinu hafa orðið miklar breytingar. Það þekki ég vel úr eigin starfi. Fyrir 15 árum síðan, þegar fólk fór að koma til landsins á miklum torfærubílum, urðu umskipti í umgengni, eða akstri öllu heldur, á landinu og hrikaleg sár sem ýmsir stórir og kraftmiklar bílar hafa skilið eftir á hálendi Íslands. Þarna er land, og þá sérstaklega lífríki, mjög viðkvæmt, stutt sumar og stuttur vaxtartími gróðurs og landið því viðkvæmt.

Önnur veruleg breyting hefur orðið og það er miklu styttra síðan hún varð, þ.e. þegar farið var að flytja hús inn á hálendið eins og hæstv. ráðherra minntist á. Kunnugir menn telja að núna séu á hálendi landsins um 500 kofar og hús og flest því miður án nokkurs leyfis og án skipulags. Ástæða þessa alls er auðvitað sú að ráðuneytin íslensku voru eiginlega eins og forfeður okkar og mæður sem komu til landsins á sínum tíma. Við vitum að karlar fóru eldi um land og konur með kvígur, en það var enginn sem fór með eldi eða fór með kvígur um þessar auðnir og land sem fólk taldi að væri einskis virði af því að það var ekki til neinna nota til landbúnaðar, ekki nema þá til beitar og það var

reyndar mun seinna. Hins vegar gerum við okkur nú grein fyrir því hversu verðmætt þetta land okkar er. Það er verðmætt einmitt vegna þeirrar sérstöðu sem þarna er og það er ekki aðeins verðmætt í formi peninga sem erlendir ferðamenn skilja hérna eftir heldur er það líka verðmætt fyrir okkur sjálf til lífsfyllingar. Því það er söguleg staðreynd að fólk hefur þörf fyrir náttúrlegt umhverfi. Ég ætla ekki að gera það þó svo að ég gæti það ágætlega, haldið hér langan fyrirlestur um það hvernig hægt er að rekja sig í gegnum söguna og sjá að í kjölfar iðnbyltingar á sínum tíma og borgarmyndunar, þá kom upp mjög sterk barátta fólks fyrir því að fá tækifæri til að fara um land og njóta landsins. Í lagamáli er réttur fólks til þessa venjulega kallaður almannaréttur og því miður er almannaréttur fólks mun minni hér heldur en hann er víða erlendis.

Vegna þessara orða um almannarétt, þá kannski vakti það nokkra furðu þegar ég leit yfir þann lista fólks sem hafði verið í nefndinni sem samdi skýrsluna sem hér er til umræðu að þar er ekki fulltrúi Náttúruverndarráðs, enda þótt hlutverk nefndarinnar hafi verið að tryggja verndun þeirrar sérkennilegu og einstæðu náttúru sem einkennir hálendi Íslands, en til skamms tíma hefur það kannski helst verið Náttúruverndarráð sem hefur reynt að sinna málefnum hálendisins án þess þó að hafa nægilega sterka lagastoð fyrir því vegna þess, eins og ég nefndi áðan, að það var eiginlega eins og það væri ekkert ráðuneyti sem vildi skipta sér af þessum málum fyrr en umhverfisráðuneytið var stofnað og það er sannarlega vel að þetta skyldi verða eitt af fyrstu málum sem umhverfisráðuneytið vildi taka að sér og tók að sér.

Ég tek mjög undir það, eins og ljóst má vera af orðum mínum, að það er mjög brýnt að lögbinda stjórnsýslu á hálendi Íslands og ég er mjög sammála því og mjög sátt við þá niðurstöðu sem hér er að horft sé á hálendið sem eina heild. Ég vissi um þá vinnu sem hafði verið unnin af Skipulagi ríkisins, sem hæstv. ráðherra minntist á, þar sem var farið að leggja drög að því að skipta hálendinu upp á milli sveitarfélaga, þeirra 50 sveitarfélaga sem land eiga að miðhálendinu. Ég er mjög fegin að sú stefna skyldi ekki verða ofan á, bæði vegna þess að auðvitað yrði það erfitt fyrir þessi litlu sveitarfélög að vinna nægilega vel að þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að vinna hvert á sínu svæði, eins vegna þess að hætt er við að þá yrðu reglur og sú vinna sem framkvæmd yrði mjög mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars, gengi út frá allt öðrum forsendum í einu sveitarfélaginu en öðru. Ég vil líka leggja áherslu á það að miðhálendið er allri þjóðinni dýrmætt, ekki síður höfuðborgarsvæðinu heldur en þeim sveitarfélögum sem eiga land að miðhálendinu. Þess vegna verður að gæta þess að öll þjóðin hafi sama rétt til þess að njóta hálendisins og auðvitað á þá öll þjóðin líka að hafa skyldum að gegna í varðveislu þess. Því er eðlilegt að líta á þetta sem eina heild og um þetta gildi sérstök lög, það verði ekki einstök sveitarfélög sem þarna skipti landinu á milli sín.

Þess vegna lýsi ég aftur yfir að það er ánægjulegt að sjá að þarna hefur verið reynt að draga línu sem gerir tilraun til að afmarka miðhálendið. Þetta hefur löngum verið mikið deilumál. Auðvitað er kortið sem fylgir þessari skýrslu of smátt til þess að hægt sé að meta nákvæmlega um mörkin, en þetta lítur allt ágætlega út svona í þessum mælikvarða a.m.k. Ég tel það mjög eðlilegt að miða við heimalönd eins og þarna var gert.

Í framhaldi af því að þessi lína hefur verið dregin er minnst á það í skýrslunni að línan verði auglýst og að það verði nefnd sem Hæstiréttur tilnefnir sem fer yfir athugasemdir sem gerðar verða við þessa línu. Ég vil koma þeirri athugasemd á framfæri eða þeim tilmælum að þegar farið verður yfir þær athugasemdir þá verði ekki aðeins horft á peningalegan landnýtingarrétt heldur einnig hinn gleðigefandi almannarétt fólks, þegar lagt er mat á þær athugasemdir sem fram koma.

Ég tel einnig að það hafi verið hyggilegt og rétt að byrja á skipulags- og byggingarmálum, en ég vil þó leggja áherslu á að þar verði ekki staðar numið og fagna því að hæstv. ráðherra lýsti því hér yfir að áfram verði haldið á þessari braut. Ég veit mætavel að það er ekki hægt að friðlýsa miðhálendið sem þjóðgarð, hvorki samkvæmt íslenskum lögum né alþjóðalögum, reglum IUCN um þjóðgarða, fyrst og fremst vegna þess að landið er ekki í ríkiseign. Hins vegar legg ég aftur á það áherslu að þarna verði haldið áfram. Það má benda á að þó það sé ekki hægt að friðlýsa sem þjóðgarð, þá má hugsa sér að svæðið verði verndað og friðlýst á einhvern hátt sem eitthvað annað. Á síðasta náttúruverndarþingi var samþykkt tillaga um að miðhálendið yrði friðlýst sem óbyggt víðerni. Þannig gæti það orðið komandi kynslóðum, bæði innlendum og erlendum, til lífsfyllingar.

Og vegna þeirrar utandagskrárumræðu sem varð hér áðan, þá er kannski við hæfi að nefna að svæði eins og miðhálendið okkar er fólki til lífsfyllingar, og ekki aðeins hinu heilbrigða fólki, heldur þekki ég vel til þess að sums staðar erlendis er sérstaklega farið með afbrotamenn inn á óbyggð svæði þeim til geðhjálpar.

Þarna eigum við mjög verðmætt land sem er verðmætt vegna sérstöðu, vegna þess hvað það eru fáir sem eiga sambærilegt land og vegna þess að land sem okkar miðhálendi er ekki síður nauðsynlegt heldur en ýmiss konar annað land og önnur náttúruauðæfi sem við tölum oftar um að þurfi að vernda.

Áhættulánasjóðir og tæknigarðar, fyrri umr.

Þáltill. GuttE, 367. mál. — Þskj. 644.

Flm. (Guttormur Einarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 644, sem er 367. mál þingsins. Þáltill. fjallar um áhættulánasjóð og tæknigarða. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót sérstakri sjálfseignarstofnun, Áhættulánasjóði Íslands, til að kosta undirbúning og koma af stað framleiðslu samkvæmt arðvænlegum hugmyndum einstaklinga. Sjóðurinn starfræki almenna tæknigarða þar sem veitt

er aðstoð við smíði á frumeintökum og þróun þeirra."

Þetta mál var flutt á 110. löggjafarþingi af sjö þingmönnum Borgfl. en hlaut þá ekki afgreiðslu. Síðan þá hefur þörfin fyrir áhættulánasjóð og almenna tæknigarða aukist svo að til vandræða horfir og því er málið endurflutt. Öll meginatriði upphaflegrar greinargerðar eru í fullu gildi og verður því stuðst við þau.

Virðulegi forseti. Ég vel mér það hlutskipti að láta greinargerðina tala sínu máli, en ég vil aftur á móti fjalla um ytri skilyrði þess að hér á landi starfi sérstakur áhættulánasjóður og í tengslum við tæknigarða.

Það er nú svo að á undanförnum árum hafa allar þjóðir hér í nágrenni okkar kostað kapps um að efla alls konar nýsköpun í atvinnuvegum sínum og lagt til þess fjármuni að það mætti skila árangri. Dæmi sem kemur fram í greinargerðinni bendir á að það er álit manna í Danmörku að tæknigarðurinn „Opfinderkontoret" þar hafi gefið danska ríkinu á sjö til átta árum jafnvirði 74-faldrar þeirrar upphæðar sem var lagt í þá stofnun í upphafi. Hér um ræðir fyrst og fremst að kanna það sem í boði er af nýjum hugmyndum, meta verðgildi þeirra, smíða frumhugmyndirnar, kanna markaðsmöguleika, koma þeim á framfæri, útvega áhættulánafjármagn til að svo megi verða og sjá til þess að þetta skili ríkulegum tekjum, bæði höfundi hugmyndarinnar en ekki síður að áhættulánasjóðurinn fái hæfilega þóknun fyrir veitta fjárhagsaðstoð.

Við vitum það samkvæmt upplýsingum sem hér liggja fyrir að á umliðnum árum hafa erlendar þjóðir sótt í æ ríkara mæli til þess að skrá einkaleyfi á Íslandi, talið þörf á því að tryggja réttarstöðu sína hér með því að leita eftir skráningum á einkaleyfum. Síðastliðin 11 ár hafa verið skráð hvorki meira né minna en 411 einkaleyfi á Íslandi í eigu erlendra ríkja. Á sama tíma hafa verið skráð 12 íslensk einkaleyfi. Þó þetta sé nokkuð sérhæft mál, þá segir það engu að síður sína sögu. Af því má telja víst að á 11 ára tímabili hefur verið talin ástæða til að hér væru skráð 430 einkaleyfi, markaður íslenskra aðstæðna teldi þörf á því, en um leið og það gerist eiga Íslendingar ekki nema 12 einkaleyfi, þ.e. af umsóknum sem lagðar voru inn á þessum tíma náðu aðeins 5% skráningu í eigu Íslendinga á meðan 46% af einkaleyfisumsóknum í eigu erlendra aðila náðu hér skráningu.

Því geri ég þetta að umtalsefni að hér er bent á ýmsar veigamiklar staðreyndir sem gefa til kynna að allur aðbúnaður að nýsköpun í atvinnulífi á Íslandi hefur verið mun lakari heldur en tíðkast með okkar nágrannaþjóðum. Það ber að vísu að hafa í huga að þegar sótt er um einkaleyfi hér á landi erlendis frá hafa þær hugmyndir hlotið sína eldskírn og náð skráningu erlendis og fyrir þær sakir fyrst og fremst eru þær að mögu leyti mun betur búnar til þess að hljóta slík réttindi hér. En hitt er ekki fyrir að synja að 240 hugmyndir að einkaleyfum komu til skráningar á Íslandi, en aðeins 12 náðu fram að ganga.

Hér er brotalöm í okkar þjóðríki þegar um ræðir að koma á framfæri nýjungum sem þjóðina geta varðað miklu þegar hún hugar að framtíð sinni í atvinnumálum. Ef ekki má bregða skjótlega við og bæta úr í þessum efnum, þá horfir til stórvandræða því að hinar föstu grundvallartekjulindir þjóðarinnar eru senn fullnýttar og við horfum fram á það að með þeim fáum við tæpast lengur haldið uppi þeim lífsverðmætum sem við höfum tamið okkur á undanförnum árum. Þess vegna er brýn nauðsyn til þess að renna fleiri stoðum undir atvinnulíf, þá helst í framleiðslugreinum með útflutning að sjónarmiði og þar þýðir ekki að fást um hluti nema hafa tryggt sér einkarétt. Þannig segir í greinargerð um áhættulánasjóð og tæknigarða að þar verði faglega að málum staðið, hugmyndir metnar, þeim verði hjálpað áfram með ýmsum úrlausnum eða úrbótum og þær gerðar svo úr garði að af þeim leiði fullkomlega samkeppnishæfan varning til verðmætrar útflutningsframleiðslu um alla framtíð.

Málum hvað snertir fjármagn og lánsfjármagn á Íslandi er þannig háttað að hér er í nær öllum tilfellum farið fram á fasteignaveð þegar veita á fjármagn í framkvæmdir. Það hefur sýnt sig á umliðnum árum að það eitt kemur stórlega í veg fyrir að tiltölulega lítt efnaðir einstaklingar eigi þess nokkurn kost að ryðja málum sínum braut eða kosta fremur dýrt þróunarstarf borið saman við öflugri fyrirtæki í íslenskum iðnaði. Engu að síður eru hugmyndir einstaklinga sem vilja ryðja sínum málum braut alveg jafnkostaríkar og þær sem öflugri fyrirtæki hafa fram að færa.

Það er einu sinni svo að í þessu ágæta landi okkar vilja býsna margir vera sínir eigin konungar og fylgja sínum hugmyndum og málum eftir. Er ekki nema gott eitt um það að segja svo fremi sem þeir ráða við þau verkefni, steypi sér ekki í glötun með skuldsetningu og vandræðum sem komast hálfa leið með hugmynd og ekki lengra.

Virðulegi forseti. Ég gæti haft langt mál um þessa þáltill. en ætla að láta mér nægja að vísa enn og aftur til greinargerðar sem henni fylgir og gera að tillögu minni að hún hljóti afgreiðslu og henni verði vísað til hv. allshn. (**Forseti:** Forseti vill benda hv. þm. á að e.t.v. væri eðlilegra að málið færi til hv. atvmn. En um það má eflaust deila. Ég vildi því spyrja hv. flm. hvort hann leggur áherslu á að málið fari í allshn. Það er ekki fjarri lagi, alls ekki.)

Virðulegi forseti. Áður en ég kom hér og ræddi þetta mál leitaði ég álits virðulegs forseta Nd. og það var hans skoðun að þetta mál skyldi, þó að um væri deilanlegt, að það væri ekki síður skynsamlegt að vísa því til allshn. (**Forseti:** Forseti sættir sig algjörlega við það svar.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rækjumjölsverksmiðja á Ísafirði, fyrri umr.

Þáltill. GuttE, 368. mál. — Þskj. 645.

Flm. (Guttormur Einarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 645, 368. máli þessa þings, till. til þál. um aðstoð við

að reisa rækjumjölsverksmiðju á Ísafirði. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega rækjuvinnslustöðvum á Ísafirði og í nærliggjandi byggðum fjármagn til að reisa rækjumjölsverksmiðju á Ísafirði."

Í greinargerð kemur skýrt fram að þessar rækjuvinnslustöðvar hafa nú um nokkurt skeið lagt drög að því að byggja verksmiðju á Ísafirði sem vinnur úr tilfallandi úrgangi frá rækjuvinnslustöðvum. Það kemur einnig fram í greinargerðinni að talið er að sá úrgangur, sem um ræðir og ætlunin er að vinna úr á þessu vinnslusvæði, mun teljast vera um það bil 1200 tonn mjöls, þ.e. unnið er úr 4000 tonnum af úrgangi en það leiðir til 1200 tonna af mjöli sem metin eru vægt 30–34 millj. kr. virði á ársgrundvelli.

Það er rétt að það komi fram í þessari umræðu að verksmiðjusvæði fyrir slíkar mjölverksmiðjur eru talin hyggileg þrjú hér á landi. Það er í fyrsta lagi svæði fyrir Norðurland þar sem draga má saman nægilegan úrgang til að reka eina slíka verksmiðju. Þá er eðli máls samkvæmt ekki úr vegi að reisa slíka verksmiðju við Ísafjarðardjúp, sem og hér er nú lagt til að aðstoðað verði við. Í þriðja lagi er sýnilegt að tilfallandi hráefni úrgangs fyrir Vesturlandi og allt suður fyrir Reykjanes er nægilega mikið til þess að þar megi einnig starfrækja slíka verksmiðju.

Þetta mál er þríþætt í eðli sínu. Í fyrsta lagi er hér um það að ræða að nýta úrgang frá fiskvinnslufyrirtækjum sem ella fer forgörðum, úrgang sem í öðru lagi veldur umtalsverðri mengun þar sem honum er hleypt í sjó fram eða honum á annan hátt er kastað og í þriðja lagi að skapa hér verðmætar afurðir sem margir telja nú ljóst að muni stórfellt aukast að verðmætum á allra næstu árum.

Það sem gerir rækjumjöl hvað verðmætast er hið sérkennilega litarefni rækjuskeljarinnar, svonefnt astaxanthin. Það er hreinunnið sagt vera meira virði heldur en gull miðað við vigt.

Fram að þessum tíma hafa fóðurframleiðendur komist upp á lag með að nota gervilitarefni, svokallað kontaxanthin, þegar þeir gera fóðurblöndur fyrir fiskeldi eða aðrar þær dýrategundir sem æskilegt er að litarefni berist til. Hins vegar eru heilbrigðis- og náttúruverndarsjónarmið sem óðast að koma hlutum þannig í kring í dag að það er óljóst hvenær til þess kemur að það verði jafnvel bannað að nota þetta gervilitarefni því að það þykir orka tvímælis að gefa það í fóðri dýrum sem síðar fara til manneldis, svo sem laxfiskum og öðrum slíkum dýrategundum, því að ekki er fyrir séð um með hvaða hætti þessi litarefni safnast upp í mannslíkamanum sem aðskotahlutir. Öðru máli gegnir um þetta náttúrlega astaxanthin sem er að finna í rækjuskel.

Það blasa við nýjar vinnsluaðferðir við að verka rækju. Á sama hátt eru einnig í uppsiglingu nýjar vinnsluaðferðir til að vinna rækjumjöl. Báðir þessir þættir styðja stórlega að því að auka verðmæti mjölsins, auka innihald þessa dýra litarefnis í mjölinu og þar með erum við komin á fulla ferð við að framleiða verðmæta útflutningsafurð úr úrgangi sem ella er fleygt og veldur mengun.

Það er hins vegar deginum ljósara eins og staða mála hefur verið í rekstri rækjuvinnslustöðva hér á landi nú síðustu missirin að ekki er fyrirsjáanlegt að hrint verði í framkvæmd þeim góða ásetningi sem rækjuvinnslustöðvar við Ísafjarðardjúp hafa einsett sér: að reisa slíka mjölverksmiðju þar. Þar sem það er engu að síður talið brýnt að málið verði leyst er hyggilegt að leggja það fyrir hæstv. ríkisstjórn með þessum hætti, leysa aðsteðjandi vanda, koma málinu á rekspöl, fá verksmiðjuna reista og starfrækslu hennar komið af stað. Því það má telja nokkuð víst að mjög álitlegur rekstrargrundvöllur verði undir þessari verksmiðju strax frá byrjun. Og ekki er fram hjá því að horfa að til mikils er að vinna að koma í veg fyrir mengunaráhrifin og við slíka aðstoð er eðlilegt að ríkisstjórnin meti þær mengunarvarnaraðgerðir til nokkurs fjár sem þarna er verið að hrinda í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Að svo búnu mælist ég til að þetta mál verði afgreitt úr hv. sameinuðu þingi og því vísað til hv. atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Afdrif skýrslu Byggðastofnunar um Vestfirði (380. mál) 3804.
Áhættulánasjóðir og tæknigarðar (367. mál) 3850.
Ákvörðun dauða (121. mál) 3751, 3755.
Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990 (376. mál) 3843.
Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda (303. mál) 3746, 3770.
Brottnám líffæra og krufningar (120. mál) 3750, 3755.
Búfjárhald (199. mál, heildarlög) 3718, 3770.
Drauganet (361. mál) 3802.
Drengskaparheit unnið 3638.
Endurgreiðsla á gjaldi af erlendum lántökum (80. mál) 3668.
Félagsþjónusta sveitarfélaga (326. mál) 3636.
Flutningur Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands (152. mál) 3713, 3770.
Gjaldþrotaskipti (97. mál, heildarlög) 3636.
Heilbrigðiseftirlitsgjald (316. mál) 3786.
Heildarkostnaður Blönduvirkjunar (352. mál) 3796.
Heimilisiðnaðarráðgjafar (88. mál) 3810.
Héraðsskógar (236. mál) 3716, 3770.
Húsnæðisstofnun ríkisins (385. mál, húsnæðismálastjórn, umdæmisstjórnir o.fl.) 3758.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (69. mál) 3747, 3755.
Kosningar til Alþingis (338. mál, kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.) 3636, 3773.
Kosningar til Alþingis (358. mál, kjördagur) 3636.
Kostnaðaráætlun Fljótsdalsvirkjunar (353. mál) 3798.
Kynning á vörum frá vernduðum vinnustöðum (70. mál) 3638.
Leikskóli (340. mál) 3719, 3770.
Listamannalaun (139. mál, heildarlög) 3774.
Læknisþjónusta á landsbyggðinni (23. mál) 3639.
Löggjöf og eftirlit með vopnasölu (299. mál) 3659, 3809.
Málefni aldraðra (227. mál, hlutverk Framkvæmdasjóðs) 3709, 3770, 3808.
Meðferð opinberra mála (98. mál, heildarlög) 3751, 3755.
Meðferð opinberra mála (318. mál, yfirheyrslur yfir börnum) 3781.
Norræna ráðherranefndin 1990–1991 (355. mál) 3825.
Norrænt samstarf (341. mál) 3819.
Raðsmíðaskip (302. mál) 3782.
Rannsókn kjörbréfs 3637.
Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum (370. mál) 3670, 3747.
Ríkisreikningur 1989 (347. mál) 3792.
Rækjumjölsverksmiðja á Ísafirði (368. mál) 3852.
Staða samningaviðræðna EFTA og EB og aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (360. mál) 3638.
Stjórnarskipunarlög (312. mál, deildaskipting Alþingis o.fl.) 3633.
Stjórnsýsla á miðhálendi Íslands (388. mál) 3845.
Stytting vinnutíma (315. mál) 3664, 3809.
Stöðlun (305. mál) 3636.
Um atkvæðagreiðslur 3808.
Um þingsköp 3670 (frv. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum).
Umræður utan dagskrár 3811 (málefni geðsjúkra afbrotamanna).
Varamaður tekur þingsæti 3635, 3769.
Varnir gegn mengun sjávar (339. mál) 3756.
Vaxtamál (359. mál) 3638.
Vestnorræna þingmannaráðið 1990 (374. mál) 3838.
Vetnisframleiðsla (354. mál) 3800.
Viðlagatrygging Íslands (346. mál) 3789.
Vísinda- og tæknistefna (334. mál) 3640.
Öryggi fjarskiptaþjónustu í Húnavatnssýslum (314. mál) 3784.

SAMEINAÐ ÞING

62. fundur, mánudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti neðri deildar hefur ritað mér bréf þar sem fram kemur að hv. þm. Sigrún Helgadóttir, 3. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, sem setið hefur á Alþingi í forföllum hv. 12. þm. Reykv., Þórhildar Þorleifsdóttur, geti ekki gegnt þingstörfum lengur og í áframhaldandi forföllum 1. og 2. varamanns og vegna veikinda 4. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjavík sé þess óskað að 5. varaþingmaður, Guðný Guðbjörnsdóttir dósent, taki nú sæti á Alþingi í fjarveru hv. 12. þm. Reykv., Þórhildar Þorleifsdóttur.

Samkvæmt þessum bréfum og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, 5. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjavík. Gert verður hlé á fundinum í fimm mínútur meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið fyrir eitt erindi, kjörbréf Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, sem hlaut kosningu sem 5. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, en hún taki sæti Þórhildar Þorleifsdóttur, 12. þm. Reykv.

1., 2. og 3. varamaður Kvennalistans hafa ekki tök á þingsetu nú og því kemur til að 5. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík taki sæti í stað Þórhildar Þorleifsdóttur.

Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Guðnýjar Guðbjörnsdóttur samþ. með 46 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Henni ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Guðný Guðbjörnsdóttir, 12. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hún er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hafa eftirfarandi bréf:

Forseti Nd. hefur skrifað mér á þessa leið:

„Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að varamaður minn, Kolbrún Jónsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þá hefur borist annað bréf:

„Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Björn Gíslason, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þá hefur borist hið þriðja bréf:

„Steingrímur Hermannsson forsrh. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég verð erlendis næstu daga í opinberum erindum leyfi ég mér að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þau Kolbrún Jónsdóttir, Björn Gíslason og Níels Árni Lund hafa öll tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð þau velkomin til starfa.

Heimilisiðnaðarráðgjafar, frh. síðari umr.

Þáltill. SnG o.fl., 88. mál. — Þskj. 91, n. 669, brtt. 670.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 670,1 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 670,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 38 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 713) með fyrirsögninni:
Þál. um eflingu heimilisiðnaðar.

Áhættulánasjóðir og tæknigarðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuttE, 367. mál. — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Rækjumjölsverksmiðja á Ísafirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuttE, 368. mál. — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til atvmn. með 42 shlj. atkv.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁrnG o.fl., 376. mál. — Þskj. 663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til utanrmn. með 43 shlj. atkv.

Framleiðsla vetnis, síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 134. mál. — Þskj. 139, n. 703.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. atvmn. vegna till. til þál. um framleiðslu vetnis. Í nál. segir, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk til viðræðna dr. Braga Árnason prófessor og Garðar Ingvarsson, forstöðumann markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar. Umsagnir um tillöguna bárust frá Áburðarverksmiðju ríkisins, dr. Braga Árnasyni, Iðntæknistofnun Íslands, markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar, Orkustofnun, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands.

Í máli þeirra sem komu á fund nefndarinnar kom fram að vinnsla vetnis væri mjög áhugaverður kostur fyrir Íslendinga og sjálfsagt væri að fylgjast vel með framþróun sem ætti sér stað á þessu sviði. Hins vegar væri ekki tímabært að hefja framleiðslu vetnis hér á landi þótt svo verði e.t.v. fyrir aldamót. Ýmis tæknivandamál, svo sem hvernig á að geyma vetni, þarf að yfirstíga áður en framleiðsla getur hafist fyrir alvöru. Þá er vetni tvöfalt dýrari orkugjafi en olía og því ekki samkeppnishæft. Unnið er að margvíslegum tilraunum með vetni sem orkugjafa, m.a. eiga Evrópubandalagið og Kanada í slíkri samvinnu. Er sjálfsagt að fylgjast vel með þeim rannsóknum og er þegar komið á samstarf við þýska aðila um vetnisrannsóknir. Háskóli Íslands vinnur að forathugunum á því hvort unnt er að nota háhita til þéttingar á vetni. Enn fremur má benda á að Evrópubandalagið telur rannsóknir á vetni til umhverfismála.

Nefndin telur ekki tímabært að Alþingi álykti um þessa ítarlegu tillögu um framleiðslu á vetni en tekur undir þau meginsjónarmið sem þar koma fram og ítrekar nauðsyn þess að Íslendingar fylgist með og taki þátt í rannsóknum á vetni. Í trausti þess að svo verði gert leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Matthías Á. Mathiesen og Hreggviður Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, en undir nál. rita hv. þm. Árni Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Geir H. Haarde og Geir Gunnarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. í nál. 703 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

Alþjóðaþingmannasambandið.

Skýrsla Íslandsdeildar, 165. mál. — Þskj. 178.

Geir H. Haarde:
Virðulegi forseti. Ég stend hér upp til þess að gera grein fyrir skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sem útbýtt hefur verið hér fyrr á þessu þingi sem 165. máli á þskj. 178. Þess má einnig geta að frá því að málefni Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins voru rædd á síðasta þingi hefur verið útbýtt annarri skýrslu sem kom hér fram sem 567. mál á síðasta þingi eftir að umræður fóru fram um fyrri skýrslu deildarinnar á því þingi.

Ég vil áður en ég vík að efni skýrslunnar sjálfrar rétt vekja athygli á því að Alþingi samþykkti á síðasta vori með þál. sérstakar starfsreglur fyrir Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins sem gefnar hafa verið út sérstaklega í bæklingi, sem þingmönnum á að vera tiltækur, ásamt með lögum sambandsins og almennum

reglum um alþjóðanefndir á vegum Alþingis sem forsetar þingsins gáfu út á síðasta vori. Starfsreglur Íslandsdeildarinnar hafa að sjálfsögðu þegar komið til framkvæmda nema hvað varðar bráðabirgðaákvæði sem missir gildi sitt frá og með næstu kosningum. Frá og með næsta kjörtímabili mun því starfað í einu og öllu skv. þessum nýju reglum og fimm manna stjórn tilnefnd af þingflokkum í samræmi við þingstyrk.

Ég vil þá í stuttu máli, virðulegi forseti, gera grein fyrir helstu efnisatriðum þeirrar skýrslu sem hér hefur verið sett á dagskrá, en jafnframt í leiðinni vekja máls á nokkrum atriðum sem fram komu í þeirri skýrslu sem var lögð fram á síðasta vori og fjallaði um 83. þing sambandsins sem haldið var í Nikosíu á Kýpur 2.–7. apríl sl. Meginefni skýrslunnar sem nú er á dagskrá hins vegar er 84. þing sambandsins sem haldið var í Punta del Este í Uruguay 15.–20. okt. sl.

Það hefur komið fram í þessum skýrslum áður og hér í þingsölum hvernig starfsemi þessa sambands er háttað og ástæðulaust að fjölyrða um það. Eins og kunnugt er, þá heldur Alþjóðaþingmannasambandið tvö meginþing á ári og á síðasta ári var fyrra þinghaldið á Kýpur og hið síðara í Uruguay. Jafnan eru tekin fyrir tvö megindagskrármálefni á hvoru þinginu fyrir sig sem ákveðin eru fyrir fram, en síðan eitt til tvö viðbótarumræðuefni og þá venjulega mál sem ofarlega eru á baugi í alþjóðamálum á þeim tíma sem þingið fer fram.

Á þinginu á Kýpur voru tvö meginumræðuefni eins og gert er ráð fyrir. Þar var annars vegar fjallað um fíkniefnamál og hvernig best væri að berjast gegn dreifingu þeirra á alþjóðlegum grundvelli. Framkvæmdastjóri þeirrar deildar Sameinuðu þjóðanna sem um þau mál fjallar var þar mættur og sat fyrir svörum um þau málefni. Þess má geta að forsætisráðherra Ítalíu, Andreotti, sem fór fyrir ítölsku sendinefndinni ávarpaði þingið sérstaklega út af þessu málefni.

Hitt meginumræðuefnið á þinginu var áhrif tækniþróunar á atvinnumál og starfsmenntun. En viðbótarumræðuefnið, eða hið sérstaka umræðuefni, á þessu þingi var málefni Miðjarðarhafslandanna, ekki síst málefni Miðausturlanda. Urðu um það efni miklar deilur og umræður, bæði í nefnd á vegum þingsins og eins við lokaafgreiðslu ályktunar. Án þess að fara nánar út í þá sálma vildi ég benda fólki, sem áhuga hefur á því að kynna sér hvað þar fór fram, á þskj. 567 frá síðasta þingi.

Eins og venjulega voru haldnir ýmsir fundir utan dagskrár auk hinna sérstöku funda í ráði sambandsins. Auðvitað gerðu menn svo sitt besta til þess að kynna sér ástand mála á þessari skiptu eyju, Kýpur, því þó svo að málefni þessarar eyjar hafi ekki verið jafnfyrirferðarmikil í heimsfréttum og þau voru hér á árum áður er ljóst að þarna er mjög alvarlegt óleyst vandamál fyrir hendi sem þarf að leysa með pólitískum og diplómatískum leiðum. Og reyndar hefur á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins og hóps hinna vestrænu ríkja innan þess verið lagt í mikla vinnu til þess að kortleggja þetta vandamál án þess að nokkur lausn sé endilega í sjónmáli þess vegna.

Ég vil svo að lokum vekja athygli á því að því er varðar þetta þing sambandsins að formenn norrænu sendinefndanna komu sérstaklega saman og sömdu bréf, sem afhent var fulltrúa Sovétríkjanna á þinginu, þar sem mótmælt var ráðagerðum Sovétmanna um að hefja tilraunir með kjarnorkuvopn á Novaja Semlja. Það mál kom síðan til umræðu á Alþingi stuttu síðar í framhaldi af fyrirspurn frá hv. þm. Eiði Guðnasyni.

Eins og kunnugt er, þá er það venja að norrænu deildirnar á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins hafi með sér náið samstarf og skiptist á um að veita því samstarfi forustu. Á þessu ári er það hlutverk Íslandsdeildarinnar að annast þau samskipti og bera ábyrgð á þeim til undirbúnings ýmsum málum, sem eru á dagskrá eða verða á dagskrá, og samræma afstöðu fyrir þingin o.s.frv. Í því sambandi má geta þess að formaður Íslandsdeildarinnar, sem hér stendur, sendi forseta sovésku deildarinnar mótmæli fyrir hönd allra Norðurlandadeildanna í janúar sl. vegna hinnar vopnuðu íhlutunar Sovétmanna í Litáen.

Að því er varðar störf síðasta þings sambandsins sem haldið var í októbermánuði sl. er rétt að láta þess getið að á því þingi voru eins og venjulega tvö meginumræðuefni. Annars vegar var fjallað um mikilvægi lestrarkunnáttu í tilefni af ári læsis hjá Sameinuðu þjóðunum og hið seinna umræðuefni var um afnám nýlendustefnu og samvinnu þróaðra ríkja og þróunarlanda. Þar var hins vegar einnig tekið fyrir, sem sérstakt umræðuefni, ástandið sem þá var upp komið í Kúvæt og samþykkt harðorð ályktun þar sem framferði Íraka í Kúvæt var harðlega fordæmt. Sú ályktun var að vísu ekki samþykkt samhljóða því að Írakar eiga aðild að þessum samtökum og þeir áttu sér nokkra stuðningsmenn en ekki marga. Og þannig vill til að það málefni er að sjálfsögðu mjög í brennidepli þessa dagana. Þess má geta til fróðleiks að Kúvæt átti um skeið aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu þó svo hafi ekki verið um nokkurra ára bil. Áður en innrás Íraka var gerð í landið hafði verið samþykkt þar af hálfu þess þings sem þar er starfandi að sækja um aðild á nýjan leik og átti eingöngu eftir að afgreiða formsatriði varðandi þá umsókn.

Nokkrar breytingar hafa orðið á samsetningu sambandsins. Á þinginu sem haldið var sl. haust var samþykkt aðild þriggja nýrra þjóðdeilda, frá Chile, Namibíu og Níger. Það þótti tímanna tákn og sérstakt fagnaðarefni að í Chile skuli nú komin lýðræðisleg ríkisstjórn og sama er að segja um Namibíu. En þingmannasambandið sendi fulltrúa á sínum vegum til þess að fylgjast með kosningum í báðum þessum löndum. Hins vegar var þjóðdeildinni í Afríkuríkinu Líberíu vikið úr sambandinu þar sem þar er ekkert þing starfandi lengur vegna borgarastyrjaldar sem þar hefur geisað. Er það vissulega harmsefni þar sem Líbería var eitt af níu ríkjum sem upphaflega stóðu að stofnun þessa sambands árið 1889. Loks fækkaði þjóðdeildunum um tvær af eðlilegum orsökum vegna sameiningar Þýskalands og sameiningar Yemens eða ríkjanna tveggja sem þar störfuðu áður og áttu sitt hvora þjóðdeildina í sambandinu.

Eins og venja er á þessum þingum, þá fóru þarna fram efnismiklar, almennar stjórnmálaumræður sem hófust með því að utanríkisráðherra Uruguay, Hector Gros Espiel, flutti ræðu og talaði m.a. um GATT-viðræðurnar, sem einmitt hófust í sama fundarsal í Uruguay 1986, en sem því miður er ekki lokið eins og þingmönnum mun vel kunnugt um. Utanríkisráðherra Möltu, sem jafnframt var forseti allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna á sl. hausti, ávarpaði einnig þingið og flutti þar langa og ítarlega ræðu.

Ég vil láta þess getið í framhaldi af mínum fyrri ummælum um starfsreglur Íslandsdeildarinnar að í skýrslu framkvæmdastjóra sambandsins, sem lögð var fram fyrir síðasta þing þess, er fjallað ítarlega um starfsemi einstakra deilda og vakin athygli á því sem nýtt kann að vera í starfi þeirra. Þar er, og er ástæða til þess að láta þess getið, oftar en einu sinni vikið sérstaklega að störfum Íslandsdeildar þingmannasambandsins og vakin athygli á því sem gert hefur verið á hennar vegum í skipulagsmálum, m.a. að því er varðar hinar nýju reglur og þá skýrslu sem nú er rædd á Alþingi í annað sinn og er nýmæli og fleira í þeim dúr sem greinilegt er að tekið hefur verið eftir af hálfu aðalskrifstofu sambandsins og varðar vinnubrögð og því um líkt á vegum Íslandsdeildarinnar. Í framhaldi af því er rétt að það komi fram að starfsmaður og ritari Íslandsdeildarinnar, Þorsteinn Magnússon, deildarstjóri í nefndadeild þingsins, sótti námskeið í Genf á sl. hausti þar sem gefinn var kostur á ýmsum fróðleik í tengslum við þessa starfsemi.

Ég hafði ekki í hyggju, virðulegi forseti, að flytja hér mjög langt mál, enda held ég að öll þau meginatriði sem þetta snerta liggi fyrir í skjölum þingsins, þó að það sé að vísu góð venja að fylgja þeim úr hlaði með stuttum inngangi. Varðandi framtíðina vil ég aðeins segja frá því að það er ráðgerður á vegum norrænu þjóðdeildanna sérstakur fundur í Stokkhólmi á þessu vori þar sem ætlunin er að bjóða þingmönnum frá Eystrasaltsríkjunum þremur sérstaklega til fundar um starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins. Sá fundur hefur þegar verið boðaður en mér er ekki kunnugt um hver viðbrögð hafa verið af hálfu þinganna þriggja í baltnesku löndunum. En ég vil taka það fram að það er ekki hugmyndin að það fundahald skarist við annað starf sem nú er á döfinni af hálfu Norðurlandaráðs eða einstakra norrænna þinga.

Á þessu ári verða haldin venju samkvæmt tvö þing á vegum sambandsins. Hið fyrra verður í Norður-Kóreu í apríl, en óvíst er um þátttöku af hálfu Alþingis vegna væntanlegra þingkosninga. Síðara þingið verður hins vegar haldið í Chile í október.

Hins vegar verður í júlí sérstök ráðstefna um málefni Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu á vegum sambandsins þar sem boðið er þingmönnum frá ríkjunum 35 sem aðild eiga að samkomulaginu sem kennt er við Helsinki. Til þessa fundar er boðað í byrjun júlí og er gengið út frá því af hálfu Íslandsdeildar sambandsins að Alþingi sendi þangað fulltrúa. Hins vegar er það auðvitað framtíðarákvörðunarefni, ekki síst ef stofnað verður til sérstakrar þingmannasamkundu á vegum RÖSE, hvort ástæða sé til að halda úti fleiri vettvöngum um það málefni. Verður að segjast eins og er að væntanlega væri það óþarfi ef til nýrrar þingmannasamkundu á vegum RÖSE verður stofnað eða það starf gert formlegra heldur en nú er á vettvangi þjóðþinganna, sem ég tel vissulega æskilegt.

Ég vil gjarnan láta þess getið einnig, virðulegi forseti, þannig að það liggi hér fyrir, að Íslandsdeildin tók á móti gestum á síðasta sumri sem hingað voru komnir alla leið frá Thailandi. Hingað kom sérstök þingmannasendinefnd frá thailenska þinginu. Voru þar á ferðinni þingmenn sem tengst hafa Alþjóðaþingmannasambandinu og m.a. einn stjórnarmanna þar sem fór fyrir sendinefndinni. Þessi hópur gekk á fund forseta þingsins m.a. og átti hér ágætar viðræður við þingmenn þann stutta tíma sem þessir gestir voru hér á landi.

Ég vil að lokum geta þess að á síðasta ári beitti þingmannasambandið sér fyrir ráðstefnu um afvopnunarmál sem haldin var í Bonn og fóru þangað tveir íslenskir alþingismenn. Frá þessari ráðstefnu er greint hér í þessari skýrslu. Þar var unnt að fá mjög gott yfirlit yfir alla þætti afvopnunarmála og fengnir til sérfræðingar víðs vegar að til þess að fjalla um þau mál og að lokum ályktað sérstaklega. Sú ályktun á að vera í fórum allra þingmanna, eins og reyndar önnur þau skjöl sem þessari starfsemi tilheyra, en þingmönnum sem ekki kunna að hafa þær ályktanir undir höndum en vilja kynna sér þær er bent á að snúa sér til ritara deildarinnar.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, vildi ég láta þessari framsögu af minni hálfu lokið, en vil í lokin einungis láta það koma hér fram að ég tel það framför í starfsháttum í Sþ. að taka skýrslur einstakra alþjóðanefnda til sérstakrar umræðu, ekki vegna þess að það sé endilega nauðsynlegt að halda uppi löngum umræðum um þær, heldur til þess að þingmenn sem vilja tjá sig um eitthvert sérstakt atriði fái til þess tækifæri hér í sölum Alþingis. Ef menn vilja ræða afstöðu sem tekin hefur verið í nafni Alþingis á einhverjum vettvangi, þá hafi menn tækifæri til þess. Forsenda þess er auðvitað sú að fyrir liggi skriflega hvað fram hefur farið og sú nýbreytni sem orðið hefur hér á sl. tveimur árum í því efni er bæði sjálfsögð og virðingarverð.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA.

Skýrsla fulltrúa Íslands, 356. mál. — Þskj. 624.

Matthías Á. Mathiesen:

Frú forseti. Á þskj. 626 er skýrsla fulltrúa Íslands í þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA. Fulltrúar þingsins þar sl. ár hafa verið þeir hinir sömu og árið næst á undan, þ.e. auk mín hv. 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmundur Sigurjónsson. Ritari nefndarinnar hefur verið Þórður Bogason lögfræðingur, starfsmaður nefndadeildar skrifstofu Alþingis.

Ég sé ekki ástæðu til þess hér og nú að víkja að frekari atriðum í sambandi við reglur um þátttöku Alþingis í störfum þingmannanefndar EFTA og vísa þá til þskj. 538 frá síðasta þingi, þ.e. skýrslu fulltrúa þingmannanefndarinnar fyrir það ár. Ég bendi enn fremur á að þar kom fram í fskj. III hverjir hafa gegnt fulltrúastörfum allt frá 1977 að ráðherranefnd EFTA-ríkjanna samþykkti að starfa skyldi þingmannanefnd til ráðuneytis og ráðgjafar EFTA-ráðinu og hverju landi, eins og kemur fram í fskj. I, heimilt að senda fimm. Það hefur Ísland gert, að vísu ekki nema í eitt skipti, þegar aðalfundurinn var haldinn hér í Reykjavík 1985. Á flestum öðrum fundum hafa tveir fulltrúar gegnt þessum störfum.

Eins og fram kemur á þskj. 624 hefur á undanförnu starfsári einkum verið unnið að tveimur verkefnum. Það er annars vegar að fylgjast með samningagerð EFTA og Efnahagsbandalagsins um myndum evrópska efnahagssvæðisins og í því sambandi sérstaklega hugað að hlutverki þingmanna EFTA-ríkjanna, svo og þjóðþinganna. Þá hefur verið unnið að því að koma á samstarfi við þær þjóðir í Austur-Evrópu sem tekið hafa upp lýðræðislega stjórnarhætti. EFTA-þingmannaráðið og EFTA-skrifstofan vinnur nú að aðstoð þeim til handa varðandi efnahagslega uppbyggingu og er samstarf þingmanna mjög nauðsynlegt og eðlilegt í framhaldi af því.

Í sambandi við viðræður EFTA og Evrópubandalagsins var það skoðun ráðherranefndarinnar að auka þyrfti samstarfið á milli hennar og þingmanna og hvatti ráðherranefndin til áframhaldandi funda þingmannanefndarinnar og þingmanna Evrópuráðsins sem verið hafa að undanförnu, svo og að haldnir skyldu sameiginlegir fundir þingmannanefndarinnar og EFTA-ráðsins. Það hefur verið gert og hefur þar farið fram ítarleg umræða eftir greinargerðir frá hendi ráðherranna, svo og þingmannanna, um þau atriði sem efst eru á baugi í umræðunum hverju sinni. Ég sé ekki ástæðu til þess að víkja að þeim málum hér og nú. Það hefur verið óskað eftir skýrslu hér á Alþingi um þessi mál. Ég vænti þess að áður en Alþingi lýkur störfum í vor fari fram umræða um þessi mál og þá geri hæstv. utanrrh. grein fyrir hver staða þessara mála sé og enn fremur muni í þeirri skýrslu, sem beðið hefur verið um, koma fram hvernig þessir samningar hafa gengið og með hvaða hætti séu tryggðir þeir hagsmunir sem lögð hefur verið áhersla á af hálfu ríkisstjórnar Íslands.

Ég vil aðeins víkja að þeim atriðum sem í skýrslunni eru og mér finnst eðlilegt að hér komi fram. Aðalfundur þingmannanefndarinnar var haldinn í Vínarborg í maímánuði sl. Þá tók við formennsku Peter Jankowitsch, fyrrv. utanríkisráðherra. Það kom í hlut Íslands að taka við varaformennsku og var mér falið að taka við því starfi. Á síðasta fundi varð enn breyting á þessum hlutum, því að formaðurinn hafði verið skipaður ráðherra í ríkisstjórn Austurríkis og því tók annar austurrískur þingmaður, Herbert Schmidtmeier, við formennsku af Jankowitsch.

Næsti ársfundur verður hér á landi, eins og fram kemur í síðasta atriði sem hér er vikið að í skýrslunni. Verður sá fundur haldinn 18.–20. júní í sumar og þá að sjálfsögðu eftir þingkosningarnar. Það er þingflokka og forustumanna þingsins að ákvarða um nýja fulltrúa til þess að taka sæti í þingmannanefnd EFTA og vænti ég þess að sá hópur verði ívið stærri en sá sem er í dag, þannig að það verði fimm þingmenn sem taki sæti í nefndinni af hálfu Íslands á þessum fundi.

Á aðalfundinum sem haldinn var í Vín var jafnframt fundur með fulltrúum Evrópuþingsins. Þar var enn fremur sameiginlegur fundur þingmanna frá Evrópubandalaginu og þingmönnum Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu, Ungverjalands, Póllands og Austur-Þýskalands og svo síðan sérstakur fundur með þeim. Í framhaldi af þessu fóru þingmenn EFTA-ríkjanna til Ungverjalands í boði þingsins þar og var það einn þáttur í því samstarfi sem segja má að hæfist með fundinum sem var haldinn í Vín.

Þá hafa formenn og fyrrv. formaður samtakanna unnið að því að gera tillögur ásamt með þingmönnum Evrópuþingsins um stöðu þingmanna þessara ríkja ef og þegar til samninga kæmi. Formenn, formaður, varaformaður og fyrrv. formaður EFTA-þingmannanefndarinnar fóru þess vegna til fundar við formenn stjórnmálaflokkanna á Evrópuþinginu til viðræðna og kynningar á þessum málum. Mál þetta stendur þannig nú að beðið er eftir tilnefningum manna frá Evrópuþinginu til þess að hægt verði á sameiginlegum fundi með þingmönnum frá EFTA að koma fram með tillögur sem eru í þá veru sem fram hefur komið af hálfu EFTA-þingmanna, hvernig svo sem því kemur svo til með að verða tekið, í sambandi við þær samningaviðræður sem fara fram og eru um stofnanamálin. Að sjálfsögðu hljóta þing EFTA-ríkjanna að hafa með þessi mál að gera áður en öllu er lokið og því verður að taka þau sjónarmið þar til greina til þess að þeir samningar sem unnið er að nú nái þar samþykki. Þess vegna hefur líka verið unnið að endurskoðun á hlutverki nefndarinnar.

Þá má víkja að nefnd sem starfaði og fjallaði um fiskframleiðslu og framleiðslu á unnum matvælum. Sú nefnd var einmitt hér til upplýsingaöflunar á sl. ári. Þar kynntu íslenskir fulltrúar og gerðu grein fyrir þeim sjónarmiðum, en það er einmitt svo þýðingarmikið fyrir okkur að gera mönnum grein fyrir sérstöðu okkar hvað snertir fiskveiðiréttindin. Eins og fram kemur þá var það á fundi þar sem Jón Sæmundur Sigurjónsson gerði sérstaklega grein fyrir þessum málum.

Þá hafa fulltrúar frá EFTA-þingmannasamtökunum tekið þátt í ráðstefnum sem haldnar hafa verið. Annars vegar bauð Norðurlandaráð til ráðstefnu sem bar heitið „The role of Parliamentarians in the new European architecture". Síðan bauð finnska þingið til ráðstefnu sem bar heitið „Parliamentary Conference on Co-operation in the Baltic Sea Area". Ég er ekki í nokkrum vafa um það að báðar þessar ráðstefnur voru með þeim hætti að það hafði sína þýðingu að EFTA-þingmenn tóku þátt í þeim. Það var vissulega lærdómsríkt, sér í lagi þegar um var að ræða ráðstefnuna sem var haldin um Eystrasaltssvæðið og er ég viss um að okkar þáttur þar, þingmanna EFTA og svo þingfulltrúa Íslands sem þar var, vakti athygli hjá þeim

þingmönnum. Þessi mál hafa að vísu verið hér til umræðu og skal ég ekki fara frekar í það.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessa skýrslu meira. Ég hef aðeins stiklað hér á stærstu atriðunum. Skýrslan er, held ég, það ítarleg. Ef óskað er fyrirspurna, þá erum við sem í nefndinni sátum, hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson og ég, reiðubúnir til þess að svara.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Meðferð trúnaðarskjala um málefni Seyðisfjarðar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta var nauðugur einn kostur að fresta þessari umræðu um skýrslu um þingmannanefnd EFTA um sinn þar sem leyfð hafði verið hálftíma umræða um meðferð trúnaðarskjala forsrn. um málefni Seyðisfjarðar. Beiðandi þeirrar umræðu er hv. 5. þm. Austurl. og tekur hann nú til máls.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að taka vel í málaleitan mína um að fá hér umræður utan dagskrár vegna leka á trúnaðarskjölum úr forsrn. Það er að mínu mati mjög alvarlegur atburður, sem átti sér stað, að trúnaðarskjöl láku sl. föstudag úr sjálfu forsrn. Skjöl merkt sem trúnaðarmál voru send á póstfaxi til svæðisútvarps Austurlands.

Flestum er kunnugt að miklir erfiðleikar hafa steðjað að atvinnulífi á Seyðisfirði. Þar hefur mjög lítil fiskvinna farið fram í hálft annað ár. Núna þegar nýlega hefur verið stofnað nýtt fyrirtæki, sem hefur hafið rekstur, þá eru málefni þessa fyrirtækis allt í einu sett í fjölmiðla á mjög svo óviðurkvæmilegan hátt og vægast sagt óheppilegt að neikvæð fjölmiðlaumræða skuli fara fram með því að forsrn. leki merktum trúnaðarskjölum í fjölmiðla. Þetta nýstofnaða fyrirtæki hefur uppi áform um að treysta rekstur sinn með ákveðnum áformum og erindi vegna þess lágu fyrir hæstv. ríkisstjórn og voru þar til umfjöllunar. Forsvarsmenn fyrirtækisins og þingmenn Austurlandskjördæmis biðu eftir afgreiðslu þessa máls frá hæstv. ríkisstjórn og Byggðastofnun hafði tekið saman trúnaðarskýrslu fyrir forsrh. sem lá fyrir hæstv. ráðherrum merkt sem trúnaðarmál. Þá skeður hið óvænta að trúnaðarskýrslan er send á póstfaxi til svæðisútvarps Austurlands síðdegis á föstudag. Þennan atburð, hæstv. forseti, tel ég vera mjög alvarlegan vegna þess að hér er það sjálft forsrn. sem á í hlut. Og ég vil leyfa mér að segja það að íbúar Seyðisfjarðar, og sérstaklega fólkið sem hefur mátt þola atvinnuleysi og erfiðleika í meira en eitt og hálft ár, á aðra framkomu skilið af hálfu forsrn. en að trúnaðarskjölum sé lekið í tiltekinn fjölmiðil. Aðilar á Seyðisfirði hafa lagt mikla vinnu í að endurreisa atvinnulífið þar og það er ekkert auðvelt verk að endurreisa atvinnulíf í fiskvinnu úti á landi um þessar mundir. Ég hlýt því að harma það að trúnaðarskjöl skuli leka frá sjálfu forsrn., merkt „trúnaðarskjöl", þegar þessi mál eru til afreiðslu í hæstv. ríkisstjórn og hafa ekki verið afgreidd.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur kvatt sér hljóðs hér utan dagskrár um málefni sem hann hefur valið yfirskriftina „Leki á trúnaðarskjölum". Ég tel reyndar að hér sé tekið nokkuð djúpt í árinni. Þetta er spurning um það hvenær trúnaði er létt af skjölum sem þó eru samin með því fororði til ákveðins aðila. Þegar sá aðili hefur tekið málið til umfjöllunar og meðhöndlunar, hvort þá er ekki af þeim létt þeim trúnaði. Í þessu tilfelli er um að ræða skjal sem samið er að beiðni forsrh. til ríkisstjórnarinnar.

Með bréfi til Byggðastofnunar 4. febr. 1991 skýrði forsrh. frá því að á ríkisstjórnarfundi hinn 1. febr. hefði verið tekið fyrir erindi Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 28. jan. um aðstoð vegna atvinnumála á Seyðisfirði. Á ríkisstjórnarfundinum var samþykkt að fela Byggðastofnun athugun á erindinu og að skila umsögn til forsrh. Skýrsla Byggðastofnunar um atvinnulíf á Seyðisfirði sem unnin hefur verið er dags. 18. febr. sl. Barst hún forsrh. með bréfi dags. sama dag og skýrslan þá merkt sem trúnaðarmál. Forsrh. tók skýrsluna til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundi 22. febr. sl. Eftir það var ekki litið á hana sem trúnaðarmál. Fjölmiðlar gátu því í raun fengið af henni eintak. Í einstaka tilvikum er tekin um það ákvörðun að ræða mál ekki utan funda ef umfjöllun er á viðkvæmu stigi en svo var ekki gert í þessu tilviki. Og þó að skýrslur og gögn séu merkt sem trúnaðarmál er slíkri leynd oft létt af eftir umfjöllun í ríkisstjórninni. Ég lít svo á að það hafi verið gert í þessu tilviki.

Að ósk svæðisútvarpsins á Austurlandi féllst aðstoðarmaður forsrh. á að senda skýrsluna á föstudagseftirmidag. Svæðisútvarpinu var jafnframt sent bréf Byggðastofnunar sem fylgdi skýrslunni, enda hafði það bréf einnig verið lagt fyrir ríkisstjórnina þegar skýrslunni var dreift þar. Til þessa var þó ekki ætlast af hálfu aðstoðarmanns forsrh. enda yfirleitt ekki háttur í forsrn. að birta bréf sem berast þannig og fjalla um viðkvæm mál heldur fyrst og fremst skýrsluna eins og hún lá fyrir.

Virðulegur forseti. Það er kannski ekki mikið meira um þetta að segja á þessu stigi. Mál á vinnslustigi eru því miður oft í umfjöllun í fjölmiðlum. Fjölmiðlar eru aðgangsharðir. Það er þeirra eðli og skylda að fylgjast með þjóðfélagsumræðunni. Ég tel hins vegar að hér sé ekki alvarlegt mál á ferðinni þó að í þessu tilviki sé efnislegri umfjöllun um þetta mál ekki lokið í ríkisstjórn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Eins og fjölmargir aðrir þingmenn

heyrði ég umfjöllun fjölmiðla um þessi málefni nú um helgina og þykir mér raunar ansi bratt að fara að fjalla um það hér á þingi. Hér er að vísu ekki um að ræða efnislega umræðu um skýrsluna en í umfjöllun Ríkisútvarpsins um helgina komu engu að síður fram veigamikil atriði er varða atvinnulíf og ábendingar sem full ástæða er til að ræða um á hér Alþingi, ekki síst þá staðhæfingu að í skýrslu Byggðastofnunar komi það fram að ef byggðakvóti hefði verið reglan í stað kvótakerfis sem við nú búum við, þá hefði hluti af þeim vandamálum sem Seyðisfjörð hafa hrjáð í atvinnumálum e.t.v. ekki komið upp. Ég vonast því til þess að þótt undir öðrum formerkjum verði muni verða fjallað um efni þessarar skýrslu og þá á efnislegan hátt en ekki vegna þess að efni hennar hefur lekið út í fjölmiðla. Og ég vonast til að við þingmenn, eins og aðrir, fáum skýrari hugmyndir um hvað í henni stendur þar sem þarna er að mati hæstv. forsrh. ekki um mál að ræða sem ástæða er til að hafa trúnað á öllu lengur.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mér kemur á óvart svar starfandi forsrh. um að það sé álitamál hvenær trúnaði sé létt af skjölum og hvenær ekki. Skjöl merkt trúnaðarmál eru trúnaðarmál. Skýrsla Byggðastofnunar er dags. 18. febr. Síðan líða fjórir dagar. Þá hefur skýrslan rétt verið tekin til umfjöllunar í hæstv. ríkisstjórn en erindi hennar ekki afgreitt og á því stigi afhendir aðstoðarmaður forsrh. tilteknum fjölmiðli, svæðisútvarpi Austurlands, skýrsluna á póstfaxi. Þessi vinnubrögð finnst mér fyrir neðan allar hellur og þetta skaðar auðvitað viðkomandi byggðarlag og viðkomandi fyrirtæki sem verið er að reyna að reisa við og á í miklum erfiðleikum.

Ég verð að leyfa mér að krefja hæstv. starfandi forsrh. um svar við því: Hver létti þessum trúnaði af? Er þetta birt með leyfi hæstv. forsrh.? Hver létti trúnaði af skjölunum? Það er ekkert bæði og, trúnaður og ekki trúnaður, á skjölum sem merkt eru trúnaðarmál. Þau eru merkt trúnaðarmál og verða því að skoðast sem slík af starfsmönnum forsrn. þar til yfirmaðurinn léttir trúnaði af. Ég leyfi mér að óska svars við því hvort hæstv. forsrh. leyfði að þetta yrði sent til fjölmiðils.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki mikið mál úr því þó að þessi skýrsla út af fyrir sig hafi komist í fjölmiðla. Ég held nefnilega að hún hafi átt erindi í fjölmiðla. Ég held að það sé nauðsynlegt að umræða fari að hefjast um hvernig fer fyrir byggðarlögum og þjóðinni ef á að halda áfram að láta kvótann eingöngu fylgja skipunum. Það er umhugsunarvert að þessi staða skuli einmitt koma upp í kjördæmi hæstv. sjútvrh.

Ég get ekki átalið neinn fyrir það að láta þessi plögg fara til fjölmiðla þar sem búið er að ((**Gripið fram í:** Þetta er trúnaðarmál.) ja, það var trúnaðarmál og er alltaf trúnaðarmál, hv. þm., þangað til ríkisstjórn er búin að fjalla um það. Þá er það hennar mál hvort hún léttir því. Það er trúnaðarmál á meðan og það er hún sem ákveður hvenær það er trúnaðarmál og hvenær það fellur úr gildi. Það er málið. En þetta á sannarlega erindi til þings og þjóðar og það gæti verið að einhverjir mundu rumska og fara að hugsa sitt mál betur þegar staðan er orðin jafnáþreifanleg og í þessu máli.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er nú svo með vandamál byggða vítt um landið, hvort sem þær heita Seyðisfjörður, Suðureyri eða einhver byggð vestur á Snæfellsnesi, að það virðist vera áhugamál fjölmiðla að útmála slíka stöðu. Þess vegna held ég að það sé náttúrlega fyrst og fremst skylda ríkisstjórnar þegar hún er að fjalla um málefni sem þau sem hér eru til umræðu, að farið sé eins mjúkum höndum um þessi mál og mögulegt er.

Ég tel gagnrýni hv. 5. þm. Austurl. á rökum byggða. Það er mjög vafasamt af ríkisstjórn að létta trúnaði af plöggum sem send eru út sem trúnaðarplögg á þann máta sem virðist hafa verið gert hér. Mér skilst að þingmenn Austurlands hafi ekki fengið þessi plögg og við, almennir þingmenn úr öðrum kjördæmum, höfum ekki fengið að líta á þessi plögg. Ég tek þess vegna undir það sem hér hefur verið sagt að umræða um þessi mál almennt er nauðsynleg á hv. Alþingi. En þetta mál virðist koma upp á þeim tíma að ekki eru margir til andsvars. Hér situr einn ráðherra og er fulltrúi forsrh., starfandi forsrh. og sjálfsagt starfandi sjútvrh. líka og hefur kannski fleiri embættum að sinna. (**Heilbr.- og trmrh.:** Þetta er nú nóg.) Já, hæstv. ráðherra segir að þetta sé nú orðið sæmilegt sem hann sé með, þannig að almenn umræða um þessi mál fer varla fram við þær aðstæður sem hér eru, enda ekki gefinn til þess nema hálftími.

En ég tek alveg undir það sem málshefjandi nefndi, hvernig farið hefur verið að því að leysa trúnað af þessari skýrslu, það er mjög af hinu verra og kemur sér ábyggilega illa fyrir þá byggð sem er í umræðunni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá sumum hv. þm. í umræðunni að málið sem skýrslan fjallar um þyrfti auðvitað og væri ekki óeðlilegt að það kæmi hér einhvern tíma til efnislegrar umfjöllunar. Það er ekki vettvangur þessarar umræðu í dag. Það var ekki beðið um þessa utandagskrárumræðu undir þeim formerkjum, heldur til að fjalla um meðferð á gögnum. Eins og kom fram hjá hv. 10. þm. Reykn. er þessari umfjöllun ekki enn lokið í ríkisstjórninni og því ekki von á því að skýrslan verði tekin hér til frekari umfjöllunar eins og mál standa.

En hvað varðar ítrekun á fyrirspurn hv. 5. þm. Austurl. tel ég nú reyndar að ég hafi svarað því í mínu fyrra máli. Skýrsla þessi var ekki af hálfu ríkisstjórnarinnar lengur trúnaðarmál. Því svaraði reyndar hv. 6.

þm. Norðurl. e. fyrir mig þannig að ég hef litlu við það að bæta sem hann sagði. (**Gripið fram í:** Hver ákvað að létta af trúnaði?) Skjalið var að sjálfsögðu trúnaðarmál þegar það var sent ríkisstjórninni frá þeim sem það semur, en þegar það hefur verið tekið til umfjöllunar af þeim aðila sem bað um skýrsluna og fékk hana, sá aðili, þ.e. ríkisstjórnin, hafði rætt hana, tekið hana til umfjöllunar, þá var það ekki lengur trúnaðarskjal þar sem þá var ekki, eins og ég reyndar tók skýrt fram áðan, tekin sú ákvörðun í ríkisstjórninni að halda umræðu um málið lokaðri og láta það ekki fara út. Það var ekki gert. Það er gert í einstaka tilvikum, ég nefndi það áðan, einstaka tilvikum, ef umræða er talin á viðkvæmu stigi og ekki er rétt að láta fjölmiðla hafa gögn eða upplýsingar um málið. Það var ekki gert í þessu tilviki og þar með er auðvitað þessum trúnaði létt af. (**KrP:** Hver ákvað það?) Það er gert á ríkisstjórnarfundinum þegar ekki er tekin ákvörðun um annað, eins og ég hef nú þegar skýrt a.m.k. tvisvar sinnum og þarf væntanlega ekki að gera í þriðja sinn, þannig að þá er trúnaði þessum aflétt.

Það að þingmenn hafi ekki fengið gögnin er nú svo að þingmönnum er nú alla jafna ekki sendur allur sá bunki sem hverju sinni er dreift í ríkisstjórn. Mikið af því fer síðan, ef ekki er af einhverjum ástæðum talið nauðsynlegt að halda því utan við umræðu fjölmiðlanna, þá fara þessi plögg meira og minna til þeirra og svo er að sjálfsögðu með þessa skýrslu þar sem það var niðurstaðan að ástæðulaust væri að halda henni frá þeim.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, frh. umr.

Skýrsla fulltrúa Íslands, 356. mál. — Þskj. 624.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Á undan þessari utandagskrárumræðu talaði formaður íslensku þingmannanefndarinnar til EFTA, Matthías Á. Mathiesen, og flutti skýrslu um starf okkar á síðasta ári. Hv. 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen hefur verið formaður þingmannanefndarinnar og gegnt því starfi með miklum ágætum. Með okkur hefur verið sérstaklega gott samstarf og þótt hv. þm. sé ekki í sal í augnablikinu, þá vil ég frá þessum stað þakka honum alveg sérstaklega fyrir það góða samstarf sem við höfum átt í þessari nefnd á undanförnu ári.

Verkefni þingmannanefndar EFTA hafa verið sérstaklega tvö, eins og kom reyndar fram hjá formanni nefndarinnar. Það er umfjöllun um framtíðarhlutverk þingmanna í Evrópsku efnahagssvæði, sem kemur til með að myndast eftir tilheyrandi samninga, og einnig samstarf allra ríkja í hinni lýðfrjálsu Evrópu, þ.e. allra ríkja innan Efnahagsbandalagsins, allra EFTA-ríkjanna en einnig hinna nýfrjálsu ríkja í Austur-Evrópu, þ.e. allra þeirra ríkja í Austur-Evrópu sem kosið hafa sér þing í lýðræðislegum kosningum. Við héldum fundi með þessum stóra hópi í Vín í maí og einnig nú í byrjun febrúar sl. í Genf þar sem fóru fram mjög uppbyggilegar umræður allra þessara fulltrúa um framtíðarskipan mála í Evrópu, þ.e. í hinni lýðfrjálsu Evrópu, og hvernig hátta megi framtíðarsamstarfi allra þessara þjóða. Það er alveg greinilegt að grundvöllur þess samstarfs verður lýðræði og frelsi sem byggist á starfi að efnahagslegri velmegun allra þessara ríkja.

Meginstarfið hefur auðvitað verið að fylgjast með þeim samningum sem eiga sér stað hjá ráðherraráði EFTA við framkvæmdaráð Efnahagsbandalagsins. Og það verður að segja ráðherraráði EFTA til hróss að það hefur upplýst þingmannanefnd EFTA mjög vel um allt það sem fer fram á þeirra sviði og höfum við haldið reglulega fundi með ráðherraráði EFTA.

Það má segja að sérstakt verkefni hinna íslensku fulltrúa í þingmannanefnd EFTA hafi verið að leggja áherslu á sérstöðu Íslands og leita eftir viðræðum og ná skilningi fulltrúa annarra landa á sérstöðu Íslands í þessu samstarfi, í samstarfi allra Evrópuríkjanna. Það hefur komið fram bæði í viðræðum og í umræðum á fundum með þingmönnum Evrópubandalagsins að ríkur skilningur er fyrir því hjá mörgum þeirra að taka verði sérstaklega tillit til þess að á Íslandi grundvallast lífskjör fyrst og fremst á fiskveiðum og það í þeim mæli að ekki þekkist annað slíkt meðal annarra þjóða. En því miður er það auðvitað ekki Evrópuþingið sem sér um samningaviðræður um framtíðarskipulag þessara mála heldur framkvæmdanefnd Efnahagsbandalagsins. Engu að síður er það mjög mikilvægt að auka skilning meðal áhrifamanna í Evrópu á hinni efnahagslegu sérstöðu Íslands.

Svo ég víki að öðru þá hefur þing Efnahagsbandalagsins hins vegar verið misjafnlega viljugt til að mynda einhvers konar stofnun þingmanna af Evrópska efnahagssvæðinu. Þar hefur þó aðallega komið til, að minni hyggju og fleiri, spenna milli þings Efnahagsbandalagsins og framkvæmdanefndar þess. Spenna um völd og ákvarðanatöku, hver á að ráða hverju og hver tekur ákvörðun um hvaða mál og að hve miklu leyti á að snúa málum til þings Evrópubandalagsins. Oft á tíðum höfum við á tilfinningunni að þingmönnum frá Evrópubandalaginu finnist þeir vera settir á hliðarbekk af þeirra eigin framkvæmdanefnd. Þetta hefur bitnað svolítið á samstarfinu við þingmannanefnd EFTA og EFTA yfirleitt í okkar samskiptum við þingmenn Evrópubandalagsins. Einnig hafa komið upp umræður þar sem þingmenn Evrópubandalagsins hafa vikið að því hvort þeir séu að tala við stofnun þar sem EFTA er, sem yfirleitt komi til með að verða til í framtíðinni þar sem nokkur aðildarríki EFTA hafa annaðhvort nú þegar lýst því yfir að þau sækist eftir aðild að Evrópubandalaginu eða gefið í skyn að þau hyggist gera það í framtíðinni.

Þingmenn EFTA hafa yfirleitt mætt þessum umræðum á þann hátt að benda á þá sterku samstöðu sem ríkir meðal EFTA-ríkjanna þrátt fyrir umsóknir og áhuga á inngöngu í Evrópubandalagið. Þetta er mjög sterk samstaða og hún kemur til með að halda eftir að samningar um Evrópska efnahagssvæðið eru komnir á.

Menn vilja fyrst sjá hvernig þeir samningar reynast, hafa fulltrúar þessara ríkja sagt okkur, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin um áframhaldið hjá þeim, jafnvel þó áhuga hafi þegar verið lýst.

Það hafa þó alltaf verið til sterkir talsmenn Evrópska efnahagssvæðisins innan Evrópubandalagsþingsins og sá vilji birtist e.t.v. sérstaklega í tveimur pappírum frá Evrópubandalagsþinginu sem kenndir hafa verið við Rosetti og Jepsen. En nú hafa þessir tveir þingmenn nýlega lagt fram nýjan pappír, ályktun sem tekin verður fyrir hjá Evrópubandalagsþinginu í byrjun mars, í kringum 10. mars, þar sem þeir hvetja til nýrra athafna á þessu sviði. Það hefur náðst samkomulag milli EFTA og Evrópubandalagsþingsins, að á grundvelli þessarar ályktunar, sem væntanlega verður samþykkt, verði myndaður vinnuhópur þingmanna frá EFTA og Evrópubandalaginu sem athugi gaumgæfilega alla möguleika í sambandi við framtíðarhlutverk þingmanna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er ekki búist við að ríkisstjórnir sem standa að samningum milli þessara aðila leggi sérstaka áherslu á þetta atriði. Því er beinlínis vísað til þingmannahópanna að koma sér niður á eitthvert fyrirkomulag varðandi framtíðarhlutverk þingmanna á Evrópska efnahagssvæðinu. Má segja að sú staðreynd hafi verið undirstrikuð með því að þetta atriði var ekki tekið fyrir í hinni sameiginlegu yfirlýsingu Evrópuráðherranna frá 19. des. sl.

Það er hins vegar skoðun þeirra, og það hefur komið fram á sameiginlegum fundum okkar með EFTA-ráðherrunum og þær upplýsingar hafa einnig komið fram frá stofnunum Evrópubandalagsins, að það er grundvallaráhugi fyrir því að einhver slík stofnun myndist, þ.e. að Evrópska efnahagssvæðið eigi að hafa einhvers konar þinglega stofnun. Þetta er af öllum hlutaðeigandi aðilum álitið mjög mikilvægt atriði. Þessi vinnuhópur sem kemur til með að verða myndaður hefur því margföldu hlutverki að gegna í sínu undirbúningsstarfi sem á að vera lokið fyrir vorið. Vinnuhópurinn á að leggja fram tillögur um það hvernig þessi þingmannastofnun á að líta út, hvort þetta á að vera sameiginlegur hópur þinganna, þ.e. Evrópubandalagsþingsins og hinna einstöku EFTA-þinga, hvort einungis á að vera um að ræða nefnd þessara þinga, hvort þetta á að vera ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins eða einungis lítil ráðgjafarnefnd þingmanna frá þessum svæðum.

Vinnuhópurinn kemur einnig til með að gera tillögur um hlutverk þessarar þingmannastofnunar. Á hún einungis að hafa upplýsingahlutverk, þ.e. skoðanaskipti milli þingmanna frá Efnahagsbandalagsríkjunum og EFTA-ríkjunum og taka við upplýsingum frá embættismönnum Evrópska efnahagssvæðisins? Á þessi þingstofnun einungis að hafa ráðgefandi hlutverk, þ.e. að ráðfæra sig við stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins, að samþykkja þáltill., að leggja fram álitsgerðir og láta fara fram umræður innan hópsins um framkvæmdaatriði sem tekin eru fyrir af framkvæmdastofnunum Evrópska efnahagssvæðisins? Eða ætti þessi þingmannahópur að hafa venjulegt eftirlitshlutverk eins og flestöll lýðræðislega kjörin þing, þ.e. eftirlit með framkvæmdum framkvæmdaaðila Evrópska efnahagssvæðisins, fjárveitinganefnd, eftirlit með fjármunum sem þessar stofnanir fara með og endurskoðun á því sem fer fram á því sviði, beiðnir um skýrslur, beiðnir um sérstaka fundi, um sérstök málefni? Þ.e. að fá fullkomlega það hlutverk sem lýðræðislega kjörin þing, þjóðþing, hafa haft með höndum.

Vinnuhópurinn þarf einnig að taka til athugunar hvernig samsetning þingsins á að vera. Er það rétt að þarna sé sami fjöldi þingmanna frá Evrópubandalagsþinginu og samtals frá öllum EFTA-þingum, eða á að vera hlutfallsleg skipting þingmanna frá öllum þessum þingum eftir íbúatölu svæða? Það þarf einnig að ákveða eða gera tillögur um heildarfjölda þingmanna, en það fer auðvitað eftir því hvernig hópurinn á að líta út og hvernig stofnunin verður yfirleitt. Það er einnig álitamál sem vinnuhópurinn verður að taka ákvörðun um við myndun þessa þings, hvort fara eigi eftir hlutfallslegri skiptingu þingmanna eftir landsvæðum eða eftir pólitískum skoðunum, líkt og með pólitíska flokka sem sitja á venjulegum þjóðþingum, eða jafnvel sameinuð þessi tvö skilyrði. Þá þarf einnig að ákveða hlutverk forustumanna þingsins, þ.e. forseta, varaforseta, formanna nefnda sem koma til með að vera skipaðar o.s.frv. Þá þarf einnig að taka til athugunar hversu oft slík þingmannasamkunda á að hittast. Á hún að hafa reglulega fundi eða sérstaka fundi? Á hún að hafa fundi með ráðgjöfum frá Evrópska efnahagssvæðinu og ræða skýrslur og taka ákvörðun um framkvæmdaatriði hjá framkvæmdaaðilum? Og svo að lokum spurningin: Hvar á þetta þing að sitja? Ætti það að sitja í Strassborg, Brussel, Genf eða í einhverri Efnahagsbandalagshöfuðborganna eða í einhverri EFTA-höfuðborganna eða á þetta þing að flækjast á milli allra þessara staða?

Þetta er ærið hlutverk sem þessi vinnuhópur kemur til með að hafa með höndum. Vinnuhópurinn verður sennilega myndaður á næsta fundi EFTA-þingmannahópsins því tilnefningar hafa þegar borist frá Efnahagsbandalagsþinginu. Og eins og ég sagði mun þessi hópur skila tillögum til EFTA og EB-þingsins fyrir vorið þannig að einnig þetta hlutverk verður komið í mótun og getur skoðast ásamt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þegar hann liggur fullbúinn fyrir þingum hlutaðeigandi aðila.

Evrópuráðið.

Skýrsla íslensku þingmannanefndarinnar, 383. mál. — Þskj. 688.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Evrópuráðið er ein þeirra stofnana sem sett var á fót nokkrum árum eftir heimsstyrjöldina síðari til verndar lýðræði og mannréttindum á því starfssvæði sem það náði yfir. Um svipað leyti var Norður-Atlantshafsbandalagið stofnað og hafði með hönd-

um öryggi og varnarmál. Evrópuráðið sinnti aftur á móti öðrum þáttum sem vörðuðu ýmiss konar löggjöf um félagsmál, mannréttindi, heilbrigðismál, efnahagsmál, í stuttu máli einfaldlega alla þá þætti sem snerta störf þjóðþinganna og ekki flokkast undir varnarmál. Því hafa ýmsar stofnanir verið settar á fót á vegum Evrópuráðsins sem hafa sinnt veigamiklu hlutverki á þessum sviðum. Helstu stofnanir Evrópuráðsins eru mannréttindastofnanir, Mannréttindadómstóllinn og Mannréttindanefndin, ráðherranefndin og svo þingið.

Þingið hét lengi vel Ráðgjafarþing Evrópuráðsins og heitir svo reyndar enn í reglum þess, en fyrir fimm árum síðan var tekið upp annað nafn, þing Evrópuráðsins. Því hefur ekki enn verið formlega breytt í reglunum en má ætla að það verði gert fljótlega. Þessi nafngift veldur nokkrum misskilningi oft á tíðum vegna þings Evrópubandalagsins sem heitir Evrópuþingið. Bæði þingin starfa á sama stað, þ.e. þegar sameinað þing hvorrar stofnunar um sig hittist, ef svo má að orði kveða, þá eru þau haldin í sama salnum í Strassborg. Eina viku í mánuði eru það þingmenn Evrópubandalagsins, sem eru kjörnir beinum kosningum í löndum sínum, og svo hinar vikurnar þegar Evrópuráðsþing kemur saman, sem reyndar er ekki nema þrisvar á ári, þá sitja þar þingmenn af þjóðþingum landanna og hefur svo verið frá upphafi í rösk 40 ár, að þetta fyrirkomulag hafi verið haft á.

Síðustu þrjú árin hafa aðalfulltrúar í nefnd Alþingis á þingi Evrópuráðsins verið auk mín þeir Guðmundur G. Þórarinsson og Kjartan Jóhannsson framan af, en þegar hann varð sendiherra hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu í Genf tók við Eiður Guðnason. Varamenn hafa svo verið Ragnar Arnalds og fulltrúi Kvennalistans hefur verið varamaður, framan af Kristín Halldórsdóttir, síðan Þórhildur Þorleifsdóttir, og fulltrúi Borgfl., framan af Hreggviður Jónsson og nú í tvígang Guðmundur Ágústsson.

Evrópuráðið, sem stendur á þessum gamla merg og er stofnað til verndar lýðréttindum og mannréttindum, hefur á allra síðustu árum, og einkanlega á tveimur síðustu árum, staðið andspænis væntanlegum breytingum í starfi sínu sem helgast af hinum stórkostlegu breyttu pólitísku aðstæðum í álfunni. Það þarf ekki að orðlengja að hinar miklu pólitísku breytingar í Mið- og Austur-Evrópu hafa verið hraðari og merkilegri en nokkurt okkar hefði órað fyrir. Það hefur aftur á móti orðið til þess að þau sömu ríki hafa sóst eftir að verða aðildarríki í þessum samtökum lýðræðisþjóða. Ástæðan er m.a. sú að stjórnendur þessara ríkja hafa talið það breytingum í löndunum til framdráttar á þann veg að það gæti stutt breytingar í lýðræðisátt. Þær hafa ekki getað orðið allar á einum degi, það sér hver maður. Þannig var gripið til þess að reglum ráðsins var breytt gagngert með það fyrir augum að auðvelda hinum svonefndu nýfrjálsu ríkjum þátttöku í samstarfi Evrópuráðsins. Sett var regla um svonefnda gestaaðild en jafnframt sett það skilyrði að þessi ríki fullnægðu tilteknum mannréttindaákvæðum og einnig skilyrðum í sáttmála Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, þ.e. í lokaþætti Helsinki-ráðstefnunnar.

Það skilyrði var líka sett fyrir hugsanlegri fullri aðild þessara ríkja að áður skyldu hafa fram farið lýðræðislegar almennar fjölflokka kosningar til þings og af þeim ástæðum voru settar á fót hjá Evrópuráðinu nefndir þingmanna til að fylgjast með því í hinum nýfrjálsu ríkjum að kosningar færu fram með þessum hætti.

Af því sem ég hef nú sagt er ljóst að aðildarríkjum Evrópuráðsins hefur fjölgað á síðustu árum, jafnframt því sem eitt af þeim ríkjum sem hafði gestaaðild hætti sem slíkt þegar það varð hluti hins nýja Þýskalands, þ.e. þáverandi Austur-Þýskaland hafði haft aðild að ráðinu en nú eru fulltrúar úr þeim hópi að sjálfsögðu í þýsku sendinefndinni hjá Evrópuráðinu. Ungverjaland og Tékkóslóvakía hafa bæst í hóp aðildarríkja nú í vetur.

Það er ákveðið í stofnskrá og reglum Evrópuráðsins hversu marga þingmenn hvert ríki hefur á þingi þess. Íslendingar eiga samkvæmt því þrjá fulltrúa á þinginu og þrjá til vara, þ.e. við höfum aldrei fleiri en þrjú atkvæði á sjálfu þinginu. En allir meðlimirnir, sex að tölu, bæði aðalfulltrúar og varafulltrúar, taka hins vegar fullan þátt í nefndastörfum og hafa bæði rétt og skyldu til þess að sinna störfum í nefndum. Af því getur leitt að fulltrúar, sem í nefndum eru og hafa þar með höndum viss verkefni eins og framsögu í einstökum málum, geta líka átt seturétt og málfrelsi á þingunum.

Það er gerð grein fyrir því í þessari skýrslu á þskj. 688 hvernig störfum þingsins er almennt háttað en þau eru í raun og veru umfangsmeiri heldur en menn hafa oft á tíðum hugsað út í því að þing Evrópuráðsins er ein þeirra stofnana sem yfirleitt gefur ekki tilefni til stórra fyrirsagna, en þar er aftur á móti unnið jafnt og þétt að mikilvægum mannréttindamálum og að ýmiss konar málefnaþáttum sem tengjast löggjöf í ýmsum aðildarlöndum og nokkurri samræmingu á löggjöfinni eftir því sem unnt er. Hitt er svo aftur á móti ljóst að síðustu tvö árin og ekki síst núna er hlutverk ráðsins orðið pólitískt í ríkari mæli og það hefur meiri þýðingu í mótun hinnar nýju Evrópu þannig að vægi þessarar stofnunar, einkanlega þingmannastofnunarinnar, hefur aukist miðað við það sem áður var. Við sjáum það á því hverja áherslu hin nýfrjálsu ríki leggja á það að verða viðurkenndir aðilar í Evrópuráðinu.

Nefna má líka í þessu sambandi atriði sem reyndar var aðalatriði í máli hv. þm. sem hér stóð á undan mér, hv. 5. þm. Norðurl. v., að á þingi Evrópuráðsins eiga sæti þingmenn frá öllum þeim ríkjum sem stundum er verið að tala um að ættu að hittast undir hatti nýrrar stofnunar. Við í sendinefnd Alþingis á þingi Evrópuráðsins erum öll þeirrar skoðunar að það sé óskynsamlegt að stefna að því að setja á fót enn nýjar stofnanir til þess að reka samstarf þingmanna. Það hlutverk hinna nýju stofnana yrði ákaflega líkt og hlutverk Evrópuráðsins. Hér var áðan verið að tala um samstarf þingmanna EFTA-ríkja og Evrópubandalagsríkja. Vissulega þyrftu þau málefni að vera rædd sérstaklega á sérstökum samstarfsfundum en til þess þarf ekki nýja stofnun. Við erum þeirrar skoðunar að það væri skyn-

samlegra að hafa þá fundi óformlega en að hin stærri málefni og ályktanir um margvísleg efni, mannréttindamál, félagsmál, menntamál o.s.frv., ættu að fara fram hér eftir sem hingað til á vettvangi Evrópuráðsins. Það væri hins vegar mjög til athugunar og æskilegt að sérstök umræða gæti farið þar fram um samstarf EFTA og Evrópubandalagsþinganna, rétt eins og núna fer þar fram sérstök umræða um málefni OECD. Evrópuráðið er í rauninni eini þingmannavettvangurinn þar sem OECD-ríkin eiga fulltrúa, þar sem þingmenn OECD-ríkjanna eru allir samankomnir á einum og sama umræðuvettvangi. En vegna þess hversu uppbyggingu ráðsins er háttað og fyrirkomulagi á þinginu er þetta auðvelt í framkvæmd og mér sýnist að þarna sé atriði sem væri vert fyrir Alþingi að hafa í huga, að það væri einnig hugsanlegt að koma þessu svo fyrir með samstarf þingmanna frá EFTA- og Evrópubandalagsríkjunum því að það væri auðvitað augljós sparnaður í því að fara ekki að búa til hverja Evrópustofnunina af annarri sem hefði með höndum svipuð verkefni.

Sama má segja um umræðu þá sem fram fer nú um að stofnanabinda RÖSE-samstarfið eða fundina sem kallast venjulega Ráðstefnan um samvinnu og öryggi í Evrópu. Þessi ráðstefnustarfsemi hefur haft mjög mikilvægu og vaxandi hlutverki að gegna. Þar eiga sæti m.a. þau ríki sem nú sækja um aðild að Evrópuráðinu og eru sumpart komin þar inn, Mið- og Austur-Evrópuríkin, en auk þess Bandaríkin og Kanada. Þessi starfsemi hefur til þessa farið fram á vettvangi embættismanna og ráðherra en ekki þingmanna. Það er hins vegar nýtt að á síðasta ári hófust umræður og mjög ákveðnar tillögur um það að nauðsyn væri að setja á fót nýja stofnun eða nýtt þing þessara ríkja, einkanlega með tilliti til þess sem stundum er kallað vera innihaldið í þriðju „körfunni" hjá RÖSE en það eru mannréttindi og félagsleg réttindi, eða með öðrum orðum nákvæmlega sömu efnin sem Evrópuráðið hefur haft efst á verkefnaskrá sinni í 40 ár og hefur náð merkum áföngum.

Við höfum verið þeirrar skoðunar, bæði íslenska nefndin, og ég held Evrópuráðsþingmennirnir upp til hópa svo og þjóðþing þeirra, að það sé afar óskynsamlegt að búa til enn eina þingmannastofnun til að sinna þessu hlutverki með tilheyrandi skrifræði og embættismannakerfi. Við teljum hins vegar nauðsynlegt að koma á slíku þingmannasamstarfi og við teljum að mannréttindaráðstefnan sem haldin var í Kaupmannahöfn nú í sumar, um mannréttindi eða hinn svokallaða mannlega þátt í RÖSE-ferlinu, að allt þetta hafi fært okkur heim sanninn um það að nauðsynlegt sé að koma á slíku samstarfi og þess vegna setti stjórnarnefnd Evrópuráðsins í gang vinnu sl. sumar til að finna því form og möguleika innan kerfis Evrópuráðsins, að þar gæti slík þingmannasamkunda rúmast án þess að sett væri ný stofnun á fót. Gerð voru drög að þingsköpum fyrir slíkt þing, sem vissulega hefur enn ekki verið ákveðið, en sett var í þessum drögum fram hugmynd um hvernig það gæti starfað. Húsnæði, skrifstofuaðstaða og skrifstofulið er í þinghöll Evrópuráðsins í Strassborg. Það stendur til boða hinni nýju stofnun, ef samþykkt verður, og í fyrsta sinn í sögunni gerðist það nú í haust að þingmannasendinefndir frá öllum þessum ríkjum voru boðaðar til fundar tveim dögum áður en haustþing Evrópuráðsins hófst og þar fór fram umræða um þetta efni.

Mér er óhætt að segja að menn hafi lokið upp einum rómi um það að það eitt að halda slíka þingmannasamkundu hafi verið afar stórt skref og sögulegt og sýnt okkur það að hugarfar manna úr þessum ólíku, eða a.m.k. til skamms tíma ólíku ríkjum væri miklu nátengdara en menn höfðu áður talið, og það fór ekkert milli mála að þessum hugmyndum var tekið með afar jákvæðum hætti hjá Mið-Evrópuríkjunum sem áður voru kommúnistaríki undir áhrifavaldi Sovétríkjanna. Ég þarf heldur ekki að taka það fram að þarna átti sæti sendinefnd frá Sovétríkjunum sem líka var þessu fyrirkomulagi mjög hlynnt. Það sem hins vegar vantaði á þessa samkundu var sendinefnd frá Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn höfðu borið það fyrir sig að vegna anna á þinginu gætu þeir ekki sinnt þessu þingi. Ég get ekki neitað því að þetta var í okkar hópi töluvert gagnrýnt. Okkur þótti nokkurn skugga bera á þennan fund af þessum sökum, því að okkur var ljóst að án þátttöku Bandaríkjamanna í þessu samstarfi væri ekki með réttu hægt að tala um að þar væri RÖSE-þingmannasamkunda. Þess vegna var það að það var unnið áfram að þessu máli. Og þess má geta í sambandi við fjarvist Bandaríkjamanna að það geta stundum verið einhverjir heimilisörðugleikar sem geta valdið miklu á alþjóðlegum vettvangi því að það var lýðum ljóst að það var Bush Bandaríkjaforseti sem hafði á mikilvægum fundi, þ.e. leiðtogafundi NATO-ríkjanna í júlí sl., fyrstur sett fram opinberlega tillögu um að hið nýja hugsanlega þing RÖSE-ríkjanna yrði starfrækt á grundvelli þings Evrópuráðsins eins og það var orðað, orðrétt útlagt. Sá hinn sami Bush Bandaríkjaforseti virtist hafa gleymt að ræða þetta við þingmenn sína áður en hann setti fram tillöguna opinberlega. Við skiljum það þingmenn að við viljum láta ráðherra ræða við okkur og ráðgast um eitt og annað, a.m.k. þannig að þeir hafi möguleika á að fara að ráðum okkar. En það var ekki gert í þessu tilviki og það lá í loftinu að þetta væri hluti ástæðunnar fyrir fjarvist Bandaríkjamanna. En við vonum að þetta standi til bóta. Þessi mál verða næst rædd á fundi í Madrid sem þing Spánverja boðar til nú í byrjun apríl. Þar verða m.a. fulltrúar frá Alþingi og frá öllum þessum ríkjum sem þarna koma við sögu.

Nokkrar efasemdir hafa komið upp í sambandi við hugmyndir Evrópuráðsins um þingsköp fyrir svona þingmannasamkundu og sú e.t.v. mikilvægust að flestir Evrópuráðsþingmenn voru þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt að úrslitum mála réði meiri hluti atkvæða en mér er óhætt að segja að m.a. Bandaríkjamenn vildu að þar væri málum ráðið til lykta með samhljóða niðurstöðum. En það segir sig auðvitað sjálft að það er mikill munur þá á hraða í afgreiðslu eftir því hvor reglan verður valin.

Ég vildi, frú forseti, gera grein fyrir þessu atriði sér-

staklega því það er alveg ljóst að það er víða um lönd mjög til umræðu hvernig eigi að haga þessu. Menn gætu spurt: Hvers vegna eru þingmenn á Íslandi að fjölyrða um þetta atriði? Má okkur ekki vera mikið til sama, við erum hvort sem er svo fá, hvort hinar stóru þjóðir hittast á þingi, við skulum segja í Strassborg, sem heitir Evrópuráðið eða RÖSE-þingið í Strassborg eða hvort þær hittast á einhverju enn öðru þingi með öðrum nefndum og öðru skrifstofuliði einhvers staðar annars staðar? Sannleikurinn er sá að okkur er alls ekki sama vegna þess að það er mikið hagsmunamál fyrir þing litlu ríkjanna að það sé ekki sett upp hver stofnunin af annarri sem við verðum að taka þátt í ef við ætlum að geta haldið sjálfstæði okkar og reisn í hópi þjóðanna. Þess vegna er þetta atriði sem ég ráðlegg eindregið og við í Evrópuráðsnefnd að verði tekið alvarlega og menn hugleiði og verði búnir að taka afstöðu til þess þegar við verðum spurð að því, því að annars gæti okkur í fljótu bragði leynst hver ókosturinn við slíkan stofnanafjölda væri.

Frú forseti. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hvers hluta þingsins. Þar er gerð grein fyrir miklum nefndafjölda. Það skal tekið fram að við höfðum ekki tök á því að sækja nærri alla nefndarfundi en gerðum það þó eftir bestu getu því það er ljóst að það er þar sem málefnasamstarfið fer fram. Ef við viljum hafa áhrif á innihald ályktunar frá ráðinu, þá er nefndin aðalvettvangurinn til slíks. Því að við umræðu í þinginu sjálfu, þar sem sitja hátt á annað hundrað þingmanna og umræðan fer fram mjög hratt, þá verður oft erfiðara að koma við efnislegum breytingum. Þó gerist það auðvitað stundum eins og t.d. nú á þinginu í janúar í sambandi við ályktunina um stjórnmálastöðu Evrópuráðsins og þann þátt hennar sem varðaði Eystrasaltslýðveldin. Þeirri skýrslu og þeim ályktunartillögum ráðsins var breytt á seinustu stundu í stjórnmálanefnd þess þar sem tekin var afstaða með Eystrasaltsríkjunum og fordæmdar aðgerðir Sovétríkjanna þar. En hins vegar hafði hv. þm. Eiður Guðnason forustu um það að hnykkja á þeirri tillögu og á þann veg að þar væri berum orðum tekið fram að á atferli Sovétríkjanna bæri að líta sem gróft brot á 7. meginreglu Helsinki-samkomulagsins og Kaupmannahafnaryfirlýsingunni um mannlega þáttinn.

Það sem þetta orðalag felur í raun og veru í sér er það sama og að segja að Sovétríkin hafi brotið það skilyrði sem sett er í þingsköpum Evrópuráðsins fyrir gestaaðild. Gestaaðildarákvæðið hefur að geyma reglu um það að greidd skuli atkvæði um gestaaðildina árlega í byrjun hvers þings. En byrjun hvers þings er sú lota sem stendur venjulega um mánaðamótin apríl og maí. Þetta þýðir að það getur verið mjög vafasamt hvort gestaaðildin verður samþykkt að nýju þegar þar að kemur nema þá að einhverjar verulegar breytingar hafi orðið til bóta að því er atferli þeirra varðar og afstöðu til Eystrasaltsríkjanna.

Um leið og ég vík að því efni vil ég geta þess að skrifleg yfirlýsing, sem einnig var sett að frumkvæði sama hv. þm., var lögð inn á skrifstofu ráðsins en það er sú aðferð sem þingmenn geta haft þegar umræðan fer fram með þeim hætti sem þarna var, hún endaði ekki með ályktun, en hægt var að senda frá sér skriflega yfirlýsingu. Hún var lögð inn með 18 undirritunum en síðan það gerðist höfum við haft spurnir af að fleiri þingmenn hafi bæst við og seinast þegar við vissum voru 35 undirskriftir komnar undir þessa yfirlýsingu. Hún hafði að geyma ýmis atriði sem raunar komu fram í máli þingmanna í sérstakri umræðu sem fram fór um þetta efni. Nú er reglan sú að aðalatriðin úr umræðunum eru svo tekin saman og þau send til umfjöllunar í viðkomandi nefndum hjá ráðinu og verða oft á tíðum svo tilefni til ályktana síðar.

Í upphafi þingsins tók stjórnarnefndin ákvörðun um að senda þingmannasendinefnd til þess að kanna ástand mála og sýna samstöðu með frelsisöflum. En það atriði var aldrei borið undir heildarhópinn, allt þingið, en í umræðunum, þar sem fram kom í raun og veru almenn fordæming á atferli Sovétmannanna, skar þó ein ræða sig mjög úr og það var ræða Sovétmannsins. Hann hóf mál sitt á að segja að vissulega hryggði það þá Sovétmenn að orðið hefðu sorglegir atburðir í Eystrasaltsríkjum, einkanlega í Litáen. Hins vegar sagði svo sami fulltrúi að stjórn Sovétríkjanna hefði ákveðið að senda rannsóknarnefnd til þessara ríkja til að kanna hver ætti sök á þeirri móðursýki sem þar ríkti. Hann kvað það vera staðreynd að mikil móðursýki hefði gripið um sig í þessum löndum. Þeir mundu kanna hver ætti sök á þessari móðursýki, þeir mundu finna það út og sá eða þeir sem þar bæru ábyrgð mundu fá makleg málagjöld. Þetta var sá tónn sem heyrðist á þessu þingi og það var vissulega annað hljóð heldur en maður hafði búist við að heyra í þessum sama sal þar sem fögnuður og lófatak kvað við hálfu öðru ári áður þegar þingið, sumarþingið var flutt frá Austurríki til Strassborgar til þess eins að Gorbatsjov gæti framkvæmt þá ætlun sína að koma í heimsókn til ráðsins og ávarpa þingið. Þar var Gorbatsjov fagnað í salnum sem boðbera lýðræðis og friðar en því miður verður það að segjast að sú mikla bjartsýni, sem hafði í raun og veru byggt upp það starf sem fram fór á þessum vettvangi þingmanna í tvö ár, leið nokkuð fyrir þá löngu skugga sem lögðust yfir sviðið vegna þess að nú hafði hramminum verið lyft. Við skulum vona að það starf sem fram fer í lýðræðissamtökum eins og þingi Evrópuráðsins, eins og Norðurlandaráði núna þessa dagana og víðar, verði til þess að bjartsýni okkar geti aftur náð yfirhöndinni og eigi sannanlega fullan rétt á sér.

Hitt var svo annað mál að sum voru þau ríki sem höfðu af því nokkrar áhyggjur að ályktanir um þessi efni og harðorðar yfirlýsingar gætu haft áhrif á samstarf bandamanna við Persaflóa en niðurstaðan varð þessi eins og ég hef hér greint frá. Það breytti hins vegar ekki því að það var mikil samstaða með einni eða tveimur undantekningum um afstöðu til aðgerða bandamanna við Persaflóa. Um þessi efni fóru fram þær umræður á þinginu sem segja má að hafi verið hvað pólitískastar auk þess sem umræðan um framtíðarhlutverk Evrópuráðsins var mjög pólitísk.

Við íslensku fulltrúarnir skiptum með okkur verk-

um og fórum eitt okkar í hverja af þessum umræðum. Það er reyndar sú aðferð sem við höfum yfirleitt reynt að hafa á þessum þingum og ánægjulegt til þess að vita í þeim sundurleita flokkahópi sem við störfum í hér á Alþingi að samstarf fulltrúa frá þessum ólíku flokkum hefur verið með miklum ágætum á þessum vettvangi. Þó höfum við hagað störfum okkar þannig að við höfum tekið fullan þátt í flokkspólitísku starfi ef ég má svo segja. En þannig er að líkir eða svipaðir stjórnmálaflokkar skipa sér saman í heildir, halda fundi og taka eftir atvikum afstöðu til mála og ræða hvað sem meðlimum dettur í hug og við ákváðum að taka fullan þátt í slíku samstarfi þó að okkar flokkar vikju kannski í ýmsu frá því sem sumir aðrir í því flokkasamstarfi væru. Við töldum að með því móti fengjum við aukin tækifæri til að vinna málefnum fylgi, að hafa áhrif á niðurstöðu og skýrðum þá líka þegar Ísland hafði sérstöðu að ýmsu leyti. Þetta hefur reynst okkur vera allnotadrjúgt.

Ég held, frú forseti, að ég ræði ekki einstök mál þingsins. Skýrslan segir öll aðalatriði um það. Skýrslur og skjöl Evrópuráðsins er hægt að fá hjá Þóru Guðnadóttur sem sér um skjöl ráðsins, ellegar ef þau eru ekki til nú þegar þá er henni vafalaust kært að útvega þau, þannig að ég vonast til að hv. þm. notfæri sér það því mikið af nýtilegu efni er þar að finna.

Auk þeirra starfa sem ég hef hér greint frá vil ég vekja athygli á því að töluvert starf þingmanna í Evrópuráðinu fer fram á ýmsum ráðstefnum sem annaðhvort ráðið sjálft beitir sér fyrir eða beitir sér fyrir í félagi við Evrópubandalagið eða aðrar alþjóðlegar stofnanir. Íslensku þingfulltrúarnir hafa tekið þátt í nokkrum slíkum ráðstefnum þegar þeir hafa verið til þess kosnir og getað komið því við. Við höfum öll reynt að leggja nokkuð til mála á þessum ráðstefnum eftir því sem tilefni hefur verið til og við vonumst auðvitað til þess að það starf geti síðan skilað sér út í ýmsum upplýsingum sem þingmenn gætu notfært sér.

Þess má að lokum geta, frú forseti, varðandi samsetningu nefndanna á þingi Evrópuráðsins, að það er ekki ákveðið í eitt skipti fyrir öll með hvaða hætti kosið skuli til Evrópuráðsins. Þess vegna er það að við höfum ekki samþykkt neinar nýjar formlegar tillögur um það, okkar nefnd. Okkur þótti eðlilegra að nýkosnir þingmenn gerðu það á næsta ári. En mig langar til að láta þá skoðun mína í ljós að ég tel afar eðlilegt að hafa slík atriði í föstu formi til að forðast allan vafa og hugsanlegan ágreining um það. Vissulega væri það skynsamlegast, að því er ég tel, að láta kosningu þeirra fulltrúa fara fram í sameinuðu þingi. Það breytir ekki því að flokkar geta samið sín á milli um það hvernig nefndin er samansett. En gert er ráð fyrir í upphaflegum reglum ráðsins, svo og ályktunum fastanefndarinnar í tvígang í framhaldi af því, að nefndirnar endurspegli pólitískan styrkleika á þjóðþingum sínum.

Ég þakka fyrir orðið, frú forseti. Ég mun hafa notfært mér það ótæpilega.

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1990.

Skýrsla félmrh., 384. mál. — Þskj. 689.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég legg hér með fyrir Alþingi skýrslu um 77. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var í Genf dagana 6.–27. júní á sl. ári. Þetta er gert í samræmi við 5. tölul. 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja stofnunarinnar að kynna löggjafarsamkomunni þær samþykktir og tillögur sem gerðar hafa verið á alþjóðavinnumálaþinginu. Samkvæmt a-lið skal þetta gert eigi síðar en innan árs frá slitum vinnumálaþingsins en í undantekningartilvikum eigi síðar en 18 mánuðum eftir lok þingsins.

Á Íslandi hefur þessu ákvæði verið fylgt með þeim hætti að félmrh. hefur lagt fyrir Alþingi skýrslur um alþjóðavinnumálaþingið. Alþjóðasamþykktir sem vinnumálaþingið hefur afgreitt hafa verið birtar sem fylgiskjöl með skýrslunum. Á seinni árum hefur sú regla verið tekin upp að gera nokkuð ítarlegri grein í skýrslunni fyrir samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og framvindu alþjóðavinnumálaþingsins. Meðal annars hefur verið fjallað um umræður sem hafa átt sér stað í þingnefnd sem fjallar um framkvæmd aðildarríkjanna á fullgildum alþjóðasamþykktum ILO. Einnig hefur tækifærið verið notað til að gefa Alþingi upplýsingar um samskipti félmrn. við aðrar alþjóðastofnanir á sviði vinnu- og félagsmála. Ég vil sérstaklega í þessu sambandi geta um eftirlit félmrn. með framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu og samskiptum við Evrópuráðið vegna þeirrar framkvæmdar.

Áður en ég geri grein fyrir þeim tveimur alþjóðasamþykktum sem 77. alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi sl. sumar, þ.e. um meðferð efna við vinnu og samþykkt um næturvinnu, vil ég víkja nokkrum orðum að einstökum köflum skýrslunnar.

Í kafla 2.5. er gerð grein fyrir umræðum um framkvæmd alþjóðasamþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í kaflanum kemur fram að hinn 31. des. 1989 höfðu forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar borist samtals 5463 fullgildingarskjöl vegna fullgildingar á alþjóðasamþykktum ILO sem nú eru 171. Á árinu 1989 voru skráðar 63 fullgildingar 19 aðildarríkja en það er nokkur fækkun frá árinu 1988 þegar skráðar voru óvenjumargar fullgildingar eða samtals 90. Frá 1. jan. til 21. mars 1990 höfðu verið skráðar 15 fullgildingar 5 aðildarríkja. Í þessu sambandi má minna á það að Ísland er langt að baki nágrannaríkjum að því er varðar fullgildingar. Fram til ársins 1989 hafði Ísland einungis fullgilt 14 samþykktir. Meðan 77. alþjóðavinnumálaþingið starfaði sl. sumar voru þó afhent skjöl þar sem fram kemur að Ísland hefur fullgilt alþjóðasamþykktir nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og nr. 159, um atvinnumál fatlaðra. Þetta voru fyrstu fullgildingar Íslands á alþjóðasamþykktum ILO í 10 ár. Á yfirstandandi Alþingi verða lagðar fram tvær þingsályktunartillögur þar sem óskað verður eftir heimild til að fullgilda tvær alþjóðasamþykktir til viðbótar, þ.e. al-

þjóðasamþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, og samþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi. Hér er því um að ræða nokkrar framfarir.

Rétt er að hafa í huga að enda þótt ríki geti stært sig af því að hafa fullgilt margar alþjóðasamþykktir er ekki þar með sagt að þau lágmarksréttindi á sviði félags- og vinnumála séu höfð í hávegum í því sama ríki. Þess vegna er starf sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þingnefndar á alþjóðavinnumálaþingum, sem fylgist með framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum, mjög mikilvægt og þess virði að því sé veitt athygli. Í skýrslunni er sagt frá umfjöllun þingnefndar um nokkur mjög gróf brot á samþykktum ILO sem ég vísa til og sé ekki ástæðu til að gera nánar grein fyrir hér.

Skýrsla sérfræðinganefndar, sem er til umfjöllunar í þingnefndinni sem ræðir framkvæmd alþjóðasamþykkta, er þykk og hefur að geyma umsagnir um framkvæmd aðildarríkja á fjölmörgum alþjóðasamþykktum. Í flestum tilvikum er ekki um að ræða alvarleg brot á samþykkt ILO heldur ábendingar um það sem betur má fara í framkvæmdinni.

Í skýrslunni um alþjóðavinnumálaþingið er frá því greint að sérfræðinganefndin gerði athugasemdir við framkvæmd Íslands á tveimur alþjóðasamþykktum í kafla um framkvæmd á alþjóðasamþykktum, nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og samþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Í skýrslunni segir að sérfræðinganefndin hafi kynnt sér efnið í skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 87. Hún hafi einnig kynnt sér málavexti í kærumáli nr. 1458 sem hafi verið rannsakað af nefnd um félagafrelsi og gerð sé grein fyrir 262. skýrslu hennar sem samþykkt hafi verið af stjórnarnefnd ILO á fundi í febrúar til mars 1989. Enn fremur kemur fram í skýrslunni að nefndin hafi kynnt sér athugasemdir Alþýðusambands Íslands sem ríkisstjórnin hafi komið á framfæri 26. maí 1989. Nefndin tekur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Athugasemdir ASÍ frá 26. mars 1989 og kærumál nr. 1458 varða lög frá 20. maí 1988 sem ákvarða hækkanir á launum launafólks og banna verkföll um ákveðinn tíma og eru því í ósamræmi við samþykktir 87 og 98.

Í skýrslunni er athugasemdum ASÍ ekki svarað en ríkisstjórnin áskilur sér rétt til að gera það síðar.

Nefndin vill vekja athygli bæði ríkisstjórnarinnar og ASÍ á þeirri staðreynd að þau álitaefni í kærumáli nr. 1458 sem vísað er til í athugasemdum ASÍ, þ.e. bann við kjarasamningum um tiltekið tímabil og engar samningaviðræður á milli ríkisstjórnarinnar og samtaka launafólks um nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við aðstæðum í efnahagsmálum, snerta í raun alþjóðasamþykkt nr. 78. Af þeirri ástæðu vísar nefndin til athugasemda sem beint var til ríkisstjórnarinnar á árinu 1989 þar sem hún m.a. óskar eftir áframhaldandi upplýsingum um þróun mála.

Nefndin yrði þar af leiðandi þakklát ríkisstjórninni ef hún gæti í næstu skýrslu sinni um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 98 svarað athugasemdum ASÍ þannig að nefndin geti kynnt sér það við reglulega athugun á framkvæmd samþykktarinnar.

Að því er varðar framkvæmd samþykktar nr. 87 tekur nefndin eftir því að meðal aðgerða, sem gripið var til með stoð í lögum frá 20. maí 1988, var bann við verkföllum um ákveðið tímabil.

Nefndin beinir því til ríkisstjórnarinnar að upplýsa hvort þetta bann hafi fallið úr gildi þar sem tímabilið, sem tilgreint var í lögunum frá 20. maí 1989, rann út 15. febr. 1989 samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar í kærumáli 1458."

Þess skal getið að alþjóðavinnumálaskrifstofunni var sent bréf, dags. 26. apríl 1990, þar sem staðfest var að þær takmarkanir á verkfallsrétti sem fólust í lögunum nr. 14/1988, um aðgerðir í kjaramálum, hafi fallið niður 15. maí 1989.

Hin athugasemd sérfræðinganefndarinnar, sem birt er í skýrslunni, snertir framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérfræðinganefndin hefur um árabil gert athugasemdir við framkvæmd þessarar samþykktar, sem efnislega varðar ákvæði 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, um agavald skipstjóra, sem hún telur að sé ekki í samræmi við samþykktina. Í skýrslum Íslands um framkvæmd samþykktarinnar, sem félmrn. hafði tekið saman í samráði við samgrn., hefur verið bent á að ákvæðið sé fyrst og fremst byggt á því ríkjandi sjónarmiði í íslensku þjóðfélagi að tryggja beri öryggi sjómanna og annarra sjófarenda eins og kostur er. Markmið þess væri að tryggja að skipstjóri geti komið skipi í örugga höfn eða var þegar hættu ber að höndum eða bjargað skipi og mönnum að öðru leyti úr háska. Í skýrslu sérfræðinganefndar ILO kemur fram að hún hefur kynnt sér skýringar íslensku ríkisstjórnarinnar. Nefndin tekur fram að tilvik eins og þau sem lýst er í skýrslu Íslands falli utan ramma samþykktar nr. 105 og leggur til að ákvæði 81. gr. sjómannalaganna verði afmarkaðra eða greinin felld úr lögunum eins og gert hafi verið í nokkrum löndum þar sem hliðstæð ákvæði hafi verið í gildi.

Ákvæði 81. gr. laga nr. 35/1985 var fellt úr gildi með lögum nr. 53/1990 sem samþykkt voru á Alþingi 4. maí 1990.

Í skýrslu minni til Alþingis um 76. alþjóðaþingið, sem lögð var fyrir Alþingi fyrir ári síðan, var í fyrsta skipti gerð grein fyrir framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu og athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við skýrslu Íslands um framkvæmdina á árunum 1986 og 1987.

Ég vil geta þess að í fskj. VII, skýrslu nefndar sem fjallar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd á ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu er gerð grein fyrir framvindu mála á þessum vettvangi. Þar kemur m.a. fram að í október sl. var Evrópuráðinu send sjötta skýrsla Íslands um framkvæmd á félagsmálasáttmála Evrópu. Skýrslan tekur til áranna 1988 og 1989. Í henni er gerð ítarleg grein fyrir þróun efnahags- og atvinnumála, húsnæðismála og félags-

legri aðstoð. Sérstök áhersla er lögð á að gera grein fyrir framkvæmd á ákvæðum 16. og 17. gr. sáttmálans, sem fjallar um efnahagslega og félagslega vernd mæðra, barna og fjölskyldunnar. Gera má ráð fyrir að umsögn sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmálanum liggi fyrir í haust. Í þessu sambandi vil ég geta þess að ég hef unnið að undirbúningi þess að Ísland undirgangist fleiri skuldbindingar samkvæmt félagsmálasáttmálanum. Í því sambandi hefur verið rætt um greinar 8.1. og 8.2. sem fjalla um vernd vinnandi kvenna fyrir og eftir barnsburð. Einnig 1. gr. í viðauka við sáttmálann sem fjallar um rétt til sömu tækifæra og sömu meðferðar hvað snertir ráðningu og starf, án mismunar á grundvelli kynferðis.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í upphafi er tilgangurinn með skýrslu félmrh. um alþjóðavinnumálaþingið að gera grein fyrir alþjóðasamþykktum sem þingið hefur afgreitt. Ég mun nú fjalla stuttlega um þær tvær samþykktir sem 77. alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi. Fyrri alþjóðasamþykktin er um meðferð efna og efnasambanda við vinnu. Að mati margra sem tjáðu sig á alþjóðavinnumálaþinginu er hér um að ræða tímamótasamþykkt sem mun er fram líða stundir hafa mikil áhrif á lög og reglur í heiminum um meðhöndlun efna á vinnustöðum og draga úr skaðsemi þeirra á heilsu starfsmanna.

Við lok fyrri umræðu á 76. alþjóðavinnumálaþinginu voru fjölmörg ágreiningsefni í drögum að alþjóðasamþykkt og tillögu um meðferð efna óleyst. Eitt af þeim voru ákvæði um merkingar efnasambanda. Samkvæmt upphaflegum tillögum var lagt til að innihald allra efnasambanda komi fram á umbúðum. Í tillögunni felst umtalsverð breyting frá gildandi reglum í fjölmörgum löndum en samkvæmt þeim er einungis skylt að merkja efnasambönd sem hafa skaðleg áhrif á heilsu manna. Fulltrúar atvinnurekenda héldu því fram að tillagan væri óraunhæf. Ef hún næði fram að ganga hefði það í för með sér stórfellt skrifræði og fölsun á vörulýsingum. Um þetta var lengi deilt í þingnefndinni. Niðurstaðan var samþykkt á tillögu frá fulltrúum Evrópubandalagsins um að öll efnasambönd skuli merkt með þeim hætti að innihaldið sé gefið til kynna. Þetta er túlkað þannig að ekki er nauðsynlegt að tilgreina ítarlega samsetningu óskaðlegra efna. Það er hins vegar nauðsynlegt ef um hættuleg efni er að ræða. Í slíkum tilvikum skal greina frá hættustigi efnisins, lýsingu á hugsanlegum skaðlegum áhrifum á heilsu manna og hvernig skuli meðhöndla efnasambandið.

Annað atriði sem olli ágreiningi var flutningur efnasambanda. Fulltrúar launafólks lögðu fram tillögu um að í meðhöndlun á efnasamböndum á vinnustöðum fælist öll vinna þar sem starfsmenn eiga á hættu að komast í snertingu við efnasambandið. Markmiðið með tillögunni var að tryggja að gildissvið samþykktarinnar taki einnig til flutnings á efnasamböndum. Þetta vandamál var leyst af vinnuhóp sem í voru fulltrúar ríkisstjórna, aðila vinnumarkaðarins og alþjóðasamtaka flutningaverkamanna. Lausnin felst í því að í 2. gr. er tekið fram að gildissvið samþykktarinnar taki til flutninga á efnasamböndum, en í 6. gr. er bætt við nýjum staflið, þar sem tekið er fram að við flutning skuli tekið tillit til tilmæla í samþykktum annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna.

Þriðja meiri háttar deiluefnið fjallaði um útflutning efnasambanda. Ástæðan var tillaga frá stjórnvöldum í Angóla og Brasilíu um að taka upp í texta alþjóðasamþykktarinnar ákvæði um skyldu upprunalands efnasambands að tilkynna innflutningslandi um það ef notkun hlutaðeigandi efnasambands er bönnuð eða háð ströngum reglum.

Hugmyndin með tillögunni var að koma í veg fyrir að þróunarlönd yrðu geymslustaður fyrir hættuleg efni sem iðnvæddi hluti heimsins hefði ekki not fyrir. Þessi tillaga hlaut stuðning fulltrúa launafólks í nefndinni en atvinnurekendur voru andvígir þótt þeir viðurkenndu nauðsynina á upplýsingum af þessu tagi. Niðurstaðan varðandi þetta atriði var að ef bannað er í útflutningsríki, sem á aðild að þessari samþykkt, að hafa tiltekin efnasambönd til ákveðinna eða hvers konar nota vegna öryggis og heilsu starfsmanna við vinnu skal það tilkynnt innflutningsríki og ástæða fyrir því.

Vinnueftirlit ríkisins hefur fylgst náið með framvindu þessa máls. Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, Eyjólfur Sæmundsson, átti sæti í þingnefndinni sem fjallaði um þetta málefni. Þó ekki sé mælt með því að alþjóðasamþykktin verði fullgild þegar í stað legg ég áherslu á það að Vinnueftirlitið hagi störfum sínum með þeim hætti að það verði hægt innan tíðar, því hér er um að ræða mikilvægt framlag til vinnuverndarmála.

Hin alþjóðasamþykktin er um næturvinnu. Fyrir alþjóðavinnumálaþinginu lágu drög að þrenns konar gjörningum: Drög að nýrri alþjóðasamþykkt og tillögu um næturvinnu og drög að viðauka við alþjóðasamþykkt nr. 89/1948, um næturvinnu kvenna í iðnaði.

Við fyrstu umræðu kom fram djúpstæður ágreiningur á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Í samþykktinni er fyrst og fremst fjallað um tvö hugtök, næturvinna og næturvinnumaður. Næturvinna er skilgreind sem öll vinna sem framkvæmd er á nánar tilgreindu tímabili að næturlagi. Næturvinnumaður er launamaður sem vinnur næturvinnu umfram nánar tilgreind mörk.

Nýjungin felst í því að það eru ekki eingöngu hlutaðeigandi stjórnvöld sem skulu setja þessi mörk, heldur geta þau verið samningsatriði í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Í upphaflegum drögum var gert ráð fyrir að samþykktin tæki til allra launamanna. Fjölmargar breytingartillögur komu fram við þetta atriði. Niðurstaðan varð sú að heimila aðildarríkjum að undanskilja starfsmenn í landbúnaði og við nautgripaeldi og fiski- og farmenn frá gildissviði samþykktarinnar.

Fjórða grein alþjóðasamþykktarinnar fjallar um rétt næturvinnumanna til ókeypis læknisskoðunar. Greinin ætti ekki að valda þeim ríkjum vandkvæðum sem búa við þróað heilsugæslukerfi.

Umdeilt atriði við fyrri umræðu var ákvæði í 7. gr. um vernd kvenna. Við þá umræðu setti starfsfólk al-

þjóðavinnumálaskrifstofunnar fram málamiðlunarlausn sem fólst í því að gefa skuli konum sem vinna næturvinnu tækifæri til að velja einn af þremur kostum: að fá annað starf að degi til sé slíkt gerlegt, lengra barnsburðarleyfi eða tryggingabætur. Enn fremur var samþykkt að bæta inn ákvæði í drögin um að óheimilt væri að segja vanfærri konu upp starfi. Málamiðlunartillaga alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hlaut góðar undirtektir og var samþykkt í nefndinni. Í stórum dráttum stóð málamiðlunartillagan óbreytt. Þó var vernd vanfærra kvenna aukin. Lagt er bann við vinnu þeirra í 16 vikur og skal bannið gilda a.m.k. í átta vikur fyrir þann tíma sem búist er við fæðingu.

Nokkrar breytingar voru gerðar á drögum að tillögu um næturvinnu. Flestar eru í samræmi við breytingar sem gerðar voru á samþykktinni.

Eins og að framan greinir afgreiddi þingið viðauka við alþjóðasamþykkt nr. 89, um næturvinnu kvenna í iðnaði. Í viðaukanum felst að aðildarríki þeirrar samþykktar geta með lögum, reglugerðum eða samningum vikið frá banninu við næturvinnu kvenna í iðnaði. Þess skal getið að nokkur ríki hafa á undanförnum árum sagt upp fullgildingum sínum á alþjóðasamþykkt nr. 89 með vísan til þess að hún brjóti í bága við grundvallarregluna um jafnrétti kynjanna. Önnur ríki hafa gefið til kynna að þau mundu gera slíkt hið sama. Með viðaukanum við samþykktina er komið til móts við jafnréttissjónarmið.

Þess skal getið að við atkvæðagreiðsluna á allsherjarþinginu féllu atkvæði þannig að 348 greiddu atkvæði með alþjóðasamþykktinni um næturvinnu, 24 voru á móti og 15 sátu hjá. Allir norrænu atvinnurekendafulltrúarnir, þar með talinn fulltrúi Íslands, greiddu atkvæði gegn nýrri alþjóðasamþykkt um næturvinnu. Það er því ljóst að um þessa alþjóðasamþykkt ríkir ágreiningur. Þess vegna er ekki lagt til nú að alþjóðasamþykktin verði fullgilt, að minnsta kosti ekki að sinni.

Virðulegi forseti. Ég hef í ræðu minni gert Alþingi grein fyrir alþjóðasamþykktum sem afgreiddar voru á 77. alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var í júní á sl. ári, eins og áskilið er í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ég hef einnig vakið athygli á nokkrum atriðum í skýrslu minni sem ég tel mikilvæg fyrir samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og Evrópuráðið á sviði vinnu- og félagsmála.

Ég vil leggja áherslu á það sem kom fram í ræðu minni í fyrra að hér er um að ræða viðleitni til að gefa Alþingi betra tækifæri til að fylgjast með erlendu samstarfi sem stjórnvöld eiga við ýmsar alþjóðastofnanir. Ég vil endurtaka þá skoðun mína að framkvæmdarvaldinu beri skylda til að gefa löggjafarvaldinu skýrslu um þetta samstarf. Með aðild okkar að Alþjóðavinnumálastofnuninni og Evrópuráðinu höfum við samþykkt ákveðið alþjóðlegt eftirlit með aðgerðum okkar á sviði félagsmála. Við athugun á skýrslum Íslands á framkvæmd þeirra sáttmála sem við höfum fullgilt fer fram samanburður við önnur lönd. Það er mikilvægt að niðurstöður úr slíkum samanburði séu kynntar réttum aðilum þannig að bæta megi úr því sem miður fer.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið skýrslu minni um 77. alþjóðavinnumálaþingið í Genf.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Skýrsla félmrh., 393. mál. — Þskj. 707.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Með lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, var tekið upp það nýmæli í 22. gr. laganna að félmrh. skuli leggja fyrir ríkisstjórn og Alþingi framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála fyrir fjögur ár í senn. Í áætluninni skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna. Samkvæmt greininni skal við gerð hennar höfð hliðsjón af framkvæmdaáætlun sem Jafnréttisráð skal gera, sbr. 2. tölul. 15. gr. laganna.

Fyrsta framkvæmdaáætlunin á sviði jafnréttismála var lögð fyrir Alþingi í desember 1986 og kom til umfjöllunar í febrúar 1987. Í skýrslu félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála síðustu tveggja ára, sem verður lögð fyrir Alþingi innan tíðar, er m.a. reynt að meta áhrif fyrstu framkvæmdaáætlunarinnar á framvindu mála á þessu mikilvæga sviði.

Áður en ég geri grein fyrir nýrri framkvæmdaáætlun vil ég nefna nokkur atriði í sambandi við fyrstu framkvæmdaáætlunina.

Í fyrstu framkvæmdaáætluninni frá 1986 voru sett fram markmið á fjórum sviðum sem stefnt skyldi að á gildistíma áætlunarinnar. Þessi svið voru atvinnu- og launamál, menntun og fræðsla, trúnaðarstöður og ábyrgð og félagsleg atriði.

Í fyrsta hluta framkvæmdaáætlunarinnar var fjallað um mun á milli launa kvenna og karla. Lagt var til að Þjóðhagsstofnun hraði könnun á launamun kynjanna. Niðurstöður hennar verði rannsakaðar nánar með það að markmiði að finna raunverulegar ástæður launamunar.

Í janúar 1989 kom út á vegum Þjóðhagsstofnunar rit um Tekjur kvenna og karla. Þar kemur m.a. fram að konur voru u.þ.b. helmingur launþega árið 1986 en hlutur þeirra í heildaratvinnutekjum var rétt um 33%. Styttri vinnudagur kvenna vegur hér þungt. Heildartekjur kvenna í fullu starfi hafa verið rúm 60% af heildartekjum fullvinnandi karla frá árinu 1980. Samanburðarhæfar tölur eru því miður ekki til. Meiri menntun kvenna virðist því ekki hafa skilað sér í auknu launajafnrétti.

Í könnun jafnréttisnefndar BHM kemur þó fram að laun háskólamenntaðra kvenna í fullu starfi árið 1988 eru tæp 75% af launum fullvinnandi karla. Erfitt er að meta árangur á þessu sviði vegna þess að úrvinnsla talnaefnis tekur alltaf nokkurn tíma. Þó virðist ljóst að á sviði launamála er frekari aðgerða þörf.

Í fyrstu framkvæmdaáætluninni voru sett fram markmið á sviði menntamála. M.a. var rætt um jafnréttisfræðslu í skólum og í því sambandi vitnað til ákvæð-

is 10. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Á þessu sviði hefur ýmislegt áunnist. Árið 1987 skipaði menntmrh. starfshóp sem fjallaði um jafna stöðu kynja í skólum. Starfshópurinn lauk störfum og skilaði skýrslu í maí 1990. Verkefni starfshópsins var samkvæmt erindisbréfi m.a. að gera tillögur um fræðslu í skólum og gera tillögur um útgáfu kennsluefnis til foreldra.

Í framkvæmdaáætlunininni frá 1986 var fjallað um fjölgun þeirra kvenna sem gegna trúnaðar- og ábyrgðarstöðum hjá ríki og sveitarfélögum. Þar voru sett fram þau markmið að ríki og sveitarfélög vinni markvisst að því að tala kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jöfnust. Einnig að ráðuneytin vinni að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum. Hér má nefna nokkrar tölur:

Konur voru 4% sveitarstjórnarmanna árið 1974 en fjölgaði í rúm 19% árið 1986. Ef einungis er skoðað hlutfall kvenna í bæjarstjórnum, þá var það 8,3% 1974 en er komið í 32,4% 1990. Á höfuðborgarsvæðinu eru konur 45% borgar- eða bæjarfulltrúa. Þær eru í meiri hluta í tveimur nágrannabæjum Reykjavíkur og í borgarstjórn Reykjavíkur sitja nú sjö konur og átta karlar.

Frá 1971 til 1983 voru aðeins þrjár konur á Alþingi Íslendinga eða 5% en eftir kosningarnar 1983 urðu þær níu eða 15%. Á Alþingi sitja nú 14 konur eða 22,2% þingmanna.

Í krafti aukinnar menntunar hafa konur sótt inn í embættismannastéttina. Hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan ráðuneyta og ríkisstofnana hefur aukist á aðeins nokkrum árum. Árið 1987 voru konur 32% þeirra sem gegndu ábyrgðarstörfum innan ráðuneyta. Árið 1985 voru þær 24%. Á sl. tveimur árum hefur kona verið í fyrsta skipti skipuð ráðuneytisstjóri og önnur sendiherra.

Annað sem vafalaust hefur skipt máli og vert er að minna á eru jafnréttisáætlanir ráðuneyta og stofnana. Vorið 1988 samþykkti ríkisstjórnin að öll ráðuneyti og ríkisstofnanir með fleiri en 20 starfsmenn settu sér sérstakar jafnréttisáætlanir til fjögurra ára, þ.e. fyrir tímabilið 1. jan. 1989 til 31. des. 1992. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar skyldi koma fram í áætlununum lýsing á núverandi stöðu jafnréttismála innan ráðuneytis eða stofnunar. Enn fremur þau markmið sem sett væru í jafnréttismálum sem stefnt væri að innan tiltekins tíma, t.d. að því er varðar stöðuveitingar, launamál og fleira. Einnig var ákveðið að staðan og árangurinn verði metinn reglulega á tveggja ára fresti. Samtals hafa ráðuneytinu og Jafnréttisráði borist rúmlega 50 áætlanir. Þó úttekt sé ekki lokið tel ég nokkuð ljóst að hér hafi nokkuð miðað áleiðis en Jafnréttisráð er nú að vinna að sérstakri úttekt sem hófst um sl. áramót og tekur til fyrra helmings framkvæmdatímabilsins.

Í síðasta hluta framkvæmdaáætlunarinnar frá 1986 voru sett fram nokkur markmið á sviði félagsmála sem ríkisstjórnin vildi stefna að. Af mikilvægum atriðum í þessum hluta má benda á lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði. Einnig er tekið fram að feður fái aukna heimild til töku fæðingarorlofs, einnig um að heimavinnandi maki njóti sömu réttinda á við þá sem eru úti á vinnumarkaðinum. Enn fremur er kveðið á um það að komið verði á samfelldum skóladegi og að fram fari ítarleg könnun á þörf fyrir dagvistarstofnanir.

Ýmis mikilvæg félagsleg réttindi hafa áunnist á síðustu árum, réttindi sem skipta konur sérstaklega máli. Nefna má að fæðingarorlof hefur lengst verulega. Flestallir launþegar eiga rétt til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna. Einnig er líklegt að sveigjanlegri vinnutími sé algengari í dag en fyrir 10 til 15 árum. Engar tölfræðilegar upplýsingar liggja þó fyrir um það.

Það er alveg ljóst að of hægt hefur miðað, þó ýmislegt hafi áunnist þrátt fyrir allt, á gildistíma síðustu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála frá 1986. En ég vil minna á það, sem ég sagði í upphafi, að ítarleg grein verður gerð fyrir framvindu jafnréttismála í skýrslu sem ég mun leggja fyrir Alþingi innan tíðar.

Samkvæmt lögum nr. 65/1985 er að því komið að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi nýja fjögurra ára framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála. Þetta er gert í því þskj. sem hér er til umræðu. Þessi nýja framkvæmdaáætlun er sett upp með nokkuð öðrum hætti en áætlunin frá 1986 en byggir á því sjónarmiði, sem kemur fram í lögum frá 1976 og 1985, að stjórnvöldum beri skylda til að vinna að bættri stöðu kvenna í samfélaginu. Með lagasetningunni var stjórnvöldum gert að sýna fordæmi og hafa frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði. Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á skyldur ráðherra og ráðuneyta til að vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla hver á sínu sviði. Með þessu er ekki verið að draga úr mikilvægi þess að unnið sé að bættri stöðu kvenna á hinum almenna vinnumarkaði. Í áætluninni er einmitt lögð áhersla á að verkefni ráðuneytanna tengist hinum almenna vinnumarkaði. Stjórnvöld geta og eiga á grundvelli frumkvæðisskyldu sinnar að vinna að bættri stöðu kvenna á hinum almenna vinnumarkaði. Í áætluninni er einmitt lögð áhersla á að verkefni ráðuneytanna tengist hinum almenna vinnumarkaði. Stjórnvöld geta og eiga á grundvelli frumkvæðisskyldu sinnar að vinna að bættri stöðu kvenna alls staðar í samfélaginu.

Við samningu framkvæmdaáætlunarinnar hefur meginhersla verið lögð á eftirfarandi atriði:

1. Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á öllum skólastigum.
2. Launamál kvenna og karla.
3. Aðgerðir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði.
4. Aðgerðir til að bæta sérstaklega stöðu kvenna í dreifbýli.
5. Ýmis félagsleg réttindi.

Ég tel ekki ástæðu til að fara nákvæmlega í einstök atriði í þessari framkvæmdaáætlun sem hér liggur fyrir. Ég vil þó nefna nokkur atriði.

Í kafla félmrn. er lagt til að skipaður verði starfshópur til að vinna að úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari fjölskylduábyrgð. Jafnframt verði áhersla lögð á upplýsingar um jafnréttismál og fræðslu.

Unnin verði sérstök áætlun til fjögurra ára um framkvæmd þessa liðar. Ég tel þetta mjög mikilvægt atriði í framkvæmdaáætluninni vegna þess að við verðum að koma í veg fyrir það að áranguríinn af baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna verði tvöfalt vinnuálag kvenna.

Einnig er í framkvæmdaáætlun lögð áhersla á að Ísland taki þátt í norrænu verkefni um starfsmenntun, starfsframlag og stjórnunarhæfileika kvenna og karla hjá opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum. Þá er lagt til að félmrn. ráði til reynslu jafnréttisráðgjafa á árinu 1992 til að vinna í tveimur kjördæmum að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum. Gert er ráð fyrir að jafnréttisráðgjafi vinni í samvinnu við iðnráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur og jafnréttisnefndir þar sem þær eru starfandi. Ég vil geta þess að reynslan af starfi jafnréttisráðgjafa í Danmörku og Svíþjóð er mjög góð.

Í kafla félmrn. er gert ráð fyrir að unnin verði úttekt á nokkrum störfum, sem eru hefðbundin kvennastörf, með það að markmiði að skoða áhrif vinnu á streitu, álag og slitsjúkdóma. Sérstakur gaumur verði gefinn að einhæfum störfum, líkamsbeitingu og vinnuaðstæðum. Niðurstöður úttektarinnar verði síðan nýttar til að koma með tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf. Ég tel eðlilegt að Vinnueftirliti ríkisins verði falið þetta mikilvæga verkefni.

Í kafla félmrn. er fjallað um hlut kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins og er félmrh. falið að beita sér fyrir því í ríkisstjórn að hlutur kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum sem skipaðar eru af ráðherra verði a.m.k. 25% í lok gildistíma þessarar áætlunar. Þá er átt við heildarhlutfallið en ekki hlutfallið í einstökum nefndum eða ráðum. Þetta hlutfall er nú einungis 11% og er mun lægra en á öðrum Norðurlöndum. Ég tel það markmið að stefna að aukinni hlutdeild kvenna í opinberum nefndum og ráðum mjög mikilvægt. Með þeim hætti eru áhrif kvenna aukin á ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. Það ætti að geta með tímanum leitt til þess að breyta áherslum í þjóðfélaginu konum í vil. Ef vel tekst til gæti það t.d. leitt til þess að breyta mati á hefðbundnum kvennastörfum þannig að munur á launum minnki.

Af þeim atriðum í kafla félmrn. sem ég vil vekja athygli á er löggjöf um starfsmenntun. Félmrn. hefur unnið að samningu frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu sem væntanlega verður fljótlega lagt fyrir þingið.

Hvað svo varðar verkefni annarra ráðuneyta vil ég vekja athygli á því sem segir um fjarvinnslustofur í kafla forsrn. Þar er gert ráð fyrir, með hliðsjón af niðurstöðum úr þeirri könnun sem nú fer fram á vegum Byggðastofnunar, Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og vinnumálaskrifstofu félmrn., að það verði sérstaklega athugað að koma á fót verkefna- og markaðsstofu á höfuðborgarsvæðinu sem hafi það hlutverk að afla verkefna og miðla til fjarvinnslustofa á landsbyggðinni. Þar fari jafnframt fram samræming og þjónusta við fjarvinnslustofur. Tilgangur slíkrar verkefna- og markaðsstofu á höfuðborgarsvæðinu og fjarvinnslustofa á landsbyggðinni verði að færa störf í ýmsum tækni- og þjónustugreinum til landsbyggðarinnar.

Í kafla um verkefni menntmrn. eru sett markmið í sambandi við samfelldan skóladag. Þar segir m.a. að þegar liggi fyrir úttekt á því hversu mikla aukningu á skólarými þurfi til að öll börn búi við samfelldan skóladag, lengri skóladag, þ.e. sex klukkustundir á dag fyrir alla árganga, og skólamáltíðir muni menntmrn. beita sér fyrir markvissri kynningu á mikilvægi þess að sveitarfélög vinni sérstaka áætlun til að ná þessu markmiði. Á gildistíma þessarar áætlunar verði unnið að því að lengja viðverutíma grunnskólabarna í skólanum þar til því marki er náð að daglegur viðverutími allra árganga verði um sex klukkustundir.

Þessu til viðbótar vil ég vekja athygli á eftirfarandi verkefnum í framkvæmdaáætluninni sem ég hef ekki fjallað sérstaklega um en vísa þess í stað til þingskjalsins.

1. Á árunum 1991–1992 verði valdar fimm stórar ríkisstofnanir, t.d. á heilbrigðis- og skólasviði, og athuguð kjör karla og kvenna, þ.e. laun, aðrar greiðslur og fríðindi.

2. Byggðastofnun verði frá og með árinu 1992 tryggð fjárhæð á fjárlögum hvers árs til að styrkja stöðu kvenna í dreifbýli.

3. Tillögur nauðgunarnefndar komi til framkvæmda á gildistíma áætlunarinnar en frekari grein er gerð fyrir þeim í þeirri skýrslu sem ég hér mæli fyrir.

4. Gerð verði úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari fjölskylduábyrgð, sem ég hef hér lýst.

5. Námskeið verði haldin fyrir ritara og fulltrúa er hafi það að markmiði að auka hæfni þeirra og veita þeim möguleika á stöðuhækkunum.

6. Jafnrétti kvenna og karla í lífeyrismálum verði tryggt, sérstaklega réttindi heimavinnandi.

7. Lög um fæðingarorlof verði endurskoðuð að því er varðar sjálfstæðan rétt fólks til töku fæðingarorlofs.

8. Stofnuð verði neyðarmóttaka fyrir fórnarlömb kynferðisafbrota og annars ofbeldis.

9. Sett verði í gang fjögurra ára þróunarverkefni í einu byggðarlagi sem miði að því að fjölga atvinnutækifærum kvenna í iðngreinum.

10. Jöfnuð verði staða kynjanna á öllum skólastigum, m.a. með fræðslufundum, starfsmannastefnu í skólum, námsefni án kynjafordóma, fjölskyldufræðslu og starfsfræðslu.

Ég hef hér, virðulegi forseti, drepið á nokkur helstu atriðin í þessari framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna og vona að þau atriði sem hér eru sett fram hjá einstökum ráðuneytum verði til þess að við náum lengra en hingað til í að ná fram jafnrétti kynjanna.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

61. fundur, þriðjudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 681.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 385. mál (húsnæðismálastjórn, umdæmisstjórnir o.fl.). — Þskj. 690.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil segja það í upphafi máls míns að ég er sammála þeim markmiðum sem sett eru í þessu frv., annars vegar um að saman fari ábyrgð og vald þess ráðherra sem með málefni Húsnæðisstofnunar fer hverju sinni og hins vegar að færa vald og þjónustu og aukna ábyrgð út til landshlutanna. En það er trúlega ýmislegt sem þarf að athuga í sambandi við þetta frv., ekki síst með hliðsjón af andmælum sem upp hafa komið frá sveitarfélögum og ekki síður verkalýðshreyfingunni eftir því sem mér hefur heyrst að undanförnu.

Mig langar til þess við 1. umr. að spyrja hæstv. félmrh. um örfá atriði varðandi greinar frv. og ýmislegt sem ég rak augun í. Þetta eru svona lauslegir þankar mínar. Það er fyrst varðandi skipan framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins til sex ára, eins og segir í 5. gr. Það tel ég vera gott og er reyndar í anda þeirrar stefnu sem uppi hefur verið hin seinni ár að skipa fólk ekki til starfsloka í störf á vegum ríkisins. En í framhaldi af því hnaut ég um setninguna þar sem segir að ráðherra skipi einnig skrifstofustjóra stofnunarinnar. Mig langar til þess að fá um það upplýsingar hvort ætlunin sé að skrifstofustjóri fái æviráðningu með skipun. Eins finnst mér ekki þörf á því að ráðherrar skipi starfsmann stofnunar sem ég tel skrifstofustjóra tvímælalaust vera hér.

Ég vil í sambandi við hitt meginmarkmið frv. minna á frv. sem hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríður Sigurðardóttir hafði frumkvæði að að flytja í fyrra ásamt þingmönnum allra flokka um að komið yrði upp útibúum frá Húsnæðisstofnun í öllum landsfjórðungum í því skyni að leið fólks yrði greiðari til þess að nýta sér þá þjónustu sem Húsnæðisstofnun býður og eins líka til þess að færa valdið og skipulagið heim í héruðin. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að skipta landinu upp í átta umdæmi og eiga umdæmisstjórnir að starfa í hverju þeirra. Þar er e.t.v. meginbreytingin á stjórnarháttum miðað við það sem nú er vegna þess að í húsnæðismálastjórn, sem staðsett yrði við Húsnæðisstofnun í Reykjavík, yrðu engir fulltrúar verkalýðsfélaga en hins vegar er gert ráð fyrir þeim í umdæmisstjórnum.

Ég vildi spyrja hæstv. félmrh. um þessar umdæmisstjórnir. Ég hefði gjarnan viljað sjá með þessu frv. einhverja áætlun um hversu mikið reynist unnt að fækka starfsfólki við Húsnæðisstofnun í Reykjavík. Og þá sömuleiðis hvað megi ætla að umdæmisskrifstofur þurfi marga starfsmenn. Það segir hér í d-lið 7. gr. að laun starfsmanna hverrar umdæmisstjórnar skuli greidd af Húsnmæðisstofnun ríkisins. Mér leikur forvitni á að vita hvort einhverjar áætlanir hafi verið gerðar um hvort tveggja, þ.e. um fjölda starfsmanna við umdæmisstjórnir og eins þá um hve marga starfsmenn reynist unnt að fækka við skrifstofuna hér í Reykjavík.

Það var annað sem ég velti fyrir mér líka í þessu sambandi og það varðar verkefni umdæmisstjórna. Þær eiga aðallega að sjá um að gera áætlanir fyrir umdæmið um byggingarþörf og sömuleiðis að gera tillögur um lán til félagslegra íbúða. Það væri forvitnilegt að heyra hversu margar umsóknir gætu komið til umdæmisstjórnar á ári hverju miðað við það sem verið hefur undanfarið. Nú er auðvitað ekki víst að hæstv. félmrh. hafi svör við þessu hér og nú, en ég vænti þess að við getum fengið þau í félmn. þegar við förum að fjalla um frv. Varðandi áætlunargerð um byggingarþörf í umdæmum, sem hefur verið í höndum Byggðastofnunar, vildi ég vita hvort það verði þá flutt algerlega yfir til umdæmisstjórnanna.

Ég held að við þurfum að taka þetta til rækilegrar umfjöllunar í félmn. og reyna að svara þeirri spurningu hvort með þessu frv. sé örugglega verið að tryggja betur hlut allra þeirra sem í umdæmunum búa. Það er ljóst að miklar breytingar hafa orðið á húsnæðiskerfinu að undanförnu og því er nauðsynlegt að skoða það frv. sem hér liggur frammi með hliðsjón af því.

Kvennalistinn telur mjög mikilvægt að dreifa valdi og ábyrgð út um landið að svo miklu leyti sem hægt er, en ég vil hafa fyrirvara á um afstöðu til þessa frv. þangað til mér hefur gefist tækifæri til í félmn. að komast að niðurstöðu um það hvort frv. nær örugglega tilgangi sínum, einkum með tilliti til þeirra andmæla sem nú þegar hafa heyrst.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég átti þess ekki kost að vera hér þegar hæstv. ráðherra flutti framsögu um þetta mál og þess vegna tel ég rétt að koma hér örstutt í pontuna. Ég er í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um frv., hv. félmn., og fæ því tækifæri til þess að ræða þetta í smáatriðum. Þess vegna skal ég ekki orðlengja hér mjög mikið um einstök atriði. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þingflokkur Framsfl. skrifaði hæstv. félmrh. hinn 7. þessa mánaðar svohljóðandi bréf:

„Á fundi þingflokks Framsfl. þann 6. febr. 1991 var samþykkt að heimila framlagningu frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins (stjórnsýslulega stöðu) með fyrirvara. Gerður er almennur fyrirvari um að flytja eða fylgja brtt. við frv. Er þá einkum bent á 3. gr. um skipun húsnæðismálastjórnar og 7. gr. um skipan og verkefni umdæmisstjórna. Einnig er vísað til athugasemda í bréfi dags. 27. nóv. 1990 sem eru svohljóðandi:

„1. Þingflokkurinn tekur undir meginhugmyndir frv. um að flytja þjónustu Húsnæðisstofnunar út á landsbyggðina. Hins vegar er það skoðun þingflokksins að fyrirkomulag þeirra mála tengist framtíðaruppbyggingu húsnæðiskerfisins og hvert verði hlutverk Húsnæðisstofnunar í framtíðinni. Líklegt er að húsbréfaviðskipti muni þróast þannig að bankastofnanir muni í vaxandi mæli taka við þjónustuhlutverkinu. Spurning vaknar því um verksvið umdæmisstjórna og hvort ekki sé heppilegra að stíga skrefið til fulls og fela það bankastofnunum að annast þjónustuhlutverkið og leggja upplýsingaöflunina á herðar húsnæðisnefnda sveitarfélaga sem eru komnar á laggirnar samkvæmt nýsettum lögum. Vafasamt verður að teljast að leggja á herðar landshlutasamtaka kostnað vegna flutnings þjónustunnar út á landsbyggðina og ljóst er að ekki verður samkomulag um annað en að ein umdæmisskrifstofa verði í hverju kjördæmi, verði þær settar á fót. Skiptar skoðanir voru um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar.““

Þetta eru þeir almennu fyrirvarar sem þingflokkurinn gerði. Aðalatriðið í þeim er að hann áskilur fyrirvara um að einstakir þingmenn í þingflokknum flytji eða fylgi brtt. við frv. er fram kynnu að koma.

Ég vil svo að lokum líka vitna til þeirra umsagna sem hafa komið frá landshlutasamtökum sveitarfélaga þar sem lögð er meginhersla á að landshlutasamtökunum verði tryggður tekjustofn til þess að mæta þeim kostnaðarauka sem verður af þeim verkefnum sem þeim er falið með þessu, þótt þau séu reyndar flest ef ekki öll því mjög sammála að stofna umdæmisskrifstofur úti í landshlutunum.

Þá verður líka að segjast eins og er að mjög skiptar skoðanir eru í mínum þingflokki um það hvernig skipun húsnæðismálastjórnar ríkisins eigi að vera, hvort rétt sé núna, á tíma þess samkomulags sem tekist hefur á milli aðila vinnumarkaðarins, þjóðarsáttarinnar, að strika algerlega út aðild þeirra að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins sem þeir hafa tekið þátt í um allmörg ár. Var full samstaða, held ég að ég muni rétt, í þinginu þegar lögin 1986 voru sett og þá var fjölgað í stjórninni. Mér er ekki kunnugt um að það hafi orðið til neins baga. Líka má benda á það að fjármögnun húsnæðiskerfisins er nú að miklum hluta við lífeyrissjóði verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda og því a.m.k. ekki óeðlilegt að þeir eigi aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins áfram.

Ég vildi að þetta kæmi fram hér. Ég mun svo að sjálfsögðu taka þátt í að vinna þetta frv. í hv. félmn. þar sem ég á sæti.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki flytja langt mál um þetta frv. og vísa m.a. til þess að hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðar Kristjánsson flutti hér allítarlega ræðu um frv. á fyrri fundi. Við fulltrúar Sjálfstfl. í félmn. Ed. munum að sjálfsögðu fjalla um þetta með þeim hætti sem við á í nefndinni. Einnig munum við óska eftir því að leitað verði umsagna fjölda aðila sem hér koma við sögu áður en við tökum endanlega afstöðu til einstakra greina þessa frv. En það liggur í augum uppi eins og hv. þm. er kunnugt um að við sjálfstæðismenn höfum ýmislegt við þetta frv. að athuga. En sem sagt, virðulegi forseti, við munum láta það koma fram við meðferð málsins í félmn.

Ég vil þó, þar sem ég er kominn hér í ræðustól, vekja athygli á því og undirstrika það að það er greinilega ekki samstaða í stjórnarflokkunum um þetta frv. Hv. 8. þm. Reykn. Jóhann Einvarðsson lýsti hér áðan afstöðu þingflokks Framsfl. til þessa frv. Kom fram í máli hans að sá flokkur er með marga fyrirvara og athugasemdir við frv. Ég vil einnig, virðulegi forseti, vekja athygli á því að með þessu fram lögðu frv. kemur það auðvitað skýrt fram að ákveðin meginforsenda á bak við núverandi skipan húsnæðismála sem felst í því að skylda lífeyrissjóði til þess að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 55% af árlegu ráðstöfunarfé sínu hlýtur auðvitað að bresta verði þetta frv. samþykkt. Frv. gengur í meginatriðum þvert gegn því samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisvaldið gerðu í ársbyrjun 1986.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, minna á í upphafi umræðu um þetta frv. En fulltrúar Sjálfstfl. munu fjalla nánar um það í félmn. og skila sínum álitum og tillögum að því verki loknu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þetta frv. og vil svara nokkrum af þeim spurningum sem hér hafa komið fram.

Hv. 6. þm. Vesturl. beindi til mín nokkrum spurningum um efnisleg atriði í þessu frv. Það er í fyrsta lagi hvort fyrir lægi einhver áætlun um það hvað hægt væri að fækka mikið starfsfólki í Húsnæðisstofnun ef þetta frv. yrði að lögum og eins hvað umdæmisstjórnin þyrfti á mörgum starfsmönnum að halda. Því er til að svara að það liggja engar áætlanir fyrir um það. Ég held að reynslan verði að skera úr um það hvað hægt væri að fækka starfsfóki mikið í Húsnæðisstofnun, en það er alveg ljóst að það eru viðamikil verkefni sem flutt eru frá Húsnæðisstofnun og húsnæðismálastjórn verði þetta frv. að lögum. Það hefur verið áætlað varðandi umdæmisstjórnirnar að þar mundu nægja 1–2 starfsmenn, en eins og ég segi verður reynslan að skera úr um þetta atriði.

Hvað varðar 5. gr. frv. sem um er spurt þá er breytingin sem í henni felst eingöngu að því er varðar framkvæmdastjórann. Hann verði skipaður til sex ára í senn. Að því er varðar skrifstofustjóra stofnunarinnar, þá er það með sama hætti í núgildandi lögum. Félm-

rh. skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra þannig að það er engin breyting á.

Varðandi umsókn um félagslegar íbúðir og umfang það sem umdæmisstjórnir munu hafa í því efni, ef ég man rétt, þá eru umsóknir um félagslegar íbúðir 1600–1800 á hverju ári. Varðandi áætlunargerð, eins og hér er lagt til að umdæmisstjórn hafi með höndum, þá er það rétt hjá hv. 6. þm. Vesturl. að Byggðastofnun hefur gert áætlanir varðandi íbúðaþörf á landinu. Hún hefur unnið þær áætlanir í samstarfi við húsnæðismálastjórn og Húsnæðisstofnun og ég býst við að það verði áfram með þeim hætti að Byggðastofnun komi á einn eða annan hátt inn í þær áætlanir eftir því sem henni er lagt fyrir af umdæmisstjórnum í því tilfelli.

Athugasemdir sem fram komu hjá hv. 8. þm. Reykn. sneru að hluta til að því að verið væri að flytja kostnað yfir á landshlutasamtökin. Ég hygg að sú ályktun eða samþykkt sem hann las upp úr frá þingflokki Framsfl. hafi verið gerð áður en frv. var breytt í þá veru að starfsmenn umdæmisstjórnar eru kostaðir af Húsnæðisstofnun en til fjármögnunar rekstrarins að öðru leyti kemur til aðstoð frá Jöfnunarsjóði til þess að mæta því.

Það er ljóst almennt um þetta frv. eins og ég sagði í minni framsögu að það er tvíþætt. Í fyrsta lagi er verið að taka af allan vafa að því er varðar stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins sem er gert samkvæmt ítrekuðum ábendingum Ríkisendurskoðunar. Í annan stað er verið að flytja þjónustuna í verulegum mæli nær fólkinu út á landsbyggðina með stofnun umdæmisstjórna og er það í samræmi við tillögu nefndar sem skilaði af sér í febrúar 1990 þar sem þeirri hugmynd var fyrst hreyft að það ætti að koma á stofn slíkum umdæmisstjórnum sem mundu stuðla að betri þjónustu við fólkið úti á landsbyggðinni og meiri valddreifingu. Þar kom einnig fram að eðlilegt væri að fækka stjórnarmönnum í húsnæðismálastjórn með tilkomu umdæmisstjórna. Ég vil benda á það að sæti í þeirri nefnd sem lagði til þessar hugmyndir áttu einnig fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Og ég held að nauðsynlegt sé að benda á það, þar sem það hefur verið gagnrýnt að verið sé að taka fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar úr húsnæðismálastjórn, að þess í stað er verið að leggja til að verkalýðshreyfingin, bæði ASÍ og BSRB, eigi tvo fulltrúa í átta umdæmisstjórnum sem verður komið á fót á öllu landinu þannig að í stað tveggja fulltrúa sem verkalýðshreyfingin hefur átt í húsnæðismálastjórn, sem hefur verið staðsett hér í Reykjavík, koma 16 fulltrúar frá verkalýðshreyfingunni vítt og breitt um landið. Ég hefði haldið að það væri valddreifing og í anda þess sem ég hygg að flestir stjórnmálaflokkar tali fyrir, þ.e. að auka valddreifinguna og færa þjónustuna nær fólkinu úti á landsbyggðinni.

Í lokin vil ég segja það að mér kemur nokkuð á óvart það sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv. Guðmundar H. Garðarssonar, að eitthvað það sé í þessu frv. sem gangi þvert á það samkomulag sem gert var 1986 og að vegna þeirra ákvæða, sem í þessu frv. eru, séu forsendur varðandi skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna brostnar. Ég hygg að hv. þm. geti varla átt við það að verið er að koma á umdæmisstjórnum og valddreifingu, fleiri fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar eigi sæti í stjórnum umdæmisstjórna sem fjalla um húsnæðismálin vítt og breitt um landið. Því síður get ég áttað mig á því að forsendur fyrir skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna séu brostnar þegar er verið að taka af skarið varðandi stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar samkvæmt ábendingum Ríkisendurskoðunar. Þess vegna komu mér þessi ummæli nokkuð á óvart og ég vildi láta það í ljós í þessari umræðu.

Ég vona að þetta frv. verði tekið til skoðunar fljótlega í félmn. sem fær það til meðferðar. Ég er opin fyrir öllum ábendingum sem fram kunna að koma í nefndinni og í nefndarstarfi um það sem betur mætti hafa. En það er ósk mín og von að þetta mál komi fljótlega til 2. umr. og það fái afgreiðslu á þessu þingi.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Mér finnst rétt við 1. umr. þessa mikilvæga máls að fara örfáum orðum efnislega um það án þess að ég sé að taka beina afstöðu til frv. eins og það nú liggur fyrir. Ég dreg ekkert í efa að ýmislegt af því sem mér sýnist þar vera gæti verið til hins betra. Það er í fyrsta lagi að taka ákvörðun um hvar þetta mál eigi heima í raun og veru, hver eigi að ákvarða, hver eigi forsvarsréttinn. Það þarf að liggja fyrir. Og líka hitt að ég tel mjög æskilegt að valdinu sé dreift frá skrifstofuborðum hér í Reykjavík og út á meðal hins almenna fólks, út á meðal landsvæðanna. Það er mjög mikilvægt að slíkt sé gert.

Við höfum allt of lengi búið við það að ákvarðanir eru teknar hér við skrifstofuborð í Reykjavík og boðsendar þaðan, ekki bara í þessu máli heldur í allt of mörgum. Breyting í þá veru að færa þetta vald til fólksins sjálfs er jákvæð, en auðvitað er ekki sama hvernig að því er staðið. Það eru trúlega til fleiri en ein og fleiri en tvær leiðir til þess að færa þetta vald raunverulega í hendur heimaaðila.

Ég hygg að það í frv. sem að þessu lýtur gæti orðið til þess að greiða leið til þess að fólk almennt fái sjálfsákvörðunarrétt heima í héraði og að því hlýtur að vera stefnt.

Hitt hefur valdið mér hugsunum. Nú er það vitað að lífeyrissjóðirnir, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa byggt upp, eru þeir sem fjármagna að langmestu leyti húsnæðiskerfið. Auðvitað er öllum ljóst að ef þess nyti ekki við væri kerfið sem slíkt lítt ef nokkuð nothæft til lánveitinga. Nú er talað um að draga úr áhrifum þessara aðila að því er varðar stjórnun héðan að sunnan og hæstv. ráðherra sagði hér áðan að þetta ætti að flytja út í fjórðungana þannig að áhrif þessara aðila ættu að vera þar. Ég hlýt að fagna því ef það er meiningin og verður í reynd að skrifstofubáknið verði fært frá Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu beint út til hinna óbreyttu félaga úti á landsbyggðinni. Ef það er meiningin, og það muni verða í reynd, ekkert slíkt sér maður auðvitað í þessum gögnum, (**Félmrh.:** Jú, jú.) Nei, það er ekki það sama, hæstv. félmrh., hvað stendur á blaði og hver verkin verða. Það höfum við

landsbyggðarfólk brennt okkur á allt of oft, að það dugar ekki að setja texta á blað. Því þarf að fylgja eftir í verkum ef það á að duga. Og það er einmitt það sem við höfum upplifað allt of oft, ekki í þessu tilviki bara, heldur í allt of mörgum tilvikum, að stjórnvöld hafa sett þetta og hitt á blað, stjórnarsáttmálar hafa verið prentaðir sérstaklega með ýmsum gylliboðum í orðum á blaði en engar efndir orðið í þeim tilvikum. Og ég hygg að landsbyggðarfólk sé löngu orðið þreytt á því að sjá þetta prentað á blöðum en efndir engar. Nú vil ég taka sérstaklega fram að ég er ekki að vísa þessu til hæstv. félmrh., alls ekki sérstaklega. Þetta höfum við búið við frá allt of mörgum hæstv. ríkisstjórnum til langs tíma og allt of mörgum ráðherrum. Kannski hefur viðhorf manna breyst í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er að þessi stjórnun gengur ekki til lengdar gagnvart landsbyggðarfólki nema þá því aðeins að meiningin sé að hrekja fólk frá landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið. Og mér sýnist allt benda til þess að beitt hafi verið seindrepandi meðulum til þess að flæma fólk frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið og suðvesturhornið. Og enn tek ég fram að ég er ekki að beina þessu til hæstv. fémrh. Þar eiga aðrir miklu fremur sök á því sem á undan er gengið.

En sé þetta hin raunverulega meining, að færa valdið til heimabyggðanna, ákvörðunarréttinn þangað, þá er það að vísu af hinu góða. Við höfum nóg skrifstofubákn héðan frá skrifstofuborði í Reykjavík til að berjast við þó að með einhverjum hætti linni því og fólkið fái völdin í sínu heimahéraði.

Ég er ekki með þessu að lýsa neinni sérstakri blessun á þetta frv. Það þarf auðvitað að skoðast og athuga hvort menn eru í raun og veru að leggja til breytingu til hins betra frá því sem verið hefur. En vissulega er ástæða til þess að fagna því að einstakir hæstv. ráðherrar eygja það a.m.k. að hægt sé að breyta til til hins betra. Beita miðstýringunni til þess að fólkið í landinu, vítt og breitt, fái ákvörðunarréttinn í stað þess að hann hefur verið tekinn nánast og í velflestum tilvikum héðan frá Reykjavíkursvæðinu.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er árangur af nefndarstarfi þar sem aðilar vinnumarkaðarins voru aðilar að. Þar var fjallað um það hvernig skyldi breyta yfirstjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, hvernig mætti auka valddreifingu og hvernig mætti koma þessum málum í betra lag. Það er ekki vafi á því að fólk sem býr úti á landsbyggðinni hefur oft átt í erfiðleikum með að hafa samband við Húsnæðisstofnun. Þetta er eitt stórt apparat hér í Reykjavík, hvar menn hafa haft misjafnan aðgang að eftir búsetu. Þetta frv. lýtur að því að reyna að breyta þessu, færa valdið út í héruðin og það tekið upp að verkalýðshreyfingin fái sína fulltrúa til að fjalla um þau mál sem þar koma fyrir. Það er gerð grein fyrir því hvert verður hlutverk umdæmisstjórnanna og þar sjá hv. þm. hvað þessum umdæmisskrifstofum er ætlað, það er mjög veigamikið hlutverk. Það verður ein stjórn Húsnæðisstofnunar sem verður áþekk stjórn hverrar annarrar ríkisstofnunar sem fer með meginmál eins og rekstur stofnunarinnar sjálfrar. Það má þá segja að hlutverk þeirrar stjórnar breytist allverulega.

Ég er þeirrar skoðunar að áhrif verkalýðshreyfingarinnar á þessi mál muni síst vera minni með þeirri breytingu sem nú er gerð og ég tel þessa breytingu mjög hagstæða, einkum fyrir þá sem búa úti á landsbyggðinni. Það má náttúrlega hafa mörg orð um það hvernig framkvæmdin verður, það vitum við náttúrlega ekki um, hún getur orðið á ýmsa vegu. Þetta er tilraun til að koma á móti nýjum tíma, á móti þörfum fólksins í hinum dreifðu byggðum landsins og ég vænti þess að menn horfi á þessi mál í því ljósi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði nú óskað eftir því að hæstv. félmrh. væri viðstaddur hér við umræðuna.

Hæstv. ráðherra kom inn á það hér í sinni ræðu áðan að honum hefðu komið á óvart ummæli mín um það að í þessu fælist grundvallarbreyting frá samkomulaginu 1986. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að það kemur einmitt fram í athugasemdum með einstökum greinum frv., m.a. 3. gr., að hér er um meginbreytingu að ræða í sambandi við skipan stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem felst í því að þeir fulltrúar, sem gerðu með sér það samkomulag í ársbyrjun 1986 sem núverandi húsnæðismálakerfi hefur hvílt á, þ.e. fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambandsins, eru þurrkaðir út úr yfirstjórn húsnæðismála á Íslandi.

Sé hins vegar litið á þetta frv. eitt út af fyrir sig, út frá því sjónarmiði að það eigi að stofna svokallaðar umdæmisstjórnir, þ.e. út frá því sjónarmiði að umdæmisstjórnirnar eigi að gegna því hlutverki að fjalla um hinn félagslega þátt húsnæðismála, þá er það rétt að þetta frv. færir verkalýðshreyfinguna nær þeim þætti sem félagslegi þátturinn er í húsnæðismálakerfinu. En félagslegi þátturinn í húsnæðismálakerfinu er að því er mér skilst — hæstv. ráðherra hefur kannski betri upplýsingar um það heldur en ég — um 30% af því sem við erum að fjalla um. 70% er í almenna kerfinu enn þá. Þannig að ef við lítum á þetta út frá þessu sjónarmiði þá er verið að slíta í sundur áhrif aðila vinnumarkaðarins á almenna kerfið hvað stjórnskipun áhrærir. Það er verið að víkja þeim úr þeirri stjórn Húsnæðisstofnunar sem nú er í dag og setja á laggirnar aðra stjórn með fimm manns, sem út af fyrir sig getur verið ágætt, að fækka í stjórninni, þar sem ekki eru fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, þ.e. þeir hafa ekki lengur áhrif á 70% af því sem hér er um að ræða. Þetta er kjarni málsins. Ég vek einnig athygli á því að umdæmisstjórnirnar samkvæmt frv. eiga fyrst og fremst, eins og ég sagði áðan, að fjalla um félagslega þáttinn, þ.e. um 30% af því heildardæmi sem hér um ræðir. En að því slepptu er það fyrst og fremst hlutverk umdæmisstjórnar að afla upplýsinga og veita ráðgjöf. Þannig að ég er þeirrar skoðunar að með þessu sé verið að veikja áhrif aðila á stjórn húsnæðismála, þ.e. það er ekki verið að dreifa valdinu, það er verið að þrengja valdið í meginatriðum, þó svo að verkalýðshreyfing-

in, og þá væntanlega líka fulltrúar vinnuveitenda á viðkomandi svæðum, geti haft einhver áhrif innan umdæmisstjórna á félagslegar íbúðir. Það liggur alveg hreint fyrir samkvæmt frv. að það er fyrst og fremst á því sviði sem þessar umdæmisstjórnir hafa áhrif á beint, en að öðru leyti eru þær ráðgefandi og safna upplýsingum, samkvæmt orðanna hljóðan.

En það er annað, virðulegi forseti, sem mér finnst einnig mjög athyglisvert og undirstrikar raunverulega það sem ég er að segja, að það er fyrst og fremst tilgangur frv. að minnka áhrif aðila vinnumarkaðarins á þessi mál. Það er það sem fjallað er um í athugasemdum við 3. gr. Það er eftirtektarvert og alveg furðulegt að höfundar þessa frv. skuli láta fara frá sér hugleiðingar á borð við það sem kemur fram í athugasemdum við 3. gr. Að leyfa sér að segja — og hér er um að ræða þrjá embættismenn sem semja þetta frv., þetta er þriggja manna starfshópur sem er skipaður af ráðuneytisstjóra félmrn., ef ég man rétt, skrifstofustjóra Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, og svo hæstaréttarlögmanni. Þetta eru þeir aðilar sem semja þetta frv. Að þeir skuli leyfa sér að láta það koma fram sem segir, með leyfi forseta: „Aðalrökin fyrir rétti Vinnuveitendasambands Íslands til tilnefningar virðast hafa verið þau að Alþýðusamband Íslands ætti þar tvo fulltrúa og húsnæðismál vörðuðu aðila vinnumarkaðarins verulega."

Ég vek athygli á því að þar segir „virðast vera þau". Það er meira en að virðast, þetta var samkomulagsatriði, þannig að hér er ekki um neitt sem er að virðast. Þarna er beinlínis verið að gefa í skyn annað heldur en er raunverulegt, sem ég tel rangt og villandi. Síðan segir, með leyfi forseta, í sömu grein:

„Vextir á skuldabréfum sem Húsnæðisstofnun ríkisins kaupir af lífeyrissjóðunum hafa veruleg áhrif á vexti í landinu. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa mikilla hagsmuna að gæta af því að lífeyrissjóðirnir fái sem besta ávöxtun af skuldabréfum sem þeir kaupa af Húsnæðisstofnun ríkisins. Hagsmunir Húsnæðisstofnunar ríkisins kunna" — ég vek athygli á þessu orðalagi — „hins vegar að vera aðrir og getur það leitt til hagsmunaáreksturs. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, sem eru nátengdir lífeyrissjóðunum, kunna að þurfa að gæta þess annars vegar að lífeyrissjóðirnir fái sem besta ávöxtun fjár síns og hins vegar að Húsnæðisstofnun ríkisins fái lán með sem bestum kjörum.

Með hliðsjón af þessu er lagt til að réttur greindra aðila til tilnefningar í húsnæðismálastjórn verði felldur niður."

Hér er beinlínis verið að segja að það eigi að koma þessum aðilum út úr stjórn Húsnæðisstofnunar vegna þess að þeir muni hafa þau áhrif á gang þessara mála, lán Húsnæðisstofnunar og ávöxtun á fjármunum lífeyrissjóðanna. Það kemur svo greinilega fram af því sem segir í þessari greinargerð.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er ekki vandi verkalýðsins, hins almenna launamanns sem er í lífeyrissjóðum hins almenna vinnumarkaðar, nógu mikill þótt ekki sé með löggjöf og að tillögum opinberra embættismanna verið að framkvæma þann verknað að gera fulltrúum aðila vinnumarkaðarins erfiðara fyrir að tryggja það að þessir peningar séu rétt ávaxtaðir þannig að lífeyrissjóðirnir geti borgað þann lífeyri sem þeim ber samkvæmt reglugerðum? Er ekki nægilegt að hið háa Alþingi þurfi einu sinni á ári að samþykkja það að borga 80% af öllum lífeyrisgreiðslum sem eru á ábyrgðarsviði ríkisins í gegnum fjárlög? Vilja menn þá þróun að hér verði komið með tillögur og frumvörp inn á Alþingi um að verðbæta og verðtryggja betur hina almennu lífeyrissjóði með sama hætti og opinberir starfsmenn fá sinn lífeyri verðtryggðan í gegnum fjárlög? Það er svo augljós tilgangur þessa frv. að víkja fulltrúum aðila vinnumarkaðarins út af því áhrifasvæði sem er að fjalla um þessi mál að það þarf ekki að hafa mörg orð um það.

Ég legg áherslu á það, virðulegi forseti, að hér er verið að brjóta upp það samkomulag sem gert var, og það hefur enginn hreyft mótmælum við því. Hér áðan töluðu tveir hv. þm. sem eru áhrifamiklir í verkalýðshreyfingunni. Hvorugur þeirra mótmælti því að hér væri verið að minnka áhrif eða breyta grundvallarforsendum samkomulagsins frá 1986, með þeirri niðurstöðu sem ég gat um, að raunverulega er verið hér að taka fyrsta skrefið í þá átt að afnema þá kvöð að lífeyrissjóðirnir, til þess að sjóðfélagar öðlist rétt í almenna húsnæðismálakerfinu, þurfi að kaupa fyrir 55% af árlegu ráðstöfunarfé sínu skuldabréf af Húsnæðisstofnun. Hins vegar kemur það vel til greina, ef menn vilja virða þetta frv. og skoða það, að verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur taki afstöðu til þess sem heitir hinn félagslegi þáttur. En það er bara annað mál og efnir til nýrra samninga og annarra frumvarpa. Þá erum við kannski að tala um það að óska eftir því við aðila vinnumarkaðarins að samið verði um skyldukvöð og að kaupa kannski fyrir 25–30% af árlegu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna vegna félagslega þáttarins. Þar munu áhrif þessara aðila verða áfram nokkur samkvæmt frv., þó ekki fullnægjandi að mínu mati.

Ég gat um það áðan, virðulegi forseti, að við fulltrúar Sjálfstfl. mundum skoða þetta mál mjög vel og ítarlega í félmn. Við munum óska eftir því að ýmsir aðilar verði til kvaddir til að gefa umsagnir og segja sitt álit á þessu frv. þannig að ég mun ekki orðlengja þetta frekar.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að fara hér nokkrum orðum um ræðu síðasta ræðumanns. Ég held að það sé ljóst ef menn fara yfir hlutverk umdæmisstjórnar að þarna er verið að fela umdæmisstjórnunum mjög viðamikil og stór verkefni sem hafa verið á hendi húsnæðismálastjórnar hingað til. Það á bæði við að því er varðar félagslegar íbúðir og félagslega þáttinn og líka varðandi almenna lánakerfið.

Hér er um að ræða viðamikið verkefni sem umdæmisstjórn hefur að því er varðar íbúðarkaupendur og íbúðarbyggjendur sem er almenn ráðgjöf og fræðsla um lánamál og það er þjónusta og verkefni sem þessi umdæmisstjórn hefur í umboði húsnæðismálastjórnar.

Það er því ljóst að hér er um verulega mikil verkefni að ræða sem flutt eru frá Húsnæðisstofnun hér á höfuðborgarsvæðinu til umdæmisstjórna úti á landsbyggðinni, þar sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa tvo fulltrúa í umdæmisstjórn, eins og ég sagði áður.

Varðandi fullyrðingar hv. þm. um að með þessu frv. sé verið að kippa grundvellinum undan skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna, þá finnst mér mjög sérstakt að hann færi það fram sem rök að þarna sé verið að fækka fulltrúum í húsnæðismálastjórn. Ég taldi satt að segja að grundvöllurinn fyrir því samkomulagi sem var gert 1986 væri sá að það var verið að beina auknu fjármagni frá lífeyrissjóðunum inn í húsnæðiskerfið til þess að tryggja hærri lán til lántakenda og lengri lánstíma og betri lánakjör. En að grundvöllurinn að því samkomulagi hefði ekki verið að fulltrúar Vinnuveitendasambandsins mundu fá þar einn fulltrúa vegna þess að . . . (**GHG:** Þetta er útúrsnúningur. Ég sagði meðal annars.) Meðal annars. En mér fannst það koma mjög vel fram í ræðu hv. þm. að þetta var dregið fram. (Gripið fram í.) Fulltrúi ASÍ átti sæti í húsnæðismálastjórn áður og hér var fyrst og fremst um það að ræða að fulltrúi VSÍ kom inn en ég tel að grundvöllurinn að þessu samkomulagi, eins og ég hef sagt, hafi verið sá að það var verið að beina meira fjármagni frá lífeyrissjóðunum til þess að skapa aukinn rétt hjá lántakendunum, hærra lán og lengri lánstíma.

Að því er varðar það sem hv. þm. vitnaði til í greinargerð með frv. þar sem hann nefndi það sem fram kemur í 3. gr. og tók sérstaklega fyrir þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta: „Hagsmunir Húsnæðisstofnunar ríkisins kunna hins vegar að vera aðrir og getur það leitt til hagsmunaáreksturs. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, sem eru nátengdir lífeyrissjóðunum, kunna að þurfa að gæta þess annars vegar að lífeyrissjóðirnir fái sem besta ávöxtun fjár síns og hins vegar að Húsnæðisstofnun ríkisins fái lán með sem bestum kjörum."

Ég held að það sé ekki rétt, hv. þm., eins og það var orðað að hér sé verið að flytja slíkar breytingar til þess að ná niður ávöxtun á fjármunum lífeyrissjóðanna, eins og hv. þm. orðaði það. Ég tel að lífeyrissjóðirnir hafi sýnt að þeir eru fullfærir um að gæta hagsmuna sinna enda kemur það fram í núgildandi lögum við hvað á að miða. Þar er talað um að lánskjör á skuldabréfum skuli miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði. Það eru fulltrúar lífeyrissjóðanna sem hafa samið þarna fyrir hönd sjóðanna og það er þeirra að gæta hagsmuna lífeyrissjóðanna og ég tel að þeir hafi gert það. En það eru ekki fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í húsnæðismálastjórn sem semja fyrir lífeyrissjóðina.

En af því að hv. þm. tók þetta upp vil ég líka benda á annað sem er nokkuð athyglisvert í grg. með þessu frv. Á bls. 5 kemur einmitt skoðun húsnæðismálastjórnar fram á því hvert sé hennar hlutverk. Hér kemur fram í grg. að á fundi húsnæðismálastjórnar 23. nóv. 1989 var gerð samþykkt vegna „frétta og viðtala í sjónvarpi, útvarpi og blöðum".

Þar segir, með leyfi forseta: „Í þessari samþykkt húsnæðismálastjórnar kemur fram afstaða hennar til stjórnsýslulegrar stöðu Húsnæðisstofnunar en þar segir m.a.: „Í álitsgerð Ráðgjafaþjónustu Lagadeildar Háskóla Íslands um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins segir þetta meðal annars:

„Húsnæðismálastjórn ber ekki ábyrgð gagnvart ríkisstjórninni í heild. Hún þarf ekki að taka við starfsfyrirmælum frá fagráðherrum. Hins vegar hefur hún venjulega upplýsingaskyldu gagnvart honum og Alþingi"."

Og síðan kemur orðrétt, eins og sagt var í ályktun frá húsnæðismálastjórn, sem er mjög athyglisvert satt að segja: „Ábyrgð einstakra fulltrúa í stjórn Húsnæðisstofnunar er, auk allrar venjulegrar starfsábyrgðar stjórnarmanna fyrirtækja og stofnana, fyrst og fremst fólgin í því að tala máli umbjóðenda sinna."

Ég hefði skilið að hlutverk húsnæðismálastjórnar væri allmeira heldur en að tala máli umbjóðenda sinna. Yfirstjórn Húsnæðisstofnunar, húsnæðismálastjórn, hefur ýmis önnur hlutverk eins og að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Húsnæðisstofnunar á margvíslegan hátt og ber ábyrgð á fjárhag Húsnæðisstofnunar. Það er því mjög sérkennilegt að fulltrúar húsnæðismálastjórnar líta á það sem sitt hlutverk fyrst og fremst að tala máli umbjóðenda sinna. En það hlýtur náttúrlega líka að vera hlutverk húsnæðismálastjórnar að fylgjast með fjárhag Húsnæðisstofnunar, hafa eftirlit með vaxtaákvörðunum, bæði á inn- og útlánum, og fleiri þáttum.

En ég vil vísa því á bug, hv. þm., að hér sé verið að flytja frv. sem felur í sér einhver ákvæði til þess að ná niður ávöxtun á fjármunum lífeyrissjóðanna. Það er alrangt. Lífeyrissjóðirnir hafa haft það hlutverk að gæta þess að ávaxta sem best fjármuni lífeyrissjóðanna og ég held að þeim hafi tekist það og ég held að ákvæði þessa frv. breyti þar engu um.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það var náttúrlega algjör útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra að halda því fram að þetta atriði varðandi aðild Vinnuveitendasambandsins að stjórn Húsnæðisstofnunar á sínum tíma hafi verið eina atriðið, þetta var eitt af mörgum atriðum. En þetta ásamt því að hafa fulltrúa Alþýðusambandsins var auðvitað mjög þýðingarmikið atriði. Það sem ég gerði áðan, virðulegi forseti, var að lesa upp úr athugasemd við 3. gr. með þessu frv. Það voru ekki mín orð sem stóðu í þeirri athugasemd, það voru orð höfunda þessa frv. þar sem það kemur berlega fram að það er markmið í sjálfu sér að koma fulltrúum þessara aðila, sem bera ábyrgð á stjórnun og ávöxtun lífeyrissjóðanna á hinum almenna vinnumarkaði, út úr þessari stjórnunarstöðu m.a. vegna þess að þeir sem semja frv. og gera athugasemdirnar telja að með því sé hagsmuna lífeyrissjóðanna betur gætt, þ.e. það þarf að haga málum þannig að gagnaðilinn geti náð niður ávöxtun sjóðanna. Þannig skil ég þessa athugasemd.

Um það atriði hjá hæstv. ráðherra að það hafi verið eitt af meginatriðunum að beina meira fjármagni inn í Húsnæðisstofnun vil ég vekja athygli á því að með

fyrra fyrirkomulagi, því kerfi sem gilti fyrir 1986, fór að mínu mati jafnmikið fjármagn inn í húsnæðismálakerfið. Það gerðist bara með öðrum hætti. Í stað þess að miðstýra þessu öllu á grundvelli umræðds samkomulags, sem ég var ekki mjög ánægður með út af fyrir sig, í því fólst mikil þvingun. Ég var því ekki fylgjandi. Í því fólst mikil þvingun að með því að gera þetta samkomulag ríkisvaldsins við aðila vinnumarkaðarins var verið að miðstýra gífurlegu fjármagni úr sjóðunum inn í Húsnæðisstofnun. Þ.e. hið dreifða vald, hin dreifðu áhrif þeirra aðila sem áttu fjármagnið var tekið úr höndum þeirra með þessum hætti. (Gripið fram í.) Þetta er staðreynd.

Sú tillaga ASÍ, hv. þm. Karl Steinar, er nú að leiða til þess að það þarf að stokka upp í þessu kerfi. Það er að komast á það stig að jafnvel höfundar þessa frv. viðurkenna að það þurfi að láta fjármunina vera úti í hinum dreifðu byggðum landsins. Öðruvísi get ég ekki skilið tilganginn hvað varðar félagslegar íbúðir. Það er verið að reyna að tryggja það að hinar félagslegu íbúðir, úti í hinni dreifðu byggð, verði ekki afskiptar. Þetta var ekki samkvæmt samkomulaginu 1986. Við vorum hér nokkrir sem vöktum athygli á þessu þegar í upphafi.

En varðandi Húsnæðisstofnun ríkisins þá er það að segja, og það hefur m.a. komið fram hjá hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni, að þingflokkur Framsfl. er farinn að taka upp hugmyndir og tillögur sjálfstæðismanna um það að færa þetta fjármagn yfir í banka og sparisjóði og láta þá, ásamt lífeyrissjóðum og öðrum sem vilja veita fé í þessar framkvæmdir, annast þessa framkvæmd vítt og breitt um landið. Húsnæðisstofnun ríkisins er raunverulega að verða óþörf í þeirri mynd sem við þekkjum.

Tökum umdæmisstjórnirnar. Hv. þm. sem eru kjörnir úti í strjálbýlinu vita að sparisjóðir, svo ég nefni sem dæmi, gegna þar mjög veigamiklu hlutverki. Það væri t.d. mjög eðlilegt að sparisjóðir sem eru í mikilli nálægð við íbúa í viðkomandi byggðarlagi fjölluðu um þetta með nákvæmlega sama hætti og gert er ráð fyrir að umdæmisstjórnir geri. Ég geri ráð fyrir því að útibússtjórar bankanna úti á landi, sparisjóðsstjórar og starfsmenn þessara stofnana, þekki jafn vel til þessara mála og hver annar (**KP:** Betur.) og jafnvel betur, segir hv. þm. Karvel Pálmason. Þetta eru launamenn, launafólk sem fjallar um þessa hluti. Þó að ég sé aðili að Alþýðusambandi Íslands þá treysti ég þessum starfsmönnum alveg jafn vel og einhverjum umdæmisstjórnum sem eru skipaðar með þeim hætti sem hér um ræðir. Það er allt í lagi og gott út af fyrir sig að umdæmisstjórnir með þessum hætti gegni því ráðgjafar- og upplýsingahlutverki sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vek athygli á því að raunverulega eru umdæmisstjórnirnar ekkert annað en ráðgjafarnefndir. Vald þeirra er afskaplega takmarkað. Hins vegar mun vald þeirrar fimm manna stjórnar, sem verður kosin samkvæmt þessu frv. til að stjórna Húsnæðisstofnun ríkisins, og ráðherra verða miklu meira en það vald sem núverandi stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur.

Ég vil, virðulegi forseti, þess vegna undirstrika það að í ársbyrjun 1986 átti sér stað formbreyting. Þá var innleitt það ólýðræðislega form að skylda lögaðila, í þessu tilviki lífeyrissjóði, til að afhenda 55% af árlegu ráðstöfunarfé til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar gegn því að sjóðfélagar viðkomandi sjóða fengju lánsrétt. Þetta er eins ólýðræðislegt og eins óeðlilegt og hugsast getur. Það er verið að þvinga lögaðila til að afhenda peninga til þess að hann fái aftur rétt til að fá þá endurlánaða. Ég hef alltaf verið á móti þessu og mín skoðun er sú að á þessu sviði, eins og öðrum, eigi að ríkja sama fyrirkomulag og í frjálsum samningum, að lögaðilar geri um það samninga og samkomulag sín í milli með hvaða hætti þeir ráðstafi sínum fjármunum. Það er því eðlilegast að lífeyrissjóðir sem aðrir geri sína samninga við Húsnæðisstofnun eða hvern annan sem er á frjálsum grundvelli. Svona til gamans má náttúrlega geta þess að að því hlýtur auðvitað að koma og mjög bráðlega, vegna þess að ef þeir flokkar, sem hæst tala um það að Ísland skuli nálgast Evrópubandalagið, meina nokkuð með sínu tali um að þeir vilji innleiða *þá vestrænu siði sem þekkjast í Evrópu* í sambandi við Evrópubandalagið og EFTA, þá er það eitt af grundvallaratriðunum í sambandi við alla slíka samninga að menn hafi frelsi til að ráðstafa sínum fjármunum. Það þekkist ekki í löggjöf vestrænna þjóða að tryggingafélög, lífeyrissjóðir eða hvað þeir heita, verði að kaupa sér rétt, hvort sem það er á þessu sviði eða öðru, með þeim hætti sem íslensk löggjöf gerir ráð fyrir í dag. Þetta ákvæði fellur því niður dautt og ómerkt þann dag sem hið háa Alþingi kynni að taka afstöðu til þess að Íslendingar vildu undirgangast þá samninga sem lúta að efnahagssvæði Evrópu.

Virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Ég tel að ég hafi verið að bera af mér sakir varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði áðan. En ég vil undirstrika það að þetta frv. hreyfir við mörgu og að sjálfsögðu verður hæstv. ráðherra og aðrir stjórnarstuðningsmenn sem kunna að styðja þetta frv. að þola það að við höfum okkar skoðanir á því. Ég tel að það hefði verið æskilegra að hæstv. ráðherra hefði í samræmi við stefnu Alþfl., sem vill nálgun Íslands við Vestur-Evrópu, meiri en flestir aðrir flokkar, í þessu frv. lagt það til að leggja niður Húsnæðisstofnun og þróa hana með eðlilegum hætti inn í bankalánakerfi þjóðarinnar með þeim hætti sem hin frjálsu viðskipti tíðkast í Evrópu, en það er meginsjónarmið margra að þannig viljum við hafa það.

Ég vil fyrir mitt leyti sem mest frelsi í þessum efnum. (Gripið fram í.) Kannski kemur að því, sagði hv. þm. Karvel Pálmason. En með tilliti til margra annarra atriða vonast ég fyrir mitt leyti til þess að Íslendingar fari ekki að bjánast til þess að gerast aðilar að Evrópubandalaginu, alla vega mundi sá sem hér stendur ekki greiða atkvæði með því. Það er annað efni og kemur væntanlega til umræðu hér á hinu háa Alþingi þegar rætt verður um stöðu Íslands í sambandi við skýrslu utanrrh. um þau mál.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Í umræðunum um þetta frv. hefur gætt mikils misskilnings að mínu mati. Hér hafa kom-

ið fram fullyrðingar sem ástæðulaust er annað en að mótmæla. Ég held t.d. varðandi kerfið frá 1986 að það hafi verið hugur manna að allir fengju sama rétt sem til hans hafa unnið og hann kæmi ekki síður til landsbyggðarinnar en annarra. Hins vegar tel ég að reynslan af kerfinu frá 1986 hafi ekki orðið eins og við ætluðumst til sem sömdum þetta á sínum tíma og því hafi verið ástæða til að breyta til.

Annað er það sem ég vil segja hv. síðasta ræðumanni, sem talar um að koma þjónustu Húsnæðisstofnunar í bankana, að það er nú þegar búið að semja um þá hluti og það tekur gildi 15. apríl. — Ég ætlast til þess að hv. þm. taki eftir því sem verið er að segja úr ræðustól fyrir málgleði. — Það er búið að semja við bankana um það að koma þjónustu í sambandi við húsbréfin yfir í bankana (**GHG:** Það er gott.) og það tekur gildi núna 15. apríl. Það er því óþarfi að fara stórum eða mörgum orðum um að þetta þurfi að gera.

Ég tel að á engan hátt sé hallað á verkalýðshreyfinguna í þessu frv. Ég tel hins vegar að það megi hugsa sér að áhrif hennar verði meiri með þessu fyrirkomulagi en áður vegna þess að fólkið á stöðunum hefur meira um það að segja hvernig málum verður komið fyrir. Það er alveg rétt að það lýtur sérstaklega að félagslega kerfinu en ég tel að það sé hlutverk okkar hér á Alþingi að setja meginreglur um það hvernig skuli fara með húsbréfin eða almenna kerfið og væntanleg yfirstjórn Húsnæðisstofnunar eigi bara að gæta að því að farið sé að lögum. Það á ekkert að mismuna einum eða neinum. Hvað varðar félagslega kerfið er það oft mat hverjir eigi að fá íbúðir og hvað mikið eigi að byggja hverju sinni en í almenna kerfinu eiga allir að geta gengið að þessum hlutum sem vísum.

Ég vil aðeins koma þessu á framfæri því að mér finnst að menn hafi ekki tekið tillit til þess hvað frv. hefur að segja.

Þessi mál verða rædd í nefndinni og á ég von á því að þá sjái menn að þetta frv. er til mikilla bóta og tel því ástæðulaust að fara fleiri orðum um það.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti, aðeins örfá orð. Í máli hv. 8. þm. Reykv. kom fram að hann taldi að með breytingunni 1986 hafi ekki verið svo mikið aukið við fjármagnið heldur hafi því raunverulega verið miðstýrt inn í Húsnæðisstofnun. Ég held að það sé mjög mikil einföldun að setja málið fram með þeim hætti vegna þess að það sem raunverulega skeður við þá breytingu var að fólk fékk miklu stærra hlutfall af sínu láni með niðurgreiddu fjármagni, með mjög lágum vöxtum. Og hefði auðvitað verið fróðlegt að vita — ef hv. þm. væri viðstaddur, ég sé að hann hefur vikið frá — hvort lífeyrissjóðirnir hefðu verið tilbúnir til þess að lána sínum sjóðfélögum með jafnlágum vöxtum og eru hjá Húsnæðisstofnun. Vextirnir hafa hækkað tiltölulega lítið frá því 1986, um 1%, en aftur á móti hafa vextir á lánum sem lífeyrissjóðirnir veita sínum sjóðfélögum hækkað mun meira á þeim tíma. Þannig að á þessu varð náttúrlega veruleg breyting, fólk fékk miklu hærra hlutfall lánað með lægri vöxtum. Efa ég að lífeyrissjóðirnir hefðu treyst sér til, miðað við þeirra stöðu, að lána sínum félögum með þeim vaxtakjörum sem Húsnæðisstofnun býður upp á. Það er því auðvitað ljóst að það samkomulag sem var gert á sínum tíma er miklu víðtækara en mér fannst koma fram í máli hv. þm. hér fyrst.

Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, það hafa tekist samningar við bankana um að flytja húsbréfaviðskiptin inn í banka og lánastofnanir, en einungis að hluta til. Þar er fyrst og fremst um að ræða greiðslumatið og þetta þarf auðvitað að gerast í áföngum eins og annað. En ég hygg að ég og hv. 8. þm. Reykv. séum sama sinnis um að eðlilegt sé að slík verði þróunin að bankarnir taki upp miklu meiri þjónustu að því er varðar húsnæðismálin og skref í þá átt hefur verið tekið sem kemur til framkvæmda 15. apríl.

Ég held að nauðsynlegt sé að menn hafi það í huga sem ég sagði, að sjóðfélagar í lífeyrissjóðunum fengu tiltölulega hátt lánahlutfall með lágum vöxtum með þeirri breytingu sem varð 1986 sem ég tel að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki treyst sér til þess að veita. Og það er það sem ég vildi segja hér, hv. þm., þegar vikið var að því að ekki væri verið að auka fjármagnið heldur væri verið að miðstýra því. Vaxtahækkunin hjá lífeyrissjóðunum hefur nefnilega verið töluverð á þessum tíma, frá 1986. Ég hygg að í mörgum tilfellum hafi vextirnir, sem sjóðfélagar þurfa að borga af lánum sem veitt eru til húsnæðismála enn þá í gegnum lífeyrissjóðina, hækkað um kannski 2%, og það hefur farið mjög hljótt. Það hafa fáir vitað af því þegar lífeyrissjóðirnir hafa hækkað vextina á sína sjóðfélaga vegna þeirra lána sem við taka hjá lífeyrissjóðum. Er það ekki rétt að þeir hafi hækkað frá 1986, svo við tökum Lífeyrissjóð verslunarmanna sem dæmi, úr 5% í 7%? Það eru þær upplýsingar sem ég hef um hækkun hjá þeim og þá leiðréttir hv. þm. þetta ef ekki er rétt með farið. En mér er sagt að það sé algengt að þeir hafi hækkað um þetta. Og það er ekki svo lítill hvellur hér í þjóðfélaginu þegar rætt er um breytingar á vöxtum í húsnæðislánakerfinu. Það vita hv. þm.

Frá húsnæðismálastjórn hefur komið lítið af tillögum um að minnka þann vaxtamismun sem er á inn- og útlánum en það hefði maður nú talið að væri eitt af hlutverkum húsnæðismálastjórnar. Ég hygg að það sé tilvitnað þegar verið er að ræða um hagsmuni Húsnæðisstofnunar ríkisins í þessari greinargerð að þeir kunni hins vegar að vera aðrir og getur það leitt til hagsmunaárekstra. Og eins það sem ég vitnaði til hér áðan þar sem segir í samþykkt Húsnæðisstofnunar að það sé hlutverk hennar að tala máli umbjóðenda sinna. Hvað þýðir það? Verður þá hlutverk hennar að reyna að halda vöxtum sem mest niðri fyrir lántakendur? Er það það sem átt er við með þessu? Ég hygg að málið sé kannski ekki svona einfalt og mér finnst að það hafi verið dregið hér upp.

Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og vona að nefndin taki þetta frv. fljótt til meðferðar og það komist fljótlega aftur hér til 2. umr. í þessari deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

58. fundur, þriðjudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 227. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs). — Þskj. 439.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 16:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 729).

Kosningar til Alþingis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.). — Þskj. 597, n. 677, brtt. 657, 678.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 657 kölluð aftur.
Brtt. 678,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
14.–28. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 678,2 samþ. með 25:1 atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
30.–41. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Listamannalaun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 145, n. 664 og 682, brtt. 665, 683, 695.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 683,1 (2. gr. falli brott) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 665,1 felld með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GGuðbj, HuJ, AÓB, KE, MálmS.
nei: AS, GeirG, GGÞ, GHelg, BGS, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, BGísl, SV, NL, ÁrnG.
EH, FÞ, GHH, KolbJ, IBA, KrP, ÓK, MÁM, PJ, RH, RG, SP greiddu ekki atkvæði.
11 þm. (ÞP, ÁHE, FrS, GB, GuðnÁ, JóhS, JBH, JK, ÓE, PP, SJS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:
Virðulegur forseti. Þessi brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um gerir ráð fyrir að helmingur af listasjóði, þ.e. 120 mánaðarlaun, verði notaður til að stofna launasjóð leikhúslistafólks. Brtt. gerir því ekki ráð fyrir meiri fjárútlátum en tillaga meiri hl., heldur miðar að því að mæta þeirri ósk leikhúslistafólks að listgrein þess sé ekki sett skör lægra en aðrar listgreinar sem fá sína sérgreindu sjóði. Ég segi því já.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Almennt mun það svo að þeir sem eru við störf í leikhúsum og leiklist séu á launaskrá hjá þeim aðila sem þeir vinna fyrir. Þess vegna tel ég brtt. á margan hátt út í hött og segi nei.

Ragnar Arnalds:
Herra forseti. Samkvæmt tillögum meiri hl. menntmn. er leikhúslistafólki ætlað að sækja um starfslaun úr svonefndum listasjóði og samkvæmt tillögum meiri hl. er sérstaklega tekið fram að helmingur starfslauna úr listasjóði skuli ganga til leikhúslistafólks. Við, sem skipum meiri hl., teljum að með þessu sé leikhúslistafólki ágætur sómi sýndur, það sé ágætt svigrúm í listasjóði til að sinna þörfum þess, en teljum óskynsamlegt að sérgreina fjárveitingar og starfslaun til listamanna alfarið eftir listamannahópum og viljum frekar að starfandi sé einn almennur listasjóður. Með þetta í huga er ég andvígur brtt. og segi nei.

Brtt. 683,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 695,1 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 683,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 695,2 kölluð aftur til 3. umr.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 683,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 683,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 683,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 683,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Kristín Einarsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Á þskj. 665 eru brtt. nr. 2, 3 og 4 tengdar þeirri brtt. sem felld var áðan. Sé ég því enga ástæðu til þess að bera þessar tillögur upp og dreg þær til baka allar þrjár.

Brtt. 665,2–3 kallaðar aftur.

Brtt. 695,3 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 683,8 (ný 10. gr., verður 9. gr.) samþ. með 23:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, AÓB, EH, FÞ, GeirG, GGÞ, GHelg, BGS, JBH, JónS, KE, ÓK, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, RG, BGísl, SV, NL, GGuðbj, HuJ, ÁrnG.

nei: IBA.

GHH, KolbJ, KrP, MÁM, PJ, RH, SP, ÞP greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (ÁHE, FrS, GB, GuðnÁ, JóhS, JK, JSS, ÓE, PP, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það er ljóst að sá sjóður sem þessi grein fjallar um, þ.e. listasjóður, hefur langvíðtækast hlutverk af öllum þeim sjóðum sem þetta frv. fjallar um. Það er jafnljóst að fyrir þörfum hans er ekki nægilega séð í þessu frv. Það er ljóst þegar af því að skv. þeirri brtt. sem hér liggur fyrir og frumvarpsgreininni líka er svo stór hluti af fjármagni þessa sjóðs þegar bundinn til vissra hópa listamanna. Það liggur því í augum uppi að mjög lítið verður til ráðstöfunar til þeirra sem ekki eru sérstaklega nefndir í frv. Þar er mjög áberandi að ekki er sérstaklega fjallað um þann hóp listamanna sem hefur gert garðinn frægan svo að eftir er tekið, ekki einungis hér heima heldur einnig víða um lönd, á sviði listar sem hefur verið í mikilli grósku á okkar landi öllum til mikillar gleði og menningarauka, en það eru túlkandi tónlistarmenn. Ég hygg að fyrir þeim hópi sé í raun og veru alls ekki séð nema að mjög litlu leyti í þessu frv. Í þessum hópi listamanna eru einmitt þeir sem hvað sjaldnast hafa fasta vinnu við störf sín ef frá er talin Sinfóníuhljómsveitin og þeir sem eru í fastri vinnu við leikhús eða leiksvið. Þess vegna er það sem við óskum eftir því, ef meiri hl. nefndarinnar sér sér fært, að taka þetta mál til athugunar á nýjan leik á milli umræðna. Þess vegna m.a. drögum við til baka brtt. okkar um þetta atriði og nokkrar aðrar brtt. við frv. líka. Ég vek athygli á því að í brtt. okkar er hugmynd um að auka fjármagnið hraðar í þennan sjóð en í hina.

Að þessu sögðu, herra forseti, liggur það allljóst fyrir að ég greiði ekki atkvæði um þessa brtt.

Brtt. 695,4 kölluð aftur til 3. umr.

11.–12. gr. (verða 10.–11. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 695,5 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 665,4 kölluð aftur.

Brtt. 683,9 (ný 13. gr., verður 12. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

14.–15. gr. (verða 13.–14. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið hér fram ósk um að hv. menntmn. hittist milli umræðna og dregnar hafa verið til baka brtt. á þskj. 695. Ég vildi gjarnan beina því til hins virðulega meiri hl. menntmn. og annarra ábyrgðarmanna þessa frv. að á milli umræðna verði nýsamþykktri 15. gr. frv. breytt þannig að hún fái staðist tímans tönn. Þar stendur: „Lög þessi taka gildi hinn 1. jan. 1991.“

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Hér hefur meiri hl. hv. menntmn. skotist yfir og er eðlilegt að hún haldi fund um málið og komi fram einhverri breytingu.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 318. mál (yfirheyrslur yfir börnum). — Þskj. 563.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allsh. með 31 shlj. atkv.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 277. mál. — Þskj. 510.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Það er orðið nokkuð um liðið frá því að fyrri hluti umræðunnar fór fram. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir tilraunir til að fá ráðherra til að vera viðstadda umræðuna. Það tókst ekki og forseti frestaði umræðunni 29. jan. með það í huga að ráðherrar yrðu við næst þegar málið yrði tekið á dagskrá. Það hefur gengið illa að fá þá til að vera viðstadda, en ég fagna því í dag þegar málið er tekið fyrir að hæstv. viðskrh. er hér viðstaddur.

Vaxtamálin og lánskjaravísitalan virðast feimnismál sem margir kjósa að leiða hjá sér, ekki síst ráðherrar eftir öll orð sem þeir hafa látið falla. Á síðasta degi þingsins fyrir jól fór fram umræða um vaxtamál og var framhald hennar boðað þegar þing kæmi saman að nýju. Sú umræða hefur heldur ekki farið fram. Ég þakka undirtektir þingmanna við málið í umræðunni um daginn.

Út af orðum hv. 2. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar, að margir muni segja að ef lánskjaravísitalan verði tekin í burtu muni verða öngþveiti af því að þá vilji enginn spara, eins og hv. þm. komst að orði, vil ég

vitna til athugasemdar við 1. gr. frv. en þar segir:

„Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaðar í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af innlánum."

Þá kom hv. þm. að gengistengingu sparifjár. Taldi hann að sparifjáreigendur ættu að vera tryggðir ef þessi regla væri tekin upp. Svonefnd gengistenging, sem heimil er samkvæmt Ólafslögum, hefur verið notuð að nokkru. Hins vegar kemur ekki til mála að gera hana að aðalreglu. Þegar tímabært er orðið, og raunar skylt samkvæmt loforðum hæstv. ríkisstjórnar, á að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga með öllu. En það er líka alger fjarstæða meðan fullkomin óvissa ríkir um verðandi stefnu okkar í gjaldeyris- og gengismálum, m.a. vegna hugsanlegrar aðildar okkar að EBE og EES sem sumir vilja stefna að, en ég tek skýrt fram að ég er algerlega andvígur.

Þá er rétt að gera sér grein fyrir þeim möguleika að nauðsynlegt getur orðið að lækka gengi krónunnar enda þótt kyrrstaða ríki í verðlagsmálum. Ástæðan gæti verið aflabrestur á miðunum eða óhagstæð veðurskilyrði. Ef gengistenging væri þá við lýði mundu allar skuldir útgerðar hækka að sama skapi og aðgerðin af þeim ástæðum vera til tjóns en ekki gagns. Ýmsir aðilar mundu í leiðinni fá óverðskuldaðan gróða.

Þá gerði hv. þm. athugasemd við 2. gr. frv. sem fjallar um að verðtryggja spariskírteini ríkissjóðs. Sannleikurinn er sá að þessi leið er örugg sparnaðarleið fyrir almenning. Hún neyðir bankana til að bjóða sömu ávöxtunarkjör, hún er baktrygging fyrir bankana sjálfa og hún tryggir almenning. Ríkið sýnist vera eini aðilinn sem getur borgað verðtryggingu. Við höfum dæmin fyrir okkur. Einstaklingar og fyrirtæki geta það ekki. Það sýna öll gjaldþrotin. Ég held að það sé sjálfsagt að þetta verði tekið upp.

Þá vil ég víkja að lokaorðum hv. þm., með leyfi forseta, en hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson segir í sinni ræðu: „Ég játa það að ég treysti því á sínum tíma, og það var mín einfeldni, að núverandi ríkisstjórn mundi standa við það ákvæði stjórnarsáttmálans að afnema vísitöluna þegar ákveðnu marki hefði verið náð í hagstjórn á Íslandi. Við erum búnir að ná þessu marki í hagstjórn á Íslandi. En hæstv. viðskrh. virðist ekki líta svo á að honum beri nein skylda til að virða stjórnarsáttmálann. Það er nú einu sinni svo að traust manna á ráðherrum fer mjög eftir því hvort hægt er að líta svo á að þeirra orð standi og að þeir virði þau atriði sem þeir hafa skrifað undir í stjórnarsáttmála. Þess vegna hygg ég að það sé nokkurt vandamál fyrir þann hæstv. ráðherra að gera grein fyrir því og verja það hvers vegna hann fer ekki eftir stjórnarsáttmálanum í þessum efnum. E.t.v. er það skýringin á því að hann er fjarverandi í dag, ég veit það ekki. En það liggur ljóst fyrir að mín afstaða er sú að það beri að samþykkja þetta frv. með þeirri breytingu að efnisatriði 2. gr. falli út." Ég hef fyrr í máli mínu svarað þeirri athugasemd hv. þm.

Hv. þm. Matthías Bjarnason tók undir þetta frv. og taldi þörf á að ríkisstjórnin stæði við sín orð. Ég leyfi mér að vitna til orða hans, með leyfi forseta. Hann sagði: „Ég vildi því aðeins með þessum fáum orðum taka undir það að ég vil að ríkisstjórnin geri hreint fyrir sínum dyrum, verði ekki alltaf að tala út og suður í vaxtamálum. Eitt í dag og annað á morgun og þegar þessi hefur sagt þetta, þá tekur hinn það aftur. Það er þetta sem er orðið óþolandi að hlusta á.

Ég tel rétt að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, sem er væntanlega fjh.- og viðskn. deildarinnar, kalli eftir þessari stefnu", þ.e. ríkisstjórnarinnar.

Fyrir tveimur árum eða 19. maí 1989 lá fyrir hér í hv. deild frá meiri hl. fjh.- og viðskn. svohljóðandi nefndarálit:

„Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og telur að í því sé að finna mjög þarfa ábendingu um afnám lánskjaravísitölu. Ríkisstjórnin hefur ákveðið í stjórnarsáttmála sínum að koma í veg fyrir víxlhækkun verðlags og lánskjara. Það verður ekki gert nema með afnámi lánskjaravísitölu. Þess vegna leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir álitið skrifa Páll Pétursson, form. og frsm., Matthías Bjarnason, með fyrirvara, Ragnar Arnalds og Guðmundur G. Þórarinsson. Þetta gekk eftir og frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Síðan eru tvö ár og það liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur í sínum stjórnarsáttmála lofað að afnema lánskjaravísitöluna. Þetta frv. mitt hjálpar henni til að ljúka því máli.

Ég læt máli mínu lokið en vænti þess að hæstv. ráðherra sem hér er viðstaddur geri grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. flytur nú hið fjórða sinn frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár. Í framsöguræðu sinni hinn 29. jan. sl. nefndi hann það sjálfur að líkast til væri þetta rangnefni á frv. og betra heiti væri: Frumvarp til laga um afnám lánskjaravísitölu. Ég er honum sammála um það, enda fjallar 1. gr. frv. einmitt um það mál og annað eru afleiðingar eða frávik frá því.

Vegna þeirra orða hv. flm., 3. þm. Suðurl., að lánskjaravísitalan væri feimnismál hjá ríkisstjórninni, vil ég taka það skýrt fram að svo er alls ekki í mínum huga. Lánskjaravísitölumálið er fyrst og fremst hagtæknilegt málefni sem á að ræða sem slíkt. Þar ráða atvik og aðstæður því hvað rétt er að gera. Þetta er einn af mikilvægustu þáttunum á lánsmarkaðnum og þess vegna ber að ræða það ástríðulaust.

Hv. 3. þm. Suðurl. vitnaði í sínu máli áðan til ræðu hv. 2. þm. Vestf., sem mér því miður auðnaðist ekki að

hlýða á hinn 29. jan. Ég vil taka það fram, vegna þess sem þar kom fram, að hv. 2. þm. Vestf. hafði getið sér þess til að ég væri fjarverandi þann dag vegna þess að ég vildi ekki ræða málið, að ástæðan fyrir minni fjarveru var sú að ég var við útför Ólafs V. Noregskonungs, velgerðarmanns Reykholts. Það er því öllu til skila haldið um það hver skýringin var á því að ég gat ekki þann dag tekið þátt í fundum Alþingis.

Hv. 3. þm. Suðurl. vitnaði líka til orða hv. 1. þm. Vestf. við umræður um þetta mál og m.a. þess að þörf væri á að ríkisstjórnin gerði grein fyrir sínu máli, gerði hreint fyrir sínum dyrum. Það hefur hún gert og frá því mun ég skýra hér í mínu máli.

Af greinargerðinni með frv. og framsöguræðu hv. flm. má ráða að hann hefur í huga afnám verðtrygginga sem miðast við vísitölur á öllum fjárskuldbindingum á innlendum fjármagnsmarkaði, að spariskírteinum ríkissjóðs undanskildum. Í frv. er hins vegar aðeins fjallað um afnám lánskjaravísitölu þótt aðrar vísitölur tíðkist líka við verðtryggingu fjárskuldbindinga, t.d. framfærsluvísitala og byggingarvísitala.

Umræður um þetta frv. gætu sannarlega gefið tilefni til þess að fjalla ítarlega um kenningar um hlutverk vaxta og verðtryggingar í hagkerfinu og reyndar um þróun vaxta og peningastærða á innlendum fjármagnsmarkaði á liðnum áratugum og reynslu okkar af verðtryggingunni. Ég mun þó ekki taka tíma þingdeildarinnar til þess í dag, enda hefur það efni verið hér margsinnis rætt, bæði á Alþingi og annars staðar á opinberum vettvangi. Þó held ég að okkur sé það öllum hollt þegar þessi mál ber á góma að rifja upp reynslu þjóðarinnar á áttunda áratugnum, þegar vextir í þjóðfélaginu voru ákveðnir einhliða af stjórnvöldum og þeim haldið langt undir verðbólgu með þeim afleiðingum að innlendur sparnaður hríðminnkaði og stórkostleg eignatilfærsla átti sér stað frá þeim sem héldu í heiðri fornar dyggðir sparnaðar og lögðu til hliðar fé í bönkum og lífeyrissjóðum og til hinna sem vissu að lán voru gjafir og höfðu aðgang að skömmtunarstjórum fjármagnsins í bönkum og lánasjóðum.

Verðtrygging fjárskuldbindinga, sem heimiluð var með setningu Ólafslaga á árinu 1979, breytti þessu. Þar var tímans straumi breytt og smátt og smátt hefur tekist að snúa vörn í sókn. Verðtrygging er auðvitað ekkert annað en það að viðhalda raunverulegu verðgildi fjárskuldbindinga. Í flestum ríkjum gegna nafnvextir þessu hlutverki og með þeim er leynt og ljóst tekið tillit til væntanlegrar verðbólgu á lánstímanum. Þegar verðbólga er mikil um langt skeið, eins og því miður hefur verið hér viðvarandi þar til í tíð þessarar ríkisstjórnar, er það fyrirkomulag hins vegar mjög óhentugt, einkum vegna þungrar greiðslubyrði lántakenda í upphafi lánstíma þegar háir nafnvextir verða mönnum að drápsklyf. Sé verðbólgan hins vegar engin eða lítil eru áhrif verðtryggingarinnar engin eða lítil og lítill munur á því að verðtryggja lánin eða nota nafnvexti þar sem menn taka tillit til þeirrar verðbólgu sem væntanleg er á lánstímanum.

Þegar þetta er skoðað er alveg eðlilegt að við hér á Íslandi höfum komist að sömu niðurstöðu og menn hafa gert í 22 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD, nefnilega þannig að í 22 af þessum 24 ríkjum eru engin sérstök lagaákvæði um verðtryggingu fjárskuldbindinga heldur ræður þar venja og frjálsir samningar manna á meðal um það hvort verðtryggingu er beitt eða ekki. Þetta er að mínu áliti hið eðlilega fyrirkomulag. Einungis í tveimur þessara ríkja er verðtryggingin beinlínis bönnuð, í Þýskalandi og Hollandi, vegna þess að þar er svo djúpt í þjóðarsálinni dapurleg reynsla af óðaverðbólgu á fyrri hluta þessarar aldar. Þar ræður náttúrlega söguleg skýring sem ekki er til að dreifa hér, þökk og lof.

En þá vík ég að samkomulaginu um myndun ríkisstjórnarinnar frá 10. sept. 1989. Þar segir m.a., og til þess vitnaði hv. flm. hér í sinni upphafsræðu efnislega en, með leyfi forseta, eru þau orð nákvæmlega á þessa leið: „Stefnt verður að því að afnema vísitöluviðmiðanir í lánssamningum eins fljótt og unnt er. Miðað verður við að árshraði verðbólgu verði innan við 10% á sex mánaða tímabili. Vísitölutenging fjárskuldbindinga til langs tíma verður athuguð sérstaklega og þess gætt að markaðsstaða spariskírteina ríkissjóðs veikist ekki. Áfram verður heimilt að gengistryggja lánssamninga."

Þegar við lítum á mánaðarlegar hækkanir framfærsluvísitölu eða lánskjaravísitölu, umreiknum þær til árshækkunar, er ljóst að nokkra undanfarna mánuði hefur þetta skilyrði verið uppfyllt. Það eru markverð tíðindi. Þegar ljóst varð að svo mundi verða lagði ég fram í ríkisstjórninni í byrjun desember sl. tillögur um markvissa áætlun um það hvernig stjórnvöld skyldu vinna að því að minnka útbreiðslu verðtryggingar á innlendum fjármagnsmarkaði, að sjálfsögðu í samræmi við það samkomulag sem gert var þegar ríkisstjórnin var mynduð. Þessar hugmyndir voru ræddar ítarlega í ríkisstjórninni og á fundum ráðherra með bankastjórn Seðlabankans. Samþykkt var áætlun um þetta efni skömmu fyrir jól og Seðlabankanum falið að sjá um framkvæmd hennar og ég ætla að það hafi ekki farið fram hjá hv. þm. því frá þessu var rækilega skýrt opinberlega.

Þá vík ég að öðrum þætti þessa máls en hann er sá að með nýjum gjaldeyrisreglum, sem tóku gildi 1. sept. og 15. des. á liðnu ári, og þeim framtíðaráformum um aukið frelsi fram til ársloka 1992 sem í reglunum felast um fjármagnshreyfingar var gerð grundvallarbreyting á tengslum íslenska fjármagnsmarkaðarins við alþjóðlega fjármagnsmarkaði. Eftir því sem þessi tengsl verða sterkari og nánari, verður að sjálfsögðu nauðsynlegra fyrir okkur að búa svo um hnútana að svipaðar meginreglur gildi á innlendum fjármagnsmarkaði og erlendum, þar á meðal um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Jafnframt þarf að gæta þess að breytingar á þeim reglum sem gilda á innlendum fjármagnsmarkaði dragi ekki úr trausti lánveitenda eða lántakenda því báðir þessir hópar hafa nú í auknum mæli möguleika til að leita á alþjóðlegan markað fremur en innlendan. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar menn ræða og ráðgera breytingar á fyrirkomulaginu sem hér hefur ríkt. Það er einmitt af þessum ástæðum, til þess að

varðveita hinn innlenda sparnað og hinar innlendu fjármagnsmarkaðsstofnanir, að ég tel að skyndilegar og róttækar breytingar, eins og t.d. skyndilegt bann, sviptingverðtryggingar af fjármagnsmarkaðinum, þjóni ekki hagsmunum íslensks efnahagslífs, geti reyndar verið skaðlegar og ósanngjarnar. Það sé eðlilegra að vinna á markvissan hátt að því að draga úr vægi verðtryggingarinnar, skapa þær aðstæður hér innan lands að frjálst val ríki um notkun verðtryggingar og ákveðnar hefðir myndist í því sambandi. Þetta er spurning um traust, ekki eingöngu um tækni. Þess vegna var sú leið, sem ég hef þegar skýrt frá, farin í áætlun ríkisstjórnarinnar. Við mótun þessarar áætlunar sem ég nefndi áðan, um markvissar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til þess að draga úr útbreiðslu verðtryggðra fjárskuldbindinga, var einkum litið til þriggja meginsjónarmiða.

1. Ekki verði um lögþvingun að ræða heldur kappkosti stjórnvöld að skapa þær aðstæður í efnahagslífinu og á innlendum fjármagnsmarkaði að verðtryggðar skuldbindingar víki fyrir óverðtryggðum. Það verði því fyrir frjálst val aðilanna á markaðnum að dragi úr mikilvægi verðtryggingarinnar.

2. Að ekki verði vikið frá núverandi vaxtaákvörðunarfrelsi þannig að sparifjáreigendur geti treyst því að nafnvextir breytist í hátt við verðbólgustigið í landinu.

3. Að markaðir verði vel skilgreindir áfangar þannig að ljóst sé á hvern hátt stjórnvöld vilja hvetja til þess að óverðtryggðar fjárskuldbindingar nái aukinni útbreiðslu á kostnað verðtryggðra sem t.d. þurfa að falla saman við áfangana um vaxandi frelsi í gjaldeyrismálum.

Þessi áfangaskipting er þannig að í fyrsta áfanga, sem hefst á þessu ári, er gert ráð fyrir að ríkissjóður gefi út óverðtryggð spariskírteini til eins og hálfs til þriggja ára auk spariskírteina sem tengd verði gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU til þess að glöggur samanburður fáist á því hver séu kjörin hjá sama trausta lántakandanum, ríkissjóði, þegar annars vegar er um að ræða óverðtryggðar skuldbindingar og hins vegar verðtryggðar. Umræður um þetta mikilvæga mál hafa þegar hafist milli fjmrn. og Seðlabanka. Jafnframt mun Seðlabankinn eiga viðræður við innlánsstofnanir um ný innlánsform á sparireikningum í þeim tilgangi að draga úr vægi hinna verðtryggðu innlánsreikninga án þess, og það er mjög mikilvægt, að það komi niður á samkeppnisstöðu innlánsstofnananna gagnvart öðrum fjármálastofnunum og öðrum sparnaðarformum. Um áramótin tók líka sú breyting gildi að lágmarkstími verðtryggðra útlána var lengdur úr tveimur árum í þrjú ár.

Í öðrum áfanga þessarar áætlunar sem hefst um næstu áramót verður útgáfa óverðtryggðra og gengistryggðra spariskírteina ríkissjóðs aukin. Þetta verður gert um leið og í ljós hefur komið að sá mikli árangur sem náðst hefur í baráttunni gegn verðbólgunni er varanlegur, að stríðinu hefur verið lokið með sigri. Jafnframt verða opinberir lánasjóðir og aðrar fjármálastofnanir hvattar til þess að bjóða óverðtryggðar fjárskuldbindingar. Um næstu áramót verður einnig sú breyting, að því tilskildu að samþykkt verði fram komið stjfrv. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, að erlendum aðilum verði heimilt að eignast allt að fjórðungi hlutafjár í íslenskum hlutafélagsbönkum, og, sem er enn mikilvægara, að erlendir hlutafélagsbankar megi opna útibú hér á landi þannig að það fáist beinn samanburður á þeim kjörum sem slíkar stofnanir geta boðið og þær innlendu.

Lokaskrefið í þessari stefnu ríkisstjórnarinnar um stigminnkandi vægi verðtryggingar á fjárskuldbindingum og um opnun fjármagnsmarkaðarins verður stigið samkvæmt þessari áætlun í ársbyrjun 1993, um leið og síðustu fjárhæðatakmarkanirnar á langhreyfingum fjármagns frá landinu falla úr gildi. Stefnt er að því að lagaákvæðið um verðtryggingu fjárskuldbindinga falli úr gildi þann dag. — Ég endurtek, stefnt er að því að lagaákvæðið um verðtryggingu fjárskuldbindinga falli úr gildi þann dag. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir að Seðlabankinn reikni lánskjaravísitöluna mánaðarlega, enda er það nauðsynlegt vegna þeirra verðtryggðu fjárskuldbindinga sem í gildi verða og ekki mega rýrna miðað við það sem um var samið. Frá og með ársbyrjun 1993 er því ráðgert að notkun verðtryggingar á Íslandi ráðist alfarið af frjálsu vali aðilanna á fjármagnsmarkaðinum en ekki af lagasetningunni.

Virðulegi forseti. Af máli mínu má ráða að það er eindregin mín niðurstaða að frv. sem hér er til umræðu sé ekki nauðsynlegt af þeirri einföldu ástæðu að það hefur þegar verið tekið á þeim vanda sem því er ætlað að bregðast við með öðrum og raunhæfari hætti eins og ég hef hér lýst.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil þakka flm. fyrir þá þrautseigju að leggja þetta frv. fram í fjórða sinn þó að hæstv. bankamálaráðherra sjái ekki að það hafi neinn tilgang miðað við stöðu mála nú. Hann talar um að það sé hagstjórnartæki hvernig verðtryggingin er. Var það ekki líka þegar við mynduðum ríkisstjórnina? Hefur eitthvað breyst síðan? Ráðherrann talar líka um það að fólk þurfi að hafa traust á ráðherrum, traust á ríkisstjórnum, traust á því að menn standi við orð sín. (**Viðskrh.:** Og þingmönnum.) Og þingmönnum, já. En hefur ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra staðið þannig að málum í sambandi við verðtryggingu og í sambandi við vexti að hann geti ætlast til þess að hann fái traust? Ég segi nei.

Þegar við mynduðum ríkisstjórnina 1988 var ákveðið að raunvextir færu ofan í 6%. Hvernig hefur það verið framkvæmt? Hverjir eru vextirnir? Ætli almenningur og þeir sem reka fyrirtækin mundu bera það að haldið hafi verið á þeim málum miðað við þau fyrirheit sem ráðherrann gaf og ríkisstjórnin? Langt frá því. Raunvextir eru nú 8–9% og í sumum tilvikum enn þá hærri. Meira að segja var gefið loforð fyrir því þegar við mynduðum ríkisstjórnina að það yrði athugað að fara lengra niður með raunvextina en í 6%. Það átti að athuga það. En mörkin voru 6%.

Svo er hæstv. ráðherra að minnast á Ólafslög í þessu sambandi. Hvað var talað um þegar Ólafslög voru sett? Það var talað um að eðlilegir raunvextir væru 2%, í

mesta lagi 3%. Ég er nú ekki með grein sem Pétur Blöndal skrifaði rétt á eftir í vasanum. Þar taldi hann eðlilega raunvexti vera 2–3% og í allra hæsta lagi 4%. Ég get sýnt hæstv. ráðherra þessa grein frá árinu 1980. Nei, hæstv. ráðherra getur ekki stært sig af því að hann hafi haldið á þessum málum á þann veg að hann geti ætlast til þess að fá traust fyrir. Það verð ég að segja. Það er útilokað. Og ég er hissa á því að hann skuli vera það staffírugur, miðað við stöðu þessara mála og hvernig þróunin hefur verið, að hann skuli bara — ja, ég verð að segja bara voga sér að tala á þann veg. Eða heldur hann að menn séu farnir að gleyma hlutunum, gleyma loforðunum, gleyma hvað gerðist í þessum efnum? Heldur hann að menn muni það ekki? Eða treystir hæstv. ráðherra á það að fólk sé orðið svo ruglað að það muni ekki hverju var lofað, hvernig staða mála er? Ég veit að sumt fólk fylgist ekki nógu vel með og það getur verið að hæstv. ráðherra sé að tala til þess fólks.

En það var búið að lofa því fyrir jól, þegar hér var rætt um vexti utan dagskrár, að slíkri umræðu yrði haldið áfram eftir áramótin, í fyrstu vikunni eftir að þing kæmi saman. Sú umræða hefur ekki farið fram enn. Og af þeirri ástæðu minnist ég á það hér og nú hvernig að þessum málum hefur verið staðið og er staðið. Ég er ekki alveg sammála 2. gr. frv. hv. þm. Eggerts Haukdals, það þarf að athuga það mál mikið betur.

Ég sé að ráðherra er að fara út svo að það er ekki ástæða til þess að ræða þetta öllu lengur. (**Forseti:** Forseti vill láta þess getið að ráðherra er ekki á förum úr húsinu, heldur þurfti nauðsynlega að bregða sér úr salnum en er væntanlegur aftur til fundar von bráðar.) Það kann að vera þá að ég biðji um orðið aftur, herra forseti. (**Forseti:** Það verður auðsótt mál.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það eru ýmis vandamál sem forsetar eiga við að stríða. Eitt af þeim hefur verið að halda ráðherrum í þessum þingsal þegar þeir hafa átt þar að vera. Hitt er ekki síður orðið umhugsunarefni að mæting þeirra í dag hefur verið með albesta móti, miðað við þá sem eru í landinu, og segir það sína sögu um það hvert stefnir í viðverunni að það virðist alger nauðsyn að hafa tvöfalt gengi ráðherra, þ.e. aðra til að vera á þingi og hina til að vera erlendis. Og mér sýnist að það sé nú að verða nokkuð mikið alvörumál miðað við stöðuna.

Ég veit að oft er deilt um merkingu íslenskrar tungu og orðhagir menn leita gjarnan eftir þeim möguleikum að hafa margt tvírætt. Að mínu viti má segja að það sé góð regla og nauðsynleg að notast við löggilta skjalaþýðendur þegar erlendir samningar eru túlkaðir þannig að ekki eigi að fara á milli mála hvað í þeim stendur. En það virðist einnig blasa við sem staðreynd að stjórnmálamenn verða að leita til íslenskusérfræðinga til þess að túlka skrifaða stjórnarsáttmála þannig að ekki fari á milli mála hvað þar stendur samkvæmt eðlilegum málskilningi.

Hæstv. ráðherra hefur hér látið að því liggja að við það hafi verið staðið sem í stjórnarsáttmálanum stóð í þessum efnum. Þetta sé einfaldlega hin rétta túlkun á íslensku máli. Satt best að segja hef ég ekki hugsað mér að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um þá hluti. Ég tel að það sé engum til sóma að leika sér svo að sannleikanum sem þar kom fram. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að það sem hæstv. ráðherra kallar „hagtæknileg atriði" birtist hinum almenna manni á þann veg að þegar hæstv. ráðherra, sem dómsmrh. á sínum tíma, lagði fram frv. til laga um Bifreiðaskoðun Íslands og þingheimur samþykkti það frv., (**Viðskrh.:** Meiri hlutinn.) Þingheimur samþykkti, þ.e. eins og venja er til, einhverjir voru á móti vissulega, þá samþykkti þingið jafnframt að hækka skuldir á öllum þeim Íslendingum sem höfðu skrifað undir fjárskuldbindingar með lánskjaravísitölu. Þetta kallar ráðherrann „hagtæknilegt atriði". Þetta er ekki eina frv. sem flutt hefur verið á undanförnum árum sem verkar á þennan veg. Ég gæti trúað því að stór hluti stjfrv. hefði haft sömu afleiðingar, þ.e. í þeim fælist hækkun á fjárskuldbindingum manna sem hafa skrifað undir fjárskuldbindingar þar sem lánskjaravísitalan er inni.

Þetta þverbrýtur minn skilning á öllu réttlæti í þessum efnum. Ég sé ekkert skylt á milli þess að Jón Jónsson taki lán með lánskjaravísitölu og þess að við tökum ákvarðanir um það að breyta Bifreiðaskoðun ríkisins yfir í Bifreiðaskoðun Íslands hf. Þeir sem telja að þetta sé í réttum farvegi hljóta þá líka að verða að gera grein fyrir því hvers vegna þetta á að fara saman, hvers vegna slík lagasetning á að kalla á hækkun á skuldum manna.

Ég hlustaði á hv. flm. þessa frv. lesa upp nokkur atriði úr minni ræðu. Nú er það svo að skilningur á henni er betri ef hún er lesin í heild en þegar nokkur atriði eru tekin út úr henni. Það sem ég vildi leggja áherslu á í fáum orðum var að ég tel að almenningur í þessu landi sem vill spara eigi rétt á sömu ávöxtunarmöguleikum og almenningur í löndunum í kringum okkur, hvorki verri ávöxtunarmöguleikum né betri. Og þessi mikli fjárstyrkleiki ríkisins sem kom fram hjá flm. held ég að sé á misskilningi byggður.

Hins vegar lít ég svo á að ef þessi þjóð ætlar að hafa sérreglur í þessum efnum muni það kalla á fjármagnsstraum frá landinu ef hér væru verri möguleikar í þessum efnum en erlendis. En það er algerlega ástæðulaust að hafa hér sérhannað kerfi sem hefur fært okkur m.a. það, ef við berum saman þróunina á þessum áratug og hinum síðasta, að hagvöxturinn hefur stöðvast í landinu. Vegna hvers? Vegna þess að menn hafa með réttu ekki fundið svo arðsama möguleika til atvinnureksturs að þeir skiluðu þeirri ávöxtun sem farið er fram á.

Það er athyglisvert að það land sem siglir hraðbyri fram úr öllum löndum Evrópu í hagvexti, í uppbyggingu og í styrkleika síns efnahagslífs, Vestur-Þýskaland, tekur ekki í mál að viðhalda skuldbindingum á þann veg sem lánskjaravísitalan gerir ráð fyrir. Það má vel vera að menn vilji fara í smiðju til einhverra annarra en Vestur-Þjóðverja til þess að átta sig á þessum hlutum. En ég tel að það sé allmikill hroki íslenskra ráðherra ef þeir telja sig vita betur en Vestur-Þjóðverja í þessum efnum.

Nú er það svo að ég bar það á hæstv. ráðherra að e.t.v. væri hann fjarverandi vegna þess að hann hefði ekki áhuga á að hlusta á þessa umræðu. Hann upplýsti hér að hann hefði verið að fylgja ástsælum konungi Noregs til grafar. Um það er allt gott að segja, en það skal játað að mér var ekki kunnugt um að það flokkaðist undir verksvið viðskrh. að sinna þeirri skyldu. En hitt verður fróðlegt að fá upplýst, hvað veldur því, þegar ráðherra er í þinghúsinu og hefur lýst því yfir að hann hyggist vera við þessa umræðu, að hann þurfi þá að hverfa á brautu. Varla er önnur útför til staðar á þessari stundu.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hafði lofað að vera hér í dag við þessa umræðu. Það gengur nú ekki eftir þannig að ég held að ég verði að biðja um að fá að fresta máli mínu ef þess væri von að hæstv. ráðherra kæmi í þingsal.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti á von á því að hæstv. ráðherra verði hér innan tíðar og skilur mætavel ef hv. 3. þm. Suðurl. óskar að gera hlé á ræðu sinni. Ef ekki eru aðrir ræðumenn sem vilja tala hér í fjarveru ráðherra, þá verður þessari umræðu frestað þar til síðar á fundinum, en henni haldið áfram þegar ráðherra kemur á ný til starfa.

Umræðu frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 699.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Frv. hefur tvívegis áður verið lagt fyrir Alþingi en ekki náð fram að ganga.

Sl. vor, þegar frv. var lagt fram öðru sinni, náðist um það víðtæk samstaða að gera nokkrar breytingar á því. Þannig breytt var frv. afgreitt með shlj. atkv. til Ed. Vegna anna í þinglok í vor tókst Ed. ekki að ljúka umfjöllun um frv. og þess vegna er það endurflutt. Ég vil láta í ljós þá von að eftir þær ítarlegu umræður sem átt hafa sér stað um frv. hljóti það að þessu sinni skjóta afgreiðslu Alþingis.

Þar sem frv. hefur tvisvar sinnum áður komið fyrir Alþingi mun ég að þessu sinni einungis gera grein fyrir helstu breytingum frá núgildandi jafnréttislögum sem leiða af samþykkt frv.

Lagt er til að hinu tvíþætta hlutverki Jafnréttisráðs verði skipt þannig að skipuð verði sérstök kærunefnd jafnréttismála sem eingöngu hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast nefndinni og fylgja þeim eftir fyrir dómstólum. Með þessum hætti getur Jafnréttisráð einbeitt sér að því að gegna öðrum verkefnum, svo sem að vera stefnumótandi í jafnréttismálum, sinna rannsóknaskyldu, fræðslu o.fl.

Í frv. eru skýrari ákvæði um skipan jafnréttismála í stjórnkerfinu. Kveðið er á um að félmrh. fari með jafnréttismál. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að samkvæmt núgildandi lögum er stjórnskipuleg ábyrgð ráðherra í jafnréttismálum mjög óljós. Sama gildir um stöðu Jafnréttisráðs í stjórnkerfinu. Forsenda markvissra vinnubragða á þessu sviði eins og öllum öðrum er að ábyrgð og skyldur séu ljósar. Á þessu er tekið í frv.

Samkvæmt lagafrv. er félmrn. heimiluð ráðning jafnréttisráðgjafa sem starfi í náinni samvinnu við Jafnréttisráð. Með þessu ákvæði er komið til móts við óskir sem fram hafa komið um þetta efni, m.a. á Alþingi þar sem tvívegis hafa verið lagðar fram þáltill. um að ríkisstjórninni verði falið að ráða jafnréttisráðgjafa. Rétt er að geta þess að upphaflega ákvæðinu um þetta efni hefur verið breytt í meðförum Ed. og kem ég að því hér á eftir. Hins vegar má benda á það að í greinargerðum með þáltill. hefur verið bent á að þrátt fyrir lagaákvæði um jöfnuð kvenna og karla séu konur verr settar en karlar á flestum sviðum þjóðlífsins. Bent er á að konur séu í miklum meiri hluta í láglaunastörfum og meðallaun þeirra hafi farið lækkandi undanfarin ár í samanburði við laun karla.

Í upphaflega frv. er lagt til að beitt verði öfugri sönnunarbyrði í þeim kærumálum sem kærunefnd jafnréttismála berast. Í þessu fólst að sá sem veitir stöðu eða ræður starfsmann verður að sýna fram á með verulegum líkum að þar hafi kynferði ekki ráðið vali á starfsmanni. Í því frv. sem nú er lagt fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að telji einhver rétt á sér brotinn skuli atvinnurekandi sýna kærunefnd jafnréttismála fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Þessi breyting þýðir að öfug sönnunarbyrði skuli einungis gilda fyrir kærunefnd en ekki í dómsmálum um jafnréttismál.

Nefndin sem endurskoðaði núgildandi jafnréttislög gerði það að tillögu sinni í upphaflegri gerð frv. að nefna skuli tvo, karl og konu, þegar tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga. Við skipun skyldi þess síðan gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Ekki tókst samstaða um þessa breytingu. Hins vegar er nú lagt til að þegar óskað er tilnefningar í stjórnir og ráð verði ávallt á það minnt að í þeim skuli sitja sem næst jafnmargar konur og karlar.

Í frv. er ákvæði um heimild til að dæma miskabætur. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að slíka heimild sé ekki að finna í núgildandi jafnréttislögum. Hér er því um nýmæli í 22. gr. að ræða. Samkvæmt henni er hægt að dæma menn til að greiða miskabætur með eða án bóta fyrir fjártjón. Ákvæði þetta er sérákvæði sem víkur til hliðar ákvæðinu um miskabætur í 264. gr. núgildandi hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt greininni getur sá sem misgert er við átt rétt á bótum fyrir miska auk bóta fyrir fjártjón. Almennt má

telja að löglíkur fyrir því að einstaklingur sem mismunað er vegna kynferðis bíði ófjárhagslegt tjón, hann verði fyrir andlegri þjáningu og skapraun, álitshnekki og röskun á stöðu og högum, hvort sem af mismunun leiðir fjártjón eða ekki.

Ég nefni einnig mjög mikilvægt ákvæði í 17. gr. frv. en þar er kveðið á um það að félmrh. leggi fyrir Alþingi áætlun um jafnréttismál til fjögurra ára í senn í formi þáltill. Áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 16. gr., og áætlanir einstakra ráðuneyta og stofnana í jafnréttismálum verði felldar inn í þessa heildaráætlun. Lagt er til að áætlun þessi verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Benda má á að það er nýmæli í frv. að gert er ráð fyrir að einstök ráðuneyti og stofnanir semji áætlanir í jafnréttismálum. Með þessum hætti tekur Alþingi virkan þátt í að móta stefnuna í jafnréttismálum.

Þar sem Jafnréttisráði er ætlað breytt hlutverk frá gildandi lögum er verkefnisgrein ráðsins að nokkru leyti breytt. Annars vegar er kveðið á um það í 2. tölul. 16. gr. að endurskoða eigi stefnumarkandi áætlun ráðsins á tveggja ára fresti. Hins vegar er lagt til að 8. tölul. 15. gr. gildandi laga sem fjallar um ábendingar við brotum verði felldur undir verksvið kærunefndar jafnréttismála.

Auk framangreindra verkefna samþykkti Nd. Alþingis á síðasta þingi nokkrar aðrar breytingar á verkefnum Jafnréttisráðs eins og þeim var lýst í fyrri gerðum frv. Nd. samþykkti að í 7. tölul. gr. skuli kveðið á um það verkefni ráðsins að taka til rannsóknar að eigin frumkvæði eða annarra stöðu kvenna og karla. Einnig samþykkti deildin að bæta nýjum tölulið við greinina þar sem kveðið er á um að halda skuli jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti. Í áliti félmn. kemur fram að gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um skipulag og hlutverk þingsins. Nefndin tekur þó fram í áliti sínu að eðlilegt sé að verkefni slíks þings séu ráðgjafar- og umsagnarstörf á sviði jafnréttismála fyrir Jafnréttisráði, ekki síst vegna aðildar ráðsins að mótun jafnréttisáætlunar. Um leið gæti þingið orðið vettvangur almennra umræðna um jafnréttismál og uppspretta að farvegum nýrra hugmynda um þau mál. Nefndin telur jafnframt eðlilegt að aðild að þinginu eigi auk Jafnréttisráðs fulltrúar jafnréttisnefnda, stjórnmálaflokka og fulltrúa félagasamtaka er láti sig jafnréttismál varða.

Rétt er að geta þess að frv., eins og því hefur verið breytt í meðförum Nd., var sent Jafnréttisráði til umsagnar. Í umsögn ráðsins segir m.a. að ráðið telji miður að mörg ákvæði upphaflega frv. hafi verið felld niður í meðförum Alþingis á síðasta þingi, t.d. tillaga um að lögfesta svonefnda tilnefningarleið þegar tilnefnt er í stjórnir, nefndir og ráð. Jafnframt lýsir ráðið yfir furðu sinni með það að ekki skuli vera samstaða meðal þingmanna um að lögfesta reglur um sönnunarbyrði í jafnréttismálum sem taki til meðferðar þeirra mála, bæði á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum. Jafnréttisráð vekur athygli á því að þetta gerist á sama tíma og verið er að yfirfara íslensk lög og reglugerðir með tilliti til reglna Evrópubandalagsins. Ráðið telur hins vegar að frv., eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Nd. Alþingis á síðasta þingi, sé spor í rétta átt. Í frv. sé gert ráð fyrir að lögfesta nýtt fyrirkomulag á framkvæmdaáætlun hins opinbera og gert sé ráð fyrir skýrri lagaheimild til að dæma bætur. Enn fremur er lagt til að sérstakri nefnd verði falin meðferð kærumála, svo að nokkur dæmi séu tekin um nýmæli frá núgildandi lögum. Jafnréttisráð telur því æskilegt að frv. verði lögfest í núverandi mynd, þ.e. eftir afgreiðslu Nd. Alþingis á málinu sl. vor.

Frv. var í haust lagt fyrir Ed. Alþingis. Deildin samþykkti að gera nokkrar breytingar á frv. Þær eru eftirfarandi:

Samþykkt var að á eftir orðunum „frumkvæði að" í 2. málsl. 13. gr. bætist: sérstökum tímabundnum. Í þessu felst að jafnréttisnefndir sveitarfélaga skulu fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu.

Nefndin samþykkti að breyta 14. gr. þannig að þar er nú kveðið á um að félmrh. fari með framkvæmd laganna, en ekki tekið sérstaklega fram að ráðherra fari með jafnréttismál kvenna og karla.

Ed. samþykkti einnig að gera breytingu á 18. gr. sem felur í sér að félmrn. er heimilt að ráða einn jafnréttisráðgjafa í samvinnu við Jafnréttisráð sem vinni að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur. Ákvæðið var ekki bundið við ráðningu eins jafnréttisráðgjafa fyrir breytinguna.

Deildin samþykkti veigamikla breytingu á 19. gr. sem fjallar um kærunefnd jafnréttismála. Í frv. var gert ráð fyrir að félmrh. skipaði kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Hæstiréttur tilnefndi formann nefndarinnar, sem skyldi vera lögfræðingur, Kvenréttindafélag Íslands tilnefndi einn og félmrh. skipaði einn án tilnefningar. Ed. hefur hins vegar samþykkt að gera þá breytingu á frv. að í stað þess að Kvenréttindafélag Íslands tilnefni einn nefndarmann skuli félmrh. skipa tvo án tilnefningar. Auk þess skuli skipa tvo nefndarmenn skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Varamenn skulu vera skipaðir með sama hætti. Við þetta fjölgar nefndarmönnum úr þremur í fimm. Einnig hefur síðasta málsl. 1. mgr. 19. gr. verið breytt. Hann hljóðar nú þannig að þegar kæruefni varðar aðra aðila vinnumarkaðarins en sæti eiga í nefndinni skal leita umsagna þeirra samtaka sem hlutaðeigandi eiga aðild að.

Loks hefur Ed. samþykkt að í stað orðalagsins „gáleysi" í 22. gr. komi: vanræksla.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv. enda fékk það ítarlega umfjöllun á síðasta þingi. Ég vil einungis láta enn einu sinni í ljós þá von að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu á Alþingi þannig að ný jafnréttislög geti tekið gildi sem allra fyrst. Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 277. mál. — Þskj. 510.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að vera kominn hér aftur í salinn. Ég þakka honum fyrir svör hans áðan þó ég hefði nú viljað heyra meiri boðskap, meiri erkibiskupsins boðskap en þar kom fram því sannarlega var það ekki bitastætt sem hæstv. ráðherra hafði að flytja og loforð í árslok 1993. En þetta átti að ske þegar verðbólgan væri innan við 10% á einu ári, sem þegar er orðið.

Hæstv. ráðherra gumaði af að það sem hefði gerst við upptöku verðtryggingar samkvæmt Ólafslögum hefði skipt sköpum frá því áratuginn þar á undan. Í umræðunum um daginn leyfði ég mér að vitna í nýútkomna skýrslu Seðlabankans. Ég gríp ofan í þessa skýrslu. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég til minna orða:

„Hún [þ.e. skýrsla Seðlabankans] gaf í skyn að breytt vaxtastefna á undanförnum árum hefði örvað innlendan sparnað og dregið úr eftirspurn eftir lánum. En hagskýrslur þessa sama banka segja allt annað. Almenn verðtrygging inn- og útlána samkvæmt Ólafslögum tók gildi frá ársbyrjun 1982. Lánskjaravísitalan tók þá viðbragð upp á við og jókst um liðlega 60% það ár. Hún fór upp í liðlega 74% árið eftir, 1983. Við þennan verðbótaþátt vaxta samkvæmt vísitölunni bættust svo raunvextir, 4% 1983 og 7% 1987.

Dró úr útlánum bankakerfisins við þessa svimháu vexti? Nei, þvert á móti. Þeir jukust samkvæmt Hagtölum Seðlabankans um meira en 300% á tveim árum. Meðaltalsvextir á öllu tímabilinu 1982–1989 voru um 40%. En á sama tíma nítjánfölduðust útlánin. Þessi útkoma stafaði af því að vaxtahækkanir eru óvirkar þegar jafnvægisleysi ríkir í peningamálum og ríkisfjármálum, enda jókst peningamagn langt fram úr þjóðarframleiðslu að verðgildi. Erlend lán voru tekin og ríkissjóður lengst af rekinn með halla. Þetta ætti hver einasti alþingismaður og ráðherra að vita, en margir halda áfram að hamra á vitleysunni, þar á meðal hæstv. ráðherra."

Síðar vitnaði ég aftur, með leyfi forseta, í þessa sömu skýrslu: „En hvað um sparnaðinn? Jókst hann á hávaxtaskeiðinu sem ég nefndi, 1982–1983? Nei. Þrátt fyrir hæstu innlánsvexti sem þekkst hafa hér á landi jókst sparnaður minna en sem nemur viðbættum vöxtum. Með öðrum orðum minnkaði grunnsparnaður, fé sem fólk leggur til hliðar af tekjum sínum inn á bundna sparifjárbók. Þegar bankamenn segja að sparnaður hafi aukist eiga þeir við innlán sem ekki teljast til sparnaðar, þ.e. tékkareikningar, t.d. svonefndir viðskiptakjarareikningar, eða almennar bækur sem notast á sama hátt og tékkareikningar. Þarna er um enn eina fölsunina að ræða.

Loks má geta þess að erlend lán jukust allt hávaxtaskeiðið með sama hraða og önnur útlán. Allt þetta er samkvæmt Hagtölum Seðlabankans."

Hvernig stendur á, þegar allt þetta er skoðað og hlýtur að vera lesið af hæstv. ráðherra, að hann kemur hér og heldur fram þessum rökum? Mikil blessun sýnist vera samkvæmt skýrslu Seðlabankans sjálfs af lánskjaravísitölunni ef rétt er lesið. Eða hitt þó heldur.

En ég undirstrika svo í lokin að stigminnkandi vægi verðtryggingar sem ríkisstjórnin kveðst áforma nú leysir engan vanda. Vandann leysir ekkert annað en afnám lánskjaravísitölunnar eins og landsmönnum var lofað af núverandi ríkisstjórn þegar verðbólgan hefði verið undir 10% í eitt ár. Og það liggur nú fyrir en samt á að hika og doka og nú er settur þriggja ára frestur á að framkvæma það.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum eingöngu segja það að mér finnst hv. flm. ekki meta til fulls hversu mikilvæg þau áform eru sem ríkisstjórnin hefur kynnt á þessu sviði og hversu nauðsynlegt það er að breytingar í þessum efnum valdi ekki óbætanlegum skaða með því að brjóta traust á þessum grundvallaratriðum á lánamarkaðinum sem eru geysilega mikilvæg. Það er ekki boðlegt að svipta burt lánsskilmálum sem menn hafa samið um í góðri trú eða búið sig undir að reka sín fyrirtæki út frá með þeim hætti sem í tillögunni felst. Þess vegna er hægfara aðlögun að breyttum aðstæðum nauðsynleg því grundvöllurinn er að sjálfsögðu þetta bætta efnahagsumhverfi, þessi lægri verðbólga sem loksins, loksins hefur náðst á Íslandi niður á það stig sem tíðkast hér í nágrannalöndum okkar og helstu viðskiptalöndum. Ég efast ekki um góðan vilja flm. en segi það aftur að ég tel að sú lausn sem ríkisstjórnin hefur komið sér saman um sé raunhæfari, öruggari og líklegri til þess að ná því sameiginlega markmiði okkar, flm. og mín, að koma á kyrrum kjörum á lánamarkaðinum, kjörum sem eru í senn sanngjörn og efnahagslega skynsamleg.

Það var sagt áðan af hv. 6. þm. Norðurl. e. að á það væri treyst að menn myndu ekki það sem lofað var. Ég vísa því algerlega á bug. Að vísu er það því miður svo í veröldinni að minni manna er misjafnt og margt mætti um það segja hversu minnugir menn eru um það sem þeir láta sér um munn fara eða flýtur úr þeirra penna, en að halda því fram að ekki hafi verið staðið við þau fyrirheit, þá stefnumótun sem ákveðin var við myndun þessarar ríkisstjórnar eða hinnar fyrri sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vitnaði til frá því í september 1988, er ekki rétt og ég efast ekki um að hv. þm. veit þetta þegar hann skoðar sinn hug og bætir sitt minni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 192, n. 709, 712 og 722, brtt. 710.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þetta frv. er afar viðamikið og snert-

ir velflest heimili í landinu. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, herra forseti, að ætlunin skuli að taka það núna til 2. umr., sem er sú umræða sem samkvæmt þingsköpum á að fjalla um einstakar greinar frv., í fjarveru hæstv. menntmrh. Þetta er þeim mun undarlegra þegar þess er gætt að mörg atriði í frv. eru umdeild, mjög umdeild, og önnur atriði eru afar lítt unnin. Það ber öllum saman um að lítið sem ekkert samráð hafi verið haft við sveitarfélögin um þetta mál en til þess að ákvæði þessa frv. verði framkvæmd verður visst samráð að vera við sveitarfélögin. Alla vega þarf að vera ljóst í öllum atriðum hver kostnaður verður og hvernig á að standa undir honum. Við þetta bætist svo að meiri hl. nefndarinnar, þ.e. fulltrúar stjórnarflokkanna, hafa flutt fjölda breytingartillagna. Þegar málið stendur svona tel ég afar óviðeigandi, svo ekki sé meira sagt, að taka það til 2. umr. í fjarveru hæstv. ráðherra.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það mál sem ætlunin er að taka hér til umræðu nú á eftir hefur hlotið venjulega meðferð í hv. menntmn. Tillögur meiri hl. menntmn. liggja hér fyrir og gefin hafa verið út þrjú nál. Vissulega hefði verið æskilegt að hæstv. menntmrh. hefði getað verið hér viðstaddur í dag, en hann er með lögleg forföll þar sem hann situr fund Norðurlandaráðs. Það er hins vegar mjög stutt eftir af störfum Alþingis eins og allir þekkja og það var mat mitt og hæstv. menntmrh. að ef þau geysiþýðingarmiklu efnisatriði, sem í frv. felast, ættu að komast til framkvæmda á þessu ári þannig að hægt væri að fara að vinna eftir frv. og málið ætti ekki að tefjast í heilt ár, þá yrði að koma þessari umræðu áleiðis í þessari viku því að málið á eftir að fara til 3. umr. og síðan til hv. Ed. Ég tel að líf eða dauði frv. velti á því að við látum málið ekki liggja hér fram í næstu viku. Þess vegna var það mat mitt og mat hæstv. menntmrh. að við skyldum láta þessa umræðu fara fram í dag og það er gert í fullu samráði við hann. Ef þess verður sérstaklega óskað að umræðunni ljúki ekki fyrr en eftir að hann er kominn hér aftur, þá tel ég sjálfsagt að orðið sé við því þannig að hv. þm. eigi þess kost að leggja spurningar fyrir menntmrh. Hins vegar er ekkert í tillögum meiri hl. sem kemur honum á óvart og haft hefur verið fullt samráð við hann um efni brtt. Ég vil því eindregið mælast til þess að málið verði tekið á dagskrá og ég eigi þess kost að mæla fyrir nál., svo og aðrir sem eru fulltrúar fyrir einstaka hluta menntmn. Ég tel hins vegar rétt að gengið sé til móts við þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, sjónarmið sem út af fyrir sig voru alls ekkert óeðlileg. Ég skil vel hvað hún var þar að fara en tel að eðlilegast sé að ganga til móts við þau á þann hátt að umræðunni ljúki ekki fyrr en eftir að hæstv. menntmrh. er kominn heim.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil einungis mótmæla þeirri skoðun formanns menntmn., hv. 4. þm. Norðurl. v., að hér sé um venjuleg vinnubrögð að ræða. Ég tel satt að segja að það sé afar óvenjulegt þegar fagráðherra vill koma áfram viðamiklu máli sem snertir hvorki meira né minna en stærsta svið þess ráðuneytis sem hann hefur með höndum, þá þyki það eðlilegt að 2. umr. málsins, sem er aðalmótunarumræðan, fari fram að honum fjarstöddum. Þetta er lýsandi dæmi um hin óvönduðu vinnubrögð sem því miður eru á bak við mörg þau mál sem við erum hér að fjalla um.

Mér er það ljóst að við höfum haldið marga fundi um þetta mál, enda hafa verið mjög alvarlegar athugasemdir gerðar, lítið mark tekið á þeim stærstu og ekki enn þá búið að fá til viðræðna alla þá sem nefndin hafði ákveðið að fá til viðræðna. Ég sé þess vegna ekki að málið hafi verið tilbúið til umfjöllunar við 2. umr. nú. Við úr minni hl. nefndarinnar létum bóka andmæli í tvígang í hv. menntmn. við þessari málsmeðferð. Við andmæltum því að það yrði afgreitt út úr nefndinni eins og á stóð. Ef það er hinn skammi tími til þingloka sem hv. stjórnarliðar setja fyrir sig, þá má kannski benda á að það er fjallhár bunki af pappír, sem eru óafgreidd mál hæstv. ríkisstjórnar hér og þar í nefndum. En það er hins vegar ekki samkomulag um nærri öll þau mál innan ríkisstjórnarinnar og svo grunar mig að sé um þetta mál. Þetta sé eitt með öðru mál þar sem menn hafa e.t.v. ekki allir sömu skoðanir á hverri grein. Þess vegna finnst mér hálfgert farið, a.m.k. ekki gengið um aðaldyrnar við afgreiðslu þessa máls, að ætla sér að húrra því út úr nefndinni áður en allar viðræður og allir fundir um það hafa farið fram við mótmæli stjórnarandstöðu. Mér er það alveg ljóst að stjórnarandstaðan er oft og tíðum ofurliði borin og það er ekkert nýtt. En hitt er nýtt að svo mikið liggi á að koma frv. fram í einhverju formi, illu eða góðu, næstum því rétt sama hverju, aðeins að hæstv. ráðherra geti sagt að frv. hafi verið afgreitt. Ég hvet til þess, ef það verður á dagskrá tekið, þá verði það ekki nema að mjög litlu leyti og aðalumræðan fari þá fram síðar.

Með öðrum orðum vil ég ekki láta hjá líða að mótmæla því harðlega að það verði tekið til umfjöllunar nú alveg eins og ég mótmælti því í nefndinni að það yrði afgreitt úr nefndinni áður en það væri fjallað um það til fulls. Ef ég minni á það sem hv. formaður nefndarinnar sagði hér rétt áðan, að það hvort málið væri rætt í dag eða ekki varðaði líf eða dauða þessa frv., held ég að það væri lífvænlegra ef við ræðum það þegar það er fullburða.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil ekki blanda mér í deilur um það hvort menntmn. hafi unnið frv. vel eða illa. Þar á ég ekki sæti og get því ekki um það dæmt. Hins vegar þykir mér mjög óeðlilegt að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér og vænti þess að hann hafi mjög mikilvægum störfum að gegna og það sé mjög nauðsynlegt að hann sitji þing Norðurlandaráðs, ekki ætla ég að efast um það. En mér þykir þetta frv. mjög mikilvægt og er sammála hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnari Arnalds um það. Þess vegna þykir mér mjög slæmt að fresta þurfi umræðu um það.

Ég sé í sjálfu sér ekki mun á því þó hér sé mælt fyrir nál. Ég er ekki að setja mig upp á móti því. En því miður mun málið tefjast mjög mikið ef umræðunni lýkur ekki í dag. Það er fyrirséð að það muni ekki vera hægt og þess vegna hefði ég út af fyrir sig nú talið eðlilegra að hún færi fram í einu lagi. En ég geri ekki athugasemd við það þó að úrskurður verði um það að mælt verði fyrir nál. En tíminn er mjög naumur og það er það sem mér þykir mjög alvarlegt. Og mér þykir alvarlegt að menntmrh. skuli ekki vera hér og fylgja þessu mikilvæga máli eftir. Það er kannski fyrst og fremst það að þó svo að mælt verði hér fyrir nál., þá er umræðan í sjálfu sér öll eftir. Það þykir mér mjög slæmt og tíminn nýtist illa.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti telur að hv. 2. þm. Reykv. hafi vissulega nokkuð til síns máls þegar óskað er eftir nærveru hæstv. ráðherra við umræðu um þetta dagskrármál. Hins vegar er ráðherrann í opinberum erindum í Frakklandi og síðar á Norðurlandaráðsþingi þessa dagana. Hyggst forseti því gefa frsm. meiri hl. nefndarinnar orðið að þessu sinni en getur að sjálfsögðu ekki neytt frsm. minni hl. til að taka til máls, en telur rétt á þessu stigi að hv. 4. þm. Norðurl. v. fái tækifæri til þess að mæla fyrir meirihlutanefndaráliti. E.t.v. verði mælt hér fyrir öðrum nál. síðar á fundinum ef um það semst, en að öðru leyti verði þessari umræðu eitthvað frestað.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. menntmn. en ásamt mér skrifa hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Árni Gunnarsson og Guðmundur G. Þórarinsson undir það nál.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsagnir frá fjöldamörgum aðilum, eins og fram kemur í nál. Nefndin hefur haldið fimm fundi þar sem mál þetta hefur verið á dagskrá. Auk þess voru boðaðir tveir fundir í nefndinni, þar sem ætlunin var að taka þetta mál formlega fyrir, en þeir fundir urðu ekki formlegir vegna þess að ekki var nægileg mæting á fundina. Það má því segja að alls hafi sjö sinnum verið boðaðir fundir um þetta mál en málið tekið formlega fyrir á fimm fundum, þ.e. 20. des., þegar málið var sent til umsagnar og veittur umsagnarfrestur til 25. jan. 1991. Síðan var málið á dagskrá funda sem féllu niður 28. jan. og 4. febr. Var síðan tekið fyrir á næstu fundum nefndarinnar 11. febr., 12. febr., 18. febr. og loks afgreitt út úr nefndinni á fundi 20. febr. Ég flyt svo nákvæma skýrslu um störf nefndarinnar hvað þetta varðar vegna fullyrðinga sem fram koma í nál. hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur og Ragnhildar Helgadóttur, en ég tel að þær fullyrðingar sem þar koma fram standist ekki við nánari skoðun og með hliðsjón af því sem ég hef hér sagt.

Hitt fer ekkert á milli mála að hér er um ákaflega viðamikið mál að ræða og vissulega hefði verið þörf á því að málið hefði verið til miklu lengri og ítarlegri skoðunar og umræðu í hv. menntmn. heldur en tími gafst til. Ég ítreka það, sem ég sagði við umræðu um þingsköp rétt áðan, að nefndin stendur einfaldlega frammi fyrir því hvort þetta mál á að liggja og verða óafgreitt á þessu þingi eða hvort á að reyna að hraða afgreiðslu þess og koma því í gegn áður en þingstörfum lýkur. Það er sá kostur sem meiri hl. nefndarinnar velur með því að afgreiða málið út úr nefndinni hinn 20. febr. eftir að sjö sinnum hafði verið boðaður fundur um þetta mál og fimm fundir fjallað um það.

Í frv. er gert ráð fyrir því að komið sé á einsetnum grunnskóla með samfelldum sjö stunda skóladegi. Nemendum gefist kostur á málsverði í skólanum, en það er undirstaða þess að unnt sé að lengja viðverutíma barna í skólum á sama tíma og þjóðfélagið byggir á þeirri forsendu að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Með lengdum skóladegi er gert ráð fyrir að unnt verði að sinna margvíslegum verkefnum í skólunum sem nú vinnst ekki tími til. Í ákvæði til bráðabirgða var í frv. gert ráð fyrir því að þessu markmiði yrði náð á tíu ára tímabili. Það sem er mikilvægast við meðferð menntmn. á máli þessu og við tillögur hv. meiri hl. nefndarinnar, sem ég mæli hér fyrir, er að lagt er til að ákvæði um málsverð í skólanum komi miklu fyrr til framkvæmda en ráð var fyrir gert í frv. Eins og ég nefndi áðan var ráð fyrir því gert að það ákvæði kæmi til framkvæmda á tíu ára tímabili en meiri hl. gerir tillögu um að inn í 4. gr. frv. verði skotið svofelldu ákvæði: „Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma“ og einnig að í ákvæði til bráðabirgða komi ákvæði sem hljóði svo: „Ákvæði 4. gr. um málsverð á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.“

Ég þarf auðvitað ekki að segja það neinum að ef þessar tillögur nefndarinnar verða að veruleika, þá er þar um talsverð tíðindi að ræða, fagnaðarefni fyrir flesta þá sem um skólamál hafa fjallað á liðnum árum. Um útfærslu þessa atriðis er það að segja að að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir því að útfærslan verði skipulögð á hverjum stað miðað við aðstæður. Leitað verður eftir samstarfi við kennarasamtök og samtök sveitarfélaga um þetta verkefni, sbr. ákvæði í 10. gr. frv. um sérstaka samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Framkvæmdin gæti síðan orðið með ýmsu móti, hugsanlega í því formi að nemendur neyttu matar síns í kennslustofum eða sérstökum mötuneytum, matur yrði útbúinn í sérstökum eldhúsum í skólanum eða annars staðar og væntanlega yrðu nemendur virkjaðir sem mest í framkvæmdinni.

Rétt er að benda á það að í heimavistar- og heimanakstursskólum er nemendum nú þegar séð fyrir mat og aðstöðu til þess að matast um hádegi. Gott hádegishlé og samvera fjölskyldu á heimili getur þótt eftirsóknarverðari en samfelld viðvera og skólamáltíðir, t.d. í litlum bæjum þar sem vegalengdir milli heimilis og vinnustaðar eru stuttar. Þess vegna er rétt að hafa þann fyrirvara á að auðvitað verður að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað. Hér er um að ræða samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga, foreldra og nemenda sjálfra. Sveitarfélög mundu hugsanlega sjá um hús-

næði og starfsfólk til þess að tilreiða matinn, koma honum til nemenda og innheimta matargjöld. Foreldrar gætu hugsanlega greitt efniskostnað en nemendur mundu hjálpa til við framreiðsluna. Hlutur ríkisins yrði að greiða fyrir umsjón með nemendum á matmálstímum.

Eins og kemur skýrt fram í 10. gr. frv. er ætlunin að skipuð sé samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Samkvæmt 10. gr. er það verkefni nefndarinnar að gera áætlun um einsetinn skóla, lengdan og samfelldan skóladag og skólamáltíðir, sbr. bráðabirgðaákvæði laga þessara, skólasöfn, heimavistir og félagsstörf nemenda og aðstöðu vegna sérkennslu. Ég vil þess vegna minna á að nefndin taldi það ekki í verkahring sínum að gera hér tillögur um framkvæmd skólamáltíða í smáatriðum. Það sem ég hef hér sagt eru fremur hugleiðingar en fastmótuð áform um það hvernig þessu verði hagað, enda verður það verkefni samstarfsnefndar ríkisins og sveitarfélaganna að móta stefnuna hvað það varðar. Í frv. er einungis tekin ákvörðun um það að skólamáltíðir í hádegi skuli koma til framkvæmda á næstu þremur árum og síðan mun framkvæmdin mótast við nánari samráð aðila um málið. Af þessari ástæðu er augljóst að ekki er raunhæft að gerð sé á þessu stigi nákvæm áætlun um kostnað við að koma á þessum skólamáltíðum. Framkvæmdin hlýtur að verða töluvert mikið háð aðstæðum og margir möguleikar geta komið til greina. Á þessu stigi máls er því ekki raunhæft að hægt sé að gera áætlun um nákvæman kostnað sem af þessu mundi leiða.

Um efni frv. að öðru leyti má vissulega flytja langt mál og verður að vísa til grg. með frv. hvað það varðar. Ég vil þó sérstaklega nefna hér nokkur mikilvæg atriði frv. og byrja þá á því að tiltaka atriði sem hafa verulegan kostnað í för með sér. Þá er fyrst að nefna nýtt ákvæði um námsráðgjafa en þeir geta starfað í einstökum skólum eða fræðsluskrifstofum og yrðu ráðnir sem kennarar. Lagt er til að ákvæði um námsráðgjafa komi til framkvæmda á fimm árum. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk um kostnað af framkvæmd þessa atriðis er kostnaður talinn vera um 75–80 millj. kr.

Þá er rétt að nefna kennsluafslátt vegna aldurs. Skilyrði fyrir kennsluafslætti yrðu lækkuð úr 20 árum í tíu ára tímabil.

Næst nefni ég lágmarksákvæði um kennslu. Gert er ráð fyrir því að ákvæðin um tímafjölda á hvern nemanda, sem nú eru í grunnskólalögunum, verði lágmarksákvæði þannig að ekki verði heimilt að bjóða minni kennslu handa nemendum en grunnskólalög kveða á um. Það yrði sem sagt um að ræða níu mánaða starfstíma almennt.

Þessi tvö ákvæði sem ég nú hef nefnt, þ.e. lágmarksákvæðin um kennslu og ákvæðin um kennsluafslátt, eru talin munu kosta um 55 millj. kr. samanlagt að meðtöldum nokkrum öðrum minni háttar atriðum.

Loks er rétt að nefna hér fjölgun kennslustunda. Í frv. er gert ráð fyrir að skóladagur 1.–3. bekkjar verði lengdur á næstu þremur árum í 25 stundir á viku, enda kemur sjö stunda heilstæður skóladagur allra grunnskólanemenda til framkvæmda á næstu tíu árum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aflaði sér er talið að þetta muni kosta 36 millj. kr. á ári.

Ákvæði eru í frv. um nemendafjölda í bekk. Viðmiðunartala í 1.–3. bekk er lækkuð úr 30 nemendum í 22 nemendur og í 4.–10. bekk úr 30 nemendum í 28 nemendur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aflaði sér er talið að þetta muni kosta 42 millj. kr. á ári. Samtals hef ég hér nefnt aukinn kostnað vegna samþykktar frv. sem nemur um 210 millj. kr. og dreifist sá kostnaður á fimm ára tímabil.

Af öðrum mikilvægum atriðum þessa frv. er rétt að nefna ákvæði um grunnskólaráð sem yrði samstarfsvettvangur þeirra aðila sem vinna að málefnum grunnskólans. Fulltrúar foreldrafélaga, kennarafélaga og kennaramenntunarstofnana yrðu í grunnskólaráði auk fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og menntmrn. Ákvæði eru um samráðsnefnd ráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga eins og ég hef áður nefnt. Þessari samráðsnefnd er ætlað að gegna lykilhlutverki í gerð áætlana vegna ákvæða til bráðabirgða og vegna ákvæðanna um einsetinn skóla og skólamáltíðir.

Ákvæði eru um fræðsluskrifstofur og fræðsluráð í þessu frv. Þá er rétt að benda á að brtt. nefndarinnar snúast einmitt um atriði sem þessa aðila varða.

Mjög skiptar skoðanir virðast vera um stöðu og hlutverk fræðsluráða, en í mörgum umsögnum sem nefndinni bárust frá umsagnaraðilum voru ákvæðin um fræðsluskrifstofur, fræðsluráð og fræðslustjóra nokkuð gagnrýnd. Bent var á að fræðsluráð ættu að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og með ákvæðum frv. væru sveitarfélögin raunverulega komin í minni hluta innan fræðsluráðanna. Það varð því að ráði að gera brtt. við ákvæði frv. um fræðsluráð og er samkvæmt brtt. gert ráð fyrir því að fræðsluráð sé skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Í frv. var gert ráð fyrir því að þar ættu sæti níu fulltrúar og væru aðeins fjórir þeirra kjörnir af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Þar á móti er gert ráð fyrir því að fræðslustjóri, fulltrúi skólastjóra, kennara og foreldra í umdæminu hafi málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum og verði boðaðir á þá á sama hátt og fræðsluráðsfulltrúar.

Í frv. var gert ráð fyrir því að fræðslustjóri yrði formaður fræðsluráðs en frá því er fallið í brtt. meiri hl. Hins vegar er þar sagt að fræðsluráð geti falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.

Þá er skýrt tekið fram að fræðsluráðið sé fyrst og fremst samstarfsvettvangur sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi.

Í frv. voru ákvæði um sérkennslu. Þar var gert ráð fyrir því að mörkuð væri ákveðnari stefna um sérkennsluaðstoð í heimaskóla og að gerð skyldi áætlun um sérkennslu fyrir landið allt.

Í brtt. meiri hl. menntmn. er þar að auki gert ráð fyrir því að grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn, þ.e. sérskólar, verði reknir á vegum ríkisins þar

til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Eins og kunnugt er er gengið út frá því í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, að það sé eitt af hlutverkum heilsugæslustöðva að sinna heilsugæslu í skólum. Í þeim tilvikum sem heilsugæslustöðvar eru fjarri skólum þarf hins vegar að vera fyrir hendi aðstaða til heilsugæslu í skólunum sjálfum. Flytur meiri hl. menntmn. brtt. sem ætlað er að taka af öll tvímæli um að slík aðstaða skuli vera fyrir hendi.

Í frv. eru ákvæði um það þegar tvö eða fleiri sveitarfélög eiga samstarf með sér um byggingu skólahúsnæðis. Í frv. er gert ráð fyrir því að skipting stofnkostnaðar taki mið af íbúafjölda, útsvarsskyldum tekjum, barnafjölda og kennslustundafjölda. Nefndin fékk ábendingu um að þessi grein frv. þarfnaðist lagfæringar og hefur hún gert tillögu um að skipting kostnaðar feli bæði í sér stofnkostnað og rekstur en frv. kvað einungis á um stofnkostnað. Auk þess er við útreikning samkvæmt frv. miðað við bæði íbúafjölda og barnafjölda, en eðlilegra þykir að ekki sé tvívegis miðað við íbúafjölda við útreikning á kostnaði heldur sé kostnaðurinn miðaður við íbúafjölda, útsvarsskyldar tekjur, kennslustundafjölda og fasteignamat skattskyldra fasteigna í sveitarfélögunum.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir brtt. meiri hl. menntmn. Ég vil lýsa því yfir að það er skoðun mín að þetta sé eitt af mikilvægustu málunum sem hv. Alþingi fjallar um á þessum vetri. Ég vænti þess fastlega að alþingismenn hjálpi til að greiða för þessa frv. gegnum þingið. Það er í sjálfu sér afar auðvelt að stöðva þetta mál hér í þinginu. Ef menn gera sér leik að því að tefja málsmeðferðina úr hófi fram er hætt við að þetta mál nái ekki fram að ganga því það er það stutt eftir af þessu þingi og málið á eftir að ganga í gegnum hv. Ed. Ég vil því, vegna þess að ég veit að mikill meiri hluti hv. alþm. hefur góðan skilning á því hversu mikilvægt mál þetta er, skora á hv. þm. að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að greiða för þess í gegnum þingið.

Umræðu frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 699.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta er í þriðja sinn sem við ræðum þetta frv. á Alþingi. Eins og kom fram hér áður var þetta frumvarp fyrst lagt fram á 111. löggjafarþingi.

Það er mjög hastarlegt að hafa þurft sérstök lög um jafnan rétt kvenna og karla en því miður virðist það vera nauðsynlegt. Við höfum haft lög um jafnan rétt kvenna og karla í gildi í þó nokkurn tíma án þess að það hafi leitt til þess að jafnrétti sé komið í það horf sem maður vildi gjarnan sjá og langt í frá, því miður.

Ég kom að samningu þessa frv. og var skipuð í nefnd af hæstv. félmrh. í nóvember 1988 en þá hafði nefndin starfað frá því í maí það ár. Ég kom að þessu máli undir lokin. Þetta frv. var flutt á 111. löggjafarþingi eins og ég sagði áðan og hefur nú gengið í gegnum þrjár hreinsanir, ef við getum orðað það svo. Því miður hefur það versnað við hverja endurskoðun að mínu mati.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv., það er margt gott í því þrátt fyrir að búið sé að fella út mjög mikilvægar greinar, og vísa til þess sem ég hef sagt áður um hvaða bót er að þessu frv. miðað við gildandi lög. En því miður er búið að fella út mjög mikilvæg atriði og vil ég aðeins gera þau að umtalsefni við þessa umræðu.

Ég vil fyrst víkja að 7. gr. frv. Eins og frv. var flutt í fyrsta sinn var 7. gr. nokkuð ítarlegri, en í upphafi 7. gr. sagði, með leyfi forseta:

„Við ráðningu í starf skal það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Gildir þetta jafnt um stöðuveitingu hjá hinu opinbera sem og á hinum almenna vinnumarkaði."

Þetta hefur verið fellt brott, var í 7. gr. upphaflega frv. en núna 8. gr., sem síðan er óbreytt. Þetta þykir mér mjög miður því að ég er alveg viss um það að alltaf er hægt að finna leiðir til að fara fram hjá því að veita ákveðið starf, annaðhvort konu eða karlmanni, eftir því hvort meiri hluti er í viðkomandi starfsgrein. Það hefur a.m.k. sýnt sig að svo hafi verið gert. Það hefur verið mjög erfitt í ýmsum starfsgreinum, það á sérstaklega við um konur, ég þekki það ekki vel með karla, erfitt fyrir konur að komast inn í ákveðnar starfsgreinar og sérstaklega erfitt fyrir þær að vera ráðnar ef karlmenn sækja um líka.

Ég þekki það sjálf úr Háskólanum t.d. þar sem mjög oft hefur verið gengið fram hjá hæfum konum og að mínu mati miklu hæfari en þeim körlum sem hafa sótt um, en ævinlega hefur verið fundið ráð til þess að segja að þær séu nú aðeins minna hæfar en karlarnir og þess vegna eigi þeir frekar að fá starfið en þær. Þess vegna finnst mér mjög miður að þetta ákvæði skyldi falla út. Ég bendi á að t.d. í Noregi er svipað ákvæði, sem hefur verið mjög mikilvægt fyrir konur að hafa inni, um að ef þær uppfylla tilskildar kröfur til starfsins eigi þær að ganga fyrir. Þetta hefur líka orðið til þess að störfin eru yfirleitt betur skilgreind en áður var gert til þess að kröfurnar komi mjög vel fram í auglýsingum og það er yfirleitt til bóta heldur en að hafa það mjög opið eins og nú er. Þetta er nú kannski það fyrsta sem ég rekst á sem ég tel miður að hafi fallið út.

Það hefur líka fallið burtu ein grein í þessum hreinsunareldi, ef ég get kallað svo. Í upphaflega frv. var ákvæði í 10. gr. sem hefur verið kalla öfug sönnunarbyrði, en hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Háttsemi sem gengur gegn 5.–8. gr. laga þessara telst brot á lögunum nema atvinnurekandi sýni fram á með verulegum líkum að ekki hafi verið um að ræða mismunun eftir kynferði."

Þetta tel ég mjög mikilvægt að hafa inni. Þessu var hins vegar breytt eftir fyrstu skoðun á þann veg að sett var inn í 6. gr.: „Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans."

Mér þótti út af fyrir sig allt í lagi að þetta yrði sett inn á þennan hátt því þarna var greinilegt að atvinnurekandi varð að sýna fram á að ekki hefði verið um mismunun vegna kynferðis að ræða.

En síðan verður enn ein breyting. Hún þótti mér nú sýnu verst vegna þess að þar er alveg búið að fella þetta ákvæði í burtu, þ.e. núna er gert ráð fyrir því að atvinnurekandi þurfi að sýna kærunefnd jafnréttismála fram á það að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans, en ekki er gert ráð fyrir því að það muni gilda fyrir dómstólum.

Mér þykir þetta mjög slæmt. Mér þykir þetta verra en það sem ég nefndi áðan. Mér finnst vont að þetta skuli fara í burtu og ég átta mig ekki á hvers vegna alþingismenn geta ekki fellt sig við að þetta ákvæði sé inni í frv. Svipað ákvæði er í lögum alla vega Svíþjóðar og Finnlands, held ég. Eins er slíkt ákvæði inni í lögum Evrópubandalagsins og Evrópubandalagsríkjanna þar með.

Það er ekki langt síðan EB-dómstólinn í Lúxemborg dæmdi eftir þessu ákvæði og ákvarðaði að þarna væri mjög skýrt að atvinnurekandi varð að sýna fram á að ekki væri um mismunun eftir kynferði að ræða. Þess vegna átta ég mig ekki á því af hverju þeir sem þó eru svo hrifnir af því sem er að gerast úti í Evrópu, og allt eigum við að apa þar eftir og taka upp þeirra lög meira að segja, skuli ekki vilja hafa þetta ákvæði inni í jafnréttislögum. Þessu vona ég að verði hægt að breyta aftur til betri vegar, en því miður þá sé ég að eftir að Ed. hefur fjallað um frv. er þetta ákvæði ekki í frv.

Mig langar til að minnast á 12. gr. frv., þó hún sé ekki breytt frá því að frv. var lagt fram í fyrsta sinn. Þetta er búið að vera í þrjú ár í frv. sem ríkisstjórnin hefur flutt en það breytir ekki því að ekki er hægt að sjá þess merki af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún hugsi sér að fara eftir þessu ákvæði.

Mig langar t.d. að spyrja hæstv. félmrh. hvað ríkisstjórnin hafi gert til þess að ná því markmiði sem þarna kemur fram í 12. gr.: „Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð."

Það er ekki langt síðan, ég held að það hafi verið á sl. vetri, að settar voru á stofn tvær nefndir, með samtals 17 manns, sem áttu að fjalla um atvinnumál og þar var ekki ein einasta kona. Síðan var ein kona skipuð í aðra nefndina en eftir að búið var að tilnefna í fyrsta sinn. Þarna var ein kona tilnefnd í þessar nefndir. Þetta er ekki eina dæmið. Það eru ótal, ótal mörg dæmi. Ég veit um eina nefnd sem á að fjalla um þróunaraðstoð. Ég man ekki hversu margir eru í þeirri nefnd, en aðeins ein kona. Fyrst voru eingöngu tilnefndir karlar en síðan þegar karlarnir mættu á fyrsta fundi sáu þeir að það var dálítið einkennileg samsetning á nefnd. Þess vegna finnst mér að ríkisstjórnin hafi ákaflega lítið farið eftir þessu ákvæði.

Ég hallast að því að ekki muni duga neitt annað en þvingunaraðgerðir í þessu sambandi, þ.e. það verði að vera helmingur af hvoru kyni í slíkum nefndum, alla vega að hlutfallið sé 40 á móti 60. Það sé það alminnsta sem hægt er að ætlast til þess að sé, a.m.k. 40% af öðru kyninu í slíkum nefndum. Það er mjög ólýðræðislegt að helmingur þjóðarinnar skuli varla koma nálægt slíkum nefndum og komi ekki til greina þegar verið er að skipa í nefndir af þessu tagi. Þess vegna langar mig til að vita hvernig hefur verið reynt að framfylgja þessu ákvæði. Ég geri mér grein fyrir að það er ekki búið að samþykkja þetta en eitthvað hlýtur ríkisstjórnin að meina með því að hafa þetta ákvæði inni í frv.

Það er líka annað sem mig langar að gera athugasemd við og það er skipan Jafnréttisráðs. Það er auðvitað alltaf álitamál hvernig á að skipa Jafnréttisráð og ætla ég ekki að ræða það neitt sérstaklega því að það hefur verið svolítið erfitt að finna þá skipun sem allir geti sætt sig við. Hins vegar finnst mér mjög óeðlilegt, þegar farið er að kanna nánar 19. gr. og 15. gr., að í báðum tilfellum skuli Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið eiga aðild að þessum nefndum. Ég var miklu ánægðari með það fyrirkomulag sem gert var ráð fyrir í fyrsta frv. sem lagt var hér fram þar sem Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið voru eingöngu í kærunefndinni en ekki í Jafnréttisráði. Mér þykir óeðlilegt að gert skuli vera ráð fyrir því að þeir eigi fast sæti í kærunefndinni, mér hefði þótt eðlilegast að Alþýðusambandið og VSÍ ættu ekki aðila eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem lagt var fram á 112. löggjafarþingi. Mér þótti það vera besta fyrirkomulagið sem var þá sæst á.

Ég sakna líka þess að hafa ekki grein í frv. sem var 19. gr. upphaflega. Þar var gert ráð fyrir því að við fjárlagagerð þess árs ætti að taka mið af jafnréttisáætlunum sem félmrh. mundi leggja fyrir Alþingi. Síðan ætti fjmrn. að fá sundurliðaðar tillögur frá ráðuneytum um það hvernig þau ætluðu að framkvæma aðgerðir í jafnréttismálum sem félmrh. hafði þá gert grein fyrir á þinginu. Þessi grein var alveg felld út og þykir mér það líka mjög miður vegna þess að það hlýtur að þurfa eitthvert fjármagn til að framkvæma aðgerðir. Það er ekki nóg að setja fögur orð á blað og síðan er ekki hægt að framkvæma þau.

Mér þykir það fremur haldlítið sem kemur fram í 17. gr. frv. um að það eigi að áætla fjárveitingar til einstakra verkefna í framkvæmdaáætlun um jafnréttismál þó að auðvitað sé það mjög til bóta að hafa það þó inni.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að svo komnu máli. Ég tel að það megi bæta frv. í meðförum deildarinnar og þetta er bara 1. umr. um málið. Ég vonast til þess að félmn. fari vandlega ofan í þetta mál því mér finnst að búið sé að fella veigamikil og bitastæð atriði út úr frv. Mér finnst kannski réttlætanlegt

að samþykkja frv. eins og þetta, en það er allt of margt sem búið er að fella út og tel ég nánast ekki hægt að samþykkja það óbreytt. Þess vegna vonast ég til þess að félmn. fari vandlega ofan í þetta og taki tillit til þessara atriða því að ég held að ef ríkisstjórnin stóð að frv. eins og þau voru lögð fram áður ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að skerpa örlítið nokkur atriði í frv. Þá væri mikið betra og auðveldara að framkvæma ákvæði þess en ég á erfitt með að sjá þegar búið er að fella út þessi atriði sem ég hef nú gert að umtalsefni að það geti verið nægjanlega sterkt til þess að veita eitthvert aðhald í þessum málum sem er mjög nauðsynlegt.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þegar frv. þetta kemur hér til umræðu þá er það í þriðja sinn sem það er flutt. Það var lagt fram á síðasta þingi og félmn. Nd. náði þá samkomulagi um að afgreiða málið með nokkrum brtt. sem samþykktar voru í Nd. En tími vannst ekki til þess að taka málið fyrir í Ed. á síðustu dögum fyrir þingslit í vor og frv. var því lagt fram í Ed. núna á haustþingi eins og það kom frá Nd. í fyrra.

Fulltrúi Kvennalistans í félmn. Nd. féllst á að standa að afgreiðslu málsins þrátt fyrir það að kvennalistakonur hefðu viljað sjá tekið á jafnréttismálunum af meiri myndugleik og festu en kom fram eftir umfjöllun Nd. um frv. Stuðningur Kvennalistans við frv. byggðist ekki síst á því að nokkur mikilvæg atriði náðu fram að ganga sem ekki er að finna í núgildandi lögum. Má sem dæmi nefna ákvæði um jafnréttisþing og sömuleiðis virkara og skýrara hlutverk jafnréttisnefnda. En jafnréttisþing tel ég mjög mikilvægt til þess að umræður um þessi mál og úrbætur í þeim séu stöðugt í gangi.

Fulltrúi Kvennalistans í Ed. nú gerði brtt. við frv., sem var felld, en studdi frv. að öðru leyti þegar það var afgreitt til Nd. Það hefur löngum sýnt sig og sýnir sig enn að margir hafa mjög óljósar hugmyndir um hvað felst í hugtakinu jafnrétti karla og kvenna. Hversu oft er ekki sagt: Konur hafa jafnan rétt til náms og til launa og karlmenn og yfir hverju eru þær þá að kvarta?

Umræður almennings um jafnréttismál eru yfirleitt á þessum nótum og er þá ekkert inni í myndinni hver raunveruleg staða kvenna er. Auðvitað er ágætt og nauðsynlegt að til séu lög sem tryggi jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. En lög duga skammt í þessum efnum. Til þess að eftir þeim sé farið þarf ekkert minna en hugarfarsbyltingu. Skilningur manna í þessum efnum nær enn svo ótrúlega skammt og sýnir sig best í viðteknum skoðunum á því t.d. hvernig verðleggja eigi vinnu kvenna, sem síðan veldur því að staða þeirra er mun lakari en karla þrátt fyrir öll lagaboð.

Sem dæmi um hvar við erum á vegi stödd í þessum efnum er frétt í Morgunblaðinu í dag sem ég vil lesa hér, með leyfi hæstv. forseta. Fréttin hljóðar svona:

„Jafnréttisnefnd Akureyrar samþykkti á fundi fyrir helgi að hafna umsókn sem fyrir lá um stöðu jafnréttis- og fræðslufulltrúa Akureyrarbæjar. Þegar staðan var auglýst seint á síðasta ári bárust þrjár umsóknir, ein var dregin til baka, einn umsækjenda fór fram á endurskoðun launakjara sem bæjarráð hafnaði og nú hefur þriðju umsókninni verið hafnað af jafnréttisnefnd.

Tæp tvö ár eru frá því að bæjarstjórn Akureyrar samþykkti jafnréttisáætlun, en þar er m.a. gert ráð fyrir að ráðinn verði jafnréttisfulltrúi sem hafi með höndum að annast framkvæmd áætlunarinnar. Starfið hefur verið auglýst þrisvar, en enginn hefur verið ráðinn til þess að gegna því.

Starf jafnréttis- og fræðslufulltrúa var síðast auglýst í nóvember á síðasta ári og bárust þá þrjár umsóknir. Ein var dregin til baka, annar umsækjenda óskaði eftir því að launakjör fulltrúans yrði endurskoðuð í samræmi við þau kjör sem starfsmanni atvinnumálanefndar væru boðin, þar sem um væri að ræða sambærileg störf fyrir nefndir á vegum bæjarins. Bæjarráð hafnaði þeirri beiðni. Á fundi nefndarinnar á föstudag var samþykkt að hafna þriðju umsókninni sem fyrir lá, þar sem nefndin taldi umsækjanda ekki uppfylla þau skilyrði sem hún setti til starfsins. Þá beindi nefndin þeim tilmælum til bæjarráðs að launakjör jafnréttis- og fræðslufulltrúa Akureyrar verði endurskoðuð hið fyrsta. Bæjarráð kemur saman á fimmtudag og tekur þá væntanlega erindi nefndarinnar fyrir."

Til skýringar þessari frétt vil ég geta þess að viðmiðun launa jafnréttisfulltrúa var fóstru- og félagsráðgjafalaun sem hvort tveggja eru dæmigerð kvennastörf. Laun atvinnufulltrúans miðuðust aftur á móti við laun tæknifræðings. Munurinn á þessum launum er um 50%. Þó eru þessar stéttir með svipaðan námstíma að baki. Bæði atvinnufulltrúanum og jafnréttisfulltrúanum var ætlaðað vera eini starfsmaður þeirrar nefndar sem þau unnu fyrir. Bæði höfðu svipaða menntun. Báðum var ætlað átaksverkefni, þ.e. að breyta núverandi ástandi í jafnréttismálum og í atvinnumálum. Ef bæjaryfirvöld hefðu viljað fylgja eftir átaki í jafnréttismálum hefðu þau sýnt það í verki með því að brjóta upp þennan launamun. Og ef vilji væri fyrir hendi væri auðvitað fyrir löngu búið að ráða í stöðu jafnréttisfulltrúa. Þarna vantar greinilega hugarfarið sem þarf til að raunverulegar breytingar gerist.

Þegar þetta frv. hér um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna var fyrst lagt fram var í því ákvæði um að félmrh. væri skylt að ráða jafnréttisráðgjafa. Nú hefur þessu verið breytt. Félmrh. er heimilt, og aðeins heimilt, að ráða þennan starfsmann. En þessi starfsmaður skal vinna í samvinnu við Jafnréttisráð að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur. Hér hefur verið hopað og það er í raun og veru endurspeglun á því vægi sem þessi mál hafa í þjóðfélagsumræðunni. Ekkert fé er heldur til þessarar stöðu á fjárlögum þessa árs svo að greinilega er ekki gert ráð fyrir henni að sinni.

Auðvitað er gott og nauðsynlegt að þessi lög nái samþykki. En það dugar skammt meðan engin hugarfarsbreyting verður. Dæmið sem ég gat um áðan sýnir það svo glöggt. Á vegum Akureyrarbæjar hefur verið samþykkt jafnréttisáætlun. Samt treysta bæjaryfir-

völd sér ekki til að meta störf þess sem á að framkvæma þá áætlun til launa á hliðstæðan hátt og í dæmigerðu karlastarfi. Auðvitað þarf ekki að minna á það að jafnréttisfulltrúa af karlkyni hefðu aldrei verið boðin þau laun fyrir þetta starf sem konu voru ætluð, en karlmenn höfðu bara ekki áhuga fyrir þessu starfi, svo undarlegt sem það nú er. Í ljósi þessa dæmis hef ég efasemdir um að ríkisyfirvöld muni standa sig betur í jafnréttismálum en Akureyrarbær, hvað sem lagasetningu líður. Það er enn svo ótrúlega langt í land að almennur skilningur sé á því hversu langt er frá því að konur búi við jafna stöðu í launamálum. Ég tala nú ekki um skilningsleysið á öðrum sviðum. Láglaunastefna í garð kvenna og mat á störfum þeirra hindrar þær nefnilega svo víða í því að ná þangað sem þær vilja og ætla sér. Og meðan sú stefna er ofan á breytist fátt þeim í hag.

Hæstv. félmrh. hefur barist í þessum málum um langt skeið og sýnt þar mikla þrautseigju, þökk sé henni. En hér þarf ekkert minna en hugarfarsbyltingu ef staða kvenna á að komast í viðunandi horf. Hvert skref á leið til þeirrar byltingar er mikilsvert og ég tel þetta frv. vera slíkt skref.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna þess að ég á sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta frv. á sl. vetri og mun fá það til umfjöllunar nú á þessum vetri.

Svo sem fram kom í máli hv. ræðumanna hér á undan, 6. þm. Reykn. og 7. þm. Norðurl. e., hafa orðið á þessu frv. í meðförum þingsins breytingar sem flestar eru ekki af hinu góða. Máttur hefur verið dreginn úr frv. og mátti þó ekki við því.

Ástæðan fyrir því að við kvennalistakonur teljum þó að við verðum að greiða götu þessa frv., þótt lítið sé eftir bitastætt, er sú að náist ekki stór skref verðum við að sætta okkur við hin smærri skref. Jafnframt hefur okkur þó tekist að koma inn í þetta frv. einu mikilsverðu ákvæði sem hv. ræðumaður hér á undan gat um, en það er um jafnréttisþing. Ástæðan fyrir því að ég tel að þessi jafnréttisþing vegi þungt er sú að umræða um jafnréttismál og einkum þó og sér í lagi um stöðu kvenna hér á landi hefur verið allt of lítil og allt of veikburða að undanförnu. Ég tel að ef jafnréttisþing nær þeim tilgangi sem því er ætlað muni e.t.v. verða bót á þessu. Ég legg áherslu á það sem stendur í frv. því sem lagt var fram í haust eftir að það hafði fengið meðferð Nd. á sl. vori. Í athugasemdum við frv. stendur m.a., með leyfi forseta:

„Félmn. Nd. samþykkti breytingu á 16. gr. um verkefni Jafnréttisráðs. Samkvæmt breytingunni skal ráðið halda jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti. Nefndin gerir ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um skipulag og hlutverk þingsins. Félmn. tekur þó fram í áliti sínu að eðlilegt sé að verkefni slíks þings sé ráðgjafar- og umsagnarstörf á sviði jafnréttismála fyrir Jafnréttisráð, ekki síst vegna aðildar ráðsins að mótun jafnréttisáætlunar. Um leið gæti þingið orðið vettvangur almennra umræðna um jafnréttismál og uppspretta og farvegur nýrra hugmynda um þau mál. Nefndin telur jafnframt eðlilegt að aðild að þinginu eigi, auk Jafnréttisráðs, fulltrúar jafnréttisnefnda, stjórnmálaflokka og fulltrúar félagasamtaka er láta sig jafnréttismál varða."

Það er einkum hið síðasta hér sem ég legg mikla áherslu á að verði að veruleika, þ.e. að þingið verði vettvangur almennra umræðna um jafnréttismál og ekki síður að það verði uppspretta og farvegur nýrra hugmynda um þau mál. Því miður hefur umræða um jafnréttismál og um stöðu kvenna ekki verið í þeim ferska farvegi sem æskilegt væri, a.m.k. ekki á opinberum vettvangi, þrátt fyrir heiðarlegar tilraunir einstakra hópa, vil ég þá t.d. nefna Kvennalistann, til að koma þessum málum í nýjan farveg og koma nýjum og ferskum hugmyndum á framfæri. Ég geri því ráð fyrir að enn um sinn munum við kvennalistakonur reyna að styðja við bakið á þessu veikburða frv. Við munum að sjálfsögðu reyna að koma fram með þær tillögur til úrbóta sem hægt er. En ég harma það að í sérhverri umræðu um málið skuli eitthvað fara aflaga. Ég vona að ekki verði meira um slíkt í meðförum þingsins og þau örstuttu skref, sem þetta frv. þó miðar málum áfram, verði alla vega stigin og helst stærri skref í rétta átt.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta mál og vil taka undir ýmis þau sjónarmið og skoðanir sem hér hafa komið fram. Það ætti öllum að vera ljóst að það miðar allt of hægt í jafnréttismálum. Þrátt fyrir að hér á Alþingi séu með reglubundum hætti sett lög til þess að skerpa ákvæði jafnréttislaganna, ýmsar áætlanir gerðar í jafnréttismálum o.s.frv., þá miðar alveg ótrúlega hægt í þessu efni. Mér er þar efst í huga og sérstakt áhyggjuefni, launamálin, launamisréttið milli kynjanna, sem manni virðist frekar fara vaxandi en minnkandi ef marka má ýmsar kannanir sem settar hafa verið fram í því efni.

Ég hygg að ástæðuna megi rekja til þess, eins og reyndar hefur komið fram hjá mér áður, að það þrífst í þjóðfélaginu raunverulega neðanjarðarhagkerfi í launamálum þar sem um er að ræða ýmsar yfirborganir, fríðindi og duldar greiðslur sem allar kannanir sýna að í verulegum mæli ganga miklu meira til karla en kvenna. Á það bæði við um hinn almenna markað og eins hjá hinu opinbera. Það er reyndar svo að þeir launataxtar sem um er samið í þjóðfélaginu og þar sem er í reynd jafnrétti í töxtum milli kvenna og karla, þar eru konurnar stærsti hópurinn. Það er mjög erfitt að taka á þessum málum þegar svo stór hluti af kjörum fólks er fenginn með þessum hætti, raunverulega einstaklingsbundnum samningum milli atvinnurekandans og launþegans.

Ég hef líka áhyggjur af því hvað hægt miðar í því að aðlaga vinnumarkaðinn þeirri staðreynd að stór hluti foreldra, konur sennilega yfir 90%, báðir foreldrar vinna á vinnumarkaðinum og hve hægt miðar að aðlaga vinnumarkaðinn að þeirri staðreynd á ýmsum sviðum. Ég hygg þó að reynt hafi verið að brydda upp á ýmissi nýbreytni til þess að færa okkur skrefi nær

jafnrétti. Ég nefni jafnréttisáætlanir ráðuneyta og ríkisstofnana sem voru gerðar fyrir tveimur árum. Út af fyrir sig er ekki séð enn þá hvaða árangri þær muni skila en um sl. áramót byrjaði Jafnréttisráð að gera úttekt á því hvernig ráðuneyti og stofnanir hafi framfylgt þeim áætlunum sem þau settu fram í því efni og væntanlega fæst niðurstaða um það fljótlega, en slíkt aðhald er auðvitað nauðsynlegt.

Ég nefni einnig framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem ég vænti að geti skilað okkur nokkrum árangri í því efni. Í þessu frv. er enn frekar hert á því þannig að jafnréttisáætlanir verði í formi þáltill., sem ég tel mjög mikils virði, og það verði því raunverulega Alþingi sem marki stefnuna í þessu máli og taki á því en það sé ekki eingöngu áætlun ríkisstjórnarinnar og eins að í áætluninni eiga að koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði.

Ég get alveg fallist á það með þeim sem hér hafa talað að það er eftirsjá að ýmsum ákvæðum sem voru í upphaflega frv. sem var lagt fyrir þingið fyrir tveimur árum síðan. En staðreyndin er sú að um þetta mál náðist ekki samkomulag í þeirri nefnd sem um það fjallaði. Það náðist að lokum heildarsamkomulag þannig að allir flokkar sem fulltrúa áttu í félmn. Nd. stóðu að frv. en það var þá með þeim hætti að um var að ræða málamiðlanir þannig að mörg mikilvæg ákvæði duttu þar út til þess að ná fram samstöðu í þessu efni. Engu að síður tel ég þó, og það finnst mér hafa komið fram hér í máli ræðumanna, að við séum að sigla skref fram á við með þessu frv. ef að lögum verður. Ég nefni auk jafnréttisáætlunarinnar kærunefndirnar, sem ég tel vera verulegt spor fram á við. Ég vil einnig nefna það, sem fram kom t.d. hjá hv. 6. þm. Reykv., að það er auðvitað eftirsjá að þeim ákvæðum sem voru inni í fyrra frv. að því er varðar tilnefningar í nefndir, stjórnir og ráð. Ég get svo sannarlega tekið undir með henni að það nær auðvitað ekki nokkurri átt hvernig þetta er víða í nefndum og ráðum í stjórnsýslunni að konur hafa ekki verið tilnefndar í margar mikilvægar nefndir sem hv. þm. nefndi hér m.a. Þarna eru ákvarðanirnar í þjóðfélaginu teknar að miklu leyti. Þarna er mörkuð stefna í mörgum mikilvægum málum sem skipta þjóðina miklu, sem skipta heimilin í landinu miklu. Sum skipta konur jafnt sem karla mjög miklu og auðvitað ætti ekkert að vera eðlilegra en jafnræði mundi ríkja að því er varðar tilnefningar í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Í þeirri könnun sem var gerð í þeim efnum fyrir tveimur árum síðan hjá Jafnréttisráði kom í ljós að konur eru aðeins 11% þeirra sem þá áttu sæti í stjórnum, nefndum og ráðum. Það eitt út af fyrir sig segir okkur hve langt er í land í þessu efni. Hins vegar er í nýrri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sett það markmið að að fjórum árum liðnum verði hlutfallið ekki minna en 25%. Það er auðvitað allt of lítið á þetta löngum tíma, en ef það næst, þá er það vissulega góður áfangi.

Mörg mikilvæg ákvæði eru í þessu frv. eins og hér var nefnt. Ég get tekið undir það að jafnréttisþingið er mjög mikilvægur þáttur í því sem fram kemur í frv. En það er mín skoðun eftir að hafa fylgst með þessu máli í gegnum þingið, bæði í fyrra og nú, að ef enn á að fara að gera miklar breytingar á frv. eins og það kom frá Ed., þá getur það teflt málinu í þá tvísýnu að við náum ekki einu sinni fram á þessu þingi þeim skrefum, þeim áföngum, sem þó er að finna í þessu frv.

Ég vildi sjá margt öðruvísi í þessu frv., eins og aðrir sem hér hafa talað, en ég geri mér grein fyrir því að hér er um málamiðlun að ræða. Það er kannski eitt sem við þurfum að skoða í því sambandi, að það er nokkuð gefandi fyrir það, þó að það sé um málamiðlun að ræða, að allir flokkar á þingi sameinist þó um það frv. sem verður að lögum, þannig að allir séu sammála um það að framfylgja þessum ákvæðum sem hér eru frekar en um þau væru miklar deilur og sundrung. Fyrir það tel ég nokkuð gefandi.

Ég tek undir það með hv. 7. þm. Norðurl. e. að það eru ekki lögin eða ákvæði laga sem skipta öllu máli í þessu efni. Það er fyrst og fremst hugarfarsbreyting sem þarf að vinna að. Konur hafa verið nokkuð þrautseigar í þessu efni, alveg ótrúlega þrautseigar þegar litið er yfir söguna í jafnréttismálunum. En vonandi verður þetta frv. að lögum fyrir þingslit og vonandi getur það orðið áfangi í þá átt að skila okkur meira jafnrétti milli kvenna og karla í þjóðfélaginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 700.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um meðferð opinberra mála sem flutt er á þskj. 700 eftir afgreiðslu hv. Ed. á málinu. Frv. fjallar um réttarreglur í refsimálum.

Á síðasta þingi var frv. þetta lagt fram en varð ekki útrætt. Frv. var sent nokkrum aðilum til umsagnar á sl. sumri. Umsagnir bárust frá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, yfirsakadómaranum í Reykjavík, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Umsagnir þessar voru sendar réttarfarsnefnd til athugunar.

Smávægilegar breytingar höfðu verið gerðar á fyrri gerð frv. og var að nokkru tekið tillit til framkominnar umsagnar er málið var flutt í hv. Ed. á þskj. 101 á sl. hausti.

Við afgreiðslu málsins í hv. Ed. voru samþykktar 17 brtt., fluttar af allshn. deildarinnar, sem án efa voru allar til bóta þó að flestar þeirra breyti efni þess ekki að ráði. Brtt. þessar voru fluttar á þskj. 696 og 787.

Endurskoðun þessara laga er liður í þeirri heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum sem grundvöllur hefur verið lagður að með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, er kemur til framkvæmda 1. júlí 1992.

Frv. er ætlað að koma í stað laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, en þau lög eru að stofni til lög nr. 27/1951, sem sætt hafa nokkrum breytingum og þrívegis verið gefin út sem ný lög, síðast 1974.

Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951 gilti hér á landi í öllum meginatriðum svokallað rannsóknarréttarfar. Megineinkenni þess er að ekki er greint svo að skýrt sé milli ákæruvalds og dómsvalds. Með lögum nr. 27/1951 voru gerðar allveigamiklar breytingar á réttarfari í opinberum málum, m.a. dregið úr ákæruvaldi dómara og ákvörðun saksóknara færð að mestu leyti til dómsmrh., auk ýmissa annarra réttarbóta.

Með lögum nr. 57/1961 var gerð sú breyting að ákæruvaldið var fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara ríkisins. Eftir sem áður var ekki skilið að fullu milli ákæruvalds og dómsvalds þar sem dómarar höfðu stjórn lögreglu með höndum og hófu eða létu hefja rannsókn af sjálfsdáðum. Í flestum málum var enginn til þess að flytja málið af hálfu ákæruvaldsins heldur ákváðu dómarar sjálfir hvaða gögn yrðu færð fram í máli og önnuðust öflun þeirra.

Með stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins, skv. lögum nr. 108/1976, fékkst veruleg réttarbót og var með því stigið skref í átt að svokölluðu ákæruréttarfari. Þrátt fyrir þessa breytingu stóðu eftir leifar hins gamla rannsóknarréttarfars, einkum utan Reykjavíkur, þar sem dómari fór jafnframt með stjórn lögreglu. Á vegum réttarfarsnefndar hófst á árinu 1979 vinna að nýjum reglum um meðferð refsimála og voru fyrstu drög að frv. þegar tilbúin á því ári. Í þeim var að sjálfsögðu miðað við núgildandi dómaskipan. Á næstu árum var nokkuð unnið að því að fullgera drög þessi en ekki kom þó til þess að frv. yrði lagt fyrir Alþingi. Eftir að sú stefna var tekin að gerbreyta dómsskipan í landinu var tekið til við að vinna að nýju frv. til laga um meðferð opinberra mála sem væri í samræmi við hina nýju skipan. Er árangur þess starfs frv. það sem hér er nú mælt fyrir.

Í frv. er að finna margvíslegar breytingar á gildandi lögum um meðferð opinberra mála. Veigamestu breytingar eru þó þessar:

1. Skilið er að fullu milli ákæruvalds og dómsvalds.

2. Reglum um ákæruvald er breytt. Lögreglustjórum er veitt heimild til höfðunar máls í smærri málum. Gert er ráð fyrir að ríkissaksóknari geti falið lögreglustjóra ríkisins að annast flutning mála er hann hefur höfðað. Áfram er ríkissaksóknari þó æðsti handhafi ákæruvalds.

3. Rýmkuð er heimild lögreglustjóra til þess að ljúka máli með sátt, þar sem játning sakbornings liggur fyrir.

4. Málsmeðferð fyrir héraðsdómi er breytt að ýmsu leyti. Gert er ráð fyrir að fulltrúi ákæruvalds mæti í dómi nær undantekningarlaust. Málsmeðferð yrði meira í höndum ákæruvalds og verjanda sakbornings og dómari yrði hlutlausari í meðferð málsins. Tekin er upp svokölluð aðalmeðferð máls líkt og í einkamálum, þ.e. að lokinni gagnaöflun komi vitni fyrir í einu þinghaldi og málflutningur fari fram í beinu framhaldi.

5. Reglur um réttarstöðu sakbornings og um vörn hans og um þvingunarúrræði undir rannsókn máls eru gerðar skýrari.

6. Reglum um málskot til Hæstaréttar er breytt, bæði um ákæru og áfrýjun.

Verður nú gerð nánari grein fyrir efni frv., niðurröðun efnis og kaflaskiptingu og vakin athygli á helstu nýmælum.

Í I. kafla er greint frá því til hvaða mála lögin taka. Í fyrsta lagi taka þau til eiginlegra opinberra mála, þ.e. mála sem höfðuð eru til þess að koma fram refsingu á hendur manni fyrir afbrot, svo og mála til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum þótt ekki sé krafist refsingar. Í 2. gr. eru auk þess taldir upp nokkrir málaflokkar sem rétt þykir að fari eftir reglum laganna eftir því sem við á þótt ekki sé um eiginleg opinber mál að ræða.

II. kafli frv. fjallar um dómendur í héraði. Er efni hans í samræmi við ákvæði laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

III. kaflinn fjallar um þinghöld, birtingar og fleira. Engar verulegar breytingar eru gerðar á umræddum atriðum frá gildandi lögum. Nefna má þó að hér er gert ráð fyrir að dómstólar nýti sér ýmsa tækni, tölvur o.fl. Gert er ráð fyrir að skráning mála verði færð í tölvum, sem auðveldar að fá ýmsar tölfræðilegar upplýsingar, svo og eykur möguleika á betra eftirliti. Einnig er gert ráð fyrir að nota tölvu að einhverju leyti í stað þingbóka er leiða ætti til hagræðis.

IV. kaflinn fjallar um varnarþing. Hér er fjallað um það hvar opinbert mál skuli höfðað. Höfða má mál þar sem brot er framið, á brotavarnarþingi. Ef hentugra þykir er þó heimilt að höfða mál á varnarþingi, þar sem brotamaður er búsettur eða þar sem hann dvelur, heimilis- eða dvalarvarnarþingi.

Í V. kafla frv. er fjallað um ákæruvaldið. Hér er um nokkrar veigamiklar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála fer ríkissaksóknari fyrst og fremst með ákæruvaldið. Hann gefur út ákæru. Það sérkenni hefur verið á skipun ákæruvalds hér á landi að saksóknarar hafa eigi haft afskipti af rekstri opinberra mála í héraði nema í viðameiri málum. Hefur héraðsdómarinn, sakadómari, átt að gæta hagsmuna ákæruvaldsins, m.a. með því að taka ákvörðun um hvaða gögn skuli færð fram o.s.frv. Þessi skipun hefur og tengst því að saksóknarar hafa aðeins setið í Reykjavík og þykir ekki við komið nema í hinum stærstu málum að þing sé sótt af hálfu ákæruvalds.

Í þeim réttarfarsbreytingum sem í lögum nr. 92/1989 felast er m.a. stefnt að því að dómarar fari alls ekki með ákæruvald og að ákærandi fylgi ákæru sinni eftir við meðferð málsins.

Sú breyting er lögð til að lögreglustjórum er falið ákæruvald hverjum í sínu umdæmi. Málshöfðunarvald þeirra er takmarkað við mál út af brotum gegn umferðarlögum og áfengislögum, svo og brotum gegn öðrum lögum, nema almennum hegningarlögum, þar sem eigi er lögð þyngri refsing við broti en sektir eða varðhald. Af þeim málum sem hér koma til greina skipta umferðarlagabrot mestu máli, þar á meðal ölvunarakstur, en slík mál eru mjög verulegur hluti þeirra opin-

beru mála sem koma til kasta dómstóla.

Mál þau sem lögreglustjórar höfða eiga þeir sjálfir að flytja í héraði. Ríkissaksóknari getur einnig falið þeim flutning annarra mála í héraði. Heimildar þessarar mundi sjálfsagt einkum verða neytt í umdæmum sem liggja fjarri Reykjavík.

Um framkvæmd ákæruvalds getur ríkissaksóknari sett almennar reglur en einnig gefið fyrirmæli um einstök mál eða tekið mál sjálfur í sínar hendur. Ríkissaksóknari er eftir sem áður æðsti handhafi ákæruvalds en honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, saksóknarar og fulltrúar, á sama hátt og nú tíðkast.

Dómsmrh. hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál, en hann getur ekki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um einstök mál.

Það nýmæli er sett í 2. mgr. 26. gr. að þyki ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu máls fjarstæð eða löglaus getur ráðherra lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin verði felld úr gildi og mál höfðað. Þessi heimild nær hins vegar ekki til þess að fella úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara um að mál skuli höfðað.

Í VI. kafla er fjallað um sakborning og verjanda. Í kafla þessum er leitast við að safna á einn stað almennum reglum um sakborning og réttarstöðu hans, þar á meðal rétt hans til málsvara. Að ýmsu leyti er hér um ítarlegri reglur að ræða en eru samkvæmt gildandi lögum, einkum er varðar réttarstöðu sakbornings.

Um málsvara sakbornings eru reglur í 34.–44. gr. Er hér greint á milli verjanda, sem dómari skipar, réttargæslumanns handtekins manns, sem rannsóknari tilnefnir, og talsmanns sem sakborningur ræður á eigin kostnað.

Í 41. gr. frv. segir svo um hlutverk verjanda að það sé að færa fram í máli hvað það sem verða megi sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

VII. kaflinn fjallar um sönnun og er hann í samræmi við XIII. kafla núgildandi laga. Koma hér fram grundvallarreglurnar um að sönnunarbyrðin hvíli á ákæruvaldinu og um frjálst mat sönnunargagna.

VIII. kaflinn fjallar um vitni, mat og skoðun. Kafli þessi svarar til XII. kafla gildandi laga. Nefna má að sú breyting er lögð til að eið- og heitfestingar skuli ekki fara fram nema í undantekningartilvikum.

Í IX. kafla er að finna almennar reglur um rannsókn máls. Með rannsókn er hér átt við þær aðgerðir sem miða að því að gera ákæranda fært að ákveða hvort mál skuli höfðað og að því að afla nauðsynlegra gagna til þess að undirbúa málsmeðferð fyrir dómi. Gert er ráð fyrir að rannsókn verði að öllu leyti í höndum lögreglu og ákæruvalds, en dómsrannsóknir samkvæmt gildandi lögum verði lagðar niður.

Þótt rannsókn að þessu leyti verði ekki í höndum dómara framvegis er þó nauðsynlegt að atbeini dómara komi til í vissum tilvikum. Koma hér fyrst og fremst til greina fyrirmæli um að tilteknar aðgerðir megi ekki fara fram nema samkvæmt dómsúrskurði, t.d. leit og gæsluvarðhald. Í undantekningartilvikum geta yfirheyrslur fyrir dómi og á rannsóknarstigi verið nauðsynlegar eða heppilegar, sbr. 74. gr.

Leitast er við að setja nokkru skýrari ákvæði um rannsókn á geðhögum sakbornings. Er gert ráð fyrir að gagnger geðheilbrigðisrannsókn verði því aðeins látin fara fram að sérstakur grunur leiki á því að sakborningur sé ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga, eða að svo standi á sem 16. gr. sömu laga segir. Geðheilbrigðisrannsóknir hafa hingað til verið tíðkaðar í miklu fleiri tilvikum og verður að telja æskilegt að dregið verði úr þeim. Gert er ráð fyrir að þegar ástæða er til fari fram einföld athugun læknis eða sálfræðings á sakborningi og ætti þá í flestum tilfellum að vera hægt að gera sér ljóst hvort þörf er á eiginlegri geðrannsókn.

X. kaflinn fjallar um hald á munum og fleira. Ekki verða raktar hér í einstökum atriðum breytingar sem felast í ákvæðum þessa kafla. Aðeins skal þó bent á ákvæði 86. gr. um hlustun síma og aðrar skyldar ráðstafanir. Umrædd ákvæði eru að verulegu leyti sniðin eftir 71. kafla dönsku réttarfarslaganna.

XI. kaflinn fjallar um leit. Kafli þessi kemur í stað VII. kafla núgildandi laga en ekki er um verulegar efnisbreytingar frá ákvæðum þess kafla að ræða.

XII. kaflinn fjallar um handtöku. Reglur núgildandi laga eru miðaðar við það að dómarar fari með rannsókn mála. Í frv. eru því gerðar ýmsar breytingar á reglum um handtöku í samræmi við það að dómarar eiga ekki að stýra rannsókn heldur lögregla og ákærendur.

XIII. kafli fjallar um gæsluvarðhald. Reglur um þetta efni eru að verulegu leyti í samræmi við VIII. kafla gildandi laga um meðferð opinberra mála. Að ýmsu leyti er þó hér um skýrari reglur að ræða. Reglur 108. gr. frv. um framkvæmd gæsluvarðhalds koma í stað 70. gr. núgildandi laga og eru töluvert breyttar. Ekki er gert ráð fyrir að gæslufangar séu hafðir í einrúmi nema þegar rannsóknarnauðsynjar krefjast. Þá eru reglur skýrari um rétt til þess að fá heimsóknir, til þess að taka við bréfum og skjölum og hafa aðgang að fjölmiðlum. Einungis má takmarka þessi réttindi ef nauðsyn er vegna rannsóknarinnar og er það sá sem rannsókn stýrir sem slíkar takmarkanir setur en ekki dómari eins og gert er ráð fyrir í 70. gr. núgildandi laga, enda stýra dómarar ekki lengur rannsókn.

109. gr. kemur í stað 71. gr. núgildandi laga um tryggingu í stað gæsluvarðhalds. 110. gr. mælir fyrir um ferðabann sem dómari getur lagt á sakborning, sbr. upphafsákvæði 72. gr. núgildandi laga, enn fremur um vistun sakbornings á sjúkrahúsi eða annarri viðeigandi stofnun ef heilsu eða högum sakbornings er svo háttað að gæsluvarðhaldi verður ekki við komið.

Í XIV. kafla ræðir um saksókn og undirbúning málsmeðferðar þegar mál er höfðað með ákæru, en einnig um það hvernig máli verði lokið án málshöfðunar. Rýmkaðar eru heimildir lögreglustjóra til þess að ljúka máli með sektarákvörðun. Nær heimild lögreglustjóra til sektarákvörðunar fallist sakborningur á það vegna brota er lögreglustjóri fer með ákæruvald í og ef viðurlög við broti fara ekki fram úr sviptingu ökuleyfis, allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni

fjárhæð, sem dómsmrh. ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Þessi rýmkun ætti að geta orðið til þess að álag á dómstóla léttist töluvert.

Í 3. mgr. 115. gr. frv. er það nýmæli að lögreglustjóri getur valið um það, ef sakborningur greiðir ekki sekt sem hann hefur undirgengist skriflega, að ákveða saksókn fyrir dómi (gefa út ákæru og leggja fyrir viðeigandi dómara), eða þá að krefjast fullnustu sektarinnar með aðför.

116. gr. mælir fyrir um hina eiginlegu saksókn, þ.e. þegar ákæruvald leggur mál fyrir dóm til úrlausnar.

Um form ákæru eru svipaðar reglur og ákvæði í 115. gr. núgildandi laga.

Í 120. gr. er það nýmæli að dómari ákveði fyrirtöku máls sem fyrir hann hefur verið lagt með útgáfu fyrirkalls. Fyrirkallið er yfirlýsing dómara um að málið verði tekið fyrir á tilteknum tíma og á tilteknum stað. Það kemur í stað áritunar þeirrar á ákæru sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 115. gr. núgildandi laga. Ef gallar eru á málatilbúnaði má dómari synja um útgáfu fyrirkalls, skv. 3. mgr. 119. gr. Getur ákærandi þá bætt úr þeim ágöllum, sem dómari telur vera á undirbúningi máls, eða krafist úrskurðar dómara um synjunina, en synjunarúrskurð gæti hann kært til æðra dóms skv. 142. gr.

Dómari gefur út fyrirkall en lögreglustjóri sér um birtingu þess, sbr. 2. mgr. 120. gr. Gert er ráð fyrir að sakborningur beri fram ósk um verjanda við birtingu fyrirkalls ef því er að skipta. Þetta gæti leitt til hagræðingar og flýtisauka. Dómari skipar verjanda, sbr. 121. gr.

Í XV. kafla er að finna reglur um meðferð mála í héraði og er um veruleg nýmæli að ræða. Í 122. gr. frv. segir um upphaf málsmeðferðar. Í fyrsta þinghaldi er mál þingfest með framlagningu ákæru og annarra gagna. Mál má eigi taka fyrir nema fyrirkall hafi verið birt ákærða, en undantekning er þó gerð ef hann sækir þing.

Skylt er að þing sé sótt af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 123. gr. Ef það er ekki gert mundi þingfesting að vísu fara fram en máli yrði ekki lokið heldur yrði að fresta því.

Í þessu fyrsta þinghaldi ber fyrst að athuga hvort fram kemur krafa um frávísun máls. Dómari getur einnig vísað máli frá af sjálfsdáðum. Ef til frávísunar kemur ber að ákveða hana með úrskurði en ekki dómi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Þá verður við þingfestingu gengið úr skugga um það hvort máli megi ljúka þá þegar skv. 124.–126. gr., en þær greinar geyma ákvæði um sérstaklega hraða meðferð.

Ef ákærði sækir þing og játar brot ótvírætt og brot varðar að mati dómara ekki þyngri refsingu en sekt má gefa sakborningi kost á að ljúka máli með því að hann skuldbindi sig skriflega til greiðslu sektar og ákveður dómari þá að ljúka máli með þeim hætti, sbr. 124. gr. frv. Úr kröfu um sviptingu ökuleyfis og um upptöku má leysa með sama hætti. Ákærandi getur þó synjað um slíka afgreiðslu og krafist þess að dómur gangi. Þessi ákvörðun dómara um viðurlög svarar til dómsátta samkvæmt gildandi lögum. Er þetta fljótvirk leið til að fá niðurstöðu í minni háttar málum.

Ef ákærði sækir þing og játar brot sitt skýlaust og hvorki dómari né aðilar telja þörf á sönnunarfærslu má dómari þegar leggja dóm á málið, enda liggi ekki í lögum þyngri refsing við broti en 8 ára fangelsi, skv. 125. gr. frv. Í þeim tilfellum er gert ráð fyrir að dómar verði mjög stuttir.

Í 126. gr. frv. er heimilað að dæma tiltekin mál að sakborningi fjarstöddum. Hér er í verulegum atriðum um nýmæli að ræða sem miðar að greiðari afgreiðslu einfaldari mála. Þessi heimild nær í fyrsta lagi til mála þar sem einungis kemur til greina að dæma mann í sekt, upptöku eigna eða réttindasviptingu, og í öðru lagi mála þar sem ákærði hefur áður komið fyrir dóm, þ.e. meðan á rannsókn máls stóð og játað brot sitt þar skýlaust, enda verði ekki dæmd þyngri refsing en 6 mánaða fangelsi.

Í málum þeim sem lokið verður skv. 124.–126. gr. frv. er yfirleitt eigi skipaður verjandi nema ákærði óski þess. Hafi ákærði ekki verjanda né sjálfvalinn talsmann fer enginn lokamálflutningur fram. Ella á að gefa ákæranda og verjanda kost á því að tjá sig stuttlega um lagaatriði og viðurlög áður en mál er tekið til dóms.

Ef refsihámark brots sem ákært er fyrir er hærra en 8 ára fangelsi, svo og ef ákærði neitar sök að einhverju leyti eða öllu, fer fram aðalflutningur máls. Aðalflutning máls mundi dómari einnig endranær geta ákveðið, t.d. ef hann dregur í efa að játning ákærða sé sannleikanum samkvæmt eða telur að sönnunarfærsla og málflutningur sé æskilegur. Um aðalmeðferð máls eru fyrirmæli í 128.–130. gr. frv.

Sé við útgáfu ákæru ljóst að um aðalmeðferð máls verði að ræða ber ákæranda að láta ákæru fylgja skrá um gögn sem fram verði færð af hálfu ákæruvalds.

Við aðalmeðferð máls er ákærða skipaður verjandi, hvort sem hann óskar þess eða ekki, nema hann hafi sjálfur valið sér talsmann eða honum verið leyft að flytja mál sitt sjálfur.

Ætlast er til þess að aðalmeðferð fari fram í einni lotu.

Reglur um aðalmeðferð eru líkar reglum laga um meðferð einkamála í héraði um aðalmeðferð máls. Munnlegum málflutningi í lok aðalmeðferðar á að haga á sama hátt og nú, sbr. 2. mgr. 135. gr. núgildandi laga. Heimild til þess að flytja mál skriflega er sérstaklega stendur á er á sama veg og samkvæmt gildandi lögum.

XVI. kafli fjallar um dómsúrlausnir héraðsdóms og kemur í stað XII. kafla gildandi laga.

Í 134. gr. er fjallað um ákvörðun dómara og úrskurð. Úrskurður er studdur forsendum en ekki ákvarðanir.

Í 135. gr. er fjallað um dóma. Í minni háttar málum, þar sem játning liggur fyrir eða mál er dæmt að ákærða fjarstöddum, er ætlast til að dómar séu mjög stuttir.

XVII. kafli fjallar um kæru til æðra dóms. Reglur gildandi laga eru lítið eitt breyttar.

XVIII. kaflinn fjallar um áfrýjun. Nokkur nýmæli

mætti þar nefna. Í fyrsta lagi er í 147. gr. gert ráð fyrir að máli verði áfrýjað með tvennu móti. Í fyrsta lagi má áfrýja máli í heild sinni; um a) sakarmat, þ.e. um úrlausn á því hvort ákærði hafi gerst sekur um það athæfi sem honum er gefið að sök, b) færslu brota til refsiákvæða og um önnur lagaatriði og c) ákvörðun viðurlaga. En einnig má áfrýja máli einungis um þau atriði sem í b) og c) greinir, þ.e. um lagaatriði og viðurlög. Þegar um þessa takmörkuðu áfrýjun eina er að ræða er að því stefnt að málsmeðferð fyrir Hæstarétti geti orðið mun umfangsminni og fljótvirkari en ef máli er áfrýjað í heild sinni.

Hvor aðila getur áfrýjað máli. Er hér raunar um orðalagsmun að ræða frá því sem nú er, en nú áfrýjar ákæruvaldið máli í öllum tilvikum, ýmist af sjálfsdáðum eða eftir kröfu ákærða. Eftir sem áður telst ákæruvaldið sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti og gefur út áfrýjunarstefnu skv. 155. og 156. gr. frv.

Í 153. gr. er áfrýjunarfrestur ákveðinn fjórar vikur í stað tveggja vikna.

XIX. kaflinn fjallar um sakarkostnað. Felld eru niður ákvæði um ferðakostnað dómara, þóknun fyrir skjalaþýðingar, dómtúlkun og gæsluvarðhalds- og flutningskostnaður ákærða talinn til sakarkostnaðar.

XX. kaflinn fjallar um kröfur borgaralegs eðlis. Þessi kafli er að verulegu leyti í samræmi við gildandi reglur. XXI. kaflinn fjallar um bætur til handa sakborningi og XXII. kaflinn fjallar um endurupptöku. Athygli er vakin á 2. mgr. 185. gr. um að ríkissaksóknari geti óskað endurupptöku til hagsbóta fyrir dómfellda. Einnig má benda á ákvæði 2. og 3. mgr. 126. gr. en þar er um sérstaka endurupptökuheimild að ræða þegar mál hefur verið dæmt að sakborningi fjarstöddum.

XXIII. kaflinn fjallar um gildistöku og brottfallin lög. Gert er ráð fyrir að gildistaka frv. verði 1. júlí 1992 þegar aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdarvalds gengur í gildi.

Ég hef nú vikið að þeim meginbreytingum er í frv. felast. Í stuttu máli felast þær í því að tryggja sem best réttaröryggi. Jafnframt lúta breytingarnar að auknu hagræði, m.a. með því að gera meðferð minni háttar mála einfaldari.

Eðlilegt er að spurt sé hvort breytingarnar auki útgjöld ríkissjóðs. Í stuttu máli skal gerð grein fyrir því. Málsmeðferð verður dýrari að því leyti að gert er ráð fyrir að ákæruvaldið mæti nær ætíð fyrir dómi í refsimáli. Þetta þýðir þörf fyrir aukinn mannafla, einkum hjá ríkissaksóknara. Ef ríkissaksóknari nýtti sér heimild til þess að fela lögreglustjórum að fara með mál utan Reykjavíkur yrði að vísu viðbótarkostnaður minni.

Nokkur atriði í frv. leiða til sparnaðar. Þau eru einkum þessi:

1. Aukin heimild lögreglustjóra til að ljúka máli með sektarákvörðun.

2. Ítarlegri ákvæði um kvaðningu ákærða fyrir dóm og heimild dómara til þess að ljúka máli þótt ákærði mæti ekki í dóminn.

3. Gert er ráð fyrir styttri dómum á einfaldari málum.

4. Ákvæði um svokallaðan aðalflutning mála sem ætti að auka hagræði.

5. Nýjar kæruheimildir ættu að stuðla að fækkun kærumála.

6. Nýjar reglur um áfrýjun, þ.e. möguleiki á að áfrýja hluta máls, þ.e. varðandi lagaatriði og viðurlög, ættu að leiða til sparnaðar.

Til viðbótar þessum atriðum mætti nefna að í ráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdarvalds er verður 1. júlí 1992, m.a. með útvegun húsnæðis sem breytingar þessar munu óhjákvæmilega útheimta. Þá er stefnt að því að taka tölvur í auknum mæli í notkun í þágu dómstóla sem ætti að leiða til skilvirkari vinnubragða og hagræðingar og jafnframt verksparnaðar.

Það sem hér hefur verið talið upp er horfir til sparnaðar ætti að verulegu leyti að vega upp á móti auknum kostnaði vegna aukinna verkefna ákæruvaldsins.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði sem veldur því að ég kem hingað í ræðustól. Í sl. viku mælti ég fyrir 318. máli sem er að finna á þskj. 563, um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum. Ég gat þess í máli mínu þá að sú lagabreyting sem þar er lögð til gilti aðeins ef það mál sem hér er til meðferðar yrði ekki afgreitt nú á þessu þingi. Sú er ástæða þessa að frv. því sem hér liggur fyrir, verði það að lögum, er ætlað að koma í stað laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Þessi ákvæði, sem lagt er til að verði að lögum samkvæmt því frv. er ég flutti og mælti fyrir í sl. viku, og flutti raunar á sl. þingi einnig, varða 5. mgr. 40. gr. laganna sem nú eru í gildi, laga nr. 74/1974, en lagt er til að þeirri grein verði breytt á þennan veg, með leyfi forseta:

„Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd. Getur nefndin sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar. Einnig skal tilkynna foreldri eða forráðamönnum barnsins um yfirheyrslurnar svo fremi að grunur leiki ekki á að þau tengist málinu."

Sú breyting sem lögð er til með þessu frv. varðar það í fyrsta lagi að lagt er til að það sé skylt að tilkynna barnaverndarnefnd ef barn er kallað til yfirheyrslu, en ekki bara sé þess kostur eins og er í núgildandi lögum, og einnig að skylt sé að tilkynna foreldri eða forráðamanni ef barn er tekið til yfirheyrslu hjá lögreglunni.

Ég gat þess í framsögu minni nú í sl. viku að mér væri vandi á höndum í sambandi við þetta mál, verði það frv. sem hér liggur fyrir samþykkt, vegna þess að engin hliðstæð ákvæði eru í því frv. sem hér liggur fyrir, þeim sem hér er lagt til að breytt verði. Hins vegar er í 19. gr. núgildandi laga um vernd barna og ungmenna og í 17. gr. frv. til laga um vernd barna og ungmenna, sem liggur nú fyrir þinginu og er í með-

ferð í Ed., ákvæði sem tekur á sama máli. En 17. gr. frv. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Skylt er löggæslumanni að gera barnaverndarnefnd viðvart þegar hann hefur til meðferðar mál barns eða ungmennis. Þegar brot eru framin annaðhvort af börnum eða ungmennum eða gegn þeim skal löggæslumaður eða dómari þegar í stað tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls. Sé barn innan 16 ára aldurs skal jafnframt gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan þegar barnið er yfirheyrt. Getur dómari og krafist þess ef honum þykir þörf."

Nú mætti ætla að að hluta til væri þetta ákvæði nægjanlegt. Það þyrftu að vísu að koma til þær breytingar sem lagðar eru til í frv. okkar kvennalistakvenna um meðferð opinberra mála um að einnig sé skylt að kalla til foreldra eða forráðamann ef þau ekki tengjast málum, en ég vil að þessi ábending komist á framfæri, að hér er í rauninni verið að taka út ákvæði sem áður þótti þó ástæða til að hafa í lögum um meðferð opinberra mála. Ég vil varpa þeirri spurningu fram til íhugunar í störfum nefndarinnar. Ég geri mér raunar ekki ljóst hvort nokkur er staddur hér sem mun fjalla um málið í nefnd — jú, mér er bent á að hér sé einn hv. þm. úr þeirri nefnd og beini ég því máli mínu ekki síst til hans og jafnframt til hæstv. dómsmrh. að það verði athugað hvort þetta muni á einhvern hátt veikja þau ákvæði sem er að finna í núgildandi barnaverndarlögum og því frv. sem liggur fyrir og hvort nokkur hætta sé á því, ef þessi ákvæði eru felld út úr lögum um meðferð opinberra mála, ef af lagabreytingum verður, hvort nokkur hætta sé á því að einhverjum kunni að yfirsjást eða þetta muni á einhvern hátt kalla á þá hættu að ekki verði kvaddir til fulltrúar frá barnaverndarnefnd og foreldrar ef okkar breytingartillögur ná fram að ganga. Þær verða væntanlega fluttar aftur við lög *um vernd barna og ungmenna.*

Mér þykir mjög mikilvægt að þessi ábending komist á framfæri og treysti því að það verði íhugað af fyllstu alvöru.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það væri full ástæða til að ræða þetta lagafrv. í nokkuð löngu máli þegar á þessu stigi, en til þess er nú ekki tími að ég ætla, en ég mun leyfa mér að víkja að því í örfáum orðum.

Hér er stórmál á ferðinni enda sannaði ræða hæstv. dómsmrh. það því að hún var löng og ítarleg eins og eðlilegt var. Ég tel þetta vera dæmi um mál, þ.e. 98. mál þingsins, sem er búið að leggja leið sína um Ed. á nokkuð löngum tíma en nú kemur það til Nd. og henni er ætlað að afgreiða það á tveim vikum eða svo, þ.e. ef þetta á að verða að lögum fyrir þinglok. Ég tel þetta það stórt mál að það verði mjög miklum vandkvæðum bundið.

Að sjálfsögðu er hér um mikilvægt mál að ræða og það sýnir t.d. að skv. 194. gr. frv. eiga við gildistöku þess að falla úr gildi lög og ákvæði einstakra laga eins og þar eru talin í 69 töluliðum. Og þau eru af mjög ólíkum toga. Það eru auðvitað í fyrsta lagi lög um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, en svo eru önnur lög, t.d. skv. 16. tölul. lög um friðun héra frá 1914, skv. 19. tölul. lög um þyngd bakarabrauða frá 1917, lög um ostrurækt frá 1939 og ákvæði um að fella eigi 26. gr. laga um Brunabótafélag Íslands úr gildi, það er undir 50. tölul. Og svo dæmi um nýrri löggjöf, t.d. skv. 69. tölul., þar er rætt um 28. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 frá 19. maí 1988, svo að þetta sýnir nú með öðru að hér er ekkert smáverkefni fyrir höndum fyrir þá nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar. Það sannar það líka að hæstv. dómsmrh. gat þess að í Ed. hefðu 17 breytingartillögur verið samþykktar. Og í 195. gr. frv. er sagt að við gildistöku þess breytist ákvæði laga eins og þar er talið upp og þar er upptalning hvorki meira né minna en undir 23 töluliðum. Svo að ég endurtek það að hér er ekkert smáverk fyrir höndum því að ég þekki það af eigin raun að þetta eru mál sem þó nokkra stund þarf til að glöggva sig á, sem eðlilegt er, fyrir menn sem ekki hafa sérstaklega um þau fjallað.

En hæstv. ráðherra gat þess að þetta frv. fjallaði um réttarreglur í refsimálum eins og tekið er fram sérstaklega í athugasemdum. Það er ekki að efa að frv. er samið af vandvirkni, samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmrn. og sagt að sé liður í þeirri heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfars*reglum sem grundvöllur hefur verið lagður að með* lögum nr. 92 frá 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Ég sé mér ekki fært að fara að ræða þetta mál efnislega, en vil aðeins benda á þetta og ítreka enn og aftur að þetta sannar það að þær reglur sem við höfum búið við um meðferð mála hér á hv. Alþingi eru náttúrlega stórgallaðar þegar þær leiða til þess að svona mikilvægt mál er næstum allan þingtímann í annarri deild þingsins en kemur svo í hendur hv. þm. í hinni deildinni rétt fyrir þinglok.

En það verður að sjálfsögðu litið á þetta mál eftir bestu getu, en að öðru leyti verðum við að sjá hvað setur.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls um þetta mikilsverða mál og fyrst vil ég geta þess sem fram kom í máli hv. 10. þm. Reykn. Ég mun beita mér fyrir því að sú athugasemd sem sá hv. þm. kom með verði sérstaklega athuguð og það mál sérstaklega athugað í meðferð málsins í hv. allshn. Nd., fara þess á leit við nefndina, enda er það mál þegar til umfjöllunar hjá nefndinni eins og flutningsmaður raunar gat.

Að öðru leyti skal ég taka undir það sem hér kom fram í máli hv. 2. þm. Vesturl. Auðvitað er hér um ákaflega viðamikið mál að ræða, flókið grundvallarmál sem þó er einn liður í þeirri umbreytingu sem hér er að verða. Ég vil aðeins minna á það sem kom fram í framsöguræðu minni að málið var lagt fram raunar til kynningar á síðasta þingi og það er alveg rétt sem

fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl. að þetta óhagræði sem hér kemur fram er dæmigert um óhagræðið um deildaskiptinguna.

Nú væri æskilegt vegna undirbúnings sem þetta mál þarf í framkvæmd að ná afgreiðslu þess á þessu þingi. Það væri mjög æskilegt og ég legg á það þunga áherslu. Ef það hins vegar ekki tekst, þá má segja að enn væri þó tími á næsta þingi því að gildistökuákvæði frv. er ekki fyrr en 1. júlí 1992, eins og ég sagði fyrr, en það yrði óneitanlega býsna skammur tími til þess að koma málinu til framkvæmda þannig að ég treysti á þá vösku sveit sem fyllir allshn. Nd. seinustu daga þessa þings.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

62. fundur, miðvikudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 728.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að því er varðar það húsnæðislánakerfi sem komið var á fót árið 1986. Jafnframt eru lagðar til breytingar á lánskjörum að því er varðar aðilaskipti á lánum.

Með þessu frv. er tekið á þeim vanda sem skapast hefur varðandi fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og margoft hefur verið vakin athygli á. Það er ljóst að ekki er unnt að búa lengur við það fyrirkomulag að bíða eftir lánum Byggingarsjóðs ríkisins í meira en þrjú ár, auk þess sem umsækjendur hafa þurft að búa við óvissu um það hvað gert yrði í málefnum Byggingarsjóðs ríkisins. Húsbréfakerfið hefur nánast yfirtekið alla þá fyrirgreiðslu sem unnt er að fá úr Byggingarsjóði ríkisins og því meira en tímabært að eyða í eitt skipti fyrir öll því óvissuástandi sem ríkt hefur frá því að brestirnir í húsnæðislánakerfinu frá 1986 komu í ljós í mars 1987.

Fram eru komnar tillögur nefndar fjögurra ráðherra sem kveða skýrt á um hvernig taka beri á þessum vanda. Auk þess liggja fyrir skýrslur og athuganir tveggja nefnda sem skiluðu niðurstöðum sínum á síðasta ári þar sem eindregnar tillögur eru lagðar fram um leiðir til að forða Byggingarsjóði ríkisins frá gjaldþroti um næstu aldamót. Fyrir liggur álit Seðlabanka Íslands og Ríkisendurskoðunar sem leiða að sama marki.

Ríkisstjórnin ákvað 20. des. 1990 að fela fjórum ráðherrum að gera tillögur um uppgjör húsnæðislánakerfisins frá 1986 og fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins með hliðsjón af tillögu forsrh. í ríkisstjórn 18. des. sl. Í nefndinni voru auk mín Guðmundur Bjarnason heilbrrh., Júlíus Sólnes umhvrh. og Steingrímur J. Sigfússon, landb.- og samgrh.

Nefndin hafði til hliðsjónar skýrslur og tillögur tveggja sérfræðinganefnda sem falið hafði verið að leggja fram tillögur um hvernig bregðast skuli við fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins. Frv. byggir á niðurstöðum nefndarinnar. Það er tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að hætt verði að taka við umsóknum um lán úr almenna lánakerfinu frá 1986 og í öðru lagi eru gerðar breytingar á lánskjörum á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins allt frá 1. júlí 1984. Lagt er til að umsækjendum, sem bíða eftir afgreiðslu, verði gefinn kostur á að staðfesta umsóknir sínar, að öðrum kosti falli þær niður. Umsóknir sem verða staðfestar verða afgreiddar innan þriggja ára.

Ég skipaði nefnd 21. mars 1990 sem fékk það verkefni að gera úttekt á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins með það að markmiði að leiða í ljós áætlaða meðalvexti á eignum og skuldum sjóðsins og rekstrarafkomu næstu árin. Á grundvelli þeirrar úttektar skyldu gerðar tillögur um leiðir til að koma jafnvægi á fjárhag sjóðsins. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og tillögum 22. júní sl. Þar kemur fram að Byggingarsjóður ríkisins verður gjaldþrota um eða skömmu eftir næstu aldamót að öllu óbreyttu. Nefndin lagði það til að almenna lánakerfinu frá 1986 verði lokað, þ.e. hætt verði að taka á móti umsóknum og einungis þeir umsækjendur afgreiddir sem fengið höfðu lánsloforð frá Húsnæðisstofnun. Nefndin lagði auk þess til að vextir af lánum sjóðsins frá 1. júlí 1984 verði hækkaðir í 5%.

Ríkisendurskoðun komst að sömu niðurstöðu og nefndin, þ.e. að Byggingarsjóðurinn verði gjaldþrota um næstu aldamót, skv. skýrslu frá í september 1990 sem tekin var saman um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin ákvað að fela starfshóp á vegum félmrn., fjmrn. og forsrn. að leggja mat á niðurstöður og tillögur nefndarinnar. Starfshópurinn var sammála nefndinni um að nauðsynlegt væri að loka lánakerfinu frá 1986 og hækka vexti í 5% á lánum Byggingarsjóðs ríkisins frá 1. júlí 1984 til að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins.

Seðlabankinn lagði til 28. jan. sl. í umsögn sinni um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1991 að lánakerfinu frá 1986 verði lokað og þær lagabreytingar sem til þess þarf verði gerðar. Seðlabankinn telur það vandkvæðum háð að hafa tvö húsnæðislánakerfi í gangi á sama tíma. Allar umsagnir um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins beinast því að sama marki, að loka beri lánakerfinu frá 1986.

Lánakerfið frá 1986 var hrunið 13. mars 1987, aðeins rúmum fimm mánuðum eftir opnun þess. Þá hætti húsnæðismálastjórn að afgreiða lánsloforð innan tveggja mánaða frá komudegi umsókna eins og lögin gerðu ráð fyrir. Sá lánsréttur sem lögin byggja á veitir öllum, óháð efnahags- og fjárhagsstöðu, rétt til láns svo framarlega sem þeir hafa greitt í lífeyrissjóð. Hér

á landi hafði aldrei áður verið húsnæðislánakerfi sem gaf öllum rétt til slíks láns. Það kom líka á daginn að skyndilega fóru allir að huga að íbúðakaupum og biðröð myndaðist svo til strax. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í september, sem áður er nefnd, segir að margar af forsendunum að baki lánakerfinu hafi brugðist að verulegu leyti. Eftirspurn var meiri en áætlað var, vaxtamunur meiri en ráð var fyrir gert, framlög úr ríkissjóði lægri en reiknað var með auk þess sem fé vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna skilar sér nokkru síðar en gert var ráð fyrir í upphafi.

Hér vegur án efa þyngst að almenna lánakerfið frá 1986 kallaði á umsóknir. Lánskjör voru slík að mun fleiri en þeir sem þurftu á niðurgreiddum lánum Byggingarsjóðs ríkisins að halda sóttu um lán. Umsóknirnar eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast til Húsnæðisstofnunar. Umsóknunum er einungis skipt í tvo hópa, forgangshóp og víkjandi hóp. Þeir sem þurfa ekki á niðurgreiddum lánum að halda tóku því sama pláss í biðröðinni og hinir sem voru í húsnæðisvandræðum, enda spurðist það fljótt út að Húsnæðisstofnun væri að afgreiða hærri lán en áður þekktust á bestu kjörum sem í boði voru. Þetta kallaði á umsóknir langt umfram þörf.

Þegar húsnæðismálastjórn hætti að afgreiða lánsloforð í mars 1987 var búið að ráðstafa öllu því fjármagni sem Húsnæðisstofnun hafði til umráða. Stjórnin varð því að loka kerfinu. Það var svo aftur opnað um næstu áramót, áramótin 1987–1988, eftir að Alþingi hafði samþykkt frv. sem ég lagði fram þar sem stigið var fyrsta skrefið til að draga úr sjálfvirkni í húsnæðislánakerfinu. Hætt var að binda það í lög að umsækjendur ættu rétt á lánsloforðum innan tveggja mánaða frá komudegi umsóknar. Þess í stað var hafið að veita lánsloforð eigi síðar en ári áður en að lánveitingu kæmi. Fyrstu svör umsækjenda frá Húsnæðisstofnun urðu þar með einungis um það hvort viðkomandi umsækjandi væri lánshæfur samkvæmt gildandi lögum eða ekki. Með þessu var komið í veg fyrir að fjármagn Byggingarsjóðs ríkisins væri bundið langt fram í tímann. Ef þessi breyting hefði ekki verið gerð á almenna lánakerfinu frá 1986 og húsbréfakerfið hefði ekki komið til væri búið að binda allt lánsfjármagn Byggingarsjóðs ríkisins út árið 1995. Biðtími eftir lánum væri þá um fimm ár. Hver væri þá vandinn í húsnæðismálum í dag? mætti spyrja. Það væri búið að binda 25 milljarða kr. frá Byggingarsjóði ríkisins fimm ár fram í tímann. Biðtíminn væri því orðinn fimm ár. Og það er rétt að undirstrika það að þessi staða hefði verið óháð húsbréfakerfinu. Ef húsbréfakerfið hefði ekki komið til, ekkert verið að gert í þessum efnum, þá væri búið að binda 25 milljarða kr. frá Byggingarsjóði ríkisins fimm ár fram í tímann og biðtími sem fólki væri boðið upp á sem væri að koma sér þaki yfir höfuðið væri orðinn allt að fimm ár.

Lánakerfið frá 1986 hafði slæm áhrif á fasteignamarkaðinn. Nýju fjármagni var beint á markaðinn sem hafði þær afleiðingar að íbúðaverð rauk upp. Sá ávinningur sem átti að vera af þeim háu lánum sem Húsnæðisstofnun veitti, því að vissulega voru lánin mun hærri en áður hafði verið, varð fljótlega að nánast engu. Það liggur fyrir að fjölmargir þeirra sem sótt hafa um lán vegna greiðsluerfiðleika frá Húsnæðisstofun á undanförnum árum höfðu fengið lán úr 1986-kerfinu. Niðurstaðan er því sú að lánakerfið frá 1986 stóðst ekki þær forsendur og væntingar sem menn byggðu á. Meiru var lofað en unnt var að standa við og þess vegna hrundi kerfið á örfáum mánuðum. Það er ekki hægt að vera með húsnæðislánakerfi sem byggir á biðröð sem mæld er í árum. Auk þess er algerlega ófært að vera með húsnæðislánakerfi þar sem allir fara í röð og ekkert tillit er tekið til umsækjenda og aðstæðna þeirra, fyrir utan að skipta þeim niður eftir því hvort þeir hafa átt íbúðir áður eða ekki.

Ég hef unnið að því frá því að ég kom í félmrn. að snúa við þessari þróun sem almenna húsnæðislánakerfið var komið í. Þar skiptir mestu máli að lögfest hefur verið almennt húsnæðislánakerfi, húsbréfakerfið, sem leysir 1986-kerfið fullkomlega af hólmi. Með húsbréfakerfinu, sem var lögfest á árinu 1989, er horfið frá beinum lánveitingum hins opinbera vegna almennra fasteignaviðskipta. Þess í stað er greitt fyrir fasteignaviðskiptum með skuldabréfum sem bera ríkisábyrgð, svonefndum húsbréfum. Jafnframt hættir hið opinbera beinum niðurgreislum vaxta af almennum húsnæðislánum. Aðstoð sem hið opinbera veitir hefur verið færð yfir í skattakerfið með vaxtabótum sem taka mið af eignum og tekjum viðkomandi.

Vaxtabótakerfið er jöfnunarkerfi til hagsbóta fyrir fólk með lágar og miðlungstekjur og ólíkt því kerfi sem áður var þar sem allir sem fengu lán hjá Húsnæðisstofnun fengu niðurgreidda vexti og allir sem voru að festa kaup á sinni fyrstu íbúð fengu húsnæðisbætur, óháð því hvort þeir voru með vaxtagjöld eða ekki.

Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar bárust 5.580 umsóknir um greiðslumat frá opnun kerfisins 15. nóv. 1989 til 31. des. 1990. Af þeim höfðu á sama tímabili 2.286 aðilar nýtt sér húsbréfakerfi til fjármögnunar við fasteignakaup. Um 40% af þegar útgefinni fjárhæð húsbréfa, sem er um 7,5 milljarðar kr., hefur ekki leitað út á markaðinn og er hlutur þeirra notaður áfram við fasteignaviðskipti eða geymdur sem sparnaður. Hin 60% hafa að stórum hluta verið notuð til að greiða skammtímalán í bönkum og lán lífeyrissjóða og því aukið ráðstöfunarfé banka og lífeyrissjóða. Einnig hafa íbúðakaupendur losað sig um leið við erfið og þung skammtímalán.

Húsnæðisstofnun hefur gert samning við banka og aðrar fjármálastofnanir um að frá og með 15. apríl nk. hefjist móttaka umsókna í húsbréfakerfinu hjá þessum aðilum. Umsækjendur munu þá fá umsagnir um greiðslumat í bönkum og lánastofnunum.

Húsbréfakerfið leysir lánakerfið frá 1986 fyllilega af hólmi eins og ég áður sagði. Það á einnig við um greiðslubyrðina. Greiðslubyrði vegna íbúðakaupa eftir því hvaða lánakerfi kaupandi nýtir sér er svipuð fyrir ódýrustu íbúðirnar en lægri í húsbréfakerfinu ef verð notaðra íbúða er yfir 5 millj. kr. Ástæðan er sú að íbúðakaupendur geta fengið hærra lán í húsbréfakerfinu og þurfa því síður á skammtímalánum að halda. Þá

er ekki metið til fjár hvaða kostnaður leggst á íbúðakaupendur miðað við það að bíða í biðröðinni í 1986-kerfinu.

Ég gat þess í upphafi máls míns að frv. þetta byggir á niðurstöðum nefndar fjögurra ráðherra sem falið var að gera tillögur um uppgjör húsnæðislánakerfisins frá 1986 og fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins. Nefndin lagði fleiri tillögur fyrir ríkisstjórnina en þær sem birtast í þessu frv. Nefndin lagði til að tryggt verði að lánshlutfallið í húsbréfakerfinu vegna nýbygginga verði ekki skert á landsbyggðinni miðað við höfuðborgarsvæðið. Lánshlutfall verði einungis skert með tilliti til markaðsverðs í undantekningartilvikum og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Hér er um reglugerðarákvæði að ræða varðandi húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti en unnið er að reglugerðinni í félmrn. og mun hún verða gefin út næstu daga. Einnig mun verða að finna í þeirri reglugerð hærra lánshlutfall í húsbréfakerfinu til þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð, eða úr 65% í 75%.

Ráðherranefndin lagði einnig til að gripið yrði til sérstakra aðgerða til að auðvelda þeim sem eru að festa kaup á sinni fyrstu íbúð enn frekar en gert er.

1. Að gert verði átak til byggingar félagslegra íbúða og veitt verði fjármagn til byggingar 800–1000 félagslegra íbúða á ári næstu þrjú árin.

2. Þeir íbúðakaupendur sem festa kaup á sinni fyrstu íbúð fái greiddar hærri vaxtabætur úr ríkissjóði en núgildandi lög og vaxtabætur ákvarða á fyrsta ári eftir kaupin. Þessar sérstöku greiðslur verði tekju- og eignartengdar þannig að lágtekju- og meðaltekjufólk njóti þeirra sérstaklega. Heildarfjárhæð verði allt að 100 millj. kr.

Þessar tillögur eru nú í undirbúningi í fjmrn. og vonandi verður frv. um það efni lagt fram á yfirstandandi þingi.

Nefndin lagði einnig áherslu á að greiddar verði húsaleigubætur til leigjenda í gegnum skattakerfið líkt og vaxtabætur til íbúðareigenda. Þær hugmyndir eru einnig í undirbúningi í fjmrn. og vonandi verður hægt að leggja frumvarp fram um það fljótlega hér á hv. þingi.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um efni og einstakar greinar frv. Kveðið er á um breytt hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins, þar sem hann mun eftirleiðis aðeins vera með takmarkaðar lánveitingar til sérstakra hópa og annast þau lán sem veitt hafa verið. Ákvæði um samninga við lífeyrissjóði til tveggja ára falla niður þar sem það er ekki lengur nauðsynlegt. Núgildandi lánaflokkar Byggingarsjóðs ríkisins, að þremur undanskildum, eru felldir niður. Haldið er opinni leið til að ákveða nýjan lánaflokk í Byggingarsjóði ríkisins.

Þá er fjallað sérstaklega um þá lánaflokka er eftir standa, sem eru lán til stofnana fyrir börn og aldraða, lán til einstaklinga með sérþarfir og lán og styrkir vegna tækninýjunga. Nánar er fjallað um þessa lánaflokka í reglugerð.

Kveðið er á um að lánsréttur falli brott og enn fremur að lán til nýrra og notaðra íbúða falli brott. Er það í samræmi við að 12. gr. laganna falli niður. Lagt er til að sú breyting verði gerð á lánskjörum að ríkisstjórninni verði heimilt að ákveða að vaxtakjör breytist á lánum er nýir eigendur íbúða yfirtaka þau sem áhvílandi lán. Þessi ráðstöfun mun ekki nægja til að rétta af fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins nema á mjög löngum tíma og því lagði ráðherranefndin til að vextir af öllum lánum Byggingarsjóðs ríkisins yrðu hækkaðir 10 árum eftir stofndag láns. Það þýðir að komist þetta til framkvæmda mundu vextir af lánum sem voru tekin 1984, voru með stofndag 1984, hækka 1994, lán með stofndag 1985 mundu hækka 1995 og síðan koll af kolli. Ástæða þess að þetta kemur ekki fram í frumvarpsgreinunum er að ekki þarf lagabreytingu til þess að hrinda slíku í framkvæmd. Hér væri fyrst og fremst um að ræða ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Í ákvæðum til bráðabirgða er tekið sérstaklega á málum þeirra umsækjenda sem eru í biðröðum og hafa fengið lánsloforð eða bíða eftir þeim. Ráðherranefndin var sammála um að taka sérstaklega á málum þessa fólks með því að halda opinni leið til lánveitinga fram til 1. mars 1994 fyrir þessa umsækjendur. Þeir sem þegar hafa fengið lánsloforð fá sín lán afgreidd en þeir sem ekki hafa fengið staðfestingu á greiðslu láns þurfa hins vegar að staðfesta umsóknir sínar skriflega innan þriggja mánaða frá tilkynningu þessa efnis frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Nauðsynlegt er að umsóknirnar séu staðfestar til að í ljós komi í raun og veru hversu margir eru enn í biðröðinni og hafa ekki hætt við íbúðakaup eða farið yfir í húsbréfakerfið. Gert er ráð fyrir að þeir umsækjendur sem staðfesta umsóknir sínar afsali sér rétti til húsbréfa þann tíma sem umsóknir þeirra bíða afgreiðslu. Stefnt verður að því að afgreiða umsóknirnar innan þriggja ára.

Í tengslum við framangreind lán er nauðsynlegt að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins til að unnt sé að veita umrædd lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Það mun fara eftir samningum Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóðina hve fljótt verður hægt að afgreiða þessar umsóknir. Samningar við lífeyrissjóðina eru því í raun forsenda fyrir því að hægt sé að afgreiða umsækjendurna í biðröðinni og hlýtur að vera háð því skilyrði að slíkir samningar takist. Um 2.700 umsóknir eru í forgangsröð í biðröðinni og er áætlað að um 6 milljarða kr. þurfi til að afgreiða þær umsóknir. Í víkjandi hópi eru um 2.300 umsóknir og er áætlað að um 4–5 milljarða þurfi til að afgreiða þær. Samtals þarf því 10–11 milljarða kr. til að afgreiða þær umsóknir sem bíða afgreiðslu og hafa ekki verið afgreiddar með lánsloforðum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu efnisatriðum í þessu frumvarpi. Ég vona að þó að skammt sé eftir af þingi verði hægt að afgreiða það fyrir þinglok. Ég tel að það sé mikið í húfi að snúa við hjólinu og byrja að taka á þeim fjárhagsvanda sem Byggingarsjóður ríkisins stendur frammi fyrir og eyða þeirri óvissu sem umsækjendur sem eru í biðröðinni hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eru í. Ég tel að í þessu frumvarpi séu leiðirnar til þess og því vænti ég þess, þó skammt sé eftir af þingi, að Alþingi sjái ástæðu til

að afgreiða þetta mál núna fyrir þinglok.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu frestað.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting á raunvöxtum). — Þskj. 727.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga nr. 63/1985. Ríkisstjórnin ákvað í desember sl. að skipa ráðherranefnd sem falið var það verkefni að gera tillögur um uppgjör húsnæðislánakerfisins frá 1986 og fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins. Ráðherranefndin lagði m.a. til að hætt yrði að taka við umsóknum úr lánakerfinu frá 1986 og vextir á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins frá 1. júlí 1984 yrðu hækkaðir í 5%. Framkvæmd vaxtahækkunar yrði þannig að vextir yrðu hækkaðir við eigendaskipti á íbúð og vextir á öllum útlánum frá 1. júlí 1984 yrðu hækkaðir 10 árum eftir stofndag láns. Þá lagði ráðherranefndin enn fremur til að ákvæði laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána einstaklinga, um að hækkun raunvaxta leiði ekki til hækkunar á greiðslubyrði, yrði fellt niður. Rétt væri hins vegar að benda á það að á móti hækkun vaxta kæmi að núgildandi vaxtabótakerfi mundi draga úr aukinni vaxtabyrði hjá þeim tekjulægri og eignaminni. Tillögur ráðherranefndarinnar eru tilefni þessa frv. sem ég mæli nú fyrir.

Tilgangur laga um greiðslujöfnuð fasteignaveðlána var sá að fyrirbyggja að greiðslubyrði vegna húsnæðislána þyngdist vegna þess að misgengi skapaðist milli hækkunar lánskjaravísitölu eða annarrar viðmiðunarvísitölu og hækkunar lána og/eða vegna hækkunar raunvaxta. Þá sagði í greinargerð með frv. því sem varð að lögum nr. 63/1985, að meginatriði frv. snúi að tilhögun verðtryggingar húsnæðislána í framtíðinni og frv. væri liður í ráðstöfun ríkisstjórnarinnar til að aðstoða þá sem lent höfðu í alvarlegum greiðsluerfiðleikum við öflun húsnæðis. Lögunum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána er ætlað að ná sjálfkrafa til allra lána byggingarsjóðanna sem veitt eru eftir gildistöku laganna og ná sjálfkrafa einungis til verðtryggðra lána úr byggingarsjóðunum og eigi jafnt við um lán með jöfnum afborgunum og jafngreiðslulán.

Vextir af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins hafa verið breytilegir frá 1. júní 1984. Hins vegar hafa ákvæði laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána einstaklinga komið í veg fyrir að vaxtahækkun skilaði sér í bættri fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins til annarra útlána. Ástæðan er sú að samkvæmt gildandi lögum um greiðslujöfnun er við lántöku reiknað út svokallað greiðslumark sem er gjaldfallin afborgun og upphaflega umsamdir vextir á verðlagi við lántöku ef um lán með jöfnum afborgunum er að ræða, en árgreiðsla á verðlagi lántöku ef um jafngreiðslulán er að ræða. Á gjalddaga láns er greiðslumarkið síðan framreiknað miðað við launavísitölu sem skilgreind er í 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 108/1989. Afborgun ásamt vöxtum þannig framreiknuð er borin saman við fjárhæð afborgunar verðbóta og vaxta samkvæmt lánsskilmálum og reynist afborgunin með vöxtum og verðbótum, þannig reiknuð, hærri en framreiknað greiðslumark greiðist einungis sá hluti gjalddagafjárhæðar sem samsvarar greiðslumarki. Ógreiddur hluti gjalddagafjárhæðar myndar skuld á sérstökum jöfnunarreikningi sem telst hluti af höfuðstól lánsins. Sé skuld á jöfnunarreikningi að loknum lánstímanum framlengist lánstími og skal greiða skuldina á jöfnunarreikningi á sama gjalddaga og lánið með sama hætti.

Samkvæmt lagaákvæðum um vaxtabætur til handa þeim sem kaupa eða byggja íbúðarhúsnæði til eigin nota teljast einungis gjaldfallnar verðbætur og vextir til vaxtagjalda. Að óbreyttum lögum um greiðslujöfnun þýðir raunvaxtahækkun á húsnæðislánum það að lánstími lengist, þ.e. skuld leggst við höfuðstól og lántakandi nýtur ekki vaxtabóta vegna vaxtahækkunar. Með því að fella misgengi vegna raunvaxtahækkunar burt úr lögunum er verið að tryggja að þeir sem eiga rétt á vaxtabótum fái raunvaxtahækkunina bætta.

Í þessu frumvarpi er lagt til í 1. gr. að misgengi sem orsakast af vaxtahækkun hafi ekki í för með sér greiðslujöfnun. Raunvaxtahækkun af láni Byggingarsjóðs ríkisins mundi því skila sér beint í sjóðinn en ekki leggjast við höfuðstól skuldanna og fela í sér lengri lánstíma. Lántakendur eiga þá kost á vaxtabótum vegna vaxtahækkunar uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði skattalaga um vaxtabætur en þeir fengju annars ekki vaxtabætur. Raunverulegur tilgangur laganna stendur eftir sem áður óbreyttur, að misgengi lánskjara og launa valdi fólki ekki fjárhagslegri byrði.

Í 2. gr. frv. er lögð til breyting á gerð lánssamnings hvað vexti varðar. Er það til samræmis við ákvæði 1. gr., þ.e. greiðslumark ræðst eftirleiðis ekki af upphaflegu vöxtunum heldur þeim vöxtum sem eru á hverjum gjalddaga. Ríkisstjórnin getur því breytt vöxtum á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins án þess að það valdi greiðslujöfnun.

Með fyrrgreindri tilhögun er ekki hróflað við upphaflegum tilgangi laganna sem var að aðstoða þá lántakendur sem höfðu orðið illa úti á misgengi launa og lánskjaravísitölu. Og með frv. er opnuð leið fyrir lántakendur að fá vaxtahækkun bætta gegnum vaxtabótakerfið.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. en legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

59. fundur, miðvikudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 277. mál. — Þskj. 510.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 699.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 700.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Listamannalaun, 3. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 732, brtt. 739, 740.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Við sem stöndum að brtt. á þskj. 740 um frv. til laga um listamannalaun drógum till. okkar til baka til 3. umr. til þess að hv. þm. gæfist betri tími til að athuga þessar till. Þær eru ekki í grundvallaratriðum um aðra efnisþætti og ganga ekki gegn frv. í stórvægilegum atriðum. En þó þannig að ég hygg að sjóðirnir, sem stofnaðir verða ef frv. verður samþykkt, geti betur sinnt hlutverki sínu þó að upp komi atvik sem ekki eru fyrir fram ákveðin. Þess vegna er það að 1. brtt. okkar er um það að losa dálítið skilyrði til þess að listamenn geti hlotið starfslaun. Það stendur í frv., eins og það er nú eftir 2. umr., að þeir sem starfslaun hljóti megi ekki gegna öðru föstu starfi á meðan þeir njóta starfslauna. Við leggjum aftur á móti til að sú regla sé ekki fortakslaus. Við teljum að það geti vel verið rök fyrir því að starfslaun fram yfir einhver, við skulum segja, lág föst laun geti verið veitt vegna merkra listastarfa. Þess vegna viljum við að orðunum: „að öðru jöfnu" sé bætt inn í setninguna og hún hljóði svona: „Þeir skulu að öðru jöfnu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín." Eina breytingin eru þessi þrjú litlu orð: að öðru jöfnu. Ég vonast til að hv. þingdeildarmenn geti fallist á þessa breytingu.

Stærsta breytingin sem við leggjum til er raunar við 9. gr. frv., eins og hún er eftir 2. umr. Breytingin felst í tvennu. Í fyrsta lagi að listasjóðurinn, sem á að sinna öllum listgreinum, þar á meðal túlkandi listamönnum, vaxi hraðari skrefum heldur en hinir sjóðirnir. Ástæðan til þessa er sú að þessi sjóður hefur langvíðtækast hlutverk þannig að augljós ástæða er til þessarar till. Breyting okkar er á þann veg að í stað 12 mánaðarlauna, sem bætast við á ári á næstu fimm árum, verði þau 24. Hin breytingin, sem felst í því orðalagi sem við leggjum til að haft verði, er sú að það sé opnað fyrir möguleika til þess að veita starfslaun og verkefnastyrki, og raunar hvatt til þess með öðru orðalagi, til þeirra listamanna sem nú eru t.d. einleikarar og einsöngvarar, með öðrum orðum túlkandi tónlistarmenn sem ekki er hægt að kalla leikhúslistamenn.

Eins og frv. er nú er hluti sjóðsins bundinn til leikhúslistamanna. Sérstakur sjóður er vegna tónskálda en engin deild sem sérstaklega sinnir túlkandi tónlistarmönnum. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það að einmitt á því sviði hefur verið mikil gróska og við höfum átt og eigum núna líka fjölmarga frábæra listamenn, ekki síst af yngri kynslóðinni. Þetta er starf sem þarf að styðja vel við þannig að því fólki sé kleift að halda áfram að skila listrænum afrekum þjóð sinni og listgrein sinni og sjálfum sér til gæfu.

Ég vonast þess vegna til þess að hv. þingdeildarmenn geti fallist á þá litlu breytingu sem felst í því að í staðinn fyrir orðið leikhúslistamenn verði sagt: sviðslistamenn og aðrir túlkandi listamenn. Með þessu hyggjumst við geta náð yfir þá hópa sem flytja list sína á sviði án þess að vera leikhúslistamenn, þ.e. einleikarar, dansarar sem ekki starfa við leikhús og fleiri listamenn sem starfa ekki í leikhúsi. Ég held að við getum stuðlað að því að væntanlegur sjóður geti betur sinnt því verkefni sínu að styðja við listir í landinu ef við höfum þetta orðalag örlítið rýmra.

Við 10. gr. frv. höfðum við lagt til eftir ábendingu listamanna að framlenging starfslaunanna yrði yfirleitt til þriggja ára, ef framlengt væri, í stað fimm ára og orðalagið á breytingunni er samkvæmt því.

Við 12. gr. frv., eins og hún er nú, gerum við líka brtt. Hún felst í því að í staðinn fyrir að gert sé ráð fyrir að ráðherra hafi samráð við tiltekin nafngreind félagasamtök þá höfum við orðalagið opnara og segjum samtök rithöfunda, samtök tónlistarmanna og samtök tónskálda í staðinn fyrir Rithöfundasamband Íslands, Samband ísl. myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands. Þetta gerum við til þess að útiloka ekki að tillögur geti verið frá öðrum samtökum innan þessara

listgreina og mönnum sé ekki mismunað eftir því hvaða félagasamtökum þeir starfa í. Það er listin en ekki félagið sérstaklega sem við erum að hugsa um að styðja.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. í framhaldi af athugasemd sem fram kom við 2. umr. Þá var á það bent að í frv. væri gert ráð fyrir því að lögin tækju gildi 1. jan. 1991. Þetta mál var rætt á fundi menntmn. neðri deildar í morgun og ég flyt fyrir hönd nefndarmanna svohljóðandi brtt. við 14. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku þeirra."

Ég held að það sé nokkuð ljóst að þessi lög koma ekki til framkvæmda í reynd nema að takmörkuðu leyti á þessu ári. Til þess að starfslaun verði aukin þarf að veita til þess fé á næstu fjárlögum en hins vegar þarf að undirbúa málið í heild og virðist eðlilegast að lögin öðlist þegar gildi. Síðan er hér gert ráð fyrir því að þau séu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku þeirra.

Ég vil svo víkja nokkrum orðum að brtt. sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og Sólveig Pétursdóttir flytja á þskj. 740. Fyrsta brtt. þeirra er við 4. gr. og er um það að inn í setninguna um að menn skuli ekki gegna öðru föstu starfi á meðan þeir njóta starfslauna skuli skjóta orðunum „að öðru jöfnu". Ég vil taka það fram að orðalagið á þessari grein er í fullu samræmi við þær starfsreglur sem gilt hafa um starfslaun á undanförnum árum. Það hefur verið sett það skilyrði að menn gegndu ekki öðru föstu starfi. Ég skil flm. þannig að þeir séu ekki að leggja til að þeirri meginreglu sé í sjálfu sér haggað. En flm. vilja samt að orðalagið sé ekki alveg eins stíft og gert er ráð fyrir í frv. Vil ég taka það fram að ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga að losað sé lítils háttar um orðalagið á þessari grein ef mönnum sýnist það hyggilegra að slíkt gæti átt við í einhverjum hreinum undantekningartilvikum. Það má vel vera að það geti staðið þannig á. En hitt hlýtur að verða að vera meginreglan, að menn gegni ekki öðru föstu starfi á meðan þeir njóta starfslauna. Ég legg það í vald deildarinnar hvort hún telur ástæðu til að hnika orðalaginu í þessa átt. Ég tel það ekkert stórmál í sjálfu sér.

Um aðra brtt. hv. þm. er það að segja að þeir gera ráð fyrir því annars vegar að auka umráðafé Listasjóðs á næstu árum töluvert umfram það sem nefndin hafði gert ráð fyrir með þeim rökstuðningi að þessi sjóður sé nokkuð þröngur og þar þurfi að vera meira fé til útdeilingar á starfslaunum.

Það er vissulega nokkuð til í því að þessi sjóður mætti vera öflugri og sterkari. En ég bendi á það að við 2. umr. voru samþykktar till. meiri hl. nefndarinnar sem einmitt gerðu ráð fyrir að sjóðurinn yrði efldur. Það var bætt við um 60 mánaðarlaunum við 2. umr. málsins, auk þess sem frá sjóðnum voru teknar skyldur sem hvíldu á honum samkvæmt frv., þ.e. að veita ferðastyrki til allra listgreina. Því tel ég að möguleikar sjóðsins til að gegna skyldum sínum hafi batnað verulega. Ég vil hins vegar ekki láta því ómótmælt að samkvæmt frv., eins og það er nú, séu einleikarar eða túlkendur tónlistar settir út á kaldan klaka. Það er hinn mesti misskilningur. Listasjóður verður fyrst og fremst notaður í þágu leikhúslistafólks annars vegar og hins vegar tónlistarmanna. Ekki tónskálda, því þeir hafa sinn sérstaka sjóð, ekki rithöfunda nema þá í undantekningartilvikum, vegna þess að þeir hafa sinn sérstaka sjóð, og ekki myndlistarmanna nema í undantekningartilvikum, vegna þess að þeir hafa sinn sérstaka sjóð. En leikhúslistafólk er ekki með sérsjóð eins og gengið var frá frv. við 2. umr. og túlkendur tónlistar, einleikarar, eða dansarar sem ekki eru fastráðnir við leikhús, og reyndar hvort sem þeir eru fastráðnir við leikhús eða ekki, hafa ekki sinn sérstaka sjóð og munu að sjálfsögðu hafa forgang í þessum sjóði, Listasjóði.

Það er hins vegar svo að þessi sjóður hefur það sérstaka verkefni að veita framlög til listamanna sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og hafa náð 60 ára aldri. Ég vil upplýsa það hér að reikna má með því að þetta kosti sjóðinn svona á að giska 60 mánaðarlaun, eftir því sem ég kemst næst. Þegar sú upphæð hefur verið dregin frá eru 180 mánaðarlaun eftir. Samkvæmt frv., eins og það lítur nú út eftir 2. umr., fer helmingurinn af því til leikhúslistafólks eða 90 mánaðarlaun. Þá eru 90 mánaðarlaun eftir og það má gera ráð fyrir því að túlkendur tónlistar, flytjendur tónlistar og dansarar sem ekki eru fastráðnir við leikhús muni eiga sérstakan aðgang að þessu fé og hafa þar nokkurn forgang. Ég held að það liggi alveg í hlutarins eðli. Ég held að það þurfi ekki að taka það neitt sérstaklega fram að Listasjóður veiti fé til túlkandi listamanna, það segir sig sjálft að er einmitt eitt af helstu hlutverkum sjóðsins. Og ég vek á því athygli að ef till. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur og Sólveigar Pétursdóttur verða samþykktar, sérstaklega þessi till. nr. 2, þá hefur leikhúslistafólk ekki lengur aðgang að helmingi þeirra starfslauna sem koma úr Listasjóði. Að því leyti gengur brtt. alveg í öfuga átt við þá till. sem kvennalistakonur hafa stutt hér í þinginu en náði ekki fram að ganga við 2. umr. Till. meiri hl. menntmn. voru einmitt ákveðin viðleitni til málamiðlunar hvað það atriði varðar með því að ekki var gert ráð fyrir að sjóður yrði stofnaður sem kenndur yrði við leikhúsfólk en hins vegar gert ráð fyrir því að helmingur starfslauna úr Listasjóði gengi til þeirra nota.

Ég vil svo segja það að lokum um 12. gr. frv., sem fjallar um samráð við setningu reglugerðar, að það er að sjálfsögðu engin tilviljun að þar eru nefnd þrenn samtök, þ.e. Rithöfundasamband Íslands, Samband ísl. myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands. Það er vegna þess að gert er ráð fyrir því í öðrum greinum frv. að einmitt þessi samtök tilnefni menn í úthlutunarnefndir og þess vegna eru þau sérstaklega nefnd.

Það má hins vegar vel vera að æskilegt væri að hafa víðtækara samráð um setningu reglugerðar. Ég ætla þess vegna að leyfa mér að flytja hér skriflega úr ræðustól brtt. við 12. gr. sem kemur nokkuð til móts við þau sjónarmið sem fram komu í brtt. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur og Sólveigar Pétursdóttur, ein-

faldlega á þá leið að á eftir orðunum Rithöfundasamband Íslands, Samband ísl. myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands í 12. gr. komi: Bandalag ísl. listamanna. Að það verði sem sagt haft samband við þessi þrenn samtök sem sérstaklega eru nefnd fyrr í frv. og eiga að tilnefna í úthlutunarnefndir til úthlutunar á fé úr sérgreindum sjóðum en síðan verði þá einnig nefnt sem samráðsaðili Bandalag ísl. listamanna sem eru heildarsamtök íslenskra listamanna. Ég tel að þetta væri alls ekki óeðlileg niðurstaða og má kannski segja að þannig hefði frv. átt að vera frá öndverðu.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja fram þessa brtt.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að sitja fund nefndarinnar nú í morgun þannig að ég hafði haldið að breytingin á gildistökuákvæðinu væri einfaldlega þannig að breytt hefði verið um ártal. Það er ljóst af frumskjali frv. að ætlun semjenda þess var að frv. tæki gildi um áramót, þ.e. menn hafa álitið að það yrði samþykkt á síðasta ári og tæki svo gildi 1. jan. þessa árs, en formaður nefndarinnar, hv. 4. þm. Norðurl. v., flutti hér brtt. sem er á þskj. 739 um það að lögin öðlist þegar gildi. Þetta finnst mér ekki vera í samræmi við hugmyndina í upphaflega frv. Auk þess er hér um viðamikla breytingu að ræða sem varðar líka fjárlagaafgreiðslu og fleira. Þess vegna tel ég að það liggi í augum uppi að gildistökuákvæðið eigi að miðast við áramót eins og upphaflega var hugmyndin en að sjálfsögðu við næstu áramót eftir að frv. er samþykkt. Um þetta leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. frá okkur hv. 17. þm. Reykv. Sólveigu Pétursdóttur, um að gildistökuákvæðið orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992 og skulu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku þeirra."

Í öðru lagi langaði mig til að nefna sérstaklega eitt atriði í máli hv. 4. þm. Norðurl. v. en það varðaði einmitt margnefndan Listasjóð. Ég set spurningarmerki við áætlun hans og útreikninga um hve stór hluti af fé þess sjóðs komi til úthlutunar til hverrar listgreinar sem hann nefndi. Í fyrsta lagi stendur í frv. sjálfu í 2. gr. þess að Listasjóður sé almennur sjóður í þágu allra listgreina. Þar segir ekkert um forgang. Nú er það auðvitað svo að það er víðtæk reglugerðarheimild í þessu frv. og framkvæmd úthlutunar sjóðsins fer vafalaust töluvert eftir ákvæðum í reglugerð. Engu að síður verður hún að styðjast við hluti sem berum orðum eru tilteknir í lögunum. Ég tel fyrir mitt leyti það ókost að ákveða tiltekinn hluta sjóðsins sem í öllum tilvikum komi til úthlutunar til tiltekins hóps listamanna. Það getur verið mismunandi frá einu tímabili til annars á hvaða sviði flestir framúrskarandi listamenn eru og ætti að sinna af Listasjóði. Þess vegna tel ég það skynsamlegra að binda hlutina ekki eins fast og gert er í 9. gr. frv. eins og það horfir nú en fremur að halda sér við það orðalag sem við leggjum til. Auk þess set ég spurningarmerki við þá áætlun hv. 4. þm. Norðurl. v. að það séu um 60 mánaðarlaun sem þurfi að koma til úthlutunar vegna þeirra sem 60 ára eru og eldri. Það þarf nokkuð nákvæma útreikninga til þess að finna út hvernig þeim málum verði háttað á næstu árum. Gæti ekki síður verið nærri sanni að segja 80 mánaðarlaun eða 90 mánaðarlaun. En í öllu falli er hlutverk þessa sjóðs svo víðtækt að ég tel afar óskynsamlegt að hafa ekki möguleika til þess að láta hann vaxa örar en hina sjóðina.

Loks að því er varðar 12. gr. Hv. 4. þm. Norðurl. v. taldi sig koma til móts við hugmynd okkar hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur með því að bæta í upptalninguna Bandalagi ísl. listamanna. Vissulega er það til bóta frá því sem er hér í frv. en ég tel hins vegar að það sé breyting annars eðlis en það sem við erum að leggja til. Við erum að leggja það til að ekki séu allar ákvarðanir í sambandi við þessa sjóði nauðsynlega bundnar með lögum við tiltekin félagasamtök. Það getur alveg eins verið að það komi upp á næsta ári eða hinu árinu fleiri virðingarverð félagasamtök innan þessara listgreina. Þess vegna finnst mér óskynsamlegt að binda þetta í báðum greinum frv., þar sem slíkt kemur til greina, algerlega við þau félagasamtök sem stærst eru nú. Mér finnst að það minnsta sem við gætum gert í lýðræðisátt í þessu sé að hafa orðalagið opnara í 12. gr. Það er þó ekki nema um samráð menntmrh. við hugsanlega hópa listamanna áður en hann setur reglugerð. Ég sé ekki hvað er á móti því að ráðherra hafi slíka heimild. Ef tekið er fram að ráðherra skuli hafa samráð við tiltekin félög sem eru til í landinu þýðir það næstum því að hann megi nánast ekki ráðfæra sig við aðra. Ég tel að það sé miklu skynsamlegra að hafa þetta ákvæði opið því ráðherra hefur frjálsar hendur fyrir því.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það var í tíð ríkisstjórnarinnar sem sat á árunum 1979–1983 sem ég hóf umræðu í tíð páv. hæstv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar um að nauðsyn bæri til að endurskoða lög um listamannalaun. Ég minnist þess að ráðherra tók mjög vel í það. Það er því fagnaðarefni að nú skuli liggja hér fyrir frv. til laga um listamannalaun. Það hefur verið vitað um langan aldur að sú tilhögun sem verið hefur á úthlutun listamannalauna hefur verið vandræðaleg í meira lagi og fæstum listamönnum komið að nokkru verulegu gagni. Hér held ég að sé mjög bætt um og ber að fagna því.

En því kvaddi ég mér hljóðs að hér liggja fyrir á þskj. 740 brtt. frá hv. 2. og 17. þm. Reykv. Vil ég víkja að þeim aðeins nokkrum orðum. Það kemur mér satt að segja dálítið á óvart að jafnvel hv. 4. þm. Norðurl. v. skuli ljá máls á því sem gert er ráð fyrir í 1. lið brtt., að fallið skuli frá þeirri sjálfsögðu kröfu að þeim sem listamannalauna njóta, eða starfslauna sem nú heita, skuli leyfast að vera í annarri launaðri vinnu. Hv. 4. þm. Norðurl. v. taldi að fyrir gæti komið að fólk á mjög lágum launum ætti rétt á að njóta þessara starfslauna en ég sé ekki hvernig ætti að koma í veg fyrir að það gætu alveg eins orðið mjög há laun. Ég held að það sé sjálfsögð og eðlileg tilhögun að fólk sem nýtur launa annars staðar frá láti þeim listamönnum eftir starfslaun sem engin laun hafa. Ég legg á það

mikla áherslu að því fyrirkomulagi verði haldið hér eftir sem hingað til. Það er alveg ljóst að það eru fyrst og fremst þeir listamenn sem eru að reyna að helga sig list sinni eingöngu sem eiga að njóta þessara starfslauna en ekki listamenn, sem vissulega geta verið jafngóðir listamenn, sem einfaldlega stunda aðra launavinnu og hafa þess vegna eðlilega framfærslu. Ég er því algerlega mótfallin að við þessu verði hróflað.

Ég get einnig getið þess að ég mun greiða atkvæði gegn öllum brtt. þeirra hv. tveggja þingmanna og skal ekki orðlengja athugasemdir mínar við 2. og 3. gr. Mér finnst að þær geti staðið eins og þær liggja fyrir í frv. En ég vil benda hv. 2. þm. Reykv. á að það er engin tilviljun að það er talað um að reglur um framkvæmd laganna verði gerðar í samráði við Rithöfundasamband Íslands, Samband ísl. myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands. Það liggur svo einfaldlega fyrir að það eru heildarsamtök listamanna. Þetta eru ekki ein af félögum eða samtökum listamanna. Rithöfundasamband Íslands er samband rithöfundafélaga allra rithöfunda, Samband ísl. myndlistarmanna eru einnig heildarsamtök og Tónskáldafélag Íslands er samband tónskálda. Hvort einstöku menn kjósa að standa utan við þau sambönd er auðvitað þeirra einkamál. Sú er viðtekin venja hér í þinginu þegar hagsmunaaðilar eru teknir inn í gerð slíkrar reglugerðar að leitað sé til heildarsamtaka en ekki einstakra samtaka eða félaga. Ég held að þetta sé alveg fullkomlega eðlilegt eins og þetta er í frv. og ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við það. Ég er andvíg brtt. hv. 4. þm. Norðurl. v. um að taka Bandalag íslenskra listamanna sem fjórða aðila, það mætti þá allt eins hafa Bandalag íslenskra listamanna eingöngu, því að Bandalag íslenskra listamanna er aftur heildarsamtök allra listamanna. Ég held hins vegar að þar sem það eru þrír sérstakir sjóðir rithöfunda, myndlistarmanna og tónskálda, þá sé fullkomlega eðlilegt að þeirra heildarsamtök séu tekin þarna með. Bandalag íslenskra listamanna er hins vegar heildarsamtök allra listamanna og ég held að það sé dálítið hjákátlegt að fara að nefna það sem fjórða aðila. Ég held að þessar fjórar brtt. á þskj. 740 séu heldur alls ekki til bóta og mun þess vegna greiða atkvæði gegn þeim. Ég mun hins vegar styðja það að sú sjálfsagða leiðrétting sé gerð að lögin taki gildi nú þegar þar sem nú eru liðnir tveir mánuðir frá 1. jan. 1991.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Fyrst eitt orð um gildistökuákvæðið. Ég held að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hafi svolítið misskilið hvernig gildistökuákvæðið var hugsað. Það var gert ráð fyrir því að lögin tækju gildi 1. jan. 1991 og yrðu höfð til hliðsjónar við gerð fjárlaga fyrir næsta ár og kæmu svo til framkvæmda í reynd á árinu 1992. Nú er 1. jan. 1991 liðinn þannig að það var ekki stætt á því að miða við þann dag lengur. Ég hugleiddi þetta aðeins og taldi að það væri ekki gott að samþykkja till. hv. þm. þannig að lögin tækju ekki gildi fyrr en eftir heilt ár vegna þess að þá er hætt við að ekki sé tekið tillit til þeirra við gerð næstu fjárlaga. (Gripið fram í.) Lögin kveða á um skyldur ríkisvaldsins í þessum efnum og það er ekki tekið tillit til þeirrar lagaskyldu fyrr en lögin hafa gengið í gildi. Ég er ansi hræddur um að samþykkt till. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur mundi hreinlega leiða til þess að það frestaðist um heilt ár að sú aukning sem þar er gert ráð fyrir kæmi til framkvæmda og yfirleitt að úthlutað yrði samkvæmt lögunum. Ég mælist nú eindregið til þess að menn líti á þetta mál raunsæjum augum og fallist á að lögin taki gildi strax, sem þýðir í reynd að þau taka gildi eftir nokkurn tíma, þegar búið er að birta þau o.s.frv. Þá sé hægt að hafa þau til hliðsjónar við gerð fjárlaga á komandi hausti og svo komi þau þá til framkvæmda í reynd 1. jan. 1992, en öðlist gildi strax í vor.

Um athugasemd hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vegna þeirra orða minna að ég teldi það út af fyrir sig skaðlaust að gera þá breytingu sem Ragnhildur Helgadóttir hefur gert tillögu um í fyrsta lið, að öðru jöfnu skulu menn ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna, þá vil ég taka það fram að ég skil það orðalag þannig að það eigi að fylgja því sem meginreglu, það sé enginn að leggja það til að brugðið sé út frá því sem meginreglu, en það sé hins vegar möguleiki að gera undantekningar í sérstökum tilvikum, ef sérstök ástæða þykir til. Starfslaunin eru ekki mjög há, þau eru ekki nema kannski 70–80 þús. kr. á núverandi verðlagi. Við vitum að margur maðurinn þarf meira til að framfleyta sér og sínum og það getur staðið þannig á að menn eigi erfitt með að losa sig úr fastlaunaðri vinnu í sex mánuði og yrðu þá að afsala sér starfslaunum ef þeim tækist ekki að losa sig alla sex mánuðina, svo ég nefni bara sem dæmi undantekningartilvik sem gæti komið upp. Þar af leiðandi finnst mér það ekkert óskynsamlegt að þetta sé ekki svo ríkbundið að úthlutunarnefnd gæti ekki gert þar sérstaka undantekningu ef ástæða þætti til. Þess vegna styð ég tillögu þeirra Ragnhildar Helgadóttur og Sólveigar Pétursdóttur og tel engan skaða af því að orðalagið sé ekki svo ríkbundið eins og er í frv., eins og það liggur núna fyrir.

Ég vil svo að lokum segja það tillögu minni til stuðnings að það er engin tilviljun að ég legg þarna til að Bandalag ísl. listamanna sé nefnt sem fjórðu samtökin. Við erum að tala um fjóra sjóði. Við erum að tala um Launasjóð rithöfunda og í því samhengi er Rithöfundasambandið eðlilegur samráðsaðili, við erum að tala um Launasjóð myndlistarmanna og í því sambandi eru Samtök myndlistarmanna sjálfsagður samráðsaðili, við erum að tala um Tónskáldasjóð og í því sambandi er Tónskáldafélagið eðlilegur samráðsaðili. En við erum líka að tala um Listasjóð, sjóð sem er fyrir alla listamenn, en fyrst og fremst fyrir aðra listamenn en þá sem nú hafa verið nefndir. Þá finnst mér auðvitað fullkomlega eðlilegt að Bandalag ísl. listamanna komi fram fyrir þeirra hönd í sambandi við gjörð reglugerðar og samráð um hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof, 1. umr.

Frv. KE o.fl., 373. mál (tilfærsla í starfi). — Þskj. 653.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fæðingarorlof, nr. 57 31. mars 1987. Flm. þessa frv. eru þingkonur Kvennalistans í Nd. ásamt mér, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Málmfríður Sigurðardóttir og Sigrún Helgadóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Fyrri mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi eða flytja hana til í því nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Einnig er óheimilt að segja foreldri í fæðingarorlofi upp starfi eða flytja það til í því að orlofinu loknu nema gildar ástæður séu fyrir hendi.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Lenging fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex var mikilvægt skref í þá átt að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra á tímabilinu eftir fæðingu barns.

Nauðsynlegt er að skipan fæðingarorlofsmála sé þannig að tekið sé mið af móður- og fjölskylduhlutverki kvenna sem og þátttöku þeirra í atvinnulífi. Samkvæmt lögum um fæðingarorlof er ekki heimilt að segja barnshafandi konu eða foreldrum í fæðingarorlofi upp starfi nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Í 6. gr. laganna er kveðið á um að skylt sé, þar sem því verður við komið, að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin. Hins vegar er ekki skýrt kveðið á um það í lögunum að foreldrar geti gengið að sínum störfum að fæðingarorlofi loknu.

Í 7. gr. núgildandi laga segir, með leyfi forseta: „Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi. Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæði fyrri mgr. skal hann greiða bætur. Við ákvörðun bóta skal m.a. taka mið af ráðningartíma starfsmanns hjá viðkomandi atvinnurekanda."

Þetta frv. fjallar um að breyta fyrri mgr. þessarar greinar.

Ég er þess fullviss að þegar þessi lög voru samþykkt var það ætlun löggjafans að foreldrar gætu gengið að sínum fyrri störfum þegar þeir væru búnir í fæðingarorlofi. En því miður hefur það komið fyrir að konum hefur verið ætlað að taka að sér önnur störf en þær voru ráðnar til upphaflega og þess eru dæmi að konur hafa hafnað slíkum tilflutningi og í kjölfar þess verið sagt upp eða þær hafa kosið að segja upp fremur en að þurfa að sætta sig við að vera fluttar til í starfi.

Í kvennablaðinu Veru, nóvemberheftinu frá 1990, er sagt frá reynslu tveggja kvenna sem ekki fengu að hverfa að sínum fyrri störfum eftir að þær komu úr barneignarfríi. Á bls. 20 í því blaði er rætt um þann atburð sem þær lentu í þegar þær komu úr barneignarleyfi, en þeim var báðum sagt upp störfum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Konurnar sem hér um ræðir heita Herta Þorsteinsdóttir og Anna Sigríður Haraldsdóttir. Sögur þeirra eru keimlíkar. Þær eru með svipaða menntun, önnur með verslunarskólapróf en hin stúdentspróf úr Verslunarskólanum. Þær gegndu báðar störfum innkaupamanna, eru báðar 31 árs gamlar, voru báðar að eignast sitt fyrsta barn og uppsagnir þeirra bar að með sama hætti." Síðan spyr blaðamaðurinn hvernig uppsögn þeirra hafi borið að og Anna Sigríður lýsir því hvernig þetta hafi gerst en hún fór í barneignarfrí 15. des. 1989. Síðan segir blaðamaðurinn:

„Í byrjun maí hafði hún samband við yfirmann sinn, Þorbjörn Stefánsson, til að athuga hvort það stæðist ekki sem um hefði verið rætt varðandi starf hennar þegar hún kæmi úr barneignarfríi, en það hafði verið gert ráð fyrir því að hún ætti jafnvel kost á því að fara í hlutastarf og verða aðstoðarmanneskja innkaupamanna þannig að henni yrði gert auðveldara fyrir eftir að hún kæmi úr barneignarfríi. Hún fékk þau svör að þetta væri ekkert mál, allt átti að verða eins og um var rætt. En hálfum mánuði síðar, eða þann 28. maí, kallaði þessi sami yfirmaður hana á sinn fund." Síðan segir Anna Sigríður orðrétt, með leyfi forseta: „Á þessum fundi tilkynnti hann mér að því miður væri ekkert fyrir mig að gera í fyrirtækinu. Það væri búið að þrengja þann fjárhagsramma sem hann hefði og hann gæti ekki ráðið mig í þá aðstoðarmannsstöðu sem um var rætt."

Síðan lýsir hún því hvernig málin gengu fyrir sig og það endaði á því, eins og hún segir hér: „En þá kom auðvitað í ljós að það stóð ekkert til boða. Þegar þetta var orðið ljóst féllst ég á að segja sjálf upp störfum, sem ég hefði auðvitað aldrei átt að gera, en sagði honum jafnframt að ég kæmi og ynni uppsagnarfrestinn í minni stöðu sem innkaupamaður. Það var þá ekki meiningin heldur átti ég að koma og vinna á skrifstofu þessa þrjá mánuði. Þegar ég hafnaði því var mér boðið til samkomulags að ég þyrfti ekki að mæta oftar og Hagkaup mundi greiða mér laun í tvo mánuði. Ég sagði auðvitað að það kæmi ekki til greina heldur ætlaðist ég til að þeir borguðu mér þriggja mánaða uppsagnarfrest eins og kjarasamningar gera ráð fyrir."

Þarna lendir þessi kona í því að henni er ekki ætlað að hverfa aftur að sínu fyrra starfi þegar hún kemur úr barneignarfríi. Í raun er hún neydd til að segja upp störfum.

Hin konan heitir Herta, og nú les ég upp úr Veru aftur: „Herta byrjaði í barneignarfríi um áramótin síðustu og eignaðist barn þann 6. jan. Áður en hún fór í frí þjálfaði hún karlmann í sitt starf í þeirri góðu trú að hann ætti að leysa hana af fram til 1. ágúst en þá mundi hún ganga inn í starfið aftur. En það var ekki svo gott."

Herta lýsir því hvernig henni var sagt upp störfum og voru fundnar hinar ýmsu ástæður fyrir því, hún hefði ekki staðið sig nógu vel í vinnu o.s.frv., en alls ekki hafði borið á neinum kvörtunum áður en hún fór í barneignarfrí og þess vegna var í raun verið að segja

henni upp störfum á röngum forsendum. Það átti að reyna að færa hana til en hún hafnaði því og síðan vildi hún ekki hlíta því að fá ekki að hverfa að sínu fyrra starfi.

Þarna eru aðeins tvö dæmi sem kvennablaðið Vera segir frá en því miður eru þetta ekki einu dæmin sem vitað er til að konur hafa lent í að þær hafa ekki getað fengið að hverfa að sínum fyrri störfum eftir að þær hafi lokið barneignarfríi.

Því miður er það orðið líka nokkuð algengt að þegar konur ráða sig til starfa eru þær spurðar að því hvort þær ætli nokkuð að eignast börn og það hefur komið fyrir að þær hafa verið beðnar að skrifa upp á yfirlýsingu þess efnis að þær mundu ekki gera það, sem er auðvitað hreint og klárt lögbrot og alveg furðulegt að koma þannig fram við konur.

Þetta frv. er flutt til þess að tryggja með óyggjandi hætti að foreldrar hafi rétt til að hverfa að sínu fyrra starfi að loknu fæðingarorlofi. En eins og ég hér lýsti hefur orðið á því misbrestur. Ég vil ítreka það, virðulegur forseti, að þrátt fyrir að við kvennalistakonur flytjum þetta frv. teljum við að það sé óheimilt að koma svona fram við konur sem koma úr barneignarleyfi en til þess að taka af öll tvímæli þykir okkur rétt að flytja þetta frv. Og ég er eiginlega þess fullviss að löggjafinn hefur ekki ætlast til að svona væri með farið. Auðvitað munu allar meginreglur íslensks vinnuréttar varðandi uppsagnir starfsfólks gilda eftir sem áður þrátt fyrir að þetta frv. verði samþykkt. Ég vona að þingmenn sjái sér því fært að samþykkja þetta litla frv. fyrir þinglok þó stutt sé fram að þeim þar sem þetta er einungis áherðing á því sem ég hef reiknað með að löggjafinn hafi ætlast fyrir með setningu laga um fæðingarorlof á sínum tíma. Þess vegna ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að það verði samþykkt á þessu þingi.

Ég vil síðan að lokinni þessari umræðu, virðulegur forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SP o.fl., 379. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 673.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1987, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm. auk mín eru eftirtaldir hv. þm.: Geir H. Haarde, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr. frv. hljóðar svo: „Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo: Það skerðir ekki rétt foreldris til greiðslu fæðingarstyrks frá Tryggingastofnun ríkisins skv. 1. mgr. þessarar greinar þótt samið sé við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og fæðingarstyrk að hluta til eða að fullu."

2. gr. hljóðar svo: „Við a-lið 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo: Þeir sem ekki njóta slíks réttar geta samt sem áður samið við launagreiðendur um greiðslu mismunar á fullum launum og fæðingardagpeningum, að hluta til eða að fullu, án þess að skerða rétt sinn til greiðslu fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins."

3. gr. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði þeirra taka til þeirra foreldra sem eru í fæðingarorlofi 1. febrúar 1991 eða síðar og fá greiðslur skv. 16. og 26. gr. almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 59/1987."

Með leyfi hæstv. forseta mun ég nú gera grein fyrir meðfylgjandi greinargerð. Í byrjun hennar er þess getið að dómur sé nú fallinn í undirrétti í máli konu gegn Tryggingastofnun ríkisins, en sá dómur skiptir mjög miklu máli varðandi það frv. sem hér er til umræðu.

Þessi dómur féll hinn 21. des. 1990. Konan höfðaði málið til þess að fá greitt fæðingarorlof (fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga) frá Tryggingastofnuninni. Dómurinn féllst á kröfur konunnar í einu og öllu. Samkvæmt dómnum er því ljóst að framkvæmd þessara mála ætti að vera á þann veg sem mælt er fyrir um í þessu frv. Tryggingastofnun hefur hins vegar ekki enn séð ástæðu til þess að breyta framkvæmd fæðingarorlofslaganna, og ég legg áherslu á þetta atriði, þannig að konur, sem eins er ástatt fyrir og stefnanda málsins, fá ekki fæðingarorlofsgreiðslur frá stofnuninni ef þær fá einhverjar viðbótargreiðslur frá vinnuveitanda.

Hér er því um brýnt mál að ræða fyrir íslenskar konur þótt dómur sé fallinn þeim í vil í undirrétti. Flutningsmenn þessa frv. á síðasta þingi, allir nema hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir sem nú er utan þings vegna veikinda, telja því eðlilegt að endurflytja það til þess að knýja sem fyrst fram nýja framkvæmd þessara laga.

Svohljóðandi greinargerð fylgdi frv. í fyrra og ég tel rétt, hæstv. forseti, að gera grein fyrir henni hér til þess að rifja upp aðalatriði þessa máls:

Lög nr. 59/1987 tóku gildi þann 1. janúar 1988 og fjalla um tilhögun fæðingarorlofsgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. 1. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 16. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, kveður á um greiðslu fæðingarstyrks til allra mæðra hvort sem þær eru heimavinnandi eða við störf á almennum vinnumarkaði. Þó segir í 2. mgr. 1. gr.:

„Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd."

2. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 26. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, kveður á um greiðslu fæðingardagpeninga til foreldra í fæðingarorlofi sem verið hafa á vinnumarkaði. A-liður 2. gr. hljóðar svo:

„Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu."

Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs greiðir Tryggingastofnun fæðingarstyrk ásamt fæðingardagpeningum, það síðarnefnda í samræmi við ákveðinn vinnustundafjölda. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi, t.d. opinberir starfsmenn, eiga þó ekki rétt á þessum greiðslum frá Tryggingastofnun. Upphæð fæðingarstyrks er ákveðin fjárhæð og hækkar með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga. Fæðingardagpeningar eru tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Þessar greiðslur nema nú samtals um það bil 50 þús. kr. á mánuði, en þá er um hámarksgreiðslu að ræða. Full laun foreldris á hinum almenna vinnumarkaði geta því numið mun hærri fjárhæð. Í slíkum tilvikum er ekki óeðlilegt að einstaklingur semji við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og greiðslum frá Tryggingastofnun, enda hluti af því samningsfrelsi er hér ríkir lögum samkvæmt.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar hefur hins vegar synjað öllum fæðingarorlofsgreiðslum ef viðkomandi umsækjandi hefur hlotið einhverjar viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda. Stofnunin virðist byggja álit sitt á túlkun ákvæða 2. mgr. 1. gr. og a-lið 2. gr. laga nr. 59/1987 um „óskert laun" og „að leggja niður launuð störf", í samræmi við túlkun tryggingaráðs á eldri fæðingarorlofslögum og álit lögfræðinga hjá heilbr.- og trmrn. Enn fremur að ætti að breyta þessari túlkun hefði þurft að taka það skýrt fram í fæðingarorlofslögunum og athugasemdum með frv. þar sem hér sé um mjög mikilvæga breytingu að ræða.

Það virðist vafasamt að telja aldur lagatúlkunar alfarið mælikvarða á réttmæti hennar í tilfellum sem þessum. Engin bókun tryggingaráðs þar til nú nýverið var til um þetta efni og ekkert skriflegt til að styðjast við, hvorki frá tryggingaráði né ráðuneytinu. Enginn stafur er heldur til um það hvað teljast „óskert laun", en laun þurfa að vera óskert til að útiloka greiðslur frá Tryggingastofnun. Það hefur enn fremur komið í ljós samkvæmt upplýsingum nefndarmanna er sömdu fæðingarorlofsfrumvörpin á sínum tíma að menn voru sammála um að hlutagreiðslur frá vinnuveitanda, til að launþegi héldi óskertum launum, gætu á engan hátt útilokað bótarétt eða greiðslur frá Tryggingastofnun. Þessi skilningur var enn fremur staðfestur í umræðum á Alþingi 9. nóv. sl. með ummælum Ragnhildar Helgadóttur, en hún var í ráðherratíð sinni flutningsmaður þeirra frumvarpa sem áður er getið. Auk þess hefur það fordæmi skapast að Tryggingastofnun greiðir bankamönnum athugasemdalaust fæðingarorlof þrátt fyrir viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda.

Samt sem áður hefur Tryggingastofnun haldið þessari lagatúlkun til streitu og nýlega, eða 26. jan. sl., hafnaði meiri hluti tryggingaráðs umsókn um fæðingarorlofsgreiðslur þar sem móðir hafði fengið greiddan mismun á fullum launum og fæðingarorlofsgreiðslum, m.a. á þeirri forsendu að ný túlkun laganna yrði ekki síður vafamál en núgildandi túlkun. Slík afgreiðsla, þar sem einum er gert að hlíta slíkri túlkun en öðrum ekki, hlýtur að skapa verulega réttaróvissu og mismunun gagnvart foreldrum.

Jafnframt má benda á að iðgjöld lífeyristrygginga eru greidd af atvinnurekendum; þeir greiða 2% af reiknuðum launum til lífeyristrygginga og kaupa sér þar með tryggingu. Einnig hlýtur það að teljast óeðlilegt að Tryggingastofnun eða tryggingaráð séu að hafa afskipti af því hvað um er samið á almennum vinnumarkaði.

Réttur til fæðingarorlofs er slík grundvallarmannréttindi að ekki verður unað við neina réttaróvissu í þeim efnum. Til þess að taka af allan vafa um réttmæti umræddrar lagatúlkunar er lagabreyting samkvæmt frv. þessu lögð hér til. Lagaákvæði munu þannig taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Eins og fram hefur komið, hæstv. forseti, var þetta frv. flutt á síðasta þingi og var 288. mál á þskj. 522 en þá flutti ég nokkuð ítarlega ræðu um þetta mál og vísa ég til hennar. Við þá umræðu tóku nokkrir hv. þm. til máls og lýstu sig allir fylgjandi þessu frv. sem réttlætismáli. Hæstv. heilbr.- og trmrh. færðist undan því að taka á þessu máli en vísaði þá m.a. til starfa nefndar sem væri með almannatryggingalöggjöfina í heildarendurskoðun.

Síðan þetta mál var flutt í fyrra hefur engin breyting orðið á afstöðu Tryggingastofnunar né heilbr.- og trmrn. í þessu máli. En þó má benda á það og rifja það upp að meiri hluti tryggingaráðs, sem hafnaði umsókn konu sem eins var ástatt um og hér er fjallað um, hallaðist að þeirri skoðun í reynd að það væri ekki eðlilegt að löggjafinn eða tryggingaráð sem túlkandi laganna hefði afskipti af því um hvað væri samið á almennum vinnumarkaði. Reyndar vitnaði hæstv. ráðherra til þeirra orða.

Það voru ýmis atriði í þessu máli á síðasta þingi sem vöktu athygli hv. þm. og ekki síst sú staðreynd að bankamenn virtust geta samið sig einhvern veginn fram hjá þessum reglum Tryggingastofnunar. Þykir mér rétt að vitna sérstaklega til orða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, en hún segir m.a. í sinni ræðu: „Út af því máli sem hér liggur fyrir finnst mér sjálfri að miðað við lögin sé það mjög undarlegt að túlkun Tryggingastofnunar sé sú að hægt sé að greiða fæðingarorlofsgreiðslur til þeirra sem eru komnir með formlegan samning um mismunargreiðslur, þ.e. bankamanna, en ekki til þeirra einstaklinga sem gera samkomulag eða samning við vinnuveitanda um slíkar greiðslur. Þar finnst mér vera orðin gróf mismunun á einstaklingum og mér finnst bara það að viðurkenna rétt bankamanna til þessara greiðslna hafa verið það fordæmi sem hlyti að hafa verið nægilegt til þess að aðrir einstaklingar sem ná slíkum samningum ættu að fá þessar greiðslur eigi að síður."

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir tjáði sig um þetta mál einnig og svaraði þar m.a. orðum ráherra sem taldi að ekki ætti að taka tillit til þess hversu há og mismunandi laun konur bæru úr býtum við greiðslu á fæðingarorlofi og segir hér orðrétt í hennar ræðu: „Það er hins vegar ekki hægt að vísa til þeirra sem lægstu launin hafa og tala um að einhverjar sem hafa e.t.v. hærri laun, sem eru því miður allt of fáar, eigi þar af leiðandi ekki að fá hærri laun í fæðingarorlofi."

Enn fremur segir í upphafi ræðu hv. þm. Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur: „Ég studdi þetta mál af því að mér finnst það réttlætismál. Það er vitaskuld óréttlæti að einhver starfsstétt skuli geta samið um það í samningum að fá full laun í fæðingarorlofi en annarri sé ekki leyft að semja við atvinnurekanda sinn ef hann er svo almennilegur að hann vill borga. Mér finnst að hér gangi tryggingaráð eiginlega lengra en það ætti að gera. Í sjálfu sér finnst mér tryggingaráði ekki koma þetta mikið við. Það er ekkert verið að sækja í tryggingarnar. Það er verið að sækja í vasa vinnuveitandans svo ég sé eiginlega ekki hvers vegna það tekur þessa afstöðu."

Ég vitnaði til þess áðan að það hefur fallið dómur í máli. Það var Lára V. Júlíusdóttir sem hlut átti að máli, en umsókn hennar um greiðslu fæðingarorlofs hafði verið hafnað í Tryggingastofnun vegna þess að hún gaf það upp að atvinnurekandinn mundi greiða mismun á bótum frá stofnuninni og fullum greiðslum frá atvinnurekanda. Það er mjög merkilegt að lesa þennan dóm og það er mjög skýrt að þar er fallist á allar kröfur stefnanda. Langar mig til þess hér, hæstv. forseti, að gera nokkra grein fyrir þeim atriðum sem dómurinn tekur sérstaklega á.

Í forsendum og niðurstöðum dómsins segir að aðilar þessa máls deili um það hvort stefnandi eigi rétt til fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga skv. 16. og 26. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 57/1987 og 59/1987, um breytingar á þeim lögum. Stefnandi byggir á því að hún uppfylli öll skilyrði ofangreindra laga til að njóta fæðingarorlofsgreiðslna úr hendi stefnda. Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að stefnandi fullnægi ekki skilyrðum laganna til að njóta fæðingarorlofsgreiðslna. Annars vegar sé ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir launaskerðingu, hins vegar sé óljóst að stefnandi hafi lagt niður launuð störf í þann tíma sem krafa stefnanda tekur til.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að úrskurður tryggingaráðs styðjist við réttarskilning á 16. og 20. gr. laga um almannatryggingar. Og þá er rétt að rifja það upp hér að það var ekki allt tryggingaráð sem hafnaði þessari umsókn heldur gerði það einungis meiri hluti tryggingaráðs sem skipaður var fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna.

Í dómnum segir enn fremur: „Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins hefur túlkað 16. og 26. gr. laga um almannatryggingar, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr., alið, svo að fái umsækjendur um fæðingarorlof einhver laun frá vinnuveitanda sínum þá eigi viðkomandi ekki rétt til greiðslna frá Tryggingastofnun og er synjun stefnda á greiðslum til stefnanda á því byggð.

Ekki liggja fyrir neinar tölulegar upplýsingar um fjölda synjana á þessum grundvelli né heldur hversu lengi þessi aðferð hefur verið viðhöfð hjá Tryggingastofnun ríkisins. Stefnandi hefur lýst því yfir fyrir dómi að hún sé ráðin samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur og er það stutt vitnisburði vinnuveitanda hennar. Jafnframt lagði stefnandi fram við endurupptöku málsins staðfestingu á félagsaðild sinni að Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.

Einnig var lagt fram vottorð frá vinnuveitanda stefnanda þar sem vinnuveitandi lýsir því yfir að það samkomulag hafi verið gert að henni yrðu greidd óskert laun þann tíma sem hún yrði frá í orlofi en fæðingardagpeningar og fæðingarstyrkur frá Tryggingastofnun greiddust síðan aftur til atvinnurekanda.

Þann tíma sem konan var í fæðingarorlofi stundaði hún ekki reglubundin störf á sínum vinnustað. En þar sem um ábyrgðarstörf er að ræða, sem erfitt er að fella niður um lengri tíma, sinnti hún ákveðnum þáttum að einhverju leyti, svo sem að mæta á fundum, m.a. í stjórnskipuðum nefndum sem hún átti sæti í á þeim tíma.

Í máli þessu er það einnig til úrlausnar hvort stefnandi hafi með viðbótarkjarasamningi við vinnuveitanda sinn samið svo um að hún nyti óskertra launa í skilningi almannatryggingalaganna enda verður ekki annað ráðið af orðalagi framangreindra lagaákvæða en að þar sé einvörðungu átt við félagsmenn í þar til greindum samtökum eða stéttarfélögum. Undir rekstri málsins hefur stefnandi haldið því fram að hún hafi einungis fengið greiddan mismun fullra launa og fæðingarorlofsgreiðslna. Við endurupptöku máls þessa lagði stefnandi fram launaseðla sína vegna ákveðins tímabils en af þeim verður ekki glögglega ráðið hvort hún hafi notið óskertra launa á umræddum tíma, en stefnandi staðfesti við málflutning að hún hafi á meðan á fæðingarorlofinu stóð fengið greidd full laun samkvæmt sérstöku samkomulagi við vinnuveitanda sinn."

Síðan segir aftar í dómnum: „Verður því að telja ósannað að atvinnurekandi hafi heitið stefnanda öðru en viðbót við fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga þannig að stefnandi fengi að lokum greiðslur er samsvöruðu fullum launum.

Hvað sem líður skýringu á 16. og 26. gr. almannatryggingalaganna að öðru leyti verða greiðslur þessar ekki taldar óskert laun í skilningi nefndra lagaákvæða." Og þá kemur að því atriði hvort umsækjandi, sem er stefnandi þessa máls, hafi lagt niður launuð störf meðan á fæðingarorlofi stendur. Með hliðsjón af yfirlýsingu vinnuveitanda stefnanda þykja þau störf er hún gegndi meðan á fæðingarorlofi stóð vera svo óverulegur hluti af starfi hennar að telja verður að hún uppfylli 26. gr. almannatryggingalaganna.

Þá segir í dómnum: „Fallast ber á það með stefnanda að hún hafi ekki notið óskertra launa og lagt niður launuð störf í skilningi 16. og 26. gr. laga um almannatryggingalög, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 50/1987.

Að öðru leyti eru ákvæði framangreindra laga um fæðingarorlof skýr og verður ekki talið að túlkun Tryggingastofnunar ríkisins á 16. og 26. gr. laga um

almannatryggingar hvað varðar greiðslur fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga breyti nokkru hér um." Þetta er mjög ótvíræð niðurstaða, hæstv. forseti, sem kemur fram í þessum dómi.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu og þennan dóm hefur Tryggingastofnun ríkisins ekki séð ástæðu til þess að breyta túlkun sinni á fæðingarorlofslögunum og almannatryggingalögunum þannig að það ástand er enn við lýði að ef kona fær einhverjar greiðslur frá sínum atvinnurekanda er henni neitað um greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í raun og veru er þetta mál mjög sérstakt. Ég hygg að sú lagatúlkun sem hingað til hefur verið beitt sé mikið til byggð á misskilningi.

Mig langar sérstaklega til þess hér, virðulegi forseti, að benda á frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), en þar var 1. flm. Ragnhildur Helgadóttir. Í grg. með þessu máli segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Allir viðurkenna nú á dögum að þriggja mánaða fæðingarorlof hið minnsta sé nauðsynlegt til að tryggja heilsu nýfædds barns og móður þess. Verður þetta að teljast sjálfsögð réttindi þeirra í velferðarþjóðfélagi. Þeim konum sem starfa hjá hinu opinbera hafa með lagaheimild verið tryggð þessi réttindi í tvo áratugi, sbr. lög nr. 38/1954 og reglugerð nr. 87/1954. Þær konur sem annars staðar eru launþegar hafa því miður ekki enn fengið þessi réttindi tryggð. Um það er engin spurning að úr þessu misrétti verður að bæta. Um hitt hafa menn spurt hver eigi að kosta fæðingarorlof þessara kvenna þegar t.d. margur smáatvinnurekandinn hefur ekki bolmagn til þess. Það er skoðun flm. þessa frv. að Atvinnuleysistryggingasjóður gæti með eðlilegum hætti haft þetta verkefni með höndum. Leggjum við með frv. þessu til að það verði bundið í lögum.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar segir í 18. gr. að atvinnuleysisbætur miðast við dagvinnulaun samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar og skuli vera 70–80% af áður greiddum launum."

Síðan kemur mjög mikilvægt atriði, virðulegi forseti, og segir í þessari grg.: „Það sem á kann að vanta að konan haldi fullum áður greiddum launum í fæðingarorlofi þyrfti að nást með öðrum hætti. Mætti hugsa sér að lífeyrissjóðir stéttarfélaganna stæðu undir þeim greiðslum.

Það er von flm. að þetta frv. um fæðingarorlof verði lögfest á þessu þingi því það er ekki vansalaust að lengur dragist að leiðrétta þetta ranglæti."

Þessi grg. er með frv. um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum frá 1973. Ég tel engan vafa á því að löggjafinn hafi alltaf haft þá skoðun að aldrei hafi átt að taka upp þá túlkun laganna að meina ætti konum að semja um þennan mismun, hvort sem er að hluta eða fullu við atvinnurekanda sinn. Og enn fremur bendi ég á það, eins og hefur komið fram í grg., að hér er einungis um heimildarákvæði að ræða, það er engin skylda að leita eftir slíku samkomulagi.

Öll rök hníga að því, hæstv. forseti, að þetta mál eigi að afgreiða eins fljótt og auðið er hér á hinu háa Alþingi. Leyfi ég mér að vonast til þess að hv. þm. taki vel í þá málaleitan og frv. verði afgreitt sem fyrst enda um mikið réttlætismál að ræða fyrir íslenskar konur.

Að lokum legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 1. umr.

Frv. ÁHE, 253. mál (fæðubótaefni). — Þskj. 425.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 49/1978, með síðari breytingum.

Ástæðan fyrir því að þetta mál er hér flutt er sú að náttúruleg vítamín og önnur fæðubótaefni hafa verið flokkuð sem lyf hér á landi. Fyrir bragðið hafa þeir sem með þessi efni versla og neyta að staðaldri talið að verulega hafi dregið úr almennri og eðlilegri notkun og neyslu á þeim efnum. Hér er lagt til í 1. gr. frv. að náttúruleg vítamín og önnur fæðubótaefni sem fyrst og fremst eru ætluð sem uppbót á daglegt fæði teljist ekki lyf og falla því undir lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum í staðinn fyrir að falla undir lyfjalöggjöfina.

Það þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta. Í samfloti við þetta frv. er flutt annað frv. til laga þar sem lögð er til breyting á lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum þannig að við 2. gr. þeirra laga bætist svohljóðandi mgr.: „Náttúruleg vítamín og önnur fæðubótaefni, sem fyrst og fremst eru ætluð sem uppbót á daglegt fæði, teljast ekki lyf og falla undir ákvæði þessara laga."

Virðulegi forseti. Ég hef þetta ekki lengra að sinni en vísa málinu til heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með matvælum, 1. umr.

Frv. ÁHE, 254. mál. — Þskj. 426.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 frá 1. febr. 1936.

Ég rakti tilgang flutnings þessa lagafrumvarps í ræðu minni áðan þegar ég talaði fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögunum og ég læt þann málflutning duga. Ég mæli með að þessu frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum rafhlaðna, 1. umr.

Frv. SigH o.fl., 381. mál. — Þskj. 679.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum rafhlaðna og rafgeyma sem er á þskj. 679.

1. flm. þessa frv. er Sigrún Helgadóttir, varaþingkona Kvennalistans, en aðrar þingkonur Kvennalistans í Nd. Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir eru einnig meðflm. Ég mæli fyrir þessu frv. þar sem hún situr ekki lengur hér á Alþingi.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins skulu í samráði við sveitarfélög skipuleggja söfnun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til endurvinnslu og eyðingar. Jafnframt skulu þær annast kynningu og fræðslu fyrir almenning um skaðleg áhrif rafhlaðna og rafgeyma á umhverfið."

2. gr.: „Til að kosta verkefni skv. 1. gr. skal leggja gjald, umhverfisgjald, á innfluttar rafhlöður og rafgeyma, sbr. tollskrárnúmer 8506 og 8507, sem innheimt skal við tollafgreiðslu og skal það nema 10% af tollverði þeirra, sbr. tollalög. Sama gjald skal lagt á rafhlöður og rafgeyma sem framleiddir eru hérlendis og skal það vera 10% af heildsöluverði.

Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku, skv. 1. mgr."

3. gr.: „Umhvrh. setur reglugerð um framkvæmd laganna."

4. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Á flestum heimilum landsins eru notaðar rafhlöður í útvarpstæki, klukkur, vasaljós, leikföng og margt fleira. Um nokkurt skeið hefur Hollustuvernd ríkisins hvatt fólk til að henda ekki rafhlöðum heldur koma þeim á móttökustaði.

Í dreifiriti sem Hollustuvernd hefur útbúið segir m.a., með leyfi forseta, þar sem talað er um rafhlöður:

„Rafhlöður eiga ekki að fara í ruslið. Af hverju geta rafhlöður verið hættulegar? Rafhlöður sem fleygt er í ruslið geta valdið mengun í lofti, vatni og jarðvegi. Eitraðir þungmálmar eiga síðan nokkuð greiða leið í fæðukeðjuna, gegnum gróður, þörunga og aðrar smáverur. Kvikasilfur og kadmíum er hættulegt mönnum og dýrum. T.d. getur kvikasilfur hlaðist upp í ýmsum fisktegundum í þrjú þúsund sinnum hærri gildum en í hafinu. Kvikasilfur getur valdið fósturskaða. Kvikasilfur í litlu magni í líkama móður getur jafnvel valdið barninu heila- og taugaskemmdum. Kadmíum getur safnast fyrir í nýrum og hreinsast mjög hægt út. Þess vegna getur lítið magn kadmíums valdið nýrnaskaða. Við skulum því muna næst þegar við þurfum að losa okkur við ónýtar rafhlöður að fleygja þeim ekki í ruslið heldur koma þeim til þeirra sem geta fargað þeim á þann hátt að náttúran ber ekki skaða af."

Síðar segir í þessu sama riti: „Hvað verður um rafhlöður að notkun lokinni? Notkun á smárafhlöðum hérlendis er um 130 tonn á ári. Rafhlöður innihalda umtalsvert magn af þungmálmum, aðallega kvikasilfur og kadmíum. Þessi efni geta valdið mengun í umhverfi ef förgun þeirra er ekki gerð á viðeigandi hátt. Hér á landi hafa rafhlöður endað í ruslakörfunni eftir notkun, þaðan á haugana eða í sorpbrennsluna. Við slíka förgun eiga þungmálmar greiða leið út í náttúruna og síðan í fæðukeðjuna. Þessu er ástæða til að breyta."

Síðan segir: „Í flestum nágrannalöndum okkar er reynt að koma í veg fyrir að rafhlöðum sé fleygt í ruslið að notkun lokinni með tilheyrandi umhverfismengun. Til að koma í veg fyrir slíkt hefur víða verið komið upp sérstökum innsöfnunarkerfum. Nauðsynlegt er að koma upp slíkri söfnun á notuðum rafhlöðum hér á landi. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa nú tekið upp móttöku á rafhlöðum og munu beita sér fyrir því að almenningi gefist kostur á því að losa sig við notaðar rafhlöður í þar til gerð ílát sem komið verður upp í ýmsum verslunum, stofnunum og í skólum. Starf þetta verður unnið í samvinnu við marga aðila, t.d. heilbr.- og trmrn., menntmrn., Náttúruverndarráð, Landvernd og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og aðra er láta sig umhverfis- og mengunarmál varða."

Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins hefur tekið á móti u.þ.b. 10 tonnum af notuðum rafhlöðum frá því að söfnunin hófst. Sorpeyðingin, eða Sorpa eins og hún kallast, hefur gert samning við danska fyrirtækið Kommune Kemi á Fjóni og sér það um að eyða þeim rafhlöðum sem þangað eru sendar ásamt öðrum umhverfismengandi úrgangi sem sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins safnar hér á landi. Í Reykjavík eru um 200 innsöfnunarstaðir, verslanir og stofnanir og önnur fyrirtæki, og er kostnaður við söfnunina og eyðinguna greiddur úr borgarsjóði. Á öðrum stöðum á landinu fer innsöfnunin fram á vegum heilbrigðisnefnda í hverju héraði, þar sem þær eru til. Hafa heilbrigðisnefndirnar keypt ílát frá Hollustuvernd ríkisins og er þá eyðingarkostnaður rafhlaðnanna innifalinn í verðinu. Þannig að þetta er nokkuð misjafnt eftir stöðum.

Ástæða er til að ætla að flestir meðhöndli rafhlöður ógætilega af hugsunarleysi vegna þess að þeir vita ekki hve hættulegar þær eru né hvað heppilegast er að gera við þær. Mikil þörf er á að skipuleggja söfnun á notuðum rafhlöðum um allt land, stórauka fræðslu og áróður, bæði til barna og fullorðinna, um hættuna sem því fylgir og hvetja fólk til að skila rafhlöðum á móttökustaði.

Hvað varðar rafgeyma þarf áróður um þá fyrst og fremst að ná til viðgerðarmanna bíla og véla. Allt of algengt er að sjá ónýta rafgeyma liggja í rusli við húsveggi og í skurðum. Í rafgeymum er m.a. blý, en blýmengun getur valdið heilaskaða.

Flm. þessa frv. telja eðlilegt að þeir sem kaupa rafhlöður standi straum af þeim kostnaði sem af þessu verður.

Víða erlendis er það fyrirkomulag að skilagjald er á rafhlöðum þannig að þegar fólk kaupir nýjar rafhlöður getur það skilað notuðu rafhlöðunni í verslunina og þar með fengið nýju rafhlöðuna ódýrara. Þetta hefði verið hægt að hugsa sér, en sú leið sem þetta frv. gerir ráð fyrir var valin ekki síst vegna þess að hún var talin kostnaðarminni. Það er talinn minni kostnaður með því að hafa eingöngu 10% gjald á tollverði, heildsöluverði ef um er að ræða framleiðslu hérlendis, og miklu einfaldara. Þess vegna töldum við eðlilegra að hafa þetta fyrirkomulag á.

Gert er ráð fyrir því að leggja 10% gjald á rafhlöður og rafgeyma samkvæmt tollskrárnúmerum eins og ég sagði áðan, og er þá verið að leggja á innflutningsverð skv. tollskrárnúmeri 8506, sem eru frumrafhlöð og frumrafhlöður. Innflutningsverð er rúmlega 77 millj. kr. Síðan eru rafgeymar sem eru í tollskrárnúmeri 8507, eða eins og það heitir í tollskránni: rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir, þar með talið ferningslaga. Þetta eru sem sagt allir geymar, en þeir eru fluttir inn fyrir 166 millj. kr. þannig að þarna má áætla að komi inn árlega samkvæmt þessum tölum um 24 millj. kr. Auðvitað er það eitthvað breytilegt eftir innflutningi.

Með samþykkt frv. verður mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins gert kleift að stórauka fræðslu og áróður og standa fyrir söfnun, styrkja sveitarfélög og aðra sem sjá um innsöfnunina og ekki síst að standa straum af kostnaði við eyðinguna. Þó einhverjum þyki þetta e.t.v. mikill peningur er þetta hverfandi miðað við þá miklu eyðileggingu sem þessar rafhlöður geta valdið, bæði á náttúrunni og hjá fólki sem getur verið í mikilli hættu vegna þessarar mengunar.

Þó stutt sé til þingloka tel ég að það eigi ekki að vefjast fyrir þingmönnum að samþykkja þetta frv. Auðvitað þyrfti að taka upp slíkt umhverfisgjald á miklu, miklu fleiri mengandi vörur, en þetta er einungis fyrsta skrefið og teljum við mikilvægt að taka það núna.

Að lokinni umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Þar sem ekki er til nein nefnd í þinginu sem tekur við umhverfismálum var ekki mjög auðvelt að finna út hvaða nefnd ætti að taka við þessu frv., en ég tel eðlilegast að allshn. fái það til meðferðar og legg það til að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Frv. SigH o.fl., 382. mál (umhverfismengun). — Þskj. 680.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum, á þskj. 680. Það er eins með þetta frv. og frv. sem ég mælti fyrir hér áðan að 1. flm. er Sigrún Helgadóttir og meðflm. eru aðrar þingkonur Kvennalistans í Nd. En Sigrún Helgadóttir er varaþingkona Kvennalistans og situr ekki lengur á þingi. Þess vegna mæli ég fyrir frv. fyrir hennar hönd.

Þetta er í raun fylgifrv. með frv. um ráðstöfun gegn umhverfismengun af völdum rafhlaðna og rafgeyma þar sem mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins er falin skipulagning á söfnun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til endurvinnslu. Þess vegna er talið eðlilegt að gera breytingar á 17. gr. laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en í 4. mgr. 17. gr. laganna segir, með leyfi forseta:

„Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnareglugerðar eða reglugerða skv. 2. tölul. 3. gr. Mengunarvarnir annast enn fremur

1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.

2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi."

Við leggjum til að þarna bætist við:

„3. Skipulagningu á söfnun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til endurvinnslu og eyðingar samkvæmt lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum rafhlaðna og rafgeyma."

Ég held að ekki þurfi að hafa fleiri orð um þetta frv., virðulegi forseti, en það sama gildir um það og hitt frv. að ég vona að það muni hljóta skjóta afgreiðslu hér í þinginu. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

63. fundur, fimmtudaginn 28. febr., kl. 10 árdegis.

Málefni geðsjúkra, ein umr.

Fsp. KSG, 365. mál. — Þskj. 642.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég fullyrði að stórum fjármunum í heilbrigðiskerfinu er sóað í hluti sem litlu máli skipta, en önnur og mikilsverðari verkefni bíða á meðan. Heilbrigðiskerfið er mjög dýrt og ég tel að það þurfi að fara fram skoðun á því hvernig betur megi nýta þá fjármuni sem þar er eytt.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að sá hópur sjúklinga sem hefur verið hvað mest afskiptur eru geðsjúkir og kann ég mörg dæmi um það hvernig framkoma stjórnvalda hefur verið gagnvart því fólki. Ég tel mikla nauðsyn á að þar verði ráðin bót á og vænti ég þess að það sé fram undan.

Málefni geðsjúkra heyra undir a.m.k. tvö ráðuneyti. Undanfarið hafa geðsjúkir afbrotamenn verið til umræðu hér í þinginu en því fer mjög fjarri að allir geðsjúkir séu afbrotamenn, öðru nær, heldur er um fólk að ræða sem á í miklum erfiðleikum, fjölskyldur þeirra einnig og allir aðstandendur. Þetta fólk er að mestu afskipt í þjóðfélaginu.

Ég hef leyft mér að bera fram svofellda fsp. til félmrh. um málefni geðsjúkra:

„1. Að hve miklu leyti hefur fólk með geðræn vandamál notið þeirra réttinda og þjónustu sem lög um fatlaða kveða á um?

2. Hve mörgum sambýlum hefur verið komið á fót fyrir geðsjúka?

3. Hvaða áform eru um að leysa þann húsnæðisvanda sem fólk með geðræn vandamál býr við?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er um að hve miklu leyti fólk með geðræn vandamál hafi notið þeirra réttinda og þjónustu sem lög um fatlaða kveða á um. Því er til að svara að það hefur háð framgangi í málefnum geðsjúkra að skilgreining á því hver á að sjá um uppbyggingu á ýmsum félagslegum úrræðum fyrir geðsjúka er óljós sem leitt hefur til hringlandaháttar og því ekki nægjanlega markvissra úrræða í félagsþjónustu við geðsjúka. Þannig virðist uppbygging verndaðra vinnustaða vera á forræði heilbrrn. og einnig eru sambýli rekin sem sjúkradeildir á vegum geðdeildar Landspítalans. Ég tel að þar sem þessi mál hafi verið skilgreind sem þröng heilbrigðismál hafi það orðið þess valdandi að ákvæði laga um málefni fatlaðra hafi í framkvæmd ekki tekið nægjanlegt mið af uppbyggingu félagslegra úrræða fyrir geðsjúka.

Aðstoðin við geðsjúka skv. lögum um málefni fatlaðra hefur helst verið í formi styrkja vegna námsaðstoðar en 45 einstaklingar með geðræn vandamál hafa fengið slíka styrki á sl. tveimur árum. Einnig hafa þeir notið starfsþjálfunar hjá starfsþjálfun fatlaðra í Hátúni og hafa 20 manns með geðræn vandamál stundað þar nám eða starfsþjálfun. Á vernduðum vinnustöðum sem heyra undir félmrn., þar sem 292 fatlaðir hafa vinnu, eru um 40 manns með geðræn vandamál. Ef Bergiðjan er talin með, sem heyrir undir ríkisspítala, eru einstaklingar með geðræn vandamál alls 67 á vernduðum vinnustöðum.

Ég hygg að í nefnd, sem nú vinnur á vegum félmrn. að endurskoðun laga um málefni fatlaðra, sé mikill vilji fyrir því að taka af öll tvímæli um að geðsjúkir eigi að njóta allra þeirra réttinda sem lögin um málefni fatlaðra kveða á um og að skilgreining á rétti þeirra til þjónustu sé ljós og skýrt skilgreint hvar er í stjórnkerfinu. Ég tel reyndar að svo brýnt sé orðið að taka á málefnum þessa fólks að það verði að leita allra leiða til þess að gera sérstakt átak í málefnum geðsjúkra og veita þeim ákveðinn forgang í uppbyggingu á þjónustu fyrir fatlaða. Nefni ég þar ekki síst uppbyggingu sambýla, fjölgun á áfangastöðum til að þjálfa og undirbúa fólk með geðræna sjúkdóma til að takast á við lífið á nýjan leik og að átak verði gert í atvinnumálum geðsjúkra. Það er einnig mjög brýnt að byggja upp ýmsa félagsþjónustu fyrir geðsjúka sem miðar að því að þjálfa þá og undirbúa til að aðlagast samfélaginu að lokinni læknisfræðilegri meðferð. Það er ekki nægjanlegt að geðsjúkir fái læknisfræðilega hjálp á sínum sjúkdómi ef ekki er hægt að bjóða einnig upp á samfelld félagsleg úrræði sem hjálpa þessu fólki til að lifa eins eðlilegu lífi og kostur er. Séu slík félagsleg úrræði ekki til staðar þá sýnir reynslan að það leitar fljótt aftur í sama farið sem kallar á áframhaldandi innlagnir þessa fólks á sjúkrastofnun. Reyndin er sú, sem ekki allir gera sér grein fyrir, að fjórði hver öryrki á Íslandi er fólk með geðræn vandamál. Fólk með geðræn vandamál er oft einangraður hópur og ekki í aðstöðu til að berjast fyrir réttindamálum sínum sjálft.

Í tölul. 2 í fsp. er spurt hve mörgum sambýlum hafi verið komið á fót fyrir geðsjúka. Á vegum félmrn. eru starfrækt fimm sambýli fyrir fólk með geðræn vandamál. Á einu þeirra, á Akureyri, eru eingöngu geðsjúkir en á fjórum þeirra er fólk sem bæði er þroskaheft og með geðræn vandamál. Einnig hafa verið rekin sambýli á vegum Reykjavíkurborgar, Geðverndarfélagsins og einig eru sambýli rekin sem sjúkradeildir á vegum geðdeilda Landspítalans eins og áður var sagt. Talið er að á annað hundrað manns með geðræn vandamál sé í brýnni þörf fyrir sambýli og að stór hópur þessa fólks búi hreinlega við neyðarástand í húsnæðismálum.

Í 3. tölul. er spurt um áform sem uppi eru til að leysa þann húsnæðisvanda sem fólk með geðræn vandamál býr við. Í byrjun þessa árs leituðu til mín nokkrir aðstandendur alvarlega geðsjúkra manna sem lýstu ástandinu á þann veg að geðsjúkir væru útskrifaðir margsinnis á ári hverju af geðsjúkrahúsum, en því miður svo að segja beint á götuna án allrar umönnunar eða nauðsynlegrar þjónustu. Aðstandendur þessara geðsjúku einstaklinga lýstu ástandinu þannig að þessir geðsjúku einstaklingar gistu ýmist í húsnæði á vegum Félagsmálastofnunar, í fangelsum eða í Farsóttaheimilinu í Þingholtsstræti, auk annarra aðstæðna sem tilgreindar voru og vart er hægt að lýsa, þar sem geðsjúkt fólk hafi ekkert þak yfir höfuðið nema tilfallandi aðstæður frá einni nótt til annarrar. Auk þess að búa við hreint neyðarástand í húsnæðismálum þá lýstu aðstandendur þessa fólks ástandinu þannig að þetta alvarlega geðsjúka fólk væri mjög hættulegt umhverfi sínu og dæmi um að aðstandendur geðsjúkra þyrftu hvað eftir annað að flýja heimili sín, m.a. öldruð hjón sem þurftu að vera á vergangi frá heimili sínu stundum svo mánuðum skipti af ótta við árásarhneigð sonar síns. Ég held að öllum ætti að vera ljóst að það er dýrara fyrir þjóðfélagið að taka ekki á þessum vanda heldur en að taka á honum.

Það er talið að fjöldi þeirra sem eru með alvarlega geðsjúkdóma sem eru útskrifaðir af geðdeildum og búa við mjög óviðunandi aðstæður og margir hverjir hættulegir umhverfi sínu séu um 30–40 manns sem eru víðs vegar að af landinu en flestir á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í framhaldi af því sem ég hef hér lýst ákvað ég í janúar sl. að skipa starfshóp með aðild Öryrkjabanda-

lagsins, Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, heilbrrn., fulltrúa aðstandenda geðsjúkra, Geðverndarfélags Íslands og Geðhjálpar sem hefur það hlutverk að gera tillögur um úrbætur í húsnæðis- og félagsmálum alvarlega geðsjúkra, sem eru útskrifaðir af geðdeildum og búa við óviðunandi aðstæður, en um er að ræða, eins og ég áður sagði, 35–40 manna hóp sem er alls staðar að af landinu en flestir úr Reykjavík. Starfshópnum er ætlað að kanna þjónustuþörf hvers og eins í fyrrnefndum hópi geðsjúkra og leggja fram heildartillögur um úrbætur hvað varðar húsnæði, sambýli, félagslegar íbúðir eða önnur vistunarúrræði, starfsþjálfun og atvinnumöguleika og aðra þá þjónustu sem talin er nauðsynleg fyrir þennan hóp. Stefnt er að því að starfshópurinn skili tillögum sínum fyrir 15. mars nk. Auk þess hef ég óskað eftir því við stjórnarnefnd málefna fatlaðra að á þessu ári verði veitt fjármagn til að koma upp einu sambýli fyrir geðsjúka til viðbótar því sambýli sem samþykkt var á síðasta ári sem væntanlega tekur til starfa á þessu ári. Gangi þetta eftir munu væntanlega tvö sambýli fyrir geðsjúka verða sett á laggirnar þegar á þessu ári.

Þó ekkert sé hægt að fullyrða fyrr en könnun á þjónustuþörf þessa 40 manna hóps geðsjúkra liggur fyrir, þá er talið að þrenns konar úrræði þurfi fyrir þennan hóp að því er varðar húsnæðisaðstöðu. Í fyrsta lagi sambýli, sem ég nefndi hér áðan. Í öðru lagi er hugsanlegt að einhverjir í þessum hópi gætu nýtt sér félagslegar íbúðir ef til kæmi þjónusta í slíkum íbúðum allan sólarhringinn. Í þriðja lagi er talið að langtímavistun á stofnun fyrir geðsjúka þurfi fyrir einhvern hluta þessa hóps.

Ég vona að mér hafi tekist að svara þeim fyrirspurnum sem beint hefur verið til mín. Það sem ég er hér að reyna er að koma á samfelldum félagslegum úrræðum til hjálpar þessu fólki til þess að það þurfi ekki að fara fljótt aftur í sama farið þegar geðsjúkir hafa fengið læknisfræðilega meðferð sem kallar á áframhaldandi innlagnir þessa fólks á sjúkrastofnanir. Það þarf að samræma betur en nú er samvinnu milli heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda þannig að það verði um að ræða samfellda þjónustu fyrir alvarlega geðsjúka sem feli ekki bara í sér læknisfræðilega meðferð, heldur ýmiss konar félagsleg úrræði, svo sem í húsnæðismálum, starfsþjálfun og atvinnumálum þannig að þeim sé veitt nauðsynleg þjónusta og aðstoð til sjálfsbjargar eins og kostur er. Þegar slík samfelld úrræði eru fyrir hendi, þá er fyrst hægt að tala um varanlegan árangur en ekki skammtímalausnir sem kalla á sífelldar endurinnlagnir geðsjúkra. Þegar slík samfelld úrræði liggja fyrir, slíkt nauðsynlegt forvarnarstarf, þá fyrst er hægt að tala um og vonast eftir árangri til þess að bæta aðstöðu geðsjúkra í þessu þjóðfélagi og aðstandenda þeirra.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög svari hæstv. félmrh. Mál þessi hafa oft verið til umræðu hér á Alþingi en þetta er í fyrsta sinn sem ég heyri tillögur til úrbóta og hvað er fram undan á jákvæðan hátt fyrir þessa ógæfusömu einstaklinga — ekki má ég kannski segja það, heldur fyrir þann hóp fólks sem á við þessi gríðarlegu vandamál að stríða, þennan sjúkdóm. Ég þekki mörg skelfileg dæmi. Ég gæti bætt við þau dæmi sem hæstv. ráðherra greindi frá hér áðan en læt vera að nefna þau. Hins vegar sýnist mér, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. félmrh., að það sé mjög mikill skortur á samvinnu milli ráðuneyta á kostnað þeirra sem erfitt eiga varðandi sinn sjúkdóm.

En ef ég má syndga upp á náðina, þá kviknaði ein spurning hjá mér í viðbót. Það var um lottóið, hvort þeir fjármunir sem þar safnast hafa að einhverju leyti verið notaðir til þessara mála. Ég tel það mjög mikils virði hvað hefur safnast mikið fé til að kaupa húsnæði fyrir fatlaða. Ég tel reyndar að það ætti að vera stærri hluti af lottóinu sem þangað ætti að fara. En mig langar til að bæta við einni spurningu: Hefur lottóið orðið til þess að eitthvað hefur runnið til hagsbóta fyrir þessa sjúklinga?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi spurningu hv. þm., þá hefur Öryrkjabandalagið, sem fær hluta af þessum lottópeningum, beitt sér mjög í málefnum geðsjúkra, sérstaklega að því er varðar húsnæðismál þeirra. Að því er ég best veit, þá hefur einhver hluti af þessum fjármunum farið til þess að fjármagna íbúðir fyrir geðsjúka einstaklinga. Ég veit ekki hvað það er í miklum mæli en mér er þó kunnugt um að eitthvað af þessum fjármunum rennur til þessara brýnu verkefna og er á döfinni, að ég best veit, hjá Öryrkjabandalaginu að veita enn auknu fjármagni gegnum lottópeningana til þess að koma upp íbúðum fyrir geðsjúka og er það vel.

En það sem ég var að ræða hér er einkum sambýlið, þar sem geðsjúkir fá þjónustu allan sólarhringinn, og eins félagslegar íbúðir. Það mun ekki gagnast þessum hópi, sem ég talaði um hér áðan, nema til komi veruleg þjónusta allan sólarhringinn á slíkum félagslegum íbúðum. Þær íbúðir sem Öryrkjabandalagið hefur veitt fjármagni í eru fyrir einstaklinga sem ekki þurfa á slíkri aðstoð að halda, eru meira sjálfbjarga. En þessi 40 manna hópur alvarlega geðsjúkra manna, sem ég nefndi hér áðan, þarf á svo sérstakri og mikilli aðstoð að halda gegnum þær leiðir sem ég nefndi að ég hygg að það sé ekki á færi Öryrkjabandalagsins að aðstoða þann hóp nema þá aðstoða við fjármögnun á þessum félagslegu íbúðum. Þá þyrfti auðvitað að koma til fjárveiting gegnum fjárveitingavaldið til að kosta þjónustustöður við slíkar íbúðir.

Kirkjugarðsgjöld og útfararþjónusta, ein umr.

Fsp. GHH, 366. mál. — Þskj. 643.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 643 fyrirspurn til hæstv. dóms- og kirkjumrh. í

þremur liðum um kirkjugarðsgjöld og útfararþjónustu. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Telur ráðherra heimilt samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, að verja hluta kirkjugarðsgjalda til greiðslu kostnaðar við útfararþjónustu?

2. Ef slík ráðstöfun tekna kirkjugarða telst heimil hyggst ráðherra þá beita sér fyrir því að allir greiðendur útfararkostnaðar eigi jafnan kost á hlutdeild í þessum tekjum?

3. Hefur ráðherra hug á að beita sér fyrir því að allir aðilar, sem veita útfararþjónustu, búi að öðru leyti við sambærilega samkeppnisstöðu?"

Ástæðan fyrir því að þessi fsp. er hér flutt, virðulegi forseti, er sú að athygli mín hefur verið vakin á því, og eflaust fleiri þingmanna, að framkvæmd á þessum lögum að því er varðar ráðstöfun kirkjugarðsgjalda mun vera eitthvað breytileg, bæði milli kirkjugarðsstjórna og eins innan einstakra umdæma. Ég er þeirrar skoðunar að ef kirkjugarðsgjöldum er ráðstafað til að greiða niður kostnað við útfararþjónustu og ef slík ráðstöfun telst heimil, þá eigi allir þeir sem greiða þessa þjónustu að eiga jafnan kost á hlutdeild í þeim tekjum og þau fyrirtæki sem við þetta starfa að búa að öðru leyti við sambærilega samkeppnisstöðu. Ég hef þess vegna afráðið að leita eftir því við ráðherra hvort hann er þessu sammála. En fyrsta spurningin er auðvitað sú hvort þessi ráðstöfun teljist heimil og 1. liður fsp. lýtur að því atriði.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 14. þm. Reykv. beinir til mín fsp. á þskj. 643 í þremur liðum eins og hann raunar gerði grein fyrir.

Varðandi 1. lið spurningarinnar: „Telur ráðherra heimilt samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, að verja hluta kirkjugarðsgjalda til greiðslu kostnaðar við útfararþjónustu?" er þetta að segja: Í lögum um kirkjugarða, nr. 21/1963, er ekki bein heimild fyrir kirkjugarða til þess að greiða útfararkostnað. Í lögunum er hins vegar gert ráð fyrir að kirkjugarðsstjórnir geti veitt ákveðna útfararþjónustu. Þannig er þeim heimilt að reisa líkhús, sbr. 25. gr. laganna, þeim er heimilt að ráða kirkjugarðsvörð, sem m.a. annist grafartöku, sbr. 18. gr. 2. mgr., og gert er ráð fyrir að kirkjugarðsstjórn geti átt líkvagn til nota við jarðarfarir, sbr. 18. gr. 3. mgr. Með hliðsjón af þessu hefur það ekki verið talið stangast á við lög um kirkjugarða að kirkjugarðsstjórnir verji hluta af tekjum sínum til að veita þjónustu við útfarir.

Minnt skal á í þessu sambandi að kirkjugarðar eru sjálfseignarstofnanir í umsjón og á ábyrgð safnaða undir yfirstjórn biskups. Sóknarnefndir eða sérnefndir, kosnar af safnaðarfundum, hafa á hendi fjárhald þeirra. Þar sem tekjur kirkjugarða eru teknar af tekjuskatti allra einstaklinga í landinu eldri en 16 ára felur það óneitanlega í sér nokkra mismunun að þeir sem kjósa að notfæra sér útfararþjónustu einkaaðila skuli ekki njóta tekna kirkjugarða að þessu leyti. Þó er rétt að fram komi að Kirkjugarðar Reykjavíkur annast líka í vissum tilvikum hluta af útfararþjónustunni án þess að taka sérstakt gjald fyrir það. Með hliðsjón af því og með tilliti til þess að lög um kirkjugarða eru ekki alls kostar skýr hvað þetta varðar tel ég þörf á því að í lögum verði afdráttarlaust kveðið á um hvort kirkjugarðsstjórnum sé heimilt að verja tekjum sínum til að veita þessa þjónustu ellegar ekki.

Varðandi 2. lið spurningarinnar sem hljóðaði svo: „Ef slík ráðstöfun tekna kirkjugarða telst heimil hyggst ráðherra þá beita sér fyrir því að allir greiðendur útfararkostnaðar eigi jafnan kost á hlutdeild í þessum tekjum?" Svar mitt er að að óbreyttum lögum tel ég ekki heimilt að greiða af tekjum kirkjugarða fyrir kostnað af útfararþjónustu sem veitt er af öðrum en kirkjugörðunum sjálfum. Varðandi þriðja liðinn: „Hefur ráðherra hug á að beita sér fyrir því að allir aðilar, sem veita útfararþjónustu, búi að öðru leyti við sambærilega samkeppnisaðstöðu?" er svar mitt þetta: Kirkjugarðalög þarfnast endurskoðunar og reyndar hefur kirkjulaganefnd samið frv. að nýjum lögum um kirkjugarða. Ljóst er að við þá endurskoðun þarf að huga sérstaklega að reglum um útfararþjónustu, bæði reglum um greiðslu kostnaðar við útfararþjónustu og reglum um að útfararstofnanir þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði til reksturs og eftirlit að vera með starfsemi þeirra, t.d. vegna heilbrigðissjónarmiða. En þetta frv. kirkjulaganefndar, sem ég áður nefndi, er nú til umfjöllunar í dóms- og kirkjumrn. og ég mun leggja til að þau efni sem þessi fyrirspurn sérstaklega fjallar um verði tekin til sérstakrar athugunar við frekari undirbúning þessa frv. um ný kirkjugarðalög.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir hans greinargóðu svör við fyrirspurninni. Ég lít svo á að af svari hans megi ráða að hann sé í aðalatriðum sammála þeim sjónarmiðum sem fram koma í mínu máli. Það er hins vegar ljóst, eins og ráðherra greindi frá, að lagaákvæði um þetta efni eru ekki skýr, enda kom það fram í hans máli að það væri ekki bein heimild til að ráðstafa kirkjugarðsgjöldum eins og spurt er um í 1. lið en það teldist þó ekki brjóta í bága við lögin. Það er því ljóst að hér þarf að kveða skýrt á og ég fagna því ef ráðherra flytur frv. um nýja gerð þessara laga að tekið verður tillit til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki þessari fyrirspurn.

Það er vissulega rétt, sem ráðherra sagði, að það felst ákveðin mismunun í því ef hluti af gjöldum sem allir greiða fer til að niðurgreiða kostnað fyrir einungis hluta þeirra sem greiða en ekki alla. Þess vegna tel ég og er sammála ráðherra um að það eigi að kveða skýrt á í nýjum lögum, t.d. á þann veg að kirkjugarðsstjórn verði heimilt að verja hluta tekna umfram gjöld til greiðslu útfararkostnaðar þeirra sem rétt eiga til legstaðar í viðkomandi kirkjugarði. Sé tekjum hins vegar varið með þeim hætti þá skyldi tryggt að þær nýtist jafnt við greiðslu kostnaðar við útfarir sem fram fara á vegum kirkjugarðsstjórnar sem annarra útfararaðila. Eitthvað á þessa leið hygg ég að þyrfti að kveða á um í endurskoðuðum lögum.

Hitt er svo annað mál að ég hygg að engum komi til

hugar í þessu sambandi að ástæða sé til þess að hnjóða eitthvað í þá aðila sem þessa þjónustu veita vítt og breitt um landið og þar af leiðandi ekki í Reykjavík heldur, sem var það umdæmi sem ráðherra nefndi. Þessi þjónusta er mjög sérstaks eðlis og viðkvæm og henni er þannig háttað að þau atvik sem verða til þess að fyrir hana er greitt er á viðkvæmum tímum í lífi greiðenda. Hér er því mikilvægt að staðið sé að með látlausum en samt virðulegum hætti og auðvitað eðlilegt að allir sitji við sama borð, hvort sem það eru þeir sem fyrir þjónustuna greiða eða þau fyrirtæki sem hana veita.

SAMEINAÐ ÞING

64. fundur, fimmtudaginn 28. febr., að loknum 63. fundi.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, frh. umr.

Skýrsla félmrh., 393. mál. — Þskj. 707.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega erfitt þegar verið er að slíta í sundur svona umræður og fremur er það óþægilegt að ræða þessi mál án þess að hæstv. félmrh. sér hér viðstödd. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra er hér í húsinu og hefur eflaust bara brugðið sér frá. Nú skulu gerðar ráðstafanir til þess að sækja hæstv. ráðherra.)

Þegar menn líta yfir farinn veg og lesa þessa skýrslu, þá finnst manni það ganga grátlega seint að jafna lífsaðstöðuna í þjóðfélaginu og minnka launamuninn, ekki síst á milli kynjanna, en enn fremur á milli ýmissa hópa, milli starfsstétta. Það er því auðvitað gott að fá svona skýrslu til umfjöllunar rétt fyrir kosningar til þess að rifja upp stöðuna. Ég sé ekki betur en að mörgu leyti hafi bilið aukist. Ráðherrann er líklega eitthvað bundinn annars staðar en við umræðu um þessa skýrslu og það verður eiginlega að kvarta yfir því (**Forseti:** Forseti vill geta þess að það er verið að sækja hæstv. ráðherra. Hann mun koma á hverri stundu.) hvað ráðherrar eru lítið hér í þingsalnum þó að um þeirra málefni sé verið að ræða yfirleitt.

Ég hef verið að velta fyrir mér að undanförnu, raunar í allan þann tíma sem þessi ríkisstjórn hefur setið að völdum, að þrátt fyrir ýmis ákvæði í stjórnarsáttmálanum hefur ekki náðst, hvorki á sviði jafnréttis né lífsaðstöðu, neinn verulegur árangur og eins og ég sagði hér áðan hefur t.d. launamunur vaxið. Þetta er árangurinn. Þrátt fyrir loforðin og fyrirheit. Auðvitað verður þetta tekið upp núna fyrir þessar kosningar, sömu loforðin sem hafa verið gefin, og nú á að taka sig á, en þá er auðvitað tíminn allur liðinn sem hægt er að gera eitthvað og loforðalistinn bara settur aftur fram.

Ég sé ekki betur en að ýmsir skuggar í þjóðfélaginu séu það sterkir að við getum búist við enn þá meira misrétti. Hvernig er á þeim stöðum þar sem atvinnuástandið er verst? Menn hafa ekki möguleika til að lifa á þeim stöðum. Ef menn fara burtu verða þeir að láta eignir sínar fyrir lítinn hluta af því raunverulega verði sem hvílir í þessum eignum. Þetta er jafnréttið á milli þeirra sem vilja búa í landinu. Mér er t.d. tjáð að á sumum stöðum sé ekki hægt að fá nema svona 25–30% fyrir íbúð ef menn flytja burtu. Það er þess vegna ekki einu sinni hægt að fá fyrir skuldunum sem á þeim hvíla í sumum tilvikum. Og svo tala menn um jafnrétti, lofa jafnrétti, hæla sér af því hver árangurinn hefur verið. Ég er dálítið hissa á því að menn skuli hér á hv. Alþingi geta flutt slík mál. En það er alveg áreiðanlegt að það er kominn tími til þess að taka á þessum málum. Það er skömm að því t.d. víða hve mikill launamunur er á milli karla og kvenna. Lágu launin eru það lág að það er ekki nokkur lífsins vegur að lifa af þeim. Það hringdi í mig maður í gær sem segist hafa 62 þús. kr. á mánuði, verður að borga 35 þús. í húsaleigu fyrir utan ljós og hita og hann er með fjögur börn á sinni framfærslu. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra og aðrir sem tala hér um jafnréttismál hrópi húrra fyrir þessum árangri, en ég geri það ekki. Það geri ég ekki. Og í raun og veru ber ég kinnroða fyrir það að hafa stutt þá ríkisstjórn sem hefur ekki staðið sig betur heldur en raun ber vitni. En það var ekki gott viðgerðar. Þegar hún var mynduð var atvinnulífið úti á landi í rúst. Það er líka mín eina afsökun. Þannig var nú viðskilnaðurinn hjá ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar eins og öllum ætti að vera í fersku minni.

Það þýðir ekkert að koma með fallegar ræður, segjast ætla að vinna að þessu og hinu, minnka launamuninn en vera svo ekki tilbúinn t.d. að ákveða lágmarkslaun. Sumir vaða í peningum, sumir hafa fleiri hundruð þúsund kr. á mánuði. Þeir vita ekki hvernig þeir eiga að láta. Aðrir hafa bara ekki að éta. Það er velferðarþjóðfélagið sem við erum að tala um.

Ég ætla ekki að taka langan tíma í þessa umræðu en ég vildi að hæstv. félmrh. heyrði mín viðhorf, þegar verið er að hækka vexti á íbúðarlánum á sama tíma og launin hækka ekki, meðan sá boðskapur er að lágu launin megi ekki hækka. Það er mjög merkilegt að stjórnarflokkarnir skuli geta horft framan í þetta fátæka fólk.

Það voru gerðir ákveðnir samningar og samkomulag þegar var byggt og þessi lán tekin. Það áttu að vera lægri vextir á þessum lánum, þótt 1984, ef ég man rétt, hafi verið ákvæði sett inn í sem eru þess valdandi að vextir eru breytilegir, eins og sagt er. En fólk treysti á það að þetta stæði. Og mikið af þessum vaxtabótum og öllu því. Ég náttúrlega vinn ekki í því en mér er sagt að þetta sé að verulegu leyti kák. Ég held að menn ættu nú að taka upp loforðalistann fyrir síðustu kosningar, stefnuskrárnar fyrir þær ríkisstjórnir sem hafa verið myndaðar á þessu tímabili, sjá hvað hefur þokast og hvað hefur farið aftur á bak og gá að sér, þegar verið er að koma fram fyrir fólkið, að segja rétt frá. Það verður reynt að fylgjast með slíkum málflutningi.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel mjög mikilvægt að við fáum sem oftast tilefni til þess að ræða þessi mál, þ.e. jafnréttismál karla og kvenna, hér á Alþingi og því ber að þakka þá skýrslu sem hér liggur frammi.

Það er mjög mikilvægt að umræða um jafnréttismálin fari fram á Alþingi og hér séu teknar ákvarðanir sem flýtt geta fyrir að nauðsynlegar og sjálfsagðar breytingar verði á högun kvenna í þessu þjóðfélagi. Eins og fram kemur hér í II. kafla skýrslunnar um framkvæmdaáætlun, þá eru talin þar upp helstu áhersluatriðin. Verð ég að segja að 2. liðurinn þar er að sjálfsögðu aðalatriðið í stöðunni í dag þó ég vilji ekki gera lítið úr að fræðsluþátturinn á skólastigum er auðvitað ekki síður mikilvægur. Kannski er erfitt að gera upp á milli þessara þátta. En varðandi launamálin vil ég leggja áherslu á það að jafnrétti næst auðvitað ekki fyrr en konur geta orðið efnahagslega sjálfstæðar og framfleytt sér í þessu þjóðfélagi. Það urðu mér því nokkur vonbrigði þegar ég leit á áætlanir hinna ýmsu ráðuneyta varðandi launamálin að þar beinist metnaðurinn eingöngu að því að gera skýrslur. Ég hef ekki tölu á þeim fjölda skýrslna sem fyrir liggja um launamál karla og kvenna þar sem launamunurinn er aftur og aftur staðfestur. Það kemur fram á öðrum stað í skýrslunni að allan síðasta áratug, þ.e. 1980–1990, hefur staðan verið þannig að fullvinnandi konur ná 60% af launum karla í fullu starfi. Það vakti því nokkra undrun mína þegar ég sá þau 33 kosningaloforð Alþfl., sem nú er dreift í tilefni komandi kosninga, að þar er tíunda loforðið sem efnt hefur verið, að sögn þeirra sem bæklinginn hafa unnið, aukið jafnræði kynjanna á vinnumarkaði, eins og þar segir orðrétt. Það hefði verið fróðlegt að fá um það að heyra hvað hæstv. félmrh. telur að þar hafi áunnist. Því eins og við vitum þá er staðan óbreytt hvað varðar hlutfall launa milli karla og kvenna. Það hafa ekki verið gerðar neinar breytingar sem taka sérstaklega mið af stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Það hafa ekki bæst við dagvistarpláss og vinnutími hefur ekki verið styttur. Ég sé því ekki hvað felst í því aukna jafnræði sem þarna er talað um.

Í fyrri hluta skýrslunnar er minnst á setu kvenna í nefndum og ráðum og ég er mjög sammála því sem þar er sagt að þar þurfi hlutur kvenna að stóraukast. Í ýmsum nefndum og ráðum fer fram mjög mikilvægt starf sem hefur afgerandi áhrif á stöðu fólks í þjóðfélaginu og því mikilvægt að kvennasjónarmiðið sé þar með í myndinni. Það kemur fram að nú er verið að fjalla um ný lög um jafnrétti kvenna og karla hér á Alþingi og hefur það frv. reyndar þegar verið afgreitt frá efri deild. Þar er ákveði um að þeir sem tilnefna eiga í nefndir og ráð skuli áminntir um að gæta þess að nefna til jafnan fjölda kvenna og karla en upphaflega ákvæðið var um að lögbundið skyldi að tilnefningaraðilar nefndu tvo. Það hefði auðvitað verið betra og gefið þeim sem endanlega skipa viðkomandi nefndir tækifæri til þess að jafna hlutfall kynjanna í nefndunum. Mér finnst samt skrýtið að við skulum enn þurfa að standa hér og minna tilnefningaraðila á tilveru kvenna í þjóðfélaginu. Konur hafa orðið sýnilegar nú hin seinni ár og hugmyndir og reynsla kvenna hafa þegar sannað gildi sitt á mörgum sviðum í þágu okkar allra. Því ættu þeir sem tilnefna í nefndir og ráð að hafa gert sér grein fyrir. Í nágrannalöndum okkar á Norðurlöndum þar sem jafnréttisumræðan öll er komin mun lengra en hér og menn orðnir meðvitaðri um nauðsyn þess að hafa konur og þeirra hugmyndir með þykir ekki við hæfi að skipa í nefndir nema tryggt sé að kvennasjónarmið komist þar að líka. Ég tel að íslenska samfélagið hafi engan veginn efni á að nýta sér ekki þá auðlind sem hugvit og þekking kvenna er. Það verður okkur öllum til tjóns þegar til framtíðarinnar er litið.

Þeirri afsökun er gjarnan borið við þegar maður rekur augun í nefndir sem hafa verið skipaðar að beðið hafi verið um tilnefningar frá ýmsum hagsmunasamtökum eða heildarsamtökum og þeir hafi valið þessa tilteknu fulltrúa og við því sé ekkert að gera. Þetta gerðist t.d. þegar núv. hæstv. ríkisstjórn skipaði í atvinnumálanefndir frekar tvær en eina sem skyldu marka stefnu í atvinnumálum. En nýjasta dæmið um þetta er e.t.v. nefnd, sem mikið er talað um þessa dagana, svokölluð sjömannanefnd. Þar fer ekki hjá því að maður reki augun í það strax þegar listi yfir hana er birtur að þar sitja einungis karlar. Það vekur einnig athygli að þeir hafa kallað til sín á milli 20 og 30 aðila til viðræðna, þar er ekki ein einasta kona. Hverjir skyldu það nú vera sem stýra neyslunni í þessu þjóðfélagi? Það eru auðvitað konurnar og skyldi ekki allur sá fjöldi kvenna sem er í bændastétt hafa einhverjar hugmyndir um hvað er til ráða í þeim vanda sem við er að etja nú? Ég þykist þess fullviss, og veit reyndar að svo er, því konur hafa í gegnum tíðina orðið að bjarga sér sjálfar og sjálfsbjargarviðleitni þeirra er alls ekki að þrotum komin.

Það liggur við að það væri freistandi að fara aftur til baka eins og um eina meðalævi kvenna. Eins og við vitum verða íslenskar konur allra kvenna elstar í heiminum, ná u.þ.b. 76–77 ára aldri að meðaltali, en það er einmitt sami árafjöldi síðan konur á Íslandi fengu kosningarrétt. Þá fóru fram mjög heitar umræður hér í sölum Alþingis um það hvort leyfa skyldi konum, þ.e. hinum helmingi þjóðfélagsins, að taka þátt í að kjósa til Alþingis. Ýmsir þingmenn vildu gera kröfur um ákveðin aldurstakmörk fyrir konur, aðrir vildu krefjast ákveðinnar þekkingar þeirra kvenna sem fengju að kjósa til Alþingis og enn aðrir voru sem betur fer víðsýnir og vildu jafnan kosningarrétt fyrir bæði kynin. Flestir þingmenn héldu margar ræður um þetta mál, en í ræðu eins þingmanns sem þá sat á Alþingi segir m.a., með leyfi forseta, *ég ætla að fá að vitna í hana hér:* „Ég er hlynntur því að konur fái jafnrétti á við karlmenn því þótt gáfnafari og lundarfari þeirra sé ólíkt farið og konur skorti oftast dómgreind á við karlmenn þá bæta konur það upp með öðrum kostum. Siðgæðistilfinning kvenna er meiri en karla og þær láta síður leiðast af eigingjörnum hvötum. Þetta vegur því upp hvað annað." Ræðumaðurinn hét Jón Ólafsson. Ég ætla ekki að leggja dóm á viðhorf hans á þessum tíma en

ósjálfrátt dettur manni öðru hverju í hug þetta ræðubrot þegar við stöndum frammi fyrir hlutum eins og t.d. skipan sjömannanefndar og þeirra fulltrúa sem komu til viðræðna við hana. Hafa menn í alvöru ekki opnað hug sinn fyrir því hversu nauðsynlegt það er að hafa konur með í ráðum og taka tillit til þeirra hugmynda og tillagna því að þær eru auðvitað starfandi í þjóðfélaginu ekki síður en karlarnir? Eins og kemur fram í nýlegum tölum þá eru um 85% giftra kvenna nú þegar úti á vinnumarkaðnum. Og það gengur auðvitað ekki lengur þegar verið er að ræða mál sem snerta þjóðfélagið allt að ekki séu kvennasjónarmið með í myndinni.

Ég vil nú aðeins víkja að því sem um er fjallað hér í skýrslunni. Ég verð að segja það að mér sýnist að ráðuneytin hafi verið misvel í stakk búin til að gera raunhæfar áætlanir. Það er á þeim nokkur munur, e.t.v. hafa sum haft lengri tíma til að sinna þessu verkefni en önnur. Það eru ýmis mjög áhugaverð verkefni hér á döfinni sem ættu að geta orðið okkur öllum til góðs. Þá vil ég fyrst nefna það sem minnst er á varðandi félmrn., um ráðningu jafnréttisráðgjafa, sem ég tel mjög nauðsynlegt að gera. Ekki síst úti á landsbyggðinni þar sem atvinnuástand er núna með þeim hætti sem hefur verið undanfarið. Ég leiddi hugann að því hvort e.t.v. hefði verið ástæða til að einhver með þekking á jafnréttismálum hefði aðstoðað ráðuneyti og stofnanir við að gera sínar áætlanir vegna þess að þetta er nýtt og ég veit til þess að margar stofnanir hafa hreinlega verið í vandræðum, ekki vitað hvernig þær ættu að nálgast verkefnið. Hins vegar er það alla vega jákvætt við slíka áætlanagerð í upphafi, þó hún sé kannski ekki fullkomin, að þetta vekur og hvetur til umræðna um málin. Ég leiddi aðeins hugann að því hvort ekki hefði verið ástæða til að bjóða upp á einhverja aðstoð við ráðuneyti og stofnanir varðandi gerð áætlana.

Ég minntist á það hér í upphafi máls míns að mér finnst svolítið bera á því að það á enn og aftur að athuga launakjörin. Það gerist líka í félmrn. þar sem á að velja út fimm stórar ríkisstofnanir og athuga allt það sem greitt er, bæði laun og e.t.v. fríðindi sem fylgja störfum innan ráðuneyta eða ríkisstofnana sem teknar verða til athugunar.

Það er auðvitað nauðsynlegt að rannsaka hlutina en mér sýnist að það sé þegar búið að gera svo margt að nú ætti ríkið sem slíkt að taka á sig rögg og taka sterkt frumkvæði að því að laga laun kvennanna til samræmis við þau laun sem greidd eru fyrir karlastörfin. Af því tilefni vil ég minna á að það hefur ýmislegt verið að gerast varðandi menntunarmál kvenna. Þeim var á tímabili sagt: farið og menntið ykkur. Þá lagast launin og þið náið jafnrétti. Konur hafa þyrpst í skóla *landsins og bætt við menntun sína. Nám sem* konur hafa þyrpst í er að stærstum hluta til á heilbrigðis-, uppeldis- og umönnunarsviði. Það er stöðugt verið að lengja nám kvennastéttanna. Til þess að verða ljósmóðir þarf t.d. fimm ára háskólanám. Fyrst þarf stúdentspróf, síðan er það lokapróf í hjúkrunarfræði og þá tekur ljósmæðranámið við. Þetta er orðið jafnlangt námi læknanna. Hvor stéttin skyldi nú hafa hærri laun? Það má líka taka til samanburðar verkfræðinga sem ljúka námi á fjórum árum. Það gera hjúkrunarfræðingar líka á háskólastigi. Hvor stéttin skyldi fá betra starfsmat þegar kemur að því að ákveða launin?

Ég vil líka minnast á eitt atriði til varðandi félmrn. Það er fyrirheit um að hefja nú alvöru rannsóknir á orsökum byggðaröskunar, ekki síst þeirri staðreynd sem í ljós hefur komið að fleiri konur flytja úr dreifbýlissveitarfélögunum heldur en karlar. Þar hallar nú verulega á konur varðandi íbúafjöldann. Á það ekki síst við um konur á aldrinum 20–44 ára. Þær virðast sækja burt í mestum mæli. Sennilega er meginskýringin sú að atvinnulíf er víða einhæft eða konur hafa alls ekki atvinnu og neyðast því til að flytja til þéttbýlisstaðanna. En ég held að orsakirnar séu miklu fleiri og vil þar sérstaklega nefna menningar- og félagslíf sem konur hafa mikla þörf fyrir. Má segja að konur haldi uppi menningarlífi í sínum byggðarlögum og það er áberandi hvar sem maður fer á listviðburði að mjög stór hluti og yfirleitt meiri hluti gesta eru konur. Ég tel mjög nauðsynlegt að *rannsaka þetta. Það kom í ljós á norrænni* ráðstefnu, sem haldin var í Hveragerði sl. haust, um konur og byggðaþróun að nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa í mörg ár rannsakað þessi mál og reynt að bregðast við með þeim hætti að byggja sérstaklega upp atvinnu- og menningarlíf með það fyrir augum að það verði lífvænlegt fyrir konurnar að búa á landsbyggðinni.

Varðandi fjmrn. hef ég svo sem ekki nema eina athugasemd en hún er reyndar nokkuð stór. Þar er ekkert sagt um launamál. Ríkisstarfsmenn gera auðvitað sína kjarasamninga við fjmrn. og þar er ekki orð um launamálin eða áherslur á því sviði og því get ég varla litið svo á að hugur manna eða metnaður sé mjög mikill í þessum málum. Það er reyndar minnst hér á lífeyrissjóði og að kannað verði hvernig tryggja megi lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Vil ég minna á að það hefur verið baráttumál Kvennalistans og lögðu þingkonur Kvennalistans fram frv. um það mál hér á Alþingi. Er auðvitað löngu orðið tímabært að taka á lífeyrisréttindum heimavinnandi fólks.

Varðandi forsrn. fagna ég því auðvitað að hér hefur greinilega verið tekið tillit til frv. Kvennalistans um að stofnuð verði sérstök kvennadeild við Byggðastofnun. Því var mótmælt harðlega þegar mælt var fyrir því frv. á sínum tíma, það ætti ekki að taka frá sérstaklega fé fyrir konur vegna þess að það gætu allir sótt um lánsfé til Byggðastofnunar. Við mótmæltum því að sjálfsögðu í ljósi reynslunnar. Þetta hefur verið gert með góðum árangri á Norðurlöndunum. Þar er litið svo á að þó fé sé eyrnamerkt sérstaklega til að skapa upp atvinnu fyrir konur þá þýði það auðvitað ekki að þær geti ekki eins og aðrir sótt líka í aðra sjóði. Hér er verið að leggja áherslu á að það þarf að gera sérstakt átak og styðja konur með bæði fræðslu og ráðgjöf til þess að útfæra þær hugmyndir sem þær hafa. Það var auðvitað líka fagnaðarefni að sjá að áhersla er lögð á fjarvinnslustofur en þáltill. sem þingkonur Kvennalistans fluttu á tveimur þingum í röð um stofnun fjarvinnslu-

stofa var samþykkt á síðasta þingi. Það er auðvitað mjög mikilvægt að fólk úti á landsbyggðinni eigi þess kost að taka þátt í þeirri upplýsinga- og tölvubyltingu sem þegar hefur haft mikil áhrif á líf okkar og á sennilega eftir að hafa enn þá meiri áhrif. Það er mjög mikilvægt að við reynum með fjarvinnslu að færa ýmis þjónustuverkefni til fólks úti á landsbyggðinni. Það gæti hentað konum mjög vel að taka slík verkefni að sér. Því hlýt ég að fagna því sem hér er sagt um áherslu á fjarvinnslustofur.

Síðan kemur að kaflanum um laun karla og kvenna. Þar er einungis um að ræða það sama og hefur verið að gerast undanfarin ár, að Þjóðhagsstofnun verði falið að gefa reglulega út skýrslur um tekjur einstaklinga og þar komi fram skipting launa á karla og konur. Þar þykir mér nú vanta bæði metnað og sannfæringu forsrn. fyrir því að þetta sé brýnt hagsmunamál sem þurfi að vinna að, þ.e. að gera eitthvað raunhæft í því að leiðrétta launamuninn.

Í fjórða liðnum undir forsrn. er minnst á fjölskyldustefnu. Það er auðvitað löngu orðið tímabært að móta heildstæða fjölskyldustefnu. Í raun og veru er undarlegt að sú nefnd sem var skipuð 1987 skyldi ekki starfa áfram eftir að ný ríkisstjórn tók við, ekki síst með tilliti til þess að sú ríkisstjórn kenndi sig við jafnrétti og félagshyggju, alla vega í upphafi. Það er auðvitað mjög slæmt að starfið skyldi leggjast af vegna þess að mér er kunnugt um að það var þegar búið að vinna upp ýmis mikilvæg gögn og upplýsingar sem gætu jafnvel að hluta til verið orðnar úreltar á þessari stundu. Það þarf því að halda starfinu áfram til þess að það verði ekki til einskis.

Um Hagstofuna er sagt að þar eigi að ljúka úrvinnslu gagna um launamun karla og kvenna. Það vekur auðvitað mikil vonbrigði okkar sem trúum því að eina leiðin til þess að ná alvörujafnrétti sé sú að konur geti framfleytt sjálfum sér.

Varðandi heilbr.- og trmrn. hefði ég auðvitað vilja sjá það að einhver áform væru uppi um að lengja fæðingarorlofið en þar er aðeins talað um greiðslur og það er auðvitað ágætt út af fyrir sig. Ég vil minna á að í Nd. var í vetur lagt fram af þingkonum Kvennalistans frv. um að fæðingarorlofið yrði aftur lengt í áföngum upp í níu mánuði og hefði ég gjarnan viljað séð tekið tillit til þess í þessari áætlun. Það er hins vegar ánægjulegt að sjá hér eitt af fyrstu þingmálum Kvennalistans komast í framkvæmd, en það er stofnun neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisbrota og annars ofbeldis. Það tel ég mjög mikilvægt og vona að slíkri móttöku verði komið á laggirnar hið allra fyrsta.

Iðnrn. hefur ekki margar fleiri hugmyndir en þær að beita sér fyrir fræðslu um störf í iðnaði og nú skal konum beint til starfa í hinu nýja álveri ef það einhvern tíma rís. Það hefur alltaf verið skoðun okkar kvennalistakvenna að það sé engin lausn að senda konurnar í karlastörfin. Bæði kynin verða hvort um sig að fá að velja hvað þau vilja taka sér fyrir hendur. Það kemur t.d. ekkert fram í heilbr.- og trmrn. um það að þeir þar á bæ hafi áhuga fyrir að senda karlmenn í hjúkrunar- og sjúkraliðastörfin. Það er stöðugt verið að beina konum og reyna að sannfæra þær um að þær nái jafnrétti með því, eins og ég kom að áðan, að bæta við menntun sína. Þá fái þær sömu laun, þá næst jafnrétti og nú er tónninn: farið í karlastörfin og þá gengur þetta upp. Konur hafna þessu nú orðið. Þetta gengur ekki upp, það hefur þegar sýnt sig.

Ég ætla aðeins að víkja líka að landbrn. vegna þess að þar er minnst á atvinnumál og það er auðvitað mjög mikilvægt. Eins og ég kom að áðan þá höfum við kvennalistakonur reynt að leggja til ýmislegt varðandi atvinnumál landsbyggðarinnar og minni ég aftur á Byggðastofnun og sérstakt framlag til hennar til atvinnuþróunar fyrir konur. Við lögðum einnig fram tillögu á þessu þingi um að ráðinn yrði a.m.k. einn heimilisiðnaðarráðgjafi til þess að aðstoða fólk úti í hinum dreifðu byggðum landsins til þess að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og hanna ýmsa gripi sem fólk er að búa til. Það gæti orðið stuðningur við tekjuöflun sumra búa. Síðan höfum við lagt fram tillögu, sem reyndar var samþykkt, um úrbætur í ferðaþjónustu. Það hefur einmitt sýnt sig að ferðaþjónusta er ein vænlegasta atvinnugreinin sem við höfum núna og hefur ekki síst nýst úti í dreifbýlinu. Frammi fyrir þeim vanda sem við stöndum núna er mjög nauðsynlegt að við beinum augum okkar að umhverfinu og að landinu og hvernig við getum nýtt það með öðrum hætti heldur en þeim hefðbundna sem hingað til hefur verið gert. Ég tel það mjög jákvætt að landbrn. skuli ætla að beita sér fyrir fræðslu kvenna í landbúnaði. Það þarf auðvitað að gera átak í því hvar sem því verður við komið að konur verði virkar í félagseiningum landbúnaðarins.

Þá kemur að menntmrn. Það er eina ráðuneytið þar sem minnst er á að fjölga þurfi körlum í kvennastörfum, þ.e. að gera fleiri karla að kennurum. Ég var nú að velta fyrir mér hvernig það ætti að ganga upp miðað við þau kjör sem í boði eru fyrir kennara, hvort karlar hafi efni á að fara í kennslu. Ég vil tíunda hér aðeins nokkrar tölur. Ég hef verið að reyna að fylgjast með þróuninni þau bráðum fjögur ár sem ég hef starfað hér á Alþingi. Þegar ég fékk svar við fyrirspurninni um fjölda kennara og leiðbeinenda á báðum skólastigunum, þ.e. grunnskóla- og framhaldsskólastigi í fræðsluumdæmum landsins á fyrsta þingi þessa kjörtímabils, þá var staðan nokkuð önnur heldur en hún er núna. Það hefur stöðugt fækkað menntuðum kennurum í kennslu við skóla landsins. Sem dæmi ætla ég að nefna að í Vesturlandsumdæmi voru framhaldsskólakennarar í 83% af þeim kennarastöðum sem þá voru þar, en núna er sú tala komin niður í 51% og hefur verið á niðurleið öll þessi fjögur ár. Í Vestfjarðaumdæmi er ástandið verst. Þar hefur hlutfallið farið úr 40% niður í 29%. Það vita allir hvers vegna þetta er. Það eru fyrst og fremst launin og ég fæ ekki séð hvernig hægt er að gera kennarastarfið eftirsóknarvert með þeim launum sem í boði eru.

Það er einnig minnst á það hér að menntmrn. beiti sér fyrir markvissri kynningu á mikilvægi þess að sveitarfélögin byggi upp leikskóla fyrir börn. Það er auðvitað ljóst að ríkið hefur alveg brugðist í dagvistunarmálum og mín skoðun er sú að það þurfi að koma

til tímabundinn stuðningur til þess að koma þessum málum í horfið. Við erum svo langt á eftir núna að það gengur ekki að sveitarfélögin takist ein á við þetta verkefni. Það er talað hér í sambandi við menntmrn. um nám í fjölskyldufræðum og það tel ég vera mjög gott. Reyndar er á dagskrá Sþ. í dag tillaga frá þingkonum Kvennalistans um fjölskyldufræðslu og einnig vil ég minna á að við höfum lagt fram till. til þál. um að settar verði á laggirnar heimilisrekstrarbrautir við framhaldsskóla. En það sem mikilvægast er í skólakerfinu er auðvitað að fræðsla um jafnréttismál og stöðu kynjanna verði aukin og kennurum gert kleift að miðla slíkri fræðslu.

Í samgrn. eru helst uppi þær hugmyndir að senda konur í vegavinnu og í símaflokka og hef ég svo sem ekki margt um það að segja annað en ég get bara endurtekið þær skoðanir mínar að það er engin lausn að beina konunum í karlastörfin.

Sjútvrn. hefur áhuga á sérstöku gæðaátaki en þar er ekkert minnst á kjörin, enda kannski ekki í þeirra verkahring. Þar snýst málið auðvitað um að bæta kjör þeirra sem í fiskvinnslunni starfa. Þar getur auðvitað sjútvrn. hjálpað til með ýmsum hætti, með fræðslu m.a. og námskeiðum sem gefa þá einhvern launaauka. Þau laun sem fólk í fiskvinnslu býr við eru auðvitað alveg til skammar en stærstur hluti þess er konur eins og við vitum. En það er ekki síður starfsaðstaðan, vinnuálagið og þeir streitusjúkdómar sem fylgja svo erfiðum störfum sem fiskvinnslan er sem huga þarf að. Það er ekki komin fram jafnréttisáætlun frá umhvrn. Við fáum væntanlega tilefni til þess að ræða hana eða þeir sem hér verða næst þegar skýrsla sem þessi verður lögð fram.

Ég vil sérstaklega fagna einu sem kemur fram hjá utanrrn. um að settar hafi verið reglur sem auka möguleika á starfsframa ritara. Það var mjög tímabært því að þeir sem eru í ritarastörfum fyrir utanrrn. eru yfirleitt konur með góða almenna menntun. Með reynslu sinni í þessum störfum auka þær mjög þekkingu sína á málefnum þeim sem þær vinna að og það er auðvitað út í hött að ætla þeim að vera eitt sinn ritari og ávallt ritari og aldrei skrefi lengra. Og hef ég grun um að launakjör þeirra þyrfti líka að skoða sérstaklega eins og allra annarra ritara sem vinna í þjónustu ríkisins.

Utanrrn. minnist líka á konur í þróunarríkjunum og nauðsyn þess að auka framlag til þróunaraðstoðar fyrir konur. Þar vil ég fagna því framtaki sérstaklega og minna á að Kvennalistinn hefur undanfarin ár alltaf lagt fram brtt. við fjárlög um að sérstökum stuðningsaðgerðum verði beint til kvenna í þróunarlöndunum vegna mikilvægis þeirra við að ala upp börnin og sjá til þess að þau fái fæðu. Þær standa undir landbúnaðinum í þróunarlöndunum og þær annast mikinn fjölda fólks því að fjölskyldurnar eru stórar og þar er skipulagið öðruvísi en hjá okkur að því leyti að stórfjölskyldan er við lýði enn þá. Dagleg fæðuöflun í þróunarlöndunum fyrir fjölskyldurnar er aðallega í höndum kvenna.

Það er enn minnst á fjarvinnsluna í viðskrn. og ég vona svo sannarlega að miðað við hversu oft hún er nefnd fylgi hugur þar máli þó ég vilji auðvitað vara við því að fjarvinnslustofur séu einhver stóra lausn sem leysir allan vanda. Hins vegar geta þær verið mjög góður kostur víða um landið og nauðsynlegt að koma upp miðstöðvum þar sem fólk getur menntað sig og tekið þátt í þessari miklu byltingu.

Þetta voru aðeins lauslegir þankar mínir eftir að hafa lesið þessa skýrslu. Ég vil bara ítreka það sem ég hef minnst á hér nokkrum sinnum áður. Lausnin er ekki að segja konum að fara í önnur störf. Þær verða að fá að velja. Lausnin felst í því að endurmeta þau störf sem konur vinna. Það hlýtur að vera eitthvað rangt við það verðmætamat sem birtist í því að næstum því vélrænt sé alltaf komist að þeirri niðurstöðu um störf kvenna að þau séu verðminni en þau störf sem karlarnir vinna.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður nefndi það við upphaf sinnar ræðu að það væri mikill fengur í því að geta rætt jafnréttismál sem oftast á þingi og ég vil undir það taka og við munum væntanlega fá tækifæri til þess síðar á þinginu þegar ég legg fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Það sem mér finnst nú athyglisverðast við þessa umræðu er það að undir þessari umræðu sitja sjö konur en enginn karlmaður — um tíma sat hér að vísu einn karlmaður að hlýða á þessa umræðu. Það er einmitt einkenni á þessari jafnréttisumræðu sem á sér stað oft í þingsölum að karlmenn láta hana oft afskiptalausa og taka ekki þátt í henni. Það er miður vegna þess að jafnréttismálin eru ekkert einkamál kvenna og það er mjög nauðsynlegt að fá einmitt viðhorf karlmannanna inn í þessa umræðu. Þess vegna er athyglisvert að undir umræðunni núna í þessum virðulega þingsal skuli einungis sitja konur.

Hv. síðasti ræðumaður kom inn á ýmis atriði í þessari framkvæmdaáætlun, bæði þau sem hún taldi til bóta og eins nefndi hún ýmis atriði sem hún taldi að betur mættu fara og ég get um margt tekið undir með hv. þm. Hún fór yfir einstök ráðuneyti. Hún ræddi hugmyndir ráðuneytanna þegar hún fór yfir þær tillögur sem hér eru settar fram. Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram hvernig þessi skýrsla var unnin þannig að það valdi ekki misskilningi. Þessi skýrsla og tillögur sem hér eru til umræðu voru unnar af Jafnréttisráði og í Jafnréttisráði eiga m.a. sæti fulltrúar nokkurra stjórnmálaflokkanna á þingi. Þegar Jafnréttisráð hafði lagt fram sínar tillögur varðandi einstök ráðuneyti þá var málið tekið upp í ríkisstjórn og einstökum ráðuneytum síðan gefið tóm til þess að fara yfir tillögur ráðuneytanna og gera við þær athugasemdir þannig að grunnurinn og uppistaðan í öllum þessum tillögum er unnin af Jafnréttisráði en ekki af ráðuneytunum sem slíkum þó að þau hafi vissulega haft tækifæri til þess að komast að með sínar athugasemdir.

Hv. 6. þm. Vesturl. fór nokkrum orðum um síðustu framkvæmdaáætlun og taldi lítið hafa miðað. Ég get um margt undir það tekið, en þó má segja þegar farið er yfir síðustu jafnréttisáætlun að það hafi miðað nokk-

uð áleiðis í ýmsum málum. Það má kannski segja að stærsti árangurinn sem hafi náðst, þá hafi það verið konurnar sjálfar sem hafi náð þeim árangri vegna þess eins og hv. þm. nefndi hefur breytingin sem orðið hefur á þessu tímabili aðallega orðið í menntunarmálum kvenna þar sem raunverulega hefur orðið bylting.

Af þeim atriðum sem upp eru talin í síðustu jafnréttisáætlun, þá hygg ég að það hafi nokkuð áunnist að því er varðar t.d. sveigjanlegan vinnutíma sem þar er nefndur. Ég nefni ýmis námskeið sem hafa verið á vegum ýmissa ráðuneyta að því er varðar atvinnumál, námskeið fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Ég nefni námskeið sem nú eru í gangi á vegum félmrn. utan Reykjavíkur og félmrn. veitti 4 millj. til. Það á sérstaklega að beina námskeiðum að stöðunum þar sem um mest atvinnuleysi er að ræða þannig að nokkuð hefur náðst þar.

Að því er varðar kaflann um menntun og fræðslu í síðustu skýrslu, þar sem fjallað er um jafnréttisfræðslu, þá hefur nokkuð verið tekið á því máli í menntmrn. og m.a. verið settar í framkvæmd ýmsar tillögur nefndar sem var skipuð á árinu 1987 og fjallaði um jöfnun á stöðu kynja í skólum.

Að því er varðar trúnaðarstöður og ábyrgð og hlutfall kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum, þá get ég undir það tekið að þar hefur of hægt miðað. Við höfum að vísu ekki tölur nema síðan 1987, ef ég man rétt, þá var hluturinn 11% og ég hygg að eitthvað hafi áunnist síðan. Markmiðið í þessari áætlun er að í lok framkvæmdatímabilsins verði hlutur kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum 25%. Það vakti vissulega athygli mína, eins og hv. þm. og hún nefndi hér áðan, og er ágætt að hæstv. landbrh. er hér mættur, að í sjömannanefndinni átti engin kona sæti og af þeim 20–30 umsagnaraðilum sem leitað var til, þá var ekki leitað til einnar einustu konu. Þetta vakti vissulega athygli mína þegar ég sá þessa skýrslu eins og hv. þm. Og það má vafalaust, eins og var gert þegar við ræddum hér frv. um jafnréttismál, draga fram fleiri mikilvægar nefndir sem eru einungis skipaðar karlmönnum.

Að því er varðar fæðingarorlof, þá hefur töluvert áunnist þar frá því að síðasta framkvæmdaáætlun var sett fram fyrir fjórum árum síðan. Að því er varðar réttindi heimavinnandi, sem nefnd eru í skýrslunni, þá hefur vissulega ekki náðst þar mikið fram, en það hefur verið verulega unnið í þeim málum. M.a. á vegum félmrn. þar sem var gerð úttekt á réttarstöðu heimavinnandi fólks og er það núna í athugun í ráðuneytum, trmrn. og fjmrn., hvernig á þeim málum á að taka til þess að tryggja betur réttindi heimavinnandi.

Hv. þm. gagnrýndi nokkuð að sífellt væri verið að vinna að úttektum í launamálum án þess að það skilaði sér í raun í því að leiðrétta launamisrétti milli kynjanna. Ég get um margt undir það tekið en ég tel engu að síður mikilvægt, af því að mér fannst þingmaðurinn ekki gera mikið úr því að það ætti að gera úttekt á fimm stofnunum á vegum ríkisins á sviði skóla og heilbrigðismála, þá tel ég það mjög mikilvægt. Og ég hef heyrt einmitt í Jafnréttisráði að þetta er kannski ein af þeim tillögum sem Jafnréttisráð telur hvað mikilvægasta, að slík úttekt verði gerð á fimm stofnunum til þess að fara rækilega ofan í saumana á þeim stofnunum sem valdar verða á því hver launamismunurinn er. Ég hygg að ef vel tekst til í því efni geti það skilað sér í verulegum árangri til þess að leiðrétta launamisrétti. Vegna þess, eins og ég hef nefnt hér úr þessum ræðustól, að misréttið er ekki bara í launatöxtunum sem opinberir starfsmenn búa við eða launatöxtunum á almennum vinnumarkaði, heldur er það ekki hvað síst í hinum ýmsu duldu greiðslum og fríðindum í þjóðfélaginu og yfirborgunum sem ganga frekar til karla en kvenna. Þess vegna tel ég að þrátt fyrir allar kannanir sem hafa verið gerðar þá sé þessi leið sem farin er nokkuð nýstárleg og að mínu viti til þess fallin að geta skilað árangri.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, fara frekar ofan í þessa áætlun. Ég vil þó nefna það af því að við erum að fjalla um þessa framkvæmdaáætlun, sem er raunverulega bara skýrsla ríkisstjórnarinnar um framkvæmdaáætlun til næstu fjögurra ára, og Alþingi hefur ekki tækifæri til þess að fjalla um eða gera kannski brtt. við. Tækifæri Alþingis er fyrst og fremst að láta sínar skoðanir í ljós og fjalla um þessa áætlun, en með þeirri breytingu sem lögð er til í því frv. til jafnréttislaga sem nú er til umfjöllunar á Alþingi þá er gerð að mínu viti veruleg breyting í þessu efni.

Ef það frv. nær fram að ganga með þessu ákvæði þá verður slík framkvæmdaáætlun lögð fram í formi þáltill. þar sem fram koma tillögur einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs og sundurliðuð framkvæmdaáætlun og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna. Slík þáltill. fær þinglega meðferð hér í þinginu, fer til umfjöllunar í nefnd og þar gæfist þingmönnum kostur á að fjalla frekar um hana og koma með sínar brtt. og þar með hafa veruleg áhrif á mótun jafnréttismála í landinu og framkvæmd þeirra. Þess vegna tel ég mjög veigamikið atriði að ná því fram og vegur þungt að Alþingi hafi, eins og þessi þáltill. mundi gera, möguleika til þess að fjalla um málið með þeim hætti sem ég lýsti en ekki eingöngu í formi skýrslu ríkisstjórnarinnar eða skýrslu félmrh. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára eins og nú er. En lögin sem við búum við nú í jafnréttismálum gera ekki ráð fyrir því að Alþingi fjalli um þetta með öðrum hætti.

Alþjóðasamþykkt um varnir gegn efnum sem valda krabbameini, fyrri umr.

Stjtill., 396. mál. — Þskj. 714.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. er flutt til að fá heimild Alþingis fyrir því að Ísland fullgildi samþykkt sem afgreidd var á 59. alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var árið 1974, og fjallar um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

Þess má geta að þótt Alþjóðavinnumálastofnunin hafi lengi látið sig miklu skipta vinnuvernd og vinnu-

umhverfismál hefur sú mikla umræða sem átt hefur sér stað á síðustu árum hleypt nýju lífi í starf stofnunarinnar á þessu mikilvæga sviði. Aukin mengun hefur gert fólk betur meðvitað um gildi heilsusamlegs umhverfis. Umræður um umhverfisvernd einskorðast ekki lengur við þröngan hóp sérfræðinga heldur eru þær á dagskrá alþjóðastofnana og þjóðþinga. Dæmi um þetta er skýrsla forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til alþjóðavinnumálaþingsins sumarið 1990 sem fjallaði um umhverfi og þróun. Í skýrslunni setur forstjórinn fram hugmyndir um það hvernig stofnunin og aðildarríki hennar geti lagt sitt af mörkum til að bæta umhverfið með aðgerðum á vettvangi vinnumálanna. Meðal þess sem lögð er rík áhersla á í skýrslunni er fullgilding alþjóðasamþykkta ILO á sviði öryggis- og hollustuhátta í atvinnulífinu. Á þann hátt verði best tryggð nauðsynleg samræming á sameiginlegum aðgerðum aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem skili árangri við að bæta umhverfi starfandi fólks á vinnumarkaði.

Í framhaldi af skýrslu forstjórans og umræðum sem áttu sér stað á 77. alþjóðavinnumálaþinginu sl. sumar var lögð fyrir samstarfsnefnd félmrn. og heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins, sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, skrá yfir alþjóðasamþykktir á sviði vinnuumhverfismála sem félmrn. telur að komi til álita að fullgilda. Nefndin fór yfir þessa skrá og var samþykkt að senda hana Vinnueftirliti ríkisins til umsagnar. Vinnueftirlitið lagði til að byrjað yrði á því að fullgilda tvær alþjóðasamþykktir, þ.e. samþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starf frá árinu 1981, og samþykkt þá sem með þessari þáltill. er óskað eftir heimild til að fullgilda, þ.e. samþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

Á það er rétt að benda að á undanförnum árum og áratugum hefur hvers kyns efnanotkun aukist mjög á vinnustöðum. Jafnframt hafa rannsóknir leitt í ljós að sum þessara efna auka hættu á myndun krabbameins hjá þeim sem komast í snertingu við þau. Hvergi nærri hefur þó verið upplýst að fullu hvaða efni hér um ræðir og nýjar rannsóknir eru stöðugt að leiða í ljós nýjar áhættur af þessu tagi. Erfitt getur verið að staðfesta krabbameinsvirkni efna þar sem oftast líða mörg ár eða jafnvel áratugir frá því snerting við efni hefst og þar til áhrif koma fram. Tilraunir á dýrum og aðrar prófanir geta þó gefið vísbendingu um að efni kunni að vera krabbameinsvaldandi hjá mönnum.

Mismunandi áætlanir hafa birst um það í öðrum löndum hversu mikinn hluta krabbameinstilfella megi rekja til krabbameinsvaldandi efna á vinnustöðum og hafa verið nefndar tölur á bilinu 1–20%. Dönsk stjórnvöld hafa gengið út frá að þetta hlutfall sé 4–5%. Ekki liggur fyrir mat á hversu hátt þetta hlutfall kunni að vera hér á landi. Vinnueftirlit ríkisins hefur hins vegar staðið fyrir nokkrum rannsóknum á dánarmeinum og krabbameinum starfsstétta í samvinnu við sérfræðinga við Háskóla Íslands og krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands og með aðstoð Hagstofunnar, verkalýðsfélaga og lífeyrissjóða. Stofnunin rannsakaði einnig dauðsföll af völdum tiltekins krabbameins sem talið er að asbestefni eigi stóran þátt í að valda.

Alþjóðasamþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, var afgreidd af 59. alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var dagana 5.–25. júní 1974. Fyrri umræða fór fram árið áður á 58. vinnumálaþinginu. Eftir þær umræður var nokkur ágreiningur um það hvort rétt væri að afgreiða alþjóðasamþykkt um þetta efni eða láta tillögu nægja. Í almennum umræðum í þingnefnd 59. vinnumálaþingsins var fjallað um þennan ágreining. Í máli þeirra sem voru andvígir afgreiðslu samþykktarinnar komu fram rök sem oft heyrast í þessu sambandi, þ.e. að samþykktir séu of skuldbindandi og ekki nógu sveigjanlegar til að taka mið af breytilegum aðstæðum í atvinnulífinu og örri þróun í rannsóknum á orsökum krabbameins. Aðrir þingfulltrúar bentu á að einungis alþjóðasamþykkt hefði nægileg áhrif til þess að hvetja ríkisstjórnir til að grípa til varnaraðgerða á þessu mikilvæga sviði heilsuverndar á vinnustöðum.

Annað atriði sem þingfulltrúar gerðu að umtalsefni var það hvort skrá yfir efni sem valda krabbameini ætti að fylgja samþykkt eða tillögu. Einnig var skipst á skoðunum um það hvort banna ætti innflutning og útflutning á efnum á skránni eða notkun þeirra yrði háð leyfi opinberra aðila og væri undir sérstöku eftirliti. Margir fulltrúar sáu ýmis vandkvæði á samantekt á slíkri skrá. Ör þróun í efnafræði skapaði forsendur fyrir framleiðslu fjölda nýrra efnasambanda. Því yrði erfitt að endurnýja skrána þannig að hún svari jafnan kröfum tímans. Ekki náðist samstaða um þessi ágreiningsmál og var ákveðið að vísa þeim til vinnuhóps sem falið var að setja fram tillögur sem væru til þess fallnar að brúa bilið á milli ólíkra sjónarmiða. Samkvæmt tillögu vinnuhópsins lagði þingnefndin til að vinnumálaþingið afgreiddi stuttorða alþjóðasamþykkt, ítarlegri tillögu og þingsályktunartillögu þar sem alþjóðavinnumálaskrifstofunni væri falið að safna og hafa tiltækar nýjustu upplýsingar um efni sem valda krabbameini. Full samstaða náðist á vinnumálaþinginu um tillögur þingnefndarinnar.

Alþjóðasamþykkt um varnir gegn áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini skiptist í fjórtán greinar. Í fyrstu sex greinunum eru raktar þær frumskyldur til varnar gegn krabbameini sem ríki taka á sig með því að fullgilda samþykktina, en aðrar greinar samþykktarinnar hafa að geyma ákvæði um gildistöku, uppsögn o.fl.

Í tillögunni er að finna nánari útfærslu á hinum almennu varúðarreglum. Hún er birt sem fylgiskjal II með þessari þáltill.

Um efni samþykktarinnar gilda á Íslandi lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerð nr. 74/1983, um bann við innflutningi og notkun asbests, reglur nr. 75/1983, um asbest, og reglur nr. 401/1989, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Í 4. gr. reglna nr. 401/1989 er kveðið á um það að krabbameinsvaldandi efnum skuli skipt í nánar til-

greinda þrjá flokka þar sem skaðsemi þeirra er lögð til grundvallar. Samkvæmt reglunum er ekki heimilt að nota tiltekin efni nema í undanþágutilvikum. Við setningu reglnanna var höfð hliðsjón af samþykkt ILO og eru þær í öllum meginatriðum í samræmi við efni hennar. Þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir því að breyta þurfi lögum né setja ný lög til að fylgja eftir ákvæðum samþykktarinnar hér á landi.

Á því má vekja athygli að með fullgildingunni axla aðildarríkin ótvíræða skyldu. Annars vegar að vinna að framkvæmd ákvæða hlutaðeigandi samþykktar og hins vegar að samþykkja að haft sé alþjóðlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal aðildarríki senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar. Samkvæmt gildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman annað hvert ár og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Sérfræðinganefnd á hennar vegum fer yfir skýrslur aðildarríkjanna og birtir niðurstöðu sína í árlegri skýrslu sem er til umfjöllunar í einni af fastanefndum alþjóðavinnumálaþingsins. Frá því Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 hefur félmrn. borið ábyrgð á samningu skýrslna um framkvæmd samþykkta sem Ísland hefur fullgilt.

Umrædd samþykkt var send sex aðilum til umsagnar, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Allir þessir aðilar hafa sent umsagnir og mælt með fullgildingu.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að þáltill. verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Alþjóðasamþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu, fyrri umr.

Stjtill., 397. mál. — Þskj. 715.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. er flutt til að fá heimild Alþingis fyrir því að Ísland fullgildi samþykkt sem afgreidd var á 67. alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var árið 1981, og fjallar um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Í framsöguræðu minni hér áðan með þáltill. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, sem gerð var á 59. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, kom fram að þótt Alþjóðavinnumálastofnunin hafi lengi látið sig miklu skipta vinnuvernd og vinnuumhverfismál hefur sú mikla umræða sem átt hefur sér stað á síðustu árum hleypt nýju lífi í starf stofnunarinnar á þessu mikilvæga sviði.

Í ræðunni var vakin athygli á skýrslu forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til alþjóðavinnumálaþingsins sumarið 1990 sem varðar umhverfi og þróun. Í skýrslunni setur forstjórinn fram hugmyndir um það hvernig stofnunin og aðildarríki hennar geti lagt sitt af mörkum til að bæta umhverfið með aðgerðum á vettvangi vinnumálanna. Meðal þess sem lögð er rík áhersla á í skýrslunni er fullgilding alþjóðasamþykkta ILO á sviði öryggis- og hollustuhátta í atvinnulífinu. Á þann hátt verður best tryggð nauðsynleg samræming á sameiginlegum aðgerðum aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem skili árangri við að bæta umhverfi starfandi fólks á vinnumarkaði.

Í framhaldi af skýrslu forstjórans og umræðu sem átti sér stað á 77. alþjóðavinnumálaþinginu sl. sumar var lögð fyrir samstarfsnefnd félmrn. og heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins, sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, skrá yfir alþjóðasamþykktir á sviði vinnuumhverfismála sem félmrn. telur að komi til álita að fullgilda. Nefndin fór yfir þessa skrá og var samþykkt að senda hana Vinnueftirliti ríkisins til umsagnar. Vinnueftirlitið lagði til að byrjað yrði á því að fullgilda tvær alþjóðasamþykktir, þ.e. samþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, og samþykkt þá sem með þessari þáltill. er óskað eftir heimild til að fullgilda, þ.e. samþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starf, frá árinu 1981.

Í samþykkt nr. 155 eru sett fram nokkur grundvallaratriði sem hægt er að hafa til leiðbeiningar þegar stefna er mótuð á landsvísu eða innan fyrirtækja hvað varðar kerfi til að tryggja samræmt eftirlit með öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Með framkvæmd ábendinga í samþykktinni er lagður grundvöllur að aðgerðum til verndar starfsmönnum sem snerta afmarkaða þætti vinnuumhverfisins.

Samkvæmt 1. gr. er gert ráð fyrir því að aðildarríki sem fullgildir samþykktina geti undanskilið framkvæmd hennar að nokkru eða öllu leyti takmarkaða flokka starfsmanna vegna sérstakra annmarka varðandi þá. Sérstaklega er tekið fram að þetta geti átt við siglingar eða fiskveiðar. Í fyrstu skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar skal tilgreina sérhvern afmarkaðan hóp starfsmanna sem kann að hafa verið undanskilinn framkvæmd hennar. Gera skal grein fyrir ástæðum slíkrar undanþágu og í síðari skýrslum skal aðildarríki skýra frá hverri þeirri framför sem orðið hefur til víðtækari framkvæmdar samþykktarinnar. Skoðun Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands er sú að takmarka beri fullgildingu við landverkafólk, sbr. lög nr. 46/1980.

Félmrn. telur með vísan til framangreinds að rétt sé að fullgilding verði fyrst í stað takmörkuð við gildissvið laga nr. 46/1980. Á síðari stigum verði kannað

hvort rétt sé að láta framkvæmd samþykktarinnar taka til vinnuaðstæðna um borð í skipum og loftförum. Það verði gert í samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins og hlutaðeigandi stjórnvöld.

Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eru að mati Vinnueftirlits ríkisins fullnægjandi lagagrundvöllur til að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar. Þó er nauðsynlegt að hyggja að nokkrum atriðum. Í 4. gr. er rætt um gerð stefnuskrár þar sem fjallað er um nokkra þætti sem eru mikilvægir fyrir öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Nauðsynlegt er að semja slíka stefnuskrá verði fullgilding heimiluð. Fullgilding krefst þess enn fremur að framvegis verði gefin út skýrsla sem hafi að geyma upplýsingar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, sbr. f-lið 11. gr. samþykktarinnar. Bæði þessi atriði eru til þess fallin að starf stjórnvalda að vinnuverndarmálum verði markvisst og árangursríkt.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að með fullgildingu samþykkta ILO er gengist við þeirri skuldbindingu að haft sé alþjóðlegt eftirlit með framkvæmd hlutaðeigandi alþjóðasamþykktar. Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal aðildarríki senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar. Samkvæmt gildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman annað hvert ár og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Sérfræðinganefnd á hennar vegum fer yfir skýrslur aðildarríkjanna og birtir niðurstöðu sína í árlegri skýrslu sem er til umfjöllunar í einni af fastanefndum alþjóðavinnumálaþingsins. Samkvæmt stofnskrá ILO eiga fjórir fulltrúar rétt á að taka þátt í afgreiðslu þingsins, tveir fulltrúar ríkisstjórnar hlutaðeigandi aðildarríkis, einn fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi launafólks. Öll starfsemi stofnunarinnar byggist á samstarfi þessara þriggja aðila. Frá því Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 hefur félmrn. borið ábyrgð á samningu skýrslna um framkvæmd samþykkta sem Ísland hefur fullgilt.

Á því skal vakin athygli að tillaga nr. 167, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, er birt sem fylgiskjal II með þessar þáltill. Í tillögunni er að finna nánari útfærslu á alþjóðasamþykktinni. Ákvæði hennar eru ekki skuldbindandi.

Umrædd samþykkt var send fimm aðilum til umsagnar, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þessir aðilar mæltu með fullgildingu. Vinnumálasambandið og Vinnuveitendasambandið voru fylgjandi fullgildingu með þeim takmörkunum sem að framan greinir. Þá var leitað álits samgrn. og Vinnueftirlits ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að lokinni þessari umræðu að leggja til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Langtímaáætlun í vegagerð, fyrri umr.

Stjtill., 408. mál. — Þskj. 735.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hér eru á dagskrá tvær tillögur sem fjalla um vegamál. Það er sú sem hér er mælt fyrir á þskj. 735 og er till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð, en einnig er á dagskrá till. til þál. um vegáætlun til næstu fjögurra ára eða fyrir yfirstandandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Mun ég nú mæla hér fyrir þáltill. til langtímaáætlunar og í leiðinni að mestu leyti færa fram þau almennu rök sem einnig eiga við um vegáætlunina, en í framsögu fyrir þeirri tillögu skýra einstök atriði sem að fjögurra ára vegáætluninni snúa sérstaklega. Þá fyrst og fremst fjáröflun til vegagerðar á því tímabili og þar með skýra þann grunn fjáröflunar sem síðan er jafnframt lagður undir þessa langtímaáætlun til næstu 12 ára. Þessi mál eru mjög tengd og hentar því vel að mæla fyrir þeim hvoru á eftir öðru og hafa síðan um þetta sameiginlega umræðu.

Ég vil við þetta tækifæri fara nokkrum orðum um stöðu vegamála almennt, þróun þeirra undanfarin ár og horfur fram undan sem eðlilegt er og víkja þá fyrst að forsögu tillögunnar sem hér er til umræðu og er önnur till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð sem fram hefur komið á Alþingi. Upphaf þess má rekja til þess að vorið 1981 samþykkti Alþingi till. til þál. um gerð langtímaáætlunar í vegagerð. Í tillögunni voru tilgreindar þær fjárhagslegu forsendur sem áætlunin skyldi byggja á, svo og markmið í vegagerð sem stefna bæri að. Áætlunartíminn var ákveðinn 12 ár sem skipta skyldi í þrjú tímabil, fjögur ár hvert, og endurskoðun skyldi fara fram fjórða hvert ár.

Langtímaáætlun var síðan lögð fram á Alþingi veturinn 1982–1983 og var mikil vinna í hana lögð og áætluninni að mestu lokið á þeim vetri. Þar á meðal fór fram röðun verkefna á stofnbrautir. Áætlunin varð þó ekki afgreidd endanlega en nýttist engu að síður í verulegum mæli til stefnumörkunar og hefur í raun verið sá stefnugrunnur sem vegaframkvæmdir hafa byggt á síðan og síðari vegáætlanir hafa mjög tekið mið af þessari upphaflegu langtímaáætlun. Langtímaáætlunina átti að endurskoða 1987 en ekki varð af þeirri endurskoðun. Þar sem nú eru liðin tvö tímabil af þeim þremur sem upphaflega áætlunin tók til er orðið mjög brýnt að koma upp nýrri langtímaáætlum sem mótað geti stefnuna næstu árin.

Til að vinna að þessu verkefni skipaði ég því starfshóp sl. sumar undir forustu vegamálastjóra, en auk hans skipuðu hópinn fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna og samgrn. Starfshópurinn hefur unnið mjög öt-

ullega að þessu verki í haust og vetur og lauk störfum nú í febrúar og skilaði niðurstöðum sínum til mín. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hópnum vel unnin störf og lýsa því að þessi tilhögun sem þarna var viðhöfð er sú sama sem notuð var á sínum tíma þegar undirbúin var tillaga til langtímaáætlunar í vegagerð. Að formi til voru niðurstöður hópsins settar fram sem till. til þál. um langtímaáætlun ásamt athugasemdum, en auk tillögunnar sjálfrar koma hugmyndir starfshópsins og tillögur um mörg atriði varðandi langtímaáætlun og verkefni hennar fram í athugasemdum. Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar um vegakerfið, ástand þess og þarfir. Efnislega er sú tillaga sem hér liggur fyrir ásamt athugasemdum óbreytt frá þeim niðurstöðum sem starfshópurinn skilaði af sér. Það er rétt að geta þess, hæstv. forseti, að fulltrúar Sjálfstfl. í þessum hópi rituðu mér bréf og gerðu þar grein fyrir bókun sem þeir höfðu lagt fram á fundum nefndarinnar. Ég ætlaði þess vegna, hæstv. forseti, að gera grein fyrir þeirri bókun sem ég fékk upplýsingar um með bréfi að fulltrúar Sjálfstfl. hefðu lagt fram, en sú bókun fylgdi ekki tillögunum þegar þær komu til mín. Ég hafði þess vegna hugsað mér að hafa þann hátt á að gera grein fyrir þessari bókun fulltrúa Sjálfstfl. hér. Reyndar sé ég nú og heyri að einn þeirra er hér mættur í þingsalinn og tekur því væntanlega þátt í umræðunum á eftir. En bókunartextinn mun hafa verið svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þar sem ráðherra hefur tekið ákvörðun um að leiðir til fjáröflunar og skipting fjármagns milli rekstrar- og fjárfestingarliða skuli vera í höndum ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar á Alþingi lýsum við fulltrúar Sjálfstfl. yfir að við lítum svo á að ráðherra og ríkisstjórn vilji ekki lengur leita eftir pólitískri samstöðu um gerð vegáætlunar og langtímaáætlunar um vegagerð. Við áskiljum okkur rétt til að endurmeta stöðu okkar í þessari nefnd út frá breyttum forsendum."

Þetta var bókun þessi sem fulltrúar Sjálfstfl. í starfshópnum lögðu fram á einum fundi nefndarinnar.

Eftir sem áður er það nú von mín og trú að sem víðtækust pólitísk samstaða geti orðið um þetta mál hér eftir sem hingað til. Á það hefur sjaldnast skort að allir þingmenn hafi unnið að þessum málum án þess að gera þar mikinn greinarmun á veru sinni í stjórn eða stjórnarandstöðu og langoftast hefur tekist ánægjuleg og farsæl samstaða um þessi mikilvægu mál hér á hinu háa Alþingi. Ég vænti þess að í hv. fjvn., sem fær þessi mál til meðferðar, sem og í þingmannahópum kjördæmanna verði eftir föngum leitast við að ná fram slíkri samstöðu.

Áður en ég vík nánar að tillögunni sjálfri vil ég gera nokkra grein fyrir þróun vegamála þann tíma sem liðinn er frá því að langtímaáætlunin var gerð 1983. Samkvæmt þeirri áætlun skyldi tiltekið hlutfall af þjóðarframleiðslu renna til vegamála og framkvæmda í vegamálum hverju sinni. Skemmst er frá því að segja að þetta hlutfall hefur aldrei náðst. Það var skv. eldri mælingum þjóðarframleiðslu miðað við að 2,4% skyldu renna til þessa málaflokks. Nýrri aðferðir við útreikning þjóðarframleiðslu munu lækka það hlutfall í um 2,14%, en eins og áður sagði hefur þetta hlutfall því miður aldrei náðst og reyndar vantað talsvert upp á.

Við athugun á tveimur stærstu útgjaldaliðunum, þ.e. nýbyggingum og sumarviðhaldi, kemur í ljós að þessir liðir hafa á árunum 1983–1990 fengið um það bil $^3/_4$ hluta þess fjármagns sem vera átti skv. áætluninni. Hér munar auðvitað miklu og kemur þetta fram og hefur komið í minni framkvæmdum en þess ber þó að geta að þær hafa ekki minnkað í sama mæli og þetta hlutfall gæti bent til. Kemur þar ýmislegt til og má í því sambandi nefna að nokkru fjármagni var haldið óskiptu í áætluninni og hefur það allt gengið til þess að mæta fjárvöntuninni. Ytri aðstæður hafa einnig lengst af verið hagstæðar. Má þar nefna aðstæður á útboðsmarkaði, lágt verð á olíu og asfalti.

Þá er einnig rétt að geta þess að í ýmsum tilvikum var gripið til ódýrari útfærslna, minna byggt af nýjum vegum en meira um styrkingar á eldri vegum og síðan lagt bundið slitlag á þá eftir slíka styrkingu og það jafnvel stundum einbreitt slitlag. Loks var ýmsum dýrum framkvæmdum frestað en lögð meiri áhersla á ódýrari framkvæmdir, ekki síst þar sem ná mátti góðum árangri og löngum samfelldum köflum í lagningu bundins slitlags. Í heild má segja að bundin slitlög hafi haft talsverðan forgang framan af, enda er lengd þeirra nú orðin nokkru meiri en áætlað var, eða 1932 km á stofnbrautum í árslok 1990 á móti þeim 1750 sem áætlunin gerði ráð fyrir. Að auki eru um 320 km af þjóðbrautum lagðir bundnu slitlagi. Alls eru því bundin slitlög 2257 km af þjóðvegakerfinu og af þeim eru um 300 km einbreiðir eða ná ekki fullri breidd. Að öðru leyti er samanburður raunframkvæmda við áætlanir mjög flókinn og erfiður og verður ekki farið að ráði nánar út í hann hér.

Hafa ber þó í huga að árangur hefur náðst á fleiri sviðum en í bundnum slitlögum þó að hann sé hvað mest áberandi þar. Þannig hefur burðarþol vega aukist mikið og mörgum þröskuldum á vegakerfinu hefur verið útrýmt til mikilla bóta fyrir umferð og samgöngur. Til enn frekari skýringa á þessum tiltölulega góða árangri í lagningu bundinna slitlaga má nefna að við upphaf langtímaáætlunar var mikið til af uppbyggðum malarvegum með allgóðu burðarþoli. Þessa vegi vantaði fyrst og fremst bundna slitlagið ásamt lágmarkslagfæringum en kostnaður við slíka aðgerð getur legið á bilinu 3–4 millj. kr. á km á verðlagi þessa árs. Það er rétt að taka það fram að allar tölur sem hér verða nefndar og allar tölur í bæði till. til þál. um langtímaáætlun og vegáætlun eru á verðlagi yfirstandandi árs, á verðlagi gildandi fjárlaga, þannig að allur samanburður á að vera handhægur og ætti þetta að gera það að verkum að mönnum sé óhætt að bera saman tölur hvarvetna sem þær birtast í þessum skjölum.

Eins og ég sagði um þessa vegi, sem þannig voru teknir og lagfærðir og fyrst og fremst vantaði lagfæringu og bundið slitlag, er kostnaður við slíkar aðgerðir gjarnan á bilinu 3–4 millj. kr. á núverandi verðlagi. Mikil áhersla var lögð á að koma slitlagi á marga þessa vegi, enda fátt sem er þjóðhagslega hagkvæmara né kemur vegfarendum betur. Að hinu leytinu eru þess

mörg dæmi að nýbygging vega með bundnu slitlagi kosti á bilinu 15–20 millj. kr. á km. Sem dæmi um þetta má nefna umfangsmiklar vegaframkvæmdir sem nú standa yfir eða eru fyrir dyrum á Ólafsvíkurvegi um Mýrar, Vesturlandsvegi í Norðurárdal og Norðurlandsvegi um Öxnadal og Öxnadalsheiði. Þar eru kostnaðartölur af þessari stærðargráðu á hvern km ekki óalgengar. Eru þá enn ótaldir þeir staðir þar sem kostnaður getur vegna sérstaklega erfiðra aðstæðna orðið enn miklu hærri en þetta, þó ekki séu nefnd þau mannvirki sem allra dýrust eru, þ.e. stórbrýr, fjarðaþveranir, jarðgöng og mannvirki á höfuðborgarsvæðinu, en af augljósum ástæðum er hver km þegar þannig er komið allmiklu dýrari en gildir um almenna vegalagningu.

Sú áhersla á bundin slitlög sem ég hef lýst hér á undan var eðlileg og skynsamleg í upphafi langtímaáætlunar. Jafnframt var ljóst að það hlyti að draga nokkuð úr lögn bundinna slitlaga eftir því sem gengi á ódýrari vegarkafla og þeir dýrari kæmu meira inn. Þá var enn fremur ljóst að dýrustu verkefnin gætu ekki beðið nema takmarkaðan tíma. Augljósast var þetta með ýmsar af stærstu brúnum, en margar hverjar gerast þær gamlar og þreyttar og þola í raun illa sívaxandi þungaflutninga. Þetta á ekki síður við um höfuðborgarsvæðið þar sem umferðarslysin eru flest og þrengsli svo mikil í umferðinni að ekkert má út af bera ef komast á hjá öngþveiti. Þá á þetta enn fremur við um ýmsa þá erfiðu þröskulda á landsbyggðinni sem ekki verður unninn bugur á nema með mjög dýrum lausnum á borð við fjarðaþveranir eða jarðgöng. Þessir þröskuldar eru margir hverjir helstu þrándar í götu eðlilegrar byggðaþróunar á sínum svæðum og það að sigrast á þeim er því eðli málsins samkvæmt í hópi allra brýnustu byggðamála í landinu.

Með hliðsjón af þessum staðreyndum var gerð nokkur áherslubreyting við samþykkt vegáætlunar vorið 1989. Þá var tekinn inn nýr verkefnaflokkur, stórverkefni, og undir þann lið felld jarðgöng, stórbrýr og fjarðaþveranir, svo og framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Þessi breyting átti sér nokkurn aðdraganda og höfðu fyrirrennarar mínir í stóli samgrh. látið vinna áætlanir um jarðgöng og framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Þá höfðu og framkvæmdir hafist við jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla árið áður, þ.e. síðla árs 1988, þó ekki hefði endanlega verið gengið frá skiptingu og fjármögnun verks. Var það raunar dæmi um það að illmögulegt var að leysa fjármögnun verkefnis af viðkomandi stærðargráðu miðað við þá tilhögun sem gilti áður en stórverkefnaflokkur kom til sögunnar út frá skiptingu fjármagns milli kjördæma. Enn frekari áhersla var síðan lögð á jarðgangagerð þegar samþykkt var á Alþingi þáltill. um flýtingu jarðganga á Vestfjörðum og lánsheimildir til ríkisstjórnarinnar í því skyni. Ekki verður hjá því komist að þessi stóru verkefni ásamt því að fram undan bíða margir dýrir kaflar á almenna vegakerfinu og dýrari en fengist var við framan af hafi nokkur áhrif í þá átt að árleg aukning á bundnu slitlagi verður nú minni milli ára en þegar best gekk í þeim efnum.

Ég hef hér á undan farið í stuttu máli yfir þróun í vegaframkvæmdum frá því að langtímaáætlunin kom til sögunnar 1983 og vikið að stöðunni eins og hún er nú. Þetta er það baksvið sem hafa verður í huga þegar niðurstöður starfshópsins sem birtast í fyrirliggjandi tillögu eru skoðaðar. Verður nú nánar fjallað um tillöguna sjálfa og þær hugmyndir sem þar koma fram og fyrst vikið að fjármálum.

Í ljósi reynslu undangenginna ára er nú horfið frá því að miða fjármagn við tiltekið hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þar er að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við þá reynslu að það tiltekna hlutfall hefur aldrei náðst, heldur hafa aðstæður við fjárveitingagerð og fjárlagasmíð hverju sinni markað þennan ramma og augljóst að hinir mörkuðu tekjustofnar eru sá grunnur sem vegamálin hafa byggst á fyrst og fremst. Er þess vegna horfið að því ráði hér, sem í raun má segja að hafi verið gert í fyrsta sinn með afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi vorið 1989, að miða við tilteknar fjármagnsforsendur sem byggja á beitingu hinna mörkuðu tekjustofna. Á þessu er þó sú undantekning að reiknað er með sérstöku framlagi úr ríkissjóði á þessu ári til að hefja jarðgangaframkvæmdirnar á Vestfjörðum. Miðað er við að tekjustofnar verði almennt nýttir til fulls og fari þá einnig vaxandi með aukinni umferð. Gera þarf nokkurt átak til að auka nýtingu tekjustofna frá því sem nú er. Meðal þess sem gera þarf er að ná upp slaka í bensíngjaldi og þungaskatti og eyða því tekjutapi eða áhrifum afsláttar á bensíngjaldi á blýlausu bensíni sem verið hefur í gildi frá því í júní 1989. Og loks að breyta og bæta innheimtu þungaskatts en talið er að undanbrögð frá skattinum séu veruleg. Miðað er við að tekjuaukinn af þessum aðgerðum komi fram á árunum 1991–1994. Verður nánari grein gerð fyrir einstökum þáttum málsins í framsögu fyrir vegáætlun hér á eftir. Ítrekað skal að nýting tekjustofna með þeim hætti sem hér er lýst er ein af meginforsendum langtímaáætlunar. Hér er reynt að fara raunhæfa leið í fjáröflun og sanngjarna að því leyti að umferðin greiði kostnaðinn, enda er það hún sem nýtur verkanna. Verður það svo verkefni ríkisstjórnar og Alþingis á hverjum tíma að fylgja því eftir að fjár sé aflað til þessa mikilvæga málaflokks svo sem hér er fyrirhugað.

Farið var yfir markmið langtímaáætlunar og þau nokkuð aukin og endurskoðuð. Meðal nýjunga á því sviði má nefna markmið um aukna þjónustu við vegfarendur, bæði vetur og sumar, til að samgöngur geti verið greiðar og öruggar. Í tengslum við þetta er innleitt hugtakið „samgöngusvæði“ en það tekur til svæðis umhverfis þjónustumiðstöð eða þéttbýli þar sem fjarlægðir eru ekki meiri en svo að sækja megi þjónustu til miðstöðvarinnar a.m.k. nokkrum sinnum í viku og engir þeir þröskuldar á vegakerfinu fyrir hendi sem hindri slíkt í verulegum mæli. Þjónusta við umferðina, svo sem vetrarþjónusta, á að taka mið af þessum svæðum þannig að hún er mest innan svæða en minni milli svæða. Með þessu móti er verið að koma til móts við þarfir um meiri hreyfanleika og þá þróun víða um land að fólk sæki vinnu, skóla eða þjónustu þéttbýlis en búi áfram í dreifbýli.

Þá er einnig lögð meiri áhersla á umferðaröryggi en áður. Sett er fram það markmið að slysum skuli fækka í heild. Undanfarið hefur slysum í grófum dráttum fjölgað í svipuðum mæli og umferð hefur aukist, þ.e. slysatíðni hefur verið nokkurn veginn óbreytt hlutfall. Það væri mikil og góð breyting ef tækist að stöðva þessa þróun og draga úr fjölda slysa þrátt fyrir þá aukningu í umferð sem búast má við.

Hér er um mjög flókið og viðamikið verkefni að ræða sem margir aðilar þurfa að hjálpast að við. Með því að leggja áherslu á þetta hér er verið að ákveða að leggja meira af mörkum í þessu skyni. Vegagerð ríkisins er jafnframt falið að vinna að þessu markmiði í samvinnu við aðra. Í þessu ljósi m.a. má líta nýtt markmið í byggingu umferðarmannvirkja á allra umferðarmestu þjóðvegunum sem tryggi greiða umferð bifreiða og öllum vegfarendum öryggi, bæði þeim sem akandi eru og eins hinum.

Af öðrum breytingum má nefna að bundin slitlög aukast nú verulega frá fyrri markmiðum eða úr 3.140 km í 5.350 km. Allir þýðingarmeiri vegir skulu hafa 10 tonna burðarþol eins og áður en nú er sett það markmið fyrir nýbyggingu vega og brúa á þessum leiðum að reiknað skuli með 11,5 tonna burðarþoli. Helgast þetta af því að þessar kröfur eru nú að ryðja sér til rúms í Evrópu og víðar. Flutningatæki verða því fljótlega miðuð við þessar tölur. Verður í framtíðinni ekki undan því vikist að færa hlutina hér á landi til samræmis við það sem þeir eru í okkar nágrannalöndum og þeim löndum þar sem bílar og flutningatæki okkar eru framleidd. Þó skal lögð á það áhersla að hér er fyrst og fremst verið að horfa til framtíðar. Vegakerfi okkar er að mörgu leyti illa í stakk búið til að taka við auknum þunga og ber að flýta sér hægt í þeim efnum að leyfa hér aukinn öxulþunga.

Þau markmið sem hér eru sett fram höfða sum hver til dagsins í dag en önnur horfa til nokkurrar framtíðar. Það kostar mikið fé að fullnægja þeim og verður vikið nánar að því síðar. Rétt er þó að ítreka að markmiðin eru raunsæ og brýnt að fullnægja þeim til að tryggja hagstæða þróun mannlífs og atvinnulífs í okkar landi.

Ég mun nú víkja að útgjaldahlið áætlunarinnar í stærstu liðum og helstu nýmælum þar. Viðhaldsliðum er nú skipt með nokkuð öðrum hætti en verið hefur í langtímaáætlun og vegáætlun. Þjónusta við vegfarendur og rekstur vegakerfisins er skilin frá öðrum viðhaldsverkefnum. Er þá einkum tvennt haft í huga. Í fyrsta lagi fá rekstrar- og þjónustuverkefnin fastari sess og meiri þunga með þessu móti. Er það í samræmi við aukna áherslu á þessa liði í markmiðum áætlunarinnar. Í öðru lagi eiga þessi verkefni litla samleið með flestum öðrum viðhaldsverkefnum í framkvæmdalegu tilliti.

Þjónustu- og rekstrarverkefnum er skipt í tvennt, þ.e. almenna þjónustu og vetrarþjónustu. Almenna þjónustan miðar að því að halda vegum í því horfi að umferð sé greið og örugg. Undir þennan verkefnaflokk falla því viðgerðir allar, yfirborðsmerkingar á bundnum slitlögum, heflun og rykbinding á malarvegum svo og kantstikur, áningarstaðir og lýsing að ógleymdu eftirliti og upplýsingagjöf til vegfarenda. Kostnaður við þessi verkefni hefur verið metinn um 800 millj. kr. á ári ef þeim væri sinnt eins og æskilegt væri. Fer sá kostnaður vaxandi með aukinni umferð. Miðað er við að fjárveitingar í byrjun langtímaáætlunar séu um 80% af þessari þörf en fari vaxandi upp í um 90% í lok annars tímabils.

Vetrarþjónustan fer fram í samræmi við snjómokstursreglur á hverjum tíma. Fjárþörf til þessa liðar er nú metin um 570 millj. kr. í meðalári. Hefur þá verið tekið tillit til rýmkunar reglna sem unnið hefur verið að undanfarið og taka munu gildi á næstunni. Sé höfð hliðsjón af markmiðum áætlunarinnar og vaxandi kröfum vegfarenda verður að reikna með að kostnaður við þennan lið aukist töluvert á næstu árum og er það gert hér.

Þá er komið að viðhaldi veganna. Það miðar að því að varðveita verðmæti vegarins og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga sem honum er ætlaður. Hefðbundið viðhald tekur til endurnýjunar burðarlaga og slitlaga, styrkingar á brúm svo og lagfæringar á hættustöðum, snjóastöðum og fleira þess háttar.

Miðað við ástand vegakerfisins er ljóst að viðhaldið verður einnig að ná yfir að styrkja og bæta verulegan hluta malarveganna þar sem ekki er unnt að bíða eftir fjárveitingum á nýbyggingarfé. Fjárþörf þessara verkefna hefur verið metin um 1.300 millj. kr. á ári og fer hún vaxandi. Þessi liður hefur verið mjög vanhaldinn með fjárveitingar á undanförnum árum og hafa malarvegirnir því ekki tekið nauðsynlegum framförum. Í byrjun langtímaáætlunar fær þessi útgjaldaliður innan við 60% af þörf. Fjárveitingar eiga þó að vaxa, eru komnar í um 80% af fjárþörf í lok fyrsta tímabils.

Þá um nýbyggingar vega og brúa. Gerð hefur verið úttekt á ástandi vegakerfisins og metinn kostnaður við æskilegar endurbætur á því. Niðurstaða þeirrar áætlunar er að það kosti um 74 milljarða kr. að koma vegakerfinu í það ástand sem æskilegt væri að það væri í í dag. Miðað við það fjármagn sem áætlunin gerir ráð fyrir að renni til þessa málaflokks má gera ráð fyrir að þessi uppbygging taki um 25 ár. Margt mælir með því að framkvæmdahraði á stofnvegakerfinu sé nokkru meiri en á hliðarvegum og hefur svo verið á undanförnum árum. Tekið er tillit til þessa við skiptingu fjármagns milli einstakra framkvæmdaflokka í nýbyggingum og við það miðað að þau verkefni sem áætlunin gerir ráð fyrir á stofnbrautum, brúm á stofnbrautum og stórverkefni verði unnin á 20 árum, verkefni á höfuðborgarsvæðinu á 25 árum og á þjóðbrautum og brúarbyggingar á þjóðbrautum á 40 árum. Er þá hert töluvert á framkvæmdum við þann málaflokk frá því sem verið hefur.

Framkvæmdaflokkar eru að mestu leyti þeir sömu og verið hafa í vegáætlun að undanförnu. Þó er lögð til sú breyting frá þeirri skiptingu sem ákveðin var í vegáætlun fyrir árin 1989–1992 að fjárveitingar til höfuðborgarsvæðisins, sem þá voru hluti af stórverkefnum, eru nú hafðar undir sérstökum lið. Er það gert til hagræðingar við frekari vinnslu áætlunarinnar þar sem höf-

uðborgarsvæðið hefur mikla sérstöðu og það fær einnig framlög af fjárveitingum til þjóðvega í þéttbýli.

Verður nú vikið lítillega að einstökum verkefnaflokkum. Áætlað er að kostnaður við að koma stofnbrautum í það ástand sem æskilegt er í dag nemi rúmum 25 milljörðum króna. Er þá miðað við það að bundið slitlag verði sett á þær allar, rúmlega 4.000 km lengd, og burðarþol verði að lágmarki 10 tonn en 11,5 tonn á þeim köflum sem endurbyggðir verða í samræmi við markmiðin sem áður voru nefnd. Inni í áðurnefndri kostnaðartölu er einnig kostnaður við brýr á stofnbrautum. Þar eð í þessum framkvæmdaflokki eru mörg stór verkefni sem taka langan tíma í undirbúningi er mjög æskilegt að við afgreiðslu Alþingis á þáltill. þessari verði ákveðin röðun framkvæmda innan hans á fyrst þremur tímabilum áætlunarinnar.

Höfuðborgarsvæðið. Á undanförnum árum hefur þörf fyrir framkvæmdir við stofnvegakerfi á höfuðborgarsvæðinu farið ört vaxandi vegna aukinnar umferðar. Er talið að fjármagnsþörf til þessara framkvæmda sé tæpir 19 milljarðar kr. Á það bæði við um framkvæmdir við þjóðvegi á svæðinu og þjóðvegi í þéttbýli. Umferðaröryggi á vegum þessum er víða verulega áfátt og því miklar vonir bundnar við að slysum fækki við úrbætur. Þá er afkastagetu einnig áfátt. Flestar aðgerðir til úrbóta eru hins vegar mjög dýrar og er orðið aðkallandi að framkvæmdum þessum verði sinnt í miklu ríkara mæli en verið hefur.

Undir stórverkefni falla framkvæmdir eins og þær sem þegar hafa verið nefndar, jarðgöng, stórbrýr og fjarðaþveranir. Í athugasemdum starfshópsins með þáltill. þessari er sett fram tillaga um hvaða verkefni skuli falla undir þennan framkvæmdaflokk og tillaga um skiptingu fjárveitinga á fyrstu þremur tímabilum áætlunarinnar. Er þar m.a. gert ráð fyrir að framkvæmdum og fjármögnun Vestfjarðaganga ljúki á öðru tímabili og þá hefjist einnig framkvæmdir við Austfjarðagöng. Er þetta í samræmi við þá röð sem sett var fram í vegáætlun 1989–1992. Af stórbrúm og fjarðaþverunum eru á fyrsta tímabili þau verkefni sem voru í fyrrnefndri vegáætlun, þ.e. Dýrafjörður, Markarfljót og Breiðdalsá. Þess utan fær vesturós Héraðsvatna fjárveitingu og byrjunarframkvæmdir eru á fyrsta tímabili til Kúðafljóts og Gilsfjarðar. Þessi tvö stóru verkefni fá svo allt framkvæmdaféð á öðru tímabili. Síðan koma nokkur ný verkefni til sögunnar á þriðja tímabili. Eru það Skjálfandafljót, Jökulsá hjá Fossvöllum, Jökulsá í Lóni og byrjunarfjárveiting er til Kolgrafafjarðar á Snæfellsnesi.

Samkvæmt markmiðum áætlunarinnar ætti bundið slitlag að koma á rúmlega 1.500 km á þjóðbrautum. Allar helstu þjóðbrautir eiga að þola 10 tonna öxulþunga og aðrar þjóðbrautir eiga að þola að lágmarki 7 tonna öxulþunga. Áætlað er að kostnaður við endurbætur á þjóðbrautum nemi 17–18 milljörðum kr. og er þá meðtalinn kostnaður við brúarbyggingar á þjóðbrautum.

Framkvæmdum við þjóðbrautir hefur miðað mjög hægt að undanförnu og er í þáltill. gert ráð fyrir að herða nokkuð á þeim frá því sem verið hefur. Til girðinga og uppgræðslu er ætlað að verja nokkuð auknu fjármagni og er það til þess að greiða þann kostnað til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum sem þörf er á. Gert er ráð fyrir því að þegar um nýjar framkvæmdir verði að ræða verði þessi kostnaður greiddur af nýbyggingafénu sjálfu, þ.e. þegar stofnbrautir eða þjóðbrautir eiga í hlut. Ætti þess vegna framkvæmdagildi þessa liðar að vaxa verulega og með því móti takast að vinna upp þann langa vanrækslusyndahala sem þarna er á ferðinni, því miður.

Mikilvægt er að nýbyggingar brúa séu í takt við nýbyggingar vega. Margar eldri brýr eru orðnar lélegar og svara engan veginn þeim kröfum sem gerðar eru til burðarþols og umferðaröryggis í dag.

Af öðrum útgjaldaliðum vil ég svo fara nokkrum orðum um fjallvegi, sýsluvegi og þjóðvegi í þéttbýli. Undir fjallvegi falla einnig þjóðgarðavegir og reiðvegir. Þessir vegir hafa yfirleitt ekki verið fyrirferðarmiklir í fjárveitingum á vegáætlun. Þeir gegna þó mikilvægu hlutverki í tengslum við ferðalög og útiveru hvers konar. Auk þess er það öryggisatriði að beina hestamönnum frá þjóðvegunum og verður þá oft að leggja sérstaka reiðstíga fyrir þá. Í till. eru framlög til þessara verkefna aukin nokkuð þegar í upphafi frá því sem verið hefur og haldið áfram á þeirri braut út áætlunartímann. Ekki er um stórar tölur að ræða en hlutfallsleg aukning er töluverð. Er vonast til að þoka megi þessum vegum áfram fyrir þær fjárveitingar.

Nokkrar ár eru enn óbrúaðar á fjölförnum aðalfjallvegum og væri mikil bót að því að brúa þær. Þarf að hafa þær með í myndinni við skiptingu fjárveitinga til brúargerða þegar kemur að gerð vegáætlana.

Gerð vega um hálendi landsins hefur verið mikið til umræðu undanfarið, þar á meðal í tengslum við fyrirhugaðar lagnir háspennulína milli landshluta. Hef ég nýlega skipað starfshóp til að hafa samráð um þessi efni með það í huga að fjármagn nýtist sem best og þeir vegir sem lagðir eru þjóni sem flestum. Í starfshópi þessum eru fulltrúar samgrn. og iðnrn., Vegagerðar, Landsvirkjunar svo og Náttúruverndarráðs og umhvrn.

Frá og með árinu 1990 eru sýsluvegir alfarið fjármagnaðir með ríkisframlagi í tengslum við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en heimaframlag á móti fellt niður. Hið lögbundna heimaframlag hafði gjarnan legið nálægt $^1/_3$ hluta framkvæmdafjármagnsins í heild en mótframlag ríkisins verið um $^2/_3$ hlutar. Að meðaltali var lögboðið framlag ríkis og heimaaðila á árunum 1980–1989 tæpar 190 millj. kr. Auk þessa var svo sveitarfélögum heimilt að leggja fram aukaframlag og fá ríkisframlag á móti. Þessi aukaframlög námu um 45 millj. kr. á ári á sama árabili. Framlög samkvæmt till. eru um 195 millj. kr. á ári á fyrsta tímabili en fara síðan vaxandi. Þannig er miðað við að árin á undan svari þau rúmlega til allra lögbundinna heimaframlaga og ríkisframlaga á fyrsta tímabili og nái síðan á þriðja tímabili þeirri upphæð að jafngilda öllum framlögum og aukaframlögum eins og þau voru að meðaltali á þessu árabili, 1980–1989.

Nú sér fyrir endann á því verkefni að leggja bund-

ið slitlag á þjóðvegi í þéttbýli um land allt. Viðhald þessara vega, auk endurbóta sem falla til utan höfuðborgarsvæðisins, verða því meginverkefnin á næstu árum.

Reiknað er með að fjármagn samkvæmt till. dugi til að leysa þessi verkefni en á fyrsta tímabili er það svipað og verið hefur síðustu ár en þó örlítið meira og fer sífellt vaxandi á öðru og þriðja tímabili. Miðað er við að höfuðborgarsvæðið verði leyst sérstaklega eins og áður var vikið að.

Hæstv. forseti. Ég hef hér stiklað á stóru um nokkra helstu þætti þessarar langtímaáætlunar. Að lokum vil ég enn leggja áherslu á mikilvægi þess að hvergi verði slegið slöku við um uppbyggingu á þessu sviði. Þrátt fyrir þá aukningu fjár sem hér er gert ráð fyrir er þó skemmra gengið í þeim efnum en ég hefði gjarnan viljað sjá og tel æskilegt. Góðar samgöngur, og þá ekki síst á landi, eru óumdeilanlega einn af hornsteinum framfara og þróunar á öllum sviðum í okkar landi. Ég held að það sé sama hvar borið er niður. Forsenda þess að við Íslendingar sem þjóð, og þá ekki síst landsbyggðin sem svæði, geti verið og orðið fullgildir þátttakendur í tækniþjóðfélagi nútímans og framtíðarinnar er góðar og greiðar samgöngur. Ekkert minna en stórátak á því sviði dugar til þess að búa nægjanlega vel í haginn fyrir framtíðina í þessum efnum.

Ég þykist reyndar vita að hv. alþm. séu mér sammála um þetta og ég vænti þess að þeir muni ekki láta sitt eftir liggja við vinnslu þessarar áætlunar á þinginu og afgreiðslu hennar þótt skammt sé til þingloka.

Þar sem takmörkuðu fjármagni er til að skipta miðað við þær geysilegu þarfir sem við sjáum í vegakerfinu og ég hef hér gert grein fyrir er enn frekari nauðsyn en ella á skýrri stefnumörkun og vandaðri áætlunargerð þannig að allur undirbúningur verka verði sem bestur og markvissastur og að það fjármagn sem hv. Alþingi treystir sér til að leggja til framkvæmda á þessu sviði á komandi árum nýtist sem allra best. Það er því einlæg von mín, hæstv. forseti, að þessi langtímaáætlun verði afgreidd hér á þessu þingi. Það væri að mínu mati mjög æskilegt að skapa með því enn frekari festu í framkvæmd þessara mála og á það ekki síst við vegna þeirra stóru verkefna sem þarna eru á ferðinni. Enginn vafi er á því að sú tilhögun sem fest hefur í sessi með þáltill. um vegamál og langtímaáætlun og reglubundinni endurskoðun og vinnslu þessara mála í góðri samvinnu fjárveitingavalds og framkvæmdarvalds hefur reynst þessum málaflokki farsæl. Ég bind vonir við að svo geti orðið hér eftir sem hingað til. Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að till. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjvn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það hefur orðið að samkomulagi milli hæstv. samgrh. og forseta, ef því verður ekki mótmælt, að þessu máli verði nú frestað en hæstv. ráðherra tali nú fyrir 4. dagskrármálinu, Vegáætlun 1990-1991, en síðan fari umræða fram um tillögurnar báðar.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að gera þá athugasemd sem ég geri nú við umræður um langtímaáætlun í vegagerð. Ég skal ekki hafa afskipti af því hvernig haldið verður á málinu að öðru leyti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að sú greinargerð sem fylgir frv. er efnislega röng. Ég átti af hálfu Sjálfstfl. sæti í þeirri nefnd sem hafði með endurskoðunina að gera ásamt Sturlu Böðvarssyni. Hinn 13. sept. sl. gerðum við svofellda bókun í þeirri nefnd, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ráðherra hefur tekið ákvörðun um að leiðir til fjáröflunar og skipting fjármagns milli rekstrar- og fjárfestingarliða skuli vera í höndum ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar á Alþingi lýsum við fulltrúar Sjálfstfl. yfir að við lítum svo á að ráðherra og ríkisstjórn vilji ekki lengur leita eftir pólitískri samstöðu um gerð áætlunar og langtímaáætlunar um vegagerð. Við áskiljum okkur rétt til að endurmeta stöðu okkar í þessari nefnd út frá breyttum forsendum."

Það er ljóst, hæstv. forseti, samkvæmt þessari bókun að við erum ekki formlegir aðilar að þeirri greinargerð sem fylgir till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð né um fjáröflun eða skiptingu fjármagns, enda var ekki fjallað um það mál á lokastigi í nefndinni heldur var ákvörðun um þau atriði tekin í stjórnarflokkunum og í ríkisstjórn. Það var ekki formlega tilkynnt í nefndinni hvaða viðbrögð þær tillögur sem kynntar voru höfðu fengið í stjórnarflokkum. Ég hlýt að óska eftir því, hæstv. forseti, að þetta frv. verði endurprentað og hæstv. ráðherra gefið svigrúm til þess að leiðrétta greinargerðina í samræmi við staðreyndir málsins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði forseti ekki gert sér grein fyrir öðru en að á bls. 2 í athugasemdum við þáltill. er getið nefndarmanna og forseti hafði skilið það svo að það þingskjal sem hér liggur fyrir væri verk þeirra allra. En hæstv. samgrh. ætlar nú að skýra þetta og óskar forseti eindregið eftir því.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég gerði grein fyrir þessari bókun fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni í framsöguræðu minni. Ég gat þess að eins og málið bar að mér fékk ég upplýsingar um það í bréfi að þeir hefðu lagt fram í nefndinni þessa bókun og ég taldi rétt og skylt að láta það koma fram. Það var síður en svo ætlun mín að leyna því, eins og ég vænti að menn samþykki, því að ég gerði í byrjun ræðu minnar, um leið og ég gerði grein fyrir störfum hópsins, grein fyrir þessari bókun sjálfstæðismanna og las hana upp. Ég er tilbúinn að athuga hvort mönnum þykir eðlilegra að hún sé prentuð í þingskjalinu sjálfu eða hvort þetta sé fullnægjandi kynning á henni, að geta hennar og lesa hana upp með þessum hætti, þannig að hún fylgi inn í þingtíðindin umræðum um málið. Að sjálfsögðu ber ég ábyrgð á hinum endanlega texta tillögunnar eins og hann er

lagður fram, en ég hef getið þeirrar ágætu vinnu og þess mikla starfs sem undirbúningshópurinn innti af höndum. Það var ekki ætlun mín að gera mönnum annað en satt og rétt til í þessum efnum og ég bið að sjálfsögðu hv. fulltrúa Sjálfstfl. velvirðingar á því ef þeir hafa hugsað sér að þeirra bókun yrði komið á framfæri með öðrum hætti, þá er sjálfsagt að athuga það. Ég mun skoða það og ræða við hv. þm. En tillagan er stjtill. eins og venja er, byggð á þeirri vinnu sem hópurinn innti af höndum og afstaða og fyrirvarar Sjálfstfl. eru ljósir. Þeir koma skýrt fram í þessari bókun þannig að ég sé ekki að hér eigi að þurfa að vera tilefni til neins misskilnings.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að í þingskjalinu er rangt farið með. Ég vil vekja athygli á nokkrum orðum í inngangi, með leyfi hæstv. forseta: „Hugmyndir og tillögur starfshópsins um fjölmörg atriði, sem snerta langtímaáætlunina, verða settar fram í athugasemdum þessum."

Ég hef ekki með formlegum hætti komið að samningu þessara athugasemda. Ég lýsti því yfir í nefndinni að málið hefði tekið þá stefnu að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar tóku málið út úr nefndinni, tóku allar ákvarðanir sem skiptu máli hér í sínum þingflokkum og í ríkisstjórn. Það þýðir ekki fyrir þá að samþykkja þar að ég beri ábyrgð á þessum tillögum eða þessari greinargerð. Það verður helst að bera það undir nefndarmenn sjálfa þannig að þetta liggur alveg ljóst fyrir. Bókun mín og Sturlu Böðvarssonar er alveg skýr. Bókunin snýr að vinnubrögðum. Þar að auki liggur fyrir, sem ég mun koma að síðar, ágreiningur um fjáröflun þannig að við erum ekki aðilar að þessum tillögum eins og þær liggja fyrir.

Það er ekki hægt að una því, hæstv. forseti, að í þingskjali standi að maður sé höfundur að athugasemdum með stjtill. Það er alveg gersamlega útilokað. Ég held að það sé óhjákvæmilegt fyrir forseta að grípa inn í og gefa hæstv. ráðherra tækifæri til að leiðrétta greinargerðina og endurprenta síðan þingskjalið áður en frekari slys verða. Ég kæri mig ekki um það að þessu þingskjali sé dreift með þeim hætti að ég sé einn af höfundum greinargerðarinnar, bara alls ekki. Ég bið undan þeim höfundarrétti fullkomlega og vona að hæstv. forseti sjái til þess að þingskjalið verði leiðrétt í samræmi við staðreyndir og efni málsins.

Ég geri mér grein fyrir að þetta eru mistök, en það er nauðsynlegt vegna fréttamanna og annarra sem hér eru að þetta komi skýrt fram. Ég var norðan lands. Ef ég hefði séð þingskjalið í gær hefði ég komið leiðréttingum á framfæri þegar í stað. Þar sem umræður voru hafnar og hæstv. ráðherra vék að málinu með þeim hætti sem hann gerði hér í framsöguræðu hlýt ég að taka fram að mér finnst það ekki nægilegt þó svo ræða hæstv. ráðherra yrði fest við þingskjalið og send með, hver sem biður um skjalið að leiðréttingu komi fram í hans ræðu, heldur fer ég fram á að þingskjalið sjálft verði leiðrétt.

81 Alþt. 1990. B. (113. löggjafarþing).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða vill forseti benda á að venja er þegar um slík nefndarstörf er að ræða hvort sem eru milliþinganefndir eða aðrar nefndir, að sé verulegur ágreiningur í nefndinni skilar minni hl. séráliti sem oft er látið fylgja með. Forseti áttar sig ekki alveg á hvort svo var að þessu sinni en mun að sjálfsögðu ræða við ráðherra og aðra aðila um frágang á þingskjalinu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér er greint frá því í greinargerð hverjir sátu í þessum hóp. Ég fæ ekki séð að þar sé fullyrt annað en þeir hafi setið í þessum hóp. Nú eru samþykktar þáltill. frá Alþingi og njóta þær ekki stuðnings allra sem á þingi sitja. Engu að síður geta fréttamenn sagt: Á Alþingi Íslendinga á þessu ári sátu eftirtaldir þingmenn, og svo gæti beint á eftir komið: Eftirtaldar þáltill. voru samþykktar af þinginu. Hér virðist því vera um algert samræmi að ræða ef grannt er skoðað og má merkilegt vera hversu nákvæmlega hæstv. samgrh. hefur orðað þetta þannig að ekki hlytist tjón af.

Ég tel aftur á móti að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi staðfest það svo ekki þurfi um að deila að hann hafi setið í þessum vinnuhóp eins og fram kom því að hann gat þess hér að hann ásamt Sturlu Böðvarssyni hefði skrifað niður sérstakar athugasemdir. Og hvar voru þær athugasemdir skrifaðar niður nema hjá vinnuhópnum? Allt ber þess vegna að sama brunni í þessum efnum. Skjalið stendur fyrir sínu eins og það hefur verið prentað, sé grannt skoðað.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki skilið annað en að óhjákvæmilegt sé að endurprenta þingskjalið og óska eftir að forseti gefi úrskurð um það. Mér finnst ekki ástæða til að tala frekar um þetta úti í bæ eða gera úr þessu stórmál. Ríkisstjórnir geta skipað starfshópa að vild en það er ekki hægt að una því fyrir flokk í stjórnarandstöðu sem tekur þátt í slíkum störfum að ekki sé getið um efnislegar bókanir sem eru jafnþýðingarmiklar og sú sem ég las hér upp áðan. Hitt læt ég liggja á milli hluta hvaða augum hæstv. forseti lítur persónulega á það hvernig stjórnarandstaða eigi að haga sér í starfshópum. Ég held að hæstv. forseti verði að tala um það við sjálfan sig. En ég fer sem sagt fram á það að þingskjalið verði leiðrétt þannig að sannleikurinn komi fram. Ég er ekki að fara fram á að það sé umskrifað eða neitt slíkt, bara að þessi bókun komi fram þannig að það sjáist í þingskjalinu hvernig starfslyktir urðu í nefndinni. Eins og þingskjalið liggur fyrir er það villandi og það getur ekki verið hugsun hæstv. ráðherra að skilja þannig við starfshópinn og þetta mál.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé langeinfaldast að ég leysi þetta mál með því að lýsa því yfir við hv. þm. að ég skal beita mér fyrir endurprentun skjalsins og birta bókun fulltrúa Sjálfstfl. í greinargerð tillögunn-

ar. Það er sjálfsagt mál. Úr því að honum er slíkt kappsmál að svo rækilega sé vakin á henni athygli, þá skal ég gera það.

Ég vísa því hins vegar á bug að það hafi verið ætlunin að setja þetta mál fram villandi með nokkrum hætti. Ég hóf mína framsöguræðu á því um leið og ég gerði grein fyrir störfum hópsins að lesa upp bókun sjálfstæðismanna og vakti þar með sérstaka athygli á henni í raun og veru. En sjálfsagt mál er að endurprenta þingskjalið. Þeir verða væntanlega greiðlega við beiðni um það hjá Gutenberg og verður þá öllu til haga haldið. Ég tel að vísu að það séu ákveðin mistök hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að þvo svo vandlega af sér höfundarréttinn af svo góðu plaggi. Ég held að hann væri fullsæmdur af því að eiga þarna ákveðinn meðhöfundarrétt, þó sjálfsagt sé að geta þess fyrirvara sem fulltrúar Sjálfstfl. kusu að hafa.

Um það atriði hvers vegna hann er til kominn er mér ekki alveg ljóst. Ég óttast að einhver misskilningur hafi þar orðið. En það er rétt sem ráða má af bókuninni að ákveðnar grundvallarspurningar sem lutu að breyttum forsendum fjáröflunar til vegamála, m.a. á þessu fjárlagaári, voru kynntar í ríkisstjórn og þingflokkum, ósköp einfaldlega til þess að kanna hvort þingmeirihluti væri fyrir hendi og hvort það fengist samþykkt í stjórnarliðinu að fram kæmi stjtill., eins og vegáætlun jafnan er, sem fæli í sér slíkar breytingar. Það var einfaldlega, eins og ég skildi málið, mat forsvarsmanna hópsins að ekki þyddi að halda starfinu lengra áfram á þeim grundvelli sem þar var orðinn fyrr en þetta lægi ljóst fyrir, fyrr en ljós væri stuðningur við þessar breytingar sem m.a. fela í sér aukið framkvæmdafé til vegamála á þessu ári og styrkari forsendur tekjuáætlunar vegáætlunar til frambúðar. Þetta var talið að þyrfti að liggja fyrir áður en unnt væri að halda starfinu lengra. Þetta eru nú þær skýringar sem ég kann helstar efnislegar á málinu ef menn vilja heyra þær líka.

En ég vona að við getum varið tíma okkar nú senn til þess að ræða efni málsins því að ég er tilbúinn að beita mér fyrir því að þingskjalið verði prentað upp og í inngangi eða á hæfilegum stað komi þessi bókun fulltrúa Sjálfstfl. sem þeim er mjög umhugað um eða a.m.k. þeim þeirra sem hér situr á hv. Alþingi. Og þá, ef ástæða þykir til, setja hana í það samhengi við orðalag annars staðar í greinargerðinni að gersamlega sé fyrirbyggður allur missilningur um það efni. Staða fulltrúa Sjálfstfl., þeirra tveggja sem þar sátu fyrir þann flokk, verði alveg morgunljós, eins og ónefndur embættismaður ríkisins mundi kannski orða það.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra fyrir að fallast á beiðni mína. Ég hafði ekki búist við því að taka upp efnislegar umræður um vegáætlunina undir liðnum um þingsköp. Mér hefur skilist á hæstv. forseta stundum a.m.k. að það sé viðkvæmt um hvað megi tala undir liðnum þingsköp og ekki á það treystandi að það standi að maður megi ræða þingsköp, jafnvel þó maður hafi gert um það samkomulag áður. En vegna ummæla hæstv. samgrh. er óhjákvæmilegt að það komi fram að ég hafði síður en svo neitt við það að athuga að hæstv. samgrh. tæki hluta vegáætlunar út úr nefndinni og fjallaði um þá sérstaklega í sinni ríkisstjórn og meðal stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar. En ég vek athygli á að þá breytir nefndarstarfið auðvitað um eðli. Ég hef ekkert við vinnubrögð ráðherrans að athuga. Málið var tekið út úr nefndinni af honum og stjórnarflokkunum og lyktir urðu síðan þær að einn lokafundur til frágangs var haldinn í nefndinni. Þetta vita menn. Um þetta verður væntanlega talað efnislega á eftir, en ég vildi að það kæmi fram að ég hafði síður en svo neitt við vinnubrögð hæstv. ráðherra að athuga í þessu sambandi.

(Sjá umræður um vegáætlun 1991–1994 hér á eftir.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Vegáætlun 1991–1994, fyrri umr.

Stjtill., 398. mál. — Þskj. 716.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vona að allir hv. alþm. séu sáttir við þá tilhögun sem við tímans vegna og til þæginda auka höfum hér á því að ræða þessi tvö náskyldu dagskrármál, vegáætlun og langtímaáætlun. En þannig háttar til, eins og menn þekkja, samkvæmt þingsköpum að þegar um staðfestingu meiri háttar framkvæmdaáætlana er að ræða er ótakmarkaður ræðutími eins og nauðsynlegt er. Við ættum því að geta komið öllu til skila sem okkur langar til í þeim efnum.

Tillaga sú til vegáætlunar fyrir yfirstandandi og næstu þrjú ár, árin 1991–1994, sem er á þskj. 716, tekur til hins fyrsta af þremur tímabilum langtímaáætlunar þeirrar sem mælt var fyrir hér áðan. Það má segja að í þessari vegáætlun sé nánari útfærsla og ýmsar ákvarðanir fólgnar sem taka til stefnumiða og grundvallar langtímaáætlunarinnar. Ég mun því fyrst og fremst víkja að slíkum málum í þessari framsögu fyrir vegáætluninni en vísa að öðru leyti um stefnumál og hina stærri þætti til þess sem áður var sagt í framsöguræðu um langtímaáætlun.

Till. er með hefðbundnu sniði, þ.e. í henni er að finna áætlun um fjáröflun næstu fjögur ár, svo og skiptingu útgjalda á helstu liði. Þá er þar að finna skrá um þjóðvegi og flokkun þeirra, svo og um aðalfjallvegi.

Í athugasemdum með till. koma fram skýringar á einstökum liðum hennar auk ýmissa upplýsinga um vegakerfið. Rétt er að geta þess í upphafi að allar tölur eru settar fram á sama verðlagi, þ.e. verðlagi þessa árs, verðlagi gildandi fjárlaga, og eins og ég reyndar tók fram í máli mínu þegar ég mælti fyrir langtíma-

áætlun eiga því allar tölur í þskj. báðum að vera sambærilegar.

Ef ég vík fyrst að helstu þáttum till. og þá fjármögnunarhlutanum fyrst er það að segja að framlag úr ríkissjóði á yfirstandandi ári upp á 350 millj. kr. mun renna til að hefja jarðgangaframkvæmdir á Vestfjörðum. Að öðru leyti er eingöngu um að ræða markaða tekjustofna en gert er ráð fyrir bættri nýtingu þeirra frá því sem nú er og stefnt er að því að ná fullri nýtingu hinna mörkuðu tekjustofna á áætlunartímabilinu. Meðal þess sem gera þarf til að svo megi verða má nefna eftirfarandi: Bensíngjald og þungaskattur hafa ekki hækkað í takt við verðbólgu á undanförnum árum og hefur þannig myndast nokkur slaki í þessa gjaldstofna. Reiknað er með að þessum slaka verði að mestu náð upp á þessu ári, þó þannig að mestu hækkanirnar koma til framkvæmda á síðustu mánuðum ársins og er þannig tekið mið af þeim takti og þeim viðmiðunartíma sem gildandi kjarasamningar ná til.

Afsláttur af bensíngjaldi af blýlausu bensíni hefur verið í gildi síðan í júnímánuði 1989 og nemur hann um 8,5%. Var þetta gert, og mjög svo réttilega að mínu mati, til þess að hvetja til aukinnar notkunar blýlauss bensíns, hefur enda markaðshlutdeild þess farið vaxandi og er nú komin í um 60%. Reiknað er með að sú þróun haldi áfram, ekki síst eftir tilkomu 95 oktana blýlauss bensíns. Þar með er þessu upphaflega markmiði í raun og veru náð og sú þróun í notkun þessara orkugjafa fram komin og á réttri leið sem stefnt var að með því að mynda ákveðinn verðmun blýlausu bensíni í hag á árinu 1989. Hitt er svo annað mál að eins og þessir afslættir eru nú framkvæmdir, þ.e. í formi beinna afslátta frá bensíngjaldi, draga þeir úr tekjum Vegasjóðs nema unnt sé að vega þann tekjumun upp með einhverjum öðrum hætti. Það var að sjálfsögðu ekki markmiðið á sínum tíma þegar þessi verðmunur á blýlausu bensíni annars vegar og blýbensíni hins vegar var myndaður að það skyldi koma fram sem sérstök tekjurýrnun hjá Vegasjóði. Hér var verið að kalla fram ákveðin markmið sem tengjast umhverfisvernd og mengun. Nauðsynlegt er því að mínu mati að finna farveg fyrir framkvæmd þessa markmiðs þannig að það valdi Vegasjóði ekki tekjutapi.

Hafa tvær leiðir einkum verið ræddar í því skyni, þ.e. að halda áfram mismunandi bensíngjaldi á blýlausu bensíni og blýbensíni en hækka þá heimild til álagningar bensíngjalds, lyfta þakinu sem svo er nefnt þannig að meðaltalstekjur geti, þrátt fyrir mismunandi bensíngjald á blýlausu bensíni og blýbensíni, orðið eins og að tekjustofninum væri beitt til fulls. Þyrfti þá að lyfta viðmiðuninni eða þakinu um allnokkur prósent til að ná þessum meðaltalstekjum inn óbreyttum. Hin aðferðin sem nokkuð hefur verið rædd er sú að búa þennan verðmun til með mismunandi tollprósentu á þessum tveimur tegundum bensíns. Báðar þessar leiðir kalla á lagabreytingar. Breyta þarf lögum um tekjuöflun til vegamála eða tollalögum, og er nú í undirbúningi frv. þar sem ákvörðun mun birtast um hvor þessara leiða verður valin og hvernig hún verður útfærð og verður slíkt frv. lagt hér fyrir. Rétt er þó að taka fram að ekki er gert ráð fyrir áhrifum af þessum breytingum á tekjur Vegasjóðs á þessu ári, þannig að í raun og veru þarf fyrst og fremst að tryggja að á næsta ári verði fundin og lögfest leið til að sjá til þess að þessi verðmunur á blýlausu bensíni og blýbensíni geti haldist án þess að það valdi tekjutapi hjá Vegasjóði.

Þá má nefna innheimtu þungaskatts en þar er um tvenns konar breytingar að ræða sem áhrif hafa á þessar tekjuforsendur. Annars vegar er þar rætt um að breyta innheimtukerfinu þannig að innheimtan fari fram mánaðarlega samkvæmt áætluðum akstri og áætlun síðan leiðrétt þegar álestur fer fram, en það er nú þrisvar á ári. Mundi þetta skila tveimur aukamánuðum í innheimtu undir lok þessa árs og er reiknað með þeim tekjuauka hér. Auk þess eru vonir bundnar við að bætt skattskil með tíðari og um leið lægri greiðslum komi til. Þessi breyting eða önnur sambærileg sem skila mundi sömu tekjuniðurstöðu kallar enn fremur á lagabreytingu og er slík breyting nú í undirbúningi. Hin meginbreytingin sem tengist innheimtu þungaskatts er sú að rætt hefur verið um nýja tegund ökumæla sem, ásamt auknu eftirliti, eigi að koma að mestu leyti í veg fyrir undanbrögð frá skattinum, en þau eru eða hafa verið talin allveruleg á undanförnum árum. Nokkuð meiri tíma tekur að hrinda þessari breytingu í framkvæmd og er miðað við að tekjuauki frá þessum aðgerðum komi fram á nokkrum næstu árum.

Niðurstöður fjáröflunar 1991 verða samkvæmt þessari áætlun 5.540 millj. kr. og hefur þá verið tekið tillit til áðurnefnds ríkisframlags og tíðari innheimtu þungaskatts að upphæð 170 millj. kr. Er þetta allnokkur aukning á framkvæmdafé til vegamála í samanburði við undanfarin ár. Fjármagn vex síðan út tímabilið sem þessi vegáætlun tekur til. Sú aukning á sér þær skýringar í tekjuforsendum sem hér hafa verið raktar en að auki er reiknað með að umferð aukist um 2–2,5% á ári og tekjustofnar stækki að sama skapi.

Vegaflokkun. Í vegalögum eru lagðar meginlínur um skiptingu vega í vegaflokka. Í þáltill. eru allir þjóðvegir taldir upp og gerð grein fyrir skiptingu þeirra í stofnbrautir og þjóðbrautir. Með hliðsjón af ákvæðum vegalaga eru gerðar nokkrar tillögur um breytingar á skiptingu þessari. Stafa breytingar þessar annars vegar af aukinni umferð í samræmi við þau ákvæði vegalaga að vegir þar sem innan tíu ára megi búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina skuli vera stofnbrautir. Hins vegar eru breytingar sem stafa af þeim ákvæðum vegalaga að stofnbrautir skuli vera þeir vegir sem ná til 1000 íbúa svæðis. Er í samræmi við þetta ákvæði lagt til að tenging um uppsveitir Suðurlands, frá Flúðum um Geysi að Laugarvatni, verði stofnbraut. Einnig tenging um Borgarfjarðardali, tenging yfir Þverárfjall og Kísilvegur. Þessar breytingar eru í samræmi við tillögur starfshóps um langtímaáætlun.

Næst er að víkja að gjaldahlið áætlunarinnar. Þar kemur fyrst að liðnum Stjórn og undirbúningur. Fjárveiting til þessa liðar er svipuð og verið hefur en fer örlítið hækkandi á tímabilinu. Verður ekki hjá því komist þar eð verkefnin verða sífellt umfangsmeiri og flóknari og þarfnast samráðs og umsagnar fleiri aðila

en áður var. Þá eru kröfur um aukna upplýsingaþjónustu stöðugt vaxandi. Viðhaldi og þjónustu og nýmælum í þessum liðum voru gerð skil í stórum dráttum í tengslum við langtímaáætlun. Hér er þess fyrst að geta að talan 6 hefur fallið niður í niðurstöðutölu Almennrar þjónustu 1991. Ef menn líta á bls. 2 í þskj. sést þar undir stafliðnum 2.2. Viðhald þjóðvega, þar sem er dregin saman niðurstöðutala 2.2.1. Almenn þjónusta, þar hefur talan 6 fallið niður í prentun og á að standa 657 í staðinn fyrir 57 millj. kr.

Þá er rétt að undirstrika að fjárveiting til þessara verkefna þarf að aukast mjög á næstu árum og er gert ráð fyrir því hér. Allra helst á þetta við um viðhaldið sem mest hefur liðið fyrir fjárvöntun undanfarin ár, enda verður það eðli málsins samkvæmt eins konar afgangsstærð innan viðhalds- og þjónustuliðanna. Þessi vöntun kemur harðast niður á styrkingum og viðhaldi malarvega. Í samræmi við það aukast fjárveitingar mest til þessa liðar á tímabilinu. Þá má benda á að fjárveiting til vegmerkinga og umferðaröryggis er mun hærri en verið hefur og fer vaxandi á tímabilinu. Um viðhalds- og þjónustuliðina má segja að flestir þeirra snúa mjög að vegfarendum og ráða mestu um það hvort þeir komast leiðar sinnar greiðlega og örugglega.

Um nýbyggingu vega og brúa. Eins og áður var getið um tekur till. sú sem hér liggur fyrir til fyrsta tímabils langtímaáætlunar. Í framsögu fyrir þeirri áætlun var gerð grein fyrir þeim atriðum sem höfð voru í huga við skiptingu fjármagns milli verkefnaflokka. Venja hefur verið að fjvn. fjalli um skiptingu fjármagns til einstakra kjördæma, stórverkefna og sérstakra verkefna á stofnbrautum og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Við vinnu að undirbúningi langtímaáætlunar voru kannaðar aðferðir þær sem notaðar hafa verið við skiptingu fjármagns milli kjördæma. Niðurstaða starfshópsins varð sú að farsælast væri að nota þessar reglur áfram enda sé endurreiknað reglulega, þannig að tekið sé tillit til breytinga sem verða á vegakerfinu, m.a. vegna framkvæmda á því. Kemur þá til kasta fjvn. að fara yfir þessar reglur og breytingar á tölugildum við nýja útreikninga.

Eins og gert var grein fyrir áður er í langtímaáætlun gerð tillaga um skiptingu fjármagns til stórverkefna á tímabil. Þessar tillögur verða að sjálfsögðu lagðar fyrir fjvn. til nánari útfærslu og skoðunar. Um aðra útgjaldaliði má að mestu vísa til þess sem sagt var hér áður í tengslum við langtímaáætlun svo og til athugasemda við tillögur um vegáætlun. Einungis vil ég geta tveggja liða undir Fjallvegum. Reiknað er með að lokið verði við að leggja bundið slitlag á núverandi vegakerfi innan þjóðgarðsins á Þingvöllum á þessu tímabili. Þá gefst svigrúm til að auka fjárveitingu til þjóðgarðavega og vega að fjölsóttum ferðamannastöðum. Er það mjög brýnt og mörg verkefni þar sem bíða þess að fá einhverja úrlausn. Reyndar á það við um fjallvegaliðinn í heild og er í till. sýnd viðleitni til að þoka málum í rétta átt á því sviði.

Ég vil, hæstv. forseti, að lokinni þessari stuttu framsögu fyrir till. um vegáætlun leggja til að henni verði vísað til hv. fjvn. Mér er að vísu kunnugt um að nefndin hefur, eins og stundum áður, þegar hafið vinnu á þessu sviði og þá er einnig hafin vinna og viðræður við þingmannahópa hinna ýmsu kjördæma um útkomu vegamála á þeirra svæði. Ekki er að efa að allir þeir sem að þessu máli koma munu leggja sig fram um að leita eftir samstöðu og farsælli lausn og niðurstöðu eins og jafnan er.

Ég vil svo að lokum, af því að hér eru tvær viðamiklar og afdrifaríkar till. á ferðinni, leyfa mér að vona að vel takist til með afgreiðslu á þeim báðum. Þó svo að mér sé fullljóst að skammur tími er til stefnu og annir verða miklar hér á hv. Alþingi síðustu vikurnar veit ég, og þekki reyndar af eigin raun, að hv. alþm. telja það ekki eftir sér að leggja vinnu í þessi mikilvægu mál. Því verður ekki á móti mælt að afar mikilvægt væri ef hægt væri að festa þennan framkvæmdaflokk í sessi með áætlanagerð á Alþingi af því tagi sem hér er í tveimur þáltill. gerð tillaga um.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir tveimur till. Í fyrsta lagi till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð og í öðru lagi till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994. Ég hjó eftir því að í lok ræðu sinnar óskaði hæstv. ráðherra eftir því að þessar till. báðar mættu hljóta góða umfjöllun og um þær mætti takast samstarf hér á Alþingi og takast mætti að ljúka afgreiðslu þeirra þótt skammt væri til þingloka. Ég hlýt að segja það hér að það er óviðunandi að hæstv. ráðherra skuli leggja svo seint fram þessi þýðingarmiklu þingmál. Það er mælt fyrir þessum tillögum þann 28. febr. þegar gert er ráð fyrir að þingi ljúki um 15. mars eða að hálfum mánuði liðnum. Þetta eru auðvitað ekki viðunandi vinnubrögð. Það kann að vera að ýmsar orsakir hafi legið til grundvallar því að tafist hafi að ná saman tillögu um langtímaáætlun í vegagerð en hitt liggur alveg ljóst fyrir að það á að vera í lófa lagið að hafa lokið vinnu við undirbúning till. til vegáætlunar fyrir árin 1991–1994 miklu fyrr en þetta. Það kemur engum á óvart að sú till. þurfi að koma hér til meðferðar og afgreiðslu. Það hefur legið fyrir. Það er samkvæmt lögum regluleg endurskoðun vegáætlunar á þessu Alþingi. Og ég endurtek, það er óviðunandi að bjóða Alþingi upp á það að hafa einungis hálfan mánuð til þess að fjalla um þetta þýðingarmikla mál og ekki síður fyrir það að þau eru nú tvö. Þetta hlýt ég að taka fram alveg skilmerkilega. Þótt það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að hv. alþm. eru því vanir að þurfa að leggja á sig mikla vinnu og það á skömmum tíma, þá eru samt hér mál á ferðinni sem stundum kemur fyrir að menn verða ekki fyrsta kastið á einu máli um og það þarf tíma til þess að vinna slík mál, jafnþýðingarmikil og þessi eru.

Að þessu loknu vil ég taka fram að það hefur auðvitað oft tekist gott samstarf um vegamál hér á Alþingi og ég tek undir það að það er ákjósanlegt að svo geti verið. Hér var áðan undir liðnum um þingsköp rætt um form á tillögu um langtímaáætlun í vegagerð þar sem ekki kom fram í athugasemdum með tillögunni sjálfri bókun sem tveir nefndarmenn höfðu gert

varðandi þá tillögu sem mótuð var í starfshópi sem um það mál fjallaði, starfshópi sem skipaður var af hæstv. samgrh. Ég vil lýsa því hér yfir í upphafi minnar ræðu að ég tel að þessar athugasemdir eigi við full rök að styðjast. Venjan er sú ef skilur á milli í starfshópi þannig að hluti nefndarmanna skrifar sérstaka bókun og skilar sérstöku áliti, þá komi það fram í þskj. þegar það mál er flutt sem byggist á þeirri vinnu sem sá starfshópur leysti af hendi. Þannig að það er fullkomlega eðlilegt.

Til þess að eðlilega hefði verið að málum staðið í þeim starfshópi, og nú átti ég ekki þar sæti, þá sýnist mér að það hefði verið eðlilegt að einn fulltrúi stjórnarliða og einn fulltrúi stjórnarandstöðu ásamt þriðja fulltrúa, sem kæmi væntanlega frá Vegagerð ríkisins fremur en samgönguráðuneyti, hefðu það með höndum að móta frumtillögur. Það væri sem sagt skipuð undirnefnd í starfshópnum til að móta frumtillögur og fulltrúi úr stjórnarandstöðuflokkunum ætti fulla aðild að því og legði þannig grunninn að því samkomulagi sem hæstv. ráðherra var hér að fara fram á.

Mér er ekki kunnugt um hvort þetta hefur verið gert en þetta er sú eðlilega vinnuregla sem nauðsynlegt er að hafa í heiðri ef menn ætla sér að ná saman um mál. Ef á hinn bóginn er þannig haldið á málum að ríkisstjórn eða ríkisstjórnarfulltrúar koma með allar tillögur heiman frá sér og leggja þær fyrir nefndina og stilla nefndarmönnum upp við vegg þá er auðvitað ekki von á að vel fari um samkomulagið. Þetta er kannski nokkur útúrdúr en aðeins til að leggja áherslu á að það skiptir máli hvernig að slíku undirbúningsverki er staðið.

Ef ég sný mér í örfáum orðum að þeirri till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð sem hér hefur verið mælt fyrir þá sýnist mér að við þá till. sé eftir mikið starf og að til mikils sé ætlast af hæstv. ráðherra ef það á að takast að afgreiða þá till. á þessu þingi. Ég sé að þrátt fyrir það að byggt væri á öllum þeim grunntölum sem hér liggja fyrir um fjármagn og jafnvel um skiptingu á verkefni milli vegaflokka og milli rekstrar o.s.frv., þá er eftir mjög mikið starf til þess að greina það í sundur á hvaða tíma hvert verk fyrir sig skuli unnið. Og þar fer að reyna á um samkomulagið þó ekkert sé nú annað. Og miðað við þann skamma tíma eða hálfan mánuð sem nú er eftir af þingi samkvæmt starfsskrá Alþingis sem sett var í haust, þá sýnist mér að það sé til mikils ætlast að þetta megi takast. Ég ætla ekki að vera hér með fullyrðingar um það því að þetta verk er í rauninni ekki hafið en það er augljóst að það má ekki mikið út af bera ef það á ekki að mistakast.

Þá liggur það fyrir að samkvæmt þessari langtímaáætlunartillögu sem hér er á dagskrá eru gerðar miklar áherslubreytingar á skiptingu fjármagns til framkvæmda í vegamálum. Það kom raunar einnig skýrt fram í ræðu hæstv. ráðherra. Það kemur fram að það verður nú lögð aukin áhersla á stórverkefni, þ.e. jarðgangagerð, gerð stórbrúa og það sem hæstv. ráðherra kallaði þverun, sem er nýyrði sem ég veit ekki hvort hann hefur búið til en ég kann ekki sérstaklega vel við. En það mun eiga að þýða það að leggja eigi veg þvert um fjörð. Sýnist mér að íslenskan hafi átt nógan orðaforða til þess að mætti koma þessu hugtaki á framfæri án þess að búa til þetta orðskrípi, en sleppum því nú. En þessir þættir vegamála, þessar stórframkvæmdir taka samkvæmt þessari langtímaáætlun til sín mjög aukið fé. Enn fremur annar flokkur vegamála sem eru stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Það er nú einu sinni svo að þegar slíkar áherslubreytingar verða þá er minna eftir fyrir aðra því sama fé verður ekki notað tvisvar. Það þýðir að hin almenna vegagerð í landinu verður að þoka, bæði slitlagsframkvæmdir á stofnbrautum og þjóðbrautum og þjóðbrautirnar sem setið hafa eftir. Sem sagt allir aðrir þættir vegamála verða að þoka fyrir hinum nýju áherslum.

Ég man eftir því að sl. haust ritaði einn af yfirverkfræðingum Vegagerðar ríkisins forustugrein í blaðið Vegamál, sem Vegagerðin gefur út, undir fyrirsögninni "Slitlagatímabilinu lokið." Þessi fyrirsögn og sú grein bar það með sér að þær áherslubreytingar, sem hæstv. ráðherra er að beita sér fyrir, þýða það að svo mikill hluti fjármagnsins er tekinn í stórframkvæmdir í veggöngum, stórbrúum og í framkvæmdum hér á höfuðborgarsvæðinu að miklu minna fé en áður var er varið til að halda áfram við almenna vegagerð, þar á meðal venjulegar slitlagsframkvæmdir. Og í framhaldi af því sem gerst hefur í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar og þessa hæstv. ráðherra hefur mjög dregið úr hinum svokölluðu slitlagsframkvæmdum. Mig minnir að það hafi verið árið 1988 sem hafi verið metár í slitlagsframkvæmdum (**Gripið fram í:** 1987.) eða 1987. Þá hafi verið lagt slitlag á um 305 km samtals. En á síðasta ári mun þetta hafa verið fallið niður undir 100 km. Horfurnar eru sem sagt á þá lund miðað við þessar áætlanir að þróunin verði í sömu átt, sem auðvitað varð hvatning til þess að einn af hinum mætu starfsmönnum Vegagerðar ríkisins skrifaði þessa grein undir fyrirsögninni: Slitlagatímabilinu lokið.

Það er óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir þessu og það er líka óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því að þeir þættir þjóðvegakerfisins, sem voru látnir þoka á því langtímaáætlunartímabili sem lýkur 1993, þ.e. þjóðbrautirnar, þær verða þá líka skildar eftir á næsta langtímaáætlunartímabili. Kannski ekki alveg skildar eftir en það kemur ekkert af því sem menn höfðu talað um, að þessum þætti vegamála yrði sinnt í vaxandi mæli að loknu því langtímaáætlunartímabili sem senn lýkur. Þetta er vitaskuld mjög alvarlegt vegna þess að menn hafa sætt sig við það að láta þennan vegaflokk, þ.e. þjóðbrautirnar, sitja á hakanum til að koma áfram meginvegaköflum og aðalveginum, stofnbrautunum um landið, en þegar síðan tekur við nýtt tímabil og þessum vegaflokki á ekki að sinna neitt í vaxandi mæli á því tímabili þá óttast ég að það valdi mikilli óánægju.

Nú er ég ekki að segja það með þessum orðum mínum að ýmsar stórframkvæmdir og framkvæmdir á höfuðborgarsvæði séu ekki nauðsynlegar, en það er hins vegar svo að þarna verður að reyna að sigla á milli með þeim hætti að sanngirni sé sýnd. Ég tel að það séu

nokkur brigð í því fólgin ef ekki tekst með neinum hætti að sinna þjóðbrautum í ríkari mæli á næsta langtímaáætlunartímabili heldur en var á því sem nú er senn að ljúka vegna þess að löngum hefur verið sagt: Þegar þessu tímabili er lokið þá kemur röðin að ykkur. Í því eru þess vegna fólgin nokkur brigð og það er alltaf erfitt að halda þannig á málum.

Ég veit að víða hvar um land og raunar hvarvetna um land eru verulegar framkvæmdir sem bíða í stofnbrautum og ef það er svo, sem ekki kemur fram í þessari till., að það verði ekki hægt að sinna þeim til loka þessa áætlunartímabils með sama hætti og gamla langtímaáætlunin gerir ráð fyrir, ja þá er illa farið. Og það þarf að koma fram í þeirri vinnu sem er ólokið og kemur til kasta fjvn. og Alþingis. Ég veit að margir vegagerðarmenn, t.d. í mínu kjördæmi, þekkja að það er búið að bíða ærið lengi eftir aðgerðum á Siglufjarðarvegi. Og það hefur auðvitað valdið mikilli óánægju í því byggðarlagi að þær framkvæmdir hafa verið settar — ja seinast á það tímabil sem enn stendur. En ef þessar áherslubreytingar sem hæstv. ráðherra kynnir hér með þessum tillögum valda því að til að mynda slíkir vegir og framkvæmdir á slíkum vegum dragast lengur heldur en áður var áætlað, þá er það sannarlega illa farið. Ég ætla ekkert að fullyrða hvernig um það fer því það mun koma í ljós í þeirri vinnu sem eftir er að leggja í af hálfu fjvn. og Alþingis.

Hæstv. ráðherra sagði að gert væri ráð fyrir að svipað magn, og í framtíðinni heldur meira fjármagn, gengi til sýsluvega en verið hefði að undanförnu. Það út af fyrir sig er vel. Ég vek hins vegar athygli á því að við þá breytingu sem varð þegar ríkið samkvæmt nýjum verkaskiptalögum tók yfir þennan framkvæmdaflokk að fullu, sem áður hafði verið fjármagnaður að $^1/_3$ af sýsluvegasjóðum, þá var því á fyrsta ári ekki sinnt af hálfu ríkisins og að því leyti á árinu 1990 brást það að ríkið stæði við sinn hluta í samkomulaginu sem verkaskiptalögin byggðust á að því er þetta snertir. Það sýnist að knapplega sé fyrir þessu ætlað nú á þessu ári og raunar hinu næsta, en vel má vera að reiknað sé með því að það sé hægt að bæta það upp á síðari árum og er það vel. En þarna var um að ræða brigð á því samkomulagi sem verkaskiptalögin byggðust á á síðasta ári.

Ég skal ekki taka hér tíma til að fara ofan í einstök atriði þessarar till. til. þál. um langtímaáætlun eða víkja að fleiri efnisatriðum. Ég aðeins ítreka það að ég tel mig sjá það að við þessa till. er eftir mikil vinna. Það má án efa vinna afar skarplega ef það eiga að vera nokkrar líkur til þess að það takist að afgreiða hana á þeim skamma tíma sem eftir lifir þessa Alþingis.

Varðandi till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 ætla ég heldur ekkert að hafa mörg orð við þessa umræðu. Ég hef tækifæri til þess við síðari umræðu því ég tek það fram að ég tel nauðsynlegt að sú till. sé afgreidd, það er auðvitað nauðsynlegt, og þrátt fyrir það að hún sé svo seint fram komin sem raun ber vitni.

Hæstv. ráðherra sagði varðandi fjármögnun till. að ætlunin væri að ná upp slaka sem hefði verið að undanförnu í bensíngjaldi og þungaskatti og að þeim slaka ætti að ná upp að meiri hluta á síðari mánuðum ársins eða síðustu mánuðum ársins með hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga. Mig langar til að biðja hæstv. ráðherra að gera hér grein fyrir því hvaða hækkanir þetta eru á bensíngjaldinu og þungaskattinum sem verið er að tala um, bæði í krónum og dagsetningum. Ég held að það sé eðlilegt að hæstv. ráðherra geri hér fullnægjandi grein fyrir þessum þáttum.

Ef hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórn ætlar að halda á því með þeim hætti að meginþungi þessara hækkana komi fram á síðustu mánuðum ársins með tilliti til kjarasamninga, eins og hér var orðað, þá er það auðvitað eitt dæmið enn um það hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta hækkanir koma til framkvæmda þar sem hún hefur til þessa kallað „eftir þjóðarsátt", þ.e. þegar þessu þjóðarsáttartímabili sem nú stendur er lokið þá eigi að láta skeika að sköpuðu um hvernig fer um kaupgjalds- og verðlagsþróun í landinu. Hér er auðvitað eitt dæmið enn um slíka hluti og þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra, sem ég veit að hann hefur auðvitað gert sér alveg fulla grein fyrir, hvað þetta þýðir í dagsetningum og í krónum og aurum sem hann var hér að boða um hækkun bensíngjaldsins og þungaskattsins.

Það er rétt að fjvn. hefur haldið einn fund með vegamálastjóra og forsvarsmönnum Vegagerðar ríkisins um þetta mál þar sem farið var yfir helstu grunntölur sem í þessu plaggi er að finna. Og ég ætla hér ekkert að teygja tímann með því að fara yfir þau mál. Ég tel eðlilegra að það sé gert við síðari umræðu um till. vegna þess að þá höfum við sem sæti eigum í fjvn. væntanlega enn þá nánari yfirsýn yfir það hvað þar er um að ræða og þá við afgreiðslu málsins. Ég læt því, virðulegi forseti, máli mínu lokið.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í málefnasamningi hæstv. ríkisstjórnar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Unnið verður skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum samkvæmt langtímaáætlun." Ég veit ekki hvernig ríkisstjórnin hæstv. metur það hvað áunnist hefur í samgöngumálum á því tímabili sem hún hefur setið. Það hefur í rauninni verið unnið skipulega. Það hefur verið haft mið af langtímaáætlun en því fer fjarri að þau markmið sem sett voru með henni hafi náðst.

Þessi langtímaáætlun var stefnumarkandi plagg þó hún væri aldrei samþykkt hér inni á þingi en það má ekki horfa fram hjá því að það hefur aðeins náðst að framkvæma 75% af því sem markmiðið var með þeirri langtímaáætlun því að fjármagn hefur ekki fengist til frekari framkvæmda. Eins og hæstv. ráðherra lýsti hér áðan hafa framkvæmdir í höfuðdráttum á síðustu árum reynst ódýrari en áætlað var af ýmsum orsökum, en þrátt fyrir það höfum við ekki komist lengra.

Ég átti sæti í þeirri nefnd sem vann að framtíðaráætlun þeirri sem hér er til umræðu núna og fyrsta verkefnið sem sú nefnd tókst á hendur var að finna einhverja niðurstöðu um það hvaða fjármagn væri líklegt að fengist til þeirra hluta og til ráðstöfunar á

hverjum tíma án verulegrar hækkunar á sköttum. Það kom í ljós að núv. hæstv. ríkisstjórn var ekki reiðubúin að samþykkja að það yrði neitt frekari fjármunum varið til þess heldur en raun ber vitni. Það er vitanlega mjög miður og í rauninni ekki ásættanlegt, en í ljósi þess að ekki var ætlað að leggja á frekari skatta vegna vegagerðar né vegna þeirra fjármuna sem yrðu þá teknir frá öðru til samgöngumála, þá varð þetta niðurstaðan. Síðan var markmiðssetningum hagað eftir því hvaða áföngum væri hægt að ná fyrir það fjármagn sem fyrir hendi væri á hverjum tíma og því svigrúmi sem þeir fjármunir veita. Ég tel þessa aðferð raunhæfa. En auðvitað væri æskilegra að fyrst væri litið á hvaða markmiðum við viljum ná og það væri sannarlega metnaðarfyllra að hafa það þannig. Einnig væri metnaðarfyllra að ákveðin væri einhver prósenta af landsframleiðslu til viðmiðunar við það sem verja ætti til vegagerðar eins og í rauninni var gert við fyrri langtímaáætlun í vegamálum. En stjórnvöld hafa heykst á því að standa við þá áætlun áður og mér finnst eiginlega óhófleg bjartsýni að ætla stjórnvöldum í framtíðinni það að standa við þetta að fenginni reynslu þó að það sé dálítið hart að segja það hér í þessum stól. Það eru mér sannarlega vonbrigði hvernig þetta hefur farið.

Landsbyggðin á í miklum erfiðleikum nú svo sem öllum er ljóst og góðar samgöngur og tengingar á milli byggða og atvinnusvæða eru landsbyggðinni lífsnauðsyn. Um það deila menn ekki. Það eru mér því enn meiri vonbrigði að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki treyst sér til að ákvarða að myndarlegar skuli staðið að málum nú varðandi framtíðarframlög til vegamála þrátt fyrir alls kyns fögur fyrirheit í málefnasamningum um framkvæmdir í byggðamálum og framkvæmdir og átök í málefnum landsbyggðarinnar. En þar lít ég svo á að góðar samgöngur séu forsenda fyrir bættum skilyrðum byggðanna, bæði til samvinnu þeirra og samstöðu og nauðsynlegra breytinga í atvinnuháttum og atvinnulífi.

Auðvitað er ég ekki sátt við einstök atriði í þessari langtímaáætlun. Og auðvitað er ég ekki sátt við það að markmiðin skuli ekki vera sett hærri, að ekki skuli ákveðið hér og nú að ákveðnar framkvæmdir sem eru nauðsynlegar og óumflýjanlegar og lífsnauðsyn fyrir byggðirnar, að þær skuli ekki unnar á þessu tímabili. En miðað við fjármagnsforsendur þá tel ég þessa áætlun raunhæfa og vænti þess að stjórnvöld treysti sér í framtíðinni að sjá til þess að hún gangi betur eftir en sú fyrri.

Vegáætlunina fyrir næsta tímabil mun ég ekki ræða hér. Ég geri ráð fyrir að það gefist tími til aftur að taka hana til umræðu, en þar eru ýmsir hlutir sem ég hefði viljað sjá með öðrum hætti. En ég legg enn áherslu á það að við megum ekki missa sjónar af því að ef okkur er annt um að byggð þróist á einhverjum skynsamlegum nótum úti um landið, þá eru það samgöngurnar sem ráða því fyrst og fremst og á það verður að líta.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það fyrst að afstaða mín til þessara mála á undanförnum árum hefur ekkert breyst. Ég hef talið að vegamálin, eða sá samgönguþáttur sem fjallar um vegamál, væru með þýðingarmestu málum sem varða velferð þessa lands og ég hef alltaf viljað halda því fram að aukið fjármagn til vegamála væri forgangsverkefni í sambandi við þau mál og þar með um byggðamál almennt.

Menn hafa ekki verið sammála um þessi mál að því leyti til að ég er einn af þeim sem hafa haldið því fram að það væri ekkert vafaatriði að til þess að gera það stórátak sem hér þarf að gera í vegamálum, þá þurfi að koma til erlent fjármagn. Ég hef oftar en einu sinni bent á það hér við umræður um vegáætlun að það væri stefna sem væri óhjákvæmileg miðað við það að ná verulegum árangri í því að gera stórar framkvæmdir sem blasa við öllum. Ég er þess vegna mjög hugsandi um það hvort þessi framsetning hér sinni þessum málum á þann veg að við ráðum við það miðað við þá mörkuðu tekjustofna sem Vegagerðin hefur.

Það var mikið framfaraspor að mínu mati þegar vegáætlunin um langtímaáætlun var gerð 1981. Þó að hún yrði aldrei formlega samþykkt hér á Alþingi, þá hefur verið farið eftir henni allar götur síðan og þarf ekki að efa að það er visst stjórnunarform sem Alþingi hefur afskipti af hvernig að þessu hefur verið staðið. Ég hef gagnrýnt það á undanförnum árum og gerði það sérstaklega 1989 að ekki skyldi vera hafin ný langtímaáætlun sem þó var gert ráð fyrir að yrði, vegáætlunin sem ég nefndi hér áður 1981. Sú endurskoðun átti að hefjast 1987. Þetta er mikið verk og það var alveg augljóst mál að það yrði mjög vandasamt. Ég vil einnig rifja það upp að við þá breytingu sem hæstv. samgrh. gerði 1989 á núgildandi vegáætlun, þegar stórverkin voru tekin inn, þá fannst mér og mörgum fleirum að það lægi alveg á borðinu að þessi mikla breyting sem þar var gerð, að taka þessi stórverk inn í vegáætlunina, bæði að því er varðar jarðgangagerð og höfuðborgarsvæðið, mundi þýða minnkandi framkvæmdir í almennri vegagerð. Það sem ég hef lagt þar til grundvallar er það að ég tel og það þarf ekki að rökstyðja það, það liggur alveg á borðinu, að í þeirri vegáætlun sem hefur verið unnið eftir eru hringinn í kringum landið stórverkefni í almennri vegagerð, og það eru dýrustu kaflarnir, sem hafa orðið eftir og það þarf miklu meira framkvæmdafé í þá á síðari stigum heldur en í þær framkvæmdir sem þegar er búið að vinna að. Þess vegna hef ég alltaf verið haldinn vissum ótta um það að þessari almennu vegagerð mundi verða seinkað miðað við þá ákvörðun að taka stórverkin inn í vegáætlun 1989 eins og raunin varð á, ekki síst með þeirri flýtingu sem varð á Vestfjarðagöngum samkvæmt ákvörðun ráðherra í framhaldi af því. Ég ætla ekki að eyða tíma í að rökstyðja þetta nánar, en það blasir við okkur öllum.

Á Vesturlandi erum við t.d. með gífurlega stór verkefni í almennri vegagerð. Ég þarf ekki að nefna nema veginn vestur Mýrar sem kostar fleiri hundruð milljónir. Við erum að reyna að þoka honum áfram og stefnum að því að ljúka því verki 1993, en augljóslega kemur það niður á öðrum almennum framkvæmdum

sem enn þá eru óunnar á okkar svæði í stofnbrautum sem hafa mikla þýðingu fyrir okkar samgöngukerfi.

Í sambandi við þetta get ég einnig sagt að það veldur mér nokkrum áhyggjum hvað þessi breyting að því er varðar höfuðborgarsvæðið tekur mikið til sín. Ekki það að ég sé að hafa á móti því að uppbygging við höfuðborgarsvæðið fái fjármagn og fái framkvæmdir til þess að sinna því verkefni. Hins vegar vekur athygli að þetta verkefni, höfuðborgarsvæðið, fær jafnmikið fjármagn til sín á þessu langtímaverkefni sem hér liggur fyrir í þáltill. og stórverkin sjálf í heild, þ.e. jarðgöng og annað. Þetta hlýtur að skoðast út frá því að það rýrir enn hraða framkvæmda í almennri vegagerð í heild.

Herra forseti. Ég er hér að ræða um bæði málin í einu, ég vil ekki gera greinarmun á því, báðar þáltill., þ.e. vegáætlun 1991–1994 og langtímaáætlun 1991–2002, og það má draga ályktun af því sem ég segi hér og ætla ég ekki að hafa mjög langt mál.

Á fyrsta fundi með vegagerðarmönnum í fjvn. óskaði ég eftir upplýsingum um vegakerfið eða gatnakerfið á höfuðborgarsvæðinu, hvernig það kemur fram í þessari áætlun og jafnframt vakti ég athygli á því að V. kafla vegalaga, sem er um þjóðvegi í þéttbýli og það sem því tilheyrir, er náttúrlega augljóslega orðið löngu, löngu tímabært að taka til endurskoðunar. Ég reikna með að á fundinum nk. mánudag fáum við vissar upplýsingar frá Vegagerðinni um þessi mál, en þessi kafli vegalaga er óbreyttur síðan 1977 og í raun miklu, miklu lengra síðan þessi kafli kom inn í vegamálin. Þetta er mál sem ég vænti að við fáum upplýsingar um nk. mánudag og getum þá skoðað betur þessi mál í samhengi, hvort eðlilegt sé að þessi verkefni á höfuðborgarsvæðinu plús hlutur þeirra í þjóðvegum í þéttbýli, hvort ekki sé löngu orðin þörf á því að endurskoða þetta mál.

Í sambandi við vegáætlunina sjálfa vil ég aðeins undirstrika það sem raunar hefur komið fram og kom fram hjá ráðherra að það er ákaflega mikilvægt, finnst mér, að gera sér grein fyrir því hvaða þýðingu viðhald og uppbygging vega hefur í þessari langtímaáætlun og raunar vegáætlunin sjálf einnig. Við erum með svo stórt svæði eins og ég sagði áður í almennri vegagerð og ekki síður í þjóðbrautunum, bæði stofnbrautum og þjóðbrautum, sem verða að bíða árum saman eftir varanlegri uppbyggingu og þar af leiðandi er þetta atriði mjög þýðingarmikið að fé verði aukið í þessu skyni því að fyrsti liður og aðalliður í langtímaáætluninni, bæði þeirri sem núna er í gildi og einnig þeirri sem hér er lögð til, er sá að stofnbrautir hafi fullt burðarþol, 10 tonn allt árið, svo og þýðingarmeiri þjóðbrautir. Það er þarna sem við þurfum að sjálfsögðu að leggja þunga áherslu á. Einnig það að vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er með tilliti til vetrarþjónustu. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða því að þó að menn verði að bíða í lengri tíma eftir að fá bundið slitlag á þessa vegi og fullgerða uppbyggingu, þá er ekki síður þýðingarmikið og e.t.v. þýðingarmest fyrir mörg byggðarlög að það sé fjármagn á þessum tíma þangað til kemur að fullnaðaruppbyggingu á vissum vegakerfum, þá verði hægt að miða við að það sé búið að byggja þá þannig upp að þeir þoli þessa þungaflutninga og séu sæmilega byggðir upp úr snjó. Það er hægt að ná miklum áföngum til þess að ná því markmiði með því að auka viðhald og styrkingarfé til almennrar vegagerðar, sbr. það sem hér hefur verið túlkað að væri aukning á, og ég efast ekkert um það, og sem kom einnig fram hjá hæstv. samgrh.

Það sem mig langar til að koma inn á við hæstv. ráðherra áður en lengra er haldið er að það er gert ráð fyrir því í sambandi við fjáröflun til vegagerðar að það þurfi lagabreytingar, bæði að því er varðar bensín og eins þungaskatt og nýjar tegundir ökumæla o.s.frv. Nú er ljóst að það er vafasamt að þau lagaákvæði nái fram að ganga á þessu þingi sem nú á eftir nokkra daga og þá er spurningin sú: Er ekki gert ráð fyrir því að það fjármagn sem þessar lagabreytingar gefa, er gert ráð fyrir því í því fjármagni sem hér er til vegaframkvæmda, bæði í vegáætluninni fyrir 1991–1994 og í langtímaáætluninni þannig að það er ljóst að það er búið að reikna með þessu fjármagni? Ég a.m.k. óska eftir að það sé staðfest. Hins vegar verðum við að gera okkur grein fyrir því að þarna á Alþingi eftir að taka mikilvæga ákvörðun sem tengist stefnunni í fjáröflun til vegagerðar almennt í þessum þáltill.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að öðru leyti að gera athugasemdir við fjármögnunarkaflann. Það var búið að fjalla um það m.a. í mínum þingflokki. Hins vegar get ég endurtekið það sem ég sagði hér áðan að ég er enn þá á þeirri skoðun að stórir hlutar af þessum stórframkvæmdum, sem hér er talað um, þurfi meira fjármagn í lántökum heldur en tekjustofnarnir segja til um ef á að ná viðunandi áföngum á því tímabili sem hér er talað um.

Mig langar aðeins til að koma inn á tvö mál að því er varðar mitt kjördæmi, þó ég muni gera það nánar þegar kemur að síðari umræðu þessara mála. Þá er það fyrst eitt stærsta mál í mínu kjördæmi sem tengist að vísu öðru kjördæmi, þ.e. Vestfjörðum, og það er vegurinn yfir Gilsfjörð. Ég tel ástæðu til að taka það fram hér að við þingmenn Vesturlands og Vestfjarða höfum haldið marga sameiginlega fundi um þetta mál, ýmist með heimamönnum á heimavettvangi, ef ég má orða það svo, og einnig hér inni á Alþingi, um það hvernig standa skuli að þessum málum. Við höfum lýst því yfir, og raunar má segja stigið á stokk og strengt þess heit, þessir þingmannahópar, að vinna að því að um leið og veginum og brúnni yfir Dýrafjörð yrði lokið, sem er reiknað með að ljúki 1992, þá taki við nýtt sameiginlegt verkefni sem hefjist þá þegar, þ.e. vegur eða brú yfir Gilsfjörð. Undirbúningur þessa verks er mjög vel á veg kominn. Á undanförnum árum hefur verið veitt fjármagn til að gera verkáætlun eða úttekt á þessu verki þannig að það er ekkert slíkt sem hamlar og allar samþykktir samtaka sveitarfélaga, bæði á Vestfjörðum og á Vesturlandi, hafa hnigið að því að þessi framkvæmd hefjist 1993 og verði helst lokið á þessu tímabili. Í langtímaáætluninni sem hér liggur fyrir er hins vegar gert ráð fyrir því að framkvæmdin verði aðallega á öðru tímabili, þ.e. 1995 og þá á næstu tveimur, þremur árum. Hins vegar er sett þarna inn

opnunarupphæð, 15 millj., á fyrsta tímabilið, 1994. Þessi fjárhæð er að mínu mati allt of lítil til þess að hægt sé að sætta sig við það í fyrstu umferð. Ég tel að við þingmenn þessara tveggja kjördæma séum búnir að gefa út vissar skuldbindingar sem við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að við sé staðið. Þar af leiðandi munum við mjög leita eftir því á hvern hátt væri hægt að lagfæra þessa tillögu að því leyti til að Gilsfjörður kæmi að stærri hluta en hér er lagt til inn á fyrsta tímabilið heldur en þessar 15 millj. segja til um.

Þetta er atriði sem ég tel mikilvægt að komi hér fram strax því að þessi vegagerð hefur slíkar afleiðingar að hún tengir þarna saman svæði sem standa höllum fæti í byggðamálum, þ.e. Dalabyggð og Austur-Barðastrandarsýslu, og þegar ákvörðun var tekin um það að sameina hreppana í Austur-Barðastrandarsýslu, þá var það eitt af meginmálum til þess að koma þeirri sameiningu á að stjórnvöld mundu taka saman höndum um það að gera að veruleika að tengja þessar byggðir saman með brú eða vegi yfir Gilsfjörð. Um þetta hefur ekki verið neinn ágreiningur. Þetta er að hluta til þegar sameiginlegt þjónustusvæði, að því er varðar heilsugæslu og annað, en það er búið að færa margvísleg rök fyrir því hvaða gífurlega þýðingu þetta mundi hafa til að styrkja þessar byggðir, tengja fólk þarna saman í atvinnusvæði og lagfæra ýmislegt annað í rekstri þessara byggðarlaga sem er dýrt í dag en mundi taka allt aðra stefnu ef þetta væri orðið sameiginlegt svæði sem tengdist þarna saman.

Ég tel rétt að láta þetta koma fram nú þegar vegna þess að það voru mjög mikil vonbrigði þegar þessi langtímaáætlun kom fram að þessu skyldi ekki vera sinnt á þennan veg og margir segja við mig: Ja, af hverju eruð þið að kvarta? Vesturland hafði þrjá fulltrúa í þessari endurskoðunarnefnd, tvo starfandi þingmenn og einn varaþingmann, sem hefðu þá átt að geta sett þetta inn á annan hátt í gegnum nefndina. Ég skil erfiðleika þessara aðila í svona nefnd, en það breytir ekki þeirri staðreynd að við þurfum að fá stærra skref hér heldur en þarna er lagt til.

Einnig vil ég segja það að mér finnst ástæðulaust að vera að setja hér í sambandi við úttekt vegakerfisins breytingu á vegum í kjördæminu sem ekki er búið að taka ákvörðun um, ekki er búið að rannsaka eða gera neinar slíkar tillögur um. Þar á ég við það sem kemur hér fram í breytingum á flokkum vega og viðamestu breytingar á veglínum. Hér er því slegið föstu að áætlað er að Kerlingarskarðsvegur liggi um Dökkólfsdal í stað þess að hann liggi yfir Kerlingarskarð. Það liggur ekkert fyrir um þessa breytingu. Það hefur komið ósk um það frá samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi að gerð verði rannsókn á því hvernig þessi veglína mundi koma út í samanburði við veglínu yfir Kerlingarskarð, en það er engin ósk um það að taka þetta inn á vegáætlun til breytinga með þessum ákveðna hætti, a.m.k. ekki svo að ég eða aðrir þingmenn hafi vitneskju um. Fyrir stuttu var í Borgarnesi sameiginlegur fundur sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem fjallað var einvörðungu um það að gerð yrði rannsókn á vegarstæði um þetta svæði til þess að hægt væri að bera það saman við vegarstæði um Kerlingarskarð. Þetta er kannski smáatriði en eigi að síður er ástæðulaust að marka stefnu á þennan hátt sem er ekki búið að leggja grunn að í vegakerfi svæðisins.

Virðulegi forseti. Ég sagðist ekki ætla að tala langt mál. Ég veit að það er mikill vandi á höndum hjá okkur í fjvn. sem tökum við þessum tillögum. Eins og hér kom fram áðan er tíminn orðinn mjög þröngur þar sem aðeins eru nokkrir dagar eftir, ef svo má að orði komast, af þinghaldinu hér, fimm eða sex fundir í Sþ. samkvæmt dagskrám. Þar af leiðandi er mikill vandi á höndum í fjvn. að fjalla um þetta mál. Ég geri mér líka grein fyrir því að Vegagerðin bíður eftir ákvörðun fjvn. um meginlínur í þessum málum til að geta tekið lokaákvörðun með þingmönnum kjördæmanna um þær skiptingar sem mestu máli skipta. Ég geri ráð fyrir því að það verði að leggja megináherslu á þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 til þess að það verði örugglega afgreitt. Ég tel nauðsynlegt að ganga frá svona þáltill. í meginatriðum að því er varðar langtímaáætlunina. Mér finnst það vera mikilvægt mál og a.m.k. allar helstu útlínur í þeirri tillögu.

Ég vænti þess að það verði hægt að vinna að þessu máli þannig að niðurstaða fáist. Við eigum sem bakhjarl í þessu stofnun, Vegagerð ríkisins, sem hefur alltaf sannað það að hún heldur vel á málum og þar er hægt að fá upplýsingar fljótlega um öll þau atriði sem máli skipta og menn vilja fá í sambandi við þessi mál. Vegagerðin er trausts verð og hún hefur haldið vel á þessum málum. Ég vona að okkur takist í fjvn. að skila þessu máli aftur inn í þingið en það kostar mikið starf og það kostar miklar og greiðar upplýsingar og mikið samstarf um að hægt verði að ná málinu fram.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst ítreka það sem ég sagði hér áðan til að ekki fari milli mála að við fulltrúar Sjálfstfl. í þeim starfshópi eða þeirri nefnd sem undirbjó langtímaáætlun gerðum sérstaka bókun af því tilefni að ákvarðanataka var tekin úr höndum nefndarinnar og tilkynnt af formanni nefndarinnar að ríkisstjórn og stjórnarflokkar mundu taka ákvörðun um öll meginatriði og raunar öll atriði smá og stór sem vörðuðu langtímaáætlun. Af þeim sökum gerðum við svohljóðandi bókun:

„Þar sem ráðherra hefur tekið ákvörðun um að leiðir til fjáröflunar og skipting fjármagns milli rekstrar- og fjárfestingarliða skuli vera í höndum ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar á Alþingi lýsum við fulltrúar Sjálfstfl. yfir að við lítum svo á að ráðherra og ríkisstjórn vilji ekki lengur leita eftir pólitískri samstöðu um gerð vegáætlunar og langtímaáætlunar um vegagerð. Við áskiljum okkur rétt til að endurmeta stöðu okkar í þessari nefnd út frá breyttum forsendum."

Þetta var gert í Reykjavík 13. febr. 1991.

Eftir að þessi bókun var gerð átti nefndin einn fund eins og ég sagði áðan. Sá fundur var eingöngu til þess að ganga frá þeim ákvörðunum sem teknar höfðu verið í ríkisstjórn og stjórnarflokkum og það er af þeim

sökum ekki hægt að líta svo á að till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 né heldur till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð sé störf nefndarinnar, heldur eru þetta ákvarðanir sem teknar voru af ríkisstjórn og að frumkvæði hæstv. ráðherra.

Á fundi nefndarinnar skömmu áður, hálfum mánuði, má ég segja, áður en þessi bókun var gerð, voru okkur kynntar tillögur sem hæstv. samgrh. sagðist mundu bera upp í ríkisstjórn. Síðan féll fundur niður eina vikuna til þess að ríkisstjórnin gæti áttað sig á málinu og þá var tekin ákvörðun um að haga málum með þeim hætti sem við sjáum hér á þskj. 716 og 735.

Ég vil vekja athygli á því að í greinargerð og athugasemdum með tillögunum er ekki gerð nákvæm grein fyrir því hvernig eigi að standa að tekjuöflun fyrir vegáætlun. Þar er heldur ekki minnst einu einasta orði á þær athugasemdir sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu að gera við þá tekjuáætlun sem lögð er til grundvallar í fjárlögum og jafnframt er lögð til grundvallar hér í þeim þingskjölum sem liggja fyrir.

Við nefndarmenn áttum fund með hæstv. fjmrh. og Þórarni V. Þórarinssyni, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, og Ásmundi Stefánssyni, forseta Alþýðusambands Íslands, niðri í Arnarhváli þar sem þeir lýstu því yfir, hinir svokölluðu þjóðarsáttarmenn, að þeir gætu ekki fellt sig við að bensíngjald og álögur á umferðina hækkuðu meira en næmi almennum hækkunum eins og um þær hafði verið talað í samkomulaginu fyrir einu ári.

Samkvæmt fjárlögum liggur það fyrir að bensíngjald eigi að hækka um 15% frá áramótum. Nú er það komið í ljós að ríkisstjórnin treysti sér ekki til þess að hækka bensíngjaldið um 5% hinn 1. jan. sl., eins og ákveðið hafði verið, og eftir þeim upplýsingum sem ég hef nýjastar hefur bensíngjaldið verið hækkað um 3% eða minna heldur en segir í forsendum fjárlaga, en á hinn bóginn kom það fram hjá hæstv. samgrh. að hugmyndir hans séu þær að hækka álögur á umferðina þeim mun meir síðari huta ársins og þá sérstaklega eftir að þjóðarsáttarsamningarnir eru útrunnir, hinn 1. sept. nk. Þessi tekjuáætlun ber það jafnframt með sér að hugmyndin er að hækka mjög verulega álögur á umferðina á næsta ári.

Ég vil vekja athygli á því sérstaklega að nýtt bensín er komið á markað hér frá því á síðari hluta sl. árs, 85 oktana bensín sem er blýlaust. Mér er ekki kunnugt um hvernig bensíngjald er lagt á það bensín, en hitt er rétt sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan að það er talað um slaka á mörkuðum tekjustofnum. Í greinargerð er talað um að þessum slaka verði náð upp á árinu 1992. Við erum hér að tala um verulegar hækkanir á bensíni, skattahækkanir hreinar, nýjar álögur á fólk í landinu, sem eru lagðar til grundvallar í þessari vegáætlun. Ef við reynum að átta okkur á því hvernig þessi nýja skattahækkun kemur til annars vegar í bensíngjaldi og þungaskatti er hægt að hafa það til leiðbeiningar að á þessu ári er annars vegar gert ráð fyrir því að 350 millj. kr. komi beint úr ríkissjóði í Vegasjóð. Hins vegar er ákveðið að hækka skatta um 150 millj kr. með því að fjölga innheimtudögum á þungaskatti. Með öðrum orðum: 150 millj. kr. nýr skattur á umferðina sem felst í þessu frv. með því að fjölga greiðsludögum á þungaskatti.

Ég heyrði það viðhorf í nefndinni að þeir sögðu að það væri ekki að þyngja skattheimtu að fjölga greiðsludögum. Það er svona skemmtilegur útúrsnúningur. Ef skattheimtan er sú sama á þessu ári eftir sem áður, þá þurfa þegnarnir væntanlega að borga sömu upphæð til ríkisins og áður. Ef þegnarnir þurfa að borga 150 millj. kr. í viðbót, þá er það auðvitað þyngin á skattbyrði. Það er það sem við erum hér að tala um. Síðan erum við að tala um það að bensíngjaldið eigi að hækka meira en nemur þjóðarsáttarsamningum. Og ekki nóg með það. Við erum líka að tala um það að verulegar hækkanir verði á bensíngjaldinu og á þungaskattinum eftir 1. sept. í haust. Við erum að tala um að það eigi að skylda alla þá sem greiða þungaskatt til þess að setja nýja mæla í bílana sína sem kosta 24–25 þús. kr. á hvern einasta bíl í landinu. Þetta eiga menn að bera bótalaust og síðan er því haldið fram að svo og svo margir af atvinnubílstjórum séu skattsvikarar og því er haldið fram að hægt sé að auka tekjur ríkissjóðs mjög verulega með því að skipta um mælana og með því að ná inn þungaskatti sem svikinn hefur verið undan á sl. árum. Ekki skal ég um það segja en hitt liggur ljóst fyrir að það er á þessum forsendum sem tekjuáætlunin er reist.

Ég lýsti því yfir og við Sturla Böðvarsson að við mundum ekki geta fallist á þyngingu skatta, en það er auðvitað eðlilegt. Ég veit ekki hvort ég á að viðhafa rök þeirra þjóðarsáttarmanna, Vinnuveitendasambands og Alþýðusambands. Þeir bentu hæstv. fjmrh. á að það væri ætlast til þess af launafólki að það sætti sig við mjög óverulegar prósentuhækkanir nú á þjóðarsáttartímanum og það dygði náttúrlega ekki að ríkisstjórnin og hæstv. samgrh. ætlaði sér að taka tvöfalt meira til sín. Það dugir heldur ekki, eins og samgrh. er farinn að haga sér, að vísa til þess að það sé óhætt að hækka svo og svo mikið hvað eina strax eftir 1. sept. af því það sé utan við ramma þjóðarsáttar. Hann er þegar búinn að standa að því með hæstv. fjmrh. að gera samninga um hækkun á launum til flugumferðarstjóra í haust um, ef ég man rétt, 5% og um 8% í byrjun næsta árs, en hvort tveggja á að vera umfram önnur laun í landinu. Hann er nú þegar búinn að semja um það að eftirlaun flugumferðarstjóra skuli hækka um 45% á sama tíma og aðrir verða að sætta sig við þjóðarsáttina. Það sem er kannski verst í þessu öllu saman erþað að að þessir dæmalausu samningar við flugumferðarstjóra voru gerðir og undirskrifaðir á sama tíma og mál Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna var fyrir héraðsdómi. Á sama tíma og fjmrh. átti í málaferlum við háskólamenntaða menn, þar sem hann krafðist þess að laun þeirra yrðu innan ramma þjóðarsáttar, var fyrir atbeina samgrh. gerður samningur við flugumferðarstjóra um meiri hækkanir en nam þjóðarsáttarsamningum, meðan málaferlin stóðu yfir, meðan beðið var dóms. Slík var ósvífnin og ósvinnan. Þetta er um tekjuhliðina.

Ég geri ráð fyrir því að margir alþingismenn séu mér

sammála um það að langtímaáætlun sem byggir á þeim almennu markmiðum sem lýst er í grg. með till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð er óraunhæf í tíma, einfaldlega vegna þess að þar er gert ráð fyrir þvílíkum framkvæmdum að ekki er við því að búast að hægt verði að ráðast í þær allar og ljúka þeim í því sem við getum kallað fyrirsjáanlegri framtíð. Þegar horft er til Íslandskorts á bls. 14, korts þar sem lýst er vegaframkvæmdum 25 til 30 ár fram í tímann, kannski lengra, hljótum við að sakna ýmissa framkvæmda sem ekki eru taldar upp þar. Ég vil taka sem dæmi: Ekki náðist samkomulag um það að taka inn veg yfir Öxarfjarðarheiði sem styttir veginn fyrir um fimmtán hundruð manns frá Vopnafirði til Þórshafnar um 80 km eða svo. Ekki er gert ráð fyrir því að leggja bundið slitlag milli Norðurlands og Suðurlands, háfjallaveginn þar, á næsta aldarfjórðungi, sem er auðvitað algjörlega óviðunandi sömuleiðis. Og ég vil líka vekja sérstaka athygli á því að í þessari langtímaáætlun er ekki séð hvernig eigi að ná viðunandi tengingu á milli norðausturhornsins og Austurlands og er ég þá að tala um svæðið frá Vopnafirði til Norður-Þingeyjarsýslu. Það er ekki einu sinni svo í þessari langtímaáætlun, sem lögð er hér fyrir, að nefndin hafi treyst sér til þess að setja sér nein markmið varðandi þá sjálfsögðu framkvæmd að unnt verði að ljúka vegi hringinn í kringum landið. Það er ekki einu sinni að tímamörk á því að ljúka hringvegi séu inni á þessari langtímaáætlun. Svo fjarri lagi er að segja þess vegna að við séum hér að tala um eitthvað sem sé skýrt, glöggt eða ásættanlegt.

Ég geri mér vel grein fyrir því að það ósamkomulag, sem fram eftir þessu ári var innan ríkisstjórnarinnar, sennilega fram í febrúarmánuð, um það hversu miklu fé skyldi varið til vegagerðar á þessu ári olli miklu um það hversu seint gekk að komast áleiðis. Einnig hitt að vinnubrögð voru með þeim hætti að erfitt var að fá úr því skorið hver væri vilji stjórnarsinna, en eins og ég hef lýst þá starfaði nefndin yfirleitt á þeim grundvelli og er kannski ekki við því að segja.

Ég tek undir með hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni þegar hann gagnrýnir það hversu hægt hefur gengið nú hin síðustu ár í sambandi við útlögn á bundnum slitlögum. Það er ekki nokkur vafi á því að stefna í vegamálum sem er reist á því að draga áfram úr því að hægt sé að ganga frá vegum, leggja á þá bundin slitlög, slík stefna er ekki í takt við tímann. Slíka stefnu verður að endurskoða frá rótum, hún getur einfaldlega ekki staðist.

Í Norðurlandskjördæmi eystra var það svo á árinu 1989 að lagt var bundið slitlag á 6 km, á 14 km á sl. ári. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að ástæðan er að sumu leyti sú að við réðumst í hið mikla verkefni, Ólafsfjarðarmúla. En við skulum þá líka gera okkur grein fyrir því að nú fyrst á Vestfjörðum og síðar á Austfjörðum er gert ráð fyrir því að ráðast í sambærileg verkefni sem munu taka meira á heldur en Ólafsfjarðarmúlinn norðan lands og munu auðvitað valda því að bundin slitlög munu dragast mjög aftur úr á næstu árum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti. Þessi mál eiga eftir að skýrast í þingnefndum. Það er auðvitað uppi nokkur áherslumunur meðal einstakra þingmanna hvar fyrst og fremst sé rétt að ráðast í verkefnin, en eins og áður er það áberandi að sums staðar er torvelt að sjá framhaldið þar sem hagsmunir tveggja kjördæma eru með ólíkum hætti. Ég vil af þeim sökum leggja sérstaka áherslu á tengingu Norðurlands og Austurlands. Ég vakti máls á því í nefndinni að annað væri óviðunandi en að þess kafla yrði sérstaklega getið ef einhver sjónarmið kæmu frá nefndinni allri. Um slíka ritgerð var ekki að tefla. Á hinn bóginn féllst meiri hlutinn á að nokkur orð kæmu um tengingu Norður- og Austurlands en því var hins vegar algjörlega hafnað að taka inn hugmyndir um veg yfir hálendið eða veg yfir Öxarfjarðarheiði og harma ég það.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vekur athygli nú sem endranær þegar Alþingi fjallar um vegamál. Ég hygg að það fari ekki á milli mála að fleiri í þessu landi fylgjast þá með heldur en þegar verið er að fjalla um mjög marga aðra málaflokka.

Ég ætla að byrja á því að víkja að málefnum á Vestfjörðum en ræða svo um þessi mál almennt. Mér þykir eðlilegt á þessari stundu að ég þakki hæstv. samgrh. fyrir hans stuðning við jarðgangagerð á Vestfjörðum. Það fer ekki á milli mála að sá stuðningur skapar einnig andstöðu annarra eins og gengur þegar einum framkvæmdum er haldið fastar fram en öðrum. Ég hlýt aftur á móti að verða að taka undir það, sem hv. 1. þm. Vesturl. gat um, að það eru veruleg vonbrigði að Gilsfjörðurinn kemur ekki inn í þessa mynd í framhaldi af brúargerð yfir Dýrafjörð, ef svo mætti komast að orði, eða þverun Dýrafjarðar. Það tengist tvímælalaust því máli að þegar sameining sveitarfélaga í Austur-Barðastrandarsýslu átti sér stað, þá urðu hér miklar umræður og miklar væntingar um það hvaða möguleika sú byggð hefði til þess að tengjast Dalasýslu betur vegna þess að ýmis viðkvæm þjónustuatriði þeirrar byggðar eru í dag leyst frá Búðardal. Ég segi þetta hér og nú vegna þess að þó að mér sé ljóst að mjög jákvætt skref sé tekið með því að marka þá stefnu að Gilsfjörður komi inn, þá veit ég að væntingarnar á þessu svæði voru orðnar meiri heldur en við þingmenn getum staðið við miðað við þá stöðu sem við erum í. En ég vil að það komi fram að ég hef áður í viðræðum um þau mál látið í ljós þá von mína að hægt hefði verið að standa þannig að því verki að það kæmi þar strax á eftir.

Eitt er þó það mál sem veldur okkur einna mestum vandræðum í þeirri stöðu sem við erum. Á sínum tíma var farið af stað með svokallaða Ó-vegi á Íslandi. Þá var byrjað á Ólafsvíkurenni. Síðan átti Óshlíð að koma og að því búnu Ólafsfjarðarmúli. Það var á sínum tíma gert ráð fyrir því að fjármögnun allra þessara verkefna væri á sama veg og jafnframt að þessi yrði röðin. Í Ólafsvíkurenni var það ákveðið og framkvæmt mjög myndarlega að leysa það mál. Þegar kom að Óshlíð má segja að það hafi verið mun erfiðara í upphafi að taka um það endanlega afstöðu hversu mikið þyrfti að að

gera svo ásættanlegt umferðaröryggi yrði. Nú standa mál þannig að Vegagerðin hefur gefið út skýrslu um Óshlíð þar sem kemur fram að úr tveimur giljum á þessari hlíð er snjóflóðatíðni að mati okkar Vestfirðinga svo mikil að það kallar á sérstakar aðgerðir. Önnur gil sem eftir eru eru þá ekki með meiri tíðni heldur en á Súðavíkurhlíð.

Ég tel að það sé mjög brýnt að Vegagerðin leggi fram endanlegar tillögur varðandi Óshlíð. Hún marki stefnuna í því hvað hún telur að þurfi að gera. Þar má vissulega segja að þessar framkvæmdir eru í takt við það sem sett hefur verið fram á bls. 3 í langtímaáætlun, þar sem vakin er athygli á því að öryggismál fái meira vægi. Hins vegar sýnist okkur jafnframt að það sé eðlilegur hlutur að lokin á Ólafsfjarðarmúla og lokin á verkefnum við Óshlíð hafi sömu fjármögnunaraðstöðu í þessari áætlun, þ.e. að bæði verkefnin tilheyri stórverkefnum. Þetta segi ég vegna þess að á sínum tíma var ávallt gert ráð fyrir því að Ó-vegirnir allir nytu þess sama í þessum efnum.

Ég ætla nú að víkja frá beinni umræðu um einstök mál í Vestfjarðakjördæmi en vekja athygli á því að í þessari langtímaáætlun, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir 2% tekjuaukningu á ári sem eru auknar tekjur umferðarinnar. En ég vil vekja athygli á því að við erum með upplýsingar um umferðaraukningu á bls. 28 í till. til þál. um vegáætlun frá árinu 1991 til 1994. Þar kemur fram að eknir km á öllum þjóðvegum voru árið 1980 472 millj. km, en árið 1989 792 millj. km. Það er ekki fráleitt að ætla að árið 1990, ef það væri hér með, hefði orðið tvöföldun á eknum km á Íslandi. Ég fæ þess vegna ekki séð að það fái staðist að gera ráð fyrir jafnlítilli aukningu á tekjum Vegagerðarinnar og hér er fram sett.

Ég hygg að það megi gera ráð fyrir því að ferðamannastraumur á næstu 12 árum á Íslandi muni tvöfaldast og ég er sannfærður um það að bættar samgöngur innan lands munu verða til þess að mun fleiri þéttbýlisbúar suðvesturhornsins munu hætta sér með bíla sína út á íslenska vegi án þess að eiga á hættu að þeir verði stórskemmdir. Þarna erum við komnir að því atriði sem hlýtur að vera umhugsunaratriði númer eitt, tvö og þrjú í þeirri stöðu sem við erum. Er það rétt stefna — og nú vil ég taka það fram að langtímaáætlunin var afgreidd út úr þingflokki Framsfl. við fámenni á afbrigðilegum fundartíma og ég átti ekki kost á því að vera við á þeim tíma og hefði þá komið þessum athugasemdum eða reynt að koma þeim þar inn — að halda Vegagerð ríkisins í þeirri stöðu að hún sé ekki sjálfstætt ríkisfyrirtæki? Við erum með Póst og síma. Við rekum hann sem sjálfstætt ríkisfyrirtæki með ákveðnum tekjum. Póstur og sími hefur haft möguleika á lántöku til að leysa mjög brýn verkefni. Er það sjálfgefið að sú stefna, sem við höfum notast við fram til þessa, að taka fyrir tiltölulega stutta kafla í stofnbrautum og þjóðbrautum hverju sinni, vissulega þó með útboðum, skili okkur hámarksmöguleikum í hagkvæmni í vinnubrögðum? Er ekki tímabært að láta reikna það út og skoða hvað það mundi þýða ef við með lántökum gengjum miklu heilsteyptara til þessa verks, lækkuðum framkvæmdakostnaðinn og yrðum jafnframt til þess að auka umferðina á vegunum og skapa þannig meiri tekjustofna fyrir Vegagerðina. Ég er sannfærður um það að við mundum hafa hagnað af tiltækinu. Það yrði dálítið kómískt að horfa á virkjunarframkvæmdir á Íslandi ef við stæðum eins að þeim og að vegamálum. Það yrði fróðlegt að sjá hvenær við yrðum búnir með Fljótsdalsvirkjun ef við ætluðum að standa eins að. Gallinn er nefnilega sá að menn hafa ekki viljað líta á vegakerfið sem atvinnufyrirtæki. Menn hafa ekki viljað líta á þetta sem þjónustufyrirtæki sem fengi ákveðnar tekjur vegna þeirrar þjónustu sem það veitti. Menn hafa viljað líta á þetta sem hreina skattheimtu. Ef þetta er hrein skattheimta, þá er það alveg eins skattheimta allt sem Póstur og sími tekur inn. Það er enginn skyldugur að tala í símann frekar en að aka vegina. Það gengur nefnilega ekki upp að setja þetta fram á þann hátt að þetta sé einhver hliðstæð skattheimta eins og um tekjuskatt væri að ræða. Þetta er þjónustugjald sem Vegagerðin fær og við Íslendingar eigum að taka þá stefnubreytingu að heimila Vegagerðinni að hún sé rekin sem fyrirtæki sem fái heimild til lántöku, fái heimild til gjaldtöku í gegnum bensín og þungaskatt, til þess að standa undir þeim framkvæmdum.

Það er athyglisvert að hér flytur hv. 5. þm. Austurl. Kristinn Pétursson hugmyndir sem hníga að þessu sama með þeirri breytingu að hann talar um sérstakan sjóð í þessu sambandi.

Ég ætla að víkja að bls. 3 í langtímaáætluninni þar sem gerð er grein fyrir stefnumörkun varðandi öryggismál neðarlega á blaðsíðunni. Þar segir svo í greinargerð, með leyfi forseta:

„Þá er einnig lögð meiri áhersla á umferðaröryggi en áður. Sett er fram það markmið að slysum skuli fækka í heild. Undanfarið hefur slysum í aðalatriðum fjölgað í svipuðum mæli og umferð hefur aukist, þ.e. slysatíðni hefur nokkurn veginn verið óbreytt. Það væri mikil og góð breyting ef tækist að stöðva þessa þróun og draga úr fjölda slysa þrátt fyrir þá aukningu í umferð sem búast má við."

Ég er sammála þessari stefnumörkun og ég tel að með henni sé það viðurkennt, sem mér er ekki ljóst hvort hefur áður í rituðu máli í vegáætlun verið viðurkennt, að það er hönnun umferðarmannvirkjanna sem hefur afgerandi þýðingu á slysatíðni í umferðinni. Og eins og það er nauðsynlegt undir sumum kringumstæðum að byggja vegabrýr fyrir umferð þá er það líka alger nauðsyn að Vegagerðin endurskoði þá stefnu að vera til skiptis með einbreiðar og tvíbreiðar brýr á sama veginum. Það gengur ekki að það sé eins og óræð krossgáta fyrir hvern einasta ökumann, sem keyrir eftir t.d. hringvegi nr. 1, hvort hann megi gera ráð fyrir því að næsta brú sé tvíbreið eða einbreið. Ég vil bæta því við að nýju brýrnar eru gjarnan þannig að þær rúma $1^1/_2$ akrein sem þýðir að það er enn þá erfiðara að sjá það út þegar menn koma keyrandi að þeim hvort þær rúma umferð fyrir tvo eða einn.

Annað sem ég vil einnig koma á framfæri við hv. 1. þm. Reykn., sem þá var samgrh., og það er að ég tel

mikil mistök að ætla sér að leggja á einbreitt slitlag. Kannski er það vegna reynslu minnar af því að mæta þeim sem eru héðan af því svæði þar sem mest er búið að leggja af bundnu slitlagi. Þeir gera undantekningarlítið ráð fyrir því að það sé pláss fyrir tvo á þessu slitlagi og helga sér slitlagið. Við hinir verðum þá að forða okkur út af og það er nú tæpt á því, og á því veit ég að vegamálastjóri hefur fullan skilning, að það sé þá pláss á því svæði sem eftir er fyrir þá umferð sem þar er ætluð. Ég held að við eigum ekki að bíða eftir fleiri dauðaslysum til að átta okkur á alvörunni í þessum málum. Ég held að við eigum að átta okkur á því að við verðum að byggja þessa vegi upp með tvíbreiðu slitlagi öryggisins vegna, jafnvel þó að sums staðar hafi það einhverja seinkun í för með sér. Það má ekki leika sér að því að teygja þetta áfram á þennan hátt og skapa þær hættur sem því fylgja.

Ég varð vissulega harla glaður þegar ég leit á kortið hér aftast því þar eru markmiðin sett fram. Það gæti nefnilega gerst að sá sem vissi að það væri verið að tala um áætlun til 12 ára héldi að markmiðin væru þá innan þeirrar áætlunar. Svo er nú ekki. Hér hafa þeir sett rauða litinn á marga staði. T.d. koma Vestfirðir allþokkalega út. Við eigum að vísu eftir að setja bundið slitlag samkvæmt þessu út á flugvöllinn við Patreksfjörð, sem við vildum nú gjarnan koma að núna miklu, miklu fyrr, en að öðru leyti væri þetta skínandi niðurstaða. En þetta eru ekki markmiðin næstu 12 árin. Þetta er miklu lengra úti í fjarskanum, því miður. Og það kallar á það að Alþingi Íslendinga meti það hvort það treystir sér til þess að breyta stefnunni í vegamálum, ganga í það að klára stofnbrautirnar út frá því verklagi að láta bjóða þær út í stærri heildum en gert hefur verið og ná niður kostnaðinum, eða ætlum við að halda áfram að mjatla í þetta, eins og gert hefur verið núna að undanförnu, og láta bíleigendur bera miklu hærri skatt en sanngjarnt getur talist? Sá skattur er ekki greiddur í bensíninu. Hann er greiddur með því að eyðileggja ökutækin á lélegum vegum.

Ég held að í ljósi þess að vaxandi skilningur er á því að ferðamál eiga í framtíðinni eftir að skipa stærri sess í atvinnumálum okkar Íslendinga sé rétt að ég ljúki máli mínu með því að vitna til orða sem féllu á ráðstefnu uppi í Borgarnesi um byggðamál. Þar var sagt frá því að gistiþjónusta bænda ætti við eitt sérstakt vandamál að glíma til að fá erlenda ferðamenn inn í landið. Það væri það að þrír af hverjum fjórum sem leituðu eftir því að ferðast um Ísland hættu við þegar þeim væri sagt hvað bílaleigubíll kostaði á Íslandi. Þeir hefðu að vonum ekki skilning á því að ástæðan fyrir þessu háa verði á bílaleigubílnum gæti verið neitt annað en hrein okurstarfsemi. Þeir áttuðu sig ekki á því að þessir bílaleigubílar þyrftu að fara um torfærur en ekki um venjulega vegi.

Ólafur Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns færa hæstv. samgrh. sem og Alþingi bestu þakkir Vestfirðinga fyrir þá ákvörðun að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum. Ég hygg að fátt hafi glatt Vestfirðinga meira en þessi þýðingarmikla ákvörðun og öllum hér inni er ljóst að hér er um mikið og stórt byggðamál að ræða. Með tilkomu brúar yfir Dýrafjörð og Vestfjarðagöngum opnast nýjar leiðir fyrir íbúa á svæðinu frá Dýrafirði að norðanverðu Ísafjarðardjúpi. Það mun hafa í för með sér aukin samskipti, aukna samvinnu í bæði atvinnulegu tilliti, menningar- og félagslífi o.s.frv. En ég þarf ekki að hafa mörg orð um það. Þingheimur veit allur hversu stór þáttur samgöngumál eru í byggðamálum landsbyggðarinnar.

Ég stóð hér einkum og sér í lagi upp til þess að fá að ræða örlítið um Óshlíðarveg og stöðu mála þar. Reyndar hefur hv. 2. þm. Vestf. komið nokkuð inn á Óshlíð, en vegna stöðu minnar og embættis gat ég ekki annað en notað tækifærið og komið hér aðeins inn á það viðkvæma en þýðingarmikla mál.

Það var árið 1946 að byrjað var að ryðja smáveg um Óshlíð og var umferð hleypt á Óshlíð árið 1950. Í dag mundum við kalla þetta hestaveg. Það var svo árið 1981 sem var tekin ákvörðun um það að ráðast í endurbætur á Óshlíð. Þessi ákvörðun var tekin af þingmönnum Vestfirðinga þá og Vegagerð ríkisins í þó nokkuð mikilli andstöðu við heimamenn sem þá vildu ráðast í jarðgangagerð. En fjármunir réðu þessari ákvörðun og við, þingmenn Vestfirðinga þá, gerðum ekki mikinn ágreining við Vegagerð en settum fram ákveðið samkomulag um framkvæmdir sem og viðhald vegarins. Þessu hefur miðað allvel áfram og erum við þakklátir fyrir það sem gert hefur verið. En því miður er ekki nægilega vel enn þá gert.

Það er öllum ljóst að Óshlíð er hættuvegur. Um hana er mikil umferð og það má segja að aukin samskipti Ísfirðinga og Bolvíkinga krefjist þess að þessi vegur verði nánast eins öruggur og hægt verður að krefjast miðað við ríkjandi aðstæður.

Nú hefur það stórslys gerst hér á Alþingi, ef ég má nota það orð, að einhverra hluta vegna var Óshlíð tekin út sem stórverkefni. Ég held að ég muni það rétt að fyrstu þrjú stórverkefnin, sem um var talað, voru Ólafsvíkurenni, Ólafsfjarðarmúli og Óshlíð. Því harma ég það mjög að svo skuli hafa farið að Óshlíð var tekin út af stórvegaverkefnum án þess að um það færi fram nein sérstök umræða. Ég held að við getum vart við þetta unað og ég vil því skora á hæstv. samgrh. að íhuga það að taka Óshlíð inn aftur sem stórverkefni, sem þýðir að hún verður þá fjármögnuð með sama hætti og önnur stórverkefni, þ.e. 20% af sérfé kjördæmisins en 80% með þeim hætti sem markaður var þegar ákvörðun var tekin um Vestfjarðagöng.

Sú skýrsla sem hv. 2. þm. Vestf. vitnaði til var nýlega lögð fram af Vegagerð ríkisins og hefur ekki farið fram um hana umræða heima í héraði, en verður nú á næstu dögum. Þar er gert ráð fyrir því að til þess að ná þeim markmiðum og þeim væntingum, sem heimamenn og vegfarendur um Óshlíð gerðu, þarf að leggja til 235 millj. í ýmsum aðgerðum til þess að umferðaröryggi verði sem best. Það sýnir að við þurfum að taka á þessu með þeim hætti sem ég var að geta um og bið vinsamlega ráðherra að skoða fyrir okkur.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu svo mjög. Ég

vil taka undir með hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánssyni að það er mjög mikils um vert að tengja saman þessi tvö kjördæmi, þ.e. Vestfjarðakjördæmi og Vesturlandskjördæmi, með brú yfir Gilsfjörð. Samskipti Dalamanna og Austur-Barðstrendinga eru mikil og þau þurfa að vera meiri og við þau má treysta þá veiku byggð sem er þarna beggja megin við kjördæmamörkin og það munum við gera með því að setja brú yfir Gilsfjörð.

Ég er nú að kveðja Alþingi eftir að hafa setið hér í fáeina daga. Ég á eflaust ekki eftir að sitja hér oftar, en ég þakka fyrir þessa daga og óska þingi velfarnaðar í vandasömu starfi og þakka fyrir mig.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Þetta eru í senn fróðlegar og gagnlegar umræður og vissulega handhægt og til þæginda að ræða þessi tvö mál samtímis svo tengd sem þau eru. En í tilefni orða hv. 1. þm. Vesturl. Alexanders Stefánssonar í umræðunni hér áðan, þá vildi ég eftirfarandi sagt hafa:

Stundum er það svo að menn eiga ákaflega erfitt með að gera greinarmun á því sem er satt og því sem er ósatt. Stundum er það líka svo að menn eiga ákaflega erfitt með að gera greinarmun á eigin hugmyndum og annarra hugmyndum og stundum finnst manni að slíkum mönnum sé kannski ekki sjálfrátt, en kannski er þeim það. Þetta segi ég, virðulegi forseti, vegna þess að í morgun — og sendi það nú raunar bréflega í gær — þegar þingmenn Vesturlands komu saman til fundar um vegamál, þá kynnti ég þeim þáltill., sem ég hef nú lagt inn til skjalavarðar, og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta fara fram endurskoðun á V. kafla vegalaga, nr. 6 frá 25. mars 1977, um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, og þeim reglugerðum sem gefnar hafa verið út samkvæmt þeim kafla laganna."

Því segi ég þetta, virðulegi forseti, að það gerðist hér áðan að hv. þm. Alexander Stefánsson gerði efni þessarar tillögu að sinni hugmynd hér í þessum ræðustól. Þetta, virðulegi forseti, eru ekki aðeins óvenjuleg vinnubrögð og ekki aðeins ómerkileg vinnubrögð, heldur alveg óvenjulega ómerkileg vinnubrögð og allt önnur en menn tíðka almennt í samskiptum hér á hinu háa Alþingi og allt önnur vinnubrögð en eiga að vera hér og sem betur fer eru slík vinnubrögð alger undantekning og raunar fádæmi. En eftir nokkuð langa pólitíska samvist er maður orðinn sjóaður og ýmsu vanur þótt mér þætti nú reyndar, virðulegi forseti, mælirinn fullur og lái mér hver sem er.

Það hefur ýmislegt athyglisvert komið fram hér í þessari umræðu og vissulega finnst mér hlutverk stjórnarandstæðinga vera nokkuð erfitt þegar þeir samtímis gagnrýna að framkvæmdir skuli ekki vera meiri en samtímis er það staðreynd að frá þeim hafa ekki komið tillögur um raunhæfa tekjuöflun í þessu sambandi.

Hér hefur eðlilega töluvert verið rætt um starfið í langtímanefnd. Ég átti þar sæti og það var ánægjulegt starf og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka vegamálastjóra og starfsmönnum hans fyrir prýðilegt samstarf í þeim efnum. Þar var mikið rætt um tekjuöflun og hvaða leiðir ætti að fara til þess að tryggja fjármagn til vegamála, hvort ætti að nota þá gömlu viðmiðun, sem áður var notuð, þ.e. að miða við ákveðna prósentu af þjóðarframleiðslu. Niðurstaðan varð sú að gera það ekki vegna þess að við höfum reynt það varðandi framlög til vegamála og það hefur ekki haldið, það hefur ekki gefist vel. Við höfum líka reynt það varðandi framlög til þróunaraðstoðar og það hefur heldur ekki gefist vel.

Því er ekki að leyna og frá því ber að segja, að í þessari nefnd voru ræddar margvíslegar hugmyndir um aukna tekjuöflun til vegamála. Sumar kynnu mönnum að þykja nokkuð fjarstæðukenndar en engu að síður voru margar hugmyndir ræddar. Auðvitað horfðu menn til landanna hér í kring og hvernig að þessu hefur verið staðið þar, en án þess að menn væru beinlínis að gera tillögur um að þær aðferðir yrðu teknar upp hér, enda ekki kannski hentugar eða nothæfar hér þó að þær væru við hæfi á öðrum stöðum. Niðurstaðan varð sú að gera þetta með þessum hætti.

Hv. þm. Halldór Blöndal, sem því miður er ekki hér í salnum núna, gerði að sérstöku umtalsefni þá bókun sem hann lagði fram fyrir hönd þeirra sjálfstæðismanna sem í nefndinni sátu. Hann harmaði reyndar, ef ég skildi orð hans rétt, að bókun þeirra skyldi ekki vera prentuð með vegáætlun. Ég held að hv. þm. Halldór Blöndal ætti miklu fremur að vera þakklátur fyrir að sú bókun var ekki prentuð með vegáætlun því að hún er satt best að segja mjög einkennileg. Þeir tóku þátt í starfi nefndarinnar, hv. þm. Halldór Blöndal og Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, alveg fram á síðustu stund, enda þótt lögð væri fram þessi bókun, þar sem segir að lokum, með leyfi forseta:

„Við áskiljum okkur rétt til að endurmeta stöðu okkar í þessari nefnd út frá breyttum forsendum." Ég held að allt hafi þetta verið á misskilningi byggt. Ég varð ekki var við að forsendur breyttust nokkurn tíma í starfi þessarar nefndar. Það var unnið að gerð þessarar langtímaáætlunar með nákvæmlega sama hætti og áður var gert og í engu frábrugðið. Ég varð heldur ekki var við að það færi fram neitt endurmat á stöðu þeirra félaga í þessari nefnd þannig að mér er algerlega sjónum hulið og fæ ekki skilið hvert erindi þessi bókun átti eða yfirleitt hvaða tilgang hún hefur.

Vissulega væri það æskilegt að hafa mun meira fjármagn til umráða þegar við erum að fjalla um svo mikilvægar framkvæmdir sem þessar framkvæmdir eru. Þegar nú er sagt og það af hinum fremstu ráðamönnum þessarar þjóðar að við höfum verið að gera efnislega sagt nánast hreina vitleysu í byggðamálum undanfarin ár og það þurfi mjög að breyta um stefnu, þá hygg ég að þar megi kannski fyrst skýringuna finna á því hvað við höfum rangt gert, að við höfum ekki sinnt samgöngumálum í nægilega ríkum mæli vegna þess að það er ekki hægt að tala um neina byggðastefnu nema samgöngumálin séu í lagi og vegakerfið, fyrst og fremst vegakerfið, aðrir þættir auðvitað líka, sé í góðu

lagi. Vegna þess að gott og greiðfært vegakerfi er forsenda fyrir því að það geti myndast þéttbýliskjarnar sem geta verið burðarásar í atvinnumálum og hafa allstórt vinnusóknarsvæði og þá er bundið slitlag á vegum meginforsenda þess að slíkt geti þróast. Ég hygg að þetta sé kannski þar sem við höfum villst af leið í byggðamálum, að við höfum ekki haldið okkur við vegamálin.

Það hefur líka orðið ýmsum að umtalsefni hér að mjög háar fjárhæðir eru samkvæmt langtímaáætlun ætlaðar til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Það er vissulega skiljanlegt þegar horft er til þess að ein gatnamót t.d., og þá á ég við gatnamótin á Höfðabakka fyrir ofan Elliðaár, eru löngu sprungin. Þau anna engan veginn þeirri miklu umferð sem þar um fer og sjálfsagt er það ekki ofmælt að í tjónum og slysum kosti þessi gatnamót ein einhver hundruð milljóna ár hvert. Og það er margt fleira hér sem knýr á að gert verði. Engu að síður eru brýnu verkefnin líka annars staðar í byggðum landsins. En það neitar því enginn að frá sjónarmiði umferðar og umferðaröryggis, þá er brýnt að bæta hér úr ýmsu.

En því lagði ég fram þessa þáltill., sem ég vék að hér áðan, að ég hygg að það sé orðið löngu tímabært að endurskoða með einhverjum hætti þær reglur sem gilda um gerð þjóðvega í þéttbýli. Ég held að það sé skoðunaratriði hvort ríkasta sveitarfélag á landinu og langsamlega tekjuhæsta sveitarfélag á landinu, og þar á ég auðvitað við Reykjavíkurborg, eigi ekki að taka í vaxandi mæli þátt í framkvæmdum við aðalumferðaræðar hér inn í borgina og að hafnarsvæðinu t.d. sem nú flokkast sem þjóðvegir í þéttbýli. Ég held að þetta sé athugunarefni og eigi að skoða. Það eru gerbreyttar forsendur í umferð og að því er tekjuhlið framkvæmda hjá sveitarfélögum varðar eins og við höfum séð á margháttuðum framkvæmdum Reykjavíkurborgar. Ég fæ t.d. ekki með nokkru móti séð þau rök sem hníga til þess að Bústaðavegurinn, það öngstræti umferðarinnar á höfuðborgarsvæðinu, sé flokkað sem þjóðvegur í þéttbýli. Bústaðavegurinn er raunar ekkert annað en venjuleg íbúðagata eða allt að því. Þannig hygg ég að muni vera ýmis fleiri atriði sem ástæða sé til að endurskoða í ljósi breyttra staðreynda.

Ég hygg t.d. að ef Reykjavíkurborg hefði varið auknu fjármagni til framkvæmda í þessum efnum sem til þess væru fallnar að auka umferðaröryggið, draga úr umferðarslysum sem valda tjóni, líkamsmeiðingum og dauða, þá hefði það verið betri fjárfesting fyrir borgarana heldur en ýmislegt af því sem hv. og virðulegur borgarstjóri og borgarstjórnarmeirihluti í Reykjavík hafa verið að skemmta sér við að framkvæma. Þess vegna hef ég flutt þessa þáltill., sem væntanlega verður dreift hér á morgun, og þess vegna held ég að sé brýnt að endurskoða þessi mál.

Hér hefur nokkuð, virðulegi forseti, verið vikið að framkvæmd sem er brúargerð eða þverun Gilsfjarðar. Sú framkvæmd er seinna á ferðinni en við þingmenn Vesturlands og Vestfjarða hefðum kosið og verður kostað kapps um að fá henni nokkuð flýtt sé þess nokkur kostur. Mér er hins vegar fyllilega ljóst að þar er við ramman reip að draga því að það eru vissulega, og skal ekki lítið úr því gert, brýnar framkvæmdir í stórbrúamálum og fjarðaþverunum sem bíða á fyrsta tímabili. En þó ber að skoða til ýtrustu hlítar hvort ekki sé hægt að þoka þessu máli fram, einfaldlega vegna þess að þetta er byggðamál fyrir þessi svæði sem þarna er um að tefla og ég óttast það að með þeim samdrætti sem nú er fyrirsjáanlegur í landbúnaði kunni þessi framkvæmd, ef hún gerist eins og hér er ráð fyrir gert, að verða of seint á ferðinni fyrir þetta svæði. Þessi langtímaáætlun er auðvitað nákvæmlega það sem í nafni hennar felst. Hún er áætlun. Hún hlýtur að koma til endurskoðunar. Að undirbúningi hennar og vinnu var vel staðið af hálfu Vegagerðar ríkisins. Þetta tók ýmsum breytingum í meðförum nefndarinnar þar sem undir góðri verkstjórn var unnið, að ég hygg, mjög gott starf. Auðvitað kemur þetta plagg til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna á síðari tímum. Það er samkvæmt eðli máls og ég hjó eftir því að hv. þm. Pálmi Jónsson tók þannig til orða að mikil vinna væri eftir við langtímaáætlun. En það er nú auðvitað svo að vinnu við langtímaáætlun lýkur aldrei vegna þess að hún hlýtur eðli máls samkvæmt að halda áfram. Þó að hér sé kannski nokkrum áfanga náð, þá er það enginn áfangastaður, í mesta lagi áningarstaður meðan menn ræða þetta og halda síðan áfram með auknar framkvæmdir.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta mikið fleiri orð á þessu stigi. Umfjöllun þessa máls er ekki lokið í þingmannahópunum, þar á eftir að ræða málið ítarlegar, en endurtek það að vissulega væri ákjósanlegt að geta haft hér meira undir og gert meira, en þá verða líka þeir sem þannig vilja standa að verkum að vera viljugir til þess og fúsir að afla aukinna tekna. Það er auðvitað kjarni málsins en innan þess tekjuramma sem nú er um talað, þá hygg ég að hér megi þolanlega við una en hins vegar ekki meir.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur í dag fylgt úr hlaði tveim till. til þál. Þeirri fyrri um langtímaáætlun í vegagerð, þeirri síðari um vegáætlun fyrir árin 1991–1994. Í lok máls síns óskaði hæstv. samgrh. eftir því að þessar tillögur yrðu ræddar en þeim síðan vísað til fjvn. Þó að ég eigi sæti í þeirri hv. nefnd og fullar líkur séu til þess að mörg orð falli um þessi mál þar til lokið er, þá ætla ég að leyfa mér að fara um þessar tillögur örfáum orðum á þessu stigi málsins og ræða þær þá báðar í einu eins og hér hefur verið ákveðið.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. gat þess í sínu máli í morgun að það væri óviðunandi hvað þessar tillögur kæmu seint fram því að hér væri um svo viðamikið efni að ræða sem flestir þingmenn óskuðu eftir að tjá sig um. Það er náttúrlega óskandi, þó að undir þetta megi taka, að þessi mál verði rædd á viðunandi veg og ekki kastað höndunum til þeirra. Þess vegna brá mér dálítið þegar hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan um langtímaáætlun í vegagerð að hún hefði verið afgreidd við fámenni á afbrigðilegum fundartíma í þingflokki

Framsfl., en e.t.v. hef ég misskilið hv. þm. og að þetta hafi aðeins verið fyrsta ákvörðun í þessu máli.

Það er nú ekki ástæða til þess að fara mjög rækilega eða djúpt í umræðurnar á þessu stigi, en maður verður að binda vonir við það að hér á hv. Alþingi hefur oft náðst góð samstaða um vegamál þannig að það hefur verið unnt að gera þar nokkur átök. Þetta á auðvitað rætur sínar að rekja til þess að þessi mál eru öllum landsmönnum hugstæð og má segja að allir landsmenn, öll þjóðin, hafi áhuga á því að þoka þessum málum áleiðis.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. benti á það að um tillöguna um langtímaáætlun í vegagerð á þskj. 735 mætti segja að hún væri ekki unnin nema að nokkru leyti, það væri mikið starf óunnið við þá ályktun. Bent hefur verið á það að tillaga um langtímaáætlun í vegagerð sem lögð var fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–1983 hefði raunar aldrei verið samþykkt. En þó hefur verið farið eftir henni til viðmiðunar í þeim málum á undanförnum árum og geri ég ráð fyrir að svo verði enn um þá tillögu sem hér er til umræðu.

Að undirbúningi þessarar tillögu á þskj. 735, um langtímaáætlun í vegagerð, hefur nefnd vaskra manna unnið frá því í sumar. Ef maður lítur sér nær, svo sem eðlilegt er í þessum efnum, þá má segja að hlutur Vesturlandskjördæmis hafi ekki legið þarna neitt til hliðar, þar sem a.m.k. þrír af nefndarmönnum eru nátengdir því kjördæmi. En þeim mun ríkari verður ábyrgðin að koma þessum málum vel til skila og ná nokkrum árangri.

Það má auðvitað margt segja hér um úttekt vegakerfisins á bls. 5, t.d. þar sem nefndar eru viðamestu breytingar frá fyrri áætlun. Ég ætla ekki að tíunda þær allar, en aðeins nefna t.d. 3. tölul. þar sem reiknað er með nýrri veglínu fyrir Snæfellsnesveg þannig að hann liggi yfir Kolgrafafjörð, utan við bæinn Kolgrafir, í stað þess að fara inn fyrir fjörðinn. Það má segja að þegar við þingmenn Vesturlandskjördæmis ræðum um æskilega vegagerð inn með Breiðafirði, þ.e. alla leið utan frá Hellissandi inn á Skógstagl í Miðdölum, þá séu á þeirri leið allmargir firðir. Ég hefði talið, þó kannski séu skiptar skoðanir um það hver eigi að teljast fyrstur af þessum fjörðum, og viljað benda á og geri það hér með að Álftafjörður innan við Stykkishólm hefði a.m.k. með eins miklum rétti átt að vera nefndur þarna og Kolgrafafjörður.

Það er nefnt á bls. 8 í þskj. að með vegáætlun þessari sé verkefnum skipað með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið. Þess vegna má segja með miðlungi sterku orðalagi að það hafi miklar áherslubreytingar verið gerðar af þeirri nefnd sem hér hefur verið að verki. Nefna má í því sambandi stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og önnur stórverkefni. Að því er mér skildist á hv. 2. þm. Norðurl. e., þá virtist hann sakna margs í þessari tillögugerð þó að væntanlega sé eitthvað allmikið af efni hennar undan hans rifjum runnið.

En ég geri ráð fyrir því að það mál sem verði kannski enn þá viðkvæmara á þingi áður en yfir lýkur sé vegáætlun fyrir næstu fjögur ár, um framkvæmdir næstu fjögurra ára, sem menn eðlilega horfa til á þessum degi frekar en þeirra hugmynda sem horfa langt til framtíðar. Vafalaust er það svo að um sérstaklega röðun þeirra verkefna sem hér er greint frá verða mjög skiptar skoðanir. Ég ætla þess vegna að geyma mér að ræða mikið almennt um þau efni á þessu stigi mála, en víkja aðeins að einu máli. Og það er ekki vegna þess að ég teldi ekki ástæðu til þess að víkja hér að mörgum þáttum mála.

Vegna þess að eitt mál hefur hér borið á góma öðrum fremur, þá ætla ég að leyfa mér í lok þessara fáu orða að víkja að því ofurlítið, en það er vega- og brúargerð yfir Gilsfjörð sem vitanlega er einna efst á blaði hjá okkur þingmönnum Vestfirðinga og Vesturlands og liggja ærnar orsakir því til grundvallar og mörg og mikilvæg rök. Ég leyfi mér að nefna till. til þál. um þetta efni sem flutt var af hv. 1. þm. Vestf. og er 24. mál þessa þings, þar sem hann leggur til að ályktað verði að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að framkvæmdir við vega- og brúargerð yfir Gilsfjörð hefjist af fullum krafti vorið 1992 eða þegar að Dýrafjarðarbrú lokinni. Þessi tillaga og þessi hugmynd, eða hvað við eigum að kalla hana, er að sjálfsögðu miklu eldri því að nánast samhljóða tillaga um þetta efni var flutt á þingi 1982. Það sem kemur manni dálítið spánskt fyrir sjónir þegar þessi nefnd leggur nú málin í hendur okkar alþingismanna er að þar eru nefnd ýmis verkefni sem eru miklu yngri en það sem ég nú nefndi, og jafnvel nefnd í fyrsta sinn, og ætlast til þess að þau séu tekin samtímis eða jafnvel á undan. En ég vil alveg hiklaust halda því fram að hugmyndin um vega- og brúargerð yfir Gilsfjörð sé a.m.k. frá árinu 1982 og til þess að rannsaka þá hugmynd og undirbúa það að henni verði hrundið í framkvæmd hefur verið lagt fram fé öll árin 1985–1990 og er enn gert að sjálfsögðu. Þetta eru að vísu ekki háar fjárhæðir en þó nauðsynlegar á hverju ári til þess að rannsaka allan undirbúning. Á þessum árum, 1985–1990, hafa verið ætlaðar til undirbúningsrannsókna 12½ millj. kr.

Ég vil sérstaklega þakka, auk hv. 1. þm. Vestf., þeim þingmönnum sem hér hafa gert þetta mál að umræðuefni. Hv. 1. þm. Vesturl. benti á að í raun og veru hefðu þessir þingmannahópar, bæði Vestfjarða og Vesturlands, sagt ansi mikið um þetta mál, raunverulega stigið á stokk og strengt þess heit að það skyldi framkvæmt, eins og ég nefndi áðan, þegar að Dýrafjarðarbrú lokinni. Einnig hefur hv. 1. þm. Vestf., sem hér sat á þingi um tíma og lauk máli sínu áðan, lagt mjög góð orð til þessa verkefnis. Enn fremur hv. 2. þm. Vestf. sem hér talaði áðan að ógleymdum hv. 3. þm. Vesturl. Öllum þessum félögum mínum vil ég þakka fyrir góð orð um þetta málefni.

En það er nú einu sinni svo að orð, þó séu til alls fyrst, nægja ekki ein saman. Þeim verður að hrinda í framkvæmd. Ég ætla ekki að tína til einu sinni enn rök í þessu máli, aðeins víkja að því sem þessir hv. þm. bentu á í sínum ræðum. Þau rök sem liggja til þessa máls eru þung frá sjónarmiði byggðanna. Því mun hafa verið haldið mjög að Austur-Barðstrendingum þegar þeir voru hvattir til þess að sameinast í eitt sveitarfé-

lag, að það skyldi vera ýtt á þetta mál. Þetta hef ég heyrt og veit raunar með fullri vissu að á það var lögð áhersla og varð til þess að þeim tókst að sameina Austur-Barðastrandarsýslu alla í einn hrepp, Reykhólahrepp, sem ég tel mjög af því góða þegar miðað er við átök bæði í samgöngumálum og öðru.

Ég vil einnig geta þess að ein elsta byggðaáætlun sem unnin var aðallega á vegum Byggðastofnunar var einmitt áætlun um Dalabyggð, þ.e. Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu. Þar var að sjálfsögðu lögð höfuðáhersla á samgöngumál og mér er ekki kunnugt um að nokkur áætlun af þessu tagi hafi verið lögð fyrir hæstv. ríkisstjórn nema þessi áætlun um Dalabyggð. Hún var lögð fram og staðfest og samþykkt á ríkisstjórnarfundi 13. febr. 1981. Ég ætla að ég muni það rétt vegna þess að þeim fundi stjórnaði ég sjálfur.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri nú við 1. umr. málsins en aðeins minna á það að auðvitað verðum við að stefna að því, hv. alþingismenn, að orð okkar standi í þessu máli. Það hafa verið sögð mörg orð. Við þurfum að þoka þessari framkvæmd að verulegu leyti fram á fyrsta fjögurra ára tímabilið. Undir því er mikið komið. Þetta er að allra dómi mjög mikilvæg framkvæmd. Þó að ég hafi látið þessi orð sögð um þetta mikilvæga mál nú er ég viss um að fleiri orð verða látin falla um þetta mál áður en yfir lýkur og ályktanir verða afgreiddar á þessu vori.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Umræða um langtímaáætlun í vegagerð hér á hv. Alþingi er afar mikilvæg því hér er um að ræða stefnumörkun löggjafar- og framkvæmdarvalds til 12 ára á sviði vegaframkvæmda. Ég ætla ekki að fara dult með það að mér finnst málaflokk þessum ekki gert of hátt undir höfði með þessari áætlun og ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að ekki voru framkvæmdir nema innan við $^3/_4$ hlutar af síðustu langtímaáætlun vegna þess að ekki var útvegað fjármagn til þeirra framkvæmda nema að $^3/_4$. En þar sem samgöngur eru einn af mikilvægustu málaflokkum þessa lands og bættar samgöngur, þá er nauðsynlegt að það sé vandað til verka eins og kostur er.

Ég hef, hæstv. forseti, lagt fram í dag brtt. við þessa langtímaáætlun sem gerir ráð fyrir því að hægt verði að hraða brýnustu samgöngubótum enn frekar en langtímaáætlunin gerir ráð fyrir. Vil ég leyfa mér að kynna hana hér:

„Við tillöguna bætist nýr kafli, Mannvirkjasjóður samgönguframkvæmda, svohljóðandi:

Alþingi ályktar jafnframt að fela samgrh. að undirbúa lagafrv. um sérstakan sjóð til þess að hraða framkvæmdum á stofnbrautum, þjóðbrautum og við jarðgangagerð samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar. Sjóðurinn heiti Mannvirkjasjóður samgönguframkvæmda.

Mannvirkjasjóði samgönguframkvæmda verði heimilað að taka erlend eða innlend lán til þess að hraða brýnustu framkvæmdum í samgöngumálum á stofnbrautum umfram langtímaáætlun, enda verði við einstakar framkvæmdir gerð grein fyrir hvernig lánin verði endurgreidd með gjaldtöku af umferð og/eða með mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar í framtíðinni.“

Margir hv. ræðumenn hafa rætt um það að nauðsynlegt væri að framkvæma meira, en ég leyfi mér hér að koma með hugmyndir að því hvernig slíku væri hægt að koma í framkvæmd. Erlend lántaka t.d. þykir nú ekki fín en ég tel að þegar hún skili þjóðinni arði sé hún fyllilega réttlætanleg og stjórnendur landsins verða að gera greinarmun á því hvort erlenda lántakan fer til arðsamra framkvæmda eða hvort lántakan fer til greiðslu rekstrarkostnaðar ríkissjóðs eða einhvers konar vandræðagangs í ríkisfjármálum. Erlenda lántöku til arðsömustu vegaframkvæmda er hægt að réttlæta t.d. á eftirfarandi hátt: Mannvirki sem byggt er fyrir lántökuna stendur raunverulega sem eign, sem mannvirki á móti láninu. Þannig hafa skuldir þjóðarinnar aukist vegna lántökunnar en eignir hafa líka aukist. Og það er auðvitað allt annar hlutur hvort lántakan er gerð með þessum hætti eða hvort hún er gerð til þess að borga einhverja eyðslu sem engin eign stendur á bak við. Þó að vegamannvirki séu ekki talin fram í þjóðarauðsmati í dag, þá er ekkert sem segir að það sé ekki hægt að gera. Og maður getur leyft sér að spyrja hvers vegna vegamannvirki eru ekki talin með í þjóðarauðsmati því að samgöngumannvirki eru auðvitað verðmætar eignir.

Það kemur fram hér í greinargerð Vegagerðarinnar að arðsemi af einstaka framkvæmdaliðum geti numið allt að 30% og það sjá allir að svo há arðsemi hlýtur að réttlæta lántöku, hvort sem hún er innlend eða erlend. Er rétt að taka einnig fram að það kemur fram á bls. 8 í þessari langtímaáætlun að útreikningar þessir sýni ekki raunverulega arðsemi heldur eru notaðir hér einungis til samanburðar. Hér stendur eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðferð sú, sem notuð hefur verið við arðsemisútreikninga, er úrelt orðin, m.a. vegna breytinga sem urðu með tilkomu virðisaukaskatts. Sýnir hún almennt of lága arðsemi. Allmikið verk er að endurskoða aðferðina og hefur enn ekki unnist tími til þess.“

Mér sýnist hér, hæstv. forseti, vera fyllsta ástæða til þess að hraða þessum arðsemisrannsóknum og þá verði einnig tekið tillit til þess hags sem atvinnulífið og þjóðin öll hefur af bættum samgöngum en ekki eingöngu þeim atriðum sem tekið er tillit til í dag.

Að öðru leyti vil ég minna á að við slík stórverkefni, sem meiningin er að ráðast í, í samgönguframkvæmdum er rétt að það verða að koma til stórauknar rannsóknir á arðsemissjónarmiðum og félagslegum sjónarmiðum svo að það sé ljóst við hverja ákvarðanatöku hver hagur þjóðarinnar raunverulega er af einstaka stórframkvæmdum. Það er alveg ljóst í mínum huga að íslensk stjórnvöld þurfa að gera stórátak í samgöngumálum á næstu árum. Það má t.d. nefna að það þarf að ljúka gerð hringvegarins. Það þarf að leggja aukið bundið slitlag svo að þau mannvirki sem þegar er búið að byggja fjúki ekki út í loftið. Jarðgangagerð þarf að hraða á Vestfjörðum og Austurlandi og fyrir liggur tvöföldun Reykjanesbrautar sem er mjög nauð-

synleg vegna fyrirhugaðra framkvæmda þar.

Það er rétt að geta þess að í mörgum tilfellum getur verið miklu ódýrara að taka lán og ljúka gerð tiltekinna stórverkefna í samgöngumálum og innheimta t.d. gjald af viðkomandi framkvæmd til endurgreiðslu fjármögnunar ásamt greiðslu af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar heldur en að framkvæma t.d. lítilræði á hverju ári þannig að heildarkostnaður við framkvæmdina verður kannski langtum meiri en hann hefði þurft að vera. Og framkvæmdin skilar ekki þjóðinni því gagni sem til er ætlast fyrr en búið er að ljúka henni. Þannig vinnst tvennt. Framkvæmdin kemur fyrr til með að skila þjóðinni arði og framkvæmdakostnaður lækkar ef verkið er unnið með meiri hraða.

Það er einnig rétt að geta þess, hæstv. forseti, að úrbætur í samgöngumálum eru alger forsenda þess að byggðaþróun á Íslandi fari ekki öllsömul á óæskilegan veg og fólk yfirgefi eignir sínar á landsbyggðinni og flytji til höfuðborgarsvæðisins eða úr landi. Því að kostnaður þjóðfélagsins af slíkum búferlaflutningum og byggðarröskun er mjög mikill. Flytji fólk af landsbyggðinni suður til Reykjavíkur þarf að byggja aftur yfir það hér, sem kostar peninga, auk þess sem nýtt fjármagn þarf til húsnæðismála, stækkunar skóla og aukinnar þjónustu á öllum sviðum.

Hæstv. forseti. Ég vil minna á það að ég flutti hér í vetur till. til þál. um stefnumörkun í jarðgangagerð á Austurlandi, þar sem gert var ráð fyrir að Alþingi markaði skýra stefnu í þeim málum og hvernig þeim yrði komið í framkvæmd. Sú tillaga gerði ráð fyrir því að undirbúið yrði heildarútboð jarðgangaframkvæmda á Austurlandi í lok framkvæmda við jarðgöng í Fljótsdalsvirkjun. Það er mjög mikilvægt að ræða þetta í samhengi því að slíkt tækifæri fáum við vart aftur á næstu árum. Með því að stefna að alþjóðlegu heildarútboði nauðsynlegustu jarðganga á Austurlandi í framhaldi af jarðgangagerð við Fljótsdalsvirkjun, sem gert er ráð fyrir að verði 32 km, þá er hægt að koma þessu mikilvæga máli í framkvæmd á þann ódýrasta hátt sem kostur er. Og með því að hafa t.d. fjármögnun skilyrt innifalda í hugsanlegu útboði mætti fá þetta á hagkvæmum kjörum. Tímasetning framkvæmdarinnar, þ.e. lok framkvæmda við aðrennslisgöng Fljótsdalsvirkjunar, er mjög mikilvæg til að tryggja að hagkvæmt tilboð fáist í þessi jarðgöng.

Þótt einhverjum kunni að þykja það stórt hugsað að ráðast í öll jarðgöng á Austurlandi í einu, þá er þetta einungis spurning um hagkvæmni. Hvað er ódýrast fyrir þjóðina og hvað er best fyrir fólkið í landinu? Við hljótum að hugsa fyrst og fremst um það. Að framkvæma þetta verk í einu lagi tryggir að einingarverðið við framkvæmdina verður sem lægst, það tryggir að jafnframt því að ætla að bora göt í gegnum fjöllin, þá séum við ekki líka að leggja vegi yfir þau, sem gengur auðvitað ekki upp því að þjóðin hefur ekki efni á að fara þannig með sína peninga. Þjóðin hefur fyrst og fremst efni á því að ráðstafa fjármunum sínum á markvissan hátt í framkvæmdir sem öruggt er að skili þjóðinni arði til lengri tíma litið. Skattborgarar þessa lands geta ekki borgað vegi bæði yfir fjöllin og malbikað þá og ætlað síðan að fara í gegnum þau á eftir. Slík stefna er auðvitað fáránleg.

Ég vil ítreka það að hagur atvinnulífsins er mjög mikill af bættum samgöngum og með tilliti til fiskmarkaðar sem nú er að ryðja sér til rúms er nauðsynlegt að samgöngur batni á Austurlandi því að það er ljóst að fiskmarkaðir eru komnir til þess að vera og munu verða komnir hér um allt land innan mjög fárra ára.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, þakka gott og ánægjuleg samstarf við Vegagerð ríkisins og við þá starfsmenn sem hafa unnið með okkur þingmönnum við að útdeila þessum peningum, sem erfitt er nú að útdeila því allt of lítið er til skiptanna. Ég vil að lokum minna hér á það, hæstv. forseti, að vegaframkvæmdir eru með arðsömustu framkvæmdum að mínu mati sem hægt er að setja fjármagn í hér á landi ef undanskildar eru hafrannsóknir.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim sem voru í þessari nefnd og mun ég ekki tala hér langt mál, en kemst ekki hjá því að segja nokkur orð í sambandi við umræðuna sem hér hefur farið fram.

Á máli manna er auðheyrt að það er kominn taugatitringur í suma þingmenn sem þarf ekki að útskýra hvers vegna er. En það er dálítið furðulegt með málflutning sumra hv. þm. sem neita því að auka skatta á þjóðina en vilja þó á sama tíma gera allt. Og jafnvel þeir sem voru í nefndinni átta sig ekki á því að í sumum tilvikum, í þjóðbrautunun, er þessi áætlun til 38 ára.

Kortið sem er hér merkt með rauðu á bls. 14 sýnir það sem er stefnt að að setja bundið slitlag á á næstu 20–26 árum. Hv. þm. Halldór Blöndal minntist á Öxarfjarðarheiðina. Það segir ekkert í þessari áætlun um það hvort vegurinn yfir Öxarfjarðarheiði verði lagaður á þessu tímabili. En það er ekki stefnt að því að setja bundið slitlag á þessu tímabili. Það sem sagt rúmast ekki nálægt því það sem við viljum öll gera. Og ef menn vilja vinna þetta hraðar er ekkert annað en reyna að finna fjármagn til þess að gera hlutina. Svo einfalt er það.

Ég hef t.d. mjög miklar áhyggjur, og það kom fram hjá mér í nefndinni, vegna vegarins sem tengir Norðurland við Austurland. Þó að hér sé merkt að á næstu 20–25 árum eigi að leggja bundið slitlag á þann veg verða menn að hafa það í huga að Austfirðingar eiga mikið eftir ógert. Þeir ætla í dýrar framkvæmdir í sambandi við jarðgangagerð og þurfa að taka af sínu fé um 20% af öllum þeim kostnaði. Ég hef bara ekki trú á því að á næstu 20 árum hafi þeir möguleika á því að leggja það fé sem þarf af þeirra hluta í þennan veg sem tengir Norðurland við Austurland nema þessi vegur, a.m.k. þeirra hluti, sé tekinn í stórframkvæmdir. Ég lagði áherslu á að það yrði gert í þessari nefnd sem fjallaði um málið. En það kom fram hjá Vegagerðinni og raunar fleirum að það væri hætt við því að þá mundu aðrir vilja taka inn einhverja vegi sem þarf að byggja upp einnig í stórframkvæmdir. Ég vil halda því

fram að þessi vegur hafi sérstöðu, það er verið að tengja saman landshluta og þar af leiðir að hann hefur sérstöðu. Ég tel aftur að hálendisvegurinn hafi ekki þessa sérstöðu.

Ég mundi verða manna fegnastur ef um það yrði samstaða á Alþingi að reyna að finna meira fjármagn í vegagerð. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það er eitt mesta byggðamálið. En það er dálítið athyglisvert að hér hafa t.d. tveir hv. þm. Sjálfstfl. talað. Annar talaði um að Sjálfstfl. vildi ekki leggja á meiri skatta, en samt sem áður vill hann meiri framkvæmdir í vegagerð og setja fleiri vegi inn. Hinn var að ræða um að hraða þessum stórframkvæmdum en það er auðvitað ekki hægt með öðrum hætti en að fá meira fjármagn. Ég hefði viljað ráðleggja hv. sjálfstæðismönnum að þeir reyni að koma sér saman um aðra hvora leiðina og standa á því. Annaðhvort reyna að útvega meira fjármagn eða hætta þá að ræða um það, ef þeir eru á móti því, að gera meira, því að málið bara gengur ekki upp, svo einfalt er það.

Ég vil þakka vegagerðarmönnum, vegamálastjóra og hans mönnum, fyrir samstarfið við þessa langtímaáætlun. Það var ánægjulegt að vinna með þeim og þeir unnu þetta verk að mestu leyti þó að það væri auðvitað nefndin öll sem tók ákvarðanir, en stefnumörkunin var þeirra að mestu leyti. Og þetta vil ég þakka fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta meira, en vil endurtaka það, og sérstaklega beina máli mínu til hæstv. samgrh., að ég hef ekki trú á því og ég sé ekki möguleika á því að tengja Norðurland við Austurland á annan hátt en þann að það verði ákveðið að þessi vegur, a.m.k. að þessum hluta, verði stórframkvæmdaverkefni. Þetta mál er ákaflega aðkallandi, bæði fyrir Austurland og Norðurland, en einnig Norðvesturland og Vesturland. Það gerir t.d. vaxandi hópur ferðamanna sem hingað sækir.

Ég vil, af því að vegamálastjóri er hér, beina máli mínu líka til hans í sambandi við þetta, boða það vel og fá að leggja því lið þegar og ef ráðherra treystir sér til að athuga þetta mál frekar. En það þyrfti að ræða það vegna þess að eftir tvö ár t.d. þyrfti að liggja fyrir hvar vegurinn á að liggja, þá þurfa að vera komnar fram áætlanir og tillögur í þessu efni.

Alexander Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég neyðist til að koma hér upp án þess að ég ætli að tala beint meira um vegáætlunina. Það er vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. Eiðs Guðnasonar, sem ég geri ráð fyrir að sér hér einhvers staðar í gættum, til mín hér í umræðunni þar sem hann bar á mig ýmis grófyrði. Ég kannast við sérstæðan hroka hv. þm. Eiðs Guðnasonar og gróft orðbragð ef hann telur sér misboðið. Um það er hægt að sjá mörg dæmi í þingtíðindum eða umræðum á Alþingi og það þekkja margir, hann er frægur fyrir það.

En ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði í minni ræðu í dag. Á fundi í fjvn. 21. febr. sl. með vegamálastjóra eða hans mönnum þar sem þeir voru að skýra vegáætlun 1991–1994 fyrir nefndinni óskaði ég sérstaklega eftir upplýsingum frá Vegagerð ríkisins um gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins, þar með talið upplýsingum um skuld ríkisins við Reykjavíkurborg vegna þessara mála. Jafnframt bað ég um upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á lögum um þjóðvegi í þéttbýli þar sem höfuðborgarsvæðið er nú komið undir sérstakan lið í vegáætlun og er þess vegna spurning hvort ekki eigi að fella þetta ákvæði niður í þeim lögum sem nú gilda. Um þetta, þau svör sem við fáum við þessu, verður fjallað á fundi í fjvn. núna 4. mars nk. og þá verða gefnar upplýsingar um hvað um er að ræða á þessu sviði.

Frá þessu skýrði ég á fundi með samþingsmönnum mínum í morgun þegar við vorum að ræða um vegamálin, þegar hv. 3. þm. Vesturl. sagði frá hugmynd sinni um þáltill. um endurskoðun á einmitt þessu atriði sem við vorum að ræða í fjvn. Ég er sammála því að slík þáltill. verði flutt. En það væri kannski út frá þessum staðreyndum málsins nær fyrir mig að spyrja hv. þm. hvort hann hafi frétt af þessum umræðum í fjvn. 21. þessa mánaðar. Það væri fróðlegt að heyra það vegna þess að öðruvísi er ekki hægt að tengja þetta saman.

En ég vil segja þessum hv. þm., sem er nú orðinn þingvanur eins og við fleiri, að grófyrði sem honum hættir til að nota við bæði samþingsmenn og aðra sem eru honum ekki til geðs hverju sinni, eru honum til vanvirðu. Og ég vísa grófyrðum hv. þm. hér úr ræðustól á Alþingi í minn garð algerlega á bug. Það er ósæmandi fyrir starfandi þingmenn að haga sér svona. Það vil ég láta verða mín síðustu orð hér.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 1. þm. Vesturl. vil ég aðeins segja eftirfarandi: Ég hafði engar spurnir af þessum fundi fjvn. sem hann nefndi, en eftir að hann viðhafði ummæli sín í ræðustól hef ég spurt um þann fund. Ég hef ekki getað fengið staðfest að hann hafi sagt þar það sem hann nú segist hafa sagt eða kannski vildi hafa sagt. Ég hef ekki fengið það staðfest og ég stend við hvert einasta orð af því sem ég sagði hér áðan, vegna þess að það er satt. En stundum er það svo að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Fleira ætla ég ekki, virðulegi forseti, að segja um þetta mál.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara lýsa því yfir að ég átti ekki von á öðru svari frá hv. þm. en því sem hér kom fram. Hann virðir ekki sannleikann. Hann þarf að fá hann skráðan á vegginn áður en hann tekur til máls. En ég tel að þarna hafi hann auglýst sjálfan sig.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Vegna þessara orða hv. 1. þm. Vesturl. mun ég óska eftir því við formann fjvn. að það verði flett í fundagerðarbókum fjvn. til þess að sjá hvort hv. þm. viðhafði þau ummæli sem hann segist hafa viðhaft. Og það sem meira er, ég mun óska eftir því að málið verði tekið fyrir í fjvn. einfaldlega til þess að það komi í ljós og þeir verði spurðir sem þar voru,

bæði þá þingmenn og einnig þeir embættismenn sem fylgdust með umræðum, hvor okkar segir satt í þessu máli. Það er nauðsynlegt að fá úr því skorið og ég er allsendis óhræddur, virðulegi forseti, við þann úrskurð.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka þeim sem hér hafa tekið þátt í henni sem vert er og skylt. Ég hygg að ég geti farið fljótt yfir sögu því að í ræðum manna kom fyrst og fremst fram almenn afstaða þeirra til þessara mála og ekki var mikið um beinar spurningar. Auk þess vísa ég til þess að hv. fjvn. sem fær tillögurnar til umfjöllunar mun að sjálfsögðu afla þeirra upplýsinga sem óskað verður eftir og ég mun aðstoða við það eftir föngum. Ég kemst þó ekki hjá að nefna hér örfá atriði sem til mín var beint og reyni að gera það í sem allra skemmstu máli.

Í fyrsta lagi nefndi hv. þm. Pálmi Jónsson að tillögurnar kæmu óþolandi seint fram, eins og mig minnir að hann hafi orðað það. Það er út af fyrir sig rétt, þó eftir því hvernig á það er litið. Tillögur til vegáætlunar hafa oft komið fram um þetta leyti vetrar og jafnvel seinna, en hitt er auðvitað augljóst mál að Alþingi lýkur óvenju snemma á þessu vori sökum alþingiskosninga og tíminn er þess vegna naumur til að vinna að tillögunum. Það viðurkenni ég fúslega, þykir miður að svo tókst til en það á sér ýmsar skýringar og þar á meðal þær að hér var mikil vinna á ferðinni þar sem voru bæði tillaga til vegáætlunar og langtímaáætlunar. Og eins og menn sjá og ég hygg viðurkenni af þeim þingskjölum og gögnum sem þar birtast hafa þarna verið dregnar saman miklar upplýsingar og mikil vinna liggur að baki þessarar tillögugerðar.

Ég hygg að við þurfum engu að bæta við umræður sem urðu hér um bókun fulltrúa Sjálfstfl. Þær umræður fóru fram í morgun og ég hef þegar lýst því yfir fyrir mitt leyti að ef þeir óska þess að sú bókun verði birt með þingskjalinu, þá er sjálfsagt að verða við því að prenta það upp.

Um það hversu til tekst með afgreiðslu áætlananna og efasemdir um að það vinnist tími til að afgreiða langtímaáætlun, þá vísa ég til þess sem ég hef áður sagt. Það er enginn efi um það í mínum huga að það væri ákaflega æskilegt ef þess er kostur, en að sjálfsögðu verður það að ráðast í meðförum nefndar og hv. Alþingis hvort það verður talið gerlegt.

Hv. þm. Pálmi Jónsson ræddi síðan nokkuð þær áherslubreytingar sem birtast í þessum tveimur áætlunum og reyndar komu að mörgu leyti fram þegar við afgreiðslu vegáætlunar vorið 1989. Ég rökstuddi nokkuð rækilega í mínu máli, framsöguræðu í morgun, helstu ástæður þess að breyttar aðstæður og breyttar áherslur koma nú fram. Ég tel að að ýmsu leyti verði þær ekki umflúnar. Ósköp einfaldlega vegna þess að aðstæður nú kalla á það í verulegum mæli að ráðist verði í auknar framkvæmdir eins og t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Því miður er það staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að aukning umferðar hér er svo mikil og ástand flutningaæðanna umhverfis höfuðborgarsvæðið er þannig að það verður ekki umflúið að ráðast þar í kostnaðarsamar framkvæmdir á næstu árum.

Að mörgu leyti má segja sama um ýmis stór verkefni, stærstu brýr. Við megum reyndar þakka fyrir ef sumar þeirra hanga uppi eins lengi og þessar áætlanir gera ráð fyrir að þær þurfi að endast. Ég nefni Kúðafljót sem dæmi. Það er því alveg ljóst að hér eru í mörgum tilvikum á ferðinni óumflýjanlegar áherslubreytingar. En auðvitað eru þarna líka innan um sjálfstæð stefnumarkandi atriði og pólitískar ákvarðanir í raun og veru eins og áhersla í jarðgangagerð. Þar má segja að haldið sé í meira mæli inn á þá braut að leysa samgönguvandamál einstakra landshluta og svæða, ryðja úr vegi þröskuldum sem þar hafa verið fyrir eðlilegum samskiptum byggðarlaga. Þar eru að sjálfsögðu samgöngupólitísk ákvörðunaratriði á ferðinni.

Varðandi það sem hv. þm. Pálmi Jónsson og síðar hv. þm. Halldór Blöndal ræddu um fjármögnun til vegamála og þann slaka sem verið hefur í tekjustofnum vil ég segja að það var skýrt tekið fram af minni hálfu í haust og kom fram við afgreiðslu fjárlaga strax á sl. hausti að stefna yrði að því að ná aftur upp þeim slaka sem myndaðist í hinum mörkuðu tekjustofnum, einkum á árinu 1990 og voru m.a. til komnir vegna þess að vegatekjustofnarnir lögðu af mörkum verulegt framlag til hjöðnunar verðlags á því ári. Það var ákveðið, sem liður í sérstöku verðlagsaðhaldi og aðgerðum til að ná niður verðlagi á árinu 1990, að fresta og draga úr áður ákveðnum hækkunum á hinum mörkuðu tekjustofnum. Hefur það leitt til þess að nokkur slaki umfram það sem ella væri var kominn í þessa tekjustofna sl. haust. Það lá skýrt fyrir og er gengið út frá því í forsendum fjárlaga að þessum slaka verði smátt og smátt náð upp. En með tilliti til verðlagsþróunar og æskilegra markmiða í þeim efnum var ákveðið að hafa þann háttinn á að dreifa þeim hækkunum nokkuð jafnt yfir árið, láta þær ekki koma allar til framkvæmda á fyrri hluta eða í byrjun árs. Þetta veldur að sjálfsögðu því að Vegasjóður fær eitthvað minni tekjur á árinu en ella væri, en við lok ársins og í upphafi næsta fjárlagaárs ættu þessir tekjustofnar að standa nokkurn veginn í fullri hæð.

Hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir taldi að í þessari vegáætlun og langtímaáætlun væru í raun og veru tæplega reist nógu rismikil markmið í þessum efnum. Undir það gæti ég í sjálfu sér tekið að æskilegt væri að hafa þar enn háleitari markmið fyrir stafni, en á hitt vil ég leggja áherslu, og það er í raun og veru útgangspunktur þessara tillagna að mínu mati, að það er leitast við eins og kostur er að hafa þær raunhæfar, hafa þetta ekki óskalista, hafa þetta ekki loftkastala eins og stundum hefur viljað brenna við að menn hafa, þrátt fyrir þrengingar og takmarkaða fjármuni á yfirstandandi ári, gert sér strax á næsta ári eða árum háleit markmið um stóraukin framlög til þessara mála. Ég vil leggja áherslu á það og vekja athygli manna á því að í raun og veru er ekki gert ráð fyrir nema tiltölulega litlum hækkunum umfram þær fjárveitingar sem verða til vegamála á þessu ári í áætlununum á næsta ári og út

þetta 12 ára tímabil. Þar með tel ég að meiri ástæða sé til að ætla að það sé raunhæf áætlanagerð á ferðinni sem geti staðist. Af tvennu er það mikið mikilvægara, finnst mér, að sú áætlanagerð sem verið er að ganga frá á hinu háa Alþingi sé raunhæf, hún fái staðist heldur en hitt að ná að sýna þar fallega óskalista. Ég hef þess vegna eindregið verið talsmaður þess að menn reyndu að halda sig á jörðinni í þessum efnum þrátt fyrir að svo sannarlega gæti ég tekið undir það að þarna mætti gjarnan gera meira.

Um það sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði og hné að nokkru leyti í sama farveg varðandi áherslur við stórverkefni, brýr og framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, vísa ég til þess rökstuðnings sem áður hefur komið fram og þeirrar sannfæringar minnar og ég held rökstuddu niðurstöðu sem í þessum tillögum birtist, að í verulegum veigamestu atriðum sé hér um að ræða aðlögun að núverandi aðstæðum og breyttum aðstæðum sem við verðum að horfast í augu við. Hv. þm. spurði hvort gert væri ráð fyrir því fjármagni sem kerfisbreytingar í tengslum við innheimtu á þungaskatti og bensíngjöldum gera ráð fyrir. Svarið er já. Þær breyttu forsendur mynda grundvöll vegáætlunar og langtímaáætlunar. Þar er gert ráð fyrir fullnýttum mörkuðum tekjustofnum á grundvelli þeirra innheimtuaðgerða og innheimtuforma sem áformuð eru í framtíðinni, en það er ekki gert ráð fyrir krónu meira, ekki einni einustu krónu í beinum framlögum úr ríkissjóði á þessum áætlunartíma fyrir utan það sem er á þessu yfirstandandi ári.

Hv. þm. Alexander Stefánsson og síðan fleiri þingmenn spurðust fyrir um og ræddu eina tiltekna framkvæmd á kjördæmismörkum Vesturlands og Vestfjarða þar sem er brú og uppfylling yfir eða um þveran Gilsfjörð, hvort sem við köllum það nú þessu nýyrði sem einhvers staðar varð til í kerfinu fyrir tveimur árum síðan, fjarðaþverun, en alla vega er sú vegalagning um þveran fjörð með tilheyrandi brú. Ég get tekið undir það eins og svo margt, margt annað sem hér hefur verið nefnt að vissulega væri það æskilegt að hægt væri að ráðast fyrr og hraðar í þá framkvæmd. Hún er geysimikilvæg og þýðingarmikil fyrir þá byggð en hún er stór og hún er dýr og það er óhjákvæmilegt að einhvers staðar inni í framkvæmdaröð stórverkefnanna verður hún að falla. Það er ákvörðunaratriði hvernig því verður nákvæmlega hagað. Hér birtist í tillögunni ákveðin tillaga eða hugmynd þar um.

Ég bendi á að í fylgiskjölum með langtímaáætlun eru upplýsingar um þessi stórverkefni sem eru mörg stór og dýr og mikilvæg og ráðast verður í. Þar kemur fram að helsta stórverkefni af þessu tagi til hliðar við Gilsfjörðinn, og á sama tíma og hann verður unninn, er einmitt brú yfir Kúðafljót sem er framkvæmd hátt á annað hundrað millj. kr., ríkishlutinn í því eða stórverkefnaflokkshlutinn, á sama tíma og Gilsfjörður nálgast líklega hálfan milljarð. Staðreyndin er sú, eins og ég sagði hér áðan, að við megum kallast heppin, hygg ég, ef brúin yfir Kúðafljót hangir uppi og þjónar sínu hlutverki í þann tíma sem henni er ætlað samkvæmt þessum áætlunum þannig að ekki væri það björgulegt að þurfa að taka áhættuna af því að fresta henni. Menn hafa fréttir af Markarfljótsbrú, hvernig hún hefur verið að láta undan síga síðustu missirin og ekki verður undan því vikist að ráðast í þá framkvæmd og svo má áfram telja.

Ég held að það sé þó mikilvægast að hér er því slegið föstu og sett inn á fyrsta tímabil þessarar vegáætlunar framkvæmdafjárveiting, þó lítil sé, til að hefja framkvæmdir við Gilsfjörð. Ég er svo sannarlega tilbúinn til að taka þátt í að skoða hvort einhver möguleiki sé á að þoka þeirri brýnu framkvæmd enn framar. Ég bendi á reglulega endurskoðun vegáætlunar að tveimur árum liðnum í því sambandi. Ef menn sjá þess þá kost og möguleika að færa hana framar eða að ráðast framar í hana með einhverjum hætti þá tel ég sjálfsagt mál að athuga það. En þetta byggir á því að menn nái saman um uppröðun verkefna sem gerir það mögulegt.

Hv. þm. Halldór Blöndal spurði síðan um hækkanir á tekjustofnum Vegagerðarinnar og féll sú spurning í svipaða átt og hv. þm. Pálmi Jónsson hafði áður fram borið. Því er til að svara að gert er ráð fyrir því að bensíngjald hækki um 15% á þessu ári eða því sem næst. Að vísu er það svo að síðan þetta var ákveðið hafa aðeins breyst forsendur og ekki þarf alveg jafnmikla hækkun á bensíngjaldi til að ná sömu tekjum af bensínsölu þar sem ljóst er að heildarsalan hefur aukist og er lítillega meiri en gert var ráð fyrir þegar forsendur fjárlaga voru lagðar fram á sl. hausti. Þannig er nú metið að um 13% hækkun á þessu ári skili Vegasjóði sömu tekjum og þess vegna var ákveðið að hækka bensíngjald ekki nema um 3% í febrúar en síðan muni það hækka um 5% í tvígang, í júní og september nk.

Þungaskattshækkanir hafa verið áformaðar þannig að 10% hækkun var áformuð núna á fyrstu mánuðum ársins og 15% hækkun við seinni álagningu eða seinni gjalddaga eða seinni útreikning þungaskatts í júní eða júlímánuði á næsta sumri, væntanlega í júní. Kemur þetta til af því að slakinn var orðinn nokkru meiri í þungaskatti en í bensíngjaldi. Þetta mun þá skila Vegasjóði þeim tekjum sem fjárlög gera ráð fyrir og forsendur fjárlaga og þær hafa verið mönnum kunnar, jafnt aðilum vinnumarkaðarins sem öðrum, um mánaðar skeið.

Síðan var það reyndar þannig að hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal vék beint frá því að ræða þessa skatta og þessar tekjuforsendur vegáætlunar þar sem ég skildi hann nú svo að hann teldi þarna farið jafnvel fullgeyst í það að hækka þessa tekjustofna vegamálanna yfir í að telja upp brýnar framkvæmdir sem hann harmaði að ekki kæmust inn í þessar áætlanir (**HBl:** Í fimm ára áætlun.) og nefndi þar vegalagningu yfir Öxarfjarðarheiði og tengingu Norðurlands og Austurlands og fleira af því tagi. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm., þetta eru hvort tveggja mikilvægar framkvæmdir og ótal margar fleiri í öllum landshlutum sem við hefðum örugglega getað sameinast um að væri æskilegt að gengju hraðar fyrir sig. En til þess þarf peninga og til að hafa peninga þarf að afla þeirra.

Menn verða þá auðvitað að gera það upp við sig í eitt skipti fyrir öll: Eru menn tilbúnir til að afla þessara tekna? Hér er verið að reyna að byggja upp og styrkja tekjustofna Vegasjóðs með því að ná inn í tilteknum áföngum þessum slaka sem þarna er orðinn, með því að framkvæma þannig kerfisbreytingu að afsláttur á blýlausu bensíni valdi Vegasjóði ekki tekjutapi, með því að fara í ákveðnari innheimtuaðgerðir og kerfisbreytingar gagnvart innheimtu þungaskatts þannig að hann skili sér sem best o.s.frv. Allt er það gert til þess að reyna að styrkja þessar tekjuforsendur vegáætlunar og langtímaáætlunar. Menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir. Það er ekki nema um tvennt að velja í þessum efnum, sætta sig við það að bíða lengur eftir verkefnunum eða að auka tekjuöflunina. Ég hef enga trú á því að menn sæki í ríkissjóð til viðbótar hinum mörkuðu tekjum miklar fjárhæðir til vegamála á næstu árum. Ég hef enga trú á því að forsendur í okkar ríkisfjármálum og ríkisbúskap verði þannig að það verði létt verk. Reynslan sýnir okkur hvernig það hefur gengið. Það er því miður yfirleitt sá hlutinn sem alltaf er skorinn niður þrátt fyrir fögur fyrirheit í fyrri vegáætlunum. Eftir stóðu menn með hinar mörkuðu tekjur einar til ráðstöfunar. Það er staðreynd, það er niðurstaða málsins eftir átta ára reynslutíma þessara áætlana. Ég held að við eigum að kyngja þeirri staðreynd.

Varðandi skatta af umferð vil ég undirstrika það, og taka fram vegna ummæla sem hér féllu frá fleiri en einum hv. þm., að sem betur fer er það nú ekki svo að við Íslendingar séum þar mjög hátt á lista settir hvað snertir það að skattleggja umferð. Þvert á móti höfum við t.d. ekki farið út á þá braut sem í verulegum mæli hefur verið gert í nágrannalöndunum, að leggja til viðbótar ýmsum fyrri sköttum á umferðartækin og á orkugjafana, umhverfisskatta. En það er eins og kunnugt er víða í nágrannalöndunum að lögð eru orðið til viðbótar fyrri sköttum umtalsverð gjöld á eldsneytið og á umferðina sem rökstudd eru sérstaklega með þörfinni fyrir það af umhverfisástæðum að draga úr einkabílanotkun, að draga úr orkunotkun á þessu sviði og mengun og öðru tilheyrandi. Við eigum þarna í raun og veru inni, ef maður liti svo á, miðað við ýmsar aðrar þjóðir. Ég hef lagt á það áherslu fyrir mitt leyti að þetta plúss þurfi Vegagerðin að nota og þess vegna sé ekki rétt að fara út á þá braut miðað við ástand okkar vegakerfis að fara að leggja sérstök gjöld á sem rynnu í ríkissjóð þó þau væru svona rökstudd.

Ég hygg að ég hafi svarað hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni varðandi Gilsfjörð um leið og öðrum. Hann ræddi það sem hv. þm. Kristinn Pétursson gerði einnig, hvort ekki væri tímabært að gera Vegagerðina sjálfstæðari og byggja upp rekstur hennar og grundvalla kannski meira í líkingu við það sem gerist hjá Pósti og síma, að sú stofnun yrði sjálfstæð um sína tekjuöflun og sínar framkvæmdir. Ég tel þetta fyllilega koma til greina. Við höfum nokkuð rætt þann möguleika að stefnt yrði á þetta með allar helstu framkvæmdir samgöngumála. Hugmyndir um að afla hafnarframkvæmdunum sjálfstæðs tekjustofns eru náskyldar þessu, þannig hugsaðar að allir helstu flokkar samgönguframkvæmdanna, vegamálin, flugmálin og hafnargerðin, ásamt auðvitað fjárfestingum í fjarskiptum sem Póstur og sími sér um, eignuðust sína sjálfstæðu og sterku tekjustofna og gætu í raun í fyllingu tímans myndað framkvæmdasjóði samgöngumála sem væru tiltölulega sjálfstæðir, bornir uppi af sértekjum þessara stofnana. Með ýmsum hætti mætti sjá það fyrir sér að þetta gæti orðið til framdráttar þessum málaflokkum þegar frá liði. Ég tel það fyllilega athugunarvert að skoða slíkar kerfisbreytingar og setja þá upp í raun og veru sjálfstæð fjárlög eða sjálfstæðar fjárfestingaáætlanir þessara framkvæmdasjóða samgöngumálanna sem kæmu með svipuðum hætti inn í fjárlög ríkisins og B-hluta stofnanirnar gera í dag.

Síðan var nokkuð rætt um Óshlíð og hv. 1. þm. Vestf., sem síðan kvaddi okkur, gerði þetta að umtalsefni og harmaði það að Óshlíð hefði verið tekin út úr, eins og hann orðaði það, svonefndum stórverkefnaflokki. Ég hygg að ekki sé rétt að stilla málum upp með þeim hætti. Óshlíð var unnin fyrir tíma þeirrar flokkunar og það er ekki fyrr en með vegáætlun vorið 1989 sem sá verkefnaflokkur verður til og skilgreiningar um hann verða til. Ég get ekki lofað neinu um það að unnt verði að fella áframhaldandi framkvæmdir og uppbyggingu og lagfæringar á Óshlíð inn í stórverkefnaflokk miðað við ríkjandi skilgreiningu fyrir þau verkefni. Ég held að hv. þm. Vestfjarða verði að hafa það í huga að ekkert eitt kjördæmi nýtur jafngreinilega góðs af þessari tilhögun eins og einmitt Vestfjarðakjördæmi sem er með miklar brúa- og jarðgangaframkvæmdir sem ósköp einfaldlega hefðu verið óviðráðanlegar fyrir það kjördæmi ef ekki hefði komið til skipting af þessu tagi. Um það hvort menn sjá sér fært að bæta síðan lagfæringum á Óshlíðinni þar við get ég engu lofað og tel satt best að segja að það þurfi þá mjög vandlega að hyggja að því hvort ekki væri komið á það fordæmi sem mundi opna þann verkefnaflokk fyrir ýmsum öðrum framkvæmdum annars staðar þannig að hann smátt og smátt missti tilgang sinn sem slíkur ef hann yrði opinn fyrir ýmsar almennar framkvæmdir.

Hv. þm. Vesturl. Eiður Guðnason og Alexander Stefánsson ræddu nokkuð eins og við heyrðum hugmyndir um að endurskoða þyrfti V. kafla vegalaga um gerð þjóðvega í þéttbýli. Um orðaskipti þeirra ætla ég engin orð að hafa, en um efnið sem þar var á bak við, þ.e. þá spurningu hvort ekki væri orðið tímabært að endurskoða þessa skiptingu, vil ég segja það að ég tel að svo sé. Ég held að það sé alveg rétt að m.a. gerbreyttar samgönguforsendur hér á höfuðborgarsvæðinu geri það að verkum að nauðsynlegt sé að fara aftur yfir þessar forsendur og ræða þetta út frá mjög breyttum aðstæðum í umferð og vegakerfi á þessu svæði. Ég tel að það væri eðlilegt að taka þetta inn í umræður við sveitarfélög á þessu svæði, og reyndar þéttbýlli sveitarfélög víðar í landinu, þegar rætt er um samskipti þessara aðila. En að sjálfsögðu er það ekki eitthvað sem hægt er að gefa sér niðurstöður úr fyrir fram en tvímælalaust tímabært orðið að líta yfir það á nýjan leik hvort þetta sé sú tilhögun sem menn vilja þarna viðhafa til framtíðar eða hvort hún sé að ein-

hverju leyti orðin úrelt eða gölluð í ljósi breyttra aðstæðna.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson vék svo að, eins og fleiri reyndar, tengingu Norðurlands og Austurlands og taldi að tæplega yrði séð að sú framkvæmd rúmaðist í vegamálunum á næstu árum, eða innan þessa langáætlunartímabils jafnvel, öðruvísi en unnt yrði að koma þeirri framkvæmd fyrir með einhverjum sérstökum hætti, ekki síst vegna aðstæðna í Austurlandskjördæmi. Þetta kann vel að vera rétt hjá hv. þm. en það breytir ekki hinu að það er að mínu mati mjög vandséð að unnt sé að taka slíka almenna framkvæmd undir stórverkefnaflokkinn.

Ég bendi hv. þm. á að það er þó þannig að á öðru og sérstaklega þriðja tímabili langtímaáætlunarinnar er væntanlega svigrúm, og reyndar áformað samkvæmt þeim tiltölulega lauslegu drögum sem við þm. Norðurl. e. höfum skoðað, að hefja framkvæmdir við þessa uppbyggingu að vestan, okkar megin frá, áleiðis austur að kjördæmamörkum. Hvernig til tekst austan megin frá verður svo að skýrast m.a. í ljósi þeirrar áherslu og þeirrar forgangsröðunar sem þingmenn Austurlands koma sér saman um.

Ég vil þó eingöngu nefna þá hugmynd, sem hefur auðvitað áður komið fram, að svo kynni að fara að innan nokkurra ára væri ekki óskynsamlegt að setjast yfir það verkefni sérstaklega að skoða þá kafla sem eftir væru á hringveginum öllum, og verða þá væntanlega ekki síst á norðaustanverðu landinu, og jafnvel gera um það einhvers konar sérstaka áætlun að ljúka þeim pörtum sem eftir væru á hringveginum. Þessi hugmynd hefur áður komið fram og hún er góðra gjalda verð og ég nefni hana hér af því að það er ekki ólíklegt að hún verði oftar á dagskrá þegar að því kemur, sem verður innan fárra ára, að á hringveginum öllum saman verða einungis fáein höft eftir án bundins slitlags.

Herra forseti. Ég held ég hafi þá að mestu leyti lokið við að svara þessum beinu spurningum. Ég er hér með í höndunum ákaflega merkilega töflu þar sem fjárveitingar til framkvæmda í vegamálum frá 1980 til og með þessu fyrsta áætlunartímabili vegáætlunarinnar eru settar upp. Ég held að það væri áhugavert fyrir hv. þm. að fá af því plaggi ljósrit. Ég held að við getum glaðst fyrir því að þrátt fyrir allt stefnir í það á árinu 1991 að framkvæmdagildi fjárveitinga til vegamála verði allmiklu hærra en það hefur verið undanfarin ár og reyndar hið hæsta sem ég finn á þessum töflum alveg aftur til ársins 1980. Til nýbygginga vega og brúa eiga að verða samkvæmt þessari vegáætlun á árinu 1991 2.750 millj. kr. en voru t.d. árið 1987 1.872. Og þó svo merkilega vilji nú til að það sé einmitt þetta sama ár sem oft er vitnað til og lögð voru lengst bundin slitlög í samanlagðri vegasögunni á landinu, þá er það engu að síður svo að til nýbygginga vega og brúa á að verja á þessu ári 878 millj. kr. meira fé á sama verðlagi en var á þessu ári. Þannig að auðvitað verða menn að gæta sín þegar tölur eru notaðar, þær segja ekki allt nema þeim fylgi þá þær skýringar sem nauðsynlegar eru til þess að skilja þær.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta. Ég þakka hv. þm. þær umræður sem hér hafa orðið, þessar málefnalegu og ágætu umræður, og ég vænti þess að hv. fjvn. og þingheimur allur greiði götu þessara áætlana, að þær geti náð hér fram að ganga og hlotið staðfestingu sem væri ákaflega æskilegt fyrir alla áætlanagerð og vinnu í þessum málaflokki.

Ég vil svo að endingu þakka á nýjan leik þeim starfshópi sem að undirbúningi langtímaáætlunarinnar vann og taka undir þakkir sem hér hafa verið færðar fram af mörgum hv. þm. til starfsmanna Vegagerðar ríkisins sem mér þykir vænt um og ég tek heils hugar undir. Ég held að þar eigum við á að skipa ákaflega hæfum starfsmönnum sem vinni verk sín vel og leggi þá hluti vel fyrir eins og sjá má af þessum plöggum. Ég vil þess vegna fyrir þeirra hönd, af því að þeir hafa ekki málfrelsi hér á Alþingi þó að þeir komi hingað oft eins og þingmenn þekkja, þakka þau hlýju orð sem í þeirra garð hafa fallið.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég tek auðvitað heils hugar undir viðurkenningarorð til starfsmanna Vegagerðar ríkisins. Við þekkjum það þingmenn af löngu samstarfi við Vegagerð ríkisins að þeir embættismenn sem þar eru eru einstaklega hjálpsamir og greiðviknir og í öllu sínu samstarfi með upplýsingar á reiðum höndum og vilja greiða götu stjórnmálamanna eins og þeir framast geta. Og ég tek auðvitað undir allt gott sem um þá stofnun er sagt.

Það kom fram í ræðu hæstv. samgrh. að hugmyndin hjá ríkisstjórninni er ekki sú að fara eftir tilmælum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins í sambandi við bensíngjald og þungaskatt á þessu ári. Eins og ég sagði frá í minni ræðu fyrr komu þeir á fund okkar og fjmrh., Ásmundur Stefánsson og Þórarinn V. Þórarinsson, og hittu okkur síðar sérstaklega með Vegagerðinni í risnubústað ríkisstjórnarinnar við Borgartún. Þeir ítrekuðu þar fyrri sjónarmið sín þess efnis að þeir teldu að ríkisstjórnin yrði að skilja það að þegar laun hækkuðu í lágum prósentutölum, þá breyttist vægi hlutfallstalna. Það má vera að einhverjum finnist 13% hækkun frá áramótum til 1. sept. ekki ýkja mikið á bensíngjaldi, 26,5% hækkun á þungaskatti ekki mikil á sama tímabili, en í ljósi þeirra litlu launahækkana sem almenningi falla í skaut er hér um verulegar hækkanir að ræða. Og samkvæmt skilningi þessara manna tveggja stefna þeir með þessu í hættu framtíð þess sem kallað hefur verið þjóðarsátt.

Hæstv. samgrh. talar um slaka. Í hverju var slakinn fólginn? Hann var fólginn í því að ríkisstjórnin hélt ekki við þær hækkanir sem hún hafði ákveðið í fjárlögum fyrir sl. ár. Það er öldungis rétt hjá hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin hafði reiknað með miklu meiri verðbólgu en varð. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar var auðvitað ekki sú að ná verðbólgunni eins hratt niður og aðilar vinnumarkaðarins lögðu grundvöll að með samningunum 1. febr. í fyrra. En þegar þeir samningar lágu fyrir skuldbatt ríkisstjórnin sig til þess að halda hækkunum í hófi. Og mér finnst það skjóta skökku við

ef ríkisstjórnin ætlar nú annars vegar að magna upp hækkanir á þungaskatti og bensíngjaldi til 1. sept. og boðar það ofan í kaupið að þessum hækkunum eigi að halda áfram með vaxandi stíganda fram á næsta ár.

Það er alltaf verið að tala um þessa þjóðarsátt. Menn eru alltaf að reyna að skýra í hverju sættir yfirleitt felast. Ég held að allir hljóti að vera sammála um það að sættir vísa ekki til baka heldur fram á við og þá er auðvitað ætlast til þess að menn reyni að standa við sáttina þó einhver einn dagur líði. Þjóðarsátt sem stendur bara frá 1. febr. 1990 til 1. sept. 1991 hlyti að vera kölluð tímabundin þjóðarsátt, takmörkuð þjóðarsátt, ekki þjóðarsátt til frambúðar. Sú langtímaáætlun sem hér liggur fyrir byggir á því að hækka bensíngjald og þungaskatt í framtíðinni meira en ríkisstjórnin hefur sjálf treyst sér til að gera á síðasta ári eftir að þjóðarsáttarsamningarnir tókust.

Hæstv. samgrh. talar um að það sé ekkert að gera með loftkastala í áætlunargerð. Auðvitað tek ég heils hugar undir það. En hvernig getur samgrh. komið hingað í þingsalinn og sagt: Ég legg til meiri hækkanir á umferðina á næsta ári, þegar aðrir eru teknir við stjórnartaumum og aðrir bera ábyrgð á þjóðmálum, en ég hef sjálfur treyst mér til að leggja á umferðina vegna þess að ég er að reyna að sætta þjóðina við þau takmörkuðu lífsgæði sem hún hefur orðið að sætta sig við nú um stundir. Er ekki talað um það að lífskjör hafi versnað svona í kringum 15%, eitthvað svoleiðis, síðan hæstv. ráðherra varð ráðherra? Og er ekki verið að koma svolítið til móts við launþegana núna með því að reyna að halda hækkunum innan einhverra sæmilegra marka? Eða getum við bara talað stundum um að það eigi að halda þjóðarsáttinni? Er það bara stundum sem það á við að við séum þjóðarsáttarmenn ef við erum að gera kröfur á aðra? Getum við svo komið næsta dag og sagt: Nú erum við ekki þjóðarsáttarmenn í þessu eina atriði. Við getum haldið þessu utan við af því að það kemur okkur vel í þessu sem við erum nú að gera? En svo ætlumst við til að einhverjir aðrir haldi þjóðarsátt í einhverju öðru sem kemur okkur minna við. Ég held að málið sé ekki þannig vaxið. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að líta þannig á þetta frv., eftir skýringar hæstv. ráðherra, að forseti Alþýðusambands Íslands og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands hafi farið snuðferð til Vegagerðarinnar, snuðferð til hæstv. fjmrh., snuðferð til hæstv. samgrh. og ríkisstjórnarinnar þegar þeir fóru fram á það að ríkisstjórnin reyndi að halda hækkunum á umferðina innan þeirra marka sem þjóðarsáttin fól í sér, innan þeirra marka sem launahækkanir á þessu ári rúmast.

Á hinn bóginn má auðvitað segja að menn hafi mikinn áhuga á því að gera þetta og gera hitt. Hæstv. ráðherra talaði um það áðan við mig þegar ég var að tala um það að langtímaáætlunin, eins og hún er sýnd hér á korti, vísar til einhverrar framtíðar, 25–30 ár fram í tímann. Við erum að tala um árin 2015–2020 og það er verið að teikna það upp hér á korti hvernig vegakerfið líti út árið 2015 eða 2020. Þá var ég að segja að það væri undarlegt að halda að á þeim tíma yrði ekki lokið við veg yfir hálendið milli Norður- og Suðurlands. Þegar svo langt er komið má auðvitað búast við því að slíkur vegur hafi verið lagður. Þar munaði nú ekki hársbreidd, það munaði því að það er búið að setja Ísland í A-flokk núna, axarskaftaflokk afturfarar og atvinnuleysis, sem veldur því að okkur tekst ekki að fá álver til landsins nú á næstunni og veldur því að ekki var ráðist í það að leggja grunn að veginum yfir hálendið á næsta ári þó svo hann hefði síðar verið byggður upp. En við sjáum fyrir okkur slíka veglagningu. Við gerum okkur grein fyrir því, sem erum kunnugir í Bárðardal, að það er gersamlega útilokað að hugsa sér að ekki verði bundið slitlag upp Bárðardalinn eins og umferð er vaxandi yfir hálendið út alla þessa öld, algerlega útilokað. Við erum í þessari svokallaðri langtímaáætlun að tala um kort, um einhverja framtíð sem enginn sér fyrir.

Ég hélt því fram í nefndinni að langtímaáætlun í vegamálum hlyti að vera í því fólgin að við reyndum að átta okkur á því að hverju við stefndum á næstu 12 árum og byggjum síðan til kort sem sýndi ástand veganna eftir 12 ár og sýndi hvert við kæmumst áleiðis á þeim tíma. Það er auðvitað hollt að setja sér markmið með þeim hætti. En ef við hefðum unnið þannig þá hefðum við líka orðið að endurmeta ýmis verkefni sem við viljum ráðast í, hvort við förum kannski of geyst á einum stað, ef við þorum með þeim hætti að horfast í augu við staðreyndir.

Kannski sýnir, hæstv. forseti, ekkert betur hvernig vinnubrögðin við langtímaáætlun eru en sú yfirlýsing hæstv. ráðherra að það sé tvímælalaust tímabært, ég skrifaði það niður, tvímælalaust tímabært að endurskoða þær reglur sem nú gilda um þjóðvegi í þéttbýli og athuga hvort ekki sé nauðsynlegt að taka það mál allt upp við sveitarstjórnirnar út frá þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram. Með þessum ummælum viðurkennir ráðherrann auðvitað að hann telur vafasamt að hægt sé að standa á langtímaáætlun á þeim grundvelli sem hann hefur sjálfur lagt hér til og skil ég hans ummæli svo að hann leggi ekki áherslu á það að þáltill. um langtímaáætlun fái afgreiðslu á þessu þingi og er auðvitað fullkomlega sammála honum um það. Það er auðvitað eðlilegt að slík áætlun fái að liggja frammi, að menn geti rætt áætlun 12 ár fram í tímann heima í sínum kjördæmum við sveitarstjórnarmenn og að einstökum þingmönnum gefist kostur á að tala saman.

Í öðru samhengi sagði hæstv. forsrh. að óeðlilegt væri að búvörusamningur yrði gerður fyrr en ný ríkisstjórn hefði sest af völdum. Það er nú sennilega af því að hæstv. forsrh. þykir þægilegast að hafa það þannig. Ég held að með sömu rökum, ef þau eru þá einhver, sé auðvelt að sýna fram á að langtímaáætlun í vegamálum eigi að bíða næstu ríkisstjórnar.

Ég skal ekki í þessu samhengi gera mikið veður út af þeim ummælum hæstv. forsrh. að það sé hæpið að vera að bora sig í gegnum fjöll til þess að síðasti íbúinn geti farið þá leiðina burtu, og var þá að tala um Suðureyri við Súgandafjörð. En auðvitað mundi það setja mikið strik í þessa vegáætlun ef svo færi að rík-

isstjórnin teldi kominn tíma til að geta því byggðarlagi frí og þá heppilegra kannski að fara með íbúana yfir heiðina í staðinn fyrir að bora sérstaklega gat í fjöllinn. En þetta eru ekki mín sjónarmið. Þetta eru sjónarmið verkstjóra ríkisstjórnarinnar, Steingríms Hermannssonar, sem hefur vakið athygli á því með þessum hætti að atvinnuástand sé erfitt við Súgandafjörð.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri en vil bara ítreka þetta: Það mátti heyra á hæstv. samgrh. í fyrsta lagi að hann hefur ekki mikla trú á því að orkusparnaðarátak ríkisstjórnarinnar standist — mig minnir að ríkisstjórnin hafi lagt einar 3 millj. fram til þess að hvetja Íslendinga til að spara orkuna — því að hann leggur þvert á móti til grundvallar að bensíneyðsla fari vaxandi á næstu árum frá ári til árs. Ekki skal ég þræta við hann um það. Menn geta verið bjartsýnir á bensíneyðsluna. En þó svo að maður fallist á þau rök, þá er hér gert ráð fyrir meiri hækkunum en felast innan ramma þjóðarsáttar. Enn fremur er í þessari þáltill. gert ráð fyrir að 350 millj. kr. renni til Vegasjóðs úr ríkissjóði á þessu ári. Ég fæ ekki séð að fullnægjandi rök hafi verið færð fyrir því að það verði talið pólitískt rétt að hækka gjöld á umferðina um þær ógnarfjárhæðir sem hæstv. samgrh. var að tala um. Að því leyti til er þessi vegáætlun í lausu lofti og fróðlegt auðvitað að sjá hver verði viðbrögð aðila vinnumarkaðarins nú þegar það liggur fyrir svart á hvítu að ríkisstjórnin hefur ákveðið að hafa að engu þeirra varnaðarorð, heldur kýs að hækka bensíngjaldið og þungaskattinn langt umfram það sem felst í kjarasamningum.

Um þungaskattinn vil ég taka það fram sérstaklega að þessi geigvænlega hækkun, um 15% og 10% eftir því sem mér heyrðist, það er hækkað um 26,5% á árinu, slík hækkun bitnar auðvitað fyrst og fremst á þeim byggðarlögum sem þurfa mikið að treysta á landflutninga, hækkar vöruverð á þeim stöðum og eykur með þeim hætti á byggðaójafnvægi. Ég held að það liggi ljóst fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Afnám margsköttunar á iðgjaldi til lífeyrissjóða, fyrri umr.

Þáltill. GHG, 371. mál. — Þskj. 651.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um afnám margsköttunar á iðgjaldi sjóðfélaga til lífeyrissjóða. Till. hljóðar svo sem hér segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að hefja þegar undirbúning nauðsynlegra lagabreytinga sem hefðu það að markmiði að afnema margsköttun iðgjalda sjóðfélaga lífeyrissjóðanna."

Í greinargerð segir svo, virðulegi forseti, með þessari þáltill.:

„Afar brýnt er að afnema það ranglæti sem viðgengst í skattalegri meðferð iðgjalda til lífeyrissjóðanna, ásamt því hvernig lífeyrisgreiðslur frá sjóðunum valda lækkun greiðslu tekjutryggingar frá Tryggingastofnun. Þannig má í raun segja að iðgjald sjóðfélaganna til lífeyrissjóðanna sé skattlagt í þrígang, fyrst iðgjaldið, síðan greiðslur frá sjóðunum og hvernig þær valda skerðingu tekjutryggingar frá Tryggingastofnun sem auðvitað er líka skattlagning.

Í flestum löndum Evrópubandalagsins eru iðgjöld, bæði launþega og atvinnurekenda, skattfrjáls, en lífeyrir frá lífeyrissjóðum í þessum löndum er aftur á móti skattskyldur eins og hér á landi. Nú kann einhver að halda því fram" — Virðulegi forseti, ég hef alltaf haft það til siðs að ef aðrir þingmenn eru með sérfundi í deildinni þá þagna ég þannig að þeir geti þá komist að með sína aukafundi. (Forseti hringir.) Ég sagði, virðulegi forseti, að í flestum löndum Evrópubandalagsins eru iðgjöld bæði launþega og atvinnurekenda skattfrjáls en lífeyrir frá lífeyrissjóðum í þessum löndum er aftur á móti skattskyldur eins og aðrar tekjur svo sem á sér stað hérlendis. — „Nú kann einhver að halda því fram að 4% iðgjald sjóðfélagans sé innifalið í persónuafslættinum í staðgreiðslunni. Um það má deila. En nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli, þannig að launþeginn finni greinilega fyrir því að iðgjald hans til lífeyrissjóðs sé ekki skattstofn.

Margoft hefur komið fram hversu mikið ranglæti felst í því að þeim einstaklingum, sem innt hafa af hendi greiðslur til lífeyrissjóðanna, skuli refsað þegar að töku ellilífeyris kemur með því að greiðslur frá sjóðunum valdi lækkun á greiðslum Tryggingastofnunar. Í kjarasamningunum í febrúar 1990 var samið um að greiðslur frá lífeyrissjóðum valdi minni lækkun á tekjutryggingu en aðrar tekjur. Frá því þetta var ákveðið hefur aftur sigið á ógæfuhliðina svo að ekki verður lengur við unað."

Jónas Bjarnason verkfræðingur var fenginn til þess af hálfu Landssambands lífeyrissjóða að kanna nánar hin skattalegu áhrif vegna þessa máls. Af niðurstöðum í greinargerð og skýrslu sem hann hefur gert má sjá að jaðarskattur einstaklings sem býr einn getur orðið 76% á tilteknu tekjubili, þ.e. að af hverjum 1000 kr. sem ellilífeyrir hans frá lífeyrissjóði hækkar heldur hann einungis eftir 239 kr.

„Ofangreint ástand þessara mála er Alþingi og ríkisstjórn til hreinnar skammar" svo ekki sé sterkar að orði komist. „Því er mikilvægt að þessi þingsályktunartillaga verði afgreidd þegar á þessu þingi þannig að fjmrh. fari ekki í grafgötur um vilja Alþingis og leggi þegar fram lagafrumvörp til lausnar málinu."

Ég vil síðan, virðulegi forseti, skýra nokkuð nánar hvernig þetta kemur út sem hér hefur verið frá skýrt í sambandi við skattlagningu og tekjuskerðingu ellilífeyrisþega í sambandi við það.

Algengt er að lífeyrisgreiðslur til annars hjóna séu annaðhvort á bilinu 9–33 þús. kr. eða á bilinu 33–54 þús. kr. Á fyrrnefnda bilinu er heildarskattur gegnum lífeyrissjóði í jaðartilfellum 55% og á því síðarnefnda 73% að því gefnu að greiddur hafi verið skattur af svo-

kallaðri inngreiðslu. Greiðsla til einstaklings er líklega á bilinu 13–16 þús. eða 16 og allt til 58 þús. Á fyrrnefnda bilinu er heildarskattlagning með sömu forsendum og fyrr 67% og á því síðarnefnda 80%. Athygli vekur að jaðarskattur á lágar tekjur og meðaltekjur er hér mjög hár. Það er nú stundum kennt við jafnaðarmennsku að hafa háa jaðarskatta af háum tekjum, en ef maður gefur sér að svo sé, þá hlýtur hér að vera um mikla ójafnaðarmennsku að ræða gagnvart þeim sem eru á lægri tekjustigum.

Af núverandi kerfi leiðir að lítill munur er á ráðstöfunartekjum þeirra sem greitt hafa í lífeyrissjóði og hinna sem ekki hafa greitt neitt. Rétt er að nefna þó hér í þessu sambandi að í ársbyrjun 1990 þegar kjarasamningar voru gerðir var ákveðið að hækka þau mörk þar sem tekjutrygging byrjar að skerðast. Mörkin voru síðan hækkuð lítillega í tveim áföngum, þ.e. 1. júlí 1990 og aftur þann 1. jan. í ár. En þetta kemur því miður ekki til með að breyta heildarniðurstöðunni neitt til muna fyrir ellilífeyrisþegana.

Í stuttu máli mætti segja að samantekið er skattlagning á lífeyri umfram skattlagningu almennra launatekna þannig:

1. Hlutur lífeyris er tvískattlagður með tekjuskatti.
2. Tekjutrygging virkar eins og aukinn skattur.
3. Greiddur er 2% skattur til umsjónarnefndar eftirlauna. Að vísu má segja að það sé skattur sem vinnuveitendur og launþegar hafi samið sjálfir um þannig að ríkið hefur ekki komið þar til skjalanna.

Sú spurning hlýtur að vakna hverjar séu ástæður þess að málum er svo komið sem að framan er lýst. Tvær skýringar virðast einkum koma til álita.

1. Þeir sem hafa tekið ákvarðanir um tekjuskatt annars vegar og tekjutryggingu hins vegar hafa ekki áttað sig á hver heildarniðurstaðan yrði. Þegar þeir gera sér grein fyrir ástandinu munu þeir væntanlega beita sér fyrir breytingum í samræmi við þá þáltill. sem hér er lögð fram.
2. Stjórnvöld líta á iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóða sem skatt, enda ráðstafa þau meiri hlutanum af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Því eigi það ekki að skipta máli hvort greitt hafi verið í lífeyrissjóð eða ekki að mati þeirra sem þannig hugsa.

Það er í öllu falli ljóst að ríkisvaldið grefur undan starfsemi þeirra lífeyrissjóða sem það hefur skyldað með lögum til aðildar að. Þessu verður að breyta. Lífeyrissjóðir eru grundvallarforsenda nútíma ellilífeyristryggingakerfis samhliða örorkutryggingum og maka- og barnalífeyristryggingum þar sem það á við. Í lýðfrjálsum þjóðfélögum eru lífeyrissjóðir jafnframt mikilvægasti peningasparnaðurinn í peninga- og fjármálakerfum viðkomandi þjóða. Þessi sparnaður er nýttur í þágu atvinnulífs og þess fólks sem myndar sjóðina, þ.e. sjóðfélaganna. Gott dæmi þess á Íslandi eru framlög lífeyrissjóðanna í þágu húsnæðismála. Það er eigi ofsagt þótt sagt sé að nú standi lífeyrissjóðirnir svo til 100% undir fjárframlögum til húsnæðismála á Íslandi. Hlutverk sjóðanna í uppbyggingu atvinnulífsins er að verða stöðugt þýðingarmeiri á Íslandi. Er það sambærilegt við það sem nú þekkist og á sér stað í háiðnvæddum þjóðfélögum, svo sem í Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og í Japan.

Hlutverk hins háa Alþingis er að tryggja réttlæti. Aðförinni að sjóðfélögum lífeyrissjóðanna, ellilífeyrisþegum, verður að linna ef ekki á illt að hljótast af fyrir viðkomandi aðila og þjóðfélagið í heild.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til síðari umr. og félmn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gleðjast yfir því að þetta mál skuli koma til hv. félmn. Þar mun ég hafa tækifæri til þess að fjalla um það. Hér er að mínu mati um afskaplega gott mál að ræða og ég vona að það fái það brautargengi hér í þingstörfum sem því ber. Skattlagning á þá sem síst skyldi er því miður allt of algeng í þessu þjóðfélagi og því ekki annað hægt heldur en að taka undir þegar verið er að bæta úr því óréttlæti að lífeyrisgreiðslur skuli vera tví- eða jafnvel þrískattaðar. En eins og ég tók fram í upphafi máls míns mun mér vonandi gefast kostur á að fjalla um þetta mál betur í nefnd og leggja þá mitt af mörkum til þess að það fái góða afgreiðslu hér þótt seint sé fram komið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

63. fundur, föstudaginn 1. mars, kl. 11 árdegis.

Byggðastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (byggðaáætlun o.fl.). — Þskj. 757.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í fjarveru forsrh. mæli ég hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun. Það væri mikil ástæða til að hafa langt mál um þetta frv. en vegna þess að að baki liggur mjög gott nefndarstarf sem hefur tekist ágæt samstaða um þá hlýt ég fyrst og fremst að vitna til skýrslu þeirrar sem kom frá nefndinni og greinargerðar með þessu frv. Ég mun hins vegar hafa nokkur orð um þetta mál þótt það sé mun takmarkaðra en í reynd væri ástæða til.

Eins og öllum hv. þm. er ljóst hafa orðið miklar breytingar á undanförnum áratugum á búsetu í landinu. Þessar breytingar felast í meginatriðum í því að það hafa orðið miklir flutningur úr dreifbýli í þéttbýli, en jafnframt hefur fólki fækkað á landsbyggðinni víða og dregið úr fjölgun en mikil fjölgun hins vegar orðið á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík og í nágrannabyggðarlögunum.

Á árunum 1981–1990 hafa brottflutningar frá landsbyggðinni aukist ár frá ári og flutningar á þessum árum

eru höfuðborgarsvæðinu í hag um 10.700 manns. Þessir flutningar voru mestir 1988 eða 1560 manns, en það er hæsta tala á einu ári frá því skráning innanlandsflutninga hófst. Árið 1990 var mismunur brottfluttra og aðfluttra á landsbyggðinni 1070. Það er ástæða til að vekja athygli á því að á árunum 1984–1986 og árið 1989 fækkaði íbúum landsbyggðarinnar en slíkt hefur ekki gerst síðan á árunum 1945–1946.

Þessi þróun talar sínu máli og það er alveg ljóst að hún hefur mikil áhrif á okkar samfélag og þótt mörgum finnist að hér sé í reynd um þróun að ræða sem ekki verði stöðvuð og feli í sér margvíslega hagkvæmni fyrir rekstur þjóðarbúsins, þá er það jafnframt staðreynd sem ekki verður á móti mælt, mjög alvarleg staðreynd, að kostnaður og óhagræði vegna þessarar búsetuþróunar kemur fram á mörgum sviðum.

Í fyrsta lagi er það þannig að á landsbyggðinni kemur fram vannýting mannvirkja og í mörgum tilvikum auðlinda vegna fækkunar fólks í fjölmörgum byggðarlögum. Það er jafnframt ljóst að langvarandi stöðnun leiðir til þess að það kemur fram svartsýni hjá því fólki sem býr í viðkomandi byggðarlögum um framtíðarmöguleika byggðarlaganna, fólksins sem þar býr og þeirra kynslóða sem þar eru að alast upp. Á höfuðborgarsvæðinu þarf aftur að byggja upp ný þjónustumannvirki sem í mörgum tilvikum eru til staðar annars staðar í landinu og eru þar vannýtt. Það kostar mikið að leysa umferðarvandamál sem á höfuðborgarsvæðinu eru og það blasir við að á því svæði þarf að fara í milljarða framkvæmdir til að leysa verstu umferðarhnútana. Það verður æ dýrara fyrir það fólk sem þar býr að sækja vinnu og ýmsa sérhæfða þjónustu. Þá er mikil mengun sem myndast af slíku þéttbýli og það er afar kostnaðarsamt að leysa frárennslismál, sorphreinsunarmál og þessi kostnaður vex eftir því sem byggðin stækkar og það er sú reynsla sem jafnframt hefur orðið meðal flestra þjóða. Þessi þróun er ekki einsdæmi hér á Íslandi, hún er í reynd alheimsþróun og alls staðar blasa við vandamál vegna slíks misvægis.

Það hefur verið lögð á það vaxandi áhersla í okkar atvinnulífi að undirstöðuatvinnuvegirnir séu reknir á sem hagkvæmastan hátt þannig að þessar atvinnugreinar geti skilað þjóðarbúinu sem mestum tekjum og byggt upp sem best lífskjör. Það er því ráðandi í þessum greinum að verið er að leita eftir hagræðingu, betri rekstri þannig að t.d. sjávarútvegurinn geti skilað landsmönnum betri lífskjörum. Þessi hagræðing kemur oftast fram í því að fólki er fækkað, meira reynt að leysa með vélum og meiri afkasta krafist af hverjum einstaklingi. Það sama á við á margan hátt í landbúnaðinum að það eru gerðar þær kröfur til hans að vörurnar séu framleiddar með minni kostnaði þannig að þar hefur fólki fækkað hlutfallslega meira en nokkurs staðar annars staðar.

Skipulagsbreytingar í undirstöðuatvinnugreinunum hafa því leitt til þess að fólki sem þar starfar fer fremur fækkandi en fjölgandi þótt ekki sé að öllu leyti hægt að alhæfa í því. Það er því nauðsynlegt til að styrkja atvinnulíf víða um land að reyna að fara inn á nýjar brautir, inn á ný svið og leita allra leiða til nýsköpunar bæði á vettvangi þessara atvinnugreina og jafnframt á vettvangi nýrra greina. Það er engu að síður staðreynd að þjónustugreinarnar hafa tekið við fleira og fleira fólki og þar er stöðug fjölgun. Þessi fjölgun í þjónustugreinunum hefur fyrst og fremst verið hér á höfuðborgarsvæðinu og er því ekki hægt að mæla á móti því að aukning þjónustugreinanna hefur í reynd á margan hátt leitt til meiri byggðarröskunar en margir gera sér grein fyrir.

Það hlýtur því að vera markmið þeirra aðgerða sem eru brýnastar í byggðamálum að gera allt sem hægt er til að breyta samsetningu atvinnulífsins á landsbyggðinni þannig að störfum í þeim greinum þar sem vöxturinn er hvað mestur fjölgi og sú mikla aukning sem hefur orðið í þjónustugreinunum hér á höfuðborgarsvæðinu stöðvist.

Það geta flestir verið sammála um það að byggðastefna sem byggir fyrst og fremst á því að viðhalda stöðu mikilvægustu undirstöðuatvinnugreinanna, landbúnaðarins og sjávarútvegsins, getur ekki orðið árangursrík. Og það hlýtur að vera eðlileg krafa landsbyggðarinnar, m.a. vegna þess að þjóðfélagið gerir þær kröfur til þessara undirstöðuatvinnuvega að þær skili sem mestum arði til þjóðarbúsins, en þessi arður stendur undir þjónustugreinunum, að það fólk, sem við þessar greinar starfar og heldur þeim í reynd uppi, fái jafnframt notið þess í sínu umhverfi að þjónustugreinarnar vaxi þar.

Auðvitað er það svo að atvinnuþróun á hverjum stað byggist og hlýtur alltaf að byggjast fyrst og fremst á vilja, þekkingu, dugnaði og framtaki þeirra sem búa á viðkomandi stöðum og vilja hasla sér þar völl. En það er þannig að ef stofna á til atvinnurekstrar þá þarf að vera til viðtæk þekking og fjármagn. Það er mörgum ofviða að takast á við það og þeir þurfa aðstoð samfélagsins til þess að geta stigið ýmis framfaraspor.

Ríkisvaldið hefur að sjálfsögðu bein áhrif á atvinnu- og byggðaþróuun með staðarvali stórfyrirtækja sem koma inn á borð ríkisvaldsins. Það getur jafnframt haft mikil áhrif með tilhögun opinberrar þjónustu og enn fremur með þeim aðgerðum sem gripið er til til þess að stýra þróun landbúnaðar og sjávarútvegs. Í þessu sambandi skiptir að sjálfsögðu langmestu máli að efnahagsstjórnin tryggi jafnvægi í efnahagslífinu og að gengisskráningin miðist við það að atvinnuvegirnir búi við viðunandi rekstrarafkomu. Við höfum sára reynslu af því að ef þetta sjónarmið er ekki ríkjandi, þá fer illa fyrir viðkomandi atvinnugreinum og það getur tekið mörg ár og jafnvel áratugi að vinna þær upp á nýjan leik þannig að fyrirtækin sem eru burðarás í hverju byggðarlagi geti staðið undir lífsafkomu fólksins og ekki síst gefið fólkinu þá tryggingu og það öryggi sem er nauðsynlegt til þess að hafa trú á búsetu til lengri tíma.

Það er ekki síst mikilvægt í allri þessari þróun að ríkisvaldið jafni kostnað við opinbera þjónustu um allt land á þeim sviðum þar sem það hefur tök á og aðstæður allar fyrir atvinnurekstur og einstaklinga. Þessar aðstæður eru því miður mismunandi bæði fyrir einstaklingana og jafnframt fyrir atvinnufyrirtækin sem

ekki síst kemur fram í því að einstaklingar borga mismunandi orkuverð í landinu og fyrirtækin jafnframt sem hlýtur að hafa áhrif á staðsetningu þeirra.

Með tilliti m.a. til þeirra sjónarmiða sem ég hef nú rakið og margra annarra, þá skipaði forsrh. hinn 4. jan. 1990 tvær nefndir í byggðamálum. Annarri nefndinni, svokallaðri byggðanefnd, var falið að gera tillögur um langtímastefnu í byggðamálum, en í henni áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka og samtaka á Alþingi. Formaður þessarar nefndar var Jón Helgason alþm., hæstv. forseti þessarar deildar, en aðrir í nefndinni voru Egill Jónsson alþm., Guðmundur Einarsson, fyrrv. alþm., Gunnar Hilmarsson, formaður Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, Hreggviður Jónsson alþm., Lárus Jónsson, fyrrv. alþm., Skúli Alexandersson alþm., Skúli Björn Árnason fulltrúi og Snjólaug Guðmundsdóttir húsmóðir. Ritari þessarar nefndar og starfsmaður var Kristófer Oliversson frá Byggðastofnun.

Þessi nefnd, sem ég hef nú greint frá, hefur samið það frv. sem ég mæli hér fyrir.

Áður en nefndin var skipuð hafði Byggðastofnun fjallað um þetta málefni og lagt fram hugmyndir um mótun nýrrar byggðastefnu og átaks til að rétta hlut landsbyggðarinnar til frambúðar. Haldnir voru fundir með fulltrúum allra stjórnmálaflokka þar sem starfsmenn stofnunarinnar lögðu fram gögn um þróun á landsbyggðinni. Megintilgangur þessara funda var að finna þau grundvallaratriði nýrrar byggðastefnu sem stjórnmálamenn úr öllum flokkum væru sáttir við og teldu framkvæmanleg. Niðurstöður viðræðna voru sendar forsrh. 16. apríl 1989. Í framhaldi af því skipaði hann framangreinda nefnd.

Jafnframt skipaði forsrh. í byrjun desember 1989 aðra nefnd sem var falið að fjalla um starfsemi Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum. Í þeirri nefnd sátu Stefán Guðmundsson alþm., formaður, Ragnar Arnalds alþm., Sighvatur Björgvinsson alþm., Trausti Þorláksson skrifstofumaður og Zophonías Zophoníasson framkvæmdastjóri. Starfsmaður þeirrar nefndar var Aðalsteinn Steinþórsson en Kristófer Oliversson frá Byggðastofnun var nefndinni jafnframt til aðstoðar.

Skýrsla og tillögur þessarar nefndar fylgir með frv. sem fskj. 2.

Í áliti nefndarinnar koma fram mjög margar athyglisverðar tillögur. Ég ætla ekki að rekja þær hér í máli mínu, enda eru hér í þessari deild þingmenn sem þekkja þær miklu betur en sá sem hér stendur og mun færari að skýra frá þeim. En ég vek sérstaka athygli á aðgerðum í byggðamálum á bls. 10–11 í skýrslunni og á tillögum nefndarinnar um breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, sem koma fram í viðauka 1 í skýrslu nefndarinnar á bls. 33.

Byggðanefndin sem samið hefur frv. leggur til að Byggðastofnun verði falið að hafa meira frumkvæði en hingað til um stefnumótun á sviði byggðamála. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum um stofnunina. Miða allar breytingarnar í frv. að þessu markmiði. Þar er ætlast til að Byggðastofnun geri byggðaáætlun til fjögurra ára sem forsrh. leggi síðan fyrir Alþingi til samþykktar. Þannig gefist Alþingi kostur á að fjalla um byggðamál og þau áhrif sem ákvarðanir og aðgerðir eða aðgerðaleysi stjórnvalda hefur á þróun byggðar. Ætti sú umfjöllun að stuðla að málefnalegri umræðu um byggðamál í þjóðfélaginu. Þá er lagt til að stuðningur Byggðastofnunar við atvinnuþróun verði aukinn. Í hverju kjördæmi verði jafnframt starfandi atvinnuráðgjafi og eitt eða fleiri atvinnuþróunarfélög sem Byggðastofnun veiti stuðning við atvinnuráðgjöf og þróunarstarf. Einnig er gert ráð fyrir að stofnunin leggi fram áhættufjármagn til þeirra verkefna sem þykja álitleg hverju sinni.

Til þess að hugmyndir byggðanefndar beri tilætlaðan árangur er það grundvallaratriði að byggðarlögin verði tengd sem best saman með greiðum samgöngum og opinber þjónusta jöfnuð sem mest má verða, ekki síst með sambærilegu orkuverði um land allt.

Frumvarpsgreinarnar, efnisgreinarnar, eru fjórar. Í 1. gr. er fjallað um það að fela Byggðastofnun í samráði við ráðherra að móta byggðastefnu og gera tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára. Í slíkri áætlun koma fram helstu þættir sem áhrif hafa á þróun byggðar. Þar kemur fram framtíðarstefna stjórnvalda í byggðamálum og fjallað er um áhrif stefnu í efnahags- og atvinnumálum á þróun byggðar ásamt því hvernig framkvæmdaáætlun fyrir opinberar framkvæmdir tengist byggðaþróun. Ráðherra skal leggja þessa byggðaáætlun fyrir Alþingi til afgreiðslu og Alþingi tekur byggðaáætlun til endurskoðunar ekki sjaldnar en annað hvert ár. Hér er því lagt til að tekin verði upp svipuð vinnubrögð og tíðkast við undirbúning að gerð þjóðhagsáætlunar og meðferð Alþingis t.d. á vegáætlun og margvísleg önnur þróun hefur verið í gangi á þessu sviði sem að vísu tengist allt byggðamálum með einum eða öðrum hætti. Einnig er gert ráð fyrir að Byggðastofnun geri svæðisbundnar byggðaáætlanir sem unnar verði í nánu samstarfi við heimamenn í hverjum landshluta og verði tekið mið af þeim við undirbúning byggðaáætlunarinnar sem Alþingi fjallar um.

Í 2. gr. er kveðið á um hlutverk stjórnar Byggðastofnunar við undirbúning byggðaáætlanagerðar. Stjórninni er ætlað að fjalla um stefnumótandi hluta byggðaáætlunarinnar og fylgjast með framkvæmd þeirra þátta hennar sem henni er falið af Alþingi. Stjórn stofnunarinnar er einnig ætlað að fylgjast með þeim svæðisbundnu byggðaáætlunum sem unnar verða af Byggðastofnun.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir stuðningi Byggðastofnunar við stofnun og rekstur atvinnuþróunarfélaga. Um leið og hér er lögfestur stuðningur Byggðastofnunar við þau er lögð áhersla á að efla þátttöku heimamanna í atvinnuþróunarfélögum og gera starf þeirra markvissara. Aðild að þeim geta átt sveitarfélög og allir aðrir aðilar sem vilja taka þátt í þeim og láta sig varða þróun og uppbyggingu atvinnulífs á viðkomandi svæði. Með þátttöku sinni er Byggðastofnun ætlað að vera bakhjarl þessara félaga og veita þeim félagslegan og tæknilegan stuðning eins og henni er kleift og frum-

kvæði heimamanna gefur tilefni til.

Samkvæmt 4. gr. er Byggðastofnun heimilað að veita atvinnuþróunarfélögum styrki til einstakra verkefna á sviði þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi. Einnig að stofnunin skuli koma á fót föstu samstarfi við rannsóknastofnanir atvinnuveganna, stofnlánasjóði og háskóla um miðlun tæknilegra framfara til atvinnuþróunar. Byggðastofnun er einnig ætlað að taka við hlutverki iðnrn. vegna iðnráðgjafa og greiða hluta af kostnaði við starfsemi þeirra, a.m.k. eins þeirra í hverju kjördæmi. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuráðgjafarnir leitist við að koma á samstarfi atvinnuþróunarfélaga innan viðkomandi kjördæma og stuðla að samstarfi við aðra aðila sem vinna þar að ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi.

Herra forseti. Ef þetta frv. nær fram að ganga sem ég vænti að geti orðið er ljóst að fram undan er mikið starf við framkvæmd allra þeirra hugmynda sem fram koma í frv. og hafa komið fram í starfi þeirra ágætu nefnda sem ég hef hér minnst á og eiga þessar nefndir og allir þeir einstaklingar, ekki síst alþingismenn sem þar hafa starfað, miklar þakkir skilið fyrir sín störf. Það er t.d. ætlast til þess að byggðaáætlun verði lögð fyrir Alþingi þegar á næsta hausti.

Í tengslum við væntanlegar breytingar á deildaskiptingu Alþingis er jafnframt nauðsynlegt að sérstök nefnd fjalli um byggðamál framvegis. Á þann hátt er unnt að færa inn á Alþingi þá vinnu að stefnumótun í byggðamálum sem farið hefur fram í nefndum utan Alþingis á undanförnum árum. Einnig er nauðsynlegt að athuga gaumgæfilega hugmyndir nefndar um skipulag Byggðastofnunar sem fjalli um aðgerðir í byggðamálum og fram koma í fskj. 2 með frv. þessu og er áður getið um. Það er nauðsynlegt að halda vinnslu þeirra hugmynda áfram og hrinda þeim í framkvæmd eftir því sem tilefni þykir til.

Það er að mínu mati mjög þýðingarmikið að um þessar hugmyndir og breytingar sem hér koma fram verði sem best samstaða hér á Alþingi og í þjóðfélaginu í heild. Það ber um of á togstreitu á milli þéttbýlis og dreifbýlis í landinu og það ber líka á því að ekki er nægilega ríkur skilningur, og þá ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, á mikilvægi landsbyggðarinnar fyrir landið allt. Sérhver einstaklingur í landinu vill eiga sér glæsilega höfuðborg og vill geta staðið með sinni höfuðborg. En það gera einstaklingarnir ekki ef þeir sem í höfuðborginni starfa og henni stjórna hafa ekki ríkan skilning á þýðingu landsbyggðarinnar og dreifbýlisins fyrir landið allt. Um þetta þarf að vera sem best samstaða í landinu og ég hef mesta trú á því að með meira starfi Alþingis á sviði byggðamála megi byggja upp betri skilning á mikilvægi þess að landið sé allt byggt og þeir sem starfa fyrst og fremst í undirstöðuatvinnuvegunum njóti ekki síður þeirra gæða og þeirra réttinda sem okkar ágæta land hefur gefið okkur.

Ég vil ekki hafa fleiri orð, herra forseti, um þetta mál og vitna til þess starfs sem hér hefur verið unnið, en vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og trúlega — ég bið afsökunar á því að ég þarf aðeins að hugsa um það, en það hlýtur að vera til hv. allshn., það sé eðlilegt að máli þessu sé vísað þangað.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans orð hér og ríkisstjórninni fyrir flutning þessa frv. Það var ánægjulegt að starfa í þeirri nefnd sem mér var falið að stýra með fulltrúum allra stjórnmálaflokka hér á Alþingi vegna þess einlæga vilja sem þar kom fram frá öllum þessum fulltrúum að reyna að ná samstöðu um aðgerðir sem gætu stuðlað að betra jafnvægi í byggðamálum. Það kom einnig fram í máli þeirra fjölmörgu fulltrúa sem ég átti viðræður við frá samtökum aðila vinnumarkaðarins, fjölmargra stofnana og landshlutasamtaka sveitarfélaga, að það þyrfti að snúa þessari öfugþróun síðustu ára við og stuðla að því að nýta kosti landsins alls með byggð og blómlegri atvinnustarfsemi. En okkur var ljóst að þetta gerist ekki nema með samstarfi og samvinnu margra aðila. Þetta kostar vinnu og aftur vinnu og að sjálfsögðu einnig fjármagn sem nauðsynlegt er að veita þar til stuðnings.

Ég vænti þess að Alþingi sjái sér fært að afgreiða þetta mál þó að það fari síðan að sjálfsögðu mest eftir þeirri vinnu sem á eftir fylgir hver árangurinn verður.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég held að sú nefnd sem hér hefur starfað að málum og á hverrar starfi þetta frv. er byggt hafi unnið vel og að tillögur hennar séu með ýmsum hætti athyglisverðar. Þær hafa nú þegar verið kynntar talsvert í fjölmiðlum svo sem eðlilegt má teljast þegar nefndir af þessu tagi ljúka störfum. Ég verð hins vegar að viðurkenna að mér kom nokkuð á óvart sú hreinskilni sem mér fannst gæta hjá hæstv. forsrh. þegar hann var um þessi mál spurður og orð hans mátti skilja sem svo, a.m.k. skildi ég þau á þann veg, að það sem við hefðum verið að gera í byggðamálum nú um langa hríð hefði verið, ja, þar hefðum við nánast verið á röngum brautum. Sjálfsagt er mikið til í því og hefði verið kannski betra fyrr að taka á þeim málum, m.a. með þeim hætti sem hér er verið að gera tillögur um. Ég held að þær tillögur sem felast í þessu frv. til laga um breytingar á lögum um Byggðastofnun geti, ef vel tekst til, gert það að verkum að umfjöllun um þessi mál verði markvissari og að Alþingi komi að þessum málum með öðrum og kannski svolítið skipulegri hætti heldur en verið hefur til þessa. Það er af hinu góða. Þessar tillögur eru auðvitað ekki annað en verklagsreglur, um framkvæmdina fer eftir því hvernig að verður unnið.

Það eru örfá atriði hér sem ég vildi aðeins víkja að þó vissulega mætti tala langt mál um flest þeirra. Í tillögum um fyrstu aðgerðir í byggðamálum, sem eru hér prentaðar sem fylgiskjal, segir m.a.: „Meiri hluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til á landsbyggðinni." Ég held að þarna þurfi til að koma skipuleg könnun hjá hinu opinbera, athugun á því hvaða störf er raunhæft og hvaða störf er tæknilega unnt með nútíma fjarskipta- og tölvutækni að flytja út á land. Ég held að

það sé tiltölulega auðvelt að gera sér grein fyrir þessu. Ég er sannfærður um að hjá stofnun eins og Pósti og síma er hægt að flytja mjög mörg störf út á land, á ýmsa staði á landsbyggðinni, og ég held að það verði ekki til óhagræðis nema síður sé. En slíkt gerist auðvitað ekki í einni svipan. Slíkt þarf að undirbúa vel og slíkt þarf auðvitað starfsfólksins vegna nokkurn aðdraganda. Ég hygg að hjá fleiri opinberum fyrirtækjum væri hægt að gera úttekt á þessu og ég er alveg sannfærður um að hún mundi leiða ýmislegt athyglisvert í ljós.

Annar þáttur sem er ein af forsendunum fyrir virkari byggðastefnu er auðvitað stækkun sveitarfélaga sem hér er vikið að. Það er óhjákvæmilegt að sveitarfélögunum fækki verulega frá því sem nú er. Og þegar ég segi verulega þá er ég að tala um mjög mikla fækkun. Ef ég man rétt eru þau eitthvað um 200, en ég hygg að þeim þyrfti að fækka kannski niður í svona 50, þannig að í rauninni væri hægt að tala um starfhæfar einingar sem geta veitt íbúum þess svæðis sem um er að ræða þá þjónustu sem kröfur eru gerðar um í nútímanum.

Sameining sveitarfélaga hefur átt sér stað á nokkrum stöðum og ég hygg að hvarvetna sem það hefur orðið þá hafi það orðið íbúunum til góðs. Þetta mál hefur hins vegar ekki gengið nægilega greitt fyrir sig og hlýtur að koma til álita að vinna mjög markvisst að því, markvissara en gert hefur verið að undanförnu, að ná þessu marki, þ.e. að sveitarfélögunum fækki verulega. Þetta er auðvitað ekki auðvelt mál því að þessu máli eru bundnar margvíslegar tilfinningar til átthaganna. En ég hygg að þegar þessi mál eru skoðuð í víðara samhengi þá sé þetta óhjákvæmileg forsenda fyrir alvöru byggðastefnu, alveg eins — og það hef ég alloft bent á og ekki einn um það — og bættar samgöngur, vegir með bundnu slitlagi eru líka forsenda alvöru byggðastefnu. Þeir stækka vinnusóknarsvæði og gera fólki kleift að sækja vinnu um lengri veg en áður. Kannski er það einn helsti gallinn og meinbugur á þeirri byggðastefnu sem fylgt hefur verið hér til þessa að samgöngumálin hafa orðið út undan að nokkru. Það hefur verið byrjað kannski stundum á öfugum enda. Greiðar samgöngur, fyrst og fremst vegakerfið en auðvitað aðrir þættir samgöngumálanna líka, eru í rauninni forsenda allra skynsamlegra aðgerða í byggðamálum. Ég held að það sjónarmið ásamt með stækkun sveitarfélaganna sé undirstaða þess að eitthvað vitrænna gerist í þessum málum.

Þriðja atriðið sem mig langar að víkja að er nefnt hér, jöfnun raforkuverðs og sameining orkufyrirtækja, sem er einn þáttur í byggðastefnu. Þetta er vissulega mikilvægt mál enda þótt skylt sé að geta þess að talsvert hafi miðað í jöfnunarátt á undanförnum árum að því er orkuverð, t.d. til hitunar íbúðarhúsnæðis, varðar.

Nú er í þann veginn að ljúka störfum nefnd sem hæstv. iðnrh. skipaði fyrir nokkru sem væntanlega gerir ákveðnar tillögur í þessum efnum. Það ber þó að hafa í huga í því sambandi að þar er hægara um að tala en í að komast og raunar við ramman reip að draga ef ekki er verið að tala um bein framlög úr ríkissjóði til að greiða þetta niður. Sú staðreynd blasir við öllum þeim sem um þessi mál fjalla með einum eða öðrum hætti að Landsvirkjun, sem framleiðir orkuna fyrst og fremst, er ekki eign ríkisins nema að hluta. Ríkið á ekki meiri hluta í þessu stóra fyrirtæki og getur þess vegna ekki haft ráðandi áhrif á verðstefnu þess og ólíka taxta til ólíkra nota. Í stjórn Landsvirkjunar sitja níu fulltrúar, þar af eru fjórir kjörnir af Alþingi, þrír eru fulltrúar næststærsta eignaraðilans, Reykjavíkurborgar, og einn frá Akureyri. Þessir átta eignaraðilar koma sér síðan saman um níunda manninn sem er stjórnarformaður fyrirtækisins.

Ég hygg að verði nú ráðist í stórvirkjanir, eins og allt bendir til, sem betur fer, þá sé mjög brýnt að taka allt skipulag og eignarhald í þessum efnum til mikillar endurskoðunar. Verði ráðist í stórvirkjanir austur á Héraði þá sé ég engin rök hníga til þess að Reykjavíkurborg verði þar jafnstór eignaraðili eins og hún er í Landsvirkjun. Sú eignaraðild Reykjavíkurborgar á sér sögulegar forsendur, þær að Reykjavíkurborg lagði til virkjanir inn í þetta fyrirtæki, fullbúnar og nær afskrifaðar virkjanir að sumu leyti, á sínum tíma. En í nýjum virkjunum nýrra tíma er það ekkert sjálfgefið að þetta fyrirkomulag haldist. Menn þurfa a.m.k. að skoða vel kosti og ókosti þess að fara þar aðrar leiðir. Ég held að það eigi að athuga.

Það dreifingarkerfi sem við búum við í raforku er flókið, a.m.k. ekki einfalt, og þar er kostnaður með mismunandi hætti. Það er t.d. afar dýrt að koma raforku til Vestmannaeyja. Sú nefnd, sem ég nefndi áðan og fjallar um verðjöfnun á raforku, óskaði þess við iðnrh. í desember að hann skrifaði stjórn Landsvirkjunar og færi fram á nokkurn afslátt af raforku til húshitunar í Vestmannaeyjum, það eru ekki háar tölur á ári sem þar er um að tefla, þannig að kostnaður við að koma raforku til Vestmannaeyja væri ekki umfram meðaldreifingarkostnað í kerfinu. Þetta var eftir miðjan desember, skömmu fyrir jól. Enn hefur ekki borist svar frá Landsvirkjun við þessari málaleitan sem er tiltölulega lítið erindi en þó verulegt skref í jöfnunarátt.

Ég vona að þær tillögur — án þess að þær verði nánar raktar hér við þessa umræðu — sem þessi nefnd sendir frá sér þegar hún lýkur störfum, sem ég vonast til að verði um miðja næstu viku, leiði til þess að þarna náist aukinn jöfnuður. Hann næst ekki í einu vetfangi, þar verður að stíga skref. Þau þurfa ekki að vera mjög mörg og ekki heldur mjög stór til þess að það náist viðunandi árangur í þessum efnum. En það er einlæg von mín og þeirra sem eru í þessari nefnd að það starf geti orðið til þess.

Að lokum, virðulegi forseti. Hæstv. starfandi forsrh. vék hér áðan að höfuðborginni og landsbyggðinni, mjög réttilega og mjög skynsamlega sem ekki kom á óvart. Ég held að það sem hann vakti máls á eigi að vera okkur öllum umhugsunarefni vegna þess að án landsbyggðarinnar væri hér engin höfuðborg. Svo einfalt er það nú. Ég held að þarna þurfi að horfa til þess sambúðarvanda sem mér sýnist með nokkrum hætti vera til staðar vegna þess að því miður hefur maður oft

haft það á tilfinningunni að stjórnendur Reykjavíkurborgar sjái hvorki upp fyrir Elliðaár né suður fyrir Fossvogslæk. Stundum hefur mér fundist gæta ótrúlegrar skammsýni hjá stjórnendum borgarinnar gagnvart málefnum og málum landsbyggðarinnar. Þetta er alvarlegt umhugsunarefni. Ég minnist eins dæmis úr fréttum fyrir fáeinum dögum. Hér hefur verið starfrækt í Reykjavík Upplýsingamiðstöð ferðamála, ferðaþjónustu, fyrir allt landið. Frá því var greint í fréttum fyrir skömmu að Reykjavíkurborg hygðist draga sig út úr þessu samstarfi. Á mælikvarða þeirra fjármuna sem Reykjavíkurborg hefur til umráða var framlag borgarinnar til þessarar gagnlegu starfsemi, sem hefur gefið mjög góða raun og þjónar landinu öllu og höfuðborginni líka, þó raunar hreinir smáaurar. Það voru einhverjar örfáar milljónir kr., mig rekur nú ekki minni til hversu margar þær voru, en það var dropi í þann hafsjó fjármuna sem Reykjavíkurborg hefur úr að spila. Mér fannst þetta mál í rauninni ekki snúast um fjármuni, mér fannst það snúast um afstöðu höfuðborgarinnar til landsbyggðarinnar. Og enn og aftur segi ég: Þetta er íhugunarefni. Þetta er svo sem ekki efni til upphrópana, ég held að þetta sé efni til samtala. Ég held að það þurfi að efla skilning forráðamanna Reykjavíkurborgar á góðu sambýli borgar og byggða. Ég held að hvorugt geti án annars verið og ég held að það þurfi að reyna að eyða þeirri skammsýni sem óneitanlega hefur ríkt hjá ráðamönnum Reykjavíkurborgar gagnvart landsbyggðinni. Ég held, herra forseti, og ætla nú ekki að lengja mál mitt frekar, að það sé líka brýnt verkefni í byggðamálum að snúa sér að því, en í heild þá held ég að þær tillögur sem hér liggja frammi í frumvarpsformi geti vissulega verið til góðs verði rétt á málum haldið.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þessar tillögur skipti engu máli. Það er ansi merkilegt að tillögur nefndarinnar sem slíkar eru prentaðar með stærra letri heldur en gengur og gerist hér í frv. sem er greinilega gert til þess að láta þetta líta út fyrir að vera meira að vöxtum heldur en það í raun og veru er. Ekki sé ég aðra skýringu á því.

En þær tillögur sem hér liggja frammi í frv. til laga eru aðeins loft að mínu mati. Hér er varla nokkur hlutur í þessu frv. sem ekki er heimild fyrir að gera samkvæmt lögum sem gilda í dag. Ég minni á að í Byggðastofnun eru allar hillur fullar af áætlunum og sérstökum skýrslum um hin og þessi efni, um hin ýmsu byggðarlög um allt land. En allt er það starf pappírstígrisdýranna sem þar stjórna eða þeirra sem hafa verið fengnir til þeirra starfa sem verktakar, ég vil nú ekki gera lítið úr starfsliði Byggðastofnunar, því þar er mikið af góðu fólki. (**Gripið fram í:** Þú varst að því sjálfur.) Ég er að tala hér, ágæti þingmaður, og ég ræð því sjálfur hvað ég segi. Málið er það að stjórn stofnunarinnar, sem stýrir náttúrlega stofnuninni, hefur stuðlað að því að allar hillur eru fylltar af pappír um ekki neitt. Jú, vissulega góðar hugmyndir oft á tíðum en starfsliðið sem er undir stjórnina sett hefur lítið um það að segja hvort það er framkvæmt sem þar kemur fram eða ekki.

Ég tel að áfram hafi stjórn stofnunarinnar, og ég vil taka það fram að ég á hér við margar stjórnir stofnunarinnar, heimildir til að gera þessar skýrslur og væntanlega verður það gert í áróðursskyni fyrir einstaklinga sem í stjórn Byggðastofnunar sitja. En það sem vantar er að eitthvað af þeim ágætu hugmyndum sem þar koma fram verði framkvæmdar. Það skortir engar heimildir til meiri skýrslugerðar hjá Byggðastofnun ríkisins.

Það má kannski segja varðandi 8. gr. að það skuli gera áætlun fyrir fjögur ár í senn og endurskoða það á tveggja ára fresti. En ég tel að það sé varla á það bætandi að auka á skýrslugerð í þeirri stofnun.

Ef menn trúa á þetta, þá eru menn að flytja í þessum tillögum alveg botnlaust vantraust á þá stjórn sem nú situr fyrir frumkvæðisskort því að ég tel að það séu fullar heimildir fyrir því að gera þetta án þess að breyta lögum.

Það er talað um að samræma hluti þarna og samstarf við aðrar stofnanir. Þetta er hlutverk stjórnar stofnunarinnar í dag og í núgildandi lögum eru fullar heimildir fyrir því. Og ég spyr: Af hverju hefur það ekki verið gert? Hvað hefur stjórnin verið að gera?

Svo segir hér í 3. gr.: „Byggðastofnun getur átt aðild að atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni.“ Það er full heimild til að gera þetta í dag og ég veit ekki til annars en Byggðastofnun sé aðili að atvinnuþróunarfélögum í landinu og meira að segja með stjórnarmenn frá Byggðastofnun í atvinnuþróunarfélagi eða -félögum, þannig að ég sé ekki að þetta breyti nokkrum sköpuðum hlut.

Ég held að það sé algjörlega ótímabært að koma með slíkar tillögur á þessu stigi og mér sýnist á áliti nefndarinnar að það sé margt órætt um það hvernig eigi að framkvæma þá hluti sem þar koma fram. Þetta er óskalisti sem er meinlaus, má segja, en hér er varla hönd á nokkru festandi.

Ef það er meiningin að hafa uppi byggðastefnu sem skiptir einhverju máli, þá þarf að vinna þessa hluti betur og gera tillögur um það hvernig eigi að framkvæma hlutina. Það hefur ekki verið gert. Mig grunar að nálægð kosninganna hafi ráðið miklu um það að þetta hafi verið sett í frumvarpsform núna. Það sé kjarni málsins.

Í skýrslunni er tæpt á mörgum hlutum, t.d. að sveitarfélög verði sameinuð. Við erum með sérstök lög um það að sveitarfélög verði sameinuð. Hvernig á að gera þetta? Er það ekki vandinn að sveitarfélögin vilja ekki, í þeim mæli sem margur vildi, að þau verði sameinuð? Það er ósköp fróm ósk að setja það fram að sveitarfélög verði stækkuð verulega. En ég held að það skorti á hvernig það eigi að gerast. Á það að gerast með stjórnvaldaaðgerð eða á fólkið sjálft að fást til samstarfs um það? Það eru til lög og það eru til hugmyndir um það hvernig það skuli gert. Samband ísl. sveitarfélaga hefur lagt mikla vinnu í það að skilgreina þau mál. En því miður hefur ekki tekist að framkvæma þá hluti vegna þess að menn hafa verið

ósammála um það hvernig það skuli gert. Þetta er ósköp fróm ósk en ég sé ekki að það séu gerðar neinar tillögur um það að því marki sem skipta máli.

„Meiri hluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til á landsbyggðinni." Ég veit ekki hvernig menn ætla að framkvæma það, hvort það á að gera samþykkt um það á Alþingi að svo skuli vera. Þá erum við nú komnir í ansi austrænt kerfi ef það ætti að verða að veruleika.

„Meira vald verði fært til héraða og samstarf sveitarfélaga aukið." Þetta eru frómar óskir og ég get tekið undir þær. En það verður ekki leyst með frómum óskum. Hér segir: „Héraðsnefndir skulu mynda byggðastjórnir í hverju kjördæmi um lausn verkefna sem þeim verða falin með lögum." Mig minnir að það sé nýbúið að setja lög um svokallaðar héraðsnefndir landshlutasamtaka. Þau eru fyrir hendi. Núverandi stjórn Byggðastofnunar og næstu stjórnir Byggðastofnunar hefðu vissulega getað falið þessum héraðsstjórnum, sem til eru orðnar nokkrar, verkefni ef hún hefði haft burði til að hafa eitthvert frumkvæði til þess.

Svo kemur hér: „Stefnumótandi áætlanagerð með virkri þátttöku heimamanna verði tekin upp á sviði byggðamála." Þetta hefur verið í gangi í Byggðastofnun mjög lengi og árangurinn er enginn nema það að hillur þar hafa fyllst af þessum pappír.

„Atvinnuþróunarfélög verði efld og atvinnuþróunarsjóðir styrktir í kjördæmum landsbyggðarinnar." Þetta er nokkuð sem er ástæða til að gera en ég sé ekki að það þurfi lagasetningu um það sem er heimilt nú þegar. Ef menn ætla að setja lög um þá hluti, þá er það bara að mínu mati hrein sýndarmennska.

„Jöfnun raforkuverðs og sameining orkufyrirtækja." Þetta er nokkuð sem verið er að ræða á öðrum vettvangi og er góðra gjalda vert og ég lýsi sjálfan mig mjög samþykkan því að raforkuverð verði jafnað í landinu. En ekki er að sjá að það séu mjög stefnumarkandi áherslur í skýrslunni um þá hluti nema það að „Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun verði sameinuð í eitt orkuöflunar- og dreifingarfyrirtæki þar sem ríkið eigi meiri hluta." Jú, jú, þetta er framtíðarverkefni og ég vænti þess að að því verði unnið. Þetta eru ágætis óskir sem þarna koma fram.

Margt fleira mætti hér tiltaka. „Fjárhagur Byggðastofnunar verði efldur." Það er ljóst að fjárhagur Byggðastofnunar hefur mjög versnað á síðustu árum og það væri gaman að heyra tillögur um það hvernig ætti að efla fjárhag Byggðastofnunar, hvernig það skuli gert. En það gerist ekki með því að segja í skýrslu: „Því er höfuðnauðsyn að eiginfjárstaða stofnunarinnar verði tryggð sem best til þess að hún geti sinnt því umfangsmikla hlutverki sem henni er ætlað." Það gerist ekki með frómum óskum heldur með tillögum til aðgerða um það hvaðan peningarnir eiga að koma.

Þessi nefnd hefur áhyggjur af búsetuþróuninni og má vera að það sé áhyggjuefni. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að fólk eigi að fá að búa þar sem það vill búa og þó eigi svo að vera að mönnum sé ekki mismunað, menn eigi sín tækifæri og það sé æskilegt út af fyrir sig að byggð sé um landið allt. En ég vil líka koma að því að ég tel að starf það sem unnið hefur verið að byggðamálum á undanförnum árum hafi mistekist alveg hrapallega og tek undir orð forsrh. um það sem kom fram í einhverjum fjölmiðlanna. Reyndar hefur hann stjórnað því starfi sjálfur mestallan tímann og var því athyglisverð sú viðurkenning sem þar kom fram.

Byggðastefnan eins og hún birtist mér þar sem ég bý hefur einkum verið fólgin í því að mismuna landsvæðum á þann hátt að — ja, ég vil taka t.d. Suðurnesin. Ég tel að það hafi mjög á þau hallað í þessu starfi og er það bersýnilegt af því að þar eru um 300 manns atvinnulausir árið í gegn. Ef ekki væri byggt á atvinnutækifærum sem verða til vegna starfsemi erlendra manna, þá væri þar afar erfitt um vik í öllu fyrir fólkið sem þar býr.

Ég tel að í byggðamálum þurfi menn að stefna burt frá því sem verið hefur, að moka milljónum, milljónatugum, milljónahundruðum í ákveðin fyrirtæki og ákveðin byggðarlög án þess að menn viti hvað þeir eru að gera. Það er allt of mikið af slíku og það á ekki að eiga sér stað á meðan önnur byggðarlög eru svelt. Slík byggðastefna mun ekki hafa neitt jákvætt í för með sér annað en að mismuna þegnunum og ég hélt að á Alþingi ættu menn ekki að stunda slíka hluti.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta plagg. Ég tel það fullt af lofti. Það er þó jákvætt að ætla, ef það verður að veruleika, að skilgreina það hvar byggðakjarnarnir eigi að vera. En ég tel að þær tillögur sem hér liggja frammi í frumvarpsformi séu óþarfar. Allt sem þar kemur fram sé hægt að framkvæma samkvæmt gildandi lögum. Ástæðan fyrir því að þetta er flutt núna er fyrst og fremst sú að það eru kosningar í nánd og menn þurfa að sýna það að þeir hafi gert eitthvað, en það skiptir engu máli að mínu mati það sem gert hefur verið. Eigi menn að ná saman um byggðastefnu sem verður fólkinu í landinu til hagsbóta, þá þarf starf sem lýtur að umræðum um byggðamál að vera markvissara, boða tillögur sem eru skýrar og auðveldar í framkvæmd og boða það hvernig á að fá fé til þess að mæta þeim tillögum. Þetta frv. gerir það ekki. Þetta frv. breytir engu um það hver byggðastefna verður í landinu á næstu árum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Svo hefur nú farið að allmiklar umræður hafa orðið um samskipti þéttbýlis og dreifbýlis eins og menn gjarnan kalla það og átti ég ekki von á því að þessi umræða mundi ganga jafnlangt í þá áttina eins og raun hefur á orðið. Hitt er rétt að hæstv. ráðherra gaf nokkurt tilefni til þess að þessi metingur sem nú hefur komið fram, sérstaklega í ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar, kæmi hér fram í dagsljósið. Og eins og hann raunar sagði, sá hv. þm., að ráðherra hefði vikið að samskiptavandamálum höfuðborgarinnar og dreifbýlisins. Ég held að það sé rétt að ráðherra gerði það þó að í hófi væri og alveg viðunandi. Ég held að hann hafi ekki meint það svo bókstaflega að það væru gífurleg samskiptavandamál milli höfuðborgar og dreifbýlis og alla vega sagði hann ekki að þéttbýlið, skulum við segja, sæti yfir hlut dreifbýlisins. Það heyrði ég

hann ekki segja, ekkert í þá áttina, en hann gaf hv. þm. þetta tilefni sem ég áðan nefndi.

Ég get nokkuð trútt um talað þetta efni því að ég var æðilengi þingmaður dreifbýlisins og held að ég hafi ekkert staðið mig lakar heldur en hv. þm. Stefán Guðmundsson t.d. sem situr nú hér á móti mér. Og auðvitað gætti ég hagsmuna míns kjördæmis eins vel og ég gat. Síðan hef ég orðið þingmaður Reykvíkinga, og verð það væntanlega fjögur ár í viðbót, og þess vegna þekki ég þetta mál kannski betur en þeir sem ekki hafa kynnst báðum hliðunum á því.

Þegar ég var að koma fram málefnum fyrir mitt kjördæmi og önnur kjördæmi úti á landi, þá var best að leita til Reykjavíkurþingmannanna um stuðning. Þeir voru oftast þeir viðsýnustu og hjálplegustu. Eitt lítið dæmi var happdrættislán fyrir norðurveg og austurveg þar sem gert var ráð fyrir að ljúka þeirri stórframkvæmd á fjórum árum með happdrættisfé. Þau lög eru raunar enn þá í gildi. Það var ekki þingmaður Reykvíkinga sem torveldaði það. Reykvíkingar allir, og raunar um það er lauk allir þingmenn, studdu þetta mál. En ég ætla ekkert að fara lengra út í neinn meting í því efni, ég nefni bara þetta eina dæmi. Það er þess vegna tilefnislaust með öllu þegar hv. þm. Eiður Guðnason segir að stjórnendur Reykjavíkur og Reykjavíkurþingmenn sjái hvorki upp fyrir Elliðaár né suður yfir Fossvogslæk. Þetta eru náttúrlega ummæli með þeim hætti að gjörsamlega er ósæmandi að viðhafa þau.

Í þessu tilefni ætla ég að rifja aðeins upp sögu Byggðastofnunar, Byggðasjóðs og þessara stofnana allra saman. Sannleikurinn er nefnilega sá að upphafið að því, samhjálp milli dreifbýlis og Reykjavíkurborgar skulum við segja, og Reykvíkinga, er að rekja allt aftur til atvinnumálanefndanna svokölluðu sem settar voru á laggirnar í kreppunni sem var 1967–1968. Þá voru stofnaðar atvinnumálanefndir, sem svo voru kallaðar, einmitt til að byggja upp atvinnuvegi dreifbýlisins. Um þetta höfðu Reykvíkingar ekki síður forustu en aðrir. Það var mikið fé sem fór til þessara nefnda. Atvinnuvegirnir, atvinnurekendur og verkalýðssamtök, stóðu að því að tilnefna í þessar nefndir og forustu um þetta höfðu — ég held að það sé á engan einstakan hallað þó ég segi, þáv. forsrh. Bjarni Benediktsson og Eðvarð Sigurðsson, forustumaður og foringi verkalýðssamtakanna.

Ég var einmitt að byrja að bröltа í pólitísku framboði norður í landi þegar þetta gerðist og það var nú kannski grínframboð í upphafi þó að ég væri nærri orðinn þingmaður þá, en alla vega kynntist ég þá hve gífurlega þýðingu þetta fé hafði, þessar fjárveitingar þá. Og þá fengu menn svör um það, já eða nei, innan kannski viku eða hálfs mánaðar, hvort það væri unnt að gera þetta eða gera hitt. Þá þurftu menn ekkert að bíða árum saman eftir svari og fá svo alla spekingana sem voru búnir að kokka yfir þessu til þess að meta málin þannig að það er ágætt að láta viðkomandi fyrirtæki fá þetta fé. Það væri öruggt að það væri steindautt hvort sem væri, um að gera að hafa þetta nógu lítið. Ég er ekkert að ásaka einn eða annan og ekkert sérstaklega þá sem stjórna þarna núna. Þetta var viðloðandi og hefur verið lengi að hafa þetta nú nógu lítið og geta haft svolitla stjórn á þessum mönnum, geta sýnt mönnum fram á það — þó að menn segðu það ekki beint eða hugsuðu þá var voða notalegt að vera skömmtunarstjóri og geta sýnt hverjir hefðu valdið í þjóðfélaginu. En menn nefnilega gefa eiginlega aldrei eftir, þeir sem eru einu sinni komnir í skömmtunaraðstöðu, þeir fara nú ekki með góðu móti úr henni. Þeir reyna að nota sér af því að vera svolítið fínni heldur en við pöpullinn. Ég held að allir kannist við þennan hugsunarhátt.

En atvinnumálanefndirnar gerðu sem sagt stórkostlegt gagn, sérstaklega í dreifbýlinu, og minnist ég þess að allir þéttbýlisstaðirnir í mínu kjördæmi fengu fé til þess að endurbyggja frystihús, kaupa báta o.s.frv. og það varð gjörbylting á nokkrum mánuðum. Síðan tók við Atvinnujöfnunarsjóður þar sem var líka mikið fé. Þetta eru fyrirrennarar þeirrar stofnunar sem núna er verið að tala um. Síðan var verið að breyta nöfnum, flikka upp á þetta, fá nýja stjórnendur o.s.frv. Allir vildu Lilju kveðið hafa og þess vegna varð náttúrlega að strika yfir gömlu nöfnin. Þau voru einskis virði. Það varð að sýna hverju hefði verið áorkað einmitt af þeim sem voru við stjórnvölinn þá og það var Byggðasjóður og Byggðastofnun og ég veit ekki hvað og hvað. Alltaf var verið að breyta um þessi nöfn og það þótti aðalatriðið og skal ég út af fyrir sig ekki fara mikið lengra út í þá sálmana.

Þá vík ég aftur að hv. þm. Eiði Guðnasyni. Það er nú verst að hann skuli ekki vera í salnum. Ég get þá ekki skammað hann eins og ég kannski hefði viljað gera, en þess vegna þætti mér nú vænt um ef einhver nennti að athuga hvort hann gæti nokkuð hlustað á. (**Forseti:** Hv. þm. virðist ekki vera í húsinu eins og er.) Nú, þá verð ég líklega að draga úr skömmunum, en segja þó það sem ekki verður fram hjá komist að það voru ósæmileg hans ummæli og aðdróttanir í garð stjórnenda Reykjavíkurborgar. Ég man það að allan þennan tíma sem ég er núna að fjalla um, frá 1967 til dagsins í dag, hafa allir stjórnendur Reykjavíkurborgar, a.m.k. þann tíma sem sjálfstæðismenn réðu, ég skal ekki tala um þetta eina kjörtímabil sem þeir réðu ekki, og ekki síst borgarstjórarnir barist fyrir því með oddi og egg að nægilegt fé yrði eftir úti á landi eða flyttist út á land til að þurfa ekki að kosta miklu meira til í Reykjavík til þess að taka á móti fólki, byggja upp heilu hverfin, heilu skólana og stærðarskóla kannski árlega, og allt það sem til þurfti. Þetta er miklu ódýrara fyrir Reykvíkinga og það sagði ég þeim fyrir norðan. Það breytir engu um það hvort ég er þingmaður þessa kjördæmis eða dreifbýliskjördæmis. Sannleikurinn er sá að Reykvíkingar voru alltaf fúsir til þess að láta sem mest fé renna út á landsbyggðina og eru það enn þá. Hvers vegna? Ekki af neinni sérstakri gæsku. Þeir eru ekkert betri menn, Reykvíkingar, heldur en þeir sem búa úti á landi. Við erum öll Íslendingar. Það var einfaldlega hagstæðara fyrir Reykjavík og hagstæðara fyrir landið í heild að fé yrði eftir úti á landi eða flyttist út á landið til þess að ekki þyrfti að yfir-

gefa þar stórkostlegar eignir og þjóðfélagið þyrfti svo að byggja yfir það fólk sem er að flytja suður og þetta er svo enn. Ég get nefnt alla borgarstjórana og fyrirmenn Reykvíkinga, sjálfstæðismennina, sem þessari stefnu hafa fylgt, oft dyggilegar og með mikið meiri festu heldur en t.d. hv. þm. sem lét sér þessi orð um munn fara.

Hann sagði: Það er ótrúleg skammsýni stjórnenda höfuðborgarinnar. Og mér skildist að það hefði alltaf verið svo að það hefði verið ótrúleg skammsýni. Þetta væri skoðun hv. þm., en mín skoðun er þveröfug. Fólkinu í landinu þykir nefnilega vænt um Reykjavík þrátt fyrir allt og allt og Reykvíkingum auðvitað vænt um landið sitt því flest erum við nú komin utan af landi hingað til Reykjavíkur. Það er þess vegna alveg ósæmandi að vera með þessi brigslyrði nú enn einu sinni. Og segi ég það enn að þó að ég hefði kannski ekki talað svona til hæstv. ráðherra, þá geri ég það núna. Það var ýjað að þessu og hv. þm. Eiður Guðnason sagði það beint. Hann skildi þetta nákvæmlega eins og ég, að hæstv. ráðherra var nú að reyna að kveikja í illindum á milli höfuðborgarinnar og dreifbýlisins og gerði það auðvitað vísvitandi og svolítið glottandi.

Þá var það stóra dæmið sem hv. þm. nefndi, ferðaþjónustan, að Reykjavíkurborg hefði átt hlut í ferðaþjónustu. Það má vel vera, ég hef ekki hugmynd um það. Hann sagði að einhverjar milljónir hefðu verið skornar niður. Þetta mál bara einfaldlega þekki ég ekki. Það hefur kannski verið talið betra að nota þetta fé í einhverja aðra þætti ferðamála en akkúrat þetta, en það veit ég ekki.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði að það væri nauðsynlegt að breyta eignarhaldi á Landsvirkjun og sérstaklega væri þetta bölvað þar sem Reykvíkingar og Akureyringar ættu þarna hluti. Ég skal ekki leggja neitt mat á það hver nauðsyn er að breyta eignarhaldinu. Ég held að það væri þá kannski best að gera úr þessu almenningshlutafélag, að landsmenn ættu þetta og gætu verslað með sín hlutabréf. Kannski tvö félög sem mundu keppa, náttúrlega með ákveðin svæði hvort um sig en þó ákveðna samkeppni. Við skulum segja að Rafmagnsveitur ríkisins yrði hluti slíks fyrirtækis og eitt eða tvö stór félög, sem víða þekkist erlendis, og þetta sé í einkarekstri og almenningur hagnist á því og hafi þá líka áhrif á verðlag, a.m.k. á innanlandsmarkaði þó að það sem selt er útlendingum sé auðvitað háð markaðsverði og aðstæðum erlendis jafnt og hér heima. Það er ekki neitt vandamál, held ég. Við getum sameinast um að breyta eitthvað eignarhaldi í þessum félögum. Og raunar er nú ekki hægt að komast hjá því að nefna það að á síðustu áratugum hafa augu manna, og það skal ég játa, í öllum flokkum opnast fyrir því, sem fáir hlustuðu á fyrir 15–20 árum eða svo, að fjármunum þjóðarinnar í atvinnuvegunum væri betur komið hjá einstaklingunum og félögum þeirra en hjá ríkinu. Að því leyti til eigum við miklu meiri samleið en áður var þegar menn lömdu hausnum við steininn og sögðu að ríkið ætti allt að eiga vegna þess að auðmenn mættu ekki græða svona mikið og allt eftir því. Það má kannski segja að erfiðleikarnir núna felist í því að enginn eiginlega græðir, því miður, og kjör láglaunafólks eru lakari en þau hafa verið í áratugi og aðstaða þess öllsömul verri en verið hefur í áratugi og mismunur meiri en verið hefur í áratugi. Það þekktist ekki áður, a.m.k. ekki í stórum stíl, að fólk ætti ekki til hnífs og skeiðar en svo er nú, bæði úti á landi og í Reykjavík, en fyrst og fremst í Reykjavík. Og nú skal ég segja ykkur að ég sagði líka í mínu gamla kjördæmi að aðstaðan úti á landi væri betri þrátt fyrir allt en fátækt fólksins í Reykjavík, af því að það var líka til fátækt þar, en ekki jafnsár og núna. Það var ekki jafnmikið óréttlæti í launagreiðslum fyrir t.d. 20 árum og er núna. Og það er auðvitað fylgifiskur vinstri stefnunnar, ofstjórnarstefnu á öllum sviðum og slæmrar meðferðar á fjármálum þjóðarinnar. En við skulum ekki fara að ræða almennt um fjármál landsins í þessari umræðu.

Ég ætlaði aðeins að leiðrétta þessi ummæli tveggja manna, hæstv. ráðherra og hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Þeir voru að vekja upp gamlan draug, sem alltaf gengur nú aftur öðru hverju. Ég held að það sé alveg rétt, sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði hér áðan, að ástæðan fyrir því að fara að hæla núna eitthvað sérstaklega Byggðastofnun og öllu þessu brambolti í kringum hana væri auðvitað þær kosningar sem fram undan væru. Nú ætti að sýna dugnaðinn einu sinni enn. Kannski verður skipt um nafn á henni, líklega byggt nýtt hús einhvers staðar og fjölgað eitthvað kommissörum og svona dótaríi. Ég býst við að það verði allt saman gert í Sovét-Íslandi nútímans þegar eiginlega allir eru að hverfa frá sovétstefnu og kommúnisma í efnahagsmálum, þá verði hert á því hér. Þetta er nú kannski ekki sagt í fullri alvöru, en alla vega hefur slík gerbylting orðið í hugsunarhætti ekki bara á Íslandi og ekki bara í Evrópu heldur um heim allan. Núna er vonandi frjálsræðisöld fram undan og við höfum verið að lesa tíðindi af því að Sameinuðu þjóðirnar hafa nú a.m.k. styrkt sig og lýðræðisríkin öll með því að sigra þennan brjálæðing við Persaflóa. Þá er ég líka kominn út í aðra sálma og ráðherra farinn svo að ég hef engan til þess að skamma svo ég held ég hætti þá bara.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Umræða um þetta mál er nú komin ansi vítt. Það hefur verið rætt hér um stefnu borgarstjórnar Reykjavíkur og nú í lokin jafnvel farið út til Persaflóa. Það er ekkert óeðlilegt að einmitt umræða um þetta mál fari dálítið vítt vegna þess að það er eðlilegt við slíka umræðu, þ.e. umræðu um byggðaþróun og það sem henni tengist, geti menn látið sér detta ýmislegt í hug og hafi ýmislegt til viðmiðunar.

Það frv. sem hér liggur fyrir er, eins og komið hefur fram, að vissu leyti afrakstur starfsemi tveggja nefnda. Í annarri þessari nefnd átti ég sæti undir forsæti okkar forseta, Jóns Helgasonar. Sú nefnd hélt 21 fund og formaður nefndarinnar gerði víðreist um landið og ræddi byggðamálin við mjög marga aðila. Í framhaldi af þeirri yfirferð var haldinn fjölmennur fundur

í Borgarnesi þar sem fjallað var á mjög breiðum grundvelli um byggðamál.

Ég tel að starf þessarar nefndar hafi ekki skilað eins miklu og vænst var út frá því sem henni var falið að gera. Nefndinni var sem sagt falið að gera tillögur um nýjar áherslur og langtímastefnu í byggðamálum. Þessir 21 fundur, sem ég hef hér nefnt, fóru fyrst og fremst til þess að ræða um slíkt. Ég segi ekki að 2–3 síðustu fundirnir hafi verið beinlínis um það. Sá fundur sem ég nefndi í Borgarnesi var um byggðamál og sjálfsagt flestir þeir fundir sem formaður nefndarinnar hélt með ýmsum hagsmunaaðilum. En við komumst hreinlega að því að það var mjög erfitt fyrir nefnd eins og þessa að ætla að móta langtímastefnu í byggðamálum, jafnvel þótt nefndarmenn legðu sig alla fram í því að reyna að verða sammála um slíka stefnu. Við fundum nefnilega furðufljótt að það voru ákveðnir þættir í atvinnumálum og ýmsum öðrum málum sem ómögulegt var að ná samkomulagi um eða leggja ákveðnar línur í þannig að við gætum mótað þá langtímastefnu sem beðið var um.

Ég get nefnt það t.d. að það var nefnt nokkrum sinnum á fundum í nefndinni að það væri tómt mál að tala um að ætla sér að móta byggðastefnu á Íslandi öðruvísi en hún væri tengd annarri sjávarútvegsstefnu, eða það mætti segja uppskurði á þeirri sjávarútvegsstefnu sem við búum við. Ég hugsa að ég hafi verið þar fremstur í flokki að benda á að það væri tilgangslaust í þeirri nefnd að fara að fjalla um það stóra mál. Við kæmumst ekkert langt með það sem okkur væri ætlað ef við ætluðum að gera það, þó að ég væri alveg sammála þessum grunnpunkti. Og vitaskuld voru þar fleiri mál, sem nefnd voru, eins og samgöngumál, landbúnaðarstefnan og fleira.

Þegar nefndin gerði sér grein fyrir því, eða ég tel a.m.k. að það hafi verið grunnurinn undir því sem við skiluðum af okkur, að við næðum ekki utan um þetta verkefni sem okkur var falið, þá urðum við sammála um þá tillögu, sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi, að við legðum það til að lögum um Byggðastofnun yrði breytt á þann máta að sú stofnun gæti innan lagaákvæða gert tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum og slík stefnumótun yrði síðan lögð fyrir Alþingi til staðfestingar. Ég held að þetta sé sá rammi sem er líklegastur til þess að skila árangri en hann er ekki að skila árangri í neinni áþreifanlegri mynd með því frv. sem hér til umræðu.

Það er því mjög langt frá því að starf okkar hafi nálgast þau markmið sem okkur voru sett á annan máta að við erum að benda á aðra leið. Hún er að mínu mati líklegri til árangurs þar sem nú er ekki aðeins tekinn einn fulltrúi frá hverjum pólitískum flokki til þess að semja tillögu um þessa hluti, heldur er lagt til að slík tillaga yrði lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Þannig að hin pólitísku öfl í landinu væru hinir raunverulegu aðilar sem stæðu að þessari tillögugerð. Fyrir einn fulltrúa pólitísks flokks í nefnd eins og þeirri sem hér er verið að ræða um er erfitt að nálgast flokkinn til ákvarðanatöku, til þess að skila áliti eins og hér var lagt til að nefndin gerði.

Ég tel að þetta sé mikilsvert skref, ef sú tillaga sem hér liggur fyrir verður samþykkt, sem ég vænti, um að Alþingi fái og eigi að fjalla um stefnuna í byggðamálum með ákveðnu árabili. Þar verði ákvarðanir teknar og Alþingi komist ekki undan því að taka þær ákvarðanir sem þarf í þeim málum. Það verði ekki hægt hjá ríkisstjórn, eins og má kannski segja um þá ríkisstjórn sem nú situr, að hún kasti þessum vanda frá sér í hendur tveggja nefnda og þær eigi að koma með tillögurnar um það hvernig eigi að leysa málin. Hver ríkisstjórn, sem sest að völdum á Íslandi, verði með þingmeirihluta sínum að taka ábyrgð á því hver stefnan verði í byggðamálum í þetta eða hitt skiptið.

Það má vissulega gera lítið úr þessum tillögum og að mörgu leyti hafa sjálfsagt tillögur af svipuðu formi og þessar verið lagðar fyrir hv. Alþingi áður. En ég held þó að bak við þessa tillögu um það að Alþingi fjalli um byggðaáætlanir sé meiri þungi en oftast áður. Og a.m.k. er það ekki í lögum að svo skuli vera gert en það er verið að koma því inn í lög með þessum tillögum.

Til viðbótar við þetta, að mínu mati, aðalatriði tillagnanna eru í þeim útfærsluatriði um það hvernig Byggðastofnun skuli standa að atvinnuþróunarfélögum og svo verið að festa í lögum ákvæði um að Byggðastofnun skuli standa að kostnaði við atvinnuráðgjafa, þeir hafa verið kallaðir iðnráðgjafar hingað til, í öllum kjördæmum landsins. Ég tel þessi atriði þó nokkuð mikils verð, þó ég viðurkenni það á hinn veginn að í sjálfu sér höfum við ekkert í hendi þó þetta sé samþykkt.

Hin nefndin, sem skipuð var af forsrh., hefur einnig skilað af sér áliti og tekið upp í sitt álit tillögur nefndar Jóns Helgasonar um breytingar á lögum um Byggðastofnun og er það vel. Þó að ég vilji ekki gera neinn samanburð á starfi þessara tveggja nefnda, þá finnst mér þó sumar af tillögum nefndarinnar, sem skipuð var af forsrh. til þess að fjalla um starfsemi Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum undir forustu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, nokkuð lausar í reipunum. Hér er að sumu leyti verið að endurtaka margt af því sem áður hefur verið sagt um þessi mál og meira sett upp í formi óskhyggju um að þessir og þessir hlutir séu æskilegir en að verið sé að koma með tillögur um beinar aðgerðir eða samþykkt hér á hv. Alþingi í sambandi við lagabreytingar. Ég tel t.d. að sú góða setning sem er nr. 1 í tillögum um fyrstu aðgerðir í byggðamálum sé orðin ákaflega útþvæld, þ.e. að meira vald verði fært til héraða og samstarf sveitarfélaga aukið. Við erum búin að heyra þessa setningu ansi oft og það hefur lítið verið annað en þessi beina beiðni. Það sem kemur á eftir er að vissu leyti nokkur ábending um hvað skuli gera til þess að þetta vald verði til og um það tillaga að koma á fót héraðsmiðstöðvum í öllum kjördæmum á landsbyggðinni. Þetta er líka tillaga sem hefur heyrst oft en hún hefur stundum átt formælendur fáa vegna þess að þótt sett sé upp héraðsmiðstöð á einum stað í kjördæmi liggur ekki alltaf beint fyrir að það sé til hagsbóta fyrir allt kjördæmið. Það getur hreinlega verið á þann veg að það sé verið að breyta eðlilegri þjónustuuppbyggingu í því

kjördæmi. Ég get hiklaust nefnt Vesturland í því dæmi og ég get líka nefnt Norðurland vestra. Að byggja upp eina þjónustumiðstöð í þeim kjördæmum fyndist mér vera spor aftur á bak. Hitt er að það sem þarf á að taka er að byggja upp þjónustu fyrir þessi svæði en ekki endilega binda það á þann máta að hún skuli sett á einn stað.

Ég hef víst fyrr í ræðustól á hv. Alþingi haft eftir fyrrv. bæjarstjóra austan af landi, Bjarna Þórðarsyni, sem sagði: Vont er Reykjavíkurvaldið og jafnvel verra Akureyrarvaldið, en verst er Egilsstaðavaldið. Það getur verið þannig, ef verið er að byggja upp kjarna sem brýtur upp fyrri þjónustusvæði, að skaðinn fyrir byggðirnar geti orðið mikið meiri en ef allt er látið kyrrt liggja.

Þriðji punkturinn er um að stefnumótandi áætlanagerð með virkri þátttöku heimamanna verði tekin upp á sviði byggðamála. Þetta er það sem við erum að leggja til með tillögum okkar um breytingu á lögum um Byggðastofnun. Þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Svo kemur fjórði liðurinn: Meiri hluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til á landsbyggðinni. Ég tek alveg undir þetta en það er nú svo að þótt meiri hluti fulltrúa hér á hv. Alþingi hafi verið þingmenn utan af landsbyggðinni þá hefur ekki tekist að snúa þessu á þennan veg. Meira að segja hefur þetta verið á þann veg í stofnunum, sem stjórnað er af þingmönnum utan af landsbyggðinni, að þeir hafa veitt sín atkvæði til þess að greiða atkvæði á móti flutningi stofnana, t.d. Byggðastofnunar. Þingmaður hér af þéttbýlissvæðinu, Geir Gunnarsson, flutti um það tillögu í stjórn Byggðastofnunar að aðalstöðvar hennar skyldu fluttar til Akureyrar. Tillagan var felld. Það er því hægt að setja upp óskir um að þessir hlutir skuli gerðir en það þarf þá að fylgja eitthvað meira en frómar óskir. Það þarf vilja með.

Svo er það fimmti liðurinn: Að sveitarfélög verði sameinuð. Ég geri ráð fyrir að það sé meirihlutafylgi meðal þjóðarinnar um það að sameina sveitarfélög og það hefur tekist mjög vel á sumum svæðum á landinu, m.a. í þeirri byggð þar sem formaður þeirrar nefndar sem ég hef nefnt hér áður, Jón Helgason, forseti þessarar deildar, á heima, þ.e. austurhluta Skaftafellssýslu vestri og víðar á landinu. Þarna er mjög góð þróun í gangi en því miður hafa alþingismenn ekki komist að niðurstöðu um hvernig þetta skuli gert. Hér kemur hæstv. félmrh. einmitt þegar verið er að tala um sameiningu sveitarfélaga og jafnvel þó ég viti að hæstv. ráðherra hefur áhuga á að sveitarfélögin verði stækkuð þá hef ég ekki orðið var við neitt frv. frá henni um breytingu á því hvernig eigi að stækka sveitarfélögin. Nú eru í lögum ákvæði um það að þau skuli ekki vera fámennari en 50 manns. Það hafa ekki komið tillögur um breytingar frá þeirri ríkisstjórn sem núna situr. Ég hef ekki orðið var við lagafrv. um það hér inni á hv. Alþingi, hæstv. ráðherra. Það má vel vera að það sé eins og fleira sem verið er að vinna í nefnd. En sú nefnd er ekki eins dugleg og nefndir þeirra hv. þm. Jóns Helgasonar og Stefáns Guðmundssonar og skilar ekki frá sér áliti, en á því hefði verið full þörf. Þannig að ekki sé verið að tala um að það þurfi að gera þetta og það þurfi að gera hitt án þess að á því sé á einn eða neinn máta tekið.

Sjötta greinin er svo staðfesting á því sem er í lagafrv. um atvinnuþróunarfélög og atvinnuþróunarsjóði og sjöunda greinin um jöfnun raforkuverðs og sameiningu orkufyrirtækja. Því var lofað úr ræðustól rétt áðan að tillaga um það mál mundi verða lögð fyrir Alþingi. Þar er nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar að störfum og mun hv. 3. þm. Vesturl. vera formaður þeirrar nefndar.

Það er kannski ekki rétt að vera beinlínis að gagnrýna þessar tillögur. Þær eru allar færðar fram af góðum hug og sjálfsagt ekki rétt að gagnrýna það þó nefndir séu þeir þættir sem a.m.k. stór hluti þjóðarinnar er ásáttur um að eigi að breytast þó að Alþingi hafi ekki haft kraft til þess að standa að því með lagabreytingum.

Í áttunda og níunda kafla eru tillögur um það sem sjálfsagt er að taka undir og eðlilegt er að verði skoðað en ekki liggur nú margt á ljósu um það hvernig skuli breyta skipulagi ferðamála en sjálfsagt er þar mörgu hægt að breyta.

Svo kemur níundi punkturinn: Byggðasjónarmiða verði gætt í almennri efnahagsstjórn. Undir þetta tek ég og það sem í þessari grein stendur um sjávarútveginn. En það er kannski ekki nóg að vera með sjávarútveginn einan innan þessa ramma. Það er ýmislegt fleira sem þarf að taka á. Ég held að þegar verið er að tala um efnahagsstjórn og ákveðnar aðgerðir stjórnvalda, þá þurfi að hafa fjármálastjórnina í sæmilegu standi ásamt því að taka á málum eins og þeim sem mikið hafa verið til umræðu á undanförnum missirum, þ.e. stóriðjumálunum, og ríkisstjórn að hafa dug til þess þegar verið er að úthluta þessum náttúruauðlindum, þ.e. orkunni okkar, þá sé það gert með byggðasjónarmið í huga. Ég tel að síðasta ákvörðun sem tekin hefur verið í þessu máli, ef maður getur kallað það ákvörðun um framkvæmd sem er einhvers staðar úti í blámanum, um staðsetningu stóriðjuvers á Reykjanesi, hafi verið röng. Ef fram heldur í ákvarðanatökum á þann veg þá muni það ekki duga að breyta lögum um Byggðastofnun og það muni ekki duga að skipa nefndir hvorki um orkuverð eða í sambandi við framtíðarmarkmið í byggðamálum og þá snúist það áfram á þann veg, sem það hefur gert undanfarandi ár, að fólkið utan af landsbyggðinni flytji hingað á suðvesturhornið, jafnvel þó byggðar verði upp héraðsmiðstöðvar og stofnuð atvinnuþróunarfélög vítt og breitt á landinu. Það þarf að gera eitthvað mikið meira ef á að andæfa gegn þeirri þróun sem hlýtur að fara í gang í sambandi við uppbyggingu stóriðjuvers á suðvesturhorninu en það sem við lögðum til í þeirri nefnd sem ég sat í og þeirri nefnd sem hv. þm. Stefán Guðmundsson var formaður í.

Í lokin er svo tillaga um breytingar á sveitarstjórnarlögum. Forsrh. hefur einhverra hluta vegna ekki lagt í að leggja þessa tillögu fram sem frv. Hann gæti heldur ekki gert það, það yrði líkast til að vera félmrh. sem

gerði það. Þar í eru ákvæði sem mér finnst orka mjög tvímælis. Í fyrsta lagi það að öll sveitarfélög skuli vera aðilar að staðbundnum landshlutasamtökum sveitarfélaga, starfssvið þessara samtaka skal miða við núverandi kjördæmi. Eins og stendur eru flest sveitarfélög í héraðsnefndum. Kaupstaðirnir geta verið utan við, en það er lagarammi um héraðsnefndir. En að binda það í lögum, án þess að um þessi mál sé betur fjallað heldur en raun ber vitni, að það skuli stofna landshlutasamtök sveitarfélaga og starfssvæðið skuli vera kjördæmi. Ég tel vel athugandi að efla starfsemi héraðsnefndanna, enda er það þannig að héraðsnefndir ná yfir stærri svæði en eina sýslu, en að búa til allt að því fylkisþing tel ég orka tvímælis.

Ég sé ekki í tillögunni að tekið sé fram hvernig kosið skuli í þessi landshlutasamtök. Aftur á móti er ákvæði um það hvernig svokölluð byggðastjórn skuli kosin eða hverjir skuli kjörgengir í hana. Það eru héraðsnefndarfulltrúar og varamenn. Það er búið að búa til margfalt fulltrúalýðræði, tröppugang niður á við frá því að hinn almenni þegn í kjördæmunum eða kjósandinn komist nálægt því að velja hverjir skuli vera í byggðastjórn. Fyrst skal kosið í hreppsnefnd, síðan skal kosið í héraðsnefnd, ekki er mér alveg ljóst hvernig skal kosið í landshlutasamtökin, en um leið og verið er að kjósa í héraðsnefnd þá skulu menn valdir í byggðastjórn. Það eru ekki aðrir kjörgengir til þessarar stofnunar en héraðsnefndarmenn. Mér finnst þetta svo fráleit hugmynd að ég held að það sé langt frá því að maður hefði getað látið sér detta þetta í hug að hún skyti upp kollinum á pappír núna síðustu ár. Þetta var aðeins til umræðu fyrir nokkrum árum en ég hélt að menn hefðu verið búnir að leggja svona kosningar alveg til hliðar fyrir löngu síðan.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég er búinn að tala hér þó nokkuð langt mál. En ég get ekki lokið máli mínu án þess að nefna þá umfjöllun sem hér fór fram um samskipti höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar. Mér finnst að sú umræða, að vissu leyti í upphafi hjá hæstv. starfandi forsrh. og þó sérstaklega hjá 3. þm. Vesturl., hafi ekki verið á þann veg sem æskilegt er. Ég tel að Reykvíkingar hafi sýnt það að þeir virði hag landsbyggðarinnar ekki síður en landsbyggðarmenn sjálfir. Það er búið að gera margar skoðanakannanir um afstöðu Reykvíkinga til byggðaþróunar og byggðauppbyggingar. Það hefur komið í ljós, sem menn vissu reyndar, að Reykvíkingar eru yfirleitt mjög hlynntir þeirri þróun. Að blanda stjórn borgarinnar inn í þessa umræðu finnst mér alveg fráleitt.

Eins og ég sagði áðan hefur Alþingi á undanförnum árum verið að meiri hluta til skipað landsbyggðarmönnum. Hvernig stendur á því að þessi meiri hluti hefur ekki tekið á sig rögg gegn þessum vonda lýð frá Reykjavík og skipað málum öðruvísi á undanförnum árum? Þetta er ekki vegna þess. Ákvörðunartaka hér á Alþingi og víðar byggist fyrst og fremst á afstöðu hinna pólitísku flokka. Ekki hvort meiri hluti þeirra er búsettur í Reykjavík eða einhvers staðar annars staðar á landsbyggðinni. En það eru ýmsir aðrir hlutir sem við þyrftum kannski að skoða þegar við tölum um Reykjavíkurvald. Það er ýmiss konar vald hér í Reykjavík sem er óspart notað til þess að skerða stöðu landsbyggðar. Það eru til ýmiss konar samtök sem hiklaust eru notuð til þess að skerða þá stöðu sem við búum við úti á landsbyggðinni. Aðalstuðningsafl hæstv. sitjandi forsrh., hæstv. sjútvrh., er Landssamband ísl. útvegsmanna. Hverju stjórnar það á Íslandi í dag? Það stjórnar þeirri fiskveiðistefnu sem við búum við í skjóli hæstv. núv. starfandi forsrh., sjútvrh. okkar. Og geta þessir menn sem vinna þannig, og ég segi og fullyrði, mjög óhagstætt gagnvart landsbyggðinni, komið hér upp í ræðustól og farið að býsnast yfir Reykvíkingum almennt, hugsunarhætti þeirra og forustu borgarstjórnarinnar? Nei, ég held að megi segja í þessum málum bæði við hv. 3. þm. Vesturl. og hæstv. starfandi forsrh., hæstv. sjútvrh.: Maður, líttu þér nær.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því tilefni sem við fáum til að ræða byggðamálin hér þegar þetta frv. kemur fram og skýrsla sem hefur leitt af starfi einnar nefndar um byggðamálin og með fylgir skýrsla og hugmyndir annarrar nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar sem hefur unnið að sama málaflokki.

Ég er ekki sammála því sem fram kom hjá hv. 4. þm. Reykn. að þessar tillögur skipti engu máli. Mér finnst að með því frv. sem hér er lagt fram um Byggðastofnun sé gerð tilraun til að breyta áherslum í starfi þeirrar stofnunar. Ég held að okkur sé öllum ljóst að meginkraftar starfsmanna Byggðastofnunar á undanförnum árum hafi farið í að grípa til skyndiaðgerða og björgunaraðgerða, liggur mér við að segja, þegar í óefni er komið. Það er mjög mikilvægt að stofnun eins og Byggðastofnun hafi tækifæri og þá tíma og mannafla til þess að gera áætlanir, en ekki síður til þess að gera rannsóknir. Ég held að það væri nauðsynlegt að tengja Byggðastofnun með einhverjum hætti þeim skólum sem við höfum á háskólastigi til þess að efla samvinnu um rannsóknir varðandi byggðamál. Það er gert víða í nágrannalöndum okkar, þar starfa stofnanir sem hafa sama hlutverk og Byggðastofnun og þær eru margar hverjar í öflugu samstarfi við háskóla einmitt um rannsóknir. Við þessa háskóla eru svo kenndar námsgreinar eins og t.d. byggðahagfræði.

Ég tel mjög þarft að til umræðu á Alþingi komi með jöfnu millibili, eins og hér er gert ráð fyrir í 1. gr. frv., áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Það er ekki óeðlilegt að slíkt sé gert á sama hátt og við fjöllum um vegáætlun með reglulegu millibili. Má reyndar segja um þessa tvo málaflokka að þeir tengjast óhjákvæmilega mjög náið. Það sem e.t.v. vantar í þessar tillögur og hugmyndir beggja nefndanna er einmitt hvernig á að framkvæma þær og það kemur ekki fram nein áætlun um fjármagn til þeirra aðgerða sem lagðar eru til hér.

Ég vil aðeins víkja að einu sem ég tel mjög mikilvægt í þessu sambandi og það er varðandi skipun þessara nefnda. — Ég vildi óska þess að hér væru fleiri hv. þm. Við vorum hér sjö konur í Sþ. í gær að ræða jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára. Það er mjög alvar-

legt ef sú umræða er að einangrast við konur eingöngu. Kvennalistinn hefur oft verið gagnrýndur fyrir það að fara sína eigin leið, en ef svo heldur sem horfir er ég hrædd um að það verði enn stærri hópur kvenna sem velur þá leið og það er auðvitað ekki það sem er ætlunin til frambúðar. Ég vil benda sérstaklega á það að í þessum nefndum báðum er aðeins ein kona og það vill til að hún er einmitt fulltrúi Kvennalistans. Við getum spurt okkur hvernig skipan nefndarinnar hefði verið ef Kvennalistans hefði ekki notið við. En ég nefni þetta hér vegna þess að það sem stjórnvöld á Norðurlöndum hafa einkum beint athygli sinni að á síðasta ári er hinn sérstaki vandi kvenna úti á landsbyggðinni. Ýmislegt hefur verið gert til að reyna að mæta þeim vanda og rannsaka orsakir þess að það eru fleiri konur en karlar sem flytjast af landsbyggðinni. Það skýrist auðvitað fyrst og fremst af einhæfu atvinnulífi, fáum atvinnutækifærum og það sem líka skiptir miklu máli er fábreytni í menningar- og félagslífi. Konur eiga því oft ekki um annað að velja en að flytja til þéttbýlisstaðanna, bæði til þess að hafa vinnu og geta notið þess sem þær óska eftir í menningarlífinu. Ég held að þetta ætti að vera okkur mjög mikið umhugsunarefni.

Ég get eiginlega ekki látið hjá líða að nefna annað í þessu. Ég er ekki að ásaka þá sem hér sitja inni fyrir það að í þessum nefndum skuli ekki vera konur. Ég varpa þessu fram til mjög alvarlegrar umhugsunar og skoðunar. Sú nefnd sem hvað oftast er nefnd þessa dagana er svokölluð sjömannanefnd sem hefur verið að fjalla um vanda landbúnaðarins. Í þeirri nefnd eru sjö karlmenn. Þeir hafa allir varamenn, og sumir tvo meira að segja, og þar er ekki ein einasta kona. Þessi sama nefnd kallaði 20 aðila til viðræðna um landbúnaðarmálin. Þar var heldur ekki ein einasta kona. Nú er ég að hluta til að endurtaka jafnréttispistilinn frá því í Sþ. í gær. Ég varpa hér fram sömu spurningu og ég varpaði fram þar: Hverjir í þessu landi skyldu sjá um neysluna? Hverjir eru það sem stjórna neyslunni, hver neyslan er t.d. á landbúnaðarafurðum okkar? Ég gat ekki stillt mig um að gera þetta að umræðuefni líka hér því að ég tel að við verðum að hafa þetta í huga þegar við fjöllum um byggðamálin að það verður engin raunhæf byggðastefna til ef sjónarmið kvenna koma þar hvergi nærri. Það sem við stöndum frammi fyrir hér á Íslandi er auðvitað það sama og nágrannar okkar á Norðurlöndum, þ.e. fá atvinnutækifæri, einhæft atvinnulíf og það bitnar fyrst og harðast á konunum eins og við sjáum á atvinnuleysistölum um land allt, enda sýna líka tölur að það hallar verulega á íbúatöluna hvað varðar búsetu kvenna úti á landsbyggðinni og ekki síst kvenna á aldrinum 20–44 ára. Þar er mestur munur á fjölda karla og kvenna í öllum landsbyggðarkjördæmunum. Ég vildi nefna þetta hér því að ég held að þetta ætti að vera okkur öllum mikið umhugsunarefni.

Við stöndum frammi fyrir þeirri þróun sem hefur orðið á síðustu áratugum. Það hefur verið stöðugur fólksflutningur af landsbyggðinni í þéttbýlið, bæði á þéttbýlisstaðina úti á landi og einnig til höfuðborgarsvæðisins og þangað hefur straumurinn legið þyngstur. Burt séð frá öllum áætlunum um byggðamál og atvinnuþróun úti á landsbyggðinni stöndum við frammi fyrir þeirri spurningu: Hvernig ætlum við að laða fólk ýmist til að vera þar eða koma þar til starfa? Þar held ég að þjónustan skipti allra mestu máli. Fólk gerir orðið kröfur um að fá svipaða þjónustu og það getur gengið að hér á suðvesturhorninu.

Það kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. áðan að hann teldi það hið mesta óráð að brjóta upp þjónustusvæði, eins og hann orðaði það. Ég held einmitt að með því að móta byggðastefnu hljótum við að verða að brjóta upp þjónustusvæði. Við tölum um að undirstaða byggðastefnunnar séu góðar samgöngur. Með góðum samgöngum breytist einmitt margt. Ég er mjög sammála því að góðar samgöngur séu undirstaða byggðastefnunnar en bættar samgöngur hljóta um leið að leiða til þess að þjónustusvæði verða brotin upp. Það getur komið góður vegur í staðinn fyrir heilsugæslustöð eða skóla. Ég get minnt á eitt tilvik sem snertir reyndar Vesturlandskjördæmi og ég veit að það eru mörg slík dæmi í öðrum landshlutum líka. Börn eru keyrð um langan veg í heimavistarskóla í gegnum þéttbýlisstaði sem eru e.t.v. 10–20 mínútna akstur frá heimilum þeirra. Þetta þarf allt að endurskoða og hugsa upp á nýtt þegar talað er um að gera áætlanir í byggðamálum.

Þetta voru eiginlega mínar fyrstu hugsanir varðandi þetta frv. og tillögur hinnar nefndarinnar líka. Ég vildi bara segja það að lokum að með Byggðastofnun hljótum við að stefna að skynsamlegri nýtingu auðlinda landsins og fjölbreyttu menningarlífi og mannlífi í landinu öllu.

Ég get ekki lokið máli mínu án þess að minna á eitt efni sem ég tel að við ættum líka að skoða vel og full ástæða sé til að hafa áhyggjur af. Það er hversu mikil áhrif við getum haft á nýtingu auðlinda okkar í framtíðinni ef svo fer sem e.t.v. horfir nú að við förum á fleygiferð inn í hið Evrópska efnahagssvæði. Ég vil benda á að það hefur komið í ljós í þeim viðræðum að við t.d. kaup á landi er ekki hægt að setja neinar frekari hömlur á erlenda aðila en Íslendinga sjálfa. Við getum reynt að gera okkur í hugarlund hvað gerist ef land hér á Íslandi verður keypt upp í stórum stíl af útlendingum. Þess vegna ættum við að hafa augun opin fyrir hversu verðmætt land okkar er og hvernig við getum nýtt það á annan hátt en þann hefðbundna sem við höfum gert hingað til.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Þær eru vissulega þarfar og mér finnst þær nú yfirleitt hafa verið heldur jákvæðar gagnvart þeim tillögum sem hér liggja fyrir og það ber vissulega að þakka það. Hins vegar verð ég að segja það að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með ummæli hv. 4. þm. Reykn. Karls Steinars Guðnasonar. Mér finnst þar talað af ótrúlegri vanþekkingu og skilningsleysi á byggðamálum, þó ég taki nú ekki dýpra í árinni. Mér finnst það sorglegt að hér úr þessum ræðustól skuli varaformaður Verkamannasambands Íslands tala í slík-

um tón sem hann gerði til þess ágæta starfsfólks sem starfar inni í Byggðastofnun. Að kalla þetta fólk einhver pappírstígrisdýr er ekki þolandi. Og mér finnst það fyrir neðan virðingu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, varaformanns Verkamannasambands Íslands, að tala í þessari tóntegund. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að ræðu hv. þm. Karls Steinars. Það er eins og ég segi, þau voru yfirleitt töluð að mér fannst af lítilli þekkingu og mjög takmörkuðum skilningi á því að eitthvað þurfi að gera á landsbyggðinni. Því miður var það svo.

Auðvitað hafa menn farið vítt yfir sviðið þegar um þessi mál er fjallað og ekki óeðlilegt. Hv. þm. Skúli Alexandersson ræddi nokkuð ítarlega um þessar tillögur. En mestur tími hjá mönnum hefur farið í að ræða fylgiskjal frv. sem eru tillögur þeirrar nefndar sem ég var formaður fyrir. Hv. þm. Skúla Alexanderssyni, sem sat í hinni byggðanefndinni, fannst þessar tillögur okkar vera heldur lausar í reipunum og virtist ekki sjá að þar væri um neinar beinar aðgerðir að ræða sem við legðum til og skortir nú á lagabreytingar. Það vill svo til að með þessu, hv. þm., fylgir tillaga um breyting á sveitarstjórnarlögum, það eina sem er nauðsynlegt að breyta í lögum til að þessar tillögur okkar geti náð fram. Það er það eina.

Ég vil einnig segja það að ég er hv. þm. mjög ósammála að hér sé ekki um merkar tillögur að ræða. Hér er að mínu mati um mjög merkilegar tillögur að ræða. Hér er um mjög róttækar breytingar að ræða í byggðamálum. Það er verið að færa verulega mikil völd út á landsbyggðina og ekki bara völd, það er einnig og ekki síður verið að færa aukna ábyrgð til þess fólks sem þar starfar. Það er grundvallarbreytingin í tillögum nefndarinnar. Það er verið að reyna að auka áhrif landsbyggðarfólksins sjálfs í stjórnkerfinu, eins og kom fram hjá hv. þm., í gegnum héraðsnefndirnar. Það var okkar mat. Þær eru til staðar í dag og við treystum því fólki best til þess að fara með þessi völd, sveitarstjórnarfólkinu sjálfu, sem hefur verið kosið til þess að fara með þessi mál. Það var ekki nein tilviljun sem réði því að sá kosturinn var valinn. Það er verið að færa þarna völd til þessa fólks og við teljum að það sé sjálfsagt og sjálfgefið nánast að það fólk sem íbúar viðkomandi svæða hafa kosið í löglegum kosningum fari með þessi völd. Það séu ekki einhverjir allt aðrir aðilar sem komi utan að sem geri skuldbindingar fyrir sveitarstjórnirnar. Það finnst mér rangt. Þess vegna var þessi leið okkar valin að styrkja svo mjög sveitarstjórnarstigið eins og hér er gert. Ég trúi því einnig að þessar tillögur um að styrkja svo mjög sveitarstjórnarstigið verði til að hvetja fólk til þess að vera virkari þátttakendur í sveitarstjórnarmálum og jafnvel fúsara til að leggja á sig þá miklu vinnu sem sveitarstjórnarmenn þurfa að taka á sig með því að gerast þátttakendur í sveitarstjórnarmálum.

Hv. þm. vék líka að valddreifingunni og hvernig þetta væri hugsað að byggja upp þessar miðstöðvar í kjördæmunum og minntist þar á að ágætur maður hafi einhvern tíma sagt að Reykjavík væri vond, verra væri þó Akureyrarvaldið en verst væri Egilsstaðavaldið. Ég kannast við svona hugsunarhátt. Sem betur fer er þessi hugsunarháttur mjög á undanhaldi. Það skyldi þó aldrei vera að þessi hugsunarháttur eigi nokkra sök á því hvernig komið er fyrir okkur landsbyggðarfólkinu, okkur, þessu fólki sem fætt og uppalið er á landsbyggðinni og ætlum okkur að búa þar áfram. Þessi hugsunarháttur, þessi eilífa innbyrðis togstreita, það er hún sem hefur nagað okkur innan frá og því verður að linna.

Hv. þm. vék einnig að því að það kæmi úr hörðustu átt, og var hann þá að tala til mín, þar sem lagt væri til að störf væru flutt út á land vegna þess að ég hafði greitt atkvæði gegn því að Byggðastofnun væri flutt til Akureyrar. Það er rétt. Ég var þá formaður stjórnar Byggðastofnunar og ég greiddi atkvæði gegn því að hún væri flutt til Akureyrar. En hann gleymdi að geta þess um leið að á sama fundi flutti ég tillögu um það að þessar miðstöðvar, stjórnsýslumiðstöðvar, yrðu byggðar upp í öllum kjördæmum landsbyggðarinnar. Það er þegar búið að byggja upp stofnun á Akureyri, aðra á Ísafirði og þegar er kominn í gang mikill undirbúningur að slíkri starfsemi á Egilsstöðum og svona á að halda áfram. Það var minn skilningur og er enn að svona eigi að standa að málum. Þessar miðstöðvar, héraðsmiðstöðvar sem talað er um í þessum tillögum, eru vitaskuld ekkert annað en það sem við höfum kallað fram að þessu stjórnsýslumiðstöðvar. Menn hafa breytt um nafn, finnst eðlilegra að þær beri nafnið héraðsmiðstöðvar en ekki stjórnsýslumiðstöðvar eftir að hafa farið í smiðju til hinna orðhögustu manna þar um.

Einnig vék hv. þm. að því að það væri einkennilegt að binda landshlutasamtök sveitarfélaga með lögum, hverjir ættu að vera í þessum samtökum. Í mínum huga er sjálfsagt að gera það vegna þess að við erum að færa veruleg völd frá því opinbera til þessara staða. Við erum þó ekki frekari en það, hv. þm. Yfirgangurinn er nú ekki meiri en það að þessar tillögur sem hér eru, og það hefur komið fram hjá fleirum, eru lagðar fram sem fylgiskjal. Við hugsum okkur það og viljum eiga sem best samstarf við sveitarstjórnarmenn um allt land um þessar tillögur. Því eru þær lagðar hér fram nú, ekki sem eitthvert kosningaplagg, eins og hv. þm. Karl Steinar orðaði svo smekklega áðan. Það skyldi þó ekki vera að beri að líta á þær tillögur sem við höfum séð á borðunum og eigum eftir að sjá, m.a. frá ráðherrum Alþfl. sem eru að sjá dagsins ljós næstu daga, sem kosningaplögg, hv. þm. Karl Steinar Guðnason? Er sú tillaga sem er í smíðum hjá hæstv. iðnrh. um byggingu álvers á Keilisnesi, og stendur til að hér verði lögð fram sem þáltill., er hún kosningaplagg? Er hún kosningaplagg í skilningi hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar? Og aðrar tillögur sem eiga eftir að koma frá ráðherrum Alþfl. það sem eftir lifir þessa þings? Ég lít ekki svo á. Að þessum málum hefur verið unnið lengi og þessar nefndir sem hér er vitnað til hafa starfað í hvorki meira né minna en eitt ár og hafa nú skilað af sér. En meginmálið er að þessar tillögur verði til umfjöllunar í þjóðfélaginu í allt sumar. Ég vona að þær verði teknar síðan upp hér á Alþingi næsta haust þannig að sem víðtækust umræða geti orðið um þess-

ar tillögur úti í þjóðfélaginu. Það er grundvallaratriði. Við erum ekki að pressa á að þær verði lagðar hér fram og samþykktar í dag eða á morgun. Við viljum fá opna umræðu í þjóðfélaginu um þessar tillögur. Þetta eru róttækar tillögur og, ég fullyrði það, einhverjar rótækustu tillögur sem settar hafa verið fram í byggðamálum. Þess vegna er nauðsynlegt og sjálfsagt að þær verði í umræðunni úti í þjóðfélaginu þennan tíma. Ég vona að þegar þær koma hingað inn á haustdögum taki menn vel á þeim og þær geti farið í gegn sem líkastar því sem þær eru hér lagðar fram.

Ég sé að þau stinga saman nefjum hæstv. félmrh. og hv. 4. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason sem ég vék að máli mínu rétt áðan. Þau hafa kannski verið að velta vöngum yfir því og bera sig saman um hvort þetta væru kosningatillögur sem félmrh. er nú að bera fram í húsnæðismálum eins og hv. þm. Karl Steinar segir að þessar tillögur séu kosningatillögur. Það skyldi þó ekki vera.

Ég ætla ekki að eyða lengri tíma í þetta. Ég vil segja það enn og aftur að það hafa orðið miklar breytingar í byggðamálum og það er vissulega þörf á að taka þar til hendi. Við þurfum að átta okkur á því hvað hefur gerst. Af hverju er vandinn svo mikill í dag? Við þurfum að reyna að skilgreina það. Í mínum huga er það nokkurn veginn tært. Það er búið að setja framleiðslutakmarkanir á alla höfuðatvinnuvegi landsbyggðarinnar og þarf enginn að vera hissa á því þó að hrikti þá í. Ég hef sagt: Mér er ekki sama um það hvernig mitt hérað lítur út, mér er ekki sama um það. Ég geri mér grein fyrir því að við dreifbýlismenn þurfum að hopa um sinn. En ég vil ekki hafa undanhaldið stjórnlaust. Ég vil að við viðurkennum að við þurfum að hopa. Við skulum finna okkur þá varnarlínu þar sem við staðnæmumst og þar skulum við byggja okkur upp til nýrrar sóknar í byggðamálum. Við eigum ekki að vera á stjórnlausu undanhaldi. Það væri versta leiðin. Og versti kosturinn er einnig að þora ekki að viðurkenna og segja fólkinu frá því að breytinga er þörf og það er róttækra breytinga þörf. Það þarf enginn að halda það að þær breytingar muni ekki koma við margan sem úti á landsbyggðinni byggir.

Að endingu segi ég: Ég gat ekki skilið orð ráðherrans svo að hann væri að segja að það væri svo harðsnúið lið hér í Reykjavík sem landsbyggðin ætti við að eiga. Ég lít ekki svo á. Ég tek miklu frekar undir þau orð sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði í þessum efnum. Ég held að menn eigi að láta af slíkum málflutningi. Það er plúss fyrir okkur öll í þessu landi og það fer best á því að við náum sem mestum friði um þessi mál og látum af óskynsamlegum málflutningi eins og einhverjir ákveðnir þingmenn hafa kannski haft í frammi í þessum ræðustól.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þurfti að bregða mér frá vegna nauðsynja og hafði fengið leyfi forseta til þess í upphafi þessara umræðna. Ég hef því ekki getað hlustað á allt sem hér hefur verið sagt. En ég vil aðeins árétta það sem ég sagði áðan að ég tel að frv. sem slíkt breyti engu í byggðastefnu landsmanna og sé í raun og veru óþarft. Hér er kveðið á um hluti sem hægt er að framkvæma með núgildandi lögum. Ef það hefur ekki verið gert, sem virðist staðreynd, er þetta frv. botnlaus gagnrýni á stjórn Byggðastofnunar eins og hún er samansett í dag.

Hvað varðar svokallaða skýrslu, þá endurtek ég það að þetta er óskalisti sem er meira af lofti en nokkuð annað. Ég tel að þessi mál þurfi mikið meiri umræðu, það þurfi að ná sátt milli landsbyggðar og þéttbýlis, það þurfi að ná sátt milli landsmanna allra um það hvernig eigi að deila þessari köku sem stundum er nefnd þjóðarkakan. Við þurfum að ná sátt um það að mönnum sé ekki mismunað, byggðarlögum, fyrirtækjum, sem ég fullyrði að hafi verið gert í núverandi byggðastefnu. Takist að ná sátt, sem ég held að ætti að vera hægt með betri umfjöllun en kemur fram í svona óskalista, sem ekki á að koma fram núna heldur kannski fyrir næstu jól, þar sem óskir eru gjarnan settar fram á þeim tíma.

Ég fór nokkrum orðum um ýmis efnisatriði í þessari skýrslu, sem reyndar er fylgiplagg. Ég tel að það vanti í hana leiðir til þess að framkvæma það sem óskað er eftir og hvernig eigi að útvega fjármagn til að koma málum í framkvæmd. (Gripið fram í.) T.d. til að auka eiginfjárstöðu Byggðastofnunar og jafnhliða því, ef á að efla Byggðastofnun, hlýtur væntanlega að þurfa að setja peninga í einhver verkefni.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en það er með mig eins og Stefán Guðmundsson að mér er ekki sama hvernig mitt hérað lítur út. Mér er ekki sama um hvernig með þessi mál er farið. Ég tel að byggðastefnan sem rekin hefur verið undanfarin ár hafi komið illa niður á mínu héraði að nauðsynjalausu. Þar hafi mönnum verið mismunað í meira og minna mæli, fyrirtækjum og einstaklingum, það tekur langan tíma að skýra frá því. Menn horfa líka á hvað hefur gerst í öðrum landshlutum þar sem milljónatugir eru settir í fyrirtæki sem hafa verið gersamlega vonlaus. (Gripið fram í.) Ég er að tala um sjávarútveginn á Suðurnesjum m.a. sem hefur orðið fyrir barðinu á byggðastefnunni. Þú ert kannski einn þeirra, hv. þm., sem álíta atvinnumál á Suðurnesjum utanríkismál. Það kom reyndar fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, að atvinnumál á Suðurnesjum voru sett undir utanríkismál. Mér þótti það mjög miður og ég lít ekki á þau mál þannig, en eftir frammíköllum hv. þm. að dæma virðist hann líta á atvinnumál á Suðurnesjum sem utanríkismál.

Það er engin tilviljun að þetta er sett fram núna. Brtt. sem koma fram í frv. breyta engu í rauninni. Skýrslan er ekki nærri því eins unnin og hún þyrfti að vera. Þar fylgir vafalaust góður hugur máli en meira þarf til, bæði til að ná sáttum og til þess að móta skynsamlegar tillögur sem unnt er að framkvæma.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir miður að hafa ekki haft tækifæri til að vera við þessa umræðu frá upphafi, en þannig stóð á að ég var fjarverandi á þessum fundi þar

til nú fyrir nokkrum mínútum síðan og hef því misst af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um þetta frv. sem er nýkomið fyrir okkar augu og ég hef a.m.k. ekki haft tækifæri til að kynna mér ítarlega. En það sem vekur athygli er að hér er verið að leggja fram stjfrv. En það kemur aldeilis ekki fram í þessum umræðum, mér heyrðist helst að hér séu stjórnarliðar að deila innbyrðis um þetta mál eins og svo mörg önnur sem við fáum á borðin þessa dagana. Það er varla lagt svo fram stjfrv. að ekki komi einhver þingmaður stjórnarflokkanna og geri fyrirvara við það frv. sem viðkomandi ráðherra er að leggja fram eða mæla fyrir. Það er ekki langt síðan hæstv. félmrh. var að mæla fyrir frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun og fulltrúi Framsfl. steig í pontu og gerði ræki lega fyrirvara á því sem það frv. fjallaði um. Og eins er að gerast nú.

Ég vil taka það fram að ég er svolítið sammála hv. 4. þm. Reykn. Ég er ekki viss um að það sé endilega nauðsyn að breyta lögum til að framkvæma betri byggðastefnu. Það er nefnilega þannig að það er alltaf verið að setja á laggirnar nefndir og ráð og kalla eftir skýrslum og tillögum og ráðgjafarhópum og punktur og basta. Það er ekki langt síðan verið var að ræða um það í Sþ. hvernig staðan er í málum geðsjúkra. Ætli það sé ekki áratugur síðan farið var að ræða það mál hér í þinginu og flytja tillögur? Ég var meðflm. að þáltill. sem fyrrv. þm. Helgi Seljan var 1. flm. að á sínum tíma og ef ég man rétt var hv. 4. þm. Reykn. einnig einn af þeim sem fluttu hana. En það gerist ekki neitt. Það er alltaf verið að setja á laggirnar nefndir og ráð og kalla eftir skýrslum. Við ræðum skýrslurnar. Allir eru sammála um að það þurfi eitthvað að gera en það skeður ekki neitt. Þess vegna tek ég undir það að ég held að við ættum að fara að snúa okkur að því að sjá fyrir endann á þessu tali nema að það komi athafnir í stað orða.

Það er staðreynd að Reykjaneskjördæmi hefur verið út undan og það hefur ekki verið litið á það sem eitt af þeim svæðum sem Byggðastofnun eigi að sinna. Að vísu var því breytt fyrir nokkrum árum að taka málefni Reykjaneskjördæmis inn hjá Byggðastofnun. En eins og hv. 4. þm. Reykn. benti á hefur ýmislegt verið að gerast í atvinnumálum á Suðurnesjum sem ekki ber þess vitni að þar hafi mikil aðstoð komið til og ætti hæstv. sjútvrh. að þekkja það best.

Málið er það að verið er að ala á óvild landsbyggðarinnar í garð höfuðborgarinnar og stjórnenda hennar. Eftir því sem mér hefur verið sagt hafði það komið fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. í þessum umræðum að stjórnendur Reykjavíkurborgar sjái ekki út fyrir borgarmörkin. Það hefur verið góð samvinna á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, milli Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna allt þar í kring. Ég held að það mætti taka það til fyrirmyndar um viðhorf og samstarf sveitarfélaga, hvort sem þau eru úti á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu. Við eigum að leggja áherslu á að sætta þessi sjónarmið í stað þess að vera alltaf að ala á þessari sundrungu og togstreitu sem er á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Höfuðborgarsvæðið getur ekki verið án landsbyggðarinnar og þeirra sem þar búa og öfugt. Landsbyggðin þarf á þessu svæði að halda.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vildi aðeins láta þess getið að ég er ekki trúuð á að frv. sem þetta bæti eitthvað úr. Það er allt annað sem þarf að koma til.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég furða mig á því að hæstv. ráðherra skuli ekki taka til máls í lok umræðunnar en það er kannski allt í lagi að hann geri það ekki. Þá stendur það sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði í upphafi síns máls að ráðherrann hefði vikið að samskiptavandamálum höfuðborgarinnar og dreifbýlisins og tók mjög undir þau sjónarmið ráðherra og bætti því við að stjórnendur Reykjavíkur horfi ekki upp fyrir Elliðaár og ekki suður fyrir Fossvogslæk. Það væri ótrúleg skammsýni stjórnenda höfuðborgarinnar. Þetta lagði hv. þm. fram sem skilning sinn á ummælum ráðherrans. Þau voru ekki alveg jafnskýr, þau voru dylgjur og dulbúin árás á Reykjavíkurborg og alið á þeim sjónarmiðum sem hafa komið í ljós mjög greinilega að framsóknarmenn telja að höfuðborgin sé nánast til bölvunar fyrir landslýð allan. Líklega framsóknarmenn allir nema einn, og það var drenglyndi Stefáns Guðmundssonar sem kom hér fram áðan. Hann sagði orðrétt: Ég tek undir sjónarmið Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Og hann bætti við orðrétt: Látum af þessum ágreiningi og látum af óskynsamlegum málflutningi. Hann var þá væntanlega að svara foringja sínum og sjónarmiðum þeim sem hv. þm. Eiður Guðnason las út úr orðum ráðherrans. Það fer ekkert á milli mála að það voru ákúrur þar á ferðinni.

Á sama hátt má segja að hv. þm. Karl Steinar Guðnason hafi verið að svara flokksbróður sínum, sem lengst gekk nú í árásum á höfuðborgina, þegar hann tók til máls í tvígang. Þessu ber að fagna og það þarf að undirstrika það að Framsfl., varaformaður hans, er við þetta heygarðshornið eins og framsóknarmenn alltaf hafa verið, að reyna að ala á tortryggni og óeiningu, sundrungu, milli þeirra manna sem búa úti á landi og hinna sem eru í Reykjavík. Nú ber hæstv. ráðherra í borðið sem betur fer og væntanlega reynir hann þá að bæta eitthvað um þau ummæli sem hann viðhafði og skýra þau þá á einhvern allt annan hátt en hv. þm. Eiður Guðnason gerði. En ég var að lesa eftir honum það sem hann sagði og lagði í orð ráðherrans, sem ég gerði raunar líka. Það var nú ekkert misskilið það sem hann var að fara.

En þessi umræða er orðin ágæt. Menn vita það núna í höfuðborginni að ekki er mikið treystandi á það að kjósa einhverja framsóknarmenn til trúnaðarstarfa. Því síður náttúrlega er ástæða til að kjósa formann flokksins sem hefur nú ákveðið í lokin að verða í framboði á Reykjanesi. Það er varla að vænta þess að hans sjónarmið séu allt önnur en varaformannsins. Og framsóknarmenn hafa náttúrlega aldrei gætt hagsmuna Reykjavíkur og munu aldrei gera. En það þýðir ekki fyrir þá að ætla að færa það fram fyrir landslýðinn að

Reykjavíkurþingmenn eða Reykvíkingar almennt séu að reyna að hindra uppbyggingu úti á landi. Það hefur alla tíð verið sjónarmið forustumanna Sjálfstfl., eins og ég gat hér um áðan, að reyna að hindra flótta af landsbyggðinni til borgarinnar, reyna að auka atvinnulíf á landsbyggðinni og leggja mikið af mörkum til þess fjárhagslega og gera það enn og telja það ekkert eftir sér. Það er alveg ljóst að þau sjónarmið eru ríkjandi í Sjálfstfl. að reyna að kveða niður þennan róg, þennan óskynsamlega málflutning sem Stefán Guðmundsson nefnir svo, láta af honum, segir hann, það er einn framsóknarmaður sem talar skýrt í þessu efni, það er hv. þm. Stefán Guðmundsson. Hann á að njóta þess að hann hefur talað hér skýrt, aðrir ekki og síst ráðherrann.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að lengja þessa annars ágætu umræðu. Ég stend við hvert orð sem ég sagði í minni ræðu og þarf hvorki hv. þm. Eið Guðnason eða Eyjólf Konráð Jónsson til að túlka þau orð. Það er með ólíkindum að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði í upphafi sinnar ræðu að það hafi nú ekki verið ástæða til þess að amast neitt við þessum orðum nema vegna þess að annar þingmaður kom hér og bætti þar ýmsu við. Það þýðir náttúrlega ekkert fyrir hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að tala hér eins og forustumenn Reykjavíkurborgar hafi aldrei sagt annað en rétt og allt gott og þeir hafi viljað leggja allt af mörkum til að halda fólkinu úti á landi, eins og hann orðaði það. Ég skil ekki svona málflutning. Hann sakar mig um að ég sé að reyna að kveikja hér illindi. Það er svo langt í frá. Ég hef ekki vanið mig á að tala illa um Reykjavíkurborg. Ég tel hins vegar að það megi gagnrýna orð þessara manna eins og annarra. Þeir kveikja aldrei illindi, er það? (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Það kemur ekki fyrir. Þeir hafa aldrei kveikt nein illindi við landsbyggðina, aldrei komið fyrir. Hvað þá að þeir hafi kveikt einhver illindi í sínum eigin flokki, það hefur heldur aldrei komið fyrir. Þetta er undarlegt tal en ég skil það ósköp vel að þingmanninum líði illa við núverandi aðstæður og hef fyllstu samúð með honum.

Ég vil ekki skipta mér af málefnum annarra flokka. Ég biðst undan því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sé að túlka sjónarmið Framsfl. og ég bið hann líka að spara kosningaræður þangað til að því kemur á fundum með frambjóðendum og ætla ekki að fara út í þær ásakanir sem voru honum ekki sæmandi í garð Framsfl. Á sama hátt og honum var að sjálfsögðu ekki sæmandi að tala um lýðveldið Ísland, þjóðfélagið Ísland, sem Sovét-Ísland. Og halda því hér fram að verið væri að taka upp í meira og meira mæli þær aðferðir sem væri verið að leggja niður í Sovétríkjunum. (**Gripið fram í:** Sagði Eykon það?) Hvers konar málflutningur er þetta? Er þetta maðurinn sem ætlar að skapa frið milli dreifbýlis og þéttbýlis, og sakar svo aðra um að stofna til illinda?

Ég þarf að öðru leyti ekki að ræða þessi orð mín. Við þau stend ég. Ég hafði ekki skrifað þau niður. Þau munu birtast í þingtíðindum og þau standa fyrir sínu og ég þarf ekki túlkanir annarra á orðum mínum, allra síst í þeim tón sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson notaði hér. Ég vænti þess að það stafi af einhverjum óróleika sem hann á erfitt með að hemja hér í ræðustól.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þessi umræða um byggðamál er komin út á dálítið sérstakan völl. Þar hefur fyrst og fremst verið umræða um afstöðu Reykvíkinga og afstöðu ákveðinna þingmanna til Reykjavíkur. Hv. 6. þm. Reykn. nefndi það í ræðu sinni að mikil þörf væri á því að sætta sjónarmið landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ég fyrir mitt leyti tek ekki undir það að þar sé uppi einhver sérstök deila. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni veit ég ekki betur en þegar hafa farið fram skoðanakannanir um afstöðu fólks á höfuðborgarsvæðinu um hver væri afstaða þess til uppbyggingar á landsbyggðinni og jafnvel spurt: Á að láta eitthvað umfram út á landsbyggðina? Á að styrkja atvinnufyrirtæki úti á landsbyggðinni? Þá er meiri hluti fólks á þéttbýlissvæðinu hlynntur því að þannig skuli unnið. Þetta fólk þarf ekki að sætta við þá afstöðu sem við, sem eigum heima úti á landsbyggðinni, erum að biðja um að staðið verði að. Ég tel að það sé sátt milli fólksins á landsbyggðinni og fólksins hér á þéttbýlissvæðinu. En því miður getur þetta verið einhvers staðar inni í flokkum, að ákveðinn hluti af flokknum sem er að einhverju leyti tengdur þessu svæði, það er að tala um að þurfi að sætta sjónarmið, að menn séu á því að það þurfi að koma öðruvísi fram við landsbyggðina en almenningur í landinu vill.

Ég tel þess vegna að sú umræða sem hér hefur farið fram, og sérstaklega þau stóru orð sem hv. 3. þm. Vesturl. hafði um afstöðu stjórnvalda í Reykjavík, hafi ekki átt heima í þessari umræðu. Þau áttu heima einhvers staðar annars staðar. Ég held og ég treysti því að forustumenn Reykjavíkur, hvort sem þeir verða úr Sjálfstfl. eða öðrum flokkum, geri sér grein fyrir að landið er ein heild og það þarf að byggja upp landið okkar allt, ekki endilega að hafa einhvern forgang hér á þéttbýlissvæðinu eða í kringum höfuðborgina.

Ég vil svo segja um það sem hv. 6. þm. Reykn. sagði, að hér væru að koma stjfrv. og menn væru að gagnrýna þau, að ég tel það af hinu góða að þingmenn stjórnarinnar taki til umræðu þau stjfrv. sem eru til umfjöllunar. Ekki eingöngu með því að syngja þeim lof og dýrð heldur með því að benda á að það mætti kannski sums staðar gera eitthvað betur eða að það hefði stundum mátt gera eitthvað fyrr. Og er það ekki einmitt í þessu tilfelli að það hefði mátt gera einhverja hluti fyrr? Er það ekki staðreynd að við erum búnir að vera með meiri hluta hér á hv. Alþingi af landsbyggðarþingmönnum? Hvers vegna erum við þá að kvarta yfir því að einhverjir Reykvíkingar séu að hamla gegn þeirri þróun sem við óskum eftir að sé staðið að? Það er mesti misskilningur að neitt þannig sé uppi.

Ég held að það sé ástæðulaust að orðlengja þetta mikið frekar. En þó get ég ekki á mér setið að nefna aðeins Reykjanes og stöðu mála á Reykjanesi. Við höf-

um öll tekið eftir því, og ekki ber ég á móti því sem þingmenn Reyknesinga segja, að þar standi atvinnulíf nokkuð höllum fæti. En það er ekki á öllu Reykjanesi sem betur fer. Ákveðinn hluti Reykjaness hefur staðið af sér að meginhluta til þær sviptingar sem atvinnulega hafa gengið yfir Reykjanes. Þar á ég fyrst og fremst við Grindavík. Á því tímabili sem norður- og vesturhlutinn af Reykjanesi hefur verið í lægð hefur Grindavík verið að byggjast upp. Þess vegna tel ég ekki rétt af þingmönnum Reyknesinga að vera sýknt og heilagt að tala um að þeir hafi einhvern tímann verið settir út á kaldan kalka hjá Byggðastofnun. Það voru þá Grindvíkingar alveg eins og Keflvíkingar og Sandgerðingar. Þannig að sú uppsetning er því miður ekki að mínu mati sannleikanum samkvæm. Ég held að það sem hefur farið illa með Reykjanes sé nálægðin við herinn. Herinn gat boðið betri kjör en íslenskir atvinnuvegir og þess vegna fór sem fór á þeim hluta Reykjaness sem ég var að nefna áðan þar sem atvinnulífið, hið íslenska atvinnulíf hefur verið í lægð. Íslensku atvinnuvegirnir hafa ekki staðist samkeppni við stóra bróður uppi í heiðinni.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér finnst ástæða til að koma hér og þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir hans skilning á þýðingu þess að það séu góðar sættir og jákvæð viðhorf landsbyggðar til höfuðborgar og öfugt. Hann staðfesti í raun og veru það sem ég var að segja. Þeir sem búa á suðvesturhorninu hafa mjög góðan skilning á því að það þarf að stuðla að góðri atvinnuuppbyggingu úti á landi alveg eins og hér á suðvesturhorninu. En það er því miður stundum þannig, þó hv. 4. þm. Vesturl. sé kannski ekki þannig stemmdur, að bæði þingmenn, því miður, og ýmsa ráðamenn úti á landsbyggðinni skortir þessi jákvæðu viðhorf til suðvesturhornsins. Ég held að við getum ekki borið á móti því. Ég býst við að hv. 4. þm. Vesturl. sé mér sammála í þessum efnum.

Hann minntist á að ég hefði verið að gera athugasemdir við að þingmenn stjórnarliðsins væru að deila eða kæmu í ræðustól með fyrirvara um að þeir styddu ekki ýmis frv. sem stjórnin eða ráðherrar hennar væru að leggja fram sem stjfrv. Það hefur gengið svo langt að m.a.s. hafa ráðherrar orðið að leggja fram sín frv. í eigin nafni vegna þess að þeir hafa ekki náð þeim fram innan stjórnarliðsins. Lái hv. 4. þm. Vesturl. mér það þó ég veki athygli á þessari misklíð innan stjórnarheimilisins og erfiðleikum. Ég held að það mundu fleiri í sporum stjórnarandstæðings benda á slíkt, að þetta góða samkomulag sem alltaf er verið að tala um innan hæstv. ríkisstjórnar, sem er svo gott að hún vill halda áfram eftir kosningar, er kannski ekki eins glæsilegt í raun og menn vilja vera láta. Það endurspeglast fyrst og fremst í verkunum þegar menn eru að leggja fram frv., eins og ég sagði áðan og ég sný ekkert aftur með það, sem stjfrv. Síðan koma einstaka þingmenn og lýsa yfir að þeir vilji bara ekki ræða einstaka liði viðkomandi frumvarpa heldur hreinlega lýsa þeir því yfir að þeir ætli ekki að styðja frv. þó þeir séu stjórnarliðar. Þetta hefur margsinnis komið fram og hv. 4. þm. Vesturl. veit þetta vel og mun ekki andmæla þessu. Ég held að hann hljóti að hafa skilning á því að ég leyfi mér að benda á þennan veikleika innan þessarar sterku ríkisstjórnar, sem menn eru alltaf að tala um.

Varðandi atvinnumálin á Suðurnesjum ætla ég að eftirláta hv. 4. þm. Reykn. þau því að það var þeirra á milli frekar. En ég er ekki viss um að sjávarútvegurinn sé svo nátengdur störfunum á Keflavíkurflugvelli, ég er hrædd um að það sé eitthvað annars eðlis og ástæðulaust sé að blanda því saman og þeim erfiðleikum sem eru í sjávarútveginum á Suðurnesjum.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Athugasemd mín skal verða mjög stutt. Hins vegar gat ég ekki stillt mig um að koma upp eftir að hv. þm. Skúli Alexandersson var með skýringar á því hvernig á því stæði að atvinnulíf á Suðurnesjum hefði orðið daufara en áður var. Ekki átti ég von á því að hv. þm. væri með svo austrænar skýingar sem þar komu fram, ég hélt að þær væru horfnar úr hans sinni. En ég mótmæli skýringum hans alfarið.

Í fyrsta lagi vil ég segja varðandi Grindavík að í undanfarin 2–3 ár hefur atvinnulíf dregist saman hjá Grindvíkingum á sama hátt og annars staðar þó þeir og Sandgerðingar hafi kannski haldið betur velli en aðrir. En í Keflavík, Njarðvík, Vogum og Garði er sjávarútvegurinn í mikilli nauð og atvinnulífið þar. Það hefur verið þannig. Maður hefur að vísu vonir um að framtíðin verði bjartari.

Sú skýring að ástæðan fyrir þessum samdrætti í atvinnulífinu sé herstöðin á Keflavíkurflugvelli er þvílík fjarstæða að ekki er hægt að láta því ómótmælt. Vil ég minna á það að þegar hermangið var sem mest, þegar umsvif varnarliðsins í verklegum framkvæmdum voru hvað mest, þá var atvinnulífið á Suðurnesjum hvað öflugast og þá var sjávarútvegurinn hvað öflugastur. Þá var vaxtarbroddur sjávarútvegs í landinu þar. Það eru aðrar skýringar á því að nú hefur dregist saman en þessir þættir. Vildi ég gjarnan ræða það seinna og fara yfir það. En skýring hv. þm. er aldeilis fráleit og þykir mér að með þeim orðum hafi hann talað niður til

Suðurnesjamanna á þann hátt sem vart er sæmandi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mér þykir leitt að ég skyldi reita hæstv. ráðherra svo til reiði sem menn heyrðu og sáu hér áðan. Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs í síðara skiptið núna í dag var sú að ráðherra hafði ekki svarað því sem hv. þm. Eiður Guðnason lagði í orð hans. Ég lagði raunar líka það sama í orð hans og hafði víst einhver orð um það í upphafi míns máls að kannski heföi ég ekki haft mjög mikla ástæðu til þess að svara honum ef þetta hefði ekki verið sýnilega skoðun annarra. Ég veit af langri reynslu að framsóknarmenn eru að agnúast út í Reykvíkinga og Reykjavík

með öllum ráðum og hafa gert og ala á óvináttu og ósamlyndi milli landsbyggðar og Reykvíkinga. Það kom þess vegna ekkert sérlega á óvart að ráðherrann léti gott heita að hann hefði sagt allt sem hv. þm. las út úr orðum hans.

Þegar hann reiddist hér áðan sagði hann: Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að halda því fram að forustumenn Sjálfstfl. hafi ekki agnúast út í landsbyggðina, eða eitthvað í þá áttina. Það sáu náttúrlega allir hér inni og heyrðu að hann var að árétta að það bæri að halda áfram þessum metingi á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins sem flestir hv. þm., þar á meðal Skúli Alexandersson með ágætum, vildu kveða niður og Stefán Guðmundsson tók jafnvel sterkara til orða. En ráðherrann forðast það auðvitað að reyna að kveða þetta niður. Hann var að ala á því líka í þessari svokölluðu svarræðu sinni hér áðan og gerir það vafalaust í þriðja skipti ef hann tekur til máls. Svo ætlaði hann að fara að gera einhvern mat úr því að ég sagði hér góðlátlega og brosandi, nefndi nú að vísu aldrei lýðveldið Ísland, sagði góðlátlega að víða um lönd og meira að segja á Íslandi, ég tók það fram, væri verið að auka frjálsræði og áhrif almennings, en það væri þá hjákátlegt ef á því væri hert hér heima.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsh. með 11 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, 1. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 758.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér í fjarveru hæstv. forsrh. fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir. Frv. þetta er einfalt og í því eru lagðar til tvær meginbreytingar.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að Hlutafjársjóður Byggðastofnunar verði felldur undir Byggðastofnun og lúti framvegis stjórn þeirrar stofnunar. Hinn 1. apríl nk. verði með öðrum orðum stofnuð sjálfstæð hlutafjárdeild Byggðastofnunar sem á stofndegi tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag vegna fyrri starfsemi Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar en henni má jafnframt fela að annast eftirlit með hlutafélögum sem Byggðastofnun á aðild að. Fjallar 1. gr. frv. um þessa breytingu.

Um Hlutafjársjóð Byggðastofnunar gilda nú 8., 9. og 10. gr. laga um efnahagsaðgerðir, nr. 9/1989. Hlutverk þess sjóðs var að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu útflutningsgreina með kaupum á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja er taki við starfsemi eldri útflutningsfyrirtækja. Hlutafjársjóður hefur nú að mestu lokið upphaflegu hlutverki sínu og er því eðlilegt að fella starfsemi hans undir aðra starfsemi Byggðastofnunar á svipaðan hátt og gert var um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. gildandi laga er tekið fram að Hlutafjársjóður Byggðastofnunar lúti stjórn þriggja manna sem skipaðir eru af forsrh. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frv. er starfsemin felld undir Byggðastofnun eins og fyrr greinir. Því segir í 4. gr. frv. að umboð núverandi stjórnar Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar falli niður frá stofndegi hlutafjárdeildar Byggðastofnunar eða frá 1. apríl 1991.

Í öðru lagi er lagt til í 2. gr. frv. að markmið atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar verði skilgreind nánar í 11. gr. laga um efnahagsaðgerðir, nr. 9/1989. Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar tók við öllum eignum og skuldum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina hinn 1. jan. 1991 skv. 11. gr. gildandi laga. Hlutverk atvinnutryggingardeildarinnar var hins vegar ekki nákvæmlega skilgreint. Þykir því rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni og umorða 11. gr. gildandi laga. Tekið er skýrt fram að hlutverk deildarinnar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar en henni er þó óheimilt að veita ný lán. Deildinni er samt sem áður heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að vernda eignir sínar en þó óheimilt, án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs, að breyta skilmálum lánadeildarinnar, skuldbreyta þeim, breyta þeim í víkjandi lán, hlutafé eða fella þau niður. Að jafnaði skulu slíkar breytingar í skilmálum vera liður í aðgerðum sem miða að fjárhagslegri endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingum, samruna fyrirtækja og öðru því sem til hagræðingar horfir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. þar sem það skýrir sig sjálft. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það færi vel á því að það frv. sem hér er til umræðu yrði ein síðustu lögin sem þetta þing samþykkti, jafnvel þau síðustu, vegna þess að hér er verið að setja endapunktinn aftan við þær efnahagsaðgerðir sem hófust með ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar í september 1988. Hér er verið að búa til ramma utan um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og Hlutafjársjóð Byggðastofnunar. Báðir voru þessir sjóðir stofnaðir til þess að lána atvinnufyrirtækjum og til þess, eins og sagt var, að koma rekstri ákveðinna fyrirtækja á sæmilegan grundvöll. Ég held að þetta sé þarft frv. Um leið og við fjöllum um þessi frumvörp í fjh.- og viðskn. held ég að það væri þarft, og ég vil bara nefna það strax til þess að það tefji ekki umfjöllun um þetta mál, að við nefndarmenn fáum lista yfir allar úthlutanir þessara sjóða beggja og hvernig öll þau mál standa, hverjir eru þar í vanskilum, t.d. í sambandi við lán Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, og hverjir hafa staðið sig vel. Þetta er málefni sem rætt er í þjóðfélaginu og ég held að það sé algert lágmark að við í nefndunum fáum að sjá hvernig sú

staða er. Æskilegast væri við lok þessa kjörtímabils að það væri sýnt svart á hvítu hvernig þetta hafi gengið fram, þ.e. hvernig þau fyrirtæki, sem áttu að vera komin á sæmilegan rekstrargrundvöll eftir að þau höfðu fengið fyrirgreiðslu úr Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, hafa staðið sig í þeirri skyldu að standa skil á þeim lánum sem þau fengu til þeirra hluta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 728.

Enginn tók til máls.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Hér er um að ræða afgreiðslu á frv. sem kemur frá ríkisstjórninni, félmrh. Það er algert lágmark auðvitað að hv. þm. séu staddir í salnum þegar verið er að afgreiða frv. hvort sem þau er á vegum ríkisstjórnar eða hv. þm. Ég vil mótmæla því að okkur sé haldið hér á föstudegi á fundi og að stjórnarþingmenn, sem ættu að gegna skyldustörfum sínum eins og við aðrir, skuli ekki vera viðstaddir en voru hér fyrir nokkrum mínútum. Ég sé því ekki, virðulegi forseti, annað en að það verði að fresta afgreiðslu þessa máls þannig að það kemur þá ekki til meðferðar fyrr en á næsta deildarfundi sem yrði eftir helgina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, frh. 1. umr.

Stjfrv., 405. mál. — Þskj. 727.

Enginn tók til máls.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Ég vil biðja hæstv. forseta að setja ekki niður virðingu Alþingis með því að vera að reyna að skrapa saman þingmönnum til að framkvæma atkvæðagreiðslu sem greinilega er ekki vilji fyrir af hálfu stjórnarliða. Ég stend því við þá ósk sem ég bar fram áðan, að þessu máli verði frestað þar til deildarfundur verður eftir helgi.

Forseti (Jón Helgason):
Ég vil ekki segja að það sé verið að skrapa þingmenn þó að forseti hringi bjöllu. Það er svo algengur viðburður og gert fyrir hverja atkvæðagreiðslu. Hins vegar mun það vera svo að atkvæðagreiðsla næst ekki í þessu máli og er það tekið út af dagskrá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

60. fundur, föstudaginn 1. mars, kl. 1 miðdegis.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 192, n. 709, 712 og 722, brtt. 710.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Sólveig Pétursdóttir):
Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er afar mikilvægt og snertir vafalaust flest heimili í landinu. Það er ljóst að grunnskólinn þarf að koma miklu meira til móts við kröfur í nútímaþjóðfélagi. Það er ekki einungis vegna þeirrar staðreyndar að útivinna beggja foreldra hefur aukist mjög mikið, heldur líka hitt, og það er mjög mikilvægt, að kröfur um betri menntun hafa aukist og það er viðurkennd staðreynd að almennt menntunarstig hverrar þjóðar um sig ræður miklu um lífskjör hennar.

Þetta er ekki síst mikilvægt þegar litið er til þeirrar þróunar sem nú á sér stað í Evrópu og gera má ráð fyrir því að samkeppni um vel menntað fólk muni aukast mjög mikið í náinni framtíð. Þess vegna hljótum við að gera kröfu um almenna og vandaða menntun öllum til handa.

Við sem erum fulltrúar sjálfstæðismanna í menntmn. þessarar hv. deildar erum því fullkomlega sammála því markmiði að skólinn eigi að vera einsetinn og skóladagurinn lengdur og samfelldur ásamt því að nemendum sé gefinn kostur á máltíðum í skólum. Þetta er í fullu samræmi við þau markmið sem sjálfstæðismenn hafa lagt mikla áherslu á undanfarin ár, enda lagt fram margar tillögur í þessa átt. Hins vegar verður engan veginn séð að ákvæði þessa frv. tryggi framgang þessa markmiðs vegna þess m.a. að sveitarfélögin leggjast gegn samþykkt frv. í óbreyttri mynd en þau eiga einmitt að bera kostnaðinn af framkvæmdinni samkvæmt nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og eiga þar með að tryggja þessa þjónustu. Ég efast persónulega um það að þessi nýja verkaskipting sé í rauninni svo mikilvæg sem af var látið. Ég tel jafnvel að hún hafi vakið upp fleiri vandamál en menn sáu fyrir. Þannig er alveg ljóst að það eru allt aðrar forsendur gagnvart þjónustu stóru sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu heldur en í mörgum smáum sveitarfélögum á landsbyggðinni sem oft og tíðum hafa hreinlega ekki fjárhagslegt bolmagn til framkvæmda. Þessi

verkaskipting er engu að síður staðreynd en þá hlýtur að vera brýnt að tryggja það að sveitarstjórnarmenn hafi áhrif á gang mála. Fyrirliggjandi frv. virðist ganga þvert á þetta sjónarmið. Og án samráðs við sveitarstjórnarmenn verður hreinlega ekkert úr framkvæmd þessara ákvæða sem við teljum þó einna mikilvægust í frv. Engin kostnaðaráætlun fylgir þessu frv. en við höfum hins vegar undir höndum tölur um áætlaðan kostnað sem skólaskrifstofa Reykjavíkur tók saman fyrir skólayfirvöld í Reykjavík sl. vor eða fyrir tæpu ári. Þar er einungis áætlaður byggingarkostnaður kennslustofa vegna einsetningar skóla og hámarksfjölda nemenda í 1.–3. bekk miðað við grunnskólafrv.

Þess ber að geta að samkvæmt upplýsingum frá byggingardeild Reykjavíkurborgar kostar ein skólastofa 8 millj. en þá er innifalinn kostnaður við hluta af sameiginlegu rými, t.d. göngum og salernum. Fjöldi af stofum er fundinn út úr skólahaldsskýrslum menntmrn. og miðað er við 100% einsetningu. Á einum stað er vitnað í skýrslu Jóns Torfa Jónassonar um lengingu skóladags og einsetinn grunnskóla.

Í Reykjavík er gert ráð fyrir því að kostnaður við almennar stofur vegna einsetningar sé um það bil 2 milljarðar 361 millj. kr. Þessi upphæð skiptist í þrennt. Með leyfi virðulegs forseta vil ég gera grein fyrir þeim töluliðum.

1. Kostnaður við almennar stofur vegna einsetningar, 208 stofur á 8 millj. = 1 milljarður 664 millj.

2. Kostnaður vegna 46. gr. um hámarksfjölda nemenda í 1.–3. bekk, 22 stofur á 8 millj. = 176 millj.

3. Kostnaður við sérgreinastofur vegna einsetningar, (22 stofur, 4 íþróttasalir) 521 millj.

Í öðru lagi er fjallað um tölur utan Reykjavíkur og í þremur töluliðum:

1. Kostnaður við almennar stofur vegna einsetningar, 427 stofur, sbr. skýrslu Jóns Torfa Jónassonar, á 8 millj. = 3 milljarðar 416 millj.

2. Kostnaður vegna 46. gr. um hámarksfjölda nemenda í 1.–3. bekk, 40 stofur á 8 millj. = 320 millj.

3. Áætlaður kostnaður við sérgreinastofur vegna einsetningar ca. 1 milljarður 200 millj.

Þessar þrjár tölur eru þá samtals 4 milljarðar 936 millj. eða samtals þessar tölur fyrir Reykjavík og landsbyggðina 7 milljarðar 297 millj., þ.e. upphæð sem er á áttunda milljarð.

Þessar tölur fjalla einungis um einsetningu skóla. Þær taka ekki á fjölmörgum öðrum kostnaðarliðum samkvæmt frumvarpinu gagnvart sveitarfélögum og það liggur ekki ljóst fyrir heldur hver útgjöld ríkisins verða. Þá er með öllu óljóst hver kostnaður verður við skólamáltíðir. Ef t.d. verður gert ráð fyrir mötuneytum í skólum, þá er ljóst að stofnkostnaður fyrir sveitarfélögin verður gífurlegur. Formaður menntmn., hv. þm. Ragnar Arnalds, lýsti því nýlega yfir í sjónvarpsviðtali, ef ég man rétt, að enginn vissi í raun og veru hver kostnaður yrði af þessu frumvarpi. Finnst mönnum þetta hægt? Jafnvel þótt erfitt geti verið að reikna út nákvæman kostnað, þá hlýtur að vera hægt að áætla hann að mestu leyti. Þessi vinnubrögð geta ekki talist viðunandi, ekki síst með tilliti til þess að sýna þarf fyllstu aðgát í útgjöldum hins opinbera.

Það er enn fremur skoðun okkar Ragnhildar Helgadóttur að ekki sé gengið nógu langt í þessu frv. eins og vera þyrfti og við erum að því leyti sammála sjónarmiðum Kvennalistans. Það er einnig okkar skoðun að nýtt grunnskólafrv. sé það mikilvægt fyrir þjóðfélagið að það beri að setja á forgangslista stjórnvalda. Ég mun fyrir mitt leyti reyna að stuðla að því ef Sjálfstfl. á aðild að næstu ríkisstjórn og ef ég verð í aðstöðu til þess. En til þess að svo megi verða þarf að vinna þetta frv. upp á nýtt og gera framkvæmdaáætlun í nánu samráði við sveitarfélögin. Þannig verður þessu máli best tryggður framgangur.

Hæstv. forseti. Ég mun hér á eftir gera grein fyrir nál. okkar Ragnhildar Helgadóttur. Í því gagnrýnum við vinnubrögð í menntmn. þar sem frv. var afgreitt út úr nefndinni þrátt fyrir það að mikil efnisleg vinna væri eftir að okkar mati. Sem dæmi um þessa fljótaskrift má nefna það að ekki gafst tími til viðræðna við fulltrúa heilbr.- og trmrn. sem þó var boðaður á fund nefndarinnar og hafði mikilvægar athugasemdir fram að færa. Varð hann að grípa til þess ráðs að senda nefndarmönnum ítarlegt bréf, dags. 27. febr. sl., þar sem mikilvægar athugasemdir komu fram um þau ákvæði frv. er snerta heilsugæslu í skólum. Þess má einnig geta að enginn fulltrúi stjórnarflokkanna mætti á þennan fund heldur einungis þrír þingmenn stjórnarandstöðunnar sem gerðu formanninum kleift að halda lögmætan fund.

Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 722 frá 2. minni hl. menntmn. um frv. til laga um grunnskóla, með leyfi virðulegs forseta.

„Frv. var afgreitt til nefndarinnar 4. des. 1990 en var tekið fyrst fyrir til umfjöllunar 11. febr. 1991. Síðan var það rætt stuttlega á tveimur fundum en skyndilega afgreitt úr nefndinni 20. febr. sl., þrátt fyrir bókuð andmæli fulltrúa sjálfstæðismanna.

Við hljótum að lýsa furðu okkar á slíkum vinnubrögðum þar sem að okkar mati var eftir mikil efnisleg vinna við frv. því að hér er um mjög yfirgripsmikið mál að ræða og afar mikilvægt á þjóðfélagslega vísu. Með því að málsmeðferð er með þessum hætti gerir ríkisstjórnin greinilega ekki ráð fyrir samráði við ákveðna stjórnmálaflokka. Slíkt hlýtur að renna stoðum undir þann grun að ríkisstjórnin, og þá einkum menntmrh., hafi takmarkaðan áhuga á raunverulegum framgangi þessa máls en markmiðið sé öllu fremur að koma frv. til endanlegrar afgreiðslu fyrir þinglok sem nú eru mjög skammt undan, enda alþingiskosningar á næsta leiti.

Sjálfstæði skóla er ein aðalforsenda þess að hinu innra starfi þeirra verði sinnt með þeim hætti sem aðalnámsskrá grunnskóla og krafa samtímans gera ráð fyrir. Með tilliti til þessarar staðreyndar og ekki síður með tilliti til laga nr. 87/1989, um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, hefði mátt ætla að við gerð nýs grunnskólafrv. yrði fyrst og fremst tekið mið af þessu og kappkostað að draga sem mest úr miðstýringu í skólakerfinu, færa grunnskólamálefnin enn frekar til sveitarfélaganna og einfalda þannig málsmeðferð

og ákvarðanatökur í því augnamiði að styrkja og efla stjórn einstakra skóla. En svo er því miður ekki háttað í fyrirliggjandi grunnskólafrv. Að vísu segir í athugasemdum með frv. að eitt aðaleinkenni þess sé valddreifing en annað kemur í ljós þegar grannt er skoðað. Valddreifingin svokallaða virðist þannig fyrst og fremst vera fólgin í því að færa verkefni frá aðalskrifstofu menntmrn. til fræðsluskrifstofa. Nú vita allir sem vilja vita að hlutverk fræðsluskrifstofa breyttist með lögum nr. 87/1989 og eru þær nú hreinlega útibú frá ráðuneyti. Það getur því naumast talist valddreifing að færa verkefni frá einni skrifstofu ráðuneytisins til annarrar.

Á það bera að leggja áherslu að skólastjórnendur og kennarar hafa í flestum tilvikum besta þekkingu á því hvaða leiðir ber að fara í skólastarfi. Meginhlutverk menntmrn. á að vera að leggja stjórnendum og kennurum til upplýsingar en ekki að stjórna störfum þeirra. Ráðuneytið á fyrst og fremst að tengjast heildarstefnumótun og eftirlitshlutverki, enda í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað á Norðurlöndum. Fyrirliggjandi frv. er ekki í samræmi við þessi sjónarmið.

Í frv. er gert ráð fyrir því að vikulegur kennslutími 6–8 ára nemenda sé lengdur úr 22 stundum í 25. Hins vegar er ekki kveðið nákvæmlega á um skiptistundir fyrir þennan aldurshóp í frv. en það er nauðsynlegt til þess að unnt hefði verið að leggja kapp á skapandi starf ef ætlunin væri að lengja daglega skólaveru yngstu barnanna. Þá kemur það mjög á óvart að kennslustundamagnið í heild skuli minnkað fyrir 2.–10. bekk samkvæmt frv. miðað við núgildandi lög, þrátt fyrir verulega aukinn kostnað.

Í fyrirliggjandi frv. virðist valdsvið skólastjóra skert og ekki er kveðið nægilega skýrt á um áhrif foreldra. Dregið er úr frelsi nemenda og kennara til að velja námsgögn og ákvæði frv. um einkaskóla og skólagjöld eru allt of fortakslaus. Framkvæmd þessa ákvæðis gæti komið alfarið í veg fyrir starfsemi einkaskóla. Grunnskólafrv. fylgir engin kostnaðaráætlun en ætla má að með því séu sveitarfélögunum lagðar verulegar fjárhagsbyrðar á herðar sem nemi jafnvel 7–8 milljörðum kr.

Hér hafa verið nefnd nokkur þeirra atriða sem verulega þýðingu hafa og ekki hefur verið tekið tillit til við afgreiðslu frv. Það er enn fremur ljóst að frv. þarf að taka miklu skýrar á öllu samráði við sveitarfélögin því að án samráðs við þau er hæpið að nokkuð verði úr þeim framkvæmdum sem fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir. Löggjafarvaldið hlýtur að verða að taka mið af því hvort lagasetning, eins og sú sem hér er gert ráð fyrir, hafi í raun áhrif til breyttrar og bættrar réttarstöðu.

Undirritaðir nefndarmenn hafa það miklar athugasemdir að gera við frv. að útilokað er að standa að afgreiðslu þess nú. Því er það tillaga okkar að máli þessu sé vísað til ríkisstjórnarinnar sem taki frv. í heild sinni til endurskoðunar."

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera grein fyrir ýmsum þeim athugasemdum sem við Ragnhildur Helgadóttir höfum fram að færa við fyrirliggjandi frv. en ekki reyndist unnt að koma á framfæri í hv. menntmn. Enn fremur er vitnað í ýmsar umsagnir um frv. eftir því sem við á. Hér er um nokkuð langt mál að ræða, en það er nauðsynlegt að okkar mati þar sem gerð er tillaga um það að þessu frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar.

Með tilliti til laga nr. 87/1989, um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, laga nr. 8/1986, um sveitarstjórnarmál, og lýðræðishugsjónarinnar og þróunar hennar síðustu missiri er fyrirliggjandi frv. til laga um grunnskóla verulega aðfinnsluvert. Aðfinnsluverðust er sú forræðishyggja gagnvart sveitarfélögunum sem gengur eins og rauður þráður gegnum frv. Raunar má segja að frumvarpstextinn bókstaflega stangist á við ýmis ákvæði áður tilvitnaðra laga og jafnvel að ákvæði frumvarpstextans stangist á innbyrðis.

Í því sambandi má benda á ákvæði 1. mgr. 9. gr. frv. þar sem segir að menntmrn. fari með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi, þ.e. frumvarpstextinn, taki til. Því má ætla að rökrétt sé að álykta að í frv. sé hvergi kveðið á um neitt það sem alfarið er mál sveitarfélaga. Þessu er hins vegar á annan veg farið þegar frumvarpstextinn er skoðaður.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um að stefnt skuli að heildstæðum og einsetnum grunnskóla þrátt fyrir ákvæði laga nr. 87/1989, þar sem sveitarfélögum er alfarið falinn rekstur grunnskóla.

Í 4. gr. frv. er hlutast til um skólaakstur sem er alfarið mál sveitarfélaga.

Í 12. og 13. gr. frv. er kveðið á um fræðsluráð sem samstarfsvettvang sveitarfélaga í fræðsluumdæmi og meira að segja tiltekið að fræðslustjóri, sem er starfsmaður menntmrn., skuli vera formaður þess. Að vísu hefur meiri hl. menntmn. komið nokkuð til móts við þessi sjónarmið í brtt. varðandi 12. og 13. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. er sveitarfélögum með 10 þús. íbúum og fleiri gert skylt að skipta sveitarfélaginu í fleiri en eitt skólahverfi, sem hlýtur að stríða gegn ákvæðum laga nr. 80/1986, um sveitarstjórnir, og sbr. einnig ákvæði 18. gr. frv. um skólanefndir. Mörg fleiri ákvæði frv. má tiltaka þar sem forræðishyggjan endurspeglast.

Þótt frv. sé að sumu leyti staðfesting á þeirri þróun sem þegar er orðin í skólamálum og ýmis breytingarákvæði þess því sjálfsögð, geta önnur ákvæði þess, ef að lögum yrðu, beinlínis staðið í vegi fyrir frekari skólaþróun, einkum þau er lúta að þætti sveitarfélaganna og daglegri stjórn grunnskólans. Því ber að hafna fram komnu frv. en hefja þess í stað vinnu við gerð frv. sem hafi það að meginmarkmiði að draga úr miðstýringu í skólakerfinu, einfalda meðferð mála og ákvarðanatöku og marka hverri stjórnsýslueiningu ákveðinn ramma og hlutverk innan skólakerfisins svo að grunnskólinn megi verða sem sjálfstæðastur og þjóna þannig betur en ella nemendum og foreldrum þeirra. Þá yrði þróun skólamála hérlendis í takt við það sem nú er að gerast í hinum vestræna heimi í þessum málaflokki.

Í þessu sambandi má vitna til ræðu fyrrv. hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, en hann sagði m.a. í ræðu

sinni varðandi þetta frv. í nóvember sl., með leyfi virðulegs forseta:

„Ég vitnaði í, þegar við töluðum um þetta hér í vor, nýjar breytingar sem hafa verið gerðar í Danmörku, og reyndar skilst mér að svipaðar breytingar hafi verið gerðar í Svíþjóð núna ekki alls fyrir löngu, þar sem ráðuneytinu er ætlað það eitt að hafa eftirlit, gefa út reglugerðir, gefa út viðmiðunarstundaskrár og annað þess háttar, en sveitarfélögin taka síðan alfarið yfir rekstur skólanna. Og ekki nóg með það, heldur taka sveitarfélögin yfir launasamninga við kennarana sem ég held að sé mjög mikilvægt mál einnig."

Umsagnir um þetta frv. frá sveitarstjórnarmönnum hníga allar í þessa átt. Þannig segir í lok umsagnar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga:

„Stjórnin getur ekki mælt með frv. í óbreyttri mynd þar sem mörg ákvæði þess eru í andstöðu við nýsamþykkt verkaskiptalög sem auka áttu sjálfsforræði sveitarfélaga. Í núverandi mynd dregur frv. úr ákvörðunarvaldi sveitarfélaga og skerðir sjálfsforræði þeirra í skólamálum."

Hvorki skólamálaráð né fræðsluráð Reykjavíkur geta mælt með samþykkt frv. Þannig segir m.a. í umsögn þeirra:

„Íslenski grunnskólinn er nú í mörgu steinrunninn og úr takt við það mannlíf er nú er á Íslandi. Víða þarf að taka til hendinni. Hið nýja grunnskólafrv. virðist að mati fræðsluráðs og skólamálaráðs færa sumt til betri vegar frá því sem nú er, t.d. áætlun um lengingu skóladags hjá yngri nemendum. Samt eru margir þættir sem valda áhyggjum því frv. breytir litlu í veigamiklum atriðum, svo sem þeim að skapa skólum svigrúm og aðstæður til þess að þroskast og þróast hver á sína vísu í því umhverfi sem þeir starfa. Til þess að svo megi verða er yfirstjórn og samvinna ríkis og sveitarfélaga á þeim vettvangi ekki vænleg til að skapa þær aðstæður sem þarf til þess að skólastarf geti blómstrað."

Og í lok umsagnar beggja aðila segir að með vísan til framanritaðs og annarra athugasemda sé ekki hægt að mæla með samþykkt frv.

Skólaskrifstofa Reykjavíkur tekur undir þessi sjónarmið og segir í lok umsagnar:

„Í frv. þessu er sú stefna áberandi að dregið skuli svo sem unnt er úr möguleikum heimamanna til áhrifa á starfsemi grunnskóla framvegis. En að sama skapi eru völd menntmrn. treyst, t.d. með mjög rúmum heimildum til setningar reglugerða um allt er framkvæmd laganna snertir, sbr. 84. gr., svo og til afskipta sem ríkið ekki lengur er aðili að, svo sem bygging, nafngift og búnaður skóla, sbr. 27. gr. og 83. gr. frv.

Þá verður að benda á 18. gr. þar sem talin eru verkefni skólanefnda, en þau sýnast heldur mögur orðin. Ekki er mælt með samþykkt frv. þessa óbreytts."

Fjölmargar athugasemdir voru gerðar af umsagnaraðilum. Kennarasamband Íslands varar við því að mörg sveitarfélög eigi erfitt með að veita þá þjónustu sem uppfyllir fyllstu kröfur um skólastörf í nútímaþjóðfélagi og bendir á þörfina á því að þessum sveitarfélögum verði tryggðar fjárveitingar til skólahalds. Þetta er að sjálfsögðu sjónarmið sem hafa þarf í huga til þess að hægt verði að tryggja grunnskólanemum um land allt góða þjónustu.

Um þetta segir m.a. í umsögn skólamálaráðs og fræðsluráðs Reykjavíkur:

„Dreifing fjármagns frá ríki til grunnskóla fer nú eftir heildarfjölda nemenda í skólahverfi. Með sama hætti gæti verið unnt að skipuleggja beinar greiðslur áfram til sveitarfélaga í hlutfalli við heildarfjölda nemenda. Um leið væri unnt að taka tillit til sérstöðu smærri byggðarlaga og umbuna fyrir aukið samstarf þeirra á milli. Með þessum hætti skapast grundvöllur fyrir aukið fjárhagslegt sjálfstæði skólanna sem er eftirsóknarvert. Einnig er rétt að benda á að samskipti íbúa á hverjum stað eru mun greiðari við sveitarstjórn en ríkisstjórn. Líklegt er að þjónusta og uppbygging skólastarfs í sveitarfélögum verði fremur í samræmi við áherslur íbúanna ef yfirstjórn grunnskólanna væri í þeirra höndum í stað þess að hafa allt undir hatti ríkisins."

10. gr. frv., um samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga, felur í sér nýmæli og er til bóta frá fyrra frv. en ákvæði hennar eru þó allt of opin, enda segir í umsögn Kennaraháskóla Íslands um þetta, með leyfi virðulegs forseta:

„Vissar efasemdir eru um hvort sú verkaskipting sem í gildi er milli ríkis og sveitarfélaga varðandi grunnskóla þjóni hagsmunum nemenda. Ljóst er að miklu varðar að gott samstarf takist á milli þessara aðila þar sem skilið hefur verið milli faglegrar og fjármálalegrar ábyrgðar. Því er brýnt að reyna að búa svo um hnútana að samstarfið verði árangursríkt. Vafasamt er að ákvæði 10. gr. frv. tryggi að svo verði."

Enn fremur er bent á það að valddreifing sú sem frv. eigi að kveða á um sé afar takmörkuð. — Á þetta atriði benda einmitt margir umsagnaraðilar.

Áður en lengra er haldið og rætt um einstakar greinar frv. þykir mér rétt að geta þess að fyrrv. hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, sem ég vitnaði til hér áðan, hefur áður komið á framfæri athugasemdum um nýtt grunnskólafrv. á síðasta þingi, nánar tiltekið í apríl á síðasta ári, svo sem sjá má í Alþingistíðindum, þar sem hann hafði margar alvarlegar athugasemdir fram að færa. Ekki verður séð að komið hafi verið til móts við þær athugasemdir nema að afar takmörkuðu leyti, enda þótt fyrirliggjandi frv. hafi að einhverju leyti verið breytt og þá vafalaust að sumu leyti til bóta. Birgir Ísleifur tjáði sig um þetta frv. sem hér er til umræðu í þingræðu þann 27. nóv. sl., þar sem hann rifjaði m.a. upp tillögur sjálfstæðismanna í þessum efnum, en hann segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Ég vil þó áður en ég ræði um það [þ.e. grunnskólafrv.] víkja að því að á vegum Sjálfstfl. hafa verið fluttar hér á Alþingi á þessu kjörtímabili allmargar brtt. við grunnskólalögin. Innan Sjálfstfl. hefur farið fram mjög mikið starf í sambandi við skólamál. Ég minni í því sambandi á samþykktir landsfundar flokksins bæði árið 1987 og 1989. Sem angi af því þá var mjög mikilvægt starf unnið í þessum efnum á vegum sérstakrar nefndar sem Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl., skipaði þegar hann var forsrh. Sú nefnd hét

Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál og átti að vinna tillögur í samræmi við ítarlegan kafla í málefnasamningi þeirrar ríkisstjórnar um málefni fjölskyldunnar. Formaður þeirrar nefndar var Inga Jóna Þórðardóttir. Nefndin skilaði áfangaskýrslu um skóla- og dagvistarmál. En þegar sú ríkisstjórn sem nú situr tók við völdum var þessi nefnd lögð niður og hefur verið unnið að þessum málum með öðrum hætti síðan. En frá því þessi skýrsla var gefin út hafa þingmenn Sjálfstfl. flutt frumvörp og tillögur um málefni grunnskólans sem eru byggð á þessu nefndaráliti.

Helstu atriðin í tillögum sjálfstæðismanna eru eftirfarandi:

1. Skólaskylda sex ára barna, en um hana voru samþykkt sérstök lög hér á Alþingi á sl. vori, í fullu samkomulagi allra flokka, og var frv. um það sérstaklega flutt af menntmn. neðri deildar.
2. Lenging daglegrar skólavistar.
3. Almenn heimild til forskóla fyrir fimm ára börn.
4. Nákvæmari ákvæði um einkaskóla.
5. Aukin samvinna foreldra og skóla.
6. Níu mánaða skóli hjá öllum og samfelldur skóladagur."

Ég vík þá að einstökum greinum frv. en þær athugasemdir geta þó vart orðið tæmandi því að hér er um mjög yfirgripsmikið mál að ræða.

2. gr. frv. fjallar um hlutverk grunnskólans. Það er spurning hvort hér þurfi ekki að móta skýrari stefnu en greinin felur í sér. Um þessa grein frv. segir í umsögn frá kennslumálanefnd Háskóla Íslands, með leyfi virðulegs forsta:

„Þótt liðin séu 16 ár síðan grunnskólalög tóku gildi er enn óljóst hvernig fylgja skuli fram ákvæðum þessarar greinar um að stuðla að þroska og menntun hvers nemanda um sig. Æskilegt er að stjórnvöld móti um þetta skýrari stefnu og leggi niður fyrir sér hvaða aðstöðu þurfi að skapa skólunum til að sinna þessu markmiði með skipulegri hætti en nú er gert." Og ég ítreka: „hvaða aðstöðu þurfi að skapa skólunum".

2. mgr. 3. gr. kveður á um það að stefnt skuli að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn. Hver eru meginrökin fyrir heildstæðum skóla? Engar rannsóknir hafa verið gerðar sem sýna fram á að sú menntun sem nemendur hljóti í heildstæðum skóla sé betri eða meiri. Skólar sem ekki eru heildstæðir hafa gjarnan sérhæft sig í kennslu tiltekinna aldurshópa, svo sem Ísaksskóli, Hagaskóli og Tjarnarskóli. Er það ekki bara gott mál að hafa skólagerðirnar sem fjölbreytilegastar?

Varðandi einsetinn skóla þá er það gott markmið í sjálfu sér en spurningin er bara hversu raunhæft það er miðað við fyrirliggjandi frv. Einhverjum gæti fundist það sóun á fjármagni að byggja eina skólastofu fyrir hvern bekk og hafa svo stofurnar eingöngu nýttar 23–35 kennslustundir á viku. Skóladagur hvers nemanda getur verið samfelldur og í fullu samræmi við viðmiðunarstundaskrá þrátt fyrir að skólinn sé tvísetinn. Ef ná á fram þessu markmiði um einsetinn skóla þá þarf að lengja skóladaginn enn meira en gert er ráð fyrir og þá er spurning hvort ekki vanti hreinlega framkvæmdaáætlun við þessa grein eins og Kennarasamband Íslands raunar bendir á. Þetta er mjög mikilvægt og í samræmi við athugasemdir frv. um einsetinn skóla sem segir að nútímaþjóðfélag kalli á slíkt fyrirkomulag bæði til þess að unnt sé að sinna ýmiss konar námi og starfi í skólunum sem ekki gefst ráðrúm til nú og einnig vegna þátttöku beggja foreldra í atvinnulífinu. Þá er líka rétt að skólamáltíðir ættu að skoðast í þessu samhengi. Því að hvernig svo sem þeim verður best fyrir komið þá verður ekki litið fram hjá því sjónarmiði sem fram kemur í athugasemdum með brtt. meiri hl. menntmn. þess efnis að skólar verði að einhverju marki að taka á sig þennan hluta umönnunar barna vegna breyttra aðstæðna á heimilum og í atvinnulífinu.

Á bls. 18 í frv. eru ákvæði til bráðabirgða. Þar segir m.a.:

„Stefnt skal að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu 10 árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda að því marki að í lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi allra nemenda 35 stundir, skóladagur samfelldur og nemendur eigi kost á skólamáltíðum."

Þetta eru vissulega fögur fyrirheit. En eru sveitarfélögin tilbúin til samstarfs? Varla miðað við það sem fyrr er rakið. Í þessu sambandi er athyglisvert að skoða ummæli fræðslustjórans í Austurlandsumdæmi, en í umsögn hans segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Ég vek sérstaka athygli á ákvæðinu um einsetinn skóla. Hér er vissulega um merkilegt mál að ræða sem hefur verið á dagskrá skólamanna í áratugi og er á stefnuskrá allra stjórnmálaflokka. En ekki er allt sem sýnist. Meginþungi af þeim gífurlega kostnaði sem af þessari framkvæmd leiddi skylli fyrst og fremst á sveitarfélögum. Þau standa ekki undir þeirri byrði án aðstoðar. Því er það óhjákvæmilegt að Alþingi hlaupi hér undir bagga með fastmótaðri áætlun um árlegan fjárstyrk til þeirra sveitarfélaga sem höllustum fæti standa í þessum efnum. (**Menntmrh.:** Er þingmaðurinn sammála því?) Aðstaða þeirra er mjög misjöfn. Einsetinn skóli er í reynd í mörgum minni skólum með daglegum akstri. Svo er einnig í heimavistarskólum. Hér mun þéttbýli, þorp, kauptún og kaupstaðir, þurfa á mestri aðstoð að halda."

Um 4. gr. frv. er það spurning hvort aðild fræðslustjóra að ákvörðun sé eðlileg þar sem hér er um að ræða skipulagsmál varðandi rekstur skóla sem kostaður er alfarið af sveitarstjórn.

Í 6. gr. er fjallað um skólasókn en þar virðist dregið nokkuð úr valdi skólastjóra.

9. gr. fjallar um grunnskólaráð sem á að vera samstarfsvettvangur menntmrn. og annarra aðila er starfa að málefnum grunnskólans. Það er með öllu óljóst hvernig þetta ráð á að geta sinnt öllum þessum verkefnum og spurningin er hvort hér sé stefnt að einhvers konar stofnun eða bákni.

Um 10. gr. hefur áður verið rætt, eins um 12. og 13.

gr., en ákvæði þeirra voru mjög gagnrýnd m.a. af sveitarstjórnarmönnum, ekki síst það atriði að fræðslustjóri skuli vera formaður fræðsluráðs.

Í 17. gr. er skylda að fjölmennari sveitarfélögum sé skipt í skólahverfi. Um þetta segir m.a. í umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, með leyfi virðulegs forseta:

„Ákvæði um skiptingu sveitarfélaga í skólahverfi á að sjálfsögðu að vera heimildarákvæði og í valdi sveitarstjórna. Ákvæðið á við fjögur sveitarfélög. Vafasamt er gildi þess að skipa tvær skólanefndir í Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri. Í Reykjavík hlýtur fjöldi skólahverfa og íbúafjöldi í þeim að vera ákveðinn af borgaryfirvöldum."

Í 18. gr. frv. er fjallað um starfs- og valdsvið skólanefnda. Í athugasemdum frv. með þessu ákvæði segir orðrétt:

„Í frv. eru dregnar þær meginlínur að skólanefndir sjái fyrst og fremst um mál sem lúta að húsnæði og búnaði grunnskóla en innra starf skólanna, nám og kennsla sé einkum á valdsviði fræðsluskrifstofa."

Þetta fyrirkomulag þykir vægast sagt mjög aðfinnsluvert þar sem réttara þykir að kjörnir fulltrúar íbúa sveitarfélaga eigi meiri aðild að stjórnun á rekstri skólanna en hér er gert ráð fyrir. Á þetta er bent í því nefndaráliti sem hér er til umræðu, þ.e. um verkefni fræðsluskrifstofa. Þetta er engin valddreifing, eins og frv. þó boðar. Þessi miðstýring frá ráðuneytinu kemur einnig fram t.d. í 16. gr. og 36. gr. frv.

Í 20. gr. er fjallað um skólastjóra og staðfest ábyrgð í starfi sem er gott mál. Þess vegna vekur það furðu að í öðrum ákvæðum er dregið úr þessari ábyrgð, t.d. í 38. gr. þar sem skólastjóra er uppálagt að hafa sérstakt samráð við kennara um val á umsjónarkennurum. Enda þótt rétt sé að skólastjórnendur starfi í náinni samvinnu við aðra starfsmenn skólans, þá er brýnt að tryggja faglega og jafnvel fjárhagslega ábyrgð þeirra.

Í 1. mgr. 21. gr. er gert ráð fyrir því að kennarar miðli fræðslu til foreldra. Er það mjög mikilvægt og gott að efla tengsl skóla og heimila, en til þess þarf þó að skapa svigrúm og áætla tíma til þess.

Í 25. gr. er hert nokkuð á skilgreiningum á skólahúsnæði miðað við það sem verið hefur. Þetta þarf að athuga í samráði við sveitarfélögin þó vissulega sé brýnt að tryggja góða starfsaðstöðu nemenda. Í 4. mgr. 26. gr. er nokkuð sérkennilegt ákvæði þar sem menntmrn. þarf að samþykkja nafn á skóla. Í 30. gr. er m.a. gert ráð fyrir umsögn kennararáðs við ráðningu skólastjóra. Hér gæti verið um nokkra takmörkun að ræða því væntanlega yrði mælt með starfsmanni innan skólans ef hann býður sig fram til starfans fremur en utanaðkomandi aðila.

Í 31. gr. er talað um aðstoðarskólastjóra, en mörgum þykir nú liprara orðið „yfirkennari".

Varðandi ákvæði 33. gr. væri þá ekki markvissara að skólastjóri réði alla starfsmenn að skólanum? Það er heldur ekki í anda valddreifingar að fræðslustjóri eigi að staðfesta ráðningar starfsmanna.

Í 34. gr. er kveðið á um námsráðgjafa og er það gott mál. En er það framkvæmanlegt þar sem ekki er gert ráð fyrir kennslustundum fyrir þetta starf? Eins og bent er á í þessu nefndaráliti hefur kennslustundum fækkað í þessu frv. frá því sem nú er.

Í 36. gr. er fræðslustjóra falið að auglýsa stöður skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna. Það væri í anda valddreifingar til skólanna sjálfra ef skólastjórar sæju um þetta atriði.

Í 45. gr. er kveðið á um vikulegan kennslutíma í grunnskóla, en á það er bent í nál. að í raun er um fækkun að ræða á kennslustundum hjá 2.–10. bekk. Þetta sést glöggt þegar litið er á töflu á bls. 32 í frv. í athugasemdum við 45. gr. Það er mjög gott að kennslutími yngstu barnanna sé aukinn og kemur vissulega til móts við kröfu í þjóðfélaginu. En fækkunin í heild vekur furðu og felur í sér afturför.

Í dag eru flestir með 35 vikustundir, plús kennslu á bókasafni fyrir 11 ára og eldri, samtals 36 stundir. En samkvæmt frv. verða stundirnar aðeins 35. Það er spurning hvort ekki ætti að lögbinda 36–37 stundir til þess að von væri um raunverulega lengingu skóladags. Það hlýtur að samræmast betur markmiðinu um einsetinn skóla.

Frv. sjálfstæðismanna sem flutt var á þingunum 1988 og 1989 komu nokkuð til móts við þessi sjónarmið og er gert ráð fyrir því að í neðri bekkjum grunnskólans verði a.m.k. 6 klukkustundir á dag í stað 5 kennslustunda eins og fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir. Þannig er vikulegur kennslutími 6–9 ára barna áætlaður 1200 mínútur í tillögum sjálfstæðismanna miðað við aðeins 1000 mínútur í þessu frv. hér. Að auki gerðu sjálfstæðismenn tillögu um skólaathvörf og segir um það í athugasemdum, með leyfi virðulegs forseta:

„Meðan þessu markmiði [þ.e. 6 klukkustundum á dag] hefur ekki verið náð er nauðsynlegt að koma upp skólaathvörfum þar sem börn geti dvalist í öryggi undir umsjón kennara eða annarra sem hafa uppeldisfræðilega menntun. Þótt náð hafi verið því markmiði sem þessi grein gerir ráð fyrir varðandi lengingu skóladags kann engu að síður að vera þörf fyrir skólaathvörf þannig að börn geti dvalist í skóla í allt að 8 klukkustundir. Þess vegna er í þessari grein gert ráð fyrir því að slík skólaathvörf verði við hvern grunnskóla þar sem þörf er á."

Verulegar athugasemdir hafa verið gerðar við 50. gr. frv. Hver eru þau námsgögn sem ríkinu er skylt að útvega nemendum? Eru kennslubækur í valgreinum örugglega þar á meðal? Það er enn á valdi Námsgagnastofnunar að taka ákvörðun um það hvaða námsgögn standi nemendum til boða. Vafasamt er að ein stofnun geti haft nægilegt framboð á námsefni. Þess er getið í nál. því sem hér liggur fyrir að þetta ákvæði skerði valfrelsi nemenda og kennara. Um þetta atriði segja bæði fræðsluráð og skólamálaráð Reykjavíkur að með tilliti til þess að hver skóli móti sína eigin skólanámsskrá leggi þetta ákvæði stein í götu skólanna til að ná því marki og að það geti ekki verið á valdi einnar stofnunar að hafa nægilega fjölbreytni í framboði á námsefni. Einnig segir orðrétt:

„Þar að auki kemur fram tvískinnungur um námsgögnin þar sem orðið „skyldunám" er ekki skilgreint.

Frv. viðurkennir valgreinar ekki sem órjúfanlegan hluta viðmiðunarstundaskrár. Í þessu sambandi mætti hugsa sér að skólarnir fengju ákveðið fjármagn til kennslugagnakaupa, en það væri ekki bundið við svonefndar úthlutunarbækur Námsgagnastofnunar heldur fengi skólinn og skólastjórnin fjármagn þetta til ráðstöfunar og gæti því keypt námsgögn af hvaða útgefanda sem er."

Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. á nemandi að ljúka öllu námi í grunnskóla með tilskildum árangri ef hann lýkur náminu á skemmri tíma en tíu árum. Eru það aðeins þeir nemendur sem eru á undan í námi sem þurfa að sýna tilskilinn árangur? Nú eru ekki gerðar kröfur um lágmarkseinkunnir varðandi framhaldsskóla og leiða má rök að því að þetta hafi haft slæm áhrif. Ég veit um dæmi þess að skólastjórar hafi vísað til þróunar í Evrópu og aukinnar menntunarkrafna og samkeppni því samfara er þeir brýna þörfina fyrir nemendum sínum um góðan árangur út úr efsta bekk grunnskóla þar sem þeir hafa lítið annað að styðjast við. Þetta hlýtur að vera mönnum umhugsunarefni enda þótt slíkar athugasemdir eigi í sjálfu sér fullt erindi til nemenda í dag.

Samkvæmt 55. gr. má nemandi ekki stunda vinnu með námi. Þetta ákvæði gæti hugsanlega spillt fyrir þeim nemendum sem verða að stunda vinnu.

Í 65. gr. er sagt að nemandi fái skírteini er votti að hann hafi lokið námi samkvæmt lögum. Athyglisvert er að hér eru engar kröfur gerðar um árangur. Samkvæmt lögum og reglugerðum er ekkert „fall" til lengur.

Í 72. gr. er talað um einkaskóla og er það sérstaklega rætt í því nefndaráliti sem hér er til umræðu. Það er rétt að minna á það að einkaskólar eru í samkeppni, bæði innbyrðis og við ríkisskólana, og það er frjálst val hvers og eins að kaupa þjónustu þeirra eða ekki. Ef þessi grein yrði að lögum þýddi það að menntmrn. gæti hafnað þátttöku í rekstri einkaskóla, en jafnframt ákveðið skólagjöld í þeim sama skóla. Þannig gæti ráðherra sem væri andvígur þessu rekstrarformi gert slíkan skóla óstarfhæfan án þess að svipta hann rekstrarleyfi.

Hæstv. forseti. Þetta er mjög mikilvægt mál sem hér er til umræðu og er því nauðsynlegt að vanda vel til verks. Það er skoðun okkar nefndarmanna sem stöndum að þessu minnihlutaáliti að hér hafi ekki verið vandað nægilega vel til verka. Þetta frv. þarf að skoða að nýju ef unnt á að vera að nálgast helstu markmið þess sem við sjálfstæðismenn leggjum ríka áherslu á, eins og áður hefur verið getið.

Við minnum enn fremur á það að alla kostnaðaráætlun vantar, en gera má ráð fyrir því að kostnaður verði mjög mikill samfara þessu frv. Það er einnig ljóst að nú er skammt til þingloka þar sem alþingiskosningar eru á næsta leiti og bíður verkefni þetta því næstu ríkisstjórnar. Með tilliti til þessa og framangreindra athugasemda er hér lagt til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti 1. minni hl. menntmn., Sigrúnar Helgadóttur, sem liggur frammi á þskj. 712, er bent á að í þessu frv. um grunnskóla og brtt. meiri hl. menntmn. Nd. komi fram tillögur um breytingar á grunnskólanum sem kvennalistakonur hafa lagt áherslu á árum saman. Hér er átt við breytingar eins og að daglegur skólatími verði lengdur, að skóli verði einsetinn, að nemendur fái mat í skólum og að stórum sveitarfélögum verði skipt í skólahverfi.

Þá er bent á að hvaða leyti þetta frv. er ekki eins metnaðarfullt og það frv. sem Guðrún Agnarsdóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir lögðu fram á 110. og 111. löggjafarþingi varðandi þætti eins og fækkun nemenda í bekkjardeildum og það hve langan tíma það á að taka að koma á einsetnum skóla og lengdum skólatíma. Í frv. kvennalistakvenna var stefnt að einsetnum skóla á þremur árum, en í þessu frv. á tíu árum. Frv. Kvennalistans gerði auk þess ráð fyrir að nemendur gætu dvalist í umsjón fólks með uppeldisfræðilega menntun í skólanum utan kennslustunda, þ.e. frá 8–9 á morgnana, í hádegi og kl. 15–17 síðdegis. Engin slík ákvæði eru í fyrirliggjandi frv. Ekki heldur í ákvæðum til bráðabirgða, þó að lengingin eigi að taka tíu ár. Það tekur því að mjög litlu leyti tillit til þess misræmis sem er á milli skólatíma barna og vinnutíma foreldra þeirra.

Það er verulega umhugsunarvert að gert er ráð fyrir tíu árum til að ná lokamarkinu sem nefnt er í ákvæðum til bráðabirgða, að kominn verði einsetinn skóli og 35 kennslustundir á viku fyrir öll skólaskyld börn. Lenging skólatímans fyrir yngstu börnin á næstu þremur árum samkvæmt ákvæðum 45. gr. á þó eingöngu að fara uppi í 25 kennslustundir og samkvæmt brtt. meiri hl. menntmn. eiga skólamáltíðir að vera komnar á á þremur árum í stað tíu. Auk þess að ætla of langan tíma til að ná settu markmiði tryggir þetta frv. ekki nauðsynlegar forsendur þess að ofangreindu markmiði verði náð. Þar á ég annars vegar við nauðsynlegar breytingar á vinnutíma og launakjörum kennara, sem eru alveg undir samningsvilja kennara og ríkisins komnar, hins vegar er átt við að þetta frv. tryggir ekki að uppbygging skólahúsnæðis á vegum sveitarfélaga verði nægilega hröð þrátt fyrir ákvæði 10. gr. Þarna reynir á framkvæmdarvilja sveitarfélaga, sbr. lögin um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989.

Í frv. eru ýmis ákvæði í átt til valddreifingar. Auk þess að færa vald frá menntmrn. til fræðsluskrifstofa má nefna stofnun grunnskólaráðs í 9. gr. og að fjölmennum sveitarfélögum sé skipt í skólahverfi, sbr. 17. gr. Bæði síðarnefndu atriðin styrkja stöðu foreldra gagnvart skólanum, sem ég fagna mjög, en líklega þarf þó að ganga lengra en hér er gert til að tryggja að foreldrar geti haft þau áhrif á starf grunnskólans sem þeim ber samkvæmt gildandi uppeldisskipan.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að ríkið sjái nemendum í skyldunámi fyrir ókeypis námsgögnum skv. 50. gr. Um leið og ég fagna þessu út frá jafnréttissjónarmiðum verður að vara við þeirri stöðnunarhættu sem þetta hefur í för með sér ef Námsgagnastofnun fær ekki það fé sem þarf til að hafa úrval vandaðra kennslugagna ávallt á boðstólum. Ef ætlunin er að svelta Námsgagnastofn-

un með sama hætti og undanfarin ár tel ég nauðsynlegt að skylda sveitarfélögin til að grípa þarna inn í eða að ríkið veiti fé beint til einstakra skóla í þessum tilgangi frekar en að núverandi ástand viðgangist, að foreldrar þurfi að kaupa kennslugögn við hæfi.

Grunnskólalögin frá árinu 1974 hafa um margt reynst vel og byggðust á mikilli framsýni. Markmiðsgrein þeirra er tekin upp óbreytt í þessu frv. en útfærsla hennar í 47. og 48. gr. er nokkuð breytt í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á samfélaginu og skólakerfinu. Áður en ég kem að þeim vil ég ítreka að góð löggjöf er eitt og útfærsla hennar í reynd er annað. Lög duga skammt ef hugarfarið er ekki í samræmi við þau. Sem dæmi um þetta má annars vegar nefna lögin um jafnrétti kvenna og karla, sem hér hafa verið til umræðu undanfarna daga, og hins vegar þá staðreynd að þó að konum hafi verið veittur aðgangur að öllum menntastofnunum landsins árið 1911 voru þær hlutfallslega fáar í framhaldsskólum og háskólum allt fram undir miðja öldina. Það þýðir lítið að lögfesta eitthvað sem ekki er mögulegt að útfæra í reynd vegna aðstæðna eða ráðandi hugarfars. Sú breyting að gera skólakerfið minna miðstýrt virkar mjög lýðræðisleg en um leið getur það aukið mismunun á milli sveitarfélaga eða byggðarlaga, kynja og stétta. Mjög mikið af raunverulegum áhrifum skólans á sér stað í gegnum hina svokölluðu duldu námsskrá, nefnilega því sem stendur á milli línanna í kennslubókunum eða óbeinu skilaboðunum sem nemendur fá í skólanum. Við getum ekki tryggt með lögum að allir skólar hafi menntaða úrvalskennara eða að námsefni og fyrirmyndir séu uppörvandi fyrir bæði kynin og að athygli kennara byggist á því að allir nemendur séu jafngildir einstaklingar. Stundum hvarflar þó að manni að þörf sé á annarri hliðarlöggjöf til að tryggja að lögin hafi tilætluð áhrif. Oft hafa breytingar sem í fyrstu eru taldar í lýðræðisátt og til bóta reynst hafa óvænt hliðaráhrif ákveðnum hópum í óhag. Lykillinn að sem bestu samræmi þarna á milli varðandi þetta frv. er metnaðarfull kennarastétt og aðstæður sem í reynd eru í samræmi við gildandi lög, sem því miður skortir oft á.

Í 47. gr. frv. vil ég sérstaklega fagna því ákvæði að skólinn eigi að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Þar með verður vonandi bundinn endir á þann tvískinnung sem hefur ríkt í skólastefnu hér sem víðar alla þessa öld, að undirbúningur undir fjölskyldulíf hefur verið afar takmarkaður þó að í reynd hafi fjölskyldan og heimilið verið aðalstarfsvettvangur kvenna þar til á síðustu þrem áratugum eða svo. Sögulegar athuganir benda til að þegar kvennaskólar síðustu aldar voru almennt lagðir niður í löndunum í kringum okkur við það að lögbundin alþýðufræðsla komst á hafi þótt sjálfsagt að stúlkur lærðu allt það sem drengir áttu að læra en ekki öfugt og smám saman hafi því námsefni sem tengdist barnauppeldi og heimilisrekstri orðið undir. Kvenfrelsiskonan Betty Friedan benti eftirminnilega á misræmið á milli þeirrar menntunar sem vestræn menntakerfi hafa boðið stúlkum upp á og veruleika heimavinnandi kvenna í bók sinni The Feminine Mystique árið 1963 og kallaði það nafnlausa vandamálið.

Í því frv. sem hér er til umræðu er ákveðið lagt til að bæði kynin séu undirbúin undir sömu hlutverk, þ.e. virka þátttöku í samfélaginu, í atvinnulífi og fjölskyldulífi. Þó þetta sé í samræmi við gildandi jafnréttislög, aðalnámsskrá grunnskóla og skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum sem menntmrn. gaf út í desember 1990, þá yrði þetta í fyrsta sinn sem skólalöggjöf tekur skýrt á þessu hér á landi þó að fræðimenn hafi í gegnum aldirnar skilgreint æskilega menntun kynjanna eftir því hvaða hlutverki þau áttu að gegna í þjóðfélaginu.

Ég vil einnig fagna því í 47. gr. að skólinn leggi áherslu á margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni, safna- og heimildavinnu. Upplýsingaþjóðfélagið kallar svo sannarlega á góða færni nemenda til að vinna með upplýsingar. Þennan grunn þarf að leggja það snemma að hann nýtist í framhaldsnámi og í störfum á vinnumarkaði.

Ef litið er svo aftur á 48. gr. í ljósi ofannefndra tveggja atriða verður ekki séð hvernig tryggt er að þessum markmiðum verði náð, en vissulega má leggja áherslur af þessum toga innan margra námsgreina. Í 47. gr. er einnig lögð áhersla á að starfshættir séu þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar sem er eðlilegt í lýðræðisþjóðfélagi sem byggir á jafngildi allra þegna. Það er mitt álit að ein af meginástæðum þess að skólar virðast hafa mismununaráhrif á einstaklinga og hópa sé sú skoðun sem mér vitanlega kom fyrst fram í Ríkinu eftir Plató 400 árum fyrir Krist að jafnt þýddi sama og eins í þessum efnum. Mikilvægt er að allir átti sig á að þetta þarf ekki að þýða að allir eigi að fá eins eða sams konar menntun. Til að koma í veg fyrir mismunun vegna ofannefndra þátta þarf að taka mið af þeim mun sem er á milli ofannefndra hópa varðandi leiðir þó að lokamarkið sem að er stefnt sé hið sama eða svipað. Fuglinn og fiskurinn geta báðir komist í mark þó með mismunandi hætti sé. Allir verða að fá möguleika til að nota þær leiðir sem þeim henta. Þetta er reyndar ítrekað í lok 47. gr., þ.e. að taka á mið af mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasviðum nemenda.

Virðulegur forseti. Þetta frv. markar ákveðin spor í rétta átt og því get ég stutt framgang þess en mjög margt annað þarf að gera í íslenskum skólamálum og í þjóðfélaginu almennt til að áhrif þess verði þau sem að er stefnt í 2. gr. þess.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Sú var tíðin að ég ræddi það málefni sem hér er á dagskrá núna býsna ítarlega. Það var á þeim árum sem fóru í hönd þegar núverandi grunnskólalög voru sett 1974. Ég hef ekki hugsað mér að fara út í jafnítarlega umræðu um það frumvarp sem hér liggur fyrir eins og ég gerði þá hvað eftir annað í meðferð þess máls sem þá var til afgreiðslu á Alþingi. Ég vil hins vegar lýsa því að löggjöf um það nám sem fram fer í grunnskóla er meðal hinna mikilvægari sem

lúta að menntakerfi íslensku þjóðarinnar.

Í þessu sambandi þykir mér ástæða til að vekja á því athygli að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir hefur flutt hér sérlega vandaða ræðu og ég get lýst fullum stuðningi við þau sjónarmið sem fram komu í hennar máli í meginatriðum. Ég tel til að mynda að ekki sé hægt að sætta sig við það að hæstv. ríkisstjórn, í þessu tilliti hæstv. menntmrh., leggur fram hér frv. um jafnviðamikið efni og raun er á án þess að því fylgi kostnaðaráætlun, enda er þar um að ræða brot á íslenskum lögum, lögum sem kennd eru við þann mæta mann, fyrrv. forsrh. Ólaf heitinn Jóhannesson og hafa því gengið undir nafninu Ólafslög.

Ég tel það líka forkastanlegt að hv. formaður menntmn. þessarar hv. deildar skuli hafa látið sér um munn fara, ef rétt er, að það sé ekki hægt að segja til um það hver kostnaðurinn verður af samþykkt þessa máls og enginn viti hver kostnaður af frv. verði. (Gripið fram í.) Sé þetta rétt eftir haft, þá er það forkastanlegt að taka svo til orða eða halda þannig á málum. A.m.k. hef ég ekki rekist á það að hv. meiri hl. menntmn. hafi gert grein fyrir þeim kostnaði sem af frv. hlýst ef samþykkt verður. (**RA:** Ég gerði það í ræðu minni.) Hafi hv. þm. Ragnar Arnalds gert grein fyrir því, þá fer hér eitthvað á milli mála og er sjálfsagt að hafa það er sannara reynist. En hér var gerð grein fyrir því af hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að samkvæmt áliti sérfróðra manna væri kostnaður af einsetningu skóla og samfelldum skóladegi, svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir, nálægt því 7,3 milljarðar kr. Þetta er býsna há tala eða nærfellt eins og helmingur útgjalda ríkisins af öllum kostnaði við menntmrn. og undirstofnanir þess í fjárlögum þessa árs. Þessu er vissulega ætlað að koma fram í áföngum, eða allt að tíu árum, en eigi að síður er hér um gífurlegan kostnað að ræða sem er nauðsynlegt að komi fram þegar í upphafi, enda lagaskylt þegar frv. er lagt fram sem hæstv. menntmrh. hefur, eins og áður sagði, vanrækt.

Ég lýsi stuðningi við þau markmið sem í þessu frv. felast. En það er engin ástæða til þess að það sé mögulegt fyrir stjórnvöld að leggja fram frv. sem eiga að þjóna slíkum markmiðum án þess að gera grein fyrir því hvað það kostar. Og það hlýtur að verða krafa við þau frv. sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram að gerð sé grein fyrir því hvað þau kosta og hvaða skuldbindingar þau leggja á herðar ýmist ríkisins eða sveitarfélaga.

Í þessu frv., eins og lýst hefur verið, er aukin forræðishyggja ríkisins gagnvart sveitarfélögum. Það er dregið úr valdsviði heimamanna, þ.e. yfirleitt sveitarfélaganna, rétt í sama mund sem búið er að breyta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með öðrum lögum á þann hátt að færa kostnað, bæði við mannvirkjagerð og rekstur, í stórauknum mæli yfir á herðar sveitarfélaganna. Það getur auðvitað ekki gengið að fram komi slíkt misræmi í lagasetningu enda er það svo, eins og kom fram í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, að Samband ísl. sveitarfélaga treystir sér ekki til þess að mæla með samþykkt frv. Og nú hlýt ég að spyrja hv. þm. stjórnarliðsins: Treysta þeir sér til þess að samþykkja frv. um grunnskóla sem sveitarfélögin í landinu sjá sér ekki fært að mæla með? Getur það borið sig að hæstv. ríkisstjórn ætli sér að knýja hér fram samþykkt á frv. sem sveitarfélögin geta ekki lýst fylgi við?

Rétt er að vekja athygli á í þessu sambandi að sá starfshópur sem hefur samið þetta frv. á vegum hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. menntmrn. er myndaður af starfsmönnum menntmrn. Sveitarfélögin, sem eiga mikið í húfi hvernig á þessum málum er tekið og bera bróðurpartinn af þeim kostnaði sem rekstur grunnskóla og bygging á mannvirkjum felur í sér, eiga engan fulltrúa í þeim starfshópi. Það er að vísu greint frá því að rætt hafi verið við fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og ýmsum öðrum aðilum, en það er auðvitað afar sérkennilegt að setja saman starfshóp til þess að semja frv. um slíkt efni með þeim hætti að gersamlega sé gengið fram hjá sveitarfélögunum sem síðan eiga að bera uppi meginhluta kostnaðarins. Og ég hlýt að endurtaka þá spurningu mína: Treysta hv. þm. stjórnarliðsins sér til þess að samþykkja slíkt mál án þess að fulltrúar sveitarfélaganna í landinu treysti sér til þess að mæla með því að það verði samþykkt? Ég held að þá sé farið að fara mjög aftan að siðum ef á þann veg á að ganga fram með lagasetningu hér á hinu háa Alþingi.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði í upphafi, að ræða mikið einstök efnisatriði þessa máls. Ég hef auðvitað ekkert skipt um skoðun varðandi til að mynda skólaskyldu. Í þessu frv., sem raunar er áður fram komið, er skólaskylda aukin upp í tíu ár eða frá 6 ára til 16 ára aldurs. Ég tel að það hafi verið ástæða til og fullkomlega eðlilegt að færa skólaskyldu niður í 6 ára aldur en ég tel að það hefði verið eðlilegra að stytta skólaskylduna í hinn endann. Ég skal ekki flytja mörg rök fyrir þeirri skoðun minni. Ég hef gert það áður, en með þessum hætti eru ungmenni í skóla í 10–11 ár að lagaboði ríkisins, en ekki að eigin frumkvæði. Það hefur áhrif á svo löngum tíma á mótunarskeiði ungmenna að þau séu ekki í skóla að eigin frumkvæði, sínu eigin eða foreldra sinna, heldur að lagaboði. Það hefði áhrif á það hvernig þau bregðast við í skólastarfinu, í námi og í ýmsum þáttum sinnar hegðunar eins og glögglega hefur komið fram í umsögnum fjölmargra skólamanna um þetta efni og ég held að þau áhrif séu ekki til góðs. Ég held að það sé hverju ungmenni til góðs þegar það vex að viti og þroska að geta tekið ákvörðun um það sjálft að fara í skóla og sækja nám að eigin frumkvæði um leið og hinu opinbera er skylt að halda uppi skólastarfi fyrir þessi ungmenni. Það er þess vegna mín skoðun að það hefði verið til bóta að stytta skólaskylduna ofan frá en halda þar fræðsluskyldu. Ég ætla ekkert að gera ágreining um það efni, enda styð ég það meginsjónarmið sem fram kemur í nál. frá fulltrúum Sjálfstfl. í hv. menntmn. og hér hefur verið lýst, að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar vegna þess að undirbúningur þess er greinilega með þeim hætti að það er ekki frambærilegt að það sé afgreitt, enda þótt það feli í sér að stefnt er að því að ná góðum markmiðum á býsna löngum tíma. En það getur ekki verið frambærilegt að knýja í gegn lagasetningu sem svo

mjög varðar hagsmuni sveitarfélaganna undir þeim kringumstæðum að sveitarfélögin treysta sér ekki til að mæla með málinu.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ritað undir nál. hv. menntmn. með fyrirvara og ég vil nú með örfáum orðum gera grein fyrir þessum fyrirvara mínum við frv. Ég vil taka það strax fram að ég tel að í þessu frv. sé margt mjög til fyrirmyndar. Þar séu á ferðinni breytingar sem eru mjög nauðsynlegar og hefðu átt í raun að koma fram miklu fyrr en raun ber vitni. Ég vil nefna sérstaklega samfelldan skóladag sem er orðin brýn nauðsyn. Ég vil nefna skólamáltíðir og fækkun í bekkjardeildum. Allt eru þetta hin merkustu og ágætustu mál og þurfa að ná fram að ganga og ég er þeirrar skoðunar að þetta frv. þurfi að verða að lögum áður en þinghaldi lýkur hér.

Ég er hins vegar ekki sáttur við það að ekki skuli hafa verið gerð gleggri grein fyrir kostnaðinum sem fyrirsjáanlega mun fylgja þessum lögum. Ég óskaði eftir því á fundi í hv. menntmn. að reynt yrði að afla gleggri talna um kostnað einkum og sér í lagi sveitarfélaganna við það að þetta frv. verði að lögum. Þær kostnaðartölur sem nefndin hefur fengið eru frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og eru eingöngu kostnaðartölur ríkisins. Þar er gert ráð fyrir því að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna laganna verði á bilinu 208–213 millj. kr. sem dreifist eða skiptist á fimm ár. Þetta er sundurliðað nokkuð og kemur m.a. fram að kostnaður vegna lengingar skóladags yngstu nemenda, þ.e. 1.–3. bekkjar, samtals 5 vikustundir, verði 36 millj. kr. á ári. Kostnaður við að lækka hámarksfjölda í yngstu bekkjardeildum í 22 nemi 42 millj. kr. á ári og námsráðgjöf í grunnskólum 75–80 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir því að önnur atriði eins og kennsluafsláttur, níu mánaða starfstími og fleira sé um 55 millj. kr. Eða eins og ég sagði áðan á bilinu 208–213 millj. kr. Hins vegar hefur ekkert komið fram skjalfest í nefndinni um það hver verður kostnaðarauki sveitarfélaganna vegna stofnkostnaðar, vegna þess að það er fyrirsjáanlegt að sveitarfélögin þurfa að færa út kvíarnar í skólabyggingum vegna þessara laga. Og ég hefði kosið að það lægi ljósar fyrir eitthvað um það hver verður kostnaður sveitarfélaganna. Ég hefði t.d. talið mjög eðlilegt að þeirri beiðni væri beint til Sambands ísl. sveitarfélaga að það léti reikna út kostnaðarauka sveitarfélaganna. Það hefði verið tiltölulega einfalt mál og ég hygg að Samband ísl. sveitarfélaga hefði tekið þeirri beiðni nokkuð vel.

Á fund hv. menntmn. komu tveir fulltrúar frá Reykjavíkurborg. Annar þeirra fullyrti að kostnaðarauki Reykjavíkurborgar vegna grunnskólalaganna yrði 3 milljarðar kr. Á landsvísu yrði kostnaðarauki allra sveitarfélaganna sem hlut eiga að máli um 8 milljarðar kr. Nú var mér ekki ljóst hvort þarna var á ferðinni lauslegur útreikningur starfsmanna Reykjavíkurborgar á frv. eða hvort þessar tölur eiga við veruleg rök að styðjast. Engu að síður, ef þessar tölur eru réttar, þó ekki væri nema að hluta til, þá er það alveg ljóst að kostnaðarauki sveitarfélaganna, sem ég hygg að sveitarfélögin hafi kannski enn þá ekki gert sér neina grein fyrir, verði umtalsverður.

Ég hef oft sagt að það er allt of algengt hér á hinu háa Alþingi að hér er hleypt í gegnum þingið stórum lagabálkum, feiknalega kostnaðarsömum fyrir ríkissjóð, án þess að kannað sé rækilega hver kostnaðarauki, bæði ríkissjóðs og sveitarfélaganna í landinu, verður. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Við getum ekki endalaust gefið út óútfylltar ávísanir hér á hinu háa Alþingi, en það höfum við gert á undanförnum árum í æ ríkari mæli þrátt fyrir það að lög kveði á um annað. Það er í raun þetta atriði sem ég geri mjög alvarlegar athugasemdir við, að það skuli ekki fylgja þessu frv. nákvæmari kostnaðaráætlun. Vera kann að það geti reynst erfitt að reikna út kostnað sveitarfélaganna með nákvæmum hætti. Það getur vel verið því aðstaða þeirra er mjög misjöfn til þess að framfylgja þessum lögum, m.a. vegna þess að skólahúsnæði er misjafnt, aðstaða er misjöfn til íþróttakennslu o.s.frv.

Í franska þinginu er það regla að ef stjórnvöld leggja fram kostnaðarsöm frv. og ef þingmenn leggja fram kostnaðarsöm frv., þá verða bæði stjórnvöld og almennir þingmenn að leggja fram á móti tekjuöflunarfrv. Þetta er býsna góð regla og ég er ekki frá því að . . . (**Menntmrh.:** Á ég að flytja eitt skattafrv.?) Það væri mjög gott. Úr því að hæstv. menntmrh. gerir þessa athugasemd þá er það nú svo að ég held að stór hópur hv. þm. geri sér ekki grein fyrir því að með því að samþykkja lög, kannski svipuð þessum sem við erum nú að fjalla um, eru hv. þm. auðvitað að hækka skatta. Þess vegna er það býsna kyndugt þegar heilir stjórnmálaflokkar lýsa því yfir, venjulega rétt fyrir kosningar, að þeir muni lækka skatta mjög verulega án þess að þeir segi fólkinu í landinu hvaða þjónustu þeir ætli að draga úr. Þetta er mjög einkennandi t.d. gagnvart heilbrigðiskerfinu þar sem stjórnvöld hafa svikist um það að ákvarða hvert skuli vera þjónustustig heilbrigðiskerfisins. En það á að reyna að gera allt fyrir alla, stundum fyrir peninga sem ekki eru til.

Ég hygg að það væri öllum hv. þm. til góðs að fá uppgefnar nákvæmari tölur um það hvað þetta frv., þegar það verður að lögum, kostar sveitarfélögin. Við erum búin að fá tölurnar frá ríkinu, hvað það kostar ríkissjóð að gera út á þessi nýju lög, en ég ítreka það engu að síður að ég tel að í þessu frv. séu svo margir mikilsverðir þættir að okkur beri að reyna að afgreiða þessi lög áður en þing fer heim. Það er beðið eftir þessum lögum og það þarf að reyna að knýja á um að þau nái fram að ganga. Engu að síður, og ég endurtek það, vil ég að við gerum okkur grein fyrir því hvaða álögur við erum að leggja á sveitarfélögin og þá að við gerum sveitarfélögunum grein fyrir því hvernig við ætlum að gera þeim kleift að mæta þessum álögum, því að óbreyttu, séu þær tölur sem fulltrúar Reykjavíkurborgar komu fram með réttar, er það býsna mikil útgjaldaaukning sveitarfélaganna ef rétt er að hún verði um 8 milljarðar kr. vegna tilkomu þessara laga.

Virðulegi forseti. Um þetta mál ætla ég ekki að hafa fleiri orð en ég óska sem sagt eindregið eftir því að

það verði reynt áður en gengið verður frá þessu máli hér á Alþingi að afla upplýsinga um kostnaðinn sem af þessu frv., ef að lögum verður, hlýst fyrir sveitarfélögin.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Vegna frammíkalla við ræðu mína hér áðan frá hv. 4. þm. Norðurl. v. um að gerð hafi verið grein fyrir kostnaðarauka við þetta frv. í nefnd og í framsögu vil ég vekja athygli á því að hv. þm. Árni Gunnarsson hefur staðfest hér í sinni ræðu að frá þessum kostnaði hafi ekki verið greint og að hann liggi í rauninni alls ekki fyrir, einungis sá þáttur sem lýtur að ríkinu, sem er eftir því mati sem gert hefur verið tiltölulega lítilvægur, 205–213 millj. kr. En annar kostnaður geti verið allt að 8 milljarðar kr. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir nefndi 7,3 milljarða og ég tek undir það með hv. þm. Árna Gunnarssyni, hæstv. forseta þessarar deildar, að það er auðvitað nauðsynlegt að fram komi skýr svör við því hver þessi kostnaður er. Það er líka skylt samkvæmt lögum.

Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði að það væri regla í franska þinginu að hverju sinni sem ráðherra eða einstakir þingmenn flyttu frv. sem kostuðu aukin útgjöld ríkisins væri um leið krafist þess að fram væri lagt frv. á móti til þess að afla tekna. Þetta er gott og gilt þar, en í íslenskum lögum er það skylda að hæstv. ráðherrar geri grein fyrir því þegar frv. er lagt fram hvaða kostnað það hefur í för með sér. En sá hæstv. ráðherra sem flytur þetta frv. og ýmsir aðrir hæstv. ráðherrar vanrækja að fara að þessari lagaskyldu. (**Menntmrh.:** Fyrir ríkið, hv. þm.) Það þarf einnig að gera grein fyrir því þegar verið er að leggja stórkostleg útgjöld á sveitarfélögin hvað það kostar. (**Menntmrh.:** Það er ekki verið að leggja útgjöld á sveitarfélögin. Þau ráða því sjálf hvað þau bæta miklu við. Það er frelsi sveitarfélaganna.) Ef það er þannig, hæstv. ráðherra, og ég geri nú ráð fyrir því að hæstv. ráðherra geti fengið orðið hér á eftir en þurfi ekki að flytja ræður úti í sal, ef hæstv. ráðherra kemur hér á eftir getur hann auðvitað sagt það sem honum sýnist. Hins vegar er með þessu frv. verið að leggja fjárhagslegar kvaðir á sveitarfélögin sem hér hefur verið metið, eða sagt frá af tveimur hv. nefndarmönnum í menntmn. þessarar deildar að séu 7–8 milljarðar kr. Og svo grípur hæstv. menntmrh. fram í utan úr sal og segir að þetta kosti sveitarfélögin ekki neitt, það sé bara á þeirra valdi hvort þau gera þetta eða ekki. Það er þá lítill tilgangur með þessu frv. ef það á ekki að koma því í framkvæmd. Ef hæstv. ráðherra hugsar sem svo að þetta eigi bara að vera kosningaplagg, það eigi að leggja þetta fram og koma fram þeim ágætu markmiðum sem í þessu frv. er rétt fyrir kosningar án þess að séð verði fyrir því á nokkurn hátt að það komi peningar til þess að það geti komist til framkvæmda.

Þetta er alveg nákvæmlega það sama — hæstv. forseti, ef hægt væri að þagga niður í þessum hæstv. ráðherra sem situr þarna úti í sal — þetta er alveg nákvæmlega það sama eins og hæstv. forseti þessarar deildar sagði hér í sinni ræðu og ég skrifaði eftir honum. Það á að gera allt fyrir alla rétt fyrir kosningar, fyrir peninga sem ekki eru til. Og láta skeika að sköpuðu hvort þessara peninga verður aflað eða ekki, eða það kemur á herðar annarra að sjá um að afla peninganna. Þetta eru ær og kýr þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Svo kemur þessi hæstv. ráðherra væntanlega hér í ræðustólinn á eftir og segir að þetta kosti ekki neitt. Það sé bara á valdi annarra hvort það kosti eitthvað eða þá hversu mikið.

Mitt aðalerindi var hér að vekja á því athygli að hv. þm. Árni Gunnarsson, hæstv. forseti þessarar deildar, hefur staðfest það sem var verið að reyna að bera til baka hér utan úr sal áðan, að það verk liggur eftir að afla upplýsinga um það hvaða kostnað þetta frv. hefur í för með sér ef samþykkt verður, hvaða kostnaður leggst á herðar sveitarfélaganna við það að koma þessu fram. Og ég ítreka að það er ekki frambærilegt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar eða af hálfu hæstv. Alþingis að afgreiða slíkt stórmál sem hefur í för með sér jafnmikil útgjöld fyrir sveitarfélögin og raun ber vitni í trássi við vilja sveitarfélaganna sem ekki hafa treyst sér til að mæla með framgangi þessa máls.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem fram hafa farið um þetta frv. hér á Alþingi í þessari virðulegu deild. Sömuleiðis vil ég þakka nefndarmönnum öllum fyrir gott starf að málinu, bæði þingmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég tel að þetta mál sé unnið með þeim hætti að um það eigi að geta tekist mjög gott samkomulag. Hér hafi menn á milli þinganna 1989–1990 og 1990–1991 unnið að því að reyna að færa sjónarmið saman, eins og fyrrv. hv. þm. og hæstv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson lagði mikla áherslu á í ræðu sinni við 1. umr. málsins. Í ræðu sinni við þá umræðu sagði hv. þm. og fyrrv. hæstv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson m.a. að frv. hefði tekið verulegum breytingum til bóta. Hann sagði m.a., með leyfi forseta: „Ég sé, eftir að hafa farið yfir frv. núna, að það hefur tekið verulegum breytingum og ég vil segja til bóta. Ég sé að það hefur verið tekið tillit til mjög margra þeirra athugasemda sem ég og reyndar ýmsir aðrir hafa gert við frv. og ég tel að hæstv. ráðherra hafi gengið mjög til móts við þau sjónarmið sem hafa verið reifuð á hv. Alþingi og fagna því.“

Enn fremur sagði hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fyrrv. hæstv. menntmrh., í ræðu sinni við 1. umr.: „Í 10. gr. er fjallað um samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara. Það er nýmæli, eins og hæstv. ráðherra gat um í sinni ræðu hér áðan, og ég tel það mjög til bóta og auðvitað viðurkenningu á því að þetta er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga að reka grunnskólakerfið og því nauðsynlegt að samskipti þar á milli séu eins greið og mögulegt er og að aðilar viti hvor af öðrum.“

Ég rifja þetta hér upp, virðulegi forseti, vegna þess að mér finnst eins og þetta hafi farið fram hjá hv. fulltrúum Sjálfstfl. í menntmn. Nd., að sá maður sem hélt

á menntamálum fyrir Sjálfstfl. frá 1987, sem ráðherra og síðan sem þingmaður og einn aðaltalsmaður Sjálfstfl. í menntmn. Nd., var þeirrar skoðunar að í rauninni væri komið mjög gott samkomulag um þetta mál og hann lýsti því yfir að hér hefði verið komið til móts við þau sjónarmið sem uppi hafa verið af hans hálfu m.a. í þessum efnum.

Þess vegna verð ég að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti, þessar ræður sem hér hafa verið haldnar, þó ég þakki þær að sjálfsögðu, af hv. þm. Sjálfstfl. eru með þeim hætti að þær koma mér mjög á óvart. Þær koma mér mjög mikið á óvart. Það er eitthvert samhengisleysi eða sambandsleysi á milli þingmanna Sjálfstfl. þegar um er að ræða mál eins og það sem hér er á ferðinni, þegar það getur gerst að aðaltalsmaður þeirra í málinu í 1. umr. segir: „Hér hefur verið komið mjög til móts við mín sjónarmið og ég fagna því.“ En hinir eru í raun og veru þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða mál sem sé mjög gagnrýni vert á flesta lund.

Ég vil taka undir ýmislegt af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur og ég tók eftir því að hún hafði reynt að fara mjög vandlega yfir málið og setja sig inn í það í einstökum atriðum. Ég tók að vísu eftir því að það voru fjarska áberandi mótsagnir í sumu sem fram kom hjá henni en ég ætla ekki að fara að skattyrðast við hana um það. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þingmenn vandi sig við málatilbúnað sinn og það fannst mér að hv. þm. hafi gert hér áðan þó ég sé að sjálfsögðu ekki sammála henni um alla hluti.

Varðandi það sem hins vegar hefur aðallega borið hér á góma núna síðustu mínúturnar af hæstv. forseta þessarar deildar og af hv. þm. Pálma Jónssyni, sem nú er hlaupinn á dyr af einhverjum ástæðum, sem þó lagði fyrir mig mjög veigamiklar spurningar og var uppi með fullyrðingar sem eru með þeim hætti að það er algjörlega útilokað annað fyrir mig en að svara þeim. Það var borið hér fram af hv. þm. sem stóð í þessum stóli fyrir augnabliki að með því að leggja málið fram með þeim hætti sem ég gerði væri ég í raun og veru að brjóta lög. Ég gagnrýni þá hæstv. forseta fyrir það að hleypa mér inn í deildina með lögbrotafrumvarp. En auðvitað er það ekki þannig að menn séu að brjóta neinar reglur, auðvitað er fylgt hér í einu og öllu þeim reglum sem hafa ber uppi í þessum málum. Það sem ég vil vísa til í þessu efni, virðulegi forseti, er ítarleg framsöguræða mín sem ég hélt fyrir þessu máli 27. nóv. sl. og birtist í þingtíðindum, þar vísa ég til dálka 1351, 1352 og 1353. Þar kemur nákvæmlega sundurliðuð kostnaðaráætlun eins og hún leggst á ríkið, alveg krónu fyrir krónu og hvorki hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson né hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir, sem þá talaði fyrir Kvennalistann, höfðu neitt við það að athuga. Auk þess er gerð grein fyrir því hvað heildarframkvæmd frv. muni kosta. Þar kemur m.a. fram að heildarframkvæmd frv. muni kosta, hvað? 1,8% í raunaukningu til skólanna á ári meðan verið er að framkvæma þetta frv. 1,8% á ári. Það er raunbreyting og í rauninni þýðir ekkert fyrir okkur öðruvísi en að tala um hlutina svona af því að annars eru menn kannski að tala um mismunandi þungar krónur.

En hvað segir þetta okkur þá miðað við framlög til skóla á undanförnum áratug? Er þetta einhver ofboðsleg sligandi aukning fyrir sveitarfélögin í landinu eða fyrir ríkið? Svarið er nei. Í raun og veru — og það er rosalegt að einmitt núna þegar maður er að svara þingmönnum Sjálfstfl. skuli þeir flykkjast úr salnum og ætla svo væntanlega að koma hérna næstu og næstnæstu ræðumenn og biðja um það að ég svari þeim. — Þarna kemur hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og gleður mig hjartanlega að hún skuli vera hér stödd og boðin velkomin í salinn, ef ég má með leyfi forseta. Og kom líka hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir þannig að nú fer heldur að vænkast hagurinn. (**RH:** Ég heyri í hæstv. ráðherra, hvar sem er.) Já og heyrir auk þess um allt hús, hvar sem hún er má hún nema rödd hans.

Hver er veruleikinn í sambandi við kostnaðaraukann á undanförnum árum? Hann er sá að á tíu árum jukust raunframlög til skólamála á Íslandi um 43%. Það er meira en 1,8% á ári. Framlög til grunnskólans á síðustu tíu árum, 1980–1989, hækkuðu í rauntölum um 2,8% á ári eða 28% á öllum tímanum. Framlög til framhaldsskóla hækkuðu á þessum tíma um 36% eða um 3,6% á ári. Framlög til háskólastigsins hækkuðu um 65% á þessum tíma, eða um 6,5% á ári.

Ég gæti nefnt fleiri þætti, eins og t.d. framlög til leikskóla þar sem um mikið meiri hækkun hefur orðið að ræða á þessum tíma. Þetta vildi ég segja til að rökstyðja að þær áherslur sem eru í frv. eru í rauninni hóflegar. Það er rétt sem Kvennalistinn segir að í rauninni eru að mörgu leyti gerðar þarna of litlar en ekki of miklar kröfur til þeirra sem hafa með rekstur skóla að gera. Ég tel hins vegar að miðað við aðstæður hafi ríkisstjórninni tekist með frv. að sigla meðalveginn á milli þeirra sjónarmiða sem annars vegar koma fram hjá Sjálfstfl. og hins vegar hjá Kvennalistanum, svo að ég nefni dæmi. En hvað eru sveitarfélögin núna að leggja í byggingar skóla? Það er verið að tala hér um að 7 milljarðar kr. á tíu árum sé ofboðslegur hlutur. Hvað ætli þau leggi mikið í skóla á ári núna? Hvað ætli Reykjavíkurborg leggi mikið í skóla á ári? Vita þingmenn Sjálfstfl. það? Reykjavíkurborg leggur á þessu eina ári í skóla 609 millj. kr. Reykjavíkurborg ein samkvæmt því 6 milljarða kr. á tíu árum, Reykjavík ein. (**Forseti:** Til viðbótar.) Þetta er ekki til viðbótar, virðulegi forseti. Þetta er alger misskilningur vegna þess að hér er um að ræða framlög til skólabygginga. Og öll þessi framlög til skólabygginga fara til að bæta við skólum, til að fjölga skólum m.a. Á þessu tíu ára tímabili er því hægt að ná markmiðum einsetins skóla með minna fjármagni í heild á ári en gert er núna af Reykjavíkurborg. Ég verð að segja það alveg eins og er, ég hef ekki lagt það í vana minn að vera hér neinn sérstakur talsmaður Davíðs Oddssonar, en ég er svo undrandi á því að meðframbjóðendur hans í Reykjavík skuli ekki átta sig á því að það eru þrátt fyrir allt 610 millj. kr. sem Reykjavík leggur í byggingu skóla á þessu ári. Og það er ekki verið að tala um neinar viðbótarskuldbindingar á sveitarfélögin skv. frv. Það er eingöngu gert ráð fyrir því að sveitarfélögin taki þátt

í þessari stefnumótun til lengri tíma, til tíu ára eða svo.

Tökum fjögur stærstu sveitarfélögin í landinu. Reykjavík 609 millj. kr., Kópavogur 79 millj. kr., Hafnarfjörður 40 millj. kr., Akureyri 20 millj. kr. Samtals þessi fjögur sveitarfélög 748 millj. kr. í ár. Og á sl. ári lagði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga til uppbyggingar í þetta verkefni 177 millj. kr. Á síðasta ári voru því heildarframlög sveitarfélaganna til uppbyggingar í skólum landsins, grunnskólum eingöngu, sennilega í kringum 900–1000 millj. kr. Á þessu ári eru framlög sveitarfélaganna til byggingar grunnskóla á annað þúsund millj. kr., þar af Reykjavíkur einnar 609 millj. kr. Þegar menn eru að segja: hér er verið að bæta við kostnaði á sveitarfélögin upp á 7–8 milljarða kr., þá eru menn að segja að sveitarfélögin hljóti, ef það er of mikið fyrir þau, að draga saman seglin frá því sem nú er. Ég hef það traust á sveitarfélögunum í landinu að þau muni ekki gera það. Það er því útilokað að ætla sér að kasta ryki í augu þjóðarinnar út af þessu máli, út á þátt af þessu tagi með því að margfalda stofnkostnað á ári hverju með 10 og segja: Kostnaðurinn er 8 milljarðar kr. Það er ekki hægt að segja hlutina þannig upp nema menn séu að reyna að vinna á móti málinu og ég trúi því ekki að hv. þm. Sjálfstfl. séu að því eftir þann stuðning sem málið fékk frá fyrrv. hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, fyrrv. hæstv. menntmrh. Það er augljóst mál að hér hefur verið gerð grein fyrir kostnaði við þetta í einstökum atriðum. Og það er ljóst að í rauninni er hér gert ráð fyrir, og liggur við að mér þyki heldur lakara að þurfa að segja það, minni kostnaði, raunkostnaðaraukningu, á ári en hefur verið síðustu tíu árin.

Nú er ég búinn, virðulegi forseti, að rekja tölur og fara nákvæmlega yfir talnalegar forsendur þessa máls eins og ég gerði við 1. umr. málsins. Ég gerði ítarlega grein fyrir því hver væri kostnaður ríkisins og ég gerði ítarlega grein fyrir því hver væri heildarkostnaðaraukningin skv. þessu frv. eða 1,8% á ári í raun á framkvæmdatímanum. En á síðustu tíu árum er raunaukning til skólakerfisins á Íslandi ekki 1,8% á ári heldur 4,3% á ári eða 43% á tímanum. Og ég vil segja við hv. þm. Pálma Jónsson: Frv. sem slíkt ... (Gripið fram í.) Hv. þm. Það er aukningin á ári. Og í hverju liggur sparnaðurinn? Í hverju liggur munurinn á þessu tvennu? M.a. því að það hefur orðið mjög hröð aukning í skólakerfinu á landinu 1980–1989. Hún verður skv. þessu frv. talsvert mikið hægari af því að þrátt fyrir allt hefur margt bæst við á síðustu tíu árum sem þarf ekki að endurtaka í aukningunni næstu tíu ár. Ég bið hv. þm. líka að gera sér grein fyrir því að í þessu frv. er sagt eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sagði: Við skulum hafa um þetta samvinnu við sveitarfélögin. Þetta gengur aldrei öðruvísi en það verði samvinna við sveitarfélögin um þessi mál. Þess vegna er það sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson lagði á það mjög mikla áherslu í ræðu sinni að í frv. kæmi fram viðurkenning á því að þetta ætti að vera samvinnuverkefni ríkisins og sveitarfélaganna.

Ég ætla svo að endurtaka, virðulegi forseti, tölur sem ég nefndi hér áðan, sérstaklega af því að hv. 2. þm. Norðurl. v. er kominn í salinn. Það eru þessar tölur: Hv. þm. sagði að kostnaðurinn við að koma á einsetnum skóla á tíu árum væri 7,4 milljarðar kr. Hvað ætli sveitarfélögin leggi á ári í skólabyggingar? Það er ekki verið að tala um viðbót við það sem þau gera núna í raun og veru. Það er ekki verið að lögskylda þau til viðbótar. Þau geta bætt við en þau gætu líka dregið úr út af fyrir sig. Hvað leggja sveitarfélögin mikið á ári, núna á þessu ári 1991, í byggingar grunnskóla? Á annan milljarð. Reykjavík ein 609 millj., eða 6 milljarða á tíu árum. Reykjavík, Akureyri, Hafnarfjörður og Kópavogur 748 millj. kr. á þessu ári. Og á síðasta ári lagði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga minnstu sveitarfélögunum til 175 millj. kr., ef ég man rétt. Í rauninni er hér verið að tala um að ná þessu markmiði með svipaðri framkvæmdagetu fjármagns og um er að ræða strax í dag. Þess vegna er það alveg rétt sem fulltrúar Kvennalistans hafa m.a. gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að hér sé ekki gengið lengra. Og í rauninni er ekki verið að reyna á þanþol og framkvæmdagetu sveitarfélaganna að þessu leytinu til. Stóri vandinn fyrir sveitarfélögin að þessu leytinu til er á þéttbýlissvæðinu sem er afleiðing byggðaflóttans, sem hefur haft það í för með sér að sveitarfélög, t.d. Reykjavík eða Kópavogur eða Mosfellsbær, Hafnarfjörður, Garðabær, eiga í raun og veru mjög erfitt með að svara þeim mikla vanda sem hlýst af því að fólk flýr utan af landi í stórum stíl, m.a. af svæðum þar sem skólar hafa verið byggðir upp en standa núna jafnvel hálftómir. Ég get nefnt í því sambandi t.d. Stóru-Tjarnarskóla, nýtt og glæsilegt húsnæði. Ég gæti nefnt af því að ég þekki þar nokkuð vel til ýmsa skóla á Vesturlandi, þar sem veruleiki dreifbýlisins er sá að fólkið er að fara. Það er að fækka í skólunum og það fólk sem fer utan af landi kemur hingað inn á yfirfull skólasvæði. Í Reykjavík erum við með þann veruleika t.d. að einn skóli er með um 1300 nemendur. Það er auðvitað afar alvarlegur hlutur.

Þá kem ég að því lokaatriði sem ég vil hér nefna, virðulegi forseti, að sinni. Það er það að ég bið þingmenn að muna eftir einu. Þetta frv. snýst ekki fyrst og fremst um sveitarfélög eða ríki. Þetta er mannréttindaskrá barna á aldrinum 6–15 ára um lágmarksþjónustu þjóðfélagsins við þetta fólk. Og það er misskilningur, sem hér kom t.d. fram hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, að það sé verið að stytta tímann sem skylt er að veita í skólum. Það er misskilningur. Vegna þess að í gildandi lögum stendur að það eigi að hafa sem næst 35–37 tíma á viku í efstu bekkjunum. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því að lágmark séu 35 tímar. Ég tel það betra fyrirkomulag en er í dag vegna þess að þar með er ekki hægt með einfaldri útgáfu á viðmiðunarstundaskrá að skera niður skólatímann. Til þess að skera niður skólatímann þyrfti með öðrum orðum lagabreytingu en ekki að menn geri það, eins og hefur oft gerst á undanförnum árum, að skera niður skólatímann með breytingum á viðmiðunarstundaskrám.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að með þessum orðum hafi ég svarað nokkrum af þeim spurningum sem fram hafa komið og aðallega snerust um fjármál þessa

máls. Ég hef nú ítarlega gert grein fyrir og þar með í raun og veru endurtekið það sem ég sagði við 1. umr. málsins.

Umræðu frestað.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 253. mál (fæðubótaefni). — Þskj. 425.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Eftirlit með matvælum, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 254. mál. — Þskj. 426.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frh. 1. umr.

Frv. KE o.fl., 373. mál (tilfærsla í starfi). — Þskj. 653.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. SP o.fl., 379. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 673.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum rafhlaðna, frh. 1. umr.

Frv. SigH o.fl., 381. mál. — Þskj. 679.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 1. umr.

Frv. SigH o.fl., 382. mál (umhverfismengun). — Þskj. 680.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, 2. umr.

Frv. HuJ, 77. mál (heimildir, tímamörk o.fl.). — Þskj. 79, n. 733 og 741.

Hulda Jensdóttir:

Virðulegi forseti. Í forföllum frsm. nefndarinnar mun ég gera grein fyrir áliti meiri hl. nefndarinnar um frv. Álitið hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið umsagnir um það frá biskupi Íslands, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu, Krossinum, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, landlækni, Lífsvon, Ljósmæðrafélagi Íslands, Hjúkrunarfélagi Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Prestafélagi Íslands og Stéttarfélagi ísl. félagsráðgjafa.

Í umsögnum um frv. koma fram allmargar athugasemdir og eru skoðanir mjög skiptar um hvort samþykkja eigi frv. eða ekki. Eins eru skoðanir skiptar um hve miklar breytingar eigi að gera á frv. áður en það er samþykkt. Ljóst er að nefndin þarf að gera mjög nákvæma úttekt á lögum nr. 25/1975 ef á að afgreiða þetta frv. á yfirstandandi þingi, hvort sem mælt yrði með samþykkt þess eður ei. Með hliðsjón af því hversu skammur tími er til þinglausna og í trausti þess að heilbr.- og trmrh. láti fara fram endurskoðun laga nr. 25/1975 leggur meiri hl. nefndarinnar til að málinu verði vísað til ríkisstjórnar.

Geir H. Haarde var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nál. rita Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Hulda Jensdóttir og Guðmundur G. Þórarinsson.

Frsm. minni hl. heilbr.- og trn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 741 frá minni hl. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 25 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fósturеyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Auk mín skipar hv. þm. Geir Gunnarsson minni hl. hv. nefndar. Nál. er svo, með leyfi forseta:

„Á fundum nefndarinnar hefur verið fjallað mjög lauslega um frv. Nefndinni gafst ekki tími til að fara yfir þær umsagnir sem bárust nema á einum fundi og

dugði það hvergi nærri til. Minni hl. telur að ekkert hafi komið fram í störfum nefndarinnar sem mæli með því að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um endurskoðun á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Um efni frv. eru mjög skiptar skoðanir og ekki þarf nema lauslega athugun á umsögnum þeim sem bárust til að sjá að þessar andstæðu skoðanir koma þar skýrt fram. Því telur minni hl. að ekki sé hægt að afgreiða þetta mál á annan hátt en að taka til þess afstöðu: annaðhvort að samþykkja frv. óbreytt eða að halda núgildandi lögum í því horfi sem þau nú eru í og fella þar með frv. Minni hl. telur að konum sé fyllilega treystandi til að axla þá miklu ábyrgð sem þeim er falin samkvæmt núgildandi lögum en bendir jafnframt á brýna nauðsyn þess að ákvæðum núgildandi laga verið framfylgt hvað varðar ráðgjöf og fræðslu.

Minni hl. er þeirrar skoðunar að ekki eigi að breyta núgildandi lögum í þá átt sem lagt er til í frv. og mælir því með því að frv. verði fellt."

Undir þetta ritar auk mín Geir Gunnarsson.

Þannig hljóðar nál., hæstv. forseti. En mig langar til að bæta nokkrum orðum við af þessu tilefni. Ég tel það meginatriði, sem fram kemur í álitinu, að konum sé fyllilega treystandi til að axla þá ábyrgð sem þeim er lögð á herðar skv. núgildandi lögum og því ekki tilefni til að endurskoða lögin efnislega eins og þau eru í núverandi mynd. Hins vegar er það hrein hneisa að samfélagið skuli ekki bjóða öll börn velkomin í þennan heim og búa þannig að mæðrum og börnum, og þá ekki síst ungum einstæðum mæðrum og jafnvel ungu fólki í sambúð, að stundum blasi ekki annað við en basl og hörð barátta ef barn er í vændum. Um þetta atriði held ég að allir geti verið sammála. En staðreyndin er sú að þessi atriði eru í megnasta ólestri. Laun eru skammarlega lág, fæðingarorlof allt of stutt, leikskólar allt of fáir og stuðningur við foreldra alls ekki fullnægjandi. Ef fólk meinar eitthvað með því að öll börn eigi að vera velkomin í þennan heim, þá verður að gæta að þessum atriðum.

Á meðan þessi mál verða ekki leyst verða fóstureyðingar af félagslegum ástæðum tæplega stöðvaðar. Ég vil benda á orð Jóns Þ. Hallgrímssonar yfirlæknis, Helgu Hannesdóttur geðlæknis og Guðrúnar Ögmundsdóttur félagsráðgjafa í umsögnum um þetta frv. frá kvennadeild Landspítala Íslands. En í umsögninni er sagt, með leyfi forseta:

„Reynsla af núverandi löggjöf hefur sýnt að þau félagslegu vandamál sem eru forsendur fóstureyðingar eru oft mjög einstaklingsbundin og persónuleg. Þau verða oft ekki leyst nema með víðtækum hjálparaðgerðum og góðum stuðningi við konuna. Erfitt getur verið að setja sig í annarra spor í þessum efnum og hljóta því þeir sem um slík vandamál fjalla að taka tillit til mats einstaklingsins á eigin aðstæðum og vandamálum." Og síðar í sömu umsögn segir: „Reynsla erlendis frá hefur sýnt að þar sem félagslegar aðstæður eru ekki viðurkenndar eru fóstureyðingar stundum framkvæmdar á ólöglegan hátt og við ófullnægjandi aðstæður. Þessar aðstæður geta stefnt lífi og heilsu konunnar í voða. Með tilkomu núgildandi laga hefur þetta vandamál ekki verið til staðar á Íslandi að okkar dómi. Samkvæmt núgildandi lögum skal aðgerðin gerð á sjúkrahúsi og skal sérfræðingur í kvensjúkdómum samþykkja umsóknina fyrir hönd sjúkrahússins. Það er niðurstaða okkar að niðurfelling heimildar til fóstureyðingar vegna félagslegra forsendna sé á engan hátt raunhæf miðað við þær þjóðfélagsaðstæður sem við búum við í dag. Með þrengingu laganna yrði konum mismunað eftir fjárhag því að eins og alkunnugt er geta konur farið utan í fóstureyðingu, jafnvel til staða þar sem aðgerðir eru gerðar á konum sem eru enn lengra gengnar með en heimild er fyrir í löggjöfinni sem nú er í gildi á Íslandi. Slíkt mundi skapa félagslegt ójafnvægi og óréttlæti fyrir þá hópa kvenna sem hafa versta félagslega stöðu."

Annað atriði sem mér finnst óhjákvæmilegt að gera að umtalsefni hér er hve illa fræðslu- og ráðgjafarhluta laganna frá 1975 hefur verið sinnt. Það er algerlega óviðunandi. Á þessi atriði hefur oft verið bent í þingsölum en veitir greinilega ekki af að ítreka enn einu sinni. Ég vil taka undir orð landlæknis í umsögn hans um þetta frv. er hann segir, með leyfi forseta:

„Á Íslandi eru engar sérstakar göngudeildir sem annast fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir að undanskilinni einni kynfræðsludeild sem starfrækt hefur verið í Reykjavík síðustu 15 árin. Hafa skjólstæðingar þeirrar deildar einkum verið ungt fólk. Einstaklingar verða því að leita til heimilislækna eða kvenlækna með fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir. Forvarnarstarf af ýmsu tagi skipar æ mikilvægari sess innan heilbrigðisþjónustunnar. Fræðsla og ráðgjöf um getnaðarvarnir þjónar m.a. þeim tilgangi að koma í veg fyrir kynsjúkdóma og ótímabærar þunganir. Þótt tíðni fóstureyðinga hafi heldur farið lækkandi á allra síðustu árum sýna tölur þó að notkun getnaðarvarna er enn mjög ábótavant og þar með fræðslu og ráðgjöf þar að lútandi."

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að betri fræðsla og ráðgjöf mundi fækka ótímabærum þungunum. Mál er til komið að framfylgja ákvæðum laganna frá 1975 að því er þetta varðar. Ég ítreka, ekki er þörf á að breyta efni laganna frá 1975. Það er fráleitt annað en að treysta konum til að taka jafnmikilvæga ákvörðun í lífi sínu og þau lög heimila. En við verðum að veita þeim fræðslu, ráðgjöf og síðast en ekki síst stuðning þegar út í lífsbaráttuna er komið til þess að geta staðið undir því nafni að teljast bjóða börn velkomin í þetta samfélag.

Hulda Jensdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós þakklæti til heilbr.- og trn. fyrir drengileg störf í þágu lífsins með því að taka fóstureyðingarmálið úr nefnd og koma því til umræðu á hinu háa Alþingi. Hver svo sem skoðun okkar er á þessu viðamikla og vandmeðfarna máli er það ljóst að umræða um það er mjög mikilvæg. Hún er nauðsyn til þess að fyrirbyggja að það falli í skuggann, fyrnist eða kaffærist, stundum í

orðagjálfri. Því hvernig sem afstaða okkar er, bæði við ígrundun þess eða afskiptaleysi, fer það ekki milli mála að hvernig við meðhöndlum lífið í mikilleik þess eða smæð skiptir sköpum.

Við erum að tala um líf, líf um og yfir 700 Íslendinga ár hvert. Sumir líta á það sem frelsi að fá að ráðskast með þetta líf, aðrir líta á það sem fjötra og mistök og telja að allt beri að gera til að fyrirbyggja að slysið eigi sér stað og taka þá allt með inn í myndina, barnsvísinn, fóstrið, barnið, konuna, manninn og samfélagið allt. Ef íslensk þjóð ætlar að halda reisn sinni, tungu sinni og arfleifð þarf hún að standa vörð um allt líf, líf í móðurlífi og líf utan þess. Um það geta varla verið skiptar skoðanir — nema þá í stjórnmálum þar sem raunveruleikanum er stundum stungið undir stól til þess að ná einstaklings eða flokkspólitískum árangri þar sem atkvæði skipta höfuðmáli.

Eins og venja er þegar taka skal ákvarðanir á hinu háa Alþingi eru kvaddir til kunnáttumenn eða leitað álits faghópa. Svo hefur og verið gert í þessu máli eins og þegar hefur komið fram. Sitt sýnist hverjum eins og gengur. Sumir styðja frv. heils hugar, aðrir taka ekki afstöðu, enn aðrir mótmæla því. Þetta eru auðvitað viðbrögð sem mátti búast við og teljast án vafa eðlileg.

Landlæknisembættið og Læknafélag Íslands taka faglega á málinu og fyrir það er ég þakklát, mjög þakklát. Margt kemur fram sem er til bóta ef eftir væri farið. Sumar athugasemdir sem gerðar eru skipta þó í raun engu máli, þ.e. orðalag og orðalagsbreytingar ásamt skoðanamismun á því hver á að standa fyrir þeim fyrirbyggjandi aðgerðum sem ég legg afar mikla áherslu á. Að ég tilnefni landlæknisembættið sem leiðandi aðila er einfaldlega vegna þess að í fylgiritum með lögunum frá 1975 er það embætti kallað til ábyrgðar. Hvaðan gott kemur skiptir að sjálfsögðu alls ekki máli fyrir mig, heldur hitt að fyrirbyggjandi aðgerðir verði að raunveruleika. Í þessu sambandi er ástæða til að beina sjónum manna að þeim möguleika að áhugafélög um málið, skipuð fagfólki e.t.v. í samvinnu við kirkjuna, til viðbótar því sem áður er nefnt, tel ég að gæti gefist mjög vel.

Eins og áður sagði ber ég virðingu fyrir og er þakklát fyrir fagleg og málefnaleg vinnubrögð þeirra fyrirtækja eða þeirra einstaklinga sem ég nefndi hér að framan en tel mér þó skylt að gera athugasemdir við nokkur atriði. Þar er athugasemd m.a. gerð við hugtakið líf, mannlegt líf, og sagt að sú skilgreining sé mjög umdeild og í annan stað gerð athugasemd við setningu um að líf sem kviknað hefur í móðurlífi sé friðheilagt því það standist ekki vísindalega skilgreiningu. Og við hljótum að spyrja: Hvað eru vísindi? Við berum virðingu fyrir vísindum að sjálfsögðu. Vísindi í dag hafa þó oftar en ella sannað sig sem ekki vísindi á morgun og hitt, sem er alkunna, að það sem fyrir sumum eru augljósar staðreyndir getur tekið vísindamenn ár og áratugi að sanna að séu vísindi til þess að staðreyndirnar verði viðurkenndar og um leið er þá kastað á glæ dýrmætum tíma meðan beðið er. Dæmin sem sanna þetta eru fjölmörg.

Hvenær líf byrjar bögglast enn fyrir mörgum vísindamanninum af einhverjum ástæðum. En það eru sannarlega fjölmargir viðurkenndir vísindamenn í dag sem velkjast ekkert í vafa um hvenær líf byrjar. Og ég hlýt að spyrja: Hvers vegna má ekki taka mark á þeim? Nóbelsverðlaunahafar í erfðafræði og prófessorar í fósturfræði, viðurkenndir kennimenn og fræðimenn. Að þessu slepptu langar mig gjarnan til að við spyrjum okkur sjálf, okkar eigin dómgreind smástund og heyra hverju hún svarar.

Hvað er fóstur í móðurlífi? Er það mannlíf? Eða er það eitthvað annað? Hvað annað getur það verið? Hvað er mannleg vera? Ólík öllum öðrum lífverum sem saman stendur af 46 litningum. Er það eitthvað annað en mannleg vera? Hvað er að vera á lífi? Er það ekki að vaxa, að endurnýja sellur sínar? Hvað gerist hjá því lífi sem tekur sér bólfestu í móðurlífi? Það vex, það endurnýjast. Ef upphaf manns er ekki við frjóvgun, hvar er þá upphaf mannlífs? Hver er munurinn á fóstri í móðurlífi, barni í móðurlífi, nýfæddu barni, fimm ára barni, 15 ára unglingnum og öldungnum níræða? Manneskjan ólík öllum öðrum lífverum. Samsett af erfðaeiginleikum, engu öðru lík er á lífi, vex, endurnýjast, eldist og hverfur til moldar við enda lífsgöngunnar. Er þá ekki eðlilegt að spurt sé: Hvers virði er í raun mannlegt líf? Fagfólk með sjálfa mig í þeim hópi í yfir 40 ár veit mjög vel að hjarta þess lífs sem hér er til umræðu og farið er að slá þriggja vikna er hjarta manns, ekki neinnar annarrar dýrategundar. Myndir sanna óumdeilanlega að 12 vikna gamalt fóstur er fullkomin manneskja í allri gerð og útliti nema það að hún er smágerð. Það er enginn annar munur þar á og þeir sem hafa unnið við fóstureyðingar, eins og ég hef sjálf gert um skeið á starfsferli mínum, hafa að sjálfsögðu séð þessar litlu mannverur í raun með eigin augum, ekki aðeins á mynd. Þarf annarra vitna við? Hvað eru þá vísindi, hvar er vísindaleg skilgreining? Er það eitthvað sem er raunveruleikanum meira og því sem augu og eyra sjá og heyra?

Meginákvæði í íslensku stjórnarskránni um mannréttindi eru að stofni til allt frá lokum 18. aldar. Á þeim tíma datt engum í hug að setja þyrfti sérstök lög til verndar ófæddum börnum, svo sjálfsagt þótti það að lífsréttur þeirra væri tryggður. Í dag krefjumst við lagabókstafs til þess að geta ráðist inn í helgustu vé mannlegs lífs, móðurlífið. Þar sem áður var öruggasti og besti griðastaður mannlegs lífs er nú hættulegasti staðurinn. Þar gerast slysin hroðalegust og flest. Jafnvel hér á Íslandi fara þær slysatölur marghundraðfalt fram úr öllum öðrum slysatölum. Úrræði til verndar mannlegu lífi er að finna í almennum hegningarlögum þar sem lögð er refsing við þeirri háttsemi að verða öðrum að bana. Tortíming á mannlegu lífi af ásetningi varðar þyngri refsingu en önnur afbrot og afhafnaleysi, að gera ekkert til bjargar, getur einnig verið refsivert.

Í almennum hegningarlögum stendur skýrum stöfum að fósturástand sé byrjað þá þegar er frjóvgun á sér stað. Í ýmsum löndum er barni áskilinn eða geymdur réttur ef fósturástand er byrjað. Fóstrið hefur skilorðsbundinn erfðarétt. Fóstri, þ.e. barni í móðurlífi, er

geymdur réttur til bóta fyrir missi á framfæri þannig að barnið nýtur réttar frá getnaði. Hvers konar rugl er það réttarkerfi sem í einu orðinu afneitar barninu í móðurlífi og fellst á að með lögum sé hægt að tortíma því en í annan stað er því tryggður erfðaréttur, réttur til bóta allt frá getnaði?

Hverjar eru og verða afleiðingar fóstureyðinga? Hluti svarsins liggur í augum uppi. Þótt þarna sé um mjög flókið ferli að ræða, fyrst hið augljósa að mannsvísinum er fyrirmunað að vaxa, dafna og verða að manneskju. Og hitt einnig svo augljóst, þau langtímaáhrif sem þær geta haft og hafa á aðra þolendur verknaðarins, móður, föður, börn, fjölskylduna og samfélagið allt. Fóstureyðingar auka sjálfkrafa virðingarleysi gagnvart lífinu. Það fer ekki á milli mála og er vert að nefna í þessu samhengi t.d. Japan, þar sem u.þ.b. annað hvert barn í móðurlífi fær ekki að lifa, þar er ofbeldi gagnvart börnum í slíkum mæli og eykst stöðugt, að stjórnvöld standa ráðalaus, ráða ekki við neitt, alls ekki við neitt. Hið sama er að gerast í Kína þar sem jafnvel upp undir 80–90% barna í móðurlífi sjá aldrei dagsins ljós samkvæmt tilskipunum stjórnvalda og hrottalegum hegningaraðgerðum þar að lútandi.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku eru þekktir læknar og vísindamenn og í þeirra hópi Nóbelsverðlaunahafar sem telja að öll börn eigi að gangast undir ákveðið „test" eða rannsókn við fæðingu. Ef þær rannsóknir gefa ekki nægilega jákvæða útkomu eigi viðkomandi börn að deyja. Menn tala um þrjá til fimm daga eða jafnvel upp í heilan mánuð. Þannig gæti ég tínt fram fjölda dæma, en læt þetta nægja, að því viðbættu að virðingarleysi gagnvart börnum í móðurlífi hlýtur að leiða til virðingarleysis gagnvart lifandi fæddum börnum og svo ótal mörgu öðru í daglegri lífsframvindu.

Við á Íslandi erum heppin í fámenni okkar og smæð og þeirri viðleitni stjórnvalda og almennings að búa vel að mæðrum og börnum en sannarlega þurfum við að halda vöku okkar svo að ekki fari illa, einnig hjá okkur.

Næst hlýtur spurningin að vakna: Hefur sú staðreynd að um og yfir 700 Íslendingar fá ekki að sjá dagsins ljós hvert einasta ár, áhrif á afkomu okkar og eðlilega fólksaukningu? Árið 1950 töldu Evrópubandalagsríkin 8,8% af íbúum jarðar. Árið 2000 er reiknað með að talan verði komin niður í 4,5% og árið 2030 í 2,3%. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku fækkaði skólabörnum á áratugnum 1970–1980 um 6,5 milljónir og 9000 skólum var lokað. Árið 1982 var fæðingartíðnin komin niður í 1,68. Alþekkt eru vandamálin t.d. hjá Þjóðverjum og nágrönnum okkar Svíum. Öll ráð eru reynd til þess að uppörva fólk til barneigna vegna þess hættuástands sem fólksfækkun þessara landa og margra annarra dregur í kjölfar sitt. Til þess að viðhalda stofni þarf lágmarksendurnýjunarmörk sem talin eru vera á bilinu 2,1 til 2,3 lifandi fædd börn á konur á barneignaraldri til þess að halda óbreyttum íbúafjölda. Staðreyndin er sú að Norðurlöndin öll ásamt Vestur-Evrópu að Írlandi fráskildu eru samkvæmt þessu útfjarandi þjóðir.

Árið 1970 var talan hjá okkur 2,8 sem var glæsileg og um leið nauðsynleg til þess að við getum haldið utan um arfleifð okkar, menningu og hvert annað. Árið 1985 er talan komin niður í 1,9 og á því ári er spáð að innan örfárra ára yrðum við komin í töluna 1,7 sem eru auðvitað alvarleg hættumörk samkvæmt því sem áður segir. Nú hefur fæðingum fjölgað aðeins sem við að sjálfsögðu fögnum af margvíslegum ástæðum. Því miður tókst mér ekki að fá upplýsingar um hvar við stöndum nákvæmlega tölulega séð á þessari stundu.

Fóstureyðingar hafa langtímaáhrif í margvíslegri mynd. Fram hjá þeirri staðreynd getum við ekki skotið okkur og verðum að viðurkenna að það er hryggileg staðreynd meiri en það að nokkur orð nái yfir til þess að lýsa því að samfélag líðandi stundar skuli ekki sjá aðra lausn en þá að hindra og eyða mannlegu lífi vegna tímabundinna erfiðleika.

Mig langar svo í áframhaldi að fjalla um fleiri faghópa, þ.e. þeir aðrir faghópar í andstöðu við frv. mitt sem hafa sent inn til nefndar umsögn um frv. það til laga sem ég hef lagt fyrir hið háa Alþingi Íslendinga, eru konur. Þar kveður við allt annan tón en það sem ég hef áður vitnað í. Öll fagmennskan er fokin út í veður og vind, þó eilítið mismunandi eftir því hvaða kvennahópur á í hlut. Á frv. er ráðist með mikilli fyrirlitningu og fúkyrðum svo sem að allt í þessu frv. stangist á við raunveruleikann og alla almenna heilbrigða skynsemi. Það var svo sem ekki lítið sagt og svo stend ég hér og hef alltaf haldið að ég hefði talsverðan slatta af almennri heilbrigðri skynsemi og jafnvel fengið orð fyrir það.

Í einni umfjölluninni, sem að auki er óundirskrifuð, sem mér finnst nú afskaplega undarleg vinnubrögð, segir orðrétt: "Slíkt er fjarstæðukennt og ekki í samræmi við þjóðfélagsþróun síðustu 60 ára." — Og nú leyfi ég mér að spyrja og í raun svara: Hvað er það sem ekki samræmist „þjóðfélagsþróun síðustu 60 ára"? Sú skoðun mín að allt eigi að gera til þess að hjálpa konum sem telja sig hafa erfiðar félagslegar ástæður svo þær þurfi ekki að ganga undir aðgerðina fóstureyðing, og í annan stað, að kona sem á í andlegum og/eða líkamlegum erfiðleikum fái fóstureyðingu á þeim forsendum. Ég legg hvergi til í frv. mínu að banna eigi fóstureyðingar, það er hrein fjarstæða og vísvitandi rangtúlkun. Það sem ég legg áherslu á er að íslenskar konur eigi kröfu til þess í því allsnægtasamfélagi sem við búum í, að þeim sé hjálpað þegar þær eiga í erfiðleikum vegna þungunar. Að hvorki þær sjálfar þurfi að stíga sporið til fóstureyðingar né að aðrir geti þvingað þær vegna þess hvernig lögin eru. Varla getur það talist þjóðfélagsþróun til að hrópa húrra fyrir að konur séu þvingaðar með lögum í fóstureyðingar á tímum slíkrar velsældar sem aldrei hefur önnur eins þekkst á Íslandi.

Í sama plaggi, plagginu sem gleymdist að skrifa undir, er talað um vanmat, og þá að sjálfsögðu mitt vanmat, og fyrirlitningu á dómgreind og tilfinningu kvenna. Afskaplega stórt sagt en tæplega staðið við. Ekkert er fjær mér en fyrirlitning á konum eða dómgreind þeirra. Höfundur þessarar fullyrðingar gleymir að ástæðan fyrir baráttu minni konum og börnum til

handa í þessu sambandi og í þessu máli sem svo mörgum öðrum og í tengslum við þetta stafar af tuga ára starfi á þessum vettvangi og þekkingu minni á málinu. Því getur varla nokkur neitað að einhverja þekkingu hlýt ég að hafa eftir 40 ára reynslu í þessu starfi. Staðreyndin er sú að fóstureyðingalöggjöf er verk karla víðast úr heiminum, og ég bið konur að taka eftir því. Fóstureyðingarlöggjafir víðast hvar í heiminum, ef ekki alls staðar, eru verk karla, nema kannski á Íslandi. Og má ég benda á í leiðinni að gerð var könnun á Íslandi 1974 *sem sýndi að 26% konur sögðu já í sambandi við* það frv. sem þá lá frammi, en 34% karlar sögðu já, 61% kvenna sagði nei, 50% karla nei. Svo út af fyrir sig var það gott. Árið 1984 var niðurstaðan ósköp svipuð í þeirri könnun sem þá var gerð.

Nú er það svo að leiðir manna að settu og réttu marki eru margar. Verðum við ekki að ganga út frá því sem vísu að öll séum við að gera okkar besta, skjólstæðingum okkar til góðs? Órökstuddar fjarstæður eiga því ekki heima í umfjöllun um svo alvarlegt mál sem hér er til umræðu. Góður málstaður þarf ekki að slá *um sig með svo lágkúrulegum vopnum. Ég þekki mörg* tilfelli þar sem konur erum þvingaðar í fóstureyðingu vegna þess hvað leiðin er opin og leyfi mér aðeins að nefna lítið dæmi, það er reyndar sigurdæmi þó:

Kona hringir til mín, hún hefur búið með manni í tvö og hálft ár. Þegar hún segir honum glöð og hamingjusöm að þau eigi von á barni — hvernig bregst hann við? „Ef þú ferð ekki í fóstureyðingu er ég farinn.“ Og maðurinn fór.

Hver var maðurinn? Við búum í litlu samfélagi og því ætla ég ekki að nefna nafn hans, en segi ykkur eigi að síður að *hann er sonur einnar alríkustu fjölskyldu* þessa lands. En þetta var samt félagsleg ástæða. Einstæð móðir með barn. Opin leið til fóstureyðingar.

Og má ég aðeins nefna eina sögu í viðbót, annars eðlis af fjölda slíkum sem ég gæti sagt ykkur klukkutímum saman. Ungt par í sambúð, bæði búin með skóla, barn verður til, of snemmt finnst þeim. Ekkert mál að fá fóstureyðingu. Félagslegar ástæður. Fimm ár eru liðin, hún er 25 ára, hann er 27 ára gamall. Fullorðið fólk og var það reyndar líka fyrir fimm árum, að sjálfsögðu. Allt frá þeirri stundu er barnið hvarf úr *móðurlífi fyrir fimm árum hafa þessi hjón átt þá ósk* heitasta að eignast barn. Í dag eru líkurnar mjög litlar að þau geti eignast barn.

Auðvitað eru þetta mistök vegna þess að á Íslandi eru í framkvæmd frjálsar fóstureyðingar. Því er ekki hægt að neita. Það er aðeins sá munurinn að viðkomandi þarf að skrifa undir blað að hann óski eftir fóstureyðingu, það er það eina sem þarf.

Í annarri umsögn er talað um að hverfa aftur til fortíðar, þá er ég að tala um þær umsagnir sem bárust inn gegn frv. Talað um að hverfa aftur til fortíðar í læknisfræðilegum skilningi og að við *Íslendingar séum að* skilja okkur frá öllum siðmenntuðum þjóðum. — Takið vel eftir þessu, góðir hv. þm., skilja okkur frá öllum siðmenntuðum þjóðum ef sú stefna yrði tekin upp að ekki væri sjálfsagður hlutur að börn í móðurlífi, sem teldust gölluð yrðu látin deyja eða öllu heldur líf þeirra stytt þegar í móðurkviði svo þau fengju engan möguleika til lífs.

Það er nú svo að einum finnst gott og sjálfsagt það sem öðrum finnst hroðalegt. Ég er sannarlega í þeim hópi sem finnst það hroðalegt að við skulum taka okkur slíkt vald. Ég fer ekki dult með þá skoðun mína að ég tel að barn sem er e.t.v. eitthvað gallað eigi nákvæmlega sama rétt og við, nákvæmlega sama rétt, enda alls staðar í kringum okkur fólk, bæði hér heima og erlendis, sem er afburðafólk og fólk sem skarar *fram úr þrátt fyrir meðfædda fötlun.* Það er þörf fyrir það fólk og það er rúm, það er pláss fyrir það fólk. Hver erum við að nýta okkur krafta og heilsu sem okkur hlotnaðist til þess að hindra aðra í því að fá að nýta þá krafta sem þeim hlotnuðust þótt minni séu að okkar mati? Og hvert erum við komin á þroskabrautinni sem vogum okkur að tala um það sem siðmenntun og framför í læknisfræði að hindra líf í því að ganga sitt skeið til enda? Markmið læknisfræðinnar er að viðhalda lífi, hlúa að, lækna, breyta vanlíðan í vellíðan svo sem kostur er. Læknisfræði er að verja líf frá getnaði *til grafar, læknisfræði er ekki að taka líf.* Okkar allra er að hjálpa þeim foreldrum sem í þeim erfiðleikum standa að ala upp fötluð börn. Kerfið er of þungt og skilningsvana, því þarf að breyta og hugsunarhætti okkar sem er fjandsamlegur börnum í velmegunarbröltinu öllu. Enginn óskar neinum þess að eignast fatlað barn, en ef það gerist þá á félagslega samfélagshjálpin að sýna sína bestu hlið. Margt gott hefur áunnist en betur má ef duga skal.

Í annarri grg. er orðrétt sagt að „það sé að fótum troða grundvallarmannréttindi að fólk fái ekki að gera *sína eigin fjölskylduáætlun.*“ *Þarna er allt samhengi* sundurtætt. Að sjálfsögðu undirstrika ég sem flm. nefnds frv. sem hef, eins og áður hefur komið fram, mestan hluta ævi minnar unnið einmitt á einn eða annan veg í tengslum og beinlínis í þessum málum, nauðsyn fjölskylduáætlunar. Þarna er hreint hugsanabrengl eða kannski vísvitandi, ég veit það ekki, eitthvað sem hefur ekkert með málið sjálft að gera.

Í annan stað er í þessu samhengi talað um konu sem hefur verið nauðgað og sagt orðrétt að „því sé algjörlega hafnað að kona sem hefur verið nauðgað geti ekki *tekið ákvörðun um það sjálf hvort hún fái fóstureyð*ingu eða ekki.“ Þarna er aftur fjarstæða á ferð. Staðhæfing, sem svo margt annað, hreint út í hött. Í frv. mínu tek ég þennan skelfilega þátt alveg sérstaklega fyrir. Þessar konur eiga alla mína samúð og hafa alltaf átt. Ég tel það svo alvarlegt mál að engin spurning sé um hvernig það mál verður að leysa svo slíku þvaðri hlýt ég auðvitað að vísa til föðurhúsa. Hins ber að geta, fyrst komið er inn á þetta hroðalega mál, að allt frá árinu 1938, þegar heimild til fóstureyðinga af þessum sökum kom inn í íslensk lög, og allt fram til ársins 1975 liggur ekki *frammi ein einasta beiðni um fóst*ureyðingu af þessum ástæðum. Guði sé lof. Og svo virðist vera allt fram til ársins 1983. Ég hef reyndar aðeins upplýsingar fram að þeim tíma, ekki síðari upplýsingar. Hins vegar er víða litið svo á að þessi staða geti tæpast komið upp. T.d. var þannig litið á málið í

Nýja Sjálandi árið 1977 þegar endurskoðuð var löggjöf um fóstureyðingar þar. Í tölum um fóstureyðingar í Bandaríkjunum 1968 kemur fram að talin er vera hugsanleg ein fjölgun á móti 300 nauðgunum. Enn aðrar rannsóknir benda til að um eina nauðgunarþungun sé að ræða á 100 þús. þunganir. Eins hryllileg lífsreynsla eins og nauðgun er í sjálfu sér bendir margt til þess að sjálft líkamskerfið verji sig gegn frjóvgun.

Samnefnari þess sem ég hef nú tínt til úr umsögnum þriggja stéttarfélaga kvenna er sú staðreynd að lögð er megináhersla á ekki faglegt mat heldur að ég í frv. mínu leggi fram hugmyndir sem samræmist ekki þróun fóstureyðingarlöggjafar í nágrannalöndum, sé afturför á þróun læknavísinda og að allt frv. stangist á við raunveruleikann og alla almenna skynsemi, svo ég vitni nú aftur orðrétt í þessa setningu. Spurningin snýst að sjálfsögðu ekki um það hvort einhverjir aðrir gera alvarlegar skyssur og mistök og að nauðsynlegt sé að taka það til fyrirmyndar né getur það talist afturför í þróun læknavísinda og að leggja áherslu á að læknavísindin hindri ekki framgang lífs. Vísindi sem í dýpt sinni byggja á þeim grunni að bjarga lífi. Og þær fjarstæðukenndu fullyrðingar að óskir um að börn í móðurlífi njóti þeirra mannréttinda að fá að lifa stangist á við raunveruleikann og almenna heilbrigða skynsemi dæma sig að sjálfsögðu úr leik. Því er augljóst að í slíkum fullyrðingum er enga almenna skynsemi að finna, svo ég vitni aftur í orð úr áður nefndu óundirskrifuðu plaggi. Hins vegar er auðvitað sárt til þess að vita að enn skuli vera til konur sem telja sig vera að berjast fyrir kvenréttindum með því að krefjast frjálsra fóstureyðinga. Þetta er hrikaleg blekking því frjálsar fóstureyðingar eru fjötrar á konur, hreinlega hlekkir á konur.

Þegar ég því leyfi mér að fara þess á leit að hv. Alþingi Íslendinga endurskoði lögin um fóstureyðingar frá árinu 1975 þá er ég ekki aðeins að reyna að bjarga lífi 700 Íslendinga ár hvert, eða fremur til að lækka þá tölu mikillega, heldur einnig að bjarga jafnmörgum konum frá þeim vandamálum sem fylgja í kjölfarið fyrir allflestar þeirra. Ég er sannarlega ekki að setja stein í götu í frelsisbaráttu kvenna, síður en svo og að sjálfsögðu alls ekki og það vita allar konur, heldur hið gagnstæða. Þótt því miður virðist vera að sumar konur skilji það ekki. En ég trúi því að sá tími muni koma innan tíðar að þær skilji. Ég er ekki óvön því í gegnum mitt starf að sumt af því sem ég er að tala um og hef gild rök fyrir hafi ekki verið skilið í fyrstunni. En ég stend hér og hef upplifað það, sem kannski ekki svo margir aðrir hafa upplifað, að fólk hefur skilið og viðurkennt. Og ég vona að það komi líka að því með þetta þó það verði kannski ekki fyrr en eftir minn dag þótt ég voni að sjálfsögðu að það verði miklu fyrr.

Hins vegar viðurkenni ég það mjög fúslega að mér er fyrirmunað að sætta mig við að konur geti beitt sér vísvitandi fyrir því að hindra framvindu lífs í móðurlífi nema mikla nauðsyn beri til. Slík afstaða er hættuleg þeim fjölmörgu ungu konum sem fyrr og síðar eiga eftir að spyrja sig spurningarinnar: Á ég að notfæra mér frjálsræði fóstureyðingarlöggjafarinnar?

Virðulegi forseti. Í frv. mínu til laga er ítarlega fjallað um hvernig heppilegt sé að standa að fræðslu um þetta veigamikla mál þar sem allir hugsanlegir möguleikar eru teknir með. Einnig fjalla ég um aðstoð við foreldra, fjalla um ýmsa valkosti og fleira og fleira, að ógleymdu því að fóstureyðing sé að sjálfsögðu heimil ef heilsu konunnar andlega eða líkamlega sé hætta búin. Það er sannarlega ekki verið að loka á fóstureyðingar, alls ekki. Það er verið að höfða til raunveruleikans og að fóstureyðing sé neyðarúrræði og eigi ekki að framkvæmast nema sem slík. Að fóstureyðingar á Íslandi hafi ekki náð þeim hæðum tölulega séð sem sums staðar annars staðar er ekki íslenskri fóstureyðingarlöggjöf að þakka nema þá að því leyti að löggjöfin miðar við ákveðinn vikufjölda. Samkvæmt mínum skilningi á upplýsingum landlæknisembættisins hefur afar fáum konum verið synjað um fóstureyðingu. Þær synjanir sem liggja fyrir hafa orðið til vegna þess að viðkomandi kona er gengin of langt með sitt barn. Skýringanna á því að fóstureyðingartölur á Íslandi ná ekki hærri hæðum en raun ber vitni, þótt nóg sé, er án nokkurs vafa að finna í gömlum gildum og þjóðfélagsgjörð okkar og viðhorfum. Það er ekki ýkja langt síðan að formæður okkar eignuðust átta, tíu, tólf börn og jafnvel enn fleiri. Þrátt fyrir fátækt og örbirgð sem margt nútímafólk skilur alls ekki kom fáum konum til hugar að finna leið til þess að útrýma þessu lífi. Konur tókust á við vandann með ótrúlegri reisn og miklum sóma þrátt fyrir bágar ástæður og mikla fátækt oft á tíðum. Það skýtur því skökku við á tímum upplýsingamiðlunar, þekkingar og getnaðarvarna í margvíslegum stærðum, gerðum og tegundum auk eðlilegra hluta sem gerast í líkamskerfi konunnar sjálfrar að þá rjúki upp hópur fólks til handa og fóta og krefjist þess að það þurfi ekki að bera ábyrgð gerða sinna heldur sé sjálfsögð skylda lögvaldsins að heimila með lögum að það hafi löglegan rétt til að hlaupast frá sjálfsögðum skyldum sínum og fái löglegt leyfi til þar með, eins og áður segir, að seilast inn í helgustu vé mannlegs lífs til að fjarlægja afleiðingar gerða sinna með valdbeitingu lögvalds.

Sú gerð sem hér um ræðir er ekki aðeins að fjarlægja vísi að manneskju heldur í flestum tilfellum er gerðin sýnileg manneskja þegar aðgerðin fer fram. Til réttlætingar slíkri lögleysu hefur síðustu ár verið gripið til varnaðarorða eins og þeirra að þetta sé líkami konunnar, að hún ein ráði yfir sínum eigin líkama og þetta sé hungraður heimur sem við lifum í og ekki við bætandi fleiri börnum. Nú er þessum fjarstæðum komið fyrir í annars konar orðatiltækjum svo sem: að konum hafi verið treyst til þess frá náttúrunnar hendi að ganga með börn og verða mæður og þeim sé því treystandi til þess að ákveða hvenær þær vilja eignast börn. Það gleymist að hér er verið að tala um þungun sem þegar er komin á veg. Sannarlega er ég sammála því að konum hefur verið falið þetta stórkostlega og mesta hlutverk allra hutverka að ganga með og ala börn en ég hef hvergi séð að þær hafi fengið nein sérstök réttindi fremur en aðrir til þess að ákveða hverjir eiga að lifa og hverjir eiga að deyja.

Það er sannarlega rétt, eins og ég undirstrika, að konur ráða yfir sínum eigin líkama og gera það í flestum tilfellum í þeim hluta heims sem við búum í guði sé lof. En það er því miður ekki hægt að segja um allar konur. Það er einnig rétt að víða er hungur og örbirgð, já hroðaleg, en það kemur þessu máli ekkert við hér heima á Íslandi þar sem við búum í allsnægtum, auk þess sem hungrið í heiminum er pólitískt verk manna sem sjá ekki fram fyrir nef sitt í framapoti blindunnar. Hver einasta manneskja á þessari jarðarkúlu getur haft nóg í sig og á. Um það eru óyggjandi tölur og sannanir sem ekki er tími til að fara út í nánar hér.

Þessu til viðbótar er ástæða til að benda á að ef kona, af einhverjum ástæðum, telur sig ekki geta eða vilja ala sitt barn og framfleyta því er fjöldi útréttra elskandi handa einnig hér á Íslandi sem eru tilbúnar til að umvefja þetta varnarlausa líf þessum elskandi höndum og sjá því farborða svo sem kostur er. Gæti það hugsast að það væri skortur á kærleik en ekki vöntun á nauðsynjum sem ætti sök á fóstureyðingarslysunum fremur en nokkuð annað? Er það ekki frumboðorðið, sem líf byggist á, að við elskum hvert annað? Og ég spyr: er elska í slíkum lögum sem eru varin á Íslandi og víða annars staðar?

Virðulegi forseti. Ég tók mér það leyfi að fjalla um efnið að þessu sinni út frá áðurnefndum forsendum. Þegar ég fylgdi frv. mínu úr hlaði í upphafi þings sl. haust tók ég fyrir ákveðna þætti þess og reyndi eftir bestu getu að útskýra forsendur þess til viðbótar því sem sjálft frv. gerir. Ég dró ekki dul á þá staðreynd að konur sem hugleiða fóstureyðingu, konur sem fara í fóstureyðingu, njóta alls ekki þeirrar stuðningsþjónustu sem þeim er nauðsyn á slíkri örlagastund. Ég dró heldur ekki dul á það að fjöldi kvenna fer í fóstureyðingu á röngum forsendum, einmitt vegna skorts á stuðningi. Stuðninginn vantar á erfiðri örlagastund. Þessu vil ég breyta með hjálp hins háa Alþingis. Ég tel mjög brýna nauðsyn til að öllum, ungum sem öldnum, sé gerð grein fyrir því hvað lífið er í raun. Það er ekki eitthvað sem má leika sér með heldur að skylda hvers og eins sé að fara um það höndum ábyrgðar þar sem virðing fyrir því helgasta sem lífið gefur sé í fyrirrúmi. Ef þessa er gætt og það dregið fram í uppeldishlutverkum heimila og skóla, eins og ég hef áður sagt, er það og verður getnaðarvörnin hin allra besta til viðbótar þeirri sjálfsögðu fræðslu sem frv., sem hér er til umræðu, leggur megináherslu á að verði að veruleika í skólakerfi landsins.

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi í upphafi máls míns er ég þakklát meiri hl. heilbr.- og trn. að málið komst úr nefnd þannig að það fengi virðulega umfjöllun á hinu háa Alþingi.

Mörg eru þau mál sem um er fjallað hér sem eru mjög virðingarverð og nauðsyn, bráð nauðsyn. Og ég tel og dreg ekki af að þetta sé eitt af stóru málunum. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða við þetta tækifæri að láta í ljós hryggð yfir þeirri staðreynd að hafa ekki fengið tækifæri né tíma til að kanna hug og afstöðu hv. þm. í efri og neðri deild Alþingis. Það mál sem hér um ræðir er ekki dægur- eða geðþóttamál. Þetta er mál sem fjallar um mörg hundruð Íslendinga ár hvert. Á meðan við almennt eyðum dýrmætum tíma, stundum í dægurþras, bæði úti í samfélaginu og því miður e.t.v. eðlilega einnig hér á hinu háa Alþingi, vinnst ekki tími til að sinna þessu máli á þann veg sem ég hefði helst kosið. Málinu verður nú vísað til hæstv. ríkisstjórnar. Ég uni því sem áfanga á brautinni til sigurs ófæddum börnum og mæðrum þeirra til handa. Ég treysti því að hæstv. ríkisstjórn hins íslenska lýðveldis skipi nefnd til að endurskoða og fara óvilhalt yfir þau atriði sem skipta sköpum. Að hún beri gæfu til að fara um þetta mál höndum og huga visku og innsæis.

Að lokum leyfi ég mér að minna á fleyg orð eins mesta stjórnmálamanns allra tíma: Umhyggja fyrir mannlegu lífi gagnstætt eyðingu þess er æðsta markmið góðrar ríkisstjórnar.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Afnám margsköttunar á iðgjaldi til lífeyrissjóða (371. mál) 4065.
Almannatryggingar (379. mál, fæðingarorlofsgreiðslur) 3971, 4131.
Alþjóðasamþykkt um varnir gegn efnum sem valda krabbameini (396. mál) 4000.
Alþjóðasamþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu (397. mál) 4003.
Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1990 (384. mál) 3882.
Alþjóðaþingmannasambandið (165. mál) 3860.
Áhættulánasjóðir og tæknigarðar (367. mál) 3859.
Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins (376. mál) 3859.
Byggðastofnun (420. mál, byggðaáætlun o.fl.) 4068.
Drengskaparheit unnið 3857.
Efnahagsaðgerðir (421. mál, hlutafjárdeild við Byggðastofnun) 4103.
Eftirlit með matvælum (254. mál) 3978, 4131.
Evrópuráðið (383. mál) 3874.
Félagsþjónusta sveitarfélaga (326. mál) 3636.
Fóstureyðingar (77. mál, heimildir, tímamörk o.fl.) 4132.
Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna (393. mál) 3888, 3989.
Framleiðsla vetnis (134. mál) 3859.
Fæðingarorlof (373. mál, tilfærsla í starfi) 3969, 4131.
Gjaldþrotaskipti (97. mál, heildarlög) 3636.
Greiðslujöfnun fasteignaveðlána (405. mál, breyting á raunvöxtum) 3959, 4105.
Grunnskóli (174. mál, heildarlög) 3926, 4106.
Heimilisiðnaðarráðgjafar (88. mál) 3859.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (382. mál, umhverfismengun) 3981, 4132.
Húsnæðisstofnun ríkisins (385. mál, húsnæðismálastjórn, umdæmisstjórnir o.fl.) 3893.
Húsnæðisstofnun ríkisins (406. mál, lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins) 3953, 4105.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (69. mál) 3921, 3933, 3961.
Kirkjugarðsgjöld og útfararþjónusta (366. mál) 3986.
Kosningar til Alþingis (338. mál, kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.) 3909.
Langtímaáætlun í vegagerð (408. mál) 4006.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (277. mál) 3912, 3925, 3961.
Listamannalaun (139. mál, heildarlög) 3909, 3961.
Lyfjalög (253. mál, fæðubótaefni) 3978, 4131.
Málefni aldraðra (227. mál, hlutverk Framkvæmdasjóðs) 3909.
Málefni geðsjúkra (365. mál) 3982.
Meðferð opinberra mála (98. mál, heildarlög) 3942, 3961.
Meðferð opinberra mála (318. mál, yfirheyrslur yfir börnum) 3912.
Rannsókn kjörbréfs 3857.
Ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum rafhlaðna (381. mál) 3979, 4131.
Rækjumjölsverksmiðja á Ísafirði (368. mál) 3859.
Umræður utan dagskrár 3867 (meðferð trúnaðarskjala um málefni Seyðisfjarðar).
Varamenn taka þingsæti 3858.
Vegáætlun 1991–1994 (398. mál) 4020.
Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA (356. mál) 3864, 3871.
Þroskaþjálfaskóli Íslands (152. mál) 3893.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 3857, 3858, 3867, 4015, 4016, 4018.
Forseti Ed. Jón Helgason 4105.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 3912.
Forseti Nd. Geir H. Haarde 3921, 3929.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 3942, 3952, 3987.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 3882, 3888, 3896, 3902, 3907, 3921, 3940, 3953, 3959, 3983, 3986, 3998, 4000, 4003.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 3868, 3870.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 4006, 4016, 4018, 4020, 4055.
Menntmrh. Svavar Gestsson 4126.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4068, 4099, 4103.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 3914, 3926.
Alexander Stefánsson 4029, 4053, 4054.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 3868, 3939, 3950, 4068, 4132.
Árni Gunnarsson 3859, 4123.
Ásgeir Hannes Eiríksson 3978.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 3893, 3991, 4090.
Eggert Haukdal 3912, 3921, 3925.
Eiður Guðnason 4043, 4054, 4074.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4080, 4098, 4102.
Friðjón Þórðarson 3951, 4046.
Geir H. Haarde 3860, 3912, 3986, 3988.
Guðmundur H. Garðarsson 3896, 3900, 3904, 4065, 4105.
Guðný Guðbjörnsdóttir 4117.
Guðrún Helgadóttir 3966.
Halldór Blöndal 4016, 4017, 4018, 4019, 4034, 4062.
Hulda Jensdóttir 4132, 4134.
Jóhann Einvarðsson 3894.
Jón Helgason 4074.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 3857, 3871.
Karl Steinar Guðnason 3899, 3906, 3982, 3985, 4077, 4095, 4102.
Karvel Pálmason 3898.
Kristinn Pétursson 3867, 3869, 4049.
Kristín Einarsdóttir 3910, 3911, 3928, 3933, 3969, 3979, 3981.
Matthías Á. Mathiesen 3864.
Málmfríður Sigurðardóttir 3937, 4028.
Ólafur Kristjánsson 4041.
Ólafur Þ. Þórðarson 3910, 3919, 4018, 4038.
Pálmi Jónsson 4024, 4120, 4125.
Ragnar Arnalds 3910, 3927, 3929, 3963, 3967.
Ragnhildur Helgadóttir 3874, 3911, 3926, 3927, 3961, 3965.
Salome Þorkelsdóttir 4096, 4101.
Skúli Alexandersson 3870, 4084, 4100, 4104.
Sólveig Pétursdóttir 3971, 4106.
Stefán Guðmundsson 4092.
Stefán Valgeirsson 3869, 3918, 3989, 4052.

EFRI DEILD

64. fundur, mánudaginn 4. mars, kl. 1 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, frh. 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting á raunvöxtum). — Þskj. 727.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, 2. umr.

Frv. sjútvrh., 370. mál. — Þskj. 650, n. 725, 763 og 769, brtt. 726, 753, 754, 755, 770.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 770. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum sem er á þskj. 725. Því miður varð ekki fullkomin samstaða í hv. nefnd um afgreiðslu þessa máls og liggja hér fyrir allmörg nefndarálit. Meiri hl. nefndarinnar skipa Stefán Guðmundsson, Halldór Blöndal, Jóhann Einvarðsson og Guðmundur H. Garðarsson. Í nefndarálitinu segir svo:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. Til fundar við nefndina komu Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Jón B. Jónasson og Kristján Skarphéðinsson frá sjútvrn., Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, Hólmgeir Jónsson og Guðmundur Hallvarðsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson og Helgi Laxdal frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félmrn., Sæmundur Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Íslenskra sjávarafurða hf., Friðrik Pálsson, forstjóri SH, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson og Jón Ólafsson frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Guðmundur Kristjánsson, formaður Félags útgerðarmanna á Snæfellsnesi, Sturla Böðvarsson, formaður Hafnasambands sveitarfélaga, Sverrir Hermannsson bankastjóri, Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda, Þorsteinn Gíslason og Jón Reynir Magnússon frá Síldarverksmiðjum ríkisins. Margir þeirra sem komu til viðræðna við nefndina lögðu fram skrifleg gögn en auk þess bárust umsagnir frá bæjarstjórnum Eskifjarðar, Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar og hreppsnefndum Þórshafnar- og Raufarhafnarhrepps.

Fjölmargir fyrrgreindra aðila hafa lýst yfir stuðningi við frv. enda þótt ljóst sé að með þeim aðgerðum, sem lagðar eru til, verður ekki allur vandi vegna aflabrests í loðnuveiðum leystur. Nefndin náði ekki samkomulagi um afgreiðslu frv. og skilar minni hl. hennar sérálíti.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem eru eingöngu til leiðréttingar. Er gerð tillaga um þær á sérstöku þingskjali.“ En það er þskj. 726 og er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða og lagfæringu.

Af lestri mínum má sjá að nefndin tók til starfa og ég vona að hún hafi reynt að vinna þetta verk af samviskusemi. Margir voru kallaðir fyrir nefndina sem vissulega áttu hagsmuna að gæta og við lögðum nokkra vinnu í að komast í gegnum þetta mál. En eins og ég sagði í upphafi voru mér það vonbrigði að við skyldum ekki geta náð samkomulagi í þessu máli. Hér er auðvitað um gífurlega mikið mál að ræða og þarf vissulega að taka á þessum málum. Ég trúi því að að því sé nú unnið á ýmsum stöðum, ekki bara í sjútvrn. heldur víða annars staðar. Það er áhyggjuefni þegar svona hlutir gerast og þarf örugglega að taka rösklega til hendi. Það er umhugsunarefni hvernig við getum náð þeirri arðsemi og hagkvæmni sem þarf að ná í þessari atvinnugrein þar sem við erum með 44 loðnuskip og 21 verksmiðju. Þessar verksmiðjur eru reknar af 16 fyrirtækjum á 16 stöðum á landinu. Það eru sem sagt 44 skip á móti 21 verksmiðju. Það hlýtur hverjum sjáandi manni að vera ljóst að sú arðsemi sem þarf að nást í þessari atvinnugrein næst ekki með þessu móti.

Hér fóru fram allítarlegar umræður þegar hæstv. ráðherra kynnti þær hugmyndir að Hagræðingarsjóður verði notaður til þess að bæta það tjón sem þarna verður. Vissulega er það ekki nema að litlum hluta. Það er gert til þess að forðast að þurfa að fara í flatan niðurskurð á fiskveiðiflotanum. Til þess að þurfa ekki að taka úthlutaðar aflaheimildir sem hann hefur þegar í dag er brugðið á það ráð að nota þær aflaheimildir sem Hagræðingarsjóðurinn hefur, um 8 þús. tonn, og svo einnig hitt að auka veiðar á rækju sem að mati fiskifræðinga er óhætt að gera. Ástand úthafsrækjustofnsins er gott og þeir töldu þess vegna að óhætt væri að veiða þar þau 5 þús. tonn til viðbótar sem ráð er gert

fyrir hér. Það eru sem sagt nálægt því 14 þús. þorskígildistonn sem þarna eru færð til loðnuskipanna.

Vissulega verður að grípa til margra annarra aðgerða ef ekki rætist úr loðnuveiðunum. Það er öllum ljóst. Hér er aðeins tekið á vanda þeim varðandi heimildir til að ráðstafa úr Hagræðingarsjóði eins og ég hef getið um áður. Það þarf að taka á vanda verkafólks sem missir atvinnu vegna þessa aflabrests og ég trúi því að Síldarverksmiðjur ríkisins athugi það mál af mikilli kostgæfni hvernig megi koma til móts við það ágæta fólk sem um áraraðir hefur starfað hjá þeim. Ég vil benda á að örugglega er það allvíða og sjálfsagt í flestöllum verksmiðjunum sem væri mjög skynsamlegt að taka svolítið til hendi með margvísleg viðhaldsverkefni sem ekki hafa verið framkvæmd árum saman og gætu þannig skapað mörgum manninum úr verksmiðjunum atvinnu sem annars mundi missa hana. Einnig þarf að íhuga vanda viðkomandi staða. Ég veit að að þessum málum er mjög unnið í dag. Við heyrðum það hjá þeim aðilum sem kallaðir voru fyrir okkur. Bæði var um skuldbreytingar og annað að ræða, lengingu lána. Það vitum við að er í gangi.

Það er margt annað sem mér finnst koma til greina og ég gat um og vil aðeins nefna hér. Mér finnst mjög koma til greina að beita þessum ágæta skipakosti sem loðnuskipin eru. Þetta eru mjög góð og fullkomin skip með hinum hæfustu sjómönnum. Mér fyndist að það ætti mjög að skoða það að beita þeim nú í tilraunaveiðar, t.d. á kolmunna, styrkja þau til þeirra veiða. Og einnig og ekki síður, sem ég hefði áhuga fyrir að væri gert, að sett væri nokkurt fjármagn í það að styrkja a.m.k. tvö góð loðnuskip til tilraunaveiða á rækju við Svalbarða. Ég held að það væri mjög merkileg tilraun að gera slíkt og það mundi skila okkur miklum fróðleik og ég er sannfærður um að það mundi skila okkur hagnaði að auki.

Við vitum að það er margoft á ári sem loðnuverksmiðjurnar eru að kaupa heilu farmana af rækju sem veidd er við Svalbarða af erlendum veiðiþjóðum. Því hef ég oft velt því fyrir mér, hvernig það má vera að við skulum ekki í auknum mæli hafa stutt þessi skip til þess að stunda slíkar tilraunaveiðar, t.d. við Svalbarða? Ég er nærri sannfærður um að hægt væri að ná mjög skynsamlegum og góðum samningum við íslenska útgerðaraðila um það að fara út í slíka veiði.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að eyða lengri tíma í þessa framsögu en ég fagna því auðvitað, vegna þess að það er ekkert mjög langt síðan við fjölluðum um fiskveiðistjórnunina, þegar lögunum var breytt, að menn töluðu í ýmsum tóntegundum um þennan sjóð, Hagræðingarsjóð, og ekki alltaf í vinsamlegum tón. Því er það mér gleðiefni, sem talaði fyrir þessum sjóði og hef talað heldur hlýlega til hans og talið að hann væri af hinni bestu gerð og mætti nota hann til margra góðra hluta. Það var eins og menn, sem töluðu gegn þessum sjóði, meira að segja hagsmunaaðilarnir sjálfir, vöknuðu af vondum draum þegar aflabrestur varð í loðnuveiðum og áttuðu sig þá á því að þessi Hagræðingarsjóður var til og sjálfsagt væri að nota hann til þess að jafna þessa miklu sveiflu. (**EgJ:** Hann bjargar ekki fiskunum í sjónum við það.) Nei, hann bjargar ekki fiskunum í sjónum, það er rétt. Enda eru þeir nú að mestu veiddir. (**EgJ:** Það fjölgar þeim.) En það má nota Hagræðingarsjóð, hv. þm., til margra góðra hluta alveg eins og menn hafa gert með ýmsa sjóði sem þessi ágæti þingmaður þekkir í landbúnaðinum. Hann er nýkjörinn stjórnarmaður Búnaðarfélags Íslands. Þar hafa ýmsir sjóðir verið stofnaðir sem hafa verið notaðir og komið að góðum notum fyrir landbúnaðinn. En við eigum eftir að ræða það mál alveg sérstaklega.

Ég vil einnig segja að ég held að þetta sé gott mál. Að vísu hefði maður viljað sjá aðeins öðruvísi útfærslur á þessu. Mér er það ekkert launungarmál en ég geri ekki athugasemdir við það. En þetta sýnir okkur að við höfum verið á réttri leið með fiskveiðistjórnun og þau lög sem gengu þá í gildi. Margt er einmitt að sanna sig þessa dagana með samruna fyrirtækja og mikilli hagræðingu. Mér var það mikið gleðiefni þegar ég las það í blöðunum og hef haft fréttir af því núna allra síðustu daga, hve mikið er raunverulega að gerast á því sviði. Menn eru að sameina fyrirtæki og hagræða alveg gífurlega í þessari atvinnugrein. Ég heyrði það í fréttum og las um það í blöðum og hef átt viðræður um það við menn, t.d. um þær miklu aðgerðir sem eru í gangi í kjördæmi hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar. Það er mikið gleðiefni hvað fiskveiðistjórnun er tekið af mikilli skynsemi af þeim mönnum sem búa á Vesturlandi. Þeir nota fiskveiðistjórnun til þess að hagræða hjá sér og skipuleggja í atvinnugreinum. Það er einn þátturinn af fiskveiðistefnunni að ná fram þeirri hagkvæmni sem við þurfum að hafa til þess að ná nógu mikilli arðsemi út úr þessari atvinnugrein þannig að við getum keppt við þær erlendu þjóðir sem nú sækja svo mjög í þetta hráefni okkar. Þannig getum við stuðlað að því að þessi þjóð verði ekki bara veiðiþjóð í sínu landi heldur einnig og ekki síður fiskvinnsluþjóð.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Það var af mikilli hógværð sem frsm. nál. meiri hl. sjútvn., hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson, sagði að ekki hefði náðst fullkomin samstaða í sjútvn. Það er nú varla hægt að kalla að það sé neitt nálægt því að vera samstaða þegar nefndin skiptist í þrjá hópa og formanninum tókst aðeins að ná meiri hluta með því að fá tvo stjórnarandstæðinga til að standa að nál. með sér. En lítillæti hv. þm. Stefáns Guðmundssonar er mikið enda bar ræða hans öll vott um það að hann væri harla ánægður með þá stöðu sem nú væri í stjórn fiskveiða og stöðu þess málaflokks yfirleitt. Hann nefndi ýmis dæmi um hvað ýmsir hlutir væru að gerast á hinn betri veg, t.d. að í Vesturlandi væru menn að átta sig á því að þeir ættu að taka mið af því hvernig fiskveiðum væri stjórnað og það væru þeir að gera, að mér skildist, og ég trúi að það hafi verið sameining fyrirtækja á Akranesi fyrir nokkrum dögum. Ekki ætla ég að blanda mér í það að meta hvort það hafi verið þróun á hinn betri veg eða á hinn síðri. En ég horfi til Norðurl. v. með sameiningu fyr-

irtækja og hefðu þeir átt að átta sig á því áður en Þormóður rammi var seldur að það hefði kannski átt að sameina Fiskiðju Sauðárkróks og Þormóð ramma til þess að sameiningin og möguleikar þeirrar fiskveiðistefnu sem við búum við hefðu getað nýst til fulls í kjördæmi hv. þm. En því miður er nú líkast til gengin tíð að hægt sé að sameina nokkurt fyrirtæki við Þormóð ramma vegna þess að þar hafa eignarskipti orðið á þann veg að það munu vera Siglfirðingar fyrst og fremst sem standa að því en kannski hefði verið möguleiki áður en eignabreytingin var gerð, ríkið seldi sinn hlut, að sameina fyrirtækin Fiskiðju Sauðárkróks og flytja allt til Siglufjarðar sem er mikið nær miðunum en Sauðárkrókur og hefði orðið af því heilmikil hagræðing.

En þetta er ekki það mál sem við ætlum að fjalla um hér. Við vorum búin að lofa því að vera ekki með langar ræður á þessum fundi og höfum takmarkaðan tíma til að skila þessu máli héðan úr deildinni. Við sem myndum 1. minni hl. nefndarinnar, ég og hv. þm. Karvel Pálmason, höfum lagt fram nál. og brtt. Ég ætla að leyfa mér að lesa nál. okkar, kannski með nokkrum athugasemdum.

„Fyrsti minni hl. nefndarinnar telur að eftirtalin atriði mæli gegn því að frv. þetta verði samþykkt:

1. Engin efni standa til þess að úthluta bolfisksaflaheimildum til annarra skipa en þeirra sem hafa aflað sér þeirra með reynslu. Það er fráleitt að ætla að leysa núverandi vanda loðnuskipa með því að úthluta þeim aflaheimildum úr öðrum fiskstofnum, þorski eða öðrum bolfiski. Gegn þeirri aðgerð mælir og að aflamark af þorski hefur verið skert um tæp 24% frá árinu 1987 og við blasir enn stórkostlegri skerðing, jafnvel 40–50%, á næsta og næstu fiskveiðiárum."

Ég vil taka það fram og undirstrika að þegar við segjum að ekki sé rétt að úthluta aflakvóta til skipa öðruvísi en það byggist á reynslu, að aðalatriðið í úthlutun á aflakvóta miðað við það kerfi sem við búum við, þá fiskveiðistjórn sem við búum við, byggist einmitt á því. Hér er verið að brjóta hefð sem hefur verið í gildi undanfarin ár.

„Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um aflahorfur 1991 segir á bls. 11, þar sem fjallað er um þorskinn:

„Ef veidd verða 350 þús. tonn árin 1991 og 1992 mun veiðistofninn minnka úr 850 þús. tonnum í ársbyrjun 1991 í 630 þús. tonn í ársbyrjun 1993 og hrygningarstofn um 140 þús. tonn. Veiðidánarstuðlar munu fara hækkandi og árgangar endast illa, enda afli 40–50% af stofnstærð. Verði aflinn takmarkaður við 300 þús. tonn mun veiðistofn minnka um 100 þús. tonn og hrygningarstofn um 70 þús. tonn. Við 250 þús. tonna afla á ári mun veiðistofn og hrygningarstofn nánast standa í stað næstu tvö árin. Fjórði kosturinn, 200 þús. tonna afli á ári, yrði til þess að veiðistofn og hrygningarstofn stækkuðu allnokkuð næstu árin. Veiðidánarstuðlar yrðu verulega lægri."

Við þessar aðstæður sem lýst er í skýrslu Hafrannsóknastofnunar er verið að leggja til hér á hv. Alþingi að tekin séu um 8 þús. tonn af stofnstærð bolfisksveiðikvótans og hann færður til loðnuflotans. Þetta eru rangindi sem við teljum að standist ekki. Vandamál þorskveiðiflotans eru ekki minni en loðnuflotans, það blasir við framtíðarvandi hjá þorskveiðiflotanum sem við vonum að sé ekki hjá loðnuskipunum.

„Vandi útgerða, sem stunda þorskveiðar, er því nægur fyrir og á þann vanda er ekki bætandi, hvorki í dag eða á næstu missirum, með því að færa núverandi eða væntanlegar aflaheimildir þeirra til óskyldra útgerða. Þar breytir engu um hvort þeim aflaheimildum verður ráðstafað skv. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða eða samkvæmt þeirri aðferð sem lögð er til með þessu frv., þ.e. að taka svokallaðar aflaheimildir Hagræðingarsjóðs og úthluta þeim í þessum tilgangi. Í báðum tilfellum væri verið að taka væntanlegan afla frá bolfiskveiðiskipum með „flötum niðurskurði" og færa hann til loðnuskipanna."

Hv. þm. Stefán Guðmundsson og hæstv. sjútvrh. halda því fram að með því að taka þann kvóta sem ætlaður er Hagræðingarsjóði sé ekki verið að taka hann frá öllum skipunum. Það er alveg ótrúlegt að jafngáfaðir menn, eins og hefur oft verið sagt hér í hv. Alþingi að þessir menn séu, og þó sérstaklega hæstv. sjútvrh., skuli halda þessu fram stöðugt í ræðum sínum og Stefán Guðmundsson endurtók það enn. Ef tekið er ákveðið magn, það skiptir ekki máli hvort það er gert með svokölluðum flötum niðurskurði eins og þeir hafa talað um í 9. gr. eða hvort það er tekið á þann máta sem hér er lagt til, þá hverfur nákvæmlega sama magnið úr þorskveiðistofninum og veiðiheimildirnar minnka hjá þorskveiðiskipunum alveg á sama máta.

„2. Takmörkun loðnuveiði í ár hefur valdið erfiðleikum í útgerð loðnuveiðiskipa. Erfiðleikar eru líka hjá sjómönnum á loðnuskipunum og verkafólki, sveitarfélögum, loðnuverksmiðjum, hafnarsjóðum, netaverkstæðum, verslunum og ýmsum þjónustustofnunum í byggðunum þar sem loðna hefur verið tekin til vinnslu."

Ég vil undirstrika að mjög óljósar upplýsingar liggja fyrir um hvernig á að leysa vanda þessara aðila sem ég hef verið að nefna, annarra en útgerða loðnuskipa, og sumir eru alls ekki nefndir á nafn, t.d. hafnarsjóðir, í umfjöllun stjórnvalda. Ef bæta á áfall eins og aflabrest með samfélagslegri aðgerð, eins og lagt er til með þessu frv., er óeðlilegt og ranglátt að taka þar aðeins einn þátt og bæta þar skaða en skilja aðra eftir án kvóta, jafnvel þótt tjón þeirra sé enn meira.

Það var svolítið merkilegt að heyra í ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að hann nefndi hér Síldarverksmiðjur ríkisins, að þær þyrftu nú að taka sig til og bæta stöðu þess verkafólks sem atvinnuleysi blasir við og hefur verið atvinnuleysi hjá. Ég sé ekki að það eigi að ganga frá hlutum þeirra öðruvísi en með einhverri óskhyggju hér í ræðustól á Alþingi. Ef á að bæta stöðu þessa fólks og ef á að bæta stöðu þeirra aðila sem ég nefndi hér á undan, hafnarsjóða, sveitarsjóða, verksmiðjanna sjálfra og verkafólksins, fyrst og fremst verkafólksins og sjómannanna á loðnuskipunum, á að gera það með lagasamþykkt eins og verið er að leggja til að gera sérstaklega fyrir útgerðir loðnuskipanna. Allt annað er bara tal um hluti sem ekki á að gera,

fyrst verið er að taka þennan sérstaka þátt út úr og lögfesta aðgerðir í kringum hann.

„3. Með 1. gr. frv. er lagt til að sjútvrh. verði heimilt að úthluta allt að 8 þús. þorskígildislestum af veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til loðnuveiðiskipa og þar með að gera sjóðinn að aflatryggingasjóði fyrir útgerð þessara skipa."

Ég minnist þess vel að hv. þm. Stefán Guðmundsson mælti mjög með stofnun Hagræðingarsjóðs á síðasta vori. Og ég minnist þess líka að ég óttaðist að þessi sjóður mundi varla standa undir nafni og ég óttaðist það að einmitt svona hlutir eins og hér er verið að leggja til mundu gerast. Að Hagræðingarsjóðnum yrði ekki beitt á þann veg sem Stefán Guðmundsson mælti fyrir um hér í hv. deild á sl. vori, enda er sú raunin á að nú er verið að gera Hagræðingarsjóð að aflatryggingasjóði ákveðins hluta útgerðarinnar á Íslandi. Handa litlum hluta útgerðar á Íslandi er Hagræðingarsjóður tekinn og gerður að aflatryggingasjóði, sem þessir sömu aðilar höfðu hafnað að yrði stofnaður á þeirra eigin vegum þegar unnið var að undirbúningi fiskveiðilaganna í fyrra.

Hvað getur verið ljósara en þetta að menn séu að hlaupa frá þeim markmiðum sem þeir settu sér og ætluðu að vinna að en það frv. sem hér liggur fyrir til umfjöllunar og afgreiðslu. Það er kannski rétt að undirstrika þetta með því að lesa kafla úr nál. hv. formanns sjútvn., Stefáns Guðmundssonar, og Jóhanns Einvarðssonar um frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa sem þeir félagar lögðu fram í hv. Ed. 30. apríl 1990. Þar segir um hlutverk Hagræðingarsjóðs, með leyfi forseta:

„Varðandi aukið hlutverk sjóðsins" — og nú legg ég til að hv. þm. Stefán Guðmundsson rifji það upp sem hann lagði fyrir hv. deild fyrir ári síðan. (Gripið fram í.) Hv. þm. þarf nú sjálfsagt ekki að vera að skrifa þetta því ég geri ráð fyrir að hann kunni þetta, öll sín góðu fyrirheit frá fyrra ári, hann þurfi ekki að vera að skrifa það niður, en það er gott fyrir hann að rifja það upp í huganum. Og þetta er svohljóðandi:

„Varðandi aukið hlutverk sjóðsins leggur 1. minni hl. til", en hann skipuðu þeir hv. þm. sem ég nefndi hér áðan, Stefán Guðmundsson og Jóhann Einvarðsson, „að gerðar verði breytingar á 1. gr. og að bætt verði inn nýrri grein á eftir 7. gr. Gert er ráð fyrir að nafni sjóðsins verði breytt úr „Úreldingarsjóður fiskiskipa" í „Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins"" — og var nú mikil breyting, alveg gjörbreyting á sjóðnum — „og honum fengið það tvíþætta hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa og koma til aðstoðar í byggðarlögum sem höllum fæti standa vegna sölu fiskiskips eða fiskiskipa þaðan. Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins verði þó bundið við að sala skipa úr byggðarlaginu leiði til fyrirsjáanlegrar fækkunar starfa og að byggðaröskun sé yfirvofandi af þeim sökum. Allt að helming þeirra veiðiheimilda, sem gerð er tillaga um að sjóðurinn fái úthlutað, geti sveitarstjórnir fengið til ráðstöfunar þar sem þær aðstæður hafa skapast sem réttlæta aðstoð af hálfu sjóðsins, enda hafi bæði Byggðastofnun og stjórn Hagræðingarsjóðs samþykkt aðstoðina. Með þessu ákvæði er tryggt að slík aðstoð fái ítarlega umfjöllun."

Ég efast ekki um að hv. þm. muni sérstaklega eftir þessari setningu: „Með þessu ákvæði er tryggt að slík aðstoð fái ítarlega umfjöllun. Úthlutun veiðiheimilda í þessu skyni verði bundin við að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi." — Og ekki síður þessari setningu. „Stjórn Hagræðingarsjóðs skal ákveða verð fyrir slíkar veiðiheimildir er taki mið af gangverði sambærilegra heimilda á hverjum tíma með sama hætti og við á um þann hluta veiðiheimilda sjóðsins sem fiskiskip fá árlega forkaupsrétt á. Nýti sveitarstjórnir ekki slíkan ráðstöfunarrétt verða heimildirnar boðnar út til skipa gegn sömu skilyrðum um ráðstöfun aflans, þ.e. að honum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Fáist hins vegar ekkert skip til veiðanna er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða lægra endurgjald eða fella það niður. Ólíklegt er hins vegar að ætla að slík staða komi upp þar sem fiskiskipaflotinn er það afkastamikill að fremur auðvelt ætti að vera að fá skip til veiðanna."

Svo mörg voru þau orð. Mér finnst að þau falli ekki alveg heim og saman við það sem hv. þm. var að segja hér í ræðustól áðan, að hann fagni því að Hagræðingarsjóður sinni því hlutverki sem honum er ætlað með því frv. sem hér er verið að fjalla um, þ.e. eins og ég nefndi, að gera hann að aflatryggingarsjóði fyrir loðnuveiðiflotann og í þessu tilfelli aðeins að leysa vandamál takmarkaðs hóps þeirra fjölmörgu aðila sem verða fyrir skaða vegna takmörkunar loðnuveiða.

„Síðastliðið vor settu nokkrir alþingismenn það sem skilyrði fyrir samþykkt sinni á frv. um stjórn fiskveiða að frv. um Hagræðingarsjóðinn yrði að lögum og hlutverk sjóðsins yrði á þann hátt sem fram kemur í áðurnefndu nefndaráliti." — Ég geri ráð fyrir því að nefndarmenn muni eftir þeirri umræðu sem átti sér stað, og menn urðu varir líka við að átti sér stað í þingflokkunum í sambandi við afgreiðslu bæði fiskveiðistjórnunarlagafrv. og frv. um Úreldingarsjóð fiskiskipa sem síðar varð að lögum undir nafninu Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Það sem tryggði að fiskveiðistjórnarfrv. var samþykkt hér á hv. Alþingi, og kannski fyrst og fremst í hv. Ed., var það að sumir þingmenn höfðu trú á því að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins gæti sinnt og mundi sinna því hlutverki sem lýst var í nál. þeirra félaga. En svo virðist ekki raunin verða á.

„Því var lofað að gengið yrði vel frá því hvernig ráðstafa mætti úr sjóðnum væntanlegum veiðiheimildum, þar sett ýmis skilyrði og enn fremur að stjórn Byggðastofnunar og stjórn Hagræðingarsjóðs skyldu samþykkja ef um aðstoð yrði að ræða."

Þessi yfirlýsing þeirra þingmanna er í sjálfu sér mjög merkileg. Yfirlýsing um það að stjórn Hagræðingarsjóðs skyldi samþykkja alla úthlutun úr sjóðnum. Og ekki nóg með að stjórnin samþykki það, sem eðlilegt var, heldur skyldi stjórn Byggðastofnunar líka samþykkja það. Mér er ekki kunnugt, og nú leyfi ég mér að spyrja hv. formann sjútvn., formann stjórnar Byggðastofnunar. (**Gripið fram í:** Það er ekki sami maðurinn.) Það er ekki sami maðurinn, þá bið ég af-

sökunar á því. (Gripið fram í.) Varaformaður. Í báðum tilfellum meinti ég sama manninn, hv. þm. Stefán Guðmundsson, hann er í stjórn Byggðastofnunar, hvort þetta mál hafi verið tekið til umfjöllunar í Byggðastofnun. Mér er vel ljóst að það var mjög erfitt að koma því til umfjöllunar í stjórn Hagræðingarsjóðs vegna þess að ekki mun vera búið að skipa þá stjórn enn þá, þannig að flýtirinn á því að breyta verkefnum sjóðsins var það mikill að ekki gafst tími til þess að skipa stjórn í sjóðinn. En hin stofnunin mun þó vera til og stjórnin mun vera til og það væri gaman að fá upplýsingar um það hvort Byggðastofnun hefur ekki fjallað um þessa sérstöku og nýju úthlutun úr Hagræðingarsjóði.

Við teljum að með þessu frv. sé lagt til að með lagabreytingu eigi nú að ganga yfir öll fögru loforðin um Hagræðingarsjóð og líka ganga yfir öll þau skilyrði sem sett voru fyrir því hvernig ætti að úthluta úr Hagræðingarsjóði.

Er hægt að bjóða hv. Alþingi upp á það að sjóði, sem samþykkt var að stofna á sl. vori og átti að taka til starfa 1. jan. sl., skuli nú vera lagt til hér á hv. Alþingi að breyta, bæði markmiðum hans og hvernig standa eigi að ráðstöfun á þeim aflaheimildum sem í sjóðinn kunna að koma? Það má nærri því segja að áður en lögin um þann sjóð tóku gildi var farið að fjalla um þetta. Og áður en búið er að skipa stjórn í sjóðinn er farið að ráðstafa þessum eignum, veiðiheimildum. Mér finnst þetta ótrúleg óskammfeilni, ef það má orða það þannig. Fá samþykkt fyrir nokkrum mánuðum frv. á hv. Alþingi með fögrum fyrirheitum til styrktar byggð í landinu og fá samþykkt um leið frv. um fiskveiðistjórn sem byggðist að sumu leyti, meiri hlutinn, á því að þessi sjóður yrði myndaður. Og síðan á að breyta þessum sjóði og láta hann þjóna allt öðru markmiði en honum var ætlað, markmiði sem um var fjallað þegar verið var að undirbúa lögin um fiskveiðistjórnunina, þ.e. að loðnuflotinn sjálfur tryggði stöðu eins og þá sem nú er komin upp með því að leggja ákveðinn hluta af aflaverðmæti sínu í sjóð til að mæta slíkri uppákomu. Því var hafnað og í staðinn þrýst inn svokallaðri 9. gr. Það skyldi leysa allan vanda annarra skipa en þorskveiðiskipa. Búinn til aflatryggingarsjóður með 9. gr. fyrir öll sérveiðiskip á Íslandi. En dugurinn er ekki meiri en svo að þeir hafa ekki kjark til að nota þessa 9. gr., sem átti að leysa öll vandamál, heldur er gripið til þess ráðs að nota Hagræðingarsjóðinn sem átti að þjóna allt öðru, slík er reisnin. Slík eru reyndar vandamálin stöðugt að eiga sér stað í sambandi við stjórn fiskveiða. Það er hlaupið frá einum vanda yfir í annan og annar miklu stærri vandi alltaf búinn til með þeim leiðréttingum sem reynt er að gera. En það er nú annað mál.

Við í 1. minni hl. leggjum til að frv. verði breytt og að í stað 1. gr. komi ný grein um að stofnaður verði Viðlagasjóður loðnuútgerðar. Hans hlutverk verði að bæta afkomu loðnuútgerðar vegna aflabrests o.fl. Þetta er nákvæmlega sama till. og við nokkrir héldum fram að ætti að standa í stað 9. gr. í fiskveiðistjórnarlögunum.

Við leggjum einnig til að á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar er fjalli um starfsemi Viðlagasjóðsins.

Þá er till. 1. minni hl. sú að á eftir 2. gr. frv. bætist tvær nýjar greinar. Í fyrsta lagi um að ríkissjóði verði heimilt að ábyrgjast lán sem Viðlagasjóður loðnuútgerðar taki til að endurlána útgerðum loðnuveiðiskipa. Upphæð lánsins yrði jafngildi markaðsverðs 8.000 þorskígildislesta. Í öðru lagi um það að aflahlutum Hagræðingarsjóðs verði á yfirstandandi fiskveiðiári aðeins varið til eflingar fiskvinnslu í þeim byggðarlögum sem höllum fæti standa.

Þessar till. báðar koma heim og saman við það sem ég nefndi að hefði verið rætt á síðasta ári um tryggingarsjóð loðnuskipanna sjálfra en við bætist nú það vandamál að aflabresturinn er duninn yfir og þá þarf að taka á þeirri staðreynd. Við leggjum til að loðnuskipin geti fengið lán að upphæð sem jafngildi markaðsverði þeirra 8.000 þorskígildatonna sem lagt er til að tekið verði af bolfiskveiðistofninum og flutt til loðnuskipanna til að standa af sér það skakkafall sem nú blasir við.

Við vitum öll að meginhluti þess afla sem úthlutað verður, ef þetta frv. verður samþykkt, verður ekki notaður af skipunum sjálfum. Það verður selt og verður þess vegna alveg nákvæmlega eins á milli handa þeirra sem peningar og það sem boðið er upp á með brtt. okkar. Hitt er svo annað mál að með því að frv. verði samþykkt er loðnuútgerðum sérstaklega afhent verðgildi þessara 8.000 tonna, það er hártoganlegt hvað verðgildið er. Sumir hafa nefnt að það sé allt upp í 250 millj. Er nú reisn okkar á hv. Alþingi orðin nokkuð drjúg ef við treystum okkur til þess með einni lagasamþykkt að færa einum útgerðarhóp, einum þeirra aðila sem verða fyrir skakkaföllum vegna loðnubrestsins 250 millj., með öllum fyrirvara um verðgildi, á silfurfati. Skyldu ekki vera ýmsir aðilar í þjóðfélaginu sem hefðu eins mikla þörf fyrir þetta og þessar útgerðir, þó ég sé ekki að gera lítið úr þeirra þörf? Ég er alveg hissa á þingmönnum eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal, sem gengur í salinn, að hann skuli leggja til slíkar skattalögur, maðurinn sem hefur barist hér fyrir því undanfarandi þing að minnka skattalögur meðal þjóðarinnar. En hann hikar ekki við að standa að nál. með hv. þm. Stefáni Guðmundssyni um að 200–250 millj. skuli þegjandi og hljóðalaust og án þess að nokkur taki raunverulega eftir því fluttar til ákveðins hóps útgerðar á landinu. Mér þykir verra ef hv. þm. veit ekki alveg hvað hann hefur verið að gera og finnur ekki nál. en ég vænti þess að hann átti sig á því að hér hefur hann lagt til og gengið hvað lengst í skattlagningu sem hægt er að ganga.

Þá leggjum við til að fyrirsögn frv. verði breytt til samræmis við fyrri till. okkar og að sjútvrh. leggi fram frv. á Alþingi haustið 1991 um Viðlagasjóð loðnuútgerðar. Þessi till. okkar er með hliðsjón af lögunum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og að öðru leyti með það vel í huga að þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist að völdum í september/október 1988 var gripið til þess ráðs til að styrkja Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins að taka lán til að geta stutt við sjávar-

útvegsfyrirtæki meðan ríkisstjórnin var að ná áttum í því hvað hún ætlaði að gera í framtíðinni. Það lán mun ekki hafa verið greitt en tilætlun okkar er sú að það lán sem hér er lagt til verði greitt á næstu árum í gegnum Viðlagasjóð loðnuútgerðar.

Með þessum brtt. er útgerðum loðnuskipa boðið upp á lausn á þeirra vanda á svipaðan hátt og ríkisstjórnin telur að leysa eigi vanda annarra aðila í þjóðfélaginu, þeirra er orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna takmarkana á loðnuveiði. Ef brtt. 1. minni hl. við 1. gr. frv. verður felld koma til afgreiðslu tvær aðrar tillögur, brtt. við 1. gr. um að helmingi aflaheimilda samkvæmt greininni skuli skipta milli þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum tekjumissi vegna loðnubrestsins, og að á eftir 1. gr. komi ný grein um að aflaheimildir skv. 1. gr. verði ekki framseljanlegar nema með samþykki stéttarfélags sjómanna á útgerðarstað loðnuskips.

Þessar till. eru því varatillögur og verða kallaðar aftur að samþykktri aðaltillögunni við 1. gr. Þær eru bornar fram til að freista þess að verða við tilmælum flestra viðmælenda nefndarinnar um að reyna að bæta hag annarra aðila en útgerða loðnuskipa sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna loðnubrestsins.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er meðflm. okkar undirritaðra að brtt.

Nefndin hefur fengið í hendur álit margra félaga og samtaka. Fulltrúar annarra hafa komið á fund nefndarinnar. Margir eru mjög mótfallnir frv., og þó sérstaklega 1. gr. þess. Aðrir mæla með samþykkt þess en þá mjög skilyrtri í flestum tilfellum.

Einmitt þetta, sem ég nefndi hér síðast, tel ég rétt að komi hér fram, hvernig þeir aðilar sem mæla með samþykkt frv. hafa skilyrt samþykkt sína. Og ætli það sé ekki rétt að ég taki fyrirmyndina úr rauða bænum, Neskaupstað, og lesi hér, með leyfi hæstv. forseta, bréf bæjarráðs Neskaupstaðar um þetta mál:

„Á fundi bæjarráðs Neskaupstaðar, sem haldinn var í dag, var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Bæjarráð Neskaupstaðar mælir eindregið með því að frv. sjútvrh. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum verði samþykkt.

Vandinn sem við blasir er margþættur, hann snýr að eigendum loðnuskipa og verksmiðja, að því starfsfólki sem unnið hefur við þessa grein sjávarútvegsins og að sveitarfélögunum sem byggja að verulegu leyti afkomu sína á veiðum og vinnslu loðnu.

Bæjarráð Neskaupstaðar bendir þó á að þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, duga hvergi nærri til að leysa vanda loðnuflotans, hvað þá til að mæta öðrum afleiðingum loðnubrestsins."

Getur verið hægt að segja hlutina skýrar? Er hægt að segja það skýrar að það frv. sem hér er lagt fram er gagnslaust? Það er verið að hlaupa fram hjá aðalatriðunum, jafnvel þó bæði í upphafi og enda þessarar samþykktar sé lýst yfir að þeir samþykki frv. Vandinn sem við blasir er margþættur. Hann snýr að eigendum loðnuskipa og verksmiðja og að því starfsfólki sem unnið hefur við þessa grein sjávarútvegsins og að sveitarfélögunum sem byggja afkomu sína að verulegu leyti á veiðum og vinnslu loðnu. Þessir aðilar eru skildir eftir, einn hópur tekinn út úr. — Er hv. þm. Halldór Blöndal genginn úr salnum? (**Gripið fram í:** Hann er hér í hliðarsal.) Hann óskaði eftir sérstakri skilgreiningu á því hvernig hann væri að leggja til skattlagningu. Ég var búinn að útskýra það og ætla ekki að eyða tíma deildarinnar í að flytja það mál tvisvar þó maður vilji leggja ýmislegt á sig fyrir hv. þm. Halldór Blöndal. En ég veit að hann gerir sér manna best grein fyrir því hvernig skattlagningin felst í þessu frv.

Ég lofaði að vera ekki of langorður, er þó sjálfsagt búinn að vera það. Við munum greiða atkvæði gegn frv. í heild ef till. okkar við frv. verða felldar.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 769 um frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum:

„Með frv. þessu er lagt til að tekjutap loðnuflotans vegna aflabrests í loðnuveiðum verði bætt með tvennum hætti. Annars vegar með því að veita sjútvrh. tímabundna heimild til að ráðstafa til loðnuskipa að hluta eða öllu leyti veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, alls 8.000 þorskígildislestum. Hins vegar með því að úthluta tímabundið 5.000 lesta viðbótarafla af úthafsrækju til loðnuflotans.

Með frv. er því gerð tilraun til að mæta vanda loðnuflotans, en ekki er tekið á þeim atvinnuvanda og tekjumissi sem bæði landverkafólk og einstök byggðarlög standa frammi fyrir.

Í lögum nr. 40 frá 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er markmiðið með stofnun sjóðsins skilgreint í 1. gr. laganna sem hér segir: „að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum".

Annar minni hl. getur tekið undir þetta markmið og minnir á að þingkonur Kvennalistans hafa lagt áherslu á að tekið verði fyllsta tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnunnar. Í samræmi við þá stefnu sína lögðu kvennalistakonur fram brtt. við frv. til laga um stjórn fiskveiða bæði á 110. löggjafarþingi og aftur er núgildandi lög voru afgreidd síðastliðið vor.

Með stofnun Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins örlar aðeins á viðurkenningu stjórnvalda á þeim sjónarmiðum Kvennalistans að nauðsynlegt sé að gera byggðasjónarmiðum hærra undir höfði við úthlutun veiðiheimilda.

Þegar frv. þetta var lagt fram höfðu skapast óvenjulegar aðstæður vegna aflabrests loðnuflotans og sá sjútvrh. ástæðu til að bregðast við vandanum með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og hér hefur verið lýst. Með frv. er sjútvrh. veitt tímabundin heimild til að víkja frá því ákvæði laganna um Hagræðingarsjóð þar sem segir í 1. gr.: „... Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa ..." Frv. ger-

ir hins vegar ráð fyrir að sjútvrh. úthluti eftir atvikum öllum veiðiheimildum sjóðsins til loðnuflotans eingöngu.

Annar minni hl. getur ekki samþykkt að veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins verði eingöngu úthlutað til flotans án þess að um leið sé reynt að leita leiða til að leysa vanda landverkafólks og byggðarlaga eins og lögin kveða á um. Jafnframt varar 2. minni hl. við því að sjútvrh. verði veitt heimild til að tæma Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins í þessu skyni og útiloka þar með að unnt reynist að taka á vanda einstakra byggðarlaga sem upp kann að koma á árinu.

Í ljósi þess sem hér hefur verið lýst og með hliðsjón af stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum leggur 2. minni hl. fram brtt. við 1. gr. frv. Brtt. felur í sér að sjútvrh. verði ekki heimilt að úthluta meira en 6.000 þorskígildislestum úr Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins og að þeim verði úthlutað til byggðarlaga en ekki einstakra skipa.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir að rækjukvóta verði úthlutað beint til loðnuflotans og gerir 2. minni hl. að svo stöddu ekki athugasemdir við að komið verði til móts við loðnuflotann með þeim hætti.

Verði brtt. 2. minni hl. samþykkt mun hann styðja frv."

Undir þetta skrifar Danfríður Skarphéðinsdóttir, fulltrúi 2. minni hl.

Ég vil, virðulegur forseti, aðeins víkja að brtt. sem við hv. þingkonur Kvennalistans í þessari deild, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir, flytjum. Brtt. er á þskj. 770 og er við 1. gr. frv. og orðast svo, með leyfi forseta:

„Á fiskveiðitímabilinu 1. jan. til 31. ágúst 1991 er sjútvrh. heimilt að ákveða með reglugerð að allt að 6.000 þorskígildislestum af aflaheimildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skuli ráðstafað án endurgjalds til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum tekjumissi vegna aflabrests á loðnu.

Ráðherra skal skipta þessum heimildum í ákveðnu hlutfalli milli sveitarfélaga sem miðist við meðaltal landaðrar loðnu í viðkomandi sveitarfélagi síðastliðin þrjú ár.

Skylt er að landa þeim afla, sem úthlutað er samkvæmt þessari heimild, til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi, sbr. ákvæði í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Sveitarstjórnir, sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt þessari grein, skulu við ráðstöfun þeirra til skipa setja skilyrði sem miði að því að tryggja starfsfólki loðnuverksmiðja atvinnu við vinnslu aflans."

Virðulegur forseti. Það væri hægt að hafa mörg fleiri orð um þetta mál. Ég ætla ekki að eyða tíma okkar í það nú en legg áherslu á það að með þeirri brtt. sem liggur hér frammi frá Kvennalistanum á þskj. 770 er gerð tilraun til að koma til móts við alla þá hópa sem þetta mál snertir. Það hefur einmitt komið fram í umræðunni hér í dag, bæði í máli hv. formanns sjútvn. Ed., sem mælti fyrir meirihlutaáliti, að verið væri að taka á afmörkuðum hluta vandans. Það kom einnig fram í máli síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Vesturl., sem mælti fyrir áliti 1. minni hl. og hér hef ég mælt fyrir áliti 2. minni hl. og þessari brtt. sem ég vil skora á hv. þm. að skoða vel og hugleiða. Þeir hafa, eins og ég gat um, allir látið koma fram í máli sínu að ljóst sé að aðeins sé verið að taka hér á afmörkuðum hluta vandans og hér liggur frammi tilraun til þess að taka á honum í víðara samhengi.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örstuttar athugasemdir sem mig langar til að koma á framfæri. Ég þakka náttúrlega þeim ágætu þingmönnum sem hafa kynnt nál. okkar Jóhanns Einvarðssonar sem við lögðum fram um Hagræðingarsjóðinn. Ég skil það að þeir átta sig betur á því núna en áður hvers virði það var að koma þessum sjóði á. Ég þakka þeim fyrir að kynna þetta þannig að það verði enn og aftur fært til bókar.

Í sambandi við það sem hv. 4. þm. Vesturl. vék einnig að að það þyrfti að fjalla um úthlutun úr Hagræðingarsjóðnum, bæði í Byggðastofnun og eins í stjórn Hagræðingarsjóðsins, og hvort það væri gert. Það er náttúrlega ekkert farið að úthluta úr þessum sjóði enn. Fyrst er að samþykkja hér hvort þetta verði gert og þá fyrst getum við farið að skoða hvort ekki verður staðið við það sem upphaflega var talað um. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað en það verði gert. Það verði farið með þetta eftir eðlilegum boðleiðum. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað.

Einnig kemur það fram í máli hv. þm. að hann er talsmaður þess að nota 9. gr. frv. um stjórn fiskveiða. Ég skil hann svo að hann sé talsmaður þess að nota 9. gr. Það sé ástæða til þess að nota hana. (Gripið fram í.) Ég banna ekki hv. þm. að hafa skoðanir á málinu og hef aldrei gert og ég hef ekki trú á að nokkrum manni takist að breyta því. Ég skildi hv. þm. svo að hann væri að tala um að það væri ástæða til þess að nota 9. gr. sem þýðir flatur niðurskurður á alla þá aðila sem hafa fengið úthlutað afla.

Ég verð að segja það að ég er andvígur því að skera niður með flötum niðurskurði aflahlut hinna ýmsu skipa og báta sem þegar hafa fengið úthlutað aflamarki.

Varðandi það að sjóðurinn sé uppurinn, þá vil ég segja frá því, og að menn bara glöggvi sig á því, að fiskveiðitímabilinu sem breytt var með lögunum lýkur núna 1. sept. nk. og þá tekur nýtt fiskveiðitímabil gildi sem þýðir að þá verður til í Hagræðingarsjóði að nýju 12 þús. tonna þorskígildi. Ég vona það og ég sagði það, sjóðurinn er ekki uppurinn. Það má enn nota það sem eftir er í sjóðnum til þess að bjarga í neyðartilfellum og í haust kemur aukið magn að nýju til sjóðsins. Það hefur því ekkert komið fram í þessu máli sem kemur í veg fyrir það að hann geti virkað sem neyðarsjóður ef á þarf að halda. Það er alveg deginum ljósara og menn þurfa að átta sig á því að það er breyting á fiskveiðitímabilinu.

Umsögnin, sem hv. 4. þm. Vesturl. las frá Neskaupstað, er hárrétt, en í upphafi leggja þeir til að frv. verði samþykkt. Ég eyddi nokkrum tíma í það einmitt í mín-

um upphafsorðum að leggja áherslu á það að með frv. er alls ekki tekið á öllum vandanum. Það er mér ljóst. Ég setti hér fram ýmsar hugmyndir í þessu máli sem gætu hugsanlega orðið til þess að létta á vanda hinna ýmsu aðila sem verða fyrir áfalli vegna loðnubrestsins, bæði sjómannanna og eins verkamanna í landi sem vinna við verksmiðjurnar. Það vil ég því taka skýrt fram.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umræðu mikið, enda kannski flest sagt sem segja þarf í þessu máli. Við 1. umr. gerði ég grein fyrir mínum viðhorfum til þessa máls og tel að ég hafi gert það með þeim hætti að varla þurfi miklu þar við að bæta. Það er auðvitað staðreyndin að með þessu frv. er ekki verið að leysa nema lítinn hluta af þeim vanda sem fyrir er. Það verður með einhverjum ráðum að grípa til annarra hluta, þó að það verði síðar, því að hér er ekki verið að taka á öllum vandanum.

Eins og fram hefur komið stend ég að nál. á þskj. 763 ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Hann hefur gert ítarlega grein fyrir okkar viðhorfum í þessu máli og ég þarf ekki að eyða neinum orðum þar frekar að. En ég stend líka að brtt. ásamt Skúla og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, sem er á þskj. 753, og einnig að brtt. á þskj. 755, sem er frá Margréti Frímannsdóttur, Karvel Pálmasyni og Skúla Alexanderssyni, og að síðustu að brtt. á þskj. 754 sem ég er 1. flm. að.

Brtt. á þskj. 753 hafa verið gerð skil hér af 1. flm. og ég sé ekki ástæðu til þess að víkja frekar þar að. Ég held að það liggi ljóst fyrir hver meining manna er í þeim efnum. Sú meiningin er að menn taki kannski upp þráðinn aftur, þar sem frá var horfið á sínum tíma, með því að leggja allt sjóðakerfið niður. Ég heyrði það á sumum gestum sem komu til nefndarinnar að þeir töldu það víxlspor á þeim tíma að fara þá leið að leggja þetta allt til hliðar og hafa ekkert í að grípa þegar til vondu áranna kæmi. Auðvitað er það svo að það hefur margoft sýnt sig í þessu sveiflukennda þjóðfélagi okkar að því er varðar fiskveiðar og fiskvinnslu, þá er nauðsyn að einhvers staðar sé eitthvað til að grípa í þegar hin mögru ár ganga yfir. Öðruvísi verður þessu ekki stjórnað farsællega.

Hinar brtt. tvær sem á eftir koma eru í tengslum við þetta. Verði brtt. á þskj. 753 samþykkt, þá koma hinar að sjálfsögðu ekki til atkvæða en að henni felldri hygg ég að tillögurnar komi báðar, hvor af annarri, til atkvæðagreiðslu.

Ég vil lýsa því yfir að ef frv. verður samþykkt eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til, með að vísu einni brtt., þá mun ég greiða atkvæði gegn frv. Ég tel það svo óburðugt til þess að standa í að komast fyrir þann vanda sem þegar er orðinn. Ég tala nú ekki um ef hann eykst enn frekar, sem miklar líkur benda til að verði. Þess vegna hefði, að minni hyggju, verið betra að líta yfir heildarsviðið og komast að svipaðri niðurstöðu og við hv. þm. Skúli Alexandersson höfum greint frá í þinginu, ekki bara núna heldur við umræðurnar um Hagræðingarsjóðinn á sínum tíma. En það er greinilegt að hér hefur meiri hluti skapast fyrir frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur hér lagt fram. Við því er auðvitað ekkert að gera. Hér ræður vilji meiri hlutans, hver sem hann er hverju sinni. En ég vildi með þessum örfáu orðum gera grein fyrir mínum viðhorfum að því er málið varðaði núna.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Mér þykir miður að þurfa að eyða tíma deildarinnar í að leiðrétta það sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði um mína skoðun á 9. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, að ég teldi að það ætti að beita henni við þær aðstæður sem núna eru. Það er mjög fjarri því að það hafi komið í minn huga að þeirri grein yrði nokkru sinni beitt. Ég lagðist gegn henni þegar var verið að afgreiða fiskveiðistjórnarfrv. á síðasta vori ásamt Karvel Pálmasyni og fleiri þingmönnum hér í hv. deild. Ég lagði einnig til í undirbúningsnefndinni um frv. til fiskveiðistjórnarlaga að þessi grein yrði ekki sett í frv.

Það sem ég var að segja áðan var að þeir sem studdu þessa grein og lögðu mikið upp úr því að hún yrði sett í fiskveiðistjórnarlögin eru að heykjast á því að beita henni og það er vel. Þeir ættu kannski að heykjast á ýmsu fleira, en það er mjög gott að þeir hafa heykst á þessari grein. Og vera svo að segja það að þeir séu að beita öðru með því að nota Hagræðingarsjóðinn er ekkert annað en breiða yfir fullyrðinguna um að þeir hafa heykst, sem betur fer, á 9. gr. Ég tel, og ætla nú að gerast dálítið spámannlegur, að þessari grein verði aldrei beitt og þykir mér það mjög góð þróun. Væri vænlegra að fleira kæmi fram í sambandi við ýmsar greinar í fiskveiðistjórnarlögunum, að hlutirnir yrðu látnir liggja og ekki framkvæmdir eins og virðist vera með 9. gr.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja það að sá loðnubrestur sem nú hefur orðið gefur ekki tilefni til þess að taka upp umræður um stjórn fiskveiða almennt. Á hinn bóginn hygg ég að það sé einsýnt að frv. eins og það liggur fyrir felur í sér sanngjarna lausn til þess að koma til móts við útgerðarmenn loðnuskipa. Ef ástand fiskstofna væri betra en raun ber vitni, þá hefði að sjálfsögðu verið reynt að ganga lengra. En þarna er stigið nokkurt skref og ég vona að þingmenn beri gæfu til þess að blanda þessum sérstaka vanda ekki saman við þau almennu deilumál sem uppi eru um stjórn fiskveiða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 753,1 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, MF, SkA, SvG.

nei: EG, GHG, HÁ, HBl, JE, JúlS, SalÞ, StG, VS, JHelg.

DS, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GJH greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (ÞK, KSG) fjarstaddir.

Brtt. 770 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJH, MF, SkA, DS.

nei: GHG, HÁ, HBl, JE, JúlS, SalÞ, StG, VS, EG, JHelg.

GuðmÁ, KP, SvG, EgJ, EKJ greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (KSG, ÞK) fjarstaddir.

Brtt. 755 felld með 10:6 atkv.

1. gr. samþ. með 12:3 atkv.

Brtt. 754 felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, GJH, KP, MF, SkA, SvG.

nei: VS, EG, GuðmÁ, GHG, HÁ, HBl, JE, JúlS, SalÞ, StG, JHelg.

EgJ, EKJ greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (ÞK, KSG) fjarstaddir.

Brtt. 753,2 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 726 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 753,3a kom ekki til atkvæða.

Brtt. 753,3b felld með 10:6 atkv.

Brtt. 753,4 kölluð aftur.

3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 753,5 kom ekki til atkvæða.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

EFRI DEILD

65. fundur, mánudaginn 4. mars, að loknum 64. fundi.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál. — Þskj. 777.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, StG, VS, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JúlS, JHelg.

nei: SkA, KP.

MF, SvG, DS, GuðmÁ, GJH greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (ÞK, KSG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

61. fundur, mánudaginn 4. mars, kl. 1 miðdegis.

Listamannalaun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 732, brtt. 739, 740, 742, 743.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 740,1 felld með 15:12 atkv.

Brtt. 740,2 felld með 17:13 atkv.

Brtt. 740,3 felld með 16:11 atkv.

Brtt. 740,4 felld með 17:11 atkv.

Brtt. 743 samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, RH, RG, BGísl, SP, SV, NL, SJS, AS, HuJ, EH, FÞ, GeirG, GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, BGS, KolbJ, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, MB, MÁM, ÓE, ÓÞG, PP, ÁrnG.

GGuðbj, AÓB, IBA, KrP, KE, MálmS, PJ greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (ÞP, ÁHE, FrS, GGÞ, ÓÞÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Við Sólveig Pétursdóttir höfðum lagt það til að í stað þess að tiltaka ákveðin félög og félagasamtök sem væru til ráðuneytis í sambandi við þessa framkvæmd stæði einfaldlega, án þess að um tiltekin samtök væri að ræða, samtök rithöfunda, samtök tónlistarmanna og samtök tónskálda.

Þar sem sú tillaga hefur nú þegar verið felld þá tel ég þessa tillögu þó aðeins til bóta frá því sem er í frv. og get greitt atkvæði með henni að hinni tillögunni felldri. Ég tel að vísu að það sé spurning um það hvor tillagan hefði átt að ganga á undan. Ég gagnrýni ekki þessa málsmeðferð. En okkar tillaga hefur þegar verið felld, því miður. Ég held að þetta sé heldur skárra en var í frv. og þess vegna greiði ég atkvæði með þessari tillögu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Nú hefur hv. deild þegar samþykkt við 2. umr. að skv. 9. gr. verði a.m.k. helmingur starfslauna úr Listasjóði veittur leikhúslistamönnum. Þrátt fyrir þetta er ekki gert ráð fyrir að leikhúslistamenn geti gert tillögur um hverjir sitji í úthlutunarnefnd Listasjóðs eins og gert er ráð fyrir að rithöfundar, myndlistarmenn og tónskáld geri varðandi sína sjóði. Ég hefði talið að samráð ætti að hafa við leikhúslistamenn varðandi reglur um framkvæmd laganna. Réttast hefði verið að Félag ísl. leikara og Félag leikstjóra á Íslandi tilnefndi í úthlutunarnefndir í þeim hluta Listasjóðs sem leikhúslistamönnum er ætlaður.

Ég áttaði mig því miður ekki á því, virðulegur forseti, hve stór galli þetta er á frv. fyrr en umræðu um

það var lokið og því of seint að koma með brtt. Þessi brtt. bætir ekki gallann við frv. og get ég því ekki stutt hana og greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 742 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PJ, RH, BGísl, SP, AS, EH, FÞ, FrS, GHH, KolbJ, IBA, JSS, KrP, MB, MÁM.

nei: MálmS, ÓÞG, PP, RA, SV, NL, SJS, GGuðbj, AÓB, GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, BGS, JóhS, JBH, JK, JónS, KE, ÁrnG.

RG, HuJ greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (ÓÞÞ, ÞP, ÁHE, GGÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem byggir á framlögum í fjárlögum. Engar fjárhæðir eru nú á fjárlögum til að nýta til þess að framkvæma þetta frv., ef að lögum verður. Hins vegar yrði að gera ráð fyrir því á næstu fjárlögum og þess vegna leggjum við til að gildistakan verði ekki fyrr en um áramót, eins og hugsunin var í upphaflega frv. þegar menn gerðu ráð fyrir að það yrði e.t.v. samþykkt fyrir síðustu áramót. Þess vegna var gildistökuákvæðið 1. jan. 1991. Vegna þess að nú er komið fram yfir áramót og búið að ganga frá fjárlögum þá þykir okkur einsýnt að þessu sé einfaldlega breytt um eitt ár. Þess vegna segi ég já.

Ragnar Arnalds *(um atkvæðagreiðslu)*:

Fá nafnakall um brtt. á þskj. 739.

Ragnhildur Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það er upp hafin atkvæðagreiðsla um brtt. 739.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Það er rétt. Atkvæðagreiðsla er hafin og er nú erfitt að snúa til baka með hana. Ég hygg að í þessari stöðu verði ég að halda áfram atkvæðagreiðslunni eins og hún er komin því hún verður ekki stöðvuð úr því sem komið er. Hins vegar mun forseti endurtaka og spyrja hv. þingdeildarmenn: Þeir sem samþykkja vilja brtt. á þskj. 739 . . .

Ragnhildur Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það eru alveg nýir hættir hér á Alþingi að það sé tvisvar sinnum leitað meðatkvæða þegar búið er að leita atkvæða með tillögu. Það er búið að telja þau atkvæði og síðan á að leita mótatkvæða. Ef þá berast ekki nægilega mörg atkvæði þá er hægt að endurtaka atkvæðagreiðsluna en fyrr ekki.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hefur fyllilega heimild til þess að ákvarða sjálfur hvort hann endurtekur atkvæðagreiðslu ef þátttaka í atkvæðagreiðslu er með þeim hætti að ætla má að hv. þm. hafi ekki tekið eftir því sem forseti sagði.

Ragnhildur Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hæstv. forseti hefur ekki heimild til að framkvæma atkvæðagreiðslu öðruvísi en þingsköp mæla fyrir um. Þótt þátttaka í atkvæðagreiðslu sé með öðrum hætti en hæstv. forseti, sem þá og þá stjórnar fundi, bjóst við þá verður hann allt að einu að láta fara fram atkvæðagreiðsluna með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þingsköpum. Þess vegna er alveg ótvírætt að nú ber að leita mótatkvæða.

Ragnar Arnalds *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Sú brtt. sem hér á að greiða atkvæði um er að mínu viti alveg óumdeild. Það vantaði rétt gildistökuákvæði inn í frv. Deildin hefur hafnað þeirri útgáfu brtt. sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flutti hér og er nú að greiða atkvæði um hitt afbrigðið. Annað hvort hljótum við að velja. Það var nokkuð ljóst að menn höfðu ekki fyllilega áttað sig á því um hvað var verið að greiða atkvæði og það er gamall siður hér í þinginu að reyna að tryggja það úr forsetastól að atkvæðagreiðsla sýni sem sannastan vilja þingmanna. Ég tel því fullkomlega eðlilegt að forseta sé heimilt að láta atkvæðagreiðsluna fara fram á nýjan leik og spyr: Er einhver hér sem vill hafa aðra útkomu en þá sem er í samræmi við vilja þingmanna? Eigum við ekki að greiða atkvæði um þetta þannig að vilji þingmanna komi fram á sem skýrastan hátt? Auðvitað hljótum við að vilja það. Þess vegna óska ég eindregið eftir því að atkvæðagreiðslan sé endurtekin eða þá að nafnakall fari fram. Ég veit ekki betur en að það sé ævinlega orðið við því líka þegar þess er óskað.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hefur leitað fordæma í máli af þessu tagi og það mun vera svo og réttur skilningur forseta, sem fram kom áðan, að hafi niðurstöðum í atkvæðagreiðslu ekki verið lýst þá má endurtaka atkvæðagreiðslu og verður það gert hér með.

Brtt. 739 samþ. með 21:11 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:1 og afgr. til Ed.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.). — Þskj. 730 (sbr. 597), frhnál. 771, brtt. 772.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 771 og 772. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Eftir að það mál sem hér er til umræðu var afgreitt við 2. umr. hér í hv. deild tók allshn. deildarinnar málið til nánari skoðunar. Það var gert í ljósi þess að eftir afgreiðslu málsins bárust ábendingar varðandi nokkur atriði sem voru þess eðlis að nefndinni þótti rétt að ræða þær og hefur tekið tillit til

nokkurra þeirra. Þær eru á þskj. 772 í formi brtt. Þeim fylgir framhaldsnál. á þskj. 771 frá hv. allshn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim viðbótarbreytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Meginbreytingin felst í því að þau ákvæði laganna er varða kjörgögn við utankjörfundaratkvæðagreiðslu öðlast ekki gildi fyrr en að loknum alþingiskosningum vorið 1991. Ástæðan er sú að dómsmrn. telur of seint nú að útbúa nýja gerð kjörgagna fyrir komandi kosningar. Þær breytingar, sem nefndin leggur til, eru eftirfarandi:

1. Gerð er tillaga um nýja grein er verði 14. gr. Í greininni er kveðið á um að á framboðslista í kjördæmi skuli vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Eðlilegt þykir að kveðið sé á um lágmarkstölu frambjóðenda á lista, en hámark er það sama og í gildandi lögum. Dæmi eru um að aðeins tvö nöfn hafi verið á framboðslista, en telja verður eðlilegt að gerð sé sú krafa að frambjóðendur á lista séu jafnmargir og tala þeirra þingmanna sem kjósa á í kjördæminu.

2. Lagt er til að 16. gr. frv. falli brott og þar með haldist núgildandi ákvæði laganna. Við nánari athugun hefur komið í ljós að tæpast er framkvæmanlegt að ætla yfirkjörstjórn að úrskurða um framboð sama dag og framboðum er skilað. Nægilegt ætti hins vegar að vera að slíkur fundur verði á næsta virkum degi (laugardegi) svo sem nú er ákveðið í lögunum.

3. Orðin „við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við alþingiskosningar" í 2. mgr. 45. gr. eru felld brott. Nægilegt verður að telja að auðkenna kjörseðil og kjörseðilsumslag með þeim orðum einum, enda munu þessi kjörgögn einnig verða notuð við forsetakjör og sveitarstjórnarkosningar. Á sendiumslagi mun hins vegar koma skýrt fram að um alþingiskosningar er að ræða.

4. Breytingin á 22. gr. er gerð vegna þess að fullmikið þykir lagt á kjörstjóra að þurfa að fara á heimili kjósanda, ekki síst í stórum kjördæmum. Er því gerð tillaga um að kjörstjóri geti tilnefnt sem utankjörfundarkjörstjóra tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd þessa þáttar atkvæðagreiðslunnar. Trúnaðarmennirnir mundu hafa á allan hátt sömu ábyrgð og kjörstjóri.

5. Lögð er til breyting á 3. efnismgr. 24. gr. frumvarpsins. Með tilliti til þess að í frv. er ekki gert ráð fyrir vitundarvottum við utankjörfundaratkvæðagreiðslu þykir eðlilegra að miða við að kjörstjórinn sjálfur veiti aðstoð þá sem nefnd er í greininni. Jafnframt eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar á málsgreininni.

6. Láðst hefur að fella niður nokkur orð í 32. gr. frv. Með breyttri kjörskrárgerð samkvæmt nýrri 15. gr. laganna verður kjörskrá miðuð við þá sem aldri hafa náð á kjördegi og þeir sem aldri ná síðar á árinu verða þar ekki.

7. Lagt er til að á eftir 40. gr. frv. komi ný grein. Sú grein felur í sér breytingu á 2. tölul. 134. gr. laganna og er gerð til samræmis við tillögu um nýtt orðalag á 3. mgr. 66. gr. laganna.

8. Lagt er til að í gildistökuákvæðinu verði kveðið á um að tiltekin ákvæði laganna öðlist ekki gildi fyrr en að loknum alþingiskosningum vorið 1991. Þessi ákvæði varða kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og því er miðað við að kjörgögn við næstu alþingiskosningar verði samkvæmt ákvæðum gildandi laga, nr. 80/1987, og kosningu hagað samkvæmt því. Það er niðurstaða dómsmrn. að þó að ný gerð kjörgagna sé mjög æskileg sé nú orðið of seint að taka ákvörðun um þau vegna komandi kosninga.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þessum breytingum sem allshn. var einhuga um. Undir framhaldsnál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson og Hulda Jensdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 772 samþ. með 30 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Slysavarnaskóli sjómanna, 2. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 175. mál. — Þskj. 194, n. 767, brtt. 768.

Frsm. samgn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá samgn. um frv. til laga um Slysavarnaskóla sjómanna.

Í nál. segir, með leyfi forseta: „Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi slökkviliðsmanna, fræðsluráði sjávarútvegsins, Siglingamálastofnun ríkisins, öryggisfræðslunefnd sjómanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Vélskóla Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Austurlands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðni Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. rita Árni Gunnarsson, Kristín Einarsdóttir, Matthías Á. Mathiesen, Friðjón Þórðarson, Björn Grétar Sveinsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Í brtt., virðulegur forseti, vegur það þyngst að inn eru tekin frá upphaflegu frv. ákvæði til bráðabirgða sem koma í staðinn fyrir 3. gr. frv. sem nokkrar athugasemdir voru gerðar við hjá þeim aðilum sem leitað var umsagnar hjá. Það er gert ráð fyrir að bráðabirgðaákvæðið verði svohljóðandi:

„Samgrh. skal eigi síðar en 1. febr. 1993 leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna sem m.a. kveði á um skyldu sjómanna, sem lögskráðir eru, til að hafa hlotið grundvallarfræðslu um

öryggismál í Slysavarnaskóla sjómanna þegar lögskráning fer fram."

Virðulegi forseti. Ég hirði ekki um að fara nákvæmlega ofan í þessar brtt. en það er gert ráð fyrir nokkurri breytingu á 4. gr. frv. um skipan skólanefndar. Síðan eru orðalagsbreytingar sem koma fram í 1. og 2. brtt. og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er augljóst að 3. gr. frv. fellur brott, eins og fram kemur í 3. brtt. frá samgn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa því að ég harma mjög að lagt skuli til að ákvæði 3. gr. frv. sé felld út. Ég vildi biðja hv. nefnd að kanna áður en 3. umr. fer fram hvort ekki væri hægt að breyta textanum eins og hann er í 3. gr. frv. í þá veru að menn sem skrá sig í skipsrúm hljóti einhverjar lágmarksupplýsingar um slysavarnir áður en þeir leggja úr höfn. Ég held að við sem höfum búið við sjó og kynnst sjómennsku af eigin raun eða okkar nánustu höfum fengið okkur alveg fullsödd af því hvernig búið er að mönnum sem skrá sig á skip hvað varðar lágmarksslysavarnir. Mætti halda um það langa ræðu. En ég ætla ekki að fara að setja hér á ræðuhöld um ýmis mál því tengd, eins og t.d. flotgalla og annað slíkt. Það getur átt heima í annarri umræðu sem e.t.v. fer fram á fimmtudaginn kemur, en ég held að það geti ekki verið neitt vandamál að þeir sem skrá sig á skip undirgangist einhverja lágmarksupplýsingu um hvernig forðast má slys. Þó að mönnum hafi kannski þótt þessi grein hér taka til of mikils í fyrstu umferð, þá held ég að það hljóti að vera hægt að breyta henni þannig að menn fái einhverja lágmarksfræðslu um það við hverju þeir mega búast.

Frsm. samgn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessara orða hv. síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að nefndin taldi þetta ákvæði ekki rýrt að neinu leyti vegna þess að 3. gr. gerði ráð fyrir því í frv. að aðdragandinn að þessum löggildingarákvæðum yrðu fimm ár þannig að það gæti í raun og veru dregist í fimm ár að allir sjómenn fengju þau réttindi sem því fylgir að hafa gengið í gegnum Slysavarnaskóla sjómanna. Þar að auki lagðist Sjómannasamband Íslands í umsögn sinni gegn þessu ákvæði af ýmsum ástæðum. Og m.a. er það tekið fram í umsögn frá Landhelgisgæslu Íslands, sem segir ákvæði 3. gr. eins og það var ekki óeðlilegt í sjálfu sér, en tekur fram að búist sé við því að alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978 komi til framkvæmda hér á landi innan tíðar og yrði það þá sennilega í verkahring Siglingamálastofnunar ríkisins að gefa út skírteini þar að lútandi og ákveða þau skilyrði sem uppfylla þarf. Nefndarmönnum var ljóst að með því að festa þessi ákvæði í lögum þyrfti sennilega að breyta þeim mjög fljótlega vegna alþjóðlegra samþykkta sem Íslendingar eru aðilar að. Það er meginástæðan fyrir því að þetta ákvæði var tekið inn til bráðabirgða í brtt. og gert ráð fyrir því að hæstv. samgrh. gefi út þær reglur sem til þarf áður en langt um líður.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir þessar skýringar. En ég vil aðeins segja það hér að þessu gefna tilefni að ég held að það sé mál til komið að Íslendingar séu varkárari þegar menn eru sendir á sjó, t.d. mjög ungir menn, því að dæmi eru þess fjölmörg að menn hafa jafnvel verið ósyndir og það hefur vantað mikið á að menn hafi verið fullkomlega ábyrgir í slysavörnum á íslenskum skipum. Ég vil þess vegna mælast til þess að hv. samgn. geri sitt til að úr þeim málum verði bætt og treysti henni alveg til þess. Við höfum dæmi um að ársskýrslur rannsókna á slysum á sjó segi okkur að það sé ekki nógu vel að þessum málum hugað og nú er tækifæri til þess að taka þau mál til endurskoðunar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég get að sumu leyti tekið undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um gildi 3. gr., en þegar grannt er skoðað er náttúrlega aðalatriðið með þessu frv. það að efla fræðslu og þekkingu þeirra sem starfa við sjómennsku á þessum málum. Ég held að ef við lesum 2. gr. frv. og hægt verði að framkvæma þetta frv. eins og verið er að leggja áherslu á með þessu lagafrv., að við náum tökum á því að koma í veg fyrir að menn ráði sig á skip til þessara starfa öðruvísi en hafa þá grunnþekkingu sem allir íslenskir sjómenn þurfa auðvitað að hafa. Þetta er öryggismál sem gengur fyrir öllu og þess vegna held ég að það skemmi ekki frv. þó þessi grein falli út. En ég tek undir með hv. þm. að aldrei er of fast tekið á mikilvægi þessarar grunnmenntunar og þeirri þekkingu sem sjómenn þurfa að hafa á öryggismálum. Ég treysti því fullkomlega að þessi breyting um Slysavarnaskóla sjómanna stuðli að því ef vel er að staðið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 768,1 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 768,2 (ný 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 768,3 (3. gr. falli brott) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 768,4 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

5.–6. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 768,5 (ný 7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 768,6 (ákv. til brb.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 192, n. 709, 712 og 722, brtt. 710.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. sem er um þann þátt mannlífsins sem mest mótar framtíð okkar.

Þess vegna er það að þetta frv. snertir í raun og veru hvert einasta heimili í landinu og leggur grunn að því hver verður framtíð íslensks þjóðfélags. Við í Sjálfstfl. fögnum því að í þessu frv. er að finna nokkur stefnumál okkar sem við höfum m.a. borið fram í frv. hér á Alþingi, en hafa ekki náð fram að ganga vegna þess að þá réðum við ekki ferðinni hér á þinginu. Nokkur þessara atriða, mjög mikilvæg, er þó sem betur fer að finna hér í þessu frv. Þessi atriði eru reyndar komin í framkvæmd í skólum á nokkrum stöðum á landinu og eru þess vegna staðfesting á þeirri þróun sem orðin er, en því miður er það svo að önnur ákvæði í þessu sama frv. geta hins vegar hamlað þessari þróun. Þess vegna höfum við efasemdir um ýmsa þætti sem ég mun gera nánari grein fyrir.

Við höfum flutt tillögur og haft á stefnuskrá okkar um langt árabil lengingu skólatíma og samfelldan skóladag. Þar með fylgir að tillögur hafa verið uppi um nauðsyn þess að koma á aðstöðu til þess að neyta máltíða í skólum, með öðrum orðum skólamáltíðir með einhverjum hætti. Við höfum einnig gert tillögur um og reyndar að nokkru leyti komið á lengingu skólaskyldu. Allt er þetta með það fyrir augum að tryggja að betri árangur náist af því mikilvæga starfi sem fram fer í skólanum, bæði að því er varðar fræðslu og uppeldisþætti aðra.

Við söknum þess mjög að ekki skuli vera í þessu frv. að finna eitt atriði, sem ég tel að sé nauðsynlegt fyrir þessi markmið sem ég greindi, en það eru ákvæði um skólaathvörf við hvern grunnskóla þar sem slíku er ekki þegar til að dreifa og fjarlægð frá heimilum eða aðstaða er þannig að nauðsynlegt er að hafa aðstöðu þar sem þeir nemendur sem vildu og þyrftu gætu dvalið utan kennslustunda. Fyrirkomulag þessa gæti verið með ýmsu móti en þetta er mjög mikilvægur þáttur sem ekki er tekið á í frv.

Hins vegar má nefna að þegar ég gagnrýni það að einn þátt af þessu tagi skorti, þá er það enn einn þátturinn sem kostar nokkurt fé. Það er aftur á móti mál sem hæstv. ráðherra virtist láta sér í léttu rúmi liggja þegar hann flutti þetta frv. og þess vegna er það að allt er óljóst um framkvæmd þessa máls. Það er út af fyrir sig gott og blessað að flytja hvert lagafrv. af öðru með ágætum markmiðum, en við erum kannski fleiri sem teljum að sá kostur þurfi að fylgja hverju því frv. sem verður að lögum að ljóst sé að hægt sé að framkvæma það. Þess vegna gagnrýnum við mjög að það skortir allar áætlanir og viðleitni til samstarfs við sveitarfélögin sem hafa fengið það verkefni að annast alfarið rekstur grunnskólanna. Verkefni sveitarfélaganna hafa aukist mjög á þessu sviði og við teljum að það væri heilbrigt í þessu máli sem öðrum að saman fari sem allra mest hin fjárhagslega ábyrgð og svo ábyrgðin á framkvæmdinni. En frv. er með þeim hætti að mikið er um fyrirmæli og skyldur gagnvart þeim sem eiga að bera meginþungann af kostnaðinum, en aftur á móti ekki stafkrókur um það hvernig á að aðstoða þá aðila við að afla þess fjár sem til þarf.

Ég tel það mikla blekkingu þegar sagt er að kostnaðaráætlun liggi fyrir þegar gerð er lausleg áætlun um kostnað ríkissjóðs af þessu frv. Vissulega er það rétt að það er skylt að lögum að láta fylgja áætlun um kostnað ríkissjóðs af þeim frv. sem við samþykkjum, en það er náttúrlega einber blekking ef sagt er að þar með liggi fyrir kostnaðaráætlun af þessu máli því að kostnaður ríkissjóðs er svo lítill hluti af kostnaðinum við málið í heild. Sveitarfélögin bera margfaldan þann kostnað sem ríkissjóður ber af þessu máli. Vissulega eru sveitarfélögin hluti hins opinbera, sem svo er nefnt, og enginn ber að lokum kostnaðinn af þeim framkvæmdum sem hið opinbera sér um nema þjóðfélagsborgararnir sjálfir. Því er það mikið ábyrgðarleysi að henda inn hverju frv. af öðru sem kostar milljarða á vegum hins opinbera, jafnvel þótt það sé ekki allt úr ríkissjóði, án þess að séð sé fyrir fjármagni. Um leið og ríkið veltir verkefnum á sveitarfélögin eru það gömul og ný sannindi að með því verður líka að vera séð fyrir tekjum til þess að framkvæma þau verkefni. Því skýtur það skökku við að frelsi hinna staðbundnu yfirvalda, þ.e. sveitarfélaganna, að ekki sé minnst á skólana sjálfa, er mjög skert í þessu frv. Við teljum að það bæti skólastarfið og efli að hvetja skólana sjálfa, skólastjóra, kennara og líka nemendur, til frumkvæðis til þess að virkja góðar og nýjar hugmyndir, hvetja menn til þess að veita nýjum hugmyndum út í starfið og hafa þá nokkurt valfrelsi um það hvernig kennslunni er háttað, hvaða möguleika hver skóli hefur til þess að koma skyldum sínum í framkvæmd. Þetta frelsi er í frv. skert ef nokkuð er. Það hefði þurft að auka það frá núgildandi lögum. Því er öfugt farið í þessu frv., því miður.

Við skiljum þann þátt í markmiðsgrein grunnskólalaganna, sem er um að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun, svo að það hljóti að eiga að leiða til þess að gera menn sem sjálfstæðasta í hugsun. Mér finnst ósamræmi í því að þau lög sem fjalla um þá sem þessu eiga að sinna dragi úr möguleikum þeirra sjálfra til þess að gera ýmsar sjálfstæðar ráðstafanir, koma áfram jákvæðum og skemmtilegum hugmyndum, t.d. með vali námsgagna eða viðbótarnámsgagna, og á þann veg að það efli hugmyndaflug og áhuga þeirra sem við skólann starfa, bæði kennara og nemenda. Ekki má fara örlítið út fyrir hinn einskorðaða veg sem menntmrn. á alveg að ákvarða samkvæmt þessu.

Ég sakna þess líka í frv. að gert sé ráð fyrir meiri áhrifum foreldra. Menn eru ópreytandi að lýsa yfir gildi þess að efla samstarf foreldra og skóla, en óneitanlega kemur það því miður í ljós að þegar til kastanna kemur verður samstaðan um það samstarf oft og tíðum fyrst og fremst fólgin í því að foreldrar komi til skjalanna þegar afla þarf fjár til þess að ganga frá skólalóð eða baka kökur með kaffi eða vinna að útbreiðslustarfsemi fyrir skólana o.s.frv. Það er ýmislegt ágætt um það að segja að samstarf sé um atriði, en þegar kemur að skólamálunum sjálfum gerir það minni lukku að foreldrar séu að skipta sér af þeim hlutum. Með öðrum orðum, ekki er litið á það uppeldisstarf sem fram fer í skólunum sem verkefni eða afskiptasvið foreldra á neinn hátt. Það er í höndum sérfræðinga. Vissulega er það gott að vissu marki, að því

marki sem það rekst ekki á uppeldismarkmið þau sem foreldrum er bæði rétt og skylt að sinna, bæði samkvæmt lögum landsins og öllum alþjóðlegum og hérlendum hugmyndum um mannréttindi, foreldrum og börnum til handa. Ég tel að það sé alveg óþarft að ganga á þann veg frá lögum að þessi atriði rekist á. Ég tel að það eigi einmitt að veita út í skólastarfið þeim hugmyndum sem annar af þessum tveimur samskiptaaðilum, sem starfa annars vegar við heimilin og hins vegar við skólann, hefur fram að færa. Opna þarf þann möguleika að við hugmyndum sé tekið og úr þeim unnið og jafnvel að virkja foreldrana í ýmsum tilfellum í ríkara mæli ef þeir hafa tök á og vilja, enda hafa þeir ýmislegt fram að færa til þess að þétta þessar raðir, þ.e. samstarfið. Skólarnir og heimilin eiga ekki að vera andstæðar einingar heldur samstarfsaðilar sem vinna að sama marki á þann veg að börnin finni að þau, foreldrarnir og kennaraliðið við skólann sé allt samhentur hópur. Ég tel að það hefði ómetanlega þýðingu. Sem betur fer tekst þetta oft vel. En ekkert er hins vegar í frv. sem tryggir að ekki sé misbrestur á þessu. Ef við erum á annað borð að setja lög um innra starf skóla, þá verðum við að taka á þessu máli. Þetta er þeim mun nauðsynlegra sem samvistir foreldra og barna eru skemmri núna en var fyrr á tíð, þeim mun nauðsynlegra er að hugmyndaflæði milli þessara uppeldisstarfsmanna, ef ég tek mér það bessaleyfi að kalla foreldra almennt líka uppeldisstarfsmenn, það geri ég vegna þess að það eru þeir sem mesta ábyrgð bera á uppeldi og lífi barna sinna, ég tel að hugmyndaflæði milli þessara aðila, kennsluliðsins og foreldranna, þurfi að vera miklu greiðara og það þurfi að vera enn þá jákvæðar tekið á hugmyndum foreldra.

Enn ein röksemdin fyrir því er sú að nú eru enn strangari ákvæði í lögum en áður var um að það skuli einungis vera fagmenn, þ.e. þeir sem hafa tiltekin kennsluréttindi, sem annast uppeldið og fræðsluna í skólanum, en engum hefur dottið í hug að foreldrar þurfi að hafa neitt sérstakt réttindanám, pappír eða viðurkenningu upp á það að vera hleypt að því að ala upp börnin sín. Þetta á hvert foreldri að hafa í höfði sínu og húðinni og hafa tilfinningu fyrir því, en engu að síður er það svo að frá upphafi mannkyns, og reyndar ekki aðeins mannkyns, það er einfaldlega staðreynd lífsins að hvert foreldri ber ábyrgð á afkomu og velferð afkvæma sinna. Hvert og eitt foreldri ber ábyrgð á afkvæmi sínu. Þetta þurfum við að auðvelda ef við ætlum að ala börnin upp við það að búa sig sjálf undir það að standa að heimili og ala upp þar næstu kynslóð en besta veganestið til slíks í samskiptum við annað fólk er það sem menn venjast í barnæsku og á sínum heimilum því að lengi býr að fyrstu gerð.

Ég leyfi mér, herra forseti, að hlusta eftir því hvað hv. 3. þm. Vestf. er að segja uppi í Ed. Hann er skýrmæltur maður og hefur mikinn raddhljóm. Það gæti vel verið að það sé um skólamál og gæti þess vegna fallið inn í þessar ræður sem kafli, en slík mál eru reyndar ekki á dagskrá Ed. þannig að ég mun nú halda áfram þessari ræðu með þessu millispili og undirleik sem berst úr Ed. og það er auðvitað bara til bóta.

Ég kaus það, herra forseti, að fara nokkrum orðum um þann þátt uppeldis sem fram fer í skólunum og skoða það atriði með hliðsjón af þeirri skyldu sem foreldrar hafa við börn sín og uppeldi þeirra. En ég hlýt að minna á það einu sinni enn sem ég hef stundum gert hér á þessum stað að nokkuð virðist skorta á skilning á þessu stundum. Varð ég þess ekki síst vör í flutningi lagafrumvarpa fyrir margt löngu um að lögleiða þætti úr mannréttindasáttmála Evrópu um rétt foreldra til að ráða uppeldi barna sinna. Þá risu upp miklar efasemdir og andmæli, einkanlega af hálfu flokks hæstv. menntmrh. Það var reyndar núv. hæstv. fjmrh. sem var mest á móti þeim ákvæðum mannréttindasáttmálans og taldi hann afar hættulegan og líkti þessu við hinar verstu og skuggalegustu hugmyndir. Mig grunar nú reyndar að hæstv. menntmrh. hljóti að hafa lært það í sínu starfi og kynnum sínum af uppeldisstéttunum að þetta er atriði sem við í okkar landi, eins og reyndar í mörgum öðrum löndum, verðum að taka mið af í löggjöf okkar ef við ætlum að tryggja börnum okkar þessi réttindi.

Í ljósi þessa sem ég hef verið að segja um foreldrana og skólann er það alveg skýrt að við teljum að hlutur foreldra í þeim fáu samstarfsnefndum með þátttöku fólks utan skólans sjálfs, sem getið er um í þessu frv., sé fyrir borð borinn, alveg tvímælalaust. Við bentum á það í frv. sem við sjálfstæðismenn fluttum á þinginu 1989 að æskilegt væri að við hvern skóla væri skólanefnd sem væri til ráðuneytis og þar væru fulltrúar foreldra og einn fulltrúi sveitarfélags. Við teljum að slíkt væri enn mjög gagnlegt. Ég er ekkert svo viss um að hæstv. ráðherra sé í hjarta sínu svo andsnúinn þessum hugmyndum okkar. Hins vegar er hæstv. ráðherra, eins og flestir hv. þm., að ganga til kosninga og vill vitanlega geta sagt kjósendum sínum að nú hafi verið sett ný grunnskólalög og nú skulu fræðslumálin í landinu verða í allgóðu lagi, a.m.k. um skeið. Af því sem ég sagði um kostnaðarþáttinn er það náttúrlega hrein blekking á meðan ekki er betur fyrir þeim þætti séð.

Ég gat þess að í þessu frv., þar sem margt væri jákvætt, væri ýmislegt annað sem gæti staðið í vegi fyrir frekari skólaþróun. Þá eru það aðallega þeir þættir sem snúa að framkvæmd sveitarfélaganna sem er ljóst að fjármagn skortir til og ekki er séð fyrir í frv. Í öðru lagi er það sem skerðir frumkvæði og frelsi og stjórnunarmöguleika skólastjóra og uppeldismöguleika kennaranna, möguleika þeirra á að koma fram faglegum hugmyndum, sem eru á einhvern hátt öðruvísi en það sem hefur verið ákveðið í smáatriðum í menntmrn. og undirdeildum þess. Loks er í frv. ákvæði sem geta kæft í fæðingu mjög ákveðnar tilraunir til þess að fara nýjar leiðir, en það er ákvæðið um einkaskóla, þar sem það er í raun og veru lagt alfarið í vald ráðherra hvort af starfsemi einkaskóla getur orðið eða ekki. Til viðbótar því að einkaskóli þarf sérstaka löggildingu af hálfu menntmrn. og ráðuneytið þarf að staðfesta reglugerð og skipulagsskrá skólans og ráðuneytið hefur eftirlit með starfseminni líkt og rekstri annarra grunnskóla, þá er gert ráð fyrir að skólagjöldin séu líka háð

samþykki menntmrn. Með öðrum orðum, ef menntmrn. samþykkir ekki skólagjöld sem duga til að standa undir rekstri, þá er hægt að ganga af þessari starfsemi dauðri. Þetta atriði tel ég þvílíka frelsisskerðingu að það getum við ómögulega látið frá okkur fara með þessum hætti. Með þessari grein er ákveðið fyrir fram að svo lítið skuli frelsið vera til þess að virkja frumkvæði og nýjar hugmyndir að einn ráðherra geti haft það í hendi sér með því að segja nei við hugmyndum um skólagjöld. Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé, hvorki nú né samkvæmt frv. Þó hefur reyndin orðið sú að launakostnaður hefur verið greiddur af ríkinu hjá einkaskólum sem fest hafa í sessi í skólakerfinu á Íslandi fyrir áratugum síðan. Við skulum nefna Landakotsskóla og við skulum nefna Ísaksskóla. Það var ákveðið að laun kennara þessara skóla skyldu greidd af ríkinu og hefur þetta smátt og smátt orðið til þess að það þykir mjög eðlilegt að svo væri einnig um aðra einkaskóla sem stofnaðir yrðu, enda gert ráð fyrir að það verkefni sem menntmrn. hefði í því sambandi væri einungis að tryggja með vissu eftirliti eða athugun á prófum og árangri að sú fræðsla sem þar færi fram fullnægði þeim lágmarksskilyrðum sem við viljum að okkar grunnskólakerfi sjái nemendum sínum fyrir.

Í frv. sem við sjálfstæðismenn fluttum 1989 gerum við ráð fyrir að það sé að sjálfsögðu unnt fyrir einkaskóla bæði að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri með leyfi fræðslustjóra og einnig að ríki og sveitarfélög geti samið við einkaaðila um rekstur grunnskólans. Ég held að þetta sé atriði sem við ættum mjög að hafa í huga og gæti flýtt fyrir þeirri þróun sem við viljum vinna að með umbótum á skólakerfinu, að gert sé ráð fyrir því að samið yrði við einkaaðila í ýmsum tilvikum um rekstur grunnskóla. Það má líta á það sem samning við einkaaðila að það sé gert þegar frá málum er gengið með þeim hætti sem t.d. er gert í Ísaksskóla og Landakotsskóla. Dæmi um slíkan samning er t.d. samningur ríkisins við Verslunarskóla Íslands. Ég held að það blandist engum hugur um það að starfsemi allra þessara stofnana hefur verið skólakerfinu á Íslandi og fræðslumálum í heild til góðs. Ég held að við gætum því lyft undir þessa þróun með því að opna þennan möguleika betur.

Ég leyfi mér að greina frá hugmynd sem við höfðum á sínum tíma um orðalag 75. gr. grunnskólalaganna, þ.e. greinarinnar sem fjallar um einkaskóla. Við lögðum til að hún hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er menntmrn. að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 74. gr.“ — sem ég reyndar nefndi hér áðan — „sem reknir eru af einstökum mönnum eða stofnunum ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá er það staðfestir, enda hlíti skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn sem þessa einkaskóla sækja hafa undanþágu samkvæmt 7. gr. en forstöðumaður skal tilkynna í upphafi hvers skólaárs og senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.“

Síðan er svo ákvæðið um samning við þessa aðila: „Ríki eða sveitarfélag getur samið við einkaaðila um rekstur grunnskóla, sbr. 1. gr., og setja skal í reglugerð ákvæði um það hversu opinberum stuðningi við einkaskóla skuli háttað.“

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hér er opnuð sú leið að hafa miklu rýmri framkvæmd á þessu atriði. Ég leyfi mér, auk þeirra skóla sem ég nefndi hér áðan, að benda á reynsluna af Tjarnarskóla sem heimilaður var fyrir nokkrum árum og mér er það e.t.v. kunnugra en mörgum hv. þm. að sú heimild, það rekstrarleyfi, hlaut mikla gagnrýni bæði af ýmsum pólitískum aðilum, ekki síst þeim hæstv. ráðherra sem þetta frv. flytur, svo og ýmsum fagmönnum, því miður, úr kennarasamtökum. Þá stóðu reyndar yfir miklar pólitískar sviptingar út af kjaramálum og fleiru og má vera að þær hafi átt að einhverju leyti sök á þeirri afstöðu. Svo langt gekk þetta að jafnvel urðu börn fyrir aðkasti af þessum sökum ef þau sóttu þennan skóla. En það er mikið gleðiefni að nú hafa margir þeir sem harðast gagnrýndu hinn sama skóla séð fram á ágæti hans og hann hefur virkilega sannað gildi sitt. Þar fóru ungir fræðimenn, ungir kennarar, sem höfðu nýjar hugmyndir sem þeir vildu koma í framkvæmd og reyna. Ég er þess fullviss að nú mundi hver einasti þingmaður vera mér sammála um að það hefði verið rangt að leggja stein í götu þeirra.

Með tilliti til þessarar reynslu held ég að það sé alveg ljóst að við eigum að láta af þeirri tortryggni sem menn hafa í garð slíkra stofnana. Því miður hafa afar margir hv. þm. og e.t.v. mjög margir landsmenn okkar vanið sig á mikla forsjárhyggju sem héðan kemur frá Alþingi, og þess vegna orðið vanir því jafnvel að ekki sé leyft að veita nýjum hugmyndum út í starfsemi sem þessa vegna þess hve erfitt hefur verið að koma af stað einkastofnunum á þessu sviði. Þetta gildir auðvitað um ýmis önnur svið þjóðlífsins sem nú eru að mestu undir opinberri stjórn en greinilegustu dæmin eru einmitt á þessu sviði.

Í þessu frv. eru því miður nokkrar blekkingar, fyrir utan þá hina stóru blekkingu sem felst í því að fjármunir eru ekki til til að framkvæma stærstu atriðin. Ekki liggur fyrir nákvæm áætlun né heldur er til að dreifa samstarfi sem komið er á við sveitarfélögin um það hvernig það skuli gert. Sú blekking sem ég er nú að tala um er blekkingin um lengingu daglegs skólatíma. Vegna þess að það vantar skýrari ákvæði um skiptistundir í þessu frv. verður raunverulegur skólatími margra nemenda styttri en hann er í mörgum tilfellum nú. Um þetta atriði þyrfti að fjalla af meiri nákvæmni í frv. til þess að ná þeim árangri sem látið er í veðri vaka að ætlunin sé að ná. Það er síst til bóta og auðvitað afturför að felld sé niður lagaheimild til að skipta bekkjum í vissum námsgreinum. Það er mjög gagnlegt fyrir nemendur að sú heimild sé til og hún sé framkvæmd. Nú má það vel vera að unnt sé að gera þetta, það sé ekki bannað að skipta bekkjum, en óneitanlega er tónninn gefinn í frv. með því að fella þessa

heimild niður og með því að ákveða kennslustundafjöldann án þess að kveða betur á um skiptistundirnar.

Þá þyrftu ákvæðin um sérkennslu mikilla endurbóta við. Þar þyrfti forræði skólans sjálfs að vera ríkara.

Ég veit, herra forseti, að svona mætti lengi áfram halda. Við höfum svo margar og mikilsverðar athugasemdir við þetta frv. að gera þó við teljum að meginatriði frv. séu þau atriði sem eru stærst að kostnaði til, lenging skólatímans, samfelldur skólatími, skólamáltíðir. Allt þetta er í samræmi við okkar hugmyndir, en þá eru grundvallaratriði eins og það sem varðar betri möguleika á frumkvæði og frelsi fyrir skólastjóra, kennara og nemendur, það er allt í þrengri skorðum en áður var, þannig að við það höfum við athugasemdir að gera.

Ég vil líka nefna eitt atriði sem mér sýndist í fyrstu að væri í sjálfu sér óþarft að tilgreina í lögum en væri svo sem meinlaust þótt tilgreint væri í lögum vegna þess að ég leyfði mér að líta svo á að í því fælist tilraun til samstarfs við aðila utan skólans. Það er ákvæðið um skólamálaráð þar sem taldir eru upp fulltrúar ýmissa aðila sem sæti eiga þar. Þar þykir okkur hlutur foreldra afar lítill. Þar er sterkur hópur kennara, bæði Kennaraháskólinn og Kennarasambandið, sem ég hélt nú að væri fyrst og fremst stéttarfélag en verkefnin í skólamálaráði væru ekki kjaramál heldur fyrst og fremst það sem varðaði skólastefnuna og sjálf kennslumálin og uppeldisatriðin. Þess vegna þykir mér mjög vanta á að fulltrúar foreldra eigi nægilega stóran hlut að þessu ráði.

Annað sem ég vil í allri vinsemd benda hæstv. ráðherra á og ég tel að við hljótum að geta verið sammála um að þyrfti að vera í skólamálaráði, ef það á annað borð verður sett á laggirnar, er fulltrúi frá því skólastigi sem tekur við þeim sem útskrifast úr grunnskóla. Í skólamálaráði er fulltrúi frá Háskóla Íslands en enginn frá framhaldsskólastiginu. Ég held að menn séu yfirleitt sammála um það að okkur hafi ekki tekist að ráða nægilega bót á vissum vanda sem stafar af því að eitt skólastig veit ekki nægilega vel við hverju það tekur frá næsta skólastigi á undan. Þ.e. að námið á upphafsári nýs skólastigs hlýtur að verða að taka mið af þeirri þekkingu sem nemendurnir sem koma inn í skólann hafa eða sú þekking sem þeir fá eða er krafist þeim til handa taki mið af þeim kröfum sem gerðar eru í næsta skólastigi á eftir. Með öðrum orðum, svo að það sé orðað eins og maður heyrir stundum frá framhaldsskólakennurum á fyrsta ári framhaldsskólans, við getum ekki ætlast til þess að framhaldsskólakennarar á fyrsta ári framhaldsskólans þurfi að eyða drjúgum hluta af starfstíma sínum í að kenna nemendunum það sem þeir áttu að kunna þegar þeir komu úr grunnskólanum.

Það er viðkvæmt stundum að tala um þessi mál, menn telja það alvarlega gagnrýni og vissulega er það alvarleg gagnrýni ef það er rétt að árangur skólakerfis okkar sé ekki sá sem hann ætti að vera. Það er nefnilega ekki einungis spurt um samfelldan skóladag, lengdan skóladag, skólamáltíðir og fleira, það er líka spurt um árangur þess starfs sem fram fer í þessum stóru og mikilvægu stofnunum og hvernig við stöndum að því að átta okkur á þeim árangri. Vissulega viljum við ekki að það sé gert á þann hátt að það verði beinlínis til þess að einhverjir heltist úr lestinni en óneitanlega getur þetta oft á tíðum orðið til þess að þeir nemendur sem hafa verulega hæfileika og starfsgetu á þessum árum fái ekki verkefni við sitt hæfi. Sama gildir um þá sem hafa minnsta getuna til náms og starfs í skólanum að þeir þurfa að hafa rétt til þess að fá þjónustu sérkennslunnar. En það sem er rangt og spillir árangrinum að okkar viti er ef fjöldi nemenda fær ekki verkefni við sitt hæfi, nýtir ekki getu sína á þann veg sem gæti bætt árangur skólakerfis okkar og beinlínis menntunarstig þjóðarinnar, ef svo mikil áhersla er lögð á að halda öllum bekknum eða allri bekkjardeildinni í þeim vinnuhraða sem sá sem minnst getur þarf að viðhafa til þess að geta fylgst með. Þetta eru vissulega vandasöm atriði og mér er það vel ljóst að það hafa verið mismunandi kenningar um þetta atriði frá einum tíma til annars, svo einkennilegt sem það er að stundum hafa menn alfarið verið á þeirri skoðun að það sé stórhættulegt að skipta nemendum eftir getu og í annan tíma telja menn að það sé mjög æskilegt og hættulegt þeim sem minnst geta að finna það á hverjum degi að þeir geti minna en hinir. Þess vegna er það auðvitað alveg ljóst að sérkennslumálin skipta mjög miklu fyrir allan þennan hóp. En það hefur einhvern veginn ekki tíðkast að tala um sérkennslu fyrir þá sem mest geta. Þá munu alþýðubandalagsmenn rísa upp á afturfæturna og segja: Nú er verið að tala um úrvalsbekki, hvað eru þessir sjálfstæðismenn að tala um, slíkt er hættulegt.

En ég held hins vegar að jafnvel þeir hafi áttað sig á þeirri villu sem hefur legið að baki grundvallarstefnu þess flokks, bæði hér á landi og annars staðar. Mér þykir það skiljanlegt að hæstv. ráðherra sé brúnaþungur yfir þessari alllöngu ræðu og yfir því að það skuli vera minnst á svona hluti. En auðvitað átta þeir sig á því eins og aðrir að þetta er mál sem þarf að taka nýjum tökum. En ég ítreka og legg áherslu á það að í því starfi getur orðið um tvíverknað að ræða, ónýtan vinnutíma líka ef við gætum þess ekki vel að framhaldsskólinn viti við hverju hann tekur úr grunnskólanum. Og það er mín tillaga að það verði reynt við framhaldsathugun á þessu máli, ég tala nú ekki um ef á það verður fallist, sem ég tel einu réttu leiðina í þessu, að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þannig að hægt sé að vinna betur úr þeim mörgu og mikilvægu ábendingum sem við höfum fengið frá fjölmörgum umsagnaraðilum. Þá sé tekið m.a. á þessu atriði því það skiptir máli fyrir árangur skólastarfsins og líka fyrir árangur framhaldsskólans.

Nú hafa skólastigin oft og tíðum haft samstarf. Ég geri ráð fyrir að svo sé enn eins og var fyrir nokkrum árum að saman komi öðru hverju samstarfsnefnd, a.m.k. framhaldsskóla og háskóla. Á slíkum fundi var rætt um að grundvöllurinn væri lagður í grunnskólanum, auðvitað erum við öll sammála um það, en þar þyrfti að nýta tímann betur. Enn fremur sú hugmynd

að leiðirnar milli skólastiganna yrðu greiðari og eðlilegri á þann veg að ekki þyrfti að tvítaka verkið, endurtaka það í framhaldsskólanum sem unnið hefði verið í grunnskólanum eða þá að vinna við það sem menn áttu að kunna úr grunnskóla. Ég veit að við hæstv. ráðherra þekkjum bæði kennara sem var orðinn afar þreyttur á því að vinna við stafsetningarleiðréttingar fólks sem var komið í framhaldsskóla og átti að kunna að stafsetja íslensku þegar það kom þangað. Þessir hlutir og fleiri á tímum málvöndunar og málvernd eru auðvitað óhemju mikilvægir. Það á ekki að eiga sér stað að nemendur í framhaldsskóla þurfi að eyða tímanum í að læra að tala og skrifa móðurmál sitt. Þetta eiga þeir að kunna og nýta það til þess að læra aðrar greinar þegar í framhaldsskólann er komið og til þess að nýta þá kennslukrafta sem í framhaldsskólanum eru.

Ég hef, herra forseti, ekki rætt um þá hluti sem hér hafa orðið mest umræðuefni manna, sem er kostnaðurinn við þetta frv. Ég hef ekki farið ítarlega ofan í það og þær miklu og mikilvægu umsagnir sem við höfum fengið. Það hafa aðrir gert. Ég hef leyft mér að fjalla um nokkur atriði sem mér hafa verið sérstaklega hugleikin, bæði sem þingmanni og ráðherra á sínum tíma og ósköp einfaldlega sem eitt af öllum foreldrum þessa lands. Ég geri ráð fyrir að við lestur frv. eins og þessa vakni slíkar hugleiðingar með okkur og við viljum vera viss um það að frá máli eins og þessu sé gengið með þeim hætti að hið unga Ísland, hinir ungu borgarar þessa lands eigi við síbatnandi skólakerfi að búa og skólakerfi sem tengir heimili þeirra og skólann þannig að þeir búi við samstarf þeirra sem bera ábyrgð á hag þeirra en ekki að einn sé að vinna það sem annar hefur ekki tök á að fylgjast með eða hafa áhrif á. Þetta tel ég skipta meginmáli að því er varðar þann þátt málsins sem veit að samstarfi heimila og skóla.

Ég vil að lokum minnast á annað frv. sjálfstæðismanna sem flutt var um þetta efni, annað en það frv. sem ég hef gert hér nokkuð að umræðuefni og við fluttum í Nd. 1989. Það var frv. sem flutt var í Ed. oftar en einu sinni og flutt var af hv. þm. Salome Þorkelsdóttur og fleiri þingmönnum og fjallaði einmitt um það atriði sem ég hef gert hér að umræðuefni, hvernig unnt væri að koma málum svo fyrir að þetta samstarf yrði virkara og auðveldara. En það var frv. um skólaráðin, sem svo voru nefnd. Þessar hugmyndir komu fram í nefndum sem unnið höfðu á vegum ríkisstjórnarinnar, bæði á vegum menntmrn. og svo forsrn. í tíð hv. þm. Þorsteins Pálssonar. Það fór ekki á milli mála að á þetta atriði var mjög mikil áhersla lögð og þess má að skaðlausu geta að a.m.k. í annarri þessari nefnd var mikill meiri hluti nefndarmanna konur svo að ég geri ráð fyrir að þeim sé þetta sérlega hugleikið. En hitt er mér líka ljóst að þeir feður grunnskólabarna sem ég hef rætt þetta mál við hafa líka mjög mikinn áhuga á slíku samstarfi, þar sem væri fjallað um skólamálin sjálf meira en nú er, og með virkari hætti. Um það vísa ég til tillagna sjálfstæðismanna.

Ég bið nú afsökunar, herra forseti, hve langan tíma ég hef tekið til að ræða um þetta mál af því að ég geri ráð fyrir að velflestir deildarmenn þurfi að tjá sig. En ef svo er ekki dreg ég þá afsökunarbeiðni til baka, en hér er um mál að ræða sem bæði mér og fjölmörgum öðrum þingmönnum liggur mikið á hjarta. Ég ítreka það að við leggjum eindregið til að betur verði unnið úr þessu máli þannig að það hafi einhverja von um að komast til framkvæmda með eðlilegum hraða og að tekið verði upp samstarf við sveitarfélögin í framhaldsundirbúningi þess. Þess vegna hygg ég að það jákvæðasta sem við gætum gert sé að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að það yrði betur unnið í samstarfi við sveitarfélögin sem eiga þó að bera hitann og þungann af kostnaðinum.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

65. fundur, mánudaginn 4. mars, að loknum deildafundum.

Afnám margsköttunar á iðgjaldi til lífeyrissjóða, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHG, 371. mál. — Þskj. 651.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Breyttir starfshættir Norðurlandaráðs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og hv. þm. mun kunnugt hafði forseti fallist á að hér færu fram tvær umræður utan dagskrár skv. fyrri mgr. 32. gr. laga um þingsköp og stendur hvor umræða því hálfa klukkustund. Sú fyrri er umræða um breytta starfsháttu Norðurlandaráðs og umræðubeiðandi er hv. 1. þm. Reykn. Hin umræðan fjallar um tillögur um opinberar framkvæmdir umfram fjárlög og lánsfjárlagafrv. og þar er umræðubeiðandi hv. 2. þm. Norðurl. v. Hefst nú hin fyrri umræða og til máls tekur hv. 1. þm. Reykn.

Matthías Á. Mathiesen:

Frú forseti. Eins og hv. þm. mun kunnugt var á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs flutt og síðan samþykkt tillaga um breytta starfshætti Norðurlandaráðs, tillaga sem að dómi fjölmargra fulltrúa á þingi ráðsins breytir í veigamiklum atriðum þeim grundvelli sem samstarf þjóðþinga og ríkisstjórna hefur byggst á, þjóðþinga frá 1952 og síðan ríkisstjórna Norðurlanda með

undirritun Helsingfors-samningsins frá 1962, ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á þeim samningi. Þessi tillaga hlaut meirihlutasamþykki en töluverð andstaða kom fram á þingi Norðurlandaráðs við þá tillögu. Þar á meðal voru margir úr hópi Alþingis sem sátu Norðurlandaráðsþingið auk þingmanna annarra þjóðþinga sem þar létu til sín heyra.

Breytingartillagan fjallar um breytingar á 51. til og með 58. gr. samstarfssamningsins, að undanskilinni 53. gr., en það er breytingartillagan við 52. gr. samstarfssamningsins sem skiptir meginmáli. Gengur breytingin út á, að mínum dómi og þeirra sem þar voru í andstöðu, að breyta starfsháttum Norðurlandaráðs frá því sem þeir hafa verið, þ.e. fulltrúar þjóðþinga í það að það verði fulltrúar stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka á Norðurlöndum sem koma til með að vera þar í forustu því að 52. gr. fjallar um forsætisnefnd Norðurlandaráðs, skipan hennar og með hvaða hætti ákvörðun verði tekin þar að lútandi. Ég ætla ekki að fjölyrða meir hér. Ég tel að verði slíkt samþykkt, þá séum við ekki á þeirri braut sem upphaflega var mótuð og hefur verið að mínum dómi mjög farsællega farin þó svo það hafi gerst nú á þessu þingi að Íslendingar eiga ekki formann í neinum af þeim nefndum sem starfa á vegum Norðurlandaráðs og er það í fyrsta skipti allt frá því 1952.

Ég leyfi mér því að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem fer með samstarfsmálefni Norðurlanda hvort það sé ætlunin, hvort um það hafi orðið samkomulag af hálfu ráðherranna, og þá í samráði við Norðurlandadeild Alþingis, að slík breyting yrði gerð.

Hér höfum við fyrir stuttu síðan haft umræðu um starfsemi Norðurlandaráðs og hefði því verið eðlilegast að slík málefni sem þessi hefðu komið þar á dagskrá. En vegna þess að sú umræða hafði farið fram, þá leyfi ég mér að bera fram þessa fyrirspurn til þess einmitt að fá svör og vekja athygli á þessu máli hér á Alþingi. Sjálfur er ég andvígur þeirri breytingu sem hér er hugsuð.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ef ég hugleiði aðeins með hvaða hætti samstarf Norðurlandanna á sér stað á vettvangi Norðurlandaráðs og innan vébanda samstarfsráðherra þá má segja að það sé tvíþætt. Það er fyrst og fremst um það að ræða að það er samstarf þingmanna, sérstakra kjörinna fulltrúa þjóðþinga Norðurlandanna, sem koma saman á Norðurlandaráðsþingi. Síðan er um að ræða samstarf ríkisstjórna sem fer fram á vettvangi margs konar ráðherranefnda, þar sem um er að ræða að viðkomandi ráðherrar úr viðkomandi ríkisstjórnum hittast til að fjalla um sameiginleg málefni. En eins og öllum er kunnugt hafa þó utanríkismál verið utan við þetta samstarf, a.m.k. fram til þessa, þó að umræður um utanríkismál almennt skipi æ meiri sess á þingum Norðurlandaráðs en fram til þessa hefur verið.

Síðan blasir þetta samstarf kannski við þeim sem taka þátt í því á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi er um að ræða hreina hagsmunagæslu hvers lands fyrir sig gagnvart sínum eigin hagsmunum í þessu samstarfi og í öðru lagi er um að ræða samstarf pólitískra aðila, þ.e. hópa sem telja sig eiga sams konar pólitískar skoðanir að verja. Þó verð ég nú að viðurkenna að það er ákaflega erfitt að sjá fyrir sér hvaða pólitísku skoðanir t.d. miðflokkahópurinn er að verja, en það munu vera 16 mismunandi stjórnmálaflokkar í þeim hópi, og sagt er að það sé lengra og meiri gjá á milli þeirra en á milli t.d. Alþb. og Sjálfstfl. hér á Íslandi.

Hvað varðar störf ráðherranefndarinnar, þá hefur samstarfið t.d. innan hóps samstarfsráðherra það tímabil sem ég hef gegnt störfum samstarfsráðherra Norðurlandamála í íslensku ríkisstjórninni verið ákaflega gott. Að vísu hefur oft verið tekist á einmitt um þessa hagsmuni sem eru mjög áberandi í samstarfinu. Stundum er tekist á um verkefni og veitingu fjármuna til verkefna sem kannski koma einu Norðurlandinu betur en öðru og síðan er ekki síst tekist á um áhrif sem fást með því að ráðstafa æðstu stöðum í Norðurlandasamstarfinu til ákveðinna landa. Þar er fyrst og fremst tekist á um þær stöður sem er að finna hjá ráðherranefndinni, þ.e. skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Má segja að kannski hafi verið hvað mest tekist á um þau hagsmunamál á yfirstandandi starfsári, en þá var verið að ráðstafa æðstu stöðum hjá skrifstofunni í Kaupmannahöfn. Eins og öllum er kunnugt höfðu Íslendingar eina deildarstjórastöðu af fimm á skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn en misstu hana sl. sumar eftir mikil átök um ráðstöfun hennar meðal samstarfsráðherranna.

Á Norðurlandaráðsþinginu núna í Kaupmannahöfn í síðustu viku lágu fyrir breytingartillögur á Helsingfors-sáttmálanum sem er grundvöllur norræns samstarfs. Í 52. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingartillögu að stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, þ.e. þingsins, verði án nokkurrar takmörkunar, þ.e. fjöldi nefndarmanna verði ótakmarkaður. Þessi breyting var gerð með það að leiðarljósi að auðveldara yrði fyrir ákveðna stjórnmálahópa, þ.e. flokkahópa, að fá áhrif í stjórnarnefnd Norðurlandaráðs með þessum hætti. Síðan segir: Hver deild ráðsins skal eiga eigi færri en tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni til þess að tryggja það að hvert þjóðþing hafi a.m.k. tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni. Það er alveg ljóst að með þessari breytingu er gengið gegn hagsmunum Íslands vegna þess að það má búast við því að við munum aldrei fá fleiri en tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni meðan hins vegar flokkahóparnir gætu komið fleiri mönnum inn í nefndina. Þannig yrði að fjölga í stjórnarnefndinni, sumir segja jafnvel allt upp í 17 manns frá þeim 10 sem eru nú í stjórnarnefnd, en það mundi að sjálfsögðu draga úr áhrifum Íslands í nefndinni og þar með í Norðurlandaráði.

Því miður kom þetta mál ekki upp fyrr en skömmu áður en stóð til að ég undirritaði fyrir hönd Íslands samning um að gera þessar breytingar, en þegar þessi deila kom upp var skotið á fundi samstarfsráðherra og þar tilkynnti ég að ég gæti ekki undirritað þetta samkomulag að svo stöddu nema þá með því að gera sérstakan fyrirvara um að ég teldi ólíklegt að þessi breyting mundi fá samþykki á Alþingi Íslendinga. Þegar ég

tilkynnti þetta, þá var fallið frá því að undirrita þessar breytingar að svo stöddu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil biðja menn að halda gleði sinni. Við töpuðum einni lítilli kosningu. Sósíaldemókratar vildu ekki styðja Sighvat Björgvinsson til formennsku í einhverri fastanefnd Norðurlandaráðs. Íslenska sendinefndin stóð að sjálfsögðu með Sighvati, enda hefur hann rækt starf sitt sem nefndarformaður í laganefnd Norðurlandaráðs með mikilli prýði og það var engin ástæða til þess fyrir okkur annað heldur en bakka hann upp af því afli sem við höfðum. Ég held að við eigum ekki að gera of mikið úr þessu eða vera of niðurdregin yfir þessum úrslitum. Það gengur bara betur næst.

Hér hefur verið um að ræða samstarf fimm jafnréttháttra þjóðþinga. Aukið flokksræði sem nú ryður sér til rúms í norrænu samstarfi er varasamt fyrir okkur Íslendinga og aðstaða okkar versnar við það. Við vorum beittir hálfgerðum bolabrögðum þarna og við verðum að taka á móti til þess að það endurtaki sig ekki og búa okkur betur undir næstu kosningu.

Ég held að það sé ekki hættulegt að breyta skipulaginu ef við komum því nógu rækilega til skila að við látum ekki ganga yfir okkur eins og gert var þarna. Ég vil láta það koma fram að við vorum ekki alveg rúnir trausti jafnvel þó að við töpuðum þessari nefndaformennsku. Það er um 16 sérstakar trúnaðarstöður að ræða hjá Norðurlandaráði. Við Íslendingar höfðum þrjár af þeim fyrir þingið eða á síðasta kjörtímabili en nú aðeins tvær, þ.e. við höfum tvær stöður varaforseta í ráðinu.

Ég held að við megum ekki gera of mikið úr þessu og mikla þetta um of fyrir okkur, en það er fullkomin ástæða til þess að koma því rækilega til skila að við unum ekki þeirri aðferð sem þarna var beitt og munum ekki láta það yfir okkur ganga að flokksræðið fari svona með okkur. Við þurfum að gæta að hagsmunum íslensku sendinefndarinnar og þá jafnframt Alþingis, að hagur þess verði ekki fyrir borð borinn.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. að hér hefur aðeins hálfleikur tapast en leikurinn er ekki búinn, hann heldur áfram, og þeir sem koma til með að halda honum áfram vinna að sjálfsögðu að því að fá leiðréttingu þessara mála. Ég held að þessar málalyktir á Norðurlandaráðsþinginu séu okkur aðvörun um það að halda fram rétti okkar sem sjálfstæðrar þjóðar í vaxandi alþjóðahyggju sem leiðir af sér vaxandi flokksræði.

Ég tók þátt í umræðum um skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs hér fyrir rúmlega viku síðan. Ég minntist einmitt á þetta í þeirri umræðu og varaði við því sem nú er komið á daginn. Hins vegar vil ég láta það koma fram í þessari umræðu að það er ástæðulaust að taka þetta mál þannig upp að við eigum að draga okkur út úr þessu samstarfi eða fara í einhverjar slíkar aðgerðir. Við vinnum að sjálfsögðu áfram í norrænu samstarfi sem við höfum mikinn hag af. En þetta er viðvörun og þetta er viðvörun um þá miklu alþjóðahyggju sem nú ryður sér til rúms og viðvörun til okkar um að halda fram rétti okkar sem sjálfstæðrar þjóðar með sjálfstætt þjóðþing, en grundvöllur starfsemi Norðurlandaráðs er starfsemi fimm sjálfstæðra þjóðþinga. Það er grundvöllurinn sem við eigum að vinna eftir.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Í umræðum um norrænt samstarf sem fram fóru í þinginu 21. febr. sl. lýsti ég ásamt fleirum áhyggjum yfir þeirri þróun sem virtist vera að verða í norrænu samstarfi, að jafnrétti milli ríkjanna ætti ekki að vera í hávegum haft áfram og ákvörðunarvald færðist meira yfir í flokkahópana heldur en eðlilegt getur talist. Þetta er einmitt það sem nú hefur gerst.

Ég tek undir með hv. þm. Páli Péturssyni að við eigum í sjálfu sér ekkert að vera að gera of mikið úr þessu þó að formennska í einni nefnd hafi ekki fallið Íslendingum í skaut. En ég legg aðeins áherslu á það að þetta hefur verið eitt af því sem hefur sýnt það að jafnræði hefur ríkt á milli ríkjanna alveg burt séð frá stærð þeirra og það er það sem ég tel að eigi að vera áfram.

Þessar breytingar á 52. gr. Helsingfors-samningsins sem hið norræna samstarf byggir á þýðir það að einfaldur fundur í Norðurlandaráði getur breytt tölu fulltrúa í forsætisnefndinni. Það þarf sem sagt ekki lengur að fara með það fyrir þjóðþing ríkjanna ef mönnum dettur í hug að breyta þessari tölu og það er einmitt það sem við sættum okkur ekki við og eigum ekki að sætta okkur við.

Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. samstarfsráðherra fyrir að hafa neitað að skrifa undir þessa samþykkt sem gerð var á síðasta Norðurlandaráðsþingi nema þá með fyrirvara sem varð aftur til þess að undirskriftaathöfninni sjálfri var frestað.

Ég tel að við eigum ekki að samþykkja þessa breytingu sem gerð var á Norðurlandaráðsþinginu. Alþingi á ekki að samþykkja hana. Þessi tala á að vera óbreytt, tveir fulltrúar frá hverju ríki og þar með 10 í Norðurlandaráði. Það væri út af fyrir sig hægt að fallast á það að þeir yrðu mest 11 til þess að verða við beiðni vinstri sósíalista um að fá fulltrúa í forsætisnefndina. Síðan tel ég að það eigi að fara inn í starfsreglur Norðurlandaráðs að formennsku í nefndum eigi að deila á milli ríkjanna.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Miðað við þær reglur sem nú gilda um tilnefningu fulltrúa í Norðurlandaráð er það svo að ekki eiga allir fulltrúa. Þannig fylgjumst við þingkonur Kvennalistans aðeins með úr fjarlægð og í fjölmiðlum og reyndar þeim ágætu skýrslum sem hér eru lagðar fram. Þannig fylgjumst við með því sem er að gerast á vettvangi Norðurlandaráðs á þessum fundum sem þar eru haldnir. En ég tel að starfið á vettvangi Norðurlandaráðs hafi verið mjög frjótt og gefandi fyrir okkur Íslendinga og mundi svo sannarlega sakna þess ef úr því drægi. Ég vil hins vegar benda á

það að e.t.v. er það sem nú er að gerast aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal og endurspeglar e.t.v. þá þróun sem er í Evrópu þar sem verið er að mynda heild þar sem hagsmunir hinna stóru og fjölmennu ráða för.

Ég vil í tilefni þessarar umræðu aðeins benda á að það er trúlega tími til kominn að við förum að hugleiða í alvöru hvert leið okkar liggur í samstarfi við aðrar þjóðir. Við þurfum að athuga vel hvar okkur hentar best að vera, á hvaða vettvangi, hvar við getum helst unnið á okkar forsendum sem smáþjóð. Þá vil ég t.d. minna á frændur okkar í Færeyjum og granna á Grænlandi. Ég óttast að eitthvað þessu líkt gæti einnig gerst í þeim mikla samruna ef við værum orðin þátttakendur í samrunanum mikla úti í Evrópu hvort sem sá samningur héti Evrópskt efnahagssvæði eða Evrópubandalagið. En ég ítreka það að ég tel mikilvægt að við reynum að halda Norðurlandasamstarfinu áfram og tel að þeir sem starfa á þeim vettvangi ættu að halda áfram að reyna að vinna þar að því að við höfum þar fulla aðild á jafnréttisgrundvelli eins og einhver nefndi hér áðan. En ég vil nota þetta tilefni til að benda á að e.t.v. verða ekki mörg formannsembætti laus fyrir litla Ísland á Evrópuvettvanginum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykn. fyrir að taka þetta mál upp hér utan dagskrár og jafnframt hæstv. samstarfsráðherra fyrir að fara hér með gát.

Norrænt samstarf hefur verið einstakt að því leyti að þar hafa Norðurlandaþjóðirnar unnið saman, án tillits til stærðar og mannfjölda, á jafnréttisgrundvelli sem er mjög mikilvægt atriði og gerði Norðurlandaráð mjög sérstakt. Þeir atburðir sem nú hafa gerst hafa vissulega vakið athygli forseta Alþingis og við höfum þegar boðað til fundar á morgun um þetta mál. Skoðun okkar er sú að hér sé ekki um að ræða mál sem varða Íslandsdeildina eingöngu heldur þingið allt.

Persónulega var mín skoðun frá upphafi sú að þessi flokkapólitíska skipting Norðurlandaráðs væri röng og ég vil minna menn á að um það skrifaði ég grein í Nordisk Kontakt fyrir nokkrum árum. Það er auðvitað alveg ljóst að flokkaskiptingin eins og hún hefur verið um árabil hefur verið með kyndugra móti varðandi ýmsa þá flokka sem í Norðurlandaráði eiga sæti og nægir að nefna smáskrýtið samstarf hinna róttæku sósíalísku flokka um tíma þar sem þeir virtust nú vera eins ólíkir eins og þeir voru margir og svo hygg ég að sé um fleiri. Ég vil því ítreka það að hér held ég að verði að spyrna við fæti strax og ég held að hið háa Alþingi eigi að sýna fram á alvöru þess máls að við teljum ekki samstarf Norðurlanda hið sama eftir ef svo fer sem nú horfir. Og ég vil taka undir með hv. 3. þm. Austurl., þetta er óneitanlega ofurlítill forsmekkur af því sem koma skal og þar held ég að við eigum að vera á verði.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykn. fyrir að hreyfa þessu máli. Ég tel fulla ástæðu til þess. Íslendingar hafa á undanförnum árum tekið þátt í norrænu samstarfi með fullri reisn að ég ætla og svo þarf að vera áfram. Þeir þurfa því að vera vakandi yfir öllum breytingum sem fyrirhugaðar eru á Helsingfors-sáttmálanum.

Það er kannski ekki svo uggvænlegt að heyra að Íslendingar eigi ekki lengur neina formenn í nefndum Norðurlandaráðs. En þó kann það að vera fyrirboði annars og meira. Ég þakka hæstv. umhverfis- og samstarfsráðherra fyrir að spyrna hér við fæti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. tók svo til orða að hér hefðu verið höfð í frammi bolabrögð og er sannarlega ástæða til þess að hrökkva nokkuð við þó að taka beri undir lokaorð hans að menn ættu að halda gleði sinni, ná rétti sínum og gæta þess jafnan hér eftir sem hingað til að hér er um að ræða jafnréttháa þjóðþing fimm Norðurlanda, en það samstarf hefur vakið athygli um víða veröld.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég vil taka undir þær þakkir sem hv. fummælanda hafa verið færðar fyrir að vekja máls á þessu atriði. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé afar mikilvægt fyrir Alþingi Íslendinga og löggjöf hér á landi. Við skulum ekkert gleyma því hve mikið hefur áunnist í íslenskri löggjöf áratugum saman og þó lengra aftur jafnvel, einmitt vegna hins norræna samstarfs og það er tilgangur og það er eðli Norðurlandaráðs. Það liggur í hinu íslenska heiti þess að þetta er samstarf ríkja en ekki samstarf flokka. Ef þetta ætti að færast yfir í flokkana og vera áfram samstarf ríkja, þá yrðu jafnvel öll löndin að hafa jafnmarga fulltrúa í sendinefndunum, en svo er auðvitað alls ekki og það leggjum við ekki til. En það er alveg ljóst að flokkahlutföllin verða alls ekki sönn að óbreyttum fjölda í landsnefndum. Þau verða ekki í samræmi við hlutföll flokkanna á þjóðþingunum, síst þeirra sem hafa fáa fulltrúa ef þessi leið verður farin. Þess vegna tek ég undir þær tillögur sem fram komu í máli hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, að það yrði sett í reglur ráðsins hvernig nefndaformennska skiptist á ríkin. Þetta hafa verið óskráðar reglur hingað til, en það hefur þótt sjálfsagt. Það eru að vísu orðin nokkuð mörg ár síðan ég tók þátt í þessu samstarfi, en það fann ég alla tíð, eins og reyndar allir aðrir, að ég held, sem hafa unnið í Norðurlandaráði, að mikilvægi þessa vettvangs fyrir okkur fólst í því að við stóðum þar jafnfætis hinum ríkjunum og það var alla tíð viðurkennt. Ég tel að það skipti mjög miklu máli að sú skipan haldist og þess vegna styð ég þær hugmyndir sem hér hafa komið fram í þá veru.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa sagt að rétt væri nú að spyrna við fótum. Ég átti nokkuð lengi sæti í Norðurlandaráði en á það ekki lengur og þekki því ekki svo gjörla til baksviðs þeirra atburða sem hér hafa gerst. Hitt veit ég að lengi hefur sú skoðun verið uppi hjá bræðraþjóðum okkar þar að flokksböndin ættu þar að ráða meiru heldur en þjóð-

ernið. Það er ekkert ný skoðun. Við Íslendingar höfum hins vegar, að ég hygg, alla tíð verið sammála um að horfa á þetta á annan veg og þess vegna hefur kannski stundum orðið ágreiningur innan flokkahópanna einmitt vegna þessarar sérstöðu okkar sem ég hygg að sé óbreytt enn þann dag í dag. En ástæðan til þess að ég bað um orðið hér var fyrst og fremst sú að gera athugasemd við það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér, að norrænir sósíaldemókratar eða jafnaðarmenn hefðu ekki viljað styðja hv. þm. Sighvat Björgvinsson. Hv. þm. Páll Pétursson kýs að orða þetta svona, en auðvitað er honum jafnljóst og mér og okkur hér öðrum að þetta var ekki spurning um einstaklinga. Þetta var spurning um lönd. Ég þekki ekki þau rök sem liggja að baki þessari ákvörðun og ætla ekki með neinum hætti að bera í bætifláka fyrir þá ákvörðun sem þarna virðist hafa verið tekin, einfaldlega vegna þess að ég er ekki sammála. Ég tel að hún hafi verið röng og ég tel að forsenda þess að við tökum þátt í þessu samstarfi sé auðvitað sú að við gerum það á fullkomnum jafnréttisgrundvelli við aðra.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja að það sem gerðist á Norðurlandaráðsfundi núna ætti ekki að koma neinum á óvart ef menn hugleiða það hver er þróun í alþjóðamálum í heiminum. Það var sagt hér áðan af einum hv. þm. að grundvöllur Norðurlandaráðs byggðist á samstarfi fimm sjálfstæðra ríkja. Frummælandi fyrir þeirri fyrirspurn sem borin var fram hér áðan, Matthías Mathiesen, vísaði til ársins 1952 um þetta atriði. Hv. þm. hljóta að hafa gert sér grein fyrir því hér fyrir löngu síðan að sjálfstæðishugtakið á þessari forsendu hefur verið að taka á sig mjög breytta mynd í Vestur-Evrópu á síðustu árum, þar á meðal einnig á Norðurlöndum. Hugsjónir Evrópubandalagsins, útfærsla og framkvæmd, stríða á móti gömlu þjóðríkjakenningunni. Þetta er augljóst mál.

Ef haft er í huga að Danir eru orðnir aðilar að Evrópubandalaginu, Svíar stefna inn í Evrópubandalagið og Norðmenn eru tvístígandi, þá er það auðvitað rökrétt og eðlilegt að þessar þjóðir leggi minni áherslu á þátttöku og samstarf á Norðurlöndunum. Áherslur eru að breytast og þar með samstarfsform. Þetta sést m.a. í nánu samstarfi flokka á alþjóðlegum grundvelli og vísa ég sérstaklega til samstarfs sósíaldemókrata í Vestur-Evrópu á síðustu áratugum. Þeir sem hafa tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi í Evrópu, hvort sem það er í EFTA eða verkalýðshreyfingunni, hafa tekið eftir því að t.d. samstarf sósíaldemókrata í Evrópu er miklu nánara á flokkslegum grundvelli heldur en þjóðríkjagrundvelli. Það er hverjum manni ljóst.

Það sem að mínu mati er að gerast í Norðurlandaráði er þess vegna rökrétt afleiðing þeirrar framþróunar sem er í Vestur-Evrópu. Það er svo annað mál hvort við viljum sætta okkur við þessa þróun eða ekki. Íslendingar vilja samstarf en ekki samruna. Þess vegna hljótum við auðvitað að mótmæla því sem gerðist í Norðurlandaráði. En þetta undirstrikar mikilvægi þess að Íslendingar gangi ekki inn í Evrópubandalagið eða svo nærri því að flokksbönd ráði en ekki sjónarmið sjálfstæðra þjóðríkja.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Erindi mitt í þennan stól núna er að undirstrika það hvaða áhrif þessi breyting á æðstu stigum norrænnar samvinnu getur haft niður á við í gegnum öll lög niður í grasrótina sem hefur unnið saman hér á Norðurlöndum um langan aldur. Við sem höfum unnið mikið í norrænu samstarfi á ýmsum stigum, þó ekki hinum æðstu, ef kalla á Norðurlandaráð hið æðsta sem ég geri ráð fyrir að eigi að gera, við höfum alltaf notið þess að vera jafnrétthár sjálfstæður aðili og stóru þjóðirnar. Við höfum jafnvel stundum notið smæðar okkar og fengið ýmsar ívilnanir vegna smæðarinnar.

Ef sú þróun verður að smæð Íslands í Norðurlandaráði fer að há henni í jafnrétti gagnvart hinum Norðurlandaþjóðunum, þá er ég ekki í nokkrum vafa um að það muni smita af því niður í öll önnur lög samstarfsins. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að ég held að það sé geysilega mikilvægt að við höldum okkar hlut á æðstu stigum, bæði í norrænu ráðherranefndinni og í Norðurlandaráði.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning og vegna orða hv. 3. þm. Vesturl., þá er rétt að ég skýri það aðeins nánar hvað látið var koma niður á hv. þm., félaga okkar Sighvati Björgvinssyni, hvernig ákvörðun sósíaldemókrata-grúppunnar kom niður á honum. Af þessum 16 megintrúnaðarstöðum eru sósíaldemókratar í sjö, þ.e. þeir eiga fjóra fulltrúa í forsætisnefnd og í þeirra hlut kom formennska í þremur nefndum. Þeir kusu að stilla öðrum upp heldur en Sighvati Björgvinssyni í þessar sjö stöður og það er það sem málið snýst um og það vakti óánægju okkar að hann skyldi ekki vera einn af þessum sjö. Frá miðflokkunum er einn nefndarformaður og þrír fulltrúar eru í forsætisnefnd. Frá hægri flokkunum eru tveir nefndaformenn og þrír í forsætisnefnd. Þetta vildi ég láta koma fram til skýringar. Hópur sósíaldemókratanna stillti ekki upp hv. þm. Sighvati Björgvinssyni í neina af þessum sjö trúnaðarstöðum sem sá hópur hafði ráð á.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Frú forseti. Við lok þessarar umræðu vildi ég rétt láta þess getið að þegar samstarfsráðherrarnir komu saman til þess að ræða stöðuna í ljósi þess að ég taldi mig ekki geta ritað undir þessar breytingar, þetta samkomulag, nema með fyrirvara, þá var að sjálfsögðu um það rætt hvert framhaldið skyldi verða. Það er alveg ljóst að Íslendingar þurfa nú að taka nokkurt frumkvæði og knýja fram breytingar sem eru okkur að skapi. Þess vegna hvet ég fulltrúa okkar í stjórnarnefnd Norðurlandaráðs til þess að vinna hörðum höndum að því að fá í gegn nýjar tillögur um orðalag á 52. gr. Við verðum síðan öll að standa saman sem einn maður við það að koma þeim í gegn og fá þær samþykktar.

En ég vildi svo að lokum geta þess, af því að hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir vék að því, að á fundi samstarfsráðherranna var samþykkt tillaga þess efnis að styrkja vestnorræna samstarfið og samþykkt að skipa sérstaka vinnunefnd til þess að undirbúa tillögur um það efni.

Matthías Á. Mathiesen:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður hér. Það hefur komið fram, sem ég vissi, hver er afstaða Alþingis, alþingismanna til norræns samstarfs og með hvaða hætti Alþingi hefur þar starfað. Það var réttilega bent á það af hv. 2. þm. Reykv. Ragnhildi Helgadóttur með hvaða sérstökum hætti norrænt samstarf hefur verið og þannig viljum við hafa það.

Ég vil taka undir það sem hv. 3. þm. Austurl. sagði, að við höfum tapað hálfleik. En hvað gera menn í hálfleik þegar þeir hafa tapað fyrri hluta leiks? Þá undirbúa þeir sig undir síðari hálfleikinn, hvort heldur um er að ræða vörn eða sókn og til þess er nú sú umræða sem hér fer fram.

Hv. 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson lýsti því skýrt og skorinort að hann er andvígur þessari breytingu. Þannig er það að mínum dómi um flesta sem eru í sendinefnd okkar í Norðurlandaráði. Auk þess undirstrikaði hann að eftir að ekki Sighvati Björgvinssyni heldur íslenskum alþingismanni var hafnað sem formanni í einni af fimm nefndum ráðsins, þá eigi að koma því svo fyrir í starfsreglum ráðsins að Ísland hafi einn nefndarformann. Það fer svo að sjálfsögðu eftir því hvernig uppskipti verða í samstarfi þingmanna Alþingis í Norðurlandaráði. Af 20 ára reynslu minni sem Norðurlandaráðsþingmaður, hvort heldur er sem fulltrúi Alþingis eða ríkisstjórnar, veit ég hvernig samstarfið þar hefur verið og hversu þýðingarmikið það hefur verið fyrir þingmenn að hafa það starf á sínum höndum að skipa formennsku í einni af þeim þýðingarmiklu nefndum sem Norðurlandaráð hefur.

Ég vek svo athygli á því að í samstarfi norrænna þjóða erum við ein þjóð á móti hinum. Þetta gildir víðar en í norrænu samstarfi. Ég bendi þá á t.d. þar sem við störfum á vettvangi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar er þeirri starfsemi þannig háttað að fulltrúum í stjórnum þessara stofnana er skipt á milli Norðurlandanna þannig að Ísland á þar sinn fulltrúa fimmta hvert ár. Þá er að sjálfsögðu sótt til þeirrar fyrirmyndar sem Norðurlandaráð og samstarf Alþingis og Íslendinga hefur þar verið. Svo þakka ég hæstv. ráðherra fyrir hans svör og öðrum þingmönnum fyrir þátttöku og undirtektir í þessum umræðum.

Umræður utan dagskrár.

Opinberar framkvæmdir umfram fjárlög.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefst önnur utandagskrárumræða skv. sömu mgr. þingskapalaga, þ.e. allt að hálftíma umræða. Hún fer fram að beiðni hv. 2. þm. Norðurl. v. og fjallar um opinberar framkvæmdir umfram fjárlög og lánsfjárlagafrv.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir þessari umræðu utan dagskrár í tilefni af því að fyrir helgi kom hæstv. fjmrh. í fjölmiðla og kynnti þar tillögur sínar, sem hann hafði áður lagt fyrir í ríkisstjórn, um að flýta opinberum framkvæmdum á þessu ári umfram fjárlög og lánsfjárlagafrv. sem fyrir liggur um allt að 2.000 millj. kr. Hæstv. ráðherra greindi einnig frá tilteknum verkefnum sem hann var að gera tillögur um að ráðist yrði í á þessu ári. Ýmislegt er athyglisvert við þessa tillögugerð.

Í fyrsta lagi komu tillögurnar fram á meðan hæstv. forsrh. er erlendis og ýmsir aðrir ráðherrar vegna starfa sinna á Norðurlandaráðsþingi.

Í öðru lagi benda þessar tillögur til þess að hæstv. fjmrh., eða ríkisstjórnin, telji að samningar um álver muni ekki nást á þessu ári og því verði horfið frá undirbúningsframkvæmdum þess vegna.

Í þriðja lagi er það óvenjulegt að fjmrh. birti tillögur um einstakar framkvæmdir sem heyra undir tiltekna fagráðherra nema um sé að ræða mál sem tekin hefur verið ákvörðun um í ríkisstjórn.

Í tilefni af þessum fregnum hef ég óskað eftir að spyrja hæstv. forsrh. hér utan dagskrár um stöðu þessara mála:

1. Hefur ríkisstjórnin afskrifað framkvæmdir til undirbúnings álvers á þessu ári?

2. Hefur ríkisstjórnin þess í stað tekið ákvörðun um að verja allt að tveimur milljörðum til opinberra framkvæmda umfram fjárlög og lánsfjárlagafrv.?

3. Er hlutverkum ráðherra í ríkisstjórninni hagað þannig að það sé á verksviði fjmrh. að gera tillögur um vegamál, svo sem tvöföldun Reykjanesbrautar, framkvæmdir í flugmálum, t.d. á Egilsstaðaflugvelli og við flugskýli á Keflavíkurflugvelli, um hafnarmannvirki, t.d. vegna þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn?

4. Ef þetta mál er hins vegar á vegum ríkisstjórnarinnar í heild eða einstakra fagráðherra, hvernig hyggst þá ríkisstjórnin undirbúa tillögur um skiptingu á þessu aukna framkvæmdafé?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég var fjarverandi, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, þegar þetta var lagt fram í ríkisstjórninni og hef ekki haft mikinn tíma til að kynna mér þessi mál. En ég svara fyrstu spurningunni þannig að ríkisstjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um að afskrifa undirbúning álvers. Hins vegar hefur það komið mjög greinilega fram í bréfi Landsvirkjunarstjórnar að nokkur frestur muni verða þar á vegna þess að samningar dragist á langinn. Landsvirkjunarstjórn hefur sagt að hún telji ekki rétt að ráðast í mjög umfangsmiklar framkvæmdir fyrr en samningar eru í hendi. Hins vegar hefur stjórn Landsvirkjunar lýst því að rétt sé að halda undirbúningi áfram með nokkurri fjárhæð og ég geri ráð fyrir því að það verði rætt í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlaga.

Önnur spurningin: Hefur ríkisstjórnin þess í stað tekið ákvörðun um að verja allt að tveimur milljörðum til opinberra framkvæmda umfram fjárlög og lánsfjárlagafrv.? Nei. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið neina ákvörðun um slíkt. Hins vegar hefur komið fram að vegna loðnubrests mun hagvöxtur verða minni heldur en gert var ráð fyrir og atvinnuleysi e.t.v. eitthvað meira, eins og ég hygg að hafi komið fram hjá hæstv. fjmrh. í þeirri tillögugerð sem hann flutti ríkisstjórninni. Þjóðhagsstofnun telur að atvinnuleysi kynni að verða 1,9%. Og alveg sérstaklega í tengslum við erfiðleika vegna loðnubrestsins hefur verið minnst á að e.t.v. mætti flýta einstökum framkvæmdum, t.d. á Siglufirði, og það hefur verið til athugunar hjá Byggðastofnun.

Þriðju spurningunni hlýt ég að svara þannig að það er að sjálfsögðu í verkahring einstakra ráðherra að gera tillögur um auknar framkvæmdir á viðkomandi sviðum. Á það sem þar er sérstaklega talið upp hefur verið minnst í einstökum tilfellum, veit ég, á milli ráðherra, en það hefur ekki verið tekið formlega fyrir í ríkisstjórninni.

Fjórða spurningin var um hvort þetta sé á vegum ríkisstjórnarinnar í heild. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég verð að svara þessum spurningum með því að fara aðeins fram yfir, enda þeim beint til mín. Varðandi fjórðu spurninguna þá hefur ríkisstjórnin ekki undirbúið neina tillögugerð á þessu stigi. En eins og ég nefndi áðan í sambandi við undirbúning undir álbræðslu og e.t.v. eitthvað annað vegna loðnubrestsins, þá er ekki ólíklegt að slíkar tillögur komi fram í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlagafrv.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er frétt í Morgunblaðinu síðasta laugardag, þar sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir áformum um framkvæmdir sem einkum eru bundnar við Reykjanes og Suðurland, en sem eru þó greinilega öll í lausu lofti innan ríkisstjórnarinnar. Nú er álversdraumurinn greinilega farinn að blikna og góð ráð dýr ef kjósendur eiga að halda ró sinni, því auðvitað eru það kosningar sem í hönd fara sem eru undirrót þessarar yfirlýsingar hæstv. ráðherra.

Ég vil minna á það að ekki kom álver í hitteðfyrra, ekki heldur í fyrra og ekki gaf það þá tilefni til aukinna framkvæmda á þessum stöðum sem nú er rætt um. Þvert á móti hefur það verið boðað mjög ákveðið að verði ráðist í auknar virkjanir og álversframkvæmdir, þá sé nauðsyn að draga úr öðrum opinberum framkvæmdum um allt land og ekki síst á Reykjanesi.

Nú eru álversframkvæmdir alls ekki fyrir bí eftir því sem ráðamenn segja, aðeins dráttur á því að hafist verði handa. Staðurinn er ákveðinn á Reykjanesi og því liggur beint við að gagnrýna þessa forgangsröðun ef yfir höfuð á að taka slíkar yfirlýsingar alvarlega. Eigi þetta að vera sárabætur fyrir glatað álver, þá skilja allir afstöðu hæstv. forsrh. og fjmrh., umhyggjan fyrir þeirra kjördæmi er augljós. Sömuleiðis fá Austfirðingar ofurlitla dúsu. Menn hafa í huga hugmyndir um ýmsar verksmiðjur á Reyðarfirði sem nú eru burt flognar. Norðlendingar eystri fengu á sínum tíma tilboð um stóriðju sem þeir eyddu ærnum fjármunum í að kanna, en komust svo að því, eins og börnin segja, að það var allt í plati. Ég er að vísu ekki í hópi þeirra sem harma að af þeim framkvæmdum varð ekki, en ég vil benda á að á Reykjanesi er ekki nú brýnasti atvinnuvandinn af þeim stöðum sem atvinnuleysi hrjáir ef líta á á málin frá því sjónarhorni. Mér er spurn: Ef fé er aflögu til meiri framkvæmda en fjárlög gera ráð fyrir, af hverju er þá ekki litið til þeirra staða sem verða að draga úr framkvæmdum þegar að virkjana- og álversframkvæmdum kemur? Af hverju eru hugmyndir um að auka framkvæmdir á Reykjanesi nú, þegar jafnframt er haldið fram að álver sé þar á næsta leiti, eða er kannski að koma upp sú staða að ekki verði af því? Við því væri gott að fá svör. Því er þá ekki litið til þeirra staða sem bíða e.t.v. afhroð vegna loðnubrests og aflaskerðingar? Ég held að engum geti dulist undirrót yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Kosningar eru í nánd.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég hrökk nú satt að segja við þegar ég sá hæstv. fjmrh. á skerminum tilkynnandi allar þessar ákvarðanir, að nú stæði til að fara að gera hér einhver ósköp, því að hann var búinn að lýsa því margsinnis yfir í þessum ræðustól að alls konar tímamótaaðgerðir hafi hann verið að gera með að koma með fjáraukalög og nú er hann allt í einu kominn á hraðan flótta frá öllum þessum tímamótaákvörðunum.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að ekkert af þessu hefði verið rætt í ríkisstjórninni, en það er spurning hvernig málin eru reifuð upp. Að sjálfsögðu er ágætismál að ræða um að auka framkvæmdir en það ætti þá að vera komið fram fyrr, ekki nú þegar þinginu er að verða lokið. Mér finnst fyllilega koma til greina að auka opinberar framkvæmdir en það verður þá jafnframt að koma hér með fjáraukalög. Er það ekki kjarni málsins? Hæstv. fjmrh. ætti þá að koma hér inn í þingið með fjáraukalög, eins og hann hefur sjálfur verið að reyna að gera, en er nú kominn, eins og ég segi, á hraðan flótta frá þeirri stefnu sem hann var sjálfur að reyna að marka. Mér finnst hann vægast sagt sýna Alþingi og samstarfsráðherrum lítilsvirðingu með því að fara svona í þetta mál. En það er kannski einmitt það sem mátti búast við.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það er greinilegt að mörgum hefur brugðið við þessar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Meira að segja hæstv. forsrh. veit ekkert um þetta, hefur ekki hugmynd um það, og trúlega enginn af öðrum hæstv. ráðherrum.

Hæstv. forsrh. hefur svarað því hér að þetta hafi ekki verið rætt innan ríkisstjórnar. Þetta er hálfgerð kosningasveifla á Reykjanesi til þess ætluð auðvitað að draga athyglina þangað. Af þeim fjórum ákvörðunum sem hæstv. fjmrh. nefnir, og líklega er það í hlutfalli við Norðurlandaráðsþingið sem menn voru að tala um áðan, eru tvær á Reykjanesi, hans eigin kjördæmi, það

er ein á Austurlandi, það er ein á Suðurlandi. Svo eitthvað í öðrum kjördæmum. Þetta er réttlætið sem þarna á að gilda, þ.e. ef af þessu á að verða en ekki lítur út fyrir að nein ákvörðun hafi verið tekin um það. En ég fagna því að sjálfsögðu ef þetta verður gert en ekki í þessu formi hér. Ef það á að auka framkvæmdir, þá eiga þær auðvitað að dreifast um landið og ekki hvað síst til þeirra svæða sem eiga undir högg að sækja atvinnulega séð eins og væri hægt að nefna dæmi um.

Ég held, hæstv. fjmrh., að svona vinnubrögð eigi ekki að eiga sér stað. Það er kosningasvipur á þessu, slæmur kosningasvipur, og honum eiga a.m.k. ekki hæstv. ráðherrar að beita með þessum hætti.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þetta er nú sérkennileg umræða og ef það er kosningasvipur á einhverju, þá er það nú af henni. Ég er satt að segja dálítið hissa á því að jafnþingvanir menn eins og hv. þm. Pálmi Jónsson og Karvel Pálmason skuli ekki gera sér grein fyrir því að það er í verkahring fjmrh. að draga saman í ríkisstjórn tillögur, bæði varðandi fjárlög og fjáraukalög. Það hefur ávallt verið í verkahring fjmrh. og verður áfram. Í samræmi við þá vinnuskyldu fjmrh. og vegna þess að nú líður senn að þinglokum og frv. til lánsfjárlaga hefur ekki enn verið afgreitt hér á hv. Alþingi kom ég með minnisblað inn í ríkisstjórnina sl. föstudag vegna þess að til stóð í þessari viku að hefjast handa við að ljúka afgreiðslu lánsfjárlaga, þar sem ég tók saman það sem ég taldi nauðsynlegt að ríkisstjórnin fjallaði um svo að hv. fjvn. þessarar deildar og væntanlega Ed. einnig gæti lokið því verki sem hér þarf að ljúka. (**KP:** Þetta er sameinað þing.) Hvað er sameinað þing? (**KP:** Við erum í sameinuðu þingi.) Já, ekki get ég gert að því þó að utandagskrárumræðan sé í Sþ. (**KP:** Ráðherrann sagði: í þessari deild.) Nú, ég bið forláts á því.

Á þessari skrá voru erindi sem fjmrn. höfðu borist, m.a. frá Flugleiðum, en forsvarsmenn þess fyrirtækis hafa komið á minn fund og tjáð mér það að fyrirtækið væri tilbúið að flýta framkvæmdum við flugskýlisbyggingu á Keflavíkurflugvelli sem hefur lengi verið í umræðu, m.a. við utanrrn. og fjmrn. í mjög langan tíma, til þess að koma í veg fyrir að slík bygging á næstu árum ylli viðbótarþenslu í hagkerfinu ef um aðrar stórframkvæmdir væri að ræða á þeim tíma. Á sama hátt hafa forsvarsmenn Þorlákshafnar komið á fund í fjmrn. og óskað eftir því að fjmrn. beitti sér fyrir því að aflað væri heimildar í lánsfjárlögum til þess að hægt væri að fara í hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn ef tekst að gera samning um byggingu pílplötuverksmiðju í Þorlákshöfn. Jafnframt liggur fyrir að samgrh. hefur í ríkisstjórn, ekki bara einu sinni heldur tvisvar, minnst á það að eðlilegt kynni að vera, sérstaklega í sumar ef ekki verður farið í orkuframkvæmdir, að flýta fyrir með því að taka fyrr framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll og breikka Reykjanesbraut til þess að það þurfi ekki að sinna slíkum verkefnum þegar meginþungi orkuframkvæmdanna eða byggingarframkvæmda vegna nýs álvers verður í gangi.

Á þessu minnisblaði var einnig minnst á loðnubæina, sem hér var kvartað yfir að ekki hefði verið minnst á, eins og jafnan er gert þegar fjmrh. tekur saman í ríkisstjórn þær hugmyndir og tillögur sem hann telur skynsamlegt að ríkisstjórnin og þingið fjalli um á lokastigi þessarar vinnu. Þar að auki er það þannig að tvennt af þessu sem hér hefur verið nefnt, stækkun Egilsstaðaflugvallar og breikkun Reykjanesbrautar, kunna að nýtast vel ef farið verður í Fljótsdalsvirkjun, og þegar í hana verður farið, og eins vegna framkvæmda við stóriðju á Suðurnesjum. Varðandi flugskýlið á Keflavíkurflugvelli, þá er það ljóst að þeim sem hafa störf á vallarsvæðinu mun fækka á næstu mánuðum og missirum og þess vegna eðlilegt að hefja íslenska atvinnuuppbyggingu á því svæði.

Tíminn er búinn, virðulegi forseti. Ég gæti sagt ýmislegt fleira um þetta, en þessi samantekt í ríkisstjórninni var fyllilega í samræmi við þau vinnubrögð sem þar hefur verið fylgt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta spurning hv. málshefjanda til forsrh. var sú hvort ríkisstjórnin hefði afskrifað framkvæmdir til undirbúnings álveri á þessu ári. Svarið er, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., nei. Það hefur hún ekki gert, því fer fjarri. Það er unnið að því að ljúka samningum um nýtt álver. Að því er stefnt að ljúka þeim í maí og fjármögnun framkvæmdanna af hálfu viðsemjenda okkar verði lokið í haust.

Verkefnið nú er fyrst og fremst að mínu viti að koma í veg fyrir frekari tafir á þessu máli en orðið hafa. Tafirnar hafa hlotist af ýmsum sökum og nú síðast vegna ófriðarástands í veröldinni. Sem betur fer hefur nú stríðsaðgerðum verið hætt fyrir botni Persaflóa og því standa vonir til þess að úr muni senn rætast. En einmitt til þess að greiða fyrir framgangi málsins mun ég leggja fyrir þingið tillögur á næstu dögum til þess að staðfesta vilja þingsins til þess að samningarnir verði gerðir og til þess að afla nauðsynlegra heimilda til lántöku vegna undirbúningsverka sem brýnt er að í verði ráðist til þess að unnt verði að koma af stað þessari nauðsynlegu framkvæmd sem allra fyrst og án frekari tafa.

Þetta er það sem mestu máli skiptir varðandi undirstöðu þeirra spurninga sem hér er hreyft. Þess vegna vildi ég, virðulegi forseti, koma því skýrt á framfæri við þingið að forsendan fyrir málinu er enn ekki rétt fundin í þessu máli. Því kem ég að því að það hefur ekki, eins og kom fram hjá forsrh., verið tekin nein ákvörðun um það í ríkisstjórninni að grípa til þeirra framkvæmdaráða sem nefnd hafa verið í fréttum. Hitt er rétt að sumt af því eru mál sem margsinnis hefur verið hreyft, t.d. bygging flugskýlis á Keflavíkurflugvelli fyrir Flugleiðir sem hafa ítrekað gengið eftir því við fjmrh. hvort þess væri kostur að fá niðurfellingu aðflutningsgjalda og skatta vegna slíkra framkvæmda. Það sama gildir að sjálfsögðu um vegalagnir frá Reykjanesbraut niður á hið fyrirhugaða verksmiðjustæði sem væri líka hin þarfasta framkvæmd. En kjarni málsins er sá að við þurfum nú fyrst og fremst að leggja grundvöll að atvinnu og tekjum fyrir þjóðarbú-

ið, ekki að stofna til frekari útgjalda án þess að slíkur grundvöllur sé fundinn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þetta fremur þarflítil umræða og ástæðulítið fyrir málshefjanda að kippa sér upp þó að hann heyri einhver hljóð úr horni fjmrh. Iðnrh. er réttilega búinn að lýsa því að framkvæmdir við álverið eru ekki afskrifaðar og það er reyndar forsrh. búinn að gera á undan honum. Það hefur orðið frestun á því máli. Það gæti greiðst úr því á næstu vikum þannig að hægt væri að halda upprunalegu plani, en það er ekki á okkar valdi sem stendur að ákveða hvort svo verður eða ekki. Álfyrirtækin eru að kanna fjármögnunarmöguleika sína og eru að reikna út kostnaðinn af þessum framkvæmdum. Lagasetning er fyrir hendi þannig að Landsvirkjun getur haldið sínu striki án frekari lagasetningar að öðru leyti en því að Landsvirkjun þarf lántökuheimildir ef um stórframkvæmdir yrði að ræða á hennar vegum í sumar. Lánsfjárlög eru óafgreidd og verða afgreidd fyrir þinglok og það má taka tillit til þess. Ellegar þá að næsti fjmrh. gæti tekið málið í sínar hendur þegar úr því leysist. Ég tel óeðlilegt að fara að hafa uppi einhver áform um neyðarráðstafanir þó að álversframkvæmdir frestist nokkuð. Ég lít nú fremur á þetta sem kosningaræðu eða lið í kosningaundirbúningi hjá formanni Alþb.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Við höfum séð það á ráðherrunum hvernig á að bregðast við ef slegið er í bjölluna. Það er hálfslæmt að hæstv. samgrh. skuli ekki vera hér í Sþ. vegna þeirra yfirlýsinga sem sérstaklega tveir ráðherrar Reykjaneskjördæmis hafa gefið hér og sérstaklega hæstv. forsrh. Það kom fram í nefnd sem vann að langtímaáætlun um vegagerð að ekki væri brýnt að tvöfalda Reykjanesbraut. Það væri ekki eitt af þeim verkefnum sem lægi fyrir að þyrfti að ráðast í núna þó svo að álver kæmi á Keilisnesi. Það er því eitthvað annað sem veldur því að hæstv. ráðherra hleypur upp með þessa tillögu nú.

Ég vil líka vekja athygli á þeim orðum hæstv. forsrh. að það eigi að hlaupa undir bagga þar sem álver muni ekki koma og loðnuverksmiðjur hafa orðið fyrir því að ekki náist loðna þangað. Hann minntist að vísu á Siglufjörð, en það er mikið ógert í samgöngumálum í kringum aðrar loðnuverksmiðjur. Við getum nefnt hvort sem okkur sýnist Seyðisfjörð eða Raufarhöfn. Mig minnir að álver á Norðurlandi eystra hafi líka gufað upp og á þeim tíma hafi hæstv. forsrh. talað um að það þyrfti að flytja kvóta að norðan til Reykjaneskjördæmis ef álver kæmi fyrir norðan. Nú er ekki að heyra að hæstv. forsrh. hafi áhyggjur af því þó að atvinna dragist saman á Norðurlandi.

Ég vil loks minna á að það eru mjög erfiðar horfur í sambandi við fyrirtæki á Akureyri sem ríkið á sjálft, Álafoss, og ekki hefur verið staðið skynsamlega að skipasmíðaiðnaði. Það er þess vegna margt sem krefur. Hitt gleður hjarta mitt ef hæstv. ríkisstjórn ætlar loksins að beita sér fyrir því að lánsfjárlög nái fram að ganga. Við afgreiddum þau fyrir jól í Ed. og fórum létt með það.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta eru fróðlegar umræður. Það má vera að það sé rétt hjá hæstv. iðnrh. að ekki hafi álframkvæmdir verið afskrifaðar á Suðurnesjum á þessu ári. En það virðist vera nokkuð greinilegt að þær frestast. Við það kann að sparast eitthvert fé svo að vera má að hæstv. ríkisstjórn hafi nú einhverju úr að spila en veit ekki gerla í dag hvað stór sá sjóður er. Ef svo er, þá er auðvelt að benda á verkefni sem hægt er að snúa sér að og það meira að segja verkefni sem öll þjóðin er sammála um. Það eru samgöngubætur sem eru aðkallandi víða og meira að segja arðbærar. Öll þjóðin styður bættar samgöngur í eigin landi. Mörg stórverkefni bíða eins og best verður séð ef skoðaðar eru nýjar þingsályktunartillögur sem verið er að ræða þessa dagana um vegaframkvæmdir næstu ára og langtímaáætlun. Mörgum brýnum verkefnum verður að fresta árum saman. Bættar samgöngur eru stærsta málið í byggðum landsins, mál sem allir landsmenn vilja styðja. Valið er því auðvelt fyrir hæstv. ríkisstjórn ef hún kynni að hafa eitthvað af aukaaurum til ráðstöfunar fljótlega.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Hingað til hefur það verið talin lífsnauðsyn að fá erlenda aðila til að reisa hér á landi mengandi álver og enn virðast menn vera á því að það muni verða reist þó að greinilegt sé að ekki eru allir hér sammála. Hæstv. iðnrh. fullyrðir að svo muni vera, það muni kannski frestast eitthvað örlítið, en það er greinilegt að hæstv. fjmrh. er búinn að afskrifa þetta allt saman miðað við þær tillögur sem hann hefur birt í blöðunum.

Það er merkilegt að ríkisstjórnin hefur lítið sem ekkert gert í atvinnumálum í sinni tíð en svo virðist eiga að rjúka til núna rétt fyrir kosningar. Það hefði kannski verið nær að huga eitthvað að þessu máli fyrr og tryggja með raunhæfum hætti atvinnu í landinu í stað þess að eyða fé og tíma í álversvitleysuna sem löngu er orðið ljóst að er efnahagslegt glapræði, svo ég tali nú ekki um umhverfismálin sem því eru tengd.

Hæstv. fjmrh. er greinilega að spila út kosningatrompi því að hann rýkur með tillögur sínar í blöðin áður en ríkisstjórninni gefst ráðrúm til að kynna sér þær, hvað þá að taka afstöðu til þeirra. Mikilvægara er fyrir hann að auglýsa sig fremur en að gera raunhæfar áætlanir í atvinnumálum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni er ástæða til að minna á að hvorki í forsendum fjárlaga né lánsfjárlagafrv. né heldur í forsendum þjóðhagsspár var gert ráð fyrir sérstökum útgjöldum vegna álvers eða virkjanaframkvæmda. Menn skyldu því varast að ályktа sem svo að nú hafi allt í einu skapast eitthvert sérstakt svigrúm af því tilefni.

Í annan stað er ástæða til að minna á að það er eng-

in ástæða til þess að slá því föstu að ekki verði hafist handa um undirbúning vegna álversins af þeirri einföldu ástæðu að nú hefur þeirri óvissu sem ríkti vegna Persaflóastríðsins verið eytt. Má búast við því að aðrar forsendur á orkumörkuðum breytist og að stöðugleiki verði vaxandi á fjármagnsmörkuðum. Fyrir liggur staðfest viljayfirlýsing um að halda málinu áfram, stefna að því að ljúka málinu í maí, og vel má vera að það takist að leysa fjármögnun, eins og eitt af samstarfsfyrirtækjunum, Grängers, hefur þegar getað gert miklu fyrr en svartsýnir menn gerðu ráð fyrir í upphafi. Áætlun um það hvað eigi að koma vegna einhverrar frestunar á þessum framkvæmdum er því e.t.v. alls ekki tímabær.

Þá er þess að geta að gefnu tilefni líka að því er varðar byggingu flugskýlis á vegum Flugleiða að erindi um það — málið er að vísu gamalt — hafa verið send fjmrn. frá varnarmálaskrifstofu utanrrn. á sl. sumri ein þrjú eftir því sem best verður séð og það er auðvitað framkvæmd sem var ástæða til að leita heimilda til í 6. gr., en því miður fékkst ekki samkomulag um lausn á því máli þá. Meginatriðið er þetta: Það var ekki gert ráð fyrir því í forsendum fjárlaga, lánsfjárlaga og fjárhagsáætlunar um að verja þarna verulegu fé sem nú ætti allt í einu að vera fallið frá.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þessi aðferð hæstv. fjmrh. til þess að koma fram málum sínum er náttúrlega ekkert ný og þarf engum að koma á óvart. Þaðan af síður þau viðbrögð sem fram koma hjá ráðherrum núv. ríkisstjórnar, því að þannig hefur nú verið með hæstv. fjmrh. að hann hefur verið nokkuð djarftækur til fjár þegar hann hefur verið alveg öruggur um að þurfa ekki að standa skil á greiðslum í sinni ráðherratíð. Og hér er einmitt gott tækifæri, þegar ráðherrann er rétt um það bil að yfirgefa stólinn sinn, að stofna til útgjalda upp á tvo milljarða.

Hlutur Austurlands er náttúrlega alveg einkar sniðugur í þessum efnum því að ríkisstjórnin hefur haft þá aðferð á gagnvart Egilsstaðaflugvelli að fresta þar framkvæmdum á þessu ári. Það er náttúrlega hægur vandinn að auka þær þá á næsta ári því að það kemur náttúrlega af sjálfu sér að í flugmálaáætlun, sem trúlega verður nú breytt, koma þessir peningar aftur til baka svo að þetta eru nú býsna sniðugar tillögur.

Það er mikill kostur við þessa umræðu að afstaða Alþfl. hefur skýrst, m.a. gagnvart álverinu, því að þrátt fyrir að það hafi verið öllum ljóst að þar hefur náttúrlega verið um leikaraaðferð að ræða á sjónvarpsskerminum um mjög langa tíð, þá hefur hér komið fram staðfesting á því að ríkisstjórnin sjálf trúir þeim yfirlýsingum ekki þar sem hæstv. fjmrh. hefur tekið þá djörfu ákvörðun að flytja í ríkisstjórninni tillögur um eyðslu á tveimur milljörðum til þess að bæta fyrir allar stóru yfirlýsingarnar hjá Alþfl. á Suðurnesjum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta eru nú nokkuð skemmtilegar umræður finnst mér. Það kemur fram að enginn ráðherra er öðrum sammála. (Gripið fram í.) Mér datt það auðvitað aldrei í hug, nei. En þeim hefur dottið það í hug að þeir gætu leynt því hér á hv. þingi, a.m.k. iðnrh. Hann er nú alveg snillingur í þessum blekkingarleik. Það eru ekki mörg prósent af þjóðinni sem trúa því að álver verði byggt á þessu ári og líklega ekki á því næsta. En við ræðum það nú betur í umræðunum ef hann kemur með þetta kosningaplagg sitt hér inn, þessa þáltill., þá ræðum við það betur. En mér finnst þetta alveg merkileg umræða, t.d. hvað hæstv. fjmrh. er mikill loftfimleikamaður og raunar fleiri hæstv. ráðherrar. Það veit enginn um þessa tillögu fjmrh. Hann telur hana eðlilega, eðlilegt að ræða ekki um það í ríkisstjórninni áður en þetta er sett út í loftið. (**Fjmrh.:** Jú, jú, það var rætt.) Jú, jú. Hæstv. forsrh. segist ekkert hafa vitað um þetta. Já, já, fjarskiptin eru náttúrlega ekki í lagi og ekki hægt að ræða þetta þannig. En ég held að hæstv. ráðherrar hafi alveg afhjúpað sig í þessari umræðu.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér áðan og raunar þessa umræðu. Það hefur komið í ljós að í ríkisstjórninni hefur ekki verið tekin ákvörðun um neitt af því sem hér lá til grundvallar, hvorki að hverfa frá öllum undirbúningi álvers á þessu ári, né auka fé upp í 2.000 millj. kr. til framkvæmda né um það á hvern hátt slíkar framkvæmdir verða undirbúnar. Allt þetta er í lausu lofti og fréttayfirlýsingar hæstv. fjmrh. eru þess vegna út í bláinn og, eins og hér hefur verið sagt, auðvitað bara kosningavíxill.

Það hefur hins vegar líka komið í ljós í svörum hæstv. forsrh. að einstakir ráðherrar, auðvitað fagráðherrar, gera tillögur í sínum málaflokki. Það er hlutverk fjmrh. að gera tillögur um fjármagn sem á að fara til framkvæmda. Hér var lagt til fjármagn sem býður fólkinu upp á veislu, 2.000 millj. kr., vegna þess að á þessu ári eru á fjárlögum 400 millj. kr. til hafnarmannvirkja um allt land og 300–400 millj. kr. til flugmálaframkvæmda um land allt. Svo kemur fjmrh. hér þegar líður að kosningum og býður til viðbótar upp á 2.000 millj. kr. til þessara verka.

Ég held að það sjái allir hvað hér er á ferðinni. Ég get svo sem tekið undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v. að maður kippir sér ekki upp við svona. Maður kippir sér í raun ekki upp við neitt sem kemur frá hæstv. fjmrh. né frá hæstv. ríkisstjórn eins og þessar umræður sýna þar sem enginn af þessum fjórum hæstv. ráðherrum sem hafa talað hefur eiginlega talað sama rómi heldur hver ofan í annan.

Um þingsköp.

Afgreiðsla lánsfjárlaga.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að minna á það eftir að þessi umræða hefur farið fram að hæstv. fjmrh. var

að lýsa yfir að þetta og hitt, sem ég ætla nú ekki að fara að telja upp hér, ætti að setja á lánsfjárlög. Það minnir okkur á það að lánsfjárlög hafa ekki enn verið afgreidd fyrir árið 1991. Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. forseta Sþ. og forseta Nd. hvort þeir telji forsvaranlegt að ráðherrar séu á „fittinu" langt fram eftir ári og séu að lána peninga og ráðstafa fjármunum í þetta og hitt sem ekki er búið að afgreiða hér á hv. Alþingi. Hvað segja hæstv. forsetar Sþ. og Nd. um það? Er ekki einmitt upplagt að ræða það í framhaldi af þessu. Það gilda ákveðnar leikreglur hjá ráðherrum gagnvart Alþingi. Alþingi á að samþykkja lánsheimildir. Síðan eru ráðherrar fulltrúar svokallaðs framkvæmdarvalds til að framkvæma það sem Alþingi er búið að leyfa. Hér er um það að ræða að þegar er farið að lána peninga og framkvæma hluti í þjóðfélaginu sem Alþingi er ekki búið að samþykkja. Og hér eru menn að rugla saman að hægt sé að setja einhverjar framkvæmdir á lánsfjárlög. Hvílíkur þvættingur. Fjárlög eru það sem marka það sem gert er. Lánsfjárlög eru síðan afgreidd sem lánsheimildir til þess að fullnægja markmiðum fjárlaga. Lánsfjárlög eru ekki neitt til þess að framkvæma eftir. Hér er því um að ræða mjög mikinn rugling og sýnir ágætlega fram á það hvað menn eru meðvitaðir um það hver skylda þeirra er í þessum málum. Ég óska þess að fá að heyra hjá hæstv. fjmrh. hvenær þetta frv. til lánsfjárlaga komi nú og eins hjá hæstv. forsetum hvort þeir telji þessi vinnubrögð forsvaranleg.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það að í tengslum við afgreiðslu fjárlaga var aflað lánsfjárheimilda sem duga fyrir fyrstu mánuði þessa árs þannig að eðlilega var tekið á málum. Lánsfjárlagafrv. hefur hins vegar verið, eins og hér hefur komið fram, lengi til umfjöllunar í hv. Nd. Ég ætla ekkert að fara að ræða um það hér hvers vegna það sé. Menn eru þar önnum kafnir og hafa mörgu að sinna. Síðan hafa verið að koma fram hugmyndir um ýmislegt sem menn vildu skoða áður en lánsfjárlagafrv. yrði endanlega afgreitt. Ég hef þess vegna talið eðlilegt að það yrði endanlega afgreitt á síðustu dögum þingsins.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Störf í nefndum heyra undir þingsköp. Það er rangt sem hæstv. fjmrh. segir að það sé eðlilegt að lánsfjárlög hafi ekki verið afgreidd nú þegar frá fjh.- og viðskn. Nd. Það lá fyrir þegar frv. til lánsfjárlaga var til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. Ed. að áhersla var á það lögð, eins og venja er til hér í þinginu, að frv. yrði afgreitt nægilega snemma til þess að hægt væri að taka það fyrir og afgreiða frá Nd. fyrir áramót eins og er kappsmál allra fjmrh. Sá fjmrh. sem situr hér mér á vinstri hönd var auðvitað á þeim tíma kappsfullur að ná lánsfjárlögum fram fyrir áramót eins og jafnan er.

Hitt er svo rétt, eins og fram hefur komið frá einstökum fjárhags- og viðskiptanefndarmönnum Nd. í blöðum, að ágreiningur er uppi um það innan ríkisstjórnarinnar hvernig halda skuli á frv., m.a. vegna þess að ríkisstjórnin hefur gefið fyrirheit um það að létta verulegum lánum af Byggðasjóði og treysta með þeim hætti fjárhag Byggðasjóðs. Eins hefur það komið fram að ríkisstjórnin hefur verið að beita sér fyrir því að einstökum fyrirtækjum eru gefin fyrirheit um að skuldir og lán séu yfirtekin af ríkissjóði og er orðin úr þessu hin mesta flækja.

Það má vel vera að hæstv. fjmrh. sjái nú fram á það að hann geti ekki komið lánsfjárlögunum út úr Nd., hvað þá Ed., fyrr en á síðustu dögum þingsins, skömmu áður en kosningar hefjast, sem sýnir einungis hvernig ástandið er í þessum efnum í ríkisstjórninni, hvernig eitt yfirboðið rekur annað. Er satt að segja hálfbagalegt, hæstv. forseti, þegar hæstv. fjmrh. talar með þeim hætti sem hann gerði nú áðan að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér í salnum til þess að hægt sé að beina fyrirspurnum til hans.

Nýjasta yfirboð hæstv. fjmrh. eru milljarðarnir tveir. Hann er búinn að halda ráðstefnu með öðrum Norðurlandaþjóðum til að sýna fram á sparnað sinn. Ekki líður sá dagur síðan að hann sé ekki að auka við kosningaloforð hér og þar. Mér hefur verið sagt af framkvæmdum fyrir norðan sem voru skornar niður við trog við afgreiðslu fjárlaga en nú á að fara að hressa svolítið upp á. Það er svona einn og annar af sendisveinum hæstv. fjmrh. í Alþb. að stinga því að mönnum að kannski sé hægt að fá pínulítinn aukabita nú fyrir kosningarnar. Má segja að fjmrh. sé vorkunn eins bág og staða hans flokks er samkvæmt skoðanakönnunum og óvíst, ef hæstv. fjmrh. stendur við það að taka efsta sætið í Reykjaneskjördæmi, að hann komist á þing eftir næstu kosningar frekar en þær síðustu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. fjmrh. tekur til máls um þingsköp og að gefnu tilefni eru menn áminntir að tala þá um þingsköp.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég skal tala um þingsköp og minna á það hér að það var að ósk forustu Sjálfstfl. sem lánsfjárlagafrv. var ekki afgreitt hér fyrir jól. Ég hafði lagt fram þá tillögu að frv. til lánsfjárlaga yrði afgreitt hér fyrir jól. Þegar Sjálfstfl. í Nd. var að vega það og meta hvað hann vildi afgreiða eða ekki, þá m.a. kom hv. þm. Þorsteinn Pálsson með þá skoðun að lánsfjárlagafrv. yrði látið bíða. Þetta hefur komið fram í umræðum í þinginu áður og er þess vegna ekki nýtt. En mér fannst nauðsynlegt að minna á það vegna ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals. Það þýðir þess vegna ekkert fyrir þessa menn að gera sig heilaga í framan þegar það var samkvæmt ósk Sjálfstfl. að þetta frv. var látið bíða fyrir áramót.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram því að sannleikurinn í þessu máli er auðvitað sagna bestur. Hins vegar hefur enginn ágreiningur í ríkisstjórninni tafið fyrir því að þetta mál yrði afgreitt, ekki nokkur slíkur ágreiningur.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er ekki í fyrsta sinn sem hæstv. fjmrh. heldur því fram hér blákalt að Sjálfstfl. hafi beðið um það að frv. til lánsfjárlaga yrði frestað. Og vegna þess að maður er nú farinn að þekkja svolítið þennan virðulega fjmrh., þá hafði ég snör handtök þegar hann undirbjó sig til þess að tala og náði í þingtíðindin þar sem umræður um þetta mál liggja fyrir frá orði til orðs. Ég hafði orð fyrir Sjálfstfl. við 1. umr. um þetta mál og vegna þess að fjmrh. hefur sagt það hér úr þessum ræðustól, þó að hann hafi ekki gert það í þetta sinn, að það hafi verið að sérstakri ósk minni, ég hafi beðið um að lánsfjárlögin yrðu ekki afgreidd, þá vil ég sérstaklega vitna í þau ummæli sem ég viðhafði hér hinn 20. des. sl. að fjmrh. áhorfandi úr sínu sæti. Ég sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég hef miklar efasemdir um það að frv. til lánsfjárlaga eins og það er nú komið frá Ed. sé komið í þann búning að þingið geti verið þekkt fyrir að afgreiða málið eins og nú standa sakir. Það er alveg ljóst að það eru verulega margir lausir endar í þessum málum sem auðvitað tengjast síðan afgreiðslu fjárlaganna.“ Síðar segir: „Af þeim sökum einum væri skynsamlegt og eðlilegt að fresta afgreiðslu lánsfjárlaganna þar til þau mál liggja skýrar fyrir eftir áramótin.“ Í lok ræðu minnar, virðulegi forseti, segi ég það að Sjálfstfl. sé reiðubúinn til samstarfs um að fresta þessu máli fram yfir áramót þannig að það megi fá vandaða meðferð að loknu jólahléi.

Þetta er auðvitað allt annað en það sem fjmrh. hefur haldið hér fram. Það var ekki að sérstakri ósk Sjálfstfl. sem málinu var frestað. Það var auðvitað vegna þess að Sjálfstfl. benti á vankantana í málatilbúnaði ráðherrans að óhjákvæmilegt var að fresta þessu máli. Og það er að koma í ljós að það munu verða gerðar margháttaðar breytingar á þessu frv. í fjh.- og viðskn. Nd. þannig að það þarf að fara aftur til Ed. Því hefur fjmrh. sjálfur lýst yfir. Það sýnir auðvitað að það sem sagt var hér úr þessum ræðustól af hálfu Sjálfstfl. fyrir jólin var satt og rétt. En það er fjmrh. sjálfum að kenna að hafa ekki búið þetta frv. þannig úr garði í upphafi að það gæti fengið þá meðferð hér, sem auðvitað er eðlilegust hverju sinni, að vera afgreitt samhliða fjárlögum. En það er fjarstæða, það er beinlínis rangt, að segja að það sé að einhverju sérstöku frumkvæði Sjálfstfl. eða ósk hans að þessu máli hafi verið frestað.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég sé nú ástæðu til þess að minna á það að hvorki hæstv. forseti Sþ. né forseti Nd. hafa svarað þeim spurningum sem ég spurði við upphaf þessarar þingskapaumræðu: Hvort þeim fyndist það eðlilegt að afgreiðsla lánsfjárlaga drægist svona. Vegna þess að afgreiðsla lánsfjárlaga á ekki að vera neitt vandamál. Hún á að stemma við fjárlög. Lánsfjárlög eiga að stemma við fjárlög. Þannig eiga þessir hlutir að vera. Þannig er gert ráð fyrir því í lögum um gerð ríkisreiknings og fjárlaga og lánsfjáráætlana. Og samkvæmt lögum um bókhald hæstv. ráðherra og fjárlagagerð, þá átti hann að afgreiða þetta fyrir jól. Það er hann sem er ábyrgur fyrir þessu máli. Hann getur ekkert verið að koma hér og segja að forusta Sjálfstfl. hafi verið að biðja um það að einhverju máli yrði frestað. Það er náttúrlega bara út í hött að vera að halda slíku fram. Hann er ábyrgur fyrir þessum málaflokki.

Mér dettur bara helst í hug að menn séu að reyna að hafa þetta svona opið til þess að kaupa sér atkvæði með því að blöffa fjárlögin, með því að hækka lánsfjárlögin og framkvæma það og ætla síðan að láta gjaldfæra það einhvern tíma seinna, láta það svo koma á fjárlögum þegar einhver önnur ríkisstjórn er búin að taka við. Þannig á líklega að hafa hlutina. Það á að kaupa sér atkvæði á lánsfjárlögum. Þess vegna þarf að draga þau þangað til rétt áður en þinginu verður slitið og afgreiða þau síðan í ægilegum flýti þannig að enginn tími verði til að fara ofan í saumana á þeim. Verða sér úti um nokkur atkvæði, t.d. með tvöföldun Reykjanesbrautar eða einhverju sem hæstv. ráðherra dettur í hug, sem er ágætismál en á að ræðast á réttum vettvangi.

Ég ítreka það að forseti Nd. eða forseti Sþ. segi hér álit sitt á því. Af hverju dragast svona hlutir? Forsetarnir eru ábyrgir fyrir störfum Alþingis og fjmrh. er ábyrgur fyrir sínum störfum. Ég óska eftir því að þetta fólk svari því. Finnst því þetta eðlilegt? Er eðlilegt að draga hlutina svona og draga þá, þvælast í útlöndum og vera hér og þar. Vera alltaf á eilífum blaðamannafundum og gefa út fréttatilkynningar og segja einhvern hálfsannleika. Manni ofbýður að horfa upp á svona vinnubrögð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 5. þm. Austurl. vill forseti taka fram að forsetar þingsins hafa ítrekað rekið á eftir afgreiðslu lánsfjárlaga. Forsetar geta ekki mikið betur gert í því efni en að hvetja til að þeim störfum ljúki sem allra fyrst.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Fyrst mitt nafn bar hér á góma varðandi afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir jól vil ég taka fram hvers vegna við sjálfstæðismenn töldum ógerlegt að afgreiða lánsfjárlagafrv. eins og það þá stóð. Hv. 14. þm. Reykv. hefur að vísu gert hér skilmerkilega grein fyrir því. Ástæðan var auðvitað sú að lánsfjárlagafrv. var hálfkarað og langt frá því að vera fullunnið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Á síðustu dögum fyrir jólaleyfi í önnum þingsins létum við það álit í ljós að það skyti nokkuð skökku við að ætla að fara að afgreiða frv. sem væri hálfkarað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og svo bar við að hæstv. ríkisstjórn viðurkenndi það sjálf að hún væri ekki tilbúin til að afgreiða þetta mál og taldi rétt að láta það bíða frekari vinnu og umfjöllunar á nýju ári.

Nú vitum við að það er komið fram í marsmánuð og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið málinu fram enn. Það sannar enn betur að við höfðum rétt fyrir okkur og lögðum rétt mat á það að hæstv. ríkisstjórn hafði ekki unnið sína heimavinnu. Og það er auðvitað alveg út í

bláinn þegar hæstv. fjmrh. er svo að reyna að gera því skóna að stjórnarandstaðan hafi stöðvað framgang stjórnarfrumvarpa hér fyrir jólaleyfi. Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin meiri hluta í þinginu til þess að koma fram þeim málum sem hún kýs og í öðru lagi liggur einfaldlega fyrir viðurkenning á því af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að hún var ekki tilbúin með þetta mál sem eðlilegt hefði verið að afgreiða fyrir jól samhliða fjárlögum eins og venja stendur til. En einmitt þetta sýnir hvers konar lausatök eru hér á málum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að geta ekki tekið á slíku máli. Alvarlegast er auðvitað það þegar hæstv. ríkisstjórn er að reyna að breiða yfir eigið getuleysi og koma sök á aðra í þessu efni sem sitja hér í minni hluta á þinginu.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að standa upp sem formaður fjh.- og viðskn. Ed. út af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um lánsfjárlög. Því er haldið fram að Ed. hafi afgreitt þetta frv. á mjög svo illan hátt. Ég get bent á það að málið var á þeim tíma tekið út úr fjh.- og viðskn. í fullu samkomulagi við fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni og þá lá ekki fyrir það sem nú virðist liggja fyrir, að nýjar fjárlagabeiðnir hafi komið fram. Það hefur gerst eftir áramót.

Ég vildi einnig koma því á framfæri í sambandi við þá umræðu sem hér hefur farið fram um lánsfjárlög og ábyrgð ríkisstjórnar á þeim og fjárlögum yfirleitt, að það er ein af grundvallarreglum í þingræðisbundnum stjórnum að Alþingi fer með fjárveitingavaldið og það er Alþingis að sjá til þess að fjárlög og lánsfjárlög séu afgreidd og veiti ríkisstjórnum annaðhvort heimildir eða hafni heimildum sem þær biðja um. Þetta held ég að sé það grundvallaratriði sem við þingmenn þurfum að hafa í huga, en ekki að það sé spurning um það hvað fjmrh. og ríkisstjórn vilji hvert og eitt skiptið. Það er Alþingi sem fer með þetta vald og enginn annar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er leitt að hv. þm. Halldór Blöndal skuli vera farinn úr salnum vegna þess að það var alveg greinilegt að hv. þm. Þorsteinn Pálsson og jafnvel hv. þm. Geir H. Haarde höfðu alls ekki heyrt það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði í umræðunni. Hvað sagði hann? Hann sagði: Við afgreiddum lánsfjárlög í Ed. og fórum létt með það, og átaldi svo Nd. fyrir að vera ekki búin að ljúka verkinu. (**Gripið fram í:** Á hverju stendur þá?) Það væri nú fróðlegt að spyrja að því. Ég fagna því að hv. þm. Halldór Blöndal er nú loksins kominn, a.m.k. í dyragættina því hann var einmitt að hæla sjálfstæðismönnum í Ed. fyrir það hvað þeir hefðu farið létt með að afgreiða lánsfjárlögin. En það er alveg greinilegt að þeir eru ekki svona verkglaðir og hæfir menn, sjálfstæðismenn í Nd. og er nú alveg ljóst hvaðan Sjálfstfl. mun sækja sinn næsta fjmrh. Það verður greinilega úr Ed. frekar en Nd.

Þetta er nauðsynlegt að komi hér fram. Svo tek ég nú undir það sem hér hefur verið sagt að það er auðvitað ekki hægt að segja það einn daginn: Alþingi er með fjárveitingavaldið, og hinn daginn skamma fjmrh. fyrir að afgreiða ekki lánsfjárlögin þegar hann skilaði frv. inn í þingið fyrir fjórum mánuðum síðan.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Svona rétt til þess að sagan sé öll sögð, úr því að hæstv. fjmrh. er það ekki kunnugt, þá er það venja í nefndum þingsins í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga að í fyrri deild sé farið yfir málin. Síðan fer frv. til seinni deildar þar sem það er tekið til nýrrar skoðunar í samræmi við afgreiðslu fjvn. og meiri hluta Alþingis á fjárlögum. Síðan kemur það aftur til hinnar fyrri deildar. Þannig var það í þessu tilviki að frv. fór frá Ed. til hinnar neðri af því að ríkisstjórnin var ekki reiðubúin með sínar ákvarðanir. Það var talið eðlilegt að gefa Nd. nokkurn tíma til að fara yfir frv. Svo kom í ljós, eins og við höfum heyrt núna, að ríkisstjórnin hefur enn ekki gert það upp við sig hvernig hún vill standa að afgreiðslu lánsfjárlaga. Það er kominn marsmánuður og ríkisstjórnin rekur ekki á eftir afgreiðslu málsins.

Í dag kom í ljós að ráðherrar voru meira og minna utan við sig í sambandi við litla 2 milljarða sem eiga að fara í nýjar framkvæmdir og sennilega skynsamlegast hjá hæstv. umhvrh. að blanda sér ekkert inn í þær viðræður. Þau umhverfisvandamál sem eru í ríkisstjórninni út af lánsfjárlögum er ekki á valdi umhvrh. að leysa hvort sem er.

En þannig er þetta allt í samræmi við venjuna. Ríkisstjórn sem er sjálfri sér sundurþykk og er löngu búin að gefast upp við að stjórna ræður ekki við lánsfjárlög frekar en annað. En það breytir ekki því að hæstv. fjmrh. er jafnbrosmildur og glæsilegur og vant er og bregst ekki bogalistin. Ég verð nú að segja eins og er að ég sakna þess hálfpartinn að vera ekki í framboði í Reykjaneskjördæmi til þess að geta oftar átt orðaskipti við hæstv. ráðherra eins og hann kemur manni alltaf í gott skap með sínum undarlegu uppákomum og djörfu *fullyrðingum sem yfirleitt eru úr lausu lofti gripnar.*

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil enn leyfa mér að grípa til þessa heftis Alþingistíðinda sem ég var með í höndunum áðan því að menn eru eflaust búnir að gleyma því, og kannski hv. 5. þm. Reykv. sem hér talaði áðan og er formaður fjh.- og viðskn. Ed., að hann bryddaði upp á þeirri nýjung í nefndastarfi sem formaður í ábyrgðarmikilli nefnd að hafa framsögu fyrir nefndaráliti ríkisstjórnarmeirihlutans með fyrirvara. Það er von að mönnum sé hlátur í hug þegar þetta er rifjað upp. Eflaust eru nú flestir búnir að gleyma þessu. Svo eru menn að tala um það að Sjálfstfl. hafi verið með einhverjar kúnstir í þessu máli. Ég held að hinn virðulegi fjmrh. ætti að líta sér örlítið nær í þessu.

En hvað sem því líður féllst Sjálfstfl. á það í ljósi þess hvernig þetta mál var fram reitt hér í Nd., degi áður en jólakveðjur voru hér upp lesnar skv. þingtíðindum, það var hinn 21., degi áður, 20. des., mælti fjmrh. fyrir þessu frv. til lánsfjárlaga og ég lét þau ummæli falla sem ég vitnaði til áðan. En hvað sem líður

þeirri ákvörðun Sjálfstfl. að fallast á að þessu frv. yrði seinkað fram yfir jólahlé, eins og talað var um, þá er komið fram í mars og fjmrh. talar um að nú liggi ekkert á að afgreiða þetta mál fyrr en einhvern tíma með síðustu málum þingsins, sem vonandi verður ekki seinna en í lok næstu viku.

Gróðurkort og landfræðilegt upplýsingakerfi, fyrri umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 705.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um staðfræðikort og gróðurkort af Íslandi og landfræðilegt upplýsingakerfi.

Bakgrunnur þessa máls er sá að samkvæmt lögum um verkefni umhvrn. sem voru samþykkt sl. vor í kjölfarið á stofnun nýs umhverfisráðuneytis innan Stjórnarráðs Íslands var gert ráð fyrir því að ráðuneytið fari m.a. með mál er varða gróðurvernd, gerð landnýtingaráætlana, landmælingar og skipulagsmál.

Ég hef um langan aldur haft nokkur afskipti af málefnum landmælinga og skipulagsmála. M.a. var ég um skeið formaður stjórnar skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Á þeim árum voru þessi mál mjög til umræðu vegna þeirrar viðleitni sem þá var uppi um að samræma kortagrundvöll fyrir höfuðborgarsvæðið. Þá kom einmitt í ljós að um var að ræða mjög margar mismunandi aðferðir við að gera kort af Íslandi. Gert var átak í þeim efnum að reyna að samræma slíka vinnu. Því hugaði ég, fljótlega eftir að verkefni ráðuneytisins voru skilgreind, að því að undirbúa tillögu í þessu efni. Það var í september sl. að ég skipaði nefnd til þess að undirbúa áætlun um að ljúka gerð staðfræðikorta og gróðurkorta fyrir landið og semja þá tillögu sem hér hefur verið lögð fram.

Nefndinni var sérstaklega ætlað að fjalla um eftirfarandi atriði:

1. Kanna möguleika á því að ljúka gerð gróðurkorta fyrir allt landið á fáum árum þannig að þau verði í tölvutæku, stafrænu formi og falli að samræmdu kerfi Landmælinga Íslands.

2. Hvernig megi ljúka gerð staðlaðra grunnkorta, staðfræðikorta, á tölvutæku, stafrænu formi fyrir landið allt. Skal þá miðað við að grunnkortin nýtist sem landfræðilegur grunnur fyrir samræmda kortagerð á vegum ríkisins.

3. Gera tillögu um heildarstefnu varðandi skipulag kortagerðar á vegum stofnana ríkisins miðað við slíkan staðlaðan kortagrunn í mælikvarða 1:25000.

Nefndin fjallaði um alla þessa þrjá þætti sem voru nefndir í skipunarbréfi hennar og um nauðsyn þess að koma á landfræðilegu upplýsingakerfi, nokkurs konar gagnabanka eða stafrænum tölvugrunni upplýsinga, í tengslum við kortagerðina. Fór nefndin mjög ítarlega yfir stöðu kortamála á Íslandi og aflaði vitneskju um fyrri tilraunir til að greiða úr þessum málum. En eins og ég get komið hér að síðar, þá hafa mjög margir aðilar komið nálægt kortagerð á Íslandi og hefur því miður verið mikill skortur á samstarfi milli þeirra aðila sem hafa fjallað um þessi mál árum og jafnvel áratugum saman. Nefndin lagði mikla vinnu í það að ræða við þá aðila sem hafa fengist við kortagerð og landmælingar á Íslandi og hafði samband við flestar opinberar stofnanir sem hafa komið nálægt slíku, ræddi við fulltrúa verkfræðistofunnar Hnit og sömuleiðis fyrirtækisins Ísgraf og fulltrúa frá upplýsinga- og merkjafræðistofu Háskóla Íslands sem komu á fund nefndarinnar og veittu margvíslegar upplýsingar.

Til þess að ná þeim markmiðum sem voru sett fram í skipunarbréfi nefndarinnar, að koma þessum málum í betri farveg, hefur nefndin lagt til eftirfarandi aðgerðir:

1. Að unnið verði tilraunaverkefni í því skyni að ljúka forvinnu að gerð staðlaðra grunnkorta í 1:25000 fyrir allt landið og koma á nauðsynlegri samvinnu þeirra stofnana sem hafa fjallað um þessi mál. Skal þessu verkefni lokið fyrir árslok 1992.

Verkefnið felst í því að gerð verði nokkur stafræn staðfræðikort og gróður- og jarðakort með þeirri tækni sem notuð verður við kortagerð og gagnasöfnun á næstu árum. Um leið verði hafinn undirbúningur að landfræðilegum upplýsingagrunni. Hefur fyrst og fremst verið talað um að nota svæðin Ölfus og Flóa í þessu skyni, svo og Fljótsdalshérað, en þessi tvö svæði liggja nokkuð vel við að það verði farið í svona tilraunaverkefni.

Þörf á staðfræðikorti af landinu í svo stórum mælikvarða sem 1:25000 er mjög knýjandi. Þeir fjölmörgu aðilar sem vinna við og nota kort af Íslandi eru á einu máli um nauðsyn þess að samræma kortagerðina og byggja hana upp á stafrænum, tölvutækum grundvelli. Þetta kom m.a. ljóst fram í svörum allra þeirra sem nefndin hafði samband við. Við höfum fram til þessa orðið að treysta algerlega á framtak erlendra aðila við gerð staðfræðikorta af landinu. Má þar nefna þá vinnu sem danska herforingjaráðið leysti af hendi í upphafi aldarinnar sem stóð allar götur fram yfir seinni heimsstyrjöld. Og upp úr því þá vinnu sem Bandaríkjaher hefur lagt hér fram en á vegum Bandaríkjahers hefur verið unnið töluvert að gerð staðfræðikorta í mælikvarða 1:25000. Þessi gömlu kort, sérstaklega herforingjaráðskortin, eru mjög ófullkomin og þau fullnægja alls ekki þeim nákvæmniskröfum sem nú eru gerðar til grunngagna fyrir áætlanagerð og skipulagsvinnu. Því er löngu orðið tímabært að þessi vinna verði hafin af fullum krafti og henni lokið á tiltölulega skömmum tíma.

Eins og nú er ástatt er mjög erfitt t.d. að samnýta gögn frá þeim fjölmörgu aðilum sem sinna mælingum og kortagerð. Má nefna sem dæmi að Vegagerð ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun, Póst- og símamálastofnun, vinna allar að landmælingum og kortagerð, en hafa ekki neinn samræmdan grunn fyrir þessi kort. Þar af leiðandi er mjög erfitt að flytja upplýsingar á milli þessara stofnana þannig að gögn einnar stofnunar komi annarri að notum. Því hefur nýting á fjármagni til þessara verkefna verið mjög slæm. Hér er ekki um neina

smáfjármuni að ræða þar sem áætlað er að hinar ýmsu stofnanir ríkisins verji núna 600–800 millj. kr. árlega til mælinga og kortagerðar. Því er til mikils að vinna ef hægt væri að ná fram aukinni hagkvæmni, ekki bara fyrir ríkið heldur einnig fyrir sveitarfélögin í landinu. Stafræn kortagerð á Íslandi er á frumstigi en nokkrar stofnanir og sveitarfélög og reyndar fyrirtæki eru að þreifa fyrir sér á þessu sviði. Það má t.d. nefna Norrænu eldfjallastöðina, Raunvísindastofnun Háskólans, Landsvirkjun, Skipulag ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og verkfræðistofuna Hnit. Kort framtíðarinnar verða stafræn og það er ljóst að í óefni stefnir ef stjórnvöld hefjast ekki fljótlega handa við að samræma kortagerð og miða kortagerðina við stafræn kort.

Þá má líka benda á að hæðar- og staðsetningarkerfi Landmælinga Íslands stenst ekki lengur þær kröfur um nákvæmni sem viðhafa þarf í áætlunar- og skipulagsgerð fyrir verklegar framkvæmdir eins og þær tíðkast nú á dögum. Því hafa opinberar stofnanir og sveitarfélög yfirleitt neyðst til þess að nota staðbundið hnitkerfi, bæði í hæð og legu, vegna þess að landskerfi Landmælinga Íslands fullnægir ekki staðbundnum þörfum þeirra. Því er nauðsynlegt í leiðinni að endurskoða og bæta hæðar- og staðsetningarkerfið áður en ráðist er í gerð stafrænna staðfræðikorta. Einnig þarf að ljúka gerð kortastaðals sem nú er í vinnu.

Í tillögunni er lagt til að allt landið verði kortlagt í mælikvarða 1:25000 á næstu tíu árum og kortin verði unnin á stafrænan hátt þannig að þau nýtist sem grunnur fyrir sem flesta notendur. Nú kunna einhverjir að segja að við Íslendingar séum að færast mikið í fang og þetta sé kannski óþarfa lúxus. Það vill þannig til að Ísland er líklega síðasta landið í Vestur-Evrópu sem hefur ekki lokið því að gera fullkomin stafræn grunnkort af landinu öllu í 1:25000. Norður-Írar eru víst um það bil að ljúka þeirri vinnu að gera stafræn grunnkort í 1:25000 af Norður-Írlandi og mun þá Ísland vera eitt eftir allra landa Vestur-Evrópu. Til gamans má geta þess að Frakkar lögðu áherslu á það að ljúka þessari vinnu fyrir 200 ára afmæli byltingarinnar 1989. Eitt af sýningaratriðum við hátíðahöldin sumarið 1989 var að grunnkort af öllu Frakklandi í 1:25000 voru breidd út í stærsta sal sem fyrirfannst í Frakklandi, sem mun víst vera ein aðaljárnbrautarstöð Frakka í París, og þar gat að líta samsett heildarkort af Frakklandi í mælikvarðanum 1:25000 sem vakti mikla athygli við hátíðahöldin.

Hér er um geysilega umfangsmikið og dýrt verkefni að ræða. Þess vegna er talið ráðlegt að það verði fyrst ráðist í tilraunaverkefni, nokkurs konar forvinnu eins og ég gat reyndar um áðan, til þess að reyna með hvaða hætti megi koma á nauðsynlegri samvinnu þeirra fjölmörgu stofnana sem þurfa að koma að þessu máli og eins hvernig megi vinna þetta áður en verður tekin sú ákvörðun að ráðast í verkefnið af fullum krafti.

Hér er sömuleiðis lagt til að hluti af þessu verkefni verði að ljúka gerð gróðurkorta af Íslandi í sama mælikvarða, þ.e. 1:25000. Gerð gróðurkorta af Íslandi hófst þegar árið 1955 en meginmarkmiðið með þeirri vinnu var að gefa út gróðurkort og afla tölulegrar vitneskju um útbreiðslu, eðli, ástand og framleiðslugetu gróðurlenda m.a. til að ákvarða beitarþol landsins og skipuleggja gróðurvernd og aðra landnýtingu. Áður hafði ekki verið gerð heildarúttekt á gróðurfari og landgæðum á Íslandi en fyrir hendi var þó mikil grunnþekking, m.a. á sviði grasafræði, sem er nauðsynleg forsenda þess að unnt var að hefja þetta verk.

Þegar gróðurkortagerðin hófst fyrir 35 árum ríkti mikil bjartsýni hjá þeim sem að verkinu stóðu um að unnt yrði að ljúka því á 3–4 áratugum, enda ekki nema von vegna þess að óvíða er gróður jafnilla farinn og óvíða er gróðureyðingin jafnör og á Íslandi. Af þeim sökum hefði mátt ætla að úttekt á þessari hnignandi auðlind yrði veitt brautargengi svo unnt yrði að taka nýtingu landsins föstum tökum og færa til betra horfs. Á síðasta áratug hefur hins vegar hallað á ógæfuhliðina varðandi gerð gróðurkorta og málið er nánast komið í strand.

Þá má ekki gleyma því að skortur á nákvæmum grunnupplýsingum hefur sömuleiðis háð gróðurkortagerðinni mjög verulega. Um það hefur nú náðst samkomulag milli þeirra aðila sem hafa fengist við gróðurkortagerð hér á Íslandi að það sé skynsamlegast að reyna að drífa grunnkortagerðina af stað og láta síðan gróðurkortin fylgja strax í kjölfarið þannig að fyrst verði byggð upp þessi svokölluðu staðfræðikort í mælikvarða 1:25000 og síðan verði gróðurkortin byggð á þeim upplýsingum og gefin út í sama mælikvarða.

Hingað til hafa verið gefin út gróðurkort af um það bil 40% landsins en vegna, eins og ég hef þegar skýrt frá, skorts á góðum kortagrunni hefur ekki verið talið fært að gefa út öllu fleiri kort. Útivinnu er lokið á stórum svæðum til viðbótar. Það er talið vafasamt hvort skynsamlegt sé að halda áfram með gróðurkortagerðina að óbreyttu þar sem skortur er á nauðsynlegum grunnupplýsingum og því talið ráðlegt að leggja meiri áherslu á grunnkortagerðina áður en haldið verði áfram frekari gróðurkortagerð.

Áður en hafist verður handa um gerð stafrænna gróðurkorta með verkáætlun sem næði til allra þeirra svæða landsins sem nú er ólokið þarf töluverða undirbúningsvinnu. Lagt er til að sú vinna fari fram samhliða því tilraunaverkefni sem er ráðgert fyrir gerð grunnkortanna til þess að láta reyna á nauðsynlega samvinnu og samnýtingu þeirra stofnana sem koma að þessu verki og verði þessu hvoru tveggja lokið fyrir árslok 1992 ef fjárveitingar fást.

Að lokum er svo í tillögunni talað um landfræðilegt upplýsingakerfi, svokallaðan stafrænan tölvugrunn eða upplýsingabanka með landfræðilegum upplýsingum. Öflun og úrvinnsla slíkra staðbundinna upplýsinga er þegar snar þáttur í þjóðfélaginu og fjölmargar stofnanir safna landfræðilegum gögnum og geyma þau þótt ekki séu þau aðgengileg á samræmdu formi. Verði gagnasöfn hinna ýmsu stofnana sem vinna með staðbundin gögn tengd betur saman verða gögnin aðgengilegri og nýtast fleirum en áður og betur. Uppbygging landfræðilegs upplýsingakerfis krefst stafrænna staðfræðikorta af landinu, eignarkorta og samræmdra gagnasafna. Uppbygging landfræðilegra upplýsinga-

kerfa er mjög skammt á veg komin hérlendis og lítil samræming á þessu sviði enn sem komið er. Þó hafa nokkrir aðilar hafið uppbyggingu slíkra kerfa á ýmsum sérsviðum og nokkrir þeirra komið sér upp þar til gerðum hugbúnaði. Þar á meðal eru Norræna eldfjallastöðin, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Skipulag ríkisins, Reykjavíkurborg, Póst- og símamálastofnun og Rafmagnsveitur ríkisins. Auk þeirra eiga margir aðilar umfangsmikil söfn landfræðilegra upplýsinga. Má þar nefna Hagstofu Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Fasteignamat ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun, Raunvísindastofnun Háskólans, Vegagerð ríkisins, Landmælingar Íslands, Byggðastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og ýmsar aðrar rannsóknastofnanir.

Virðulegi forseti. Ég get stytt mál mitt hér og vildi aðeins að lokum fjalla í örstuttu máli um kostnað vegna þessa verkefnis. Áætlaður heildarkostnaður við að ljúka gerð staðfræðikorta í 1:25000 af landinu öllu er talinn nema um 1400 millj. kr. samkvæmt mati fjmrn. Kostnaður við að gefa þessi kort út er áætlaður um 275 millj. kr. en þar hefur ekki verið tekið tillit til tekna af sölu þeirra á móti. Það er erfiðara að meta kostnað vegna uppbyggingar landfræðilegs upplýsingakerfis en gert er ráð fyrir að þær stofnanir sem hlut eiga að máli beri þann kostnað án þess að sérstakt framlag komi úr ríkissjóði. Hér er í raun um hagræðingarverkefni að ræða. Ef lokið yrði að gera staðfræðikort, grunnkort í mælikvarða 1:25000 af landinu öllu, er áætlaður heildarkostnaður við að ljúka gerð gróðurkorta af landinu á stafrænu formi sem byggi á þeim grunni um 170 millj. kr.

Virðulegur forseti. Ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir þeirri tillögu sem hér hefur verið lögð fram og vona að hún fái góðar undirtektir þingheims því að ég tel að hér sé hreyft mjög mikilvægu máli. Hér er um mikið þjóðþrifamál að ræða. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Sþ.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

66. fundur, þriðjudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Einkaleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 133. mál (heildarlög). — Þskj. 649 (sbr. 137), n. 765.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. til laga um einkaleyfi.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Gunnar Guttormsson, forstöðumann vörumerkja- og einkaleyfadeildar iðnrn., Ómar Grétar Ingvarsson, verkfræðing í sömu deild, og Árna Vilhjálmsson, formann Samtaka áhugamanna um vernd eignarréttar á sviði iðnaðar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild og er það hér með lagt til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7.–27. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
28.–65. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
66.–82. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.). — Þskj. 775.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breyting á lögum um kosningar til Alþingis sem hér er flutt á þskj. 775 eftir afgreiðslu hv. Nd. á því máli.

Það frv. sem hér liggur fyrir til 1. umr. og er raunar stjfrv. er samið af stjórnarskrárnefnd. Frv. hefur verið til meðferðar í hv. Nd. og hafa þar verið gerðar á því nokkrar breytingar, m.a. samkvæmt ábendingum úr dómsmrn.

Með bréfi þáv. forsrh. haustið 1987 var stjórnarskrárnefnd falið að vinna að endurskoðun laga um kosningar til Alþingis, svo sem fram kemur í grg. með frv. Þar er og gerð grein fyrir starfi nefndarinnar að þessu frv. og helstu breytingum sem í því felast.

Meginbreytingar samkvæmt frv. varða gerð kjörskrár, framboðsfrest og utankjörfundaratkvæðagreiðslu, en ýmsar fleiri breytingar felast í frv. og mun ég hér greina frá helstu atriðum þess.

Lagt er til að kjörskrá skuli miðuð við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag. Kjörskrá er nú miðuð við lögheimili eins og það var 1. des. næstan fyrir kjördag. Íbúaskrá þjóðskrár er nú eins og áður leiðrétt árlega miðað við 1. des. Sá háttur hefur hins vegar verið tekinn upp að allar tilkynningar um breytingu á lögheimili sem berast þjóðskránni eru skráðar jafnóðum. Hafa þannig skapast möguleikar á því að miða við aðrar dagsetningar en áður. Samkvæmt frv. verður miðað við lögheimili eins og það er skráð í þjóðskrá 49 dögum fyrir kjördag. Samkvæmt gildandi reglum hefur við endanlega gerð kjörskrár hins vegar verið tekið tillit til tilkynninga sem fram hafa komið eftir 1. des. ef breyting átti sér stað fyrir þann dag. Tæknilega er nú unnt að ganga frá kjörskrá með þessum hætti. Leiðir þetta þá til þess að

kjörskrá sem kosið verður eftir verður í meira samræmi við búsetu manna á kjördegi. Kjósandi verður þá í enn ríkara mæli á kjörskrá þar sem hann á heima og minni þörf verður á því fyrir kjósendur sem flutt hafa að greiða atkvæði utan kjörfundar í öðru sveitarfélagi en þeir eiga heima. Jafnframt verður minna um það en áður að sveitarstjórn þurfi að gera breytingu á þeim kjörskrárstofni sem hún fær frá þjóðskrá.

Tengt þessari breytingu á gerð kjörskrár er að lagt er til að breytt verði reglum um framlagningu kjörskrár. Er lagt til að kjörskrá verði lögð fram 24 dögum fyrir kjördag í stað tveggja mánaða.

Eins og áður sagði verður staðsetning fólks á kjörskrá, ef ákvæði frv. verða lögfest, í fastari skorðum. Álitaefnum er leitt geta til kæru fækkar og mundu þau einkum varða ríkisfang, andlát, mistök vegna þess að einhvern vantar á kjörskrá eða sé þar ofaukið, eða það að íslenskur ríkisborgari sem dvelur erlendis en telur sig hafa kosningarrétt er af einhverjum ástæðum ekki færður á kjörskrá.

Lagt er til að reglum um framboðsfrest verði breytt þannig að framboðum þurfi ekki að skila fyrr en tveimur vikum fyrir kjördag í stað fjögurra vikna eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Þessi breyting og nokkrar aðrar tillögur samkvæmt frv. eru af stjórnarskrárnefnd m.a. rökstuddar með því að þannig skapist almennar forsendur til þess án lagabreytinga að stofna til kosninga með skömmum fyrirvara. Ég hef þó orðið var við það nú undanfarna daga að nokkuð skiptar skoðanir eru meðal þingmanna um þetta atriði og vildi mælast til þess við hv. allshn. þessarar deildar að þetta atriði yrði sérstaklega athugað í umfjöllun nefndarinnar sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar.

Þá er lagt til að ýmsir frestir, þar á meðal framboðsfrestur, sem runnið hafa út á miðnætti renni út á hádegi. Lagt er til að reglum um fjölda meðmælenda með framboði verði breytt. Í stað þess að miða við 50–100 meðmælendur í hverju kjördæmi, nema Reykjavík þar sem talan er 100–200, verði meðmælendafjöldi tengdur þingsætatölu í kjördæmi. Eins og frv. er nú eftir meðferð Nd. er miðað við margfeldi af þingsætatölunni og tölunum 20 að lágmarki og 30 að hámarki. Breytingin felur því í sér nokkra aukningu meðmælenda. Í Reykjavík fer talan í 360 að lágmarki og 540 að hámarki. Í Reykjaneskjördæmi verða tölurnar 220 og 330. Í öðrum kjördæmum fer meðmælendatalan í 100–120 að lágmarki eftir þingsætatölu og 150–180 að hámarki.

Þá er lagt til að reglu um það hvenær umsókn um framboðslista skuli í síðasta lagi lögð fram í dómsmrn. verði breytt þannig að slík umsókn skuli hafa borist þangað þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út. Með því gefst ráðrúm til að yfirfara og úrskurða slíka umsókn áður en framboðum í kjördæmum þarf að hafa verið skilað.

Allveruleg breyting er lögð til á tilhögun utankjörfundaratkvæðagreiðslu með nýjum og breyttum kjörgögnum. Er ætlunin að kjörgögnin verði einfaldari að gerð og það leiði til þess að sjálf athöfnin gangi greiðar fyrir sig. Hin eiginlegu kjörgögn eiga að samanstanda af einföldum kjörseðli og kjörseðilsumslagi. Þessu fylgir fylgibréf þar sem kosningin er vottuð og svo sendiumslag. Vegna breyttra reglna um lengd þess tíma sem greiða má atkvæði utan kjörfundar er m.a. brýnt að taka upp ný kjörgögn þar sem nauðsyn ber til að kjörgögn séu jafnan til staðar ef boðað er til kosninga með stuttum fyrirvara. Varðandi framkvæmdina er þess að geta að fellt er niður ákvæði um að undirskrift kjörstjóra skuli vottuð og einnig er fellt niður ákvæði um að umslög skuli innsigluð.

Tekin er upp heimild til þess að utankjörfundaratkvæðagreiðsla megi fara fram á stofnunum fyrir fatlaða í viðbót við sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra sem nú er í lögum. Einnig er lagt til að heimilað verði að slík atkvæðagreiðsla fari fram í fangelsi, en fangar hafa nú kosningarrétt með sama hætti og aðrir. Þá er enn fremur lagt til að heimilað verði að kosning geti farið fram í heimahúsi þegar þannig stendur á að kjósandi mun ekki geta sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar.

Lagt er til að ákvæði, sem fela í sér bann við því að greiða atkvæði oftar en einu sinni við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda, verði afnumin. Með lagabreytingunni 1987 var ákveðið að utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti hafist áður en framboðsfrestur rennur út. Við þær aðstæður getur það komið upp að kjósandi sem þegar hefur greitt atkvæði vilji greiða atkvæði að nýju vegna nýs og óvænts framboðs. Fortakslaus ákvæði er banna þetta eiga því ekki lengur við og þykir því rétt að afnema þau. Eftir því sem best er vitað mun ekki hafa komið til þess að kjósanda hafi verið meinað að greiða atkvæði oftar en einu sinni eða að atkvæði hafi ekki verið metin gild af sömu ástæðu.

Að því er varðar tilhögun atkvæðagreiðslu almennt, hvort heldur er utan kjörfundar eða á kjörstað, er lagt til að hnykkt verði á ákvæðum er varða það hvernig kjósandi gerir grein fyrir sér áður en hann fær að greiða atkvæði. Segir í tillögunum að kjósandi skuli gera grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Í gildandi ákvæðum segir að kjósandi skuli, ef kjörstjóri eða kjörstjórn óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa o.s.frv. Er breytingin lögð til til að tryggja það að ekki verði kosið í nafni annars manns. Þótt það sé sett sem meginregla að kjósandi framvísi nafnskírteini getur kjósandi sannað hver hann er með öðrum hætti og getur það farið eftir aðstæðum á hverjum stað hve ríkar kröfur eru gerðar.

Loks er í frv., eins og það liggur nú fyrir, gert ráð fyrir því að kjörfundi ljúki eigi síðar en klukkan tíu að kvöldi.

Nokkrar minni breytingar felast að auki í frv. Verða þær ekki tíundaðar hér, en getið hefur verið allra helstu breytinga sem í því felast.

Eins og áður hefur komið fram var frv. þetta með grg. samið af stjórnarskrárnefnd. Í bréfi nefndarinnar til forsrh., sem fylgdi drögum að frv. þessu, kom fram að frumvarpsdrög höfðu verið send þingflokkunum til umfjöllunar. Komu þar fram athugasemdir við nokkur atriði en að öðru leyti voru þingflokkarnir sam-

þykkir breytingunum. Athugasemdum þingflokkanna ásamt ábendingum um nokkur frekari atriði sem ástæða væri til að endurskoða, sem teknar voru saman í dómsmrn., var komið á framfæri við þingflokkana um miðjan janúar, áður en frv. var lagt fram hér á Alþingi.

Eins og ég hef þegar greint frá hefur frv. tekið nokkrum breytingum við meðferð þess í Nd. Hefur þar m.a. verið tekið tillit til ýmissa ábendinga sem dómsmrn. setti fram við allshn. þeirrar deildar. Þær breytingar varða þó ekki meginefni frv. en eru þó til leiðréttingar og nokkurrar skýringar. Veigamikil breyting er þó það að vegna þess hve skammt er nú til kosninga, þó að kjördagur hafi raunar ekki endanlega verið ákveðinn, verður ekki unnt að taka í notkun ný kjörgögn við utankjörfundaratkvæðagreiðslu við þær kosningar sem fram undan eru. Hefur gildistöku ákvæði frv. því verið breytt þannig að þau ákvæði er varða kjörgögn við utankjörfundaratkvæðagreiðslu koma ekki til framkvæmda fyrr en að loknum næstu alþingiskosningum.

Kosningalög og öll framkvæmd kosninga eru þýðingarmikill þáttur í lýðræðislegu skipulagi þjóðarinnar. Veltur á miklu að vel sé þar að öllu staðið. Tillögur þær sem hér eru lagðar fram þarf því að skoða vel í þinginu sem og þær ábendingar sem að öðru leyti hafa komið fram sem hugsanlegar breytingar.

Vegna undirbúnings komandi alþingiskosninga, m.a. kjörskrárgerðar, er afar nauðsynlegt að meðferð frv. þessa verði hraðað svo sem kostur er.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um efni þessa frv., leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn. þessarar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Listamannalaun, 1. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 773.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um listamannalaun sem þegar hefur sætt meðferð í hv. Nd. og tekið þar nokkrum breytingum. Það má segja að eins og frv. lítur út núna þá komi meginbreytingin fram í 2. gr. frv. en þar er gert ráð fyrir því að listamannalaun verði framvegis veitt úr Launasjóði rithöfunda, Launasjóði myndlistarmanna, Tónskáldasjóði og Listasjóði.

Þrír fyrstnefndu sjóðirnir séu sérgreindir sjóðir en Listasjóður almennur sjóður í þágu allra listgreina og allir sjóðirnir veiti starfslaun svo og náms- og ferðastyrki, eins og það er orðað í núverandi gerð frv.

Í 3. gr. er talað um að þriggja manna stjórn listamannalauna hafi yfirumsjón með sjóðunum. Stjórnin verði skipuð af menntmrh. til þriggja ára í senn, einum samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla, ef stofnaður yrði, og loks einum án tilnefningar.

Stjórnin skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald þeirra.

Í 4. gr. er kveðið á um það hvernig þessi laun verða ákveðin og við hvaða launaflokka og lífeyrisréttindi þau skuli miðuð.

Í 5. gr. er talað um hversu mikil þessi laun skuli vera samanlagt þegar allir sjóðirnir eru teknir saman.

Í 6. gr. eru ákvæði um það hversu mikið fellur í hlut Launasjóðs rithöfunda, í 7. gr. hversu mikið fellur í hlut Launasjóðs myndlistarmanna, í 8. gr. til Tónskáldasjóðs og í 9. gr. hversu mikið kemur í Listasjóð.

Það ber að taka það fram, virðulegi forseti, að í 9. gr. er kveðið á um það að Listasjóðurinn skuli sérstaklega veita framlög til þeirra listamanna sem hafa verið á listamannalaunum undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Og þar er það tekið fram að a.m.k. helmingur starfslauna úr Listasjóði skuli veittur leikhúslistamönnum.

Það er talað um að starfslaunin skuli veitt til hálfs árs eða eins árs, til þriggja ára eða fimm ára, og miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

Um leið og frv. þetta yrði samþykkt, ef svo fer, þá munu falla úr gildi lögin um listamannalaun, nr. 29/1967, og lögin um Launasjóð rithöfunda, nr. 29/1975.

Í upphaflegri gerð frv. var gert ráð fyrir því að fella niður núverandi kerfi á svokölluðum heiðurslaunum listamanna og gerð tillaga um að heiðurslaunahafar skyldu þeir einir vera sem náð hefðu 65 ára aldri. Það náðist ekki samkomulag um þessa grein í hv. Nd. og þess vegna var hún felld niður.

Frv. þetta er samið af nefnd sem menntmrh. skipaði 20. júlí 1989 og í henni voru: Ragnar Arnalds, Eiður Guðnason, Gerður Steinþórsdóttir, Brynja Benediktsdóttir og Guðný Magnúsdóttir myndlistarmaður.

Frv. er í sjálfu sér einfalt og skýrt og ástæðulaust að fjölyrða um það frekar. Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Um þetta frv. má auðvitað mjög margt gott segja. Það er í fyrsta lagi stórt framfaraspor að lagt skuli fram frv. til laga hér á hinu háa Alþingi sem tryggi listamönnum þjóðarinnar a.m.k. 75 árslaun og á næstu fimm árum á þeim að fjölga um fimm árslaun á ári þannig að það verði hundrað árslaun á hverju ári sem við höfum úr að spila til að veita okkar ágætu listamönnum.

En það orkar allt tvímælis sem gert er og líka að sjálfsögðu þessi lagasmíð. Það er ýmislegt sem sker í augu strax, t.d. finnst mér dálítið undarlegt að þeir listamenn, sem eiga að fá að njóta kannski nokkurra

mánaða launa af þessum starfslaunum, mega ekki gegna öðru föstu starfi þegar þeir hljóta starfslaunin, þ.e. það gegnir þá öðru máli eiginlega um þá heldur en aðra landsmenn. Ef þeir væru t.d. í $^1/_3$ úr föstu starfi, þá yrðu þeir að segja því lausu. Mér finnst þetta dálítið hart að gengið, sérstaklega þar sem það er erfitt fyrir listamenn og fólk almennt að fá fast starf sem er bara $^1/_3$ eða helmingur af venjulegu starfi, aðallega þó það sem minna er. Þessu þyrfti að breyta á einhvern þann hátt að það væri eingöngu fullt fast starf sem þeir mættu ekki gegna að auki eða meira en hálft starf sem þeir mættu ekki gegna að auki.

Það er enn annað sem mér finnst að þurfi umhugsunar við og það er það að Listasjóðurinn er eins konar safnkista fyrir alls konar listafólk og ekki eingöngu alls konar listafólk sem ekki heyrir undir hina sjóðina heldur líka listafólk sem heyrir undir hina þrjá sjóðina eftir að fólkið er orðið 60 ára. Mér finnst það mjög undarlegt eða mundi a.m.k. vilja fá skýringu frá ráðherra hvernig stendur á því að þegar maður er orðinn sextugur þá geti maður ekki fengið laun úr Launasjóði rithöfunda eða myndlistarmanna eða tónskálda, heldur aðeins úr safnsjóðnum. Mér finnst ekki hafa komið fram næg skýring frá ráðherra hvers vegna þetta er gert og mér þætti vænt um ef hann vildi útskýra þetta fyrir mér.

Þá er ég hrædd um að það muni fljótlega sýna sig að í þessum Listasjóði, sem er með miklu færri mánaðarlaun heldur en Launasjóður rithöfunda, séu of fá mánaðarlaun miðað við allan þann skara sem hugsanlega ætti að sækja í þennan sjóð eða allt það sem sjóðurinn á að annast, því það er ekki bara að veita starfslaun heldur að veita ýmsa aðra styrki.

Einnig vekur það furðu að í landi þar sem leikhús finnst næstum því í hverju einasta þorpi og kauptúni, jafnvel sveitum þessa lands, og leiklist er mjög vinsælt listform, skuli ekki vera sérstakur sjóður fyrir leikhúslistamenn, heldur sé sá sjóður partur af Listasjóði. Íslendingar eru miklir áhugamenn um leiklist og það væri ekki óeðlilegt að það væri sérstakur listasjóður fyrir leikhúslistafólk. Auk þess sem það eru 120 mánaðarlaun sem áætluð eru til úthlutunar fyrir leikhúslistafólkið, en leikhúslistafólkið á ekkert öruggt að hafa neitt með yfirráð yfir útdeilingu þessa sjóðs að gera. Það þyrfti því að athuga hvernig hlutur þess væri betur tryggður heldur en mér finnst vera í þessu frv.

Enn er eitt og það er að í 6. gr. stendur: „Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita.“ Nú er það svo að það eru til margs konar rithöfundasambönd og félög á Íslandi. Rithöfundasamband Íslands á að leggja til fólk í úthlutunarnefnd úr þessum sjóði. En til er félag sem heitir Hagþenkir og í því eru höfundar fræðirita og kennslurita og þeir mundu eiga, að því er ég best fæ séð, að fá aðgang að þessum sjóði, en þeir hafa eftir þessum reglum ekki neinn möguleika á að hafa áhrif á útdeilingu úr sjóðnum. Þar af leiðandi finnst mér í fljótu bragði að í þessari þriggja manna nefnd ættu að vera tveir frá Rithöfundasambandinu og einn frá Hagþenki. Félagar í Hagþenki munu vera um 240, ef ég veit rétt, og það er ekkert lítill rithöfundahópur sem gegnir afskaplega mikilvægu hlutverki fyrir íslenska menningu og má gjarnan gera þeim eilítið hærra undir höfði eða a.m.k. minnast þess að þetta félag er til.

Þetta lagafrv. mun koma fyrir menntmn. Ed. Þar mun gefast tækifæri til að ræða einstaka þætti betur og mun ég gera það og leggja til breytingar sem mér og Kvennalistanum kann að finnast eðlilegt að komi þarna inn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það háttar nú svo til að boðað er til nefndarfundar í nefnd sem ég á sæti í hér í hliðarsal þannig að ég hef ekki tök á því að standa hér lengi í ræðustóli en vildi aðeins láta þess getið að þar sem ég á sæti í menntmn. sem fær þetta frv. um listamannalaun til umfjöllunar, þá hef ég tækifæri til að taka þátt í umfjöllun þess þar og koma á framfæri þeim hugmyndum og athugasemdum sem ég hefði viljað gera. Ég vil aðeins leyfa mér að vitna til þeirra brtt. sem lagðar voru fram í Nd. af hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur og Sólveigu Pétursdóttur, en náðu ekki fram að ganga.

En það er þó ein meginathugasemd sem ég vil gera við frv. á þessu stigi og það er gildistaka laganna. Mér finnst það skjóta svolítið skökku við að þau eigi að taka gildi nú á þessu ári þar sem ekki er gert ráð fyrir að starfað sé eftir þessum lögum á yfirstandandi ári. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt og sjálfsagt að gildistakan væri ekki fyrr en um áramótin 1991/1992, þ.e. 1. jan. 1992.

En eins og ég sagði, þá hef ég ekki tækifæri til að fjalla um einstök atriði frv. á þessu stigi en mun fá tækifæri til þess í nefndinni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem fram hafa farið um málið hér. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs nú vegna ábendinga frá hv. 18. þm. Reykv. um 9. gr. frv., þar sem segir: „Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri.“ Hérna er í raun og veru verið að brúa bil úr gamla listamannalaunakerfinu yfir í það nýja þannig að þeir listamenn, sem voru í gamla kerfinu og hafa náð 60 ára aldri þegar þessi lög taka gildi, verða sjálfkrafa áfram inni í nýja listamannalaunakerfinu, en geta að sjálfsögðu, bæði þeir og aðrir, sótt um starfslaun sem er svo annað mál.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram, bendi aðeins á að í 6. gr. er gert ráð fyrir því að höfundar fræðirita hafi rétt til greiðslu úr Launasjóði rithöfunda þó að það sé auðvitað alltaf álitamál hverjir eiga að koma að stjórninni.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að nefndin taki þetta föstum tökum og okkur auðnist að afgreiða þetta hið fyrsta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál (heildarlög). — Þskj. 759.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Þetta er 422. mál Ed. á þskj. 759. Tilgangur með starfsemi eða rekstri forfallaþjónustu í sveitum er eins og kunnugt er að veita starfandi bændum og mökum þeirra, svo og eins og verða á með frv. þessu öllu starfandi fólki í landbúnaði, starfsmönnum bænda, aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys og önnur forföll ber að höndum. Rétt er að taka skýrt fram að hér er ekki um orlofs- eða sumarleyfaafleysingaþjónustu að ræða heldur eingöngu þau tilvik þar sem slíkar óviðráðanlegar frátafir verða.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum starfar samkvæmt lögum frá 1979 og hefur sú starfsemi sem þar á í hlut þegar sannað gildi sitt. Enginn vafi er á því að starfsemi afleysinga- og forfallaþjónustunnar hefur haft mikla þýðingu fyrir íbúa sveitanna þau ár sem hún hefur starfað og aukið verulega á félagslegt öryggi og bætt aðstæður sveitafólks.

Ekki síst er nauðsynlegt að hafa í huga gildi forfallaþjónustunnar við núverandi aðstæður í sveitum landsins og landbúnaði þegar fólki fer fækkandi og erfiðara verður af ýmsum sökum að treysta á aðstoð nágranna, skyldmenna eða annars starfsfólks á búum þar sem í æ ríkari mæli er eingöngu um að ræða viðkomandi fjölskyldu sem að búrekstrinum stendur.

Það hefur fengist ágæt reynsla af þessu starfi þessi 10 ár og að sjálfsögðu er frv. þetta sniðið að þeirri reynslu og ekki síst þá af þeirri framkvæmd á forfalla- og afleysingaþjónustunni sem komist hefur á í reynd nú hin síðustu ár. Við endurskoðun þessara laga var valin sú leið að semja alveg nýtt frv. á grundvelli þessa.

Drög að þessu frv. voru kynnt á aðalfundi Stéttarsambands bænda árið 1989 og samþykkti fundurinn þá ályktun þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda telur nauðsynlegt að breytingar verði gerðar á lögum og reglum um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Því mælir fundurinn með því að frv. [eða drög þau sem þá voru sýnd] verði lögfest hið fyrsta."

Fundurinn setti það skilyrði fyrir stuðningi við gjaldtöku skv. 2. gr. frv. að framleiðendagjald til Stofnlánadeildar lækkaði að sama skapi. Sú breyting hefur nú náð fram að ganga með lögum um búnaðarmálasjóðsgjald. Með lögum nr. 41 frá 15. maí 1990 var einnitt þeirri skipan mála komið á sem hér um ræðir, að aflað var með lögunum staðfestingar á þessum tekjustofni til handa forfalla- og afleysingaþjónustunni þannig að hluti búnaðarmálasjóðsgjalds gengur nú til að greiða þennan kostnað og myndar tekjustofn forfalla- og afleysingaþjónustunnar, en framleiðendagjald til Stofnlánadeildarinnar lækkaði sem því nam.

Eins og ég hygg að hv. alþm. þekki hefur forfalla- og afleysingaþjónustan nú síðustu árin eingöngu verið fjármögnuð með þessum hætti og hér er í reynd lögfest og staðfest sú breyting og liggur þegar fyrir samkomulag um þá skipan mála.

Um frv. að öðru leyti er ekki margt að segja. Það er sniðið að þessari reynslu frá sl. 10 árum. Það tekur mið af þessari staðreynd um fjármögnun forfalla- og afleysingaþjónustunnar. Það felur í sér það nýmæli að allir starfsmenn í landbúnaði eiga núna rétt á forfalla- og afleysingaþjónustu, þ.e. allir starfsmenn bænda, bústjórar og aðrir fastráðnir starfsmenn, ef ráðning þeirra hefur staðið sex mánuði eða lengri tíma. Þetta er mikilvæg réttarbót fyrir ákveðinn hluta starfandi fólks í greininni. Sérstaklega á þetta við um þær greinar þar sem talsvert er um aðkeypt vinnuafl, svo sem í garðyrkju, alifuglarækt og svínarækt. Nú hafa allir fastráðnir starfsmenn í þessum greinum möguleika til að nýta sér þessa þjónustu en svo hefur ekki verið áður.

Tilhögun stjórnar er þannig breytt að samkvæmt núgildandi lögum fer Búnaðarfélag Íslands með yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustunnar í umboði landbrh. Reyndar hefur nú um skeið verið við lýði bráðabirgðaákvæði í þessum efnum og stjórn starfandi samkvæmt því. En hér er gerð tillaga um að stjórn forfallaþjónustunnar verði þannig skipuð þremur mönnum að einn sé tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn tilnefndur af búnaðarsamböndunum sameiginlega.

Samkvæmt frv. er svo haldið í það meginskipulag að ákveðin yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustunnar fari fram á vegum stjórnarinnar, en að öðru leyti sé framkvæmdin í verkahring búnaðarsambandanna sem sjái um þetta hver á sínu svæði.

Þá er og það nýmæli að stjórn forfallaþjónustunnar er heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu á starfsmönnum í samráði við almenna afleysingaþjónustu sem rekin kynni að verða á vegum samtaka bænda eða hópa bænda. Hér er vísað til þess ákvæðis að bændum er reiknað orlof samkvæmt verðlagsgrundvelli og innifalið í því verði sem þeir fá greitt fyrir sínar afurðir. Það er því gert ráð fyrir því að bændur þurfi sjálfir að greiða fyrir afleysingar vegna orlofs sem þeir taka sér. Og þó ekki hafi enn komist á skipulegt afleysingakerfi vegna slíkrar þjónustu, þá eru þess þekkt dæmi að hópar bænda hafi tekið sig saman og komið sér upp sameiginlega afleysingamönnum eða -manni sem hafi til skiptis leyst af hjá ákveðnum hópi bænda. Hér er sem sagt opnað fyrir þann möguleika að um samstarf um slíkt fyrirkomulag gæti orðið að ræða á einstökum búnaðarsambandssvæðum hvað varðar rekstur forfalla- og afleysingaþjónustunnar sjálfrar.

Herra forseti. Ég held að ég fjölyrði ekki meira um

þetta frv. Hér er verið að leggja til að lögfesta og staðfesta í reynd þá framkvæmd sem þegar er á orðin um þessi mál. Þetta er mál sem í raun og veru lýtur eingöngu að innri málefnum bændastéttarinnar sjálfrar og er fjármagnað af gjaldtöku af þeirra framleiðslu og yrði á þeirra ábyrgð og framkvæmt af þeim, þannig að hér er verið að marka lagaramma um þessi félagslegu réttindamál bændastéttarinnar.

Ég vil því leyfa mér að segja að lokum að þrátt fyrir það að óneitanlega sé langt liðið á þing þegar þetta mál loksins kemst hér fram, þá væri það ákaflega vel séð, vel þegið veit ég af þeim sem samkvæmt þessari löggjöf koma til með að reka starfsemi, ef lögfesting þessa litla máls sem þó er ekki svo lítið ef grannt er skoðað, næði fram að ganga á þessu þingi.

Ég vil svo að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég er ánægður með lokaorð hæstv. landbrh. að því leyti að hann gerir sér fyllilega grein fyrir því að tíminn er orðinn naumur til þingstarfa hér á Alþingi. Það er mikilvægt að ráðherra skuli átta sig á því. Það er ekkert sérstaklega bundið við núv. hæstv. ráðherra þó að mikið eigi að gera á allra síðustu dögum þingsins. Þó að hér sé, eins og hæstv. ráðherra komst að orði, ekki um yfirgripsmikið mál að ræða sem mönnum gæti e.t.v. sýnst að væri hægt að afgreiða í skjótheitum, þá held ég að fram þurfi að fara nákvæm skoðun á þessu máli.

Það var náttúrlega afar slæmur kostur að ekki skyldi vera unnt að leggja þetta frv. fyrir síðasta búnaðarþing, en eins og menn vita hefur afleysingaþjónustan verið í þess forsjá sl. 10 ár.

Hér eru, eins og ég sagði áðan, viss álitamál, t.d. að því er varðar 3. gr. sem varðar skilgreiningu á réttindum þeirra aðila sem þarna eiga hlut að máli, og eins 6. gr. þar sem kveðið er á um aðgang að Lífeyrissjóði bænda. Það er reyndar fleira sem þarf að íhuga af fullri alvöru í þessum efnum.

Hann er nú ekki sterkur á svellinu, Lífeyrissjóður bænda, og ekki aflögufær. Og satt að segja veitir hann bændum landsins ekki mikil réttindi þó að þeir borgi í hann. Öll þessi mál þarf því að taka til nákvæmrar athugunar og mér þykir satt að segja afar ósennilegt að málið gangi fram á þeim tveimur eða þremur dögum sem Alþingi á eftir að starfa í deildum.

Þetta finnst mér eðlilegt að komi hér fram við þessa umræðu. En ég á að sjálfsögðu þess kost að fjalla um málið í nefnd og það er af þeirri ástæðu sem ég hef ekki farið hér ofan í einstaka efnisþætti frv., m.a. vegna þess að ég hafði ekki haft tök á því að meta efni þess fyrr en eftir að það var lagt hér fram á þinginu.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Íslensk bændastétt hefur átt undir högg að sækja á undanförnum árum og veitir ekki af að hlúa að henni og störfum hennar eins og hægt er. Því álít ég að það sé nauðsynjamál sem hér hefur verið fram borið. Hins vegar er það vafalaust rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan að það eru fáir dagar eftir af þinginu til að fjalla um þetta mál og ýmis álitamál eru hér. Hann hefur bent á ýmsa þætti sem ég ætla ekki að fara inn á, en ég vildi nefna tvennt. Það stendur hér í 6. gr. að föst mánaðarlaun skuli miðast við 40 stunda vinnuviku, en yfirvinnu skuli þeir borga sem njóta þessarar forfallaþjónustu.

Mér hefur virst því vera þannig varið til sveita að vinnan fellur ekki eingöngu á dagvinnu. Óhjákvæmileg vinna dag hvern fellur ekki innan dagvinnurammans. Því álít ég að þetta þyrfti að orðast á einhvern annan hátt þannig að það væri ekki óumflýjanlegt, jafnvel þó að það væri 40 stunda vinnuvika, að búið þyrfti að greiða yfirvinnu vegna þess að vinnan er unnin utan dagvinnutímans. Þetta er bara smáatriði sem þarf að laga. Eins og allir vita, þá fer vinna í sveitum fram á ýmsum tímum sólarhrings og það er óeðlilegt ef t.d. þarf að taka á móti kálfi um nótt, að búið þurfi að borga yfirvinnu fyrir það. Slíkir hlutir eru leki sem þarf að setja undir í þessari grein, þ.e. að að jafnaði skuli vera 40 stunda vinnuvika sem falli þá bæði utan og innan dagvinnutímans og það væri greitt fyrir það. Ég veit að það er örlítið meira sem þyrfti að greiða en mér fyndist það réttlátara.

Í 7. gr. stendur: „Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við búnaðarskóla sem þjálfa fólk til afleysingastarfa.“ Þetta finnst mér vera sérlega gott og gleður mitt gamla fullorðinsfræðslukennarahjarta að sjá þetta, en ég lít nú samt svo á að það ætti ekki að standa þarna við búnaðarskóla heldur á vegum búnaðarskóla vegna þess að ég held að það væri eðlilegt að búnaðarskólarnir hefðu þessa fræðslu víðar heldur en á sjálfum skólunum. Þeir gætu farið með þessa fræðslu víðar um landið eða þetta gæti verið fjarfræðsla sem færi fram í gegnum útvarp og sjónvarp í Reykjavík. Allt þetta ætti að vera inni í myndinni, það þyrfti bara að breyta þarna einu orði, að koma skuli á námskeiðum á vegum búnaðarskóla en ekki við búnaðarskóla. Það mundi ná betur til fullorðinsfræðslu eins og hún er í dag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Hæstiréttur Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 425. mál (kærur, áfrýjunarfrestur o.fl.). — Þskj. 764.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands sem hér er flutt á þskj. 764.

Dómarar Hæstaréttar hafa samið þetta frv. og haft um það samráð við réttarfarsnefnd og dómsmrn. Markmið frv. eru aðallega eftirfarandi:

1. Að flýta meðferð nokkurra mála fyrir Hæstarétti með því að auka möguleika á málskoti til Hæstaréttar með kæru. Hér er aðallega um að ræða aðfarargerðir og uppboðsmál en samkvæmt upplýsingum fógeta og uppboðshaldara vill það brenna við að gerðarþolar og uppboðsþolar grípi til þess ráðs að nota málskot eingöngu til frestunar án þess að raunverulegt deilumál sé þar bak við. Oft eru þessi mál felld niður fyrir Hæstarétti án þess að til raunverulegrar meðferðar komi. Með því að heimila kæru sjálfra aðfarargerðanna og uppboðsgerðanna í stað áfrýjunar styttist meðferðartími í Hæstarétti verulega. Má því ætla að síður verði gripið til þess ráðs.

2. Að flýta því að ákvörðun sé tekin um áfrýjun eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Þriggja mánaða áfrýjunarfresti núgildandi laga er að vísu ekki breytt en leitast er við að gera hann virkan. Það er gert með því að fella niður heimild dómsmrh. til að veita áfrýjunarleyfi næstu sex mánuði til viðbótar þriggja mánaða frestinum og það án þess að umsagnar Hæstaréttar sé leitað. Það heyrir til undantekninga að neitað hafi verið um þessi leyfi. Heimild til veitingar annarra áfrýjunarleyfa er flutt úr dómsmrn. til Hæstaréttar. Þessi leyfi má því aðeins veita samkvæmt núgildandi lögum að Hæstiréttur mæli með því. Breytingin horfir því til einföldunar.

3. Að stytta málflutning fyrir Hæstarétti og gera hann markvissari. Þetta er gert með því að veita réttinum rýmri heimildir til að hlutast til um málflutning fyrir réttinum. Dómarar og lögmenn hafa lengi verið þeirrar skoðunar að stytta þyrfti málflutning og gera hann markvissari. Til þess að svo megi verða þarf ríkara agavald réttarins og aukna þjálfun þeirra lögmanna sem leggja fyrir sig málflutning í Hæstarétti í þessa átt.

4. Að hækka lágmark áfrýjunarfjárhæðar sem næst til núverandi verðlags, þ.e. úr 7000 kr. 1982 í 90 þús. kr. Líkast til mætti að ósekju hækka lágmarkið meira en ég vil ekki leggja það til þar sem hér eru aðeins tvö dómstig og mikið réttindamál að geta fengið endurskoðun dóms. Benda má þó á að lögin gera ráð fyrir því að Hæstiréttur geti gefið undanþágu frá lágmarkinu. Rétturinn hefur oft mælt með slíkri undanþágu frá núverandi lágmarki, að undanþágur frá núverandi lágmarki séu verulegir réttarhagsmunir tengdir endurskoðun dóms.

Málafjöldi hefur mjög aukist fyrir Hæstarétti síðustu missirin svo sem fram kemur af yfirliti sem fylgir frv. Í samantekt þessa yfirlits vantar tölur frá árinu 1990 en þær liggja nú fyrir. Á árinu 1990 var 230 málum lokið með dómi, 45 málum var lokið á annan hátt og þann 31. des. 1990 biðu 200 mál málflutnings eða dóms. Í raun er svo enn komið þrátt fyrir fjölgun dómara, síðast 1982, að rétturinn á bágt með eða ræður alls ekki við þennan málafjölda. Bið eftir dómum er of löng. Þetta frv. bætir vonandi eitthvað stöðuna, en leysir vandann ekki til fulls.

Eftir setningu laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, var nauðsynlegt að endurskoða lög um meðferð mála fyrir héraðsdómstólum. Þegar hefur Alþingi samþykkt ný aðfararlög og lög um kyrrsetningu og lögbann og fyrir þinginu liggja nú frv. til nýrra laga um meðferð opinberra mála, frv. til nýrra skiptalaga og frv. til nýrra laga um gjaldþrot og nauðasamninga. Þá eru eftir frv. til nýrra uppboðslaga og einhverjar breytingar á lögum um meðferð einkamála í héraði. Nauðsynlegt er að lagafrumvörp í þessa veru verði lögð fyrir Alþingi á næsta vetri.

Þess má vænta að aðfararlögin og þau frv. sem ég nefndi hér áðan, ef að lögum verða, hafi áhrif á málafjölda í Hæstarétti og verklag þar. Þess er a.m.k. vænst að kæru- og áfrýjunarheimildir sem tillaga er gerð um í frv. um meðferð opinberra mála verði til mikillar einföldunar á meðferð hluta þeirra opinberu mála sem skotið verður til Hæstaréttar.

Eftir að ofangreindar breytingar á réttarfarslögum hafa verið gerðar er þess að vænta að á ný þurfi að breyta lögum um Hæstarétt Íslands. Það breytir þó ekki því að þær breytingar sem hér er gerð tillaga um eru brýnar og sumar löngu tímabærar.

Ég hef nú rakið meginefni þeirra breytinga sem með þessu frv. eru lagðar til á lögum um Hæstarétt Íslands. Um skýringar á einstökum greinum vil ég vísa til ítarlegra athugasemda sem frv. fylgja.

Að lokum legg ég til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

67. fundur, þriðjudaginn 5. mars, að loknum 66. fundi.

Starfskjör presta þjóðkirkjunnar, 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 779.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem felur það í sér að starfskjör presta yrðu ákveðin af Kjaradómi.

Á vegum Prestafélags Íslands hefur farið fram umræða um það hvort prestar vildu áfram búa við þá skipan sem þeir hafa búið við hingað til, en Prestafélagið hefur verið hluti af Bandalagi háskólamenntaðra manna sem starfa hjá ríkinu. Niðurstaðan varð sú í atkvæðagreiðslu sem fram fór á vegum Prestafélagsins að 95% félagsmanna vilja frekar flytja sig yfir á þá skipan að

Kjaradómur ákveði þeirra laun.

Rök þeirra eru m.a. á þann veg að starf presta sé með þeim hætti að það sé erfitt fyrir presta að beita verkfallsrétti og samningsrétti með hefðbundnum hætti, það sé erfitt fyrir þá að neita að sinna prestsverkum, jarðarförum eða öðru slíku og starf prestsins sé með þeim hætti hvað snertir sálgæslu, samskipti við sóknarbörn, félagslega aðstoð og annað, að óeðlilegt sé að þeir búi við þá skipan sem verið hefur til þessa. Eftir að hafa hugleitt þetta mál nokkuð tók ég þá afstöðu að fallast á þessi rök Prestafélagsins og flytja hér frv. í samræmi við þeirra óskir, þar sem sú breyting er gerð á að Kjaradómur ákveði starfskjör presta líkt og hann ákveður starfskjör ýmissa annarra opinberra starfsmanna eins og fram kemur í 1. gr. frv.

Í sjálfu sér sé ég ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð en mælist til þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. sem getur þá kallað til sín þá fulltrúa sem hún telur eðlilegt að ræða við til að hlýða milliliðalaust á þær röksemdir sem þeir flytja.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst mál það sem hæstv. fjmrh. mælti hér fyrir vera mál sem er í rauninni alveg sjálfsagt. Rökin þau að sálusorgun getur ekki bara farið fram eftir pöntun og ekki er hægt að leggja hana af í verkföllum eða jarðarfarir eru mjög sterk. Auk þess lít ég svo á að sú þjóð sem telur sig kristna og hefur ríkiskirkju hljóti að líta störf presta þannig að þau geti eiginlega ekki átt að sæta sömu lögmálum og önnur venjuleg störf. Við erum búin að ráða þessa menn til að þjóna trú okkar og andlegum þörfum og við hljótum að þurfa að meta störf þeirra á annan hátt heldur en gert er í venjulegum kjarasamningum. Að vísu lít ég svo á að verkfallsrétturinn sé einhver heilagasti réttur mannsins en í sumum tillfellum er rétt að honum sé ekki beitt heldur sé á annan hátt skipað málum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég fagna þessu frv. og lýsi yfir fyllsta stuðningi við það. Það kemur til nefndar sem ég á sæti í og mun ég gera mitt til þess að greiða fyrir framgangi málsins.

Það er satt að segja ekki vansalaust hvernig kjör presta hafa verið. Þau hafa ekki verið allt of beysin. Við skulum vona að Alþingi eða Kjaradómur muni skammta þeim meira heldur en verið hefur og þeir alla vega losna undan þátttöku í verkföllum t.d. Get ég þó tekið undir það að verkfallsrétturinn er almennt helgur þó að hann kannski gegni ekki nákvæmlega sömu hlutverkum nú eins og fyrrum var. En alla vega vænti ég þess að Alþingi geti jafnvel orðið sammála um að flýta fyrir framgangi þessa máls og teldi það vel farið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

62. fundur, þriðjudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Slysavarnaskóli sjómanna, 3. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 175. mál. — Þskj. 776.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 192, n. 709, 712 og 722, brtt. 710.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þá ábendingu hæstv. menntmrh. í fyrri hluta umræðunnar að grunnskólinn sé mannréttindamál barna. Jafnframt furða ég mig á þeim viðhorfum sem fram komu í fyrri hluta umræðunnar hjá þingmönnum Sjálfstfl., þeim Sólveigu Pétursdóttur og Pálma Jónssyni, og hjá Árna Gunnarssyni varðandi það að þetta frv. hefði of mikinn kostnað í för með sér. Hvernig stendur á því að um leið og komið er að börnum þessa lands er farið að horfa á kostnað með öðrum gleraugum en annars? Á meðan bruðl Sjálfstfl. og Alþfl. eða ríkisstjórnarinnar í kringum ráðhús, skopparakringlu eða álversundirbúning er eins yfirgengilegt og allir vita er slíkur málflutningur ekki trúverðugur. Ég lýsi fullkominni andstöðu minni við forgangsröð af þessu tagi í meðferð á opinberu fé.

Það liggur fyrir ítarleg skýrsla eftir Jón Torfa Jónasson um kostnað af einsetnum skóla. Sá kostnaður er alls ekki óyfirstíganlegur í svo mikilvægu máli fyrir börn og foreldra þessa lands og mun reyndar að mjög miklu leyti falla á ríkið í formi launa til kennara. Miðað við verðlag í ársbyrjun 1989 er talið að 50–80 millj. kr. þurfi að koma í viðbót árlega til skólabygginga frá sveitarfélögum miðað við að einsetning komist á á fimm árum en ekki tíu eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Hér er átt við aukningu á nauðsynlegum skólastofum en vissulega þurfa auk þess að koma til sérstofur. Aukinn rekstrarkostnaður sem fellur á ríkið vegna launa kennara samkvæmt sömu skýrslu er ráðgerður 350 millj. kr. miðað við verðlag 1989 og er þá átt við

þegar öll börn hafa fengið 35 kennslustunda skóladag eftir tíu ár.

Eru fulltrúar Sjálfstfl. ekki þeirrar skoðunar að ríkið eigi með lagaramma að tryggja að öll börn landsins eigi rétt á ákveðnum skólatíma eða vilja þeir að einstök sveitarfélög ráði því hvað skólatíminn er langur með þeirri mismunun sem það gæti haft í för með sér? Ef fulltrúar Sjálfstfl. eru þeirrar skoðunar að ríkið eigi að setja tímaramma og áætlun um lengingu skóladags og einsetinn skóla í hverju felst þá andstaðan? Er það of hröð uppbygging að þeirra mati að gera ráð fyrir að það taki tíu ár eða eru þeir alfarið á móti einsetnum, lengdum skóladegi? Ég spyr því að þetta eru kostnaðarsömustu þættir þessa frv.

Ég vil að lokum ítreka það, sem fram kom í máli mínu hér í fyrri hluta umræðunnar vegna ákvæða í 50. gr. frv. um grunnskóla, að nauðsynlegt er að Alþingi verði rausnarlegra í fjárveitingum til Námsgagnastofnunar ef hún á að sjá börnum landsins fyrir ókeypis námsgögnum. Annað býður heim mikilli stöðnunarhættu sem ég vona að allir sjái. Nauðsynlegt verður þá að bregðast við því með öðrum hætti, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni um þetta mál.

Virðulegi forseti. Þetta frv. markar ákveðin spor fram á við og því styð ég framgöngu þess, þó að of hægt sé farið eins og áður hefur komið fram í máli okkar kvennalistakvenna. Ég harma sérstaklega að lenging skóladags fyrir yngstu skólabörnin eigi aðeins að fara upp í 25 kennslustundir á þremur árum og að ekki er gert ráð fyrir viðveru fyrir börn í skólum utan kennslutíma, ekki einu sinni í ákvæðum til bráðabirgða. Það er minn skilningur að einstakir skólar geti áfram haft slíka þjónustu og endurbætt hana þó æskilegra hefði verið að mínu mati að nefna slíkt í ákvæðum til bráðabirgða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu en það er tvennt sem ég vil koma á framfæri. Ég tel að þeim auknu fjármunum sem ætlað er að verja til menntunar barna í þessu landi sé vel varið og ég sé ekki að sveitarfélög hafi önnur verkefni brýnni en að sinna menntun æskunnar.

Ég vil fagna því alveg sérstaklega að í þeim brtt. sem fylgja með því frv. sem hér er til umfjöllunar er lagt til að skólamáltíðir séu teknar upp í íslenskum skólum með þriggja ára aðlögunarfresti. Ég tel það stórt skref sem þar er stigið og ég tel það grundvallaratriði að það skref sé stigið núna með þeirri lengingu sem ætluð er á viðveru barna í skólunum.

Eins og ég sagði hér áðan, þá ætla ég ekki að lengja þessa umræðu en vildi koma því skýrt að vegna gagnrýni margra aðila á það að með þessu móti séu menn að leggja slíkar byrðar á sveitarfélögin að ósanngjarnt geti talist. Ég lít svo á að þau hafi ekki þarfari verkefni að glíma við en tryggja það að menntunarmál æskunnar í landinu séu viðunandi.

Umræðu frestað.

Fullorðinsfræðsla, 1. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 756.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu en á undanförnum árum hafa verið samin nokkur frv. um fullorðinsfræðslu sem hafa ekki náð fram að ganga. Þeirra viðamest er frv. frá árinu 1974. Næsta frv. á undan þessu sem nú liggur fyrir var lagt fram á Alþingi árið 1980 af þáv. hæstv. menntmrh., Vilmundi Gylfasyni, en það frv. hlaut ekki afgreiðslu.

Á 112. löggjafarþinginu lagði ég fram þetta frv. sem nú kemur á ný til meðferðar hv. Alþingis og fjallar um almenna fullorðinsfræðslu. Það var einnig þá flutt sem stjfrv. en varð ekki útrætt. Frá því frv. hafa verið gerðar breytingar á 15. gr., sem nú verður 16. gr., þar sem bætt hefur verið við nýrri grein, 14. gr., um upplýsingaskyldu. Að öðru leyti er frv. óbreytt frá síðasta þingi.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á fullorðinsfræðslu. Framboð hefur aukist og þátttakan einnig. Einna mest hefur breytingin orðið í starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem átak hefur verið gert til að mennta ófaglært fólk í hinum ýmsu atvinnugreinum. Stærsta átakið í þeim efnum er vafalaust átak í fisk-, vefjar- og matvælaiðnaði. Á hinn bóginn hefur mjög skort á að til væru samræmdar reglur um fyrirkomulag náms fullorðinna. Aðstöðumunur eftir landshlutum og starfsstéttum er hróplega mikill. Víða um land er ekki boðið upp á neina fræðslu fyrir fullorðna í heimabyggð. Í stuttu máli má segja að þær starfsstéttir sem mesta menntunina hafa fyrir hafi besta aðstöðu til að bæta við menntun sína. Þessu lagafrv. er ætlað að bæta hér úr.

Markmið frv. er að stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar og skapa fullorðnum einstaklingum almennt betri skilyrði til að taka þátt í fullorðinsfræðslu. Eins og ástandið er í dag eiga margir fullorðnir, einkum úti á landi, erfitt með að sækja öldungadeildarnám eða aðra fullorðinsfræðslu vegna fjarlægðar og oft erfiðra samgangna á vetrum. Þá er kostnaður við þátttöku í fullorðinsfræðslu mörgum fjötur um fót. Enn aðrir eiga erfitt með að sækja reglubundið nám vegna breytilegs vinnutíma.

Annað meginmarkmið frv. þessa er að skapa fræðsluaðilum betri starfsskilyrði þannig að þeir geti boðið fullorðnu fólki upp á fjölbreyttari kosti, betri námsaðstöðu og hagstæðari kjör. Þá er fullorðinsfræðslu ætlað að miða að því að auka persónulegan þroska og hæfni einstaklingsins sem og þörf samfélagsins fyrir aukna menntun og starfshæfni.

Frv. er ætlað að taka til almennrar fullorðinsfræðslu. Með almennri fullorðinsfræðslu er átt við þá fræðslu sem fullorðnum stendur til boða í skólakerfinu, t.d. í öldungadeildum framhaldsskóla, námskeið á vegum annarra skóla og tómstundanám af ýmsu tagi sem boðið er af mörgum aðilum, svo sem framhaldsskólum,

námsflokkum, fræðslusamtökum, einkaskólum og einstaklingum. Enda þótt þetta nám sé ekki beinlínis tengt skólagöngu eða starfi leiðir það mjög oft til þess að þátttakendur taka að stunda nýtt nám eða auka við starfsþekkingu sína. Almenn fullorðinsfræðsla skv. frv. þessu nær þannig til náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum en einnig til almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms. Þessu frv. og frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem hæstv. félmrh. hefur einnig lagt fram á Alþingi, er báðum ætlað að ná yfir þorra þeirrar fullorðinsfræðslu sem fram fer utan skólakerfisins hér á landi.

Eitt veigamikið atriði í þessu frv. er ákvæði 3. gr. um skipun fullorðinsfræðsluráðs. Eins og mál standa í dag hefur enginn aðili fulla yfirsýn yfir þá fullorðinsfræðslu sem í boði er í landinu og það er heldur enginn sem markar heildarstefnu. Hlutverk fullorðinsfræðsluráðs á að vera að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti fullorðinsfræðslu, svo sem um námsframboð, forgang verkefna og hópa. Auk þess lúta verkefni ráðsins að söfnun og miðlun upplýsinga um fullorðinsfræðslu, bæði um starfsmenntun og almenna fullorðinsfræðslu, samræmingu á námsefni, námsframboði og faglegu mati á þeirri fræðslu sem í boði er, samstarfi milli skóla og annarra fræðsluaðila, stuðla að betri menntun kennara og leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu og að vera menntamálayfirvöldum og fræðsluyfirvöldum yfirleitt til ráðuneytis.

Gert er ráð fyrir því að ráðið verði nokkuð fjölmennt en eðlilegt virðist að kalla til ráðgjafar allfjölmennan hóp fólks sem starfar á vettvangi fullorðinsfræðslu til að tryggja góð tengsl ráðuneytis við það sem þar er að gerast.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að einnig verði skipuð fastanefnd um almenna fullorðinsfræðslu sem verði menntmrn. og fræðsluaðilum til ráðuneytis og aðstoðar. Þetta er í samræmi við það sem lagt er til í frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu og felur í sér að á vegum hvors ráðuneytis, menntmrn. og félmrn., starfi sérstakir samstarfshópar um hvort fræðslusvið fyrir sig. Gert er ráð fyrir að fjórir af fimm nefndarmönnum eigi jafnframt sæti í fullorðinsfræðsluráði.

Annað mikilvægt atriði í þessu frv. er það ákvæði 11. gr. sem fjallar um stofnun menntunarsjóðs fullorðinna. Til sjóðsins renni framlög úr ríkissjóði ásamt öðrum tekjum sem sjóðnum er heimilt að afla sér með útgáfu og fleiru. Úr menntunarsjóði fullorðinna er ætlað að fé renni fyrst og fremst til þeirra sem sjá um og skipuleggja fullorðinsfræðslu, en sjóðnum er einnig ætlað að veita fé til þróunarstarfs, skipulags- og undirbúningsvinnu, samningar og útgáfu námsefnis og til greiðslu stjórnunar- og kennslukostnaðar. Stefnt er að því við úthlutun úr menntunarsjóði þessum að veita megi tiltekinni menntun forgang. Þetta er til þess að veita megi þeim sem minnstrar menntunar hafa notið greiðari leið að nýrri þekkingu. Markmið með styrkveitingunum er að stuðla að fjölbreyttu framboði á sviði fullorðinsfræðslu, draga úr kostnaði nemandans við námið og stuðla að því að jafna aðstöðu fullorðinna er hug hafa á skemmra eða lengra námi. Þá er gert ráð fyrir að veita styrki til þróunarverkefna og námsgagnagerðar, en oft skortir talsvert á að fræðsluaðilar hafi nauðsynlegt bolmagn til slíkra verkefna.

Af öðrum greinum frv. þessa, virðulegi forseti, má nefna að taka skal tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegu þroskaferli eða vegna sjúkdóms eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar. Einnig eru ákvæði um ábyrgð fræðsluaðila á þeirri fræðslu sem hann býður, en nauðsynlegt er að þessi ábyrgð fari ekki á milli mála, ekki síst til þess að nemandi geti reitt sig á að það nám er hann sækir sé metið í skólakerfinu eða sé nokkurs virði á vinnumarkaði en mjög hefur skort á það í þessum efnum eins og kunnugt er. Ýmis ákvæði lagafrv. þessa verða útfærð nánar í reglugerð svo sem venja er, en einnig er gert ráð fyrir því í frv. að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en að fjórum árum liðnum þar sem hér er að ýmsu leyti um að ræða nýtt viðfangsefni.

Á sl. ári, 1990, var stofnuð fullorðinsfræðsludeild í menntmrn. Deildinni er m.a. ætlað að vera samtengjandi og ráðgefandi aðili á sviði fullorðinsfræðslu og afla og miðla upplýsingum um stöðu fullorðinsfræðslunnar. Á síðasta ári var gerð athyglisverð könnun á þátttöku í fullorðinsfræðslu á Íslandi. Samkvæmt henni er áætlað að um 30% fullorðinna á aldrinum 19–75 ára hafi á árinu 1989 sótt einhverja fræðslu og þjálfun. Þessi þátttaka skiptist að mestu til helminga á milli almennrar fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar í atvinnulífinu. Athyglisvert er að huga að kynjaskiptingunni eftir því um hvers konar nám er að ræða. Áberandi er hve miklu fleiri konur en karlar sækja öldungadeildir framhaldsskólanna, tómstunda-, bréfa- og tungumálanám. Karlar virðast hins vegar hafa vinninginn þegar um er að ræða svokallaða starfstengda endurmenntun. Þetta endurspeglar þann mun sem er á stöðu kynjanna í menntunarlegu og atvinnulegu tilliti.

Ráðuneytið hefur nú nýlega hafið útgáfu fréttabréfs um fullorðinsfræðslu sem ég vænti að hafi borið fyrir augu einhverra þingmanna. Einnig hefur verið gefinn út auglýsingabæklingur um fullorðinsfræðslu sem hefur að geyma upplýsingar um fræðsluaðila og það nám sem þeir bjóða upp á. Þróunarstarf innan fullorðinsfræðslu er einnig þegar hafið hér á landi í samstarfi við aðila á Austurlandi og á Vestfjörðum.

Á síðasta ári var skipuð ný framkvæmdanefnd um fjarkennslu. Hefur nefndin veitt marga styrki til námsefnisgerðar fyrir fjarkennslu og haldið námskeið fyrir kennara. Á vorönn gerir Menntaskólinn á Egilsstöðum tilraun með nokkra námsáfanga framhaldsskóla í fjarkennslu. Áhugi á þessari tilraun var mikill og komust mikið færri að en vildu. Í fjarkennslunni er megináherslan lögð á að veita nemendum, sem ekki geta komið reglulega til skólans, meiri aðstoð en hingað til hefur verið gert. Fá nemendur ýmis verkefni og kennslubréf sem þeir senda til skólans og fá viðbrögð við. Kennari hefur fastan símaviðtalstíma, kennari safnar nemendum saman í skólanum tvisvar til þrisvar á önn, myndaðir eru sjálfsnámshópar og fleira. Lögð er

áhersla á að framhaldsskóli á viðkomandi svæði verði ásamt grunnskólum nokkurs konar þjónustumiðstöð.

Að lokum vil ég, virðulegi forseti, vekja athygli á farskólunum sem stofnaðir hafa verið að undanförnu í tengslum við sex framhaldsskóla úti á landi. Þessir skólar miðla ýmsum námskeiðum fyrir fullorðna þar sem þörf er hverju sinni og þróa námskeið ef ekki er neitt í boði sem hentar. Þessir skólar hafa þegar sannað gildi sitt og munu án efa verða mikil lyftistöng fyrir fullorðinsfræðslu á landsbyggðinni.

Með þessum orðum hef ég, virðulegi forseti, gert grein fyrir efni þessa frv., svo og rakið það sem í gangi er í fullorðinsfræðslumálum nú þegar á vegum ráðuneytisins. Ég vænti þess að öðru leyti að frv. skýri það sem skýra þarf, taki á máli sem snertir þegar geysilegan fjölda manna, eða sennilega um 15% alls fólks í landinu sem er á vinnumarkaði á aldrinum 19–75 ára. Ég tel að afgreiðsla á þessu máli sé mjög mikilvægur þáttur í því að þróa skólakerfið á Íslandi. Það á eftir að breytast mjög mikið. Fólk er nú orðið lengi í skóla. Breytingin á eftir að verða sú, og fyrr en seinna, að fólk verður skemur í skóla fram eftir ævinni en verið hefur um skeið, en fer oftar inn í skóla í alls konar þjálfun og endurmenntun síðar á lífsleiðinni, að menn verði að læra allt lífið, eins og það hefur stundum verið kallað. Frv. til laga um fullorðinsfræðslu er liður í að koma til móts við þennan nýja veruleika.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu frestað.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, 1. umr.

Stjfrv., 412. mál. — Þskj. 744.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Sl. vor mælti ég fyrir frv. því sem hér er endurflutt um starfsmenntun í atvinnulífinu. Ég þarf varla að minna á mikilvægi þessa máls sem ætti öllum að vera ljóst. Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar í atvinnulífinu í heiminum og margt bendir til þess að þær verði hraðari og byltingarkenndari en áður. Þessar breytingar hafa það í för með sér að öll störf og vinnuaðferðir munu breytast og miklar tilfærslur verða á vinnuaflinu á milli atvinnuvega, starfsgreina, verkefna og vinnustaða. Sjálfvirkni og vélvæðing munu hafa það í för með sér að mörg störf munu annaðhvort taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við sem gera sífellt auknar kröfur til starfsfólks um endurmenntun. Ef ekki er brugðist við með réttum hætti í tíma er mikil hætta á því að það muni hafa í för með sér versnandi lífskjör og atvinnuleysi hér á landi.

Þær gífurlegu breytingar sem tæknivæðingin hefur á allt atvinnulíf á komandi árum gerir kröfu til þess að tilfærslur geti átt sér stað á mannaflanum milli verkefna og atvinnugreina með eðlilegum hætti, en forsenda þess er að starfsfólki sé gert kleift að njóta endurmenntunar og starfsþjálfunar í miklu ríkara mæli en nú er.

Í allri atvinnuuppbyggingu og leiðum til að bæta lífskjör fólks er eitt brýnasta verkefnið að opna starfsfólki möguleika til að laga sig með eðlilegum hætti að áhrifum þeirra miklu breytinga sem tæknivæðingin mun hafa í för með sér. Endurmenntun starfsfólks er því ein veigamesta forsenda þess að hægt sé að tryggja atvinnuöryggi launafólks og nýta sér tæknibreytingar til aukinnar framleiðni, hagvaxtar og bættra lífskjara hér á landi. Við verðum að fara að átta okkur á því að við getum ekki stöðvað þróunina. Á þessu sviði er hún hraðari en við gerðum okkur kannski grein fyrir.

Það er ljóst að afleiðingar af tæknibreytingunum og aukinni samkeppni eru komnar fram í íslensku atvinnulífi. Þess vegna skiptir höfuðmáli að gripið sé til viðeigandi aðgerða á öllum sviðum. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er liður í stefnumótun stjórnvalda við að auðvelda launafólki og atvinnurekendum að laga sig að breytilegum aðstæðum sem verða í atvinnulífi og á vinnumarkaði.

Frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu er afrakstur vinnu sem átt hefur sér stað í félmrn. allt frá 1983. Það ár var skipaður starfshópur á vegum ráðuneytisins til að gera úttekt á áhrifum þeirrar umbyltingar á vinnumarkaðinum sem ný tækni hefur í för með sér. Hann skipuðu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Í áliti starfshópsins kemur m.a. fram að aðlögun vinnumarkaðarins að nýrri tækni kemur misjafnlega niður á starfsgreinum og einstökum störfum. Þess vegna þurfi að tryggja starfsmönnum endurmenntun og þjálfun sem geri þeim kleift að laga sig að tæknibreytingum.

Í kjölfar fjölmennrar ráðstefnu um starfsmenntun í atvinnulífinu sem félmrn. stóð fyrir í nóvember 1987 skipaði ég vinnuhóp sem fékk það verkefni að setja fram tillögur og valkosti um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í skipunarbréfi hópsins er tekið fram að hann eigi að meta nauðsyn þess að sett verði löggjöf, e.t.v. rammalöggjöf, um starfsmenntun í atvinnulífinu. Vinnuhópnum var sérstaklega falið að hafa samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti og aðila vinnumarkaðarins og leita þar hugmynda og tillagna. Hópurinn hélt samtals 32 fundi. Þar af hélt hann 10 fundi með fulltrúum samtals 35 aðila sem fjalla að einhverju leyti um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í þessum hópi voru fulltrúar ráðuneyta og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Vinnuhópurinn skilaði ítarlegri álitsgerð í febrúar 1989. Meginniðurstaða vinnuhópsins varð sú að það beri að setja löggjöf um þetta málefni. Í álitsgerðinni voru síðan talin upp þau atriði sem fjalla þurfi um í löggjöf. Í framhaldi af álitsgerð vinnuhópsins var ákveðið af minni hálfu og menntmrh. að fela embættismönnum að taka upp viðræður um tengsl starfsmenntunar í atvinnulífinu við almenna fullorðinsfræðslu. Eftir nokkra viðræðufundi var komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu 24. febr. 1989 að rétt væri að sett yrði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyrði til verksviðs félmrn. og önnur um fullorðinsfræðslu sem heyrði til verksviðs menntmrn. En álitsgerð um þetta

efni kemur fram í fylgiskjali I með frv. Þessi niðurstaða byggði m.a. á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu væri oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Á því var vakin athygli að forsendur slíkra samningsákvæða væru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér væri því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs væri sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

Álitsgerð vinnuhópsins og niðurstöður úr viðræðum félmrn. og menntmrn. voru kynntar ríkisstjórninni sem samþykkti að skipa skyldi nefnd sem falið yrði það verkefni að semja frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Sú samþykkt var í samræmi við ákvæði í sáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. sept. 1988. Í kaflanum um vinnumarkað segir að ríkisstjórnin muni hafa frumkvæði um að auka starfsmenntun í atvinnulífinu. Hún er einnig í samræmi við loforð sem ríkisstjórnin gaf aðilum vinnumarkaðarins 30. apríl 1989, í tengslum við gerð kjarasamninga, um að hún muni beita sér fyrir því að áfram verði haldið uppbyggingu starfsmenntunar og stefnt að því að koma á samræmdu starfsmenntunarkerfi á vegum félmrn. Ég vil einnig í þessu sambandi minna á ályktun sem samþykkt var á 36. þingi Alþýðusambands Íslands árið 1988 um að sett skuli rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem allra fyrst í nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Þar yrði m.a. kveðið á um yfirumsjón félmrn. með starfsmenntun í landinu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur, fræðslustofnanir og ráðuneyti.

Í ágúst 1989 skipaði ég síðan nefnd til að semja rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu en jafnframt var skipaður ráðgjafarhópur til að vinna með nefndinni. Í þessari nefnd áttu sæti m.a. fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Og í ráðgjafarnefndinni áttu sæti m.a. fulltrúar frá iðnrn., Sambandi ísl. bankamanna, starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, Verkamannasambandi Íslands, sjútvrn., Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, landbrn., Bandalagi háskólamanna, Bandalagi kennarafélaga og Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Samtals hélt nefndin 22 fundi, þar af 9 sameiginlega fundi með ráðgjafarnefndinni sem tók virkan þátt í umræðum um efnisþætti í væntanlegu frv. og hefur verið látið fylgja með í störfum nefndarinnar. Um skeið var ágreiningur innan nefndarinnar á milli fulltrúa helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þann ágreining tókst að jafna og full samstaða varð því um tillögur að frv. sem nefndin skilaði síðan til ráðherra í apríl 1990 og var það lagt fyrir Alþingi en ekki tókst að afgreiða það og dagaði það uppi.

Félmrn. sendi frv. sumarið 1990 til umsagnar eftirtalinna stofnana og samtaka: Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Félags ísl. iðnrekenda, Iðntæknistofnunar Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks, Sambands ísl. bankamanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar, Stéttarsambands bænda, Sambands málm- og skipasmiðja, Verkamannasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands. Ráðuneytinu bárust umsagnir frá átta aðilum. Flestir lýstu yfir stuðningi við meginmarkmið frv. og komu með ábendingar sem voru í flestum tilvikum teknar til greina. Athugasemdir við frv. komu m.a. frá tveimur aðilum, starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og samtökum fiskvinnslustöðva. Þessir aðilar gátu samþykkt frv. að því tilskildu að starfsfræðsla fiskvinnslunnar félli utan gildissviðs laganna og héldi því áfram að heyra undir sjútvrn. Þrátt fyrir endurtekna tilraun til að ná samkomulagi um að lögin tækju til allra starfsgreina hefur niðurstaðan orðið sú að taka fram í 4. gr. frv. að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri til verksviðs sjútvrn. Einnig hefur 17. gr. frv. verið breytt þannig að tekið er fram að lögin skuli endurskoðuð að þremur árum liðnum í stað fjögurra ára.

Virðulegi forseti. Helstu atriði frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu eru eftirfarandi:

1. Í frv. er ítarlega kveðið á um markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu sem er m.a. að stuðla að aukinni framleiðni og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi. Einnig að bæta verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum o.fl.

2. Markmiðum laganna skal m.a. náð með stuðningi við skipulagða starfsfræðslu og með frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

3. Kveðið er á um skipan starfsmenntunar í stjórnkerfinu og lagt til að starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félmrn. sem ráðuneyti vinnumála. Þó er gerð sú undantekning að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri undir sjútvrn.

4. Tillaga er gerð um skipan starfsmenntaráðs sem úthluti styrkjum til starfsmenntunar og skuli vera stjórnvöldum til ráðuneytis og stefnumótunar um aðgerðir á sviði starfsmenntunar. Í starfsmenntaráði eiga sæti sjö fulltrúar, tveir fulltrúar samtaka launafólks og þrír fulltrúar samtaka atvinnurekenda. Félmrh. skipi einn fulltrúa án tilnefningar.

5. Tillaga er um að félmrn. safni upplýsingum um starfsmenntun og miðli þeim til hlutaðeigandi aðila. Með því verði stuðlað að betri nýtingu þess fjármagns sem nú er varið til starfsmenntunar á vinnumarkaði og komið í veg fyrir tvíverknað.

6. Aukið eftirlit með opinberum fjárveitingum til starfsmenntunar. Aðilum sem fá stuðning samkvæmt lögunum verði skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á.

7. Framlög hins opinbera til starfsmenntunar í atvinnulífinu verði ákveðin árlega í fjárlögum samkvæmt tillögu félmrh. og renni þannig í ákveðinn sjóð. Það verði því fjárveitingavaldsins að ákveða framlög hins opinbera til starfsmenntunar hverju sinni.

Ég mun nú víkja nánar í örfáum orðum að nokkrum atriðum. Af frv. má ljóst vera að ekki er stefnt að upp-

byggingu sjálfstæðs starfsmenntunarkerfis að erlendri fyrirmynd. Þvert á móti er stefnt að fyrirkomulagi sem tekur mið af íslenskum aðstæðum. Í þessu felst að ekki er gert ráð fyrir frumkvæði félmrn. að starfsmenntun né framkvæmdum af þess hálfu. Hins vegar er hugmyndin sú að byggt verði sem mest á því frumkvæði sem ýmsir aðilar hafa tekið á þessu sviði á undanförnum árum. Afskipti ráðuneytisins felast í skipun starfsmenntaráðs sem úthlutar styrkjum til framangreindra aðila sem verða í raun ábyrgir fyrir framkvæmdinni. Þeir geti valið um það hvort þeir kjósa að standa sjálfir fyrir starfsmenntuninni eða leita til annarra aðila, t.d. skóla eða annarra stofnana sem sérhæfa sig í fræðslustarfsemi.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að starfsmenntaráð verði stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun á þessu sviði. Í því felst að starfsmenntaráð verður að fylgjast náið með þróuninni á vinnumarkaðinum og í atvinnulífinu. Á grundvelli þess sem þar er að gerast gerir starfsmenntaráðið tillögur um forgangsverkefni og nauðsynlegt fjármagn til framkvæmda. Það verður síðan á valdi Alþingis að taka afstöðu til fjárveitinga til þessa málaflokks.

Kosturinn við þetta fyrirkomulag er sá að með því fæst yfirlit yfir það sem er að gerast í starfsmenntunarmálum. Eins og áður hefur komið fram eru margir aðilar að fást við þessa hluti og samstarf og samráð er í lágmarki. Oft hendir það að fleiri aðilar eru að vinna sama verkið, t.d. að semja svipað námsefni með stuðningi opinberra aðila. Með skipun starfsmenntaráðs er stefnt að því að heildaryfirsýn fáist yfir þetta svið þannig að stuðlað verði að betri nýtingu vinnu og fjármuna.

Í álitsgerð sem skilað var félmrh. í febrúar 1989 var gerð grein fyrir tiltækum upplýsingum um fjárframlög nokkurra nágrannaríkja okkar til starfsmenntunar. Einnig var reynt að meta framlög íslenskra stjórnvalda. Ég hef aflað nýrra upplýsinga um þróun þessara mála vegna þess að greinargerðin er að mestu byggð upp eins og hún var lögð fram á síðasta þingi og tölurnar sem þar eru birtar í flestum tilvikum því orðnar nokkuð gamlar.

Í fáum orðum sagt hefur þróun starfsmenntunar í vestrænum lýðræðisríkjum verið ótrúlega ör. Í þessum ríkjum hefur á undanförnum árum verið lögð mjög aukin áhersla á hvers kyns endurmenntun vinnuaflsins. Að hluta til er ástæðan ný tækni og örar breytingar í atvinnulífinu. Ég vil benda á nokkur dæmi.

Í Svíþjóð var á fjárhagsárinu 1989–1990 varið samtals 22.380 millj. sænskra króna til vinnumarkaðsmála. Af þessari upphæð fóru 26,6% í starfsmenntun og þjálfun eða 5.954 millj. sænskra króna. Þetta svarar til um það bil 60 milljarða ísl. kr. Árið 1989 varði norska ríkið 1.460 millj. norskra kr. til menntunar á vinnumarkaði eða rúmlega 14 milljörðum ísl. kr. Þessi tala segir e.t.v. ekki mikið en við þetta má bæta að aðildarríki OECD verja yfirleitt frá 0,5% og upp í 6% af vergri þjóðarframleiðslu til aðgerða á vinnumarkaði sem m.a. hafa að markmiði aukna framleiðni með betri menntun og þjálfun starfsfólks í atvinnulífinu. Flest ríki verja um 2% af vergri þjóðarframleiðslu til þessara hluta og skiptist það til helminga á milli þess sem kallað er virkar og óvirkar aðferðir í vinnumarkaðsmálum. Með óvirkum aðgerðum er átt við hvers konar bætur til atvinnuleysingja. Virkar aðgerðir fela m.a. í sér aðgerðir í starfsmenntunarmálum.

Danir eiga metið í þessu sambandi. Þeir verja sem svarar tæplega 6% af vergri þjóðarframleiðslu til vinnumarkaðsmála en þess ber að geta að stór hluti þess fór í greiðslur atvinnuleysisbóta. Engu að síður tóku rúmlega 200 þúsund manns þátt í starfsmenntun sem naut að einhverju leyti stuðnings stjórnvalda og vinnumarkaðsmála í Danmörku á árinu 1989.

En hvernig er þessum málum háttað á Íslandi? Á síðustu missirum hefur verið reynt að kanna hve opinberir og einkaaðilar verja miklum fjármunum til menntunar starfsfólks. Það hefur reynst mjög erfitt að draga þær tölur saman. Þau útgjöld hafa fram til þessa í fæstum tilvikum verið eyrnamerkt. Þau hafa reynst vera hluti af almennum rekstrargjöldum fyrirtækja og stofnana. Þó er ljóst að ýmsar stéttir á vegum ríkisins hafa náð ákvæði í kjarasamningum sínum um framlag ríkisins til starfsmenntasjóða. Þessi framlög eru greiðsla ákveðins hlutfalls af heildarlaunagreiðslum í sérstakan starfsmenntasjóð. Hér má benda á tvö dæmi, starfsmenntasjóð ríkisins og Vísindasjóð.

Ríkið greiðir nú 0,22% af föstum dagvinnulaunum BHMR og 0,22% af öllum launum starfsmanna BSRB í starfsmenntasjóð. Samtals var þessi upphæð rúmar 37 millj. kr. á árinu 1990.

Vísindasjóður kom til sögunnar árið 1989. Í hann renna 1,5% af föstum dagvinnulaunum þeirra starfsmanna sem taka laun eftir samningum BHMR. Framlög ríkisins til þessa sjóðs á árinu 1990 voru samtals rúmar 88 millj. kr. Við þetta má bæta ákvæðum í kjarasamningum fjölmargra stétta sem starfa á vegum ríkisins og lækna, viðskiptafræðinga og presta. T.d. eiga sérfræðingar á ríkisspítölum rétt á 15 daga námsleyfi erlendis á ári hverju. Aðstoðarlæknar eiga rétt á sjö daga námsleyfi og yfirlæknar þriggja vikna leyfi á hverju ári. Það lætur nærri að kostnaður ríkisspítalanna vegna þessa sé um 43 millj. kr. á árinu 1990. Þá er ótalinn kostnaður annarra spítala, t.d. Borgarspítalans, Landakotsspítala og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Háskólakennarar hafa samið um rannsóknarleyfi sjöunda hvert missiri, eitt missiri í senn. Einnig geta verkfræðingar í þjónustu ríkisins sótt um tveggja mánaða námsleyfi á fjögurra ára fresti. Heildarútgjöld ríkisins vegna þessa liggja ekki fyrir heldur eru þau hluti af launa- og rekstrarkostnaði hverrar stofnunar fyrir sig.

Í lokin má minna á að sjútvrn. hefur á fjárlögum yfirstandandi árs um 50 millj. kr. til gæðaátaks í sjávarútvegi sem, samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins, mun vera að mestu varið til starfsfræðslu í fiskvinnslu. Félmrn. hefur um 15 millj. kr. til stuðnings starfsmenntunar í atvinnulífinu á þessu ári.

Af þessari upptalningu ætti það að vera nokkuð ljóst hverjir það eru sem sitja eftir. Það er ófaglærða fólkið á hinum almenna vinnumarkaði. Því frv. sem hér er

lagt fyrir Alþingi er fyrst og fremst ætlað að koma til móts við þetta fólk.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í 15. gr. frv. að hægt verði að fá nám, sem styrkt er samkvæmt lögunum, metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi. Með þessu er verið að opna fólki, sem hefur litla formlega skólamenntun að baki, leið til þess að afla sér starfsréttinda sem er ætlað að tryggja stöðu þess á vinnumarkaðinum.

Í fjórða lagi vil ég leggja áherslu á að fram kemur í lokaákvæði frv. að lögin skuli endurskoðuð eigi síðar en að þremur árum liðnum. Það er ljóst að hér er um að ræða svið sem verður sífellt mikilvægara fyrir þjóðfélagið allt, atvinnuvegina jafnt sem einstaklinga. Ég er því ekki í nokkrum vafa um að fjármagn sem til þess verður varið skili sér til baka til þjóðfélagsins með aukinni framleiðni og meiri gæðum og meira atvinnuöryggi launafólks.

Virðulegi forseti. *Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.*

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir meginefni þess frv. sem hér er til umræðu. Það hljóta allir að taka undir það sem stendur í 1. gr. frv., þar sem er talað um markmiðið, að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífi í þeim tilgangi að — og svo er þar talið upp: auka framleiðni, bæta gæði vöru og þjónustu, stuðla að bættri verkkunnáttu, aukinni hæfni starfsmanna og m.a. *er talað þar um að mæta þörfum starfshópa sem missa* vinnuna. Þetta eru allt mjög mikilvæg atriði og get ég í meginatriðum tekið undir það sem fram kom í máli hæstv. félmrh.

Það eru þó nokkur atriði, sem kannski koma ekki beinlínis efni þessa frv. við en eru þó mjög veigamikil atriði, sem ég get alls ekki fallist á. Það er 4. gr. frv. Þar segir að starfsmenntun í atvinnulífinu skuli heyra undir félmrn. að undantekinni fiskvinnslunni sem á að heyra undir sjútvrn. Ég tel að það eigi almennt að gilda að öll menntun, líka starfsmenntun í atvinnulífi, heyri *undir menntmrn.*

Ég vil sérstaklega benda á 15. gr. frv. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, er hægt að fá metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntmrn.“ Mér finnst mjög óeðlilegt að menntunin í landinu skuli vera undir hinum ýmsu ráðuneytum og vil nú spyrja hvort menntmrh. telji þetta fyrirkomulag eðlilegt. Hann er að vísu ekki hér inni nú en væntanlega getur hann gefið svör við þessu ef hann má heyra mál mitt eða er hér einhvers staðar nálægt. Mér þykir þetta mjög óeðlilegt og vil benda á að á síðasta þingi held ég, frekar en á þinginu þar á undan, voru samþykkt lög um Félagsmálaskóla alþýðu sem var mjög mikið framfaramál fyrir þann skóla. Þar var þó einn mjög stór galli á og það var að hann heyrði ekki undir menntmrn. Við kvennalistakonur fluttum brtt. á sínum tíma sem því miður voru ekki samþykktar þar sem við töldum miklu eðlilegra að sú menntun mundi einnig heyra undir menntmrn. Ég vil í því sambandi benda á að Danir hafa ekki góða reynslu af því að láta félagsmálaskóla sinn heyra undir félagsmálaráðuneytið. Þeir eru að reyna að breyta því og kannski er nú þegar búið að því, breyta því á þann veg að hann heyri undir menntamálaráðuneytið. Fólk sem fer í starfsmenntun sem m.a. fellur undir Félagsmálaskóla alþýðu á miklu auðveldara með að fá það viðurkennt í hinu almenna skólakerfi ef það heyrir undir sama ráðuneyti og aðrir skólar. Mér finnst þetta atriði í frv. alls ekki ganga. Og af því að hæstv. menntmrh. er hér kominn í salinn, þá langar mig til að bera undir hann 4. og 15. gr. þessa frv. ef hann vildi vera svo góður og svara því. Og kannski ekki síst með tilliti til þess sem hér gerðist fyrr á fundinum en þá mælti hæstv. menntmrh. fyrir frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu.

Ég hafði kvatt mér hljóðs um það frv. og ætla einmitt að benda á að ég teldi það einn af göllum þess frv. að ekki skyldi vera fjallað um starfsmenntun. Nú er það frv. ekki til umræðu og það er dálítið erfitt að fá ekki að ræða frv. strax eftir framsöguræðu hæstv. menntmrh. En það er ekki hægt annað en bera saman þessi tvö frv. og harma að ekki skyldi vera hægt að fella þau saman og setja starfsmenntun í atvinnulífinu inn í frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Því vil ég gera þessa athugasemd við 1. umr. sem ég tel mikilvæga og vil mælast til þess að þarna verði reynt að bæta aðeins um, fólkinu sem fer í starfsmenntun til hagsbóta. Ég tel einnig að starfsfræðsla í fiskvinnslu eigi að heyra undir menntmrn. en ekki sjútvrn. Hér er nú einnig staddur hæstv. sjútvrh. en ég ætla mér ekki við þessa umræðu að gera frekari athugasemdir við frv.

Að vísu langar mig til að bera fram eina spurningu við 8. gr. Það er um ráðstöfunarfé starfsmenntaráðs sem skal ákveðið í fjárlögum og ráðstafað í sérstakan sjóð. Ég heyrði ekki að hæstv. félmrh. nefndi hversu há upphæð væri áætluð í þetta og hvort gert er ráð fyrir því á fjárlögum þessa árs. Það getur verið að ég hafi ekki heyrt nákvæmlega þegar farið var í þessa grein. En ég varð ekki vör við að minnst væri á hve mikið væri áætlað fyrir 8. gr. þessa frv.

Þetta eru einungis örfáar athugasemdir, virðulegi forseti, og ég reikna með að ég fái þá tækifæri þegar við ræðum um frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu til þess að ræða frekar um það frv. þegar það kemur á dagskrá aftur.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Aðeins út af þeim ábendingum sem fram komu hjá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur. Það er út af fyrir sig ljóst að það er mín skoðun og margra annarra að það hefði að mörgu leyti verið æskilegt að vera með eitt samfellt endurmenntunar- og fullorðinsfræðslukerfi, bæði utan vinnumarkaðar og innan. Hins vegar liggur það fyrir og hefur legið mjög lengi fyrir að þeir sem kallaðir eru aðilar vinnumarkaðarins hafa iðulega samið um ákveðin starfstengd námskeið, starfsmenntunarnámskeið. Og þeir hafa gert það í tengslum við eða að nokkru leyti undir forræði félmrn. og stundum sjútvrn. Þess vegna varð niðurstaða okkar félmrh. sú, með sérstöku samkomulagi sem var undirritað 24.

febr. 1989 ef ég man rétt, að freista þess að láta semja drög að lagaramma fyrir þessi svið hvort í sínu lagi þó svo það sé ljóst í báðum frv. að þau nálgast á ýmsum sviðum og gert er ráð fyrir því í þeim báðum að þessi starfssvið tengist. Ég hefði auðvitað frekar kosið að komast alla leið í þessu skrefi. Það tókst ekki. Niðurstaðan er sem sagt þessi og ég tel að þetta sé mjög viðunandi samkomulagsgrundvöllur. Þess vegna get ég með mjög góðri samvisku staðið að frv. báðum eins og ég geri, annars vegar sem flm. og hins vegar sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar.

Varðandi Félagsmálaskóla alþýðu er auðvitað það sama að segja að mínu mati. Ég tel að þar hafi kannski ekki verið alveg rétt á hlutunum haldið en hef ákveðið að búa við þann veruleika a.m.k. nokkurn tíma þangað til að ég finn að flötur verður á því að breyta þar til.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að skólar eigi sem mest og helst allir að vera hjá menntmrn., það sé eðlilegast. Ég er þar með ekki að segja að ég ætli að leggja til atlögu við hæstv. félmrh. né heldur við hæstv. landbrh. sem er með virðulega skóla í sínu „resí" án þess að ég hafi gert sérstakt áhlaup á hans virki í þeim efnum þó að það sé satt að segja dálítið freistandi og verður kannski bara gert í næstu lotu þegar menn komast að þessum málum.

Þetta vildi ég segja. Ég er sammála þeim almennu sjónarmiðum sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir setti fram. Ég segi, ég er fullkomlega sáttur við þann áfanga sem þessi frv. bæði móta sem hafa verið á dagskrá þessa fundar hér í dag.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. skýrði að nokkru leyti ástæðuna fyrir því að lagt er til með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. að starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félmrn. Á það hefur verið lögð mikil áhersla af aðilum vinnumarkaðarins, bæði ASÍ og VSÍ, að málin væru með þessum hætti í stjórnkerfinu og er það til samræmis við það sem gerist og gengur í löndunum í kringum okkur að það eru ráðuneyti vinnumarkaðsmála sem hafa á hendi þennan málaflokk. Löggjöf sem alls staðar hefur verið sett í kringum okkur um þetta mikilvæga mál heyrir undir það ráðuneyti sem fer með vinnumarkaðsmál. Á þetta hefur ASÍ ítrekað lagt áherslu, bæði miðstjórn ASÍ og eins hefur verið ályktað á þingum ASÍ um að málin skipuðust með þessum hætti. Sama gildir með Félagsmálaskóla alþýðu sem hv. ræðumaður nefndi. Vil ég benda hv. þm. á fskj. I, sem ég sé ekki ástæðu til þess að lesa, en er á bls. 12 í þessu frv. þar sem fram kemur niðurstaða úr þeim viðræðum sem fulltrúar félmrn. og menntmrn. áttu í varðandi þetta mál og rökin fyrir því af hverju lagt er til að starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félmrn.

Varðandi fyrirspurnina um hve miklu fjármagni verði varið til þess á fjárlögum, þá er þetta eins og þar segir í 8. gr. að ráðstöfunarfé sem rynni til þessara verkefna verði ákveðið á fjárlögum hverju sinni og ráðstafað í sérstakan sjóð. Það er þá auðvitað Alþingis og fjárveitingavaldsins að taka ákvörðun um það á hverjum tíma hve miklu fjármagni er veitt í þennan mikilvæga málaflokk á hverjum tíma.

Það er ljóst eins og fram kom í minni framsögu að ég tel allt of litlu fjármagni varið í þennan málaflokk, sérstaklega það fjármagn sem rennur til starfsmenntunar ófaglærðs fólks í þessu landi. Gegnum sjútvrn. fer núna að mig minnir nálægt 50 millj. kr. í starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar til starfsmenntunar fyrir fiskvinnslufólk og á fjárlagalið félmrn. eru í ár um 15 millj. kr. Það er auðvitað ljóst að það er allt of lítið fjármagn. Vonandi verður löggjöf til þess að auka fjárveitingar í þennan málaflokk verði þetta frv. að lögum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Þrátt fyrir þær skýringar sem bæði koma fram í fskj. og það sem hæstv. félmrh. sagði tel ég samt ekkert því til fyrirstöðu að aðilar vinnumarkaðarins taki þátt í kostnaði við starfsmenntun í atvinnulífinu þó svo að þetta heyrði undir menntmrn. Ég held að ef öll menntun heyrir undir sama ráðuneyti sé það ódýrara, einfaldara og miklu betra fyrir nemendur en það fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, 1. umr.

Frv. sjútvrh., 370. mál. — Þskj. 777.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum. Hv. þm. er kunnugt um það mikla áfall sem loðnuflotinn og loðnuiðnaðurinn hefur orðið fyrir og er þetta frv. flutt til þess að bæta þar nokkuð úr.

1. gr. frv. fjallar um það að heimilt sé að ráðstafa þeim aflaheimildum sem Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins hefur til ráðstöfunar nú fyrstu átta mánuði ársins í þessu skyni. 2. gr. frv. fjallar um það að heimilt sé að auka sérstaklega veiðiheimildir af rækju um 5000 lestir til þess að koma til móts við loðnuflotann. Er þetta gert til þess að komast hjá því að beita 9. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem heimilt er og settar skyldur á sjútvrh. að skerða hinn hluta flotans ef upp kemur áfall sem þetta.

Herra forseti. Það má fara mörgum orðum um þetta mál sem snertir ekki aðeins loðnuflotann, heldur loðnuverksmiðjurnar og mörg byggðarlög. Það hafa verið lagðar fram sérstakar tillögur til þess að mæta vanda loðnuverksmiðjanna sem verða til umfjöllunar við afgreiðslu lánsfjárlaga. Jafnframt hafa margvíslegar aðr-

ar ráðstafanir verið til umfjöllunar, m.a. af hálfu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi að hafa um þetta mál fleiri orð og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Sóttvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 394. mál (heildarlög). — Þskj. 708.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til sóttvarnalaga sem er 394. mál Nd. á þskj. 708. Um nokkurt skeið hefur það verið skoðun manna í heilbr.- og trmrn. að nauðsynlegt væri að endurskoða lagaákvæði um farsóttir og sóttvarnir. Því skipaði ég nefnd í október 1988 sem fékk það verkefni að endurskoða sóttvarnalögin frá 1954, farsóttalög frá 1958 og ýmis sérlög um varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalög frá 1939, lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingum, og lög um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í nefndina voru skipaðir Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen, borgarlæknir í Reykjavík, og Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrrn., og var hún ritari nefndarinnar og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, og var hann formaður.

Nefndin skilað fullbúnu frv. ásamt fskj. í september 1989 og var frv. lagt fram í þeim búningi, eins og tillögur nefndarinnar gerðu ráð fyrir, á 112. löggjafarþinginu. Frv. náði þó ekki fram að ganga. Það var mælt fyrir því, það fór til nefndar, það var sent út til umsagnar og komu ýmsar athugasemdir, en náði ekki að ganga til 2. umr.

Á síðasta hausti endurskoðaði farsóttanefnd frv. m.a. með hliðsjón af þeim gögnum sem borist höfðu Alþingi og þeim umsögnum sem þá lágu fyrir. Í farsóttanefnd, sem í eiga sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, formaður, Haraldur Briem læknir, Skúli G. Johnsen borgarlæknir, Ólafur Steingrímsson yfirlæknir, Hrafn Tulinius prófessor, Sigurður B. Þorsteinsson læknir og Margrét Guðnadóttir prófessor. Farsóttanefnd hefur gert tillögur um nokkrar breytingar á frv. og er það nú lagt fram í þeirri mynd sem farsóttanefnd, að Margréti Guðnadóttur undanskilinni, var sammála um.

Þau nýmæli sem koma fram í þessu frv. frá fyrri lögum eru eftirfarandi:

1. Gerð er tillaga að rammalöggjöf þar sem sameinuð eru í ein lög ákvæði um farsóttavarnir, sóttvarnir og varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum. Hér er fylgt fordæmi annarra nágrannaþjóða okkar, svo sem Norðurlanda og Bretlands.

Verði frv. að lögum mun það hafa í för með sér umtalsverða lagahreinsun þar sem gert er ráð fyrir að a.m.k. níu lög falli úr gildi við setningu laganna.

2. Gert er ráð fyrir að ábyrgð á sóttvörnum verði áfram hjá embætti landlæknis. Samkvæmt gildandi lögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar hver í sínu héraði. Auk þess skulu sóttvarnanefndir starfa í öllum kaupstöðum og er tollstjóri á hverjum stað formaður.

Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir eðlilegt að fella sóttvarnanefndina niður. Jafnframt þessu þykir nauðsynlegt að hjá embætti landlæknis verði ráðinn til starfa sérstakur læknir sem hefur sem aðalstarf að vinna að sóttvarnamálum, svokallaður sóttvarnalæknir. Þetta er talið nauðsynlegt til þess að tryggja samræmi í sóttvörnum um landið allt, en að sjálfsögðu bera héraðslæknar eftir sem áður ábyrgð á sóttvörnum hver í sínu héraði undir yfirstjórn sóttvarnalæknis og heilsugæslulæknar og aðrir læknar eftir því sem við á.

3. Um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma er fylgt mjög sambærilegum reglum og nú þegar gilda samkvæmt hinum ýmsu lögum um þessi efni en þó eru ákvæði um skýrslugerð mun skýrari en í gildandi lögum.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fjalla mjög ítarlega um frv. að þessu sinni. Það var gert er ég mælti fyrir því í fyrra með mjög ítarlegri framsögu og vil ég vísa til þeirrar framsögu fyrir nefndarmenn að skoða málið nánar.

Við framsögu fyrir einu ári voru breytingarnar sem gerðar hafa verið ítarlega skýrðar og þær hafa ekki breyst við endurskoðunina svo neinu nemi. Ég vil þó sérstaklega undirstrika þá lagahreinsun sem samþykkt þessa frv. hefur í för með sér. Í fyrsta lagi er um að ræða lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum frá febr. 1898. Í öðru lagi lög um aðgreiningu holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinbera spítala frá 1898, með breytingum frá 1909 — hér er sem sagt um mjög gamla lagasetningu að ræða, sem ekki er í takt við tímann lengur. Í þriðja lagi eru berklavarnalög frá 1939. Í fjórða lagi lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt frá 1940. Í fimmta lagi um eyðingu á rottum frá 1945. Í sjötta lagi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki frá 1953. Í sjöunda lagi sóttvarnalög frá 1954. Í áttunda lagi farsóttalög frá 1958. Í níunda lagi lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978 með breytingum frá 1986.

Á þessari upptalningu sést að hér er um að ræða mikla lagahreinsun sem nauðsynlegt er að koma fram.

Í frv. er eitt fskj. þar sem taldir eru þeir smitsjúkdómar sem vænta má að reglugerð geri ýmist tilkynningarskylda eða skráningarskylda.

Með frv. sem lagt var fram 1989 voru ítarleg fskj. um þróun íslenskrar löggjafar á þessu sviði sem og um erlenda löggjöf. Ekki var talin ástæða til að endurprenta þessi fskj. að þessu sinni.

Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir því lagafrv. sem hér er lagt fram. Ég tel að hér hafi vel tekist til með að endurskoða og einfalda löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir og flestir eru sammála um að löngu

er tímabært að gera breytingar á lagaákvæðum okkar í samræmi við breytta tíma. Það er von mín að þetta frv. fái jákvæðar undirtektir á Alþingi og það fái afgreiðslu nægilega fljótt til þess að það geti gengið í gildi eins og gert er ráð fyrir í ársbyrjun 1992.

Eftir umfjöllun þingsins um málið í fyrra og miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. eins og það er lagt fram nú, vona ég að um þetta geti náðst góð samstaða. Það ætti að vera hægt með góðum vilja hv. þm. og nefndarmanna í hv. heilbr.- og trn. að afgreiða málið fyrir þinglok.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 192, n. 709, 712, 722, brtt. 710.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þó ég taki til máls við umræðu um stjfrv. um grunnskólann er það ekki svo að ég hafi hugsað mér að fjalla um hinar ýmsu greinar þess ágæta frv. heldur fyrst og fremst að koma hér og fara nokkrum orðum um áherslur vegna þeirra orða sem féllu í ræðu hv. 12. þm. Reykv. um athugasemd þingmanns Alþfl. og orð hv. þm. um forgangsröð. Það er nefnilega þannig að við erum að tala um lagasetningu á Alþingi ýmist um skóla, leikskóla eða aðra þætti sem heyra undir sveitarfélögin og verkefni sveitarfélaga. Ég get ekki stillt mig um það þar sem ég með svo góðu móti get vísað í áherslur Alþfl., þar sem hann á þátt í stjórn eða hefur setið einn við stjórnvölinn í sveitarfélögum, hvernig hann hefur tekið á þeim verkefnum sem snúa t.d. að grunnskólanum.

Hvað varðar grunnskólann er sveitarfélögunum nú ætlað að byggja skólana en ríkið greiðir laun kennara. Áherslur sveitarfélaga birtast kannski fyrst og fremst í því hversu ötullega þau byggja upp, hversu fljótt þau stuðla að því að skóli verði samfelldur, að ég tali ekki um einsetinn, og síðan hvaða aðra rekstrarþætti sveitarfélagið leggur áherslu á og hrindir í framkvæmd heima fyrir.

Stundum hef ég rekið mig á það að það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því að t.d. sé munur á því að skóli sé samfelldur og einsetinn. Skóli getur verið samfelldur en þó erum við að senda börnin okkar í skólann frá því mjög snemma á morgnana til seint á daginn vegna þess að það eru kannski, við getum notað orðalagið þrjú „holl" sem nota sömu stofu. En þegar við tölum um einsetinn skóla ætlumst við til að börnin okkar mæti þar snemma á morgnana, séu í samfellu í skólanum, fái íþróttakennslu, svo sem leikfimi og sund, og heimilisfræðslu í samfellu við aðra bóklega þætti skólans og að þeim sé boðið upp á létta máltíð í skólanum, að ég tali nú ekki um önnur þýðingarmikil úrræði sem þörf er á í okkar nútímaþjóðfélagi.

Alla þessa þætti hefur Alþfl. lagt ríkulega áherslu á. Ekki bara í orði, ekki bara í stefnuskrá, ekki bara í málatilbúnaði í sveitarstjórn, heldur þar sem hann hefur haft tækifæri til þess að láta verkin tala. Það hefur verið lögð gífurleg áhersla á það að byggja upp skólahúsnæði á vegum þeirra sveitarfélaga þar sem hann hefur verið við stjórnvölinn og bendi ég nú síðast á t.d. að í Hafnarfirði var reistur skóli á Hvaleyrarholti áður en byggð reis og var kominn þegar börnin mættu. Voru því gerð mjög góð skil t.d. af fjölmiðlum.

Í Kópavogi, þar sem Alþfl. hefur lagt miklar félagslegar áherslur og átt þátt í uppbyggingu skólamála svo sem annarra mála um tíu ára skeið, hefur verið unnið brautryðjendastarf í þessum efnum. Þar hefur verið reynt að hafa skólann eins samfelldan og unnt er þar sem hann er ekki einsetinn og boðið er upp á léttar máltíðir í hér um bil öllum skólum bæjarins. Síðast held ég að hafi skort á að það væri fyrir öll börn í einum skólanna. Það hefur verið boðið upp á athvarf í skólum þar sem í tveimur skólanna var reynt að verða við því að börn gætu verið eftir skólann og lært heimanámið undir leiðsögn kennara. Og í austasta skólanum okkar, Hjallaskóla, var meira að segja gerð tilraun með svokallað lyklabarnaathvarf sem þótti alveg til fyrirmyndar.

Ég er ekki að segja þetta í neinni vörn. Ég er að segja þetta af því að það er alveg rétt sem hv. 12. þm. Reykv. benti á, málið snýst um áherslur. En það snýst því miður líka um fjármagn og sveitarfélag sem lengi er búið að leggja áherslu á félagslega uppbyggingu stendur frammi fyrir því einn góðan veðurdag að tekjur sveitarfélagsins fara nánast allar í rekstur. Það er sú sorglega staðreynd sem við komum alltaf að einn góðan veðurdag, þegar við erum búin að byggja vel upp. Og eins og ég benti hér á í umræðu um félagsþjónustu sveitarfélaga er það t.d. þannig með leikskólann að það er viðurkennd staðreynd að í rekstur á u.þ.b. þremur árum fer sama fjármagn og kostar að byggja eitt stykki leikskóla. Það er nokkurn veginn þumalfingursregla.

Það sem við erum að gera á Alþingi er að við erum að setja lög og segja hvað við viljum gera. Sumt höfum við í hendi okkar, annað ekki. Í sumum tilfellum erum við að setja lög þar sem við segjum: Sveitarfélögin eiga að gera þetta og þetta og þetta.

En það sem sveitarfélögin gagnrýna og þeir sem þekkja störfin þar er að stundum eru þeim fengin verkefni án þess að þeim séu fengnir tekjustofnar og án þess að litið sé á hvað þessi verkefni kosta og hvort þeim sé þetta kleift.

Ég hef manna mest í gegnum árin talað um áherslur og ég skal aldrei víkja frá því að það er það sem máli skiptir. Það sem skiptir mestu máli er að leggja áherslur og að þær séu á hinum félagslega væng, á fjölskylduvæng. Þeir sem taka höndum saman um þær áherslur ná árangri. En þeim verður að vera gert það kleift og það þýðir ekkert fyrir fólk í sveitarfélögum að

taka höndum saman ef síðan kemur einhvers staðar ofan frá tilskipun sem því er ekki kleift að framfylgja. Það þýðir ekkert. Þegar bent hefur verið á það, með réttu eða röngu, að e.t.v. sé verið að fá sveitarfélögunum of ströng verkefni samkvæmt frv. eins og grunnskólafrv. án þess að það liggi fyrir hvort þeim sé það mögulegt miðað við þá tekjustofna, miðað við það fjármagn sem þau hafa og önnur verkefni sem þeim er gert að vinna, þá finnst mér það ómaklegt ef slík varúðarorð og ábendingar um að e.t.v. skorti á að nægilegar upplýsingar séu um að kostnaður sé ekki meiri en um er rætt, að þar með sé sett það jafnaðarmerki að þessi ábending þýði skort á réttum áherslum.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, fjallar þessi ræða mín ekki um vörn. Hún á miklu fremur að fjalla um og undirstrika þær áherslur sem Alþfl. leggur og hefur lagt hvarvetna þar sem hann hefur fengið tækifæri til að velja þetta verkefni eða hitt og stundum legið undir ámæli um að það hafi skort svolítið lengi á hitt. Við það er minn flokkur ekki hræddur, en hann er heldur ekki feiminn við að benda á það ef hann óttast að verið sé að setja verkefni á blað, góðan vilja á blað, góða stefnu á blað sem e.t.v. verði ekki hægt að framfylgja. Það vona ég að þessi flokkur þori að gera áfram.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Mér þykir miður að hv. þingkona Kvennalistans Guðný Guðbjörnsdóttir skuli hafa rangtúlkað þau orð sem sjálfstæðismenn hafa haft uppi um fyrirliggjandi frv. Ég lýsti því yfir sl. föstudag í ræðu minni að sjálfstæðismenn væru sammála þeim markmiðum sem hv. þingkona spurði hér um áðan. Ég lýsti því einnig yfir að þetta mál ætti að vera á forgangslista stjórnvalda og að ég væri tilbúin að stuðla að því. Og til þess að leggja nú enn meiri áherslu á þessi orð mín vil ég, með leyfi virðulegs forseta, vitna í þau orð er ég hafði uppi hér sl. föstudag. Þar sagði ég m.a.:

„Við sem erum fulltrúar sjálfstæðismanna í menntmn. þessarar hv. deildar erum því fullkomlega sammála því markmiði að skólinn eigi að vera einsetinn og skóladagurinn lengdur og samfelldur ásamt því að nemendum sé gefinn kostur á máltíðum í skólum. Þetta er í fullu samræmi við þau markmið sem sjálfstæðismenn hafa lagt mikla áherslu á undanfarin ár, enda lagt fram margar tillögur í þessa átt. Hins vegar verður engan veginn séð að ákvæði þessa frv. tryggi framgang þessa markmiðs vegna þess m.a. að sveitarfélögin leggjast gegn samþykkt frv. í óbreyttri mynd en þau eiga einmitt að bera kostnaðinn af framkvæmdinni samkvæmt nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og eiga þar með að tryggja þessa þjónustu."

Enn fremur kom fram í ræðu minni, með leyfi virðulegs forseta: „Það er enn fremur skoðun okkar Ragnhildar Helgadóttur að ekki sé gengið nógu langt í þessu frv. eins og vera þyrfti og við erum að því leyti sammála sjónarmiðum Kvennalistans. Það er einnig okkar skoðun að nýtt grunnskólafrv. sé það mikilvægt fyrir þjóðfélagið að það beri að setja á forgangslista stjórnvalda. Ég mun fyrir mitt leyti reyna að stuðla að því ef Sjálfstfl. á aðild að næstu ríkisstjórn og ef ég verð í aðstöðu til þess. En til þess að svo megi verða þarf að vinna þetta frv. upp á nýtt og gera framkvæmdaáætlun í nánu samráði við sveitarfélögin. Þannig verður þessu máli best tryggður framgangur."

Hvernig má það vera að hv. þingkona hefur svo misskilið orð mín? Sú skýrsla sem hún vitnaði til er ekki talin fela í sér nógu ítarlegar upplýsingar og taldi ég rétt að benda á það. Það voru ýmsar upplýsingar um kostnað sem eru taldar vanáætlaðar, mjög svo.

Ég velti því líka nokkuð fyrir mér hvers vegna verið sé yfir höfuð að senda frv. til umsagnar. Það virðast vera skiptar skoðanir hjá hv. þm. um tilgang þess. Það er alveg rétt að menntunarmál æskunnar skipta mjög miklu máli, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson nefndi hér áðan. En finnst honum rétt að afgreiða mál með þeim hætti að engan veginn sé ljóst um hvaða kostnað sé að ræða samfara frv.? Ég er ekki þeirrar skoðunar. Það er nefnilega ósköp auðvelt að taka undir svona mál, það hljómar vel. En þegar það er ekki raunhæft þá verða menn að hafa hugrekki til að horfast í augu við það þótt kosningar séu í nánd.

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á ýmsum ummælum hæstv. menntmrh. sl. föstudag þegar rætt var um fyrirliggjandi frv. til laga um grunnskóla. Nú er það hlutverk löggjafarvaldsins að setja lög í þessu landi en ekki framkvæmdarvaldsins. Þess vegna ber ráðherranum að leggja fram allar þær upplýsingar sem unnt er og þingmenn þurfa að fá í hendur til þess að þeir geti sinnt sínum störfum af fyllstu kostgæfni. Þetta hefur hæstv. menntmrh. því miður ekki gert. Ég held að ég sé ekki ein um það að skilja ekki röksemdafærslu og reikningslist ráðherrans eftir á varðandi þann kostnað sem hér er um að ræða. M.a. sagði ráðherrann að á þessu ári væru framlög Reykjavíkurborgar einnar 610 millj. kr. til skólabygginga. Á tíu ára tímabili væri hægt að ná markmiði einsetins skóla með minni útlátum í heild á ári en gert væri núna af Reykjavíkurborg, þ.e. 600 millj. kr. sinnum tíu ár eða 6 milljarðar á tíu árum. Enn fremur sagði ráðherrann að í frv. væri ekki verið að tala um neinar viðbótarskuldbindingar á sveitarfélögin. Þetta er að sjálfsögðu röng fullyrðing hjá hæstv. menntmrh. og þar að auki er hún villandi. Að tala um fjárveitingar sveitarfélaganna í ár, t.d. Reykjavíkurborgar, er rangt vegna þess að í fjárhagsáætlunum er einungis tekið mið af þörfinni á skólabyggingum í nýjum hverfum en ekki á skólum í eldri hverfum. Það er, hæstv. ráðherra, ekki inni í myndinni það markmið að skólinn sé einsetinn. Þær tölur sem ég nefndi á föstudaginn eru því viðbótarkostnaður.

Það er sjálfsagt ekki tilviljun að hæstv. menntmrh. virðist í þessu styðjast við athugasemdir í greinargerð með frv., en í athugasemdum við 3. gr. á bls. 22 segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Ljóst er að talsvert vantar á að skólahúsnæði í landinu sé nægjanlegt til þess að fullnægja þessum skilyrðum." — Hér er verið að tala um það markmið að koma á 100% einsetningu skóla. — „Í athugun sem

gerð var á vegum menntmrn. í byrjun árs 1989 kom í ljós að nú vantar í landinu rúmlega 500 kennslustofur til þess að einsetja megi alla grunnskóla. Því markmiði er unnt að ná á tíu árum með svipuðu framkvæmdafé til skólanna og lagt er fram á þessu ári."

Til fróðleiks fyrir hv. þm. ætla ég að vitna beint í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta atriði, með leyfi virðulegs forseta:

„Í greinargerð með frv., 3. gr., er því haldið fram að allir skólar geti orðið einsetnir eftir tíu ár með svipuðu framkvæmdafé og lagt er fram á þessu ári. Þessi staðhæfing virðist því miður byggð á afar villandi forsendum, bæði hvað varðar stöðu mála nú og kostnað við skólabyggingar. Það er engum til góðs að setja slíkar fullyrðingar fram svo illa grundaðar."

Svo mörg voru þau orð. Og hvert er svar hæstv. menntmrh. við þessu? Er hann enn þeirrar skoðunar að gagnrýni sjálfstæðismanna sé fjarri öllu lagi og er hann enn á þeirri skoðun að þeir séu einir um þá gagnrýni? Og hvað þýðir sú staðhæfing ráðherra að heildarframkvæmd frv. mundi kosta 1,8% á ári í raunaukningu til skólanna? Hvað er það í krónutölu? Hefur hæstv. ráðherra e.t.v. einhverja kostnaðaráætlun tilbúna sem hvergi hefur komið fram?

Þær tölur sem ég nefndi í ræðu minni sl. föstudag áttu því við um viðbótarkostnað ef miðað væri við 100% einsetningu skóla og lengingu skóladags hjá yngstu börnunum. Inni í þeim tölum var ekki annar kostnaður t.d. eins og sá ef koma ætti upp mötuneytum og öðru slíku þjónustuhúsnæði. Nú skilst mér að þessar tölur séu varlega áætlaðar, enda ársgamlar og gera megi ráð fyrir því að þær séu jafnvel enn þá hærri eða um það bil 2,8 milljarðar fyrir Reykjavík eina og 5,3 milljarðar fyrir landsbyggðina alla. Samanlagt er þessi fjárhæð því komin yfir 8 milljarða. Þessar tölur eru miðaðar við tölur skólabygginga í dag, þ.e. það sem kostar að bæta við núverandi skóla miðað við núverandi íbúatölu og hverfaskiptingu. Útreikningur hæstv. menntmrh. á þessum kostnaði í Reykjavík stenst því ekki, þó að það sé auðvitað rétt hjá honum að Reykjavíkurborg standi sig vel í skólamálum. — Hæstv. forseti. Er hæstv. ráðherra væntanlegur í salinn eða ekki? (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. mun vera við atkvæðagreiðslu í Ed. þar sem hann á sæti. Ef hv. þm. óskar getur hann gert hlé á ræðu sinni smástund.) Ég þakka fyrir upplýsingarnar, hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra muni birtast hér fljótlega og í trausti þess mun ég halda áfram ræðu minni. — Og þarna er hann kominn.

Ég sagði áðan að það er að sjálfsögðu alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að Reykjavíkurborg standi sig vel í skólamálum, en framlag til þeirra í ár er 640 millj. kr. Á næsta ári má hins vegar gera ráð fyrir talsverðri aukningu eða um það bil 800–900 millj. kr. Þessar tölur sem ég hef nefnt held ég að séu allar varlega áætlaðar og marga kostnaðarliði vantar. T.d. veit ég ekki til þess að könnuð hafi verið líkleg kostnaðaráhrif ýmissa annarra ákvæða frv. svo sem ákvæða um mataraðstöðu og húsnæði fyrir sálfræðiþjónustu og sérkennslu. Þá verður að benda á að ákvörðun um að miða skuli við algera einsetningu og samfelldan skóladag hlýtur að hafa veruleg áhrif til stækkunar þeirra skóla sem nú eru í undirbúningi eða síðar verða hannaðir.

Varðandi þetta mál allt er rétt að benda á þá þróun sem átt hefur sér stað í borginni. Einsetning getur gerst þegar íbúafjöldi í hverfum minnkar, þ.e. í 10–15 ára gömlum hverfum. Skóli sem upphaflega er 600–900 manna skóli verður gjarnan 200–300 manna eftir þann tíma. Menn hafa velt því fyrir sér hvort ekki sé rétt að leggja mesta áherslu núna á að tryggja öllum nemendum samfelldan skóladag og lengda viðveru og nýta þannig það húsnæði sem fyrir er í stað þess að fara út í kostnaðarsamar byggingar eins og frv. gerir ráð fyrir. Nú þegar bjóða um það bil 86% grunnskóla í Reykjavík samfelldan skóladag og yfir 90% skóla þar sem yngstu börnin eru bjóða þeim lengda viðveru. Það er spurning hvort ekki sé hægt að nýta skólahúsnæði, hverfamiðstöðvar og íþróttahús betur án þess að leggja út í aukinn kostnað vegna skólabygginga. Þetta eru hlutir sem sveitarstjórnarmenn þurfa að athuga í samvinnu við ríkisvaldið. Því segi ég það, virðulegi forseti, að með tilliti til alls þessa er ekki hægt að afgreiða þetta frv. í óbreyttri mynd án samráðs við sveitarfélögin sem kosta eiga þjónustuna.

Það má vel vera að samstaða náist um markmiðið einsetinn skóla og er það gott mál. En eins og ég hef áður sagt þyrfti að lengja skóladaginn enn meira en frv. gerir ráð fyrir til þess að sá kostur nýttist að fullu. Hæstv. ráðherra nefndi það að einungis væri rætt um lágmark kennslustundafjölda í frv. en ég spyr á móti: Hvað þarf að koma til til þess að ýta á eftir raunverulegri lengingu skóladags? Þeirri spurningu er ósvarað. Ég ítreka þá skoðun mína og annarra að það vantar framkvæmdaáætlun með þessu frv.

Ráðherra nefndi það einnig, ef ég man rétt, í ræðu sinni sl. föstudag að frv. fæli í raun enga skyldu í sér fyrir sveitarfélögin. Í 3. gr. frv. segir þó að stefnt skuli að, þ.e. markmiðinu einsetinn skóli og heildstæður. Er þá ekki tilgangurinn að framvegis skuli miða við þessi markmið? Ef svo er ekki, hver er þá tilgangurinn með framlagningu þessa frv.? Efnislegar athugasemdir hafa einnig verið gerðar við afar takmörkuð áhrif sveitarstjórnarmanna í þessu frv. enda hafa þeir mótmælt frv. í óbreyttri mynd og vísa ég til fyrri ræðu minnar í því sambandi.

Nokkuð fróðlegt þótti mér einnig að skoða bækling nefndar um nýjar leiðir í byggðamálum sem var útgefinn núna í febrúar sl. en í nefndinni á einmitt sæti formaður menntmn., hv. þm. Ragnar Arnalds. Þykir mér rétt að geta nokkuð þeirra sjónarmiða sem þar koma fram í inngangi varðandi sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Nýjar hugmyndir sem fram hafa komið í nágrannalöndunum á sviði byggðamála undanfarin ár hafa einkum byggt á því að styrkja heimaaðila og efla sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Í stað almennra miðstýrðra aðgerða hafa komið sértækar aðgerðir sem byggja á frumkvæði og ábyrgð heimaaðila. Þeim rökum er einkum beitt að hjá þeim sé sú staðarþekking sem tryggi

besta nýtingu fjármuna auk þess sem heimamenn viti best hvaða verkefni er best að styðja og forgangsröð þeirra. Þetta á síðan að vera aflvaki aukins hagvaxtar og nýrra atvinnutækifæra." Þótti mér rétt að benda á þessi orð, hæstv. forseti, þó að auðvitað sé ekki fullkomnu hér saman að jafna, annars vegar um nýjar leiðir í byggðamálum og hins vegar fyrirliggjandi frv. til laga um grunnskóla. En þessi hugsun er greinilega að ryðja sér til rúms mjög víða og hafa verið gerðar breytingar á lögum um skólamál víða í hinum vestræna heimi og ekki síst núna undanfarin ár á Norðurlöndum einmitt í þá átt að draga úr miðstýringarvaldi menntamálaráðuneytisins en færa aukið vald heim í héruð til sveitarstjórnarmanna.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að mótmæla þeim ummælum hæstv. menntmrh. sl. föstudag að sjálfstæðismenn séu að vinna á móti þessu máli. Hann hefur þá ekki hlustað nákvæmlega er ég lýsti því yfir að sjálfstæðismenn væru sammála ákveðnum markmiðum sem fram koma í frv., enda hafa tillögur sjálfstæðismanna hér á hinu háa Alþingi allar hnigið í þá átt. Enn fremur finnst mér það mjög sérstakur málflutningur að taka út afmörkuð atriði í ræðu hv. fyrrv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar og telja þau túlka stefnu sjálfstæðismanna. Ef hæstv. ráðherra hefur kynnt sér ræður hans til hlítar, þá sér hann hversu miklar efnislegar athugasemdir hv. fyrrv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur gert, enda var sú ræða sem var flutt í lok nóvember um fyrirliggjandi frv. flutt áður en frv. fór til menntmn. Þar á öll efnisleg vinna að fara fram en reyndist ekki unnt eins og fram hefur komið í nál. okkar Ragnhildar Helgadóttur, þar sem frv. var afgreitt í miklum flýti út úr nefndinni.

Ég hef fengið í hendur, virðulegi forseti, nýlegar athugasemdir frá skólaskrifstofu Reykjavíkur þar sem m.a. er velt upp ýmsum spurningum um kostnaðarliði samfara þessu frv. Þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir þeim athugasemdum vegna þess að þær munu enn fremur varpa ljósi á þá staðreynd að um þetta frv. er mjög margt á huldu. Þannig segir í þessum athugasemdum, með leyfi virðulegs forseta:

„Samkvæmt skýrslu menntmrn. dags. í mars 1989, bls. 6, er áætlað að þá hafi verið tvísett í 656 almennar kennslustofur. Í greinargerð með frv. til grunnskólalaga," — nánar tiltekið á bls. 22 — „er sagt að einsetning tákni að hver bekkjardeild hafi sína stofu út af fyrir sig. Samkvæmt henni þarf því að byggja 656 almennar kennslustofur. Samkvæmt normi ráðuneytis er hver almenn kennslustofa af fullri stærð 88,14 m^2. Ef reiknað er með að hver fermetri með lóð og búnaði kosti ca. 100 þús. kr." — raunar er talið að sú tala sé í dag orðin allmiklu hærri — „gerir þetta samtals 57,820 m^2 sinnum 100 þús. kr." Þetta geta menn margfaldað og séð að þar koma stórar tölur fram.

Þessi skýrsla frá því í mars 1989 er eina yfirlitið um fjölda tvísetningarstofa alls sem ráðuneytið hefur birt. Nú er starfandi nefnd á vegum menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga sem er að kanna húsnæðisþörf á grunnskólastigi með sérstöku tilliti til einsetningar og samfelldni, eins og segir í 3. gr. frv., en þar er það stefnumark lögbundið að skólar verði heildstæðir og einsetnir og innan tíu ára verði skóladagur nemenda samfelldur, sbr. 85. gr. Það vekur því furðu mína að hæstv. menntmrh. hafi ekki vakið athygli hv. þm. á þeirri staðreynd að það er nefnd starfandi sem kannar þessi mál.

Í öðru lagi. Til þess að þessi markmið náist þarf að sjálfsögðu að byggja aukið húsnæði yfir sérgreinar og íþróttir, en nýting þessa húsnæðis breytist verulega með einsetningu og fullri samfelldni í skóladegi nemenda. Þessa þörf er erfitt að áætla þar sem engin örugg úttekt á þörfinni liggur fyrir en var áætluð miðað við aðra gerð frv. u.þ.b. 1,7 milljarðar.

Virðulegur forseti. Nú sést hæst. menntmrn. ekki lengur í hv. deild. (**Forseti:** Það fer að verða snúið að þurfa að kalla til hæstv. ráðherra hvað eftir annað en forseti mun nú gera tilraun. Kemur nú ráðherra þegar í salinn og hefur líklega hlustað á hv. þm. allan tímann í hliðarsal.) Það var gott að heyra, hæstv. forseti.

Í þriðja lagi, svo ég haldi áfram með þessar athugasemdir, er áríðandi að fá fram við hvaða kostnaðaráhrif höfundar frv. miðuðu. Hér ættu að vera hæg heimatökin fyrir hæstv. menntmrh. þar sem það eru hans aðstoðarmenn sem hafa tekið þátt í samningu þessa frv.

Í fjórða lagi verður að benda á að ákvæði 74. gr. frv., um lækkun meðaltals, hljóta að hafa áhrif á húsnæðisþörf en ekki verður séð af grg. frv. hver þau eru. Þar er sett hámark í öllum aldursflokkum við 24. Nú er þetta ákvæði orðað þannig í 47. gr. gildandi laga: „Skal við það miðað að jafnaði að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla fari ekki yfir 28 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 30". En í grg., dags. 12. febr. 1991, um kostnað ríkisins og ýmis útgjöld samfara frv. segir að áhrif lækkunar í yngstu bekkjardeildum í 22 nemendur sé 42 millj. kr. á ári. En hvað gerist þá með eldri bekkjardeildir?

Þá er það ekki farsæl stefna að aðskilja ríkisvald og sveitarfélög, skólanefndir, á jafnafgerandi hátt og frv. boðar að því er varðar starfsemi grunnskólanna. Það leggur áherslu á að innra starf skólanna sé í einu og öllu á vegum ráðuneytis, þar með talið fræðslustjórar, meðan sveitarfélög byggja og reka skólana. Á einum stað, í 18. gr., segir þó: „Enn fremur getur skólanefnd lagt tillögur um umbætur í skólastarfi fyrir skólastjóra í skólahverfinu." Skólanefndin getur lagt fram þessar tillögur. Hér er engu líkara en um náð og miskunn sé að ræða. Sannleikurinn er sá að frv. stefnir að enn aukinni miðstýringu þrátt fyrir allt tal um hið gagnstæða.

Um frv. í heild má koma að ýmsum frekari athugasemdum sem ég óska eftir að fá svör við frá hæstv. menntmrh. ef það er unnt. Ég geri ráð fyrir að það sé erfitt að koma með nákvæmar kostnaðartölur í þessu sambandi en einhverjar áætlanir hlýtur ráðherrann að hafa í farteskinu.

Frv. þetta hefur að geyma ýmis nýmæli sem, ef þau koma til framkvæmda, munu hafa verulega hækkun skólakostnaðar í för með sér. Þetta er auðséð við lauslega athugun þó greinargerð höfunda hafi ekki að geyma upplýsingar um raunverulegan kostnaðarauka af

samþykkt frv. Í þessu sambandi er rétt að benda sérstaklega á eftirtaldar greinar: 3. gr.: einsetinn og heildstæður grunnskóli. 9. gr.: nýtt ráð, þ.e. grunnskólaráð, 17. gr.: fjölgun skólanefnda, 25. gr.: auknar húsnæðiskröfur, 31. gr.: fjölgun yfirkennara, sem núna eru nefndir aðstoðarskólastjórar, ef ég man rétt, 34. gr.: ný störf, námsráðgjafar, 44. gr.: fjölgun kennslustunda og samfelldur kennslutími, 53. gr.: kostnaðarauki vegna blöndunar afbrigðilegra nemenda í almenna bekki, 56. gr.: úrræði fyrir nemendur sem vísað er úr skóla, t.d. sérskólar, 57. gr.: ný störf, kennsluráðgjafar, 59. gr.: ný starfsemi kennslugagnamiðstöðvar, 68. gr.: þróunarsjóður, 74. gr.: fækkun nemenda í bekkjum, bundið hámark við 22 til 28.

Æskilegt virðist að upplýsingar liggi fyrir um þau kostnaðaráhrif í heild sem höfundar frv. hafa gert ráð fyrir við samningu þess.

Virðulegi forseti. Af þessu tel ég ljóst að í þessu máli er mjög mörgum spurningum ósvarað eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti raunar á í ræðu sinni hér áðan. Það er ekki einvörðungu kostnaðurinn sem verið er að tala um heldur líka fjölmargar aðrar athugasemdir. Það er því skoðun okkar Ragnhildar Helgadóttur að þetta mál þurfi að skoða upp á nýtt til þess að tryggð verði raunhæf framkvæmd þess.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er ástæðulaust fyrir mig að hafa langt mál um þetta frv. eins greinilega og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og Ragnhildur Helgadóttir hafa gert grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. til þess.

Það liggur alveg fyrir, virðulegi forseti, og hefur ekki komið betur fram hjá öðrum ræðumanni en einmitt forseta deildarinnar, hv. 3. þm. Norðurl. e., að fyrir fjárhagshlið þessara mála hefur ekki verið séð með viðunandi hætti. Þótt menntmrh. hafi kosið að skeyta skapi sínu sl. föstudag á hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni út af gagnrýni hans á þennan þátt málsins verður hann að gera sér grein fyrir því að stjórnarliðar, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson, hafa einmitt gagnrýnt það hvernig frá þessum þætti málsins hefur verið gengið eða réttara sagt ekki gengið. Því hér er ekki bara spurning um stefnumið eða markmið, sem allir geta verið sammála um, eins og að búa börnunum í landinu betri skóla. Það kostar að sjálfsögðu fjármagn og það þarf að tryggja um leið og gefin eru fyrirheit um umbætur í skólamálunum.

Ég ætlaði, virðulegur forseti, aðeins að víkja að nokkrum atriðum í frv. sem ég hef sérstaklega hnotið um því ég átti þess kost að mæta á einn fund í hv. menntmn. þar sem þetta mál var rætt.

Ég kem þá fyrst að 9. gr. frv. þar sem kveðið er á um grunnskólaráð svokallað. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að koma á laggirnar slíku ráði. Hins vegar tel ég að hlutur foreldra eða foreldrafélaga sé þar nokkuð fyrir borð borinn og teldi eðlilegt að það væri áskilið í ákvæði um þetta grunnskólaráð að þar væru tveir fulltrúar foreldrafélaga eða samtaka þeirra. Gjarnan mætti þá annar þeirra vera fulltrúi fyrir foreldrafélög í dreifbýli eða foreldrafélög úti á landsbyggðinni.

Ég vil víkja næst að 17. gr. frv. þar sem fjallað er um skiptingu sveitarfélaga í skólahverfi. Þar segir nú, með leyfi forseta: „Fjölmennari sveitarfélögum skal skipt í skólahverfi og annast viðkomandi sveitarstjórn þá skiptingu með samþykki menntmrn.“ Þó að um þetta kunni að vera skiptar skoðanir þá tel ég að hér sé á ferðinni dæmigert málefni sem ætti að vera viðfangsefni viðkomandi sveitarfélags, þ.e. hvernig sveitarfélagið kýs að skipta sínu yfirráðasvæði í skólahverfi eftir bæjarhlutum eða öðrum viðmiðunum sem sveitarfélagið þekkir best. Hins vegar kunna að vera um þetta atriði eitthvað skiptar skoðanir. Ég hygg þó að sú skoðun sem ég hef hér lýst fari saman við þá stefnu að auka forræði sveitarfélaganna sjálfra við meðferð þessara mála.

Í 18. gr. frv. er kveðið á um skólanefnd og starfshætti hennar. Ég tók eftir því að í ræðu hv. síðasta ræðumanns var einnig vikið að þessari grein. Þar er kveðið á um það að skólanefnd geti lagt tillögur um umbætur í skólastarfi fyrir skólastjóra í skólahverfinu. Hins vegar er ekkert vikið að því að skólanefnd hafi neitt að segja um innra starf skólans sjálfs sem þó er ýjað að í greinargerð. Ég tel því að þarna þyrfti að kveða mun skýrar á um að það væri beinlínis hlutverk skólanefndarinnar að gera tillögur til skólastjóra, ef hún sæi ástæðu til þess, um umbætur eða breytingar í innra starfi skólans og skólastarfinu yfirleitt.

Í 26. gr. frv. segir að leita skuli samþykkis menntmrn. áður en framkvæmdir við skólamannvirki geti hafist. Hér er enn á ferðinni dæmigert ákvæði þar sem sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélags er skertur þrátt fyrir yfirlýst markmið frv. um að auka valddreifingu og ábyrgð sveitarfélaganna. Ég sé ekki að það sé nokkur þörf á því, ef sveitarfélag treystir sér til þess að ráðast í framkvæmdir við skólamannvirki eða hyggur á slíkar framkvæmdir, að leita samþykkis ráðuneytisins. Sama er að segja um næstu málsgrein þessarar greinar þar sem segir að skólanefnd skuli gera tillögur um nafn skóla, en ráðuneyti síðan staðfesta nafngiftina að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ýmsir ræðumenn hafa komið að þessu atriði. Þetta er að sjálfsögðu ekki stórt mál en engu að síður dæmigert fyrir það að völdin eru í raun ekki hjá sveitarfélögunum þótt svo sé látið í veðri vaka.

Í 25. gr. frv. hefur slæðst inn sú prentvilla að orðið „heimavistir“ er karlkennt og vænti ég þess að það verði leiðrétt við fyrsta tækifæri. „Við gerð heimavistar skal kappkostað að þeir minni sem mest á venjuleg heimili“ o.s.frv.

Næst vil ég koma að 33. gr. frv. þar sem fjallað er um ráðningar kennara og valdsvið annars vegar skólastjóra og hins vegar skólanefnda. Þar segir að skólastjóri ráði kennara og aðra starfsmenn sem teljast ríkisstarfsmenn í samráði við skólanefndir. Og sömuleiðis neðar í sömu grein að skólanefndirnar ráði þá starfsmenn er teljist starfsmenn sveitarfélaga í samráði við skólastjóra. Ég hygg að þetta sé óljóst orðalag og ekki alveg skýrt hvað „í samráði við“ þýðir í hvoru tilfellinu fyrir sig og ekki alveg ljóst hvar valdmörkin eru ef

upp kæmi ágreiningur og bendi á þetta sem atriði til skoðunar.

Að því er varðar 46. gr. frv. þá er þar tekið fram hvenær jólaleyfi og páskaleyfi skuli hefjast. Að öðru leyti skuli leyfisdagar ákveðnir í reglugerð. Vil ég nú segja að mér finnst ástæðulaust að lögbinda nákvæmlega upp á dag hvenær þessi leyfi í grunnskólanum skuli hefjast og þeim ljúka. Það kann vel að vera að aðstæður geti verið breytilegar frá ári til árs og það kann að þurfa að vera ákveðið svigrúm í þessu efni. Þess vegna hlýtur að vera nægilegt að ákveða um þessi atriði í reglugerð.

Í 48. gr. frv. er vikið að aðalnámsskrá og þeim sviðum þar sem kveða skal á um meginmarkmið og ákvæði um megininntak o.s.frv. við skipulagningu náms og kennslu. Þetta er nú eflaust eitthvert mikilvægasta skjalið í öllum skólamálum í landinu, aðalnámsskráin, og ég sakna þess að það skuli hvergi sérstaklega vikið að því í þessum lögum að það eigi að kenna Íslandssögu. Það er eingöngu talað um mannlegt samfélag, samfélagshætti, umheiminn og umhverfi nær og fjær í fortíð og nútíð, einkum með hliðsjón af Íslandi. Það kann að vera gamaldags en ég hefði talið fullkomlega eðlilegt að taka það sérstaklega fram að Íslandssaga ætti þar að eiga heima, annaðhvort undir þessum lið, sem ég nú las, eða í 1. lið þar sem talað er um íslenskar bókmenntir og fleira því tengt.

Ég vil jafnframt víkja hér að öðru málefni í tengslum við 52. og 53. gr. þessa frv. þar sem vikið er að réttindum og skyldum nemenda. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir kom nokkuð að þessu atriði í sinni ræðu, en það varðar, ef kalla mætti það svo, málefni afburða nemenda. Í 53. gr. eru ítarleg og sjálfsögð ákvæði um hvernig bregðast skuli við þörfum nemenda með sérþarfir. Nemenda sem vegna erfiðleika í námi eða tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika hafa þörf fyrir sérkennslu. Öllum er ljóst að þessi þjónusta er nauðsynleg og sjálfsögð. Hins vegar finnst mér á það skorta að um það sé fjallað í þessu frv. að það þurfi líka að koma sérstaklega til móts við afburða nemendur, nemendur sem hafa meiri þroska en almennt gerist meðal jafnaldra þeirra. Ég bendi á að í könnun, sem Þórólfur Þórlindsson prófessor gerði fyrir þremur árum síðan á högum og viðhorfum grunnskólakennara, kemur fram að mikill meiri hluti kennara virðist telja að ekki sé nægilega vel gert við duglega nemendur eða eins og það er orðað: þeir telja að eins og skólastarfi sé háttað í dag sé afburða nemendum haldið niðri. Ég hefði talið eðlilegt að koma til móts við þennan hóp nemenda, t.d. með því að kveða á um það í þessum lögum að ef nemendur hafi náð afburða árangri í námi og hafi að dómi kennara eða skólastjóra meiri þroska en almennt gerist, þá eigi þeir þess kost eftir því sem við yrði komið að ljúka skyldunámi á skemmri tíma en tíu árum. E.t.v. mætti hugsa sér að koma til móts við þennan hóp með einhverjum öðrum hætti en mér finnst liggja beinast við að gera það með því að kveða á um að þeir eigi þess kost að ljúka skyldunáminu á skemmri tíma heldur en almennt gerist.

Nú er auðvitað ekki þar með sagt að allir afburða nemendur mundu kæra sig um það eða foreldrar þeirra, enda er eftir ýmsu fleiru að slægjast í grunnskólanum heldur en það sem skólabækurnar einar færa með sér. Það er félagslíf og það er samneyti við jafnaldra og þess vegna ekki víst að öllum nemendum sem hér er vikið að hentaði að stytta skyldunámið með þessum hætti þó að þeir gætu það. En eflaust hentaði það mörgum sem eru í þeim hópi sem ég er hér að tala um og mér finnst eðlilegt að það sé kveðið á um einhver úrræði eða möguleika fyrir þennan hóp barna.

Í IX. kafla frv. er fjallað um námsmat, sem svo er kallað, því að orðið próf virðist ekki lengur vera það sem menn vilja nota, enda eflaust hægt að meta árangur í námi með öðru en prófum. Hins vegar vildi ég nefna í því sambandi að í þeirri könnun sem ég áður gat um frá árinu 1988, sem prófessor Þórólfur Þórlindsson beitti sér fyrir, kemur fram að mikill meiri hluti kennara telur að nemendur ættu að flytjast milli bekkja í grunnskólum með því að taka próf. Það virðist vera útbreidd skoðun að kennarar væru í seinni tíð orðnir mótfallnir prófum, en samkvæmt þessari niðurstöðu er það röng kenning. En ég skal ekki segja hvort þær greinar, 62. og 63. gr. frv., sem fjalla um námsmat ættu að endurskoðast í ljósi þess. Ég er ekki alveg viss um það en vildi koma þessum upplýsingum hér á framfæri.

Ég vil svo hér í lokin, virðulegi forseti, rétt nefna það að í 72. gr. þessa frv. er kveðið á um einkaskóla. Þar segir í næstsíðustu málsgrein að einkaskólar eigi ekki kröfu til styrks af almannafé en í síðustu málsgrein segir að skólagjöld þeirra skuli háð samþykki menntmrn. Mér finnst vera í þessu fólgin mótsögn. Þó að um þessi ákvæði kunni að gilda eitthvað líkt í öðrum lögum, þá teldi ég nú eðlilegast að síðasta málsgrein, um að skólagjöld séu háð samþykki menntmrn., falli brott fari svo að þetta frv. fái hér einhvern áframhaldandi framgang í þinginu.

Ég skal ekki hafa um þetta mikið fleiri orð, virðulegi forseti. Ég hef komið nokkrum efnisathugasemdum á framfæri af minni hálfu við þetta frv. en stend að sjálfsögðu að þeirri tillögu sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og Sólveig Pétursdóttir hafa flutt um að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við sjálfstæðismenn teljum einsýnt að þetta frv. þurfi að undirbúa betur að ýmsu leyti og þá ekki bara vegna kostnaðarhliðar málsins, sem hér hefur verið mjög til umræðu og snertir auðvitað ekki bara ríkið heldur einnig sveitarfélögin í mjög miklum mæli, heldur líka vegna ýmissa annarra efnisatriða sem í þessu máli eru fólgin, þar á meðal þeirra sem ég hef hér verið að nefna.

Ég er að vísu ekki sérfræðingur í þessum málum en allir sem hafa átt börn í grunnskóla eða hugleitt þessi mál að einhverju marki, og það eru nú flestir þingmenn að sjálfsögðu, geta auðveldlega myndað sér skoðanir á frv. sem þessu. Ég hygg að það hafi komið hér fram af hálfu margra þingmanna veigamiklar athugasemdir við efni frv. þó að ýmis meginstefnumið séu sameiginleg þingmönnum öllum. Það er af þeirri ástæðu sem rétt er að vísa þessu máli aftur til ríkisstjórnarinnar í þeirri von og í trausti þess að um þetta

veigamikla grundvallarfrv. — þetta er grundvallarlöggjöf í skólamálum á Íslandi — geti náðst mikil og breið samstaða og jafnframt tryggt að fyrir þeim umbótum og framförum sem það felur í sér sé séð fjárhagslega þannig að öllum greiðendum, sem að því máli koma, sé ljós þeirra kostnaðarþáttur og hvernig að greiðslum og fjáröflun almennt skuli staðið.

Þetta vildi ég sagt hafa við 2. umr., virðulegi forseti.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín að taka aftur til máls í þessu máli en það er ekki nokkur möguleiki að sitja þegjandi undir ræðu á borð við ræðu þá sem hv. 12. þm. Reykv. flutti hér fyrr í dag. Og raunar þarf ég að gera athugasemdir við ýmislegt sem kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. fyrr í þessari umræðu.

Það er ekki svo að með því að gera athugasemdir við þetta merkilega frv. vilji sá sem hér stendur draga úr líkunum á því að það verði afgreitt hér á hv. þingi. Hins vegar tel ég alveg bráðnauðsynlegt að menn geri sér ljósa grein fyrir því í þessari umræðu hvað verið er að samþykkja, ekki fyrir hönd ríkisvaldsins eða ríkissjóðs heldur sveitarfélaganna í landinu. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að fólk og hv. þm. sem hér ræða þessi mál skuli ekki gera sér grein fyrir því að með samþykkt þessa frv. er verið að leggja stórfelldar álögur á sveitarfélögin.

Ég gat ekki skilið hæstv. menntmrh. öðruvísi en svo að þetta frv. væri ekki viðbót við þau framlög sem sveitarfélög væru með í skólamálum almennt. Ef ég hef skilið ræðu hans rétt, þá var ekki annað á honum að heyra en frv. mundi jafnvel hafa í för með sér lækkun á framlögum til skólamála. Hæstv. ráðherra getur auðvitað leiðrétt það ef þetta er ekki rétt eftir honum haft, en einfaldast er auðvitað að fara í ræðuskrif og kanna hvað hann hefur sagt berum orðum.

Ég hef borið það undir skólamenn í sveitarfélögum í tveimur kjördæmum á landinu, sem hafa kynnt sér þetta frv., hvað það hafi í för með sér í kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Þeir geta ekki svarað upp á krónu hver kostnaðaraukinn er. En þeir fullyrða að kostnaðaraukinn verði verulegur. Það er t.d. fullyrt við mig að kostnaðarauki vegna skólahalds á Selfossi skipti tugum milljóna. Ég vil að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu því að ég reikna ekki með því að þeir hv. þm. sem segja að þetta kosti ekki neitt þurfi að sjá fyrir þeim fjármunum sem þurfa að fara í þetta mál þegar upp er staðið. Það er nefnilega þannig að ábyrgðin á málinu gengur að stórum hluta yfir á sveitarfélögin. Ég vil í þessu sambandi minna á umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sem barst til hv. menntmn. þessarar deildar. Þar er tekið fram mjög skýrt að sambandið hefur áhyggjur af kostnaðaraukanum vegna frv. Það fer ekkert á milli mála í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga.

Mig langar, virðulegi forseti, að vitna í hluta af umsögninni, m.a. umsögn um I. kafla frv., markmið og skólaskylda. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í grg. með frv., 3. gr., er því haldið fram að allir skólar geti orðið einsetnir eftir tíu ár með svipuðu framkvæmdafé og lagt er fram á þessu ári. Þessi staðhæfing virðist því miður byggð á afar villandi forsendum, bæði hvað varðar stöðu mála nú og kostnað við skólabyggingar. Það er engum til góðs að setja slíkar fullyrðingar fram svo illa grundaðar."

Það má vel vera að þeir menn sem fara með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og stýra þeirri stofnun viti ekkert um þennan málaflokk. En ég er sannfærður um að þeir vita talsvert meira um þennan málaflokk heldur en margir hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunum um grunnskólafrv. Ég tek meira mark á þessum mönnum sem standa í blóðugu stríði ár eftir ár til þess að framfylgja þeim lögum og reglum sem gilda um skóla á Íslandi vegna þess að framkvæmdafé er af svo skornum skammti og þarf að fara í svo marga staði að það hlýtur að koma einhvers staðar niður.

Ég vil líka vitna í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um VII. kafla frv., um réttindi og skyldur nemenda. Þar segir, með leyfi forseta: „Ekki er gerð athugasemd við meginstefnuna sjálfa en kveða þarf mun nánar á um kostnaðarskiptingu vegna þessarar kennslu og semja um hana við sveitarfélögin. Ekki verður á það fallist að ráðuneytið færi með þessu ýmsan kostnað frá sérskólum yfir til almennu skólanna, þ.e. sveitarfélaganna, svo sem flutningskostnað, kostnað af sérstakri umönnun, sérstökum útbúnaði, tækjum og fleiru."

Það er auðvitað rétt að taka það fram að hv. menntmn. hefur gert ýmsar brtt. sem koma til móts við þær athugasemdir sem gerðar hafa verið, en ég get ekki greint það í brtt. að þær komi til móts við þær áhyggjur sem sveitarfélögin hafa sett fram vegna aukins kostnaðar sem þau verði fyrir þegar frv. verður að lögum.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki reyna á þolrifin í hv. þm., enda þessi umræða orðin mjög löng. En mér finnst það, og segi það sem mína skoðun, gersamlega óþolandi þegar það gerist æ ofan í æ, og ég hef sagt það áður, að stórir lagabálkar eru keyrðir í gegnum Alþingi án þess að það liggi fyrir hver áhrif þessi lög hafa á t.d. kostnað sveitarfélaganna vegna framkvæmdar laganna. Þetta gildir um fleiri lög sem hér hafa verið afgreidd. Ég vil vitna til þess enn á ný að um það eru ákvæði í Ólafslögum að kostnaðaráætlun skuli fylgja frv. af þessu tagi. Ég benti á það í fyrri ræðu minni að það fylgdi kostnaðaráætlun sem hagsýslan hefur gert, en hún nær eingöngu til kostnaðar ríkissjóðs af frv. og lögunum. Og það sem meira er. Hér hefur ekki verið um það rætt einu stöku orði hver sá kostnaður verður sem fylgir því að hafa skólamáltíðir.

Ég spyr nú hv. þingdeildarmenn: Væri það ekki vænlegra til árangurs í máli af þessu tagi að við vissum hvað við erum að samþykkja? Hvaða kostnaðarálögur við erum að samþykkja á sveitarfélögin? Því að það verður þeirra að afla fjármunanna sem þarf til þess að framfylgja þessum lögum. Og nógur er nú vandi þeirra samt, a.m.k. þeirra sveitarfélaga sem ég þekki til. Það er ekkert að marka Reykjavíkurborg sem veður fjármuni upp undir hendur og hefur nóg af peningum til allra hluta. En önnur sveitarfélög í landinu eiga

erfiðara uppdráttar heldur en Reykjavík. Það eru sveitarfélög sem geta ekki sinnt lögboðinni þjónustu við íbúa sína vegna peningaleysis. Og ég vil þá heyra það að ríkisvaldið sé tilbúið til að greiða fyrir þessum sveitarfélögum á einhvern hátt svo að þau geti framfylgt þeim lögum sem sett eru á Alþingi. Það gengur ekki að Alþingi Íslendinga geri það með lokuðum augum að samþykkja álögur á sveitarfélögin sem mörg hver geta ekki staðið undir þeim.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. geri okkur einhverja gleggri grein fyrir því áður en þessari umræðu lýkur hverjir verða kostnaðarliðir sveitarfélaganna í landinu vegna laganna. Það þýðir ekki að koma hér upp í ræðustól og fullyrða að kostnaðaraukinn verði enginn. Það stenst ekki. Ég mundi þá mælast til þess að það yrði leitað á nýjan leik umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga og fenginn útreikningur á kostnaðaraukanum. (Gripið fram í.) Má ég heyra aftur það sem hæstv. menntmrh. sagði? (**Menntmrh.:** Ég mun segja það í ræðustól.) Ég er nú svolítið undrandi á viðbrögðum hæstv. menntmrh. því að ég hygg að ég hafi raunar heyrt rétt það sem hann sagði. Ef hann telur að það sé verið að tefja mál þegar þingmenn gera grein fyrir áhyggjum sínum vegna laga sem eru að fara hér í gegnum þingið, áhyggjum vegna þeirra sveitarfélaga sem þeir að hluta til bera ábyrgð á, þá þykir mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Tel ég nú að aðrir hafi orðið til þess að tefja þetta mál meira en sá sem hér stendur.

Ég ítreka það enn og aftur að ég tel það alveg nauðsynlegt að hv. þm. fái að vita hvaða kostnaðarauka þeir eru að samþykkja á sveitarfélögin í landinu.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þau orð hv. þingkvenna Rannveigar Guðmundsdóttur og Sólveigar Pétursdóttur í þá veru að þær séu sammála þeim markmiðum grunnskólafrv., sem hér er til umræðu, um einsetinn lengdan skóladag og málsverð fyrir börn í hádeginu og jafnframt mótmæla að ég hafi misskilið orð Sólveigar Pétursdóttur og Pálma Jónssonar hér áðan. Ég hef enga ástæðu til að ætla að þær tölur sem hæstv. menntmrh. gefur upp varðandi kostnað sem hlýst af þessu frv. og sá kostnaður sem kemur fram í skýrslu Jóns Torfa Jónassonar séu óáreiðanlegri en þær kostnaðartölur sem fulltrúar Sjálfstfl. nefna. Eða að fullyrðingar Árna Gunnarssonar um þann óyfirstíganlega kostnað sem af þessu hlýst séu haldbærari heldur en rök menntmrh. og Jóns Torfa Jónassonar. Og ég vil benda Árna Gunnarssyni á að í skýrslu Jóns Torfa Jónassonar kemur fram hver kostnaður sveitarfélaganna er varðandi uppbyggingu á nýju skólahúsnæði.

Vissulega heyrði ég að Sólveig Pétursdóttir tók undir þessi almennu markmið í sinni ræðu. En fyrst hún taldi kostnaðinn svona óyfirstíganlegan tók ég hæfilega mikið mark á því.

Aðeins í lokin: Hvernig stendur á því að við höfum ekki efni á einsetnum skóla fyrir okkar börn eins og allar nágrannaþjóðir okkar? Fulltrúar Sjálfstfl. hafa nefnilega við ýmsa aðra þætti frv. að athuga sem er aðalástæðan fyrir því að þeir leggjast gegn því eins og smátt og smátt hefur verið að koma í ljós í þeirra ræðum. Eins og ég benti á í fyrri ræðu minni um þetta mál, þá tel ég ekki tryggt að sveitarfélögin byggi skólahúsnæði í samræmi við þá uppbyggingu sem hér er fyrirhuguð þrátt fyrir ákvæði 10. gr. Það er veikleiki frv. sem kemur til vegna verkskiptingarlaganna, nr. 87/1989. Því eru ekki lagðar óhóflegar skyldur á sveitarfélögin. Eða er það ekki skoðun Sjálfstfl. að ríkið eigi að hafa heildarstefnu um samræmdan lengdan skólatíma fyrir öll börn landsins þrátt fyrir núgildandi verkskiptingarlög? Vilja fulltrúar Sjálfstfl. kannski alfarið að skólastarfið í landinu verði mótað af einstökum sveitarfélögum með þeirri mismunun sem af því hlytist? Þetta hefur ekki fengist á hreint í þeirra löngu og efnismiklu ræðum. Sólveig amaðist út í þessa verkskiptingu. Hún biður um meiri valddreifingu og minni miðstýringu svo draga má þá ályktun að það sé draumafyrirkomulag Sjálfstfl.

Vissulega þarf að efla áhrif foreldra, sbr. t.d. ákvæði 17. gr. í frv. um að skipta stórum sveitarfélögum í skólahverfi. En að hörfa frá þeirri skipan að öll börn fái sama rétt til skólagöngu er hættuleg mismununarstefna. Ef Árni Gunnarsson vill samræmda skólastefnu af hálfu ríkisins er hann þá að segja að það geti ekki gerst nema ríkið kosti meiru til en núgildandi verkskiptingarlög gera ráð fyrir? Ég vildi gjarnan að hann svaraði því.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég held að það geti ekki verið mikill ágreiningur milli hv. þm. um það að stefnan um einsetinn skóla og skólamáltíðir er það sem verður að koma. Það er orðið breyting á okkar þjóðfélagi. Foreldrar barnanna þurfa bæði að vinna úti og það er eðlileg og sjálfsögð krafa að því verði komið þannig fyrir, eins og er í öðrum löndum, að börnin geti fengið hádegisverð í skólanum. En málið er kannski ekki svona einfalt. Ég er að einu leyti sammála hv. þm. Árna Gunnarssyni, að mörg sveitarfélög eru þannig í stakk búin að þau hafa ekki í dag fjármuni til þess að standa við þær skuldbindingar sem löggjafinn setur á þau og íbúarnir krefjast hvað snertir þjónustu. Aðeins eitt sveitarfélag hefur nóga peninga. Eitt sveitarfélag sem hefur um 30% meira að meðaltali en öll önnur á hvern íbúa og þarna verður bara að vera tilfærsla. Það er það sem þarf. Það er eina lausnin á þessu máli að þarna fari fram tilfærsla.

Menn eru að tala um jafnrétti. Menn eru að tala um réttlæti. Hvar er þetta réttlæti? Hvar sést það? Það er réttlæti að börn búi við sömu aðstöðu hvar sem þau búa. Ef við erum sammála því, þá verður bara að gera ráðstafanir til þess að framkvæma það því að við höfum ekki ráð á öðru. Það er málið. Við höfum bara ekki ráð á öðru.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið hér fram um málefni grunnskólans. Ég kýs að líta þannig á að í umræðunum hljóti að hafa kom-

ið fram fyrst og fremst velvilji í garð grunnskólans og þróunar hans. Ef menn leggja á það áherslu að við eigum góðan grunnskóla og ég hlýt að láta það koma fram hér sem mína skoðun að ég tel reyndar að grunnskóli hér á landi sé að mörgu leyti mjög vanbúinn miðað við það sem gerist í grannlöndum okkar. Ég tel að sú staðreynd að við erum með skemmri skóladag hjá yngstu börnunum heldur en gerist í grannlöndum okkar og að mörgu leyti minni umræðu og minni átök um innra starf skólans og gæði skólastarfsins eins og það fer fram á hverjum tíma hér á landi sé að sumu leyti til marks um það að við þurfum að standa okkur mikið betur.

Hvað eru grunnskólalög? Grunnskólalög eru lög um lágmarksréttindi barna til fræðslu á tilteknu aldursskeiði. Það eru grunnskólalög númer eitt. Í öðru lagi eru grunnskólalög lagabálkur sem fjallar um það hvernig á sem best að tryggja þessi lágmarksréttindi barna. Þess vegna segjum við: Öll börn, hvar sem er á landinu, eiga að hafa þessi lágmarksréttindi. Við segjum ekki að börn í Arnarneshreppi eða Fellsstrandarhreppi eigi að hafa lakari réttindi til grunnskólagöngu en börn í Reykjavík þó að tvö fyrrnefndu sveitarfélögin séu fátæk en það síðastnefnda ríkt. Þetta þýðir það, virðulegi forseti, að ákvæði grunnskólalaga koma auðvitað með misjöfnum hætti við sveitarfélögin í landinu. Sum sveitarfélögin eru veik, önnur eru sterk. Og hvert er þá okkar svar við þessum vanda? Við segjum: Börnin eiga alls staðar að hafa sama rétt, hvar sem þau búa á landinu. En við segjum líka: Við grípum til sérstakra ráðstafana til þess að styrkja og standa við bakið á hinum fátækari sveitarfélögum. Hvernig gerum við það? Það gerum við með lögum um tekjustofna sveitarfélaga, með lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Og á síðasta ári, fyrsta ári hinnar nýju verkaskiptingar, veitti Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 177 millj. kr. í þessu skyni til þess að byggja grunnskóla, ekki reka, heldur til að byggja grunnskóla upp á 177 millj. kr. og á þessu ári sjálfsagt eitthvað á þriðja hundrað millj. kr.

Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt, m.a. af hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur og fleirum, að verkaskiptalögin eins og þau voru orka tvímælis frá sjónarmiði þeirrar almennu menntamálastefnu sem gildir og á að gilda í landinu. Það lét ég t.d. koma fram mjög rækilega við meðferð verkaskiptalagafrv. í Ed. á sínum tíma að ég teldi ákvæði þess, t.d. um tónlistarfræðslu og um leikskóla, afar hæpin vegna þess að hin litlu sveitarfélög eiga mjög erfitt með að standa undir þeim kröfum sem gera verður, t.d. til sæmilegra tónlistarskóla, þó að þau hafi gert það myndarlega um langt skeið af því að ríkið lagði þar peninga á móti, en eftir að ríkið hætti því er auðvitað hætt við að þar fari hlutirnir lakar en ella mundi vera.

Varðandi það meginumræðuefni sem menn hafa talað sig heita um hér í dag, þ.e. það að hér sé verið að leggja nýjar álögur á sveitarfélögin, þá vil ég segja þetta: Í frv. eins og það kom frá ríkisstjórninni eru engar sjálfkrafa nýjar álögur á sveitarfélögin. Ég segi sjálfkrafa. Engar sjálfkrafa álögur á sveitarfélögin. Hvorki hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir né heldur Samband ísl. sveitarfélaga hafa heldur getað bent á það, en menn segja: Ef það á að ná markmiðum þeim sem hér er gert ráð fyrir, þá kostar það fjármagnsútgjöld fyrir sveitarfélögin en það er talað um að það geti gerst á fimm til tíu árum en hverju sveitarfélagi er í raun og veru í sjálfsvald sett hversu hratt það fer í þessu efni. Það er auðvitað hugsanlegt, segjum fyrir sveitarfélag eins og Reykjavík, að ákveða að það sé í lagi að vera hérna með 1200–1300 barna skóla og það er ljóst að það er ódýrara að hafa það þannig að því er varðar fjárfestingarkostnað, heldur en að segja: Ja, við skulum vera hérna með mest 450 eða 650 barna skóla.

En sveitarfélögin eru einfaldlega í þessu efni sjálfstæð stjórnvöld. Þá geta menn sagt sem svo: Ef ríkið fer fram úr sveitarfélögunum við framkvæmd laganna? — Getur ríkið farið fram úr sveitarfélögunum við framkvæmd laganna? Svarið er já, það getur ríkið gert. Hvernig? Með því að auka kennslutímaframboð á viku umfram húsnæðisgetu sveitarfélaganna. Það er ljóst að það gæti valdið sveitarfélögum erfiðleikum, en ég segi þá aftur, virðulegi forseti: Hvar eru þau sveitarfélög sem þá mundi aðallega þrengja að? Því miður eru það aðallega þéttbýlissveitarfélögin vegna þess að úti á landi er það þannig að þar hefur börnum mjög víða fækkað í skólunum. Nýir skólar standa þar í raun og veru lítið notaðir, mjög lítið notaðir sums staðar, og við höfum orðið að leggja niður skóla. Nýlega t.d. einn skóla á Norðurlandi eystra, þar áður einn skóla í Vopnafirði og ég gæti nefnt dæmi um marga skóla á Suðurlandi þar sem sá veruleiki blasir við að nýtt skólahúsnæði nýtist ekki eins og menn gerðu ráð fyrir í upphafi af því að fólkið hefur farið hingað. Mér er því alveg ljóst að vandinn sem kann að stafa af því ef ríkið með ákvörðun á fjárlögum fer fram úr sveitarfélögunum mun fyrst og fremst birtast hér af því að hingað hefur fólkið komið í þetta byggðarlag sem telur núna um 95 þús. manns.

Þannig að ég endurtek það sem ég sagði áðan og sagði hér um daginn: Eins og frv. kom frá okkur þá voru það fyrirmæli mín til embættismannanna í ráðuneytinu sem unnu þetta, góðra einstaklinga sem þekkja þessi mál mjög vel: Við þræðum nákvæmlega verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eins og hún var ákveðin með lögunum.

Hér í meðferð málsins á Alþingi hefur hins vegar orðið sú breyting að menn gera tillögu um að stefnt skuli að skólamáltíðum. Þar er í raun og veru eina ákvæðið þar sem má segja að það sé gengið býsna nærri þeirri verkaskiptingu sem ákveðin var með lögum á milli ríkis og sveitarfélaga vorið 1989.

En hvað kostar frv. sem slíkt? Í ræðu minni við 1. umr. þessa máls og 2. umr. líka fór ég yfir það alveg í smáatriðum. Það sem segir þar, með leyfi forseta, er þetta:

1. Kostnaður vegna 10 ára skólaskyldu, sem er þegar komin inn í fjárlög þessa árs, sem felur í sér að forskóli yrði reiknaður með sama hætti og aðrar bekkjardeildir, er að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar — þessi kostnaður bara við 6 ára börnin — 60 millj. á ári

á verðlagi síðasta árs og þessi kostnaður er þegar í fjárlögum og lögum landsins.

2. Kostnaður vegna fjölgunar bekkjardeilda — ég bið menn að taka eftir — í 1.–3. bekk, af því að þar er fækkað aðeins í bekk frá því sem verið hefur, er talinn 70 millj. kr. á ári á verðlagi ársins 1990. Bekkjardeildum fjölgar vegna þess ákvæðis í frv. að hámarksfjöldi nemenda í hverri deild í 1.–3. bekk lækkar úr 30 í 22 nemendur og það hefur eingöngu áhrif í stærstu sveitarfélögunum. Það eru engin dæmi til um það í minni sveitarfélögunum að þar séu 30 barna bekkjardeildir. Sem betur fer. Það má skjóta því hér inn í að í fjárlögum ársins 1991 er ákvæði sem skapar möguleika til þess að við munum við upphaf skólaárs 1991–1992 setja þetta hámark niður strax úr 30 niður í 28. Þannig að það er þegar búið að taka inn í fjárlög ríkisins hluta af þessum kostnaði sem hér er um að ræða sem var 70 millj. kr. á verðlagi síðasta árs og þá erum við komin upp í 130 millj. kr. á verðlagi síðasta árs.

3. Stöður námsráðgjafa sem eru í þessu frv. og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir spurði um. Hvað kostar það? Í útreikningi Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem ég gerði grein fyrir hér 27. nóv. sl., er miðað við einn námsráðgjafa á hverja 650 nemendur. Með því móti er talið að stöðugildi verði samtals 60, það verði samtals 60 námsráðgjafar í öllum grunnskólunum í landinu en starfsmenn þar skipta nú mörgum þúsundum eins og menn vita. Það er talað um 60 námsráðgjafa og kostnaður við stöður þeirra á verðlagi síðasta árs er 75 millj. kr. þannig að samtals erum við þá komin hér upp í 205 millj. kr. En ég segi líka: Hluti af þessum kostnaði við námsráðgjafana er í fjárlögum þessa árs. Hluti af þessum stöðum er í fjárlögum þessa árs því að þar er gert ráð fyrir því að ráða námsráðgjafa við grunnskólana í fyrsta sinn. Menn hafa kannski ekki tekið eftir því en öll þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru ýmist að öllu leyti eða að hluta þegar komin til framkvæmda.

Síðan segir í áliti Fjárlaga- og hagsýslustofnunar: „Aðrir smærri kostnaðarliðir, svo sem rýmkun kennsluafsláttar, níu mánaða starfstími alls staðar, rekstur sumarskóla, aukin skólaþróun og fleira, eins og kostnaður við skólanefndir, kostnaður við grunnskólaráð o.s.frv. er talinn vera á verðlagi síðasta árs 260 millj. kr. Aðrir liðir 50–55 millj. kr., heildarkostnaður 260 millj. kr."

Ég ætla auðvitað ekki að fara hér að elta ólar við útúrsnúninga eins og þá sem hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði tilraun til að hafa uppi hér í frammíkalli sem var svona: Síðustu ár, 1980–1989, hefur raunkostnaður grunnskólanna aukist á ári um 4,3% að meðaltali. Samkvæmt þessu frv., ef það verður allt framkvæmt á þessu tíu ára bili, eru menn að tala um raunaukningu upp á 1,8% á ári og þingmaðurinn kallaði fram í og spurði: Eruð þið að lækka kostnaðinn?

Það sem ég var að segja og sagði fullum fetum var það að aukningin gengur hægar fyrir sig samkvæmt þessu frv., helmingi hægar en hún hefur gert á árabilinu 1980–1989 og það er m.a. af þeim ástæðum sem t.d. hv. þm. Kvennalistans hafa gagnrýnt þetta frv. vegna þess að það sé of metnaðarlítið eins og það er.

Það er niðurstaða Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að frv. eins og það var áður en 10. bekkurinn var samþykktur fæli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð upp á 1–1,8% á ári í fimm ár eða samtals 6–7% yfir allt tímabilið. Hvað er það mikil upphæð, 6–7% yfir allt tímabilið? Menn spyrja og spyrja en hafa þó fjárlögin væntanlega á borðinu fyrir framan sig, 7% af 4,5 milljörðum, eða segjum 5, eru væntanlega 350 millj. kr., sem menn eru að tala um að falli á ríkissjóð á fimm ára tímabili. Og af þeirri tölu eru þegar komnar inn í fjárlögin væntanlega um 150 millj. kr. Þannig að það er þegar búið að framkvæma hluta af því sem mönnum vex svo í augum að bæta við barnaskólana í landinu.

Síðan kem ég að því, virðulegi forseti, og mér þætti vænt um ef hæstv. forseti deildarinnar væri hér sýnilegur á meðan ég les þetta upp hér á eftir. Síðan kemur að því hver er viðbótin? Er einhver feiknarleg viðbót í þessu? Eru menn að bæta hér einhverju við byrðarnar á sveitarfélögin í uppbyggingu skóla, eins og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir velti sér upp úr hér í hverri ræðunni á fætur annarri. Að hér sé verið að bæta einhverju feikilegu við? Hver er staðan í þeim efnum? Samkvæmt greinargerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem ég las hér upp 27. nóv. sl. og allir þingmenn hefðu getað séð ef þeir hefðu viljað, lesið í þingtíðindum eða hlýtt á, en það vill nú þannig til að þegar 1. umr. fór fram þá vorum við fjögur hér í þessum sal, ég og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir og hæstv. forseti deildarinnar, en í þingtíðindum kemur þetta fram í dálki 1351–1352. Hvað kemur fram þar? Þetta: „Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur áætlað að stofnkostnaður sveitarfélaga vegna einsetningar og hámarksfjölda nemenda í hverjum skóla geti numið á tíu ára tímabili 2–3 milljörðum króna. Það felur í sér skuldbindingar á hendur sveitarfélögum um að verja 250–300 millj. kr. árlega á *næstu tíu árum til byggingar grunnskóla.*" — Þetta er á verðlagi ársins 1990. Síðan segir orðrétt: „Þetta er lægri upphæð [segir Fjárlaga- og hagsýslustofnun] en ríkissjóður lagði fram á hverju ári til byggingar grunnskóla allt til ársins 1989." — Þetta er lægri upphæð. — „Frá ársbyrjun 1990 yfirtóku sveitarfélög" — segir síðan Fjárlaga- og hagsýslustofnun orðrétt, ég vil endurtaka þetta, herra forseti. Ég lagði fyrir Fjárlaga- og hagsýslustofnun þessa spurningu: Hver er kostnaðaraukinn fyrir sveitarfélögin? Ég las það svar upp hér 27. nóv. sl. og það birtist í þingtíðindum í dálki 1352. Fjárlaga- og hagsýslustofnun segir orðrétt: „Þetta er lægri upphæð en ríkissjóður lagði fram á hverju ári til byggingar grunnskóla allt til ársins 1989. Frá ársbyrjun 1990 yfirtóku sveitarfélögin alfarið byggingu grunnskóla með lögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það virðist því ljóst að sveitarfélögin þurfa ekki að veita meira fjármagni til byggingar grunnskóla en ráðgert hafði verið samkvæmt áætlunum [þeirra sjálfra] um kostnaðarskiptingu vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga." — Þetta er orðrétt upp úr skjali Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Til að menn fái svo þessa tölu aftur frá sveitarfé-

lögunum þá skulum við rifja það upp hvað sveitarfélögin sjálf sögðu þegar verkaskiptingin var til umræðu á sínum tíma. Þá sögðu þau að þau reiknuðu með þessum upphæðum frá sér til skólauppbyggingar, eða 300 millj. kr. á ári á verðlagi ársins 1989. Það er því alveg augljóst mál að hér er ekki verið að íþyngja sveitarfélögunum í heild, þó svo að það sé rétt sem hér hefur verið sagt, m.a. af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að sveitarfélögin eru auðvitað misjafnlega á vegi stödd í þessu efni. Sum eru fátæk, önnur rík, eins og gengur, og til þess er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að jafna þar nokkuð út.

Ég vil þess vegna vísa því á bug að frv. sé sjálfkrafa að leggja viðbótarkvaðir á sveitarfélögin við uppbyggingu grunnskóla frá því sem ella hefði verið. Ég tel mig hafa sýnt fram á það með tilvitnun í greinargerðir Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, bæði nú og við 1. umr. málsins.

Svo er eitt sem mér finnst að hv. þm. geri sér ekki alveg grein fyrir og það er það að við höfum verið að bæta við grunnskólann, bæði í ár og á síðasta ári, verulegum upphæðum. Á síðasta ári bættust við grunnskólann að raunvirði tölur sem eru á bilinu 2–3% í raun, þ.e. mun meira en 1,8%. Sennilega er aukningin á síðasta ári milli 2 og 3% í raun og það stafar af því að það voru teknir inn nýir liðir eins og árganga- og fagstjórn í skólunum sem kostar milli 70 og 80 millj. kr. og eru tvær nemendastundir á hvern nemanda í grunnskólum landsins sem eru samtals um 42 þúsund.

Í öðru lagi stafar það af því að við tókum inn Þróunarsjóð grunnskóla sem er þegar til. Hann var núll þegar við tókum við ráðuneytinu 1988. Honum var komið í framkvæmd þá strax og núna þessa dagana er einmitt verið að úthluta úr Þróunarsjóði grunnskóla fyrir árið 1991 til margra tuga skóla, til margra tuga verkefna. Það er sjóður sem er með í ár á milli 9 og 10 millj. kr.

Enn fremur er það náttúrlega ljóst að við höfum lengt skóladaginn, gerðum það sl. haust, um tvo tíma í yngstu bekkjunum. Sá kostnaður er allur inni í fjárlögum þessa árs og er upp á u.þ.b. 100 millj. kr., þannig að aukningin í ár frá síðasta ári er á bilinu 3–4% vegna lengingar skóladags yngstu barnanna. Og við munum halda áfram og stíga annað skref í þessu efni í haust samkvæmt fjárlögum ársins 1991 með því að lengja skóladag yngstu barnanna enn, með því að fjölga skiptistundum til þess að styrkja verk- og listgreinar alveg sérstaklega og líka með því að lækka hámarkið í bekk úr 30 í 28 þannig að verulegur hluti af þeim kostnaði sem menn eru að fjargviðrast yfir hér er þegar í fjárlögum.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi svarað þessum kostnaðarathugasemdum nokkuð rækilega. Ég vil segja það samt sem áður, virðulegi forseti, áður en lengra er haldið og ég kem hér að einstökum atriðum — af því að ég heyri að það er mikill áhugi á grunnskólanum hér og ég ætla þess vegna að tala rækilega um grunnskólann, ég veit að menn vilja það gjarnan, að hafa ítarlegar og vandaðar umræður um grunnskólann. Þannig á þetta að vera, gott þing, góður grunnskóli. — Auðvitað er það þannig að sveitarfélögin eru mjög misjafnlega á vegi stödd. Við skulum t.d. taka sveitarfélag eins og það sem hv. þm. Árni Gunnarsson nefnir, Selfoss, og það er reyndar sveitarfélag sem ég þekki ákaflega vel. Það er alveg ljóst að þar hefur verið að fjölga mjög á undanförnum árum. Þar hefur það verið þannig að það er mikið af ungu fólki, það er mikil þörf fyrir grunnskóla og skólahúsnæði yfirleitt þannig að þessi sveitarfélög eiga í vanda rétt eins og sveitarfélögin sem eru að taka við hinni miklu byggðaröskun. Spurningin er auðvitað sú: Er þetta dæmi óframkvæmanlegt öðruvísi en að ríkið komi aftur og í auknum mæli inn í uppbyggingu þessara skóla? Ég er ekki að leggja það til, virðulegi forseti, en ég er að nefna það og ég segi: Þó að Reykjavík sé ríkt sveitarfélag, þá er það eftir sem áður staðreynd að það eru verulegir fjármunir sem eru lagðir í grunnskóla í Reykjavík á þessu ári eða 609 millj. kr. Samt sem áður er það ekki nærri, nærri nóg. Reykjavík þyrfti að leggja í grunnskóla gífurlega fjármuni og miðað við þróunina eins og hún hefur verið á undanförnum árum, þá hafa menn varla haft við, því að aðstreymið er svo mikið hér í þetta byggðarlag.

Kjósendafjöldi á síðustu 12 árum í Reykjavík hefur aukist úr um 40 þúsund manns í um 72 þúsund manns á örstuttum tíma þannig að hér er í raun og veru um að ræða sprengingu sem hefur verið mjög erfitt fyrir sveitarfélagið Reykjavík að ráða við. Hvað svo sem menn segja um forgangsröð borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík að öðru leyti, þá er þetta alveg augljóst mál.

Margar þær athugasemdir sem hér hafa komið fram eru að mínu mati fullkomlega réttmætar og umhugsunarverðar. Ég held þó að í frv. reyni menn að þræða nokkuð einstigið til þess að frv. geti verið sæmilegur samnefnari fyrir — mér liggur við að segja þjóðina því að skólamálalög þurfa að vera góður samnefnari. Skólamálalög mega ekki vera á ýtrustu köntum, hvorki á því sviði sem við höfum aðallega rætt hér og snertir sveitarfélögin né á öðrum sviðum. Grunnskólalög eru náttúrlega fyrst og fremst lög til að tryggja lágmarksrétt barnanna i landinu. Í öðru lagi eru þau um það hvernig ríkið á að uppfylla þetta fyrir sitt leyti. Í þriðja lagi eru þau um það hvernig sveitarfélögin koma að þessu, en við getum í raun og veru ekki lagt neinar kvaðir á sveitarfélögin af því að um þau efni gildir sérstakur samningur milli ríkisins og sveitarfélaganna. En í fjórða lagi eru grunnskólalög náttúrlega líka lög um fólkið sem vinnur í grunnskólunum og starfsskilyrði þess, þ.e. kennaranna, og inni í grunnskólalögunum eru fjölmörg ákvæði sem í raun og veru taka mið af þeim kjörum eða þeim aðstæðum sem kennarar hafa samið um. Í því sambandi vil ég t.d. nefna ákvæðið um jóla- og páskaleyfi sem hv. þm. Geir Haarde nefndi hér áðan. Þetta er ákvæði sem kennarasamtökin hafa lagt mjög mikla áherslu á að haldi sér, þetta er ekki nýtt, að haldi sér frá því sem verið hefur.

Þá kem ég að öðru. Um leið og við sýnum auðvitað sveitarfélögunum ýtrustu tillitssemi, þá hljótum við líka að sýna kennurunum tillitssemi og kjarasamningum þeirra og lögvörðum réttindum þeirra. Það hljót-

um við að gera og það hlýtur að vera vinnuregla þeirra sem vilja ná einhverju fram að þeir átti sig á því hvaða aðilar það eru sem helst þurfa um málin að véla og í þessu tilviki eru það kennararnir.

Eitt atriði t.d. hefur verið nefnt hér sem ég tel hins vegar að eigi ekkert heima í lögum heldur frekar í anda laga og það er ákvæði eða hugmyndir um það hvernig eigi að koma til móts við duglega nemendur. Ég tel að þetta sé dæmigert atriði fyrir skólann að fást við, skólann sem slíkan, fræðsluumdæmin sem slík og það eigi ekki að vera lagaefni. Það sama er t.d. að segja um það hvort eigi að taka það fram í lögum um grunnskóla að hve miklu leyti skal kenna Íslandssögu og að hve miklu leyti íþróttir og að hve miklu leyti heimilisfræði. Það gera lög að sjálfsögðu. Hins vegar byggjum við á lögunum aðalnámsskrá grunnskóla og á aðalnámsskrá grunnskóla byggjum við síðan viðmiðunarstundaskrá og þar verðum við að reyna að þræða bil beggja þar sem er annars vegar réttur barnanna til heiðarlegrar og vandaðrar þjónustu og hins vegar sjálfstæði skólanna. Og það getur verið býsna flókið að þræða þetta bil.

Á fundi menntamálaráðherra OECD-ríkjanna sem var haldinn í París sl. haust, þar sem voru menntamálaráðherrar frá öllum OECD-ríkjunum, var mjög fróðlegt að heyra þá umræðu sem þar fór fram, þar sem allir viðurkenna að það beri að stuðla að sem mestu sjálfstæði skólanna. En menn segja um leið: Það verður jafnframt að tryggja jafnrétti og rétt barnanna til náms.

Þetta er sérstaklega snúið t.d. hér á landi þar sem byggðarlögin eru misjöfn. Og hvað eru margir grunnskólar á Íslandi? Þeir eru 214. Það eru 214 grunnskólar á Íslandi. Í 75 skólanna eru nemendur færri en 50. Í 35 skólum eru nemendur 51–100. Í 70 skólum eru nemendur frá 100–400. Í 30 skólum eru nemendur 400–650. Í átta skólum eru þeir 650–1000 og í tveimur grunnskólum eru talsvert yfir 1000 nemendur. Fyrir utan það hvað skólarnir eru mismunandi að fjölda til, þá eru þeir mismunandi af öðrum ástæðum líka, sumir í þéttbýli og aðrir í dreifbýli. Það eru 28 heimavistarskólar í landinu þannig að það er auðvitað algjörlega útilokað að búa til eitthvað sem heitir reglustika fyrir alla skólana í landinu og það viljum við ekki gera. Þess vegna losum við um þessa hluti verulega frá því sem var. Hins vegar er það ljóst að ýmsir þeir aðilar sem við þurfum að fjalla um þessi mál við vilja gjarnan hafa þá bundna og ég held að það sé óskynsamlegt að vaða fram úr þeim aðilum, hvort sem það eru sveitarfélögin eða kennarasamtökin, sem þarna þurfa um að véla. Við þurfum að reyna að finna góðan samnefnara og ég tel að eftir atvikum sé það þokkalegt í þessu frv.

Mjög margt af því sem hér hefur verið gagnrýnt, bæði af hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur og fleirum, er í gildandi lögum. Það má auðvitað segja að það hefði verið rétt að fella það út. En t.d. ákvæðin um einkaskóla, sem hv. þm. Geir Haarde nefndi og ég hygg bæði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, þau ákvæði eru algjörlega óbreytt frá gildandi lögum. Þau eru upp úr skólakostnaðarlögunum. Það er ekki nóg fyrir menn að lesa grunnskólalögin heldur þurfa menn að lesa skólakostnaðarlögin til að átta sig á því að ákvæðin í þeim efnum eru algjörlega óbreytt, algerlega óbreytt einkaskólaákvæðin frá skólakostnaðarlögunum.

Auðvitað má segja að sumt af þessu sé þannig að því hefði mátt breyta og eitt af því t.d. sem ég hef velt talsvert mikið fyrir mér eru einkaskólar. Eigum við að banna einkaskóla eða eigum við alltaf að leyfa einkaskóla þegar sótt er um þá? Ég tel að hvort tveggja sjónarmiðið sé jafnvitlaust, bæði það að segja: Einkaskólar eru alltaf bannaðir hvað sem tautar og raular og líka hitt sjónarmiðið: Einkaskólar eru alltaf leyfðir hvað sem tautar og raular. Vandinn við umræður um einkaskólana hefur hins vegar verið sá að menn hafa ekki náð sér niður á einhverja hófstillta samstöðu um það hvernig á að taka á þessum málum, m.a. hvernig á að taka á því hvaða kröfur á að gera í þessum efnum o.s.frv. Því miður hefur umræðan um þessi mál oft og tíðum verið býsna öfgafull að mínu mati og ég treysti mér ekki til þess þegar við vorum að vinna þetta grunnskólafrv. að fara inn í þá umræðu með nægilega myndugum hætti því að ég óttaðist hreint út sagt að hvað svo sem við legðum til, sem kannski viki örlítið frá því sem hefur verið í gildandi lögum, mundi þegar vekja upp þannig umræðu að það yrði málinu í heild ekki til framdráttar.

Ég þykist, virðulegi forseti, hafa svarað hér ýmsum af þeim spurningum sem komið hafa fram. Ég þakka fyrir umræðurnar, þær hafa verið gagnlegar, bæði fyrir mig og ég vona að það eigi einnig við um aðra þingmenn sem hér hafa verið. Ég tel mig hafa svarað því mjög rækilega og nákvæmlega sem um er að ræða að því er varðar kostnaðaraukann en ég ætla að endurtaka það samt einu sinni enn til þess að þar fari ekkert á milli mála að samkvæmt mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar virðist ljóst, orðrétt, að „sveitarfélögin þurfa ekki að veita meira fjármagni til byggingar grunnskóla en ráðgert hafði verið samkvæmt áætlunum um kostnaðarskiptingu vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga."

Svo mörg voru þau orð og með þeim læt ég máli mínu lokið að sinni.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrst greina frá því að ég kveð mér hljóðs aðallega vegna orða hv. 12. þm. Reykv. Þau ollu mér satt að segja miklum vonbrigðum af þremur ástæðum, þar sem fram komu rangar forsendur. Ég vona að þetta séu ekki forsendur Kvennalistans sem hv. þm. Kvennalistans er svo tíðrætt um, „þeirra eigin forsendur". Ef þær eru svona þá er nú ekki von að fylgi Kvennalistans vaxi hröðum skrefum þessa dagana. Hv. þm. lét það fram koma í ræðu sinni í fyrsta lagi að þingmenn Sjálfstfl. legðust gegn þessu frv. Þetta er rangt. Ég hygg að við höfum öll tekið fram að nokkur meginatriði í þessu frv. séu fyllilega í samræmi við okkar stefnu og raunar sams konar og í frumvörpum sem við sjálf höfum flutt hér á þinginu. Við höfum hins vegar lagt til að þetta mál sé athugað bet-

ur til þess að tryggja framkvæmd þess. Hitt er annað mál að einstakar afmarkaðar greinar í þessu frv. eru óðruvísi en við hefðum viljað. En það þýðir ekki það sama og að leggjast gegn frv. Þetta var það fyrsta sem rangt var.

Í öðru lagi kom það fram í fyrri ræðu hv. þm. hér í dag að hún teldi það almenna ávirðingu Sjálfstfl. og að ég held hæstv. forseta þessarar deildar að við álitum alla hluti of dýra þegar kæmi að skólamálum. Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að við teldum frv. of dýrt. Þetta er rangt. Við höfum ekki sagt að það sé of dýrt. Við höfum sagt að það sé ekki fyrir því séð hvernig á að framkvæma það og hvenær, hvernig áföngum verði skipt.

Þegar við sjálf fluttum frv. um þetta efni, þá hefur það áreiðanlega kostað a.m.k. jafnmikið og þetta frv. þegar á allt var litið, en með því fylgdi allnákvæm áætlun um áfangaskiptingu og hvað skyldi gerast í hverjum áfanga. Við teljum eins og nú er komið málum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga það vera jafnréttisatriði, bæði fyrir börnin og fyrir þá sem hafa skyldum að gegna samkvæmt þessum lögum að eitthvert samkomulag liggi fyrir og einhver fyrirgreiðsla við þau sveitarfélög sem þyngsta bera baggana út af framkvæmd þessa máls. Allir vilja geta leyst þetta. Sumir geta það ekki. Og þess vegna er það enn eitt atriði, þriðja atriðið sem fram kom í máli hv. þm., að í viðhorfi okkar sem teldum að það skipti máli að það lægi fyrir hvernig sveitarfélögin ættu að greiða þann kostnað sem hlytist af því að framkvæma þetta annars ágæta frv., fælist í raun og veru hætta á að stuðlað væri að misrétti nemenda, við vildum ýta undir mismunun og rekin væri stefna sem byggðist á því að gert væri ráð fyrir misrétti nemenda.

Ég vil vísa þessu á bug og get nú ekki tekið við ásökunum af þessu tagi. Ég bið hv. þm. að lesa 1. gr. þessa frv. sem hv. þm. telur á allan hátt ágætt vera hvort sem það kostar eitthvað eða ekki. Það er yfirleitt ekki áhyggjuefni hv. þm. Kvennalistans þegar um er að ræða mál sem fela í sér fagrar yfirlýsingar þó að það sé ljóst og liggi fyrir að ekki ein einasta króna fylgi frv. Ég vil ekki fara út í það að ræða einstök önnur mál en við höfum rétt nýlega afgreitt hér úr deildinni mál af því tagi. Í þessu máli liggur það fyrir að það er ekki nægilega skýr áætlun og þar liggur ekkert fyrir um sérstakt samkomulag við sveitarfélögin um þetta efni. En allt að einu gerist það hvað eftir annað að hv. þm. Kvennalistans haga sér ekki í samræmi við hugarfar hinnar hagsýnu húsmóður sem skilur það að peningar vaxa ekki á trjágreinum, heldur telja þær sjálfsagt að ýta áfram lagafrv. sem fela í raun og veru í sér blekkingu. Þegar um er að ræða lagafrv. sem kosta milljarða en ekkert liggur fyrir um það hvernig og hvenær á að borga þá milljarða, þá er verið að byggja upp blekkingar. Það er verið að setja upp pótemkintjöld sem eiga að vera tilbúin fyrir kosningar.

Ég skil ekki af hverju hv. 12. þm. Reykv. einbeitti sér svo að því að hlaða einhverjum ásökunum nánast á sjálfstæðismenn að þessu leyti til. Ég veit ekki betur en að Sjálfstfl. hafi barist fyrir þeim málum sem þetta frv. á fyrst og fremst að fjalla um, en það má vera að hv. þm. geri þetta kannski af einhverjum gömlum vana að telja Sjálfstfl. sinn höfuðandstæðing og svo hljóti að vera í þessu máli sem öðrum. Það er auðvitað hennar mál. En þrjú meginatriði í máli hennar voru alfarið röng og eftir að hv. þm. var bent á það steig hún hér í ræðustól og endurtók þær hinar sömu fullyrðingar sem allar voru rangar.

Þetta gat ég ekki látið hjá líða að segja því mér leiðist það þegar fólk sem er skynsamt og vel að sér og að því er ég tel velviljað, lætur annað eins frá sér fara og engin ástæða til þess að taka því þegjandi.

Hitt þykir mér langtum skynsamlegra ef við raunverulega viljum bæta réttarstöðu barna í þessu landi, auka réttindi þeirra til sem allra bestrar skólaþjónustu og jafnrétti heimila um land allt, þá er það auðvitað miklu nær því að bera einhvern árangur að gera kröfu um það að fyrir liggi áætlanir um hvernig og hvenær framkvæma beri málið. En hæstv. ráðherra kemur og segir: „Af þessu þurfið þið ekki að hafa áhyggjur, hverju sveitarfélagi er þetta í sjálfsvald sett.“ Ég spyr: Til hvers eru þá lögin? Til hvers er verið að samþykkja þetta frv. ef svo er bara rétt sama hvað gerist í raun, ef sveitarfélögin geta bara alveg ráðið því hvenær þau framkvæma þetta? Er þá ekki verið að fella skyldu á neinn með þessu frv.? Hvaða yfirlýsingaskrá er þá þetta frv.? Hæstv. ráðherra sagði að það væri mannréttindaskrá barnanna. Það eru til ýmsar mannréttindaskrár barna í veröldinni, bæði sem við erum aðilar að og hafa tekið gildi hér á landi, sem ekki hefur verið kannski nægilega sinnt. Og ef við viljum sinna þessu almennilega þá ættum við að sjá til þess að það væri hægt að greiða það fé sem þarf til að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í þessu frv., annars kemur sú réttindaskrá fyrir lítið. Og það er eitt höfuðeinkenni á lögum á Íslandi — það er nefnilega þannig þjóðfélag sem við búum við að við viljum hafa lög sem eru framkvæmd og eru skýr og við vitum hvað fela í sér og hvað á að framkvæma, hver á að framkvæma og hvenær. En hæstv. ráðherra sagði: „Auðvitað er það misjafnt hvað sveitarfélögin geta gert. Í fyrsta lagi eru þau misjafnlega öflug.“ Þetta þýðir með öðrum orðum að það mismunar börnum eftir því hvort þau koma úr öflugu sveitarfélagi eða vanmegnugu. Auðvitað er það þá í raun mismunur á möguleikum barna ef slíku er kastað fram til þess að sveitarfélögin framkvæmi eftir getu sinni, og, hæstv. ráðherra, já, sveitarfélögin eru mismunandi sterk. Og ekki nóg með það, sveitarfélögunum er það í sjálfsvald sett hvenær þau framkvæma aðalatriði þessa máls, ja, á tíu árum er nefnt hér í frv., en þeim er í sjálfsvald sett hversu mikið er tekið í hverjum áfanga og hvenær.

Ef mál af þessu tagi, þ.e. sem meðhöndlar aðalatriðin svona, er ekki ófullgert mál þá veit ég ekki alveg hvaða viðhorf eru farin að ríkja hér í afgreiðslu mála á hv. Alþingi. Ég held að það sé alveg ljóst að það skiptir miklu máli að meginmarkmið þessa frv. hafa fengið stuðning allra sem um málið hafa talað. Þess vegna er það mjög mikilvægt veganesti ef samþykkt verður tillagan um að vísa málinu til ríkisstjórn-

arinnar þannig að unnt sé að skoða ákvæðin betur og í samráði við þá sem framkvæma eiga málið.

Og það eru raunar fleiri þættir sem ég vil aðeins rifja upp, sem þarf að skoða, ekki aðeins kostnaðarhlutinn. Ég hafði minnst á nokkur atriði í fyrri ræðu minni. Ég vil minna aftur á að það er ýmislegt óljóst að því er heilbrigðisþáttinn varðar í skólunum. Nefndinni bárust athugasemdir frá skólayfirlækni sem enn hafa ekki verið teknar til greina að öllu leyti. Þær athugasemdir bárust eftir að meiri hl. nefndarinnar hafði gert sínar brtt. og það hefði verið nauðsynlegt að taka þann þátt frv. betur til skoðunar. Enn fremur er eitt enn sem *ég vil nefna, aðeins til að menn viti að hverju þeir* eru að ganga eða muni það. Það er eitt sem heldur ekki stenst fyllilega miðað við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið um lengingu skólatíma. Það er nokkur blekking fólgin í því að tala um það almennum orðum að skólatíminn sé yfirleitt lengdur því að í þeim mikla hraða sem var á afgreiðslu málsins í nefnd hafa menn e.t.v. ekki skoðað það nægilega vel að í sjálfri greinargerð frv. á bls. 32 *er skilmerkilega greint frá því* hvernig kennslustundafjöldinn breytist frá núgildandi lögum og í hámarksfjölda kennslustunda sem leyfður er miðað við frv. Þá kemur í ljós hvorki meira né minna en þetta: Að í 7. bekk grunnskólans, þ.e. hjá 12 ára börnum, er hámark frv. jafnhátt og það sem leyft er í grunnskólalögum en þó er einni stund fleira leyft í núgildandi lögum vegna þess að í skólasafninu gat *verið um eina stund til viðbótar að ræða. Og það sama* gilti einnig um 8., 9. og 10. bekk en þar er ástandið þannig að í stað 36–37 stunda sem nú eru leyfðar plús ein og plús ein enn í skólasafninu, gæti farið upp í 39, þá er samkvæmt frv. 35. Og sama tala um 14 ára, þ.e. 9. bekk. Samkvæmt núgildandi lögum eru 36–37 stundir plús ein og síðan stundin í skólabókasafninu. Núna eru þessar aukastundir líka felldar niður eða *heimildin til þeirra þannig að það eru einungis* 35. Og í 10. bekk er það sama upp á teningnum og þar líka farið ofan í 35. Þannig að nemendur þessara þriggja bekkja geta, miðað við það sem nú er samkvæmt lögum leyft og möguleiki á viðbótarstundum, misst fjórar stundir. Hugsanlega geta þær komist upp í 39 þegar notuð er bæði ein stundin sem hefur verið í sundi eða slíku og svo í bókasafninu, og fer niður í 35. Þetta *get ég nú ekki séð að horfi til mikils réttindaauka fyrir* þessi börn eða bæti menntunina eða fræðsluna sem þau verða aðnjótandi.

Mér virðist sem sagt að það séu þættir í þessu frv. sem þannig rekast á og standist ekki alveg miðað við þær yfirlýsingar sem gefnar eru um innihald frv. Enn fremur virðist mér að staðreyndin um þessa fjóra síðustu bekki stangist líka á við niðurstöðu frægrar skýrslu OECD sem lagði einmitt áherslu á lengingu skólatíma.

Hæstv. ráðherra minntist á það að greinin um einkaskóla væri óbreytt frá núgildandi lögum og benti þá á að nauðsynlegt væri í því sambandi að líta ekki einungis á grunnskólalögin heldur einnig á skólakostnaðarlögin.

Nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, fara að ráðum hæstv. ráðherra og líta á skólakostnaðarlögin. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta, um einkaskóla — það er náttúrlega fyrir utan hina gömlu grein í grunnskólalögunum um einkaskóla samhljóða fyrra hluta þess orðalags *sem er í þessari grein. Það er ekki tekið* fram neitt um að ráðherra þurfi að samþykkja skólagjald, en hins vegar er tekið fram að ekki skuli einkaskólar eiga kröfu til styrks af almannafé. En það getur skert frelsi þeirra til starfs að ráðherra skuli þurfa að samþykkja skólagjaldið. Því að ef ráðherra samþykkir ekki skólagjaldið og skólinn á ekki kröfu til styrks af almannafé þá segir það sig auðvitað sjálft að *skólinn getur ekki starfað. Því er það að ég fæ ekki séð* að sú fullyrðing hæstv. ráðherra standist að þetta orðalag sé alveg óbreytt frá gildandi lögum og mér fannst nauðsynlegt að nefna það atriði vegna þeirrar staðhæfingar. Í skólakostnaðarlögunum er þetta ekki að því er varðar skóla sem ekki eru kostaðir af ríkinu. Það er rangt hjá hæstv. ráðherra.

Meginatriðið er þetta: Eins og við sjálfstæðismenn *höfum tekið fram, ég veit að það þýðir ekki* að segja það við hv. 12. þm. Reykv. að við séum innilega sammála um nokkur meginatriði í þessu frv. en við höfum athugasemdir við ýmsar greinar þess að gera. Ef frv. ætti að afgreiðast núna, sem ég tel það ekki vera tilbúið til, viljum við fella niður síðari hluta greinarinnar um einkaskóla, þ.e. um skólagjaldið og ráðherra og fleiri atriði sem við nefndum í okkar umfjöllun, sem við töldum að betur mættu fara. Aukið væri sjálfstæði skólanna, aukin væru áhrif foreldra og stuðlað væri að og eflt frumkvæði kennara og nemenda sjálfra. Með öðrum orðum að allt það sem stuðlar að fjölbreytni, frelsi og frumkvæði manna á þessu sviði sé af því góða en menntmrn. hafi hins vegar fyrst og fremst í því sambandi þá skyldu að fylgjast með því að öll börn geti notið réttar síns til þess að fá tilskilda fræðslu. Með hvaða hætti þeirri fræðslu sé svo miðlað, hvaða aukanámsgögn séu notuð og ýmislegt fleira í þeim dúr, þar hafi skólinn mun meira frelsi heldur en hann hefur nú og heldur en hann hefur samkvæmt þessu frv.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að teygja þessa umræðu í langan tíma þótt ég vildi koma að mörgum fleiri athugasemdum. En ég tel að hæstv. menntmrh. hafi ekki svarað öllum spurningum mínum hér áðan, ekki síst hvað snertir kostnað sveitarfélaganna samfara þessu frv. Það er hins vegar rétt að hv. menntmn. hafði undir höndum þá umsögn sem hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir hér áðan í sinni ræðu um ákveðinn kostnað og hann las hér orðrétt upp úr. En mig langar til að vitna aðeins frekar í þessa umsögn, sérstaklega lok hennar, þar sem talað er um ákveðnar upphæðir. Þar segir fyrst, með leyfi virðulegs forseta:

„Frv. kveður einnig á um að allir grunnskólar skuli vera einsetnir og stefna skuli að því að nemendur í hverjum skóla skuli ekki vera fleiri en 650. Ráðgert er að þetta ákvæði laganna komi til framkvæmda á tíu árum. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur áður áætlað

að stofnkostnaður sveitarfélaga vegna einsetningar og hámarksfjölda nemenda í hverjum skóla geti numið 2–3 milljörðum kr. Það felur í sér skuldbindingar á hendur sveitarfélögum um að verja 250–300 millj. kr. árlega á næstu tíu árum til byggingar grunnskóla."

Hér er einungis verið að ræða um byggingarkostnað. Fyrir nú utan það að ég tel að þessar tölur séu allmiklu hærri. Það er ekki verið að tala um ýmsa aðra kostnaðarliði sem eru samfara þessu frv. því þar er ekki einungis talað um að skólar eigi að vera einsetnir heldur er nú gert ráð fyrir því t.d. að það eigi að bjóða upp á skólamáltíðir. Það er vissulega rétt sem hæstv. menntmrh. greindi frá hér áðan að sú tillaga kom inn í meðförum nefndarinnar á þessu frv. Og þar var heldur ekkert staldrað við til þess að athuga hvaða kostnað gæti leitt af því máli. En svo ég vitni áfram í þessa umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, þá segir þar:

„Þetta er lægri fjárhæð en ríkissjóður lagði fram á hverju ári til byggingar grunnskóla allt til ársins 1989. Frá ársbyrjun 1990 yfirtóku sveitarfélög alfarið byggingu grunnskóla með lögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það virðist því ljóst að sveitarfélögin þurfi ekki að veita meira fjármagni til byggingar grunnskóla heldur en ráðgert hafði verið samkvæmt áætlunum um kostnaðarskiptingu vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hins vegar virðist full þörf á að endurskoða áætlanir um þörf fyrir aukið skólahúsnæði og aukinn rekstrarkostnað sveitarfélaga samfara því að allir grunnskólar verði einsetnir. Hæstv. ráðherra las ekki upp þessa setningu hér áðan er hann vitnaði í þessa umsögn. Ég tel hins vegar að þar felist atriði sem ekki verður litið fram hjá og renni í raun og veru stoðum undir það álit mitt að hér sé um allmiklu meiri kostnað að ræða en gert hefur verið ráð fyrir.

Ég tel líka rétt að ítreka það sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði áðan að það er furðulegt ef þetta frv. á ekki að leggja neinar skyldur á sveitarfélögin því að þá hlýtur maður að velta fyrir sér til hvers frv. er fram lagt. Og það sem er kannski enn þá merkilegra að velta fyrir sér, er ef það er rétt að mati hæstv. ráðherra að ekki sé verið að leggja neinar skyldur á sveitarfélögin þá er þar með verið að stefna að mismunun gagnvart börnum. Þannig skildi ég orð hans. Hann leiðréttir mig þá ef það er ekki rétt. (**Menntmrh.:** Enga útúrsnúninga.) Hæstv. menntmrh. Ég hef engan áhuga á að standa hér í ræðustól og vera með einhverja útúrsnúninga í þessu máli. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða en hins vegar hefði ráðherra kannski átt að leggja meiri áherslu á það að vanda til málsmeðferðar í þessu máli þannig að allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa eiga hér á hinu háa Alþingi gætu verið sammála um að veita þessu máli brautargengi og þar með að bæta réttarstöðu barna í landinu.

Hæstv. ráðherra nefndi það að grunnskólalög væru lög um lágmarksmenntun barna á ákveðnu aldursskeiði í fyrsta lagi. (**Menntmrh.:** Lágmarksréttindi, sagði ég.) Lágmarksréttindi. Og í öðru lagi hvernig ætti að tryggja þessi réttindi. Viðvíkjandi því að þetta gæti komið misjafnlega við sveitarfélögin í landinu en börnin eiga þennan rétt og það eigi að vera sami réttur þeirra yfir allt landið. Þess vegna fæ ég ekki séð og kem því ekki heim og saman hvernig hægt er að standa að því að afgreiða frv. sem þetta án þess að tryggja að þessi réttur sé fyrir hendi, að það sé tryggt að þessi réttindi séu þau sömu. Þetta tel ég afar mikilvægt.

Enn fremur minntist hæstv. ráðherra á það að á ráðstefnu menntamálaráðherra OECD-ríkjanna í haust hafi það komið fram að menn töldu afar mikilvægt að tryggja sjálfsforræði sveitarfélaganna gagnvart skólum og (Gripið fram í.) sjálfsforræði í skólum já, sveitarfélögunum, það hlýtur að vera eitt og það sama. En jafnframt þyrfti að tryggja jafnrétti nemenda. Ég hygg að þeir hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðum um þetta mál í dag og áður séu fyllilega sammála því markmiði. Í raun og veru er ekki verið að efast um góðan vilja ráðherra til þess að tryggja stöðu nemenda enn betur en er, en það þarf hins vegar að vera jafnljóst að það er ekki hægt að líta fram hjá þeim athugasemdum sem hér hafa verið gerðar, ekki einungis um kostnað heldur um mörg önnur atriði.

Varðandi þennan kostnaðarauka ríkissjóðs t.d., sem talað hefur verið um, sem er nú öllu hærri í umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun en í plaggi sem ég hef fengið sem nefndarmaður í hv. menntmn., dags. 12. febr. sl. Í þessari umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun er talað um 260 millj. kr. Þessi kostnaðarauki ríkissjóðs á að dreifast á fimm ár ef ég skil orð hæstv. ráðherra rétt. Það má vel vera að þessi fjárhæð komi ekki að fullu til framkvæmda á fyrstu árum, en hitt er engu að síður staðreynd að þessi kostnaður verður til staðar og verður árlega þannig að það þarf líka að athuga það mál.

Ég hef gert margar athugasemdir við þetta frv., virðulegi forseti. Ég vil einungis ítreka þær, en jafnframt tel ég þörf á að ítreka þá skoðun okkar Ragnhildar Helgadóttur sem mælum fyrir minnihlutaáliti frá hv. menntmn. að því miður sé full þörf á að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það sé skoðað að nýju þar sem við teljum ekki raunhæft að það sé afgreitt sem lög frá þessu þingi því ekki sé hægt að tryggja framkvæmd þess hér og nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 722 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RH, SP, HuJ, FÞ, GHH, KolbJ, IBA, MÁM, MB.

nei: RA, RG, BGísl, SV, NL, GGuðbj, AS, AÓB, ÁHE, GeirG, GGÞ, BGS, JóhS, JK, JSS, KE, MálmS, ÓÞÞ, ÁrnG.

13 þm. (SJS, ÞP, EH, FrS, GB, GuðnÁ, GHelg, JBH, JónS, KrP, ÓE, ÓÞG, PP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það kemur mér ekki á óvart að

stjórnarandstaðan skuli vilja vísa þessu til ríkisstjórnarinnar. Hún treystir betur stjórninni en að greiða hér sjálf atkvæði. Mér finnst hins vegar eðlilegast að þingið greiði atkvæði um öll mál. Þess vegna er ég á móti því að þessu sé vísað til stjórnarinnar og segi nei.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullorðinsfræðsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 756.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Rétt í þessu var verið að boða kvöldfund. Það hlýtur að vera vegna þess hversu mörgum málum liggur á að koma í gegnum þingið svo þau megi verða að lögum. Mér telst svo til að rétt fimm eða sex fundardagar í deildum séu til áætlaðra þingloka. Hér hafa tveir hæstv. ráðherrar í dag fluttar ítarlegar framsöguræður og aðrir hv. þm. rætt um mál þeirra sem eru þess eðlis að það hlýtur að vera útilokað að Alþingi sé ætlað að taka þau alvarlega. Margt er gott í þeim málum þegar þau eru skoðuð hvert fyrir sig, en það er ljóst að þau rekast á í veigamiklum atriðum. Það skortir eitthvað á verkstjórnina í hæstv. ríkisstjórn þegar tveir hæstv. ráðherrar flytja hvor á eftir öðrum frv. um sama þátt menntamála sem á svo að heyra sitt undir hvort ráðuneyti. Það er útilokað að Alþingi geti tekið slíkt alvarlega og að hæstv. forseti ætlist til þess að nefndirnar vinni úr þeim málum á þeim tíma sem eftir er.

Það fór langur tími í þessa umræðu í dag. Mér er alveg ljóst að það er ætlunin að ýta grunnskólafrv. áfram og þess vegna þótti okkur sjálfsagt að ræða það ítarlega, enda mjög mikilvægt. En þessi mál tvö, þó að þau fjalli um mikilvæg efni, standast ekki samtímis sem lög. Það get ég ómögulega séð. Og mér þykir það harla einkennilegt ráðslag af hæstv. ríkisstjórn að ætlast til þess að Alþingi fjalli á kvöldfundum um slík mál, eða ef ekki um þau mál þá um önnur, vegna þess að þau hafi ekki komist að fyrir slíkum málum sem útilokað er að hæstv. ríkisstjórn sé alvara með að Alþingi vinni eitthvað úr.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti verður nú að viðurkenna það að honum er ekki alveg ljóst um hvaða mál hv. þm. er að ræða og væri nú gott að fá það fram.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er auðvitað mikill málafjöldi hér á þingi og mál koma fram ótt og títt og eiga að fara hratt áfram. Mörgum er ljóst að hér er um mál að ræða sem fjalla bæði um fullorðinsfræðslu, annað af hálfu hæstv. menntmrh. og heitir frv. til laga um fullorðinsfræðslu, en hitt af hálfu hæstv. félmrh. og heitir frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í greinargerð fyrrnefnda frv. er einmitt vikið að starfsmenntun í atvinnulífinu og innan fyrrnefnda frv. um fullorðinsfræðslu, sem nú verður tekið hér til umræðu á eftir, er einmitt hægt að sinna öllum þeim málum sem nefnd eru í síðara frv. af hálfu félmrh. Frá mínu sjónarmiði kemur það ákaflega einkennilega fyrir ef jafnvíðtækir þættir menntunarinnar eiga að fara að heyra undir félmrn. Það þyrfti þá að gera einhverja breytingu á lögum eða reglugerðum um verkaskiptingu Stjórnarráðsins.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Um þetta hefur forseti ekki margt að segja annað en það að hann hyggur að þessi mál fari bæði í sömu nefnd, — nei, það er rétt, annað fer í hv. menntmn. og hitt fer í hv. félmn. Líklega verða þær nefndir að hafa eitthvert samráð um það hvort þessi frumvörp skarast eður ei. Hins vegar er sjálfsagður réttur hv. þm. að fá að ræða frumvörpin hér í deildinni og verður það nú gert.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að taka undir það sem hér var rætt undir liðnum um þingsköp, að þessi tvö mál koma dálítið sérkennilega fyrir. Var ég reyndar búin að minnast á það í ræðu minni þegar rætt var um frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu að mér fannst mjög einkennilegt að þurfa að ræða þessi tvö mál, sem væru svona samtengd, aðskilin á sama fundi. Ég vil samt fagna því almennt að þetta frv. kemur fram, frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu, þó ég eigi mjög erfitt með að sjá hvernig við eigum að geta afgreitt þetta mál á þeim stutta tíma sem nú er eftir til þingloka ef af verður sem nú horfir.

Þetta frv. um fullorðinsfræðslu er mjög mikilvægt kvenfrelsismál. Eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. er meiri hluti þeirra sem stunda nám í öldungadeildum og fullorðinsfræðslu konur. Þess vegna hlýt ég að fagna frv. en hefði talið eðlilegt að starfsmenntun væri einnig í þessum lögum og hefði viljað að starfsmenntunin, eins og hún kemur fyrir í frv. til laga um starfsmennun í atvinnulífinu, hefði fallið undir menntmrn. Mér þykir það vera mikill galli að hafa þennan hátt á eins og gert er með þessi tvö frv.

Það kom reyndar fram í máli hæstv. menntmrh. fyrr á fundinum að hann telur þetta óeðlilegt fyrirkomulag, þ.e. að hluti menntunarinnar falli undir önnur ráðuneyti en menntmrn. Lýsti hann því yfir að hann væri mér sammála um að Félagsmálaskóli alþýðu ætti að heyra undir menntmrn. Þó að ég geti fallist á meiri hluta þess sem stendur í frv., að vísu hef ég ekki farið mjög nákvæmlega ofan í það, þá finnst mér það vera einn stærsti gallinn að ekki skuli vera gert ráð fyrir starfsmenntun í atvinnulífi í þessu frv.

Að vísu kemur fram á bls. 14 í fylgiskjölum með frv. að þar er talað um samtengingu fullorðinsfræðslu og laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það er sem sagt talað um samtengingu án þess að það sé gert á viðunandi hátt að mínu mati.

Á bls. 10 er talað um kostnað vegna frv. og það er

líka gert ráð fyrir því að frv. taki nú þegar gildi. Ég vildi spyrja hvort gert sé ráð fyrir einhverjum kostnaði á þessu ári því að ef á að framkvæma þessi lög, þá hlýtur að vera gert ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka til að hægt sé að byrja núna í haust. Þetta vildi ég spyrja ráðherrann um þar sem þarna er gert ráð fyrir 150–200 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði til þess að mæta kostnaðarauka ríkissjóðs ef þetta frv. verður að lögum.

Ég hefði kosið að fá það skýrt fram, og ekki síst við þessa umræðu, af hálfu menntmrh. þó að það sé kannski á vissan hátt óþarfi að fá aftur yfirlýsingu hans um að hann sé óánægður með frv. sitt, óánægður með að ekki skuli vera fleiri þættir inni í því, þ.e. að menntun sú sem færð er undir sjútvrn., félmrn. og landbrn. skuli ekki falla undir menntmrn. Ég held að hann ætti að drífa sig í að taka til á bænum og byrja þá kannski þar sem hægust eru heimatökin, byrja á landbrn. sem hann gaf nú reyndar í skyn fyrr í dag.

Mig langar til að spyrja: Af hverju kemur þetta frv. svona seint fram? Ég tel þetta mjög mikilvægt frv. Í nefnd þeirri sem samdi þetta frv. er Guðrún J. Halldórsdóttir sem er þingkona Kvennalistans. Ég spurði hana hvenær frv. hefði verið tilbúið og hún sagði að það hefði verið tilbúið nú í haust, ef ég man rétt. Þess vegna langar mig til þess að spyrja hvað hafi staðið í vegi fyrir því að það væri flutt fyrr, hver hafi staðið í vegi fyrir því og af hverju það kemur svona seint fram. Það er nánast borin von að við getum afgreitt það fyrir þinglok nema við drífum okkur nú og vinnum hratt og örugglega, sem við gerum nú reyndar mjög oft. En mér þykir það mjög slæmt að fá þetta mál svona seint inn.

Það hvarflar að manni að þarna sé verið að koma fram með einhvers konar kosningaáróður en ekki raunveruleg mál sem fólk í raun og veru vill fá fram. Finnst mér þetta bera svolítinn keim af því hversu mörg mál við fáum nú. Það er eins og skæðadrífa af nýjum málum sem koma yfir okkur og er erfitt að vita hvað er meiningin að leggja áherslu á fyrir þinglok, ef þau geta orðið í næstu viku eins og hingað til hefur verið talað um. Þetta langar mig nú til að segja um 1. umr. málsins þó að ég muni auðvitað alls ekki leggja stein í götu þessa frv. Ég vil styðja það eins og það er þó að ég hefði gjarnan viljað sjá starfsmenntunina inni í því líka.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Út af orðum hv. 6. þm. Reykv. er ástæða þess að málið kemur ekki fyrr fram auðvitað fyrst og fremst sú að það var ágreiningur um málið, aðallega af hálfu þeirra sem hafa verið með námskeið fyrir fiskverkafólk og hafa talið að þau námskeið ættu ekki að fara inn í þetta kerfi félmrn. heldur ættu að vera undir stjórn sjútvrn. eða menntmrn. Niðurstaðan varð svo þessi sem menn sjá í frv. Ágreiningur sá sem var uppi með félmrn. og menntmrn. í þessu máli er löngu jafnaður og tafði málið ekki á neinn hátt.

Mér er auðvitað ljóst að það getur orðið erfitt að ná afgreiðslu á þessu máli núna. En ég held að menn megi nú þakka fyrir það, hv. þm., að hafa þau á sama fundi heldur en ef þeim hefði verið dreift hér inn með löngu millibili þannig að menn gætu skoðað þetta í samhengi og á sama fundi og horft á þetta, helst bæði málin í einu og séð að þau eru harla góð miðað við aðstæður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 1. umr.

Frv. MB o.fl., 375. mál (bústofnslán o.fl.). — Þskj. 662.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til laga um breyting á lögum um ábyrgðadeild fiskeldislána, nr. 17 3. apríl 1990, ásamt átta öðrum þingmönnum í hv. þingdeild. Eins og fram kemur í greinargerð fyrir þessu frv. er það flutt til þess að vekja athygli á og bæta úr þeim gífurlegu vandamálum sem fiskeldisfyrirtæki í landinu eiga við að stríða. Stjórnvöld hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart fiskeldisfyrirtækjum og flm. frv. sjá enga aðra leið en að flytja þetta frv. til þess að knýja á um að þau standi við gefin fyrirheit.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 9. júní 1989 var samþykkt að láta fara fram þegar í stað athugun á því að veita öllum starfandi fiskeldisstöðvum bústofnskaupalán. Ekkert hefur enn gerst í þessu máli og nú er atvinnugreinin þegar komin í þrot. Mikilvægt er að einhver fiskeldisfyrirtæki lifi af þessa erfiðu tíma til þess að halda verkkunnáttu við fiskeldi í landinu þó að ljóst sé að ekki er rekstrargrundvöllur undir öllum fyrirtækjunum.

Snemma á liðnum vetri eða fyrir áramót var mælt hér fyrir skýrslu forsh. um Byggðastofnun. Ég tók þátt í þeirri umræðu og kom inn á fiskeldismálin með nokkrum orðum. Ég minntist á það að fyrir nokkrum árum sáu menn mikla framtíð í fiskeldi og farið var af stað af miklum stórhug. E.t.v. má segja að kappið hafi að sumu leyti verið meiri en forsjáin og nú eru stjórnmálamenn og lánastofnanir gagnrýnd fyrir að hafa farið of geyst og þá ekki síst af þeim sem kröfðust þess að farið yrði í fiskeldi. Á það er bent að eftirspurn eftir fiski eigi enn eftir að aukast en hefðbundnar veiðar muni ekki skila meiri afla á land. Þess vegna verður að auka fiskeldi til að mæta vaxandi eftirspurn eftir fiskafla til þess að fæða mannkynið.

Samkvæmt upplýsingum sem Fiskifélag Íslands hefur veitt hefur heimsaflinn undanfarin ár verið rúmlega 90 millj. tonna að meðtöldum afla úr fiskeldi sem er 10–12 millj. tonna. Árin 1978–1987 óx heimsaflinn úr 70 millj. tonna í 93 millj. tonna eða um 23 millj. tonna. Á þessu tímabili stóðu veiðar í Atlantshafi í

stað. Þær voru um 25 millj. tonna en afli í Kyrrahafi óx úr 33 millj. í tæplega 50 millj. tonna eða um 17 millj. tonna. Í innhöfum og vötnum óx afli úr 7 millj. í 12 millj. eða um 5 millj. tonna. Þannig má segja að nær öll aukningin á umræddu tímabili hafi orðið í Kyrrahafi og í fiskeldi. Það er ekki fyrirsjáanlegt að öllu meiri afli náist úr Kyrrahafi nema þá um ofveiði verði að ræða og það þekkjum við mjög vel.

Þriðja aflahæsta fiskveiðiþjóð heimsins, Kínverjar, hefur lagt stund á fiskeldi í mörg þúsund ár og þeir ætla enn að auka fiskeldi sitt. Heildarafli þeirra 1987 var um 9 millj. tonna og þar af um 4 millj. frá fiskeldi. Stefna stjórnvalda í því landi er að heildaraflinn verði um aldamótin 18 millj. tonna, þar af um 70% úr fiskeldi eða um 13 millj. tonna. Þetta getur kennt okkur það að fiskeldi er ekki talið heyra sögunni til annars staðar í veröldinni þó að móti hafi blásið hér um hríð í okkar landi.

Um síðustu áramót voru á skrá hjá Veiðimálastofnun um það bil 105 fiskeldis- og hafbeitarstöðvar, þar af 65 með einhverja starfsemi. Allmörg fyrirtæki í fiskeldi hafa orðið gjaldþrota á síðustu mánuðum. Stofnlán fiskeldisfyrirtækja námu um síðustu áramót rétt á fimmta milljarð, þar af um 1900 millj. hjá Framkvæmdasjóði, 950 millj. hjá Byggðastofnun og 750 millj. hjá Fiskveiðasjóði, 160 millj. hjá Iðnþróunarsjóði og erlendar lánastofnanir eru ekki með minni upphæð en 340 millj. á sama tíma. Ljóst er því að lánastofnanir hafa lagt talsvert af mörkum til að koma greininni af stað, en rekstrarfjárlán hefur skort. Vissulega var farið af stað með mikilli bjartsýni. Þekking á laxastofninum og fiskeldi var lítil og markaðssetning hefur verið ærið óviss. En þó að svo sé, þá er ekki rétt að leggja árar í bát. Mikið hefur áunnist og mikil reynsla hefur skapast og þekking þó að hún hafi verið keypt nokkuð dýru verði. Ég benti áðan á þriðju stærstu þjóð fiskiræktar og fiskveiða. Hún er ört vaxandi fiskveiðiþjóð og beinir athygli sinni í auknum mæli að eldi sjávarfiska. Það er mín skoðun og okkar flm. að við Íslendingar megum ekki dragast aftur úr í þeirri þróun.

Mörg vandamál hafa komið upp í rekstrarfjárflun fiskeldisfyrirtækja. Þrátt fyrir það að miklar vonir voru bundnar við það þegar ábyrgðadeild fiskeldislána lokst komst á laggirnar 1. júlí sl. og menn töldu að þá mundu mörg þessara vandamála leysast, þá hefur raunin orðið önnur. Starfsemi ábyrgðadeildarinnar er ekkert nema vonbrigði, aðeins vonbrigði. Starfsemi deildarinnar er ekkert nema viðbótarfjármagnskostnaður því að ábyrgðargjaldið er um 7% og nægir eitt sér til að sliga fyrirtækin endanlega. Fiskeldisfyrirtæki búa við svo dýrt afurðalánakerfi að útilokað er að reka fyrirtækin, jafnvel þó að rekstur þeirra gengi áfallalaust. Fyrirtækin greiða afurðalánavexti sem eru breytilegir eftir því í hvaða mynt lánin eru tekin. SDR-afurðalánin bera 10,5% vexti, lán í íslenskum krónum 12,25%, í dollurum 9,5% og í sterlingspundum 15,25% vexti. Til að komast í afurðalán þurfa fyrirtækin að tryggja fiskinn og er iðgjaldið 5–7% á ári. Iðgjald er reiknað af meðalverðmæti fisks á árinu samkvæmt eldisáætlun. Almenna reglan er sú að sjálfsáhætta er 25%. Þannig fá fyrirtækin ekkert greitt ef einstakt tjón er undir 25% af heildarverðmætum í viðkomandi fiskeldisstöð. Ef mörg smátjón verða fæst ekkert greitt nema samanlögð upphæð tjóna nemi hærri upphæð en 50% af áætluðu hæsta verðmæti fisks í stöðinni. Auk framangreindra afarkosta eru ýmis ákvæði í tryggingaskilmálum sem gera tryggingafélögunum mögulegt að neita greiðslu bóta eins og þegar liggur fyrir í veigamiklum atriðum.

Bankar hafa til skamms tíma veitt lán til fiskeldisfyrirtækja sem geta numið 30–37,5% af verðmæti fisksins samkvæmt verðmætaskrá tryggingafélaganna. Lán bankanna eru tryggð með 1. veðrétti í fiskinum. Hins vegar neita bankarnir sumum fiskeldisfyrirtækjum alfarið um rekstrarlán. Ábyrgðasjóður fiskeldislána veitir ríkisábyrgð á lán til fiskeldis. Ríkisábyrgðin getur numið allt að 37,5% af verðmæti fisksins samkvæmt verðmætaskrá samsteypu íslensku fiskeldistrygginganna. Ábyrgðasjóðurinn tekur ábyrgðargjald sem er breytilegt frá 6–7,3%. Ábyrgðargjaldið reiknast af lánsupphæðinni eins og hún er hæst í hverjum mánuði. Ríkisábyrgðin er tryggð með 2. veðrétti í fiskinum. Mjög erfitt er að fá afgreiðslu í ábyrgðasjóði fiskeldisins og eru dæmi um að lítil fiskeldisfyrirtæki hafi þurft að greiða allt að 1 millj. kr. í skýrslugerðir til sérfræðinga til að vera tekin gild hjá ábyrgðasjóðnum. Eðlilegra væri að starfsmenn ábyrgðasjóðsins ynnu þessa skýrslu sjálfir þar sem lítið er um verkefni hjá sjóðnum og aðeins örfá fyrirtæki hafa verið afgreidd hingað til.

Ég hef lýst þessum afarkostum í sambandi við fiskeldislán. Þrátt fyrir að þessir kostir hafi ekki verið glæsilegri en þetta þá gerðist það 25. jan. sl. að sú bankastofnun sem langmest hefur lánað til fiskeldis sendi frá sér bréf til fiskeldisfyrirtækja. Það bréf ætla ég að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Ágæti framkvæmdastjóri. Að gefnu tilefni hefur bankastjórn Landsbanka Íslands ákveðið eftirfarandi breytingar á útlánareglum til fyrirtækja sem stunda fiskeldi:

1. Hætt verður að lána út á hrogn og fisk sem er undir 1 kg pr. stykki.

2. Viðmiðunarverð við afgreiðslu afurðalána verða framvegis endurskoðuð mánaðarlega. Fiskeldisfyrirtæki gefi bankanum upp þyngd og magn þeirra afurða sem afurðalánafyrirgreiðsla óskast vegna og bankinn mun síðan ákveða verðmæti að fengnum upplýsingum frá söluaðila. Ljóst er að viðmiðunarverð mun lækka frá gildandi verðskrá.

Þetta bréf er sent öllum fiskeldisfyrirtækjum í afurðalánaviðskiptum við Landsbankann.

Virðingarfyllst, Landsbanki Íslands, bankastjórn," og undirskriftir tveggja virðulegra ágætra bankastjóra.

Þetta bréf segir ekki að það eigi að halda áfram afurðalánaviðskiptum. Ef grannt er skoðað segir þetta bréf það að Landsbanki Íslands, stærsti viðskiptabanki þjóðarinnar, er hættur að lána út á afurðir fiskeldisfyrirtækja. Þegar hætt er að lána út á hrogn eða fisk sem er undir einu kílói stykkið, þá þýðir það að allar seiða-

stöðvar eru útilokaðar. Það þýðir að ekki verður lánað út á fisk sem hefur ekki náð 1000 g þyngd. Það þýðir með öðrum orðum að það verður engin fiskeldisstöð sem getur haft seiðarannsóknir og seiðaframleiðslu eða alið fiskinn upp í eitt kíló. Það þýðir það að bankinn þarf ekki að lána neitt. Fiskeldið verður hætt áður. (**Viðskrh.:** Sverrir lánar ekki út á skítseiði.) Það þarf nú að taka svolítið í hann, finnst ekki viðskrh. það? (**Gripið fram í:** Bankamálaráðherrann hlýtur að gera það.) Það er hlutverk bankamálaráðherra og ég hefði verið mjög ánægður ef hann hefði verið búinn að taka myndarlega til hendi og tala við þá þessa.

Ég hef aðeins skýrt frá Kínverjum, sem eru merk þjóð, hvað þeir eru að gera í fiskeldismálum. Norðmenn eru miklir framleiðendur í fiskeldi og í norska tímaritinu Norsk Fiskeoppdrett í ágúst sl. birtist grein eftir forsætisráðherra þeirra sem þá var, Jan P. Syse, þar sem hann lýsir bjartsýni sinni með framtíð norsks fiskeldis. Hann segir m.a.:

„Á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að fyrir alvöru var hafist handa um fiskirækt í Noregi hefur greinin þróast með þeim hætti að æskilegt væri að fleiri færu að fordæmi í atvinnulífinu. Þótt atvinnugreinin glími nú við ýmsan vanda er hún enn einn af fáum vaxtarbroddum í landinu. Fiskeldið er dæmigerð byggðargrein og skiptir því miklu fyrir þær byggðir þar sem erfitt hefur reynst að koma fótum undir atvinnurekstur sem á sér heilbrigðar framtíðarforsendur. Ég er sannfærður um að þeir sem að fiskeldi starfa geta greitt úr núverandi vanda með sömu þrautseigju og hugkvæmni og hefur einkennt störf þeirra allt frá fyrstu tíð. Til þessa hafa þeir lagt höfuðáherslu á laxarækt. Ég held að innan skamms muni fleiri tegundir standa undir rekstrinum, svo sem lúða, þorskur, humar og rækja. Allt bendir til þess að hafbeit verði æ mikilvægari þegar fram líða stundir.

Þegar að því kemur höfum við sannarlega tekið til við að nýta auðlindir hafsins með sama hætti og þegar landbúnaður tók stakkaskiptum fyrir þúsundum ára, þegar kvikfjárrækt leysti veiðimennsku af hólmi. Á næstu árum verða afskipti stjórnvalda einkum í því fólgin að skapa greininni hæfileg starfsskilyrði. Í fyrsta lagi þarf að huga að umhverfisvernd og deila út athafnasvæðum á þann hátt að ekki verði árekstrar á milli fiskeldis og annarrar starfsemi er tengist sjónum, svo sem siglinga og hefðbundinna fiskveiða.

Stjórnvöld og greinin sjálf verða að standa sameiginlega að rannsóknum sem eru nauðsynlegar til að stuðla að þróun í fiskeldinu. Stjórnvöld verða auk þess ávallt að halda uppi heilbrigðiseftirliti, gæðaeftirliti og sjá til þess að markaðsaðstæður séu sem bestar. Samningarnir um aðlögun EFTA og EB eru ákaflega mikilvægir í þessu sambandi. Tollar og aðrar viðskiptahindranir mega ekki koma í veg fyrir að fiskeldi þróist með eðlilegum hætti. Verði þróunin með sama hætti og hingað til verður fiskeldið sífellt mikilvægara fyrir fjölmörg byggðarlög við ströndina og þar með þjóðina alla. Í samstarfi við greinina eiga stjórnvöld að tryggja framgang fiskeldis án þess að það verði þó háð ríkisstyrk."

Í þessu sama hefti af Norsk fiskeoppdrett er leitað álits ýmissa manna á stöðu og framtíð fiskeldis þar í landi. Snorre Tilset, rannsóknarstjóri við Senter for hagbruk við norsku hafrannsóknastofnunina, minnir á þá staðreynd að þegar hafi verið gefin út 500 leyfi fyrir þorskeldi í Noregi, 700 leyfi hafi verið gefin fyrir laxeldi og þar sé unnt að framleiða 200 þús. tonn. Hann segir að hefjist framleiðsla á þorski í 700 stöðvum á 10–15 árum þá verði hún alls 170 þús. tonn eða álíka mikil og norski þorskveiðikvótinn var á sl. ári.

Hann segir enn fremur að norskir fjölmiðlar hafi beint allt of mikilli athygli að vandræðunum við fiskeldi. Með því hafi þeir dregið upp ranga mynd af stöðu atvinnugreinarinnar. Miklu skiptir fyrir fiskræktendur að tapa ekki bjartsýninni.

Þá er einnig rætt við Eyvind Bolle, sem var sjávarútvegsráðherra í Noregi og sat í því embætti frá árinu 1973 til 1981 en er nú hættur afskiptum af stjórnmálum. Hann er eindreginn talsmaður fiskeldis og lítur á það sem mikilvægan þátt í skynsamlegri byggðastefnu. En Eyvind Bolle er búsettur í Morsum í Lofoten.

Arne Jensen prófessor við líftæknistofnun norska tækniskólans telur að um aldamótin verði framleiðsla Norðmanna á eldisfiski um 250 þús. tonn og 40 þús. manns hafi atvinnu af henni. Hann segir að þá nemi framleiðsla á öðrum tegundum um 50 þús. tonnum. Hann telur að fyrir utan lúðu og þorsk megi einnig rækta rauðsprettu og steinbít. Slíkt eldi verði fyrst áhugavert eftir 15–20 ár.

Hvað er svo að gerast hér í okkar landi? Það er farið af stað með miklum hraða og þá þykir öllum mikilvægt að gera allt fyrir fiskeldið því það sé framtíðaratvinnugrein. Síðan þegar það er búið að sýna sig í nokkur ár, verður fyrir vissum skakkaföllum, það er ekki farið af stað, eins og ég sagði í upphafi máls míns, af nógu mikilli fyrirhyggju. Það vantar að vita ýmislegt í sambandi við það sem verið er að vinna að.

Nú er meiri hluti fiskeldisfyrirtækja í landinu farinn lóðbeint á hausinn. Þá á ég við umfang stöðvanna. Og þá bregður svo við að framtíðaratvinnugreinin, sem þessi þjóð batt svo miklar vonir við að innlendar lánastofnanir og það meira að segja sjálfur Landsbankinn, bankinn sem maður hefur alltaf litið til af mikilli bjartsýni að kunni að taka á hlutum með þeim hætti að hann stuðli að nýjum atvinnugreinum og hann treysti grundvöll fyrir nýjum atvinnugreinum, hann bregst. Af hverju bregst hann? Hann bregst vegna þess að ríkisstjórnin hefur brugðist fyrst og fremst. Ég efast ekki um það að Landsbankinn hefði ekki brugðist í þessum efnum ef ríkisstjórnin hefði ekki brugðist. Hæstv. forsrh., sem því miður er ekki hér í kvöld, hefur sagt mér, ekki einu sinni heldur margoft í allan vetur að þessi mál væru til athugunar og fyrirgreiðslu hjá ríkisstjórninni. Hann hefur hvað eftir annað lýst því yfir við mig að hann hafi mikinn áhuga á því að sýna þessari atvinnugrein skilning og velvilja. Og ég efast ekkert um það að hann hafi meint það. En eitthvað hefur verið að á stjórnarheimilinu því að það hefur ekkert komið fram.

Nú er sagt, og það er að koma að kosningum: Það er

búið að skrúfa fyrir afurðalán til þessarar atvinnugreinar. Fiskeldissjóðurinn, sem við erum að flytja frv. til laga um breytingu á, hefur brugðist vegna þess að lögin hafa verið með þeim hætti að það hefur enginn haft ráð á því að nota hann. Hann hefur gert svo háar kröfur til þessarar ungu atvinnugreinar að lítil fyrirtæki hafa alls ekki staðist raunina. Á sama tíma er núna verið að lofa gulli og grænum skógum til þessara og hinna framkvæmda á meðan markvisst er stefnt að því að grafa þessa grein. Ég spyr: Ætla þeir, bæði þeir alþingismenn sem nú eru að hætta og eins hinir sem bjóða fram þjónustu sína fyrir þjóðina, virkilega að segja já og amen við því að þegar búið er að fara í fjárfestingar upp á um 9 milljarða á undanförnum árum, þá eigi að leggja árar í bát á sama tíma og fjölmargar aðrar þjóðir eru að byggja framtíðina á fiskeldi? Eigum við ekki að læra af mistökum sem hafa átt sér stað? Eigum við að hætta þegar búið er að eyða öllum þessum fjármunum sem ég hef hér rakið?

Ég get vel verið opinn fyrir ýmsum breytingum á þessu frv. sem við flytjum hér. En þær breytingar geta ekki orðið á annan veg en þann að við eigum að standa að því í fyrsta lagi að veita afurðalán en ekki loka okkur inni eins og gamlir dragbítar gerðu fyrir 100 árum eða meira. Á sama tíma og verið er að lofa gulli og grænum skógum í framkvæmdum sem eiga að koma í staðinn fyrir það að framkvæmdin við álver bíði. Ég fæ ekki skilið þetta. Það getur vel verið að það séu einhverjir menn hér inni sem skilja þetta, en ég skil það ekki. Þeir verða þá að eyða æði löngum tíma ef þeir eiga að sannfæra mig í þessum efnum. Ég sé ekkert athugavert við það að þjóðin byggi upp þessa atvinnugrein, þetta er framtíðin. Vilja hv. þm. þessarar deildar líta á það að við höfum sótt jafnvel meira í greipar Ægis en talið er að fiskstofnar þoli. Eigum við þá að leggja árar í bát og hætta við fiskeldi og segja: Við höfum tapað á fiskeldi, svo hafa farið margir á hausinn að við eigum að hætta fiskeldi? Eigum við bara að lifa á því að selja hver öðrum og ekkert að framleiða? Á það að vera framtíð þessarar þjóðar?

Ég treysti í allan vetur þeim orðum sem hæstv. forsrh. sagði við mig, að þessi mál væru til velviljaðrar athugunar hjá ríkisstjórninni og það væri von á aðgerðum. Ástæðan fyrir því að þetta frv. er ekki komið fram fyrr er sú að ég ætlaðist til þess, og ég hygg að ég megi segja það fyrir hönd annarra flm. þessa frv., að aðgerðirnar kæmu frá ríkisstjórninni sjálfri. Ég hefði svo sannarlega stutt ríkisstjórnina í aðgerðum sem þessum. Ég veit að það koma vafalaust fram útúrtölumenn sem segja að þetta frv. geti kostað ríkissjóð peninga. Það er alveg rétt. Það kostar ríkissjóð töluverða peninga. Hvað fær ríkissjóður aftur í staðinn þegar við erum komnir yfir þá erfiðleika sem þessi atvinnugrein á í? Af hverju hætta ekki allar aðrar þjóðir í heiminum við fiskeldi fyrst þetta er algerlega vonlaust? Ætlum við, sem höfum gnægð af heitu vatni, að verða fyrstir til að hætta? Ætlum við að leggja árar í bát? Af hverju vorum við að fara af stað? Það er er líka spurning. Af hverju sögðu menn ekki, þessir gáfuðu menn allir, að það væri alveg tilgangslaust að fara af stað með fiskeldi? Við ættum bara að þurrausa fiskimiðin og taka svo upp nýjar lífsvenjur með því að selja hver öðrum bæði þarfar og óþarfar vörur. Það yrði framtíð þessarar þjóðar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri eða lengri. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. landbn. þó að ég telji að sumu leyti eðlilegra að þetta færi fyrir sjútvn. En ég er alveg tilbúinn að endurskoða þá tillögu mína ef mönnum sýnist það.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um ábyrgðadeild fiskeldislána, nr. 17 3. apríl 1990. Þó að frv. þetta sé flutt af níu hv. alþm. og 1. flm., hv. 1. þm. Vestf., hafi þegar fylgt því úr hlaði af myndarskap og vel megi vera að hinir taki allir til máls, langar mig til að segja nokkur orð um frv. nú.

Ég held að hér sé á ferðinni mjög þýðingarmikið og tímabært frv. Við munum eftir því að fyrir nokkrum árum var mikið rætt um nýbúgreinar hér á landi og þá aðallega loðdýrarækt og fiskeldi. Loðdýraræktin hefur lent í gífurlegum erfiðleikum svo að ekki sér fyrir endann á því máli. Fiskeldið hefur líka lent í miklum vandræðum svo að fjöldamargir sem lagt hafa út í fiskeldi hafa orðið að leggja árar í bát, sigla inn í gjaldþrot og gefast upp. Það er rétt einn og einn sem hefur þraukað að segja má fram á þennan dag. Ég nefni sem dæmi vin minn Jón Sveinsson í Lárósi á Snæfellsnesi sem af óbilandi áhuga, dugnaði og bjartsýni hefur haldið áfram árum saman að vinna að uppbyggingu þessarar búgreinar.

Frv. þetta er flutt, að því er segir í greinargerð, „til þess að bæta úr þeim gífurlegu vandamálum sem fiskeldisfyrirtæki eiga við að stríða.“ Þetta er síst orðum aukið. Það er einnig bent á það í greinargerðinni að á fundi ríkisstjórnarinnar í júnímánuði 1989 hafi verið samþykkt að láta fara fram athugun á því að veita öllum starfandi fiskeldisstöðvum bústofnskaupalán en lítið hafi í þessum málum gerst og nú sé þessi atvinnugrein, þessi blómlega framtíðaratvinnugrein, að komast í algert þrot.

Það er einnig vikið að því í greinargerð að miklar vonir hafi verið bundnar við það þegar ábyrgðadeild fiskeldislána loks komst á laggirnar 1. júlí 1990. En ekki var haldið nógu sterklega á þessum málum og raunin varð sú að starfsemi ábyrgðadeildarinnar varð ekkert nema vonbrigði. Þannig mætti lengi halda áfram að tala um málið, en eigi að síður viðurkenna menn, og í raun og veru verða að binda vonir við það, að þetta sé framtíðarbúgrein sem eigi mikla og glæsta framtíð fyrir sér, því að hvar stöndum við ef svo verður ekki?

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð en ég vil benda á það að í athugasemdum við 7. gr. frv. segir að í lögunum um ábyrgðadeild fiskeldislána sé svo mælt fyrir að lögin falli úr gildi í árslok 1999. Hér er lagt til að „sólarlagsákvæðið“ falli brott. Ég vona að flutningur og framgangur þessa frv. verði til þess að leysa einhvern vanda í þessari búgrein svo hún megi lifa til

framtíðar og þurfi ekki að horfa fram á sólarfall að sinni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram hefur komið í þeim tveimur ræðum sem fluttar hafa verið um þetta sérkennilega frv. að miklar vonir voru bundnar við möguleika fiskeldis. Það var á grundvelli þessara vona sem samþykkt var frv. um Tryggingarsjóð fiskeldislána. Vonirnar hafa því miður ekki reynst raunhæfar þannig að ríkið hefur nú þegar tapað helmingnum af þeirri upphæð sem þar var lögð til grundvallar. Hún fellur á ríkissjóð, skattgreiðendur í landinu. Það voru miklar vonir sem leiddu til þess að opinberir sjóðir, eins og þeir sem eru í vörslu Byggðastofnunar, eins og Framkvæmdasjóður, og ríkisbankar eins og Landsbankinn lánuðu til fiskeldis. Kunnugir menn telja að þar kunni 4–5 milljarðar að vera tapaðir af opinberu fé.

Í framsöguræðu fyrir þessu frv. var lítið reynt að leita skýringa á því hvernig stendur á því að þessar vonir hafa ekki ræst, hver er vandi fiskeldisins á Íslandi, hvað hefur gerst. Af hverju hafa draumarnir breyst í martröð? Af hverju eru fyrirtækin gjaldþrota? Það var ekki gert. Í staðinn er flutt hér einhver skammarræða um ríkisstjórnina og án þess að víkja að kjarna þess frv. sem hér er mælt fyrir er skorað á þingið að samþykkja það en fjöður skotið yfir það hvað þetta frv. í raun og veru felur í sér. Frv. felur í sér að fyrirtæki sem Byggðastofnun, sem 1. flm. er stjórnarformaður í, hefur gefist upp á að lána og fyrirtæki sem Landsbankinn, þar sem 2. flm. frv., hv. þm. Friðrik Sophusson, er bankaráðsmaður, hefur gefist upp á að lána, að þessi fyrirtæki fái allt að þremur milljörðum úr ríkissjóði að láni. Þetta er frv. um það að lána þessum fyrirtækjum 3 milljarða úr ríkissjóði. En það stendur hvergi í frv. Það er klætt í dulmál frv. og í dulmál framsöguræðunnar. Hvaðan á ríkissjóður að taka þessa 3 milljarða? Um það segir ekkert í frv. Það hefði verið réttara að gera tillögu um það að skattgreiðendur í landinu væru látnir borga sérstakan skatt á bak við þetta frv. Um það er frv. Það er ekki um neitt annað. En það er svo snyrtilega samið að þeir sem lesa það telja, eins og frsm. gaf til kynna, ég tala nú ekki um þann sem talaði hér á eftir, að hér sé bara verið að tala um lán, nauðsynlega fyrirgreiðslu fyrir blómleg fyrirtæki. Hér er verið að biðja ríkissjóð um að taka að sér fyrirtæki sem Landsbankinn og Byggðastofnun hafa gefist upp á að lána. Um það er þetta frv. Það er verið að biðja skattgreiðendur í landinu að taka að sér þau fyrirtæki sem Landsbankinn, Byggðastofnun og aðrir hafa gefist upp á. Það á að segja alveg hreint út. Það á ekki að klæða það í eitthvert dulmál, sérstaklega ekki þegar jafnmiklir réttrúnaðarmenn í ríkisfjármálum eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson fjárveitinganefndarmaður og formaður fjvn., Sighvatur Björgvinsson, standa að þessu frv. og fjárveitinganefndarmaðurinn Málmfríður Sigurðardóttir. Og svo eru hér miklar umræður á Alþingi um það að banna heimildarlausar greiðslur og allar greiðslur úr ríkissjóði verði að fara samkvæmt lánsfjárlögum og samkvæmt fjárlögum. Flm. frv. hafa ekki svarað því hvaðan á að taka þá 3 milljarða sem falla á ríkissjóð samkvæmt þessu frv.

Ég mun, virðulegi forseti, koma að þessu síðar en ég tel nauðsynlegt, af því að ég met vanda fiskeldisins mjög mikils, að hér fari fram í þingsölum raunhæf umræða um það hver er skýringin, hverjar eru ástæðurnar, hvað hefur gerst svo að raunhæft og skynsamlegt mat geti farið fram en ekki bara fylgt gömlu patentlausninni, að vísa öllum vanda greiningarlaust á ríkissjóð og skattborgarana í landinu.

Samkvæmt þessu frv. er lagt til að breyta ábyrgðadeild fiskeldisins í banka. Það er kjarni frv. Þar er gert ráð fyrir því að deildin veiti fyrirtækjunum lán sem þá mundu kallast bústofnslán og komi í stað þeirra afurðalána sem bankakerfið í landinu hefur látið fiskeldisfyrirtækjunum í té fram að þessu. Með öðrum orðum, það er verið að leggja til að gera ábyrgðadeild fiskeldislána að ríkisbanka fiskeldisins vegna þess að Landsbankinn, Búnaðarbankinn og aðrir bankar og lánasjóðir hafa gefist upp á áhættunni sem felst í því að lána þessum fyrirtækjum.

Hugmyndin um bústofnslán er ekki ný af nálinni. Frá því að fiskeldi hófst í stórum stíl hér á landi hefur verið vandræðagangur á fjármögnun kostnaðar við að byggja upp fiskinn sem alinn er upp í hverri stöð. Það er rétt að gera í upphafi stutta grein fyrir þróun þessa máls svo umræðan geti verið með raunhæfum hætti.

Í upphafi þróunar fiskeldisins samþykktu nokkrir fjárfestingarlánasjóðir að veita stofnlán til fiskeldisins. Lánareglurnar sem mótuðust hjá sjóðunum voru að því leyti samræmdar að einungis var lánað út á kostnað við gerð mannvirkja og þá ákveðið hlutfall af kostnaðarverði. Hlutfallið var breytilegt milli sjóða en á bilinu 50–70% af kostnaðarverði mannvirkjanna. Veðhæfni hjá hverju fyrirtæki um sig var skilgreind sem sama hlutfall og hámarkslánin voru 50–70% af kostnaðarverði mannvirkjanna. Flestir gerðu sér grein fyrir því að tekjur mynduðust ekki hjá fiskeldisfyrirtækjunum fyrr en búið væri að ala upp svonefndan lífmassa eða fisk sem kominn væri í sláturhæfa stærð. Jafnframt var ljóst að fyrstu tvö til fjögur árin yrðu tekjulaus hjá hverju fyrirtæki. Rekstur á þessum fyrstu árum var því í raun hluti af stofnkostnaði fyrirtækjanna. Fram hjá þessari staðreynd var horft og bera sjóðirnir við að fyrirtækin hafi ekki haft nein veð að bjóða svo að þeir gætu lánað fyrir öllum stofnkostnaði, þ.e. bæði mannvirkjunum og lífmassanum.

Skilgreining sjóðanna á veðhæfni var og er reyndar enn ákveðið hlutfall af kostnaði við mannvirkjagerðina sjálfa. Viðskiptabankar fiskeldisfyrirtækjanna veittu hins vegar rekstrarlán sem fljótlega voru kölluð afurðalán, þó það sé í reynd ekki réttnefni samkvæmt hefðbundnum skilningi þess orðs. Viðmiðun lánsupphæðarinnar var breytileg. Í fyrstu var lánað út á rekstraráætlanir og þar með ákveðið hlutfall af kostnaði við að byggja upp bústofn. Síðan fór upphæðin að miðast við ákveðið hlutfall af tryggingarverðmæti fisksins sem í stöðvunum var. Sumir bankanna létu sér nægja að taka veð í fiskinum en aðrir kröfðust aukaveða og þá

oftast sjálfskuldarábyrgða eða fasteignaveða hjá eigendum eða hluthöfum í fyrirtækjunum. Fljótlega kom í ljós að þetta var engan veginn nægilegt fyrirtækjunum til að þau gætu byggt sig upp. Því hefur með reglulegu millibili á síðustu þremur árum verið skoðað af hálfu stjórnvalda hvers konar kerfi væri hægt að byggja upp sem fullnægði þörfum fyrirtækjanna.

Á árinu 1988 var starfandi nefnd sem páv. landbrh. Jón Helgason, ráðherra í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, skipaði til þess að skoða lánakerfi það sem íslensk fiskeldisfyrirtæki bjuggu þá við og gera samanburð við það sem er í samkeppnislöndum okkar. Helstu niðurstöðum þessarar nefndar má lýsa með eftirfarandi:

Í flestum löndunum voru veittir fjárfestingarstyrkir til að byggja upp fiskeldi. Styrkveitingarnar voru yfirleitt undir formerkjum byggðastyrkja. Uppbygging lífmassa var fjármögnuð með rekstrarlánum, nema í Skotlandi þar sem slíkt reiknast inn í stofnlánin. Aðeins í Noregi — ég legg áherslu á það — er ríkisábyrgð á rekstrarlánunum. Sú ríkisábyrgð var á alla upphæð rekstrarlánanna í upphafi, þ.e. fyrir 20 árum síðan, en hafði lækkað og var að jafnaði um 50% af upphæðinni árið 1988.

Færeyingar — og ég bið menn að taka eftir því — byggðu sitt fiskeldi upp án styrkja og án ríkisábyrgða á rekstrarlán.

Meginniðurstaða fyrrnefndrar skýrslu, sem unnin var fyrir Jón Helgason landbrh. árið 1988, er að fiskeldisfyrirtæki í samkeppnislöndum hafa átt greiðari aðgang að fjármagni til að byggja sig upp heldur en íslensk fyrirtæki. Á þessum tíma, og það er nauðsynlegt að rifja það upp vegna þess að þessi umræða um enn eitt ríkisábyrgðarkerfið í fiskeldinu er ekki ný hér í þingsölum, þetta er satt að segja þriðja umræðan síðan ég tók við embætti fjmrh. þar sem sótt er á um meiri ríkisábyrgðir gagnvart fiskeldisfyrirtækjunum, á árinu 1988, töldu fiskeldismenn að arðsemin í íslensku fiskeldi yrði mikil og spáðu því að á árunum 1990 og 1991 mundu fyrirtækin fara að skila það miklum arði að allt önnur tíð yrði þá gengin í garð og fyrirtækin mundu ráða við greiðslu af lánum á árunum 1990 og 1991. Spurningin væri einungis hvernig greininni yrði auðveldaður aðgangur að lánsfjármagni til að byggja sig upp.

Þegar hér var komið sögu voru fyrirtækin að byggja upp lífmassa en lítið sem ekkert farið að koma til slátrunar. Verulegrar tregðu gætti í bankakerfinu til að veita rekstrarlán án aukaveða fyrir utan fyrirtækin sjálf. Niðurstaða þessara umræðna, og ég bið hv. þm. að rifja það upp, bæði í sínum eigin huga og í þingtíðindum, var að á árinu 1989 var stofnaður Tryggingasjóður fiskeldislána. Hann hafði það að markmiði að veita ábyrgð á hluta afurðalána greinarinnar. Með tilteknum skilyrðum áttu fyrirtækin að geta fengið allt að 75% af tryggingarverðmæti eldisstofns að láni sem afurðalán. Samkvæmt lögunum um sjóðinn átti að ákvarða iðgjöld af ábyrgðum með það fyrir augum að sjóðurinn yrði rekinn hallalaus. Með tilliti til áhættunnar sem þótti vera í rekstri svona sjóðs var meðaliðgjaldið ákveðið 6,5% af ábyrgðarupphæð. Auk þess var hvert fyrirtæki skyldað til að skrifa upp á jafnháa ábyrgðaryfirlýsingu ef iðgjaldið reyndist í framtíðinni of lágt.

Tryggingasjóðurinn veitti einungis einfalda ábyrgð en bankarnir vildu fá sjálfskuldarábyrgð. Hvers vegna? Vegna þess að bankarnir vildu endilega fá það kerfi að þeir bæru enga áhættu heldur bæri ríkissjóður, og skattgreiðendur í landinu þar með, alla áhættuna. Framkvæmdasjóður Íslands var þá fenginn til að veita sjálfskuldarábyrgð til bankanna út á einfalda ábyrgð Tryggingasjóðs. Talsverð gagnrýni kom fram á þetta fyrirkomulag sem þótti þungt í vöfum og dýrt fyrir fyrirtækin. Síðan varð það niðurstaðan að lög um ábyrgðadeild fiskeldis voru samþykkt til að enn á ný koma til móts við þessi sjónarmið og yfirtók deildin allar skuldbindingar Tryggingasjóðsins. Við það varð kerfið vissulega einfaldara og nokkuð ódýrara fyrir fyrirtækin þó enn sé stunið yfir kostnaðinum af ábyrgðunum.

Því miður verður að segja þá sögu eins og hún er að nú þegar hafa tapast 200 millj. kr. af þeim rúmlega 400 millj. sem Tryggingasjóðurinn gekkst í ábyrgð fyrir. Með öðrum orðum er þegar búið að færa yfir á skattgreiðendur í landinu helminginn af öllum þeim ábyrgðum sem Tryggingasjóður fiskeldisins samþykkti og var þó kvartað yfir því á þeim tíma að reynt væri að hafa skilyrðin svo ströng að einungis hin traustustu fyrirtæki fengju aðgang að þessum ábyrgðum.

Í framkvæmd var það þannig að bankinn, sem veitti afurðalán til fyrirtækjanna, hefur sinn hluta lánsins tryggðan á fyrsta veðrétti í fiskinum. Síðan hefur hann ábyrgð ábyrgðadeildar fiskeldislána sem aftur hefur veð á öðrum veðrétti í fiskinum. Reynslan er sú að ef fyrirtæki verður gjaldþrota og reynir á raunverulegt verðmæti fisksins þá fær bankinn eitthvað upp í fyrsta veðrétt en ekkert fæst upp í annan veðrétt sem ábyrgðadeild fiskeldisins er með. Það þýðir að ábyrgðadeildin þarf að greiða eins og ábyrgðirnar segja til um en fær ekkert út úr sölu á fiskinum.

Því er það ljóst að ef öll fyrirtækin í greininni verða gjaldþrota munu allar — ég bið hv. þm. að taka eftir því — ábyrgðirnar tapast. Það er því nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, þegar þetta frv. hér er flutt um að breyta þessu enn frekar á þann veg að auka áhættu ríkissjóðs stórfelldlega, hver hin raunverulega staða er og hvað það er sem hefur farið úrskeiðis. Því það er nauðsynlegt fyrir okkur sem höfum trú á fiskeldinu að við ræðum hér af fullri hreinskilni hvað það er sem hefur farið úrskeiðis. Ástæðurnar eru mjög margar. Bjartsýnin, sem ég nefndi í upphafi, hefur ekki staðist. Væntingarnar hafa reynst óraunhæfar. Hver er skýringin á því að tekjurnar hafa orðið svona miklu, miklu minni en menn bjuggust við? Ég ætla að nefna nokkrar.

Fyrsta ástæðan er verðfall á erlendum mörkuðum. Verð á laxi, sem margir töldu að yrði hátt vegna þess að hér væri um svo dýrmæta og eftirsótta vöru að ræða, hefur lækkað á tveimur, þremur síðustu árum úr 11–12 Bandaríkjadollurum í 6–8 dollara pr. kíló. Ýmsir erlendir og innlendir sérfræðingar telja að það kunni e.t.v. að vera svo að botninum sé náð í þessum verðum og það geti hugsanlega hækkað eitthvað þegar líð-

ur á þetta ár. Kannski á árinu þar á eftir ef minna framboð verður af fiskinum. Lax var áður á borði dýrra veitingahúsa og talinn vera lúxusvara. Nú er hann ekki lengur flokkaður þannig. Nú hefur hann yfirleitt lækkað svo í verði að hann er almennt ekki talinn vera sú lúxusvara sem verðspár fyrri ára lögðu til grundvallar. Það getur verið að hann nái því verði aftur, en það er engin trygging fyrir því.

Önnur meginástæðan fyrir því hve illa hefur farið í fiskeldinu er hinn hægi vöxtur sem hefur einkennt þann laxastofn sem við höfum verið með hér. Við höfum kannski mörg talið að íslenski laxastofninn væri sérstakur gæðastofn og miklu betri en norski stofninn eins og við höfum ríka tilhneigingu til að halda að náttúrulegar íslenskar vörur séu meiri gæðavörur en erlendar. Staðreyndin er hins vegar sú að sá stofn sem við erum með, íslenski laxastofninn, vex hægar en þeir stofnar sem Norðmenn hafa ræktað upp og nota í eldinu hjá sér. Þar með er samkeppnishæfni íslenska fiskeldisins miklu verri. Þetta þýðir t.d. að eldið tekur lengri tíma en reiknað var með, laxinn er smærri þegar honum er slátrað og magnið minna en reiknað var með. Þetta vandamál leysist ekki nema með margra, margra ára kynbótum á íslenska laxastofninum eða með þeirri örlagaríku ákvörðun að innleiða hér erlendan laxastofn. Það er alveg nauðsynlegt að menn horfist í augu við það að því miður er það þannig að laxastofninn sem Norðmenn hafa ræktað upp hjá sér er samkeppnishæfari og arðbærari heldur en sá íslenski.

Þetta er enn bagalegra fyrir þá sök að verðið á erlendum mörkuðum er hærra pr. kíló því stærri sem laxinn er. Sé stærð laxins þess vegna tvöfölduð þá vex áhrifavaldurinn hvað heildarverðmætið snertir. Það er líka rétt að horfast í augu við það að náttúrulegar aðstæður hafa reynst óhagstæðari en gert var ráð fyrir. Vatnshitinn, sem við bundum miklar vonir við, í strandeldisstöðvunum er víða talsvert lægri en það sem getur talist kjörhiti við laxeldi. Það er einmitt þessi vatnshiti sem ræður miklu um vaxtarhraðann. Ef hann er minni en reiknað var með verður vaxtarhraðinn minni. Sama er að segja um sjávarhitann þar sem kvíaeldi hefur verið reynt. Því miður er það þannig að það er aðeins á fáum stöðum á landinu þar sem hitastig sjávar hefur reynst heppilegt til laxeldis árið um kring.

Þriðja ástæðan fyrir því að þessar björtu vonir hafa ekki ræst eru mikil afföll á eldistímanum, mun meiri afföll en reiknað var með. Þetta á sérstaklega við um kvíaeldi í sjó. Menn gerðu ráð fyrir að afföllin yrðu 20–30% frá því að seiði voru sett í kví þar til að yrði slátrað. Reynslan hefur hins vegar sýnt að afföllin eru að meðaltali 50% og fara jafnvel allt upp í 70%. Þetta eru mun meiri afföll en hjá samkeppnisþjóðum okkar. Í upphafi var hins vegar reiknað með að afföllin hér yrðu minni, m.a. vegna þess að menn töldu að mengunin væri minni og sjúkdómshættan væri minni hjá okkur á Íslandi. Því miður hefur íslenski laxastofninn reynst mjög sjúkdómasækinn. Afföll í strandeldisstöðvum hafa verið meiri af völdum sjúkdóma og tjóna en reiknað var með í því einangraða vistkerfi sem margir töldu hinn helsta kost laxeldis á Íslandi.

E.t.v. er hluti af skýringunni á því hve illa hefur farið ekki skortur á lánum, ekki skortur á sjóðum, ekki skortur á peningum, heldur að íslenskir fiskeldismenn hafa ekki náð þeim tökum á eldinu sem nauðsynlegt er. Og ég segi þetta ekki til að áfellast þá með einum eða öðrum hætti. Það er bara staðreynd sem alþekkt er hvort sem það er úr landbúnaði eða iðnaðarframleiðslu að oft þarf langan tíma, talinn í árum og jafnvel áratugum, til að þróa gæði vöru sem stenst alþjóðlega samkeppni. Við Íslendingar viljum hins vegar taka gróðann strax. Við erum alltaf að flýta okkur svo mikið. Við trúum alltaf á gullfenginn, höldum að síldin sé í næsta firði, kaupum okkur skip, reisum dýr mannvirki, fjárfestum og tökum lán en sinnum ekki þeim nauðsynlega undirbúningi sem er tímafrekur, krefst þolinmæði og hefur það að frumforsendu að menn séu tilbúnir að bíða, jafnvel árum saman eftir að hagnaðurinn skili sér.

Fjórða ástæðan, sem líka kann að vera feimnismál í umræðum hér á landi, en er því miður einnig nauðsynlegt að vekja athygli á vegna þess að í framsögu fyrir þessu frv. virtist gæta þess skilnings að vandinn væri bara skortur á peningum, skortur á lánum og ef þeir kæmu, lánin og peningarnir og ríkisábyrgðirnar, þá mundi þetta allt saman leysast. Fjórða ástæðan eru léleg gæði. Einfaldlega léleg gæði. Verðið sem fæst fyrir vöruna veltur í þessum efnum fyrst og fremst á gæðum hennar. Staðreyndin er sú, þó lítið hafi farið fyrir því í opinberri umræðu hér á landi, að á erlendum mörkuðum hefur íslenski eldislaxinn lélega gæðaímynd að dómi kunnáttumanna sem þessi mál hafa skoðað gaumgæfilega. Ég segi enn og aftur því miður. Við erum bara ekki með nógu góða vöru. Kunnáttuna hefur skort í meðhöndlun laxins fyrir slátrun og frágangi á laxinum eftir slátrun. Þá er það líka staðreynd að íslenski laxastofninn verður kynþroska snemma en við kynþroska breytist laxinn bæði að lit og gæðum og verður mun síðri söluvara. Engu að síður, því miður, er það þannig að töluvert af slíkri vöru hefur verið sent á markað erlendis og hún hefur eðlilega skemmt fyrir markaðsstöðunni, dregið úr þeim gæðaorðstír sem íslensk útflutningsvara þarf að hafa. Sem dæmi um það hvað gæði hafa að segja varðandi söluverð á mörkuðum má nefna að norski laxinn er að meðaltali um 90 centum hærri í Bandaríkjunum en sá íslenski að dómi kunnáttumanna eingöngu vegna gæðanna — tæpur dollar sem munar á einingaverði eingöngu vegna gæðanna. (**Gripið fram í:** Hver yrði munurinn á fjármálaráðherrunum ef þeir yrðu bornir saman?) Ég er alveg reiðubúinn að fara í þann samanburð, en það er alveg við hæfi þegar verið er að reyna að efna hér til alvarlegrar og raunhæfrar umræðu um hvers vegna hinir miklu draumar hafa ekki ræst, þá sé verið að reyna að snúa því upp í einhverjar skætingsathugasemdir um fjármálaráðherra viðkomandi landa, eða með öðrum orðum gefa enn á ný til kynna að vandinn sé bara sá að það fáist ekki nægir peningar. Og segir það nú hinn mikli réttrúnaðarboðberi ríkisfjármálanna hér í þingsalnum.

Ef við drögum þetta saman þá er verðfall á erlend-

um mörkuðum aðeins að hluta til skýringin á minni tekjum en áætlað hafði verið. Meginskýringin að dómi þeirra kunnáttumanna sem þessi mál hafa skoðað felst í óhagstæðari náttúrulegum aðstæðum og að laxastofnarnir eru óhagstæðari hér á Íslandi en menn gerðu ráð fyrir. Menn ofmátu hinar náttúrulegu aðstæður fyrir fiskeldið á Íslandi, bæði hvað snertir sjálfan stofninn og hvað snertir hitann. Þar við bætist svo einnig skortur á nægilega vönduðum frágangi til að koma vörunni á markað.

Ég vil svo einnig rekja hér með svipuðum hætti nokkrar meginástæður þess að útgjöld fiskeldisfyrirtækjanna hafa reynst meiri en ætlað var. Það er nauðsynlegt að gera það þegar umræðan hér er lögð upp á þann veg að vandinn sé bara sá að það skorti meira lánsfé. Fyrsta ástæðan fyrir því að útgjöld hafa reynst vera meiri eru hin miklu afföll sem hafa orðið í þessari grein. Afföll, sem eins og ég gat um áðan, stafa af verri náttúrulegum aðstæðum, lélegri laxastofni og ýmsum öðrum ytri náttúrulegum skilyrðum sem við ráðum lítið sem ekkert við. Sem dæmi er hægt að hugsa sér eldisstöð sem keypti seiði til eldis og hefði reiknað með afföllum 20–30%, þ.e. 70–80% seiðanna næðu fullum vexti, hún stendur frammi fyrir 60–65% afföllum, eða að einungis 35–40% seiðanna nái fullum vexti. Slík stöð er með helmingi hærri seiðakostnað á framleitt kíló en reiknað var með í upphafi. Ef menn hafa til viðbótar ekki fylgst nægilega með er hætt við að fóðurgjöfin hafi verið miðuð við þarfir fiskanna, sem menn héldu að væri verið að fóðra, en ekki helmingi færri fiska eins og raunveruleikinn fól í sér. Á sama hátt hefur þá tryggingaverðmætið verið of hátt og kostnaðurinn við tryggingarnar mun hærri en eðlilegt var.

Önnur ástæðan fyrir hærri útgjöldum er hinn hægi vöxtur á fiskinum. Þessi hægi vöxtur þýðir meiri kostnað vegna þess að það tekur mun lengri tíma að ná upp þeim lífmassa sem þarf í hverja stöð til að það magn náist til slátrunar sem reiknað var með að hver stöð þyrfti til að vera rekstrarhæf. Líklegt er að það hafi tekið allt að einu ári lengur að ná upp þeim lífmassa sem stefnt var að í hverri stöð vegna hægari vaxtar og meiri affalla en ráð var fyrir gert. Þessi staðreynd ein eykur kostnaðinn við fiskeldið hér á Íslandi verulega umfram kostnaðinn við fiskeldið í samkeppnislöndum okkar. Tekjulaus tími fyrirtækjanna var því mun lengri en sem því nemur, fjármagnskostnaðurinn meiri og rekstrarkostnaðurinn í heild erfiðari viðureignar.

Þriðja ástæðan fyrir hærri útgjöldum er hár stofnkostnaður. Mannvirkjagerð tengd fiskeldi hér á Íslandi er orðin mjög mikil og dýrust hefur mannvirkjagerðin verið hjá strandeldisstöðvunum. Í raun má segja það að í flestum þeirra hafi verið um frumhönnun slíkra mannvirkja að ræða vegna þess að engin fordæmi voru til frá öðrum löndum og enn á ný var farin gamla íslenska leiðin, að stíga stóru stökkin strax í upphafi í stað þess að fara sér hægt, safna reynslu og sjá hvað mundi gerast. Í staðinn fyrir það var rokið til og dælt hundruðum milljóna, jafnvel þúsundum milljóna í mannvirki sem enginn vissi hvort gætu borið þann kostnað sem í þau var settur.

Það er tími til kominn að við Íslendingar lærum það í uppbyggingu nýrra atvinnugreina að vænlegasta leiðin er ekki gamla steinsteypuleiðin, að reisa flott hús, dýr mannvirki, áður en rannsóknirnar eru gerðar, áður en reynsla fæst af fyrstu rekstrarárunum, að við eigum að safna reynslu og flýta okkur hægt til þess að þegar við leggjum í hinar stóru fjárfestingar sé arðurinn nokkurn veginn tryggður. Okkar litla þjóð hefur ekki efni á því að henda milljörðum og aftur milljörðum í tilraunastarfsemi sem ekki skilar sér og er illa undirbúin. Síðan eru það skattgreiðendur í landinu sem eiga að borga kostnaðinn eða fjölskyldurnar og eigendur fyrirtækjanna sem þurfa að fórna miklu vegna þess að draumarnir hafa ekki ræst.

Í fjórða lagi er mikill fjármagnskostnaður. Miklu meiri fjármagnskostnaður í íslensku fyrirtækjunum heldur en í hinum erlendu. Ekki vegna þess að vextirnir hafi verið sérstaklega hærri hér heldur fyrst og fremst vegna þess að menn bundu svo mikið fjármagn í fyrirtækjunum strax í upphafi, nokkrum árum áður en nokkur sala gat farið fram, og höfðu enga von um að fá tekjur til þess að standa undir miklum fjármagnskostnaði af dýrri fjárfestingu. Sem hlutfall af heildarskuldum er hins vegar eigið fé, sem lagt hefur verið í greinina, ótrúlega lítið. Í flestum tilvikum hefur ekki verið fylgt þeirri meginreglu í nútímaatvinnurekstri að eiginfjárstaðan verður að vera styrk þegar ýtt er úr vör. Hvers vegna ættu fiskeldisfyrirtæki að getað þróast með litlu sem engu eigin fé þegar yfir höfuð engin önnur fyrirtæki geta gert það?

Lausaskuldir hlóðust upp hjá fyrirtækjunum. Á þær safnaðist viðbótarfjármagnskostnaður, dráttarvextirnir urðu miklir. Í stuttu máli má segja að vegna mikils stofnkostnaðar og minni tekna urðu skuldir fyrirtækjanna miklu meiri og fjármagnskostnaðurinn miklu meiri en gert var ráð fyrir en það var ekki vegna þess að það vantaði peninga. Það var ekki vegna þess að vextirnir væru of háir. Það var vegna þess að það skorti fyrirhyggjuna.

Ég hef nefnt þessa hluti hér vegna þess að þetta er í þriðja sinn, með þessu frv., sem komið er til Alþingis og beðið um meiri ríkisábyrgð. Það var gert þegar Tryggingasjóðurinn var settur á laggirnar veturinn 1989–1989. Helmingurinn af þeim ríkisábyrgðum er nú tapaður. Það var gert þegar ábyrgðadeildin var sett á laggirnar og nú er stigið risavaxnara skref í því að biðja um ríkisábyrgðir fyrir þessi fyrirtæki heldur en nokkrum manni hefði dottið í hug í umræðum 1988–1989 eða 1989–1990.

Við skulum hins vegar áður en ég kem að einstökum greinum þessa frv. líta aðeins yfir sviðið í fiskeldinu.

Afleiðingar minni tekna og meiri útgjalda er að kostnaður við framleiðslu hvers kílós er meiri en tekjurnar. Breytilegur kostnaður pr. kíló er hærri hjá mörgum fyrirtækjum en skilaverð við sölu, þ.e. reksturinn, og ég bið menn að taka eftir þessu, reksturinn skilar bókstaflega engu upp í fjármagnskostnað og afskriftir. Þetta er meginskýringin á þeim miklu gjaldþrotum

sem verið hafa hjá fyrirtækjum í greininni.

Þegar menn gerðu sér grein fyrir þessum ágöllum, sem ég hef reynt að rekja hér að framan, og þeirra vegna mundi reksturinn engu skila, þá er það bara einföld staðreynd, því miður, að það er ekki hægt að komast hjá gjaldþrotum ef reksturinn skilar engu upp í fjármagnskostnað og afskriftir nema einhver annar, í þessu tilfelli ríkissjóður og skattborgarar, taki að sér að borga skuldirnar. Hvaða form er á afurðalánunum og hvaða kostnaður fellur á þau, eins og hér er gert að aðalatriði, skiptir engu máli fyrir þessi fyrirtæki. Vandinn liggur nefnilega allt annars staðar. Það er þess vegna sem ég hef kosið að verja hér löngu máli í umræðum um þetta þingmannafrv. þó yfirleitt sé það ekki vani ráðherra að gera það í umræðum hér á Alþingi. Vegna þess að ég tel að málið sé mikilvægt og að hér séum við að fást við vanda atvinnugreinar sem margir hafa bundið miklar vonir við.

Það eru til fiskeldisfyrirtæki í landinu sem virðast hafa komist hjá, eða a.m.k. komist yfir, marga af þessum ókostum sem ég hef hér verið að nefna. Rekstur þessara fyrirtækja skilar upp í fjármagnskostnað og vexti og ef verðið á erlendum mörkuðum hækkar jafnvel lítillega, eins og ég rakti hér áðan, þá munu þessi fyrirtæki ráða við skuldbindingar sínar. (**Gripið fram í:** Hver eru þau?) Ég ætla ekki að ræða þetta á grundvelli þess að nefna einstök fyrirtæki, virðulegi þingmaður. (**Gripið fram í:** Það eru engin.) Jú, það er rangt hjá þingmanninum. Þessi staðreynd sem ég hef hér verið að nefna, kannski er spurning hvort þingheimur þorir að horfast í augu við það, sérstaklega flm. frv., að fiskeldið er enn þá og verður enn þá um nokkurra ára skeið tilraunastarfsemi hjá okkur Íslendingum. Það er útgangspunkturinn. Niðurstaðan af reynslu undanfarinna ára er að fiskeldið getur ekki verið annað en tilraunastarfsemi hjá okkur Íslendingum og á að byggjast upp sem slík með þeim aðferðum rannsókna, hógværðar og yfirvegaðra ákvarðana sem felst í því að byggja upp atvinnugreinar á grundvelli tilraunastarfsemi. Vandinn er sá að umræðan er ekkert um það. Umræðan er bara um meiri peninga, meiri ríkisábyrgðir, meiri lán.

Virðulegi forseti. Í umræðunni um vanda fiskeldisins hefur verið vinsælast að ræða um rekstrarlánin og hvernig megi breyta formi þeirra og helst breyta nafninu í leiðinni. Þetta frv., sem hér hefur verið mælt fyrir og ýmsir virtir alþingismenn standa að, er því mjög hefðbundið innlegg í umræðuna um vanda fiskeldisins. Nafnbreytingar á lánum og auknar ríkisábyrgðir.

Í upphafi grg. segir að tilgangur frv. sé að vekja athygli á þeim gífurlegu vandamálum sem fiskeldisfyrirtækin eiga við að stríða. Í grg. er síðan tíundað mjög rækilega hvern kostnað fyrirtækin geti borið af veittri ríkisábyrgð á afurðalánum. Það er hins vegar lítið sem ekkert að finna um þá áhættu sem ríkissjóður eða skattborgarar kunna að taka ef þetta frv. verður samþykkt. Það er ekkert um þá áhættu. Af lestri grg. má skilja að vandamál fiskeldisins sé fyrst og síðast kostnaðurinn af þessum ríkisábyrgðum. Ef bara væri hægt að losna við kostnaðinn af ríkisábyrgðunum þá væri þetta allt í góðu gengi. En ég vona að sú greining á vanda fiskeldisins og þróunar þess á undanförnum árum, sem ég hef reynt að leiða inn í umræðuna, sýni mönnum að það er ekki vandinn. Kostnaðurinn af ríkisábyrgðunum er ekki vandinn.

Ég velti því fyrir mér hvernig stendur á því að þessir ágætu þingmenn sem að þessu frv. standa, ég ber mikla virðingu fyrir þeim, leiða ekki fram í frv. ítarlega greinargerð um þennan vanda. Ég segi þetta vegna þess að 1. flm. er stjórnarformaður Byggðastofnunar, hv. þm. Matthías Bjarnason, 2. flm. er bankaráðsmaður í Landsbankanum, hv. þm. Friðrik Sophusson og þær stofnanir, sem þessir tveir menn stýra, Landsbankinn og Byggðastofnun, eru að tapa stórfé á þeim lánum sem þær hafa veitt til fiskeldisins. Landsbankinn, stofnunin sem hv. þm. Friðrik Sophusson stjórnar, hefur ákveðið að hætta þeirri lánafyrirgreiðslu sem bankinn hefur veitt fiskeldisfyrirtækjunum. Hefði ekki verið rétt hjá bankaráðsmanninum, og mér þykir leitt að hann skuli ekki vera í þingsölum hér í kvöld, að gera þingheimi grein fyrir því hvers vegna Landsbankinn, bankinn sem hann er þingkjörinn bankaráðsmaður í, hefur hætt? Þá hefðum við kannski haft einhvern vitrænan grundvöll til þess að ræða hvort þetta frv. væri skynsamlegt ef sá bankaráðsmaður, sá eini sem situr á Alþingi, sem Alþingi hefur kosið í bankaráð Landsbankans, gerði þinginu grein fyrir því í umræðum um þetta frv. hvers vegna Landsbankinn er hættur að lána. Hans eigin banki. Og hvers vegna bankaráðsmaðurinn gerist 2. flm. að frv. um að þá eigi ríkissjóður að taka við.

Þetta er sérstaklega athyglisvert vegna þess að Landsbankinn, eins og ég veit að sumir þingmenn sem hér eru í þingsalnum vita, Landsbankinn er nú í fararbroddi þeirra banka sem eru að draga sig út úr lánafyrirgreiðslu fyrir fiskeldið. Hann fer fyrstur af þeim stofnunum sem vilja ekki lengur veðja á fiskeldið og taka áhættuna. Eða á það kannski að vera þannig að bankaráðsmenn í ríkisbönkunum, þegar þeirra eigin bankar hafa gefist upp á að lána tilteknum atvinnugreinum eða tilteknum fyrirtækjum, þá komi þeir hér inn í þingsalina og flytji frv. um að nú taki ríkissjóður við? Nú taki skattgreiðendur við. Er þá ekki rétt að leggja málið þannig fyrir og við ræðum það á þeim grundvelli? Erum við reiðubúnir að láta skattgreiðendur borga þrjá milljarða í þessa tilraunastarfsemi? Það er á þeim grundvelli sem á að ræða þetta frv. og taka afstöðu til þess á þeim grundvelli. Það má vel vera að menn komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að láta skattgreiðendur leggja 3 milljarða inn í þetta áhættudæmi. Þá eiga menn að gera það með opnum augum en ekki klæða það í eitthvert dulmál nýrra nafngifta. Það er ekkert reifað hér í frv. hvaða upphæðir geti verið um að ræða, hver áhættan sé sem almenningur í landinu er að taka á sig með þessu frv.

Í dag eru í gangi ábyrgðir hjá ábyrgðadeild fiskeldis, hjá starfandi fiskeldisfyrirtækjum, að upphæð 215 millj. kr. Það má ætla að bústofnslánin gætu numið 500–800 millj. kr. á þessu ári og vaxið á næstu þremur árum upp í tæplega 3 milljarða kr. Það er staðreynd

málsins. Bústofnslánin, sem hér er verið að opna fyrir, gætu á þremur árum vaxið upp í tæpa 3 milljarða. (**ÓÞÞ:** Hárrétt athugað.) Þá á að segja það, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sem er einn af flm. þessa frv., svo að það sé ekki verið að dylja þingið og almenning í landinu þess hvað hér er verið að fara fram á. Að flytja greiðslurnar frá bankakerfinu í landinu, sem búið er að gefast upp, yfir á skattborgarana.

Tryggingarnar á bak við þessi lán eiga að vera eldisfiskur í stöðvunum sem engin lánastofnun fæst nú til að líta á sem veð. Ég legg áherslu á það. Tryggingarnar sem þetta frv. bendir á er eldisfiskurinn í stöðvunum. Það er engin lánastofnun í landinu í dag sem er tilbúin að taka það sem veð. Hefði ekki verið rétt að segja: Þetta er frv. um að taka tryggingar í hlutum sem engin lánastofnun í landinu er tilbúin til að taka tryggingar í. Eldisstofninn hefur verið sá grundvöllur sem tryggingar fyrri tíma hafa miðast við. Þegar ríkið á skv. þessu frv. að fara að stunda beina lánastarfsemi, því það er það sem þetta frv. er um, þetta er frv. um beina lánastarfsemi af hálfu ríkisins, þá spyr ég: Eiga veðin sem ríkið tekur að vera hæpnari og lélegri en veðin sem lánastofnanir í landinu vilja taka almennt séð? Er þá ekki rétt að þingið standi frammi fyrir því að um það snýst þetta frv.?

Í 1. gr. frv. skilgreina höfundarnir hið nýja hlutverk ábyrgðadeildarinnar. Núgildandi lög ábyrgðadeildarinnar gera ráð fyrir að deildin tryggi greiðslu eldislána sem lánastofnanir veita. Í frv. er hlutverki deildanna hins vegar breytt yfir í það að vera útlánastarfsemi. Hins vegar segir ekkert um það í frv., og ég vek líka athygli á því, það er ekki stafur um það í frv. hvernig ábyrgðadeildin á að fjármagna þessa útlánastarfsemi, útlánastarfsemi sem getur numið allt að 3 milljörðum á næstu þremur árum. Það er ekkert um það í frv. Það er hið stóra gat. Hvaðan á að taka þá peninga? Á að taka þá af fjárlögum? Á að taka þá af láni sem ríkissjóður tekur, t.d. með sölu spariskírteina, eða erlendu láni með ríkisábyrgð? Hvaðan á að taka þessa 3 milljarða? Á bara að prenta þá í Seðlabankanum? Ég er satt að segja alveg hissa vegna þess að í hópi flm. eru þeir menn sem hér hafa verið í fararbroddi um föst tök í ríkisfjármálum og að ekki sé gengið frá ábyrgðum og skuldbindingum nema þær séu gerðar alveg ljósar og skýrar, jafnvel í hinu smæsta, og er hér á dagskrá deildarinnar í dag frv. sem fjárveitinganefndarmenn flytja um það efni, þá er í þessu frv. ekki eitt orð, ekki ein setning, ekki einn stafur um það hvar á að taka peningana til að lána út í gegnum ábyrgðadeildina.

Öllum hlýtur að vera ljóst að deildin mun ekki fjármagna útlánin af eigin fé sínu. Af hverju ekki? Vegna þess að eigið fé er nú þegar neikvætt upp á hundruð milljóna. Það er í mínus, sem á eftir að standa skil á í gegnum fjárlögin með hluta af skattpeningum almennings. Væri þetta raunhæft frv. og væru menn að takast á við þennan vanda með opnum augum með því að gera þinginu og þjóðinni grein fyrir hvað er á ferðinni í þessu frv., í stað þess að vera með þetta dulmál, þá ætti í frv. að vera grein um það að ríkissjóður legði fram á fjárlögum a.m.k. 1 milljarð á ári næstu þrjú árin til að standa undir þessari deild. Ef á að taka þetta frv. alvarlega, þá er þetta frv. um að það komi 1 milljarður inn í fjáraukalög á þessu ári og fjárlagafrv. fyrir 1992 og þriðji milljarðurinn í fjárlagafrv. 1993 til þess að standa undir þessari starfsemi. Þá væri hægt að ræða þetta í alvöru. Þá væri heil brú í því sem hér er verið að leggja til.

2. gr. frv. gerir síðan grein fyrir því hvernig ákveða skuli upphæð bústofnslánanna og hvernig útlánakjörin skuli vera. Hér kemur einmitt fram megintilgangur frv. Hvert fiskeldisfyrirtæki á að geta fengið lán út á bústofn sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að fullnýta eigin framleiðslugetu. Ég bið menn að taka eftir þessu. Ég ætla að segja þetta aftur. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að sérhvert fiskeldisfyrirtæki eigi að geta fengið lán út á bústofn sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að fullnýta alla þá óraunhæfu framleiðslugetu sem byggð hefur verið upp á undanförnum árum og leitt hefur til þessara fjöldagjaldþrota. Á að fara í aðra hringrás með nákvæmlega sama hætti og hefur leitt til þessara gjaldþrota? Ég spyr. Er það það sem verið er að leggja til? Í raun og veru er verið að leggja hér til að enn meiri lánum verði veitt í fiskeldið á næstu árum en gert hefur verið hingað til vegna þess að framleiðslugetan hefur ekki verið fullnýtt hingað til. Af því að bankarnir hafa sagt stopp, af því að Byggðastofnun hefur sagt stopp. Af því að Framkvæmdasjóður hefur sagt stopp. Af því að þær lánastofnanir, sem flm. frv. stjórna sjálfir, hafa sagt stopp, þá hefur getan ekki verið fullnýtt. En nú á allt í einu að fara að fullnýta hana út á ríkissjóð af því að það er einfalt patent að láta skattborgarana í landinu borga tapið í gegnum fjárlögin.

Kjör lánanna eiga að vera þau sömu og fjárfestingarlánasjóða. Þá spyr ég 1. flm. frv.: Af hverju lána þá ekki fjárfestingarlánasjóðirnir sjálfir? Af hverju lánar ekki Byggðastofnun? Af hverju lánar ekki Framkvæmdasjóður? Af hverju lánar ekki Landsbankinn ef kjörin eiga að vera þau sömu? Svarið er einfalt. Hvorki Byggðastofnun né Landsbankinn hafa efni á að taka áhættuna.

Ég spyr: Hefur 1. flm. þessa frumvarps flutt tillögu í Byggðastofnun um það að hún stórauki lánin á þessum kjörum? Hefur bankaráðsmaðurinn í Landsbankanum, sem því miður er fjarverandi, flutt tillögu í bankaráðinu um að Landsbankinn auki lánveitingarnar? Eða er það aukning sem á að koma í gegnum fjárlögin og sjóð skattgreiðenda sem verið er að leggja til? Af hverju á ríkissjóður að fara að vera banki? Ég hélt satt að segja að allir straumar í efnahagsbreytingum á Íslandi væru í þá átt að við værum að hverfa frá svona kerfi. Það er þess vegna sem mér finnst enn merkilegra, og mér þykir leitt að þurfa að segja það fyrst hv. þm. Friðrik Sophusson er fjarverandi, satt að segja alveg stórkostlegt, að hv. þm. Friðrik Sophusson er að leggja hér til að ríkissjóður fari að vera banki. Er það módernisminn í efnahagsmálum sem Sjálfstfl. stendur fyrir? Er það það sem koma skal? Aukin ríkisumsvif, aukin ríkislánastarfsemi, auknar ríkisábyrgðir. Þetta er

frumvarp um það og ekkert annað.

2. gr., eins og hér hefur komið fram, hefur í för með sér að sólarlagsákvæðið, sem allir voru sammála um að setja inn á sínum tíma til að koma í veg fyrir eilífðarvél ríkisábyrgðanna — það var tilgangur sólarlagsákvæðisins á sínum tíma að koma í veg fyrir eilífðarvél ríkisábyrgðanna — verður fellt brott.

3. gr. í frv. þýðir, og ég bið þingmenn að taka eftir, að það þarf ekki lengur að tryggja eldisstofninn. Tryggingar verða óþarfar. Ákvæði um það í gildandi lögum mundi falla brott við samþykkt þessarar greinar. Af hverju þarf ekki tryggingarnar? Vegna þess að það er búið að skrifa skattgreiðendurna fyrir allri ábyrgðinni. Hins vegar er greinilegt að flm. vilja einhverja snertingu fiskeldisins við bankakerfið með því að gera það að skilyrði að einhver viðskipti verði við viðskiptabankana.

4. gr. gerir ráð fyrir óbreyttri skipan á stjórn deildarinnar. Hins vegar er það afar upplýsandi, af því að ég held að ekki sé gerð grein fyrir því í greinargerðinni, að lykilsetning er felld brott úr gildandi lögum. Hver er sú lykilsetning? Hún er á þessa leið í gildandi lögum, með leyfi forseta:

„Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma litið.“ Ég endurtek: „Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma litið.“ Með öðrum orðum nú á að fara að lána fyrirtækjum án þess að það sé talinn rekstrargrundvöllur fyrir þeim þegar til lengri tíma er litið. Það á sem sagt að opna upp á gátt. Það á að taka alla varnagla burtu. Það á að opna upp á gátt fyrir hvaða fyrirtæki sem er, hversu illa staddur sem reksturinn er og hversu vonlaus sem hann kann að vera. Allir varnaglarnir, sem settir voru inn einróma á Alþingi á sínum tíma, eiga að fara.

Það hefði þótt saga til næsta bæjar í umræðunum um Hlutafjársjóð og Aflatryggingarsjóð, sem Sjálfstfl. gagnrýndi dag eftir dag og mánuð eftir mánuð á þinginu, ef í þeim lögum hefði verið tekið brott ákvæðið um það að fyrirtækin ættu að hafa rekstrargrundvöll þegar til lengri tíma væri litið. Það er merkilegt að sjá þá sömu menn sem fluttu messurnar hér í þingsölum um hvers konar hneyksli Aflatryggingarsjóðurinn og Hlutafjársjóðurinn væru og þeir reyndu að kenna við hv. þm. Stefán Valgeirsson
sem eitthvert skammaryrði og gáfu alls konar nafngiftir, m.a. hv. þm. Friðrik Sophusson og aðrir sem standa að þessu frv., en flytja nú frv. sem er svoleiðis í reynd að það er verið að opna ríkissjóð fyrir hvaða skussafyrirtæki sem er. Það væri gaman að lesa hér upp ræðurnar sem þessir sömu þingmenn fluttu um Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð á sínum tíma.

Í raun og veru hefði ég getað sparað mér þessa ræðu og spurt þessarar einföldu spurningar: Er það virkilega vilji flm. þessa frv. að það eigi að fara að veita nánast ótakmörkuð lán úr ríkissjóði hvaða fyrirtæki sem er án þess að nokkur rekstrargrundvöllur sé fyrir fyrirtækinu þegar til lengri tíma er litið? Hvar erum við staddir? 5. gr. frv. fellir úr gildi heimild til að ákveða einhverja ábyrgðarþóknun eða áhættuþóknun af þessum útlánum. Þess í stað er sett hámark á lántökugjaldið og það ákveðið eins og tíðkast hjá flestum fjárfestingarlánasjóðum. Þá hefur flm. þótt greinilega rétt að bæta um betur og fella niður ákvæði um tekjuafgang deildarinnar. Þar verð ég nú að segja að ég geri ekki ágreining um það. Það er afar skynsamlegt að fella á brott ákvæði um tekjuafgang deildarinnar vegna þess að verði þetta frv. samþykkt verður aldrei neinn tekjuafgangur hjá þessari deild heldur bara spurning um það hvað mörgum hundruðum milljóna eða milljörðum verður veitt í gegnum fjárlögin á hverju ári inn í þennan nýja banka.

Virðulegi forseti. Menn velta því kannski fyrir sér hvers vegna ég hef tekið svona langan tíma í að ræða þetta frv. Ástæðan er sú að vandi fiskeldisins er mjög mikill. Það er afar brýnt að þingið og stjórnvöld reyni að draga lærdóma af því sem gerst hefur. En það er líka alveg nauðsynlegt, þegar menn flytja frv. af því tagi sem hér er flutt, að menn segi nákvæmlega hvers konar frv. þetta er. Mér þykir leitt að hafa þurft að rekja það lið fyrir lið hvað felst í reynd í þessu frv. Það má vel vera að flm. séu þeirrar skoðunar að nú þurfi að taka 3 milljarða, jafnvel meira, af skattpeningum almennings í landinu og setja inn í fiskeldið. En þá á að segja það í frv. og greinargerðinni og reikna með tillögum í fjárlög næstu ára til að standa undir því en ekki klæða þetta í eitthvert dulmál og láta það síðan koma á daginn einhvern tíma seinna að það þurfi þessa peninga.

Ég vil þess vegna spyrja hv. flm.: Er það virkilega þeirra ætlan að gera fiskeldið út á ríkissjóð með þeim hætti sem lagt er til í þessu frv.? Ef svo er, þá skulum við ræða frv. á þeim grundvelli og ekkert vera að skafa þá utan af því. Ef það hefur ekki verið ætlunin, þá væri mjög fróðlegt að vita hver hafi verið ætlunin með þessu frv.

Umræðan um fiskeldið á Íslandi má ekki snúast um að vandinn felist í því að ríkisábyrgðirnar og lántökugjöldin hafi verið of há. Það er ekki vandinn. Vandinn er sá sem ég hef hér verið að reyna að rekja: of miklar fjárfestingar, of lélegur stofn, of lítil gæði, minni hiti við eldisstöðvarnar en við væntum, betri laxastofn hjá samkeppnisaðilum okkar og margt annað sem við ráðum ekki við að breyta með peningum, nema þá kannski sumu á mjög löngum tíma með því að leggja í kostnaðarsamar rannsóknir og kynbótastarfsemi á íslenska laxastofninum. Það er þess vegna sem á vettvangi ríkisstjórnarinnar hefur verið rætt um og teknar ákvarðanir um að setja fjármagn og beita sér fyrir því að forgangsverkefnið í fiskeldi á Íslandi á næstu missirum sé að kynbæta íslenska laxastofninn. Ef okkur tekst ekki að kynbæta íslenska laxastofninn þá er þetta allt saman unnið fyrir gýg, þá er alveg sama hvað við setjum mikið af lánum í þetta, alveg sama hvað við tökum mikið af ríkisábyrgðum inn í fjárlögin, dæmið gengur aldrei upp. Og ef við endurmetum ekki hitaskilyrðin á hinum ýmsu laxeldisstöðvum sem menn hafa bundið miklar vonir við, þá er það auðvit-

að líka unnið fyrir gýg. Og ef við gerum okkur ekki grein fyrir því að fjárfestingarnar í mörgum af þessum stöðum eru allt of miklar, þá verður þetta líka unnið fyrir gýg. Við verðum að átta okkur á því að fiskeldið getur átt sér mikla framtíð á Íslandi en þá verðum við að byggja upp það sem fyrst þarf að byggja upp. Og hvað er það? Það er stofninn sjálfur og það eru gæðin við verkunina, við slátrunina og við markaðssetninguna. Þegar það er komið í lag þá er hægt að fara að láta sig dreyma stóra drauma um fiskeldi á Íslandi. Þess vegna skulum við sameinast um það hér í þingsölum að gera þær ráðstafanir sem þarf til að koma þessum stoðum undir greinina en fara ekki að samþykkja enn á ný einhverja patentlausn sem gefur enn á ný falskar vonir hjá því fólki sem hefur fórnað miklum fjármunum, miklum tíma og dýrmætum árum ævi sinnar í að reyna að byggja upp þessa atvinnugrein.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú vill forseti láta þess getið að hann hafði ætlað að ljúka þessum fundi kl. 10.30. Hefði hann átt von á því að umræður um þetta dagskrármál yrðu eins langar og raun ber vitni, þá hefði hann frestað því að taka málið á dagskrá þessa fundar. Forseti vill hins vegar gefa öðrum hv. þingdeildarmönnum tækifæri til þess að ræða þetta mál nokkuð.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þótt tilefni sé til að ræða þetta í nokkuð löngu máli ætla ég ekki að gera það. Hins vegar fannst mér hæstv. fjmrh. flytja sína ræðu eins og hann væri kominn í málþóf, hann hafi ekki áttað sig á því að hann er fjmrh. Og það sem verra er, hæstv. ráðherra, allt sem hann sagði er rugl, sem ég skal koma að síðar.

Áður en ég kem að því vil ég þakka hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni fyrir að vera upphafsmaður í að flytja þetta frv. og hvað hann hefur sett sig inn í þessi mál sem kom berlega fram í hans framsöguræðu. Það hefði farið betur á því að fleiri hefðu gert áður en þeir töluðu, þar á meðal hæstv. fjmrh.

Þegar ábyrgðasjóðurinn var stofnaður ráðlagði ég hæstv. fjmrh. að gera það ekki á þennan veg vegna þess að ég hafði enga trú á því að verið væri að stíga spor fram á við frá því að Tryggingarsjóður fiskeldislána var. Svo leyfir hæstv. ráðherra sér að segja: Það bara skiptir engu máli um kostnaðinn, það skiptir engu máli hverjir vextirnir eru. Það skiptir ekki máli, það er ekki fyrir það að fjármagnskostnaðurinn sé mikill þó að það séu dráttarvextir mánuð eftir mánuð. Hvers konar rugl er þetta? Eru menn að tapa hér áttum?

Ráðherrann taldi að flm. mundu ekki þora að horfast í augu, líklega við hann og í augu við frv., eins og hann komst að orði. Ég þori a.m.k. að gera það, hvort tveggja. Sannleikurinn er sá auðvitað að fiskeldi á Íslandi hefur lent í hremmingum. Það hefur ekki verið farið rétt af stað í mörgum tilvikum. Það er rétt. En aðrir hafa farið öðruvísi að. Líklega mundi vera búið að afskrifa allt fiskeldi á Íslandi ef stjórn Byggðastofnunar hefði ekki skilið málið. En hvar fær hæstv. fjmrh. þær upplýsingar sem hann gefur þingheimi? Hvar fær hann þær? Allt rugl eins og það leggur sig og það skal ég sýna honum fram á. Og það er alveg hörmulegt að ráðherrann skuli ekki hafa talað við einhvern sem hefur vit á þessum málum áður en hann flutti sína endemisræðu.

Ýmsir menn sáu hvert stefndi með fiskeldið víðast hvar vegna þess hvað fjárfestingin var mikil, hvernig var að þessu staðið og ýmsir höfðu ekki trú á því að sjókvíaeldi mundi ganga á ýmsum þeim stöðum þar sem það fór af stað. Sá sem hér stendur aðvaraði ýmsa menn í því efni. En það voru til menn sem höfðu trú á því að þetta væri framtíðaratvinnuvegur á Íslandi. Og þá kem ég að því að hrekja það sem ráðherrann sagði.

Í þeirri fiskeldisstöð sem ég þekki best var sett í eldiskerin fiskur af stærðargráðunni 100–150 grömm í ágúst 1989. Þessum laxi var slátrað 10 mánuðum seinna. Það var íslenskur stofn og hvað var laxinn þungur? Sumt af honum var að vísu, en lítill hluti, milli 2 og 3 kg. En hann fór upp í 4, 5 og 6 kg. Það voru ekki nein hrogn í þessum íslenska stofni. Síðan var sett í stöðina seint á árinu 1989, þá 65 grömm. Þeim laxi er verið að slátra nú og stærðin er — nú ráðlegg ég ráðherranum að halda sér við stólinn — allur yfir 4 kg og á bilinu 5, 6, 7, 8, 10 og 12½ kg þeir þyngstu.

Það er líka rangt hjá ráðherranum, það er norskur stofn til. Þetta er íslenskur stofn og sú stöð sem ég er að tala um hefur þennan stofn einnig. Það er búið að athuga gæði þessa lax sem þarna var slátrað úti í Noregi. Það kemur á daginn að prófessorinn sem stjórnar skólanum í Tromsö hefur sagt að gæðin væru meiri í íslenska laxinum en í þeim norska. Hitt er allt annað mál að þegar er verið að þvæla þessum laxi í kannski 2–3 ár, eins og ég veit að hefur komið fyrir, þá eru það allt önnur vara.

Svona er nú þetta og ég sé ástæðu til þess að bjóða hæstv. fjmrh. að koma í þessa stöð og sjá af eigin raun hvernig þetta er allt saman. Þá mun hann sjá að sá lestur sem hann var með hér áðan, og ég veit að hann hefur einhvers staðar frá, ekki hefur hann verið í laxeldi, er frá fólki sem ekkert veit hvað það er að segja. Vegna þess að stjórn Byggðastofnunar hefur skoðað þessa stöð veit hún hvað hún er að gera. Hún hefur trú á því. Þarna í tveimur sveitarfélögum væri hægt að framleiða fleiri tugi þúsunda tonna ef stjórnvöld hefðu skilning og þekkingu á þessu máli.

Hvers vegna er ekki tryggt? Það er vegna þess að það þýðir ekkert. Það þurfa að vera svo stór óhöpp til þess að fá eitthvað út. Það er bara til þess að kasta peningum út um gluggann. Það hefur aðeins einu sinni orðið smávegis áfall í þessari stöð. Það var vegna þess að rafmagnið fór af og þá var ekki búið að setja það kerfi sem nú hefur verið og er alltaf vakt. Það er talin langtum meiri trygging að hafa vakt og hafa útbúnað þannig að vaktmaðurinn, þó hann sé inni, viti alveg hvað er að gerast í kerunum.

Það sem vakir fyrir flm., hæstv. ráðherra, er það að

bæði í ríkisstjórn og í bönkunum hafa menn ekki trú á fiskeldi af því að þeir vita ekkert hvað fiskeldi er. Þeir vita um hrakfallasögu manna sem fóru út í þetta að lítt athuguðu máli og fengu erlenda sérfræðinga til þess að hanna fyrir sig og stjórna þessum framkvæmdum og borguðu fyrir það tugi milljóna, meira að segja á annað hundrað milljónir. En í þeirri stöð sem ég er að tala um var hönnunarkostnaðurinn aðeins yfir 2 millj. kr. En svona er nú hægt að standa að málum.

Ég vil í fullri vinsemd segja við hæstv. fjmrh., þó að mér fyndist einhvern veginn hann vera að æfa sig áður en hann fer í kosningafötin, að athuga þessi mál betur, finna aðra leið en nú er í sambandi við þessi afurðalán því það er verið að reyna að drepa þetta. Ef þessi umræða hefði ekki farið hér fram og ef hæstv. ráðherra kynnir sér ekki þessi mál, hvernig þau eru, hvernig þau geta verið og hvernig þetta gengur til því hann er gersamlega á villigötum, þá er ég viss um að hann stendur með þeim sem eru að reyna þetta og sannfærist um að allt sem hann sagði um þessa stofna er rangt, er misskilningur.

Ég verð auðvitað að játa að þessi stöð sem ég er að tala um hefur sérstaka aðstöðu. En það eru fleiri staðir sem hafa slíka aðstöðu. Menn eru að tala um stóriðju, menn eru að tala um að gera samninga við fyrirtæki sem erlendir aðilar eiga og eru mengunarfyrirtæki og að borga útflutningsbætur á orkuna. Hvar á að taka peninga til þess? Hvar voru teknir peningarnir sem Tryggingarsjóður fiskeldislána fékk? Ég geri ráð fyrir því að það yrði á svipuðum nótum eins og það var þá. Og ef menn eru svo blindir, eru svo trúaðir á erlenda forsjá og hafa þá vantrú á möguleikunum sem þetta land hefur, þá eiga þeir að gera eitthvað annað en vera í ráðherrastólum eða bankastjórastólum. Mér finnst að það hefði verið nær fyrir ráðherrann að taka bankastjóra ríkisbankanna til bæna fyrir þá afstöðu sem þeir hafa. Ég er ekkert að mæla með því að verið sé að lána vonlausum fyrirtækjum, ég er ekki að mæla með því. En ég vil að það verði skoðað og þegar menn ræða um þessi mál að þeir kynni sér möguleikana, þeir ræði þetta af þekkingu og láti ekki lepja í sig einhverja vitleysu eins og hæstv. fjmrh. gerði hér áðan. Auðvitað getur öllum skjátlast og ég ætlast til þess að fjmrh. viðurkenni það, a.m.k. eftir að hann er búinn að skoða þetta með eigin augum og sannfærast um að allt sem ég hef sagt er rétt, allt saman. Ég verð t.d. að reyna að útvega honum bita af reyktum laxi og vita hvort honum finnst það ekki vera sæmileg vara. A.m.k. þykir útlendingunum það. Í þessari stöð er líka verið að framleiða bleikju sem þykir alveg frábær. Það fást 8–9 dollarar fyrir hvert kg. Eigum við að hætta svona starfsemi? Eigum við að láta hæstv. iðnrh. halda áfram sínu tafli, sínum blekkingaleik í sambandi við álbræðslu en líta ekki okkur svolítið nær?

Og hvernig er það með loðdýrin, hæstv. ráðherra, sem var hvíslað að fólki þegar ríkisábyrgðin kom á þeim lánum að það mundi verða afskrifað? Í útvarpsþætti á sunnudagsmorguninn sagði formaður loðdýraræktarfélagsins á Suðurlandi að það hefði verið hvíslað í eyru þeirra að þetta yrði afskrifað. En hver var svo raunin? Það er verið að eyðileggja á þriðja hundrað fjölskyldur og það er verið að svíkja það sem var lofað. Öll þau mál eru í svo miklum ólestri á öllum stöðum að það er ekki hægt að lýsa því og það er ekki hægt að lýsa því hvernig er búið að fara með þessar fjölskyldur. En ég fæ vonandi tækifæri til að ræða það síðar.

Ég sé ástæðu til þess, vegna þessarar umræðu hér, að endurtaka þakkir mínar til stjórnar Byggðastofnunar, að hún skyldi ein hafa vit á því að láta reyna á það hvort það væri hægt með góðu móti að koma upp fiskeldisstöð á Íslandi. Og þær þyrfti að reisa miklu fleiri þar sem aðstæður eru fyrir hendi.

Ég heyri það að hæstv. forseta finnst þessi umræða vera orðin æðilöng og það er rétt. En hér er um að ræða líklega eitt mikilvægasta mál og möguleika sem við höfum, ekki einungis með lax og bleikju heldur sandhverfu og ýmsar tegundir sem hv. 1. flm. taldi upp hér áðan og ég vil ekki eyða tíma í að ræða það.

Að svo mæltu ætla ég að ljúka máli mínu en segi við ráðherrann: Velkominn norður, komdu í skóla í eina 2–3 daga og þá skilurðu kannski hvaða möguleikar eru í fiskeldi á Íslandi.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

68. fundur, miðvikudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Einkaleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 133. mál (heildarlög). — Þskj. 649 (sbr. 137).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 809).

Slysavarnaskóli sjómanna, 1. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 175. mál. — Þskj. 776.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

69. fundur, miðvikudaginn 6. mars, að loknum 68. fundi.

Um þingsköp.

Frv. um skipan prestakalla og prófastsdæma.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég flutti á þessu þingi frv. um breytingar á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma, ef ég man rétt. Nú sé ég að hér er frv. um þetta sama efni tekið til 2. umr. Mér hefur ekki unnist tími til þess að kynna mér frv. og vil óska eftir því að málið verði ekki tekið fyrir í dag og ég fái svigrúm til þess að kynna mér það. Ég geri ekki ráð fyrir því að hér sé um það frv. að ræða sem ég er flm. að þannig að ég tel óhjákvæmilegt að ég fái að kynna mér málið frekar.

Forseti (Jón Helgason):

Það frv. sem hér um ræðir er um breytingu á nafni á einu prestakalli. Það er komið frá Nd. Ef hv. þm. óskar eftir að fresta því þá verður þetta neðrideildarmál tekið til athugunar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Í fyrsta lagi hefur það væntanlega ekki áhrif á forsetaúrskurð eða störf nefndarinnar hvort mál séu úr Ed. eða Nd. Það sem ég er að tala um er að hér er hreyft frv. um skipan prestakalla og prófastsdæma. Í nefndinni er mál sem ég er flm. að um sama efni og eftir því sem forseti, sem á sæti í allshn., hefur upplýst hefur ekki verið tekið tillit til þess frv. sem ég flutti og það er látið liggja í nefndinni.

Ég geri ráð fyrir því að ég verði að óska eftir því að ég fái svigrúm til þess að kynna mér þau gögn sem liggja fyrir í allshn. um það frv. sem ég hef flutt og mun setja mig í samband við starfsmenn nefndarinnar til að fá upplýsingar um hvernig því frv. hefur reitt af í nefndinni. Ég geri ráð fyrir því að nefndin hafi fjallað um mitt frv. samhliða því sem hér liggur fyrir þar sem þau varða sama efni. Af þeim sökum mun ég fara fram á það að þetta frv. doki við fram yfir helgi, þannig að mér gefist svigrúm til að taka efnislega afstöðu til málsins.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Mér finnst beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. um að þessu frv. verði frestað vegna annarra frv. sem eru til umfjöllunar í allshn. svolítið einkennileg. Það eru fleiri mál sem snerta prestakallaskipan, en við vorum sammála um það í nefndinni að þetta frv. væri sérstakt. Hér er um þá breytingu að ræða að breyta nafni á Grundarfjarðarprestakalli í Setbergsprestakall og er flutt samkvæmt ósk sóknarnefndar í Grundarfirði af Friðjóni Þórðarsyni, hv. 2. þm. Vesturl. Mér finnst beiðnin vera óþörf og ég mun mælast til þess að þetta mál verði afgreitt án þess að fara að blanda því saman við önnur mál sem eru í hv. allshn. Það er óskylt mál þó að verið sé að biðja um aðrar leiðréttingar á prestakallaskipun, þetta mál er svo einstakt að það á ekki að blanda því við önnur mál.

Fangelsi og fangavist, 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 509, n. 791.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 791 frá allshn. Ed. um frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangelsisvist, nr. 48 19. maí 1988.

Þetta mál kemur frá Nd. og fjallar fyrst og fremst um það að sú refsing sem maður er dæmdur til haldist, þó maður lendi í einhvers konar refsingu innan fangelsisins, t.d. einangrun, að sá tími bætist ekki við þá refsingu sem tildæmd er.

Hins vegar er um að ræða kæruleiðir á milli forstöðumanns Fangelsismálastofnunar og dómsmrn. Hér er tekin sú afstaða að þegar upp kemur mál í fangelsi um agaviðurlög skuli vera heimilt að kæra þann úrskurð forstöðumanns fangelsis til dómsmrn. En upp komu í nefndinni, og raunar í Nd. einnig, vangaveltur um hvort tengja ætti Fangelsismálastofnun inn í þessa kæruleið. Það var álit meiri hl. nefndarinnar að svo skyldi ekki vera.

Undir þetta nál. ritar öll nefndin en þrír nefndarmenn gera fyrirvara og ég geri ráð fyrir að hann sé um þetta atriði, að Fangelsismálastofnun skuli höfð með í ráðum þegar agaviðurlögum er beitt.

Nál. er á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Harald Johannessen fangelsismálastjóra og Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum Nd."

Undir þetta rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir og Skúli Alexandersson, svo og Salome Þorkelsdóttir með fyrirvara, Eyjólfur Konráð Jónsson með fyrirvara og Danfríður Skarphéðinsdóttir með fyrirvara. Gera þau eflaust grein fyrir því hér á eftir að hverju þessi fyrirvari beinist.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við það að undirrita nál. það sem hefur verið mælt fyrir rétt í þessu. Þetta frv. er komið til umfjöllunar inn á Alþingi vegna máls sem umboðsmaður Alþingis tók upp á sínum tíma og snertir einangrun eða refsingar sem viðhafðar eru í fangelsum landsins. Hér er verið að tryggja það að einangrun eða aðrar refsingar lengi ekki fangavist sem einangrunartíma nemur. Það er í raun og veru spurning í mínum huga hvort þörf sé á að flytja frv. um það

sem ætti að vera sjálfsagt. Það er ljóst samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis að hér er um mannréttindabrot að ræða þegar verið er að dæma annars staðar en fyrir dómstólum um lengri refsivist vegna hegðunar í fangelsum landsins.

Hér er aðeins verið að taka á einum þætti fangelsismála. Þau hafa verið nokkuð í brennidepli á undanförnum mánuðum og það er ljóst að á sviði fangelsismálanna er ýmissa úrbóta þörf. Ég vil minna á að þingkonur Kvennalistans hafa flutt þáltill. á þessu þingi um að gerð verði heildarúttekt á stöðu fangelsismála og æskilega framtíðarskipan þeirra.

Það er auðvitað ljóst að það er mikið neyðarúrræði að svipta fólk frelsi sínu og enn þá meira neyðarúrræði hlýtur að vera fyrir stjórnendur í fangelsum landsins að þurfa að grípa til refsinga af því tagi sem eru taldar upp í þessu frv. Með lögum sem samþykkt voru 1988 var sett á laggirnar Fangelsismálastofnun ríkisins en hlutverk hennar er að hafa yfirstjórn á daglegum rekstri allra fangelsa í landinu. Það er skoðun mín og reyndar fleiri í hv. allshn. að þegar viðurlögum af því tagi sem hér er talað um er beitt skuli það ekki gert án samráðs við Fangelsismálastofnun, sem hefur yfirumsjón með daglegum rekstri fangelsanna. Það er ekki síst til þess að tryggja samræmda meðferð þessara mála í fangelsum landsins að við vildum sjá það tryggt að allar slíkar ákvarðanir væru teknar í samráði við Fangelsismálastofnun. Á vegum Fangelsismálastofnunar starfa sálfræðingar, félagsráðgjafar og afbrotafræðingar og þeir þekkja flesta þá sem í fangelsum landsins dvelja, þekkja vandamál þeirra og hegðun. Ég hefði því talið að nauðsynlegt væri að hafa Fangelsismálastofnun með í ráðum bæði vegna þess og eins til að tryggja samræmda meðferð málsins.

Ég hafði boðað það á næstsíðasta fundi allshn. að ég hygðist skrifa sérstakt nál. en ekki leggja fram brtt. þar sem mér heyrðist ekki vera hljómgrunnur fyrir því í nefndinni að gera þá brtt. sem felur í sér að Fangelsismálastofnun verði höfð með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar um refsingar. Ákvað ég því að skrifa undir nál. með fyrirvara þar sem ég styð að sjálfsögðu tilgang frv. Það kom hins vegar í ljós á fundi allshn. í morgun að fleiri hv. nefndarmenn voru reiðubúnir til þess að leggja fram till. í þessum anda og mun hún því væntanlega verða flutt við 3. umr. málsins.

Ég vil leggja áherslu á það að hér er aðeins verið að taka á einum þætti fangelsismálanna. Það hlýtur að vera verkefni Alþingis að taka á þeim málum í heild sinni. Þess vegna minni ég enn og aftur á þá till. sem við þingkonur Kvennalistans höfum flutt hér og vænti þess að Alþingi sjái sér fært að samþykkja hana áður en þing verður rofið.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál., eins og fram hefur komið, með fyrirvara ásamt hv. 3. þm. Reykv. Eyjólfi Konráð Jónssyni. Ástæðan er sú sama og kom fram í máli hv. 6. þm. Vesturl., þ.e. vegna þess að ekki náðist samstaða í nefndinni um að gera þær breytingar á frv. sem við vildum ná fram og teljum vera nauðsynlegar og eðlilegar en það eru breytingar sem stuðla að því að tryggja að Fangelsismálastofnun sé með í ráðum. Eins og hér hefur komið fram er það Fangelsismálastofnun sem hefur yfirumsjón með daglegum rekstri fangelsanna. Brtt. svipaðs efnis voru fluttar í hv. Nd. af hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, Kristínu Einarsdóttur og Friðjóni Þórðarsyni en náðu ekki fram að ganga. Engu að síður viljum við ásamt hv. 6. þm. Vesturl. láta á það reyna hvort hægt er að ná þessari breytingu fram hér í deildinni því ég tel að hún sé mjög þýðingarmikil. Ástæðan fyrir því að þessi brtt. kemur seint fram er fyrst og fremst sú að það er mikil fljótaskrift á störfum nefnda þessa dagana eins og við þekkjum allir hv. þm. Ég hafði reiknað með því að tekin yrði til umræðu málamiðlunartillaga eða hugmynd að brtt. frá forstöðumanni Fangelsismálastofnunarinnar. Hún kom ekki fram í nefndinni og þess vegna höfum við tekið það ráð að flytja hana og munum gera það við 3. umr. Þetta vildi ég láta koma fram strax við 2. umr., hæstv. forseti, að við þrjú sem skrifum undir nál. með fyrirvara munum flytja þessa brtt. við 3. umr.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar brtt. sem hér er rætt um vildi ég segja nokkur orð.

Það var rætt töluvert mikið í nefndinni hvort það ætti að breyta frv. í þá veru að Fangelsismálastofnun kæmi meira inn í ákvarðanir forstöðumanna fangelsa og það yrði háð samþykki Fangelsismálastofnunar hvort agaviðurlögum yrði beitt, eins og fram kemur í þessari brtt. Ég tel það nokkuð gott ef hægt er að hafa samráð um þessi mál og tel raunar að það sé gert í dag. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið frá forstöðumönnum fangelsa er Fangelsismálastofnun tilkynnt um agaviðurlög og að þeim sé beitt og menn settir í einangrun. Hins vegar kemur það upp að forstöðumenn fangelsa, eins og aðrir, vilja vera sjálfstæðir í sínu starfi og telja að þeir eigi að sjá um þessi mál en ekki að vera undir boðvaldi annarra komnir. Einnig liggur það ljóst fyrir að sams konar brtt. kom fram í Nd. þegar málið var til umræðu. Þá var slík brtt. felld.

Ég held að við stefnum þessu máli í hættu ef þessi brtt. verður samþykkt og náum ekki þeim kjarna sem er í þessu frv., sem er, eins og fram kom hjá hv. 6. þm. Vesturl., að ná því fram að sú refsing sem beitt er í fangelsi bætist ekki við þann tíma sem dómur segir til um. Það er kjarni þessa frv. Hitt er í mínum huga ekki eins mikilvægt að ná fram. Aðalatriðið er í mínum huga þetta: að þau agaviðurlög sem beitt er í fangelsum hafi ekki áhrif á tildæmdan refsitíma.

Ég tel það mikinn ábyrgðarhlut ef þetta mál dagar hér uppi á síðustu dögum þingsins og það fari aftur til neðri deildar og sofni þar. Það er rétt sem fram kemur einnig hjá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, 6. þm. Vesturl., að þarna er um hrein mannréttindabrot að ræða. Ég vil ekki eiga það á hættu að þetta frv. nái ekki fram því það liggur alveg ljóst fyrir hver skoðun Nd. er á þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

70. fundur, miðvikudaginn 6. mars, að loknum 69. fundi.

Starfskjör presta þjóðkirkjunnar, 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 799, n. 802.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 802 um frv. til laga um starfskjör presta þjóðkirkjunnar. Þetta nál. er frá fjh.- og viðskn. Frv. var rætt á fundi í morgun og voru allir nefndarmenn sammála um afgreiðslu þess.
Í nál. segir svo:
„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.“ Undir þetta rita, eins og ég áður sagði, allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Frv. HBl o.fl., 178. mál (hjálparbúnaður fyrir sjónskerta). — Þskj. 199, n. 803.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 803 um frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.
Þetta frv. er upphaflega komið frá hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal o.fl. og er um að fella niður virðisaukaskatt á sjóntækjum fyrir sjónskerta.
Nefndin var sammála um afstöðu sína til málsins. Í nál. segir: „Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.“ Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni og þakklæti yfir því að þetta litla frv. skuli ná fram að ganga. Mér er kunnugt um það að hreyfingar sem oft hafa hlaupið undir bagga í litlum málum bíða eftir því að sjá hver afdrif þessa frv. verða hér í þinginu og hafa í huga að beita sér fyrir söfnun vegna sjóndapra ef frv. nær fram að ganga. Ég vil sem sagt þakka fyrir þessa afgreiðslu með von um að Nd. bregðist jafn vel við.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Byggðastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (byggðaáætlun o.fl.). — Þskj. 757, n. 804.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 804 um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 64 1. júní 1985, um Byggðastofnun. Nál. þetta er frá allshn.
Með þessu frv. eru lagðar til töluverðar breytingar á starfsemi Byggðastofnunar eins og nánar kemur fram í frv. Þessar breytingar voru unnar af nefnd sem var undir forustu Jóns Helgasonar og í henni áttu sæti fulltrúar allra flokka sem sæti eiga á Alþingi. Nál. er á þessa leið:
„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið til fundar við sig Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, og Sigurð Guðmundsson, starfsmann stofnunarinnar.
Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga.“
Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur komið saman og verið fljót að afgreiða það frv. sem hér liggur fyrir um Byggðastofnun. Ég hlýt að hefja ræðu mína með því að vekja athygli á því að hæstv. forsrh., flm. málsins, er ekki hér við 2. umr. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. mælti fyrir þessu frv. við 1. umr. fyrir hönd forsrh.) Ætli hæstv. forsrh. gegni störfum nú og sé á landinu? Hæstv. forsrh. hefur efnt til mikilla blaðamannafunda um byggðamál og ég vildi gjarnan fá að eiga nokkur orð við hann um byggðamál af því tilefni að

þetta frv. liggur hér fyrir og vil óska eftir því að náð verði í hann. (**Forseti:** Ég mun athuga málið.) Ég mun gera hlé á ræðu minni þangað til hann kemur í deildina ef ég má. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er viðtekin venja ef stjfrv. ber á góma að ráðherrar eru víðs fjarri. Nú höfum við þingmenn verið látnir bíða í 20–25 mínútur eftir að forsrh. geri vart við sig. Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um það einu sinni hvort honum sé kunnugt um að hans sé saknað. Honum er sennilega ekki kunnugt um að þetta frv. er komið úr nefnd.

Ég vil mælast til þess að þetta frv. verði tekið af dagskrá þessa fundar og þingmönnum verði ekki haldið hér eins og einhverjum litlum strákum sem eiga að bíða eftir ráðherra sem ekki gegnir sinni þingskyldu. Ég óska eftir því að forseti sýni þinginu þá virðingu að gefa þingmönnum tækifæri til þess að snúa sér að öðrum störfum. Þingflokksfundir eiga að byrja eftir 35 mínútur. Hæstv. forseti hefur vanrækt skyldur sínar. Ég óska eftir því að þessum fundi verði slitið þannig að þingmenn geti gengið að öðrum verkum.

Forseti (Jón Helgason):

Ég hef orðið við beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. um það að fá hæstv. forsrh. hingað. Eins og hv. þm. er kunnugt var þetta mál ekki sett inn á hina prentuðu dagskrá, það var tekið inn með afbrigðum þannig að mér láðist að láta forsrh. vita fyrir fram um að þetta væri komið inn á dagskrána, en hann er á leiðinni inn í húsið.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er borin von að þessari umræðu geti lokið áður en reglulegur þingflokksfundartími hefst svo að ég vil óska eftir því að þessu máli verði frestað fram yfir helgi. Það er nú svo að þingið á ekki að fara eftir hentisemi ráðherrans. Ráðherrann á að gegna þingskyldum sínum. Hann er flm. að þessu frv. Honum ber skylda til að vera við. Þess vegna ítreka ég þær óskir mínar að við þingmenn þurfum ekki að sitja hér eins og smástrákar og bíða eftir því að hæstv. forsrh. komi hér. Ég veit að hann ætlast ekki til þess sjálfur.

Forseti (Jón Helgason):

Hinn hefðbundni þingfundartími er ekki liðinn þannig að það er ekki út af fyrir sig hægt að ... (**HBl:** Á að láta mann bíða svona?)

Halldór Blöndal (frh.):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að ítreka það sem ég sagði hér áður. Nú er liðinn hálftími síðan ég fór fram á það að geta rætt þetta mál við hæstv. forsrh. og nú er hálftími þangað til þingflokksfundir hefjast þannig að það er alveg augljóst að þessi umræða mun slitna. Ég vil þess vegna, til þess að baka mönnum ekki ónæði fara fram á það við hæstv. forseta að þessari umræðu verði frestað. Eins og málin lágu fyrir þegar til þessa fundar var boðað var ekki gert ráð fyrir því að þetta mál yrði á dagskrá. Málið var afgreitt, ég vil segja mjög óvænt út úr allshn. í morgun. Ég get þó, til þess að greiða fyrir umræðunni, beint tilteknum fyrirspurnum til hæstv. forsrh. sem hann getur þá búið sig undir að svara þegar málið verður tekið fyrir síðar þar sem ég geri ekki ráð fyrir því að hann hafi þær upplýsingar við höndina sem ég mun fara fram á.

En fyrst vil ég, herra forseti, láta í ljósi sérstaka undrun yfir því að frv. til breytinga á lögum um Byggðastofnun skuli vísað til allshn. þessarar deildar á sama tíma og sama daginn og til umræðu var frv. um breytingu á lögum um efnahagsaðgerðir sem eingöngu fjallar um breytingar á lagaákvæðum um Byggðastofnun, hvort tveggja snertir stöðu Byggðasjóðs nú og framtíðarskipan þeirrar stofnunar. Bæði frumvörpin til umræðu voru sem sagt á sama fundi og frumvörpunum vísað hvoru til sinnar þingnefndar. Þetta lýsir náttúrlega ótrúlegri lausung í störfum þingsins.

Ég vil í annan stað vekja athygli á því að öll málefni sem varða Byggðastofnun hafa fram að þessu verið til umfjöllunar í fjh.- og viðskn., alveg frá því að þessi stofnun varð til með því að kljúfa Framkvæmdastofnun í tvennt á sínum tíma þangað til þessi sögulegi fundur var haldinn hér nú á dögunum þegar tvö frumvörp, sem snerta stofnunina, lentu hvort hjá sinni nefndinni.

Þar sem ég á sæti í fjh.- og viðskn. hef ég ekki komið að þessu frv. til laga um breytingar á lögum um Byggðastofnun. Nú er það svo samkvæmt lögum um ríkisreikning, ríkisfjármál og fleira í 19. gr. að sú skylda er lögð á Fjárlaga- og hagsýslustofnun að láta fylgja stjfrv. mat á kostnaði sem slík frv. hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma. Nú hef ég farið fram á það við formann fjh.- og viðskn. Ed. að hann láti mér í té slíkt mat varðandi það frv. sem hér er til umræðu, en ég varð ekki var við það að hann gerði grein fyrir þeim kostnaði sem frv. til laga um breytingar á lögum um Byggðastofnun hefur í för með sér fyrir ríkissjóð. Og það er ekki hægt að ráða það af greinargerð frv. að neitt slíkt mat hafi verið lagt á frv. Ég geri það, herra forseti, til að liðka fyrir þingstörfum að víkja þessari fyrirspurn til forsrh. nú á þessum fundi. Þar sem ég tel óheppilegt að slíta umræðunni þar sem þingflokksfundartími hefst eftir hálftíma óska ég eftir því að umræðunni verði frestað þangað til eftir helgi þannig að hún geti farið fram í heilu lagi. Ég vil óska eftir því að hæstv. forseti verði við þessari beiðni. Ég skil nú satt að segja ekki að aðalforseti deildarinnar skuli víkja sér frá þar sem ég hafði beðið hann um þetta. Það hlýtur að þýða að hann hafi samþykkt beiðni mína þá. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að það voru veitt afbrigði fyrir því að taka þetta mál á dagskrá og því er ætlunin að halda því áfram.) Og forseti deildarinnar, sem ég beindi þessari fyrirspurn til, kýs að bregða sér frá. Það er mikill siður hjá aðalforsetum í þessu þingi að bregða sér af fundi þegar lítið liggur við.

Ég veit satt að segja ekki, hæstv. forseti, hvernig réttast er að halda ræðu minni áfram úr því að sú er

niðurstaða forseta að umræðan geti ekki orðið í samhengi, sem er auðvitað mjög óheppilegt. Þannig stendur á að hæstv. forsrh. er búinn að kynna þetta frv. á blaðamannafundi sem hann hélt, ef ég man rétt, með forseta þessarar deildar og einum þingmanni úr þessari deild þar sem stjórnarandstæðingar gátu hvergi verið nærstaddir. Það er að verða mikill siður hjá ráðherrum að taka þann kostinn af því að þeir telja að þá verði þeir lítið spurðir og litlar athugasemdir gerðar við það sem þeir segja. Má vera að það sé af þeim sökum sem forseti deildarinnar kýs að bregða sér frá að hann telur óþarfa að aðrir menn taki til máls um þetta mál en forsrh. einn, en svona er nú þetta mál.

Ég vil byrja á því að lýsa þeirri almennu skoðun minni að málafylgja og málatilbúnaður þessarar hæstv. ríkisstjórnar virðist vera með þeim hætti að þingið geti haft sem allra minnst áhrif og tök á því að móta stefnu og framkvæmd í þjóðmálum. Þeir atburðir í þessari þingdeild eru dæmigerðir um það, tvö frv. um sömu stofnun eru flutt af forsrh., eru látin hvort í sína nefndina, auðvitað til þess að ekki geti til þess komið að sama nefndin geti athugað þessi tvö frumvörp í samhengi og að nefndin hafi enga möguleika á því að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig hún hugsi sér framtíð Byggðastofnunar.

Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun fór ég fram á það að fá tilteknar upplýsingar varðandi hitt frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur flutt, upplýsingar sem óhjákvæmilegt er að liggi fyrir þegar framtíð Byggðastofnunar er rædd, hvort sem við tölum um framtíðina í þröngu samhengi út frá þeim skuldbindingum sem Byggðastofnun hefur tekið á sig og varða fjárhag hennar á hinum næstu missirum, ég tala nú ekki um ef maður vill ræða Byggðastofnun í víðara samhengi og reyna að gera sér grein fyrir því hvernig þeirri stofnun verður stjórnað til lengri tíma litið. Þessi nauðsynlegu hjálpargögn hef ég ekki fengið í fjh.- og viðskn. Málið er af þeim sökum óathugað í nefndinni og þegar af þeim sökum er ég vanbúinn að ræða þetta frv. hér. Auðvitað er forseta Ed. um það ókunnugt. Hann á ekki sæti í fjh.- og viðskn. Forseti deildarinnar hefur ekki komið þar að verki og getur ekki gert sér grein fyrir því hvaða upplýsingar lágu fyrir þeirri nefnd í morgun né hvaða upplýsingar við fengum þar um hitt frv. sem liggur fyrir varðandi Byggðastofnun.

Þetta er ærin ástæða til þess að ég óski eftir að þessari umræðu verði frestað þangað til mér gefst tækifæri til þess að athuga þessi mál í samhengi eins og verið er að gera í fjh.- og viðskn. Ed. Ég vakti athygli á þessu við formann nefndarinnar í morgun. Ég gerði honum grein fyrir því að nauðsynlegt væri fyrir okkur í fjh.- og viðskn. Ed. að fá í hendur þau gögn sem lægju fyrir í allshn. úr því að við ættum að koma að þessu máli á annað borð. Ég verð því miður að lýsa því að ég varð ekki var við að stjórnarsinnar í fjh.- og viðskn. létu sig það neinu skipta hvort þessi mál yrðu til athugunar á faglegum grundvelli í fjh.- og viðskn. Það var síður en svo að þeir hefðu áhuga á því að þessi mál yrðu athuguð í samhengi.

Nú liggur þetta frv. hér fyrir óbreytt og allshn. hefur samþykkt þetta frv. óbreytt. Við í fjh.- og viðskn. Ed. hljótum að sjálfsögðu að reyna að gera okkur grein fyrir þeim skuldbindingum sem þetta frv. leggur á Byggðastofnun. Við erum bara í þeim plöggum sem við sitjum uppi með í fjh.- og viðskn. nú með halla sem við getum ekki talið í milljóna hundruðum. Við erum að tala um það að undirstofnun Byggðastofnunar, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, sé e.t.v. svo illa staddur að þau töp sem fyrirsjáanleg eru í þeim sjóði geti skipt milljörðum króna. Jafnframt liggur það fyrir að Hlutabréfasjóður, sem á að vera sérstök deild í Byggðasjóði, hefur tapað á þessari stundu fjárhæðum í hlutabréfum sem skipta hundruðum milljóna króna.

Þegar við svo bætum því frv. við sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því að á Byggðasjóð eigi að leggja margvíslegar nýjar kvaðir. Það er athyglisvert að þessar kvaðir eiga að leggjast á sjóðinn þegar á þessu ári. Það stendur í frv. að þessi lög skuli þegar taka gildi. Hvar liggja svo fyrir upplýsingar um það, hæstv. forseti, hvaða fjármuni við erum að tala um fyrir Byggðasjóð með þessum nýju kvöðum sem við erum hér að leggja á stofnunina?

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að á bls. 6 í grg. með frv., þar sem talað er um atvinnuþróunarfélög, stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin er sammála um að veita eigi auknu fjármagni til atvinnuþróunar á landsbyggðinni og auka aðstoð stofnana ríkisvaldsins í því skyni með því skipulagi sem sýnt er á meðfylgjandi mynd. Mikilvægt er að taka tillit til þess við gerð fjárlaga fyrir næsta ár."

Það var ekki tekið tillit til neins slíks við gerð þeirra fjárlaga sem nú eru í gildi. Það var ekki einni einustu krónu varið til þeirra verkefna sem hér er verið að fjalla um, ekki krónu, ekki túskildingi með gati. Það er því ósköp eðlilegt að sú spurning vakni með hvaða hugarfari þetta frv. er flutt. Er alvara á bak við þetta? Er ríkisstjórnin þarna að leggja eitthvað til sem hún hugsar sér að standa við á þessu ári? Af hverju stendur hér, hæstv. forseti: „Lög þessi öðlast þegar gildi", þegar ekki er fjallað um fjármagnið einu einasta orði?

Vegna þess að hæstv. forsrh. er sá stjórnmálamaður sem mest áhrif hefur haft á byggðaþróun á síðasta áratug má kannski leggja eitthvað upp úr því hvaða mat hann hefur lagt á þá byggðastefnu sem hann hefur sjálfur mótað og ráðið. Hann hefur verið ráðherra í ein tólf ár, svo að segja samfleytt, ef ekki samfleytt, ég kann það nú ekki svo utanbókar. Við skulum aðeins líta á það hvernig hæstv. forsrh. metur sjálfur störf sín sem forustumanns í byggðamálum mestan hluta þessa tímabils. Hæstv. forsrh. hefur gegnt því embætti frá árinu 1983 til 1987 og síðan frá 1988 til 1991. Hann sagði að vísu eftir að hafa samið við Alþb. um að ganga úr ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, eins og löngum er vitnað til, að hann hefði verið í glerhúsi um tíma og fílabeinshöll og sagðist ekki hafa alveg áttað sig á því sem var að gerast í landinu. Alveg hissa á því hvernig ástandið var í landinu á þeim tíma, enda fóru þá í hönd erfiðustu tímar í rekstrarskilyrðum í íslenskum fyrirtækjum. Nú er haft eftir þessum manni, sem

öll þessi ár nema eitt hefur haft byggðamálin í sínum höndum, orðrétt innan gæsalappa í Dagblaðinu/Vísi hinn 21. febr. sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Því miður hefur byggðastefna sú sem stjórnvöld hafa rekið á liðnum áratug ekki skilað þeim árangri sem vonir voru bundnar við og það þrátt fyrir að miklir fjármunir hafi verið settir í hana. Við verðum að horfast í augu við þá þróun sem verið hefur og framfylgja stefnu sem snúið getur vörn í sókn. Jöfn þróun byggðar í landinu er hagkvæm, en til að svo geti orðið þurfa að koma til víðtækar aðgerðir af hálfu stjórnvalda, sagði Steingrímur Hermannsson forsrh. á blaðamannafundi í vikunni."

Á síðasta áratug, við skulum segja að það séu tíu sl. ár, hefur hæstv. forsrh. gegnt sínu embætti í sjö ár af þessu tímabili. Sjálfstfl. hefur farið með þau völd í eitt ár og í tvö ár skipaði Gunnar Thoroddsen sæti forsrh., en eins og kunnugt er var sú ríkisstjórn mynduð gegn Sjálfstfl. og í trássi við Sjálfstfl. Ef við förum lengra aftur, til ársins 1978, kemur í ljós að á þessum 13 árum hefur Sjálfstfl. setið í ríkisstjórn í fimm ár og haft forsrh. í eitt ár.

Byggðamálin hafa með öðrum orðum verið höfuðvettvangur formanns Framsfl. Ef við hyggjum að því líka hvaða embætti hæstv. forsrh. gegndi þau ár sem hann var ráðherra í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens kemur í ljós að hann fór með embætti sjútvrh. Það minnir mig sé. Hann hefur a.m.k. látið þess getið þegar hann hefur fjallað um þann ráðherra sem nú gegnir því embætti, Halldór Ásgrímsson, að eftirmaður hans, Halldór Ásgrímsson hæstv. sjútvrh., hafi látið undir höfuð leggjast að huga að byggðinni í landinu. Hans stjórn á fiskveiðum miðist einvörðungu við flotann og sé þannig að hún sé til þess fallin að kvótinn safnist í fárra manna hendur og hefur látið orð falla á þá lund að hann hafi látið það frv. og það fyrirkomulag sem hann sjálfur vildi hafa og skildi eftir í sjútvrn. eiga sig. Þá skilst manni að hæstv. forsrh. hafi viljað taka meira tillit til byggðanna meðan hann var sjútvrh. heldur en núv. hæstv. sjútvrh. hefur viljað gera.

Ég geri ráð fyrir því að út af þessum orðum sé það eitt með öðru sem veldur gagnrýni hæstv. forsrh. á stefnunni í byggðamálum, að hann er mjög ósammála þeirri löggjöf sem hæstv. sjútvrh. hefur sérstaklega beitt sér fyrir um stjórn fiskveiða, er mjög ósáttur við þá löggjöf og hefur látið að því liggja að hún sé til þess fallin að skerða byggð í landinu.

Á hinn bóginn liggur fyrir að hæstv. forsrh. er mikill áhugamaður um þá breytingu í landbúnaði sem lýsir sér í tillögum sjömannanefndar. Þar er gert ráð fyrir því að ám verði fækkað um 13% á einu ári fram til 1. sept., um 70 þúsund ær. Er ekki gert ráð fyrir því að neinni reglu verði fylgt um það hvar þessi fækkun komi helst fram öðruvísi en svo að haft er í huga að um 13% jöfn fækkun geti orðið í öllum búnaðarsamböndum. Það er með öðrum orðum ekki gert ráð fyrir því að mjög skakki um fækkun sauðfjár í einstökum búnaðarsamböndum.

Í þessum tilmælum er gert ráð fyrir því að verð á lambakjöti lækki um 20% til bænda en á hinn bóginn er ekki gerð nein grein fyrir því að ríkisvaldið ætli að gera neinar ráðstafanir til þess að aðdrættir hjá bændum lækki. Ekki er heldur gert ráð fyrir því að komið sé til móts við bændur með öðrum hætti til þess að reyna að auðvelda þeim þá aðlögun sem þarna er talað um. Ég held að það sé erfitt að hugsa sér að sú launaskerðing sem felst í þessum tillögum geti verið minni en um 30% ef þetta gengur fram hjá þessum bændum. Ég hygg að það sé algengt í sauðfjárræktarhéruðum að bráttótekjur á bóndabýli sem séu milli 3 og 4 millj. kr. Ef við hugsum okkur að bráttótekjurnar minnki um 20% á fjórum, fimm árum, falli úr 3 millj. niður í 2,4 millj. eða úr 4 millj. niður í 3,2 millj. fyrir utan þá 13% skerðingu sem við erum nú að tala um — ég tek þá skerðingu ekki inn í, reikna með jafnmörgu fé — þá sjáum við þegar í stað að þarna er um mjög verulega kjararýrnun að ræða og nánast útilokað að sjá hvernig sú nefnd sem samdi þessar tillögur hugsar sér að dæmið geti gengið upp.

Ég hef í því sem ég hef um þetta sagt vakið athygli á hinum háa sláturkostnaði og gert grein fyrir því að óhugsandi sé að sú sláturhúsastefna sem birt hefur verið undir grænum lit, lit Framsfl., geti gengið upp þegar svo er komið. Síðast nú í dag fékk ég skeyti frá Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga þar sem látinn er í ljós uggur yfir framtíðinni ef fylgja á þessum tillögum eftir með þeim hætti sem hæstv. forsrh. hefur lýst stuðningi við og felst í tillögum sjömannanefndar.

Hæstv. forsrh. segir réttilega að miklir fjármunir hafi verið settir í byggðastefnu Framsfl. Spurningin er hins vegar: Hvert hafa þessir fjármunir runnið og hvað nákvæmlega á hæstv. forsrh. við þegar hann segir að þessi byggðastefna og þessir miklu fjármunir hafi ekki skilað árangri?

Svo vill til að sama dag og hæstv. ráðherra heldur sinn byggðafund, eða 20. febr., er viðtal við hæstv. forsrh. í Dagblaðinu/Vísi af því tilefni að miklir erfiðleikar steðjuðu að atvinnulífinu á Suðureyri við Súgandafjörð. Eins og við vitum þá eru Vestfirðirnir gamalt kjördæmi hæstv. forsrh. og hann á að vera þar öllum hnútum kunnugur. Í Dagblaðinu er hæstv. forsrh. spurður um atvinnuástand og byggð á Suðureyri við Súgandafjörð. Hann lýsir því yfir í blaðinu að hann hafi engin gögn fengið um málið frá Byggðastofnun en síðan er haft eftir honum innan gæsalappa. — Nú veit ég auðvitað ekki, hæstv. forsrh., hvort hér er rétt farið með en eins og þetta liggur fyrir í blaðinu stendur þar:

„Áður en ráðist verður í þessi göng verður að liggja fyrir mjög ítarleg athugun á því hvernig samstarfi þeirra byggðarlaga sem eru á norðanverðum Vestfjörðum verður háttað og á grundvelli þess verða menn að vera sannfærðir um að byggðin muni haldast. Komist Byggðastofnun að þeirri niðurstöðu að byggð á Suðureyri muni leggjast niður þrátt fyrir göngin á náttúrlega ekki að bora ónauðsynleg göt í fjallið."

Þessi frétt byrjar með tilvitnuðum orðum í gæsalöppum eftir hæstv. forsrh. sem eru svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Það er ekkert vit í því að vera að bora göt í fjöll til þess eins að síðasti íbúinn geti far-

ið um þau þegar hann flytur á brott, sagði Steingrímur Hermannsson forsrh."

Við þessa frétt er auðvitað margt að athuga. Í fyrsta lagi vaknar spurningin um það hvort blaðamaðurinn fari rétt með ummæli hæstv. forsrh. Ég skal ekki fullyrða um það að hann hafi leiðrétt þessi ummæli í einhverjum fjölmiðli eftir að þetta blað kom út. Það hefur þá farið fram hjá mér og væri þá auðvitað forvitnilegt að fá um það vitneskju hvað það var nákvæmlega sem hæstv. forsrh. sagði um þessi mál.

Ég vil segja um þetta í öðru lagi sem mér finnst líka vera lýsandi fyrir byggðastefnu hæstv. forsrh. og þær aðferðir sem stjórnvöld hafa þegar þau eru að gera upp við sig hvort það eigi að vera lífvænlegt á einhverjum stað eða ekki, með hvaða hætti eigi að koma til móts við fyrirtækin á hinum ýmsu stöðum. Við Súgandafjörð stendur svo á að þar er myndarlegt fiskvinnslufyrirtæki sem á mikinn hlut í togaraútgerðarfyrirtæki sem gerir út togarann Elínu Þorbjarnardóttur. Fiskiðjan heitir Freyja en hlutafélagið sem á togarann heitir Hraðvík. Fyrir einu ári eða svo var gripið til þess sjóðs sem öllu átti að bjarga, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Tilvist þessa sjóðs var réttlætt með því að hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar taldi ekki tök á því að rétta hag sjávarútvegsins á árinu 1988 og heldur ekki á árinu 1989 og mörg sjávarútvegsfyrirtæki á þessum tíma hölluðust mjög. Það kom fram á fundi sem fjh.- og viðskn. Ed. átti með framkvæmdastjóra Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina að síðasti ársfjórðungur ársins 1988 hefði verið erfiðasta tímabil sem þá hefði gengið yfir útgerð hér á landi. Þá snöggversnaði afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi. Þetta var á mánuðunum eftir að núv. hæstv. forsrh. hljópst á brott með Jóni Baldvini Hannibalssyni eftir að hafa verið í bakmálum með formanni Alþb. Eftir að hafa setið í ríkisstjórn með Sjálfstfl. en verið á sama tíma í stjórnarmyndunarviðræðum með Ólafi Ragnari Grímssyni, eins og hæstv. forsrh. hefur sjálfur viðurkennt í orði og margsinnis hefur verið upplýst í Alþýðublaðinu. Á þessum tíma flutti hæstv. forsrh. margar lærðar ræður um að nú ætti að bjarga byggðinni. Það ætti að bjarga útgerðinni hringinn í kringum landið. Eitt af þeim fyrirtækjum sem áttu að verða prófsteinn á byggðastefnu hæstv. forsrh. var einmitt það fyrirtæki sem við erum að tala um núna, Fiskiðjan Freyja á Suðureyri við Súgandafjörð og togaraútgerðarfélagið þar.

Nú er kl. orðin fjögur, herra forseti. (**Forseti:** Ég þarf því að biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni. Þessari umræðu er frestað.) Herra forseti. Ég vænti þess að þessari umræðu ljúki eftir helgi. (**Forseti:** Ég þori ekki að segja um hvenær henni lýkur en henni verður haldið áfram núna kl. 6 að loknum þingflokksfundum.) Herra forseti. . . (**Forseti:** Hv. 2. þm. Norðurl. e. kveður sér hljóðs um þingsköp vænti ég.) Herra forseti. Ég vil mótmæla þessu. Það gengur ekki að þingmenn séu hér á réttum fundartíma en ráðherrar láti sig vanta, hafi öðrum þýðingarmeiri skyldum að gegna, og síðan ætli hæstv. forseti að jafna það út með því að taka kvöldfund, sem er sá tími sem þingmenn hafa kannski ráðstafað með öðrum hætti, þá að taka slíkan tíma af þingmönnum til þess að jafna það út að hæstv. forsrh. var ekki við á fundinum í dag. Ég vænti þess nú að hæstv. forseti sjái það að slík vinnubrögð ganga ekki upp hér í þinginu og að ríkisstjórnin getur ekki vænst þess að vera hér með fund síðdegis eða í kvöld á sama tíma og ráðherrar hirða ekki um að vera hér á reglulegum fundatíma. Ég vona að það eigi ekki að níðast með þeim hætti á þinginu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því áðan að það er svolítið erfitt um vik að ræða þetta frv. Í fyrsta lagi var ekki hægt að hefja umræðuna hér fyrr en kl. hálffjögur. Þá hafði ég beðið eftir því í hálftíma að fá að taka til máls. Í öðru lagi liggja ekki fyrir upplýsingar um það hvorki í fjh.- og viðskn. Ed., sem hefur annað frv. sem fjallar um byggðamál til meðhöndlunar, né heldur í allshn. Ed. hvaða útgjöld þetta frv. hefur í för með sér. Það er hér talað um að þessi lög eigi að öðlast þegar gildi. Eftir sem áður liggur það alveg ljóst fyrir að það hefur verið látið undir höfuð leggjast að taka tillit til þessa frv. sem þó var búið að semja á sl. sumri. Niðurstöður viðræðna voru sendar forsrh. hinn 16. apríl 1989, stendur hér á einum stað. Það er svolítið flókið hvenær hver nefnd skilar áliti vegna þess, þó undarlegt sé, þá er hæstv. forsrh. að rugla saman einhverjum tveim nefndum allan þann tíma sem hann hefur verið að skrifa athugasemdir við frv. Annars vegar er nefnd sem allir stjórnmálaflokkar eiga fulltrúa í sem er kölluð byggðanefnd og svo er einhver önnur byggðanefnd sem er eingöngu skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna. Þetta er því svolítið óljóst allt saman. Þó stendur hér á einum stað, með leyfi hæstv. forseta: „Síðan hefur nefndin [væntanlega sú nefnd sem skipuð var fulltrúum allra stjórnmálaflokka] unnið að undirbúningi þessa lagafrv. Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á lögum nr. 64 frá 1. júlí 1985 um Byggðastofnun í samræmi við tillögur um stefnumótun í atvinnumálum á landsbyggðinni sem nefndin sendi forsrh. 11. júní sl."

Ég hygg að það hafi þess vegna legið fyrir í tíma nauðsyn þess að fé yrði veitt á fjárlögum ef einhver alvara fylgdi þessu frv. Hér er talað um fjölmennan fund með forsrh. í Borgarnesi 8. okt. 1990. Það er hér og þar verið að tala um það að málin hafi verið rædd. En sem sagt ekkert tillit tekið til þessara tillagna í fjárlögum. Alvaran á bak við þetta frv. er því engin.

Á hinn bóginn er það merkilegt að fylgiskjal II er frá nefnd um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum, nýjar leiðir í byggðamálum, tillögur og greinargerð. Væri fróðlegt ef hæstv. forseti gæti upplýst hversu mörg eintök hafa verið prentuð af þessu frv. aukreitis til þess að senda plaggið út um borg og bý. Þetta fylgiskjal hefur ekkert með efni frv. að gera, ekki neitt. Það er algerlega óviðkomandi efni frv. Auðvitað er vítavert að vera að dengja slíku yfir þingmenn þegar tilgangurinn er eingöngu sá að nota þessi orð sem þar standa sem einhvers konar áróðursplagg fyrir hæstv. forsrh., láta prenta þetta á kostnað þingsins, en gera síðan ekki minnstu tilraun til að tengja málið því frv. sem hér liggur fyrir. Ég sá að hæstv. forseti hristi höfuðið yfir því að þetta væri

prentað á kostnað þingsins, fyrir opinbert fé í öllu falli, ekki hefur þetta frv. verið prentað fyrir fé úr flokkssjóðum Framsfl. Annars hélt ég að þingskjöl væru prentuð af fé þingsins. Það getur verið að það sé misskilningur, ekki skal ég um það segja. Ég hélt þó að svo væri.

Ég mun, herra forseti, gera þetta frv., stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, blaðamannafund forsrh. og ástand fyrirtækja á landsbyggðinni að umræðuefni síðar þegar mér gefst kostur á því að gera grein fyrir mínu máli í samfelldu máli og þegar ég hef fengið þær upplýsingar í hendur sem ég hef beðið um. Ég læt auðvitað í ljósi óánægju mína yfir því að stjórn þingsins skuli vera með þeim hætti að þessi frv. skuli ekki fylgjast að. Ég læt líka í ljós óánægju yfir því að ekki skuli vera hægt að hafa umræður um þetta frv. samfelldar heldur skuli meining forseta vera að slíta þær í sundur, eins og hér er stefnt að, sem auðvitað veldur ekki öðru en því að málið verður tekið upp í heild sinni síðar. Ég mun ræða það, ef tilefni gefst til, annaðhvort við 3. umr. eða þegar málefni Byggðasjóðs ber með öðrum hætti á góma en nú er.

Ég ítreka fsp. mína til hæstv. forsrh. Lögum samkvæmt ber fjmrn., Hagsýslustofnun, að senda inn álit um það hvaða útgjaldaauka stjfrv. hafa í för með sér. Það er öldungis ljóst að nauðsynlegt er að framlög til Byggðastofnunar verða að aukast ef það frv. verður að lögum sem hér liggur fyrir. Hvað sem málinu að öðru leyti líður veit ég að hæstv. forseti mun sjá til þess að málið verður ekki látið ganga fram í deildinni nema þessar upplýsingar liggi fyrir frá Hagsýslustofnun.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Fyrst vil ég leyfa mér að leiðrétta þau tíðu ummæli hv. þm. að ég hafi brugðist minni skyldu að vera hér. Á þingi er fyrir mig annar maður og auk þess var þetta mál ekki á þeirri dagskrá sem ég fékk afhenta. Ég vissi ekki um að það yrði tekið á dagskrá fyrr en kl. 3 þar sem ég sat á öðrum fundi og ég lauk þeim fundi á langtum skemmri tíma heldur en til hafði verið ætlast.

Það er alveg rétt að að sjálfsögðu verður að koma meira fjármagn til Byggðastofnunar til að framkvæma ýmislegt af því sem hér er og einnig vegna þeirrar erfiðu stöðu sem er hjá Byggðastofnun vegna verulegs taps á ýmsum útlánum. Í fjárlögum þessa árs er heimild til þess að yfirtaka lán Byggðastofnunar hjá Framkvæmdasjóði. Það mál er nú til meðferðar og ég geri ráð fyrir að það verði afgreitt næsta þriðjudag. Ég geri ráð fyrir því, þó ég geti ekki nefnt nákvæma tölu um það, að það muni verða til þess að létta af Byggðastofnun a.m.k. 300 millj. í greiðslu afborgana og lána. Fjárframlag til Byggðastofnunar mun því meira en þrefaldast á yfirstandandi ári frá því sem það hefur verið áður. Mat hagsýslunnar á kostnaði við þetta frv. er út af fyrir sig sjálfsagt að koma með fyrir 3. umr. eða þá í hv. Nd. Hins vegar hygg ég að hverjum manni muni augljóst vera að það mat er afar erfitt því það er í höndum stjórnar Byggðastofnunar hvernig hún ætlar að framkvæma þá hluti sem er gert ráð fyrir í greinum frv. Þ.e. þá byggðaáætlun sem Byggðastofnun er ætlað að semja og ráðherra ætlað að leggja fyrir Alþingi til staðfestingar. Beinn kostnaður fyrir ríkissjóð af þessu frv. liggur því ekki fyrir fyrr en slíkar tillögur Byggðastofnunar hafa verið gerðar. Þetta hygg ég að öllum muni vera ljóst.

Hv. þm. ræddi mjög um blaðamannafund sem hann kvað forseta deildarinnar og annan hv. þm. hafa setið. Þessir tveir menn voru formenn í þeim nefndum sem skipaðar voru um næstsíðustu áramót til að vinna að skoðun á byggðamálum og því afar eðlilegt að þeir væru þar til að kynna störf sinna nefnda.

Hv. þm. vildi fá mat mitt á þróun byggðamála og og þeim miklu fjármunum sem til þeirra hefur verið varið. Ég hef sett fram það mat og gerði það m.a. í því sem hann las og eftir mér var haft. Hann vildi hafa mat mitt á því hvað ég hefði lagt til þeirra mála. Ég tel að ég hafi lagt verulega mikið til þeirra mála, eins og ég efa ekki að hv. þm. hefur gert með því mikilvæga starfi sem hann hefur sem stjórnarmaður í Byggðastofnun sem er nú lykilstofnun í öllu því sem hér er verið að gera. Eflaust hefur þar notið hans miklu dómgreindar og hans ágæta mats á því hvað mikilvægast er að leggja til í byggðamálum. Ég efa það ekki að árangurinn af því hefur orðið mikill.

Ég vil benda á nokkur atriði, sem ég fyrir mitt leyti hef beitt mér fyrir og margir hv. þm. ítarlega stutt, t.d. þá langtímaáætlun sem var tekin upp í vegamálum árin 1981 og 1982 og síðan hefur verið unnið eftir og nú hefur leitt til þess að búið er að margfalda þá vegi á landinu sem eru bundnir með varanlegu slitlagi. Ég hygg að það fari ekki fram hjá neinum að það átak í vegamálum sem hefur verið gert er í raun stórkostlegt og ég vil fagna því að Alþingi sér sér fært að halda áfram þeirri framkvæmd sem grunnur var lagður að með þeirri áætlun.

Ég gæti líka nefnt annað mál í fjarskiptum sem kom í minn hlut að ná fram þegar ég var samgrh. árið 1981 hygg ég að það hafi verið, þó getur verið að ég fari áravillt. Þá var samþykkt áætlun um að koma sjálfvirkum síma á alla bæi á landinu á fimm árum. Þetta frv. lagði ég fram og það samþykkti Alþingi og var þetta reyndar framkvæmt á fjórum árum og er áreiðanlega mikið framlag til jöfnunar á aðstöðu manna um landið. Þannig gæti ég reyndar haldið áfram að telja ýmis mjög mikilvæg mál.

Ég fagna því einnig að samstarf mitt við formann, framkvæmdastjóra og aðra stjórnarmenn í Byggðastofnun hefur verið mjög gott. Við höfum iðulega rætt þessi mál og mér hefur alltaf þótt ríkja ágætis samstaða um það sem ber að leggja áherslu á í þessu sambandi. Ég hef gengið fram í því fyrir það ár sem nú er hafið að auka, eins og ég sagði áðan, mjög mikið framlag til Byggðastofnunar.

Staðreyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir allt það sem hefur verið gert af fjölmörgum mönnum sem meta byggðamálin mikils, eins og ég hef sagt að ég viti að hv. 2. þm. Norðurl. e. hlýtur að gera í mjög ríkum mæli, þá hefur hallað undan fæti, því miður. Þá hefur enn þá samt sem áður verið mikill fólksflutningur úr

dreifbýli í þéttbýli. Þess vegna skipaði ég um áramótin 1989–1990 tvær nefndir. Aðra nefndina, sem í eru fulltrúar allra stjórnmálaflokka, til að marka stefnu til lengri tíma í byggðamálum, draga fram nýjar áherslur sem þyrfti að leggja á í byggðamálum o.s.frv. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að leggja beri áherslu á að gera langtímaáætlanir í byggðamálum og festa þær miklu betur í sessi heldur en verið hefur með því að skylda ráðherra til að leggja þær fyrir Alþingi þannig að unnið yrði skipulega eftir slíkum áætlunum. Það má segja að það hafi verið meginkjarninn í samhljóða niðurstöðu þessarar nefndar sem skipuð var mönnum allra þingflokka.

Aðra nefnd skipaði ég til þess að skoða starfsemi Byggðastofnunar og skoða meira tæknilega hvernig þar yrði unnið og sömuleiðis, eins og kallað var, fyrstu aðgerðir í byggðamálum. Sú nefnd var skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna, enda þar má segja meira um skammtímasjónarmið að ræða. Sú nefnd vann einnig mjög gott verk og leggur hér fram afargott yfirlit yfir búsetuþróun og sömuleiðis yfir vinnuhætti sem að sjálfsögðu hljóta að verða til lengri tíma. Það þótti sjálfsagt að þingmenn fengju einnig að skoða störf þeirrar nefndar, enda nátengt því frv. sem hér er lagt fyrir, svo að mér þótti undarlegt að hv. þm. fann að því að álit þeirrar nefndar er hér látið fylgja með. Ég tel það álit mjög mikils virði og nauðsynlegt að hafa það með í skoðun á þessu máli.

Hv. þm. las upp úr DV viðtal við mig um göt á fjöll o.s.frv. Ég vona að hv. þm. sé mér sammála um að það eigi ekki að bora göt á fjöll ef það er til þess að síðasti ábúandinn flyst á brott í gegnum það gat. Ég vona að ég eigi ekki að skilja hans athugasemdir svo og að við getum ekki þar verið sammála.

Hins vegar vil ég benda hv. þm. á það að í sama blaði, DV, birtist fáeinum dögum síðar framhald af því viðtali. Fréttamaðurinn kaus að sleppa ýmsu sem ég hafði sagt í fyrra skiptið. Þar held ég að hv. þm. fái heilsteypta skýringu á því sem þarna var um að ræða.

Það vildi svo til að sem samgrh. skipaði ég nefnd til þess að skoða hvort unnt væri að tengja byggðir á norðurhluta Vestfjarða með jarðgöngum og það sem þar hefur verið ákveðið nú er byggt á tillögum þeirrar nefndar. Ég hef lýst því, eins og hv. þm. getur lesið í þessari grein, að það er eindregin von mín að þessi tenging á milli byggðarlaganna verði til þess að styrkja mjög byggð á þessum hluta Vestfjarða. Raunar hef ég lýst þeirri skoðun minni að þessi viðleitni sé sú stærsta sem ráðist hefur verið í til þess að tengja þessar byggðir þannig að þær geti notið þeirrar þjónustu sem sameiginlega má miklu betur veita heldur en sitt í hvoru lagi, og þá ekki síst á Ísafirði, og m.a. til þess að flytja megi afla þarna á milli. Ég get t.d. upplýst hv. þm. um það að nú er talað um að sameina frystihús og fiskvinnslustöðvar á Þingeyri og Suðureyri. Forsendan fyrir því að það megi gerast er að nú er verið að byggja brú yfir Dýrafjörð og gert er ráð fyrir jarðgöngum yfir á Suðureyri. Það er því einlæg von mín að þessi jarðgöng verði ekki til þess að síðasti íbúinn flytjist brott frá neinum þessara staða.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það voru mjög miklir erfiðleikar í byggðamálum haustið 1988 og lýst þannig af samtökum fiskvinnslustöðvanna að þær mundu ekki hefja vinnslu upp úr áramótum, enda raungengi þá orðið það hæsta sem þekkst hefur í íslenskri raungengissögu og varð vitanlega að lagfæra. Ég vil ekki taka undir orð hv. þm. um Atvinnutryggingarsjóð. Ég held að Atvinnutryggingarsjóður hafi gert margt mjög gott. Ég tek sem dæmi á Ólafsfirði. Ég man að hv. þm. beitti sér mjög fyrir því máli, ræddi við mig og fleiri um nauðsyn þess að Hlutafjársjóður og Atvinnutryggingarsjóður kæmu inn í það mál, enda hv. þm. mjög vel staðkunnugur og mikils virði að hafa hans leiðbeiningar um það hvernig á því máli bæri að taka. Ég hygg að það hafi verið farið satt að segja mjög að tillögum hv. þm. Og ég a.m.k. fyrir mitt leyti harma það ekki þótt Hlutafjársjóður hafi lagt nokkuð af mörkum síðan það mál var gert upp og tapað nokkru fé á því. Það er hárrétt hjá hv. þm. Aðalatriðið var að treysta vinnsluna. Mér þætti satt að segja mjög fróðlegt að vita hvort hv. þm. telur að þarna hafi verið illa staðið að málum.

Ég man ekki eftir fleiri spurningum, en einu verð ég að mótmæla hér sem hv. þm. sagði, og ég skrifaði orðrétt niður, að ég hefði lýst því yfir að sjútvrh. hafi látið undir höfuð leggjast að hugsa um byggðirnar í landinu. Ég vil endilega biðja hv. þm., af því að ég veit að hann vill hafa það sem sannast reynist, að finna þessu stoð í því sem ég hef sagt. Ég gæti sagt mörg fleiri orð um þetta. Ég hef aldrei lagst gegn kvótakerfinu. Mér er ljóst að ekki er unnt að framkvæma þann samdrátt í fiskveiðum sem nauðsynlegur er af verndarástæðum með því skrapdagakerfi sem áður var við lýði. En þetta voru ummæli hv. þm. sem ég leyfi mér að mótmæla harðlega.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Formaður allshn. hefur ekki sýnt fararsnið á sér upp í ræðustólinn. Honum ber þó lagaleg skylda til þess að afla upplýsinga um það, ef ekki fylgir stjfrv., hvaða kostnað stjfrv. hefur í för með sér. Nú hefur hæstv. forsrh. lofast til þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir við 3. umr. og er ég þakklátur honum fyrir það.

Það er auðvitað erfitt að meta þau almennu orð sem felast í lagafrv. nema gera sér grein fyrir hverju eigi að kosta til og hvað sé á bak við þetta lagafrv. Samþykkt þess eins og út af fyrir sig skiptir engu máli, breytir engu í dæminu. Sjálfur hef ég vissar efasemdir um sum efnistriði lagafrv. en þar sem málefni Byggðastofnunar, fjárhagslegur grundvöllur hennar og framtíðarskipan er til athugunar í fjh.- og viðskn. deildarinnar, þá mun ég gera þau mál frekar að umræðuefni ef og þegar það frv. sem ég hef hér vikið að verður til umræðu í deildinni.

Hinn 19. ágúst 1990 átti Morgunblaðið viðtal við hæstv. forsrh. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann" nefnilega forsrh. „segist vera bjartsýnn á framtíðina ef okkur takist að halda verðbólgunni innan við 10%. Hins vegar séu blikur á lofti. Það sé afar

mikilvægt að auka fjölbreytnina í atvinnumálum, bæði með stóriðju og ekki síður með því að þróa ýmiss konar hátækniiðnað. Það sé ekki síst þess vegna sem mikilvægt sé að ná góðum samningum við Evrópubandalagið. Hins vegar sé ástæða til að óttast þróunina í sjávarútvegi. Ef svo haldi fram sem horfi með útflutning á óunnum fiski geti orðið lítið um fiskvinnslu hér á landi eftir nokkur ár. Við búum að þessu leyti við mjög slæmar aðstæður gagnvart EB. Innflutningur á óunnum fiski sé tollfrjáls og sumt af honum sé unnið í verksmiðjum sem njóti allt að 50% fjárfestingarstyrkja frá EB. Flök séu seld frá þessum verksmiðjum í samkeppni við flök unnin á Íslandi sem beri 19% toll. Samkeppnin sé mjög ójöfn og í raun og veru ættum við að biðja um toll á ferska fiskinn fengist ekki jöfnun fram með öðrum hætti.

Hann segist aðhyllast að sérhverju skipi verði úthlutað útflutningskvóta sem geti gengið kaupum og sölum en landssamtök útgerðarmanna hafi tekið mjög illa í það. Með því ætti að vera hægt að hafa stjórn á þróun þessara mála.

Steingrímur segir að kvótakerfið valdi sér áhyggjum og þeir möguleikar þess að eign á kvóta skipti um hendur og hinir ríku verði ríkari. Í síðustu lögum hafi verið reynt að sporna gegn þessu með því að veita sveitarfélögunum forkaupsrétt en þau mörg hver ráði ekki við það verð sem sé á kvótanum. Hættan við hagræðingu sé sú að heilir landshlutar sitji eftir með sárt ennið, eins og t.d. Suðurnesin sem hafi tapað 24 þús. tonna kvóta á 4–5 árum. Hann sé ekki talsmaður ríkisafskipta en svo geti farið að þau reynist nauðsynleg ef t.d. svo færi að það verði eingöngu Norðlendingar sem fiski við Suðurnes. Í sjávarútvegsráðherratíð sinni hafi hann látið vinna tillögur sem bundu kvótann við ákveðna landshluta en þessu hafi verið hafnað og seinna samþykktur kvóti bundinn við skip. Og hvort sem kvótinn sé bundinn við skip eða menn, þá fylgi sú stóra hætta að fáir geti eignast þann gífurlega auð sem sé sameign þjóðarinnar. Á þessu vandamáli hafi enn þá ekki fundist lausn og það sé brýnt að takast á við það. Hann tekur undir að fiskiskipaflotinn sé allt of stór og hann þurfi að minnka. Í þeim efnum bindi hann vonir við Úreldingarsjóð sem eigi eftir að verða öflugur. Hann telji að við verðum að fara svipaðar leiðir og Norðmenn sem hafi keypt upp verulegan hluta af sínum flota."

Svo mörg eru þau orð. Eins og fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum tekur hæstv. forsrh. á sig sérstakan krók til þess að minna á það að í sinni sjávarútvegsráðherratíð hafi hann látið vinna tillögur sem bundu aflakvótann við ákveðna landshluta, en þeim tillögum hafi verið hafnað. Ég get ekki komist hjá því að líta svo á að með þessu hafi hæstv. forsrh. viljað vekja athygli á því að hann sé ósammála þeirri tilhögun á stjórn fiskveiða sem hæstv. sjútvrh. hefur beitt sér fyrir og skýringar á ummælum forsrh. koma fram í þeim ummælum hans að Suðurnes hafi tapað 24 þús. tonna kvóta á 4–5 árum, sem mér skilst að hafi safnast fyrir á Norðurlandi eftir orðum hæstv. sjútvrh. að dæma.

Nú liggur það fyrir að undir forustu hæstv. forsrh. hefur verið mynduð sérstök ráðherranefnd til þess að finna leiðir til þess að draga úr útflutningi á ferskum fiski. Ég hefði kannski búist við því að hæstv. forsrh. mundi að fyrra bragði víkja að þessu máli vegna ummæla minna hér áðan og vegna þess að ég vék að þeim ummælum sem hann hafði haft um stefnu hæstv. sjútvrh. í málefnum sjávarplássanna og vil af þessu tilefni spyrja hæstv. forsrh. hvort ráðherrar hafi hist til þess að ræða það hvernig megi sporna við útflutningi á ferskum fiski. Ég skal ekki fullyrða hvort ráðherrar séu þar að velta fyrir sér einu sjávarplássi eða hvort þeir séu að leita að almennri leið til þess. En greinilegt er að verkstjóri ríkisstjórnarinnar telur að þessi mál séu ekki í því formi að hann treysti sér til að láta þau afskiptalaus.

Ég veit ekki hvort þau tilvitnuðu orð sem ég hef hér farið með eru nægileg skýring á ummælum mínum í minni fyrri ræðu um gagnrýni hæstv. forsrh. á stefnu sjútvrh. En það verður þá svo að vera.

Ég vil taka það alveg skýrt fram að ég hef frá öndverðu verið mikill andstæðingur Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Ég greiddi atkvæði gegn stofnun þess sjóðs í þessari deild á sínum tíma. Ég taldi þá og tel enn að það hefði verið skynsamlegra að búa sjávarútveginum viðunandi rekstrarskilyrði, ég vil segja strax haustið 1987. Ég vil segja að framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn hefðu átt að hafa skilning á því í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að sjávarútvegurinn stóð höllum fæti, sem þeir ekki höfðu. Má kannski segja að skýringin á því hversu illa tókst að halda á þeim málum hafi m.a. verið fólgin í því að sjútvrh., sem þá var, Halldór Ásgrímsson, beitti sér ekki. Hins vegar hefur formaður Framsfl. upplýst að hann hafi á þeim tíma verið í fílabeinsturni og hann réð ferðinni. Síðan leið haustið 1988 og allt árið 1989. Síðan hefur hagur sjávarútvegsins farið batnandi og má segja að skárra væri það þegar verð á íslenskum fiski á erlendum mörkuðum hækkar um 30% milli ára þó það skili sér í bættri afkomu í sjávarútveginum í heild og skal ég svo ekki hafa fleiri orð um það.

Á hinn bóginn vitum við að sjávarútvegsfyrirtæki víðs vegar um land standa mjög höllum fæti. Þó svo ríkisstjórnin hafi brugðist við á einstaka stað, og geri það enn þann dag í dag, greiði fyrir því að fyrirtæki geti haldið áfram rekstri á stöku stað með styrkjum úr ríkissjóði, þá er því ekki til að dreifa að þar sé um mótaða almenna stefnu að ræða. Vitaskuld liggur það ljóst fyrir, eins og skuldsetning margra fyrirtækja í sjávarútvegi er, að þau geta ekki staðist þá samkeppni sem þessi fyrirtæki eiga í vændum erlendis frá nema með eftirgjöf skulda og með almennum aðgerðum sem sú ríkisstjórn sem nú situr hefur ekki í hyggju að gera.

Eftir á að hyggja, herra forseti, þá væri kannski fróðlegt ef ég mætti beina því til formanns allshn., ef hann má heyra mál mitt, hvort hann hafi kannski ekki heyrt fyrirspurn mína fyrr í dag. Ég spurðist fyrir um það hvaða upplýsingar hagsýslan hefði gefið um þann kostnað sem fylgir því frv. sem hér er til umræðu. Þessi skylda er lögð á hendur þingnefndum með lögum frá Alþingi. Ég var á sínum tíma andvígur því að

leggja slíkar kvaðir á þingnefndir en lenti í minni hluta. Ég hygg að það sé skylda forseta deildarinnar og einstakra nefndarformanna að sjá til þess að Alþingi haldi þau lög sem það hefur sjálft sett og óska þess að 3. umr. sé frestað þangað til þessar upplýsingar liggja fyrir.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 2. þm. Norðurl. e. um kostnaðinn vegna þessa frv. sem hér er til umræðu skal það upplýst að í grg. frv. koma fram ýmis atriði varðandi frv. Ég vil benda hv. þm. á að lesa grg. þar sem þar er tekið á þessum málum í heild sinni.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. þm. um að bæði þessi mál ættu að vera í sömu nefndinni, málið sem var vísað til fjh.- og viðskn. og þetta mál um Byggðastofnun og vísað var til allshn., þá vil ég benda hv. þm. á að þegar málin voru hér til afgreiðslu, þá var sá háttur viðhafður að vísa öðru málinu til allshn. og hinu til fjh.- og viðskn. Enda finnst mér það mjög eðlilegt þar sem það mál sem vísað var til fjh.- og viðskn. fjallar um efnahagsaðgerðir og fjh.- og viðskn. fjallaði um það frv. á sínum tíma. Það frv. sem hér um ræðir fjallar um Byggðastofnun og á með réttu að heyra undir allshn.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég þakka hv. þm. fyrir að lesa upp úr því viðtali sem Morgunblaðið átti við mig m.a. um sjávarútvegsmál. Hann hefur gert það æðioft hér á fundum og megi hann gera það sem oftast. Ég á afar erfitt með að skilja það sem ég segi um sjávarútvegsmál á þann veg sem hann lýsti hér fyrr í ræðu sinni: að ég „fullyrti að sjútvrh. hafi látið undir höfuð leggjast að hugsa um byggðina í landinu". Ég vek athygli á því að það var hæstv. sjútvrh. sem beitti sér fyrir því að setja inn ákvæði um Hagræðingarsjóð, sem ég nefndi nú víst Úreldingarsjóð, enda hét hann það áður, og sömuleiðis setti sjútvrh. hæstv. inn ákvæði um forkaupsrétt byggðanna á kvóta sem væri verið að selja á brott. Hvort tveggja er að sjálfsögðu viðleitni til að sporna við þeirri byggðarröskun sem ég sagðist hafa áhyggjur af. Ég get fullvissað hv. þm. um það að hæstv. sjútvrh. er mér sammála í því að stöðugt þarf að leita nýrra leiða til að úr þessu megi bæta.

Ég er afar undrandi að heyra svona rökstuðning og láir mér nokkur, herra forseti, þó að mér hafi dottið í hug þegar ég hlustaði á þetta, ef hv. þm. vill hlusta:

Enginn hygg ég undrist hér
að undir Halldórs ræðum
grið ég bið að gefi mér
guð úr efstu hæðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

71. fundur, miðvikudaginn 6. mars, að loknum 70. fundi.

Starfskjör presta þjóðkirkjunnar, 3. umr.

Stjfrv., 428. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 779, brtt. 815.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Eftir að 2. umr. lauk hér í deildinni fyrr í dag komu fram athugasemdir við frv. um að bæta inn í tveimur aðilum, annars vegar forstjóra Hafrannsóknastofnunar og hins vegar forstjóra Landhelgisgæslunnar.

Fjh.- og viðskn. er sammála því að þessir tveir aðilar bætist inn og mæli ég því hér fyrir brtt. við frv. þar að lútandi. Brtt. við frv. til laga um starfskjör presta þjóðkirkjunnar er á þskj. 815 og er svohljóðandi: „Á eftir orðinu „flugmálastjóri" í 1. og 3. gr. komi: forstjóri Hafrannsóknastofnunar, forstjóri Landhelgisgæslunnar."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 815 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Frv. HBl o.fl., 178. mál (hjálparbúnaður fyrir sjónskerta). — Þskj. 199.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Byggðastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 420. mál (byggðaáætlun o.fl.). — Þskj. 757.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Það liggur fyrir samkvæmt ummæl-

um forsrh. að hann leggur ekki áherslu á það að þetta mál verði afgreitt hér í deildinni í dag. Hann hefur sagt það úr þessum ræðustól að hann hafi ekki verið hér mættur vegna þess að hann hafi ekki haft vitneskju um að málið yrði tekið fyrir í dag. Jafnframt liggur það fyrir að hann hefur boðið það fram að mat Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á kostnaði sem þetta frv. hefði í för með sér fyrir ríkissjóð yrði kynnt deildarmönnum við 3. umr. eða í fjh.- og viðskn. Nd., segir hæstv. forsrh.

Ég vil minna hæstv. forseta á 19. gr. laga um ríkisreikning o.fl., frá 2. júní 1985:

„Við lögin bætist ný grein sem verði 77. gr. og breytist röð annarra greina í samræmi við það.“ Þetta er brtt. „Greinin orðist svo:

Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna. Meðal þess háttar verkefna Fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis.

2. Mat á kostnaði sem frumvörp hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.

3. Athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum.

4. Athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

Þessi verkefni skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og fjvn. Alþingis.“

Svo mörg eru þau orð. Nú á forseti deildarinnar sæti í allshn. Ekki svo? Mig minnti að svo væri, en svo er ekki. Ég geri ráð fyrir því að forseti sé mér sammála um að ekki sé nema tvennt að gera fyrir Alþingi. Annaðhvort er að nema þessi ákvæði úr lögum eða fara eftir þeim. Ég get ekki séð að Alþingi geti sett sjálfu sér starfsreglur með þessum hætti upp á punt, en látið svo undir höfuð leggjast að fara eftir þeim.

Ég veit ekki hvort formaður allshn. er hér inni. Hann er svolítið hvikull. Formaður allshn. varði sig áðan með því að í athugasemdum við einstakar greinar þessa frv. væri að finna upplýsingar um það hvaða kostnað frv. mundi hafa í för með sér. Ég gæti, herra forseti, lesið alla grg. upp til þess að sýna fram á að þar finnast engar slíkar upplýsingar. Nú vil ég biðja formann nefndarinnar að upplýsa deildina um hvar þessar upplýsingar sé að finna. Ef svo skyldi fara að hann finni ekki upplýsingarnar, þá vil ég ráðleggja honum að taka undir ummæli mín og fara fram á það við forseta deildarinnar að þetta mál verði tekið út af dagskrá og nefndin fái þær upplýsingar sem hún lögum samkvæmt á að fá.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Þetta frv., eins og það er lagt hér fram, er auðvitað sýndarfrv. Það liggur enginn vilji á bak við það að beita þeim heimildum sem þetta lagafrv. felur í sér á þessu ári. Það er skýrt tekið fram í þeirri nefnd sem samdi frv. að það yrði að taka tillit til ákvæðanna við gerð næstu fjárlaga, þ.e. fyrir árið 1991. Það hefur ekki verið gert. Hér er því um sýndarfrv. að ræða. En verst þykir mér ef hæstv. forseti með stjórn sinni á deildinni, með því að ætla að knýja þetta mál í gegn nú, veldur því að óhjákvæmilegt verður að flytja lagafrv. um það að 77. gr. laganna um ríkisbúskap og fleira verði felld úr gildi þar sem forsetar Alþingis sjá ekki ástæðu til að fylgja þeim lögum.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil spyrja hv. 2. þm. Norðurl. e. hvort það geti ekki orðið samkomulag um það að þessar upplýsingar komi til nefndar í Nd. þannig að það sé hægt að ljúka málinu núna. (**HBl:** Formaður nefndarinnar segir að þessar upplýsingar liggi fyrir. Er ekki best að hann gefi upplýsingar um þær?)

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Þar sem hv. 2. þm. Norðurl. e. vefengdi mín orð hér áðan er rétt að ég standi upp og geri betur grein fyrir því hvað ég átti við. Í grg. frv. kemur fram hvernig standa á að fjármögnun þessara breytinga en það er að vísu ekki tekið fram í frv., enda hélt ég því ekki fram að í því væri útreikningur frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Hefði verið beðið um þær upplýsingar í hv. allshn., þá hefði að sjálfsögðu verið orðið við þeirri beiðni. Ég skal nú gera ráðstafanir, þar sem þessi beiðni hefur komið fram, til þess að þessar upplýsingar liggi fyrir Nd. þegar málið kemur þar til afgreiðslu.

Á það má benda varðandi þetta frv. að fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi voru í þeirri nefnd sem samdi frv. og þeim hefði að sjálfsögðu verið í lófa lagið að afla sér þessara upplýsinga eða kalla eftir þeim. Ég taldi sem formaður nefndarinnar þegar málið var til afgreiðslu í hv. allshn. að eftir þessum upplýsingum þyrfti ekki að kalla. En ef nú er komin krafa um að óska sérstaklega eftir upplýsingum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun eða fjmrn., þá sé ég ekkert á móti því að eftir þeim upplýsingum verði kallað.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er mjög þakklátur fyrir það að þessar upplýsingar skuli verða látnar í té og get fallist á að málið fari til Nd. á þeim forsendum að upplýsingar muni berast í tæka tíð til þess að fjh.- og viðskn. Nd., væntanlega, fái upplýsingar um málið því að auðvitað er það eðlilegt að sama þingnefnd fjalli um þau frv. sem varða sömu stofnun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák, 2. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 344, n. 805, 807 og 816, brtt. 806.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 805 og brtt. á þskj. 806 um frv. til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák. Kemur þetta frv. frá meiri hl. allshn. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og er skilað tveimur minnihlutaálitum, annars vegar frá 1. minni hl., hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, og síðan frá 2. minni hl., hv. þm. Sjálfstfl. Salome Þorkelsdóttur og Eyjólfi Konráði Jónssyni. En eins og ég sagði áðan mæli ég fyrir nál. meiri hl. en þeir sem mynda þennan meiri hl. eru Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson og Valgerður Sverrisdóttir og leggja þau jafnframt fram brtt. við frv. eins og það kom upphaflega fram.

Það er kannski rétt að rekja þetta mál aðeins og hvernig hin þinglega meðferð þess hefur verið nú þegar fyrir liggja bæði nál. og brtt. Rétt fyrir jól lagði hæstv. dómsmrh. fram frv. til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák þar sem mælt var fyrir um að sett yrði á stofn happdrætti, svokallað sjóðshappdrætti, og skyldu 60% ágóða af því happdrætti renna til kaupa á björgunarþyrlu, 20% til styrktar flugbjörgunarmálum og 20% til styrktar skákíþróttinni.

Fljótlega eftir að málið var kynnt á Alþingi upphófst nokkur deila þar sem aðrar björgunarsveitir töldu að þarna væri verið að fara á bak við þær, sérstaklega með því að taka eina björgunarsveit út úr en skilja aðrar eftir. Þar var einkum um að ræða hjálparsveitir skáta og Slysavarnafélag Íslands. Þegar Alþingi kom saman eftir jólaleyfi lagði dómsmrh. fram brtt. við frv. þess efnis að þessir tveir aðilar, þ.e. hjálparsveitir skáta ásamt Slysavarnafélaginu og raunar Rauða krossi Íslands, fengju ágóða af happdrættinu. Þá má segja að niðurstaðan hafi verið sú að 50% áttu að renna í sjóð til kaupa á björgunarþyrlu, 37,5% til björgunarsveita og 12,5% til Skáksambands Íslands.

Þegar málið var tekið fyrir í hv. allshn. kom fljótlega í ljós að samstaða mundi ekki nást um frv. og eftir því sem fleiri komu fyrir nefndina varð ljósara að ekki mundi nást samstaða. Á tímabili má segja að málið hafi verið komið í blindgötu og nokkuð ljóst að ef ekki yrði veruleg breyting á frv. mundi það daga uppi. Þá kom bréf frá Slysavarnafélaginu þess efnis að þeir lögðu það til að ágóði af happdrættinu skyldi einungis vera björgunarþyrlumálum til góða eða sem sagt, ágóðinn mundi allur renna til kaupa á nýrri björgunarþyrlu. Má segja að þetta hafi leitt til þess að málið hafi tekið aðra stefnu í nefndinni.

Það má einnig benda á það að þeir aðilar sem sjá um happdrætti í dag, einkum Happdrætti Háskólans og Happdrætti DAS, og komu fyrir nefndina, mæltu gegn því að þetta frv. yrði samþykkt þar sem happdrættismarkaðurinn væri orðinn nokkuð mettaður og nýtt happdrætti mundi leiða til þess að það drægi úr sölu hjá öðrum. Engu að síður ákvað ég sem formaður nefndarinnar að reyna að finna einhverjar leiðir til þess að komast út úr þessu. Í fjárlögum fyrir árið 1991 er kveðið á um það að björgunarþyrla verði ekki keypt nema til komi fjármögnun á móti og raunar vitnað til þess að þar þurfi að koma til happdrætti af einhverju tagi. Ég ásamt meiri hl. leit þannig á að ef staðfesta ætti kaup á björgunarþyrlu þyrfti að leggja fram frv. þar sem fjármögnun yrði að einhverju leyti tryggð.

Í því frv. sem hér hefur verið lagt fram, og kemur fram að vísu í formi brtt. við frv. sem dómsmrh. lagði fram, er gert ráð fyrir heimild til handa dómsmrh. til þess að setja á stofn sjóðshappdrætti. Einnig er tilskilið í frv. að hann skipi þriggja manna framkvæmdanefnd þar sem hann tilnefndir tvo og Landhelgisgæslan einn mann í þá nefnd. Síðan er kveðið á um það í brtt. að dómsmrh. eða framkvæmdanefndinni sé heimilt að semja við aðra aðila um nánari framkvæmd á málinu og til að koma happdrættinu á fót. Það er með réttu stuðst við það sem fram kemur í frv. dómsmrh. hvernig þetta sjóðshappdrætti gengur fyrir sig. Í 6. gr. er hins vegar tekið fram að öllum ágóða happdrættisins eigi að verja til kaupa á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Einnig er í 7. gr. mælt fyrir um það að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með fjármálum happdrættisins. Og að lokum er mælst til þess að nafni frv. verði breytt í þá veru að það verði frv. til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu í stað frv. til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák.

Ég þykist hafa gert svona í stórum dráttum grein fyrir störfum nefndarinnar og hvernig málið þróaðist í meðförum hennar og eftir hvaða leiðarljósi við störfuðum. Við sem störfuðum í nefndinni vorum að verulegu leyti bundnir ákvæðum fjárlaga um það að ef kaupa eigi þyrlu skuli komið á fót einhvers konar happdrætti eða fjármögnun. Við teljum að sú leið sem hér er valin ætti að tryggja að þyrla verði pöntuð á þessu ári.

En ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri en vil lesa hér upp nál. meiri hl. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Á fund hennar komu Sigurður Jónsson, aðstoðarmaður dómsmrh., Sigurður Steinar Ketilsson skipherra, Páll Halldórsson yfirflugstjóri, Örlygur Hálfdánarson, forseti Slysavarnafélags Íslands, Einar S. Einarsson, Jón Rögnvaldsson og Árni Emilsson frá Skáksambandi Íslands, Guðmundur Hallvarðsson, Þórhallur Hálfdánarson og Sigurður Ágúst Sigurðsson frá Happdrætti DAS, Gunnar Bragason, formaður Landssambands flugbjörgunarsveita, Arnfinnur Jónsson, varaformaður Landssambands hjálparsveita skáta, Jón Thors og Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjórar í dómsmrn., Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, Ragnar Ingimarsson, Arnljótur Björnsson og Sigmundur Guðbjarnason háskóla-

rektor frá Happdrætti Háskóla Íslands. Flestir fyrrgreindra manna sendu umsagnir eða lögðu fram gögn á fundi með nefndinni, en auk þess sendi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands umsögn.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að veruleg breyting verði gerð á frv. Í stað þess að fjölmargir aðilar standi að happdrættinu er lagt til að sjóðshappdrættið verði undir þriggja manna stjórn sem dómsmrh. skipar og að allur hagnaður sem verður af happdrættinu renni óskiptur til kaupa á björgunarþyrlu. Stjórn happdrættisins getur falið öðrum aðila að annast framkvæmd happdrættisins en samningur skal staðfestur af dómsmrh. Lagt er til að heimild til reksturs happdrættisins gildi einungis í fimm ár. Ríkisendurskoðun mun hafa eftirlit með fjárreiðum happdrættisins. Þá er lagt til að heiti frv. verði breytt.

Í lið 5.40 í 6. gr. fjárlaga yfirstandandi árs er að finna heimild til handa fjmrh. að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán að því tilskildu að önnur fjármögnun komi til, m.a. af happdrættisfé. Meiri hl. nefndarinnar telur því samþykkt þessa frv. vera forsendu fyrir því að þessi heimild fjárlaga verði nýtt og að lántökuheimild verði veitt í lánsfjárlögum. Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta nefndarálit skrifa þeir aðilar sem ég minntist á áðan.

Það skal sérstaklega tekið fram að áður en brtt., sem hér er mælt fyrir, var lögð fram hafði ég sem formaður allshn. samband við þá aðila sem detta út eins og frv. lítur út núna, þ.e. Flugbjörgunarsveitina, Skáksambandið og Hjálparsveit skáta, og gerði viðkomandi aðilum grein fyrir því hvernig þetta kæmi til með að líta út. Þeir sýndu þessu máli mikinn skilning og ég gat ekki skilið þá öðruvísi en þannig að þar sem aðrar leiðir væru útilokaðar mundu þeir ekki leggja stein í götu þessa máls.

Frsm. 1. minni hl. allshn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 807 um frv. til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák. Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lífsafkoma Íslendinga byggist á því sem hafið gefur en um leið því að í landinu búi fólk sem er reiðubúið til að stunda fiskveiðar. Því hlýtur það að vera sameiginlegt hagsmunamál allrar þjóðarinnar að vel sé að sjómönnum búið í alla staði og öryggi þeirra tryggt eftir því sem kostur er.

Þyrla Landhelgisgæslunnar hefur margsannað gildi sitt, bæði við björgun sjómanna úr sjóslysum og björgun á landi, að ógleymdu mikilvægi hennar við sjúkraflutninga, bæði milli staða innan lands og frá skipum á hafi úti.

Það er löngu ljóst og viðurkennt að ein þyrla af þeirri stærð, sem nú er í eigu Landhelgisgæslunnar, nægir ekki til að sinna því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur tvisvar sinnum verið flutt þáltill. þar sem skorað er á ríkisstjórnina að kaupa nýja björgunarþyrlu. Í lok 110. löggjafarþings, 11. maí 1988, var slík tillaga samþykkt einróma sem ályktun Alþingis. Fyrirspurnir um afdrif tillögunnar voru lagðar fram á 111. og 112. löggjafarþingi. Á 113. löggjafarþingi var aftur lögð fram till. til þál. um sama efni, en hún hefur ekki enn hlotið afgreiðslu.

Þær ríkisstjórnir, sem setið hafa á kjörtímabilinu, hafa þannig ekki orðið við áskorun Alþingis þrátt fyrir þá staðreynd að flestir viðurkenni að löngu sé tímabært að ganga til samninga um kaup á annarri þyrlu.

Með þessu frv. er lagt til að stofnað verði til sérstaks happdrættis til að fjármagna kaup nýrrar björgunarþyrlu.

Fyrsti minni hl. telur óverjandi að ríkisstjórnin víki sér á þennan hátt undan að tryggja nauðsynlegt fjármagn til þyrlukaupa en velji frekar þá leið að láta happdrættisgleði íslensku þjóðarinnar ákvarða hvenær ný þyrla verður keypt.

Í síðustu viku kom fram að fjmrh. telur mögulegt að leggja fram fé að upphæð 2 milljörðum króna, m.a. til að flýta framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar, byggingu flugskýlis í Keflavík og stækkun hafnar í Þorlákshöfn.

Fyrsti minni hl. telur að kaup á björgunarþyrlu þoli enga bið og skorar því á ríkisstjórnina að nota það fé, sem virðist vera á lausu til ýmissa framkvæmda, til að sinna þessum brýna öryggisþætti í þágu allrar þjóðarinnar."

Undir þetta nefndarálit skrifar Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Virðulegur forseti. Það hefði verið full ástæða til að fara nokkrum orðum um þetta mál allt, eins og það kemur mér fyrir sjónir. Ég vil byrja á því að taka það fram að ég er alls ekki sammála þeirri heimildargrein sem er í fjárlögum þar sem kveðið er á um að m.a. með happdrætti skuli þyrlan fjármögnuð og það hefur reyndar þegar komið fram í þessu nál. Þess vegna tel ég ástæðu til að benda sérstaklega á þá 2 milljarða sem nú hefur verið tilkynnt að séu til reiðu til þess að flýta öðrum framkvæmdum. Það hefur reyndar komið í ljós líka að fyrirhugað er að leita eftir heimildum fyrir hæstv. viðskrh. til þess að leita eftir enn frekari lánsheimildum til fjárfestinga vegna fyrirhugaðs álvers á Keilisnesi. Það er því greinilegt að vilji hæstv. ríkisstjórnar til þess að fjárfesta í ýmsu er til staðar og þar af leiðandi er það auðvitað alveg óskiljanlegt hvers vegna ekki er hægt að fara einhverja slíka leið varðandi kaup á því nauðsynjatæki sem björgunarþyrla er.

Það kom fram í starfi nefndarinnar að nú mun vera um það bil tveggja ára afgreiðslufrestur á nýjum þyrlum. En það kom einnig fram að hægt er að fá hagstæð lán til þeirra fjárfestinga og því hefði verið hægt að hugsa sér ýmsar aðrar leiðir til þess að fjármagna þá þyrlu sem við þurfum svo mjög á að halda. Það kom fram hjá sumum nefndarmönnum að mikill áhugi væri meðal þjóðarinnar að styðja við kaup á björgunarþyrlu og ég tel að það hefði eins mátt hugsa sér einhvers

konar átak með frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja. Það er í tísku hjá þessari hæstv. ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju að hvetja fólk til þess að taka þátt í rekstri samfélagsins með því að veita skattafslátt vegna kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum og hefði e.t.v. mátt hugsa sér eitthvað í þá áttina fyrst ríkisstjórnin er á annað borð inni á þeirri línu.

Það kom einnig fram í störfum nefndarinnar frá embættismönnum dómsmrn. að mjög mikil þörf er á því að skoða happdrættismálin í heild sinni og endurskoða hugtakið happdrætti. Það hafa mörg peningahappdrætti bæst við á seinni árum í formi skafmiða eða jafnvel spilakassa. Það kom einnig fram að okkar hefðbundnu gömlu happdrætti hafa svo sannarlega fundið fyrir því hin seinni ár að þar hefur orðið samdráttur vegna aukins framboðs. Það liggja ekki frammi neinar áætlanir um það hversu mikið happdrætti sem þetta gæti gefið og þar af leiðandi ekki hvenær stjórnvöld gætu treyst sér til þess að ganga til samninga um kaup á þyrlunni.

Það má hins vegar segja með hin happdrættin, eins og t.d. happdrætti Háskóla Íslands sem hefur staðið fyrir uppbyggingu Háskóla Íslands, að við getum lifað lengur jafnvel þótt byggingartími húsa lengist aðeins, en við getum ekki tekið þá áhættu að bíða enn með kaup á björgunarþyrlu. Því hlýtur það að verða að gerast með sama hætti og verið er að leggja til að taka lánsfé til ýmissa framkvæmda og fjárfestinga. Það er auðvitað alveg óskiljanlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki treysta sér í þessa fjárfestingu sem mun vera 400–500 millj., en mér telst til að það sé a.m.k. um 3 milljarða að ræða sem hægt er að gera eitthvað fyrir ef við tökum 2 milljarða hæstv. fjmrh. og síðan það sem fyrirhugað er í sambandi við nýtt álver.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns hefur þetta mál verið allt hið undarlegasta og tekið óvænta stefnu. Það kom fram á síðustu dögum þingsins fyrir jól og síðan hefur það verið á dagskrá allshn. nokkrum sinnum. Ég vil leggja áherslu á það að við hljótum að sjá þeim sem vinna við þann atvinnuveg sem er grundvöllur lífs okkar hér í þessu landi fyrir nauðsynlegum björgunartækjum með framlögum úr sameiginlegum sjóðum okkar allra. Það er í þágu allrar þjóðarinnar.

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. allshn., okkar hv. 3. þm. Reykv. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og mín. Í nál. kemur fram að nefndin hefur fjallað um þetta frv. en varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. 2. minni hl. nefndarinnar telur það vera skyldu stjórnvalda að sjá Landhelgisgæslu Íslands fyrir nauðsynlegum tækjum til björgunarstarfa. Þörfin fyrir kaup á öflugri björgunarþyrlu er mjög brýn og þolir enga bið.

Öll meðferð málsins hefur verið með eindæmum í meðförum þingsins. Upphaflega frv. er ekki lengur til þegar málið er afgreitt úr nefndinni þar sem frjáls félagasamtök, sem höfðu frumkvæði að því að fá leyfi til reksturs sjóðshappdrættis, þ.e. Flugbjörgunarsveitin og Skáksamband Íslands, eða önnur þau slysavarna- og björgunarsamtök sem komin voru inn í frv. í drögum að breytingum á því sem ráðherra sendi nefndinni til umfjöllunar, eru þar ekki lengur samkvæmt þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar leggur fram. Nú eru brtt. í þá veru að hér er í raun um nýtt frv. um ríkisrekið happdrætti að ræða, til kaupa á þyrlu. Engan veginn er hægt að gera sér grein fyrir hvaða tekjur slíkt happdrætti mun gefa af sér. Íslendingar eru að vísu happdrættisglöð þjóð, en ég held að flestir séu sammála um að sá markaður sé að verða mettaður og afar erfitt að treysta á happdrættin þegar afla þarf tekna til einhverra stórframkvæmda eða hluta sem kosta mikið fé eins og hér er reyndar um að ræða. Um þetta fengum við upplýsingar í nefndinni. Á fund nefndarinnar komu forsvarsmenn happdrættanna eins og Happdrættis Háskólans og fleiri aðila og við fengum einnig umsagnir eða athugasemdir frá Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna svo að dæmi séu tekin. Þar eru gerðar athugasemdir við að það eigi að fara að efna til sjóðshappdrættis, m.a. vegna þess að t.d. Happdrætti Háskólans telur sig hafa einkaleyfi á slíkum happdrættum.

Það er einnig mjög athugavert að aðilar hinna frjálsu félagasamtaka sem áttu frumkvæðið um að koma þessu sjóðshappdrætti á eru ekki lengur inni í dæminu og þarf engan að furða þótt þessir aðilar séu ekki sáttir við framkvæmd málsins. Það er ekki rétt að þeir séu sáttir við það. Þeir eru það alls ekki og þykir mér engin undur að svo sé þegar litið er á þeirra hagsmuni og hvers vegna þeir voru að leita eftir því að fá að reka slíkt sjóðshappdrætti.

Kaup á einni björgunarþyrlu nú er aðeins eitt skref til að tryggja það að Landhelgisgæslan verði í stakk búin til að sinna sínu mikilvæga hlutverki við björgunarstörf, bæði á sjó og landi. Eins og nú háttar er ástandið þannig að þyrlan sem Landhelgisgæslan hefur til þessara starfa er allt of lítil og alls ekki nægjanlega vel útbúin. Þetta kemur fram í ársskýrslu þyrlusveitar lækna sem við höfum fengið í hendur og er mjög fróðleg að skoða í sambandi við þetta mál. Þar kemur m.a. fram hvernig útköll skiptast á milli þess að vera útköll á sjó eða landi. Útköll á landi eru 56% en útköll á sjó eru 44%. En það sem kemur oft í veg fyrir að þessir aðilar geti sinnt sínu hlutverki er m.a. fjarlægðir, þyrlan getur ekki farið hvert sem er og hún er ekki búin afísingarútbúnaði sem hefur að sjálfsögðu mikið að segja.

Það hefur einnig komið fram, sem er náttúrlega alvarlegasta málið, að þessi þyrla er allt of lítil. Hún tekur svo takmarkaðan fjölda. Hún getur ekki borið nema takmarkaðan þunga og þegar um er að ræða t.d. björgun skipshafna af sjó, þó það séu kannski ekki nema 8–10 menn, þá verður vélin að fara margar ferðir og fara til baka, kannski eftir að hún er komin yfir skip sem er í sjávarháska, þá verður hún að snúa til lands til þess að losa sig við bæði útbúnað og einhvern hluta af áhöfninni til þess að geta flutt hluta af þeim sem í sjávarháska eru og sinnt þannig björgunarstarfinu. Og menn þurfa að taka ákvörðun um það hverjir eiga að

fara fyrstir og hverjir eiga að vera síðastir og jafnvel komast aldrei til lands eða verði ekki bjargað. Það er hörmulegt að hugsa til þess að aðstaðan skuli vera með slíkum hætti og að þeir starfsmenn sem sinna þessum málum, bæði flugbjörgunarmenn, læknar og annað hjúkrunarfólk, skuli búa við þær aðstæður sem raun ber vitni.

Eins og ég sagði áðan er það að kaupa eina þyrlu og það strax aðeins fyrsta skrefið. Við verðum að horfast í augu við það að Íslendingar þurfa að eiga fleiri en eina slíka björgunarþyrlu því að ef þyrla bilar, þá verður að sjálfsögðu að vera önnur til staðar á meðan verið er að gera við.

Ég held, virðulegi forseti, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um þýðingu þessa máls. 2. minni hl. er á móti því að Alþingi sé að skjóta sér á bak við happdrætti til að leysa þetta brýna nauðsynjamál en vill leggja sitt af mörkum til þess að hægt verði að ganga strax til samninga um kaup á stórri björgunarþyrlu með því að veita heimild í lánsfjárlögum til lántöku í því skyni. 2. minni hl. hefur nú þegar tryggt það að slík tillaga verði flutt við frv. til lánsfjárlaga sem nú er til meðferðar í Nd. og á eftir að koma til Ed. Þess vegna höfum við gert þær ráðstafanir að slík brtt. við lánsfjárlagafrv. verður flutt í Nd. til þess að flýta málinu. Við treystum því að samstaða geti orðið um þá lausn á þessu brýna máli. En það má benda á þegar slíkt lán er tekið greiðist það á mörgum árum, a.m.k. 15 árum, þannig að það er ekki stærri baggi fyrir þjóðarbúið vegna svo mikilvægs máls eins og þetta er heldur en ýmislegt annað sem verið er að taka lán fyrir.

Við viljum að sjálfsögðu greiða fyrir því að frv. gangi til 3. umr. en munum hins vegar sitja hjá við afgreiðslu á brtt. nefndarinnar.

Frsm. meiri hl. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég hef nú hlýtt á rök 1. og 2. minni hl. við brtt. við frv. eins og þær liggja fyrir núna og langar að koma að nokkrum athugasemdum. Í fyrsta lagi sagði hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir að þyrla af þessu tagi mundi kosta 500 millj. Það var upplýst í nefndinni að þyrla af þeirri gerð sem Landhelgisgæslan á nú kostar 500 millj. en þyrla af þeirri gerð sem hugsanlega verður keypt, stærri þyrla sem er búin afísingarbúnaði, kostar einhvers staðar á bilinu 800–1000 millj. þannig að þarna er um verulegar fjárhæðir að ræða.

Ég vil ekki taka undir þau rök að það eigi að taka af því fé sem hæstv. fjmrh. hefur verið að gaspra um núna að undanförnu. Það eru hans hugmyndir um atvinnuuppbyggingu vegna þess að álver kom ekki en þær hugmyndir eru loftbólur í mínum huga og ég tel að þarna sé ekki um að ræða þá leið sem ætti að fara, að taka af þeim peningum sem í raun eru ekki til.

Til þess að standa undir kaupum á þyrlu af þessu tagi eru þrjár leiðir. Það er að setja á nýja skatta, það er að skera niður eitthvað af ríkisútgjöldum og það er hægt að fjármagna með þessum hætti eins og hér er lagt til, með happdrætti. Það er líka hægt að fresta vandamálinu til komandi kynslóðar með því að setja heimildarákvæði inn í lánsfjárlög. Og þarna er ekki um það að ræða, ég geri nú ekki ráð fyrir því, enda kom það fram í máli þeirra sem töluðu hér á undan, frsm. bæði 1. og 2. minni hl., að það sé ekki deilt um nauðsyn björgunarþyrlu sem slíkrar, heldur er deilt um það hvernig eigi að standa að fjármögnun á slíkri þyrlu. Ég heyrði það á fulltrúum Sjálfstfl. sem skipuðu 2. minni hl. að þeir mundu leggja fram brtt. við lánsfjárlög, en ég tel að það sé ekki nóg þar sem það er bundið í fjárlögum að það þurfi að koma fjármögnun og ég vil ekki líta þá þannig á að þótt komi inn heimild í lánsfjárlög, að það sé fjármagn af því tagi sem fjárlögin kveða á um, enda segir í þessari grein, 6. gr. fjárlaga: „að því tilskildu að til komi fjármögnun, m.a. með happdrætti."

Það var komið inn á þá aðila sem detta út úr frv., björgunarsveitirnar og Skáksamband Íslands. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sagði að þeir eru ósáttir og ég lái þeim það ekki. En eins og ég sagði áðan í framsögu fannst mér rétt áður en ég lagði fram þessa brtt. að ræða við þá og skýra hver niðurstaðan væri. Hins vegar vil ég benda þeim sem vilja taka upp hanskann fyrir hjálparsveitirnar á það að ég gat ekki fundið þann skilning í nefndinni hjá þingmönnum Sjálfstfl. og Kvennalista að þeir vildu taka þá inn í. Þess vegna var þessi tillaga sett fram um að allur ágóði mundi renna til Landhelgisgæslunnar úr því að það náðist ekki samkomulag um frv. eins og það lá fyrir.

Það er líka annað atriði sem ég vildi impra hér á og það er af hverju þessi leið var farin. Það kom í ljós þegar við fjölluðum um málið í nefndinni að þeir aðilar sem áttu að njóta góðs af happdrættinu voru ekkert sammála um það. Slysavarnafélag Íslands sendi nefndinni bréf þess efnis að það teldi rétt að verja ágóða af þessu happdrætti til Landhelgisgæslunnar þannig að það var hvortki einhugur í nefndinni um að þessir aðilar, björgunarsveitirnar og Skáksambandið, fengju hluta af ágóðanum né milli aðilanna sjálfra sem áttu að njóta ágóðans.

Það má kannski minnast á það í þessu sambandi þegar við erum að ræða um björgunarsveitirnir, að það var upplýst í nefndinni af fulltrúum dómsmrn. að þessir aðilar sem þarna er um að ræða, Hjálparsveit skáta, Slysavarnafélagið, Flugbjörgunarsveitin og Rauði krossinn, hefðu nýgert með sér samning um ágóðaskiptingu af svokölluðum spilakössum, en talið er að ágóði af þeim sé í kringum 300–400 millj. Það má því segja að dómsmrn. hafi fullnægt, alla vega að einhverju leyti, þörfum þessara aðila fyrir rekstrarfé. Ég er ekki með þessu að segja að mér finnist björgunarsveitirnar hafa of mikið fé á milli handanna heldur er í mínum huga aðalatriðið að við reynum að finna lausn á þessu vandamáli sem við öll erum sammála um. Það er björgunarþyrlan sem mikil nauðsyn er á að við Íslendingar fáum því það ástand sem nú er er ófært. Mér finnst og hef það á tilfinningunni að ef þetta frv. verður fellt og fær ekki afgreiðslu á þessu þingi, þá verði ekki staðfest pöntun á björgunarþyrlu á þessu ári. Það mundi mér þykja mjög miður og hefði að sjálfsögðu

kosið að við gætum orðið sammála um það í nefndinni og hér á Alþingi að koma þessu happdrætti á svo að Landhelgisgæslan og Íslendingar allir, ekki bara sjómenn heldur allir Íslendingar, geti haft afnot af þyrlu af þessu tagi.

Frsm. 1. minni hl. allshn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins að leiðrétta þá leiðréttingu sem gerð var við mál mitt hér áðan af hv. frsm. meiri hl. allshn. Það var þannig að við fengum ýmsa gesti á fundi allshn. þegar við fjölluðum um þetta mál, þar á meðal flugmenn Landhelgisgæslunnar. Þeir töluðu um stóra þyrlu með afísingarbúnaði sem ákjósanlegasta kostinn. Skömmu síðar kom til okkar forstjóri Landhelgisgæslunnar og ég innti hann sérstaklega eftir því, vegna þess að ég hjó eftir því að hann talaði um þyrlu af sömu gerð og þá sem Landhelgisgæslan á núna, hvort það væri samstaða um það í Landhelgisgæslunni að það væri þessi tegund af þyrlu sem verið væri að tala um. Hann staðfesti að svo væri og benti jafnframt á að þessi gerð af þyrlum væri nú með öflugri vél en sú sem er í notkun hjá Landhelgisgæslunni.

Ég ætla mér hins vegar ekki að fara út í tæknilegar umræður um þyrluna og mér finnst málið ekki snúast um það hvort flugbjörgunarsveitir, hjálparsveitir og Slysavarnafélag eru með í þessu happdrætti. Í mínum huga er spurningin sú hvort við ættum að treysta á happdrætti sem er algerlega óskilgreind stærð til þess að fjármagna kaup á björgunarþyrlu. Ég nefndi ýmsar aðrar leiðir áðan og það kom fram í máli 2. minni hl., hv. 6. þm. Reykn., að fulltrúi Sjálfstfl. í Nd. hefur þegar gert ráðstafanir til þess að flytja brtt. um lánsfjárheimild til kaupa á björgunarþyrlu. Miðað við það sem ég hef sagt hér í dag er auðvitað ljóst að kvennalistakonur styðja þá tillögu. Ég vil ítreka það að málið snýst um það að fjármagn til þessa á að taka úr sameiginlegum sjóðum okkar allra.

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Það eru smáathugasemdir við ræðu hv. 5. þm. Reykv. hér áðan. Það er misskilningur hjá honum að það sé nauðsynlegt að halda sig við þessa heimild í fjárlögum sem skilyrðir lánsheimild með happdrætti eða einhverjum öðrum tekjuöflunarleiðum. Ef sett er inn í lánsfjárlögin að það megi taka slíkt lán, þá skiptir hitt engu máli. Þetta er mikill misskilningur hjá honum. Það eyðileggur ekki málið.

Hv. þm. sagðist óttast að ef frv. yrði fellt, þá yrði ekki keypt þyrla. Nú vil ég benda honum á að við höfum lýst því yfir að þó að við getum ekki stutt þessa hugmynd, af því að við höfum ekki trú á því að slíkt sjóðshappdrætti muni afla svo mikilla tekna að hægt verði að vinda sér í að kaupa þessa þyrlu strax, þá ætlum við ekki að greiða atkvæði á móti frv. Við munum sitja hjá við afgreiðslu málsins vegna þess að við viljum freista þess að ná fram skynsamlegri lausn á þessu máli með því að setja í lánsfjárlögin heimild um að taka þetta lán. Það held ég að skipti öllu máli.

Mér þykir leitt að ekki skuli hafa náðst samstaða um þetta mál, en ég næ því ekki hvaða raunhæfa aðgerð það er að setja á laggirnar slíkt sjóðshappdrætti þegar það er engin vitneskja um hvaða tekjur það fær. Það hefur aldrei verið nefnd nokkur einasta tala um það. Það er tekið fram í upphaflega frv. sem ráðherra lagði fram að það sé ekki hægt að gera sér grein fyrir því t.d. hvaða vinningsmöguleikar verði í slíku happdrætti. Það er sérstaklega tekið fram og þá náttúrlega um leið hvaða tekjur slíkt happdrætti gefur. Ég sný því ekkert aftur með það að þarna er einungis verið að skjóta sér á bak við þetta happdrætti. Eina raunhæfa leiðin er að vinda sér í að semja um að kaupa þessa þyrlu og gera það strax og taka til þess þau lán sem þarf í gegnum lánsfjárlagafrv.

Frsm. meiri hl. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Það er bara örstutt athugasemd, ég er víst búinn að tala hérna tvisvar. En það er rétt að það komi fram, ef það skyldi fara eitthvað á milli mála, að það sem er verið að gera núna er að setja þetta happdrætti á fót og staðfesta það og panta þyrluna en það er ekki komið að fjármögnun hennar strax. Í samningum af þessu tagi er það yfirleitt innan við 10% sem greitt er í upphafi við staðfestingu, en það er ekki fyrr en við afhendingu vélarinnar, sem er eftir tvö ár, sem kemur að því að lánsfjárheimildar er þörf. Eins og fram kom í nefndinni var afgreiðslutími 18–24 mánuðir og talið er að núna sé afgreiðslutími allt að 30 mánuðir eða lengri út af Persaflóastríðinu. Að fjármögnuninni sem slíkri er ekki komið og ekki nauðsynlegt að koma því ákvæði inn í lánsfjárlög að svo komnu. En ef á að kaupa notaða þyrlu, ef hugmyndin er sú að kaupa notaða þyrlu, þá væri mjög áríðandi að setja heimild í lánsfjárlög.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram svo að menn sæju hvað þarna væri á ferðinni. Það er ekki verið að kaupa þyrluna á þessu ári heldur er verið að gera pöntun til þeirra aðila sem smíða þessa þyrlu, en það er ekki von á því að hún komi hingað til lands fyrr en eftir 2–3 ár.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þessi síðasta athugasemd var nú heldur lítilvæg. Auðvitað er hægt að semja um í hinum mikla heimsbisniss alla mögulega kosti í þessu efni. Það er hægt að byrja að greiða inn á vélina meira að segja áður en hafin er framleiðsla á henni o.s.frv. Það hefur verið upplýst að í einu tilfelli a.m.k. hafi vél verið keypt gegn staðgreiðslu. Við vitum hins vegar að leigukaup svonefnd eru mjög algeng í þessari grein viðskipta, flugvélakaupum, kannski til 10–15 ára, menn greiða á þessu árabili upp heildarupphæðina. En einmitt með þeim rökum sem hv. þm. var að rekja hér áðan má segja að það sé ágætt að hafa heimildina víða til þess að ná hagstæðustum kjörum sem um er að

ræða, kannski að borga lítið, kannski að borga 500 millj., kannski eitthvað meira ef hún kostar meira. Það er um að gera að hafa þetta með þessum hætti að það sé heimild til ríkisins til að ganga til samninga um þyrluna og jafnvel áður en byrjað er að framleiða hana, en reyna að fá hana sem allra, allra fyrst og hafa nógu rúmar heimildir til þess að ná hagstæðum viðskiptum.

Frsm. 1. minni hl. allshn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Síðustu athugasemdir hv. 5. þm. Reykv. sannfærðu mig endanlega um að þessi hugmynd um sjóðshappdrætti er ekkert annað en nýju fötin keisarans. Það virðist vera sáluhjálparatriði að fá þetta happdrætti samþykkt og sett á stofn, en hins vegar vefst fyrir mér hvaða hugur fylgir máli.

Það er ljóst að allir þingflokkar sem nú eiga fulltrúa á Alþingi hafa tjáð vilja sinn og áhuga fyrir því að björgunarþyrla verði keypt. Það er stundum gagnrýnt síðustu daga fyrir þingrof, sem nú stendur fyrir dyrum, að verið sé að binda hendur ríkisstjórna sem á eftir kunna að koma. Ég held að þetta mál sé skýrasta dæmið sem við höfum um að það er óhætt að binda hendur þeirra sem á eftir kunna að koma vegna þess að hér hafa allir lýst vilja sínum til þess að þyrla verði keypt. Það virðist sáluhjálparatriði að sjóðshappdrættinu verði fundin einhver lagastoð. Það er enginn sem hefur neina hugmynd um hvenær það verður sett í gang eða hvort það verður sett í gang þannig að málið snýst um algert aukaatriði. Þess vegna skora ég nú á þá sem eiga aðild að þessari ríkisstjórn sem enn situr að taka höndum saman við þá sem eru reiðubúnir til þess að tryggja fjármagn úr okkar sameiginlegu sjóðum til þess að kaupa þetta tæki sem er okkur öllum svo nauðsynlegt.

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki ástæða til að fara að lengja þessar umræður mikið úr þessu en ég get samt ekki staðist það að benda hv. 5. þm. Reykv. á að nákvæmlega það sem hann sagði hér í sinni síðustu ræðu staðfestir að það eina rétta sem gera ætti er það sem við erum að leggja til, að þessi heimild verði veitt í lánsfjárlögum. Hitt er bara húmbúkk.

Ég ætla að ljúka orðum mínum með því að minna á það, af því að hann kom aðeins inn á þessa aðila, þessi frjálsu félagasamtök sem voru að leita eftir þessum möguleika og leituðu til hæstv. dómsmrh. um að mega setja á stofn sjóðshappdrættið sem var upphafið að þessu öllu saman. Þessir aðilar eru settir út í kuldann með þessu frv. sem meiri hl. nefndarinnar flytur. Nú hafa þessir aðilar ekki möguleika á að fá sitt frv. tekið upp aftur eða leita leiða til þess að koma á þessari fjáröflun sem þessi frjálsu félagasamtök, þ.e. Skáksambandið og björgunarsamtökin, sem þau trúa á þó að ég sé ein af þeim sem dreg í efa að slíkt happdrætti mundi afla þeim mikilla tekna. En það er allt önnur saga sem hægt er að ræða síðar og á öðrum vettvangi.

En ég vil aðeins benda hv. 5. þm. Reykv. á að þetta er líka það sem gerist með frv., að þessir aðilar sitja eftir með sárt ennið úti í kuldanum og fá ekki möguleika til sinnar fjáröflunar sem þeir trúðu á með því frv. sem þeir höfðu frumkvæði um að hæstv. dómsmrh. flutti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

63. fundur, miðvikudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Tilhögun þingstarfa.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er veruleg nauðsyn á því að hinir almennu þingmenn fái að vita hvernig ætlunin er að standa að þingstörfum. Í gærkvöldi var hér kvöldfundur og ekkert lát á þeim sem hér mættu til að halda áfram þeim fundi og klára þá mál. Hins vegar var þannig að málum staðið að það málefni sem var til umræðu, frv. til laga um breytingu á lögum um ábyrgðadeild fiskeldislána, var tekið af dagskrá áður en umræðu var lokið. Og vægt til orða tekið þá hafði ráðherra flutt svo skörulega ræðu að ég efa það ekki að hæstv. forseta er ljóst að við það verður ekki unað að mjög lengi verði haft bil á því að menn fái að svara ýmsum atriðum í þeirri ræðu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti mun ekki veigra sér við að taka það mál á dagskrá þegar tími gefst til og eins fljótt og unnt er. Hins vegar lét forseti þess getið í gærkvöldi vegna þeirrar umræðu sem þá fór fram um ábyrgðadeild fiskeldislána að hann hefði aldrei tekið það mál á dagskrá ef honum hefði verið kunnugt um það að hæstv. fjmrh. mundi halda allt að því hálfs annars klukkutíma ræðu um málið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Yfirlýsing virðulegs forseta um það að hann hefði aldrei tekið mál á dagskrá ef hann hefði vitað að hæstv. fjmrh. mundi flytja eins og hálfs tíma ræðu er ákaflega merkileg í sjálfu sér og það má þess vegna kannski spyrja í framhaldi af því hvort hæstv. forseti ætli að tryggja það að sá ágæti maður, hæstv. fjmrh., tali ekki í öðrum málum nema innan við einn og hálfan tíma. En það er nú kannski ekki það sem menn eru að tala um hér í þessari umræðu um

þingsköp heldur hitt hvort hægt sé að ljúka máli sem var byrjað að ræða hér í gærkvöldi og hvort hæstv. forseti ætli að láta það líðast að einn af ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar eigi að komast upp með það að stjórna þannig þingfundum að hæstv. forseti ætli sér ekki að taka mál á dagskrá ef hæstv. ráðherra sýnist svo að hóta því fyrir fram að tala lengi í ákveðnum málum. Sé svo komið er hæstv. forseti þessarar hv. deildar orðinn nokkurs konar fangi hæstv. ráðherra sem getur með hótunum stjórnað þinghaldinu það sem eftir lifir þingsins.

Ég eins og aðrir almennir þingmenn geri kröfu til þess að hæstv. þingforseti stjórni samkvæmt þingsköpum eins og honum þykir best og réttast. Ég treysti hæstv. þingforseta til þess, hæstv. forseta deildarinnar, og skora á hann að láta ekki hótanir einstakra hæstv. ráðherra hafa þessi áhrif á sig og mælist til þess að hæstv. forseti láti þá umræðu sem hófst hér í gærkvöldi um þetta þingmannafrv., sem nauðsyn er að fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi, halda áfram á þingfundi hér í dag.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða hv. 1. þm. Reykv. vill forseti taka fram að hann hlustar ekki á hótanir hæstvirtra ráðherra enda hafa þær ekki verið bornar fram.

Í öðru lagi getur forseti upplýst hv. þm. um það að nú er mikill fjöldi stjfrv. á hraðferð í gegnum þingið, enda ætlunin að ljúka þingi í næstu viku. Hæstv. ráðherrar leggja að vísu mikla áherslu á hver í sínu lagi að þeirra mál fái skjótan og góðan framgang, en því miður er tíminn afskaplega naumt skammtaður sem á að fara til þess að afgreiða þau mál sem nú eru á óskalistum hæstv. ráðherra. Og það er alveg ljóst, a.m.k. í huga þess forseta sem hér situr, að ekki nema brot af þeim málum mun komast áfram miðað við það að þingið fari heim í lok næstu viku.

Það mál sem var til umræðu á kvöldfundi í gærkvöldi er þingmannafrv. og lýtur því þeim lögmálum sem þingmannafrv. gera. Hins vegar hefur forseti reynt eftir mætti að taka þingmannafrv. hér til umræðu til jafns nokkuð við þau stjfrv. sem hér eru á dagskrá. **(Gripið fram í:** Er það ekki bara loðnufrumvarpið?) Það getur forseti upplýst um loðnufrv. ef hv. þingdeildarmenn gera athugasemdir við að það skuli vera á dagskrá, þá er það borið fram að vísu, rétt er, af einum hv. þm. sem jafnframt er ráðherra. Engu að síður standa á bak við það frv. þrír ríkisstjórnarflokkar og sá fjórði hefur látið það ótalið að frv. yrði lagt fram.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það kom mér óneitanlega nokkuð á óvart að heyra forseta segja hér í málstofu Alþingis að þau mál sem væntanlega verði rædd verði ekki tekin á dagskrá. Má í framhaldi af því spyrja: Til hvers er þessi málstofa? Þetta kom tvisvar fyrir í gær, bæði varðandi það mál sem hér hefur verið um rætt og eins 11. mál á dagskrá í dag, það var ekki tekið á dagskrá af því að fólk bjó sig undir að ræða það mál.

Dagskráin er orðin það flókin núna, það er búið að taka mál það ört inn og út af dagskránni, að það er aðeins til ein regla til þess að kippa þessu í liðinn og það er sú regla sem best hefur gefist í þeim þjóðfélögum sem vilja ná árangri, að taka mál eftir þeirri röð sem þau berast, ekki hvort ríkisstjórnin flytur þau eða einhverjir einstakir þingmenn, að allir hér í þinginu séu jafnir og mál þeirra verði afgreidd í röðinni sem þau berast. Annars hljótum við einstakir þingmenn sem styðjum ríkisstjórnina að fara að athuga okkar gang hvort við séum alltaf reiðubúnir til þess að rétta upp höndina þegar ríkisstjórnin kallar, ef okkar mál fá þessa meðferð og sömuleiðis mál stjórnarandstöðuþingmanna. Þetta er jú einu sinni málstofa og hér skulum við ræða um hlutina.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil fara fram á það við forseta að hann taki á dagskrá og til umræðu síðar í dag frv. um fiskeldið. Ég tel að það sé óskynsamlegt að láta það mál lenda í útideyfu eða ljúka ekki 1. umr. um málið jafnvel þó svo vilji til að einn ráðherra hafi snúist öndverður gegn því og haft hér uppi málþóf í gærkvöldi. Ég tel að við náum ekki skynsamlegum og eðlilegum þinglokum nema með ákveðinni tillitssemi hvert við annað. Ráðherrar geta alls ekki ætlast til þess að þeirra mál hafi það mikinn forgang að ekki megi ræða um neitt annað heldur en stjfrv. á þeim tíma sem eftir er, allra síst úr því að þeir geta ekki nema með höppum og glöppum og eiginlega svona fyrir mestu náð í undantekningartilfellum látið það eftir okkur að vera hér í deildinni til að greiða atkvæði um stjfrv.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér er alveg ljóst að það er mikill vandi sem hvílir á herðum forseta þessarar deildar að skipuleggja þingstörfin þegar hann verður að búa við það að þingmenn mæti jafnilla og raun ber vitni og sérstaklega stjórnarliðar, eins og best sást í gærkvöldi, að ég hygg að það sé einsdæmi að ráðherra hafi beitt málþófi þegar vika er eftir af þingi við frv. þingmanna sem er flutt af níu þingmönnum eins og fjmrh. gerði hér í gærkvöldi. Í raun og veru hélt hann þrisvar sinnum sömu ræðuna. Og það var þreytandi fyrir þá fáu þingmenn sem hér sátu inni að hlusta á þessa ræðu því þetta var svartnættisræða úr grárri forneskju sem ráðherra var að flytja.

Ég vænti þess að hæstv. forseti þessarar deildar reyni að koma þessu máli áfram. Ég vil aðeins til viðbótar þessu benda á að þetta frv. hefði verið flutt mörgum mánuðum fyrr en raun ber vitni því maður fékk alltaf svör um það frá ríkisstjórninni og frá forsrh. að þetta mál væri að fá afgreiðslu í ríkisstjórninni. Ég er búinn að fá skýringu á því núna af hverju það var ekki flutt eftir að hafa hlustað á þessa dómadagsræðu fjmrh. í gærkvöldi.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Að lokum þessarar þingskapaumræðu vill forseti geta þess að hann mun reyna eftir mætti að sýna hv. þm. tillitssemi eins og hann hyggur að hann hafi reynt að gera allt kjörtímabil sitt í þessum virðulega stóli. Forseti vill þá láta þess getið að hann hefur mikinn hug á því ef unnt væri að ná samkomulagi um að halda áfram fundarhöldum á milli klukkan sex og sjö í dag. Vandinn sem forseti stendur frami fyrir nú er fyrst og fremst tímaskortur. Það er þess vegna mjög freistandi að boða til kvöldfundar í kvöld, annað kvöldið í röð. Ég er hins vegar ekki alveg viss um að allir hv. þingdeildarmenn séu sáttir við það. Í þessu máli eins og mörgum öðrum verður að reyna að fara bil beggja og sætta ólíkar skoðanir manna og það mun forseti reyna að gera með því valdi sem hann hefur til þess.

Grunnskóli, frh. 2. umr. (frh. atkvgr.)

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 192, n. 709, 712 og 722, brtt. 710.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill láta þess getið að tillaga hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur og Sólveigar Pétursdóttur um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar kom til atkvæða í gær og var sú tillaga felld. Verður þá haldið áfram með atkvæðagreiðsluna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 710,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5.–11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 710,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 710,3 (ný 13. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 710,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
16.–23. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 710,5 (ný 24. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 710,6 samþ. með 25 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 710,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
27.–70. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 710,8 (ný 71. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
72.–75. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 710,9 samþ. með 25 shlj. atkv.
76. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
77.–84. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
85. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 710,10 samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 710,11 (ný fyrirsögn XII. kafla) samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og aðrar kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Greiðslur úr ríkissjóði, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 395. mál. — Þskj. 711.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði o.fl. sem er flutt af fjvn. en flm. eru í Nd. Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Alexander Stefánsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Friðjón Þórðarson og í raun einnig Ásgeir Hannes Eiríksson en hann var ekki inni á þingi þegar frv. var lagt fram og þar af leiðandi er nafn hans ekki hér meðal flytjenda en hann er í raun flm. frv. Sömuleiðis er rétt að geta þess að fjvn.-menn sem sæti eiga í Ed., þau Margrét Frímannsdóttir og Egill Jónsson, eiga einnig aðild að þessu frv.

Mér þykir rétt, virðulegi forseti, að koma hér aðeins að forsögu þessa máls. Það var þannig að þetta frv. var samið 1989 af fjvn. Það var sérstök undirnefnd sem fjvn. skipaði sem samdi frv. og gekk frá því og það var tilbúið í desember 1989 og lagt fram hér á hv. Alþingi í janúar 1990. Hins vegar kom það ekki til umræðu hér í hv. deild fyrr en 7. mars 1990 og var nokkuð lengi í meðferð, en var vísað til fjh.- og viðskn. 21. mars 1990 og var þar einnig nokkuð lengi í meðferð. Frv. kom til umræðu hér um þingsköp 27. apríl og síðan kom nál. frá hv. fjh.- og viðskn. 5. maí og þar var það afgreitt með nokkuð óvenjulegum hætti en, með leyfi forseta, vil ég lesa álit nefndarinnar:

„Nefndin hefur athugað frv. og telur að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Í ljósi þess að fjmrh. hefur lagt fram hugmyndir sem ganga í sömu átt og frv., og þar sem forsrh. er að láta gera lögfræðilega úttekt á málinu telur nefndin rétt að unnið sé áfram að þessu máli og eðlilegt að kveðja til fleiri aðila. Í trausti þess að unnið verði að málinu í sumar samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég ætla ekki að rekja þær umræður sem urðu um þetta. Það var ljóst að sumir menn sem hér áttu hlut að máli höfðu ekki kynnt sér rækilega þá meginstefnu sem var fólgin í frv. fjvn. og þar af leiðandi var að nokkru um misskilning að ræða, en það kom fram að nefndin hafði ekki fjallað mikið um þetta stóra mál.

Fyrsti flm. að þessu frv. þá, Sighvatur Björgvinsson, tók þannig til orða, eftir að umræður höfðu farið fram, að það væri ekki hægt að afgreiða málið með þessum hætti. Og hann hélt áfram: „Hins vegar liggur það fyrir frá hæstv. forsrh. að hann hefur áhuga á því að skoða málið með okkur flm. sem vandlegast í sumar [þ.e. í fyrrasumar] og gefa færi á því að vinna þá vinnu sem hefði þurft í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar en var þar ekki unnin og ég ætla ekki að endurtaka hvers vegna. Og við fögnum því, flm. frv., að fá þannig tækifæri til þess að halda áfram meðferð

málsins og erum fúsir til þess að vinna með forsrh. að þeim störfum."

Hæstv. forsrh. gaf eftirfarandi yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er afar mikilvægt og varðar í raun verkefnaskiptingu milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það er rétt sem komið hefur fram hjá hv. frsm., að ég hafði þegar frv. kom fram fullan hug á því að láta skoða það mjög vandlega af löglærðum mönnum á þessu sviði og reyndar hófst sú athugun en því miður vannst ekki tími til að ljúka henni á nokkurn máta þegar málið fór til nefndar. Ég hef mjög mikinn áhuga á því að skoða málið í sumar og fagna því að hv. fjvn. er reiðubúin að hafa samstarf um það. Ég fer því fram á að þetta mál verði ekki afgreitt núna en hins vegar vandlega skoðað í samstarfi mínu og hv. fjvn. og þá að því stefnt að frv. verði lagt fyrir Alþingi á haustþingi."

Það er skemmst frá því að segja að sl. sumar var engin vinna lögð í þetta mál af hæstv. ríkisstjórn og þegar þing kom saman á sl. hausti var ljóst að frv. lá enn þá óathugað hjá hæstv. ríkisstjórn. Og raunar kom það fram í umræðum á þingi að forsrh. hafði ekki haft möguleika til að fá þá sérfræðivinnu frá aðila sem hann hafði leitað til þannig að það lá ekkert fyrir á þeim grundvelli. Síðan gerist það að hæstv. fjmrh. skipar vinnuhóp í janúar sl. sem hann lætur fjalla um frv. og í lok janúar gefur þessi sérstaki hópur nokkurs konar álit til hæstv. fjmrh. um þetta frv. Og í þessu sem hann síðan sendi til fjvn. um mánaðamótin janúar/febrúar sl. kemur fram að hæstv. fjmrh. hafði falið ríkisreikningsnefnd á sl. ári að athuga hvort og með hvaða hætti heppilegast væri að styrkja umfjöllun um opinber fjármál í ljósi frv. fjvn. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði.

Ríkisreikningsnefnd fjallaði um málið á sl. ári og skipaði sérstakan starfshóp til þess að undirbúa málið. Í þeim vinnuhópi sátu Þórhallur Arason, fjmrn., Sveinn Arason, Ríkisendurskoðun, Torben Friðriksson, Ríkisbókhaldi, Gunnar Hall, Hagstofu Íslands, og Halldór Árnason, Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þessi hópur skilaði síðan áliti til ríkisreikningsnefndar í október 1990.

Síðan þegar fjvn. vissi af þessu var talið eðlilegt að hafa samvinnu við þennan hóp um að yfirfara frv. og á þeim grunni er frv. endurflutt hér.

Mér þykir eðlilegt að fara hér aðeins yfir greinargerð með frv. áður en ég kem að því að lýsa í hverju breytingar eru fólgnar frá því að skilið var við frv. á sl. ári, en eins og fram hefur komið hef ég áður skýrt frá því hverjir eru flm. þessa frv.

„Þetta frv. byggir í meginatriðum á frv. um sama efni sem fjárveitinganefndarmenn stóðu að og fluttu á síðasta þingi, en þá varð málið ekki útrætt. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv. frá upphaflegri gerð þess, m.a. í ljósi ábendinga frá fjmrn. og ríkisreikningsnefnd. Geta má þess í þessu sambandi að sérstakur vinnuhópur á vegum ríkisreikningsnefndar hefur á liðnum mánuðum fjallað ítarlega um frv. og skilað sérstakri greinargerð um málið. Sérstök athygli skal vakin á því að heiti frv. hefur verið breytt, en nú heitir það frumvarp um „greiðslur úr ríkissjóði o.fl." í stað „fjárgreiðslur úr ríkissjóði o.fl." áður. Aðrar breytingar lúta fyrst og fremst að því að draga nokkuð úr þeim stífu skilyrðum sem fyrra frv. mælti fyrir um varðandi heimildir til fjárskuldbindinga ríkissjóðs, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sbr. t.d. 1. og 2. gr. frv. Því ætti ekki að vera hætta á því að frv. hindri eða trufli á nokkurn hátt eðlilega og lögboðna starfsemi ríkissjóðs, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja verði það að lögum. Auk þess er reynt að kveða skýrar á um nokkur atriði en áður var gert.

Ákvæði 41. gr. stjórnarskrár hljóðar, svo sem kunnugt er, á þessa leið:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Lagafyrirmæli þessi eru skýr og ótvíræð. Ætlun stjórnarskrárgjafans með þeim hefur bersýnilega verið sú að heimildar til fjárveitinga úr ríkissjóði væri ævinlega aflað fyrir fram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum á hverju fjárlagaári.

Framkvæmdin í þessum efnum hefur hins vegar í veigamiklum atriðum orðið allt önnur en fyrir er mælt í stjórnarskrá. Um árabil hafa svokallaðar „aukafjárveitingar" fjármálaráðherra tíðkast og þá ýmist með eða án samráðs við ríkisstjórn eða fjárveitinganefnd. Framkvæmd þessi styðst að sjálfsögðu hvorki við fyrirmæli í almennum lögum né aðrar skráðar réttarheimildir enda ekki furða þar sem slík fyrirmæli hlytu eðli sínu samkvæmt að vera í hróplegu ósamræmi við skýr ákvæði stjórnarskrárinnar. Öllum ætti að vera ljóst að í þessum efnum hefur ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar verið brotin, þ.e. reglan um að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Þrátt fyrir þetta hefur lítið raunhæft verið gert í því skyni að tryggja að lögformlega sé að verki staðið í þessum efnum. Þó hafa mál þessi ítrekað verið til umræðu bæði á Alþingi og víðar og fjármálaráðherrar iðulega sætt gagnrýni fyrir aukafjárveitingar. Ýmsir þingmenn hafa beitt sér fyrir breytingum í þessum efnum, bæði í málflutningi og tillögugerð. Fyrir tveimur árum var m.a. borið fram þmfrv. er fól í sér verulega takmörkun á því valdi sem fjármálaráðherra hefur verið talinn hafa í þessum efnum. Frv. varð ekki útrætt.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem hafði farið fram um þessi mál á liðnum þingum, ákvað fjvn. á miðju ári 1989 að beita sér fyrir breytingum í þessum efnum enda nefndarmenn allir sammála um að löngu tímabært væri að setja reglur í einhverri mynd sem reistu skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið er í fjárlögum. Í því skyni var skipuð undirnefnd fjvn. sem gera skyldi tillögur í málinu. Í nefndinni sátu þau Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Undirnefnd skilaði tillögum sínum 15. des. 1989. Fjvn. hefur nú gert tillögur þessar að sínum og er frv. þetta [og hið fyrra] að mestu byggt á þeim.

Niðurstöður undirnefndarinnar eru í stuttu máli þær að „aukafjárveitingar", eins og þær hafa tíðkast til þessa, standast ekki og að tímabært sé að setja reglur

sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Um þetta segir m.a. svo í nefndarálitinu: „Reglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og á fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum."

Nefndarálitið er birt í heild sinni í fskj. I með frv. og vísast að öðru leyti til þess.

Aflað var upplýsinga frá Norðurlöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga en þjóðþing þessara ríkja fara með fjárveitingavaldið. Af upplýsingum þessum verður ráðið að greiðslur umfram heimildir fjárlaga þekkjast nánast ekki á Norðurlöndum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til yfirlits um verklag á afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og ríkisreiknings á Norðurlöndum sem birt er sem fskj. II með frv. þessu.

Í meginatriðum er með frv. þessu stefnt að því að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða eftir atvikum fjáraukalögum. Þess í stað verði í fjárlögunum sjálfum ákveðið með hvaða hætti bregðast skuli við þegar breytingar verða á fjárþörf vegna þess að forsendur fjárlaga standast ekki þegar á reynir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma á sama hátt ekki til greiðslu fyrr en aflað hefur verið sérstakrar greiðsluheimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þá er lagt til að ríkisstofnunum verði óheimilt, með nokkrum undantekningum þó, að gera nokkrar þær fjárskuldbindingar sem ekki eru sérstaklega heimilaðar eða gert ráð fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sama meginregla skal líka gilda um ráðstöfun sértekna. Undantekningar frá þessari reglu lúta einkum að þörfum fyrirtækja í eigu ríkissjóðs sem stunda framleiðslu, verslun eða viðskipti með svipuðum hætti og einkafyrirtæki.

Í kjölfar banns við aukafjárveitingum með gamla laginu verður ekki hjá því komist að aðlaga fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin sjálf að strangari reglum í þessum efnum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að í fjárlögum verði framvegis gerður skýr greinarmunur á framlögum eftir eðli þeirra og jafnframt verði mælt fyrir um hvort þau geti tekið verðbreytingum innan fjárlagaársins eða ekki. Almennt er frv. bæði ætlað að stuðla að og tryggja að vandað sé til verka við fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin verði þannig skýrari og raunhæfari áætlun eða rammi um útgjöld og geymi marktækari fyrirmæli um fjárráðstafanir og fjárreiður ríkissjóðs en verið hefur til þessa.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur efni fjáraukalaga að vera hliðstætt efni fjárlaga. Því er að mati flm. óeðlilegt að einskorða efni fjáraukalaga við útgjaldaheimildir eins og ákvæði 41. gr. stjórnarskrár er orðað. Eðlilegt er að gera þar einnig grein fyrir þegar orðnum og fyrirsjáanlegum breytingum á tekjuhlið fjárlaga eftir því sem við verður komið en auðvitað verða skattar og gjöld til ríkissjóðs innheimt þó að tekjur af þeim fari fram úr áætlunum fjárlaga. Engu að síður þykir rétt að gerð sé grein fyrir breytingum á tekjuhlið fjárlaga gefist tækifæri til slíks í fjáraukalögum.

Loks er rétt að geta þess að við gerð frv. var með tilliti til 41. gr. stjórnarskrár ekki talið fært að nota orðið „aukafjárlög" í stað orðsins „fjáraukalög". Hið fyrrnefnda verður þó í alla staði að teljast skýrara og eðlilegra.

Það er von flm. að frv. þetta, nái það fram að ganga, tryggi á sæmilegan hátt að reglur stjórnskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis og eftirlitshlutverk þess verði í heiðri hafðar. Tiltölulega skýrar reglur af þessu tagi hljóta jafnframt að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald í öllu því er lýtur að fjárhagsmálefnum þess og fjármálastjórn jafnframt því sem þær ættu að hvetja til vandaðri og raunhæfari vinnubragða við fjárlagagerð en tíðkast hefur til þessa. Þá ættu reglur af þessu tagi ekki síður að styrkja þingið, stofnanir þess og Ríkisendurskoðun við að rækja það eftirlitshlutverk sem þessum aðilum ber að sinna í þessu efni lögum samkvæmt."

Ég vil svo að lokum aðeins lauslega hlaupa yfir þær helstu breytingar sem hafa orðið í þessu frv.

Í 1. gr. frv. var talað um það að á sama hátt væru hvers konar samningar, sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, umfram heimildir fjárlaga fyrir hvert reikningsár, óheimilir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum. Þessu er nokkuð breytt sem hefur þýðingu. Í staðinn fyrir „umfram heimildir" kemur: „sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir hvert reikningsár".

2. gr. tók nokkrum breytingum. Þar kom fram í fyrra frv. að uppsetning á 2. gr. var nokkuð óeðlileg að sumu leyti þar sem gert var ráð fyrir því að kjarasamninga sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir skyldi undirrita með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þessu hefur nú verið breytt í meginatriðum og hljóðar greinin þannig:

„Séu gerðir kjarasamningar, sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir, eru þeir með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum greiðsluheimildum fyrir viðbótarútgjöldum. Frv. til fjáraukalaga, þar sem slíkra heimilda er aflað, skal leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir. Þangað til slíkt frv. er endanlega afgreitt skal þó haga launagreiðslum í samræmi við hina nýju kjarasamninga."

Enn fremur er fellt út úr síðari málsgreininni að það sama eigi við um ráðningar til tímabundinna verkefna sem ekki eru ákveðin um í fjárlögum. Þessi setning er felld út. Það þrengir of mikið það athafnafrelsi sem stofnanir hafa.

Í sambandi við 3. gr. er örlítil viðbót sem fjallar um kaup, sölu, skipti eða langtímaleigu o.s.frv. Þar er sett inn þessi viðbót í miðja grein: „Fjmrh. getur þó heimilað ríkisstofnun að ráðstafa söluandvirði eigna skv. 5. tölul. 1. mgr. til endurnýjunar á búnaði enda sé ekki um verulega fjármuni að ræða.“ Og síðasta málsgrein kemur ný: „Á sama hátt er ríkisstjórn og ríkisstofnunum óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir sem um getur í 1.–5. tölul. 1. mgr. nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum og fjáraukalögum.“

Síðan er smábreyting í 6. gr. Þar sem í fyrra frv. var að ákvarðanir eða fyrirmæli stjórnvalda sama eðlis „öðlast ekki gildi fyrr en Alþingi“ o.s.frv., þá segir í þessu frv. „koma ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi“ o.s.frv. sem er miklu eðlilegri umfjöllun.

Í 7. gr. er smávægileg breyting. Í henni var áður að fjmrh. væri „óheimilt án sérstakrar lagaheimildar“ o.s.frv. en er núna: „Óheimilt er að fresta eða flytja greiðsluheimildir á stofn- og fjárfestingarframlögum og hvers konar styrkjum, eins og þær eru ákveðnar í fjárlögum, á milli verkefna nema að fengnu samþykki fjvn.“ Þetta er nýtt atriði sem er miklu eðlilegra í þessu.

Í 10. gr. var í fyrra frv. það ákvæði að fjmrh. skuli jafnan „leita umsagnar til ríkislögmanns um lagaskilyrði fyrir greiðslum“ o.s.frv. Þetta er óþörf grein og hún er felld niður í frv.

11. gr. er í raun ný grein. Í fyrra frv. stóð: „Auk áætlunar um sundurliðuð gjöld einstakra stofnana í A- og B-hluta fjárlaga, ... skal áætla fyrir tveimur nýjum útgjaldaliðum, „Óviss útgjöld“ og „Ófyrirséð“.“ Og síðan kom skilgreining á því. Við fellum þetta út úr frv. nú, þannig að þar er komið algjörlega til móts við ríkisfjármálanefnd eða starfshópinn, og þá hljóðar 11. gr. þannig:

„Með fjárlögum skal kveðið á um hvaða útgjaldaliðir taki verðlagsbreytingum og hvernig þeir skulu breytast.

Nú er óskiptu fé veitt á fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar og skal því varið til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna verkefna og viðfangsefna sem ráðuneytum eða ríkisstjórn eru falin samkvæmt fjárlögum eða öðrum lögum.

Í fjáraukalögum skal gera grein fyrir greiðslum á liðum þeim sem um ræðir í þessari grein, sundurliðuðum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.“

Þetta var talin nauðsynleg breyting.

12. gr. er einnig breytt. Hún var þannig í fyrra frv.: „Fyrir 1. apríl ár hvert skal Ríkisendurskoðun leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd fjárlaga og fjáraukalaga“ o.s.frv., en eftir ábendingu þeirrar nefndar sem ég vísaði í áðan, starfshóps og nefndar ríkisreikningsnefndar ríkisins, hljóðar 12. gr. svo nú:

„Fyrir 1. apríl ár hvert skal fjármálaráðherra leggja fram frv. að endanlegum fjáraukalögum fyrir liðið ár. Með frv. skal leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar fjárveitingar og um þá aðila sem af ófyrirséðum ástæðum hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs.

Fyrir sama tíma ár hvert skal Ríkisendurskoðun leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd fjárlaga liðins árs, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1986, [um Ríkisendurskoðun] og skal í skýrslu þessari m.a. koma fram hvort greitt hefur verið úr ríkissjóði umfram lagaheimildir.“ Annað er óbreytt.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu fyrir þessu máli. Það er búið að fá umfjöllun áður. En ég tel að þessar breytingar sem gerðar hafa verið hafi verið mjög til bóta. Lokaorðin um mikilvægi þessa frv. — um það verður ekki deilt. Hertar reglur um meðferð ríkisfjármála eru brýn nauðsyn. Það held ég að allir séu sammála um og vald Alþingis er samkvæmt stjórnarskrá augljóst þannig að það á ekki að þurfa að ræða um það. En það þarf skýrari reglur um framkvæmdarvaldið. Það er löngu orðið tímabært og ég vænti þess að Alþingi átti sig á því. Það er von okkar fjárveitinganefndarmanna, sem byggjum nokkuð á reynslu undanfarinna ára um þessi mál, að Alþingi sjái sér fært, þrátt fyrir þá miklu töf sem hefur orðið á því að fá þetta mál afgreitt hér, að taka þetta mál sérstaklega fljótt fyrir.

Ég skora á fjh.- og viðskn. þessarar deildar og ekki síst formann hennar, sem hefur lýst því hér yfir í ræðustól að hann sjái eftir því að hafa ekki veitt frv. framgang á síðasta þingi, að hann sjái til þess að hér verði tekið rösklega til höndum og Alþingi sjái sóma sinn í því að skýra þær reglur sem allir eru sammála um að verði að komast í framkvæmd.

Ég vil svo að lokinni þessari umræðu leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. hefur nú lokið við að mæla fyrir þessu máli og skýrt aðdraganda þess og þær breytingar sem orðið hafa á frv. frá síðasta Alþingi. Frv. er flutt sem samkomulagsmál allra nefndarmanna í fjvn. Og þó ekki væri nema fyrir það eitt er það merkileg nýlunda að nefndarmenn í þeirri miklu starfsnefnd Alþingis skuli sameiginlega komast að niðurstöðu um að það sé nauðsyn að koma við breyttum starfsreglum að því er varðar meðferð ríkisfjármála og um greiðslur úr ríkissjóði til þess að tryggja að þar sé farið að í samræmi við vilja Alþingis. Samkomulag í fjvn. um þetta mál hefur verið gott. Það er svo gott að þrátt fyrir það að 1. flm., formaður fjvn., sé ekki á þingi um sinn, þá er það 3. flm. sem mælir fyrir frv. enda þótt ég sé 2. flm. Þetta sýnir með öðru að við leggjum áherslu á gott samstarf um þetta mál í fjvn. og væntum þess að það megi takast að ljúka afgreiðslu þessa máls á þessu þingi.

Það var farið yfir það af hv. 1. þm. Vesturl. hversu vandlega þetta mál hefur verið undirbúið. Ég skal ekki endurtaka það í mörgum orðum. Ég vek aðeins á því athygli að fyrstu skrefin í þessari frumvarpsgerð voru þau að gerð var athugun á meðferð þessara mála á hinum Norðurlöndunum, hvernig þeirri skipan væri háttað hjá frændþjóðum okkar. Og á þeim grunni og á grunni íslensku stjórnarskrárinnar var byggt við samn-

ingu þessa frv. Sjálfsagt er að taka það fram að áður höfðu menn komið auga á nauðsyn breytinga hér á hinu háa Alþingi því að áður en þetta frv. kom fram hafði hv. þm. Geir H. Haarde ásamt mér flutt frv. um þetta efni hér í þinginu.

Á síðasta þingi fór það svo að frv. náði eigi afgreiðslu og hæstv. forsrh. óskaði eftir því í þinglok að fá tækifæri til þess að taka málið sérstaklega til athugunar og gera á því lögfræðilega athugun. Út af fyrir sig var ekki óeðlilegt að við slíku væri orðið, en slík lögfræðileg athugun hæstv. forsrh. og hans manna í forsrn. hefur enn ekki farið fram. Þess má geta að á vegum fjvn. hafði farið fram lögfræðileg athugun á frv. eins og það var lagt fram á síðasta Alþingi af prófessorum við Lagastofnun Háskóla Íslands þannig að þá þegar hafði farið fram býsna mikil og sérfræðileg lögfræðileg athugun á þessu máli.

Ég vil taka það fram að sú athugun sem fram fór á vegum starfshóps sem starfaði á vegum ríkisreikningsnefndar og hæstv. fjmrh. var á marga lund eðlileg. Nefndin hefur átt ágætt samstarf við fulltrúa þess starfshóps um þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í meðförum málsins nú áður en það er lagt fram í þeirri gerð sem hér liggur fyrir. Ég vil gjarnan þakka það samstarf sem við áttum við fulltrúa úr ríkisreikningsnefnd og úr fjmrn. Það varð til þess að skýra þetta mál, eyða tortryggni á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins um þessa lagasmíð, ýmsar ábendingar komu fram sem við nánari athugun voru til bóta og þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. og hv. 1. þm. Vesturl. lýsti hér eru flestar eða yfirleitt því marki brenndar að skýra málið betur í texta og í sumum tilvikum að gera lagasmíðina liprari þannig að ekki séu eins miklar líkur á því að snurður hlaupi á framkvæmdina. Þetta er gert án þess að raska heildarmarkmiðum frv. sem, eins og lýst hefur verið, eru þau að tryggja betri skipan á meðferð ríkisfjármála í framkvæmdinni og að treysta það að farið sé að í samræmi við vilja Alþingis.

Ég held að það sé engin spurning um það, og við höfum lýst þeim viðhorfum okkar sem erum flm. þessa frv., að þó svo — sem ég tel að ekki sé í neinum atriðum sem máli skipta — en þó svo að rekist hefðu á í einhverjum atriðum sjónarmið flm. annars vegar og fulltrúa framkvæmdarvaldsins, t.d. fulltrúa ríkisreikningsnefndar eða fulltrúa fjmrn. hins vegar, þá er það auðvitað hlutverk löggjafarvaldsins að setja framkvæmdarvaldinu þær reglur sem framkvæmdarvaldinu ber að starfa eftir. En það kom ekki til slíkra árekstra í samstarfi flm. frv. annars vegar og fulltrúa fjmrn. og ríkisreikningsnefndar hins vegar þannig að um þetta mál tel ég að nú sé komið á svo gott samstarf að það eigi að vera einboðið að það megi takast að ná afgreiðslu þó að stutt sé eftir af þessu þingi.

Ég skal ekki fara mörgum fleiri orðum um þýðingu þessa máls, en þær starfsreglur sem framkvæmdarvaldið hefur tamið sér á undanförnum árum hafa að ýmsu leyti átt óskýran grunn, þær hafa ekki verið mjög markvissar í öllum greinum og það er mikil nauðsyn að setja þær í fastari ramma og það í samræmi við þau grundvallaratriði sem ég minntist á í upphafi, þ.e. íslensku stjórnarskrána, og þær starfsvenjur sem gilda í meðferð mála hjá öðrum þjóðum. Þessar starfsreglur hafa sem sé verið óskýrar og þær hafa verið notaðar misjafnlega þrátt fyrir að ákvæði stjórnarskrárinnar séu skýr. Ég held að það sé afar mikilvægt að lagaákvæði um þessar starfsreglur séu skýr þannig að ekki þurfi að koma til deilna um framkvæmd þessara mála, um meðferð einstakra greiðslna af hálfu t.d. hæstv. fjmrh. hverju sinni eða þær skuldbindingar sem hæstv. fjmrh. eða ríkisstjórn ákveður án þess að hafa haft til þess fullar heimildir Alþingis.

Það er e.t.v. skemmst að minnast þeirra deilna sem urðu hér á yfirstandandi þingi um ákvarðanir hæstv. fjmrh. um sölu á meiri hluta af hlutabréfum Þormóðs ramma, en þar er eitt dæmið um það að ekki hefur verið stuðst við skýrar heimildir laga um það hvernig á málum skuli haldið.

Miðað við þetta frv. liggja þessi mál alveg skýrt fyrir. Þar er það alveg ótvírætt að óheimilt er, nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum hverju sinni, að afhenda eða selja eða kaupa fasteignir, eignarhluti í félögum, skipum og flugvélum, listaverkum, listmunum, söfnum o.s.frv., sem hafa að geyma menningarverðmæti, og öðrum þeim eignum sem verulegt verðgildi hafa. Um þetta eru mótuð alveg skýr lagaákvæði í þessu frv. og það er öllum til góðs að þau lagaákvæði séu þannig að menn velkist ekki í vafa um hvernig á skuli halda og tryggi það að farið sé að hverju sinni í samræmi við vilja Alþingis. Hitt leiðir til ófarnaðar, deilna og úlfúðar sem hægt er að komast hjá með því að lagaákvæði séu skýr.

Ég ætla ekki að þreyta umræðu um þetta mál. Ég tel meiru varða að það komist áfram og skal því ekki lengja þessa ræðu mína nema um örfá orð. Ég tel að þetta sé með merkari frv. sem fram hafa verið lögð hér á hinu háa Alþingi nú um skeið og það sé búið að vinna þetta verk, þetta frv. svo vel og ná um það svo víðtæku samkomulagi að nú ætti ekki að standa fyrir að það fáist afgreitt og taka þá til þess tíma og við flm. munum eftir því sem ég best veit spara það að eyða um of tíma Alþingis í umræður. Við teljum að málið liggi fullljóst fyrir.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að taka undir ummæli síðasta ræðumanns um mikilvægi þess frv. sem hér er til umræðu. Hann lét þess getið að upphaflega barst þetta mál í frumvarpsformi hér inn í deildina fyrir tveimur árum þegar við fluttum frv. svipaðs efnis, en til að mynda 10. gr. þess frv. sem nú er til umræðu er tekin orðrétt og beint upp úr því frv. Það er þó að sjálfsögðu ekki aðalatriðið hvaðan gott kemur í þessu máli. Aðalatriðið er að sjálfsögðu það að nú er að því er virðist nokkuð víðtækt samkomulag um að gera bráðnauðsynlegar umbætur á meðferð þessara mála, setja eðlilegan lagagrundvöll undir framkvæmd sem tíðkast hefur og skýrar reglur um annað.

Ég hlýt þó að vekja athygli á því að 2. gr. þessa frv.

hefur verið nokkuð breytt frá því sem var í fyrra frv. hv. fjvn., en í þeirri grein er fjallað um meðferð kjarasamninga. Hér segir nú að leita skuli samþykkis Alþingis með frv. til fjáraukalaga fyrir viðbótarútgjöldum sem kjarasamningar kunna að hafa í för með sér svo skjótt sem verða megi eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir. En breytingin er sú að greiða skuli í samræmi við hina nýju kjarasamninga þangað til slíkt frv. hefur verið afgreitt. Í fyrra frv., ef ég man rétt, var gert ráð fyrir því að óheimilt væri að greiða samkvæmt nýjum kjarasamningum fyrr en Alþingi hefði staðfest þann gjörning.

Ég hygg að með þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð sé alveg ljóst að Alþingi hefur ekki það frjálsa val um það hvort það vill staðfesta kjarasamning sem gert var ráð fyrir í fyrra frv. Og ég held að það hljóti öllum að vera ljóst að það verður óframkvæmanlegt að ætla með ákvörðun Alþingis að afturkalla ákvæði eða samningsbundnar kauphækkanir sem þegar eru komnar til framkvæmda og ríkisvaldið hefur samið um við sína viðsemjendur. Að því leyti til má segja að í 2. gr. frv. felist lítil efnisbreyting frá því sem verið hefur að því er varðar kjarasamninga og útgjöld þeirra vegna.

Ég sé ekki ástæðu til annars en að benda á þetta atriði þannig að menn geri sér ljóst hvað í þessu kann að felast. Ég hef ekki hugmyndir um að flytja neinar brtt. eða annað slíkt við þetta atriði, en tel að það sé rétt að deildin átti sig á þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð og hvað í henni felst.

Að endingu vildi ég segja það, herra forseti, að þetta frv., ef að lögum verður, verður mikilvæg umbót í meðferð ríkisfjármála. En það er margt fleira sem þarf að gera. Í 8. gr. frv. er vikið að lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, en það má gjarnan koma hér fram að það væri æskilegt næsta skref í umbótaviðleitni þingsins og framkvæmdarvaldsins á þessu sviði að taka þau lög til endurskoðunar eins og til að mynda yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa margoft bent á og lagt til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Ferðaþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 363, n. 781, brtt. 782.

Frsm. samgn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. samgn. um frv. til laga um ferðaþjónustu.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk umsagnir frá ekki færri en 35 aðilum sem taldir eru upp í nál. og ég vísa til þess hverjir það voru. Þá fékk nefndin á sinn fund um málið Karl Sigurhjartarson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. ferðaskrifstofa, Magnús Oddsson ferðamálastjóra, Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Sambands veitinga- og gistihúsa, Wilhelm Wessman, stjórnarmann í Sambandi veitinga- og gistihúsa, Kristínu Halldórsdóttur, formann stjórnar Ferðamálaráðs Íslands, Jóhönnu Leópoldsdóttur, stjórnarformann Ferðamálasjóðs, og Snorra Tómasson, starfsmann Ferðamálasjóðs.

Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frv. en í flestum tilvikum er ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða heldur er frekar verið að bregðast við ábendingum umsagnaraðila og sníða af frv. ýmsa agnúa. Helstu breytingar eru eftirtaldar:

1. Við 3. gr. Talið er rétt að Ferðamálaráð geri tillögu til samgönguráðherra um efnisákvæði reglugerðar um ferðaþing. Núverandi Ferðamálaráð mundi gera tillögu um fyrsta ferðaþing.

2. Við 4. gr. Meginbreytingin er sú að þeir fjórir fulltrúar, sem valdir eru í Ferðamálaráð með óhlutbundinni kosningu á ferðaþingi, séu allir valdir á sama tíma en að ekki séu kosnir tveir eitt árið og tveir annað árið. Þannig verða því allir átta fulltrúarnir í ráðinu valdir í einu.

3. Við 6. gr. Talið er eðlilegast að ráðherra skipi framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs (ferðamálastjóra) samkvæmt tillögu ráðsins.

4. Við 12. gr. Þar sem þörfin fyrir úrbætur vegna vaxandi ferðamannastraums verður æ brýnni á ferðamannastöðum víða um land leggur nefndin til að ekki minna en þriðjungi þeirra tekna sem Ferðamálaráð fær af hinu svokallaða „fríhafnargjaldi" verði varið til umhverfismála tengdum ferðaþjónustu.

5. Við 36. gr. Til viðbótar því að lögreglustjóri geti innkallað veitingaleyfi (leyfishafi missir þá leyfi tímabundið) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum verður honum heimilað að afturkalla leyfi (leyfishafi missir rekstrarleyfi). Það er hins vegar skoðun nefndarinnar að lögreglustjóri hljóti að jafnaði að beita innköllunarheimild þegar um er að ræða brot sem hægt er að lagfæra á stuttum tíma.

6. Við 37. gr. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð um flokkun veitinga- og gististaða sett kröfur um kunnáttu þeirra er við þann rekstur starfa og þá mismunandi eftir einstökum flokkum slíkra staða.

7. Við 5. og 37. gr. Bætt er við ákvæðum er tryggja að tekið verði sérstakt tillit til aðgengis fatlaðra.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að þó að sagt sé í 42. gr. að úrskurðir kvörtunarnefndar séu bindandi þá verður engu að síður ávallt hægt að bera úrskurði hennar undir dómstóla uni menn ekki niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur tillögu um á sérstöku þskj. og undir þetta rita allir nefndarmenn í samgn. hv. deildar, þar af einn með fyrirvara, Matthías Á. Mathiesen.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta álit eða það sem því tengist, vil aðeins geta þess að í nefndinni fór fram mikil vinna sem tengdist þessu máli og um það tókst í heild sinni hið ágætasta samstarf. Ég sé ástæðu til að þakka þeim mörgu sem að því komu sem og þeim sem gáfu nefndinni ábendingar og komu á hennar fund og sögðu álit

sitt á málinu til viðbótar því sem fram kom í skriflegum erindum til nefndarinnar.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl., frsm. samgn., hefur gert grein fyrir störfum nefndarinnar í þessu máli svo að ég þarf þar ekki miklu við að bæta. Allir nefndarmenn urðu sammála og hafa undirritað þetta nál. sem fyrir liggur á þskj. 781, en aðeins einn, hv. 1. þm. Reykn., hefur undirritað með fyrirvara.

Ég hygg það þurfi ekki að fara mörgum orðum um aðdraganda þessa frv., það hefur verið um nokkra hríð á döfinni, það er búið að leggja geysimikla vinnu í þetta mál eins og best kemur fram af þáltill. um þetta efni og svo þessu frv. sem hér er til meðferðar. Þó hygg ég að það sé einhver ágreiningur, eða a.m.k. að það séu ekki allir á einu máli hér frekar en endranær því hér er um fjölþætt mál að ræða.

Ég ætla að leyfa mér í örfáum orðum að víkja að þeirri umræðu sem hér fór fram við 1. umr. málsins. Þá gerði hæstv. samgrh. grein fyrir málinu og lýsti því m.a. að ætlunin með frv. þessu væri að ný lög um ferðaþjónustu komi í stað núgildandi laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, og í stað laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði. Þetta veldur því að þetta frv. er nokkuð breytt að formi til frá því sem verið hefur. Hæstv. ráðherra gat þess enn fremur að ferðaþjónusta væri atvinnugrein í örum vexti hér í landinu og væri því ekki að furða þó að ýmis ný atriði kæmu fram eftir því sem árin liðu. Og eins og hann tók til orða, þótt margt væri nýtilegt og ágætt í núgildandi löggjöf, teldi hann samt fulla ástæðu til þess að láta endurskoða þá löggjöf með þessum hætti.

Ég hygg að þegar grannt er skoðað hafi þetta frv., sem svona geysimikil vinna hefur verið lögð í, ekki ýkja miklar breytingar í för með sér. Aðalatriðið er að búa þessari vaxandi atvinnugrein þann farveg sem hún getur við unað og getur haldið áfram að vaxa og blómgast. Þó var það svo að þegar hæstv. ráðherra hafði lokið máli sínu, þá reis upp hv. 13. þm. Reykv. og lýsti því yfir að hún væri algjörlega andvíg þessu frv. og mundi ekki styðja það. Væri ástæða til að glugga nokkuð í hennar ræðu þó að ég kunni varla við það þar sem hún er fjarverandi. En hv. 13. þm. Reykv. benti á að hér væri verið að bæta við báknið, setja á stofn Ferðamálaráð, ferðamálastjóra, Ferðamálasjóð o.s.frv. og ekki skildi hún til hvers það væri. Þetta finnst mér nauðsynlegt að drepa á til þess að hv. alþm. geti áttað sig á hvað hér er á ferðinni og láti ekki svona, mér liggur við að segja, sleggjudóma glepja sér sýn, því að allt sem hér er nefnt: Ferðamálaráð, ferðamálastjóri, Ferðamálasjóður, eru hugtök sem okkur eru mætavel kunn sem höfum eitthvað fengist við ferðamál og hafa raunverulega gilt samkvæmt lögum og framkvæmd laga um áraraðir. Það þarf því eitthvað meira, einhvern sterkari grunn til að standa á ef byggja á upp rökstudda gagnrýni á þetta frv.

Ég get ekki stillt mig um að vitna hér í eina setningu af mörgum góðum setningum í þessari ræðu, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m.a.: „Ísland er yndislegt ferðamannaland þegar sólin skín, það vitum við öll, en það er hræðilegt í vondu veðri.“

Ekki veit ég nú hvort allir geta fallist á þetta. Þeir sem eru ferðamenn og hugsa eins og ferðamönnum ber að gera láta veðrið ekki mjög miklu máli skipta heldur búa sig að heiman og klæða sig í samræmi við veðurfarið.

Svona mætti lengi halda áfram en ég ætla að sleppa því af ástæðum sem ég hef þegar greint.

Hins vegar flutti hv. 2. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson tölu þar sem hann ræddi þetta frv. efnislega og þó að hann hafi haft nokkrar athugasemdir við það að gera, sérstaklega þann kafla sem fjallar um hvernig haga beri yfirstjórn þessara mála, þá var sú ræða eins og hv. framsögumaður, 2. þm. Austurl., komst að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Sú efnislega ræða sem hv. 2. þm. Reykv. flutti er vissulega gott innlegg í þetta mál til umhugsunar og athugunar varðandi málið í nefnd.“

Ég bendi á þetta til þess að sýna að með allri þeirri vinnu sem við höfum lagt í þetta frv. þá höfum við nefndarmenn ekki verið að bíta okkur í eitt ákveðið form. Ég held að við höfum verið mjög sveigjanlegir og hlustað vel á þá aðila sem hafa komið til viðræðna við nefndina. En við getum ekki lokað augunum fyrir því að nú er svo komið að ferðaþjónustan er með um 10 milljarða gjaldeyristekjur sem er árlega um 10% af öllum tekjum þjóðarinnar fyrir selda vöru og þjónustu erlendis. Þessum sess hefur ferðaþjónustan nú náð og það verðum við að viðurkenna. Og við verðum að minnast þess að hér er fjölbreytt atvinnugrein á ferðinni sem kemur víða við og snertir marga og mörg svið þjóðlífsins. Löggjöf um ferðamál hlýtur því að klæðast þeim búningi sem fellur í smekk þeirra ára, líðandi stunda, liggur mér við að segja, sem um er að ræða og þegar hún er samin. Hún er eins og önnur löggjöf, eins og hefur verið tekið til orða, sem „ber keim og eim síns aldarfars“.

Ég ætla aðeins að benda á þetta af því ég hef orðið var við nokkra gagnrýni núna, við skulum segja síðustu vikur, á störf nefndarinnar og þetta frv. Ég veit það að hvorki ég né aðrir hv. nefndarmenn erum að biðjast undan gagnrýni en við leggjum áherslu á að sú gagnrýni sé á rökum reist og samsvari því verkefni sem við er að fást.

Hvað svo af umfjöllun þessa máls er að segja í nefndinni sjálfri, samgn. Nd., þá hefur sú nefnd ekki reynst íhaldssamari en svo að hér er fjallað um ekki færri en 23 brtt. sem nefndin hefur tekið til greina. Sumar af þessum tillögum eru allviðamiklar og ganga tvímælalaust í frelsisátt eða í þá átt að taka tillit til þeirra manna sem fást við þessi mál, hafa áhuga á þessum efnum og hafa vissulega margt til málanna að leggja.

Ég er ekki að halda því fram að hér liggi fyrir algott frv. en ég fullyrði að það er margt mjög vel unnið í þessu frv. Ég vil síðan enda þessi orð mín á því að þakka nefndarmönnum, og ekki síst hv. formanni nefndarinnar, fyrir ágætt samstarf.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið, tala hér mikið skemur en í eina og hálfa klukkustund. Ég vil eingöngu færa hv. samgn. Nd. þakkir fyrir hennar störf og þá samstöðu sem tókst í nefndinni um afgreiðslu þessa mikilvæga máls. Ég er sannfærður um að það er jafnan svo að það er best ef slík samstaða tekst. Ekki á það síst við þegar verið er að setja leikreglur um málefni heillar atvinnugreinar eins og hér á við sem væntanlega, og vonandi, kemur til með að standa um eitthvert árabil og verða vinnugrundvöllur þessarar atvinnugreinar fyrir alla þá sem í henni starfa og án tillits til pólitískra skoðana og sú löggjöf sem þeir sem málefnum greinarinnar stýra af hálfu stjórnvalda vinna út frá, einnig án tillits til þess hverjir ráða húsum í samgrn., Ferðamálaráði eða annars staðar á næstu árum. Þess vegna er það svo, og þarf ekki flókna röksemdafærslu til þess að skýra, að það er mjög ánægjulegt þegar víðtæk samstaða tekst um afgreiðslu af þessu tagi þegar heildarlöggjöf fyrir eina mikilvæga atvinnugrein er til skoðunar. Auðvitað er það jafnan svo að um ýmis útfærsluatriði má ræða og deila og það er fullkomlega eðlilegt að menn hafi skipst á skoðunum eins og hér hefur gerst í meðferð málsins um einstök atriði, hvort eitthvað megi betur fara. Og þó svo að ég sé sannfærður um að hér er verið að skila góðu verki og vandaðri vinnu, þá er ég auðvitað jafnviss um það að hér er ekki verið að byggja neitt þúsund ára hús fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Auðvitað hljóta málefni hennar, löggjöf og starfsskilyrði að verða áfram til skoðunar og eitt af viðfangsefnum Alþingis á komandi árum.

En ég þakka þeim sem hér hafa lagt hönd á plóginn, bæði ferðamálanefnd samgrn. enn og aftur og hv. samgn. Nd. fyrir hennar störf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Héraðsskógar, 2. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 588, n. 796, brtt. 797.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um Héraðsskóga frá landbn.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og kallaði á sinn fund Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbrn. Nefndin hafði til hliðsjónar umsagnir sem bárust landbn. Ed., sem afgreiddi frv. samhljóða frá sér. Einnig bárust umsagnir frá fjmrn., Ríkisendurskoðun, landbrn. og Helga Gíslasyni, verkefnisstjóra Héraðsskóga.

Nefndin kannaði sérstaklega hver væri réttarstaða „Héraðsskóga". Í 2. mgr. 1. gr. frv. kemur fram að um sé að ræða sérstakt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun. Landbrn. telur að þetta verkefni sé ekki ný ríkisstofnun heldur sjálfstætt verkefni sem heyri beint undir landbrh. og sérstakan fjárlagalið sem færður er beint undir landbrn. Fjmrn. og Ríkisendurskoðun telja hins vegar að þau ákvæði frv. sem lúta að skipulagi og stjórn verkefnisins beri einkenni þess að um nýja ríkisstofnun sé að ræða. Nefndin telur ekki að fullu ljóst hver staða Héraðsskóga innan stjórnsýslunnar er og að kveða verði skýrar á um réttarstöðu Héraðsskóga og fastráðinna starfsmanna þeirra í lögum. Slík endurskoðun á stjórnunarþætti Héraðsskóga er óframkvæmanleg á þeim skamma tíma sem er til þinglausna. Jafnframt er mjög brýnt fyrir þá sem hagsmuna eiga að gæta, með því að taka þátt í átakinu, að lög um Héraðsskóga verði samþykkt á þessu þingi, ella kynni því að vera stefnt í hættu. Nefndin leggur því til að við frv. bætist bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um endurskoðun á lögum um Héraðsskóga innan tveggja ára. Skal endurskoðunin sérstaklega miða að því að eyða óvissu um eðli og réttarstöðu Héraðsskóga.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj." Og á þskj. 797 er brtt. frá landbn., um að við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Landbrh. skal láta fara fram endurskoðun á lögum þessum og leggja fram frv. til laga um Héraðsskóga fyrir Alþingi haustið 1992."

Ég þarf ekki að eyða frekari umræðum um þetta, það var mjög um þetta fjallað og komu fram, eins og hér kemur fram í nál., nokkuð stífar meiningar um hver væri staða Héraðsskóga í lögum. Hins vegar var það þó þannig að það orkaði tvímælis hvort það væri rétt fram sett og kallaði á miklu meiri athugun og skoðun á þessu máli sem hlýtur að taka langan tíma, en augljóslega er tilgangur frv. að fylgja fram því átaki sem hér er verið að gera og margir aðilar eiga hér hlut að sem mundu verða fyrir jafnvel miklu tjóni og það mundi eyðileggja þetta verkefni ef málinu væri frestað það langan tíma sem þyrfti að gera til þess að koma sér niður á lögskýringar á þessu atriði.

Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 797 (ákv. til brb.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Mannanöfn, 2. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 571, n. 794, brtt. 790, 795, 801.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Hv. menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um mannanöfn og fékk til viðræðna um það fjölmarga aðila eins og greint er frá í nál. á þskj. 794.

Nefndin sendi málið til umsagnar dómsmrn. og fékk frá því allmargar brtt. Síðan voru þessar brtt. bornar undir Hagstofuna sem gerði sínar athugasemdir við þær tillögur. Það var fundað með fulltrúum beggja aðila og einnig með fulltrúum Íslenskrar málnefndar og niðurstaðan kemur fram í brtt. hv. menntmn. á þskj. 795. Um þessar brtt. varð full samstaða í nefndinni og vísa ég til þeirra og þeirra skýringa sem fram koma í nál. 794.

Ég vil taka það fram að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma og eru nokkrar brtt. þegar komnar fram. Að öðru leyti er nefndin á einu máli um þær brtt. sem hún leggur hér sameiginlega fram. Og eins og ég hef þegar getið var haft mjög náið samráð við aðila málsins, Íslenska málnefnd, dómsmrn. og Hagstofuna, um gerð þessara brtt.

Ég legg til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem að ofan greinir.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til annars en að reyna að greiða fyrir því að þetta frv. verði samþykkt hér á Alþingi. Hins vegar liggur það fyrir að við þetta mál komu fram ýmsar athugasemdir við 1. umr. og það er ekki að sjá að hv. menntmn. hafi gefið sér tíma til þess að velta þeim fyrir sér nema að því er varðar athugasemdir dómsmrn., sem ég vék hér að við 1. umr., og fagna ég því að sjálfsögðu að það hefur verið tekið tillit til ýmissa ábendinga sem þaðan komu. Það kemur hins vegar ekki skýrt fram, hvorki í nál. menntmn. né í brtt. nefndarinnar og ekki kom það heldur fram í framsögu frsm., hvort dagsektir þær sem ráð er fyrir gert, og urðu hér nokkurt umræðuefni við 1. umr., hvort þessar dagsektir séu sú fjárhæð sem nefnd er í brtt. að hámarki eða á dag. Kannski getur hv. frsm. greint frá því hér úr sæti sínu þannig að það komi skýrt inn í þingtíðindin. (**RA:** Dagsektir eru ævinlega miðaðar við dag.) Eru þetta 1000 kr. á dag? (**RA:** Já.) Það er nefnilega það. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að leggja hér á 1000 kr. sekt pr. dag þannig að hinn sektartrúaði menntmrh. sem lagði fram þetta frv. hlýtur að vera hæstánægður með það. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki áttað mig á því að það væri um svo háar fjárhæðir að tefla hér. Mánaðar töf getur kostað viðkomandi 30 þús. kr. Ég mun áskilja mér rétt til þess að huga betur að því máli við 3. umr.

En þetta er eina atriðið í þessum athugasemdum dómsmrn. sem ég tel ástæðu til að nefna nú. Ég er sammála þeim breytingum sem hv. nefnd hefur gert, enda eru þær tillögur unnar í góðu samstarfi við dómsmrn. og í samræmi við það sem við hv. 17. þm. Reykv., Sólveig Pétursdóttir, létum fram koma hér við 1. umr. Hins vegar hefur nefndin eins og ég sagði ekki hirt um að fjalla um önnur álitamál, ekki að því er séð verður. Og enn þá hefur ekki fengist svar við þeirri spurningu sem ég varpaði hér fram við 1. umr. Hvernig stendur á því að ekki má skíra barn fleiri en tveimur nöfnum? Er einhver tæknileg ástæða fyrir því að því er varðar til að mynda Þjóðskrá? Við þekkjum eflaust öll dæmi um einstaklinga sem heita þremur nöfnum og mér finnst óframbærilegt að koma ekki með skýringar á því af hverju það á að vera bannað áfram. Það er reyndar bannað samkvæmt lögunum frá 1925 en allir vita að þau lög hafa verið þverbrotin í þessu efni sem öðrum. Ég fæ reyndar ekki séð að það geti verið nein tæknileg ástæða fyrir því að banna mönnum að heita þremur nöfnum. Menn geta heitið þremur mjög stuttum nöfnum sem taka minna pláss en tvö nöfn.

Af þessari ástæðu hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 801 við 1. gr. frv. um að það megi skíra börn þremur nöfnum. Brtt. er þannig: „Hverju barni skal gefa eiginnafn eða nöfn, þó ekki fleiri en þrjú.“ Ég tel rétt að Alþingi kveði upp úr um þetta a.m.k. þangað til einhver haldbær skýring er á þessu fengin. Það er ekki hægt að halda því fram að það sé óíslenskt að skíra börn þremur nöfnum vegna þess að það hefur tíðkast hérlendis áratugum saman ef ekki öldum saman, þó svo það sé ekki algengt.

Ég hef leyft mér að gera hér á þskj. 801 aðra brtt. við 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um að það megi ekki skíra barn svokölluðu millinafni eins og gert var ráð fyrir í frv. um mannanöfn sem lagt var fram 1971. Við þekkjum ýmis slík nöfn sem menn bera hér á Íslandi, t.d. millinafnið Berg, millinafnið Ben, millinafnið Áss o.s.frv., sem ekki er hægt að nota ein og sér sem eiginnöfn. Það er ekki óalgengt að systkini séu skírð þessu sama millinafni. Einhvers staðar í plöggum þessa máls kemur fram að þetta sé óíslenskt og það sé einhver ættarnafnalykt af þessu. Ég spyr: Hvað með það? Mér finnst ástæðulaust að banna fólki að skíra börn sín slíkum millinöfnum ef það svo kýs, ef það telur það smekklegt eða hefur aðrar haldbærar ástæður fyrir því að eigin dómi. Þó er rétt að taka fram að eigin- og millinöfn skuli ekki vera fleiri en þrjú samtals.

Ég hef lagt hér fram fleiri brtt. 3. brtt. á þskj. 801 er bein afleiðing hinnar fyrstu að því er varðar þrjú nöfn, en 4. brtt. gerir ráð fyrir því að niður falli sú setning í frv. að óheimilt sé að taka upp ný ættarnöfn hér á landi. Það er ekki vegna þess að ég sé sérstakur talsmaður þess að ættarnöfnum fjölgi, þó að við frsm. heitum báðir ættarnöfnum. Það er ekki málið heldur hitt að það kunna að koma upp aðstæður, til að mynda þar sem eiginmaður er erlendur og heitir erlendu eftirnafni sem e.t.v. er ekki auðvelt að bera fram á íslensku, en fjölskylda hans að öðru leyti íslensk. Þá kann vel að vera að við einhverjar aðstæður teldi þetta fólk sér henta að taka upp nýtt ættarnafn, hugsanlega eitthvað sem mætti líkja við hið erlenda nafn mannsins. Mér finnst alveg óþarfi að banna það fyrir fram ef slíkt tilvik kæmi upp. Ég segi ekki að þetta sé stórmál en ég held að það ætti að banna sem minnst í þessum efnum.

5. brtt. mín er í tveimur liðum. Hún er við 10. gr. frv. og er um það að í stað þess að þar sem stendur „Erlend kona sem giftist Íslendingi“ komi: Erlendur ríkisborgari. Brtt. skýrir sig sjálf og er á þá leið að erlendur ríkisborgari megi taka upp kenninafn íslensks maka síns og halda því áfram eftir að hann eða hún öðlast íslenskt ríkisfang. Hér er ekki líklegt að gera ráð

fyrir því að erlendur maður vilji taka upp kenninafn þar sem eiginkona hans kennir sig við föður eða móður sína. Ég býst ekki við að margir útlendingar mundu vilja kalla sig Jónsdóttir eða því um líkt en það kann hins vegar að vera praktískt ef um er að ræða íslenskt eftirnafn að viðkomandi útlendingur geti tekið upp ættarnafn konu sinnar og fjölskylda hans að öðru leyti.

Síðan er gert ráð fyrir því í b-lið, virðulegi forseti, að niður falli 2. mgr. 10. gr. sem gerir íslenskum konum, sem búið hafa erlendis með mönnum sínum, það að skyldu að fella niður föðurnafn hans sem kenninafn ef þær hafa borið það í útlöndum og flytja heim til landsins. Frv. gerir ráð fyrir því að hafi íslensk kona gift Íslendingi verið búsett erlendis og tekið upp föðurnafn hans sem kenninafn, eins og er algengt, þá sé viðkomandi konu gert að skyldu við flutning til Íslands á nýjan leik að fella það niður og taka upp sitt fyrra kenninafn. Eflaust yrði þetta það algenga og venjulega í þessum efnum, og er það algenga. En mér finnst ástæðulaust að banna konu sem e.t.v. hefur búið árum eða áratugum saman í útlöndum og tekið upp kenninafn manns síns, að halda því þegar hún kemur til landsins aftur. Ég tel að það sé fullkomlega ástæðulaust ef konu, sem tekið hefur upp nafnið Jónsson í útlöndum og haldið því jafnvel áratugum saman, sé allt í einu gert að skyldu að kenna sig við föður sinn við flutning til landsins. Ég er ekki fjarri því, eins og ýjað er að í greinargerð með þessu frv., að kvaðir sem þessar nuddist nokkuð óþyrmilega utan í Mannréttindasáttmála Evrópu því nafn manns er að sjálfsögðu veigamikill partur af hans persónuleika og það er ástæðulaust að gera fólki að skipta um nafn oftar en nauðsynlegt er. Þess vegna hef ég lagt til að þessi málsgrein falli brott þó hún sé að sjálfsögðu ekki þungamiðja frv.

Ég vil að öðru leyti, virðulegi forseti, endurtaka það sem ég sagði hér við upphaf ræðu minnar. Ég tel æskilegt að þetta frv. nái fram að ganga af mörgum ástæðum og mun ekki setja mig upp á móti því, hvað sem líður þeim brtt. sem ég hef hér flutt. Það er auðvitað orðið löngu brýnt að um þessi mál gildi alvörulög og ég tel að í aðalatriðum hafi vel tekist til við samningu þessa frv. En á því eru hins vegar að mínum dómi smávægilegir gallar eins og þeir sem ég hef verið hér að nefna og gert brtt. um.

Umræðu frestað.

Ferðaþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 363, n. 781, brtt. 782.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég leggst ekki gegn því að greidd verði atkvæði um þetta mál en ég ítreka það að ég óska eftir skýrum svörum við því hvernig forseti hyggst haga dagskránni. Hér hafa komið fram yfirlýsingar eins og þær að ef ráðherra hyggst tala í eina og hálfa klukkustund megi búast við að mál séu tekin af dagskrá. En þó þeir séu valdamiklir þá er það nú svo að það er stórum hættulegra ef hinir almennu þingmenn tækju upp á því hver og einn að tala í eina og hálfa klukkustund. Skýringin er einfaldlega sú að þeir eru miklu fleiri og þá fyrst yrði öngþveiti í deildinni. Ég held þess vegna að hæstv. forseti þurfi að huga mjög vel að því hvort hann vill fá vinnufrið um þessi mál eða hvort það á stöðugt að sigla þessu þannig áfram að við séum í óvissu um það hvaða mál verða tekin fyrir á dagskrá á þessum fundi.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða vill forseti geta þess að því fyrr sem atkvæðagreiðslunni lýkur því meiri líkur eru á því að önnur mál komist á dagskrá. (Gripið fram í.) Nei, það er alveg ljóst. Hins vegar er það á valdi forseta hvernig hann raðar upp dagskrármálum og hver hann tekur fyrir. Hann mun, eins og hann sagði fyrr í dag, reyna að gæta fyllstu tillitssemi gagnvart öllum. Hér verður fundur milli kl. 6 og 7 og ekki áætlaður kvöldfundur. Forseti mun eftir mætti að loknum atkvæðagreiðslum taka fyrir þau mál sem hér er á dagskrá. Önnur svör er ekki unnt að gefa á þessari stundu.

Umræðu um þingsköp er lokið og hefst nú atkvæðagreiðsla. (**ÓÞÞ:** Ég óska eftir nafnakalli.) Það er óskað eftir nafnakalli, en nú vill forseti spyrja hv. þingdeildarmann, sem óskar eftir nafnakalli, hvort hann muni óska eftir nafnakalli við allar greinar. (**ÓÞÞ:** Já, hverja einustu grein.) Hverja einustu grein. Þá á forseti engan annan kost en að fresta þessari atkvæðagreiðslu og slíta þessum fundi og það mun hann gera. Ef hv. stjórnarliðar hegða sér þannig hér að ekki er hægt að koma fram atkvæðagreiðslum, þá þýðir auðvitað ekkert að halda fund. Það hlýtur öllum hv. þingdeildarmönnum að vera ljóst og þolinmæði þingforseta vegna þeirra atburða sem hér hafa gerst að undanförnu er alveg á þrotum.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Mér finnst ráðlegt, herra forseti, að þú gerir hlé á fundinum í fimm mínútur og við athugum hvort ekki er hægt að finna einhvern grundvöll í málinu þannig að ekki þurfi til að koma sérstakra tafa við atkvæðagreiðslu sem ég er alveg sammála forseta deildarinnar að er óhæf.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Hv. 1. þm. Norðurl. v. og formaður þingflokks Framsfl. hefur óskað eftir því að hlé verði gert á þessum fundi og verður forseti við þeirri beiðni. — [Fundarhlé.]

Áður en gengið verður til atkvæðagreiðslu vill forseti láta þess getið vegna þess uppnáms sem hefur orðið í deildinni að honum er mikill vandi á höndum. Þegar þannig stendur á að hæstv. ríkisstjórn vill ná fram miklum fjölda stjfrv. telur forseti það meginskyldu ríkisstjórnarinnar að ganga svo frá málum og binda hnúta sína þannig að það sé alveg ljóst hvaða mál eigi að fá framgang þegar svo skammt lifir af þinghaldinu. Þess

vegna óskaði forseti eftir því við hæstv. forsrh. í dag að eigi síðar en á föstudag lægi fyrir forgangslisti um það hvaða stjfrv. ættu að ná fram að ganga. Þetta er skilyrði þess að fundahöld og þinghald geti verið með skikkanlegum hætti. Að öðrum kosti er verið að efna til óþarfra átaka í þingdeildinni á milli hv. þingdeildarmanna og þeirra sem hafa áhuga á því að koma málum sínum fram.

Vegna ummæla hv. 2. þm. Vestf., þá sagði forseti áðan að því fyrr sem þessari atkvæðagreiðslu yrði lokið því fyrr yrði hægt að taka önnur mál á dagskrá. Forseti mun greiða fyrir því að það mál sem hv. þm. hefur áhuga á að nái hér fram verði tekið til umræðu ef tími leyfir. Meira getur forseti ekki sagt um að mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 782,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 782,7 samþ. með 27 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 782,8 samþ. með 26 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 782,9 (ný 12. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 782,10 samþ. með 26 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
15.–18. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 782,11 samþ. með 26 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 782,12 samþ. með 25 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 782,13 samþ. með 28 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
23.–24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 782,14 samþ. með 27 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,15 samþ. með 28 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
27.–29. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 782,16 samþ. með 27 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
31.–33. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,17 samþ. með 27 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,18 samþ. með 27 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,19 samþ. með 27 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,20 samþ. með 26 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
39.–45. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 782,21 samþ. með 26 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
47.–49. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákv. til brb. I–II samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 782,22 samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákv. til brb. III, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 782,23 (ákv. til brb. IV falli brott) samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, frh. 1. umr.

Frv. MB o.fl., 375. mál (bústofnslán o.fl.). — Þskj. 662.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Íslensk þjóð á merka atvinnusögu. Frá seinustu aldamótum glímdu menn við það verkefni hvernig þjóð sem ætti litla fjármuni gæti eignast nýtískuleg atvinnutæki og aukið hagvöxt í landinu til farsældar fyrir alla Íslendinga. Í raun átti þjóðin aðeins eitt tryggingafélag sem einhvers virði var og það var ríkissjóður Íslands. Þeir þurftu að fara gætilega með þennan sjóð en þeir þurftu jafnframt að hafa vit á því að beita honum til þess að framkvæma þá hluti sem þurfti að framkvæma. Það var ekki mikill munur á því hvort það voru sósíalistar sem voru við völd, framsóknarmenn, alþýðuflokksmenn eða sjálfstæðismenn. Allir þessir aðilar lögðu til að ríkisábyrgðum yrði beitt til þess að byggja upp íslenskt atvinnulíf. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr Stjórnartíðindum frá 1956 þegar ríkisstjórnin setti bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur. Þá liggur það ljóst fyrir sem endranær að án slíks stuðnings hefði ekki af slíku orðið.

Árið 1958 þegar vinstri stjórnin fyrri varð til var þessu einnig beitt. Nú liggur við að hæstv. fjmrh., þegar hann kemur hér í salinn og ræðir um frv., sem ber nafnið frumvarp til laga um breytingar á lögum um ábyrgðadeild fiskeldislána, nr. 17 3. apríl 1990, tryllist af reiði til þeirra manna sem hafa flutt þetta frv. yfir því að þeir séu að velta yfir á íslenska skattgreiðendur ævintýralegum byrðum. Hann talar um þrjá milljarða sem hann gerir ráð fyrir að þeir séu að leggja til að verði borgaðir út úr ríkissjóði.

Ég verð að segja eins og er að eftir að hafa hlustað á þá löngu ræðu rann það upp fyrir mér að hæstv. fjmrh. hafði lent í sömu ógöngum og Hjálmar tuddi forðum í sögunni um Mann og konu. Hjálmar tuddi álp-

aðist til þess að segja séra Sigvalda það sem hann vissi sannast í ákveðnu máli, en varð fyrir því að það hafði verið logið að honum og prestur fór hinar verstu hrakfarir vegna þeirra upplýsinga sem Hjálmar tuddi hafði fært honum. Þegar séra Sigvaldi tók svo tudda á beinið og skammaði hann, þá gaf Hjálmar tuddi þessa frægu yfirlýsingu: „Maður verður að lygara af því að trúa því, hyskinu hérna." Og þannig fór fyrir hæstv. ráðherra að hann álpaðist til þess, því miður, að láta semja fyrir sig ræðu sem hann las hér upp, bætti við nokkrum athugasemdum frá eigin brjósti til þeirra aðila sem hafa staðið hér að flutningi frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði því honum þótti efni hinnar sömdu ræðu heldur þurrt og sagði svo í lokin: „Ég hefði ekki þurft að flytja þessa ræðu. Það hefði verið nóg fyrir mig að koma með eina fyrirspurn." En ráðherrann lýsti því yfir í ræðu sinni að hann væri velviljaður fiskeldi.

Nú verðum við að víkja að atvinnusögu Noregs um 1970. Á sama tíma og við vorum með útfærslu landhelginnar að stefna að meiri umsvifum í fiskveiðum stóðu þeir frammi fyrir því að þurfa að auka tekjur án þess að geta sótt til sjávarins í jafnauknum mæli og við. Og þeir fóru í það að gera fiskeldi að stóratvinnuvegi í Noregi.

Það kom fram í máli ráðherrans að til þess að ná þessu fram voru veittir styrkir, stofnstyrkir. Það kom einnig fram í máli ráðherrans að það var beitt ríkisábyrgðum svo að þetta væri hægt. Ég held að ég muni það rétt að það var norski Verkamannaflokkurinn sem beitti þessum ríkisábyrgðum. Og það er athyglisvert að í gegnum söguna hafa það löngum verið jafnaðarmenn sem hafa beitt ríkisábyrgðunum til þess að tryggja það að atvinnuþróunin gæti haldið áfram og lífskjörin gætu batnað.

Hér hefur verið sagt að þetta skipti engu máli. Það skipti engu máli hvernig innlendir aðilar hafi staðið að þessu. Það eina sem skipti máli sé langur listi örlagavalda eins og t.d. sú kenning að íslenski laxastofninn sé miklu lélegri en sá norski. Ég veit að Norðmenn hafa með sínum kynbótum náð þeim árangri að þeir eru komnir langt á undan okkur. En hinn villti norski laxastofn og hinn villti íslenski laxastofn höfðu ekki þann gæðamun að neitt sé hægt að leggja á borð sem bendi til þess að sá íslenski sé verri. Þegar laxeldið fór af stað hér á landi var staða Íslendinga sú að við gátum framleitt laxaseiðin á lægra verði heldur en Norðmenn. Og hvert voru þessi laxaseiði svo seld? Þau voru seld til Noregs. Og svo vel stóðu íslenskir framleiðendur sig að til þess að auðvelda norskum framleiðendum samkeppnina, þá bönnuðu Norðmenn Íslendingum að flytja seiðin til Noregs. Svo leyfir hæstv. fjmrh. sér að koma hér með ræðu sem annar hefur samið og halda því fram að það sé engin þekking til á Íslandi í laxeldi. Það er kokhraustur ráðherra sem þannig talar.

Við höfum um 120 arkitekta í námi erlendis á íslenskum námslánum. Við höfum um 240 listamenn í námi erlendis á íslenskum námslánum. Hvernig þjóðfélag ætlum við að byggja upp í þessu landi þegar þetta hámenntaða lið snýr nú heim og vill fá atvinnu, ef við höfum búið svo að undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar að það sem helst var vaxtarbroddur verður drepið? Er íslenskur fjármálaráðherra að leggja það til að við stöðvum hagvöxtinn í þessu landi og minnkum þjóðartekjurnar í framtíðinni?

Í fjárlagafrv. sem þessi sami hæstv. ráðherra flutti á Alþingi Íslendinga þar sem talað var um möguleika á auknum útflutningstekjum fyrir þessa þjóð, þá var aðeins horft á eina grein, þ.e. laxeldið. En núna erum við sem betur fer komnir mun lengra. Við erum byrjaðir að rækta fleiri fiskitegundir. En hvað með Norðmenn? Hafa þeir aðeins haldið sig við laxinn? Nei. Þeir hafa náð þeim árangri í sleppingum á þorski að þeir meta það svo að um 30% af þorskseiðum sem sleppt er skili sér aftur til þess svæðis sem þeim er sleppt frá. Hefur íslenska þjóðin efni á því sem matvælaframleiðsluþjóð að horfa á það að Noregur brunar áfram með ævintýralegum hraða til meiri og meiri hagsældar á þessu sviði en við virðumst vera að gefast upp?

Þannig standa málin í dag að Byggðastofnun veitir afurðalán til fiskeldis. Ríkisbankarnir eru hættir. Framkvæmdasjóður veitir ekki lán. Þetta þýðir í fáum orðum sagt að hjá sumum fiskeldisstöðvum á Íslandi eru menn hættir að gefa seiðunum. Það eru ekki til peningar til að halda áfram. Þá segir hæstv. ráðherra: Hvers vegna heldur Landsbankinn ekki áfram að lána? Það er nú einu sinni svo að Landsbankinn fær sinn arð af lánum aðeins í gegnum vexti. En íslenska ríkið, hvernig fær það sinn arð? Ef fyrirtækjunum vegnar vel, þá bera þau tekjuskatt. Hve mikið vill ríkið fá af gróðanum? Um 50%. En það eru nánast talin landráð að halda því fram að ríkið eigi að taka þátt í því að koma rekstrinum af stað. Og hvað skyldi nú vera með laun þeirra manna sem vinna við þessa atvinnugrein? Ætli ríkið vilji ekki fá sinn part af þeim? Íslenska ríkið halar inn með mörgum aðferðum þá fjármuni sem það er að ábyrgjast og þess vegna vissu þeir, Bjarni Ben, Ólafur Thors, Hermann Jónasson, Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason, að ríkisábyrgðirnar voru forsenda fyrir því að hægt væri að breyta íslensku samfélagi.

Það er ömurleg staðreynd þegar svo er komið að einn af þeim mönnum, sem því miður á tímabili var af mörgum talinn fallinn frjálshyggjunni endanlega á vald, hv. þm. Friðrik Sophusson, hefur áttað sig á því að aðeins með ríkisábyrgðum er hægt að koma þessum málum áfram, þá hefur hæstv. fjmrh. komið sér hægra megin við hann á kantinum, er orðinn slíkur frjálshyggjupostuli að hann er logandi hræddur þegar talað er um að íslenska ríkið geti tekið þátt í atvinnusköpun í þessu landi. Og hefur þó flokkurinn haft það sem stefnuskráratriði, og mikið var ef hann hafði það ekki við seinustu alþingiskosningar, að ríkisrekstur ætti fullan rétt á sér. Það er ömurlegt þegar menn snúast svona gersamlega við og ruglast svona gersamlega í ríminu.

Ég hélt satt best að segja að hann mundi fagna því alveg sérstaklega í ræðu sinni og benda á það á hvílíkum flótta frjálshyggjan væri þegar hann gæti sýnt fram á það að fyrrv. varaformaður Sjálfstfl. legði til ríkisábyrgðir. En hver er svo staðan? Hefur hæstv. fjmrh. staðið gegn ríkisábyrgðum í þessari ríkisstjórn? Nei.

Það hefur enginn íslenskur fjmrh. gefið út meira af ríkisábyrgðum. Ríkisábyrgðirnar eru gefnar út í gegnum húsbréfakerfið, ca. 15 milljarðar á ári og hann fölnaði yfir 3 í ræðustólnum í gær. Hvað skyldi það vera mikið sem ríkisábyrgðirnar kæmust í gegnum húsbréfakerfið, ef það heldur áfram og við segjum að það sé lánað til 20 ára og afborgun sé jöfn? Þá þurfum við að margfalda með 10x15 til að fá út 150 milljarða ríkisábyrgðir í húsnæði á Íslandi. Lögðu þeir þetta til gömlu mennirnir sem nú eru flestir gengnir og ég taldi upp áðan? Nei, þeir lögðu þetta ekki til. En þeir lögðu það til að það yrði barist fyrir því að atvinnulíf Íslendinga gæti borgað þau laun sem þyrfti til þess að menn gætu eignast þak yfir höfuðið.

Ég verð að segja eins og er að þegar ég horfi á það að fiskeldið hefur verið svikið um endurgreiðslur á söluskatti þó að aðrir atvinnuvegir hafi fengið. Það var settur sérstakur lántökuskattur á erlendan gjaldeyri til þess að skattleggja það í upphafi. Þegar laxaframleiðendur ætluðu að fara að selja lax til Bandaríkjanna og voru komnir með sína framleiðslu, hvað gerðist þá? Fengu þeir að selja sína vöru og senda hana með sama flutningsgjaldi og þeir sem voru að selja ýsu frá landinu með Flugleiðum? Það var nú öðru nær. Það þurfti að greiða hærra gjald fyrir að senda laxinn heldur en ýsuna. Og það hefur ekki enn fengist skilningur á því að það skiptir máli hvort $^1/_3$ af framleiðslukostnaðinum fer í flutningskostnað til Ameríku eða ekki. Það er búið að halda flugvellinum gersamlega vanhæfum til þess að hægt sé að líta svo á að þar sé um eðlilega viðskiptahætti að ræða.

Hvar hefur hæstv. fjmrh. staðið í því máli? Hvað hefur hann gert? Hæstv. fjmrh. talar um drauma og draumóra. Gott og vel. Eru það ekki mestu draumórarnir sem okkur getur dottið í hug núna ef við drepum niður allt það sem búið er að gera í laxaeldi á Íslandi og segjum: Nú tökum við upp tilraunastarfsemi í heimahúsum, í baðkarinu, í svona tíu ár. Er það tillagan sem er verið að leggja til? Er það tilraunastarfsemin í baðkerinu með seiði næstu tíu árin? Nei og aftur nei. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að í þessu máli er ekkert um annað að ræða en að duga eða drepast. Annaðhvort flytjum við þúsundir æskumanna úr landi vegna atvinnuleysis á næstu árum eða þeir koma ekki heim sem nú eru við nám erlendis eða við snúum okkur að því að efla undirstöðuatvinnuvegi þessarar þjóðar sem eru matvælaframleiðsla. Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir þessu.

Það er nú einu sinni svo að þó að það vanti þó nokkuð á þekkinguna í laxeldi hér á landi, þá erum við í þeirri stöðu að eiga mikið af mönnum í dag sem kunna til verka, hafa lært þessi fræði, m.a. úti í Noregi og kunna þau jafn vel og starfsbræður þeirra þar. En hér á landi virðist sem hugleysið hafi svo náð tökum á mönnum að í stað þess að halda áfram og hafa sigur í málinu, þá ætli menn að sameinast um það að gefast upp. Þess vegna tel ég að það sé eðlileg krafa nú á Alþingi Íslendinga að það mál sem hér er lagt fram komi til atkvæðagreiðslu. Að láta ekki greiða atkvæði um það er fullkomið alvöruleysi vegna þess að það er ákvarðanataka um það að setja á höfuðið fleiri, fleiri stöðvar í landinu og það er ákvarðanataka um það að laxeldið fari út af borðinu sem atvinnugrein í landinu.

Umræðu frestað.

Fóstureyðingar, frh. 2. umr.

Frv. HuJ, 77. mál (heimildir, tímamörk o.fl.). — Þskj. 79, n. 733 og 741.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Við skulum ímynda okkur fóstur í móðurkviði sem bíður þess að fá að fæðast. Við skulum ímynda okkur hvernig er umhorfs hjá fóstrinu í myrkrinu, þessu þægilega myrkri og þessu mikla öryggi sem ríkir á þeim stað þar sem líf fékk að kvikna, á að fá að dafna dálítið uns það fær loks að fæðast og taka þátt í lífkeðjunni hér á jörðinni sem gengið hefur frá ómunatíð. Við skulum ímynda okkur hvernig fóstrið liggur og við getum jafnvel ímyndað okkur að það sé að hugsa. Fóstrið hlakkar til að fá að fæðast, fá að leika sér við systkini sín, fá að liggja á gólfinu og vera með foreldrum sínum, fá að njóta þess yls sem er á hverju góðu heimili og stafar af öllu góðu fólki og við skulum ímynda okkur að fóstrið liggi og bíði og hlakki til.

Það verður vart við hreyfingu og hugsar með sér: Jæja, nú er komið að þeirri langþráðu stund. Ég fæ að fæðast í faðm fjölskyldu minnar, fæ að taka þátt í því lífi sem mér er ætlað með því að vera getið. Fóstrið finnur fyrir hreyfingu, en sú hreyfing er því miður ekki aðgöngumiði að lífinu, heldur er komin að fóstrinu eins konar ryksuga sem sýgur smátt og smátt í burtu allan þann vökva sem umlykur fóstrið og við getum ímyndað okkur og þurfum í raun ekki að ímynda okkur því að það er til kvikmynd af því, sem hefur verið kvikmynduð með sónar hvernig fóstrið bregst við þegar ryksuga þessi kemur inn í móðurlífið. Og áfram heldur ryksugan, hún sýgur fyrst neðri hlutann af fóstrinu, sjálfan líkamann en höfðinu nær sugan ekki nema að fara með sérstaka töng til að mylja það mélinu smærra og sjúga það burtu úr móðurinni. Við getum alveg eins séð þetta fyrir okkur eins og hvað annað þegar rætt er um fóstureyðingar.

Barnadauði er oft notaður sem mælikvarði á menntunar- og þroskastig þjóðar. Íslendingar eru farsælir að því leyti að barnadauði er mjög lágur á Íslandi og gefur vísbendingu um að hér líði fólkinu vel. En hver telur þau 700 börn sem aldrei fá að fæðast á hverju ári? Hvar koma þau fram í skýrslum og hvað sýnir sá barnadauði?

Þegar fóstureyðingar ber á góma er oft rætt um réttindi en minna um skyldur. Þá er oft talað um að það sé réttur konunnar að ráða yfir eigin líkama. En við skulum aðeins velta því fyrir okkur hvað orðið fóstur þýðir. Er fóstur eitthvað sem er hluti af líkama konunnar? Er ekki einmitt talað um að taka hluti í fóstur þeg-

ar þeir eru gestkomandi frekar en hluti af þeirri heild sem talað er um? Hver er munurinn á getnu barni og fósturbarni? Jú, munurinn er sá að fósturbarnið er í fóstri, er í uppeldi, er í umsjá þess sem um ræðir. Fóstrið er heldur ekki fast í líkama konunnar, eins og kemur í ljós við fæðingu, heldur er það fast við fylgjuna. Fóstrið er því engan veginn hluti af líkama konunnar.

Þegar spurningin um rétt eins eða annars yfir líkama sínum ber á góma, þá er rétt að hafa eitt hugfast. Við höfum ekki þann rétt yfir líkamanum sem við höldum. Þetta sannprófaði ég sjálfur með því að tala við þrjá lækna og spyrja þá hvort þeir vildu taka af mér annan fótinn. Þeir voru nokkra stund að skilja hvað ég var að fara og lái ég þeim það ekki. Þegar kom í ljós að fóturinn var í eins góðu lagi og aðrir hlutar líkamans, þá neituðu þeir allir þrír og sögðu að það kæmi ekki til greina. Ég hef því ekki þann rétt að ráða yfir líkama mínum. Sá réttur endar. Ég hef ekki rétt á að ráðstafa mínum eigin líkama að geðþótta, a.m.k. ekki fyrir milligöngu læknavísindanna. Rétturinn kallar á skyldur.

Þær konur sem hafa rétt til þess að ráðstafa líkama sínum hljóta um leið að horfast í augu við þær skyldur sem þær bera gagnvart líkama sínum. Fóstur kvikna almennt ekki af sjálfu sér. Fóstur koma við getnað og getnaður við samfarir. Hvar eru þá skyldur, ekki bara kvennanna heldur líka karlmannanna við þann forleik og þá atburðarás sem þarf til þess að leiða af sér fóstur? Hvar eru skyldurnar? Eru engar skyldur sem hvíla á þeim sem mynda fóstur í móðurkviði, eingöngu réttur?

Við getum vel velt því fyrir okkur endalaust ef þessi 700 börn hefðu fengið að fæðast sem á ári hverju er eytt í móðurkviði, hvað hefði orðið úr þessum börnum? Hvað hefði orðið úr þeim? Hve margar dugandi mæður eru í þeim hópi? Hve margir nýtir borgarar? Og þetta þjóðfélag okkar er stjörnuþjóðfélag. Hve margar stjörnur má hugsa sér að við hefðum misst? Hve marga landsliðsmenn í hinum ýmsu íþróttagreinum? Hvað marga stórmeistara í skák? Hvað marga þingmenn? Hvað margar kvennalistakonur? Það er hægt að halda áfram endalaust á þessari braut. Eitt er víst, að fólkspýramídinn er að snúast við. Það fæðast ekki nógu margir Íslendingar á ári hverju til þess að halda þjóðfélaginu gangandi þegar til lengdar lætur. Þegar við erum komin á erfiðasta aldur og þurfum að treysta á að þjóðfélagið framfleyti okkur, þá má búast við að það verði ekki nógu margar vinnufúsar hendur til þess að greiða okkur ellilaunin. Við skulum hugsa um þann þátt ekki síður en aðra þjóðfélagslega hagkvæmni þess að fá að fæðast.

Virðulegi forseti. Ég gæti sagt hér margt fleira. Ég gæti haldið áfram lengi því að þetta er mál sem alltaf hefur snortið mig djúpt einfaldlega vegna þess að ég hef alltaf spurt sjálfan mig og ég hvet alla þá sem velta fyrir sér fóstureyðingum að spyrja sjálfa sig: Hefðu viðkomandi fengið að fæðast ef fóstureyðingar hefðu verið jafnfrjálsar á þeim tíma og þær eru í dag? Virðulegi forseti. Þegar líf ber á góma á Alþingi, þá tel ég það fyrstu skyldu Alþingis að verja á lífið frekar en dauðann.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég sá hér að hv. formaður heilbr.- og trn. var í húsinu. Ég hefði gjarnan viljað að hann hefði haft tækifæri til að vera hér.

Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Megininntak þessa frv. er að banna algerlega fóstureyðingar. Í 7. gr., g-lið, segir:

„Líf sem kviknað hefur í móðurlífi er friðheilagt. Að öðru leyti en lög þessi heimila má ekki binda enda á kviknað líf." Og síðan segir í h-lið sem verður þá 8. gr.: „Fóstureyðing er leyfileg ef ætla má að lífi eða heilsu konu sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu."

Í núgildandi lögum um fóstureyðingar, 8. gr., segir: „Fóstureyðing samkvæmt lögum þessum er læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að benda enda á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska." Síðan eru nefndar ástæður, bæði félagslegar og læknisfræðilegar, fyrir því að fóstureyðingar eru heimilaðar skv. núgildandi lögum. Í þessu frv. hér eru engin slík ákvæði. T.d. eru felld út eftirfarandi ákvæði um læknisfræðilegar ástæður: „Þegar ætla má að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi. Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða manns til að annast og ala upp barn. Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli."

Í athugasemdum við frv. við h-lið er talað um, þó ekki sé það mjög skýrt og hefði ég viljað fá nánari skýringar á því hvað við er átt, þó má skilja að ef um nauðgun sé að ræða, þá geti kona hugsanlega óskað eftir fóstureyðingu. Í athugasemdum á bls. 12 segir um þessa grein, með leyfi forseta:

„Að sjálfsögðu er sú skylda frumskilyrði að viðkomandi kona hafi tilkynnt verknaðinn nauðgun samstundis eða eins fljótt og auðið var og nútímalæknisfræðilegar aðgerðir verið framkvæmdar til þess að fyrirbyggja að raunveruleg frjóvgun geti átt sér stað, auk þess að sannað sé að nauðgun hafi átt sér stað og hinn seki fundinn."

Ég vil benda á: hinn seki fundinn. Þangað til það gerist getur liðið langur tími. Minnist ég þess að nýlega var dæmt í nauðgunarmáli en ekki fyrr en mörgum, mörgum mánuðum seinna. Mig minnir að það hafi verið ári síðar en verknaðurinn átti sér stað og var hann sekur fundinn þá. Það getur verið dálítið seint að framkvæma fóstureyðingu þegar barn er e.t.v. fætt ef um það væri að ræða. Sem betur fer er kannski ekki oft um þunganir að ræða við þessa hrottalegu verknaði, en samt sem áður er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því og gera ráð fyrir að kona geti fengið fóstureyðingu ef um það er að ræða.

Einnig er talað um aldur stúlkunnar sem verður

barnshafandi fyrr en hún óskar í þessari sömu grein. Það verður bara að hafa það í huga að sjálft lagafrv. gerir ekki ráð fyrir neinum undantekningum og ákaflega óljósar skýringar með lagafrv. eru ekki nægjanlegar þegar þarna er svona með farið.

Ég vildi líka benda á að það eru ýmsar einkennilegar fullyrðingar í greinargerð með frv. T.d. á bls. 4 í IV. kafla, þar sem talað er um reynsluna af lögunum, stendur, með leyfi forseta: „Frá gildistöku laga nr. 25/1975 hefur fóstureyðingum fjölgað mikið frá því sem var í tíð eldri laga, einkum og sér í lagi hin síðustu ár.“ Ef maður síðan horfir á síðu 5, þar sem er tafla um fóstureyðingar, og lítur á hin síðari ár, þ.e. 1981–1988, það eru ekki gefnar upp tölur síðar, þá er nánast engin fjölgun. Meira að segja er árið 1988 aðeins minnkun en þó varla marktæk. Það eru ákaflega sambærilegar tölur öll þessi ár. Ekki er gerð nein tilraun til þess að meta það, þegar fullyrt er um fjölgun fóstureyðinga, hversu margar ólöglegar fóstureyðingar voru gerðar hér á landi, sem er verulegur fjöldi, auk þess sem fjöldi fóstureyðinga fór fram erlendis. Konur fóru jafnvel í hópum utan til þess að fá fóstureyðingar og meira að segja eru til tölur um þær sem fóru til Bretlands. Þessar fullyrðingar geta því varla staðist.

Á bls. 7 segir að „75% þeirra kvenna sem fóru í fóstureyðingu á tímabilinu . . . notuðu alls engar getnaðarvarnir sem bendir ótvírætt til þess að fóstureyðingin var notuð sem getnaðarvörn.“ Mér finnst þetta alveg ótrúleg fullyrðing og allt of mikið sagt því að það geta verið ýmsar ástæður til þess að ekki voru notaðar getnaðarvarnir. T.d. getur verið að kona hafi þurft að hvíla sig á pillunni eða einhverjar aðrar ástæður sem hafa orðið til þess að ekki hafa verið notaðar getnaðarvarnir, en að fóstureyðing sé notuð sem getnaðarvörn er alls ekki það sama. Mér finnst þar allt of mikið sagt. Síðar á þessari síðu segir: „Reynslan hefur leitt það í ljós að fóstureyðingum hefur fjölgað verulega,“ þar kemur aftur þessi sama fullyrðing.

Ég vil ekki gera mikið að umtalsefni það sem kemur fram í þessari greinargerð. En mig langar til að snúa mér aftur að frv. og þá fyrst og fremst g-lið (7. gr.) þar sem talað er um að líf, sem kviknað hefur í móðurlífi, sé friðheilagt. Eins og þingmenn vita, þá frjóvgast eggið í eggjaleiðaranum á leið sinni frá eggjastokkunum og inn í legið. Frá frjóvgun geta liðið um það bil sjö dagar þar til eggið festist í leginu. Ef þetta líf, sem kviknað hefur í móðurlífi, er friðheilagt hljótum við að segja að allar konur sem eru með lykkjuna brjóti hugsanlega þessa grein mánaðarlega, þ.e. ef sú skilgreining hv. 11. þm. Reykv. er viðurkennd þar sem hún talaði um að líf kviknaði við samruna eggs og sæðis, ef ég man rétt. Ég þori ekki að fullyrða að ég muni nákvæmlega orðrétt það sem hún sagði, en að líf sem kviknar í móðurlífi er friðheilagt. Maður getur lengi deilt um hvenær líf kvikni í móðurlífi.

Síðan langar mig til þess að vita í sambandi við þessa grein: Hvað með glasafrjóvganir, er meiningin að banna þær? Er flm. þessa frv. á því að þær eigi að leyfa eða eiga þær að vera bannaðar? Og þá fer lagatúlkunin á því hvenær líf kviknar að verða dálítið flókin og eins því hvenær það verður friðheilagt. Ég sé ekki betur en ég og aðrar konur geti verið margfaldir ja, morðingjar vil ég nánast segja, miðað við það sem fram kom í ræðu hv. þm. við 1. umr. þar sem fóstureyðingu, eða eins og kallað var að deyða líf í móðurkviði, var líkt við morð og talað um almennu hegningarlögin og talað um að þarna væri verið að framkvæma nákvæmlega þann sama verknað og morðingjar fremja og talað um að refsa bæri á sama hátt. Þetta þykir mér harður dómur yfir öllum þeim konum sem neyðst hafa til að láta framkvæma fóstureyðingu.

Ég held að miklu nær væri, og kvennalistakonur hafa talið það hingað til og það hefur reyndar margoft komið fram hér á þinginu, að beita öðrum aðferðum til þess að draga úr fóstureyðingum og gera þær óþarfar. Fóstureyðing hlýtur að vera hverri konu neyðarúrræði og hljóta allir að vera sammála um nauðsyn þess að draga úr fjölda ótímabærra þungana og þar með tilefni til fóstureyðinga. Núgildandi lög leggja einmitt megináherslu á þetta atriði og fjallar allur I. kafli laganna um ráðgjöf og fræðslu. Vandinn er bara sá að langt er frá því að staðið hafi verið við framkvæmd laganna hvað varðar ráðgjöf og fræðslu og hefur vantað fjármagn til að skipuleggja hana og sinna henni allt frá samþykkt laganna. Kvennalistakonur hafa löngum bent á þetta atriði og allt frá því að þær komu hingað inn á þing hafa þær ítrekað með fsp. og þáltill. bent á þetta atriði. Á fyrsta kjörtímabilinu, held ég að það hafi verið, var eitt af fyrstu málum Kvennalistans sem samþykkt var þáltill. sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að markmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir.“

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grein í Læknablaðinu, 6. tbl. frá 1987, þar sem Þórður Óskarsson og Reynir Tómas Geirsson læknar segja:

„Ef stemma á stigu við vaxandi fjölda fóstureyðinga þarf að auka fræðslu um getnaðarvarnir og gera þær aðgengilegri, hvetja til ábyrgari notkunar getnaðarvarna, stuðla að notkun öruggra getnaðarvarna eftir fóstureyðingu og kveða niður goðsögn um nauðsyn pilluhvílda,“ eins og þar segir. Síðar segir: „Notkun getnaðarvarna er verulega ábótavant meðal kvenna sem leita á Landspítalann í fóstureyðingu enda þótt smám saman hafi miðað í rétta átt.“ Og enn síðar: „Til þess að halda fjölda fóstureyðinga sem lægstum þarf að gera átak í þá átt að gera getnaðarvarnir aðgengilegri fyrir alla aldurshópa, m.a. með stofnun kynfræðsludeilda við heilsugæslustöðvar, ódýrari getnaðarvörnum og aukinni fræðslu táninga.“

Það hefur sem sagt ekki verið farið eftir ákvæðum laga um getnaðarvarnir og kynlíf. Annað meginatriðið til að draga úr tíðni fóstureyðinga er að bæta félagslegar aðstæður kvenna. Ég tel það vera mjög mikilvægt atriði og reyndar grundvallaratriði. Meðal þeirra kvenna sem helst leita fóstureyðingar eru einmitt ýms-

ar þeirra sem búa við hvað lökust kjör hér á landi. Þetta eru þær aðgerðir sem ég vil sjá hrundið í framkvæmd til að draga úr tíðni ótímabærra þungana, ekki það frv. sem hér er til umræðu. Það væri nær að beita sér fyrir öðrum leiðum.

Ég varð því mjög undrandi þegar ég sá niðurstöðu hv. heilbr.- og trn. þar sem segir: „ Með hliðsjón af því hversu skammur tími er til þinglausna og í trausti þess að heilbr.- og trmrh. láti fara fram endurskoðun laga nr. 25/1975 leggur meiri hl. nefndarinnar til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar." Þ.e. þingnefndin er að segja að það eigi að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og láta endurskoða lögin, væntanlega þá með hliðsjón af því sem kemur fram í þessu frv., eða hvað? Ég vil spyrja formann heilbr.- og trn., hv. 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmund Sigurjónsson: Hvað er það sem þingnefndin telur að þurfi að endurskoða í lögum nr. 25/1975? Ég vil benda á það að ef þetta frv. eða eitthvað í þessum stíl verður að lögum mundum við hverfa aftur fyrir lagasetninguna 1938, þ.e. að um þetta atriði mundu gilda nánast sömu lög og hegningarlögin frá 1869 sem lögðu bann við fóstureyðingum. Ástæðan fyrir því að almennu hegningarlögin frá 1869 voru endurskoðuð var að þegar Vilmundur landlæknir tók til starfa um 1930, þá vekur hann athygli á þeirri staðreynd að það voru mjög margar konur sem fengu fóstureyðingu hér á landi. Mjög margar fengu fóstureyðingar á kaþólsku spítölunum hér á landi og hann taldi þetta óviðunandi ástand, að það væri bannað að framkvæma fóstureyðingar en þær væru framkvæmdar engu að síður. Upp úr þessu beitti hann sér fyrir samningu laganna frá 1938 um að fóstureyðingar skyldu þó heimilaðar í ákveðnum tilvikum.

Fóstureyðingar hafa verið þekktar frá örófi alda og konur hafa beitt ýmsum aðferðum, hvort sem þær hafa verið heimilaðar í löggjöf eða ekki. Mjög margar konur þekktu aðferðir til þess að koma í veg fyrir eða stöðva þungun, framkvæma fóstureyðingar, þó svo ekki væri beitt nútímalæknisfræðilegum aðferðum. Ég man eftir í einu tilviki, það var held ég frá Rúmeníu, að síðasta aftakan sem fór fram þar var að tekin var af lífi kona sem framkvæmdi fóstureyðingar. Hún gerði það að vísu á mjög hrottalegan hátt, sem olli oft mikilli sýkingu, með því að hella sápulegi upp í leg kvennanna. Þær vildu samt leggja það á sig fremur en að þurfa að ganga með þá þungun sem þær höfðu orðið fyrir vegna þess að þær gátu með engu móti hugsað sér það. Svo mikilvægt var það fyrir þeim að stöðva þessa þungun. Það getur varla verið konunni til heilla að þurfa að ganga í gegnum slíkt ef hún er algerlega á móti því.

En það fór ekki svo að öll heilbr.- og trn. samþykkti þá málsmeðferð að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar með þessum líka dæmalausa rökstuðningi að það þurfi að endurskoða þessi lög og þá reikna ég með að það sé í þá veru sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Í áliti minni hl. sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson og Geir Gunnarsson skrifa undir er gert ráð fyrir að frv. verði fellt. Þar segir, og það þótti mér merkilegt að lesa, að á fundum nefndarinnar hafi verið fjallað mjög lauslega um frv. og fer mig þá að gruna að e.t.v. hafi hv. nefnd ekki áttað sig á hvað þarna væri á ferðinni. Síðan segir:

„Um efni frv. eru mjög skiptar skoðanir og ekki þarf nema lauslega athugun á umsögnum þeim sem bárust til að sjá að þessar andstæðu skoðanir koma þar skýrt fram. Því telur minni hl. að ekki sé hægt að afgreiða þetta mál á annan hátt en taka til þess afstöðu: annaðhvort að samþykkja frv. óbreytt eða að halda núgildandi lögum í því horfi sem þau nú eru í og fella þar með frv. Minni hl. telur að konum sé fyllilega treystandi til að axla þá miklu ábyrgð sem þeim er falin samkvæmt núgildandi lögum en bendir jafnframt á brýna nauðsyn þess að ákvæðum núgildandi laga verði framfylgt hvað varðar ráðgjöf og fræðslu."

Þessu er ég algerlega sammála. Ég tel að það sé brýnast að efla ráðgjöf og fræðslu en þetta frv. get ég alls ekki samþykkt.

Til að átta okkur aðeins á bakgrunni þessa máls, þá er nauðsynlegt að skoða forsögu setningar laganna frá 1974. Í blaði sem gefið var út á þeim tíma, hét „Forvitin rauð" og var blað Rauðsokkahreyfingarinnar sem þá var starfandi, er birt bréf til allra alþingismanna sem skýrir örlítið hvað þetta var talið mikilvægt á þeim tíma. Langar mig til að lesa það bréf hér, með leyfi forseta. Það birtist í janúarhefti blaðsins frá 1974, á bls. 3:

„Bréf sent til allra alþingismanna vegna frv. um nýja fóstureyðingarlöggjöf sem lagt var fram á Alþingi í nóvember 1973.

Frv. um nýja fóstureyðingalöggjöf sem nú liggur fyrir Alþingi og felur í sér breytingar er stefna að auknu frjálsræði kvenna til fóstureyðinga hefur vakið upp nokkurn úlfaþyt, sem vænta mátti um svo róttækar breytingar þótt sjálfsagðar séu. Í því sambandi má benda á að í nágrannalöndum okkar hefur frjálsræði verið stóraukið og í Danmörku, Svíþjóð og Englandi hafa nú verið lögleiddar frjálsar fóstureyðingar."

Ég vil hér, virðulegi forseti, aðeins taka fram að frv. frá 1975 gerir ekki ráð fyrir frjálsum fóstureyðingum heldur eru þær með miklum takmörkunum en þær voru þó mikil bót frá því sem áður var og eru ágætislög að mínum dómi. En ég les áfram:

„Þessi þróun mun óhjákvæmilega hafa það í för með sér, ef frv. um nýja fóstureyðingalöggjöf verður ekki samþykkt, að stúlkur er þurfa á fóstureyðingu að halda leysi vanda sinn með því að taka sér ferð á hendur til þessara landa og eru slíkar ferðir algengar nú þegar. En hvaða konur hafa bolmagn til að standa straum af dýrri utanlandsferð? Margar alls ekki og það eru þá e.t.v. þær sem helst þurfa á henni að halda, þ.e. þær konur sem lifa við ömurlegustu aðstæður og eru lítilmagnar þjóðfélagsins í sérhverju tilliti, andlega sem fjárhagslega.

Samþykkt fyrirliggjandi frv. í óbreyttri mynd ætti einnig að hafa í för með sér að ólöglegar fóstureyðingar legðust af og þar með væri úr sögunni auðmýking sem fjöldi kvenna hefur látið sig hafa og ekki verður með orðum lýst, en af eðlilegum ástæðum hafa lífsreynslusögur kvenna, er hafa látið eyða fóstri á ólög-

legan hátt, ekki verið dregnar mjög fram í dagsljósið í umræðum þeim er um þessar mundir fara fram um þetta mál. Margvíslegar skoðanir hafa komið fram á opinberum vettvangi, einkanlega á móti því er tekur til sjálfsákvörðunarréttar konunnar í frv. og bregður þar oft við næsta undarlegri röksemdafærslu. Því hefur verið haldið fram að fóstureyðing væri sambærileg við morð.

Það munu vera til einar þrjár skilgreiningar á því hvenær einstaklingur verður til og hefur hver sína, páfinn, læknirinn og lögfræðingurinn. Er ekki hæpið að tala um að eyða mannslífi þegar fárra vikna hnúður er fjarlægður úr móðurkviði? Það sem skiptir hér meginmáli er að fóstureyðing kemur í veg fyrir að fóstur verði að manneskju. Mikið hefur verið rætt um þá hættu sem líf og heilsu konunnar er stefnt í við fóstureyðingu og hafa einkum læknar látið sér tíðrætt um þetta atriði. Þeir eru þó ekki allir á einu máli. Sumir læknar halda því fram að fóstureyðingar séu hættulegar aðgerðir. Aðrir skipa þeim á bekk með algengustu skurðaðgerðum en flestir munu þó sammála um að fæðing feli í sér meiri hættu en fóstureyðing. Í þessu sambandi ber einnig að taka tillit til félagslegrar heilsu konunnar sem getur verið stofnað í hættu með því að kona sé látin ala barn gegn vilja sínum og andleg vanheilsa getur haft í för með sér líkamlegt heilsuleysi.

Sumir vilja telja að sjálfsákvörðunarréttur konunnar til fóstureyðingar hafi í för með sér of mikla ábyrgð að leggja á herðar henni einni, en hún á að geta tekið ábyrgðina á nýju lífi sem hún fæðir af sér við vonlausar aðstæður. Einnig hefur verið talað um að konan geti oft ekki séð hvað sé henni fyrir bestu vegna hræðslu og þunglyndis á fyrstu vikum meðgöngutímans. En hver getur það þá? Getur læknirinn séð hvað ókunnugri manneskju er fyrir bestu? Enginn utanaðkomandi maður, kunnugur eða ókunnugur, getur sett sig inn í allar hliðar vandamáls einstaklings. Því er konan sjálf best til þess fallin að taka þessa ákvörðun, enda verður hún sjálf að bera ábyrgð á henni. Hins vegar ber að sjálfsögðu, eins og frv. gerir ráð fyrir, að fræða hana, áður en hún tekur ákvörðun sína, um þá hjálp sem þjóðfélagið býður kjósi hún að eignast barnið.

Heyrst hafa raddir um það að með frjálsum fóstureyðingum sé í raun og veru verið að svipta konuna frelsi, því að þá geti aðrir þröngvað henni til að láta eyða fóstri sínu. En hvað með hið gagnstæða? Það hlýtur að vera jafnalvarlegt fyrir hana að láta þröngva sér til að eignast barn sem hún óskar ekki eftir að eignast. Það er þröngvun sem svo lengi hefur viðgengist að margir taka ekki eftir henni. Það er ekki siðmenntuðu þjóðfélagi samboðið að ráðskast á svo örlagaríkan hátt með líf þegna sinna.

Kona á að vera ábyrg gerða sinna, segja sumir. Sofi hún hjá karlmanni verður hún að taka afleiðingunum. En eins og kunnugt er fara tilfinningar og skynsemi ekki alltaf saman. Kynlífið er sjálfsagður þáttur í lífi hvers fullþroska einstaklings og á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir á sviði getnaðarvarna, þ.e. getnaðarvarnir gerast æ öruggari og auðveldari í notkun. Þó ber nokkuð á annmörkum sem valda því að stór hópur kvenna getur ekki notfært sér getnaðarvarnir og auk þess eru engar getnaðarvarnir alls kostar öruggar. Aukin leiðbeining í notkun getnaðarvarna ásamt aukinni mæðrahjálp minnkar að sjálfsögðu þörfina fyrir fóstureyðingar en getur aldrei gert þær að engu. Það er ábyrgðarhluti að neita kornungri stúlku, sem ekki treystir sér til að taka á sig móðurábyrgð, um fóstureyðingu eða slitinni margra barna móður sem finnst hún vera orðin of gömul til að byrja á nýjan leik. Það er skref í áttina að mannúðlegra þjóðfélagi að þegnar þess séu velkomnir í heiminn. Það er ekki virðingarvottur við lífið að láta ókunnuga ráða yfir lífi konu, láta börn fæðast við hörmulegar aðstæður, að neyða börn eða aðra sem lítils mega sín til að verða foreldrar.

Áður en þér greiðið atkvæði yðar um þetta frv. þá íhugið hve sjálfsögð mannréttindi það eru að konan ráði sjálf yfir líkama sínum og lífi og ákveði sjálf hvort hún vill eignast börn, hvenær hún vill eignast börn og hve mörg börn hún vill eignast."

Þetta bréf var skrifað alþingismönnum á þessum tíma. Mér finnst það fyllilega eiga rétt á sér hér og nú þar sem það virðist vera að alþingismenn, alla vega einhverjir, telji að nú sé þörf á endurskoðun þessara laga og þá til mikillar þrengingar. (**Forseti:** Það hafði verið samkomulag um að ljúka þessum fundi um kl. 7.30. Nú vill forseti spyrja hv. þm. hvort hann væri tilbúinn að gera hlé á ræðu sinni þannig að þessari umræðu yrði frestað. Hv. þm. gæti þá tekið til við málið á nýjan leik þegar það kemur næst á dagskrá.) Já, ég vil verða við því, virðulegi forseti. Ég á nokkuð eftir af minni ræðu þannig að ég treysti mér ekki til að ljúka henni á skömmum tíma. Ég mun því fresta máli mínu þar til síðar.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

66. fundur, fimmtudaginn 7. mars, kl. 10 árdegis.

Opinber rannsókn á brottrekstri ríkisstarfsmanns, ein umr.

Fsp. SV o.fl., 247. mál. — Þskj. 378.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 247 höfum við leyft okkur að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um neitun á að fram fari opinber rannsókn á brottrekstri ríkisstarfsmanns. Fyrirspyrjendur ásamt mér eru hv. þm. Skúli Alexandersson, Matthías Bjarnason og Ólafur Þ. Þórðarson.

„1. Hvað veldur að opinber starfsmaður, sem vikið hefur verið frá starfi eftir rúmlega aldarfjórðungsstörf, fær mál sitt ekki rannsakað að hætti opinberra mála í samræmi við ákvæði III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þegar hann óskar eftir því?

2. Getur hvarf opinbers skjals, sem gert var í fjmrn. 9. apríl 1984, um launahækkun Inga B. Ársælssonar, en efni þess var loks, eftir mikla eftirgangssemi, staðfest af fjmrn. með bréfi, dags. 11. okt. 1990, ekki verið sjálfstætt tilefni til opinberrar rannsóknar? Er ekki enn frekari ástæða til opinberrar rannsóknar þegar tilurð skjalsins hefur ítrekað verið neitað af hálfu fjmrn. og Ríkisendurskoðunar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur?

3. Er ákvörðun dóms- og kirkjumrn. frá 26. okt. 1990, um að neita Inga B. Ársælssyni að fram fari opinber rannsókn á máli hans, gild stjórnvaldsákvörðun samkvæmt íslenskum rétti þegar annar þeirra manna, sem undirrita bréf dóms- og kirkjumrn., er mjög tengdur málinu vegna fyrri starfa sinna?"

Í bréfi sem allir alþingismenn hafa fengið frá Inga Ársælssyni, dags. 3. mars 1991, stendur, með leyfi forseta:

„Enn leita ég til ykkar, alþingismenn, vegna máls míns og vísa til fyrri bréfa minna og lögmanns míns, sérstaklega til opins bréfs Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns til ykkar allra alþingismanna, dags. 28. jan. 1991. Í því bréfi sakar lögmaðurinn æðstu stjórnvöld og dómstóla fyrir lögbrot í störfum. Ég nefni ólögmæta uppsögn mína úr starfi í Ríkisendurskoðuninni í febrúar 1984, hvarf opinbers skjals, dags. 9. apríl 1984, útgefið af fjmrn., neitun á efni skjalsins fyrir dómi af hálfu Ríkisendurskoðunar og fjmrn., neitun dóms- og kirkjumrn. á að láta fram fara opinbera rannsókn og sérstaklega því að ráðuneytisstjórinn í dóms- og kirkjumrn. undirritar neitun ráðuneytisins en hann var viðstaddur afhendingu afrits horfna skjalsins í fjmrn. 9. apríl 1984. Hann er því örugglega vitni að skjalahvarfsmálinu og hugsanlegur sökunautur."

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e., hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 1. og 2. þm. Vestf. beina til mín fsp. á þskj. 378 um neitun á að fram fari opinber rannsókn á brottrekstri ríkisstarfsmanns.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hvað veldur að opinber starfsmaður, sem vikið hefur verið úr starfi eftir rúmlega aldarfjórðungsstörf, fær mál sitt ekki rannsakað að hætti opinberra mála í samræmi við ákvæði III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þegar hann óskar eftir því?"

Í III. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er á tveimur stöðum vikið að opinberri rannsókn vegna brottvikningar starfsmanns. Annars vegar eru í 8. gr. laganna ákvæði um rannsókn þegar starfsmanni er veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi. Skal þá mál starfsmanns rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála ef ástæða þykir til svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu. Hér er um það að ræða að stjórnvald á val á því hvernig það stendur að rannsókn máls þegar starfsmanni hefur verið veitt lausn um stundarsakir.

Hins vegar er í 11. gr. laganna ákvæði um rannsókn þegar starfsmanni hefur verið vikið úr stöðu. Þá brottvikningu getur starfsmaðurinn borið undir dómstóla, sbr. 2. mgr., en þar segir: „Rétt er þeim, er vikið er úr stöðu, að bera málið undir úrlausn dómstóla, enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála. Stefna skal fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs."

Samkvæmt þessu er starfsmanni tryggt að mál sem hann höfðar gegn fjmrh. vegna brottvikningar verði rannsakað að hætti opinberra mála. Málið er rekið sem einkamál en rannsókn þess fer hins vegar fram með afbrigðilegum hætti, þ.e. að hætti opinberra mála. Er þannig ekki þörf atbeina stjórnvalda til að sérstök opinber rannsókn fari fram af því tilefni heldur fer rannsókn sjálfs dómsmálsins fram með þeim hætti.

Fyrirspurn þessi er fram komin vegna máls tiltekins starfsmanns er vikið var úr starfi hjá Ríkisendurskoðun. Rannsókn á grundvelli 8. gr. starfsmannalaga kom ekki til álita þar sem ekki var um lausn um stundarsakir að ræða. Það liggur hins vegar fyrir að vegna brottvikningarinnar hefur starfsmaðurinn höfðað einkamál gegn Ríkisendurskoðun og fjmrh. fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Rannsókn þess máls á skv. 11. gr. starfsmannalaga að fara fram að hætti opinberra mála. Samkvæmt þeim upplýsingum sem dómsmrn. hefur aflað um gang þessa máls hefur stefnandi málsins ekki borið sig eftir slíkri rannsókn fyrir dóminum.

Í öðru lagi er spurt: „Getur hvarf opinbers skjals, sem gert var í fjmrn. 9. apríl 1984, um launahækkun Inga B. Ársælssonar, en efni þess var loks, eftir mikla eftirgangssemi, staðfest af fjmrn. með bréfi, dags. 11. okt. 1990, ekki verið sjálfstætt tilefni til opinberrar rannsóknar? Er ekki enn frekari ástæða til opinberrar rannsóknar þegar tilurð skjalsins hefur ítrekað verið neitað af hálfu fjmrn. og Ríkisendurskoðunar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur?"

Þegar rætt er um opinbera rannsókn er venjulega átt við rannsókn í tilefni af meintri refsiverðri háttsemi. Það er almennt ekki hlutverk dómsmrn. eða dómsmrh. að kveða á um opinbera rannsókn eða meta tilefni hennar. Um slíkt fjalla lögregluyfirvöld og ríkissaksóknari lögum samkvæmt og án afskipta ráðuneytis. Ekki er kunnugt um að beiðni um opinbera rannsókn vegna meints hvarfs umræddrs skjals hafi verið borin fram gagnvart þessum aðilum. Hins vegar er ljóst að framlagning umræddrs skjals er atriði sem varðað getur einkamál það sem starfsmaðurinn hefur höfðað, einkamál þar sem rannsókn skal lögum samkvæmt fara fram að hætti opinberra mála. Ef nauðsyn ber til rannsóknar af þessu tilefni ákvarðar dómari þess máls hana en ekki stjórnvöld.

Loks er í þriðja lagi spurt: „Er ákvörðun dóms- og kirkjumrn. frá 26. okt. 1990, um að neita Inga B. Ársælssyni að fram fari opinber rannsókn á máli hans, gild stjórnvaldsákvörðun samkvæmt íslenskum rétti

þegar annar þeirra manna, sem undirrita bréf dóms- og kirkjumrn., er mjög tengdur málinu vegna fyrri starfa sinna?" Hér ber þess fyrst að geta að því er ranglega haldið fram að dómsmrn. hafi neitað því að fram fari opinber rannsókn á máli. Í bréfi ráðuneytisins var skýrt tekið fram að það taldi að sá áskilnaður 11. gr. laganna frá 1954 um að rannsókn máls fari að hætti opinberra mála eigi við um meðferð máls fyrir þeim dómi sem það er rekið fyrir en þýði ekki að fara eigi fram sérstök lögreglurannsókn eða rannsókn fyrir sakadómi. Erindi lögmannsins um afskipti ráðuneytisins af því að opinber rannsókn fari fram var því hafnað af þeirri ástæðu einni. Bréf ráðuneytisins fjallaði að öðru leyti ekki um það hvort opinber rannsókn ætti að fara fram, enda málið í höndum dómstóla.

Að því er varðar ráðuneytisbréfið skal tekið fram að það var undirbúið á hefðbundinn hátt og ritað í umboði ráðherra. Í þessu sambandi verður ekki talið að fyrri störf ráðuneytisstjórans í dóms- og kirkjumrn., sem undirritaði bréfið annar tveggja, hafi áhrif á efnislega afstöðu ráðuneytisins í málinu.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér er þessu ákveðna máli hreyft. Sá maður sem hér um ræðir, Ingi B. Ársælsson, hefur hvað eftir annað leitað til okkar þingmanna eftir stuðningi og nú síðast vakið athygli á máli sínu erlendis. Ég get ekki, og ég hugsa ekki nokkur hér á hv. Alþingi, sest í dómarasæti í þessu máli, hvort hér er um lögmæta aðgerð að ræða eða hvort gildar ástæður liggja fyrir því að þessum manni var vikið úr starfi á sínum tíma. Aðalatriðið er að Ingi B. Ársælsson er ekki sáttur við þessa aðgerð, ekki sáttur við þær ástæður sem upp voru gefnar á sínum tíma og ekki sáttur við það hvernig að öllu þessu máli hefur verið staðið og er staðið. Það eru því sjálfsögð mannréttindi hans að það verði orðið við þeirri beiðni að opinber rannsókn fari fram.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans en ég er engu nær. Ég er engu nær. Í bréfi sem allir alþingismenn fengu, því bréfi sem ég las upp áðan, segir m.a., með leyfi forseta:

„Ég hef orð lögmanns míns fyrir því að ásakanir hæstaréttarlögmanns eigi skilyrðislaust að rannsaka. Einnig að það sé staðfesting á alvarlegri réttarfarskreppu ef ekkert er gert með slíkar ásakanir."

Er það virkilega svo að þeir menn sem eru ásakaðir og bera ábyrgð á þessu hafi ekki manndóm í sér til þess að reyna að hreinsa sig af slíkum áburði? Og hvað hugsar fólk í landinu um þetta? Það hafa margir talað um þetta við mig. Það vill svo til að í fyrradag hringdi Íslendingur frá Svíþjóð og fór að spyrja mig um þetta mál vegna þess að einn af sænsku fulltrúunum, sem þekktu hann, fór að spyrja hann um hvað væri með þetta mál. Hvort venjuleg mannréttindi væru ekki algeng á Íslandi. Þessi Íslendingur telur, eftir þessum manni, að bréf um þetta mál, sem hann segir að hafi farið til þingfulltrúa Norðurlandaráðs, hafi vakið feikna athygli. Er það tilfellið að dómstólarnir, að dómsmrh. og dómsmrn., vilji ekki taka upp málið og athuga það? Eru þessar ásakanir hæstaréttarlögmanns ósannar? Þora þeir ekki að hreinsa sig? Er réttarfarið orðið svo á Íslandi?

Það hefur fjöldi manns skorað á mig að fylgja þessu máli eftir. Ég hef lengi vonast til þess að það þyrfti ekki að fara með það inn í Alþingi. En eftir þriðja bréfið til alþingismanna og enginn hefur mannrænu í sér til þess að hreyfa þessu hér á Alþingi og réttarkerfið svo vesælt að það reynir ekki að hreinsa sig, þá er nú langt gengið.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Mér þykir miður að hv. 6. þm. Norðurl. e. skuli ekki hafa numið meginatriðið í þeim svörum sem ég gaf hér áðan en þau eru í rauninni tvö. Í fyrsta lagi er rétt að taka það fram að engin efnisafstaða er tekin til þessa máls í svari dómsmrn., hvorki til né frá. Hins vegar er bent á samkvæmt lögum um þessi efni að leiðirnar fyrir hendi eru tvær. Annars vegar opinber rannsókn fyrir dómi, sem ekki hefur verið farið fram á þar af réttum aðila. Hins vegar beiðni til ríkissaksóknara. Það er rétt að greina líka frá því að í bréfum lögmannsins til dómsmrn. kom fram krafa um að skipaður verði sérstakur setusaksóknari til að mæla fyrir um rannsókn í tilefni af brottvikningu starfsmannsins. Hér ber að geta 22. gr. laga um meðferð opinberra mála en þar segir:

„Þegar ríkissaksóknari er svo riðinn við mál eða aðila að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því skal hann tilkynna það dómsmrh. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um það með öðrum hætti, og skipar hann þá vararíkissaksóknara eða annan löghæfan mann til meðferðar máls þessa."

Eins og þegar hefur komið fram hefur mál þetta ekki verið borið undir ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari hefur þannig ekki tekið afstöðu til þess hvort hann sé vanhæfur til meðferðar slíks máls og hafa að öðru leyti ekki skapast forsendur til þess að ráðuneytið skipi setusaksóknara til að fjalla um erindið. Þetta er annar kjarni þessa máls sem meginmáli skiptir í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef margt að athuga við ræðu hæstv. dómsmrh. en það eru engin tök á því á þessum tíma að ræða það. En ég bara verð að segja það: Frægt er þegar Pílatus þvoði hendur sínar.

Skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál, ein umr.

Fsp. HG, 329. mál. — Þskj. 580.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Þann 31. jan. sl. var rædd hér í Sþ. fsp. sem ég bar fram við hæstv. utanrrh. um svonefnda skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál og

var hún í nokkrum liðum. Í svari sínu sagði hæstv. utanrrh. m.a. orðrétt:

„Þessi nefnd var skipuð að frumkvæði hæstv. dómsmrh. Óla Þ. Guðbjartssonar eins og vikið var að í svari mínu, þ.e. hún er skipuð í kjölfar þess að dómsmrh. ritar bréf þann 6. sept. sl. og fer fram á það þannig að það fer ekkert á milli mála."

Þetta segir hæstv. utanrrh. og vísar frá sér að hafa haft frumkvæði að skipun þessarar nefndar. Af þessu tilefni hef ég borið fram fsp. á þskj. 580 til hæstv. dómsmrh. um skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál svohljóðandi:

„1. Hvaða ástæður lágu til þess að dómsmrn. hafði með bréfi til utanrrn. 6. sept. 1990 frumkvæði að því að óska eftir að sett yrði á fót svonefnd „skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál" með aðild bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli (sbr. svar utanrrh. í Sþ. 31. jan. 1991)?

2. Hvert á að mati dómsmrh. að vera verkefni þessarar nefndar?

3. Telur dómsmrh. eðlilegt að tengja starfsemi erlends herliðs við störf íslenskra stofnana, eins og stefnt virðist að með starfi þessarar nefndar?"

Virðulegur forseti. Þegar mál þessi voru rædd vegna fyrirspurnar til hæstv. utanrrh., þá vék hæstv. utanrrh. sér undan að svara því hvort og hvaða fulltrúar hefðu verið skipaðir í þessa nefnd frá bandaríska herliðinu. Kannski getur hæstv. dómsmrh. leyst einnig úr því og greint okkur frá því hvaða fulltrúar hins erlenda herliðs eiga sæti í þessari nefnd með fulltrúum innlendra stofnana og ráðuneyta.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. beinir til mín fyrirspurn í þremur liðum á þskj. 580. Fyrsta spurningin er: „Hvaða ástæður lágu til þess að dómsmrn. hafði með bréfi til utanrrn. 6. sept. 1990 frumkvæði að því að óska eftir að sett yrði á fót svonefnd „skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál" með aðild bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli (sbr. svar utanrrh. í Sþ. 31. jan. 1991)?"

Ég verð að telja það nokkuð sterkt að orði kveðið að frumkvæði í þessu máli hafi komið frá dómsmrn. Upphaf þessa máls má trúlega rekja til viðræðufunda sem við hæstv. utanrrh. áttum þann 29. maí sl. Þar var m.a. rædd tillaga frá varnarmálaskrifstofu utanrrn. um skipun skipulagsnefndar um öryggis- og varnarmál. Tveimur dögum eftir þennan fund ritaði varnarmálaskrifstofa utanrrn. dómsmrn. bréf um þessi efni. Til þess að taka af tvímæli er rétt að lesa þetta bréf, sem er örstutt og dags. 31. maí 1990. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Utanrrn. leggur til við dómsmrn. að samstarf Almannavarna ríkisins, Landhelgisgæslu, lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og varnarmálaskrifstofu utanrrn. verði aukið til að tryggja markvissa áætlunargerð á sviði varnar-, öryggis- og almannavarnamála þar sem um skörun getur verið að ræða. Ljóst er að áætlanir og framkvæmd þeirra á þessu sviði þurfa að vera samræmdar svo sem kostur er, hlutverkaskipting ljós og úrlausn verkefna skilgreind þannig að ekki rekist á. Til að tryggja slíkt samræmi er lagt til að skipuð verði skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál. Í nefndinni eigi sæti ráðuneytisstjóri dómsmrn. ásamt fulltrúum almannavarnaráðs, forstjóra Landhelgisgæslunnar og lögreglustjórans í Reykjavík. Lagt er til að nefndin starfi undir formennsku varnarmálaskrifstofu utanrrn."

Bréf þetta var síðan ítrekað 7. ágúst 1990 og þá beðið um staðfestingu dómsmrn. ásamt tilnefningu fulltrúa þess í nefndina. Það var síðan gert af hálfu dómsmrn. með bréfi dags. 6. sept. 1990 sem getið er í fyrirspurn fyrirspyrjanda. Það er því augljóst að í því bréfi fólst ekki frumkvæði heldur einungis staðfesting á þegar gerðu samkomulagi sem að vísu alger eining ríkti um meðal þeirra sem að þessu samkomulagi stóðu.

Önnur spurning hljóðaði svo: „Hvert á að mati dómsmrh. að vera verkefni þessarar nefndar?"

Eins og fram kemur í bréfi varnarmálaskrifstofu utanrrn. tel ég að verkefnið eigi að vera að tryggja markvissa áætlunargerð á sviði varnar-, öryggis- og almannavarnamála þar sem um skörun getur verið að ræða.

Þriðja spurningin: „Telur dómsmrh. eðlilegt að tengja starfsemi erlends herliðs við störf íslenskra stofnana, eins og stefnt virðist að með starfi þessarar nefndar?"

Ég tel að samræming áætlana á sviði öryggis- og varnarmála og annarra neyðaráætlana sé ekki aðeins eðlilegt heldur nauðsynlegt starf. Samstarf varnarliðsins og íslenskra stofnana er þegar fyrir hendi og hefur verið raunar um langan tíma. Ég bendi sem dæmi á þá ómetanlegu aðstoð sem þyrlusveit varnarliðsins hefur veitt í neyðartilfellum. Hún hefur bjargað 238 mannslífum hér á landi frá árinu 1971, þar af 130 Íslendingum. Slík aðstoð stendur til boða ef neyðarástand skapast.

Þá má minnast þeirrar aðstoðar sem Almannavarnir ríkisins nutu af hálfu Bandaríkjamanna þegar Vestmannaeyjagosið stóð yfir 1973. Það er því þjóðþrifamál að styðja samræmingu neyðaráætlana ef það má verða til þess að bjarga mannslífum eða forða eignatjóni.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. skýr svör. Í máli hans kemur fram að hæstv. utanrrh. hefur farið með staðlausa stafi úr þessum ræðustól varðandi tilurð þessarar nefndar um öryggis- og varnarmál. Það er þeim mun athyglisverðara þar sem hæstv. ráðherra hafði sjálfur að því frumkvæði að því hendur sínar af því að hafa átt frumkvæði að skipun nefndarinnar. Þetta er einn þátturinn af nokkrum sem sýna pukrið og vandræðaganginn hjá þessum hæstv. ráðherrum, alveg sérstaklega hjá hæstv. utanrrh., í sambandi við þetta mál. Það var upplýst af hæstv. utanrrh. að mál þetta hefði aldrei verið kynnt í ríkisstjórn Íslands, hefði ekki borið þar á góma og sjálfur vísar hæstv. utanrrh. á hæstv. dómsmrh. sem frumkvæðisaðila og hér kemur svo hæstv. dómsmrh. og þvær al-

gerlega hendur sínar af því að hafa átt nokkurt frumkvæði að þessu máli.

Það er alvarlegt mál, virðulegur forseti, þegar ráðherrar bera hér fram í fyrirspurnum á Alþingi röng svör og rangar staðhæfingar um mál sem ekki er minna en það sem hér er rætt. Málið er raunar miklu stærra en svo að hægt sé að fjalla um það efnislega hér í fyrirspurnatíma því að hér er um að ræða stefnubreytingu hjá íslenskum stjórnvöldum í sambandi við samstarf við herliðið í Keflavík og samþættingu athafna þess og íslenskra stofnana. Báðir hæstv. ráðherrar lýsa sig sammála slíku og svo langt gengur lágkúran að til þess að réttlæta þetta, þá er farið að vísa til björgunarstarfsemi. Hefur reyndar heyrst áður í sambandi við réttlætingu á dvöl erlends herliðs í landinu en ég vek alveg sérstaklega athygli á þeirri lágkúru að fara að réttlæta dvöl erlends herliðs í landinu með vísun til þess að það sé að gegna skyldum sem eru sjálfsagðar skyldur sjálfstæðs ríkis, að gæta að öryggi þegna sinna í sambandi við dagleg störf og daglegt líf.

Ég minni á það, virðulegur forseti, að um upphaf þessa máls má lesa í bók eftir Albert Jónsson, framkvæmdastjóra öryggismálanefndar, *um herstöðina í* Keflavík, á bls. 93, þar sem fram kemur að upphafið er nú ekki í heilabúi hæstv. utanrrh. heldur í svokallaðri Defence planning Committee sem samdi og sendi frá sér skýrslu í desember 1988 og vakti sérstaklega athygli á þörfinni á að samþætta störf herliðsins á Íslandi við íslenskar stofnanir. Það er kallað, sem einn liður í störfum nefndarinnar sem þarna hefur verið sett á laggirnar, Hostnation support við stríðsaðgerðir á Íslandi. Hugmyndin um gistiþjóðina eða hostnation, ég eftirlæt hæstv. ráðherrum að þýða það á íslensku, er komin frá yfirstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel í sérstakri skýrslu.

Ég hef ekki tíma til þess að víkja frekar að efnisþáttum þessa máls en það hlýtur að vekja sérstaka athygli, fyrir utan þær röngu upplýsingar sem hæstv. utanrrh. hefur borið hér fram um upphaf málsins, að farið er að efna til þessarar nefndarskipunar á sama tíma, virðulegur forseti, og verið er að semja um stríðslokin í Evrópu og búið er að undirrita sáttmála þar að lútandi. Þá á að undirbúa aukningu hernaðarumsvifa og samþættingu herliðs og þjóðlífs á Íslandi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er hefur fyrirspurn hv. þm. um hlutverk þessarar nefndar þegar verið svarað hér á Alþingi. Hlutverkið er fyrst og fremst samræming á neyðaráætlunum hvort heldur er á hættutímum eða stríðstímum. Það er að sjálfsögðu kjarni málsins. Áður höfum við, utanrrh. og dómsmrh. sem að þessu samkomulagi stöndum, svarað því til að við teljum það ekki aðeins eðlilegt heldur nauðsynlegt.

Hv. þm. vill gera sér mat úr því að það hafi verið ranglega til orða tekið þegar ég sagði að frumkvæði hefði komið frá dómsmrn. Vel má vera að það orki tvímælis vegna þess að málið á sér aðdraganda. Aðdragandinn, sem ég er að vísa til, eru fyrst og fremst þær viðræður sem fram fóru milli ráðuneytanna um þann þátt í samræmingu neyðaráætlana sem lýtur að skipulagi björgunarstarfa og varðar samstarf Landhelgisgæslu og þyrlu flugbjörgunarsveitar varnarliðsins. Um þetta höfðu farið fram viðræður milli ráðuneytanna og þetta er auðvitað snar þáttur þeirrar áætlunargerðar sem hér er verið að samræma. Um það efni vil ég vísa til þess að að undanförnu hafa verið endurnýjaðir samkomulagssamningar um samstarf þessara aðila, samkomulag milli varnarliðs og Landhelgisgæslu, dags. 7. nóv. 1989, *sameiginlegar leiðbeiningar* varnarliðs og varnarmálaskrifstofu varðandi björgunaræfingar þyrlu björgunarsveitar varnarliðsins frá 25. jan. 1990, sameiginlegar leiðbeiningar varnarliðs og Flugmálastjórnar varðandi flugumferðarstjórn við þyrlubjörgun, dags. 26. jan. 1990.

Við höfum verið að ræða spurningar um endurnýjun á þyrlukosti annars vegar Landhelgisgæslunnar. Þar hamlar okkur fjárskortur. Hins vegar var vitað af áætlunum um endurnýjun á þyrlukosti flugbjörgunarsveitar varnarliðsins. Að sjálfsögðu ræðum við, dómsmrh. og utanrrh., þessa starfsemi vegna þess einfaldlega að hún hefur verið mjög þýðingarmikil við björgun *mannslífa við strendur Íslands á undanförnum árum*. Frá 1971 hefur hér verið um að ræða björgun á 238 mannslífum og þar af lífi 130 Íslendinga.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum geta þess að dómsmrn. setti nýlega reglur um skipulag og yfirstjórn leitunar og björgunar á hafinu við strendur Íslands, hinn 16. maí sl. Yfirstjórnin hefur aðsetur hjá Landhelgisgæslunni og er skipuð fulltrúum hennar, Póst- og símamálastofnunar og Slysavarnafélags Íslands. Þegar ég vísa til þess að upphaf þessa máls hafi verið rakið til þessa, þá er ég að vísa til þeirra viðræðna sem fram fóru milli ráðuneytanna um það.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að vekja athygli á þessu máli. Á sama tíma og fólk horfir með bjartsýni til friðar í framtíðinni er verið af hálfu ríkisstjórnarinnar að festa bandaríska herliðið í sessi hér. Að vísu vilja hæstv. ráðherrar sverja af sér að þeir hafi verið frumkvöðlar að þessari nefndarskipan sem hér hefur verið til umræðu. Ég held að það væri nær fyrir hæstv. ríkisstjórn að snúa sér að aðgerðum sem miða að því að bandarískri herinn hverfi héðan af landinu miðað við þær friðarhorfur sem væntanlegar eru í heiminum, sérstaklega eftir að Persaflóastríðinu er nú lokið.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ekki hafði hæstv. utanrrh. manndóm í sér til að biðja afsökunar hér úr þessum ræðustóli á röngum fullyrðingum og röngum upplýsingum varðandi þetta mál. Í öðru lagi vek ég athygli á því að báðir ráðherrar hafa ekki fyrir því að upplýsa hvaða fulltrúar hins erlenda herliðs hafi verið skipaðir í umrædda nefnd. Það á enn að liggja í þagnargildi. Það er kannski skiljanlegt að þeir kinoki sér við að upplýsa það að ráðuneyti þeirra sé að skipa fulltrúa erlends her-

liðs í nefnd til að fjalla um samstarf við íslenskar stofnanir, stofnanir sem ekkert hafa haft með hermennsku að gera eða undirbúning þar að lútandi.

Atvinnumál á Suðurnesjum, ein umr.

Fsp. AÓB, 342. mál. — Þskj. 605.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér að bera fram fsp. *til hæstv. forsrh., sem er að finna á* þskj. 605. Fsp. er í tveimur liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaða áætlanir hefur ríkisstjórnin gert í atvinnumálum á Suðurnesjum til að mæta þeim samdrætti í umsvifum Bandaríkjahers sem fyrirsjáanlegur er?

2. Hafa stjórnvöld látið gera áætlanir um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum sem yrðu notaðar við brottför Bandaríkjahers frá herstöðvum þar?"

Varðandi þá umræðu sem hér var á undan þá vil ég taka það fram að ég geri ekki ráð fyrir að lausn íslenskra stjórnvalda á atvinnumálum á Suðurnesjum eigi að felast í að festa Bandaríkjaher í sessi hér á landi í einhvers konar dulargervi með aukinni íslenskri aðild og ég vona að það séu ekki þær lausnir sem boðið er upp á.

Í sambandi við upplýsingar um atvinnuástand á Suðurnesjum eru nú samkvæmt tölum frá 31. jan. sl. starfandi á Keflavíkurflugvelli 1.035 Íslendingar hjá varnarliðinu, auk þess hjá Aðalverktökum 529 og 126 hjá undirverktökum. Þetta gera samanlagt 1.690 manns. Samsvarandi tala árið 1984 mun hafa verið um 1.850 en þá voru alls um 2.400 störf í kringum völlinn af ýmsu tagi. Það hefur jafnan og allt of lengi viljað brenna við að Suðurnesjamönnum hafi verið vísað upp á Völl til þess að finna lausnir á sínum atvinnumálum og það hafi átt að vera einhvers konar töfralausn sem kannski hefur tafið fyrir því að þær áætlanir sem ég er hér að leita eftir hafi verið gerðar.

Nú er fyrirsjáanlegt að einhvers konar samdráttur hlýtur að verða á Keflavíkurflugvelli, vonandi sem allra mestur í ljósi þeirra friðarstrauma sem sem betur fer hafa aðallega verið ríkjandi að undanförnu. Því kalla ég eftir raunhæfum atvinnuáætlunum sem byggjast á einhverju öðru en töfralausnum, eins og álveri, sem ekkert leysa.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki endurtaka þær tölur sem hv. fyrirspyrjandi fór með um þann fjölda sem starfar hjá varnarliðinu eða í tengslum við það. Þær voru allar réttar.

Ég skil að áhyggjur hv. fyrirspyrjanda stafa m.a. af því að nú horfir friðvænlegar milli austurs og vesturs og ég geri ráð fyrir að það dragi úr umsvifum varnarliðsins og vil ég taka undir, sem ég veit að hún hlýtur að vera mér sammála, vonir um að svo reynist.

Þær upplýsingar sem ég hef nýjastar um vinnu á vegum varnarliðsins og eru til viðbótar við það sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, að Aðalverktakar muni ráðgera að ráða 70 manns til starfa nú á háannatímanum og er þá í raun það starfslið sem er tengt varnarliðinu mjög svipað því sem verið hefur. Ekki hafa fengist upplýsingar um ráðgerða fækkun hjá varnarliðinu á fjárhagstímabili þess fram til 1995 umfram það sem þegar er orðið með þeirri frystingu á nýráðningu sem ákveðin var í janúar sl. Út af fyrir sig held ég að ekki sé um að ræða umtalsverða fækkun í störfum hjá varnarliðinu nú á næstunni. Það er vissulega áhyggjuefni á þessu svæði að mjög erfitt hefur reynst að fá fólk til fiskvinnu. Það virðist meiri áhugi fyrir því að sækja vinnu á vegum varnarliðsins. Atvinnuástand á þessu svæði hefur því út af fyrir sig ekkert verið lakara nú heldur en víða annars staðar um landið.

Engu að síður tek ég undir það með hv. fyrirspyrjanda að sannarlega þarf að efla ýmsa aðra atvinnu á svæðinu. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að ríkisstjórn fyrir sitt leyti eigi að gera áætlun um hvað skuli byggjast upp á svæðinu. Ríkisstjórn og stofnanir hennar eiga að skapa grundvöll fyrir dugmikla heimamenn til að ráðast í ýmiss konar framkvæmdir á svæðinu og að því hefur verið unnið. Þegar í upphafi þessa áratugar fékk Framkvæmdastofnun ríkisins, sem þá hét svo og Byggðastofnun var þáttur í, það verkefni að skapa samráð og grundvöll á Suðurnesjum til þess að vinna þar að annarri atvinnuuppbyggingu. Leiddi það til þess að Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja var sett á fót. Það hefur síðan starfað í ýmsu formi og starfar nú að ég tel í góðu samstarfi við öll sveitarfélögin á Suðurnesjum og vinnur einmitt það verkefni sem hv. fyrirspyrjandi spurði um.

Hins vegar hafa stjórnvöld m.a. rætt um atvinnuástand á Suðurnesjum í tengslum við byggingu álbræðslu, sem ég er ekki sammála hv. fyrirspyrjanda að leysi engin vandamál. Við álbræðslu þá sem fyrirhuguð er munu starfa um 600 manns og þá eru ekki talin þau fjölmörgu verkefni sem tengd eru álbræðslu. M.a. var Byggðastofnun fengin til að skoða hvaða áhrif það mundi hafa á atvinnuþróun á Suðurnesjum. Byggðastofnun telur að stór hluti af því starfsliði kæmi frá Suðurnesjum og mundi fara jafnt og þétt vaxandi, ekki síst þegar dregur úr starfsemi á vegum varnarliðsins.

Stjórnvöld hafa einnig rætt um ýmsar leiðir til að auka atvinnu á Suðurnesjum, eins og hefur verið rætt hér utan dagskrár. Ég ætla nú ekki að fara að rekja þær hugmyndir hér en sumar þær hugmyndir a.m.k. eru mjög raunhæfar. Það er einlæg von mín að úr flýtingu byggingar fjölbrautaskóla verði, sem þingmenn þessa kjördæmis þekkja mjög vel og nýtur stuðnings menntmrn. Einnig er í athugun hvort ekki megi stuðla að því að Flugleiðir flýti byggingu flugskýlis. Það er mjög stórt mál fyrir Suðurnesin því það mun skapa aðstöðu til að taka viðhald flugvéla Flugleiða hingað til landsins og ekki aðeins það heldur reyndar viðhald erlendra flugfélaga. Þetta er hið athyglisverðasta mál.

Þá vil ég geta þess að ég skipaði á sl. vori nefnd til að athuga hvort ekki væri tímabært að koma upp fríverslunarsvæði á Suðurnesjum, sem í tengslum við flugvöllinn gæti orðið mjög mikið atvinnuspursmál og

skapað fjölmarga möguleika til atvinnuaukningar á Suðurnesjum. Af hálfu stjórnvalda hafa því verið lögð drög að mikilli atvinnuuppbyggingu á þessu svæði. En ég endurtek að heimamenn sjálfir verða fyrst og fremst að velja það úr sem þeir telja að henti þar best og til þess treysti ég þeim mjög vel.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessi fsp. lýsir áhyggjum út af atvinnuástandi á Suðurnesjum, næstfjölmennasta kjördæmi landsins. Jafnframt lýsir fyrirspyrjandi yfir þeirri ósk sinni að sá dagur renni hið fyrsta upp að varnarliðið hverfi af landi brott með allt sitt hafurtask og þar með falli niður 1.825 störf íslenskra manna sem þar vinna. Jafnframt lýsir hv. fyrirspyrjandi því yfir að hún telji áform um byggingu álvers á Keilisnesi og þá atvinnusköpun sem því tengist, bæði á meðan á byggingartíma stendur og í starfrækslu, hið versta mál og leysi engan vanda. Þá er hv. fyrirspyrjandi búinn að lýsa því yfir að hún telji það raunhæfan kost núna á næstunni að skapa atvinnuleysi á Suðurnesjum fyrir á fjórða þúsund manna. Þetta er dálítið þversagnarkennt og er ástæða til að spyrja hv. fyrirspyrjanda: Hvaða hugmyndir hefur hv. fyrirspyrjandi og þingmaður Reyknesinga um atvinnumál á Suðurnesjum?

Nú er ástæða til þess, vegna þess að fólk kann að hafa nokkrar áhyggjur af afkomu sinni og atvinnuöryggi, að lýsa því yfir hér úr þessum ræðustól, vegna þess að það er alið nokkuð á þeim áhyggjum, að menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því, sem vinna í þágu verktakastarfseminnar, Aðalverktaka og Keflavíkurverktaka og annarra, eða vinna í þágu varnarliðsins að þar komi til einhverra fyrirvaralausra uppsagna. Það er upplýst og staðfest að það verður ekki og kemur ekki til uppsagna eða niðurfellingar starfa út þetta fjárhagsár. Og í annan stað. Það gerist ekki, hvað svo sem gerist í alþjóðamálum, að varnarliðið hverfi af landi brott fyrirvaralaust.

Meginatriðið í svari við spurningu hv. fyrirspyrjanda er að sjálfsögðu það að ef og þegar til þess kemur, þá er verið eftir 15 ára hlé að gera ráðstafanir til þess að byggja álver á Suðurnesjum, nýta aðra meginorkulind okkar og skapa störf þannig að Suðurnesjamenn geti verið öruggir um það, ef þetta gerist á sama tíma, að þeir sitji ekki uppi atvinnulausir þúsundum saman.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Mér sýnist þessi umræða vera dálítið undarleg að því leyti til að á sama tíma og spurt er hvað gera skuli vegna væntanlegrar fækkunar starfsmanna á Keflavíkurflugvelli þá komi fram ósk um að störfin sem þar eru verði öll lögð niður og jafnframt lýst andstöðu við að byggja álver sem Suðurnesjamenn binda vonir við að bjargi miklu í atvinnumálum þar. Þetta er þversagnarkennt og undarlegt. Ég vil taka það fram að á atvinnuleysisskrá bara hjá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur eru nálægt 150 manns í dag fyrir utan það sem er í öðrum byggðarlögum og auðvitað skiptir það máli.

Ég tel að helsta ástæðan fyrir því sé sú að kvótinn hefur streymt í burtu frá byggðarlögunum. Skipin hafa streymt í burtu. Ég vona að þar sé að verða breyting á því nú í næstu viku mun hefja veiðar togari sem var verið að kaupa þangað og vænti ég þess að öfugþróuninni hafi verið snúið við.

Hvað varðar varnarliðið þá varð það ljóst núna síðustu dagana vegna aðgerða utanrrh. að um fækkun verður ekki að ræða nema kannski hvað varðar þá sem sjálfir vilja hætta. Þar er ekki að skapast það ástand sem menn áttu von á. Það voru hugmyndir um það hjá bandaríkjastjórn að fækka borgaralegum starfsmönnum um 25% í öllum sínum herstöðvum. Það verður ekki hér. Ég vil líka koma því að hér að verði um eitthvað slíkt að ræða, sem ég tel að verði ekki, og kannski hvort sem er, þá eigi íslensk stjórnvöld að gera kröfu til þess að fleiri störf verði íslensk þarna, að Íslendingar vinni þau störf sem erlendir menn vinna núna og þannig verði hægt að tryggja betur atvinnuöryggið þar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst þessi fsp. eðlileg en ég held að það hljóti að vera eðlilegt að spurt sé í því sambandi: Hvað hafa íslenskir ráðherrar gert til þess að tryggja að fraktflug um Keflavíkurflugvöll geti verið með eðlilegum hætti? Hvað hafa þeir gert? Þar liggja möguleikarnir að auknum umsvifum í atvinnulífi Suðurnesja umfram flest annað. Hins vegar mun það eiga sér stað þar eins og víða að það er atvinnuleysi þó ekki takist að fá fólk til fiskvinnslu. Ég hygg að hv. 4. þm. Reykn. sé það ljóst að sú þróun hefur verið víða á Íslandi að Íslendingar gefa sig ekki í fiskvinnslu en skrá sig heldur atvinnulausa.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þessi fsp. hefur að vissu leyti gefið hæstv. forsrh. tækifæri til þess að halda hér smáframboðsræðu í Suðurnesjakjördæmi og ekkert nema gott um það að segja í sjálfu sér. En það er merkilegt að við skulum vera hér á hv. Alþingi og standa frammi fyrir því að það er friðvænlegra í heiminum, allir vonast eftir því að herstöðvar og annað slíkt verði lagt niður, það er merkilegt að á sama tíma erum við að fjalla um hvort ekki sé hægt að koma í veg fyrir að það umstang sem herinn veldur á Keflavíkurflugvelli dragist nú saman. Hæstv. utanrrh. telur það sér til ágætis hér í ræðustól að nú hafi enn tekist að fresta því að úr umsvifum hersins verði dregið á Keflavíkurflugvelli. Því var reyndar spáð fyrir mörgum árum að þannig mundu Íslendingar standa við einhverjar sérstakar aðstæður, sem nú eru upp komnar, að þeir sem voru að lýsa því yfir að allir vildu losna við herinn og það væri hið versta mál að vera hér með herstöð mundu segja, jafnvel hinir sömu: Nú þarf að fresta þessu vegna þess að það er staðreynd að hann er þarna og Íslendingar hafa þar atvinnu o.s.frv. Mér finnst það vera af hinu verra að forustumenn þjóðarinnar skuli koma hér nærri hver

á fætur öðrum og lýsa því yfir að það þurfi að andæfa gegn þessari þróun sem á sér stað í heiminum í dag.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Það má segja að það sé viss mótsögn í þessari fsp. sem hv. þm. ber hér fram. Ég vonast auðvitað til þess að sá tími komi að svo verði í heiminum að varnarliðið geti farið héðan. Ég sé nú ekki fram á þá þróun alveg á næstu árum. Ég held að það hljóti að vera, jafnvel þótt gott samkomulag náist á milli stórveldanna um afvopnun í heiminum, að nauðsynlegt verði talið að hafa eftirlitsstöðvar víðar í heiminum, jafnvel hugsanlega reknar af alþjóðlegum stofnunum, til þess að hafa eftirlit með því að þeir samningar sem gerðir eru standi.

Um atvinnumál á Suðurnesjum er hægt að hafa langt mál en það er ekki tími til þess í svona stuttum athugasemdatíma sem ég hef hér. Ég vil þó vekja athygli á því að það er ýmislegt í gangi suður frá sem vekur nokkra bjartsýni hjá fólki. Það er mikið rætt um nýtingu Bláa lónsins. Það er mikil von bundin við þá uppbyggingu sem nú er að hefjast úti á Reykjanesi með saltverksmiðjunni. Það eru taldar góðar vonir til þess að Flugleiðir hefji framkvæmdir við þetta flugskýli sem getur skapað mikla vinnu hjá flugvirkjum og öðrum þeim sem nálægt slíkum verkum koma, að annast viðhald flugvéla. Og ýmislegt fleira í þessum dúr mætti hér upp telja en ég ætla ekki að gera það núna.

Gallinn á störfum hjá varnarliðinu hefur undanfarin ár verið fyrst og fremst sá að það hefur verið pressa frá bandarískum þingmönnum að koma á sparnaði í þeim rekstri. Það hefur að sjálfsögðu valdið vissri spennu, sem hefur orðið við skiptingu á fjárlagaárinu, að það hefur verið bannað að ráða í störf sem hafa losnað meðan menn hafa beðið eftir nýjum fjárlögum. Ég legg hins vegar á það megináherslu í þessu sambandi að við þann samning verði staðið, sem gerður var 1974 af þáv. utanrrh. Einari Ágústssyni heitnum, að stefnt verði að því að Íslendingar taki yfir flest þau störf á vellinum sem kostur er og þess verði gætt, sem alltaf kemur upp umræða um öðru hverju og skal ég ekkert fullyrða um það hér og nú hvort á rétt á sér, að við takmörkun á ráðningu Íslendinga í störf verði ekki ráðnir Bandaríkjamenn til þeirra starfa sem Íslendingar hafa sinnt fram að þessu.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Mér var ekki ljóst að röðin væri komin að mér. Það voru svo margir búnir að biðja um orðið. Ég ætla að drepa á nokkur þau mál sem hafa komið fram á þessum fundi sem er að taka á sig mynd framboðsfundar en það var ekki ætlunin.

Ég vil í fyrsta lagi geta þess að mér finnst það áhyggjuefni ef ekki er búist við samdrætti á Keflavíkurflugvelli á næstu árum. Þeir sem tala hér um þversagnir tala fyrir sjálfa sig, ekki fyrir mig. Mér þykir nefnilega að herinn og tilvist hans á Suðurnesjum hafi verið lamandi hönd á atvinnulífi og atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum og ég óttast það að álverið muni verða önnur eins lamandi hönd sem stendur öllum öðrum hugmyndum fyrir þrifum. Ég vil vekja athygli á að atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum er yfir 6% á meðan karlarnir eru í allt of miklu atvinnuleysi með 1–2% að jafnaði. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta eru tölur sem eru hér fyrir febrúar í þessu plaggi og þú getur skoðað það á eftir sjálfur.

Í öðru lagi var hér beint til mín fyrirspurn. Því miður hef ég ekki sama tíma til að svara og þeir sem svara fyrirspurnum, en hér hefur þegar komið fram að það er og ætti að vera að gerast ýmislegt í atvinnumálum á Suðurnesjum annað en það að líta á álver sem einhverja allsherjarlausn því það er hún ekki og það endurtek ég. Þá vil ég nefna, auk þess sem hér hefur verið nefnt í sambandi við Bláa lónið og flugskýlið, ylrækt, ég vil nefna ferðaþjónustu, sem á mikla framtíð fyrir sér þarna, og aðra nýtingu orkunnar heldur en til álvers.

Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt annað en að nefna það, sem hv. 4. þm. Reykn. kom inn á, hversu mjög kvóti hefur farið af svæðinu. Þetta tel ég að sé í beinum og óbeinum tengslum við tilvist flugvallarsvæðisins á Reykjanesi og síðan þess að nú hafa allir mænt á álver sem einhverja allsherjarlausn. Ég er nefnilega hrædd um að Suðurnesingar sitji ekki við sama borð og aðrir einmitt vegna þessarar staðreyndar sem ég hef hér rakið.

Ég vildi mjög gjarnan hafa hér lengra mál en býst ekki við að ég megi það. Ég vil ítreka það að lokum að ábyrgð ríkisstjórnar er mikil vegna þess að það er af hennar völdum að atvinnulíf á Suðurnesjum er með þeim hætti sem það er í kringum herinn og Keflavíkurflugvöll. Því er ekki hægt að segja, eins og hæstv. forsrh. sagði hér, að þetta sé ekki mál ríkisstjórnarinnar.

Níels Árni Lund:

Virðulegi forseti. Það hefur margt komið fram í þessari umræðu eins og mátti búast við þar sem um er að ræða slíkt málefni. Ég vildi aðeins bæta við það sem sjálfsagt flestir hugsa mikið um, alla vega eins og hér hefur komið fram, frambjóðendur á þessu svæði, hvað mætti gera til að bæta atvinnuástand eða auka atvinnumöguleika á Suðurnesjum. Ég vitna aftur til þess fræga Bláa lóns sem hér hefur verið í umræðunni. Það var samþykkt þáltill. um það að skipuð yrði nefnd til að kanna margháttaða nýtingu þess lóns á síðasta löggjafarþingi. Í fyrirspurnatíma á þinginu í vetur kom fram frá heilbrrh. að hann hygðist skipa nefnd til að fjalla sérstaklega um nýtingu Bláa lónsins og lít ég björtum augum til þeirrar vinnu sem sú nefnd mun fjalla um. Í viðbót við þetta vildi ég sérstaklega benda á aukna ferðamannaþjónustu á Suðurnesjum. Til skamms tíma var ekkert hótel á svæðinu. Nú eru þau a.m.k. tvö eða þrjú og ágæt nýting á þeim. Ég vil einnig benda á að ein af forsendum þess að laða ferðamannastrauminn til Suðurnesja er að gera greiðan veg með suðurströnd Reykjanesskaga, eins og ég flutti þáltill. um fyrir einum tveimur þingum síðan. Ég held að slíkur vegur mundi opna gífurlega möguleika og ýta undir það að hægt væri að auka þarna verulega ferða-

mannastraum og bjóða þeim sem koma til landsins upp á aðrar ferðir heldur en eingöngu Gullfoss og Geysi. Nú þegar er Bláa lónið orðið vinsæll ferðamannastaður, en með tilkomu slíks vegar sem þessa væri hægt að auka þessa atvinnugrein mikið á Suðurnesjum.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Svo virðist sem hér sé nú kominn á framboðsfundur á Suðurnesjum eða í Reykjaneskjördæmi og er það út af fyrir sig vel. Þetta er ágætis vettvangur til slíks. Ég ætlaði hins vegar að leggja örfá orð í belg út af atvinnumálunum sérstaklega en ekki kannski endilega halda hér neina framboðsræðu. Mig langar til að gera eina athugasemd. Hún varðar þann misskilning sem felst í fyrirspurninni, að ríkisvaldið eitt sér skaffi öllum atvinnu. Atvinna skapast fyrst og fremst fyrir frumkvæði einstaklinganna. Það sem ríkisvaldið þarf að gera er að skapa einstaklingunum þann ramma sem gerir þeim kleift að vera með eðlilega og öfluga atvinnuuppbyggingu.

Hins vegar er það alveg ljóst og ég er að því leytinu til sammála fyrirspyrjanda að við hljótum að gera ráð fyrir því að það verði verulegur samdráttur í herafla varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar sé ég það fyrir mér að á Keflavíkurflugvelli verður um alla framtíð rekin öflug eftirlits- og varnarmiðstöð. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að Íslendingar geti í mjög auknum mæli tekið við þeim störfum sem nú eru unnin af liðsmönnum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Þar sem enn gætti misskilnings sé ég mig knúna til þess að vekja athygli á því hve mjög ríkisvaldið hefur oft áhrif á atvinnumál. Vil ég þá sérstaklega nefna t.d. kvótamál. Tilflutningur kvóta er til kominn vegna ríkisaðgerða og vegna þess að það hefur ekki verið tekist á við þann vanda á réttan hátt, t.d. með byggðakvóta, eins og við kvennalistakonur höfum lagt til.

Ég hef vakið athygli á því að það eru stjórnvaldsaðgerðir fyrst og fremst að Keflavíkurflugvöllur er með þeim hætti sem hann er. Jafnframt að atvinnustefna skuli byggjast í kringum stóriðju í stað þess að renna mörgum traustum stoðum undir atvinnulíf eins og alls staðar verður að vera þar sem atvinnulíf verður að vera fjölbreytt og margþætt ef það á ekki að vera háð sveiflum og áhættu sem ekkert atvinnusvæði þolir, m.a. þær sveiflur sem þensla við uppbyggingu hefur í för með sér. Þessu verð ég að vekja athygli á.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að bera af mér sakir. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli er talin mjög þýðingarmikil í samstarfi Atlantshafsríkjanna og þýðing hennar er síst minni heldur en áður. Þess vegna verður starfsemin á svipuðu stigi og verið hefur. Það verða breytingar þar en ég vænti þess að það komi ekki niður á atvinnustiginu eins og menn töldu að yrði.

Hins vegar tel ég varðandi Suðurnesjamenn og atvinnuhorfur á því svæði að við getum horft bjartsýnir fram á veginn. Suðurnesin urðu fyrir miklum áföllum vegna þeirrar byggðastefnu sem var rekin hér á landi. Suðurnesin voru svelt, bæði í sjávarútvegi og á öðrum sviðum. Ég horfi fram til þess tíma að Suðurnesjamenn nái vopnum sínum og atvinnustigið þar verði betra en það er í dag.

Lífeyristryggingar, ein umr.

Fsp. PJ, 344. mál. — Þskj. 607.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Við afgreiðslu fjárlaga var það ljóst að skv. áætlunum vantaði til lífeyristrygginga um 500 millj. kr. miðað við þær reglur sem þá giltu um greiðslu þessara tryggingabóta. Ellilífeyrir hefur farið vaxandi í útgjöldum ríkissjóðs á undanförnum árum í samræmi við fjölgun ellilífeyrisþega en Íslendingar eru svo lánsamir að fólk nær góðum aldri og heilsugæsla og heilbrigðisþjónusta hér á auðvitað sinn þátt í því.

Engin svör fengust við afgreiðslu fjárlaga um það hvernig á þessu skyldi tekið. Hæstv. fjmrh. sem var þá spurður í umræðu hvort meiningin væri að skerða lífeyrisgreiðslurnar, hvort meiningin væri að fella niður greiðslur til einhverra hópa aldraðra eða hvort meiningin væri að greiða ellilífeyri einungis fyrstu mánuði ársins og skerða síðan. Við þessum spurningum fengust engin svör.

Nú var því jafnframt haldið fram að fjárlög væru raunhæf og það þýddi væntanlega að ekki ætti að greiða meira en fjárlögin segja til um. Einhvers staðar hlýtur þá skerðing að koma niður.

Vegna þessa hef ég á þskj. 607 spurt hæstv. heilbr.- og trmrh. um þetta mál vegna þess að nú hefur vitaskuld gefist tóm til þess að það væri athugað í ríkisstjórninni. Er fsp. mín svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin skerða tryggingargreiðslur til ellilífeyrisþega til samræmis við afgreiðslu fjárlaga þar sem talið var að 500 millj. kr. vantaði til þess að halda þeim hlutfallslega óbreyttum:

a. með því að skerða mánaðarlegar greiðslur,

b. með því að greiða ellilífeyri einungis í 11 mánuði á þessu ári?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur beint til mín fsp. á þskj. 607 sem hann hefur nú gert grein fyrir og er í tveimur undirliðum. Við afgreiðslu fjárlaga var framlag til lífeyristrygginga Tryggingastofnunar ríkisins ákveðið 13 milljarðar 895 millj. kr. eða 1 milljarður 158 millj. á hvern mánuð ársins ef því er skipt niður á mánuðina 12.

Við gerð fjárlagafrv. var gert ráð fyrir nokkrum sparnaði, um 150–200 millj. kr., í útgjöldum lífeyris-

tryggingarnna, m.a. vegna tekjutengingar grunnlífeyris almannatrygginga. Var það í samræmi við það frv. til laga um almannatryggingar sem kynnt var í þingflokkum stjórnarflokkanna á sl. hausti. Þar var gert ráð fyrir verulegri uppstokkun, reyndar nýrri almannatryggingalöggjöf með ýmsum breytingum og þeim áhersluum helstum að tekjutengja svokallaðan grunnlífeyri svo að ná mætti að bæta ýmsa aðra bótaflokka og hækka útgjöld þar en heildarniðurstaðan gerði ráð fyrir allnokkrum sparnaði eða á bilinu 150–200 millj.

Nú er ljóst að þetta frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar verður ekki lögfest á þessu þingi og er því hugsanlegt að áætluð upphæð til lífeyristrygginga á fjárlögum sé eitthvað of lág miðað við áætlun Tryggingastofnunar ríkisins og Ríkisendurskoðunar sem endurskoðað hefur áætlanir stofnunarinnar og metið fjárþörfina. Hvaðan tilgreind upphæð, 500 millj. kr., í fyrirspurn hv. þm. er hins vegar komin eða hvernig hún er fengin er mér ekki fyllilega ljóst.

Vegna þessarar fyrirspurnar hef ég fengið upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins um útgjöld lífeyristrygginganna í janúar og febrúar á þessu ári. Eru útgjöld þeirra í bráðabirgðayfirliti 2 milljarðar 280 millj. kr. eða 1 milljarður 140 millj. hvorn mánuð. Sé fjárlagatölu ársins 1991 hins vegar deilt yfir 12 mánaða tímabil má gera ráð fyrir að útgjöld hvers mánaðar séu um það bil 1 milljarður 260 millj., eins og áður sagði. Það er því útlit fyrir að áætlun fjárlaganna sé aðeins rýmri en útgjöld Tryggingastofnunarinnar hafa reynst fyrstu tvo mánuði ársins og stofnunin sjálf gerði ráð fyrir í sínum áætlunum. Inni í áætlunartölu fjárlaga er ekki gert ráð fyrir þeim hækkunum sem kunna að verða á bótum umfram það sem almennar verðlagsforsendur fjárlaganna gera ráð fyrir. Áætlunartala fjárlaga mundi þá hækka vegna hugsanlegra eða væntanlegra bótahækkana á þessu ári.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. er einnig gerð grein fyrir því að heildarhækkun til lífeyristrygginganna sé 13% en eins og menn vita er hækkun skv. verðlagsforsendum um 7% þannig að þar er gert ráð fyrir allnokkurri aukningu umfram verðlagsforsendurnar, m.a. til þess að mæta þeirri hlutfallslegu fjölgun sem er á fjölda lífeyrisþega, svo sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda.

Mér sýnist því á þessari stundu full ástæða til þess að álíta að áætlun fjárlaga um útgjöld lífeyristrygginganna standist að mestu leyti. Þegar kemur lengra fram á árið verður staða lífeyristrygginga að sjálfsögðu skoðuð svo sem venja er. Vanti þá eitthvert fé vegna lífeyristrygginga verða bætur að sjálfsögðu ekki skornar niður, eins og fyrirspyrjandi spyr um í öðrum lið fyrirspurnar sinnar, og þaðan af síður felldur niður heill mánuður í bótagreiðslum til lífeyrisþega. Enda þó svo ólíklega færi að 500 millj. kr. vantaði upp á útgjöld til lífeyristrygginga, sem ekkert bendir þó til í dag, þá eru það aðeins bótagreiðslur fyrir 12–13 daga en ekki heilan mánuð. Hins vegar má telja víst að gerðar verði ráðstafanir til að staða lífeyristrygginganna verði bætt með fjáraukalögum í haust, svo sem oft áður hefur reynst nauðsynlegt að gera með aukafjárveitingum, ef reynslan sýnir að eitthvað kunni að vanta upp á áætlunina

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svör hans. Hann greindi fyrst frá því, sem okkur var nú báðum ljóst, að fyrirætlanir voru kynntar um það í fjárlagafrv. að breyta almannatryggingalöggjöfinni þannig að tekjutengja, eins og það er kallað, ellilífeyri, þ.e. skerða þann ellilífeyri sem greiddur væri ellilífeyrisþegum sem hafa tekjur yfir eitthvert tiltekið hámark. Þetta hefur ekki verið gert. Þó að það hafi verið kynnt í þingflokkum stjórnarliðsins, eins og hv. ráðherra veit ábyggilega um, þá hefur ekkert frv. verið flutt. Á þessu þingi og þessu ári er því þessi leið til sparnaðar í þessum málaflokki úr sögunni.

Þá segir hann að líkur bendi til þess að lífeyrisgreiðslur verði ekki eins miklar og áætlað var þegar fjárlög voru til meðferðar hér á Alþingi. Þetta eru auðvitað nýjar fréttir og er allt vel um það. En meginniðurstaða hæstv. ráðherra var sú að ef vantar á þennan lið, þá verði að afla fjárheimilda á fjáraukalögum í haust. Það er auðvitað í samræmi við það sem stundum hefur áður gerst, en þá kemur vitaskuld fram að sú tala sem áætluð er í fjárlögum er ekki raunhæf. Hæstv. ráðherra segir að sér sé ekki ljóst hvernig sú tala er fengin sem hér er nefnd, 500 millj. kr. Sú tala er fengin samkvæmt áætlunum Tryggingastofnunar ríkisins og áætlunum Ríkisendurskoðunar sem lögðu sínar áætlanir fyrir fjvn. fyrir afgreiðslu fjárlaga. Það þarf því enginn að velkjast í vafa um það hvaðan sú tala er fengin.

Ég vek athygli á þessu máli vegna þess að því hefur verið mjög staðfastlega haldið fram að þau fjárlög sem Alþingi hefur afgreitt og eru í gildi fyrir þetta ár muni standast, en áætlanir segja til um annað, til að mynda varðandi þennan fjárlagalið. Komi hins vegar í ljós að greiðsluþörfin sé minni eða sparnaður náist sem ekki var gert ráð fyrir, þá er út af fyrir sig allt vel um það að svo miklu leyti sem það kemur ekki niður á eðlilegum greiðslum til ellilífeyrisþega sem sannarlega í mörgum tilvikum mega ekki við því að þeirra hlutur sé skertur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt í viðbót. Ég skal ekki rengja það og dettur reyndar ekki í hug að þær tölur sem hv. fyrirspyrjandi setur fram í fyrirspurn sinni um 500 millj. kr. hafi komið fram á einhverju stigi í umfjöllun fjvn. um fjárlagafrv. þó svo ég kannist ekki við að sú tala hafi verið kynnt fyrir okkur í heilbrrn. Hvergi er rætt um slíka fjárvöntun í greinargerð fjárlagafrv. sjálfs. Það sem mér var gert að stefna að, og það hafði ég gefið fyrirheit um, var að ná þessum sparnaði vegna breytinga á almannatryggingalöggjöfinni. Ég hef ítrekað í vetur reynt að ná því fram að þetta frv. mætti koma fyrir þingið og hljóta afgreiðslu. En eins og hv. þm. benti á er nú ljóst í dag að það verður ekki. Ég hef hins vegar reynt að gera

það sem ég hef getað í því sambandi og hef lagt mig fram um það.

Ég vildi síðan í svari mínu reyna að leiða rök að því að það væri ekki í augnablikinu útlit fyrir það að verulegt fé vantaði vegna útgjalda lífeyristrygginga, við sæjum það ekki eins og er og höfum þegar reynslu af tveggja mánaða útgjöldum og það er nú ekki líklegt að miklar sveiflur verði utan það að lífeyrisþegum fer þó fjölgandi eins og fyrirspyrjandi greindi frá hér í upphafi síns máls. Auðvitað geta allir staðfest það sem þekkja þessi mál. Þess vegna eru ekki líkur á að umframútgjöld verði teljandi. Því sýnist mér ljóst að fjárlög eigi að geta staðið nokkurn veginn hvað þennan útgjaldalið varðar. Reynslan hefur sagt okkur hv. þm. þessum tveimur sem hér hafa talað eftir allnokkuð langa setu í fjvn. að það hefur oftar en ekki, líklega oftast, þurft að taka á málum með aukafjárveitingum. Nú hefur hins vegar sá ágæti siður verið tekinn upp að gera það með fjáraukalögum ef þörf hefur verið á að bæta fjárveitingum við einstaka útgjaldamálaflokka. Þá hafa menn líka betri yfirsýn yfir það, geta betur fylgst með því sem er að gerast, forsendum fyrir þeirri þróun og Alþingi sjálft fjallar þá á þann hátt um málið.

Sjúkratryggingar, ein umr.

Fsp. PJ, 345. mál. — Þskj. 608.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 608 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um sjúkratryggingar:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin ná 500 millj. kr. sparnaði í sjúkratryggingum til samræmis við afgreiðslu fjárlaga?"

Ég legg þessa fsp. fram vegna þess að mér finnst tilefni til þess að frá því sé greint af hálfu hæstv. ráðherra hér á hinu háa Alþingi með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ná sparnaði í þessum málaflokki. Um þetta hefur verið nokkuð rætt án þess að það hafi að mínum dómi komið nógu greinilega fram hvað sé ákveðið.

Ég bendi á það að á síðasta ári var til þess ætlast að þá væri einnig náð sparnaði í sjúkratryggingum sem næmi 500–600 millj. kr. í lyfjakostnaði. Svo fór að þetta tókst ekki og því sem átti að spara í þessum málaflokki varð síðan að afla heimilda til að greiða með fjáraukalögum þegar leið á árið.

Ég skal ekkert um það segja hvort nú takist að beita nýjum aðferðum til að ná þessum sparnaði sem ekki tókst á síðasta ári. Er það vel ef svo er, en ég tek það fram að ég tel eðlilegt að frá því sé greint með hvaða hætti eigi að ná þessum sparnaði hér á hinu háa Alþingi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur beint til mín annarri fsp. um útgjöld í tryggingamálaflokkunum og gert grein fyrir henni. Þar háttar örlítið öðruvísi til en með fsp. sem rædd var hér áðan, að í fjárlagafrv. var hér gert ráð fyrir verulegum sparnaði og að nokkru leyti greint frá því hvernig menn hygðust ná honum. En svo sem fram kemur í greinargerð með fjárlagafrv. fyrir árið 1991 var við afgreiðslu fjárlaga gert ráð fyrir nokkrum sparnaði í sjúkratryggingum vegna sparnaðar í útgjöldum vegna lyfja. Þar sagði:

„Fyrir lyfjakostnaði eru áætlaðir 2,3 milljarðar kr. í frv." og má skjóta hér inn í að þar er um að ræða lyfjakostnað utan sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og hjúkrunarheimila, en að þeim lyfjakostnaði meðtöldum er þessi tala á bilinu 4–5 milljarðar. Áfram segir í greinargerðinni: „Sú tala byggist á því að hægt verði að ná þar fram sparnaði sem nemur 500–600 millj. kr. M.a. er gert ráð fyrir að ná þessum sparnaði með breyttu skipulagi á innflutningi og dreifingu lyfja, lækkaðri álagningu í heildsölu og smásölu og breyttu skipulagi á kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði."

Allt sl. ár hefur mikil vinna farið fram á vegum ráðuneytisins sem beinst hefur að því að ná niður lyfjakostnaði. Hefur sú vinna m.a. leitt til verulegrar lækkunar álagningar á lyf, bæði í heildsölu og smásölu, ásamt fleiri aðgerðum sem leitt hafa til umstalsverðrar lækkunar á útgjöldum hins opinbera vegna lyfjakostnaðar.

Vegna þess sem fyrirspyrjandi sagði í framsögu sinni um að sparnaður hafi ekki náðst á seinasta ári er það rétt að því leytinu til að útgjöld sjúkratryggingganna reyndust vanáætluð og þurfti að hækka fjárveitingu við fjáraukalagagerð. En þrátt fyrir það náðist verulegur sparnaður í lyfjaútgjöldunum, líklega á bilinu 150–200 millj. sem koma líka til með að vinnast á þessu ári, þ.e. lækkun álagningarinnar leiddi til þess að sparnaðurinn var umtalsverður þó svo það næði ekki þeim árangri að útgjaldaspá fjárlaga síðasta árs stæðist.

Frá sl. hausti hefur sérstakur starfshópur á vegum ráðuneytisins unnið að gerð frv. sem gerir ráð fyrir miklum skipulagsbreytingum á skipan lyfjamála. Of langt mál yrði að gera ítarlega grein fyrir þeim tillögum sem þar eru settar fram í stuttu svari við fsp. Þetta nýja frv. til lyfjalaga hefur nú um nokkurt skeið verið til athugunar hjá þingflokkum ríkisstjórnarinnar og er það skoðun mín að nái það fram að ganga muni það hafa í för með sér mjög verulegan sparnað á útgjöldum ríkisins vegna lyfja. Þar er með ákveðnum skipulagsbreytingum gert ráð fyrir að taka á þeim tveim þáttum sem nefndir eru í greinargerð fjárlagafrv. og fjalla um innflutning og dreifingu, svo og breytingar á álagningu. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ákveðið að greiðslur sjúklinga vegna lyfjakaupa hækki ekki að svo stöddu og verði því sparnaði vegna útgjalda lyfja ekki náð með þeim hætti.

Þess má þó geta að í ráðuneytinu liggja fyrir tillögur um breytt form á greiðsluþátttöku einstaklinga í lyfjakostnaði þar sem gert er ráð fyrir að greiðslan sé ákveðið hlutfall af verði lyfs en ekki föst krónutala eins og nú er. Mundi sú breyting hafa í för með sér betra verðskyn og kostnaðarmeðvitund almennings

gagnvart lyfjaútgjöldum. Það kemur því vel til greina að breyta fyrirkomulaginu og reyna að ná þannig fram einhverjum sparnaði án þess að kostnaðarþátttaka sjúklinganna yrði aukin.

Vegna þessarar fsp. kannaði ég stöðu útgjalda sjúkratryggingadeildar í upphafi þessa árs. Útgjöld sjúkratryggingadeildar í janúarmánuði voru 713 millj. 485 þús. kr. Heildarútgjaldaáætlun sjúkratrygginganna samkvæmt fjárlögum er á árinu 1991 10 milljarðar 60 millj. kr. Sú áætlun gerir því ráð fyrir 840 millj. kr. útgjöldum á hverjum mánuði. Útgjaldaupplýsingar sjúkratryggingadeildar fyrir janúarmánuð eru að sjálfsögðu óendurskoðaðar og gerðar með fyrirvara um að lækniskostnaður sé of lágur í þeirri upphæð en tæplega á hann þó eftir að hækka um rúmar 100 millj. kr., þ.e. um mismun á janúarútgjöldum, 713 millj., og útgjaldaáætlun fjárlaganna, 840 millj. kr.

Þá má geta þess að nýlega hafa verið settar reglugerðir sem draga eiga úr kostnaði við útgjöld sjúkratrygginga vegna tannréttinga og lýtalækninga og má áætla að þær breytingar geti leitt til sparnaðar sem nemi nokkrum tugum milljóna kr. á árinu. Það er því skoðun mín, virðulegi forseti, að ekki vanti mikið á að útgjaldaáætlun sjúkratryggingadeildarinnar á þessu ári geti staðist. Fari svo að ekki takist að koma fram fyrirhuguðum breytingum á lyfjalögum og lögum um lyfjadreifingu verður, þegar lengra kemur fram á árið, að endurskoða áætlun sjúkratryggingadeildar og gera þá ráð fyrir hækkun framlaga til sjúkratrygginganna á fjáraukalögum næsta haust svipað og yrði með lífeyristryggingarnar og við ræddum hér áðan verði sú raunin að áætlun fjárlaga muni ekki standast, eins og allt bendir þó nú til að hún muni gera, að gefnum þeim forsendum að fram náist breytingar sem varða það að ná utan um lyfjaútgjöldin.

Ég hef hér, eins og í sambandi við lífeyristryggingaútgjöldin, reynt að leggja mitt af mörkum og lagt fram hugmyndir og tillögur um það hvernig megi að þessum sparnaði standa. Fái ég stuðning til þess hjá þingliði stjórnarinnar og hjá hv. Alþingi tel ég að þau fyrirheit sem sett voru fram í fjárlagafrv. muni nást.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svör hans. Hann hélt því fram að á síðasta ári hefði náðst töluverður árangur við sparnað í lyfjakostnaði. Hafi svo verið hefur kostnaðurinn aukist annars staðar því niðurstaðan var í rauninni nánast óbreytt eins og áætlað hafði verið. Sá sparnaður sem átti að nást, um 500–600 millj. kr., náðist ekki og hann varð að greiða. Í það heila tekið náðist sem sagt enginn sparnaður og ef eitthvað hefur sparast á einum lið hefur kostnaður aukist á öðrum lið.

Ég skal ekki segja hvort svo fer nú en hæstv. ráðherra telur að það sparnaðarform sem þá var lagt upp með geti skilað á þessu ári allt að 150 millj. kr. Á hinn bóginn segir hann að meginefni þessa máls sé í því horfi að því hafi átt að ná með lagabreytingu þar sem væru sett lög um nýja skipan lyfjamála og með því ætti að nást verulegur sparnaður. Frv. til slíkra laga lægi nú hjá stjórnarflokkunum. Það sjá allir að frv. sem er nú til meðferðar hjá stjórnarflokkunum verður ekki að lögum á þessu þingi. Það hlýtur hæstv. ráðherra að sjá eins og aðrir. Þá er það í raun og veru úr sögunni á þessu ári þannig að það er hrein yfirlýsing um það að þessi sparnaður muni ekki takast, sem ætlunin var að ná með lagabreytingu.

Ég er ekkert að gera lítið úr tilraunum hæstv. ráðherra til að ná fram sparnaði í þessum málaflokki. Þær tilraunir eru af hinu góða svo fremi að þær komi ekki ranglátlega niður. Hins vegar liggur það líka fyrir í lokasvari hæstv. ráðherra að kostnaðarþátttöku almennings í lyfjakaupum sé breytt þannig að kostnaðurinn sé ákveðinn sem hlutfall af lyfjakostnaði í stað fastrar tölu áður. Væntanlega þýðir það, ef það á að skila sparnaði fyrir Tryggingastofnunina og ríkissjóð, að meira leggst á herðar almennings en áður og þeir sem lenda í þeim hremmingum með sitt heilsufar að þeir verða að kaupa hin dýru lyfin, verða þá að bera þeim mun meira.

Og síðan eitt að lokum. Það er sem sagt augljóst af svari ráðherra að sá sparnaður sem um er rætt, 500 millj. kr., næst ekki og það verður að leita heimilda Alþingis á fjáraukalögum þegar líður á árið eins og áður hefur þurft að grípa til oft í þessum málaflokki. Það er þá lokaniðurstaðan úr þessu svari að sparnaðurinn mun ekki nást.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það er aftur aðeins örstutt. Ég vil ítreka það að ég tel að verulegur sparnaður hafi náðst við lyfjakostnað á seinasta ári, en hins vegar er rétt hjá hv. þm., eins og ég reyndar gerði líka grein fyrir í mínu svari áðan, að annar kostnaður hefur aukist. Vissulega er það svo að þessi kostnaðarsami málaflokkur er stöðugt vaxandi. Það koma inn nýir þættir, nýir liðir, ný lyf meira að segja, stöðugt að koma inn ný og dýr lyf sem við viljum ekki neita þeim sem á þurfa að halda að fá. Þess vegna hefur verið erfitt að halda utan um útgjaldarammann svo sem fjárlög hafa kveðið á hverju sinni.

Ég geri mér enn vonir um það, þó hv. þm. telji ekki miklar líkur á því héðan af, að ný skipan lyfjamála geti náðst í gegnum þingið á þeim tíma sem eftir lifir. Ég hef a.m.k. haldið mig við það að þessi frv., sem reyndar eru tvö sem fjalla um lyfjamálin, um breytingar á skipulagi lyfjamála, séu á forgangslista og hef lagt á það áherslu að þau fengjust afgreidd. Það er þá a.m.k. ekki við mig að sakast að ég hafi ekki lagt á það mikla áherslu að ná því fram og reyna að koma þeim aðgerðum til skila sem ég tel nauðsynlegar og líklegar til þess að geta dregið úr lyfjakostnaði.

Og aðeins að lokum um breytingar á greiðsluþátttöku einstaklinganna. Ég tók það skýrt fram í svari mínu áðan að ekki væri gert ráð fyrir því að auka álögur á almenning og ná sparnaði fram þannig. Það væri þvert á móti ákveðið að gera það ekki. Hins vegar væri hugsanlegt að breytt skipulag, breytt kostnaðarvitund almennings, gæti leitt til þess að það hefði áhrif á ávís-

anavenjur, hefði áhrif á hversu dýr lyf eru notuð og gæti á þann hátt leitt til lækkunar á lyfjakostnaði. Ef það tækist, það er reyndar hluti af þeim aðgerðum sem við reyndum að grípa til á sl. ári með svokölluðum bestukaupalista, hefur því miður ekki skilað því sem honum var ætlað að gera, en með enn meiri áherslu á þetta af hálfu almennings í landinu, af hálfu sjúklinganna eða þeirra sem nota lyfin á að hafa áhrif á hvernig lyfjum er ávísað, þá held ég að það gæti leitt til sparnaðar. Það var það sem ég meinti og reyndi að gera skýrt í mínu máli áðan án þess að það þýddi aukin útgjöld hjá einstaklingum.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Aðeins um þessa síðasttöldu leið til sparnaðar, kostnaðarþátttöku sjúklingsins. Sjúklingur sem þarf að kaupa dýru lyfin — og hann ræður því ekki sjálfur hvaða sjúkdóm hann fær eða hvaða læknisaðferðum er beitt — en ef þátttaka sjúklings í þessum lyfjum vex svo að leiðir til sparnaðar þá er það fyrir það að hann treystir sér ekki til að kaupa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Þetta skal verða örstutt. Ég vil aðeins ítreka það enn frekar sem ég hef verið að reyna að gera grein fyrir. Ef breyting yrði á þeirri reglugerð sem kveður á um þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði hafði ég hugsað mér, og það eru reyndar tillögur úr þessu nál. sem fyrir liggur sem gera ráð fyrir því að sett verði bæði lágmark á lyfjagreiðsluna svipað því sem er nú en lægra en það er í dag, það er 500–700 kr. í dag, gæti kannski verið 300 kr. en þá tölu nefni ég án þess að það sé nein endanleg ákvörðun fyrirliggjandi, og síðan þak á upphæðina einnig þannig að hin dýrustu lyf, við skulum segja kannski 50.000 kr. lyf sem eru til dæmi um, en t.d. 10% þátttaka sjúklings þýddi ekki það að hann þyrfti að greiða 5.000 kr. heldur yrði einnig þak á upphæðinni. Með þessum hugmyndum viljum við bæta verðskyn almennings og fá almenning til þess að taka þátt í viðleitni stjórnvalda til að spara lyfjaútgjöld með því að breyta þessu formi á greiðslunum en ekki auka heildarhlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði.

Deild frystiiðnaðarins í Verðjöfnunarsjóði, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 390. mál. — Þskj. 698.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til sjútvrh. um deild frystiiðnaðarins í Verðjöfnunarsjóði:

„Hvað var mikið fé í deild frystiiðnaðarins í Verðjöfnunarsjóði 1. febr. 1991? Hvernig er ávöxtun þess fjár og hvernig er það verðtryggt? Hver er talin afkoman í frystiiðnaðinum nú og hver er talin samkeppnisstaða hans miðað við útflutning á óunnum fiski?“

Ég tel rétt að það komi fram að ég tel að viss sjóðamyndun í góðæri geti átt rétt á sér innan hóflegra marka, séu þeir fjármunir eyrnamerktir þeim fyrirtækjum sem safna þeim sjóði. Hins vegar hlýtur að verða að gæta hófs í þessum efnum svo forsjárhyggja sé ekki svo mikil að það sé nánast sama hvort í góðæri eða í verra árferði sé verið að reka fyrirtæki. Viðleitni fyrirtækja til að ná fram hærra verði og ná fram betri sölu þess vegna er vissulega mjög slævð ef þessari verðjöfnunardeild er beitt það óvægilega að mönnum finnist að þangað sé fjármununum beint og í það ríkum mæli að það skaði fyrirtæki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. heilbr.- og trmrh. svarar fyrir hæstv. sjútvrh. vegna fjarveru hans.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. hefur hér beint fsp. til sjútvrh., sem hann hefur gert grein fyrir og með samkomulagi við hann var það samþykkt að ég svaraði þessari fsp. fyrir hönd sjútvrh.

Fyrsti liður fsp. var: „Hvað var mikið fé í deild frystiiðnaðarins í Verðjöfnunarsjóði 1. febr. 1991?“ Svarið er svohljóðandi: Skv. 3. gr. reglugerðar nr. 254 frá 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, skiptist sjóðurinn upp í sjö eftirtaldar deildir:

1. Deild fyrir unnar botnfiskafurðir.
2. Deild fyrir óunnar botnfiskafurðir.
3. Rækjudeild.
4. Humardeild.
5. Hörpudisksdeild.
6. Síldardeild.
7. Mjöl- og lýsisdeild.

Eins og fram kemur í þessari upptalningu er ekki starfrækt sérstök deild fyrir frystar afurðir eins og var í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, sem lagður var niður á seinasta ári. Þrátt fyrir þessa deildaskiptingu milli unninna og óunninna botnfiskafurða er skv. 7. gr. reglugerðar nr. 254 frá 1990 greitt sama verðjöfnunarhlutfall fyrir þessar afurðir. Um þessar mundir er greitt inn í sjóðinn 4,5% af fob-verðmæti unninna og óunninna botnfiskafurða.

Frá því sjóðurinn tók til starfa á miðju síðasta ári hefur verið greitt inn á eftirtaldar þrjár deildir og voru innstæður þann 1. febr. sl. sem hér segir:

Deild fyrir unnar botnfiskafurðir 402.507.309 kr.

Deild fyrir óunnar botnfiskafurðir 113.653.773 kr.

Deild fyrir hörpudisk 161.829 kr. Samtals 516.322.911 kr.

Annar liður fsp. var: „Hvernig er ávöxtun þess fjár og hvernig er það verðtryggt?“ Í svarinu segir: Skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, skulu innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins ávaxtaðar á tryggan og hagkvæman hátt í erlendum gjaldeyri. Stjórn sjóðsins hefur gert samning við Seðlabanka Íslands um ávöxtun innstæðna og

eru þær varðveittar í bankanum. Eru þær bundnar kaupgengi SDR. Vextir af innstæðum, eins og þær eru á hverjum tíma, skulu vera millibankavextir í London, svokallaðir liborvextir samanvegin eftir samsetningu SDR hverju sinni að frádregnum $^1/_8$%.

Þriðji liður fsp. var: „Hver er talin afkoman í frystiiðnaðinum nú og hver er talin samkeppnisstaða hans miðað við útflutning á óunnum fiski?" Þar segir í svari: Þann 31. okt. sl. birti Þjóðhagsstofnun yfirlit um hag fiskveiða og fiskvinnslu á árinu 1989 ásamt stöðumati við rekstrarskilyrði eins og þau voru á þeim tíma. Miðað við 6% ávöxtun stofnfjár var hagnaður frystingar á árinu 1989 1,3% af tekjum. Á því ári fékk frystingin að meðaltali 3% af tekjum sínum úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Við rekstrarskilyrði í október var hagnaður frystingar talinn um 0,7% af tekjum miðað við sömu ávöxtunarkröfu til stofnfjár en 2,5% inngreiðslu í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Raunveruleg rekstrarskilyrði frystingarinnar hafa því batnað umtalsvert milli ára. Frá því að stöðumat Þjóðhagsstofnunar var gert hefur verð á fiskafurðum hækkað nokkuð og er nú greitt um þessar mundir 4,5% af útflutningstekjum í deildir fyrir unninn og óunninn botnfisk.

Upplýsingar um breytingar á hráefnisverði frá því í október liggja ekki fyrir. Almennar kostnaðarhækkanir hafa verið litlar á þessum tíma þannig að margt bendir til að rekstrarskilyrði frystingar hafi frekar batnað frá því að síðasta stöðumat á rekstrarskilyrðum greinarinnar fór fram. Upplýsingar um rekstrarskilyrði þeirra sem stunda útflutning á óunnum fiski liggja ekki fyrir enda er sú starfsemi ekki sérgreind í ársreikningum fyrirtækja.

Besta vísbendingin um samkeppnisstöðu frystingar gagnvart útflutningi á óunnum fiski er e.t.v. ásókn í að flytja óunninn fisk úr landi. Á árinu 1990 voru seldar samtals 29.455 lestir af þorski og 17.269 lestir af ýsu á fiskmörkuðum í Bretlandi en á sama tíma voru seldar 29.793 lestir af þorski og 10.575 lestir af ýsu á fiskmörkuðum innan lands. Fyrstu níu vikur þessa árs hefur verulega dregið úr útflutningi á óunnum fiski. Þannig voru fluttar út 2.900 lestir af þorski fyrstu níu vikur þessa árs samanborið við 5.800 lestir á sama tíma í fyrra, útflutningur á ýsu hefur einnig dregist saman og voru fluttar út 1.000 lestir á þessu tímabili í stað 1.900 lesta á sama tíma í fyrra. Þessi samdráttur virðist að fullu hafa skilað sér til innlendra fiskmarkaða því sambærileg aukning hefur orðið á sölu fisks á þeim tíma sem nemur samdrætti í útflutningi. Þá hefur verulega dregið úr umsóknum til Aflamiðlunar og hefur að meðaltali verið sótt um útflutning í viku hverri á um 1.200 lestum af þorski og ýsu það sem af er þessu ári en til samanburðar var að meðaltali sótt um útflutning á 2.200 lestum af þessum tegundum á sama tímabili í fyrra.

Það virðist einkum vera þrennt sem skýrir þau umskipti sem orðið hafa á útflutningi á óunnum fiski á milli ára. Í fyrsta lagi hefur álag vegna útflutnings á óunnum fiski verið hækkað úr 15% í 20% fyrir þorsk og ýsu. Í öðru lagi hefur verð á fiskmörkuðum innan lands hækkað og í þriðja lagi virðist áhrifa Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins vera farið að gæta en þeir sem flytja út óunninn fisk sitja nú við sama borð og þeir sem flytja út unnar botnfiskafurðir með tilliti til inngreiðslna í sjóðinn.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það eru miklar upplýsingar sem í þeim felast og ég met það svo að um jákvæða þróun sé að ræða. Hins vegar vil ég vekja á því athygli að á skömmum tíma hefur með því að hafa 2,5% sem greiðslu í Verðjöfnunarsjóð safnast þar fyrir verulegt fé. Nú er komin greiðsla upp á 4,5% þannig að sjóðamyndunin er gífurlega hröð. Ég verð að segja eins og er að miðað við það að þó að búið sé að eignarfæra hverju fyrirtæki sinn hlut í Verðjöfnunarsjóðnum þá er það nú svo að t.d. *við gjaldþrot greiðast þessir fjármunir ekki út.* Það væri nokkuð hláleg staða ef það kæmi upp að fyrirtæki væri gert upp, ætti ekki fyrir skuldum, en á sama tíma ætti það kannski tugi milljóna inni í Verðjöfnunarsjóðnum sem hefðu ráðið úrslitum í stöðunni hvort það hefði getað staðið við sínar skuldbindingar gagnvart lánardrottnum. Þess vegna vil ég koma því hér á framfæri að annað tveggja sýnist mér að verði að eiga sér stað, að það verði eitthvert þak á því hversu mikið menn taki í þennan Verðjöfnunarsjóð og einnig að það þurfi að ganga betur frá því hver sé eignarréttur á því fé sem inni í sjóðnum er. Þessu vil ég koma hér á framfæri vegna þess að mér finnst of mikil forsjárhyggja felast í því kerfi sem nú er við lýði.

Lækkun raunvaxta, ein umr.

Fsp. EH, 377. mál. — Þskj. 667.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 667 að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. um lækkun raunvaxta. Fsp. er í þrem liðum:

„1. Hvers vegna hefur Seðlabankinn ekki framfylgt lagaákvæðum um að raunvextir séu svipaðir og í helstu viðskiptalöndum okkar?

2. Hvernig hyggst bankinn tryggja að raunvextir verði lækkaðir?

3. Þegar verðtrygging var tekin upp var talað um 2% raunvexti sem eðlilega vexti. Hverjir eru þeir í dag?"

Samkvæmt 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands ber bankanum að sjá um að raunvextir hérlendis séu sambærilegir við þá sem gilda í helstu viðskiptalöndum okkar. Hér er um hreina og beina lagaskyldu bankans að ræða. Samkvæmt upplýsingum eru þeir talsvert hærri hérlendis en í helstu viðskiptalöndum okkar um þessar mundir. Rétt er að undirstrika að þegar Ólafslög voru samþykkt voru raunvextir taldir eðlilegir í námunda við 2% og þá var rætt um að yrðu þeir 4% væri það okur.

Miklar skeytasendingar hafa farið fram í fjölmiðlum á undanförnum mánuðum milli ríkisstjórnar og

Seðlabankans þar sem þessir aðilar lýsa hvorn annan sem sökudólg í vaxtabrjálæðinu. Eitt nýjasta skeyti Seðlabankans til ríkisstjórnarinnar má finna í forustugrein eftir formann bankastjórnar Seðlabankans, Jóhannes Nordal, sem birtist í síðasta hefti Fjármálatíðinda. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við núverandi aðstæður virðist einkum tvennt geta stuðlað að lækkun raunvaxta. Annars vegar þarf að draga úr hinni miklu lánsfjáreftirspurn á vegum ríkisins sem stafar bæði af beinum halla í ríkisbúskapnum og ríkisreknum lánakerfum, einkum á sviði húsnæðismála. Hins vegar er varanleg lækkun raunvaxta mjög háð því að það takist að efla trú manna á minnkandi verðbólgu og aukinn stöðugleika í efnahagsmálum.“ Öll eru þessi orð vafalaust sönn og rétt, en eftir stendur: Er Seðlabankinn stikkfrí? Er ekki skýlaus skylda hans lögum samkvæmt að lækka raunvextina? Varla álítur hann sig hafinn yfir landslög, eða hvað? Ég leyfi mér að ítreka: Hvers vegna hefur Seðlabankinn ekki framfylgt landslögum?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég ásamt hv. fyrirspyrjanda ræddum hér, þann 26. febr. sl. á fundi í Nd., um verðtryggingar fjárskuldbindinga og fleira sem tengist raunvöxtum. Ég vil vísa til þeirrar umræðu um leið og ég svara fsp. sem hér er fram borin. Ég tel að fyrirspyrjandi leggi ekki rétt út af seðlabankalögunum þegar hann heldur því blákalt fram að Seðlabankinn hafi ekki framfylgt lagaákvæðum um raunvexti. Fyrirspyrjandi heldur því fram að hér sé um hrein og bein lagaákvæði að ræða. Hér er vitnað af ónákvæmni til laganna. Með breytingu sem gerð var á þeim lögum um Seðlabankann sem nú gilda, sem eru nr. 36 5. maí 1986, en breytingin var gerð með lögum nr. 11 30. mars 1989, segir í 9. gr. að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Ég tel að eðlilegt sé að líta á þessi ákvæði 9. gr. sem varúðar- og aðhaldsákvæði meðan samkeppni er ónóg á hinum íslenska fjármagnsmarkaði.

En svo ég svari spurningunni beint þá hefur Seðlabankinn ekki leitað samþykkis míns á slíkri íhlutun í frjálsa ákvörðun vaxta. Ég tel slíka íhlutun reyndar ekki skynsamlega aðgerð við þær aðstæður sem hafa verið á fjármagnsmarkaðnum að undanförnu. Seðlabankinn hefur stuðlað að lægri raunvöxtum með beinum viðræðum við innlánsstofnanir, með breytingum á ákvæðum um innlánsbindingu og lausafjárkröfur. Þetta hefur gert minni vaxtamun mögulegan en annars væri. Seðlabankinn hefur líka fyrir sitt leyti reynt að beita kaupum og sölu á skuldabréfum þannig að stuðli að lægri vöxtum. Ég tel að vaxtalækkun náist best til frambúðar með óbeinum aðgerðum og fyrst og fremst með því að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera og með því að auka samkeppnina á lánamarkaðnum við önnur lönd.

Ég kem svo í öðru lagi að því sem fyrirspyrjandi vék hér að í sinni spurningu hvernig Seðlabankinn hyggist tryggja að raunvextir lækki. Um þá afstöðu vil ég í fyrsta lagi vísa til skýrslu um vexti og lánskjör sem hefur verið dreift í þinginu og hefur að geyma greinargerð Seðlabankans um þetta mál.

19. febr. sl. samdi ríkisstjórnin að fela Seðlabanka Íslands að ná fram frekari lækkun raunvaxta og var ítrekað að stefnt skyldi að því að þeir yrðu sem næst því sem tíðkast í helstu viðskiptalöndum okkar í Vestur-Evrópu. Það var bent á þrjár leiðir til þess að ná þessu marki: að innlánsbinding banka og sparisjóða verði tekin til endurskoðunar og samræmd reglum sem um hana gilda í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu, að Seðlabankinn hefji virkari kaup og sölu markaðsverðbréfa í því skyni að hafa áhrif á vextina og svo að vaxtaákvörðunardögum banka og sparisjóða verði fækkað og vaxtaákvarðanir þeirra ekki byggðar á spám um verðlagsþróun heldur á þekktri verðþróun og raunverulegri afkomu innlánsstofnana.

Seðlabankinn hefur þetta mál nú til athugunar en þegar til lengdar lætur er það, eins og ég sagði áðan, lánsfjárþörf ríkisins sem þarf að stilla í hóf til þess að vöxtum megi stilla í hóf.

Loks fullyrti fyrirspyrjandi að þegar verðtrygging var tekin upp á árunum 1979–1980 hafi verið talað um 2% raunvexti sem eðlilega vexti og spyr hverjir þeir séu í dag. Ég tel nú að þarna sé hallað réttu máli því að ég kannast ekki við að nein opinber yfirlýsing hafi verið gefin um það að hvaða vaxtastigi væri stefnt. Það er rétt að í umræðum þann 26. febr. í Nd. sem ég vitnaði til áðan kom það fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. að hér væri átt við blaðagrein sem Pétur Blöndal hagfræðingur hefði skrifað á þessum tíma. Ég tel útilokað að binda raunvextina fyrir fram við einhverja ákveðna tölu, hvorki 2% né eitthvað annað. Þeir hljóta að ráðast af framboði og eftirspurn á markaðnum, kostnaði innlánsstofnana og fleiri atriðum, arðvænlegum fjárfestingartækifærum. Dæmigerðir raunvextir á markaðnum í dag eru vextir almennra víxla, skuldabréfalána og afurðalána, ef maður tekur þetta allt í einu lagi er það 7,5–8%. Ég vísa um fyllri upplýsingar til þeirrar skýrslu sem hér hefur verið dreift í þinginu um vexti og lánskjör og segi það að lokum að það hefur náðst veruleg lækkun raunvaxta frá því á árinu 1988. Þá fóru þeir í 9,5% á skuldabréfum með verðtryggingu, eru nú komnir niður fyrir 8%. Það er afar athyglisvert að nafnvextirnir hafa lækkað frá því að þeir fóru hæst á árinu 1988 í 41% niður í 15,5% ef maður lítur á nafnvexti skuldabréfalána.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en þau nægja mér ekki og kannski er ástæðan sú að við verðum seint sammála í þessum málum.

Skýrsla Seðlabankans sem hæstv. ráðherra vitnaði til lýsir nánast hvernig allir hlutir í þessum málum liggja fyrir, um allan sparnaðinn, sem hún sannar að hefur enginn orðið á þessu tímabili, og allt þetta mikla vaxtabrjálæði. Ég vil aðeins út af orðum ráðherra vísa til orða Lúðvíks Jósepssonar er hann fékk eftir sig birt í

umræðum um vaxtamálin í vetur. Hann vísar t.d. þar í Vísbendingu, sem er gefin út af ráðgjöf Kaupþings. Þar segir, með leyfi forseta:

„Raunvextir óverðtryggðra skuldabréfa hækkuðu á árinu 1990 að meðaltali um 2,8% frá fyrra ári, úr 6,5 í 9,3%. Aðeins árið 1988 voru þessir vextir hærri. Ársvextir vísitölubundinna lána hækkuðu að meðaltali um 0,2%, úr 7,8% í 8%. Þetta eru hæstu vextir frá því að almenn vísitölubinding var tekin upp árið 1979 ef undan er skilið árið 1988.

Raunvaxtaþróun á árinu 1990 bendir til þess að bankarnir hafi ekki náð að láta vaxtalækkanir fylgja takti hjöðnunar verðbólgu. Raunvextir óverðtryggðra lána voru að meðaltali 1,3% hærri en vísitölubundinna lána."

Síðan vísar Lúðvík Jósepsson í nóvemberhefti rits Seðlabankans og lýsir því hvað þetta komi skýrt fram að á þriðja ársfjórðungi ársins 1990 hafi vaxtahækkun óverðtryggðra lána verið 12,3% miðað 5,3% verðbólgu. Og síðan í þessu sama blaði kemur fram að meðaltalsvextir umfram fulla verðtryggingu eru 8% árið 1990. Og þetta gerist við ríkjandi þjóðarsátt. Er þetta ekki hneyksli? Lúðvík Jósepsson heldur áfram: „Allir ættu að sjá að það er ósanngjarnt að launafólk sé sett á núll á sama tíma og þeir sem lána út peninga fái 8% í raunvexti."

Ég er kominn fram yfir tímann en þetta vaxtabrjálæði sem gengið hefur yfir þjóðfélagið og átt þátt í hversu komið er um gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja og það stjórnleysi sem ríkir í þessum hlutum, það virðist enginn hafa úrslitavald, hvorki ríkisstjórn né Seðlabanki, en þeir vísa hvor á annan.

Vestnorrænt ár 1992, ein umr.

Fsp. MálmS, 410. mál. — Þskj. 737.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á aðalfundi Vestnorræna þingmannasambandsins í Stykkishólmi 1989 var samþykkt áskorun á landsstjórnir Færeyja, Grænlands og Íslands að gera árið 1992 að sérstöku vestnorrænu ári. Meginákerslan yrði lögð á jafnréttismál karla og kvenna, umhverfismál og æskulýðsmál. Ráðstefna um jafnrétti verði haldin á Íslandi, ráðstefna um umhverfismál á Grænlandi og um æskulýðsmál í Færeyjum. Enn fremur skoraði ráðið á stjórnvöld þessara landa að veita nægilegt fé til þessara mála og tilnefna hvert einn fulltrúa til að undirbúa vestnorrænt ár 1992.

Vestnorræna þingmannasambandið samþykkti einnig á þessum fundi að skora á landsstjórnir Grænlands, Færeyja og Íslands að fylgja eftir ályktun nr. 4 sem samþykkt var á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Nuuk 1988 en þar lýsti ráðið áhyggjum sínum af hernaðarumsvifum í Norður-Atlantshafi og hvatti stjórnvöld viðkomandi landa til að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem birtust í ályktuninni, m.a. með því að kalla strax til hóp sérfræðinga til að annast umhverfisvandamál sem um var getið í þessari ályktun. Ráðið skoraði því á landsstjórnir Grænlands og Færeyja og ríkisstjórn Íslands að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að beita stórveldin þrýstingi í því skyni að flýta afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Í Þórshöfn á fundi Vestnorræna þingmannasambandsins sl. haust var sömuleiðis samþykkt ályktun sem umhverfisnefnd þess þings samdi. Umhverfisnefndin leggur áherslu á fundi sínum á að haf, land og loft í þessum löndum sé mjög lítið mengað miðað við aðstæður á mörgum stöðum í heiminum og leggur áherslu á að við sem byggjum þessi þrjú lönd verðum að standa vörð um umhverfi okkar, en í löndum okkar er náttúran mjög viðkvæm og henni má ekki spilla. Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. umhvrh. með tilliti til þessarar umhverfisráðstefnu sem á að halda:

Hvað líður undirbúningi af Íslands hálfu undir ráðstefnu á Grænlandi um umhverfismál og hefur verið skipaður fulltrúi af Íslands hálfu í undirbúningsnefnd fyrir vestnorræna árið?

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Frú forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli, þ.e. auknu samstarfi vestnorrænu þjóðanna í Norður-Atlantshafi. Það hefur verið vaxandi áhugi meðal þessara smáþjóða að taka upp nánara samstarf og hef ég sem samstarfsráðherra í ráðherranefnd beitt mér mjög fyrir því að það verði lögð aukin áhersla á samstarf vestnorrænu þjóðanna. Hins vegar er því ekkert að leyna að þetta samstarf fer svolítið í taugarnar á hinum Norðurlandaþjóðunum sem finnst eins og við séum kannski að varpa fram hugmynd þess efnis að við séum afskipt og út undan í norrænu samstarfi, sem ég tel vissulega að við séum. Það er hins vegar erfitt að fá hin Norðurlöndin til að viðurkenna þá staðreynd, enda hef ég oft lýst því að þessa stundina horfa Norðurlöndin mjög til austurs og hafa brennandi áhuga á auknu samstarfi við austur-evrópskar þjóðir og sérstaklega Eystrasaltsþjóðirnar. Í þeirri hrifningarvímu vilja vestnorrænu ríkin gleymast.

Það sem hefur gerst á þessum vettvangi sem tengist fsp. hv. þm. Málmfríðar Sigurðardóttur er eftirfarandi:

Á fundi samstarfsráðherra í Kaupmannahöfn í tengslum við Norðurlandaráðsþing núna nýlega var samþykkt að skipa sérstaka embættismannanefnd til að undirbúa tillögur til þess að styrkja vestnorræna samstarfið og taka á öllum þeim málum sem hér eru reyndar til umræðu í fyrirspurninni m.a. Sömuleiðis hittust fulltrúar allra þriggja vestnorrænu ríkjanna á skrifstofu grænlensku heimastjórnarinnar í Kaupmannahöfn á meðan Norðurlandaráðsþing stóð yfir. Þar var ákveðið að hefja undirbúning að auknu samstarfi, m.a. á sviði umhverfismála og var ákveðið að haldinn skyldi fundur æðstu embættismanna allra þriggja vestnorrænu ríkjanna, til að fjalla um umhverfismál í Reykjavík í maí nk. Þar munum við að sjálfsögðu taka til umræðu fyrirhugaða ráðstefnu á Grænlandi um umhverfismál, en það er mikill vilji fyrir hendi hjá fulltrúum bæði Færeyinga og Grænlendinga að eiga náið samstarf við

Íslendinga á sviði umhverfismála og höfum við m.a. rætt um sameiginlega, alþjóðlega rannsóknamiðstöð sem sérstaklega hugi að rannsóknaverkefnum á Norður-Atlantshafi sem bæði Færeyingar og Grænlendingar hafi áhuga á að gerast aðilar að.

Það hefur ekki verið skipaður sérstakur fulltrúi af Íslands hálfu í undirbúningsnefnd fyrir vestnorrænt ár 1992, enda er undirbúningur þess mjög skammt á veg kominn. Því miður hefur það mál einhvern veginn dottið upp fyrir í umræðum meðal hinna Norðurlandaþjóðanna þannig að á fundum samstarfsráðherra hefur þetta mál ekki fengið neinn hljómgrunn enn sem komið er. En ég mun vissulega halda því á lofti og gera mitt til þess að af þessu megi verða.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa fsp. Ég vil láta það koma fram hér sem mína skoðun að þegar svona tillögur eru lagðar fram og þær eru sendar héðan sem ályktun Alþingis verði hæstv. ríkisstjórn á hverjum tíma annaðhvort að samþykkja þær eða synja sem slíkum til þess að mál sé á hreinu og ljóst sé t.d. hvort við ætlum okkur yfirleitt að halda vestnorrænt ár. Það eina sem getur tryggt að þetta ár geti orðið með þeim hætti sem við vildum, sem tókum þátt í að undirbúa tillögu um það á sínum tíma, er góður undirbúningur. Og það er aðeins hægt að undirbúa þetta ár vel með því móti að skipuð sé samstarfsnefnd þessara þriggja þjóða og að þær geti hafið það starf sem allra fyrst því að það er ekki langur tími til stefnu. Það er í raun og veru ekki nema eitt ár.

Ég vil svo líka taka það fram að ég held að í ljósi þess sem gerðist á síðasta Norðurlandaráðsþingi ættum við að hugleiða mjög þann möguleika að snúa okkur að því að efla samstarf okkar og samstöðu með smáþjóðum, hvort sem þær eru í vestri eða austri. Ég tel mjög mikilvægt að það fáist hreinar línur í þetta mál. Er ætlunin að styðja við bakið á þessari einróma ályktun Alþingis með því að hrinda henni í framkvæmd eður ei?

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að upplýsa í tengslum við þetta mál að félmrn. hefur nú óskað eftir tilnefningu frá nokkrum kvennasamtökum og verkalýðshreyfingu í nefnd til þess að undirbúa jafnréttisráðstefnu hér á Íslandi árið 1992.

Mig langar líka að það komi fram að ég er algerlega sammála hæstv. umhvrh. þegar hann segir að hin Norðurlöndin sýni málefnum vestnorrænu ríkjanna mjög takmarkaðan áhuga og þetta sé málaflokkur sem hafi orðið verulega út undan á vettvangi Norðurlanda og Norðurlandaráðs. Mig langar að minna á það að það er orðið nokkuð langt síðan hv. Alþingi samþykkti tillögu frá Vestnorræna þingmannaráðinu um að komið yrði á fót alþjóðlegri rannsóknastöð á Íslandi til þess að fylgjast með mengun og vinna að vörnum gegn mengun Norður-Atlantshafsins. Bandarískri sendiherrann á Íslandi tók þetta mál raunar upp og gerði að sínu að hluta til. Ég hef ekkert frétt af hans störfum frekar. Hann var mjög bjartsýnn á það að þetta mætti takast, en ég get líka um leið upplýst það að Danir hafa nú mjög mikinn áhuga á þessu málefni og munu væntanlega hafa einhverja forgöngu á þessu sviði áður en langt um líður.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Það má kannski draga niðurstöður þessara umræðna saman á þann hátt að hvað varðar undirbúning að þeim ráðstefnum sem lýst er í tillögum Vestnorræna þingmannaráðsins, þá er hafinn undirbúningur að því að halda umhverfisráðstefnu á Grænlandi og efla samstarf vestnorrænu ríkjanna á sviði umhverfismála og sömuleiðis ýmissa annarra mála. Hins vegar er undirbúningur að því að halda vestnorrænt ár 1992 skammt á veg kominn. Þar má e.t.v. kenna um að viðbrögð hjá hinum þjóðríkjunum, þ.e. Grænlendingum og Færeyingum, hafa verið ákaflega dauf gagnvart þessari hugmynd. Það má e.t.v. rekja til þess að þar hafa verið langvarandi stjórnarkreppur og það er fyrst núna fyrir örfáum vikum að komin er fullgild stjórn á í Færeyjum en væntanlega sjáum við ekki fullgilda heimastjórn á Grænlandi fyrr en kannski eftir nokkrar vikur. En að því loknu væri hægt að hefjast handa og hefja undirbúning að þessu verkefni af fullum krafti.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. svör hans. Það er ánægjulegt að heyra að eitthvað er í gangi um undirbúning fyrir þessar ráðstefnur þó að mér sýnist nú að það sé frekar skammt á veg komið. Það er ekki rétt hjá ráðherra að stjórnir hinna vestnorrænu landanna hafi ekki sinnt þessum málum því að ég veit til þess að það hefur verið sett til hliðar fé til þess að standa undir kostnaði við þau. En hins vegar er dálítið dapurlegt fyrir okkur að þó að samþykktir og ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins renni í gegn sem þingsályktanir hjá Alþingi, þá er allt of lítið gert af því að vinna að því að þær nái fram að ganga.

Á nýliðnu Norðurlandaráðsþingi hrikti nokkuð í stoðum norræns samstarfs eins og menn muna. Við Íslendingar höfum alltaf lagt mikið upp úr þessu norræna samstarfi og litið á þjóðir Skandinavíu sem frændur okkar og vini. En það er nú svo að samskipti og samstarf þjóða ræðst fyrst og fremst af hagsmunum, eigin hagsmunum. Sjái skandinavísku þjóðirnar sér engan hag í samstarfi við Íslendinga er það trúa mín að engin áhersla verði lögð á það samstarf í framtíðinni af þeirra hálfu.

Á hitt er svo að líta að samstarf vestnorrænu þjóðanna hefur hægt og hægt verið að eflast og aukast og ég lít svo á að brýn nauðsyn sé að efla þetta samstarf. Þessi lönd eiga margra sameiginlegra hagsmuna að gæta. Fyrst og fremst eiga þau þeirra sameiginlegu hagsmuna að gæta að lífsafkoma þeirra er algerlega bundin höfunum sem að þeim liggja sem eru þeim að miklu leyti sameiginleg. Þessi lönd hafa allar forsendur til að sameinast í öflugri baráttu gegn mengun hafsvæða og baráttu fyrir því að varðveita og auka þau

lífsgæði sem hafið veitir okkur. Þar verðum við að vera í forustu og ég lít svo á að umrædd umhverfisráðstefna sé fyrsta skrefið til að auka og efla það samstarf.

Aðgerðir til að draga úr bensínnotkun, ein umr.

Fsp. VS, 391. mál. — Þskj. 704.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. á þskj. 704 um aðgerðir til að draga úr bensínnotkun. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað hefur ríkisstjórnin gert á síðustu vikum til þess að draga úr bensínnotkun?

2. Hyggst ríkisstjórnin grípa til frekari aðgerða í þessu skyni?"

Ástæða þess að ég kem hér fram með þessa fsp. er sú að ég hef mikinn áhuga á því að auka notkun á almenningsvögnum, auka notkun á strætó, eins og þetta er nú yfirleitt orðað á íslensku. Það vinnst mjög margt með því. Má t.d. nefna minni mengun, sparnað í gatnagerð og þar eru nú fyrirhugaðar stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu á næstu missirum. Það má nefna fækkun slysa, minna stress og svo auðvitað tímasparnað samfara minni umferð. Það er eiginlega hámark velmegunarvitleysunnar, ef maður mætti orða það þannig, að hafa hundruð manna í því klukkutímum saman að vera einhvers staðar fastir í umferðinni, spúandi eitri út í umhverfið. Það var því mikið fagnaðarefni þegar það heyrðist fyrir nokkrum vikum að ríkisstjórnin hygðist grípa til aðgerða til að minnka notkun á bensíni. En nýlega bárust þær fréttir að bensínnotkun hefði ekki minnkað. Þess vegna leyfi ég mér að bera fram þessa fsp. til hæstv. ráðherra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í kjölfar illvígra hernaðarátaka við Persaflóa í janúar sl. ákvað ríkisstjórnin að hefja skyldi kynningar- og áróðursherferð fyrir bensín- og olíusparnaði vegna þeirrar óvissu sem þá kom upp um framboð á olíuvörum og verðlag á þeim. Þessi kynningar- og áróðursherferð hefur birst landsmönnum m.a. í bæklingi sem dreift er á öllum bensínstöðvum og víðar og með auglýsingum í útvarpi og sjónvarpi. Olíufélögin tóku strax þátt í þessu verki og hafa á sínum eigin vegum gefið út blöð og auglýsingar með ábendingum um leiðir til bensínsparnaðar.

Þá var líka tekið upp samstarf milli iðnrn. og viðskrn. og ýmissa hagsmunasamtaka, þar á meðal Félags ísl. bifreiðaeigenda, Félags sérleyfishafa, Strætisvagna Reykjavíkur, Akureyrar og Kópavogs, um sameiginlegt átak til þess að draga úr notkun á innfluttu eldsneyti. Þetta er ýmist þegar komið til framkvæmda eða í undirbúningi og byggir m.a. á því að auka tíðni ferða þar sem þess er kostur hjá almenningsvögnum og auglýsa þjónustu þeirra betur. Þá var líka tekið upp samstarf og viðræður við Fiskifélag Íslands um orkusparnað í sjávarútvegi, en Fiskifélagið vann mikið starf að því á fyrri hluta níunda áratugarins m.a. á vegum sjútvrn. En þetta tvennt, olíunotkun fiskiskipa og bensínnotkun einkabíla, eru stærstu þættirnir í okkar innflutningi á eldsneyti.

Það er enn ekki ljóst hvort þessar aðgerðir hafa borið árangur. Það fer að sjálfsögðu eftir því hver árangur verður af þessari kynningar- og áróðursherferð hvort þörf verður talin á að grípa til frekari ráðstafana sem hv. fyrirspyrjandi spurði um í öðru lagi.

Það er nú reyndar svo að færðin hefur verið ákaflega góð það sem af er ári. Menn hafa farið allra sinna ferða um þjóðvegina. Heklugos hefur kallað á miklu meiri akstur um Suðurlandsundirlendið en væri í venjulegu árferði. Þetta tvennt sem ég nefni, góð færð og þessi ferðamannastraumur austur fyrir fjall, er alveg nægileg skýring á því að enn hafi ekki komið fram sparnaður í bensínnotkuninni. Við höfum hins vegar hug á því að halda áfram þessum auglýsingum því það er sama hvort stríð geisar við Persaflóann eða ekki, það er almannahagur af því bæði frá sjónarmiði efnahags og umhverfis að draga úr notkun á innfluttu eldsneyti. Þar skiptir verðlagning á þessum varningi kannski einna mestu máli. Ég er alls ekki að boða að þar verði gerðar á breytingar, en það hlýtur að verða í framtíðinni mikilvægt álitaefni í sambandi við orkustefnuna og umhverfisvernd, fyrir utan fjármálastefnuna, að huga að skattlagningu á innfluttu eldsneyti í samanburði við hið innlenda.

Um almenningsvagnana sem hv. fyrirspyrjandi vék hér að sérstaklega vil ég taka það fram að ég hef gert um það tillögur og fleiri á vettvangi ríkisstjórnarinnar að almenningsvagnafyrirtækjum verði veittar sérstakar ívilnanir hvað varðar aðflutningsgjöld og skatta af nýjum farartækjum sem nauðsynleg kynnu að reynast í þeirra þágu. Þetta snertir að sjálfsögðu öll þessi fyrirtæki og ekki síst hugsanlegt nýtt almenningssamgöngufyrirtæki hér í byggðunum í kringum höfuðborgina, en það hefur þegar verið stofnað byggðasamlag um það mál af sex sveitarfélögum sem þurfa að bæta þessa þjónustu hér í kringum höfuðborgina. Ég bind vonir við að það geti einmitt náð því markmiði sem hv. fyrirspyrjandi ber fyrir brjósti.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og það að nú þegar skuli ýmislegt hafa verið gert í þessum efnum. En einhvern veginn finnst mér eins og þurfi meira til eða þurfi dálítið mikið til að fá Íslendinga til að hugsa um þetta, því miður. En ég vil ekki trúa því samt að þeir séu þannig öðruvísi innréttaðir en t.d. okkar nágrannaþjóðir að það sé ekki hægt að fá þá til að vakna til meðvitundar um mikilvægi málsins.

Mér hefur dottið í hug hvort ekki væri hægt að gera tilraun og hafa bókstaflega ókeypis strætó einhvern tíma og vita hvort það mundi ekki leiða af sér meiri notkun. Það er dálítið dýrt að ferðast með strætó, ég veit það mjög vel því ég nota strætisvagna mikið, um það bil á hverjum degi. Mér finnst það nokkuð dýrt að

fara þann spotta sem ég þarf að fara fyrir 65 kr. og ég efast um að ég spari mér mikinn pening með því, en það vill svo vel til að vagninn sem ég nota stansar fyrir utan húsið hjá mér og síðan hér utan við skrifstofuna. Þess vegna hentar þetta mjög vel. En staðreyndin er sú að skipulag almenningsvagna í Reykjavík er ekki alveg nógu gott og ferðir ekki nógu tíðar en það kemur svo aftur út frá því að vagnarnir eru ekki notaðir það mikið að það sé hægt að hafa ferðir tíðari. Þannig hangir þetta nú saman.

En ég lýk þá máli mínu með því að segja að ég vona að þetta átak sem nú er í undirbúningi og þegar hafið verði til þess að bæta úr í þeim efnum.

Rannsóknir á sjóslysum, ein umr.

Fsp. GHelg, 414. mál. — Þskj. 746.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Árið 1963 hófust skipulegar rannsóknir sjóslysa á Íslandi. Upphaf þeirra var þáltill. Gunnars Jóhannssonar og Karls Guðjónssonar þáv. hv. alþingismanna.

Skv. lögum nr. 21 30. apríl 1986, um breytingu á siglingalögum frá 1985, skal samgrh. skipa sérstaka fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn til að kanna orsakir allra sjóslysa er skip farast. Nefndin skal einnig rannsaka öll slys þar sem manntjón verða og önnur þau sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka.

Í þessari nefnd eiga nú sæti Hannes Þ. Hafstein, framkvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands, Benedikt Guðmundsson skipaverkfræðingur, Sigmar Þ. Sveinbjörnsson stýrimaður, Filip Þ. Höskuldsson skipstjóri og Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar. Með nefndinni starfar síðan sem framkvæmdastjóri Kristján Guðmundsson skipstjóri sem ráðinn var um áramótin 1985–1986.

Það vekur athygli að engin slík skýrsla hefur komið út síðan 1987 og það verður að undrast það þar sem ljóst er að sjórinn tekur dýra tolla af íslensku þjóðinni á hverju ári. Árið 1986 fórust fimm skip og 21 sjómaður lét lífið og 1987 fórust fjögur skip og 9 sjómenn létu lífið, auk allra þeirra skelfilegu slysa sem valda meiðslum á sjómönnum en þau skipta tugum á hverju ári. Það hefur því vakið undrun mína að ekki skuli hafa komið út skýrsla rannsóknanefndar sjóslysa síðan fyrir árið 1987. Því hef ég spurt hæstv. samgrh. á þskj. 746:

„1. Hvað tefur skýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa á árunum 1988, 1989 og 1990?

2. Hversu langt er sú vinna á veg komin?“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Því miður er svarið við þessari spurningu í raun og veru ákaflega einfalt. Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur við undirbúning fjárlaga fyrir öll árin sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, 1988, 1989 og 1990, óskað eftir fjárveitingum til útgáfu á ársskýrslu sinni. En þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir sem studdar hafa verið af ráðuneytinu og þrátt fyrir óskir um aukafjárveitingar sem einnig hafa verið settar fram hafa ekki fengist fjárveitingar til þessa liðar í útgjöldum nefndarstarfsins og því hefur ekki tekist að koma skýrslunni út fyrir þessi nefndu ár.

Vegna þess að ekki hafa fengist heimildir á fjárlögum hefur verið heimilað að skýrslan verði gefin út, að einhverju leyti fjármögnuð af styrktarlínum ýmissa hagsmunaaðila sem tilbúnir eru til þess að styrkja það að þessar skýrslur geti birst. Á þeim grundvelli hefur nú verið undirbúið að skýrslur fyrir þessi ár komi út þó svo kunni að fara að óhjákvæmilegt verði að sníða þar stakk eftir vexti vegna þess að þeir fjármunir sem hægt er að safna og fyrir hendi eru verða að ráða umfangi útgáfunnar en ekki endilega mat manna á því hvaða rannsóknir og hvaða skýrslur væri æskilegast að birta og að kæmu fyrir sjónir almennings.

Undirbúningi skýrslu fyrir árið 1988 á þessum grundvelli er nánast lokið og skýrslan ætti að geta komið út á næstunni og í kjölfarið skýrslur fyrir þau ár sem á eftir koma.

Þess má líka geta í leiðinni að innan skamms verður skipuð ný nefnd þar sem kjörtímabil þeirra sem nú eru að ljúka störfum er útrunnið. Í tengslum við þessa breytingu hafa verið til skoðunar í siglingamálaráði, hjá samgrn. og víðar starfshættir nefndarinnar og ýmislegt sem lýtur að verkefnum rannsóknarnefndar sjóslysa. Það er ætlunin að ný nefnd sem við tekur innan skamms muni taka til afgreiðslu tillögur sem að þessu lúta. Við þessi tímamót er verið að reyna að endurskipuleggja starf nefndarinnar.

Ég hlýt að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á því að þarna er í raun og veru alls ekki nógu myndarlega að hlutunum staðið, því miður, og ég heiti á hv. alþingismenn sem á mál mitt hlýða, sem að vísu eru ekki mjög margir með þó fullri virðingu fyrir þeim, að nú þarf að gera hér bragarbót.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég verð nú að taka það fram að oft hef ég heyrt hæstv. samgrh. mæla af meiri reisn fyrir málum sem varða ráðuneyti hans en að þessu sinni. Ég ætla að lesa hér niðurlag formála skýrslunnar fyrir 1987 sem Haraldur Blöndal, formaður nefndarinnar, ritar. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Við útgáfu þessarar skýrslu var leitað til ýmissa fyrirtækja, félaga og stofnana og óskað fjárstuðnings. Var þetta gert í samráði við samgrh. sem féllst á erindið. Ástæða þess að þetta var gert er sú að skýrslunni hefur verið dreift ókeypis og vilja menn halda því áfram. Útgáfan er hins vegar kostnaðarsöm og kostar hver skýrsla nokkur hundruð þúsund krónur. Fjárveitingar hafa verið takmarkaðar, enda fjárhagur ríkisins þröngur og töldu menn eðlilegt að létta aðeins byrðarnar. Verði fé afgangs verður því varið til frekari útgáfustarfsemi,“ og lýkur þar tilvitnun.

Ja, mikil eru ósköpin ef ekki er hægt að afla árlega

nokkur hundruð þúsunda króna til þess að gefa út skýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa á Íslandi. Fljótlega mætti finna þessa peninga með því að draga ögn úr auglýsingakostnaði íslenska ríkisins, t.d. sem hvetja menn til að kaupa ríkisskuldabréf og annað þess háttar. Ég trúi því satt að segja ekki að það sé ekki hægt að gefa út skýrslu nefndarinnar vegna fjárskorts. Það er skýring sem ég sætti mig ekki við. Það gleður mig hins vegar að nefndin skuli hafa lokið störfum varðandi árið 1988 og ég vænti þess að unnið verði að rannsóknum ársins 1989 eins fljótt og unnt er.

En það segir kannski dálítið um virðingu okkar fyrir því fólki sem starfar við undirstöðuatvinnugrein Íslendinga að illar tungur segja að falli gámur út af flutningaskipi og hverfi í hafið standi rannsókn málsins oftar mun lengur en þó að sjómaður falli fyrir borð.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við mitt fyrra svar að bæta öðru en því að ég held að ég geti lofað hv. fyrirspyrjanda því að skýrsla fyrir árið 1988 mun koma út innan skamms. En því miður eru þær kostnaðartölur sem voru nefndar aðrar en þær sem ég hef heyrt á núgildandi verðlagi fyrir útgáfukostnað skýrslunnar í því umfangi sem nefndin telur æskilegast að birta hana. Og er ég ærið hræddur um að að sé þá frekar mælt í milljónum en hundruðum þúsunda, enda hér um fjögurra ára tölur á margra ára gömlu verðlagi að ræða.

Um önnur atriði sem að starfi nefndarinnar lúta held ég að þessi nefnd, sem og allir aðrir aðilar hvort sem heldur er í sjóprófum á vegum Siglingamálastofnunar eða annars staðar, sem að þessum málum koma, vinni sín störf af samviskusemi og eftir bestu getu. En það er alveg ljóst að það var lengi og er að sumu leyti enn til skammar hversu litla rækt við höfum lagt við að byggja upp starf á þessu sviði og að leggja því nægilega fjármuni. Ég hlýt að leyfa mér að segja, hafandi skýran samanburð, að fram á síðustu ár hefur ekki verið búið eins vel né unnið að mörgu leyti eins markvisst og skipulega að rannsóknum t.d. á sjóslysum eins og um árabil hefur verið með flugslys. Ég hef skýran samanburð því á mitt borð koma reglulega allar skýrslur flugslysanefndar, berast tiltölulega skjótt eftir að slys verða, ítarlegar og vel unnar. Ég held að það sé mikilvægt að búa þannig að rannsóknarnefnd sjóslysa og öðrum aðilum sem hér eiga hlut að máli að þeir geti smátt og smátt komið þessum málum í betra og í raun og veru fullkomið lag því ekkert annað er sæmandi fyrir okkur sem sjómannaþjóð.

Siglingar íslenskra kaupskipa undir erlendum fánum, ein umr.

Fsp. GHelg, 415. mál. — Þskj. 747.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Í Morgunblaðinu mátti nýlega lesa stóra fyrirsögn um að nú sé svo komið að þriðjungur kaupskipa Íslendinga sigli undir erlendum fánum. Bæði er hér um að ræða að við kaup á skipunum hafa þau ekki verið skráð hér heima og hins vegar að heimahöfn hefur verið flutt héðan. Það er fyrst og fremst til að standast samkeppni við erlendar útgerðir að menn telja sig knúna til að skrá skipin ytra. Vitaskuld er þar verið að líta á arðsemi þar sem skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi, og hið sama er að segja um skip á Norðurlöndunum, geta einfaldlega beitt öðrum reglum varðandi áhafnir, fyrir utan hafnagjöld og annað slíkt, en kostur er á hér heima. Einhvern tímann hefði ekki þótt mikil reisn yfir óskabarni þjóðarinnar, Eimskipafélagi Íslands, hefði menn grunað að skipin sigldu síðan undir erlendum fánum með erlendar áhafnir, mestan part áhafnir sem eru af þeirri gerð að hægt er að bjóða þeim hvað sem er, engin starfsréttindi, lág laun og annað slíkt. Þetta hefur viðgengist um langt skeið meðal erlendra þjóða en er tiltölulega nýtt fyrirbæri í okkar landi.

Á vettvangi Norðurlandaráðs kom ég nokkrum sinnum á framfæri fyrirspurnum í samgöngunefnd ráðsins varðandi þessa þægindafána, eins og það heitir víst á íslensku, sem menn láta skip sína sigla undir. Var lítil svör að fá önnur en þau að hér væri arðsemin alls ráðandi og e.t.v. á þessi tilhögun mála einhvern hlut í því að Eimskipafélag Íslands skilar á þriðja hundrað milljóna gróða á sl. ári. Það ber vissulega að fagna því en það mætti velta fyrir sér á hvers kostnað það er.

Það er vitað um þó nokkur dæmi um svokallaða útflöggun, þ.e. þegar heimahafnir skipanna eru beinlínis fluttar til útlanda. Þetta á t.d. við um tvö skip Eimskipafélagsins, Írafoss og Goðafoss, sem nú heitir Atlantic Frost, og kæmi nú kannski við viðkvæmar hjartataugar þeirra góðu manna sem lögðu margir hverjir sinn síðasta sparieyri til þess að Eimskipafélag Íslands mætti stofna.

Hæstv. forseti. Tími minn er búinn í bili og ég skal lúta því. En ég hygg að hæstv. samgrh. viti nákvæmlega um hvað ég er að spyrja. Það er sum sé, eins og segir á þskj. 747. Ég skal taka eins lítinn tíma og hægt er, frú forseti:

„1. Hve mörg íslensk kaupskip sigla nú undir erlendum fánum?

2. Hversu mörg íslensk kaupskip eiga heimahöfn erlendis?

3. Hve margir af áhöfnum þessara skipa eru erlendir menn?

4. Hvaða reglur gilda um starfsréttindi hinna erlendu skipverja?“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hreyfir hér stóru máli og spyr í nokkrum liðum um málefni íslenskrar kaupskipaútgerðar og skráningu skipanna innan lands og erlendis. Ég mun reyna að svara eins greiðlega og ég get á þeim stutta tíma sem til þess er ætlaður.

Svo er að eigi að svara fyrstu spurningunni bókstaflega, þ.e. hve mörg íslensk kaupskip sigla nú undir er-

lendum fána, ætti svarið í raun og veru að vera: ekkert. Ósköp einfaldlega vegna þess að samkvæmt íslenskum lögum, fyrst og fremst 1. gr. laga um skráningu skipa, laga nr. 115/1985, þá stangast slíkt á við þá löggjöf. Við hljótum því að svara því þannig bókstaflega séð að ekkert íslenskt kaupskip siglir undir erlendum fána.

Hins vegar er verið að spyrja, um það velkist ég ekki í neinum vafa, um skráningarríki, samsetningu og eignarhald á kaupskipaflotanum íslenska. Til hægðarauka sleppi ég þá í svarinu ferjum, flóabátum, dýpkunarskipum og öðrum slíkum en held mig við skip í eigu eða á vegum íslensku kaupskipaútgerðanna. Þá er svarið svohljóðandi: Íslensk skip í eigu íslensku útgerðanna eru 19. Erlend skip í beinni eigu íslensku útgerðanna eru 3. Erlend skip í eigu erlendra dótturfyrirtækja íslensku útgerðanna eru 12. Erlend skip í þurrleigu hjá íslensku útgerðunum eru 2. Erlend skip í tímaleigu hjá íslensku útgerðunum eru 5. Samtals eru þetta í íslenska kaupskipaflotanum 41 skip.

Síðan er í öðru lagi spurt: Hve mörg íslensk kaupskip eiga heimahöfn erlendis? Á sama hátt og áður verður þessari spurningu ekki svarað öðruvísi bókstaflega en að ekkert íslenskt kaupskip að sjálfsögðu á heimahöfn erlendis því slíkt mundi þá stangast á við 5. gr. nefndra laga nr. 115/1985 og reyndar 1. gr. einnig. Hins vegar er þjóðerni þeirra erlendu skipa sem ég fjallaði um í fyrri spurningunni eftirfarandi: Erlend skip í beinni eða óbeinni eigu útgerðanna eru 3 skráð í Noregi, 5 skráð á Kýpur, 4 skráð á Antigua, 2 skráð í Panama og 1 skráð í Hollandi. En þurrleigu- og tímaleiguskip á vegum íslensku útgerðanna eru: 1 skráð í Færeyjum, 1 skráð í Danmörku, 1 skráð í Noregi, 2 skráð í Þýskalandi, 1 skráð á Antigua og 1 á Kýpur.

Í þriðja lagi er spurt: Hve margir af áhöfnum þessara skipa eru erlendir menn? Með sama hætti og ég fjallaði um spurningu 1 og 2 skiptast störf á þessum skipaflota á vegum íslensku útgerðanna, skráðum innan lands eða erlendis þannig: Á íslensku kaupskipunum sjálfum, sem skráð eru hér heima, eru 224 íslenskir farmenn. Á erlendu skipunum í beinni eða óbeinni eigu íslensku útgerðanna eru 93 Íslendingar og 70 útlendingar. Á þurr- og tímaleiguskipunum á vegum íslensku kaupskipaútgerðanna eru 26 Íslendingar og 50 útlendingar. Samtals eru þetta 343 íslenskir farmenn og 120 erlendir. Rétt er að taka fram að þessar tölur miða við stöðugildi. Ef við miðum því við venjulegar frítökur, eða orlof starfsmanna, þá verða auðvitað starfsmenn mun fleiri en stöðugildin og mun láta nærri að þetta séu 515 íslenskir farmenn og u.þ.b. 160 útlendingar sem eru á kaupskipaflotanum í eigu eða í langtímaleigu hjá íslensku kaupskipaútgerðunum.

Síðan er spurt í fjórða lagi: Hvaða reglur gilda um starfsréttindi hinna erlendu skipverja? Því er til að svara að starfsréttindi og starfsskyldur erlendra farmanna á fyrrnefndum erlendum kaupskipum eru alfarið samkvæmt lögum viðkomandi skráningarríkja og kjarasamningum þar sem þeir eiga við. Þótt starfsskyldur séu nokkuð hliðstæðar hjá öllum umræddum skráningarríkjum, sem ég nefndi áðan, eru kaup og kjör mjög mismunandi í ljósi þess að um átta mismunandi skrásetningarríki er að ræða, allt frá Noregi og Danmörku o.s.frv., sem eru auðvitað mjög hliðstæð okkur í þessum efnum, yfir til Panama og Antigua. Farmenn frá þriðja heiminum og Austur-Evrópu í fyrrnefndum hópi erlendra farmanna búa undantekningarlítið við kjarasamninga sem eru í öllu hliðstæðir við kjarasamninga sem útgerðarsambönd og stéttarfélög farmanna í Danmörku og Noregi hafa sameiginlega gert við stéttarfélög í heimalöndum þeirra.

Að lokum er rétt að taka fram að í samgrn., hjá Siglingamálastofnun og í viðræðum við hagsmunaaðila hafa verið að undanförnu og á sl. ári ítarlega ræddir möguleikarnir á því að taka upp einhvers konar form alþjóðlegrar skráningar hér á Íslandi þar sem okkur er vel ljóst í hvað stefnir. Hér er á ferðinni þróun sem tæpast verður snúið við nema við gerum það fýsilegt með einhverjum þeim hætti sem dugar fyrir íslensku skipafélögin að ekki bara eiga heldur líka skrá allan sinn flota hér heima. Þar höfum við helst litið til einhvers konar alþjóðlegrar skráningar af því tagi sem frændur vorir Danir hafa notað um árabil með ágætum árangri. Ég leyfi mér að segja að í ljósi þeirrar þróunar sem nú er að verða á allra síðustu mánuðum í þessum efnum, sem er ný og hröð, séu íslenskir farmenn jafnframt að verða sammála okkur um að þarna verði að grípa í taumana. Við höfum hins vegar farið okkur hægt í þessum efnum vegna þess að þróunin fór lengi vel rólega hér en nú er greinilega hraðinn að breytast í því sambandi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin en er síst af öllu rólegri eftir. Það er auðvitað alveg hárrétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, að við erum að sigla hraðbyri inn í þetta form. Í umræddri grein í Morgunblaðinu er vitnað í Guðmund Hallvarðsson, formann Sjómannafélags Reykjavíkur, sem lýsir auðvitað áhyggjum sínum og kallar þessa þróun hrikalega. Það virðist vera svo að með þessu geti útgerðirnar náð að fækka í áhöfn og eins og þar segir: „... þurfi heldur ekki að hafa innlenda áhöfn". Það felur óneitanlega í sér að það sé hentugra fyrir útgerðina að hafa menninna erlenda og þannig sé hægt að spara sér nokkurn kostnað. Svo segir: „... og einnig geti þær komist hjá greiðslu einhverra opinberra gjalda."

Síðar í greininni er vitnað í siglingamálastjóra, Magnús Jóhannesson, og hann segir að verði hér ekkert að gert þá muni skráning kaupskipa okkar erlendis enn aukast. Hæstv. samgrh. minntist á hugmyndir um alþjóðlega skráningu sem vissulega hefur verið rædd á norrænum vettvangi. Í Noregi og Danmörku hefur t.d. verið tekin upp svokölluð alþjóðleg skráning kaupskipa en þó mjög mismunandi eftir því hvort landið er. Í Danmörku var t.d. farin sú leið að opinberir skattar, sem danskir farmenn greiða af tekjum sínum, renna aftur til útgerðarinnar til að jafna aðstöðumun í samkeppni við útgerðir með ódýrara vinnuafl.

Um þetta mál á þessu stigi er auðvitað ekki mikið

meira að segja. Ég held að ég hljóti að geta fengið ærið marga Íslendinga í lið með mér gegn þessari þróun vegna þess að ég hygg að Íslendingar vilji í sem mestum mæli að þeirra eigin skip sigli undir eigin fána og eigi heimahöfn á Íslandi.

Að lokum, frú forseti, mönnum er kannski í fersku minni þegar hér fórst fyrir nokkrum árum flutningaskip á einhverjum Austfjarðanna, minnir mig að það hafi verið á Reyðarfirði, og ekki tókst að afla upplýsinga um hverjir mennirnir voru sem fórust. Hásetarnir á skipinu höfðu verið teknir um borð í skipið í Liverpool, ekkert hirt um að skrá þá og getur nú hver ímyndað sér hvers konar starfsréttinda þeir hafa þar með notið. Þessir vesalings menn voru jarðsettir hér uppi á Íslandi í fjöldagröf þar sem ekki hafðist upp á nema einum aðstandanda eins mannsins. Ég er ekki viss um að Íslendingar vilji vera húsbændur á borð við þetta þegar um er að ræða skipaflota Íslendinga.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég get vel tekið undir það, sem ég skynjaði sem afstöðu hv. fyrirspyrjanda, að þessi þróun er vægast sagt óæskileg, ég segi ekki ógeðfelld. Ég tel að okkur sé skylt, eins og ég sagði, í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á síðustu mánuðum eða missirum í þessum efnum að íhuga það mjög vandlega hvort ekki er óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða. Við höfum fylgst mjög grannt með þessu og ég ræddi m.a. snemma á árinu 1989 við forsvarsmenn íslensku kaupskipaútgerðanna, sjómannasamtakanna, farmannasamtakanna og Siglingamálastofnun. Við höfum enn fremur fylgst með þeirri þróun sem er að verða í þessum málum í nágrannalöndunum. Þá var mat okkar það að enn gætti þessa ekki í neinum þeim umtalsverðum mæli, að útflöggun væri komin af stað á Íslandi, að ástæða væri til að fara fram með miklu óðagoti. Sérstaklega vegna þess að hér er á ferðinni viðkvæmt mál vegna starfsréttinda íslenskra farmanna. Við töldum að ástandið, eins og það var á þeim tíma, væri það gott að enn væri ekki ástæða til að grípa til aðgerða, en nú er því miður mjög að síga hér á ógæfuhliðina.

Ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa nokkuð skoðað þetta á nýjan leik að sú aðferð sem Danir hafa valið sé hin æskilega. Er nú skaði að hæstv. fjmrh., og flokksbróðir okkar, mín og fyrirspyrjanda, skuli ekki vera á svæðinu því auðvitað væri æskilegt að fá einhvers konar stuðning við það af hálfu fjmrh. og yfirmanni skattamála að unnt væri að grípa til ráðstafana sem því tengdust. Af þeirri ósköp einföldu ástæðu að við erum að missa þessar tekjur og þessi verðmæti og þessi störf út úr landinu og það hlýtur að vera þjóðhagslega skynsamlegt að sporna gegn því að svo fari.

Sú aðferð sem Danir nota er sanngjörn. Hún tryggir réttláta samkeppnisstöðu innlendu útgerðanna gegn hinum erlendu sem greiða lægri vinnulaun og bjóða lélegri starfskjör. Við hljótum að ætla okkur að standa nákvæmlega þannig að málum að íslenska útgerðin geti verið samkeppnisfær þrátt fyrir að hún bjóði góð kjör og búi sínu starfsfólki mannsæmandi starfsumhverfi.

Við munum hins vegar ekki, og á það vil ég leggja áherslu að lokum, snúa þessari þróun við né hefta hana með höftum eða bönnum af þeirri ósköp einföldu ástæðu að siglingar eru eitt það svið flutninga og viðskipta sem hvað lengst hefur verið algerlega frjálst í heiminum. Það er þannig að allar siglingar til og frá landinu eru frjálsar og ósköp einfaldlega mundi íslensk kaupskipaútgerð, ef ætti að stoppa þessa þróun með bönnum, láta undan síga með þeim hætti að hún tapaði í samkeppninni við erlendar sem þá mundu væntanlega sjá sér leik á borði að hefja hingað siglingar. Þess vegna held ég að aðferðin sé sú, sem ég áðan nefndi, að taka með einhverjum hætti á starfsskilyrðum hinna íslensku skipafélaga þannig að það sé sæmilega fýsilegt fyrir þau að halda áfram að skrá sín skip hér. Þannig náum við að tryggja störf, réttindi og kjör íslenskra farmanna og standa að þessum hlutum með mannsæmandi hætti. Því það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi sagði að það væri mikil og óskemmtileg niðurlæging, m.a. fyrir óskabarn þjóðarinnar svonefnt, að þurfa að ýtast lengra og lengra út á þessa braut.

EFRI DEILD

72. fundur, fimmtudaginn 7. mars, kl. 1 miðdegis.

Slysavarnaskóli sjómanna, 2. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 175. mál. — Þskj. 776, n. 814.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Samgn. þessarar hv. deildar hefur tekið fyrir frv. um Slysavarnaskóla sjómanna og fjallað um það og mælir öll með því að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–6. gr. og ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, 3. umr.

Stjfrv., 83. mál (agaviðurlög). — Þskj. 509, brtt. 810.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom við umræðu

um þetta frv. hér í hv. Ed. í gær, þá undirrituðu þrír fulltrúar í allshn. Ed. undir nál. með fyrirvara. Það voru auk mín hv. 6. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Reykv. Við lýstum þá öll okkar fyrirvörum varðandi samþykkt frv. Ég vil benda á að kjarninn í þeim brtt. sem eru hér á þskj. 810 er að hlutverk Fangelsismálastofnunar sé skilgreint þegar grípa þarf til agaviðurlaga í fangelsum landsins. Við viljum með þessum brtt. tryggja að Fangelsismálastofnun komi formlega að málum þegar ákvarðanir eru teknar. Einnig er ákvæði í 2. gr. þar sem kveðið er á um að ákvarðanir um agaviðurlög skuli bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis. Það er einnig nýtt í þeim tillögum sem fyrir liggja á þskj. 810. Þetta er rökrétt framhald af þeirri umræðu og þeim sjónarmiðum sem fram komu í hv. allshn.

Ég vil minna á að í hv. Nd. gerðu fulltrúar í allshn. einnig brtt. Það var hv. þm. Ólafur G. Einarsson og fleiri sem fluttu brtt. sem gekk heldur lengra en sú sem hér liggur fyrir, en það má segja að sú brtt. sem við höfum lagt fram hér sé nokkurs konar málamiðlun þar á milli og vil ég hvetja hv. þingdeildarmenn til þess að styðja hana.

Ég vil endurtaka að kjarni málsins felst í því að tryggt sé að Fangelsismálastofnun ríkisins komi til skjalanna þegar ákvarðanir eru teknar um agaviðurlög gagnvart föngum.

Ég gleymdi að geta þess hér í upphafi máls míns og tel rétt að bæta því við að við flytjum þessa brtt. þrjú, þ.e. þeir hv. þm. sem gerðu fyrirvara við nál. sem mælt var fyrir í gær, en það eru auk mín hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem minni hl. allshn. leggur hér fram um breytingu á frv. um fangelsi og fangavist felur í sér að það þurfi að bera undir Fangelsismálastofnun áður en agaviðurlögum er beitt. Það er verið að færa valdið frá forstöðumanni fangelsis yfir til Fangelsismálastofnunar, enda segir þar beint að ákvörðun sé háð Fangelsismálastofnun þannig að telji forstöðumaður fangelsis að beita eigi agaviðurlögum, þá getur hann það ekki ef Fangelsismálastofnun er á móti því.

Þegar mál þetta var til umræðu í nefndinni þá var einmitt þetta töluvert mikið rætt og reynt að finna einhvern veginn leið til þess að Fangelsismálastofnun kæmi meira inn í málið þegar agaviðurlögum er beitt. Ég reyndi að finna lausnir á því, en þegar mér varð ljóst hver afstaða hv. Nd. er til málsins og forstöðumanna fangelsismála, fangavarða og forstöðumanna þessara fangelsa, þá leit ég þannig á að það væri verið að tefla þessu máli í tvísýnu, kæmust þessar breytingar í gegn, út af því að þá mundi málið þurfa aftur að fá afgreiðslu í hv. allshn. Nd., þar sem mjög líklegt var að málinu yrði breytt aftur til samræmis við það sem þeir afgreiddu á sínum tíma og síðan sent aftur hingað til Ed.

Aðalatriði þessa máls er ekki hverjir eigi að taka ákvörðun heldur hitt að sú refsing sem beitt er í fangelsi komi ekki til viðbótar þeirri refsingu sem dæmt er til. Það er kjarni málsins og það er það atriði sem verið er að breyta frá því sem er. Eins og staðan er í dag er það ákvörðun forstöðumanna fangelsa að beita agaviðurlögum og senda Fangelsismálastofnun tilkynningu um það. Þannig er skipan mála nú, en minni hl. leggur til að því verði líka breytt.

Ég leggst gegn þessu á þeim forsendum sem ég hef núna rakið og tel það tefla málinu í tvísýnu ef þessi brtt. verður samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 810,1 felld með 8:5 atkv.
Brtt. 810,2 felld með 8:5 atkv.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 834).

EFRI DEILD

73. fundur, fimmtudaginn 7. mars, að loknum 72. fundi.

Slysavarnaskóli sjómanna, 3. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 175. mál. — Þskj. 776.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 838).

Ferðaþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 820.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ferðaþjónustu. Þetta er allmikill bálkur af frv. að vera enda er hér á ferðinni heildarendurskoðun tveggja meginlaga ferðaþjónustunnar í landinu, þ.e. annars vegar laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, og hins vegar laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði.

Frv. er afrakstur starfs svonefndrar ferðanefndar samgrn. sem unnið hefur linnulaust að þessu verkefni í um eitt og hálft ár, átt viðræður við fjölmarga aðila, aflað umsagna um frv. og með ýmsum öðrum hætti

undirbúið þá ítarlegu málsmeðferð sem hér er á ferðinni. Samferða þessu frv. er í hv. sameinuðu þingi till. til þál. um stefnumörkun í ferðamálum. Sameiginlega eiga þessi tvö þingmál, annars vegar frv. til laga um ferðaþjónustu og hins vegar þáltill. um stefnumörkun í ferðamálum, að marka ferðaþjónustunni sem atvinnugrein framtíðarstarfsgrundvöll og lagaramma.

Ég hygg að ekki sé ástæða til að fara að rekja í einstökum atriðum efnisliði þessa frv. Það byggir að stofni til á eldri lögum, þeim tvennum eldri lögum sem ég áðan nefndi, en þó eru þarna ýmis nýmæli og þau kannski stærst sem lúta að breyttri skipan og meðferð þessara mála í stjórnkerfinu þar sem til sögunnar kemur ferðamálaþing, allfjölmennt ferðaþing þar sem verður æðsti vettvangur ferðaþjónustunnar þar sem m.a. verða kosnir fulltrúar ferðaþjónustunnar í nýtt og breytt Ferðamálaráð.

Fjölmörg atriði önnur mætti þar nefna, ýmislegt hefur verið gert til einföldunar skipulagi ferðaþjónustunnar. Þannig eru til að mynda felld út úr lögum ákvæði um flokkun gististaða og þeim verður síðan skipað með reglugerð. Skráning aðila sem sinna ferðaþjónustu er gerð einfaldari. Það er gert auðveldara fyrir minni aðila sem starfa á þessu sviði að fá ferðaskrifstofuleyfi eða skráningarleyfi. Þetta er m.a. gert vegna þess að ákvæði laga um skipan ferðamála frá 1985 og þær miklu tryggingar sem lögin gera ráð fyrir að ferðaskrifstofur skuli setja, og eru fullkomlega eðlilegar og sjálfsagðar þegar stórir aðilar eiga í hlut, hafa reynst minni aðilum á þessu sviði allerfiður þröskuldur að klífa. Með þessari tilhögun, að skipta ferðþjónustuaðilunum upp í mismunandi hópa eftir umfangi og eðli þjónustunnar, er verið að koma til móts við og auðvelda minni aðilum að sinna sinni starfsemi á grundvelli viðurkenningar frá stjórnvöldum. Það þykir ekki ástæða til t.d. að litlir aðilar sem annast þjónustu við ferðamenn hér innan lands í smáum stíl setji milljóna eða milljóna tuga tryggingar af þeirri stærðargráðu sem stórar ferðaskrifstofur með hundruð viðskiptavina jafnvel erlendis samtímis þurfa að gera og sjálfsagt er.

Um meðferð þessa máls hefur tekist hin ágætasta samstaða, hæstv. forseti, enda áttu með einum eða öðrum hætti fulltrúar flestra ef ekki allra stjórnmálasamtaka aðild að undirbúningi málsins í ferðanefnd samgrn., en í fskj. kemur fram hverjir þá nefnd skipuðu. Sömuleiðis tókst góð samstaða um nokkrar lagfæringar á frv. í samgn. hv. Nd. Ég leyfi mér því að vænta þess að frv. eins og það kemur hér til hv. Ed. sé þannig úr garði gert að um það eigi að geta skapast þokkaleg samstaða. Ég fullyrði að í yfirgnæfandi meiri hluta er meðal hagsmunaaðila beðið með velvilja eftir því að þessar breytingar nái fram að ganga, enda hefur verið leitast við á öllum stigum að eiga sem nánast samstarf við þá um undirbúning málsins.

Ég hygg, herra forseti, að það sé ekki af minni hálfu ástæða til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil færa hér í hv. Ed., sem ég hef áður gert í Nd., öllum þeim, sem að undirbúningi þessa máls hafa komið, kærar þakkir. Hér hefur geysimikið starf verið innt af hendi sem ekki bara sér stað í þessu frv. heldur og ekki síður í geysimikilli upplýsingasöfnun sem að hluta til kemur fram í fskj. og í margháttuðum tilraunum og starfi ráðuneytis, Ferðamálaráðs og ferðamálanefndar við að kynna málefni ferðaþjónustunnar og vekja athygli þings og þjóðar á því hversu mikilvæg og vaxandi atvinnugrein er hér á ferðinni og þar með nauðsyn þess að henni sé vel og myndarlega sinnt.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér liggur frammi frv. um eina vænlegustu og blómlegustu atvinnugreinina sem dafnar nú í þjóðfélagi okkar og það er í sjálfu sér fagnaðarefni. Ég vildi aðeins segja hér nokkur orð til að fagna þessu frv. og benda á að við stöndum frammi fyrir því að þurfa að huga að nýjum leiðum til þess að nýta landið, að nýta það á annan hátt en þann hefðbundna sem við þekkjum, og þar hefur ferðaþjónustan óumdeilanlega sannað gildi sitt.

Eins og fram kom í máli hæstv. samgrh. er e.t.v. mikilvægust breytt skipan stjórnsýslunnar varðandi ferðamálin. Það kemur reyndar fram að það eru auðvitað ekki allir á eitt sáttir um þá skipan enda erfitt að finna þá stjórn eða ráð fyrir stofnunum í þessu landi að allir telji sig eiga þar hlut að máli sem telja að þeir hafi þar hlutverki að gegna. En sú leið sem hér er farin er e.t.v. málamiðlun sem flestir geta fallist á.

Það kemur fram hér í 12. gr. frv., um fjármögnun ferðamála, að starfsemi Ferðamálaráðs er áfram fyrirhugað að fjármagna með mörkuðum tekjustofni sem eru 10% af vörusölu Fríhafnarinnar. Ég vil minna á hvernig ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa staðið sig í þeim efnum en vona nú að í ljósi þess að ég held að flestir hafi komið auga á mikilvægi þessarar atvinnugreinar fyrir okkur öll, þá verði látið af því að skerða þann eyrnamerkta tekjustofn sem þarna er ætlaður til ferðamála.

Þá vil ég líka benda á það hér að það er nauðsynlegt að huga sérstaklega að menntun fólks í ferðaþjónustu. Það er mjög mikilvægt til þess að við getum staðið okkur í samkeppninni við önnur lönd að í ferðaþjónustunni starfi vel menntað fólk. Þá vil ég einnig taka undir það sem hæstv. samgrh. sagði um upplýsingaöflun sem hefur fram farið samhliða vinnunni við þetta frv. og eins við þá þáltill. sem lögð var fram í Sþ. Ég held að það sé góður gagnagrunnur sem á eftir að nýtast þessari atvinnugrein og e.t.v. öðrum atvinnugreinum líka í framtíðinni.

Ég vil síðan að lokum minnast á það að auðvitað er mikilvægt að hér er verið að opna leið fyrir minni aðila í ferðaþjónustu að verða sér úti um þau leyfi sem þarf til þess að reka lítil fyrirtæki. Það er ekki síst mikilvægt úti á landsbyggðinni þar sem bændur hafa í síauknum mæli farið út í ferðaþjónustu. Og það er greinilegt að e.t.v. þurfa fleiri að snúa sér að því í framtíðinni. Þá komum við auðvitað að því sem við þurfum öll að hafa í huga og það er að samhliða uppbyggingu í ferðaþjónustunni fari fram öflug fræðsla til þess að styrkja vitund fólks um umhverfi okkar og

auka virðingu landsmanna fyrir sínu eigin umhverfi.

Ég tel líka mjög mikilvægt það sem kemur fram í frv. um að stuðla að stofnun upplýsingamiðstöðva í öllum landshlutum. Við fyrstu sýn, eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið í hv. Nd., sýnist mér vera á þessu frv. sá svipur að hér sé verið að skapa ramma utan um þessa blómlegu atvinnugrein, en ég hefði sérstakan áhuga fyrir því að kynna mér þetta mál betur og fá að fylgjast með störfum þeirrar nefndar sem um það mun fjalla nú næsta daga. Og þar sem Kvennalistinn á ekki fulltrúa í hv. samgn. Ed. vildi ég fara fram á að við fengjum áheyrnaraðild meðan verið er að fjalla um þetta mál a.m.k.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. er svona merkilegt í sniðum. 1. gr. frv., þar sem skýrt er frá tilgangi ferðalaganna, er upptalning upp á átta liði og er engu líkara en sú upptalning hafi farið þannig fram að einhver hópur manna hafi setið saman í herbergi og þeir hafi átt að skrifa niður á miða það sem þeim dytti helst í hug í sambandi við ferðaþjónustu svona almennt og síðan krotað niður það sem hverjum og einum datt í hug og því safnað saman í þessa 1. gr.

Það er auðvitað gott og hollt markmið að ætla að gera þetta allt í senn með einum litlum lögum, í fyrsta lagi að þróa ferðaþjónustu og viðurkenna sem mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg — er nokkur talsmaður þessa frv. viðstaddur? Á ég að tala við samgrh. eða er það kannski fjmrh. sem er skynsamlegast að tala um þessi mál við?

Hér er talað um að þróa ferðaþjónustu og viðurkenna sem mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg. Þetta er auðvitað hollt og gott markmið. En þá er kannski spurningin: Í samkeppni við hvern er sá atvinnuvegur? Meinar hæstv. samgrh. með þessum ummælum að hann líti svo á að ferðaþjónusta sé mikilvægur og arðgæfur atvinnuvegur í gjaldeyrisöflun?

Ef horft er til 1. gr. frv., ef maður lítur á skýringar með greininni sér maður engar útskýringar á því hvað ráðherra hefur sérstaklega í huga. Nú hygg ég að hæstv. ráðherra minnist þess að þegar við vorum að ræða hér um frv. um virðisaukaskatt fluttum við sjálfstæðismenn tillögu um það og lögðum fram það sjónarmið í umræðuna að það bæri að líta á ferðaþjónustu sem útflutningsatvinnuveg. Ferðaþjónusta hér á landi væri í samkeppni við erlendan ferðamannaiðnað, ef nota má það orð. Við erum annars vegar að reyna að draga fólk hingað til landsins til þess að það geti orðið uppspretta gjaldeyrisöflunar fyrir okkur Íslendinga og fólk unnið við að veita slíku fólki þjónustu. Á hinn bóginn hefur það markmið verið sett fram að rétt og hollt sé að reyna að efla ferðaþjónustu hér á landi í því skyni að fá landsmenn sjálfa til þess að ferðast meira um landið en verið hefur.

Ég tek eftir því að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að lengja lán Ferðamálasjóðs úr 15 árum í 40 ár. Við vitum mjög vel, ég og hæstv. ráðherra, að ríkisvaldið hefur orðið að hlaupa undir bagga með hótelum víðs vegar um landið sem hefur verið gert samkvæmt tilögum fjvn. Alþingis til þess að reyna að rétta af hallarekstur hótela á landsbyggðinni. — Ég sé að hv. þm. Snæfellinga er því kunnugur að kjördæmisþingmenn þurfa stundum að ganga slíkra erinda á fund fjvn., reyna að fá hana til þess að láta eitthvert lítilræði af mörkum (**SkA:** Þingmanninum finnst þetta mikill virðingarauki að vera ávarpaður þingmaður Snæfellinga.) til þess að hlaupa undir bagga með hótelum í kjördæminu.

Ég hygg að það sé uppi áætlun nú hjá fjvn. um það að slíkum framlögum ríkisins, beinum framlögum ríkisins til hótelrekstrar skuli ljúka á tilteknu árabili. En samtímis því sem fjvn. hefur með þessum hætti lokað fyrir frekari umsóknir um styrkveitingar til hótelbygginga víðs vegar um landið hefur það gerst að einstakir ráðherrar og ríkisstjórn hafa vísað þeim sem hafa í hyggju að reisa hótel eða gistihús á Byggðastofnun með þeim ummælum að sú ríkisstofnun sé reiðubúin til þess að leggja fram fé til hótelrekstrar.

Nú er það regla Byggðasjóðs að gerast ekki stærri hluthafi í fyrirtæki en nemur 20%. En 20% er nákvæmlega sama fjárhæð og greiða þarf virðisaukaskatt til ríkisins af hótelbyggingu. Ég ætlaði að varpa fram fyrirspurn til samgrh. um þessi efni. Ég get kannski endurtekið þetta. Ég veit ekki hvort þetta er svona í Nd., hæstv. forseti, (**SJS:** Ég er hér.) ja, maður veit ekki um það þegar ráðherrar hlaupa svona í milliherbergi. En mér er ekki alveg kunnugt um það hvort þetta sé svona í Nd., hæstv. forseti, að ráðherrar hafist ekki við í deildinni. Má vera að það skorti eitthvað á það að þeir beri nægilega virðingu fyrir Ed. og þá er spurningin: Eru það þá kannski einstakir þingmenn Ed. sem njóta að þessu leyti minni virðingar eða fá minni endurþögu frá ráðherrum en aðrir eða er þetta almennt vandamál hér í þessari deild? „Alþingi ætti að vera í einni heild, eigum við ekki að annúlera Ed.“, stendur einhvers staðar.

En málið er það að ráðherrar Alþb., með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar, hafa snúist öndverðir gegn því að virðisaukaskattur sé endurgreiddur af fjárfestingu í ferðaþjónustu. Virðisaukaskatturinn er 24,5% og fæst ekki endurgreiddur vegna þess að ferðaþjónusta fær ekki endurgreiðslu á innskatti, ef ég fer rétt með, heldur verður að sitja uppi með skattinn. En auðvitað er ætlast til þess að hótelin geti þá ýtt þessum kostnaði út í verðlagið sem á hinn bóginn þrengir auðvitað kosti ferðaþjónustunnar. Hitt er svo auðvitað rétt að sjálfur rekstur hótelanna er undanþeginn virðisaukaskatti. Það er sem sé hótelbyggingin sjálf, fjárfestingin, og það er maturinn sem verður að greiða af virðisaukaskatt í þeirri samkeppni sem gistihúsin eiga við annars vegar erlendar ferðaskrifstofur við Miðjarðarhafið eða hvert sem menn vilja fara. Þetta hefur valdið því að í rauninni er ógerningur að hugsa sér að hægt sé að koma upp gistihúsi úti á landsbyggðinni af eigin rammleik nema til komi styrkveitingar úr ríkissjóði ef undan eru skildir örfáir staðir, Höfn í Hornafirði, Mývatn, e.t.v. Akureyri, einn og einn staður sem þannig hefur sérstaka aðstöðu. En yfirleitt er hægt að standa undir fjárfestingunni við rekstur gistihúss úti á landi.

Þetta er kannski langt mál um lítið, en ég vildi gjarnan fá sjónarmið hæstv. samgrh. um þetta efni, upplýsingar um það hvort hann hafi beitt sér fyrir því að virðisaukaskattur verði endurgreiddur af fjárfestingu í hótelrekstri í samræmi við markmið 1. gr. þessa frv. eins og ég skil markmiðið, að þróa ferðaþjónustu og viðurkenna sem mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg. Hér er talað um að ferðaþjónusta eigi að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna sem ég skil svo að hugsunin sé sú að ferðaþjónustan sé gjaldeyrisskapandi. Og ef svo á að vera verður að sjálfsögðu að líta á ferðaþjónustuna sem útflutningsatvinnuveg í skattalegum skilningi. Ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn í gættina, ég vona að hann sé ekki að hvísla því að hæstv. samgrh. að vera þversum í þessu máli því að auðvitað er vonlaust að hægt sé að byggja ferðaþjónustuna upp eins og búið er að henni nú.

Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á að áður var söluskattur á hótel lagður á byggingarkostnað að því marki sem hann lagðist ekki til á byggingarstaðnum sjálfum þannig að það má svona almennt talað reikna með því að með lögunum um virðisaukaskatt hafi byggingarkostnaður á hótelum hækkað um 10–15% vegna þeirrar lagabreytingar. Ég hafði litið svo á að breytingin sem fólst í því að leggja niður söluskatt en taka virðisaukaskatt upp í staðinn hefði verið í þeim tilgangi að bæta samkeppnisstöðu atvinnugreina eins og ferðamálaþjónustu. Ég vil til samanburðar taka dæmi af ýmsum öðrum greinum sem eiga í harðri samkeppni við erlenda aðila, hvort sem við tölum þar um fiskveiðar, flugrekstur eða eitthvað annað slíkt í ákveðnu skyni, undir slíkum kringumstæðum er virðisaukaskattur auðvitað allur endurgreiddur til þess að þjónustan flytjist ekki úr landinu.

Ég get ekki séð af því frv. sem hér liggur fyrir hvernig hæstv. ráðherrar hugsa sér að ná öllum þessum markmiðum, að auka fjölbreytni atvinnulífs i landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustu, renna stoðum undir þróun byggða sem víðast á landinu o.s.frv., ef ferðaþjónustan verður áfram að búa við þau þröngu skattaskilyrði sem hún býr nú við. Þó svo að við féllumst á að endurgreiða virðisaukaskattinn á fjárfestingunni sætum við samt sem áður uppi með það að matvæli og annað því líkt eru svo dýr hér á landi að við erum engan veginn samkeppnisfær.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað því líði, hver séu sjónarmið hans til virðisaukaskatts af fjárfestingu í ferðaþjónustu og á þessu stigi málsins.

Ég geri ekki ráð fyrir því, herra forseti, að hugmyndin sé að allur þessi langi lagabálkur með öll þessi flóknu markmið eigi að afgreiðast nú á þinginu heldur sé frv. lagt fram hér í heild sinni til sýningar.

Ef við lítum t.d. á 5. gr. frv. þá eru talin upp verkefni Ferðamálaráðs í fjölmörgum greinum, einum ellefu greinum. Ég geri mér ekki almennilega grein fyrir því hvernig hæstv. ráðherra hugsar sér að Ferðamálaráð hagi störfum sínum. Skýringin á 5. gr. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Greinin kveður á um helstu verkefni Ferðamálaráðs og er þau einkum þríþætt:

1. Þróunar- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming og tengsl við marga aðila vegna umhverfismála, menntunarmála, fræðslu og ráðgjafar, miðlunar upplýsinga og sværðisbundinnar þróunar, m.a. með aðstoð ferðamálafulltrúa."

Ég veit ekki hvort þessi löngu orð segja öðrum mikið, en mér segja þau satt að segja ekki neitt.

„2. Fjárhagsmál Ferðamálaráðs, þ.e. fjárhagsáætlanir og tillögur til ráðherra um meginskiptingu þess fjármagns sem ráðið hefur til umráða. Í framhaldi af því ákvarðar ráðið fjárveitingar, þar á meðal styrkveitingar og framlög til einstakra landkynningarverkefna, uppbyggingar og endurbóta á ferðamannastöðum, rannsókna og sværðisbundinnar starfsemi."

Þarna eru líka í þessum lið litlar upplýsingar um það hvað fyrir ráðherra vakir. Þetta er svona almennt snakk.

„3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, þ.e. landkynning, markaðsfærsla, rannsóknir og þróun og alþjóðlegt samstarf."

Það væri nú fróðlegt að fara í orðabók og athuga hvað hægt sé að tína upp af sambærilega löngum orðum svipaðrar merkingar til þess að orða þarna fjórða töluliðinn.

„Alþingi fjallar nú um þáltill. um ferðamálastefnu, sem gert er ráð fyrir að verði afgreidd sem ályktun Alþingis. Nauðsynlegt er að ferðamálastefnan sé stöðugt til endurmats, m.a. á ferðaþingi, og þannig verður hún leiðbeinandi fyrir Ferðamálaráð á hverjum tíma. Því er ástæðulaust að kveða í lögum með ítarlegri hætti en hér er gert á um verkefni Ferðamálaráðs." — Með ítarlegri hætti. Þetta er skýringin við 5. gr.

Ég missti af framsöguræðu ráðherra. Ég geri ráð fyrir því að ráðherra hafi í sinni framsöguræðu gert ítarlega grein fyrir því hversu miklum fjármunum hann hefur í hyggju eða vill verja til þeirra verkefna sem Ferðamálaráði eru einkum falin. Nú ber ekki svo að líta á að verkefnin skv. 5. gr. séu endanlega upp talin, sé tæmandi upptalning. Í 5. gr. stendur: „Verkefni ráðsins eru einkum eftirtalin." Og þau eru í 11 liðum:

„Að gera árlega tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár til helstu málaflokka og ákvarða síðan skiptingu þess til einstakra verkefna." — Hvað þýðir nú þetta?

„Að starfa að landkynningar- og markaðsmálum í þágu ferðaþjónustu?" — Hvað þýðir þetta? Hvað er verið að tala um háar fjárhæðir? Hvað er verið að tala um vítt svið?

„Að vinna að umhverfis- og skipulagsmálum að meðtöldum aðgengismálum fatlaðra vegna ferðaþjónustu.

Að örva rannsóknir og þróunarstarf í þágu ferðamála.

Að vera ráðgefandi um námsframboð og þjálfun fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunasamtök og fræðsluyfirvöld." — Hvað hugsar ráðherra sér að margt fólk vinni að þessu eina verkefni í 5. tölul.? Er þetta kannski hálfs dags starf? Er hægt að vinna að þessu eingöngu á sumrin eða á veturna, eftir hádegi eða kannski með morgunkaffinu?

„Að kanna réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.

Að miðla upplýsingum um hagtölur, samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði ferðaþjónustu.“ — Hvernig á að miðla þessum upplýsingum? Hvernig á þessi þjónusta að fara fram?

„Að annast tengsl við ferðamálasamtök, áhugafélög og björgunarsveitir.

Að undirbúa ferðaþing í samræmi við reglugerð.“ — Það má segja kannski guði sé lof að ekki stendur hrafnaþing. En hvað er þetta ferðaþing? Hvers konar stofnun er það? (**Landbrh.:** Hefur ræðumaður heyrt um fiskiþing og iðnaðarþing?) Ég hef heyrt talað um fiskiþing og iðnaðarþing. En ætli það sé ekki best að slík þing verði til af sjálfu sér?

„Að halda ráðstefnur um afmörkuð málefni sem snerta atvinnugreinina.

Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um ferðaþjónustu.“

Og hvað á að verja miklum fjármunum í þetta allt saman? Hefur ráðherrann það á reiðum höndum? Lögum samkvæmt bar að leggja slíkt fyrir þegar málið var tekið til umræðu í Nd.

Ég vil nú mjög óska eftir því að upplýsingar verði veittar um það frá Hagsýslustofnun hversu umfangsmikið starf það er sem ríkisstjórnin hugsar sér að unnið verði í samræmi við þessi lagaákvæði.

Mér skilst, herra forseti, að fundur sé í Sþ. kl. 2. Mér var tilkynnt það þannig að ég skal gera hlé á ræðu minni. Er það ekki rétt skilið? — Er forseti sofnaður í stólnum? Ég var að spyrja hæstv. forseta hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir því að fundi lyki hér kl. 2 og þá hæfist fundur í Sþ. Ég vil tilkynna hæstv. forseta að það stendur svo á í dag að það er landsfundur Sjálfstfl. Venja hefur verið sú að það er tekið tillit til landsfunda stjórnmálaflokka og ég vil vænta þess að forsetar standi við það sem um þetta var sagt. Mér var tilkynnt að það yrði utandagskrárumræða í Sþ. kl. 2. Klukkan er þegar orðin tvær mínútur yfir tvö og ég vil óska eftir því að það verði staðið við það sem forsetar hafa sagt um þinghaldið. Það gengur ekki að forsetar meini ekkert með því sem þeir segja um þinghaldið. (**Forseti:** Það stendur yfir fundur í Nd. enn þá.) Og á svo að segja í Nd. að það standi yfir fundur í Ed.? (**Forseti:** Það munu vera atkvæðagreiðslur í Nd.) Ég held að það verði að taka tillit til samkomulags sem gert er. Ég varð að vísu vitni að því í Sþ. í dag að forseti Sþ. virti ekki tímatakmörk sem ákveðin eru í þingsköpum og er það auðvitað ekki til eftirbreytni að forsetar reyni ekki að halda þau þingsköp sem þeim er sjálfum ætlað að starfa eftir.

Herra forseti. Það var tilkynnt að fundi í Ed. lyki kl. 2 og ég geri ráð fyrir því að við það sé staðið. Það stendur þannig á að Sjálfstfl. er með landsfund í dag og við höfum ráðstafað okkar tíma. Forsetar Alþingis hafa auðvitað í sínum höndum hvort þeir taka tillit til landsfundarins og þess að einstakir þingmenn eru fyrir löngu búnir að ráðstafa sínum tíma. Það er hins vegar alveg nýtt, eða ég man ekki eftir því að forsetar hafi ekki reynt að greiða fyrir því þegar landsfundur er haldinn að þingmenn gætu rækt slíkar skyldur. Ég vil vonast til þess að hæstv. forseti standi við það að fundi sé slitið. Það eru þegar liðnar 10 mínútur fram yfir þann tíma sem mér var sagt að fundur ætti að standa í Ed.

Það hefur áður komið fyrir að ég hafi þurft að fara fram á það að fá skriflegt það sem forsetar segja. Ég vona að það fari ekki að verða almenn regla hér í þinginu að þingmenn geti ekki treyst munnlegum skilaboðum forseta. En ef það er á hinn bóginn ósk forseta að ég haldi áfram að ræða hér um ferðamálafrv. þá skal ég gera það. Það er guðvelkomið. En þá óska ég líka eftir því að forseti sjái um að ég fái að ljúka minni ræðu. (**Forseti:** Það stendur þannig á að það var gert ráð fyrir að fundi í Sþ. yrði fram haldið að loknum deildafundum og ég reiknaði með því að honum það yrði frestað um tvöleytið. Hins vegar stendur enn yfir fundur í Nd. og fundur í Sþ. getur ekki hafist fyrr en fundi í Nd. er lokið, en ég mun fresta þessari umræðu um leið og fundi í Nd. lýkur.)

Má ég spyrja hæstv. forseta að því hvort það séu kannski samsvarandi sjónarmið uppi hjá forseta Nd., að hann hyggist ekki slíta fundi þar fyrr en búið er að slíta fundi í Ed.? Nei. Ég vil jafnframt segja forseta það að síðast í dag áttum við fund í fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Þar voru mér sýndar brtt. sem meiri hl. nefndarinnar vildi leggja fram við stjfrv. sem olli því að ég sá ekki efni til að kalla á fund nefndarinnar forstöðumann Ríkisábyrgðasjóðs þar sem erindi hans var minna en ella ef þær brtt. hefðu náð fram að ganga sem mér höfðu verið sýndar. Nú vildi svo til að meiri hlutinn stóð ekki við þessi ummæli sín. Nú vildi svo til, herra forseti, að meiri hlutinn stóð ekki við það sem hann hafði sagt og frv. hefur ekki verið breytt í samræmi við það sem mér var sagt á fundinum, þannig að ég þarf að fá upplýsingar hjá Ríkisábyrgðasjóði. Ég sá ekki ástæðu til þess samt sem áður að standa í vegi fyrir því að 2. umr. gæti farið fram í trausti þess að ég fengi tal af forstöðumanni Ríkisábyrgðasjóðs milli 2. og 3. umr. og ég hef hugsað mér að láta þessi orð mín standa. Ég hef hugsað mér að láta þau loforð standa sem ég hef gefið um vinnubrögð í þinginu og annað þvílíkt. En ef það á að fara taka núna upp á þessum dögum einhverja aðra aðferð, þá að standa ekki við það sem sagt er, þá auðvitað hlýtur maður að breyta sínum starfsaðferðum í samræmi við það. Skal ég svo ekki tala neitt meira um það, en ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti skilji það að það er ekki til þess að greiða fyrir þingstörfum, hvorki að grípa fram í fyrir ræðumanni né að sýna ekki almenna sanngirni í störfum. (**Forseti:** Ef hv. ræðumaður óskar ekki eftir því að nota þann tíma sem við verðum að bíða hvort sem er eftir að fundur geti hafist í Sþ., þá er sjálfsagt að hann geri þegar í stað hlé á sinni ræðu.) Já, ég þakka fyrir.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

65. fundur, fimmtudaginn 7. mars, kl. 1 miðdegis.

Ferðaþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 820.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Héraðsskógar, 3. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 821.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Mannanöfn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 571, n. 794, brtt. 790, 795, 801.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir brtt. þeim sem settar eru fram á þskj. 790. Ég vil taka fram að þær fengu jákvæðar undirtektir meðal fleiri fulltrúa í menntmn. þó að ákveðið hafi verið að ég flytti þær ein. Þingflokkur Kvennalistans styður tillögurnar.

Fyrst er lagt til að breyting verði gerð á 7. gr. sem fjallar um eiginnöfn. Lagt er til að niðurlag 4. mgr. orðist svo: „Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé þess kostur."

Breytingin felst í því að í stað „sé barnið orðið 12 ára" kemur: sé þess kostur. Rökstuðningur minn fyrir þessari breytingu er einfaldlega sá að það getur verið nógu erfitt fyrir barn að vera ættleitt við ákveðnar kringumstæður þó að nafni þess verði ekki breytt líka gegn vilja þess. Slíkt má skoða sem átröðning á sjálfsmynd barns. Mér er kunnugt um að í sifjarétti er oft miðað við að börn séu orðin 12 ára til að vera spurð um lagaleg mál er varða þau sjálf, en ég tel að börn séu fullkomlega fær um að hafa skoðun á svona máli mun fyrr.

Síðari tvær brtt. eru við 9. gr. frv. sem á við kenninöfn. Lagt er til að upphaf greinarinnar orðist svo: „Hver maður, sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður, móður eða föður og móður þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi" o.s.frv.

Þessi tillaga heimilar að börn kenni sig bæði við föður sinn og móður án þess að hrófla við íslenskri nafnahefð. Samkvæmt frv. er heimilt að kenna sig við annað hvort foreldra en ekki bæði. Íslensk kenninafnahefð er mjög sérstök og full ástæða til að halda í hana. Hefðin sýnir þó leifar af föðurréttarsamfélaginu en þetta frv. tekur á því með því að leyfa val á milli þess að kenna sig við föður eða móður. Það er mín skoðun að þetta val sé til bóta, en í reynd muni það ekki breyta miklu nema í þeim tilfellum að börn vilji ekki eða geti ekki kennt sig við föður. Hefðin að kenna sig við föður er það sterk að hætt er við að það yrði túlkað sem óvirðing við föður ef nafn móður yrði valið.

Frá kvenfrelsissjónarmiði hefur íslensk kenninafnahefð víða vakið athygli, ekki síst vegna þess að konur geta haldið eigin nafni við giftingu sem getur skipt afar miklu máli þar sem nafn er mikilvægur hluti af sjálfsímynd fólks. En með því að kenna okkur eingöngu við föður ber okkar kerfi sterkari einkenni föðurréttarsamfélags en kerfi nágrannalandanna þar sem víða er heimilt að halda bæði nafni föður og móður. Þetta er jafnréttismál og alls ekki viðeigandi annað að mínu mati en að fólk geti valið sjálft að kenna börn sín við báða foreldra í stað þess að lögin takmarki það val. Þegar er nokkuð um að þetta sé gert og ég á ekki von á að þetta verði mikið notað.

Ég vil að lokum geta þess að helstu rökin gegn síðarnefndu brtt. sem fram komu í viðtölum menntmn. við mannanafnasérfræðinga voru þau að tilhneiging væri til að setja fyrra kenninafnið inn án viðtengisins dóttir eða son og það væri síðan notað án þess síðara sem væri þá gjarnan fellt niður. Eftir stæði nafn eins og t.d. Ingibjargar án íslenskrar kenninafnaendingar. Þetta tel ég auðvelt að útiloka með því að skylda það eins og segir í frv. að viðtengin son eða dóttir komi á bæði kenninöfnin.

Mér er einnig kunnugt um að tæknilegir örðugleikar gætu komið til vegna þess að nöfn yrðu of löng fyrir sum tölvukerfi, en slík rök finnst mér ekki vega þungt í svo mikilvægu jafnréttismáli.

Ég vil að lokum endurtaka að fram komu jákvæðar undirtektir í menntmn. gagnvart þessum tillögum og að þingflokkur Kvennalistans er þeim sammála.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. þm. Geirs H. Haarde í umræðum um þetta mál í gær þar sem hann gerði athugasemdir um það að menntmn. hefði ekki hirt um að sinna ábendingum hans sem komu fram í 1. umr. þessa máls um að skíra mætti börn fleiri nöfnum en tveimur. Ég vil aðeins skýra hv. þm. frá því að ég kom þessum athugasemdum hans á framfæri í menntmn. þessarar deildar en nefndarmönnum þótti ekki ástæða til að kanna það atriði nánar. Ég tel hins vegar rétt að þessi möguleiki sé fyrir hendi og mun því styðja tillögu hans í því efni.

Varðandi brtt. frá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, 1. tölul. þar sem gert er ráð fyrir að ákvörðun um

nafnveitingu skuli háð samþykki barnsins sjálfs sé þess kostur, þá velti ég því fyrir mér hvort rétt sé að lögbinda slíkt ákvæði því að í framkvæmdinni yrði að sjálfsögðu leitað eftir áliti barnsins alveg eins og er gert í öllum slíkum málum sem snerta málefni barna í dómsmrn. Það er hægt að hugsa sér að starfsmenn dómsmrn. mundu láta slíka framkvæmd bíða þannig að barnið yrði ekki skráð nýju nafni hjá Hagstofunni enda þótt foreldrar færu e.t.v. að kalla barnið strax öðru nafni.

Að öðru leyti vil ég segja um þær brtt. sem fram koma frá menntmn. að þær eru í fullu samræmi við þær athugasemdir sem ég gerði hér við 1. umr. um þetta mál og þá ekki síst hvað snertir 7. gr. frv., þar sem dómsmrn. var í upprunalegum texta gefin heimild til að leyfa mönnum nafnbreytingu ef þeim væri ami að nafninu. Þetta orð er tekið út úr vegna þess að starfsmenn dómsmrn. töldu að þetta væri allt of víðtækt og yrði erfitt að leggja huglægt mat á umsóknir. Í staðinn hljóðar textinn svo:

„Dómsmrn. er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, þar með talið að taka annað eiginnafn til viðbótar því sem hann ber, ef telja verður að gildar ástæður mæli með því."

Að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir því að þessar nafnbreytingar verði algengar í lífi manna heldur eiga breytingar samkvæmt þessari málsgrein aðeins að vera einu sinni nema sérstaklega standi á.

Mér þykir enn fremur rétt að geta þess varðandi 2. mgr. 12. gr. að ég gerði sérstakan fyrirvara um það atriði þar sem segir í brtt.:

„Heimilt er með leyfi dómsmrn. að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Beiðni um breytingu á kenninafni skal undirrituð af kynforeldri, sem fer með forsjá barnsins, og stjúpforeldri. Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnsins ef unnt er áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi."

Ég tel nauðsynlegt að þetta ákvæði sé hér inni vegna þess að það getur verið nógu erfitt að lenda í skilnaði eða samvistaslitum og missa forsjá barns þó að ekki væri nú leyfð nafnbreyting á því líka án þess að leitað væri eftir áliti þess aðila sem ekki fer með forsjána.

Það var einnig allmikið rætt í nefndinni um þessar svokölluðu dagsektir. Reyndar voru tillögur um að þessar dagsektir yrðu 2000 kr. á dag en nefndin taldi rétt að lækka þessa upphæð um helming, þ.e. niður í 1000 kr.

Og enn fremur vil ég, virðulegi forseti, benda á nýja grein sem ekki var í frv. þar sem segir í 5. tölul. þessara brtt.:

„Á eftir 23. gr. komi ný grein er orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar.

Dómsmrh. er enn fremur heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjöf annarra Norðurlandaþjóða á því sviði."

Ég gerði sérstaka fyrirvara um þetta atriði við 1. umr. þessa máls og fagna því að þetta ákvæði er komið hér inn í brtt.

En svo að ég víki aftur að brtt. frá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur þess efnis að hver maður sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður, móður eða föður og móður þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi o.s.frv., brtt. við 9. gr. frv., þá tel ég rétt að þessi möguleiki sé fyrir hendi og mun því styðja tillöguna.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég hef því miður ekki haft tækifæri til að fylgjast mjög vel með umræðum um þetta frv. um mannanöfn, en tel samt ástæðu til að gera þingheimi í örstuttu máli grein fyrir deilum sem við eigum í við dönsku ríkisstjórnina varðandi nafnavenjur Íslendinga sem eru búsettir í Kaupmannahöfn.

Svo er mál með vexti að íslenskir foreldrar sem eignast börn í Kaupmannahöfn og dveljast þar um stundarsakir hafa lent í miklum erfiðleikum við að fá nöfn barna sinna skráð á nafnaskrár í Danmörku samkvæmt íslenskum nafnavenjum og nafnalögum. Dönsk yfirvöld hafa krafist þess að börn íslenskra foreldra fædd í Danmörku verði skráð samkvæmt dönskum nafnalögum, þ.e. þau verði skráð með ættarnafni föður eða sem sagt, föðurheiti föður, ef svo má að orði komast. Við höfum staðið í nokkrum deilum við Dani út af þessu og til bráðabirgða hefur verið fundin lausn á því sem er aldeilis óviðunandi, en hún er sú að íslenskum foreldrum er gert skylt að sækja um undanþágu frá dönsku nafnalögunum. Verða því íslenskir foreldrar sem vilja láta skrá börn sín samkvæmt íslenskum venjum að greiða fyrir það hátt gjald eins og um væri að ræða Dana sem óskaði eftir því að fá breytt nafni því sem hann ber, það er farin sama leið.

Ég hef velt því fyrir mér hvort það væri jafnvel ástæða til fyrir Íslendinga að setja til bráðabirgða grein inn í íslensk nafnalög með kröfu um að dönskum foreldrum sem eignast börn á Íslandi verði gert skylt að skrá sín börn samkvæmt íslenskum nafnalögum svo við höfum eitthvað að versla með áður en við náum endanlegu samkomulagi við Dani um þetta mál. Hér er um mjög erfitt, flókið og vandasamt mál að ræða því að það er aldeilis ekki viðunandi að íslenskir ríkisborgarar sem um stundarsakir dveljast í Danmörku séu beittir þeim þvingunum sem Danir hafa viðhaft varðandi íslenskar nafnavenjur.

Að öðru leyti lýsi ég þeirri skoðun minni hér í sambandi við breytingar á lögum um íslensk mannanöfn að það ber að fara ákaflega varlega í því að breyta í einu eða neinu gömlum hefðum og venjum sem ríkja um þetta efni.

Nú vill svo til að ég er einn þeirra Íslendinga sem bera ættarnafn og stafar það af því að faðir minn var ættleiddur af norskum sjómanni sem hingað hafði flust og bar nafnið Sólnes. Ég man það þegar ég var ungur maður í skóla norður á Akureyri að mér var engin ánægja að því að bera þetta ættarnafn og hefði heldur kosið að vera kenndur við föður minn eins og venja er samkvæmt íslenskum hefðum og reyndar gömlum nor-

rænum hefðum. Þess vegna mundi ég kjósa að sjá að það yrði ekki neitt aðhafst til þess að rýmka rétt Íslendinga til að taka upp ættarnöfn því ef það er gert er hætta á því að á nokkrum áratugum, og jafnvel innan 100 ára tímabils, væru allir Íslendingar komnir með ættarnöfn. Það væri miður vegna þess að þessi einstæða venja sem hér ríkir, þessi gamla, norræna nafnahefð, er óðum að hverfa, hún fyrirfinnst aðeins á Íslandi í allri Evrópu. Það væri mikil sorgarsaga ef Íslendingar létu undan og þessi gamla nafnahefð legðist út af. Þess vegna skora ég á þingheim að fara sér mjög varlega í þessum efnum og breyta í engu lögum á þann hátt að það verði auðveldað fyrir Íslendinga að taka upp ættarnöfn og/eða nota erlend nöfn við að skíra börn sín hér á Íslandi.

Ég ríf ja upp svo hér að lokum afstöðu ágæts kennara míns úr menntaskóla, Brynleifs heitins Tobíassonar, sem var mjög mikill andstæðingur þess að Íslendingar bæru erlend nöfn og ættarnöfn. Nú vill svo til að ég er skírður fornafninu Eðvarð. Ég minnist þess þegar Brynleifur var að taka mig upp í latínu í menntaskóla, þá ávarpaði hann mig ævinlega sem Játvarð Jónsson því að hann viðurkenndi hreinlega ekki að Íslendingar gætu borið erlend nöfn eða ættarnöfn.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég sá hæstv. menntmrh. á förnum vegi hér rétt áðan. Mér þætti rétt að hann yrði aðeins við vegna þess að hann flutti þetta mál við 1. umr. og þá á þeim grundvelli að hann væri ekki sektartrúar, teldi ekki rétt að beita sektum við því ef mönnum verður á í messunni og seinkar við að gefa börnum nafn. En hv. menntmn. hefur, þvert ofan í skoðanir ráðherrans sem málið flytur, frekar hert á þeim ákvæðum sem gilda um dagsektir í þessu máli og leggur hér til að menn verði sektaðir um 1000 kr. á dag fyrir að fremja þau hrikalegu brot að láta ekki skíra börnin sín innan tiltekins tíma.

Ég geri ráð fyrir að ekki þurfi mikið ímyndunarafl til að láta sér detta í hug aðstæður þar sem það getur verið óhjákvæmilegt að seinka skírn eða nafngift af ýmsum ástæðum. Ég sé ekki ástæðu til þess að nefna slíkar aðstæður hér en ég vil bara vekja athygli á því þar eð hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir að hann væri ekki sektartrúar í þessum efnum og reyndar dómsmrh. líka sem á nú að fara með forræði þessa máls, nái þetta frv. í gegn. Það er engu líkara heldur en meiri hl. stjórnarliða í menntmn. fari þvert gegn vilja ráðherranna beggja í þessu máli. Ég tel eðlilegt að lækka þessa upphæð til muna ef þetta ákvæði á að vera óbreytt og mun beita mér fyrir því við 3. umr. málsins ef ekki verða aðrir til þess.

Að öðru leyti vil ég segja það, virðulegi forseti, að þó að ég telji feng í því að fá þetta mál afgreitt sem lög frá Alþingi, þá ganga þær brtt. sem ég hef flutt, og að því er mér sýnist einnig þær brtt. sem Kvennalistinn hefur flutt, út á það að auka örlítið það svigrúm í lögunum sem þarf að vera fyrir hendi til einstaklingsbundinna ákvarðana, til ákvarðana einstakra manna. Það má kannski segja að hér sé verið að gefa sérvitringunum í þjóðfélaginu örlítið svigrúm til þess að fara að vild sinni og ég sé ekkert sakleysislegra heldur en lög um mannanöfn til þess að koma til móts við þá aðila í þjóðfélaginu sem eiga auðvitað sinn rétt eins og aðrir. Og miðað við það hve margir sérvitringar sitja á Alþingi ætti þinginu ekki að verða skotaskuld úr því að opna aðeins fyrir möguleika í þessu efni fyrir fólk úti í þjóðfélaginu sem vill fara pínulítið aðrar leiðir en almennt gerist að því er varðar mannanöfn.

Ég hef þegar gert grein fyrir mínum brtt. í minni fyrri ræðu og skal ekki endurtaka það. Þær eru meira og minna innbyrðis sjálfstæðar og þar af leiðandi ekki allar fallnar þó að ein þeirra falli, en ég tel að í þessum efnum eigi að vera meira svigrúm en minna og banna heldur minna en meira.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Vegna endurtekinna ummæla nokkurra þingmanna um ákvæði frv. þessa um mannanöfn hvað varðar dagsektir, þá vildi ég mega koma því á framfæri, sem ég heyri að mönnum er ekki alveg fullkomlega ljóst, að dagsektir verða ekki flokkaðar til sekta í venjulegum skilningi. Dagsektir eru ekki refsing. Þær eru þvingunarráð og til að beita slíku þvingunarráði þarf lagaheimild.

Það er eftirtektarvert fyrir menn að átta sig á því að ef á mann hefur verið lögð dagsekt t.d. í 60 daga, og skuldar þar af leiðandi 60 þús. kr. vegna þess að hann hefur ekki innt þessa skyldu af hendi. Síðan verður hann loksins við skyldunni og gegnir henni og þá falla dagsektirnar niður, þá eru þær ekki kræfar því að það er alveg ljóst af hæstaréttardómum sem hafa fallið einmitt um þetta efni að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir verður ekki fullnægt eftir að skyldunni hefur verið gegnt. Menn verða sem sagt að gera sér fullkomlega grein fyrir því að við erum ekki að tala hér um sektir í venjulegum skilningi heldur þvingunarráð sem er þess eðlis að dagsektin fellur niður þegar skyldunni hefur verið fullnægt. Aftur á móti ef maðurinn þráast svo lengi við að framkvæmdarvaldið er farið að innheimta upphæðina og er búið að ná upphæðinni af viðkomandi einstaklingi, þá er hún glötuð einstaklingnum og verður ekki endurheimt.

Mér fannst rétt að menn gerðu sér fullkomlega grein fyrir þessu, að hér er sem sagt ekki um refsiúrræði að ræða heldur þvingunarráð.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það er ekki oft sem ég sé tilefni til þess að biðja um orðið til að gera athugasemd við málflutning míns kæra vinar og bróður í andanum, hv. 14. þm. Reykv. En það er augljóst, þótt slæmt sé ákvæðið um dagsektir, ég viðurkenni það, að við létum gott heita eins og það fór frá nefndinni til að ná samkomulagi. En það er misskilningur að við höfum gert frv. enn lakara að þessu leyti. Við betrumbættum það nefnilega um helming. Gert var ráð fyrir 2000 kr. dagsektum. Þetta þótti okkur hin mesta ósvinna og sáum

að það mætti ekki dragast í marga daga að koma nafni á barnið eftir þann frest sem stjórnvöld tilskilja og það gæti orðið býsna dýrt ef Stjórnarráðið féllist ekki á röksemdir foreldranna. Að því er varðar þær röksemdir, þá hafa sérvitringarnir nefnilega líka sinn rétt. Það getur vel verið að Stjórnarráðið mundi aldrei fallast á það sem röksemd gegn því að ausa barnið vatni ef t.d. móðir þess teldi að barnið fengi kvef, kæmi vatn á höfuðið. Röksemdir af þessu tagi væru alveg hugsanlegar. Líka vegna fjarvistar einhvers ættingja og sitthvað fleira. (Gripið fram í.) Ég þakka þá ábendingu sem hér barst til mín, en það er alveg ljóst að nefndin var andvíg því að hafa dagsektirnar 2000 kr. Sú upphæð var of há ef dagsektum verður þá nokkuð beitt. Það er þess vegna sem þessi upphæð er nefnd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 801,1 samþ. með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, KolbJ, IBA, JSS, KrP, KE, MB, MálmS, ÓE, PJ, RH, RG, BGísl, SP, NL, SJS, GGuðbj, AS, AÓB, EH.

nei: FÞ, GB, ÓÞÞ, PP, RA.

HG, JóhS, ÓÞG, HuJ, ÁrnG greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (FrS, GeirG, JBH, JK, JónS, MÁM, SV, ÞP, ÁHE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér fulla samúð með því fólki sem skírt er mjög mörgum nöfnum og kannski má segja að það eigi að vera réttur einstaklingsins að bera mörg nöfn. En okkur í menntmn. Nd. var tjáð að á tölvuöld væru á því ýmsir vankantar, m.a. þeir að opinberar tölvur taka ekki nema ákveðinn fjölda stafa, og það mundi vera mjög mikill kostnaður því samfara að leyfa mönnum að bera nöfn sem væru mjög löng. Ég segi fyrir mig að ég treysti mér ekki til að andmæla slíkum rökum, a.m.k. ekki nema að nánar athuguðu máli. Ég treysti mér því ekki til að greiða þessari tillögu atkvæði og segi nei.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Víst eru það mikilvæg rök sem stafa af línulengd í tölvuútskriftinni, en hitt er annað mál að mér virðist þá frv. sjálft alveg eins geta hugsanlega haft mikla vankanta í för með sér því að margir heita löngum nöfnum. Samkvæmt frv. má skíra tveimur nöfnum og tvö löng nöfn geta verið með fleiri stöfum en þrjú stutt. Þess vegna þykja mér þessi rök ekki nægilega þung á metunum, greiði atkvæði með brtt. og segi já.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ef ég hef skilið efni þessarar brtt. rétt, þá rýmkar hún rétt foreldra og barna til þess að bera fleiri nöfn en frv. gerir ráð fyrir. Ég er fullkomlega ómóttækilegur fyrir rökum af því tagi að tölvur eigi að fara að ráðskast með hefðir í nafngift hjá Íslendingum og ansa ekki slíku. Sjálfur heiti ég eftir þremur mönnum, afa mínum og tveimur afabræðrum en svo haganlega tókst til að unnt var að koma tveimur nöfnunum saman í eitt, þar sem voru Aðalsteinn og Arngrímur, í Steingrím og síðan hét afi minn Jóhann. Ég tel að ef menn hefðu ekki verið svona hugkvæmir að koma þessu saman, þá hefði sá réttur verið af mér tekinn að bera nöfn þessara þriggja heiðursmanna. Ég segi því já af því að það felst framför í brtt. en helst hefði ég viljað hafa þetta ótakmarkað.

1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 801,2 samþ. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁHE, EH, FrS, GHH, GGÞ, GHelg, KolbJ, JSS, KrP, ÓE, RH, RG, BGísl, SP, SV, NL, AS.

nei: AÓB, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJS.

FÞ, GB, GuðnÁ, HG, IBA, JóhS, ÓÞG, PJ, GGuðbj, ÁrnG greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (GeirG, JBH, JK, JónS, MB, MÁM, MálmS, ÞP, HuJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil aðeins gera grein fyrir þessari tillögu. Hún er að vísu náskyld þeirri tillögu sem nýsamþykkt er, en hér er gert ráð fyrir þeim viðbótarmöguleika við hið upphaflega frv. að menn geti skírt börn sín svokölluðum millinöfnum, eins og gert var ráð fyrir í frv. 1971 sem ekki náði fram að ganga, eins og t.d. Berg, Ben, Áss eða því um líkt sem viðgengst hér í þjóðfélaginu. Ég sé ekki ástæðu til þess að banna mönnum slíka sérvisku, ef það má kalla það það. Ég tel þvert á móti að það eigi að leyfa mönnum þetta og segi þess vegna já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það eru tveir möguleikar til að hafa menn óþekkjanlega í þessu þjóðfélagi. Annars vegar er að gefa þeim ekkert nafn og hins vegar að gefa þeim svo mörg nöfn að enginn viti hvaða nafn þeir beri. Svo fjölskrúðugt gæti þetta nafnakerfi orðið að maður yrði í stökustu vandræðum að átta sig á því hvort það væri hundurinn á bænum eða heimiliskötturinn sem bæri nafnið. Treysti ég mér ekki til að flækja þessi mál meira en orðið er og segi því nei.

Níels Árni Lund:

Virðulegi forseti. Sviplítill þætti mér Ólafur Þórðarson ef hann hefði ekki millinafnið Þorn og þess vegna segi ég já.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að næsta brtt. á

þskj. 801 við 8. gr. er bein afleiðing 1. brtt. þannig að forseti átti sig á því að þar er talað um eitt af eiginnöfnum í staðinn fyrir annað af eiginnöfnum. Nú er búið að heimila þrjú. Þess vegna leiðir þessi breyting af hinni fyrstu.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 795,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 790,1 samþ. með 17:6 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 801,3 samþ. með 17:5 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 790,2–3 felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, GGuðbj, AÓB, ÁHE, EH, GHH, GGÞ, HG, KolbJ, KE, MálmS, ÓE, RH, SP, SV.

nei: AS, FÞ, GB, GuðnÁ, GHelg, IBA, JóhS, JSS, ÓÞG, PP, RA, RG, NL, HuJ, ÁrnG.

KrP greiddi ekki atkvæði.
11 þm. (ÞP, FrS, GeirG, JBH, JK, JónS, MB, MÁM, ÓÞÞ, PJ, BGísl) fjarstaddir.
Brtt. 801,4 felld með 21:8 atkv.
9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 801,5 samþ. með 13:9 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 795,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
13.–15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 795,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
17.–22. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 795,4 samþ. með 25:1 atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 795,5 (ný gr., verður 24. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
24.–25. gr. (verða 25.–26. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákv. til brb. I.–II. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, frh. 1. umr.

Frv. MB o.fl., 375. mál. — Þskj. 662.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

SAMEINAÐ ÞING

67. fundur, fimmtudaginn 7. mars, kl. 2.15 miðdegis.

Um þingsköp.

Seinkun á utandagskrárumræðum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér hafði verið tilkynnt það að utandagskrárumræða ætti að hefjast í Sþ. kl. 2 síðdegis og hafði vænst þess að við þá tímasetningu yrði staðið. Það er mjög bagalegt, bæði fyrir alþingismenn og þá sem vilja fylgjast með umræðum hér í Alþingi, ef hæstv. forsetar standa ekki við tímaáætlun. Það er ósiður sem tekinn hefur verið upp í seinni tíð og fjarri hinum fyrri forsetum, mönnum eins og Eysteini Jónssyni, svo að ég taki eitthvert nafn sem kunnugt er, að standa ekki nákvæmlega við tímasetningar í sambandi við umræður á Alþingi, hvenær fundarsetning fari fram og annað þar fram eftir götunum. Þessi óreiða sem hér er á þingstörfum hefur valdið mikilli röskun og truflað þingstörf og seinkað fyrir málum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Norðurl. e. harmar forseti að hafa ekki átt þess kost að njóta kennslu Eysteins Jónssonar, en forseti telur sig ekki hafa staðið fyrir neinni óreiðu hér í þingsköpum. Eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. var fullkunnugt, þá gat forseti Sþ. ekki rofið atkvæðagreiðslu í Nd. Hún varð auðvitað að ganga yfir. Vissulega hefur þessi umræða dregist nú um 20 mínútur, en ég hygg að annað eins hafi gerst og ekki þótt ástæða til umræðna um þingsköp. En það er því minni ástæða til að teygja tímann lengur og umræðu um þingsköp er nú lokið.

Umræður utan dagskrár.

Efndir við loðdýrabændur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hefst nú umræða utan dagskrár um efndir við loðdýrabændur. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og stendur í hálfa klukkustund. Umræðubeiðandi er hv. 6. þm. Norðurl. e. og hefur hann nú mál sitt.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að umræða um stöðu loðdýraræktar hafi komist enn á ný á skrið eftir að hæstv. landbrh. flutti ræðu sína norður í Eyjafirði þar sem til þess var tekið að hann minntist ekki á loðdýr og stöðu loðdýraræktarinnar í þeirri ræðu að mér er tjáð. Síðan hefur Stöð 2 talað við tvo loðdýrabændur. Annar er fyrrv. loðdýrabóndi fyrir norðan og hinn formaður loðdýrabænda á Suðurlandi. En áður en ég kem að því

ætla ég að lesa hér áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis:

„Fyrir rúmlega ári síðan voru okkur loðdýrabændum gefin fyrirheit um aðstoð vegna mjög erfiðrar fjárhagsstöðu. Voru þá gefnar yfirlýsingar um ríkisábyrgð á lánum ásamt því að fella niður hluta lána og breyta vanskilum í föst lán ásamt fleiri aðgerðum. Talið var að þessar aðgerðir ættu að duga til þess að koma fjárhagsstöðu okkar á réttan kjöl. Þessir hlutir hafa gengið ákaflega seint í framkvæmd og hefur ekki náðst að ganga frá skuldaskilum fyrir ýmsa enn þá og ónóg veð hafa, að því er talið er, staðið í vegi fyrir því að náðst hafi að vinna í málum allra.

Þegar litið er á stöðu manna í dag er alveg ljóst að þessar aðgerðir eru engan veginn nægjanlegar og verður ekki séð annað en niðurfelling lausaskulda, a.m.k. helmings þeirra, og verulegur niðurskurður skulda í Stofnlánadeild, a.m.k. 40%, sé það eina sem gæti komið í veg fyrir fjöldagjaldþrot í greininni. Miðað við verðþróun á síðasta uppboði í Danmörku og minnkandi framboð skinna má ætla að í hönd fari bjartari tímar í þessari atvinnugrein þó svo að ljóst sé að verðlagsþróun innan lands á liðnum árum gerði það að verkum að útilokað er að skinnaverð verði nokkurn tíma svo hátt að það standi undir skuldsetningu búanna eins og þau eru í dag. Því verða áðurgreindar ráðstafanir að koma til eigi að vera mögulegt að halda þessum rekstri áfram.

Á árinu 1990 var veitt fyrirgreiðsla frá Bjargráðasjóði til loðdýrabænda sem voru styrkir til fjölskyldna. Þeir voru veittir í fimm mánuði á sl. ári. Framlag þetta gerði það að verkum að menn höfðu í sig og sína. Þegar eftir því var leitað hvort slík fyrirframgreiðsla yrði einnig veitt á árinu 1991 var svarað af Bjargráðasjóði að það væru ekki til fjármunir til slíkra hluta og yrði að koma til fjármögnun í gegnum félmrn. svo sem var á liðnu ári. Þegar eftir því var spurt hjá því ráðuneyti var svarið að ekki hefði fengist í þetta fjárveiting og á meðan væri ekki hægt að veita fjármagn til þessa. Á meðan svo stæði væri loðdýrabændum vinsamlega bent á að leita eftir framlögum hjá sveitarsjóðnum.

Svo mörg voru þau orð. Það skal viðurkennt og þakkað að sumar aðgerðir hafa skilað sér vel í þessari atvinnugrein, svo sem jöfnunargjald á fóðri frá Framleiðnisjóði. Það er alveg ljóst að þær aðgerðir sem í gangi voru hafa ekki skilað því sem ætlað var til loðdýrabænda og verður því að fara fram á það sem hægt er að gera til þess að koma mönnum á réttan kjöl þannig að skuldastaðan verði viðráðanleg, svo sem bent var á hér að framan. Væntum við þess að á Alþingi og í ríkisstjórn verði þetta mál tekið upp þannig að varanleg lausn fáist og að mönnum verði gerð grein fyrir því hver ætlunin sé. Ófullnægjandi aðgerðir eru það versta sem gert er. Menn verða að vita stöðu sína."

Þetta er undirskrifað af Ævari Kjartanssyni fyrir hönd loðdýrabænda við Eyjafjörð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að benda hv. þm. á að í þessari umræðu hefur málshefjandi leyfi til að tala í þrjár mínútur en aðrir einungis í tvær. Vonlítið er að menn komist að á þessari hálfu klukkustund nema menn reyni að halda þessa reglu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég verð þeirri stund fegnastur þegar þetta heimskulega form utandagskrárumræðna verður aflagt því að það er auðvitað tæplega boðlegt að ætla mönnum að svara fyrir flókin mál á tveimur mínútum eins og ég væntanlega á að gera hér. Ég fékk engar sérstakar spurningar frá hv. málshefjanda þannig að ég hygg að ég nýti best tímann með því að reyna að gera örstutta grein fyrir þeim aðgerðum sem í gangi eru og hvernig þær standa.

Þær standa þannig að loðdýrabændum hefur fækkað verulega, eins og menn skilja, og eru nú um 120. Skuldbreytingar gegnum Ríkisábyrgðasjóð hafa nýst þannig að rétt um 200 millj. hafa þegar verið nýttar af 300 millj. kr. heimild. Skuldbreyting er komin í gegn hjá tæplega 130 aðilum af um 180 sem sendu inn upplýsingar en þar af eru um 120–130 hættir við. Stofnlánadeildin hefur þegar létt undir með framkvæmd þessarar skuldbreytingar í samráði við landbrn. á þann hátt að fella niður eða lækka höfuðstól hjá nokkrum bændum.

Ef litið er yfir aðgerðir Framleiðnisjóðs þá standa þær þannig að á árinu 1989 lagði Framleiðnisjóður fram skuldbreytingarframlag á þáverandi verðlagi 60 millj., núverandi 70, og er það framlag um það bil að nýtast að fullu. Framleiðnisjóður hefur greitt í jöfnunargjald á fóður 37 millj. á árinu 1990 og 32,5 millj. áætlað á þessu ári. Framleiðnisjóður greiðir vexti af ógreiddum afurðalánum frá fyrri árum, áætlað 11 millj. kr. á þessu ári. Framleiðnisjóður greiðir stimpilgjöld vegna nefndra skuldbreytinga, áætlað 4 millj. Auk þess greiðir Framleiðnisjóður allan kostnað af vinnu við skuldbreytinguna og laun lögfræðinga. Framleiðnisjóður greiddi á síðasta ári 30 millj. kr. í refastyrk og Framleiðnisjóður veitir 50% bakábyrgð á afurðalánum fyrir árið 1990 og einnig fyrir árið 1991.

Ríkissjóður hefur á þessum tíma greitt í jöfnunargjald á fóður á árinu 1990 37 millj., á árinu 1991 áætlað 32,5 millj. Framlag til Byggðastofnunar vegna fóðurstöðva á árinu 1990 25 millj. Framlag til Bjargráðasjóðs á árinu 1990 11 millj. Stofnlánadeildin hefur, eins og þegar sagði, þegar fellt niður hluta höfuðstólsskulda hjá nokkrum bændum til þess að taka þátt í nauðasamningum tengdum skuldbreytingum og viðræður eru í gangi milli landbrn. og Stofnlánadeildar um frekari aðgerðir af þessu tagi.

Á árinu 1988 var söluskattur endurgreiddur að fullu eins og hann var þá útistandandi frá mörgum fyrri árum upp á 35 millj. kr. og haustið 1989 voru aðrar 41 millj. kr. greiddar. Ríkisábyrgðasjóður hefur, eins og þegar sagði, veitt ríkisábyrgðir á skuldbreytingum fyrir um 200 millj. kr. og fara þær væntanlega í eitthvað milli 230 og 300 millj. þegar upp verður staðið í þeirri breytingu. Í athugun er hjá Bjargráðasjóði að hefja á

nýjan leik greiðslu sambærilegrar aðstoðar í formi sérstakra greiðsluerfiðleikalána eins og gert var á sl. ári. (Gripið fram í.) Það er einmitt það sem hv. frammíkallandi nefndi sem er í athugun, hvernig unnt sé að fjármagna það. Ég vænti þess að þegar lánsfjárlög verða afgreidd innan fárra daga á þingi, þá verði skerðingarþaki á framlagi ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs létt þannig að unnt verði að fjármagna þessar greiðslur þar í gegn. En það var m.a. nauðsynlegt um áramótin að fá upplýsingar um það hversu margir loðdýrabændur hefðu látið af búskap áður en unnt væri að taka ákvörðun um að halda þessum greiðslum áfram.

Að lokum má nefna það að skinnaverð er sem betur fer loksins að hækka og lítur þar út fyrir eitthvað bjartari tíma. Þá vil ég undirstrika það hver var yfirlýstur tilgangur og markmið með þessum aðgerðum. Það var ekki að leysa þetta vandamál í eitt skipti fyrir öll, enda ekki hægt og vantar mikið á að þessir fjármunir sem hér hafa verið nefndir dugi til þess. Það var að reyna að skapa þessari grein a.m.k. tveggja ára umþóttunartíma áður en það yrði síðan gert upp hvort látið yrði af loðdýrarækt hér í landinu eða ekki. Þær tölur sem ég hér nefndi, hvað sem um þær má segja, þá eru þær þannig að ef lögð eru saman bein fjárframlög, ríkisábyrgðir og endurgreiðsla á söluskatti að ótöldum öllum kostnaði, þá er umfang þessara skuldbreytingaraðgerða, sem núna hafa staðið yfir, og aðstoðar við greinina í rúm tvö ár af stærðargráðunni 600–800 millj. kr. Menn geta sagt að það sé lítið og menn geta sagt að þetta hafi gengið seint, því það hefur það gert. Það hefur gengið seint, en það hefur svo sannarlega verið reynt að gera ýmislegt. Ég vænti að með þeim ráðstöfunum, sem í athugun eru núna, að innheimta ekki vexti af skuldbreytingarlánum Ríkisábyrgðasjóðs á afborgunarleysistímanum, að hefja á nýjan leik erfiðleikalán úr Bjargráðasjóði og að ræða við Stofnlánadeild og bankana um ákveðin atriði sem lúta að lánskjörum, þá verði hægt að búa þannig um hnútana í þessari aðgerð að sæmilega megi við una miðað við þær væntingar og þau loforð sem gefin voru. Ég hygg að hv. alþingismenn geti ekki annað sagt en að við það sem ákveðið var að gera hefur verið staðið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti biður menn enn að virða þingskapalög. Þó að hæstv. landbrh. þyki þau slæm, þá eru þau lög engu að síður.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Hér er viðkvæmt mál á dagskrá sem snertir marga. Á sínum tíma var ég eindregið þeirrar skoðunar og er enn að það hafi verið vitlaust staðið að þessum málum, bæði í upphafi og eins þegar gripið var til bjargráða. Hér var keyrt áfram af kappi en engri forsjá. Búunum var bókstaflega skipt niður um allar sveitir án þess að nokkuð væri tekið tillit til fjarlægða frá þeim stað sem æti kom frá, enda hefur fæðiskostnaðurinn verið miklu meiri heldur en gert var ráð fyrir. Ríkið fór á undan í þessu máli og hvatti bændur til þess að taka upp loðdýrarækt þannig að ríkið ber stóran hluta ábyrgðar. Þess vegna taldi ég á sínum tíma þegar þetta mál var á dagskrá að ríkið ætti þegar í stað að leysa það fólk, venslamenn og aðra ábyrgðarmenn, úr snörunni í eitt skipti fyrir öll með pennastriki og leyfa þeim svo einum að halda áfram loðdýrarækt sem gætu gert það fyrir eigin reikning.

Nú upplýsir ráðherrann að þegar séu komnar 600–800 millj. kr. plús vaxtaniðurfellingar og ýmis önnur ívilnun sem hefur verið og er í gangi í kerfinu þannig að það verður ekki séð fyrir endann á þeirri upphæð sem fer í þessa grein. Það hefði verið nær að verja þeim peningum og öðrum peningum sem eiga eftir að fara til greinarinnar til þess að hjálpa fólkinu sjálfu því að víða er þetta fólk í rauninni fangar ríkissjóðs. Fólkið getur ekki hætt og það getur ekki haldið áfram. Það mun því koma til kasta ríkissjóðs um ókomin ár og ítreka ég það að það hefði verið betra að ljúka þessu máli strax, leyfa þeim að halda áfram sem geta gert það fyrir eigin reikning, leggja áherslu á fólkið en ekki dýrin í þessu sambandi.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ábyrgð stjórnvalda gagnvart loðdýrabændum er mjög mikil. Á erfiðleikatímum í íslenskum landbúnaði voru bændur hvattir til þess að fara í aukabúgreinar eins og loðdýrarækt og fiskeldi. Það má segja það berlega að þeir sem sneru sér að loðdýraræktinni fengu peninga og fyrirgreiðslu á færibandi. Það var jafnvel svo að þeir fengu 110% af stofnkostnaði. Það ber brýna nauðsyn til þess að reyna að aðstoða það fólk sem nú á í mjög alvarlegum erfiðleikum og í þeirra hópi er fólk sem á ekki lengur fyrir mat frá degi til dags.

Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir hans svör og það sem hefur verið gert. Það sem auðvitað þarf að vinda bráðan bug að er að framlög í Bjargráðasjóð verði aukin til þess að unnt verði að greiða framfærslustyrki. Ég hef ritað hæstv. félmrh. út af þessu og hún hefur gert ráðstafanir til þess að reyna að afla fjár til þess að leggja í Bjargráðasjóð í þessum tilgangi.

Eitt atriði varðandi skuldbreytingu þessara manna þykir mér með öllu óþolandi. Það er það að ríkisbankarnir skuli leyfa sér að taka 1,8% lántökugjald vegna skuldbreytinga af þessu fólki og bæta ofan á skuldir þess. Þetta gengur auðvitað ekki. Þetta nemur 10 millj. kr. á þá upphæð sem ábyrgst hefur verið. Ef ríkisbankarnir geta ekki í þessu tilviki fallið frá þessari kröfu til lántökugjalds, þá fylgir ekki mikil alvara aðgerðunum. Það er verið að bæta í raun og veru 10 millj. ofan á aðrar skuldir þessa fólks. Ég er líka þeirrar skoðunar að Stofnlánadeild landbúnaðarins eigi hikstalaust að færa niður skuldir loðdýrabænda til samræmis við greiðslugetu þeirra og möguleika til þess að greiða af lánum. Það þjónar engum tilgangi, og er raunverulega margt til í því sem hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson sagði hér áðan, að það væri langbest að strika yfir þetta með einu pennastriki. Ég hygg að sú barátta sem fram undan er hjá þessu fólki sé svo mikil og svo erfið að það verði að taka til allra þeirra ráða sem möguleg eru til þess að reyna að gera út á þá von,

sem nú er að vakna, að loðskinn hækki í verði. Það gerðist á síðasta skinnauppboði í Kaupmannahöfn að verð á skinnum hækkaði nokkuð og það vakti vonir um að það væri þó hugsanlega einhver framtíð í þessari búgrein. En stjórnvald sem hefur hvatt fólk með þeim hætti sem íslensk stjórnvöld gerðu til þess að hefja þennan búskap, lét þeim í té alla þá peninga sem fólkið bað um, ber líka nokkra ábyrgð á þessu máli og verður að standa sig í því að reyna að leysa þennan vanda.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er nú svo að flest af því sem ég vildi segja hér hefur þegar komið fram. Ég vil samt sem áður undirstrika það með hverjum hætti þessi búskapur fór af stað. Menn voru hvattir til að taka upp nýja búgrein og jafnframt því afsöluðu margir sér framleiðslurétti þannig að þeir hafa ekki í neitt að venda á nýjan leik þegar þessi búgrein er hrunin í höndunum á þeim.

Ég hef litið svo á allar götur síðan fór að halla undan fæti fyrir loðdýrabændum að stjórnvöld bæru nokkra ábyrgð á því hvernig þeirra staða er. Þeim var hreinlega lofað gulli og grænum skógum tækju þeir upp þessa búgrein og þeir fengu ómælt fé, þeir fengu í rauninni, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan, alla þá peninga sem þeir báðu um. Og þegar svo er komið sem nú er þá er ábyrgð stjórnvalda þó nokkur. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans áðan. Þau sýna þó að búið er að gera töluvert mikið í þessum málum en samt sem áður hafa þessar aðgerðir gengið afskaplega hægt. Það eru of margir enn sem vita ekki hvar þeir standa og hver þeirra staða er. Þeir vita ekkert við hverju þeir mega búast í framtíðinni. Þeir þora varla að horfa fram á veginn því þeir vita ekki hvað þeir geta gert. Að vísu er bjartara fram undan núna í skinnasölumálum og það má vera að greinin eigi sér viðreisnar von. Reyndar hef ég alltaf verið þeirrar trúar að ef loðdýrabúskapur gæti yfirleitt þrifist, þá væri það hér. Ég er því ekkert búin að afskrifa þessa búgrein með sjálfri mér. En ef maður má segja svo ljót orð, þá var asnast af stað í þennan búskap með engri fyrirhyggju, ónógri þekkingu og ónógri ráðgjöf og af því súpum við seyðið. En ég vil óska þess í lok máls míns að þeir sem enn eiga eftir að fá úrlausn sinna mála þurfi ekki að bíða mikið lengur því, eins og sagt var hér úr þessum ræðustól áðan, það er meðal þeirra fólk sem ekki á fyrir matnum á morgun.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég held að okkur alþingismönnum sé það öllum kunnugt að ekki hefur verið staðið myndarlega að því að koma til móts við það fólk sem hefur verið í loðdýrarækt. Það er að vísu rétt að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur ekki innheimt vexti eða afborganir af lánum vegna loðdýraræktar en á hinn bóginn eiga loðdýrabændur margir hverjir erfitt með að standa í skilum vegna annarra lána sem hvíla á eignum þeirra. Það er enn fremur ljóst að margir loðdýrabænda hafa orðið gjaldþrota eða þeir hafa ráðið sig sem launþega í önnur störf. Vextir eru ekki frádráttarbærir hjá launþegum við álagningu tekjuskatts sem hlýtur auðvitað að valda því að þeim verður til lengdar ofviða að standa undir sínum skuldbindingum sem á þeim hvíla nú vegna loðdýraræktar. Aðrir hafa farið slyppir og snauðir frá jörðum sínum og húsnæðiskerfið er þannig byggt upp í dag að þetta fólk hefur ekki forgang eða rétt á borð við heimamenn í kaupstöðum til að ganga inn í félagslegar íbúðir. Á þessu sviði hefur ekki verið komið til móts við þetta fólk.

Ég held að það sé öldungis ljóst að ríkisvaldið er skuldbundið þessu fólki vegna þess sterka og harða áróðurs sem rekinn var á sínum tíma fyrir loðdýraræktinni. Ég held að það sé líka ljóst að skuldabaggginn er orðinn þyngri en ella mundi vegna þess að opinberar ráðstafanir hafa dregist úr hömlu og ekki hefur fengist neinn botn í þær umræður og viðræður sem orðið hafa vegna aðgerða við loðdýrabændur. Ég get tekið sem dæmi að við í Stofnlánadeild sendum landbrh. bréf og vorum síðan kallaðir til fundar upp í landbrn. en þar var ráðherra sjálfur ekki til viðtals heldur embættismenn hans sem höfðu ekki pólitískt umboð til þess að tala við þingkjörna fulltrúa Stofnlánadeildar. Þetta er auðvitað dæmigert fyrir framgang þessa máls í heild.

Ég held að nauðsynlegt sé að allir þeir sem koma að málinu taki nú höndum saman. Ég hygg að nauðsynlegt sé að flatur niðurskurður komi á lán þeirra sem fóru í loðdýrarækt, þeirra sem enn vinna við það og annarra þeirra sem hafa tapað fé á þeirri tilraun. Og ég held að við verðum jafnframt að reyna að beita okkur fyrir því að húsnæðisyfirvöld hafi hliðsjón af erfiðleikum fólksins. Ég held að það sé grundvallaratriði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Það væri hægt að tala langt mál um þetta, en lengd utandagskrárumræðna fer ekki eftir þýðingu þeirra og mikilvægi.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn stöndum við í þeim sporum að ræða um vanda loðdýrabænda. Þótt margar hvatningarræður hafi á sínum tíma verið haldnar um það hve góður atvinnukostur loðdýraræktin væri, þá eru þær líklega orðnar fleiri um það hvernig og hvort leysa eigi úr vandamálum þeirra sem á sínum tíma hlýddu hvatningunni og fóru út í loðdýrabúskap.

Fyrir rúmu ári voru samþykktar aðgerðir fyrir loðdýrabændur til að reyna að bjarga þeim sem bjargað varð. Þá var, eins og kom hér fram áðan, samþykkt að veita ríkisábyrgðir, fella niður hluta af lánum og skuldbreyta. Ríkisábyrgðin er að margra mati skásta úrlausnin sem loðdýrabændur hafa fengið og sú skuldbreyting sem farið hefur fram í kjölfar hennar í bönkum landsins. En eins og fram hefur komið fylgir böggull skammrifi, um 10 millj. kr. af aðstoðinni fara í lántökugjöld til bankanna. Eðlilegt, kann einhver að segja, því að bankarnir hljóta að taka gjöld af þeim lánum sem þeir veita. En hér er ekki verið að tala um eðlileg, venjubundin bankaviðskipti. Hér er verið að tala um bankaviðskipti vegna sérstakra ráðstafana sem gerðar voru vegna gífurlegra erfiðleika einnar stéttar í

landinu og hér er verið að tala um að bankarnir eru að taka lántökugjöld af upphæðum sem þeir áður eru búnir að fá lántökugjöld af, minnst tvisvar og síðan vexti og dráttarvexti reiknaða í topp því um er að ræða skuldbreytingalán.

Hér höfum við eitt raunverulegt dæmi sem mig langar til þess að hv. þm. heyri. Loðdýrabóndi breytti árið 1988 lausaskuldum í viðskiptabanka sínum að upphæð 2,7 millj. kr. í fimm ára lán með 13,5% vöxtum. Hann greiddi þá í lántökugjald 54 þús. kr. Áður hafði hann að sjálfsögðu borgað lántökugjald af lausaskuldum og skammtímalánum sem nú var verið að skuldbreyta. Fyrstu afborgun af láninu gat hann greitt haustið 1988, en síðan féllu í gjalddaga fjórar afborganir án þess að hann gæti greitt þær. Nú er búið að skuldbreyta láninu aftur og þessar 2,7 millj. eru með vöxtum og dráttarvöxtum komnar í 4,3 millj. og aftur fær sami bankinn um 90 þús. kr. í lántökugjald af upphæðinni og öllum vöxtum sem á hana hafa verið reiknaðar. Má ætla að af upphæðinni hafi frá upphafi verið teknar rúmar 200 þús. kr. í lántökugjöld.

Fyrir fólk sem ekkert á eru þetta stórar upphæðir. Loðdýrabændur á Suðurlandi hafa ritað bankaráðum Landsbanka og Búnaðarbanka bréf þar sem farið er fram á niðurfellingu eða endurgreiðslu þessara lántökugjalda. Mér vitanlega hafa svör ekki borist en fróðlegt væri að fá svör þess ráðherra sem fer með málefni bankanna hvert viðhorf hans er til þessara mála. Og um leið, virðulegi forseti, og ég fagna áhuga Alþfl. á þessu máli, þá treysti ég því að hv. þm. Árni Gunnarsson beini þessari spurningu til flokksbróður síns og ráðherra úr því að hann er hér ekki, þrátt fyrir að hæstv. ráðherra hafi mátt búast við því að lántökugjaldið yrði rætt.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur það sannast að „víst er þetta löng og erfið leið, lífið stutt og margt sem út af ber". Vissulega er vandi loðdýraræktarinnar stór. Það hafa verið erfið viðfangsefni á borðum margra.

Mér kemur það nú á óvart ef loðdýrabændur eru að biðja um að fá allt fellt niður. Þeir hafa fyrst og fremst í mínum huga beðið um frið til þess að bíða nýrra tækifæra sem kannski eru í sjónmáli. Hér hefur ráðherra rakið þær aðgerðir sem fram hafa farið. Ég vil láta það koma fram að hér hafa ýmsir þingmenn enn einu sinni farið með rangt mál.

Mál loðdýrabænda, öll loðdýramál, hafa verið í friði í Stofnlánadeild landbúnaðarins. Eigi loðdýrabændur erindi við bankaráð eða stjórn Stofnlánadeildar þá eiga þeir að skrifa til þeirra en ekki Alþingis. Síðan er það krafa mín að menn fari með rétt mál. Í þeim banka sem ég þekki til hafa allir dráttarvextir verið felldir niður. Það hafa verið settir á samningsvextir í öllum tilfellum þar sem skuldbreytt hefur verið. 1,2% lántökugjald hefur verið tekið, en í Búnaðarbankanum er það af 60–80 milljónum þannig að þarna er um tæpa milljón að ræða. Ég þekki ekki stöðu Landsbankans í þessu máli. Fram á þetta hefur ekki verið farið eða það nefnt fyrr en núna.

Ég hef ekki sem bankaráðsformaður fengið þetta bréf sem hér er vitnað til fyrr en hér í hólfið mitt. Það er mikið atriði að menn fari réttar leiðir í vinnu sinni og ég segi það sem bankaráðsmaður og stjórnarformaður í Stofnlánadeild að við höfum setið, ég segi pungsveittir yfir þessum verkefnum í á annað ár og lagt okkur alla fram til að berjast og vinna þessu fólki frið. Það hefur verið gert á báðum þessum stöðum. Ég vænti þess að menn vinni að þessum verkefnum með félagslegum hætti í samráði við bæði ráðherrann sem hefur lagt sig fram og við þá aðila sem hafa verið að berjast við þessi mál. Það er ekki lausn, hv. þm. Stefán Valgeirsson, að Stofnlánadeildin gefi einhliða eftir 40% af sínum lánum. Við höfum tekið það til umræðu og við segjum frekar: Við skulum koma inn í nauðasamninga í þessum málum. Ef við gefum einhliða eftir af 1. veðrétti 40% af öllum þessum lánum, þá standa mennirnir í sömu sporum. En ef við segjum: Við komum inn í nauðasamninga í þessum málum, þá er það hvati til þess að allir hinir sem eiga skuldir hjá þessu fólki felli líka niður 40%. Það erum við að skoða ásamt mörgu fleiru sem þetta blessað fólk varðar og þessa búgrein.

Ég vænti þess að það fari svo að sá biðtími sem við höfum markað sýni að við völdum rétta leið. Skinnaverðið er að hækka og þessi búgrein megi þess vegna ná á ný fótfestu. En ég hvet loðdýrabændur til þess að sýna þeim sem hafa unnið að málefnum þeirra, bæði á Alþingi, í ríkisstjórn og í öðrum stofnunum, þá virðingu að tala við þá, koma á fund þeirra í stað þess að vera með gaspur og ómerkilegt tal í fjölmiðlum sem því miður hefur hent einhverja menn í þessum hópi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég stóð í þeirri meiningu að umræðu væri að ljúka og tíminn búinn og ætlaði að fá að taka aftur til máls í lokin eins og venja er þegar málshefjandi og sá ráðherra sem fyrir svörum stendur fá orðið. Ég ætla að byrja á því að hvetja hv. 2. þm. Norðurl. e. til að halda á landsfund Sjálfstfl. þar sem hans bíðurærið verkefni að velja nýjan formann. Ég held að hann geri ekki annað þarfara í dag. Alla vega bætir það lítt um betur sem hann studdi ríkisstjórnir á árunum 1983–1988 og á sinn þátt í því hvernig þessi mál eru komin, ber á því sína ábyrgð eins og reyndar allir aðrir hv. alþm. á þessum tíma. Það er ekki mjög karlmannlegt af honum, sem annars ber sig nokkuð hreystilega, að fara að tala um það að ekki hafi verið staðið myndarlega að þessum hlutum.

Staðreyndin er auðvitað sú að hefðu ráðstafanir af því tagi sem nú eru í gangi verið gerðar miklu fyrr væri staðan önnur og betri. Það er einmitt ekki fyrr, því miður, en í árslok 1988 og á árinu 1989 sem farið er að grípa til ráðstafana af því tagi sem einhver bein áhrif hafa á rekstrarafkomu bændanna, eins og styrkir úr Framleiðnisjóði, eins og greiðsla á jöfnunargjaldi beint til lækkunar á rekstrarkostnaði búanna. Það sem gert hafði verið fram að því voru lengingar á hengingarólum, því miður, og á því hlýtur hv. 2. þm.

Norðurl. e., eins og aðrir stjórnarsinnar frá þeirri tíð, að bera fulla ábyrgð. Og svo sendum við honum kærar kveðjur og vottum honum samúð okkar með það að vera að fara á landsfund Sjálfstfl.

Erfiðleikar þessa fólks eru miklir. Ætli ég viti ekki um það rétt á móti öðrum. M.a. þess vegna var valin sú leið á síðasta ári vegna þeirrar sérstöku og erfiðu afkomu sem þetta fólk býr við og býr enn við því miður að veita þessa rekstrarstyrki, að forminu til sem lán en þó með það yfirlýst að þar yrði um styrki að ræða, úr Bjargráðasjóði. Það má til sanns vegar færa að þarna hafi orðið verðhrun eða áföll af því tagi að ekki sé óeðlilegt að Bjargráðasjóður komi við sögu. Og enn standa málin þannig að enn er ekki nein boðleg afkoma í þessari grein og þess vegna held ég að það sé rétt og skylt að Bjargráðasjóður haldi áfram þessum greiðslum, a.m.k. fram á mitt þetta ár. Þá höfum við uppgjör skinnaverðs á þessum vetri og þeim uppboðum sem nú standa yfir og verða á næstunni og vitum betur hvaða tekjum, vonandi, framleiðslan á þessu ári hefur skilað. Það skiptir auðvitað geysimiklu ef skinnaverð t.d. hækkar að meðaltali um 15–20% við sölu á þessa árs eða síðasta árs framleiðslu. Er þá fljótt að muna talsverðum fjárhæðum, líka vegna þess að afurðalán eins og þau standa núna á bak við skinnin eru miðuð við allra lægsta verð þannig að allt sem til viðbótar kemur kemur í formi beinna peninga til uppgjörs hjá framleiðendum.

Ég ítreka það sem ég áðan sagði um þessa aðstoð. Það má margt um hana segja. Það sem ekki hefur tekist sem skyldi er að hún hefur tekið of langan tíma. En ég segi, það hefur verið staðið við hvert atriði sem lagt var upp í þessum aðgerðum, við hvert atriði. Það hefur verið greitt nákvæmlega það jöfnunargjald á fóður, það hafa verið greiddir nákvæmlega þeir styrkir inn í Byggðastofnun, það hafa verið greiddir nákvæmlega þeir styrkir úr Framleiðnisjóði sem ákveðið var. Það eina sem ekki hefur tekist sem skyldi er að þetta hefur gengið seint, það er rétt, og það viðurkenni ég. En því miður var það ekki í mínu valdi eins að sjá til þess að bankar, lögfræðingar, lánastofnanir, kaupfélög, fóðurstöðvar og ótal margir aðrir aðilar sem þarna áttu hlut að máli greiddu allir með nægjanlega glöðu geði *fyrir því að þetta gengi hratt og vel fyrir sig.* Það hefði verið æskilegt, það hefði sparað mikil sárindi og mikla erfiðleika, en því miður hefur þetta þvælst talsvert fyrir mönnum.

Herra forseti. Ég eiginlega harma það að þurfa að tala um þessi tiltölulega viðamiklu og jafnframt að mörgu leyti erfiðu mál við svona þröngar aðstæður, að geta ekki farið yfir þetta sæmilega rólega og yfirvegað. Ég ítreka það að ég held við þurfum að taka það til skoðunar hvort rétt sé á annað borð að vera að hefja umræður um mál af þessu tagi við þennan þrönga tímaramma, ég efast eiginlega um að málinu og nokkrum sem hlut á að máli sé greiði gerður með því vegna þess að það er þá ekki hægt að ræða af skynsamlegu viti og með rökum og allra síst á það við þegar flókin og viðkvæm mál eiga í hlut.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara síðustu orða hæstv. ráðherra vill forseti taka fram að að sjálfsögðu hefði verið leyfð ómæld umræða um svo viðamikið mál ef ekki væru svo fáir dagar eftir af þinghaldi. Eftir samráð við forseta deilda var það samróma álit að útilokað væri að gefa þessari umræðu nú meiri tíma en orðið hefur og harma ég það vissulega. En ég vona að hv. þm. skilji þá afstöðu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið vil ég í fyrsta lagi taka það fram að það situr síst á Alþb. að vera að hneykslast yfir því að bankar taki lántökugjald á sama tíma og það er látið óátalið af landbrh. að því fé sem veitt er í Framleiðnisjóð landbúnaðarins skuli eytt til þess að greiða stimpilgjöld af lánum loðdýrabænda, stimpilgjöld sem renna í ríkissjóð og var ekki til þess ætlast þegar sá sjóður var stofnaður að þeim fjármunum yrði varið til þess að greiða opinbera skatta fyrir fólk. Ég held að hv. þm. Suðurl. og Alþb. ættu að taka þetta mál upp í stað þess að vera að veitast að öðrum.

Ég vil í annan stað taka það skýrt fram að ég var síður en svo ánægður yfir því hvaða undirtektir loðdýrabændur fengu hjá þeirri ríkisstjórn sem ég studdi. Ég sat á þeim tíma í nefnd með hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og Árna Gunnarssyni og ég vissi ekki betur en okkur hefði tekist að komast nokkuð áleiðis. En því miður strönduðu okkar tillögur í Alþfl. og við undum svo illa hversu þessi mál gengu hægt fram, við Egill Jónsson, að við skrifuðum þáv. hæstv. landbrh. Jóni Helgasyni bréf til þess að undirstrika óánægju okkar yfir því hversu illa og hægt gengi að veita loðdýrabændum viðunandi úrlausn. Ég vil að þetta komi fram og ég vil aðeins ítreka, hæstv. forseti, að ég tel að þingið eigi eftir að greiða loðdýrabændum þá miklu skuld sem þinginu ber að greiða vegna þess hversu haldið hefur verið á málefnum þeirra.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Vissulega get ég tekið undir það *með hæstv. landbrh. að það hefði verið betri kostur* að umræða um mál eins og þetta, sem hvílir svo þungt á mörgum loðdýrabóndanum í dag, hefði farið fram undir öðrum kringumstæðum. En við ráðherrann vil ég segja að það er ekki aðeins við okkur óbreytta þingmenn að sakast í því. Það hefði kannski verið ástæða til þess að ráðherra sjálfur, ráðherra þessara mála, hefði átt frumkvæði að því að hefja umræðu um þetta mál ekki síður en við þingmenn og greina frá stöðu mála. Ég verð hins vegar að segja að mínar vonir eru þær að þessi atvinnugrein eigi eftir að spjara sig eins og áætlanir og vonir okkar sem höfum stutt þessa grein frá upphafi stóðu til. Og vissulega hljótum við að gleðjast yfir því að við teljum okkur sjá aðeins bjartari tíð í vændum, en ekkert er samt öruggt í því.

Það er ósköp létt í vasa fyrir menn að tala um að menn hafi farið á stað með einhverju offorsi og að lítt

hugsuðu máli í þessari atvinnugrein. Ég held að menn þurfi, áður en þeir setjast þar í dómarasætið, að setja sig í spor þess fólks sem valdi þessa leið til að komast út úr öðrum vanda. Hver voru skilyrðin í þessari atvinnugrein þegar flestir lögðu á stað? Hver skyldi afkoman hjá þessu fólki vera í dag ef forsendur væru eitthvað í líkingu við það sem þá var? Menn hafa yfirleitt ekki flett því upp, heldur reynt að dæma þetta fólk sem afglapa sem hafi asnast út í einhverja nýja atvinnugrein. Það eru ómaklegar ásakanir.

Það er nánast furðulegt og að mörgu leyti þrekvirki hvað íslenskir bændur voru fljótir að tileinka sér nýja atvinnustarfsemi eins og þarna var og ná langt í þessari starfsemi. En þekking í greininni var lítil hér á landi og því voru fyrstu sporin erfið. Menn voru komnir með ósýktan stofn á Íslandi, menn voru komnir með mikla frjósemi dýra, menn voru svo sannarlega á réttri leið. En mér er spurn í dag, og það er kannski erfitt fyrir mig því ekki er ég upphafsmaður þessara umræðna, en ég hefði gjarnan viljað spyrja: Er verið í dag að taka heildstætt og á samræmdan hátt á þeim vanda sem hér er við að fást? (**Gripið fram í:** Í landbrn. m.a.) Í landbrn. m.a. Þetta var akkúrat svarið sem ég vissi að kæmi. Það er nefnilega málið að það er verið að vinna að lausn þessara mála á allt of mörgum stöðum. Það þarf að safna þessum endum saman og vinna þetta á miklu, miklu markvissari hátt en áður hefur verið.

Ég ætla ekki að tala lengur enda er tíminn búinn, virðulegi forseti. Þeir sem í þessari atvinnugrein starfa og ætla að starfa áfram eiga minn stuðning vísan í þessu máli eins og þeir hafa áður haft.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. landbrh. fyrir hans svör en ég get ekki séð að það sé búið að láta um 800 millj. kr. í loðdýraræktina og ég vil óska eftir því að fá sundurliðaða skýrslu um þá aðstoð sem þeir hafa fengið. Því var lofað og hvíslað að mönnum að ekki þyrfti að setja veð fyrir þessari ríkisábyrgð. Ég er með bréf, eða raunar upptöku af viðtalinu sem kom í útvarpinu á sunnudagsmorgun þar sem formaður loðdýraræktenda á Suðurlandi segir: „Ég held nú kannski að þessi ríkisábyrgðarskuldbreyting sé nú það skársta sem hefur verið gert, þ.e. ef stjórnmálamenn standa við það sem þeir hvísluðu í eyru okkar þegar þetta kom til." Þetta er ekki maður úr mínu kjördæmi, þetta er kjósandi á Suðurlandi.

Það hefur ekki verið tekið á þessum málum í Búnaðarbankanum eins og þeir eru skyldugir til. Það var búið að ræða það mikið áður en þetta nýja bankaráð kom. (**GuðnÁ:** Nefndu sökina.) Ég gæti nefnt ýmsa sök. Það kemur t.d. fram í þessu viðtali að einn bankastjóri Búnaðarbankans hafi vísað einum manni út og sagt að hann ætti að grafa skinnin þegar hann bað um lán til þess að geta verkað þau. Og fleiri hafa sagt þetta. Ég get lofað bankaráðsformanninum að heyra þessa upptöku ef hann vill það.

Þetta mál er alveg óþolandi, alveg óþolandi. Það voru loforð, ég heyrði þessu hvíslað, ég heyrði því hvíslað þegar þetta var komið svona að ekki yrði gengið að mönnum sem tekið hafa á sig persónulega ábyrgð. Viðar Magnússon segir hér líka að á sama tíma og á sama hátt og sjávarútvegurinn fékk 800 milljónir á sínum tíma út af gengismálum. Það hefur nefnilega oft verið hlaupið í skarðið og hjálpað til þegar svona kemur fyrir vegna þess að það voru fyrst og fremst opinberir aðilar, ég er ekki að meina það til núv. landbrh., þetta var áður, sem hvöttu bændur til þess að selja kvótann og fara í loðdýrarækt, af ráðunautum, af ríkisstjórn, af alþingismönnum. Og þeirra er ábyrgðin. En svo er verið að eyðileggja þetta fólk. (**GuðnÁ:** Sem þá voru.) Og eru. Þeir eru kannski orðnir ábyrgðarlausir núna þeir sem stjórna Búnaðarbankanum, þeir voru það ekki.

Nei, hér verður að taka til höndum og ég veit að hæstv. landbrh. er í erfiðleikum í þessari ríkisstjórn, ég veit það. En hann á bara að segja það, hann á ekkert að vera að fela það. Þeir þingmenn sem hafa tekið hér til máls, reynið þið nú einu sinni að standa við orðin. (**Gripið fram í:** Höfum við ekki gert það?) Þú hefur reynt það. En hefur þetta gengið hér í gegnum þingið? Hefur ráðherrann verið styrktur? Hvað með ríkisstjórnina? Þetta gengur ekki. Það er verið að brjóta þetta fólk niður, tvístra fjölskyldum.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér þarf ég ekkert að bera af mér sakir enda ekkert til saka unnið. En vegna ummæla hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, þar sem hann vitnar í viðtal í útvarpi um að einhver maður hafi einhvern tímann sagt að það ætti að grafa skinn þá harma ég að svona ómerkilegar setningar skuli hér bornar upp. Auðvitað fellur mönnum ýmislegt úr munni við hin ýmsu tækifæri. Einhvern tímann sagði ég hér í baráttu fyrir loðdýrabændur að ef hlutirnir færu ekki að gerast þá yrðu þeir annaðhvort að sleppa kvikindunum út eða slátra þeim. Þetta hefur verið barátta en ég held að loðdýrabændur og aðrir verði að viðurkenna það sem landbrh. hefur sagt: Málin hafa þokast áfram. Ég ætla bara að ítreka það hér að öll mál loðdýrabænda eru í friði í Stofnlánadeild, öll loðdýramál eru í friði í Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það var fyrsta verk nýrrar stjórnar að svo yrði.

Ég ætla líka að ítreka það hér að allir dráttarvextir af skuldbreytingarlánum í Búnaðarbanka Íslands hafa verið felldir niður og settir á samningsvextir. Þannig höfum við reynt af fremsta megni að koma til móts við þessa menn, við munum gera það áfram og reyna að leiða þessa grein til nýrrar sóknar. Og ég vona að það takist. Hvað lántökugjöldin varðar þá hefur formlega, hvorki af ráðherra né þessum bændum, verið farið fram á það. Bankaráðinu hefur ekki enn borist um það bréf. Ég tel það mannasiði allra manna ef þeir ætla að vinna máli framgang að leita eftir hlutunum eftir formlegum leiðum. Og ég tel það skynsamlegt, þó við höfum ekki enn komið öllum þessum málum í höfn, að vinna þau í friði af festu og öryggi á næstu mánuðum heldur en

í fjölmiðlum. Þar með hef ég lokið máli mínu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Vinsamlegi forseti. Ég vildi bara fá að gera örstutta athugasemd til að ekki yrði um misskilning að ræða. Það sem ég sagði var um umfang þessara aðgerða í heild sinni. Ég lagði saman hinn beina stuðning, ég lagði saman endurgreiðslur og ábyrgðir og þá er þessi stærð eða umfang þessarar aðgerðar á þessum tveimur og hálfa ári, frá nóvember/desember 1988, þegar ég kom fyrst að þessum málum og endurgreiðslur hófust, á bilinu 600–800 millj. kr. Ég nefndi þetta bara til að menn áttuðu sig á stærðargráðunni í málinu. En ég vona að það sé enginn misskilningur um það sem ég sagði.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra ummæla sem hér hafa komið fram um að ekki hafi borist formleg ósk um niðurfellingu á lántökugjaldi til ríkisbankanna vil ég láta þess getið að formleg beiðni hefur farið til hæstv. ríkisstjórnar um að hún beiti sér fyrir því að ríkisbankarnir felli niður lántökugjald vegna skuldbreytinga hjá loðdýrabændum.

NEÐRI DEILD

frh. 65. fundar, fimmtudaginn 7. mars, að loknum fundi í Sþ.

Búfjárhald, 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 627, n. 798.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 798 um frv. til laga um búfjárhald frá landbn.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. Til viðræðna við nefndina komu Jón Höskuldsson deildarstjóri, Jón Viðar Jónmundsson ráðunautur, Ólafur R. Dýrmundsson ráðunautur og Sigurður Sigurðsson dýralæknir.

Nefndin hafði til hliðsjónar þær umsagnir sem bárust landbn. Ed. um frv. en auk þess bárust umsagnir frá umhvrn. og Félagi dýralækna.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum Ed. en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn í landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (Fjárlaga- og hagsýslustofnun). — Þskj. 281, n. 799.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggðastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (byggðaáætlun o.fl.). — Þskj. 757.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og öllum hv. þm. er að sjálfsögðu kunnugt hefur jafnvægi í byggð landsins, sem svo var lengi nefnt, mjög raskast þennan síðasta áratug. Fólksflutningar milli byggða hafa verið mjög miklir, þrátt fyrir umtalsverðar opinberar aðgerðir til að sporna þar gegn, þrátt fyrir miklar aðgerðir í samgöngumálum, t.d. í vegamálum, þar sem unnið hefur verið nánast allan þennan áratug eftir langtímaáætlun og breytingar hafa orðið afar miklar á vegakerfi landsins, þrátt fyrir miklar breytingar í fjarskiptum þar sem kominn er nú, samkvæmt lögum sem samþykkt voru hér á hinu háa Alþingi í upphafi áratugarins, sjálfvirkur sími á alla bæi, og þrátt fyrir miklar umbætur í flugsamgöngum, svo að eitthvað sé nefnt.

Af þessum ástæðum og vegna þeirrar miklu röskunar sem hefur orðið við hina miklu fólksflutninga, sem náðu hámarki sínu á árinu 1988 þegar hátt í 1600 manns fluttu af landsbyggðinni til þéttbýlisins umfram flutninga til landsbyggðarinnar, þá ákvað ég um áramótin 1989–1990 að skipa nefnd til þess að skoða breyttar áherslur í byggðamálum. Niðurstaðan varð sú að ég skipaði tvær slíkar nefndir, aðra sem í sátu fulltrúar allra þingflokka og hv. alþm. Jón Helgason veitti formennsku. Sú nefnd var beðin að benda á langtíma breytta áherslu í byggðamálum. Aðra nefnd skipaði ég síðan til að skoða starfshætti Byggðastofnunar og var hv. alþm. Stefán Guðmundsson formaður hennar.

Báðar þessar nefndir skiluðu áliti nú nýlega og reyndar sameinuðust báðar um tillögur um breytingar á lögum um Byggðastofnun sem hér eru fluttar. Í þessu frv. er gert ráð fyrir þeirri meginbreytingu að Byggðastofnun er gert skylt að gera tillögur um stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn og ráðherra er gert skylt að leggja slíka tillögu fyrir Alþingi til afgreiðslu. Hér er sem sagt orðin allt önnur áhersla en verið hefur því að hingað til hefur ráðherra eingöngu verið skylt að gefa skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar. Með þessari breytingu er til þess ætlast að mörkuð verði stefna sem opinberum aðilum verður þá skylt að vinna eftir í hinum ýmsu framkvæmdum sem áhrif hafa á byggðajafnvægi í landinu. Í 1. gr. er jafnframt tekið fram að byggðaáætlun skuli endurskoða á tveggja ára fresti.

Jafnframt er tekið fram í 2. gr. að stjórn Byggða-

stofnunar fjalli um umrædda stefnumótun og fylgist með framkvæmd einstakra þátta á þessari áætlun eftir að hún hefur hlotið afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Segja má að þetta sé meginbreytingin í starfsháttum Byggðastofnunar og felst hún, eins og ég hef sagt, í því að marka þarna ákveðna stefnu. Mikilvægar breytingar koma þó fram einnig í 3. og 4. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að flytja töluvert af starfsemi Byggðastofnunar á landsbyggðina þar sem Byggðastofnun er veitt heimild til þess að gerast aðili að atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni. Er gert ráð fyrir því að í slíkum atvinnuþróunarfélögum starfi „sveitarfélög, samtök sveitarfélaga og launþega, atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar sem vilja taka þátt og láta sig varða alhliða þróun og nýsköpun í atvinnulífi á viðkomandi svæði", eins og segir í 3. gr. Í 4. gr. er gert ráð fyrir því að Byggðastofnun veiti atvinnuþróunarfélögum styrki til verkefna á vegum þeirra á sviðum þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi á félagssvæðinu. Með þessu móti er gert ráð fyrir að þeir iðnþróunarráðgjafar sem hingað til hafa starfað samkvæmt sérstökum lögum falli inn í þessa starfsemi Byggðastofnunar og flytjist í raun þangað því að gert er ráð fyrir því að í hverju kjördæmi starfi a.m.k. einn atvinnuráðgjafi.

Eins og ég gat um áðan skilaði einnig sú nefnd, sem falið var að fjalla um starfshætti Byggðastofnunar, áliti um svipað leyti og ítarlegum tillögum sem ég taldi rétt að láta fylgja með. Eru þær hér með sem fskj. 2 og eru nefndar nýjar leiðir í byggðamálum, tillögur og greinargerð. Eins og kemur fram í viðauka, þá gerði sú nefnd einnig ráð fyrir þeim breytingum á lögum sem ég hef nú lýst þannig að báðar nefndirnar eru sammála um þær breytingar. Auk þess eru í því nefndaráliti, sem hér fylgir með, ítarlegar upplýsingar um þróun byggða nú upp á síðkastið, þróun atvinnutækifæra í landinu og þróun mikilvægra þátta eins og t.d. fiskveiða og landbúnaðar sem áhrif hefur haft á byggðir. Og auk þess gerir sú nefnd tillögu um tíu atriði, ef ég man rétt, sem hún leggur áherslu á að sérstaklega verði höfð í huga í þeirri byggðaáætlun og byggðastarfsemi sem lögð er til með þeim breytingum á lögum um Byggðastofnun sem ég hef lýst. Í þeim tillögum kemur m.a. fram að nefndin leggur áherslu á að meira vald verði fært til héraða og samstarf sveitarfélaga aukið eins og reyndar er gert ráð fyrir í því frv. sem ég mæli hér fyrir. Hún gerir ráð fyrir því að komið verði á fót héraðsmiðstöðvum í öllum kjördæmum á landsbyggðinni. Það er einnig gert ráð fyrir því í frv. því sem ég hef mælt fyrir. Hún gerir ráð fyrir stefnumótandi áætlanagerð með virkri þátttöku heimamanna og eins og ég hef þegar lýst er það meginþátturinn í frv. um breytingar á lögum um Byggðastofnun.

Síðan gerir nefndin tillögur um ýmsa stefnumarkandi þætti, m.a. að meiri hluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til á landsbyggðinni. Vísast þar til þeirrar staðreyndar að það er fyrst og fremst á þjónustusviðinu sem störfum hefur fjölgað. Nefndin mælir með því að sveitarfélög verði sameinuð og þannig stækkuð. Hún mælir með því að atvinnuþróunarfélög verði efld og atvinnuþróunarsjóðir styrktir í kjördæmum landsbyggðarinnar. Ég hef þegar lýst því að frv. gerir ráð fyrir því að efla atvinnuþróunarfélög. Nefndin leggur áherslu á jöfnun raforkuverðs og sameiningu orkufyrirtækja. Jöfnun raforkuverðs hefur verið mjög til umræðu og er áreiðanlega eitt af allra stærstu málum til jafnvægis í byggð landsins og til að jafna framfærslukostnað um landið. Ég hef áður iðulega lýst því að það á vitanlega ekki að vera neitt stórmál að jafna raforkuverð fremur en ýmislegt annað sem jafnað er. Sérstök nefnd á vegum iðnrh. hefur unnið að þessu verkefni og geri ég ráð fyrir því að fram komi fljótlega till. til þál. um mörkun stefnu til jöfnunar á orku til upphitunar sem þáttur og mjög mikilvægur þáttur í jöfnun raforkuverðs.

Þá gerir nefndin ráð fyrir því að farþegaflutningar verði endurskoðaðir og samræmdir betur heldur en verið hefur um landsbyggðina. Hygg ég að flestum muni ljóst vera að það er mjög mikilvægt mál. Nefndin leggur áherslu á það að byggðasjónarmiða verði gætt í almennri efnahagsstjórn. Þess ber að sjálfsögðu að gæta þegar stefna í byggðamálum hefur verið mótuð af Byggðastofnun og staðfest á hinu háa Alþingi. Nefndin gerir ráð fyrir því að fjárhagur Byggðastofnunar verði efldur. Ég vil gera grein fyrir því hér að ég geri fastlega ráð fyrir að á ríkisstjórnarfundi í fyrramálið verði ákveðið hvernig sú heimild verður notuð sem er í 6. gr. fjárlaga fyrir ríkissjóð að taka yfir skuldir Byggðastofnunar við Framkvæmdasjóð sem létti greiðslubyrði stofnunarinnar. Ég hef gert ráð fyrir því að teknar verði yfir skuldir sem létta árlega greiðslubyrði um 350–400 millj. kr. sem þýðir þá að framlag til Byggðastofnunar meira en þrefaldast frá því sem það hefur verið undanfarin ár. Ekki veitir af í þeim stórkostlegu verkefnum sem Byggðastofnun hefur orðið að taka á sínar herðar.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta lengri framsögu. Þótt freistandi væri að fara ítarlega út í byggðamálin og það mál sem hér liggur fyrir er ekki tíminn til þess nú. Vil ég gera að tillögu minni að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn. Ég vil aðeins geta þess áður en ég fer úr ræðustól að um það var beðið í Ed. að kostnaðarmat hagsýslu fylgdi þessu frv. og ég hef gert ráðstafanir til þess að kostnaðarmat fáist og komi til nefndarinnar strax á morgun.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vona að fámenni hv. þm. hér í hv. deild boði ekki það að þeir séu búnir að missa áhugann fyrir byggðamálum. Það megi ekki líta svo á. Hér er eitt þýðingarmesta mál í byggðaþróun á Íslandi til umræðu og ég skal ekki tefja umræður hér í þessum tímaþrengslum, en ég vil aðeins lýsa því yfir að ég fagna þessu frv. sem hér er komið fram. Í því eru nokkur nýmæli og meiri samþjöppun á því hvernig væri hugsanlegt að ná árangri í þessum málum með breytingum á Byggðastofnun og eins þeim áhersluatriðum sem þessar nefndir hafa sérstaklega bent á. Þess vegna fagna ég því að það skuli vera komið hér fram

og vænti þess að hv. Alþingi geri allt sem hægt er til þess að reyna að gera þetta að lögum áður en þing fer heim þó tími sé naumur.

Ég vil aðeins leggja áherslu á það að mér finnst tillögur síðari nefndarinnar, sem skilaði greinargóðri tillögu um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum, mjög mikilvægar og taka á þeim málum sem mest brennur á raunar í þessu skipulagi öllu. Það er náttúrlega alveg ljóst að jöfnun raforkuverðs og sameining orkufyrirtækja er búið að vera viðfangsefni margra ríkisstjórna á undanförnum árum. Það hafa verið settar mjög ákveðnar skoðanir þar fram, bæði af einstökum flokkum og eins af ríkisstjórn. Þetta er mál sem því miður hefur ekki gengið nógu vel fram og ég verð að harma það.

Hér er tekið sterkt til orða í fyrstu aðgerðum frá þessari ágætu nefnd og ég tel að menn hljóti að sameinast um það að því verði fylgt eftir. En það sem mestu máli skiptir í nútíðinni er það að fjárhagur Byggðastofnunar verði efldur og Byggðastofnun fái aukið rými til þess að grípa inn í þessi mál og móta þau til betri vegar til styrktar byggðum í landinu. Það er mál númer eitt, tvö og þrjú. Liður í þessu var heimild í 6. gr. fjárlaga til þess a.m.k. að létta af Byggðastofnun þeim skuldbindingum sem hún hefur orðið að taka á sig. Mér finnst það mikilvægt, eins og hæstv. forsrh. nefndi, að á ríkisstjórnarfundi á morgun eða næstu daga verði tekin ákvörðun um hvernig nýta skuli þessa heimild því að það er þó alla vega viljayfirlýsing Alþingis sem fyrir liggur og því hægt að grípa til þeirra aðgerða nú þegar.

Að öðru leyti vil ég aðeins endurtaka það sem ég sagði, að þetta er eitt stærsta mál sem við þurfum að fjalla um. Ég vona að fjarvera hv. þm. við umræður um þetta mál tákni ekki að menn hafi ekki fullan áhuga og beiti atkvæði sínu til þess að þetta verði að veruleika, a.m.k. þetta skref sem hér er stigið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Frv. JSS og RA, 328. mál (veiði göngusilungs í sjó). — Þskj. 578.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Tilefni flutnings þessa frumvarps er það að í lögunum um lax- og silungsveiði frá 1970 var landbrh. heimilað að setja reglur um silungsveiði í sjó. Þessa heimild nýtti ráðherra sér þó ekki fyrr en 2. ágúst 1989, en þá voru settar reglur sem veiðiréttareigendur við sjó töldu mjög óhagstæðar sínum hagsmunum. Var reglunum harðlega mótmælt og mótmælalistar með nöfnum 347 manna, sem flestir eru búsettir á Norðurlandi vestra og eystra en einnig á Vesturlandi og eiga veiðirétt í sjó, afhentir landbrh.

Þessar reglur voru að margra áliti nokkuð fljótfærnislega gerðar og sum ákvæði þeirra óskýr. Það ásamt mótmælum landeigenda við sjóinn mun hafa orðið til þess að ráðherra sá sér ekki annað fært en að nema reglurnar úr gildi 4. maí 1990. Á undan var gengið að sá sem hér stendur flutti fsp. til landbrh. vegna netaveiði göngusilungs í sjó og var þar spurt hvort ætlunin hefði verið með setningu þessara reglna, um netaveiði göngusilungs í sjó, að koma í veg fyrir slíkan veiðiskap, enda voru reglurnar þess eðlis að slíkt hefði mátt ætla.

Einnig var spurt hvort búast mætti við að nýjar reglur yrðu settar og þá auðvitað í samráði við eigendur og ábúendur sjávarjarða. Landbrh. tók mjög vel í þessa málaleitan og lofaði því að setja nýjar reglur um netaveiði göngusilungs og mundi hann þá hafa samráð við eigendur og ábúendur sjávarjarða. Í niðurlagsorðum mínum við svari landbrh. sagði ég að sýnt hefði verið fram á að reglurnar sem settar voru í sumar hefðu þrengt verulega gildandi lög. Mér dettur ekki í hug að fara að elta ólar við þessar gömlu reglur sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að fyrirhugað sé að nýjar reglur verði settar og þá í samráði við ábúendur og eigendur sjávarjarða og alla þá sem máli skipta. Ég fagnaði þessari yfirlýsingu ráðherra og þakkaði hæstv. landbrh. fyrir greinargóð svör að þessu leyti.

Veiðieigendur við sjó höfðu brugðist ókvæða við, eins og ég sagði áðan, með því að afhenda landbrh. lista 347 manna. Í viðtali við Ólaf bónda Þórhallsson frá Ánastöðum í Morgunblaðinu miðvikudaginn 29. nóvember 1989 segir Ólafur, með leyfi hæstv. forseta: „... að landeigendur hafi mjög lengi haft rétt til veiða 60 faðma (115 metra) út frá stórstraumsfjöruborði og hafi reglan verið lögfest með konungstilskipun árið 1849. „Þessi réttur var fyrst skertur árið 1933, þegar lög um lax- og silungsveiði voru sett. Þá var bannað að veiða lax í sjó," sagði Ólafur. „Næsta skerðing var 1970, þegar bannað var að hafa silunganet í sjó nema hálfa vikuna. Bændur fengu engar bætur fyrir þennan réttindamissi og nú í sumar kastaði tólfunum, þegar landbrh. setti reglugerð, sem kveður á um að aðeins megi nota silunganet sem eru með 0,3 millimetra þykku garni. Þetta garn er svo ónýtt að það dettur engum manni í hug að setja slík net í sjó. Þau flækjast og rifna mjög auðveldlega."

Ólafur kvaðst telja að reglugerð þessi hefði verið sett þar sem ýmsir hefðu haldið því fram að bændur veiddu lax í silunganetin. „Hugmyndir um svona takmarkanir silungaveiði hafa alltaf komið upp þegar laxveiði í ám hefur brugðist," sagði hann. „Þess vegna eiga bændur nú að nota net sem halda tæpast smærri silungum. Menn virðast ekki treysta sér til að afnema lögin, heldur fara krókaleiðir til að klípa smám saman af réttindum landeigenda."

Ólafur sagði að annað ákvæði reglugerðarinnar hefði vakið mikla óánægju. Þar væri kveðið á um að net megi ekki vera meira en 50 metra langt, miðað við efsta flóðmál. Því væri enn klipið af réttindum land-

eigenda og í þokkabót væri ekki einu sinni miðað við fastan punkt. Loks hefði verið tekið fyrir veiðar á færi og stöng.

Landbrh. brást tiltölulega vel við og breytti þessum reglum en því miður voru breytingarnar flestar í skötulíki og ekki þess eðlis að til friðar horfði. Samráðið, sem lofað var að ætti að hafa við landeigendur, sjávarbændur og alla þá sem málið skipti, eins og kom fram í fyrirspurnartímanum, var ekki meira en svo að það var hringt í einn bóndann í svo sem 10 mínútur og reglurnar voru lesnar upp fyrir hann og honum sagt að þetta væru hinar nýju reglur. Þetta var allt samráðið.

Það verður að segja þá sögu eins og hún er að þessar nýju reglur horfðu ekki til þess að friða þá sem málið skipti þannig að það var verr af stað farið mátti segja með setningu þessara reglna, eins og kom fram á fundi Sóknar, félags veiðiréttareigenda við sjó og stöðuvötn í Vestur-Húnavatnssýslu, sem haldinn var á Hvammstanga 7. ágúst 1990. En þar voru hinar nýju reglur sem voru settar 4. maí 1990 til umfjöllunar. Þá segir fundurinn:

„Við skorum á landbrh. og alþingismenn að þeir sjái til þess að reglur nr. 205, um silungsveiði í sjó, verði felldar úr gildi þar sem nú þegar hefur komið í ljós að reglur þessar eru gagnslausar. Þær hafa einungis valdið úlfúð og illindum milli manna. Þá gerir fundurinn þá eindregnu kröfu til sömu aðila að veiðiréttareigendur við sjávarsíðuna fái að hafa hönd í bagga og koma sínum sjónarmiðum á framfæri verði breytingar gerðar á veiðilögunum eða ný reglugerð samin um það efni. Einnig lýsir fundurinn furðu sinni á því siðleysi sem í því felst að veiðiverðir við Miðfjarðará hafi heimild til veiðivörslu við strendur Miðfjarðar og Vatnsness, þar sem þeim er stjórnað af ráðamönnum í veiðifélaginu um ána og þiggja laun sín, a.m.k. að hluta, frá sama félagi."

Við sama tækifæri var samþykkt önnur áskorun á þessum fundi þar sem segir, með leyfi forseta:

„Fundurinn mótmælir harðlega upptöku silunganeta, sem tekin voru úr sjó við Miðfjörð nóttina milli 25. og 26. júlí sl., af veiðiverði Miðfjarðarár og lögreglunni í Húnavatnssýslu. Telja eigendur netanna að þau hafi flest uppfyllt þær kröfur sem reglugerð nr. 205, svo slæm sem hún er, frá 4. maí 1990, gerir til slíkra neta. Fundurinn gerir þá kröfu til lögreglunnar og veiðivarðar að eigendum netanna verði gerð skýr grein fyrir því sem þessir aðilar telja að ábótavant hafi verið við netin og útbúnað þeirra. Að öðrum kosti verði netin afhent réttum eigendum og þeir beðnir afsökunar á þessu frumhlaupi fyrrnefndra aðila. Einnig hlýtur það að bera vott um brenglað siðferðismat þegar veiðivörður hefur sér til aðstoðar við netaupptöku landeigendur við Miðfjarðará og jafnvel stjórnarmenn í hagsmunafélagi veiðiréttareigenda við ána."

Það er skemmst frá því að segja að þessum netum hefur ekki enn verið skilað og ekkert samband haft við eigendur netanna hvorki á einn né annan hátt.

Eins og málum var komið eftir þessa atburði alla við hinar nýju reglur, sem greinilega dugðu ekki nokkurn skapaðan hlut, var ekki um annað að ræða en að leggja til atlögu og biðja um það að lögunum sjálfum yrði breytt. Eins og sést á frv. sem hér hefur verið lagt fram þá er megintilgangur frv. sá að draga saman flestar þær greinar í lagabálknum sem varða veiði á göngusilungi í sjó og þær settar allar í einn kafla laganna. Hinar nýju greinar sem koma í þann kafla eru flestallar kunnuglegar, enda eru þær flestallar úr lögunum sjálfum nema hvað þær koma héðan og þaðan. Stór hluti frv. varðar því það að fella á brott þær greinar sem eru á víð og dreif um frv.

Allt frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi hafa það verið lög hér á landi að landeigendur við sjó eigi einkarétt til veiða fyrir sínu landi. Í lögum frá þjóðveldistímanum segir að almenningur megi aðeins veiða fyrir utan netlög. „En það eru netlög yst er 20 möskva djúp selanót nær til botns á fjöru og komi þá flár upp," segir í hinum gömlu lögum. Þetta er óbreytt í Jónsbókarlögum og var þetta lagaákvæði Jónsbókar í gildi allt fram um miðja 19. öld. Það mun svo hafa verið með tilskipun konungs um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 að stærð netlaga var ákveðin tiltekin fjarlægð út frá stórstraumsfjöruborði, án tillits til aðdýpis, 60 faðmar, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Þessu lagaákvæði, um að hverri jörð fylgi réttur til veiða 60 faðma út frá stórstraumsfjöruborði, hefur löggjafinn ekki enn þá séð sér fært að breyta. Hins vegar hafa á seinni árum verið hafðir í frammi ýmsir tilburðir til þess að skerða þennan veiðirétt landeigenda í netlögunum. Þær aðgerðir hafa oft verið réttlættar með því að hagsmunir almennings krefðust þess að svo væri gjört. Þessar skerðingar hefjast fyrst árið 1933. Þá ganga í gildi lög sem banna laxveiði í sjó. Þó fengu nokkrir bændur, er þessar veiðar höfðu stundað, að halda þeim áfram en aðrir fengu einhverjar bætur fyrir að hætta þessum veiðiskap. Þar sem laxveiði hafði ekki verið talin til tekna misstu landeigendur laxveiðiréttinn um alla framtíð. Er þetta upphaf þess sjónarmiðs margra þeirra er ráðið hafa veiðimálum að veiðiréttur falli niður ef veiði er ekki stunduð á jörðinni. Varla getur það staðist að réttindi sem fylgt hafa jörð um margar aldir falli niður þó þau hafi ekki verið notuð um tíma. Flestum bændum er það mikið áhugamál að réttindi jarða þeirra séu í engu skert og á það ekki síst við um hlunnindi sem fylgt hafa jörðunum frá ómunatíð.

Lögunum um bann við laxveiði í sjó var á sínum tíma ekki svo mjög mótmælt þar sem fáir stunduðu þá veiði. Suma mun þó hafa grunað að þetta væri aðeins upphaf frekari skerðingar. Það kom líka á daginn því árið 1970 var bannað með lögum að veiða silung í sjó hálfa vikuna, þ.e. frá föstudagskvöldi til þriðjudagsmorguns. Þeir sem stóðu að þessari lagasetningu og þar með skerðingu veiðiréttar sögðu þetta gert til þess að hindra ofveiði silungsstofnsins og einnig til að minnka líkur á ólöglegri laxveiði í sjó. Landeigendur við sjóinn álíta á hinn bóginn þetta helgarbann gróflega eignaupptöku og að það geti varla staðist vegna ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

Ég hef nú gert stuttlega grein fyrir því hvernig réttindi til veiða í netlögum í sjó hafa smátt og smátt ver-

ið skert síðustu áratugina og þó mest silungsveiðin með lagabreytingunni 1970 og reglunum sem settar voru 4. maí 1990.

Hver skyldi nú vera ástæðan fyrir því að löggjafinn hefur lagt svo mikið kapp á að rýra möguleika til silungsveiði í sjó og því skyldi skrefið ekki hafa verið stigið til fulls og öll silungsveiði þar bönnuð? Fyrst er þess að geta að löngum hafa þeir, sem átt hafa veiðirétt í ánum, verið hræddir um að strandbúar veiddu fisk sem annars mundi ganga í árnar. Áreigendur hafa einkum á síðari árum haft vel skipulögð samtök og mikið fjármagn er þeim hefur hlotnast með sölu á veiðileyfum sem stöðugt hafa hækkað í verði. Þeir hafa því haft góða aðstöðu til að hafa áhrif á löggjafann sér til hagsbóta. Á hinn bóginn hafa þeir sem veiðirétt eiga með ströndum landsins verið sundraðir og forustulitlir og skort fé til að hamla gegn ásælni áreigenda. Þá hafa stofnanir á vegum ríkisins, svo sem Veiðimálastofnun, látið sig litlu varða hagsmuni strandbúa en stutt þeim mun betur við bakið á áreigendum.

Það sem nú hefur verið nefnt ásamt ýmsu fleiru sem ekki verður hér tíundað hefur orðið til þess að strandbúar hafa misst stóran hluta þess veiðiréttar sem þeir áður höfðu. Það er ekki ólíklegt að búið væri að afnema veiðiréttinn í netlögunum ef valdamenn hefðu ekki vegna ákvæða stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar veigrað sér við að afnema þessi aldagömlu réttindi að fullu. Frá sjónarmiði margra veiðiréttareigenda við sjóinn er nú mælirinn fullur og ekki um annað að ræða en að reyna með einhverjum ráðum að endurheimta töpuð réttindi. Það er reynt að nokkru leyti með flutningi þessa frv.

Það þarf því engan að undra þótt fólkinu við sjóinn verði fyrst hugsað til fulltrúa sinna á Alþingi og vænti þess að þeir rétti þess hag svo mjög sem hefur verið að því vegið. Þeir eiga líka samkvæmt áliti flestra að rétta hlut þeirra sem verða fyrir skakkaföllum í samkeppninni um lífsgæðin.

Svo er nú komið mjög víða við strendur landsins að silungurinn er það eina sem hægt er að veiða í netlögunum. Hrognkelsin eru mjög víða hætt að ganga upp að ströndinni þar sem áður var góð veiði. Selveiði er tilgangslaust að stunda vegna aðgerða ofstækissamtaka úti í löndum sem gert hafa selskinnin verðlaus.

Eins og öllum er kunnugt um hafa miklir erfiðleikar gengið yfir íslenskan landbúnað síðari árin, aðallega vegna sölutregðu og verðfalls á afurðum hans erlendis. Vegna þess hefur orðið að skerða mikið framleiðslurétt bænda. Reynt hefur verið að koma á fót nýjum búgreinum svo sem loðdýrarækt og fiskeldi og voru nokkrar vonir bundnar við að sú starfsemi gæti að einhverju leyti komið í stað hinna hefðbundnu greina. Skemmst er frá því að segja að þessi starfsemi hefur algjörlega brugðist vonum manna þrátt fyrir mikinn fjáraustur til þeirra af almannafé. Það er því miður allt með endemum og mikil raunasaga. Betur hefur þó tekist til með þjónustu við ferðamenn og aukna nýtingu hlunninda. Þetta hvort tveggja lofar góðu, þó enn sé í smáum stíl.

Það er von okkar með flutningi þessa frv., ef að lögum verður, að það geti orðið þessum tveim síðarnefndu greinum til nokkurs framdráttar. Má í því sambandi benda á þann möguleika að bændur við sjóinn kæmu sér upp sumarhúsum sem þeir síðan leigðu ferðamönnum og fylgdi veiði í netlögunum, t.d. í eitt net. Með hliðsjón af þessum möguleika er í frv. lagt til að veiðitími í netlögunum verði lengdur frá því sem nú er. Þar með væri hægt að ná nokkrum jöfnuði á aðstöðu bænda við sjávarsíðuna við þá yfirburða aðstöðu sem bændur við ár og vötn njóta í sambandi við ferðamennsku til sveita.

Það vekur nokkra undrun hve mikið ofurkapp sumir forráðamenn veiðifélaga við árnar leggja á það að gera hlut fólksins við sjóinn sem verstan. Þessir menn ættu þó að geta unað glaðir við sitt. Ekki er hlutur þeirra svo lítill ef marka má þær tölur sem gefnar eru upp um verð laxa upp úr ám. Sagt er að greiðsla fyrir hvern veiddan lax sé oft ekki undir 10.000 kr. Þessir menn hafa heldur ekki þurft að greiða virðisaukaskatt af seldum veiðileyfum og búmark þeirra bænda sem hafa miklar tekjur af laxveiðihlunnindum hefur þess vegna heldur ekki verið skert. Það er heldur ekki farið fram á það að búmark bænda sem njóta hlunninda verði skert. Það biður ekki nokkur maður um það. Hér er einungis verið að tryggja réttindi sjávarbænda, ekki verið að taka frá neinum öðrum. Þess vegna hefur fólkið við sjávarsíðuna ekki skilning á þeim ofstopa sem það mætir frá kollegum þess upp við árnar.

Það hefur tíðkast nokkuð á síðustu árum að veiðifélög við ár ráði til sín veiðieftirlitsmenn og fái landbrn. til að gefa út fyrir þá starfsleyfi sem ná langt út fyrir vatnasvæði ánna. Ekki verður annað séð en þessi starfsleyfi séu háð því skilyrði að viðkomandi veiðifélag greiði kaup eftirlitsmanna að fullu. Þannig segir í bréfi frá landbrn. til veiðivarðar sem ráðinn var að Miðfjarðará á sl. sumri, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísan til 89. og 90. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og að fengnum meðmælum veiðimálastjóra skipar ráðuneytið yður eftirlitsmann með veiði á laxi og silungi á vatnasvæði Miðfjarðarár og við sjávarströnd Miðfjarðar og í sjó við Vatnsnes í Vestur-Húnavatnssýslu um veiðitímann 1990 enda sjái Veiðifélag Miðfirðinga um greiðslu launa og annars kostnaðar er kann að leiða af eftirlitinu."

Það kemur sem sagt alveg greinilega fram í þessu bréfi að einungis öðrum aðilanum að veiði við þetta landsvæði er gert að greiða laun og annan kostnað af störfum þessa manns. Þá má leiða að því líkur að bændum við sjávarsíðuna finnist á sig hallað, þeim finnist að verið sé að siga á sig launuðum eftirlitsmönnum einungis annars aðilans. Það samrýmist illa réttlætiskennd vonandi flestra Íslendinga að fjársterkir aðilar geti þannig í skjóli valda og fjármagns keypt sér vikapilta til þess að annast það sem þeir sjálfir kalla löggæslu. Ekki þarf að útskýra frekar til hvers konar ástands það mundi leiða ef slík starfsemi fengi að þróast eftirlitslítið í framtíðinni, svo ekki sé talað um það ef slík tilhögun mundi gerð að almennri reglu í þjóðfélaginu.

Þegar Alþingi setur lög um friðun dýra, fugla eða

fiska, taka þau lög til alls landsins. Aðstæður eru mismunandi. Sums staðar er ekki hægt að leggja net fyrir silung í sjó ef eitthvað er að veðri, t.d. má ekkert kula svo net komi ekki upp eða fyllist mori eins og á Vatnsnesinu. Annað á við ár eða vötn sem liggja innan lands. Friðunarreglur eru fyrst og fremst settar til þess að viðhalda viðkomandi tegund og því beinlínis settar eigendum hlunninda eða notendum veiðiréttar til gagns. Þetta sjónarmið er yfirleitt viðurkennt.

Lífsferill sjávarsilungs er nú einu sinni þannig að hann hrygnir í ám og gengur svo til sjávar í fæðuleit og til vaxtar. Það er mjög óeðlilegt að einungis þeim aðilum sem búa við hrygningarstöðvar skuli leyft að veiða viðkomandi fisktegund. En heyrst hefur að áreigendur hafi farið fram á að bönnuð skuli öll veiði silungs í sjó. Það er yfirleitt þannig að þar sem fiskurinn gengur í fæðuleit, þar er hann veiddur en ekki þar sem hann gengur til hrygningar. Þó er leitað hér miðlunarlausnar sem báðir geta verið ánægðir með, þ.e. að ákveðnar reglur gildi um veiði í sjó og ákveðnar reglur gildi um veiði í ám og vötnum. Þess vegna er það til hags báðum aðilum að viðhald stofnsins sé tryggt, en það verður aðeins tryggt með friðunaraðgerðum. Það má segja að veðurguðirnir séu bestu friðunaraðilarnir með veiði í sjó. Þessar friðunaraðgerðir ganga auðvitað misjafnlega langt, en séu þær fyrst og fremst gerðar með það markmið í huga að tryggja hæfilega nýtingu veiði eða hlunninda eru þær ekki andsnúnar eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, heldur beinlínis þeim til framdráttar.

Virðulegi forseti. Það er skilmerkilega gerð grein fyrir athugasemdum við einstakar greinar í frv. sjálfu og mun ég ekki fara sérstaklega ofan í einstaka liði þess eins og það liggur fyrir. Ég vil einungis leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. landbn. og til 2. umr.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mér virðist það frv. sem hér er til umræðu bera merki fljótræðis og að hv. flm. hafi ekki leitað sér þeirra upplýsinga sem skapa víðsýni og þekkingu á viðkvæmum málaflokki. Frv. er allt einhliða og á köflum mjög þversagnarkennt, enda segir 2. flm., hv. þm. Ragnar Arnalds, á bls. 4 í frv., með leyfi forseta, að hann leggi „áherslu á að réttarstaða þeirra, sem eiga land að sjó, þurfi að vera skýrari en hefur þó fyrirvara um viss atriði í frv. og greinargerð þess enda gafst skammur tími til að samræma sjónarmið áður en frv. var lagt fram." Hv. þm. þykir ástæða til þess að bera af sér blak hvað greinargerðina varðar einnig.

Mig langar til að fara yfir þetta frv. nokkrum orðum. Mér sýnist ljóst að ef það yrði að lögum hefði það einkum þrennt í för með sér. Í fyrsta lagi mundi raskast það samræmi sem ríkt hefur í allt að því 60 ár milli ákvæða um silungsveiði í sjó annars vegar og í fersku vatni hins vegar.

Í öðru lagi yrði réttur til netaveiða á silungi í sjó verulega rýmkaður en aftur á móti dregið úr heimildum til stangarveiði.

Í þriðja lagi mundu möguleikar til eftirlits með netaveiði í sjó skerðast verulega og eftirlitsmönnum gert nær því ómögulegt að sinna starfi sínu.

Ef ég skoða einstaka liði frv. þá er það svo að allt frá því að lax- og silungsveiðilögin gengu í gildi árið 1933 hefur sú meginregla gilt að bannað er að veiða lax í sjó og að um silungsveiðar þar skuli gilda sömu ákvæði og um veiði í fersku vatni eftir því sem unnt er. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun og ég fullyrði að bannið við sjávarveiði á laxi er meginforsenda þess hve ástand laxastofna hér er betra en í nágrannalöndum okkar.

Hvað göngusilunginn varðar er nú vitað að göngu-hegðun hans er frábrugðin laxagöngum. Silungur er veiðanlegur mun lengri hluta ársins en lax og lagnir nærri árósum yrðu honum mjög skæðar. Eins telja fiskifræðingar nú að einstakir silungsstofnar séu yfirleitt smáir og lítið þurfi út af að bera til þess að setja þá í verulega hættu.

Á mörgum stöðum hérlendis er sami silungsstofninn nýttur bæði í fersku vatni og söltu. Þar má til nefna Eyjafjörð, Skagafjörð, Húnavatnssýslur, Borgarfjörð og fleiri svæði. Víðast hvar hefur ríkt þokkalegur friður um þessar veiðar sem hefur byggst á því að veiðireglur hafa eftir föngum verið þær sömu fyrir veiði í söltu og fersku vatni, svo sem ákvæði um friðunartíma og veiðarfæri. Þá hafa menn og jafnað saman frátöfum á veiði af völdum sjávargangs annars vegar og flóðum og áreki í vatnsföllum hins vegar. Tillögur um að auka einhliða rétt til veiða í sjó sýnast vísvitandi tilraun til að spilla samkomulagi sjávarveiðibænda og þeirra er við árnar búa, sem ég teldi slæman kost. Auk þess setur aukið veiðálag silungsstofna í hættu.

Frv. leggur til að rýmkaðar séu á ýmsan hátt heimildir til netaveiði á silungi í sjó. Eftirtaldar breytingar yrðu:

1. Vikufriðunartími styttist um einn sólarhring, úr 84 klukkustundum í 60 klukkustundir á viku.

2. Hámarkslengd neta í hverri lögn er aukin úr 50 metrum í 115 metra.

3. Hámarksstærð möskva í neti er aukin úr 45 mm í 50 mm milli hnúta.

4. Efnisþykkt girnis í neti er aukin úr 0,4 mm í 0,5 mm.

Friðunarsvæði við árósa eru minnkuð úr 1000–2000 m niður í 500 m og bundin því skilyrði að fiskur gangi í það vatn. Eins geta eigendur vatnsfalls fellt þessi friðunarákvæði úr gildi með einfaldri meirihlutasamþykkt samkvæmt frv.

Þá eru ákvæði um bil milli neta einnig rýmkuð nokkuð.

Hvað fyrstu tvo liðina varðar er veiðitími á viku aukinn um 28% en leyfilegt flatarmál neta um 130%. Þarna eru veiðimöguleikar í sjó auknir svo mjög að óviðunandi er. Slíkt mundi skapa hættu fyrir silungsstofninn hvort heldur sem á málið er litið frá því jafnstöðusjónarmiði sem ríkt hefur hingað til á milli veiða í sjó og í fersku vatni eða sé málið skoðað út frá veiðiþoli fiskstofnanna.

Hvað liði c og d í frv. áhrærir má rökstyðja að net

með grófara girni þoli betur sjógang. En eins má líta svo á að þannig net yrðu veiðnari á stærri og sterkari fisk en þau efnisminni. Hvað varðar stækkun á möskva er bersýnilegt að aukin stærð hentar til veiði á stærri fiski. Þarna er bæði efnisþykkt og möskvastærð komin upp í þá flokka sem annars eru notaðir til veiða á laxi, komin upp í þá stærð sem notuð eru til veiða á laxi, þar sem slíkt er heimilt. Nú er vitað að lax veiðist sums staðar í silunganet í sjó, t.d. fyrir vestanverðu Norðurlandi. Ekki kemur mönnum saman um í hve miklum mæli það gerist enda liggja heimildir um slíkt ekki á lausu. Hitt er ljóst að fyrir þá sem laxveiði eiga í nærliggjandi ám liggur beint við að álykta að megintilgangur framanskráðra brtt. sé sá að auðvelda og auka ólöglega veiði á laxi í sjó, jafnframt því að torvelda eftirlit með slíkri veiði. Það er erfitt að útskýra þá ásókn sem oft hefur ríkt um stækkun möskvans á annan hátt.

Mín skoðun er sú að til veiða á göngusilungi í sjó henti best mun minni möskvar en 50 mm. Þarna er þó erfitt að fullyrða neitt þar sem sjávarveiðibændur hafa hingað til ekki talið sér henta að fylgja lagafyrirmælum um að halda skuli skýrslur um veiði og senda til Veiðimálastofnunar. Heimildir skortir því um meðalstærð veiddra fiska.

Frv. gerir ráð fyrir algjöru banni á stangarveiði á silungi í sjó. Glöggt má sjá á greinargerð með frv. að orðalagið „að skilja veiðirétt við landareign" er þar notað um að selja hlunnindi þessi á leigu. Þetta orðalag er enn óbreytt í gildandi lögum. Einmitt þessi nýtingaraðferð er nú í vexti m.a. í tengslum við vaxandi ferðaþjónustu bænda og gefur góða raun. Sætir því furðu að flm. vilji banna slíkt.

Hvað varðar e-liðinn verður að geta þess að friðunarsvæðum þessum er ætlað að vernda fiskstofninn fyrir ofveiði. Eins og áður er að vikið gengur silungur oftar milli sjávar og fersks vatns en lax. Einnig heldur hann sig alfarið nálægt ströndum og helst nálægt sínu heimavatni. Því eru lagnir í grennd við árósana honum mjög skæðar. Einnig er vitað að fiskur safnast oft að ósum vatnsfalla, þó svo hann gangi ekki upp í vatnið. Því eykur það hættu á ofveiði að leyfa net nálægt slíkum ósum. Eins má álykta að eigendur fisklausra vatnsfalla sem fiskur safnast að muni gjarnan fella öll friðunarákvæði úr gildi og heimila lagnir allt að ósum ef þeir mættu. Þá eykst enn ofveiðiáhættan. Þá ber og þess að geta að lagnir með netum af þeirri gerð sem að framan er lýst geta hæglega veitt lax og því frekar sem þau eru nær ósum heimaáa.

Hvað veiðieftirlit varðar er frv. allt hið furðulegasta að mínu mati. Í f-lið 6. gr. er þess fyrst getið að löggæslumenn ríkisins skuli hafa eftirlit með silungsveiði í sjó. Hingað til hefur það verið almennur skilningur að þessi löggæsla væri sjálfkrafa innan þeirra verksviðs svo sem önnur löggæsla. Því liggur beinast við að skilja framangreint ákvæði svo að þeim einum skuli slík löggæsla heimil. Ýmis atriði í greinargerð flm. benda einnig til þessa.

Núverandi fyrirkomulag þessara mála er á þann veg að ráðherra skipar eftirlitsmann með veiði þar sem þurfa þykir. Um tölu þeirra og skipan skal leita umsagnar veiðimálastjóra. Kaup þeirra greiðist að hálfu úr ríkissjóði en að hálfu úr sýslusjóði eða sýslusjóðum. Enn fremur má ráðherra skipa eftirlitsmenn með veiði þar sem sérstaklega stendur á, enda æski eigendur og/eða notendur veiði þess og greiði kostnaðinn. Greinilegt er af ákvæðum laganna að eftirlitsmönnum þessum er ætlað að fylgjast með allri veiði í umdæmum sínum, jafnt við sjávarstrendur sem í ám og vötnum. Helst virðast þó flm. ætla að banna þessum aðilum eftirlit með sjávarveiði. Í þess stað skal ráðherra heimilt að skipa sérstaka eftirlitsmenn með sjávarveiði en hafa skal hann um það samráð við notendur veiði á svæðinu. Þar sýnist því ætlunin að það sé algjörlega undir þeim komið sem líta skal eftir hvort eftirlitsmaður sé skipaður eða ekki. Það verður að teljast nokkuð óvenjulegt.

Þá er það fram tekið í frv. að eftirlitsmenn skuli hafa frjálsa för með sjó á svæðinu eftir því sem þörf krefur. Í gildandi lögum stendur að eftirlitsmenn skuli hafa frjálsa för um veiðivatn og meðfram því eftir því sem þörf krefur. Ekki er lagt til í frv. að þessu ákvæði sé breytt, 4. tölul. 89. gr. Þarna verða lögin því í mótsögn við sjálf sig ef flm. ná fram vilja sínum.

Síðan koma ákvæði um að veiðieftirlitsmenn skuli gæta þess að valda ekki ónæði í æðarvarpi né selalögnum. Þar skal þeim einnig óheimilt að nota þyrlur, aðrar lágfleygar flugvélar sem og vélbáta. Flutningsmenn skýra ekki nánar hvernig skilgreina skuli æðarvörp né selalagnir. Í reynd yrði ógerlegt að fullyrða að æðarvarp væri ekki á einhverjum ákveðnum stað ef landeigandi staðhæfði slíkt. Því væri eftirlitsmönnum í raun óheimilt að nota vélbáta við eftirlit ef landeigendur kysu að mótmæla því.

Þótt sums staðar á landinu liggi vegir nálægt sjó er það þó víða sem slíku er ekki til að dreifa. Þar yrðu því eftirlitsmenn að ferðast fótgangandi og ef þeir kæmu t.d. að neti sem þeir hefðu grun um að lax væri ánetjaður í þá væri þeim ógerlegt að staðreyna það án báts nema landeigandi væri svo vingjarnlegur að taka þá með í vitjun. Um líkindi á slíku verða menn að mynda sér skoðun sjálfir.

Varðandi lágflug til eftirlits er þess að geta að almennar flugreglur heimila flug niður í allt að 500 fet yfir strjálbýli en 1000 fet yfir þéttbýli. Ekki er ljóst hvort flm. ætla að flytja annað frv. til breytinga á þessum ákvæðum eða hvort þeir ætla lax- og silungsveiðilögunum að skapa þarna nýja réttarreglu. Þetta er spurning sem vaknar við lestur frv. Að öllu þessu athuguðu fullyrði ég að ef frv. þetta verður að lögum er eftirlit með sjávarveiðum í net torveldað svo að nánast má ógerlegt kalla.

Ef ég aðeins hleyp yfir nokkrar greinar frv. þá er í 3. tölul. 6. gr. a. skýrt kveðið á um að eigi megi skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign. Þetta þýðir að eigendur veiðiréttar mega hvorki leigja né framselja veiðirétt sinn á nokkurn hátt. 2. tölul. verður að skilja þannig að þetta bann taki þó ekki til veiðiréttar fyrir landi þéttbýlis því þar er íbúum þess þéttbýlis heimiluð veiði í netlögum þess ef viðkomandi

veiðifélag eða sveitarstjórn leyfir. Auðséð er því að flm. er ljóst bann það sem 3. tölul. kveður á um. Að öðrum kosti mundi ekki þurfa að kveða á um heimild sveitarstjórnar til framsals veiðiréttar, hvorki til eigin íbúa né annarra. Þrátt fyrir þetta gera flm. greinilega ráð fyrir framsali veiðiréttar, sjá 6. gr., tölul. 4 í staflið e. Þarna er alger þversögn innan frv. sýnist mér.

Um 7. gr., 6. tölul. Grein þessi virðist algerlega óþörf og illskiljanlegt hví hún er sett þarna inn. Hún segir aðeins það að ef eftirlitsmaður hafi húsleitarheimild skuli honum húsleit heimil. Slíkt er nægjanlega tryggt í almennum réttarfarsreglum nú þegar.

Í g-lið 6. gr. er þó haldið eftir rétti eftirlitsmanns til að krefja handhafa fisks, sem eftirlitsmann grunar að sé ólöglega veiddur, um greinargerð um hvar fenginn sé. Því getur grein þessi enn komið að nokkru gagni þó veikt hafi verið í frv.

Í greinargerðinni, sem ég minntist hér á í upphafi, er ýmsar rangfærslur og hæpnar fullyrðingar að finna. T.d. er fullyrt að á seinni árum hafi verið hafðir í frammi ýmsir tilburðir til að skerða sérstaklega veiðirétt landeigenda í netlögum jarða sinna. Síðan laxveiðilögin gengu í gildi 1933 hafa engar þær takmarkanir verið settar sem fremur taki til sjávarveiði en ferskvatnsveiði. Það er fyrst með framlögn þessa frv. sem örlar á slíku þar sem leiga til stangveiði í sjó er bönnuð.

Reglugerð nr. 205 um netaveiði göngusilungs í sjó, sem flm. fordæma harðlega og telja stefnt gegn sjávarveiðibændum, gerir ekki annað en ákveða skýrar en áður að þær reglur sem lengi hafa gilt um netaveiði í fersku vatni taki einnig til netaveiði í sjó. Henni var einnig ætlað að draga úr hættu á að lax veiddist í blóra við silung í net þessi en vissa er fyrir slíku eins og ég hef hér minnst á áður.

Einnig fullyrða flm. að margir þeir sem ráðið hafa veiðimálum hafi það sjónarmið að veiðiréttur falli niður ef veiði er ekki stunduð. Engin dæmi eru þó nefnd um þetta. Ég hef fylgst dálítið með veiðimálum og aldrei orðið var við þau sjónarmið sem þarna er fullyrt um.

Flm. fara rangt með að vikufriðun varðandi netaveiði í sjó hafi verið sett á árið 1970. Hún hefur verið í fullu gildi síðan 1933 og vel virt varandi netaveiðar í ám landsins.

Hæstv. forseti. Ég hef rætt þetta frv. og liði þess og hér er í lokin ein fullyrðing. Hv. flm. sagði að virðisaukaskattur væri ekki greiddur af seldum veiðileyfum sem er rétt. Ég minnist þess þegar þetta var til umræðu í þinginu þá féll þetta undir tekjur af eign svipað og tekjur af húsaleigu, sem ekki er greiddur virðisaukaskattur af. Sama var með veiðileyfin. En þetta voru skýr rök sem nefndir þingsins og þingið var upplýst um á þeim tíma þannig að þá féllu menn frá því.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Það kemur til umræðu og umfjöllunar í landbn. eins og hv. þm. bað um. Þar munum við frekar ræða þetta og ég vænti þess að málið fái þinglega meðferð og þá afgreiðslu sem því hæfir hér í þinginu.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt þessu máli og þá ágætu yfirferð sem hann hafði um frv. þar sem hann fór í gegnum það lið fyrir lið. Það er alveg greinilegt af málflutningi hv. þm. að við getum ekki verið sammála um það sem hér er á ferðinni. Það kom fram hjá hv. þm. ýmisleg gagnrýni og staðhæfingar sem ég get ekki fellt mig við að svo stöddu og sem mér finnst ganga svo fram að halli allverulega á bændur við sjávarsíðuna sem auðvitað eiga að fá að nota sín hlunnindi sem þeir hafa átt frá alda öðli þó að þrengt hafi verið nokkuð að þeim á síðari áratugum. Núna upp á það allra síðasta held ég að með þó nokkurri sanngirni megi segja að það þarf að koma þessum málum í fastara horf en verið hefur. Það sannar einna helst sá ófriður sem ríkt hefur um þessi mál. Það að vísa þessu frv. á bug er það sama og að lýsa því yfir að ófriður skuli standa áfram. Það verður að ná sáttum í þessu máli og það verður ekki gert nema að fastar reglur verði bundnar niður í lögum sem varða þessi mál. Þess vegna er það ekki rétt hjá hv. 5. þm. Suðurl. þegar hann telur upp þrjá punkta þar sem segir í fyrsta atriðinu að verði þetta frv. að lögum komi það til með að raska því jafnvægi sem ríkt hafi. Ég get ekki séð, a.m.k. ekki þegar ég lít til Miðfjarðar og Vatnsness, að menn ættu ekki að hafa verulegan áhuga á því að því jafnvægi sem þar ríkir verði raskað. Það ríkir nefnilega ekkert jafnvægi. Þar sést bersýnilega að það verður að taka á málum á gagngeran hátt til þess að jafnvægi ríki, til þess að friður geti ríkt með bændum við sjávarsíðu og upp með ám.

Það er sagt að netaveiði sé rýmkuð en stangaveiði bönnuð með frv. Það er alveg rétt. Stangaveiði er ekki fyrst bönnuð með þessu frv., stangaveiði var bönnuð með reglum landbrh. sem settar voru 1989. Þetta er auðvitað lítið atriði og það er sérstaklega tekið fram í frv. að bannið sé einungis sett vegna lítilfjörleika. Það mun ábyggilega ekki vera neinum sjávarbónda þyrnir í augum þó svo landbn. tæki þetta mál til sérstakrar athugunar varðandi stangaveiði og leyfði hana aftur, þvert á reglur landbrh. En það bann sem hér er ýjað að er einungis sett fram vegna lítilfjörleika.

Þriðji punkturinn sem hv. 5. þm. Suðurl. minntist á var sá að að hans áliti yrði eftirlit slælegra og eftirlitsmönnum gert erfitt fyrir. Þessu er ég ekki alls kostar sammála. Í einum fjórum greinum frv. er sérstaklega tekið fram um hvernig eftirliti skuli varið. Það er öllum í hag og sérstaklega bændum við sjávarsíðuna að eftirlit verði sérstaklega strangt, að því verði framfylgt eftir þeim reglum sem hér er lagt til að verði viðhafðar og eftirlitið verði með þeim hætti að þeir sem á að hafa eftirlit með viðurkenni það eftirlit, að þegar um tvo hagsmunaaðila er að ræða, eins og sjávarbændur og árbændur, að eftirlitið komi ekki einungis frá annarri hliðinni.

Ég las upp áðan skipunarbréf frá landbrn. til handa eftirlitsmanni á þessu svæði. Þar kemur greinilega í ljós og ég vitna í það enn og aftur, með leyfi forseta: „...enda sjái Veiðifélag Miðfirðinga um greiðslu launa

og annars kostnaðar er kann að leiða af eftirlitinu."

Eftirlitsmenn eru sem sagt ráðnir til höfuðs öðrum aðilanum. Ef friður á að ríkja í landinu verða menn að vera sáttir við það eftirlit sem viðhaft er, eftirlit sem verður haft að reglum að sjálfsögðu, en eftirlit sem er hlutlaust í það minnsta. Og þess vegna er það lagt til að löggæslumenn ríkisins skuli hafa eftirlit með þeirri veiði, eftirlitsmenn sem þekkja sitt svæði og sem menn eru sáttir við.

Hv. 5. þm. Suðurl. sagði réttilega að sömu reglur hefðu gilt fyrir veiði í sjó og vötnum og frá 1933 hafi veiðibann á laxi gilt og veiðireglur á silungi hertar. Þetta er alveg rétt. Þegar við gerum mismun á veiði í sjó og í vötnum er það auðvitað af því að aðstæður eru mjög mismunandi. Það eru veðurguðirnir sem hafa miklu meiri áhrif á veiði í sjó en í vötnum og þess vegna er lagt er til að friðunartími fari aftur í það horf sem hann var fyrir 1970, að netalagnir verði í sama horfi og þær voru fyrir 1970, að möskvar verði stækkaðir í samræmi við þær aðstæður sem veitt er í og girni gert sterkara þannig að það veiðist stærri silungur, en einmitt ungsilungurinn fái að lifa. Það er hann sem við verðum að vernda þannig að þetta er í ætt við þá fiskverndarstefnu sem annars gildir.

Hv. 5. þm. Suðurl. talaði um að skilgreina þyrfti nánar æðarvörp og selalátur. Eftirlitsmenn sem þarna verða á ferðinni þurfa auðvitað að þekkja sitt svæði. Þeir þurfa að vita hvar æðarvörp og selalátur eru þannig að það á ekki að vera til vandræða.

Varðandi vegamál. Auðvitað eru vegir ekki alltaf meðfram sjó og auðvitað eru vegir ekki alltaf meðfram ám en eftirlitsmenn koma þó sínu fram þannig að það á ekki að vera til vandræða.

Hvað varðar lágflug og annað slíkt þá höfum við slæm dæmi um það að gengið hafi verið að Miðfirðingum með þyrlum og með lágflugi með venjulegum flugvélum langt undir 500 fetum þannig að æðarvarp truflaðist og eyðilagðist það sumar og mikil röskun varð í selalátrum. Bændur við sjávarsíðuna eru alveg sáttir við það að almennar reglur um lágflug verði haldnar og það er áréttað hér.

Það er talað um að þversögn sé í þeirri grein frv. sem segir að eigi megi skilja veiðirétt við landareign. Þetta er bara nákvæm tilvitnun í lögin sjálf. Hér er einungis verið að færa lagagreinar til. Það er engu nýju bætt inn í. Og framsal í þeim skilningi að leiga eigi sér stað getur auðvitað farið fram en það skilja allir að þegar sagt er að eigi megi skilja veiðirétt við landareign, að veiðiréttur sé ekki eign einhvers óskylds aðila annars en þess sem á jörðina sjálfur.

Hvað varðar þá staðhæfingu hv. þm. að 6. liður 7. gr. sé óþarfur vegna þess að húsleitarheimildin þar sé eins og almenn lög gera ráð fyrir, þá ætti þingmaðurinn að þekkja hvernig þessum málum er háttað í dag. Þar er þessu einmitt snúið við, alveg öfugt við almennu regluna, þ.e. sönnunarskyldunni er komið á þann sem hefur lax eða silung undir höndum og honum gert að sanna hvar hann hafi fengið viðkomandi veiðidýr.

Að lokum, virðulegi forseti, ég ætla ekki að lengja þetta um of. Þetta hefur verið ágæt umræða þó að við höfum einungis tveir félagarnir átt hér smávegis orðastað. Þá vil ég að lokum aðeins minnast á virðisaukaskatt af lax- og silungsveiðileyfum. Ég flutti frv. um það á sínum tíma. Mér finnst alveg sjálfsagt mál að þeir sem veiða lax og silung og önnur dýr sér til skemmtunar borgi af því sinn toll til samneyslunnar. Mér finnst það miklu frekar jafnvel að þeir aðilar greiði sinn skatt til samneyslunnar en húsmæður sem þurfa að kaupa bleyjur á ungbörnin sín eða þurfa að kaupa nauðsynjavörur til heimilisins sem auðvitað eru ekki undanþegnar virðisaukaskatti. Sú staðhæfing að hér sé um fasteign að ræða og leigu af fasteignum og virðisaukaskattur af leigu af fasteignum sé alla jafna ekki greiddur, þá vil ég benda á að það er mjög hæpið að skilgreina ár sem fasteignir. Það er svona líkt og fljótandi steypa sem sett er í mót, hún telst til lausafjár og greiddur er af henni virðisaukaskattur. Ég held að öll rök mæli með því að þeir sem kaupa veiðileyfi til að stunda laxveiði og silungsveiði sér til ánægju greiði af henni virðisaukaskatt.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég hef farið yfir frv. lið fyrir lið. Ég tek undir það með flm. að alltaf er það mikilvægt að menn nái sáttum og að deilum ljúki. Það held ég að sé afskaplega mikilvægt hvar sem er. Hins vegar er það stundum spurning hvort menn eigi að breyta lögum, hvort það er lögunum að kenna að deilurnar eru eða hvort það er ákveðin stífni og vilji manna til að fara ekki að lögunum.

Nú vék hv. flm. að reglugerð um netaveiði á göngusilungi í sjó frá því í maí 1990. Sú reglugerð var sett að mér skilst til að tryggja sem best að sá búnaður sem notaður er við veiðar sé með þeim hætti að eingöngu sé um silungsveiði að ræða í netlögnum er liggja að sjó. Þess vegna veltir maður því kannski fyrir sér hvort sá þrýstingur sem varð vegna setningar þessarar reglugerðar og endurspeglast kannski í þessu frv. stafi af því að netaveiðimenn hafi ekki unað því að reynt væri að útiloka að lax væri veiddur í blóra við silungsveiðirétt. Auðvitað veltir maður þessu fyrir sér hvort menn séu svona ósáttir við reglugerðina af þeim sökum.

Hv. flm. kom hér aðeins inn á virðisaukaskattinn og fór að vitna í húsmæður. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt í lögum og reglum samfélagsins að þar ríki ein regla og menn sitji við sama borð. Við munum hvað við gerðum gagnvart húsmóðurinni þegar matarskatturinn var tekinn upp, þegar við framsóknarmenn komum að því máli. Sjálfstfl. og Alþfl. höfðu samið um að það yrði algert skilyrði fyrir myndun ríkisstjórnar að tekinn yrði upp matarskattur. Þá gerðum við kröfu um það að virðisaukaskattur af mikilvægustu matvælum heimilanna yrði endurgreiddur í niðurgreiðsluformi. Það varð niðurstaðan. Ég vil taka þetta hér fram.

En menn mega ekki gleyma því með virðisaukaskatt af veiðileyfum að sjálfsagt er flm. að tala um veiðifélögin. Veiðifélög starfa víða af myndarskap og hafa

byggt upp arðgefandi starfsemi sem dreifir tekjum til margra. Þau eru rekin fyrir opnum tjöldum og menn greiða að fullu opinber gjöld af þeim tekjum sem þannig aflast. Það liggur líka fyrir.

Það er kannski annað að segja um þá sem silungsveiði hafa stundað í sjó. Þeir gera ekki grein fyrir veiði sinni og tekjum af þeim veiðiskap. Um það efni liggja ekki fyrir opinberar upplýsingar. Það er skammt síðan umræðan um virðisaukaskatt á veiðileyfi var í gangi á Alþingi. Niðurstaðan varð sú eins og ég gat um hér áðan að ekki yrði lagður virðisaukaskattur frekar en söluskattur á veiðileyfin. Við megum ekki gleyma því að söluskatturinn var af sömu ástæðum ekki áður á veiðileyfunum.

Ég ætla ekki að þreyta hæstv. forseta með frekari ræðuhöldum um þetta mál en við ræðum það frekar í landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

74. fundur, mánudagur 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák, frh. 2. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 344, n. 805, 807 og 816, brtt. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 806,1 (ný 1. gr.) samþ. með 8:3 atkv.
Brtt. 806,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 806,3 (ný 3. gr.) samþ. með 8:3 atkv.
Brtt. 806,4 (ný 4. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 806,5 (ný 5. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 806,6 (ný 6. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 806,7 (ný 7. gr.) samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 806,8 (8. gr. falli brott) samþ. með 11:2 atkv.
9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 806,9 (ný fyrirsögn) samþ. með 10:2 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Héraðsskógar, ein umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 821.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):
Herra forseti. Ég hef kynnt mér afstöðu nefndarmanna í landbn. deildarinnar til frv. eftir þá breytingu sem gerð var á því í neðri deild. Nefndarmenn eru allir sammála því að samþykkja frv. á þann hátt sem það hefur komið til okkar aftur frá neðri deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 847).

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 2. umr.

Frv. FÞ, 208. mál (Grundarfjarðarprestakall). — Þskj. 261, n. 789.

Jóhann Einvarðsson:
Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. þessarar deildar varðandi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Þetta er neðrideildarmál. Allshn. hefur fjallað um frv. og skilar svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt." Undir þetta skrifa allir nefndarmenn allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 445. mál (álagning og innheimta gjalda). — Þskj. 831.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jóhann Einvarðsson):
Hæstv. forseti. Samkvæmt bréfi frá utanrrn. til fjh.- og viðskn. Ed., sem fylgir með sem fskj., er þess farið á leit við nefndina að hún flytji þetta frv. Það fjallar fyrst og fremst um tæknískar leiðréttingar á innheimtu og álagningu gjalda sem eru tekjustofn fyrir Útflutningsráð. Með frv. frá nefndinni fylgir svohljóðandi grg:

„Með bréfi utanrrh. til fjh.- og viðskn. Ed., sbr. fylgiskjal, var þess farið á leit við nefndina af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún flytti frv. þetta. Í bréfinu kom fram að frv. var samið í samvinnu þriggja ráðuneyta, utanríkis-, viðskipta- og fjármálaráðuneytisins, og fylgdu athugasemdir þeirra með frv. Þar eru tilgreindar ástæður þess að brýn þörf er á að breyta lögum um Útflutningsráð og eru þær eftirfarandi:

„Komið hafa í ljós vandkvæði við framkvæmd laganna, sem öðluðust gildi 1. jan. 1991. Samkvæmt 1. gr. frv. yrði 3. gr. laganna efnislega óbreytt, m.a. varðandi gjaldskyldu, þótt uppsetningu sé breytt, svo og tæknilegum ákvæðum um álagningu og innheimtu hins sérstaka gjalds samkvæmt lögunum. Með 2. gr. frv. er stefnt að því að tryggja tekjur Útflutningsráðs af viðkomandi atvinnugreinum á árinu 1991, en atvinnugreinatekjur hafa frá upphafi verið megintekjustofn ráðsins.""

Þetta frv. er flutt af fjh.- og viðskn. og því trúlega ekki ástæða til að vísa því til nefndar.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Þetta frv. lætur lítið yfir sér. Það er smálagfæring á lögum sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, stjfrv. sem þá var samþykkt. Eins og hér stendur er frv. þetta samið í samvinnu þriggja ráðuneyta, utanríkis-, viðskipta- og fjármálaráðuneytis.

Þó svo að í frv. felist ekki annað en lítilfjörleg leiðrétting er af einhverjum undarlegum ástæðum sem ég ekki skil gripið til þess að biðja þingnefnd að flytja frv., sem er sjálfsagt. Það eru fleiri slík frv. á leiðinni. Fyrir skömmu flutti hæstv. sjútvrh. frv. til laga um breytingar á lögum sem allir þingmenn ríkisstjórnarinnar stóðu að því að lögfesta á síðasta þingi en ekki

var samkomulag um innan ríkisstjórnarinnar. Stundum kemur upp á yfirborðið hvers vegna ríkisstjórninni kemur ekki saman. Í sambandi við frv. hefur það enn ekki komið í ljós hvernig á því megi standa að ríkisstjórnin treystir sér ekki til að standa að frv. sem stjfrv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

75. fundur, mánudaginn 11. mars, að loknum 74. fundi.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 3. umr.

Frv. FÞ, 208. mál (Grundarfjarðarprestakall). — Þskj. 261.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 848).

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 445. mál (álagning og innheimta gjalda). — Þskj. 831.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 758, n. 832, brtt. 833.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 832 og brtt. á þskj. 833 við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

Í nál. segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á sinn fund Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, Sigurð Þórðarson vararíkisendurskoðanda, Árna Snæbjörnsson endurskoðanda og Helga Bergs, formann Hlutafjársjóðs.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að orðalagsbreyting verði gerð í 1. gr. frv. til að taka af allan vafa um að hlutafjárdeild Byggðastofnunar tekur við skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Þá leggur meiri hl. einnig til að breyting verði gerð á 5. málsl. 2. gr. þannig að tæmandi verði talið í hvaða tilvikum Byggðastofnun þarf að bera undir Ríkisábyrgðasjóð atriði varðandi lán atvinnutryggingardeildar. Er Byggðastofnun óheimilt að skuldbreyta, breyta lánum í víkjandi lán, hlutafé eða fella lánin niður án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs. Einnig er lagt til að í stað stjórnar Byggðastofnunar komi Byggðastofnun í þessum sama málslið 2. gr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta nál. rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eiður Guðnason, Guðrún J. Halldórsdóttir og Skúli Alexandersson. Fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni skila minnihlutaáliti og gera þeir eflaust grein fyrir því hér á eftir.

Það frv. sem hér um ræðir má segja að sé endalok þeirra efnahagsaðgerða sem ríkisstjórnin, sem tók við 1988, stofnaði til. Þá var ákveðið að setja á stofn tvo sjóði, annars vegar Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og hins vegar Hlutafjársjóð.

Nú er talið að hlutverki þessara sjóða sé lokið og það er lagt til í frv. að báðum þessum sjóðum verði komið fyrir innan Byggðastofnunar og að þeir starfi í tengslum við þá stofnun.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var lagt fram með þeim breytingum sem gerð var grein fyrir hér áðan og eru á þskj. 833.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það var eitt orð í ræðu hæstv. framsögumanns um það að hér væri verið að ganga frá endalokum þeirra efnahagsaðgerða sem núv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir frá því í sept. 1988. Það er nú ekki hægt að segja beinlínis núverandi ríkisstjórn heldur þær tvær ríkisstjórnir sem hafa setið síðan.

Því miður eru þetta ekki endalokin vegna þess að við eigum sjálfsagt eftir á næstu árum að finna fyrir þessum efnahagsaðgerðum meira og minna. En það sem er verið að gera er að það er verið að koma þeim í sérstakt form undir umsjá Byggðastofnunar.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, að við værum nú sem verr fer ekki alveg sloppin frá þessu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það varð samkomulag milli mín og hv.

4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar nú fyrir helgina að ég gerði ekki athugasemdir við að þetta frv. yrði tekið til 2. umr. þó svo að ekki hafi verið orðið við beiðni minni um það að Fjárlaga- og hagsýslustofnun mæti það, eins og henni ber að gera lögum samkvæmt, hversu mikinn útgjaldaauka tvö frv. hafi í för með sér, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um efnahagsaðgerðir og um breytingu á lögum um Byggðastofnun.

Ég hef fengið hér í hendur óstaðfest ljósrit af bréfaskriftum fjmrn. og forsrn. Þetta ljósrit af bréfaskriftum þessara tveggja ráðuneyta er algjörlega óviðkomandi minni beiðni. Ég fór fram á það — og ég óska eftir að formaður nefndarinnar hlusti á. Það er nú erfitt að tala um nefndarstörf ef formaður nefndarinnar má ekki vera að því að hlusta.

Ég fór líka fram á það fyrir helgi að fá í hendur umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um þessi frv. tvö og um frv. til laga um breytingu á lögum um listamannalaun. Þá fékk ég í hendur af þeim sökum og því tilefni á fundi menntmn. í morgun óstaðfestan minnismiða frá menntmrn. Einhvers konar minnisblað sem fyrir utan það að vera óljóst var efnislega rangt og greinilegt að sá sem það hafði skrifað hafði ekki lesið það frv. sem hann var beðinn um umsögn um.

Ég vænti þess, herra forseti, að yfirstjórn þingsins hafi skilning á því að Alþingi ætlast til þess að fá formlega umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun ef einstakar nefndir biðja um upplýsingar og mat á kostnaði sem einstök stjfrv. hafa í för með sér. Að Fjárlaga- og hagsýslustofnun í fyrsta lagi láti svo lítið að svara bréfi þingsins um slíka umsögn, því ég efast ekki um að formaður nefndarinnar hafi beðið Fjárlaga- og hagsýslustofnun um slíka umsögn. Í annan stað hygg ég að forseti deildarinnar sé mér sammála um það að nefndarmenn geti ekki látið sér lynda að fá óundirskrifaða minnismiða, heldur hlýtur umsögnin að vera formleg og staðfest með undirskrift þannig að greinilega komi fram að umsögnin sé send á ábyrgð ráðuneytis og ráðherra en ekki einhver óskilgreindur pappír.

Ég sé ekki ástæðu til þess við 2. umr., af því að ég féllst á að 2. umr. mætti fara fram án þess að slík umsögn bærist, að gera athugasemd við það þó 2. umr. fari fram. Mér hafði verið sýnt orðalag sem ekki er í samræmi við brtt. meiri hl. og af þeim sökum hafði ég ekki séð ástæðu til þess að biðja forstöðumann Ríkisábyrgðasjóðs að koma til fundar við fjh.- og viðskn. Nú eru þessar forsendur breyttar þannig að óhjákvæmilegt er að forstöðumaður Ríkisábyrgðasjóðs komi á fund nefndarinnar. Auk þess er óhjákvæmilegt að Fjárlaga- og hagsýslustofnun, lögum samkvæmt, sendi Alþingi bréf um þann kostnað sem þessi frv. hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.

Ég vil svo ekki lengja þessa umræðu frekar. Málið verður tekið fyrir í fjh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. samkvæmt samkomulagi sem ég gerði við varaformann nefndarinnar. En ég vil biðja meiri hl. nefndarinnar að draga brtt. sínar aftur til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 833 kölluð aftur.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 450. mál (skattlagning fyrirtækja, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 845.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta frv. er þáttur í þeirri breytingu sem verið er að gera á íslenska skattkerfinu með hliðsjón af annars vegar alþjóðlegri aðlögun og hins vegar þeirri staðreynd að við erum nú blessunarlega búin að ná verðbólgunni niður í lága eins stafs tölu og nauðsynlegt er að breyta lögum um skattlagningu fyrirtækja til þess að taka mið af því svo að minnkandi verðbólga komi ekki fram í aukinni skattbyrði fyrirtækjanna.

Þegar frv. um tryggingagjald var afgreitt hér á Alþingi fyrir jól, þá lýsti ég því yfir að ég mundi flytja frv. af þessu tagi eftir áramótin. Frv. hefur nú verið flutt. Það hefur verið unnið að því í samráði við forsvarsmenn atvinnulífsins með margvíslegum hætti og vona ég að frv. fái greiðan gang hér í gegnum þingið.

Í frv. eru breytingar sem taldar eru, eins og ég sagði áðan, nauðsynlegar vegna þeirrar hjöðnunar verðbólgu sem hér hefur átt sér stað og hins vegar breytingar sem taka mið af þeirri þróun sem er í okkar helstu viðskiptalöndum varðandi grundvallarbreytingar á skattlagningu á atvinnulíf sem felast í því að fækka frádráttarliðum og undanþágum frá skatti og breikka skattstofninn en lækka jafnframt skatthlutfallið.

Þannig er í þessu frv. gert ráð fyrir að skatthlutfallið lækki úr 50% í 45%. Þá er einnig gerð tillaga um að verðbreytingafærslan taki breytingum. Í 1. gr. frv. er gerð tillaga um þá breytingu sem víkur að því. Þessi breyting getur þó ekki verið afturvirk og kemur því ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu 1992. Er þess vegna í bráðabirgðaákvæði með frv. gert ráð fyrir að leiðrétta misræmið vegna álagningar á árinu 1991 með því að hækka hlutfall sérstakrar afskriftar á reiknuðum tekjum vegna verðlagsbreytinga úr 40% í 50%.

Þá er gerð tillaga um að lækka heimildir til að leggja hluta af hagnaði í sérstakan fjárfestingarsjóð úr 15% í 10%.

Með þessum breytingum er tryggt að raungildi skatthlutfalls fyrirtækjanna verði óbreytt á milli áranna 1990 og 1991 en ella mundi sú skattbyrði þyngjast allverulega.

Þá eru í frv. gerðar fáeinar breytingar varðandi frá-

drátt vegna hlutabréfaviðskipta. Þær heimildir voru rýmkaðar allverulega á síðasta ári og leiddu til þess að gífurleg aukning varð í hlutabréfaviðskiptum. Þó er greinilegt að með einhverjum hætti hafa menn nýtt sér skattaheimildirnar meira í því skyni að fá skattafrádrátt heldur en að setja peninga með eðlilegum hætti inn í atvinnulífið. Þess vegna er gerð sú breyting með þessu frv. að viðkomandi eigi hlutabréfin í a.m.k. tvö ár þannig að ljóst sé að hér sé um raunverulegt viðbótarfjármagn inn í atvinnulífið að ræða.

Ég vona t.d. að allir þingmenn séu sammála um það að sú skipan sem nú er í lögum og býður upp á það, svo ég taki dæmi, að við tveir, ég og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem báðir ættum hlutabréf í Eimskipafélaginu værum að selja þau hver öðrum til skiptis ár eftir ár og fengjum skattafrádrátt vegna þeirra viðskipta með reglubundnu millibili. Það erum við sammála um að er ekki eðlilegt því það væri ekkert nýtt fé sem kæmi inn til Eimskipafélags Íslands miðað við slíkt ákvæði. Aftur á móti ef um raunverulegt viðbótarfé inn í atvinnulífið er að ræða, þá gildi þessi heimild áfram.

Hins vegar er líka lagt til að frádrátturinn verði lækkaður um fjórðung og ástæða þess er sú að þegar þetta er skoðað nánar þá kemur í ljós að samkvæmt þeim skattareglum sem gilda í okkar viðskiptalöndum, t.d. skattareglum OECD-landanna og einnig á væntanlegu evrópsku efnahagssvæði, þá eru slíkir frádrættir taldir ígildi ríkisstyrkja til atvinnurekstursins og eru óheimilir. Þess vegna er það líka þáttur í alþjóðlegri aðlögun íslenska skattkerfisins að draga hægt og bítandi úr slíkum heimildum. Ég veit að það eru ýmsir á vettvangi atvinnulífsins sem líta öðrum augum á þetta en staðreyndin er hins vegar sú að í þeim löndum sem við viljum taka mið af og þurfum að laga okkur að er litið á slíka frádrætti sem ígildi ríkisstyrkja.

Ég tel, virðulegur forseti, að það sé í raun og veru ekki meira um þetta að segja. Annað frv., sem því miður er víst ekki komið inn í þingið, er eins konar fylgifrv. með þessu frv. og felur í sér breytingar á tölugildum og bið ég menn að hafa það í huga í hv. fjh.- og viðskn. ef það verður ekki komið hér á borð þingmanna á eftir, en nefndarmenn geta fengið það að sjálfsögðu um leið og þeir óska eftir því.

Ég mælist til þess, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. og vænti þess að Alþingi afgreiði þetta frv. sem lög áður en þingstörfum lýkur.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mér mun nægja að rökræða í stuttu máli við hæstv. ráðherra um þetta frv. Það er vissulega athyglisvert að ráðherra vinstri flokks skuli flytja þetta frv. Að vísu er það nú til þess að draga úr halda því sem menn hafa í ráðuneytinu að hann skuli hafa samþykkt þessa stefnu á sínum tíma og vilja um þetta ræða. Það er tímanna tákn að íslenska þjóðin er að reyna að dreifa auðinum meðal þjóðarinnar til þátttöku í atvinnurekstri. Við vitum öll hve mikill skortur er á áhættufé í atvinnuvegunum og höfum náð alla vega þegjandi samkomulagi um það að reyna að greiða úr þeim vanda einmitt með því að gera sem allra flestum unnt að fjárfesta í atvinnuvegunum og þá auðvitað fyrst og síðast í stórum félögum, almenningshlutafélögum. Um það hef ég reyndar fjallað í áratugi og gleðst þess vegna mjög yfir því að skilningur á þessu málefni hefur farið vaxandi. Ég ætla ekki fyrir fram að fordæma þær hugmyndir sem eru uppi hjá hæstv. ráðherra nú. Málið fer til nefndar sem ég á sæti í og þar mun ég greiða fyrir því að málið fái afgreiðslu, jafnvel þó ég greiði kannski atkvæði á móti því atriði sem ég var núna síðast að nefna.

En ég skal samt geta um það hér að t.d. þegar Volkswagen-verksmiðjunum var breytt í almenningshlutafélag þá var það svo að þegar t.d. tekjulágt fólk og raunar aðrir festu fé í þessu merka fyrirtæki á vildarkjörum þá misstu þeir þau ef þeir seldu bréfin ýmist innan þriggja ára, ef ég man rétt, eða innan einhverra annarra tímamarka. Þetta var þannig líka að fjölskyldur fengu ákveðinn frádrátt, bréfin voru seld á mismunandi verði eftir því hvort um tekjuháa menn eða eignamenn, var að ræða til að dreifa þeim sem allra mest. Reyndin varð sú að mjög fáir seldu bréfin aftur, þau urðu flest í eigu kaupendanna, almennings þessi þrjú ár. Ég held að fimm ára mörk hafi verið þar líka.

Það er því ekkert nýtt sem ráðherrann er hér að tala um og sannleikurinn er nú sá að ef menn kynna sér hlutafélagalög og sögu hlutafélaga í gegnum aldirnar þá er þetta hreint ekki nýtt form eða ný aðferð til þess að dreifa auði og koma á stofn fjárfrekum fyrirtækjum. Þess vegna er það alveg sjálfsagður hlutur að skoða þetta allt með opnum huga og velvild og ég fagna því enn að svona víðtækt samkomulag skuli orðið um þessa hugsun, þá hugsun að fólkið í landinu eigi í sem ríkustum mæli að eiga hlutdeild í atvinnuvegunum, að hún skuli núna beint og óbeint vera á stefnuskrá allra íslenskra stjórnmálaflokka. Það er ekki lítill árangur og sýnir að menn vilja allir, hvar í flokki sem þeir standa, hafa opin augun þegar um slík þjóðþrifamál er að ræða.

Þetta minnir mann raunar á það sem gerðist fyrst á öldinni eða aðallega á öðrum áratug aldarinnar þegar Eimskipafélagið var stofnað sem hæstv. ráðherra vék að áðan og mörg félög önnur, hin merkustu félög. Þá var einmitt keppt að því að dreifa auðindum og völdunum eins mikið og kostur var. Það tókst allvel framan af en síðan urðu breytingar á fyrir ýmissa hluta sakir sem ég ætla ekki að rekja. Við settum mjög góð hlutafélagalög um 1978, mjög merkilega löggjöf sem hefur reynst vel á þessum byrjunarárum auðstjórnar almennings, ef ég má kalla það það. Þetta stefnir nú allt saman að því að auka fjárhagslegt vald fólksins yfir atvinnuvegunum og auka almenna eignamyndun sem hlýtur að vera takmark allra þeirra sem nú hafa öðlast þennan skilning sem ég áðan var að fagna. En tækifæri gefst til að ræða þetta nánar þegar málið kemur úr nefndinni, sem ég vænti að verði. Þó hér sé tímaþröng og verði þessa vikuna ætti að vera smuga til að ræða málið og þá kannski við hæstv. ráðherra eitthvað

meira en málið skal ég svo sannarlega skoða.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Efni þessa frv. og það hversu seint það er fram komið og líka þau orð hæstv. fjmrh. um að hann vonaðist til að það yrði afgreitt fyrir þinglok gefa nú svolítið til kynna hvaða forgangsröð ræður för hjá þeirri hæstv. ríkisstjórn sem senn hefur lokið setu sinni á þessu kjörtímabili. Það er eins og ætíð fyrr að það eru atvinnulífið og fyrirtækin sem ganga fyrir. Þetta vekur hjá mér spurningar um hvenær röðin komi að fólkinu í landinu.

Ég vildi í tilefni af framlagningu þessa frv. spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji núgildandi skattleysismörk viðunandi eins og þau eru nú. Ég hefði heldur kosið að sjá frv. koma fram um hækkun skattleysismarka og vil benda á að það liggur reyndar fyrir tillaga um það frá hv. 8. þm. Reykv. og hefur hún verið rædd í sameinuðu þingi, því miður að hæstv. fjmrh. fjarstöddum. Þar er gerð tillaga um að skattleysismörkin verði um 100.000 kr. Ég hefði líka kosið að sjá frv. um annað tekjuskattsþrep og minni á að kvennalistakonur hafa lagt fram frv. þess efnis til þess að jafna aðstöðu fólks í hjóðfélaginu. Það er nú svo að það kostar fjölskyldufólk óhemjumikið að framfleyta börnum sínum og sjá þeim t.d. fyrir heilsdagsvistun. Ef reiknað er með útgjöldum hjóna fyrir heilsdagsvistun fyrir eitt barn þá eru það rúmlega 300.000 kr. á ári vegna þess að fæst hjón fá inni á barnaheimilum og verða að leita til dagmæðra og þar er gjaldið fyrir ársvistun nú rúmlega 300.000 kr.

Ég hefði frekar kosið að sjá að fólk gæti fengið skattaafslátt vegna slíkra útgjalda en vegna kaupa á hlutabréfum.

Mig langar líka til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort alls ekkert hafi komið til tals innan ríkisstjórnarinnar að koma með einhverjum hætti til móts við barnafjölskyldur í landinu. Það er vitað að barnabæturnar eru mjög lágar. Ég vil benda á að samkvæmt þeim útreikningum sem liggja til grundvallar framfærsluþörf námsmanna er gert ráð fyrir að það kosti a.m.k. 22.000 kr. á mánuði að framfleyta einu barni og býst ég við að það sé ekki ofreiknað. Þeirri hugmynd hefur einstaka sinnum skotið upp innan Kvennalistans að það væri e.t.v. full ástæða til að fólk fengi einhvers konar barnaafslátt sem yrði þá eitthvað álíka og persónuafsláttur, en það er greinilegt að Lánasjóðurinn notar tölur sem að einhverju leyti miðast við persónuafslátt. Ég vildi mega spyrja hæstv. fjmrh. hvort slíkar hugmyndir hafi komið fram innan ríkisstjórnarinnar, hvort slík mál hafi yfirleitt verið rædd. En mér finnst þetta frv., þó ég ætli ekki að taka efnislega afstöðu til þess sem slíks á þessari stundu, undirstrika vissan þátt, að launafólkið í landinu gleymist alltaf.

Þegar hæstv. fjmrh. sagði áðan í máli sínu að hann legði fram annað frv. þá kipptist ég við og vonaðist til að hann mundi minnast á einhver af þessum málum, en það var þá eitthvert talnafrumvarp sem fylgir þessu hér og það olli mér svo sannarlega vonbrigðum.

En varðandi það sem seinni hluti þessa frv. gengur út á, þ.e. frádrátt vegna hlutabréfaviðskipta, þá var það nokkuð furðulegt að verða vitni að þeirri hvatningu sem höfð var uppi um áramótin, hvatningu til fólks til þess að taka alls ekki þátt í rekstri samfélagsins með því að kaupa hlutabréf og fá skattaafslátt. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að gera lítið úr því að atvinnulífið þurfi að þrífast og það sé jákvætt og gott að íbúar í landinu taki þátt í því, vegna þess að ég held að það sé mjög hollt og gott, en ég get ekki látið hjá líða þegar ég sé þetta frv. að minnast á fjölskyldurnar og barnafólkið. Ég vildi gjarnan heyra viðbrögð hæstv. fjmrh. við þeim spurningum sem ég hef hér fram borið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar ræðu sem hér var flutt af hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur þá vil ég nú í fyrsta lagi vekja athygli á því að að meginefni er þetta frv. flutt til þess að koma í veg fyrir verulega skattaþyngingu sem hefði orðið ella, vegna þess einfaldlega að við erum búin að ná verðbólgunni niður, og hins vegar liður í þeirri stefnu sem ég hélt að Kvennalistinn styddi, að fækka frádráttarliðum en breikka skattstofn og lækka þá prósentu um leið til þess að gera skattheimtuna öruggari.

Ég vil hins vegar svara þeim spurningum sem hún beindi til mín. Ég hef verið og minn flokkur fylgjandi því að það yrði tekið upp sérstakt hátekjuþrep í tekjuskattinum. Ég hef sett fram innan ríkisstjórnarnnar frv. þar sem slíkt þrep er miðað við 300 þús. kr. tekjur hjá einstaklingi og 600 þús. kr. tekjur hjá hjónum. Ég er einnig þeirrar skoðunar að það eigi að hækka skattleysismörkin og minn flokkur hefur ályktað um það. Ég er einnig þeirrar skoðunar að það eigi að auka barnabæturnar og hef lagt fram tillögur um það innan ríkisstjórnarinnar. Ég hef síðan lagt til að fjármagn til þessara breytinga innan tekjuskattsins, hækkunar skattleysismarka, aukningar barnabóta og aukningar á húsnæðisbótum, m.a. til þeirra sem leigja, verði sótt annars vegar í hátekjuþrep í tekjuskattinum og hins vegar í skattlagningu fjármagnstekna yfir ákveðnum mörkum líkt og atvinnutekna.

Alþb. og ég sem fjmrh. hafa lagt fram alveg skýrar tillögur í þessum efnum þannig að okkar stefnuafstaða liggur fyrir afdráttarlaus. Ég hef einnig lagt fram innan ríkisstjórnarinnar, gerði það morgun, frv. um húsaleigubætur í framhaldi af frv. sem ég kynnti innan ríkisstjórnarinnar í vor. Við erum þess vegna að vinna að því verki að auka jöfnunaraðgerðir innan tekjuskattsins án þess að skattbyrðin í heild aukist. Það liggja nú þegar fyrir fullbúin frv. og tillögur um að breyta dreifingunni innan tekjuskattsins á þann veg að létta tekjuskattinn á fólki með miðlungstekjur og lægri tekjur, sérstaklega barnafólki og fólki með mikinn húsnæðiskostnað, en auka skattbyrðina á fólki með mjög miklar tekjur og skattfrjálsar fjármagnstekjur. Svörin við þessum spurningum liggja alveg afdráttarlaus fyrir og það hefur ekki staðið á okkur að breyta skattalögunum í þessa veru.

Hins vegar varðandi hlutafjárfrádráttinn þá vek ég

athygli á því að það er verið að þrengja hann frá því sem er í gildandi lögum. Um það má ræða hvað eigi að ganga langt í þeim efnum en stefnan er hins vegar í þá áttina en ekki til þess að auka hana. Hér er því ekki verið að flytja frv. um að lækka sérstaklega skattana á atvinnulífinu eða auka frádráttarheimildirnar eins og mér fannst koma fram í orðum hv. þm. Hitt er svo rétt að það þarf að gera breytingar á tekjuskattinum til þess að auka jöfnunarhlutverk hans og ég er sannfærður um að það væri skynsamlegasta aðgerðin til þess að tryggja nýja kjarasamninga sem þjónuðu því markmiði að hér yrði áfram lítil verðbólga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Ferðaþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 820.

Halldór Blöndal (frh.):

Herra forseti. Á síðasta fundi gerði ég þetta frv. að umtalsefni á breiðum grundvelli og sýndi fram á að hér er farið fram á það að ferðamálum verði breytt með þeim hætti að ríkið komi inn á nánast öll svið ferðamála. Hér er um mikla ofstjórnartilhneigingu að ræða sem nauðsynlegt er að brjóta til mergjar í meðferð nefndarinnar á þessu frv.

Ég vil, herra forseti, af því tilefni ítreka fyrirspurn mína til hæstv. ráðherra um það hvaða upplýsingar Hagsýslustofnun hafi gefið um þann kostnaðarauka sem þetta frv. hefur í för með sér. Ég á að vísu ekki von á því að hæstv. ráðherra hafi þau gögn við höndina nú, geri raunar ekki ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi beðið Hagsýslustofnun um téðar upplýsingar, en það mun koma í ljós nú á fundinum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hlýddi á mál hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir helgina þegar hann ræddi málefni ferðaþjónustunnar og bar fram ýmsar spurningar. Ég skal reyna að koma lítillega inn á þær helstu sem ég man að þingmaðurinn bar fram eða ræddi um. Ég vík mér þá beint að því sem hann síðast nefndi, að það vantaði upplýsingar eða æskilegt væri að fá upplýsingar um útgjöld vegna frv. þessa ef að lögum yrði. Því er til að svara að málin eru tiltölulega einföld hvað það snertir.

Staðreyndin er sú að það er alls ekki gert ráð fyrir í raun neinni breytingu á opinberum útgjöldum eða stuðningi við ferðaþjónustuna frá núgildandi lögum. En það er að vísu gert ráð fyrir því að ríkisvaldið, fjárveitingavaldið, láti af þeim skerðingum á hinum markaða tekjustofni ferðaþjónustunnar sem gripið hefur verið til um árabil. Og ég get upplýst hv. þm., og þarf ekki Hagsýsluna til, um að þetta þýðir að í stað þeirra 30–40 millj. kr. sem Ferðamálaráð hefur fengið undanfarin ár til sinnar starfsemi mun það fá, ef lögin eru framkvæmd án þess að hinn markaði tekjustofn, 10% af bruttósölutekjum Fríhafnarinnar, ef hann skilar sér að fullu þá mun láta nærri að það séu um 150 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Tekjur Ferðamálaráðs eru auknar nú verulega á milli ára og fara úr þessum upphæðum sem ég nefndi, 30–40 millj. kr., í um 70 millj. kr. í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár ef ég man rétt. Þannig að í raun og veru er svarið til hv. þm. þetta: Frumvarpið sem slíkt mun ekki hafa breytingu í för með sér á stuðningi hins opinbera við ferðaþjónustuna, mælt í gegnum fjárveitingar til Ferðamálaráðs, en við ætlumst til þess og hefur þegar verið farið inn á þá braut að fella niður eða aflétta skerðingunum á hinum mörkuðu tekjum sem því miður hefur verið gripið til æ ofan í æ á undanförnum árum. Þetta hefur í för með sér breytingar af þessu tagi. Menn geta út af fyrir sig kallað það útgjöld fyrir ríkissjóð að þessar skerðingar falli niður, en það er ekki breyting á þeim lögum í raun sem hafa markað starfsgrundvöll ferðaþjónustunnar undanfarin ár heldur eingöngu á framkvæmd þeirra.

Í öðru lagi nefndi hv. þm. spurninguna um þá pólitísku stefnu sem í þessu frv. felst. Það hafa fleiri en hv. þm. talið að í frv. fælist tilhneiging til mikillar miðstjórnar og stýringar á málefnum ferðaþjónustunnar. Ég skil nú ekki í fljótu bragði hvers vegna þessi misskilningur hefur komist á kreik vegna þess að ef eitthvað, þá ganga breytingar á lögunum í átt til þess að minnka afskipti ríkisvaldsins frá núgildandi lögum og draga úr beinni stjórn aðila eins og Ferðamálaráðs og samgrn. frá því sem nú er.

Ég veit að ég þarf ekki að upplýsa hv. 2. þm. Norðurl. e. sem veit mætavel að Ferðamálaráð, Ferðamálasjóður og samgrn. hafa verið til mörg undanfarin ár. Það er þess vegna ekki verið að taka neitt nýtt upp í þeim efnum, en ég bendi á breytingar til að mynda sem verða á ákvæðunum um veitinga- og gistihús þar sem áður voru í lögum mjög ítarleg ákvæði, og næstum að segja smásmuguleg ákvæði, um flokkun gistihúsa og hótela og þar fram eftir götunum. Þetta er núna fellt niður úr lögum og verður einfaldað til mikilla muna. Ég bendi á ákvæðin um ferðaskrifstofur þar sem áður voru í gildi mjög þröng og í raun og veru óheppileg ákvæði sem þýddu að ferðaskrifstofur, án tillits til þeirrar starfsemi sem þær ráku, urðu allar að kaupa sér sams konar tryggingu og sams konar starfsleyfi. Þetta þýddi að lítil ferðaskrifstofa sem eingöngu annaðist þjónustu við ferðamenn t.d. hér innan lands og var kannski með nokkra tugi ferðamanna á sínum snærum á ferðalagi hér í landinu þurfti að kaupa sams konar tryggingu, jafnháa, jafndýra og stærstu ferðaskrifstofur landsins sem eru kannski með þúsundir manna á ferðalögum erlendis á einum og sama tíma. Þetta fyrirkomulag var auðvitað ekki nógu gott og þess vegna breyttum við því. Nú er gert ráð fyrir miklu skynsamlegri tilhögun í þessum efnum þar sem minni ferðaþjónustuaðilar geta verið viðurkenndir og skráðir án þess að þurfa að kaupa sér jafndýrar og umfangsmikl-

ar tryggingar og áður var ef þeir ætluðu að fá ferðaskrifstofuleyfi.

Margt fleira gæti ég þarna rakið og ég minni á að það er beinlínis tekið fram bæði í markmiðum frv. og í markmiðum þáltill. sem er til meðferðar í Sþ. að ferðaþjónustan eigi að þróast og standa á eigin fótum og að afskipti hins opinbera skuli fyrst og fremst lúta að atriðum eins og fræðslu, rannsóknum, þróunarstarfi og samræmingu á landkynningu og umhverfismálum. Með öðrum orðum, það er mjög rækilega þrætt í gegnum löggjöfina með þessu frv. og það er ekki ætlunin að halda út á braut ríkisrekstrar eða ríkisumsvifa eða miðstýringar. Þvert á móti er vald og frumkvæði rekstraraðilanna og einstakra byggðarlaga og landshluta í gegnum ferðamálafulltrúa og aðra slíka uppbyggingu úti í landshlutunum eflt. Það er, eftir því sem kostur er, reynt að færa frumkvæðið í hendur heimamanna og ferðaþjónustuaðila úti um landsbyggðina ekki síst, en á það hefur nokkuð þótt skorta að þeir næðu þannig samstöðu eða byndust þannig samtökum að þeirra afl í þessum efnum nýttist.

Ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. e. hlýtur að hafa kynnt sér að það er ekki síst tilgangurinn með þessu starfi og þessum lagabreytingum að reyna að styrkja stöðu ferðaþjónustunnar úti um landsbyggðina, að gera öll kjördæmi, alla landshluta og öll byggðarlög virka þátttakendur í uppbyggingu ferðaþjónustunnar, enda er þetta ein sú atvinnugrein þar sem menn sjá vaxtarmöguleika, ekki síður úti um landið en hér á höfuðborgarsvæðinu og veitir ekki af að hlúa að slíku. Það veit ég að hv. þm. er mér sammála um.

Að lokum, herra forseti, ræddi hv. þm. svolítið um skattlagningu, starfskjör og samkeppnisskilyrði ferðaþjónustunnar. Þá vil ég upplýsa hv. þm. um það að einn þáttur í starfi ferðamálanefndarinnar, hverrar afrakstur er nú raunar hér á ferðinni, var einmitt að gera úttekt á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Það kom í ljós þegar þessi úttekt fór af stað að hún var að mestu leyti sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Það hafði ósköp einfaldlega ekki áður verið safnað saman upplýsingum með þeim hætti sem hér hefur nú verið gert um þetta atriði, um samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði ferðaþjónustunnar, um mikilvægi hennar í þjóðarbúskapnum, um gjaldeyristekjurnar sem hún skilar, o.s.frv. Og ég er alveg viss um það að hv. þm. hafa orðið þess varir á undanförnu $1^1/_2$ ári að það hefur farið óvenjumikið fyrir upplýsingum í fjölmiðlum um gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu, um störf sem hlutfall af mannafla í ferðaþjónustu og ýmsar slíkar hagrænar upplýsingar sem hafa verið að koma fram í dagsljósið um málefni ferðaþjónustunnar og eru fyrst og fremst afrakstur tölfræðihóps sem settur var upp í tengslum við starf ferðamálanefndar samgrn. Ég bendi hv. þm. á fskj. I með þáltill. um ferðamálastefnu þar sem er á ferðinni greinargerð þessa tölfræðihóps um athugun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustunnar. Þar eru grundvallarupplýsingar dregnar saman, sumar hverjar í fyrsta sinn í sögunni, enda rákust starfsmenn á það að nauðsynlegt var að vinna ýmsa hluti frá grunni, flokka upplýsingar sem aldrei höfðu áður verið flokkaðar þannig að unnt væri að lesa hlutdeild ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar út úr þeim upplýsingum. Ég held að þessi vinna sé í raun og veru mjög merk og ég bendi hv. þm. á að kynna sér hana. Hún tekur yfir drjúgan hluta af fylgiskjölum með þessari þáltill. Þorrinn af þessu þskj., þ.e. bls. 24–69, eru þessar upplýsingar um samkeppnisstöðuna o.fl. Þar held ég að hv. þm. finni mikið af þeim upplýsingum og þeim svörum sem hann var að leita eftir með spurningum sínum um daginn. Það er að sjálfsögðu á grundvelli þessara upplýsinga og þessarar úttektar sem menn hyggjast byggja aðgerðir til að styrkja samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar og bæta starfskjör hennar og jafna með hliðsjón af því hvernig hún kemur út í samanburði við aðrar atvinnugreinar og í samanburði við ferðaþjónustu erlendis sem hún auðvitað keppir við upp að vissu marki.

Ég held að ég hafi þá, herra forseti, komið í eins örstuttu máli og mér er kostur inn á þau helstu atriði sem hv. þm. nefndi í sínu máli. Auðvitað má endalaust deila um það hvort í svona útgáfum sé fundið hið eina rétta skipulag fyrir svona atvinnugrein og auðvitað veit maður að það er ekkert þúsund ára hús sem verið er að byggja með þessu frv. og þessari þáltill. En samt er það nú svo að tekist hefur í raun og veru mjög góð samstaða um þetta mál þó að auðvitað hafi einstakir aðilar og einstakir hv. þm. eðlilega gert athugasemdir við ákveðin atriði.

Ég leyfi mér að fullyrða að það sé góð samstaða meðal helstu hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, flugfélaga, hóteleigenda, ferðaskrifstofa, veitinga- og gistihúsasamtaka, ferðaþjónustuaðila úti um landsbyggðina og annarra þeirra sem leitað hefur verið til. Þetta geta menn sannfærst um af umsögnum þeirra um frv. og þáltill. Og svo vel hefur tekist til að í ferðamálanefnd samgrn., hvar áttu sæti beint eða óbeint fulltrúar allra stjórnmálaflokka, og í samgn. Nd. tókst alger samstaða um afgreiðslu þessa máls og öll nefndin stóð að sameiginlegri tillögu um að frv. næði hér fram að ganga með ákveðnum breytingum utan það að einn hv. alþm. hafði þar á fyrirvara. Ég hef því bundið vonir við það, herra forseti, að áfram gæti það andrúmsloft ríkt um þetta mál. Það er auðvitað ákaflega farsælt ef málefni heilla atvinnugreina ber þannig að hér í þinginu að um starfsgrundvöll þeirra og skipulag getur tekist þokkaleg samstaða. Í þessum greinum starfar fólk með allar stjórnmálaskoðanir, að sjálfsögðu, og að stjórnun þessara mála koma mismunandi einstaklingar. Þar kemur maður í manns stað og þess vegna er það þeim mun skynsamlegra, held ég, ef svo vel tekst til að þokkaleg pólitísk sátt ríkir um þann starfsgrundvöll sem greinarnar búa við. Ég tel að allar forsendur séu fyrir hendi að svo geti gerst nú. Ég minni á að þetta er að verulegu leyti byggt á stofni gildandi laga um skipulag ferðamála og málefni veitinga- og gistihúsaeigenda, sem forveri minn ágætur í starfi, hv. 1. þm. Vestf., hygg ég að ég muni rétt, Matthías Bjarnason, beitti sér fyrir og kom í gegnum Alþingi á árunum 1984–1985. Mér er engin launung á því að ég tel

að þar hafi verið unnið gott starf sem eigi sinn þátt í því eftir atvikum að ferðaþjónustan hefur blómgast hér undanfarin ár. Það var reynt að byggja á því helsta í þeim lögum og að aðlaga ákvæði þeirra að breyttum tímum og nýju aðstæðum í greininni og það er stofninn í þessum þingmálum tveimur, sem fyrir þinginu liggja, annars vegar þessu frv. hér í hv. deild og hins vegar till. til þál. í Sþ.

Herra forseti. Ég vona að þetta hafi svarað hv. þm.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði að hæstv. ráðherra hafði ekki orðið við beiðni minni um að láta mér í té og virtist ekki hafa neinar upplýsingar frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun um þann kostnaðarauka sem þetta frv. felur í sér, en þeirri stjórnardeild er skylt að láta Alþingi í té slíkar upplýsingar þegar stjfrv. eru lögð fram. Er auðvitað óhjákvæmilegt að slíkt yfirlit berist samgn. sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir ráðherranum hvar þá lagagrein er að finna og auðvitað er óhjákvæmilegt að við reynum að standa við lögin. Þessi lög voru á sínum tíma sett fyrir frumkvæði Alþb. og Framsfl. svo að ég veit að sú ríkisstjórn sem nú situr, Steingríms Hermannssonar, er sérstaklega áfram um það að standa við sín eigin fyrirheit, þær vinnureglur sem þessir sömu stjórnmálamenn hafa kosið að festa í lög, ekki einu sinni heldur tvisvar, því að áður var þessi lagafyrirmæli að finna í svokölluðum Ólafslögum og voru á þeim tíma nýmæli. Ég veit að hæstv. ráðherra skilur að óhjákvæmilegt er að Fjárlaga- og hagsýslustofnun láti í té fullnægjandi upplýsingar um þann kostnaðarauka sem í frv. felst. (Gripið fram í.) Ég er ekki að tala um fjmrn., ég er að tala um annað ráðuneyti sem heitir Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ég vil vekja athygli á því í annan stað að hæstv. ráðherra vék ekki einu einasta orði að þeirri fyrirspurn minni sem lýtur að því hvort hann hafi tekið upp viðræður um það við hæstv. fjmrh. eða hvaða skoðun hann hefði á því að stíga skrefið til fulls, viðurkenna ferðaþjónustu sem samkeppnisiðnað og útflutningsiðnað í þeim skilningi að ferðaþjónusta aflar orðið verulegra gjaldeyristekna og er auðvitað rétt í samræmi við það að leggja aðstöðugjald á eins og um útflutningsframleiðslu væri að ræða. Ég hygg að svo sé gert víða í grannlöndum okkar, áreiðanlega í löndum eins og þeim sem liggja að Miðjarðarhafinu. En á hinn bóginn mun það vera svo, á sumum Norðurlöndum a.m.k., að þeir skattleggja ferðaþjónustu með svipuðum hætti og hér er gert, þó ekki eins afkáralega mikið, sem auðvitað verður ferðaþjónustu í þessum löndum fjötur um fót. En það er erfitt að bera slíkar óskir fram við fulltrúa Alþb., að hann skilji að það kunni að vera nauðsynlegt að leggja af opinber gjöld því að ær og kýr alþýðubandalagsmanna eru nú einu sinni þær að auka það sem kallað hefur verið samneysla sem hefur það í för með sér að skattar aukast og sem hefur það í för með sér einnig að halli á ríkissjóði eykst og farið er í kringum fjárlög og skuldbindingar ríkisins eftir því sem verkast vill.

Ég geri ekki ráð fyrir því, herra forseti, að samgrh. geti töfrað fram álit Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um útgjaldaauka þessa frv. með þeim hætti að hann geti nú dregið álitið upp úr vasa sínum eða tösku sinni ef honum hefur láðst að biðja Hagsýslustofnun um að gera þá athugun sem ég tala um. Raunar á ekki að vera þörf á því að við alþingismenn köllum sérstaklega eftir slíku mati þar sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hlýtur að vera kunnugt um lagaskyldur sínar og það álit sem ég fer fram á að fá hlýtur í rauninni að liggja fyrir í Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Nú er ég auðvitað ekki að tala um einhver almenn orð á litlu blaði, heldur er ég að tala um raunverulega úttekt á efnisatriðum frv. þar sem auðvitað hlýtur að vera reynt að brjóta til mergjar hina einstöku þætti.

Mér þótti athyglisvert að hæstv. ráðherra kaus að ræða ekki einstök efnisatriði frv. Kaus að gera ekki grein fyrir því nákvæmlega hvað hann hefur í huga í sambandi við eitt og annað sem í þessu frv. stendur. Vil ég af því tilefni, herra forseti, vekja athygli á 17. gr. frv., en þar stendur: „Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra, þannig að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs."

Það er eftirtektarvert þegar maður flettir upp í skýringum við þessa grein að þar eru þessi litlu orð: „Þarfnast ekki skýringa." Ég er ekki á sama máli. Það er svo, sem ég veit að þingdeildarmenn vita jafn vel og ég, að í tengslum við fjárlagaafgreiðslu er jafnan lagt fram frv. til lánsfjárlaga. Það er að vísu svo í þetta skipti að ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um frágang á því lagafrv. Venjan er að afgreiða slíkt lagafrv. fyrir jólin. Venjan er, ef það dregst og tekst ekki, að viðkomandi ráðherrar, og fjmrh. kannski fyrst og fremst, reyna að þrýsta á það að fá lánsfjárlög afgreidd vegna sóma síns og auðvitað vegna þess að í lánsfjárlögum er ævinlega að finna ýmsar lagaheimildir sem varða bæði fjárfestingarsjóði atvinnugreina, sem varða sveitarfélög og ótal marga aðra aðila.

Í I. kafla þeirra laga er einmitt fjallað um þá stofnlánasjóði sem ríkisábyrgð er á og hefur verið talið óheimilt að sjóðirnir taki lán umfram það sem í lánsfjárlögum stendur. Nú er það alveg ljóst ef við horfum á 17. gr. eins og hún stendur í frv. að slík almenn heimild gefur naumast leyfi til erlendrar lántöku. Ég hygg líka að grein af þessu tagi sé almennt til þess fallin að draga úr þeirri ráðdeildarsemi sem nauðsynleg er í sambandi við opinbera sjóði og auðvitað eru engin lagarök fyrir heimild af þessu tagi. — Það er nú leiðinlegt, herra forseti, að aumingja ráðherra skuli þurfa að fylgjast með í báðum deildum og er svona við þröskuldinn, svona í gættinni. Hann er mikill íþróttamaður ráðherrann þannig að hann hnýtur ekki um þröskuldinn.

Ég var að víkja að því að slík almenn heimild um ríkisábyrgð eins sérstaks sjóðs, atvinnuvegasjóðs, ég er ekki viss um að sambærileg heimild sé í lögum. Ég

man ekki eftir því að fjmrh. sé heimilt án atbeina Alþingis að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs svo og svo mikið af lánum. Allt slíkt kemur hér fram með einum eða öðrum hætti. Ég hafði ekki veitt þessu athygli en mun að sjálfsögðu, þegar málið kemur til nefndar, gera athugun á því hvort sambærilegar heimildir séu fyrir hendi í öðrum sjóðum.

Í öðru lagi er þetta athyglisvert vegna þess að hæstv. ríkisstjórn, og einkum Alþfl., hefur haft það mjög við orð að nauðsynlegt sé að steypa fjárfestingarsjóðum atvinnuveganna saman í einn sjóð og reka slíkan sjóð á þeim grundvelli að hann geti verið fjárhagslega sjálfstæður. Og það hefur lengi verið mikið baráttumál Alþfl. að opnar ríkisábyrgðir séu ekki veittar einstökum sjóðum. Hér er sem sagt á ferðinni ákvæði sem er í öfuga átt við yfirlýsta stefnu Alþfl. í þessum málum og er raunar öndvert þeim hugmyndum að steypa saman sjóðum atvinnuveganna sem ég hef lauslega fengið spurnir af en ríkisstjórnin hefur að vísu ekki lagt fram á hinu háa Alþingi.

Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. ráðherra að því hvað hann hafi nákvæmlega í huga þegar hann talar hér í 20. gr. um að Ferðamálasjóður skuli starfrækja áhættulánadeild, sem veiti lán til þróunarverkefna í ferðaþjónustu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar að höfðu samráði við Ferðamálaráð. Ef horft er til umsagnar um 20. gr. í grg., stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvæði 1. málsliðar greinarinnar um stofnun sérstakrar áhættulánadeildar er nýmæli, en í gildandi lögum er Ferðamálasjóði heimilt að leggja fram styrki og óafturkræf framlög til gistirýmis og annarrar starfsemi til þróunar ferðamála. Til að áhættulánadeild verði annað en nafnið tómt þarf að tryggja sjóðnum sérstakar tekjur í þessu skyni."

Eins og frv. er úr garði gert virðist mér sem Alþingi eigi að veita Ferðamálasjóði opna heimild til að taka lán til starfsemi sinnar, fjmrh. skuli að vísu samþykkja slíka lántöku. Síðan er gert ráð fyrir því að Ferðamálasjóður geti starfrækt sérstaka áhættulánadeild og að sjóðnum verði að afla sérstaka tekna í þessu skyni.

Mig langar að fá upplýsingar um það frá ráðherra hvað hann hafi nákvæmlega í huga með þessu. Hvað er hæstv. ráðherra að tala um mikla fjármuni á hverju ári? Erum við að tala um 10 millj. kr., erum við að tala um 1 millj. á ári eða 100 millj.? Hver er nákvæmlega hugmynd hæstv. ráðherra? Hann hefur ekki komið inn á það og raunar hagað málflutningi sínum með þeim hætti að erfitt er að taka á einstökum atriðum.

III. kafli frv. ber yfirskriftina „Fjármögnun ferðamála" og sé ég ekki að þar sé minnst einu einasta orði á þetta atriði.

Ég vil sem sagt spyrja hæstv. ráðherra þeirrar spurningar sem ég hef hér vikið að.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Mér þykir leitt að geta ekki fært hv. þm. álit Fjárlaga- og hagsýslustofnunar en ég man ekki betur, ég verð bara hreinlega að játa það, að ég man ekki betur en slíkt álit hafi verið tekið saman því þegar ég kynnti frv. í þingflokkum þá rekur mig ekki minni til annars en að ég hafi haft þá meðferðis hefðbundið álit Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, enda er það prinsippregla hjá fleiri en einum þingflokki stjórnarliðsins að samþykkja ekki framlagningu stjfrv. nema slíkt álit fylgi þeim. Ég held ég megi því fullyrða að slíkt álit sé til og ég mun að sjálfsögðu sjá til þess að það berist hv. samgn. eða það verði þá útbúið ella ef það er ekki þegar fyrir hendi, þannig að það vil ég gera.

Varðandi skattlagningu og það hvort ekki sé rétt að viðurkenna ferðaþjónustu sem útflutnings- og í raun og veru samkeppnisgrein, þá get ég tekið undir með hv. þm. að ég tel að nauðsyn beri til þess að afla ferðaþjónustunni viðurkenningar sem slíkrar. Við sjáum það á ýmsan hátt að hún hefur ekki notið slíkrar viðurkenningar og það er ekki fyrr en í raun hin allra síðustu ár sem menn eru farnir, t.d. í atvinnuvegaskýrslum og gjaldeyrisöflunarupplýsingum, að viðurkenna ferðaþjónustuna sem slíka grein. Til að mynda er nú farið að skipta upp í tekjum hótela og veitingahúsa gjaldeyristekjuþættinum sem af ferðaþjónustunni stafar. Það er jafnframt ætlunin, t.d. með samræmingu á launasköttum, með endurskoðun á aðstöðugjöldum og fleiri slíkum aðgerðum, eins og hv. þm. veit væntanlega, að reyna að samræma skattlagningu hinna einstöku atvinnugreina. Til að mynda er ætlunin að sá mismunur sem verið hefur á launaskatti og öðrum slíkum gjöldum hverfi smátt og smátt.

Það hvernig ferðaþjónusta kemur út úr virðisaukaskatti er allflókið mál. Vissulega væri hægt að hugsa sér að hún nyti enn meiri ívilnana á því sviði en hún gerir. En það er þó þannig að að mörgu leyti kemur virðisaukaskattskerfið ekki illa út fyrir ferðaþjónustuna, ýmsar greinar hennar hafa jafnvel frekar styrkt stöðu sína ef eitthvað er með tilkomu virðisaukaskatts í staðinn fyrir söluskatt vegna þess að þar eyðast og hverfa þau uppsöfnunaráhrif sem áður voru fyrir hendi.

Um 17. og 18. gr. og þær greinar sem lúta að starfsemi Ferðamálasjóðs er það rétt hjá hv. þm. að sú heimild sem sett er inn í lögin um áhættulánadeild í Ferðamálasjóði er ekki útfærð í einstökum atriðum hvernig með það yrði farið. Það yrði væntanlega gert fyrst og fremst með tvennum hætti, annars vegar reynir þá á það hvort Alþingi vill leggja til fjármagn sérstaklega til að gera Ferðamálasjóði kleift að sinna því verkefni sem hann hefur ekki getað undanfarin ár, að veita annað tveggja, nema hvort tveggja væri, beina styrki til uppbyggingar eða sérstök hagstæð lán, t.d. til þróunarstarfsemi, til sérstaklega áhættusamrar uppbyggingar úti á landsbyggðinni o.s.frv. Hins vegar var það vilji ferðamálanefndarinnar að hafa þessi ákvæði inni í lögunum um Ferðamálasjóð þannig að ef til þess fengist fjármagn þá væri heimildin fyrir hendi til að veita til viðbótar hefðbundinni lánafyrirgreiðslu slíka styrki og slík hagstæð lán eða áhættulán út í greinina. Það held ég að sé eðlilegt og heppilegt atriði þó svo að það sé ekki útfært í smáatriðum hvernig frá slíku yrði gengið enda yrði það væntanlega með reglugerð um sjóðinn og á ábyrgð stjórnar sjóðsins að útfæra það og fara með það vald í einstökum atriðum.

Herra forseti. Ég vona að þetta hafi svarað hv. þm. Jafnframt býð ég fram alla þá aðstoð við hv. samgn. í störfum hennar sem óskað verður eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

76. fundur, mánudaginn 11. mars, að loknum 75. fundi.

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 445. mál (álagning og innheimta gjalda). — Þskj. 831.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

65. fundur, mánudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Búfjárhald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 627, n. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (Fjárlaga- og hagsýslustofnun). — Þskj. 281, n. 799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Byggðastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (byggðaáætlun o.fl.). — Þskj. 757.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Frv. JSS og RA, 328. mál (veiði göngusilungs í sjó). — Þskj. 578.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 31 shlj. atkv.

Mannanöfn, 3. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 837.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er rétt út af þeim umræðum sem urðu hér við 2. umr. um þetta mál um dagsektir sem gert er ráð fyrir í 23. gr. frv. Það hafa orðið hér nokkrar umræður um þetta atriði og ég vil aðeins láta það koma fram að að fengnum þeim skýringum sem hv. 4. þm. Norðurl. v. gaf hér við 2. umr. um þetta atriði, þá sé ég ekki ástæðu til að flytja þá brtt. sem ég hafði þá boðað. Hins vegar er alveg ljóst að sú skýring sem hann kom þar með á þessum málum er nokkuð seint fram komin miðað við allar þær umræður sem fram hafa farið um þetta atriði hér við 1. og 2. umr.

En til þess að það liggi alveg fyrir hvernig þetta mál bar að, þá er nauðsynlegt að það komi fram að í frv. eins og það var upphaflega flutt var ekki gert ráð fyrir ákveðinni upphæð í dagsektir. Hins vegar kom tillaga frá dómsmrn. til hv. menntmn. um að þessar dagsektir yrðu 2000 kr. en nefndin ákvað að hafa þær 1000 kr. Og að fengnum þeim skýringum sem hv. þm. Ragnar Arnalds, formaður menntmn., gaf um eðli þessara sekta, þetta væru þvingunarúrræði en ekki refsiúrræði, þá sé ég ekki ástæðu til að amast frekar við þessum texta. Hitt er annað mál að hæstv. menntmrh. og sömuleiðis hæstv. dómsmrh. hafa sagt það hér við umræður um þetta mál að þeir séu andvígir sektum í þessum efnum eða eins og hæstv. menntmrh. sagði þá væri hann ekki sektartrúar.

Ég ætla ekki að lengja þessar umræður, virðulegi forseti. Ég tel að þetta mál hafi fengið ágæta meðhöndlun í hv. deild og treysti því að það verði afgreitt

eins og það er nú orðið eftir afgreiðslu deildarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Samvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 331, n. 827 og 846, brtt. 828.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til laga um samvinnufélög og skilar meiri hl. hennar nál. á þskj. 827.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum, sjö að mig minnir. Hún fékk á sinn fund til viðræðna um það Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra, Stefán Má Stefánsson lagaprófessor, Geir Gunnarsson, endurskoðanda Sambands ísl. samvinnufélaga, Ragnar Hafliðason frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og Steingrím Ara Arason frá Verslunarráði Íslands.

Niðurstaða meiri hl. er sú að mæla með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj., þ.e. þskj. 828. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma. Undir þetta rita Páll Pétursson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Jón Sæmundur Sigurjónsson og með fyrirvara þeir Friðrik Sophusson og Matthías Bjarnason.

Brtt. á þskj. 828 eru tvær. Fyrri brtt. er þannig að í stað 2. mgr. 44. gr. komi fjórar nýjar málsgreinar er orðist svo:

„Um framsal og veðsetningu samvinnuhlutabréfa gilda venjulegar reglur um viðskiptabréf nema annað sé tekið skýrt fram í bréfinu.

Samvinnufélag má aldrei eiga lengur en þrjá mánuði meira en 10% af hlutum eigin B-deildar stofnsjóðs. Eignist félagið meira af slíkum hlutum, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutina þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

Nú eignast dótturfélag samvinnufélags hluti í móðurfélaginu, eða tekur þá að veði, og eiga þá ákvæði 3. mgr. við.

Samvinnufélagi er óheimilt að taka eigin samvinnuhlutabréf að veði til tryggingar lánum til eigenda slíkra bréfa."

Það er um þessar brtt. að segja að meiri hl. nefndarinnar þótti sem eðlilegt væri að um samvinnufélög giltu svipaðar reglur og um hlutafélög og þessari brtt. er ætlað að stuðla að því að þar sé jafnræði á milli.

Hin brtt. er um að við ákvæði til bráðabirgða bætist svohljóðandi málsgrein:

„Viðskrh. skal eftir setningu laga þessara skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Skal nefndin skila áliti í síðasta lagi 1. júlí 1992. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að verða til þess að fella reglur um rekstur innlánsdeilda að almennum reglum sem gilda um aðrar innlánsstofnanir og jafnframt taka tillit til sérstöðu starfandi innlánsdeilda og þýðingar þeirra fyrir hlutaðeigandi samvinnufélög."

Það er um brtt. að segja, herra forseti, að meðhöndlun innlánsdeilda samvinnufélaganna í frv. var ekki einróma fagnað, menn höfðu ýmsar athugasemdir fram að færa og var horfið að því ráði að fresta afgreiðslu þess þáttar málsins og menn komu sér saman um að viðskrh. skipaði nefnd til að fara sérstaklega yfir þann þátt laganna og skal hún skila áliti í síðasta lagi 1. júlí 1992. En þar til lögum hefur verið breytt starfa innlánsdeildir að sjálfsögðu svo sem verið hefur.

Umræðu frestað.

Starfskjör presta þjóðkirkjunnar, 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 822.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):
Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í greinargerð þess frv. sem ég mæli hér fyrir um starfskjör presta, þá hefur Prestafélag Íslands farið fram á það að kjör presta verði ákveðin af Kjaradómi. Það hefur farið fram atkvæðagreiðsla meðal allra félagsmanna í Prestafélagi Íslands og með yfirgnæfandi meiri hluta var samþykkt að óska eftir þessum breytingum. Ástæðurnar eru m.a. þær að störf presta eru þess eðlis að mjög erfitt er fyrir presta að heyja venjulega kjarabaráttu, efna til verkfallsaðgerða eða grípa til hliðstæðra aðferða til þess að knýja fram breytingar á sínum kjörum. Prestar eiga erfitt með að fella niður jarðarfarir um lengri tíma eða fresta ýmsum öðrum prestsverkum, t.d. ef jólahátíðir og páskahátíðir og hvítasunnuhátíðir lenda inni í verkfallstímanum. Þess vegna vænti ég að það sé skilningur á því hér í þessari hv. deild eins og í hv. Ed. að þessi breyting sé sjálfsögð og eðlileg og mæli með því að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, 3. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 811, brtt. 812.

Sólveig Pétursdóttir:
Hæstv. forseti. Vegna þessa máls sem hér er til um-

ræðu hlýt ég að vekja athygli á þeirri furðulegu auglýsingu frá menntmrn. sem birtist í Morgunblaðinu sl. fimmtudag. Þar er heilsíðuauglýsing út af frv. til nýrra grunnskólalaga, frv. sem er í meðferð hér í þinginu og er með öllu óljóst hvort verður að lögum. Í þessari auglýsingu segir með stórum stöfum í yfirskrift:

„Mörgum foreldrum finnst þeir hafa of lítið að segja um menntun barna sinna.“ Síðan kemur neðanmálstexti sem hljóðar þannig:

„Menntamálaráðuneytið vill breyta því. Foreldrar hafa í raun heilmikið að segja. Stóraukið hlutverk þeirra í skólastarfi er meðal þess sem boðað er með nýju frv. til laga um grunnskóla sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Skólinn er annað heimili barna þinna. Allar breytingar á skólakerfinu hafa áhrif á barn þitt, á daglegt líf fjölskyldu þinnar og framtíð allrar þjóðarinnar.“

Og svona lítur þessi auglýsing út. Myndin af fólkinu fyrir ofan er fremur ósmekkleg að mínu mati þar sem svo lítur út fyrir að bundið sé fyrir munn þeirra. Skilaboð auglýsingarinnar eru því þessi: Þeir þingmenn sem eru á móti því að afgreiða grunnskólafrv. nú þegar sem lög frá hinu háa Alþingi eru jafnframt á móti því að foreldrar hafi eitthvað að segja um menntun barna sinna.

Þetta eru náttúrlega vinnubrögð fyrir neðan allar hellur og hljóta að teljast einsdæmi. Þetta frv. tryggir alls ekki aukinn rétt foreldra og hefur það margsinnis verið gagnrýnt í umræðum um þetta mál. En það er kannski ekki það alvarlegasta í þessu máli heldur sú staðreynd að hér er reynt að skapa þrýsting á Alþingi til þess að afgreiða þetta frv., væntanlega með því að reyna að höfða til foreldra í þessu þjóðfélagi. Hér er framkvæmdarvaldið að gera tilraun til þess að taka fram fyrir hendur löggjafarvaldsins með mjög svo ósvífnum hætti.

Meðan þetta frv. sem hér er til umræðu hefur verið gagnrýnt mjög mikið, m.a. vegna skorts á öllum kostnaðaráætlunum sem ráðherra ber þó lagaskylda til að leggja fram, þykir honum sæma að eyða stórfé í bæði hönnun og birtingu auglýsingar sem þessarar. Og ekki nóg með það, heldur birtist sama dag heilsíðuauglýsing í Pressunni, þ.e. sl. fimmtudag, um þetta sama frv. undir fyrirsögninni: „Hvernig mótar skólinn börnin okkar?“ Meðfylgjandi er mynd af lítilli telpu, en myndin er eins og rifin í tvennt. Á öðrum helmingnum er barnið alvarlegt en á hinum er það brosandi. Hvaða skilaboð er verið að flytja hér? Væntanlega svipuð og í Morgunblaðsauglýsingunni, sem sé í þá veru að þingmenn sem ekki vilja afgreiða grunnskólafrv. sem lög frá þessu Alþingi sem nú er að ljúka vilji ekki að skólabörnum landsins líði vel. Eða hvað er átt við, hæstv. menntmrh.?

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að þótt ég hafi mikinn áhuga á velferð barna í þessu þjóðfélagi, þar með talið að koma skólamálum í betra horf, þá eru þessi vinnubrögð alls ekki við hæfi. Látum nú vera að foreldrar fái skilaboð í auglýsingum, en að blanda börnum inn í svona pólitík er alls ekki rétt. Þar að auki eru þessi loforð eða yfirlýsingar í auglýsingunni ekki rétt því að hvorki hefur þetta frv. verið afgreitt né heldur yrði hægt að tryggja framgang slíkra laga.

Hver er skoðun hv. þm. á svona vinnubrögðum? Hvernig yrði ástandið ef öll ráðuneytin færu að leika þennan leik eftir og auglýsa upp öll þau frv. sem ráðherrarnir hefðu áhuga á að koma í gegnum þingið? Ég er ansi hrædd um að menn tækju því ekki þegjandi. Það yrði þá lítið lesefni í blöðunum næstu dagana miðað við þann fjölda mála sem enn bíður afgreiðslu.

Það er náttúrlega ekki tilviljun að gripið sé til svona vinnubragða því að það eru kosningar í nánd. Hér sýnist mér vera á ferðinni kosningaáróður sem þjóðin á að borga.

Þetta mál opinberar enn fremur þann mikla ágreining sem ríkir í röðum stjórnarliða, að hæstv. menntmrh. skuli grípa til þessa ráðs vegna þess að hann geti ekki tryggt framgang þessa frv. með hefðbundnum hætti. En það er undirstaðan í lýðræðisþjóðfélagi að meiri hlutinn ræður. Hann virðist ekki vera fyrir hendi hér. Þótt þetta mál verði e.t.v. afgreitt út úr Nd. til Ed. þá óttast hæstv. menntmrh. greinilega um afdrif þess.

Og vegna þessarar umræðu, hæstv. forseti, vil ég geta þeirrar fréttar sem birtist í Dagblaðinu sl. miðvikudag um upplýsingarit menntmrn. um Lánasjóð ísl. námsmanna, þar sem vitnað er í ávarp hæstv. menntmrh. undir fyrirsögninni: „Kosningasvipur þykir á bæklingi ráðherra.“ Ég ætla að lesa þessa fregn, með leyfi virðulegs forseta:

„Inn um bréfalúgur námsmanna streymir nú litprentað upplýsingarit menntmrn. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Bæklingur þessi hefur vakið athygli námsmanna og sjá þeir ekki betur en tímasetning á útkomu bæklingsins og ávarp Svavars Gestssonar menntmrh. í honum tengist talsvert tvennum kosningum. Fram undan eru kosningar við Háskóla Íslands og ekki síður þingkosningar í næsta mánuði.

Þá vekur það athygli að menntmrn. gefur út og kostar þetta upplýsingarit en ekki Lánasjóðurinn sjálfur. Bæklingurinn er gefinn út í 13 þúsund eintökum og er kostnaður hins opinbera vegna hans um 300 þús. kr. Ráðherrann getur um sparnaðarráðstafanir forvera síns í ávarpinu og mótmæli gegn þeim og segist síðan hafa rétt hlut námsmanna.“ Ávarp menntmrh. fer hér á eftir.

„Núverandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna voru sett árið 1982. Sjóðurinn hafði aðeins starfað eftir þeim lögum í tvö ár þegar þáv. menntmrh. taldi nauðsynlegt að grípa til sparnaðarráðstafana. Á tveggja ára tímabili var síðan upphæð námslána skorin niður um tæpan fimmtung. Þessar aðgerðir voru mjög umdeildar á sínum tíma og þeim mótmælt af námsmönnum og fleiri aðilum í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir námsmanna sáu stjórnvöld sér ekki fært að rétta hlut þeirra og þannig var staðan árum saman.

Þegar undirritaður tók við embætti menntmrh. í septembermánuði 1988 var hafinn undirbúningur að því að rétta hlut námsmanna. Í góðri samvinnu við námsmenn náðist loks sá mikilvægi áfangi að leiðrétta skerðingar.“

Síðan koma fram nokkrar setningar í viðbót í ávarpi

hæstv. menntmrh. í þessum bæklingi. Ráðherrann vísar því náttúrlega á bug að um kosningaáróður sé að ræða, en tilgangur þessa ávarps virðist þó fyrst og fremst að hnýta í fyrrv. menntmrh., Birgi Ísl. Gunnarsson, sem nú hefur horfið til annarra starfa. Látum nú vera þótt hæstv. menntmrh. vilji koma þessum skoðunum sínum á framfæri en varla er það réttlætanlegt með þessum hætti, í bæklingi í 13 þúsund eintökum sem kostaður er af hinu opinbera og kemur út núna rétt fyrir kosningar.

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er um afar mikilvægt málefni sem snertir flest heimili í landinu. Við hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir höfum bent á það að mikil efnisleg vinna er eftir við þetta mál. Bæði vantar framkvæmda- og kostnaðaráætlun ásamt endurskoðun á mörgum ákvæðum frv. Af þessum ástæðum lögðum við það til að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar. Ef hins vegar hv. þm. væru ekki sammála þeirri tillögu, og reyndar felldi meiri hl. hv. þm. þessa tillögu eftir 2. umr., þá að sjálfsögðu er það dómur sem verður að hlíta því að það er meiri hlutinn sem ræður. En ég mótmæli þessum vinnubrögðum sem hæstv. menntmrh. viðhefur og ég spyr hann: Hvað liggur að baki þessara auglýsinga sem birtust í Morgunblaðinu og Pressunni í síðustu viku? Og finnst honum það verjandi að reka áróður með þessum hætti?

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi í umræðum hér á hinu háa Alþingi lagt fram viðamikil rök fyrir tillögu okkar Ragnhildar Helgadóttur sem fram kemur í minnihlutaáliti með þessu frv. og vísa til fyrri umræðna í því sambandi. En í ljósi þeirra vinnubragða hæstv. menntmrh., sem ég hef hér gert að umtalsefni og hljóta að teljast einsdæmi, þá fer ég fram á það við hv. þm. að þeir endurskoði afstöðu sína til þessa frv. A.m.k. hljóta þeir að segja skoðun sína á þessu máli þegar vegið er að störfum þeirra með slíkum hætti.

Þá verður ekki hjá því komist að vekja athygli á viðamikilli grein í Morgunblaðinu í gær um grunnskólafrv. undir fyrirsögninni „Skóli fyrir hverja?" Þar segir m.a. í inngangi:

„Grunnskólalögin eru mannréttindaskrá barna. Þau eru ekki til fyrir foreldra eða stofnanir. Þau eru til fyrir börnin. En er svo í raun?" Önnur spurning.

Í þessari grein er vitnað í umsagnir með frv., m.a. skólamálaráðs Reykjavíkurborgar og Sambands ísl. sveitarfélaga, sem leggjast alfarið á móti samþykkt þessa frv. í óbreyttri mynd. Með þessari samantekt er viðtal við hæstv. menntmrh. í rammagrein, en hann lætur sem hann viti ekki af mótmælum Sambands ísl. sveitarfélaga, heldur liggi sökin öll hjá Sjálfstfl. í Reykjavík. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa þetta viðtal:

„Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík er á móti uppbyggingu grunnskóla og vill ekki taka þátt í þeirri framsýnu stefnu, sem við höfum verið að móta," segir Svavar Gestsson menntmrh. um þá umsögn sem skólamálaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt.

Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki kosta til auknum fjármunum til skólans. Hann vill hafa frið til þess að vera hér með 1200–1400 barnaskóla [væntanlega er átt við 1200–1400 nemendur] og hann vill ekki hafa skólamáltíðir. Fyrir utan þetta eru einkaaðilar að heimta það að leggja niður Námsgagnastofnun. Gefið er í skyn að sú stofnun sé ekki starfi sínu vaxin. Ekki er krafist endurbóta á aðstöðu hennar með auknum fjármunum, heldur er talað um hana með þeim hætti að það er greinilega vilji þeirra að hún verði lögð niður í núverandi mynd. Síðan er um að ræða kvartanir yfir því að skólarnir skuli ekki fá að skattleggja foreldrana eftir eigin höfði.

Þessi umsögn skólamálaráðs lýsir almennum fjandskap skólayfirvalda Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í garð menntmrn. sem birst hefur aftur og aftur allan þann tíma síðan ég tók við sem ráðherra menntamála," segir Svavar.

Að sögn ráðherrans er jafnrétti barna til náms mikilvægur þáttur og því vart hægt að hugsa sér að færa skólamálin alfarið yfir á hendur sveitarfélaganna. Með öðrum orðum á það ekki að bitna á börnunum hvort þau búa í fátæku eða ríku sveitarfélagi. Á hinn bóginn segist ráðherrann vera sammála því að það eigi að vera sem mest sjálfstæði innan hvers skóla og það er einmitt það sem unnið hefur verið innan ráðuneytisins á síðustu missirum."

Það er ljóst að þetta viðtal er fullt af rangfærslum og elti ég ekki ólar við þær að sinni. En vegna síðustu orða hæstv. menntmrh. í viðtalinu þykir mér rétt að vekja athygli á umsögn Kennarasambands Íslands sem fram kemur í þessari sömu grein, en þar segir í lokin, með leyfi virðulegs forseta:

„Þá segir að komið hafi í ljós að mörg sveitarfélög ættu í erfiðleikum með að veita þá þjónustu sem uppfyllir fyllstu kröfur um skólastarf. „Sveitarfélögin eru mjög misjafnlega sett hvað varðar skólabyggingar og búnað skóla. Jafnframt er skólahald tiltölulega dýrast í mörgum fámennustu og þar með fátækustu sveitarfélögunum vegna kostnaðar við skólaakstur, heimavistir og mötuneyti. Þessum sveitarfélögum verður að tryggja fjárveitingar til skólahalds —að öðrum kosti er ljóst að stór skref eru stigin aftur á bak í þróun grunnskóla á Íslandi.""

Hygg ég að orð hæstv. menntmrh. hafi dæmt sig sjálf, sérstaklega um jafnrétti barna til náms, og væntanlega geti hann ekki kennt sjálfstæðismönnum um slaka stöðu sína í þessu máli. Þar verður hann að líta til annarra þátta, en þó fyrst og fremst til eigin athafna.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í gangi er kynningarátak á vegum foreldrasamtakanna og Samfoks á málefnum skólanna. Einkum er þar lögð áhersla á stofnun foreldrafélaga, bæði barna í leikskólum og grunnskólum. Menntmrn. er aðili að þessari kynningarherferð sem fram hefur farið í allmörgum skólum, nokkrum tugum skóla, líklega nærri 30 skólum. Ætlunin var að styðja við bakið á samtökunum af hálfu ráðuneytisins. Það að þessar auglýsingar birtust á sama tíma og Alþingi er að fjalla um málið eru hins vegar mistök. Þær áttu að

koma mikið seinna og með talsvert öðrum hætti. Í þeim efnum er ekki við neinn annan að sakast en mig. Ég þakka hv. þm. fyrir gagnlegar ábendingar um efni málsins og vænti að þær og annað verði til þess að greiða fyrir afgreiðslu þess á yfirstandandi þingi.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Það þótti ýmsum fleiri heldur en hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur einkennilegar þær auglýsingar sem birst hafa frá menntmrn. varðandi það mál sem hér er á dagskrá. Nú hefur hæstv. ráðherra lýst yfir því að hér hafi verið um að ræða mistök af hálfu ráðuneytisins og ber auðvitað að virða það og fagna því að hann skyldi hafa viðurkennt að svo væri. Þessar auglýsingar hljóta á hinn bóginn að verða mistök hvenær sem þær verða birtar, þær eru þannig úr garði gerðar. Og þrátt fyrir það að þetta frv. hefði verið afgreitt og það samþykkt sem lög, þá eru þessar auglýsingar þannig upp settar að þær eru í meira lagi hæpnar. Ég tel ekki ástæðu til að fara neitt sérstaklega ofan í þær frekar í þessum orðum mínum hér úr því sem komið er vegna yfirlýsingar hæstv. ráðherra, en það er þó eitt atriði í þessum blaðafregnum sem hlýtur að vekja mikla athygli, þar sem hæstv. ráðherra lýsir því í stuttri grein í Morgunblaðinu þann 10. mars sl., þ.e. í gær, að Sjálfstfl. sé á móti uppbyggingu grunnskóla. Röksemdirnar eru auðvitað harla litlar sem fylgja slíkri fullyrðingu.

Það er öllum kunnugt að Sjálfstfl. hefur staðið að því að byggja upp grunnskóla í landinu, staðið að því að efla það starf sem þar fer fram og á margan hátt staðið á bak við ekki einungis skólastarfið eða þá sem stjórna skólastarfinu heldur fyrst og fremst á bak við það að menntun ungmenna geti farið fram með eðlilegum hætti.

Það frv. sem hér er á ferðinni er auðvitað slælega undirbúið og það er ekki Sjálfstfl. að kenna. Frv. er þrátt fyrir ákjósanleg markmið þess keyrt hér áfram í trássi við vilja sveitarfélaganna og án þess að sveitarfélögin hafi átt fulltrúa í starfshópi sem undirbjó frv. Þetta er ekki Sjálfstfl. að kenna. Þetta er auðvitað á ábyrgð hæstv. menntmrh. sem er síðan svo smekklegur að koma með yfirlýsingar í blöðum, eins og þessa, sem segja að Sjálfstfl. sé á móti uppbyggingu grunnskóla, sé á móti því að það starf sem þar eigi að fara fram geti þróast með eðlilegum hætti.

Það er auðvitað þeim mun einkennilegra að standa að undirbúningi þessa máls á þann veg að sveitarfélögin séu ekki höfð með í ráðum og ekki sé tekið tillit til þess að þau hafa lýst yfir því að þau treysti sér ekki til að lýsa yfir stuðningi við málið, að fyrir einu ári síðan voru afgreidd hér lög á Alþingi um nýja skiptingu verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga þar sem sveitarfélögunum voru fengin stóraukin verkefni í rekstri og byggingu grunnskóla í landinu. Sá kostnaður sem hlýst af samþykkt þessa frv., ef að lögum verður, leggst því að meginhluta á sveitarfélögin. Þeim mun meiri ástæða hefði verið til fyrir hæstv. ráðherra að hafa sem nánast og best samstarf um undirbúning málsins við sveitarfélögin. Þetta hefur hæstv. ráðherra því miður vanrækt og það er ekki Sjálfstfl. að kenna. En það verður vitaskuld til þess að það eru litlar líkur til að þetta frv. nái afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Þar ofan í kaupið hefur hæstv. ráðherra vanrækt að láta fylgja þessu frv. eða koma fram með hér í meðferð málsins á Alþingi eðlilegar upplýsingar um kostnað og hefur sannast sagna flutt mjög einkennilegar útskýringar á því á hvern hátt kostnaðurinn kemur fram ef þetta frv. verður að lögum.

Það kom fram hér við 2. umr. að kostnaður ríkisins af þessu frv., ef samþykkt yrði, væri rétt rúmar 200 millj. kr. Vel má vera að það sé rétt. Vel má líka vera að það sé vanmetið. Ég skal ekki um það fullyrða. Það kom fram í þeirri umræðu að samkvæmt mati ýmissa aðila yrði kostnaður sveitarfélaganna á bilinu 7–8 milljarðar kr. Þetta hafði þó ekki, að manni skildist, verið fullkannað. Skýringar hæstv. ráðherra hins vegar á þessum kostnaðarþáttum voru vægast sagt mjög sérkennilegar. Hann lét þess getið að á tíu árum hefði kostnaður vegna grunnskóla aukist um 43% eða að meðaltali um 4,3% á ári. Hann sagði að ef þetta frv. yrði að lögum mundi kostnaður á næstu tíu árum aukast um 18% eða um 1,8% að meðaltali á ári. Það mátti skilja hæstv. ráðherra þannig að það væri mikill sparnaður af því að samþykkja þetta frv. því kostnaðurinn á næstu tíu árum yrði þess vegna minni en hefði orðið á síðustu tíu árum. Þetta sannaði það að hæstv. ráðherra leit svo á að öll þróun í uppbyggingu skólamannvirkja og þróun í skólastarfi í grunnskólum eftir eldri skipan væri komin á enda. Það þyrfti ekkert að halda áfram, hvorki framkvæmdum né úrbótum í rekstri né auknum viðfangsefnum í námi sem kallaði á kostnað í grunnskólanum eftir því kerfi sem gilt hefur, umfram það sem þegar er orðið. Endanlegu marki væri náð.

Síðan kemur viðbótin, og þetta frv. felur í sér einvörðungu viðbót þegar verið er að tala um aukinn kostnað og má vel vera að rétt sé að sú viðbót sé um 18% á tíu árum eða um 1,8% á ári að meðaltali. En þessar leikfimiæfingar í útreikningum hæstv. ráðherra geta aðeins staðist ef það á að vera algjör stöðvun í aukningu í mannvirkjagerð og rekstri og verkþáttum í skólanum sem kosta peninga, eftir öðrum þáttum málsins en þeim sem hér eru á ferðinni. Svo einfalt er það. Þessi röksemdafærsla hæstv. ráðherra er því gjörsamlega út í bláinn. Það er ekkert lítið að fjalla um mál sem kosta sveitarfélögin í landinu 7–8 milljarða króna, ef að lögum verður, og það án þess að sveitarfélögin hafi fulltrúa í þeim starfshópi sem að undirbúningi málsins kemur.

Auðvitað hafa komið hér fram margs konar fleiri athugasemdir við þetta frv. og frá fleiri aðilum heldur en frá sveitarfélögunum. Ég ætla ekki að fara að rekja þær hér, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir hefur gert mjög ítarlega og skilmerkilega grein fyrir þessu máli og flutt um það vandaðar ræður. En þegar svo háttar að hér er komið að þinglokum og fyrir liggur, eins og áður segir, að þeir aðilar sem eiga að bera bróðurpartinn af kostnaðinum við málið hafa ekki treyst sér til þess að lýsa yfir stuðningi við það, þá hlýtur það að verða til

þess að það nær ekki afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Það væri síðan hægt að hafa nokkuð langt mál um það að með þessu er auðvitað verið að vísa kostnaði til framtíðarinnar sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki treyst sér til að leggja í sjálf og ekki finna til þess peninga, en það er ekkert nýtt í störfum þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma, ég kom aðallega til þess að vekja athygli á þessum leikfimiæfingum hæstv. ráðherra varðandi kostnaðarþátttökuna og kostnaðarhlutdeildina og sýna fram á hvað hún er fjarri öllu lagi. Því að við erum hvergi nærri komin á enda með þróun í mannvirkjagerð né í starfsháttum grunnskóla þó að ekkert nýtt frv. verði nú afgreitt. Við þurfum áreiðanlega að leggja í kostnað á þeim vettvangi á komandi árum hvað sem þessu frv. líður og þá bætist sá kostnaður við sem hér er verið að tala um.

Ég held þess vegna að hæstv. ráðherra ætti að gera sér ljóst að það væri heppilegra að taka tíma hv. deildar til þess að fjalla um þau mál sem líklegt er að geti náð afgreiðslu og hæstv. ráðherra ætti að gera sér ljóst, og hæstv. ríkisstjórn, að þegar síðasta þingvikan er hafin þá er nauðsynlegt að velja úr þau mál sem beinlínis verða að fara í gegnum Alþingi, verða að ná afgreiðslu Alþingis og svo til viðbótar önnur þau mál sem ætla má að ekki sé um ágreiningur, hvorki hér á Alþingi né verulegur ágreiningur meðal þeirra aðila sem eiga síðan að bera uppi kostnaðinn, bera hitann og þungann af lögunum ef afgreidd verða.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þær auglýsingar sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni vöktu vissulega mikla athygli hér fyrir helgi, svo ósmekklegar sem þær nú eru. Ég tel hins vegar að hæstv. menntmrh. hafi beðist afsökunar á þessum auglýsingum í máli sínu hér áðan. Hann lýsti því yfir að birting auglýsinganna á þessum tíma væru mistök og harmaði þessa birtingu. Það má segja að hann sé maður að meiri fyrir vikið en vissulega er það mikið álitamál hversu einstök ráðuneyti eiga að ganga langt í því að birta auglýsingar um einstök mál sem þessi ráðuneyti eru með á sinni könnu. Ég held að þó að hæstv. utanrrh. hafi auglýst fund einn sem hann hélt hér á veitingastað í borginni fyrir tugi þúsunda í dagblöðunum, þá sé það ekki fordæmi sem önnur ráðuneyti ættu að taka sér til fyrirmyndar, eða yfirleitt að vera að taka hér upp einhverjar áróðursherferðir í fjölmiðlum vegna mála sem í gangi eru í þinginu. Það nær engri átt að láta ráðuneytin borga slíkan áróðurskostnað. En nóg um þessar auglýsingar. Ég tel að það sé komin skýring á þeim. Eftir stendur hins vegar það sem ráðherrann segir í Morgunblaðinu í gær með stórri fyrirsögn: „Sjálfstæðisflokkurinn er á móti uppbyggingu grunnskóla."

Ég veit ekki hvar þessi hæstv. menntmrh. hefur alið manninn að undanförnu ef þetta er sú ályktun sem hann dregur af umræðum hér í þessari deild um þetta frv. „Sjálfstæðisflokkurinn er á móti uppbyggingu grunnskóla," segir hér. Það er langt seilst í málefnafátækt virðulegs ráðherra þegar slíkt er borið á borð fullum fetum eftir þær umræður sem orðið hafa um þetta mál hér í deildinni. Þetta er auðvitað öldungis fráleitt og hreinasta ósvífni að bera svona fullyrðingar á borð í blöðum landsins.

Ráðherrann segir hér enn: „Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík er á móti uppbyggingu grunnskóla og vill ekki taka þátt í þeirri framsýnu stefnu sem við höfum verið að móta."

Ég held að ráðherrann ætti að gera það sama og hann gerði varðandi auglýsingarnar hér áðan, að koma hér upp og segja að þetta hafi líka verið mistök og átti ekki að birtast á þessum tíma, þessi ummæli. Þá getum við tekið þau af dagskrá eins og þessar auglýsingar sem gerðar hafa verið að umtalsefni.

Það fer nú að sneiðast um tímann hér í þessari hv. deild áður en þingi verður slitið hér væntanlega síðar í vikunni og ég skal ekki eyða miklum tíma til viðbótar í þetta mál hér við 3. umr.

Ég gerði við 2. umr. málsins athugasemdir við fjölmörg atriði sem ég taldi ástæðu til að nefna og ég hef síðan leyft mér að flytja á þskj. 812 nokkrar brtt. við frv. sem réttast væri reyndar, eins og lagt var til við 2. umr., að vísa til ríkisstjórnarinnar. En fari svo að þetta frv. verði afgreitt og fái hér framgang, þá tel ég þó rétt að freista þess að fá örfáum atriðum breytt þó að þau séu í sjálfu sér ekki stór og þó svo að hinum stóru spurningum um kostnaðarhlið málsins sé vissulega ekki svarað þannig að fullnægjandi sé.

Ég ætla að leyfa mér að renna yfir þessar brtt., virðulegur forseti. Hin fyrsta gerir ráð fyrir að skipan grunnskólaráðs verði breytt frá því sem ráð er fyrir gert í frv. þannig að fulltrúum Kennaraháskólans fækki um einn en í staðinn komi fulltrúi foreldrafélaga í dreifbýli. Ég legg þetta til vegna þess að ég tel eðlilegt að foreldrar og félög þeirra hafi meiri ítök í þessu grunnskólaráði heldur en frv. gerir ráð fyrir og þeir fái tvo fulltrúa í staðinn fyrir einn. Þá þarf að fækka um einn einhvers staðar annars staðar og án þess að ég hafi neitt á móti því að Kennaraháskóli Íslands eigi þar sína fulltrúa, þá tel ég að það ætti að nægja til þess að koma sjónarmiðum Kennaraháskólans á framfæri að þar væri einn fulltrúi í stað tveggja. Því er þessi tillaga flutt við 3. mgr. 9. gr. frv.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, hef ég gert brtt. við 17. gr. frv. Hún er þess efnis að gert er ráð fyrir því að það sé í verkahring sveitarstjórna í hinum fjölmennari sveitarfélögum að skipta sveitarfélögunum í skólahverfi án atbeina menntmrn. Tillagan gerir ráð fyrir því að sveitarstjórnum í fjölmennari sveitarfélögum sé heimilt að skipta þeim í skólahverfi. En í frv. eins og það er núna segir að sveitarstjórnir annist þá skiptingu með samþykki menntmrn. Ég tel að íhlutun menntmrn. um þetta atriði sé gjörsamlega óþörf.

Við 18. gr. hef ég lagt fram þá tillögu að það verði hnykkt á því hvert hlutverk skólanefndar í hverju skólahverfi sé að því er varðar tillögur um umbætur í skólastjórastarfi. Ég vil að það sé gert ákveðnara og orðalagið verði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Enn fremur er það hlutverk skólanefndar að gera

tillögur til skólastjóra í skólahverfinu um umbætur í skólastarfinu."

Þá hef ég, virðulegi forseti, leyft mér að gera tvær brtt. við 26. gr. Önnur er um það að brott falli sú málsgrein þar sem segir að áður en framkvæmdir hefjist við skólamannvirki skuli leita eftir samþykki menntmrn. fyrir viðkomandi mannvirki. Ég tel ástæðulaust að sveitarfélag sem á annað borð treystir sér til þess að ráðast í framkvæmdir við skólamannvirki þurfi að leita samþykkis menntmrn. til að geta ráðist í þær framkvæmdir eða hafið þær.

Loks er tillaga við 26. gr. um að í stað þess að skólanefnd geri tillögu um nafn skóla sem menntmrn. staðfesti að fenginni umsögn örnefnanefndar komi einfaldlega: „Skólanefnd ákveður nafn skóla og tilkynnir menntamálaráðuneytinu."

Þetta er að vísu ekki stórt mál en engu að síður tel ég það eðlilegt og reyndar sjálfsagt að skólanefndir á hverjum stað geti sjálfar gefið skólum í sínu umdæmi nöfn, enda ekki ástæða til að ætla að slíkar skólanefndir geri annað en að vanda valið á nöfnum þessara stofnana. Ég býst við því að hver skólanefnd leggi metnað sinn í það að velja nýjum skólum í umdæminu falleg og hæfandi nöfn.

Ég kem þá að fimmtu brtt. á þskj. 812. Hún lýtur að 52. gr. frv. Þar hef ég leyft mér að leggja til, í samræmi við það sem ég sagði við 2. umr., að kveðið verði á um það í lögunum að komið verði í ríkara mæli heldur en nú er til móts við nemendur sem náð hafa afburða árangri í námi eða eru að dómi skólastjóra almennt þroskaðri heldur en gerist og gengur meðal jafnaldra þeirra.

Ég fór um þetta nokkrum orðum í ræðu minni hér við 2. umr. og það er vissulega umhugsunarefni að í öllum grunnskólalögunum skuli ekki vera neitt kveðið á um hvernig koma skuli til móts við þarfir þessara einstaklinga. Ekki vegna þess að hæfileikar eða dugnaður einstakra nemenda sé vandamál, heldur vegna þess að það hefur sýnt sig, og það hefur komið í ljós í könnunum sem gerðar hafa verið um það efni, að til að mynda kennarar telja að slíkum nemendum sé haldið niðri eins og skólastarfi er háttað í dag.

Ég tel mjög nauðsynlegt að það sé hlúð að hæfileikum slíkra einstaklinga og þeir fái jafnan eðlileg tækifæri til þess að finna kröftum sínum viðnám. Ég treysti mér hins vegar ekki til að segja fyrir um það hvernig eigi að hátta slíku í einstökum atriðum. Mér finnst eðlilegt að í þessum lögum sé kveðið á um það að nemendur sem náð hafa afburða árangri í námi og hafa meiri þroska en almennt gerist, að dómi skólastjóra, eigi þess kost að ljúka skyldunáminu á styttri tíma heldur en gengur og gerist, þ.e. á styttri tíma heldur en tíu árum. Mér finnst eðlilegt að um þetta sé beint ákvæði í lögunum og það sé lagt í vald viðkomandi skólastjóra og kennara að meta hverju sinni hvernig best er að framkvæma þetta ákvæði og að sjálfsögðu í góðu samkomulagi við viðkomandi nemendur og forráðamenn þeirra. Auðvitað er ekki víst, eins og ég gat um við 2. umr., að allir nemendur sem hér ættu hlut að máli kærðu sig um að flýta náminu. Það er auðvitað ekkert þar með sagt. En það er eðlilegt að mínum dómi að þarna sé möguleiki fyrir hendi í sjálfum lögunum.

Síðasta brtt. mín, virðulegur forseti, á þskj. 812 lýtur að 72. gr. frv. Þar segir í næstsíðustu málsgrein: „Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé." Og í síðustu málsgrein: „Skólagjöld eru háð samþykki menntamálaráðuneytisins." Ég tel að í þessu felist mótsögn og legg til að síðari málsgreinin falli brott, um að skólagjöld skuli vera háð samþykki menntmrn. Ég tel reyndar að ef skólinn uppfyllir allar þær kröfur sem ráðuneytið gerir, faglegar kröfur, þá geti þetta ákvæði í raun drepið niður þá starfsemi sem skólinn hefur með höndum og hyggst standa að. Ég tel því að þetta ákvæði eigi að falla brott, jafnvel þó að um þetta kunni að vera einhver ákvæði í hinum svokölluðu skólakostnaðarlögum sem ráðherra vék hér að við 2. umr. Það væri þá kannski nær að breyta þeim ákvæðum til samræmis við þá brtt. sem ég hef hér flutt.

Virðulegi forseti. Ég sagði að ég hygðist ekki flytja hér langt mál að þessu sinni. Ég vildi gera grein fyrir mínum brtt. eins og eðlilegt er, en ég stend við það sem fram kom við 2. umr. að langeðlilegast er í þessu máli að fresta afgreiðslu þess, gefa meiri tíma til að ná víðtækara samkomulagi um málið heldur en greinilega er fyrir hendi nú.

Það þýðir ekki fyrir hæstv. menntmrh. að skeyta skapi sínu á aðilum utan þings sem mælt hafa gegn samþykkt þessa frv. og kenna Sjálfstfl. um það. Sannleikurinn er sá að um þetta mál er ekki sú sátt sem ætti að vera um sjálf grunnskólalögin og eftir stendur jafnframt, eins og fram hefur komið í máli margra þingmanna, stjórnarandstæðinga sem stjórnarliða, að kostnaðarhlið málsins er óljós og fyrir henni hefur ekki verið séð. Og þegar af þeirri ástæðu væri eðlilegt að bíða með afgreiðslu málsins til næsta þings í stað þess að freista þess að pressa það gegnum þingið við núverandi aðstæður í krafti meiri hluta ríkisstjórnarflokkanna.

Umræðu frestað.

Samvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 331, n. 827 og 846, brtt. 828.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil hér gera stutta grein fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. sem er á þskj. 846.

„Minni hl. telur það löngu tímabært að endurskoða núgildandi lög um samvinnufélög frá árinu 1937. Hins vegar telur minni hl. að umfjöllun nefndarinnar hafi ekki verið nægilega vönduð. Nefndin fékk nokkra aðila á sinn fund en engar skriflegar umsagnir bárust.

Dæmi um óleyst mál er framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Veruleg andstaða virðist vera gegn því að breyta innlánsdeildunum í sparisjóði.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands telur þann lagaramma, sem innlánsdeildunum er settur, vera ófullnægjandi, einkum hvað snertir vernd innstæðu eigenda. Hins vegar hefur rekstur innlánsdeilda verulega þýðingu fyrir nokkur samvinnufélög. Meiri hl. leggur til að þessi ágreiningur verði leystur með nefndarskipan, sbr. brtt. hans um nýtt ákvæði til bráðabirgða.

Eitt af nýmælum þessa frv. er að samvinnufélögum er gert kleift að afla sér eigin fjár með sölu hluta í B-deild stofnsjóðs sem að mörgu svipar til sölu hluta í hlutafélögum. Efast má stórlega um að þetta nýmæli hafi tilætluð áhrif þar sem eignarhaldi á hluta í B-deild stofnsjóðs fylgir ekki atkvæðisréttur á félagsfundum. Minni hl. telur að atkvæðisréttur, þó takmarkaður væri, yki líkurnar á því að sparifjáreigendur keyptu hlut í B-deild stofnsjóðs.

Minni hl. harmar fljótaskrift við meðferð þessa máls. Málefnið er of mikilvægt til að kasta til þess höndum. Hins vegar er margt í frv. til bóta. Minni hl. vill því ekki standa gegn afgreiðslu þess en mun með tilliti til þess sem að framan segir sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það kann að vera að ég þurfi að kveðja mér hljóðs hér aftur eftir ræðu hv. 1. þm. Reykv. en því kvaddi ég mér hljóðs nú að ég vil bera til baka það sem segir í nál. minni hl. að fljótaskrift hafi verið á meðferð þessa máls. Ég kannast ekki við það. Ég held að það hafi verið unnið mjög eðlilega að þessu máli. Þetta var tekið fyrir á sjö fundum í fjh.- og viðskn., þann 16. jan., 14. febr., 18. febr., 20. febr., 22. febr., 5. mars og 6. mars. Það er rétt að skriflegra umsagna var ekki aflað um málið, enda varð samkomulag um það á fyrsta fundi nefndarinnar að það yrði ekki gert, heldur yrðu kvaddir á fund nefndarinnar þeir menn sem óskað væri eftir. Það var gert og þeir urðu flestir vel við beiðni um að koma á fund nefndarinnar, gáfu nefndinni margvíslegar upplýsingar og skýrðu málið fyrir okkur og fóru yfir það með okkur.

Ég vil sem sagt bera það til baka að hér hafi verið einhver óeðlileg vinnubrögð viðhöfð. Ég tel að þetta frv. sé síst verr unnið heldur en flest af því sem við höfum fengist við í nefndum Alþingis á þessum vetri og reyndar þó lengra væri jafnað. Það er að vísu rétt að frsm. minni hl. átti ekki kost á því af eðlilegum ástæðum að sitja nema fáa af þessum fundum þar sem hún er varamaður en hv. þm. Sigrún Helgadóttir sat suma og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sat fyrstu fundina þegar málið var til meðferðar.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á þskj. 827 sem er nál. meiri hl. þá skrifa tveir þingmenn undir nál. með fyrirvara og mér þykir rétt, þar sem ég er annar þeirra, að gera hér í stuttu máli grein fyrir því hvers vegna ég ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni geri fyrirvara vegna stuðnings við það sem kemur fram í nál. Ég tek það líka fram að við eigum aðild að brtt. og í raun og veru skiptir það ekki höfuðmáli en ég tel að það séu jafnvel mistök, og að við hefðum ekki átt að vera aðilar að brtt. þó við værum aðilar að nál. sem slíku, því okkar fyrirvari laut m.a. að þeim brtt. sem þarna koma fram, a.m.k. þeirri seinni, og eins vegna hins, að við höfum ýmsar athugasemdir við frv. að gera þó við viljum ekki leggja stein í götu þess.

Í raun get ég tekið undir margt af því sem fram kemur í nál. minni hl. nefndarinnar. Ég tel að það hefði verið hyggilegra að leyfa þessu máli að þróast betur og þroskast. Það er ljóst að verði þetta frv. að lögum þá verður ekki sú bylting á högum samvinnuhreyfingarinnar sem ég býst við að ýmsir þeir sem leggja traust sitt á þetta frv. vildu sjá.

Það er gömul saga að samvinnuhreyfingin hefur átt við verulega erfiðleika að etja við hlið hlutafélaganna, ekki síst vegna þess að erfitt hefur verið fyrir samvinnufélögin að afla eigin fjár, að fá til liðs við sig aðila sem tilbúnir væru að leggja fram áhættufé í þennan rekstur. Ástæðan er auðvitað augljós. Hún er sú að í hlutafélögum leggja menn fram hlutafé, geta fengið greiddan arð, hafa atkvæðisrétt í hlutfalli við hlutafjáreignina, en í samvinnufélögum er þessu allt öðruvísi farið. Þar fer atkvæðisrétturinn ekki eftir viðskiptum eða þátttöku í samvinnufélaginu, jafnvel þótt upphaflega hugsjónin, hugsjón samvinnuhreyfingarinnar, hafi verið sú að það væri þátttakan sem slík sem ætti að verða grundvöllur áhrifa í kaupfélögunum og samvinnufélögunum.

Samvinnuhreyfingin hefur að undanförnu reynt ýmsar leiðir til þess að bæta afkomu sína og stöðu og m.a. hafa snemma á þessu ári verið gerðar verulegar breytingar á rekstri Sambands ísl. samvinnufélaga sem nú hefur verið skipt upp í mörg hlutafélög þannig að SÍS á í raun meiri hluta í flestum ef ekki öllum þessum fyrirtækjum, þessum hlutafélögum, en síðan eiga ýmis samvinnufélög aðild að sömu félögunum. Þetta er auðvitað gert vegna þess að með þessum hætti er hægt að afla fyrirtækjunum, hlutafélögunum, nýs áhættufjármagns. Í raun tel ég að stór hluti sambandsmannanna sé sáttur við þessa aðferð og telji að þær breytingar, sem hér er verið að gera á samvinnulögum með þessu nýja lagafrv., séu óþarfar því að hægt sé að nota hlutafélagsformið þegar það á við og menn þurfa að leita eftir nýju fjármagni.

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að telja má að þetta frv. valdi ekki byltingu. Í fyrsta lagi ber að geta þess að það sem á undanförnum árum hefur valdið því að hlutafélögin hafa aflað nýs fjármagns er fyrst og fremst skattafsláttur sem menn fá með því að kaupa hlutabréf í skráðum hlutafélögum. Hvorki í þessu frv. né heldur í sérstöku frv. sem hefði þá þurft að leggja fram er getið um slíkan skattafslátt þannig að jafnvel þótt þetta frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi mun það ekki hafa hina minnstu þýðingu fyrir samvinnuhreyfinguna því að til þess að fá fólk til að leggja fjármagn í svokallaða B-deild, sem getið er um og lýst er í frv., þyrfti til að koma skattafsláttur eða skattfrádráttur með svipuðu sniði og viðgengst í hlutafélögunum.

Það er ástæða til þess að benda á að með þeirri

breytingu sem hér er verið að gera gerist það í fyrsta skipti að lögaðilar geta orðið aðilar að samvinnufélögum. Hér er um að ræða breytingu þegar það er rifjað upp að upphaflega hugmyndin var sú að einstaklingar kæmu sér saman, væru í samvinnufélagi og að rétturinn miðaðist við einstaklinga en ekki annað.

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að þrátt fyrir það að ég telji að ekki verði sú réttarbót að þessu frv. sem sumir virðast álíta, þá tel ég ekki ástæðu til að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins. Það kann að vera að hægt sé að ætlast til þess í sumum tilvikum að aðilar utan samvinnufélags vilji taka höndum saman við félagið og leggja fjármagn í B-deild stofnsjóðsins af einni ástæðu og hún er sú að í raun og veru séu eignir félagsins rangt bókaðar, virði samvinnufélagsins sé miklum mun meira en segir í bókum samvinnufélagsins og þess vegna geti það verið snjallt hjá þeim sem eru umsýslu- og kaupsýslumenn að gera út á þessar lágt skrifuðu eignir með því að eiga samstarf við samvinnufélögin á þessum grunni. Þeir sem gerast aðilar að B-deildinni hafa ekki atkvæðisrétt og þeirra hlutur er þess vegna rýrari en gengur og gerist í íslenskum hlutafélögum, en þessi háttur hefur þó verið hafður á hjá ýmsum þjóðum og til eru deildir í hlutafélögum erlendis þar sem enginn atkvæðisréttur fylgir hlutafénu. Þetta þarf þó ekki að koma að sök og kemur kannski síður að sök í þessu félagsformi heldur en víða annars staðar vegna þess að áður en þeir sem leggja fram fjármagn í B-deildina missa eign sína, þegar um gjaldþrot er að ræða eða um verulega erfiðleika í rekstri, þá gerist það að til lánardrottna ganga eignir A-deildarinnar eða þeirrar deildar sem samsvarar samvinnufélaginu, stofnsjóði þess í dag.

Eins og fram kom í máli frsm. meiri hl. nefndarinnar gerir meiri hl., þ.e. aðrir en sjálfstæðismenn, þótt það komi ekki fram á þskj., brtt. sem eru á þskj. 828. Önnur tillagan, sem ég sé enga ástæðu til þess að mæla gegn, er sú að sama regla eigi að gilda um samvinnufélög og hlutafélög, þ.e. að félögin geti í þrjá mánuði átt 10% af hlutum í félaginu og þá er um það að ræða að jafna B-deild stofnsjóðsins við hlutafé í hlutafélögum.

Síðari tillagan hins vegar er dálítið sérstök því að í henni er gert ráð fyrir því að í bráðabirgðaákvæði með frv. verði sett lagaákvæði þess efnis að viðskrh. skuli eftir setningu laganna skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Ég tel það mjög óvenjulegt og ekki til fyrirmyndar að setja ákvæði eins og þetta í lög. Miklu fremur væri ástæða til þess að í nál. kæmi fram sú skoðun nefndarinnar að viðskrh. eða viðskrn. setti á stofn slíka nefnd og hún skilaði áliti fyrir tiltekinn tíma. Í bráðabirgðaákvæðinu er þess getið, eins og frv. lítur út núna, að samvinnufélögum sé ekki heimilt að reka innlánsdeildir eftir 1996. Og það fylgdi annað frv. þessu frv., frv. til breytinga á lögum um sparisjóði, en þær tillögur, sem þar voru, voru til þess gerðar að laga innlánsdeildirnar að lögum um sparisjóði.

Í nefndarstarfinu kom mjög skýrt fram hjá fulltrúum Seðlabankans að það er nánast óhugsandi að hægt sé að reka til frambúðar innlánsdeildir hjá kaupfélögunum, það stangist gjörsamlega á við meginreglur laga um banka og sparisjóði og það stangist enn fremur á við þær hugmyndir sem menn hafa í Evrópu og gera má ráð fyrir að Íslendingar muni fylgja innan tíðar. Ber þá auðvitað fyrst að nefna það að líta má á innlánsdeildirnar eins og banka þar sem aðeins einn aðili tekur lán hjá bankanum en fjölmargir einstaklingar leggja inn. Samkvæmt íslenskri löggjöf er bannað að einn aðili sé stór skuldunautur banka, hvað þá að einn aðili geti fengið alla fjármunina lánaða. Auk þess vil ég geta þess að það er ekki gerður neinn munur á því fjármagni sem viðskiptaaðilar eiga inni í innlánsdeildum og öðrum eignum kaupfélaganna. Á þetta hefur reynt í dómsmáli, t.d. þegar Kaupfélag Önfirðinga varð gjaldþrota á sínum tíma og það lá einnig við að á þetta reyndi á sínum tíma, líklega fyrir um það bil 20 árum, þegar Kaupfélag Siglfirðinga fór á hausinn, en þá tók Samband ísl. samvinnufélaga á sig skuldbindingar og hægt var að færa innlánsdeildina inn í Sparisjóð Siglufjarðar.

Virðulegi forseti. Fyrirvarar okkar lúta m.a. að því að við teljum að síðari brtt. eigi ekki heima í lögunum sjálfum. Við erum meðmæltir því að slík nefnd eins og þarna er rætt um verði sett á laggirnar en teljum ekki ástæðu til þess að það verði sett í lagaákvæði, enda fer afar illa á því að nefnd sé skipuð með lögum eins og hér er verið að gera ráð fyrir.

Ég hef lýst jafnframt því, virðulegi forseti, að ég hef ekki mikla trú á því að þessi nýju samvinnulög valdi mikilli byltingu í starfsemi samvinnufélaganna. Ég tel að samvinnufélögin geti vel notað sér hlutafélagsformið eins og Samband ísl. samvinnufélaga hefur gert að undanförnu, en tel hins vegar enga ástæðu til þess að leggja stein í götu þessa frv. ef einhverjir skyldu finnast sem vilja leggja fram fé í þessar svokölluðu B-deildir kaupfélaganna eða samvinnufélaganna. En ég tel að það muni ekki gerast fyrr en að breyttum skattalögum því að það sem fyrst og fremst hefur ýtt undir þá þróun að almenningur er fús til þess að leggja fjármagn, áhættufjármagn, í fyrirtæki hér á landi eru þau skattfríðindi sem því fylgja og fengust fram með breyttum lögum fyrir tveimur árum. Það væri vissulega ástæða til þess, virðulegi forseti, að fjalla frekar um það mál, ekki síst vegna þess að fyrir Ed. liggur nú frv. sem rýrir kosti þeirra sem leggja fram fjármagn í hlutafélög, en þar sem ég geri ráð fyrir því að síðar á þessu þingi og fyrir þinglok fái ég tækifæri til þess að ræða það annars vegar við hæstv. fjmrh. og hins vegar við hæstv. viðskrh., þá kýs ég að geyma það þar til viðkomandi frv. berst hingað til Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.–43. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 828,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

44. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

45.–106. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 828,2 samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JK, JónS, ÓÞG, PP, RG, SV, NL, SJS, AðB, AS, ÁrnG.
nei: HJ.
AÓB, EH, FÞ, FrS, GHH, IBA, KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SP, ÞP, GGuðbj greiddu ekki atkvæði.
8 þm. (JóhS, JBH, JSS, MB, ÓÞÞ, RA, RH, SighB) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson:
Virðulegi forseti. Ágreiningur um þessa grein er ekki efnislegur heldur formlegur. Við sem tókum þátt í starfi nefndarinnar og skiluðum nál. með meiri hl. nefndarinnar, tveir sjálfstæðismenn, töldum rétt að viðskrh. setti nefnd til þess að undirbúa tillögur um framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Okkur finnst hins vegar óþarfi og í raun og veru óeðlilegt að slík nefndarskipan verði lögfest eins og hér er gert ráð fyrir. Þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓÞG, PP, RG, SV, NL, AðB, AS, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JK, JónS, JSS, ÁrnG.
PJ, SP, ÞP, GGuðbj, AÓB, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, MÁM, MálmS greiddu ekki atkvæði.
9 þm. (ÓE, ÓÞÞ, RA, RH, SighB, SJS, JóhS, JBH, MB) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

66. fundur, mánudaginn 11. mars, að loknum 65. fundi.

Búfjárhald, 3. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 627.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 855).

Stjórnarráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (Fjárlaga- og hagsýslustofnun). — Þskj. 281.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Geir H. Haarde:
Herra forseti. Ég hygg að það væri kannski rétt áður en við segjum skilið við þetta litla frv. um breytingar á lögum um Stjórnarráðið að fá upplýst hér í deildinni af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað líði frv. til laga um allt Stjórnarráðið. Þegar þetta litla frv. var til 1. umr. spannst nokkur umræða hér um heildarendurskoðun laganna um Stjórnarráðið og mörgum þótti óeðlilegt að vera að tína til litla hluta af stjórnarráðslögunum og knýja þá hér í gegn, þó út af fyrir sig sé kannski ekki efnislegur ágreiningur um þau atriði.
Þetta frv. sem nú er til umræðu snýst um það að leggja niður hagsýslustofnun sem sérstakt ráðuneyti. Eflaust mætti hugsa sér að gera þær breytingar á stjórnarráðslögum sem menn ætla sér í litlum bútum með því að flytja eitt og eitt frv. um að fækka ráðuneytum eða gera breytingar á Stjórnarráðinu að öðru leyti, en það er auðvitað ekki hin rétta leið þó svo að menn hafi ekki mikið á móti þessu tiltekna frv. sem nú er á ferðinni. Og fyrst enginn hefur orðið til þess að inna eftir því, hvorki við 2. umr. né við 3. umr., þá tel ég rétt að grennslast fyrir um það hjá ríkisstjórninni: Hvað líður heildarendurskoðun laganna um Stjórnarráðið? Hvenær kemur frv. um það efni hér í þingið? Verður það eitt af því sem lagt verður hér fram í þessari viku til sýningar, eða ekki? Verður það látið bíða næsta hausts?

Jón Kristjánsson:
Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég er ekki kominn hingað til þess að standa í svörum fyrir ríkisstjórnina heldur vil ég útskýra sem formaður allshn. Nd. að við sendum þetta frv. til umsagnar nefndar sem var að undirbúa frv. um Stjórnarráð Íslands. Við fengum svar frá þeirri nefnd þar sem hún lagðist ekki gegn því að þetta frv. yrði afgreitt sérstaklega. Ég vildi láta þetta koma fram til skýringar en mér er ekki kunnugt um hvenær kemur fram frv. um breytingar á Stjórnarráðinu í heild.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):
Virðulegi forseti. Út af þessum umræðum og fyrirspurn frá hv. þm. er rétt að það komi fram að unnið hefur verið að þessu máli að undanförnu og málin verið kynnt lauslega fyrir stjórnarflokkum einnig, þ.e. þar hafa verið sýnd drög að frv. Það er nú líklega nokkuð ljóst að það sem eftir lifir af þessu þingi verða ekki gerðar aðrar breytingar heldur en þær sem hér liggja fyrir til umræðu og eru út af fyrir sig mikilvægar þó þær séu ekki nein heildarendurskoðun, langt frá því. Þess vegna er ekki miklu við það að bæta sem fram

kom hér frá hv. þm. Jóni Kristjánssyni um það að þetta mál þurfi að fara í gegnum Alþingi óháð öðrum meiri breytingum á lögum um Stjórnarráðið sem væntanlega verður þá nýrrar ríkisstjórnar að fylgja eftir á nýju þingi úr því sem komið er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Samvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 863.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SV, NL, AðB, AS, ÁHE, FrS, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞG, PP, PJ, RG, ÁrnG.
SP, ÞP, GGuðbj, AÓB, EH, GHH, HJ, IBA, KE, MálmS greiddu ekki atkvæði.
11 þm. (SighB, SJS, FÞ, JóhS, KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, RA, RH) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

68. fundur, mánudaginn 11. mars, að loknum fundum í deildum.

Aukinn þáttur bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi, síðari umr.

Þáltill. MF, 74. mál. — Þskj. 76, n. 823.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):
Virðulegi forseti. Atvmn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um aukinn þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi. Umsagnir bárust nefndinni frá Landvernd, Landgræðslu ríkisins, Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Skógrækt ríkisins. Það er einfalt að greina frá því að nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt án breytinga.
Matthías Á. Mathiesen og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, en undir nál. rita nöfn sín sá sem hér stendur, hv. þm. Geir Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Geir H. Haarde og Kolbrún Jónsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 864).

Vegrið, síðari umr.

Þáltill. IBA, 243. mál. — Þskj. 357, n. 840.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):
Virðulegi forseti. Á þskj. 840 er nál. allshn. um till. til þál. um uppsetningu vegriða.
Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Slysavarnafélagi Íslands, Umferðarráði og landlækni. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.
Undir þetta skrifa Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Kristinn Pétursson, Ingi Björn Albertsson, Guðrún Helgadóttir, Karl Steinar Guðnason og Eggert Haukdal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 865).

Gróðurkort og landfræðilegt upplýsingakerfi, frh. fyrri umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 705.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, fyrri umr.

Stjtill., 441. mál. — Þskj. 819.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Varnir gegn vímuefnum, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 378. mál. — Þskj. 668.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 668 um auknar varnir gegn vímuefnum. Flm. tillögunnar ásamt undirritaðri eru Árni Gunnarsson, Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Karvel Pálmason og Sighvatur Björgvinsson.

Einhver mesta óhamingja sem dynur yfir fjölskyldu er þegar einhver úr fjölskyldunni verður vímuefnum að bráð. Það er óhætt að fullyrða að meðal þjóðarinnar er mikill einhugur um það markmið að auka varnir gegn vímuefnum og almennt um að grípa til hvers konar aðgerða til að sporna gegn dreifingu og notkun vímuefna. Þingmenn hafa gefið þessum málum gaum og bera fyrirspurnir og tillögur á fyrri þingum þess merki. Það er hins vegar ljóst að um leiðir að þessu góða markmiði geta verið skiptar skoðanir og jafnvel mikill ágreiningur.

Á vegum ríkisvaldsins hafa verið skipaðar nefndir til að fjalla um þessi mál. Má þar nefna framkvæmdanefnd til að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna, sem skilaði ítarlegri skýrslu með tillögum í apríl 1987. Sumum þeirra tillagna hefur verið hrint í framkvæmd, þar á meðal skipan samstarfsnefndar ráðuneyta í ávana- og fíkniefnamálum sem ætlað er að samhæfa aðgerðir hins opinbera í þessum efnum. Áhugamannasamtök hafa verið stofnuð um forvarnastarf og meðferðarúrræði og oft orðið eins konar þjóðarvakning um þau mál. Má í því sambandi nefna foreldrasamtökin Vímulausa æsku, sem hafa átt frumkvæði að samvinnu ýmissa aðila um forvarna- og fræðslumál, Krýsuvíkursamtökin sem fengu mikinn stuðning þjóðarinnar við að byggja upp meðferðarheimili í Krýsuvík og Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið, SÁÁ, sem er þekkt langt út fyrir landsteinana. Þó ég geti sérstaklega þessara aðila í tengslum við eins konar þjóðarátak skal í engu hallað á þau fjölmörgu félög og samtök sem vinna að forvörnum eða almennt að æskulýðsstarfi né heldur má rýra þátt sveitarfélaganna því að á vegum þeirra fer víða fram öflugt forvarnastarf.

Hjá sveitarfélögunum tengjast forvarnir í ávana- og fíkniefnamálum beint og óbeint félagsmálastofnunum, þar með talin starfsemi útideilda. Þær tengjast starfsemi félagsmiðstöðva og öðru unglinga- og fræðslustarfi skólanna. Á vegum Rauða kross Íslands fer fram merkileg starfsemi í sérstakri hjálparstöð fyrir unglinga sem eru í vanda staddir. Í því athvarfi er rúm fyrir allt að tíu ungmenni og þó vandi þeirra sem þangað leita sé af ýmsum toga hefur það komið fram í könnunum að ákveðið hlutfall þessara unglinga hefur neytt fíkniefna.

Þrátt fyrir þann mikla og góða vilja sem birtist okkur á þessum vettvangi hefur lítt tekist að samhæfa og fylgja eftir því starfi sem oft er ýtt úr vör af áhugasamtökum sem hafa takmarkaða getu til að fylgja því eftir. Sömu sögu er að segja um stefnumörkun hins opinbera og uppbyggingu. Langar mig að taka Krýsuvík sem dæmi.

Ríkið og þau sveitarfélög sem á sínum tíma stóðu að landshlutasamtökunum SASIR, sem voru samtök sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi og reyndar fleiri, áttu skólahúsnæði í byggingu í Krýsuvík sem lá vægast sagt undir skemmdum. Samtök, sem seinna kenndu sig við Krýsuvík, föluðust eftir húsinu og var það sameiginleg ákvörðun sveitarfélaganna og mentmrn. að láta þeim það eftir. Þessi samtök fengu góðar undirtektir landsmanna í þeirri viðleitni sinni að koma á laggirnar fyrsta meðferðarheimilinu fyrir unga fíkniefnaneytendur. Þegar uppbygging var komin vel á veg kom í ljós að stefnumörkun ríkisvaldsins var á þá lund að meðferð ungra fíkniefnaneytenda skyldi vera á vegum ríkisins og var keypt annað húsnæði til starfseminnar. Þar með var á vissan hátt kippt grundvellinum undan þeirri starfsemi sem fyrirhuguð var í Krýsuvík þó samtökin hafi reyndar tekið nokkra einstaklinga í vistun og meðferð og haldið uppbyggingu áfram.

Hér verður ekki tekin afstaða til þeirrar ákvörðunar sem tekin var af ríkisins hálfu, heldur harðlega gagnrýnt hvenær hún var tekin. Í þessum efnum sem öðrum verða þeir sem verkin vinna að vita hvar þeir standa og það er rangt að láta fyrst af hendi hús til starfseminnar og segja svo seinna: Ég vil ekki að starfsemin sé þarna. Það er sóun á fjármunum, sóun á almannafé að láta slíka hluti gerast. Þó ég nefni þetta mál sem dæmi um hvað getur gerst þegar framkvæmdin kemur fyrst og stefnumörkunin seinna vegur það þó þyngst hve góður vilji er fyrir því að taka á þessum málum og leita leiða um raunhæfa skipan mála.

Landlæknisembættið boðaði til nokkurra samráðsfunda veturinn og vorið 1990 um fíkniefnaneyslu unglinga, áhættuhópa og úrbætur. Niðurstaða þess samstarfs var kynnt í skýrslunni Ungir vímuefnaneytendur, hvaðan koma þeir og hvert halda þeir? Vakti hún mikla athygli, ekki síst sú staðreynd að allt að 500 unglingar á aldrinum 13 til 19 ára eru djúpt sokknir í fíkniefnaneyslu og ástandið hefur versnað mjög á síðustu árum. Í skýrslunni er bent á hvað hópurinn telur helst til ráða og er þar lögð áhersla á að efla aðstoð við heimili og fjölskyldur er minna mega sín, að gera skólum betur kleift að sinna þeim nemendum sem eiga erfitt með að fylgjast með í námi, að stórefla rannsóknir á áhrifum uppeldis og skólavistar, að taka upp kennslu í uppeldisfræðum í grunn- og framhaldsskólum. Þá er lagt til að vímuvarnaráð komi í stað áfengisvarnaráðs, að komið verði á sérstökum forvarnasjóði og að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni. Bent er á þann mikla kostnað sem er samfara vistun á sjúkrastofnunum og að stofnanameðferð geti aldrei komið í stað forvarna.

Í umræðunni hér í dag um auknar varnir gegn vímuefnum er full ástæða til að taka undir þau sjónarmið sem þarna eru sett fram og sem að hluta til er tekið undir með þessum tillöguflutningi. Sú ályktun sem ég mæli hér fyrir í dag er niðurstaða starfshóps sem

nokkrir flutningsmanna áttu aðild að og áttu þeir m.a. viðræður og fundi með fjölda aðila sem að þessu máli starfa. Höfum við valið að leggja áherslu á fáa afmarkaða þætti og aukna samræmingu.

Í fyrsta lagi leggjum við til að sami aðili fari með rannsókn fíkniefnamála á öllu landinu og heyri beint undir dómsmrn. Við viljum því að hin svokallaða fíkniefnalögregla fái svipaða stöðu innan löggæslunnar og tollgæslan, að hún fari með rannsókn fíkniefnamála á landinu öllu og hafi sjálfstæðan fjárhag. Fíkniefnasviðið er eitt þriggja sviða innan rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík. Samkvæmt reglugerð sem sett var á síðasta ári var ávana- og fíkniefnadeildinni fengið aukið vægi þar sem henni var gert að sinna beiðnum um aðstoð frá embættum utan Reykjavíkur. Við viljum stíga þetta skref til fulls og gera fíkniefnalögregluna ábyrga fyrir þessum málaflokki, bæði hvað varðar aðgerðir og fjármál. Við teljum það alveg nauðsynlegt að sé aðgerð í gangi á vegum fíkniefnalögreglunnar, þá hafi hún bæði sjálfstæði og fjárhagslegt bolmagn til að ljúka þeirri aðgerð telji hún það nauðsynlegt til að afstýra því að vímuefni komist hér á markað. Hún á ekki og má ekki tengjast annarri fjárhagslegri forgangsröðun verkefna á vegum löggæslunnar.

Því er haldið fram að viðskipti með fíkniefni á heimsmarkaði komi næst á eftir vopnaviðskiptum í fjármagnsveltu og á undan olíuviðskiptum svo að hér er verið að tala um gríðarlega fjármuni. Við Íslendingar erum sem betur fer eftirbátar annarra landa hvað varðar þróun þessara mála. Þó er talið að ársvelta fíkniefnamarkaðarins hér sé 300–400 millj. kr. Fíkniefnaviðskipti hafa að sögn orðið skipulagðari hér hin síðari ár og erfiðari viðureignar fyrir yfirvöld. Meginkraftar fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hafa farið í að reyna að minnka framboðið með því að ná sem mestu magni úr umferð og sá þáttur orðið út undan að hafa eftirlit með neytendum og stunda öflugt fyrirbyggjandi starf. Forvarnadeild lögreglunnar hefur þó gefið út bækling fyrir foreldra þar sem fjallað er m.a. um orsakir vímuneyslu, hvaða neysla viðgengst, hvernig áhrif efnin gefa og útlit fólks undir áhrifum. Við teljum að aukið sjálfstæði fíkniefnalögreglu, fjárhagslega og verkefnalega, sé mjög þýðingarmikið.

Í öðru lagi leggjum við til að námsefni um vímuvarnir verði hluti skyldunáms í grunnskólum. Bæði frjáls félagasamtök og opinberir aðilar eru að þrýsta á um að námsefni sé tekið inn í skólana. Fjölmargir aðilar hafa komið í skóla með forvarnaverkefni en hafa nú samræmt sín störf og standa flestir að því verkefni sem kennt er við Lionsquest. Það heitir „Að ná tökum á tilverunni“ og er bandarískt að uppruna og hefur Lions-hreyfingin greitt kostnað við að þýða og staðfæra verkefnið sem er gefið út í samstarfi þeirra og menntmrn. Í dag er hverjum skólastjóra í sjálfsvald sett hvort hann nýtir sér námsefnið sem í boði er.

Það kemur fram í fréttabréfi Vímulausrar æsku frá því í desember að kennarar standa nú betur að vígi en áður hvað undirbúning og þekkingu á vímuvörnum varðar því námskeið um vímuvarnir eru orðin fastur liður í kennaranámi og síðustu þrjú sumur hafa 268 kennarar sótt sér réttindi til að nota Lionsquest námsefnið. Þar kemur líka fram að þrátt fyrir tiltölulega gott ástand í undirbúningi kennara hafa vímuvarnir víða átt erfitt uppdráttar í grunnskólum landsins. Níu aðilar, félagasamtök og opinberir aðilar, standa nú saman að sérstakri kynningu á vímuvörnum fyrir kennara og fyrir foreldra. Það er verið að byrja í skólum á Reykjanesi og áformað að ljúka yfirferð um landið á tveimur árum. Norðurlöndin munu öll vera að taka þetta verkefni til kennslu í skólum. Svíar eru komnir lengst og í Noregi hefur fræðslugeirinn alveg tekið verkefnið að sér.

Í þriðja lagi leggjum við til að komið verði á fót forvarnasjóði þar sem tryggt verði samræmi milli þeirra verkefna sem unnið er að. Hér tökum við undir viðhorf margra þeirra sem eru að vinna að forvarnaverkefnum og eru oft á tíðum í kapphlaupi um athygli og peninga. Það er alveg ljóst að margir eru að vinna að sömu eða áþekkum verkefnum án þess að samráð eða samstarf eigi sér stað. Hugmyndin með sérstökum forvarnasjóði er sú að þeir sem vinna að forvarnaverkefnum og sækja eftir fjárstuðningi stjórnvalda sæki beint til slíks sjóðs. Þar er síðan tekin afstaða til gildis verkefna, hvort verkefni eru af sama toga og jafnvel hægt að leggja til samvinnu á ákveðnum sviðum. Það er ekki víst að auka þurfi mikið framlög til varna ef vinnubrögð verða markviss og samræmd. Má á líkingamáli segja að tveir bæklingar séu ekki endilega betri en einn.

Í fjórða lagi leggjum við til að gerð verði með reglulegum hætti úttekt á fíkniefnavandanum með söfnun gagna og upplýsinga svo að auðveldara sé að gera sér grein fyrir umfangi hans. Þessa úttekt þarf að fela ákveðnum aðila og eðlilegast að Félagsvísindastofnun yrði fengið það verkefni. Má þar nefna að sú framkvæmdanefnd sem skilaði skýrslu árið 1987 lagði þá til að ráðinn yrði sérfræðingur að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í tvö ár til að annast rannsóknir í ávana- og fíkniefnamálum og yrði árangur af því starfi metinn að þeim tíma liðnum.

Í fimmta lagi teljum við að tryggja þurfi samræmi að því er varðar sérfræðilega aðhlynningu og umönnun vímuefnaneytenda. Meðferðarstarf fer bæði fram á vegum ríkisins og frjálsra félagasamtaka. Í núverandi kerfi gætu sjúklingar farið á milli meðferðarstofnana og þess vegna dvalist langdvölum á ári hverju inni á sjúkrastofnunum sem allar eru reknar á fullum daggjöldum. Þessar stofnanir hafa lítð sem ekkert samráð sín á milli, enda eru þær reknar á ákaflega mismunandi vegu. Meðferðarstefnur eru ólíkar. SÁÁ-menn hvetja sitt fólk til að stunda AA-fundi en í Hlaðgerðarkoti er mest lagt upp úr kristilegu starfi. Á meðferðarstofnunum sem ríkisspítalar reka er meðferðarstefnan óljósari, mun meiri áhersla er lögð á viðtöl við sálfræðinga og félagsráðgjafa en afstaða til AA-samtakanna er blendin. Sjúklingurinn lærir því fljótt á meðferðarstofnanirnar og hvaða boðskap hann á að aðhyllast á hverjum stað.

Það er ekkert sem mælir gegn því að frjáls félagasamtök reki meðferðarheimili fyrir vímuefnaneytend-

ur en ef ríkissjóður borgar alla meðferð hljótum við að gera ákveðnar kröfur. Ekkert eftirlit virðist haft með aðferðum og forsvarsmenn stofnana eru ekki krafðir um árangurstölur eða beðnir að upplýsa fjárveitingavaldið um notagildi aðferða sinna. Hafi einhver stofnun komist inn á daggjöld heldur hún þar áfram að því er virðist eftirlitslaust og greiðir ríkissjóður þó hundruð milljóna til þessara stofnana á ári hverju. Það þyrfti að gera könnun á þeirri meðferðarstefnu eða meðferðarstefnuleysi sem hér virðist ríkjandi og reyna síðan að meta raunverulega þörf landsmanna. Þannig á að vera hægt að samræma meðferðina og þær kröfur sem gerðar eru til einstakra sjúklinga og starfsfólks.

Virðulegi forseti. Í þessari tillögu er ekki lagt til að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna, sem áður var vikið að, þar sem dómsmrh. hefur þegar lýst því yfir að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að gerast aðili að samningnum. Það er mjög mikilvægt vegna fjölmargra ákvæða sem tryggja stöðu löggjafans. Má í því efni nefna 5. gr. samningsins sem fjallar um upptöku, m.a. um heimild til að gera upptækan ávinning sem leiddur er af refsiverðum brotum eða eign sem að verðmæti svarar til slíks ávinnings. Hér á landi er ekki til löggjöf um þetta efni en á fyrstu árunum eftir að Bretar settu slíka löggjöf hjá sér gerðu þeir svo mikið fjármagn upptækt að það fjármagnaði að stórum hluta vinnuna við fíkniefnamálin hjá þeim. Þess má geta að víða um lönd hefur slík löggjöf verið sett.

Virðulegi forseti. Ég hef valið að fjalla ekki um þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru í fylgiskjali frv. sem þingmenn hafa á borðum sínum. Þær tölur segja þó sína sögu um bæði málafjölda og haldlögð fíkniefni síðustu fjögur ár. Hvert skref sem tekið er í þá átt að koma í veg fyrir að fíkniefnavandinn vaxi er gæfuspor, en það er vandmeðfarið að koma með tillögur sem raunsætt er að ætla að árangur náist með. Ég trúi að þær tillögur sem hér eru kynntar séu einmitt til þess fallnar og legg að lokum áherslu á að rauði þráðurinn í öllu starfi gegn fíkniefnum verði forvarnir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu verði máli þessu vísað til félmn. — [Fundarhlé.]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þáltill. sú um auknar varnir gegn vímuefnum sem Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn., mælti fyrir áður en fundi var frestað í dag og er flutt af henni og nokkrum öðrum þingmönnum Alþfl. er hið þarfasta mál. Þannig er málum háttað í dag að við stöndum frammi fyrir geysilegum fíkniefnavanda. Við sem erum á miðjum aldri höfum horft með saklausum, bláum augum á þennan vanda hlaðast upp allt í kringum okkur án þess að hafa í rauninni séð og skilið hvað var að ske. En nú er svo komið að ofbeldi og önnur afbrot, sem rekja má beinlínis til vímuefnaneyslu, eru daglegur viðburður í íslensku samfélagi. Því fagna ég því að þessi þáltill. er komin fram. Hún tekur á fimm þáttum bardagans gegn fíkniefnavánni.

Í fyrsta lagi fjallar hún um það að koma upp fíkniefnalögreglu sem sé jafngild tollgæslunni og mun ekki af veita. Slík fíkniefnalögregla á að fara með rannsókn fíkniefnamála í öllu landinu og heyra beint undir dómsmrn. eftir því sem í ályktuninni stendur.

Þannig er málum háttað í dag að skorturinn á fíkniefnahundum, svo að dæmi sé tekið, er geysilegur. Það vantar fíkniefnahunda eiginlega alls staðar þar sem þeir ættu að vera, í Keflavík, Seyðisfirði, Akureyri og Vestmannaeyjum. Á öllum þessum stöðum þyrftu að vera slíkar forláta skepnur til þess að hjálpa okkur í rannsóknum og leit að fíkniefnum. Þetta er aðeins eitt lítið dæmi um það hversu barátta okkar við innflutning fíkniefna er á erfiðu stigi í dag. Það hlýtur auðvitað að vera náið samstarf á milli tollgæslu og fíkniefnalögreglu þó það verði tvær sjálfstæðar starfseiningar.

Það að ætla að koma kennslu um vímuefnavarnir inn í grunnskólann er auðvitað sjálfsagt mál. Þannig er að kennslustundir í grunnskólunum eru tiltölulega fáar á Íslandi. Til þess að koma þessu efni inn í grunnskólann þyrfti í rauninni að lengja kennsluvikuna, bæði vegna þessa efnis og vegna margs annars efnis sem við viljum koma inn í grunnskólann og sem hv þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur t.d. borið fram. Ég get ekki séð að við getum alltaf bætt á starf grunnskólans án þess að fjölga kennslustundum. Ég álít að það sé líka fyllilega kominn tími til þess jafnhliða því sem við komum á samfelldum skóladegi.

Forvarnasjóður er auðvitað nauðsynlegur. Við getum ekki vænst þess að mikið verði unnið án þess að fé sé fyrir hendi til þess að greiða þá vinnu og forvarnasjóður hlýtur þar af leiðandi að vera eitt af því sem er nauðsynlegt að koma á fót.

Í viðtali sem ég las í dagblaði við yfirmann fíkniefnalögreglunnar í Reykjavík, Björn Halldórsson, núna nýverið sá ég að eitt af því sem hann segir að vanti sárlega er yfirlit yfir og úttekt á fíkniefnavandanum. Því tel ég að einmitt þessi þáttur sé mjög nauðsynlegur. Hvort það ætti að vera Félagsvísindastofnun Háskólans eða einhverjir aðrir aðilar sem ynnu það verk veit ég að vísu ekki, en ég álít þetta mjög nauðsynlegt. Að tryggja samræmi að því er varðar sérfræðilega aðhlynningu er líka mjög nauðsynlegt. Það er hárrétt, sem hv. flm. sagði, að hinir ýmsu aðilar, sem stunda það að hjálpa fólki sem hefur komist út á fíkniefnabraut, nota afskaplega mismunandi aðferðir og getur virkað mjög ruglandi á þann sem fær kannski misvísandi upplýsingar og fræðslu um fíkniefnamálin. Því held ég að samræmi og samvinna milli þessara mismunandi aðila sé afskaplega nauðsynleg. Ég ætla ekki að gera upp á milli aðferðanna sem notaðar eru því að ein aðferð getur verið góð í þetta skiptið þó að önnur sé nauðsynleg í annað og allar hafa þær eitthvað til síns ágætis. Ég bæði trúi og veit að svo er.

Þessi þáltill. er mjög í anda þáltill. sem ég flutti fyrr í vetur ásamt þingmönnum úr öllum flokkum um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla. Þessar tvær þáltill. eiga því mjög vel saman eftir því sem ég best fæ séð. Ég endurtek að ég fagna þessari þáltill. og legg til að þingið sjái sér sóma í því að samþykkja hana áður en því lýkur þótt nú sé skammt eftir af þingtíma.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem komu fram í máli hv. 18. þm. Reykv. í þessu mikilvæga máli. Mig langar að nefna eitt í sambandi við það sem hún sagði um viðkvæman þátt þess að bæta stöðugt við skyldunám í skólum. Það kom fram í umsögn menntmrn. að það kemur vel til greina í sambandi við t.d. fjármálaumsýslu í skólum að útbúa gott myndband sem væri tengt ákveðnum kennsluformum. Við skulum gæta okkar á því að við erum ekki alltaf að tala um að taka inn í skyldunámið einhverjar vikulegar kennslustundir til langs tíma. Þetta eru oft og tíðum mikilvægir þættir sem hægt er að flétta inni í það nám sem til staðar er. Margt af því sem við erum að tala um er þegar í valfögum og í sumum skólum er þetta alls staðar inni en í öðrum ekki. Það er það sem máli skiptir. Ég þakka góðar undirtektir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Samningar um álver, fyrri umr.

Stjtill., 448. mál. — Þskj. 841.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi sem er prentað á þskj. 841. Tillagan er á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að halda skuli áfram samningaviðræðum um byggingu og rekstur álvers með um 210.000 tonna ársframleiðslugetu og viðræðum um kaup á jarðnæði fyrir álverið og höfn vegna þess í samvinnu við Vatnsleysustrandarhrepp. Þegar samkomulag hefur tekist um orkuverð og mengunarvarnir skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi."

Frú forseti. Tilgangurinn með þessari tillögu er að fá fram skýra jákvæða afstöðu Alþingis til samningagerðar um álver við Keilisnes í Vatnsleysustrandarhreppi. Það mun styrkja samningsstöðu Íslands. Það mun auðvelda fjármögnun þessara verkefna. Það mun greiða fyrir lokaumfjöllun um samningana í stjórnum álfélaganna þriggja sem við eigum nú í samningum við.

Samhliða þessari þáltill. hefur verið lögð fram sérstök skýrsla iðnrh. til Alþingis um álverið á Keilisnesi. Í skýrslunni koma fram drög að frv. til heimildarlaga sem fylgiskjal. Jafnframt þessu hafa verið gerðar tvær tillögur um heimildir á lánsfjárlögum fyrir árið 1991 vegna undirbúnings fyrir álversframkvæmdirnar.

Í fyrsta lagi er þar gerð tillaga um að gera Vatnsleysustrandarhreppi kleift að kaupa jarðnæði fyrir álverið og í öðru lagi er gerð tillaga um lántökuheimild fyrir Landsvirkjun vegna virkjanaundirbúnings á árinu 1991 til að hægt verði að sjá nýju álveri fyrir raforku frá áramótunum 1994–1995. Nánari grein er gerð fyrir þessum heimildum í grg. með þáltill.

Það er brýnt að Alþingi samþykki þessar þrjár tillögur og leggi með því af Íslands hálfu grunn að því að álver á Keilisnesi geti tekið til starfa frá áramótunum 1994–1995. Með samþykkt tillagnanna má tryggja að gangsetning álversins frestist aðeins um fimm mánuði frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir og ráðgert var við undirritun yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda og Atlantsálsaðilanna 13. mars 1990. Þá var reiknað með að upphaf framleiðslunnar yrði í ágústbyrjun 1994 en nú er reiknað með því að upphaf framleiðslunnar verði um áramótin 1994–1995. Þetta á að vera unnt þótt samningagerðin um álverið og viðræður um fjármögnun þess taki nokkuð lengri tíma en áður var gert ráð fyrir.

Frú forseti. Orkufrek stóriðja hlýtur að vera snar þáttur í atvinnuuppbyggingu hér á landi svo okkur takist að halda hér lífskjörum sem eru sambærileg við það besta sem gerist með nálægum þjóðum. Við verðum að horfast í augu við það að á síðustu árum hefur dregið úr hagvexti á Íslandi á sama tíma og hann hefur heldur aukist í iðnríkjunum. Það lætur nærri að litið yfir síðustu tíu ár sé hagvöxtur hér helmingi lægri en hann er í hinum auðugu iðnríkjum innan OECD. Á undanförnum árum hefur því heldur dregið í sundur með Íslendingum og hinum auðugu iðnríkjum á mælikvarða þjóðartekna. Takmarkaðir fiskstofnar kringum landið setja auðvitað vaxtarmöguleikum sjávarútvegsins skorður. Það er því mikilvægt fyrir áframhaldandi hagvöxt að auka afrakstur þessara fiskstofna en við verðum að hafa það í huga að það er einungis unnt með umbótum sem hljóta að taka verulegan tíma að skila sér. Nýjar atvinnugreinar verða því að koma til eigi lífskjörin hér að verða sambærileg við það sem þau eru í okkar nágrannalöndum. Nýting orkulindanna til atvinnuuppbyggingar er því afar mikilvæg en eins og kunnugt er hafa þær enn aðeins að litlu leyti verið nýttar. Meginmarkmiðin með nýtingu orkulindanna til eflingar atvinnu eru þessi:

1. Að treysta grundvöll atvinnu í landinu.
2. Að auka hagvöxt og kaupmátt tekna almennings.
3. Að byggja hér upp kunnáttu og hugvit á sviði orkuvinnslu og stóriðju.
4. Að auka útflutningstekjur.
5. Að jafna hagsveifluna.
6. Að nýta okkar náttúruauðlindir skynsamlega.
7. Að eiga þátt í að leysa orku- og umhverfisvanda jarðarinnar og efla um leið atvinnuvegi Íslendinga.
8. Að laða að erlent áhættufé til atvinnuuppbyggingar í stað erlendrar skuldsetningar.

Bygging og rekstur álvers við Keilisnes fellur vel að öllum þessum langtímasjónarmiðum um hagnýtingu íslenskra orkulinda.

Þjóðhagsstofnun hefur kannað þjóðhagsleg áhrif Atlantsálsfyrirtækisins. Hún hefur gert það með því að bera saman tvö dæmi um líklega hagþróun næstu árin.

Annars vegar svokallað grunndæmi þar sem ekki er gert ráð fyrir stóriðjuframkvæmdum og hins vegar dæmi sem hún nefnir áldæmi. Í grunndæminu er gert ráð fyrir óbreyttum fiskafla en lítils háttar aukningu verðmætis og hækkunar verðs á sjávarafurðum. Í áldæminu er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna álvers, virkjana og annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru til þess að sjá þessu mikla iðjuveri fyrir raforku og þjónustu. Helstu niðurstöður þessara athugana Þjóðhagsstofnunar, sem gerðar voru seint á liðnu ári, eru þessar:

1. Í áldæminu verður árlegur hagvöxtur næstu fimm ár að jafnaði um 2,5% sem er um 1% hærra hvert ár en í grunndæminu.

2. Eftir að álverið er komið í eðlilegan rekstur mun það auka landsframleiðsluna varanlega um 4%.

3. Kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings verður fyrir bragðið 4% hærri en annars væri.

4. Atvinna á framkvæmdartímanum verður að jafnaði 0,5% meiri en annars væri.

5. Útflutningur Íslendinga verður um 20% meiri þegar álverið er komið í fullan rekstur en hann er í grunndæminu.

Nú stendur yfir endurmat á þjóðhagslegu mikilvægi álversins. Fyrstu vísbendingar frá því starfi styrkja í öllum greinum þessar fyrri niðurstöður og sýna að með því að hefja þessar framkvæmdir má rjúfa þá kyrrstöðu, mér liggur við að segja stöðnun, sem því miður hefur ríkt í efnahagslífi okkar undanfarin ár. Nýtt álver verður mikilvægt skref í iðnþróun hér á landi. Fullkomið álver af þeirri gerð sem Atlantsálsfyrirtækin hyggjast reisa hér og reka er hátækniverksmiðja þar sem munu starfa allt að 600 menn. Af þeim eru tæplega 200 iðnaðarmenn og um 60 sérfræðingar með háskóla- eða tæknimenntun. Það er talið að um þriðjungur starfanna í álveri, eða um 200, henti konum jafn vel og körlum. Fyrir utan störf við rekstur álversins kalla raforkuframkvæmdir og undirbúningur og bygging Atlantsáls á mikla vinnu næstu fjögur til fimm árin. Það er áætlað að samtals þurfi til þessara starfa um 5000 ársverk. Þar af má gera ráð fyrir að 600 ársverkum fyrir íslenska verk- og tæknifræðinga sem dreifast á um fjögur ár. Það er okkur afar mikilvægt að hér á landi komi fram verkefni við hæfi fyrir okkar vel menntaða háskólafólk og sérfræðinga í mörgum greinum.

Eftir hverju erum við hér að sælast? Lítum aðeins á það. Hvað þýðir 4% aukning á kaupmætti ráðstöfunartekna á hvert mannsbarn? Við erum vön að líta á þessar tölur í mynd breytinga frá einu ári til annars eða frá einu tímabili til annars. En lítum dálítið öðruvísi á. Til þess að gefa hugmynd um það hvers virði 4% varanleg kaupmáttaraukning er má taka dæmi af ungri fjögurra manna fjölskyldu. Til þess að hún væri jafnsett miðað við venjulegar ævilíkur á okkar landi þyrfti að borga henni um 2 millj. kr. ef Atlantsálsverið verður ekki reist. Þetta er mikið fé.

Nýtt álver á Íslandi kemur þar á ofan líklega í stað álvers annars staðar, sem ætla má að fengi sína raforku annaðhvort með bruna kola eða olíu eða þá frá kjarnorkuverum. Aukin álbræðsla á Íslandi stuðlar þannig að betra umhverfi í heiminum því að við eigum þess kost, svo lánsöm erum við, að nota hreina orkulind, vatnsorkuna, til þess að sjá álverinu fyrir orku. Jakob Björnsson orkumálastjóri hefur bent á að ef raforka fyrir álver af þessari stærð væri framleidd með kolum fylgdi því losun 2,6 millj. tonna af koltvísýringi út í andrúmsloftið umfram það sem verður með nýtingu vatnsorkunnar. Að þessu skyldu menn hyggja því að það er einmitt það sem hér er að gerast að vatnsorkuknúið álver leysir af hólmi álver sem áður notuðu kol eða olíu sem orkugjafa. Dvalartími koltvísýringsins í andrúmsloftinu er mjög langur, eins og kunnugt er, og mælist í öldum fremur en árum. Gróðurhúsaáhrif af völdum hans eru því hnattrænt vandamál sem snerta allt mannkynið. Álver á Íslandi er því drjúgt framlag til alþjóðlegrar baráttu gegn þessum skaðlegu áhrifum.

Í skýrslu Brundtland-nefndarinnar svokölluðu, sem kennd er við forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, og ber nafnið „Sameiginleg framtíð vor", er einmitt lögð mikil áhersla á alþjóðlega samvinnu til þess að forðast þann vanda sem gróðurhúsaáhrifin hafa í för með sér fyrir allt mannkyn. Ég tel að okkur beri því skylda til að færa okkur í nyt okkar hreinu orkulindir til þess að draga úr bruna jarðeldsneytis með þessum hætti. Álið hefur marga kosti aðra sem stuðla að því að ná markmiðum Brundtland-skýrslunnar. Ál er efni sem auðvelt er að endurvinna. Álið stuðlar að betri nýtingu orkuforða jarðarinnar, því sú orka sem vinnst úr okkar vatnsafli og þjappað er saman í álið skilar sér margfalt aftur þegar búið er að gera bílana, járnbrautarvagnana, flugvélarnar og önnur flutningatæki léttari og sparneytnari með því að nota ál í stað inn fyrir stál. Með því að nýta hreina orku fallvatnanna til að framleiða ál erum við því reyndar að leggja okkar skerf til umhverfisverndar séð í stærra samhengi.

Áform um aukinn orkufrekan iðnað hér á landi miðast nú fyrst og fremst við það að auka álframleiðslu, enda liggur Ísland vel við helstu álmörkuðum heims og nýtur sem kunnugt er tollfrelsis á Evrópumarkaði samkvæmt okkar viðskiptasamningum. Mikill uppgangur hefur verið í áliðnaðinum á undanförnum árum og eftirspurn eftir áli er að aukast og eldri verksmiðjur ganga úr sér. Heildarnotkun á áli í heiminum er um 17 millj. tonna á ári og spá sérfræðingar stöðugri aukningu á notkun þess næstu árin, aukningu sem liggur á bilinu 2–4% á ári, dálítið breytilegt eftir svæðum. Ef gert er ráð fyrir 2% aukningu á ári jafngildir hún um 340 þús. tonnum á ári. Með öðrum orðum þarf að byggja 1–2 álver af þeirri stærð sem Atlantsál er ráðgert að verði til þess að mæta þessari auknu þörf. Notkunin í Vestur-Evrópu er nú rúmar 4,2 millj. tonna og mun aukast í um 4,6 millj. tonna fram til aldamóta. Á sama tíma er því spáð að framleiðslugetan í Vestur-Evrópu minnki úr 4 millj. tonna í 3,6 millj. árstonna. Innflutningsþörf Vestur-Evrópu verður því orðin um milljón tonn um aldamót samkvæmt spám sérfræðinga. Tilkoma Atlantsálsversins á Íslandi gerir okkur kleift að anna um fimmtungi af þessari þörf með íslenskri álframleiðslu.

Í þessum spám hefur þó ekki verið reynt að meta hver áhrif þróunin í Austur-Evrópu kann að hafa á eftirspurn eftir áli en þar er notkunin nú aðeins fáein kílógrömm á mann á hverju ári. Vaxi hún í þá notkun sem er í Vestur-Evrópu, þ.e. í 10–20 kg á mann á ári, mun aukin álþörf í sameinaðri Evrópu verða mun meiri en þær spár gefa til kynna sem ég hef hér rakið. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að álver er nú vænlegasti kosturinn til þess að efla hér stóriðju á grundvelli orkulindanna. Þetta eru þær langtímahorfur sem gera það að verkum að vænlegri kostur er ekki til boða ef við í raun og veru viljum breyta vatnsaflinu í tekjur og atvinnu fyrir allan almenning.

Auðvitað er orkufrek stóriðja ekki nein allsherjarlausn í atvinnumálum en hún er og getur verið mikilvæg viðbót við aðra atvinnuuppbyggingu sem unnið er að hér á landi. Þar þarf vissulega að hyggja að mörgu fleiru. Í því sambandi tel ég farsælast að stjórnvöld einbeiti sér að því að skapa hér almenna umgjörð um atvinnulífið þar sem framtak, dugnaður og forsjálni einstaklinganna fær að njóta sín. Þessi umgjörð þarf að vera þannig gerð að hún hvetji menn til fjárfestingar í þjóðhagslega arðbærum atvinnugreinum og stuðli að sterkari samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Ég tel einnig eðlilegt að við höfum samstarf við erlenda aðila um uppbyggingu fyrirtækjanna í ýmsum atvinnugreinum á Íslandi. Erlend fjárfesting í nýju álveri er í reynd hrein viðbót við aðra atvinnufjárfestingu okkar. Viðleitni til að greiða fyrir álverinu dregur ekki úr öðrum möguleikum til atvinnuuppbyggingar. Þvert á móti eykur álverið möguleika til iðnþróunar í tengslum við byggingu og rekstur þess. Þannig má segja með einföldum orðum að stóriðjan styður almennan iðnað. Hún bætir efnahagslegan stöðugleika, fjölgar tækifærum til smárekstrar, bæði í iðnaði og þjónustu.

Þá vil ég enn geta þess að samhliða viðræðum um álver er nú á vegum iðnrn. fylgst með þróun margra iðngreina auk þess sem orkunýtingaráformin sem unnið er að taka einnig til eldsneytisframleiðslu og hugsanlegrar beinnar sölu á raforku til Evrópu.

Það er rétt að viðræðurnar um álver hafa að þessu sinni tekið heldur lengri tíma en gert var ráð fyrir sl. haust þegar Alþingi var síðast gerð grein fyrir stöðu samninganna um álverið við Keilisnes. Ástæður þess hafa komið fram og skulu ekki tíundaðar hér í smáatriðum. Þeirra er reyndar getið, bæði í grg. með þessari þátill. og í skýrslunni um stöðu samninganna. Fundur sem ég átti með aðalforstjórum Atlantsálsfyrirtækjanna þriggja þann 13. febr. sl. var mjög gagnlegur og er samningsvinnunni nú haldið áfram af fullum krafti. Á þeim fundi var staðfest það sameiginlega markmið aðila að ljúka samningagerðinni innan næstu þriggja mánaða. Útvegun fjármagns mun taka nokkru lengri tíma vegna aðstæðna á fjármagnsmarkaði en það er stefnt að því að undirrita endanlega, fyrirvaralausa samninga í haust.

Svo sem kunnugt er var það ætlunin framan af vetri að leggja fram á þessu þingi til afgreiðslu heimildarlög um nýtt álver. Vegna tafa í viðræðunum reyndist ekki mögulegt að leggja fram slíkt frv. að þessu sinni en til þess að tryggja þinglega meðferð málsins við þessar aðstæður var ákveðið að leggja fram þá þáltill. sem ég mæli hér fyrir. Með samþykkt hennar og þeirra lánsfjárheimilda, sem ég lýsti í upphafi ræðu minnar, er hægt að greiða álmálinu leið í sumar og fram á haust til lykta þess. Mikilvægt atriði í þessu efni er framlagning heimildarlagafrv. sem fskj. með skýrslunni um álverið en hún er lögð fram samhliða þessari tillögu og er hér einnig á dagskrá.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir Atlantsálsaðilunum þremur sem eru traustir viðsemjendur. Það er gerð ítarleg grein fyrir rekstri þeirra og starfsemi, afkomu álfyrirtækjanna þriggja sem mynda Atlantsálshópinn, Alumax, Grängers og Hoogovens, en öll þessi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að hafa búið við allgóða afkomu og styrka eiginfjárstöðu. Það er ráðgert að fyrirtækið bandarísku, Alumax, verði hér stjórnunaraðili en fyrirtækið hefur getið sér einkar gott orð sem rekstraraðili og stjórnandi álverksmiðja. Þá eru álverinu sjálfu gerð góð skil og fjallað um þann lagalega ramma sem starfsemi þess verður mörkuð hér á landi. Þá er gerð ítarleg grein fyrir heimildarlögunum, aðalsamningi, orkusölusamningi, starfsleyfi og hafnar- og lóðarsamningi.

Þingleg meðferð málsins nú ætti að geta greitt fyrir samþykkt heimildarlaganna á 114. löggjafarþinginu í haust auk þess sem hún greiðir fyrir samningunum og öðrum undirbúningi álvers á Keilisnesi í sumar og fram eftir því. Minnkandi loðnuveiði á þessu ári hlýtur að minna okkur enn á það hversu hverfulir fiskstofnarnir geta verið. Bregðist þeir er hætta á enn minnkandi hagvexti og atvinnuleysi.

Það er í þessu ljósi enn brýnna en ella að Alþingi taki nú ákvarðanir sem stuðli að byggingu nýs álvers. Til þess þurfum við jákvæða afgreiðslu þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir. Með farsælum samningum um álver við Keilisnes verður áralöng stöðnun í nýtingu orkulindanna til atvinnuuppbyggingar rofin, undirstöður þjóðarbúsins styrktar. Þannig brjótumst við úr þeirri kyrrstöðu sem ríkt hefur í efnahagslífinu nokkur undanfarin ár. Nú þegar betra jafnvægi ríkir í okkar efnahagsmálum en verið hefur um árabil, ef ekki um áratugaskeið, er rétt undirstaða fundin fyrir slíkar framkvæmdir.

Frú forseti. Ég legg til að þessari tillögu verði að umræðunni lokinni vísað til hv. atvmn. og síðari umr.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar til að vita hvort hæstv. fjmrh. er einhvers staðar nálægt því að mér þykir nauðsynlegt að hann verði viðstaddur þessa umræðu. Það er greinilegt að það sem við ræðum hér kemur verulega inn á hans svið þar sem fullyrt er að búið sé að samþykkja í ríkisstjórninni ekki eingöngu framlagningu þessarar tillögu heldur einnig tæpra 900 millj. kr. aukningu á lánsfjárlögum til þessa máls. Ég vil jafnframt spyrja um hæstv. umhvrh. því mér finnst þetta koma mjög inn á hans svið. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hæstv. umhvrh. er ekki staddur í húsinu og að ég hygg ekki heldur hæstv. fjmrh. Venja er nú að sá

ráðherra sem fer með mál af þessu tagi er talinn nægilegur málsvari málsins, ég tala nú ekki um þegar um er að ræða fund sem haldinn er að kvöldi. Óski hv. þm. eindregið eftir að þessir tveir hæstv. ráðherrar séu hér, þá skal forseti gera ráðstafanir til þess að fá þá hingað.) Ég óska eftir því já, ef hægt væri, að þeir væru hér viðstaddir. Mér þykir varla hægt að ræða þetta mál án þess að þeir séu hér þar sem þetta snertir svo mjög þeirra ráðuneyti. Auk þess sem hefði ég talið mjög eðlilegt að hæstv. forsrh. væri hér sem höfuð ríkisstjórnarinnar. En ég legg höfuðáherslu á að þessir tveir ráðherrar séu hér ef þess er nokkur kostur.

Við erum hér að ræða till. til þál. sem er um margt mjög merkileg eða furðuleg. Fyrir það fyrsta vekur það athygli að Alþb. hefur nú lýst yfir samþykki sínu við byggingu álvers á Keilisnesi. Fyrst var Alþb. á móti álveri vegna þess að um var að ræða erlenda stóriðju. Það var ekki talið geta gengið á þeim bæ. Svo varð breyting á stefnunni að því er það varðaði. Þá var í lagi að byggja álver, en það mátti alls ekki hafa það á Keilisnesi. Og nú er í lagi að samþykkja hvað sem er, byggðasjónarmiðin mega bara eiga sig. Ég man ekki betur en það hafi verið eitt af höfuðatriðunum hjá Alþb. og ég man ekki betur en það væru fleiri sem töldu það höfuðatriði að álverið risi utan suðvesturhornsins.

Þann 27. júlí 1990 skrifar hv. þm. Árni Gunnarsson grein í Morgunblaðið um álver og þróun byggðar í landinu. Fyrirsögnin er: „Enn um álver" og undirfyrirsögnin: „Ræður stofnkostnaður eða þjóðhagsleg hagkvæmni?" Ég ætla aðeins að vitna í lokaorðin, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin á aðeins einn kost í stöðunni. Það er hagkvæmara fyrir þjóðarheildina að reisa álver utan suðvesturhornsins."

Þetta sagði Árni Gunnarsson í grein í Morgunblaðinu. Þetta var ekkert einsdæmi. Ég man ekki betur en hæstv. landbrh. og samgrh. hafi verið þessarar skoðunar og hæstv. heilbrrh. Ég man heldur ekki betur en hv. 3. þm. Austurl. Jón Kristjánsson hafi einnig verið þessarar skoðunar. Ef ég man rétt, þá var það eitt af skilyrðum af hálfu þingflokks Alþb. að álverið yrði reist utan suðvesturhornsins en nú er það greinilega allt saman breytt. Auðvitað hafa flokkar leyfi til þess að endurskoða stefnu sína ef aðstæður breytast og sé ég svo sem ekkert að því í sjálfu sér. En stefnan hjá Alþb. breytist nú svo hratt að ég hef varla við að fylgjast með öllum breytingunum. Það væri fróðlegt að vita hvað hefur breyst á þeim bænum. Hvaða forsendur það eru sem hafa breyst svo mikið að slíkar kúvendingar séu réttlætanlegar.

Ég get ekki betur séð af því sem skrifað hefur verið og rætt um þessi mál en að bygging álversins sé jafnmikið efnahagslegt og umhverfislegt glapræði og hingað til. En kannski þessi breyting fylgi nýja flokksfánanum hjá Alþb. sem formaðurinn vígði um helgina. Ég átta mig ekki alveg á hvernig þetta samræmist grænum grunni og áherslunni á umhverfisvernd sem svo mikið hefur verið talað um þar. Mér hefði þótt mjög fróðlegt að vita hvað þarna hefur breyst.

En það er ekki bara þetta atriði sem er merkilegt við þessa tillögu. Það hvarflar að manni að hún sé fyrst og fremst lögð fram til þess að hæstv. iðnrh. geti talið kjósendum í Reykjaneskjördæmi trú um að álver verði byggt þar. (Gripið fram í.) Ég get endurtekið þetta fyrir hv. þm. Að tillagan sé fyrst og fremst lögð fram að því er manni virðist til þess að hæstv. iðnrh. geti talið kjósendum í Reykjaneskjördæmi trú um að álver verði byggt þar. Og það eru reyndar miklu fleiri sem reyna að telja fólki trú um að álver sé eina lausnin í atvinnumálum Reyknesinga en auðvitað er það tómur misskilningur. Þessu er fólk í æ ríkara mæli að gera sér grein fyrir. En það hlýtur að vera alveg sérstakt áhugamál ríkisstjórnarinnar og sérstaklega Alþb. að álverið skuli byggt á Reykjanesi eins og greinilegt virðist á öllu.

En ef við lítum fyrst á tillöguna sjálfa, þá hljómar hún svo: „Alþingi ályktar að halda skuli áfram samningaviðræðum." Þetta er nokkuð merkilegt. Aldrei vorum við spurð að því hvort hægt væri að byrja og ég veit ekki til hvers er verið að spyrja okkur hvort eigi að halda þeim áfram. Þetta þótti mér merkileg tillaga og skal ég viðurkenna það að ég fór að hlæja þegar ég sá hana. Síðan komast þeir að þeirri merkilegu niðurstöðu að niðurstöðurnar skuli lagðar fyrir Alþingi. Ég hélt að það væri líka eitt af því sem væri skylda hvort eð væri. Við þurfum varla að álykta um það því að auðvitað þurfa niðurstöðurnar að leggjast fyrir Alþingi. Af tvennu varð ég því eiginlega hálfklumsa þegar ég sá þessa tillögu. Í fyrsta lagi af því að hún var nánast um ekki neitt og í öðru lagi að Alþb. skyldi vera platað með henni til þess að kyngja öllu sem það hafði sagt áður.

Í greinargerð með tillögunni og máli hæstv. iðnrh. kom fram að það á ekki bara að biðja okkur um að leggja blessun okkar yfir það að halda skuli samningaviðræðum áfram, sem nú þegar eru búnar að standa þó nokkuð lengi, og samþykkja það að niðurstöðurnar skuli lagðar fyrir heldur er tekið fram að það eigi að taka 580 millj. kr. lán til þess að verja í virkjanaframkvæmdir. Í greinargerðinni segir að iðnrh. hafi lagt til að við 3. gr. frv. til lánsfjárlaga bættist ný grein sem orðist svo sem segir í greinargerðinni. Ég hef ekki séð þessar tillögur lagðar fram hér, en þær hafa kannski einhvers staðar komið fram, væntanlega þá í fjh.- og viðskn. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að fá skýringar hjá hæstv. fjmrh. á öllum þessum lánsfjárheimildum. (**Forseti:** Vegna fyrirspurnar hv. 6. þm. Reykv. vill forseti upplýsa að hvorugur umræddra hæstv. ráðherra er aðgengilegur í kvöld. Annar er á fundi í Keflavík og til hins næst ekki. Forseti harmar það en því miður verða þessir tveir hæstv. ráðherrar ekki hér í kvöld.) Það þykir mér slæm tíðindi því að ég hefði svo gjarnan viljað ræða við hæstv. ráðherra. Ég hef mjög margt við þessa tillögu að athuga. (**Forseti:** Sé það vilji hv. þm. að þessari umræðu verði nú frestað, þá mun forseti ekki hafa á móti því. Fari einhver hv. þm. þessa á leit hlýtur forseti að verða við því. — Hv. 6. þm. Reykv. lýkur að sjálfsögðu máli sínu en síðan mun hv. 1. þm. Norðurl. v. ræða um dagskrá.)

Ég vil gjarnan fá að halda máli mínu áfram en mér þykir mjög slæmt að þurfa að ljúka umræðunni án þess að ræða við þessa menn. Það eru nokkur atriði sem ég vil gjarnan koma á framfæri nú strax þó mér þyki nánast útilokað að umræðunni ljúki án þess að þessir hæstv. ráðherrar hlýði á það sem ég hef fram að færa til þeirra. Ég vil samt fá að halda áfram máli mínu þrátt fyrir það að þeir séu ekki til staðar um sinn.

Í tillögunni og greinargerð með henni er gert ráð fyrir að lánsfjárheimild til virkjanaundirbúnings í þágu nýs álvers verði 800 millj. kr. og að fjmrh. geti fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgst 300 millj. kr. til kaupa á jörðinni Flekkuvík í Vatnsleysustrandarhreppi. Þetta eru miklar breytingar sem þá munu væntanlega eiga sér stað á frv. til lánsfjárlaga og mikil aukning frá því sem nú er. Í lok greinargerðarinnar segir að brýnt sé að þessi tillaga og ofangreindar lánsfjárheimildir verði samþykktar á þessu þingi. Ég get ómögulega séð hvers vegna er svo brýnt að samþykkja þessa tillögu. Það er mjög sérkennilegt að þetta skuli vera svona mikilvægt og hefði ég gjarnan viljað fá nánari skýringu á því. Mér þykir sú skýring sem þarna er alls ekki nógu sannfærandi og er algerlega ósammála henni.

Það hefur ekkert breytt þeirri skoðun minni, sem ég hef margítrekað reyndar úr þessum ræðustól, að álver er ekki lausn á efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Það hefur mikið verið rætt um aukningu á hagvexti og hafa reiknimeistarar ríkisstjórnarinnar komist að því að álver muni auka hagvöxt á mælikvarða landsframleiðslu næstu árin. En það er nú ýmislegt athugavert við þá útreikninga sem hingað til hafa verið birtir. M.a. hafa ekki verið tekin inn í dæmið arðgreiðslur og vextir sem fara til útlendinga og skilja ekki neitt eftir í landinu. Það kemur að vísu fram í þeirri nýju skýrslu ráðherra, sem lögð var fram í tengslum við þessa tillögu og við munum væntanlega ræða hér síðar, að ef hagvöxturinn er reiknaður eingöngu út frá þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum, þá mun hann auðvitað vera miklu lægri, reiknast þá auðvitað mikið minni.

Ekki hefur verið gerð nein tilraun til að meta hvaða áhrif það hefði ef hliðstæð fjárfesting yrði í íslenskri atvinnustarfsemi. Það er ekki gerð tilraun til þess að athuga hversu mikill hagvöxtur og hversu mikil aukning mundi verða ef sömu upphæð væri varið til annarra framkvæmda. Það er ekki langt síðan við vorum að ræða á Alþingi tillögur frá hæstv. fjmrh. um að setja peninga í allt aðrar framkvæmdir. Menn getur auðvitað greint á um þær framkvæmdir sem hann vildi setja peninga í, en þá var allt í einu hægt að leggja fé í ýmsar framkvæmdir vegna þess að þá taldi fjmrh. væntanlega engar líkur á því að þetta álver yrði reist á næstu mánuðum eða árum.

Ekki er heldur tekið tillit til félagslegrar röskunar og umhverfisáhrifa við útreikninga á þjóðhagsstærðum yfirleitt. Aukning á hagvexti, eins og hann er reiknaður núna, er því mjög slæmur mælikvarði á hag fólks og velferð þegar til lengri tíma er litið. Það er kannski sláandi að ekki er gerð hin minnsta tilraun til að meta neikvæð áhrif á umhverfið. Það kom fram í máli hæstv. iðnrh. áðan að við værum að bæta umhverfið miðað við það að álver væru reist annars staðar og að þau fengju þá rafmagn sitt frá kolum. Ég veit ekki til að það sé nokkurs staðar í heiminum í nýjum álverum reynt að framleiða rafmagn með kolum og lætur sér enginn maður detta það í hug. Ég veit því ekki hvaðan hann hefur það dæmi og þætti mér fróðlegt að heyra um það. En ef við færum að reikna út hagvöxt og tækjum inn áhrifin á umhverfið, þá held ég að við yrðum fljót að fá út neikvæðar tölur fyrir þetta álver sem hér á að rísa.

Þær miklu fjárfestingar sem gert er ráð fyrir vegna álversins munu hafa í för með sér röskun og verðbólgu ef ekkert verður að gert. Til að draga úr þenslu hefur verið talað um að minnka framkvæmdir hins opinbera á öðrum sviðum og virðist nú helst litið til vegagerðar og byggingarframkvæmda og ýmissa framkvæmda á vegum hins opinbera. Þá er auðvitað helst litið til annarra staða á landinu og ekki er ég nú viss um að allir yrðu jafnánægðir með það.

Ef við lítum á raforkuverðið og það sem hingað til hefur komið í ljós um það, þá er gert ráð fyrir að selja um 3000 gwst. af raforku til þessa álvers. Í lögum um Landsvirkjun segir að orkusölusamningar við álver til langs tíma megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Ég held að seint verði hægt að sýna fram á að hægt sé að standa við þetta ákvæði. Tel ég eiginlega víst af þeim upplýsingum sem við höfum fengið hingað til varðandi orkuverð að við þetta ákvæði verði ekki hægt að standa að því er varðar álverið, sem nú er verið að gæla við.

Af þeim upplýsingum sem fengist hafa virðist sem Landsvirkjun sé tilbúin til að selja álveri raforkuna jafnvel undir kostnaðarverði. Hefur það meira að segja heyrst frá sumum stjórnarmanna í Landsvirkjun að það megi nánast gefa orkuna frá Blöndu bara ef útlendingarnir vilja koma hingað til lands. Þetta er einkennileg niðurstaða einkum þegar haft er í huga að þegar á næsta ári verður þörf fyrir orkuna frá Blönduvirkjun í raforkukerfinu og virkjunin verður fullnýtt á fáum árum. Farsælla væri því fyrir Íslendinga að nota þessa orku innan lands fremur en að færa hana útlendingum á silfurfati.

Í septemberblaði blaðs sem heitir Á döfinni og er gefið út af samtökum iðnaðarins kemur fram að það hefur orðið stórhækkun á raforkuverði til iðnaðarins og hækkun hjá sumum fyrirtækjum um 20–30% að raungildi. Er það þetta sem við erum að leita eftir, að hækka raforkuverðið til innlenda iðnaðarins en selja raforkuna til erlendra aðila helst undir kostnaðarverði? Þetta þykir mér ekki vera rétt stefna. Hingað til hefur verið gert ráð fyrir að raforkuverðið tengdist álverði. Því fylgir auðvitað veruleg áhætta. Á undanförnum árum hefur verð á áli sveiflast mjög. Ef sveiflur verða álíka og verið hefur munu tekjur af orkusölu verða mjög breytilegar og miklar líkur á að tap verði þegar á heildina er litið.

Það kom fram í máli hæstv. iðnrh. áðan að hann teldi miklar líkur á hækkun álverðs og þar með raforkuverðs í framtíðinni. Það hafa margir bent á að miklar líkur séu á að þetta muni alls ekki standast og get ég

bent á mörg rök því til sönnunar. Það má nefna t.d. afvopnun í heiminum, sem allir vonast til að verði að veruleika. Þar með muni vopnaframleiðsla minnka verulega og vonandi hverfa algerlega og einungis þess vegna muni þörf fyrir ál minnka mjög mikið. Einnig hefur verið bent á að mjög miklar líkur eru á að notkun á áli í umbúðir fyrir matvæli muni ekki aukast, frekar minnka, vegna þess að á það hefur verið bent að það geti verið hætta á tengslum milli notkunar á áli í matvælaumbúðir og ákveðinna sjúkdóma þó að engar sannanir séu fyrir því. Um leið og farið er að benda á slíkt hefur það í för með sér að eftirspurn minnkar. Þess hefur þegar orðið vart að fólk óttast það þó að einungis sé um ákveðnar vísbendingar að ræða.

Þess vegna er tekin mjög mikil áhætta með því að tengja orkusölu við álverð og hef ég ekki fundið neitt í því sem liggur á borðum okkar sem bendir til þess að horfið sé frá þessari tengingu. Ef það yrði mundi eftir byggingu þessa 200 þús. tonna álvers rúmlega 60% af orku Landsvirkjunar tengd álverði og þannig mjög mikil áhætta tekin. Þess vegna tel ég glapræði að fara út í byggingu þessa álvers þó ekki væri nema af þessari einu ástæðu.

En það er ekki bara það. Það eru líka skattamálin. Og enn sakna ég hæstv. fjmrh. og verð bara að fá að endurtaka eitthvað af því sem ég hef hér að segja. Ég hefði viljað spyrja hann, þar sem hann hefur m.a. talað um að verulegar fjárhæðir muni koma inn í ríkiskassann í formi skatta ef af byggingu álvers verður, en eins og venjulega skipta forsendurnar og útreikningarnir mjög miklu máli.

Í skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi fyrr á þessu þingi kom það fram að ekki væri gert ráð fyrir að álverið mundi greiða neina tekjuskatta fyrr en níu árum eftir að það tæki til starfa, þrátt fyrir að gert væri ráð fyrir hámarksverði á áli og lækkandi vöxtum. Eins og flestir vita spá mjög fáir því að vextir fari lækkandi á næstu árum, frekar hækkandi, og ekki síst eftir Persaflóastríðið þar sem fjármagnsþörfin eykst mjög mikið samfara aukinni fjármagnsþörf í Austur-Evrópu vegna uppbyggingar þar. Það er því margföld aukning á fjárþörf í heiminum og engar líkur á því, því miður, að vextir fari lækkandi. Þess vegna eru útreikningar á hagnaði Íslendinga, t.d. í formi skatta og það gildir að vísu líka um orkusöluna, mjög ýktir. Fullyrðingar um miklar skattatekjur eru því eins og annað varðandi þetta álver.

Margháttaður kostnaður, t.d. kostnaður af samningaviðræðum, byggingu og viðhaldi vega, tjón af völdum mengunar og fleira er ekkert inni í dæminu. Kostnaður Íslendinga af álverinu er því miklu meiri heldur en látið er í veðri vaka.

Einn alvarlegasti þátturinn í þessu máli er þó undanhald stjórnvalda að því er varðar mengunarvarnir og þá skortir mig mjög umhvrh. hér. Ég hefði viljað spyrja hann um þær fréttir sem berast núna af því að hann sé í viðræðum erlendis, við erlendu álfurstana, um hversu mikilli mengun þeir megi spúa hér út í umhverfið. Ég skil ekki hvers vegna umhvrn. er að semja um slíka hluti. Auðvitað eiga Íslendingar að setja fram kröfur um mengunarvarnir sem samræmast þeirri ímynd sem við viljum gefa af landinu sem hreinu og óspilltu. Síðan verða þeir sem hér starfa, erlendir sem innlendir, að haga sér í samræmi við það. Þeir sem reisa hér verksmiðjur án þess að fullkomnustu mengunarvarna sé gætt fá að nýta náttúruauðlindina án endurgjalds.

Þessi þáttur, þ.e. umhverfisþátturinn og þáttur umhvrh. í þessu máli, hefur valdið mér miklum heilabrotum og undrun á undanförnum mánuðum og á ég mjög erfitt með að átta mig á hvers vegna hann þarf að vera að semja um þetta atriði við aðra. Við setjum okkar kröfur og aðrir eiga síðan að fara eftir þeim.

Ég skil það auðvitað eins og allir aðrir að ef við getum framleitt eitthvað, hvaða efni sem er eða hvaða vörur sem er, hér á landi með minni mengun heldur en annars staðar, þá auðvitað er það til hagsbóta fyrir heiminn í heild. Hins vegar er það skylda okkar að krefjast ýtrustu mengunarvarna og hafa mengunina í algeru lágmarki og krefjast þess að það sé ekkert undanhald. Við megum ekki gera okkur sek um nokkurt undanhald í þessum efnum vegna þess að það er ekkert síður í þágu heimsins alls. Umræður um að álver hér á landi sé heiminum til hagsbóta eru alveg út í bláinn ef við ætlum ekki að krefjast fullkomnustu mengunarvarna og þá meina ég fullkomnustu mengunarvarna.

Við erum búin að hlusta á það nokkra undanfarna mánuði og ár að nú séu álsamningarnir í höfn. Það eru haldnir blaðamannafundir og nýir blaðamannafundir og það eru viðtöl í sjónvarpinu og útvarpinu og alltaf er þetta að koma. En ég held að það hljóti öllum að vera ljóst að það voru blekkingar einar og átta ég mig ekki á í hvaða tilgangi þær allar voru settar fram.

Það er hins vegar umhugsunarefni að Landsvirkjun, verktakar og aðrir, sem sáu fram á virkjanir og álver, litu þannig á að búið væri að taka ákvörðun um byggingu álvers áður en Alþingi hafði nokkuð sagt um málið. Alþingi hafði aldrei tekið afstöðu til málsins. Svo virðist sem þessum aðilum þyki eðlilegt að einstakir ráðherrar taki sér vald til að ákveða upp á eigin spýtur fjárfestingar eins og álver og noti síðan Alþingi eins og stimpilstofnun. Þannig virðist komið fyrir lýðræðinu. En eftir höfðinu dansa limirnir. Það er öðrum fremur hæstv. iðnrh. sem hefur vaðið á undan af fyrirhyggjuleysi með lofgjörð um hinn hvíta málm og hinir fylgt á eftir.

Svo virðist komið að í öllum stjórnmálaflokkum nema Kvennalistanum er sú stefna ríkjandi að álver verði þjóðinni til bjargar. Þetta er varhugavert fyrir Ísland. Álver leysir ekki þörfina fyrir fleiri störf og meiri fjölbreytni í atvinnulífi. Það er óveruleg aukning í fjölda starfa og það verður meiri og meiri fábreytni í atvinnulífinu. Enn stærri hluti útflutningsins er háður einni tegund afurða. Hráefni. Við stefnum í það að vera hráefnisframleiðendur fyrir iðnríkin annars staðar í heiminum.

Fullvinnsla sjávarafla og annar iðnaður og þjónusta sem hentar okkar fámenna og viðkvæma landi er vænlegri kostur en þau stóriðjuáform sem nú er einblínt á.

Ekki voru undirtektir hæstv. iðnrh. miklar við þá tillögu sem kvennalistakonur fluttu í vetur um framleiðslu á vetni. Það þótti alveg fráleitt að nýta orku fallvatnanna á þann hátt og tala um að það væri langt frammi í framtíðinni að hugsa um framleiðslu á vetni og þá var talað um aldamótin. Þau eru nú ekki langt undan og ef eitthvað á að gera, þá verður að taka af einhverri alvöru og festu á máli eins og slíku. En álver skal það vera, hvað sem það kostar.

Stóriðja á borð við álver mun skaða uppbyggingu annarra atvinnugreina, svo sem ferðaþjónustu. Það er sama hve margir verða til þess kallaðir að þeysast um heiminn til að sannfæra fólk um að hér sé að finna ró og frið og óspillta, ómengaða náttúru. Staðreyndin sem við þeim blasir við komuna til landsins verður allt önnur ef ekki á sér stað stefnubreyting hið bráðasta.

Mér þykir það, virðulegur forseti, mjög slæmt að geta ekki lokið því að ræða við hæstv. umhvrh. og hæstv. fjmrh. hér í kvöld og veit ég ekki hvort ég á að óska eftir að fá að gera hlé á ræðu minni eða hvernig hæstv. forseti vill halda á máli. Ég átta mig ekki á hvort þar er möguleiki. (**Forseti:** Það hefur komið í ljós að þessir tveir hæstv. ráðherrar munu ekki verða hér í kvöld. Óski hv. ræðumaður eftir að fresta máli sínu mun forseti að sjálfsögðu virða það og þeirri ræðu yrði þá haldið áfram þegar þeir hæstv. ráðherrar eru viðstaddir.) Ég vildi óska þess ef ég mætti.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um dagskrá vegna þeirrar óskar sem fram hefur komið um að kalla hæstv. fjmrh. og hæstv. umhvrh. til þessarar umræðu. Ég tel að hæstv. iðnrh., sem ber fram þessa þáltill. sé fullfær að svara fyrir ríkisstjórnina hvað málið varðar. Ég er andvígur þeim vinnubrögðum, sem reyndar hafa tíðkast ekki bara hér heldur hvað eftir annað í umræðum á Alþingi, að kallaðir hafa verið til svo og svo margir ráðherrar til að vera viðstaddir umræðu um mál sem heyra undir aðra ráðherra. Þetta tel ég vera ranga stefnu og fullnægjandi að einn ráðherra sé við umræðuna í hvert skipti eða a.m.k. eigi þingmenn ekki heimtingu á því að aðrir ráðherrar en sá sem málið heyrir undir sitji undir umræðunni.

Ég vil hins vegar láta það koma fram að ég tel að ráðherrar ættu allir að gegna þingskyldum sínum miklu betur en þeir hafa gert upp á síðkastið því að þeir hafa sannarlega ekki slitið hér stólunum í þingsalnum. Iðulega hefur verið erfitt að koma atkvæðagreiðslum fram vegna þess að ráðherrar hafa ekki verið viðstaddir í salnum. En erindi mitt var sem sagt það að ég er því andvígur að fresta umræðum og ég tel ekki að þingmenn eigi að vera að heimta aðra ráðherra til umræðunnar eða hafi rétt til að krefjast þess að aðrir ráðherrar séu viðstaddir en þeir sem málið heyrir undir.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa komið fram ítrekaðar óskir af hálfu fulltrúa Kvennalistans sem talaði áðan í þessu máli að viðstaddir umræðuna verði aðrir hæstv. ráðherrar sem fara með þetta mál að því leyti til sem það snýr að þeirra ráðuneytum. Það er auðvitað laukrétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að yfirleitt nægir að sá ráðherra sem með viðkomandi mál fer sé viðstaddur, en í þessu máli horfir kannski dálítið öðruvísi við vegna þess að sjálf þáltill. er í raun og veru einskis virði. Hún fjallar ekki um annað en að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn geri það sem auðvitað henni ber að gera, það sem tekið er fram í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar og allir ráðherrar eiga að gera, og það hefur aldrei staðið neitt á því að menn héldu áfram samningaviðræðum. Þær hafa staðið yfir um langt skeið án þess að nokkuð hafi verið samþykkt á Alþingi um það mál. Auðvitað er það rétt sem kemur fram í tillögunni að þegar samkomulag hefur tekist um orkuverð og mengunarvarnir skuli niðurstöður lagðar fyrir Alþingi. Það er afskaplega eðlilegt.

Málið er hins vegar þannig að það sem hefur þýðingu er það sem kemur fram í greinargerðinni. Og hvað skyldi það nú vera og undir hvaða ráðherra heyrir það? Það eru brtt. við lánsfjárlög, tvær tillögur. Önnur er heimild til að veita Vatnsleysustrandarhreppi lán til að kaupa jarðnæði fyrir nýtt álver og hin er síðan heimild Landsvirkjunar til lántöku vegna undirbúnings virkjana. Þessar tvær tillögur eru þær tillögur sem hafa þýðingu. Það eru þær sem hafa lagalega þýðingu í þessu máli og lánsfjárlög heyra að forminu til undir hæstv. fjmrh. Þess vegna er ekki óeðlilegt að hæstv. fjmrh. sé við, ekki síst í ljósi þess að þessar tillögur hafa ekki verið lagðar fram á Alþingi. Það má vera að hv. formaður fjh.- og viðskn., Páll Pétursson 1. þm. Norðurl. v., hafi þessar tillögur undir höndum. Ég hef ekki séð þær og á ég þó sæti í nefndinni.

Mér er sagt að hæstv. ráðherrar hafi á undanförnum dögum verið að slást um það hvaða brtt. eigi að gera við lánsfjárlagafrv. Og ástæðan fyrir því að ekki hefur verið hægt að klára lánsfjárlagafrv. í hv. nefnd er einfaldlega sú að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki endanlega komið sér saman um það hvaða brtt. á að flytja við lánsfjárlagafrv. Það má vera að hæstv. ríkisstjórn hafi samþykkt það að leggja þessar tvær tillögur fyrir hv. nefnd, um það get ég ekkert sagt. Þær liggja ekki fyrir. Þær kunna að vera í vasa formannsins. Hann hefur ekki kynnt þessar tillögur fyrir nefndarmönnum. Ég veit hins vegar að hæstv. iðnrh. hefur kynnt fyrir stjórnarandstöðunni, fyrirliðum stjórnarandstöðunnar að ég held, efni þessara tillagna. En það gerði hann á sama tíma og hæstv. fjmrh. stóð bullsveittur í fjölmiðlum til að segja frá því að það væri aldeilis ekki tímabært að fjalla um þetta mál á Alþingi. Svo er hann bara einhvers staðar á fundi, í Keflavík eða einhvers staðar annars staðar, ég veit ekki hvar. Ég verð að segja, þó að ég geri ekki kröfu til þess að fá hæstv. fjmrh. hingað í salinn af þessu tilefni einfaldlega vegna þess að ég styð þetta mál og vil að málið geti gengið fram, að mér finnst ekki óeðlilegt, ef hæstv. ríkisstjórn er áhugasöm um að koma þessu máli áfram, að hæstv. fjmrh. verði við þessa umræðu. Það er a.m.k. ljóst að það hefði sparað umræður um lánsfjárlög sem verða hér síðar á þessu þingi óhjákvæmilega og þar á meðal um tillögur sem snerta þetta mál.

En ég endurtek það að við viljum greiða fyrir þessu máli og þess vegna viljum við ekki gera kröfur um það að einhverjir hæstv. ráðherrar séu við, en ég skil vel sjónarmið hv. síðasta ræðumanns í þessu máli, fulltrúa Kvennalistans. Það væri auðvitað til viðbótar dálítið skemmtilegt, af því að ég heyri nú að hæstv. menntmrh. ætlar að taka til máls í þessari þingskapaumræðu, ef hæstv. landbrh. léti sjá sig hér við umræðuna, maðurinn sem sagði orðrétt, eins og Þjóðviljinn var að rifja upp um helgina: „Við munum aldrei láta byggja álver á Keilisnesi, aldrei." Þetta er sami maðurinn sem nú situr í hæstv. ríkisstjórn, ríkisstjórn sem er núna að ýta að kvöldlagi einfaldri, lítilli og reyndar einskis verðri þáltill. fram. Og það á að vera einhvers konar sýnishorn um það að nú ætli ráðherrann enn á ný að koma þessu máli í gegn með sínum hætti. Málið snýst ekki um þetta, málið snýst um lánsfjárlög og það er eðlileg krafa að hæstv. ráðherrar Alþb., sem mest hafa gapað í þessu máli, séu hérna viðstaddir til þess að svara fyrirspurnum sem auðvitað hlýtur að verða beint til þeirra. Og þótt máttur hæstv. menntmrh. sé mikill, þá hefur hann kannski minna en aðrir hæstv. ráðherrar Alþb. fjallað um þetta mál. En það litla sem hann hefur lagt til málanna hefur ekki verið neitt sérstaklega jákvætt eða til þess að ýta undir það að hrein eining ríki í hæstv. ríkisstjórn um þetta mál. (**Menntmrh.:** Mennt er máttur.) Við látum á það reyna hér í þinni ræðu.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa nokkurri undrun á því að það skuli vera efnt til kvöldfundar um það mál sem hér er til umræðu og sem borið er fram sem ríkisstjórnarmálefni og sem varðar jafnmörg svið landsstjórnarinnar eins og augljóst er, að þá skuli aðeins tveir ráðherrar úr ríkisstjórninni vera við þessa umræðu. Aðrir ráðherrar, sem eiga nú ekkert lítið undir þessu máli eins og t.d. hæstv. umhvrh. og hæstv. fjmrh., að ég tali ekki um sjálfan formann ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., að hann skuli láta sig vanta hér á kvöldfundi þegar verið er að taka svo mikilsvert mál til umræðu.

Ég er næstur á mælendaskrá og sannarlega hef ég ýmislegt að segja við hæstv. iðnrh. um málið og gæti talað nokkra stund við hann um það efni og það mál sem hann flutti hér áðan. En hitt er jafnljóst að ég á margt vantalað við aðra hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni um þetta mál og ég sé ekki fram á það að ég geti lokið mínu máli án þess að þeir komi hingað til þings, (**FrS:** Er ekki hægt að skrifa þeim bréf í Tímanum?) enda veit ég ekki betur en að þeim sé ætlað að vera hér eins og okkur óbreyttum þingmönnum, sem svo erum kallaðir.

En það er auðvitað jafnljóst að menn ætla sér hér drjúgan tíma til þingstarfa. Það er alveg ljóst að þegar ríkisstjórnin leggur fyrir mál af þessu tagi, og ég hygg að hæstv. iðnrh. sé nokkuð í mun að fá svona afar þýðingarmikla tillögu samþykkta á Alþingi, efnismikla og þýðingarmikla tillögu, þá er nokkuð ljóst að menn geta alveg gleymt hugmyndinni um það að fara að kjósa til Alþingis undir sumarmálin. Það er á valdi hæstv. forsrh. að segja eitthvað um það efni, en hvernig dettur ríkisstjórninni það í hug að hægt sé að fjalla um og taka afstöðu á Alþingi til svo þýðingarmikils máls og það eigi að gerast á viku eða tíu dögum eða eitthvað svoleiðis? Þetta mál hlýtur að þurfa að vera lengi í nefnd. Það er útilokað annað en að sú nefnd sem hæstv. ráðherra lagði til að fengi málið til meðferðar, atvmn. þingsins, taki sér viku til hálfan mánuð til þess að fjalla um þetta mál. Það getur enginn ætlað Alþingi Íslendinga að fara að álykta um það að fram skuli haldið samningaviðræðum, jafntvísýnum og hv. 1. þm. Norðurl. v. veit nú kannski betur en margur annar um, þar sem hann er sérstakur trúnaðarmaður stjórnar Landsvirkjunar, til þess að fjalla um orkuverðssamningana þá blasir það við að þingið og þingnefnd getur ekki ætlað sér aðeins nokkra daga til þess að ræða og skoða mál af þessum toga. Þess vegna held ég að það sé alveg ljóst að hæstv. forsrh. hlýtur að tala við sína samstarfsmenn við ríkisstjórnarborðið um það hversu langt hann ætli að ganga fram á næsta kjörtímabil með starfstíma þingsins eða starfstíma ríkisstjórnarinnar áður en til greina komi að rjúfa þing og efna til kosninga. Og þá gæti sem best það gerst að Kvennalistanum og talsmönnum hans, sem eru komnir hér nokkrir á mælendaskrá, verði að ósk sinni að ekki bara þessir hæstv. þrír, fjórir ráðherrar sem hefur verið óskað eftir viðveru vegna þessa máls verði viðstaddir, heldur einnig hinn nýkjörni formaður Sjálfstfl., að hann verði mættur til þings þegar um þetta mál verður fjallað. En það kom fram hjá oddvita Kvennalistans í fjölmiðlum í dag mjög skýrt og endurtekið, hinum nýja formanni Kvennalistans, að þær vildu endilega ræða um nýja ríkisstjórn við hinn nýja formann Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Hvaða mál er á dagskrá?) Virðulegur forseti, ég geri (**Forseti:** Hann er að ræða dagskrá.) ráð fyrir því að talsmönnum Kvennalistans geti orðið að þessari ósk sinni, að þær geti átt viðtal við væntanlegan 1. þm. Reykv., sem ætlar sér talsvert áberandi stól í framhaldinu, til að spjalla við hann um sameiginlegt áhugamál væntanlega í næstu ríkisstjórn, sameiginlegt áhugamál að koma upp álveri á Íslandi. Ég skildi oddvita Kvennalistans þannig í útvarpinu í dag að hún teldi það allt eins koma til greina að mynda ríkisstjórn með Sjálfstfl. sem öllum flokkum fremur, jafnvel að Alþfl. undanskildum, hefur áhuga á því að koma upp stóriðjufyrirtækjum í landinu. (**Forseti:** Nú er hv. þm. farinn aðeins út fyrir þá dagskrá sem leyfð er.) Virðulegur forseti. Hér er verið að ræða um þann vanda sem blasir við þinginu. Og ég ítreka það að auðvitað er sjálfsagt að taka hér allan þann tíma sem þarf til þess að ræða um hugðarefni hæstv. iðnrh., alveg sjálfsagt að taka allan tíma sem þarf. Ég mun ekki spara það við mig að sitja hér dögum saman í þinginu og eiga viðræður við hæstv. ráðherra um þetta efni, svo brýnt sem það er og þýðingarmikið og mikið í húfi fyrir þjóðina að ekki verði ráðist í það óefni sem lagt er til og stefnt er að af hæstv. ráðherra. Við hljótum að leggja mikið á okkur til þess að lýsa inn í skúmaskotin í þessu máli. En til þess að það verði gert með viðhlítandi hætti, þá verður ríkis-

stjórnin öll að sitja hér á stólum og taka þátt í þessari umræðu og hlýða á mál okkar alþingismanna um þetta efni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Austurl. vill forseti taka eftirfarandi fram: Forseti virðir að sjálfsögðu vilja hv. þm. til að sitja hér vikum saman og ræða þetta umrædda mál, en eftir ótal marga fundi með þingflokksformönnum og forsrh. hefur forseti hingað til haldið að hann yrði þar þá einn þar sem ætlað er að ljúka þingi í þessari viku eftir því sem best er vitað.

Venjan hefur verið sú að þingflokkar koma sér saman um afgreiðslu mála og forseti vissi ekki fyrr en nú að þetta mál væri ekki allnokkurt samkomulagsmál stjórnarflokkanna. Forseti átti hins vegar von á umræðum af hálfu stjórnarandstöðu og jafnvel hv. 2. þm. Austurl. en hefur hingað til talið hæstv. iðnrh. fullfæran um að ræða þetta mál fyrir hönd allrar ríkisstjórnarinnar. Forseti hélt að hv. 2. þm. Austurl. hefði haft allmörg tækifæri til að ræða við hæstv. fjmrh. og væntanlega hæstv. samgrh. þannig að í stuttu máli tekur forseti ekki mark á þessum athugasemdum.

Þá vill forseti taka fram að hinn nýkjörni formaður Sjálfstfl. er ekki á dagskrá hér enn þá og forseti vissi ekki fyrr en rétt fyrir nokkrum mínútum að Kvennalistinn hefði eignast nýjan formann. Hann er alla vega heldur ekki á dagskrá hér. Forseti mælist nú til að þingmenn haldi alvöru sinni hér þar sem verið er að efna til kvöldfundar um málefni sem skipta máli, að menn haldi sig hér við þau málefni sem verið er að ræða um. Forseti hefur fallist á það ef þess er óskað að umræðu um þetta mál verði frestað, en enn eru á mælendaskrá um dagskrá hv. 6. þm. Norðurl. e. og tekur hann nú til máls, en síðan hæstv. menntmrh. sem ég geri ráð fyrir að hv. 2. þm. Austurl. hljóti að hafa hitt nýlega.

Stefán Valgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var dálítið sérkennileg ræða sem hv. þm. Páll Pétursson flutti áðan. Það er auðséð að hann er farinn að berjast fyrir álverksmiðjum og það er nýtt fyrir mér að hann skuli vera kominn á þá braut. Það er alveg rétt sem kom fram hjá honum að hæstv. ráðherrar hafa ekki slitið hér stólunum í þinginu, meira sætunum í flugvélunum til og frá landinu. En það er sérkennilegt ef það er skoðun hv. þm. Páls Péturssonar að það sé nóg að hafa iðnrh. þegar verið er að ræða um þetta mál. (**Fjmrh.:** Ég er nú mættur.) Þú ert ekki allir ráðherrarnir þótt þú sért stór. Hvar er umhvrh.? (**Forseti:** Hann er í Keflavík, hv. þm.) Á hann ekki að vera hér eins og við? (**Forseti:** Ekki hefur forseti krafist þess.) Nei, það kann að vera en ég mótmæli því að þessi umræða fari fram öðruvísi en hann sé hér, því þetta skiptir hann meira máli en meira að segja ráðherra þinn, fjmrh. (**Fjmrh.:** Og er þá langt til jafnað.) Og er þá langt til jafnað. Auðvitað á forsrh. að vera hér þegar rætt er um þetta mál. Það getur vel verið að hv. þm. Páll Pétursson telji það vera nóg að hann geti verið fyrir þessa ráðherra. Það getur vel verið, en okkur finnst það ekki hinum. Og þó að hæstv. iðnrh. sé hér, þá tek ég nú í þessu máli meira mark á sumum öðrum ráðherrum en honum og mun ég ræða það síðar, virðulegi forseti. Það mun ég gera.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Þessi dagskrárumræða sýnir glöggt að hér er á dagskrá mál sem þingmenn láta sig nokkru varða. Ég stíg hér í ræðustólinn til þess að taka undir orð hv. 1. þm. Norðurl. v. um dagskrána og um þann sið sem myndast hefur hér í þinginu að þingmenn geri kröfur um að kveðja á vettvang ráðherra annarra málaflokka en þeirra sem til umræðu eru hverju sinni.

Ég vildi vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. taka það mjög skýrt fram að það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér var almenns eðlis, varðaði framkvæmd funda, dagskrá og þingsköp og átti fullan rétt á sér, alveg óháð því máli sem við ræðum hér í kvöld. Þetta er kjarni málsins og ég vona að hæstv. forseti taki það til greina.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að auk till. til þál. — sem ég tel afar mikilvæga einmitt vegna umræðna eins og hér hafa farið fram í kvöld, því hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, mál sem varðar miklu um atvinnu fólks, ekki bara í því byggðarlagi sem ráðgert er að álverið rísi heldur um land allt — fylgja málinu til greinargerðar af minni hálfu lýsingar á tveimur tillögum um breytingar á lánsfjárlagafrv. sem liggur fyrir hv. Nd. Þær tillögur eru þingheimi kunnar og þess vegna ekki rétt að bera því við að þær séu eitthvað sem komi mönnum á óvart.

Hitt er líka rétt að við getum vel lokið umræðunni um þáltill. og beðið með umræður um lánsfjárlagabreytingarnar sem hér eru ráðgerðar og lýst hefur verið til greinargerðar. Það er hin raunar rétta þinglega meðferð.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil biðja forsetann og þingheim afsökunar á því að menntmrh. skuli vera að tala í þessu máli. Ég tek eftir því að hans nærveru hefur ekki mikið verið óskað og menn töldu að það skipti mjög litlu sem hann hefði til málanna að leggja. En hann leyfði sér nú samt að biðja um orðið og af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri að ríkisstjórnin hefur ekki afgreitt endanlega fyrir sitt leyti þær tillögur sem hún hyggst gera við breytingar á lánsfjárlögum.

Í öðru lagi það að sá siður sem upp hefur verið tekinn hér á Alþingi á undanförnum árum að kveðja til marga ráðherra er í raun og veru orðinn gróinn hluti af þinghefðinni og það er satt best að segja útilokað, ef margir þingmenn óska eftir því, að neita um að kalla fyrir fleiri ráðherra.

Ég hygg að ég eigi dálítinn þátt í því frá mínum stjórnarandstöðuárum að hafa komist upp með allnokkra æfingu í því að kalla til okkar marga ráðherra.

Ég minnist þess að forsetar á þeim tíma vikust undir þær kvaðir með glöðu geði og reyndu jafnan að kalla þá menn til sem voru hérlendis þegar fundir voru haldnir. Ég hygg því að það sé í rauninni ósköp erfitt að víkjast undan óskum af því tagi þó að auðvitað geti þær verið ósanngjarnar við vissar aðstæður.

Hitt er svo auðvitað rétt að hæstv. iðnrh. hefur með þetta mál að gera og talar fyrir því. En það er líka rétt að þó að hæstv. iðnrh. tali í þessu máli mun menntmrh. líka þurfa að tala þrátt fyrir fullt traust á hæstv. iðnrh. að ýmsu leyti.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Breytingar á lánsfjárlögum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa að tefja fundastörfin og dagskrána, en ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs er yfirlýsing sú sem kom frá hæstv. menntmrh. áðan og ég held að ég hafi tekið rétt eftir, verð þá leiðréttur ef svo er ekki, að hann hafi sagt að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki náð fullkomnu samkomulagi um þær brtt. sem leggja á (**Menntmrh.:** Gengið endanlega frá.) hafi ekki gengið endanlega frá brtt. sem lagðar verða fram við lánsfjárlagafrv. Nú stendur þannig á, virðulegi forseti, að í fyrramálið er fundur í hv. fjh.- og viðskn. og mér hefur verið tjáð að það eigi að ræða þetta mál. Mér finnst þessi yfirlýsing vera með þeim hætti að það sé full ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. um það hvort þetta sé rétt og hvort þá megi búast við því að hæstv. ríkisstjórn verði búin að koma sér saman að fullu um þessi mál fyrir fundartíma nefndarinnar á morgun. Einnig langar mig til að spyrja hv. þm. Pál Pétursson, formann nefndarinnar, hvort ætlunin sé að afgreiða lánsfjárlagafrv. úr nefnd á morgun því að það er augljóst að ekki gefst hv. nefnd langur tími til að kanna þær brtt. sem fram kunna að koma frá ríkisstjórninni ef hæstv. ríkisstjórn hefur enn, kl. 10.30 rúmlega að kvöldi, ekki komið sér saman um það hvernig þær eiga endanlega að líta út.

Mér finnst, virðulegi forseti, nauðsynlegt þar sem þessi yfirlýsing var gefin af hæstv. menntmrh. að þinginu sé gerð grein fyrir stöðu málsins þannig að hv. nefndarmenn geti áttað sig á því til hvers þessi fundur verður boðaður á morgun og hvað í raun og veru eigi að gerast á þeim fundi. Í því sambandi væri einnig gott að fá að vita hvenær hæstv. ríkisstjórn fundar um þetta mál og ef það fellur saman við fund nefndarinnar finnst mér eðlilegt að beðið sé eftir úrslitum ríkisstjórnarfundarins til þess að nefndin fái þá skýrar tillögur frá hæstv. ríkisstjórn, því nú líður senn að þinglokum ef marka má orð hæstv. forsrh.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að verða við þeirri ósk sem hér kom fram, að svara því hvernig þessi mál eru stödd.

Í ríkisstjórninni í morgun voru ræddar ýmsar hugmyndir um það hvaða breytingar yrðu gerðar á frv. til lánsfjárlaga. Þetta var dagskrárefni á ríkisstjórnarfundi sl. föstudag einnig, en þá komumst við ekki að því máli vegna þess að þá fóru fram langar umræður m.a. um búvörusamning sem nú hefur verið undirritaður.

Á fundinum í morgun fóru einnig fram umræður mjög lengi um búvörusamning, þann hinn sama og gengið var frá í dag, þannig að ekki gafst eins mikill tími og æskilegt hefði verið til að ljúka þeirri umræðu á ríkisstjórnarfundinum í dag.

Niðurstaðan varð hins vegar sú að ég tók saman eftir þær umræður lista yfir tillögur sem ég kynnti formönnum flokkanna síðdegis í dag. Það var ákveðið á þeim fundi að á ríkisstjórnarfundinum í fyrramálið sem hefst kl. 9.30 verði þetta tekið til meðferðar. Það er þess vegna rétt sem menntmrh. sagði hér áðan. Ríkisstjórnin hefur ekki enn þá gengið frá sínum tillögum varðandi breytingar á lánsfjárlögunum í heild sinni, en ég vænti þess að því verki verði lokið í fyrramálið.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil að gefnu tilefni upplýsa það að á morgun er fundur boðaður í fjh.- og viðskn. Þangað koma a.m.k. tveir gestir, hugsanlega fleiri, til þess að gera grein fyrir afstöðu sinni til brtt. við lánsfjárlögin. Við eigum eftir að fara yfir allmargar brtt. í nefndinni og ræða þær í okkar hópi. Það munum við reyna að gera á morgun og taka afstöðu til sem allra flestra. Ég hef ekki uppi áform um að ljúka meðferð lánsfjárlaga á morgun. Ég vil hins vegar reyna að nota tímann og komast eins langt og við mögulega getum.

Það liggja fyrir allmargar brtt., m.a. þær brtt. sem hæstv. iðnrh. kynnti hér og getið er um í greinargerð með þeirri þáltill. sem hér var til umræðu. Þær brtt. hafa nú um nokkurt skeið legið í möppum okkar úti í fjh.- og viðskn. og áttu að vera okkur sæmilega kunnar. En við eigum sem sagt eftir að ræða þær og taka afstöðu til þeirra ásamt ýmsum fleiri tillögum á morgun og ég vonast eftir að við komumst sem lengst með það mál. Það lifir skammt þings. Ég vonast eftir að hæstv. ríkisstjórn reyni að koma til okkar þeim erindum sem allra fyrst sem hún óskar eftir að við tökum afstöðu til.

Sala eigna á nauðungaruppboðum, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 399. mál. — Þskj. 717.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfallatryggingar fyrir heimili, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 413. mál. — Þskj. 745.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Foreldrafræðsla, fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 407. mál. — Þskj. 734.

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um foreldrafræðslu sem er á þskj. 734. Flm. með mér eru aðrar þingkonur Kvennalistans Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að beita sér fyrir því að tekin verði upp foreldrafræðsla í skólum landsins, í fjölmiðlum og í samvinnu við heilbrrh. á heilsugæslustöðvum. Skipaður verði vinnuhópur sem komi með tillögur um æskilegt inntak, form og umfang foreldrafræðslu á fyrrgreindum stöðum fyrir 1. nóv. 1991."

Skipan uppeldismála samkvæmt gildandi lögum er sú að foreldrar eru ábyrgir fyrir uppeldi barna sinna. Ríkinu ber þó að grípa inn í og aðstoða foreldra á tilteknum sviðum, t.d. varðandi grunnmenntun, sbr. ákvæði um skólaskyldu, og ef foreldrar eru ófærir um að sinna ábyrgð sinni eða skyldum, sbr. t.d. ákvæði laga um barnavernd. Í lýðræðisríkjum er þessi skipan mála yfirleitt talin sjálfsögð, enda litið á fjölskylduna sem einn af hornsteinum þjóðfélagsins. Þetta fyrirkomulag byggir á því að foreldrar hafi sjálfir aðstöðu til að sinna þessari ábyrgð eða hafi möguleika á uppeldisaðstoð sem þeir geta haft áhrif á og samræmist þeirra lífsviðhorfum.

Þessi skipan uppeldismála er nú við það að bresta. Mikil atvinnuþátttaka beggja foreldra og sá langi vinnudagur sem hér tíðkast dregur úr möguleikum foreldra til að hafa áhrif á uppeldi barna sinna. Til að koma í veg fyrir uppeldislega vanrækslu heillar kynslóðar íslenskrar æsku er ekki aðeins nauðsynlegt að stórefla samfélagslega þjónustu á sviði uppeldis- og skólamála heldur þarf einnig að styrkja foreldrana ef núverandi skipan uppeldis á ekki að vera merkingarlaus. Löggjafinn hefur eðlilega gert ráð fyrir að foreldrar hafi áhrif á starf skóla og leikskóla, en því miður virðist samstarf foreldra og uppeldisstofnana eiga hér erfitt uppdráttar. Í stað þess að breyta núverandi skipan mála og gera uppeldis- og skólastofnanir alfarið ábyrgar fyrir uppeldi barna er hér ákveðið lagt til að styrkja foreldra til að takast á við hlutverk sitt, ekki síst barnanna vegna. Það skiptir afar miklu máli að börn fái góða aðhlynningu og örvun í uppeldinu til að þau verði heilsteyptir einstaklingar og þar gegna foreldrar, eða aðrir sem standa barninu næst tilfinningalega, lykilhlutverki. Foreldraábyrgð er því mikilvæg og í lýðræðisþjóðfélagi, sem hefur lögfest jafnrétti kynjanna, þurfa báðir foreldrar að geta sinnt henni sem best. Til að svo geti orðið þarf að styrkja bæði feður og mæður í hlutverki sínu og um leið þau grundvallarmannréttindi foreldra og barna sem hér eru í húfi.

Þegar Mary Wollstonecraft, sem stundum er kölluð fyrsta kvenfrelsiskonan, háði sína baráttu fyrir auknum lýðréttindum kvenna á ofanverðri 18. öld lagði hún áherslu á það að óhætt væri að veita konum kosningarétt og aðgang að menntun og opinberu lífi, þær mundu ekki hætta að hugsa um börnin sín. Hún reyndist vera sannspá, en nú þegar atvinnuþátttaka kvenna er orðin almenn og sömu kröfur eru gerðar til þeirra og karla á vinnumarkaðinum er nauðsynlegt að feður taki að sér sinn skerf til að koma í veg fyrir tvöfalt vinnuálag kvenna. Enn fremur er nauðsynlegt að foreldrar geri auknar kröfur til atvinnulífsins þannig að samhæfing barnauppeldis og atvinnuþátttöku gangi sem allra best.

Sú leið, sem hér er mælt með, er að taka upp almenna foreldrafræðslu. Markmið hennar væri að gefa foreldrum kost á að fræðast um ýmis atriði er snerta foreldrahlutverkið og mikilvægi þess. Auk ofannefndra ástæðna fyrir fræðslu af þessu tagi má benda á eftirfarandi rök:

1. Engin fræðsla um foreldrahlutverkið og barnauppeldi er í boði fyrir alla í skólakerfinu eða annars staðar í þjóðfélaginu.

Ástæður þessa eru margvíslegar. Þær tengjast m.a. skilgreiningu á hugtakinu menntun, því hvernig hefðbundin skólanámsskrá þróaðist á grunni kynskiptra skóla og síðast en ekki síst hlutverkamun kynjanna í uppeldismálum.

2. Vísindaleg þekking á þroska og uppeldi barna hefur stóraukist á liðnum áratugum án þess að komast til foreldra almennt. Ætla má að það dragi úr öryggi foreldra í samskiptum við sérmenntað fólk á uppeldisstofnunum.

3. Þó að foreldrar hafi hingað til getað byggt á reynslu fyrri kynslóða eru aðstæður nútímaforeldra og barna, a.m.k. í þéttbýli, mjög breyttar frá því sem foreldrarnir hafa sjálfir þekkt í eigin uppeldi.

Í því sambandi má benda á eftirfarandi: Mun takmarkaðri tími er til samskipta en áður. Börnin í hverri fjölskyldu eru að meðaltali færri. Foreldrar þurfa að hafa samskipti við æ fleiri aðila sem annast börn þeirra í leik, námi og starfi. Hjónaskilnaðir eru tíðir, nýjar fjölskyldugerðir verða æ algengari, t.d. stjúpfjölskyldur, og mun fleiri foreldrar eru einstæðir nú en bjuggu við slíkar aðstæður sem börn. Fjölmiðlar keppa við athygli foreldra á heimilum. Þá má minna á staðreyndir um einelti, fíkniefnaneyslu, kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum, börn á vergangi og sjálfsvíg hjá ungu fólki sem dæmi um vandamál sem smám saman eru að koma upp á yfirborðið og þörf væri að fræða foreldra um. Einnig má benda á nýlega könnun á trú-

arlífi Íslendinga sem sýnir áhrifamátt foreldra, einkum mæðra, varðandi trúariðkun barna sinna síðar í lífinu.

4. Þegar boðið er upp á foreldrafræðslu eða námskeið um samskipti foreldra og barna, bæði hér og í nágrannalöndunum, hefur eftirspurn af hálfu foreldra verið mikil. Því miður hefur þetta mest verið í formi einkanámskeiða sem ekki ná til allra.

Hér er mælst til að vinnuhópur komi með tillögur um foreldrafræðslu í skólum landsins, á heilsugæslustöðvum og í fjölmiðlum. Lagt er til að í vinnuhópnum verði, auk sérfræðinga á sviði uppeldismála og foreldrafræðslu, fulltrúar frá foreldrum eða samtökum þeirra, fjölmiðlafræðingur varðandi foreldrafræðslu í fjölmiðlum og fulltrúi frá heilbrrn. varðandi fræðslu og ráðgjöf á heilsugæslustöðvum. Markvissar rannsóknir á áhrifum foreldrafræðslu eru til sem geta gefið vísbendingar um æskilegar aðferðir. Algengara er þó að gildi fræðslunnar er ekki rannsakað þar sem trú aðstandenda á gildi hennar hefur dugað. Æskilegt væri að gera ráð fyrir athugun á notkun og gildi þeirrar foreldrafræðslu sem lögð verður til og haga umfangi hennar í samræmi við það.

Varðandi skólakerfið ber að fagna skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum sem menntmrn. gaf út í desember 1990. Þar er skýrt kveðið á um að íslenska skólakerfið eigi að undirbúa bæði stúlkur og drengi undir fjölskyldulíf, m.a. með námi í fjölskyldufræðum í grunn- og framhaldsskólum. Í því felst m.a. umfjöllun um heimilisrekstur, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna sem allt getur tengst foreldrahlutverkinu og jafnri foreldraábyrgð. Ákvæði af þessu tagi er einnig að finna í aðalnámsskrá grunnskóla, á bls. 174, og í fyrirliggjandi frv. til laga um grunnskóla, í 47. gr. Mikilvægt er að settar verði fram nákvæmar tillögur um útfærslu foreldrafræðslu, ekki síst fyrir framhaldsskólann sem nú er öllum opinn. Foreldrafræðslu þyrfti einnig að efla í Háskóla Íslands og sem víðast í sí- og endurmenntun fólks.

Heilsugæslustöðvar og meðgöngudeildir sjúkrahúsa hafa boðið upp á mismikla fræðslu fyrir verðandi foreldra og foreldra ungbarna. Mælt er með eflingu þess starfs og að bætt verði við uppeldislegri ráðgjöf fyrir þá foreldra og börn upp að 16 ára aldri sem hennar óska.

Mikilvægt er að nýta sem flesta fjölmiðla við þá fræðslu sem hér er mælt fyrir. Fræðsluþættir í útvarpi og sjónvarpi með þátttöku sérfræðinga og foreldra eru hugsanleg dæmi. Möguleg viðfangsefni eru þroskaeinkenni ákveðinna aldurshópa barna, samskipti foreldra og uppeldisstofnana, samhæfing fjölskyldulífs og starfs, málfarslegt uppeldi á heimilum, trúaruppeldi, afmörkuð uppeldisvandamál og æskilegar uppeldisaðferðir. Slíkir þættir gætu síðan verið til útláns á myndböndum. Einnig mætti nota dagblöð og tímarit í þessum tilgangi.

Það er von flm. að þessi tillaga styrki foreldra, jafnt mæður sem feður, í sínu ábyrgðarmikla hlutverki til góðs fyrir uppvaxandi kynslóðir Íslendinga því lengi býr að fyrstu gerð.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lausaganga búfjár, fyrri umr.

Þáltill. FrS o.fl., 434. mál. — Þskj. 787.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég átti nú satt að segja ekki von á því að flytja þessa framsöguræðu hér í kvöld. Þetta var 21. mál á dagskrá í Sþ. og fundur hófst ekki fyrr en kl. 4 síðdegis. Satt að segja hafði ég undirbúið mig undir þátttöku í umræðum um þáltill. vegna álvers á Keilisnesi. En allt um það, ég fagna því að sjálfsögðu að fá tækifæri til þess að segja hér örfá orð um þetta dagskrármál. Sjálfur á ég orðið nokkuð gott safn gagna um málið sem gæti komið hv. nefnd, sem fær málið til umfjöllunar, til góða en mér hefur ekki gefist tími til þess að ná í þau gögn þar sem svo brátt ber að að ég þurfi að flytja þessa ræðu.

Þessa tillögu flytja fulltrúar úr öllum þingflokkum. Þeir eru auk mín hv. þm. Jóhann Einvarðsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Geir Gunnarsson, Kristín Einarsdóttir og Guðmundur Ágústsson.

Tillagan fjallar um það að ríkisstjórninni verði falið að gera ráðstafanir til að takmarka lausagöngu búfjár, annars vegar við þjóðvegi og hins vegar þar sem gróður er viðkvæmur fyrir beit. Í tillgr. er gert ráð fyrir að hæstv. ríkisstjórn feli Landgræðslu ríkisins í samvinnu við gróðurverndarnefndir, en þær eiga að starfa samkvæmt lögum, að gera áætlun um gróðurvernd og uppgræðslu og halda áfram samningum við bændur um afmörkun og staðsetningu beitarhólfa fyrir takmarkaðan fjölda búfjár.

Tildrög þess að þessi tillaga er flutt er samþykkt sem gerð var á náttúruverndarþingi sem haldið var hér í borg í október 1990, en þar var skorað á hv. Alþingi og stjórnvöld að beita sér fyrir friðun í landnámi Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár og ganga nú þegar til samninga við bændur og aðra þá er málið varðar.

Í framhaldi af þessari samþykkt gerðist það að nokkur félagasamtök tóku sig saman og sendu hv. Alþingi áskorun um að taka málið fyrir. Þessi áskorun er birt sem fskj. með tillögunni en undir hana rita frú Herdís Þorvaldsdóttir fyrir hönd Lífs og lands, frú Auður Sveinsdóttir fyrir hönd Landverndar og Arinbjörn Kolbeinsson fyrir hönd Árnesingafélagsins í Reykjavík.

Það kemur einnig fram með áskoruninni á fskj. að nokkur önnur áhugafélög um þetta mál óskuðu eftir að styðja áskorun þessa. Ekki verður hér lesin þessi áskorun. Hún liggur fyrir í prentuðu formi á þskj. En í tilefni hennar sendi sá sem hér stendur málið til Ingva Þorsteinssonar og bað hann að gera grein fyrir afstöðu sinni til efnisatriða í þeirri tillögu sem samþykkt var á sínum tíma á náttúruverndarþingi. Í örstuttu máli kemur fram í umsögn Ingva að hann telji að flest þau rök

sem koma fram í áskoruninni séu rétt og undir þau vill hann taka, en hann bendir hins vegar á að á þessu stigi málsins sé rétt að undanskilja Kjalarnes og Kjós á þeim grundvelli að þar sé varla hægt að telja að um umtalsverða gróður- eða jarðvegseyðingu sé að ræða. Og hann bendir reyndar á að gróðurfar á því svæði sé í eðli sínu slitsterkt og þar hafi átt sér stað talsverð fækkun á sauðfé á síðasta áratug.

Eftir að hafa síðan rætt við fulltrúa Búnaðarsambands Kjalarnesþings, en verulegur hluti af landnámi Ingólfs heyrir undir Búnaðarsamband Kjalarnesþings, var tekið það ráð að breikka tillöguna og láta hana ekki einungis ná til landnáms Ingólfs heldur einnig til annarra staða á landinu. Einnig var ákveðið að hafa tillgr. á þá leið að ríkisstjórninni væri falið að takmarka lausagöngu búfjár við þjóðvegi ekki síður en þar sem gróður er viðkvæmur.

Það er von flm. að það sé mikil samstaða um þetta mál hér á þinginu. Auðvitað er langt liðið á þingið og þess vegna varla við því að búast að hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar geti afgreitt málð á þeim örfáu dögum sem eftir lifa þingsins. Sé það hins vegar þannig að hv. nefnd sjái sér það fært er það vissulega fagnaðarefni.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að gera ítarlega grein fyrir því sem kemur fram í áliti Búnaðarsambands Kjalarnesþings, en vísa til fylgiskjals V sem birtist með tillögunni. Þar koma fram sjónarmið Búnaðarsambandsins og jafnframt upptalning á ýmsum gögnum sem varða þetta mál.

Ég tel ástæðu til þess, virðulegi forseti, að benda á að þegar hafa verið gerðir allmargir samningar um takmörkun á lausagöngu búfjár í landnámi Ingólfs, en því miður verður að segja þá sögu eins og hún er, að stjórnvöld hafa ekki að öllu leyti fylgt eftir þeirri samningsgerð með þeim hætti sem viðunandi er fyrir þá bændur sem eru á þessu svæði.

Á fskj. III er tafla yfir stærð og fjölda sauðfjárbúa í landnámi Ingólfs eins og þau voru 1987–1988 og er þá miðað við vetrarfóðraðar kindur. Á þeirri töflu sést hve búin eru stór en aðeins eitt bú hefur meira en 700 vetrarfóðraðar kindur. Hin búin eru smærri og langflest mjög smá ef hægt er að tala um bú í þessu sambandi því 63 bú hafa aðeins 10–25 kindur.

Á bls. 6 á fskj. IV kemur glögglega fram hvað hefur verið að gerast í landnámi Ingólfs á undanförnum árum varðandi fjölda sauðfjár. Eins og talnaglöggir og fjárglöggir menn sjá í sjónhendingu hefur sauðfé fækkað verulega á þessu svæði á undanförnum árum og áratugum. Ef fram heldur sem horfir má gera ráð fyrir því að sauðfjárbeit á þessu svæði verði ekki verulegt vandamál innan tíðar. Auðvitað er það svo að nokkur hluti svæðisins er viðkvæmari en annar og þar hefur gróðureyðing orðið talsvert meiri. Ég leyfi mér að nefna í því sambandi sérstaklega Þingvallasveit og einnig Grafninginn, en vissulega væri kostur ef hægt væri að semja við bændur á þessu svæði um að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár, hólfa féð af þannig að endurheimta mætti landgæði á þessum fallegu stöðum í landnámi Ingólfs.

Ég vonast til þess, virðulegi forseti, að þetta mál eigi greiðan aðgang gegnum þingið. Ég hef fullan skilning á því að vart er hægt að búast við því að á þeim fáu dögum sem eftir eru af þessu þingi verði hægt að afgreiða málið. En strax í upphafi næsta þings ætti að vera auðvelt vegna mikils stuðnings við þetta mál að samþykkja um þetta þál. og senda til stjórnvalda. Ég hef átt viðræður við fulltrúa Landgræðslunnar og veit að hjá Landgræðslunni er mikill áhugi á því að fylgja þessu máli eftir.

Að lokum geri ég tillögu um það að málið verði sent hv. atvmn. og vonast til þess, ef hún á eftir að funda frekar á yfirstandandi kjörtímabili, að hún taki málið fyrir og ef kostur er afgreiði það á yfirstandandi þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

77. fundur, þriðjudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (Fjárlaga- og hagsýslustofnun). — Þskj. 281.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í fjarveru forsrh., sem er upptekinn við atkvæðagreiðslu í Nd., mæli ég hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Hér er um mjög einfalt frv. að ræða þar sem lagt er til að fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði sameinuð í eitt ráðuneyti. Samkvæmt núgildandi lögum er Fjárlaga- og hagsýslustofnun sjálfstæð stjórnardeild innan fjmrn. og lýtur stjórn hagsýslustjóra. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt þá hafa þessi tvö ráðuneyti alltaf heyrt undir sama ráðherra, þ.e. fjmrh., og ætti það því að vera einföld og sjálfsögð breyting að fara út í þessa skipan mála því óþarft ætti að vera að hér sé um tvö sjálfstæð ráðuneyti að ræða, því hér eru verkefni sem alltaf hljóta að heyra undir fjmrh. hverju sinni.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þetta mál kemur mér að óvörum. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að á síðustu dögum þingsins yrði farið að reyna að gera breytingar á stjórnarráðslögum. Þau eru í mínum huga meira virði heldur en svo að hægt sé að hlaupa til þess vanhugsað eða óhugsað. Ég hlustaði að vísu á þessi fáu orð ráðherrans og gæti verið sammála því að það megi gjarnan huga að þessu máli, en ég held að það verði ekki gert

alveg upp úr þurru. Raunar hef ég heyrt fleygt hugmyndum fleirum en þessari um breytingar á stjórnarráðslögum og stjórnarháttum og mundi mælast til að þetta gengi nú helst ekki mikið lengra. Það er kannski saklaust að frv. fari til nefndarinnar en ég held að það þurfi skoðunar við þó það líti sakleysislega út.

Hér áður fyrrum tók það venjulega mjög mörg ár að átta sig á því þegar gerðar voru umbyltingar á stjórnarráðslögum. Það eru auðvitað þau sem næst standa stjórnarskránni. Það er æðsta stjórnskipun landsins og þess vegna á ekki að vera með neinar skyndiákvarðanir í því efni eða flaustra málum af. Það er nóg upplausn í þjóðfélaginu, ekki síður á sviði laga og réttar en á öðrum sviðum. Það er ekki heilbrigt eða eðlilegt að gera slíkar breytingar án þess að það sé rækilega rætt. Við erum núna að breyta til um störf Alþingis. Það eru lagðar til mjög viðamiklar breytingar og meira en nóg í mínum huga að sinna því núna. Það orkar tvímælis t.d. hvort leggja ætti niður aðra deild þingsins, þá æðri og betri, okkar deild, en ég hef fallist á að styðja það, ekki vegna þess að ég sé neitt sannfærður um að starfshættir í þinginu verði betri eftir en áður, efast mjög um það. Við eigum ekki að breyta til um æðstu stjórnskipun ríkisins í fljótræði og þess vegna legg ég til að mál þetta fái góða athugun í nefndinni ef einhver tími verði til þess, annars muni þetta frestast.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er nú að hefjast þetta hefðbundna írafár sem kemur upp á síðustu dögum þingins. Nú hefur hæstv. sjútvrh., vegna fjarveru hæstv. forsrh. vænti ég, mælt fyrir frv. um Stjórnarráðið sem er verið að vísa til allshn. Ég hafði gert ráð fyrir að allshn. væri að ljúka störfum og ætti ekki eftir að fá mörg mál til viðbótar. Það er ekki bara þetta mál sem er á dagskrá til 1. umr., það er líka 5. og 6. dagskrármálið. Þess vegna væri fróðlegt að vita hvort búið er að framlengja störfum þingsins að þessu sinni, hvort við eigum að vera hérna kannski næstu viku eða hálfan mánuð, eða hvernig þessari hv. deild er ætlað að afgreiða mál sem enn virðast ekki komin á dagskrá og ætlast er til að fari gegnum þrjár umræður í deildinni á tveimur starfsdögum sem eftir eru eftir þeim upplýsingum, sem við þingmenn fengum í gær, að hér yrði fundað á morgun, miðvikudag. Á fimmtudag er gert ráð fyrir eldhúsumræðum og þá höfum við föstudaginn og þinglausnir á laugardag. Mér leikur forvitni á vita, hæstv. forseti, á hverju við megum eiga von til viðbótar ef ætlunin er að ljúka þinginu á þessum tíma sem hefur verið nefndur að undanförnu eða hvort það hefur breyst.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Hér er um mál að ræða sem hefur verið í allnokkurn tíma fyrir þinginu og var mjög gott samkomulag um í hv. neðri deild. Það er nú svo á þessum síðustu dögum að það verður að sjálfsögðu að ráðast hvaða mál ná fram að ganga. En venjan hefur verið sú að mál sem er samkomulag um hafa átt hér greiðan framgang alla jafna. Það verður að koma í ljós í störfum hv. nefndar hvernig það lítur út hér í hv. efri deild og síðan verðum við að sjá til hvort mál þetta getur hlotið afgreiðslu. Ég veit að það er lögð mikil áhersla á að þessu máli verði lokið. Hins vegar er ljóst að það mun ekki verða neinn sérstakur héraðsbrestur þótt það bíði eftir nýju þingi. En það er nú alltaf góður siður að ljúka þeim málum sem veruleg vinna hefur verið lögð í og gott samkomulag er um.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Núna í morgun var lagt fram í hv. allshn. frv. ekki ólíkt þessu um breytingar á störfum í Stjórnarráðinu. Menn hafa bent á að það væri auðvitað enginn tími til þess að ræða um neitt slíkt núna og það var fúslega dregið til baka og verður ekki sýnt hygg ég og ekki flutt. En mér finnst þetta vera ósköp svipað. Það mun vera rétt sem hæstv. ráðherra benti hér á að þetta frv. hafði einhvern veginn farið í rólegheitum í gegnum neðri deild þó það hefði nú náttúrlega átt, bæði af mér og öðrum, að skoðast betur. (Gripið fram í.) Þetta var neðri deild sagði ég. (Gripið fram í.) Ég kem að því. Það er rétt sem þingmaðurinn segir að þetta var í neðri deild. Það að það fór svona lítið skoðað sýnir að það er mjög hæpið að fara að breyta því formi að efri deild sé til þess að leiðrétta vitleysurnar úr neðri deild. Þetta segi ég nú í léttum tón að sjálfsögðu en alla vega þá hefur þetta farið fram hjá mér. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að um svona mál á að ræða ítarlega og ég held að það sé mjög gott að þetta verði þá rætt á næsta þingi. Við höfum þá væntanlega aðra ríkisstjórn, þó enginn viti hverjir verða við stjórnartauminn, og þá er ágætt að skoða þetta mál. Enda heyrðist mér nú á ráðherra að hann legði enga megináherslu á að þetta mál gengi fram. Ég met það auðvitað við hann. Hann tók á þessu ekki með ósvipuðum tón og ég, að svona mál eiga auðvitað að skoðast. Það er ekki hundrað í hættunni þó það bíði fram á haustið ef það verður þá ekki þinghald í sumar sem vel má vera.

Salome Þorkelsdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég beindi spurningu til forseta áðan og það komu engin svör. Ég hefði gjarnan viljað heyra hvað hann hefur að segja um framgang mála í þessari hv. deild núna á þessum stutta tíma sem við eigum eftir.

Forseti (Jón Helgason):

Eins og fram kom hjá hæstv. sjútvrh. verður að sjálfsögðu að fara eftir störfum í hverri nefnd og afgreiðslu hennar á málum hvaða frv. ná fram að ganga. Það er því út af fyrir sig ekki hægt að fullyrða neitt fyrir fram hvaða mál komast fram og hvaða mál ekki.

Í starfsáætlun þingsins er gert ráð fyrir þinglokum á föstudag, en ég býst við að það skýrist í dag eða á morgun hvort við það verður hægt að standa miðað við þau mál sem ég held, a.m.k. sum hver, að allir þingmenn séu sammála um að þurfi að ná afgreiðslu áður en þingi lýkur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Samvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 331).

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samvinnufélög á þskj. 863 sem kemur frá hv. neðri deild. Hér er um að tefla mál sem markað getur þáttaskil í atvinnusögu þjóðarinnar. Þær breytingar sem með þessu frv. eru lagðar til ættu að stuðla að því að bæta stöðu samvinnufélaganna í atvinnulífinu og gefa því félagsformi jafnræði gagnvart hlutafélögum.

Núgildandi lög um samvinnufélög eru að stofni til frá árinu 1921 en á þeim hafa þó verið gerðar nokkrar breytingar í áranna rás. Það er löngu ljóst orðið að núgildandi rammi laga fyrir rekstur samvinnufélaga er ófullnægjandi. Því hafa verið gerðar að því nokkrar atlögur að bæta þar úr.

Það frv. sem hér er til umræðu var samið af nefnd sem ég skipaði í apríl 1990. Frv. gerir ráð fyrir að samvinnufélögin geti starfað áfram í sama formi og þau eru nú. Í því er jafnframt lagt til, og það er aðalefni þessa frv., að veitt verði heimild til þess að færa reksturinn í form sem er mjög nærri hlutafélagsforminu, þ.e. að samvinnufélögin geti haft tvískiptan stofnsjóð þar sem A-deildin í stofnsjóðinum samsvarar venjulegum stofnsjóði eins og nú tíðkast en B-deild stofnsjóðsins sé mynduð með sölu hluta í deildinni. Til staðfestu á eignarhaldi í slíkum hlutum verði gefin út svokölluð samvinnuhlutabréf sem lúti almennum reglum um viðskiptabréf og geti gengið kaupum og sölum á markaði. Atkvæðisréttur fylgir ekki eignarhaldi á hlut í B-deild stofnsjóðs en hins vegar fylgi honum forgangur til arðgreiðslna. Með sölu hluta í B-deild stofnsjóðs geta samvinnufélögin þannig aflað sér eiginfjár á sama hátt og hlutafélög geta það með sölu nýrra hluta. Nefndin, sem samdi þetta frv., gerir ráð fyrir því að einstaklingar fái í framtíðinni sambærilega skattalega meðferð í tilefni af kaupum á hlutum í B-deild stofnsjóða samvinnufélaga eins og um kaup á hlut í hlutafélagi væri að ræða.

Ákvæðin sem heimila myndun B-deildar stofnsjóðs í samvinnufélagi eru langþýðingarmestu nýmælin í frv. En ég vil nefna af öðrum nýmælum, sem geta haft þýðingu fyrir atvinnulífið, að ákvæði frv. falla nú miklu betur að starfsemi framleiðslusamvinnufélaga en núgildandi löggjöf leyfir. Slík félög hafa hér aðeins tíðkast í smáum stíl en þau eru mjög algengt félagsform í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu, t.d. í Frakklandi. Þá er nú gert ráð fyrir að lögaðilar geti gerst aðilar að samvinnufélagi, t.d. hlutafélög eða sameignarfélög. Meginstefna þessa frv. er að gefa kost á því að laga samþykktir samvinnufélags að margbreytilegum aðstæðum um markmið slíkra félaga en síðan eru í því sambærileg ákvæði og eru í lögum um hlutafélög, t.d. varðandi ársreikninga, endurskoðun, ábyrgð stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, um réttindi og skyldur félagsmanna, um ráðstöfun tekjuafgangs o.fl. Ég mun ekki að þessu sinni taka tíma til að skýra þau ákvæði nánar en vísa til greinargerðarinnar með frv.

Í 16. kafla frv. er gildistökuákvæði þar sem lagt er til að lögin taki gildi 1. jan. 1992 og falli þá núgildandi lög úr gildi að undanskilinni 29. gr., sem fjallar um innlánsdeildir samvinnufélaga. Gert er ráð fyrir að 29. gr. haldi gildi sínu til ársloka 1995. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur um nokkurt skeið bent á það að innlánsdeildir samvinnufélaga fullnægi ekki sambærilegum öryggisákvæðum fyrir innstæðueigendur og aðrar innlánsstofnanir. Það hafa farið fram nokkrar viðræður milli bankaeftirlitsins og forsvarsmanna samvinnufélaganna um leiðir til að leggja þessar deildir niður eða sameina þær starfsemi banka og sparisjóða. Reyndin hefur verið sú að innlánsdeildunum hefur fækkað hin síðari ár.

Í fylgifrv. með þessu frv. er lagt til að lögunum um sparisjóði verði breytt á þann hátt að samvinnufélög geti verið meðal stofnenda sparisjóða og jafnframt er bráðabirgðaákvæði í sparisjóðalögunum aðlagað tilviki sem upp getur komið við breytingu á innlánsdeild samvinnufélags í sparisjóð. Þetta fylgifrv. mætti andstöðu og hefur neðri deild því í stað þess samþykkt bráðabirgðaákvæði við þetta lagafrv. sem felur í sér að viðskrh. skipi sérstaka nefnd til þess að fara betur ofan í saumana á rekstrarfyrirkomulagi innlánsdeilda eða arftaka þeirra í framtíðinni. Ég er samþykkur þessari breytingu. Ég tel það mjög brýnt að starfsemi innlánsdeildanna lúti að öllu leyti sambærilegum öryggiskröfum og tíðkast um sparisjóði og banka.

Virðulegi forseti. Það er mín trú að þetta frv., ef að lögum verður, muni bæta verulega möguleika samvinnufélaga til að rétta við sinn fjárhag sem hefur verið býsna erfiður á undanförnum árum eins og vel er kunnugt. Það mun einnig gera samvinnufélögunum kleift að verða hér eftir sem hingað til mikilvægt tæki til þess að treysta atvinnulífið og efla framfarir í landinu. Með frv. er samvinnufélagalöggjöfin í reynd færð í nútímabúning og hreyfingunni komið í takt við tímann.

Ég geri það að minni tillögu að þessu frv. verði að lokinni umræðunni vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Það er mín von að það takist að afgreiða frv. sem lög frá Alþingi fyrir lok þessa þings.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Æðioft á undangengnum árum og raunar áratugum, fyrst sem varaþingmaður og síðan sem alþingismaður og fyrst sem þingmaður í dreifðum byggðum þar sem samvinnufélög hafa verið í hávegum höfð og síðan þingmaður Reykvíkinga, hef ég vakið máls á því hver nauðsyn það væri að breyta lögum um samvinnufélög til nútímahorfs eins og ráðherra komst hér að orði í lok ræðu sinnar. Menn hafa lengi daufheyrst við þessu. Nú er þó komin hreyfing á þetta

mál með frv. sem er fyrir margra hluta sakir þess virði að skoða það. Það situr þess vegna síst á mér að vekja á því máls hér að það sé nú varla hægt að ætlast til þess að hv. efri deild geti á kannski einum til tveimur starfsdögum lokið við afgreiðslu þessa máls ofan á öll önnur. Ég held að það yrði nú dálítil hrákasmíð á því og þess vegna efast ég um að það takist að lögfesta þetta frv. nú og tel það mjög miður farið.

Ég held að það þurfi að ræða betur við samvinnumenn. Ég veit ekki hverjir kalla sig sérstaklega samvinnumenn lengur. Samvinnufélögin eru að breyta sér í nýtt form sem raunar var rætt um allar götur síðan 1971. Á mikilli ráðstefnu þá í Bifröst á vegum Stjórnunarfélagsins áttum við, þáverandi formaður Sambands ísl. samvinnufélaga og ég, í töluverðum orðaskiptum um skipulag samvinnufélaga og almenningshlutafélaga. Ég hygg að við höfum nokkurn veginn verið að tala um sama hlutinn þá en það var ekki grundvöllur fyrir því í samvinnufélögunum á þeim tíma að breyta félögunum í nútímaleg fyrirtæki. Sem betur fer hefur það verið að gerast að undanförnu án lagabreytinga. Gömlu lögin frá 1921 hafa verið í gildi að grunni til. Þetta hefur nú tekist þó ekki væri komin þessi löggjöf en hins vegar auðvitað almenn umræða úti í þjóðfélaginu, sem hefur verið hin ágætasta, þegar menn fóru að átta sig á því að þetta gamla samvinnufélagaform var staðnað og gat ekki leitt til góðs hvorki fyrir félögin sjálf né viðskiptamenn þeirra eða svokallaða eigendur. En það er nú mikið álitamál hverjir teljist eigendur að samvinnufélögum. Eignarréttur þar er óbeinn ef hann er einhver. Félögin hafa verið nokkurs konar sjálfseignarstofnanir og goldið þess að það var ekki hægt að koma við hreyfingum eða menn töldu sér trú um að það væri ekki unnt, t.d. ekki að breyta þessum félögum í hlutafélög hvort sem þau voru kölluð því nafni eða einhverju öðru.

Ég fagna því að það er skriður kominn á þessi mál en ég er hræddur um að það endist hvorki mér né öðrum tíminn til þess að gera breytingar á frv., en við skulum sjá hvað setur. Um síðir er komið þetta frv., hefði auðvitað átt að koma í þingið fyrir 20–30 árum þegar hlutafélagalögunum var breytt. Árið 1978 var líka vakið á því máls að ekki mætti bíða lengur að breyta samvinnufélagalögunum til samræmis við hlutafélagalögin, sem eru hin merkasta löggjöf þar sem er sælst til fanga bæði í skandinavíurétti, engilsaxnesku réttarfari og félagarétti Bandaríkjanna t.d. og annarra þjóða, ekki bara okkar nágranna á Norðurlöndunum, sem hafa líka búið við heldur ófullkomna hlutafélagalöggjöf þar til á seinni tíð. Við reyndum lengi að hafa hliðsjón af þeirra löggjöf og okkar menn unnu í norrænum samstarfsnefndum um langt skeið. Löggjöf hinna Norðurlandaþjóðanna var ekki mikið merkilegri en okkar og við höfðum tiltölulega lítið til þeirra að sækja en við samþykktum sem sagt lög nr. 22/1978. Þau lög eru að meginefni í gildi enn þá. Á þeim hafa verið gerðar nokkrar leiðréttingar og menn hafa aðlagað sig breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu, t.d. þeirri þróun sem er að verða á hlutabréfamarkaði og í fjármálalífinu almennt. Þetta varð að gerast hjá samvinnufélögunum líka og hefur verið að gerast að undanförnu. Ég fagna því öllu saman og enginn skoði orð mín svo að ég vilji ekki reyna að koma þessu máli áleiðis á einum eða tveimur sólarhringum en ég er ekki sannfærður um að það verði til bóta að lögfesta það í einu og öllu eins og það nú kemur til okkar, en við sjáum til.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju með að þetta frv. skuli vera komið fram í þinginu og að það skuli nú vera komið til hv. efri deildar. Ég get tekið undir þau orð hæstv. ráðherra að nú væri verið að færa samvinnufélögin í nútímabúning. Er það mjög mikilvægt og satt að segja tími til kominn því að það hefur staðið rekstri samvinnufélaga mjög fyrir þrifum hversu úrelt lög hafa gilt um þau.

Ég ætla ekki að ræða efnislega mikið um frv. Ég hef kynnt mér það allvel og tel að það hefði kannski verið ástæða til þess að gera fleiri breytingar heldur en gerðar voru á því í neðri deild. En kannski eru þær ekki svo stórvægilegar að ástæða sé til að hafa mörg orð um það. Ég vil þó segja í sambandi við það bráðabirgðaákvæði sem samþykkt var í neðri deild og fjallar um innlánsdeildir að þar hefði mér þótt eðlilegra að fella út úr frv. um leið ákvæði þess efnis að innlánsdeildir skyldu lagðar niður eða að gildistími þeirra sé einungis til ársloka 1995. Mér hefði þótt eðlilegra að ákvæðið um innlánsdeildir hefði verið fellt út úr frv. og einungis verið fjallað um þær í ákvæðinu til bráðabirgða. Á þann hátt tel ég að samningsstaða kaupfélaganna, t.d. gagnvart bönkum, væri sterkari og eins væri þá meiri þrýstingur á viðkomandi nefnd að ná samkomulagi fyrir þann tíma sem henni er gefinn í frv. Þetta vildi ég nefna hér við 1. umr. ef hæstv. ráðherra vildi kannski segja sitt álit á þessu efni.

Ég geri mér grein fyrir því að það þarf að færa innlánsdeildirnar í nútímaform og hef ekkert við það að athuga í sjálfu sér en þetta hefði mér þótt æskilegra og einmitt rök fyrir því að sparisjóðafrv. er látið liggja.

Ég geri mér vonir um að hv. fjh.- og viðskn. taki þetta mál fljótt til umfjöllunar og að hægt verði að samþykkja það á þessu þingi þar sem, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, þau lög sem nú eru í gildi eru að stofni til frá árinu 1921 og það sér hver maður að okkar þjóðfélag er orðið ærið breytt frá þeim árum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Norðurl. e., að það sé sannarlega tími til kominn að færa samvinnuhreyfinguna í nútímabúning. Ég tek líka undir þau ummæli að það sé sannarlega tími til kominn að þau úreltu ákvæði, ég held að hv. þm. hafi notað orðið úreltur í því sambandi, sem gilt hafa um innlánsdeildir kaupfélaga, að það sé íhugað hver sé staða innlánsdeildanna út frá sjónarmiði þeirra sem eiga inneignir sínar í innlánsdeildum. Það er svo um margvísleg lög sem einkanlega lúta að bændum, að það er þrýst á þá að versla við tilteknar afurðastöðvar, ef svo má segja, með þeim

hörmulegu afleiðingum að einstaklingar hafa verið að tapa verulegum fjárhæðum einmitt hjá samvinnufyrirtækjum. Vegna þess að innra eftirlit með rekstri slíkra félaga hefur verið ónógt og vegna þess að þessi hreyfing hefur frá fornu fari haft um sig einhvern hugsjónablæ sem veldur því að rekstur samvinnuhreyfingarinnar í heild sinni hefur ekki verið í því horfi sem ella mundi ef litið hefði verið til þessara félaga eins og hverra annarra rekstrareininga sem starfa úti á hinum frjálsa markaði. Það hefur oft borið við hér í sölum Alþingis að einstakir þingmenn hafa hreyft því að tími sé til þess kominn að endurskoða löggjöf um samvinnuhreyfinguna en viðbrögð hafa jafnan verið á eina lund, einhvers konar óljós tilfinning um að þetta sérstaka félagsform eigi að lúta öðrum lögmálum en önnur. Samsvarandi ákvæði er nú að finna í húsnæðislöggjöfinni og í búsetalögunum sem Alþfl. hefur sérstaklega beitt sér fyrir að lögfesta. En ýmislegt í sambandi við þá löggjöf er óljóst. Á hinn bóginn er enginn vafi á því að margir þeir sem eignast munu húsnæði á þeim kjörum eiga eftir, ég segi nú ekki að vakna upp við vondan draum því að þetta fólk býr auðvitað við allt önnur kjör á húsnæðismarkaði en aðrir, vildarkjör sem greidd eru niður af ríkinu, en það mun koma í ljós að þetta fólk hefur ekki þann rétt gagnvart búsetafélögunum sem það býst við að hafa.

Þegar frv. eins og þetta er til umræðu er sjálfsagt að velta því fyrir sér hvers vegna löggjafinn skuli enn þann dag í dag taka eitt félagsform fram yfir annað. Hvernig í ósköpunum skyldi standa á því? Ef það er skynsamlegt þegar við tölum um rekstur á smásöluverslun, rekstur á sláturhúsi eða eitthvað þvílíkt, að gefa þeim einstaklingum sem standa að rekstrinum kost á því að leggja eitthvað á sig til þess að auka eignarhlut sinn og með þeim hætti styrkja eiginfjárstöðu og um leið lausafjárstöðu viðkomandi fyrirtækis, hvers vegna skyldi þá ekki líka vera eðlilegt að einstaklingarnir geti gert hið sama þegar um félag er að ræða sem hefur það fyrir markmið að eiga og reka húsnæði og leigja með góðum kjörum, eins og unnt er, þeim sem í slíku húsnæði búa?

Í húsnæðislöggjöfinni kemur þannig fram þessi oftrú á samvinnuhreyfinguna, sem mér heyrist hæstv. iðnrh. vera nú fallinn frá í sambandi við samvinnuhreyfinguna í heild, og vona ég að þetta frv. sé merki þess að Alþfl. sé nú að vakna til lífsins um að það sé affarasælast að Íslendingar búi við fullkomið jafnræði í húsnæðismálum og að þar sé ekki verið að umbuna einu rekstrarformi fram yfir annað með þeim hætti að þegar fram líða stundir er augljóst mál að hvers konar persónulegt pot og persónuleg hagsmunagæsla muni eiga sér stað innan þvílíkra félaga.

Ég mun að sjálfsögðu um leið og þetta frv. verður komið til nefndar leggja áherslu á að fjh.- og viðskn. taki sér þann tíma sem hún þarf til þess að athuga frv. Ef svo fer að ekki vinnst tími til þess að afgreiða frv. og athuga það efnislega eins og nauðsyn ber til á þessum tveim eða þrem dögum sem eftir lifir þinghaldsins er að sjálfsögðu ekki við Alþingi að sakast. Það er á valdi ríkisstjórnar hversu fljótt hún leggur mál fyrir Alþingi. Það er á hinn bóginn skylda alþingismanna að athuga rækilega og til hlítar hvort viðkomandi frv. sé nægilega vel undirbúið. Sérstaklega þykir mér ástæða til að taka undir þau ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e. að það sé nauðsynlegt að athuga mjög rækilega hver sé staða innlánsdeilda kaupfélaganna. Ég get fallist á að það þurfi að gera það út frá hagsmunum samvinnuhreyfingarinnar í heild en ég vil líka leggja áherslu á að nauðsynlegt er að athuga rækilega stöðu innlánsdeilda út frá hagsmunum þeirra sem viðskipti eiga við þær.

Ég hef áður vakið athygli á því hér á Alþingi að þau afurðalög sem nú eru í gildi eða réttara sagt sú venja sem hér hefur skapast um afurðalánaviðskipti í samvinnuhreyfingunni hefur valdið því að einstaklingar hafa tapað verulegum fjárhæðum. Oft á tíðum það fólk sem síst skyldi og hef ég um það mjög sorgleg dæmi frá kaupfélögum sem hafa orðið gjaldþrota upp á síðkastið. Ég er ekki með þessum orðum mínum að halda því fram að það sé vegna þess að þessi sérstöku samvinnufélög hafi verið illa rekin. Ég er á hinn bóginn að undirstrika það, sem hér hefur áður verið sagt, að löggjöfin um samvinnuhreyfinguna er löngu orðin úrelt og hygg ég að við sjálfstæðismenn upp til hópa höfum verið búnir að viðurkenna það fyrir mannsaldri eða svo.

Ég vil vekja sérstaka athygli á að samvinnuhreyfingin var á sínum tíma stofnuð til þess að annast um afurðasölu fyrir bændur. Nú er svo komið í ýmsum héruðum að bændur, sauðfjárbændur, sjá hag sínum betur borgið með því að stofna hlutafélag um reksturinn en með því að halda rekstrinum áfram í samvinnuformi. Skýringin á því er auðvitað sú að lítil hlutafélög af þessu tagi eru miklu tengdari framleiðendum en hægt er að hugsa sér í sambandi við opin samvinnufélög. Einstaklingarnir njóta þess til fullnustu ef hægt er að ná niður sláturkostnaði í slíkum félögum. Þeir njóta þess til fullnustu ef hægt er að draga úr kostnaði við skrifstofuhald og yfirbyggingu, eins og sagt er. Og þeir hafa að sjálfsögðu fullan hag af því ef fyrirtæki skilar arði. Þá fá þeir þvílíkan arð greiddan út ef þeim þykir skynsamlegt en geta á hinn bóginn líka beitt ákvæðum skattalaga til þess að varðveita sparnað sinn í hlutabréfaformi innan slíkra fyrirtækja.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil kannski að lokum, herra forseti, aðeins undirstrika að í sumum héruðum hefur rekstur samvinnufélaga, t.d. Kaupfélags Eyfirðinga, verið mjög til fyrirmyndar og má raunar segja að þeir kaupfélagsstjórar sem þar hafa verið fram að þessu hafa hver með sínum hætti haft mikil áhrif á þróun héraðsins og þeim hefur tekist að reka það fyrirtæki með miklum myndarskap sem er til mikillar fyrirmyndar um allan rekstur.

Það er því ekki ástæða til að taka þessi orð mín þannig að ég sé að fordæma samvinnurekstur. Það sem ég er einungis að taka undir er að það var löngu tímabært að færa lögin um samvinnufélög til nútímahorfs. Hið sama gildir auðvitað um sparisjóði, eins og ég skildi hv. 5. þm. Norðurl. e. að hann væri mér sammála um, og vil þess vegna endurtaka það sem ég

sagði, að ég legg áherslu á að fjh.- og viðskn. taki þetta frv. til efnislegrar skoðunar og í fullri alvöru taki þeim leiðbeiningum sem komið hafa fram nú við umræðuna, m.a. frá 5. þm. Norðurl. e., að nauðsynlegt sé að kanna stöðu innlánsdeildanna og hvernig þau ákvæði sem í frv. eru snerta hagsmuni samvinnuhreyfingarinnar og þá auðvitað um leið þeirra sem í samvinnuhreyfingunni vilja vinna og eiga hagsmuni sína undir því að rekstur slíkra fyrirtækja gangi vel.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér í hv. efri deild. Hér hafa aðallega tvö atriði verið til umræðu. Annars vegar sú staðreynd að með þessu frv. er staða samvinnufélaganna bætt og því félagsformi gefið jafnræði gagnvart hlutafélögum. Það er að sjálfsögðu megintilgangur frv. Hitt atriðið er staða innlánsdeildanna og sú bráðabirgðalausn sem hv. neðri deild hefur gert tillögu um. Ég vil taka það fram að ég hefði kosið að ljúka því máli til fulls með lagasetningu nú, en skil vel og get fallist á þá tillögu sem hv. neðri deild komst að niðurstöðu um, þ.e. fela nefnd að semja um þetta tillögur en hafa engu að síður það ákvæði að innlánsdeildirnar falli niður í árslok 1995. Ég tel þetta hyggilegan málatilbúnað. Það er á því mikil nauðsyn að sömu öryggisákvæði gagnvart innstæðueigendum gildi um innlánsdeildir kaupfélaganna og gilda um aðrar innlánsstofnanir. Það er líka ljóst að í högum sumra kaupfélaganna eru innlánsdeildirnar mikilvægur farvegur fyrir sparifé félagsmanna og rekstrarfé félaganna. Allt þetta þarf að athuga og þess vegna held ég að sú tilhögun sem hv. neðri deild hefur hér ákveðið fyrir sitt leyti sé stuðnings verð. Ég vildi að endingu segja það að fjh.- og viðskn. þessarar deildar hlýtur að sjálfsögðu að taka frv. til efnislegrar meðferðar en ég ítreka það, sem kom fram í framsöguræðu, að ég tel það mikilvægt að þessi lög verði sett og að löggjöfinni um samvinnufélögin verði komið í nútímahorf og félögunum þannig gefinn kostur á að dafna og eflast þeim héruðum til hagsbóta þar sem þau starfa.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er einmitt þetta atriði sem ég hygg að við 5. þm. Norðurl. e. höfum bæði haft í huga og hæstv. ráðherra vék að með mjög skýrum hætti. Ýmsum kaupfélögum hættir til að líta á innlánsdeildirnar sem mikilvægan farveg fyrir rekstrarfé en láta hitt aftur sitja á hakanum hvort féð sé nægilega tryggt og nægilega vel ávaxtað. Það gengur auðvitað ekki að ákveðinn félagsskapur geti með þeim hætti ávaxtað sparifé verr en ella, af því að félagsmenn í viðkomandi samtökum leggja fé sitt inn hjá slíkum innlánsstofnunum í góðri trú. Þetta er úrlausnarefni sem við þurfum að taka á og ég er þeirrar skoðunar að það sé brýnt að reyna að ná samkomulagi um hvernig hægt sé að draga úr þeirri óvissu sem sumir eigendur sparifjár í innlánsdeildum standa frammi fyrir þannig að það gerist ekki fleiri slys á þann veg að einstaklingarnir tapi á þann hátt sínu sparifé og sínu rekstrarfé.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 451. mál (hámark frádráttar, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 850.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í umræðum í gær er þetta frv., 451. mál, fylgifrv. með frv. sem felur í sér breytingar á lögum um tekjuskatt. Þetta frv. felur í sér breytingar á nokkrum tölustærðum og er flutt til þess að breyta árlegum fjárhæðum frádráttarliða þar sem mönnum eru heimilaðar ákveðnar upphæðir til frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnulífinu.

Í sjálfu sér er ekki mikið meira um þetta frv. að segja. Það verður tekið til meðferðar ásamt 450. máli. Mælist ég til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Mannanöfn, ein umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 837, frhn. 890, brtt. 891.

Frsm. menntmn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Menntmn. Ed. hefur á ný fjallað um frv. til laga um mannanöfn eftir þá breytingu sem hv. Nd. gerði á því. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra Þjóðskrár og Guðrúnu Kvaran, ritstjóra Orðabókar Háskólans.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Aðalbreyting nefndarinnar felst í því að fellt er brott ákvæði um millinafn, en millinafn er í eðli sínu ígildi ættarnafns og með slíku ákvæði væri því verið að opna fyrir upptöku nýrra ættarnafna.

Þetta er meginatriðið í breytingu hv. Nd. og menntmn. Ed. er algerlega andvíg henni. Með þessari breytingu er líka ljóst að ósamræmi er í lögunum og hlutverk mannanafnanefndar yrði næsta erfitt. Hún á að fylgjast með því að nöfn falli vel að íslensku nafn- og málkerfi. Komi til ágreinings milli nefndar og þess sem gefa vill barni nafn getur sá síðarnefndi kosið að það nafn sem nefndin telur óæskilegt verði notað sem millinafn og er það þá utan verksviðs nefndarinnar. Með

þessari breytingu væri hægt að gera nefndina óstarfhæfa.

Umrædd millinöfn fengju jafnt drengir sem stúlkur og yrðu þau þá mjög oft brot á 2. mgr. 2. gr. þar sem segir að hvorki megi gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn. Allstór hluti nafna þeirra sem óskað er eftir eru karlmannsnöfn með brottfelldri nefnifallsendingu. Þau eru í flestum tilvikum óbeygð og gætu orðið fyrsti vísir að riðlun beygingarkerfisins eins og fram hefur komið í öðrum löndum. Þau gætu því í tímanna rás orðið íslenskri tungu verulega hættuleg.

Fram til þessa hefur ásókn í millinöfn verið mest hjá þeim sem ekki gátu látið börn sín bera ættarnöfn fjölskyldu sinnar þar sem ættarnöfn erfðust eingöngu í karllegg. Skv. 9. gr. frv. ganga ættarnöfn nú jafnt í karllegg sem kvenlegg og er því þessi vandi leystur.

Í vaxandi mæli hefur borið á því að menn gefi börnum sínum sama millinafnið í þeim tilgangi að nota það sem ættarnafn með því síðar að fella kenninafn niður. Þar með fara menn aftan að lögunum og eru áður en varir búnir að koma sér upp nýju ættarnafni. Þess vegna flytur nefndin brtt. við 2. gr. frv. eins og það kom frá Nd. um að 4. og 5. mgr. þeirrar greinar falli brott.

Við 10. gr. flytur nefndin einnig brtt. um að færa hana í svipað horf og var áður, þ.e. að setja inn 2. mgr. upphaflegu greinarinnar í frv. Hún var sett inn í frv. til þess að Íslendingum yrði ekki mismunað. Alkunnugt er að konur og börn nota oft erlendis kenninafn maka síns af hagkvæmnisástæðum. Verði þeim eftir heimkomu leyft að nota áfram kenninafn maka og föður hefur nýtt ættarnafn verið heimilað. Þeir sem ekki eiga heimangengt sitja þá við annað borð en þeir sem eiga þess kost að dveljast erlendis um tíma við nám og störf. Þess vegna leggjum við til að upphaflega 2. mgr. 10. gr. komi hér inn á ný.

Fjarverandi fund nefndarinnar var Eiður Guðnason en aðrir nefndarmenn skrifa undir þetta nál. um að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér nú rakið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Aðalatriðið í brtt. menntmn. er að við teljum að það geti ekki talist skynsamlegt frá neinu sjónarmiði að rýmka heimildir fyrir því að ný ættarnöfn séu upp tekin, og er auðvitað fullur skilningur á því meðal þeirra nefndarmanna einnig sem bera slík eftirnöfn. Ég geri ráð fyrir því að fleiri en ég hafi velt því fyrir sér á unglingsárum hvort rétt þætti að halda ættarnafni eða kenna sig við föður sinn. Ég býst við að það hafi haft áhrif á fleiri en mig að það var visst tilfinningamál, ekki kannski hjá foreldrum en hjá ýmsum ættingjum að ættarnafni væri haldið og þess vegna gerir fólk það, líka vegna þess að það er alið upp við það frá blautu barnsbeini og er jafnan viðkvæmt mál að skipta um nafn, ganga undir öðru nafni. En hitt er auðvitað fráleitt að löggjafinn leggi á sig sérstakt erfiði til þess að greiða fyrir því að sá siður verði almennur hér á landi að fólk beri ættarnöfn eins og er í nálægum löndum.

Ég vil þess vegna taka undir það sem formaður menntmn. sagði að ég tel það brýnt að frv. verði fært í sitt fyrra horf að þessu leyti og vil mega stuðla að því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 891,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 891,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 891,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu, 3. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 849.

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Það kom fram við 2. umr. þessa máls að 2. minni hl. getur ekki fellt sig við það frv. sem hér er verið að taka til afgreiðslu við 3. umr. af þeirri einföldu ástæðu að við erum ekki sammála því að það eigi að skjóta sér á bak við ríkisrekið happdrætti til þess að afla tekna til kaupa á svo mikilvægu tæki sem þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Allir eru sammála um að það er brýn þörf á nýrri þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna, en við erum ekki sammála um hvaða leiðir eigi að fara til þess að kaupa þessa þyrlu. Það hefur komið fram í störfum nefndarinnar að þeir aðilar sem upphaflega fóru af stað með þetta frv., reyndar í öðru skyni en beinlínis til að kaupa björgunarþyrlu, eru komnir út úr þessu frv., þeir eru settir út í kuldann. Nú er búið að breyta frv. þannig að það er einungis ríkið sem ætlar að reka happdrætti til þess að afla tekna til kaupa á björgunarþyrlu. Þetta getum við ekki sætt okkur við, jafnvel þó að sett yrði í fjárlögin heimild til að taka lán með þessu skilyrði. Þess vegna höfum við tekið það ráð að leita samkomulags um að það verði sett ákvæði inn í lánsfjárlögin sem eru í meðferð Nd. og við vitum að eiga eftir að koma hér aftur til Ed. Þar verður sett inn ákvæði án skilyrða um lántöku þannig að hægt sé að vinda sér í að semja um kaup á slíkri þyrlu.

Við höfum gert ráðstafanir til þess að fulltrúar okkar í fjh.- og viðskn. Nd. flytji brtt. við frv. þessa efnis, jafnframt að reynt verði að leita samstöðu um það mál innan nefndarinnar. Og nú liggur það fyrir, ég hef staðfestar heimildir fyrir því, að hæstv. fjmrh. hefur fallist á að setja inn í lánsfjárlögin heimild upp á 100 millj. kr. til kaupa á björgunarþyrlu. Ég bið hv. deildarmenn að taka nú eftir því sem ég segi. Hann hefur fallist á að þetta verði gert án nokkurra skilyrða um happdrætti til þess að afla tekna í þessu skyni. Það liggur sem sagt fyrir að það verður sett inn í lánsfjárlögin heimild án skilyrða um happdrætti til kaupa á þessari þyrlu og staðfest af hæstv. fjmrh. sjálfum að

svo verði gert. Þess vegna vil ég fara fram á það, hæstv. forseti, að annaðhvort verði þetta frv. hreinlega látið liggja eða dregið til baka eða að málinu verði frestað til morguns þar til fyrir liggur að staðið verði við þetta sem ég var að segja, þ.e. að þetta muni koma fram í frv. til lánsfjárlaga.

Frsm. 1. minni hl. allshn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Það eru mjög mikilvægar upplýsingar sem hafa komið fram hér í þessari umræðu um orð og yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um að án skilyrða verði sett heimild inn í lánsfjárlög um 100 millj. kr. til þess að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu.

Afstaða okkar í Kvennalistanum til þessa happdrættis hefur komið skýrt fram í umræðum fyrr um málið. Við teljum það óverjandi með öllu að verið sé að láta lotterí ráða því hvort og hvenær þyrla verður keypt. Við erum á móti þessu ákvæði í fjárlögum þar sem segir að til þurfi að koma önnur fjáröflun, m.a. happdrætti. Það er með öllu óverjandi fyrir þjóð sem byggir alla sína tilveru á því sem úr hafinu kemur að hafa ekki nauðsynleg björgunartæki fyrir það fólk sem er reiðubúið til að vinna störf úti á sjó. Ég tíundaði nánar við 2. umr. um málið hin fjölmörgu önnur hlutverk sem björgunarþyrlan gegnir, hvernig hún hefur margsannað gildi sitt. En ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, 6. þm. Reykn., um að gefinn verði frestur til þess að afgreiða þetta mál þangað til fyrir liggur alveg endanlega með hvaða hætti sú tillaga verður afgreidd sem hefur verið boðuð af hálfu hæstv. fjmrh. í lánsfjárlagafrv. sem nú er til umfjöllunar í hv. Nd.

Það er ljóst að happdrættið sem hér er verið að leggja til að sett verði á stofn er með öllu óútfært. Það liggja engar áætlanir fyrir um hvernig það skuli skipulagt og hvaða fjármuni það kunni að gefa. Ég held því að sú niðurstaða sem nú virðist liggja fyrir ætti að vera sú niðurstaða sem allir þingmenn geta sameinast um vegna þess að hér er þó örugglega verið að leggja fram heimild til að taka lán að upphæð 100 millj. kr.

Ég ítreka það enn og aftur að kaup á björgunarþyrlu á að fjármagna úr sameiginlegum sjóðum þessarar þjóðar og það þarf að hraða því að þyrlan verði keypt.

Frsm. meiri hl. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur spunnist við 3. umr. þessa máls kemur mér verulega á óvart. Hér er því haldið fram að fjmrh. hafi sagt þetta eða hitt og getsakir um hvað hann muni gera og hvað hann hafi sagt. Það vildi þannig til að ég átti tal við fjmrh. og spurði hann hvað hann hygðist gera í þessu máli. Hann sagði að að sjálfsögðu væri sú lánsheimild sem komin er inn í lánsfjárlög nú háð því að happdrætti þetta mundi verða sett á stofn. Og það er ágætt að fjmrh. er kominn hér í salinn til þess að staðfesta þessi orð mín, að forsendan fyrir því að hægt sé að nýta þá lánsfjárheimild sem verður sett inn í lánsfjárlögin, þ.e. að happdrætti eða fjármögnun með öðrum hætti verði að veruleika á þessu þingi.

Þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði við 2. umr. að ég tel það mjög nauðsynlegt að frv. þetta verði afgreitt héðan úr Alþingi ef við eigum að panta þyrlu á þessu ári.

Ég hef aldrei verið á móti því að fá heimild í lánsfjárlög fyrir kaup á þyrlu að því tilskildu að áður verði komin um það staðfesting frá þinginu hvernig á að standa að því að greiða lánið til baka. Hins vegar virðist það því miður allt of oft vera gert og ríkisstjórnir og þingmenn gagnrýndir fyrir það að velta vandanum yfir á komandi kynslóðir. Ég er algerlega á móti slíkri pólitík og vil beina því til sjálfstæðismanna hvort þeir muni taka upp þá stjórnarstefnu þegar þeir koma til valda, hvort það sé liður í því að ná niður fjárlagahallanum, að setja allt sem á að framkvæma á lánsfjárlög til þess að geta sýnt góðan eða lítinn halla ár hvert.

Við verðum að geta staðið undir þeirri eyðslu sem við höfum ákveðið að standa að. Ég er alveg sammála því að þyrlu þurfi að kaupa. Þess vegna hef ég staðið í þessu máli með þeirri hörku sem mér hefur verið borin á brýn, fórnað björgunaraðilum úr þessu frv. til þess að ná því meginmarkmiði að hér skuli verða keypt þyrla. Það er aðalatriði málsins. Það er það sem við hljótum að stefna að. Hins vegar er síðan spurningin hvernig skuli standa að þessu máli. Það er alveg ljóst í fjárlögunum hvernig skuli standa að málinu. Það á að gera með því að koma með einhverja fjáröflun á móti. Það verður ekki gert með því að setja inn á lánsfjárlög heimildir til þess að kaupa þyrlu, heldur verði það gert annaðhvort með sköttum, eins og sumir hafa viljað leggja til, nýjum sköttum, eða þá með öðrum hætti eins og hér er lagt til, að stofnað verði til happdrættis til þess að kaupa þyrluna.

Þetta vildi ég að kæmi fram en ég vil einnig beina því til fjmrh. hvernig hann líti á þá breytingu á lánsfjárlögum sem nú er ráðgerð í hv. Nd. Er þar uppfyllt það skilyrði í 6. gr. fjárlaga að þar sé komin sú fjármögnun sem til þarf til að kaupa þessa þyrlu eða er nauðsynlegt að þetta happdrætti verði sett á stofn til þess að hægt verði að kaupa þyrlu?

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég hugsa að það mál sem verið er að fjalla um hér, þ.e. kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna, sé eitt af þeim málum sem hefur verið hvað mest rætt um í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum og jafnvel árum. Þörfin á því að byggja upp þyrlubjörgunarsveit sem gæti við flestar aðstæður haft möguleika á því að koma til aðstoðar þegar slys bæri að höndum er mjög brýn.

Við höfum verið það lánsöm að björgunarþyrlunni sem Landhelgisgæslan á hefur tekist að bjarga við erfiðar aðstæður heilum skipshöfnum úr strandi. Og sem betur fer hefur það ekki komið að sök þó þyrlan hafi verið ein við þessar aðstæður. En þeir sem hafa unnið við björgunina og þeir sem hafa fylgst með björguninni hafa gert sér grein fyrir því að oft hefði getað munað litlu og hve mikil nauðsyn er á að við ættum aðra þyrlu til að grípa inn í ef á þyrfti að halda og til að styrkja aðstöðuna við þær aðstæður sem ég hef nefnt.

Á hv. Alþingi koma menn í þennan virðulega ræðustól og segja: Við erum alveg sammála því að fjármagna þyrlukaup og við þurfum að kaupa þyrlu og það er skömm fyrir íslensku þjóðina, sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi, vitandi um þá slysahættu sem fylgir þeirri atvinnugrein, að vera ekki með aðra þyrlu en þá sem við eigum. Óverjandi fyrir þjóð sem býr við þær aðstæður. Og ýmiss konar önnur orð höfð því tengd.

Hér á þinginu í vetur hafa verið umræður um það að vinna að þessum þyrlukaupum með því að stofna happdrætti. Meiri hl. allshn. þessarar hv. deildar hefur orðið sammála um það að leggja til að þetta happdrætti, sem áður var talað um að skyldi skiptast á milli margra aðila, skuli verða eingöngu til styrktar kaupum á þyrlu, m.a. vegna þess að við teljum það nauðsynlegt að slík samþykkt sé gerð hér í hv. deild og lög samþykkt um það í báðum deildum, eins og formaður nefndarinnar nefndi, vegna þeirra skilyrða sem eru í fjárlögum í sambandi við heimild fyrir ríkisstjórnina að kaupa þyrlu, að um aðra tekjustofna sé að ræða.

Nú hafa menn sagt það hér að ekki sé hægt að hugsa til þess að fjármagna þessi kaup með einhverju lotterí og hafa haft um það ýmis orð, bæði hér í hv. deild og víðar. Það er nú bara svo að við Íslendingar höfum þurft að búa við það að fjármagna ýmsa hluti með lotteríi. Það væru kannski miklu færri með háskólapróf innan dyra Alþingis ef við fjármögnuðum ekki stóran hluta af byggingum Háskóla Íslands með lotteríi og höfum ekkert skammast okkar fyrir.

Við höfum haldið uppi þjónustu við gamalmenni í landinu með lotteríi. Við höfum ekkert skammast okkar fyrir og talið sjálfsagt. Við höfum gefið þjóðinni tækifæri til þess að stuðla að uppbyggingu þessara þátta og fleiri. Ekki skulum við gleyma SÍBS, berklasjúklingum. Þurfum við eitthvað að skammast okkar fyrir að hafa gert það? Ég held að það sé langt frá því. Og það er bara sjálfsagt við þær aðstæður sem nú eru að gefa okkur Íslendingum tækifæri til þess að stunda enn lotterí og styrkja með því gott málefni.

Ef þingmenn eru á því að þetta sé ekki góður kostur þá skulum við leita einhverra annarra ráða. Hér hafa t.d. komið fram tillögur um að taka lán til þessara kaupa, sem ég ætla ekki að leggjast gegn og tel bara sjálfsagt ef möguleiki er á að gera það, þó að við vitum að það þarf alltaf að borga lán. Og hér hefur verið nefnt í deildinni að við eigum að taka þetta úr okkar sameiginlegu sjóðum, ekki gera það með lotteríi. Þegar er talað um að gera það úr sameiginlegum sjóðum, þá er það úr ríkiskassanum og þá þurfum við að afla tekna í ríkiskassann til þess að greiða þetta.

Ég ætla að leyfa mér að leggja hér fram tillögu um það að við leysum þetta mál að meginhluta til með því að leggja á sérstakan skatt. Þannig getum við staðið að því að fjármagna þyrlukaupin á næstu fjórum árum. Ég legg fram tillögu um að ákvæði til bráðabirgða komi til viðbótar við það frv. sem við erum að fjalla um hér og það ákvæði orðist þannig:

„Einstaklingar og lögaðilar skulu greiða af almennum eignarskattsstofni, sem greiðist af 1,2% eignarskattur, sbr. 83. og 84. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, 0,07% í sjóð til kaupa á björgunarþyrlu. Kemur eignarskatturinn til framkvæmda við álagningu gjalda fyrir árin 1991–1994.“

Ég er að leggja hér til að þeir sem borga eignarskatt greiði 0,07% á næstu fjórum árum til þessara kaupa. Það eru 150 millj. kr. á ári eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um í fjmrn. Með þessu móti fengjum við 600 millj. kr. og ef við erum að tala um að við eigum ekki að vera með lotterí og við eigum ekki að taka lán, þá er þetta eina leiðin. Ég tel að þetta sé besta leiðin sem við getum farið, en við getum verið í lotteríinu líka til þess að lofa þjóðinni að vera með, þeim sem ekki greiða eignarskatt og hinum reyndar líka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 899, sem var of seint fram komin, samþ. með 12 shlj. atkv.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um nauðsyn þess að kaupa og reka nýja þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Það er slíkt mál að ég held að við öll hér á Alþingi séum sammála því að brýna nauðsyn beri til þess að auka við þyrluflotann. Svo mjög hefur þyrlan okkar og reyndar aðrar þyrlur hér á landi sannað ágæti sitt við hinar erfiðustu aðstæður.

En ég verð að segja eins og er að mér finnst að mál sem við þingmenn erum svona sammála um séu að komast í nokkuð mikla hringavitleysu, ef ég má orða það þannig. Við samþykkjum við frágang fjárlaga að gefa ríkisstjórninni heimild, skv. 6. gr. 5.40, að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán að því tilskildu að önnur fjármögnun komi til, m.a. af happdrættisfé. Og af þeirri ástæðu og þeirri ástæðu trúlega einni flytur hæstv. dómsmrh. frv. til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák o.fl.

Þegar farið er að skoða þetta frv., þar sem átti að styrkja ýmsar björgunarsveitir og Skáksambandið, kemur í ljós að stærstu samtök björgunarsveita hér á landi, Slysavarnafélag Íslands, mælir með því að frv. verði einungis til styrktar þess að kaupa þyrlu hér á landi. Meiri hl. allshn. breytir þá frv. í þeim tilgangi í fyrsta lagi að fullnægja þeim kröfum sem eru í fjárlögunum, en allur hagnaðurinn gangi til kaupa á þyrlunni. Þetta er nú málið.

Örfáum dögum eftir að hæstv. dómsmrh. leggur þetta frv. fram er lögð fram þáltill. í Sþ. sem núna er verið að afgreiða úr hv. allshn. Sþ. þar sem ríkisstjórninni er falið að kaupa þyrlu. Og nú rífumst við um hvort það sé nægilegt að taka 100 millj. kr. lán sem er inni á lánsfjárlögum til þess að afgreiða þetta mál. Ég held að það verði að koma meira til. Það verður að upphefja eða a.m.k. að koma yfirlýsing frá fjmrh. um að ekki verði staðið fast á þessu skilyrði, sem er þó í fjárlögunum sem eru í gildi, að það skuli stofna til happdrættis. Ég held að menn ættu að halda ró sinni

og reyna að ná einhverju samkomulagi í þessu. Það næst ekki á annan hátt en þann að ríkisstjórnin eða fjmrh. fyrir hennar hönd lýsi því yfir að ekki sé nauðsyn að stofna til happdrættis til þess að fjármagna að hluta þyrlukaupin.

Það er dálítið sérstakt að vera að ræða um þetta á svona mörgum vígstöðvum í einu. Það er verið að ræða þetta í Sþ., þáltill. um sama efni, og búið er að samþykkja í fjárlögunum að gefa ríkisstjórninni heimildir til að ganga til þess að kaupa, og nú erum við að rífast um þetta eina atriði hvort á að stofna til happdrættis og e.t.v. í Nd. líka vegna þess að það kemur þar inn í lánsfjárlögin. Ég held að fjmrh. ætti nú að ganga í þetta mál og reyna að ná þinginu saman um það, sem er kannski eitt af fáum málum sem þingið er sammála um, það er að kaupa þyrlu. (**Gripið fram í:** Bara ákveða það strax.) Ja, það er þegar ákveðið, en það eru deildar meiningar um á hvern hátt eigi að framkvæma það. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. Skúla Alexanderssyni að ef menn telja þessa lántökuheimild sem er í fjárlögunum ekki nægilega og menn vilja ekki stofna til happdrættis eins og fjárlögin setja skilyrði um, þá á að sjálfsögðu að leggja á einhvern tímabundinn skatt og útvega fjármagnið á þann hátt. En mér sýnist að málið sé komið í hring í kringum sjálft sig og því eðlilegt að fjmrh. biðji um frest á þessu máli og reyni að ná þá þinginu saman um það mál sem þingmenn eru svo sammála um.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt að til þess að greiða fyrir umræðum og ákvörðunum um kaup á björgunarþyrlu var sett heimildarákvæði inn í fjárlögin. Hins vegar er það ljóst að með einhverjum hætti verður að greiða þyrluna og það má segja að um þrjár leiðir sé að ræða. Í fyrsta lagi að efna til sérstakra aðgerða eins og happdrættis. Í öðru lagi að leggja á tímabundinn skatt til þess að greiða þyrluna. Í þriðja lagi að taka peninga frá öðrum verkefnum til að borga þyrluna.

Það er auðvitað nauðsynlegt að þingið svari, ekki bara a heldur líka b í þessu máli, því að þeir tímar eiga að vera liðnir að Alþingi ákveði bara útgjöldin en sleppi því að ákveða hvernig eigi að afla tekna.

Til þess að greiða fyrir þessu máli ákvað ég eftir samræður við nokkra þingmenn þessarar hv. deildar að leggja það til við formenn stjórnarflokkanna að eftirfarandi texti kæmi inn í frumvarp til lánsfjárlaga sem verið er að fjalla um. Þar væri kveðið á um að fjmrh. væri heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að semja um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán vegna greiðslna sem kunna að falla á árið 1991, allt að 100 millj. kr. Ég taldi mig vera að gera þetta til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins hér í hv. deild. Ég var ekki þar með að taka afstöðu til þess að því frumvarpi sem hér er til umræðu yrði vísað frá eða hætt við að afgreiða það. Það var með engum hætti slík ákvörðun í mínum huga heldur eingöngu verið að greiða fyrir málinu með því að ljá samþykki mitt fyrir því að þetta færi inn í lánsfjárlögin og taka visst frumkvæði í því í tillögugerð við formenn stjórnarflokkanna.

Ég vona að þessi ákvörðun mín geti orðið til þess að greiða fyrir málinu og vona að þingið geti komið sér saman um það hvers konar fjáröflun eigi síðan að standa að baki greiðslna á þessu láni.

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég minnist þess ekki að hafa áður komið í ræðustól eftir að hæstv. fjmrh. hefur gefið mér tilefni til þess, sem einstaka sinnum hefur nú skeð, til að þakka honum fyrir hans ræðu. Það hefur þvert á móti oftast verið þannig að ég hef haft ástæðu til þess að gagnrýna hans málflutning. En mér finnst full ástæða til og ég geri það með glöðu geði að þakka honum fyrir það sem hann sagði hér. Hann staðfesti nákvæmlega það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að hann muni sjá til þess eða leggja það til við þingmenn stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn. Nd. að það verði flutt tillaga um lántöku allt að 100 millj. kr. og ekki skilyrt með því að það verði að stofna til þessa happdrættis.

Hv. 8. þm. Reykn., ég veit ekki hvort hann er farinn úr salnum, talaði um að menn ættu að halda ró sinni. Ég er alveg sammála honum um það. Mér finnst að hér sé verið að ræða svo þýðingarmikið mál sem, eins og reyndar hefur komið fram, allir eru sammála um að þurfi að koma í gegnum þingið. En við erum kannski ekki sammála um leiðina að því markmiði.

Hv. 4. þm. Vesturl. talaði fjálglega um það að ýmsar mikilvægar stofnanir í þessu þjóðfélagi hefðu verið reistar með happdrættum og við ættum ekki að skammast okkar fyrir það að ætla okkur að kaupa þyrlu fyrir happdrætti. Ég get út fyrir sig verið sammála honum um það að við þurfum hreint ekki að skammast okkar fyrir það að Háskóli Íslands hafi fengið tekjur af happdrætti, DAS og SÍBS, sem ekki eru ríkisrekin fyrirtæki, hafi gert slíkt hið sama. En nú þykir mér slæmt að hv. 4. þm. Vesturl. er ekki hérna staddur vegna þess að þetta er kannski einmitt mergur málsins. Við erum að fara í samkeppni við þessar ágætu stofnanir sem eru nú þegar með miklar áhyggjur af því að happdrættin, sem hafa gefið þeim góða tekjumöguleika í gegnum árin, eru nú farin að valda vandamálum og jafnvel tapi. Ef ég man rétt, þá kom það fram að Happdrætti SÍBS hefur tapað á sínu happdrætti 30% tekjum á sl. ári. Ég held að ég fari rétt með þetta. Það er kannski óvarlegt að fullyrða úr ræðustól það sem maður getur ekki beinlínis staðfest á stundinni, en ég held samt að þetta sé rétt hjá mér. Ég segi þetta með þeim fyrirvara. Þessir aðilar hafa allir komið á fund nefndarinnar og skýrt frá sínum áhyggjum og í raun og veru mótmælt því að það sé verið að fara af stað einu sinni enn með nýtt happdrætti og það ekki síst þar sem ríkið er að fara í samkeppni við þessa aðila, þessi frjálsu félagasamtök og aðrar stofnanir, t.d. Háskóla Íslands sem telur sig hafa einkaleyfi á peningahappdrætti. Þetta hefði ég gjarnan viljað segja í áheyrn hv. 4. þm. Vesturl. Ef við vissum að það að fara út í eitt happdrættið enn mundi skila okkur milljónum væri ekkert athugavert við það. En

þannig er málum bara ekki komið í dag. Happdrættismarkaðurinn er orðinn of mettaður. Það eru allir sem ætla að græða á happdrættisgleði Íslendinga og það eru allir um það bil að tapa á því. Þetta þekkjum við frá happdrættum eins og SÁÁ, ef ég man rétt fyrir ekki mörgum árum síðan. Þeir fóru út í stórt happdrætti og þeir töpuðu á því. Það kostar að setja á stofn happdrætti, það kostar að setja á stofn sjóðshappdrætti og það hefur aldrei komið fram, hvergi nokkurs staðar, hvaða tekjum þetta sjóðshappdrætti á að skila. Hverjar eru líkurnar á að það skili einhverjum tekjum? Hvað verður í pottinum? Það hefur bara aldrei komið fram.

Ég vil einu sinni enn minna okkur á og ítreka það að þegar þetta happdrættisfrv. fór af stað var það að frumkvæði Skáksambandsins og Flugbjörgunarsveitarinnar sem hafa nú verið sett út í kuldann og eiga ekki að fá sitt tækifæri. Það er ekki að undra þó að þessir aðilar séu ekki sáttir við meðferð á þessu máli.

Nei, ég held að við ættum að eftirláta frjálsum félagasamtökum sem hafa trú á tekjuöflun með happdrættum að taka slíka áhættu ef okkur þykir grundvöllur vera fyrir því.

Hv. 4. þm. Vesturl. lagði fram brtt. og hann var búinn að sýna mér brtt. áður. Ég reiknaði ekki með að hann mundi leggja hana fram, en nú er hún komin fram. Þá vil ég líka lýsa því að ég er ekki sammála því að hækka eignarskattinn til að afla tekna fyrir kaupum á þessari þyrlu. Ef það á að taka þetta af einhverjum tekjum ríkissjóðs í dag, að marka tekjustofn eins og sagt er stundum, væri það frekar að afmarka það að hluti af álögðum eignarskatti færi í að borga eða greiða af lánum sem yrðu tekin vegna kaupa á þyrlu. Við skulum ekki gleyma því að það eru ekki bara hátekjumenn sem eiga miklar eignir. Það vill nefnilega svo til að séreignastefnan hefur verið við lýði í þessu þjóðfélagi og það eru almennir launþegar sem hafa á sínum tíma eignast myndarlega þak yfir höfuðið. Margir af þessum aðilum eru einmitt í hópi eldri borgara. Það eru ekkjur og ekklar, svo að dæmi séu tekin, sem greiða eignarskattinn í dag og hafa tæplega tök á að standa skil á slíkum eignarskatti. Það getur vel verið að hv. 4. þm. Vesturl. telji sig hafa efni á að gera lítið úr slíku fólki. En ég er ekki sammála honum um það. Það eru líka til vel efnaðir menn sem geta vel greitt sinn eignarskatt en við skulum ekki gleyma hinum.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri. Mér þykir það slæmt að hv. 4. þm. Vesturl. var ekki viðstaddur þegar ég var nú í raun og veru að tala til hans og svara hans orðum hér áðan. Hv. 5. þm. Reykv. spurði hvort það ætti að verða stefna Sjálfstfl. að auka lántökur, ef ég man þetta rétt, um leið og hann er kominn til valda. Ég hef svar við þessu, hv. 5. þm. Reykv. Það er náttúrlega í fyrsta lagi að ég þakka honum nú fyrir að hann gengur út frá því að Sjálfstfl. verði svo sterkur eftir næstu kosningar að hann geti ráðið því hvernig þessu þjóðfélagi verður stjórnað og (Gripið fram í.) það hlýtur hann að hafa átt við, svo að ég svari þessu frammíkalli hans, að hann eigi við næstu kosningar því að við ætlum að fara að kaupa þyrluna núna og taka lánið núna og þurfum þess vegna að fara að borga strax á næsta kjörtímabili. Og ef svo skemmtilega vill til, sem er ekkert ólíklegt, að Sjálfstfl. verði einráður, þ.e. hann verði í meiri hluta á hv. Alþingi eftir næstu kosningar, þá mun það áreiðanlega koma skýrt fram að hann mun leggja sitt af mörkum til að vinda ofan af þeim gífurlega austri á fjármagni og mörgum óskynsamlegum útgjöldum sem nú þegar hafa verið á döfinni. Við munum leggja okkar af mörkum til þess að bæta þar úr. Það verður erfitt að taka við slíku búi en ég er að sjálfsögðu ekkert hrædd við það, hv. 5. þm. Reykv.

En ég vil samt sem áður segja það að ég hef í raun og veru mikla samúð með hv. 5. þm. Reykv. í þessu máli. Hann er auðvitað að sinna sinni skyldu sem formaður allshn. Hann hefur sinn húsbónda sem lagði þetta frv. fram, sem er hæstv. dómsmrh., og hann er að reyna að leysa þessi mál eins vel og hann getur. Ég lái honum það ekkert. Það dettur mér ekki í hug. Ég skil vel hans afstöðu. En ég vænti þess hins vegar að það verði hægt að komast að þeirri niðurstöðu sem hæstv. fjmrh. hefur nú staðfest að geti orðið ef þingmenn í þessari hv. deild vilja taka mark á orðum hæstv. fjmrh. Ég fór þess vegna fram á það í upphafi umræðna um þetta mál að afgreiðsla frv. yrði látin bíða þar til við sæjum hvernig þetta verði afgreitt úr fjh.- og viðskn. Nd. Þetta var fróm ósk og ég bað um það og síðan kom þetta fram hjá hv. 8. þm. Reykn. að hann var líka að fara fram á að málið yrði látið bíða í dag. Og þess vegna ítreka ég ósk mína.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég var nú að vonast til að ég þyrfti ekki að taka til máls. Ég vænti þess að formaður hv. allshn. mundi kalla nefndina saman til þess að reyna að leysa mál sem er raunar þegar leyst ef menn vilja. Það er búið að lýsa því yfir skýrt og skilmerkilega að inn í lánsfjárlög verði tekin 100 millj. kr. heimild til hæstv. fjmrh. að semja um kaup á þyrlu og taka til þess nauðsynleg lán. Og hann er búinn að lýsa því yfir, ráðherrann, ég skildi hann svo, að það standi ekkert á því að vinda að því bráðan bug að kaupa þyrlu. Það tekur auðvitað einhvern tíma að velja hana o.s.frv. Auðvitað nægir þessi upphæð ekki til að greiða þyrluna í heild. En hún nægir að sjálfsögðu til að festa kaup á þyrlu og gera undirbúningsráðstafanir þannig að enginn dráttur verði á málinu. Þyrlan kemur og full heimild er til þess. Hvort hún svo kostar 400 millj. eða 500, 600 eða 700 eða hvað það nú verður, ég sé ekki eftir því. Mér finnst það eiginlega vansæmd að við séum að rífast um það hvaðan þetta fé komi. Það kemur auðvitað úr vösum íslenskra borgara í heild hvaða leið sem valin er. Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því. En ef það er nokkuð sem við eigum ekki að víla fyrir okkur að taka erlent lán til þá er það auðvitað til Landhelgisgæslunnar og fyrst og síðast til að styrkja og treysta öryggi okkar sjómanna.

En við skulum nú líka huga að því að menn voru ekki hér fyrrum að tvínóna við það að taka lán, jafnvel erlend, til þess að eignast varðskip. Þau eru kannski lítil á mælikvarða í dag, en Íslendingar hafa

sem betur fer haft vit á því að reyna að tryggja lífsbjörg sína og réttindi og ekki verið að rífast um það hvort ætti að sjá vel fyrir Landhelgisgæslunni.

Það er nýr tími í þinginu síðustu áratugina að það er varla hægt að ræða um Landhelgisgæsluna, að sjá henni fyrir nægilegum peningum. Eftir þorskastríðin féll þetta eiginlega alveg niður og við erum öll samsek í því að láta það gerast. Landhelgisgæslan hefur aldeilis ekki lokið sínu hlutverki. Við erum að vinna stórkostleg réttindi, bæði á Reykjaneshrygg, Rockallsvæðinu og víða í kringum okkur og það er algerlega óhjákvæmilegt að verja þessi réttindi. T.d. á Reykjaneshrygg er það svo að erlendir togarar eru tugum saman, jafnvel 100 í einu að sarga þar á miðum sem við eigum og við þurfum svo sannarlega að tryggja fjárhagslegan rétt okkar.

En það er ekki aðalatriðið. Hitt er það að við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja öryggi okkar sjómanna sem afla þegar á allt er litið alls þess fjár sem við erum svo að ráðskast með hér. Þetta er fé sjómannanna og útgerðarinnar og þar með landsmanna allra og alþingismenn eiga ekki að vera að skera það niður eða setja sérstaka skatta á eða svo að ég tali nú ekki um eitthvert happdrætti. Mér finnst sem sagt að við eigum að ganga frá málinu og ég hefði talið eðlilegast að við gerðum það í nefndinni, við næðum þar heildarsáttum. Það er raunar ekkert um að sættast lengur. Það liggur fyrir að þyrlan verður keypt og málið er þess vegna í höfn. Samt vilja einhverjir fara að knýja fram atkvæðagreiðslur um happdrætti eða lotterí eftir að búið er að bjarga málinu. Málið er í höfn. Það er búið hér með yfirlýsingu ráðherrans og flutningi tillögunnar í Nd. Málinu er lokið. En það á núna að fara að vekja það upp aftur, annaðhvort með eignarsköttum, sem ekki eru nú vinsælastir, eða einhverju lotterii, sem kemur ekki fyrr en eftir mörg ár, og þyrlan þá ekki fyrr en eftir aldamót, ef hún kemur þá einhvern tíma. Að fara að vekja málið upp aftur þegar búið er að koma því í höfn fyrir nokkrum mínútum. Það liggur fyrir að þyrlan verður keypt. Fjár hefur verið aflað og þá liggur auðvitað alveg beint við að hætta þessum deilum hér og eðlilegast væri að gera það formlega í nefndinni. Ég óska þess enn við hv. formann, sem ég veit að vill nákvæmlega jafngott í þessu máli og allir aðrir alþingismenn, að við setjumst niður í rólegheitum og ræðum málið og það sé þar með út úr heiminum.

Frsm. meiri hl. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál allt er hið undarlegasta og sýnir betur en margt annað hvers konar vinnubrögð eru hér á Alþingi og hvers konar mál er verið að taka hér upp. Enginn veit neitt. Það er verið að starfa á mörgum stöðum að sama málinu og afgreiða það á mismunandi hátt. Þetta eru þvílík vinnubrögð að þau ná bara ekki nokkurri átt. Það veit enginn hvað menn vilja. Menn vilja eitt jú, menn vilja björgunarþyrlu, en menn eru að semja og samþykkja þáltill. um slíkt, menn eru að afgreiða í deildum mál um að setja af stað happdrætti um slíkt, menn eru að koma inn á lánsfjárlög heimildum til að taka lán til þess að kaupa slíka þyrlu. Þetta eru margir aðilar og hver að vinna í sínu horni og það er ekkert samræmi á milli. Síðan kemur fjmrh. með eina útgáfuna í viðbót. Ég verð að lýsa því yfir að þetta er sú dæmalausasta afgreiðsla sem ég hef nokkurn tíma vitað á nokkru máli.

Ég lýsi því hér yfir að ég kem ekki til með að starfa við þetta mál öllu frekar. Mín vegna má það leggjast niður. Það eina sem mér gekk til í þessu máli var að tryggja að þyrla yrði pöntuð á þessu ári, en síðan er fjmrh. kominn, einhverra hluta vegna sem ég hef ekki hugmynd um, með þá grillu í höfuðið að það sé hægt að breyta fjárlögunum þannig að koma fjárlagaheimildum í lánsfjárlög og tryggja málið þannig. Ef þetta er raunin þá sætti ég mig við það að sjálfsögðu. En eftir stendur að það er engin fjármögnun þó að oft hér á þessu blessaða þingi og sem lánsfjárlög bera með sér, sé alltaf verið að fresta vandanum, það er verið að ýta á undan sér vandamálunum. Menn þora ekki að taka á tekjuvandamálum ríkissjóðs. Menn eru bara að ýta vandanum til komandi kynslóða og það er enn þá verið að því. Menn verða að horfast í augu við þær staðreyndir sem eru. Við eyðum bara of miklu. Við viljum vera svo góð, við viljum styrkja öll góð málefni, en við viljum ekki setja á skatta sem nauðsynlegir eru. Og það gildir jafnt um þá flokka sem standa nú að ríkisstjórn og þá sem eru í stjórnarandstöðu þó svo að þeir sem eru í stjórnarandstöðu nú, og þá sérstaklega Sjálfstfl., lýsi því yfir að hann ætli að lækka hér skatta á næstu árum, hvernig í andskotanum sem hann ætlar að fara að því, og ég bið afsökunar á þessu orðalagi.

En það sem ég vildi til viðbótar segja í þessari umræðu er að ég taldi það henta mjög vel til að standa að fjármögnun á þessari þyrlu til að koma í veg fyrir aukna skattheimtu að gefa þeim sem vildu styðja þetta málefni kost á því að styðja það með því að kaupa happdrættismiða. Og á sama tíma erum við að koma á hér á landi öflugri björgunarþyrlu sem svo sannarlega er þörf á. En ef menn vilja fara þessa leið þá fara þeir hana að sjálfsögðu. En eins og ég sagði áðan kem ekki til með að ýta frekar á þetta mál. Ég er víst búinn að gera nóg í þessu máli og hef fengið mikla gagnrýni fyrir og ég hlýt að vera maður til að standa undir því.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

78. fundur, þriðjudaginn 12. mars, að loknum 77. fundi.

Um þingsköp.

Stjórn þingstarfa.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hlýt að óska eftir því að þessum

fundi verði slitið. Við vorum í miðri umræðu um annað mál. Ég var þar á mælendaskrá og gerði að sjálfsögðu ekki athugasemd við það að umræðunni yrði frestað vegna þess að ég taldi víst að til stæði að efna til fundar í Sþ. Það hefur verið útbýtt til okkar þingmanna dagskrá og í henni stendur að vísu að það skuli efna til fundar í Sþ. þegar að loknum fundi eða fundum í Ed. og Nd. Ég tók það svo að hugmyndin væri að ræða þar ýmis mikilsverð mál sem ekki var hægt að taka á dagskrá í gærkvöldi þar sem ráðherrar voru ekki viðlátnir og er kannski ekki í fyrsta skipti.

Nú stendur svo á um frv. til grunnskólalaga að ég hafði ekki hugmynd um að málið yrði tekið á dagskrá fundarins í dag, enga hugmynd um það. Ég hef ekki kynnt mér hvort eða hvaða brtt. hafa komið fram við þetta frv. í Nd. Ég hef þess vegna ekki haft tök á því að kynna mér hvernig málið er afgreitt frá Nd. Á hinn bóginn hélt ég að við værum hér að tala um annað mál sem varðar miklu og það er frv. til laga um happdrætti vegna björgunarþyrlu.

Ég skal ekki um það segja hvort hæstv. forseti verður við beiðni minni um það að láta dagskrá ganga fram með eðlilegum hætti, taki aftur þá dagskrá sem hér liggur fyrir en haldi áfram þeirri umræðu sem hér var í fullum gangi í dag. Nú á enn einu sinni að byrja á þessum leik sem virðist vera einhver aðaltaktur og háttur þingsins að verða, að slíta í sundur umræður þannig að þegar hinn næsti maður tekur til máls í sambandi við sjóðshappdrætti er óhjákvæmilegt fyrir hann að hafa í höndum þær ræður sem áður höfðu verið haldnar um málið, rifja upp helstu atriði þess sem þar var sagt til þess að þær athugasemdir sem þingmaðurinn gerir á síðari stigum skiljist í réttu samhengi og þingmenn átti sig á hvers vegna athugasemdir komi fram.

Ég veit að hæstv. forseti hefur á þessu fullan skilning. Ég veit líka að hæstv. forseti skilur það að við sem erum í menntmn. þurfum e.t.v. á því að halda að varpa fram vissum fyrirspurnum til hæstv. menntmrh. varðandi afgreiðslu málsins í Nd., varðandi þær umsagnir sem komið hafa fram um grunnskólafrv. Ég gerði ráðstafanir til þess í dag að fá þær umsagnir í hendur til þess að ég geti glöggvað mig á þeim fyrir 1. umr. málsins. Ég hygg að það séu ekki meira en 15 eða 20 mínútur síðan ég fékk þær umsagnir í hendur. Þeim tíma hef ég ekki varið til að kynna mér þær heldur varði ég tímanum til þess að lesa skýrslu um ríkisfjármál árið 1990 sem hæstv. fjmrh. lét dreifa hér í deildinni í dag. Ég vildi gjarnan af því tilefni fá nú, þegar ég tala um þingsköp, tækifæri til þess að taka umræðu um það plagg fram í þingsköpum því að athugasemdir af því tagi sem ég hafði við það plagg að gera eru auðvitað þingskapaumræða þar sem ekki er því til að dreifa að sérstaklega sé gert ráð fyrir því að skýrsla af þessu tagi sé rædd undir venjulegum dagskrárlið. Á hinn bóginn hefur hæstv. fjmrh. hafið umræðu í Sþ. um skýrslur sem hér hafa verið lagðar fram af Ríkisendurskoðun og ég geri mér þess vegna grein fyrir því að það kemur hæstv. fjmrh. ekki á óvart þó að ég vilji nú taka upp umræður um ríkisfjármál hér í deildinni með sama hætti og hann á sínum tíma tók upp umræður um Ríkisendurskoðun og urðu önnur þingmál að bíða á meðan.

Hæstv. ráðherra var einmitt hér í þessum ræðustól að tala almennt um Alþingi og ríkisfjármálin þegar þessari skýrslu var útbýtt. Ég tel nauðsynlegt að gefa hæstv. fjmrh. kost á því að fara nánar út í þær umræður og vil þess vegna óska eftir því að náð verði í hæstv. fjmrh. til þess að ég geti nú talað við hann um þau atriði sem hann ræddi áðan. Ég hafði satt að segja ekki ætlað mér að taka ríkisfjármálin upp í dag en hæstv. fjmrh. kaus að gera það undir þeim lið sem heitir frv. um happdrætti vegna björgunarþyrlu. Mér finnst óviðeigandi að halda þeirri umræðu áfram undir dagskrárliðnum grunnskóli, enda hlyti það að valda því að þau skoðanaskipti yrðu mjög torsótt þar sem ég hef ýmislegt að segja, svo ekki sé meira sagt, um stjórn hæstv. menntmrh. á skólamálum almennt. Ég hef ýmislegt að segja um það frv. til grunnskólalaga sem hér liggur fyrir. Ég hef ýmislegt að segja um það sem hæstv. menntmrh. ætlast til af sveitarfélögunum í landinu og ég hef ýmislegt að segja um það hvernig hæstv. menntmrh. auglýsir sjálfan sig og sín verk í Morgunblaðinu og kostar til þess álitlegum fjárhæðum úr ríkissjóði, auðvitað vegna þess að hann finnur að fáir eru til þess að taka upp hans sjónarmið án þess að hann geti birt rökstuðning sinn sem auglýsingu og borgi fyrir hann dýrum dómum með fé úr ríkissjóði og þykir honum þá auðvitað best ef slík auglýsing getur verið í litum og á þriðju síðu í Morgunblaðinu kannski, ég man það nú ekki nákvæmlega.

Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. komi hér þannig að ég geti rætt við hann um þessa skýrslu, grænu skýrslu sem hér liggur fyrir og varðar störf þingsins, varðar afkomu ríkissjóðs og almenna mannasiði í sambandi við þau plögg sem útbýtt er hér á hinu háa Alþingi.

Forseti (Jón Helgason):

Vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég benda á að það voru eindregin tilmæli nokkurra nefndarmanna í allshn. Ed. að fresta umræðunni um frv. um happdrætti og það var vegna þeirra eindregnu óska, sem ég tók tillit til. að ég gerði það.

Í öðru lagi mun hæstv. fjmrh. ekki vera hér í húsinu þannig að umræða um skýrslu um ríkisfjármál getur ekki farið fram hér, enda held ég að það sé langsótt að ræða hana undir þingsköpum í Ed. þar sem ríkisfjármál eru að sjálfsögðu fyrst og fremst umræðuefni í sameinuðu þingi.

En ég mun leita eftir því að fá afbrigði veitt fyrir fyrsta og öðru dagskrármáli í þeirri dagskrá, til að byrja með, sem útbýtt er á þessum fundi og ég geri ekki ráð fyrir að neinn ágreiningur sé um og mun þá síðan athuga málið betur vegna óska hv. 2. þm. Norðurl. e.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þau sérstöku mál sem ég hafði hugs-

að mér að ræða við hæstv. fjmrh. komu einmitt til umræðu hér í þessari deild við afgreiðslu lánsfjárlaga og varða það sérstaka álitaefni hvernig hægt sé að láta einn og hálfan milljarð gufa upp. útgjöld ríkisins sem efnt var til á síðasta ári upp á einn og hálfan milljarð gufa upp, þannig að unnt sé að skrifa skýrslu um ríkisfjármál fyrir árið 1990 án þess að þess sé getið að með frv. sem var samþykkt hér í þessari deild var ákveðið að ríkissjóður skyldi yfirtaka skuld í Verðjöfnunarsjóði. Þá hefur hann auðvitað um leið ætlast til þess að það yrði bókfært sem útgjöld ríkissjóðs á sl. ári en að hæstv. fjmrh. beitti ekki valdi og léti embættismenn sína falsa ríkisreikninginn til þess að reyna að draga upp fallegri mynd af afkomu ársins en raun ber vitni. (**Forseti:** Umræða um lánsfjárlög mun væntanlega fara fram hér innan fárra daga.)

Ég vil í annan stað taka það fram að ég bjóst við því vegna sérstakra athugasemda sem ég hafði að gera við frv. um sjóðshappdrætti, þá ætlaði ég að koma hér fram nokkrum athugasemdum sem ég get auðvitað gert við flokkssystkin mín í allshn. Ég er hins vegar mjög ánægður yfir þeim ummælum og geri ekki athugasemd við það sem hæstv. forseti segir að hér verði rætt um þau mál sem ekki er ágreiningur um og þakklátur fyrir að hæstv. forseti muni gefa mér tóm til þess að kynna mér í hvaða formi grunnskólafrv. liggur nú og þær athugasemdir sem fram hafa komið og umsagnir í menntmn. Nd.

Þjóðminjalög, 1. umr.

Frv. menntmn. Ed., 459. mál (fornminjavörður). — Þskj. 881.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Menntmn. hefur lagt fram frv. til laga um breytingu á þjóðminjalögum nr. 88/1989 á þskj. 881. Í grg. frv. segir:

„Frv. er flutt að ósk formanns þjóðminjaráðs. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Með breytingum þeim sem hér er lagt til að gerðar verði á þjóðminjalögum er miðað við að í stað starfsheitisins „deildarstjóri fornleifadeildar“ komi hið forna starfsheiti „fornminjavörður“ og sé hann ráðinn til fimm ára í senn. Starfssvið hans er hið sama og deildarstjóra fornleifadeildar í núgildandi lögum. Starfsemi fornminjavörslu er afar viðamikil og ljóst að eðlilegra er að tala um fornleifasvið Þjóðminjasafns en fornleifadeild sem geti, er fram líða stundir, skipst í deildir. Einnig tekur starfssvið fornminjavarðar til landsins í heild samkvæmt frv. Þá er áfram lagt til að ráðið sé til starfsins tímabundið. Ekki er efnislega um aðrar breytingar að ræða í frv. þessu.““

Nefndarmenn töldu rétt að verða við þeirri beiðni að flytja þetta frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. ef fram kunna að koma við frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 335. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 592, n. 893, brtt. 894.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. um veitingu ríkisborgararéttar. Að venju hafa formenn allshn. deildanna farið yfir umsóknir ásamt nefndarritara og lagt tillögur til breytinga fyrir nefndina. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 894 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

79. fundur, þriðjudaginn 12. mars, að loknum 78. fundi.

Þjóðminjalög, 2. umr.

Frv. menntmn. Ed., 459. mál (fornminjavörður). — Þskj. 881.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 335. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 905.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Um þingsköp.

Afgreiðsla dagskrármála.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tók það svo að það hefði verið fyrir því skilningur að grunnskólalög yrðu ekki rædd nú á þessum fundi og vil gjarnan spyrjast fyrir um þetta. Ég hef aflað mér gagna til þess að átta mig á því í fyrsta lagi hvernig frv. lítur út núna. Jafnframt hafa nokkrar breytingar verið gerðar á grunnskólafrv. frá því að það var lagt fram á síðasta þingi sem ég tel nauðsynlegt að rifja upp auk þess sem margvíslegar, eins og ég sagði áðan, umsagnir hafa borist um frv. Ég held að það svari ekki tilgangi eða fyrirhöfn að fara að taka upp eitthvert langt mál um þetta nú. Ég veit að hæstv. forseti minnist þess að hæstv. menntmrh. lét sig ekki muna um það að tala heila nótt þegar koma átti fram stjfrv. meðan hann var hér síðast í stjórnarandstöðu. Þannig að ég veit að hann hefur á því fullan skilning ef þingmenn telja sér nauðsynlegt að nota þá hæfileika sem þeim eru gefnir til þess að frekar lengja sitt mál ef þeir telja að sér sé misboðið eða þeim sýnist á annan hátt að nauðsynlegt sé að þeir fái nokkurt tóm til þess að kynna sér þau mál sem á dagskrá eru. Þetta veit ég að hæstv. forseti skilur allt saman en ég skal á hinn bóginn ekki um það fullyrða hvort hann álítur að ég hafi burði til að leika það eftir hæstv. menntmrh. að flytja hér tölur fram á morgun og raunar fram yfir hádegi hinn næsta dag þegar mér er mikið niðri fyrir.

Forseti (Jón Helgason):

Ég hef í hyggju að setja þennan fund sem ég ræddi um, afgreiða fyrra dagskrármálið en mun síðan gera stutt hlé til að taka til athugunar beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið. Þá er þessum fundi slitið.

EFRI DEILD

80. fundur, þriðjudaginn 12. mars, að loknum 79. fundi.

Þjóðminjalög, 3. umr.

Frv. menntmn. Ed., 459. mál (fornminjavörður). — Þskj. 881.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Grunnskóli, 1. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 811.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Grunnskólafrv. þetta hefur fengið ítarlega meðferð í hv. Nd. og getur sú umræða vafalaust orðið til þess að greiða fyrir meðferð málsins hér í þessari virðulegu deild. Frv. tók fáeinum breytingum í hv. Nd. og mun ég hér gera grein fyrir þeim sem og meginefnisatriðum þessa frv.

Meginefnisatriðin koma fram með glöggum hætti í grg. frv. þar sem eru m.a. raktar þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. frá því sem það hljóðaði á síðasta þingi. Meginbreytingarnar frá síðasta þingi eru þessar:

1. Samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga er fengið stærra hlutverk en var áður. Henni er einkum ætlað að gera áætlun um hvernig þeim markmiðum um einsetinn skóla, lengri og samfelldari skóladag, skólamáltíðir o.fl., sem sett eru fram í ákvæði til bráðabirgða, verði náð. Þessi markmið eru þess eðlis að ríki og sveitarfélög verða að leggjast á eitt um að verða samstiga í framkvæmdum í þessum efnum. Útilokað er í raun og veru fyrir ríkið að taka á þessu sviði einhliða ákvarðanir. Samkomulag við sveitarfélögin er í flestum tilvikum óhjákvæmileg forsenda.

2. Í þeirri gerð frv. sem lögð er fram á þessu þingi er lagt til að fræðsluráðin fái nýtt hlutverk. Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga breyttu hlutverki og starfssviði fræðsluráða og skólanefnda í veigamiklum atriðum. Í frv. er lagt til að fræðsluráðin verði samstarfsvettvangur skóla og sveitarfélaga í viðkomandi fræðsluumdæmum.

3. Varðandi skólanefndir er það að segja að hlut-

verk þeirra markast af lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í frv. er lagt til að um kosningu skólanefnda fari samkvæmt sveitarstjórnarlögum og ákvæði um samsetningu og fjölda skólanefndarmanna verði einfölduð. Þá er gert ráð fyrir að skólanefndir geti gert tillögur og komið með ábendingar um umbætur í skólastarfi á sama hátt og áheyrnarfulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra geta beint tillögum til skólanefnda um úrbætur í aðbúnaði.

4. Tekið var á málefnum fræðsluskrifstofa og fræðslustjóra í frv. eins og það var lagt fyrir.

5. Ákveðið var að hverfa frá orðalaginu „Reglulegur starfstími grunnskólanemenda skal vera" o.s.frv. og orðalag gildandi laga var látið halda sér, sbr. 44. gr. frv. þessa. Hið sama á við um jólaleyfi í grunnskóla, sbr. 46. gr.

6. Bætt var inn nýrri grein um að kennsla skuli vera ókeypis og að nemendur skuli fá námsbækur í skyldunámi sér að kostnaðarlausu, sbr. 50. gr., en hér er um að ræða staðfestingu á úrskurði umboðsmanns Alþingis um hlutverk Námsgagnastofnunar m.a.

7. Ákvæði um hámarksfjölda í bekk eru færð inn í fjármálakafla frv., enda eru þær viðmiðanir grundvöllur fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir. Miðað er við hámarkið 28 nemendur í 4.–10. bekk í stað 30 eins og lögin eru nú.

Aðrar breytingar frá því frv. sem lagt var fram á Alþingi vorið 1990 eru þær helstar að kaflaheitum hefur verið breytt, greinar og greinahlutar færð til og uppröðun greina hefur verið breytt, til að mynda rökrænni röð efnisatriða innan kafla.

Gildandi grunnskólalög eru að stofni til frá 1974. Síðan lögin tóku gildi hafa verið gerðar á þeim nokkrar breytingar. Þær stærstu eru vafalaust breytingar sem samþykkt laga nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafði í för með sér. Önnur veigamikil breyting var gerð vorið 1990 þegar sex ára börn urðu skólaskyld. Þær breytingar aðrar sem frv. þetta felur í sér eru að mestu aðlögun að þróun á síðustu tveimur áratugum.

Valddreifing er eitt megineinkenni frv. Þannig eru foreldrar og kennarar og einstakir skólastjórnendur kvaddir til verka mikið oftar en í gildandi grunnskólalögum. Þetta kemur m.a. fram í auknum verkum og ábyrgð fræðslustjóra, fræðsluskrifstofa og skólastjórnenda. Þetta birtist líka í því að gert er ráð fyrir því að skipta stærstu sveitarfélögunum í skólahverfi þar sem hvert hverfi hafi sína skólanefnd. Er það síðastnefnda í samræmi við frv. sem lagt var fram í Ed. Alþingis veturinn 1988 frá þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkunum.

Varðandi aðrar meginbreytingar frv. er þetta helst að segja, virðulegi forseti.

1. Í sambandi við kostnaðarskiptingu er í öllum tilvikum í upphaflegri gerð frv. farið eftir verkaskiptalögunum eins og þau voru sett að því er varðar verkaskiptingu og ábyrgð ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar.

2. Í frv. er gert ráð fyrir því að komið verði á einsetnum grunnskóla með samfelldum sjö stunda skóladegi. Nemendum verði gefinn kostur á málsverði í skólum. Þetta er undirstaða þess að unnt sé að lengja viðverutíma barna í skólum á sama tíma og þjóðfélagið byggir á þeirri forsendu að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Með lengdum skóladegi er gert ráð fyrir því að unnt verði að sinna margvíslegum verkefnum í skólanum sem nú vinnst ekki tími til. Í ákvæði til bráðabirgða er við það miðað að þessu markmiði verði náð á tíu ára tímabili.

3. Í frv. eru ákvæði um grunnskólaráð sem verði samstarfsvettvangur þeirra aðila sem vinna að málefnum grunnskólans. Gert er ráð fyrir að fulltrúar foreldrafélaga, og það er eitt af nýjungum frv. að þar eru stóraukin áhrif foreldra frá því sem verið hefur, kennarafélaga og kennaramenntunarstofnana verði í grunnskólaráði auk fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og menntmrn.

4. Í frv. er kveðið á um samráðsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt lykilatriði í frv. og gert er ráð fyrir að hlutverk hennar verði stærra en verið hefur og ný verkefni eru tilgreind sérstaklega. Þessi nefnd gegnir lykilhlutverki í gerð áætlunar vegna ákvæða til bráðabirgða sem eru í þessu frv.

5. Tekið er á málefnum fræðsluskrifstofanna í samræmi við hin nýju lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

6. Í þessu frv. eru ákvæði um kennsluráðgjafa. Kennsluráðgjafar starfa þegar á vegum fræðsluskristofa en það hafa ekki verið sérstök ákvæði um kennsluráðgjafa í lögum til þessa.

7. Nýtt ákvæði er í frv. um kennslugagnamiðstöðvar. Gert er ráð fyrir heimild til að stofna kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofur og þær eru reyndar þegar komnar af stað sums staðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að þessar kennslugagnamiðstöðvar komi á aðstoð við uppbyggingu skólasafna sem eru undirstaða góðra skóla eins og hv. þm. þekkja.

8. Kveðið er á um breytt hlutverk og skipan fræðsluráðanna.

9. Fjallað er um skólanefndir. Þar er um að ræða breytt hlutverk í kjölfar verkaskiptalaga. Fjöldi skólanefndarmanna og kosning á að vera samkvæmt sveitarstjórnarlögum og gert ráð fyrir að gerður verði stofnsamningur um aðild að skólanefnd þar sem fleiri en eitt sveitarfélag reka einn skóla.

10. Fjallað er um skólahverfi. Þar er gert ráð fyrir því að fjölmennum sveitarfélögum verði skipt í skólahverfi. Miðað verði við að hámarkið verði 10–15 þúsund íbúar sem myndi skólahverfi. Er hér um að ræða mál sem flutt var hér í þessari virðulegu deild veturinn 1988–1989 af þingmönnum úr öllum flokkum, eins og ég gat um áðan.

11. Ákvæði eru um foreldra og aðild þeirra að skólastarfi, m.a. um aðild að grunnskólaráði. Þá er gert ráð fyrir að foreldrar fái áheyrnarfulltrúa á kennarafundum, skólanefndarfundum og í fræðsluráði. Það á að stuðla að stofnun formlegra samtaka foreldra einstakra skóla, fræðsluumdæmis og á landsvísu og er þegar haf-

inn undirbúningur að slíkri stofnun landssamtaka.

12. Gert er ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi á ráðningum kennara. Það er gert ráð fyrir því að skólastjórar ráði kennara og fræðslustjóri staðfesti fyrir hönd ráðuneytisins. Hins vegar skipi ráðuneytið í stöður svo sem verið hefur.

13. Nýtt ákvæði fjallar um námsráðgjafa. Er gert ráð fyrir því að þeir geti starfað í einstökum skólum eða á fræðsluskrifstofum, að þeir verði ráðnir sem kennarar og lagt er til að ákvæðin um námsráðgjafa komi til framkvæmda á fimm ára bili.

14. Nýtt ákvæði að hluta til sem fjallar um árgangastjóra, fagstjóra og leiðsögukennara. Hér er eingöngu um að ræða staðfestingu á þróun undanfarinna ára en kennarar með þessum starfsheitum eru nú starfandi við flesta skóla.

15. Gert er ráð fyrir nokkurri breytingu á kennsluafslætti vegna aldurs, að skilyrði fyrir kennsluafslætti lækki úr 20 árum í 10.

16. Gert er ráð fyrir því að fram fari lenging á skóladegi 1.–3. bekkjar á næstu þremur árum í 25 stundir á viku. 7 stunda heilstæður skóladagur allra grunnskólanema komi til framkvæmda á næstu tíu árum, eins og ég gat um þegar ég ræddi um einsetinn skóla.

17. Lágmarksákvæði eru um kennslu. Það er gert ráð fyrir því að ákvæðin um tímafjölda á hvern nemanda, sem nú eru í grunnskólalögum, verði lágmarksákvæði þannig að ekki verði heimilt að bjóða minni kennslu handa nemendum en grunnskólalög kveða á um. Er þetta ákvæði tvímælalaust skýrara og betra frá sjónarmiði skólans en ákvæði gildandi laga.

18. Nýtt ákvæði fjallar um námsgögn þar sem ítrekað er að kennsla skuli vera ókeypis og sömuleiðis eru skýr ákvæði um ókeypis námsbækur í skyldunámi.

19. Ákvæði eru um nemendafjölda í bekk. Það er gert ráð fyrir að viðmiðunartalan í 1.–3. bekk verði lækkuð úr 30 nemendum í 22, en það eru 30 nemendur í gildandi lögum og í 4.–10. bekk úr 30 nemendum í 28.

20. Gert er ráð fyrir víðtækari heimild til samkennslu í fámennum skólum en verið hefur. Hér er um að ræða sveigjanleg ákvæði sem á að vera hægt að framkvæma með skynsamlegum hætti.

21. Mörkuð er ákveðnari stefna um sérkennsluaðstoð í heimaskóla og sett eru inn ákvæði um að gerð skuli áætlun um sérkennslu fyrir landið allt.

22. Nýtt ákvæði er um nemendaverndarráð sem eykur líkur á samræmdum vinnubrögðum í sérkennslu og sérfræðiþjónustu við einstaka nemendur.

Hér hef ég, virðulegi forseti, drepið á helstu ákvæði frv. sem eru, eins og ég gat um áðan, í meginatriðum staðfesting á þeirri stefnu sem hefur verið að þróast á undanförnum árum og hefur að nokkru leyti síðan verið staðfest í skólastefnu menntmrn. sem ber yfirskriftina „Til nýrrar aldar."

Þegar þetta frv. kom til meðferðar í hv. Nd. Alþingis urðu talsverðar umræður um kostnaðarákvæði frv. Nú er því til að svara um það mál í fyrsta lagi þessu: Í frv. eru engin sjálfvirk ný kostnaðarákvæði fyrir sveitarfélögin. Í frv. eru nákvæmlega þrædd þau ákvæði sem lögin um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kveða upp úr með. Kostnaðaraukinn sem lýtur að ríkissjóði er hins vegar nákvæmlega tilgreindur í umræðum um málið í Nd. Þar vísa ég á þingtíðindi frá 27. nóv. 1990, dálka 1350 og áfram, þar sem m.a. kemur fram hvernig kostnaður skiptist samkvæmt frv.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun lét gera sérstaka athugun á kostnaði samkvæmt frv. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir því að heildarkostnaður við framkvæmd frv. eins og það var í fyrra væri 74 millj. kr. á verðlagi þess árs. Þar hefur ríkið þegar tekið inn í fjárlög ársins 1990 og 1991 meira en helminginn af kostnaðinum sem lýtur að aukinni kennslu sex ára barna sem nú eru orðin skólaskyld. Meginkostnaðarþættirnir til viðbótar þessu samkvæmt umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar eru þessir:

1. Kostnaður vegna tíu ára skólaskyldu, sem ég hef getið hér um. Kostnaðurinn er kominn inn í fjárlög og hann er 60 millj. kr.

2. Kostnaður vegna fjölgunar bekkjardeilda í 1.–3. bekk er áætlaður 70 millj. kr. Bekkjardeildum fjölgar vegna þess ákvæðis að hámarksfjöldi nemenda í hverri bekkjardeild verði lækkaður úr 30 í 22 nemendur, en það mun nær eingöngu hafa áhrif í stærstu sveitarfélögunum. Gert er ráð fyrir því að þetta ákvæði frv. komi til framkvæmda í áföngum.

3. Um er að ræða stöðu námsráðgjafa. Ef miðað er við eina stöðu námsráðgjafa á hverja 650 nemendur, eins og menntmrn. áætlar, verða stöðugildi samkvæmt þessu rúmlega 60 og kostnaður um það bil 75 millj. kr. á ári. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að þetta komi til framkvæmda á fimm árum og reyndar er það svo að í fjárlögum ársins 1991 er þegar gert ráð fyrir nokkrum stöðum námsráðgjafa við grunnskóla.

4. Svo koma ýmsir smærri kostnaðarliðir, svo sem rýmkun kennsluafsláttar, níu mánaða starfstími allra grunnskóla, rekstur sumarskóla, aukin skólaþróun o.fl. sem fela í sér kostnaðarauka sem ætla má að sé á bilinu 50–55 millj. kr. Þessi viðbótarkostnaður deilist einnig á nokkur ár.

Það er því niðurstaða Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að í frv. þessu felist kostnaðarauki upp á um 260 millj. kr. alls. Þar af er komið inn í fjárlög íslenska ríkisins þó nokkuð yfir 100 millj. kr. Það er niðurstaða Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að frv. eins og það var áður en 10. bekkurinn var tekinn inn fæli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð upp á 1–1,8% á ári næstu fimm árin eða samtals 6–7% yfir tímabilið.

Ég hef sýnt fram á það með tölum við umræður um þetta mál, bæði opinberlega og í hv. Nd., að hér er í raun og veru um að ræða minni kostnaðarauka á ári næstu fimm til tíu árin en var síðustu tíu ár. Hér er því ekki um það að ræða að hér sé verið að gera ráð fyrir stórauknum kostnaðarauka í þessu efni frá því sem var, heldur þvert á móti. Það er í senn verið að reyna að sækja fram og að reisa útgjaldaaukningu skorður með skýrri stefnumótun.

Í frv. og í umræðum um málið hefur sérstaklega verið fjallað um sveitarfélögin í þessu efni og ég ætla ekki að endurtaka það í sjálfu sér. Mér sýnist að á þessu ári muni sveitarfélögin leggja til byggingar grunnskóla

sennilega 1–1½ milljarð kr. en til þess að koma á einsetnum skóla alls staðar þarf um 800 millj. kr. á ári í nýjar stofur. Þannig að því fer fjarri að með þessu frv. sé verið að íþyngja sveitarfélögunum umfram það sem sanngjarnt er að ætla að þau muni þurfa og muni hvort eð er taka á sig.

Við meðferð málsins í hv. Nd. urðu á því nokkrar breytingar samkvæmt tillögum frá meiri hl. menntmn. Nd. Þessar breytingar eru sem hér segir:

1. Við 4. gr. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein þar sem stendur: Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.

2. Brtt. við 12. gr. þar sem tekið var sérstaklega á fræðsluráðunum sem eiga að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi og síðan segir: „Hlutverk fræðsluráðs er m.a. að vinna í samráði við fræðsluskrifstofu að eflingu skólastarfs í fræðsluumdæminu, stuðla að samvinnu og hagræðingu milli skóla, fjalla um sameiginleg verkefni og styðja starf skólanefnda. Fræðsluráð fer að öðru leyti með þau mál sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela því eða ákveðin kunna að verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum."

3. Breytt var nokkuð frekar ákvæðum um fræðsluráð. Sömuleiðis var hert á ákvæðum um fræðslustjóra þar sem segir: „Hann er forstöðumaður fræðsluskrifstofu og framkvæmdastjóri fræðsluráðs sé svo um samið." Þá er einnig gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum um samstarf sveitarfélaga eða eins og stendur þar: „Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um uppbyggingu og rekstur grunnskóla skal miða skiptingu kostnaðar við eftirtalin meginatriði nema um annað semjist: Íbúafjölda, útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélaginu næstliðið ár, fasteignamat skattskyldra fasteigna, kennslustundafjölda í þeim bekkjum sem aðild sveitarfélags miðast við."

Þá var gert ráð fyrir því í breytingum Nd. að það yrði sett inn ákvæði varðandi heilsugæslu á nokkrum stöðum í frv. Síðan var breytt um orðalag að því er varðar skiptingu bekkjardeilda, m.a. í verklega kennslu og valgreinar í 8.–10. bekk og loks voru sett inn ákvæði sem lúta sérstaklega að fötluðum börnum og sérskólum.

Hér var um að ræða samtals 11 breytingar sem hv. Nd. gerði á þessu viðamikla frv. og ég held að mér sé óhætt að segja að í rauninni hafi efnislega ekki komið fram hörð gagnrýni á frv. í hv. Nd. Ég tel að miðað við allar aðstæður hafi verið tiltölulega góð samstaða um þetta frv. og ég vænti þess að hin ítarlega umræða um málið í hv. Nd. geti orðið til þess að greiða fyrir þessu máli þannig að við eignumst hér á landi ný grunnskólalög áður en langur tími líður.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn. og tek það að sjálfsögðu fram að starfsmenn ráðuneytisins eru reiðubúnir til þess að vera nefndinni innan handar við meðferð málsins strax og hún tekur það til athugunar af sinni hálfu.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

67. fundur, þriðjudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, frh. 3. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 811, brtt. 812.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Nú hefur hæstv. menntmrh. viðurkennt að honum hafi orðið á mistök við birtingu þeirra auglýsinga í Morgunblaðinu og Pressunni sem birtust í síðustu viku og ég gerði að umræðuefni í ræðu minni hér í gær. Er það fagnaðarefni að ráðherrann skuli viðurkenna þannig þessi mistök sín.

Það er raunar íhugunarefni hvort engar reglur gildi um útgjöld ráðuneytanna. Þannig virðast þau vera nokkuð frjáls að því að fjármagna ýmsa kostnaðarliði svo sem eins og þá er ég gerði að umtalsefni hér í gær.

Ég vil líka taka undir orð hv. þm. Geirs Haarde þess efnis að hæstv. menntmrh. ætti einnig að viðurkenna þá yfirlýsingu sína í Morgunblaðinu sl. sunnudag sem mistök, að Sjálfstfl. væri á móti uppbyggingu grunnskóla, enda sú yfirlýsing með öllu óskiljanleg.

Í þessu sambandi langar mig til þess að vitna í þá umfjöllun sem grunnskólafrv. fær í þeirri grein er birtist í Morgunblaðinu sl. sunnudag þar sem vitnað er í ýmsar umsagnir. Þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„En sitt sýnist hverjum um ágæti nýjunga. Frv. hefur verið sent hinum ýmsu hagsmunaaðilum til umsagnar á síðustu vikum og mánuðum og fram hafa komið skiptar skoðanir. Samband ísl. sveitarfélaga og skólamálaráð Reykjavíkurborgar hafa hvort um sig mælt gegn samþykkt frv." — Síðan er það ítarlega rakið, m.a. segir um samskiptaleiðir í umsögn frá skólamálaráði Reykjavíkurborgar:

„Einnig er rétt að benda á að samskipti íbúa á hverjum stað eru mun greiðari við sveitarstjórn en ríkisstjórn. Líklegt er að þjónusta og uppbygging skólastarfs í sveitarfélögum verði fremur í samræmi við áherslur íbúanna ef yfirstjórn grunnskólanna væri í þeirra höndum, í stað þess að hafa allt undir hatti ríkisins." Skólamálaráð segir að margt annað í frv. veki efasemdir: „Með tilliti til gildis þess að hver skóli móti sína eigin skólanámsskrá leggur grunnskólafrv. stein í götu skólanna til að ná því marki. Það er enn á valdi námsgagnastjórnar að taka ákvörðun um hvaða námsgögn standi nemendum skólanna til boða. Skólamálaráð ítrekar að það geti ekki verið á valdi einnar stofnunar að hafa nægilega fjölbreytni í framboði námsefnis. Þar að auki kemur fram tvískinnungur um námsgögnin þar sem orðið skyldunám er ekki skilgreint. Frv. viðurkennir valgreinar ekki sem órjúfanlegan hluta viðmiðunarstundaskrár."

Enn fremur er talað um verðlagseftirlit: „Í frv. kem-

ur fram að skólagjöld í einkaskólum skuli háð samþykki menntmrn." — og vek ég sérstaka athygli á þessari umsögn vegnar þeirrar brtt. sem hv. þm. Geir Haarde hefur lagt hér fram. — „Skólamálaráð telur það í hæsta máta óeðlilegt að ráðuneyti hafi með höndum verðlagseftirlit á þeirri þjónustu sem einkaskólar bjóða upp á. Ráðuneytisins sé fyrst og fremst að meta og hafa eftirlit með því skólastarfi sem þar fer fram sem og í öðrum skólum. Verkefni menntmrn. eigi fyrst og fremst að tengjast heildarstefnumótun og eftirlitshlutverki. Það eigi að setja kröfur um aðstöðu og menntun grunnskólanema og stuðla að skólaþróun."

Síðan er rakin hér nokkuð ítarlega umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sem leggur mjög mikla áherslu á sjálfstæði sveitarfélaga. Í þeirri umsögn segir m.a. um ákvæði 50. gr. frv. að sú grein, um skyldur ríkisins til að sjá nemendum í skyldunámi fyrir ókeypis námsgögnum, sé ekki nógu ítarleg en gert sé ráð fyrir að ráðuneytið setji nánari ákvæði í reglugerð. Það er álit Sambands ísl. sveitarfélaga að tryggja þurfi að samtök þeirra verði samráðsaðili að setningu slíkrar reglugerðar þar sem þau eigi hér verulegra hagsmuna að gæta.

Það er enn fremur rætt um sérkennslu og sérstakur kafli er um skólasöfn. Þar segir m.a. í umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga: „Sambandið telur að sameining almenningsbókasafns og skólasafns hljóti að verða ákveðin af sveitarstjórnum sem greiða allan stofn- og rekstrarkostnað beggja. Ekki sé minnst einu orði á sveitarstjórn í greininni heldur er aðeins gerð krafa um samþykkt menntmrn. sem engan kostnað greiðir. Þá telur Samband ísl. sveitarfélaga ákvæði frv. um heilsuvernd allt of óljós og óhjákvæmilegt sé að setja mun ákveðnari ákvæði um stjórn, rekstur og kostnað við heilsugæslu í grunnskólum en gert er í frv."

Það kemur enn fremur fram í þessari grein að flestir fræðslustjórar úti á landsbyggðinni lýsa sig andvíga ákvæðum frv. um fræðsluráð, bæði hvað varðar skipan þess og verksvið, sér í lagi eftir breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Fræðsluráðin eiga að þeirra mati að vera vettvangur fyrir samstarf og samráð sveitarfélaga um skipulag fræðslumála í umdæminu og fjalla á heildstæðan hátt um framkvæmdir í skólamálum, skipulag skólahverfa, sameiginlega þjónustu og heildarstefnumörkun sveitarfélaga í þessum málaflokki. Því sé eðlilegt að fræðsluráðin séu starfrækt á vegum sveitarfélaganna og verði þannig samstarfsaðili fræðslustjóra með fullu sjálfstæði gagnvart honum en hann verði ekki settur í þá stöðu eins og frv. gerir ráð fyrir, að eiga sem formaður að bera ábyrgð á starfi nefndar sem vegna samsetningar er mjög undirorpin þeirri hættu að lítið tillit sé tekið til vilja hennar og samþykkta.

Þær athugasemdir, sem fram komu í þessum umsögnum og raktar eru í þessari Morgunblaðsgrein, reyndar í miklu lengra og ítarlegra máli, renna enn frekar stoðum undir þann málflutning er ég hef haft hér uppi í þessu máli. En í þessu sambandi langar mig til þess að vitna í nýja ályktun um skóla- og fræðslumál frá 29. landsfundi Sjálfstfl. sem fram fór um síðustu helgi, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er stefna Sjálfstfl. að hið opinbera tryggi að allir eigi kost á menntun við sitt hæfi og hafi jafnan rétt til menntunar án tillits til efnahags, búsetu eða fötlunar. Fræðsluskylda hins opinbera skal framkvæmd með þeim hætti að skólar þess og einkaskólar geti starfað hlið við hlið.

Markmið menntakerfisins er öðru fremur að uppfylla kröfur fólks um menntun og koma þannig til móts við fjölbreytilegar þarfir nemenda og foreldra í þeim efnum svo að nemendum gefist kostur á að búa sig sem best undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Starfshættir innan menntakerfisins byggja á menningararfleifð okkar og skuli því mótast af umburðarlyndi, kristinni trú og siðgæði og lýðræðislegu samstarfi.

Leggja ber áherslu á að boðið sé upp á menntun til sérhvers starfs. Menntakerfið þarf að taka mið af þörfum atvinnulífsins. Nauðsynlegt er að efla starfsmenntun og að hægt sé að velja um hagnýtt starfsnám eða fræðilegt nám.

Nauðsynlegt er að hafa í huga alþjóðlegar kröfur og staðla þegar íslenskt menntakerfi er endurskoðað. Skapa þarf menntakerfinu þau skilyrði að skólarnir eigi sem auðveldast að ná markmiðum sínum. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að frumkvæði einstaklinga skiptir miklu í skólastarfi, ekki síður en í öðrum störfum. Því er höfuðnauðsyn að minnka þá miðstýringu sem nú viðgengst í skólakerfinu. Það er raunar forsenda þess að hugmyndir og starfskraftar einstakra skólastjórnenda og kennara nýtist sem skyldi. Skólastjórnendur og kennarar hafa í flestum tilvikum besta þekkingu á því hvaða leiðir ber að fara í skólastarfi. Því ber að draga úr miðstýringu menntakerfisins hvað varðar rekstur, fjármagn, stjórnun, hugmyndir, námsskrá, kennsluefni og kennsluaðferðir.

Yfirstjórn menntamála ber hins vegar að meta skólastarf og gagnrýna á jákvæðan hátt. Meginhlutverk menntmrn. á að vera að leggja stjórnendum og kennurum til upplýsingar og viðeigandi markmið en ekki að stjórna störfum þeirra.

Til þess að það fé sem fyrir hendi er nýtist sem best þurfa skólar að fá fjárhagslegt sjálfstæði og fjárhagslega ábyrgð á eigin stjórn. Með því fá stjórnendur skóla hvatningu til að sýna frumkvæði. Jafnframt því má búast við að þetta stuðli að betri nýtingu skólatímans og þar með fjölbreyttara námsframboði.

Sjálfstfl. telur rétt að stíga það skref til fulls sem markað var með lögum nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og fela sveitarstjórnum alfarið málefni grunnskólans, enda má ætla að með þeim hætti verði kröfum samtímans um einsetinn grunnskóla, samfelldan skóladag og lengingu skólatíma yngstu nemendanna best sinnt.

Félagsleg þjónusta við grunnskóla, svo sem ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er mikilvægur þáttur í skólastarfi. Til þess að tryggja markvissan árangur þessarar þjónustu telur Sjálfstfl. nauðsynlegt að veita sveit-

arfélögum aukið svigrúm til þessa."

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að gera grein fyrir hluta af ályktun um skóla- og fræðslumál frá landsfundi Sjálfstfl. núna um síðustu helgi þar sem menntmrh. hefur verið að varpa fram hugmyndum í fjölmiðlum og víðar vafalaust, sem eru afar villandi, þess efnis að Sjálfstfl. sé á móti uppbyggingu grunnskóla og því taldi ég rétt að vekja athygli á þessari ályktun.

Mig langar til þess að ræða aðeins nokkur ákvæði í þessu frv. Ég hef þegar gert grein fyrir mörgum þeirra en langar til þess að bæta hér aðeins við og minnast þá á 3. gr. frv. aftur, þar sem segir í 2. mgr.:

„Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn."

Ég hef áður bent á að það eru engar rannsóknir sem sýna fram á það að menntun sé eitthvað betri frá heildstæðum grunnskólum heldur en þar sem fleiri tegundir grunnskóla eru leyfðar. Það er álit þeirra skólamanna er ég hef rætt þetta við að þetta eigi alls ekki að vera stefnan. Telja þeir raunar að það sé margt neikvætt við heildstæða skóla, það sé hætta á því að tími skólastjóra og skólastjórnenda fari allur í efstu stigin, þar sé um að ræða agamál og fleira, og þá sé hætta á því jafnframt að yngra stigið verði afskiptalaust og það geti verið erfitt að hafa góða yfirsýn yfir allt námsefni og annað sem að grunnskólanum lýtur ef skólinn sé heildstæður.

Ég hef áður nefnt það varðandi 18. gr. frv., um skólanefndir, að ég tel það rétt að skólanefndir eigi einnig að hafa afskipti af innra starfi skólanna, tel það mjög brýnt, en ekki aðeins fræðsluskrifstofur.

Varðandi 20. gr., þar sem talað er um skólastjóra og ábyrgð hans í starfi, þarf samkvæmt frv. að hafa allt of oft samráð við kennara og þetta kemur einnig fram t.d. við val á umsjónarkennara og árganga- og fagstjóra, sbr. 38. gr. frv.

Þá má einnig velta fyrir sér ákvæði 30. gr. frv., þar sem talað er um ráðningu skólastjóra, og þá er spurning hvort það sé til bóta að kennararáð komi með umsögn í því efni.

Í 45. gr. er rætt um vikulegan kennslutíma nemenda og hef ég áður gert athugasemdir við það. Samkvæmt núgildandi lögum er þessi kennslustími 1440–1480 mínútur í 8.–10. bekk og því er um að ræða lækkun í 1400 mínútur í þessu nýja frv.

Reyndar hafa skólamenn bent á það að vikulegur viðverutími nemenda í grunnskóla hafi í reynd lækkað á undanförnum árum og hafa í því sambandi m.a. bent á þann niðurskurð er fram fór á árinu 1989. Hæstv. menntmrh. beitti þá niðurskurði um 4%, en sá niðurskurður þýddi í raun fækkun um tvær kennslustundir á grunnskólanema á viku.

Ég hef áður bent á að ég tel það brýnt að lengja skólatíma, ekki aðeins yngstu barnanna þó það sé mælt fyrir því hér í þessu frv., ég tel það mjög jákvætt, en ég held að það þurfi að ganga enn lengra, lengja skólatímann enn þá meira til þess að þetta markmið um einsetinn skóla verði nógu haldgott og nefni þá sérstaklega til 9–11 ára nemendur, það ætti þá að koma röðin að þeim næst.

Í 58. gr. frv. er rætt um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að þessi þjónusta sé fyrir hendi og reyndar segir í 2. mgr. að menntmrn. sé heimilt að fela fræðsluskrifstofu að annast sálfræðiþjónustu á öðrum skólastigum, enda sé veitt til þess fé í fjárlögum.

Fyrri mgr. 64. gr. hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Menntmrn. leggur grunnskólum til samræmd próf eða könnunarpróf. Skal einkum við það miðað að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins."

Ég held að þetta ákvæði eigi hér fullt erindi þar sem það er mikið vandamál að skólarnir semja sjálfir sín próf. Í þessu sambandi hefur m.a. verið bent á að það þætti rétt að fá þarna ákveðinn samanburð á milli skóla þannig að skólastjórnendur gætu borið saman færni og hæfni sinna nemenda. Því það hefur komið í ljós, einkanlega varðandi stafsetningarkunnáttu, að hún er mismunandi eftir skólum og reyndar ekki í nógu góðu ásigkomulagi þannig að svona fyrirkomulag, samræmd próf eða könnunarpróf, geta orðið hér að miklu gagni og væntanlega þá ýtt undir kennara líka til þess að vanda enn betur til kennslunnar og gera meiri kröfur.

Í 74. gr. frv. er rætt um fjölda nemenda og segir þar, með leyfi virðulegs forseta:

„Að jafnaði skal við það miðað að nemendur í hverri bekkjardeild í grunnskóla séu ekki fleiri en 24 eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla.

Við ákvörðun fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir í hverjum grunnskóla, skal miða við að í 1.–3. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 22 og í 4.–10. bekk ekki fleiri en 28."

Það voru nokkrar athugasemdir í umsögnum um þetta ákvæði og álit sumra að vafasamt væri e.t.v. að setja svona ákvæði í lög, en síðan aftur bent á það að hér væri e.t.v. um of mikinn fjölda barna að ræða og m.a. bent á það að í leikskólum væru þrjár fóstrur með 22 börn. Síðan kæmu þessi börn í grunnskólann eftir sumarfrí og þá ætti einn kennari að vera með þennan hóp. Þess vegna væri spurning hvort það þyrfti ekki að fækka í þessum aldurshópi enn frekar, þó sérstaklega með yngstu börnin.

Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að varðandi kennslustundafjöldann sem fram kemur í þessu frv. er talað um lágmarksákvæði um kennslu, þ.e. það segir í 1. mgr. 45. gr.: „Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera þessi." En í núgildandi lögum er notað orðatiltækið „sem næst". Þetta ákvæði „að lágmarki" getur valdið nokkrum erfiðleikum því það væri hugsanlegt fyrir skólastjórnendur í skóla sem væri með yngstu nemendurna að ákveða sjálfir að fækka enn fremur nemendum í yngstu bekkjum en yrðu kannski á móti, vegna þess að þeir yrðu að fjölga bekkjum, að minnka eitthvað kennslustundafjölda. Það er náttúrlega atriði sem væri sjálfsagt að skólastjórnendur hefðu möguleika á að skoða í samráði við foreldra.

Það hefur enn fremur komið fram að skólamenn hafa nokkrar áhyggjur af því að það atriði að bjóða eigi upp

á máltíðir í skólum geti verið nokkuð erfitt í framkvæmd. Bæði er það náttúrlega mjög mikill kostnaður, þ.e. bæði í húsnæði og hráefni, þannig að það er skoðun margra og jafnframt skoðun foreldra einnig sem ég hef heyrt til að það sé í lagi í sjálfu sér að nemendur hafi með sér nesti en sé boðið upp á annað í skóla svo sem drykki og ýmislegt fleira, og gætu þá neytt þess í stofunum undir umsjón kennara. Ég hef hins vegar áður lýst því yfir að sjálfstæðismenn væru tilbúnir til þess að skoða þann möguleika hvort ekki væri rétt að grunnskólinn hefði þá aðstöðu að geta boðið nemendum upp á máltíðir og tel ekki rétt að loka fyrir neitt í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Ég hef haldið hér nokkrar ræður um þetta mál. Vafalaust væri hægt að koma að miklu fleiri athugasemdum. Þetta er mjög áhugavert mál og mikilvægt, snertir flest heimili í landinu. En ég ítreka það enn og aftur að það er skoðun okkar hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur að þetta frv. til nýrra grunnskólalaga sé því miður ekki nógu vel unnið og það þurfi því að endurskoða.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Umræður um þetta mál hafa dregist nokkuð á langinn og má segja að ekki sé síst við sjálfan ráðherrann að sakast sem hefur með upphlaupum í blöðum gefið ærin tilefni til að ræða vítt og breitt um þennan málaflokk við þessa umræðu. Ég tel að það standi einkum tvennt upp úr umræðunni nú þegar sígur á seinni hluta hennar. Annars vegar að leitt hefur verið í ljós að þrátt fyrir fögur fyrirheit um aukið sjálfræði og sjálfstæði sveitarfélaganna í þessum málaflokki gengur þetta frv. í mörgum veigamiklum þáttum í gagnstæða átt. Því miður. Í öðru lagi er líka leitt í ljós að fjárhagsgrundvöllur frv. er á brauðfótum og það hefur ekki verið sýnt fram á hvernig þeir aðilar sem skipta með sér greiðslu kostnaðar af framkvæmd þessara laga eigi að ráða við hin nýju verkefni sem í frv. felast og ekki fullnægjandi áætlanir eða skýringar á þeim veigamikla þætti málsins að mínum dómi.

Ég hafði hugsað mér að inna hæstv. ráðherra nokkuð eftir afstöðu hans til þeirra brtt. sem ég hef flutt á þskj. 812. Það eru einu brtt. sem fram hafa komið hér í þessari deild enn sem komið er og eru hvorki efnismiklar í raun né torskildar. En ástæðan fyrir því að ekki eru fluttar ítarlegri brtt. hér af hálfu Sjálfstfl. er auðvitað sú að við teljum að vísa hefði átt þessu máli á nýjan leik til ríkisstjórnarinnar til nánari úrvinnslu.

En mér heyrðist við 2. umr. málsins sem hæstv. ráðherra tæki undir nokkur af þeim atriðum sem ég gerði þar að umtalsefni og hef síðan lagt hér fram í formi brtt. þannig að mér þætti vænt um að fá svör hans við því hvernig hann hyggst beita sér í þeirri atkvæðagreiðslu sem væntanlega mun fara hér fram í dag eða á morgun um þessar brtt. Þarna eru nokkur atriði sem skipta töluverðu máli, ekki síst fyrir sveitarfélögin eins og t.d. það að sveitarstjórnum í fjölmennari sveitarfélögum skuli sjálfum heimilt að skipta þeim í skólahverfi, eins og það að skólanefnd skuli ákveða nafn á skóla og tilkynna ráðuneytinu, eins og það að sveitarfélög geti án leyfis menntmrn. hafið framkvæmdir við skólamannvirki og eins og það að skólagjöld í einkaskólum skuli ekki háð samþykki menntmrn.

Svo er þarna eitt skipulagsatriði um skipan grunnskólaráðs sem er kannski ekki stærsta brtt. en aftur á móti er hér eitt skólapólitískt stórmál að mínum dómi og það er afstaða löggjafarvalds til svokallaðra afburðanemenda og hvort Alþingi treystir sér til þess í lögum að kveða á um rétt slíkra barna til þess að fá þá aðstoð og hvatningu sem þroski þeirra og kraftar gefa tilefni til.

Þetta er nú það sem ég hafði hugsað mér að segja hér í þessari annarri ræðu minni við þessa umræðu. Ég hef engan hug á því að standa hér í allan dag, virðulegi forseti, þó að hv. 2. þm. Vestf. hafi nú verið að gefa eitthvað í þá áttina í skyn með frammíkalli sínu hér. (**ÓÞÞ:** Góð tíðindi.) Já, ég vænti þess að þingmanninum þyki það. En ég óska eftir því að ráðherra greini okkur frá því hvort hann hafi mótað afstöðu til þeirra tillagna sem hér liggja fyrir, þær eru ekki margar, og ættu að vera hæg heimatök að fá upplýsingar um það mál.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Þær brtt. sem hv. 14. þm. Reykv. hefur flutt og spurt um eru af margvíslegu tagi. Sumar þeirra eru nú með þeim hætti að það gefur ekki sérstakt tilefni til þess miðað við það sem á undan er gengið að menn fari að breyta fyrri afstöðu deildarinnar í málinu að mínu mati. Ég tel að sumt af því sem hann benti á sé efni sem á að vera verkefni skólaþróunar og aðalnámsskrár, eins og það hvernig staðið er að menntun barna sem eiga auðveldara með að fara í gegnum námsefnið en kannski önnur á einhvern hátt, þannig að ég tel að það sé nú ekki lagaefni. Og ég tel satt að segja að miðað við stöðu málsins þá sé eðlilegast að deildin haldi sér við fyrri afstöðu sína eins og hún hefur birst, þar sem tillögu um að vísa málinu frá hefur verið hafnað en nokkrar aðrar brtt. frá hv. menntmn. hafa verið samþykktar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 812,1 felld með 22:12 atkv.

Brtt. 812,2 felld með 24:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PJ, RG, SP, FÞ, FrS, GHH, GGÞ, HJ, IBA, MB.

nei: ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, GGuðbj, AðB, AS, AÓB, ÁHE, GeirG, GB, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, ÁrnG.

7 þm. (RH, ÞP, EH, GuðnÁ, KrP, MÁM, MálmS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hér í þessari deild eru miklir valddreifingarpostulat að því er varðar málefni sveitarfélaganna. En þeir virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því að í þessu frv. um grunnskólamálefni eru tekin af sveitarfélögunum völd í stóru sem smáu. Þessi litla

brtt. gerir ráð fyrir því að sveitarfélögin sjálf geti skipt sér upp í skólahverfi án þess að afla til þess samþykkis menntmrn. Menn eru hér í óðaönn að fella þá brtt. og lýsa þar með hinum raunverulega hug sínum til valddreifingar að því er varðar málefni sveitarfélaganna. Ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 812,3 felld með 21:9 atkv.

Brtt. 812,4 felld með 21:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, AÓB, FÞ, FrS, GHH, GGÞ, HJ, IBA, MB, ÓE, PJ, SP.

nei: AðB, ÁHE, GeirG, GB, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, ÁrnG.

KE, GGuðbj greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (EH, GuðnÁ, KrP, MÁM, MálmS, RH, ÞP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. er náskyld þeirri sem ég mælti hér fyrir áðan en hún er tvíþætt. Fyrri liðurinn gengur út á það að skólanefndir í einstökum sveitarfélögum geti ákveðið framkvæmdir, að einstök sveitarfélög geti ákveðið framkvæmdir við skólamannvirki sem þau borga sjálf, án þess að leita samþykkis menntmrn. Og hin tillagan gengur nú hvorki meira né minna en út á það að skólanefndir megi náðarsamlegast sjálfar fá að ákveða nöfn á skólum í umdæmi sínu en þurfi hvorki að leita samþykkis menntmrn. né örnefnanefndar. (**Landbrh.:** Það gengur ekki.) Nei, það gengur ekki, segir valddreifingarpostulinn mikli, hæstv. samgrh. En ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Við höfum nokkur dæmi á Íslandi þar sem farið hefur verið af stað með skólabyggingar af mjög miklu óraunsæi og hefði betur verið ógert látið. Ég tel þess vegna eðlilegt að hafa greinina eins og hún er og segi nei.

Brtt. 812,5 felld með 20:10 atkv.

Brtt. 812,6 felld með 19:9 atkv.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðbj, AðB, AS, AÓB, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, ÁrnG.

EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, MB, ÓE, PJ, SP greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (GuðnÁ, KrP, MÁM, MálmS, RH, ÞP) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Við hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir höfum í hv. menntmn. lýst furðu okkar á vinnubrögðum þar, og það álit kemur einnig fram í nál., þar sem að okkar mati var eftir mikil efnisleg vinna við frv. því að hér er um mjög yfirgripsmikið mál að ræða og afar mikilvægt á þjóðfélagslega vísu. Með því að málsmeðferðin er með þessum hætti gerir ríkisstjórnin greinilega ekki ráð fyrir samráði við ákveðna stjórnmálaflokka. Slíkt hlýtur að renna stoðum undir þann grun að ríkisstjórnin og þó einkum menntmrh. hafi takmarkaðan áhuga á raunverulegum framgangi þessa máls en markmiðið sé öllu fremur að koma frv. til endanlegrar afgreiðslu fyrir þinglok sem nú eru mjög skammt undan, enda alþingiskosningar á næsta leiti.

Fyrir utan þær miklu athugasemdir sem gerðar hafa verið við frv. af hálfu sjálfstæðismanna, m.a. varðandi valddreifingu, þá er ljóst að taka þarf miklu skýrar á öllu samráði við sveitarfélögin því að án samráðs við þau er hæpið að nokkuð verði úr þeim framkvæmdum sem fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir. Löggjafarvaldið hlýtur að verða að taka mið af því hvort lagasetning eins og sú sem hér er gert ráð fyrir hafi í raun áhrif til breyttrar og bættrar réttarstöðu. Ég tel að hér vanti mikið á til þess að réttarstaða grunnskólabarna sé raunverulega bætt og mun því ekki greiða atkvæði.

Frv. afgr. til Ed.

Gjaldþrotaskipti, 2. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 626 (sbr. 100), n. 869.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. á þskj. 869.

„Nefndin hefur fjallað um frv. Fékk hún Markús Sigurbjörnsson prófessor og Guðbjörn Jónsson frá G-samtökunum á sinn fund. Auk þess kannaði nefndin umsagnir sem lágu fyrir allshn. efri deildar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar."

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Friðjón Þórðarson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–192. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 700, n. 870.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til

laga um meðferð opinberra mála á þskj. 870.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk Markús Sigurbjörnsson prófessor á sinn fund. Nefndinni barst umsögn sakadóms Reykjavíkur, auk þess sem þær umsagnir sem lágu fyrir allshn. efri deildar voru kannaðar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar."

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Friðjón Þórðarson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–196. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
197.–198. gr. (ákv. til brb.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildarlög). — Þskj. 108, n. 871.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl. Nál. er á þskj. 871.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk Markús Sigurbjörnsson prófessor á sinn fund. Nefndinni barst umsögn Jóns Ísbergs sýslumanns, auk þess sem þær umsagnir sem lágu fyrir allshn. efri deildar voru kannaðar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar."

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Friðjón Þórðarson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–157. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Frv. GHH, 229. mál (réttur til bóta). — Þskj. 329, n. 830 og 836.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96 frá 1990.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og fengið á sinn fund fulltrúa bæði Alþýðusambands Íslands og vinnuveitendasamtakanna. Einnig barst nefndinni umsögn frá Félagi viðskipta- og hagfræðinga, reyndar var það óumbeðin umsögn en í henni er eindreginn stuðningur fólginn við það frv. sem hér er til meðferðar.

Aðilar vinnumarkaðarins skiptast hins vegar nokkuð í afstöðu sinni til þessa máls en benda má á að af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna er því haldið fram að breyting eins og þetta frv. gerir ráð fyrir á lögum um atvinnuleysistryggingar sé óhjákvæmileg afleiðing af því að upp var tekið tryggingagjald hér fyrir jólin og önnur launatengd gjöld þar með felld niður. Málið snýst um það að eftir að tryggingagjald var upp tekið og í einhverjum mæli áður hefur verið innheimtur skattur í Atvinnuleysistryggingasjóð af öllum launþegum, af öllum launum. Hins vegar hafa ekki allir haft jafnan rétt í þessum sjóði þrátt fyrir að hafa greitt í hann. Þetta frv. gengur út á það að afnema þessa mismunun þannig að allir launþegar eigi rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði ef þeir verða fyrir þeirri ógæfu að missa vinnu sína en ekki aðeins þeir sem félagsbundnir eru í stéttarfélögum.

Ég flutti ítarlega ræðu um þetta mál við 1. umr. málsins og skal ekki endurtaka hana, virðulegi forseti. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni og meiri hl., sem leggur til að frv. verði samþykkt, mynda auk mín hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ragnhildur Helgadóttir og Guðmundur G. Þórarinsson. Við leggjum til að þetta frv. verði samþykkt eins og það var lagt fram í deildinni.

Frsm. minni hl. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið orðið. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. heilbr.- og trn. um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa VSÍ, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og ASÍ, eins og nánar er gerð grein fyrir í áliti meiri hl. nefndarinnar. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands lögðu áherslu á að þörf væri á að skoða löggjöf um atvinnuleysistryggingar heildstætt, og þá í samráði og í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, enda hafa málefni atvinnuleysistrygginga löngum tilheyrt efnisþáttum kjarasamninga. Fulltrúar ASÍ töldu því eðlilegast að öll mál varðandi atvinnuleysistryggingar verði tekin til meðferðar í einu. Minni hl. leggur eindregið til að orðið verði við tilmælum ASÍ, sérstaklega með tilliti til þess að í dag er 75 ára afmælisdagur Alþýðusambands Íslands.

Ríkisstjórnin hefur heitið því að tekið verði á þessum málum í sambandi við upptöku tryggingagjalds, svo sem formælandi meiri hl. nefndarinnar minntist á, þar sem allir launþegar greiða sinn hluta til atvinnuleysistrygginga og ættu þar af leiðandi að fá rétt til þeirra. Í meðferð ríkisstjórnarinnar á máli þessu ætti einnig að taka sérstakt tillit til stöðu einyrkja atvinnurekenda þannig að þeir fengju rétt til atvinnuleysistrygginga enda greiði þeir sinn hlut til þeirra. Með til-

liti til þessa leggur minni hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta minnihlutaálit skrifa Jón Sæmundur Sigurjónsson og Geir Gunnarsson. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins en er sammála þessu áliti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það blandist ekki nokkrum manni hugur um að þörf er á þeirri heildstæðu athugun á málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem hv. 5. þm. Norðurl. v. boðaði. Þar er hins vegar um mjög viðamikið verkefni að ræða og ég tel ekki nokkuð mæla með því að sú leiðrétting, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til að verði gerð, nái fram að ganga áður en það verður. Allt réttlæti mælir með því. Það dregur ekki úr því að þörf sé á að stokka þessi mál upp á nýtt og undir það munu allir taka.

Eins og fram kom, ekki síst hjá fulltrúum ASÍ, á fundum nefndarinnar, þá er þar um mjög viðamikið og flókið mál að ræða, einkum vegna þess hve vinnumarkaðurinn er nú að breytast og hve margir eru nú með óljósan rétt og óljósar skyldur á vinnumarkaði. Vil ég enn og aftur minna á það að við kvennalistakonur höfum flutt mál sem varðar þetta sérstaklega og hefur því verið vísað til ríkisstjórnarinnar með fyrirheitum um að einhverjar úrbætur verði. Ég vona að til þess komi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 836 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞG, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, ÁHE, ÁrnG.

nei: GHH, GGÞ, HJ, IBA, KrP, KE, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SP, ÞP, GGuðbj, AS, AÓB, EH, FÞ, FrS.

3 þm. (PP, RH, AðB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er um að ræða sjálfsagt réttlætismál sem gengur út á það að allir þeir sem greiða af launum sínum skatt í Atvinnuleysistryggingasjóð eigi jafnframt rétt á bótum úr sjóðnum. Það er alveg ástæðulaust að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Ég segi nei við þeirri tillögu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það er nú verið að skipa nefnd til þess að endurskoða í heild lög um Atvinnuleysistryggingasjóðinn þar sem aðild eiga að fulltrúar Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins en auk þess munu að þeirri endurskoðun koma fleiri aðilar vegna þess að með þeim breytingum sem gerðar voru á lögum í vetur og fjalla um tryggingagjald kann að vera eðlilegt að fleiri eigi aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði með einum hætti eða öðrum. Ég tel því eðlilegt að frv. sé vísað til ríkisstjórnarinnar og málið í heild fái athugun í þessari nefndarvinnu og segi því já.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hefur ríkisstjórnin heitið því að taka á þessu máli í sambandi við upptöku tryggingagjalds og þegar er búið að stofna til nefndar til að vinna að þessu máli. Fulltrúar ASÍ sem komu inn í nefndina og töluðu um þetta mál lögðu eindregið til að aðilar vinnumarkaðarins kæmu að þessu máli og hefðu þar hönd í bagga. Á 75 ára afmælisdegi samtaka verkafólks á Íslandi, ASÍ, getum við ekki neitað þeim um þessa beiðni. Ég segi því já.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Þegar frv. um tryggingagjald var til umræðu í hv. fjh.- og viðskn. var skýrt tekið fram af hálfu þeirra sem þar mættu fyrir hönd hinna nýju greiðenda, sem eru einyrkjar, þar á meðal bændur, að þeir teldu að breyta þyrfti þessum lögum eins og kemur fram í því frv. sem nú er verið að leggja til að vísa til hæstv. ríkisstjórnar. Á þeim fundi var fulltrúi Alþýðusambands Íslands og mátti honum þá þegar vera kunnugt um að þessi beiðni kæmi fram, enda er hún afar eðlileg. Ég vísa því þess vegna á bug að hér skuli menn ræða um að það sé einhver ósvinna að samþykkja þessi lög á afmælisdegi Alþýðusambandsins. Ég tel þetta réttlætismál og eðlilegt að það sé samþykkt hér og nú og segi nei við þessari frávísunartillögu.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 445. mál (álagning og innheimta gjalda). — Þskj. 831.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 788.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því tækifæri sem mér gefst til að mæla fyrir þessu frv. sem

markar tímamót í náttúrurannsóknum á Íslandi. Þegar þetta frv. hefur vonandi einhvern tímann, þó það verði kannski ekki á þessu þingi, sem nú er óðum að ljúka. en vonandi á næsta þingi þar á eftir, fengið endanlega afgreiðslu má búast við því að náttúrurannsóknum á Íslandi verði búinn betri grundvöllur og rennt verði styrkari stoðum undir rannsóknir á náttúru Íslands sem er mjög í samræmi við þá strauma sem nú eru uppi í umhverfisverndarmálum og náttúruverndarmálum.

Fljótlega eftir að verkefni umhvrn. höfðu verið ákveðin með lögum sl. vor skilaði menntmrn. til umhvrn. ýmsum þeim verkefnum sem þangað áttu að flytjast frá menntmrn. M.a. var frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur sem menntmrn. hafði haft til meðferðar. Það frv. var samið af nefnd sem Svavar Gestsson menntmrn. hafði skipað þann 13. júní 1989 til að fjalla um byggingu náttúrufræðihúss og um endurskoðun laga nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Formaður þeirrar nefndar var Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, en aðrir í nefndinni voru Eyþór Einarsson grasafræðingur, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Jóhann Pálsson grasafræðingur, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Sveinbjörn Björnsson prófessor, tilnefndur af Háskóla Íslands, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags og Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntmrn. Með nefndinni störfuðu Hrafnkell Thorlacius arkitekt og Kristín A. Árnadóttir fulltrúi.

Í skipunarbréfi nefndarinnar voru verkefni hennar skilgreind á eftirfarandi hátt:

1. að semja drög að frv. til nýrra laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands með hliðsjón af tilhögun frá fyrri árum,
2. að kanna möguleika á samkomulagi um byggingu náttúrufræðihúss á höfuðborgarsvæðinu með aðild Náttúrufræðistofnunar, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og hugsanlega fleiri aðila,
3. aðrir þættir sem tengjast þessum málum og nefndin vildi koma á framfæri. Í tengslum við starf sitt var nefndinni gert að athuga stöðu náttúrugripasafna í öðrum landshlutum með tilliti til rannsókna og samstarfs við Náttúrufræðistofnun Íslands. Í því sambandi var nefndinni m.a. falið að fara sérstaklega yfir fyrirliggjandi hugmyndir um byggingu náttúrufræðihúss á Akureyri.

Nefndin valdi sér heitið NNN-nefnd þar eð allmargar stjórnskipaðar nefndir hafa glímt við svipað verkefni á undanförnum árum á undan þeirri nefnd sem hér um ræðir. Var þetta því gert til þess að aðgreina hana frá fyrri nefndum sem höfðu starfað að þessu sama máli.

Aðstæður í náttúrufræðirannsóknum á Íslandi hafa breyst mjög frá því lög um Náttúrufræðistofnun Íslands voru sett árið 1965. Rannsóknastofnanir atvinnuveganna hafa eflst til muna, þar á meðal Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þá hafa náttúrugripasöfn verið stofnuð á nokkrum stöðum á landinu og við sum þeirra eru stundaðar allvíðtækar rannsóknir. Við Háskóla Íslands hefur nú verið tekin upp kennsla í líffræði og jarðfræði og þar vinna margir prófessorar og sérfræðingar í rannsóknum. Síðan hefur verið stofnaður háskóli á Akureyri, norræn eldfjallastöð er komin á fót hérlendis, og við hana fara fram margþættar jarðfræðirannsóknir, lög um rannsóknaráð ríkisins hafa verið endurskoðuð og komið hefur verið á fót sérstöku vísindaráði sem hefur m.a. það verkefni að gera tillögur um stefnumörkun fyrir vísindastarfsemi í landinu og fylgjast með skipulagi og starfi vísindastofnana. Því tók NNN-nefndin tillit til þessara breyttu aðstæðna við samningu frv. og þeirra ábendinga sem komu fram hjá hinum fjölmörgu aðilum sem nefndin fékk til umsagnar og til ráðgjafar.

Helstu atriðin í áliti NNN-nefndarinnar, sem hún skilaði 22. mars árið 1990, voru eftirfarandi: Í fyrsta lagi var sérstök tillaga um byggingu náttúruhúss í Reykjavík. Í greinargerð með frv. er fjallað sérstaklega um það verkefni, þó það tengist ekki beint þessum lögum nema að litlu leyti. Síðan var svo frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Helstu atriði þess frv. eru sem hér segir:

Náttúrufræðistofnun er skilgreind sem landsstofnun og getur hún verið með aðsetur á allt að sex stöðum á landinu. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða var þó í frv. aðeins gert ráð fyrir einu slíku setri utan Reykjavíkur á næstu fimm árum. Var ætlað að stofnuninni skyldi sett sérstök stjórn sem skipuð yrði af ráðherra.

Þá er í frv. upphaflega gert ráð fyrir að veita náttúrustofum í kjördæmunum tiltekinn fjárhagsstuðning frá ríkinu, enda mundu þær þá falla undir ákvæði laganna, þ.e. hvað varðar verkefni og stjórn. Í ákvæðum til bráðabirgða var kveðið á um að heimild skyldi veitt fyrir tveimur slíkum náttúrustofum innan fimm ára frá gildistöku laganna.

Þá er gert ráð fyrir að uppbygging og rekstur náttúrusýningasafna skuli aðskilin frá rannsóknunum og verða verkefni sérstakra félaga sem hugsanlega gætu starfað sem sjálfseignarstofnanir.

Rannsóknir er tengjast umhverfismálum geta verið meðal verkefna Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa en samkvæmt núgildandi lögum fer umhvrh. með þau málefni sem frv. tekur til.

Síðan er kveðið á um tengsl Náttúrufræðistofnunar við aðrar rannsóknastofnanir og samstarf hennar og náttúrustofa.

Þá eru sett ný og fyllri ákvæði um menntunarkröfur deildarstjóra og sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar.

Það má því segja að með því frv. sem nefndin samdi hafi verið settur starfsrammi um náttúrufræðirannsóknir á Íslandi í samræmi við þá strauma sem eru í þjóðfélaginu og í heiminum almennt í tengslum við rannsóknir á náttúru og umhverfismálum.

Umhvrn. taldi rétt að kanna betur nokkur atriði í frv. áður en það yrði lagt fyrir Alþingi, einkum þau atriði sem lutu að stjórn og skipulagi Náttúrufræðistofnunar. Við þá endurskoðun á vegum ráðuneytisins störfuðu Jón Gunnar Ottósson, deildarsérfræðingur í umhvrn., og Davíð Þór Björgvinsson, dósent við lög-

fræðideild Háskóla Íslands. Áttu þeir m.a. viðræður við starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands og unnu breytingartillögur sínar í nánu samráði við fulltrúa Náttúrufræðistofnunar. Voru gerðar nokkrar breytingar á frv. í framhaldi af þessari vinnu og eru þær sem hér segir:

Heimild til að Náttúrufræðistofnun hafi aðsetur utan Reykjavíkur er rýmkuð. Þannig gætu setur stofnunarinnar alls orðið sex að setrinu í Reykjavík meðtöldu. Miðað er við að í framtíðinni verði eitt slíkt setur á Norðurlandi, eitt á Austurlandi, eitt á Suðurlandi, eitt á Vesturlandi, eitt á Vestfjörðum og síðan eitt setur í Reykjavík.

Þá var gerð breyting á ákvæðum upphaflegs frv. um skipun stjórnar og verkefni hennar afmarkað á skýrari hátt en áður.

Kveðið er á um að ráðherra skipi forstöðumenn setra og að forstöðumaður seturs í Reykjavík verði jafnframt forstjóri stofnunarinnar í heild. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk forstjóra, forstöðumanna og stjórnar. Þessar breytingar miða að því að gera stjórnunarþáttinn einfaldari og skilvirkari án þess þó að draga úr sjálfstæði einstakra setra.

Ákvæði um skipun dómnefnda til að fjalla um hæfni manna til að gegna stöðum hjá stofnuninni voru felld niður úr upphaflegu frv. ásamt nokkrum ákvæðum um innra skipulag stofnunarinnar. Er frekar gert ráð fyrir því að nánari ákvæði um þessi atriði og önnur er lúta að stjórn og starfsemi stofnunarinnar verði sett í reglugerð eins og talað er um í 16. gr. frv.

Varðandi sjálft frv. og hinar einstöku lagagreinar þá er í I. kafla fjallað um Náttúrufræðistofnun Íslands og þau setur sem til greina getur komið að koma upp. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi stjórn Náttúrufræðistofnunar, eins og greint er frá henni í 4. gr. frv., til fjögurra ára í senn. Fastráðnir starfsmenn náttúruseturs í Reykjavík tilnefni einn mann í stjórn, fastráðnir starfsmenn annarra setra og náttúrustofa með ríkisaðild í kjördæmum tilnefni einn sameiginlega og Hið íslenska náttúrufræðifélag tilnefni einn. Ráðherra skipi síðan tvo án tilnefningar og verði annar þeirra formaður og hinn varaformaður. Ráðherra skipar enn fremur forstöðumann hvers seturs til sex ára í senn að fengnum tillögum stjórnar Náttúrufræðistofnunar en forstöðumaður náttúruseturs í Reykjavík er jafnframt forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í II. kafla er fjallað um náttúrustofur. Þar er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Slíkar náttúrustofur skulu starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Getur starfsemi náttúrustofu verið á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu ef það þykir henta.

Ég tel ekki nauðsynlegt að fara nákvæmlega yfir hverja einstaka lagagrein fyrir sig. Þær eru mjög skýrar og segja í raun og veru allt sem segja þarf. Ég vildi rétt aðeins hér að lokum geta um ákvæði til bráðabirgða en þar er talað um setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri og gert ráð fyrir því að það sé óháð ákvæðum 3. gr. þessara laga þar sem segir: „Auk seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík getur umhvrh. heimilað að stofnuð verði önnur setur utan Reykjavíkur að fengnum tillögum frá stjórn Náttúrufræðistofnunar og eftir því fé sem veitt er til slíks á fjárlögum.“ Segja má að setrið á Akureyri sé nánast þegar komið upp og er einungis hér um að ræða að koma því inn í þennan lagaramma sem hér er verið að fjalla um. Það var því talin ástæða til þess að undanskilja það frá ákvæðum 3. gr. frv. Þá er jafnframt í ákvæði til bráðabirgða fjallað um að það skuli unnið að því í samvinnu við heimamenn á Austurlandi að koma þar á fót náttúrustofu eigi síðar en í ársbyrjun 1993 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994.

Þetta var um sjálft frv. Eins og ég gat um í upphafi máls míns var það hluti af verkefni NNN-nefndarinnar að gera tillögur um byggingu náttúruhúss í Reykjavík sem yrði bæði rammi utan um starfsemi seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík og jafnframt rammi utan um náttúrugripasafn. Það verkefni hefur orðið að samstarfsverkefni milli umhvrn. og menntmrn. svo og Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Þegar hefur verið skipaður samstarfshópur til að undirbúa byggingu þessa húss, sem er áætlað að rísi á háskólalóð. Þar hefur því verið valinn staður í fögru umhverfi í námunda við friðlýst svæði rétt hjá Norræna húsinu sem er mjög við hæfi. Umhverfið þar mundi hæfa náttúruhúsi og náttúrugripasafni mjög vel.

Kristinn Helgason, skrifstofustjóri í umhvrn., er formaður þessa starfshóps en aðrir í starfshópnum eru Sveinbjörn Björnsson prófessor, Háskóla Íslands, Örn Helgason prófessor, Háskóla Íslands, Álfheiður Ingadóttir líffræðingur, Sveinn Jakobsson Náttúrufræðistofnun, Hjörleifur Kvaran frá Reykjavíkurborg og Þórður Þorbjarnarson borgarverkfræðingur, Reykjavíkurborg. Nefndin hefur þegar hafið störf sín og hefur þegar skilað stuttri greinargerð um náttúrufræði- og vísindasöfn á Norðurlöndum, en Hrafnkell Thorlacius arkitekt hefur unnið með starfshópnum. Það má því segja að kominn sé góður skriður á undirbúning þessa mikilvæga máls. Ég tel þetta eitt af merkari málum sem við höfum hér til meðferðar, a.m.k. á vegum umhvrn., að leggja því lið að sem allra fyrst megi byggja myndarlegt hús um starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og utan um náttúrugripasafn, en það hefur að segja má verið á hrakhólum undanfarna áratugi og er núna í lélegu húsnæði að Laugavegi 105 við Hlemmtorg. Þó að þar sé búið að gera allt sem hægt er að gera miðað við þær aðstæður sem þar ríkja, og er reyndar til fyrirmyndar hvernig safnið lítur út í dag, þá er það á engan hátt fullnægjandi húsnæði og menningarþjóð eins og við teljum okkur vera hlýtur að vilja koma upp fullkomnu húsi utan um náttúrufræðirannsóknir og náttúrugripasafn, enda erum við öll sammála um það vonandi að náttúra Íslands sé það athyglisverð og merkileg að við teljum að Náttúrufræðistofnun Íslands hljóti að eiga verða búinn góður starfsvettvangur og góð starfsskilyrði.

Að lokum má svo geta þess að það var leitað til fjmrn. og beðið um kostnaðarumsögn um frv., hvað þetta mundi þýða í beinum fjárútlátum fyrir íslenska ríkið. Í umsögn fjmrn. kemur fram að ef öll þau auknu verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands á landsbyggðinni ná fram að ganga sem frv. gerir ráð fyrir hefði það í för með sér um 16–17 millj. kr. árlegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þegar öllum ákvæðum frv. hefur verið framfylgt. Ráðgert er að stofna nýtt setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri í ársbyrjun 1992, það er varla hægt að tala um 1991 eins og kemur fram í bréfinu. Áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs vegna yfirtöku á starfsemi Náttúrufræðistofnunar Norðurlands yrði um 7,5 millj. á ári samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Náttúrufræðistofnunar Norðurlands. Vegna aukinna umsvifa á Akureyri væri þörf á fjölgun stöðugilda og stækkun húsnæðis og er kostnaðarauki vegna þess metinn á 4–5 millj. kr. á ári. Þá er samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í frv. gert ráð fyrir, eins og áður greindi, kostnaðarþátttöku ríkissjóðs við rekstur Náttúrufræðistofu Austurlands í fyrsta skipti á árinu 1992 og á Suðurlandi í fyrsta skipti á árinu 1993. Má gera ráð fyrir að þörf sé fyrir fjárveitingu að upphæð 2,3 millj. kr. á ári vegna hvorrar náttúrufræðistofu auk einhvers stofnkostnaðar samkvæmt fjárveitingu á fjárlögum hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir þessu frv. og aðdraganda þess. Ég legg svo til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til allshn. og 2. umr.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í máli hæstv. ráðherra er þetta frv. samið af nefnd sem ég átti hlut að og sem skilaði áliti í mars á árinu 1990 og samdi frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúruskoðun en gerði einnig tillögur um náttúruhús í Reykjavík, byggingu þess, starfsemi og aðstandendur. Starf þessarar nefndar sem byrjaði sumarið 1989 tók þannig til allmargra þátta sem snerta náttúrurannsóknir í landinu og miðlun upplýsinga og fræðslu um náttúru Íslands. Ég vil geta þess hér að það var afar ánægjulegt að vinna að þessu verkefni sem er brýnt fyrir margra hluta sakir. Þau efni sem frv. fjallar um og bygging myndarlegs húss hér á höfuðborgarsvæðinu, sýningarhúsnæðis, er löngu tímabært verkefni sem hefur dregist allt of lengi. Nefndin leitaði víða fanga og ræddi við fjölmarga aðila sem mál þessi varða. Ég ætla ekki að dvelja lengi við þetta mál og þá fyrst og fremst að ræða þetta frv. en ekki hinn þátt í tillögum nefndarinnar sem er að ég vona kominn á góðan rekspöl, þ.e. frekari undirbúningur að byggingu náttúruhúss hér í Reykjavík.

Hæstv. menntmrh. sem fékk tillögur nefndarinnar leitaði eftir því á síðasta þingi að flytja frv. um málið eins og nefndin hafði gert tillögu um en um það tókst ekki fullt samkomulag í ríkisstjórn fyrir þinglok 1990 þannig að af því varð ekki. Málið gekk síðan til umhvrn. sl. sumar sem hefur haft málið til athugunar síðan og leggur það nú fram undir lok þessa þings með nokkrum breytingum.

Ég fagna því að málið skuli vera komið fram hér á Alþingi og tel það vera til bóta að hafa fengið það hér til sýnis inn í þingið því það í senn greiðir væntanlega götu málsins áfram og veitir auk þess kynningu á málinu sem alltaf er æskilegt í sambandi við einstök frv. að almenningur eigi þess kost að fylgjast með framgangi þeirra og umræðum um þau.

Ég vil hins vegar nefna það að ég hefði talið að önnur málsmeðferð hefði verið æskilegri til að fá málið til efnislegrar meðferðar í þinginu og þá í því formi að ráðuneytið hefði lagt málið fyrir með þeim hætti sem nefndin gerði tillögu um og breytingar hefðu átt sér stað hér í þinginu að bestu manna yfirsýn, eins og að jafnaði er gert og að fengnum ábendingum og óskum frá hæstv. ráðherra. Þetta segi ég ekki vegna þess að mér séu þessar tillögur sérstaklega heilagar sem aðstandandi að þessari nefnd, heldur tel ég að þegar stjórnskipaðar nefndir vinna mál af þessum toga sé það skynsamlegt vinnulag að Alþingi fái tillögur slíkra nefnda eins og þær eru unnar, a.m.k. að það sé sem skýrast af framlagningu málsins um hvað gerðar eru tillögur af viðkomandi nefnd og hvað eru breytingar frá ráðuneyti.

Nú má segja að þær breytingar sem hér hafa verið gerðar af hæstv. umhvrh. á þessu máli frá því sem var í tillögum nefndarinnar séu dregnar saman með það skilmerkilegum hætti að menn geti áttað sig á því eins og það liggur fyrir í greinargerð á bls. 6, en þó verður ekki ráðið með skýrum hætti af greinargerðinni að öðru leyti hvað er ráðuneytis og hvað er komið frá viðkomandi nefnd eins og menn geta áttað sig á þar sem segir á bls. 6, með leyfi hæstv. forseta: „Greinargerð þessi er að miklu leyti samhljóða þeirri sem NNN-nefndin samdi, að öðru leyti en því að tekið hefur verið tillit til allra breytinga sem gerðar voru á frv. á vegum umhvrn.“ Þetta er ekki stórt atriði í málinu, en það eru vissir veikleikar í þessari málafylgju af hálfu ráðuneytis sem ég vil vekja athygli á.

Okkur var ljóst sem að þessu máli unnum að það var á marga lund býsna margslungið og tengist nokkuð viðkvæmum þáttum og viðkvæmum sjónarmiðum þeirra sem kannski telja sig eiga mest undir í þessum efnum. Af þeim sökum lagði nefndin sig í líma að ná samkomulagi á milli aðila þannig að þeir mættu við una og líkur væru á því að góð pólitísk samstaða tækist um málið. Þetta á m.a. við um þá aðila utan Reykjavíkur sem vinna að náttúrurannsóknum og vísindarannsóknum eða starfsemi sem tengist þessum málum, þar á meðal sýningarstarfsemi á sviði náttúrufræða. Við þessa aðila átti nefndin verulegt samstarf, þar á meðal við sérstaka viðræðunefnd Akureyrarbæjar sem skipuð var ég held sumarið 1988 og hafði átt í viðræðum við menntmrh. fyrri ríkisstjórnar, þ.e. hæstv. þáv. menntmrh. Birgi Ísl. Gunnarsson, um málið og tengdist síðan þeim sem við tók og þessari stjórnskipuðu nefnd.

Það kemur fram í greinargerðinni að breytingar hafi verið gerðar að því er varðar stöðu seturs Náttúru-

fræðistofnunar Íslands í Reykjavík gagnvart setrum úti um land. Og ég vil kannski áður en ég vík frekar að því nefna það, virðulegur forseti, að þessi hugmynd, þessi tilhögun sem hér er gert ráð fyrir, er nýmæli í sambandi við uppbyggingu á starfsemi í landinu, þ.e. að koma upp stofnunum undir sameiginlegri stjórn á nokkrum stöðum á landinu sem hafa sömu stöðu og eru ekki byggðar upp sem útibú út frá móðurstofnun heldur sem sjálfstæðar einingar í stofnun sem lýtur sameiginlegri stjórn sem ætlað er að samræma störf hennar. Við þessu hefur ekki verið hróflað í grundvallaratriðum af hæstv. umhvrh. nema að því leyti að settur er forstjóri yfir Náttúrufræðistofnun í heild sem starfar við eða tengist setrinu í Reykjavík. Þegar við áttum viðræður um þetta mál, ég og hæstv. ráðherra sem leitaði til mín um hugmyndir varðandi breytingar, þá réði ég honum frá því að taka upp breytingu af þessum toga vegna þess að það raskaði þeim hugmyndalega grunni sem nefndin hafði staðið að og sem við töldum að væri mikilsverður þáttur í því væntanlega samstarfi rannsókna á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands með setrum á nokkrum stöðum á landinu sem til var stofnað.

Það kemur einnig fram í greinargerðinni, neðst á bls. 5, að umhvrn. hafi m.a. átt viðræður við starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands og þá er átt við núverandi stofnun hér í Reykjavík væntanlega. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort einnig hafi farið fram viðræður við aðila utan Reykjavíkur sem ætlað er að tengjast Náttúrufræðistofnun Íslands í breyttu formi því að ég tel að það hefðu verið sjálfsögð málstök að gefa þeim einnig kost á að segja álit sitt og þannig hefði hæstv. ráðherra væntanlega fengið tilfinningu fyrir viðhorfum frá þessum aðilum.

Það er þetta atriði sem ég tel að varði mestu en einnig hafa verið gerðar breytingar varðandi skipun stjórnunar. Ég tel nauðsynlegt að á þessi mál verði litið sérstaklega af þeirri þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar, hvort sem það er sú nefnd sem nú er ætlað að taka við málinu eða við endurflutning málsins í einhverju formi, að þess sé gætt að líta á málið út frá þeim hugmyndalega grunni og þeirri samstöðu sem nefndinni sem vann að málinu tókst að skapa. Ég tel óeðlilegt að eingöngu þeir aðilar sem fyrir eru í þessu starfi fái að komast að með sín sjónarmið, sem auðvitað er sjálfsagt að hlýða á og svo sannarlega var gert, enda átti Náttúrufræðistofnun Íslands fulltrúa í þeirri nefnd sem hér gerði tillögur og sá var aðili að þessu og rækilegar viðræður fóru fram við starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi málið og við töldum að við hefðum náð þar ásættanlegu samkomulagi einnig við þá aðila.

Í tillögunum og frv. er gert ráð fyrir náttúrufræðistofum með ríkisaðild til viðbótar við setur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þessi tilhögun, að koma upp slíkum stofum á nokkrum stöðum á landinu, er m.a. til að koma til móts við þróunarmöguleika á þessu sviði á svæðum þar sem ekki kæmi til setur. M.a. af þeim sökum taldi nefndin sig geta takmarkað sig í tillögum sínum við fimm setur hið mesta utan Reykjavíkur þar eð á öðrum svæðum í öðrum kjördæmum kæmu til náttúrustofur með gildisaðild með skilgreindum verkefnum.

Virðulegur forseti. Þetta eru þær helstu ábendingar sem ég vildi gera varðandi mál þetta. Ég fagna því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra varðandi þessi verkefni, þann skilning sem fram kom hjá honum á þýðingu málsins og ég tek það fram aftur að ég tel það betra en ekki að málið skuli þó koma fram hér á þinginu heldur en það rykfélli í skúffum ráðuneyta. Ég tel að sú skipan mála sem hér er lögð til í aðalatriðum geti orðið til verulegs framdráttar fyrir náttúrurannsóknir í landinu, svo og náttúruvernd í landinu en báðum þessum einingum, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofum, er ætlaður verulegur hlutur í þeim efnum að stuðla að bættri meðferð landsins og auðlinda þess, og að tengjast öðrum aðilum sem fjalla um náttúrurannsóknir í víðara samhengi. Það var haft samráð við Vísindaráð m.a. sem er lögum samkvæmt sá aðili sem á að taka yfir sviðið í heild og tókst skilningur á grundvelli viðræðna milli þessara aðila og það er auðvitað afar nauðsynlegt í málum af þessum toga að þar leggist menn saman á árar. Ég hef stundum orðað það svo að þeir sem hafa unnið að náttúrurannsóknum í landinu og ætla sér þar hlut, hafa ekki efni á því að deila kröftunum, þeir þurfa að leggjast saman á árar því að fjármagn er takmarkað og skilningur því miður hefur verið það einnig allt of lengi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi einungis koma hér til að fagna því að sjá þetta frv. á borðum þingmanna þó nokkuð seint sé þar sem nokkur tími er nú liðinn frá því að nefndin sem samdi frv. skilaði af sér. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að vera í þeirri nefnd eins og fram kemur í greinargerð með frv. og kom einnig fram í máli hæstv. umhvrh. Eru fáar nefndir sem ég hef starfað í sem hefur verið eins ánægjulegt og skemmtilegt að starfa í og þessari.

Það gleður mig einnig að heyra hjá hæstv. ráðherra hversu mikinn skilning hann sýnir þessu máli og hversu ánægður hann er með störf nefndarinnar sem þetta frv., sem hér er sett fram, er árangur af. Það er mjög mikilvægt að mínu mati að taka heildstætt á málum Náttúrufræðistofnunar og tryggja framtíð hennar. Eins og fram kemur í 5. gr. þessa frv. hefur hún mikilvægum verkefnum að sinna. Vona ég að þær raddir sem stundum heyrast um að hún skuli leggjast niður muni þagna hið fyrsta.

En ég verð þó að koma með örfáar athugasemdir og get ég tekið undir þær athugasemdir sem komu fram í máli hv. 2. þm. Austurl. varðandi stjórn stofnunarinnar. Ég er ekki ánægð með þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. frá því að nefndin skilaði af sér. Ég tel ekki að sá andi sem við vorum að reyna að fá fram í nefndarstarfinu hafi komið fram. Við lögðum mikla áherslu á það að hvert setur væri jafnrétthátt, öll þau fimm sem við gerðum ráð fyrir að væru þarna þannig að setrið í Reykjavík væri ekki sett hinum ofar. Með 4.

gr. frv., eins og hún lítur út núna, er gert ráð fyrir að setrið í Reykjavík sé sett ofar hinum. Fastráðnir starfsmenn í Reykjavík tilnefna einn mann í stjórn en fastráðnir starfsmenn annarra setra og náttúrufræðistofa tilnefna einn sameiginlega. Þetta þykja mér vera mjög slæmar breytingar frá því sem áður var vegna þess að ég tel það mjög mikilvægt að öll setrin séu jafnrétthá til að skipa í stjórnina. Það sama gildir um forstöðumann. Ég tel það ekki ganga að forstöðumaður eins setursins, sem er náttúrufræðistofnun í Reykjavík, verði jafnframt forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fram kemur í athugasemdum að þetta hafi verið m.a. gert eftir viðræður við starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands hér í Reykjavík. Langar mig til að ítreka þá spurningu sem hér var borin fram af hálfu hv. 2. þm. Austurl., hvort haft hefði verið samráð við aðra aðila og vil ég sérstaklega inna eftir hvort haft hefði verið samráð við Náttúrufræðistofnun Norðurlands á Akureyri. Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að setrið á Akureyri verði stofnað mjög fljótlega þannig að það er mjög mikilvægt að þeir sem þar eru séu sáttir við þá niðurstöðu sem hér er fengin. Ég óttast að ekki muni verða sátt um þessa niðurstöðu, sérstaklega ekki af hálfu þeirra sem eru utan Reykjavíkur.

Ég átta mig alls ekki á breytingu að því er varðar skipun dómnefndar á bls. 6 þar sem talað er um að ákvæði um skipun dómnefndar til að fjalla um hæfni manna til að gegna störfum hjá stofnuninni hafi verið felld niður. Ég átta mig ekki á hvers vegna þessi leið hefur verið valin og langar mig til að inna hæstv. umhvrh. eftir því af hvaða ástæðum þetta var gert. Þetta ákvæði er tekið nánast upp úr háskólalögum þar sem gert er ráð fyrir að skipaðar séu dómnefndir þegar sérfræðingar og fastir starfsmenn eru ráðnir. Ég tel að það eigi sama að gilda um þessa stofnun og um Háskóla Íslands. Þætti mér fróðlegt að vita hvers vegna hefur verið fallið frá ákvæði um skipun dómnefndar.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þessi atriði hér en vil ítreka ánægju mína með það að hæstv. umhvrh. skuli hafa lagt þetta frv. fram og hans orð, hið jákvæða viðhorf sem fram kom í máli hans þegar hann mælti fyrir frv.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir mitt leyti þakka fyrir þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hjá hv. þm. sem báðir áttu sæti í þeirri nefnd sem undirbjó frumtillögur þær sem frv. byggir að verulegu leyti á. Vildi ég í leiðinni nota tækifærið og þakka þessum tveimur hv. þm. fyrir þeirra störf sem þeir lögðu fram til þess að þetta mál mætti ná fram að ganga.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að ég hef sjálfur orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með að það skyldi tefjast svo sem raun ber vitni að koma þessu máli inn í þingið. Þar er lítið annað hægt að segja en að það hefur að verulegu leyti háð starfsemi ráðuneytisins að við höfum verið frekar fáliðuð og það var ekki fyrr en eftir áramót að við fengum starfsmann sem gat farið í það verkefni að fara yfir upphaflegt frv. og meta það út frá sjónarhóli ráðuneytisins. Síðan má einnig segja að það hafi farið mikill tími í alls konar skipulagningu á starfsemi ráðuneytisins, m.a. við grundvallarhluti eins og að koma upp viðunandi starfsaðstöðu, skrifstofuhúsnæði fyrir ráðuneytið, og það hefur mjög tafið öll þau verkefni sem ég hefði viljað leggja meiri áherslu á. Þess vegna hef ég orðið að hlíta því, því miður, að mörg þau verkefni sem við höfum verið að vinna að og eru sum hver mjög mikilvæg mál koma nú inn í þingið á allra síðustu dögum og ná vart að fá afgreiðslu áður en þingi lýkur í vor. En betra er seint en aldrei. Það er, eins og kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, betra að sýna málið og hefja undirbúning að því að það hljóti fullnaðarafgreiðslu frá Alþingi á næsta þingi þegar málið verður vonandi lagt fyrir á nýjan leik.

Varðandi þær spurningar sem hv. þm. hafa beint til mín þá er það rétt að við gerðum fyrst og fremst breytingar á stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Við töldum að það væri ekki hægt að ganga fram hjá því að aðalsetur stofnunarinnar verður hér í Reykjavík. Þar verður Náttúrugripasafnið og það er ekki fyrirsjáanlegt að neitt annað slíkt safn rísi á landinu. Það hlýtur því, eðlis síns vegna, ævinlega að verða svo að setrið í Reykjavík verður langstærst og mikilvægast og því er ekki talið óeðlilegt að það verði leiðandi í starfsemi þessarar stofnunar. Við töldum að athuguðu máli og að höfðu samráði við hina ýmsu sérfræðinga sem þekkja til þessara mála að það væri skynsamlegt að það væri einn forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands sem væri um leið forstöðumaður setursins í Reykjavík þar sem það yrði langöflugasta stofnunin.

Það var haft samráð við aðila utan Reykjavíkur og m.a. við fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Norðurlands á Akureyri, Tómas Inga Olrich menntaskólakennara. Eftir því sem ég fæ best skilið lagði hann blessun sína yfir þær breytingar sem hér hafa verið lagðar til og gat fallist á þær fyrir sitt leyti og taldi þær, ef eitthvað, til bóta.

Varðandi dómnefndir var það mat okkar að það væri óeðlilegt að stofnun eins og þessi réði starfsmenn sína á þann veg að skipaðar skyldu dómnefndir í hverju og einu tilviki. Það er rétt að það er gert hjá Háskóla Íslands. En mönnum þykir nú oft hjákátlegt hjá Háskóla Íslands þegar verið er að skipa dómnefndir til að meta hæfi umsækjenda sem síðan eru ráðnir á launakjörum sem eru með þeim lægri í þjóðfélaginu og væri nær að skipa dómnefndir og meta hæfi umsækjenda um bankastjórastöður og ýmsar aðrar æðri stöður í þjóðfélaginu. Manni finnst það stundum skjóta nokkuð skökku við þegar verið er að eyða miklu púðri í að meta hæfi umsækjenda um stöður sem veita laun sem eru með því lægra sem gerist í þjóðfélaginu. Þetta eru kannski ekki mikil rök og að sjálfsögðu þarf að gæta þess að starfsmenn við Náttúrufræðistofnun Íslands, eins og reyndar er um að ræða hjá Háskóla Íslands, þurfa að geta sannað hæfni og sýnt fram á starfsreynslu og menntun sem er við hæfi til þess að þeir geti sinnt þeim störfum sem þar þarf að vinna. Hins vegar hefur það ekki tíðkast við sjálfstæðar vísindastofnanir á Íslandi

að það þurfi að grípa til þess að skipa dómnefndir til að athuga hæfi þeirra umsækjenda sem kunna að sækja um hinar ýmsu stöður sem eru til ráðstöfunar. Því töldum við eðlilegt að það væri svo með Náttúrufræðistofnun Íslands að hún lyti sömu lögmálum í þessu tilliti og aðrar stofnanir.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum ítreka þakkir fyrir undirtektir við þetta mál og vona að það fái skjóta afgreiðslu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér fannst fara svona heldur í verra í síðari ræðu hæstv. ráðherra. Þá opinberaðist að mér þótti, og komu fram sjónarmið sem ég get ekki tekið undir. Ég held að það sé alveg ljóst að það hefur orðið verulegur misskilningur, svo maður reyni nú að túlka það með jákvæðum hætti, hjá ráðuneytinu við mat á þessu máli og stöðu þess. Það er í rauninni samkvæmt því sem hér kom fram í máli hæstv. ráðherra verið að hrófla við málum miklu meira en lesa má út úr textabreytingum frv. frá þeim tillögum sem nefndin gerði til ráðuneytis á sínum tíma.

Hér endurspeglast sú hugsun sem er búin að ríða þessu húsi allt of lengi í sambandi við starfsemi í landinu á vegum ríkisins og í tengslum við ríkið, rannsóknastarfsemi, það sjónarmið að það hljóti að vera hér í höfuðstað landsins, hér í Reykjavík og ekki annars staðar, sem fullburðug rannsóknastarfsemi og vísindastarfsemi geti farið fram. Þannig eigi þetta að vera. Ég tel að þetta sé rangt sjónarmið. Í öllu falli stangast það á við þær hugmyndir sem heyrast í orði frá stjórnmálamönnum öðru hvoru, m.a. frá ráðherrum í núv. ríkisstjórn á stundum, að það eigi að reyna að snúa við þeirri öfugþróun í byggðamálum sem átt hefur sér stað um allt of langan tíma og m.a. og ekki síst á rætur að rekja til þess að ríkisvaldið hleður undir starfsemi hér, sérfræðistarfsemi, rannsóknastarfsemi, vísindastarfsemi, en hefur ekki sýn til þess að hún fái að rísa og dafna utan þessa aðalþéttbýlissvæðis landsins. Þetta er mjög alvarlegt sjónarmið og rangsnúið. Hæstv. ráðherra bar það hér fram að það hefðu fengist undirtektir frá talsmanni viðræðunefndar Akureyrarbæjar, Tómasi Inga Olrich, við þær breytingar sem lagðar eru til af ráðuneytinu í þessu frv. frá tillögum viðkomandi nefndar. Ég leyfi mér að draga mjög í efa að þessi fullyrðing hæstv. ráðherra sé rétt. Ég hef átt viðræður við sama mann um sama efni og heyrt allt annað hljóð sem reyndar kom mér ekki á óvart. Og ég vona að þeir hér á Alþingi, nú eða síðar, sem fá mál þetta til meðferðar og undirbúnings, leggi sig fram um það að skilja þörfina á að ná saman um þessi efni á þann hátt að um þetta geti tekist pólitísk breið samstaða um þá þróun rannsóknastarfsemi sem hér er lögð til og að þau setur sem ætlað er að sinna þessum rannsóknum verði ekki sett skör lægra þó þau séu utan Reykjavíkur en sú starfsemi fullgild og ágæt sem hér fer fram og þarf auðvitað að hafa aðstöðu til að þróast. Ég gat ekki, virðulegur forseti, á mér setið að koma þessum ábendingum á framfæri.

Ég get tekið undir það sem hv. 6. þm. Reykv. sagði varðandi mat á starfsmönnum sem ráðnir eru til þessarar stofnunar. Mér finnst óeðlilegt að gera þar ekki hliðstæðar kröfur og til Háskólans, starfsmanna þar, og bendi á að samkvæmt fyrirliggjandi tillögum er einmitt gert ráð fyrir því að samstarf geti orðið meira og betra milli Háskóla Íslands og seturs hér í Reykjavík og væntanlega muni sama gerast varðandi Háskóla á Akureyri og þess seturs sem þar er um að ræða. Það er mikil ástæða til þess að leggja svipaðan mælikvarða á þá sem fást við vísinda- og rannsóknastarfsemi í þessari stofnun eins og hjá háskólum landsins. Þar eru launamálin allt annar handleggur, allt annar hlutur, sem hæstv. ráðherra fór að blanda í þetta mál. Það á ekki að rugla því saman hvort menn telja að menn séu ekki bærilega haldnir í launum eða fái ekki nóg fyrir sinn snúð annars vegar og hins vegar hæfniskröfum, það er að blanda saman óskyldum hlutum og raunar síst til þess fallið að bæta veg þeirra sem við vísindarannsóknir starfa að ætla að draga úr kröfum sem til þeirra eru gerðar sem eiga að sinna verkunum. Það held ég að verði ekki til þess að bæta stöðu þeirra launalega séð til lengri tíma litið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

68. fundur, þriðjudaginn 12. mars, að loknum 67. fundi.

Náttúrufræðistofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 788.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Gjaldþrotaskipti, 3. umr.

Stjfrv., 97. mál (heildarlög). — Þskj. 626 (sbr. 100).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð því ég ætla ekki að tefja á nokkurn hátt afgreiðslu þessa máls. Ég þurfti að víkja af fundi þegar málið var til 2. umr. fyrr í dag. Við fulltrúar sjálfstæðismanna í allshn. höfum skrifað undir nál. og studdum afgreiðslu allshn. á þessu máli, frv. til laga um gjaldþrotaskipti, svo og næstu tveimur málum hér á dagskránni, meðferð opinberra mála og

skipti á dánarbúum. Við styðjum þessi frv. en ég vil aðeins vekja athygli á því að þau vinnubrögð sem við verðum hér að hafa eru náttúrlega ekki sæmandi fyrir Alþingi eða fyrir Nd. Þessi mál eru öll komin frá Ed. og við efumst ekki um að þau hafi fengið þar ítarlega og góða meðferð. En hér í hv. Nd. gefst ekki sá tími sem raunverulega þarf til þess að afgreiða svo viðamikla lagabálka sem hér er um að ræða. Okkur er ljóst, eða því er a.m.k. haldið að okkur, að hér sé um verulegar réttarbætur að ræða og í sjálfu sér er engin ástæða til að draga það í efa. Þessi frv. þarf að samþykkja, ekki kannski endilega nú, en alla vega á haustþingi vegna þeirra breytinga sem verið er að gera á dómstólakerfinu, að skilja að framkvæmdarvald og dómsvald í héraði. Lögð hefur verið mikil áhersla á að afgreiða þessa lagabálka af þeim sem eiga að búa við þetta kerfi og þess vegna er það sem við féllumst á að stuðla að því að þessi lagafrv. næðu fram að ganga. En ég ítreka það að þessi vinnubrögð eru auðvitað ekki sæmandi. Við sáum það í atkvæðagreiðslu í dag þegar greidd voru atkvæði um 1. gr. frv. og síðan frá 2. gr. og allt upp í 198. og enginn tími gefst til þess að ræða málin á nokkurn hátt.

Ég tek það fram að ég er ekki að gagnrýna hvernig hv. formaður allshn. Nd. hefur haldið á þessu máli. Hann hefur gengist fyrir allmörgum fundum í nefndinni um afgreiðslu málsins en engu að síður gafst ekki tími til þess að lesa frv. yfir og við sjáum svo hvernig meðferðin er hér í hv. þingdeild að það treystir sér enginn til að taka til máls.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Reykn. vill forseti taka það skýrt fram að hann gerði enga tilraun til að þvinga þessi mál fram í deildinni. Hann var fús til að veita allan þann tíma sem menn hefðu viljað til þess að ræða málið við 2. umr. Hins vegar kvaddi sér enginn hljóðs eins og hv. þm. hefur sagt og atkvæðagreiðslan sem slík var ekki óeðlileg enda sá háttur oft hafður á að taka fyrir fjölmargar greinar eins og forseti gerði í þetta skipti. (Gripið fram í.) Þessi kenning hv. 2. þm. Reykv. er að hluta til rétt, hún er líka að hluta til röng. Hvort tveggja er gert og hefur verið gert og fyrir því eru mörg fordæmi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 902).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 700.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 903).

Skipti á dánarbúum o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildarlög). — Þskj. 108.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 904).

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Frv. GHH, 229. mál (réttur til bóta). — Þskj. 329.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. til Ed.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 565, n. 851, 883 og 888, brtt. 619, 884, 889.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 851 er álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um þetta frv. og fékk umsagnir frá ýmsum aðilum: Sól hf., Búnaðarfélagi Íslands, útvarpsráði, Vegagerð ríkisins, Þjóðhagsstofnun, Íslandsbanka, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Landssambandi iðnaðarmanna, Landsbanka Íslands, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Náttúruverndarráði, Félagi íslenskra iðnrekenda, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands og Sölusamtökum lagmetis.

Eftir að hafa farið yfir þessar mörgu umsagnir leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Að þessu nál. standa Guðmundur G. Þórarinsson,

Ragnar Arnalds, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Páll Pétursson.

Minni hl. flytur hins vegar brtt. við frv. sem talsmaður minni hl. gerir vafalaust grein fyrir hér á eftir. Minni hlutarnir eru reyndar tveir og það er um þær brtt. að segja sem 2. minni hl. flytur að þær ganga flestar eða allar talsvert lengra en frv. í að opna hér fyrir útlendingum. Á það gat meiri hl. ekki fallist og ég legg til að við höldum okkur við það álit sem meiri hl. hafði, að afgreiða frv. eins og það er prentað á þingskjali.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil hér gera stutta grein fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sem liggur hér frammi á þskj. 883.

Í upphafi máls míns vil ég mótmæla því sem formaður nefndarinnar sagði að brtt. minni hl. gengju lengra heldur en frv. Allar þær brtt. sem Kvennalistinn leggur fram eru í þá átt að minnka hér þá opnun sem til stendur.

Margoft hefur verið bent á nauðsyn þess að samræma lög og reglur um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi þar sem gildandi ákvæði eru bæði ósamstæð og óljós. Straumur fjárfestinga landa á milli fer vaxandi og nauðsynlegt er að hafa stjórn á hvernig hann fer fram og að reglur um hann séu fastmótaðar.

Samvinna við erlenda aðila í atvinnurekstri hér á landi getur haft ýmsa kosti í för með sér, svo sem aðgang að tækniþekkingu, markaði og viðskiptasamböndum, auk þess sem erlent áhættufé getur komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi. Því má segja að þetta frv. sé tímabært og í samræmi við þá þróun sem á sér stað í alþjóðlegu efnahagslífi.

Samkvæmt frv. og fylgifrv. á að útiloka að erlendir aðilar geti átt eignarhlut í fiskiskipum sem stunda veiðar í íslenskri landhelgi. Þessu er 1. minni hl. samþykkur. Ákvæði frv. um fiskvinnslu eru hins vegar ekki eins afdráttarlaus og opna fyrir erlenda eignaraðild að vissu marki.

Kvennalistakonur vilja vara við slíkri hlutdeild útlendinga í aðalútflutningsiðnaði landsmanna og telja að hið sama skuli gilda um fiskveiðar og fiskvinnslu. Því flytur 1. minni hl. brtt. við 2. tölul. 4. gr.

Eftirliti með fjárfestingum erlendra aðila hér á landi hefur verið mjög ábótavant og erfitt hefur verið að hafa yfirsýn yfir þessar fjárfestingar. Þetta atriði er ekki tryggt með þessu frv. Ekki verður séð hvernig unnt á að vera að meta heildarfjárfestingu í hverri atvinnugrein eins og gert er ráð fyrir skv. 7. tölul. 4. gr. Þessi ákvæði eru því haldlítil. Í umsögnum um frv. hafa fjölmargir aðilar bent á þetta atriði. Oft þykir óljóst við hvað er átt með „atvinnugrein" í 7. tölul. 4. gr. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki vera yfir 25% nema til komi „leyfi viðskiptaráðherra". Einnig er óljóst af hvaða stofni 25% eiga að reiknast, hvort takmörkun miðist við árlega fjárfestingu eða heildarfjárhæð erlends fjármagns af eigin fé hverrar atvinnugreinar alls.

Vegna þessara annmarka er hér lögð fram sú brtt. á sérstöku þskj. og mælt með að heildarfjárfesting erlendra aðila í hverju atvinnufyrirtæki verði aldrei yfir 49%.

Fyrsti minni hl. leggur áherslu á að Íslendingar missi ekki úr höndum sér stjórn á nýtingu landsins til ferðaþjónustu. Ekki er lögð til ákveðin brtt. hér, þar sem gert er ráð fyrir að ákvæði 24. gr. frv. um ferðaþjónustu muni gilda verði það frv. að lögum. Það sama á við um útvarp, sjónvarp og fjölmiðlun almennt. Því er hér lögð til sú breyting við fylgifrv. um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri að 20. gr. þess verði felld brott.

Íslenska hagkerfið er mjög viðkvæmt vegna þess hve einsleitt atvinnulífið er og byggist að meginhluta til á einni auðlind, fiskinum í sjónum. 1. minni hl. þykir því eðlilegt að taka nokkru smærri skref en frv. gerir ráð fyrir til að tækifæri gefist til að skoða afleiðingarnar. Leiðin til baka er mjög erfið. Fjölmargar þjóðir hafa kosið að fara varlega í þessum efnum og er fyllsta ástæða fyrir Íslendinga að gera það einnig. Því þykir 1. minni hl. rétt að sú regla gildi að þeir geti ekki átt meiri hluta hlutafjár í atvinnu- eða þjónustufyrirtækjum á Íslandi.

Að lokum er ítrekað það álit 1. minni hl. að þess verði ávallt gætt að erlendum aðilum beri skilyrðislaust að fara eftir lögum, reglum og hefðum íslensks vinnumarkaðar, kjarasamningar íslenskra stéttarfélaga verði eftir sem áður í gildi, svo og allar reglur um aðbúnað, hollustuhætti og vinnuvernd. Þá þykir ljóst að stóratak verður að gera í að herða öll lög og reglur er varða umhverfisvernd og mengunarvarnir.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. en það er að finna á þskj. 888. Auk þess mun ég mæla fyrir brtt. sem eru á þskj. 889, fimm talsins.

Það frv. sem hér er til 2. umr. um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri er að meginstefnu það sama og lagt var fram á 110. löggjafarþingi 1987–1988 af ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, en það frv. var samið af nefnd sem hann skipaði haustið 1987.

Hv. þm. Matthías Bjarnason hafði á sinni tíð sem viðskrh. látið semja ítarlega skýrslu um erlenda fjárfestingu og var sú skýrsla lögð fyrir Alþingi á sínum tíma. Það er því ljóst að það hafa fyrst og fremst verið sjálfstæðismenn sem hafa haft frumkvæði að því að breyta úreltum og reyndar sundurleitum lagaákvæðum um erlenda fjárfestingu og færa til samræmis við það víðtæka frelsi sem helstu viðskiptaþjóðir okkar hafa tekið upp á þessu sviði.

Það er augljóst eins og reyndar kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að samstarf við erlenda aðila getur verið heppilegt og nauðsynlegt. Íslendingar hafa í gegnum tíðina tekið mikið að láni erlendis og orðið að

borga erlendir skuldir sem oft hafa verið með bankaábyrgðum eða ríkisábyrgðum. Með því að eiga samstarf eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. verður um áhættufjármagn að ræða, þ.e. að erlendir aðilar, fyrirtæki og einstaklingar, geta tekið þátt í atvinnulífi hér á landi með hlutafé og fjármunum sem eru lagðir í atvinnureksturinn og njóta þá arðs í samræmi við afkomu fyrirtækjanna en taka um leið þá áhættu að ef fyrirtækið gengur illa, þá missi þeir það fjármagn sem þeir hafa lagt í viðkomandi rekstur.

Það skiptir miklu máli að átta sig á að tækniþekking og markaðsþekking er orðin stór þáttur í verðmæti fyrirtækja og með auknu samstarfi við erlenda aðila má búast við því að til landsins berist slík tækniþekking og markaðsþekking.

Það er æskilegt enn fremur að lög og reglur um fjárfestingar erlendra aðila séu einfaldar, skiljanlegar og skýrar og að vald stjórnvalda sé lítið og skýrt þannig að þeim sem hugsanlega vildu fjárfesta hér á landi sé ljóst hver þeirra réttur er og hverjar eru skyldurnar.

Samningar um Evrópskt efnahagssvæði standa yfir um þessar mundir og senn má búast við því að þeim ljúki. Í þeim samningum er gert ráð fyrir víðtæku frelsi til fjármagnsflutninga og fjárfestinga yfir landamæri þeirra ríkja sem taka þátt í slíkum samningum, en það eru annars vegar ríkin í Evrópubandalaginu og hins vegar EFTA-ríkin og Lichtenstein. Án þess að enn sé vitað hvert kemur til með að verða efnisinnihald þeirra samninga, þá er ljóst að þetta frv. sem hér er til umræðu gengur ekki eins langt og hugmyndin er að samkomulagið um Evrópska efnahagssvæðið gangi út á. Þá er ekki verið að tala um sjávarútveginn í þessu sambandi því að enn er óljóst hvað verður um hann og hvernig hann verður meðhöndlaður og fjárfestingar í sjávarútveginum í þeim samningum sem fara fram um Evrópska efnahagssvæðið.

Flestir þeir umsagnaraðilar sem sendu umsagnir til hv. nefndar lögðu til að heimildir erlendra aðila yrðu opnaðar meira en frv. gerir ráð fyrir.

Eins og ég sagði í upphafi þá flytur 2. minni hl. fjh.- og viðskn., en hann skipar auk mín hv. þm. Matthías Bjarnason, brtt. á þskj. 889. Breytingarnar bera þess merki að frv. kom seint fram á þinginu þannig að ekki hefur gefist tími eða tækifæri til að fara vandlega ofan í frv. en þó teljum við að með þessum tillögum náum við til flestra þeirra atriða sem umsagnaraðilar telja heppilegt og eðlilegt að breytt verði við meðferð málsins hér á hinu háa Alþingi.

Mig langar nú í stuttu máli til að gera grein fyrir þessum brtt. en þær eru fimm.

Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir ákveðnum reglum um fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu. Þessar reglur er að finna í 4. gr. frv. sem er takmarkandi grein en segja má að 3. gr. sé aðalgrein frv. Í 2. tölul. 4. gr. er rætt um fiskvinnslu og er töluliðurinn nokkuð flókinn að gerð. Þess vegna leggjum við til að breytingar verði gerðar á 2. tölul. og teljum skynsamlegt að fá erlent áhættufé í meiri mæli inn í fiskvinnsluna. Við teljum að sundurgreining sú sem frv. gerir ráð fyrir milli frumvinnslu annars vegar og fullvinnslu hins vegar sé nánast óframkvæmanleg. Við bendum á að reyking, súrsun, niðurlagning og niðursuða er ótvíræður iðnaður, enda eru þessar greinar flokkaðar með matvælaiðnaði en ekki fiskvinnslu í opinberri flokkun.

Nú er það svo að niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir eru með því fyrsta sem fram kom innan íslensks matvælaiðnaðar á sviði fullvinnslu. Lagmeti, en það er samheiti þessara afurða, er í allflestum tilfellum pakkað í neytendaumbúðir til dreifingar í verslanir. Starfsemi af þessu tagi er ekki hægt að flokka með frumvinnslu sjávarafurða og þá verður að telja mjög óheppilegt að reyking, mjölvinnsla og bræðsla séu hér undanskilin. Þess vegna er lagt til að súrsun, niðurlagning og niðursuða ásamt reykingu, bræðsla og mjölvinnsla falli ekki undir takmarkanir frv. og að fjárfestingar erlendra aðila í þessum greinum verði með sama hætti og í öðrum iðnaði. Ég vil taka það fram að þessi brtt. hróflar í engu 1. tölul. 4. gr. þar sem fjallað er um eignaraðild að fyrirtækjum sem veiða í íslenskri landhelgi.

Þá er í 2. brtt. 2. minni hl. lagt til að fellt verði niður ákvæði sem takmarkar erlenda fjárfestingu í flugrekstri við 49%, enda hafa engar röksemdir komið fram um það, hvorki í máli hæstv. ráðherra sem um þetta mál fjölluðu né heldur í nefndinni, sem benda til þess að það sé skynsamlegt að þessi takmörk séu í flugrekstrinum.

Í 3. brtt. er lagt til að í stað þess að takmarka eignarhald erlendra aðila í íslenskum viðskiptabönkum við 25% verði þeim veitt ótakmörkuð heimild í áföngum. Ekki verður séð að nauðsyn beri til að taka upp strangar reglur í þessum efnum varðandi hlutafélagabanka sem ganga stórum lengra en almennar reglur sem gilda eiga um fyrirtæki á sviði fjármagnsþjónustu í víðasta skilningi þess orðs, t.d. verðbréfafyrirtæki, vátryggingarfélög o.s.frv. Þess vegna er lagt til að sömu reglur skuli gilda um hlutafélagabanka og önnur fyrirtæki. Þetta gerist þó í áföngum samkvæmt þeirri brtt. sem við flytjum á þskj. 889 og er 3. brtt. á því þingskjali.

Þá gerum við ráð fyrir því að takmörkun sú sem frv. gerir ráð fyrir á heildarfjárfestingu erlends aðila á ári verði rýmkuð úr 250 millj. kr. í 1000 millj. kr., einn milljarð. Einnig er lagt til að þau ákvæði sem lúta að takmörkun við fjórðung af hverri atvinnugrein samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar verði felld í burtu í heilu lagi. Við teljum óframkvæmanlegt að meta þessa hluti eða draga skýrar markalínur milli atvinnugreina. Þá er enn fremur ótækt að löggjafinn framselji vald í hendur Þjóðhagsstofnunar með þeim hætti sem ráð er fyrir gert í frv. Það skal tekið fram að samkvæmt lagagreininni nú er vitnað til Þjóðhagsstofnunar í þessu sambandi og í niðurlagsorðum 7. tölul. 4. gr. segir að miða eigi við mat Þjóðhagsstofnunar. Verði þessu ekki breytt ræður það úrslitum um þetta atriði hvað Þjóðhagsstofnun gerir frá einum tíma til annars.

Síðasta tillagan sem flutt er á þskj. 889 felur það í sér að sú pólitíska eftirlitsnefnd sem ætlunin er að Alþingi kjósi verði felld niður. Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að í fyrsta frv. sem flutt var af ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og lagt fram á þingi á sínum tíma

var gert ráð fyrir fagnefnd sem átti að vera skipuð af hinum mismunandi ráðuneytum. Af einhverjum ástæðum virðast núverandi stjórnarflokkar ekki hafa fallist á þá skipan en komið sér saman um það að Alþingi kjósi slíka nefnd. Við teljum að slík nefndarskipan um jafnviðkvæmt og mikilvægt málefni eins og hér er verið að fjalla um geti ekki valdið nema vandræðum. Sé nefndin skipuð út frá pólitískum sjónarmiðum getur það leitt til þess að framkvæmd laganna verði breytileg frá einum tíma til annars eftir því hvernig pólitískir vindar blása. Slíkt er auðvitað afar óæskilegt því að þeir sem vilja fjárfesta óttast mest af öllu óstöðugleika, þeir vilja skýrar og staðfastar reglur. Þá má benda á að ætlast er til þess að nefndin hafi til hliðsjónar afskaplega loðin og teygjanleg hugtök til að meta eftir. Og ég spyr, hæstv. forseti, hvort það sé ekki harla kynlegt þegar pólitískt kjörin nefnd á að fara að gefa hæstv. viðskrh. mat á því hvenær fjárfesting ógnar öryggi landsins og einnig hvað séu óæskileg áhrif. Slíkt mat býður upp á hreinar geðþóttaákvarðanir og þess vegna leggur 2. minni hl. til að 10. gr. frv. falli brott.

Við verðum að hafa það í huga að viðskrh. á hverjum tíma er í ríkisstjórn sem nýtur meirihlutafylgis á Alþingi. Ef slíkur ráðherra fer út fyrir eðlileg valdmörk sín í sínu starfi er hægt að flytja vantrauststillögu á hann eða ef samstarfsmenn í viðkomandi ríkisstjórn vilja ekki una slíku geta þeir auðvitað sagt slíku samstarfi lausu. Við teljum að það sé nægileg sú pólitíska ábyrgð sem viðskrh. á hverjum tíma ber og ekki þurfi að kjósa pólitíska nefnd til þess að veita honum ráð og allra síst á slíkum grundvelli sem nefndur er til sögunnar í viðkomandi lagagrein.

Ég hef nú, virðulegi forseti, lýst þeim fimm brtt. sem 2. minni hl. flytur og gert grein fyrir meginsjónarmiðum 2. minni hl. Við teljum að þetta frv. sé skref í rétta átt og styðjum það en undirstrikum mjög rækilega að ef og þegar Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu verður að taka öll þessi mál og miklu fleiri til endurskoðunar. Sú vinna sem nú á sér stað með því að ræða þetta frv. hér sparar í raun og veru ekkert þegar við höfum í huga hvað gera þarf vegna hugsanlegrar aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Það eru tvö atriði í þessu frv. sem mig langar til þess að benda á til viðbótar og ég tel að menn ættu að velta fyrir sér hvort ekki hefði verið ástæða til að breyta og ég geri það þrátt fyrir að það hafi orðið að ráði hjá 2. minni hl. að flytja ekki brtt. um þau efni. Annað atriðið er að finna í lok 3. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir svokallaðri gagnkvæmnisreglu. Þetta ákvæði var í upphafi að finna í 4. gr. þar sem fjallað var um viðskiptabanka en að kröfu ýmissa aðila, þar á meðal samtaka tryggingafélaga, var þessi gagnkvæmnisregla gerð að almennri reglu í frv. Það er auðskiljanlegt hvers vegna þetta er gert. Þetta er gert til þess að útlendingar fái ekki betri rétt hér á landi en við njótum í þeirra heimalöndum. Gallinn er hins vegar sá að mörg erlend fyrirtæki eru fjölþjóðleg og það kann að reynast afar erfitt að kanna hvort öll löndin, ef um marga eigendur frá mörgum löndum er að ræða, hafi reglur með þeim hætti að um fulla gagnkvæmni geti verið að ræða. Ég tel þess vegna að það sé ákaflega vandmeðfarið fyrir þann sem fylgja þarf þessum lögum eftir í reynd að fylgja þessu ákvæði 3. gr. laganna. Á þetta vil ég benda því að ég hygg að það komi brátt að því að þessu þurfi að breyta þótt ekki sé gerð tillaga um það hér og nú.

Reyndar væri ástæða til þess, virðulegi forseti, að fjalla hér um fjölmörg atriði frv. en seinna atriðið sem ég kýs að nefna sérstaklega er að finna í 2. mgr. 5. gr. frv. þar sem segir að Seðlabanki Íslands skuli fyrri hluta hvers árs birta opinberlega upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Ég tel eðlilegt og nauðsynlegt að Seðlabankinn skrái og fylgist gaumgæfilega með því hvaða erlendir aðilar fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum en ég skil ekki hvers vegna nauðsynlegt er að birta slíkt opinberlega á hverju ári. Slíkar upplýsingar ætti að vera hægt að fá hjá Seðlabankanum en að skylda Seðlabankann til þess að birta þessar upplýsingar getur aðeins orðið til þess að erlendir fjárfestar verði feimnir við að fjárfesta hér á landi vegna þess að af ýmsum ástæðum getur það verið svo að fyrirtæki kæri sig ekkert um að það sé auglýst opinberlega hvar þau fjárfesta, m.a. vegna viðskiptalegra sjónarmiða. Þessi tvö atriði kýs ég að nefna þótt af fleiru sé að taka, en þar sem ég vil heldur gera hér örstutta grein fyrir nokkrum atriðum sem komu fram í umsögn umsagnaraðila, þá ætla ég ekki að spjalla hér frekar um önnur atriði frv. nema þau sem sérstaklega verður vikið að í þeim völdu umsögnum sem ég mun nú aðeins fjalla um.

Vil ég þá byrja á því að nefna að í umsögn frá Sól hf. kemur fram að ekki gætir samræmis á milli lagatextans og textans í greinargerð vegna 2. mgr. 8. gr. fylgifrv. Auðvitað gildir lagatextinn en ekki greinargerðartextinn en þetta sýnir að í þeirri miklu samningalotu sem átt hefur sér stað á milli stjórnarflokkanna hefur þess ekki í öllum tilvikum verið gætt að breyta textanum í greinargerðinni til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpstextanum sjálfum. Vissulega er ég þeirrar skoðunar að greinargerðartextinn sé betri en tel ekki ástæðu til að flytja hér brtt. þar að lútandi.

Það kann að vera athygli vert að vitna hér til umsagnar Þjóðhagsstofnunar en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Reikna má með að ef af stofnun Evrópska efnahagssvæðisins verður þurfi að endurskoða ýmis ákvæði frv. eða laganna, eins og reyndar er tekið fram í greinargerð með frv. Jafnframt má reikna með að heimildir um erlenda fjárfestingu þarfnist frekari skoðunar á næstu missirum í ljósi örrar þróunar í nálægum löndum í þá átt að draga úr viðskiptahindrunum á þessu sviði."

Hér lýkur tilvitnun í umsögn Þjóðhagsstofnunar og eins og heyra má benda þeir á að hér sé fullhægt af stað farið.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. 1. minni hl. leggur 1. minni hl. til að breytt verði ákvæðum frv. sem snúa að útvarpsrekstri og vitnað er til meirihlutaálits út-

varpsráðs í því sambandi. Ég vil leyfa mér að benda á að minni hluti útvarpsráðs, þrír af sjö fulltrúum í útvarpsráði, mig minnir að þeir séu sjö, eru annarrar skoðunar. Leyfi ég mér að vitna til álits minni hl. þar sem ég á ekki von á því að aðrir muni gera það hér í þessari umræðu. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í fylgifrv. með frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er að finna breytingar á ýmsum lögum sem snerta fjárfestingu erlendra aðila. Um útvarpsrekstur gilda sérstök lög, þ.e. útvarpslög nr. 68/1985. Þar er fjallað um eignaraðild útlendinga með eftirfarandi hætti: „Óheimilt er að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%." Síðan segir í áliti minni hlutans: „Nú er gert ráð fyrir að 2. tölul. 2. mgr. orðist eins og segir í frv."

Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta: „Í 3. gr. útvarpslaga er fjallað um þau skilyrði sem aðilar verði að uppfylla til að fá leyfi til reksturs útvarps. Þar kemur m.a. fram að stuðla skuli að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu, halda í heiðri lýðræðisreglur, virða tjáningarfrelsi o.s.frv. Með slíkum almennum skilyrðum á að vera hægt að tryggja þann ramma sem löggjafinn telur æskilegt að starfað sé eftir. Við undirritуð teljum eðlilegt að almennar reglur gildi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þar með töldum útvarpsrekstri, og að grundvallarskilyrði varðandi útvarpsrekstur verði tryggð í útvarpslögum."

Undir þetta rita Inga Jóna Þórðardóttir, Magnús Erlendsson og Rúnar S. Birgisson.

Það sem fram kemur í þessu minnihlutaáliti er það að minni hluti útvarpsráðs telur að hin almennu atriði dugi og það skipti mestu máli að útvarpslögin gildi og að því sé fylgt að þeir sem reki útvarp hér á landi stuðli að almennri menningarþróun, efli íslenska tungu o.s.frv. Sé þessu atriði fylgt eftir skipti minna máli hvort útlendingar eigi lítinn eða stóran hlut í útvarpsrekstrinum.

Menn gætu haldið að það væri eitthvað nýtt að útlendingar gæfu út rit hér á landi eða héldu úti útvarpsrekstri. Auðvitað vitum við að hver sá sem skilur útlensku, og reyndar hinir líka, getur hvenær sem er opnað fyrir útvarpið hjá sér og hlustað á erlendar útvarpsstöðvar. Armur stjórnvalda nær ekki til þeirra til þess að banna þeim slíkt. Ég veit meira að segja að margir hv. alþm. hafa hlustað á erlendar útvarpsstöðvar, BBC, norska útvarpið, sem flytur fréttir á stuttbylgju sem heyrast hingað, o.s.frv. o.s.frv. Ég minni enn fremur á að íslensk tímarit hafa verið gefin út af útlendum aðilum. Þar á meðal hélt Novolti, sovéska fréttastofan, úti tímariti hér á landi en því tímariti var alfarið ritstýrt af sovéskum aðilum. Enginn amaðist við því að þeir gæfu út hér á landi slíkt bréf þótt ýmsum þættu efnisatriðin í því ekki vera þess eðlis að heppilegt væri að Íslendingar læsu of mikið af þeim boðskap sem þar var að finna. Þær breytingar sem hér er verið að gera eru því í raun og veru ekki mjög miklar né mikilsverðar.

Þetta þýðir það, virðulegi forseti, að 2. minni hl. er ekki sömu skoðunar og 1. minni hl. hvað varðar þessi atriði sem ég hef hér verið að fjalla um. Ég bendi á að í umsögn Sölusamtaka lagmetis er farið fram á að gerð sé sú breyting sem við höfum gert tillögu um og er 1. brtt. á þskj. 889. Sú brtt. sem við flytjum þar og varðar lagmeti, þ.e. niðursuðu og niðurlagningu, er í fullu samræmi við óskir úr greininni sjálfri.

Samband íslenskra viðskiptabanka sendi inn umsögn. Þar segir m.a. að Samband íslenskra viðskiptabanka telji misráðið að takmarka eignaraðild erlendra aðila í íslenskum viðskiptabönkum við 25% hlutafjár. Þeir telja og segja að svo virðist sem slík takmörkun geti skert samkeppnisstöðu íslenskra banka gagnvart erlendum bankaútibúum. Samband íslenskra viðskiptabanka vekur einnig sérstaka athygli á því sem kom fram í fyrri umsögn viðskiptabankanna en þar var lögð áhersla á nauðsyn þess að innlendir aðilar geti innan vissra marka boðið fasteignir sem veð gagnvart erlendum lánardrottnum. Loks minnir Samband íslenskra viðskiptabanka á næstsíðustu málsgrein fyrrgreindrar umsagnar sem þeir vitna til, en þar segir að ekki virðist vera gert ráð fyrir að afnumdar séu verulegar takmarkanir á erlendri fjárfestingu á sviði loftferða og kaupskipaútgerðar. Með öðrum orðum, sú brtt. sem flutt er um viðskiptabankana af hálfu 2. minni hl. er í takt við óskir bankanna sjálfra. Ég legg áherslu á að viðskiptabankarnir hér á landi telja að það geti komið sér vel fyrir þá í þeirra samkeppnisstöðu að þeir fái tækifæri til að eiga samstarf við erlenda aðila um bankastarfsemi hér á landi til þess að hafa í fullu tré við erlendu bankaútibúin sem ætlunin er að fái leyfi til þess að hefja rekstur hér á landi innan tíðar.

Verslunarráðið sendi inn langa umsögn sem því miður er ekki hægt að gera skil nema að litlu leyti í þessari ræðu. (**HG:** Vitlaus?) Nei, hún er ekki vitlaus, eins og hv. framm íkallandi orðaði það, heldur vegna þess að hún er ítarleg og löng og gæti tafið það nokkuð að hv. þm. kæmist að með sína ræðu, þó að mér sé kunnugt um það að hann ætli að sitja hér a.m.k. út þennan mánuð og eitthvað fram í þann næsta. Það er fyrst og fremst af þeim ástæðum . . . (**HG:** Ég er nú að hugsa um að sitja hérna næsta vetur líka.) Já, en ég vona þó að hv. þm. taki sér smá sumarleyfi, þó ekki væri nema í kringum kosningarnar. Ef hv. þm. óskar hins vegar eftir því að ég lesi nokkuð úr þessu þá skal ég verða við því og hefst nú lesturinn, með leyfi forseta:

„Frv. ber þess merki" og hér er vitnað til umsagnar Verslunarráðs Íslands að ósk framm íkallanda, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, og skal nú lesinn nokkur kafli:

„Frv. ber þess merki að vera barn þess tíma sem er að hverfa. Andinn í frv. er nokkuð íhaldssamur og tæpast í takt við tíðarandann nú. Vantraust á þá erlendu aðila sem kæmu til með að fjárfesta hér á landi er rauður þráður í gegnum frv. Frjálslynd löggjöf sem leyfir erlendar fjárfestingar eftir almennum reglum hlýtur að vera einn af meginþáttunum í að opna íslenskt efnahagslíf. Jafnframt er mikilvægt að festa ríki í stjórnarframkvæmdum um allt er viðvíkur löggjöf um erlendar fjárfestingar. Íslensk fyrirtæki og einstaklingar munu á næstu árum verða að stórauka samskipti

sín og viðskipti við erlenda aðila. Útflutningur verður að stóraukast og með aukinni velsæld mun þjóðin hafa efni á meiri innflutningi. Í framtíðinni verður atvinnulífið að hafa möguleika á mun nánara samstarfi við erlenda aðila en nú er hægt og greiðar leiðir til fjárfestinga íslenskra aðila erlendis og erlendra aðila að íslenskum fyrirtækjum er undirstaða þess að unnt sé að hagnýta þau tækifæri sem bjóðast. Íslenskt atvinnulíf verður að hafa greiðan aðgang að erlendu áhættufé til þess að standast erlendum keppinautum snúning."

Fleira í þessum dúr er að finna í umsögninni og ég verð að segja að fáar umsagnir eru skýrari og betri og meira og betur í takt við tímann en þessi umsögn sem ég hef hér vitnað til. Ég vonast þess vegna, virðulegi forseti, til þess að hv. þm. átti sig á því að í þessari umsögn er ýmis gullkorn að finna sem ég hygg að holl séu aflestrar þeim sem enn hafa ekki áttað sig á því hvernig góðum lífskjörum verður náð í framtíðinni, um samvinnu á milli þjóða, samvinnu um það sem máli skiptir og það er að hér á landi geti menn haldið í við lífskjör annarra landa og að hér á landi verði notaðar vestrænar leikaðferðir í efnahagsmálum, svo ég vitni í frægt orðalag sem á sínum tíma var notað af hæstv. forsrh. til að gefa það í skyn að núv. hæstv. ríkisstjórn ætlaði ekki að fara að slíkum leikaðferðum. Niðurstaðan hefur orðið sú að sá hinn sami hæstv. forsrh. hefur á þessu stutta stjórnartímabili vitkast svo að hann stendur nú að því að færa þetta frv. inn á hið háa Alþingi en var á sínum tíma á móti því að slíkt frv. yrði afgreitt í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Svona getur tíminn, svona getur framtíðin, þegar menn opna augun og sjá fram í framtíðina, orðið til þess að hinir íhaldssömustu vitkist. Ég fagna því að sjálfsögðu að hæstv. forsrh. skuli hafa flutt þetta frv. inn á þingið og vænti þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geti tekið undir þær óskir mínar Íslandi til handa að hæstv. forsrh., a.m.k. það sem eftir lifir kjörtímabilsins, fari fram með sama hætti og hann hefur sýnt í þessu tiltekna máli. En af því að hv. frammíkallandi óskaði eftir lestri úr umsögn Verslunarráðsins skal ég leyfa honum og öðrum hv. þm. að heyra niðurstöðukaflann. Hann er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Frjálslynd löggjöf um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi er undirstöðuatriði í opnun íslensks efnahagslífs gagnvart útlöndum. Frv. til laga um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi hafa verið í umfjöllun síðustu þrjú árin og er meginhugsunin sú sama, að lögfesta almenna heimild til fjárfestinga erlendra aðila en skilgreina undantekningar. Þessi meginhugsun er rétt og eðlileg. Þær undantekningar sem verið hafa uppi á borðinu eru hins vegar allt of víðtækar. Þær koma í veg fyrir að íslenskir og erlendir aðilar geti átt samstarf um arðbæra kosti í uppbyggingu atvinnulífsins. Takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi bitna fyrst og fremst á honum sjálfum eins og þær eru settar fram nú. Ekki verður séð að þörf sé á lagaákvæðum um takmarkanir á fjárfestingum í orkufyrirtækjum þar sem ríkið hefur í raun helgað sér þau réttindi sem skipta einhverju máli. Takmarkanir á fjárfestingum í bönkum eru of stífar. Erlendir aðilar verða að hafa miklu rýmri heimildir til að eignast fasteignir hér á landi þannig að íslensk fyrirtæki geti orðið veðhæf gagnvart erlendum bönkum og íslenskum bankaútibúum í eigu erlendra aðila." — Ég skýt því hér inn að þetta eru samsvarandi sjónarmið og koma fram hjá Sambandi íslenskra viðskiptabanka um þetta tiltekna atriði. Og loks les ég áfram, með leyfi virðulegs forseta:

„Mikilvægt er að opna heimildir til fjárfestinga erlendra aðila sem allra fyrst þannig að Íslendingar eigi betri möguleika til þess að efla atvinnulífið, byggja upp samkeppnisfær fyrirtæki sem geta selt á erlenda markaði í síharðnandi samkeppni og þannig bætt lífskjörin." Og lýkur hér lestrinum og vænti ég þess að hv. þm. sé þá nokkru nær um það sem er í þessu ágæta plaggi.

Það skal tekið fram í tilefni dagsins, en í dag er afmælisdagur Alþýðusambands Íslands, að ASÍ segir í sinni umsögn að það geti verið skynsamlegt að erlent áhættufé geti í ríkari mæli komið í stað erlends lánsfjár til fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt bendir Alþýðusambandið á, en undir bréf þess ritar Ari Skúlason, að reglur um fjárfestingu erlendra aðila á Evrópska efnahagssvæðinu ef af verður kunni að víkja í einhverju leyti frá þeim lögum sem nú er verið að fjalla um. Um það mál hlýtur að verða fjallað sérstaklega þegar samningur um Evrópska efnahagssvæðið liggur fyrir, segir í þessari umsögn og tekur Alþýðusambandið þannig undir það sem ég hef verið að segja í minni ræðu.

Landssamband iðnaðarmanna gerir ýmsar athugasemdir við frv., leggur til að frv. verði breytt í hátt við það sem 2. minni hl. hefur lagt til á sérstöku þingskjali. Til þess að vitna örstutt í það álit vil ég lesa stuttan kafla, með leyfi forseta. „Í ljósi framanritaðs" — en það er nokkuð langur kafli — „telur Landssamband iðnaðarmanna að í stað þess að banna skilyrðislaust alla erlenda fjárfestingu á sviði sjávarútvegs og orkuiðnaðar væri mun skynsamlegra að lög um þetta efni gerðu almennt ráð fyrir frelsi á þessu sviði sem öðrum en skilgreindu þess í stað vandlega þau skilyrði sem erlend ríki þyrftu að uppfylla, þar á meðal um tollfrjálsan aðgang okkar að markaði þeirra fyrir sjávarfurðir, afnám ríkisstyrkja og fleira til þess að þegnum eða fyrirtækjum þeirra verði heimilt að fjárfesta í sjávarútvegi eða orkuiðnaði hér á landi. Þessi aðferð kallar að sjálfsögðu á það að við leysum okkar eigin vandamál varðandi stjórnun fiskveiða og eignarrétt og nýtingarrétt á náttúruauðlindum, en lausn á þeim vanda er hvort sem er orðin mjög tímabær af ýmsum öðrum orsökum."

Í þessu felst ný hugsun sem vissulega er athygli verð og kann að koma sér vel þegar þessi mál verða skoðuð frekar í framtíðinni, en 2. minni hl. taldi ekki tímabært að taka frv. til slíkrar gagngerrar endurskoðunar að hægt væri að koma þessum sjónarmiðum til skila.

Þá vil ég geta þess, ekki síst vegna þess að hér í salnum er staddur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem ef ég man rétt hélt eina 76 fundi í nefnd sem fjallaði um ferðamál, að Félag íslenskra ferðaskrifstofa sendi

inn umsögn og stakk upp á því í lok umsagnar sinnar að orðalag 24. gr. í frv. til laga um ferðaþjónustu, sem nú er til 2. umr. í Nd. Alþingis, verði tekið upp í það frv. sem hér um ræðir og gert að lögum á yfirstandandi þingi. Þetta frv. er reyndar komið til Ed. og það er athygli vert að ríkisstjórnin er annars vegar að flytja þetta frv. og hins vegar að flytja annað frv. um ferðaþjónustu og ákvæði frumvarpanna stangast gersamlega á. Þetta vil ég að hér komi fram þannig að þeir sem bera ábyrgð á þingstörfunum, þingforsetar og hæstv. ríkisstjórn, átti sig á því að það þarf stundum að samræma lagagreinar til þess að eitthvert vit sé í málunum. Vonast ég til þess að fulltrúi hæstv. ríkisstjórnar, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, komi þessum sjónarmiðum til skila.

Virðulegi forseti. Seðlabanki Íslands sendi inn umsögn um frv. Í örstuttu máli má segja að Seðlabankinn taki undir meginstefnu frv. en bendir á að innan tíðar þurfi að opna lögin meira og endurskoða þau aftur ef og þegar við gerumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Sömu rök koma fram hjá Félagi ísl. iðnrekenda. Full ástæða væri reyndar til þess að kynna þingmönnum það sem þar kemur fram en ég kýs aðeins að vitna til örstuttra kafla í umsögninni þar sem talsvert er liðið á tíma þessa fundar. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Félag ísl. iðnrekenda er og hefur verið þeirrar skoðunar að skynsamlegt sé að draga verulega úr þeim hömlum sem lagðar hafa verið á fjárfestingar erlendra aðila hér á landi, hvort sem um er að ræða fjárfestingar þeirra í starfandi fyrirtækjum hér á landi eða rekstur þeirra á eigin atvinnufyrirtækjum. Með því að erlendir aðilar taki meiri þátt í íslenskri atvinnustarfsemi, þá geta þeir flutt hingað markaðs- og tækniþekkingu og auðveldað íslenskum fyrirtækjum aðgang að erlendum mörkuðum. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gæta þess að erlend fyrirtæki hér á landi búi í aðalatriðum við sömu lífsskilyrði og innlend fyrirtæki. Það er mat félagsins að aukin þátttaka erlendra aðila í iðnrekstri hér á landi muni hafa jákvæð áhrif á iðnað á Íslandi og verða til þess að auka hagvöxt og atvinnustarfsemi og þar með bæta lífskjör."

Það er athygli vert, virðulegi forseti, að Félag ísl. iðnrekenda, eins og flest samtök atvinnulífsins, telur að aukin samskipti, aukið samstarf við erlenda aðila komi til með að bæta lífskjörin og styrkja íslenskt atvinnulíf. Reyndar koma í lok umsagnarinnar fram nokkur varnaðarorð sem ég hygg að eðlilegt sé að bæta hér við. Þar segir, með leyfi forseta:

„Langtímajafnvægisleysi í íslenskum þjóðarbúskap hefur leitt til mjög sveiflukenndra niðurstaðna hjá íslensku atvinnulífi. Þótt sumar af þessum sveiflum stafi af breytingum í ríki náttúrunnar, þá er miklu stærri hluti vandans til kominn vegna mannlegra ákvarðana, bæði innan atvinnulífsins og hjá opinberum aðilum, svo og vegna þess hversu einhliða íslenskur atvinnurekstur er. Ef Íslendingar ætla sér að viðhalda og auka þau lífskjör sem þeir hafa búið við á undanförnum árum, þá er nauðsynlegt að íslensku atvinnulífi verði tryggt betra starfsumhverfi og unnið verði að því að gera það fjölbreyttara heldur en það er nú. Á síðustu árum hefur verið hafist handa við ýmsa undirbúningsvinnu tengda nýjum atvinnugreinum. Engar verulegar breytingar á samsetningu íslensks atvinnulífs eru þó sjáanlegar. Á þessu þarf að verða breyting."

Mér er kunnugt um það, virðulegi forseti, að umsagnir nokkurra aðila eru enn á leiðinni og hafa ekki borist nefndarmönnum. Ég verð enn fremur að segja það að sumar umsagnirnar sem ég hef vitnað til voru ekki komnar til nefndarinnar þegar hún lauk störfum og málið var tekið út úr nefndinni. Ástæðan fyrir þessu er sú að nefndarformaður og meiri hl. nefndarinnar gáfu umsagnaraðilum svo stuttan tíma að margir þeirra hafa verið að senda umsagnir allt til þessa dags þótt fresturinn hafi liðið hinn 5. mars sl.

Virðulegi forseti. Ég hef nú í stuttu máli greint frá nokkrum atriðum sem komið hafa fram í umsögnum fjölmargra aðila. Ég hef rætt um tvö atriði frv. sem ég tel að erfitt sé að framkvæma. Ég hef lýst brtt. og gert grein fyrir nál. 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. Í ræðu minni hefur glöggt komið fram að 2. minni hl. getur ekki tekið undir sjónarmið fulltrúa Kvennalistans sem myndar 1. minni hl. og mun greiða atkvæði gegn tillögum Kvennalistans. Við leggjum að sjálfsögðu áherslu á að frv. taki þeim breytingum sem við höfum hér lagt til að gerðar verði á því. En jafnvel þótt þær nái ekki fram að ganga sjáum við ekki ástæðu til að tefja framgang frv. Þvert á móti teljum við frv. vera skref í rétta átt og munum styðja framgang þess á þinginu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hefði kosið að hv. 12. þm. Reykv. hlýddi á mál mitt a.m.k. stundarkorn, þ.e. talsmaður 1. minni hl. fjh.- og viðskn., en hér er frsm. 2. minni hl. viðstaddur og einnig er hér ekki langt undan hæstv. forsrh., sem er sá ráðherra sem leggur þetta mál fram fyrir hönd ríkisstjórnar. Ég ætla aðeins að nefna atriði sem tengist málinu almennt og túlkun hæstv. forsrh. á þessu þingmáli. Ég hefði talið æskilegt að við umræðu af þessum toga væri talsmaður meiri hl. fjh.- og viðskn. einnig viðstaddur og vildi biðja virðulegan forseta að gera honum aðvart því að mér finnst það góður siður að talsmenn nefnda séu viðstaddir þegar rædd eru nefndarálit við 2. umr. Ég skal hins vegar ekki gera neina kröfu til þess að hv. þm. og hæstv. ráðherrar sitji hér undir öllu mínu máli, sem verður ekki mjög langt vænti ég, og skal því koma ábendingum hér á framfæri sem snerta þeirra efni tiltölulega fljótlega í mínu máli þó að gjarnan vilji ég hafa þeirra návist sem lengst í umræðunni.

Það er þá fyrst varðandi frv. í heild og tengsl þessa frv. við samningaviðræður um Evrópskt efnahagssvæði. Það hefur komið fram af hálfu hæstv. forsrh. bæði þegar þetta mál var hér til 1. umr. og einnig mjög skýrt í fjölmiðlum, þar sem rætt hefur verið um samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið og tengslin við Evrópu sérstaklega, að hæstv. forsrh. telur að með þessu frv. sé mörkuð stefna sem skipti einhverju verulegu máli vegna yfirstandandi samningaviðræðna

á vegum EFTA við Evrópubandalagið. Ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. forsrh. skýri þetta viðhorf sitt nánar hér við umræðuna vegna þess að í mínum huga eru þessi tengsl lítil ef nokkur í raun ef gengið verður til samninga um þetta efnahagssvæði og það mál kemur til kasta Alþingis, væntanlega þá næsta þings.

Það liggur fyrir og kemur raunar fram í greinargerð með þessu frv. að þeir sem það sömdu tóku ekki til neinnar sérstakrar meðferðar yfirstandandi samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið. Og það er jafnljóst og tvisvar sinnum tveir eru fjórir að þeir samningar sem þar kunna að verða gerðir kalla á það að Ísland breyti löggjöf af þeim toga sem hér er, þar sem þau ákvæði sem stangast á við lög Evrópubandalagsins, sem hugmyndin er að innbyrða í íslenska löggjöf verði af þessum samningum, verða að víkja í öllum atriðum. Sé hæstv. forsrh. á annarri skoðun þá er nauðsynlegt að við heyrum það á hans máli hér í umræðunni vegna þess að þetta er auðvitað hið mikilsverðasta atriði að virðulegir þingmenn átti sig á. Ég hef leitast við að koma þessum sjónarmiðum á framfæri í mínum þingflokki þar sem ég hef gert mjög alvarlegar athugasemdir við þetta mál og ég vænti að hv. talsmaður meiri hl. fjh.- og viðskn. staðfesti þennan skilning hér í umræðunni vegna þess að þingnefndin hlýtur að hafa gert sér glögga grein fyrir því að komi samningar um Evrópskt efnahagssvæði til með að rekast á ákvæði þessa frv., ef af lögum verður, þá hljóta ákvæði þessarar löggjafar að víkja eins og fis, fjúka út í vindinn. Að því leyti veitir þessi löggjöf enga stoð verði af þeim samningum sem munu ganga lengra í ýmsum greinum en hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Og er þó ekki fullséð hvernig lyktirnar verða varðandi þann þátt sem Íslendingar hafa nú mest horft til. Einnig þeir, sem vilja keyra Ísland inn í sameiginlegan markað Vestur-Evrópu og opna allt upp á gátt fyrir fjármagnsstreymi og fjárfestingar á því svæði, hafa gert er ljóst og hafa reynt að setja fyrirvara og slá varnagla varðandi sjávarútveginn að vissu marki, fiskveiðarnar og fiskvinnsluna að nokkru leyti. En það mál er engan veginn útkljáð í samningaviðræðum þó að 98% væntanlegra samninga séu ljósir að hverju þeir stefna, eins og hæstv. utanrrh. hefur nokkuð réttilega orðað það. Það er alveg ljóst hvað felst í hinum innri markaði Evrópubandalagsins, hvað felst í hinum 1400 lagaatriðum eða samþykktum Evrópubandalagsins sem hugmyndin er að innbyrða í íslenska löggjöf. En það er ekki fullljóst varðandi sjávarútvegssvíðið vegna þess að sjávarútvegurinn er ekki hluti af innri markaði Evrópubandalagsins. En Evrópubandalagið og samningamenn þess halda því enn þá opnu að gera þær kröfur að komast inn í íslenska efnahagslögsögu, inn í íslenskt atvinnulíf. Það mál er engan veginn frá gengið ef til samninga verður gengið hvaða skilmálar og kröfur verða þar uppi af Evrópubandalaginu.

En meginatriðið er að þessi löggjöf hér veitir enga stoð sem slík gagnvart væntanlegum samningum ef af verður við Evrópska efnahagssvæðið, ekki nokkra að mínum skilningi. Ég skora hér á hv. þm., þar á meðal hæstv. forsrh. og hv. talsmann meiri hl. fjh.- og viðskn., að gera skýra grein fyrir sínum skilningi í því efni og læt ég nóg um rætt þennan þátt málsins.

Ég gerði grein fyrir almennum sjónarmiðum mínum til þessa frv. við 1. umr. málsins, lýsti þar andstöðu minni við veigamikil atriði í frv. og sú afstaða mun koma fram við atkvæðagreiðslu um málið. Ég tel að ríkisstjórnin hafi hér að tilefnislausu gengið allt of langt í að opna íslenskt efnahagslíf fyrir fjárfestingum. Undir íslenskt efnahagslíf falla þjónustufyrirtæki á sviði fjármagns og fjármagnsflutninga, bankastarfsemin í landinu m.a. Ég tel viðfangsefnið hins vegar af hinu góða, að leitast við að skapa samstæða löggjöf um þessi efni, að í senn að samræma atriði og gera þau skýr í einu frv. um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri í landinu í staðinn fyrir að hafa það á dreif í sérlögum og sums staðar óljós ákvæði eða engin ákvæði þar að lútandi. Að því leyti var ég stuðningsmaður þess að það yrði lagt til atlögu við þetta verkefni og þótti það skynsamlegt. Það er skynsamlegt sem slíkt þó að ég sé ósáttur við niðurstöðuna eins og hún birtist hér af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn. og upphaflega eins og fyrir var lagt af ríkisstjórninni.

Ég ætla ekki að fara út í mörg atriði sem snerta þetta mál. En ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því, og það er kannski einn meginágreiningur minn við meiri hl. í þessu máli, að það er verið að opna 100% algerlega fyrir ítök og fjárfestingar útlendinga í almennum iðnaði í landinu og í þjónustustarfsemi í landinu, þeim atvinnugreinum sem undir þjónustu falla og undir bankarekstur, með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir skv. 4. gr. frv. Ég tel að hér sé farið út á mjög hála braut og að tilefnislausu. Þeir ávinningar, sem menn eru að gera skóna að fáist af því að gera þessar breytingar, eru sýnd veiði, hæstv. forsrh., en ekki gefin. Talsmaður 2. minni hl. fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Reykv., vitnaði til vestrænna stjórnunaraðferða og án þess að ég ætli að fara langt út í þá sálma væri þó full ástæða til að ræða við hv. þm. um það til hvers þessar vestrænu stjórnunaraðferðir hafa leitt víða um heim þar sem þær hafa verið innleiddar í samskiptum þjóða. Við getum litið t.d. til ríkja Mið- og Suður-Ameríku þar sem einmitt hefur verið opnað upp á gátt fyrir umsvif alþjóðlegs fjármagns og alþjóðlegra auðhringa með þeim hörmulegu afleiðingum sem við blasa í þeim ríkjum. Í Vesturheimi, í bakgarði Bandaríkjanna, þar sem hið bandaríska fjármagn og félög deila og drottna og láta auðvitað ekkert staðar numið við atvinnustarfsemina og efnahagsstarfsemina heldur hlutast til um pólitíska starfsemi og pólitískt líf í þessum löndum eins og birtist okkur nánast ár hvert í beinum íhlutunum og sumpart í hernaðaríhlutunum ef ekki vill betur og hinar óbeinar stjórnunaraðgerðir skila ekki árangri.

Ég er ekki með þessum orðum að gera því skóna að menn eigi að taka upp miðstýrðar aðferðir í sambandi við efnahagsstarfsemi. Ég er talsmaður blandaðs hagkerfis í efnahagslífi og hef verið það síðan ég kom inn á Alþingi. Ég er ekki talsmaður miðstýringar eða ríkiseinokunar sem einhverrar leiðarstjörnu í efnahagsstarfsemi. En ég vara við þeirri einföldun að halda að það sé eitthvert algilt þjóðráð fyrir land eins og Ísland

að opna upp á gátt fyrir erlent fjármagn og opna jafnframt fyrir aðgang að íslenskum náttúruauðlindum eins og verið er að gera ráð fyrir hér í sambandi við þjónustustarfsemi í landinu. Hv. 1. þm. Reykv. vék að ferðaþjónustunni sem er einn þáttur þessa máls og ég vara mjög eindregið við því að menn séu að stíga slíkt skref að tilefnislausu og það í sambandi við tiltölulega nýja og veika vaxtarsprota í íslenskri atvinnustarfsemi.

Ég sé að hv. 12. þm. Reykv. hefur brugðið sér frá á nýjan leik en ég ætlaði einmitt að nefna hér það atriði sem ég vildi koma á framfæri við hana sem talsmann Kvennalistans í umræðunni vegna nefndarálits hennar. Þar hef ég örlitla athugasemd að gera. (**FrS:** Þú berð nú ekki ábyrgð á því.) Hv. talsmaður 2. minni hl., það er hárrétt. Ég ber ekki ábyrgð á nefndarálitum annarra. En mér þykir hlýða að láta fram koma sjónarmið af minni hálfu sem snerta málið vegna þess líka að ég get tekið undir mjög margt af því sem fram kemur í nál. 1. minni hl. nefndarinnar og í brtt. 1. minni hl. sem ég geri ráð fyrir að greiða atkvæði mitt þegar þær tillögur, a.m.k. sumar hverjar, koma til atkvæða þar sem ég tel þær ganga í rétta átt til breytinga á frv. En mér finnst koma fram í þessu nál. 1. minni hl., þó hér í fyrri hl. nál., ábendingar sem eru af þeim toga sem ég var að gagnrýna meirihlutaálitið fyrir og ég tala nú ekki um talsmann 2. minni hl., þ.e. þessi trú á að það sé tímabært að opna fyrir erlent fjármagn með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Það stendur hér í nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., svo að orðrétt sé vitnað til: „Samvinna við erlenda aðila í atvinnurekstri hér á landi getur haft ýmsa kosti í för með sér, svo sem aðgang að tækniþekkingu, markaði og viðskiptasamböndum, auk þess sem erlent áhættufé getur komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi. Því má segja að þetta frv. sé tímabært og í samræmi við þá þróun sem á sér stað í alþjóðlegu efnahagslífi."

Það er þessi almenna áhersla sem mér finnst stangast á við þær veigamiklu brtt. sem 1. minni hl. er að bera fram, að telja frv. eins og það liggur hér fyrir tímabært. Og það er angi af því smiti sem berst hér inn í orðum stjórnmálamanna, ættað frá hagfræðingum sem hafa oftrú á að veita hinu alþjóðlega fjármagni frjálsa óhefta braut inn í atvinnulíf þjóða.

Ég vil koma að sjávarútvegsmálunum í þessu sambandi vegna þess að þó að það megi taka undir nokkuð af því sem fram kemur í 4. gr. frv. 2. tölul. að því er snertir fiskveiðar og fiskvinnslu svo langt sem það nær, auðvitað er æskilegt að halda útlendingum utan við þennan meginatvinnuveg þjóðarinnar, þá spyr ég: Hvernig ætla menn í reynd að vinna það verk með þeirri opnun sem hér er almennt gerð fyrir innkomu erlends fjármagns í þjónustustarfsemi í landinu, í starfsemi banka og fjármögnunarfyrirtækja? Hvernig ætla menn í reynd að koma í veg fyrir það að útlendingar nái tökum á þessari meginauðsuppsprettu á Íslandi, undirstöðu undir okkar efnahagslega sjálfstæði. Það er hluturinn sem ég er ekki búinn að sjá að menn klári. Ég tala nú ekki um þegar menn væru komnir inn í hið evrópska efnahagssvæði, jafnvel þó að þeir fengju þar fyrirvara varðandi fjárfestingu í fiskveiðunum og frumvinnslu, eins og áhersla hefur verið lögð á. Jafnvel þótt það tækist, þá fullyrði ég að menn vinna það verk ekki ef menn opna fyrir með öðrum hætti í atvinnustarfsemi í landinu og í fjármálastarfsemi, hjá fjármálafyrirtækjum, eins og gert er ráð fyrir í ákvæðum þessa frv. Við það er ég ósáttur og tel að þarna rekist hvað á annars horn og menn séu í rauninni að vekja einhverjar tálvonir um það að geta haldið meginatvinnuvegi þjóðarinnar utan við seilingu erlendra áhrifa, ég tala nú ekki um mikilsverðum vaxtarsprotum í atvinnulífi að öðru leyti eins og t.d. í ferðaþjónustu.

Virðulegur forseti. Ég tek eindregið undir það viðhorf, sem kemur fram hjá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og fram kemur í 2. tölul. brtt., að heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig fari ekki yfir 25% og heildarfjárfesting erlendra aðila í einstökum fyrirtækjum ekki yfir 49%, en það er síðari þátturinn sem er annar heldur en fram kemur hjá meiri hl. Það ætti að vera meginregla í sambandi við atvinnustarfsemi í landinu að heimila ekki meirihlutaeign útlendinga, eins og verið er að opna fyrir með frv. og 2. minni hl. fjh.- og viðskn. leggur til að gengið verði mun lengra heldur en lagt er til með þessu frv.

Það er leitt til þess að vita að hér á Íslandi skuli menn ganga með þá glýju í augum sem gætir hjá mjög mörgum, m.a. hjá þeim sem bera fram þetta frv., að takmarkalítil opnun fyrir erlent fjármagn og fjármagnshreyfingar til og frá landinu sé það sem muni leysa vanda íslensks atvinnulífs. Ég hef verið fylgjandi því að við heimiluðum samstarf, einnig eignarhald útlendinga að takmörkuðu leyti sem minnihlutaaðila í íslensku atvinnulífi vegna þess að vissulega geta því fylgt ýmsir kostir að hafa möguleika á slíku samstarfi og við það hef ég ekki að athuga, en ég vil ekki afhenda þennan grunnþátt í forræði yfir fyrirtækjum í landinu, að heimila hér meirihlutaeign í þeim mæli sem er gert ráð fyrir samkvæmt þessu frv.

Þetta, virðulegur forseti, voru þau meginatriði og meginsjónarmið sem ég vildi koma til skila við þessa umræðu og sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég vænti þess að heyra viðhorf frá talsmönnum meiri hl. fjh.- og viðskn. og hæstv. forsrh. varðandi þær athugasemdir sem ég hef fram borið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þegar þetta frv. var til 1. umr. lagði ég áherslu á að það frávik frá reglunni 25% í atvinnugrein yrði a.m.k. breytt því að þar segir að það megi rýmka með leyfi viðskrh. Ég hefði náttúrlega viljað að það færi alveg út að nokkur gæti leyft slíkt öðruvísi en það færi fyrir Alþingi. En í það minnsta að öll ríkisstjórnin yrði þá að gefa slíkt leyfi. Ég held að hv. þm. hafi reynslu af því hvernig hefur verið staðið að samningum um álverksmiðjuna. Sú reynsla sem við höfum af þeirri umfjöllun, yfirlýsingum og samningagerð er ekki traustvekjandi. Mér finnst því full ástæða til þess að setja ekki í hendur eins manns, hver sem hann er, að gefa slíkt leyfi. Og þessu frv., eins og það er úr garði gert, get ég ekki fylgt.

Ég get alveg tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að ég vil ekki loka fyrir þann möguleika að fá erlent fjármagn að einhverjum litlum hluta inn í sumar okkar atvinnurekstur. En að opna þetta, eins og t.d. hv. 1. þm. Reykv., sem er nýkrýndur varaformaður Sjálfstfl. og endurreistur, kom með tillögur um, er ég algerlega á móti. Mér fannst það svolítið athyglisvert þar sem hann ræddi um og það var auðheyrt að hann stefndi að því að við gerðum samninga við EB eða hið Evrópska efnahagssvæði. Ég veit að hv. þm. er nú glöggur maður og lögfræðingur í þokkabót og ég hélt að hann væri búinn að kynna sér þessi mál nógu vel til að vita að það getur ekki verið eftirsóknarvert fyrir dvergríki eins og okkur að tengjast því á nokkurn hátt. Ég lít svo á að ef við gerum það með þeim hætti, sem ég er eiginlega ekki farinn að trúa og ég er ekki farinn að sjá og allt bendir til þess að það verði ekki ef menn á annað borð halda vöku sinni og vita hvað þeir eru að gera, þá sé verið að stíga tvö skref af þremur inn í EB og verði tæpast aftur snúið. Ég held að hv. þm. ættu að athuga sinn gang nokkuð betur. Og ég held að það sé athygli vert fyrir hinn almenna kjósanda að kynna sér ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem er hér í málstofunni sem talsmaður Sjálfstfl., hvert stefnir þessi flokkur í þessum málum. Enda þótt óleyfilegt sé að erlendir menn séu inni í fiskveiðum, þá er a.m.k. fullyrt við mig að þeir séu þegar komnir inn í slíka starfsemi, hvað þá ef erlendum aðilum verða opnaðar dyrnar á þann veg sem hér er lagt til.

Ég sé að hv. þm. Páll Pétursson er ekki hér í salnum. (**Gripið fram í:** Jú, hann er hér.) Mér finnst orðin mikil breyting á afstöðu hv. þm. til slíkra mála frá því að við vorum saman í Framsfl. Í raun og veru er Framsfl. að þessu leyti orðinn allt annar flokkur en hann var fyrir tíu árum. Ég veit ekki með hv. þm. Pál Pétursson, hvort það er vegna þess að hann er víst búinn að bregða búi og er að verulegu leyti orðinn Reykvíkingur. (**PP:** Það er fjarstæða.) Ef það er fjarstæða þá þarf ég að fá skýringu á því hvers vegna hv. þm. hefur tekið þeim sinnaskiptum, bæði í sambandi við álverksmiðjur og annað, því að hann var einn af þeim vökulu mönnum á þeim tíma sem ég þekkti hann best í sambandi við það að reyna að hafa vit fyrir ráðamönnum í þessum efnum. En nú gengur hann samhliða þeim virðist vera, enda er hann í Landsvirkjun og ætti að hafa möguleika á því að fylgjast með því sem þar gerist og ætti að vita að í þeim samningum sem er verið að ræða um, um orkusölu til álverksmiðjunnar, er verið að stefna að því að borga í raun og veru útflutningsbætur á sölu orkunnar úr landi. Hér er verið að tala um að hagvöxtur mundi aukast. Já, þau eru mörg öfugmælin sem maður heyrir hér á hv. Alþingi.

Ég sé nú ekki betur en þetta frv. sé þannig úr garði gert allt saman að það væri bættur skaðinn þó því verði ekki lokið á þessu þingi og þurfi ekki að vera að halda fundi jafnvel nótt og dag þess vegna. Ég sé ekki betur en það séu mörg atriði sem þurfi að athuga frá því sjónarmiði að við erum dvergríki. Það er ekki hægt að gera neinn samanburð á okkur og hinum stærri þjóðum gagnvart þessu eða öðru. Við erum í raun og veru ekki þróuð þjóð í atvinnurekstri. Við lifum að mestu leyti á sjávarafla. Þar af leiðir að við verðum að vera vel á verði til að missa ekki tökin á því að neinu leyti.

Ég ætla ekki að ræða þetta í lengra máli. Ég sagði það við 1. umr., eins og ég sagði áðan, að ég gæti ekki staðið að þessu frv. miðað við 4. gr. eins og hún er sérstaklega. Þær tillögur sem Sjálfstfl. flytur hér um að rýmka þetta frá því sem er eru alveg fráleitar. Ég sé ekki betur en að frelsisstefna hans sé að setja þjóðina í fjötra, það sé nú frelsið. En ég mun nú tala betur um það við annað tækifæri. (**FrS:** Þetta er ágætis tækifæri núna.) Ég veit að hv. 1. þm. Reykv. liggur ekkert á að mál haldi hér áfram. En það gengur ekki miðað við þá reynslu sem við höfum að það sé einn maður sem getur ráðið úrslitum um þann atvinnurekstur eða undanþágur frá þeirri meginreglu sem er í 4. gr.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég sé ekki hv. þm. Hjörleif Guttormsson. (**Gripið fram í:** Hann er inni í hliðarsal.) Hann er inni í hliðarsal, já. Hann heyrir þá væntanlega til mín. Ég vil í fyrsta lagi segja að mér þótti vænt um að heyra það sem hv. þm. sagði um nauðsyn þess að endurskoða lög um erlenda fjárfestingu og að hann var því hlynntur þegar sú endurskoðun hófst. Það er kannski meginkjarni málsins því að lög um erlenda fjárfestingu núna eru slíkur frumskógur að það er afar erfitt að rata um hann. Ef við Íslendingar kjósum að óska eftir nokkurri sérstöðu okkar í samningunum við EFTA og EB, þá er það útilokað á grundvelli gildandi laga því að þau verða svo illa skýrð. Það er alveg hárrétt að þeirri nefnd sem vann að þessari endurskoðun, reyndar hófst það starf þegar á árunum 1984–1985, var ekki fengið það verkefni að setja upp reglur sem stæðust í samningum við EB um Evrópskt efnahagssvæði, enda var ekki um það að ræða þegar viðræður hófust í upphafi. Hins vegar fullyrði ég, og þar kann að vera að við séum ósammála, að það sé miklu líklegra að við Íslendingar getum náð samningum um nokkra sérstöðu um erlenda fjárfestingu, jafnvel á hinum hefðbundnu sviðum t.d. í iðnrekstri, vegna mannfæðar þessarar þjóðar. Við getum náð þar samningum með heilsteyptar og samræmdar reglur eins og nú er verið að skapa og kallað var við 1. umr. að draga upp varnarlínu sem er út af fyrir sig ágæt lýsing á því.

Í frv. er vitanlega mikilvægt að tryggja betur en verið hefur fjárfestingu í fiskveiðum og það er gert miklu betur. Í lögum eins og þau eru núna er þetta í raun og veru allt saman meira og minna opið. Það er t.d. heimild nú fyrir erlenda aðila að stofna hér fjárfestingarfélög, kaupleigufélög og þeir hafa gert það. Það eru til kaupleigufélög hér sem menn vita að eru að meiri hluta í eigu erlendra aðila sem eiga báta, sem þeir hafa eignast í gegnum kaupleigur o.s.frv., og engin krafa gerð um það að þeir þurfi að selja þá báta aftur.

Nú eru reglurnar þannig að það er nóg að fyrirtæki hafi verið stofnað hér og teljist íslenskur aðili til þess að það geti eignast útgerðarfélög. Í reglunum núna geta erlendir aðilar átt helming í útgerðarfélagi ef það er hlutafélag. Fyrir þetta er allt saman girt í frv. Vitan-

lega er það stærsta atriðið, ef við ætlum að verja eignarhald okkar í þessum lífshagsmunum íslensku þjóðarinnar, að koma þessu á hreint og það er gert í frv. Ég held að varla verði um það deilt.

Sömuleiðis eru í frv. lagðar línur í sambandi við heimildir til virkjana. Það hefur verið staðfest hér að þar þarf að ganga betur frá í sambandi við eignarhald hins opinbera á jarðvarma fyrir neðan ákveðið dýpi til að öruggt sé að það haldi. Fyrir þessu gerði ég einnig grein í framsöguræðu minni um þetta mál.

Í þessu frv. er eingöngu heimild til að veita fyrirtæki sem hér starfar eignarhald á landi sem nauðsynlegt er vegna reksturs þess fyrirtækis. Það er eingöngu heimild til þess. Vitanlega er það eitt af stærstu atriðunum líka að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti eignast hér stóra hluta af landinu. Þarna er því um afar veigamikil atriði að ræða, auk hins að unnt er að leggja fram reglur sem að *mínu mati* eiga að vera vel aðgengilegar fyrir samningsaðila okkar um Evrópskt efnahagssvæði, þótt ég hafi sjálfur viðurkennt í framsögu hér að það kann að vera að eftir þá samninga þurfi að breyta einhverjum ákvæðum í þessum lögum. En það var — ég endurtek það — og er algerlega útilokað að leggja fram þær reglur sem núna gilda. Það botnar enginn maður í þeim í raun. Meira að segja eru reglurnar í mörgum atriðum óljósar og viðurkennt af þeim lögfræðingum sem um þær fjalla að þær eru óljósar núna. *Þetta endurtek ég raunar frá því sem ég* sagði í framsögu og tel afar mikilvægt að þessar reglur liggi fyrir þegar lokafundir um Evrópskt efnahagssvæði fara fram. Það er full samstaða um það í þessari ríkisstjórn að leggja fram slíkar reglur sem ósk okkar Íslendinga um þau ákvæði sem gildi hér um erlenda fjárfestingu.

Nefndinni sem falið var í upphafi, eins og ég sagði 1984–1985, að endurskoða hefur að sjálfsögðu ekki verið falið það verkefni. Það eru því tvær meginástæður fyrir því að þetta frv. þarf sem fyrst að verða að lögum. Í fyrsta lagi til að greiða úr þeirri flækju sem nú er, þeim frumskógi sem nú er. Og í öðru lagi að hafa línurnar skýrar þegar kemur að lokasamningum um Evrópskt efnahagssvæði og svo í þriðja lagi að sjálfsögðu að tryggja, sem hvergi er tryggt núna, alls ekki er tryggt núna, að við höldum yfirráðum okkar yfir fiskveiðunum.

Ég skil það svo vel að það er ágreiningur um það hve langt menn vilja ganga. Ég sagði í minni framsögu að þetta væri málamiðlunarfrv. sem búið er að vinna að af mönnum úr öllum stjórnarflokkunum og búið að leita umsagna vítt og breitt. Hér er dregin upp meðallína sem ég tek fram að mér líkar vel. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að heimila meiri erlenda fjárfestingu í iðnaði og þjónustu í landinu en við höfum gert, m.a. vegna þess að við erum allskuldsett þjóð. Erlendar skuldir þjóðarinnar eru núna um það bil 50% af þjóðartekjum. Það hefur að vísu tekist að halda þeim á þessu róli og þær fara aðeins minnkandi að mati Þjóðhagsstofnunar nú, en þetta eru of miklar skuldir. Vaxtabyrði af þessum skuldum og greiðslubyrði er of há og veldur því að við erum með neikvæðan viðskiptajöfnuð. Þess vegna er m.a. afar æskilegt að fá annað en erlent lánsfé, fá sem sagt áhættufé inn í ýmsar þær atvinnugreinar í iðnaði og þjónustu sem við viljum byggja hér upp. Ég tek það fram að ég er ósammála þeim sem hér hafa talað og talið að erlend þátttaka í slíkum atvinnugreinum stofni fullveldinu jafnvel í hættu. Ég tel að með því að halda grundvallaratriðum í eigin hendi sé það tryggt.

Eins og ég sagði áðan, þá er það vitanlega málefnalegur ágreiningur sem ég ætla ekki að rekja nánar hér. Ég hlýt hins vegar að taka það fram að ég er andsnúinn breytingartillögum 2. minni hl., tel þar of langt gengið að opna fyrir erlenda fjárfestingu. Ég tel a.m.k. að í frv. sé stoppað við á nokkuð góðum stað og verði að reyna vandlega á það hvort það sé ekki sá staður sem hentar okkur Íslendingum, þessu litla þjóðfélagi. Ég er sömuleiðis andsnúinn tillögum 1. minni hl. sem *vill ganga skemur að ýmsu leyti en gert er ráð fyrir í* frv.

Ég skal ekki hafa mörg orð um orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að Framsfl. hefur sem betur fer breyst á tíu árum, enda hefur heimurinn allur breyst, þjóðfélagið allt breyst og allt sem ég þekki hefur breyst nema hv. þm. Stefán Valgeirsson.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ágreiningur minn við hæstv. forsrh. varðandi það mál sem hér er flutt af okkur liggur í mati, fyrir utan efnisatriði frv. sem ég hef gert grein fyrir, á stöðu þessa frv. gagnvart hugsanlegum samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég tek að vísu eftir því að hæstv. forsrh. er heldur að draga í land í sínum málflutningi frá þeim fullyrðingum sem hann hefur haft uppi um þetta efni, sem voru að mínu mati fjarstæða, en enn er hann að reyna að hanga í því að *lögfesting þessa frv. skipti einhverju verulegu máli* gagnvart lokasamningunum, lokahrinu samninganna, um Evrópskt efnahagssvæði. Spurningin er þessi: Munu ákvæði þessa frv. verða ráðandi gagnvart þeim ákvæðum sem við semjum um um hið Evrópska efnahagssvæði? Erum við að segja við okkar samningsaðila: Hér er þetta frv. Það hefur ýmsar takmarkanir miðað við opnunina innan sameiginlega markaðarins, innri markaðarins, og við ætlum að halda þessum takmörkunum. Nú er þetta mál allt orðið þrautrætt, afstaða Íslands til innri markaðar Evrópubandalagsins, allt saman þrautrætt, nema það er ekki alveg ljóst hversu langt Íslendingar bakka að endingu frá þeim aumu fyrirvörum sem gerðir hafa verið að þessu leyti. Þar eru menn ekki komnir í neina endastöð. En að halda því fram að það komi eitthvað til með að reyna á ákvæði þessa frv. sem slík — ég leyfi mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann ætli að fara með ákvæði frv. eftir að það yrði að lögum á Alþingi og segja: Nú er staðan breytt frá því sem við höfum verið að túlka, og draga fram í hinum einstöku hópum og í meginviðræðunefndinni, þetta er afstaða Íslands. Fyrst þyrfti hann væntanlega að taka það upp gagnvart EFTA-hópnum, sem ætlar að

tala einni röddu, og síðan leggja það fyrir sem nýja kröfu af Íslands hálfu.

Ég held að hæstv. forsrh. hafi annaðhvort fest sig í þessu fullyrðinganeti sínu eða hann hefur ekki áttað sig á því hvað felst í frv. sem hér er verið að bera fram. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál og það er kannski sérstaklega alvarlegt mál vegna samninganna um Evrópska efnahagssvæðið ef hæstv. forsrh. veður í þeirri villu að ákvæði þessa frv. verði eitthvert innlegg inn í þá samninga og að við þurfum ekki að láta ákvæði þess víkja gagnvart öllum þessum 1400 samþykktum sem raunar er þegar búið að skrifa upp á varðandi innri markaðinn. Þar eru menn komnir í varnaglaákvæðin ein sér sem líklegt er að haldi ekki einu sinni ef kemur til dóma hins yfirþjóðlega dómstóls sem verið er að undirbúa varðandi efnahagssvæðið. En það er gott að hér er hæstv. utanrrh. líka þannig að hann getur þá svarað þessum athugasemdum fyrir sitt leyti þar sem hann fer með þessa samninga. Forsrh. virðist þurfa að lesa þetta betur. Ég tek undir það atriði sem kom fram hjá hæstv. forsrh., og gerði það í fyrra máli mínu, að ég tel viss atriði frv. til bóta, ekki aðeins vegna samræmingar heldur vegna þess að þar er lengra gengið í átt að loka fyrir aðkomu útlendinga, þ.e. í fiskveiðunum, eins og hæstv. forsrh. réttilega nefndi. Ágreiningurinn er hins vegar um túlkunina á stöðu þessa frv. varðandi samningana um hið Evrópska efnahagssvæði og þar held ég að hæstv. forsrh. þurfi að lesa betur í málinu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að bera það skilmerkilega til baka að ég sé hættur búskap eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson lét að liggja hér. (**SV:** Ég sagði það ekki.) Ég á hlut minn í búi að Höllustöðum. Það er að vísu rétt að mér gefst lítill tími til að vinna að búinu, en nóg um það.

Ég hef heldur ekki skipt um skoðun í neinum grundvallaratriðum. Ég lít svo á að Ísland sé okkar land og við eigum að nýta auðlindir þess sjálfir og af fyrirhyggju, bæði auðlindir til lands og sjávar.

Varðandi álmálið þá var það ákvörðunin um virkjun Blöndu á sínum tíma og að virkjunin yrði fullbúin 1991 sem gerði það óhjákvæmilegt að leita samninga við stórnotendur því að annars var ekkert við þessa virkjun að gera og hún yrði ekki fullnýtt til almenns markaðar fyrr en á næstu öld. Þar af leiðir að með byggingu hennar var sköpuð offjárfesting í raforkukerfinu og þýðir ekkert að berja höfðinu í steininn með það. Það er ekkert við þessa virkjun að gera fyrr en síðast á þessum áratug nema takist að selja rafmagn til einhverra stórnotenda.

Nú skal ég ekkert um það segja hvort samningar takast um byggingu álvers, enda er það mál ekki til umræðu undir þessum dagskrárlið. Ég tel að hér sé um að ræða að mörgu leyti skynsamlega löggjöf sem eðlilegt sé að setja. Hér er frv. til meðferðar um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Hér hefur ríkt afar mikið skipulagsleysi í þessum efnum og raunverulega veit enginn eða hefur enginn yfirsýn yfir hversu mikið útlendingar eiga í atvinnurekstri á Íslandi. Ég held að það sé skynsamlegt að setja lög um þetta efni, samræmd lög og ég held að það sé líka skynsamlegt að gera það áður en lýkur samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Það gæti orðið torveldara að brydda upp á nýmælum síðar.

Samningunum um Evrópska efnahagssvæðið er ekki lokið. Þegar við stöndum frammi fyrir niðurstöðu úr þeim samningum ber okkur að sjálfsögðu að meta það hvort það þjóni hagsmunum Íslands að gerast aðilar að samningunum. Ég geri ráð fyrir því að þeir sem annast þá samninga fyrir okkar hönd fari svo langt sem þeir geta til að varðveita hagsmuni okkar. Við verðum að meta þá niðurstöðu þegar hún liggur fyrir hvort það henti okkur að gerast aðilar ellegar hvort við verðum að taka upp tvíhliða viðræður um viðskiptasamning við Evrópubandalagið. Fari svo að við þyrftum að kaupa niðurstöður of dýru verði, fari svo að við þyrftum að umturna íslenskri löggjöf í mjög veigamiklum atriðum, þá hlýtur það að liggja í augum uppi að afstaða okkar til Evrópsks efnahagssvæðis mótast af því hverra kosta við eigum völ. Og ég er alls ekki að hvetja til þess að menn sæti neinum afarkostum.

Við getum að sjálfsögðu ekki með þessari löggjöf tryggt okkur fyrir ágangi annarra um alla framtíð, en ég held að það sé skynsamlegt spor sem rétt sé að stíga á þessum tímapunkti.

Ég vil vekja athygli hv. 2. þm. Austurl. á því að þetta frv. er samið af nefnd og m.a. sat í þeirri nefnd, prýðilega ánægður með frv., einn af foringjum Alþb., Ragnar Arnalds, og hann er aðili að því nál. sem ég mælti hér fyrir í dag og í því nál. fólst að við lögðum til að samþykkja þetta frv.

Ég vil mótmæla harðlega fullyrðingu hæstv. forsrh. um að hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi ekkert breyst á tíu árum. Honum hefur farið mikið aftur, hann er tíu árum eldri og svo er hann farinn úr Framsfl.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mun ekki verða langorður þannig að það er ljóst að matarhlé getur orðið þess vegna. Það eru örfá atriði sem mig langar til að nefna hér. Ég vil byrja á því að taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, 2. þm. Austurl., að það er full ástæða til þess að hæstv. utanrrh. taki til máls í þessari umræðu og geri okkur grein fyrir því hvernig það frv. sem hér er til umræðu fellur að þeim viðræðum sem þar eiga sér stað. Ég hygg að það sem menn eru að ræða þar sé allt annað og meira, miklu meiri opnun en menn eru að tala hér um í þessu samræmingar- og einföldunarfrv. Ástæðan fyrir því að æskilegt er að hæstv. ráðherra taki til máls er sú að hann fer með umboð Alþb., Alþfl., Framsfl. og Borgfl., þeirra flokka sem standa að núv. ríkisstjórn í þessum viðræðum sem nú eiga sér stað.

Ég þykist vita eins og fleiri hv. alþm. og hef reyndar lesið það, ekki síst í því sem kemur frá Evrópubandalaginu, að fallið hafi verið frá ýmsum fyrirvörum sem hæstv. forsrh. gumaði mest af í upphafi. Og ég

verð auðvitað að segja það eins og aðrir sem hér hafa talað að það er fullkomlega eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn segi hv. Alþingi frá því hvernig það mál stendur og hvernig þetta frv. fellur að þeim viðræðum sem þar fara fram. Staðreyndin er nefnilega sú að þetta frv. er þess eðlis að þótt það verði að lögum, þá verður auðvitað ekki, og ég undirstrika ekki, farið með þetta frv. til viðræðna við Evrópubandalagið og sagt: Þetta er það sem við Íslendingar ætlum að biðja um að gert verði í viðræðunum um EES. Við vitum að vísu að ekkert verður gert varðandi fiskveiðarnar og sjávarútvegsmálin, væntanlega, ef ekki näst nokkrir samningar um það mál. Náist hins vegar samningar um það að fella niður tolla af íslenskum sjávarafurðum, þá kemur auðvitað til kasta okkar hvað við eigum að gera í þeim efnum. Þess vegna vil ég taka undir það sem hv. þm. sagði að það er ekkert óeðlilegt við það að hæstv. utanrrh., ekki síst fyrst hann er nú hér, geri í örstuttu máli grein fyrir því hvort þetta frv. hérna hafi eitthvað með viðræður um Evrópska efnahagssvæðið að gera.

Hins vegar vil ég einnig taka fram að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson verður að átta sig á því að þetta frv. sem hér er til umræðu er flutt með fulltingi hans flokks. Flokksbróðir hans, hv. þm. Ragnar Arnalds, tók þátt í nefndarstarfinu, ber fulla ábyrgð á þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Hann á einnig sæti í hv. fjh.- og viðskn. og þrátt fyrir þær umsagnir sem þangað bárust sér hann ekki ástæðu til þess að flytja eina einustu brtt. Og hvers vegna skyldi það vera? Það er vegna þess að stjórnarflokkarnir komu sér saman um að flytja þetta frv. og ganga hvorki lengra né skemmra. Ég þykist t.d. viss um það að fulltrúum Alþfl. þyki að þeir hafi ekki komist nægilega langt a.m.k. miðað við það sem þeir hafa verið að segja í sínum ræðum að undanförnu.

Það er rétt sem kom fram frá hæstv. forsrh. að sumt í þessu frv., og ekki síst í fylgifrv., er til bóta og til þess að skýra betur íslenskan rétt. Þar á meðal er ákvæðið um 1. tölul. 4. gr. um eignaraðild í íslenskum fiskiskipum. Ég get nefnt það hér að Landssamband ísl. útvegsmanna sendi umsögn og sagði þar m.a., með leyfi forseta:

„Fagna samtökin því að allur vafi sé tekinn af því frá því sem nú er, sbr. lög nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, hverjir mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þ.e. eingöngu Íslendingar, og jafnframt að eignaraðild útlendinga í fiskiskipum sé óheimil með öllu."

Það er sem sagt rétt hjá hæstv. forsrh. að það er verið að þrengja rétt útlendinga hvað þetta snertir. Ég skal viðurkenna það að í mínum huga eru ákveðnar efasemdir um það mál og þá tala ég ekki fyrir hönd míns flokks. Ég tel að okkur beri að leggja eyrun við áliti ýmissa sem hafa bent á að það er hugsanlegt að fara aðra leið. En það er stefna míns flokks að fara þessa leið og sá flokkur vill að þessi réttur sé takmarkaður og það komi ekki til greina að útlendingar geti eignast hluta í íslenskum fiskiskipum.

En það er eitt mál sem ég tel fulla ástæðu til að benda hér á vegna þess að það sýnir í raun vinnubrögðin sem viðhöfð eru hjá stjórnarflokkunum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er formaður nefndar sem útbýr lagafrv. um ferðamál, þ.e. frv. til laga um ferðaþjónustu. Í 24. gr. þess frv. er sagt í mjög skýru máli hverjir geti fengið leyfi til starfsemi á sviði ferðamiðlunar, en í 21. gr. fylgifrv. um erlendar fjárfestingar er farin allt önnur leið. Alþingi er því með tvö lagafrumvörp í gangi, tvö stjfrv., annað segir þetta og hitt segir hitt. Í umsögn Félags íslenskra ferðaskrifstofa er beðið um að þetta sé leiðrétt, en hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir aðhafast ekki neitt. Hvers vegna? Sjálfsagt vegna þess að þeir eiga ekkert von á því að þessi frv. verði að lögum. Ég held að það sé helsta ástæðan fyrir þessu því að ef það væri einhver áhugi á því að gera þessi frv. að lögum, þá mundi auðvitað hæstv. ríkisstjórn, viðkomandi hæstv. ráðherrar og viðkomandi meiri hlutar í þingnefndum, sjá til þess að samræma stjfrv. að þessu leyti. Á þetta vil ég benda ef ske kynni að meiri hl. hefði einhvern áhuga á því að samræma það sem hann er að gera hér á hinu háa Alþingi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru nú bara nokkur orð. Mér fannst ákaflega athyglivert það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði hér áðan og vil vekja athygli á því að ástæðan fyrir því að hann hefði — ja, það lá í orðunum að hann hefði breytt sinni skoðun gagnvart álverksmiðju, væru mistökin að byggja Blönduvirkjun þar sem við hefðum ekkert með orkuna að gera. En nú er beiðni um það að halda áfram að leggja í kostnað við undirbúning virkjana í nokkrum mæli þrátt fyrir að það liggi alls ekki fyrir hvort orkan nýtist á næstunni. Það er mjög athyglivert að þetta skuli koma hér fram.

Ég vil segja það við hæstv. forsrh. að ég hef ekki breyst neitt, það er rétt, á þessu tímabili að því leyti til að ég met manngildið meira en auðgildið, en það virðist vera að hann hafi breyst í þá átt.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

69. fundur, þriðjudaginn 12. mars, kl. 9 síðdegis.

Foreldrafræðsla, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 407. mál. — Þskj. 734.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Áfallatryggingar fyrir heimili, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 413. mál. — Þskj. 745.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Sala eigna á nauðungaruppboðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 399. mál. — Þskj. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Lausaganga búfjár, frh. fyrri umr.

Þáltill. FrS o.fl., 434. mál. — Þskj. 787.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum, síðari umr.

Þáltill. RG, 135. mál. — Þskj. 140, n. 856, brtt. 857.

Alexander Stefánsson:
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum frá félmn. Nd.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið um hana umsagnir frá Hinu íslenska kennarafélagi, menntmrn., Sambandi íslenskra sparisjóða og Kennarasambandi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Brtt. er ætlað að taka af öll tvímæli um að ekki er verið að leggja til að fjármálafræðsla verði sérstök námsgrein í grunn- og framhaldsskólum heldur felst í tillögunni að slíkri fræðslu verði gerð skil í þeim námsgreinum þar sem henni verður best fyrir komið."

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn í félmn. Sþ.

Á þskj. 857 er brtt. við till. til þál. um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum frá félmn., um að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta útbúa námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Ráðuneytið ákveði í hvaða námsgreinum fræðslunni verði best fyrir komið.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

1. að taka til meðferðar sem flest er við kemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talin gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,

2. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar með því m.a.:

a. að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,

b. að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,

c. að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða."

Virðulegi forseti. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt eins og hér er lagt til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 857 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 909).

Stofnræktun kartöfluútsæðis, síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 216. mál. — Þskj. 276, n. 844.

Jón Kristjánsson:
Virðulegi forseti. Í forföllum frsm. mæli ég fyrir nál. um till. til þál. um stofnræktun kartöfluútsæðis frá atvmn.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbrh. að koma nú þegar af stað stofnræktun kartöfluútsæðis sem fullnægt geti þörfum allra kartöfluframleiðenda. Verkið verði unnið á grundvelli áætlunar sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert.

Matthías Á. Mathiesen og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins."

Árni Gunnarsson, Geir Gunnarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Geir H. Haarde og Jón Kristjánsson skrifa undir tillöguna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 844 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 908).

Úrbætur á aðstæðum ungmenna, síðari umr.

Þáltill. GJH o.fl., 103. mál. — Þskj. 106, n. 860, brtt. 861.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í forföllum frsm. félmn. Sþ. mæli ég fyrir nál. um till. til þál. um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið um hana umsagnir frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Hagstofu Íslands, foreldrasamtökunum Vímulaus æska, Unglingaheimili ríkisins, landlækni, útideild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur og Krýsuvíkursamtökunum. Þá fékk nefndin á sinn fund Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ómar Smára Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjón í forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík, og Harald Finnsson, deildarsérfræðing í menntmrn.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndin leggur áherslu á að samstarfshópur sá, sem tillagan gerir ráð fyrir að komið verði á fót, hafi samráð um verkefni sitt við fulltrúa barnaverndarnefnda eða barnaverndarráðs, aðila vinnumarkaðarins, útideildir félagsmálastofnana sveitarfélaga, fulltrúa foreldra hlutaðeigandi barna og framkvæmdahóp um málefni miðborgarinnar í Reykjavík sem komið var á fót í ársbyrjun 1990 að frumkvæði lögreglunnar í Reykjavík. Félmn. er kunnugt um að áðurgreindur miðborgarhópur hefur rætt hugmyndir um skipan samstarfsnefndar um málefni barna og unglinga á höfuðborgarsvæðinu en nefndin telur hins vegar að þar sem vandamál ungmenna, sem flosna upp úr skóla, eru ekki bara bundin við höfuðborgarsvæðið, sé eðlilegast að koma á fót samstarfshópi er fjalli um vandamálið fyrir landið í heild."

Undir þetta nál. rita Ásgeir Hannes Eiríksson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Alexander Stefánsson, Kristinn Pétursson, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Björn Grétar Sveinsson.

Og brtt. nefndarinnar á þskj. 861 við till. til þál. um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla er svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshópi á vegum ráðuneyta og sveitarfélaga til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla. Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda.

Samstarfshópurinn verði skipaður fulltrúum tilnefndum af dómsmála-, félagsmála- menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, stærstu sveitarfélögunum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samstarfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 1991."

Þannig leggur félmn. Sþ. til að þessi tillaga verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 861 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 919).

Björgunarþyrla, síðari umr.

Þáltill. IBA, 242. mál. — Þskj. 356, n. 868.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 868 er nál. frá allshn. um till. til þál. um björgunarþyrlu.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Slysavarnafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Flugmálastjórn, Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík og Landhelgisgæslu Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta nál. skrifa Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal, Ingi Björn Albertsson, Guðrún Helgadóttir, Kristinn Pétursson og Karl Steinar Guðnason.

Ég vænti þess að þessi þáltill. verði samþykkt hér. Það mun hvorki skorta viljayfirlýsingar um þyrlukaupin né leiðir til að fjármagna þau. Hér fyrr í vetur var gefin heimild í 6. gr. fjárlaga sem heimilar lántöku til þyrlukaupa gegn því að fjáröflum eigi sér stað.

Hér er á ferðinni í þinginu frv. þar sem fjár verður aflað í gegnum happdrætti. Nú er það frv. helgað þyrlukaupunum eingöngu. Verður það mál vonandi afgreitt frá Alþingi nú í þessari viku. Því ætti, eins og ég sagði áður, hæstv. ríkisstjórn ekki að skorta heimildir né viljayfirlýsingar og vonandi getur hún á útmánuðum leyst þetta mikla hagsmunamál íslenskra sjómanna og reyndar allrar íslensku þjóðarinnar með því að gera samning um kaup á fullkominni björgunarþyrlu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Suðurl. stend ég að þessu nál. um björgunarþyrlu, en ég hef fyrirvara við nál. sem ég vil gera grein fyrir. Ég vil þó taka það fram og undirstrika að ég er efnislega samþykkur tillögunni. Ég tel að endurnýjun þyrluflota Landhelgisgæslunnar þoli ekki bið og það sé rétt að gera samninga um þyrlukaup á þessu ári.

Fyrirvari minn felst í því að ég tel að það sé vafasamt að festa heimildina um þessi fyrirmæli við kaup á einni þyrlu. Mín skoðun er sú að það komi fyllilega til greina að kaupa tvær þyrlur svipaðrar eða sömu gerðar og sú sem Landhelgisgæslan á nú og staðsetja aðra þyrluna úti á landi. Ég tel að vilji Alþingis hafi komið fram í málinu nú þegar því að við samþykkt fjárlaga nú á haustþingi var samþykkt heimildargrein við 6. gr. fjárlaga um kaup á þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna og einnig hefur verið lagt fram frv. til laga um

sjóðshappdrætti sem er til meðferðar í Ed. Alþingis og verður vonandi samþykkt nú fyrir þinglok.

En í trausti þess að staðsetning þyrlu á landsbyggðinni verði athuguð í fullri alvöru í sambandi við þá samninga, sem væntanlega verða gerðir í kjölfar þessarar tillögu, þá greiði ég henni atkvæði, enda er málið þarft og þolir ekki bið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 920).

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svo hefur um samist að þinghald hér í kvöld og e.t.v. fram í nóttina fari fram með þeim hætti að fyrst verður fyrir tekið 16. dagskrármál, sem er skýrsla um vaxtamál, en síðan, þegar þeirri umræðu lýkur, verði fram haldið umræðu um 13. dagskrármál, stjtill. um samning um álver.

Nú þarf ekki að segja hv. þingheimi að mjög sneyðist nú á tíma þingsins ef von er til að þinghaldi ljúki eins og ákveðið hafði verið. Það er því beiðni forseta að umræða um skýrslu um vaxtamál dragist ekki mikið fram yfir miðnætti, standi helst nokkru skemur þannig að einhver tími gefist til að ræða samning um álverksmiðju.

Það er ljóst að fundir í Sþ. verða mjög stuttir það sem eftir lifir þings og vill nú forseti beina þeirri ósk til hv. þm. að þeir reyni nú mjög að gerast gagnorðir, eins og löngum hefur verið talinn kostur í ræðumennsku, án þess að forseti vilji skerða málfrelsi manna á nokkurn hátt.

Vaxtamál.

Skýrsla viðskrh., 359. mál. — Þskj. 800.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Um sl. áramót óskaði ég eftir því við Seðlabankann að hann gerði grein fyrir horfum í vaxtamálum og hvernig hann hygðist tryggja hóflega raunvexti og vaxtamun. Svar bankans barst með greinargerð dags. 30. jan. um lánskjör og vexti. Að beiðni hv. 1. þm. Suðurl. og fleiri þingmanna hef ég lagt þessa greinargerð bankans fram sem skýrslu til Alþingis.

Í umræðum hér á Alþingi þann 26. fyrra mánaðar um frv. hv. 3. þm. Suðurl. um lánskjör og ávöxtun sparifjár tók ég það fram að tilefni væri til þess að ræða ítarlega um vexti og verðtryggingu og hlutverk þessara gangráða efnahagslífsins. Sú staðreynd að nú er skammt til þingloka og mörgum verkum ólokið á Alþingi gerir það að verkum að ekki gefst tækifæri til þess að fara í svo ítarlega umræðu sem vera þyrfti á þessu þingi. Hins vegar virðist mér, miðað við það hversu oft vextir og verðtrygging hafa að undanförnu komið til umræðu á Alþingi og reyndar annars staðar á opinberum vettvangi, að orðið sé meira en tímabært að efna til vel undirbúinnar ráðstefnu um vexti og verðtryggingu og brjóta þessi fyrirbæri til mergjar, bæði fræðilega, efnahagslega en ekki síður stjórnarfarslega og hvernig best sé að koma ákvörðunum um þessi mikilvægu mál fyrir í okkar stjórnkerfi en af því verður þó ekki að sinni.

Í greinargerð Seðlabankans, sem nú liggur á borðum þingmanna, er fjallað um þróun nafnvaxta og raunvaxta á árinu 1990. Þar er gerð grein fyrir þróun vaxtamunar og vextir hér á landi bornir saman við vexti erlendis og loks gerð grein fyrir nokkrum leiðum sem hugsanlegar væru til þess að hafa áhrif á vaxtaþróun á Íslandi. Meginniðurstöður bankans eru þessar í mjög stuttu máli:

1. Nafnvextir hafa lækkað afar mikið á árinu 1990 samfara hjaðnandi verðbólgu. Sannleikurinn er sá að frá því í árslok 1989 og til ársloka 1990 meira en helminguðust nafnvextirnir.

2. Raunvextir á verðtryggðum útlánum bankanna hafa haldist svo til óbreyttir frá árinu 1989 sé tillit tekið til þeirrar breytingar sem fylgdi upptöku kjörvaxta.

3. Raunvextir á óverðtryggðum útlánum banka hafa reynst lítið eitt hærri að jafnaði á árinu 1990 en á árinu 1989, en samt verulega lægri en á árinu 1988. Þessi síðasttalda tala flöktir þó nokkuð á árinu vegna breytinga á hraða verðbólgunnar en í lok ársins var þarna aftur komin fram veruleg lækkun.

Í þessu sambandi bendir Seðlabankinn einmitt á að aðlögun nafnvaxta að verðbólgu innan ársins hafi verið heldur skrykkjótt og í fylgiskjölunum kemur fram að þessir vextir hafi um hríð á liðnu ári verið allháir. Þá á ég að sjálfsögðu við raunvextina. Ég mun koma nánar að þessu nokkru síðar í máli mínu.

Þá getur bankinn þess að vaxtaaðlögun hafi orðið á verðbréfamarkaði þannig að minna bil sé nú milli raunvaxta af skuldabréfum ríkissjóðs annars vegar og af skuldabréfum annarra útgefenda hins vegar. Að mati bankans er nú betra jafnvægi ríkjandi á þessum hluta peningamarkaðarins en áður. Þá er í greinargerðinni bent á að vaxtamunur í bankakerfinu hafi verið allbreytilegur innan ársins 1990, en í desember — og það er það sem við getum nú helst við miðað — hafi hann verið metinn um 4% og er sú tala borin saman við 5,8% í lok ársins 1989, þ.e. ári fyrr. Að mati Seðlabankans mundi frekari lækkun vaxtamunar rýra eiginfjárstöðu bankanna. Ég er sammála þessu mati bankans og bendi á að í viðskiptabankalögunum hefur Alþingi sjálft gert strangar kröfur um eigið fé bankanna til að tryggja að þeir standi fjárhagslega traustum fótum. Í því felst vörn innstæðueigenda og um leið krafa til þess að fé bankans eða því fé sem hann ráðstafar sé varið til arðbærra verkefna sem geta skilað þeim vöxtum sem þörf er á. Til að uppfylla þessar kröfur þarf að

reka bankana með hagnaði og tekjur af vaxtamun eru eðlilegasta leiðin til þess. Í þessu efni verður ekki bæði sleppt og haldið. Samanburður Seðlabankans á raunvöxtum hér á landi og erlendis leiðir í ljós að þeir eru misháir í okkar helstu viðskiptalöndum. Um þessar mundir eru þeir langlægstir í Bandaríkjunum sem m.a. stafar af viðleitni stjórnvalda þar í landi til þess að sigrast á alvarlegum efnahagssamdrætti með vísvitandi vaxtalækkun sem náð er með kaupum á skuldabréfum. Raunvextir hér á landi virðast hins vegar lítið eitt hærri en að meðaltali í okkar helstu viðskiptalöndum.

Í fylgiskjölunum með skýrslu bankans kemur mjög glöggt í ljós að raunvextir af skammtímalánum eru hér á landi svipaðir — ég endurtek, svipaðir og í þeim ríkjum sem glíma við hallarekstur ríkissjóðs líkt og við gerum.

Lánsfjárþörf ríkisins og húsnæðiskerfisins hefur verið mikil á síðustu missirum. Með réttu hefur verið lögð á það rík áhersla að fullnægja þessari lánsfjárþörf á innlendum fjármagnsmarkaði. Þetta hefur hins vegar óhjákvæmilega leitt til ákveðinnar spennu á lánamarkaðinum sem hefur haldið uppi raunvöxtum hér á landi. Meðan við komum ekki böndum á hallarekstur ríkissjóðs er þess vart að vænta að raunvextir geti lækkað hér á landi varanlega. Þetta er mergurinn málsins. Það þarf að ná tökum á ríkisfjármálunum, enn betri en þeim sem tekist hafa, loka húsnæðislánakerfinu frá 1986 og draga verulega úr þeirri niðurgreiðslu vaxta af húsnæðislánum sem þar hefur lengi tíðkast. Undir þessi sjónarmið tek ég. Hins vegar get ég alls ekki tekið undir það sjónarmið Seðlabankans að draga eigi úr greiðsluerfiðleikalánum til húsbyggjenda sérstaklega. Þar tel ég að bankinn fari villur vegar og sú ráðgjöf er ekki vel þegin.

Ég tel að við eigum alls ekki að hvika frá frelsi innánsstofnana til þess að þær ákvarði sjálfar vexti án beinnar opinberrar íhlutunar. Ég er sannfærður um það að vaxtafrelsið hefur átt snaran þátt í því hversu fljótt og vel þjóðarútgjöld löguðu sig að fallandi þjóðartekjum á árunum 1988 og 1989 sem aftur hefur leitt til minni erlendrar skuldasöfnunar en yfirleitt hefur einkennt fyrri samdráttarskeið í þjóðarbúskap Íslendinga. Við eigum því að standa vörð um vaxtafrelsið og halda óhikað áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið, nefnilega að efla bankana með sameiningu og samruna þeirra og stuðla að aukinni samkeppni í bankakerfinu með því að aflétta gjaldeyrishöftum, heimila erlendum aðilum að eignast hlut í íslenskum bönkum og heimila erlendum bönkum að opna útibú hér á landi eins og tillögur hafa þegar verið gerðar um af þessari ríkisstjórn. Þegar þessi braut hefur verið gengin til enda munu innlánsstofnanir hér á landi búa við raunverulega samkeppni og raunvextir á Íslandi munu þá taka beinlínis og sjálfkrafa mið af vöxtum erlendis. Vilji stjórnvöld beita vöxtum sem hagstjórnartæki er farsælast að gera það með markaðsaðgerðum Seðlabankans, en ekki með tilskipunum.

Í framhaldi af þessari skýrslugjöf ritaði ég Seðlabankanum bréf þann 21. febr. þar sem ég greindi frá því að ríkisstjórnin hefði á fundi sínum 19. sama mánaðar samþykkt tillögu þess efnis að Seðlabankanum væri falið að freista þess að ná fram lækkun raunvaxta með óbeinum aðgerðum eða fyrirmælum ef þurfa þætti. Í bréfinu var bent á ýmsar óbeinar aðferðir til þess að hafa áhrif á vaxtastigið í landinu og þess farið á leit við bankann að hann upplýsti hvernig hann hygðist hafa áhrif á raunvaxtastigið til lækkunar. Þarna var m.a. bent á hugsanlegar breytingar á innlánsbindingu, hugsanlega beitingu viðskipta með markaðsverðbréf og að vaxtaákvarðanir í bankakerfinu væru miðaðar við raunverulegt verðbólgustig en ekki verðbólguspár og að vaxtabreytingar væru sjaldnar en verið hefur. Seðlabankinn hefur svarað þessari málaleitan með bréfi sem er dags. þann 6. mars. Þar ítrekar bankinn sína fyrri skoðun að óráðlegt sé miðað við ríkjandi aðstæður að þrýsta niður vöxtunum með peningalegum þensluaðgerðum. Að áliti bankans mundi það grafa undan því jafnvægi sem náðst hefur í myndun verðlags og launa, það mundi auka viðskiptahalla og erlendar skuldir. Vænlegustu leiðirnar til þess að ná fram raunvaxtalækkun séu enn þær að mati bankans að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila, loka húsnæðislánakerfinu frá 1986 og samræma vexti þess kerfis almennum vöxtum á húsnæðislánamarkaði.

Þá ítrekar bankinn einnig þá skoðun sína að samanburður á vöxtum hér á landi og í þeim viðskiptalöndum Íslendinga þar sem efnahagsástand er sambærilegast við það sem hér gerist gefi ekki tilefni til að beita ákvæðum 9. gr. seðlabankalaga þar sem heimiluð er bein íhlutun í vexti og vaxtamun innlánsstofnana ef vextir á Íslandi eru að raungildi til muna hærri en verður í helstu viðskiptalöndum okkar eða vaxtamunur keyrir úr hófi. Hvorugt telur Seðlabankinn að sé nú til staðar og þess vegna ekki forsenda til að beita þessu varúðar- og aðhaldsákvæði seðlabankalaganna.

Ég er í meginatriðum sammála Seðlabankanum í þessu mati. En ég tel nú sýnt, þar sem verðbólgan hefur að undanförnu reynst enn minni en spáð hafði verið, að tímabært sé að freista þess að ná niður nafnvöxtum í bönkum, og Seðlabankinn eigi að hafa um það forgöngu með samtölum við bankana, og þeim breytingum í skilyrðum á rekstrarkjörum banka sem þurfa þætti til þess. Slíkar viðræður fara enda fram og Seðlabankinn hefur lýst sig til þess fúsan og áhugasaman eins og kemur fram í svari hans frá þessum tíma.

Jafnvægi á lánamarkaðnum er kannski mikilvægasti árangur efnahagsstefnu þessarar stjórnar í samvinnu við Seðlabankann. Ég tel það mjög mikilvægt að við röskum ekki því jafnvægi. Það er enginn smáárangur að hafa náð verðbólgunni úr 30–40%, eins og hún var haustið 1988, niður fyrir 5%. Það er enginn smáárangur að hafa á sama tíma náð nafnvöxtunum úr 40% niður í 14–15%. Þetta hefur allt gerst á tveimur og hálfu ári og ég er sannfærður um það að reynslan mun sýna okkur enn að á þessu sviði mun frjálsræðið skila betri árangri en skömmtun og stýring stjórnvalda. Það sýnir reynslan af innflutningshöftum og innflutningsfrelsi. Og reynslan á áttunda áratugnum, þegar sparifé almennings brann upp á verðbólgubálinu, er ekki góður

vitnisburður um gildi beinnar íhlutunar um ákvörðun vaxta.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir þá greinargerð sem hann hefur hér flutt fyrir skýrslu um lánskjör og vexti. Sú umræða sem fer fram um þessa skýrslu í kvöld á sér nokkurn aðdraganda. Segja má að hún hafi byrjað hér í þingsölum á lokadegi þinghalds fyrir jólaleyfi, en eins og menn rekur minni til gerðust þeir atburðir þá að hæstv. forsrh. réðst mög harkalega að þeim sem ábyrgð bera á vaxtaákvörðunum ríkisbanka og taldi sérstaklega að meiri hluti bankaráðs Búnaðarbankans, þingmenn eða fulltrúar stjórnarflokkanna sem þar sitja, hefði gerst brotlegur við bankalöggjöfina. Það var mjög einstæður atburður. Hvorki fyrr né síðar hafa slíkar ásakanir verið bornar á bankaráðsmenn. Ég bauðst þá til þess að greiða fyrir því að lagafrv. yrði flutt hér á Alþingi þar sem ákveðið yrði að kjósa á ný bankaráðsmenn í Búnaðarbankann þannig að í ljós kæmi hverjir bankaráðsmanna nytu trausts og hverjir ekki og á þann veg gefa hæstv. forsrh. kost á að standa við orð sín. En því boði var að sjálfsögðu hafnað af því að hæstv. forsrh. hafði ekki áhuga á að standa við orð sín.

Framhald þessa máls sáu menn svo í sjónvarpsfréttum nú í kvöld þegar fréttamenn höfðu viðtal við þrjá ráðherra vegna nýlegs bréfs Seðlabankans til hæstv. ríkisstjórnar vegna tillagna sem þaðan komu. Hæstv. viðskrh. fjallaði málefnalega um það erindi og var í meginatriðum sammála stefnumörkun bankans. Hæstv. forsrh. kallaði bréfið hneyksli og hæstv. fjmrh. sagðist nú ekki lengur lesa bréf Seðlabankans, enda væri Seðlabankinn orðinn að kosningaskrifstofu Sjálfstfl. Það er athyglivert að hápunktur þessarar umræðu af hálfu hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. skuli vera með þessum hætti.

Ég hygg að flestir geri sér grein fyrir því að þessir tveir hæstv. ráðherrar ræða um þessi mikilsverðu mál eins og þeir hafi aldrei vaxið upp úr málfundafélagi menntaskólans.

Ummæli hæstv. viðskrh. og greinargerð hans fyrr í þessari umræðu eru af allt öðrum toga. Þar var að finna málefnalega umræðu og skýra stefnumótun.

Það er ekki ágreiningur um það að mínu mati á milli stjórnmálaflokka eða einstakra þingmanna að mikils er um vert að ná niður vöxtum. Af greinargerðum og stefnumótun Seðlabankans verður ekki annað ráðið en á þeim bæ sé líka mikill áhugi á því að ná niður vöxtum, enda séu þeir býsna háir í dag, um það er ekki ágreiningur við Seðlabankann og um það er ekki ágreiningur á milli stjórnmálaflokkanna í landinu. Það er einmitt meginástæðan fyrir því að þessi umræða var hafin hér fyrr á þessu þingi og er nú endurtekin. En menn greinir á um leiðir og menn greinir á um það með hvaða hætti þeir ráðherrar sem bera pólitíska ábyrgð í þessum efnum standa undir ábyrgð sinni og á því er æði mikill munur.

Við búum nú við löggjöf eins og hæstv. viðskrh. lýsti sem gerir ráð fyrir markaðsákvörðun vaxta. En hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. tala með menntaskólatungutaki eins og allt annars konar löggjöf gildi í landinu. (**Menntmrh.:** Talaðu vel um menntaskólann.) Þeir tala eins og sú löggjöf ríki að ríkisstjórn ákveði með pólitískri ákvörðun hvert vaxtastigið eigi að vera og svo séu það einungis vondir strákar úti í bæ eða í bönkum sem komi í veg fyrir að þeirra góði vilji nái fram að ganga.

Löggjöfin sem við búum við er á annan veg og menn hljóta að spyrja: Ef hæstv. ríkisstjórn eða einhver hluti hennar er ósáttur við þessa löggjöf, hvers vegna er henni þá ekki breytt? Það er lítil pólitísk reisn yfir því að taka að sér að bera pólitíska ábyrgð á gildandi löggjöf, bera pólitíska ábyrgð á kjöri bankaráðsmanna í ríkisbönkum sem taka ákvarðanir um vaxtahækkanir og hlaupast svo undan merkjum og segjast enga ábyrgð bera, hún liggi alltaf annars staðar. Það er auðvitað þetta pólitíska siðferði sem menn hljóta að takast á um á næstu vikum. Það er ekki á háu plani.

Skýrsla sú um lánskjör og vexti sem Seðlabankinn samdi að beiðni ríkisstjórnarinnar í framhaldi af þeim umræðum sem urðu hér á lokadegi þinghalds fyrir jól er um margt athyglisverð. Þar kemur skýrt fram að dregið hefur úr lánsfjáreftirspurn atvinnufyrirtækja vegna þess að það hefur ríkt stöðnun í atvinnulífinu. Það er einn helsti árangur eða ein helsta afleiðing, skulum við segja, efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar að það ríkir nú stöðnun í atvinnulífinu og fyrir þá sök hafa atvinnufyrirtækin ekki sótt eftir lánafyrirgreiðslu eins og ætla hefði mátt. Á móti þessu kemur, segir Seðlabankinn, stóraukin lánsfjáreftirspurn vegna lánsfjárþarfar ríkissjóðs og fjáröflunar til íbúðalána. Síðan segir í skýrslunni: „Engu að síður er ljóst að hinar miklu lánsfjárþarfir ríkissjóðs og opinberra lánakerfa á þess vegum hafa átt meginþátt í því að halda uppi tiltölulega háum raunvöxtum á síðasta ári, þrátt fyrir mikinn peningalegan sparnað og litla lánsfjáreftirspurn atvinnufyrirtækja.“ Þrátt fyrir mikinn peningalegan sparnað, litla lánsfjáreftirspurn atvinnufyrirtækja er sú staða uppi að vextir hafa verið allháir og ríkissjóður og stofnanir á hans vegum hafa látið greipar sópa um fjármálastofnanir eftir auknu lánsfé. Þetta gerist við þær aðstæður sem eru hvað ákjósanlegastar í efnahagsmálum. Markaðsverð á helstu afurðum okkar erlendis hefur aldrei verið hærra og aldrei hækkað jafnmikið á jafnskömmum tíma. Launamenn og atvinnurekendur hafa aldrei gert jafnhagstæða kjarasamninga í ljósi efnahagsþróunar og markmiðs um stöðugleika í verðlagsmálum. Við þær aðstæður fær hæstv. ríkisstjórn þann dóm að vextir séu svo háir sem raun ber vitni og einvörðungu megi rekja það ástand til aðgerða eða aðgerðaleysis eða lausataka af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Sá dómur stendur hér skýrum stöfum.

Í skýrslunni segir: „Samanburður vaxta hérlendis og erlendis kemur fram í fskj. 5, en það staðfestir enn á ný að raunvextir hér á landi eru nú lítið eitt yfir meðaltali þess sem þeir eru að meðaltali í helstu viðskiptalöndum Íslendinga.“ Hér á er þó munur auðvitað frá einu ríki til annars, enda aðstæður mismunandi. Samanburður gerður við þjóðir sem eiga við svipuð efna-

hagsvandamál að etja og Íslendingar leiðir í ljós að raunvextir á bankaútlánum eru síst hærri hér á landi. Munurinn er hins vegar meiri ef litið er á vexti ríkisskuldabréfa eins og áður hefur komið fram. Loks sýna athuganir að vaxtamunur innlánsstofnana hefur farið ört lækkandi á undanförnu ári og bendir flest til þess að hann sé nú síst hærri en nauðsynlegt er til að tryggja áfallalausan rekstur við ríkjandi aðstæður.

Hér kemst Seðlabankinn að þeirri niðurstöðu að ekki sé um að ræða verulegan mismun á raunvöxtum bankaútlána, en á hinn bóginn sé verulegur munur á vöxtum ríkisskuldabréfa. Það eru þau sem halda uppi vaxtastiginu í landinu og ásælni ríkissjóðs í lánsfé á kostnað atvinnufyrirtækja og heimila.

Með skýrum hætti segir Seðlabankinn: „Leidd hafa verið rök að því hér að framan að lánsfjáreftirspurn opinberra aðila, sérstaklega ríkissjóðs og húsnæðislánakerfisins, hafi átt drýgstan þátt í því að halda uppi raunvöxtum hér á landi á undanförnu ári. ...Eigi að ná árangri að því er varðar lækkun raunvaxta á þessu ári er því brýnt að gera allt sem unnt er til þess að draga úr þessari lánsfjáreftirspurn.“ — Eigi að ná árangri er brýnt að draga úr þessari lánsfjáreftirspurn.

Nú er að því spurt: Hefur hæstv. ríkisstjórn einhvern áhuga á því að lækka raunvaxtastigið? Hefur hún einhvern áhuga á því að ná árangri á því sviði? Eða ætlar hún einungis að stunda upphrópanir og ásakanir og skólastrákaútúrsnúninga í kosningabaráttunni? Eða hefur hún í hyggju að sýna einhvern árangur? Þá er hér bent á leiðina.

Í sérstakri skýrslu Seðlabankans sem gerð var 30. jan. um fjármögnunaráform ársins 1991 og horfur á framkvæmd þeirra, segir m.a. þetta: „Þetta gefur tilefni til að líta nánar annars vegar á erlendar lántökur og hins vegar á nýtingu fjár lífeyrissjóðanna. Ofætlun um innlenda fjármögnunargetu leiðir yfirleitt til aukinnar erlendrar fjármögnunar þar sem ekki verður snúið til baka með áformin og erlend lántaka er afgangsstærð. Þannig hækkaði erlend lántaka opinberra aðila og sjóða um tæpa 5 milljarða frá áætlun 1990 og leiddi til þess að langar erlendar lántökur urðu alls rúmir 26 milljarðar í stað 20,4 milljarða kr. samkvæmt októberáætlun. Hin sama gæti niðurstaðan orðið á þessu ári verði ráð ekki í tíma tekið.“

Hæstv. fjmrh. hefur gjarnan gumað af því að hafa náð nokkrum árangri með því að fjármagna lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs innan lands. En hér kemur með skýrum hætti fram að A-hluti ríkissjóðs er ekki nema hluti dæmisins. Það sem hæstv. ríkisstjórn ber ábyrgð á er heildarlánsfjáreftirspurn opinberra aðila og það þurfti að taka 5 milljörðum kr. meira í erlendum lánum á sl. ári vegna lausataka í þessum efnum. En ég minnist þess ekki að hæstv. fjmrh. hafi haldið blaðamannafund þar um til þess að auglýsa tímamót í störfum sínum. Ég minnist þess ekki að það hafi verið haldinn blaðamannafundur til að greina frá því að erlendar lántökur opinberra aðila hafi farið 5 milljörðum kr. fram úr áætlun. Ég minnist þess ekki að það hafi verið auglýst sem sérstakur tímamótaviðburður. En þetta er nú staðreynd.

Á öðrum stað segir Seðlabankinn: „Niðurstöður þessarar greinargerðar sem og þeirrar er fjallar um almennan fjármögnunarvanda opinberra aðila og sjóða eru þær að með fyrirliggjandi áformum sé hleypt af stokkunum verulega meiri lánsfjáreftirspurn en markaðurinn fái ráðið við og muni leiða til almennrar vaxtahækkunar og sennilega enda með ótilætluðum erlendum lántökum. Er þá enn ekki séð fyrir væntanlegri fjárþörf til aukinna orkuframkvæmda sem æskilegt er að gerist að nokkrum hluta innan lands.“

Og er þá enn sennilega ekki séð fyrir kosningavíxlunum sem hæstv. fjmrh. hefur veifað framan í alþjóð að undanförnu.

Niðurstaðan er sú að hér er verið að benda á að efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar, fjármálastefna hæstv. ríkisstjórnar, getur leitt til þess að vextir hækki enn af því að hún hefur ekki áhuga á að taka á þeim málum sem ráða úrslitum um þróun þessara efna. Svo er hægt að hrópa upp yfir sig: Hneyksli, hneyksli. Eða hrópa upp yfir sig að menn séu svo miklir með sig að þeir lesi ekki einu sinni bréf frá Seðlabankanum. En að taka á þeim vanda sem við blasir til þess að ná því marki sem menn eru sammála um, að lækka vextina — nei, þá kemur ekki til greina að gera nokkurn skapaðan hlut.

Frú forseti. Ég ætla svo að víkja örfáum orðum að því bréfi sem Seðlabankinn hefur ritað hæstv. ríkisstjórn í framhaldi af þeim tillögum sem hæstv. ráðherra gerði hér grein fyrir að ríkisstjórnin hefði beint til bankans í þeim tilgangi að ná niður vöxtum. Það bréf er um margt athyglivert. Þar segir í upphafi:

„Áður en reynt verður að svara þessari spurningu beint er óhjákvæmilegt að fjalla enn einu sinni um nokkur helstu atriði er varða þróun vaxta hér á landi og þau skilyrði sem ríkjandi eru á lánsfjármarkaðnum. Er þá fyrst ástæða til þess að vísa til þeirrar greinargerðar sem bankastjórn Seðlabankans sendi ríkisstjórninni 30. jan. sl.“

Enn einu sinni er þörf á því að tyggja ofan í hæstv. ríkisstjórn hvaða atriði það eru og hvaða þættir það eru í efnahagsstarfseminni sem hafa haldið uppi svo háum raunvöxtum sem raun ber vitni. Enn einu sinni segir Seðlabankinn: Þurfum við að tyggja þetta ofan í hæstv. ríkisstjórn?

Mér sýnist að Seðlabankinn telji að þess þurfi a.m.k. einu sinni í mánuði orðið að tyggja einföldustu staðreyndir ofan í hæstv. ríkisstjórn.

Síðan víkur bankastjórn Seðlabankans að tillögum hæstv. ríkisstjórnar og segir: „Við þær aðstæður sem hér hefur verið lýst telur bankastjórn Seðlabankans ekki unnt að taka undir hugmyndir um lækkun innlánsbindingar sem varið yrði til verðbréfakaupa né aðgerðir af Seðlabankans hálfu til þess að knýja fram vaxtalækkun með kaupum á opinberum verðbréfum á verðbréfaþingi, þar sem allar aðgerðir af þessu tagi mundu hafa í för með sér þensluáhrif og grafa undan jafnvægi í þjóðarbúskapnum.“

Með öðrum orðum, það eina sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft fram að færa í þessu efni er að senda Seðlabankanum óskir um að grípa til aðgerða sem munu

leiða til aukinnar efnahagslegrar þenslu og grafa undan því jafnvægi sem náðst hefur. Það eru einu tillögurnar sem hæstv. ríkisstjórn hefur sent Seðlabankanum um þetta efni. Það er sérstakur dómur um markmið og metnað hæstv. ríkisstjórnar að önnur úrræði kann hún ekki. Og heldur hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. forsrh. að það muni leiða til viðvarandi vaxtalækkunar ef gripið yrði til slíkra aðgerða?

Í þessu bréfi Seðlabankans kemur líka skýrt fram að áætlað sé að hrein lánsfjárþörf opinberra aðila hækki úr 40% af nýjum fjársparnaði í landinu á síðasta ári í 60% á þessu ári. Og svo segir Seðlabankinn: „Virðist varla raunhæft að gera ráð fyrir því að raunvaxtastigið fari lækkandi við slíkar aðstæður."

Hæstv. ríkisstjórn ætlar, í stað þess að hafa tekið 40% af nýjum sparnaði á síðasta ári, sem ýmsum þótti nú æði mikið, að taka nú 60% af öllum nýjum sparnaði og sennilega meira og hrópar svo: Hneyksli, hneyksli, eða: Við neitum að lesa ábendingarnar, þegar hún stendur frammi fyrir hinum köldu staðreyndum.

Þetta er það sem hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. ætla að bera fram á málfundaræfingum sínum fyrir kjósendur nú á vori komandi.

Þegar Seðlabankinn hefur þannig vísað á bug tillögum hæstv. ríkisstjórnar, vegna þess að það leiði til aukinnar þenslu og grafi undan jafnvægi, víkur hann að því álitaefni hvort verða eigi við óskum um það að ákveða án tillits til markaðsaðstæðna að færa niður vextina, og segir um það efni: „Verði vöxtum innlánsstofnana þrýst niður öllu meira með beinum fyrirmælum er hætt við því að fjármagn leiti frá þeim yfir á aðra hluta lánsfjármarkaðarins þannig að samkeppnisstaða þeirra fari almennt versnandi. Hætt er við því að sú þróun yrði ekki atvinnuvegunum í hag enda sækja þeir rekstrarfé sitt fyrst og fremst til innlánsstofnana."

Og er nú ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh., við þær aðstæður að atvinnulíf landsins er í stöðnun og við blasir að ef ekkert verður að gert verður lítill sem enginn hagvöxtur hér á næstu árum, er þá ætlan hans að knýja á um aðgerðir sem grafa undan möguleikum atvinnulífsins til þess að verða sér úti um eðlilegt lánsfé ef það á annað borð finnur skilyrði til þess að takast á við ný verkefni og nýja verðmætasköpun í landinu? Er það hugsjón hæstv. ráðherra að standa á þann veg að stjórn efnahagsmála að nýja sókn atvinnufyrirtækjanna eigi að útiloka eða takmarka með beinum aðgerðum af þessu tagi? Það er dómur Seðlabankans um þessa ósk að hún geti ekki leitt til annars en að veikja atvinnulífið í landinu. Telur hæstv. ráðherra að atvinnulífið, til að mynda víða á landsbyggðinni, sé með þeim hætti að ástæða sé til að gera sérstakar ráðstafanir til að veikja stöðu þess og minnka svigrúm þess til eðlilegrar lánafyrirgreiðslu? Lýsir það mati Framsfl. á stöðu landsbyggðarinnar í dag? Það væri fróðlegt að heyra formann bankaráðs Búnaðarbankans segja álit sitt á því. Ætlar hann að taka þátt í þeim aðgerðum?

Síðar segir Seðlabankinn um þetta: „Sé nú reynt að fara inn á þá braut að ákveða vexti á takmörkuðum hluta markaðarins með opinberum fyrirmælum mundi það ekki aðeins raska samkeppnisstöðu þeim hluta markaðarins í óhag heldur grafa undan trausti á markaðnum í heild og hvetja til flótta fjár yfir í erlendar eignir."

Er það nú alveg sérstök ósk hæstv. forsrh. að standa á þann veg að aðgerðum í ríkisfjármálum og efnahagsmálum að það leiði til þess að íslenskt fjármagn streymi til útlanda? Er það talið vera eitt helsta ráðið í herbúðum framsóknarmanna í dag að stuðla að því að íslenskt fjármagn leiti til útlanda? Er þess mest þörf þar? Ætli stuðningsmenn Framsfl. á landsbyggðinni, svo ég spyrji nú, líti svo á að mest þörf sé fyrir íslenskt fjármagn í útlöndum?

Þannig mætti lengi spyrja.

Að lokum kemst Seðlabankinn að þessari niðurstöðu, þegar hann hefur borið saman vexti hér á landi og erlendis: „Þegar svo er ástatt er vafasamt að það standist að beita lagagrein til opinberrar íhlutunar hér á landi sem ætluð er til þess að koma í veg fyrir misnotkun innlánsstofnana á vaxtaákvörðunarvaldi sínu. Það er því eindregin skoðun Seðlabankans að þessu ákvæði verði því aðeins beitt að skýlaus og umtalsverður munur sé á vaxtastigi hér á landi og í þeim helstu viðskiptaríkjum Íslendinga þar sem efnahagsástand er sambærilegast, t.d. að því er varðar fjárþörf hins opinbera, verðbólgustig og viðskiptajöfnuð."

Með öðrum orðum, Seðlabankinn kemst að þeirri niðurstöðu að það samrýmist ekki gildandi lögum um bankastarfsemi í landinu að þvinga vexti niður með einhliða opinberum ákvörðunum. Eigi að síður liggur það fyrir sem skoðun þess ráðherra sem mest talaði um lögbrot bankaráðsmannanna í Búnaðarbankanum að nú eigi að grípa til aðgerða sem Seðlabankinn telur ekki samrýmast bankalöggjöfinni. Og er þá fokið í flest skjól.

Ég hygg að þó víða megi bera niður í störfum hæstv. ríkisstjórnar til þess að sýna fram á ábyrgðarleysi í athöfnum og orðum séu nú fá dæmin jafnaugljós og að því er varðar umræðu af hálfu hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. um vaxtamál.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé afar brýnt að ná niður vöxtum og gera þær ráðstafanir sem duga í þeim tilgangi að lækka vextina. Við þurfum að efla atvinnulífið í landinu en til þess að svo megi verða er óhjákvæmilegt að draga úr lánsfjáreftirspurn opinberra aðila. Því marki verður ekki náð með öðrum hætti. Ef við hverfum frá þeirri skipan um vaxtaákvarðanir sem nú eru í gildi er eins líklegt að það leiði til aukinnar þenslu sem aftur kallar á meiri verðbólgu og hærri nafnvexti. Það er ekki leið sem ákjósanleg er fyrir íslenskt atvinnulíf eða heimilin í landinu, en virðist vera sá vegur sem Framsfl. ætlar að ganga eftir í þessu efni.

En nú er ástæða til þess að spyrja: Hvers vegna beitir hæstv. forsrh. sér ekki fyrir því að breyta gildandi löggjöf og taka vaxtaákvörðunarvaldið inn í ríkisstjórnina á nýjan leik? Hann situr hér í forsæti ríkisstjórnar með mikinn meiri hluta á Alþingi. Enginn hefur gumað meira af því að sitja í forsæti ríkisstjórnar sem nái samstöðu um hvert viðfangsefni sem á fjörur hennar ber. Ef óskir hæstv. ráðherra eru svona ákafar

og skoðun hans svo ákveðin að hann eigi að meta vextina en ekki markaðurinn, hvers vegna notar hann þá ekki stjórnarmeirihlutann á Alþingi til þess að breyta lögunum og taka ákvarðanir á þeim grundvelli? Enginn getur hindrað hann í því. Meiri hlutinn er fyrir hendi. Vilja sínum getur hann komið fram, hann þarf aðeins að fara að lögum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það væri skynsamleg leið en ef hæstv. ráðherra vill tala af ábyrgð um eigin skoðanir, hví fer hann þá ekki þessa leið? Bæði Alþingi og þjóðin hlýtur að kalla eftir svari við því.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Ég sagði í sjónvarpi að bréf Seðlabankans væri hneyksli og skal endurtaka það hér og rökstyðja það. Ég vil þó byrja mál mitt með því að leiðrétta að ég hafi lært eitthvað í málfundaklúbbi Menntaskólans í Reykjavík. Ég var þar aldrei, ég tók þetta bara svona sem verslunarskólaslagorð hjá hv. 1. þm. Suðurl. þó að þau hafi ekki reynst vel. (Gripið fram í.) Já, ég sagði að þetta væri hneyksli og skal ég rekja það. Ég sagði hér í desember í umræðu að það hafi verið ótímabært fyrir bankana að hækka nafnvextina. Rökin sem þá voru færð fyrir hækkun nafnvaxta voru að nafnvextirnir þyrftu að raungildi að vera þeir sömu og raunvextir og undir það get ég út af fyrir sig tekið. Ég benti hins vegar á það að nafnvaxtahækkunin var byggð á spá Seðlabankans sem var allt önnur en spá bæði Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar og hafði þá sýnt sig á undanförnum vikum að vera afar óraunhæf. Bankarnir létu sér þetta ekki nægja heldur hækkuðu þeir vextina enn í lok janúar, þá úr 14,0% í 15,5%, nafnvexti óverðtryggðra bréfa. Og enn var því lýst að þetta væri gert til þess að raunvextir af óverðtryggðum bréfum yrðu þeir sömu og raunvextir af verðtryggðum bréfum. Ég bendi hv. þm. á að lesa t.d. síðasta samanburð Seðlabankans sjálfs á vöxtum hér á landi og reyndar geta menn litið í Hagvísi Þjóðhagsstofnunar. Þar kemur fram að vextir af óverðtryggðum bréfum núna eru 15,5%, en verðbólga samkvæmt Hagstofu og Þjóðhagsstofnun er 5,3%. Raunvextir af óverðtryggðum bréfum eru því yfir 10% í dag. Hins vegar samkvæmt sömu upplýsingum eru raunvextir af verðtryggðum bréfum 8,0%. Sem sagt, það hefur sannast fullkomlega það sem ég sagði í desember að það væri ótímabært og rangt að hækka nafnvexti í því skálkaskjóli að verið væri að jafna raunvexti af óverðtryggðum lánum og verðtryggðum. (**Gripið fram í:** Heyrirðu það, Guðni?) Já, bankaráðsmaðurinn má vel heyra það og fleiri bankaráðsmenn ef þeir eru hér. Ég veit ekki hvort hv. þm. sem hér hlæja telja það gamanyrði að atvinnuvegirnir þurfi að borga núna yfir 10% í raunvexti af óverðtryggðum bréfum. (**FrS:** Það er ríkisstjórninni að kenna.) Þetta er ekki ríkisstjórninni að kenna, það eru bankaráðin sem ákveða vextina. (Gripið fram í.) Það ert þú, hv. þm., sem ákveður vextina og beitir þér fyrir hækkun þeirra. Staðreyndin er sú að raunvextir af óverðtryggðum lánum eru 2% hærri en af verðtryggðum lánum, þrátt fyrir það að rökin fyrir hækkun þeirra væru ætíð þau að þessir vextir ættu að vera hinir sömu. Þetta er staðreynd. Þú getur hlegið, en spurðu atvinnurekendurna á Ólafsvík eða á Akureyri eða á Húsavík hvernig þeim þyki að borga slíka vexti og vittu hvaða svör þú færð þar. Spurðu Einar Odd, vin þinn, hvernig honum þyki að borga slíka vexti. (**HBl:** Það á að segja hv. þm.) Já, það getur vel verið að ég ætti að segja hv. þm. en það er stundum dálítið erfitt.

Nei, þarna hefur farið algerlega úr skorðum og að Seðlabankinn skuli síðan svara ríkisstjórninni þar sem bent er á ýmsar leiðir sem Seðlabankanum hafði láðst að benda á, og ég skal rekja hér á eftir, þar sem bent er á ýmsar leiðir og hann svarar og segir: Þetta er allt saman í himnalagi, þrátt fyrir það að markmiðið sem hann sjálfur stuðlaði að og mælti með við viðskiptabankana, að vextir af óverðtryggðum lánum og verðtryggðum yrðu hinir sömu, stenst alls ekki í dag. Munurinn er 2% sem óverðtryggð lán eru hærri en verðtryggð. Og ég trúi því satt að segja ekki að nokkur þingmaður sem hér er inni, og m.a. hv. 1. þm. Suðurl. sem segir hér áðan: Vitanlega viljum við allir lækka vexti, að hann telji það eðlilegt að raunvextir af óverðtryggðum lánum séu þetta mikið hærri en af verðtryggðum. Þetta eitt út af fyrir sig er vitanlega hneyksli. Og vitanlega er það hneyksli að Seðlabanki Íslands, æðsta stofnun í peningamálum þjóðarinnar, skuli segja: Þetta er allt í himnalagi.

Hv. þm. talaði um það að Seðlabankinn vísaði á bug ýmsum ábendingum ríkisstjórnarinnar. M.a. vísaði hann á bug þeirri ábendingu að Seðlabankinn hefði beinni áhrif með kaupum og sölu á verðbréfaþingi á vaxtastigið í landinu. Staðreyndin er þó sú að þessi ábending er ekki frá ríkisstjórninni komin. Hún er tekin nokkurn veginn orðrétt upp úr skýrslu sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, ábendingum frá þeim sérfræðingum til Seðlabankans að hann eigi að koma sér upp virkara tæki til að hafa markaðsáhrif á vaxtastigið í landinu. Ég vísa þessu því til föðurhúsanna. Þarna er alls ekki um ábendingu frá ríkisstjórninni að ræða, hins vegar mjög athyglisverða ábendingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í þeirri tillögu sem ríkisstjórnin samþykkti í febrúar voru ýmsar ábendingar, m.a. sú að nýta bundið fé Seðlabankans til kaupa á ríkisskuldabréfum sem að mati Þjóðhagsstofnunar, og var byggt á tillögum Þjóðhagsstofnunar, gæti leitt til lækkunar á raunvöxtum um 0,4–0,5%. Þetta er í raun alls ekki ný tillaga heldur, því að Seðlabankinn beitti sér fyrir þessari leið til lækkunar á raunvöxtum á síðasta ári. En vitanlega skerðir þetta ráðstöfunarfé Seðlabankans og e.t.v. hefur það verið það sem Seðlabankinn fyrst og fremst finnur. Aftur tel ég að svar Seðlabankans við þær aðstæður sem nú eru séu hneyksli.

Raunvextir af verðtryggðum bréfum eru núna 8,0% og það ber vissulega að þakka þá lækkun sem varð, úr 8,2% niður í 8,0%. Hins vegar er því haldið fram í bréfi og skýrslu Seðlabankans að þessir vextir séu mjög svipaðir vöxtum í okkar helstu nágrannalöndum. Ef hv. þm. fletta upp á bls. 30 í skýrslunni sem liggur fyrir framan þá, geta þeir séð hverjir vextirnir eru í

okkar helstu viðskiptalöndum. Þar segir í fyrsta lagi að vextir hjá sjöveldunum svokölluðu, þ.e. stóru iðnríkjunum, séu 5,3% raunvextir. Ég get ekki tekið undir það með Seðlabankanum að munurinn á 5,3% og 8,0% sé lítilfjörlegur. Ég tel hann afar mikinn.

Í þessari sömu töflu er það sem er kallað „Önnur Evrópulönd" sem eru okkar helstu viðskiptalönd og segir þar að raunvextir þar séu 7,1%. Ég kalla það heldur ekki lítinn mun, 0,9% sem er á milli þessara vaxta og þeirra sem hér eru. Ég er a.m.k. sannfærður um það að atvinnuvegirnir sem þurfa að greiða þessa vexti telja það ekki lítilfjörlegan mun.

Ég sagði að vísu að mikið hefði áunnist með lækkun raunvaxta frá því að þeir voru 9,5% í forsætisráðherratíð Þorsteins Pálssonar. Þetta kemur glöggt fram m.a. í síðasta Hagvísi þar sem það er rakið að raunvextir komust upp í 9,5% í maí og júní 1988. (Gripið fram í.) Nei, ég fór ekki með efnahagsmálin, hv. þm. Raunvextir núna eru 8,0% og það ber vissulega að meta það. Engu að síður, borið saman við löndin í kringum okkur, þá eru 8,0% allt of háir raunvextir.

Það eina sem mér þótti ánægjulegt að heyra hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni er að hann er mjög kappsamur um að lækka vextina. Ég efa ekki að hann beiti sínum áhrifum til þess hvenær og hvar sem hann getur og ég get lofað honum því að ég mun styðja hann í því að lækka vextina og finna allar leiðir til þess. — Hv. bankaráðsmaður hlær, en í bankaráði Landsbankans í janúar beitti hv. bankaráðsmaður sér fyrir því að vextirnir yrðu hækkaðir um 1,5%. Hins vegar sat bankaráðsmaður sjálfstæðismanna í Búnaðarbankanum hjá. (Gripið fram í.) Jú, það er svo sjaldan sem hv. þm. brosir, við skulum endilega leyfa honum að brosa. Það er gott. (Gripið fram í.) Já, það heyrist dálítið hátt.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég hef gert grein fyrir því af hvaða ástæðu ég kalla síðasta bréf Seðlabankans hneyksli. Ég geri fastlega ráð fyrir því að málið verði rætt í ríkisstjórninni og það mjög fljótlega. Ég mun þar beita mér fyrir því að því verði svarað af fullri festu. Hæstv. viðskrh. fer með þetta mál og lýsti því hér áðan að hann teldi að nafnvextirnir ættu að lækka. Mér þótti vænt um að heyra það.

Það skal hins vegar viðurkennt að ekki er samstaða um það í ríkisstjórninni að beita fyrirmælum sem heimiluð eru í lögum. Í 9. gr. seðlabankalaganna segir að Seðlabankanum sé heimilt að beita fyrirmælum með samþykki viðskrh. Það hefur hvað eftir annað komið fram hjá hæstv. viðskrh. að hann er ekki reiðubúinn til að samþykkja það. Og það er rétt að það er ágreiningur um það í ríkisstjórninni. Það skal sannarlega viðurkennt. Ég væri, eftir svona bréf sem nú hefur verið ritað, tilbúinn að fela Seðlabankanum að beita fyrirmælum.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að beina einni spurningu héðan úr ræðustól til hæstv. viðskrh. sem fylgdi þessari skýrslu svo ágætlega úr hlaði. Hann má gjarnan svara henni úr sæti sínu ef hann vill. (**Forseti:** Hann má það ekki, hv. þm.) Eigum við ekki að leyfa viðkomandi ráðherra að ákveða hvort hann skýtur hér inn einu jái eða neii? Ég hygg að annað eins hafi nú gerst. (**Fjmrh.:** Alveg rétt, alveg rétt.) Það var enginn að tala við þig, hæstv. fjmrh. En það var hins vegar í tilefni ummæla hæstv. fjmrh. í sjónvarpinu í kvöld að mig langar að spyrja hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurningar: Telur hann að það sé svo eftir að hann skipaði bankastjóra Seðlabankans 1. febr. sl. að Seðlabankinn sé orðin áróðursstofnun fyrir Sjálfstfl.? (**Fjmrh.:** Það er augljóst mál.) Ég sé að hæstv. ráðherra hristir hausinn. Hann þorir auðvitað ekki að ganga gegn vilja forseta og segja það upphátt en ég sé ekki annað en hæstv. viðskrh. hafi hrist hausinn, þrátt fyrir frammíköll félaga síns, fjmrh.

Auðvitað er þessi málflutningur sem bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. gera sig hvað eftir annað seka um varðandi þessi málefni fyrir neðan allar hellur. Ég gleðst yfir því og fagna því að hæstv. viðskrh. lætur ekki draga sig niður á þetta plan. Hann hefur fjallað um þessi mál með mjög málefnalegum hætti að mínum dómi og auðvitað er það þrátt fyrir allt fagnaðarefni að það skuli þó einhvers staðar í ríkisstjórninni þrátt fyrir allt vera einhver fyrirstaða í þessum efnum þannig að hæstv. forsrh. með sínar villukenningar geti ekki vaðið hér uppi og eyðilagt lánsfjármarkaðinn á Íslandi.

Ég ætla að benda á eitt sem gæti verið innlegg í þessar umræður en hefur ekki komið glöggt fram áður að því er ég best man í umræðum hér á hinu háa Alþingi. Í haust var lögð fram þjóðhagsáætlun og spár henni tengdar frá Þjóðhagsstofnum um helstu hagstærðir. Þar var fullyrt að viðskiptajöfnuðurinn á síðasta ári, þ.e. árinu 1990, yrði neikvæður um 6,7 milljarða kr. En í dag útbýtti hæstv. fjmrh. skýrslu sinni um ríkisfjármál á síðasta ári og þar koma fram upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um helstu þjóðhagsstærðir. Þar kemur fram, sem reyndar var áður fram komið af hálfu Þjóðhagsstofnunar, að viðskiptahallinn á síðasta ári var ekki 6,7 milljarðar heldur rúmlega 10 milljarðar. Það munar nú um minna í þessu dæmi öllu saman. Það hefur komið fram að erlend lántaka jókst á síðasta ári umfram það sem spár gerðu ráð fyrir, til að fjármagna m.a. þennan viðskiptahalla. Auðvitað væri það glapræði að grípa til einhverra þeirra aðgerða hér í peningamálum eða fjármálum sem yrðu til þess að auka þennan halla og auka þar með enn erlendu lántökurnar. En þannig er að ef tillögur þær sem hæstv. forsrh. vill gera að sínum og hefur beint, að vísu fyrir milligöngu viðskrh., til Seðlabankans í bréfi 21. febr. sl. næðu fram að ganga, hvaða áhrif halda menn að það hefði á viðskiptajöfnuðinn og stöðu þjóðarbúsins út á við? Það er sanngjörn lágmarkskrafa að menn reyni að vera sjálfum sér samkvæmir í þessum málum.

Ég vil síðan koma hér að nokkrum atriðum í þessari skýrslu sem Seðlabankinn sendi ríkisstjórn og hún hefur lagt hér fram á Alþingi að beiðni nokkurra þingmanna Sjálfstfl. Þar er vikið að nokkrum þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegt sé að gera til þess að halda aftur af hinni óhóflegu lánsfjáreftirspurn ríkisins sem

er auðvitað meginorsök hinna háu raunvaxta eins og allir virðast sammála um, eins og glöggt kom fram í máli hæstv. viðskrh. Það bendir reyndar allt til þess að lánsfjáreftirspurn ríkisins á þessu ári verði hvorki meiri né minni en 62–65% af öllu því fjármagni sem á boðstólum verður á Íslandi, hvorki meira né minna. Hér er vikið að nokkrum aðgerðum sem Seðlabankinn telur rétt að grípa til til að sporna gegn þessari lánsfjáreftirspurn. Hæstv. ráðherra viðskipta kom að nokkrum þeirra í ræðu sinni, tók undir nokkur atriði, afþakkaði ráðgjöf um önnur atriði en sleppir hins vegar að því er mér best heyrðist nokkrum af þeim atriðum sem bankinn gerir að sínum tillögum. Ég á þá fyrst og fremst við þær tillögur sem bankinn hefur hér gert, kallar reyndar í sínu skjali tillöguhugmyndir, og lúta að fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Þessar tillögur eru í fimm liðum. Ráðherrann tók undir það að nauðsynlegt væri að loka lánakerfinu frá 1986 svo að ekki komi til frekari lánveitinga úr því kerfi. En ef það skyldi nú hafa farið fram hjá einhverjum, þá hefur það lánakerfi verið lokað mánuðum og missirum saman. Ef menn vilja loka því þá liggur frv. frá ríkisstjórninni sjálfri hér til meðferðar í næsta sal, í Ed., þannig að það ættu að vera hæg heimatökin hjá ríkisstjórninni að koma því í lag ef það er það sem hún vill.

Síðan er talað um nauðsyn þess að hækka nú þegar vexti á nýjum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Ráðherrann vék ekki að því atriði. En á bak við hugmyndina að loka lánakerfinu frá 1986 liggur auðvitað að ekki verði veitt ný lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Hins vegar er í því frv. sem liggur hér fyrir Ed. gert ráð fyrir þeirri nýstárlegu hugmynd að vextir hækki þegar íbúðir skipta um eigendur. Fæ ég ekki alveg séð hvernig lögfræðin á bak við það atriði er hugsuð. Í þriðja lagi nefnir bankinn að rétt sé að athuga hvort ekki eigi að loka fyrir heimild til lánveitinga til byggingarverktaka sem er í reglugerð um húsbréfaviðskipti. Ég minnist þess ekki að ráðherra hafi vikið að þessu. Hins vegar nefndi hann að hann væri ósammála fjórða atriðinu varðandi veitingu greiðsluerfiðleikalána, að heimilt væri að gefa út húsbréf til þess að mæta vanda þeirra sem eru í greiðsluerfiðleikum. Frv. um þetta efni var samþykkt hér fyrir jólin. Það var áætlað að þetta mundi verða um það bil milljarður á ári. Félmrh. hefur sagt að þetta muni ekki verða til að auka fjármagnsþensluna vegna þess að með þessum greiðsluerfiðleikalánum létti menn á skuldabyrði sinni og borgi upp lán sem fyrir hendi eru í bankakerfinu. Sennilega er það nú rétt.

En í fimmta lagi, og það er líka atriði sem viðskrh. kom ekki að, gerir Seðlabankinn að tillögu sinni að frestað verði fyrirhugaðri hækkun lánshlutfalls úr 65 í 75% vegna nýbygginga og fyrstu íbúðakaupa. Félmrh. hefur haldið því fram að þetta atriði sé líka vitleysa og muni engin áhrif hafa vegna þess að ef menn fá ekki 75% muni menn sækja þessi 10% sem á vantar í bankastofnanir hvort sem er. En ætli hugmyndin á bak við þetta sé nú ekki sú að einhver fresti þá að fara út í byggingar, kaup eða framkvæmdir? Ætli það séu ekki slík áhrif sem gert er ráð fyrir af hálfu bankanna? En mig langar til að óska eftir því að hæstv. ráðherra taki afstöðu til þessara tveggja atriða sem hann vék ekki að í sínu máli. Og þá væri jafnframt fróðlegt að fá upplýsingar um það hvort ríkisstjórnin í heild hyggst ganga hreint til verks að því er þessi atriði varðar og vinda sér í það að afgreiða það stjfrv. sem liggur fyrir í Ed. og grípa til annarra þeirra ráða og ráðstafana sem hér er vikið að. Ég spyr: Er það meiningin?

Að öðru leyti, virðulegi forseti, held ég að umræða sem þessi og skýrslan frá Seðlabankanum varpi skýru ljósi á þann gríðarlega tvískinnung sem uppi er af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna og einstakra ráðherra í vaxtamálum. Auðvitað er alveg ljóst að ríkisstjórnin leikur tveimur skjöldum í þessum málum. Einstakir ráðherrar segja það sem þeim dettur í hug en framkvæmdin og stjórnarstefnan er óbreytt, í það minnsta er hæstv. viðskrh., sem er ábyrgðarmaður þessara mála, varðar. Það er alveg hrikalegt fyrir allan almenning að þurfa að horfa upp á þann málflutning sem hæstv. ráðherrar hafa í þessum málaflokki og auðvitað hreinasta ómynd hvernig hæstv. forsrh. talar út og suður í þessum málaflokki og skýtur sér svo alltaf á bak við það að hann geti ekki komið stefnu sinni fram í eigin ríkisstjórn vegna þess að viðskrh. sé honum ekki sammála. Þetta er hvorki mannlegt né stórmannlegt. En það vill til að í þessum vaxtamálum eins og reyndar í ýmsum öðrum málum sem hér eru rædd í þinginu gefa menn orðið ansi lítið fyrir yfirlýsingar hæstv. forsrh.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Frú forseti. Það hefur verið afar fróðlegt að hlýða á þessa umræðu og málflutning hv. þm. Sjálfstfl. Fráfarandi formaður flokksins, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, vill lækka vexti og er ég honum hjartanlega sammála, enda lagði hann til að stefna Sjálfstfl. ætti að breytast og sækja inn að miðjunni og hún ætti að vera meira í anda frjálslyndis, mannúðar og mildi. Því var því miður hafnað af landsfundi Sjálfstfl. enda virðast aðrir þingmenn Sjálfstfl. sem hér hafa talað í kvöld vilja hækka vexti sem allra mest. Og mér er spurn: Er það kannski kosningaloforð Sjálfstfl. að vextir skuli hækka mikið? (**Forseti:** Forseti fer þess á leit við hv. 1. þm. Reykv. að hann hætti að brosa.) Það er ómögulegt að heyra annað á málflutningi hv. þm. Sjálfstfl., a.m.k. flestra sem hér hafa talað, að það sé eitt aðalkosningaloforð Sjálfstfl. að hækka vexti eftir kosningar.

Ég er sammála þeim sem hér hafa talað að vextir eru of háir á Íslandi eins og þeir eru nú. Ég hef gert það að gamni mínu að reikna út vexti af óverðtryggðum skuldabréfum, enda eru ekki notuð verðtryggð skuldabréf í OECD-ríkjum nema á Íslandi, en þeir eru sem hér segir:

Í Ástralíu eru þeir 8,6%, Í Belgíu eru þeir mjög háir, þar er mikill ríkissjóðshalli eins og hér, 9,35%. Í Kanada eru þeir lágir, 4,45%, í Frakklandi eru þeir 6,65%, í Þýskalandi eru þeir 7,8%, í Hollandi eru þeir 8,3%, á Ítalíu eru þeir lágir þrátt fyrir það að þar sé mjög mikil verðbólga og háir nafnvextir á Ítalíu, þá eru raunvextir þar af óverðtryggðum skuldabréfum engu að síður ekki meiri en 6,8%. Í Japan eru þeir 3,75%, á

Spáni eru mjög háir raunvextir af óverðtryggðum skuldabréfum vegna mikils ríkissjóðshalla eða 9,8%, í Svíþjóð eru þeir 3,5%, í Sviss 4,63%, í Bretlandi 5% og í Bandaríkjunum 3,3%. Á Íslandi hins vegar eru raunvextir af óverðtryggðum skuldabréfum, eins og kom reyndar fram í máli forsrh. hér áðan, 10,2% eða langt yfir öllu því sem gerist í öllum öðrum OECD-ríkjum. Eitthvað er nú meira en lítið að í vaxtamálum hjá viðskiptabönkunum á Íslandi (**Gripið fram í:** Það er í efnahagsmálunum sem eitthvað er að.), enda er mjög furðulegt að velta því fyrir sér hvernig vaxtaákvörðun viðskiptabankanna á sér stað. Þeir grípa í hvert hálmstrá sem gefst ef það eru líkur á því að verðbólgan fari hækkandi. Og yfirleitt reyna viðskiptabankarnir að ofmeta allar spár varðandi verðbólguþróun og er þá fljótt tekin ákvörðun um að hækka vexti ef einhver von er til þess að verðbólgan sé að komast á skrið aftur, enda virðist það vera svo hjá viðskiptabönkunum að þeir þrái vaxandi verðbólgu því að þá er kannski auðveldara að fela vaxtamuninn sem þeir þurfa að hafa en hann þarf að vera öllu meiri en gengur og gerist í öðrum löndum. Það er miklu minna um það að viðskiptabankarnir séu fljótir til að lækka vextina ef verðbólgan er á niðurleið eins og þó virðist vera að gerast núna þessa dagana.

Hins vegar fyndist mér að það væri karlmannlegra af hv. þm. að ræða þessi erfiðu mál á málefnalegan hátt og taka höndum saman við að leita leiða til þess að lækka vextina. (**Gripið fram í:** Er þá ekki rétt að forsrh. byrji á því?) Ég er persónulega þeirrar skoðunar að ein besta leið til þess að lækka vexti á Íslandi sé að opna fjármagnsmarkaðinn meira en nú er, flýta þeim aðgerðum að heimila a.m.k. öllum erlendum fyrirtækjum sem eru í útflutningsviðskiptum að opna bankaviðskipti og hafa bein bankaviðskipti við erlenda banka því að við búum við fákeppnismarkað hér heima á Íslandi, einangraðan fjármagnsmarkað sem getur í raun og veru hegðað sér alveg eins og honum sýnist. Hann þarf ekkert að lúta neinum lögmálum eins og bankar annarra landa. Það væri kannski það fljótvirkasta tæki sem við gætum gripið til, einfaldlega að heimila frjáls og opin bankaviðskipti þannig að fyrirtæki gætu hreinlega ef þau kysu svo verið með sín bankaviðskipti við hvaða erlendu banka sem þeim sýndist. Þau gætu algerlega gengið fram hjá íslenska bankakerfinu ef þeim þykir það ekki nógu hagstætt eða vextir hér séu of háir. Þess vegna hef ég af ráð og dáð stutt allar tilraunir í þá átt að opna bankaviðskipti og viðskipti við útlönd almennt með nýrri löggjöf og mundi fagna því ef hægt væri að flýta öllum aðgerðum í þá átt. (**ÞP:** Hvað segir ríkisstjórnin?) Mér sýnist að það sé verið að vinna að því. Það er búið að leggja fram frumvörp um þetta efni og ég heyrði ekki betur en að viðskrh. hafi bæði með reglugerðum og öðrum markvissum aðgerðum unnið að því að þessi viðskipti geti orðið opnari þegar fram líða stundir. Ég hefði hins vegar talið að það mætti flýta því enn meira.

En ég held að ég þurfi ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég vil beina því til þeirra sem nú ráða ríkjum í Sjálfstfl. hvort það sé rétt sem mér heyrist á málflutningi þeirra hv. þm. að það sé eitt aðalkosningaloforð flokksins í kosningunum í vor að hækka vexti.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Já, það fór aldrei svo að ekki væri reynt að taka eitthvað á vaxtaokrinu svona rétt fyrir kosningar. En svo horfir maður á skýrslu Seðlabankans og sér að það er allt annað en raunveruleikinn, enda er hér um meðaltölur að ræða. Hvað ætli þeir segi sem hafa orðið að skuldbreyta í vetur og borga 10,5% vexti? Það er til, í peningastofnun. Og það er algengt og hefur verið a.m.k. fram að þessu að þeir séu milli 9 og 10%. T.d. í þeim banka sem hefur verið kenndur við hæstv. viðskrh. hafa menn sem hafa þurft að skuldbreyta orðið að borga a.m.k. 9,75% fyrir utan annan kostnað. En svo segir skýrsla Seðlabankans að vextirnir hafi verið 8,25% og séu núna 8%. Allt tal sem hefur hér verið um raunveruleikann, hann er allt annar. Það er eins og það sé eitthvert náttúrufyrirbrigði að vextir þurfi alltaf að vera svo og svo háir þótt enginn atvinnuvegur geti staðið undir þeim. Það skiptir engu máli.

Leikurinn sem hefur verið leikinn á undanförnum árum er sá að bankar og peningastofnanir hafa verið að bjóða í sparifé landsmanna og svo ef einn býður, þá býður annar og auðvitað verður þá að hækka útlánsvextina eftir því. Ég þekki þennan leik. Ég barðist á móti honum í nokkur ár þannig að það þarf ekki að blekkja mig í þessu efni.

Nei, ríkisstjórnin getur ekki gumað af því að vextir hafi mikið lækkað. Þegar ríkisstjórnin var mynduð 1988 var lofað að raunvextir færu a.m.k. ofan í 6%, a.m.k. það. (**Gripið fram í:** 5.) Ofan í 6% en sagt að það mundi verða athugað. Við skulum hafa þetta rétt eins og þetta var og gekk fyrir sig, hv. 1. þm. Suðurl. Við fórum fram á það að það yrðu 5%, en lendingin varð 6% og þessir hæstv. ráðherrar, allir með tölu, skrifuðu undir þetta. En Sjálfstfl. getur náttúrlega ekki sett sig á háan hest í þessu efni. Hann getur það ekki. Það var sá flokkur ásamt fyrst og fremst Alþfl. en Framsfl. er náttúrlega meðsekur í því hvernig vextirnir voru látnir fara á fyrstu mánuðum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Og fólkið stynur undir því enn á eftir rúmra 14 mánaða setu þeirrar ríkisstjórnar. Það var allt komið í strand. En það átti að lækna allt að hækka og hækka vexti. Það var kenningin, það var hagfræðikenningin.

Það er dálítið merkilegt að þegar vextirnir voru hækkaðir á árinu 1987 og voru tvöfaldaðir á nokkrum mánuðum, þá var það í raun og veru gert með handafli, með því að bjóða alltaf hærri og hærri vexti af ríkisvíxlunum, það var gert þannig. Hæstv. utanrrh., sem nú er, var þá fjmrh. og hv. 1. þm. Suðurl. forsrh. Þeir af þessum hv. þm. sem hafa jarðsamband ættu að vita hvernig er komið fyrir mörgum einstaklingum. Fyrstu tvo mánuðina á þessu ári voru 420 gjaldþrotabeiðnir. Það sýnir hvernig ástandið í þjóðfélaginu er. Ég er ekkert hissa þótt hæstv. forsrh. sé óánægður með þessa stöðu og hann sé undrandi yfir svörum Seðlabankans, ég er ekkert hissa á því. En það er miðað við erlend-

ar hagfræðikenningar sem er búið að innleiða hér sjálfsagt af menntuðum hagfræðingum sem talið er, sem hafa ekkert jarðsamband við þjóðlífið. Það er málið.

Þeir sem eru núna að missa íbúðirnar sínar. Var ekki einhver að tala um að Sjálfstfl. ætlaði að fara í kosningabaráttu undir kjörorðinu „frelsi og mannúð"? Er það mannúð að halda uppi vöxtunum þannig að fólk missi íbúðirnar sínar, tvístra fjölskyldunum, er það mannúð? (Gripið fram í.) Og svo segir Seðlabankinn að það þurfi að draga úr erfiðleikalánum frá húsnæðismálastjórn og segir að þensla muni aukast þess vegna. Hvers konar rugl er þetta? Þó að fólk fái lán til þess að borga skuldir í bönkum og annars staðar. Það eru ekki ný eyðslulán. Það er farið yfir hvert atriði og þeir fá ekkert meira lán heldur en verður nauðsynlega að borga. Nei, ég held að umræðan um þessi mál öll nú og fyrr sé á þann veg að menn horfa næst sjálfum sér en lítið í kringum sig í þjóðfélaginu á þá örbirgð og þá eymd sem er víða. Það er hægt að benda á að það er víðar en hér á landi, það er rétt. En við erum nú með einar hæstu þjóðartekjur á einstakling þannig að það ætti ekki að þurfa að vera á þann veg sem nú er í þjóðfélaginu, 420 gjaldþrotabeiðnir á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs. Það er 420 of mikið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Sjálfstfl. er aftur byrjaður á því að segja hér í þingsölum: Nú get ég. Hverjir voru raunvextir spariskírteinanna þegar formaður Sjálfstfl., fyrrv., var fjmrh.? Tæp 9%. Hverjir voru raunvextirnir á almennum markaði þegar Sjálfstfl. fékk að ráða öllu hérna í efnahagsmálunum? 14–18%. Hverjir eru þeir núna? Þeir eru vissulega of háir. En hvað hafa þeir lækkað mikið? Hefur Sjálfstfl. rætt það hér í þessari umræðu? Nei. Kann Sjálfstfl. einhver ráð til að lækka vexti? Svarið er nei. Reynslan sýnir að Sjálfstfl. kann hins vegar ráð til að hækka vexti. Það kann hann vel og það sýnir reynslan.

Ég sagði í sjónvarpinu í kvöld og ég segi eins og forsrh. sagði einnig hér: Ég stend við hvert orð af því sem ég sagði. Seðlabankinn hagar sér þannig að það er engu líkara en það sé verið að breyta honum í kosningaskrifstofu fyrir Sjálfstfl. Er það nokkur furða. (**PP:** Á það við um Tómas Árnason?) Já, ég lýsti því yfir og það var það eina sem ég skildi ekki, hvernig stæði á því að hann væri búinn að láta draga sig inn í þetta hús, þessa kosningaskrifstofu Sjálfstfl. sem búið er að byggja í Seðlabankanum.

Ég hef lýst því yfir hér í ræðustól á Alþingi að við mótmæltum því, ráðherrar Alþb., að viðskrh. gerði hv. fyrrv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson að seðlabankastjóra í anda gamla lénsskipulagsins sem gildir hér á Íslandi. Halda menn að hægt sé að búa til nútímahagstjórn á Íslandi með þetta gamla pólitíska lénsskipulag þar sem Sjálfstfl. heimtar bankastjóra í Landsbankanum, Sverri Hermannsson og Sjálfstfl. heimtar bankastjóra í Seðlabankanum, Birgi Ísl. Gunnarsson? Hvers vegna er Sjálfstfl. að heimta bankastjóra í viðskiptabönkunum og Seðlabankanum? Er það til að þjóna faglegum vinnubrögðum? Nei. Það er til þess að geta rekið pólitíska stefnu Sjálfstfl. í gegnum bankakerfið. Það er ástæðan. Þess vegna halda menn þessu gamla lénsskipulagi. Og ég spyr: Eru menn búnir að gleyma því að núv. seðlabankastjóri, Birgir Ísl. Gunnarsson, er frambjóðandi Sjálfstfl. í Reykjavík? (Gripið fram í.) Hann situr á framboðslistanum með hv. þm. Friðriki Sophussyni og borgarstjóranum í Reykjavík. Hann er í framboði fyrir Sjálfstfl., seðlabankastjórinn hv., Birgir Ísl. Gunnarsson. Og hvað segir bankastjórinn í viðtali við DV eftir landsfund Sjálfstfl.? Er það ekki merkilegt að bankastjórinn gengur út af þessum sérkennilega landsfundi og hvað segir hann? Með leyfi forseta: „Menn eru sjálfsagt móðir eftir þetta. En nú snúa allir bökum saman og fara í kosningabaráttuna." Þeir í Seðlabankanum eru komnir í kosningabaráttuna. Svo eru menn að hneykslast á því þó að ég hafi sagt í sjónvarpinu að þetta væri orðin kosningaskrifstofa fyrir D-listann. Seðlabankastjórinn segir það sjálfur í DV. Hann gengur vígreifur út af landsfundinum og segir: Nú erum við komnir í kosningabaráttuna. (**FrS:** Hvar lærði ráðherra íslensku?) Ég lærði hana í MR, hv. þm., sem hefur verið talað allt of illa um í þessum umræðum hér í kvöld. (**FrS:** Það hefur ábyggilega ekki verið fyrr á lífsleiðinni.) Það getur vel verið, hv. þm. Ég tek eftir því að hann er hættur að brosa og byrjaður að grípa fram í. (**GHH:** Það er verst að Guðmundur Hjartarson er hættur í Seðlabankanum.) Já, Guðmundur Hjartarson stóð sig vel í Seðlabankanum, enda var það ekki fyrr en eftir að hann fór úr Seðlabankanum sem raunvextirnir fóru virkilega að hækka. Það var nefnilega einmitt eftir að Guðmundur Hjartarson fór úr Seðlabankanum að raunvextirnir fóru að hækka. (Gripið fram í.) Já, hann lætur verkin tala, enda var hann fulltrúi fyrir flokk sem getur og flokk sem þorir. Hvað hafa bankastjórar Sjálfstfl. gert? Hvað hafa þeir gert? (Gripið fram í.) Guðmundur Hjartarson var í Alþb. Það er rétt. En Alþb. hefur flutt þá tillögu í ríkisstjórninni að þetta gamla lénskerfi sé lagt niður. (**Gripið fram í:** Hvar er Lúðvík?) Lúðvík er í bankaráðinu, hann er ekki bankastjóri. Það er mikill munur á því hverjir sitja í bankaráðum og eru bankastjórar og ef hv. þm. hefur ekki lært það enn, þá er ekki von að hann læri það úr þessu.

Sjálfstfl. hefur lagt á það kapp að hafa bankastjóra í Landsbankanum. Pétur Benediktsson, Jónas Haralz, sem lýsti því yfir þegar hann varð bankastjóri í Landsbankanum í viðtali við Morgunblaðið að hann væri bankastjóri Sjálfstfl., orðrétt. Og síðan er fyrirrennari hv. þm. Kristins Pétursonar, foringi Sjálfstfl., Sverrir Hermannsson, sem var samkvæmt eigin sögn galvaskur á landsfundinum. Sverrir Hermannsson, bankastjóri Landsbankans, galvaskur á landsfundinum, og sagði samkvæmt frásögn Morgunblaðsins í dag eftir ræðu borgarstjórans í Reykjavík: „Þetta var masterpiece." (**FrS:** Alvörubankastjóri.) Já, alvörubankastjóri, mættur á landsfundinum til þess að gefa mönnum einkunn. Svo eru þessir menn að tala um fagleg vinnubrögð. Fagleg vinnubrögð hverra? Pólitíkusanna úr Sjálfstfl. sem allt í einu halda það að þeir séu orðnir faglegir bankamenn af því að formaður flokksins valdi

þá í bankastjórastólinn? Varð Birgir Ísl. Gunnarsson faglegur bankamaður bara á einum mánuði? Hann er búinn að vera rúman mánuð í bankanum og er allt í einu orðinn voðalega faglegur. (**SalÞ:** Og hann hefur greinilega afrekað miklu eftir orðum hæstv. fjmrh.) Já, hann hefur greinilega afrekað miklu, það er alveg rétt. (**SalÞ:** Hefur allt gerst á einum mánuði sem hann er að tala um?) Nei, það hefur ekki alveg gerst á einum mánuði, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, en það hefur aukist. Og það er orðið alveg blygðunarlaust. Og það er búið að taka utan af því umbúðirnar. Og það hefur aldrei fyrr gerst að seðlabankastjóri komi út af landsfundi stjórnmálaflokks tveimur mánuðum fyrir kosningar og segi: Nú erum við komnir í kosningabaráttuna. (**SalÞ:** Við hverjir?) Seðlabankastjórarnir og Sjálfstfl.

Nýjasta embættisskipunin í Seðlabankanum er að Ólafur Ísleifsson hefur verið gerður að yfirmanni alþjóðadeildarinnar. (**FrS:** Þú segir ekki?) Jú. Varstu ekki búinn að frétta það, hv. þm. Friðrik Sophusson? (**KrP:** Er þetta fyrirlestur í stjórnmálafræði?) Ja, það veitir greinilega ekki af að útskýra fyrir hv. þm. að austan, sem veit ekki muninn á bankaráðsmanni og bankastjóra, hver munurinn er. Hver er Ólafur Ísleifsson? Efnahagsráðgjafi fyrrv. forsrh., Þorsteins Pálssonar, sérstakur fulltrúi Sjálfstfl., dálkahöfundur í Morgunblaðinu sem réðst á þessa ríkisstjórn í tvö ár fyrir það að hún væri að gera allt vitlaust í efnahagsmálum. Hann er valinn til sérstakra trúnaðarstarfa inni í þessari kosningavél Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Ég hef ekki ráðið neina starfsmenn í fjmrn. nema þá sem fara út með mér um leið og ég fer. (**SalÞ:** Já, en þeir eru þarna.) Já já, þeir eru þar sem pólitískir fulltrúar og ekki er verið að draga neitt fjöður yfir það. En munurinn er hins vegar sá, það er dregin fjöður yfir þá sjálfstæðismenn sem fara inn í bankann, hvort sem það er sem seðlabankastjórar eða yfirmenn alþjóðadeildarinnar og halda áfram að þjóna Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Og það er auðvitað það sem er að í þessu þjóðfélagi að það er búið að breyta Seðlabankanum í pólitíska stofnun. Þessir textar sem hafa verið að koma frá Seðlabankanum hér undanfarið, svokallaðar skýrslur og bréf, eru bara pólitískir textar og það er þess vegna sem ég leyfði mér að segja að maður er hættur að lesa þá vegna þess að fjármálaráðherra íslenska ríkisins fær ekkert nýtt að vita úr þessum textum. Þetta er hugmyndafræðileg prédikun í efnahagsmálum sem kemur frá Seðlabankanum og hefur ekkert með hagstjórn að gera. (**FrS:** Af hverju er beðið um þetta?) Ja, ég er alveg sammála þingmanninum um þetta. Ég hef sagt það í ríkisstjórninni, (Gripið fram í.) ég er búinn að segja það í ríkisstjórninni núna í nokkra mánuði: Menn eiga að hætta þessum spurningaleik við Seðlabankann. (**FrS:** Af hverju tekur ríkisstjórnin ekki mark á fjármálaráðherranum?) (Gripið fram í.) (**Forseti:** Má ég biðja hæstv. fjmrh. að gera hlé á ræðu sinni meðan forseti segir þetta: Þessi dagur er mikill gleðinnar dagur þar sem Alþýðusamband Íslands er 75 ára í dag. En menn verða að hafa hér hemil á kæti sinni yfir þessum merka atburði og leyfa þeim sem stendur í ræðustól að tala.) (**Utanrrh.:** Vill ekki forseti minnast 75 ára afmælis Alþfl.?) Já, ég tek undir það. Alþfl. er líka 75 ára í dag. Það er tilefni fyrir tvöfalda gleði og það er tilefni til þess að rifja upp merkustu stjórnmálayfirlýsingu núv. formanns Alþfl. (**Gripið fram í:** Á rauðu ljósi?) Nei. Að reka ónefndan mann. (**ÞÞ:** Hvaða mann?) Seðlabankastjórann. (**ÞÞ:** Hvaða seðlabankastjóra?) Jóhannes Nordal. (**Gripið fram í:** Var það merkasta yfirlýsingin?) Já. Hún er sú fleygasta. Það var að vísu önnur sem kom á rauðu ljósi, á skemmtilegum fundum á Akureyri og varð líka fleyg. Hún var sú samkvæmt lýsingu formanns Alþfl. að þeir gerðu ekkert annað en naga blýanta þarna í Seðlabankanum. Ég verð nú að segja það, ég er yfirleitt hrifnari af því sem formaður Alþfl. segir um Seðlabankann en því sem viðskrh. segir um Seðlabankann. (**MÁM:** Eru allir að fara úr fjmrn.?) Eru allir að fara? Nei, ekki aldeilis. (**MÁM:** Jæja, ráðherra sagði að það færu allir þegar hann færi.) Þegar, hv. þm. Ég leyfði mér nú ekki, hv. þm., að segja ef.

Virðulegi forseti. Þetta er búið að vera, eins og aðalforsetinn sagði, nokkuð skemmtilegt. En það er kannski tími til kominn að fara að nefna hérna einhverjar tölur, fara að tala svona um nokkrar staðreyndir í málinu. Hvað hefur þessi blessaði Seðlabanki verið að segja í þessum skýrslum og þessum bréfum? Hann hefur verið að prédika það að ægilegasta vandamálið sé þessi voðalega fjárþörf ríkissjóðs. Og þessar skýrslur eru matreiddar á þann hátt að það er eins og hún hafi farið bara vaxandi, stórkostlega vaxandi og það sé aðalvandamálið. Hverjar eru staðreyndirnar? Reiðir Seðlabankinn þær fram í sínum skýrslum og sínum bréfum? Nei. Setur Seðlabankinn tölurnar í eitthvert sögulegt samhengi? Nei. Seðlabankinn forðast að nefna staðreyndirnar. Ég skal hins vegar nefna þær hér og get meira að segja komið með þær sérstaklega í bláum ramma handa þingmönnum Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Já, ég vissi það að hv. þm. mundi kveikja ef hann sæi bláa rammann.

Hvernig hefur lánsfjárþörf ríkissjóðs þróast hér frá árinu 1988 sem hlutfall af landsframleiðslu? (**Gripið fram í:** Er þetta satt?) Þetta er alveg dagsatt, já, hv. þm. Þetta eru meira að segja tölur staðfestar af Seðlabankanum, en tölur sem hann flíkar ekki, tölur sem hann hampar ekki af því að það passar ekki í kosningavélina. (**Gripið fram í:** Er eitthvað að marka það?) Já, já, það er alveg að marka það, hv. þm. Nú skal hann bara hlusta, virðulegur þingmaður.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur minnkað úr 3,3% af landsframleiðslu 1988 í 2,1% 1990. Það er staðreynd málsins. Lánsfjárþörf ríkissjóðs fer minnkandi. Og hver hefur innlend lántaka ríkissjóðs verið sem hluti af peningalegum sparnaði? (**Gripið fram í:** Landsframleiðslan jókst.) Já, já, við getum alveg tekið þetta áfram ef þú vilt, hv. þm., tölu af tölu og dálk fyrir dálk. Ég ætla að taka næst innlenda lántöku ríkissjóðs sem hlutfall af peningalegum sparnaði í landinu. Það mætti ætla af skýrslum Seðlabankans að hún hafi líka farið vaxandi, ríkissjóður sé alltaf að taka til sín meira og meira af sparnaðarauknigunni í landinu. En það er bara þver-

öfugt. Ríkissjóður er alltaf að taka til sín minna og minna af peningalegum sparnaði í landinu. Já, bíddu, hv. þm.. þú skalt heyra tölurnar fyrst. (**FrS:** Það er hægt að ljúga með þessum tölum vegna þess að þetta er ekki bara ríkissjóður sem talað er um heldur líka umsvif hins opinbera.) Nei, hv. þm. Þessar tölur, sem ég ætla að fara með núna, eru bara ríkissjóður. (**FrS:** Þetta eru bara valdar tölur fjmrh.) Nei, nei, nei. Þetta eru ekkert valdar tölur fjmrh. Hvers konar viðkvæmni er þetta fyrir tölum og sannleikanum? Er þetta þannig með Sjálfstfl. að hann þolir ekki að heyra tölur? Er það svona sem bankaráðsfundirnir eru í Landsbankanum að hv. þm. þorir ekki að heyra tölurnar? (**FrS:** Er húsbréfakerfið inni í þessu?) Nei, nei, húsbréfakerfið er þar ekki, en ég skal koma að því líka fyrst hv. þm. er að spyrja um það. Alveg sjálfsagt að reiða þetta allt fram svo að það komist eitthvað af viti í þessa umræðu, svo að Seðlabankinn geti eitthvað lært með því að lesa þingtíðindin.

Innlend lántaka ríkisins sem hlutfall af peningalegum sparnaði var 32,2% á árinu 1989, 20% á árinu 1990 og áformað 19,2% á árinu 1991, þ.e. hún hefur minnkað úr 32,2% í 20%. Það er nú staðreyndin. Hver var hallinn á ríkissjóði í fyrra? Hann var rúmir 4 milljarðar. Hver var sparnaðaraukningin í hagkerfinu í heild, aukningin, viðbótin í nýjum sparnaði í hagkerfinu í heild? Hún var tæpir 40 milljarðar þannig að hallinn á ríkissjóði var aðeins um 10% af aukningunni, ekki heildarsparnaðinum heldur aukningunni á sparnaðinum í hagkerfinu. (**Gripið fram í:** Hefur aukningin eitthvað með raunvexti að gera?) Ég er bara að setja þessar tölur í samhengi — já, hún getur haft eitthvað meira með raunvexti að gera. En ég er bara að setja þessar stærðir í samhengi vegna þess að menn tala hér út frá þessum textum Seðlabankans eins og hallinn á ríkissjóði og lánsfjárþörf ríkissjóðs sé vandamálið í þessu. (**Gripið fram í:** Það er það.) Nei, það er bara mikill misskilningur. (**Gripið fram í:** Hvert er þá vandamálið?) Ég skal koma að því á eftir hvert vandamálið er. En það kemur ekki strax, hv. þm., það kemur seinna.

Hver hefur vaxtaþróunin verið? Það er hérna önnur mynd í bláum ramma. Hverjir voru vextirnir á spariskírteinum ríkissjóðs þegar Sjálfstfl. stjórnaði hér öllu? Þeir fóru upp undir 9%. Hvað eru þeir komnir langt niður núna? Þeir eru komnir niður í 6%. Það er rúmlega fjórðungslækkun raunvaxta á spariskírteinum ríkisins en samt sem áður seljast þau það vel á frjálsum markaði að við höfum ekki þurft að grípa til samningaþvingana við bankakerfið eins og þurfti í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. (**Gripið fram í:** Þeir eru enn þá 9% hér.) Nei, þeir eru ekki 9%, vegna þess, hv. þm., af því að það er greinilegt að þú trúir enn þá þessari bábilju þá svaraði ég hv. þm. Friðriki Sophussyni hér þar sem hann bar fram spurningu og svarið liggur hér á borðum þingmanna, því hefur verið dreift í þingsalnum, þar sem hv. þm. Friðrik Sophusson ætlaði greinilega að leiða það fram að þessi sérstöku tilboðskjör sem hafa verið gerð varðandi spariskírteini ríkissjóðs hafi búið til verulega hækkun þeirra vaxta. (**Gripið fram í:** Hvað með eignarskattana?) Getur ekki Sjálfstfl. hlustað á sannleikann? Þarf hann alltaf að hlaupa frá einu horninu í annað af því að hann þolir ekki sannleikann. Sjálfstfl.? Hann þolir ekki sannleikann. (**Gripið fram í:** Hvað með eignarskattana?) Við skulum ræða eignarskattana hérna á eftir, alveg sjálfsagt mál. Það er bara verið að ræða vexti hérna núna en við skulum alveg ræða eignarskattana ef Sjálfstfl. vill ræða eignarskattana. En við erum bara að ræða vexti hérna núna og ég ætla að fá að rekja það svar sem ég gaf hv. þm. Friðriki Sophussyni og liggur hér á borðum vegna þess að þar kemur fram að vegið meðaltal allra tilboða spariskírteina ríkissjóðs á árinu 1990 var 6,78% og bilið er meira, þ.e. vextirnir eru hlutfallslega lægri á spariskírteinum ríkisins í ársbyrjun 1991 samanborið við Verðbréfaþing Íslands en þeir voru í ársbyrjun 1990. Eða með öðrum orðum: Ríkissjóður er í fararbroddi vaxtalækkananna og það kemur líka hér fram í enn annarri mynd sem sýnir þróun ríkisvíxlanna á þessu tímabili. (Gripið fram í.) Það er það eina sem þeir skilja, þessir menn. Þeir geta ekki lesið úr dálkum, það verður að sýna þeim myndir, viðskrh. Ég held að það væri gagnlegt að fara með nokkrar af þessum myndum á fundi viðskrh. með seðlabankastjórunum. Hvað sýnir þessi mynd hér? Hún er reyndar birt í skýrslu Seðlabankans þó enginn hafi talað um hana hér. Hún sýnir hvernig ríkissjóður hefur verið í fararbroddi vaxtalækkananna allt þetta tímabil, en bankarnir hafa verið í fararbroddi vaxtahækkananna. (**FrS:** Af hverju hækkaði ríkissjóður þá vextina um áramótin?) Einfaldlega vegna þess, virðulegur þingmaður, að bankarnir voru búnir að hækka vextina svo mikið að ef ríkissjóður ætti ekki að glata allri sinni stöðu á þessum markaði þar sem bankarnir ráða samkeppnislögmálunum, þá varð hann að breyta til. Ef bankarnir hefðu hins vegar haldið sér á eðlilegu róli, þá hefði engin breyting þurft að verða. En af hverju hækkuðu bankarnir? Vegna þess að verðbólguspá bankanna og verðbólguspá Seðlabankans var vitlaus.

Seðlabankinn spáði, ef ég man rétt, í nóvember að vísitöluhækkunin í febrúar yrði 0,9%. Seðlabankinn spáði í janúar eða desember að vísitöluhækkunin í febrúar yrði 0,6%. Hún varð 0,3%. Og það var á grundvelli þessara vitlausu spádóma Seðlabankans sem viðskiptabankarnir leyfðu sér að hækka vextina. En þegar spárnar reynast vera vitlausar, lækka þá viðskiptabankarnir vextina? Nei. Þeir halda uppi of háu vaxtastigi sem var hækkað í krafti vitlausra spádóma sem Seðlabankinn hafði sett fram. Og hvað gera þeir nú þegar komið er í ljós í þessum mánuði að vísitalan hækkar um 0,2%? Lækka þeir vextina? Nei. Hvað þarf verðbólgan að fara langt niður þangað til þessir menn fara að byrja að lækka vextina? (**FrS:** Var ekki einhver í fararbroddi?) Jú, það er alveg rétt, hv. þm., og þess vegna hafa ekki verið hækkaðir vextirnir á spariskírteinum ríkissjóðs og þess vegna hafa ekki frá áramótum verið hækkaðir vextirnir á ríkisvíxlunum. (**Gripið fram í:** Það má skrifa bankamálaráðherra bréf.) Það er alveg rétt, við erum ekki alveg sammála í þessum vaxtamálum, ég og hæstv. viðskrh., og ekki

vildi ég sitja undir hóli Sjálfstfl. eins og hæstv. viðskrh. hefur mátt gera hér í þessum umræðum. Kannski er hann ánægður með það hól, ég veit það ekki, en ekki mundi ég í hans sporum vera ánægður með hól Sjálfstfl. hér í þessum umræðum. (**ÞP:** Það var söknuður í röddinni.) Nei, það var enginn söknuður í röddinni. Ef hins vegar Sjálfstfl. vildi með réttu fara að hæla mér fyrir góða stjórn á ríkisfjármálum, þá mætti skoða það. (Gripið fram í.) Það skulum við vona vegna þess að ég hef tekið eftir því að það hefur ekki heyrst hósti né stuna frá Sjálfstfl. eftir að gerð var grein fyrir því í Morgunblaðinu í sérstakri grein hver er samanburðurinn á stjórn ríkisfjármála á síðustu tveimur árum og þegar Sjálfstfl. var við völdin, en við skulum gera það hér augnablik. (**FrS:** Við skulum gera það við lánsfjárlagaumræðuna.) Nei, við skulum gera það hérna núna vegna þess að þið eruð búnir að halda því fram, þingmenn Sjálfstfl., í þessari umræðu að það sé hallinn á ríkissjóði sem sé orsök þess að vextirnir eru svona hátt uppi. (**ÞP:** Það er Seðlabankinn sem segir það.) Þið hafið tekið undir þessa vitleysu. (Gripið fram í.) Hvað, eru menn bara farnir að kalla með lófunum hérna fram í, eða hvað?

Þessi tafla hér, þetta súlurit hér sýnir halla ríkissjóðs frá 1980. (**Gripið fram í:** Allt í plati.) Hvers konar er þetta, hv. þm. Þessar tölur eru réttar. Þær eru viðurkenndar af öllum efnahagsstofnunum landsins og viðurkenndum efnahagsstofnunum á Vesturlöndum, en það er eins og venjulega með Sjálfstfl. Hann trúir ekki staðreyndum.

Hver var hallinn sem hlutfall af landsframleiðslu — (**KrP:** Það vantar Verðjöfnunarsjóðinn. Komdu með hann.) Verðjöfnunarsjóðinn. Hann breytir engu í þessu samhengi. — Hver var hallinn sem hlutfall af landsframleiðslu árið 1985 þegar góðærið var að byrja? Hann var 1,9%. Hver var hann á árinu 1989 þegar hér var mikil niðursveifla í hagkerfinu? Hann var nánast sá sami, 2%. Og hver var hallinn á góðærisárunum miklu, 1986 og 1987, hjá Sjálfstfl.? Hann var 1,3%. Og hver var hann í fyrra þrátt fyrir mikla niðursveiflu í hagkerfinu? Hann var líka 1,3%. Munurinn er hins vegar sá að í 1,3% halla Sjálfstfl. voru raunvextirnir 9%, hjá okkur eru þeir 6% þótt hallinn sé sá sami. — Á ég að endurtaka þetta fyrir Sjálfstfl.: Það er nákvæmlega sama hlutfall á hallanum á ríkissjóði 1986, 1987 og 1990. Munurinn er hins vegar sá að þá voru raunvextirnir hjá Sjálfstfl. á spariskírteinunum 9%, þeir eru 6% hjá okkur. Raunvextirnir eru $^1/_3$ lægri hjá okkur þótt hallinn sé sá sami. (**HJ:** En skattarnir?) Já, við skulum alveg taka sérumræðu hérna í skattana, það bara breytir ekki þessari staðreynd, hv. þm. Og ef það er eitthvað sem afhjúpar samhengisleysið í þessum málflutningi Sjálfstfl., þá er það bara þessi samanburður á þeirra eigin tíma og því sem hefur verið að gerast hér hjá okkur.

En það er auðvitað alveg hneyksli, og ég tek undir það með hæstv. forsrh., að Seðlabankinn skuli leyfa sér að ganga í þennan áróðursdans Sjálfstfl. án þess að koma með nokkurn minnsta vott af sögulegum samanburði eða greiningu í málinu, ekki vott af slíku.

Sjálfstfl. hefur sagt hér að vextirnir ættu að lækka en hann hefur ekki nefnt orð um það hvernig hann ætlaði að gera það, ekki orð. Í ályktunum landsfundarins var hins vegar talað um það að lækka skattana án þess að lækka ríkisútgjöldin. Og það er merkilegt að hv. þm. Hreggviður Jónsson vill endilega fá að tala hér um skattana. Það væri vissulega skemmtilegt viðfangsefni að gera það hér áður en þingi lýkur, að fá að fara ofan í málflutning Sjálfstfl. í sköttum. Flokkur sem hefur staðið hér í þingsalnum á sl. tveimur árum og hrópað á núv. fjmrh. og núv. ríkisstjórn og lofað því að afnema alla þá skatta sem þessi ríkisstjórn hefur sett á. Þegar Davíð Oddsson, borgarstjórinn í Reykjavík, bauð sig fram í prófkjöri Sjálfstfl. og var spurður að því af málgagni ungra sjálfstæðismanna hvort hann ætlaði að afnema alla skatta sem þessi ríkisstjórn hefði sett á, þá var svarið stutt og einfalt: Já. Síðan segir hann í landsfundarræðu sinni að hann hafi aldrei á það minnst. Það er bara á prenti í kosningamálgagni ungra sjálfstæðismanna fyrir prófkjörið i Reykjavík að Davíð Oddsson lofar að afnema alla skattana sem þessi ríkisstjórn hafi lagt á. Nú er hann að hlaupa frá þeim yfirlýsingum í landsfundar- og framboðsræðu sinni. Hv. þm. Pálmi Jónsson var eins og litla barnið í ævintýri H.C. Andersens sem bent á að keisarinn, Sjálfstfl., væri í engum fötum í þessum skattamálum.

Þess vegna er auðvitað staðreynd þessarar umræðu að Sjálfstfl. er ekki með neinar tillögur. Sjálfstfl. hefur engan feril til að státa af. Sá tími þegar Sjálfstfl. réð hér öllu í ríkisfjármálunum og efnahagsstjórn er einhver mesti hávaxtatími sem íslenska þjóðin og íslenska efnahagskerfið hefur lifað.

Sjálfstfl. vitnar hér í ummæli Seðlabankans um ríkissjóð annars vegar og húsnæðiskerfið hins vegar. Tillögur Sjálfstfl. varðandi ríkissjóð hafa ekki enn þá komið fram svo að marktækar séu. En ég hef sýnt það með þessum tölum, þessum tölulegu staðreyndum sem Seðlabankinn stingur undir stól, að það er ríkissjóður sem hefur á síðustu þremur árum verið í fararbroddi vaxtalækkananna á Íslandi og er það enn. Og þó að hallinn sé hinn sami nú, þrátt fyrir erfiðleika í efnahagslífinu hjá okkur og hjá Sjálfstfl. í blóma góðærisins, þá eru raunvextirnir $^1/_3$ lægri hjá okkur en þeir voru hjá Sjálfstfl.

Þá er það húsnæðiskerfið. Jú, jú, það er alveg rétt. Það skapar vissa eftirspurn og þenslu á peningamarkaði að mikið er um framkvæmdir í húsnæðismálum og viðskipti með húsbréf eru þó nokkur. En ég spyr: Hefur Sjálfstfl. lagt til minni umsvif í húsnæðismálum? Hefur Sjálfstfl. lagt til að það verði byggt minna af íbúðum, minna af félagslegum íbúðum? Hefur Sjálfstfl. lagt það til að dregið verði úr möguleikum fólks til að kaupa sér íbúðir? Nei, það hefur hann ekki gert. Hvers konar kjaftæði er þá að koma hér upp og vera að býsnast yfir því að Seðlabankinn segi að það sé svo mikil fjárþörf í húsnæðismálum? Flokkur sem hefur aldrei orðað það, hvorki hér á Alþingi, utan þings né á landsfundi að hann vilji draga úr fjármálaumsvifunum í húsnæðismálum. Þvert á móti má skilja ýmislegt í landsfundarsamþykktum Sjálfstfl. á þann veg að hann

vilji auka umsvifin í húsnæðismálum.

Það kemur fram í skýrslu Seðlabankans að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa verið aukin umsvif íhúsnæðismálum. En það hefur fyrst og fremst verið gert til þess að bjarga því vandræðaástandi fyrst og fremst í félagslegu húsnæði sem ríkisstjórnin með þátttöku Sjálfstfl. skildi eftir sig. Og þeir menn sem eru að heimta það að farið verði eftir tillögum Sjálfstfl. í húsnæðismálum eiga þá að hafa kjark til þess að segja við kjósendur fyrir kosningar að þeir vilji minnka umsvifin í húsnæðismálunum, draga úr möguleikum fólks til að kaupa sér íbúðir, draga úr útgáfu á húsbréfum þannig að fólk hafi minni möguleika til að skipta um húsnæði, draga úr lánveitingum þannig að almennt launafólk hafi minni möguleika til að kaupa íbúðir í hinu félagslega kerfi.

Virðulegi forseti. Það er satt að segja alveg sama hvar gripið er niður í þennan málflutning Sjálfstfl. eða Seðlabankans. Það er ekkert rökrétt efnahagslegt samhengi í því sem sagt er.

Seðlabankinn segir að ríkisfjármálin séu vandamál. Segjum að svo sé. Hefur Seðlabankinn lagt til skattahækkun? Nei. Hefur Seðlabankinn lagt til niðurskurð á ríkisútgjöldum? Nei. Hefur Seðlabankinn lagt fram einhverjar tillögur sem marktækar eru í þessum efnum? Nei. Almennar fullyrðingar sem eru settar fram án þess að benda á þá staðreynd að umsvif ríkissjóðs á lánamarkaði hér á landi hafa stórkostlega minnkað í tíð þessarar ríkisstjórnar, án þess að vekja athygli á því að halli ríkissjóðs nemur aðeins í kringum $^{1}/_{10}$ hluta af hreinni viðbót við sparnaðinn í landinu.

Virðulegi forseti. Mér skilst að það hafi verið aðalkrafa Sjálfstfl. að fá að ræða þessa skýrslu áður en þingi lyki. Hver var tilgangurinn? Tilgangurinn var að reyna að koma hérna á framfæri órökstuddum fullyrðingum Seðlabankans um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Að lokum vil ég segja þetta: Í nútímahagkerfi, þar sem búið er að koma á efnahagslegum stöðugleika, er seðlabanki mikilvægt stjórntæki. Við erum búin að koma mörgu í lag í okkar efnahagslífi. En við búum enn þá við seðlabanka sem er bilað stjórntæki. Þess vegna lögðu ráðherrar Alþb. það til í ríkisstjórninni fyrir fáeinum mánuðum síðan, þegar átti að fara að skipa nýjan bankastjóra, velja enn einu sinni eftir gömlu aðferðinni, gamli flokkspólitíkusinn sendur frá Alþingi og upp í Seðlabanka, eins konar lávarðadeild Sjálfstfl. og Framsfl., — við lögðum til að þetta kerfi yrði lagt niður og við breyttum stjórnkerfi Seðlabankans í nútímalegt og faglegt stjórnkerfi. Við lögðum til að það yrði sett upp nefnd og hún skilaði áliti á tveimur til þremur mánuðum. Á meðan yrði einum af aðstoðarbankastjórum Seðlabankans falið að gegna bankastjórastöðu. Svo yrði lögunum breytt þannig að tekið yrði upp nýtt stjórnkerfi í Seðlabankanum með t.d. einum aðalbankastjóra sem væri valinn á faglegum grundvelli en ekki eftir flokkspólitískum sjónarmiðum. Síðan yrði skipt um með reglubundnum hætti og þannig yrði tryggt í senn faglegt öryggi og sjálfstæði Seðlabankans.

Halda menn virkilega að þegar við, ég og aðrir ráðherrar, mætum á fundi með bankastjórum Seðlabankans og þar situr m.a. frambjóðandi Sjálfstfl., Birgir Ísl. Gunnarsson, að þar fari fram einhverjar faglegar umræður? Halda menn virkilega að frambjóðandi Sjálfstfl., seðlabankastjórinn Birgir Ísl. Gunnarsson, fari að segja eitthvað annað á þessum fundum en forusta Sjálfstfl. og þingflokkur Sjálfstfl. vill að hann segi? Auðvitað ekki. Af hverju var það Sjálfstfl. kappsmál að senda pólitíkus í bankastjórastól Seðlabankans? Vegna þess að Sjálfstfl. vildi tryggja að áróðurssjónarmið flokksins og pólitísk stefnumál flokksins kæmu þar fram.

Sjálfstfl. á auðvitað fullan rétt á sínum pólitísku sjónarmiðum. En það er misnotkun á Seðlabanka Íslands að gera hann að vettvangi fyrir þau sjónarmið. Ég vona þess vegna að atburðir síðustu mánaða verði til þess að ný ríkisstjórn á Íslandi láti það verða sitt fyrsta verk að setja ný lög um Seðlabankann, setja af þá þrjá bankastjóra sem þar eru, þó mætir menn séu, ekki vegna þess hverjir þeir eru sem einstaklingar heldur vegna þess að það þarf nýtt stjórnkerfi í Seðlabankann, stjórnkerfi sem er ekki byggt á gamla lénsflokkaskipulaginu heldur stjórnkerfi sem er byggt á nútímaseðlabanka.

Það var krafa Alþb. að við tækjum hér upp nútímastjórnkerfi í Seðlabankanum. Við viljum leggja hið gamla lénskerfi flokkanna niður. Því miður féllst viðskrh. ekki á okkar sjónarmið og kaus að vinna sér inn prik hjá Sjálfstfl. með því að setja alþingismann Sjálfstfl. og frambjóðanda í Reykjavík í stól seðlabankastjóra.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en hv. 1. þm. Reykv. tekur til máls vill forseti minna á beiðni um að þessi umræða, ef mögulegt er, stæði ekki lengi fram yfir miðnætti.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég skal gera mitt til þess að stytta þessa umræðu sem hefur verið skemmtileg á köflum. Varla verður nú hægt að segja að hún hafi verið mjög fróðleg en það er þó full ástæða til þess að geta hér um nokkur atriði sem fram hafa komið í umræðunni.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. fjmrh. hér rétt í þessu að það hefði verið aðalkrafa Sjálfstfl. að fá þessa skýrslu rædda hér á Alþingi fyrir þinglausnir. Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að Sjálfstfl. vildi gjarnan ræða þessa skýrslu en hver bað um þessa skýrslu? Var það Sjálfstfl.? Hverjir skrifuðu bréf til Seðlabankans um áramótin, líklega á sama fundi og þeir ákváðu að hækka vextina af spariskírteinunum og óskuðu eftir því að Seðlabankinn gæfi þessa skýrslu út? Var það Sjálfstfl.? Er það Sjálfstfl. sem situr í Stjórnarráðinu? Er það Sjálfstfl. sem myndar ríkisstjórn Íslands? Sannleikurinn er nefnilega sá að sá sem bað um þessa skýrslu var hæstv. viðskrh. fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar eftir umræður sem urðu í ríkisstjórn Ís-

lands um síðustu áramót. Af ræðu hæstv. ráðherra mátti hins vegar ráða að hann teldi að Sjálfstfl. hefði beðið um þessa skýrslu. Það er auðvitað alrangt.

Annar meginþáttur í ræðu hæstv. ráðherra var sá að ráðast á seðlabankastjórann Birgi Ísl. Gunnarsson sem tók til starfa í Seðlabankanum daginn eftir að skýrsla þessi er dagsett eða 1. febr. en skýrslan er dags. 30. jan. Og af alkunnri smekkvísi notaði hæstv. ráðherra öll þau tæki sem hann fann upp á til þess að gera lítið úr seðlabankastjóranum Birgi Ísl. Gunnarssyni og taldi að það væri ekkert að marka það sem hann segði því að hann gæti ekki verið faglegur í sínu starfi þar sem hann kæmi úr þingliði Sjálfstfl. Ég bið ykkur, ágætu hv. alþm. og virðulegi forseti, að taka eftir því hver talar, því að sá sem talar er fyrrverandi prófessor í stjórnmálafræðum við Háskóla Íslands. Maður sem hefur setið á Alþingi Íslendinga af og til en náði ekki kosningu í síðustu kosningum vegna þess að svo fáir vildu kjósa hann, var gerður að fjmrh. þegar hann fékk tækifæri til þess að hoppa upp í ríkisstjórn án þess að sitja á Alþingi. (**Gripið fram í:** Hann náði heldur ekki kjöri 1983.) Hefur sjaldan náð kjöri en þó fengið að sitja hér annað slagið. Þetta er maðurinn sem er að gera lítið úr því að þingmenn geti verið faglegir þegar þeir vinna hjá stofnunum íslenska ríkisins. Þessi maður, prófessor í stjórnmálafræðum, hann kennir háskólanemum það hvað fer fram á Alþingi, hvað sé að gerast í íslenskum stjórnmálum, um hvað stjórnmál snúast í Evrópu og í heiminum öllum. Getur það verið að hann hafi þessar hugmyndir um þá þingmenn sem taka sér stöðu í stofnunum utan þingsins vegna þess að hann sjálfur hugsar með þessum hætti? Getur það verið að málshátturinn „margur heldur mig sig" eigi við um hæstv. ráðherra? Getur það virkilega verið að sá maður, sem situr hérna, hæstv. fjmrh. íslenska ríkisins, sé að ráðast að fyrrv. alþm., sem nú hefur tekið að sér að stjórna Seðlabankanum, vegna þess að hann haldi að sá maður sé jafnómerkilegur og hæstv. ráðherra sjálfur?

Það hefur enginn afhjúpað sig með slíkum hætti, eins og hæstv. ráðherra hefur gert, fyrr á þessu þingi. Og það sem kannski var verst var það að hann sá það ekki sjálfur. En það blasti við öllum sem á hlýddu og á horfðu því þeir hugsuðu með sér: Er þetta maðurinn sem íslenska þjóðin, íslenska ríkið borgar fyrir að kenna íslenskum ungmennum stjórnmálafræði?

Þessi hæstv. ráðherra hefur reyndar ráðist áður að ýmsum stofnunum, þar á meðal dómstólum, og til þess að taka þó undir eitthvað af því sem hann sagði þá get ég verið honum sammála um það að ef eitthvað er þarft í þessu þjóðfélagi þá er það að gera Seðlabankann sjálfstæðari. En heldur hæstv. ráðherra í fullri alvöru og hreinskilni — ef hann þekkir það hugtak og skilur það, ef hann skilur merkingu þess hugtaks, ef hann hefur lært það í Menntaskólanum í Reykjavík, hann segist hafa lært íslenskuna þar — heldur hann að þetta sé leiðin? Að ráðast þannig að starfsmönnum Seðlabankans? Að ráðast þannig að Seðlabankanum?

Það sem blasir við í þessari umræðu er það að hæstv. ráðherrar, þeir tveir sem hafa talað hér á eftir hæstv. viðskrh., kveinka sér undan því að sú stofnun, sem fylgist með vaxtastiginu og gefur ríkisstjórninni ráð í peningamálum, segir hlutina með þeim hætti að þeir geta ómögulega sætt sig við það sem í skýrslunum stendur.

Auðvitað er það afskaplega hvimleitt að þurfa að þola það að manni sé sagt að það geti vel verið að það sé manni sjálfum að kenna eitthvað sem hefur farið úrskeiðis. Og það þola ekki þessir menn, svo einfalt er þetta mál.

Hæstv. ráðherra talaði um spariskírteini og sagðist ávallt hafa verið í fararbroddi í því að lækka vexti. Hann reyndar hækkaði vexti um áramótin og í þessu svari sem hann vitnaði til kemur í ljós að á Verðbréfaþingi Íslands er ávöxtunarkrafan gerð 7,3% og ég veit ekki betur en að þeir sem gerast áskrifendur að spariskírteinum fái 6,6% vexti. Ég veit þetta sjálfur því ég gerðist áskrifandi um daginn og kaupi ríkisskuldabréf og fæ 6,6% vexti og geri það vegna þess að ég vil auðvitað eins og aðrir Íslendingar reyna að stuðla að góðum hag íslenska ríkisins.

Þess vegna gerði ég það að ég spurði fjmrn. hve mikið hefði selst af þessum skírteinum frá áramótum. Og svarið, sem er dagsett 11. mars, það er ekki langt síðan, í dag er 12. mars, það er dagsett í gær, er á þessa leið:

„Heildarsala spariskírteina í janúar og febrúar nam 1,2 milljörðum kr. að meðtalinni skiptiuppbót og að frádreginni söluþóknun. Innlausn eldri skírteina tvo fyrstu mánuði ársins nam 2,1 milljarði króna að viðbættum áföllnum vöxtum og vaxtavöxtum." — Hver skyldi nú nettótalan hafa verið? Kunna menn að reikna? Hver gumar mest af því að kunna að fara með tölur? Hæstv. fjmrh. Mér sýnist í fljótu bragði að hér sé um 900 millj. kr. munur. Og í hvora áttina? Er þetta aukning? Nei, það er samdráttur upp á 900 millj. kr. Hvers vegna skyldi þessi samdráttur eiga sér stað? Vissulega eru skýringar á því. M.a. skýringar sem koma fram í því hvernig á sölunni, hvernig á innlausninni stendur í febrúar og líka síðar á árinu. En skýringin er líka sú að vextirnir eru ekki nægilega háir til þess að sparendur vilji spara nægilega mikið í þessari tegund sparnaðar.

Hæstv. ráðherra sýndi okkur hér myndir, bláar og rauðar, sem ríkissjóður á að borga. Þessar myndir á að nota í kosningaferðalögum, þetta eru myndirnar sem ríkissjóður Íslands borgar til þess að halda úti áróðursmaskínu Alþb., en það er sá flokkur sem nú hefur nýlega breytt merki sínu vegna þess að viðgangur flokksins er svo lítill að það varð að breyta merkinu. Setja grænt við hliðina á þessu rauða til þess að einhver léti kannski glepjast af því og vildi ganga til liðs við flokkinn og kannski kjósa hann í komandi kosningum. (**Gripið fram í:** Voruð þið ekki að skipta um formann?) Við vorum að skipta um formann og varaformann og ég veit ekki betur en Alþb. hafi gert það einstöku sinnum á undanförnum árum, þar á meðal var hann heldur síðhærðari varaformaðurinn sem var á undan núverandi varaformanni Alþb. (**Gripið fram í:** Var hann kannski skeggjaður?) Ja, ekki hef ég kann-

að það gjörla, það hafa kannski aðrir gert og ekki efast ég um það að hæstv. landbrh. gáir mjög vel að því hvort konur séu skeggjaðar í Alþb. (Gripið fram í.) Frammíkallið gaf tilefni til þessa og vona ég að afbrýðisemi hæstv. fjmrh. verði ekki svo mikil þótt ég nefni þetta við landbrh. Ég skal viðurkenna það að hæstv. fjmrh. er líka myndarlegur maður og hárprúður í þokkabót.

Hæstv. ráðherra gumaði af því hve ríkissjóður væri í raun og veru lítill á markaðnum. En hæstv. fjmrh. verður að átta sig á því að það er fleira ríki en ríkissjóður eða A-hluti ríkissjóðs og það auðvitað veit hæstv. fjmrh. Hann bara vill ekki segja það hér af því að það þjónar ekki málstaðnum. Það þjónar ekki hinum ranga málstað að skýra frá því hér í þessum umræðum.

Sannleikurinn er nefnilega sá að af nýjum sparnaði á sl. ári tóku opinberir aðilar, ríkissjóður og aðrir, 40%. Og hvað skyldu þeir nú taka á yfirstandandi ári? Yfir 60%, 62%, sem líklega verða 65–70% ef marka má það sem fram hefur komið, að lánsfjárþörf ríkissjóðs og opinberra aðila er sífellt að aukast og eykst reyndar á hverjum klukkutíma nú um þessar mundir vegna þess að hæstv. ríkisstjórnin sjálf er nú loksins að koma sér saman um það hve mikið hún á að taka að láni samkvæmt lánsfjárlögunum með heimildum þar.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að það eru sífellt minni fjármunir til fyrir aðra sem þurfa að taka lán. Nú er hæstv. ríkisstjórn svo heppin, ef hægt er að kalla það heppni, að það hafa orðið þau umskipti að sjávarútveginum gengur vel. Það er hærra verð á mörkuðum, fyrirtækin í sjávarútvegi fjárfesta lítið, enda má kannski segja að það sé yfirfjárfesting í greininni, þau borga fjármagn til baka inn í bankakerfið og þess vegna getur ríkissjóður og stofnanir ríkisins tekið þessi lán. Ef og þegar árferðið batnar hins vegar enn þá meira í öðrum greinum þannig að atvinnulífið, sem allt byggist jú á, þarf að fara að taka lán til þess að byggja upp og skapa nýja atvinnu og bæta lífskjörin, þá auðvitað þeytast vaxtakjörin upp í loftið vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur mistekist stjórn ríkisfjármálanna. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara fleiri orðum um það, það mun ég gera við afgreiðslu lánsfjárlaga. En það er full ástæða til þess að benda á þessi atriði.

Hver vill ekki lækka vexti? Auðvitað vilja allir lága vexti sem taka lán og auðvitað vilja allir háa vexti sem lána. Þetta er alþekkt fyrirbæri úr hagfræðinni. Og af því að hæstv. forsrh. situr hér líka og hæstv. fjmrh., þá langar mig aðeins til þess að lesa hér þriggja ára gamlan texta sem ég held að sé mjög hollt fyrir þá að hlusta á. Með leyfi forseta, er hann á þessa leið:

„Það er því meðal brýnustu verkefna í efnahagsmálum að stuðla að því að vextir lækki í framtíðinni. Hins vegar verður að leggja áherslu á það að nauðsynlegt er að raunvextir haldist áfram nægilega jákvæðir til þess að nývakin sparnaðarviðleitni fólks verði ekki slævð og ekki dragi úr aðhaldi að fjárfestingu. En vextirnir verða ekki hrópaðir niður með hástemmdum yfirlýsingum á þingi eða í fjölmiðlum. Bein afskipti stjórnvalda af ákvörðun vaxta kunna heldur ekki góðri lukku að stýra. Íslendingar hafa af því langa reynslu að skömmtun fjármagns í verðbólgu er forskrift að sóun fjármuna og misskiptingu auðs."

Síðar í þessari sömu grein er sagt, með leyfi forseta:

„Frelsi banka til að ákveða vexti sína var leitt í lög í tíð ríkisstjórnar undir forsæti Steingríms Hermannssonar þótt hann virðist ekki lengur vilja kannast við krógann. Með þeirri lagasetningu var beinlínis stefnt að því að takmarka eins og kostur væri afskipti stjórnvalda af vaxtaákvörðunum."

Og enn í þessari grein er sagt:

„Einu vextirnir" — og ef hæstv. forsrh. hefur eitthvað fleira til málanna að leggja en þetta þá er honum guðvelkomið að kalla frekar fram í. Mér finnst þetta hæfa vel brosi þess sem brosti til hans áðan þegar hann var í ræðustólnum. (**Forsrh.:** Þakka þér fyrir, frændi sæll.) Held ég þá áfram lestrinum, ekki síst fyrir hæstv. frænda minn, forsrh.:

„Einu vextirnir sem ríkisstjórnin ákveður beint eru vextir af ríkisskuldabréfum. En jafnvel varðandi þá vexti verða stjórnvöld að taka mið af almennu ástandi á fjármagnsmarkaði. Ríkið gefur út skuldabréf í því skyni að afla fjár til að brúa hallarekstur ríkissjóðs eða til að standa straum af kostnaði við framkvæmdir. En bréfin seljast ekki nema þau séu boðin á kjörum sem sparifjáreigendur eru reiðubúnir til að ganga að, þ.e. kjörum sem standast samanburð við önnur ávöxtunarkjör."

Síðan er í þessari grein fjallað á mjög skilmerkilegan hátt um þessi mál og hér segir, með leyfi forseta:

„Athyglisvert er að ekkert vestrænt ríki reynir lengur að stýra vöxtum með valdboði. Öll Norðurlöndin fylgja nú eindreginni frjálsræðisstefnu í þessu efni." — Lýkur svo lestrinum úr þessari ritsmíð. Og hver skyldi nú vera höfundurinn? Höfundurinn er hæstv. viðskrh. í ríkisstjórn Íslands. Hann heitir Jón Sigurðsson og starfar þar á ábyrgð hæstv. forsrh. m.a. og fer með vaxtamálin.

Ég spyr nú hæstv. viðskrh., sem samdi þessa grein, þessa ágætu grein: Er nú ekki kominn tími til að hann taki þátt í þessum umræðum með þeim hætti að lagsbræður hans, hæstv. ráðherrar fjármála og forsætis, að þeir fari nú að botna eitthvað pínulítið í því út á hvað þessi mál ganga? Eða ætlar hæstv. ráðherra sem fer með málefni Seðlabankans og vaxtamálin að sitja undir því að þessir tveir hæstv. ráðherrar flytji þau sjónarmið með þeim hætti sem allir skilja, að það er verið að hundskamma hæstv. viðskrh., rétt eins og þegar sagt var að Rússarnir skömmuðu Albanínu þegar þeir voru að skamma Kína.

Það er nefnilega þannig að hæstv. viðskrh. segir sannleikann í þessari grein. Vextirnir fara nefnilega eftir ákveðnum lögmálum og það var hæstv. forsrh. sem lögleiddi það í samstjórn okkar og Framsfl., það kerfi sem við nú notumst við og hefur verið undirstaða þess, grundvöllur þess að hæstv. fjmrh. hefur getað tekið lán á innlendum fjármagnsmarkaði. Að vísu hefur hæstv. fjmrh. ekki getað tekið öll þau lán sem hann ætlaði sér að taka á innlendum markaði. Í ágúst í fyrra sagðist hann geta náð öllum peningunum á inn-

lenda markaðnum, (**Gripið fram í:** Það tókst.) hann tók u.þ.b. 4 milljarða að láni erlendis. (**Fjmrh.:** Ekki til að mæta rekstri ríkissjóðs á árinu.) Heldur til hvers? Vill hæstv. ráðherra segja mér til hvers hann tók lán erlendis upp á 4 milljarða og segja nú einu sinni sannleikann þegar hann kemur í ræðustól? (**Fjmrh.:** Alveg sjálfsagt mál.)

Virðulegi forseti. Mér er alveg nákvæmlega sama þótt hæstv. ráðherra kalli fram í mína ræðu, það er mín ánægjan. Hann getur nú ekki brosað eins og sumir gera hér utan úr sal. (**Fjmrh.:** Ekki hátt alla vega.) Ég veit það ekki, ég heyri nú stundum, eins og einn ágætur þingmaður sagði hér í gamla daga, ég heyri þegar hæstv. ráðherra hristir höfuðið. (**Fjmrh.:** Já, já. Það er fræg setning.) Það er fræg setning.

Ég held, virðulegi forseti, af því að ég lofaði því að stytta þessa umræðu og tala ekki fram yfir miðnætti, að ég láti nú brátt staðar numið. Það sem situr auðvitað eftir í þessari umræðu, sem hv. 1. þm. Suðurl. hóf, er sá tvískinnungur sem er í þessari ríkisstjórn. Hér situr eins og dasaður, dauðadæmdur maður hæstv. viðskrh. og hlustar á þessa kappa tvo tala hér hvorn um annan þveran, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., og tala bara rétt eins og þeir hafi aldrei lesið orð um hagfræði eða vexti. Ja, mikið er nú geðleysi þeirra manna sem sitja undir þessu öllu saman og láta hundskamma sig án þess að hreyfa legg eða lið. Menn sem hafa samið svo ágæta texta sem hæstv. ráðherra hefur gert. (Gripið fram í.) Ég hlustaði á örstutta ræðu hæstv. ráðherra. Hún var góð. En ég heyrði líka að hinir hæstv. ráðherrarnir tóku ekki mark á orðum viðskrh. frekar en ég veit ekki hvað. Það er vandamál þessarar hæstv. ríkisstjórnar að einn talar í suður og hinn í norður. Það er þessi tvískinnungur.

Ég ætla að láta það verða mín lokaorð að víkja máli mínu til forsrh. (**Gripið fram í:** Kæri frændi.) Nei, ég þarf ekki að segja það, ég ætla bara að segja þetta. — Ég hef stundum verið að hugsa um þetta og í fullri einlægni sagt: Hvernig í ósköpunum stendur á því að jafnstórmannlegur maður og vinsælasti stjórnmálamaður Íslands, hæstv. forsrh., lætur hafa sig í það að vera að ráðast að Seðlabankanum, rétt eins og hann sé bara einhver kerling í saumaklúbb úti í bæ. Maðurinn sem á að heita að ráði íslenska þjóðfélaginu, hefur meiri hluta löggjafarvaldsins á bak við sig. Hvers konar aumingjaskapur er þetta að ráðast á Seðlabankann sem getur ekki hönd fyrir höfuð sér borið hér í sölum Alþingis? Ef hæstv. ráðherra vill þá getur hann auðvitað sett lög og bannað hærri vexti en 1% eða 2%. Af hverju reynir ekki hæstv. ráðherra þetta? Ef vaxtastigið skiptir engu máli og ef þetta er allt tómt blöff hjá bankaráðunum, allt tóm vitleysa og ef ég ræð Landsbankanum, ræð öllu sem þar gerist, af hverju tekur ekki hæstv. ráðherra sig til og breytir þessu? Vitið þið af hverju þetta er? Það er bara ein skýring á því. Hæstv. ráðherra vill hafa þetta svona af því að hann heldur að þjóðin sé svo heimsk að hún trúi því að þetta sé allt saman komið úr Seðlabankanum og bönkunum. En þeir menn sem vanmeta þjóð sína með þessum hætti hljóta einhvern tíma að lenda í því að fólkið sér í gegnum þá. Það er þessi tvískinnungur ráðherrans sem blasir nú við öllum og farinn er að þreyta ráðherrann svo að hann kemur hér upp aftur og aftur og flytur þessa gömlu ræðu og lætur sér ekki einu sinni segjast þegar viðskrh. í hans eigin ríkisstjórn kemur og reynir að stafa ofan í hann sannleikann í þessu máli.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Góðan daginn, hæstv. forseti. Þetta hefur verið skemmtileg málfundaæfing hér í kvöld og nauðsynlegt að taka af og til stund í það. Það hefur væntanlega vakið mikla athygli þeirra sem fylgst hafa hér með hversu Sjálfstfl. hefur verið órólegur, óvenju órólegur í allt kvöld þannig að ég man bara ekki eftir öðru eins. Jafnvel hinir prúðustu í þeim hópi hafa gengið af gafli, eins og segir í vísunni um ákveðinn þingmann Vestfjarða, og talað af öllu afli með höfðinu öllu saman og gripið hér mikið fram í. Hvað ætli það sé nú sem gerir þá hv. þm. Sjálfstfl. svona órólega, fyrrv. formann og fyrrv. og núv. varaformann og fleiri mektarmenn í þeim hópi? Ég held að það sé sú staðreynd sem þeir komast ekki fram hjá að allt ástand efnahagsmála, þar með talið vaxtastig, er mun betra í dag en það var í þeirra stjórnartíð. Sú ríkisstjórn sem nú hefur setið hefur náð miklum árangri og þeir reyna með frammíköllum og hávaða af því tagi sem hér hefur gengið á með að breiða yfir þá staðreynd að ástand efnahagsmála er allt annað og miklu betra en var í þeirra tíð. Þeir komast t.d. ekki fram hjá þeirri staðreynd að verðbólgan er núna sú lægsta sem verið hefur í áratugi og út af fyrir sig hefur náðst ákveðinn árangur í vaxtamálum, þótt hann sé ekki nógu mikill. Það sem hér er til umræðu er fyrst og fremst mat manna á því hvort þetta sé ásættanlegur árangur eða ekki.

Því er ekki að leyna að innan ríkisstjórnarinnar hafa verið þau sjónarmið mjög sterk að þetta væri eitt það svið þar sem þyrfti að nást enn meiri árangur og út frá því erum við að tala. Mér finnst það dálítið merkilegt að í allri þessari umræðu í kvöld hafa menn rætt vextina eins og eitthvert afstætt hugtak sem gaman sé að mæla í einhverjum prósentustigum. En hvers vegna erum við að tala um það að vaxtastig skipti máli og hvað ætli sé aðalatriðið a.m.k. í mínum huga þegar ég ræði gildi þess að ná niður vöxtum og hafa hér hóflegt vaxtastig? Jú, ég held að það sé óhjákvæmilegt og eigi að vera óaðskiljanlegur hluti af árangri til lengri tíma litið og stöðugleika hér í efnahagsmálum að ná niður vaxtastiginu, fyrst og fremst vegna þess að undirstöðuatvinnugreinar íslensks efnahagslífs eru það skuldsettar að þær þola ekki hávexti. Við vitum hvert þetta var að fara eftir vaxtaokurstímann 1985–1988. Við vitum að sjávarútvegurinn var nánast eignalaus grein og gjaldþrota orðin í lok þess glæsilega ferils, eða hitt þó heldur, sem þessa hávaxtastefnu einkennir. Og það er ekki síst nauðsyn þess að hafa þetta vaxtastig hóflegt frá sjónarhóli atvinnulífsins sem mér finnst að hér eigi að ræða út frá. En menn hafa talað um vextina eins og þeir séu eitthvert hugtak sem sé hægt að æfa sig með út og suður eins og það komi að-

allega við í málfundaæfingum hvort þeir séu háir eða lágir.

Mér finnst þess vegna að eitt af mörgu sem ástæða er til að staldra við sé sá samanburður sem birtist í töflu 6 í fskj. V í þessu plaggi sem við erum að ræða og sýnir vaxtakjör á skammtímafjárfyrirgreiðslu til fyrirtækja í hinum ýmsu löndum. Og af því að menn voru að tala hér um að vextir á ríkisskuldabréfum væru í hærri kantinum hér á Íslandi, þá held ég að það sé fróðlegt fyrir menn að líta á þessa töflu og skoða það sem hún þó segir um aðstöðu íslenskra fyrirtækja og vaxtakjörin á fyrirgreiðslu til þeirra, skammtímalánum, víxillánum og skuldabréfum, kannski til 60 daga og því um líkt sem er gjarnan sú fyrirgreiðsla sem fyrirtæki verða að grípa til til að brúa ákveðin bil og ákveðnar sveiflur í tekjum og gjöldum. Þar eru tölur eins og 3, 4, 5% algengar og meðaltal sjöveldanna, stöndugustu efnahagsríkjanna, er 5,4% á sama tíma og 60 daga víxillán eru 9% á Íslandi. Það er þetta sem ég held að menn ættu að staldra svolítið við. Það eru þau áhrif beint á afkomuna í atvinnulífinu sem vaxtastigið hefur og auðvitað líka á skulduga einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir og hverja þá aðila aðra sem nýta þurfa sér fjármagnsfyrirgreiðslu af þessu tagi.

Ég er alveg sannfærður um það og þess vegna held ég að það sé hárrétt stefna sem hér hefur verið talað fyrir, m.a. af forsrh. og fjmrh., að það verði að takast að ná áframhaldandi lækkun vaxta hér sem hluta af stöðugleika og heilbrigðara efnahagsástandi til lengri tíma litið, kannski einkum og sér í lagi til að treysta undirstöður atvinnulífsins. Við vitum að þó svo að víðtækar aðgerðir hafi stórbætt rekstrarstöðu útflutningsgreinanna og m.a. mikil endurfjármögnun átt sér stað í gegnum þær aðgerðir sem ríkisstjórnin greip til haustið 1988 og fram eftir ári 1989, sem vel að merkja Sjálfstfl. er nú að mestu leyti hættur að tala um, þeir gerðu tilraun til þess fyrst að tala um sjóðasukkið og millifærslukerfið og allt þetta ojbjakk sem þeim líkaði svo illa þarna í Sjálfstfl., þeir eru eiginlega alveg hættir að tala um þetta núna. Og ætli það geti ekki verið vegna þess að þetta hefur skilað góðum árangri? Þeir verða að viðurkenna það, sjálfstæðismenn, og þá kjósa þeir eðlilega að þegja um það. En auðvitað vitum við að þessar skuldir hafa ekki gufað upp. Íslenski sjávarútvegurinn t.d. er geysilega skuldsett atvinnugrein, því miður, og það þarf að stefna að því að styrkja undirstöður hans og auka eigið fé í greininni á nýjan leik sem brann því miður upp í þessari vitlausu stefnu vaxtafrelsisins og okursins á sínum tíma. (**ÞP:** Er ekki vaxtafrelsi enn þá?) Jú, það er kannski einum of mikið vaxtafrelsi, hv. þm. Þorsteinn Pálsson. Það er einmitt vandinn. (**ÞP:** Af hverju breytið þið því ekki?) Tímamótaákvörðunin, hv. 1. þm. Suðurl., er að mínu mati, svo að maður ræði það nú aðeins, einhver vitlausasta aðgerð sem lengi hefur verið framkvæmd. (**ÞP:** Já, en af hverju breytir meiri hl. því ekki?) Fyrst og fremst vegna þess að það að gerbreyta svona um aðferðir og fyrirkomulag í vaxtaákvörðunarmálum og taka svona kollhnísa á efnahagsmarkaðnum eins og þá var gert er ákaflega óskynsamlegt, hv. þm. (**ÞP:** En nú er ráðherrann í meiri hluta.) Bíddu nú við, hv. þm. Nú er það þannig að ég var alveg sammála því og hef lengi verið að að því bar að stefna að losa um stýringuna á þessum hlutum, því var ég sammála. En að mínu mati var það mikill barnaskapur, ákaflega heimskulegt að ímynda sér að hinn tiltölulega veiki og vanþróaði íslenski efnahagsmarkaður og hið tiltölulga auma bankakerfi mundi ráða við slíkan kollhnís eins og þarna átti að fara. Og hvernig fór? (**Gripið fram í:** Steingrímur Hermannsson ákvað það.) Ja, hann er líka farinn að sjá eftir því. Hvernig fór, hv. þm.? Hver var árangurinn? Jú, hann var svo glæsilegur m.a. að íslenski sjávarútvegurinn átti nokkra mánuði eftir í það að verða gjaldþrota sem atvinnugrein í heild sinni. (**ÞP:** Hvers vegna eru vextirnir svo háir núna?) Við höfum nú náð vöxtunum talsvert niður, hv. þm., en það er m.a. það sem við erum að ræða, við viljum ná meiri árangri. Og smátt og smátt er náttúrlega að komast lag á þetta, en við erum ekki ánægðir enn. (**ÞP:** Þeir hafa hækkað.) Þó að við séum með vextina 3% lægri en þeir voru í tíð hv. 1. þm. Suðurl. sem forsrh. þá erum við samt ekki ánægðir. Svo miklu betri viljum við vera en Sjálfstfl. að þetta er okkur ekki nóg.

Það mætti auðvitað lengi ræða um þetta, hæstv. forseti, og ég veit að forseti er svo áhugasamur um þessi mál að hann mundi ekki telja eftir sér að hlusta á það nokkra stund enn með gleðibros á vör veit ég því þetta er auðvitað undirstöðuatriði sem við erum hér að ræða. En kannski eru aðstæður og tími til stefnu hér á Alþingi ekki með þeim hætti að það sé nú rétt að hætta sér allt of langt út í djúpar umræður um undirstöðuatriði málsins. En ég kemst þó ekki hjá því að nefna hérna og ræða pínulítið um íslenska bankakerfið af því að þetta hlýtur að tengjast ýmsum grundvallarspurningum þar. (**Forseti:** Forseti vill aðeins minna hæstv. ráðherra á að tíminn líður og samkvæmt því samkomulagi sem allir hafa haldið hingað til vill nú forseti fara þess á leit við hæstv. ráðherra að ræðan verði ekki mjög löng.) Ræðumanni er vel ljóst að tíminn líður, hann hefur gert það lengi, a.m.k. í 4600 milljónir ára samkvæmt upplýsingum jarðvísindamanna, og einnig stóð það ekki til að þessi ræða yrði mjög löng, alla vega ekki miðað við sumar aðrar ræður sem hér hafa verið haldnar. En ég ætlaði að segja fáein orð um íslenska bankakerfið og enda svo á Seðlabankanum eðli málsins samkvæmt.

Ég held að íslenska bankakerfinu sé ekki að öllu leyti sjálfrátt. Það er að mörgu leyti í klemmu sem það fær ekki sjálft ráðið við, þetta blessað bankakerfi. Staðreyndin er sú að í íslenska bankakerfinu er of mikill vaxtamunur. Það er of óhagkvæmt í rekstri, of dýrt og þarf á meiri vaxtamun að halda til þess að geta rekið sig en við þekkjum í nágrannalöndunum, þróuðum löndum. Ein aðferðin til þess að fela að hluta til þennan vaxtamun, eins og umhvrh. benti réttilega á, hefur verið sú að spila inn á sveiflur í verðlagi. Þetta er augljóst mál ef skoðuð eru vaxtaferlin fyrir síðustu 2–3 missiri, þá er það alveg augljóst mál hvað menn hafa verið að reyna að gera í bankakerfinu. Þeir draga það í tvo, þrjá, fjóra mánuði að lækka vextina þegar verð-

bólgan er á niðurleið, en hækka þá, ekki bara um leið og hún sveiflast eitthvað upp á við, heldur fyrir fram á grundvelli spáa um það að í janúar eða febrúar eigi verðbólgan að hækka, þá hækka bankarnir vexti í nóvember eða desember fyrir fram. Á síðasta sumri, þegar verðbólgan var að fara niður úr 5%, drógu þeir það mánuðum saman að lækka nafnvextina í kjölfarið. Þannig eru þeir í raun að reyna að taka sér inn viðbótartekjur og fela að hluta til þann mikla vaxtamun sem þarf á að halda að því er virðist til að reka þetta óhagkvæma og því miður veika bankakerfi okkar. Ég held og hef lengi verið þeirrar skoðunar að ein af grundvallarmeinsemdum og vandamálum sem við höfum verið að glíma við í íslenskum efnahagsmálum sé of veikt og vanþróað bankakerfi og að hluta til ófaglegt af því að mér hefur löngum þótt reglur í sambandi við útlán og mat á fyrirgreiðslu einkennast meira af ást á steinsteypu en af raunsæju mati á því í hvað ætti að lána og hvað ekki. Ég sé ekki annað t.d. þegar ég skoða það hvers vegna ónefndar greinar og tilraunir í íslensku atvinnulífi hafa fengið jafnríka fyrirgreiðslu á köflum og raun ber vitni, að því er virðist út á glórulaus fjárfestingaræintýri, en að þar hafi ráðið meiru íbúðarhúsaeignir hluthafanna eða stofnendanna en raunsætt mat á væntanlegri arðsemi atvinnurekstrarins, því miður. Steinsteypuást íslenska bankakerfisins er þannig ein af meinsemdunum sem við erum að glíma við.

Að lokum svo um Seðlabankann sem ýmis orð hafa fallið hér um. Það mætti nú margt um það segja. Mér þótti það ákaflega lærdómsríkt sem ungum manni hér fyrr á öldinni, um áramótin 1988–1989, það er svo langt orðið síðan, þegar ríkisstjórnin átti fundi með bankastjórn Seðlabankans. Það var verið að reyna að fá bankastjórn Seðlabankans sem þá var til þess að taka þátt í því ferli sem ríkisstjórnin setti upp til þess að lækka verðbólgu og vexti frá áramótum 1988–1989 og út það ár. Þá stóðu yfir fundir og viðræður við bankastjórn Seðlabankans um þetta verkefni, að ná niður verðbólgunni og vöxtunum. Þeir höfðu ekki mikla trú á þessu og þeir voru harla tregir til yfirleitt að fallast á þessa vitleysu sem ríkisstjórnin var að setja þarna upp. Í staðinn fyrir að fella gengið á einu bretti um 20–30% með tilheyrandi æfingum eins og menn hafa reynt hér á Íslandi eða höfðu reynt í 20 ár samfellt, þá vildum við reyna að taka þetta hægt í ákveðnum þrepum út allt árið, 2% í senn eða svo og reyna að forðast þannig að þetta færi venjulegan kollhnís. Seðlabankinn hafði enga trú á þessu og það þurfti að draga hann nauðugan til þess að vera með í þessu prógrammi. En hvaða árangri hefur það skilað? Jú, það hefur skilað þeirri stöðu sem við stöndum í í dag. Mér eru þessi fundahöld minnisstæð og ákveðnar ræður sem þarna voru fluttar og ég segi það hreinskilnislega hér úr þessum ræðustóli, eftir þá lífsreynslu hef ég leyft mér síðan að draga í efa traust mitt á Seðlabankanum. Ég ber takmarkað traust, ósköp einfaldlega til faglegs hæfis Seðlabankans og ég held að ábyrgð Seðlabankans á óstöðugleika í íslenskum efnahagsmálum á undanförnum árum, sem er sú stofnun sem á að gegna lykilhlutverki lögum samkvæmt, þessi ábyrgð verði ekki umflúin. Og ég leyfi mér líka, því miður verð ég að segja, að efast upp að vissu marki um hlutlægni Seðlabankans þegar hann er að meta þessa hluti. Það er óhjákvæmilegt því miður. Ég get ekki flokkað mistök Seðlabankans í nóvember og desember og fram í janúarmánuð sl., öðruvísi en sem meiri háttar vanhæfni, þau mistök sem leiddu til þess að bankarnir tóku vitlausar vaxtaákvarðanir og reynslan hefur sýnt að voru ástæðulausar. Reynt var að fá þá til að fallast á að það væru ekki tilefni til þess að grípa til þessara ótímabæru vaxtahækkana. Ég held að það eigi ekki að ráðast á menn fyrir að ræða hér um hlutverk Seðlabankans. Auðvitað verður Seðlabankinn, eins og aðrar stofnanir af þessu tagi í þjóðfélaginu, að þola gagnrýni og hann á að fá hana þegar tilefni eru til þess. Það á ekkert að þegja um það ef Seðlabankinn gerir mistök frekar en aðrir. Seðlabankinn hefur gert mistök. Hann hefur sent frá sér vitlausar spár sem eru að koma okkur í koll núna í gegnum ótímabærar og óþarfar vaxtahækkanir og þá á að segja það og ekkert að hlífa Seðlabankanum við því frekar en öðrum stofnunum nema síður væri.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að taka aftur til máls í þessari umræðu, en hv. þm. Friðrik Sophusson bar hér fram spurningu sem ég tel óhjákvæmilegt að svara vegna þess að það kynni að valda misskilningi ef henni væri ekki svarað.

Ég hef sagt það í þessari umræðu og það kemur einnig fram í þeirri skýrslu sem hefur verið lögð fyrir þingið að lánsfjárþörf ríkissjóðs vegna ársins 1990 var algerlega mætt innan lands. Þeirri þörf sem skapaðist vegna reksturs ríkissjóðs á síðasta ári var allri fullnægt á lánsfjármarkaði innan lands. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að ríkissjóður notaði að nokkru leyti tæplega 4 milljarða kr. heimild sem hann hafði í lánsfjárlögum til erlendrar lántöku. Þessi heimild var notuð til að greiða afborganir af erlendum lánum ríkissjóðs, til greiðslu á skammtímaskuld í Seðlabanka vegna ársins 1989 og inneignar ríkissjóðs á hlaupareikningi Seðlabankans og hafði því engin áhrif á peningamyndunina í landinu á árinu 1990. Þetta sést best á því að greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands voru jákvæðar sem nam 5,6 milljörðum kr. á árinu 1990. Þar af varð 2,5 milljarða kr. bati á skamtímareikningi A-hluta og varð niðurstaðan á þeim reikningi jákvæð í árslok sem nam 0,3 milljörðum kr. (**FrS:** Hvernig var staðan ...?) Hv. þm. getur alveg fengið svar við því ef hann vill halda áfram að fá upplýsingar. Ég er eingöngu að fjalla um það sem hann sagði hér í sinni ræðu og vekja athygli á þeirri staðreynd að í árslok 1990 átti ríkissjóður inni hjá Seðlabankanum og það hefur ekki gerst í elstu manna minnum af þeim sem þekkja málefni ríkissjóðs. Hv. þm. er hér í þingsalnum að kalla til þingmanna Sjálfstfl. einhverjum huggunarorðum að það hafi bara verið fram yfir áramótin. Það var svona álíka eins og hv. þm. hélt því fram hér undir þinglokin í fyrra ásamt hv. þm. Geir

Haarde, ef ég man rétt, ég skal þó ekki fullyrða það, en ég man vissulega að það var hv. þm. Friðrik Sophusson sem fullyrti það undir þinglokin í fyrra að ríkissjóði mundi alls ekki takast að fullnægja þörf sinni innan lands á árinu 1990 vegna þess að salan á spariskírteinum ríkissjóðs á fyrstu mánuðum ársins 1990 hefði verið dræm. Reynslan sýndi hins vegar að þessi skilningur hv. þm. á ríkisfjármálunum var ekki réttur. Ríkissjóði tókst að ná öllum þessum markmiðum. Og það er með nákvæmlega sama hætti sem hv. þm. kemur hér í ræðustólinn og fer að lesa tölur af fyrstu mánuðum annars vegar vegna innlausnar og hins vegar vegna sölu spariskírteina á fyrstu tveimur mánuðum þegar allir hv. þm. vita að það er aðeins í fáein skipti, stundum einu sinni á ári, sem spariskírteinaflokkar koma til innlausnar og það verður auðvitað ákveðið útstreymi á þeim vikum sem sú innlausn á sér stað, en aðrir mánuðir eru síðan notaðir til þess að vega það upp. Og það er kannski ekki von til þess að Sjálfstfl. skilji samhengið í ríkisfjármálum og hagkerfinu ef *túlkunin á tölunum er líka svona í flokksherbergjum* Sjálfstfl. Þess vegna er það staðreynd að ríkissjóði tókst fullkomlega að fullnægja þörf sinni vegna ársins 1990 á innlendum markaði en tók ekki til þess erlend lán eins og hv. þm. var að gefa í skyn í sinni ræðu.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara að elta ólar við það sem hv. þm. sagði um fagleg vinnubrögð og starfsvettvang minn. Ég vil hins vegar bara vekja athygli á því að það er grundvallarmunur á þeim mönnum sem leggja sig margra ára menntun og standast þau próf sem fyrir þá eru lögð og ganga síðan undir ströng hæfnispróf um framkvæmd þeirra í þessu tilviki af hálfu alþjóðlegrar dómnefndar eftir margra ára nám og vinnu og svo því að stjórnmálaflokkur tilnefni menn í stöðu. Það sem ég var að gagnrýna hér var ekki hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson persónulega, það hef ég aldrei gert, heldur það kerfi að Sjálfstfl., eða aðrir flokkar, tilnefna fulltrúa í stöðu bankastjóra, hvort sem það er seðlabankastjóri eða viðskiptabankastjóri, og sami maður er út á þá tilnefningu eina kominn með faglega hæfni í bankamálum. Það er auðvitað ekki þannig og það veit hv. þm. Friðrik Sophusson að svo er ekki. Hins vegar væri fróðlegt að Sjálfstfl. svaraði því sem ég spurði hann um í umræðunni þótt það yrði seinna. *Hann þarf ekki að svara því hér í kvöld til* að lengja umræðuna en hann má gera það seinna. Hvers vegna tilnefndi Sjálfstfl. bankastjóra í Seðlabankann? Hver var tilgangur Sjálfstfl. með því að tilnefna einn af forustumönnum sínum í stól seðlabankastjóra, forustumann sem heldur áfram að vera í framboði fyrir Sjálfstfl. eftir að hann er orðinn seðlabankastjóri, hver var tilgangur Sjálfstfl.? (**Gripið fram í:** Í hvaða sæti er hann?) Hann er sjálfsagt í einu af neðstu sætum listans. Það breytir því ekki að Sjálfstfl. kaus að tilnefna flokkslegri tilnefningu og við þurfum að fá svar við því í hvaða tilgangi Sjálfstfl. gerði það.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það er nokkuð merkilegt að fylgjast með þessari umræðu og þeim ágreiningi sem greinilega er innan ríkisstjórnarinnar um vaxta- og peningamál. *Ég tel rétt að minna á að það er nú einu sinni* skylda Seðlabankans að vinna eftir þeim lögum sem hann starfar eftir og m.a. er það hans hlutverk að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt sem varðar gjaldeyris- og peningamál. Sé Seðlabankinn ósammála ríkisstjórninni er rétt að lýsa ágreiningi sínum opinberlega, ef ég man lögin rétt, svo að það er mjög gott að umræða skuli fara fram um þetta. Ef má gagnrýna Seðlabankann fyrir eitthvað undanfarin ár, þá held ég að það megi gagnrýna hann einmitt fyrir að hafa ekki gagnrýnt stjórnmálamenn þegar allt hefur verið að fara úr böndunum eins og einmitt nú. Þegar vextir eru frjálsir kemur þetta fram þegar ríkisstjórnin tekur of mikið af fjármagni til sín því að það eyðist einu sinni það sem af er tekið. Hæstv. forsrh. neitar alfarið að viðurkenna að það gæti verið. Ef hæstv. forsrh. væri læknir og ætti að lækna sjúkling með 40 stiga hita, þá mundi vera hans ráð að setja sjúklinginn í frystiklefa þar til mælirinn sýndi 37, þá væri sjúklingur læknaður.

Ástæða þess að hæstv. fjmrh. gekk svo vel að selja spariskírteini á síðasta ári er væntanlega sú að verð á sjávarafurðum hækkaði um 30% á árinu og inn í landið streymdu tugir milljarða sem björguðu andlitinu á *þessum háu herrum. Hvar væru þeir staddir á skútunni* sinni ef þeir hefðu ekki fengið alla þessa milljarða inn í þjóðarbúið og þjóðarsátt að auki í gjöf? Og þó þeir hafi fengið 30–40 milljarða innstreymi af fjármagni hér extra á síðasta ári og þjóðarsátt að auki, þá er samt allt á tampi hjá þessum háu herrum.

Hæstv. forsrh. hefur margsinnis talað um að afnema verðtryggingu og að vextir væru svo háir að þetta væri frjálshyggja. En hæstv. forsrh. innleiddi sjálfur þessa frjálshyggju, og af hverju hefur hann þá ekki breytt henni ef hann meinar eitthvað af því sem hann segir? Það er ekki gott að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri, að vilja afnema verðtryggingu og lækka vexti en gera svo ekki neitt í málinu. Af hverju gerir hæstv. forsrh. ekki eitthvað í þessu? Getur hæstv. forsrh. svarað því? Ræður hann engu í ríkisstjórninni eða hvað er það sem er að? Er það ekki einmitt það sem er að að hæstv. forsrh. er haldinn tvöföldu siðgæði og er alltaf með tvær skoðanir á hverju máli? Út af fyrir sig er *hann sammála þessu. Hitt er svo allt annað mál* að undir vissum kringumstæðum er ekki víst að hann sé sammála.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. *Ég skal ekki lengja þessa umræðu.* Hún hefur um margt verið athygli verð en þó fyrst og fremst fyrir það að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa verið hér á handahlaupum undan einföldustu staðreyndum. Þær staðreyndir blasa við í þessu máli að fyrir liggur að við búum nú við háa raunvexti vegna þess að ríkissjóður og aðrir opinberir aðilar hafa þurft að seilast um of inn á innlendan lánsfjármarkað.

Það liggur fyrir í öðru lagi að þær ábendingar sem fram hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn í sérstöku bréfi og Seðlabankinn var beðinn um að athuga gagna ekki

vegna þess að þær munu leiða til aukinnar þenslu og grafa undan því jafnvægi sem nú er á peningamarkaði, veikja stöðu atvinnuveganna í landinu. Þetta eru í raun og veru þær einföldu staðreyndir sem við blasa. Það er ein leið til þess að ná niður vöxtum og hún er sú að taka á þessum vanda sem hér er bent á, að minnka lánsfjárþörf opinberra aðila.

Þó að hæstv. fjmrh. geti sýnt fram á tölur sem hagstæðar eru honum með því að horfa á A-hluta ríkissjóðs einan, þá blasir það eigi að síður við að erlend lán fóru 5 milljörðum kr. fram úr áætlun á síðasta ári af hálfu opinberra aðila og stefnir í það sama á þessu ári.

Vextir geta á stundum orðið nokkuð háir. Stundum er óhjákvæmilegt að beita vöxtum til þess að slá á þenslu og ná jafnvægi. Undan því verður ekki vikist í öllum tilvikum. Aðalatriðið er það að menn missi ekki sjónar á þeim meginþáttum sem leiða til lægri vaxta og hér hefur með rækilegum hætti verið á það bent. Hæstv. viðskrh. hefur í öllum meginatriðum tekið undir þau sjónarmið, en forsrh. lýsir þau sjónarmið hneykslanleg og sendir viðskrh. sínum þá kveðju í þessari umræðu. Það varpar enn einu sinni ljósi á þann tvískinnung sem fram kemur í umræðum um þetta af hálfu hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hefur etið upp eftir honum í þessari umræðu og á öðrum vettvangi þar sem þessi mál hafa komið til umræðu.

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Þessar einföldu staðreyndir blasa við. Þeir hæstv. ráðherrar sem mest hafa talað gegn markaðsákvörðunum vaxta, þeir sem mest hafa talað um að þeir hafi meira vit á því hvert vaxtastigið eigi að vera en markaðurinn, hafa enga burði í sér til þess að nota stjórnarmeirihlutann í þeim tilgangi að breyta lögum og færa valdið aftur inn til ríkisstjórnar svo sem þeim ætti að vera í lófa lagið. Ástæðan er einfaldlega sú að þeir vita að það mundi hafa alvarlegar afleiðingar, auka hér þenslu og veikja stöðu atvinnuveganna. Þess vegna á að reyna að hlaupa í kringum vandann eins og köttur gerir í kringum heitan graut rétt fram yfir kosningar í þeirri trú að almenningur í landinu hafi ekki skilning á viðfangsefninu, en svo er ekki.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill þakka hv. þm. fyrir lipurð sem þeir hafa sýnt svo að þessi umræða yrði ekki lengri en raun ber vitni. Umræðu um vaxtamál er lokið.

Um þingsköp.

Næturfundir o.fl.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Klukkan er nú orðin rúmlega hálfeitt og við vorum hér fram á kvöld í gærkvöldi. Mér þykir það einkennilegt ef á að halda áfram í nótt þar sem mjög margir eru á mælendaskrá um það mál sem er til umræðu og munu þurfa að skýra það mál nokkuð vel, fara ofan í allt málið. (**HBl:** Tillögugreinin er bara þrjár línur.) Tillagan er náttúrlega ekki nema bara kosningablaðra, hún er nú ekki annað. Ég mótmæli þessu. Á fyrstu árum mínum hér á þingi, þá var það Lúðvík Jósepsson sem tók ekki í mál að það yrðu kvöld- og næturfundir nema í mesta lagi tvisvar í viku og aldrei tvo daga í röð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 6. þm. Norðurl. e. vill forseti vekja athygli á því að á þessu þingi hefur aldrei verið haldinn næturfundur. Forseti getur því ekki talið það óeðlilegt þegar þingi er að ljúka þó að það sé lagt á hv. þm. að sitja tvo kvöldfundi í röð. Fundurinn í gærkvöldi getur nú ekki talist næturfundur þar sem honum lauk um ellefuleytið þannig að oft hygg ég nú að meira hafi verið lagt á hv. þm. en verið hefur á þessu þingi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Nú er meira en sólarhringur liðinn frá því að frestað var umræðu um þá till. til þál. sem hugmyndin er að fara að ræða nú og ég átta mig satt að segja ekkert á þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð á Alþingi. Við höfum hér verið í umræðu í þrjá tíma röska, á fjórða tíma um skýrslu frá viðskrh. um vaxtamál. Þessi umræða, sem hálf ríkisstjórnin hefur tekið þátt í og margir ráðherrar tvívegis, hefur verið látin hafa algeran forgang fram yfir mál sem ríkisstjórnin ber fram, till. til þál. um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi. Hér keppist meira en hálf ríkisstjórnin við það að ræða um vaxtamál og vaxtastig og komið fram á nýjan dag.

Ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum gripið var til þess í gær að fara að fresta umræðu í stað þess að draga þá ráðherra hingað til fundar á Alþingi sem óskað var eftir að væru hér. Mér sýnist að þetta beri augljósan vott um það að áhugi ríkisstjórnarinnar á því að koma þessu áhugamáli hæstv. iðnrh. áfram hér í umræðu á þinginu virðist vera mjög takmarkaður. En auðvitað reynir á það núna í framhaldinu hvort þessi áhugi er fyrir hendi ef á að fara að ræða þetta mál nú á nýjum degi. Það mun sýna sig í því hvort öll ríkisstjórnin verður viðstödd umræðuna sem á að fara að hefjast hér og tryggir þar með eðlilega þátttöku af sinni hálfu í þessari umræðu og tekur væntanlega fullan þátt í henni ekkert síður en um skýrslu um vaxtamál, sem skiptir ekki að mínu mati mjög miklu máli hvort er rædd eða órædd. Það var reyndar þingflokkur Sjálfstfl. sem óskaði eftir þessari skýrslu og það er kannski ekkert óeðlilegt að það sé orðið við þeirri ósk og skýrslan rædd, enda kannski alveg nógur tími hér fram undan. Það hlýtur að vera að ríkisstjórnin hafi tryggt það að hér sé hægt að halda þinghaldi áfram í einhverjar vikur í viðbót til þess að fjalla um þau mörgu mál sem hér eru órædd og ólokið.

Við hljótum að treysta því þegar verið er að taka hér mál fyrir á nýjum degi, ekkert minna mál en till. til þál. frá hæstv. iðnrh., að það gefist góður tími til þess að fjalla um þetta stóra mál sem hér er verið að taka á dagskrá. Mál sem mun hafa mikil áhrif á fjárfestingu

í landinu og svigrúm í efnahagslífinu, aðstöðu byggðanna og annað á öllu næsta kjörtímabili. Við erum því í raun að tala um að taka hér á dagskrá mál sem verður meira ráðandi en nokkuð annað á öllu næsta kjörtímabili ef farið verður að tillögum hæstv. iðnrh. og samningaaðilarnir, sem ráðherrann hefur verið að tala við, bíta á agnið, sem virðist nú vera býsna óljóst ef lesa má þau gögn sem nýlega hafa verið framreidd. Vissulega ætla ég ekki að hafa á móti því að þetta mál sé tekið hér til umræðu og rætt fram eftir degi, sem nú er nýhafinn, og kannski þann dag allan. Enda veitir ekki af að nota tímann. Það á að kjósa skilst mér þann 20. apríl nk. Ég skil ekki þann seinagang og það verklag sem hér er uppi haft á Alþingi að hér er búið að fresta umræðu um þetta mál í heilan sólarhring og vel það. Hæstv. viðskrh. má sitja undir því að hér sé verið að þylja upp umræðu um vexti og hálf ríkisstjórnin og hann sjálfur tekur þátt í þessu. Það er jafngott að hæstv. ráðherrar sýni það að þeir hafi jafnmikinn áhuga á því máli sem nú á að fara að taka til umræðu, því varla getum við þingmenn farið að leggja það á okkur að standa hér í umræðum ef hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn ætla að fara að verma bólið.

Ég treysti því að ef nú á að taka þetta mál á dagskrá verði kallað á þá ráðherra sem eru ekki mættir til þingfundar. En þeir auðvitað blífi hér væntanlega sem eru viðstaddir. Þeir eru hér fimm talsins þessa stundina og kannski fleiri í þinghúsi. Ég skora á hæstv. forseta að tryggja það að hér gefist það ráðrúm sem þarf til að ræða þetta stórmál sem verður auðvitað ekki útrætt á einhverjum klukkustundum eða dögum. Menn þurfa að fara yfir það mál sem mestu mun ráða um framvindu í landinu ef samið verður um það. Til þess verður Alþingi auðvitað að taka sér tíma. Það getur verið dýrkeypt að gera samninga af því tagi sem hér er lagt upp með. Það eru mismunandi skoðanir á því og menn þurfa auðvitað að bera saman bækurnar um þetta. Ég vil endilega hvetja hæstv. forseta til að tryggja að hér verði langur og öflugur þingfundur með alla ríkisstjórnina viðstadda og við höldum áfram umræðu um þetta mál fram eftir þessum degi og næsta dag allan og næstu daga eftir því sem þörf krefur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti gerir sér nú ekki alveg ljóst hvernig á að svara ræðu sem þessari. Þó skal forseti reyna að taka meginatriði þessa máls í réttri röð.

Á síðasta þingdegi fyrir jól lofaði forseti því að hér færi fram, áður en þingi lyki og raunar skömmu eftir að þing kæmi saman, að eindreginni ósk hv. 6. þm. Norðurl. e., ítarleg umræða um vaxtamál. Forseti gerði það með vilja að bíða eftir að svar kæmi við beiðni um skýrslu sem þá lá fyrir. Þegar sú skýrsla var komin, og raunar var þess eindregið óskað af hv. þm. Sjálfstfl. að umræður færu fram um skýrsluna, kom ekki annað til greina en að verða við því. Það er ekki hlutverk forseta að meta áhugasvið manna. Forseti hyggur að allmargir Íslendingar hafi töluverðan áhuga á vaxtamálum og forseta er jafnkunnugt um að fjölmargir Íslendingar hafa áhuga á samningum um álver.

Starf forseta er að reyna að mismuna ekki hv. þm. og semja um framgang mála og það mun forseti gera án aðstoðar hv. 2. þm. Austurl. Forseti mun ekki undir neinum kringumstæðum krefjast þess að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar komi hér nú kl. korter fyrir eitt. Hér eru fimm hæstv. ráðherrar staddir og þeir hljóta að vera fullfærir um að hlýða á ræðu þeirra hv. þm. sem hér munu taka til máls.

Þá vill forseti benda á um hvað sú þáltill. er sem hér er á dagskrá. Hún er um það að haldið verði áfram viðræðum um kaup á jarðnæði fyrir álverið og höfn vegna þess í samvinnu við Vatnsleysustrandarhrepp og jafnframt að halda skuli áfram samningaviðræðum um byggingu og rekstur álvers o.s.frv. Síðan segir: „Þegar samkomulag hefur tekist um orkuverð og mengunarvarnir skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi.“ Þess vegna er það ekki ætlun forseta, eða forseti hafði a.m.k. ekki gert ráð fyrir því, að nú þyrfti að fara yfir allt sviðið varðandi þetta mál. Hv. 2. þm. Austurl. hefur þegar látið þau orð falla hér í þingsölum að engu máli skipti hvort þessi tillaga verði samþykkt eða ekki.

Forseti telur því ekki ástæðu til með nokkurri skynsemi að menn þurfi að setja á langar ræður um þetta. Menn geta haft misjafnar skoðanir á því hvort samningaviðræðum skuli haldið áfram en með tilliti til þess að þingi er að ljúka nú í vikunni þá hljóta hv. þm. að virða það. Það sem forsetar þingsins eru að gera þessa dagana er að reyna að semja við alla stjórnmálaflokka sem hér eiga fulltrúa á hinu háa Alþingi um framgang mála. Forseti getur upplýst að fundur heldur auðvitað áfram í nótt, en ítrekar þó að þetta er fyrsti næturfundur þessa þings. Forseti mun þess vegna halda þessum fundi áfram eins og ákveðið hefur verið. Og hefjast nú umræður um samningaviðræður um nýtt álver.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem forseti segir að því var lofað að taka vaxtamálið til umræðu í fyrstu viku eftir áramót. Ég hef tvívegis talað um það síðan en það er sjálfsagt orðinn mánuður síðan. Þessi umræða var ekki borin undir mig að neinu leyti nú og þegar komið er svona nálægt þingslitum hefði mér bara ekki dottið það í hug því það er fáránlegt. Ég vil benda á að hæstv. umhvrh. sést ekki hér. (**Gripið fram í:** Hann er í húsinu.) Hann er í húsinu. Hann er hér ekki. Ég hleyp ekki um húsið til að leita að þessum ráðherrum. Hann er ekki hér og það er sjálfsagt rétt að hafa hann hér þegar umræðan hefst. En ég endurtek mótmæli mín við svona vinnubrögðum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hlýddi með mikilli athygli á mál virðulegs forseta og ég held ég hafi tekið rétt eftir því að af því mátti ráða að hæstv. forseti væri nánast að gefa hluta af þingheimi frí frá þingfundi og taka það sérstaklega fram að það væri engin ástæða til þess að sá hluti þingheims sem gegnir jafnframt ráðherrastörfum sæti hér nema kannski einn eða tveir eða þrír menn. Ég veit ekki hversu margir voru taldir. Ég tel afar óeðlilegt að verið sé að gefa hluta af þingheimi

einhvers konar frí frá fundi. Ég tala nú ekki um þegar um er að ræða mál af þessu tagi sem varðar alla ríkisstjórnina. Ætli það skipti ekki hæstv. samgrh. einhverju máli hvort það verður brugðið á það ráð sem verið er að vinna að á vegum hæstv. iðnrh? Ætli það skipti ekki nokkru máli varðandi framkvæmdir í samgöngumálum í landinu hvort svo verður? Og hvort það skipti ekki nokkru máli fyrir hæstv. menntmrh. hvort ráðist verður í 100 milljarða kr. fjárfestingu í landinu á næstu árum eða ekki. Á að fara að láta að því liggja að það eigi að ræða þetta stórmál hér að aðeins hluta þingmanna viðstöddum? Og hæstv. forseti sé frekar að ýta undir það að hluti af þingheimi fari nú að koma sér til náða en öðrum sé ætlað að vera hér til að ræða þetta mál. Ég vona að það sé misskilningur að hæstv. forseti hafi látið að þessu liggja. En ég taldi mig lesa eitthvað í þessa átt úr orðum virðulegs forseta.

Síðan þakka ég hæstv. forseta fyrir þá textarýni sem fór hér fram og það mat sem verið var að leggja á málið þó ég héldi að það væri kannski okkar sem eigum að fara að ræða málið að leggja mat á það hversu brýnt og viðamikið mál þetta væri og hversu mikinn tíma þyrfti að taka í þá umræðu.

En ég ítreka að liðinn er meira en sólarhringur frá því að umræðu var frestað um þetta mál sem er, eins og ég segi, eitthvert afdrifaríkasta mál sem hefur borið fyrir Alþingi Íslendinga um fjölda ára. Svoleiðis að það er nú ástæða til að þingið taki þetta alvarlega.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill geta þess að hér eru nú í húsinu 26 hv. þm. Forseti sér ekki ástæðu til að sækja þá hér til umræðna og hið sama gildir um hæstv. ráðherra sem hér eru ekki. Forseti óskar eftir að fresta þessum fundi í fimm mínútur. Ef hv. 14. þm. Reykv. vill tala um þingsköp áður þá verður það leyft.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Ég þakka forseta. Mér þykir sem hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Austurl. séu eiginlega að ástæðulausu viðskotaillir vegna þessa máls. Ég sé ekki betur en sú þáltill. sem hér er til umræðu þýði það eitt að Alþingi álykti að eigi skuli meina hæstv. iðnrh. að halda áfram viðræðum við hina erlendu aðila sem að undanförnu hefur verið rætt við um þetta mannvirki. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að tala hér í marga sólarhringa um jafnsjálfsagðan hlut. Ég held að við ættum bara að skvera þessu máli af í nótt þannig að það megi koma fyrir fund í atvmn. sameinaðs þings sem búið er að boða í fyrramálið. — [Fundarhlé.]

Samningar um álver, frh. fyrri umr.

Stjtill., 448. mál. — Þskj. 841.

Kristín Einarsdóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Þegar ég lauk máli mínu í gærkvöldi átti ég örlítið vantalað við hæstv. fjmrh. og hæstv. umhvrh. Ég sé að hæstv. fjmrh. hefur brugðið sér frá en ég hafði reiknað með að hann yrði hér. Er hann kannski farinn úr húsinu? (**Forseti:** Nei, nei. Forseti vill upplýsa að hæstv. fjmrh. er hér í húsinu.) Þá hlýtur hann að láta sjá sig fljótlega. Þá hefði ég viljað snúa mér fyrst að hæstv. umhvrh. þar sem hann er hér staddur.

Ég fór í fyrri hluta ræðu minnar örlítið í gegnum málið og minntist örlítið á umhverfismálin þar sem þau eru sá hluti þessa máls sem hefur alls ekki verið haldið nógu vel á. Þau mál voru í upphafi í höndum hæstv. iðnrh. eða iðnrn. en eru nú í höndum umhvrn. Að því er mér sýnist og fram kom reyndar strax í skýrslum sem hér voru bornar fram og í þeim fréttum sem birst hafa í fjölmiðlum virðist vera um stöðugt undanhald að ræða af hálfu umhvrn.

Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með framgöngu umhvrn. í þessu máli þar sem ég hafði vænst þess að þegar komið væri á stofn umhvrn. hér á landi þá mundi þessum málum verða sinnt af einhverjum myndarskap og á þeim tekið með þeim hætti að eftir yrði tekið og einhver stefnubreyting yrði.

Ég vil minnast örlítið á þá þætti umhverfismálanna sem illa hefur verið á haldið. Flúor er hættulegasta efnið sem kemur frá álbræðslu þessari. Bæði fyrir dýr og plöntur. Það er kannski lengst reynsla af því að hreinsa flúoríð úr útblásturslofti. Vil ég inna hæstv. umhvrh. eftir því sem fram kom í skýrslu, sem var 8. mál. þessa þings, að svæðið umhverfis verksmiðjuna sem átti að vera iðnaðarsvæði þannig að mengunarstig mátti vera tiltölulega hátt þar var mjög stórt. Það var, ef ég man rétt, 6 km fjarlægð umhverfis verksmiðjuna. Ég gat ekki séð að á því hefði orðið nokkur breyting eftir því sem fram kemur í þeirri skýrslu sem iðnrh. hefur nú lagt fram í tengslum við þetta mál, sem er 449. mál þingsins. Verð ég þá að líta svo á að þarna sé um óbreyttar forsendur að ræða. Ég er því hrædd um að við, sem höfum áhyggjur af dýrum og plöntum á þessu svæði, munum illa geta sætt okkur við að 6 km svæði umhverfis verksmiðjuna verði skilgreint sem iðnaðarsvæði. Reikna ég með að fólk geri sér almennt grein fyrir hversu stórt það svæði er í kringum verksmiðjuna.

Sá þáttur mengunarmálanna sem mest hefur verið deilt um er hreinsun á brennisteinsdíoxíði. Það þarf ekki að ræða það hér hversu alvarlegur mengunarvaldur brennisteinsdíoxíð er og hefur það verið mikið rætt á þessu þingi en greinilega ekki nóg þar sem enn eru menn að því er best verður séð á því að hleypa út allt of miklu brennisteinsdíoxíði í loftið frá þessari verksmiðju.

Mikið hefur verið deilt um með hvaða aðferðum á að hreinsa brennisteinsdíoxíðið en auðvitað skiptir aðferðin engu máli. Aðalmálið er hversu miklu við viljum hleypa út. Hversu miklu við viljum að verksmiðjan megi hleypa út af brennisteinsdíoxíði.

Það þarf ekki að tala lengi um það. Allir hljóta að vita hversu miklum skaða þetta efni hefur valdið í löndunum í kring og flestir þekkja skógadauðann í

Þýskalandi sem er fyrst og fremst vegna brennisteinsdíoxíðs.

Ég vil minna á að það kom fram í fréttum í síðustu viku, held ég að það hafi verið, að skólabörn hafa verið að mæla sýrustig regns hér á landi. Þau komust að því að regnvatnið var miklu súrara en gert hefur verið ráð fyrir hingað til. Kom þeim það mjög á óvart, enda er mengun hér á þessu svæði orðin verulega mikil og er brennisteinsdíoxíð frá útblæstri bíla meginmengunarvaldurinn. Mér finnst því mjög alvarlegt ef við ætlum að leyfa verulega mengun af þessu efni af völdum þessarar álbræðslu, að þetta efni eigi að fara hér út í loftið í svo miklu magni sem hér er gert ráð fyrir og margfaldast mengunin hér á þessu svæði.

Einnig verður mikil aukning á koldíoxíði í loftinu og er ekki gert ráð fyrir neinni hreinsun á koldíoxíði heldur á það að fara óhindrað út í loftið. Það veldur svokölluðum gróðurhúsaáhrifum og er ekki á það koldíoxíð bætandi sem fer út í loftið. Það veldur einnig að hluta til súru regni þótt brennisteinsdíoxíðið sé þar aðalvaldurinn. Síðan er það keraúrgangurinn sem oft gleymist. Í keraúrganginum eru ýmis hættuleg efni sem ekki hefur verið, að því er mér sýnist, nægilega vel frá gengið hvernig á að eyða. Það má vel vera að það sé orðið eitthvað skýrara hvaða kröfur umhvrn. gerir í þessum málum en það hefur alls ekki komið fram. Það sem mér finnst einkennilegt við þær fréttir sem ég hef heyrt varðandi starfsleyfi fyrir þessa verksmiðju er að hæstv. umhvrh. hefur verið í ferðum til útlanda, að því er sagt hefur verið, til að semja við erlendu aðilana um það hversu mikla mengun þeir megi setja hér út í andrúmsloftið eða skilja eftir á jörðu niðri. Þannig hafa fréttirnar verið settar fram. Þetta þykja mér mjög einkennilegar fréttir og er mjög óánægð með að heyra slíkt vegna þess að ég tel að það sé okkar Íslendinga að setja staðlana og setja kröfurnar og þær strangar. Síðan er það annarra, sem reka fyrirtækið, erlendra sem innlendra, að fara eftir þeim stöðlum og kröfum sem við setjum.

Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. umhvrh. um hvað hann hafi verið að semja varðandi mengunarvarnir við þá aðila sem er verið að ræða við. Það er mér algjörlega hulin ráðgáta hvað í ósköpunum hann hefur verið að semja um varðandi þetta mál.

Í nýjum álverum sem reist eru í Evrópu eru gerðar kröfur um að hreinsa brennisteinsdíoxíð t.d. úr útblásturslofti. Yfirleitt er notaður svokallaður vothreinsibúnaður en ef einhver annar búnaður er fyrir hendi þá er mér alveg sama hvaða búnaður er notaður einungis ef ekki er leyft að hleypa út í andrúmsloftið svo og svo miklu af brennisteini, eins og er gert ráð fyrir í þessum skýrslum sem við höfum fyrir framan okkur.

Það er mjög slæmt ef við ætlum að byrja á því með nýtt umhvrn. að sýna þvílíkt undanhald í umhverfismálum og virðist vera ætlunin af hálfu umhvrn. og umhvrh. í þessu máli.

Ég vænti þess að ég fái svör við þessu atriði. Ég veit að umhvrh. hefur talað um það hér að hægt sé að gera kröfur um að brennisteinsinnihald skautanna verði minnkað þannig að minni brennisteinn komi út í andrúmsloftið. Auðvitað er hægt að gera slíkar kröfur en það er ekki hægt að fá skaut núna sem eru með nægilega litlum brennisteini í til þess að útblástursloftið sé með viðunandi hætti. Ég tel því ekki koma til álita að leyfa álveri að hleypa út brennisteinsdíoxíði í þeim mæli sem reiknað hefur verið út að það muni gera ef ekki er krafist neinnar hreinsunar. Þetta er það sem ég vildi tala við hæstv. umhvrh. um í bili. Vænti ég þess að ég fái skýr svör af hans hálfu að því er þessa þætti varðar.

Hæstv. umhvrh. skrifaði grein í Dagblaðið í gær, mánudaginn 11. mars, sem hann kallar nýjar leiðir í atvinnumálum. Þar segir hæstv. umhvrh. orðrétt: „Eftir rimmuna sem varð um staðsetningu nýs álvers hefur hálfgerður doði færst yfir landið og vonleysi gripið um sig.“ Ekki virðist nú vera mikil bjartsýni um að þetta álver muni færa mikla björg í bú hér á landi. Síðar í grein sinni segir hæstv. ráðherra: „Flóttinn suður mun eflaust halda áfram en það leysir hins vegar engan vanda að allir setjist að á suðvesturhorninu.“ Síðar segir hann: „Við leysum ekki atvinnuvandamál okkar með eintómum álverum þótt það sé ágætur búhnykkur að fá eitt og eitt stórfyrirtæki samhliða annarri almennri atvinnuuppbyggingu. Annars væri fróðlegt að íhuga hvaða árangri það hefði skilað ef við hefðum eytt sama tíma, fjármunum og kröftum í að leita uppi og byggja lítil framleiðslu- og iðnaðarfyrirtæki á Íslandi og varið hefur verið í leit að stóriðjufyrirtækjum.“ Þetta segir hæstv. ráðherra í grein sinni í Dagblaðinu. Og síðan er því haldið fram að meiri hluti sé fyrir því á Alþingi að álver verði reist á Keilisnesi. Ég stórefast um að það sé rétt miðað við þær yfirlýsingar sem fram hafa komið af hálfu hv. alþm. varðandi þetta mál og þetta síðasta kemur núna frá hæstv. umhvrh. Þó svo að hæstv. iðnrh. hafi haldið því fram hér í gær að það væri meiri hluti fyrir því að byggja álver á Keilisnesi þá vil ég halda því fram að það sé ekki rétt. Hann hélt því fram líka í fréttum sjónvarpsins í kvöld. Þetta vildi ég sagt hafa að því er varðar hæstv. umhvrh.

Þá langar mig til að snúa mér að hæstv. fjmrh. sem ég hafði óskað eftir að hlýddi hér á mál mitt. Ég hafði rifjað það örlítið upp í ræðu minni í gær hvernig Alþb. hefði oft breytt um stefnu á síðasta ári og rifjaði það upp að Alþb. hefði fyrst verið á móti álveri, ekki síst vegna þess að Alþb. væri á móti erlendri stóriðju. Síðan varð breyting á því og þá var allt í einu orðið í lagi að byggja álver, bara alls ekki á Keilisnesi. Man ég ekki betur en að hæstv. samgrh., sem nú er horfinn héðan, líklega farinn heim að sofa. (**Gripið fram í:** Hann er hérna. Hann er að lesa bók.) Ég man ekki betur en að hann segði: „Álver á Keilisnesi kemur bara alls ekki til greina.“ Nú er allt í lagi með byggðasjónarmiðin. Þau mega bara fara í burtu. Hæstv. menntmrh. kvartaði yfir því hér í gær að hann væri ekki spurður. Ég hafði nú vonast til að hann léti þá heyra í sér hér úr því hann vildi helst láta spyrja sig um stefnu Alþb. og vænti ég þess að hann komi hér síðar í umræðunni og skýri hana vegna þess að hann lýsti því í gær að svo mundi hann gera. Hlakka ég til að heyra

hvað hann segir. Það er líklega nýi fáninn formannsins sem þarna spilar inn í.

Það sem ég vildi einna helst ræða við hæstv. fjmrh. um eru skattamál að því er varðar þessa verksmiðju. Því hefur verið haldið fram lengi að þetta sé hinn mesti búhnykkur fyrir íslenska ríkið. Ég gat ekki séð að nein breyting hefði orðið á þeim forsendum sem gefnar eru í skýrslu ráðherra frá því í haust, en þar er talað um að engir tekjuskattar muni koma inn fyrr en eftir níu ár. Ekki bara það heldur eru forsendurnar mjög sérkennilegar að því er varðar þetta mál. Það er gert ráð fyrir að innkaupsverð á súráli hækki ekki. Það verði 14% af álverði á hverjum tíma en það hefur oft verið miklu hærra. Síðan er gert ráð fyrir að álverð verði 1.650–1.900 Bandaríkjadollara á tonnið, sem af mörgum er talið vera allt of hátt og hefur sveiflast mjög mikið og niður fyrir þetta að undanförnu. Langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort eitthvað hafi breyst að því er varðar skattamálin. Hvort þessar tölur hafi breyst eitthvað. Hvort þær hafi hækkað? Ég gat ekki séð það og ekki var hægt að lesa það út úr því sem kemur fram í nýju skýrslu iðnrh. þrátt fyrir nokkra leit. Má vel vera að einhvers staðar hafi eitthvað verið falið þar sem ég tók ekki eftir, en við nokkuð góða skoðun gat ég ekki komið auga á neina breytingu.

Mig langar einnig til að spyrja hvort það væri algengt að veita verulegan afslátt af fasteignagjöldum, sem að vísu koma til sveitarfélaga. Ég ætlaði að vita hvort hæstv. fjmrh. væri kunnugt um að slíkur afsláttur væri veittur íslenskum fyrirtækjum á sama hátt og þarna er verið að gera. Einnig er gert ráð fyrir verulegum skattaafslætti fyrstu árin og langar mig einnig til að vita hvort það sama gildi um íslensk fyrirtæki sem eru að byrja rekstur, að þau fái sams konar fyrirgreiðslu og gert er ráð fyrir hjá þessu fyrirtæki.

Mér þykir líka mjög merkilegt að hæstv. fjmrh. skuli vera svo ánægður með það að raforkuverð og önnur innkoma skuli vera tengd heimsmarkaðsverði á áli. Þann 1. nóv. 1984 gerði Ólafur Ragnar Grímsson, sem þá var stjórnarmaður í Landsvirkjun, grein fyrir atkvæði sínu varðandi raforkusamninga við Ísal. Mig langar til að lesa örlítið úr þessari bókun, með leyfi forseta, en þar segir: „Með þessum samningi er Landsvirkjun að halda inn á þá hættulegu braut að tengja orkuverð afkomu stóriðjufyrirtækjanna og heimsmarkaðsverði á málmum.“ Ég hirði nú ekki að lesa allt upp. Þetta er löng bókun í sex liðum með fleiri atriðum sem stjórnarmaðurinn gerði grein fyrir og segir síðan: „Með tilvísun til fyrrgreindra atriða greiði ég atkvæði gegn hinum nýja samningi og legg til að stjórn Landsvirkjunar hefji viðræður um ný vinnubrögð og aðrar leiðir í samningum við stóriðjufyrirtæki.“

Mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji að þessi braut, sem hann taldi hættulega árið 1984, sé ekki lengur hættuleg og hvaða forsendur hafi breyst á þessum tíma, sem að vísu er orðinn nokkur ár, sem hafa breytt skoðun hans, að nú sé í lagi að tengja orkuverð við heimsmarkaðsverð á áli og gera þar með 60% af orkusölu Landsvirkjunar háða heimsmarkaðsverði á áli. Þetta er nú það helsta sem ég vildi spyrja hann varðandi þetta atriði.

Síðan hafði ég mikinn áhuga á að spyrja um, og spurði reyndar um í gær, það sem kemur fram í greinargerð með þáltill. Það eru atriði sem varða breytingar á frv. til lánsfjárlaga sem liggur fyrir deildinni. Á bls. 2 í grg. með frv. er því haldið fram að iðnrn. hafi lagt til að frv. til lánsfjárlaga breyttist þannig að 300 millj. kr. lánsfjárheimild yrði til að kaupa jörðina Flekkuvík og að 800 millj. kr. lánsheimild yrði vegna virkjanaundirbúnings. Þetta hefur ekki komið fram hér á þinginu. Alla vega hef ég ekki séð þessar tillögur og veit ekki nákvæmlega hvernig þær eru orðaðar. Þær eru að vísu orðaðar hér í þessari tillögu og e.t.v. er það endanlegt orðalag tillagnanna. Það sem mér þótti athyglisvert við þetta er það að ekki alls fyrir löngu komu fram hugmyndir frá hæstv. fjmrh. um að auka heimildir í lánsfjárlögum til þess að hægt væri að framkvæma fyrir 2000 millj. kr. Nú á að bæta við rúmlega 1 milljarði, að því er mér sýnist, og er þá orðið mikið sem hægt er að bæta við á skömmum tíma. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi engar áhyggjur af því hvaða áhrif þetta hefur, bæði þensluáhrif og eins áhrif á vexti og annað sem við höfum nú verið að ræða hérna í kvöld. Langar mig til að heyra hvaða hugmyndir þarna eru á ferðinni, hvort nú eigi skyndilega að fara að framkvæma fyrir á fjórða þúsund millj. kr. til þess í fyrsta lagi að taka einhver skref í átt að því að byggja þetta álver, sem alls ekki er fast í hendi iðnrh., og síðan 2000 millj. í sambandi við aðrar framkvæmdir. Langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji það enga áhættu fyrir ríkissjóð varðandi þessar virkjanaframkvæmdir og framkvæmdir tengdar álveri, eins mikil óvissa og er um hvort þessum samningum muni yfirleitt nokkuð ljúka, og eins er svo mikil óvissa um það hvort nokkurn tíma kemur nokkur einasti aur í ríkiskassann frá þessu álveri.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða hér þáltill. sem fjallar um það að hv. Alþingi ætlar sér ekki, ef samþykkt verður, að koma í veg fyrir að hæstv. ráðherra haldi áfram samningaviðræðum um byggingu og rekstur álvers og hann geti haldið áfram viðræðum um kaup á jarðnæði fyrir álverið og hafnargerð í samvinnu við Vatnsleysustrandarhrepp. Og síðan segir, sem liggur nú nokkuð í augum uppi, að þegar samkomulag hafi tekist um orkuverð og mengunarvarnir skuli niðurstöður lagðar fyrir Alþingi.

Það má segja að það mál sem hér er til umræðu sé mál hinna miklu loforða en heldur lítilla niðurstaðna. Sumir kalla þetta mál söguna endalausu. Ástæðan fyrir því að þetta mál hefur fengið þennan svip er sú að hæstv. iðnrh. hefur með yfirlýsingagleði sinni sífellt verið að stofna til eftirvæntingar. Stundum hefur honum tekist svo vel upp að æsa þjóðina að heilu landshlutarnir hafa talið sig bera skarðan hlut frá borði þar sem þeir töldu nánast öruggt að næsta álver lenti í þeirra höndum. Þetta gerðist þegar staðarvalið virtist á tímabili vera á nokkurs konar uppboði.

Eins og fram kemur í greinargerð með þessari til-

lögu þar sem vísað er til yfirlýsinga sem gefnar voru í lok fundar hæstv. iðnrh. og aðalforstjóra Atlantsálsfyrirtækjanna í sl. mánuði, þá segir í lok yfirlýsingarinnar að mikilvægt sé að fram komi á Alþingi frv. til heimildarlaga á yfirstandandi þingi til að tryggja lagalegan ramma verkefnisins. Ég endurtek, að mikilvægt sé að fram komi á Alþingi frv. til heimildarlaga til að tryggja lagalegan ramma verkefnisins.

Þetta þýðir, að ég held, á mæltu máli að ætlunin hafi verið að leggja fram heimildarlög á yfirstandandi þingi en frá því hafi síðan verið horfið af einhverjum ástæðum og mun ég víkja að því síðar í mínu máli.

Það er auðvitað ljóst að það eru lögin sem hafa þýðingu, hvort heldur það eru lánsfjárlög með heimildum fyrir hæstv. ríkisstjórn eða sérstök lög sem fjalla um þetta málefni. Þáltill. sem slík segir harla lítið því allt sem í henni stendur er hægt að gera án þess að þingið samþykki sérstaka þál. þar að lútandi.

Í greinargerð með þáltill. er vikið að tveimur heimildum sem væntanlega eiga að fara inn í lánsfjárlög sem verða til afgreiðslu nú áður en þinglausnir eiga sér stað. Annars vegar þarf heimild til að veita Vatnsleysustrandarhreppi lán til að kaupa jarðnæði fyrir nýtt álver og hins vegar lántökur fyrir Landsvirkjun vegna undirbúnings virkjana. Það er frá því að segja, og það hefur breyst frá því í gær þegar þetta mál var örlítið til umræðu í Sþ., að hv. fjh.- og viðskn. Nd. hefur fundað. Erindi þau sem hér eru nefnd liggja fyrir nefndinni en fram kom af hálfu stjórnarliðsins að ekki virðist enn vera fullt samkomulag um texta þessarar heimildargreinar. Þetta er athygli vert vegna þess að ekki var annað vitað en hæstv. ríkisstjórn hefði þá strax náð samkomulagi um þetta mál og sú þáltill. sem hér er til umræðu væri stjtill. en ekki flutt af hæstv. ráðherra einum.

Það er óþarfi, virðulegi forseti, að rifja upp í löngu máli allt það sem sagt hefur verið um þetta mál af hálfu ýmissa hæstv. ráðherra. Þó er ekki hægt að komast hjá því að rifja það upp, ekki síst vegna þess að það kom fram í Þjóðviljanum um síðustu helgi og var ítrekað þar, að hæstv. landbrh. sagði í viðtali á sínum tíma orðrétt, með leyfi forseta: „Við samþykkjum ekki álver á Keilisnesi.“ Þetta er rifjað upp í Þjóðviljanum laugardaginn 9. mars sl. á sömu síðu og nýja flokksmerkið er auglýst undir kjörorðinu: Flokkur sem getur — fólk sem þorir. Þetta er merki sem er rauð sól, rísandi sól. Nú hefur ýmsu grænu verið blandað saman við rauða litinn til þess að sýna, eins og ég held að formaður Alþb. hafi orðað það, að flokkurinn vildi benda á hversu umhverfissinnaður hann væri. En á þessari sömu síðu er það rifjað upp, og mér skilst á Þjóðviljanum að það sé hæstv. ráðherra til hróss, að hann hafi sagt: „Við samþykkjum ekki álver á Keilisnesi.“ Nú er það þessi ráðherra sem ásamt öðrum hæstv. ráðherrum Alþb. hefur samþykkt að byggt verði álver á Keilisnesi og það verður að telja að þessi tillaga, og þó öllu fremur þær lánsfjárlagaheimildir sem stjórnarliðið gerir tillögur um að teknar verði inn í lánsfjárlög, sýni það að Alþb. hefur samþykkt fyrir sitt leyti byggingu álversins ef samningar nást þar um og það sé aðeins einn maður í Alþb., hv. 2. þm. Austurl., sem ekki vill láta málið ná fram að ganga.

Það er fróðlegt samt og lýsir kannski vinnubrögðum Alþb. að skoða nýleg ummæli formanns Alþb. þar sem hann ræðst á málatilbúnað hæstv. iðnrh., gerir lítið úr honum, en nákvæmlega eins hefur hæstv. fjmrh. venjulega hagað sér rétt áður en hann hefur samþykkt framgang málsins. Þetta er mjög einkennandi og sjálfsagt er þetta eitthvað sem er lært í háskóla og hefur verið prófað af erlendum fjölþjóðlegum dómnefndum, því að eins og allir vita er hæstv. fjmrh. fjölmenntaður maður, eins og hann hefur lýst svo rækilega fyrr á þessum fundi. Hann sagði t.d. í síðasta mánuði í útvarpsviðtali, reyndar í tilefni af fundi sem haldinn var hjá Alþb. í Reykjavík, en eins og allir vita hafa þeir samherjarnir þrír, hæstv. landbrh., hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., verið á fundaferð um landið og í auglýsingu með þeirri fundarferð er mynd af þeim þremur þar sem þeir eru á leiðinni niður og út úr Stjórnarráðinu og held ég að það sé mjög táknræn myndbirting svona skömmu fyrir kosningar þegar öllum er ljóst að Alþb. er á leiðinni út úr Stjórnarráðinu.

Í ræðu sinni sagði hæstv. fjmrh. að álfyrirtækin hefðu algerlega óbundnar hendur varðandi framhald málsins. Undirskriftin í október sl. væri gersamlega marklaus hvað þetta snerti. Síðan sagði hann að nú væru horfur á stórkostlegu tapi á orkusamningnum vegna nýs álvers eða allt að 15 milljörðum kr. Þetta er sami hæstv. fjmrh. og nú hefur samþykkt að þessi þáltill. sé lögð fram hér til samþykktar á þessu þingi og þetta er sami hæstv. fjmrh. sem ber ábyrgð á lánsfjárlagafrv. og hann hefur lagt til að því frv. verði breytt, m.a. til þess að samningar og undirbúningur vegna samninga geti haldið áfram. (**HG:** Er þetta ekki sama matið og hjá formanni Sjálfstfl.?) Ég skal ekkert um það segja, hv. þm., en það er rétt að formaður Sjálfstfl. hefur lýst því að hann telji að ekki beri að gera samninga við Atlantsálshópinn um annað orkuverð en það sem borgar sig fyrir Landsvirkjun. Og ég vænti þess að allir þeir aðilar sem nálægt þessu máli koma hafi fullan skilning á því að til þess er stofnað til þess að íslenskir aðilar njóti ágóðans af samstarfi við útlendinga, bæði í orkuverði og eins með öðrum hætti. En ég skil það svo að formaður Alþb. hafi sannfærst um það á þessum fáu vikum sem liðnar eru frá því að hann lýsti þessu í útvarpinu, vegna þess að öðruvísi verður ekki skilið það framtak hans að leggja nú til að lánsfjárlagafrv. sé breytt með þeim hætti að taka inn viðeigandi heimildir.

Vissulega gæti ég hér vitnað til fleiri ummæla hæstv. ráðherra, en það sem kannski er athyglisverðara er að sjá hvernig lagaheimildin varð að þingsályktun. Í útvarpinu hinn 15. fyrra mánaðar, í kjölfar þess fundar sem ég vitnaði til áðan, sagði hæstv. iðnrh. orðrétt í viðtali:

„Það er mjög mikilvægt að Alþingi fjalli um málið þannig að fyrir liggi hvaða lagarammi á að gilda um byggingu og rekstur þessa fyrirtækis.“ Síðar í viðtalinu segir hann hins vegar: „Um formið og fráganginn er ég að sjálfsögðu tilbúinn til að ræða við þá“, og þá

átti hann við Alþb. Þessi orð ásamt viðbrögðum Alþb. lýsa því kannski best hvað hefur gerst. Alþb. hefur stigið ofan á tærnar á ráðherranum og sagt: Það kemur ekki til greina að hleypa heimildarlögum í gegnum þingið en þú mátt allra náðarsamlegast leggja fram þessa tillögu og það er óhætt að taka inn heimildargreinar í lánsfjárlög og þar við verður látið sitja.

Þeir alþýðuflokksmenn hafa á undanförnum mánuðum borið mikið lof á iðnrh. fyrir það hversu duglegur hann hefur verið í þessu máli. Einn af hv. þm. Alþfl. skrifar í Víkurfréttir daginn áður en viðtalið var tekið við hæstv. iðnrh. í útvarpinu á þessa leið, með leyfi forseta:

„Umræður um stóriðju hafa á undanförnum árum verið býsna skrautlegar. Þegar Sjálfstfl. réð í iðnrn. fyrir þrem árum síðan reyndi páv. iðnrh. Friðrik Sophusson að ná árangri í stóriðjumálum. Það var auðvitað virðingarverð viðleitni. Það er hins vegar athyglisvert að allar tilraunir ráðherra Sjálfstfl. snerust um það að byggja við álverið í Straumsvík. Sjóndeildarhringurinn var ekki víðfeðmari. Skemmst er frá því að segja að páv. iðnrh. náði engum árangri. Málefni stóriðju, bygging nýs álvers voru í skötulíki þegar Sjálfstfl. hrökklaðist frá völdum vegna kjarkleysis í efnahagsmálum. Þegar núv. iðnrh. Jón Sigurðsson tók við embætti var það hans fyrsta verk að hreinsa til í rústunum sem Sjálfstfl. skildi eftir sig", o.s.frv.

Þar á meðal segir að Jóni Sigurðssyni tókst að laða nýja aðila til samstarfs, þ.e. Bandaríkjamenn, hjólin fóru að snúast, málin gengu hratt fyrir sig.

Þetta skrifar hv. þm. Karl Steinar og ber mikið lof á ráðherra Alþfl. fyrir að hafa hreinsað til í rústunum. En eitthvað skjöplast nú blessuðum þingmanninum, því að þegar sá var í ráðuneytinu sem hér stendur var verið að ræða um byggingu nýs álvers í Straumsvík og það var ekki fyrr en núv. hæstv. iðnrh. tók við sem talað var um það að bæta við og byggja við það álver sem nú er í Straumsvík. Svona geta menn farið flatt á sögunni þegar þeir í hita leiksins eru að reyna að breiða yfir það sem nú er öllum augljóst og það er að hæstv. iðnrh. hefur ekki tekist, þrátt fyrir öll stóru orðin, þrátt fyrir öll loforðin, þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar, þrátt fyrir allar undirskriftirnar, þrátt fyrir alla blaðamannafundina, þrátt fyrir allt að gera annað en, ef það tekst, að fá Alþingi til að samþykkja að hann haldi áfram þeim sjálfsögðu viðræðum sem nú hafa átt sér stað um skeið og eru í beinu framhaldi af því sem áður hafði gerst í þessu máli. Enda tók hæstv. iðnrh. við þessu máli úr höndum fyrirrennara sinna og hefur haldið ágætlega á því síðan þó hann hafi kannski um of reynt að gefa í skyn að hann væri lengra kominn með málið en efni stóðu til á hverjum tíma. Það hljómar t.d. eins og brandari nú að lesa leiðara Alþýðublaðsins eftir för hæstv. ráðherra til Bandaríkjanna, þar sem skrifað var undir í byrjun október sl., en þá stóð í leiðaranum 5. okt. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Jón Sigurðsson iðnrh. hefur unnið þrekvirki að hafa einn og óstuddur borið hið mikla álmál fram að hinum mikilvæga áfanga gærdagsins [það var 4. okt. sl.]. Þrátt fyrir níðhögg andstæðinga jafnt sem svonefndra samherja og ótal viðkvæma og erfiða áfanga málsins hefur iðnrh. tekist með rökvísi, staðfestu og óbilandi trú á farsæla lausn verkefnisins að koma þessu risavaxna máli á lokastig. Aðrir en Jón Sigurðsson hefðu eflaust bognað og brotnað undir hinu mikla pólitíska álagi þessa máls.

Jón Sigurðsson hefur oftsinnis lýst álmálinu sem stærsta hagsmunamáli Íslands á síðari árum. Alþýðublaðið tekur undir þau orð ráðherrans. Það er Íslendingum léttir að eiga stjórnmálamann sem þorir að horfa fram hjá pyttum pólitískra sérhagsmuna og flokkadrátta en lítur í stað þess til framtíðar fyrir land og þjóð. Mættum við eiga fleiri stjórnmálamenn eins og Jón Sigurðsson iðnrh."

Þetta var í leiðara í Alþýðublaðinu, hinn 5. okt. sl., þegar hæstv. ráðherra kom heim með samninginn í höndunum frá Bandaríkjunum. Þá skrifaði Alþýðublaðið þessi orð. (**Viðskrh.:** Samkomulagið var undirritað í Reykjavík.) Jæja, það var undirritað í Reykjavík. Það er rétt sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra. Ég mundi það nú ekki. (**Gripið fram í:** Í allri hógværð.) Já, í allri hógværð hefur hæstv. ráðherra leiðrétt mig og ég þakka honum kærlega fyrir það.

En þetta mál snýst um það, og þess vegna las ég þetta, að hinn 5. okt. skrifaði málgagn ráðherrans á þann veg að auðvitað hlutu allir Íslendingar, þeir sem lesa Alþýðublaðið — og mér skilst að það sé nú rúm tylft manna a.m.k., sumt af því kemur síðan í öðrum fjölmiðlum, a.m.k. tylft þeirra — að álíta að þetta mál væri komið í höfn. Og hvar er nú málið í dag? Það er nánast á nákvæmlega sama stað og það var þá. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég gleðjist yfir þessu heldur er ég að benda á það sem hæstv. ráðherra verður að fara að átta sig á, að það hafi oft á tíðum verið gefnar slíkar yfirlýsingar í þessu máli að þær voru langt, langt umfram það sem raunsætt var. Það veit auðvitað hæstv. ráðherra. Það hefur heldur dregið úr þessum yfirlýsingum eftir að hæstv. ráðherra fékk sæti á framboðslista í þessu kjördæmi. Það hefur svona heldur dregið úr yfirlýsingagleðinni síðan, en það situr samt eftir að þessar yfirlýsingar Alþýðublaðsins og reyndar yfirlýsingar sumra þingmanna Alþfl., eins og t.d. Karls Steinars, hljóma alveg eins og brandari. Þetta oflof verður að nokkurs konar háði og auðvitað hlæja menn að því þegar þeir lesa þetta nú.

Það sem við getum auðvitað lært af þessu máli er það að álið er ekki sopið þótt í ausuna sé komið. (**SJS:** Þótt í Alþýðublaðið sé komið.) Þótt í Alþýðublaðið sé komið, já. Það er kannski betri málsháttur að hafa það þannig eins og hæstv. landbrh., aðalstuðningsmaður þess að byggja álver á Keilisnesi, bendir réttilega á að megi orða málsháttinn nú.

Ég held að allir þeir sem vilja þessu máli vel hafi fullan skilning á því og það tekur tíma að vinna úr þessu máli. Það tók a.m.k. tvo ráðherra nokkurn tíma áður en núv. ráðherra kom til sögunnar og það sem hann hefur verið að gera er í beinu framhaldi af því verki sem hann tók við. Ég vil segja það hér, virðulegi forseti, að Sjálfstfl. styður auðvitað þetta mál. Hann og hans ráðherrar ýttu málinu af stað. Við vilj-

um vinna að lausn málsins enda náist viðunandi samningar við þá aðila sem við stöndum í samningum við.

Það er skoðun Sjálfstfl. að okkur beri að nýta auðlindirnar til þess að bæta lífskjörin. Við teljum reyndar að þessi tillaga hafi heldur litla þýðingu en hún er meinlaus þótt óþörf sé. Við ætlum ekki að leggja stein í götu tillögunnar en munum að sjálfsögðu vinna að því að lánsfjárlagaheimildirnar nái fram í lánsfjárlögum þannig að næsta ríkisstjórn geti haldið áfram því verki sem fyrri ríkisstjórn hóf og hæstv. iðnrh. hefur unnið ágætlega að á yfirstandandi kjörtímabili og ber vissulega að þakka honum það þótt árangurinn hafi ekki alltaf verið eins mikill og Alþýðublaðið og jafnvel hann sjálfur vildi stundum vera láta.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Þetta þingmál sem við ræðum hér fjallar um að Alþingi leyfi hæstv. iðnrh. að halda áfram þeim samningaviðræðum sem hann þegar hefur hafið um byggingu álvers. Við þingkonur Kvennalistans erum andvígar þessum áformum af ýmsum ástæðum, m.a. ástæðum sem ég rek hér á eftir.

Fyrr í vetur fengu þingmenn í hendur allmikið plagg frá hæstv. forsrh., skýrslu markaðs- og útbreiðslunefndar, sem fjallaði um það hvernig Íslendingar gætu gert sér fé og atvinnu til framtíðar úr þeim gögnum og gæðum sem land okkar býr yfir og hugviti þess fólks sem landið byggir. Í sem skemmstu máli hvernig best mætti markaðssetja Ísland. Eins og þeir vitanlega muna sem á annað borð hafa lesið þessa skýrslu, þá kom þar fram álit margra erlendra aðila og skoðanir á því hvernig Íslendingar gætu nýtt sér það sem land og fólk hefur að bjóða til atvinnu og atvinnuuppbyggingar. Skemmst er af því að segja að allir hinir erlendu aðilar nefndu til eitt það sem Ísland hefði að bjóða umfram allflesta aðra, það er hreinleiki landsins. Ég les hér m.a. umsögn Poul Deslauriers sem er kunnur vistfræðingur og hagfræðingur og hefur sérþekkingu í vistfræði kaldra svæða, en hann segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að Íslendingar eigi falinn fjársjóð sem umheimurinn veit afar lítið um og hefur ekki enn komið í ljós hversu mikils virði hann er. Þessi verðmæti snerta heilbrigðis- og umhverfismál sem óðum eru að verða mál málanna um allan heim. Ef Íslendingar geta orðið fyrirmynd og forustuþjóð á þessum sviðum mun þjóðin skapa sér sérstöðu á alþjóðavettvangi. Skilyrðin eru eins og best verður á kosið: tiltölulega ómengað umhverfi, óspillt matvæli og vatn. Ef miðað er við önnur lönd geta landsmenn náð forustu á þessum sviðum án ýkja mikils kostnaðar eða fyrirhafnar. Eftirspurn og tækifæri skapast ætíð á ákveðnum sviðum og Íslendingar verða að finna vöru sinni og þjónustu stað þar sem slík tækifæri skapast. Árangur markaðssóknar af þessu tagi er háður því að aðferðir við auglýsingar og kynningarstarf séu markvissar og skynsamlegar.

Ef menn helga sig verkefninu í fullri alvöru og ef þeir sem eru í fararbroddi njóta stuðnings heima fyrir, er unnt að skapa Íslandi sérstöðu að þessu leyti í samfélagi þjóðanna og slík sérstaða yrði til mikilla hagsbóta fyrir Íslendinga."

Síðan eru tillögur hans m.a.: Að auka kennslu og áróður í því skyni að vernda íslenska náttúru. Markmiðið er að Íslendingar verði stoltir af því umhverfi sem þeir hrærast í. Að skipuleggja og auka ferðaþjónustu í anda hugmyndarinnar um Ísland sem land heilbrigðis og óspilltrar náttúru og að hagnýta þá hugmynd við sölu á íslenskum útflutningsvörum. Og þá nefnir hann til að í upphafi sé einkar brýnt að fá stjórnvöld til að styðja þá stefnu sem hann fjallar um.

Síðan segir hann: „Allt veltur á að menn standi saman í þessu mikla hagsmunamáli þjóðarinnar. Sérhagsmunir og skammtímasjónarmið geta spillt þeirri framtíðarsýn og samvinnu sem er forsenda þess að unnt sé að ná árangri til hagsbóta fyrir heildina." — Hann ráðleggur síðan Íslendingum að hafa heilbrigðis- og umhverfismál efst á blaði við slíka stefnumörkun.

Síðan vil ég lesa hluta af niðurstöðum nefndarinnar sem þessa skýrslu vann. Hún segir:

„Lega landsins, staða umhverfismála, árangur í heilsuvernd og forvarnarstarfi undirstrikar möguleika okkar til kynningar á landi og þjóð, landi gæða, hreinleika og heilbrigði, umhverfis og mannlífs.

Nefndin telur nauðsynlegt að störf við kynningu nýrrar ímyndar hefjist nú þegar til að hægt sé að nýta tækifæri þau sem bjóðast í sambandi við umhverfismál og heilsuvernd. Nefndin telur að starfsemi íslensks matvælaiðnaðar, ferðaþjónustu og heilsugæslu falli mjög að ofangreindri ímynd. Íslendingar eru þekktir fyrir útflutning á hágæða sjávarafurðum og nýlega er hafinn útflutningur á íslensku vatni. Gestir sem til landsins koma róma fegurð landsins, hreint loft, hreint vatn og óspillt umhverfi. Íslendingar lifa lengur en flestar aðrar þjóðir sem er sönnun þess að á Íslandi er heilbrigt umhverfi."

Hvað varðar umhverfismál segir nefndin að Íslendingar þurfi að reka af sér slyðruorð á sem flestum sviðum umhverfismála. Þetta sé unnt og ódýrara en í flestum öðrum löndum. Sköpun slíkrar ímyndar mætti hefja strax því staðfestar áætlanir um viðamikið átak í þessum málum mundi afla okkur mikillar virðingar meðal þjóða heimsins. Síðan segir:

„Til að ná verulegum árangri í markaðsmálum á næstu fimm árum telur nefndin að nauðsynlegt sé að leggja umtalsvert fé til verkefnisins. Nefndin telur að það sé hlutverk opinberra aðila að fjármagna ímyndarsköpun fyrir Ísland og að fjárveiting verði að vera á fjárlögum. Lögð er áhersla á að þeir tekjustofnar sem Ferðamálaráð og Útflutningsráð hafa verði ekki skertir til að þeir megi standa undir þeirri starfsemi ráðanna sem ekki tengist ímyndarsköpun."

Nefndin telur ekki ólíklegt að framhald á undirbúningsaðgerðum næstu fjögur árin kosti a.m.k. 200 millj. kr. á núvirði, árlega. Þ.e. álíka og talið hefur verið að atvinna fyrir einstakling í álveri kosti þegar upp er staðið. Eða fjögur atvinnutækifæri ef dæmið er reiknað til enda. Samt hefur komið í ljós í umræðum að þetta þykir mörgum óhæfilega dýrt að ráðast í, þessar

tillögur nefndarinnar vaxa mönnum í augum, jafnvel þeim mönnum sem ekki vex í augum að reisa álver. En því tek ég efni þessarar skýrslu til umræðu hér að mér virðist að flest sem þeir menn hafa til málanna að leggja, sem kvaddir voru til vinnu og umsagnar í nefndinni, stangist á við fyrirhugaða byggingu álvers.

Eins og kom fram í því sem ég las áðan leggja þessir aðilar höfuðáherslu á að ímynd Íslands út á við sé hið hreina land þar sem loftið er tært, vatnið hreint og jarðvegurinn ómengaður. Álver getur aldrei samrýmst þeirri ímynd. Getur það verið að menn ætli sér að hafa að engu niðurstöðu þessarar skýrslu sem á sínum tíma var kynnt af hæstv. forsrh. af mikilli hrifningu og trú á þá framtíðarsýn sem í skýrslunni birtist? Ísland yrði ímynd hreinleikans í sem flestum skilningi og möguleikar til atvinnuuppbyggingar undir þeim formerkjum nánast óteljandi í sambandi við alls konar heilsurækt, ferðamannaþjónustu, matvælaiðnað og fleira. Ég verð að segja að mér þykir þetta ólíkt geðfelldari framtíðarsýn en áliðnaður. Þar á ofan orkar mjög tvímælis hvort álver kemur til með að skila þeim arði sem talsmenn áliðju telja.

Þjóðir heims binda vonir við að nú sé að skapast aukin samstaða um afvopnun og frið í heiminum. Í rauninni er þetta orðin alheimskrafa. Þjóðir heimsins hrópa á frið og afvopnun. Samstaða hlýtur að nást um að draga úr vígbúnaði og hefja afvopnun áður en langir tímar líða, svo hörð er sú krafa.

Það er nú svo að munurinn á þessu tvennu er hrópandi eins og glöggt má sjá á skýrslu útbreiðslunefndar hæstv. forsrh. Annars vegar tækifæri til frjórra og skapandi starfa og nánast ótakmörkuð tækifæri til atvinnuuppbyggingar þegar til lengri tíma er litið en á hinn bóginn feiknadýr uppbygging með takmörkuðum starfafjölda, steingeld álframleiðsla sem er í senn metnaðarlaus og úrelt atvinnustefna sem iðnaðarríki heimsins reyna eftir föngum að losna við. Þeir reyna eftir föngum að losna við slíka mengunarvalda úr eigin löndum. Og sama hvaða sunnudagaskólasögur okkur eru sagðar um fegurð og hreinleika bandarískra álvera, staðreyndin er að andstaða er gegn þeim þar.

Ég vék áðan að því að nú væru uppi miklar kröfur um það að friður og afvopnun kæmust á í heiminum. Samdráttur í hergagnaframleiðslu hlýtur óhjákvæmilega að draga úr þörf fyrir álframleiðslu. Sömuleiðis má benda á vaxandi kröfur hollustuverndarsamtaka og umhverfisverndarsamtaka um að losna við álumbúðir í hvaða formi sem er vegna óhollustu gagnvart matvælum og umhverfi og vandkvæða á söfnun og endurvinnslu. Það eru því vaxandi líkur á að draga muni úr eftirspurn á áli í framtíðinni.

Þar sem ég hef haldið mig við að ræða um umhverfisáhrif álvers þá get ég ekki látið hjá líða að minnast á það að langt er frá að mengunarvarnir í því álveri sem við þegar höfum séu í viðunandi horfi. Hvernig getum við treyst loforðum um að í nýju álveri verði allar mengunarvarnir með fullkomnasta hætti þegar ástandið í Straumsvík er með þeim hætti sem raun ber vitni? Meðan svo er gef ég lítið fyrir slík loforð. Mér virðist líka sem áfergja ýmissa ráðamanna hér í að fá hingað stóriðju kunni að hafa skaðað samningsstöðu okkar. Við eigum ekki hægt um vik að koma fram með kröfur þegar ákafinn er slíkur. Það er nefnilega ekki hægt að vera í einu gírugur og matvandur.

Fyrir nokkru birtist blaðagrein um umhverfisáhrif álvers eftir orkumálastjóra, Jakob Björnsson, sem hæstv. iðnrh. vitnaði mjög til í gær. Báðir þessir ágætu menn virðast horfa á þessi mál á svipaðan hátt og fjandinn les Biblíuna, þ.e. með öfugum formerkjum. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara mikið út í ummæli þeirra, en ég vil spyrja: Hvað hafa verið byggð mörg álver í heiminum á síðustu tíu árum sem nota raforku unna úr kolum? Veit hæstv. ráðherra um eitt einasta dæmi þess að það hafi verið byggt álver einhvers staðar í heiminum á síðustu fimm árum þar sem notuð er raforka unnin úr kolum? Telur ráðherra að það séu uppi áætlanir einhvers staðar um að reisa álver sem muni nota raforku unna úr kolum? Mér þætti gaman að fá svör við þessum spurningum.

Í grein sinni segir orkumálastjóri, með leyfi hæstv. forseta:

„Ál er notað um allan heim, bæði í iðnríkjum og þróunarríkjum. Notkunin mun vaxa mikið í hinum síðartöldu eftir því sem efnahagur þeirra batnar. Framleiðsla á áli er því tvímælalaust starfsemi í þágu alls mannkyns."

Telja menn þá að hinar ýmsu niðurstöður um skaðsemi áls á heilsufar manna, dýra og plantna komi til með að auka notkun áls? Telja menn að báxít í jörðu sé óþrjótandi? Er ekki ýmislegt einmitt sem bendir til að það sé af skornum skammti? Er stóriðnaður sem er jafnorkukrefjandi og mengandi og álframleiðsla í þágu alls mannkyns? Hafa menn ekki heyrt neitt um minnkandi notkun á áli og málmum í heiminum?

Ég benti á áðan að það er mjög margt sem bendir til þess að framleiðsla áls og annarra mengandi rányrkjuafurða muni minnka með aukinni umhverfisvitund og ég á erfitt með að koma auga á eitthvað sem bendir til hins gagnstæða.

Ráðherra talaði af mikilli sannfæringu um að með því að byggja álver á Íslandi séum við að gera öllum heiminum, og okkur náttúrlega sjálfum meðtöldum, stóran greiða, það sé allt að því umhverfisverndandi og geti orðið hið glæsilegasta framlag okkar í baráttunni gegn aukinni koltvísýringsmengun og gróðurhúsaáhrifum. Þá hefur hann koladæmið að leiðarljósi sem er undarleg viðmiðun því það er flúormengunin sem er okkur háskalegust.

Nei, það er nú svo að erum við með þessu værum við að spilla ásýnd landsins, ekki síst í augum útlendinga, með mengandi verksmiðjurekstri, hann getur aldrei orðið mengunarlaus. Þá eru litlir möguleikar í markaðssetningu íslenskra afurða, íslenskra heilsulinda o.s.frv. í nafni hreinleikans.

Í skýrslu markaðsútbreiðslunefndar forsrh. birta menn með mikla þekkingu og reynslu í markaðsmálum skoðanir sínar á þeirri framtíðarstefnu sem Íslendingum beri að fylgja í krafti þeirrar sérstöðu að hafa það að bjóða sem öðrum þykir eftirsóknarvert en hafa ekki. Þann hreinleika landsins sem ég hef gert að um-

talsefni. Og ég vil lýsa furðu minni á því að hæstv. forsrh., svo hrifinn sem hann var af tillögum þeim sem í skýrslunni birtust, skuli yfir höfuð ljá máls á byggingu álvers.

Nei, í von um það sem menn halda að sé fjárhagslegur ávinningur, skammtímalausn, ætla menn að kasta fyrir róða dýrmætustu framtíðarhagsmunum okkar. Álver leysir ekki atvinnuvandamál, það leysir þau ekki nema um skamman tíma, og þar eru fá og dýr atvinnutækifæri, og það leysir ekki heldur atvinnuvanda kvenna, sem er mikill nú. Það eykur á erlendar skuldir, sem eru ærnar fyrir og það er fullkomlega vafasamt að það muni skila þeim hagnaði sem talsmenn þess sjá í einhverjum gullnum hillingum.

En ef vikið er að því hvernig álversbygging snýr að landsbyggðinni utan Reykjaness og Reykjavíkur þá sjáum við á þessum tímum þjóðarsáttar þegar þensla er bannorð að það hefur verið boðað í ræðu og riti að þegar ráðist verði í álversbyggingu verði að draga úr öðrum opinberum framkvæmdum um landið til að forðast þenslu. Opinberar framkvæmdir úti um land hafa um skeið verið í lágmarki. Þetta er ein orsök atvinnuleysis sem menn glíma við þar og ein af orsökum hins þunga og stöðuga fólksstraums til suðvesturhornsins.

Nú er boðaður alvarlegur og nokkuð snöggur samdráttur í framleiðslu í sveitum landsins án þess að á móti komi atvinnusköpun á landsbyggðinni. Enn frekari samdráttur í opinberum framkvæmdum landsbyggðarinnar hlýtur enn að auka á fólksstrauminn til suðvesturhornsins þar sem atvinnan er. Því hefur margsinnis áður verið lýst hve óhagkvæm þessi þróun er. Vannýting dýrrar uppbyggingar á landsbyggðinni á meðan höfuðborgarsvæðið hefur ekki við að sinna uppbyggingarþörf á kostnaðarsömum mannvirkjum og í þjónustu.

Sú atvinnuuppbygging sem fram verður að fara í næstu framtíð verður að dreifast meira um landið svo jafnvægi náist í byggðaþróun. Það er fyrirsjáanlegt að byggðamynstrið, ef svo má kalla, hlýtur að breytast á næstu árum og áratugum. Því verður að huga að því að sköpun nýrra atvinnutækifæra leiði til þess að sú þróun verði sem hagkvæmust fyrir land og lýð.

Sú þáltill. sem við ræðum hér, að þingið samþykki að samningaviðræðum um byggingu og rekstur álvers verði haldið áfram, — ég man nú ekki eftir því að hæstv. iðnrh. hafi beðið neinn leyfis um að hefja þessar viðræður, ég veit ekki til þess. Og ég hef ekki í hyggju að greiða því atkvæði að hann haldi þeim áfram.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ræddi um það í þingskapaumræðu í kvöld að mig undraði nokkuð þessi vinnubrögð á Alþingi nú vegna þess að það var byrjað á þessari umræðu í gær en ekki haldið áfram kl. 9 í kvöld eins og eðlilegt hefði verið. Ég skildi það á hæstv. forseta að það hefði verið samkomulag við formenn þingflokkanna að haga störfum svona. Ég ræddi nú við formann þingflokks Sjálfstfl. og hann tjáði mér að hann hefði einmitt bent forseta á það að eðlilegast væri að byrja á þessari umræðu þegar fundur hæfist í Sþ. kl. 9. Þetta vil ég átelja hér og nú.

Ég mun hér á eftir fara nokkuð út í raforkuverðið og kostnaðinn, en ég sé að hv. 1. þm. Norðurl. v. er ekki hér og hann mun vera sá eini sem er í stjórn Landsvirkjunar hér á þingi, að ég hygg. Það þýðir það að ég mun verða að flytja við síðari umræðu þann hluta af ræðu minni þar sem ég fjalla um það málefni. En áður en ég kem að því vil ég beina orðum mínum til hæstv. umhvrh., og vona að hann hlýði á mál mitt.

Mér finnst það nefnilega ákaflega dapurlegt að hæstv. umhvrh. skuli vera settur í þá stöðu að þurfa að gefa starfsleyfi fyrir þessu risaálveri, og það skuli eiginlega vera hans fyrsta verk sem nokkru máli skiptir í þessu ráðuneyti eftir að hann tekur við.

Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði hér — og ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það sem hún fjallaði um en það er mengunin. En þó verð ég að bæta einu við. Ég er með sjónvarpsspólu frá Noregi sem var sýnd í norska sjónvarpinu 6. jan. sl. af álveri þar og þeim áhrifum sem það hefur haft á umhverfið. Ef einhver vildi fræðast um þetta þá get ég lánað þessa spólu. En það var ekki 6 km frá, það var 10 km frá staðnum sem sýni voru tekin til rannsóknar af vísindamönnunum norsku í sambandi við þessa mynd. Það var óhuggulegt að sjá þann skaða sem álverið hafði leitt til á gróðri og á dýrum, t.d. á jórturdýrum. Það var sýnt hvernig þau voru leikin.

Í þessari mynd kemur líka fram að allt líf í þessum þrönga firði, eða a.m.k. að mestu leyti, var dautt. Úrgangurinn úr kerskálunum var settur í flæðigryfju og þetta var árangurinn. Þetta var árangurinn. Svo eru menn að tala hér um hreint land og ætla að ráðast í þetta mannvirki.

Ég hygg að hæstv. umhvrh. hefði gott af því að sjá þessa mynd. Og ég mun reyna að sjá til þess að hún verði sýnd á annarri hvorri sjónvarpsstöðinni áður en langt um líður.

Nú sé ég að hæstv. iðnrh. er horfinn úr salnum. En ég ætla að enda þetta með einni spurningu til hæstv. umhvrh.: Hefur hann ákveðið að gefa út starfsleyfi þó að fyrir liggi að þetta risaálver hefur mjög mikil mengandi áhrif og að í augum erlendra manna er það ekki tákn þess að hér sé hreint land þegar þeir koma og sjá þessi álver hlið við hlið, heldur tákn þess að það sé ekki hreint land hér? Ætlar hæstv. umhvrh. að láta sitt nafn undir slíkt leyfi? Ég vil fá svör við því.

En nú er ég kominn að því efni þar sem ég ætlaði að beina orðum mínum til iðnrh. og raunar líka forsrh. En á meðan það er ekki vil ég leggja eina spurningu fyrir hæstv. landbrh., vegna þess að hann hefur verið með yfirlýsingar um að hann muni aldrei samþykkja álver á Keilisnesi. Já, hæstv. iðnrh. er alveg meistari í sínum blekkingarleik. Hann byrjaði með því að láta í það skína að það kæmi til mála að byggja álver við Reyðarfjörð eða við Eyjafjörð, talaði fyrst og fremst um þessa tvo staði, og svo kæmi til mála að byggja það á Reykjanesi. Þetta vakti miklar væntingar hjá fólki á

þessum stöðum. Og hann gerði meira. Hann lét rita bréf að mig minnir 13 bæjarfélögum og 29 hreppum. (**Forsrh.:** Átti ég að hlusta á þetta?) Þú áttir að hlusta á það því ég hélt að forsrh. bæri ábyrgð á þeirri ríkisstjórn sem hann stjórnar. Er það misskilningur? Ber hann ekki ábyrgð á henni? (**Forsrh.:** Samkvæmt stjórnarskránni fer iðnrh. með þetta mál.) Og koma forsrh. ekkert við þau glappaskot sem ráðherrar hans gera? (Gripið fram í.) Ja, það er alveg nýtt fyrir mér ef forsrh. ber ekki ábyrgð á ríkisstjórn. (**Forsrh.:** Jú, jú. Hann ber ábyrgð á ríkisstjórninni.) Það er alveg merkilegt og það er gott að það komi fram í þingtíðindum að hann telji sig ekki ábyrgan fyrir gerðum iðnrh. í þessu máli. (**Forsrh.:** Ég get vísað honum úr ríkisstjórninni ef mér líkar ekki það sem hann gerir.) Sem sagt, hann viðurkennir það hér og nú að hann beri ábyrgð á því. Því ef honum fyndist hann ekki standa í stykkinu þá mundi hann vísa honum úr ríkisstjórninni. Það liggur í orðum hæstv. forsrh.

En það var ein setning sem iðnrh. sagði sem varð til þess að ég skildi hvar fiskur lá undir steini. Hann sagði: Auðvitað ráða byggjendurnir, álfurstarnir, því hvar byggingin rís.

Á stórum fundi á Akureyri komu menn frá iðnrn. og það kom maður frá markaðsnefnd iðnrn. og Landsvirkjunar og ég mun koma svolítið að því síðar í ræðu minni sem mönnum fór þar á milli. Þetta var stór fundur og menn voru með miklar væntingar og þar sem ég stóð nú hér um bil einn þarna og benti á hvílíkt glapræði það væri fyrir bæinn, fyrir héraðið að vænta þess sem aldrei mundi koma og halda að sér höndum að byggja annað upp vegna þess að væntingarnar voru það miklar og vegna þess að þeir sáu fram á það að þeir mundu eiga erfitt með að keppa um vinnuaflið þegar verið væri að reisa slíka risabyggingu. Og þegar ég sagði að það mundi aldrei koma hér, og hefði aldrei staðið til, þá komu þeir upp hver af öðrum og töldu mig vera orðinn elliæran og aðrir sögðu: Er verið að hafa okkur að fíflum? Það voru þeirra orð.

En þessi blekkingarleikur varð til þess að menn á Austurlandi, menn við Eyjafjörð, áttuðu sig ekki á þessum vinnubrögðum. En hvað skeði? Allir þingmenn Norðurl. e. fengu fund með stóriðjunefnd og mönnum frá iðnrn., frá markaðsnefndinni, til að ræða þessi mál. Og þar kom að formaður stóriðjunefndar sagði okkur frá því að Reyðarfjörður væri úr myndinni. Við spurðum nú um Eyjafjörð og hann vildi meina það að hann væri í myndinni á þeim dögum. Hins vegar var nokkru síðar fjórðungsþing á Sauðárkróki þar sem hæstv. iðnrh. gat um það að allir staðirnir væru í myndinni. Ég segi þetta hér til þess að sýna og sanna hvers konar blekkingarleikur hefur verið viðhafður í þessu máli. En það er fleira.

Ég held það hafi verið í dag sem hv. 1. þm. Norðurl. v. játaði það hér á hinu háa Alþingi að ástæðan fyrir því að hann hefði látið af andstöðu við álver væri sú að það væri komið svo mikið fjármagn í Blönduvirkjun að það yrði einhvern veginn að selja þá orku. Mér fannst þetta ákaflega sérkennilegt, að eins glöggur maður og hv. 1. þm. Norðurl. v. er skuli ekki átta sig á hvað er á ferðinni í þessum samningum um orkuverð til álbræðslunnar, að það er ekki meiningin að fá mikið fyrstu árin eða mörg ár fyrir orkuna í Blöndu. Það er forgjöfin.

Ég hef komist í greiðsluáætlun Landsvirkjunar sem var gerð 1990 og hún er fyrir tímabilið frá 1990 til ársloka 2004. Þar eru um 6 millj. meðtaldar í þeirri skuld, ef ég hef skilið það rétt, sem er miðað við hjá Landsvirkjun um greiðslu á skuldinni þar sem þeir telja að skuldin hafi verið með þessu um 38 eða 39 milljarðar. En miðað við að engin virkjun yrði gerð, miðað við að engin stóriðja yrði byggð, þá væri búið að borga allar skuldir upp í árslok 2004. Miðað við allt óbreytt og verðlag í árslok. Þetta er gert í október 1990.

Þetta segir okkur að það er gert ráð fyrir því að landsmenn, notendurnir í landinu, borgi þessa virkjun á þessu fjórtán ára tímabili. Sagt er að eftir þann tíma standi greiðslur frá stóriðjunni, þ.e. Járnblendiverksmiðjunni, álverinu í Straumsvík og Áburðarverksmiðjunni, undir rekstrarkostnaði Landsvirkjunar. Verðið á orkunni er það hátt að á þessu tímabili á Landsvirkjun að vera skuldlaus, meira að segja búin að borga Blönduvirkjun að fjórtán árum liðnum. Enda náttúrlega þegar menn fara að skoða önnur gögn frá Landsvirkjun þá kemur það í ljós að það nær ekki nokkurri átt að raunverð á orkunni sé innan við 20 mill.

Ég hef hér skýrslu fyrir framan mig sem sýnir held ég fimmtán virkjunarmöguleika sem eru samtals 8000 árs-kílóvattstundir. Auðvitað væri það rétt viðmiðun að miða við það að orkan kostaði að meðaltali það sem þessar virkjanir allar kosta. Ef það er reiknað þannig þá kostar hver ein gwst. að meðaltali tæpar 16 millj. Sem sagt það er um eða yfir 30 mill sem þessi orka raunverulega kostar. Það er nú öll hagnaðarvonin sem er af þessum álsamningi.

Það er auðvitað alveg furðulegt, eins og þessi mál eru í tvísýnu, að það skuli vera óskað eftir því að halda áfram að taka lán og undirbúa virkjun þegar það er engin vissa, m.a.s. mjög mikil óvissa um að þessir samningar fáist.

Hæstv. iðnrh. leggur á þetta slíkt ofurkapp að það er bara eins og hann sjáist ekki fyrir í þessu máli. Auðvitað eru það kosningarnar fyrst og fremst eftir allar yfirlýsingarnar, eftir blaðaskrifin, eftir alla þessa umfjöllun, það komi nú eitthvað fyrir kosningarnar sem sé hægt að hampa á kosningafundunum. Þáltill. út af fyrir sig er í raun og veru einskis virði, en það á að berja hana hér í gegn á hv. Alþingi til þess að það sé hægt að sýna að það sé samstaða um þessa vitleysu. Það á að sýna það. Og því er treyst að það sé ekki farið ofan í þessi mál nógu grannt til þess að menn sjái og skilji hvað hér er á ferðinni.

Í grg. með þessari þáltill. er ýmislegt sem er dálítið merkilegt, ef maður miðar við yfirlýsingarnar og skrifin og fyrirheitin og allt það. Hér stendur m.a., með leyfi forseta: „Keilisnes er einn besti staður sem völ er á undir stóriðju hér á landi og jafnvel sá eini sem til greina kemur á Suðvesturlandi. Því er um skynsam-

lega framtíðarfjárfestingu að ræða sem nauðsynlegt er að hið opinbera hafi á sínum snærum."

Þetta er sagt til þess að rökstyðja það að lána Vatnsleysustrandarhreppi mikið fjármagn, til þess að kaupa land, til þess að fara að byggja höfn og það áður en nokkuð liggur fyrir hvort af þessu verður.

Í þessari grg. er einnig sagt frá því að það sé fyrst og fremst tvennt sem standi í mönnum og ekki sé búið að leysa. Annars vegar trygging fyrir því að greiðslur komi þó að álbræðslan stöðvist eða verði lítil framleiðsla, og hins vegar verðið. Sem sagt tvö atriðin sem öllu skipta. Hæstv. iðnrh. hefur margoft tekið það fram að auðvitað verði ekki álver byggt öðruvísi en það fáist fyrir orkuna raunverulegt kostnaðarverð. Ætli þessi orð standi ef grannt er skoðað? Ég segi nei og ég skal segja þrisvar sinnum nei. Og ég skora á hæstv. iðnrh. að koma og hrekja það sem ég hef sagt hér um þann kostnað sem er raunverulegur kostnaður og þó er ekki reiknað neitt með landspjöllum sem af þessu leiðir eða hvað Austfirðingar fái fyrir það að orkan er tekin af þeim og flutt hingað vestur á Vatnsleysuströnd.

En það er fleira sem er sérkennilegt við öll þessi vinnubrögð. Það er enn þá fleira. Ég var með fsp. hér á dögunum um þessi málefni, fsp. sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur iðnrh. falið Háskóla Íslands að halda áfram athugun á hagkvæmni vetnisframleiðslu hér á landi í samstarfi við Þjóðverja?

2. Hafi það ekki verið gert, hefur öðrum þá verið falin athugunin? Og þá hverjum?"

Í þessum umræðum kemur fram að það er búið að skipa nefnd um þetta mál og það er sjálfsagt ekki nein tilviljun að sá maður, sem hefur fyrst og fremst haft samskipti við aðrar þjóðir, er ekki settur í nefndina. Maðurinn sem hefur athugað þetta í 30 ár og hefur flutt fyrirlestra, skrifað blaðagreinar, fimmtíu til sextíu sinnum. Og hæstv. ráðherra segir í svari sínu — ég ætla nú ekki að lesa mikið af því, með leyfi forseta: „Og ég endurtek það sem ég sagði hér áðan að frumkvæðið að þessum samskiptum við vetnisfélagið þýska og við Evrópubandalagið er frá iðnrn." — Það segir að vísu til viðbótar „í þetta sinn".

Það vill svo til að ég hef í fimmtán ár fylgst með Braga Árnasyni prófessor í þessu máli. Ég hef látið gera athugun á því hvernig þessi samskipti Íslendinga og Þjóðverja hafa gengið fyrir sig.

Í þetta sinn er það þann 26. febr. 1990 sem dr. Bragi Árnason prófessor hefur samband við Þjóðverjana og hans spurning er almennt hvernig standi þýska vetnisverkefnið. Þetta er í febrúar. Hann fær svar 12. mars sama ár þar sem lýst er áhuga og send rannsóknarskýrsla um þetta verkefni. Dr. Bragi ritar aftur prófessornum sem um þetta hefur forustu 22. mars þar sem bent er á að Ísland sé e.t.v. heppilegri samstarfsaðili en Kanada. Fjarlægð til útflutningshafnar frá þeim stað þar sem virkjað muni verða í framtíðinni er aðeins 35 km, þ.e. fjarlægðin frá austurströnd Íslands til Hamborgar, aðeins $^1/_3$ fjarlægðarinnar frá Hamborg til Kanada.

Þann 26. apríl fær dr. Bragi næsta bréf og þar kemur fram mikill áhugi þýskra aðila á samstarfi og óskað er frekari upplýsinga. Hann segist muni ræða þetta mál við hóp sem vinni að þessu samstarfsverkefni við Kanada. Einnig ætlar hann að kynna málið fyrir rannsókna- og tækniráðuneytinu.

Það er ekki fyrr en á þessu stigi að hann fer og upplýsir iðnrn. um hvað hefur gerst í málinu. Það er ekki fyrr en á þessu stigi. Og það kom fram á fundinum í Sjallanum á Akureyri þegar ég spurði um þetta mál að markaðsfulltrúinn, Andrés Svanbjörnsson, hafði ekki hugmynd um að þetta verkefni væri í gangi. Þarna voru 400 manns vitni að þeirri yfirlýsingu. Og þegar ég innti hann eftir því hvernig á þessu stæði — ja, hvert var svarið? Það var svo mikið að gera hjá markaðsnefndinni í kringum þessa álverksmiðju að þeir gátu ekki sinnt öðru. Þetta eru nú vinnubrögð sem hægt er að hrópa húrra fyrir. Ég geri það a.m.k. ekki.

Ég mun nú, hæstv. forseti, fara að stytta mál mitt. Klukkan er líka að verða þrjú og kominn tími til að fara að hvíla sig fyrir flesta, enda er fámennt hér í þinginu.

En ég vil endurtaka spurningu mína til hæstv. umhvrh., hvort hann ætli virkilega að setja nafn sitt undir starfsleyfið og ég óska eftir því að ráðherrann svari því nú þegar ég hef lokið máli mínu því ég mun ekki dvelja lengur hér í salnum að þessu sinni.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Án þess að fara nákvæmlega inn í efnisatriði þessa máls þá get ég svarað hv. þm. Stefáni Valgeirssyni með þeim hætti að þegar ég hef fullvissað mig um það að uppfylltar verði þær kröfur sem eru gerðar í starfsleyfinu um ýtrustu mengunarvarnir í samræmi við nýjustu tækni sem þekkt er til slíks í álverum sem hafa verið reist eða eru í byggingu þessi árin, þá mun ég setja nafn mitt undir slíkt starfsleyfi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er rétt sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að víst er orðið framorðið og menn þreyttir eftir langan vinnudag. Forseti vildi þess vegna fara þess á leit við hv. þm. sem eftir eiga að tala, en þeir eru þrír, að umræðan stæði ekki mikið lengur en til kl. 4. Fram undan eru erfiðir dagar og mikil vinnubyrði sem liggur á hv. þm. þannig að forseti vill leita samkomulags um að menn reyni að stytta mál sitt.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mér kemur það satt að segja mjög á óvart að af hálfu forseta sé borin fram ósk um það við þingmenn nú um óttuskeið, þingmenn sem hafa verið á mælendaskrá síðan í gær og hafa beðið eftir því að komast að í þessu stóra og viðamikla máli til þess að tjá viðhorf sín til þáltill. og framlagðrar skýrslu hæstv. iðnrh., að þeir fari nú að taka þátt í umræðunni með það í huga að stytta sérstaklega mál sitt.

Ég tók eftir því að hæstv. forseti greindi svo frá, ég

má segja í upphafi fundar þegar þetta mál var tekið á dagskrá, að það yrðu ekki lögð nein höft á menn að þessu leyti, enda hefur það ekki komið fram hjá hæstv. forseta, en þessi tilmæli hins vegar ganga mjög í þá átt að forseti sé með einhverja hugmynd um það að geta lokið hér umræðu eða klárað þá mælendaskrá sem fyrir liggur.

Ég vil einfaldlega, til þess að eyða misskilningi ef hann er uppi, greina hæstv. forseta frá því að ég væri nú ekki kominn ýkja langt í mínu máli, verandi næsti ræðumaður, á þeim tíma sem hæstv. forseti nefndi, þannig að ég vildi aðeins að það lægi fyrir og jafnframt vísa ég aftur á samhengi þessa máls og það að ég hef verið hér á mælendaskrá og ekki talað í þessu máli fram að þessu. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Umræðu er nú frestað og 13. dagskrármálið tekið út af dagskrá. Einnig eru tekin út af dagskrá 1.–4. dagskrármál, 14. og 15. dagskrármálin, ásamt 17.–21. dagskrármáli.

Fleira liggur þá ekki fyrir þessum fundi, til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

81. fundur, miðvikudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Stjórnsýslulög, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál. — Þskj. 256, n. 879 og 910, brtt. 911.

Frsm. meiri hl. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 910 við frv. til stjórnsýslulaga frá meiri hl. allshn. Einnig eru lagðar fram brtt. við frv. eins og það kom frá forsrh. á sínum tíma þegar hann mælti fyrir því.

Hér er verið að leggja til að setja almennar stjórnsýslureglur um meðferð mála í stjórnsýslunni, hvernig stjórnsýslan skuli haga sér þegar mál kemur til hennar, hver sé réttur einstaklingsins gagnvart stjórnsýslunni og einnig er hér verið að koma á miklu réttaröryggi og samræmingu á milli hinna einstöku stjórnsýsluaðila. Ég ætla ekki að hafa þennan inngang lengri en lesa upp nefndarálitið, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Jón Sveinsson, aðstoðarmann forsrh., Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Eirík Tómasson hæstaréttarlögmann, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Lúðvík Geirsson, formann Blaðamannafélags Íslands, og Ólaf Ásgeirsson þjóðskjalavörð. Umsagnir bárust frá Blaðamannafélagi Íslands, Birni Þ. Guðmundssyni prófessor, umboðsmanni Alþingis, Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, stjórnsýslunefnd, Páli Hreinssyni lögfræðingi, forsrn. og Þjóðskjalasafni Íslands. Auk þess sendi forsrn. þær umsagnir sem nefndinni, er samdi frv., bárust.

Með frv. þessu er lagt til að sett verði almenn löggjöf um stjórnsýslu og vinnureglur stjórnvalda. Settar eru meginreglur sem stjórnvöldum ber að virða við meðferð mála. Í lögum er að finna á víð og dreif ákvæði um málsmeðferð stjórnvalda við ákvarðanir, en almennar reglur hafa mestmegnis verið dregnar af dómaframkvæmd. Setning stjórnsýslulaga er gífurleg réttarbót fyrir almenning og felst í þeim öryggi fyrir því að stjórnsýslan starfi í anda jafnræðis og að hlutlæg sjónarmið ráði afgreiðslu mála.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frv. Lagt er til að gildissvið, sbr. 1. gr., verði skýrar afmarkað. Einnig er lagt til að heiti I. kafla breytist.

Í umsögnum um frv. kom m.a. fram gagnrýni á hugtakanotkun í því. Leggur nefndin til lagfæringar þar að lútandi, m.a. með því að orðið „stjórnsýsluhafi" verði ekki notað. Eru lagðar til breytingar á 2. gr. og mörgum öðrum greinum frv. vegna þessa.

Breyting á 3. gr. felur í sér að reglur um sérstakt hæfi, ef aðili hefur haft afskipti af máli á fyrra stigi, gilda ekki um hæfi sveitarstjórnarmanns til að fjalla um mál þótt hann hafi haft afskipti af því í stjórn eða ráði á vegum sveitarstjórnarinnar.

Lagt er til að reglur 6. gr. frv. um úrskurð um vanhæfi stjórnvalds breytist þannig að stjórnvaldið taki sjálft ákvörðun um hvort það eigi að víkja sæti. Ákvörðun þess getur yfirmaður breytt og hún getur einnig komið til endurskoðunar við stjórnsýslukæru. Fjölskipað stjórnvald tekur einnig ákvörðun um hvort maður, sem sæti á í því, telst vanhæfur og víkur hann þá sæti á meðan nema lög skipi á annan veg. Ef fjölskipað stjórnvald verður ekki ályktunarhæft vegna hugsanlegs vanhæfis allra sem þar eiga sæti taka þeir allir þátt í ákvörðun um hvort stjórnvaldið sé vanhæft.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta nefndarálit rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Salome Þorkelsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir skilar séráliti.

Það skal tekið fram að umboðsmaður Alþingis leggur á það ríka áherslu að frv. af þessu tagi verði lögfest þar sem það hefur valdið honum mjög miklum erfiðleikum í starfi að almenn stjórnsýslulög eru ekki fyrir hendi. Þegar lög um umboðsmann Alþingis voru samþykkt fyrir fjórum árum síðan var gengið út frá því að stjórnsýslulög fylgdu í kjölfarið. Því miður hefur orðið mjög mikil bið á því að slík lög fengju afgreiðslu hér á þingi og valdið umboðsmanni mjög

miklum erfiðleikum í starfi eins og ég sagði. Því er það mjög brýnt að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi. En því miður er mjög stutt til þingloka og að öllum líkindum mun þetta frv. sem og mörg önnur mikilvæg mál daga uppi. En ég skora á næsta þing að taka þetta mál til athugunar með það í huga að setja stjórnsýslulög. Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir umboðsmann heldur og fyrir alla þjóðfélagsþegna að þeir megi treysta því að störf í stjórnsýslunni séu byggð á jafnræði og að það séu skýrar línur um það hvernig stjórnsýsluhafar skuli fara með það vald sem þeim er falið að lögum.

Með vísan til þess sem ég hef nú sagt vil ég ítreka það sem fram kemur í nál. að mál þetta verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á þskj. 911 frá meiri hl. allshn.

Frsm. minni hl. allshn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 879 um frv. til stjórnsýslulaga. Þar segir með leyfi forseta:

„Minni hl. er samþykkur markmiði frv. sem felur í sér nauðsynleg nýmæli frá ríkjandi réttarástandi og bætir úr skorti á skráðum réttarreglum um stjórnsýsluna.

Eins og fram kemur í greinargerð með frv. var það lagt fram til kynningar á 112. löggjafarþingi og lagt fram aftur með nokkrum breytingum á 113. löggjafarþingi. Nefndin hefur að mati minni hl. alls ekki fjallað nógu ítarlega um frv. og umsagnir um það og ljóst er að enn hafa þeir, sem gerst þekkja til stjórnsýsluréttar, ýmsar athugasemdir fram að færa.

Þar að auki telur minni hl. að með frv. séu ráðherra gefnar of víðtækar heimildir til að setja reglugerðir og bendir í því sambandi á ákvæði 5. gr. frv. og lokamálslið 13. gr.

Minni hl. vill þó ekki hindra að frv. fái umfjöllun í þinginu en treystir sér að svo stöddu ekki til að taka þátt í afgreiðslu málsins."

Undir þetta ritar Danfríður Skarphéðinsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 911,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 911,2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 911,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 911,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 911,5 (ný 6. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 911,6 (ný 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 911,7 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 911,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 911,9 samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
11.–12. gr., svo breyttar, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 911,10 samþ. með 15 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
14.–21. gr., svo breyttar, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 911,11 samþ. með 15 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
23.–28. gr., svo breyttar, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 911,12 (ný 29. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 911,13 (ný fyrirsögn I. kafla) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og aðrar kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Upplýsingaskylda stjórnvalda, 2. umr.

Stjfrv., 204. mál. — Þskj. 257, n. 912, brtt. 913.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 912 við frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Mál þetta er mjög skylt því sem ég mælti fyrir áðan. Hér er um að ræða frv. sem er ætlað að setja reglur um hvernig hægt er að ná upplýsingum úr stjórnsýslunni. Þarna er fjallað um hinn almenna rétt bæði fjölmiðla og einstaklinga til þess að krefja stjórnsýsluna um gögn sem hún hefur verið að fjalla um.

Löggjöf af þessu tagi hefur verið sett alls staðar á Norðurlöndum og eiginlega í flestum löndum Evrópu. Er tilgangur löggjafar af þessu tagi að straumur upplýsinga sé á milli stjórnsýslunnar og almennings og mælt sé fyrir um rétt fjölmiðla sérstaklega til að geta fylgst með því sem gerist innan stjórnsýslunnar. Nefndarálitið sem allshn. hefur orðið ásátt um er á þessa leið:

„Frv. er flutt í tengslum við frv. til stjórnsýslulaga, 203. mál þingsins, og var rætt samhliða því í nefndinni. Nefndin fékk á sinn fund Jón Sveinsson, aðstoðarmann forsrh., Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Eirík Tómasson hæstaréttarlögmann, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Lúðvík Geirsson, formann Blaðamannafélags Íslands, og Ólaf Ásgeirsson þjóðskjalavörð. Umsagnir bárust frá Blaðamannafélagi Íslands, Birni Þ. Guðmundssyni prófessor, umboðsmanni Alþingis, Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, stjórnsýslunefnd, Páli Hreinssyni lögfræðingi, forsrn. og Þjóðskjalasafni Íslands. Auk þess sendi forsrn. þær umsagnir sem nefndinni, er samdi frv., bárust.

Nefndin telur brýnt hagsmunamál fyrir almenning að fá lög um aðgang að upplýsingum sem stjórnvöld hafa. Slíkar reglur auka án efa réttaröryggi í landinu og stuðla að vönduðum vinnubrögðum stjórnvalda.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv., eru til samræmis við þær breytingar sem meiri hl. nefndarinnar lagði til að gerðar yrðu á frv. til stjórnsýslulaga og varða hugtakanotkun. Einnig er lagt til að gildistöku sé seinkað um hálft ár.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta nefndarálit rita allir nefndarmenn í allshn. Ed.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég held að allir séu sammála um að hér sé gott mál á ferð og mjög nauðsynlegt að frv. af þessu tagi verði lögfest. Ég þori að fullyrða það að allir sem mættu fyrir nefndina, svo og þær umsagnir sem bárust, mæltu eindregið með því að samþykkja frv. af þessu tagi. Hins vegar komu fram athugasemdir einstakra aðila um breytingar og hvort það væri rétt að lögfesta þetta frv. á þessu þingi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu rétt sem hv. formaður allshn. Ed. sagði að samkomulag var um að þetta mál gengi til 2. umr. og gegnum þá umræðu ef verkast vill. Þetta er auðvitað mjög flókið mál og þó er enn þá flóknara hitt frv., um stjórnsýslulögin, sem var hér til umræðu áðan. Við vorum sammála um að það væri rétt að þessi hv. deild skilaði sínu áliti og álit hennar er, eins og fram kom, að þetta sé gott mál en þó eru á því margir hnökrar og auðvitað eru skiptar skoðanir um margt. Það er þó mikils virði býst ég við fyrir þá sem leggja kapp á framgang málsins eða málanna sem raunar taka ekki gildi fyrr en 1992, en til þess að sýna að það sé vilji á þessu þingi, hvað sem verður um það næsta, að greiða fyrir framgangi þessara mála, þá höfum við sameinast um að láta málið ganga til 2. umr. og væntanlega til atkvæðagreiðslu við 2. umr. en gerum ekki ráð fyrir að málið fari til hv. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 913,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–7. gr., svo breyttar, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 913,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
8.–11. gr., svo breyttar, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 913,3 (ný 12. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. GHH, 229. mál (réttur til bóta). — Þskj. 329.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 152. mál (yfirstjórn). — Þskj. 681, n. 906.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 906 frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í Nd.

Karl Steinar Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita aðrir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbrh.- og trn. Ed., 462. mál (vasapeningar). — Þskj. 915.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Unnið hefur verið að endurskoðun laga um almannatryggingar á vegum stjórnskipaðrar nefndar sem hóf störf í upphafi árs 1988. Nefndin skilaði áliti sínu í október 1990 í formi frv. til laga um almannatryggingar ásamt ítarlegum athugasemdum og greinargerð. Tillögur nefndarinnar hafa verið til umfjöllunar í heilbr.- og trn., hjá ríkisstjórn og stjórnarþingflokkum.

Á síðari hluta starfstíma nefndarinnar vísaði ráðuneytið flestum þeim málum til hennar sem fram komu varðandi breytingar á lögunum. Áformað var að leggja nýtt frv. til laga um almannatryggingar fyrir Alþingi haustið 1990 þannig að ný lög gætu gengið í gildi 1. jan. 1991. Nú er ljóst að frv. verður ekki að lögum á þessu þingi. Það er hins vegar mat Tryggingastofnunar ríkisins og ráðuneytisins að nauðsyn sé að breyta framkvæmd þeirra mála sem frv. þetta fjallar um, en það er í aðalatriðum það að dveljist lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga eins og gerist á svokölluðum fimm daga stofnunum en útskrifist samt ekki, þá er heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

Hæstv. forseti. Frv. er flutt af heilbr- og trn. hv. deildar að beiðni hæstv. heilbr.- og trmrh. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til þess að því verði vísað til nefndarinnar heldur óska ég að því verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

82. fundur, miðvikudaginn 13. mars, að loknum 81. fundi.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 152. mál (yfirstjórn). — Þskj. 681.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 935).

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 462. mál (vasapeningar). — Þskj. 915.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 758, brtt. 927.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur brtt. á þskj. 927. Hún er að meginhluta til samhljóða tillögu sem flutt var á þskj. 833 en hefur verið dregin til baka. Í þessari tillögu er bætt við að Byggðastofnun sé óheimilt án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs að breyta vöxtum lána þeirra sem þar er um fjallað. Þetta er viðbót við það sem sagði í fyrri brtt. en þar var sagt að Byggðastofnun væri óheimilt án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs að skuldbreyta lánum atvinnutryggingardeildar, breyta þeim í víkjandi lán, hlutafé eða fella þau niður. Breytingin er sú að skotið er inn að það er einnig óheimilt að breyta vöxtum þeirra. Þetta var gert vegna þess að Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri taldi það orka tvímælis hvort það fælist í skuldbreytingunni að hægt væri að breyta vöxtum. Þetta var því sett inn aðeins til þess að forða því að um misskilning gæti orðið að ræða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég held að ég verði að byrja á orðunum sem hv. síðasti ræðumaður endaði á, þ.e. að um einhvern misskilning væri að ræða. Ég held að það sé svo. Þetta atriði var til umræðu á milli okkar nefndarmanna og við vorum að reyna að ná saman um réttan skilning á einmitt þessu atriði eða hvernig með það ætti að fara. Ég skildi það svo að við mundum hittast áður en málið gengi lengra. Það var að vísu talað um hugsanlegan minni hluta og meiri hluta en það var aldeilis ekki minn skilningur. Við ætluðum að reyna að ná saman um réttan skilning á þessu orðalagi eða eitthvert allt annað orðalag. Ég hélt að það yrði á fundi kl. 12 í dag. Hann var afboðaður seint í gærkvöldi og hefur ekki verið haldinn enn. Ég fer þess vegna eindregið fram á það, bæði við hv. þm. Skúla Alexandersson, ég veit að hann er sammála mér um það og er ekki andvígur því, og svo við hæstv. forseta, að málinu verði frestað þannig að við nefndarmenn getum hist og komist þá vonandi að einhverri sameiginlegri niðurstöðu.

Ég leit ekki svo á að málið væri útrætt. Það er alveg rétt að Magnús Pétursson var með ákveðnar skýringar. Það kom raunar fram hjá fleiri viðmælendum okkar að það væri hægt að skilja þetta orðalag á hinn margvíslegasta hátt og alls ekki skýrt hvernig það mundi fara. Ég veit að að minnsa kosti sumir af þingkjörnum fulltrúum í Byggðasjóði skilja ekki þetta orðalag og hafa verið að fjalla um það einmitt í dag og reyna að ná um það sáttum hvernig með skuli fara. Ég held að þessi breyting, jafnvel þó að hún gengi fram, sem hv. þm. Skúli Alexandersson er að flytja hér núna og ég hef ekki séð áður, hef ekki orðið var við. Kannski hefur hún legið á borðinu einhvern tíma en þá farið fram hjá mér. Menn hafa verið að ræða um hvað þetta mundi þýða að þetta væri eina stofnunin væntanlega þar sem er þingkjörin stjórn þar sem þetta mál ætti ekki að vera útkljáð í stofnuninni sjálfri heldur allt annarri stofnun sem ætti að vera eitthvert yfirvald eða hæstiréttur. Ég ætla ekki að fara út í þetta efnislega núna, heldur eingöngu hitt að stjórnarþingmenn í nefndinni hafi nú forgöngu um það að við höldum fund strax eða seinna í kvöld eða í fyrramálið ef menn vilja og náum einhverri niðurstöðu. Ég held að við hljótum að geta fundið einhverja sanngjarna niðurstöðu í málinu. Við erum vön því hér í deildinni að reyna sættir til hins ýtrasta en stundum tekst það þó ekki.

Umræðu frestað.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 811.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég get verið stuttorður við 1. umr. Ég sé af eðlilegum ástæðum tilefni til að rifja það upp að nú er í lögum um grunnskóla, sérprentun þeirra, minnst á einstök laganúmer og þar stendur í fyrsta lagi: „Lög nr. 63/1974". Það var einmitt á síðustu dögum þingsins sem við sjálfstæðismenn gerðum harða hríð að háv. hæstv. menntmrh. vegna atriða í grunnskólalögum sem beinlínis voru sett inn í lögin. Þá eins og nú var uppi mjög djúpur ágreiningur á milli okkar sjálfstæðismanna og vinstri flokkanna um það hvernig farið skuli með fræðsluumdæmi Reykjavíkur. Við sjálfstæðismenn höfum haldið því fram að því sé rétt að Reykjavíkurborg ráði sjálf í stórum dráttum hvernig hún vill halda á sínum uppeldismálum og auðvitað enn þá augljósara nú eftir að fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélaganna á skólunum er orðin mun meiri en áður. Þó enn sé nokkur ruglingur á því og ekki komnar hreinar línur í sambandi við verkefni og tekjuskiptingu í þeim skilningi er vitaskuld eðlilegt að gera þar gleggri skil en nú er til þess að auka ábyrgð sveitarfélaganna á skólahaldinu, auðvelda skólahaldið, styrkja sjálfstæði einstakra skóla og reyna með jákvæðum aðgerðum að hlúa svo að skólunum að við því megi búast að þeir verði lifandi stofnanir í þeim skilningi að nýjungar eigi greiða leið í gegnum skólastarfið. Mér sýnist á þessu frv. að hæstv. ráðherra sé enn á sínum gamla stað ríkisforsjárinnar í þessu frv. og vil strax við 1. umr. leggja áherslu á þetta. Annars vegar tel ég að skólahald eigi að vera í höndum sveitarfélaganna að fullu og öllu og hins vegar tel ég að það eigi að tryggja sjálfstæði skóla enn frekar en nú er gert.

Strax í 3. gr. frv. kemur fram sá djúpi skoðanaágreiningur sem er milli mín og hæstv. ráðherra að þessu leyti. Í þeirri grein stendur svo:

„Grunnskóli er tíu ára skóli. Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn. Hverjum grunnskóla má skipa í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna að fenginni umsögn fræðslustjóra og samþykki menntmrn."

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að ég er fullkomlega andvígur því að ekki megi reka skóla á grunnskólastigi fyrir ákveðnar bekkjardeildir. Orðið „heildstæður" í þessari merkingu getur ekki haft aðra þýðingu en þá að óheimilt sé að reka grunnskóla nema þar séu allir bekkir hans. Ég geri ráð fyrir því að þeir sem semja grunnskólalög hafi þann skilning á íslenskri tungu að þeir átti sig á að þessi sé merkingin. Það er einnig svo að á ýmsum fámennum afskekktum stöðum í strjálbýli er óhjákvæmilegt að reka skóla fyrir yngstu börnin sem næst heimilum til þess að þau geti farið heim til sín að kvöldi.

Ég vil jafnframt taka skýrt fram að fræðslustjóri á ekki að vera starfsmaður menntmrn. Í 14. gr. stendur skýrum stöfum: „Menntmrn. ræður í stöður fræðslustjóra að undangenginni auglýsingu. Við ráðningu fræðslustjóra er skylt. . :" o.s.frv. Hér er gert ráð fyrir því að staða fræðslustjóra sé hin sama samkvæmt þessum lögum og er nú, að fræðslustjórinn sé opinber starfsmaður menntmrn. Það er auðvitað óeðlilegt þegar svo er að hann eigi að vera einhver milliliður á milli menntmrn. og fræðslustjóra. Þetta er í raun og veru sami aðilinn. Fræðslustjóraembættið var á sínum tíma hugsað svo að hægt væri að færa út á landsbyggðina fræðslustjóra til þess að vera fulltrúar menntmrn. gagnvart sveitarfélögunum og einstökum skólum, fulltrúi menntmrn. á hverjum stað, og hefur embætti fræðslustjóra verið rekið á þeim grundvelli. Það hefur gengið dómur í máli viðvíkjandi þessu embætti sem staðfestir að hér sé um opinberan starfsmann ríkisins að ræða, en ekki hægt að líta á þennan mann sem fulltrúa sveitarfélaganna. Það er þess vegna algerlega óeðlilegt að vera að búa til einhvern millilið á milli skólaskrifstofu sveitarfélaganna og menntmrn. Annað tveggja er eðlilegt að fræðslustjóri taki ákvarðanir fyrir hönd menntmrn. eða þá að leggja það embætti niður og reyna að finna eitthvert annað form á því. Eða þá í þriðja lagi, sem mér finnst skynsamlegast, að fræðslustjóri starfi á vegum sveitarfélaganna og þá er auðvitað ekki um það að ræða að menntmrh. skipi í þá stöðu.

Ég hef áður lýst yfir þeirri skoðun að ég telji að grunnskólalögin frá 1974 hafi að ýmsu leyti fært skólann aftur á bak. Ég hef oft rifjað það upp hér í þessum ræðustól að það var mikill misskilningur að leggja niður 4. bekk gagnfræðaskóla eins og hann var rekinn á þeim tíma. Nú skal ég ekki segja. Grunnskólinn er samkvæmt þessu frv. tíu ára skóli og er þá gert ráð fyrir því að sex ára aldurinn gangi inn í grunnskólann. Þetta er auðvitað mikið vafamál hvort það eigi að binda bekkjardeildir með þeim hætti sem hér er gert og mikil spurning hvort grunnskólinn geti ekki undir vissum tilvikum verið ellefu ára skóli gagnvart þeim börnum sem sérstaklega stendur á um.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að segja í rauninni mikið meira. Með þessu frv. er verið að leggja vissar skyldur á sveitarfélögin í landinu án þess að menntmrh. hafi haft fullnægjandi samráð við sveitarfélögin. Það er auðvitað mjög eftirtektarvert að þessi ríkisstjórn tók við miklu verki sem unnið hafði verið meðan sjálfstæðismenn fóru með stjórn landsins í þá veru að hér gæti gengið í gegn ný löggjöf um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með þeirri löggjöf var reynt að halda einhverju samræmi á milli þeirra verkefna sem sveitarfélögin tóku að sér og þeirra tekjumöguleika sem þau höfðu.

Síðan þetta gerðist hefur þessi ríkisstjórn verið að binda sveitarfélögunum æ fleiri bagga. Sá hæstv. menntmrh. sem mér situr á aðra hönd hefur verið önnum kafinn að byggja þennan bagga hér og það sem ég vil segja að sé mesti ábyrgðarhlutinn í þessari lagasmíð er að eðlilegt hefði verið að þetta mál yrði lagt hér fram til kynningar nú. Síðan mundi þetta frv. geta verið í umræðu og athugun í sumar og síðan eftir atvikum tekið upp á hausti komanda þannig að svigrúm gæfist til þess að, ég vil segja, sameina kraftana og til þess einnig að slá því ekki föstu nú þegar á þessum

vordögum að hæstv. menntmrh. verði áfram menntmrh. í þeirri ríkisstjórn sem við tekur eftir kosningar.

Ég vil því í fullri vinsemd beina því til hæstv. menntmrh. að hann fallist á það til þess að greiða nú fyrir störfum þingsins á þessum síðustu dögum að þetta þingmál verði lagt til hliðar þannig að svigrúm gefist til þess að ræða þær hugmyndir og þær breytingar sem hér eru lagðar fram við samtök sveitarfélaganna og til þess að gera sér betur grein fyrir þeirri fjárhagslegu byrði sem hér er verið að leggja á sveitarfélögin. Það er auðvitað billegt fyrir þá ríkisstjórn sem nú situr að koma fram með ýmis ákvæði nú í þessu frv. sem þorri þingmanna hló að fyrir einu eða tveimur árum þegar fluttar voru sams konar tillögur af þingmönnum hér og sögðu að væru yfirboðstillögur. Þá er auðvitað hálfbroslegt að sjá menntmrh. núna flytja hinar sömu tillögur, slengja þeim inn í stórt og langt lagafrv. og leggja höfuðáherslu á það hér í þinginu að hann geti náð þessu máli fram í trássi við sveitarfélögin í landinu, án þess að gera skiljanlega grein fyrir þeim útgjaldaauka sem þetta frv. hefur í för með sér og án þess að leiða hugann að því hvernig sveitarfélögin eigi að geta mætt þeim auknu útgjöldum sem þetta frv. hefur í för með sér.

Ég skal ekki gera sérstaklega frekar en ég hef nú gert að umtalsefni það sem varðar Reykjavík. Auðvitað eru ákvæðin um Reykjavík skiljanleg eingöngu út frá því að hæstv. menntmrh. getur ekki hugsað sér að skólanefnd Reykjavíkurborgar geti starfað með eðlilegum hætti. Það er fyrir löngu komið í ljós að fræðslustjórinn í Reykjavík hefur í rauninni ekkert verksvið, engan tilgang. Sú skrifstofa er algerlega óþarfur milliliður á milli Reykjavíkurborgar og menntmrn. og þess vegna augljóslega rétt að leggja það embætti niður. Með sama hætti væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig nágrannasveitarfélög Reykjavíkur líta á þetta mál. Þau sveitarfélög sem eru svo nærri menntmrn. að þau telja það beinlínis hagkvæmt fyrir sig að hafa sérstakan „fræðslustjóra", ráðinn af sveitarfélögunum, til þess að halda utan um rekstur skólanna í sínum umdæmum. Hugmyndum af þessu tagi er auðvitað erfitt að hreyfa við menntmrh. sem kemur hingað, herra forseti, með heilt grunnskólafrv. Það er hér til umræðu í dag, á miðvikudegi á sjötta tímanum. Á morgun er gert ráð fyrir eldhúsumræðum og liggur ljóst fyrir að þinghald, nefndastörf og annað liggur niðri eftir hádegi á morgun. Síðan er gert ráð fyrir því samkvæmt starfsáætlun að þinginu ljúki á föstudaginn. Þess vegna er hæstv. ráðherra það fullkomlega ljóst að menntmn. Ed. hefur engin tök á því að setja sig inn í einstaka þætti, athuga sérstaklega og bera saman athugasemdir frá einstökum umsagnaraðilum og síðast en ekki síst er það fullkomlega óhugsandi að við í nefndinni höfum tök á því að ræða við sveitarfélögin um þær fjárhagslegu skuldbindingar sem þetta frv. leggur á þau.

Ég held að ég láti þetta nægja. Auðvitað er sumt í þessu frv. gamalkunnugt. Auðvitað er þetta frv. ekki að öllu leyti vont en það hefur þennan stóra skavanka. Það er lagt fyrir of seint. Það ætlast til mikils af öðrum en lítils af ráðherra og flutningsmaðurinn situr í stóli ráðherra þar sem hann mun sennilega fá reisubréf eftir næstu kosningar og annar maður taka við því embætti. Þess vegna er eðlilegt að sá maður hafi tök á því að móta frv. í samræmi við sína stefnu og til þess að gera skólahald markvissara og efna ekki til kostnaðar og fyrirhafnar á röngum forsendum.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann sagði að þetta frv. kæmi afskaplega seint fyrir okkar deild og væri þar af leiðandi erfitt að gera því nokkur skil sem vert væri. Það er alvörumál þegar fjalla á um grunnskólafrv., frv. sem varðar hvert einasta barn í öllu landinu og má ekki kasta til þess höndum, síður en svo.

Ég er eigi að síður sannfærð um að þetta frv. hefur afskaplega marga góða kosti. Það kveður á um ýmsa hluti sem við kennarar og skólafólk höfum látið okkur dreyma um lengi og höfum barist fyrir lengi. Og það er sama í hvaða flokki við höfum staðið. Má þar nefna fyrst og fremst einsetinn skóla og samfelldan skóladag. Þetta tvennt, einsetinn skóli og samfelldur skóladagur, er höfuðmál fyrir íslensk börn. Það hefur um langan aldur verið þannig að þau hafa þurft að hrökklast milli heimilis og skóla kannski tvisvar eða þrisvar á dag og komið heim á heimilin tóm og köld og orðið svo að passa sjálf upp á það hvenær þau ættu að mæta aftur í aukatímana sína. Það hefur verið óviðunandi allt frá upphafi og verður sífellt meira og meira vandræðamál, a.m.k. á Reykjavíkursvæðinu, eftir því sem borgin tekur á sig meiri stórborgarsvip og fleiri vinna utan heimilis.

Það hafa, eins og við vitum, verið gerðar nokkrar tilraunir til samfellds skóladags hér á Reykjavíkursvæðinu og þess að veita börnum skjól og aðstoð utan skólatíma. Það er auðvitað þakkarvert og ánægjuefni en þetta hefur ekki verið altíða. Þetta hefur aðeins verið í undantekningartilfellum og það hafa í flestum tilfellum verið börn sem voru mikils þurfandi sem fengu notið slíkrar fyrirgreiðslu. Að sjá frv. þar sem gert er ráð fyrir einsetnum skóla og samfelldum skóladegi það finnst mér mjög mikið gleðiefni.

Mig langaði að gera að umtalsefni nokkur fleiri atriði í þessu lagafrv. en get alls ekki gert því nein fullnægjandi skil vegna þess að ég hef ekki haft tíma til þess að kynna mér þau sem ég vildi. Það er gert ráð fyrir kennsluráðgjöfum í þessum lögum. Það er rétt að kennsluráðgjafar hafa verið á vegum fræðsluskrifstofa nú um nokkurt skeið, kannski verið kallaðir ýmsum nöfnum, en mér er það fullljóst og öllum kennurum hversu mikilvægir kennsluráðgjafarnir eru, ekki síst fyrir kennara sem kenna einir í grein sinni eða eru nýir í störfum. Kennsluráðgjafarnir eru ómetanlegir fyrir slíka kennara. Þetta á auðvitað ekki síst við út um landið þar sem oft eru nýir, óreyndir og jafnvel ómenntaðir kennarar. Fyrir slíka kennara er það lífsnauðsyn að eiga aðgang að kennsluráðgjöfum.

Kennslugagnamiðstöðvar við hverja fræðsluskrifstofu eru líka í þessu frv. Það hefur löngum verið

draumur Kvennalistans að koma upp slíkum kennslugagnamiðstöðvum. Við höfum borið fram tillögur um þetta og fögnum því auðvitað að sjá það í þessum lögum.

Um aukinn þátt foreldra í stjórnun grunnskóla vildi ég segja það að ég fagna því ef hægt er að koma því svo fyrir að foreldrar taki virkari þátt í stjórnun skólans og í skólastarfinu á ýmsan veg. Það væri til bóta, ekki bara fyrir skólann heldur fyrir fjölskyldurnar sjálfar, því að allt sem eflir fjölskylduna í þessu landi er geysilega mikils virði og mjög mikil nauðsyn núna þegar allt er á hverfanda hveli í tilveru okkar.

Um kennsluafslátt vegna aldurs vildi ég það sagt hafa að það er fagnaðarefni að kennsluafsláttur miðast nú við að hafa unnið 10 ár en ekki 20 ár eins og áður. Þetta kemur ýmsum konum mjög til góða vegna þess að margar hverjar hafa verið inni á heimilum sínum og koma seint aftur út í kennslu eftir að hafa komið upp barnahóp. Það eru einkum þær sem gætu notið góðs af þessu og auðvitað ýmsir karlmenn líka sem skipta um störf, en ekki síst eru það konur sem hafa verið inni á heimilunum og koma aftur til kennslustarfa og ná alls ekki þessum 20 ára kennslutíma þegar þær eru 55 ára. Það er því mjög ánægjulegt fyrir okkur konur að sjá þetta réttlætismál.

Um fjölgun kennslustunda vildi ég það sagt hafa að mér finnst 25 stundir á viku alls ekki nægja. Ef við ætlum að koma á viðveru í skólum sjö stundir á dag í fimm daga, þá eru það nú 35 stundir svo að 25 stundir eru tæpast nóg. Þegar í efri bekki er komið finnst mér að börn ættu að hafa a.m.k. möguleika á átta tíma viðveru. Þá mundi það þýða 40 stunda viðverutíma í skólunum.

Einu vandræðamáli stöndum við kennarar frammi fyrir og það eru námsgagnamálin. Svo illa hefur verið búið að Námsgagnastofnun ríkisins að hún hefur ekki verið í stakk búin til þess að veita þau kennslugögn sem þörf er á. Hún hefur hvorki getað keypt kennslugögn né framleitt sjálf eins og þörf er á. Ef framfylgja á lögum um það að skyldunámsbörn fái ókeypis námsbækur, þá verður Námsgagnastofnunin að fá rýmri fjárhag og betri starfsaðstöðu, bæði fé til þess að framleiða meira sjálf og fé til þess að kaupa frá öðrum aðilum sem framleitt hafa góð og gild námsgögn til þess síðan að úthluta til skólanna.

Um nemendafjölda í bekk er það að segja að það að fækka nemendum úr 30 í 22 í yngstu bekkjunum er svona rétt á mörkunum að duga. Í litlu bekkjunum þar sem krakkar eru þannig sinnaðir að þeir þurfa helst að sitja í fanginu á kennaranum ef vel á að vera, þá er það ansi breiður faðmur og víður sem þarf til þess að taka 22 í fangið. Ég hefði því gjarnan viljað sjá heldur færri nemendur bæði í yngri bekkjunum og svo líka í 4.–10. bekk. Því að 28 nemenda bekkur er afskaplega stór og ég mundi hafa viljað að sú tala færi ofan í 24. Það hefði verið þægilegt. Þá hefði kennarinn getað betur sinnt þeirri skyldu að veita nemendunum þá mannlegu umönnun sem nemendur þurfa svo mjög á að halda.

Ég er sammála síðasta ræðumanni um að það var mjög undarleg ákvörðun sem tekin var þegar 4. bekkur gagnfræðaskólanna var lagður niður. Það var alveg hreint eins og þeir sem sömdu grunnskólalögin þá og framhaldsskólalögin héldu að það væri hægt að strika út nám heils árgangs og í staðinn kom náttúrlega fljótlega núllárgangur af því að í ljós kom að það var auðvitað ekki hægt að strika kennslu þessa árgangs út. Úr varð dálítið klúður sem enn er ekki séð fyrir endann á. Vildi ég álíta það að 10. bekkur og jafnvel 11. bekkur gæti verið skynsamleg leið í grunnskólanum.

Sérkennsla er nefnd hér og rætt um að mörkuð sé ákveðnari stefna um sérkennsluaðstoð í heimaskóla. Sérkennsluaðstoð hefur verið allt of lítil hingað til í skólanum. Hún hefur verið skorin niður núna allra síðustu árin. Það er til stórra vandræða ef ekki vansa að þetta skuli hafa skeð á sama tíma og fleiri og fleiri börn þurfa á sérkennslu að halda. Fleiri og fleiri börn komast í gegnum skólana án þess jafnvel að læra að lesa og þá hefur þessi aðstoð verið skorin niður. Því er það athugunarefni fyrir hæstv. menntmrh. að bæta þar um mjög.

Það mætti taka hvern einasta lið í þessu frv. og ræða um hann, en ég ætla ekki að gera það að sinni. Vonandi verður þetta rætt af einhverju viti í menntmn. en nú lifir afskaplega stuttur tími eftir af þingi og verður vafalaust erfitt að koma því við. Þó vildi ég gjarnan að við gerðum þessu máli eins góð skil og mögulegt er því að þetta mál varðar, eins og ég sagði áðan, hvert einasta mannsbarn á Íslandi undir 13 ára aldri og alla þjóðina um langa framtíð.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að segja aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. sem við fengum í gær frá Nd. og hæstv. menntmrh. mælti fyrir. Þetta er veigamikið mál, grunnskólamálið í heild, og eins og hv. 18. þm. Reykv. sagði, þá varðar þetta hvert einasta barn undir 13 ára aldri en það gerir auðvitað miklu meira því að að varðar líka foreldra mjög miklu og heimilin.

Ég vil aðeins segja það að í mínum huga er frv. um grunnskóla svo þýðingarmikið að mér þykir það mjög slæmt að fá ekki tækifæri til þess að fjalla ítarlega um slíkt mál. Ég vil í því sambandi benda á það að þetta frv. hefur á tveimur þingum fengið umfjöllun í hv. Nd. Nú á þessu hausti var frv. lagt fram í Nd. í annað skiptið. Það kom fram í máli þáv. þm. Sjálfstfl., Birgis Ísl. Gunnarssonar, sem átti sæti í menntmn. Nd., þegar hann talaði í þessu máli á sl. hausti að frv. hafði tekið þó nokkrum breytingum vegna athugasemda og ábendinga sem fram höfðu komið í meðförum nefndarinnar áður og sem hann taldi til bóta. Þrátt fyrir það eru mörg atriði í frv. sem þurfa mikillar skoðunar við. Kannski ekki síst það sem snýr að sveitarfélögunum og svo að sjálfsögðu kostnaðarþátturinn tengdur því.

Að öðru leyti fagna ég því að það verður tækifæri til þess að breyta grunnskólalögunum þannig að þau aðlagi sig breyttum þjóðlífsháttum, að þau fylgi þróuninni sem orðið hefur í þjóðlífinu og þá ekki síst hvað varðar samstarf heimila og skóla.

Við höfum auðvitað oft fjallað um þessi mál hér í hv. deild, en ekki vegna stjórnarfrv. um grunnskóla,

heldur miklu frekar þegar einstakir þingmenn hafa flutt frv. sem varða einstaka þætti í grunnskólalögum. Í því sambandi vil ég gjarnan við þetta tækifæri minna á frv. sem ég flutti hér á nokkrum þingum og fékk til liðs við mig ýmsa þingmenn þessarar hv. deildar, en það fékkst aldrei afgreitt úr nefnd. Það varðaði sérstaklega samstarf foreldra og skóla, þ.e. að stofnað yrði skólaráð sem foreldrar ættu aðild að og hefði tækifæri til þess að fylgjast með daglegum rekstri skóla, þ.e. þeir væru meðábyrgir í því sem væri verið að gera í skólanum.

Ég held að það sé eitthvert ákvæði um slíkt í þessu frv. Ef ég man rétt, þá er það að mér finnst ekki kannski alveg í sama anda og ég hafði hugsað þetta mál, sem kannski staðfestir það að við höfum ekki haft tíma til að kynna okkur frv., ekki af því að það hafi ekki legið hér fyrir í þinginu því það hefur það að sjálfsögðu gert. En það þekkja nú allir þingmenn og hæstv. menntmrh. einnig, því að hann hefur líka verið óbreyttur þingmaður eins og við hin, að maður gefur sér ekki tíma til að fara ítarlega í frv. sem liggja í þeirri deild sem viðkomandi á ekki sæti í fyrr en kemur að því að fjalla um það í deildinni. Þannig hefur farið fyrir mér í þessu tilviki með þetta frv.

Ég sé að í II. kafla og 9. gr. frv. er tekið á þessu máli með grunnskólaráðið sem ætlað er að vera „samstarfsvettvangur menntmrn. og annarra aðila er starfa að málefnum grunnskólans", stendur hér í upphafi greinarinnar. Þetta er gríðarlega stórt ráð því að það á að vera skipað 11 fulltrúum. Það er spurning hvort það er ekki eitthvað allt annars eðlis en það sem við hugsuðum okkur á sínum tíma því við ætluðum að slíkt skólaráð starfaði við hvern einstakan grunnskóla.

Ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á þá þætti sem ég held að allir skólamenn og foreldrar jafnvel líka hafi verið sammála um og lagt ríka áherslu á og komu fram í tveimur vinnuskýrslum sem vinnuhópur á vegum páv. menntmrh. Ragnhildar Helgadóttur skilaði af sér en þar var megináherslan lögð á samstarfið milli heimila og skóla, betri tengsl, betra upplýsingastreymi á milli þessara aðila, samfelldan skóladag eða samfellda viðveru í skóla og einnig að börn ættu þess kost að neyta máltíða í skólum eða eins og það var kallað stundum nestismál skólabarna. Þetta eru allt þættir sem skipta mjög miklu máli. Ég held að ég hafi stundum orðað það svo að skólarnir þyrftu að opna dyr sínar fyrir foreldrum og aðstandendum barna í skólanum. Vegna þess að til skamms tíma hefur það verið þannig að foreldrar hafa litið svo á að þeir ættu ekki að vera að skipta sér af því sem gerist innan veggja skólans og það hefur kannski verið gagnkvæmt. Sem betur fer er þetta viðhorf að breytast sem er af hinu góða og leiðir af því hversu mikilvægt það er fyrir foreldrana að börnum sé búin góð aðstaða í skólanum.

Það er nú einu sinni svo, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að skólinn er að hluta til orðinn uppeldisstofnun og ber mikla ábyrgð á uppeldi barnanna til jafns við foreldrana. Ekki þykir öllum þetta vera af hinu góða, en þetta eru staðreyndir sem við getum ekki neitað.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég ítreka það að þetta er svo mikilvægt mál og ég vænti þess að hæstv. menntmrh. hafi skilning á því að við, sem höfum ekki fengið tækifæri til að fjalla um þetta frv. fyrr en nú eftir að það hefur tvisvar fengið ítarlega umfjöllun og umræðu í hv. Nd., hljótum að fara fram á það að fá tækifæri til þess að fara ítarlega í gegnum þetta mál. Þá vaknar upp sú spurning hvernig það megi gerast á þeim stutta tíma sem eftir er af þinghaldinu að þessu sinni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta mál sem við erum öll sammála um að er mikilsvert mál. Ég hefði gjarnan viljað fara yfir einstakar athugasemdir hv. þm. sem hér hafa komið fram, vinsamlegar ábendingar þeirra um efni málsins.

Það er kannski rétt að rifja það aðeins upp að þessi virðulega deild, Ed., hefur rætt skólamál á þessu kjörtímabili mjög ítarlega og mikið meira en t.d. hv. Nd. Ástæðan er sú að hér hafa verið lögð inn mjög mörg frv. um breytingar á grunnskólalögum á þessu kjörtímabili. Ég nefni t.d. frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum sem minnst var á áðan og flutt var af hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Ágústssyni 1988. Ég nefni frv., mjög ítarleg frv. sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir var 1. flm. að og ég hygg að aðrir þingmenn Kvennalistans í þessari deild hafi einnig staðið að. Umræður um skólamál hér í Ed. hafa því í raun og veru verið mjög ítarlegar, t.d. veturinn 1987–1988 og einnig veturinn 1988–1989. Það frv. sem hér liggur fyrir tekur mið af þessum frv., eins og ég gæti rakið mjög nákvæmlega ef tími væri til.

Enn fremur bendi ég í þessu sambandi á frv. um breytingar á grunnskólalögum sem flutt var 1988 af Ragnhildi Helgadóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Þorsteini Pálssyni. Ég nefni frv. til laga um grunnskóla sem Sverrir Hermannsson, fyrrv. menntmrh., flutti 1987. Ég nefni frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum sem flutt var af Salome Þorkelsdóttur 1986. Ég nefni frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum sem flutt var af Skúla Alexanderssyni, Þórði Skúlasyni og Sveini Jónssyni 1986 og ég nefni frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum sem flutt var af Ingvari Gíslasyni, páv. menntmrh., 1983. Í rauninni er það þannig að í þessu frv. er mjög samviskusamlega tekið mið af þeim sjónarmiðum sem fram komu í þessum frumvörpum að ég held og a.m.k. vona.

Fyrstu drög þessa frv. voru kynnt á Alþingi vorið 1989. Þá var frv. dreift sem handriti til allra þingmanna. Veturinn 1990 var frv. enn flutt hér í þinginu og þá sent til umsagnar margra tuga aðila. Í framhaldi af því fórum við yfir umsagnirnar í ráðuneytinu lið fyrir lið. Við héldum fjölmarga umræðufundi um frv., m.a. með fulltrúum Kennarasambands Íslands, með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga, með fulltrúum Félags skólastjóra og yfirkennara, Kennaraháskóla Íslands, Félags skólasálfræðinga, Félags námsráðgjafa og

Félags skólasafnskennara. Ég held því að það megi segja að þetta frv. hafi verið mjög vel unnið og sé afar vandað að því leytinu til. En einn ráðherra stendur í þessu efni oft frammi fyrir mjög miklum vanda. Hann er sá að þó að hann leggi frv. inn segjum um miðjan október í aðra deildina, eins og ég gerði í vetur, þá kom frv. ekki til umræðu í hv. Nd. fyrr en 27. nóv. Því var þann dag vísað til nefndar. Hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar í þeim umræðum voru ásamt mér og forseta deildarinnar einu þingmennirnir í salnum meðan málið var til 1. umr. Þá talaði fyrir þingflokk Kvennalistans hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir og gerði grein fyrir fjölmörgum athugasemdum sem fram höfðu komið reyndar á þinginu líka 1990 af hálfu Kvennalistans við málið og í grófum dráttum gengu aðallega út á það að þingmenn Kvennalistans vildu ganga lengra í frv. en hér er gert, varðandi fækkun í bekk, fjölgun tíma o.s.frv. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson taldi að með frv., eins og það var orðið í vetur, væri mjög víða komið til móts við gagnrýnina sem kom fram 1990. Aðalgagnrýni hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar á frv. 1990 var sú að þar væri í raun og veru ekki gert ráð fyrir nægilega miklu samstarfi við sveitarfélögin og þess vegna var ákveðið í þessu frv., eins og það liggur fyrir hér, að gera ráð fyrir mjög ítarlegu samráðsferli við sveitarfélögin. Og af hverju er það gert? Það er vegna þess að þetta frv., ef að lögum verður, er óframkvæmanlegt nema í samvinnu við sveitarfélögin. Það er ekki hægt að framkvæma mál af þessu tagi nema í samvinnu við sveitarfélögin í landinu.

Þetta mál kemur svo til hv. Nd. á nýjan leik fyrir fimm vikum eða svo og er þar í meðferð í einar þrjár vikur til umræðu. Málið kemur óðara hingað í þessa deild. Og auðvitað er það þannig að þingmenn í þessari virðulegu deild, sem vilja vanda sín vinnubrögð, kvarta undan því að málið skuli koma svona hingað inn í þessa deild og það er ekkert sérkennilegt við það í sjálfu sér. Staðreyndin er sú að þetta leiðir náttúrlega hugann að öðru máli, sem verður væntanlega á dagskrá hér einhvern tíma áður en þinginu verður slitið, sem er breyting á stjórnarskránni í þá veru að Alþingi verði sameinað í eina málstofu. Þetta eru satt að segja ein af fáum rökum sem ég sé fyrir því að sameina þingið í eina málstofu að það tryggi betri samfellu í meðferð mála hér í þinginu en nú er um að ræða.

En ég er að flytja þessi orð hér til þess að skýra þann vanda sem einn ráðherra er í í þessu efni, hvort sem það er ég eða einhverjir aðrir, og gerist aftur og aftur og er satt að segja engum til sóma.

Varðandi þær athugasemdir sem fram komu hjá hv. þm. Halldóri Blöndal vil ég fyrst segja það að hann sagði að vorið 1974 hefði verið djúpur ágreiningur um grunnskólafrv. Ég held, hv. þm., að í rauninni hafi ágreiningurinn ekki verið eins djúpur og menn vildu vera láta um skólann sem slíkan. Vandinn var sá að grunnskólafrv. vorið 1974 varð að nokkru leyti bitbein annarra pólitískra átaka sem stóðu hér yfir í þinginu í apríl og maí 1974. Ég gæti rökstutt það nánar en ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Halldór Blöndal þekki það nægilega vel þegar af þessari ábendingu. En í þeim umræðum kom m.a. fram, eins og hann sagði, talsverður ágreiningur um skipan skólamála í Reykjavík og það hefur lengi verið deiluefni hér í þinginu hvernig ætti að skipa skólamálum í Reykjavík. Ég er þeirrar skoðunar sem íbúi í Reykjavík og foreldri í Reykjavík og kennari í Reykjavík um árabil að það væri betra að skipta Reykjavík upp í skólahverfi, betra en að Reykjavík öll, 95 þúsund manna byggðarlag, væri eitt skólahverfi. Ég tel það betra frá skólapólitísku sjónarmiði séð.

Mér er það hins vegar ljóst að það er gagnrýnivert og ástæða til þess að það heyrist gagnrýni um það frá borgarstjórn Reykjavíkur að Alþingi vilji, í blóra við borgarstjórn Reykjavíkur, breyta skólahverfaskipan hér í þessu skólaumdæmi. Ég tel að það sé gagnrýnivert út frá lýðræðislegu sjónarmiði. Ég tek undir það sjónarmið að það er eðlilegast að borgin ákveði þessa hluti sjálf. Ég tel að það sé heppilegast og umfram allt heppilegast þó að ríki og Reykjavíkurborg komi sér saman um það hvernig þessum málum er skipað hér í þessu stærsta skólahverfi landsins. Ég tel reyndar að framkvæmd skólamála í þessu stærsta skólahverfi landsins sé með þeim hætti að þar þurfi að vera sem best samráð á milli aðila. Ég segi þess vegna fyrir mig að ef það gæti orðið til þess að greiða fyrir eðlilegri lendingu í þessu máli nú, þá er ég tilbúinn til þess að skoða þennan skólahverfaþátt í grunnskólafrv. alveg sérstaklega.

Í öðru lagi spurði hv. þm. Halldór Blöndal: Hvað þýðir „heildstæður"? Heildstæður þýðir skóli sem er fyrir nemendur í fyrsta til tíunda bekk en í frv. stendur að það skuli stefna að því að hafa skólann heildstæðan. Það útilokar ekki að skólinn sé ekki heildstæður. Ástæðan til þess að menntmrn. er nefnt þarna til sögunnar er ekki miðstjórnartilhneiging, heldur fyrst og fremst það að ráðuneytið verður auðvitað að tryggja að það geti borgað með eðlilegum hætti kaup fyrir þá kennslu sem innt er af hendi í skólunum, hvort sem þeir eru heildstæðir eða ekki heildstæðir.

Varðandi það að fræðslustjórar séu ríkisstarfsmenn, þá er ég algerlega sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um það að það fyrirkomulag sem gildir í þeim efnum er fullkomið álitamál. Ég bendi á að mörg ákvæði um skóla í verkaskiptalögunum eins og þau voru samþykkt 1989 eru fullkomið álitamál, eins og ég rakti rækilega hér í ræðu minni þegar verkaskiptalögin voru samþykkt á sínum tíma, en ákvæðið hér um fræðslustjórana er nákvæmlega upp úr verkaskiptalögunum. Og í þessu frv. eru verkaskiptalögin þrædd alveg 100%, með einni undantekningu þó, þar sem kveðið er á um skólamáltíðir. Það er ákvæði sem var bætt inn í Nd. en var ekki í frv. eins og ég lagði það fyrir, ekki vegna þess að ég teldi ekki að það ættu að vera skólamáltíðir, heldur vegna þess að ég taldi að ríkið eigi í þessum efnum að þræða verkaskiptalögin og semja síðan við sveitarfélögin um umbætur á ýmsu sviði eins og ítarlega kemur fram í þessu frv.

Varðandi ýmis önnur atriði sem fram komu í máli hv. þm. Halldórs Blöndals, þá tel ég út af fyrir sig að ég hafi svarað því með aðdraganda málsins þegar. Mál-

ið er í raun og veru í þriðja sinn hér til meðferðar. Ég get þó svarað því alveg sérstaklega sem hann nefndi um það að núv. ráðherra gæti fengið reisupassann. Það er út af fyrir sig alveg rétt að það getur vel verið að hann fái reisupassa. Hins vegar er það ljóst að menntmrh., hver sem hann er, er ekki einasta skylt að hugsa um það hvernig hann sjálfur stendur í verkum af þessu tagi heldur verður auðvitað að tryggja ákveðna samfellu í verkunum. Ég tel að frv. eins og það lítur út núna geti í raun og veru náð því að vera sæmilegur samnefnari fyrir viðhorf fólks í landinu til skólans. Ég get tekið undir margt í þeim efnum sem hv. þm. Halldór Blöndal segir um gagnfræðaprófið, og ég tel við séum þar í verulegum vanda sem birtist ekki fyrst og fremst í grunnskólunum heldur í dag aðallega í framhaldsskólunum sem núna standa frammi fyrir nýjum verkefnum og erfiðari en nokkru sinni fyrr vegna þess að þeim er ætlað hlutverk sem þeir höfðu ekki áður verið búnir undir að taka við. Gæti ég sagt margt fleira um það ef tími væri til.

Ég er einnig sammála hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur um sama efni. Þegar hún víkur að 25 stundum á viku, sem nægi ekki fyrir yngri bekkina eins og hér er gert ráð fyrir, þá bendi ég henni á að hér er í raun og veru ekki verið að tala um almenna viðmiðun heldur lágmark og það er breytingin frá gildandi lögum. Í gildandi lögum stendur að börnin skuli fá sem næst þennan og þennan tíma. En í þessu frv. er sagt: Þetta er lágmark. Og við erum núna, samkvæmt þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar í ráðuneytinu að undanförnu, komin með neðstu bekkina upp í 23 tíma og bætum við einum tíma í haust. Ég tel auðvitað að stefnan eigi að vera sú sem fram kemur í skólastefnu okkar, að við séum þarna með 30–35 tíma fyrir litlu krakkana á viku í viðveru í skólanum, hvaða innihald svo sem við kunnum að gefa orðinu viðvera sem gæti verið efni í frekari umræður við tækifæri.

Ég tek svo algerlega undir þær áherslur sem fram komu í máli hv. þm. Salome Þorkelsdóttur um foreldrasamstarfið, bendi á að það er gert ráð fyrir því að foreldrarnir eigi áheyrnarfulltrúa í skólanefndunum alls staðar, sem er mjög mikilvægt atriði. Ég tek einnig undir það að skólinn er orðinn fyrir löngu ein meginstoð uppeldismála í þessu landi og því miður er það í raun og veru þannig að það er ekki lengur aðeins skólinn og heimilið. Ef það væri svo þá væri það einfaldara. Staðreyndin er sú að þeir sem eru meginábrifavaldarnir um uppeldi barnanna okkar eru þrír í dag. Það er skólinn, það er heimilið og það eru fjölmiðlarnir. Því megum við ekki gleyma.

Ég vænti þess að ég hafi svarað hér þeim spurningum sem fram komu og þakka fyrir ágætar og gagnlegar umræður um þetta mál.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það eru svo miklir snúningar á þessum síðustu dögum að maður nær ekki alveg sambandi við hvert mál sem maður er að íhuga. Það hafði dottið úr mér að ákvæðið um málsverði á skólatíma — eða ekki dottið úr mér, ég hafði ekki tekið eftir því að ákvæðið hafði einungis verið í frv. til grunnskólalaga eftir 2. umr. í Nd. (**Menntmrh.:** Já, það var ekki í upphaflega frv.) Þess vegna var ég þegar ég talaði áður um það að nú væri endurflutt mál sem hefði verið brosað eða hlegið að fyrir einu eða tveimur árum, þá var ég einmitt að tala um það mál.

Ég hef beðið um það að fá í hendur allar þær umsagnir sem lágu fyrir í menntmn. Nd., herra forseti. Og það er hvergi að sjá í gögnum þeirrar nefndar um hvaða fjárhæðir við erum að tala í sambandi við það að gera öllum grunnskólum skylt að gefa nemendum sínum kost á málsverði á skólatíma. Ég veit að sums staðar úti á landi er þetta viðtekin venja, en okkur er kunnugt um það báðum, mér og hæstv. menntmrh., að hér í Reykjavík hefur gengið á ýmsu hvernig tekist hefur um framkvæmd þess að gefa börnum og unglingum kost á að fá eitthvað að snæða í skólunum sjálfum og það hafa verið mismunandi skoðanir uppi um það meðal foreldrafélaga í skólum hvernig rétt sé að halda á þessu máli.

Ég get auðvitað skilið að það sé ekki erfitt fyrir menn að rétta höndina upp með tillögu af þessu tagi ef þeir hinir sömu þurfa ekki að leggja fram neinar tillögur um það hvernig eigi að standa að því að velja málsverðinn og hverjir eigi að greiða rekstur þess að nemendur eigi kost á málsverði. Það er auðvitað líka álitaefni hvað átt sé við með því í lögum að tala um málsverð. Þetta atriði hlýtur því auðvitað að koma mjög til álita. Og þegar rætt er um samráð við sveitarfélög og rætt er um að þau hafi fengið frv. til umsagnar, þá er það auðvitað án þessa mikilsverða ákvæðis og nauðsynlegt að taka málið upp á nýjum grundvelli af þeim sökum, herra forseti. Ég veit að formaður menntmn. mun sjá til þess að þær upplýsingar sem lágu fyrir í þinginu fyrir einu eða tveimur árum þegar þetta mál var hér síðast til umræðu verði nú dregnar fram á nýjan leik og nefndin eigi kost á því að fá upplýsingar um hvernig ástandið er í einstökum skólaumdæmum og skólum varðandi þetta sérstaka atriði.

Ég vil líka segja að það sé einfalt mál að fullyrða að skólar eigi að vera einsetnir, en á hinn bóginn vitum við að það er auðveldara að setja fram kröfuna um að byggja skóla en að gæta hófs í opinberri fjárfestingu. Við sitjum nú uppi með skólabyggingar víðs vegar um landið, bæði í þéttbýli og dreifbýli, sem okkur er alveg ljóst hvað við ætlum við að gera. Þessi mál eru auðvitað ekki einföld, en sjálfsagt að ræða þetta við fulltrúa sveitarfélaga í menntmn. og heyra hvaða skoðun þeir hafa á þessu. Nú má vera að þetta mál sé ekki eins erfitt og ég er að gefa í skyn og væri fróðlegt að fá að vita hvernig hæstv. ráðherra metur 3. mgr. 4. gr.: „Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.“ Telur hæstv. menntmrh. að í þessu felist að löggjafinn ætlist til þess að nemendur greiði málsverðinn fullu verði? Skilur menntmrh. þetta svo að ríkisvaldið greiði t.d. laun þeirra sem framreiða matinn eða telur hæstv. menntmrh. að sveitarfélögin eigi að greiða þennan málsverð að fullu? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvernig hann horfir á það mál.

Ég vil líka ítreka það sem ég sagði áðan að ég er fullkomlega andvígur því að stefnt skuli að því að hver grunnskóli sé heildstæður. Hæstv. menntmrh. vék að því örfáum orðum en efnislega gat hann ekki fært rök fyrir því að rétt væri að leggja niður skóla á borð við Lindargötuskólann, eins og hann var rekinn af Jóni Gissurarsyni á sínum tíma, eigi að leggja niður Ísaksskóla í Reykjavík, eigi að stefna að því að litlu börnin í Bárðardal eigi að fara að Stóru-Tjarnaskóla. Nú getur hæstv. menntmrh. náttúrlega sagt við mig að þegar við tölum um hinar dreifðu byggðir, þá séu ástæður sérstakar og ekki ástæða til að rugla því saman. Það geti verið hagkvæmt úti á landi að reka smærri skólaeiningar sem ekki taki til allra tíu bekkjardeildanna. Svo er t.d. um Hrísey. Ég geri ráð fyrir því að ýmsir kennarar í efstu bekkjum grunnskóla geti verið þeirrar skoðunar að það sé alls ekki heppilegt að allir tíu bekkirnir séu endilega í sama skólahúsinu, í sama skólanum. Heppilegra sé að skipta skólanum t.d. við þrettán, fjórtán ára aldur. Reynslan hafi sýnt að hinir gömlu gagnfræðaskólar áttu rétt á sér og þess vegna sé það beinlínis röng skólastefna að allur grunnskólinn skuli rekinn í sömu húsakynnum. Ég held að ég geti fært fyrir því mjög skýr rök, jafnvel þar sem fjölmenni er mikið. Það er alveg augljóst þar sem skólar eru á mörkum þess að hægt sé að reka þá, samkvæmt kaflanum um lágmarksaldur í hverri bekkjardeild. Á afskekktum stöðum er auðvitað mjög hæpið að eðlilegt sé að halda úti 9. og 10. bekk ef torvelt er að fá kennara með réttindi sem geti látið í té þá fræðslu sem nauðsynleg er, t.d. í þungum námsgreinum eins og erlendum tungumálum, stærðfræði o.s.frv. Því held ég að 2. mgr. 3. gr.: „Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn", verði að hverfa. Við getum stefnt að því að skólar séu einsetnir, en við getum ekki haft það fyrir skólastefnu að grunnskólinn sé heildstæður.

Ég skal svo ekki, herra forseti, fara um þetta fleiri orðum. Ef tími vinnst til — auðvitað geri ég mér ekki grein fyrir því hvenær hæstv. ríkisstjórn hyggst ljúka þessu þinghaldi. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvaða mál það eru helst sem einstakir ráðherrar kjósa að velja fyrir kappræður á hinum pólitíska vettvangi. Það voru vaxtamálin í gærkvöldi. Ég veit ekki hvenær ráðherrarnir taka næstu kappræðu og fara að tefja umræður og þingstörf, en ég geri á hinn bóginn ráð fyrir því að við í þessari deild höfum nú tímann til hádegis á morgun og síðan á að ljúka þinghaldi á föstudag. Deilur ráðherranna hafa þegar valdið því að kvöldið í kvöld fer í umræður í Sþ. og má guð einn vita nema þeir stjórnarsinnar verði svo örþreyttir á morgun að gripið verði til þess ráðs að fella niður nefndarfundi í fyrramálið þar sem rétt þyki að svona sæmilega vel sofnir menn gangi til þeirra mikilvægu verkefna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 849, brtt. 899.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það hafa verið nokkrar umræður bæði í þingsölum og hliðarherbergjum vegna þessa máls og að gefnu tilefni tel ég nauðsynlegt að láta það koma fram að mér finnst mjög mikilvægt að það frv. sem hér er til umfjöllunar verði afgreitt. Það má ekki skilja mín orð eða tillögur á þann veg að ég sé að leggja stein í götu þessa frv. sem hér er til umfjöllunar og ég vildi láta það koma hér fram til þess að forðast misskilning að ég tel mikilvægt að þetta frv. verði afgreitt.

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ef ég hef skilið rétt, þá er hugmyndin að afgreiða þetta dagskrármál um sjóðshappdrætti núna. Ég heyrði það á orðum hæstv. fjmrh. að hann telur mikilvægt að þetta sjóðshappdrætti verði samþykkt þrátt fyrir að búið sé að leysa málið um þyrlukaupin með því að inn í lánsfjárlög kemur heimild til lántöku á þessu ári um allt að 100 millj. kr. sem er talið að dugi til þess að festa kaup á þyrlunni.

Við hv. 3. þm. Reykv. sem eigum sæti í hv. allshn. höfðum lýst því í nál. að við sætum hjá við afgreiðslu þessa frv. við 2. umr., sem við og gerðum, en nú teljum við að málið sé leyst með því að tryggt er að þessi lántaka kemur í gegnum lánsfjárlögin. Þess vegna finnst okkur fráleitt að ríkið fari að reka slíkt sjóðshappdrætti í samkeppni við þau frjálsu félagasamtök sem telja sig hafa þörf fyrir að nýta happdrættismarkaðinn sem ég og fleiri telja að sé orðinn ofmettaður. Og reyndar hafa þeir sem reka happdrætti, eins og hér hefur margsinnis komið fram í umræðum, lýst því yfir að þeir hafi miklar áhyggjur af því og m.a. orðið fyrir miklu tapi á happdrættinu. Þess vegna munum við nú greiða atkvæði gegn þessu frv.

Mér þykir það miður að komið skuli hafa til slíkrar afgreiðslu vegna þess að þyrlukaupin í sjálfu sér eru gott mál. Það er búið að leysa það með góðu samkomulagi í gegnum lánsfjárlögin og þess vegna sé ég engan tilgang með því að efna til þessarar umræðu nú. En ég vildi sem sagt lýsa því að við höfum skipt um skoðun að því leyti að það er komin upp ný staða. Við munum greiða atkvæði gegn því að verið sé að þjóðnýta slíkan tekjustofn með því að setja á stofn sjóðshappdrætti sem ríkið ætlar að reka.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það vildi svo til, meðan ég var að sinna öðrum störfum hér í deildinni, á meðan haldinn var fundur í menntmn. hér í hliðarherbergi, að hæstv. fjmrh. gaf yfirlýsingu sem varðaði það frv. sem hér er til umræðu. Jafnframt vísaði sá þingmaður sem hér tók til máls, hv. 6. þm. Reykn., til sérstaks samkomulags sem gert hefði verið í fjh.- og viðskn. Nd. varðandi

það mál sem hér er til umræðu. Nú tel ég mjög nauðsynlegt að fá heimildir fyrir því sem hæstv. ráðherra hafði um þetta mál að segja hér í deildinni á meðan ég sat fund menntmn. þegar hann allt í einu hljóp upp í stólinn og gaf, að því er mér skilst, yfirlýsingu um að þetta mál ætti að halda áfram sem er gagnstætt því sem látið hefur verið í veðri vaka af ríkisstjórninni fram að þessu. Ég segi nú ekki að ríkisstjórnin skipti jafnoft um skoðun og hæstv. forseti Sþ., á hálftíma fresti, en hún er stundum furðufljót í vendingum samt, ríkisstjórnin. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort dreift hafi verið brtt. frá hv. fjh.- og viðskn. Nd. um lánsfjárlög. Það er alveg útilokað að fjalla áfram um þetta mál áður en hægt er að fá upplýsingar um það samkomulag sem gert kann að hafa verið í fjh.- og viðskn. Eftir einhverjum orðrómi sem hefur strokist hér um veggi skilst manni að ætlast sé til þess að veitt sé heimild fyrir erlendri lántöku en á hinn bóginn er í fjárlögum veitt heimild fyrir innlendri lántöku sem gerir það kleift að festa kaup á þyrlunni.

Jafnframt skilst mér að hér liggi fyrir brtt. frá flokksbróður fjmrh. Ég veit ekki hvort búið er að draga þá tillögu til baka um sérstakan eignarskattsviðauka við þetta frv. Ég verð að fara fram á það að þingmenn fái að setja sig inn í allan þennan hringlanda sem er í málinu áður en umræður halda áfram. Það er í fyrsta lagi: Hvers eðlis er það samkomulag sem gert hefur verið í fjh.- og viðskn.? Hvar eru þau þingskjöl sem að því lúta? Það er ógerningur að ræða um málið fyrr en þau liggja fyrir. Í öðru lagi vil ég spyrja, til að flýta fyrir hæstv. forseta, hvort sá þingmaður sem nú gengur út hafi dregið sína brtt. um eignarskatt til baka sem hann flutti um þetta frv. — Hann hefur ekki gert það. Þá sé ég ekki betur en fyrirsögn frv. sé röng því að þá hlýtur frv. að heita frumvarp um þyrlukaup og eignarskattsviðauka, væntanlega, eignarskattsviðauka Alþb. — genitivus definitivus heitir það á góðu máli. Og svo vil ég fá að vita sem sagt efni ræðu fjmrh. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti vill fresta umræðunni eða hvort hann kýs heldur að ná í hæstv. fjmrh. svo hægt sé að leggja fyrir hann einfaldar spurningar nú við umræðuna.

Síðast þegar málið var hér til umræðu gaf hæstv. fjmrh. yfirlýsingar. Síðan dreifði hann hér grænni bók sem gaf ranga hugmynd af fjárhag ríkisins á árinu 1990. Núna hleypur hann upp í ræðustól meðan ýmsir deildarmenn sitja hér í hliðarherbergi á fundi í menntmn. deildarinnar, rokinn með það sama. Ég veit ekki hvað hann er að gera illt af sér annars staðar nú einmitt á þessari stundu, hvort hægt væri að fá hann — hann er erfiður til svara þó að hann sé viðstaddur, en ég er hræddur um að hann verði enn þá þyngri undir fæti ef hann er víðs fjarri. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti getur lánað mér tillögu hv. þm. um eignarskattsviðaukann, ef forseti vill að ég tali áfram.

Nú var ég fjarverandi 2. umr. málsins, þetta er 3. umr. Og ber svo að skilja að þessi tillaga hafi verið samþykkt við 2. umr.? (Gripið fram í.) Ekki nei, lögð fram við þriðju.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Skúla Alexandersson hvaða almennu markmið hann hafi haft í huga með því að ákvarða að eignarskatturinn, þessi sérstaki eignarskattsviðauki, skuli vera 0,07% af eignarskattsstofni. Hv. þm. leggur til að þessi skattlagning skuli standa í fjögur ár, 1991–1994 að báðum árum meðtöldum. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvað hann býst við að þessir skattpeningar dugi langt í kaupverð þyrlunnar, hvað hann hafi í huga með því.

Nú er það svo að þegar hæstv. menntmrh. sem nú er var húsnæðisráðherra, þetta hef ég oft rifjað upp, var búið að brjóta niður fjárhag byggingarsjóðanna, bæði Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Það varð fyrsta verk okkar sjálfstæðismanna þegar við komum í ríkisstjórn að rétta við fjárhag þessara sjóða. Það höfðum við áður gert eftir að Magnús Magnússon hætti að vera húsnæðisráðherra og það kemur nú í hlut okkar að gera það á nýjan leik eftir að Jóhanna Sigurðardóttir hættir að vera húsnæðisráðherra. Í þessi þrjú skipti sem við höfum verið utan ríkisstjórnar hin síðustu ár hafa vinstri stjórnir ævinlega skilið þannig við að fjárhagur byggingarsjóðanna hefur verið brotinn niður.

Þegar Svavar Gestsson var síðast húsnæðisráðherra stóð svo á að erlent lánsfé var tekið af ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens til þess að standa undir húsbyggingum Íslendinga. Hinn innlendi sparnaður dugði ekki til þess. Svo bágborið var ástandið. Þetta voru afleiðingar af því hvernig skilið var við sjóðina 1983. Svona bágborið var nú ástandið á þeim tíma sem þá var raun og þó voru lánin til húsbygginga ekki hærri en svo á þeim tíma, hæstv. menntmrh., að eftir að húsnæðislánin höfðu verið að fullu greidd húsbyggjendum var talið að lánsfjárhæðin væri í kringum 11–12% af nýbyggingum. Þvílík var verðbólgan á þeim árum og verðmæti lánanna ekki meira en þetta. Síðan hefur það verið í umræðunni alla daga, ef hæstv. menntmrh. vill að við höldum þessu áfram, hvernig hægt sé að koma til móts við það fólk sem byggði eða eignaðist eigið húsnæði á þessum árum eftir að Alþb. og Framsfl. og Alþfl. beittu sér fyrir því að full verðtrygging yrði tekin upp á húsnæðislánum, samþykktu það hér í þinginu. Þegar kom til þess á árunum 1984 og fram úr, í minnkandi kaupmætti, að fólk hætti að standa skil á sínum lánum varð til mjög harður þrýstihópur þess unga fólks sem hafði fest kaup á húsnæði á þeim tíma þegar hæstv. menntmrh. var húsnæðisráðherra. Ég get haldið þessari ræðu minni lengur áfram ef hæstv. menntmrh. vill. Það var ekki út af því sem ég var að minnast á þetta heldur hinu að á þeim tíma beittum við Þorsteinn Pálsson okkur fyrir því að tekinn yrði upp sérstakur eignarskattsauki. Honum var varið til þess að koma nýju fé inn í Byggingarsjóð ríkisins og sá skattur var tímabundinn. Þegar okkur hafði tekist með þessum hætti að rétta við fjárhag byggingarsjóðanna og búið var að byggja upp innlendan sparnað á nýjan leik þannig að ekki þurfti að leita út fyrir landsteinana til að afla fjár til íbúðabygginga, þá beitti þáv. hæstv. menntmrh. sér fyrir því að þessi sérstaki eignarskattsauki yrði ekki lagður niður, heldur yrði ákveðið að hann skyldi um takmarkaðan tíma renna til

þess að Alþingi og þjóðin í gegnum Alþingi gæti staðið við þjóðargjöfina svonefndu sem forseti Alþingis eða forsrh., sennilega forsrh., lýsti yfir á Þingvöllum 1974 að yrði gefin þjóðinni, með öðrum orðum Þjóðarbókhlaðan.

Það gerðist síðan þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var við völd, herra forseti, að tekið var erlent lán til þess að reyna að standa við fyrirheitin um þjóðargjöfina. Ég greiddi atkvæði gegn því hér á Alþingi að við tækjum erlent lán til þjóðargjafarinnar. Síðan gerðist það að Sverrir Hermannsson beitti sér fyrir því að þessi sérstaki eignarskattsauki gengi til þess að ljúka við þjóðargjöfina. Alþingi hefur gengið illa að standa við það. Enn er þjóðargjöfinni ólokið, hún hefur ekki verið færð þjóðinni. Húsið stendur vestur á Melum, suður við Háskóla, og hefur ekki enn verið tekið í notkun. Síðan beitti hæstv. menntmrh. sem nú er sér fyrir því að þessi eignarskattsauki skyldi haldast og færði út þau verkefni sem hann átti að standa undir.

Það frv. sem hér er flutt fjallar auðvitað um að auka skattheimtu í landinu. Það er í samræmi við þá tilhneigingu vinstri manna að setja sér engar skorður með skattheimtuna. Því er velt fyrir sér, þetta er nú gott og þetta er nú gott og þetta er nú gott, mikið er ánægjulegt ef við getum fengið nýja björgunarþyrlu af dýrustu gerð. Mér er sagt, herra forseti, að einhver þingmaður í Nd. hafi haft orð á því um daginn að það væri rétt að kaupa aðra þyrlu í leiðinni. Í þessari deild eru menn að velta fyrir sér einni þyrlu og það er svo mikið haft við að aflað er lánsfjárheimildar. Auðvitað er ekki króna eftir þegar fjárlög eru afgreidd til þess að setja sjálfsaflafé þjóðarinnar í björgunartæki fyrir sjómenn, þó væri. Auðvitað hefur siglingaþjóðin og fiskimannaþjóðin ekki efni á því að setja krónu í það. (**Forseti:** Ég þarf að biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni þar sem nú mun hefjast fundur í Sþ. þannig að umræðu um þetta mál er frestað.)

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

69. fundur, miðvikudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Frv. um umboðsmann barna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. 137. mál þessa þings er frv. til laga um embætti umboðsmanns barna. Það er flutt af fulltrúum fimm stjórnmálaflokka sem hér eiga sæti á hinu háa Alþingi og meðal flm. er hæstv. forseti þessarar deildar. Þetta mál hefur verið áður flutt og meðflm. var m.a. hæstv. núv. félmrh. Ætla verður að þessir fulltrúar fimm stjórnmálaflokka hljóti að hafa haft samþykki þingflokka sinna og mætti þess vegna ætla að málið hefði yfirgnæfandi meirihlutafylgi hér á hinu háa Alþingi. Þar er við að bæta að málið hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun úti í þjóðfélaginu og fyrir hv. allshn., sem málið hefur til meðferðar, liggur fjöldi umsagna sem allar sem ein eru jákvæðar. Það er ljóst að einhver þröskuldur er fyrir þessu máli og ég vil þess vegna biðja hæstv. forseta þessarar deildar að sjá svo til að málið verði tekið út úr nefnd þannig að það liggi ljóst fyrir hverjir nefndarmanna það eru sem ekki treysta sér til að fylgja málinu. Ég tel að það sé nauðsynlegt vegna þess að það er alveg ljóst að fyrir þessu máli er mikill áhugi í þjóðfélaginu í kjölfar þeirrar miklu umræðu sem orðið hefur um málefni barna og ég sætti mig ekki við að þetta mál, sem nú er flutt í þriðja sinn, verði eftir í nefndinni án þess að það sé ljóst hverjir hafa hindrað framgang þess. Ég vil mælast til að hæstv. forseti kanni það mál fyrir mig.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér um ræðir er búið að liggja óafgreitt alllengi hjá allshn. Nd. Það hefur verið tekið fyrir á nokkrum fundum, við höfum aflað um það umsagna, kostnaðarumsagna og nýrra umsagna vegna þess að frv. var flutt með nokkrum breytingum. Það er nú þannig að nefndin hefur verið með mörg mál og stór svo að nefndarmenn hafa ekki treyst sér til að afgreiða málið á þeim tíma sem við höfum haft til starfa. Ég hef nú ekki í kollinum hvað hafa komið mörg stjfrv. til nefndarinnar en þau eru afar mörg og stór mál þannig að nokkur þingmannafrv., og þar á meðal þetta, liggja óafgreidd hjá nefndinni og nefndarmenn hafa ekki treyst sér til að afgreiða þau eins vel og skyldi á þeim skamma tíma sem nefndin hefur til starfa.

Ég er einn af meðflm. þessa máls hv. 13. þm. Reykv. Ég hef ekki treyst mér til að taka þetta mál út í ósamkomulagi eða undir því að nefndarmenn hafi ekki haft tíma til að kynna sér það. Það er ástæðan fyrir því að málið liggur hjá nefndinni. Ég vil upplýsa hæstv. forseta Nd. um það að ég er að sjálfsögðu tilbúinn að eiga viðræður við hann um málið ef hann óskar eftir fundi með formanni nefndarinnar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti þakkar hv. 3. þm. Austurl. þessi svör og vonar að þau nægi en mun jafnframt ræða málið nánar við hv. formann allshn.

Mannanöfn, ein umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 898 (sbr. 837), brtt. 917, 918.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um mannanöfn hefur verið hér á ferðinni í nokkuð langan tíma og er nú

komið hér til þessarar hv. deildar í annað sinn. Við meðferð málsins hér í deildinni í síðustu viku voru samþykktar nokkrar brtt. sem ég hafði leyft mér að flytja en hv. Ed. hefur breytt tveimur þeirra í það fyrra horf sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir. Þar er um að ræða annars vegar spurninguna um það hvort mönnum skuli heimilt að taka upp svokallað millinafn, jafnvel þótt slíkt millinafn fái ekki staðist sem sjálfstætt eiginnafn að dómi mannanafnanefndar.

Hitt atriðið sem breytt hefur verið til baka og máli skiptir er það að Ed. hefur á nýjan leik sett inn í frv. þá skyldu íslensks aðila, sem hefur búið erlendis með íslenskum maka sínum og tekið upp ættarnafn hans á erlendri grund, að fella það ættarnafn eða eftir atvikum kenninafn niður við heimflutning til landsins á nýjan leik.

Ég lýsti þeim skoðunum mínum við umræður um þetta mál að mér fyndist óeðlilegt að gera þá kröfu til t.a.m. íslenskrar konu, sem hefði búið með íslenskum manni sínum erlendis og notað kenninafn hans eða ættarnafn, að hún hætti því þegar viðkomandi hjón flyttu aftur til landsins.

Nú mun það að vísu svo að einmitt þessi framkvæmd er það algenga og íslenskar konur sem tekið hafa upp kenninafn mann síns í útlöndum taka í ríkum mæli aftur upp sitt gamla kenninafn við flutning til landsins.

Mér hefur verið bent á það í samtölum við aðila sem að samningu þessa frv. hafa staðið að auðvelt kynni að vera að fara í kringum það sem fyrir mér vakti með því að flytjast til útlanda um stundarsakir og af því tilefni geti hugsanlega komið upp tilfelli þar sem um mismunun gæti verið að ræða.

Reyndar felur þetta frv. í sér ákveðna mismunun eins og fram kemur í grg. þess þar sem tilteknum einstaklingum er leyft að bera ættarnöfn, þ.e. þeim einstaklingum sem þau bera í dag, en öðrum ekki.

Ég tel að þær aðstæður geti verið fyrir hendi að kona sem tekið hefur upp kenninafn manns síns á erlendri grund og búið þar kannski áratugum saman, telji þetta nafn, þ.e. hennar eigið eiginnafn og kenninafn maka síns, orðið það ríkan þátt í sínum persónuleika að hún vilji ekki hverfa til baka til þeirrar reglu sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel vel hægt að ímynda sér slík tilvik. Reyndar tel ég að í lögum sem þessum eigi að reyna að ná utan um sem flest slík vafa- og jaðartilvik. En á móti hefur verið bent á að kona sem búið hefur með manni sínum á erlendri grund í þrjá mánuði gæti gert kröfu til hins sama.

Mér finnst sem ákvæði af þessu tagi strjúkist óþyrmilega utan í Mannréttindasáttmála Evrópu ef fólki er gert að skyldu að fella niður hluta af nafni sem það lítur hugsanlega á sem ríkan þátt í eigin persónuleika. En hins vegar í ljósi þess að afar ólíklegt er að um þetta verði ágreiningur í reynd og vegna þess að þeir aðilar sem þetta frv. hafa samið af mikilli vandvirkni telja að það ákvæði, sem ég fékk hér brottfellt en Ed. hefur sett inn í frv. á nýjan leik, skipti miklu máli varðandi heildarsamræmi í væntanlegum lögum, þá hef ég nú ákveðið að halda ekki þessari tillögu til streitu þótt ég hafi látið útbýta henni á nýjan leik á þskj. 917 sem liggur hér fyrir.

Að því er síðan varðar spurninguna um millinöfn þá hefur hv. menntmn. Ed. fengið samþykkta í deildinni breytingu sem fellir brott þá heimild sem hér var samþykkt að minni tillögu í síðustu viku með þeim rökstuðningi að millinöfn væru í eðli sínu ættarnöfn, eða réttara sagt ígildi ættarnafns. Ég er ekki sammála þessu. Það má vel vera að svo geti verið í einhverjum tilvikum en ég tel að það sé alls ósannað mál að eitthvert millinafn sem menn taka upp og gefa barni sínu — ég hef nefnt hér nokkur dæmi um slík nöfn — verði endilega og óhjákvæmilega og alltaf ígildi ættarnafns.

Ég hef átt viðræður um þetta mál frá því að breytingarnar voru gerðar í Ed. við þá aðila sem þetta frv. hafa samið og hafa unnið við þessi mál á grundvelli gildandi laga frá 1925, sem eru eins og allir vita óframkvæmanleg, og hafa ekki verið framkvæmd þannig að framkvæmd þessara mála hefur verið mjög í lausu lofti.

Mér er það ljóst, eins og áður hefur komið fram í máli mínu, að setning nýrra laga um þessi efni er skynsamleg. Ég hef ekki hugsað mér að standa í vegi fyrir því að ný lög um þetta efni nái hér fram að ganga. Í ljósi þess rökstuðnings sem fram hefur verið reiddur í mín eyru af hálfu þessara aðila þá sé ég heldur ekki ástæðu til að halda kröfunni til millinafna til streitu, ekki síst vegna þess að í I. kafla frv. og í athugasemd með 1. gr. þess er að því vikið að um þessi svokölluðu millinöfn skuli farið eftir almennum reglum I. kafla laganna um eiginnöfn. Þannig má segja að til þess að greiða fyrir því að þetta frv. nái fram að ganga geti ég hugsað mér að fórna minni hagsmunum sem ég tel vera í þágu hinna meiri og láta kyrrt liggja með þetta ágreiningsefni um millinöfnin. Ég get ekki fallist á þann rökstuðning í einu og öllu að millinöfn séu ígildi ættarnafna, eins og ég hef sagt. Hins vegar hefur mér verið bent á að margháttað ósamræmi kunni að koma upp verði sú heimild inni í lögunum sem deildin var búin að samþykkja og jafnframt að hin fyrirhugaða mannanafnanefnd kynni að verða óstarfhæf ef beinlínis er kveðið á um það í lögunum að heimilt sé að skíra millinafni sem mannanafnanefndin telur ekki geta staðist sem eiginnafn. Þá getur hver og einn sem lendir í ágreiningi við mannanafnanefndina skírskotað til þessarar heimildar og komið sínu máli fram, hversu fáránlegt sem það annars kann að vera, jafnvel þó það bryti í bága við önnur ákvæði laganna eins og það ákvæði sem bannar að skíra stúlku drengjanafni og dreng kvenmannsnafni.

Að öllu þessu athuguðu og í þágu þess að mál þetta nái fram að ganga, sem hefur af hálfu fagaðila fengið mjög rækilegan og vandaðan undirbúning, hef ég hugsað mér og vil láta það koma fram, virðulegur forseti, að brtt. mínar á þskj. 917 eru dregnar til baka. Eftir umræður um þetta mál stendur það eftir að þær skýringar sem fram hafa verið reiddar í einkasamtölum hafa ekki komist nægilega til skila í þeirri kynningu og við þann undirbúning sem málið átti eðlilega að fá.

Ég vek athygli á því að við 2. umr. í Nd. kom fram skýring af hálfu formanns menntmn. á ákvæðinu um dagsektir sem aldrei hafði áður komið fram í umræðum um þetta mál. Og bæði hæstv. menntmrh. og dómsmrh. höfðu í raun lýst sig andvíga ákvæðinu um dagsektir, eins og ég hafði gert og fleiri þingmenn. En með þeim skýringum sem hv. formaður menntmn. gaf á endanum taldi ég unnt að fallast á þetta ákvæði. Það er sennilega vegna þess að hvorki við hæstv. menntmrh. né dómsmrh. erum nógu vel að okkur í lögfræði að við höfðum ekki gert okkur grein fyrir því hvert væri eðli dagsekta í sambandi við mál sem þetta. Og þó ríkisstjórnin gorti af því að það sé enginn lögfræðingur í ríkisstjórninni þá hefði það kannski verið gott í þessu sambandi að hafa einn slíkan innan borðs, a.m.k. til að útrýma misskilningi eins og þessum sem er búinn að taka töluverðan tíma frá umræðum um málið. En auðvitað hefði formaður menntmn. sem hægast getað komið í veg fyrir frekari umræðu um þetta mál ef hann hefði drattast til að gefa þessar skýringar strax við 1. umr., eða einhver annar ábyrgðarmaður málsins.

Sama er auðvitað líka að segja um ástæðurnar fyrir því að meina mönnum að skíra þremur nöfnum. Sú ástæða að Hagstofan telur sig ekki geta tekið á móti nema 31 staf, það sé ekki pláss fyrir nema 31 staf í nöfnum manna, sú skýring kom ekki fram fyrr en hv. formaður menntmn. gerði grein fyrir atkvæði sínu um þetta mál, en hún hefur væntanlega legið fyrir allan tímann og hefði auðvitað átt að vera í athugasemd um 1. gr. þar sem lagt var til að eigi væri heimilt að skíra nema tveimur nöfnum. Þess vegna sýnist mér að umræður um þetta hafi dregist óeðlilega á langinn vegna þess að skýringar, sem þó hafa verið einhvers staðar handhægar og tiltækar, voru ekki reiddar fram þegar fitjað var upp á atriðum sem hefði verið hægt að skýra með viðunandi hætti án frekari tafa.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil endurtaka það að brtt. mínar á þskj. 917 eru dregnar til baka í þágu þess að mál þetta nái fram að ganga og að við fáum hér heildstæða löggjöf um þetta mál, sem ég veit að er ekki eingöngu áhugamál hæstv. menntmrh., heldur allra þeirra sem að þessum málum vinna, hvort sem það er á vettvangi íslenskra fræða og Háskóla Íslands eða á vettvangi framkvæmdaaðilanna, Hagstofunnar og að sjálfsögðu prestanna sem hafa með höndum framkvæmd á þessum lögum að því er varðar almenning.

Að svo mæltu endurtek ég von mína um að málið fái farsæla afgreiðslu.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hef látið dreifa brtt. sem er efnislega svipuð þeirri sem felld var hér á jöfnum atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli í síðustu umræðu en með skýrara orðalagi. Ég hef ákveðið að draga þessa till. til baka, ekki af því að ég sé sannfærð um að réttmæti hennar sé ekki það sem ég tel það vera, því ég tel það raunar vera mjög mikið jafnréttismál að fólk fái að kenna sig bæði til föður og móður. Þetta eru leifar að mínu mati af feðraveldinu að nafnakerfið er eins og það er. Ég dreg till. til baka vegna þess að á það hefur verið bent að breyting á frv. núna geti orðið til þess að stöðva það. Ég vil frekar boða hugsanlegar brtt. í þessa átt síðar meir.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál er nú hér til 8. umr. í þinginu. Það hefur fengið þrjár reglulegar umræður í báðum deildum þingsins og síðan eina aukaumræðu í Ed. og er komið hér á ný til Nd.

Það er satt að segja góður vitnisburður um þessa stofnun, Alþingi, sem ekki fær svo oft mjög góða vitnisburði, hvað þingið hefur í raun og veru vandað sig við það mál sem hér er á ferðinni og látið sig það miklu skipta. Hér er ekki um að ræða hefðbundið pólitískt mál af neinu tagi heldur mál sem snertir vissulega tiltekið grundvallaratriði í þróun íslenskrar tungu. Og um leið og ég segi þetta vil ég þakka hv. 14. og 12. þm. Reykv. fyrir þær ræður sem þau fluttu hér og lýstu því yfir að till. þær sem þau lögðu fram vegna þessarar umræðu væru nú dregnar til baka, fyrst og fremst til að greiða almennt fyrir framgangi málsins, þó að hv. 12. þm. Reykv. áskildi sér og sínum flokki á síðari tíma rétt til að halda til haga þeim sjónarmiðum sem hún gerði grein fyrir.

Um leið er það mjög mikilvægt að láta það koma fram að meðferð millinafna hlýtur að verða samkvæmt almennum reglum um eiginnöfn í frv. þessu ef að lögum verður. Þar með tel ég að þar sé að nokkru komið til móts við þau sjónarmið sem hv. þm. Geir H. Haarde hefur gert grein fyrir með mjög skilmerkilegum hætti. Ég vænti þess að þessi niðurstaða geti orðið til þess að leysa málið og þakka hv. þm. báðum fyrir sanngirni og víðsýni við afgreiðslu þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 917 og 918 kallaðar aftur.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 937).

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 565, n. 851, 883 og 888, brtt. 619, 884, 889.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það var fróðleg upplifun að sitja hér í þingsalnum í gær og hlusta á hina svokölluðu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar kljást út af þessu máli um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. Reyndar var þetta bara fyrra málið á síðasta sólarhring þar sem tveir máttarstólpar í stjórnarsamstarfinu, engir aðrir en hv. þm. Stefán Valgeirsson og Hjörleifur Guttormsson, stóðu upp og höfðu uppi harðvítugan ágreining við bæði forsrh. og aðra fyrirsvarsmenn ríkisstjórnar-

innar út af þessu máli. Hv. þm. Stefán Valgeirsson stóð upp um annað þingmál í gærkvöldi og sagði: Ja, það fór aldrei svo að menn færu ekki að tala um vextina rétt fyrir kosningar, að menn þættust vilja lækka vextina rétt fyrir kosningar. En mér sýnist nú að ýmsir fleiri hafi uppi tilburði í þessu máli til þess að gera sinn fugl fagran fyrir kjósendum ef marka má umræður sem urðu í gær um þetta þingmál. Mér þykir það harla óviðeigandi að þessum umræðum skuli ljúka, ef það er meiningin, án þess að hæstv. utanrrh. svari þeim spurningum sem enginn annar en hv. 2. þm. Austurl. bar fram til hans um það með hvaða hætti þetta frv. um fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri skaraðist við samningana um hið Evrópska efnahagssvæði eða hvert væri það samhengi sem þar væri á milli. Og mér sem óbreyttum stjórnarandstöðuþingmanni þykir það illt ef hæstv. ráðherrar svara ekki ákveðnum grundvallarspurningum frá máttarstólpum í sínu eigin stuðningsmannaliði.

Það frv. sem hér er til meðferðar til 2. umr. snýst um það að gera íslenskt atvinnu- og efnahagslíf ekki bara örlítið líkara því sem gerist í nálægum löndum heldur jafnframt örlítið nútímalegra en það hefur verið. Auðvitað er það rangt sem haldið hefur verið fram af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og Hjörleifi Guttormssyni, að þau ákvæði sem hér eru lögð til geti verið skaðvænleg eða á einhvern hátt hættuleg fyrir íslenskt atvinnulíf. Íslenskt atvinnulíf getur ekki haldið áfram að þróast í einangrun og getur aldrei orðið samkeppnisfært eða skapað almenningi þau lífskjör sem þörf er á ef á að einangra það frá straumum í nálægum löndum, ef það á að einangra efnahagslífið frá því sem er að gerast í öðrum löndum.

Auðvitað er það svo að aukin þátttaka erlendra aðila í innlendum atvinnurekstri getur haft margháttaða hagkvæmni í för með sér og flutt til landsins margvíslega tækniþekkingu, fjármagn og fleira sem við Íslendingar þurfum sárlega á að halda. Því tel ég að þær ræður sem hv. þm. Stefán Valgeirsson og Hjörleifur Guttormsson fluttu í gær séu ræður sem ekki bara hefðu getað heyrst hér fyrir 10 árum síðan heldur kannski ekki síður fyrir 25 árum síðan þegar menn voru í upphafi að deila um samninginn vegna álversins í Straumsvík. Þá var hv. þm. Stefán Valgeirsson að vísu ekki kominn á þing en það var ekki langt í það, mig minnir að hann hafi fyrst komið hér 1967. En hann hefði sem hægast getað flutt þá ræðu sem hann flutti í gær á því ári, 1966 eða 1967. Vissulega er það rétt sem hæstv. forsrh. sagði hér í gær að margt hefur breyst á tíu árum þótt hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi ekki mikið breyst, það voru orð forsrh.

Mér finnst ekki viðeigandi að skilja við þetta mál án þess að utanrrh. sé knúinn svara um þær spurningar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson bar fram. Nú er hann að vísu ekki viðstaddur, hann er kannski að undirbúa sig undir ný átök út af öðru máli. En mér finnst það óviðeigandi að þeim spurningum verði ekki svarað.

Hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson hefur gert grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli. Við leggjumst auðvitað ekki gegn þessu frv., við munum styðja það. Við leggjum fram nokkrar brtt. vegna þess að okkur þykir, ef eitthvað er, þetta frv. ganga of skammt. Málefnaágreiningurinn í þessu máli er ekki milli ríkisstjórnarflokkanna og Sjálfstfl. Hann er innan ríkisstjórnarflokkanna og við Kvennalistann alveg eins og hann er í máli því sem kennt er við nýtt álver, þar er málefnaágreiningurinn nákvæmlega sá sami milli manna, að því er ég best fæ séð, og í þessu máli.

Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sjái sér fært að tala hér. Auðvitað væri æskilegast að það yrði ekki fyrr en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson getur hlýtt á svörin við þeim spurningum sem hann reiddi hér fram.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það var dálítið sérkennileg ræða sem hv. 14. þm. Reykv. flutti hér. Það er auðheyrt að hann er vanur að fara eftir því sem honum er sagt fyrir, hann rekst vel í flokki. Hann er hissa á því að menn, þó þeir hafi stuðlað að því að hæstv. ríkisstjórn komst á laggirnar á sínum tíma, þurfi ekki að elta og samþykkja hvaða mál sem er, jafnvel hvað vitlaust sem það er.

Ég vil aðeins láta hann vita af því að það er sjálfsagt eins með mig og hv. 2. þm. Austurl. að hann hefur sínar sjálfstæðu skoðanir. Þó þær fari ekki alltaf saman við þær skoðanir sem ég hef, þá virði ég skoðanir annarra og ekki síst þeirra sem fara ekki eftir því sem foringjarnir segja á hverjum tíma. Það er eins og hv. 14. þm. Reykv. sjáist alveg yfir það, enda líklega ekki í miklu sambandi við atvinnurekstur, a.m.k. ekki af eigin raun, á Íslandi. Það eru bara allt önnur skilyrði hér, allt aðrar ástæður. Þessi eftirhermuháttur ýmissa stjórnmálamanna, að fara alltaf eftir því sem er í öðrum löndum þó það passi alls ekki fyrir okkar litla þjóðlíf. Það er þetta sem hv. 14. þm. Reykv. þyrfti að reyna að skilja og hætta að fylgja sínum misvitru foringjum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GeirG, GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, HJ, IBA, JóhS, JBH, JK, JónS, KrP, MB, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, SighB, StH, SJS, ÞP, AðB, AS, ÁrnG.

FÞ, HG, KE, MálmS, SV, GGuðbj, AÓB, EH greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (GGÞ, JSS, MÁM, PJ, RA, RH, SP, ÁHE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég hef lýst því hér í umræðunni að nánast sé óframkvæmanlegt að framfylgja þeirri gagnkvæmnisreglu sem stendur í lok greinarinnar. Þrátt fyrir það hef ég ákveðið að bera ekki fram brtt. Ég tel að síðar þurfi að endurskoða þetta ákvæði, en vegna þess

að málið er í sjálfu sér jákvætt, þá segi ég já.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, bæði við 1. og 2. umr. um frv. Ég tel að það viðfangsefni sem hér er fjallað um sé mjög nauðsynlegt og góðra gjalda vert að samræma ákvæði varðandi rétt erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Ég tel hins vegar að í ýmsum greinum sé þar gengið til muna of langt, alveg sérstaklega að því er varðar þjónustustarfsemi og almennan iðnað í landinu þar sem algerlega er opnað fyrir eignarhald og yfirráðarétt útlendinga í þessum vaxandi greinum í okkar þjóðarbúskap. Ýmis önnur atriði í frv. eru til bóta, alveg sérstaklega að því er varðar rétt til eignarhalds í fiskveiðum og í vissum þáttum fiskiðnaðar. Ég mun greiða atkvæði með tilliti til þessa og styðja þær brtt. sem fram hafa verið bornar og horfa til breytinga og bóta á þessu frv. Ég greiði ekki atkvæði um þessa grein frv.

Brtt. 884,1 felld með 22:6 atkv.

Brtt. 889,1 felld með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, IBA, KrP, MB, ÓE, ÞP, FÞ, FrS, GHH.

nei: GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, KE, MálmS, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, SV, StH, SJS, GGuðbj, AðB, AS, AÓB, ÁHE, GeirG, GB, GuðnÁ, ÁrnG.

ÓÞG, EH greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (JSS, MÁM, PJ, RA, RH, SP, GGÞ) fjarstaddir.

Brtt. 889,2 felld með 22:8 atkv.

Brtt. 889,3 felld með 25:8 atkv.

Brtt. 889,4 felld með 21:7 atkv.

Brtt. 884,2 felld með 26:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, HG, KE, MálmS, SV, GGuðbj.

nei: ÁHE, FÞ, FrS, GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, HJ, IBA, JóhS, JBH, JK, JónS, KrP, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, StH, SJS, ÞP, AðB, AS, ÁrnG.

EH, GeirG, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (GGÞ, JSS, MÁM, PJ, RA, RH, SP) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

5.–8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 619 felld með 22:9 atkv.

9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 889,5 felld með 20:8 atkv.

Brtt. 884,3 felld með 27:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, KE, MálmS, SV, GGuðbj, AÓB, GeirG.

nei: GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, HJ, IBA, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KrP, MB, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, SighB, StH, AðB, AS, ÁHE, EH, FÞ, FrS, ÁrnG.

8 þm. (GGÞ, MÁM, PJ, RA, RH, SP, SJS, ÞP) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 18:6 atkv.

11.–13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Lagaákvæði er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 566, n. 852 og 885, brtt. 886.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil hér gera stutta grein fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. vegna frv. til breytinga á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Hér er um að ræða nauðsynlegt fylgifrv. með frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sem er 320. mál Nd. á þskj. 565, og vísast hér með til nefndarálits 1. minni hl. á þskj. 885.

Fyrsti minni hl. telur rétt að takmarka vald ráðherra til að veita undanþágur og leggur til breytingar á 9. gr. og 15. gr. frv. í samræmi við það. — Það á reyndar við bæði þessi frv. að ráðherra eru veittar mjög víðtækar undanþágur og við leggjum til breytingar hér.

Þá telur 1. minni hl. að ekki eigi að opna fyrir heimild til erlendra aðila til reksturs útvarpsstöðva hérlendis og leggur því til að 20. gr. frv. falli brott.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 852 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þetta frv. er fylgifrv. við frv. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sem er 320. mál þingsins og það var rætt samhliða því í nefndinni.

Um umsagnir sem nefndinni bárust í málinu vísast til nefndarálits um 320. mál.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Undir þetta rita Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Páll Pétursson.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. í því máli sem fylgir þessu frv., þ.e. frv. til laga um erlendar fjárfestingar hér á landi, skilar ekki minnihlutaáliti í þessu máli sem hér er til umræðu. Þar sem 2. minni hl. flytur ekki brtt. þótti ástæðulaust að skila nál.

Nú hefur það gerst að mér hefur verið bent á, og reyndar tók ég það fram í framsögu minni í hinu málinu, að ósamræmis gæti í 8. gr. frv. og athugasemdum við 8. gr. frv. Mér sýnist að hér hafi orðið á einhver mistök við gerð frv. og frv. hafi verið þrengt meira en ástæða er til og jafnvel meira en nefndarmenn sem sömdu frv. ætluðust til. Þetta sést vel á því

að í aths. við 8. gr. er gefið í skyn að greinin sjálf sé rýmri og gefi rýmri heimildir en hún gerir í raun og veru. Mér finnst vera full ástæða til þess, virðulegi forseti, af þessum sökum að nefndin sem þarf að hittast innan tíðar fái tækifæri milli 2. og 3. umr. að skoða þetta mál. Ef í ljós kemur að mistök hafi orðið er full ástæða til þess að leiðrétta frv. enda mundi sú leiðrétting vera þá í hátt við það sem fyrri frv. voru og ekki sýnist samkvæmt grg. hafi verið ætlast til þess að efnisatriði breyttust.

Þetta er spurning um það hvort erlendur aðili þurfi leyfi ráðherra til þess að eignast fasteign til notkunar í rekstri sem hann hefur þegar haft heimild til að eiga í eða reka. Það er auðvitað þvert á þá hugmynd sem menn höfðu uppi í þessu sambandi en aðalreglan hefur verið að þeir sem hafi heimild til atvinnureksturs hér á landi hafi einnig heimild til að eiga fasteign sem notuð er í rekstri, en aðeins þurfi leyfi ráðherra, sérstakt leyfi ráðherra, ef um er að ræða fasteign sem er ekki notuð í viðkomandi rekstri.

Ég vil leyfa mér að fara fram á að nefndin fái tækifæri til að skoða þetta eina atriði á milli 2. og 3. umr. Jafnframt hefur mér verið bent á að í því frv. sem til umræðu var næst á undan þessu gæti einnig ósamræmis á milli núgildandi hlutafélagalaga og þess lagafrv. sem þar var á ferðinni, þ.e. lagafrv. um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Það varðar lögheimili meiri hluta stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Samkvæmt hlutafélagalögunum nægir að menn hafi búsetu hér á landi en í lagafrv. sem við vorum að ræða hér fyrr í dag, en 2. umr. fór fram þá, er sett skilyrði um lögheimili. Þessi tvö atriði eru þannig, reyndar ásamt einu í viðbót sem ég hef nefnt líka í mínu máli, þ.e. að ekki er samræmi milli tveggja frv. sem hér eru til umræðu sitt í hvorri deildinni. Annað er lagafrv. um ferðaþjónustu sem nú er til meðferðar í Ed. og hefur þegar fengið afgreiðslu í Nd. Ákvæði í því frv. stangast á við ákvæði í því frv. sem við nú erum að ræða og í umsögn Sambands íslenskra ferðaskrifstofa er þess beiðst að samræmi verði í lagagreinunum, þannig að ég hygg að hv. fjh.- og viðskn. þurfi aðeins að líta á þetta mál og átta sig á því hvort hún vilji leggja til breytingar við þetta frv. eða hvort hún vill senda orðsendingu til þeirrar nefndar sem fjallar um hitt frv. um það að ákvæði í því frv. breytist til samræmis við þetta lagafrv. hér. En í báðum tilvikum er verið að tala um nákvæmlega sama hlutinn, þ.e. hverjir eigi að hafa leyfi til þess að reka ferðaþjónustu hér á landi.

Virðulegi forseti. Í trausti þess að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er formaður fjh.- og viðskn., virði það við mig hve seint þessar athugasemdir koma fram tel ég ekki ástæðu til þess að hafa þessa ræðu lengri, en minni á að sumar umsagnirnar bárust nefndinni ekki fyrr en eftir að málið var tekið úr nefndinni vegna þess að svo mikið lá á þessu máli að áliti stjórnarmeirihlutans.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er nú út af fyrir sig ekki mikið um þetta mál að segja til viðbótar því sem fram hefur komið við fyrra mál, en ég ákvað að láta það gott heita þótt utanrrh. svaraði ekki þeim spurningum sem hér voru upp teknar við hið fyrra mál vegna þess að ég vissi að þetta mál kæmi á dagskrá strax á eftir. Nú ber svo vel í veiði að þeir eru báðir hér í salnum, hæstv. utanrrh. og hv. 2. þm. Austurl., sem í gær bar fram ákveðnar spurningar til hæstv. ráðherra sem lúta að þeim málum báðum sem hér hafa verið á dagskrá, fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri og breytingum á lagaákvæðum þeim tengdum.

Ef ég skildi hv. þm. Hjörleif Guttormsson rétt var hann að segja það í gær að þetta frv., sem hér væri verið að gera að lögum, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, væri skammgóður vermir, ef svo má segja, vegna þess að það mundi hvort eð er verða úrelt og yrði að víkja fyrir þeim samningum sem gerðir yrðu um Evrópskt efnahagssvæði þar eð reglur Evrópubandalagsins mundu ganga fyrir og ryðja þessum nýbreyttu lögum úr vegi. (**HG:** Á því svæði.) Auðvitað á því svæði og að því gefnu að við yrðum aðilar að því svæði.

Hv. 2. þm. Austurl. var með fleiri athugasemdir um þetta mál, sem er nú kannski eðlilegra að hann sjálfur geri grein fyrir, en mér þykir það óviðeigandi eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. bara sitji hér — og hann var hér í salnum þegar þessar athugasemdir komu fram af hálfu hv. þm. — og svari þeim ekki neitt.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns um að óska eftir því að við fáum svör við þeim spurningum sem hér voru bornar fram í gær. Það er ansi hart að sitja undir því að hæstv. utanrrh. skuli ekki svara spurningum hv. þm. E.t.v. segir það ákveðna sögu að hæstv. utanrrh. veigrar sér við að svara þar sem nokkuð ljóst er að hann er ekki sammála því sem fram kom í máli hæstv. forsrh., eða þannig túlka ég hans þögn. Ég vil því taka undir það sem hér hefur komið fram um þá ósk að við fáum svör við þeim áleitnu spurningum sem hér hafa verið fram bornar.

En varðandi það frv. sem hér er til umræðu vildi ég einnig taka undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. um að það þarf að athuga það mál sem hér er til umræðu aðeins betur að því er varðar þær tvær greinar sérstaklega þar sem er ósamræmi á milli þess frv. sem hér er rætt og frv. um ferðaþjónustu sem hefur farið í gegnum þessa deild og er 246. mál og er nú til meðferðar í hv. Ed. Ósamræmið kemur bæði fram í 19. gr. í þessu frv. og 21. gr. Þessu vildi ég vekja athygli á, það er ekki einungis um að ræða að því er varðar ferðaskrifstofur, það er einnig að því er varðar lög um veitinga- og gististaði.

Í 24. gr. í frv. um ferðaþjónustu, eins og það lítur út eftir að það var afgreitt frá Nd., eru ákvæði um það hver leyfi eiga að vera til þess að reka ferðaskrifstofur. En vegna annarra ákvæða í frv. er þessi grein aðeins flóknari þannig að ekki er hægt að taka hana beint upp. Það þarf að aðlaga hana eftir því hvort lögin

verða óbreytt eða hvort frv. sem nú er til meðferðar í Ed., frv. til laga um ferðaþjónustu, verður að lögum. Það skiptir töluverðu máli. (**Forseti:** Nú vill forseti spyrja hv. þm., þar sem komið er að samþykktum þingflokkatíma, hvort hann vilji fresta ræðu sinni og hefja hana á nýjan leik þegar fundur hefst aftur eða hvort þingmaðurinn treystir sér til að ljúka henni á einni mínútu.) Ég á ekki mikið eftir en varla tekst mér að ljúka því á einni mínútu svo ég vil fresta ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég var að benda á það þegar ég þurfti að gera hlé á ræðu minni að það gætti ósamræmis á milli frv. ríkisstjórnarinnar. Ég ætla ekki að nota langan tíma. Ég var að ræða um 19. gr. í 321. málinu og var nánast búin að gera grein fyrir því hvar ósamræmið væri. Í 19. gr. frv. sem við erum nú að ræða segir að til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár. En í frv. er talað um að viðkomandi þurfi að vera búsettur á Íslandi og þurfi að hafa verið það í þrjú ár. Það er því ósamræmi á milli þessara tveggja greina. Þetta er miklu einfaldara að öðru leyti eins og það er í frv. sem er 246. mál. Ég óska þess vegna eftir því að hv. fjh.- og viðskn. líti á þetta atriði á milli umræðna ef það er hægt. Annars get ég auðvitað reynt að koma með brtt. Mér þykir bara eðlilegra að nefndin líti á málið.

Síðan var það 21. gr. frv. Það er heldur flóknara mál að breyta henni vegna þess að ef frv. til laga um ferðaþjónustu, sem er til umræðu í Ed., verður að lögum þarf ekki að gera miklar breytingar en þar er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lögum um ferðaskrifstofur, m.a. eru þær kallaðar ferðamiðlun í staðinn fyrir ferðaskrifstofur og síðan er ferðaskrifstofum skipt niður eftir því hvers konar fyrirtæki um er að ræða, þ.e. það er skilgreind ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi, ferðaumboðssali og svo upplýsinga- og bókunarkerfi fyrirtækja sem reka slíka þjónustu. Þess vegna er ekki hægt að taka beint upp 24. gr. þess frv. þar sem talað er um að leyfi til starfsemi á sviði ferðamiðlunar séu eins og þar segir. Það er þá leyfi fyrir ferðaskrifstofur eða leyfi fyrir ferðaskipuleggjendur en það er ekki gert ráð fyrir að leyfin fyrir hin séu með sama hætti. Þess vegna er miklu flóknara að breyta þessu til samræmis ef annað frv. verður að lögum en ekki hitt. Þess vegna vildi ég að hv. fjh.- og viðskn. liti á þetta atriði á milli 2. og 3. umr. til þess að gætt verði samræmis á milli þessara tveggja frv. sem nú eru til meðferðar á þinginu. Reikna ég með að ríkisstjórnin vilji að bæði frv. verði að lögum og vil ég einnig benda á að við í þessari deild erum búin að afgreiða héðan án mótatkvæða, ef ég man rétt, frv. um ferðaþjónustu.

Þessu vildi ég vekja athygli á, virðulegur forseti, og vona að farið verði að ósk minni varðandi þetta mál.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirra athugasemda sem komið hafa fram um það frv. sem hér er til umræðu mun forseti gera ráðstafanir til þess að hv. fjh.- og viðskn. kanni málið á milli 2. og 3. umr. m.a. vegna athugasemda sem hafa komið fram frá hv. síðasta ræðumanni og hv. 1. þm. Reykv. um nokkrar greinar þessa máls.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint spurningum um það hvernig ákvæði laga, skv. frv. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, kunni að samræmast eða rekast á við samsvarandi meginreglur í væntanlegum EES-samningi. Mér þykir sjálfsagt að reyna að verða við því að svara þessum spurningum. Ég get verið stuttorður um það, vísa m.a. til þess að á dagskrá er umræða um skýrslu utanrrh. um stöðu samningaviðræðna. Í þeirri skýrslu eru þessi mál skýrð auk þess sem þeir sem eiga sæti í hv. utanrmn. og Evrópustefnunefnd þekkja þetta mál harla vel vegna þess að þau hafa þar verið rædd í þaula.

Ég vil af gefnu tilefni taka fram eftirfarandi. Að því er varðar fjárfestingu og rétt til stofnunar fyrirtækja almennt á EES-svæðinu, þá gildir sú almenna regla að réttur til stofnunar fyrirtækja, fjárfestingar og flæði fjármagns skal samkvæmt almennri reglu vera frjálst á svæðinu öllu. Um þetta er fyrst og fremst fjallað á samningssviði 2, um fjármagns- og þjónustuviðskipti, og að nokkru leyti á samningssviði 3, um atvinnu- og búseturéttindi. Þetta segir þó ekki alla söguna.

Ef við lítum á rétt til stofnunar fyrirtækja og fjárfestingar í sjávarútvegi og landbúnaði, þá þarf að taka tvennt fram. Þar sem hin sameiginlega fiskveiðistefna og hin sameiginlega landbúnaðarstefna Evrópubandalagsins er ekki á samningssviði EES, þá eru þær almennu reglur á þessum sviðum heldur ekki á því samningssviði sjálfkrafa. Í annan stað að því er varðar sjávarútveg, þar sem Evrópubandalagið hefur hafnað kröfu EFTA um fríverslun með fiskafurðir, þ.e. samræmdar samkeppnisreglur og afnám ríkisstyrkja og annarra viðskiptatruflandi aðgerða, þá segir það sig jafnframt sjálft að þar með eru hinar almennu reglur um heimild til fjárfestingar, sem er skilyrt samræmdum samkeppnisreglum á vörusviðinu, heldur ekki á dagskrá. Það sem ég hér hef sagt er samningsstaða EFTA í samningunum.

Að því er varðar þriðja málið, nýtingu orkuauðlindarinnar, þá er það ljóst að núverandi skipan mála á Íslandi er í engu ósamræmi við þær reglur sem gilda munu á EES-svæðinu. Það eina sem fyrir okkur liggur er sá vilji að styrkja frekar þá stöðu mála með innlendri löggjöf.

Að því er varðar t.d. banka, þá segir svo í skýrslu minni á bls. 14 um það mál: „Það hefur ekki valdið neinum vandkvæðum að samræma reglur um starfsemi banka, lánastofnana og tryggingafélaga, verðbréfasjóða, flutningafyrirtækja, rekstur fjarskipta og annarrar starfsemi sem fellur undir þennan hóp. Í mörgum tilvikum var samræming þegar hafin, annaðhvort innan OECD, Norðurlanda eða annarra alþjóðastofnana eða þá hreinlega að tekið hefur verið mið af löggjöf nágrannaríkja við endurskoðun löggjafar."

Enn fremur segir um hlut banka á þessu sviði: „Óskað hefur verið eftir nokkurra ára aðlögunartíma fyrir íslenska bankakerfið, en að honum loknum væri stofn-

un og rekstur banka frjáls að uppfylltum almennum EES-reglum á því sviði."

Virðulegi forseti. Með þessum orðum hef ég gert grein fyrir þeim meginatriðum sem hér gilda, almennu reglunni sem gildir á þessu sviði og þeirri staðreynd að þessar samræmdu reglur eru ekki á samningssviðinu að því er varðar sjávarútveg og landbúnað. Á orkusviðinu er núgildandi staða mála hér ekki brot á þeim reglum sem þarna munu gilda. Að því er varðar bankaþjónustu, þá höfum við lýst vilja okkar til þess að fá tímabundna aðlögun. Ég fæ því ekki betur séð en að sú löggjöf sem hér er verið að ræða og afgreiða geti samrýmst því a.m.k. innan þeirra tímamarka sem samið verður um aðlögun. Hitt fer ekki milli mála að þegar aðlögunartímabili væri lokið, þá tækju við á hinu almenna fjármagnsþjónustusviði hinar almennu reglur um fullkomið frelsi samkvæmt grundvallarreglum sem um er verið að semja í EES.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þau viðbrögð sem komu frá hæstv. utanrrh. vegna umræðu sem fór hér fram í gær. Þá lýsti ég viðhorfum til þessa frv. sem er annað mál á dagskrá, þetta er fylgifrv. sem hér er rætt, og gerði athugasemdir við túlkun hæstv. forsrh. á stöðu málsins gagnvart væntanlegum EES-samningum. Ég tel að þær upplýsingar sem hæstv. utanrrh. hefur gefið hér staðfesti þann skilning sem ég hef fengið af skoðun þessara mála og eftir að hafa fylgst með þessum málum um tveggja ára skeið, bæði í utanrmn. og í Evrópustefnunefnd, þ.e. þar sem þessa almennu löggjöf og hugsanlegan EES-samning greinir á, þá eru það EES-reglurnar, lagagrunnur Evrópubandalagsins, sem munu gilda. Um þetta ættu ekki að vera nein tvímæli. Þetta ætti að vera hverjum manni ljóst sem eitthvað hefur kynnt sér þessi mál. Þess vegna er það afar óheppilegt að ekki sé meira sagt að mismunandi túlkanir séu uppi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um slíkt grundvallaratriði og menn séu að flagga því að þessi löggjöf hér veiti einhverja hlíf gagnvart þeim samningum sem ríkisstjórnin er að vinna að með öðrum EFTA-ríkjum við Evrópubandalagið.

Þetta er bara blekkingarleikur, stungið hér inn í umræður til þess að — ég veit ekki hvers vegna. Til þess kannski að skapa Framsfl. einhverja aðra stöðu í þessu máli en fyrir liggur. Er þó ríkisstjórnin undir forsæti Framsfl. og þeir samningar sem hér fara fram eru undir forustu ríkisstjórnar sem Framsfl. leiðir. Það er satt að segja merkilegt ef verið er að gefa þessum afar þýðingarmikla en flókna alþjóðasamningi, sem ríkisstjórnin stendur fyrir, annað inntak og gefa því þeim frumvörpum sem hér eru rædd varðandi fjárfestingu erlendra aðila í atvinnulífi allt aðrar túlkanir en í raun gilda og þær leikreglur sem munu ríkja gagnvart þessu almenna frv. og þeim almennu reglum sem hér er verið að setja annars vegar og hins vegar þeim Evrópubandalagsrétti sem hugmyndin er að lögleiða hér, innri markað Evrópubandalagsins með hinum 1400 samþykktum og þar sem ríkisstjórnin hefur fallið frá undanþágubeiðnunum að mestu leyti og er nú að reyna að verjast með því að byggja einhver ákvæði inn í tiltekna innlenda löggjöf sem ég efast mjög um að standist snúning réttartúlkunum Evrópubandalagsins og þess dómstóls sem verið er að vinna að koma á fót vegna EES-svæðis og muni þannig falla. En það er ekki málið hér. Málið er það bara að það sé alveg ljós staða þessa frv. og fylgifrv. annars vegar gagnvart því verki, sem að er unnið á vegum íslenskra stjórnvalda, að semja um aðild Íslands að innri markaði Evrópubandalagsins í samfloti við önnur EFTA-ríki og myndun þessa svonefna Evrópska efnahagssvæðis.

Ég vildi svo, virðulegur forseti, taka undir þau orð sem hafa komið fram hér frá talsmönnum stjórnarandstöðu, þeim ábendingum frá hv. 1. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv. varðandi þetta frv. og þau frv. sem hér eru rædd varðandi rétt útlendinga í atvinnulífi á Íslandi til fjárfestinga að því er snertir ferðaþjónustu. Það er alveg rétt sem bent hefur verið á. Við höfum afgreitt hér alveg nýlega úr þingdeildinni frv. til laga um ferðaþjónustu sem liggur fyrir í Ed. þingsins þar sem eru ákvæði varðandi réttarstöðu og heimildir til útlendinga til fjárfestinga mun þrengri heldur en fyrir liggja í þessu frv. Það var ríkisstjórninni auðvitað ljóst þegar þetta mál fór hér inn í þingið. Ég tel að þar geti tvennt verið til lausnar. Nú vitum við ekkert hvað verður um þau frv. sem hér eru rædd. Væntanlega verður frv. til laga um ferðaþjónustu samþykkt sem lög frá þinginu. Það er mál sem hefur fengið hér mjög ítarlega meðferð. Verði þetta frv. að lögum, þá geta menn auðvitað tekið *málið upp til samræmingar á* næsta þingi og leyst málið með þeim hætti.

Ég vil hins vegar láta það koma fram hér að viðhorf þeirra aðila í ferðaþjónustu sem rætt var við við undirbúning laga um íslenska ferðaþjónustu voru þau að ganga mun skemmra en fyrir liggur í frv. um ferðaþjónustu varðandi heimildir til útlendinga til reksturs ferðaskrifstofa hér og til þess að koma inn í veitinga- og gistihúsarekstur í landinu. Það voru kröfur um að hafa þetta þrengra í þessum sérlögum um íslenska ferðaþjónustu en er í frv. sem liggur nú fyrir Ed. Það er viðhorf atvinnurekenda í þessari grein að það þurfi að hafa meiri hlíf gagnvart útlöndum en er í frv., að ekki sé talað um þá nánast algeru opnun sem er verið að leggja til samkvæmt þessu frv. Á þetta þurfa menn að líta eftir eðli máls og taka að sjálfsögðu afstöðu til þess. Niðurstaða þeirrar nefndar sem undirbjó frv. til laga um ferðaþjónustu var að taka ekki mið af þessum tillögum. Um það varð sammæli í nefndinni en *auðvitað leysir það ekki vandamál. Ef löggjöfinni er* breytt almennt og gengið lengra, þá verður auðvitað að tryggja í framhaldinu samræmingu á þessum ákvæðum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. sem hér er til umræðu. Það er ljóst að það þarf að líta á það á milli umræðna og ég tel að hv. 1. þm. Norðurl. v. muni verða við þeim óskum, sem hér hafa verið fram lagðar, um að fundur verði haldinn í nefndinni á milli umræðna og þar verði

tekin til meðhöndlunar þau atriði sem bent hefur verið á að þurfi að laga í frv. og skal ég ekki endurtaka þau.

Ástæðan fyrir því að ég kem aftur í ræðustól í þessu máli er sú að ég tel eðlilegt að taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það mál sem við erum hér að afgreiða nú hefur nánast ekkert með samninga okkar, sem hluta af EFTA-heildinni við EB-ríkin um Evrópska efnahagssvæðið, að gera. Öllum er ljóst að ef af slíkum samningum verður og menn munu sjá fyrir endann á innan tíðar og vonir standa til, undir það get ég tekið með hæstv. ráðherra, þá þarf að breyta flestum þeim lögum sem verið er að breyta í því frv. sem hér er til umræðu. Ef hins vegar ekkert verður af samningum um sjávarútvegsmál og sölu sjávarafurða, þá auðvitað getum við einhliða tryggt okkar rétt hvað snertir sjávarútveginn og ekki síst fiskveiðarnar. Það hlýtur að vera alveg ljóst. En um flest önnur atriði sem um verður samið þurfum við að opna mun meira og taka tillit til þeirra reglna sem þegar hafa verið samþykktar eða verið er að samþykkja um þessar mundir á vettvangi Evrópubandalagsins. Og ég hygg að það sé rétt að það séu allt að 1400 reglur og lagatexti upp á þúsundir blaðsíðna sem þá þarf að renna hér í gegnum þingið.

Hæstv. utanrrh. staðfesti þetta reyndar í ræðu sinni áðan og þar með þann skilning, sem ég held að sé réttur, að þessar breytingar sem verið er að gera nú eiga rætur sínar að rekja til starfs sem var hafið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, ríkistjórnar Þorsteins Pálssonar, og hófst með því að Sjálfstfl. beitti sér af alefli fyrir að opna fyrir erlenda fjárfestingu til þess að íslensk fyrirtæki gætu notið áhættufjármagns frá erlendum fjárfestum í stað þess að vera eingöngu upp á lánsfjármagn komin. Við sjálfstæðismenn höfum stutt þessa viðleitni um margra ára skeið og vildum ganga lengra eins og frv. þáv. forsrh., hv. 1. þm. Suðurl., gerði ráð fyrir. Þá stóð þannig á í þinginu að Framsfl., einn stjórnarflokkanna þriggja, lagðist þvert fyrir málinu og neitaði afgreiðslu þess á því þingi. Hins vegar verður að segja Alþfl. það til hróss að hann hafði meiri skilning á þörfum fyrirtækjanna, hafði meiri framtíðarsýn en Framsfl., og kemur það kannski ekkert á óvart í sjálfu sér. Tilraunir framsóknarmanna til að láta í það skína að þeir séu með því frv. sem hér er til umræðu að útbúa einhvers konar varnarlínu fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenska einangrunarsinna gagnvart útlendingum og útlendu afli og það eigi að nota þetta sem eins konar fyrirvara í framhaldi af ræðu hæstv. forsrh. sem hann flutti á sínum tíma, fyrirvararæðunni miklu, þegar samningarnir fóru af stað um Evrópska efnahagssvæðið er einber misskilningur. Þetta mál hefur ekkert með það að gera.

Þetta frv. ásamt því frv. sem var á dagskrá fyrr í dag eru allt annars eðlis. Þau gera ráð fyrir einfaldari lagareglum, lítils háttar opnun á vissum sviðum og samræmingu og er það vissulega til bóta. En því miður virðist það hafa gerst í samstarfi núv. stjórnarflokka að inn í frv. hafa læðst hugmyndir sem eru ekki til bóta og eru frekar afturför ef eitthvað er.

Virðulegi forseti. Þessu taldi ég ástæðu til að koma hér til skila og undirstrika þann skilning sem er þá sameiginlegur með okkur fulltrúum Alþfl. og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni en hann lagði megináherslu á þetta sjónarmið í sinni ræðu hér áðan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.–8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 886,1 felld með 20:6 atkv.

9.–14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 886,2 felld með 24:4 atkv.

15.–19. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 886,3 felld með 28:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÖB, HG, KE, MálmS, GGuðbj.

nei: AS, ÁHE, EH, FÞ, FrS, GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, HJ, IBA, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KrP, MB, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, SighB, StH, ÞP, AðB, ÁrnG.

GeirG greiddi ekki atkvæði.

8 þm. (GGÞ, MÁM, PJ, RA, RH, SP, SV, SJS) fjarstaddir.

20.–28. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 298, n. 874, brtt. 875, 887.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá meiri hl. félmn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félmrh., Einar Jónsson, Braga Kristjánsson og Percy B. Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Pál Gunnlaugsson, formann Reykjavíkurdeildar Búseta, landssambands húsnæðissamvinnufélaga.

Mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Var haft samráð við Húsnæðisstofnun ríkisins um þessar brtt. Þær eru svohljóðandi, hæstv. forseti:

„1. Við 1. gr., j-lið (133. gr.). Greinin orðist svo:

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur, án samþykkis búsetufélags, veðsett íbúðir fyrir lánum úr Byggingarsjóði verkamanna sem tekin eru til byggingar á þeim.

Óheimilt er að veðsetja íbúðirnar fyrr en áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna eru orðin lægri en 75% af uppfærðu verði þeirra, sbr. 87. gr.

Stjórn búsetufélags þarf að samþykkja veðsetningar vegna lána, sem tekin kunna að verða síðar, til endurbóta og viðhalds á fasteignum. Með reglugerð má takmarka þær veðsetningarheimildir.

2. Við 1. gr., o-lið (138. gr.). Við síðari málslið bæt-

ist: samkvæmt reglum um tryggingar sem húsnæðismálastjórn setur, sbr. 2. mgr. 74. gr.

3. Við 1. gr., p-lið (139. gr.). Í stað orðanna „með hliðsjón af 74. gr. þessara laga“ í 2. mgr. komi: sbr. 74. gr.

4. Við 1. gr., q-lið (140. gr.). 2. mgr. orðist svo:

Lánshlutfall má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei hærra en 90% af þeim kostnaðargrundvelli fyrir lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, sbr. 68. gr.

5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.“

Þessar tillögur eru um að ákvæðin verði skýrari varðandi veðsetningu og tryggingar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Þegar þetta frv. var til 1. umr. hér í hv. deild lýsti ég yfir að ég væri frv. fylgjandi, enda kom vart annað til greina þar sem ég hafði látið semja slíkt frv. þegar ég var félmrh. en það fékkst ekki hljómgrunnur fyrir því á hv. Alþingi. Einnig það að þetta frv., sem hefur verið endurskoðað síðan, fellur að þeirri stefnu sem ég hef í þessu máli að veita þessu formi möguleika gegnum húsnæðiskerfið þar sem þetta tengist byggingarsamvinnufélögum.

Hins vegar gat ég ekki stillt mig um að koma hér upp vegna þess að ég er ákaflega óánægður yfir vinnubrögðum formanns hv. félmn. Ég var búinn að lýsa yfir stuðningi við þetta mál og þar af leiðandi var ástæðulaust annað en ég væri á nál. Því miður gat ég ekki verið á þeim fundi þar sem þetta mál var tekið út þar sem ég var á fundi í fjvn., en mér skildist að það hefði verið ætlast til þess að formaður hv. nefndar hefði samband við undirritaðan um þessa afgreiðslu áður en nál. yrði endanlega lagt fram. Það var ekki gert þrátt fyrir það að ég var hér á kvöldfundi frá kl. 9 til kl. 11.15 og hægurinn hjá að hafa samband við mig. Ég tel þetta óeðlileg vinnubrögð en það hefur ekki áhrif á afstöðu mína til frv. Ég mun styðja þetta frv. eins og ég lýsti yfir við 1. umr. málsins.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. 1. þm. Vesturl. ætlar að styðja þetta frv. Það er alveg rétt sem hann hefur sagt að hann studdi frv. um Búseta efnislega en hins vegar hafði hann ekki fengið tækifæri til þess að tjá sig í nefndinni um þær breytingartillögur sem komu fram í nefndinni. Mér finnst hins vegar nokkuð ómaklegt að fá þá gagnrýni á mig sem formann nefndarinnar sem hér kemur fram vegna þess að hv. 1. þm. Vesturl. hefur átt mjög erfitt með að sækja fundi í nefndinni. Hann gat ekki sótt fund í nefndinni á mánudagsmorgun sem boðað var til til að fjalla um þessi mál. Hins vegar er það nú svo að flokkur hv. 1. þm. Vesturl. á tvo fulltrúa í félmn. og tók hinn fulltrúi Framsfl. að sér að koma til skila þeim áformum og uppköstum sem um var að ræða.

Sjálf hafði ég samband við hv. þm. þegar þingflokksfundir byrjuðu þennan dag og hann hafði ekki haft tækifæri til að taka afstöðu eða tjá sig um hvað hann vildi gera í þessum málum og óskaði ég þá eftir að fá afstöðu hans kl. 9 þegar fundir mundu hefjast hér.

Ég var hér sjálf á fundum og hitti ekki hv. 1. þm. Vesturl. Hins vegar fór ég á aukafund hluta kvöldsins og þegar ég leitaði hans síðar var hann nýhorfinn úr húsinu. Það þýðir að við fórumst í raun á mis. Mér finnst að ég hafi gert mitt til þess að ganga eftir afstöðu hans til þeirra þriggja mála sem eru á dagskrá þessa fundar frá félmn. Nd. og ég harma það ef hann hefur ekki fengið tækifæri til að vera með á nefndaráliti, sem hann hafði áhuga á og mundi hafa viljað hafa það öðruvísi, en tel ástæðu til þess að þetta komi fram.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Við hv. þm. Eggert Haukdal sem eigum sæti í félmn. höfum ekki séð ástæðu til þess að skila sérstöku nefndaráliti í þessu máli og munum láta afgreiðslu þess afskiptalausa hér í deildinni þó að það sé a.m.k. skoðun mín, eins og kom fram við 1. umr., að þetta frv. sé í flestum atriðum óþarft vegna þess að hér er verið að fjalla um málefni sem hægast gætu rúmast innan samþykktar viðkomandi félaga og eru í raun og veru einkamál félagsins og félagsmanna þar. Þó má að vísu segja að einstök atriði er lúta að tengslum þessara félaga við Byggingarsjóð verkamanna gætu átt hér heima en þeim hefði auðvitað sem hægast mátt koma fyrir í þeim hluta laganna sem varðar þann sjóð.

Ég mun þess vegna ekki skipta mér af afgreiðslu þessa máls frekar en orðið er og láta það afskiptalaust þótt þetta frv. nái fram að ganga. Ég tel að þó svo þetta frv. sé óþarfi þá valdi það engum sérstökum skaða þó það nái hér fram að ganga. Vitanlega er það svo að þessi félög eru staðreynd og þar er hópur manna sem á nú hagsmuna að gæta vegna framkvæmda sem þessi félög hafa ráðist í og ástæðulaust að leggja stein í götu þeirra fyrst það er vilji viðkomandi að þessi ákvæði nái fram að ganga.

Raunar er mikilvægasta atriðið fyrir þennan félagsskap væntanlega það að geta fengið lán og þau ákvæði eru komin í lög fyrir löngu síðan, fyrir nokkrum árum. En það er samt ástæða til að vekja athygli á því að í gegnum þessi búseturéttarfélög geta menn komist í leiguhúsnæði sem greitt er af opinberu fé, annaðhvort 70% eða 90%, jafnvel þó að þeir séu í töluverðum álnum og eigi þó nokkrar eignir eða hafi jafnvel þó nokkrar tekjur. Það er auðvitað mitt meginsjónarmið varðandi þessi mál að það sé óeðlilegt að leggja fram af ríkisins hálfu stórlega niðurgreitt fjármagn til þess að byggja leiguíbúðir fyrir aðila sem geta bjargað sér sjálfir. Þeir eru að vísu í miklum minni hluta meðal félagsmanna í þessum félagsskap enn sem komið er, hvað sem síðar kann að verða. Aðalatriðið í þessum málum á auðvitað að vera það að menn geti valið sér búsetuform án þess að einu formi sé skipulega hyglt á kostnað annarra.

Í fyrra voru gerðar breytingar á lögum, þessum sömu lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, að því er varðar hið félagslega íbúðakerfi. Þar voru gerðar breytingar á

svokölluðum félagslegum eignaríbúðum, sem eitt sinn voru kallaðar verkamannabústaðaíbúðir, allt þar til að Alþfl. ákvað að það heiti væri ekki nógu gott þó svo að menn hrósi sér af því í Alþýðublaðinu í gær á 75 ára afmæli Alþfl. að það kerfi hafi verið fundið upp af Alþfl. En í þessum breytingum sem gerðar voru í fyrra var skipulega gengið á hlut hinna svokölluðu félagslegu eignaríbúða miðað við þær íbúðir sem hér eru til umræðu. Það var gert með ýmsum hætti, fólki var gert erfiðara fyrir en áður var í sambandi við þau mál. Til að mynda lítið atriði, sem hefur sjálfsagt farið fram hjá flestum, eins og það að fyrningarhlutfall í þessum íbúðum var hækkað úr 1% upp í 1,5% á ári, sem hefur þau áhrif að eignarmyndun þeirra sem þarna eru að reyna að eignast húsnæði verður miklu hægari en ella. Það er vissulega ógeðfellt að lesa síðan þá pistla sem frá hugmyndafræðingum þessa kerfis hafa komið, þessarar nýju skipanar, þar sem beinlínis er hlakkað yfir því hvað eignarmyndun í félagslegu eignaríbúðunum sé núna tiltölulega lítil miðað til að mynda við búseturéttaríbúðir, sem menn eignast nú reyndar aldrei. Þótt menn leggi þar fram ákveðinn hlut í byrjun og borgi síðan sitt leigugjald ár og síð, þá eignast menn engan hlut í íbúðinni, þó þeir geti að vísu fengið endurgreitt það sem þeir hafa lagt fram í upphafi ef þeir kjósa að flytja út aftur.

En það var fleira sem breyttist í fyrra í félagslega íbúðakerfinu en fyrningarhlutfallið. Það voru ýmis fleiri atriði sem breytt var til þess að gera þennan kost óvænni en hann áður var og ófýsilegri en aðra möguleika. Til að mynda var felldur brott sá möguleiki sem áður var í lögum að fólk, sem býr við sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður og á í erfiðleikum með að ráða við útborgun í félagslega íbúðakerfinu, þessi 15% sem þá voru af íbúðarverðinu, gæti fengið skammtímalán, lán til þriggja ára til þess að brúa þetta bil, að hluta eða öllu leyti. Þetta var hugsjón Alþfl. á afmælisárinu í því efni að gera fólki sem býr við erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður mögulegt að eignast íbúðarhúsnæði í verkamannabústöðum. Sú hugsjón birtist í þeirri breytingu sem var gerð í fyrra að fella niður þann möguleika að veita fólki lán til þriggja ára til þess að greiða fyrir því að viðkomandi gæti staðið í skilum með útborgun áður en hið langa lán, 43 ára lán, úr Byggingarsjóði verkamanna kæmi til endurgreiðslu í verulegum mæli. Þá var það sérstök hugsjón Alþfl. að þetta mætti ekki gera. Það mætti alls ekki veita fólki þessi lán. Brtt. sem við fluttum nokkrir í fyrra um að ákvæðið um þessi skammtímalán fengi að halda sér var felld. Auðvitað varð þetta til þess að ákveðinn hópur manna, sem áður átti möguleika á því að eignast íbúð í gegnum félagslega verkamannabústaðakerfið fyrir tilstilli þessara skammtímalána, missti þann möguleika og á þá ekki í önnur hús að venda en hinn almenna leigumarkað eða þann leigumarkað sem er í þessu frv. sem nú er til umræðu, búseturéttarfrumvarpið, sem nýtur sérstakrar velþóknunar um þessar mundir af hálfu ráðandi afla. Niðurstaðan af þessu varð auðvitað sú að það fólk sem sá fram á það að geta komist yfir sína eigin íbúð í verkamannabústaðakerfinu fyrir tilstilli þessa viðbótarláns, missti í mörgum tilfellum þennan möguleika.

Röksemdirnar í fyrra voru þær að það þýddi ekkert að vera að hjálpa fólki sem stæði svona á fyrir og því væri enginn greiði gerður með því, eins og það var orðað, enginn greiði gerður með því. Og auðvitað útilokað að leyfa fólkinu að taka um það sjálft ákvarðanir hvort það treysti sér til að standa undir slíku láni, heldur varð bara að taka þennan möguleika alveg úr lögum.

Nú er um það bil ár síðan þetta var samþykkt hér á hinu háa Alþingi og um þessar mundir standa víða yfir úthlutanir og ýmis vinna á vegum húsnæðisnefndanna að því er varðar félagslegar eignaríbúðir. Mér er tjáð að einmitt þetta atriði, þessi breyting, sé núna farin að hafa áhrif í alvöru, það sé farið að koma fram sem ég spáði í fyrra og ýmsir tóku undir, þótt sú breyting hlyti ekki náð fyrir augum ráðamanna í Alþfl. eða meiri hluta stjórnarliðsins.

Af þessum sökum hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Alexander Stefánssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Eggert Haukdal og Ólafi Þ. Þórðarsyni að flytja þessa brtt. á nýjan leik við 68. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hún er að vísu ekki í beinum tengslum við það frv. sem hér er til umræðu þar sem á að bæta inn nýjum kafla, hún er ekki um að breyta neinu í þeim kafla. En hæstv. félmrh. hefur flutt fimm frv. á þessu þingi um að breyta þessum sömu lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er búið að flytja hvorki meira né minna en fimm frv. á einu og sama þinginu um að breyta þessum einu lögum, þannig að það þarf ekki að koma neinum á óvart þó menn noti tækifærið við eitthvert af þeim frv. og flytji breytingar við aðrar greinar í lögunum sem menn vilja fá breytt. Það liggur í eðli málsins að sá möguleiki er alltaf opinn þegar verið er að flytja frv. um að breyta tilteknum lögum.

Það sýnir kannski best hversu mikill glundroði er í þessum húsnæðismálum af hálfu ríkisstjórnarinnar að það skuli hafa þurft að flytja fimm frv. á einu og sama þinginu til þess að breyta einum og sömu lögunum. Nú hef ég að vísu enga hugmynd um það, herra forseti, hvort þessar breytingar sem nú eru óafgreiddar á Alþingi ná fram að ganga. Það voru tvö frv. samþykkt fyrir jól en þrjú frv. eru enn þá í meðförum þingsins. Það er þetta frv. hér um Búseta eða húsnæðissamvinnufélögin og síðan eru tvö frv. í Ed. Annað um að breyta yfirstjórn Húsnæðisstofnunar og hitt um að leggja niður húsnæðiskerfið frá 1986.

Ég hef enga hugmynd um það hvort ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar hafa náð innbyrðis samkomulagi um hvað af þessu eigi að ná fram að ganga. Vissulega hefur ríkisstjórnin meiri hluta hér á Alþingi og getur fengið samþykkt það sem hún vill, bæði á þessu sviði sem öðrum og þarf ekkert að leita til stjórnarandstöðunnar með það. Mér er ekki kunnugt um það hvað af þessum þremur frv. sem enn eru hér óafgreidd og varða þessi mál er samkomulag um að afgreiða. En ég bendi enn á hversu mikill glundroði er í þessum málum, að ekki skuli vera hægt að leggja fram í einu

frv. þær breytingar sem ætlunin er að gera á þessum lögum, heldur þurfa menn að vera að krafla í þetta hér og þar í hinni margumræddu sérprentun félmrn. á lögunum, menn þurfa að vera að krafla fram og aftur um lögin í mismunandi frv. og taka hér níu umræður í hverri deild í staðinn fyrir þrjár um þessi þrjú frv. Þar fyrir utan er dálítið óvenjulegt og undarlega að því staðið að leggja eitt af þessum frv. fram í Nd. en tvö í Ed. þegar hægt hefði verið að leggja þau öll fram í einu frv. í einni deild þannig að menn gætu unnið þessi mál í einhverju samhengi. Þetta sýnir auðvitað og staðfestir það sem við sjálfstæðismenn höfum margsinnis haldið fram, að viðskilnaðurinn í þessum málaflokki hjá núv. ríkisstjórn er þannig að það verður að vera fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar að taka þessi mál öll til algjörrar endurskoðunar, byrja á því, og gera þessi mál þannig að þau verði almenningi skiljanleg. Hvernig er hægt að ætlast til þess að venjulegt fólk sem ætlar að fara að kaupa sér íbúð eða hyggst reisa sér húsnæði, botni nokkurn skapaðan hlut í þeim frumskógi sem liggur eftir núv. ríkisstjórn, sem ekki getur einu sinni samið eitt frv. um breytingar á þessu þingi, heldur þarf að leggja fram fimm mismunandi frv. um breytingar á sömu lögunum, tvö fyrir jól og þrjú eftir jól. Hvers lags vinnubrögð eru þetta sem þingmönnum eru sýnd hér?

Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli að það hlýtur að verða fyrsta verk næstu ríkisstjórnar að gera eina allsherjar endurskoðun á þessum málaflokki, lögum og reglum, og gera þetta þannig að bæði þingmenn og almenningur geti átt að þessu greiðan aðgang og auðskilinn.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, voru verkamannabústaðirnir einu sinni sú rós í húsnæðismálum sem Alþfl. stærði sig mest af. Sá tími er nú reyndar löngu liðinn og það hefur skipulega, eins og ég gat um áðan, verið unnið að því að gera verkamannabústaðina eða félagslegar eignaríbúðir að lakari kosti en áður var. Það var sagt fullum fetum þegar þessi mál voru til umræðu hér í fyrra að þetta fólk, sem ég er hér að gera að umtalsefni varðandi mína brtt., gæti bara farið og leigt, það ætti ekkert að gefa þessu fólki kost á að eignast eigin íbúð í verkamannabústaðakerfinu og það mætti ekkert koma til móts við það fólk sem ætti við sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður að glíma jafnvel þótt það sama fólk gæti sýnt fram á það að það mundi eftir ákveðinn tíma geta ráðið við þetta viðbótarlán og jafnvel þó að þetta sama fólk vildi sjálft fara þessa leið frekar en aðrar og jafnvel þó að þetta sama fólk vildi leggja mjög hart að sér um ákveðinn tíma, t.d. þessi þrjú ár sem er leyfður lánstími þessa láns, til þess að geta komist í eigið húsnæði. Nei, það var stefna og skyldi verða stefna Alþfl. og ríkisstjórnarinnar að bola þessu fólki út úr verkamannabústaðakerfinu.

Ég hef tekið þá ákvörðun ásamt nokkrum fleiri hv. þm., sem ég gat um áðan, að freista þess enn á ný að fá þessu breytt og vænti ég stuðnings hv. formanns fjvn. í því efni. (**SighB:** Þó það nú væri.) Og ég trúi því ekki almennilega að nú, þegar afleiðingar þessara breytinga sem voru gerðar í fyrra eru komnar fram, verði enn á ný verið að þjösnast á þessu fólki með því að fella þessa brtt. sem liggur hér fyrir á þskj. 887. Ég trúi því nú ekki, a.m.k. vil ég fá að sjá framan í þá stjórnarliða sem ætla að taka á sig ábyrgðina á því.

En að því er varðar, virðulegi forseti, þær brtt. sem hv. formaður félmn. gat hér um og koma frá meiri hl. nefndarinnar, þá er rétt að það komi hér fram til marks um það hvernig vinnubrögðin eru í þessum efnum að þegar félmn. var með þetta mál til meðferðar kom á daginn að þetta frv. hafði aldrei verið borið undir Byggingarsjóð verkamanna eða starfsmenn þar eða húsnæðismálastjórn sjálfa. Það hafði ekki verið talin nein ástæða til þess. Og það er nauðsynlegt að það komi hér fram að þær brtt. sem meiri hl. nefndarinnar hefur flutt í þessu máli eru til komnar vegna ábendinga frá starfsmönnum í Húsnæðisstofnun og hjá Byggingarsjóði verkamanna vegna tæknilegra og faglegra galla sem á þessu frv. voru. — Nú þætti mér vænt um, herra forseti, ef hægt væri að sussa á liðið þarna í hliðarherberginu. Ég veit að þótt ég tali hátt get ég ekki yfirgnæft fundinn þarna. (**Forseti:** Forseti mun bæði sussa á liðið og syngja Bíbí og blaka, ef hv. þm. vill.) Já, ég vil það gjarnan. Ég skal taka forseta á því loforði síðar meir, ekki á þessum fundi. En það er sem sagt nauðsynlegt að það komi fram að undirbúningur þessa máls var með þeim hætti að sjálfsöryggið eða hvað ég á að kalla það, sjálfstraust þeirra sem frv. undirbjuggu var svo mikið að þeir töldu ekki ástæðu til að bera það undir Húsnæðisstofnun ríkisins eða þá starfsmenn þar sem fjalla um félagslega kerfið þó svo verið sé að breyta lögunum um stofnunina með þessu frv. og setja þar inn nýjan kafla. En svo þegar það var gert, reyndar að beiðni hv. 1. þm. Vesturl., sem benti á þetta atriði fyrstur manna í félmn., þá kom hér langur listi af athugasemdum frá Húsnæðisstofnun ríkisins vegna meintra galla sem á þessu frv. væru. Ég tel að úr því sem komið var hafi nefndin og formaður hennar unnið vel úr því máli að því er varðar þær breytingar sem bent var á að nauðsynlegt væri að gera. Og ekkert í sjálfu sér við það að athuga hvernig unnið var úr þeim tillögum. Þó mætti benda á að athugasemdir Húsnæðisstofnunar voru nokkru fleiri en meiri hl. nefndarinnar tók upp á sína arma. Þannig voru gerðar athugasemdir við 124. og 127. gr. að því er varðar hinn svokallaða eignarhluta, það er a- og d-liður 1. gr. En meiri hl. nefndarinnar, að höfðu samráði við félmrn., sá ekki ástæðu til að taka þær ábendingar til greina. Ég ætla ekki að skipta mér af þeirri afgreiðslu frekar en frv. að öðru leyti.

Ég vil ljúka máli mínu, herra forseti, með því að endurtaka það að þetta frv. í sjálfu sér breytir ekki miklu þó það sé að mínum dómi ástæðulaust að setja lög um alla skapaða hluti hér í þessu landi. Ef eitthvað er eru frekar afgreidd of mörg lög hér á Alþingi en of fá. En ég fæ ekki séð að þetta frv. geti valdið neinu tjóni og á vissan hátt má segja að það sé gott fyrir aðila sem þarna eiga hlut að máli að hafa skýrar reglur fyrir framan sig þó svo að auðvitað væri þeim í lófa lagið að setja slíkar reglur í eigin samþykktir.

Þetta frv. veltir ekki þungu hlassi og skiptir ekki miklu máli í heildarsamhengi húsnæðismálanna. Það sem við blasir í þeim efnum er auðvitað meira og minna ein brunarúst sem lýsir sér best í því að á einu og sama þinginu skuli ríkisstjórnin hafa flutt fimm frv. um að breyta þessum einu vesalings lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og glundroðinn lýsir sér best í því að nú er allt í óvissu um afdrif þessara mála þriggja sem liggja hér fyrir deildum þingsins, tvö í efri deild og eitt í hinni neðri.

Þetta er bara lýsandi um hvernig ástandið er hér í málum almennt í þinginu þegar það er stjórnarliðið sjálft sem getur ekki komið sér saman um hvað eru forgangsmál og því um líkt. Auðvitað þarf enga stjórnarandstöðu til þess að leggja stein í götu mála þegar ástandið er þannig á sjálfu stjórnarheimilinu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það var í sjálfu sér ekki meining mín að fara að halda ræðu hér um það frv. sem hér er til afgreiðslu, þ.e. búsetamálið. Ég hef talað fyrir því oft áður. En margt sem hefur komið upp síðan hefur orðið til þess að mér finnst ástæða til að koma aðeins inn á þessi mál. Það sem ég vil fyrst segja er í sambandi við brtt. á þskj. 887. Ég hef orðið var við það í stjórnarliðinu að það hefur valdið einhverjum taugatitringi að þessi tillaga er komin fram aftur. Á henni eru þrír framsóknarþingmenn sem börðust fyrir þessari breytingu þegar frv. var hér síðast til umræðu árið 1990. Við stöndum að því að endurflytja þetta sjálfsagða ákvæði. Það stendur ekki á því að klaga blessaðan hæstv. forsrh. ef eitthvað er hróflað við þessum málum á annan veg en sumir vilja láta vera eða ná fram.

Það þarf raunverulega ekki að halda fram miklum rökum fyrir því að það sem var tekið út úr lögunum með frv. á síðasta ári, þ.e. sérstök aðstoð við það fólk sem getur ekki lagt neitt af mörkum í sambandi við að halda húsnæði, að talið var nauðsynlegt að halda þessu inni í gegnum húsnæðislöggjöfina til þess að bjarga þessu fólki frá algeru hruni. Ég held að núna þurfi ekki að tala langt mál um það að þær ráðstafanir sem þegar hafa verið samþykktar og liggja einnig fyrir í nýjum frv. um að hafa sérstök erfiðleikalán í öðru formi en var hér á árum áður þegar þetta var tekið upp 1984 og 1985, að setja sérstaka deild við Húsnæðisstofnun sem annaðist þjónustu og fyrirgreiðslu við fólk sem lenti í erfiðleikum vegna húsnæðis. Það var reynt að semja við banka og peningastofnanir til að hjálpa þessu fólki áfram. Þess vegna er það óskiljanlegur hlutur, algerlega óskiljanlegur hlutur, eins og kom fram við afgreiðslu laga nr. 70/1990 á síðasta ári, að menn skuli berjast fyrir því að fella þetta ákvæði út eins og gert var hér, varð eiginlega að handjárna síðasta þing til að láta þetta ákvæði ekki koma inn í frv.

Það verður að segjast eins og er að mér þætti það ákaflega furðulegt ef þingmenn almennt skilja ekki nauðsyn þessarar litlu brtt. á þskj. 887, um að húsnæðimálastjórn sé heimilt að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður. Þetta er svo sjálfsagt mál, ekki síst í ljósi þess að núverandi yfirstjórn þessara mála hefur í raun og veru eyðilagt það kerfi sem var sett upp 1984 til þess að reyna að aðstoða þetta fólk í gegnum sérstaka ráðgjafardeild sem annaðist þessi mál. Það á að gerast nú í gegnum húsbréfakerfið sem allir skynsamir menn sjá að er útilokað að leysi þetta vandamál. Ég vona þess vegna að þrátt fyrir þessi klögumál til forsrh. um þessa litlu brtt. nái hún fram að ganga hér í hv. deild því þetta er réttlætismál sem hlýtur að höfða til allra sem vilja hugsa um það í alvöru að rétta fólki hjálparhönd sem vissulega þarf á því að halda.

Það er hægt að taka undir margt af því, eða ég get a.m.k. tekið undir margt af því sem síðasti ræðumaður, hv. 14. þm. Reykv., sagði hér áðan um húsnæðiskerfið almennt. Auðvitað hefur sá málatilbúningur sem hefur verið núna undanfarin ár orðið til þess að það er algjör ringulreið í þessum málaflokki, svo ekki sé sterkara að orði kveðið. Og við heyrum eða lesum ekki svo fjölmiðla nú á hverjum degi að við sjáum ekki dæmi um hvernig fyrir þessum málum er komið. Ég hef sagt það áður að allur þessi frumvarpsflutningur um húsnæðismál sem hefur gengið yfir Alþingi nú sl. þrjú, fjögur ár hefur leitt til þess að málin fara í enn þá meiri óvissuhnút en eðlilegt er.

Það sem mér finnst ástæða til að nefna hér, og hv. 14. þm. Reykv. kom raunar að nokkru inn á, er sú einkennilega staða sem upp hefur komið þetta kjörtímabil sem nú er að enda í þessum málaflokki, að þingkjörin stjórn Húsnæðisstofnunar er sniðgengin. Það er látið eins og hún sé ekki til. Við eigum þarna menn inni sem eru búnir að stjórna húsnæðismálum í áratugi, eiginlega frá því fyrst að Húsnæðisstofnun var sett í gang. Þeir menn hafa ótvíræða reynslu og hafa sinnt þessum málum alla tíð af samviskusemi og reynt að stjórna stofnuninni þannig að hún gæti sinnt því hlutverki sem henni er ætlað, þ.e. að koma með úrbætur og tillögur um úrbætur í húsnæðismálum. Nú ber svo við að þessir aðilar eru ekki hafðir með í ráðum. Nú er hvert frv. á fætur öðru til afgreiðslu í hv. Alþingi og húsnæðisstjórnin fær ekki tækifæri til að fjalla um þau, hvorki eins og þau líta út áður en frv. eru lögð fram eða fjalla um frv. sjálf. Og þetta litla frv. sem hér er, sem er þó mikilvægt fyrir vissa aðila, þ.e. búsetafélögin, það kom fram í félmn. að þetta mál hefði aldrei verið borið undir stjórn Húsnæðisstofnunar. Forstöðumaður verkamannabústaðadeildarinnar kom eins og álfur út úr hól til nefndarinnar því hann hafði ekkert í höndunum um það frá Húsnæðisstofnun hver væri stefna stjórnarinnar í þessu máli. Hann varð því miður að fara af fundi nefndarinnar án þess að koma með nokkrar upplýsingar um þessi mál, sem hann svo síðar tók að sér að fá fram a.m.k. einhverja afstöðu í málinu. Eins og hér kom áðan fram kom hann síðar með á fund nefndarinnar ýmsar ábendingar sem lágu fyrir án þess að fjallað væri um þetta á eðlilegan máta.

Ég hygg að svo sé um flest þessi frv. Ég hef rætt við stjórnarmenn í Húsnæðisstofnun sem eru löngu búnir að afskrifa það að þeir eigi að hafa nokkur áhrif á

þessi mál sem hér eru lögð fyrir Alþingi. Nú síðast voru fulltrúar frá stjórninni á fundi í félmn. Ed. Þar kom fram að t.d. tveir þeir sem eru búnir að vera lengst í stjórninni lýstu fyrir félmn. Ed. hvernig þessum málum er raunverulega komið í þeirri yfirstjórn sem nú ríkir í þessum málum. Það var ófögur lýsing, því miður.

Það er svo um einmitt flest þessi mál að þau ganga á skjön við það sem hefur verið eðlilegur gangur á undanförnum árum, þó langt aftur sé leitað. Og ég vil segja það alveg eins og er að mér blöskrar alveg, eftir að vera búinn að standa í þessum málum sl. fjögur ár, þá blöskrar mér það alveg að það skuli vera tekin upp sú stefna t.d. að sniðganga aðila vinnumarkaðarins í veigamiklum ákvörðunum í sambandi við húsnæðismálin, aðila sem lögðu sig fram 1985–1986 til að stuðla að því að það fjármagn sem myndaðist innan aðila vinnumarkaðarins, þ.e. hjá lífeyrissjóðunum, kæmi af fullum krafti inn í húsnæðismálin. Þessir menn eru ekki hafðir með í ráðum þegar verið er að gera veigamiklar tillögur eða breytingar á húsnæðiskerfinu. Það verður sjálfsagt tækifæri til að taka þetta mál upp nánar hér í umræðum. Ef frv. um breytingar á yfirstjórn húsnæðismála kemur inn í hv. deild verður hægt að leiða nákvæm rök að því sem hér er verið að fara með og sýna fram á hvernig vinnubrögðin eru í sambandi við þennan málaflokk.

Herra forseti. Mér þótti rétt að koma aðeins inn á þetta mál því ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það orðin dálítið einkennileg staða að þurfa að standa frammi fyrir þeirri staðreynd ár eftir ár að menn mega ekki hafa sjálfstæða skoðun í þessum málaflokki. Það er talið brjóta gegn einhverjum möguleikum á því að samstaða sé í ríkisstjórn um afgreiðslu mála. Þess vegna varð ég undrandi í dag þegar kallaður var saman þingflokksfundur í mínum þingflokki og forsrh. sá ástæðu til að átelja okkur þrjá þingmenn Framsfl. fyrir að leyfa okkur það að bera fram brtt. með stjórnarandstöðu í réttlætismáli sem við höfum áður barist fyrir að ná inn í húsnæðiskerfið og við urðum undir í þeirri atkvæðagreiðslu hér í hv. deild á sl. ári. Hvers vegna? Það var ekki vegna þess að málið væri slæmt, síður en svo, því menn viðurkenna það að hér er um tilraun að ræða til að ná aftur inn í lögin ákvæði sem búið er að vera í húsnæðislögunum alla tíð, um möguleika á að hjálpa fólki sem lendir í sérstökum erfiðleikum með 100% lán.

Nei, það var ekki það, heldur hitt að þetta vekti svo mikla andstöðu hjá hluta af þeim ráðherrum sem væru í ríkisstjórninni að það gæti verið hættulegt fyrir það að koma fram málum. Það getur vel verið að það séu allt í einu tengsl þarna á milli. Ég fer að halda það. Þegar við þingmenn komum á fund í sjútvn. Nd. í morgun þá var ekki hægt að afgreiða mál út úr nefndinni vegna þess að það átti eftir að tala við og fá fyrirmæli frá ráðherrum Alþfl. í þessu tilfelli um það hvort það mætti afgreiða mál út úr nefnd sem búið er að ganga frá í Ed. Ég hef aldrei vitað það þegar um það er að ræða að menn vilja fá mál fram og meiri hl. er á nefndarfundi að það sé ekki hægt að ná málinu fram vegna þess að það þurfi að spyrja ráðherra leyfis. Það varð að fresta þessum fundi og við erum ekki búnir að fá framhaldið af honum enn. En ég trúi því ekki að þessum fundi í nefndinni verði lokið þannig að málið fáist ekki fram, annað væri brot á öllum þingsköpum.

Ég er að segja það hér að þessi málatilbúningur í sambandi við húsnæðismálin almennt er náttúrlega þess eðlis að því miður verður maður að taka undir það sem hv. 14. þm. Reykv. sagði hér áður að þessi mál eru vægast sagt komin á það stig að það er eiginlega útilokað að gera ráð fyrir öðru en að ný ríkisstjórn, hver sem hún verður, verði að byrja á því að taka þennan málaflokk algerlega til endurskoðunar og skapa grundvöll sem fólk getur treyst.

Ég þekki menn sem eru farnir að koma til mín í stórum stíl með árangurinn af húsbréfakerfinu. Menn sem sýna mér dæmi þar sem þeir tapa ekki aðeins 500 þús. kr. heldur eru þegar búnir að tapa á þriðju millj. í viðskiptum á þessu sviði. Fyrir svo utan allan fjöldann sem hefur treyst á þetta út um landsbyggðina og rekur sig á það, þegar fólk fer að skoða þessi mál, að það er enginn grunnur fyrir því að það nái þeim rétti sem það gæti kannski notað sér í sambandi við þessar breytingar.

Þetta mál sem við erum að fjalla um hér um breytingu á búsetaforminu er mál, eins og ég sagði áður, sem var á sínum tíma reynt að fá fram þegar þessi samtök voru stofnuð, að reyna að nýta sér húsnæðissamvinnufélögin eða það form í húsnæðiskerfinu til þess að ná fótfestu í nýju formi húsnæðismála sem hefur gengið vel í nágrannalöndum okkar. Það var reynt að ná þessu máli fram árið 1984 en því miður var Sjálfstfl. ekki tilbúinn til að samþykkja þetta form. Þó tókst með harðneskju að setja c-lið í lögin um Byggingarsjóð verkamanna. Það var því aðeins opnuð glufa fyrir þetta form sem vissulega hafði mikla þýðingu og gerði það að verkum að þessi samtök áhugafólks um þetta nýja form missti ekki fótanna. Það fannst mér mjög gott í þeirri þröngu stöðu sem þá var og þess vegna er ég ánægður yfir því að þetta frv. nú nái fram að ganga þó ég geti á þessari stundu ekki sagt það 100% að það verði að lögum á þessu þingi miðað við það klúður sem búið er að standa í kringum þessi mál.

Ég vona samt að það takist og mun gera mitt til þess að svo verði. En ég vil enn á ný undirstrika að það er útilokað annað en að þingmenn hér í hv. Nd. átti sig á því, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, að hér er um leiðréttingu að ræða, sem var felld út úr lögunum sem samþykkt voru á síðasta þingi, sem verður að nást í gegn. Það bíða tugir ef ekki meira af fólki eftir svona fyrirgreiðslu. Við vitum að það er ekki nema um 30–40% af því fólki sem er í raunverulegum erfiðleikum sem getur notið þeirrar fyrirgreiðslu í gegnum húsbréfakerfið sem lögfest hefur verið. Það er því engin ástæða til annars en þessi breyting komist í gegn. Og ég vona það satt að segja að hv. þm. Framsfl. láti ekki handjárna sig um það að þeir fylgi ekki svona réttlætismáli sem allir eru búnir að viðurkenna í mínum þingflokki og svo vona ég að verði um fleiri.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta en af því að síðasti ræðumaður var að tala um hugsjónir Alþfl. og allt það í kringum þetta afmæli sem þeir eiga, sem ég óska þeim til hamingju með, þá er það eigi að síður ömurleg staðreynd að núna þegar Alþýðusamband Íslands á 75 ára afmæli skuli það blasa við að forustumenn Alþfl. á félagslega sviðinu hunsa samtök launþega. Þeir hunsa samtök vinnumarkaðarins í sambandi við svona mál sem við erum að fjalla um á hv. Alþingi með því að taka ekkert mark á því sem þeir segja í breytingum á félagslegri löggjöf að því er varðar húsnæðismálin.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

70. fundur, miðvikudaginn 13. mars, að loknum fundum í deildum.

Um þingsköp.
Kvöldfundir.

Málmfríður Sigurðardóttir:
Virðulegi forseti. Nú á klukkan eftir 17 mínútur í 7 og er að hefjast fundur í Sþ. Ég mundi vilja mælast til að forseti upplýsti okkur þingmenn um það hversu lengi er áætlað að halda áfram fundum í kvöld. Það var fundur fram á nótt í gær, það var kvöldfundur kvöldið þar áður og það verður kvöldfundur annað kvöld. Þegar forsetar og þingflokksformenn héldu fund um þinghald hér í fyrradag, þá mótmælti ég því að það yrði kvöldfundur á hverju kvöldi. Ég sagði að mér fyndist hæpið að Alþingi væri bjóðandi upp á það að það væri kvöldfundur á hverju kvöldi og mig langar að fá upplýsingar um það hjá hæstv. forseta hvað er fyrirhugað með þinghald í kvöld.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Þetta er hárrétt ábending hjá hv. þm. Forseti hefði auðvitað átt að byrja á því að lýsa fyrirhuguðu fundahaldi. Á þessum fundi, sem mun ekki standa miklu lengur en til kl. 7, er fyrirhugað að afgreiða mál út úr Sþ., þ.e. 5., 6. og 7. mál, og að mælt verði fyrir 8. dagskrármáli. Á kvöldfundi í kvöld hefur svo um samist að áfram haldi umræða um þáltill. hæstv. iðnrh. um samninga um álver. Vissulega gerir forseti sér ljóst að nokkuð mikið er lagt á hv. þm. um fundahöld nú á kvöldin, en eins og hv. þm. vita, er ætlunin að ljúka þingi á föstudagskvöld og forsetar þingsins eiga enga aðra kosti en að reyna að koma frá þeim málum sem nauðsyn krefur.

Ég vil enn ítreka að hv. þm. hafa ekki þurft að sækja mikið af kvöldfundum á þessu þingi og fyrsti næturfundurinn sem við höfum haldið var sl. nótt. Á morgun eru að vísu nefndastörf hjá einhverjum hv. þingnefndum, en þingfundir verða engir þannig að það er nú von forseta að þingmenn geti notið einhverrar hvíldar á morgun, a.m.k. þeir sem ekki eiga að taka þátt í eldhúsdegi, þannig að forseti mun halda sig við það að hér verði kvöldfundur, að loknu kvöldmatarhléi að sjálfsögðu, þannig að á þessum fundi verða aðeins afgreidd þessi fjögur mál. 8. dagskrármálið hefði forseti ekki haldið að væri mikið umræðumál vegna þess að þar er um samkomulagsmál að ræða sem fulltrúar allra þingflokka hafa komið að og með tilliti til þess hversu við erum orðin naum í tíma hefði nú forseti haldið að það mál þarfnaðist ekki mikillar umræðu heldur fyrst og fremst afgreiðslu.

Stefán Valgeirsson:
Virðulegi forseti. Það er nú gott að þetta kom fram hvað er ætlað hér um þingstörfin. Ég vil spyrja: Við hverja var samið um það? Ekki við þingmenn almennt. Hafa einhverjir umboð fyrir þingmenn til þess að nota slík vinnubrögð sem hér eru, sem eru einsdæmi, a.m.k. í þessi 24 ár sem ég hef verið hér.

Á morgun á að fara fram eldhúsdagsumræða. Heldur ekki hæstv. forseti að menn þurfi eitthvað að huga að því? Og ef það á að þvæla hér — það yrði þá fjórða kvöldið sem stjórn þingsins ætlar að halda hér fundi. Þetta er einsdæmi og ég mótmæli þessu algjörlega og ég vil fá að vita það hverjir hafa samið um slík vinnubrögð. Það er ekki verið að hugsa um starfsfólk Alþingis, ég fullyrði það. Ég fylgdist dálítið með að það var komið að niðurlotum, sumt fólkið, í nótt og svo á að bjóða því í kvöld og nótt og annað kvöld og auðvitað á morgun. Þetta er algjört tillitsleysi við það starfsfólk sem er hér í þinginu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Vegna þessara síðustu orða vill forseti upplýsa að starfsfólk hefur haft nokkur vaktaskipti þannig að fremur hefur nú verið ofboðið kröftum hv. þm. heldur en starfsmanna.

Ólafur G. Einarsson:
Hæstv. forseti. Já, það má segja að það sé margt einsdæmið á þessum síðustu tímum. En ég vil aðeins upplýsa að það hefur verið rætt við mig af hálfu fulltrúa ríkisstjórnarinnar um þinghaldið og ég hef ekkert samið fyrir neinn nema sjálfan mig og ég veit alveg að ég má tala þar fyrir hönd minna flokksmanna að við höfum ekkert við það að athuga að umræðu verði haldið áfram hér í kvöld um álmálið sem frestað var með svona dálítið sérstæðum hætti, að mér skilst, í nótt, ég var nú farinn þá. Við höfum ekkert við það að athuga að þeirri umræðu verði haldið áfram. Við höfum skilið það svo að það sé ætlun hæstv. ríkisstjórnar að fá það mál afgreitt fyrir þinglausnir.

Mér hefur skilist að það sé enn stefnt að þinglausn-

um á föstudag og ég sé nú ekki hvernig það á að verða öðruvísi en að halda áfram í kvöld og kannski fram eftir nóttu. Ég ítreka það að þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ekkert við það að athuga. En við teljum hins vegar, það er rétt að ég láti þess getið, við teljum nauðsynlegt að það verði farið að ganga endanlega frá því hvaða mál fari fram. Það eru enn mörg mál á óskalista hæstv. ríkisstjórnar og þá um leið ef mögulegt er að taka um það endanlega ákvörðun hvort það verður lokið hér þingstörfum á föstudagskvöldi. Ég skil það svo að það sé ekki hægt að halda fund á laugardag og þá væri gott að vita sem fyrst hvort þarf að fara fram í næstu viku og þá hve langt.

Þetta vildi ég nú að kæmi hér fram, hæstv. forseti.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði áðan í upphafi máls míns að ég kannast ekki við að ég hafi samið fyrir hönd Kvennalistans um eitt eða neitt eða yfirleitt að það hafi verið samið við mig. Þetta vil ég taka fram svo að það liggi alveg skýrt fyrir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega rétt sem hér er mælt að það er allóvenjulegt að efna til kvöld- og næturfunda trekk í trekk á Alþingi Íslendinga. Ég ætla ekki að fara að hafa uppi andmæli við því út af fyrir sig að það verði rætt hér eitthvað lengur, standi yfir fundir eitthvað fram á kvöldið, en þó með einu skilyrði og það er það að ef á að ræða hér það mál sem hér er á 71. fundi, þáltill. um álver, álbræðslu og skýrslu þar að lútandi, þá sé það tryggt fyrir fram að ríkisstjórn Íslands verði viðstödd og ráðherrar í ríkisstjórninni, allir með tölu. Allir með tölu. Það er, eins og fram kom í mínum ábendingum í gær við hæstv. forseta, algert skilyrði fyrir því að hér geti slík umræða farið fram, enda náttúrlega varla að ríkisstjórnin aki sér undan því þar sem hún stendur að því að mér skilst að mál þetta liggur hér fyrir þinginu sem stjtill. Að því tilskildu er ég reiðubúinn að sitja hér fram á kvöldið og ræða þessi mál. Ég held að ég sé á mælendaskrá, ég hef ekki enn þá komist að í þessu máli, en það getur væntanlega orðið og mér er það ljúft ef ríkisstjórnin verður hér viðlátin öll með tölu, allir hæstv. ráðherrar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Verði því ekki mótmælt mun nú forseti fara fram á að fá að afgreiða þessi þrjú mál. Síðan yrði þessum fundi slitið. Forseti mun beita sér fyrir því að haldinn verði fundur með þingflokksformönnum kl. 8.30 í kvöld ásamt forsetum þingsins og rætt frekara fyrirkomulag þar sem forseta var ekki ljóst að ekki hefði verið rætt við alla stjórnarandstöðuflokkana. Ég vænti þess því að menn geti sætt sig við það að afgreidd verði þessi þrjú mál, sem forseta er nokkuð í mun að koma af dagskrá og út úr þinginu, en það er Gróðurkort og landfræðilegt upplýsingakerfi, Kortlagning gróðurlendis Íslands og Alþjóðasamþykkt um varnir gegn efnum sem valda krabbameini. Ég hygg að ekki sé ágreiningur um þessi þrjú mál og væri þakklát fyrir ef hv. þm. vilja greiða fyrir afgreiðslu þeirra, en síðan yrði fundur með þingflokksformönnum kl. 8.30. Ég vænti þess að forseti fái samþykki fyrir þessu.

Gróðurkort og landfræðilegt upplýsingakerfi, síðari umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 705, n. 880.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 880 er nál. frá allshn. um till. til þál. um gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og landfræðilegt upplýsingakerfi.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

Eggert Haukdal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Ingi Björn Albertsson, Guðrún Helgadóttir, Karl Steinar Guðnason og Kristinn Pétursson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 941).

Kortlagning gróðurlendis Íslands, síðari umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 200. mál. — Þskj. 253, n. 882.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. atvmn. um till. til þál. um kortlagningu gróðurlendis Íslands.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Skógrækt ríkisins, Landvernd, Landmælingum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Skipulagi ríkisins, Upplýsinga- og merkjafræðistofu Háskóla Íslands og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. rita nöfn sín sá sem hér stendur og hv. þm. Geir Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Hreggviður Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Jón Kristjánsson og Geir H. Haarde.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 942).

Alþjóðasamþykkt um varnir gegn efnum sem valda krabbameini, síðari umr.

Stjtill., 396. mál. — Þskj. 714, n. 916.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegur forseti. Á þskj. 916 er að finna nál. frá félmn. um þessa tillögu.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Undir þetta rita allir nefndarmenn í félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 943).

SAMEINAÐ ÞING

71. fundur, miðvikudaginn 13. mars, að loknum 70. fundi.

Samningar um álver, frh. fyrri umr.

Stjtill., 448. mál. — Þskj. 841.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:
Virðulegur forseti. Eins og ég gat um áðan hef ég ekki athugasemdir um það að umræða haldi hér áfram um sinn um þetta mál. Ég vil inna virðulegan forseta eftir tvennu: Hversu lengi hyggst hæstv. forseti halda áfram fundi hér í sameinuðu þingi? Og í öðru lagi vil ég inna hæstv. forseta eftir því hvort reikna megi með því að ríkisstjórnin verði hér viðstödd, hæstv. ráðherrar. Ég sé að þeir eru hér nokkrir en ég vil inna eftir því hvort það sé tryggt að hæstv. ráðherrar verði hér viðstaddir þessa umræðu, því það tel ég vera algera forsendu fyrir því að við getum verið hér á einum kvöldfundinum enn að hæstv. ríkisstjórn sjái sóma sinn í því að vera hér viðstödd, enda varðar þetta ríkisstjórnina í heild, það mál sem hér er rætt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Vegna þessara orða hv. 2. þm. Austurl. varð það að samkomulagi milli formanna þingflokka að þessari umræðu verður haldið áfram þar til henni lýkur. Sem svar við síðari spurningu hv. þm. þá er það alveg óheyrt í þingsögunni að krafa sé gerð um að öll ríkisstjórnin sé viðstödd umræðu. Hér eru staddir þrír hæstv. ráðherrar, (Gripið fram í.) fjórir hæstv. ráðherrar, (Gripið fram í.) og er sá fimmti kominn. Forseti treystir sér ekki til þess að ætlast til að fleiri ráðherrar séu hér viðstaddir, enda málið í höndum þessara umræddu ráðherra, hæstv. iðnrh., umhvrh., utanrrh., hér er staddur hæstv. dómsmrh. og einhver sá fimmti af ráðherrunum sem ég sé ekki héðan úr stólnum. **(Gripið fram í:** Forsætisráðherra.) Það er sjálfur forsrh. Þannig að allvel er nú báturinn skipaður. Svo ég held að við verðum að byrja þessa umræðu og láta okkur nægja þessa fulltrúa hæstv. ríkisstjórnar að sinni.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:
Virðulegur forseti. Hér er verið að efna til kvöldfundar í sameinuðu þingi til þess að ræða mál sem ríkisstjórnin virðist leggja mikla áherslu á að fái umfjöllun í þinginu. Það er þess vegna sem ég tel forsendu fyrir því að þetta mál verði rætt hér á kvöldfundi, einum kvöldfundinum enn, að hæstv. ráðherrar verði hér allir og gegni þingskyldum sínum eins og ætlast er til um okkur þingmenn. Ég met það að hér eru komnir ráðherrar til fundar en það vantar í hópinn og ég óska eftir því að það verði beðið um það að þeir hæstv. ráðherrar, sem ekki eru mættir hér í þingsal, komi hér vegna þess að ég þarf að eiga orðastað við þá alla í sambandi við þetta mál.

Ég vænti þess að það sé skilningur á þessari ósk af minni hálfu og hæstv. forseti hlutist til um það. Jafnframt vænti ég þess að ráðherrarnir hæstv. sem hér eru staddir sjái sér fært að vera viðstaddir umræðuna hér í kvöld.

Eiður Guðnason *(um þingsköp)*:
Virðulegur forseti. Það sem er að gerast hér er auðvitað svo fáheyrt að engu tali tekur. Einn hv. þm. treystir sér ekki til að tala héðan úr ræðustól nema öll ríkisstjórnin, allir ráðherrarnir séu hér viðstaddir svo þeir megi mál hans heyra. „Vegna þess að ég ætla að eiga orðastað við þá," sagði hv. þm.

Ég treysti því að virðulegur forseti muni sjá til þess að Alþingi Íslendinga geti haldið áfram störfum sínum með eðlilegum hætti vegna þess að allir þeir ráðherrar, sem málið hafa í sinni umsjá og málið varðar mestu, eru hér staddir. Og það er ekki aðeins ósanngjarnt heldur óheyrt að þingmaður hafi uppi slíka kröfu með þessum hætti, þeim hætti sem hér hefur verið gert, og ég mælist eindregið til þess að virðulegur forseti sjái nú til þess að umræðan hefjist, enda er öllum skilyrðum til þess nú fullnægt.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:
Virðulegur forseti. Mér þótti þetta afar sérkennilegt innlegg af hálfu formanns Alþfl. sem hér var flutt. Hér er um að ræða mál sem einn ráðherra Alþfl. ber meginábyrgð á í ríkisstjórninni og sem virðist vera gífurlegt kappsmál að fái umræðu í þinginu. Svo vill til að hér er verið að ræða þetta stóra mál í fyrsta sinn undir þessum skilyrðum að það er sérstaklega beðið um þinglega meðferð og þinglega afstöðu til málsins. Hér er mál sem mun hafa svo víðtæk áhrif á Ísland á næstu árum að það snertir öll ráðuneyti landsins. Það er mjög

sérkennilegt ef verið er að gera ráð fyrir því að þingmenn sitji hér ekki þingfund og ráðherrar í ríkisstjórninni þegar til þess er ætlast að við þingmenn sitjum hér einn næturfundinn enn til þess að fjalla um mál, mörg mál sem liggja hér fyrir þinginu og nú þetta, og af því er ósk mín fram sett.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er nú nokkur vandi á höndum. Það sem forseta hefur tekist að gera síðan hv. 2. þm. Austurl. hóf umræðu um þingsköp er að þær fréttir hafa borist að hæstv. sjútvrh. sé á leiðinni. Hæstv. landbrh. er á fundi næsta klukkutímann og kemst ekki. Þegar ég fór heiman að frá mér var hæstv. fjmrh. í beinni útsendingu í sjónvarpi. Ég kann ekki við að trufla hann fyrr en því er lokið. Það kann að vera að það sé nú og ég hef beðið um að í hann væri hringt og bið ég nú þingheim að minna mig á ef einhver ráðherra hæstv. er ótalinn, (**Gripið fram í:** Félagsmálaráðherra.) hæstv. félmrh. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki hringt í hana enn þá, en það skal nú gert. (**Gripið fram í:** Og menntmrh.) Þá vænti ég að hv. 2. þm. Austurl. geti a.m.k. hafið viðræður við þá ráðherra sem hér eru.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir viðleitni hans að fá hæstv. ráðherra hér til fundar og ég treysti því að við því sé brugðist af þeirra hálfu. Ég vænti þess einnig að það sé fullur skilningur á því meðal hv. þm. almennt að það sé eðlilegt að ráðherrar í ríkisstjórninni séu viðstaddir hér á síðustu starfsdögum þings til þess að taka þátt í umræðum og afgreiðslu mála. Annað væri mjög óeðlilegt, virðulegur forseti, þegar til þess er ætlast af okkur þingmönnum að fjalla um mál hér við nokkuð örðugar aðstæður oft á tíðum.

Ég ætla hér að fjalla um dagskrármálin bæði sem fyrir liggja, till. til þál. um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi og þá skýrslu sem hæstv. iðnrh. hefur lagt fyrir þingið í tengslum við þennan tillöguflutning.

Ég vil þó áður en ég kem að málinu sjálfu aðeins vekja athygli á því sem gerðist hér áðan á þingfundi sem er nokkuð sérstætt. Það var staðhæft að það væri samkomulag um það hér að halda áfram umræðu um þetta mál. Svo reyndist ekki vera. Það hafði verið gert samkomulag við annan stjórnarandstöðuflokkinn að taka mál þetta til umræðu. Hér kom upp formaður þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Ólafur G. Einarsson, og greindi frá því að hann hefði orðið við tilmælum og gert samkomulag um það að umræða um þetta mál mætti fara fram hér í kvöld. (**ÓE:** Fyrir mig.) Fyrir sig og hann treysti því að það mundu aðrir hv. þm. Sjálfstfl. fylgja og styðja það samkomulag sem hann hefði gert fyrir hönd þingflokksins.

Af hverju er ég að vekja athygli á þessu? Vegna þess, virðulegur forseti, að þessi atburður sýnir okkur inn í ákveðið baksvið þess máls sem hér er til umræðu. Sjálfstfl., forusta Sjálfstfl. í þinginu, gerir samkomulag um að þessi umræða megi hér fram fara, sem er mjög óvenjulegt eins og háttar starfsemi í þinginu og fundahaldi að undanförnu, en svo ríkan skilning hefur forusta Sjálfstfl. á því að þetta mál hæstv. iðnrh. fái hér framgang að þeir eru reiðubúnir að víkja frá því sem venjulegt er hér á þinginu og hefð er fyrir, þ.e. að halda hér einn kvöld- og næturfundinn enn.

Ég tel að þetta sé vísbending um það sem er í gerjun í baksviði stjórnmálanna á Íslandi. Það eru þær þreifingar sem eru í gangi á milli eins stjórnarflokksins, Alþfl., annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar um möguleika á myndun landsstjórnar á Íslandi eftir komandi kosningar.

Hér erum við að fjalla um stórmál í aðdraganda kosninga en það eru fleiri stórmál en þetta sem við ræðum hér. Annað mál sem var raunar á dagskrá sameinaðs þings í dag, skýrsla hæstv. utanrrh. um viðræður um Evrópskt efnahagssvæði. Þar fer Alþfl. einnig með forustu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar er um að ræða enn þá stærra mál heldur en það sem við ræðum hér þó að skyldleiki sé með báðum þessum málum. Og þar hefur það komið fram, og vefst ekki fyrir þeim sem hafa fylgst með þessum málum báðum, að tengslin á milli stefnu Alþfl. annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar í báðum þessum málum eru svo rík að líkurnar á því að þessir flokkar leiti samstarfs eftir komandi alþingiskosningar eru dagvaxandi. Það er ekki aðeins í sambandi við þessi tvö stóru mál, heldur kemur þetta einnig fram í skyldum málum sem varða efnahagsstarfsemi í landinu og minni ég á þá umræðu sem fór hér fram í gærkvöldi um vaxtamál og þróun vaxta í þjóðfélaginu. Þar heyrðu menn tilhugalífið, þar urðu menn varir við það hvernig hæstv. viðskrh. voru slegnir gullhamrarnir af hálfu Sjálfstfl. Vissulega þarf þetta ekki að koma okkur mjög á óvart sem höfum fylgst með stefnu Alþfl. innan núverandi ríkisstjórnar í mikilsverðum málum og stefnu Sjálfstfl. og máttleysi Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu þegar um er að ræða afstöðu til málefna sem Alþfl. öðrum fremur ber fyrir brjósti.

Ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á þessu baksviði þessa stóra máls sem við ræðum hér og ég undrast það mjög, virðulegur forseti, að aðrir flokkar í ríkisstjórn landsins skuli ekki ganga með opin augun hvað þetta varðar, horfast í augu við þetta tilhugalíf sem þarna er í uppsiglingu af fullum krafti og bregðast við því með þeim hætti sem nauðsynlegt er, eigi það ekki að gerast að þessi öfl í þjóðfélaginu, í Alþfl. og Sjálfstfl. sem þar fara með forustu, nái saman í kjölfar komandi alþingiskosninga.

Hvers vegna beitir ekki Framsfl. sínu afli til að opna augu þjóðarinnar fyrir þessari hættu sem blasir hér við og hvers vegna gerir Alþb. ekki meira af því að vara við þeirri hættu sem þarna er í uppsiglingu og leyfa hæstv. iðnrh. að leggja hér fram skýrslur og tillögur af því tagi sem um er að ræða í álmálinu og reyna þar með að draga aðra flokka, þessa samstarfsflokka í ríkisstjórninni með sér út á svellið og gera þá samseka í þessum stóru málum? Íslensk þjóð þarf á öðru að halda

en lognmollu og óljósum skilum í pólitík, jafnstór og afdrifarík mál og nú eru uppi í þjóðmálum, þar sem eru tengslin við Evrópu og þeir samningar sem hæstv. utanrrh. er að undirbúa og þeir samningar sem hæstv. iðnrh. fer með umboð fyrir fyrir hönd ríkisstjórnar í sambandi við byggingu risaálbræðslu sem hann fyrirhugar að verði staðsett á Keilisnesi.

Þessi mál til samans mynda uppistöðuna í landsmálapólitíkinni og horfunum varðandi pólitíkina á Íslandi, ekki aðeins á næstu mánuðum, fram yfir kosningar, heldur á næstu árum. Og svo er víst sem tvisvar sinnum tveir eru fjórir að ef þessir flokkar, ef Alþfl. nær fram þessum hugðarefnum sínum, ef hann nær þeim fram, þá ætlar hann sér, hvernig svo sem þessar samningaviðræður þróast, að bindast samtökum við hvern þann sem getur tryggt framgang þeirra hér á Alþingi og í komandi ríkisstjórn. Því það er enginn flokkur í landinu sem er jafnblindur í sambandi við þá stóru hagsmuni sem hér er um að ræða, sem gengur svo fortakslaust fram án þess að horfa til hægri eða vinstri í þessum efnum, eins og Alþfl., vegna þess að þó að Sjálfstfl. hafi nú fengið nýja forustu þá er mér fullkunnugt um það að í þeim stóra flokki eru býsna margir sem væru hikandi við að skrifa upp á þá stefnu sem þarna er á ferðinni, alveg sérstaklega varðandi hið Evrópska efnahagssvæði, að ekki sé nú talað um áhugamál forustu Sjálfstfl. í sambandi við Evrópubandalagið, að tengjast þar enn fastar heldur en í gegnum Evrópskt efnahagssvæði sem litið er á aðeins sem fyrsta skref inn í þessa stóru ríkjasamsteypu og stór-ríkið sem þarna er í undirbúningi.

Hvers vegna taka ekki flokkar í landinu, sem hafa staðið fyrir annað, fastar á í þessum efnum, Framsfl. og Alþb.? Og hvernig stendur á því að Kvennalistinn, sem tekur hér með heiðarlegum og einörðum hætti þátt í að afhjúpa þann gjörning sem hæstv. iðnrh. stendur hér fyrir í sambandi við álmálið, er að tæpa á því að Sjálfstfl. geti verið vænlegur til fylgilags að kosningum loknum? Allt eins, eins og við höfum alveg nýlega heyrt frá fyrsta frambjóðanda Kvennalistans í væntanlegum alþingiskosningum hér í Reykjavík.

Ég er að nefna þetta hér, virðulegur forseti, vegna þess að við verðum að skoða þessi mál í samhengi sem við erum að ræða hér. Þetta stóra mál sem hér er til umræðu, ég get tekið undir að það er stórt, ég vil kannski ekki nota orðið „mikill" eins og gjarnan er gert af Alþýðublaðinu og hæstv. iðnrh. þegar rætt er um álmálið, hina miklu forustu iðnrh. og vitnað var til hér þegar lesin var forustugrein í Alþýðublaðinu við umræðuna í gær, forustugrein sem hefði vel getað verið ættuð úr flokksmálgagni Kim Il Sungs í Norður-Kóreu, svo fortakslaus voru loforðin sem þar flutu fram í þeim skrifum.

En þá ætla ég, virðulegur forseti, að snúa mér að þeirri till. til þál. sem hér liggur fyrir og taka þar á einstökum efnisþáttum og víkja jafnframt að skýrslunni sem hæstv. iðnrh. ber fram.

Fyrst af öllu vil ég ræða það hvers vegna hæstv. iðnrh. er að flytja þessi mál hér inn á Alþingi. Mál sem margir segja, þar á meðal samstarfsaðilar hæstv. ráðherra í ríkisstjórn, að sé þarflaust að taka afstöðu til á þessum tíma. Hvers vegna vill hæstv. iðnrh. að Alþingi álykti að halda skuli áfram samningaviðræðum um byggingu og rekstur álvers? Hví leggur hann kapp á það? Og hvers vegna ætlar hann að afla sér fjárhagslegra heimilda í gegnum lánsfjárlagafrv. og lánsfjárlög, til þess að geta haldið áfram fjáraustri í þetta mál? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur að fara yfir það, að átta okkur á því hvers vegna ráðherrann leggur þetta ofurkapp á að þröngva hér í gegnum þingið þessum málum báðum og fá uppáskrift þingsins í þessum efnum.

Ástæðan er sú, að mínu mati, að hæstv. iðnrh. óttast það, sem vonlegt er, að mikill hluti íslensku þjóðarinnar átti sig á því að það mál sem hann hefur verið að undirbúa — mig langar til að segja rembast við — allt kjörtímabilið, undirbúning að byggingu álvers útlendinga hérlendis, horfurnar í sambandi við það mál eru ekki mjög glæsilegar, séð með gleraugum hæstv. ráðherra. Líkurnar á því að þetta mál sé annað heldur en nýju fötin keisarans eru ekki mjög miklar. Þess vegna leggur hæstv. ráðherra þetta ofurkapp á að byggja upp þau pótemkintjöld í sambandi við málið og afla hér uppáskrifta á Alþingi Íslendinga til þess að geta veifað þessu máli með öðrum forustumönnum Alþfl., a.m.k. hér á suðvesturhorninu, ég er ekki viss um, hæstv. utanrrh., að þetta verði nefnt jafnoft fyrir austan í kosningabaráttunni af geistlegum öflum sem þar fara fram fyrir Alþfl. En það eru þessi pótemkintjöld sem á að draga upp og gera trúverðug í væntanlegri kosningabaráttu og náttúrlega alveg sérstaklega í því kjördæmi þar sem Alþfl. er búinn að kaupa — svo notað sé enskulegt orðalag — er búinn að taka við hæstv. iðnrh. sem fyrsta frambjóðanda Alþfl.

Hæstv. iðnrh. var, eins og menn vita, fram eftir öllu síðasta ári ekki við eina fjöl felldur í sambandi við framboðshugleiðingar. Þau voru færri kjördæmin þar sem ekki kom til álita að hæstv. ráðherra færi fram heldur en hin sem hann var bendlaður við. Þessi gífurlega vinsæli ráðherra, hæstv. iðnrh., var svo eftirsóttur víða um land að það voru bornar í hann víurnar og það varð til þess að aðrir þingmenn Alþfl. urðu jafnvel að standa upp til þess að verða ekki niðurlægðir ef hæstv. iðnrh. þóknaðist að bera niður í þeirra kjördæmi, og er ég þá m.a. að hugsa um hæstv. forseta Nd., þingmann Norðurl. e., sem tók pokann sinn vegna þess að það var búið að gera honum ljóst að hann yrði að gjöra svo vel að hypja sig úr kjördæmi sínu ef hæstv. iðnrh. hentaði að nema þar land með álbræðsluhugmynd sína.

Það er hins vegar staða málsins, eins og hún hefur þróast og hefur orðið æ ljósari eftir því sem nær dregur kosningum, að hæstv. iðnrh. hefur ekki þetta mál á hendi. Þetta er sýnd veiði en ekki gefin, hæstv. ráðherra. Þess vegna eru menn að reiða hér fram þá pappíra á Alþingi með því orðalagi þar sem talað er í framsöguhætti um álbræðslu á Keilisnesi. Þar sem fullyrt er að það sé aðeins um nokkurra mánaða töf á því að ræða að samningar gangi upp og hægt verði að leggja hér fram frv. á Alþingi, undirbyggt af samningum, þótt

það hafi raunar verið ætlun ráðherrans að smeygja frv. inn án samninga og áður en samningar lægju fyrir bókaðir og undirritaðir af gagnaðilanum, Atlantal-hópnum. Þess vegna tekur hæstv. iðnrh. þannig til orða, eins og við lesum í lok þessarar þáltill. hans og menn geta lesið sér til um víða í skýrslunni hans, með leyfi virðulegs forseta:

„Brýnt er að tillaga þessi til þingsályktunar og ofangreindar lánsfjárheimildir verði samþykktar á þessu þingi. Með því hefur af Íslands hálfu verið gert það sem gera þarf" — takið eftir orðalaginu — „Með því hefur af Íslands hálfu verið gert það sem gera þarf til að gangsetning álversins frestist aðeins um fimm mánuði, þ.e. frá 1. ágúst 1994 til áramótanna 1994–1995, þótt samningsgerðin sjálf og viðræður um fjármögnun álversins taki meiri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir."

Svona nákvæmt er þetta. Þetta er nánast upp á dag sem um er að ræða frestunin í þessu máli sem hefur verið að frestast mánuð eftir mánuð og missiri eftir missiri allt kjörtímabilið í höndum hæstv. iðnrh. Það er með þessum tillöguflutningi verið að reyna að láta líta svo út að hæstv. ráðherra hafi þetta svona nokkurn veginn fast í hendi, ef það séu ekki einhverjir óþurftargemlingar hér á Alþingi Íslendinga, hikandi öfl og dragbítar í ríkisstjórn landsins, sem koma í veg fyrir það að hæstv. ráðherra komi siglandi með álverið sem stafnbúi í fleyi Atlantsáls til að renna í hina nýju höfn við Flekkuvík hjá Keilisnesi.

Það er með fádæmum, virðulegur forseti, að heil ríkisstjórn skipuð tug ráðherra, kannski einum betur, ég man nú ekki alltaf töluna, skuli gerast þátttakandi í þessum skrípaleik sem hér er viðhafður af hæstv. iðnrh. í þessum kosningabæklingi Alþfl. sem hér er reiddur fram á Alþingi og er með gagnsærri plöggum sem sést hafa. Ég tala nú ekki um ef menn fara nú að líta á krónurnar sem búa þar á bak við sem verið er að halda fram að komi hér inn í íslenskt efnahagslíf á næstu mánuðum og árum.

Nú ætla ég að sjálfsögðu ekki að taka af um það að það geti gerst að hinir erlendu aðilar taki í hönd hæstv. iðnrh. eða þess sem á eftir kemur, ekki síst ef það verður sú ríkisstjórn sem ég var að leiða líkur að að væri á teikniborðinu hjá hinni nýju forustu í Sjálfstfl., að það gæti komið til þess, en það er algerlega háð því að mat hinna erlendu gagnaðila, samningsaðila iðnrh., Atlantsál-forustunnar, að mat þeirra sé það að rétti tíminn sé kominn, að forsendurnar séu fyrir hendi, að málið sé þroskað, að þeir hafi náð þeim hámarksárangri sem vænta má gagnvart stjórnmálaöflum á Íslandi í sambandi við samninga og samningamöguleika af sinni hálfu. Því þetta eru engir veifiskatar sem eru þarna á ferðinni. Þetta eru menn sem kunna til verka. Þetta eru menn sem eru reyndir í sínum „bisniss". Þetta eru menn sem eru vanir að kljást við veikgeðja ríkisstjórnir víða um heim. Menn sem eru þrautþjálfaðir í að fást við lönd þriðja heimsins, koma sér þar fyrir til þess að tryggja hámarksávöxtun síns fjármagns. Og það vill nú svo til, hæstv. forsrh., það vill nú svo til að ef við lítum til málsmeðferðarinnar hjá ríkisstjórn þinni í sambandi við þetta mál og af hálfu hæstv. iðnrh., þá stöndum við algjörlega í sporum þriðjaheimsríkis miðað við það hvernig á málunum er haldið, hvernig menn láta vefja sér um fingur af viðmælendum sínum, þrátt fyrir það að Íslendingar ættu að vera orðnir sæmilega læsir í þessum viðskiptum vegna þess að þetta er ekki fyrsta álverið sem er reist á Íslandi, þetta er ekki fyrsta álverið, þetta er ekki í fyrsta sinn sem við tökumst á við svona verkefni. En því miður er svo að sjá sem við höfum lítið lært frá því að samningar voru gerðir um álbræðslu í Straumsvík á sjöunda áratugnum.

Þetta er kannski kjarnaatriði í þessu máli, en ég spyr hv. alþm. og hæstv. ráðherra, samstarfsmenn iðnrh. í ríkisstjórn: Ætla þeir virkilega að láta Alþfl. draga sig út á þetta svell? Ætla þeir að gerast ábekingar á þessum kosningabæklingi Alþfl.?

Ég sé það að forustu Sjálfstfl. flökrar ekkert við. Hún ætlar ekkert að spyrna á móti því hér á Alþingi að þessi kosningabæklingur komist í hendur iðnrh. með stimpli Alþingis Íslendinga miðað við þær undirtektir sem fram komu hjá formanni þingflokks Sjálfstfl. hér fyrr á þessum degi. (**EgJ:** En Alþb., hvað ætlar það að gera?) Já, hv. þm. Egill Jónsson, hvað ætlar Alþb. að gera? Þetta er einmitt ágæt spurning og ég bið hv. þm. um að koma hér upp í ræðustól og bera þessar spurningar fram við Alþb. og þingmenn þess því það er full ástæða til að spyrja líka Alþb. að því, hvað ætlar það að gera í sambandi við þetta? (Gripið fram í.) Á ég að segja hv. þm. eitt í þessu sambandi? Ég hef von um það að sá flokkur, sem ég hef starfað í lengi og tel mig þekkja þokkalega til þar innanvert, muni þegar á herðir halda áttum í þessu máli. En þá þarf hann líka að taka sig á. Og m.a. í þeim tilgangi erum við að ræða þetta mál hér á Alþingi, m.a. af þeim sökum stend ég hér í þessum ræðustól og ætla mér að fara yfir þetta mál lið fyrir lið, eins og skylt er að gera af okkur þingmönnum, hvar í flokki sem við stöndum. Ég óttast hins vegar, virðulegur þingmaður Egill Jónsson, að það kunni að vera að sumir af hv. þm. hafi ekki haft aðstæður til þess núna undanfarna daga vegna anna í þinginu að fara yfir þessa skýrslu, þessa skýrslu iðnrh. um álver á Keilisnesi, og átta sig á innihaldinu sem er að sjálfsögðu forsenda fyrir því að menn reyni að meta þetta mál öðruvísi en með því að horfa á flokkslit eða flokksskírteini eða fylgja einhverjum forustusauðum sem eru að spekúlera í því hvernig kaupin geti gengið á eyrinni að kosningum loknum.

Ég spyr hv. þm. að austan, Egil Jónsson: Hvernig líst honum á innihaldið í þessari skýrslu? Er hann búinn að fara yfir það, ætlar hann að vera þátttakandi í því að skrifa upp á kosningabækling Alþfl. varðandi álver á Keilisnesi? Ég beini þeirri spurningu einnig til annarra sjálfstæðismanna sem hér eru, þar á meðal til hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar sem situr hér í þingsal — og fer nú kannski að styttast í veru hv. þm. um sinn. Ég segi að mörgu leyti því miður vegna þess að ég held að hann sé einmitt einn af þeim þingmönnum Sjálfstfl. sem hafa svolítið jarðsamband við það Ísland, sem ég vil sjá þróast og dafna áfram, Ísland sem heldur utan um sínar auðlindir, sem veit á hverju við

lifum og hefur áhuga á því að standa vörð um þá undirstöðuhagsmuni. Þeim þingmönnum fer því miður fækkandi og auðvitað munar þar mest um þegar þeim fækkar hlutfallslega í Sjálfstfl. vegna þess hversu margir fulltrúar sitja fyrir Sjálfstfl. á þingi.

Það eru váleg tíðindi sem hafa verið að gerast í þessum stóra flokki, Sjálfstfl., að undanförnu og sem innsigluð voru með nýjum formanni um síðustu helgi. Það er ekkert gamanmál. Ég tek ekki undir það að það sé sami rassinn undir fyrrverandi formanni Sjálfstfl. að öllu leyti og þeim sem við tekur. Ég tel mig geta lesið það vel í mál manna og samskipti við menn að ég hefði kosið að sjá þar aðra niðurstöðu Íslands vegna heldur en raun varð á og ætla ég þó ekki að fara að hlutast til um innri málefni Sjálfstfl., ég hef alveg nóg að gera að því er varðar minn flokk, að því er það snertir. En ég leyfi mér, virðulegir þingmenn, að lesa einnig í spil annarra flokka vegna þess að í okkar þingræði og lýðræði hér á landi skiptir að sjálfsögðu máli hvernig þar er skipað í hverju sæti, hvaða stefna verður þar ofan á, hvaða stefnu er þar fylgt. Undir því eru örlög Íslands komin og þróun mála hér á næstu árum.

Hæstv. iðnrh. — hvert hefur hæstv. ráðherra brugðið sér? Ég ætlaði aðeins að ræða við hæstv. ráðherra frekar um ástæðurnar fyrir því ofurkappi sem hann leggur á að þröngva þessum málum sem hér eru kynnt í gegnum þingið. Það væri hægt að grípa mjög víða niður í þeim efnum. Ég ætla að grípa niður hér í ræðu sem hæstv. ráðherra hélt fyrir ári síðan á vettvangi Félags ísl. iðnrekenda, en svo vill til að hæstv. ráðherra er að fara inn á sama vettvang á morgun, á aðalfund Félags ísl. iðnrekenda, og halda þar nýja álræðu og nýja Evrópuræðu. Hvað sagði hæstv. ráðherra í fyrra við Félag ísl. iðnrekenda? Það eru bara fáeinar línur sem ég vitna hér til af mörgum sem ástæða gæti verið til að lesa. Undir fyrirsögninni „Álsamningar, undirritun viljayfirlýsingar", en sú yfirlýsing var einmitt undirrituð fyrir réttu ári síðan, þann 13. mars 1990. Þá sagði ráðherrann:

„Það eru auðvitað engar fréttir í þennan hóp að í fyrradag undirritaði ég fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar og forstjórar þriggja álfyrirtækja viljayfirlýsingu um að ljúka samningum um nýtt álver hér á landi fyrir 20. sept. nk. Með undirritun þessarar yfirlýsingar er náð mjög mikilvægum áfanga í þessu máli sem nú hefur verið unnið að um þriggja ára skeið.

Ég er sannfærður um" — sagði iðnrh. á Hótel Loftleiðum fyrir réttu ári — „að djúp alvara búi að baki undirskrift forstjóranna þriggja og að nú séu vaxandi líkur á því að þessir samningar takist innan settra tímamarka."

Hvað ætli hæstv. ráðherra sé búinn að halda síðan oft viðlíka ræður og hafa uppi álíka fullyrðingar? Auðvitað verða alþingismenn að skilja vandræði hæstv. iðnrh. Þau eru ekki lítil þau pólitísku vandræði sem hæstv. ráðherra er í, en þeim muni minni ástæða er það fyrir okkur alþingismenn að fara að hlaupa til að undirrita skuldbindandi yfirlýsingar og samþykktir og veita fjármagn með samþykktum hér á Alþingi Íslendinga inn í þetta ævintýri hæstv. ráðherra, inn í þennan vandræðagang. Hvaða ástæðu höfum við til þess, þingmenn úr öðrum flokkum, að fara að skrifa upp á þennan býsna dýra kosningabækling Alþfl. og hæstv. ráðherra? Ég hef ekki komið auga á rökin fyrir því, en ég ætla hér að víkja að nokkrum þáttum — virðulegi forseti, hæstv. ráðherra er genginn á dyr. Ég ætlaði að fara að eiga frekari orðastað við hæstv. iðnrh. en hann er genginn á dyr. Eigum við að búa við það að tala við menn hér í gegnum veggina, við hæstv. ráðherra? — Hæstv. ráðherra birtist ekki enn, en vegna þess að hann kann nú kannski innihaldið í ræðunni sem hann flutti í fyrrakvöld, þá get ég nefnt hér fáein atriði á meðan hann er að skila sér í þingsal.

„Það er brýnt," sagði ráðherrann hér í fyrrakvöld, „að Alþingi samþykki þessar þrjár tillögur" — það er brýnt — „og leggi með því af Íslands hálfu grunn að því að álver á Keilisnesi geti tekið til starfa frá áramótunum 1994–1995. Með samþykkt tillagnanna má tryggja" — takið eftir orðalaginu — „Með samþykkt tillagnanna má tryggja að gangsetning álversins frestist aðeins um fimm mánuði frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir og ráðgert var við undirritun yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda og Atlantsálsaðilanna 13. mars 1990." — „Með samþykkt tillagnanna má tryggja". Hafa menn heyrt önnur eins býsn frá ráðherra í ríkisstjórn landsins? Að mæla hér fyrir þingmáli sem hann hefur dregið ríkisstjórnina með sér til að fá að flytja hér inn á Alþingi Íslendinga og bera það hér fram við Alþingi að með því að samþykkja þennan pappír hér sé verið að tryggja samninga um álver á Keilisnesi. — Hvar er hæstv. forsrh.? Virðulegur forseti. Ég hélt að ríkisstjórnin ætlaði að vera hér nærri og höfuð hennar var hér fyrir skemmstu því við lesum hér í mál hæstv. iðnrh. frá því í fyrrakvöld ekkert minna en að með því að samþykkja þessa tillögu í fjórum línum séum við að tryggja framgang samninga um álbræðslu á Keilisnesi. Það er nú ekkert minna.

Ég hlýt að spyrja forsrh. hvernig á því standi að hann sem höfuð ríkisstjórnarinnar skuli gangast inn á það að slík tillaga sé flutt á Alþingi Íslendinga undir þessum formerkjum sem bæði stendur í grg. og hnykkt er á í málflutningi hæstv. iðnrh. (Gripið fram í.) Ég kem kannski að fleiri þáttum málsins seinna.

Nú er sem sagt reiknað með, segir hæstv. ráðherra hér í fyrrkvöld, að áramótin 1994–1995 verði upphaf framleiðslunnar. „Þetta á að vera unnt þótt samningagerðin um álverið og viðræður um fjármögnun þess taki nokkuð lengri tíma en áður var gert ráð fyrir." — Hér er kominn hæstv. sjútvrh. sem stundum er staðgengill forsrh. landsins. (**Sjútvrh.:** Ætlar þú ekki að bjóða mig velkominn?) Ég gleðst sérstaklega yfir því. Það var einmitt það sem ég ætlaði að segja, svo og hitt að vekja athygli hæstv. sjútvrh. á því að ríkisstjórn landsins, sem hann situr í, telur sig samkvæmt þessari þáltill. og orðum hæstv. iðnrh. vera að tryggja framgang samninga um álbræðslu á Keilisnesi, að vera að tryggja að slíkir samningar séu í höfn og framleiðsla hefjist um áramótin 1994–1995.

Af því að sjútvrh. er hér viðstaddur þá væri ástæða til þess fyrir hæstv. sjútvrh. að fara sérstaklega yfir

þann þátt sem sneri að sjávarútvegsmálum í ræðu hæstv. iðnrh. hér í fyrrakvöld, hvernig hann las í þau mál og hvernig hann tengdi þessar hugsjónir sínar um álbræðslu á Keilisnesi við aðstæður í sjávarútvegi á Íslandi. Ég vil ekki fullyrða að hann hafi verið að kenna hæstv. sjútvrh. þar um stöðu mála í öllum greinum, það vil ég ekki segja, en hins vegar hefur hæstv. iðnrh. með málflutningi sínum verið með óbeinum hætti að gagnrýna meðferð sjávarútvegsmála hér undanfarin ár og að draga kjarkinn úr íslenskri þjóð sem fiskveiðiþjóð með því að sverta stöðu mála langt umfram það sem ástæða er til að gera.

Hvaða málflutning hafði hæstv. iðnrh. ekki uppi hér þangað til í fyrravor til að sanna ágæti og þýðingu þessarar álbræðslu á Keilisnesi? Ég veit að hæstv. forsrh. kannast vel við þann samanburð sem hæstv. iðnrh. hafði uppi varðandi þýðingu þessa máls þegar hann sagði: Hvert tonn af áli jafngildir einu tonni af þorski upp úr sjó hvað þýðingu snertir fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Þetta endurtók hæstv. iðnrh. seint og snemma frá því sumarið 1989 og þangað til í fyrravor að fyrir lá umsögn frá þeirri stofnun sem hann veitir forstöðu, fyrir utan að vera iðnrh. og viðskrh. í ríkisstjórninni, þ.e. Þjóðhagsstofnun, stofnuninni þar sem hann situr enn sem forstjóri, (**Forsrh.:** Nei, hann er hættur.) þar sem hæstv. iðnrh. hefur setið sem forstjóri fram undir þetta en nú segir hæstv. forsrh. okkur tíðindi — að hæstv. iðnrh. sé hættur sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Þetta eru nú aldeilis fréttir. En hann var ekki hættur sl. vor þegar Þjóðhagsstofnun mannaði sig þó upp í að taka forstjórann á teppið í sambandi við staðhæfingar hans um efnahagslegt gildi álbræðslu á Íslandi og álframleiðslu útlendinga á Íslandi. — „Eitt tonn af áli jafngildir einu tonni af þorski upp úr sjó," endurtók ráðherrann mánuð eftir mánuð í allan fyrravetur þangað til að sannað var, dregið var fram af Þjóðhagsstofnun, stofnun hæstv. þáv. forstjóra og hæstv. iðnrh., að hann færi svona frítt reiknað með þreföld ósannindi að þessu leyti og reyndar gott betur ef tekið væri tillit til þess að álbræðslan yrði fjármögnuð með erlendu lánsfé og það þyrfti að greiða afborganir af því fjármagni og vexti því að þá reyndist þetta vera fimmföld til sexföld vitleysa.

Ég segi það satt, hv. alþm., er ekki ástæða til þess fyrir okkur að slá varnagla við staðhæfingum, framsetningu og skýrslum sem fram eru reiddar hér á Alþingi Íslendinga af ráðherra og þingmanni sem er ekki vandari að virðingu sinni heldur en reynst hefur, heldur en hæstv. iðnrh. hefur reynst í þessu máli? Og þarna er um að ræða eitt dæmi sem er mjög lýsandi dæmi. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti, það virðist svo sem hæstv. iðnrh. sé eitthvað að ókyrrast undir máli mínu, en ég held að það væri ástæða til þess fyrir forseta að vekja athygli hæstv. ráðherra á því að honum stendur áreiðanlega þessi ræðustóll opinn eftir að ég hef lokið máli mínu, enda á ég eftir að beina ýmsu til ráðherrans sem ég vænti að hann sjái ástæðu til að svara. Það er auðvitað mjög kærkomið að hæstv. ráðherra fari yfir og hreki þau skjöl sem liggja fyrir í þingtíðindum, reidd fram af Þjóðhagsstofnun, í sambandi við meðferð frv. til laga um raforkuver sem lögfest var hér sl. vor að beiðni ráðherrans og eftir að hann hafði þröngvað því máli fram hér á Alþingi svipað og hann er að reyna hér með þetta mál þó að það sé öðruvísi vaxið.

Ég held að það sé mikil ástæða til þess fyrir okkur hér á Alþingi að átta okkur á því að lærdómstitlar nægja ekki ef heiðarleikann vantar. Það er hægt að búa alla hluti í búning, einnig sérfræðilega, og búa til alls konar niðurstöður og halda slíkum firrum fram, eins og hæstv. iðnrh. gerði hér trekk í trekk sl. vetur, og hefur ekki séð ástæðu til að biðja velvirðingar á henni í dag þótt fyrir liggi í þinggögnum, gögnum frá opinberri stofnun sem ekki verður nú vænd um að vera neitt sérstaklega óvinveitt hæstv. iðnrh., til skamms tíma forstjóra Þjóðhagsstofnunar — en það verður væntanlega upplýst hér af hæstv. ráðherra hvenær hann lét af því starfi fyrst það hefur gerst. Það kann að hafa tengst þeim undirbúningi sem fram fór í sambandi við mannaskiptin í Seðlabankanum að hæstv. ráðherra hafi séð ástæðu til þess að losa sig undan því oki að vera forstjóri Þjóðhagsstofnunar jafnframt því að vera viðskrh. og iðnrh. í ríkisstjórn Íslands, að hann hafi eygt möguleika á því að koma sér einhvers staðar annars staðar fyrir svona þegar fram líða stundir, en þetta verður kannski skýrt hér í umræðum á eftir. Það gæti verið full ástæða til þess.

En nú skulum við aðeins lesa betur í fræðin hjá hæstv. iðnrh. varðandi efnahagsleg áhrif þeirrar álbræðslu sem hann vill að rísi hér á Reykjanesi. Í ræðu sinni vék hæstv. ráðherra að þessu svofelldum orðum:

„Þjóðhagsstofnun hefur kannað þjóðhagsleg áhrif Atlantsálsfyrirtækisins." — Virðulegur forseti, mér finnst vera farinn að þynnast hérna ráðherrabekkurinn. Ég sé að vísu hæstv. forsrh. hér í hliðarherbergi en ég sakna þess að ekki skuli vera neinn ráðherra Alþb. hér í sjónmáli því að ég ætlaði að fara hér yfir efnahagsleg áhrif eins og hæstv. iðnrh. sér þau og reiðir hér fram í gögnum og ræðum. Hann segir:

„Þjóðhagsstofnun hefur kannað þjóðhagsleg áhrif Atlantsálsfyrirtækisins. Hún hefur gert það með því að bera saman tvö dæmi um líklega hagþróun næstu árin. Annars vegar svokallað grunndæmi þar sem ekki er gert ráð fyrir stóriðjuframkvæmdum og hins vegar dæmi sem hún nefnir áldæmi. Í grunndæminu er gert ráð fyrir óbreyttum fiskafla en lítils háttar aukningu verðmætis og hækkunar verðs á sjávarafurðum." — Ekki er nú spáð miklu í sambandi við íslenskt sjávarfang í þessum samanburði, en látum það liggja milli hluta.

„Í áldæminu er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna álvers, virkjana og annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru til þess að sjá þessu mikla iðjuveri" — þið takið eftir að það kemur víða fram lýsingarorðið „mikill" — „fyrir raforku og þjónustu. Helstu niðurstöður þessara athugana Þjóðhagsstofnunar, sem gerðar voru seint á liðnu ári, eru þessar."

Þetta er framsöguræða hæstv. iðnrh. fyrir málinu hér fyrir tveimur kvöldum.

„Í áldæminu verður árlegur hagvöxtur næstu fimm ár

að jafnaði um 2,5% sem er um 1% hærra hvert ár en í grunndæminu."

Í áldæminu verður árlegur hagvöxtur næstu fimm ár að jafnaði um 2,5% sem er um 1% hærra hvert ár en í grunndæminu. — Þetta segir hæstv. ráðherra í framsögu sinni.

Í skýrslu hæstv. ráðherra er þessa staðhæfingu líka að finna á bls. 24. Ég geri ráð fyrir að hv. alþm. hafi plaggið hér til hliðsjónar og geti flett upp á því. Þar lesum við í grg. á bls. 24 að helstu niðurstöður Þjóðhagsstofnunar séu:

„Að árlegur hagvöxtur í grunndæminu verði, á mælikvarða landsframleiðslu, einungis um 1,5% [þ.e. án álbræðslu], eða um 0,5% á mann tímabilið 1991–1997. Í áldæminu verður árlegur hagvöxtur að meðaltali 2,5%, eða um 1,5% á mann."

Þetta er byggt á gögnum sem einnig fylgja þessari skýrslu, hæstv. forsrh. (Gripið fram í.) Þar lesum við, hæstv. forsrh., á bls. 66 varðandi sama atriði úr fylgiskjalinu, sem þetta er væntanlega byggt á, eftirfarandi:

„Með Atlantal-álverinu er hagvöxtur — á mælikvarða landsframleiðslu — talinn verða um 2,2% á ári á tímabilinu 1991–1997, samanborið við 1,6% án álvers."

Hvaða tölur eru þetta? Ekki 2,5% eins og við lesum í ræðu hæstv. ráðherra og í grg. í skýrslu hans, heldur 2,2% á ári. Samanborið við 1,6% án álvers, en í skýrslunni reiðir hæstv. ráðherra sömu tölu fram með öðrum hætti. Þar er ekki talað um 1,6% eins og í fylgigagninu heldur 1,5%. Hér er um að ræða, varðandi þessar meginhagstærðir sem hæstv. ráðherra er að reiða fram, ósambærilegar tölur, misvísandi tölur, tölur sem rekast hver á aðra. Hvers konar vísindi eru þetta, hæstv. iðnrh.? Hvernig stendur á því að hér ber ekki saman tölum í fylgiskjölum með skýrslunni, grg. og ræðu hæstv. ráðherra? Þar sem eru 2,2% í greinargerð Þjóðhagsstofnunar eru orðin 2,5% í munni ráðherrans og annar samanburður er einnig misvísandi. Hvernig stendur á því að hæstv. iðnrh. er ekki vandari að virðingu sinni þegar verið er að reiða fram tölur? Þó að þessar tölur segi ekki allan sannleikann, þá verðum við að fara fram á það að þar sé a.m.k. eitthvert samræmi, eitthvert system í galskapnum hjá hæstv. ráðherra en það rekist ekki hvað á annars horn.

Getur það verið að þannig sé staðið að málum á ýmsum sviðum í sambandi við útreikninga á þessu máli? Hvernig halda menn að haldið sé á hagsmunum Íslands í samningaviðræðum undur forustu ráðuneytis sem ekki hefur fyrir því að gæta samræmis í framlagningu og útreikningum sem lagðir eru fyrir Alþingi Íslendinga?

Væntanlega kemur hæstv. ráðherra hér og greinir okkur frá því hvernig að þessum málum er staðið. En ég hvet hv. alþm. til þess að fara með opnum augum yfir þetta plagg, sem hér er lagt fyrir, og málflutning hæstv. iðnrh. og hugsa sig um tvisvar áður en menn fara að stimpla þessa stefnu inn hér með atkvæðum okkar hér á Alþingi þegar þannig er staðið að verki eins og raun ber vitni.

En hver er eftirlætishagstærð sem hæstv. iðnrh. ber hér fram, nýlega orðinn fyrrv. forstjóri Þjóðhagsstofnunar og hugsanlegur seðlabankastjóri? Hver er eftirlætishagstærð hæstv. ráðherra? Er það þjóðarframleiðsla? Eru það þjóðartekjur? Eru það nettóþjóðartekjur? Nei. Það er allt, allt önnur hagstærð sem gengur eins og rauður þráður hér í gegnum þessi plögg, og gerði það raunar í fyrravor. Það er landsframleiðsla. Hæstv. dómsmrh. er eflaust farinn að kunna þessa tölu, vöxtinn í landsframleiðslu sem þessi happadráttur á Keilisnesi á að skila okkur. Hún er núna upp á síðkastið fram borin 4%, 4% aukning landsframleiðslu, númer tvö hér í ræðu ráðherrans í fyrrakvöld:

„Eftir að álverið er komið í eðlilegan rekstur mun það auka landsframleiðsluna varanlega um 4%."

Hvers konar tala er þessi landsframleiðsla sem hæstv. iðnrh. er að halda að þjóðinni? Ég held að það væri full ástæða til þess fyrir hæstv. ráðherra að skýra okkur frá því af því að hann er nú fræðimaður á þessu sviði þó að hann fari ekki alltaf nógu vel með kunnáttuna í þessum efnum.

En ég skal vitna hér í stuttu máli til eins fyrrv. starfsmanns hæstv. ráðherra, starfsmanns á Þjóðhagsstofnun, sem hefur skrifað greinar og greinargerðir um þetta mál. Ein þeirra var birt sem fskj. með nál. mínu vegna frv. til laga um raforkuver sl. vor, en þar segir Jóhann Rúnar Björgvinsson þjóðhagfræðingur um hagvöxt ál- og orkuframkvæmda eftirfarandi, örstutt tilvitnun:

„Hagvöxt má mæla á mismunandi vegu og er því áríðandi að velja réttan mælikvarða með tilliti til tilgangs mælingarinnar hverju sinni. Ef hagvöxtur á að gefa vísbendingu um bætt lífskjör eða getu til aukinnar fjárfestingar er rétt að leggja til grundvallar vöxt þjóðartekna, þ.e. raunverulega tekjuaukningu þjóðarinnar. Slík mæling getur t.d. verið vöxtur þjóðartekna í heild eða á mann. Dæmi um aðra mælikvarða er vöxtur í landsframleiðslu eða vöxtur í þjóðarframleiðslu en þeir mælikvarðar gefa ekki rétta mynd í ofannefndu samhengi þótt þeir séu oft notaðir.

Landsframleiðslan mælir þá framleiðslu sem á sér stað í landinu á einu ári. Erlendir aðilar eiga hins vegar tilkall til hluta af þeirri framleiðslu sem greiðist í formi vaxta og arðgreiðslna. Ef sá hluti er dreginn frá landsframleiðslunni fæst þjóðarframleiðslan. Það er sá hluti framleiðslunnar sem fellur þjóðinni til. En til þess að ná þeirri framleiðslu hefur hluti af fjárfestingu þjóðarinnar notast eða étist upp.

Þjóðartekjur eða nettóþjóðarframleiðsla taka því tillit til þeirrar eyðingar eða afskriftar og mæla því raunverulegar tekjur þjóðarinnar á hverju ári. Aukning þjóðartekna er því til lengri tíma litið grunnurinn að bættum lífskjörum."

Þetta segir, virðulegur forseti, þjóðhagfræðingur sem hefur ritað um þessi efni. Hans viðhorf verða, held ég, ekki hrakin að því er varðar þær skilgreiningar sem hér eru á ferðinni, en ég er að nefna þetta hér vegna þess að hæstv. iðnrh. er ekki vandari að virðingu sinni en svo að hann notar hér mælikvarða sem segir í raun-inni ekki neitt um þann ávinning sem íslensku þjóðarbúi kynni að áskotnast af fyrirtæki, í þessu tilviki ál-

bræðslu, sem hann er að leggja til að reist verði, en það skiptir ekki máli hvaða fyrirtæki það er, í eigu erlendra aðila eða reist hér á Íslandi fyrir lánsfé þar sem við þurfum að standa skil á vöxtum og afborgunum, en auk þess geta útlendingarnir flutt arðinn úr landi svo sem kunnugt er og fyrir því öllu séð í þeim drögum að samningum sem hæstv. iðnrh. er hér að fjalla um.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur að átta okkur á því með hvaða blekkingum, með hversu blekkjandi framsetningu þessi mál eru borin hér fram á Alþingi af hálfu hæstv. iðnrh. Og við eigum að frábiðja okkur að taka við plöggum af þessu tagi, hvað þá að við eigum að láta ginnast til þess að fara að greiða þeim atkvæði okkar og koma þannig fótum undir kosningabaráttu þessa ráðherra í viðkomandi kjördæmi.

En það er fleira heldur en hinn hagræni ávinningur sem hæstv. ráðherra er að veifa í þessu sambandi því að hann er í leiðinni að leysa umhverfisvandamál — og hvar er nú hæstv. umhvrh.? Hæstv. umhvrh. ætti nú að koma í þingsal og horfast í augu hér við starfsbræður sinn í ríkisstjórninni, hæstv. iðnrh., því að þeir eiga sæti hér hvor nærri öðrum. Mér þætti vænt um ef hæstv. umhvrh. væri hér nærri vegna þess að hann hlýtur að vera á sama skipi og hæstv. iðnrh. í sambandi við umhverfismálin að því er snertir þessa álbræðslu.

Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni í fyrrakvöld, tengt umhverfismálum, að eitt meginatriðið með nýtingu orkulindanna til eflingar atvinnu væri, og það er tölulið ur 7 í ræðu hans af 8 tölulið um: „Að eiga þátt í að leysa orku- og umhverfisvanda jarðarinnar og efla um leið atvinnuvegi Íslendinga."

Hæstv. iðnrh. er kominn hér í alþjóðlega krossferð til að leysa umhverfisvanda jarðarbúa. Með hvaða hætti? Jú, hann rökstyður það í sinni ræðu í fyrrakvöld. En ég er ekki alveg viss um að það verði allt saman sú huggun fyrir íbúa á Reykjanesi sem til er ætlast eða þeir verði jafnkátir yfir þeirri alþjóðahyggju í sambandi við umhverfismál sem hæstv. iðnrh. ber svo mjög fyrir brjósti.

Hæstv. ráðherra fór m.a. svofelldum orðum um þessar hugsjónir sínar um að leysa alþjóðlegan umhverfisvanda með því að auka og bæta við umhverfisvandamálin hér við Faxaflóa með svofelldum hætti:

„Nýtt álver á Íslandi kemur þar á ofan líklega í stað álvers annars staðar, sem ætla má að fengi sína rafork u annaðhvort með bruna kola eða olíu eða þá frá kjarnorkuverum. Aukin álbræðsla á Íslandi stuðlar þannig að betra umhverfi í heiminum því að við eigum þess kost, svo lánsöm erum við, að nota hreina orkulind, vatnsorkuna, til þess að sjá álverinu fyrir orku. . . . Álver á Íslandi er því drjúgt framlag til alþjóðlegrar baráttu gegn þessum skaðlegu áhrifum," segir ráðherrann, gróðurhúsaáhrifum og fleira sem hann tiltekur í sínu máli. — Þykir mér nú, virðulegur forseti, leitt að sjá á bak hæstv. umhvrh. einmitt þegar við erum að ræða hér um umhverfisáhrifin og hugsjónir hæstv. iðnrh. í því sambandi. En það er alveg velkomið að ég geri smáhlé á ræðu minni ef hæstv. ráðherrar geta ekki verið hér viðstaddir umræðu um þetta efni tengt álbræðslunni. (**Forseti:** Má ég benda hv. þm. á að umhvrh. stendur þarna við hliðarsal og heyrir hvert orð.) Virðulegur forseti. Ég vil að hæstv. ráðherrar séu hér til að fylgjast með umræðu mála en ekki á aukafundum hér í hliðarherbergjum, hvað þá hér utan salar, víðs fjarri eins og hæstv. iðnrh. sem gengur hér á dyr. En hann segir hér í máli sínu frekar um þetta efni:

„Í skýrslu Brundtland-nefndarinnar svokölluðu, sem kennd er við forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, og ber nafnið „Sameiginleg framtíð vor", er einmitt lögð mikil áhersla á alþjóðlega samvinnu til þess að forðast þann vanda sem gróðurhúsaáhrifin hafa í för með sér fyrir allt mannkyn. Ég tel að okkur beri því skylda til að færa okkur í nyt okkar hreinu orkulindir til þess að draga úr bruna jarðeldsneytis með þessum hætti. Álið hefur marga kosti aðra sem stuðla að því að ná markmiðum Brundtland-skýrslunnar. Ál er efni sem auðvelt er að endurvinna. Álið stuðlar að betri nýtingu orkuforða jarðarinnar, því sú orka sem vinnst úr okkar vatnsafli og þjappað er saman í álið skilar sér margfalt aftur þegar búið er að gera bílana, járnbrautarvagnana, flugvélarnar og önnur flutningatæki léttari og sparneytnari með því að nota ál í staðinn fyrir stál. Með því að nýta hreina orku fallvatnanna til að framleiða ál erum við því reyndar að leggja okkar skerf til umhverfisverndar séð í stærra samhengi."

Þetta er dálaglegur texti og það birtir yfir hæstv. iðnrh. þegar hann er lesinn, enda eru þetta hans eigin orð, hinar alþjóðlegu hugsjónir sem hann reiðir hér fram, hvernig hann ætlar að færa umhverfisvandann yfir á Faxaflóasvæðið til þess að draga úr vanda úti í heimi. Þetta minnir mjög á málflutninginn þegar sænskir flokksbræður hæstv. ráðherra voru að réttlæta vopnasöluna á sínum vegum til bardagasvæða heimsins eða landa sem voru að byggja sig upp með alls kyns vopnabúnaði, og sænskir kratar réttlættu það með því að það yrðu bara einhverjir aðrir til þess að selja þeim það ef Svíar seldu þeim ekki vopnin. (**Viðskrh.:** Mér heyrðist og sýndist að ræðumaður væri bara . . . við að lesa þennan góða texta.) Já, það er ágætt að það er að lifna aðeins yfir hæstv. iðnrh. Mér finnst það vita á gott og bendir til þess að við getum átt hér skemmtilega nótt fram undan í skoðanaskiptum um þetta mjög svo margbrotna og mikilvæga mál að mati ráðherrans, og reyndar get ég undir það tekið að vissu marki að þýðingu hefur það.

Þá er rétt vegna þessa kafla í ræðu hæstv. iðnrh. að víkja einmitt nánar að umhverfisþáttum þessa máls. Þar er ráðherrann ekki einn ábyrgur heldur er hæstv. umhvrh. þar í sérstöku forsvari, en hann hlýtur auðvitað að vinna þar mjög náið að gæslu íslenskra hagsmuna með hæstv. iðnrh. þó svo að hæstv. iðnrh. vilji tengja þetta talsvert mikið við alþjóðlegar lausnir á umhverfisvanda jarðarbúa og virðist vera þar jafnvel nokkru meira í mun heldur en sú ábót á mengandi efni sem fylgja mun álbræðslu ef reist verður hér, ég tala nú ekki um ef þannig verður að verki staðið eins og því miður virðist örla fyrir ef litið er á pappírana sem fyrir liggja í þessum efnum.

Já, það eru umhverfismálin, hæstv. umhvrh. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. líka: Hvernig er háttað samstarfi þeirra og ráðuneyta þeirra í sambandi við þetta mál? Hvernig vinna þeir sameiginlega að lausn þess vanda, sem þeir hafa viðurkennt í orði að þurfi að gæta að, þess mikla umhverfisvanda sem fylgja mun þessari álbræðslu og bætast mun í andrúmsloft og umhverfi hér á Faxaflóa sem var til sérstakrar umræðu, einmitt sá vandi sem þegar blasir við á þessu svæði vegna mengunar hér á höfuðborgarsvæðinu? Hvernig leggjast þeir saman á árar um þessi efni að tryggja það í þeim samningum sem standa yfir um þessi efni, að þarna verði fundin farsæl lausn, ef þeir í alvöru gera sér vonir um að þessi álbræðsla verði einhvern tímann að veruleika?

Ég held að það sé býsna mörgum spurningum ósvarað en kannski koma hæstv. ráðherrar til með að leysa úr öllum vanda í þessum efnum þegar þeir koma hér í ræðustól og gera okkur ítarlega grein fyrir því hvernig fyrirhugað er að leysa mengunar- og umhverfisvandamálin tengd þessari álbræðslu ef til kemur.

Ég ætla að taka hér til að byrja með, áður en ég fer inn í svona stærri drættina í þessu máli, eitt lítið dæmi sem lesa mátti um í blöðum fyrir röskum mánuði síðan. Ég er með hér fyrir framan mig úrklippu úr DV frá 8. febr. sl. Hvað er það sem þar má lesa? „Eitt lítið og í stað eða breytir merkingu. Vona að málin leysist, segir Júlíus Sólnes umhvrh." Og þar lesum við, virðulegur forseti:

„Í þeim samningi sem snertir umhverfisþátt álversins á Keilisnesi hefur komið í ljós að mönnum hefur yfirsést varðandi ákveðið orðalag sem snertir skilyrði fyrir starfsleyfi álversins. Þetta kemur sér vel fyrir Atlantsálmenn," takið eftir: „Þetta kemur sér vel fyrir Atlantsálmenn, en getur komið sér illa fyrir Íslendinga." Þetta eru orð hæstv. umhvrh. Þetta tengist endurskoðunarákvæðum. Hvenær megi endurskoða starfsleyfi álversins. „Það er rétt að þegar við fórum að lesa samninginn betur," takið eftir orðalaginu úr munni hæstv. ráðherra, „þegar við fórum að lesa samninginn betur sáum við að eitt „og" væri vont þar sem það stóð, en í staðinn ætti þar að standa „eða". Þarna var um að ræða nokkur skilyrði fyrir starfsleyfi sem raðað var upp í röð. Þegar farið var að lesa þetta betur þótti manni óeðlilegt að tvö skilyrði þyrftu að vera samhliða uppfyllt. Okkur þótti eðlilegra að hvort skilyrði fyrir sig gæti kallað á endurskoðun starfsleyfis," sagði Júlíus Sólnes umhvrh. í samtali við DV. Og áfram er vitnað í hæstv. ráðherra:

„Það er of mikið sagt að samningamenn Atlantsálhópsins hafi hafnað að breyta þessu, en það er rétt að þeir vildu halda þessu óbreyttu. Nú eru menn að tala um mjög breyttan texta á þessu öllu þannig að hugsunin er breytt frá því sem upphaflega var." Takið eftir rökfestunni og samhenginu. „Menn eru nú að tala um að taka þetta inn í aðalsamning. Ég er því að vona," segir hæstv. umhvrh. 8. febr. sl., „að þetta falli um sjálft sig og að við getum í þessu sambandi vísað í aðalsamning sem gerður verður," sagði Júlíus. Hann sagðist vona að þetta og-mál væri úr sögunni sem slíkt því að samningarnir væru að fara í annan farveg en unnið hefur verið í til þessa varðandi umhverfisþáttinn.

„Ég ætla ekkert að leyna því," áfram tilvitnun í ráðherrann, „að þegar við ræddum við Atlantsálmenn í síðasta mánuði taldi ég þetta mál til að hafa áhyggjur af. Ég held að það sé nú úr sögunni vegna þess að mér voru að berast fréttir af gerbreyttum texta [8. febr.] sem samningamenn eru nú að ræða um," sagði Júlíus Sólnes.

Hér er lítið blaðaviðtal við ráðherra umhverfismála á Íslandi. Og hvað segir þetta viðtal okkur 8. febr. sl.? Að hæstv. umhvrh. veit bara ekki sitt rjúkandi ráð hvar þessi mál eru stödd samningslega séð. Hann veit bókstaflega ekki sitt rjúkandi ráð hvernig á að koma þessum málum fyrir. Það er allt að falla um sjálft sig. Sá gjörningur sem hæstv. ráðherra taldi sig hafa verið að vinna að, ekki bara vegna þess að það hafði víxlast og og eða, og verið rangt lesið í texta af íslenskum samningamönnum, heldur vegna þess að það er bara eitthvað allt annað sem snýr upp varðandi samningagerðina um umhverfisþættina, að nú ætti ekki að vera að tala um að gera sérstakt og sjálfstætt starfsleyfi, nú ætti að taka þetta inn í aðalsamning.

Ég geri kröfu til þess, virðulegur forseti, að hér við þessa umræðu um málið geri hæstv. umhvrh. okkur rækilega og ítarlega grein fyrir stöðu umhverfismála að því er snertir þessa álbræðslu, þessa fyrirhuguðu álbræðslu á Keilisnesi, vegna þess að þar er væntanlega um að ræða þátt sem við höfum öll áhyggjur af hvernig á er haldið, hvernig til muni takast ef út í þessa ófæru verður farið að öðru leyti, þar hljótum við öll að geta sameinast um kröfu um að það verði skaplega og eðlilega haldið á málum að því er snertir umhverfishagsmuni. Og auðvitað á það við hvaða fyrirtæki sem í hlut á, en það vegur óvenjulega þungt í því risastóra iðnfyrirtæki sem hér er um að ræða og þeirri gífurlegu losun mengandi efna sem þarna er á ferðinni, jafnvel þótt brugðist verði við með öllum tiltækum ráðum, ég tala nú ekki um ef ekki eru gerðar ýtrustu kröfur varðandi lausn mála miðað við tæknilega möguleika og annað sem að þessum þætti lýtur.

Ég treysti því en mun taka eftir því hvort hæstv. ráðherra gerir okkur grein fyrir þessum málum hér á eftir og ég geri einnig kröfu til þess að hæstv. iðnrh. fjalli rækilega um þennan þátt því að það skiptir auðvitað öllu máli þegar verið er semja um slíkt atriði að allir hlutaðeigandi ráðherrar taki á slíku máli og að ríkisstjórnin öll, með hæstv. forsrh. í fararbroddi, haldi vöku sinni varðandi slíka þætti og læri af því ef einstakir ráðherrar í ríkisstjórn landsins og þeirra starfsmenn eru ekki læsir á enska texta eða jafnvel íslenska og ruglast í samtengingum með svo afdrifaríkum hætti sem hæstv. umhvrh. greinir frá opinberlega í blaðaviðtali fyrir röskum mánuði.

Það eru engin gamanmál sem hér eru á ferðinni. Það eru mikil alvörumál sem einmitt eru undirstrikuð á þessum degi þegar fjölmiðlar hér í Reykjavík hafa það sem eitt af aðalfréttum að mengun sé orðin hér til mikilla vandræða á höfuðborgarsvæðinu og eru það út af

fyrir sig ekki ný tíðindi. En það er einmitt sú staðreynd sem við þurfum að hafa í huga þegar við erum að ræða um áhrif af vaxandi iðnrekstri á þessu svæði, sú viðbót, því það skiptir verulegu máli hver er staðan, hver er heildarstaðan, því meira sem bætist við, þeim mun verri er staðan, þeim mun minni viðbót getur hér komið af annarri starfsemi, öðrum rekstri, en auðvitað þurfum við að gæta okkar varðandi alla starfsemi sem veldur mengun og kappkosta að úr henni verði dregið.

Það eru ýmis efni öðrum fremur sem hafa þarf gát á í sambandi við rekstur af því tagi sem hér um ræðir. Ég ætla að koma hér að einum þætti til að byrja með sem er brennisteinsdíoxíð, brennisteinstvíildi, og mengun af völdum þess efnis. Ég spyr hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh.: Hver er staðan að þeirra mati miðað við samningaviðræðurnar að því er varðar útblástur brennisteinsdíoxíðs og möguleika eða réttara sagt kröfur til hreinsunar á því efni? Getur það verið að menn séu að tala þar um gildi allt að 20 kg á hvert framleitt tonn? Er það hugsanlegt að menn séu að tala um eitthvað því um líkt? Og hvað eru menn að ræða um í sambandi við kröfu um brennisteinsinnihald í rafskautum sem auðvitað er annar þáttur þessa máls? Hvaða gildi eru þar, sem eru þar hámarksgildi í sambandi við starfsleyfi eða aðalsamning, í hvaða búning svo sem samningar verða frágengnir að þessu leyti? Er hugsanlegt að það séu ekki gerðar ýtrustu kröfur um þessi efni varðandi Keilisnesálbræðsluna í drögum að starfsleyfi eða í drögum að aðalsamningi? Getur það verið að það eigi að taka upp einhverjar aðrar viðmiðanir heldur en hámarksgildi varðandi útblástur, varðandi samninga um þetta efni, þessa mengun sem þarna er á ferðinni?

Annar mengunarvaldur alþekktur vegna álframleiðslu er útblástur á flúor. Hvaða gildi eru það varðandi útblástur á flúor sem nú er gert ráð fyrir? Hver er staða þess máls? Hvernig á að ganga frá því, hæstv. ráðherrar? Það hlýtur að verða upplýst hér við umræðuna síðar á þessum degi eða hinum næsta, eftir því hvar við verðum staddir þegar þar að kemur. Og hvernig er fyrirhugað að ganga frá tæknibúnaði í hugsanlegri álbræðslu að þessu leyti? Hvernig er hagað tæknibúnaði Pechiney-framleiðslu varðandi mengun af völdum flúors? Hæstv. umhvrh., er það hugsanlegt að sú tækni, sem notuð er af Pechiney og hugmyndin er að leggja til grundvallar þessarar hugsanlegu álbræðslu, valdi meiri flúormengun heldur en t.d. gerist miðað við þá tækni sem notuð er í nýjustu kerum og útbúnaði í álbræðslunni í Straumsvík? Er það hugsanlegt? Og ef það er rétt, með hvaða hætti ætla íslensk yfirvöld, yfirvöld umhverfismála að bregðast við ef svo er? Og hvernig er háttað endurskoðunarákvæðum að því er varðar umhverfismálin? Hvaða tryggingar ætla ráðherrarnir að setja inn að þessu leyti að því er snertir endurskoðun í ljósi kannski annarrar reynslu en menn hefðu vænst af rekstri slíkrar bræðslu, þá eru menn vonandi með endurskoðunarákvæði inni í ljósi þess að bregðast við nýrri tækni? Hvernig ætla hæstv. ráðherrar að bregðast þar við? Hvernig ætla þeir að ganga frá íslenskum hagsmunum að því leyti? Ég óska eftir því að fá um það skýr svör.

Þriðji meginmengunarvaldurinn frá álbræðslunni er koldíoxíð. Hæstv. umhvrh. var ekki alls fyrir löngu að staðfesta sérstakan alþjóðlegan samning fyrir Íslands hönd varðandi mengun af koldíoxíði. Ég spyr hæstv. umhvrh.: Hvernig ætlar hann að tryggja að hann standi við ákvæði þess samnings ef reist verður álbræðsla á Keilisnesi, sem veldur mjög verulegri aukningu í koldíoxíðútblæstri, nema brugðist verði við með alveg sértækum aðgerðum? Ef ég man rétt, þá er okkur Íslendingum ætlað, að því er varðar koldíoxíðmengun, að gæta þess að ekki verði um aukningu að ræða hérlendis í útblæstri koldíoxíðs á þessum áratug, 1990 til aldamóta. Er það rétt, hæstv. umhvrh.? Er það rétt að þetta sé viðmiðunin í þeim samningi sem þú hefur nýlega staðfest fyrir Íslands hönd? Og hvernig ætlar þú að gæta þess að við þær kröfur verði staðið ef reist verður þessi álbræðsla? Ég held að aukningin af 210 þús. tonna álframleiðslu að því er koldíoxíð varðar sé 10–20%, en hæstv. umhvrh. leiðréttir ef það er rangt.

Mér er kunnugt um það að hæstv. umhvrh. hefur gert nokkuð víðreist í sambandi við athugun mála að því er snertir umhverfisáhrif álbræðslu. Það er vissulega góðra gjalda vert að hæstv. ráðherra kynni sér aðstæður erlendis að því er þetta varðar og ég bið hæstv. ráðherra um að upplýsa Alþingi um uppskeruna úr ferð sinni, sem hann fór í nóvembermánuði sl. ásamt starfsmönnum úr eigin ráðuneyti og ásamt starfsmönnum frá hollustuyfirvöldum, til þess að meta áhrif mengunar frá áliðnaði og hvernig frá þessum málum er gengið. Og ég bið hæstv. ráðherra um að greina Alþingi Íslendinga frá því að hvaða niðurstöðum hann komst í þessari ferð og hvernig samanburðurinn stendur að því er varðar þessa fyrirhuguðu álbræðslu á Reykjanesi, hvað snertir umhverfisvandamálin.

Ég mun fylgjast með því hér á eftir hvaða upplýsingar koma fram af hálfu hæstv. ráðherra að þessu leyti því að við eigum kröfu á því að fá vitneskju um þessi mál, fyllstu vitneskju með heiðarlegum hætti hér á Alþingi þegar við ræðum þessi þýðingarmiklu efni. Ég vil jafnframt inna hæstv. umhvrh. eftir því hvernig staðið verði að því, hvernig hann hyggst tryggja að við getum fylgt kröfum þess alþjóðlega sáttmála sem hann var að vitna til. Þar hlýtur hann að eiga dyggan stuðning hæstv. iðnrh. sem lítur til umhverfismálanna með svo alþjóðlegum hætti sem raun ber vitni og lesa mátti í hans ræðu. Hann er reiðubúinn að taka á sig miklar byrðar og auka mjög verulega mengun hér á Faxaflóasvæðinu til þess að aðrir fari nú ekki að brenna kolum úti í heimi í álframleiðslu og bæta þar við enn frekar umhverfisvanda jarðarbúa. (**Viðskrh.:** Það varðar okkur alla.) Það varðar okkur alla, segir hæstv. iðnrh. og það tek ég sannarlega undir. En ég vil minna hæstv. iðnrh. á það að ... (**Viðskrh.:** Hvaða sérhyggja er þetta hjá ræðumanni?) Já, það er velkomið að ræða það, hæstv. iðnrh., hvaða sérhyggja þetta er. Ég hef nú þá skoðun, jafnhliða því sem við þurfum að hafa heiminn allan undir við athugun og mat á umhverfismálum, að þar skipti einna mestu að hver horfi á sinn

garð, að hver horfi á sinn garð og þann vanda sem við er að fást, og að menn a.m.k. skoði hlutina ekki síður í samhengi heima fyrir heldur en gert er alþjóðlega. (**Viðskrh.:** Allt er það rétt, en hér er um líffræðilegt spursmál að ræða sem ræðumaður þekkir betur en ég.) Hér er um líffræðilegt spursmál að ræða, segir hæstv. iðnrh. Ég hlakka til að fá útlistanir hans í sambandi við það mál þegar hann kemur í ræðustól á eftir til að fjalla um þetta mál, að hann útskýri fyrir okkur einmitt sín viðhorf að þessu leyti og hvernig hann tengir þessar kröfur saman. Það er nauðsynlegt einmitt fyrir hæstv. ráðherra báða að bera saman bækurnar um þetta efni og þessi ræðustóll hér á Alþingi Íslendinga er vel til þess fallinn að svo sé gert.

Þessi mál hafa vissulega verið mikið til umræðu á undanförnum missirum sem ráðagerðir hafa verið uppi um þessa álbræðslu. Þegar við fjölluðum í iðnn. neðri deildar Alþingis um frv. til laga um raforkuver sl. vor, þá kvöddum við til yfirvöld mengunarmála og inntum stjórnvöld, eins og t.d. Náttúruverndarráð, eftir áliti þeirra í þessu efni. Það liggja fyrir í þingskjölum upplýsingar frá þessum stofnunum einmitt að þessu leyti og ég held að það væri rétt að ég aðeins tæpti hér á kröfum um mengunarvarnir eins og þær birtust í bréfi frá Hollustuvernd ríkisins til iðnn. neðri deildar þann 3. maí sl. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Kröfur um mengunarmörk hafa ekki verið settar fram á vegum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í tengslum við umræðu um nýtt álver og hefur ekki borist erindi frá stjórnvöldum um að slíkar kröfur yrðu mótaðar." — Þetta er 3. maí sl.

„Þegar umræður voru í gangi um álver við Eyjafjörð árið 1984 lögðu mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins að ósk staðarvalsnefndar fram tillögur um hreinsibúnað og um hámarksmengun í útblásturslofti hugsanlegs álvers, sbr. fskj. I. Í þeim tillögum var gert ráð fyrir að mörk fyrir hámarksmagn flúoríðs væri 0,8 kg á tonn af áli, fyrir brennisteinsdíoxíð um 6 kg á tonn af áli og ryk 2,5 kg á tonn af áli. Þessar tölur miðast allar við ársmeðaltal. Miðað er við að afsogsloft frá kerum sé hreinsað í þurrhreinsibúnaði og síðan í vothreinsibúnaði.

Rétt er að benda á," segir Hollustuvernd ríkisins, „að kröfur um mengunarvarnir vegna nýs álvers gera ráð fyrir að nýtt álver sé byggt samkvæmt fullkomnustu tækni og búið fullkonmum hreinsibúnaði.

Í umræðum um staðsetningu nýs álvers hafa ýmsir staðir verið nefndir. Ljóst er að umrædd svæði eru ólík með tilliti til auðlindanýtingar. Er ástæða að leggja á það áherslu að nauðsynlegt er að fyrir liggi fullnægjandi mat og útreikningar á dreifingu mengunar miðað við hugsanlega staðsetningu. Jafnframt að fram fari nánari könnun á viðkomandi svæðum, sbr. bréf mengunarvarna til heilbrrn., dags. 16. jan. 1990." Einnig það fylgir með sem fylgiskjal í þessu nál.

„Þetta er m.a. mikilvægt í sambandi við ákvörðun um vothreinsibúnað fyrir brennisteinsdíoxíð. Í því sambandi skal bent á eftirfarandi:

að vothreinsibúnaður eykur einnig hreinsun flúoríðefnasambanda úr afsogslofti frá kerum,

að brennisteinsdíoxíðmengun gæti haft skaðleg áhrif á umhverfið ef ekki kæmi til vothreinsun,

að líkur eru á auknu brennisteinsinnihaldi í forskautum, en samkvæmt upplýsingum áliðnaðarins mun í náinni framtíð reynast erfitt að fá skaut með lágu brennisteinsinnihaldi,

að annars staðar á Norðurlöndum er krafist vothreinsunar kergasa í álverksmiðjum," — Ég bæti hér við spurningu til hæstv. umhvrh.: Er það kannski víðar en á Norðurlöndum að finna megi dæmi þess að krafist sé vothreinsunar í sambandi við brennisteinsdíoxíð?

„að verði reist 200 þús. tonna álver án vothreinsunar mun losun brennisteinsdíoxíðs út í andrúmsloftið á Íslandi aukast verulega eða um 50%, þó aðeins sé miðað við 2% brennisteinsinnihald í skautum (undanskilin er brennisteinsmengun frá millilandaskipum),

að Ísland gerðist árið 1982 aðili að alþjóðlegum samningi um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa. Ísland hefur vegna sérstöðu sinnar ekki getað skrifað undir samkomulag í framhaldi af samningnum um að draga úr brennisteinslosun út í andrúmsloftið um a.m.k. 30%, eins og margar Evrópuþjóðir hafa gert." — Þetta var tilvitnun í erindi frá Hollustuvernd ríkisins.

Og ekki horfir sú staða betur ef hér verður reist þetta álver. Ég spyr hæstv. umhvrh.: Hvernig ætlar hann að bregðast við? Hvernig standa málin varðandi vothreinsun á brennisteinsdíoxíði frá þessari álbræðslu? Það fáum við væntanlega upplýst hér.

Hæstv. ráðherra, sem ræddi þessi mál hér fyrr á þingi, vék að því að það kæmu aðrar lausnir til greina. Hann hafði þar ráð á hverjum fingri ef ég man rétt, m.a. gipsframleiðslu sem hægt væri að koma upp við hliðina á hugsanlegri álbræðslu og ætti að verða liður í lausn þessa máls. Við hljótum að fá greinargerð hér í þessari umræðu frá hæstv. umhvrh. hvernig sú athugun hafi farið fram, til hvers hún hafi leitt, hvar þessi gipsframleiðsla sé stödd sem liður í lausn á mengunarvandamálum hugsanlegrar álbræðslu á Keilisnesi.

Náttúruverndarráð tjáði sig einnig um þessi efni í bréfi til iðnn. neðri deildar Alþingis þann 3. maí sl. Það lagði áherslu á í bréfi sínu að í nýju álveri er kynni að verða reist hér á landi verði gerðar ýtrustu kröfur um mengunvarvarnir og ekki minni en gerðar eru í nágrannalöndunum. Náttúruverndarráð sagði orðrétt:

„Að gefnu tilefni er lögð áhersla á vothreinsun brennisteinsdíoxíðs og byggist það á eftirfarandi:

1. Ýmsar tegundir plantna hér á landi eru viðkvæmari fyrir mengun en í nágrannalöndum vegna erfiðra lífsskilyrða.

2. Nýtt álver eykur verulega við heildarútstreymi brennisteinsdíoxíðs frá mannlegum umsvifum hér á landi, eða um 50–100%, og það er í andstöðu við stefnu í norrænum og alþjóðlegum samningum um umhverfisvernd að einstakar þjóðir auki mengun svo stórlega eins og hér gæti orðið.

3. Við hreinsun á brennisteinsdíoxíði næst einnig

aukinn árangur í hreinsun á flúor.

4. Mengunaráhrif eru mjög háð staðsetningu álvers en vernda þarf umhverfið sem best hvar sem það verður byggt.

5. Ýmsar upplýsingar benda til þess að búast megi við að magn brennisteins í forskautum fari vaxandi og geti það tvöfaldast á næstu árum vegna aukinnar notkunar á hráefni sem inniheldur meiri brennistein."

Ég bið hæstv. umhvrh. að greina okkur frá stöðu athugana einmitt með tilliti til þessara þátta sem fram koma í þessum erindum Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs.

Þetta voru, virðulegur forseti, nokkur áhersluatriði sem tengjast umhverfismálum og byggingu þessa álvers. Ég vænti þess að það sé áhugamál allrar ríkisstjórnarinnar að standa á verði að þessu leyti, í raun inni óháð því hvort um er að ræða álbræðslu eða annan atvinnurekstur, svo mikla áherslu sem ríkisstjórnin hefur í orði lagt á umhverfismál og þýðingu þess að Ísland verði merkisberinn á sviði umhverfisverndar.

Ég hef t.d. hér fyrir framan mig frásagnir af ferð þeirra hæstv. umhvrh. og forsrh. á alþjóðlega umhverfisráðstefnu sem haldin var í Bergen sl. vor. Þar leituðust þeir við að reisa merkið hátt. Þeir komu saman fram í sjónvarpsþætti eftir að hafa sótt þessa ráðstefnu og höfðu uppi stór orð um það að þarna hefði nú allt of lítið gerst í þessum efnum. Ísland þyrfti að vera í framvarðarsveit í sambandi við umhverfismál. Og ég veit ekki hversu margar hugmyndir hafa komið fram frá hæstv. ráðherrum þessarar ríkisstjórnar að því er snertir einmitt þá hugmynd að Ísland verði til fyrirmyndar í sambandi við umhverfismálin og að við hagnýtum okkur hugsanlega sérstöðu að þessu leyti hér á landi, bæði í sambandi við ferðaþjónustu, í sambandi við að laða hingað fólk til að leita sér hollustu og endurnæringar og heilsubótar, og síðast en ekki síst til þess að tryggja framtíð Íslendinga í góðu umhverfi hér á landi. Allt eru þetta góð og gild viðhorf. En við biðjum um samkvæmni, við biðjum um samkvæmni í hlutunum. Hæstv. ráðherrar gangast undir próf í þessum efnum.

Það þýðir ekki að segja annars vegar álver, án fullkomnustu mengunarvarna, og vera svo að flagga hugmyndum um það að íslenskt umhverfi verði þjóðinni til framdráttar og tryggi hér þokkalegt mannlíf í landinu, sjálfbæra þróun til lengri tíma litið. Þar þýðir ekkert að vísa á alþjóðleg mál, þar verðum við að skoða vandann sem á okkur sjálfum brennur, hæstv. iðnrh., þó okkur beri vissulega að vera vökumenn í alþjóðlegu samstarfi að því er snertir umhverfismálin.

Ég er satt að segja dálítið uggandi þegar ég fer að lesa mér til í skýrslu hæstv. ráðherra um hugmyndir varðandi samninga um þessa álbræðslu að því er varðar umhverfisþættina. Þar gefur að líta, ef horft er til umhverfismálanna, ýmis efni sem mér líst ekki alveg nógu vel á þar sem fjallað er um starfsemi álbræðslunnar. Í 6. gr. aðalsamningsins, sem frásögn er um á bls. 14–15 í skýrslu hæstv. ráðherra, er að finna væntanlega meginatriðið að því er snertir kröfur til umhverfisþátta í aðalsamningi. Ég geri ráð fyrir að hæstv. umhvrh. hafi lesið þetta rækilega yfir, sé þessu gjörkunnugur og geti spáð í eyðurnar og brugðist við því sem þarna stendur eftir því sem hann telur þörf á og hér verður innt eftir. Þarna lesum við eftirfarandi, hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh., sem hefur stýrt penna varðandi þessa skýrslu eða ber a.m.k. ábyrgð á henni, þarna stendur, með leyfi forseta:

„Í 6. gr. aðalsamningsins verður kveðið nánar á um skuldbindingar félagsins [þ.e. Atlantsálfélagsins] varðandi mengunarvarnir og umhverfismál." — Og þar lesum við: „Ekki hefur náðst samkomulag um endanlegt orðalag en við undirritun minnisblaðs 4. okt. sl. náðist samkomulag um eftirfarandi atriði og verður efni 6. gr. m.a. byggt á þeim."

Ég vek athygli á þessu að ekki hefur náðst samkomulag um endanlegt orðalag. Hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh., hvaða atriði eru það sem standa þarna út af? Hvaða atriði eru það sem tekist er á um í þessum efnum? Við óskum upplýsinga um það hér á Alþingi. Hvað er það? Því að við viljum sannarlega slást í hóp hvers þess sem er að reyna að halda á íslenskum hagsmunum í þessu efni, jafnvel þó að viðkomandi sé að hafa í huga að draga hingað rekstur sem er meira en tvísýnn í þjóðhagslegu tilliti eins og þessi álbræðsla.

Og áfram lesum við þarna þar sem vísað er til minnisblaðs frá 4. okt., það var áður en textarnir rugluðust og og/eða kollsteypan varð hjá hæstv. umhvrh. sem við fórum hér yfir áðan. Það kom til seinna svo kannski hefur eitthvað breyst við það. En hér stendur:

„a. Um meðferð umsóknar um umhverfisstarfsleyfi fer samkvæmt íslenskum lögum og reglum.

b. Leyfið verður gefið út samtímis og gildir jafnlengi og aðalsamningurinn, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu."

Þetta er b-liður, „verður gefið út samtímis og gildir jafnlengi og aðalsamningurinn". Er hæstv. umhvrh. sammála þessari stefnu sem þarna er dregin og virðist vera tekið mið á samkvæmt orðum og lýsingu hér á aðalsamningi?

„c. Leyfið verður einungis endurskoðað eða því breytt (á tímamörkum sem samkomulag næst um)" — takið eftir þessu orðalagi: „sem samkomulag næst um" — „ef . . :" — Og síðan kemur upptalning „ef . . :" Og þar er fyrsti liður: „ef nýjar aðferðir, aðgerðir eða tæki til að stjórna útrennsli, útstreymi eða losun lofts, vökva eða fasts efnis, hafa, á grundvelli alþjóðlegra sáttmála, almennt verið skyldubundnar og komið til framkvæmda í álverum í OECD-ríkjunum sem hönnuð eru um svipað leyti og Atlantsálverið og með áþekkri tækni og Atlantsálverið,"

Í öðru lagi: "nýrra aðferða, aðgerða eða tækja er krafist samkvæmt íslenskum lögum,

Og í þriðja lagi: „nýrra mengunarvarna verði þörf vegna staðbundinna skilyrða á Keilisnesi."

„d. Breytingar á álverinu [og á þessu vek ég sérstaka athygli], er leiða af breytingum á starfsleyfi, skulu gerðar í áföngum á eðlilegu tímabili og að teknu tilliti til fjárhagslegra aðstæðna við framkvæmd slíkra breytinga í OECD-ríkjunum. Álverið skal að öllu leyti hlóta meðferð samkvæmt íslenskum lögum, reglum og

stjórnsýsluvenjum ekki óhagstæðari en veitt er íslenskum fyrirtækjum við líkar aðstæður."

Ég vek athygli hv. þm. á orðalagi þessarar hugsanlegu væntanlegu 6. gr. í aðalsamningi. Og ég bið hæstv. umhvrh. að hjálpa okkur til að spá í samhengi þeirra ákvæða sem hér eru upp dregin. Hvernig verður aðstaða íslenskra stjórnvalda að því er þetta varðar þegar allt er samanlagt sem hér er upp talið, hæstv. umhvrh.? Hvað er það sem verður ráðandi? Hér höfum við að vísu einn lið þar sem vísað er til nýrra aðferða, aðgerða eða tækja sem krafist er samkvæmt íslenskum lögum. En svo virðist sem allt þetta sé í miklu hafti vegna annarra skilyrða sem fram eru tekin í þessari grein, ekki síst í d-lið þar sem viðkomandi stjórnvald, í þessu tilviki íslensk stjórnvöld, eru sett inn í þetta alþjóðlega samhengi sem hæstv. iðnrh. horfir svo mikið til í sambandi við umhverfisþættina, að breytingar á álverinu sem leiða af breytingum á starfsleyfi, þær skuli gerðar í áföngum á eðlilegu tímabili. — Hvað er eðlilegt tímabil, hæstv. umhvrh.? Það hljóta að vera hugmyndir þar að baki. Hvað er eðlilegt tímabil í þessu samhengi? Og að teknu tilliti til fjárhagslegra aðstæðna. Hvaða mælikvarðar eru það sem þarna eru fram dregnir? Hvernig á að meta þetta, hinar fjárhagslegu aðstæður við framkvæmd slíkra breytinga í OECD-ríkjunum? Er þarna einhver alþjóðlegur mælikvarði á fjárhagslegar aðstæður varðandi áliðnað í OECD-ríkjunum, hæstv. ráðherra?

Ég bið hæstv. ráðherra um að spá í þessi spil með okkur, fræða okkur um þessi efni, því að hér eru hin þýðingarmestu mál á ferðinni varðandi slíkan rekstur. Einnig er þarna vísað til stjórnsýsluvenja ekki óhagstæðari en veitt eru íslenskum fyrirtækjum við líkar aðstæður. Hvaða fyrirtæki eru það við líkar aðstæður sem þarna er vitnað til?

Satt að segja finnst mér, þegar litið er á orðalag þessarar greinar, að það minni óþyrmilega margt á þau ákvæði sem Íslendingar létu smeygja inn í samninginn um álbræðsluna í Straumsvík á sínum tíma. Mér sýnist sem við höfum ekki lært nógu mikið af mistökum þess samnings miðað við þau ákvæði sem hér eru á ferðinni. Þar var að vísu vitnað til alþjóðlegra venja, ég man ekki hvort það var í siðmenntuðum löndum, eitthvað í þá áttina, en engar tryggingar, ekkert haldbært sem hefur orðið til þess að sú álbræðsla sem stendur í Straumsvík stenst enn í dag ekki þær kröfur sem eðlilegt er að gera til slíks rekstrar seint á síðasta tug þessarar aldar.

En hér stendur síðan, í framhaldinu:

„Nú eru til umræðu milli aðila breytingartillögur við þessa grein", hæstv. umhvrh., „þar sem m.a. er fjallað um hvernig bregðast skuli við ef áður óþekktir og sértækir umhverfisskaðar koma fram vegna reksturs álvers á Keilisnesi."

Hvar eru þessi mál stödd? Hvar eru umhverfismálin yfirleitt stödd í sambandi við álbræðslu á Keilisnesi?

Mér sýnist af þeim heimildum sem ég hef handa á milli að þá séu þessi mál ansi mikið úti í vindinum, en við hljótum að fá um það upplýsingar frá hæstv. ráðherrum hér á eftir, hver raunveruleg staða þessara mála er og ég segi það í fullri alvöru við hæstv. ráðherra að ég mun fylgjast með því að þeir geri þessum efnum skil við fyrri umræðu um þessa tillögu, rækileg skil, og upplýsi okkur um raunverulega stöðu þessara mála og dragi þar ekkert undan þannig að almenningur á Íslandi og þingmenn hér á Alþingi Íslendinga viti um það áður en gengið er til kosninga, áður en hér upphefst óvissutímabil í íslenskum stjórnmálum, hver staðan er varðandi mengunarvarnir að því er snertir samninga um þessa álbræðslu.

Það er ótrúlega margt, virðulegur forseti, sem veldur því að maður hefur áhyggjur af stöðu þessa máls og ég held að öllum verði það skiljanlegt sem hlýtt hafa á mál mitt og þær tilvitnanir sem ég hef haft uppi, m.a. í mál hæstv. umhvrh. að þessu leyti.

Þá tel ég rétt, virðulegur forseti, að ég snúi mér að öðrum þætti sem lesa má um og minnt er á í þessari fjögurra lína till. til þál. sem hér liggur fyrir, en einnig er vikið að í talsvert lengra máli í skýrslu hæstv. iðnrh. og snertir hagrænan þátt þessara mála, en það er orkuverð. Síðasta málsgrein þessarar tillögu er: „Þegar samkomulag hefur tekist um orkuverð og mengunarvarnir skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi."

Orkuverð. Ég vil biðja hæstv. iðnrh. um að greina Alþingi Íslendinga frá því nú við fyrri umræðu um þessa tillögu hvað hefur breyst í samningsdrögum um raforkuverð fyrir hugsanlega álbræðslu á Keilisnesi frá því að hann undirritaði yfirlýsingu við hátíðlega athöfn fyrir framan sjónvarpsvélar með fulltrúum Atlantsálssamsteypunnar 4. okt. sl. og sem mjög hefur verið rætt um síðan. Það mætti ætla, nú þegar hæstv. ráðherra vill fá uppáskrift Alþingis á áframhald samningaviðræðna, að ástæða sé til bjartsýni varðandi þennan þátt, raforkuverðsþáttinn. En við þurfum að fá upplýsingar um það hér, hæstv. ráðherra, áður en við förum að taka afstöðu til þess hvort við hér á Alþingi eigum að álykta um það að áfram skuli haldið þessum samningaviðræðum. Við getum ekki farið að taka afstöðu til þess atriðis nema við höfum fengið hér skýrar og skilmerkilegar upplýsingar um raforkuverðssamninginn, sem manni skilst að sé svo gott sem í höfn. Sé það ekki, þá hlýtur hæstv. ráðherra að greina okkur frá því hvaða eyður eru þar uppi, hvaða atriði það eru sem valda áhyggjum í því efni.

Svo vel vill til að við hér á hv. Alþingi búum að mönnum sem hafa tekið þátt í að semja um raforkuverðið og ýmsa þætti þess í framhaldi af undirskrift hæstv. ráðherra 4. okt. sl. Vísa ég þar sérstaklega til hv. 1. þm. Norðurl. v., sem ég óska eftir að verði hér viðstaddur fljótlega, virðulegur forseti, vegna þess að ég ætla að beina til hv. þm. nokkrum orðum, og vænti ég að hæstv. iðnrh. leggi hér áfram við hlustir í sambandi við raforkuverðsþáttinn.

Ég ætla, virðulegur forseti, aðeins að víkja að stöðunni eins og hún blasti við að því er snertir þennan þátt mála á sl. hausti. Þá var staðan þannig varðandi raforkuverðið, eftir því sem ég man, að gert var ráð fyrir því að grunnurinn sem fyrir lægi varðandi raforkuverð væri eitthvað nálægt 17 bandaríkjamillum

sem lögð væru til grundvallar að gætu sloppið í sambandi við framleiðslukostnað. Þetta hefur hins vegar verið vefengt af mörgum sem um málið hafa fjallað og ég tel alveg nauðsynlegt að fram komi hér af hálfu hæstv. iðnrh. hver er raunveruleg staða þessa máls að því er snertir raforkuverðið nú þegar hann er að biðja um umboð frá Alþingi til áframhaldandi samningaviðræðna.

Eins og menn muna snýst mál þetta, að því er snertir afhendingu raforkuverðs, um að selja Atlantal-álbræðslunni 3000 gwst. af raforku. Menn skynja það hvaða stærð hér er á ferðinni þegar haft er í huga að heildarrafmagnssala Landsvirkjunar á árinu 1989 var um 4000 gwst., þar af 2200 samtals til orkufreks iðnaðar. Hér er þannig um að ræða meira en tvöföldun á afhendingu orku til orkufreks iðnaðar frá því sem var á árinu 1989 og frá því sem er núna. Það er alveg nauðsynlegt að við fáum upplýsingar um það hér við umræðuna hvað hefur breyst frá því að undirrituð var yfirlýsing og raforkuverðssamningur átti að heita fullbúinn í október sl. og fram á þennan dag, eftir að sérstök nefnd á vegum Landsvirkjunnar — og nú vænti ég að hv. 1. þm. Norðurl. v. komi hér í þingsal — tók til starfa til þess að reyna að berja í brestina í sambandi við raforkuverðssamninginn.

Ég vísa til þess í sambandi við raforkuverðið að framleiðslukostnaður Landsvirkjunar á hverja selda kwst. reyndist samkvæmt þeirra eigin upplýsingum hafa verið á bilinu 20–25 mill á selda kwst. á árabilinu 1986–1989 og þá er það meðaltal út úr öllu framleiðslukerfi Landsvirkjunar, einnig þær virkjanir sem eru að fullu afskrifaðar sem tekið er tillit til eða standa að baki þessari framleiðslu. Við erum hins vegar að tala hér um endurnýjunarframleiðslukostnað miðað við þær virkjanir sem þarf að reisa í framtíðinni vegna þessarar raforkusölu. Og þar geta menn ekki verið að taka mið af því kerfi sem fyrir er heldur þeim kostnaði sem við blasir og þeirri viðbót sem koma þarf eftir að búið er að virkja í þágu þessarar álbræðslu, ef af verður.

Ég minni líka á það í þessu samhengi, virðulegur forseti, að söluverð Landsvirkjunar til almenningsveitna á árinu 1989 var á bilinu 35–40 mill. Á sama tíma eru menn að tala um það að afhenda raforku til Atlantsálbræðslunnar, hátt í tvöföldun á raforkumagni frá því sem nú er, fyrir aðeins 17 mill sem grunnverð inn í það samhengi og er þar þó sannarlega ekkert fast í hendi að það raforkuverð skili sér í reynd til Landsvirkjunar.

Ef við gerum ráð fyrir að eðlilegt sé að reikna með eitthvað lægra verði til stóriðju vegna þess að þar er um stórnotanda að ræða og oft er reynt að færa rök fyrir því að í slíkum viðskiptum eigi að taka tillit, gefa eins konar magnafslátt sem að hámarki, miðað við alþjóðlega venju, ætti ekki að vera meira en $^1/_3$, þ.e. að söluverðið til stóriðjunnar fari ekki yfir það að vera $^2/_3$ miðað við verð til almenningsveitna. Ef við miðum við það í slíkum viðskiptum og tökum tillit til núverandi söluverðs Landsvirkjunar til almenningsveitna, sem síðan er selt á miklu hærra verði í smásölu í landinu af rafveitunum, þá væri hér um að ræða raforkuverð upp á 25 mill en ekki 17 mill sem talað er um sem grunnverð í þessum væntanlegu viðskiptum.

Við óskum eftir því hér við þessa umræðu að hæstv. iðnrh. rökstyðji það fyrir okkur, hafi ekki orðið grundvallarbreyting á, hvernig hann ætlar að réttlæta slík viðskipti sem þarna er um að ræða og er þar þó sannarlega ekkert fast í hendi eins og ég gat um áðan og það grunnverð, sem rætt var um í haust, getur allt eins orðið 15 mill eða þaðan af lægra, að ekki sé nú talað um þann afslátt sem þetta fyrirtæki á að njóta á fyrstu starfsárunum, fyrstu sjö eða tíu árin sem það er rekið, því að þar er verið að tala um miklu, miklu lægri tölur í raforkuverði heldur en hér er um að ræða, kannski aðeins um fjórðung til að byrja með miðað við söluverð til almenningsveitna frá Landsvirkjun, allt niður undir 10 mill í raforkuverð.

Sá þáttur hins vegar í sambandi við orkuverðið, virðulegur forseti, tengist þeirri verðformúlu sem gert hefur verið ráð fyrir í þessum viðskiptum, þeirri tengingu raforkuverðsins við álverð sem um hefur verið rætt í þessu samhengi. Þar eru sannarlega miklir óvissuþættir og þegar Landsvirkjun talar um það að ná 16 eða 17 millum sem grunnverði á samningstímanum út úr þessum viðskiptum, þá er miðað við tiltekið álverð að meðaltali á samningstímanum. Og hvert er það álverð, hæstv. iðnrh.? Það er á bilinu 1850–1900 Bandaríkjadalir á tonn. Það er viðmiðunin sem dregin er þegar verið er að spá í spilin fyrir Landsvirkjun, það raforkuverð sem hún þyrfti að fá til þess að sleppa á sléttu út úr þessum viðskiptum samkvæmt upplýsingum sem fram eru reiddar í tengslum við þetta mál.

Það hefur hins vegar verið á það bent hvaða áhrif það hefði, hversu gífurlega þungt sveiflan í álverði hefur inn í útreikninga á raforkuverðinu og hversu afdrifaríkt það er ef menn ekki ganga frá málum með sæmilega traustum hætti og öðrum hætti en gert er í þessum viðskiptum.

Þjóðin hrökk nokkuð við þegar einn af stjórnarmönnum Landsvirkjunar sem nú er orðinn formaður í Sjálfstfl. gekk fram á völlinn í byrjun nóvembermánaðar — eða var það fyrr? — í framhaldi af undirritun yfirlýsingar hæstv. iðnrh. sl. haust og greindi þjóðinni frá því að það væri ekkert út úr þessu dæmi að hafa nema tap, a.m.k. fyrstu 15–20 árin eins og hann leit á málin. — Virðulegur forseti, er að vænta að hv. 1. þm. Norðurl. v. komi hingað í þingsal? Ég hef óskað eftir nærveru hans vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram. Hann tengist þessu máli náið og nauðsynlegt að hann komi hér til umræðunnar. Getur virðulegur forseti greint frá því hvort hans er að vænta í þingsal? (**Forseti:** Sá forseti sem nú situr í forsetastóli vissi ekki að hv. þm. hefði óskað eftir 1. þm. Norðurl. v., en forseti hefur nú gert ráðstafanir til þess að hann verði sóttur.) Ég þakka virðulegum forseta því að hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gerst meðreiðarsveinn m.a. núverandi formanns Sjálfstfl., Davíðs Oddssonar, sem stjórnarmanns Landsvirkjunar, báðir eru þeir stjórnarmenn, til þess að leitast við að berja í brestina á raforkusamningnum sem fyrir lá sl. haust og hæstv. iðnrh.

sagði þjóðinni að væri þá nánast fullfrágenginn. En nú getum við væntanlega fengið fregnir af því hér í umræðum á Alþingi frá þeim sem eru á vettvangi og hafa verið að glíma við þessi efni, hvaða breytingar hafa þarna á orðið. Við höfum fengið upplýsingar um ákveðnar viðmiðanir. Hér er ekki um nein viðskiptaleyndarmál að ræða lengur, það er búið að fóðra þjóðina á upplýsingum um þessi efni og það hlýtur að vera hægt að greina frá því hér úr þessum ræðustóli hvaða breytingar hafa náðst fram til hagsbóta í sambandi við raforkuverðssamning. Við eigum kröfu á því, alþingismenn, þegar við ræðum þetta mál og þegar hæstv. iðnrh. óskar eftir uppáskrift.

Hæstv. ráðherra, ég bið um það að fá þessar upplýsingar og ég vænti að hæstv. ráðherra fái í lið með sér hv. 1. þm. Norðurl. v. sem hefur verið hans verkamaður í þessum víngarði undanfarna mánuði, þó það hafi kannski verið dálítið grunnt á því góða milli stjórnar Landsvirkjunar og hæstv. ráðherra og ráðuneytis hans að undanförnu.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hafa orðið breytingar í grundvallaratriðum varðandi orkuverðssamninginn frá því sl. haust? Frá því sem fyrir lá áður en Davíð Oddsson gaf sína yfirlýsingu, sem ekki er ástæða til að hafa annað mat á, því það getur hvert barn reiknað. Það geta allir þeir reiknað út sem hafa farið yfir þetta mál að það er ekkert út úr þessu dæmi að hafa nema útgjöld, nema tap fyrir íslensk viðskipti fyrstu 15–20 árin frá því að slík álbræðsla tæki til starfa og slík raforkusala hæfist.

Það hefur verið talað um sérstaklega í þessu samhengi fyrir utan orkuverðsformúluna endurskoðunarákvæðin að því er þetta varðar. Hvernig eru þau mál stödd? Hver er staða varðandi endurskoðunarákvæði hugsanlegs eða væntanlegs raforkusamnings, hvernig sem við viljum orða það? Ég bið um upplýsingar einnig um þann þátt mála.

Um raforkuverðið er fjallað nokkuð í skýrslu hæstv. ráðherra og það er ástæða til þess að líta í hana varðandi einstaka þætti þessa máls. Þar er að finna sérstaka greinargerð frá Landsvirkjun um rafmagnssölu til Atlantsáls. Við skulum aðeins líta á það sem þar má lesa út úr máli.

Í því efni er bæði fjallað um raforkuverðsformúlur og það er líka fjallað um stöðu og horfur væntanlegra samningamála. Það er ástæða til þess að líta á hver er slík staða. Á bls. 21 í skýrslu hæstv. ráðherra er um þetta fjallað. Segir þar, með leyfi virðulegs forseta:

„Unnið hefur verið að samningsgerð um orkusölu milli Landsvirkjunar og Atlantsálsaðilanna frá því á miðju ári 1988. Eins og fram kemur í drögum að greinargerð Landsvirkjunar um orkusölusamning, dags. í febrúar 1991, liggur fyrir samkomulagsgrundvöllur um öll tæknileg atriði samningsins. Sama gildir einnig um önnur samningsatriði ef undan eru skilin nokkur atriði er varða tryggingar, ábyrgðir og orkuverðsskilmála."

Hvaða atriði eru það, hæstv. iðnrh., sem hér er til vísað? „Samkvæmt drögum að greinargerðinni verður orkuverðið ákveðið hlutfall af álverði. Veittur verður afsláttur af verðinu fyrstu átta árin. Fyrstu árin tvö verða auk þess ákveðin efri og neðri mörk," stendur þar. „Ákvæði verða um kaupskyldu af hálfu Atlantsáls. Endanlegur orkusamningur mun innihalda grein um endurskoðunarrétt. Orkusamningurinn verður til 25 ára og skal Atlantsál hafa rétt til að framlengja samninginn tvisvar sinnum um 5 ár í hvort sinn." Síðan er vísað til fylgiskjals um þessi atriði frekar.

Það segir áfram á bls. 22 í skýrslu hæstv. ráðherra um þetta efni: „Áætlað er að fjárfesting Landsvirkjunar á tímabilinu 1991–1995, miðað við framangreindar framkvæmdir og framkvæmdir við Blönduvirkjun sem nú er ólokið, verði um 40 þús. millj. kr.", þ.e. 40 milljarðar, „að meðtöldum 5,5% vöxtum á byggingartíma, miðað við verðlag í desember 1990." Síðan kemur fram það mat sem niðurstaða frá september 1990 um líkindafræðilega útreikninga á áhættu af þessum viðskiptum: „Niðurstaða þeirra var að 73% líkur væru á að arðsemi eiginfjár Landsvirkjunar yrði meiri en 5%, en um 1% líkur á að arðsemi eiginfjár yrði neikvæð", stendur þar. Síðan lesum við áfram í þessum texta:

„Frá því að framangreind athugun fór fram hafa ýmsar ytri aðstæður breyst. Þar má nefna raungengislækkun Bandaríkjadals og breytingar á raunvöxtum, álverði o.fl. Það voru einmitt áhrif slíkra breytinga sem líkindafræðilegum útreikningum Þjóðhagsstofnunar var ætlað að meta. Í líkan Þjóðhagsstofnunar vantaði raunar eitt þýðingarmikið atriði, þ.e. að lýsa því sterka samhengi sem er milli álverðs í Bandaríkjadölum og raungengis Bandaríkjadals. Nú er, eins og fram kemur í fskj. nr. 3, verið að endurskoða arðsemi af fyrirhugaðri orkusölu Landsvirkjunar til Atlantsáls. Jafnframt má benda á að í vor verða opnuð tilboð í verksamninga um meginhluta þeirra virkjanaframkvæmda sem áformaðar eru vegna Atlantsáls."

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hver er staða þessara athugana í dag því að hér segir að það hafi breyst ýmsar ytri aðstæður frá því að málið var metið sl. haust? Við erum hér að fjalla um einn grundvallarþátt í þessum væntanlega samningi sem hæstv. ráðherra er að reyna að undirbúa. Hvaða aðstæður eru það sem hafa breyst og hvert er mat þeirra sem um þessi mál fjalla nú á stöðu þessa máls þegar hæstv. ráðherra er að biðja um að fá umboð Alþingis til áframhaldandi samningaviðræðna um þessi efni?

Ég vil nefna það í þessu samhengi að tengingin við álverðið í sambandi við raforkusamninginn er svo afdrifaríkur þáttur að við hljótum að leggja mat á líklega þróun þeirra mála þegar við erum að fjalla um raforkuviðskiptin. Það kemur nefnilega í ljós að meðaltalsverðið sem hæstv. iðnrh. er að draga fram og leiða líkur að ásamt Landsvirkjun sem undirstöðu að þessum viðskiptum, sem eiga samkvæmt þeirra hugmyndum að sleppa a.m.k. á sléttu, þær viðmiðanir eru á veikum grunni reistar ef litið er til þróunar á álverði undanfarna áratugi. Við skulum þess vegna aðeins átta okkur á því hver hefur verið staðan, t.d. undanfarin tíu ár, að því er snertir þetta atriði. Þá kemur nefnilega í ljós að meðalverð á áli á verðlagi því sem hér um ræðir og sem viðmiðun hæstv. ráðherra og Landsvirkjun-

ar byggir á er ekki 1850–1900 Bandaríkjadalir heldur nálægt því að vera 1600 Bandaríkjadalir undanfarin tíu ár. Hvaða rök eru fyrir því að ætla að fara að byggja raforkusamning til 25 ára á allt annarri og hærri tölu en hefur skilað sér að meðaltali í álverði undanfarinn áratug, hæstv. iðnrh.? Eða hefur hæstv. ráðherra tekist að breyta þessari viðmiðun í grundvallaratriðum? Það væru tíðindi ef svo væri. Ég bið hæstv. ráðherra um upplýsingar þar að lútandi.

Hvernig ætli staðan sé þessa stundina í álverði? Hvert ætli hafi verið álverð það sem af er þessu ári? Það er fljótlesið úr tímaritum um þessi efni eins og Metal Bulletin. Þar eru engir 1900 Bandaríkjadalir á ferðinni. Þar eru engir 1650 Bandaríkjadalir á ferðinni sem þó er reiknað með sem svartalágmarki. Þar er verðið á bilinu 1500–1550 Bandaríkjadalir að undanförnu. Það eru leiddar líkur að því að á þessu ári muni þau viðskipti ekki breytast mikið. Skal ég út af fyrir sig ekkert fullyrða um það því að óstöðugleiki hefur vissulega verið undanfarnar vikur og verður það væntanlega áframhaldandi sem afleiðing af stórstyrjöld við Persaflóa sem engan veginn er séð fyrir afleiðingarnar af að því er varðar alþjóðlegt efnahagslíf og viðskipti.

Hafa kannski engar aðstæður breyst varðandi orkuverðssamninginn? Hefur kannski ekki verið náð neinu fram varðandi þennan grunnþátt viðskipta í þeim viðræðum sem fram hafa farið á vegum Landsvirkjunar eftir að Davíð Oddsson, Páll Pétursson og fleiri voru settir til höfuðs stjórnarformanninum til þess að reyna að binda svolítið fastar hnúta í þessum efnum en gert hafði verið? Getur verið að engu hafi verið hróflað í þeim meginþætti mála og sá bjartsýnistónn sem þessir nefndu samningamenn á vegum Landsvirkjunar í undirnefnd, formaður Sjálfstfl. og 1. þm. Norðurl. v., hafa verið að gefa í skyn í blöðum séu meira af pólitískum toga vegna þess að þeir vilji láta líta svo út sem þeir hafi fengið einhverju áorkað og ætli sér í raun að gerast uppáskriftarmenn á þennan víxil hæstv. iðnrh. eða eftirmanns hans?

Þetta verður væntanlega upplýst hér. Við eigum kröfu á því, því að það hafa komið fram um það upplýsingar að breyttar aðstæður valdi því að Landsvirkjun geti alls ekki búið við þennan samning að óbreyttu. Að líkindi séu á því að þessi viðskipti séu neikvæð en ekki jákvæð vegna breyttra aðstæðna og breytts mats. Hæstv. ráðherra getur varla vænst þess að Alþingi Íslendinga fari að veita honum sérstakt samningsumboð til að halda áfram samningaviðræðum ef líkurnar í þessum efnum eru ekki aðrar og bjartari en fyrir lá á sl. hausti. Það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því að hæstv. ráðherra vill fá uppáskrift Alþingis. Hann getur ekki vænst þess að hún verði gefin nema hann veiti hér fyllstu upplýsingar, ef ekki á opnum fundi Alþingis þá á lokuðum fundi Alþingis, því að um svo stórt og þýðingarmikið mál er hér að ræða að alþingismenn allir eiga heimtingu á því að hafa þar fyllstu upplýsingar um stöðu mála. Það þýðir ekkert, hæstv. ráðherra, að skjóta sér þar á bak við viðskiptaleynd því að okkur alþingismönnum er fulltreystandi til þess að taka við trúnaðarupplýsingum ef það er talið nauðsynlegt í þessu efni. En við þurfum á upplýsingunum að halda áður en við förum að gerast ábekingar á áframhaldandi samningsumboði til hæstv. ráðherra um þessi efni.

Liggur fyrir eitthvað nýtt mat, hæstv. ráðherra, á líklegri þróun á álverði næstu árin, m.a. í ljósi þeirra breyttu viðhorfa í alþjóðaviðskiptum, þeirrar stöðu sem ríkir í fjármálum Bandaríkjanna og er að verða æ ljósari, heldur en lá fyrir á síðasta ári? Ég vænti þess að við fáum einhver svör þar að lútandi í umræðunni á eftir.

Ég vil líka vekja athygli á því vegna þess að ég benti á það snemma í ræðu minni að ein ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra vill láta líta svo út sem hann hafi hér á hendi samning um þetta fyrirtæki, hafi það á hendinni að það sé bara spurningin um fimm mánuði eða svo til eða frá, hvenær þetta fyrirtæki taki til starfa. Það er ekki alls staðar bjart yfir hjá þeim sem eru að reyna að gera samninga á alþjóðlegum markaði um álbræðslur þessa mánuðina. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi fylgst með því sem lesa má í alþjóðlegum tímaritum, þar á meðal Metal Bulletin, um þessi efni. Ég var að fara yfir eina slíka frásögn í dag og gæti vitnað til hennar síðar hér í umræðunni til upplýsingar einmitt um það að það hefur víða slegið í bakseglin í slíkum samningum. Það skyldi nú ekki vera að hæstv. ráðherra sé innra með sér í meiri óvissu en áður um lyktir þessa máls og hann sé kannski hér að veifa framan í alþjóð gyllivonum um samninga við Atlantal-hópinn um þessa álbræðslu. Ég vænti þess að hann skýri nánar frá því hér síðar við umræðuna.

Annar er sá þáttur sem skiptir miklu þegar reynt er að leggja mat á þessi viðskipti og þjóðhagsleg áhrif, uppskeru eða tap í þeim samningum sem hæstv. ráðherra hefur verið að reyna að vinna að og ætlar að reyna að vinna áfram að fái hann til þess uppáskrift þingsins og það er raungengið. Hver er viðmiðunin í sambandi við raungengi í þessum viðskiptum? Jú, það eru 5,5%. Það er sá stuðull sem notaður er í þessum útreikningum og miðað við 5,5% raunávöxtun fjármagns þá rétt sleppur þetta hjá Landsvirkjun miðað við þær forsendur sem lágu fyrir sl. haust. En er það á traustari grunni reist heldur en líkurnar á álverðinu sem ég var að geta um áðan? Hvert hefur verið raungengi í alþjóðlegum viðskiptum á undangengnum árum? Hvert hefur verið meðalverð raunvaxta, t.d. hjá Landsvirkjun, undanfarin tíu ár, hæstv. ráðherra? Hefur það verið 5,5%? Ó, nei. Meðaltalið undanfarin tíu ár hefur verið 6,5%. Svo er okkur ætlað að skrifa hér upp á samning til 25 ára, stærsta viðskiptasamning sem Íslendingar hafa gert nokkru sinni, og þar er viðmiðunin allt önnur heldur en raunveruleiki þess fyrirtækis sem á að sjá fyrir orkunni miðað við undanfarið tíu ára tímabil. Hver er staðan að undanförnu? Hvað hefur Seðlabankinn verið að segja okkur um þessi efni? Við vorum að ræða vaxtamál hér á Alþingi í gær á grundvelli skýrslu frá Seðlabankanum. Það mátti skilja á Seðlabankanum að raungengi hér á Íslandi væri ekkert svo mikið hærra heldur en á alþjóðlegum mörkuð-

um. (**Gripið fram í:** Raunvextir.) Raunvextir væru ekki aðrir hjá Íslendingum í viðskiptum hérlendis heldur en á alþjóðlegum viðskiptum. Og ætli það liggi niður í 5,5%? Ætli þeir séu ekki einhvers staðar milli 7 og 8%? (**Viðskrh.:** Má ég benda ræðumanni á að vextir af opinberum lánum, ríkislánum, eru til muna lægri í flestum löndum en hér.) Nú kemur hæstv. ráðherra hér væntanlega í ræðustól síðar á þessari nóttu eða einhvern tíma og ég bið hæstv. ráðherra einmitt að fara yfir þessa þætti rækilega hér til þess að veita okkur einhvern trúnað, opna eitthvað hug sinn í þessum efnum. Því að hæstv. ráðherra verður að hafa eitthvað fyrir því að fá samþykki hér á Alþingi Íslendinga til að halda áfram þessum samningaviðræðum. Og hann verður að reiða fram eitthvað traustari upplýsingar en liggja að baki því dæmi sem hann leggur hér fyrir í þessum pappírum að því er varðar grunnþætti málsins, undirstöðuþætti.

Þetta mál er á slíkum sandi reist, hæstv. iðnrh., miðað við söguna, miðað við raunveruleika undanfarins áratugar, að þar er allt í botnlausu tapi ef það yrði reyndin áframhaldandi. Ég held að það sé því miður engin tilviljun að reiknimeistarar hæstv. iðnrh. hafa séð ástæðu til þess að seilast ekki bara tíu ár til baka, þegar þeir hafa verið að leiða líkur að því að það mætti miða við 5,5% raunvexti og það mætti miða við 1900 dollara á áltonn. Þeir leita til baka til 1960. Hvað segja nú viðskiptafróðir menn um það að ætla að fara að byggja stærsta viðskiptasamning Íslendinga á einhverju meðaltali sem sækir aftur til ársins 1960 í alþjóðlegum viðskiptum? Ég held að hæstv. iðnrh., fyrir skemmstu einnig fyrrv. þjóðhagsstjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar og væntanlegur seðlabankastjóri, viti það fullvel að slíkt er ekki frambærilegt, að ætla að fara að reisa slíkan viðskiptasamning með því að fara 30 ár til baka þegar aðstæður í iðnþróuðum hluta heimsins voru allar aðrar en nú ríkja og nú stefnir í. Það er von að það færi um Davíð Oddsson þegar hann sá framan í þetta dæmi, en það kann nú að vera að núv. formaður Sjálfstfl. hefði eftir á að hyggja viljað hafa þau orð ósögð, a.m.k. ef hann ætlar að hjálpa til að draga þennan samning í land sem hæstv. iðnrh. hefur fitjað upp á og ætlar að skila til arftaka síns á ráðherrastóli og mun leitast við að mynda um nýja ríkisstjórn að kosningum loknum.

Það eru fleiri meginþættir í þessum viðskiptasamningi sem ástæða er til að við förum yfir hér á Alþingi áður en við tökum afstöðu til þessarar tillögu sem hæstv. iðnrh. óskar hér eftir uppáskrift á. Það eru gengismálin. Það er gengið. Hér er allt byggt á dollar. Þegar hæstv. ráðherra var nokkurn veginn að ganga frá meginþáttum samninga og taldi sig hafa það orðið það mikið á hreinu að hann efndi til hátíðlegrar uppáskriftar sl. haust, þá var staðan varðandi Bandaríkjadal, að ekki sé nú litið lengra til baka, talsvert önnur en núna og Landsvirkjun miðar við gengið 60 kr. á Bandaríkjadal í sínum útreikningum, hæstv. ráðherra, stundum 62, en hvar liggur það núna? Er það ekki 54 eða 55, liggur eitthvað á því bili. Sem sagt, allt aðrar aðstæður. Er það trúin á endurreisn dollarans sem við eigum að byggja þessa samninga á og þessi viðskipti? Ég bið hæstv. iðnrh., nýorðinn fyrrv. þjóðhagsstjóra og væntanlegan seðlabankastjóra, að segja okkur frá því hvernig hann les í þróun á gengi dollarans á væntanlegum samningstíma, 25 árum, því að það hangir margt á þeirri spýtu. Það gæti m.a. verið að hæstv. ráðherra verði kominn úr stóli seðlabankastjórans áður en lýkur þessu samningstímabili þó að hann sé vel á sig kominn nú, friskur maður á góðum aldri.

Ég er hér að vekja athygli, ekki aðeins hæstv. ráðherra á áhyggjum mínum varðandi þennan viðskiptasamning sem hann ætlar að gera og er að hvetja Landsvirkjun og stjórn Landsvirkjunar til að gera, ég er jafnframt að vekja athygli hv. alþm. á því þingmáli sem hér liggur fyrir, þar sem hæstv. iðnrh. er að biðja um uppáskrift til að halda áfram þessum samningaviðræðum og leiða þær væntanlega til lykta ef hann megnar. Þá hlýtur það að skipta öllu hver grunnurinn er. Hvar er hæstv. iðnrh. staddur með þetta mál? Hverju hefur hann fengið breytt frá því að flaggað var og blásið til undirritunar á að því er manni skildist nærri fullfrágengnum samningum 4. okt. sl.? Hver er staðan nú? Við lesum í pappírum ráðherrans sjálfs að ýmsar aðstæður hafi breyst frá því þá. Það stendur hérna einnig varðandi raforkuverðið á bls. 22. Hverjar eru horfurnar?

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra vilji standa öðruvísi að máli en víða má lesa út úr þessu gagni þar sem tölurnar rekast hver á annars horn og undirstöðuþættir eins og þjóðhagsstærðir vísa sitt á hvað eftir því upp á hvaða blaðsíðu maður flettir. Væri ekki skynsamlegt, hv. þm., að senda hæstv. iðnrh. upp í ráðuneyti með þessi plögg og biðja hann um að fara yfir málið og koma hingað seinna — hvort sem hann verður þingmaður eða ráðherra eftir kosningar, við skulum ætla að hann bjargist inn á þing á Reykjanesi, hvað sem verður um þennan kosningabækling — og greina okkur frá hvernig hann sér málin eftir að hafa farið yfir hinar breyttu ytri aðstæður og eftir að hafa samræmt tölulegar niðurstöður í þessum plöggum þar sem hvað hrópar á annars horn í undirstöðuþáttum frá fyrrv. þjóðhagsstjóra.

Við lesum það á bls. 24 í skýrslu hæstv. ráðherra að Þjóðhagsstofnun ætli að endurskoða þjóðhagsleg áhrif Atlantsáls, en það nægir okkur ekki að það sé vísað eitthvað fram í tímann um það efni. Við getum ekki byggt mat okkar á samningsstöðu núna og hvort hæstv. ráðherra eigi að fá umboð upp á eitthvað sem eigi að gera.

Það mætti, virðulegur forseti, mjög margt fleira segja um undirstöðuþætti þessara viðskipta að því er snertir orkuverðssamninginn. En ég vil leyfa mér að víkja hér aðeins að öðrum þætti og bið hæstv. fjmrh. að leggja við hlustir. Hann hlýtur að vera hér nærri. (**Forseti:** Óskar þingmaðurinn eftir að hann verði sóttur?) Ég hafði farið fram á það, bæði áður en þessi umræða hófst og í byrjun þessarar umræðu, að hæstv. ráðherrar væru hér viðstaddir umræðuna. Ég hef talað hér í trausti þess að þeir séu nálægt. (**Forseti:** Ekki fór það fram hjá forseta. Það er óskað eftir nærveru hæstv.

fjmrh. — og gengur hann nú í salinn.)

Við höfum verið að fjalla hér um orkuviðskiptin í þessum stærsta viðskiptasamningi sem fjallað hefur verið um á vegum íslenskra aðila. En það eru fleiri þættir, þar á meðal skattaþátturinn. Margt sem snertir það mál er vissulega til bóta að því er varðar grundvallarþætti máls, að því er snertir samningsgrunninn. Viðmiðun við íslenska löggjöf í staðinn fyrir erlend ákvæði. Það er kannski eitt það skásta sem hefur gerst í sambandi við þessi mál að það hefur verið tekið með öðrum hætti á því heldur en í sambandi við samninga um t.d. álbræðsluna í Straumsvík. Það er hins vegar vakin athygli á því, hæstv. fjmrh., að skattaleg uppskera af þessum viðskiptum, sem hér er verið að leiða líkur að, sé nú ekki alveg föst í hendi og þess sé ekki að vænta að skattar skili sér af þessum viðskiptum, a.m.k. ekki tekjuskattur, hátt í áratug. Það lesum við út úr þessum gögnum.

Hér eru á reiki mismunandi tölur í sambandi við hugsanlega skatta. Það virðist alveg ljóst að uppskeran úr skattalegum viðskiptum við svona fyrirtæki er einnig háð þróun álverðs, er einnig tengd inn á þann mælikvarða sem er jafnmikilli óvissu háður að því er snertir raforkuviðskiptin, ég skal ekki segja hvernig það virkar inn í skattalegu viðskiptin í einstökum atriðum. En það er tekið fram í skýrslu hæstv. iðnrh. að heildarskattgreiðslur geti hlaupið á óvissum upphæðum. Það eru nefndir 15–20 milljarðar kr. á þessum tíma, ég held að ég fari rétt með það, en hvaða 15–20 milljarðar eru þetta? Eru þetta íslenskar krónur á núvirði eða er þetta upphleðsla á samningstímanum? Það skiptir auðvitað öllu máli ef leitast er við að spá í uppskeru af skattalegum þætti, jafnóviss og hann virðist vera að því er snertir niðurstöður vegna tengingar við álverð, rétt eins og í raforkuviðskiptunum. Þess vegna nefni ég það hér því að þótt margt sé frágengið með allt öðrum og betri hætti í sambandi við skattamálin en þekkst hefur úr hliðstæðum viðskiptum, þá er einnig þarna á ferðinni mikil óvissa að því er snertir niðurstöður. Rétt þarf að vera rétt í þessu máli að svo miklu leyti sem menn geta farið nærri niðurstöðu. Þess vegna spyr ég um raunvirði þeirrar uppskeru miðað við gefnar forsendur af skatttekjum álversins. Það verður væntanlega upplýst hér, hvort sem hæstv. iðnrh. eða fjmrh. tekur að sér að greina frá þeim þætti málsins.

Virðulegur forseti. Ég ætla þá að snúa mér að þeim þætti sem varðar þriðju línu í till. til þál. um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi eins og tillagan heitir, þ.e. staðsetningu þessa fyrirtækis og hvaða áhrif það er líklegt að hafa á byggðaþróun í landinu, á framkvæmdir í landinu á næstu árum. Hér er raunar um að ræða einn af þeim fáu þáttum í þessu máli þar sem hæstv. iðnrh. er að biðja Alþingi um eitthvað nýtt, er að biðja Alþingi um uppáskrift á staðsetningu sem Alþingi hefur ekki tekið afstöðu til. Hér er einn af þeim stóru þáttum máls fyrir utan efnahagslega þáttinn, þjóðhagslega þáttinn og umhverfisþáttinn, það eru áhrifin á byggðina í landinu. Ráðherra vísar á Vatnsleysustrandarhrepp og biður um fjárveitingu til þess að kaupa jörðina Flekkuvík upp á allt að 300 millj. kr. í frv. til lánsfjárlaga og er eitt af því sem fyrir liggur í þessu uppleggi sem við ræðum hér í kvöld.

Margt má nú segja, virðulegur forseti, um þróun þessa máls og einstök atriði en í engum þætti málsins hefur verið staðið að með jafnmiklum blekkingum, slægð og ég leyfi mér að segja óheilindum gagnvart fólkinu í landinu og í sambandi við staðsetningu þessa hugsanlega fyrirtækis. Það tengist því sem ég ræddi hér snemma í mínu máli. Það tengist því hvernig hæstv. iðnrh. hefur verið á uppboði sem frambjóðandi fyrir Alþfl. nú í aðdraganda kosninga þangað til hann — eða réttara sagt útlendingarnir lentu málinu á Keilisnesi. Þessi rúlletta hæstv. ráðherra er búin að kosta íslenskt þjóðfélag talsvert mikið í beinum fjárhæðum talið, að ekki sé nú talað um þau ósæmilegu málstök sem verið hafa á þessum þætti málsins frá upphafi.

Nú er það vissulega svo að forverar hæstv. núv. iðnrh., sem hafa verið að baksa við það að koma fótum undir álbræðslu á Íslandi frá því 1983 og sú úrvalssveit sem setið hefur í iðnrn. síðan, ég veit ekki hvort menn muna eftir nöfnunum, Sverrir Hermannsson, Albert Guðmundsson, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson, hafa allir rembst sem rjúpa við staur að koma fótum undir erlenda álbræðslu á Íslandi. Lengi vel bundu þeir trúss sitt við Alusuisse og staðsetninguna við Straumsvík þangað til að upphófst sú rúlletta sem hv. 1. þm. Reykv. byrjaði með undirskrift um hagkvæmnikönnun á vegum Atlantal-hópsins þann 4. júlí 1988. Þá fór málið að breytast. Að vísu var öðru hverju horft til Straumsvíkur, en eftir að Alusuisse gekk úr skaftinu var málið sett í þessa stóru rúllettu og málið sett á uppboðsmarkað fyrir hin einstöku byggðarlög í landinu. Þar var nú ekki haldið á málum eins og Sverrir Hermannsson, núv. bankastjóri í Landsbankanum, hafði það þegar hann var í sínum sjónhverfingum í sambandi við þessi mál. Hann var að mörgu leyti, hæstv. iðnrh. — hvar er hann staddur núna? — slyngari en núv. hæstv. iðnrh. því að Sverrir Hermannsson kostaði ekki eins miklu til. Hann eyddi ekki jafnmiklu í þessar sjónhverfingar. Hann lét við það sitja, t.d. gagnvart Eyfirðingum, að bjóða forstjóra Alcan í heimsókn til Akureyrar. Sá kom á einkaþotu og þáv. iðnrh. Sverrir Hermannsson tók hann út á golfvöll og bauð honum að borða á KEA og allir Eyfirðingar trúðu því að nú væri að koma álbræðsla í Eyjafirði með þetta stóra fyrirtæki, Alcan, sem burðarás. Og í framhaldi af þessum golfleik þeirra aðalforstjóra Alcan og Sverris Hermannssonar frá Ögurvík var efnt til skoðunarferðar í sérflugvél fyrir nokkra Akureyringa og Eyfirðinga vestur til Kanada til að skoða álbræðslur Alcan og varð af því talsverð saga. En íslenska ríkið þurfti ekki að borga mikið í þetta púkk nema matinn ofan í forstjórann. Og á þessu lifðu Eyfirðingar í 1–2 ár, þ.e. áhugamenn um álbræðslu í Eyjafirði.

Hæstv. iðnrh. hefur hins vegar lagt miklu, miklu meira undir og kostað miklu meiru til í sambandi við rúllettuna og hann skilur heilu byggðarlögin í landinu og þá sem hafa látið glepjast af því að það væri verið að athuga það í alvöru að koma upp stórfyrirtæki utan

höfuðborgarsvæðis, utan Suðvesturlands, eftir í sárum og ekki bara í sárum, heldur með háa reikninga miðað við þeirra efnahagslegu getu. Milljónir á milljónir ofan sem byggðarlög á Austurlandi og Norðurlandi hafa kostað til til þess að leggja sig fram um að fá stóra vinninginn sem hæstv. ráðherra var að hampa til þeirra.

Hæstv. ráðherra. Ég nefndi það í haust og ætla að nefna það aftur hér. Ég tel t.d. að sá gjörningur, sem þú stóðst fyrir í apríl sl. þegar þú gerðist póstberi fyrir Atlantal-hópinn og framsendir bréf til tuga sveitarfélaga í landinu með gyllivonum um það að þau gætu orðið vinningshafi í þessu lotterii, sé einhver ómerkilegasta og ódrengilegasta aðgerð sem íslensk stjórnvöld hafa staðið fyrir. Þessi blekkingaleikur stóð ekki nema í nokkra mánuði því að þegar kom fram á haustið voru útlendingarnir komnir að þeirri niðurstöðu sem allir máttu vita sem sáu í gegnum blekkingavefinn að tekin yrði. Á Keilisnesi skyldi álbræðslan rísa. Hvernig hefur viðskilnaðurinn verið gagnvart byggðarlögunum sem dregin voru á asnaeyrunum hálft árið 1990, hæstv. ráðherra? Hver er viðskilnaðurinn í þeim efnum? Það er kannski ekki að ástæðulausu að það er ekki aðeins að hæstv. iðnrh. hafi ekki farið í framboð í Norðurl. e. heldur að þingmaður Alþfl. hafi tekið pokann sinn og hlaupið suður yfir heiðar til þess að freista þess að komast inn á þing. Það er einn tollurinn af þessu máli, af þessum vinnubrögðum, af þessari dæmalausu framkomu af hálfu íslensks stjórnvalds sem hæstv. ráðherra hefur staðið fyrir. En allt væri það nú bærilegt ef við mættum treysta því að þessir samningar, sem hæstv. ráðherra hefur verið að undirbúa, gengju ekki eftir, sem auðvitað eru góðar líkur á að ekki verði. En við getum ekki treyst því.

Afleiðingarnar af því ef ákvörðun yrði tekin um það að reisa þetta fyrirtæki á Keilisnesi yrðu hrikalegar fyrir byggðaþróun í þessu landi. Mætti hafa uppi um það ýmsa spádóma en ég held í rauninni að allir hv. alþm., sem fara yfir þessi mál í alvöru, átti sig á því í hvert efni stefnir þar að lútandi.

Nú er það vissulega svo að þetta fyrirtæki, ef reist hefði verið eystra eða nyrðra, hefði ekki orðið nein allsherjarbjörgun fyrir landsbyggðina á Íslandi. Það hefði vissulega haft svæðisbundna þýðingu. Þykir mér vænt um að hæstv. forsrh. gengur í salinn því að hann er ráðherra byggðamála á Íslandi og ég er einmitt kominn að þeim þætti sem varðar áhrif hugsanlegrar álbræðslu á byggðaþróun í landinu. Hæstv. ráðherra hefur verið að leitast við að sinna þeim málum með nefndaskipun og hefur fengið nefndarálit en það verður nú ansi holt undir þeim málum þegar litið er til þeirra ákvarðana, þeirra hugmynda, sem hér liggja fyrir um samninga um álver á Keilisnesi eða í Vatnsleysustrandarhreppi og við ræðum hér í kvöld.

Það eru ekki aðeins hinir beinu efnahagslegu þættir sem þar koma til heldur eru það hin óbeinu áhrif af þessum gjörningi sem munu hafa áhrif á hugarfar og trú fólksins víða um land á framtíðina. Það eru hinir huglægu þættir sem einnig vega þungt. En hin beinu efnahagslegu áhrif eru þó það sem við hljótum að horfa framan í og getum lagt á ákveðna mælistiku. Því það er ekki aðeins svo að hér eigi að fara að fjárfesta fyrir 60 milljarða kr. á Keilisnesi og efna til þeirrar veislu sem því tengist, heldur á jafnframt að gæta þess að þessi umsvif og þessi innspýting í íslenska hagkerfið á næstu fjórum árum eða svo verði ekki til þess að færa allt úr böndunum í íslensku efnahagslífi. Núverandi ríkisstjórn hreykir sér af því með réttu, það er eitt það skásta sem hún hefur gert, að ná jafnvægi í efnahagsmálum, að vísu dýru verði keypt og miklar fórnir sem liggja að baki sem almenningur í þessu landi hefur staðið að. En ríkisstjórnin hefur átt ansi góðan þátt í því. En hvert stefnir með þetta jafnvægi, hæstv. forsrh., ef alvara yrði úr þeim áformum sem hér eru rædd? Það blasir við hverjum manni að við erum þá ekki að tala um að halda hér verðbólgu á svipuðum slóðum og tekist hefur að ná henni niður núna eða halda verðþenslunni í landinu á svipuðum slóðum og í nágrannalöndum. Við erum að tala um það að kveikja í þessu húsi. Við erum að tala um að kveikja verðbólgubál í íslenskum þjóðarbúskap nema þeim mun rækilegar verði dregið niður í öðrum þáttum á meðan, í öllum þáttum efnahagsmála þar sem hægt er að virka á móti. Hverjir eru það sem geta haft beinustu áhrif í þá átt? Er það ekki íslenska ríkið? Eru það ekki opinberir aðilar sem hljóta að ganga á undan með því að skera niður framlög til opinberra mála og draga saman hvarvetna af opinberri hálfu þar sem kostur er til að vega á móti þensluáhrifunum af byggingu álbræðslunnar og virkjunarframkvæmdunum henni tengdum?

Menn hafa ekkert legið á þessu. Núverandi aðalseðlabankastjóri og stjórnarformaður Landsvirkjunar ræddi opinskátt um þetta á stjórnarfundi Landsvirkjunar í aprílmánuði 1989, held ég, þá þegar fyrir tveimur árum síðan og sagði: Auðvitað verða sveitarfélögin í landinu að leggjast á árar og draga niður í sínum umsvifum ef á að vera hægt að koma þessum framkvæmdum fyrir þannig að ekki verði verðsprenging í landinu og allt fari hér úr böndunum í efnahagslífinu. Íslensk stjórnvöld, ríkið, verður að gæta þess að draga saman í sínum umsvifum, og þar vísaði seðlabankastjóri sérstaklega á samgöngumálin, samgönguþáttinn, þann þátt sem skiptir kannski meira máli en margir aðrir þegar við erum að tala um að bæta stöðu byggðanna víða um land, að koma samgöngumálunum í annað og skárra horf en þau eru núna.

Hvernig ætlar ríkisstjórn, sem hefur talið sig vera málsvara landsbyggðar, vill reyna að rétta við atvinnuþróun í landinu, snúa fólksstreyminu við, að ganga til kosninga, hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh., með þetta sem aðalflagg í atvinnuþróun á Íslandi að fara að verja 100 milljörðum kr. á næstu fjórum árum í þetta eina fyrirtæki? Allir vita og allir sjá að til þess að mæta þessu verða sveitarfélögin hringinn í kringum landið og opinberir aðilar að draga niður í sínum umsvifum. Þetta er slíkur fáránleiki, sem hér er á ferðinni, í efnahagslegu tilliti og í samhengi við byggðamálin í landinu að það er fáheyrt að það skuli gerast af ríkisstjórn sem við myndun steig á stokk að reyna að snúa við öfugþróun í byggðamálum á Íslandi. Ég er smeykur um

að ef þeir sem hafa stutt þessa ríkisstjórn gerast uppáskrifendur að þessu plaggi, sem hér er lagt fram af hæstv. iðnrh. í nafni ríkisstjórnar Íslands, verði það þungur róður sem þeir fá í kosningabaráttunni fram undan víða um landið með þetta á bakinu, með þetta sem flaggið í atvinnuþróun á Íslandi á næsta kjörtímabili, með þá sýn. Hér sé ég til frænda míns, hv. þm. Jóns Helgasonar, sem hefur verið í vinnu hjá hæstv. forsrh. að gera tillögur sem mættu verða til úrbóta í byggðaþróun á Íslandi. Allt gott um það verk og ágætar hugmyndir þar. En það rímar bara ekki við þá hugmynd sem hér er rædd og fram lögð að fara að verja megninu af ráðstöfunarfé og möguleikum til efnahagslegrar þróunar í landinu á næsta kjörtímabili í þetta fyrirtæki og Reykjanes. Ég bið hv. þm. Jón Helgason að koma mér til liðs hér til þess að reyna að koma vitinu fyrir ríkisstjórnarliðið og a.m.k. fyrir hæstv. iðnrh. og biðja hann um að taka frá ríkisstjórninni þennan kaleik sem hér er að henni réttur, að Alþingi Íslendinga.

Við megum ekki ganga hér fram eins og ólæs börn sem ekki átta sig á samhengi hlutanna, kunna aðeins að stauta sig fram úr orði en skilja ekki samhengið í setningu. Við verðum að gera þá kröfu til okkar sjálfra að við viðurkennum augljóst samhengi í efnahagsstarfsemi og atvinnuþróun í landinu. Ef við meinum eitthvað með því að ætla að breyta straumnum í byggðamálum á Íslandi, í búsetuþróun á Íslandi, þá höfnum við algerlega þeirri þáltill. sem hér er fram lögð og drögum til baka, hafi ríkisstjórnin veitt hæstv. iðnrh. einhverja uppáskrift til þessara samninga, þá á hún að draga það hið skjótasta til baka og Alþingi Íslendinga a.m.k. að gæta þess að koma þar hvergi nærri. Hv. þm. Halldór Blöndal, fulltrúi Norðurl. e., ætti að leggjast í víking líka minnugur þess hvernig Eyfirðingar og hans kjördæmi var dregið á asnaeyrunum missirum saman í tengslum við þetta mál og skilið þar við fólk sem trúði á stóra vinninginn í álmálinu, skilið eftir í sárum. Það voru vissulega margir Eyfirðingar sem áttuðu sig á blekkingunni og vildu ekki af ýmsum ástæðum, m.a. vegna umhverfismála, taka við þessu fyrirtæki. (**HBl:** Stefán Valgeirsson sá í gegnum þetta allan tímann.) Já, hv. þm. Stefán Valgeirsson var læs á þetta samhengi. Það hefðu betur verið fleiri sem hefðu áttað sig á samhengi hlutanna, fleiri en aldursforseti á Alþingi Íslendinga.

Ég fer fram á það, hæstv. forsrh., að ríkisstjórnin fjalli í samhengi um horfurnar í byggðaþróun á Íslandi á næsta kjörtímabili og þær hugmyndir sem hér liggja fyrir um byggingu álbræðslu á Keilisnesi og það í heildarsamhengi. Það nægir ekki að líta á afmörkuð svæði og þá sem telja sig fá einhvern stundarvinning vegna virkjanaframkvæmda í þágu þessarar álbræðslu, því að það er sýnd veiði en ekki gefin. Það er lítil uppskera til lengri tíma litið. Það vita menn á Norðurlandi vestra. Það þekkja Sunnlendingar sem byggðu á stopulum framkvæmdum við byggingu virkjana um skeið, en fengu síðan á sig bakslagið af fullum þunga. Þar er ekki um að ræða að byggja upp einhver störf fyrir framtíðina. Þar er miklu frekar að við blasi hættan á röskun. Að menn hlaupi til skjóttekinna uppgripa við slíkar framkvæmdir á heiðum uppi, hverfi frá búi og börnum og bregði á annað ráð varðandi búsetu eftir að framkvæmdum lýkur. Allt ætti þetta að blasa við okkur alþingismönnum. Við eigum ekki að þurfa að hugsa okkur lengi um að þessu leyti.

Við göngum undir próf hér varðandi þetta þingmál og ég satt að segja er aldeilis hissa á Sjálfstfl. að hann skuli í aðdraganda kosninga ekki hafa vit á því að blanda sér í þetta mál sem hér er rætt og gerast eins konar ábekingur þess að þessi umræða fari hér fram nótt eftir nótt á Alþingi í umboði Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Á bak við þessa tillögu, virðulegur þm., liggur annað og meira en kemur fram í prentverkinu, í þessum fjórum línum. Það er alvarlegur veruleiki sem blasir þar við. Það er dýr kosningabæklingur fyrir Alþfl. sem okkur er ætlað að skrifa upp á. Því að á bak við hann liggur, ef útlendingunum hentar og landsstjórnin sér ekki að sér, útgjöld upp á 100 milljarða kr., fjárfesting upp á 100 milljarða kr. í landinu. Svoleiðis að við skulum ekki vera að gera lítið úr umfangi þessa máls.

Það er fleira en uppáskrift á þessa tillögu sem hæstv. iðnrh. er að biðja Alþingi Íslendinga um. Hann er einnig að biðja þingið um að veita lánsheimild til þess að kaupa land á Keilisnesi upp á allt að 300 millj. kr. og reyna að láta líta svo út sem málið sé þannig fastara í hendi en það er gagnvart kjósendum í Reykjaneskjördæmi. En hann er jafnframt að biðja — þarna sé ég hv. þm. Pál Pétursson sem ég hef óskað eftir að kæmi hér í þingsal, formann fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis — fjh.- og viðskn. og síðan þingdeildir um að veita viðbótarlánsfjárheimild vegna virkjunarframkvæmda á næstu mánuðum ársins — upp á hvað? Upp á 800 millj. kr. Það er það sem mun mæta okkur hér á næstu dögum ef hv. þm. Páll Pétursson og aðrir í fjh.- og viðskn. þingsins gerast ábekingar á því og þá þarf Nd. þingsins til að byrja með og síðan Ed. þingsins að taka afstöðu til þess. Eigum við að fara að veita hundruð milljóna inn í þetta kosningadæmi Alþfl. og hæstv. iðnrh.? Fjárhæðir sem fullkomin óvissa er um að muni nokkurn tíma koma nokkrum að gagni öðrum en hugsanlega hæstv. iðnrh. í atkvæðaveiðum í Reykjaneskjördæmi? Er það sæmilegt að fara þannig með almannafé?

Menn eru að tala um fyrirvara, virðulegur forseti, að það eigi kannski að slá einhverja varnagla í samþykktum þingsins að þessu leyti. Um það er einmitt verið að takast á núna í bakherbergjum þingsins hvort og hvers konar varnagla eigi að slá í sambandi við þá ósk sem fram er borin í greinargerð með þáltill. og liggur fyrir sem beinar tillögur fyrir fjh.- og viðskn. Nd. þingsins.

Hvað gerðist hér á síðasta ári að þessu leyti? Í aprílmánuði sl. var flutt frv. um breytingu á lögum um raforkuver. Það var eitt af þáttaskilum í þessu mikla máli, sem hæstv. iðnrh. kallar svo, sem þá lágu fyrir í framhaldi af yfirlýsingunni frá 13. mars 1990. Í dag er 13. mars 1991. Það er ársafmæli frá þeim stóra degi í lífi hæstv. iðnrh. Þá var hann ekki staddur sem fram-

bjóðandi í Reykjaneskjördæmi. Þá var eftir að vita hvar öndvegissúlurnar bæri að landi. Tengt þessu frv. til laga um raforkuver var ákvæði sem veitti heimild til 300 millj. kr. fjárveitingar til undirbúnings virkjanaframkvæmda á árinu 1990. Meiri hluti á Alþingi Íslendinga hljóp til og veitti ríkisstjórninni þessa heimild. Menn höfðu hér uppi svardaga um það að þetta yrði nú ekki gert nema í ljósi framvindu samningaviðræðna og það væru líkur á því að samningar tækjust. — Nú spyr ég hvar hæstv. iðnrh. haldi sig þessa stundina, virðulegur forseti, því ég er m.a. að ræða þetta mál við hann. Hvar er hæstv. iðnrh. staddur? (**Forseti:** Forseti kann nú ekki við að spyrja hvers vegna hæstv. iðnrh. vék úr salnum en ég hygg að hann geti ekki verið langt undan. Eigum við ekki aðeins að sjá til hvort hann kemur ekki fljótlega?) Jú, jú, nógur er tíminn. Nóg er nóttin, virðulegur forseti. Kannski birtist hæstv. iðnrh. hér fljótlega. Ég ætla að ræða við hæstv. ráðherra um það hvernig fyrirvararnir voru varðandi heimildina fyrir 300 millj. á síðasta ári og hvernig þeim var varið og hvernig farið var með þá heimild, þennan sterka varnagla sem sleginn var um að þessu skyldi aðeins varið miðað við horfur og þá víst vænlegar horfur í samningaviðræðum. Nú er verið að biðja um ekki tvöfalda heldur nærri þrefalda þá upphæð. Inn í þessa spilapeninga ráðherrans verða því komnar 1100 millj. kr., ef saman er lagt það sem verið er að biðja um hér sem heimildir til fjárausturs, inn í ófrágengið dæmi.

Ég skal, virðulegur forseti, gera smáhlé á máli mínu meðan hæstv. ráðherra kemur í þingsal. (**Forseti:** Forseti telur eðlilegt þar sem hv. þm. hefur nú talað í þrjá klukkutíma og eitt korter að hæstv. ráðherra fái leyfi til ganga niður og fá sér kaffisopa. Ég tel því fráleitt að fara að kalla ráðherra upp. Hann er hér í húsinu og hlýtur að koma rétt bráðum.) Ég met mjög mikils skilning virðulegs forseta á líkamlegum þörfum hæstv. iðnrh. Ég skil það vel að forseti hafi samúð með hæstv. ráðherra, en stundum hefur nú verið gripið til þess ráðs að menn hafa látið sér nægja vatnið við þessar aðstæður ef þyrstir eru eða jafnvel brugðið á það ráð að fá á könnuna hérna upp í þingsalinn. Það getur varla talist goðgá þó svo væri. En hæstv. ráðherra kann að að liggja í léttu rúmi hvað fram fer í umræðum um þetta mál. Hann hefur kannski gert upp hug sinn. Hann telur sig kannski ekki þurfa að ræða þetta mál hér við þingmenn eða leggja við hlustir við þessa umræðu. (**Forseti:** Leyfist forseta meðan hæstv. iðnrh. er sóttur að spyrja hv. þm. hvort hann geri sér grein fyrir hvað langan tíma hann þurfi enn til að ljúka ræðu sinni?) Virðulegi forseti, um það vil ég ekki fullyrða neitt. Ef ég lít yfir málið, þá gæti verið að ég sé einhvers staðar að nálgast miðja ræðu ef ég reyni að þjappa saman máli mínu eftir föngum hér í framhaldinu. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á að hér eru á mælendaskrá sjö hv. þm. Forseti vildi nú mælast til með tilliti til þess að örfáir dagar eru eftir af þinghaldinu að tillit yrði tekið til þeirra hv. þm. einnig og hv. 2. þm. Austurl. reyndi nú að þjappa máli sínu aðeins saman ef svo mikið er eftir af ræðunni.) Virðulegi forseti. Ég hef fullan skilning á því en ég met það sannarlega mjög mikils að þátttaka er góð í þessum umræðum. Allmargir þingmenn hafa þegar talað og eru margir á mælendaskrá heyri ég, svo að það er alveg ljóst að við getum varið tíma okkar vel hér næstu dægrin í sambandi við umræðu um þetta mál sem ríkisstjórnin leggur nú svo mikið upp úr og ég tala nú ekki um hæstv. iðnrh. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á að það verður ekki þinghald hér næstu dægrin. Þess vegna held ég að það sé mál að þessari umræðu linni á þessari nóttu vegna þess að ég efast um að það gefist fleiri dagar til þess.)

Virðulegur forseti. Það er sannarlega ekki á mínu valdi að ákvarða það hversu lengi þingið stendur og ég er út af fyrir sig ekki að blanda mér neitt í það. Það er málefni þess meiri hluta sem ræður ferðinni hér á Alþingi og hæstv. forsrh. hefur þau efni öðrum mönnum fremur í hendi sér og ég ætla ekki að blanda mér í það mál. En það hlýtur að vera mál ríkisstjórnarinnar hvernig hún leggur mál fyrir þingið. Menn geta ekki vænst þess að tillögur og afstaða fáist fram varðandi 100 milljarða kr. fjárfestingu í íslenskum þjóðarbúskap, meginmál varðandi atvinnu og efnahagsþróun í landinu á næsta kjörtímabili verði rætt hér á einhverjum smátíma eins og hver önnur þingsályktunartillaga. Þetta er eitthvert stærsta mál sem komið hefur fyrir þingið og afdrifaríkasta hver afstaða verður. Það væri mjög illa komið Alþingi Íslendinga ef það færi léttum höndum um slíkt alvöruefni sem við ræðum hér. Ég a.m.k. hef ekki samvisku til þess að fara hér frá þingi án þess að hafa komið áleiðis skilaboðum um mat mitt á þessu máli og fengið svör frá hæstv. iðnrh. varðandi ýmsa grundvallarþætti þessa máls.

Nú er hæstv. ráðherra kominn í þingsal. Ég var þar staddur, virðulegur forseti. . . (**Forseti:** Forseti vill fá leyfi til að fresta þessum fundi um 5–10 mínútur og býður hv. 2. þm. Austurl. að gera hlé á ræðu sinni þann tíma, en síðan verður tekið til við fundarhald aftur.) Virðulegi forseti. Það er velkomið að taka það hlé þó ég hafi ekki ástæðu eða þörf að bregða mér úr ræðustól. Ég mun áreiðanlega geta tekið upp þráðinn þar sem frá er horfið að 5 mínútum liðnum eða svo. (**Forseti:** Forseti vonar að þetta hlé geti komið öllum að gagni.) — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Mér er það mikil ánægja að þessu hléi skuli lokið sem efnt var til hér til þess að spjalla saman um hvar við erum stödd í tíma. Nú vænti ég að fleiri hæstv. ráðherrar láti sjá sig en hæstv. umhvrh. Þó ég meti nærveru hans mjög mikils, þá vænti ég að hæstv. iðnrh. verði einnig viðstaddur áfram.

Við vorum að ræða um þá beiðni hæstv. iðnrh. að fá heimild til fjárveitinga til kaupa á jarðnæði á Keilisnesi undir ráðgerða álbræðslu og fjárveitingu til áframhaldandi undirbúnings virkjana. Þessi upphæð sem hér er um að ræða er upp á 1100 millj. kr. samanlagt vegna ársins 1991 til viðbótar við þær 300–400 millj. sem notaðar voru í undirbúning vegna virkjanaframkvæmda í þágu álbræðslu á árinu sem leið. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að hæstv. iðnrh. komi hér í salinn.) Mér þykir vænt um að heyra það, virðulegi forseti, og ég treysti því að hann birtist hér fljót-

lega. Við getum vel dokað við þangað til hæstv. ráðherra gengur í sal. — Er hæstv. iðnrh. farinn úr þinghúsinu? (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. mun vera á fundi.) Er ekki rétt, hæstv. forseti, að fresta þessum fundi á meðan? Ég sé ekki ástæðu til þess að halda áfram umræðu hér ef sá ráðherra sem fer með málið er ekki viðstaddur í þingsal. (**Forseti:** Ef hv. þm. telur að hann geti ekki haldið áfram ræðu sinni öðruvísi en hæstv. iðnrh. sé á fundinum, þá tel ég að hv. þm. verði bara að bíða andartak. Ég mun gera frekari ráðstafanir til þess að fá hæstv. ráðherra á fundinn.) Á ég að víkja úr ræðustól á meðan, virðulegur forseti? (**Forseti:** Já, ef hv. þm. vill hafa það þannig. Ég vil benda hv. þm. á að hér er hæstv. umhvrh. Hvort það henti ekki að beina orðum eitthvað til hans á meðan eða hvort kannski hv. þm. hefur lokið þeim kafla.) Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir ábendingar virðulegs forseta, en mér finnst það dálítið sérkennilegt ef hæstv. iðnrh. sér ekki ástæðu til að vera við umræðu sem fer hér fram um tillögu sem hann flytur. Ég var hér að fjalla í mínu máli um þátt sem snertir beinlínis hann en ekki hæstv. umhvrh. (**HBl:** Það má nú vera að iðnrh. leggi ekki áherslu á að málið fái afgreiðslu.) Nei, síðan er það náttúrlega önnur saga. Kannski hefur hæstv. ráðherra snúist hugur að einhverju leyti á þeim stundum sem liðnar eru frá því að við tókum að bera saman bækur okkar hér um þetta efni. Ef virðulegur forseti kýs að ég beini máli mínu til hæstv. umhvrh., þá er það meira en velkomið því að ég hef nóg við hann að tala út af fyrir sig. En þá þarf ég aðeins að stokka upp mitt mál og skipunina á minni ræðu.

Vegna þess að hæstv. umhvrh. hefur verið frambjóðandi og þingmaður fyrir Reykjaneskjördæmi þá er hann að sumu leyti ekki í ósvipaðri stöðu og hæstv. iðnrh. sem nú ætlar að leita eftir umboði sem þingmaður þar, en hæstv. umhvrh. er miklu grónari í kjördæminu. Hann veit væntanlega betur en hæstv. iðnrh. hvað til hans friðar heyrir þar í kjördæmi og hvað sé líklegt til ávinninga í komandi kosningum. Þess vegna bind ég nokkrar vonir við það að hæstv. iðnrh. muni leitast við að standa fast í ístaðinu varðandi umhverfismálin í tengslum við samninga um álbræðslu en leiti jafnframt að öðrum kostum til atvinnuþróunar á Reykjanesi, sem ég veit að hann hefur mikinn áhuga á, heldur en það að efna þar til stóriðjureksturs jafndýrkeyptur og hann yrði fyrir íslenskt þjóðarbú og einnig fyrir umhverfismálin og umhverfisímynd þess kjördæmis sem hann er fulltrúi fyrir.

Ég heyrði það nýlega í fréttum, virðulegur forseti, að hæstv. umhvrh. er með hugann víða í sambandi við möguleika í atvinnulífi en einnig í umhverfismálum og kann að flétta þetta saman. Þannig eru nú komin hér fram á Alþingi tvö frumvörp, alveg nýkomin. Annað er um verndun villtra landspendýra og hitt um dýravernd. Þau efni snerta atvinnuþróun. Hæstv. ráðherra greindi þjóðinni frá því í sjónvarpsviðtali, ég held í gær eða í fyrradag, að hann teldi að það væri talsvert mikið í það að sækja að taka meðferð ekki aðeins villtra dýra öðrum tökum en verið hefur, heldur einnig þeirra sem tamin eru. Því nefni ég þetta að hæstv. iðnrh. var fjarri og ég tók því upp þráðinn hér að áeggjan forseta við hæstv. umhvrh.

Ég fagna því alveg sérstaklega að hæstv. umhvrh. skuli vera orðinn einbeittur stuðningsmaður tófuvina í landinu og skuli ráðinn í því að reisa loksins merki refsins hérlendis svo sem verðugt er og hætta því að leggja lágfótu og melrakka í einelti, svo sem tíðkast hefur um aldir, nú þegar það er að heita má þarflaust á sumum svæðum á landinu með tilliti til sauðfjárræktar og ég held að hæstv. ráðherra ætti ekki aðeins að hugsa til Hornstranda í því sambandi, heldur jafnvel til eigin kjördæmis því að það gæti sannarlega orðið lyftistöng þar ekki síður en á Hornströndum. Ég óska hæstv. ráðherra til hamingju með þessa stefnu sem hann hefur upp tekið og treysti honum til að standa dyggan vörð um hin villtu landspendýr á Íslandi, ekki eru þau nú of mörg.

Þetta var í rauninni hliðarþáttur upp tekinn vegna fjarveru hæstv. iðnrh. úr þingsal. Hann er nú kominn hingað og þá get ég haldið áfram máli mínu þar sem ég var staddur í ræðu varðandi þær óskir hæstv. iðnrh. að fá fjárveitingaheimildir upp á meira en 1 milljarð kr. á þessu ári til undirbúnings þess máls sem hér um ræðir, þ.e. álbræðslu á Keilisnesi.

Ég heyri að það eru uppi nokkuð deildar meiningar um það hvort veita eigi hæstv. ráðherra þessa heimild, ekki aðeins frá okkur, sem erum efins um að hæstv. ráðherra sé á réttri braut í sambandi við álbræðslu, heldur einnig frá þeim sem hafa stutt framlagningu þessarar tillögu hér í þinginu og eru þátttakendur í undirbúningi þessa máls, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sem er formaður fjh.- og viðskn. Þar er ekki sammæli um að veita þær heimildir sem hæstv. ráðherra hefur beðið um. Það finnst mér mjög skiljanlegt og ég fagna því sérstaklega að menn eru að fara yfir þau efni og eru ekki reiðubúnir til þess að skrifa með skjótheitum upp á þessa beiðni fram komna frá hæstv. iðnrh. að þessu leyti.

Ég tel það afar sérkennilega stefnu sem tekin var upp í sambandi við samþykkt frv. til laga um raforkuver hér sl. vor þar sem hæstv. ráðherra fékk heimild til 300 millj. kr. fjárveitingar til undirbúnings virkjana með því fororði að því yrði ráðstafað í ljósi þess hvernig miðaði með samningaviðræður. Nú er það upplýst af hæstv. ráðherra að þannig hafi verið farið með þá heimild. Það er að finna í svari sem ráðherra veitti við fyrirspurn minni og er á þskj. 723, sem var fyrirspurn um undirbúning vegna álbræðslu. Þar kemur fram, svo að beint sé vitnað í þetta skriflega svar frá hæstv. ráðherra, í tölul. 2:

„Landsvirkjun hefur á árinu 1990 varið alls 367 millj. kr. á verðlagi í desember 1990 til undirbúnings virkjana og stofnlína á grundvelli heimilda í lögum nr. 74/1990, sbr. eftirfarandi sundurliðun“ sem þar fylgir.

Þetta er upphæð upp á 367 millj. kr. en heimildin sem veitt var lögum samkvæmt var upp á allt að 300 millj. kr. Svo stendur hér til frekari skýringar: „Framangreind heildarfjárhæð nemur um 330 millj. kr. á verðlagi hvers tíma og er það nokkru hærri fjárhæð en heimiluð var í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr.

74/1990, um breytingu á lögum um raforkuver, en ráðuneytið vísaði að sjálfsögðu til þess ákvæðis er það veitti heimild fyrir framkvæmdum 17. júlí 1990."

Hér viðurkennir hæstv. ráðherra í þessu skjali að það hafi verið farið fram úr þeim heimildum sem veittar voru með samþykkt laganna um raforkuver og bráðabirgðaákvæði sem innihélt þetta. Ég inni hæstv. ráðherra eftir því hvernig hann réttlæti það að hafa ráðstafað þessu fjármagni einnig í ljósi þess varnaglaákvæðis sem slegið var þegar þetta mál var fram borið og samþykkt og ég má segja á því hnykkt, t.d. af þingflokki Alþb., að það yrði farið mjög gætilega í ráðstöfun þessa fjármagns. Þann 17. júlí hafði hæstv. ráðherra áreiðanlega ekki heimild frá meiri hluta þingflokks Alþb. umfram 100 millj. kr. ráðstöfun. Ég spyr hæstv. iðnrh. hvers vegna þessi lagaheimild hafi verið brotin, ef marka má tölur í því svari sem hann hefur veitt, hvað réttlæti það og hvernig standi á því að þessu fjármagni hafi verið ráðstafað umfram heimild meira að segja í ljósi þess að ekkert gekk saman í samningamálum varðandi álbræðsluna á þessu ári og snerist þróun þar frá sjónarhóli íslenskra samningsaðila til verri vegar. Væntanlega veitir hæstv. ráðherra svör og skýringar við þessu.

Hér er staddur við umræðuna hæstv. menntmrh. Ég vil beina því til hæstv. menntmrh., sem er þingbróðir minn og flokksbróðir og samstarfsmaður úr þingflokki Alþb., hvernig hann líti á þetta og hvernig hann meti það og geti réttlætt það hugsanlega að veitt verði uppáskrift á þær fjárveitingar sem nú er beðið um til viðbótar inn í sama samhengi upp á heilar 800 millj. kr. til frekari undirbúnings virkjana. Nú heyrum við að hæstv. ráðherra vill hafa nákvæmlega sama háttinn á, að þessi heimild verði bundin því einu að hægt verði að mjatla út þessum peningum í ljósi framvindu mála varðandi samningaviðræður en ekki eins og sumir hafa um rætt að það beri að binda slíkt skilyrði um endanlegan fullgerðan raforkusamning og væntanlega staðfestan af Alþingi. Það væri fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. iðnrh. um það hvaða skilyrði hann vilji fá um þetta.

Mér þætti vænt um að heyra viðhorf hæstv. menntmrh. hér síðar í umræðunni um þessi efni sem hér eru fyrir lögð. Einnig skildi ég það svo þegar hæstv. menntmrh. tók þátt í þingskapaumræðum í tengslum við þetta mál að hann ætlaði að segja ýmislegt að því er málið varðar við fyrri umræðu þessarar tillögu. Ég mundi fagna því mjög ef hæstv. ráðherra greindi okkur frá því því auðvitað skiptir það máli hvernig ríkisstjórnin ætlar að taka á þessu efni. Hvort þeir sem hafa staðið að því að leyfa framlagningu þessarar tillögu ætla að fylgja því eftir með atkvæði sínu hér á Alþingi að hún fái samþykki. Ég hef skilið það svo að hæstv. ráðherra hafi ekki fengið nein fyrirheit um það að þetta mál næði hér fram að ganga frá samstarfsaðilum í ríkisstjórn. Ég inni hæstv. iðnrh. eftir því hvort hann telji að hann hafi fengið loforð frá samstarfsaðilum sínum í ríkisstjórn og þingflokkum fyrir því að það verði staðið við afgreiðslu þessa máls hér á þinginu. Ég hef skilið það svo af mínum flokki að þeir sem jafnvel létu hafa sig í það að veita uppáskrift á framlagningu þessa máls, að því fylgdu engar skuldbindingar um að þetta mál ætti hér fram að ganga. Kapp ráðherrans hafi fyrst og fremst beinst að því að fá að sýna þessi þingmál hér í þinginu. Væri fróðlegt að fá að heyra viðhorf ráðherranna um þetta efni.

Það má áreiðanlega segja að dýr væri Hafliði allur ef svo gerðist hver limur eins og hæstv. iðnrh. Ef það ætti að ganga yfir ríkisstjórnina í heild að menn fengju óútfylltar ávísanir til ráðstöfunar, eins og hæstv. iðnrh. biður hér um í sambandi við virkjanaframkvæmdir, í sambandi við virkjanamálin. Ég tel það algerlega fráleitt að taka upp þann hátt, sem hér er um beðið, að fara að veita stórar fjárfúlgur inn í framkvæmdir af þessu tagi þegar fullkomin óvissa ríkir um það hvort af samningum verður um þetta fyrirtæki eða ekki. Það er ekki aðeins að hér sé verið að nota almannafé með óréttmætum hætti, eins og hér er upp lagt, heldur er jafnhliða verið að veikja stórlega samningsstöðu Íslendinga í þessu máli einnig frá sjónarhóli þeirra sem keppa að þessum samningum. Því hvaða vit er í því að menn séu að binda sig á fjárskuldbindingum, eyða stórum upphæðum til undirbúnings mála til fjárfestinga með þeim hætti sem hér er að stefnt? Hvaða vit er í því, hæstv. iðnrh.? Til hvers leiðir það í samningsstöðu Íslands? Það væri ástæða til að biðja hæstv. ráðherra um mat á því. Mér þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. segði einnig hug sinn í því máli, hvernig honum líst á það að hæstv. iðnrh. fari að fá uppáskrift upp á slíkar óútfylltar ávísanir og telji sig þurfa að rembast þeim mun meir við staurinn til þess að ná saman þessum samningum til þess að sýna fram á að þessum peningum hafi til einhvers verið varið. Ég vil harðlega mótmæla slíkri ráðstöfun fjár og þarna er að stefnt og treysti því að fjh.- og viðskn. neðri deildar þingsins athugi sinn gang áður en hún fer að veita slíkar heimildir eða bera tillögur þar að lútandi fram við hv. neðri deild þingsins.

Það er raunar eitt með öðru hvernig staðið hefur verið að undirbúningi og samningaviðræðum í sambandi við þessa álbræðslu. Þar tel ég að haldið hafi verið á málum einnig frá sjónarhóli þeirra sem keppa að samningi með þeim hætti sem ekki á að vinna. Með þeim hætti sem ekki á að vinna í slíku. Með því að vera að skuldbinda sig til þess að verja almannafé, jafnháum upphæðum og þarna um ræðir í þessu skyni, að ég nú ekki tali um það hvernig upp er lagt varðandi stóra þætti í þessum samningum. Og þá t.d. varðandi raforkuverðsþáttinn. Það er alveg ljóst að þar hefur frá upphafi, og það á ekki bara við um núverandi hæstv. iðnrh., það á við um forvera hans sem hafa verið að reyna að ná samningum með svipuðum hætti allt frá 1983, ekki aðeins verið teflt á tæpasta vað að því er snertir hugmyndir um raforkuverðssamninga, heldur gengið langt út yfir öll skynsamleg mörk að því leyti. Því miður hafa menn af hálfu þess stóra fyrirtækis, Landsvirkjunar, borið fram rangar upplýsingar um raunverulega stöðu fyrirtækisins og möguleika þess á að ná samningum á þeim nótum sem um hefur verið rætt. Það er satt að segja með miklum fádæmum að

þetta öfluga fyrirtæki, sem ekki hefur sparað sérstaklega í mannahaldi, telur sig vel búið af sérfræðingum, skuli hafa leyft sér að leggja fram hugmyndir af þeim toga sem iðnrh. undanfarinna ára hafa síðan notað í pókerspili sínu við að reyna að draga hingað erlenda aðila til samninga um stóriðju. Ég tel að þarna séu víti til að varast svo sannarlega.

Í þessu sambandi vil ég rifja það upp, virðulegur forseti, að allt fram til áranna 1980–1982 var í rauninni farið með fjárhagsmál Landsvirkjunar og alveg sérstaklega framleiðslukostnað á raforku frá Landsvirkjun sem algert hernaðarleyndarmál, ríkisleyndarmál. Við þekkjum það vel sem stóðum í því á sínum tíma að knýja fram leiðréttingu á raforkusamningi við álbræðsluna í Straumsvík. Við þekkjum það vel hvernig reynt var af talsmönnum tengdum Landsvirkjun, ég tala nú ekki um pólitíska málsvara þessara samninga hér á Alþingi, að halda fram allt öðrum tölum en raunverulega lágu að baki í sambandi við stöðu fyrirtækisins. Það var reynt að halda því fram, þegar ég tók við málefnum iðnaðarmála árið 1978, að samningurinn sem við bjuggum þá við við álbræðsluna í Straumsvík upp á 6,5 mill fyrir kwst. væri hinn ágætasti samningur. Menn lögðu mikið undir í umræðum á Alþingi allar götur fram til 1982 af hálfu t.d. talsmanna Sjálfstfl., en einnig af hálfu talsmanna Alþfl., að verja þá samninga sem Landsvirkjun hafði verið bundin með álsamningunum árið 1966. Að reyna að sýna fram á að það væri vel viðunandi að búa við þetta raforkuverð og það væri algerlega tilefnislaust að vera að knýja á um breytingu á þessum samningum eins og gert var af hálfu Alþb. þegar það kom að málefnum iðnaðarmála árið 1978.

Ég er að rifja þetta upp hér, virðulegur forseti, vegna þess að af reynslunni eigum við að læra. En hér er gengið fram með mjög svipuðum hætti af hálfu Landsvirkjunar og talsmanna iðnaðarmála í landinu þegar verið er að reikna sig niður fyrir svartalágmark í raforkuverði. Hverjir eru það sem eiga að greiða mismuninn? Hverjir greiddu hann á árum áður og hverjir eiga að greiða mismuninn sem þarna er að finna og sterkar líkur eru á að þurfi að greiða? Það er almenningur í þessu landi. Það er innlendi atvinnureksturinn á Íslandi. Það eru almennir raforkunotendur sem eiga að greiða mismuninn. (**HBl:** Þetta heitir að prútta sjálfan sig niður.) Já, það má kalla það að prútta sjálfan sig niður. Og það er satt að segja, virðulegur þingmaður Halldór Blöndal, mikil reynsla að átta sig á því að af hálfu öflugs fyrirtækis, sem mætir menn veita forstöðu og eru í ábyrgð fyrir, skuli vera staðið þannig að málum að í stað þess að draga fram raunverulega stöðu og raunverulega þörf í viðskiptum af því tagi sem hér um ræðir í stóriðju skuli menn leggja sig í framkróka að bera fram rangar tölur sem eru neðan við rauða strikið í þessum efnum, eins og gert var í viðskiptum við álbræðsluna í Straumsvík og eins og gert hefur verið á undanförnum árum af hálfu þeirra iðnrh. og af forsvarsmönnum Landsvirkjunar á þeim tíma sem liðinn er frá 1983 meðan menn hafa verið að reyna að krækja saman um slíka samninga.

Ég hef undir höndum mikið af upplýsingum sem bera vott um það hvernig menn hafa hagað seglum eftir vindi í þessum efnum. Hvernig menn hafa leyft sér að gera út á almenning í landinu og innlendan atvinnurekstur með því að bjóða hér til sölu raforku á undirverði, langt undir framleiðslukostnaði, langt undir því sem hægt er að sýna fram á með rökum að fái staðist til framtíðar og fái staðist þá kröfu, sem gerð er í 13. gr. laga um Landsvirkjun, að samningar um stóriðju leiði örugglega ekki til hækkunar á raforku til almennings. Sá ágalli er hins vegar á þeim ákvæðum sem þar um ræðir að það verður seint sannað fyrir fram að slíka samninga eigi ekki að gera. Það er það sem gerir þetta ákvæði í rauninni ónýtt. Menn geta haldið því fram og reitt fram líkindareikning um að þetta fái staðist en menn gera ekki hlutina upp eftir á þegar menn hafa ekki inni í samningunum ákvæði um leiðréttingu þar sem Landsvirkjun sem viðskiptaaðili geti fengið greiðslur eftir á, raunkostnað, raunverulegar breytingar.

Það leiðir einmitt hugann að eðli þessara samninga. Til þess aðeins að nefna eitt dæmi um þetta til að sanna mál mitt, sem ég er að flytja hér, þá hef ég hér fyrir framan mig eitt lítið málsgagn frá því snemma á árinu 1990, sem tengist þessum verðathugunum og verðtilboðum. Þar er gert ráð fyrir að grunnverð fyrir orkuna þyrfti að vera 19 mill á kwst. Ekki 16 eða 17 mill eins og síðar varð, heldur 19 mill. Síðan bætist það við að þó menn séu að nefna einhverja viðmiðunartölu þá er þetta tengt breytilegum stærðum, eins og álverðinu, sem gerir það í rauninni að verkum að þessar tölur geta lent hvar sem er og geta hreyfst á breiðu bili. Menn eru hér með þvílíka áhættu í þessum viðskiptum að það þarf ekki aðeins bjartsýna menn, ég vil segja að það þurfi hugarfar fjárhættuspilarans til þess að standa að slíkri samningsgerð.

Ég er alveg undrandi á því, virðulegur forseti, að ríkisstjórnin skuli láta hafa sig í það að styðja hæstv. iðnrh. í því að leggja fram tillögu af þessum toga. Hæstv. forsrh., mér finnst það aldeilis með fádæmum. Án þess að af hálfu ríkisstjórnarinnar sem heildar, ekki bara af hálfu ráðherrans, sé lagt fram eitthvert vel unnið plagg af óháðum aðilum til þess að meta grunnþættina í þessu máli.

Ég flutti tillögu á Alþingi ásamt fleiri þingmönnum Alþb. árið 1987 þegar ljóst var að kappið í þáv. ríkisstjórn var mikið að krækja saman um samninga um álíka stóra álbræðslu og hér um ræðir, þar sem var lagt til að fram færi þjóðhagslegt mat á því að efna til slíks iðnaðar á þeim forsendum sem menn þá voru að tala um. Í það yrðu ráðnir óháðir aðilar til þess að fara yfir þau efni og meta aðstæður. Það var skellt skollaeyrum við þessari tillögu. Það var ekki á þessa tillögu okkar hlustað. Það var haldið áfram eftir gömlu aðferðinni, að treysta seðlabankastjóranum og stjórnarformanni Landsvirkjunar fyrir samningsumboðinu og töskuberum sem hann hefur haft til aðstoðar um árátugi og ekki virðast kunna nema eina aðferð til þess að vinna að slíkum málum með útlendingum. Ég vil ekki segja að þeim gangi neitt illt til. En það á ekki að veðja margsinnis á slíka hesta sem sýnilega hafa marg-

samið af sér varðandi íslenska hagsmuni.

Þetta eru ekki einhverjar fullyrðingar út í bláinn sem ég ber hér fram, hæstv. iðnrh. Það er tölulega sannað að þeir aðilar sem hafa leitt samningaviðræður einnig í þinni tíð vegna þessarar álbræðslu hafa margsamið af sér á fyrri tíð varðandi íslenska hagsmuni. Hvað gerðist ekki 1974 þegar taka átti upp samninginn um álbræðsluna í Straumsvík? Hæstv. umhvrh. hefur vonandi farið yfir þau efni því þau varða hann sem einn ráðherra í ríkisstjórn landsins. Hvernig var staðið að þeim málum? Jú, 1975 kom niðurstaða úr upptöku samninga sem fyrrv. ríkisstjórn hafði átt þátt í að knýja fram að yrðu upp teknir, Magnús Kjartansson sem iðnrh. Hann fór síðan frá og málið var til lykta leitt af næstu ríkisstjórn undir forsæti Geirs Hallgrímssonar. Þar fóru með samningsumboðið þeir sömu og vinna að þessum málum fyrir núv. hæstv. iðnrh. Þeir komu til Alþingis og sögðu: Við erum hérna með lagfæringu á þessum samningi, breytingu á samningnum til hækkunar, sem á að skila Landsvirkjun svo og svo miklu. Við þurfum að vísu að semja í leiðinni um breytingar á skattaformúlu. Um þá breytingu var samið á þeim tíma en því var haldið fram hér á Alþingi í sambandi við þá samningsgerð að þarna væri um að ræða verulegar breytingar til hagsbóta fyrir Íslendinga. Þannig voru þessir samningar knúðir fram hér á Alþingi 1975. Þegar síðan farið var yfir þessi mál sex árum seinna, 1981, hvað kom út úr því máli? Hafði þessi breyting á samningunum skilað einhverjum hagnaði fyrir Íslendinga? Nei, ó nei. Það hafði gerst að Landsvirkjun hafði fengið svolítið út úr dæminu. Landsvirkjun hafði fengið nokkur hundruð milljóna í plús. En það hafði bara verið tekið til baka í breytingum á sköttunum, á breyttri skattaformúlu.

Það var eftir þeirri gömlu aðferð, sem hefur löngum þótt nokkuð gild í samningum og harðir samningamenn miða við, kallað á enskunni give and take eða að gefa og taka í senn. Jafna á merinni ef svo má segja. Það var það sem gerðist í þessum efnum. Og af því ég sé starfsmenn núv. hæstv. iðnrh. hér, sem einnig fóru yfir þessi efni í minni tíð, hér í hliðarsölum, þá veit ég að þeir þekkja þessi mál frá þeim tíma þegar farið var yfir baksvið samninganna við álbræðsluna í Straumsvík sem leiddi til þess að í fyrsta sinn í sögu Landsvirkjunar fékkst fyrirtækið til þess raunverulega að viðurkenna hver væri samkeppnisgrunnur þeirra í viðskiptum af þessu tagi. Hvað fyrirtækið gæti leyft sér í sambandi við raforkuverð í samningum um stóriðju. Þá féll nú spilaborgin heldur betur. Þá féllu nú rökin þeirra sem höfðu rembst við að verja raforkusamninga upp á 6,5 mill sem Íslendingar voru bundnir samkvæmt þessum samningi til áratuga. Upp úr dæminu kom að það þyrfti a.m.k. um þrefalda þá upphæð ef endurnýja ætti slíka samninga. Á árinu 1982 gerðist sá sögulegi atburður að Landsvirkjun gefur út skýrslu um verð til orkufreks iðnaðar, skýrslu sem upphaflega var samin á ensku, kannski þýdd síðar á íslensku, ég las hana á ensku á sínum tíma. Verðið sem þá kom upp á borðið og stóð sem meginniðurstaða fyrirtækisins var að á þeim tíma, 1982, þyrfti Landsvirkjun að fá 18–22 mill út úr slíkum viðskiptum.

Síðan er liðinn langur tími. Síðan eru liðin 8–9 ár og ætli séu nú líkur á því að þessi grunnur hafi breyst til batnaðar að það séu eitthvað lægri upphæðir sem þarna er um að ræða? Á þeim tíma sem orðið hefur sú alþjóðlega verðbólga sem gengið hefur yfir gagnvart dollar á þeim tíma sem liðinn er. Ég held ekki, enda er það mála sannast að ætli menn að gera einhver viðskipti í sambandi við raforkusölu sem eigi að tryggja Íslendinga, tryggja hagsmuni þessa raforkufyrirtækis, þá eru menn ekki með tölur sem liggja undir 25 millum. Þá eru menn með tölur sem liggja eitthvað ofar. Ég tala nú ekki um það ef menn ætla að sýna einhverja sanngirni í samskiptum við viðskiptavinina innan lands, við atvinnureksturinn innan lands, við hina almennu kaupendur raforku sem greiða hátt í 40 mill fyrir kwst., þ.e almenningsveiturnar og smásalan auðvitað margfaldar þá upphæð.

Það er því alveg ljóst þegar litið er til þessara þátta að menn hafa haldið hér hraklega á hagsmunamálum Landsvirkjunar að því er þetta snertir og eru með þessum samningi að fara út í samningalegt fen með því að ætla að tengja raforkuverðið þeirri áhættu sem fylgir tengingu við álverð ofan á aðra óvissuþætti, eins og fjármagnskostnað og gengi. Ég held að menn ættu að skoða sinn gang áður en lengra er farið í þessu efni, áður en menn ganga lengra með svona samningsupplegg varðandi raforkuviðskiptin.

Það voru lengi rök í þessum málum af hálfu talsmanna slíkra samninga að við hefðum þó allt á hreinu í sambandi við raforkuverðsviðskiptin. Við ættum hins vegar ekki að fjárfesta í áliðnaði eða orkufrekum iðnaði vegna þess að Íslendingar hefðu ekki bolmagn til þess að fara út í slíka fjárfestingu sjálfir, að leggja í þá miklu áhættu sem tengist sjálfum iðnrekstrinum. Þetta eru rök sem lengi voru fram borin og það mátti kannski segja að það væri einhver sannleiksvottur í þeim. Menn hefðu þó sitt svona sæmilega á hreinu viðskiptalega séð ef þeir hefðu fasta viðmiðun varðandi raforkuverðið. Þeir tækju þá a.m.k. ekki áhættuna niður á við í mjög ríkum mæli.

En nú er brugðið á annað ráð. Áfram eigum við að standa utan við iðnaðinn þar sem þó hagnaðarvonin er og möguleikar væru að fá innsýn inn í þann rekstur. Þar má ekki leggja krónu í það púkk. Ég tala nú ekki um það að Íslendingar ráði þar ferðinni, eins og var stefna í mínum flokki hér á árum áður, nei og nei. Nú eiga Íslendingar að binda þessi viðskipti með orkuna, sem er einn meginþáttur í okkar viðskiptalegu samskiptum í slíkum rekstri, við sömu sveiflu, við sömu áhættu og tengist verðþróun á afurðinni, á álinu. Hvaða rök eru fyrir þessu? Ég bið hæstv. iðnrh. að greina okkur frá því hér síðar á þessum degi þegar að honum kemur í umræðunni einhvern tíma í morgunsárið kannski, að hann greini okkur frá því hvaða rök hann sér fyrir því að breyta þannig til í viðskiptum og fara að binda samskiptin við sveifluna í álverðinu. Ég tel það hið mesta óráð og eitt af því sem hefur farið til verri vegar frá því sem áður var í þessum samskiptum.

Ég tel, virðulegur forseti, að Íslendingar ættu í rauninni að taka sér hlé frá viðræðum af þessum toga og viðleitni til að ná þar samningum og leggja í það verulega vinnu með heiðarlegum hætti að átta sig á eðli þessara viðskipta, gera úttekt á liðnum tíma að þessu leyti, verða læsir á alþjóðlega þætti í slíkum samskiptum. Því að það er alveg ljóst að við höfum miðað við reynslu enga burði til viðunandi þátttöku í slíkum samningum. Það sýnir okkur sú samningsgerð sem hér blasir við í þessu uppleggi frá hæstv. iðnrh. Ég hvet því eindregið til þess að menn taki málin nýjum tökum, leitist við að bregða allt öðru ljósi á þessi mál og afla sér þekkingar í þessum efnum. Jafnframt því verði athugað með hvaða hætti við getum nýtt okkar orkulindir í fjölbreyttum atvinnurekstri þar sem við getum sjálfir ráðið ferðinni, eins og við þurfum að gera í öðru atvinnulífi, í staðinn fyrir að binda trúss okkar við alþjóðlega hringa sem mestu ráða í viðskiptum í álheiminum eða hafa gert það fram undir þetta.

Einn þáttur, sem borinn er fram í þessum viðskiptum og á að vera mjög hvetjandi og reka mjög á eftir að ganga frá þessum samningum, er það að svo mikið sé af ónotaðri orku í framleiðslukerfi Landsvirkjunar. Þar sé að finna verulegt magn af orku sem við megum til með að koma í lóg því að annars sé mikill vandi á höndum. Þessi röksemd er borin fram ekki aðeins af hæstv. iðnrh. heldur einnig af mönnum sem hafa ekki verið taldir sérstakir talsmenn stóriðjusamninga af þeim toga sem hér um ræðir á árum áður, en eru nú orðnir samferðamenn hæstv. iðnrh. í samningagerð og einnig að því er snertir framlag þessa máls. Þar hef ég m.a. í huga hv. 1. þm. Norðurl. v., formann þingflokks Framsfl., sem sagði það í þessum ræðustól, ég held að það hafi verið í gær, að eitt af því sem ræki á eftir um þessa samningsgerð væri væntanleg raforka frá Blönduvirkjun. Virkjun sem að hans mati hafi verið ráðist í vegna samninga um stóriðju. Þar fer nú sá hv. þm. með alrangt mál að því er snertir Blönduvirkjun vegna þess að sú virkjun var undirbúin á sínum tíma sem virkjun sem átti að þjóna almennum markaði á Íslandi og var talin einmitt af þeim sem söfnuðu rökum fyrir byggingu hennar, m.a. sérfræðingum sem þar áttu hlut að máli, vel til þess fallin að þjóna vexti hins almenna raforkumarkaðar í landinu. Þó að vissulega hafi orðið breyting á raforkunotkun og vexti raforkunotkunar á undanförnum árum, þá breytir það ekki því að það er ekkert viðskiptalegt vit í því að ætla að selja raforkuna frá Blönduvirkjun á gjafverði. Það verður að sjálfsögðu til þess að menn þurfa þeim mun fyrr að kosta til virkjunar fyrir íslenskan markað, fyrir þann vöxt sem við höfum, þrátt fyrir hægari vöxt og hægari þróun í okkar raforkukerfi. Það er með öllu fráleitt að ætla að fara að reikna raforkuna frá Blönduvirkjun nánast á núlli inn í það dæmi sem hér um ræðir og sætir vissulega furðu að talsmenn Landsvirkjunar skuli fóðra hæstv. iðnrh. á rökum í þá veru.

Einn verulegur ljóður á ráði Landsvirkjunar á undanförnum árum hefur verið það hversu glannafengið fyrirtækið hefur verið í sambandi við fjárfestingar en jafnhliða ósveigjanlegt í sambandi við markaðsfærslu. Menn hafa setið uppi með umframframleiðslugetu, umframorku í framleiðslukerfi Landsvirkjunar um langt árabil. En á sama tíma hefur fyrirtækið verið afar íhaldssamt í markaðsfærslu og ekki náð því að koma þeirri orku í eitthvert verð sem hefur verið umfram. Það ber að taka mið af slíku einnig þegar við erum að meta möguleikana á nýtingu Blönduvirkjunar í öðru samhengi heldur en til stóriðju eins og nú er gert.

Í þessu sambandi vil ég nefna viðhorfin til þess fyrirtækis sem undirbúið var í kringum 1980 og lögfest var hér á Alþingi 1981, þ.e. bygging kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Um það fyrirtæki voru sett lög og það fyrirtæki var stofnað sem hlutafélag sumarið 1982. Menn reiknuðu með því þegar áætlanir voru gerðar um byggingu þeirrar verksmiðju, sem vera skyldi íslenskt fyrirtæki með meiri hluta hlutafjár frá íslenska ríkinu, að það gæti komist í gagnið þegar á árinu 1985. Og það var reiknað með því að fyrirtækið gæti greitt nálægt 17,5 millum á þáverandi verði fyrir kwst. af raforku og áætlanir miðuðu við það. Raforka varð til afnota í raforkukerfinu á þessum árum þegar Hrauneyjafossvirkjun kom í gagnið 1981. Frá þeim tíma hefur verið umframframleiðsla í raforkukerfi Landsvirkjunar.

Það er alveg ljóst, litið til baka, að hefðu menn gengið til verks og reist þessa tiltölulega litlu og viðráðanlegu verksmiðju austur á landi á árunum 1983–1984 og gangsett hana 1985, þá hefði þetta fyrirtæki að öllum líkindum bjargast efnahagslega séð, þrátt fyrir þá niðursveiflu í verði á kísilmálmi sem verið hefur lengst af undanfarin ár. Ég tala nú ekki um ef Landsvirkjun hefði sýnt sveigjanleika í verðlagningu. Í öllu falli hefði þá fengist nokkurt fjármagn fyrir raforkuviðskiptin við þetta fyrirtæki sem innlent fyrirtæki en það var ekki brugðið á þetta ráð.

Það sem gerðist 1983 við stjórnarskiptin þá að því er þetta fyrirtæki varðar var að það varð að snúa við blaðinu. Það voru nýir herrar sem tóku við í Stjórnarráðinu íslenska þá um vorið. Þeir höfðu þá trú að Íslendingar mættu ekki eiga neinn hlut sjálfir að orkufrekum iðnaði í landinu. Það yrði að leita á náðir útlendinga. Það var algert bannorð að Íslendingar fjárfestu í slíku fyrirtæki þó að fjármagnskostnaðurinn við byggingu þess næmi ekki nema sem svaraði 2,5–3 milljörðum ísl. kr. á þáverandi verði. Þetta lék á bilinu 65–100 millj. Bandaríkjadala, mismunandi eftir því hvaða forsendur voru lagðar og hvernig gjaldmiðill sveiflaðist á árunum sem þessi mál voru til skoðunar, í samvinnu við erlenda aðila seinni árin, allt til ársins 1986 þegar hugmyndin um þetta fyrirtæki var jarðsungin af þáv. ríkisstjórn og þáv. iðnrh., nú hv. 1. þm. Reykv. Friðriki Sophussyni, sem lagði niður hlutafélagið eftir að iðnrh. Sjálfstfl. höfðu reynt að koma því í hendur erlendra aðila, fá erlenda aðila til að byggja það, síðast fyrirtækið Rio Tinto Zink, sem lengi var staðið í samningaviðræðum við en hvarf frá þessu máli.

Það vill nefnilega gleymast þegar menn eru að horfa á nýtingu orkulindanna að við höfum enga tryggingu fyrir því, þó að við fáum hér erlend stórfyrirtæki, er-

lenda auðhringa, til viðræðu um hugsanlegar álbræðslur eða annan orkufrekan iðnað hérlendis, að það búi í rauninni einhver alvara þar að baki, að viljayfirlýsingar um það að ganga til samninga, gera hagkvæmniathuganir og jafnvel ganga lengra hafi einhverja raunverulega innstæðu hjá þessum fyrirtækjum. Þau geta verið þátttakendur í slíkum athugunum víða um heim. Þau eru að þreifa fyrir sér á mörgum stöðum samtímis í fjarlægum heimshornum til þess að kortleggja sína möguleika. Þannig eru vinnubrögð þessara stóru hringa sem eru alþjóðlegir. Það er ekkert skrýtið og það ætti hæstv. iðnrh. að taka með í reikninginn þegar hann og þeir sem með honum starfa eru að meta líkurnar á því að náð verði samningum, jafnvel á þeim hörmulegu kjörum sem eru boðin hér af Íslands hálfu. Því það getur gerst einn góðan veðurdag að Alumax, Gränges, Hogoovens og þeir aðrir aðilar sem reynt er að tala við um slík fyrirtæki snúi baki við slíkum áformum eftir að bitið hefur verið á öngul þeirra annars staðar og þeir meta stöðuna þannig.

Hæstv. iðnrh. gerir að vísu mikið úr því að hann hafi lengi haft mjög mikla trú á að þetta gengi allt saman eftir. En ég leyfi mér að benda á það að það hafa nú orðið miklar breytingar á þessu samningsuppleggi frá því að hæstv. núv. iðnrh. kom að þeim málum. Þegar hann tók við Atlantal-verkefninu af Friðriki Sophussyni, nú hv. 1. þm. Reykv., þá voru aðrir aðilar þátttakendur sem sneru baki við þessum áformum að athuguðu máli og þó að þarna hafi komið nýir aðilar að, eins og Alumax, þá er það að sjálfsögðu engin trygging fyrir því að þarna sé raunverulegur áhugi. Þetta veit hæstv. iðnrh. Menn vita það að í rauninni mun ekki reyna á slíkt, jafnvel þótt undirrituð sé viljayfirlýsing um samninga, því að það er háð samþykktum í æðstu stjórnum þessara fyrirtækja hvort slík samningsáform verða raunverulega að lokum staðfest.

Það er því ansi lítið á bak við yfirlýsingar af þeim toga eins og þeirri sem hæstv. iðnrh. pressaði út úr samningsaðilunum sínum, mótspilurum sínum í Atlantal-hópnum, þann 13. febr. sl. og lesa má um í skýrslu hans þar sem vikið er að framvindu mála. Þar fékk hæstv. ráðherra með miklum eftirgangsmunum fram svofellda yfirlýsingu frá samstarfsaðilunum:

„Framvinda mála undanfarnar vikur hefur þó ekki dregið úr áhuga samningsaðila á verkefninu, hvorki af hálfu Íslendinga né Atlantsálshópsins. Hins vegar gera samningsaðilar sér ljóst að lengri tíma er þörf, líklega 6–10 mánaða, til að ljúka fjármögnun verkefnisins. Áformað er að ljúka samningagerð innan næstu þriggja mánaða."

Menn taka eftir því hvernig hér er haldið á máli. Það blasir við að hér er af hálfu ráðherrans, sem þröngvaði þessum sömu aðilum til hátíðlegrar uppáskriftar hér uppi á Íslandi 4. okt. sl., í rauninni ekkert meira sem þarna liggur að baki, heldur þvert á móti er óvissan sem við blasir mun meiri. Það stendur líka í þessari sömu yfirlýsingu:

„Útvegun fjármagns til álverkefnisins mun taka lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir vegna ástandsins á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og þeirrar sérstöku óvissu sem ríkir um þróun kostnaðar, verðlags og gengismála."

Já, þróun kostnaðar, hæstv. iðnrh. Hvernig standa málin varðandi þróun kostnaðar í þessu verkefni? Í fjölmiðlum hafa komið fram upplýsingar um það, fregnir um það, að horfurnar varðandi þróun stofnkostnaðar í þessu fyrirtæki, byggingu álbræðslunnar og virkjunum, sé mun óhagstæðari heldur en af var látið fyrir nokkrum mánuðum. Að þarna hafi orðið veruleg breyting á til hækkunar varðandi kostnað við byggingu virkjana t.d. Það er auðvitað eitt af þeim efnum sem valda Landsvirkjun núna verulegum áhyggjum þegar menn eru þar að horfa á sitt dæmi, því að þó að Landsvirkjun hafi teflt á tæpt vað á árum áður og talið sig hafa efni á því, þá eru menn kannski smám saman að átta sig á því hjá því fyrirtæki að þegar verið er að veðja á þann hest sem hér um ræðir, á einn hest með svo gífurlega mikil viðskipti, þá er kannski betra aðeins að horfa fram fyrir sig í þeim samningum og flýta sér ekki um of. Ég heyrði nefndar tölur um allt að 20% hækkun á stofnkostnaði. Nú kann að vera að það séu ekki beinlínis sambærilegar tölur sem þar um ræðir. Þar sé um að ræða gengisbreytingar sem geti gengið til baka eða vegist upp með öðrum hætti. Ég vil ekki leggja neitt endanlegt mat á það, en ég tók eftir því að þessum upplýsingum tengdust verulegar áhyggjur sem komu fram, m.a. hjá talsmönnum Landsvirkjunar í sambandi við þetta mál. Þannig blasir það við æ betur hvers konar áhættuviðskipti það eru sem hér er raunverulega verið að stefna í og hversu miklu það varðar að menn flýti sér hægt í þeim samskiptum og fari þar yfir málin frá öllum hliðum og leitist við að meta stöðuna.

Ég hef hér handa á milli, virðulegur forseti, fréttaviðtal frá 14. febr. sl. sem Ríkissjónvarpið átti við forstjóra Landsvirkjunar sem var þá að svara fyrirspurnum. Ég vil leyfa mér að vitna til þess vegna þess að það er hollt að heyra þann breytta tón sem kominn er í þá kappsfullu menn sem ráða húsum í höfuðstöðvum Landsvirkjunar við Háaleitisbraut. Með leyfi forseta er þetta viðtal, sem ekki er langt, svofellt:

„Forstjóri Landsvirkjunar er ekki bjartsýnn á að nýtt álver taki til starfa hér á landi haustið 1994 eins og upphaflega var gert ráð fyrir," segir fréttamaður, Ingimar Ingimarsson. Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, svarar: „Ég lít svo á að það sé staðreynd að Landsvirkjun geti ekki hafið fullar framkvæmdir við þær virkjanir sem fyrirhugað var að hefja framkvæmdir við núna í vor og sumar. Það hefur hingað til verið gert ráð fyrir því að við færum af stað í sumar með stækkun Búrfellsvirkjunar og framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun með það fyrir augum að ljúka þessum framkvæmdum haustið 1994 þannig að raforkusala gæti þá hafist til Atlantsáls. Það er margt sem bendir til þess að orkusölusamningurinn verði aldrei undirritaður fyrr en fjármögnun er tryggð, sem þýðir það að við munum aldrei hafa endanlegan orkusölusamning í höndunum fyrr en að því búnu, fyrr en fjármögnunin hefur verið tryggð. Þá fyrst hafi maður samninginn undirritaðan geti byggt á honum eins og þörf er á varð-

andi endanlegar framkvæmdir og ráðagerðir um tímasetningar og orkusölu."

Ég veit ekki hversu vandlega hæstv. iðnrh. hefur farið yfir þessar ábendingar forstjóra Landsvirkjunar, en það er fleira sagt í þessu viðtali. „Þetta er skoðun forstjóra Landsvirkjunar eftir fund samningamanna fyrirtækisins og Atlantsáls í síðustu viku og fund iðnrh. með yfirmönnum álfyrirtækja í Bandaríkjunum í gær [þetta er 14. febr. sl.]. Ráðherra var hins vegar mun bjartsýnni í viðtali í 11-fréttum í gærkvöld." Og hvað sagði hæstv. ráðherra kvöldið áður:

Jón Sigurðsson iðnrh.: „Það er gert ráð fyrir því að ljúka samningagerðinni innan næstu þriggja mánaða en sú samningagerð, þótt fullgerð væri, yrði að vera með fyrirvara um fjármögnun framkvæmdanna af hálfu Atlantsálsaðilanna og það er sameiginlegt mat okkar að það mundi taka hálft ár eða rúmlega það að ljúka því verki þannig að ég geri ráð fyrir því að endanlega og formlega yrði gengið frá samningum næsta haust."

Þetta segir hæstv. ráðherra. „Í sameiginlegri fréttatilkynningu eftir fundinn í gær segir að líklega þurfi 6–10 mánuði til að ljúka fjármögnun verkefnisins." Það er einmitt sá tími sem forstjóri Landsvirkjunar er að vísa til, að ljúka fjármögnun verkefnisins. Tíu mánuðir frá febrúarmánuði. Hvar er það? Það eru lok ársins. Að fyrr komi ekki til þess. Að það bendi margt til þess að orkusölusamningurinn verði aldrei undirritaður fyrr en fjármögnunin er tryggð eftir 10 mánuði eða svo. Hvað er hæstv. iðnrh. að biðja hér um uppáskrift á 800 millj. kr. fjárveitingu inn í raforkuframkvæmdir þegar það er mat þeirra glaðbeittu virkjunarmanna hjá Landsvirkjun að þessi orkusölusamningur verði aldrei fullgerður fyrr en búið sé að ganga frá fjármögnun verkefnisins?

Ég held að menn ættu að átta sig á þessu samhengi, átta sig á því að það er ekki nokkur einasta ástæða til þess, jafnvel ekki frá sjónarhóli þeirra sem vilja vinna að þessari samningsgerð, að fara að skrifa upp á þennan óútfyllta víxil upp á 800 millj. kr. til ráðstöfunar fyrir hæstv. iðnrh. Það er bara ekki nokkurt vit í slíku. Það er engin þörf á því, ekki heldur frá sjónarhóli Landsvirkjunar og ætti ekki að vera frá sjónarhóli hæstv. ráðherra sem fer slíku offari í þessu máli að það er nú runnið upp fyrir þjóðinni að þar fer ekki gætinn maður. Þar fer ekki hygginn maður fyrir skipi. Þar ræður ekki hygginn maður stjórn skútu heldur er þar verið að sigla pólitískan sjó með því að þykjast vera kominn með málin langtum lengra en nokkur einasta innstæða er fyrir.

Ég held að við ættum að líta aðeins á þau efni frekar, virðulegur forseti, einmitt í sambandi við þessa samningsgerð að því er snertir virkjanirnar og að því er snertir þessa samninga Landsvirkjunar. Því að í skýrslu hæstv. ráðherra er að finna greinargerð frá sjálfri Landsvirkjun um rafmagnssölu til Atlantsáls. Þar er þeirra mat og þeirra orð og við skulum aðeins bera það saman við hugmyndir hæstv. ráðherra um það að ganga frá samningum eftir þrjá mánuði eða svo. Ég spyr hæstv. iðnrh.: Er það hugmynd hans, ef hægt væri að krækja slíkum samningum saman til einhverra málamynda að þremur mánuðum liðnum þótt ófrágengnir séu, að fara þá að verja meira fjármagni í undirbúning virkjana en komið er? Er það hugmynd hans? Er það hugmynd hans að biðja fjh.- og viðskn. þingins og Alþingi um heimildir til þess að fara að ráðstafa slíku fjármagni, án þess að búið sé að fullganga frá slíkum samningum? Við eigum heimtingu á svörum við því hér og ráðherra getur ekki vikist undan að veita þau svör.

Í yfirliti Landsvirkjunar um stöðu mála segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Þá á samkomulag um endurskoðunarákvæði rafmagnsverðs stutt í land og ætti að vera unnt að sjá fyrir endann á því áður en mjög langt um líður."

Það er nú ekki bjartsýnni tónn þó heldur varðandi þetta atriði sem er þó það atriði sem samningamenn Landsvirkjunar með Davíð Oddsson og Pál Pétursson í fararbroddi hafa þóst vera að vinna að og geta þokað áleiðis. Mig grunar raunar að það sé fyrst og fremst það atriði sem þeir hafa verið að baksa við og sem var ófrágengið í október sl. en hæstv. ráðherra á eftir að segja okkur tíðindi af stöðu þessara samningamála hér seinna í umræðunni þannig að ég skal ekki vera með getsakir um það atriði sérstaklega, best að hæstv. ráðherra standi þar fyrir máli. En Landsvirkjun segir þar enn fremur:

„Loks er ljóst að ýmsar breytingar hafa orðið að undanförnu að því er snertir verðlag, gengi og fleira sem hefur áhrif á arðsemi rafmagnssamningsins." Þetta er ekki frá í haust þegar rafmagnssamningurinn átti að heita fullbúinn. Þetta er greinargerð frá Landsvirkjun sem lögð er fram sem fylgiskjal með skýrslu hæstv. ráðherra, með greinargerð hæstv. ráðherra. Þessi greinargerð Landsvirkjunar er tímasett af þeim sjálfum í mars 1991. Þarna stendur, hæstv. iðnrh., að ljóst er að ýmsar breytingar hafa orðið að undanförnu að því er snertir verðlag, gengi og fleira sem hefur áhrif á arðsemi rafmagnssamninganna. Hvernig áhrif, hæstv. ráðherra? Ég óska eftir upplýsingum um það.

Landsvirkjun hefur því tekið arðsemisútreikninga sína til endurskoðunar og getur stjórnin ekki tekið afstöðu til arðsemissamningsins í heild fyrr en þeirri endurskoðun er lokið. Þetta stendur hér í fylgiskjali með þessari skýrslu sem fylgir till. til þál. þar sem beðið er um uppáskrift Alþingis að ráðherrann fái að halda áfram samningaviðræðum. Væri nú ekki ráðlegt fyrir Alþingi að segja við hæstv. iðnrh.: Það er ljóst að Landsvirkjun telur sig þurfa að skoða málið frá grunni, endurskoða málið frá grunni. Það eru engar ástæður til þess fyrir Alþingi að fara að veita hæstv. ráðherra einhverja sérstaka heimild til samningaviðræðna nú. Við skulum taka á þessu máli að kosningum loknum. Við skulum taka á þessu máli í maímánuði þegar Alþingi ætti að koma saman með eðlilegum hætti til þess að fjalla um mikilsverð mál, sem ekki verða frágengin á þessu þingi, m.a. að því er varðar sameiningu þingdeilda, breytingu á starfsháttum Alþingis í eina málstofu, þennan flókna samning og stöðu mála varðandi Evrópusamningana svokölluðu og ekki síst í sambandi við þetta mál og þá eftir að fyrir liggja upplýsingar um

þær breytingar sem koma út úr skoðun Landsvirkjunar og fleiri aðila á samningsforsendunum sjálfum þar sem stjórn Landsvirkjunar lýsir því hér yfir að hún geti ekki tekið afstöðu til arðsemissamningsins í heild fyrr en þeirri endurskoðun er lokið.

Ég er satt að segja afar undrandi á því, virðulegur forseti, að fjölmiðlar skuli ekki hafa áttað sig á þeim tíðindum sem eru á ferðinni í þessari yfirlýsingu Landsvirkjunar, í greinargerð Landsvirkjunar. Að þeirra mati er í rauninni komin allt önnur staða í þetta mál. En það er eftir öðru í sambandi við athugun á þessu máli að menn ganga í þá gildru, sem er auðvitað mjög þóknanlegt áhættuspilurum eins og hæstv. iðnrh., að trúa þeim blekkingum, sem hæstv. ráðherra er að klifa á og lætur að liggja hér á prenti í þessum plöggum, að þessir samningar séu svo gott sem í höfn. Það sé bara spurning um einhverja örfáa mánuði þangað til þeir verða frágengnir og í raun er enginn varnagli sleginn við því að þeir muni ganga fram. Þess vegna er beðið hér um hundruð milljóna, á annan milljarð króna, inn í þetta pókerspil og látnar lönd og leið aðvaranir meira að segja þessa aðila sem á að reiða fram undirstöðu þessa máls af Íslands hálfu, þ.e. sjálfa raforkuna.

Ég fagna því að þó skuli vera komið þetta hljóð í strokk Landsvirkjunar því að það er dálítið nýtt hljóð. Það er annað hljóð en komið hefur fram opinberlega úr *því húsi um árabil þar sem fram hafa komið upplýsingar*, sem hafa að mínu mati verið afar ógætilegar, að því er snertir möguleika fyrirtækisins á raforkusölu til stórnotenda. Ég held að það sem veldur þessum breyttu viðhorfum hjá Landsvirkjun sé m.a. það að fyrirtækið er smám saman að átta sig á að það fær ekki risið undir þeirri áhættu sem því er ætlað að bera með þessum samningi. Þess vegna komu upp hugmyndirnar, virðulegur forseti, um að stofna sérstakt fyrirtæki í kringum raforkuframleiðsluna. Og það er öðru hvoru að *koma upp að nýju að það væri nú ráð að reyna að losa* Landsvirkjun sjálfa undan þessari gífurlegu áhættu með því að stofna til sérstaks raforkufyrirtækis í kringum samninga af þessum toga. Það sem hins vegar hefur auðvitað hrakið menn frá því er ekki aðeins það að Landsvirkjun sem fyrirtæki vill ógjarnan sleppa þessum spóni úr aski — þeir eru metnaðarfullir í því ríki og vilja gjarnan færa út mörk þess, heldur einnig hitt að þá yrði einhver aðili að koma til, íslenska ríkið eða annar slíkur, til þess að taka ábyrgð á slíku fyrirtæki þótt sjálfstætt væri að forminu til. Það eru ekki miklar líkur á því að fótum væri komið undir það nema þá með því að borga verulega fyrir þá áhættu sem bönkum eða öðrum lánastofnunum væri ætlað að taka og losa þá með þeim hætti íslenska ríkið eða slíka aðila undan áhættunni.

Í þessu samhengi er einmitt fróðlegt, virðulegur forseti, að átta sig á því hvaða tökum hinn aðilinn, Atlantsálsfyrirtækin, tekur málið. Með hvaða hætti þeir búa um hnútana sín megin. Þar er nú ekki verið að tefla alveg á tæpasta vað hvað áhættu snertir. Þar er þvert á móti verið að reyna að tryggja að það séu aðrir en móðurfyrirtæki Gränges, Hoogovens og Alumax sem beri raunverulega áhættu af þessari álbræðslu hér uppi á Íslandi. Þess vegna er hugmyndin að stofnuð verði sérstök fjármögnunarfyrirtæki á vegum þessara stóru fyrirtækja til þess að vera þátttakendur í þessu samlagi, Atlantal-álbræðslunni. Þar er staðið að málum með allt öðrum hætti en Landsvirkjunarmegin. Þar er bankastofnunum ætlað að bera áhættu og þess vegna er þetta fjármögnunardæmi óleyst. Vegna þess að fyrirtækin ætla ekki aðeins að fá lánsfé, þann hluta sem ætlað er að afla með lánsfé í byggingu þessarar bræðslu, þ.e. inn í þessa 60 milljarða sem er metinn stofnkostnaður hennar eða þar um bil, heldur líka að hætta ekki einu sinni til hlutafénu sem þarna á að koma við sögu, a.m.k. ekki þeim lánum sem taka á. Það er vandinn í sambandi við tímann. Þessir sex til tíu mánuðir sem það gæti tekið að kræsja saman þessu fjármögnunardæmi samkvæmt þeim bjartsýnisforsendum sem hæstv. ráðherra leggur hér fyrir. Ég held að við ættum að hafa þennan þátt vel í huga í sambandi við mat á þessum samningum og samningslíkum þegar við áttum okkur á því hversu varfærnir þessir aðilar eru sín megin í sambandi við fjármögnun, í sambandi við fjárhagsþáttinn sín megin.

Í greinargerð Landsvirkjunar segir til viðbótar um þennan þátt í inngangi að sú verkáætlun sem Landsvirkjun hefur unnið eftir undanfarið vegna virkjana í þágu nýs álvers geri ráð fyrir að unnt sé að gera verk*samninga í lok maí nk. Nú bendir hins vegar allt til* þess að þessum tímamörkum verði ekki náð þar sem Landsvirkjun treystir sér ekki til að fara í framkvæmdir fyrr en fyrirvaralaus rafmagnssamningur við Atlantsál hf. liggur fyrir. Þessar upplýsingar hér, þetta mat Landsvirkjunar ætti að segja Alþingi og þeim sem eru að skoða þessa beiðni hæstv. ráðherra um 800 millj. í frekari virkjunarframkvæmdum á þessu ári, hversu gjörsamlega þarflaust það er að vera að veita einhverja slíka heimild. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra kemur hér í ræðustól og fléttar væntanlega inn í sitt mál einmitt upplýsingar um það til rökstuðnings þessu máli. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti, hæstv. iðnrh. vill taka upp samtöl hér við ræðumann. Vill hæstv. forseti að við breytum formi og tökum hér upp tveggja manna tal í þingsal?

Landsvirkjun slær fleiri varnagla og telur að það þyrfti vissulega að leggja þarna til fjármagn ef ætti að fara í frekari undirbúning. Það er niðurstaðan á horfunum að það er allt annað mat uppi nú en var fyrir nokkrum mánuðum að þessu leyti. Þó að það kunni að vera að hæstv. ráðherra hafi tekist að kreista út úr stjórn Landsvirkjunar eða starfsliði óskir um þessa spilapeninga upp á 800 millj. kr. svipað og hann hefur fengið samstarfsaðilana í Atlantsálsverkefninu til þess að skrifa upp á sameiginlegar yfirlýsingar til þess að undirbyggja eigin bjartsýni á möguleika samninga og hafa einhverju til að flagga, þá tala yfirlýsingar Landsvirkjunar í þessari greinargerð sínu máli.

Þeir segja líka einmitt um rafmagnssamninginn í þessari greinargerð að þó að segja megi að fyrir liggi samkomulag aðila um umgjörð og uppbyggingu samningsins og efni í stórum dráttum sé niðurstaðan ófeng-

in varðandi nokkur afmörkuð atriði, þar á meðal nokkur mikilvæg samningsatriði. Það segir þarna t.d. að gert sé ráð fyrir að rafmagnssamningurinn tiltaki nokkra verkáfanga hvors samningsaðila á byggingartíma og fyrir hvaða tíma hverjum og einum þeirra skuli lokið sem og ákvæði um úrræði hvors um sig vegna hugsanlegra vanefnda hins. Atlantal-fyrirtækin munu takast á hendur ábyrgð á greiðslu skaðabóta til Landsvirkjunar ef ekki verður lokið við að reisa álbræðsluna. Samningum er ólokið um tilhögun framangreinds í einstökum atriðum sem og um bótarétt Atlantsáls hf. ef Landsvirkjun hefur ekki samningsbundið rafmagn tiltækt til afhendingar á umsömdum tíma og um fyrirkomulag ábyrgðar á þeim bótagreiðslum.

Það er einnig um það fjallað í greinargerð Landsvirkjunar varðandi afhendingu á orku til álbræðslunnar sem gert hefur verið ráð fyrir að hefjist á tímabilinu 1. des. 1994 til 1. apríl 1995. Um það segir orðrétt, með leyfi virðulegs forseta:

„Á næstu fjórum til átta mánuðum þar á eftir á tiltækt rafmagn að aukast í 100% samningsbundins rafmagns. Að þeim tíma liðnum koma til framkvæmda ákvæði samningsins um tryggð lágmarkskaup, en í þeim felst að Atlantsáli hf. ber að greiða fyrir nánar tilgreint lágmarksmagn af rafmagni, hvort sem fyrirtækið notar það eða ekki. Ber Atlantsáli hf. að greiða fyrir a.m.k. 1620 gwst. á ári hverju og a.m.k. 24.300 gwst., eða að meðaltali 81% samningsbundins rafmagns, á hverju samfelldu tíu ára tímabili." — Þessi tala, 24.000, kann að vera samtala úr orkusölu á löngu tímabili, tíu ára tímabili. En síðan segir: „Ekki er enn útkljáð hvernig hagað verður tryggingum fyrir þessum greiðslum. Ekki eru heldur útræddar óskir Atlantal-fyrirtækjanna þess efnis að umfangi þessarar skuldbindingar verði settar skorður fyrstu árin, þ.e. í því tilviki að lánveitendur stofnlána yfirtaki hlutabréf í Atlantsáli hf."

Síðan greinir Landsvirkjun frá þeirri orkuverðsformúlu sem gert er ráð fyrir. Ég fæ ekki séð að þar liggi fyrir nein grundvallarbreyting frá þeim formúlum sem kynntar voru á árinu 1990. Ég spyr: Hverju hafa þeir hv. þm. Páll Pétursson og Davíð Oddsson fengið áorkað sem samningamenn Landsvirkjunar undanfarna mánuði að þessu leyti? Hafa þeir náð fram einhverjum breytingum í raun? Hv. þm. Páll Pétursson hefur ekki séð ástæðu til að fylgjast með þessari umræðu þannig að kostur sé á að krefja hann sagna en hæstv. iðnrh. hlýtur auðvitað að búa yfir upplýsingum þar að lútandi og ég treysti því að hann komi með upplýsingar um raunverulega stöðu varðandi sjálfan raforkusamninginn og þær breytingar sem þar kynnu að hafa orðið frá því sl. haust.

En Landsvirkjun segir um þetta efni: „Fyrir liggur mat á þessu orkuverði sem lagt var fyrir stjórn Landsvirkjunar í september sl. Matið, sem útreiknað var á verðlagi og gengi í desember 1989, byggði á forsendum um vexti, álverð, virkjunarkostnað o.fl. sem þá þóttu eðlilegar. Miðað við líklegustu forsendur sýndu þessir útreikningar viðunandi orkuverð fyrir Landsvirkjun.

Síðan ofangreint mat var framkvæmt hafa ýmsar aðstæður í heiminum breyst sem hafa gert það að verkum að nauðsynlegt er að meta að nýju þýðingu ofangreindrar orkuverðsformúlu fyrir afkomu Landsvirkjunar. Eru nú ýmsar athuganir í gangi þar sem ítarlega verður fjallað um samhengi milli gengis hinna ýmsu mynta, vaxta og álverðs í sömu myntum."

Ég vek alveg sérstaka athygli hæstv. iðnrh. á þessum upplýsingum í greinargerð Landsvirkjunar og ég verð að segja að það eru nokkur tíðindi að hæstv. ráðherra hafði ekki fyrir því þegar hann mælti fyrir tillögu sinni og skýrslu hér sl. mánudagskvöld að greina þingheimi í nokkru frá þessum varnöglum sem slegnir eru af Landsvirkjun varðandi þetta mál. Það er hins vegar í góðu samræmi við aðra gyllingu hæstv. ráðherra á samningsstöðunni í þessu máli nánast hvert sem litið er.

Landsvirkjun ítrekar það aftur og aftur að það séu komnar upp gjörbreyttar aðstæður í þessum samningum sem þurfi að fara yfir áður en hægt sé að meta raunverulega stöðu þessara mála fyrir Landsvirkjun. Meginþátt viðskiptanna í þessu dæmi.

Og það er sagt fleira hér af hálfu Landsvirkjunar: „Þá er beðið eftir því að tilboð verði opnuð í vor um verksamninga í meginhluta þeirra virkjanaframkvæmda sem nauðsynlegar verða vegna Atlantsáls og gefa munu öruggari forsendur um virkjanakostnaðinn en áður voru fyrir hendi. Eins og síðar er rakið er einnig unnið að samkomulagi um samningsákvæði varðandi endurskoðunarskilmála sem hafa verulega þýðingu fyrir mat á hagkvæmni orkusölusamningsins í heild. Af öllu þessu leiðir að ekki liggur fyrir á þessu stigi endanlegt mat Landsvirkjunar á orkuverðsskilmálunum."

Hvers vegna greinir hæstv. iðnrh. ekki þingheimi frá þessum fyrirvörum Landsvirkjunar? Af hverju er hæstv. ráðherra að láta þetta liggja í þagnargildi í fylgiskjölum með skýrslu sinni? Hvers konar framlag er það hér á Alþingi Íslendinga þegar verið er að biðja um umboð þingsins til áframhaldandi samningaviðræðna að draga ekki fram í dagsljósið þá miklu óvissu sem tengist þessu samningsuppleggi öllu, nánast varðandi alla þætti máls?

Það er líka greint frá því af hálfu Landsvirkjunar í sambandi við árlega tryggingu lágmarkskaupa, sem gera á upp á mánaðargrundvelli, að enn beri nokkuð á milli aðila um það við hvað skuli miðað í þessu sambandi. Það beri enn nokkuð á milli um það og hæstv. ráðherra er að telja mönnum trú um að það verði gengið frá þessum samningum og þessum málum á allra næstu mánuðum.

Hvernig mun ganga með hv. 1. þm. Norðurl. v.? Hvað heldur hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson um möguleika hv. samningamanns Landsvirkjunar, Páls Pétursonar, á því að krækja saman og skera úr um þau fjölmörgu óvissuatriði sem stjórn Landsvirkjunar greinir hér frá í þessari greinargerð sinni? Ætlast stjórn Landsvirkjunar til þess og ætlast hæstv. iðnrh. til þess að hv. þm. Páll Pétursson nánast leggi upp laupana í kosningabaráttu og keppist við að eyða þeim fjölmörgu óvissuþáttum í sambandi við raforkuverðs-

samninginn sem hér eru tíundaðir, þannig að fyrir liggi endanlegur frágenginn samningur að þremur mánuðum liðnum, þ.e. í maímánuði? Það er mikil bjartsýni.

Hvernig ætli verði með aðstæður nýkjörins formanns Sjálfstfl. til að sinna þessum verkum á búgarði Jóhannesar Nordals í sambandi við samningaviðræðurnar? Ætli formaður Sjálfstfl. hafi ekki í einhver fleiri horn að líta en þau að þinga úti á Hiltonhótelum álfunnar eða Vesturheims með þeim Atlantsálsmönnum um þessa óvissuþætti? Nema það verði settir nýir menn til verka. Það er auðvitað hugsanlegt, ekki skal ég fullyrða það. En ekki verður það nú kannski til að treysta þá samningsgjörð sem hæstv. ráðherra er að reyna að byggja hér upp.

Það er raunar einn þáttur þessa máls, virðulegur forseti, sem mikil ástæða er til að vekja athygli á, það er hvernig staðið hefur verið að samningsgjörðinni. Það vantar ekki nefndirnar sem hæstv. ráðherra hefur haldið úti í sambandi við þessa samninga. Það er ekki aðeins samninganefndin sem þar hefur verið á ferðinni allar götur frá 1988 og lunginn af henni reyndar verið að verki fyrir fyrrv. iðnrh. á vegum Sjálfstfl. um árabil. Það voru því menn sem áttu að vera orðnir nokkuð ferðavanir. Þar fyrir utan er tjaldað til mörgum nefndum á þessu tímabili hjá hæstv. ráðherra. Ein þeirra var sérstök sérfræðinganefnd sem átti að gera athugun á þjóðhagslegum áhrifum orkufrekrar stóriðju og var skipuð 14. nóv. 1988. Formaður þeirrar nefndar er ekki víðs fjarri, Jón Ingimarsson verkfræðingur sem veitti þeirri nefnd forstöðu. Ekkert er nú getið um það hvort sú nefnd hefur lokið störfum og um uppskeru hennar hefur ekki farið svo sem sérstaklega hátt þó að vissulega hafi komið þar fram greinargerðir. Í þriðja lagi hefur hæstv. ráðherra haft fjölmenna nefnd sérfróðra aðila, sem sagðir eru vera, sér til ráðuneytis um umhverfisáhrif stóriðju. Það er fjölmennur hópur valinkunnra manna.

Umhvrh. hefur verið með annan hóp, sérstaka nefnd undir forustu Eggerts Steinsen verkfræðings, til að vinna að undirbúningi starfsleyfis fyrir verksmiðjuna. Þar fyrir utan eru síðan starfsmenn sem unnið hafa að skattamálum og síðan þessir hópar sem verið hafa að verki á vegum Landsvirkjunar, starfsmenn Landsvirkjunar og stjórnarformaður, sem fóru með þessi mál þangað til stjórnin kippti í spottann í nóvember sl. og vaknaði upp við vondan draum. Sá að það var verið að fara með þessi mál í verulegt óefni og setti á laggirnar sérstaka nefnd til verka í byrjun október 1990. Það er sú nefnd sem m.a. er skipuð títtnefndum heiðursmönnum Davíð Oddssyni borgarstjóra og Páli Péturssyni alþingismanni ásamt fleirum fyrir hönd Landsvirkjunar.

Samskipti hæstv. iðnrh. við Landsvirkjun allt þetta tímabil er svo kafli út af fyrir sig. Það kemur nefnilega í ljós að hæstv. ráðherra hefur ekki búið skýrar um hnútana varðandi þennan grundvallarþátt málsins en svo að sjálfur formaður samninganefndarinnar, stjórnarformaður Landsvirkjunar, hafði ekki í raun umboð stjórnarinnar til þess að fara með samningamálin, til þess að semja um nokkurn skapaðan hlut í sambandi við raforkuverð. Það er þess vegna, virðulegur forseti, sem ekki minni maður en formaður þingflokks Framsfl., hv. 1. þm. Norðurl. v., er tekinn frá störfum sem á hann leggjast, þungum byrðum, trúnaðarstörfum á vegum Framsfl., formennsku í þingflokki og fjölmörg trúnaðarstörf önnur á vegum þingsins og tekur á sig það aukastarf, þá aukagetu, að setja sig inn í allt samningsverkið og gerast fylgdarmaður Davíðs Oddssonar vítt um heim til þess að reyna að berja í brestina í sambandi við orkusamninginn. Það verður fróðlegt þegar hv. þm. Páll Pétursson leysir frá skjóðunni og segir þjóðinni frá því hver afrek hann hafi unnið í hjáverkum við það að stoppa í mestu götin í sambandi við þennan raforkusamning. Ég efast ekkert um að hann hafi gert þingflokki Framsfl. allrækilega grein fyrir afrekum sínum í þessum efnum, sem ég vona að séu stór og gild. En það á allt eftir að koma fram og hæstv. ráðherra ætlar að greina okkur hér frá meginatriðunum í því máli.

Þar fyrir utan hafa síðan verið hópar erlendra sérfræðinga til þess að skoða þessi mál. Það sem ég held að hefði þurft að taka öðruvísi á og betur er að gæta að samtengingu í verkum í þessu samningaspili öllu saman. Það er held ég alveg ljóst að þar hafa menn ekki hugað að tengslum milli þessara hópa allra saman sem hver um sig hefur verið að baksa í einstökum þáttum mála. Útkoman er sú að við erum með, þrátt fyrir gildar yfirlýsingar hæstv. ráðherra, sundurlausa samningagerð sem enginn virðist í rauninni hafa heildaryfirsýn yfir nema hæstv. ráðherra geti leitt okkur í annan sannleik hér á eftir í sínu máli þegar hann fer að gera grein fyrir þeim atriðum sem hér hefur verið óskað fyllri upplýsinga um.

Það kemur einnig fram af hálfu Landsvirkjunar að í síðasta hluta draga að samningi sé að finna ýmis almenn ákvæði, þar á meðal ákvæði um takmörkun gagnkvæmrar bótaábyrgðar, sem ekki liggur þó enn fyrir endanleg niðurstaða um, um óviðráðanleg atvik, eða Force Majeure, og áhrif þeirra, um samningstíma sem gert er ráð fyrir að verði 25 ár frá afhendingardegi rafmagns o.fl. o.fl. Hér er enn einn þáttur ófrágenginna atriða. Hvernig fer þetta með þau mörgu verk sem formanni þingflokks Framsfl. er ætlað að vinna á þessum vordögum? Það gæti farið svo að það verði erfitt að tryggja viðgang fjárstofnsins á Höllustöðum ef á að stoppa í öll þessi göt. Ég veit ekki hvort hefur tekist að tryggja málin í stofninum í kringum áramótin. Það kemur nú í ljós en það gæti farið að vandast um sauðburðinn miðað við þessar horfur í samningsgerðinni að því er Landsvirkjun greinir frá, þrátt fyrir mikla vinnu sem samningamenn á vegum stjórnar Landsvirkjunar telja sig hafa unnið á undanförnum mánuðum eftir að þeir gripu fram fyrir hendurnar á stjórnarformanni Landsvirkjunar sem hafði verið að vinna að þessum málum að því er virtist umboðslaus frá stjórninni og aðeins með umboð frá hæstv. ráðherra.

Þessi uppákoma, svo að ég leyfi mér nú að nota heldur ljótt orð, varðandi undirbúning að raforkuverðssamningi segir kannski meira en mörg orð um

það hvernig háttað hefur verið undirstöðuþáttum í þessu stóra og mikla og alvarlega máli sem við erum hér að ræða. Að það skuli geta gerst að þeir sem eiga að verða ábyrgir fyrir samningi í rauninni vakna upp við vondan draum eftir að hæstv. iðnrh. er búinn að skuldbinda sjálfan sig og ríkisstjórn Íslands langleiðina með hátíðlegri undirskrift 4. okt. sl. undir að því er hann þá fullyrti nánast frágenginn raforkuverðssamning og flesta aðra þætti og dró hér upp að landi allt lið Atlantsáls, alla toppana, tók í höndina á þeim og lét mynda sig með þeim. Eftir þennan gjörning, þegar komið er langt fram yfir veturnætur, komið fram í nóvembermánuð, þá er þjóðin upplýst um það að stjórn Landsvirkjunar hefur bara ekki fylgst með málinu og vaknar upp við vondan draum, að hæstv. ráðherra er búinn að skuldbinda fyrirtækið í þessum meginþætti máls og stjórninni er ætlað að stimpla verkið.

Þetta eru náttúrlega einhver hroðalegustu mistök sem orðið hafa hér á landi í málum af þessum toga, að þetta skuli geta gerst, enda hefur hæstv. ráðherra átt í talsverðum erfiðleikum með að skýra það hvernig í lifandis ósköpunum geti komið til þess að slík staða komi upp eins og þarna liggur fyrir. Hættan í þessu máli, alvaran í þessu máli er að sjálfsögðu sú að hæstv. ráðherra hafi með undirskrift sinni 4. okt. sl. í rauninni bundið Landsvirkjun sem samningsaðila á slíkan klafa að það verði ekki bætt. Því að það þarf auðvitað enginn að segja okkur að það verði létt verk að fá forráðamenn hinna erlendu fyrirtækja, sem voru knúðir til þess að þrábeiðni hæstv. ráðherra að koma til Íslands til þess að standa að þessari frægu undirskrift 4. okt. sl., muni flýta sér að því að endurskoða þann gjörning sem ráðherrann knúði þá til að setja nafn sitt undir ásamt honum þennan haustdag í Reykjavík.

Það hafa margir afdrifaríkir þættir gerst í þessu máli og ég held að Alþingi Íslendinga ætti að fara einnig yfir þessa stöðu, þessi hroðalegu afglöp sem þarna hafa átt sér stað hjá ábyrgðarmönnum þessa máls, áður en menn fari að ályktа um það sérstaklega með þingsályktun frá Alþingi Íslendinga að halda skuli áfram samningaviðræðum um byggingu og rekstur álvers o.s.frv., eins og lesa má á þessum blöðum.

Ég held að Alþingi gerði fátt þarfara en að ræða þessa stöðu alla næstu daga og næstu vikur, sem menn hugsanlega hafa til ráðstöfunar áður en gengið verður til alþingiskosninga, til þess að eitthvert samhengi sé í skoðun þessara mála. Og það gerist ekki, sem vel gæti gerst nú í framhaldinu, að í hita kosningabaráttu verði með alkunnum eftirrekstri hæstv. iðnrh. knúið á um það að ganga frá samningum sem hann í rauninni getur ekki orðið ábyrgðarmaður fyrir nema hann fái endurnýjað umboð og fái aftur sæti iðnrh. í næstu ríkisstjórn, sem vel kann að vera að hæstv. ráðherra keppi að, en það verða þá aðrir samverkamenn. Ég efast um að það verði auðvelt verk fyrir þá og aðra ábyrgðarmenn bæði á Alþingi og í ríkisstjórn á vordögum þegar menn verða að skoða spilin að kosningum loknum og flokkarnir verða að bera sig saman, að einmitt þennan tíma eigi að nota til þess að reyna að innsigla þessa samninga sem ekki hefur verið betur staðið að hvað undirbúning snertir en raun ber vitni.

Ég vara mjög eindregið, virðulegur forseti, við því að þannig verði haldið á málum og ég tel að Alþingi eigi að gera allt frekar núna á þessum tíma en hrapa að því að gjalda jáyrði við þessari till. til þál. um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi eins og þetta efni allt saman lítur út.

Það segir í greinargerð Landsvirkjunar frekar um þessi efni að samkomulag liggi fyrir varðandi deilumál en þó séu fáein atriði óleyst um þann þátt mála. Ég vek sérstaka athygli á þessu vegna þess að við þekkjum það af biturri reynslu að það skiptir miklu máli hvernig um slíka hnúta er búið að því er snertir samninga af þessum toga, en einnig þar eru nokkur atriði enn óleyst.

Þá segir hér í greinargerð Landsvirkjunar undir lokin: „Loks skal nefnt að vinna og viðræður samninganefnda aðila hafa að undanförnu mjög beinst að því að ná samkomulagi um efni endurskoðunargreinar. Bar þar lengi vel mikið á milli, en nú lítur út fyrir að samkomulag kunni að nást um að fram fari endurskoðun á orkuverði með vissu millibili.“ Fastar er nú ekki að orði kveðið um það efni en að: „nú lítur út fyrir að samkomulag kunni að nást um að fram fari endurskoðun á orkuverði með vissu millibili og verði þá gerður samanburður á orkuverði til Atlantsáls hf. og á meðalorkuverði til álvera í heiminum og leiðrétting gerð á orkuverði til Atlantsáls hf. ef frávikin eru umfram tiltekin mörk, þó að teknu tilliti til þess hvort álbræðslan hefur hreyfst meira en nemur tilteknum prósentustigum á rekstrarkostnaðarkúrfu álvera í heiminum.“ Þetta er nú stofnanamál heldur betur og ég hvet hv. starfsmann iðnrh. sem situr hér í hliðarsal til þess að endurskoða málfarið á þessari setningu því að hún er ekki yfirlesin af þeim sem annt er um íslenskt mál. „Gert er ráð fyrir að sérstök sérfræðinganefnd úrskurði um þessi efni ef aðilar ná ekki samkomulagi.“ Meiri bjartsýni ríkir nú ekki um þennan þátt en að það geti þurft alveg sérstaka sérfræðinganefnd til að úrskurða um þessi efni ef aðilar ná ekki samkomulagi.

Svona er nú þetta upplegg séð með augum Landsvirkjunar sjálfrar. Ég er ekkert hissa á því þótt hæstv. iðnrh. sé svolítið órótt undir þessari tölu þar sem dregið er fram hvernig þessi mál standa að mati Landsvirkjunar. Ef það er borið saman við þær staðhæfingar sem fram hafa komið og birtast hér, bæði í ræðum hæstv. ráðherra og greinargerðum, þá fer því svo víðs fjarri að nokkurt samræmi sé í fullyrðingunum um það hvar málin séu komin af hálfu hæstv. ráðherra annars vegar og hins vegar þeirri stöðu sem dregin er upp af einum meginsamningsaðila þar sem er Landsvirkjun. Ég held að við ættum að fara yfir þetta hér, ekki aðeins með umræðu á Alþingi heldur væri ástæða til þess að setja þetta mál í sérstaka skoðun í nefnd hið allra fyrsta. Ég mundi ekki telja eftir mér að það yrði tekin smásnerra á þessu máli, t.d. í iðnn. Nd. þar sem ég á sæti, til þess að við áttum okkur betur á þessu máli núna á næstu dögum, einmitt þessum raforkuverðsþætti, og fáum nánari upplýsingar varðandi þessa mörgu varnagla og ófrágengnu enda sem eru dregnir

fram af hálfu Landsvirkjunar í þessum textum.

Einn þáttur þessa máls í skýrslu hæstv. ráðherra er í sambandi við lýsingu á aðalsamningi sem liggur fyrir í drögum. Það kemur margt fróðlegt fram í þeim samningi sem ástæða væri til að ræða hér sérstaklega og inna hæstv. ráðherra eftir ýmsum þáttum þess máls og mun ég nú víkja að nokkrum atriðum sem snúa að þeim þætti í skýrslu hæstv. ráðherra.

Það er dregið fram í lýsingu á aðalsamningi að varðandi 5. mgr. 7. gr. hans sé ekki samkomulag. Það er sérstaklega tekið fram á bls. 15 í skýrslu ráðherrans. Enn einn þátturinn sem ekki ríkir samkomulag um. „...af Íslands hálfu hefur verið lagt til að ríkisstjórninni skuli tilkynnt með sex mánaða fyrirvara ef hluthafarnir ákveða að nýta ekki framleiðslugetu bræðslunnar að fullu í 12 mánuði á samningstímanum, hvorki á eigin vegum né fyrir þriðja aðila, þannig að 10% eða meira af framleiðslugetu félagsins til að framleiða ál úr súráli verði vannýtt. Í slíkum tilfellum skuli ríkisstjórninni heimilt að láta framleiða ál úr súráli á eigin vegum." Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að ríkið geti orðið bræðsluaðili, en um það ríkir ekkert samkomulag. Um það er ekkert frágengið og sýnist það þó út af fyrir sig vera allgildur þáttur máls. Hvort það yrði hæstv. iðnrh. sem yrði forstjóri yfir þeirri bræðslu stendur nú ekki hér í þessu. Kannski yrði stofnað eitthvert sérfélag um þann rekstur, en þetta er eitt af þessum ófrágengnu atriðum í sambandi við þennan samning.

Þá er að því vikið að í 9. gr. samningsins sé „kveðið á um að álfélögin skuli greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt um í 10.–17. gr. aðalsamningsins.

Í 10. gr. er kveðið á um tekjuskattsgreiðslur eignarhaldsfélaganna." Um það er fjallað síðan nánar í þessum texta í lýsingu á þessum aðalsamningi og vikið að því að í 1. mgr. 10. gr. sé „kveðið á um að með tilliti til þess að bræðslan verður starfrækt á samlagsgrundvelli skuli lagður tekjuskattur á reiknaða fjárhagsniðurstöðu („reiknaðan ágóða") hvers eignarhaldsfélags fyrir hvert fjárhagsár.

Að því er lýtur að 2. tölul. 66. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, skal reiknaður ágóði fundinn á grundvelli heildarvirðis þess áls sem framleitt er af bræðslunni fyrir hvert eignarhaldsfélag á viðkomandi fjárhagsári og skal þá tekið tillit til álags og/eða afsláttar, sem stafar af gæðum eða formi, og til tekna annarra en beinna greiðslna, sem eignarhaldsfélagið innir af hendi sem endurgjald, að frádregnum kostnaði og öðrum frádráttarliðum sem nánar er kveðið á um." Það er ekki ljóst hvort þetta atriði er frágengið, en ekki er það mjög auðskilið hvernig frá þessum þætti málsins á að ganga í aðalsamningi.

Í aðalsamningnum er nánar vikið að einstökum þáttum er varða skattlagningu, stjórnunarkostnað, frádráttarbært tap frá fyrri fjárhagsárum, og fleira og birtar jöfnur um það hvernig slíkt eigi að reikna. Ég skal ekki leggja mat á stöðu þessa þáttar samninganna, en ég vil víkja að því að vísað er til þess síðar í þessari lýsingu að „þrátt fyrir 72. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, og án tillits til breytinga, er síðar kunna að verða varðandi frádrátt og undanþágur frá tekjuskatti og almenna tekjuskattsprósentu, skulu eignarhaldsfélögin greiða tekjuskatt sem nemur 30% af reiknuðum ágóða eins og hann er skilgreindur hér að ofan." Hér er vikið að einum meginþætti í sambandi við skattlagningu fyrirtækisins og ég hef miklar efasemdir um það að þessi prósenta sem þarna er gert ráð fyrir, 30% reglan, sé sú niðurstaða sem eðlileg er í þessu sambandi þó ég skuli ekki leggja á það endanlegan dóm, enda hafa ekki verið reiddar fram miklar greinargerðir í sambandi við þennan þátt málsins sérstaklega.

Að því er jafnframt vikið að „í 12. gr. aðalsamningsins er kveðið á um að í stað fasteignagjalda og sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem og annarra skatta sem kæmu í stað þeirra gjalda, skuli félagið greiða fasteignaskatt sem nemi 0,75% af umsömdu virði bygginga. Umsamið virði bygginga er 160 millj. Bandaríkjadala. Þá er kveðið á um afslátt af fasteignaskatti fyrstu fjögur starfsár álversins." Ég set spurningarmerki við það að hér sé fundin sú eina rétta niðurstaða að því er snertir fasteignaskatt af hálfu þessa fyrirtækis og það mat sem fram kemur hér á virði bygginga, en alveg sérstaklega sýnist mér að sá samningur, sem þarna er í uppsiglingu, um afslátt af fasteignaskatti fyrstu fjögur starfsár álversins sé eitt af þessum undanslætti sem einkennir þessa samninga varðandi fyrstu ár starfrækslu fyrirhugaðrar álbræðslu. Það er ekki aðeins að eigi að slá þar stórlega af raforkuverði. Það er einnig í sambandi við greiðslur af fasteignasköttum. Sú stefna kemur því víða við sem Íslendingar, þeir sem þarna eru að semja, hafa á sig tekið í afsláttarátt í ákvæðum þessa samnings.

Þá er vikið að því, virðulegur forseti, í 17. gr. væntanlegs aðalsamnings að þar sé að finna endurskoðunarákvæði þess efnis að aðilarnir geti óskað eftir endurskoðun á skattakerfi Atlantsáls ef verulegar breytingar verða á íslenskum skattalögum eða nýir skattar lagðir á. Meginviðmiðun við endurskoðunina er að heildarskattbyrði fyrirtækjanna haldist í jafnvægi á samningstímanum. Í 17. gr. er enn fremur ákvæði þess efnis að Atlantsálsaðilarnir geti hvenær sem er óskað eftir því að sérákvæði aðalsamningsins um skattlagningu falli niður og félögin verði eftir það skattlögð alfarið eftir íslenskum lögum. Hér kemur það fram að það séu Atlantsálsaðilarnir sem geti óskað eftir slíkri breytingu, að sérákvæði um skattlagningu falli niður, en það er ekki tilgreint að íslensk stjórnvöld geti með sama hætti gert kröfu til þess að þessi ákvæði falli niður. Hér virðist um einhliða ákvæði að ræða sem er Atlantsálsaðilanna megin og ég átta mig ekki á því að það geti talist eðlilegt að sú krafa geti ekki einnig verið í höndum íslenskra stjórnvalda og þetta ákvæði verði endurskoðað og það séu íslensk lög sem alfarið gildi að þessu leyti.

Í 20. gr. aðalsamnings er greint frá því að fjallað sé um tryggingar og ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Í 1. mgr. þeirrar greinar segir að ríkisstjórnin muni gera allt sem

nauðsynlegt er til að tryggja að hluthafarnir og Atlantsálsfyrirtækin njóti allra þeirra réttinda og hlunninda sem veitt eru samkvæmt þessum samningi og fylgisamningum og að ekkert verði gert sem takmarki eða á annan hátt hafi óhagstæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og forsendur aðila varðandi rekstur álversins.

Hér er djúpt tekið í árinni. Hér er heitið vilyrðum til þessa fyrirtækis, sem eru bestu kjör að því er virðist. Ber það að sama brunni, eins og víðar í þessum samningi, að það virðist býsna vel útbært það sem horfir til hagsbóta fyrir þennan gagnaðila og finnast þess allmörg dæmi hér í þessari lýsingu á aðalsamningi.

Vikið er að því t.d., virðulegur forseti, í 23. gr. 4. mgr., þar sem segir að þrátt fyrir framangreind ákvæði skuli báðum aðilum, að teknu tilliti til 5. mgr. 13. gr., heimilt að vísa hverju því deilumáli sem fjallar um túlkun eða framkvæmd þessa samnings til gerðardóms að undangenginni skriflegri tilkynningu hins aðilans. Þarna er vikið að gerðardómsákvæði sem stofna eigi til. Ég skal út af fyrir sig ekki leggja neitt endanlegt mat á það hvort þarna sé rétt að staðið að halda þessu opnu, að vísa málum til gerðardóms með þessum hætti en ég tel að það sé atriði sem þurfi að gaumgæfa mjög verulega.

Þessi drög að samningi samkvæmt lýsingu hæstv. ráðherra í skýrslu hans á honum ber með sér að ákvæði eru um gildistökudag og gildistíma þar sem gert er ráð fyrir að hann gildi í 25 ár með rétti til framlengingar um tvö fimm ára tímabil. Þannig er í rauninni verið að samningsbinda Íslendinga með þessum samningi í 35 ár samtals, ekkert minna. En það er einmitt einn þátturinn sem ber að horfa á þegar verið er að meta stöðuna, t.d. varðandi raforkuverð og fleiri þætti, að þessi samningur er ekki eingöngu gerður til 25 ára með föstum ákvæðum heldur er þarna um að ræða rétt til framlengingar um tíu ár í viðbót, tvívegis fimm ára framlengingu. Þessi langi gildistími samningsins er auðvitað þáttur sem veldur verulegri áhættu varðandi þá hagsmuni sem verið er að binda með þessum samningi og þess vegna skiptir sannarlega miklu að vel sé gengið frá öllum þeim ákvæðum sem lúta að endurskoðun. Þar ættum við að vera reynslunni ríkari. Þar liggur í rauninni ekkert enn fyrir hvernig um þá þætti er búið en vissulega væri rík ástæða til þess, virðulegur forseti, að fá upplýsingar um einmitt þennan þátt mála, stöðuna að því er snertir endurskoðunarákvæði samkvæmt samningnum. Það sama gildir ekki aðeins varðandi raforkuverð og slíka þætti. Það gildir um skattamálin en það gildir einnig og ekki síður um umhverfismálin, eins og ég hef áður gert að umtalsefni í mínu máli, virðulegur forseti.

Ég ætla, virðulegur forseti, að fara að stytta mál mitt um þetta efni, því ég hef áhuga á því að við fáum hér hæstv. ráðherra inn í þátttöku í þessu til þess að upplýsa okkur um þau fjölmörgu atriði sem óljós eru og innt hefur verið eftir hér. Ég áskil mér þá rétt til þess að ræða málið frekar síðar við þessa fyrri umræðu málsins því að nógur er dagurinn sem fer nú að nálgast. Það er komið að óttu og margir enn á mælendaskrá og því er ástæða til þess að við reynum að fá tilbreytni hér í umræðuna eftir að ég hef farið yfir nokkra stóra þætti í þessu mikla og vandasama máli sem hæstv. iðnrh. ber fram á síðustu starfsdögum Alþingis og biður um staðfestingu þingsins og framhaldsumboð til samningsgerðar.

Á því var vakin athygli, virðulegur forseti, nálægt upphafi míns máls að það virtist næsta tilefnislítið af hálfu hæstv. ráðherra að fara að biðja um sérstaka uppáskrift á samningnum. Það er hins vegar þegar betur er að gáð mjög skiljanlegt að hæstv. ráðherra vilji draga fleiri aðila til verka í sambandi við þetta og alveg sérstaklega til ábyrgðar á þessum gjörningi. Hæstv. ráðherra er vafalaust farið að líða dálítið illa yfir að sitja uppi með þennan samning á eigin herðum fyrst og fremst og er að reyna að fá Alþingi Íslendinga til þess að vera uppáskrifandi að málinu. Þar liggja auðvitað einnig að baki þær ástæður sem blasa við í þessu máli, þ.e. að ráðherrann ætlar með þessum gjörningi að reyna að fá þann svip á málið að það sé allt lengra komið og öðruvísi á vegi statt en raun ber vitni. Að það sé í rauninni nálægt því að vera komið í höfn eins og er fullyrt trekk í trekk í þessum málsgögnum. Það er kannski það ósvífnasta í sambandi við þau málsskjöl sem liggja fyrir í þessu máli hvernig þar er látið að liggja, hvernig þar er tekið til orða í sambandi við stöðu þessa máls, svo gífurlegri óvissu sem það er háð á fjölmörgum sviðum.

Þetta hefur þó verið einkenni þessarar málafylgju allan tímann. Hún er vörðuð af slíkum staðhæfingum og tilbúnum sýningum af hálfu hæstv. ráðherra til þess að reyna að gefa til kynna að þessi samningalota, þessi samningaþróun, sé með allt öðrum hætti og betur á vegi stödd en reynist vera þegar betur er að gáð. Það er ekki skynsamlegt að halda þannig á málinu að mínu mati að gefa ætíð meira í skyn en innstæða er fyrir og ég held að fátt sé síður til þess fallið að styrkja stöðu Íslendinga í samningum af þessu tagi en það að standa þannig að verki.

Ég hef, virðulegur forseti, í máli mínu farið yfir meginþætti málsins og vakið athygli einmitt á þessum fjölmörgu óvissuþáttum, að ekki sé talað um óvissuþætti sem málið snertir. Það gildir um raforkusamninginn í fjölmörgum greinum. Það gildir um umhverfismálin í fjölmörgum greinum, að því er best verður séð, en um þau efni á hæstv. umhvrh., sem ég sé nú ekki hér hið næsta, eftir að upplýsa okkur rækilega síðar við umræðuna, svo gífurlega margir óvissuþættir sem tengdir eru einmitt meðferð umhverfismálanna. Og hjálpar það lítið að rýna í þá texta sem hæstv. ráðherra hefur fram lagt um þau efni.

Ég hef jafnframt vakið athygli á því hvaða áhrif þessi samningsgerð öll geti haft fyrir þróun byggðamála í þessu landi, að ekki sé talað um áhrifin á efnahagslífið og efnahagsþróun næstu ára ef svo færi að endar yrðu hnýttir og reynt yrði að koma þessu máli á koppinn af næstu ríkisstjórn. Það er sannarlega mikið áhyggjuefni í hvaða stöðu þetta mál er nú í aðdraganda kosninga og það er ekki mjög vænlegt, miðað við íslenska hagsmuni, að ætla sér að hnýta enda í þessu

máli, jafnlausir og þeir eru nú, í tengslum við þá ókyrrð sem fram undan er í íslenskum stjórnmálum og ríkisstjórnarskiptum, sem trúlega verða í framhaldi af kosningum, þó ekki verði út af fyrir sig um það fullyrt í einstökum atriðum. Þar er að sjálfsögðu best að sjá hvaða niðurstaða verður í því uppgjöri sem fram undan er í íslenskum stjórnmálum.

Ég tel hins vegar að okkur alþingismönnum beri skylda til þess, ekki bara hér við þessa umræðu, heldur í aðdraganda kosninga, að gera þjóðinni sem rækilegasta grein fyrir því hver er staða þessa máls, hversu mikið er í húfi í sambandi við uppgjör þessa máls og framhald og hversu óvarlega horfir í því efni og hversu lítil ástæða er til þess að ýta undir þá flokka í sambandi við kjörfylgi sem halda ekki betur á íslenskum málstað en raun ber vitni í undirbúningi þessara samninga. Það er hörmulegt til þess að vita hvernig hæstv. iðnrh. hefur staðið að þessu máli, ekki bara í einni grein heldur í mörgum greinum. Það er mikil raun upp á það að horfa að ríkisstjórn sem að mörgu leyti hefur leitast við að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf í landinu og tók þar við vondu búi haustið 1988 skuli hafa lent út í þá ófæru sem hæstv. iðnrh. hefur dregið ekki aðeins sitt ráðuneyti og allan þann fjölda sem með honum hefur starfað að þessum málum heldur einnig fengið ríkisstjórnina til þess að dragast inn á framlengingu á viðræðum um þetta mál þó það hafi tekið verulegum og stórum breytingum frá því að mynduð var stjórn þeirra flokka sem mynda uppistöðuna í núv. ríkisstjórn 1988.

Íslendingar þurfa á því að halda að hér verði breyting til bóta í sambandi við atvinnuþróun í landinu og alveg sérstaklega þarf landsbyggðin á Íslandi á því að halda að þar verði breyting á og það takist að koma þar upp vaxtarsprotum í atvinnulífi sem geti orðið til þess að renna styrkari stoðum undir byggðirnar um allt land. Það verður hins vegar, hæstv. iðnrh., ekki gert með byggingu álvers á Keilisnesi og byggingu nokkurra stórvirkjana sem eiga að sjá því fyrir raforku. Það er ekki leiðin til þess að renna stoðum undir æskilega atvinnuþróun og byggðaþróun á Íslandi. Það er eitt stóra alvörumálið sem þessu tengist og það sem við, fulltrúar landsbyggðarinnar á Íslandi, hljótum að hafa ekki minnstar áhyggjur af í tengslum við þetta mál.

Ég legg á það áherslu að þegar við ræðum þetta mál áfram á næstu dögum og eftir að atvmn. hefur farið yfir málið og alla þá fjölmörgu óvissuþætti sem því tengjast vandi menn sig við mótun afstöðu til þeirra tillagna sem liggja fyrir af hálfu hæstv. iðnrh. Það á ekki aðeins við um þessa þáltill. sem ráðherrann leggur fyrir þingið. Það á ekki síður við um þær fjárbeiðnir sem liggja fyrir fjh.- og viðskn. af hálfu hæstv. ráðherra og eiga eftir að koma fyrir deildir þingsins í formi lagafrv. Það gefst sérstakt tilefni til þess, þegar kemur að umræðu um lánsfjárlagafrv., að fara yfir þau efni sérstaklega og er auðvitað rík nauðsyn á því að það verði rætt alveg sérstaklega í því samhengi, því að þar stefnir í mikið óefni ef hugmyndin er sú að fara að taka undir þær ótímabæru tillögur sem hæstv. ráðherra hefur gert til fjh.- og viðskn. þar að lútandi.

Ég vænti þess, eins og fram hefur komið, að staða þessa máls verði metin á nýjan leik frá grunni, m.a. af þeim flokki sem ég hef skipað mér í, Alþb. Alþb. á merka sögu í sambandi við orkunýtingu á Íslandi og stefnumótun þar að lútandi. Það var fyrst íslenskra stjórnmálaflokka til þess að móta samstæða orkustefnu fyrir hálfum öðrum áratug síðan þar sem farið var yfir sviðið allt og þessi mál athuguð út frá íslenskum heildarhagsmunum og möguleikum Íslendinga til að halda á þessum málum eins og öðrum atvinnurekstri í þessu landi. Ávextir af því starfi eru margháttaðir og komu m.a. fram í því átaki, sem gert var í kringum 1980, að renna stoðum undir nýtingu innlendra orkulinda í sambandi við upphitun í þessu landi, nýtingu jarðvarma og nýtingu raforku. Alþb. hefur fram til þessa borið gæfu til þess að fara ekki út á þá stefnu, sem innleidd var á viðreisnaráratugnum milli 1960 og 1970, þegar gerðir voru samningar um byggingu álbræðslu í Straumsvík.

Það er hins vegar það upplegg sem gengur aftur í þessum tillögum sem nú liggja fyrir. Því miður er það svo, virðulegur forseti, að svo er að sjá sem þeir flokkar sem stóðu að þeim samningum hafi afskaplega lítinn áhuga á því að læra af reynslunni, endurmeta þættina sem lesa má út úr reynslu þess tíma sem liðinn er frá þeirri samningsgjörð.

Þessi stefna hefur ekki aðeins orðið dýrkeypt í krónum og aurum í viðskiptum við þá aðila sem samið hefur verið við, heldur ekki síður í þeirri miklu vanrækslu sem einkennt hefur störf þeirra sem hafa beitt sér fyrir þessari orkusölustefnu, útsölustefnu á raforku, sem tengist þessum samningum og hafa orðið til þess að menn hafa ekki gefið gaum að þeim mörgu þróunarkostum sem blasað hafa þó við í sambandi við iðnþróun í landinu og sem þörf hefði verið á að taka allt öðrum tökum en hér er um að ræða.

Það er efni sem ástæða er til að ræða frekar en ég ætla, virðulegur forseti, vegna þess að nú nálgast óttu ekki að orðlengja þetta mál, þó mjög margt sé hér órætt af minni hálfu. Tilefni og tækifæri eru mörg í sambandi við þetta mál áframhaldandi og ég geri ráð fyrir því að taka aftur til máls síðar við þessa umræðu á þessum degi og taka þá á þeim þáttum, bæði sem ástæða kann að vera til að ræða frekar í ljósi þess sem fram kemur hjá hæstv. ráðherrum en einnig til þess að ræða fleiri þætti sem ekki hefur verið unnt að koma inn í mál mitt hér fram að þessu og mun víkja að því þegar þar að kemur eftir aðstæðum.

Ég skora að lokum á hv. þm. að vísa þeirri tillögu, sem hæstv. ráðherra leggur hér fyrir, frá, þ.e. að tryggja það að hún verði ekki afgreidd hér á þessu þingi. Það væri ekki gott skref að ætla að veita sérstakt umboð til samninga sem ekki hefur verið betur staðið að en raun ber vitni í sambandi við þessa samningsgerð. Og þeim tímum væri vel varið sem leiddu til þeirrar niðurstöðu að menn gættu sín í þeim efnum og tækju réttar ákvarðanir þar að lútandi. Við höfum margt að ræða hér á Alþingi, mörg stórmál. Það er þýðingarmikið að komast að réttri niðurstöðu í þessu og við þurfum ekki að sjá eftir þeim tíma sem varið er

ef það verður til þess að við tökum réttar ákvarðanir þar að lútandi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég er eiginlega furðu lostin yfir því að vera að ræða þessi mál á kvöldfundi þriðja kvöldið í röð þar sem mér hafði skilist að ekki yrði fundur í kvöld. Þetta mun væntanlega tákna að við verðum með fimm kvöldfundi í röð. Jafnvel þótt ég hafi heyrt miklar hreysti- og þreksögur um nætur- og kvöldvökur þingmanna þegar líða fer að þinglokum, þá hafði ég sannast sagna treyst því að hafa tíma til að undirbúa mig m.a. á þessu kvöldi undir þá ágætu umræðu sem hér mun fara fram í þingsölum annað kvöld. Þess meira undrandi varð ég að heyra að samráð hafi verið haft við stjórnarandstöðuna um þessa tilhögun mála. Mér er það öldungis óskiljanlegt hvernig það samráð fór fram. Þó að ég geri mér fyllilega grein fyrir, og hafi allan tímann gert, að það er í meirihlutavaldi að geta tekið slíkar ákvarðanir, þá hefði ég talið að hér yrði einhvers konar samkomulag eða alla vega tilraunir til að ná samkomulagi. Þegar ég hringdi hingað niður á þing kl. 9 í kvöld til þess að athuga hvort þingflokksformannafundi væri lokið fékk ég þær furðulegu fregnir að hér væri hafinn fundur. (**Forseti:** Forseti hlýtur að minna hv. þm. á að hér lá fyrir dagskrá, prentuð dagskrá, í allan dag um að hér yrði fundur, ekki einn fundur í Sþ. heldur tveir. Það gat því ekki vafist fyrir hv. þm. að hér yrði fundur um þetta ákveðna mál.) Vegna þessara orða vil ég sérstaklega minna á það að ég hélt að sá fundur sem haldinn var kl. hálfníu í kvöld með þingflokksformönnum væri haldinn til að ná einhvers konar samkomulagi. Fyrir lá að við vorum ekki fúsar til þessa fundar núna. Ég er hins vegar alls ekki að ásaka hæstv. forseta fyrir hennar hlut í þessu máli, það er fjarri mér, en mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram í upphafi máls míns. Mun ég ekki hafa fleiri orð um það en þetta er óhjákvæmilegt að komi fram.

Virðulegi forseti. Ég hef þá mál mitt og þá ræðu sem beðið hefur þess alllengi að komast að og þau viðhorf sem ég tel nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu nú.

Nú loksins liggur fyrir þinginu einhvers konar plagg um áframhald álmálsins. Samkomulag sem út af fyrir sig segir ekki neitt að mínu mati en vekur engu að síður ýmsar spurningar. Það eru greinilega skiptar skoðanir um hvað þetta plagg segir þótt ekki sé það langt. Málið í þessum búningi sýnist mér fyrst og fremst vera plagg sem er byggt á því undarlega mati að ekki sjáist í gegnum það klúður sem álmálið hefur verið frá upphafi. Ekki vegna þess að nú séu erlendir aðilar skyndilega lítt fúsir til þess að semja við okkur vegna Persaflóastríðsins eða annarra ástæðna, heldur vegna þess að álver er ekki og hefur aldrei verið fýsilegur kostur í atvinnumálum hér á landi. Um það höfum við átt ýmsar viðræður, ég og fleiri hv. þm. og ráðherrar. Það er í fyrsta lagi, eins og skýrt og greinilega hefur komið fram í máli annarra hv. þm. í þessari umræðu og öðrum, vegna þess að kostnaður og áhætta við hvert starf er það hár að ekki er hægt að tala um að hér sé hyggilega að farið. Í öðru lagi vegna þess að arðsemi fyrirtækja sem eru með þessum hætti, stór og með miklu fjármagni, verður sífellt ótryggari. Í þriðja lagi vegna þess að þegar byggt er á einum stórum atvinnuvegi í stað þess að vinna upp margþætt og háþróað atvinnulíf mögnum við áhættuna í atvinnumálum þjóðarinnar, sem er þó ærin fyrir. Þensla er eitt helsta vandamál íslensks efnahagslífs. Ætli nokkrum blandist hugur um það. Ýmislegt er þó ótalið sem ég ætla ekki að fjölyrða um hér, alla vega ekki að þessu sinni. En í fjórða lagi verð ég að sjálfsögðu að hnykkja á því að umhverfi og náttúra Íslands eru viðkvæm fyrir öllu hnjaski. Við getum ekki, eigum ekki og megum ekki taka áhættu í þeim efnum. Við eigum á hættu að spilla umhverfinu, ímynd okkar, öðrum atvinnugreinum, mikilvægum atvinnugreinum, svo sem matvælaiðnaði og ferðaþjónustu, ef blettur fellur á umhverfi okkar og það orðspor að hér á landi sé allt hreint og ómengað. Því miður vantar þessi atriði öll í þau hagvaxtardæmi sem fyrir liggja og einnig það hvernig dæmið mundi líta út með öðrum atvinnutækifærum og annarri uppbyggingu en álveri. Ef brot af því fé sem hefur farið í álið fengist í slíkt held ég að við horfðum á allt annars konar samfélag en við gerum nú og allt annað hagvaxtardæmi. Auðvitað velta ýmsir þessu fyrir sér. Hins vegar hefur fólk verið sett í þá stöðu að það kann að vera erfitt að neita álveri ef ekkert annað virðist vera í boði. Það er einmitt mergurinn málsins, að upp á fátt annað hefur verið boðið í atvinnumálum þessarar þjóðar. Það hefur verið blínt allt of mikið á stórar lausnir og allt of illa hlúð að öðrum atriðum sem þó hafa þegar sýnt sig að lofa góðu.

Ég vil minna á þær umræður sem urðu á fimmtudagsmorguninn var vegna fyrirspurnar minnar um uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum í kjölfar brottfarar hersins. Ekki var hughreystandi að hlusta á þann söng sem þar kvað við. Það var eins og menn sæju engin úrræði önnur en ál eða stál, þ.e. her gráan fyrir járnum. Hvílíkt hugmyndaleysi. Ég vil minna á það sem ég sagði um álver í upphafi þessa þings, að það er það lamandi afl sem ekki má koma fyrir íslenska þjóð. Væntingar í sambandi við álver eru líka lamandi afl. Það hefur einmitt sýnt sig á íslensku atvinnulífi, við þurfum ekki annað en að líta á þær byggðir sem ekki fengu álver og þær umræður sem hafa fylgt í kjölfarið. Ég ætla ekki að fara að rekja þær hér í smáatriðum, en ég hygg að flestum sé kunnugt um hvað ég á við. Ef ekki er ég fús til að rekja það nánar. Ég sé hins vegar enga ástæðu til að tefja þessa umræðu á því.

Það er sannarlega ekki að ástæðulausu að hæstv. fjmrh. vill borga einhvers konar skaðabætur, eða hvað á að kalla það, fyrir hugsanlegan álversmissi með 2 milljarða kr. framlagi, sem ég ætla ekki að vera svo ósvífin að kalla innstæðulausan kosningavíxil, þó ég hafi heyrt það nefnt svo.

Ég ítreka orð mín um það á hvern hátt ég vildi frekar sjá atvinnumálum borgið á Suðurnesjum en með því að reisa álver. Kannski upp á hvað sem það kostar vegna þess að nú sé málið komið of langt til þess að

hægt sé að snúa til baka, jafnvel þótt dæmið verði neikvætt frá upphafi framkvæmda. Þótt milljónatugum hafi verið sóað í undirbúning nú þegar gæti orðið dýrara að halda áfram en að hætta við. Því er tími til kominn að skoða raunhæfar leiðir til þess að bæta þann skaða sem atvinnulíf hefur orðið fyrir, ekki bara á Austurlandi og Norðurlandi, þar sem álversdraumur er úti að sinni alla vega þótt maður hafi heyrt hugmyndir um þriðja álverið, heldur einnig á Suðurnesjum.

Ég þarf varla að vekja athygli á því enn einu sinni að atvinnuleysi er alvarlegt vandamál víða á Suðurnesjum og ætla ég að hlífa mönnum sem á mál mitt hlýða við því að fara að kyngreina það, enda kallar það á ýmsar umræður.

Suðurnesjamenn kvarta oft undan því að þeir verði út undan í atvinnumálum vegna þess að þeim sé einatt vísað upp á völl ef syrtir í álinn. Nú er það varla hægt, þótt einhvern skugga beri á álið, eða er það kannski draumur einhverra? Það var helst að heyra sl. fimmtudagsmorgun, en því verður auðvitað hver að svara fyrir sig. Þetta er klén atvinnustefna. Hún ber ekki vott um stórhug, hún ber ekki vott um hugkvæmni.

Eins og ég gat um á fimmtudaginn bendir sem betur fer ýmislegt til þess, þrátt fyrir skoðanir þeirra sem þá tóku til máls, að hernaðarumsvif á Reykjanesi minnki og atvinna Íslendinga hjá hernum í kjölfarið. Þar er um 1000–2000 störf að ræða hið minnsta. Út af fyrir sig held ég að flestir fagni þessari þróun. En upp á hvað er Suðurnesjamönnum boðið? Er þeim boðið upp á endurreisn á hinni hefðbundnu atvinnugrein, fiskvinnslunni, frumvinnslu og fullvinnslu sjávarafurða, atvinnugrein framtíðarinnar á Íslandi ef vel er á málum haldið? Matvælaframleiðslu sem byggist á ómenguðu umhverfi og vandaðri vöru. Við höfum rætt það áður undir öðrum málaflokkum hversu æskilegt væri að hlúa að þessu þrátt fyrir vandkvæði í sambandi við samninga við önnur lönd. Ég vil einnig spyrja: Er Suðurnesjamönnum boðið upp á nýsköpun svo sem ferðaþjónustu, hefðbundna og óhefðbundna, t.d. uppbyggingu öflugrar heilsuþjónustu við Bláa lónið? Sumir fylgismanna núv. hæstv. stjórnar hafa sem betur fer haft framsýni til þess að horfa á þennan mikla og góða kost. Er Suðurnesjamönnum boðið upp á nýsköpun eins og upplýsingavinnslu, sem að margra mati er atvinnugrein framtíðarinnar? Atvinnugrein sem byggir á menntun og hugviti sem Íslendingar ættu að eiga nóg af, ef þeir halda vel á spöðunum a.m.k., og skapar vel launuð störf í góðu umhverfi. Er verið að búa í haginn fyrir vetnisframleiðslu framtíðarinnar? Það er lífvænleg atvinnugrein. Önnur nýting orku landsins er til heldur en að nota raforkuna til þess að reisa álver. En það er blint á álver, stóriðju sem sífellt fleiri hafna, ótrygga nýtingu orkunnar okkar og dýr atvinnutækifæri. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að það eru margir á Suðurnesjum sem búa yfir góðum hugmyndum og eiga óskir um fjölbreytta atvinnu. En er það það sem er hlúð að? Er hlustað á frumkvæði fólks og ferskar hugmyndir? Ég hef heyrt þær raddir að lítið sé um slíkt, ég vona að þær séu ekki réttar.

Þó ég geri Suðurnesjamenn hér að umtalsefni, vegna þess að þar blasir nákvæmlega sú staða við sem ég get hér um, má auðvitað heimfæra það sem ég segi upp á hvaða svæði landsins sem er. En það er eitthvað annað en að menn taki tillit til slíkra hugmynda sem ég hef hér nefnt. Álver er það eina sem mönnum hugkvæmist að ota að íbúum Reykjaness og þar með er greinilega verið að festa svæðið í sessi sem iðnaðarsvæði með mengun og einhæfri atvinnu. Ekki samrýmist það vel uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Eftir undarlegt karp sem varð um staðarval þorðu fáir annað en að láta eins og þeir hefðu himin höndum tekið. Sagan um nýju fötin keisarans er greinilega í fullu gildi. Er nema von að Suðurnesjabúar óttist að hér eftir verði jafnvel enn erfiðara en fyrr að fá fyrirgreiðslu til raunverulegrar nýsköpunar í atvinnulífinu, að ég tali nú ekki um ef að á að reyna að endurheimta eitthvað af þeim mikla kvóta sem hefur farið frá þessu svæði sem er ákjósanlegt fyrir fiskveiðar og fiskvinnslu? Nú, þegar draumar um stóriðju eru óljósari en fyrr, er rokið upp til handa og fóta með hugmyndir sem fyrir örfáum vikum voru hvergi á blaði. — Nú sakna ég raunar hæstv. fjmrh. í umræðunni en ég mun ekki gera kröfu að svo stöddu um að hann sé hér að hlýða á mál mitt þar sem ég geri mér grein fyrir að ég tala á frekar óvenjulegum tíma, en það gæti komið til þess síðar í þessari umræðu að æskilegt væri að fá að heyra hans viðhorf til þessa máls.

Þær hugmyndir sem hæstv. fjmrh. hefur haft hér tel ég ekki vera trúverðugar, því miður ekki. Það er ekki hægt að plástra eitthvað með skyndiplástrum sem er ekki einu sinni búið að hanna, hvað þá að framleiða. Því hvað eru skyndireddingar í atvinnumálum annað, jafnvel þótt þær séu settar fram af góðum huga, ekki efa ég það.

Ég mun nú aðeins stikla á stóru þótt ég vildi ýmislegt sagt hafa. Hér er um stórt mál að ræða, hvort sem vægi þess, í þeim búningi sem hér er, er slíkt sem þeir segja sem telja þetta vera málleysu, eða hvort það er eins og hinir telja sem trúa á það. Alla vega held ég að engum blandist hugur um það að stóriðja og framtíð hennar á Íslandi, sem vonandi verður sem minnst, er stórmál. Það er stefnumarkandi fyrir alla okkar framtíð.

Ég held að vandræðagangurinn í þessu máli hafi hafist um leið og menn töpuðu raunsærri sýn í atvinnumálum og hættu að sjá annað en stóriðju. Ég hef sennilega verið á unglingsárum þegar ég heyrði fyrst þessa draugs getið. Ég hef alltaf tengt álver við ofuráherslu þá sem lögð hefur verið á uppbyggingu þungaiðnaðar á svæðum sem nú þykja fjárhagslega og efnahagslega mjög vanþróuð. Ég ætla ekki að tiltaka það neitt nánar hér þótt full ástæða væri til að ræða efnahagsþróun í Austur-Evrópu, Sovétríkjunum, bæði Evrópu- og Asíuhluta, og Kína, en ég held að þessi hugrenningatengsl mín séu nokkuð sem fleiri en ég reka augun í.

Enn eru menn við sama heygarðshornið hér. Munurinn er sá að nú virðast menn jafnvel vera fúsir til að teygja sig enn lengra en áður til þess að hreppa það sem alltaf hefur verið umdeilanlegur happadráttur og spila jafnvel upp á öruggt núll ef ekki býðst annað.

Þó mér hafi ekki þótt umræðan sl. fimmtudag um atvinnumál á Suðurnesjum neitt sérlega gefandi þá langar mig til að rifja upp eilítið sem ég veitti sérstaklega athygli að nefnt var þar. Ég held nefnilega að undir niðri skynji menn það býsna vel hve varhugaverð og einsýn sú atvinnustefna er sem ekki sér nema eitt í einu, hvort sem það er her gærdagsins, ál morgundagsins eða eitthvað annað.

Eins og ég gat um áðan benti Níels Árni Lund réttilega á margvíslega möguleika Bláa lónsins og þá þróun sem þegar er orðin á Suðurnesjum í uppbyggingu ferðaþjónustu. Ég vil einnig minna á hugmyndir Útflutningsráðs um að tengja betur en nú er gert ferðaþjónustu og uppbyggingu heilsuræktar. Það er í takt við þá ímynd sem við höfum verið að reyna að skapa okkur. Ég held að hver sá sem hefur komið nálægt fjölmiðlun og auglýsingum viti hversu dýrmæt ímynd er og hversu vandmeðfarin hún er.

Einnig vil ég minnast á að tímabundin þensla vegna uppbyggingar álvers gæti, ef illa færi, orðið slæmt högg á þann vaxandi atvinnuveg sem ferðaþjónusta er því þensla og sveiflukennd atvinna og samkeppni um vinnuafl er alls ekki það veganesti sem best er fyrir vaxandi atvinnugrein og viðkvæma eins og ferðaþjónustan er enn, síst um háannatíma bæði í framkvæmdum verktaka og í ferðaþjónustu, þ.e. um sumartímann. Við þekkjum því miður dæmi um lamandi áhrif í kjölfar ofþenslu sem fylgir stórframkvæmdum t.d. á Suðurlandi þar sem gleggst eru merkin. Þar eru heilu byggðirnar nú fyrst að ná sér eftir lægðina sem fylgdi á eftir stórvirkjunum þar. Ég er raunar fyrrverandi félagi í verkalýðsfélaginu Rangæingi og mér er þetta mál nokkuð hugstætt af þeim ástæðum og fleirum raunar. Ég hef fylgst óþægilega vel með þróun mála á Suðurlandi eftir virkjanaþensluna. Ég hef séð ungt fólk með miklar vonir á Suðurlandi vera reiðubúið í stundarbjartsýni til að festa mikið fé í fasteignum þar og ég hef jafnframt séð þá erfiðleika sem hafa fylgt. Slíkt vildi ég ekki óska að dyndi yfir nokkurt atvinnusvæði, hvorki á Fljótsdal né á Suðurnesjum. Ég ætla ekki að gera Blöndusvæðið sérstaklega að umtalsefni en ég held að flestum sé kunnugt um að þar hafa þegar orðið vandamál, jafnvel áður en til framkvæmda kom, þar sem menn voru búnir að kaupa sér kannski vörubíl á annað hvert hús vegna þess að þeir bjuggust við þenslu. Allt eru þetta nú þegar þekktar stærðir. Hvers vegna eru menn nú að kalla á að atvinnumissir verði bættur með einhvers konar atvinnuhugmyndum út af brostnum vonum? Hvernig getur þá ástandið orðið í kjölfar raunverulegrar þenslu eins og mér sýnist að verið sé að boða með einum eða öðrum hætti?

Ég verð að viðurkenna að ég fann ekki lausnina á því máli þó ég vildi gæta allrar sanngirni þegar ég leitaði í skýrslu hæstv. iðnrh. um álver á Keilisnesi á þskj. 842. Mig langar þó til að spyrja nokkurra spurninga vegna þess kafla sem er merktur 12 og er á bls. 24, Hagstjórn á framkvæmdatíma, en þar er einmitt fjallað um þessi mál. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérfræðinganefnd iðnrn. um þjóðhagsleg áhrif stóriðju hefur kannað hvernig almennri hagstjórn verður best beitt til að koma í veg fyrir að jafnvægi í efnahagsmálum hér á landi raskist á meðan framkvæmdir við Atlantsálverið og nauðsynlegar virkjanir standa yfir. Nefndin hefur sent frá sér greinargerð um álver og hagstjórn, dags. 9. nóv. 1990."

Hér er þegar tekið undir að um verulega röskun verði að ræða og vitum við það raunar öll. En ég held áfram tilvitnun minni:

„Í greinargerðinni er bent á að í hagkerfinu er umtalsverð vannýtt framleiðslugeta vegna lítils hagvaxtar á undanförnum árum og óhagkvæmni í hefðbundnum atvinnugreinum og að öðru óbreyttu séu dræmar horfur á hagvexti næstu árin. Framkvæmdir við nýtt álver og orkuöflun vegna þess séu hins vegar svo umfangsmiklar að hætta sé á að þensla skapist. Greinargerðin fjallar um hugsanlegar ráðstafanir sem stjórnvöld geta gripið til í því skyni að stemma stigu við þessari hættu.

Nefndin leggur áherslu á almennar aðgerðir til að hindra þenslu en bendir jafnframt á sértækar aðgerðir. Eftirtaldar aðgerðir telur nefndin að komi helst til greina," og vek ég athygli á að hér er aðeins komið með hugmyndir. Þá er fyrst að taka til almennra aðgerða:

„Afgangur verði í rekstri ríkissjóðs og ákvörðun verði tekin um að fresta einhverjum opinberum framkvæmdum. Frestun þarf ekki nauðsynlega að þýða að verklokum slíkra framkvæmda verði seinkað, því hraða má framkvæmdum að fresti loknum. Sem kunnugt er hafa slíkar framkvæmdir oft tekið lengri tíma en nauðsyn krefur."

Ég vek athygli á að um þetta atriði fjallaði hv. 6. þm. Norðurl. e. nokkuð í ræðu sinni og m.a. um það að á ákveðnum landsvæðum gæti orðið samdráttur þar sem á öðrum landsvæðum yrði þensla. Þá yrði ekki bara um einfalt vandamál að ræða heldur tvöfalt. Og ég hlýt að spyrja: Hvað þýðir þetta í raun? Á að geyma atvinnulíf í salti á meðan framkvæmdir eru á einum stað? Ég veit að það er ekki nokkur maður sem trúir því að slíkt sé hægt. Ég tek þá næsta punkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkuframkvæmdir verði að hluta fjármagnaðar innan lands með sölu Landsvirkjunar á skuldabréfum eða hlutabréfum."

Ég held að flestir sem hafa fylgst með innlendri fjármögnun og því framboði sem þar er viti að hér er verið að róa á býsna þéttsetin mið. Og ég man raunar ekki betur en að við hæstv. iðnrh. hefðum rætt þetta mál á Akureyri, á meðan Akureyri var enn inni í umræðunni fyrir hart nær tveimur árum. Vonast ég til að hann muni eftir fyrirspurn minni á þeim fundi sem þar var þegar ég krafði hann svara um að hve miklu leyti væri raunhæft að gera ráð fyrir innlendri fjármögnun. Ég man ekki betur en að í svari hans hafi komið fram að hér væri um sáralitla upphæð að ræða, sáralága prósentu. En ég býst við því ef hér er eitthvað í þessum punkti sem mér er dulið að ég muni þá fá svör við þessu máli. Kem ég þá að þriðja punkti almennra aðgerða:

„Framfylgt verði markvissri stjórn peningamála og

ríkisfjármála til að tryggja stöðugt gengi krónunnar."

Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja við þessum punkti. Við höfum heyrt þessi fyrirheit og þessa stefnumörkun í margs konar búningi af margs konar tilefni og ég er ekki viss um að þenslutímabil sé einmitt rétti tíminn til að setja fram slíkar vonir og drauma. En hér vænti ég að sjálfsögðu svara eins og við öðrum þeim fyrirspurnum sem ég hef lagt fram með beinum eða óbeinum hætti.

„Aukin verði fjárfesting Íslendinga erlendis og hraðað greiðslum af erlendum lánum."

Ég held að það geti verið vegna þess að nú er orðið áliðið að þetta vefst fyrir mér sem lausn í nákvæmlega þessu máli. En það getur líka verið að þetta vefjist fyrir fleirum, jafnvel á öðum tímum dagsins. Ég tek þá til við fimmta punkt í almennum aðgerðum:

„Miðlun upplýsinga til atvinnurekenda, launþega og stjórnmálamanna um breytingar í efnahagslífinu verði markviss."

Þakka skyldi. Ég held að þetta sé nokkuð sem þyrfti alltaf að vera til staðar og ekki bundið við álversframkvæmdir. Ég held að þessi punktur eigi einfaldlega ekki heima á þessum stað. Þetta eru að vísu almennar aðgerðir sem bent er á að gerðar verði en þessar almennu aðgerðir mega hreint ekki vera bundnar við slíkt þenslutímabil sem þarna er verið að ræða um og kemur fram fyrr í kaflanum svo sem ég gat um áðan.

„Tímabundinn innflutningur verði á vinnuafli á vissum sviðum."

Hér langar mig til að fá frekari upplýsingar. Hvað er verið að tala um langan tíma? Hvaðan á að sækja þetta vinnuafl? Hvað á þetta vinnuafl að fást við? Hver eru þessi vissu svið? Á að skáka fólki til og frá? Ég veit að þetta er vandamál sem margir hafa miklar áhyggjur af í sambandi við evrópska efnahagssvæðið, ég tala nú ekki um innri markaðinn sem mun án efa lúta öllum lögmálum Evrópubandalagsins og einkum þeim sem áður hafa verið kunn og ég veit um kvíða mjög margra einmitt vegna þessa frjálsa flæðis vinnuafls. En ég held að hér sé óhjákvæmilegt að fá frekari skýringar á því hversu tímabundinn þessi innflutningur verði, hvaðan eigi að sækja vinnuaflið, í hve stórum stíl og á hvaða sviðum. Eru þessar aðgerðir yfir höfuð í okkar valdi og eru þær æskilegar? Er það svona sem við viljum vinna að málum? Ég kem að lokapunktinum í almennum aðgerðum:

„Hagræðing verði í heföbundnum atvinnugreinum."

Ég segi um þetta eins og um miðlun upplýsinga í punktinum á undan: Er þetta ekki æskilegt markmið? Þarf álver til þess að menn finni þessi einföldu sannindi? Á að hætta hagræðingu þegar þenslutímabili er lokið? Það mætti lesa það, miðað við þær forsendur sem gefnar eru. En ég hlýt að benda á það að ef hagræðing þýðir samdrátt og niðurskurð þá verður að hugsa um framhaldið. Ég er ekki að hártoga hér heldur benda á að hér er eitthvert misræmi sem þarf að fá skýringu á.

Það er ekki lengi gert að líta á hinar sértæku leiðir sem lagðar eru til hér. „Samningar verði gerðir við Bandaríkjastjórn um frestun framkvæmda vegna varnarliðsins á árunum 1992 og 1993." Nú veit ég ekki hvenær þessi hugmynd hefur komið upp en er virkilega verið að gera ráð fyrir því að skrúfað verði frá hernum aftur eða þeim framkvæmdum sem eru á vegum hans? Ég verð að segja að í ljósi þeirra umræðna sem ég hef vitnað til sl. fimmtudag, þá finnst mér skjóta hér ansi skökku við.

Virðulegi forseti, ég kunni ekki við að hrópa á eftir hæstv. iðnrh. en ég á erindi við hann í þessu máli mínu. Það er aðeins einn punktur eftir sem heyrir undir sértækar leiðir. Ég veit ekki hvort ég á þá að snúa mér að öðrum köflum ræðu minnar á meðan hann er fjarri. (**HG:** En umhvrh., hvar er hann?) Ég hef ekki gert kröfu um að hafa hann hér þar sem ég geri ráð fyrir möguleika á að eiga orðastað við fleiri hæstv. ráðherra síðar. En mér þykir ansi snautlegt ef sá eini ráðherra sem ég hef séð hér á svæðinu treystir sér ekki til að hlusta á eins og einn punkt í viðbót auk annars sem ég á eftir að fara út í. Ég mun að sjálfsögðu líta á hvort það eru einhverjir þættir ræðu minnar hér sem ekki krefjast nærveru hæstv. ráðherra. Ég hafði sannast sagna ekki átt von á því að tala hér undir þessum kringumstæðum sem hér eru og ég vonast til að geta þá bætt mér þennan skaða að einhverju leyti. (**Forseti:** Ef hv. þm. gæti hagað ræðu sinni þannig að nú um sinn yrði flutt mál sem ekki tengist hæstv. iðnrh. held ég að það hentaði ágætlega en mun hann koma mjög fljótlega aftur. Eða vill hv. þm. að ég geri ráðstafanir til að hæstv. iðnrh. komi nú þegar?) Mig langar til að fá að vita með tímasetningu. Ég er hér með kafla sem krefst kannski ekki sérstaklega nærveru hæstv. ráðherra, en hann er ekki langur, þannig að ég geri þá ráð fyrir að fá að taka þennan eina punkt sem eftir er og þær spurningar sem honum tengjast eftir að hæstv. ráðherra er kominn aftur.

Ég held þá máli mínu áfram um sinn. Hér á landi er nú staddur, eða var alla vega í gær þegar ég hugðist flytja ræðu mína, maður sem er þekktur sem einn af frumkvöðlum hreyfingar sem kennir sig við hugmyndina „Smátt er fagurt" og ég sá raunar í fjölmiðlum að hann er talinn upphafsmaður þeirrar hugmyndar. En þar sem ég sé að hæstv. iðnrh. er nú kominn inn ætla ég að geyma mér örlítið að fjalla um það mál en víkja að hinum seinasta punkti sértækra leiða sem þarna krefjast svara. Þar stendur: „Tímabundinn skattur verði lagður á aðrar fjárfestingar til að takmarka þær."

Mér finnst full ástæða til þess að fá að vita hvaða aðrar fjárfestingar hér er verið að ræða um, hvort markmiðið er einungis að takmarka fjárfestingar svo álver muni geta risið eða hvort hér er um einhverja heildstæða efnahagsstefnu að ræða af einhverju tagi og þá hver hún er. Þessi punktur er ekki með miklum skýringum. En svo ég gæti alls réttlætis vil ég gjarnan ljúka því litla sem í viðbót stendur í þessum kafla svo það komi einnig fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Í bréfi nefndarinnar segir meðal annars:

„Nefndin telur brýnt að afgangur verði í rekstri ríkissjóðs jafnframt sem miðlun upplýsinga um skammæjar breytingar í efnahagslífinu verði markviss. Að öðru leyti tekur nefndin hvorki afstöðu til þess til hverra af

þessum aðgerðum heppilegast sé að grípa, né í hvaða mæli.“ — Hér er allt opið.

„Að lokum vill nefndin undirstrika að greinargerðin fjallar eingöngu um það hvernig unnt sé að bregðast við ákveðinni þensluhættu sem óhjákvæmilega fylgir stórframkvæmdum sem þessum. Að mati nefndarinnar er hagurinn af framkvæmdunum þeirrar áhættu virði. Stjórnvöld geta með styrkri hagstjórn haldið þenslu innan þeirra marka sem þau kjósa.““

Mér finnst vanta rökstuðning fyrir því mati nefndarinnar að hagur af framkvæmdum sé þeirrar áhættu virði sem getur skapast af þenslu. Og hvað varðar styrka hagstjórn stjórnvalda og það, sem fyrr kemur hér fram, um að afgangur eigi að vera í rekstri ríkissjóðs þá hlýt ég í ljósi sögunnar og í ljósi nútíðarinnar að setja mjög mörg spurningarmerki við hversu raunsætt mat sé hér um að ræða. En svo ég halli nú ekki á nokkurn og leyfi öllum sjónarmiðum að koma fram þá mun ég taka síðustu málsgrein þessa kafla með, 12. kafla í skýrslu hæstv. iðnrh.:

„Ástæða er til að benda á að aðstæður nú eru óvenju hagstæðar til framkvæmda af þessu tagi. Samdráttur er í hefðbundnum atvinnugreinum og mikil lægð hjá verktökum bæði hér á landi og erlendis. Hætta á þenslu er því minni við núverandi aðstæður jafnframt því sem gera má ráð fyrir hagstæðum tilboðum í allar framkvæmdir.“

Þótt þessi greinargerð sé ekki mjög gömul, eða a.m.k. ekki mjög langt síðan hún var send frá nefndinni sem hana samdi, þ.e. 9. nóv. 1990, held ég að flestir geri sér ljóst að mikil umskipti og mikil uppstokkun af mjög margslungnu tagi hefur orðið síðan þetta var. Hafi verið erfitt, sem ég tel að hafi verið, að spá nokkru í nóvember á síðasta ári eða fyrr, þá held ég að það sé enn óljósara nú hvað fram undan er og hvað hefur raskast í alþjóðlegum stjórnmálum, í alþjóðlegri hagstjórn, og þá er ég ekki bara að tala um bein og óbein áhrif Persaflóastríðsins heldur sitthvað fleira.

Ég vil taka það skýrt fram að það er af góðum hug einum að ég tek atvinnumál fyrir með þessum hætti. „Eigi veldur sá er varir“, er sagt og það eru alltaf til önnur og betri úrræði því það er ábyrgðarleysi að gagnrýna öðruvísi en að benda á aðrar leiðir. Ég þykist hafa gert það *í allítarlegu máli hér*, ekki bara *í nótt* heldur æði oft áður. Mér þykir raunar hreint undarlegt að þurfa svo að hlusta á þann söng að við kvennalistakonur bendum ekki á úrræði.

En mig langar til þess, e.t.v. vegna þess að það virðist vera auðveldara að fá menn til að hlusta ef einhverjir útlendingar hafa sagt það sama og maður gerir sjálfur, að halda áfram þar sem frá var horfið í sambandi við þann mann sem var staddur hér á landi og var raunar í gærkvöldi með býsna fróðlegan fund, mann sem heitir John Pathworth. Hann er titlaður enskur stjórnmálahugsuður, umhverfismálafrömuður, heimspekingur og prestur í biskupakirkjunni og hann er jafnframt einn af frumkvöðlum hreyfingarinnar sem kennir sig við hugmyndina „smátt er fagurt“.

Allt bendir til þess að hugmyndir í þeim anda sem sú hreyfing boðar eigi framtíðina fyrir sér miklu frekar heldur en gömul stóriðju- og þungaiðnaðarhugmynd því þetta tel ég vera af sama meiði. Því held ég að hagvöxtur framtíðarinnar muni taka mið af allt öðrum leiðum í efnahagsmálum, í atvinnumálum þar sem meira tillit er tekið til náttúrunnar, umhverfis og þess hve hagvöxtur, sá sem nú er talinn hagvöxtur, hagvöxtur sóunarinnar kostar. Ég er sannfærð um að hagvaxtarútreikningar framtíðarinnar muni ekki verða eins ágengir við náttúruauðlindirnar og atvinnuna, því atvinna er jú samspil ýmissa þátta, og núverandi hagvaxtartrú.

Ég veit að atvinnustefna sem byggir á fjölbreytni og sveigjanleika er sú atvinnustefna sem við eigum að stefna að. Ég verð að viðurkenna það að ég hefði gjarnan viljað eyða gærkvöldinu í að hlusta á líflegar umræður um þessi mál frekar en að þurfa að standa í þeirri umræðu sem hér var, en ég tel nauðsynlegt að hlusta á og fylgjast með öllu því sem sagt er um atvinnumál eftir því sem ég hef nokkur tök á. Það vill svo til að það er ekki verið að ræða þessar frjóu og fersku hugmyndir hér á Alþingi heldur hvort það eigi að halda áfram að reyna að fá álver til Íslands, enn eitt álverið og kannski fleiri því ég veit að ýmsir eiga sér drauma um slíkt. Því miður voru það aðrir en við sem hér sátum í gær sem nutu þess að fara út í þessar frjóu og fersku umræður sem ég vona að hafi orðið. Sem betur fer trúi ég að meðal þeirra hafi verið einhver flokkssystkin hæstv. iðnrh. úr Birtingu og ég vona að áhrif þeirra muni vera einhver á hann.

Ég mun að þessu sinni ekki hafa hér lengra mál en ég geri ráð fyrir því að þau svör sem ég kallaði eftir muni koma. Það má vera að ég hafi, vegna þess að ég reyndi að stytta mál mitt, ekki spurt eins ítarlega og nákvæmlega og ég hefði kosið að gera. Ég mun að sjálfsögðu bæta úr því síðar í þessari umræðu sé það ljóður á mínu ráði.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það var svo um talað í sambandi við þá umræðu sem hér fer fram og á eftir að standa lengi enn að reiknað væri með því að ráðherrar úr ríkisstjórninni væru viðstaddir hana aðrir en hæstv. iðnrh. Ég sé ekki aðra ráðherra hér viðstadda en ég átti *von á því að staðið yrði við það að ráðherrar úr ríkis*stjórninni sæju sóma sinn í að vera við umræðu um þetta mikilvæga mál sem snertir þeirra ráðuneyti öll í rauninni. Einn er sá ráðherra sem voru uppi ákveðnir svardagar um að yrði hér viðræðuna alla og hefur verið beint til fjölda spurninga og sést hér ekki, það er hæstv. umhvrh. Ég hef nefnt það við virðulegan forseta hvað valdi því að hæstv. ráðherra er ekki hér í þinghúsinu, er ekki viðstaddur. Ég vil inna virðulegan forseta eftir því hvort ekki er hægt að fá hæstv. umhvrh. hingað til fundar hið fyrsta, því að ég held að það mundi greiða fyrir gangi mála ef hann væri hér til að veita svör við þeim fjölmörgu spurningum sem upp hafa verið bornar m.a. af minni hálfu við hann, ef virðulegur forseti gæti brugðist við því eða hefði frétt ir að segja af hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Forseti hefur

gert ráðstafanir til þess að reyna að ná tali af hæstv. umhvrh. en þannig háttar til á hans heimili að það er símsvari sem svarar þegar hringt er. En ef hv. þm. gerir kröfu um að hæstv. umhvrh. sé hér er hægt að gera ráðstafanir til að sækja hann á bíl.) Virðulegur forseti, það er út af fyrir sig ekki mitt að ákvarða um það hverjum hentar að vera við þessa umræðu sem slíkir en hitt er jafnljóst að það er ekki hægt að halda þessari umræðu áfram ef þeir ráðherrar sem hafa fallist á að vera viðstaddir þessa umræðu alla eru fjarri. Ég sé ekki hæstv. forsrh. hér heldur. Ég er út af fyrir sig ekki með kröfu um það nú að hann verði kallaður til en það kann að verða síðar á fundinum, en það er a.m.k. lágmark að sá ráðherra sem hefur verið þátttakandi í þessu og er beinn aðili að því máli sem hér er rætt sé viðstaddur allan fundinn og skorist ekki undan því ef svo er að hann ekki kemur hingað fljótlega til þings er auðvitað útilokað að halda þessari umræðu hér áfram. Gjörsamlega útilokað. Ég vil endurtaka það, virðulegur forseti, af því að aðalforseti er kominn hér, að ég var að bera fram ósk um það að hæstv. umhvrh. væri hér viðstaddur þingfundinn eins og rætt hafði verið og raunar að fleiri ráðherrar yrðu hér viðstaddir en ég sakna sérstaklega hæstv. umhvrh. vegna þess að ég hafði beint til hans fjölmörgum spurningum í mínu máli sem ég skildi svo að ráðherrann væri fús til að svara. Ég ítreka þá ósk mína að hæstv. ráðherra verði kvaddur til þingfundar hið fyrsta ellegar verði þessum fundi frestað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. skal eftirfarandi tekið fram: Eins og að líkum lætur eru auðvitað allir ráðherrar aðrir en hæstv. iðnrh. farnir af þessum fundi. Þessum umræðum er nú frestað.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

72. fundur, fimmtudaginn 14. mars, kl. 8.30 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 30 mínútur til umráða sem skiptast í tvær umferðir, 15–20 mínútur í fyrri og 10–15 í þeirri seinni. Röð flokkanna verður í báðum umferðum Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., Kvennalisti, Alþb. og Borgfl. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., talar síðastur í fyrri umferð og hefur 15 mínútur til umráða. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Sjálfstfl. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv., og Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., í fyrri umferð og Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., í hinni síðari. Af hálfu Framsfl. tala Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., og Halldór Ásgrímsson sjútvrh. í fyrri umferð, en Steingrímur Hermannsson forsrh. í þeirri seinni. Ræðumenn Alþfl. verða í fyrri umferð Jón Sigurðsson viðskrh. og Jóhanna Sigurðardóttir félmrh., en Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. í þeirri síðari. Fyrir Kvennalista tala Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv., og Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., í fyrri umferð og Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn., í hinni síðari. Af hálfu Alþb. tala Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., og Svavar Gestsson menntmrh. í fyrri umferð, en Steingrímur J. Sigfússon landbrh. og Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. í hinni síðari. Ræðumenn Borgfl. verða í fyrri umferð Júlíus Sólnes umhvrh., Óli Þ. Guðbjartsson dómsmrh. og Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv., en í þeirri seinni Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 11. þm. Reykv., og Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson og talar af hálfu Sjálfstfl.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Góðir hlustendur. Um síðustu helgi fylgdist þjóðin með landsfundi Sjálfstfl. Landsfundurinn er langfjölmennasti stefnumótunarfundur sem stjórnmálaflokkur hefur haldið hér á landi. Helsta málgagn ríkisstjórnarinnar gekk meira að segja svo langt að kalla fundinn þjóðfund, svo mikið þótti blaðinu til hans koma.

Og vissulega er það rétt að á þessum fjölmenna fundi mátti finna það mikla afl sem býr í Sjálfstfl. þegar fulltrúar dreifbýlis og þéttbýlis og allra atvinnugreina til lands og sjávar taka höndum saman undir merkjum sjálfstæðisstefnunnar. Á landsfundinum sýndi Sjálfstfl. hvernig hann velur menn og mótar stefnu á lýðræðislegan hátt.

Slíkt er ekki alltaf auðvelt, en þegar niðurstaðan liggur fyrir standa menn saman um hana. Það er einmitt þessi samstaða, þessi mikli einhugur, sem gerir Sjálfstfl. sterkan og sigurstranglegan í komandi kosningum.

Í stjórnmálaályktun landsfundarins er lögð sérstök áhersla á að fjármál ríkisins verði tekin nýjum tökum. Horfið verði frá skattahækkunarstefnu núverandi ríkisstjórnar og þenslan stöðvuð. Í framhaldi af því verði skattar lækkaðir. Leitað verði leiða til einkavæðingar í ríkisrekstri, m.a. með útboðum og sölu ríkisfyrirtækja. Sjálfstfl. leggur enn sem fyrr áherslu á að öflugt atvinnulíf er grundvöllur þeirrar verðmætasköpunar sem öll önnur þjóðfélagsstarfsemi hvílir á. Þess vegna þurfa atvinnufyrirtækin að geta af eigin rammleik byggt sig upp og staðist erlenda samkeppni. Sjálfstfl. hefur haft forustu um það að frumkvæði og framtak einstaklinga njóti sín í atvinnulífinu, m.a. með lagabreytingum sem ýtt hafa undir þátttöku almennings í atvinnustarfseminni, og hvatt fólk til að fjárfesta

í hlutabréfum. Sjálfstfl. telur að byggðaþróun þurfi að vera sem jöfnust og vill efla vaxtarsvæði á landsbyggðinni. Með vaxtarsvæðum er átt við þéttbýlissvæði og sveitir sem tengjast með daglegum öruggum samgöngum og mynda samfellt atvinnu- og þjónustusvæði. Til þess að svo geti orðið þarf að efla sveitarfélögin og gera þau fjárhagslega sjálfstæðari en nú er.

Að undanförnu hafa Íslendingar tekið þátt í viðræðum við Evrópubandalagið með öðrum EFTA-þjóðum um svokallað evrópskt efnahagssvæði. Enn er ekki ljóst, hvenær samningaviðræðum lýkur, en Evrópubandalagsþjóðirnar sætta sig illa við þá fyrirvara sem EFTA gerir í viðræðunum. Vegna vaxandi stuðnings við EB-aðild í EFTA-ríkjunum getur farið svo að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið verði ekki annað en aðlögunarsamningur EFTA-ríkjanna að Evrópubandalaginu. Ríkisstjórnin virðist enga ákveðna stefnu hafa í þessum málum. Jón Baldvin segist taka þátt í viðræðunum á vegum ríkisstjórnarinnar en Steingrímur og Ólafur Ragnar keppast við að gera lítið úr umboði utanrrh.

Sjálfstæðismenn telja að Íslendingar eigi samleið með öðrum EFTA-ríkjum um þátttöku í evrópsku efnahagssvæði að því tilskildu að samningar takist um hindrunarlaus viðskipti með sjávarafurðir. Ef viðhlítandi samningar um Evrópska efnahagssvæðið takast ekki leggja sjálfstæðismenn áherslu á að Íslendingar leitist við að ná fram þessum markmiðum eftir öðrum leiðum. Íslendingar eiga ekki fremur en aðrar Evrópuþjóðir að útiloka fyrir fram að til aðildar geti komið að Evrópubandalaginu. Viðfangsefnið er að tryggja þjóðinni menningarlega og efnahagslega farsæld í framtíðinni og sjá til þess að sjálfstæði og sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar skuli ávallt vera tryggður ásamt fullri stjórn á auðlindum landsins.

Sjálfstfl. hefur sífellt verið að styrkja stöðu sína á undanförnum árum. Sú málefnalega samstaða sem varð á landsfundi flokksins hefur enn eflt flokkinn. Styrkurinn felst í málstaðnum, í þeirri frjálsræðisstefnu sem samtíminn hefur fallist á að skili bestum árangri. Sjálfstfl. getur því stoltur litið til sögu sinnar og stefnu en þarf ekki að skipta litum eins og einn stjórnarflokkanna, sá sem oftast hefur breitt yfir nafn og númer, þegar hann um daginn bætti grænu ofan í rautt til að fela fortíð sína.

Sú ríkisstjórn sem nú er að ljúka göngu sinni hefur í starfi sínu undanfarin ár notið þess að aðilar vinnumarkaðarins náðu samkomulagi um hógværa kjarasamninga, sem slógu á verðbólguna, svonefnda þjóðarsátt. Síðan hefur verð sjávarafurða hækkað verulega og viðskiptakjör batnað.

Hvernig hefur ríkisstjórnin notfært sér það einstaka tækifæri sem gefist hefur til að ná tökum á viðfangsefnum sínum? Hefur hagvöxtur aukist?

Nei. Hagvöxtur hefur verið mun minni en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Ef fram heldur sem horfir verður Ísland eitt fátækasta land Evrópu um næstu aldamót.

Hafa skattar lækkað í takt við rýrnun kaupmáttar?

Nei. Skattarnir hafa hækkað um 16 milljarða á árunum 1988–1991, eða um 240.000 krónur á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Hefur ríkissjóður verið rekinn hallalaus á sama tíma og almenningi er sagt að draga úr útgjöldum heimilanna?

Nei. Samanlagður halli þrátt fyrir skattahækkanir eru 30 milljarðar á árunum 1988–1991. Þessi upphæð er jafnvirði 6000 íbúða ef hver kostar 5 millj. kr. Þessum vanda er ýtt á framtíðina. Það bitnar á næstu ríkisstjórn að bæta fyrir eyðslu Ólafs Ragnars.

Þannig hefur alvarlegasta atlagan að þjóðarsáttinni verið gerð af ríkisstjórninni sjálfri og stofnar í hættu þeim markmiðum sem aðilar vinnumarkaðarins settu sér á sínum tíma. Þegar afrek ríkisstjórnarinnar eru tíunduð kemur m.a. í ljós að atvinnuleysi hefur þrefaldast frá 1988, gjaldþrot hafa aldrei verið fleiri, ríkissjóður er notaður til greiðasemi fyrir vini ráðherrans og húsnæðiskerfið er í rúst. Ríkisstjórnin ber einnig ábyrgð á því að vextir skuli ekki lækka, eins og hún lofaði, enda tekur ríkið að láni tvær krónur af hverjum þremur sem til falla með nýjum sparnaði á þessu ári til þess að standa straum af hallarekstri ríkisins. Þetta eru afrek stjórnar sem kallar sig félagshyggjustjórn.

Það sem er þó alvarlegast í fari ríkisstjórnarinnar er hvernig einstakir ráðherrar víkja sér undan ábyrgð og reyna að koma sök á aðra — einkum þær stofnanir, sem Alþingi hefur sett á laggirnar til að gefa ráð og veita aðhald. Tökum dæmi.

Ríkisstjórnin bað Seðlabankann um álit á vöxtum á lánsfjármarkaðinum. Bankinn leyfði sér að benda á þá augljósu staðreynd að lánsfjárþörf ríkisins sé meginástæðan fyrir háum vöxtum. Forsrh. kallaði svarið hneyksli af því að honum líkaði það ekki og fjmrh. sneri út úr eins og honum einum er lagið.

Hér er annað dæmi. Ríkisendurskoðun hafði annað álit á sölu Þormóðs ramma hf. á Siglufirði en fjmrh. Ólafur Ragnar bannfærði Ríkisendurskoðun strax að sjálfsögðu. Páll Pétursson var einn þeirra sem báðu Ríkisendurskoðun um skýrsluna. Fjmrh. upplýsti þjóðina af því tilefni að framsóknarmenn hefðu blekkt sig til að gefa eftir skattskuldir vegna málgagns Framsfl. Til að verja misgjörðir sínar ræðst ráðherrann fyrst á Ríkisendurskoðun. Þegar það dugar ekki til er gefið í skyn að verði samstarfsmennirnir í ríkisstjórninni ekki þægir skuli hann upplýsa um gamlan greiða sem varla þoli dagsins ljós.

En það er ekki nóg að fjmrh. umgangist stofnanir ríkisins með þessum sérkennilega hætti — heldur reynir hann með talnakúnstum og tilfæringum að gefa í skyn að staða ríkissjóðs sé betri en hún raunverulega er. Sem dæmi um slíkt færði ráðherrann í janúar sl. 1200 milljónir króna á Byggingarsjóð ríkisins af viðskiptareikningi ríkisins þótt útgjöldin hefðu í raun átt sér stað árinu áður, á árinu 1990. Þannig sýndi ríkissjóður betri stöðu um áramót, eða 300 milljóna króna inneign hjá Seðlabankanum. Í dag fékk ég þær upplýsingar að yfirdráttur ríkissjóðs hjá Seðlabankanum hafi verið hvorki meira né minna en 8,8 milljarðar í byrjun þessarar viku. Sú tala gefur vísbendingar um að

hallinn á ríkissjóði í ár verði enn meiri en nú blasir við og fjmrh. vill vera láta.

Eftir rúman mánuð fara fram alþingiskosningar. Í þeim kosningum kýs þjóðin sér nýja forustumenn. Að þessu sinni eru kostirnir óvenjulega skýrir. Valið stendur um áframhaldandi vinstri stjórn eða ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. Valið stendur um áframhaldandi opinber afskipti og kreppustefnu vinstri stjórnar gagnvart atvinnulífinu, þar sem geðþóttaákvarðanir ráða hverjir lifa og hverjir deyja, eða frjálsræðisstefnu, þar sem fyrirtæki og einstaklingar keppa á frjálsum markaði og bera ábyrgð á rekstrinum. Valið stendur um það hvort við látum vinstri stjórn hækka skattana enn meir á næsta kjörtímabili og ráðskast með fjármuni okkar eða hvort við viljum sjálf ákveða til hvers við notum eigið aflafé.

Valið stendur um það hvort við viljum áfram glundroðastjórn margra flokka, þar sem hrossakaup eru alls ráðandi, eða hvort við viljum tveggja flokka stjórn undir forustu Sjálfstfl., stjórn sem tryggir stöðugleika.

Góðir áheyrendur. Þessar umræður fara fram í kvöld vegna þess að stjórnin ætlar að rjúfa þing á morgun. Nú er reyndar ljóst að af því verður varla vegna ágreinings milli stjórnarflokkanna og innan þeirra. Á kvöld- og næturfundum undanfarið hafa stjórnarsinnar hnakkrifist innbyrðis. Hér í sölum Alþingis hefur farið fram sýnikennsla í sundurlyndi, þar sem þingmenn stjórnarflokkanna reyna að drepa mál sinnar eigin ríkisstjórnar með öllum tiltækum ráðum. Ég spyr ykkur, áheyrendur góðir: Viljið þið slíka stjórnarhætti á næsta kjörtímabili eða viljið þið sterka og samhenta ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl.?

Við sjálfstæðismenn treystum þjóðinni til að svara þeirri spurningu í komandi kosningum.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þegar sjónvarpað var útvarpsumræðum héðan úr sölum Alþingis á vordögum fyrir þremur árum, eins og gert er í kvöld, sagði Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. félmrh., að alþýðuflokksmenn töluðu gjarnan um að í landinu byggju tvær þjóðir. Hún nefndi tvö dæmi máli sínu til sönnunar. Efnaða manninn sem átti allt sem hugurinn girnist, en vissi ekki og trúði því ekki að nokkur maður hefði svo lág laun að ekki væri hægt að lifa af þeim.

Hún sagði okkur einnig frá unga manninum sem hafði komið til hennar í viðtal og sýnt henni launaseðilinn sinn sem sýndi mánaðartekjur um 34 þús. kr. Hann var fjölskyldumaður. Hann átti ekkert húsnæði. Hann var á götunni en húsaleiga á almennum markaði á þeim tíma var þá 35 þúsund krónur.

Það var dapurlegt að hlusta á þetta og ég var sammála félmrh. um að slíkan blett á velferðarþjóðfélagi okkar yrði að uppræta.

Þegar þessi umræða fór fram var Sjálfstfl. í samsteypustjórn með Framsfl. og Alþfl. undir forsæti Þorsteins Pálssonar. Stjórnin hafði setið í eitt ár.

Síðla þetta sumar rufu Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., núv. hæstv. forsrh., og Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþfl., núv. hæstv. utanrrh., stjórnarsamstarfið við Sjálfstfl.

Síðan hefur hæstv. forsrh. komið á fót tveimur vinstri stjórnum með Alþb., Alþfl. og síðast hluta af Borgfl.

Það verður ekki hjá því komist að skoða feril stjórnarinnar þessi þrjú ár nú við lok kjörtímabilsins. Ekki síst þegar það er haft í huga að hún hefur mikinn áhuga á því að fá endurnýjað umboð eftir næstu kosningar.

Ekki er nú allt vont sem gerst hefur á ferli stjórnarinnar. Það má t.d. nefna þjóðarsáttina, þegar forustumenn launþega og vinnuveitenda höfðu frumkvæði um að fá ríkisstjórnina til að söðla um í efnahagsstefnu sinni og gera þjóðarsátt við aðila vinnumarkaðarins sem leitt hefur til þess að kaupmáttarrýrnun varð minni en til stóð og verðbólgan komst á viðráðanlegt stig.

En hvað stendur þá eftir? Hvernig er staða heimilanna nú? Hefur fátæktin verið upprætt? Er minna atvinnuleysi og meira atvinnuöryggi?

Ég ætla að gera það sama og hæstv. félmrh. gerði fyrir þremur árum og koma með dæmi.

Í desember sl. gerðist það, sem ekki hefur gerst árum saman, að til mæðrastyrksnefndar leitaði nú ungt fólk — ungar fyrirvinnur — sem aldrei áður höfðu þurft að leita á náðir opinberra aðila, ungt vinnandi fólk, eins og ungi maðurinn fyrir þremur árum. Og hver voru vandamál þessara fjölskyldna? Vantaði kannski peninga til að kaupa eitthvað fallegt til jólanna, nýja flík, svo að börnin færu ekki í jólaköttinn? Nei, það var ekki erindið. Erindið var að ekki voru til peningar til að kaupa mat til jólanna.

Staðan í okkar velferðarþjóðfélagi nú þegar vinstri stjórnin er að skila af sér er sú að það hefur gleymst að uppfylla fyrsta markmiðið í aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem var að bæta lífskjör hinna tekjulægstu. Það er enn stór hópur fólks sem hefur svo lágar tekjur að endar ná ekki saman.

Á fyrstu tveim mánuðum þessa árs hafa 420 einstaklingar orðið gjaldþrota. Fjölmörg fyrirtæki hafa farið sömu leið. Önnur draga saman seglin og hagræða með því að segja upp starfsfólki. Það lendir oftast á fólki á miðjum aldri, á besta aldri, sem af trúmennsku hefur þjónað sama fyrirtæki í áratugi. Konur og karlar á besta aldri eru sett út í kuldann þegar þau eiga jafnvel ekki nema örfá ár eftir til að ljúka starfsaldri sínum með reisn. Ég þekki dæmi um atvinnuleysi af þessu tagi sem staðið hefur í hálft annað ár.

Ástandið hefur ekki batnað þó að vinstri stjórn, sem kennir sig við félagshyggju og jafnrétti, hafi ráðið ferðinni undanfarin þrjú ár. Við verðum enn að horfast í augu við það að það búa tvær þjóðir í þessu landi hvað lífskjörin varðar.

Það verður æ fleirum ljóst að sú grundvallarstefna sem Sjálfstfl. markaði sér í upphafi fyrir sex áratugum er enn í fullu gildi. Stefna, sem byggir á sjónarmiðum mannúðar, frelsi einstaklingsins, lýðræðislegum stjórnarháttum, virðingu fyrir umhverfinu og gæðum jarðar og kristilegum siðgæðisviðhorfum, er reist á bjargi og hefur staðist tímans tönn með því að aðlag-

ast þeim breytingum sem orðið hafa í þjóðlífinu á undanförnum áratugum.

Við sjálfstæðismenn þurfum ekki að setjast niður og hugsa upp á nýtt eftir hrun Berlínarmúrsins og kommúnismans vítt um heim. Við þurfum ekki að leita í smiðju annarra flokka til að smíða nýja stefnuskrá, en þannig er nú komið vinstri flokkunum á Íslandi í dag. Þeir eiga ekki lengur grundvallarstefnu. Hún hefur beðið skipbrot, er dauð og ómerk.

Flóttinn úr Alþb. talar sínu máli. Flokkurinn er orðinn erindislaus í íslenskum stjórnmálum.

Framsfl. hefur nú setið í ríkisstjórn í tvo áratugi og þykir mörgum kominn tími til að gefa honum frí frá störfum. Undir forustu Steingríms Hermannssonar hefur siðgæði í íslenskum stjórnmálum minnkað. Forsrh. er kunnur að því að skjóta sér undan ábyrgð þegar honum þykir það henta og kenna gjarnan samstarfsráðherrum um þegar miður gengur. Framkoma einstakra ráðherra einkennist af valdhroka og lítilsvirðingu í garð þeirra sem leyfa sér að koma með ábendingar eða gagnrýni á störf þeirra eða stjórnarathafnir, eins og glögglega kom fram gagnvart embætti Ríkisendurskoðunar á dögunum.

Skollaleikur og blekkingarvefur forsrh. og iðnrh. um staðsetningu álvers er mönnum í fersku minni og nú á síðustu þingdögum reynir Alþb. að stöðva framgang málsins hér í þinginu.

Þegar litið er yfir farinn veg ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar verða einkunnarorðin ekki fögur: Ríkisstjórn skattpíningar, forsjárhyggju og valdhroka. Stjórnin er innbyrðis sundurþykk sem endurspeglast í orðum og gjörðum einstakra ráðherra. Nú er varla flutt stjfrv. þessa síðustu þingdaga að ekki séu gefnar yfirlýsingar um fyrirvara á stuðningi einstakra flokka innan stjórnarheimilisins. Nú þeysa alþýðubandalagsráðherrarnir ekki lengur um landið á rauðu ljósi með alþýðuflokksráðherrunum. Ljósin eru slokknuð eins og stefnan. Nú fer Alþfl. um í myrkrinu og boðar Ísland í A-flokk.

Undir forustu vinstri stjórnar Steingríms Hermannssonar hefur íslenskur þjóðarbúskapur staðnað, hagvöxtur er minni en annars staðar og horfur á minnkun kaupmáttar. Efnahagssérfræðingar halda því fram að við séum að falla úr hópi A-þjóða, sem við höfum tilheyrt í lífskjörum, niður í hóp C-þjóða um næstu aldamót.

Þetta eru afrek A-flokkanna í íslenskum stjórnmálum, Alþb. og Alþfl. undir forustu Framsfl. Er ekki tímabært að gefa þreyttum forsrh. og Framsfl. frí frá stjórnarstörfum?

Fjölflokkastjórnir eru þrautreyndar í íslenskum stjórnmálum. Við höfum ekki efni á slíkum tilraunum. Þess vegna liggja straumarnir í farveg til Sjálfstfl. Hann er eina raunhæfa kjölfestan sem getur leitt íslenskt þjóðfélag á ný í hóp A-þjóða. Úr fari stöðnunar inn á framfarabraut frelsis og mannúðar.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Kjörtímabilinu er að ljúka og ástæða til að líta yfir farinn veg. Við framsóknarmenn getum litið með ánægju og stolti yfir síðari hluta þessa kjörtímabils. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur náð betri árangri við landsstjórnina heldur en nokkur önnur ríkisstjórn á undanförnum áratugum.

Þegar Steingrímur myndaði stjórn haustið 1988 var æðandi verðbólga og útflutningsatvinnuvegirnir að stöðvast. Við höfðum áræði og framsýni til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma atvinnulífinu á réttan kjöl og sköpuðum skilyrði fyrir aðila vinnumarkaðarins til að gera hófsamlega kjarasamninga. Forsenda þessara kjarasamninga var sá grundvöllur sem stjórnarflokkarnir voru búnir að leggja og sá atbeini sem stjórnvöld og bændur veittu til þess að þeir mættu takast.

Þjóðarsáttin hefur sannað ágæti sitt. Þjóðfélagið hefur tekið algerum stakkaskiptum til hins betra. Verðbólgan hefur verið færð í bönd. Útflutningsatvinnuvegirnir dafna og fjárhagur heimilanna er kominn á traustari grunn. Við höfum varið þjóðarsáttina af alefli. Það hefur kostað deilur við BHMR því miður og það hefur kostað grimmileg átök við stjórnarandstöðu. Tilræði sjálfstæðismanna við þjóðarsáttina hér á Alþingi hafði nær því leitt til þingrofs fyrr í vetur áður en hinir hófsamari sjálfstæðismenn settu ofsafengnum forustumönnum sínum stólinn fyrir dyrnar. Forusta Sjálfstfl. varð að láta í minni pokann. En við skulum ekki gleyma frumhlaupi þeirra. Það sannar að þeim er ekki með nokkru móti treystandi fyrir forustu um stjórn landsins, enda hefur dýrkeypt reynsla sýnt að sjálfstæðismenn mega ekki koma nærri stjórn efnahagsmála, þá fer allt úr böndunum.

Við framsóknarmenn höfum markað skýra stefnu í samskiptum við Evrópubandalagið. Við viljum gott og náið samstarf en innganga Íslands í Evrópubandalagið kemur ekki til greina. Við munum aldrei játast undir sameiginlega fiskveiðistjórn bandalagsins, eins og aðild óhjákvæmilega hefur í för með sér. Við munum aldrei játast undir það að færa landhelgina til baka inn að 12 mílum, eins og aðild ófrávíkjanlega felur í sér. Framtíð þjóðarinnar veltur á því að okkur auðnist að nýta auðlindir lands og sjávar af hófsemi og fyrirhyggju. Takist okkur það þurfum við engu að kvíða.

Við tökum þátt í samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Þegar niðurstaða þeirra samninga liggur fyrir, þá verðum við að meta hvort það þjónar hagsmunum Íslands að við gerumst þátttakendur í Evrópsku efnahagssvæði eða hvort við eigum að láta reyna á tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Við höfum góðan viðskiptasamning við bandalagið. Hann væri hægt að bæta en jafnvel þótt það tækist ekki er heimurinn stærri en Vestur-Evrópa og möguleikar okkar til hagkvæmra viðskipta og velferðar á Íslandi eru miklir þrátt fyrir það.

Stefna Sjálfstfl. í Evrópumálum er óskýr. Sumir þingmenn flokksins æskja fullrar aðildar að bandalaginu svo fljótt sem verða má. Sumir eru svona í hálfa gátt og daðra við hugmyndir um inngöngu, eins og hv. 1. þm. Reykv. hér áðan. Þess vegna eru samþykktir

sjálfstæðismanna klaufalegar og hættulegt að fela þeim forustu okkar í Evrópumálum.

Því miður hefur hljómurinn í ræðum alþýðuflokksmanna um Evrópumálin breyst til hins verra á síðustu vikum. Það er okkur samstarfsmönnum þeirra áhyggjuefni og ber að gjalda varhug við því. Í Evrópumálum er okkur framsóknarmönnum einum treystandi til að ná árangri og jafnframt að gæta framtíðarhagsmuna Íslands. Í ræðum þeirra sem strekkja inn í bandalagið eða daðra við það gætir ótrúlegs kjarkleysis og vanmáttar. Málefnum Íslands verður best stjórnað af Íslendingum hér eftir sem hingað til. Framsfl. vill gæta vandlega sjálfstæðis þjóðarinnar og yfirráða hennar yfir landi sínu og málefnum.

Við framsóknarmenn viljum koma fram af fullri reisn í samskiptum við aðrar þjóðir. Við eigum óhikað að leggja þeim öflum lið sem stuðla að því að gera heiminn friðvænlegri og styðja lýðræði og mannhelgi. Við eigum að sýna heiminum að við séum alvöruríki og rekum marktæka utanríkisstefnu.

Þótt mikið hafi áunnist á síðari hluta þessa kjörtímabils eru enn þá vandamál sem bíða úrlausnar. Landbrh. og forusta Stéttarsambands bænda hafa útbúið samkomulag um stefnumörkun í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu. Sauðfjárframleiðslan á við mikinn vanda að stríða. Neysla hefur dregist mjög hratt saman vegna þess að kjötið er of dýrt. Þetta er afleiðing af mistökum í landbúnaðarstefnu síðustu ára. Sauðfjárframleiðslan hefur orðið að búa við strangar takmarkanir á meðan önnur kjötframleiðsla naut frelsis. Framleiðslustjórnunin hefur því miður orðið til þess að gefa öðru kjöti betri samkeppnisstöðu og aukna markaðshlutdeild á kostnað sauðfjárframleiðslunnar. Sú stefnumörkun sem landbrh. hefur skrifað undir er ekki nægileg. Aðlögunartíminn er of stuttur, sérstaklega vegna þess að skattamálin eru ófrágengin, þannig að ég óttast að einungis verði um flatan 11% niðurskurð að ræða í haust. Þá er byggðaþátturinn skilinn eftir. Þetta verður að lagfæra hið snarasta ef ekki á illa að fara og að því munum við framsóknarmenn vinna.

Í fjölmiðlum undanfarna daga hafa verið fáránlegar fullyrðingar um kostnað af þessum gjörningi. Stefnumörkunin getur orðið nothæfur grundvöllur til að byggja á, en þá þarf ýmislegt fleira til að koma. Annars getur seinni villan orðið verri þeirri fyrri. Þjóðin þarf á blómlegum landbúnaði að halda. Samfélaginu er enginn greiði gerður með því að rústa landbúnaðinn og það fólk sem stundar búskap verður að eiga svipaðan rétt eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Á undanförnum sólarhringum hefur lítil ályktun um að halda áfram að reyna að ná samningum um byggingu álverksmiðju verið til maraþonumræðu hér í þinginu. Þjóðin þarf á aukinni verðmætasköpun að halda. Landbúnaðarframleiðslu er ekki hagkvæmt að auka. Meiri afli verður ekki sóttur í hafið á næstunni. Við höfum virkjað hraðar en tiltækur markaður stendur undir. Því er óhjákvæmilegt að reyna að koma orkunni í verð. Samningar hafa verið í gangi við erlend álfyrirtæki. Þeir samningar eru í biðstöðu vegna kringumstæðna viðsemjenda okkar. Ég vil engu spá um framvindu samninganna en ég vona að okkur takist að ná samningum sem borgar sig að gera og gætu orðið þjóðinni til hagsbóta. Ég vara hins vegar við óraunhæfum væntingum eða auglýsingamennsku í sambandi við álmálið.

Frú forseti. Í kosningunum 20. apríl ræðst það hvort áfram verði haldið á þeirri heillabraut sem okkur hefur auðnast að feta undanfarin missiri undir forustu framsóknarmanna eða stjórnartaumarnir verða fengnir í hendur sjálfstæðismönnum. Það er mikil áhætta að fórna með því traustu efnahagsástandi, þjóðarsátt og jafnvel sjálfræði og auðlindum þjóðarinnar. Það verður kosið um það hvort framsóknarmenn eða sjálfstæðismenn veiti leiðsögn næsta kjörtímabil. Kostirnir eru skýrir og ég vona að þjóðin hafi lært af reynslunni og efli framsóknarmenn til áhrifa.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þegar líður að lokum kjörtímabils þarf hver og einn þjóðfélagsþegn að spyrja sjálfan sig hvort við höfum verið á réttri leið og hvert beri að stefna. Að mati Framsfl. skiptir meginmáli að byggja upp öflugt atvinnulíf um land allt sem geti verið styrk undirstaða velferðar, framfara og byggðar í landinu. Án öflugs atvinnulífs greiðum við ekki góð laun, veitum ekki góða samfélagsþjónustu og án öflugs atvinnulífs treystum við ekki byggðina í landinu.

Í því uppgjöri sem mun fara fram í næsta mánuði verður tekist á um mörg mál sem skipta sköpum fyrir framtíð þjóðarinnar. Jafnvægi í efnahagsmálum, skynsamleg sjávarútvegsstefna, samskipti Íslands við Evrópubandalagið og ríkisfjármál verða meginmál komandi kosninga. Við framsóknarmenn viljum halda áfram á braut þeirrar jafnvægisstefnu sem mótuð hefur verið í efnahagsmálum. Verðbólgan er lægri en nokkru sinni fyrr, atvinnulífið er að styrkjast, skuldir þjóðarinnar að lækka og betra jafnvægi er milli útflutnings og innflutnings en oftast áður. Fullyrða má að starfsemi Atvinnutryggingar- og Hlutafjársjóðs hafi tekist að forða stöðvun margra atvinnufyrirtækja sem í flestum tilfellum eru burðarásar atvinnulífsins í viðkomandi byggðarlagi. Þrátt fyrir ótvíræðan árangur hafa því miður þingmenn Sjálfstfl. hvað eftir annað lýst yfir andstöðu sinni við þær skuldbreytingar- og hagræðingaraðgerðir sem þessir sjóðir hafa gert mögulega. Vinnandi fólk, ekki síst í sjávarplássum, tekur eftir slíkum kveðjum.

Þjóðarsáttin er umgjörðin sem við viljum verja af öllu afli. Stjórnarandstaðan með Sjálfstfl. í broddi fylkingar var ekki tilbúin til þess og afstaða flokksins við afgreiðslu bráðabirgðalaganna um jafnræði á vinnumarkaði mótaðist fremur af skammtímasjónarmiðum en umhyggju fyrir þjóðarheill.

Fiskveiðistefnan er eitt viðkvæmasta og mikilvægasta mál samfélagsins. Eigendur skipa hafa fengið réttinn til að nýta auðlindina til hagsbóta fyrir sig og þjóðina í heild. Þeir eiga ekki þennan rétt heldur er þeim trúað fyrir honum af samfélaginu sem treystir því að í höndum þeirra verði framfarirnar í greininni mestar

þjóðinni til heilla. Þessum nýtingarrétti fylgir tvímælalaust mikil ábyrgð og því er eðlilegt að almenningur geri kröfu til þeirra sem með hann fara. Í dag veit hver og einn hvað hann má veiða og getur því gert traustari áætlun um skipulag veiða og vinnslu. Mikill árangur hefur þegar náðst á þessu sviði. Fjárfesting í fiskiskipum hefur stöðvast og flotinn fer minnkandi. Viðleitni til að fá hærra verð fyrir aflann hefur vaxið og útgerðarkostnaður hefur lækkað. Betra verð fæst nú fyrir fiskinn innan lands og útflutningur á óunnum þorski hefur dregist saman um helming fyrstu tvo mánuði þessa árs. Útflutningsverðmæti sjávarafurða er meira en nokkru sinni fyrr og miklar framfarir eru í gæðamálum. Starfsskilyrði sjávarútvegsins hafa sjaldan eða aldrei verið eins stöðug og vel skilgreind vegna festu í almennum efnahagsmálum og nýrra ótímabundinna laga um stjórn fiskveiða. Bætt starfsskilyrði í sjávarútvegi hafa ekki aðeins treyst atvinnu heldur hefur rekstrarafkoma fyrirtækjanna einnig stórbatnað á sl. tveimur árum. Þannig batnaði meðalafkoma fyrirtækja í veiðum og vinnslu um 10% milli áranna 1988 og 1990 eða úr 4% tapi í 6% hagnað. Ekkert er mikilvægara til að efla byggðina um allt land.

Fiskveiðistefnan hefur í raun lagt grunn að nýrri hugsun í sjávarútvegi. Þar ríkir nú bjartsýni og eftirvænting eftir að takast á við ný verkefni. Betri nýting aflans, veiðar á vannýttum tegundum, sókn á nýja markaði og betri og markvissari stjórn fyrirtækjanna eru ávöxtur hinna nýju laga um stjórn fiskveiða. Ekki verður þó hjá því komist þegar skipta þarf réttindum milli margra aðila í landinu að einhverjir árekstrar verði. Alltaf munu koma fram ýmsir ágallar sem þarf að lagfæra. Ég fullyrði að engin önnur stefna er í augsýn sem getur notið meirihlutafylgis í landinu. Þeir sem eru andvígir núverandi stefnu vilja ýmist frjálsar veiðar úr heildarmagni fiskvinnslu eða byggðakvóta og síðast en ekki síst sölu veiðileyfa. Staðreyndin er sú að fiskveiðistefnan hefur verið mótuð í meira samráði við þjóðina en nokkurt annað mál. Hún er málamiðlun milli ólíkra hagsmuna sem verður að varðveita.

Sjálfstfl. hefur gefið það í skyn með Morgunblaðið í broddi fylkingar að móta verði einhverja nýja stefnu. Á landsfundi flokksins kom það eitt fram að flokkurinn mundi krefjast þess að fá sjútvrn. í sinn hlut fengi hann til þess fylgi í komandi kosningum. Það er afar merkilegt að flokkurinn skuli gefa út í ályktunum sínum slíkt stefnumál um þetta eina ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands. Heldur Sjálfstfl. að íslenskir kjósendur láti sér það nægja að fá engin svör um það hvað hann vill gera í þessum mikilvæga málaflokki eða er svarsins e.t.v. að leita í endalausum ritstjórnar- og leiðaraskrifum Morgunblaðsins þar sem finna má stöðug niðurrifsskrif um stefnuna í íslenskum sjávarútvegi? Það eina sem hægt er að lesa út úr þeim skrifum er að fiskveiðiréttindin eigi að selja á uppboði, líklega ásamt Rás 2 og einhverju fleira. Íslenskt þjóðfélag með dreifða byggð og margslungna hagsmuni verður ekki rekið á uppboðsmarkaði íhaldsins.

Samningaviðræður EFTA og Evrópubandalagsins hafa tekið lengri tíma en vonir stóðu til í upphafi. Það ætti ekki að koma á óvart því að hér er bæði um flókna og mikilvæga samninga að ræða. Á því leikur enginn vafi að samningsstaða Íslands er mun sterkari í samfélagi EFTA-ríkjanna en í formlegum tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins reynist okkur enn á ný erfið og það er grundvallaratriði að sérstaða Íslands sé viðurkennd. Forustumenn flestra Evrópubandalagsríkjanna hafa sýnt málstað Íslendinga skilning og ég trúi því að sá skilningur muni skila sér í lokahrinu þessara samninga.

Framsfl. er andvígur aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Ástæðurnar eru margar en mikilvægasta orsökin er að sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins viðurkennir ekki forræði þjóða yfir auðlindum sjávar heldur eingöngu forræði yfir auðlindum landsins. Þessi einföldu sannindi eru nægileg ástæða þess að aðild á ekki að vera til umræðu hjá þjóð sem byggir nær eingöngu á auðlindum hafsins.

Sjálfstfl. undir forustu núverandi formanns sá þá framtíðarsýn í skýrslunni „Ísland árið 2000“ að íslenska lýðveldið yrði á þeim tímamótum aðili að Evrópubandalaginu. Enda þótt flokkurinn virðist nú vera farinn að draga í land hefur þetta ótvírætt sýnt að honum er ekki treystandi til forustu í þessu mikilvæga hagsmunamáli. Fullveldið, sjálfstæðið og landhelgin vannst með svita og tárum. Framsfl. mun standa vörð um þessa sigra og hugsjónir undir kjörorðinu „Öflug þjóð í eigin landi“. Framsóknarmenn skera sig úr í íslenskum stjórnmálum varðandi einhug flokksmanna í varðstöðunni um fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar.

Framsfl. telur að skattheimta í landinu megi ekki aukast og það beri að efla samfélagsþjónustu með bættri nýtingu fjármuna og aðhaldi í ríkisrekstri. Framsfl. hefur ekki trú á því að það sé raunhæft að lofa kjósendum verulegum skattalækkunum, en mun beita sér fyrir margvíslegum umbótum á því sviði.

Íslenskt heilbrigðiskerfi er á margan hátt til fyrirmyndar í samanburði við önnur lönd. Þar verður að vera aðhald án þess að það komi niður á gæðum þjónustunnar. Í þessum anda hefur núv. heilbrrh. unnið. Það er ótrúlegt hvernig íhaldið í Reykjavík hefur með skipulögðum hætti ráðist ódrengilega á heilbrrh. vegna aðhaldsstefnu hans í lyfjamálum og útgjöldum spítalanna. Þetta sama fólk býður sig nú fram til forustu í landsmálum og lofar öllu í senn, hækkun útgjalda og lækkun skatta. Framsfl. er staðráðinn í því að viðhalda því velferðarkerfi og samfélagsþjónustu sem hefur verið byggð upp í landinu á undanförnum áratugum.

Góðir Íslendingar. Ég hef gert að umræðuefni mikilvæg þjóðfélagsmál. Saga landsins, menning og kristilegt siðgæði gera okkur ekki síður að öflugri þjóð í eigin landi. Barátta fyrir sjálfstæði og forræði auðlindanna hefur eflt sjálfstæðisvitund og kennt okkur aðgát í úrlausn vandasamra mála. Við erum háðari utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir og verðum því jafnframt að gæta sjálfstæðis landsins með öflugum tengslum við vinaþjóðir í Evrópu, Ameríku og Asíu. Við þurfum líka að bæta innviði samfélagsins, ekki síst með því að efla íslensku þjóðkirkjuna sem er mikil-

vægasta sameiningartákn okkar inn á við. Við höfum með mikilli vinnu og þrautseigju orðið öflug þjóð í eigin landi. Við skulum halda því áfram og varða þá braut undir forustu Framsfl. Þá forustu er hann tilbúinn til að veita ef hann fær glæsilega niðurstöðu í kosningunum í vor og ekki síst traust ykkar kjósenda.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Hvernig sem viðraði í náttúrunni geisaði fárviðri áratugum saman í íslensku þjóðlífi, verðbólgufárviðrið. Öll þekkjum við aldrað fólk sem varð eignalaust vegna verðbólgunnar. Öll þekkjum við ungt fólk sem kiknaði undan skuldabyrðunum og við þekkjum öll til fyrirtækja sem brunnu til ösku á verðbólgubálinu. Verðbólgan sjálf var meginástæða þessara vandræða, óstöðugleikinn, það tjá og tundur sem henni fylgdi, þokan sem byrgði okkur sýn og gerði okkur ómögulegt að skipuleggja framtíðina. Íslendingar eru sögulega sinnuð þjóð og á hátíðastundum segja menn oft með Einari Benediktssyni:

Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,
án fræðslu þess liðna sést ei hvað er nýtt.
Stundum sýnir sagan okkur víti til varnaðar.

Abraham Lincoln Bandaríkjaforseti sagði við þjóð sína á öldinni sem leið og vísaði til ánauðar þrælahaldsins: Við verðum að brjóta af okkur hlekki fortíðarinnar. Þannig björgum við landinu. — Það er einmitt það sem íslenska þjóðin hefur nú gert. Hún hefur loksins, loksins brotið af sér hlekki verðbólgunnar. Við erum ekki lengur þrælar óvissunnar.

Haustið 1987 var verðbólgan 25%. Haustið 1980 var hún 30% og á uppleið. Nú um þessar mundir er hún um eða innan við 5%. Þetta er mikil breyting á $2^1/_2$ ári. Við, sem vorum eftirbátar allra Evrópuþjóða og höfum nú reyndar siglt fram úr þeim mörgum, erum komin í fremstu röð í viðspyrnu gegn verðbólgunni. Haustið 1988 töldu spámenn Sjálfstfl., allt frá Verslunarráði til VSÍ, að algert hrun sjávarútvegsins væri óumflýjanlegt. Þeir spáðu óðaverðbólgu og atvinnuleysi þúsundanna. Þeir spáðu kreppu til lands og sjós. Þeirra úrræði voru ný gengisfelling, nýr hringur í gömlum hrunadansi. Ríkisstjórnin hratt hins vegar í framkvæmd aðgerðum til þess að varðveita atvinnuöryggið og koma á stöðugleika. Við vildum varanlegar lausnir án verðbólgu. Árangurinn hefur líka verið mikill og góður. Við höfum ekki aðeins varist áföllum heldur höfum við snúið vörn í sókn. Það hefur náðst betri friður í íslenskum efnahagsmálum en dæmi eru um frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Það hefur tekist með einföldum orðum að koma á kyrrum kjörum.

Hrakspárnar eru líka hljóðnaðar. Fárviðrið er gengið yfir. Þessi árangur náðist með samstilltu átaki verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisstjórnar. Vegna hvers? Vegna þess að ríkisstjórninni tókst að vinna traust aðila vinnumarkaðarins. Þeir treystu okkur og við treystum þeim. Þess vegna hefur tekist að ná áratuga gömlu markmiði í íslenskum stjórnmálum, markmiði sem lengi sýndist óraunverulegur draumur, að verðþróun hér væri eins og með siðuðum þjóðum.

Þetta vekur spurningar. Um hvað snúast stjórnmálin? Hvenær rís stjórnmálabaráttan hæst? Er það við sigra í átökum milli manna, bræðravígin, eða er það þegar tekst að gera lífið í landinu betra? Hverjar eru skyldur stjórnmálamanna? Að lama þingræðið og framfarir með þvergirðingi og málþófi eða finna færar leiðir til framtíðar? Hvernig hefur fólk áhrif á þetta?

Um þetta verður senn kosið. Hvernig á að bæta íslenskt þjóðfélag, hvernig á að slá skjaldborg um réttlætið? Í stjórnmálum eiga verkin að tala og af þeim á auðvitað að dæma stjórnmálamenn. Við alþýðuflokksmenn erum óhræddir við þann dóm eftir fjögur ár í ríkisstjórn. Við sækjumst eftir umboði kjósenda til áframhaldandi stjórnarstarfa í krafti þeirra verka sem við höfum af hendi leyst og í krafti okkar kosningastefnu. Við biðjum kjósendur einfaldlega að bera saman loforð okkar og efndir. Við biðjum þá að bera saman málflutning okkar frambjóðenda og frambjóðenda annara flokka. Hverju lofaði flokkurinn og hverju hefur hann komið áleiðis? Við lofuðum að gera okkar til að binda endi á óstjórn í efnahagsmálum og sigrast á verðbólgunni. Það hefur verið gert. Við lofuðum að einfalda bankakerfið. Það höfum við gert. Bönkunum hefur fækkað úr sjö í þrjá. Áður byggðu bankarnir stórhýsi og keyptu fasteignir. Nú selja þeir. Söluverð þeirra fasteigna sem Íslandsbanki einn losaði við sameininguna er nálægt hálfum milljarði kr. Þannig lækkaði kostnaðurinn í bönkunum og þannig lækka vextirnir. Við lofuðum auknu frjálsræði í viðskiptum. Það hefur verið veitt. Bensíninnflutningur og verðlagning er nú orðin frjáls og samkeppnin skilaði strax verðlækkun.

Við höfum innleitt gjaldeyrisfrelsi. Nú getur allur almenningur og öll fyrirtæki, stór og smá, keypt gjaldeyri eftir þörfum. Nú njóta þess allir sem áður stóð aðeins fáum útvöldum til boða. Við leyfðum verslunarmönnum að taka eðlileg vörukaupalán frá útlöndum á eigin ábyrgð án þess að þurfa að knékrjúpa fyrir bankastjórum. Allt er þetta til marks um mestu breytingar í átt til viðskiptafrelsis í 30 ár eða meira. Allt eru þetta breytingar sem eiga það líka sameiginlegt að Sjálfstfl. hefur þóst berjast fyrir þeim en ekki komið þeim í framkvæmd þótt hann hafi árum saman verið í aðstöðu til þess.

Við viljum styrkja byggðir landsins. Til þess höfum við beitt okkur fyrir því að auka jöfnuð í húshitunarkostnaði. Við leggjum til að í þremur áföngum á næstu tveimur árum verði kostnaður við hitun íbúðarhúsa húsnæðis vísitölufjölskyldunnar hvergi hærri en 5 þús. kr. á mánuði miðað við verðlag í janúar 1991. Þetta skiptir miklu máli fyrir þann fjórðung þjóðarinnar sem býr við háan hitunarkostnað.

Loks höfum við lagt grunninn að nýtingu orkulinda til uppbyggingar iðnaðar. Það er búið að bjóða út fyrstu framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Stærstu iðnaðar- og virkjunarframkvæmdir Íslandssögunnar eru í sjónmáli. Áratuga stöðnun hefur verið rofin. Nú ríður á að öfundarmenn og andstæðingar álmálsins nái ekki að bregða fyrir það fæti á síðustu dögum þingsins með

kosningaupphlaupum. Því er spáð að álver á Keilisnesi muni auka kaupmátt ráðstöfunartekna almennings um 4%. Hvað þýðir þetta í reynd? Hvað gæti andstaðan við álver kostað fólkið í landinu í kjörum? Það þyrfti reyndar að greiða ungri fjögurra manna fjölskyldu 2 millj. kr. nú til þess að vega upp álversmissi ef svo hrapallega tækist til.

Ýmsir hafa lagt stein í götu álmálsins. Sumir þeirra ætla nú reyndar meira að segja að reyna að slá sig til riddara á því að þykjast koma til bjargar en fólkið í landinu sér í gegnum slíka hræsni. Við eigum ekki að líða skemmdarverk í svo mikilvægum málum. Leiðin til framfara er nógu torsótt samt. Því nú er lag til að hefja nýja sókn til framfara. Við höfum hafið endurreisnarstarfið en hvaða leiðir munu helst færa okkur í átt til betri kjara? Um hvað verður kosið í vor? Hvað þarf að gera?

Í fyrsta lagi þarf að bæta afkomu þeirra sem lægstar tekjur hafa með hækkun persónuafsláttar, lækkun matvælaverðs og greiðslu húsnæðisbóta, endurskoðun launakerfis og umbótum í lífeyrismálum.

Í öðru lagi þarf að ljúka samningum um nýtt álver á Keilisnesi og hefja framkvæmdir. Í þessum málum mun nást góður árangur ef skynsemin fær að ráða.

Í þriðja lagi þarf að knýja fram hagstæða niðurstöðu fyrir Ísland í samningaviðræðum EFTA og Evrópubandalagsins um evrópska efnahagssvæðið. Íslendingar vilja vera öflug þjóð í opnu landi. Þannig rís bæði menning og hagsæld hæst.

Í fjórða lagi þarf að stokka landbúnaðarstefnuna algerlega upp til að lækka matvælaverð, draga úr ríkisútgjöldum, hlífa gróðri landsins og efla sjálfstæða framtakssemi bænda. Þau drög að samkomulagi um búvöruframleiðslu sem gerð hafa verið eru skref í rétta átt en ekki nema hálfnað verk. Við viljum ljúka því.

Í fimmta lagi þarf að gerbreyta stjórn fiskveiða með það að markmiði að endurgjald fyrir veiðileyfi leysi af hólmi núverandi kvótakerfi. Við leggjum áherslu á að veiðiheimildir myndi aldrei séreignarrétt á sameiginlegri auðlind. Fiskstofnarnir eru sameign þjóðarinnar en ekki séreign fárra kvótakónga. Þjóðin á öll að fá sanngjarnan arð af sameign sinni.

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Ég hef drepið hér á nokkur atriði sem miklu máli skipta í nýrri framfarasókn á Íslandi og sem Alþfl. vill beita sér fyrir. Það er um þetta sem verður kosið. Á grundvelli þessarar stefnu viljum við halda Íslandi í A-flokki Evrópuþjóða. Alþfl. biður um umboð til þessara verka á næsta kjörtímabili. Við lifum á spennandi tímum. Það verður kosið um framtíðina.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Hverju hefur það breytt fyrir kjör fólks að Alþfl. settist í ríkisstjórn eftir átta ár í stjórnarandstöðu? Verðbólgan hefur ekki verið lægri í áratugi. Það getur ráðið úrslitum um lífskjör heimila sem eru skuldum vafin. Ef við værum t.d. með verðbólgu ársins 1983 væri fjármagnskostnaður af 1 millj. kr. bankaláni til 12 mánaða hátt í 250 þús. kr. Samsvarandi upphæð miðað við núverandi verðbólgustig er um 70 þús. kr. Þessar kjarabætur geta því numið fernum mánaðarlaunum láglaunafólks. Ef við værum með verðbólgu ársins 1987 væri fjármagnskostnaður af 1 millj. kr. láni hátt í 150 þús. kr. á móti um 70 þús. kr. í ár miðað við núverandi verðbólgustig. Þetta eru raunverulegar kjarabætur sem skila sér til fólksins. Það skiptir því máli hverjir stjórna.

Og nú sérð þú líka höfuðstóllinn af verðtryggða láninu þínu ganga niður en fara ekki hraðvaxandi upp eins og á árum áður þegar íhaldið, Framsókn og Alþb. fóru með stjórnina. Það skiptir því máli hverjir stjórna. Hvernig haldið er á húsnæðismálunum ræður úrslitum og vegur þungt í kjörum þínum og fjölskyldu þinnar. Þess vegna hefur Alþfl. lagt svo mikla áherslu á að ná fram breytingum í húsnæðismálum. Og ekki bara þess vegna heldur er þetta líka veigamesti þátturinn í að skapa fjölskyldunni öryggi og hlúa að börnum í þessu þjóðfélagi. Þær eru margar fjölskyldurnar í þessu landi sem þekkja hvernig vinnuþrældómur og andvökunætur vegna skuldabasls bitnar á fjölskyldulífinu. Hversu oft endar slíkt ekki með upplausn heimila? Allt of oft hafa fjölskyldur í landinu enga útgönguleið. Afrakstur af margra ára vinnustriti enginn. Fólk stendur oft fátækara en áður og gjaldþrot og uppboð íbúða hafa orðið örlög margra. Afbrot, ofbeldi og vímuefnaneysla eru líka æði oft fylgifiskar mikilla fjárhagserfiðleika heimilanna. Afleiðingarnar af rangri húsnæðisstefnu allt til þessa blasa því víða við í þjóðfélaginu. Þessu varð að breyta til að tryggja betur velferð fólks og öryggi fjölskyldulífs. Lykilatriðið er að hafa val í húsnæðismálum eftir efnum og aðstæðum hvers og eins og að greiðslubyrðin sé viðráðanleg. Því höfum við náð fram. Þess vegna eru betri tímar fram undan.

Félagslegar íbúðir og leiguíbúðir eru allt of fáar hér á landi. Veruleg breyting hefur þó orðið þar á. Í rúmlega 60 ára sögu félagslegra íbúða hafa 2500 af 7500 félagslegum íbúðum á landinu frá upphafi, eða ein af hverjum þremur, verið byggðar á þessu kjörtímabili. Það skiptir því máli hverjir stjórna. Félagslegar íbúðir eru leið fólksins til þess að eignast íbúð, leið til þess að viðhalda séreignarstefnu fyrir alla, leið fyrir aldraða inn í þjónustuíbúðir sem nú er verið að gera átak í. Þessa stefnu kallar íhaldið þó leiguliðastefnu. Þeir um það. En hvar er þeirra réttlæti gagnvart því fólki sem sér á eftir fjórum af hverjum sex krónum sem það vinnur sér inn beint í vasa leigusalanna? Er það stefna mannúðar í anda yfirskriftar landsfundar Sjálfstfl.? Ég vona að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir geymi og lesi vel kvölds og morgna ræður mínar frá 1987 og 1988 sem hún vitnaði til áðan því ástandið hefur nefnilega breyst eftir að Sjálfstfl. hvarf úr ríkisstjórn eins og ég hef hér rakið.

En hverjar eru staðreyndir málsins? Lánakerfinu var lokað í mars 1987. Það er talað um að ég hafi eyðilagt 1986-kerfið. Það er söngurinn. En staðreyndir málsins eru þær að lánakerfinu var lokað í mars 1987, fimm mánuðum eftir að það var opnað. Þá var í marga mánuði hætt að afgreiða lánsloforð því öllu fjármagni var þegar ráðstafað og búið að afgreiða lánsloforð langt fram í tímann. Gamla lánakerfið hrundi því þeg-

ar í tíð Framsfl. og Sjálfstfl. Seðlabanki, Ríkisendurskoðun og sérfræðinganefnd ríkisstjórnarinnar hafa svo endanlega kveðið upp dauðadóminn: Lánakerfið frá 1986 gengur ekki upp. Því ber að loka.

Húsbréfakerfinu er líka kennt um gjaldþrot gamla kerfisins. Þvílíkt rugl. Ef ekkert húsbréfakerfi væri til, engu hefði verið breytt í gamla lánakerfinu, væri biðtíminn eftir lánum núna samt orðinn fimm ár. Á að bjóða ungu fólki upp á það? Fimm ára biðtíma til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ég hafna því. Svo einfalt er málið.

Er greiðslubyrðin í húsbréfakerfinu þyngri en í lánakerfinu frá 1986, eins og sumir halda fram? Svarið er nei. Þetta skýrist af því að í húsbréfakerfinu er miklu minni þörf fyrir dýr skammtímalán sem sligað hafa heimilin. Algengt er að greiðslubyrðin af meðalíbúð í húsbréfakerfinu sé um 10 þús. kr. lægri á mánuði þegar íbúðakaup er skoðuð í heild fyrir fyrstu-íbúðar-kaupendur. Eru afföllin meiri í húsbréfakerfinu en lánakerfinu frá 1986, eins og sumir halda fram? Svarið er nei. Íbúðarkaupendur bera engin afföll nema þau komi fram í hærra íbúðaverði. Það hefur ekki gerst. Þvert á móti hefur íbúðaverð lækkað. Þegar lánakerfinu frá 1986 var komið á rauk hins vegar fasteignaverð upp á einu ári um allt að 10%. Afföllin í því kerfi í formi hækkaðs íbúðaverðs urðu því á einu bretti 500–600 þús. kr. á meðaleign. Það svarar til tíu mánaðarlauna verkafólks.

Menn skyldu líka muna að biðtími kostar peninga. Hverjir skyldu vextirnir, lántökukostnaðurinn og stundum lögfræðikostnaður hafa verið hjá fjölskyldunni sem aftur og aftur þurfti að framlengja skammtímalánin í bönkunum meðan beðið var eftir láninu árum saman í 1986-kerfinu? Hvað skyldi húsbréfakerfið, sem sumir vilja feigt, bjarga mörgum fjölskyldum þessa dagana frá því að íbúðir þeirra lendi á uppboði? Þær fjölskyldur skipta hundruðum. Algeng greiðslubyrði hjá því fólki sem er í miklum erfiðleikum er um 100 þús. kr. á mánuði en lækkar niður í 30 þús. kr. fái það fyrirgreiðslu í sínum greiðsluerfiðleikum gegnum húsbréfakerfið. Það skiptir því máli hverjir stjórna.

Góðir Íslendingar. Verkefnið fram undan er að jafna eigna- og tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Bilið milli ríkra og fátækra er breitt í þjóðfélaginu. Það skiptir því máli að draga úr húsnæðiskostnaði láglaunafólks eins og við höfum gert. Andstæðurnar, hin hyldjúpa gjá milli ríkra og fátækra, birtast í löngum lista í tímariti yfir mánaðarlaun hinna ríku í þjóðfélaginu sem raka til sín gróða á kostnað launafólks. Þar voru algeng mánaðarlaun 500 þús. kr. til 1 millj. kr. á mánuði eða um tvenn árslaun verkafólks. Andstæðurnar í þjóðfélaginu birtast í lífeyrisgreiðslum aldraðra þar sem sumir fá 5–10 þús. kr. úr sínum lífeyrissjóði en aðrir 100–200 þús. kr. á mánuði. Það er forgangsverkefni næstu ríkisstjórnar að breyta því misrétti sem ríkir í lífeyrismálum þjóðarinnar.

Andstæðurnar í þjóðfélaginu birtast líka í aðstöðumun milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar í atvinnumálum, í kjörum og skorti á þjónustu sem leita þarf eftir til höfuðborgarsvæðisins. Það er og verður að vera forgangsverkefni næstu ríkisstjórnar að jafna þetta misvægi þannig að hér búi ein þjóð í einu landi. Við höfum þar náð árangri en við verðum að gera betur. Því miður ætlar að daga hér uppi á þingi frv. sem ég flutti um að færa þjónustuna í húsnæðismálum til fólksins úti á landsbyggðinni. Aðstöðumunur milli dreifbýlis og höfuðborgarsvæðis verður líka leiðréttur í reglugerð sem ég er að gefa út sem tryggir jafnræði lána gegnum húsbréfakerfið á landinu öllu. Það skiptir því máli hverjir stjórna.

Verið er að leysa húsnæðisvanda fatlaðra gegnum félagslega íbúðakerfið sem um leið leysir vanda fatlaðra sem beðið hafa lengi eftir að komast á sambýli. Sambýlum verður líka komið á fót fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga í tengslum við átak í málefnum geðsjúkra á þessu ári. Raunaukning á fjármagni til málefna fatlaðra hefur orðið 40% á þessu kjörtímabili. Það skiptir því máli hverjir stjórna.

Við höfum á þessu kjörtímabili sett meira fjármagn en nokkru sinni til þess að bæta kjör láglaunafólks gegnum skattakerfið, m.a. með barnabótum og vaxtabótum. En við verðum að gera enn betur á næsta kjörtímabili. Þá verða að nást fram húsaleigubætur fyrir láglaunafólk og hækkun skattleysismarka.

Góðir Íslendingar. Breið fylking jafnaðarmanna verður að vera niðurstaða kosninganna. Æ fleiri í þessu þjóðfélagi fylkjast nú undir merki jafnaðarmanna og félagshyggju. Nýjasta merki þess sást að loknum landsfundi sjálfstæðismanna þegar félagshyggjuöflin í Stúdentaráði Háskóla Íslands náðu yfirhöndinni.

Góðir Íslendingar. Við erum ein þjóð í einu landi. Vinnum að því saman sem jafnaðarmenn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þegar Kvennalistinn kom fyrst fram á svið íslenskra stjórnmála boðuðum við að pólitísku hugtökin hægri og vinstri væru orðin úrelt. Nú væru það önnur sammannleg gildi sem höfuðmáli skiptu. Við boðuðum að maðurinn væri hlekkur í náttúrunni en ekki herra hennar og ef við ætluðum að rjúfa lífskeðjuna og raska lögmálum náttúrunnar með kjarnorku og eiturvopnum væri tortíming vís.

Við boðuðum það líka að viðhorf til jafnréttis og mannlegra verðmæta yrðu að breytast ef mannkynið ætti að geta tórt á þessari jörð. Hinn mjúku gildi mannræktar og náttúruverndar skyldu sett öllu ofar. Hin gömlu vígorð frelsi, jafnrétti, bræðralag yrðu að fá nýjan hljóm og inntak. Þau yrðu að gilda jafnt fyrir konur og karla, unga og aldraða, jafnt og þá sem eru á miðjum aldri og hátindi valdaferils. Þetta þótti ýmsum kynlegur boðskapur og léleg latína fyrir átta árum þó öðrum fyndist boðskapurinn harla góður. Og smám saman hefur það komið á daginn að við höfðum rétt fyrir okkur. Mörkin milli hægri og vinstri flokka í stjórnmálum eru að verða sífellt ógleggri. Við sjáum það best í tilraunum flokkanna til að skipta um ímynd, breyta um nafn, merki og slagorð. Kratar kalla sig nú jafnaðarmannaflokk, Alþb. makar nú grænum lit í kringum rauða, austræna sól í fána sínum og kjörorð

landsfundar Sjálfstfl., frelsi og mannúð, leiðir hugann að frönsku byltingunni fyrir 202 árum. Allt á þetta að höfða til hinna sammannlegu, mjúku gilda.

En það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja og þó að gömlu sepparnir í gömlu flokkunum séu smám saman að gera sér grein fyrir þeirri nauðsyn að gelta með öðrum hljóm er hætt við að þeir detti í gamla farið nema þeir séu sífellt minntir á hin raunverulegu verðmæti.

Góðir áheyrendur. Við höfum þá undarlegu þversögn fyrir augum nú á allra síðustu árum að á meðan Austur-Evrópublokkin er að liðast í sundur í frumeiningar þjóða og þjóðabrota er að myndast sterkt ríkjasamband í Vestur-Evrópu. Auðmangarar hinna gömlu nýlenduvelda í vestri eru að bæta sér upp missi fjárhagslegra ítaka í þriðja heiminum með því að ná betra taki á efnahag allra þjóða innan seilingar þeirra. Þetta kalla þeir þróun og framfarir og íslenskir ráðamenn tipla í neti EB-köngullóarinnar, reyna að vera með án þess að festast alveg eða vera étnir. Þessi línudans virðist óhjákvæmilegur en hann er harla vandasamur.

Kvennalistinn álítur að opna þurfi gáttir til samstarfs við erlendar þjóðir. En við verðum að gæta þess og minnast að við erum fámenn þjóð og fjarlæg frá hreiðri köngullóarinnar og að aðalatvinnuvegur okkar, sjávarútvegur, er viðkvæmur fyrir ásælni og rányrkju og munum að það er betra að vera fátæk, sjálfstæð smáþjóð heldur en útkjálki stórveldis, afræktur á sviði menningar okkar og mannlífs en gjörnýttur hvað auðlindir varðar, fiskimið og raforku. Við hvorki viljum né getum verið einangruð á Albaníuvísu heldur þurfum við að finna leið til heilbrigðra samskipta við stóru efnahagssvæðin án þess að verða gleypt.

Því miður virðast sumir núverandi stjórnendur þessa lands hafa tekið trú á álver og erlenda stóriðju svo að álglýjan situr föst í augum þeirra. Hingað til höfum við ekki grætt neitt á álverum og járnblendiverksmiðjan, sem skilaði okkur arði, er farin að tapa. Það er ekki nóg að skreyta nafn flokksins með jafnaðarheitinu, veifa slagorðum um mannúð og frelsi ellegar að bæta grænum lit í fánann sinn. Athafnir verða að fylgja. Það að segja eitt og gera annað skapar vantrú á heilindi þeirra sem í hlut eiga.

Góðir Íslendingar. Ríkisstjórnin telur sig hafa komið jafnvægi á efnahagslífið með lækkun vaxta og verðbólgu. Í mörgu njótum við góðs af því en það er önnur hlið á málinu og öllu dekkri. Til þess að halda verðbólgu neðan við eitthvert ímyndað rautt strik hefur hún ekki skirrst við að grípa til vafasamra sýndarráða, bregða samningum, dylja hækkanir, slá á frest óhjákvæmilegum útgjöldum en láta hinn almenna kaupþega lágra launa, sem einkum eru konur, bera byrðarnar.

Þjóðarsáttin minnir á páskaegg sem á að gleðja okkur, þegna þjóðfélagsins. Í þessu páskaeggi er hin lága verðbólga brothætt súkkulaðiskurn en unginn uppi á páskaegginu er glókollur með gleraugu. Við eigum að eta þetta súkkulaðiegg en þegar skurnin brestur, og það gerir hún í síðasta lagi við kjarasamningana á komandi hausti, blasir innihaldið við: atvinnuleysi, gjaldþrot, skertur kaupmáttur, lántökur ríkisins, húsnæðiskerfi í rusli, skortur á dagvistarrými, skortur á húsaskjóli fyrir aldraða, landbúnaður í ógöngum, fiskveiðar á villigötum og svo mætti lengur telja. En eitt er víst, það er óbragð að molunum í páskaeggi ríkisstjórnarinnar. Og málsháttur inn sem í ljós mun koma gæti hugsanlega verið: Sá er fuglinn verstur sem í sjálfs síns hreiður dritar.

Hvernig skyldi nú standa á þessum bragðvondu molum í páskaegginu? Fjarri fer því að ég haldi að þeir hafi allir verið búnir til af núv. ríkisstjórn. Af mörgum þeirra er miklu eldra fúkkabragð. Hins vegar hefur þessi ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju fest sig í hugmyndum fræðinganna um hagvöxt og þjóðartekjur þar sem hagvöxtur er mældur í því kaupi sem greitt er en þess er ekki gætt fyrir hvaða vinnu er verið að borga og heldur ekki hve langan tíma það tók að vinna fyrir kaupinu.

Við vitum öll að heljarátökin við Persaflóa hafa skilið löndin eftir í sárum, með logandi og mengandi olíulindum svo að ekki sést í heiðan himin á stórum svæðum. Fyrir liggur að geysilegu fé verður að verja til að bæta tjónið og mikið kaup þarf að greiða við uppbygginguna. Þetta mun mælast sem mikill hagvöxtur þó allir viti að þarna er verið að bæta geysilegt tap upp og stofna til mikilla skulda. Kvennalistinn hafnar svona leik með tölur og hugtök. Sú eina hagsæld sem er nokkurs virði er hagsæld fólks sem getur lifað af dagvinnulaunum, fólks sem getur eignast öruggt þak yfir höfuðið í einhverri mynd án þess að verða þrælar þess sama húsnæðis allt sitt líf, hagsæld fólks sem getur notið þess að vera með börnum sínum og fylgst með þeim þroskast og dafna, hagsæld þjóðar sem hefur traust skólakerfi og heilbrigðiskerfi, þjóðar sem getur veitt æskunni traustan uppvöxt og ellinni öruggt ævikvöld.

Kvennalistinn vill móta íslenskt þjóðfélag sem lifir í friði við náttúruna en spillir henni ekki. Hreint umhverfi og hreint vatn er auðlind sem má nýta með góðum, fjárhagslegum ávinningi. Smáiðnaður hentar fámennri þjóð betur en stóriðnaður. Við viljum landbúnað og fiskveiðar þar sem allt er gernýtt og engu á glæ kastað. Við viljum viðhorf og vinnubrögð hinnar hagsýnu húsmóður. 2% hagvöxtur í þjóðfélagi sem leggur áherslu á vernd lífs og óspilltrar náttúru er betri en 20% hagvöxtur þjóðar sem spillir og mengar með stóriðju og skilar því sviðinni jörð til framtíðarinnar, því sá er fuglinn verstur sem í sjálfs síns hreiður dritar.

Eins og alþjóð veit höfum við verið í stjórnarandstöðu þau ár sem við höfum átt fulltrúa á þingi. Þess vegna höfum við ekki komið eins mörgum málum í höfn og við höfum vonað. En stjórnarandstaða er nauðsynlegur hluti lýðræðis, jafnnauðsynlegur og þeir sem stjórna því að í samspili stjórnar og stjórnarandstöðu er lýðræði fólgið. Og í tilefni orða iðnrh. vildi ég nefna að það er fásinna að átelja það að minni hlutinn nýti sér lýðræðislegan rétt til að ræða þingmál af kostgæfni. Þingstörf okkar hafa eigi að síður skilað drjúgum árangri. Þess sér víða vott, bæði í viðhorfum almennings og stjórnmálamanna og mörgu góðu höfum

við hnikað fram hér innan Alþingis. Við vitum ekki í dag hvernig næsta ríkisstjórn verður skipuð og engu skal spáð um það í kvöld. En það er gaman og áhugavert að taka þátt í að móta okkar unga þjóðfélag og til þess þurfum við liðsstyrk ykkar, áheyrendur góðir, hvort sem við verðum í ríkisstjórn eða utan hennar.

Íslendingar. Við eigum saman mikilvægt verk að vinna.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Eitt þeirra verka sem konur ganga til á þessum árstíma er að hlúa að lífinu með því að skipta um mold á þeim plöntum sem þær hafa á heimilum sínum. Konur vita að moldin er orðin þurr og næringarlaus og hefur ekkert lengur að gefa. Ef ekkert er að gert visna plönturnar og deyja að lokum.

Þannig er það líka með mannlífið. Til þess að dafna og blómstra verður það að vera sprottið úr frjóum jarðvegi. Það sama gildir um hugmyndir. Ef þess er ekki gætt að hlúa að jarðveginum fjara hugmyndirnar út. Án lifandi hugmynda verður stöðnun og skapandi kraftur fólksins nýtur sín ekki.

Það er til lítils að grafa í næringarsnauðri mold í leit að hugmyndum eins og gömlu stjórnmálaflokkarnir hafa sameinast um til þessa. Leit þeirra birtist m.a. í gegndarlausri valdabaráttu þar sem mennirnir skipta öllu en málefnin eru látin sitja á hakanum, okkur öllum til ómælds tjóns. Virðing fyrir lífinu og framsýni eru einkennandi fyrir hugmyndir Kvennalistans. Kvennalistakonur hafa frá upphafi látið sig málefni barna miklu varða. Í börnunum býr framtíðin. Þess vegna hafa kvennalistakonur m.a. lagt mikla áherslu á að öllum börnum undir skólaaldri standi til boða vist á leikskóla ef þess er óskað. Í samræmi við þessa skoðun lögðu þingkonur Kvennalistans þegar á fyrsta þingi þessa kjörtímabils fram frv. um sérstakt átak til uppbyggingar dagvistarheimila. Því var vísað til ríkisstjórnarinnar. Hún aðhafðist ekkert. Leikskólafrv. ríkisstjórnarinnar sem nú liggur fyrir þinginu veldur vonbrigðum. Það er gegnsætt, alveg eins og nýju fötin keisarans. Engin áætlun liggur fyrir um það hvernig fjármagna skuli uppbyggingu leikskólanna og það tryggir ekki rétt allra barna til leikskólavistar. Eins og dæmin sanna er hugkvæmni stjórnarherranna og örlæti mun meira þegar kemur að uppeldi fiskseiða en barna.

Þingkonur Kvennalistans lögðu fram fyrsta frv. sem fram hefur komið á Alþingi um einsetinn skóla og samfelldan skóladag. Með því vildum við undirstrika nauðsyn þess að tryggja börnum góð uppeldisskilyrði og öryggi meðan foreldrarnir stunda vinnu sína. Samfelldur skóladagur, skólamáltíðir og athvörf í skólunum eru alger forgangsverkefni í því tilliti. Nú eru ýmsar blikur á lofti sem ættu að opna augu manna fyrir því að ekki má lengur bíða með að gera verulega bragarbót í íslenskum skólum. Nauðsynlegt er að koma með ákveðnari hætti til móts við breytt þjóðfélag og breyttar þarfir en frv. ríkisstjórnarinnar um grunnskólann gerir ráð fyrir.

Í námsskrá fyrir grunnskóla kemur vel fram hvaða kröfur eru gerðar til kennara. Varla er til sá eiginleiki, persónulegur eða faglegur, sem kennarinn á ekki að hafa til að bera auk alls þess námsefnis og fræðslu sem honum er ætlað að miðla. En kjörin eru ekki í neinu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem sinna uppeldi og fræðslu barnanna. Mat stjórnvalda á mikilvægi uppeldis og fræðslu endurspeglast í launum þeirra sem þessi störf vinna. Þessu verður að breyta.

Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að verða vitni að því hvernig frumkvæði Kvennalistans í málefnum barna og ungmenna hefur orðið til þess að ríkisstjórnin sá sig knúna til að bera þessi mál fram þó við hefðum sannarlega viljað að á þeim væri tekið af meiri myndarskap en raun ber vitni.

Góðir áheyrendur. Eftir þessa upptalningu kann einhver ykkar að hugsa: Enn eru þær í mjúku málunum. Það er alveg rétt. Við teljum að það sé nauðsyn og við erum stoltar af frumkvæði okkar í þessum málaflokki. Stjórnmál eiga ekki síst að snúast um hinn mjúka, mannlega kjarna en ekki bara hina hörðu, köldu tækni. Minnumst þess að börnin eru á ábyrgð okkar allra.

Góðir áheyrendur. Kvennalistakonur hafa verulegar áhyggjur af atvinnumálum landsbyggðarinnar, einkum með tilliti til stöðu kvenna. Við kvennalistakonur höfum haldið fundi og ráðstefnur. Við höfum heimsótt konur um allt land til að hlusta á hugmyndir þeirra og viðhorf. Hugmyndir kvenna eru frjóar og gefandi og mun betri og lífvænlegri en þær sem koma úr smiðju ríkisstjórnarinnar.

Kvennalistakonur hafa hvað eftir annað bent á þá staðreynd að mun fleiri konur flytja af landsbyggðinni en karlar. Í öllum landsbyggðarkjördæmunum eru konur mun færri en karlar og mestur er munurinn milli karla og kvenna í aldurshópnum 20–44 ára. Það segir sína sögu. Ef svo heldur áfram munu byggðirnar tæmast því að án kvenna verður ekki mannfjölgun, ekkert líf og karlarnir munu fylgja á eftir þeim. Þetta breytist ekki nema hlustað verði á hugmyndir kvenna og tillit tekið til þeirra.

Við höfum frá upphafi hafnað álveri og bent á fjölmargt sem mælir gegn því. Álver er atvinnustefna gærdagsins. Vilt þú, áheyrandi góður, fórna náttúru landsins fyrir mengandi stóriðju? Ertu reiðubúinn til að auka erlendar skuldir þjóðarbúsins? Telur þú að álver leysi atvinnuvandann, t.d. hjá konum í þinni heimabyggð? Eigum við ekki að líta á aðra kosti? Kvennalistakonur vilja aðrar leiðir í atvinnusköpun.

Allt bendir til þess að vetni verði eldsneyti framtíðarinnar. Framleiðsla og notkun vetnis veldur ekki umhverfismengun. Kvennalistakonur hafa lagt fram tillögu um að kannaðir verði möguleikar á framleiðslu vetnis hér á landi. Í hreinni og tærri íslenskri náttúru felast ómetanleg verðmæti sem hinn mengaði, iðnvæddi heimur mun sækjast eftir.

Íslendingar eru fyrst og fremst matvælaframleiðendur. Sérstaða okkar á að byggja á kröfunni um ómengaða framleiðslu sem virðir þol lands og sjávar. Ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein og vænlegur kostur ef rétt er að málum staðið. Kvennalistakonur hafa lagt fram margar tillögur um úrbætur í ferðaþjónustu

og umhverfismálum. Við viljum efla rannsóknir og ráðgjöf í þágu atvinnuveganna. Við viljum stuðla að uppbyggingu umhverfisvæns iðnaðar sem byggir á þeirri sérstöðu og þeim möguleikum sem landið hefur. Atvinnuuppbygging á þessum nótum stuðlar að öflugri landsbyggð, tryggir skynsamlega nýtingu auðlinda okkar og fjölskrúðugt og blómlegt mannlíf um land allt.

Undanfarin kvöld hafa farið fram umræður hér í þinginu um byggingu nýs álvers. Í þeirri umræðu höfum við kvennalistakonur talið okkur skylt að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Ég vísa á bug þeim staðhæfingum að með því séum við að brjóta gegn lýðræðinu. Það er grundvallarhugsjón lýðræðis að sjónarmið minni hlutans fái að koma fram ekki síður en sjónarmið meiri hlutans. Það er alvarlegt og mjög hættulegt lýðræðinu ef þeir sem ráða ferðinni vilja ekki viðhalda þessari grundvallarhugsjón og við slíkri hugsun viljum við kvennalistakonur vara. Ég hefði reyndar heldur viljað eyða síðustu kvöldum hér á þinginu til að ræða atvinnustefnu fyrir okkur Íslendinga. Ríkisstjórnin hefur gleymt sér í álverinu og láðst að hugsa fyrir heildstæðri atvinnustefnu.

Í fyrrakvöld þyrptust konur upp á Hvanneyri þar sem Kvennalistinn á Vesturlandi efndi til fundar undir yfirskriftinni „Heimilisiðnaður og hönnun". Þar kynntum við tillögur Kvennalistans um heimilisiðnaðarráðgjöf sem samþykkt var hér í þinginu í vetur og við hlustuðum á fræðandi og uppörvandi erindi kvenna sem eru sérfræðingar á ýmsum sviðum, t.d. í ullarvinnslu, veflist og markaðsfærslu. Áhugi hinna fjölmörgu kvenna og nokkurra karla sem fundinn sóttu leyndi sér ekki. Hefði farið betur á því að álráðherrarnir legðu land undir fót þetta kvöld og hlustuðu á hugmyndir og viðhorf kvenna í stað þess að loka sig inni í álversumræðunni suður í Reykjavík.

Góðir áheyrendur. Kvennalistinn er stjórnmálaafl sem vill breyta samfélaginu. Við viljum samfélag þar sem konur standa jafnfætis körlum og vel er búið að börnum. Til þess að svo verði þarf hugarfarsbyltingu. Um árarаðir var konum sagt að mennta sig, þar með næðist jafnrétti. Þrátt fyrir stóraukna menntun kvenna hefur þetta ekki ræst. Því ræður staðnað hugarfar sem þarfnast breytinga. Plönturnar í pottum gömlu stjórnmálaflokkanna eru visnar og líflausar. Það nægir ekki að umpotta, það þarf nýjar plöntur í nýrri mold þar sem lífið og það sem gefur líf situr í öndvegi.

Við lifum á tímum þar sem náttúrunni er sýnt ofbeldi og einnig eru konur beittar ofbeldi. Það er í hróplegri mótsögn við hlutverk beggja sem er að gefa líf og viðhalda því. Ekkert er fjarri konum en að beita ofbeldi.

Á vegum ríkisstjórnarinnar eru unnar jafnréttisáætlanir fyrir ráðuneytin. Í nýrri jafnréttisáætlun kemur fram að iðnrn. ætlar að vinna að jafnrétti með því að fá konur til starfa í nýju álveri. Samgrn. hvetur konur til starfa í vegavinnu og línuflokkum Pósts og síma. Heilbrrn. hefur engin áform um að fjölga körlum í hjúkrunar- og sjúkraliðastörfum. Forsrn. ætlar að halda áfram að gefa út skýrslur um laun kvenna og karla. Kvennalistakonur hafna jafnrétti sem felst í því að konum sé vísað í karlastörf. Við teljum það grundvallaratriði að konur, rétt eins og karlar, fái að velja á hvaða sviði þær vilja vinna. Lausnin felst í því að hefja kvennastörf til vegs og virðingar.

Í aldanna rás hafa konur oft sýnt hvaða kraftur býr í samstöðu þeirra. Nú er brýnt að konur sameinist um að leiðrétta launamuninn. Kvennalistakonur hafa lagt fram fjölmargar tillögur um launa- og kjaramál hér í þinginu. Við munum áfram leggja áherslu á þau mál vegna þess að það er meginatriði í allri kvennabaráttu að efla efnahagslegt sjálfstæði kvenna.

Í síðustu viku voru nokkrir vegfarendur spurðir í útvarpi hvort þeir vissu hvenær alþjóðlegur baráttudagur kvenna er. Einn karl sem var spurður svaraði að bragði: Er hann ekki alla daga ársins? Þetta er auðvitað hið eina rétta svar þó 8. mars hafi verið valinn til að sameina konur um allan heim í kvenfrelsisbaráttunni. Í svari mannsins speglast skilningur á stöðu kvenna og þörfinni fyrir stöðuga baráttu þangað til settu marki er náð. Sem betur fer eru augu margra karlmanna að opnast fyrir því að þeir geta tekið þátt í að hlúa að jurtum jafnréttis og jafnstöðu til að skapa okkur öllum betra og réttlátara þjóðfélag. En fyrst og síðast verður það frumkvæði kvenna og samstaða sem ræður hvenær við náum settu marki. Kvennalistakonur hvetja konur því til frumkvæðis og til að leggja málefnum lið hvar sem því verður við komið. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Haustið 1988 blöstu við gífurleg vandamál í atvinnulífi landsmanna. Spáð var stöðvun útflutningsgreina og miklu atvinnuleysi. Sú ríkisstjórn sem þá sat fór frá og ný var mynduð með þátttöku Alþb. Þar urðu tímamót.

Hver hefði trúað því fyrir tveimur og hálfu ári að ríkisstjórninni tækist að snúa þessari óheillaþróun við á svo skömmum tíma og koma á þeim stöðugleika sem nú ríkir? En með samræmdum aðgerðum á sviði ríkisfjármála, peningamála og gengismála tókst að breyta efnahagsástandinu og skapa forsendur fyrir þá kjarasamninga sem voru gerðir fyrir rúmu ári síðan. Þessar aðgerðir voru margvíslegar og sumar ekki sársaukalausar fyrir fólkið í landinu. Aðhaldi var beitt í ríkisfjármálum, útgjöld skorin niður, skuldbreytingar voru gerðar í útflutningsgreinunum og vextir lækkaðir og fleira væri hægt að tína til. Árangurinn af þessu starfi blasir nú við og það mun koma í hlut þeirrar ríkisstjórnar sem mynduð verður eftir kosningarnar í apríl að nýta þennan árangur til hagsbóta fyrir þjóðina.

Alþb. á aðild að þessari ríkisstjórn sem nú situr. Alþb. á stóran þátt í þeim árangri sem náðst hefur og Alþb. hefur markað skýra stefnu um það hvað gera þurfi á næstu árum til að nýta og bæta þennan árangur. Á síðustu tveimur árum náðum við verðbólgunni niður. Á næstu tveimur árum nýtum við árangurinn og komum kaupmættinum upp. Við setjum auðvitað markið á aðra þjóðarsátt. Ekki á þjóðarsátt eins og þá sem gerð var fyrir ári heldur á sátt um lífskjarajöfnun. Það

á að nota bætt skilyrði og auknar þjóðartekjur til að auka kaupmátt launa og jafna lífskjörin.

Það hefur oft þurft að moka flórinn eftir slæmar ríkisstjórnir og ævinlega hefur launafólkið í landinu orðið að axla þyngstu byrðarnar og taka á sig verulega lækkun launa og hækkun skatta. Ævinlega hafa þessar aðgerðir átt að vera tímabundnar og því lofað að strax og rofaði til mundu launin hækka og lífskjörin batna. Efndirnar hafa hins vegar sjaldnast verið miklar. Oftast er það vegna þess að þegar rofar til er kjörtímabili lokið og eftir kosningar tekur ný ríkisstjórn við, ríkisstjórn sem hefur aðra stefnu og aðrar áherslur í forgangsröð verkefna. Það má ekki gerast nú. Nú er brýnna en oft áður að vernda þann árangur sem náðst hefur. Hvorki heimilin í landinu né atvinnufyrirtækin þola aðra kollsteypu. Það verður að finna leiðir til að bæta og jafna lífskjörin á þeim grunni sem lagður hefur verið. Árangurinn af starfi Alþb. í ríkisstjórn sýnir að það hefur fulla burði til að takast á við þetta viðfangsefni og leysa það til hagsbóta fyrir allan almenning í landinu.

Stefna okkar er skýr. Við vitum hvað við þurfum að gera til að bæta lífskjörin og jafna þau og við þorum að framkvæma. Við höfum lagt fram ítarlegar tillögur um það hvernig tryggja skuli jöfnun lífskjara án þess að stefna öllu efnahagslífi landsins í voða. Okkar tillögur eru m.a. kjarajöfnun í gegnum húsnæðiskerfið. Það viljum við gera með því að efla félagslega húsnæðiskerfið, greiða húsaleigubætur til tekjulágra leigjenda, hærri vaxtabætur til þeirra sem afla sér húsnæðis í fyrsta sinn og koma í auknum mæli til móts við þarfir sveitarfélaganna fyrir húsnæði. Það verður að tryggja að staða þeirra sem vilja byggja eða kaupa húsnæði úti á landi verði síst verri en þeirra sem eignast húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Kjarajöfnun kemur líka í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga og því verður að tryggja að sveitarfélögin ein sér eða í samvinnu geti veitt sömu þjónustu hvar sem er á landinu. Í komandi kjarasamningum verður sá árangur sem náðst hefur að koma fram í hækkun lægstu launa, hækkun skattleysismarka og raunverulegu jafnrétti í lífeyrismálum.

Skattar eru afar óvinsælt umræðuefni. Það er eins og enginn vilji taka á sig skattahækkun en allir vilji bæta þá þjónustu sem ríkið veitir og stundum er eins og menn setji ekki samasemmerki þarna á milli ef marka má þær skoðanakannanir sem gerðar hafa verið. Ef stöðugleiki helst í efnahagsmálum er hægt að halda heildarskattbyrðinni óbreyttri. Og innan þess ramma er hægt að hækka skattleysismörkin, hækka barnabætur og borga þeim tekjulægstu húsnæðisbætur. En þá verður líka að koma því til leiðar að hér verði sett á annað skattþrep þannig að til verði hátekjuskattur. Það þarf einnig að skattleggja fjármagnstekjur sem eru umfram ákveðið mark. Það er því ekki verið að tala um að skattleggja eðlilegt sparifé fólks.

Góðir áheyrendur. Lausn á þeim erfiðu vandamálum sem við blöstu í efnahags- og atvinnulífi landsmanna haustið 1988 hlaut að hafa forgang í störfum ríkisstjórnar og hér á hv. Alþingi. Þrátt fyrir það er árangurinn á þessum seinni helmingi kjörtímabilsins ekki bundinn við efnahags- og atvinnumál. Mikilsverður árangur hefur náðst á mörgum sviðum eins og fram kemur hér í kvöld. Það eru fleiri verkefni fram undan en þau sem snúa beint að kaupi og kjörum. Hefðbundnir atvinnuvegir þarfnast endurskipulagningar. Nú er lögð mikil vinna í gerð nýs búvörusamnings og jafnhliða er nauðsynlegt að tryggja aukna atvinnu á landsbyggðinni til þess að mæta þeirri skerðingu sem óhjákvæmilega fylgir í kjölfar niðurskurðar í hefðbundnum búgreinum.

Sú stefna sem rekin hefur verið í sjávarútvegi hefur ekki skilað þeim árangri sem vænst var og því er nauðsynlegt að taka hana til rækilegrar endurskoðunar. Þar verður að miða að aukinni hagkvæmni í útgerð og tryggja jafnframt hagsmuni sjómanna og byggðanna, en það vill oft gleymast í umræðunni eins og berlega kom í ljós í umræðu um aðgerðir vegna aflabrests á loðnu.

Stefna og aðgerðir í umhverfismálum eru í mótun. Umhverfismálin eru eitt stærsta verkefni framtíðarinnar, ekki síður hér á landi en erlendis. Umhverfissjónarmið þurfa að setja mark sitt á alla stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum og á allt þjóðlífið. Það verður að fylgja eftir stofnun umhverfisráðuneytis og styrkja hlutverk þess í íslensku stjórnkerfi.

Þannig er hægt að fara yfir sviðið. Árangur hefur náðst en mörg verkefni eru óleyst enn þá. Við verðum ævinlega að hafa í huga að hlúa að okkar eigin atvinnuvegum og það er ekki alltaf vænlegasti kosturinn að setja fjármuni í eitthvað nýtt í stað þess að efla það sem fyrir er, vera sjálfum okkur nóg á sem flestum sviðum. Að þessu miðar stefna Alþb. Hún er ekki safn slagorða heldur sterk og heildstæð stefna sem gengur upp og við berum fram undir kjörorðinu: Okkar Ísland. — Góða nótt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Í umræðum eins og þeim sem fara fram hér í kvöld birtist þjóðinni afrakstur stjórnmálamannanna frá liðnum vetri og jafnvel liðnu kjörtímabili. Menn fara yfir hlutina og satt best að segja eru málin oft þannig sett fram að það er býsna mikið í svörtu og hvítu. Það er of lítið þannig að menn viðurkenni að ekki hefur allt tekist sem skyldi þó margt hafi tekist vel, t.d. hjá núv. ríkisstjórn. Það er einnig einkenni á umræðum af þessu tagi að menn dvelja við vanda augnabliksins eins og eðlilegt er. Og við, sem höfum valist til stjórnmálastarfa, erum oft því marki brennd að við víkjum ekki að framtíðinni heldur tölum um vandamál dagsins í dag. Það er í raun og veru einn helsti veikleiki íslenskra stjórnmála að menn fást ekki til að gera grein fyrir því hvert þeir eru að fara. Hvers konar Ísland viljum við? Hvert stefnum við? Í þeim efnum eiga stjórnmálamennirnir ekki einasta að gera grein fyrir næstu verkefnum heldur einnig framtíðarverkefnunum, því Íslandi sem við viljum sjá.

Við alþýðubandalagsmenn höfum á kosningaráðstefnu okkar, sem haldin var um síðustu helgi, gert grein fyrir þessum atriðum lið fyrir lið í kosninga-

stefnuskrá sem við gefum út og ber yfirskriftina Okkar Ísland. Það er rauð stefna á grænum grunni, eins og mjög margir ræðumenn hafa vikið að hér í kvöld og mér þykir vænt um og ég þakka fyrir. Þessi stefna byggist á þeirri framtíðarsýn sem okkar flokkur vill bregða upp fyrir Íslendingum. Lykilorðin þar eru þessi: Jöfnuður, þannig að á Íslandi verði meiri jöfnuður lífskjara en í nokkru öðru landi af því að Íslendingar þola ekki mismunun, af því að við erum fá, af því að við erum lýðræðislega sinnuð, af því að þjóðfélagið er gagnsætt. Af þeim ástæðum höfum við lagt áherslu á endurbætur í skólastarfi á þessu kjörtímabili því sennilega eru endurbætur í skólastarfi ein besta jöfnunaraðgerð sem hugsast getur í þágu barnanna á Íslandi og þar með framtíðarinnar. Í anda þeirrar stefnu segjum við nú: Við viljum taka upp húsnæðisbætur og húsaleigubætur og segjum: Það á að leggja skatta á hátekjur, skatta á fjármagnstekjur. Við undrumst það að Alþfl. skuli ekki hafa verið tilbúinn til þess að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd á þessu kjörtímabili. Það er jöfnuður sem er númer eitt.

Í annan stað er það íslensk menning sem er undirstaða sjálfstæðis þessa þjóðfélags. Það er sérkennilegt að menn skuli sjaldan eða aldrei fást til þess hér á Alþingi Íslendinga að tala um íslenska menningu, svo mikilvæg sem hún er fyrir sjálfsvitund þjóðarinnar og sjálfstæði og sjálfsforræði. Í anda þessarar stefnu höfum við afnumið virðisaukaskatt af menningarstarfsemi. Í anda þessarar stefnu höfum við tvöfaldað framlög til menningarmála á þessu kjörtímabili frá því sem áður var.

Í þriðja lagi segjum við: Umhverfisvernd er meginverkefni íslenskra stjórnmála til framtíðar og til skemmri tíma. Þess vegna höfnum við eiturspúandi verksmiðjum erlendra stórfyrirtækja en segjum: Ísland á bjarta framtíð fyrir sér sem orkuframleiðandi, sem matvælaframleiðandi og sem ferðamannaland.

Og síðast en ekki síst segjum við: Á grundvelli þeirrar stefnu sem Alþb. hefur alltaf fylgt eigum við að stuðla að uppbyggingu alþjóðlegs friðarkerfis á rústum kalda stríðsins, kerfis sem kemur í veg fyrir blóðug átök á milli þjóða eins og við höfum séð birtast undanfarnar vikur. Þetta eru meginverkefnin. Jöfnuður, íslensk menning og efling hennar, umhverfisvernd, nýtt alþjóðlegt friðarkerfi.

Næstu verkefni okkar í nýrri ríkisstjórn, ef mynduð yrði að kosningum loknum, ef það tekst, sem vonandi verður, að koma í veg fyrir að hin harða stefna Sjálfstfl. nái hér völdum, þá eru næstu verkefni að mínu mati þessi:

1. Að útrýma með öllu fátækt á Íslandi og leggja á það áherslu að allir Íslendingar geti gengið reistir og stoltir frá verkum sínum. Til þess þurfa menn að þora að sækja fjármuni til fjármagnseigenda og stórtekjumanna í þessu landi.

2. Okkur ber að leggja áherslu á sjálfsforræði og sjálfstæði þjóðarinnar. Okkur ber að hafna aðild Íslands að Evrópubandalaginu, eins og Friðrik Sophusson gerði reyndar grein fyrir hér áðan að væri stefna hinnar nýju forustu Sjálfstfl.

3. Við eigum að leggja áherslu á raunsæja atvinnustefnu, sem er undirstaða undir góðum og batnandi lífskjörum í þessu auðuga landi sem við búum í. Við eigum að hafna álblekkingunum, hvaðan svo sem þær kunna að koma. Enda liggur þar fyrir, þrátt fyrir strit í mörg missiri og mánuði, að það er engin niðurstaða til í því máli enn þá, þó svo að menn séu að koma hér í gegnum Alþingi tillögum í þeim efnum eins og alþjóð veit.

4. Það ber að halda áfram að efla og treysta undirstöður íslenskrar menningar, bæði almennt en líka með því að treysta hér vísinda- og rannsóknastarfsemi á grundvelli þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað. Þar er gert ráð fyrir því að framlög til vísinda og rannsókna verði aukin mjög verulega. Í stefnuskrá okkar segjum við alþýðubandalagsmenn: Það á að tvöfalda framlög til vísinda og rannsókna á fjórum árum. Ef menn halda að þetta sé eitthvert kosningagaspur þá vitna ég til þess að fyrir kosningarnar 1987 sögðum við: Tvöföldum framlag til menningarmála. Við það hefur verið staðið og það verður líka staðið við það að stórauka framlög til vísinda og rannsókna. Enda eru vísindi og rannsóknir og gott menntakerfi ein besta undirstaða góðra lífskjara sem hugsast getur.

5. Við segjum: Við framkvæmum þá skóla- og uppeldismálastefnu sem við höfum verið að móta á undanförnum árum í góðri sátt við kennarasamtökin og aðra aðila skólastarfs í þessu landi. Í þeim efnum leggjum við áherslu á það höfuðatriði að börnin sem í skólana ganga eru framtíð þjóðarinnar. Það er ótrúlega lítið um það satt að segja að þessi virðulega stofnun fáist til að fjalla um hag barna og kjör og það er athyglisvert að velta því fyrir sér af hverju það er að ævinlega skuli frv. um efnahagsmálin og hinar hörðu aðgerðir af ýmsu tagi renna hér í gegn á meðan mörg önnur mál sem snerta líf og kjör barna virðast eiga erfiðar uppdráttar.

Hörð stefna. Hörð stefna varð niðurstaða landsfundar stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar um síðustu helgi. Hvað er hörð stefna? Hörð stefna þýðir ekki endurbætur í skólamálum og lengri skóladag. Hörð stefna þýðir ekki auknar framkvæmdir í samgöngumálum, það sýnir reynslan frá 1988. Hörð stefna þýðir ekki aukinn jöfnuð í lífskjörum. Það sýnir niðurstaðan frá 1988. Hörð stefna þýðir ekki minni verðbólgu. Það sýnir reynslan frá 1988. Hörð stefna þýðir ekki lægri vexti heldur hærri vexti. Það sýnir reynslan frá 1988. Hörð stefna þýðir ekki aukin útgjöld til menningarmála. Það segir reynslan okkur frá 1988. Hörð stefna þýðir ekki aukin framlög til lánamála námsmanna. Það sýnir reynslan frá 1988. Og þannig mætti, góðir tilheyrendur, reyndar lengi telja, lengi telja enn. Það mætti kannski bæta því við að það var ekki aðeins Sjálfstfl. sem stóð að því að framkvæma stefnuna 1988, þar var líka Framsfl., þar var líka Alþfl. að verki. Það sem breyttist var það að Alþb. kom til starfa og þá var hrint þeirri stefnu sem hafði skilið efnahagslíf landsins að hruni komið og í verra ásigkomulagi en nokkru sinni fyrr, svo notuð séu óbreytt orð eins þingmanns Sjálfstfl. í blaðagrein á dögunum.

Það er athyglisvert að Kvennalistinn var í rauninni fyrsti flokkurinn til að bjóða hina hörðu stefnu Sjálfstfl. velkomna þegar nýkjörnum formanni Sjálfstfl. barst fyrsta bónorðsbréfið frá leiðtoga Kvennalistans í Reykjavík. Þetta bréf olli okkur vinum Kvennalistans verulegum vonbrigðum, en svo bregðast krosstré sem önnur tré.

Við Reykvíkingar þekkjum vel hina hörðu stefnu í verki. Það er stefna sem byggir glæsihýsi fyrir 4 milljarða kr. í staðinn fyrir t.d. að byggja tíu grunnskóla, þannig að allir skólar í Reykjavík séu einsetnir með góðum búnaði fyrir nemendur og kennara, stefna sem byggir glæsihýsi fyrir 4 milljarða í staðinn fyrir að byggja leikskólaplass fyrir 4000 börn, stefna sem byggir glæsihýsi fyrir 4 milljarða í staðinn fyrir að byggja 650 íbúðir fyrir aldraða og eyða þannig biðlistunum. Við Reykvíkingar þurfum ekki fremur vitnanna við og við skulum ekki gleyma því, góðir áhorfendur um allt land, að í Reykjavík búa þúsundir manna við erfið lífskjör af því að þjónusta við börn og aldraða er þessu ríkasta sveitarfélagi Íslands til skammar.

Góðir tilheyrendur. Ég hef tekið eftir því í þinginu síðustu daga að þingmenn Sjálfstfl. verða æ sigurvissari og tala um að Sjálfstfl. fái hreinan meiri hluta í næstu kosningum. Einn þeirra missti það út úr sér um daginn að Sjálfstfl. verði jafnvel einráður eftir kosningar, Sjálfstfl. hinnar hörðu stefnu. Og það eru blikur á lofti, margir bera ugg í brjósti. En við þurfum ekkert að óttast ef við gerum okkur grein fyrir aðalatriðunum, framtíðarstefnunni, fyrstu skrefunum á grundvelli þess árangurs sem þegar hefur náðst. Og það væri ekki verra að tilheyrendur mínir og aðrir kjósendur glöggvuðu sig enn betur á hinni rauðu stefnu á grænum grunni. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Nú líður senn að lokum þessa kjörtímabils og er því ekki úr vegi að líta yfir farinn veg. Hverju höfum við áorkað og hvað hefur mistekist? Við fimm þingmenn Borgfl. höfum öll reynt að starfa af festu, einurð og samviskusemi og barist heiðarlegri baráttu fyrir stefnumálum okkar þessi fjögur ár. Við komum inn á þing með nýjar og ferskar hugmyndir og höfum svo sannarlega sett svip okkar á þingstörfin.

Húsbréfafrv. sem þingmenn Borgfl. lögðu fram fyrsta þingveturinn varð kveikjan að núverandi húsbréfakerfi sem þrátt fyrir mikla ágalla er þó skref fram á við. Tillögur okkar um húsaleigubætur og launabætur hafa einnig haft mikil áhrif.

Fyrst vorum við í stjórnarandstöðu gegn ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og gengum þá í gegnum mikla eldskírn þegar við börðumst gegn matarskattinum sem sú ríkisstjórn kom á. Við endum hins vegar kjörtímabilið sem flokkur í ríkisstjórn sem skilar af sér betra búi en dæmi eru um í íslenskri stjórnmálasögu.

Fyrri hluta árs 1989 áttum við í erfiðum og flóknum samningaviðræðum við samstarfsflokka okkar í ríkisstjórn um myndun nýrrar ríkisstjórnar með traustum þingmeirihluta sem einungis Borgfl. gat lagt til. Við lögðum sem fyrr áherslu á lækkun matvælaverðs og bætta afkomu heimilanna svo og traustara atvinnulíf. Tókst loksins að ná samkomulagi um stjórnaraðild haustið 1989. Þessi atburðarás fór mjög fyrir brjóstið á Sjálfstfl. sem þykir að við höfum haldið honum allt of lengi frá stjórnartaumunum. Töluðu þeir mikið um hrossakaup og stólakaup okkar borgaraflokksráðherranna. Einhver mestu hrossakaup, ef menn vilja endilega nota það hugtak, áttu sér stað þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var mynduð sumarið 1987. Þau hrossakaup skiluðu hins vegar þjóðinni litlum árangri þar sem 14 mánuðum síðar var allt í kalda koli, atvinnulíf landsmanna í rúst og matvælaverðið að sliga heimilin. Stjórnarþátttaka Borgfl. hefur hins vegar skilað þjóðinni miklum árangri. Að kröfu Borgfl. var skattlagning innlendra matvæla lækkuð. Mjólk, kjöt og fiskur lækkaði í verði 1. jan. 1990 og hefur verð þessara algengustu matvæla nánast staðið í stað síðan. Matarreikningur fjölskyldnanna í landinu varð 2,2 milljörðum kr. lægri á árinu 1990 en annars ef ekki hefði komið til þessarar skattalækkunar. Það þarf þó að halda áfram á þessari braut að loknum kosningum og afnema með öllu skattlagningu á innlendum matvælum.

Virðulegi forseti. Verðbólga er nú aðeins 5,3% miðað við heilt ár. Það er búið að skapa þann efnahagslega grundvöll sem þarf til að byggja á til framtíðar svo varanlega verði hægt að bæta afkomu fólksins og atvinnulífs í landinu. Þjóðarsáttin, sem aðilar vinnumarkaðarins og bændur gerðu í nánu samstarfi við ríkisstjórnina, hefur gert þetta kleift. Ég hef oft sagt þetta áður og segi það enn, því það vill gleymast, að hefðum við þingmenn Borgfl. ekki sýnt það þrek og staðfestu að standast linnulausar árásir fjölmiðlabatterís Sjálfstfl. og lyppast niður í stað þess að þora að axla þá ábyrgð sem því fylgir að taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi við erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu væri enginn þjóðarsátt, enginn stöðugleiki, engin lækkun á matvælaverði, enginn grundvöllur fyrir framfarasókn til að bæta lífskjör almennings í landinu sem verður þó að vera forgangsmál næstu ríkisstjórnar því kaupmáttur, einkum lægstu launa, er allt of lágur.

Virðulegur forseti. Nú líður senn að kosningum. Við þurfum þá að taka afstöðu til margra mikilvægra mála sem snerta þjóðarheill og varða afkomu okkar Íslendinga, horft til lengri framtíðar. Samningar um Evrópskt efnahagssvæði hafa gengið hálf brösuglega. Svo virðist sem hin harðneskjulega fiskveiðistefna Evrópubandalagsins ætli að gera okkur ókleift að ná þessum samningum. En ekki kemur til greina að gefa eftir og hleypa fiskiskipum EB inn á fiskveiðimið okkar. Ekki er þó ástæða til að leggja árar í bát, við verðum að reyna til þrautar að ná þessum samningum sem eru okkur mikið hagsmunamál enda nauðsynlegt fyrir okkur að aðlaga fjármagnskerfi og þjónustu að frjálsum markaði Evrópulandanna. Við þurfum hins vegar ekki að velta þeirri hugmynd fyrir okkur að ganga í EB. Ég hef enga trú á því að Evrópubandalagið muni lifa af þær breytingar sem eru að verða í Evrópu heldur muni þróunin verða sú að smám saman muni öll Evrópa verða innan sameiginlegs efnahagssvæðis þar sem gilda

sömu lög og reglur og viðskiptahættir án sameiginlegrar yfirstjórnar. Miðstýring allrar Evrópu frá Brussel er einfaldlega dæmi sem ekki gengur upp.

Í atvinnumálum þurfum við að taka okkur á og opna fyrir nýjar leiðir og hugmyndir í samstarfi við aðrar þjóðir. Við getum nýtt okkur betur markaði í Austurlöndum fjær og í Vesturheimi. Margar þjóðir vilja nýta reynslu okkar í sjávarútvegi og hafa t.d. Alaskabúar nýlega gert samning við íslenskt famleiðslufyrirtæki um að kaupa tækniþekkingu og reynslu okkar í fiskvinnslu. Og íslensk fyrirtæki hafa náð góðum árangri í að markaðssetja tölvuvogir og annan fiskvinnslubúnað erlendis. Við þurfum að nýta betur þá tækniþekkingu sem við búum yfir og einkum er brýnt að stjórnmálaöflin í landinu taki meira tillit til faglegrar og vísindalegrar þekkingar og reynslu. Við þurfum að laða til okkar lítil erlend framleiðslufyrirtæki sem vilja nýta sér hina miklu kosti sem Ísland býður upp á. Við erum vel menntuð og dugmikil þjóð í stóru og gjöfulu landi í þjóðbraut milli Ameríku og Evrópu. Við bjóðum upp á fullkomið mennta- og heilsugæslukerfi og fagra náttúru, hreint og ómengað land. Við þurfum svo sannarlega ekki að óttast framtíðina.

Umhverfismál eru meðal mikilvægustu málaflokka í stjórnmálaumræðu nútímans. Það hefur komið í hlut Borgfl. að byggja upp hið nýja umhvrn., en stofnun þess verður áreiðanlega talin með merkustu ákvörðunum Alþingis á þessu kjörtímabili. Umhverfisspjöll eru mikið áhyggjuefni almennings um heim allan. Til skamms tíma var hljótt um umræðu um þau mál á Íslandi. En hún er nú komin í fullan gang. Í umhvrn. er verið að vinna að stefnumótun í ýmsum mikilvægum málaflokkum. Bætt sorphirða og aukin endurvinnsla eru meðal þeirra. Þá hefur verið undirbúin almenn löggjöf um umhverfisvernd og skipulag hennar. Fyrstu skref til verndunar hálendis Íslands hafa verið stigin og frv. til laga um verndun villtra landspendýra auk almennra dýraverndunarlaga hefur nýlega komið fram. Tillaga um að ljúka gerð grunnkorta og gróðurkorta fyrir allt landið var nýlega samþykkt á Alþingi, en Íslendingar eru meðal síðustu þjóða í Evrópu að koma kortamálum sínum í lag. Þá hefur ráðuneytið haft afskipti af gróðurvernd og m.a. beitt sér fyrir friðun tiltekinna svæða fyrir beit. Verið er að fara yfir ýmis mengunarmál, svo sem losun kolsýru og brennisteinstvíildis út í andrúmsloftið og er unnið að framkvæmdaáætlun til að draga úr slíkri mengun, m.a. með *því að innleiða mengunarvarnabúnað á allar bifreiðar.* Starfsmenn ráðuneytisins búa yfir bæði faglegri og vísindalegri þekkingu og hefur það komið sér vel í sambandi við hin flóknu verkefni sem þar er verið að vinna að.

Við göngum ótrauð til kosninganna í vor. Við höfum sterka málefnalega stöðu og getum borið höfuðið hátt. Við erum reynslunni ríkari og fús að takast á við verkefni framtíðarinnar. Það er þörf fyrir frjálslynda stjórnmálahreyfingu sem er ómenguð af hagsmunapoti *og þeirri stöðnun sem einkennir gömlu flokkana.* Við aðhyllumst stefnu umburðarlyndis, mannúðar og mildi og viljum byggja upp réttlátt þjóðfélag þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín án lamandi ríkisafskipta og óháður hagsmunagæslukerfi gömlu flokkanna. Við viljum draga úr miðstýringunni og færa meiri völd til landshlutastjórna. Við viljum hugsa um þá sem minna mega sín, enda erum við aðeins sem ein lítil fjölskylda í samfélagi þjóðanna.

Virðulegi forseti. Við bjóðum öllu frjálslyndu og framfarasinnuðu fólki að ganga til liðs við okkur til átaka fyrir land og þjóð. Góðar stundir.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Verkefni hverrar ríkisstjórnar er eitt öðrum fremur ofar hverri annarri kröfu, þ.e. að stuðla að hagstæðri atvinnu- og efnahagsþróun á þann veg að sem flestir þegnar þjóðfélagsins fái notið sín á þeim vettvangi þjóðlífsins sem þeir sjálfir helst kjósa. Á eldhúsdegi seinustum fyrir alþingiskosningar líta menn því yfir farinn veg og meta aðstæður og árangur með það sérstaklega í huga hvað framtíð næstu mánaða muni bera í skauti sér. Borgfl. bar að hér á hinu háa Alþingi við einhverja þá mestu fjölmiðlasprengingu sem sögur fara af. Þann aðdraganda þarf ég ekki að rekja né eftirmála. Hitt er nauðsynlegt einmitt á þessari stundu að leggja áherslu á þegar verk og árangur núv. ríkisstjórnar eru lögð undir þjóðardóm í þingkosningum að menn minnist þess að sá árangur hefði ekki náðst án þess þingmeirihluta sem Borgfl. átti úrslitaþátt í að mynda. Árangur í stjórn efnahagsmála með varanlegt verðbólgustig um 5% er stórkostlegri en nokkurn óraði fyrir að nást mundi. Vinnufriður á grundvelli þjóðarsáttar hefur að auki tryggt betri og traustari atvinnu um allt land en nokkur þorði að vona. Í leiðinni hefur tekist að þoka fram hér á Alþingi marghátt aðri annarri löggjöf sem verða mun þjóðinni allri til heilla um langa framtíð. Ég nefni sem dæmi þrjá stóra lagabálka á sviði réttarfarslöggjafar sem samþykkt voru hér á Alþingi nú fyrr í þessari viku.

En þó að átök um einstök ágreiningsefni einkenni oft störfin hér á Alþingi og þar með svip þjóðmálaumræðunnar og geti stundum verið hvatinn að æskilegum ákvörðunum þá eru þau málslok oftar og miklu þýðingarmest sem einkennast af friði, sátt og samkomulagi. Ég er þeirrar skoðunar að þegar stundir líða fram verði sá árangur sem náðst hefur á seinni hluta þessa kjörtímabils í viðureigninni við verðbólguna talinn svo þýðingarmikill að engu stjórnmálaafli muni líðast að *sleppa verðbólguskriðunni af stað aftur.*

Hins vegar eru út af fyrir sig eðlileg sárindi þeirra sem ekki áttu hlutdeild í þessum árangri. Það eru mannleg viðbrögð þó ekki séu þau stórmannleg. En þversagnir og tvískinnungur kemur víða fram. Sjálfstæðismenn ætla að lækka skatta en geta þess þó hvergi hvar þeir muni draga úr þjónustu ríkisins ellegar fjárfestingu á þess vegum sem þeim finnst þó allt of lítil á fjölmörgum sviðum. Það var þó ekki fyrr en þeir höfðu yfirgefið Stjórnarráðið sem tókst að knýja fram *lægra skattþrep á innlend matvæli og lækka þannig* matvælareikning heimilanna í landinu um röska tvo milljarða króna á ársgrundvelli og örva um leið sölu

innlendu afurðanna og treysta að sama skapi rekstrargrundvöll innlendrar matvælaframleiðslu. Þessi eina aðgerð hafði þannig gífurleg jákvæð áhrif. Hér er þó aðeins hálfnað verk. Eðlilegt markmið er vitaskuld alls engin skattlagning á innlend matvæli, rétt eins og bækur. En ég endurtek að þessir áfangar náðust ekki fyrr en sjálfstæðismenn höfðu yfirgefið Stjórnarráðið. Sannleikurinn hefur því miður reynst sá að þeir berjast einungis fyrir lækkun skatta í atkvæðaöflun, í orði en ekki á borði. Verkefni næsta þingmeirihluta ætti hins vegar að felast í því að færa skattbyrði frá þeim verr settu til hinna sem betur mega sín. Um það m.a. verður tekist á í íslenskri þjóðmálabaráttu á næstu vikum og mánuðum.

Það er alsiða hér á Alþingi að tekist er á um afgreiðslu einstakra þingmála undir þinglokin og þá getur velvilji ellegar andúð einstakra þingmanna ráðið úrslitum um afdrif mála þegar tímaþröng er veruleg. Þó að ég geti vissulega allvel unað þeim hlut, sem sá málaflokkur er ég hef forustu fyrir í ríkisstjórn ber frá borði að þessu sinni, þá vil ég leyfa mér að nefna þrjú mál sem öll hafa fengið jákvæða umfjöllun og fjölmargir úti í þjóðfélaginu bíða jákvæðrar afgreiðslu á.

Fyrst vil ég nefna frv. um opinbera réttaraðstoð. Hér væri um löggjöf að ræða sem skipta mundi miklu fyrir mikinn fjölda fólks og einmitt þá sem höllustum fæti standa.

Í annan stað nefni ég frv. til laga um samfélagsþjónustu sem refsikost. Þegar sú löggjöf verður samþykkt mun hefjast mannbótastarf þar sem mest er þörf.

Í þriðja lagi er frv. til laga um sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu. Íslensk sjómannastétt og ekki síður þeir menn sem hætta lífi sínu oft við mjög örðugar aðstæður við björgun mannslífa eiga rétt á því að þetta mál fái afgreiðslu hér á þinginu þannig að tryggt verði að ný og öflug þyrla komist í gagnið eigi síðar en á árinu 1992. Allar útlölur um að hér sé ekki fjáröflunarleið við hæfi, eins og heyrst hefur úr röðum Kvennalistans og sjálfstæðismanna, eru hjáróma raddir og sýna aðeins að stuðningur við kjarna þessa máls er hræsni blandinn. Alþingi fer með fjárveitingavaldið og þar er enginn þingmaður undanskilinn. Hér er hins vegar um stuðningsleið að ræða er veitt gæti að auki almenningi tækifæri til þess að sýna vilja sinn í verki.

Góðir Íslendingar. Enda þótt loks hafi tekist samkomulag á milli ríkisstjórnar og stjórnar Seðlabankans sem leiða mun til afnáms á sjálfvirkni lánskjaravísitölunnar hefur einmitt sú sjálfvirkni verið helsti þrándur í götu þess að raunvaxtastig hér á landi væri á svipuðu stigi og í helstu viðskiptalöndunum. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs á hins vegar allt sitt undir því að þau markmið náist sem í þessu samkomulagi felast. Sambærilegt raunvaxtastig er þar algjör nauðsyn.

Það er einmitt afstaða Íslendinga til samskiptanna við næstu og fjarlægari nágranna sem setja munu sterkan svip á stjórnmálaátök næstu missira. Við búum í góðu og gjöfulu landi sem veitir þegnum sínum gnægðir auðs, einungis ef þeir bera gæfu til samkomulags og skynsamlegrar nýtingar. Þess vegna kemur óheftur matvælainnflutningur af mengunarsvæðum að minni hyggju ekki til greina. Hins vegar eigum við að taka af fullri einurð þátt í samstarfi við nágrannaþjóðir sem frjálst og fullvalda ríki. Til þess höfum við alla burði en ganga þarf vitaskuld fram með fullri gát og aðgæslu. Megi sú verða gæfa íslenskrar þjóðar í heilbrigðu samstarfi annarra frjálsra þjóða.

Ég þakka þeim sem hlýddu og býð góða nótt.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Það hefur víst ekki farið fram hjá neinum að kjörtímabilið er senn á enda runnið og kosningar á næsta leiti. Á þessum tímamótum er rétt að rifja upp atburði liðinna fjögurra ára, hver staðan er nú um stundir og hverju búast má við á komandi árum. Á þessu kjörtímabili hafa verið myndaðar þrjár ríkisstjórnir. Sú fyrsta, undir forustu Þorsteins Pálssonar, fyrrv. formanns Sjálfstfl., verður lengi í minnum höfð fyrir þá sök að hafa sett á hinn illræmda matarskatt og með fastgengisstefnunni komið atvinnulífinu í rjúkandi rúst á skömmum tíma. Þá tókst þeirri ríkisstjórn, þrátt fyrir skamman tíma á valdastóli, að hækka skatta um helming, úr 42 milljörðum árið 1987 í 62 milljarða árið 1988. Þau eftirmæli sem sú ríkisstjórn á eftir að fá eru án efa að hún hafi verið mesta slys í sögu íslenskra stjórnmála á síðustu tímum.

Ríkisstjórn undir forustu Steingríms Hermannssonar tók þá við. Með stórfelldum millifærsluaðgerðum kom hún atvinnulífinu til að hökta af stað á nýjan leik.

Haustið 1989 var þriðja ríkisstjórnin mynduð með þátttöku Borgfl. Við myndun þeirrar ríkisstjórnar var lagður grunnurinn að þeirri þjóðarsátt sem tókst milli aðila á vinnumarkaði í upphafi sl. árs og leitt hefur af sér jafnvægi í efnahagsmálum við lágt verðbólgustig. Gjörbreyting hefur því orðið til batnaðar í efnahagsmálum og ríkir nú meiri friður og sátt en oftast áður. Hins vegar má ekki gleyma því að fólk hefur fært fórnir og að liðinni þjóðarsátt er eðlilegt að launafólk geri kröfur um aukinn kaupmátt og betri lífskjör. Ég hefði kosið að sá tími sem þjóðarsáttin hefur verið við lýði hefði verið betur nýttur til að auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu til að mæta þessum sjálfsögðu kröfum launafólks í landinu. Því miður hefur allt kapp verið lagt á byggingu álvers og hugmyndum um nýjar framleiðslugreinar í iðnaði og aðra atvinnuuppbyggingu ýtt út af borðinu.

Margt hefur þrátt fyrir allt áunnist á þessu kjörtímabili og mörg þörf lagasetningin náð fram að ganga. Vil ég þar helst nefna stofnun sérstaks umhvrn. sem ég tel að marki tímamót í umræðu um umhverfismál hér á landi. Hins vegar eru málin mörg sem því miður þurfa að bíða. Ég hefði viljað að frv. til breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands, þar sem ráðuneytum er fækkað og skipulagi komið á innan ráðuneyta, yrði að lögum. Þá hefði ég kosið með hagsmuni almennings í huga og með tilliti til réttaröryggis að lögfest hefðu verið frv. til stjórnsýslulaga og um upplýsingaskyldu stjórnvalda. En því miður eru allar horfur á að þau nái ekki fram að ganga hér á Alþingi.

Þá verða það mikil vonbrigði ef frv. dómsmrh. um samfélagsþjónustu og opinbera réttaraðstoð fyrir almenning hljóta ekki afgreiðslu nú á síðustu dögum þingsins. Verði sú raunin er ábyrgð þeirra þingmanna mikil sem standa fyrir því að hefta framgang þessara réttlætismála. Því skora ég á þingheim að sjá til þess að þessi þjóðþrifamál verði samþykkt við þinglok.

Góðir landsmenn. Byggðamálin eru stór og mikilsverður málaflokkur sem því miður hefur ekki verið tekið á sem skyldi. Þrátt fyrir verulegan fjáraustur í hin ýmsu verkefni vítt og breitt um landið er ekkert lát á flótta fólks frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins. Sú byggðastefna sem rekin hefur verið hefur gjörsamlega brugðist og ljóst er að taka þarf hana til gagngerðrar endurskoðunar, sérstaklega í ljósi þeirrar þróunar sem kemur til með að verða í landbúnaði á næstu árum og minnkandi fiskafla.

Ég hef lagt það til að sett verði á stofn sérstakt ráðuneyti, er fari með byggða- og samgöngumál, svo hægt verði að taka á þessum málum með skipulögðum og samræmdum hætti. Að mínu viti gengur það ekki að mörg ráðuneyti og margir ólíkir aðilar séu að fjalla um þessi mál án samráðs á mörgum stöðum í stjórnkerfinu. Niðurstaða þeirra verka eru endalausar skýrslur en engar aðgerðir.

Að síðustu, virðulegur forseti. Kosningar eru á næsta leiti. Í þeim verður án efa mikið deilt og gylliboð flokkanna streyma inn um bréfalúgurnar í litprýddum bæklingum. Ég bið ykkur, landsmenn góðir, að taka ekki mark á slíku, heldur meta flokkana af verkum sínum, engu öðru.

Hvað hefur Sjálfstfl. gert á þessu kjörtímabili og hvað hefur Borgfl. gert? Sjálfstfl. átti sín tækifæri en glutraði þeim niður og þurfti að yfirgefa stjórnarheimilið með skömm eins og hundur með skottið á milli lappanna. Borgfl. hins vegar tók á sínum tíma mjög ábyrga afstöðu, gekk til ríkisstjórnarsamstarfs með reisn og hefur komið því til leiðar að stöðugleiki ríkir í íslensku efnahagslífi og fært þjóðinni sátt á vinnumarkaði og bjarta framtíðarvon.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þjóðin hefur nú hlustað á alla flokkana sem eru kallaðir hér á Alþingi og heyrir að það sem hefur farið úrskeiðis er hinum að kenna. Það sem hefur verið vel gert er þeim að þakka sem er í ræðustól hverju sinni.

Það var dálítið merkilegt að hlusta á hv. 1. þm. Reykv. hér áðan. Hlusta á það þegar þeir eru að tala um að þeir fari undir formerkjunum „frelsi og mannúð". Hvaða frelsi? Frelsi peninganna er það frelsi sem hefur ráðið þegar Sjálfstfl. ræður ferðinni og meira segja, því miður, hafa þeir flokkar sem nú stjórna ekki haft manndóm í sér til þess að taka á þeim málum eins og var lofað og hefði þurft. Hver er mannúðin? Er ekki komið í ljós að 420 gjaldþrotabeiðnir hafa komið fram á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs og fleiri hundruð gjaldþrotabeiðnir á undanförnum árum eftir vaxtavitleysuna sem var framkvæmd af Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. Það er mannúðin. Mannúðin í verki. Og heldur Alþfl. að það þýði að ræða við þjóðina á þann veg sem hæstv. félmrh. gerði hér áðan? Dettur mönnum í hug að menn fylgist ekki með hvað er að gerast í húsnæðismálunum? Það er verið að stytta lánstíma og hækka vextina. En hvað með launin? Hækka þau? Er þetta ekki skýringin á því að fólk með lágar tekjur er að missa í tugatali, í hundraðatali, íbúðirnar sínar? Fátækt fólk náttúrlega. Og svo eru það sumir sem raka saman auðæfum á þessari harmsögu allra þessara mörgu einstaklinga.

Hæstv. félmrh. var að tala um að það ættu ekki að vera tvær þjóðir í landinu. Það eru tvær þjóðir í landinu og það eru tvær þjóðir í raun og veru hér í borginni. Og það eru tvær þjóðir í sambandi við sveitarfélögin þar sem Reykjavíkurborg hefur yfir 30% meira á hvern einstakling í tekjur heldur en önnur sveitarfélög í landinu. Á meðan þetta gengur svo þá þarf enginn að halda það að fólkið, sem fær ekki þá þjónustu sem er meira að segja samkvæmt lögum, sæki ekki hingað þar sem hún er meiri og þar sem hægt er að byggja milljarða hallir, fleiri en eina, fleiri en tvær, á sama tímabili. Hvernig er svo með börnin, unglingana, fjölskyldurnar sem eru þó hornsteinar hvers þjóðfélags? Hvernig er hugsað um þetta fólk þegar foreldrarnir verða að vinna langan dag og hafa þó ekki fyrir lífsnauðsynjum? Hvernig haldið þið að sé með fólk sem þarf að borga í húsaleigu 35–40 þús. fyrir utan ljós og hita en hafa ekki nema 50–60 þús. kr. á mánuði hvert um sig. Vilja hv. alþingismenn lifa á slíkum launum? Eða konurnar sem eru að missa núna íbúðirnar sínar þrátt fyrir hið góða félagshúsnæðiskerfi sem félmrh. var að guma hér af áðan.

Þá er ég kominn að hæstv. iðnrh. Það er dálítið undarlegt að hlusta á þann söng sem er út af álbræðslunni, út af umræðunum um það mál hér á Alþingi. Ég veit ekki til þess að það hafi farið fram skoðanaskipti á milli þeirra sem vilja álbræðslu og hinna, ekki frá þeirra hendi sem vilja hana. Það hefur verið talað bara frá þeim sjónarhóli að reyna að skýra málin og það gerði hv. 2. þm. Austurl. af reisn og þekkingu sem hefur ekki farið og fer ekki fram hjá þjóðinni ef hún les þá ræðu. Og hann á þakkir skildar fyrir þær upplýsingar sem þjóðin fær af þessu máli.

En hvað er verið að sækjast eftir að samþykkja? Hvert er innihald þessarar tillögu sem er verið að ræða hér? Það er traustsyfirlýsing á hæstv. iðnrh. og það að fá samþykki fyrir því að halda áfram sem og hann hefur. Það er aðeins traustið til þess að veifa framan í kjósendur í Reykjaneskjördæmi. Það er ekkert annað. Og ég mótmæli því alveg að við sem höfum tekið þátt í þessari umræðu, a.m.k. af minni hálfu, að ég hafi notað þar málþóf. Ég held að iðnrh. ætti að segja frá því hvernig á að borga Blöndu miðað við þá greiðslustefnu sem Landsvirkjun hefur sett fram. Það á að borga hana af því sem íslensku notendurnir greiða á næstu 14 árum. Ég get ekki farið út í það hér nákvæmlega fyrir tímaleysi. En það þyrfti að svara því hér á hv. Alþingi hvernig þetta er hugsað. Hvernig stendur á því að orkuver með línum og spennivirkjum sem kostar um 57 milljarða, hvernig er hægt að selja

orkuna innan við 20 mill? Það er gaman að fá það. Ég held að þessir spekingar sem eru síknt og heilagt með tölur ættu að lofa okkur að heyra það.

Það var líka gaman að heyra í hæstv. iðnrh. þegar hann var að tala um verðbólguna á undanförnum árum. Maðurinn sem var allan tímann ráðunautur hverrar ríkisstjórnar eftir aðra. Það væri gaman fyrir hann og hefði átt að minna á það.

Það hefur borist bréf til allra þingflokka sem er vegna þess að bændur víðs vegar af landinu hafa fengið Sigurð Líndal lagaprófessor til að kanna stjórn búvöruframleiðslunnar á undanförnum árum frá lagalegu tilliti. Fram kemur í þessu bréfi að prófessorinn telur að miklir annmarkar séu á lögunum og reglugerðum sem settar hafa verið eftir þeim, einkum með tilliti til stjórnarskrárinnar. Þá hefur framkvæmd þeirra að nokkru leyti farið úrskeiðis að hans mati. Ég held að stjórnvöld og bændasamtökin ættu að fá þessa skýrslu frá prófessornum áður en þau stíga ný skref í þessu máli.

Það er nú ákveðið að boðið verði fram í öllum kjördæmum af félögum mínum. Og áherslupunktar sem við höfum sett fram eru m.a. eftirfarandi: Sjálfstæði Íslendinga í eigin fullvalda landi án erlendrar íhlutunar og án aðildar að Evrópubandalaginu. Aukið lýðræði og jafnrétti. Valddreifing frá miðstýrðu kerfi til fólksins. Öflugar heimastjórnir byggðanna sem tryggi öllum landsmönnum jafnan rétt til aukinna lífsgæða. Byggðum verði úthlutað kvótum í landbúnaði og sjávarútvegi, auðlindir Íslendinga í höndum landsmanna sjálfra. Fjölþætt atvinnuuppbygging íslenskrar framleiðslu en ekki risaálver. Hreint land án rányrkju og mengunar. Mannréttindi, jöfnun þegnanna, bætt réttarkerfi og aukið lýðræði. Lágmarkslaun miðað við það sem nú er 75 þús. kr. á mánuði að raungildi og verði ekki hægt að knýja það fram með öðru móti, þá á að gera það með lögum. Sömu laun karla og kvenna. Skattkerfi þjóðarinnar jafni kjör fólks og byggða. Löggjöf um hámarksvexti gegn okri í lánaviðskiptum. Fjármagnstekjur verði skattlagðar. Skattþrep verði fleiri en eitt og matarskattur aflagður. Breyttar kosningareglur, aukið valfrelsi kjósenda að velja þingmenn og fulltrúa í sveitarstjórnir. Tryggja þarf frjálsan og jafnan rétt stjórnmálaafla að ríkisfjölmiðlum en á því er mikill misbrestur að það sé.

Stofnun fríhafnar og skattfrjáls svæðis við alþjóðaflugvelli í landinu sem geri Ísland að alþjóðlegri viðskiptamiðstöð. Utanríkisþjónusta verði endurskoðuð. Raforka frá hinu hringtengda flutningakerfi Landsvirkjunar verði seld með sama verði um land allt. Landsvirkjun verði að jöfnu í eign allrar þjóðarinnar. Byggðum verði tryggð aðstaða til þess að geyma og ávaxta eigið aflafé, svo sem lífeyrissjóði og sparifé íbúanna. Stefnt verði að jöfnum lífeyrisréttindum allra landsmanna. Húsnæðislánakerfið taki hliðsjón af kjörum fólks og tryggi verðmæti í kaupum og endursölu fasteigna. Félagslega íbúðakerfið verði aukið og búseturéttur tryggður. Æskan og menntun hennar er framtíð þjóðarinnar. Tryggja þarf velferð og aðstæður ungs fólks til heilbrigðs lífs, svo sem á sviði íþrótta og félagslífs. Fólkið á landsbyggðinni og láglaunafólk í þéttbýlinu verður að standa saman til að verja rétt sinn til þess að geta náð og notið eðlilegra lífskjara.

Samtök jafnréttis og félagshyggju munu bjóða fram með Heimastjórnarsamtökunum um allt land, fyrst og fremst í því augnamiði að koma í veg fyrir að þeir flokkar geti myndað viðreisnarstjórn að loknum kosningum sem ætla að vinna að því að við Íslendingar göngum í EB og eru að móta okkar þjóðfélag í það mynstur sem til þess þarf og að vinna að því nú leynt og ljóst að byggðar verði álbræðslur á næstu áratugum og stefna að því að flytja inn landbúnaðarvörur sem eru í mörgum tilfellum mengaðar og eru ekki í söluhæfu ástandi að mati erlendra heilbrigðisyfirvalda. Fylgni við þessa stefnu hefur komið fram hjá báðum flokkunum, Sjálfstfl. og Alþfl., í þessum umræðum. Þjóðin ætti að átta sig á því hvað er í húfi ef þeir ná meiri hluta á Alþingi Íslendinga í þeim kosningum sem í hönd fara.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Þegar ég var að ganga hingað niður í Alþingishús í kvöld mætti ég gömlum og mjög virtum kennimanni. Hann hafði þá horft á sjónvarpsfréttir nú í kvöld og séð forseta þingsins blasa þar við og Hjörleif Guttormsson hér í ræðustól og hann hafði orð á því að það hlyti að búa mikið inni fyrir hjá manni sem talaði svo lengi. Og auðvitað er það rétt athugað hjá hinum aldna kennimanni. Það býr mikið inni fyrir hjá manni með lífsreynslu og lífsskoðanir Hjörleifs Guttormssonar eins og þær hafa þróast frá því að hann ungur drengur gerðist leiðtogi sósíalista í Menntaskólanum á Akureyri, hvarf síðan austur fyrir járntjald og hefur síðan gengið í gegnum allar þær breytingar sem frjálsræði hefur knúið fram í veröldinni.

Svavar Gestsson, sem var annar þeirra manna sem leituðu frelsisins fyrir austan tjárntjaldið, talaði um það að við sjálfstæðismenn værum járnharðir. Hann talaði um hina hörðu stefnu okkar sjálfstæðismanna sem er auðvitað fólgin í því að við getum ekki sýnt linkind sem er fram yfir þá hörku sem í veröldinni býr, en sú eina leið til þess að halda uppi þeirri mannúð sem Stefán Valgeirsson dreymir um er auðvitað að gefa hverjum og einum tækifæri til að njóta krafta sinna, til að brjótast fram í athafnalífinu og í lífskjörunum.

Mér hér á hægri hönd situr forsrh. Hann boðaði til blaðamannafundar fyrir skömmu. Að sumu leyti hefur hann verið skoðanabróðir Hjörleifs Guttormssonar gegnum árin. Hann lýsti því yfir í blöðunum að nú hefði byggðastefnan brugðist þrátt fyrir að miklu fé hefði verið varið til þess að halda uppi sjávarplássunum hringinn í kringum landið. Þetta hefur á hinn bóginn farið fram hjá sjútvrh., ef það er að marka það sem hann sagði hér áðan, þegar hann var að lýsa hinu ágæta atvinnuástandi, m.a. á ýmsum stöðum í hans eigin kjördæmi. Við getum horft til Seyðisfjarðar. Mig minnir að forsrh. hafi skipað tveim ráðherrum, utanrrh. og sjútvrh., að reyna að hlutast til um það að eitthvað af fiskinum sem væri veiddur af togaranum frá Seyðisfirði

yrði unnið þar á staðnum. Þannig er um fleiri staði.

Og þegar talað er um trausta fjármálastjórn, sem Vestfirðingurinn hér mér á vinstri hönd talar mest um, sá ábyrgi fjármálamaður sem á þá miklu lífsreynslu að hafa verið í þessum flokkum báðum, Framsfl. og Alþb., og er þó bjartur yfirlitum, þegar við erum að tala um hinn góða viðskilnað hans, þá er það á sama tíma og við erum hér í þinginu að ræða um það við forsrh. hvernig hægt sé að búa þannig um Atvinnutryggingarsjóð, sem sjútvrh. var að hrósa, og Hlutafjársjóðinn, sem hann var líka að hrósa, að ríkissjóður tapaði sem minnstu af sínum ábyrgðum. Á þessari stundu er talið að tapið nemi um tveim milljörðum af níu. Sumir tala um að helmingi meira af þessu fé sé tapað og glatað. Sjútvrh. reynir að verja sig með því að erlendar skuldir hafi minnkað. Hann sagði það hér í sinni ræðu. Það varð til þess að ég fletti upp í Hagtölum mánaðarins síðan í febrúar. Þar stendur skýrum stöfum að erlend lán sem hlutfall af vergri landsframleiðslu séu nú 52,9%, voru 41,4% 1988, á tíma Þorsteins Pálssonar, og 40,3% 1987. Nú 52,9%. Þetta kallar sjútvrh. að erlendar skuldir séu að lækka.

Þegar framsóknarmenn eru að hrósa byggðastefnu, þá ættu þeir e.t.v. að velta fyrir sér hvernig komið sé fyrir íslenskum landbúnaði, íslenskum bændum, sem umfram aðra hafa treyst framsóknarmönnum fyrir sinni afkomu. Þeir hafa ekki aðeins ábyrgst það fyrir bændur að koma vörum þeirra á markað þar sem hæst verð fæst fyrir þær, heldur hafa þeir með margvíslegum öðrum hætti reynt að setja skorður við því að bændur gætu búið þannig að atvinnurekstri sínum að þeir gætu sem best aðlagast markaðnum á hverjum tíma.

Nú hefur búvörusamningur nýlega verið gerður. Og hvert er svo mat Páls Péturssonar? Hann sagði hér áðan að í fyrsta lagi hefði ekki verið hugsað fyrir skattahliðinni. Hann talaði um það í öðru lagi að aðlögunartími væri of stuttur og að byggðaþátturinn hefði verið skilinn eftir, hvorki meira né minna, byggðaþátturinn væri skilinn eftir. Þannig er nú þessi byggðastefna sem verið er að lýsa.

Við tókum líka eftir því að Stefán Valgeirsson, sem er mjög kunnugur mönnum á landsbyggðinni um allt land, — hefur verið mikill baráttumaður fyrir þetta fólk, þó að hann því miður hafi vitlaus sjónarmið. Það er önnur saga. En hann vill berjast fyrir þetta fólk. Honum varð það á að segja áðan: „Fólkið á landsbyggðinni og láglaunafólkið í Reykjavík.“ Af hverju? Vegna þess að meðaltekjur fólksins úti á landi eru of lágar miðað við það sem er í Reykjavík. Þetta sáum við m.a. nú í sjónvarpinu í kvöld þegar fiskvinnslukonan sagði: Skattarnir eru allt of háir fyrir þær lágu tekjur sem við höfum. Við ráðum ekki við þetta.

Það er öldungis rétt, sem vinstri flokkar hafa verið að segja hér, að við sjálfstæðismenn viljum lækka skattana. Fyrst viljum við stöðva skattahækkunarskriðu fjmrh., eins og formaður okkar sagði. Síðan vindum við ofan af sköttunum.

Það er líka öldungis rétt að raunvextir eru of háir hér á landi. Forsrh. kallar það hneyksli. Síðan leitar maður skýringa hjá Seðlabankanum hvernig á því standi og þá kemur í ljós að vextirnir eru svona háir, hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar. Viðskrh. segir að skýringin sé sú að hér sé ríkissjóðshalli, vextirnir séu svona svipaðir hér og í öðrum löndum þar sem er halli á ríkissjóði. Þetta verður til þess að fjmrh. kallar Seðlabankann kosningaskrifstofu Sjálfstfl. Þær eru víða þessar kosningaskrifstofur Sjálfstfl. í dag, fjmrh. Þær eru hér í þinginu þegar við hlustum á málflutning ríkisstjórnarinnar og horfum á öngþveitið í stjórnarathöfnum. Kosningaskrifstofa Sjálfstfl. er í Ríkisendurskoðun þegar við veltum því fyrir okkur hvernig fjmrh. hefur farið með peningana sem honum hefur verið trúað fyrir. Og stærsta kosningaskrifstofa Sjálfstfl. er þjóðin sjálf sem mun tryggja okkur mikinn sigur í þeim kosningum sem fram undan eru. Því það var rétt, sem Jón Sigurðsson sagði hér áðan, nú kjósum við um framtíðina en ekki þá fortíð sem felst í því að þessi ríkisstjórn sé áfram við völd.

Ég þakka fyrir og góðar stundir.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ég hafði hugsað mér að nota tíma minn hér fyrst og fremst til að ræða þá björtu framtíð sem ég sé að búa má þessari þjóð, þá björtu framtíð sem byggir á þeim stöðugleika sem tekist hefur að skapa á undanförnum árum. Framtíð hagvaxtar og betra mannlífs.

Ég kemst þó ekki hjá því að svara nokkru af því sem komið hefur fram hjá hv. sjálfstæðismönnum sem hér hafa talað.

Hv. þm. Friðrik Sophusson minntist á Evrópubandalagið. Í hvert sinn sem hann talar um Evrópubandalagið leynir sér ekki tilhlökkunin í orðum hans þegar hann segir: Við sjálfstæðismenn útilokum ekki fulla aðild. Að vísu hefur hv. þm. þann varnagla að við Íslendingar eigum að hafa í eigin hendi auðlindir okkar, og undir það vil ég að sjálfsögðu taka, en eins og hv. þm. veit alveg eins vel og ég er það grundvallaratriði í stjórnarskrá Evrópubandalagsins að fiskveiðilögsagan fyrir utan 12 sjómílur er sameign Evrópubandalagsins. Og það er grundvallaratriði í stjórnarskrá Evrópubandalagsins að þessi sameign er undir sameiginlegri stjórn í Brussel. Það veldur mér einnig miklum vonbrigðum að hv. þm. minnist ekki á þá staðreynd, það grundvallaratriði, að þegnar Evrópubandalagsins skuli vera jafnir m.a. í því tilliti að hver og einn geti keypt land hvar sem hann óskar. Með öðrum orðum gæti svo farið með fullri aðild að þegnar Evrópubandalagsins, erlendir aðilar með mikinn auð í hendi, gætu keypt hér upp dali og fjöll. E.t.v. er það einhver sú mesta hætta sem við blasir ef við gerumst aðilar að Evrópubandalaginu. Staðreyndin er sú að þessi litla þjóð, aðeins 250 þús. manns, hefur ekkert bolmagn til þess að gerast að fullu aðili að Evrópubandalaginu.

Það veldur mér miklum vonbrigðum að Alþfl. er farinn að dekra við þetta hið sama, fulla aðild að Evrópubandalaginu.

Hv. þm. minntist á vextina og hann sagði réttilega að ég hefði gagnrýnt Seðlabankann fyrir vaxtaákvarðanir. Hv. þm. gat þess ekki að samkvæmt íslenskum

lögum eru vaxtaákvarðanir í höndum bankaráðanna og samkvæmt íslenskum lögum er Seðlabankanum ætlað að fylgjast með því að vaxtaákvarðanir séu eðlilegar. Þegar þær eru ekki eðlilegar þá leyfi ég mér að gagnrýna bæði bankaráðin og Seðlabanka Íslands. Nú eru nafnvextir þannig að þeir eru að raungildi u.þ.b. 10% en af verðtryggðum lánum eru þeir um 8%, þ.e. óverðtryggð lán bera langtum hærri vexti en verðtryggð lán. Þetta leyfi ég mér að gagnrýna og ég vil vona að hv. þm., sem situr í bankaráði Landsbankans, skoði þessa hluti vel og beiti áhrifum sínum til þess að lækka vextina. Staðreyndin er vitanlega sú að árangur hefur náðst í lækkun raunvaxta. Raunvextir hafa lækkað frá 9,5% sem þeir voru 1988 í 8% nú, um það munar mikið. Langsamlega mikilvægast er þó að tekist hefur að draga úr verðbólgunni þannig að verðbólguþáttur vaxta er minni. Þetta finnur hver einasti maður sem greiðir af láninu sínu. Hann sér nú í fyrsta sinn að höfuðstóllinn minnkar þegar hann greiðir af lánum. Svo var ekki áður.

Hv. þm. Halldór Blöndal minntist á það að erlend lán eru há. Ég er honum sammála, þau eru of há. Staðreyndin er hins vegar sú að þegar það mikla átak var gert þegar ný ríkisstjórn tók við 1988 til að forða gjaldþroti útflutningsatvinnuveganna um land allt eftir óraunhæft gengi þá varð ekki hjá því komist að taka erlend lán til að endurfjármagna útflutningsatvinnuvegi landsins. Erlendar skuldir hlutu þá að vaxa. Ef hv. þm. Halldór Blöndal lítur hins vegar á Hagvísi, síðasta eintak hans, þá mun hann sjá að Þjóðhagsstofnun getur þess þar sérstaklega að erlend lán fari nú lækkandi og spáir því að erlendar skuldir muni fara lækkandi á árinu 1991.

Ég ætla ekki að svara fúkyrðum hv. sjálfstæðismanna í garð ríkisstjórnar minnar eða í minn garð persónulega. Ég mun halda því eins lengi og ég tek þátt í stjórnmálum að bera virðingu fyrir mínum stjórnmálaandstæðingum og ég ætla að leyfa mér að trúa því í öll skipti að þeir vilji vel þótt þeim mistakist æði oft.

Ég sagði áðan að ég hefði helst kosið að ræða um þá björtu framtíð sem þetta land á. Sú ríkisstjórn sem tók við 1988 tók við afar erfiðu búi. Því verður ekki neitað, vitnin eru allt of mörg til að þessu megi neita. Ríkisstjórninni tókst með fjölþættum aðgerðum að ná verðbólgunni niður í 5,3% samkvæmt síðustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands, reiknað á tólf mánaða grundvelli. Lægri hefur hún ekki verið um áratugi. Ég get nefnt fjölmörg önnur dæmi um þennan bata, eins og t.d. langtum betri afkomu atvinnuveganna, m.a. sjávarútvegsins, ferðaiðnaðarins, hótelrekstursins, iðnaðarins í landinu almennt. Einn af forustumönnum iðnaðarins sagði við mig: Þú mátt hafa það eftir mér að afkoma iðnaðarins hefur ekki verið betri í 20 ár.

Það veitti ekki af, því flestar voru þessar atvinnugreinar í miklum erfiðleikum eftir verðbólgueld undanfarinna ára. Staða bankanna er t.d. miklu betri en hún hefur verið. Það er miklu meiri jöfnuður á milli innlána og útlána. Það er loksins núna síðustu tvö ár sem verið hefur afgangur á vöruskiptum þessarar þjóðar. Það er rétt, hv. þm., þú ert að hugsa um viðskiptajöfnuðinn, það var halli þar af því að vextirnir eru miklir, en á vöruskiptum er verulegur afgangur og m.a., mér þykir vænt um að þú viðurkennir það nú, spáir Þjóðhagsstofnun að hann muni fara vaxandi á árinu 1991.

Það er á þessum grundvelli sem unnt er að byggja bjarta framtíð. Við framsóknarmenn leggjum á það höfuðáherslu að þennan stöðugleika verður að varðveita, ég vil segja, hvað sem það kostar. Við munum ekki byggja þetta land sem sjálfstæð þjóð, jafnvel utan Evrópubandalagsins, ef okkur tekst ekki að koma í veg fyrir nýja verðbólguöldu. En ef við gerum það þá eru engin takmörk fyrir því sem þessi þjóð getur gert. Það eru engin takmörk fyrir þeim góðu lífskjörum sem þessi þjóð getur tryggt sér. Það eru engin takmörk fyrir því góða mannlífi sem hér má skapa. Hvar t.d. í Vestur-Evrópu getið þið, góðir hlustendur, tekið vatn úr krananum og drukkið það og notið þess? Hvar getið þið gengið út og andað að ykkur hreinu lofti og notið þess? Hvar getið þið skroppið nokkrar mínútur og verið komin út í kyrrðina, fagurt umhverfi, og notið þess?

Það er a.m.k. þannig með mig að þegar ég dvel tvo eða þrjá daga í stórborgum Evrópu þá er ég kominn með sárindi í hálsinn og hlakka til að komast heim.

Það var af þessum ástæðum sem ég skipaði nefnd snemma í stjórnartíð minni og bað hana að skoða hvernig við gætum byggt á þessari góðu ímynd Íslands, styrkt hana og eflt og notað hana til framdráttar hér á öllum sviðum. Því miður hef ég ekki tíma til þess að rekja niðurstöður þessarar nefndar, en ég mæli eindregið með því að sem flestir kynni sér þær.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að hér séu mögguleikarnir nánast ótakmarkaðir ef við byggjum á gæðum, hreinleika og hollustu. Erlendir sérfræðingar, sem voru fengnir til ráðuneytis, undirstrikuðu þetta í hverju orði. Þetta þýðir ekki að við getum ekki notað orkuna okkar til einstaka stóriðju. En þetta þýðir að við hljótum að gera hinar ströngustu kröfur til iðnfyrirtækja um hreinleika, um mengunarvarnir.

Þessu kjörtímabili lýkur fljótlega og það er um margt mjög athyglisvert. Á þessu kjörtímabili hefur tekist að afsanna þá kenningu Sjálfstfl. að flokkarnir í miðjunni og til vinstri geti ekki unnið saman, enda er sundrungarkenningin horfin. Hún hefur verið afsönnuð. Vitanlega hafa þessir flokkar um margt ólíkar skoðanir. En þeir hafa einsett sér að leysa slíkan ágreining. Ég get fullvissað ykkur um það að í mörgum tilfellum hefur niðurstaðan orðið betri en hugmyndir einstakra flokka. Staðreyndin er sú að betur sjá augu en auga. Á þessu tímabili hefur einnig tekist að skapa gott samstarf við verkalýðshreyfingu, launþega, bændur og atvinnurekendur. Draumur sem margir áttu og hafa átt um áratugi og það er sannfæring mín að landinu verður aldrei stjórnað vel án slíks samstarfs. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þessum aðilum fyrir það góða samstarf sem við höfum átt. Við framsóknarmenn erum reiðubúnir til að halda áfram slíku samstarfi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hvernig getum við bætt lífskjör almennings á næsta kjörtímabili? Hvernig getum við rétt hlut þeirra sem hafa borið skarðan hlut frá borði á samdráttarskeiði? Hverjum er treystandi til þess á næsta kjörtímabili að vinna verkin og skila árangri? Það er nefnilega laukrétt að það er kosið um framtíðina og þess vegna brenna þessar spurningar á vörum manna.

Undanfarnar nætur höfum við, sem hér sitjum, orðið aðnjótandi sýnikennslu í því hvernig fulltrúar tveggja stjórnmálaflokka, Alþb. og Kvennalista, hafa svarað þessum spurningum undir lok kjörtímabils. Þau hafa látið dæluna ganga á andvökunóttum málþófsins. Það væri synd að segja að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson svæfi svefni hinna réttlátu að næturþeli þegar hann lætur dæluna ganga ásamt fylgikonum Kvennalistans. Þau fara hamförum gegn þeim staðfasta ásetningi iðnrh. að hrinda í framkvæmd stórvirkjunum á Austurlandi og samningum um nýtt álver á Keilisnesi. Þau vilja kæfa meirihlutavilja þings og þjóðar í síbylju orðaflaums. Þau eru á móti og mörg svör þeirra önnur eru á sömu bókina lærð. Þau eru á móti flestu því sem helst horfir til framfara á næsta kjörtímabili. Hin ráma rödd andvökunnar berst til okkar úr fortíðinni. Vissulega virði ég svörin, en svörin dæma þau líka úr leik.

Virðulegi forseti. Ólíkt höfumst við nú að. Við jafnaðarmenn svörum spurningum kjósenda með því að vísa hvort tveggja til reynslunnar af störfum Alþfl. í ríkisstjórn og til vandaðrar stefnuskrár sem við birtum fyrir kosningar, fjögurra ára áætlunar um það hvernig bæta megi lífskjör Íslendinga á næsta kjörtímabili undir kjörorðinu „Ísland í A-flokk — auðugra mannlíf".

Ég bið ykkur, sem mál mitt heyrið, berið saman fyrirheit okkar fyrir seinustu kosningar og framkvæmdir okkar á þessu kjörtímabili. Reynslan er ólygnastur dómari og verkin tala. Þau markmið sem við settum okkur voru margvísleg. Að koma verðbólgunni niður á sama stig og í viðskiptalöndum — hún er nú 5,3%. Að skapa stöðugleika og festu í atvinnulífi og snúa hallarekstri atvinnuveganna í hagnað. Að lækka vexti og verðbólgu. Að beita skattakerfinu í auknum mæli í tekjujöfnunarskyni. Að koma á jafnvægi á peningamarkaði, annars vegar milli greiðslubyrði skuldara og hins vegar ávöxtunarkröfu sparifjáreigenda. Að gefa fólki sem var í biðröð gamla kerfisins nýja valkosti í húsnæðismálum milli séreignar í húsbréfakerfi og félagslegra lausna í kaupleigu. Að efla hlut sveitarfélaga og byggðarlaga í stjórnkerfinu. Að rjúfa 15 ára kyrrstöðu í virkjana- og stóriðjuframkvæmdum. Að laga starfsskilyrði og treysta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs með því að laga umgjörð þess að frjálsari viðskiptaháttum nýrrar Evrópu.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir samdrátt þjóðarframleiðslu vegna ytri áfalla og þrátt fyrir andóf úrtöluafla þá hefur okkur tekist að þoka þessum málum áleiðis jafnt og þétt að settu marki. Á grundvelli þessa góða árangurs getum við horft með vaxandi bjartsýni til nýs framfaraskeiðs á nýju kjörtímabili. Engu að síður fer því fjarri að við búum nú í alfullkomnu þjóðfélagi. Þess vegna spyrja margir: Hvers vegna skilar þessi árangur sér ekki strax í buddunni? Hvers vegna hefur kaupmáttur okkar rýrnað? Og sumir af hv. ræðumönnum hér í kvöld hafa nefnt dæmi um það að vissulega hafa margir borið skarðan hlut frá borði. En við erum fljót að gleyma. Hvers vegna er þetta svona? Það er m.a. vegna þess að óðaverðbólga og gengiskollsteypur á liðinni tíð höfðu kaffært fyrirtæki og heimili í skuldum. Það er líka vegna þess að minni sjávarafli og lægra verð á erlendum mörkuðum í tvö og hálft ár á núverandi kjörtímabili rýrði þjóðartekjur okkar um 25 milljarða króna. Þá er minna til skiptanna. Það er líka vegna þess að með langvarandi kyrrstöðu í virkjana- og stóriðjumálum höfum við misst af tækifærum til að renna nýjum stoðum undir verðmætasköpun og hagvöxt. Þannig hefur málþófslið andvökunnar borið ábyrgð á því að við höfum hægt og sígandi verið að dragast aftur úr öðrum þjóðum í lífskjörum. En sem betur fer, þessu tafli hefur verið snúið við, undanhaldið hefur verið stöðvað og á næsta kjörtímabili getum við hafið nýja sókn. Vissulega höfum við orðið að færa fórnir til þess að stöðva hrunadans verðbólgunnar. En það sem skilur á milli feigs og ófeigs er það að nú hafa þessar fórnir ekki verið færðar til einskis. Við höfum náð árangri sem hægt er að byggja á.

Virðulegi forseti. Svör okkar jafnaðarmanna við spurningunni um það hvernig við getum jafnað lífskjör á næsta kjörtímabili eru skýr og undanbragðalaus. Helstu vegvísar á þeirri framfarabraut eru þessir:

Í fyrsta lagi aðlögun að nýrri Evrópu. Fyrst og síðast verðum við að varðveita stöðugleikann og byggja á honum. Það gerum við best með því að ljúka samningum okkar um aðild Íslands að evrópsku efnahagssvæði nú í sumar. Þar með tryggjum við að ekki verður aftur snúið til einangrunar og haftastefnu. Þar með væri stigið stærsta skrefið í sögu þjóðarinnar í átt til nútímalegrar hagstjórnar og frjálsra viðskiptahátta.

Mér þykir miður að hæstv. forsrh. sagði að við alþýðuflokksmenn værum í seinni tíð að daðra við inngöngu í Evrópubandalagið. Það er ekki rétt. Við leggjum á það höfuðáherslu að það er ófrávíkjanlegt skilyrði í þessum samningum að Íslendingar varðveiti forræði sitt óskert yfir auðlindum sjávar og orkulinda og með svolitlu bessaleyfi vil ég árétta kjörorð þeirra framsóknarmanna: Við viljum á næsta kjörtímabili sjá öfluga þjóð í opnu samfélagi og samstarfi við grannþjóðir.

Annar vegvísir á þessari leið er virkjun orkulindanna og stóriðja á þeim grundvelli. Lúkum samningunum um byggingu álvers á Keilisnesi og hefjum framkvæmdir við stórvirkjanir á Austurlandi. Það mun þýða aukinn hagvöxt, auknar gjaldeyristekjur. Það mun þýða stöðugleika í efnahagslífinu. Það mun þýða þúsundir nýrra starfa á byggingartímanum og í framtíðinni og aukið atvinnuöryggi. Það er svarið við spurningunni: Hvernig getum við bætt lífskjörin?

Þriðji stólpinn á þessari leið er að lækka verð á lífsnauðsynjum. Nú vildu allir þá Lilju kveðið hafa sem Alþfl. hefur farið með í gagnrýni sinni á hina mis-

heppnuðu landbúnaðarstefnu sl. ár. Við segjum einfaldlega: Við eigum að komast út úr þessu kerfi. Við þurfum að gera það með því að lækka byrðar skattgreiðenda, lækka verð til neytenda, tryggja afkomu bjargálna bændastéttar og verja landið fyrir gróðureyðingu. Við höfum samþykkt heimildir til hæstv. fjmrh. um það að hefja fyrsta áfanga á þeirri leið en við skilyrtum stuðning okkar við undirskrift landbrh. því að engir samningar taki gildi eða verði hrundið í framkvæmd án þess að Alþingi segi sitt síðasta orð að loknum kosningum. Þannig að þetta mál er nú í höndum kjósenda. Þeirra er valið hverjum þeir treysta til að gæta hagsmuna neytenda jafnt sem bænda.

Fjórði stólpinn á þessari leið er endurskipulagning í málefnum sjávarútvegs. Þar leggjum við grundvallaráherslu á það að auðlindir sjávarútvegsins eru sameign þjóðarinnar. Að við verðum smám saman að þoka okkur út úr kvótakerfi sem byggir á úthlutun til fárra útvalinna vegna þess að þjóðin á sameiginlega heimtingu á arði af sameiginlegri auðlind sinni.

Og fimmti stólpinn á þessari leið er að skera upp í ríkisfjármálum. Við höfum náð verulegum árangri á þessu kjörtímabili, en við skulum hins vegar viðurkenna það að þar er mikið verk að vinna. Tókuð þið eftir því að fiskvinnslufólk er nú að setja fram þá kröfu að skattfrelsismörk verði hækkuð og það verði leiðin til þess að bæta lífskjör? Hæstv. menntmrh. lýsti furðu sinni á því að Alþfl. hefði ekki stutt tillögur um hátekjuþrep sem ætti síðan að nota til að fjármagna hærri skattfrelsismörk. Svar mitt við hæstv. menntmrh. er þetta:

Við alþýðuflokksmenn, og það hafa fulltrúar Borgaraflokksins líka gert, höfum stutt hugmyndir um að hækka skattfrelsismörkin með hærri persónuafslætti. En til þess þurfum við að svara spurningunni: Hvar ætlum við að fá peningana? Það er misjöfn forgangsröðin. Ég hefði heldur kosið að sjá þau hundruð milljóna sem fóru í þarflausa framkvæmd í Þjóðleikhúsinu nýtta með þessum hætti en þær upphæðir mundu svona nokkurn veginn standast á. Við verðum að svara því með hvaða hætti við viljum draga úr síþenslu ríkisútgjalda ef við ætlum að svara því svo að mark sé takandi á hvernig eigi að lækka skatta.

Virðulegi forseti. Lokaspurningin er þessi: Hverjum getum við treyst til þess að ná árangri? Alþfl. hefur sýnt það í verki á þessu kjörtímabili að hann nær árangri. Reynslan sýnir að það er óhætt að treysta honum til vandasamra verka. Hann sýndi það á erfiðu samdráttarskeiði að hann gefst ekki upp þótt á móti blási. Alþfl. býður fram vandaða stefnuskrá, fjögurra ára áætlun þar sem helstu verkefnin á næsta kjörtímabili eru skilgreind og skynsamlegar lausnir vandlega rökstuddar. Við skilum ekki auðu. Alþfl. er þess vegna valkostur fyrir þá sem vilja hemja öfgaöfl til hægri og vinstri. Alþfl. hefur verið í 75 ár málsvari lýðræðislegrar jafnaðarstefnu á Íslandi. Hann hefur með verkum sínum lagt grundvöllinn að hinu íslenska velferðarkerfi, hinu íslenska velferðarríki, og við munum sannarlega ekki spara kraftana til að verja það. Alþfl. er því góður valkostur fyrir þá kjósendur sem láta sér ekki nægja mótmæli og málþóf heldur vilja taka til hendinni og láta verkin tala og vilja móta þjóðfélagið í anda nútíma jafnaðarstefnu. Jafnaðarstefnan á það sameiginlegt með sígildri tónlist að hún stenst tímans rás. Hún hefur varanlegt gildi og hún er mannbætandi í orðsins fyllstu merkingu. Þakka ykkur fyrir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir nokkrum árum var landskunnur Íslendingur, sem er þekktur fyrir góða kímnigáfu, spurður hvort hann væri ekki á leiðinni á þing, hvort það vantaði ekki húmorista á þing. Húmorista, hváði þessi ágæti maður. Ég held að það vanti ekki húmorista á þing. Ég held að það vanti menn sem taka stjórnmál alvarlega.

Ef þetta er sú mynd sem menn hafa af Alþingi, að hér sé um skrípasamkundu manna að ræða sem taki stjórnmál ekki alvarlega, þá er það alvarlegt mál. Það er jafnvel talað um að hér séu menn sem vilja þagga niður í minni hlutanum á ólýðræðislegan hátt sé hann meiri hlutanum ekki þóknanlegur. Séu þetta hugmyndir fólks, þá er það alvarlegt mál, ég ítreka það.

Það er full ástæða til þess að ræða hvað veldur þessari mynd fólks af Alþingi þjóðarinnar. Getur verið að umfjöllun um raunverulegt daglegt líf á Íslandi hljómi svo allt of, allt of veikt í sölum Alþingis og réttlætiskrafan sé þar ekki alltaf með í ferðinni? Það skyldi þó aldrei vera að á Alþingi sé fjallað meira um lánskjör en lífskjör. Um vísitölu frekar en fæðingartölu. Um hagvaxtarskilyrðin frekar en vaxtarskilyrðin sem við búum börnunum okkar. Við heyrum líka stundum talað um leikhúsið við Austurvöll og þá í niðrandi tón. Því miður er aldrei talað um leikhúsið við Austurvöll sem þann stað þar sem raunveruleikinn fær listræna dýpt, þar sem tilfinningar eru tjáðar og einhvers konar sköpun, sem skiptir máli, á sér stað.

En hver er þá raunveruleikinn sem allt of sjaldan ratar í þingsali? Lítum á þann raunveruleika sem blasir við okkur nú. Í launamálum er mikið verk að vinna. Það verk viljum við kvennalistakonur sjá unnið og við erum fúsar til að taka þátt í þeirri vinnu. Við höfum ekki séð þá launaþróun sem við viljum. Við viljum ekki kyrr kjör. Við viljum bætt kjör. Frekar en að svíkja þá sannfæringu okkar að lægstu laun í samfélaginu verði að hækka, þá höfum við m.a. fórnað tækifæri til að fara í ríkisstjórn. Enginn vilji fannst hjá samstarfsaðilum að taka á launamálum, enda hafa verkin talað. Ríkið semur um smánartaxta. Ríkið ætti að ganga á undan með góðu fordæmi og hafa þannig áhrif á launamarkaðinn í heild.

Og hverjir eru það svo sem eru á þessum smánartöxtum? Það eru konur. Þær hafa aðeins 60–70% af launum karla þótt miðað sé aðeins við full störf. Það eru þær sem sitja eftir á töxtunum, sem samið er um, á meðan launaskriðið hefur sinn gang. Tvær af hverjum þremur konum eru á taxtalaunum en aðeins þriðjungur karla. Það er engin hemja að muna skuli 19 þús. kr. á meðallaunum karla og kvenna í afgreiðslustörfum, svo að dæmi sé tekið. Konurnar fá 55 þús. í sinn hlut fyrir heils dags starf. Karlarnir 74 þús. kr. og eru

ekkert of sælir með það. Það segir mér enginn að karlarnir afgreiði svona miklu betur en konurnar. Nei, ástæðurnar hljóta að vera einhverjar aðrar í viðhorfi og mati á störfum kvenna og karla. Þessu viljum við kvennalistakonur breyta. Þörf er á nýrri hugsun.

Við kvennalistakonur höfum harðlega gagnrýnt hvernig kvennastörf eru metin. Fiskvinnslukonur mega t.d. sæta því að vera skákað til og frá á vinnumarkaðinum, vinna erfiða vinnu og bera tiltölulega lítið úr býtum. Þær búa við óþolandi öryggisleysi. Krafa okkar kvennalistakvenna er sú að úr þessu verði bætt. Þessi krafa okkar hefur m.a. komið fram í hugmyndum okkar um að stokka upp kvótakerfið og koma á byggðakvóta. Núgildandi kvótakerfi tekur aðeins mið af hagsmunum útgerðarinnar. Það er andstætt hagsmunum fiskvinnslufólks. Það varðar okkur öll hvernig fiskinum er ráðstafað, þessari mikilvægu auðlind sem er sameign allrar þjóðarinnar, eins og segir í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. En samkvæmt sömu lögum er henni síðan ráðstafað til eignar og brasks fárra stórra hagsmunaaðila og eftir sitja byggðarlögin, fiskvinnslan og konurnar sem vinna þar.

Við kvennalistakonur höfum minnt á þetta æ ofan í æ. Við höfum flutt ítarlegar tillögur um að kvóta sé ráðstafað til byggðarlaga. Þannig væri fiskvinnslunni best borgið. Tillögur Kvennalistans fela einnig í sér hvata sem hækkar laun allra sem vinna að sjávarútvegi og ekki veitir af. Og þetta er ástandið þrátt fyrir það að fiskvinnsla sé líklega eitt þeirra kvennastarfa sem gefa hvað skást laun í aðra hönd, svo að maður líti nú aftur á launahliðina. En það er þó með slíku erfiði, sliti og striti að ómanneskjulegt er.

Nú heyrum við það í fréttum í dag að þolinmæði kvennanna í fiskvinnslunni sé þrotin. Mikið hefur þó langlundargeð þeirra verið. Þær boða verkfall og krefjast þess að fá fleiri krónur í vasann. Þær vilja að störf þeirra í fiskvinnslunni séu metin að verðleikum. Það er því furðulegt að heyra bjargvættina frá Flateyri lýsa því í fjölmiðlum að fiskvinnslukonurnar verði að draga úr eyðslu sinni í stað þess að vera að biðja um betri kjör. Í hvaða veröld lifir þessi maður? Heldur hann að það séu lágu kvennalaunin sem valda þenslunni í samfélaginu? Dettur honum ekki í hug að það sé kannski frekar launaskrið yfirborguðu karlanna.

Þegar Kvennalistinn talar um að það sé þörf á endurmati á störfum kvenna, þá heyrir maður karlmenn stundum spyrja: Gerist þess nú nokkur þörf? Þessari spurningu má allt eins svara með dæmisögu, því fjölmörg eru dæmin frá öllum tímum um vanmat á störfum kvenna.

Verk frægs hollensks 17. aldar málara, Frans Hals, Káti flakkarinn, hékk á vegg í þekktu listasafni og hafði gert það lengi. Þetta var geypiverðmætt verk. Nú gerðist það fyrir örfáum árum að það uppgötvaðist að þetta dáða listaverk var alls ekki eftir Frans Hals heldur var það eftir samtímakonu hans, Judith Leyster. Þrátt fyrir það að verkið hafði auðvitað ekkert breyst við þessa uppgötvun, þá kom upp hin pínlegasta staða. Verkið var sett á afvikinn stað og það kolféll í verði. Það skiptir greinilega miklu máli hver vinnur starfið og meira máli heldur en hvernig það er unnið. Þessi saga úr myndlistinni er aðeins eitt ótal dæma um að störf kvenna eru svo undarlega lítils metin.

„Nú er veður til að skapa" heitir eitt ljóða borgarskáldsins Tómasar og í því er þessi hending:

Nú er vor um allan geiminn!
Nú er veður til að skapa!
Og lengi hef ég ætlað mér
að endurbæta heiminn.

Nú er vor og ég held að það veiti ekki af því að halda áfram að reyna að endurbæta heiminn.

Við kvennalistakonur lögðum út í stjórnmálabaráttu með þann ásetning að standa fyrir hugarfarsbyltingu. Við höfum svo sannarlega séð mikið breytast á þeim árum sem Kvennalistinn hefur starfað. Við höfum séð mál Kvennalistans verða að veruleika, sex mánaða fæðingarorlof er nú staðreynd. Við teljum það raunar tímabært að stíga næsta skref og taka upp níu mánaða fæðingarorlof. Kvennalistakonur fluttu frv. þess efnis nú í vetur en það hefur ekki fengið afgreiðslu. Við höfum sem betur fer séð úrbætur í meðferð nauðgunarmála. Við höfum séð umhverfisráðuneyti, sem að vísu varla er orð á gerandi hvernig er eins og sakir standa en vonandi breytist það. Við sjáum nú umræðu um utanríkismál þróast út í þá friðarumræðu sem við höfum alltaf hampað. Við höfum fengið samþykkt að gert verði átak gegn einelti, dregið úr ofbeldi í myndmiðlum, að úrbætur verði gerðar í málefnum ungmenna sem flosna upp úr skóla og að vinnuvernd barna og ungmenna verði aukin svo að lítið eitt sé nefnt. Og við höfum alltaf reynt að færa mál í þá átt að hagsmunir kvenna og barna séu þar hafðir í heiðri.

Við höfum einnig fengið ýmsar tillögur um nýsköpun í atvinnulífi samþykktar. Um þessar mundir auglýsir Byggðastofnunm 15 störf í fjarvinnslu laus til umsóknar. Það gerist í beinu framhaldi af samþykkt tillögu Kvennalistans um að dreifa störfum opinberra stofnana víðs vegar um landið nú á tölvuöld. Við höfum alltaf lagt ríka áherslu á atvinnustefnu sem verður að vera byggð á fjölbreytni, skapandi hugsun, virkum rannsóknum og framsýni. Við höfum þess vegna hafnað einföldum, dýrum og óraunsæjum gervilausnum, svo sem stóriðju, og mér heyrist raunar að það séu æði margir stjórnarsinnar á sömu skoðun. Við höfum bent á ótal margt í staðinn, t.d. undirbúning vetnisframleiðslu, atvinnugreinar framtíðarinnar. Við höfum bent á ferðaþjónustuna, fullvinnslu sjávarafurða, fjarvinnslu, ylrækt, upplýsingamiðlun og svo mætti raunar lengi telja.

Góðir áheyrendur. Er kannski veður til að skapa núna, skapa nýtt verðmætamat sem byggist á að reynsla og menning kvenna og karla fái að njóta sín? Ekki bara menning og reynsla karlanna einna sem hefur verið allt of lengi einráð og alls ráðandi og það hefur endurspeglast jafnt í listum, launum og stjórnmálum. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Gott kvöld, góðir áheyrendur. Það hefur verið at-

hyglisvert að fylgjast með því hér í kvöld hvernig talsmenn Sjálfstfl. hafa talað um allt og ekki neitt, talað út og suður, og reynt með öllum tiltækum ráðum að breiða yfir staðreyndir málsins um eigin viðskilnað úr ríkisstjórn á þessu kjörtímabili. Þeir hafa verið að reyna að breiða yfir öngþveitið sem þeir skildu eftir sig haustið 1988. Þeir hafa lítið rætt um verðbólgu. Þeir hafa enn minna rætt um afkomu í íslenskum sjávarútvegi, alls ekki neitt um vexti, ekki minnst á framkvæmdir í samgöngumálum og svo mætti áfram telja. Og hvers vegna ekki? Hefur stærsti flokkur þjóðarinnar, sem stundum kallar sig kjölfestuna í íslenskum stjórnmálum, bara misst áhugann á þessu öllu saman? Hvað veldur þessari sérkennilegu þögn Sjálfstfl. hér í kvöld annað en sú staðreynd að hann sér að hans eigin verk í ríkisstjórn þola ekki samanburð? Þess vegna er betra að þegja um þessa hluti, tala um allt og ekkert, út og suður, austur og vestur og í kross, þversum og langsum eins og þeir gerðu hér í kvöld, Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal, með ágætum. Þeir afrekuðu það að nota hér 30 mínútna ræðutíma Sjálfstfl. án þess að komast nokkurn tíma að nokkru sem máli skiptir.

Þeir nefndu ekki þá staðreynd að þeir skildu eftir sig 30–40% verðbólgu. Hún er núna 5%. Þeir nefndu ekki þá staðreynd að í öngþveitinu haustið 1988 blasti við stöðvun og hrun í undirstöðuatvinnugreinum landsmanna. Nú er hagnaður í öllum helstu greinum veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Um þetta þögðu þeir allt saman, blessaðir mennirnir. Og það var skynsamlegt af þeim. Það var hárrétt hjá Sjálfstfl. að reyna eins og hann getur að þegja um þetta. Það er eina skynsamlega línan fyrir hann í kosningunum. En auðvitað verður hann ekki látinn komast upp með það. Auðvitað verður bent á það, sem við blasir, að hans viðskilnaður haustið 1988 er einhver sá versti í sögunni, eitthvert mesta umferðarslys síðari áratuga stjórnmálasögu í landinu.

Nei, það urðu skýr og ótvíræð tímamót haustið 1988 þegar íhaldið gafst upp og Alþb. kom inn í landsstjórnina. Það urðu gagngger umskipti og nú eru erfiðar en óhjákvæmilegar aðgerðir að skila ríkulegum árangri. Kaupmáttur er vaxandi á ný, stöðugleiki ríkir og þetta gerist án þess að verðbólgan fari úr böndunum.

Á þessu tímabili síðan 1988 hefur verið gert stórátak í samgöngumálum. Fyrir liggur ný og heildstæð stefna í formi vegáætlunar og nýrrar langtímaáætlunar. Ráðast skal í stórátök á sviði jarðgangagerðar sem gerbreyta munu aðstæðum í heilum landshlutum, verk sem menn hafa ekki þorað, brostið kjark til að ráðast í hingað til. Þetta er að mínu mati einhver róttækasta og raunhæfasta byggðaaðgerð sem gripið hefur verið til á undanförnum áratugum. Hún var ekki hafin í góðærinu meðan Sjálfstfl. fór með völd þegar þjóðartekjur voru meiri en nú. Þá brast kjark til þess. Til þurftu að koma aðrir menn þannig að menn legðu í slík átök.

Síðdegis í dag samþykkti fulltrúaráðsfundur Stéttarsambands bænda með yfirgnæfandi meiri hluta, 45:2 atkvæðum, þá landbúnaðarstefnu sem verið hefur í mótun undanfarin missiri og undirrituð var í byrjun þessarar viku. Ég held að það þurfi ekki að fara fleiri orðum um það verk sem þar er á ferðinni. Þessi úrslit á fulltrúaráðsfundi Stéttarsambandsins segja mér það sem ég þarf að vita um viðtökur íslenskra bænda við þessu máli. Þeim mun sorglegra er það að ákveðna aðila í stjórnmálum í landinu brestur kjark til þess að taka þátt í því að taka á þessu verkefni. Það er auðvitað ekki nema mannlegt að menn vilji ýta slíkum erfiðum vandamálum frá sér, forðast það að taka á þeim. En stjórnmálin birtast mönnum stundum í skemmtilegum myndum eins og þegar formaður Alþfl. gerist helsti talsmaður þess og stuðningsaðili að framlengja gamla búvörusamninginn.

Ég fagna ekki síst þeirri pólitísku samstöðu og því breiða baklandi meðal þjóðarinnar sem þessi nýja landbúnaðarstefna nýtur og birtist í virkri þátttöku fjöldasamtaka launafólks og vinnuveitenda á bak við þessa stefnumörkun. Og það verður að hafa það þó að í einum ónefndum stjórnmálaflokki séu nokkrar eftirlegukindur. Ég verð hins vegar að segja að sérkennilegur fannst mér kafli í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar um þessi mál. Hann hafði nokkuð hörð orð og kaldar kveðjur í frammi í garð þeirra sem mótuðu landbúnaðarstefnu undangenginna ára, talaði um það að nú væri verið að reyna að rétta af mistökin í landbúnaðarstefnu undangenginna ára. Það er rétt hjá honum. En síðan komst hann að þeirri kostulegu niðurstöðu að nú þyrfti Framsfl. til að lagfæra þá stefnu sem verið var að móta í dag. Með öðrum orðum, höfundar mistakanna, þeir sem mesta ábyrgð bera af öllum íslenskum stjórnmálamönnum á því hvernig landbúnaðarmál hafa þróast hér á sl. áratugum þykjast þess nú umkomnir að koma og lagfæra annarra manna verk. Ja, heyr á endemi. Ömurlegri tilraunir til yfirboða hef ég ekki heyrt enn þá í þessari kosningabaráttu og vonandi verður þetta metið.

Góðir áheyrendur. Margt bendir nú til þess að andstæður séu að skerpast í íslenskum stjórnmálum. Hrikaleg valdataka íhaldsaflanna í Reykjavík í Sjálfstfl., þar sem borgarstjórinn í Reykjavík og fyrsti maður á framboðslista íhaldsins er orðinn formaður Sjálfstfl. og annar maður á framboðslistanum í Reykjavík er orðinn varaformaður Sjálfstfl., vekur mörgum ugg í brjósti. Alþb. er eina skýra mótvægið sem hægt er að efla gegn þessari valdatöku afturhaldsaflanna hér í Reykjavík. Ég er sannfærður um að kjósendur vilja ekki kalla þetta harðræði yfir sig, allra síst íbúar á landsbyggðinni. Mönnum hefur lengi staðið ógn af því einræði íhaldsins og peninganna sem hér hefur ríkt í borginni og ég er viss um að menn munu ekki vilja sjá landsstjórnina lenda einnig í sömu höndum. Öflugasti mótleikurinn er að efla eina íslenska vinstri flokkinn, Alþb. Það er ég sannfærður um að muni gerast í næstu kosningum og nýunninn sigur róttækra afla í Háskóla Íslands boðar upphafið á þeirri þróun.

Góðir hlustendur. Afstýrum valdatöku íhaldsins. Lendum ekki aftur í öngþveitinu 1988. Veitum þeim öflum í Alþfl. og Sjálfstfl. ærlega ráðningu sem nú gæla við aðild að Evrópubandalaginu. Tökum upp virka friðarstefnu. Sendum erlendan her úr landi. Efl-

um eina íslenska vinstri flokkinn, Alþb., í komandi kosningum. — Góðar stundir.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ég ætla ekki við lok þessara umræðna að hefja ádeilur á aðra flokka. Um málflutning Sjálfstfl. hér í kvöld mætti segja margt en eitt dugir: Verkin tala. Sjálfstfl. fékk fimm ár til að prófa sína stefnu. Þeir segja í kvöld: Stefnan er óbreytt. Vísum bara til öngþveitisins 1988.

Ég ætla heldur ekki hér í kvöld að deila á samstarfsaðila mína í ríkisstjórn. En ég vil þó segja það að mér fannst það ekki stórmannlegt af vinum mínum, utanrrh. og iðnrh., að reyna báðir í ræðum sínum hér í kvöld að breiða yfir aðgerðarleysið í álmálinu, árangursleysið í álmálinu, með því að ráðast á aðra. Staðreynd málsins er sú að við höfum í ríkisstjórninni veitt Jóni Sigurðssyni iðnrh. allt það frelsi og allt það svigrúm sem hann hefur óskað eftir til þess að stýra þessum viðræðum en niðurstaðan er enginn árangur enn.

Hér hefur mikið verið talað um tillögu sem flutt er hér á Alþingi. Þetta er tiltölulega sakleysisleg tillaga í álmálinu, einfaldlega um það að viðræðurnar eigi að halda áfram. Ef hún er samþykkt, þá gerist svo sem ekki neitt. Viðræðurnar halda bara áfram. En ef hún er ekki afgreidd, þá gerist heldur ekki neitt. Viðræðurnar halda bara áfram og áfram. Það er þess vegna ekki rétt að halda áfram þessari sýndarmennsku með árásum á aðra.

Góðir Íslendingar. Það er framtíðin sem skiptir máli. Það er hvað við gerum á þessu ári og þeim næstu til þess að varðveita árangurinn í verðbólgunni og bæta lífskjörin, vegna þess að lífskjarajöfnunin er verkefni næstu ára. Alþb. afgreiddi um síðustu helgi ítarlega stefnuskrá, „Okkar Ísland", þar sem við lýsum í fjölmörgum atriðum hvernig við viljum jafna lífskjörin á Íslandi. Við viljum hefja það verk með því að ná kaupmættinum upp á næstu tveimur árum eins og við náðum verðbólgunni niður á síðustu tveimur árum. Og hvernig viljum við gera það? Við viljum gera það með því að breyta skattakerfinu strax á þessu ári í tengslum við næstu kjarasamninga á þann veg að skattleysismörkin séu hækkuð og barnabæturnar séu hækkaðar og húsaleigubætur komi einnig til leigjenda. Við viljum sækja peningana í þessa réttindabót fyrir launafólkið með hátekjuskatti á þá sem hafa yfir 500–600 þús. kr. á mánuði og með því að skattleggja fjármagnstekjur sem hingað til hafa verið skattfrjálsar. Og við höfum fundið á fundum um allt land að þessi stefna á mikinn hljómgrunn.

Á fundi í Keflavík fyrir rúmri viku síðan tók formaður Verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði eindregið undir það að þessi stefna okkar alþýðubandalagsmanna væri grundvöllurinn að næstu kjarasamningum. Og það er ánægjulegt fyrir mig, sem ólst upp sem lítill drengur hjá afa mínum og ömmu á Þingeyri og var heimagangur í frystihúsinu, í smiðjunni og í kaupfélaginu í þessu merka sjávarplássi, að í dag bárust þær fréttir að fiskverkakonur á Þingeyri hafa einnig tekið forustu í að bera þessa stefnu fram. Við alþýðubandalagsmenn fögnum því. Við lýsum yfir stuðningi við þennan málstað fiskvinnslukvennanna á Þingeyri. Við munum taka þátt í aðgerðum fiskvinnslufólks, sem krefst þess nú að meginþáttur í næstu kjarasamningum verði jöfnuður í skattamálum, með því að hækka skattleysismörkin og auka þannig kaupmáttinn í gegnum skattakerfið.

Það er bara ein tillaga af mörgum. En þær eru margar fleiri sem þurfa að koma. Í skólamálum með samfelldum skóladegi og skólamáltíð. Í húsnæðismálum, í málefnum barna. Við eigum fagurt og gott land. Okkar Ísland getur verið fyrirmyndarríki en það gerist ekki ef hörðu hægri öflin í Sjálfstfl. fá vald og svigrúm til að leika sér með Ísland. Í næstu kosningum verður ekki bara kosið um flokka og menn. Það verður kosið um það hvort hin nýja harða valdablokk í Sjálfstfl., hægri öflin í Sjálfstfl., fá brautargengi til að leika sér með Ísland.

Og hvert á að vera mótvægið gegn þessari nýju valdasókn hægri aflanna? Það er spurningin sem allt félagshyggjufólk og vinstri menn verða að svara. Er Framsfl. treystandi til þess sem undi glaður í fimm ár í ríkisstjórn með Sjálfstfl.? Er Alþfl. treystandi til þess sem í stjórnarandstöðu áður biðlaði til Sjálfstfl. og kaus helst ríkisstjórn með honum 1987 og er byrjaður aftur í viðtali Jóns Baldvins Hannibalssonar við Morgunblaðið að biðla til Sjálfstfl. um nýja viðreisn? Er Kvennalistanum treystandi til þess sem hér í fjögur ár á Alþingi hefur starfað með Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu? Nei. Það þarf sterkan og öflugan vinstri flokk. Það þarf róttækan flokk sem ber merki endurbóta og vill virkja launafólk, félagshyggjufólk og vinstri sinna í samfellda fylkingu til þess að veita þetta mótvægi gegn hægri öflunum á Íslandi.

Við erum tilbúnir, alþýðubandalagsmenn, til þess að vera þetta mótvægi gegn nýju, hörðu hægri öflunum í Sjálfstfl. Við biðjum um umboð til þess í næstu kosningum, ekki bara vegna næstu ríkisstjórnar heldur vegna þeirrar baráttu sem fram undan er. Við höfum lagt fram okkar stefnu. Hún er skýrt andsvar við því sem samþykkt var á landsfundi Sjálfstfl.

Við höfum sýnt í verki að við erum flokkur sem getur. Við höfum sýnt í verki að við erum fólk sem þorir. Við viljum breyta Íslandi. Við viljum betra Ísland. Við viljum Ísland okkar allra sem við getum verið stolt af. Þess vegna höfum við kynnt okkar merki, okkar fána, þar sem rísandi rauð sól fer yfir grænu Íslandi, merki framtíðar, róttækni og umhverfisverndar.

Góðir Íslendingar. Viljið þið veita nýju hörðu hægri öflunum í Sjálfstfl. brautargengi og þeim flokkum sem sóst hafa eftir því á undanförnum árum að starfa með Sjálfstfl.? Eða viljið þið koma með okkur í að byggja upp nýtt Ísland og veita það mótvægi sem þarf, þann vinnslukraft sem þarf, þá heilbrigðu félagshyggju sem þarf? — Góða nótt.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason hefur oft kallað mig mömmu þessarar ríkisstjórnar. Ég veit að hann meinar raunar þeirr-

ar sem Steingrímur Hermannsson myndaði 1988. Það fór ekki á milli mála að ég gaf þeirri stjórn líf og átti síðan drjúgan þátt í að sú sem nú situr var mynduð.

Nú ætla ég ekki að biðja afsökunar á tengslum mínum við ríkisstjórnina. Þegar fyrri stjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð haustið 1988 ríkti neyðarástand í landinu. Atvinnulíf í heilum byggðarlögum í rúst og meira atvinnuleysi blasti við en við höfum þekkt síðan fyrir stríð.

Ef við hefðum gengið til kosninga haustið 1988 hefðu kannski einhver vandamál forustu Sjálfstæðisflokksins leyst, en vandamál fólksins í landinu aukist gífurlega. Þetta sjónarmið réði afstöðu þeirra borgaraflokksmanna sem vörðu stjórnina falli. Seinna gerðumst við aðilar að ríkisstjórn eins og kunnugt er.

Og hvað hefur áunnist? Þið vitið það öll. Verðbólga mælist nú minni en áður hefur þekkst. Vaxtaófreskjan er á hröðu undanhaldi. Atvinnuvegir úti um landið eru á uppleið og atvinnuleysi er minna en þeir bjartsýnustu þorðu að vona.

„Já, en þú gleymir þjóðarsáttinni," segir einhver. En þjóðarsáttin hefði aldrei verið gerð nema vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins treystu ríkisstjórninni. Hvað sem menn reyna að finna þjóðarsáttinni til foráttu hafa aðilar vinnumarkaðarins sýnt að þeim var full alvara. Ég minni á verðgæsluna sem Dagsbrún hefur staðið fyrir og hefur gefið betri raun en nokkur önnur verðgæsla fyrr og síðar.

En hvað tekur við þegar kjörtímabilinu lýkur? Eru kjósendur búnir að gleyma ástandinu sem var? Vilja menn að frjálshyggjan, grálynd og grimm, setjist aftur að völdum? Spili hratt og villt og hlaupi svo í fangið á EB þegar allt um þrýtur? Eða vilja menn halda áfram á sömu braut og sl. þrjú ár? Vinna sig út úr vandanum sem verður til staðar næstu árin en yfirstíganlegur.

Þeir sem urðu út undan í síðustu þjóðarsátt verða að fá hlut sinn bættan. Ég hef haldið því fram og held því fram að kjör hinna lakast settu verði að bæta gegnum skattakerfið. Launamisréttið er orðið svo mikið að það verður ekki bætt í venjulegum samningum. Sú óvirðing sem erfiðisfólki er sýnd með því að launa það svo illa sem nú er gert gengur ekki ef félagshyggja á einhverju að ráða í samfélaginu.

Hæstv. forseti. Ég hef setið á Alþingi eitt kjörtímabil. Það er merkileg og athyglisverð reynsla. Efst í minningunni verður hvað hér ríkir vinsamlegt og afslappað andrúmsloft milli allra sem hér eru að störfum. Þar skiptir pólitík engu máli.

Ég kem trúlega ekki aftur í þennan stól og vil því nota tækifærið og þakka öllum kynnin og óska þeim gæfu og gengis í lífi og starfi. — Góða nótt.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Kæru Reykvíkingar og aðrir landsmenn. Það eru tveir sjóðir sem skipta mestu máli í lífi okkar Reykvíkinga. Það eru ríkissjóður og það er borgarsjóður en misjafnlega hefur verið farið með þá tvo sjóði og misjafnlega hefur fénu úr þeim verið varið. Peningum borgarbúa úr borgarsjóði hefur verið varið til þess að ýta undir þenslu á meðan peningum ríkissjóðs hefur verið varið til þess að draga úr þenslu og halda jafnvægi í ríkisbúskapnum síðustu árin. Borgarstjórn hefur fellt allt verslunarhúsnæði í Reykjavík í verði með því að reisa Kringluna, verslunarhúsið í Kringlunni. Núna fyrir skömmu kom út skýrsla sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg þar sem kemur í ljós að verslunarhúsnæði í miðborg Reykjavíkur hefur fallið í verði um 35–50% frá því Kringlan opnaði. Þetta er það gjald sem eigendur verslunarhúsnæðis í Reykjavík þurfa að borga fyrir skrauthýsin sem núverandi meiri hluti borgarstjórnar í Reykjavík er að reisa yfir sig, fyrir minnisvarðana sem þeir reisa í Reykjavíkurborg.

Góðir kjósendur. Senn líður að kosningum og við kjósum um fleira heldur en borgarsjóð Reykjavíkur. Við kjósum og þurfum að velja okkur fulltrúa sem vilja breyta okkar kosningalöggjöf þannig að við tökum upp einmenningskjördæmi. Þannig að við kjósum okkar eiginn þingmann sjálf en ekki halarófu af þingmönnum án þess að vita hvern við hreppum. Við þurfum persónukvóta þannig að fiskurinn í sjónum, sem er sameign okkar landsmanna, komi jafnt til góða fyrir húsmóðurina í Breiðholti eins og útgerðarmanninn á landsbyggðinni. Við þurfum að afnema alræmdan matarskatt sem ríkisstjórn Sjálfstfl. lagði á á sínum tíma og við þurfum að standa vörð um eignir okkar, að borgarsjóður nái ekki að fella þær meira í verði. Við þurfum að standa vörð um ríkissjóð því að nú sækjast handhafar borgarsjóðs eftir því að koma höndum sínum yfir ríkissjóð. Við þurfum að verjast þeirri atlögu, Reykvíkingar. Við þurfum að standa vörð um ríkissjóð. Við þurfum að hafna skrauthýsagenginu sem Sjálfstfl. teflir fram því að íhaldið sem áður var heiðblátt er nú orðið helblátt.

Góðir kjósendur. Ég býð ykkur góða nótt. Við sjáumst síðar. Við sjáumst eigi síðar en við kjörkassana.

SAMEINAÐ ÞING

73. fundur, föstudaginn 15. mars, kl. 9 árdegis.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, ein umr.

Fsp. PJ, 343. mál. — Þskj. 606.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir síðustu jól var fé til Lánasjóðs ísl. námsmanna skert um 200 millj. frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir og fram hafði verið lagt í fjárlagafrv. Þetta var gert samkvæmt tillögu hæstv. ríkisstjórnar sem sendi þá tillögu til meiri hl. fjvn. og sú varð niðurstaðan við afgreiðslu fjárlaga hér á Alþingi.

Í umræðum um þetta mál kom það fram hjá hv. 5. þm. Vestf., formanni fjvn., að jafnframt væri það ákveðið að þessi skerðing leiddi ekki til þess að henni yrði mætt með lántöku eða á annan hátt til þess að bæta sjóðnum þetta upp. Þá voru gefnar alveg skýrar yfirlýsingar um að þannig yrði ekki að verki staðið.

Nú er mér ekki grunlaust um að sjóðinn vanti meira en þessar 200 millj. sem þarna voru skornar niður ef ætti að halda áfram sömu starfsemi og verið hefur og ætti að halda lánahlutfalli í svipuðu horfi. Ég hef því talið ástæðu til að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig á þessu máli verði tekið. Miðað við þær yfirlýsingar sem ég hef vitnað til og afgreiðslu í fjárlögum þá hlýtur annað tveggja að gerast, að námslán verði skert, beinlínis lækkuð til námsmanna, ellegar verksviði sjóðsins verði breytt á þann hátt að lánasviðið verði ekki jafnvítt og áður hefur verið. Því hef ég leyft mér að flytja fyrirspurn, sem hér liggur fyrir til umræðu á þskj. 606, til menntmrh. svohljóðandi:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta 200 millj. kr. niðurskurði á fé Lánasjóðs ísl. námsmanna sem ákveðinn var við afgreiðslu fjárlaga:

a) með beinni skerðingu námslána,

b) með breytingum á verksviði sjóðsins?“

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Framfærslulán íslenskra námsmanna verða ekki skert.

Í öðru lagi er því til að svara að velta Lánasjóðs ísl. námsmanna er 4–4,5 milljarða kr. Við höfum verið að fara yfir útlánaáætlanir sjóðsins og það er ljóst að á fyrri hluta þessa árs er ekki um það að ræða að óbreyttum útlánaforsendum og öðrum aðstæðum að nauðsynlegt sé að grípa til neinna nýrra takmarkana í reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Það voru ákveðnar breytingar á útlánareglum Lánasjóðs ísl. námsmanna í mars 1990 og sá sparnaðarárangur sem þar var að stefnt mun aðallega skila sér á þessu ári. Auðvitað er það hugsanlegur hlutur að á síðari hluta ársins þurfi að taka tillit til nýrra aðstæðna svo sem verið hefur sl. tvö ár. Sl. haust þurfti að bæta við Lánasjóð ísl. námsmanna á fjáraukalögum 500 millj. kr. og haustið þar áður, haustið 1989, þurfti einnig að bæta við fjármunum. Ástæðan fyrir því var sú að námsmönnum fjölgaði mjög verulega og samsetning námslandanna breyttist þannig að kostnaður vegna sjóðsins var með öðrum hætti en gert hafði verið ráð fyrir. T.d. urðu fleiri lán greidd í Bandaríkjunum en áður hafði verið o.s.frv.

Ég sé enga ástæðu til þess að taka ákvörðun um niðurskurð á þjónustu Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessu stigi málsins. Ég teldi það rangt að skerða framfærslulánin. Ég tel að þetta séu mál sem þurfi að athuga þegar líður á haustið, þegar fyrir liggur hver fjöldi lána námsmanna verður.

Spurningin er hins vegar sú hvort hér sé verið að gera tillögu um það, þó með óbeinum hætti sé, af Sjálfstfl. að skera niður framfærslulán Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er spurning sem ég leyfi mér að skilja eftir hjá hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin að svo miklu leyti sem um svör var að ræða. Hins vegar lauk hann ræðu sinni með sérkennilegum hætti. Þegar ég er að spyrja hæstv. ráðherra hvernig eigi að mæta því sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að skera niður þessi framlög, þá er hann að gefa undir fótinn með að það sé bara Sjálfstfl. sem vilji halda svona á málum. Eftir að hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarmeirihluti hér á Alþingi hefur ákveðið að skerða þessi framlög, þá er það auðvitað ekki Sjálfstfl. sem þar er að verki. Það er hæstv. menntmrh. sjálfur og hæstv. ríkisstjórn.

Að öðru leyti kom það fram í máli hæstv. ráðherra að hann taldi nú ekki þörf á auknu fé. Hann taldi hins vegar að það kynni að fara svo að það yrði þörf á auknu fé með haustinu, á næsta námsári. Það kemur fram að hæstv. ráðherra hyggst halda þannig á þessu máli ef eitthvað er að marka hans orð að það sé haldið óbreyttu lánahlutfalli og óbreyttu verksviði sjóðsins nú meðan þessi hæstv. ríkisstjórn situr en láta skerðinguna á því fé, sem hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið, koma til framkvæmda þegar þessi hæstv. ríkisstjórn er farin frá. Þetta er nú stórmennskan sem hæstv. menntmrh. sýnir í þessu máli. Taka ákvörðun um niðurskurð á fé til íslenskra námsmanna og halda síðan óbreyttu lánahlutfalli, halda óbreyttu verksviði sjóðsins en láta það síðan koma í hlut annarra að taka á sig skerðinguna þegar þessi hæstv. menntmrh. er farinn frá og veg allrar veraldar út úr Stjórnarráðinu. Þetta er nú stórmennskan. Og ætla svo að reyna að kenna Sjálfstfl. um það að Sjálfstfl. standi fyrir þessari meðferð á íslenskum námsmönnum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er nú misskilningur að núv.

menntmrh. ætli að hætta þeim störfum við kosningarnar heldur gefur hann kost á sér til áframhaldandi starfa. Og þó að Sjálfstfl. sé sigurviss þessa dagana eftir hinn harða landsfund, þá dugir það ekki til þess að það réttlæti það að þingmenn Sjálfstfl. tali með þessari fullvissu um að þeir muni hremma Stjórnarráðið frá og með 21. apríl.

Í öðru lagi spurði ég þingmanninn að gefnu tilefni. Sjálfstfl. skar niður framfærslulán íslenskra námsmanna um 20% á sínum tíma. Sú skerðing hefur sem betur fer verið bætt af núv. ríkisstjórn.

Loks þetta. Það er alveg augljóst mál að um þau mál sem snúa að Lánasjóði ísl. námsmanna hefur tekist mjög góður friður, óvenjulega góður friður. Þannig hefur verið haldið á þessum málum undanfarin ár. Og ég skora á þingmenn hvar í flokki sem þeir standa að hjálpa til þess að sá friður geti haldist.

Dreifð og sveigjanleg kennaramenntun, ein umr.

Fsp. JK, 363. mál. — Þskj. 637.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 637 hef ég borið fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun. Fyrirspurnin er einföld. Hún er á þessa leið:

„Hvað líður undirbúningi dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar á vegum Kennaraháskóla Íslands fyrir grunnskólakennara sem áform eru um að hefja árið 1991?"

Eins og fram kemur í fyrirspurninni hefur undanfarið verið í undirbúningi á vegum Kennaraháskólans í samráði við menntmrn. starfsréttindanám fyrir grunnskólakennara. Þetta nám hefur verið kallað dreifð og sveigjanleg kennaramenntun. Hún á að fara fram sem næst starfsvettvangi kennara. Tilgangurinn er sá að bæta úr skorti á menntuðum kennurum sem er tilfinnanlegur, t.d. víða á landsbyggðinni. Þörfin sést mætavel á því að skólaárið 1989–1990 voru stöðugildi á grunnskólastigi um 2600. Þar af voru 400 skipuð leiðbeinendum. Sama ár voru stöðugildi í framhaldsskólum tæplega 1300 og um þriðjungur þeirra voru leiðbeinendur. Áform voru um að Kennaraháskóli Íslands mundi hrinda þessu námi af stað haustið 1991. Nú hefur það heyrst að bakslag sé í þessum áformum og óvissa sé um hvort við þetta verður staðið. Fyrirspurnin er einfaldlega borin fram til að fá það fram hver áform eru í þessu efni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Framkvæmd ákvarðana um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun ræðst af mörgu, en í fyrsta lagi af því hvernig þróast vinna við námsskrárgerð vegna fjögurra ára kennaranáms við Kennaraháskóla Íslands og í öðru lagi af því hvaða fjármunir verða veittir til þessara verkefna á komandi árum.

Það var 14. febr. 1989 sem menntmrh. lýsti í bréfi til rektors Kennaraháskóla Íslands stuðningi við fram komnar hugmyndir um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun við stofnunina. Skólaráð Kennaraháskólans samþykkti á fundi sínum 10. mars 1989 að setja á laggirnar starfshóp til að athuga skipulag dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar og var Berit Johnsen, cand. polit. skipuð starfsmaður hópsins. Starfshópurinn skilaði áliti í desember 1989 en áður hafði ráðuneytið samþykkt að skipulegur undirbúningur að þessu námi hæfist þegar á árinu 1989. Starfshópurinn lagði fram ítarlegar tillögur um skilgreiningu og skipulag námsins þar sem gert var ráð fyrir því að almennt kennaranám, dreift og sveigjanlegt, yrði 120 eininga nám sem skiptist í þrjá meginþætti, þ.e. almennar uppeldisgreinar, kennarafræði og kjörsvið þar sem aðalnámsgrein átti ekki að vera minni en 30 einingar. Námið átti að samsvara fullu fjögurra ára námi og gert ráð fyrir að það gæti tekið 5–7 ár og byggðist á námskeiðum í heimavistarskóla eða húsnæði Kennaraháskólans, styttri námskeiðum námshópa á heimasvæði, fjarnámi og loks leiðsögn með aðstoð síma og annarrar nútímasamskiptatækni.

Frekari undirbúningur að þessu máli fór síðan fram á árinu 1990. Í lögum um Kennaraháskóla Íslands er gert ráð fyrir því að kennaranámið verði lengt úr þremur árum, 90 einingum, í fjögur ár, 120 einingar, og lengi hefur verið gert ráð fyrir því að lenging námsins komi til framkvæmda haustið 1991. Miðað við það þótti eðlilegt að gera ráð fyrir að hin dreifða og sveigjanlega kennaramenntun með 120 einingar hæfist á sama tíma því að annars hefði orðið um tvíverknað að ræða við undirbúninginn.

Hinn 1. ágúst 1990 hófst sérstök vinna við námsskrá Kennaraháskóla Íslands og var hún falin Sigurjóni Mýrdal. Í lok janúar sl. lét hann af störfum og hvarf til frekara náms erlendis. Þá hafði hann skömmu áður lagt fram drög að námsskrá fyrir 120 eininga almennt kennaranám. Gert var ráð fyrir því að skólaráð Kennaraháskólans tæki afstöðu til tillagna Sigurjóns á fundi sínum 6. mars sl. og veit ég ekki betur en svo hafi verið gert. Miðað við það að skólaráðið staðfesti námsskrána á þessum tíma bendir allt til þess að almennt 120 eininga kennaranám geti komist á í Kennaraháskóla Íslands á komandi hausti, þ.e. haustið 1991. Það skilyrði sem hér er um að ræða ætti því að verða uppfyllt á þessu ári ef vinnu við námsskrána miðar fram svo sem verið hefur. Ástæðan til þess að vinna við námsskrána hefur ekki gengið hraðar er m.a. sú að Kennaraháskólinn hefur ekki haft nægilega starfskrafta til þess að vinna að þessu þýðingarmikla og yfirgripsmikla verki.

Ég sagði: Námsskrá Kennaraháskólans er skilyrði númer eitt. Skilyrði númer tvö eru fjármunir. Í fjárlagatillögum mínum fyrir árið 1991 gerði ég ráð fyrir 10 millj. kr. í ný verkefni við Kennaraháskóla Íslands. Við niðurstöðu fjárlaga samkvæmt greinargerð fjvn. var þar gert ráð fyrir því að 2,5 millj. af þessum 10 millj. rynnu til dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar. Þar af mun námsskrárgerðin ekki kosta

minna en 800 þús. kr. og það er ljóst að þær 1,7 millj. kr. sem þá eru eftir verða knappar til þess að halda þeim verkefnum áfram. Engu að síður mun skólinn veita undirbúningi dreifðs og sveigjanlegs kennaranáms forgang innan þess þrönga fjárhagsramma sem honum er búinn.

Ráðuneytið mun fyrir sitt leyti beita sér fyrir að nægjanleg fjárveiting fáist til dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar, enda liggi fyrir að Kennaraháskólinn hafi lokið þeirri undirbúningsvinnu sem nauðsynleg er. Menntmrn. leggur með öðrum orðum áherslu á og hefur fyrir sitt leyti unnið að þessu máli af talsverðu kappi. Það má segja að ráðuneytið hafi ýtt á eftir þessu verkefni umfram það sem venja er til um innri starfsemi háskóla. Afstaða okkar er almennt sú að háskólar eigi að fá að vera í friði með sína starfsemi og taka sínar sjálfstæðu, faglegu ákvarðanir innan síns starfsramma. Við höfum þrátt fyrir þessa stefnu ýtt mjög á það að dreifð og sveigjanleg kennaramenntun kæmist á. Það hefur verið forgangsmál af hálfu menntmrn. við uppbyggingu Kennaraháskólans og í rauninni má segja að þar hafi það eitt í meginatriðum tafið að menn hafa á sama tíma verið að undirbúa fjögurra ára kennaranám og ekki viljað fara hraðar með dreifða og sveigjanlega kennaramenntun, 120 eininga nám, en raun ber vitni um vegna þess að menn hafa óttast að um tvíverknað yrði að ræða.

Ég tel að hér sé um að ræða eitt stærsta framfaramál skólakerfisins og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fsp. hér á Alþingi og vænti þess að fyrirspurnin sé til marks um það að fyrirspyrjandinn og flokkur hans og þingmenn allir muni sýna þessu máli áhuga í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Fsp. er borin fram vegna áhuga á málinu, bæði hjá mér og eins fjölmörgum skólamönnum sem ég hef samband við í mínu starfi. Þar er litið á þetta mál sem eitt allra mikilvægasta mál í sambandi við menntun kennara.

Það kom fram í svari ráðherrans að framhald málsins væri undir því komið hvernig vinna þróaðist við námsskrárgerð og ég þakka það sem kom fram í svörum hans að ráðuneytið hefur reynt að ýta á eftir þessu máli eftir föngum. Ég vona að það takist að tryggja fjármuni til þessa verks og mun ekki standa á mínum stuðningi í því og ég vona að það verði hægt að vinna að því á komandi hausti. Hæstv. menntmrh. var nú nýverið að bjóða sig fram í þetta starf áfram og ég hef ekkert á móti því að vinna að því með honum.

Ég vil að lokum aðeins undirstrika mikilvægi þessa máls og láta það koma fram hér að áhugi kennara og skólayfirvalda úti í dreifbýlinu fyrir þessu máli er mjög mikill og þetta er eitt allra mikilvægasta mál í því efni að fá í framtíðinni réttindakennara til starfa við skóla um hinar dreifðu byggðir landsins.

Dagskrárefni sjónvarps, ein umr.

Fsp. MálmS, 409. mál. — Þskj. 736.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur löngum verið árviss umræða hér í þingsölum að fjármál Ríkisútvarpsins væru rædd og raunar af ýmsum orsökum, oftast vegna skerðingarákvæða á fé sem er ætlað til framkvæmda. En nú hafa afnotagjöld lækkað að raungildi um 3–4% en kröfur til útvarps og sjónvarps fara vaxandi og til dagskrárefnis þeirra tveggja stofnana, enda eru þetta öflugustu útbreiðslutæki sem við ráðum yfir og mikilvægt að það sem þar er flutt sé að öllu vandað og einkum að lögð sé áhersla á hvaðeina sem tengist íslenskri menningu og útbreiðslu hennar og íslensku þjóðlífi fyrr og nú, án þess að ég sé að amast við erlendu efni. En lægri má nú krafan ekki vera en að það sé helmingur þess sem flutt er í sjónvarpi. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 736:

„Hversu mikill hluti dagskrárefnis sjónvarps er innlendur?

Hvernig er áformað að ná því marki að innlent efni sjónvarpsins verði helmingur af því efni sem þar er flutt?"

Það er nú kannski að verða úrelt spurning, sú þriðja, þó að ég vilji gjarnan fá það fram samt: „Hvað hafa fréttaútsendingar frá Sky kostað hingað til?" Og kostnaðurinn óskast sundurliðaður.

„Af hvaða þáttum rekstrarkostnaðar var þetta fé tekið?"

Menningarsjóð útvarpsstöðva hefur oft borið á góma vegna þess að menn sjá ekki lengur rök fyrir því að Ríkisútvarpið greiði þangað jafnvel hærri upphæðir heldur en það fær þaðan aftur eins og mér skilst að hafi gerst. Ég bið forláts ef þetta er ekki rétt staðhæfing hjá mér. En því spyr ég líka:

„Hversu mikið greiddi Ríkisútvarpið í Menningarsjóð útvarpsstöðva á sl. ári?

Hversu mikið fékk Ríkisútvarpið greitt úr sama sjóði á sl. ári?

Hversu há fjárhæð er lögbundið framlag Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands á sl. ári?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hversu mikill hluti dagskrárefnis sjónvarps er innlendur?" Ég verð að biðja hv. þm. afsökunar á því að ég er hér aðeins með Ríkisútvarpið, ég er ekki hér með aðrar stöðvar.

Svar við fyrstu spurninginni er þetta: Hlutur innlends efnis í dagskrá Sjónvarpsins var 35% af heildarútsendingartíma þess árið 1989. Endanlegar tölur fyrir árið 1990 liggja ekki fyrir, en það er búist við að þar sé um að ræða svipað hlutfall eða kannski eilítið hærra. Á árinu 1989 var sent út í 156.227 mínútur og innlent efni var þar af 54.000 mínútur. Innlenda efnið hafði aukist frá árinu 1984 til ársins 1989 um 109,5% þannig að það er greinilega um það að ræða að innlent dagskrárefni hefur á árunum 1984 og síðan aukist mjög verulega.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig er áformað að ná því marki að innlent efni sjónvarpsins verði helmingur af því efni sem þar er flutt?"

Svar Ríkisútvarpsins er það að vísa til þess að Ríkisútvarpið greiði fjármuni til Menningarsjóðs útvarpsstöðva og greiði afnotagjöld vegna bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins. Í því síðarnefnda tilviki er um að ræða 120 millj. kr. og með þessu svari sínu er Ríkisútvarpið auðvitað að gefa það í skyn að það þurfi viðbótarfjármagn til þess að auka innlent dagskrárefni.

Mitt svar við þessari spurningu, hv. þm., er hins vegar það að það sé ekki nóg að segja: Það þarf að koma til aukið fé. Ég tel að það eigi líka að breyta forgangsröð innan Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið er stofnun sem veltir 2000 millj. kr. á ári og það er eðlilegt að gera kröfu til þess á þeim tímum sem við lifum á, sem eru eins konar stríðstímar fyrir íslenska menningu, að Ríkisútvarpið breyti sinni forgangsröð og taki meira fé til innlendrar dagskrárgerðar en gert hefur verið. Þessi sjónarmið mín hef ég kynnt Ríkisútvarpinu jafnframt því sem ég hef verið að láta vinna að því að undanförnu að afnotagjöld vegna bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins verði flutt yfir á Tryggingastofnun ríkisins og um Menningarsjóðinn ætla ég að segja nokkur orð síðar.

Í þriðja lagi var spurt: „Hvað hafa fréttaútsendingar frá Sky kostað hingað til?"

Samkvæmt upplýsingum sem mér hafa borist frá Ríkisútvarpinu — fyrst er rétt að taka það fram að þessar sendingar eru hættar fyrir löngu, þær hættu 3. mars — en fyrstu vikurnar var kostnaðurinn 350 þús. kr. á viku. Síðan minnkaði þessi kostnaður. Aukakostnaður vegna útsendinga á efni frá Sky mun vera 1,5 millj. kr. Afnotagjald til Sky var 10 þús. kr. á sólarhring og fast gjald fyrir móttökudisk Pósts og síma var 6000 kr. á sólarhring eða samtals 21 þús. kr. á sólarhring.

Þá var spurt: „Af hvaða þáttum rekstrarkostnaðar var þetta fé tekið?" Svarið er það að kostnaður vegna Sky-útsendinganna bókfærist að mestu á varasjóð skrifstofu framkvæmdastjóra Sjónvarpsins sem ætluð er til að mæta óvæntum útgjöldum af þessu tagi.

Vandinn er sá hvað þetta er ódýrt. Það er kannski alvarlegasta umhugsunarefnið. Ef Sky væri látið ganga hér allan sólarhringinn allt árið, þá mundi kostnaðurinn við það ekki verða nema 15–18 millj. kr., allt árið. Til samanburðar er heildarkostnaður íslenska Sjónvarpsins fyrir aðeins brot úr hverjum sólarhring 1 milljarður. Menn sjá í hvaða vanda þjóð eins og okkar er, þar sem annars vegar er um það að ræða að stórar gervihnattastöðvar geta sent hingað út efni allan sólarhringinn allt árið fyrir bara 18 millj. kr. meðan það kostar okkur 1 milljarð eða meira að reka sjónvarpsstöð eins og okkar stöð. Og ég spyr: Hvar er okkar samkeppnisaðstaða?

Að því er kannski að einhverju leyti vikið í næstu spurningu hv. þm. en þar segir: „Hversu mikið greiddi Ríkisútvarpið í Menningarsjóð útvarpsstöðva á sl. ári?"

Svarið er: 51,2 millj. kr.

Síðan er spurt: „Hversu mikið fékk Ríkisútvarpið greitt úr sama sjóði á sl. ári?"

Svarið er: Ríkisútvarpið fékk úthlutað 23 millj. kr. úr Menningarsjóði útvarpsstöðva árið 1990.

Í drögum að frv. til nýrra útvarpslaga, sem ég lagði fyrir stjórnarflokkana fyrir þremur vikum, gerðum við ráð fyrir því að áfram yrði starfræktur Menningarsjóður útvarpsstöðva. Menn hins vegar gerðu þar tillögu um að rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands flyttist af Menningarsjóði útvarpsstöðva og yfir á ríkissjóð þannig að í raun og veru er það ekki þannig að um sé að ræða lengur eitthvað sem við köllum lögbundið framlag Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitarinnar heldur er það þannig að Sinfóníuhljómsveitin á að fá 25% rekstrarkostnaðar frá Menningarsjóði útvarpsstöðva í samræmi við fjárveitingu til hljómsveitarinnar á fjárlögum hverju sinni, þannig að lagaskyldan er fallin af Ríkisútvarpinu út af fyrir sig, en hún er á Menningarsjóði útvarpsstöðva.

Eins og ég hef hér gert grein fyrir, virðulegi forseti, er hér um að ræða annars vegar að sjálfsögðu menningarmál og hins vegar fjárhagsmál. Það fjárhagsmál snýr bara að ríkissjóði. Það að flytja afnotagjöld aldraðra og öryrkja yfir á Tryggingastofnun ríkisins er spurningin um það að hækka framlög ríkisins til Tryggingastofnunar ríkisins. Og það að flytja Sinfóníuna yfir á ríkissjóð er spurningin um það að auka útgjöld ríkissjóðs um sennilega 30–40 millj. kr. á ári.

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að á þessum málum báðum verði tekið, svo og því að þannig verði að málum staðið að Ríkisútvarpið fái í framtíðinni aðflutningsgjöldin til þess að standa undir meiri háttar fjárfestingarkostnaði.

Það hefur verið rætt um það núna að undanförnu að gera þurfi ráðstafanir til þess að endurbyggja langlínumastrið fyrir Ríkisútvarpið. Við nánari athugun hefur komið í ljós að ýmsir halda því fram að það vandamál sé hægt að leysa með einhverjum öðrum hætti. Af þeim ástæðum hefur verið settur niður starfshópur með fulltrúum Pósts og síma, fulltrúum sjómannasamtakanna, fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúum Ríkisútvarpsins og fleiri aðilum til þess að athuga hvaða kostur er vænlegastur og ódýrastur, en á þeim málum verður tekið nú á næstunni.

En ég hygg, virðulegi forseti, að þessar tölur sýni að einhverju leyti þann vanda sem við eigum í í hinni alþjóðlegu samkeppni við efni utan úr geimnum sem við erum lítt eða illa varin fyrir eins og er. Það er ekki hægt að loka Íslandi fyrir þessum áhrifum. Hins vegar er hægt að mínu mati, virðulegi forseti, að efla og treysta þannig almennt séð íslenska menningarstarfsemi að hún verði fær til þess, eða færari, að standa af sér þessa bylji sem dynja á henni utan úr geimnum.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greið og greinileg svör sem skýra ýmislegt. Það er eiginlega alveg dæmalaust að lagður skuli hafa verið á Ríkisútvarpið en ekki Tryggingastofnun sá afsláttur sem örorku- og ellilífeyrisþegar fá af afnotagjöldum og hefði átt að vera búið að kippa því í lag fyrir löngu síðan.

Sömuleiðis hef ég aldrei getað skilið nauðsyn þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég sé bara engin rök til að Sinfóníuhljómsveitin sé rekin með þeim hætti á kostnað Ríkisútvarpsins.

Ég hef gögn í höndum sem segja það að hlutur innlends efnis hafi á sl. ári verið um 35% af heildarútsendingum svo að enn er nú nokkuð langt í land með það að 50% náist og það næst ekki, eins og hæstv. ráðherra skýrði fyrir okkur áðan, nema Ríkisútvarpinu sé gert fært að búa að eigin tekjustofnum. Ég sé engin rök fyrir því þó að mörgum finnist gjald til Ríkisútvarps og sjónvarps hátt. Mér finnst það ekki hátt. Ég væri fús til þess að borga meira og ég hygg að þeir séu margir sem eru sama sinnis.

Hæstv. ráðherra minntist á ný útvarpslög og ég verð nú að segja að mér finnst það dálítið einkennileg vinnubrögð að það hafa tvisvar sinnum verið skipaðar nefndir á launum til að vinna ný útvarpslög sem koma síðan fram svo seint að það er borin von að þau fáist samþykkt á því þingi. Og þó að hæstv. menntmrh. hugsi sér að bjóða sig fram til þess starfa áfram, þá er nú engan veginn sýnt að það áform nái fram að ganga og þá má vera að það frv. lendi í tröllahöndum svo að það hefði verið betra fyrir hann og aðra að það hefði komið fram fyrr og náð fram að ganga á þessu þingi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Rökin fyrir því að Sinfóníuhljómsveit Íslands og rekstrarkostnaður hennar hefur að hluta til verið greiddur af Ríkisútvarpinu eru einfaldlega þau að Ríkisútvarpið er eins konar foreldri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þar var mikill áhugi á að stofna hljómsveit. Þar var starfrækt útvarpshljómsveit mjög lengi og síðan Sinfóníuhljómsveitin. Hún er stofnuð fyrir 41 ári síðan, árið 1950, og síðan hefur alltaf verið um að ræða verulegt sambýli milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins. Ég er satt að segja þeirrar skoðunar að það sé heldur skynsamlegt að þessar menningarstofnanir, Ríkisútvarpið annars vegar og Sinfóníuhljómsveitin hins vegar, vinni saman og ég held reyndar að fleiri menningarstofnanir ríkisins mættu slá sér saman um verkefni en þegar er orðið.

Varðandi það frv. sem hv. þm. nefndi, þá er það rétt að auðvitað hefði verið mikið betra ef hægt hefði verið að ljúka því en ég vek athygli á að aðalefni þess frv. var tæknilegs eðlis, þ.e. hvernig ætti að koma fyrir þýðingum á sjónvarpsefni. Og í þessu frv. er gert ráð fyrir því að allt efni sem fer í gegnum íslenskar sjónvarpsstöðvar verði þýðingarskylt, en erlent efni sem komi frá gervihnattastöðvum verði sent um kapal og verði þá ekki endilega þýðingarskylt. Það er mjög breið samstaða um þetta í þeirri nefnd sem undirbjó málið sem var embættismannanefnd en ekki pólitísk nefnd. Í henni voru fulltrúar líka frá Íslenskri málnefnd og fleiri slíkum aðilum. Þess vegna held ég að um það efni sé allvíðtæk samstaða. Kosturinn við þá umræðu sem fram hefur farið í vetur finnst mér vera sá að menn hafa allt í einu áttað sig á verulegum þáttum málsins og því hvernig er best að vinna verkið. Niðurstaðan finnst mér vera sú að menn segi í fyrsta lagi: Allt efni í íslenskum stöðvum á að vera íslenskt eða þýtt. Í öðru lagi segja menn: Það af erlendu efni sem kann að fara út verður þá að fara um kapal. Það er framfaraspor að ná samstöðu um greiningu á þessu máli.

Í síðasta lagi þakka ég hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur fyrir þann áhuga sem hún sýnir þessu máli með þessari fyrirspurn og reyndar oft áður hér í umræðu á Alþingi.

Vestnorræn ráðstefna um jafnréttismál, ein umr.

Fsp. MálmS, 411. mál. — Þskj. 738.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Stykkishólmi árið 1989 voru samþykktar ýmsar ályktanir um norrænar ráðstefnur, þar á meðal um jafnréttismál sem ætti að halda árið 1992 og hana skyldi halda á Íslandi. Nú er að verða nokkuð skammt til stefnu því að slík ráðstefna verður væntanlega nokkuð fjölmenn. Alla vega veit ég að frændur okkar í Færeyjum hyggjast fjölmenna. Slík ráðstefna þarf allnokkurn undirbúning á ýmsan hátt og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. félmrh. á þskj. 738:

„1. Hefur verið skipuð undirbúningsnefnd fyrir vestnorræna ráðstefnu um jafnréttismál sem halda á 1992?

2. Ef svo er, hverjir eru í henni?

3. Hefur verið sótt um styrk í Norræna menningarsjóðinn eða „Vestnorden fonden"?

4. Hvernig er fyrirhugað að kynna þessa ráðstefnu?

5. Hvenær og hvar skal ráðstefnan haldin?

6. Hver á að vera yfirskrift ráðstefnunnar?"

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur beint til mín fyrirspurn um undirbúning fyrir vestnorræna ráðstefnu um jafnréttismál árið 1992. Því er til að svara að félmrn. óskaði eftir umsögn Jafnréttisráðs um hvernig bæri að standa að vestnorrænni jafnréttisráðstefnu, sbr. þingsályktun Vestnorræna þingmannaráðsins. Í umsögn Jafnréttisráðs kom m.a. fram að erindið var rætt á fundi Jafnréttisráðs þann 19. júní sl. og var samþykkt að mæla með því að haldið verði vestnorrænt kvennaþing en ekki ráðstefna.

Eins og kunnugt er kom fram mikill áhugi á norræna kvennaþinginu í Ósló árið 1988 á að halda sérstakt kvennaþing fyrir íslenskar, færeyskar og grænlenskar konur. Sótt var um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar og fékkst fjárhæð frá „Vestnorden fonden" til að hefja undirbúning. Af Íslands hálfu tóku þátt í undirbúningnum Guðrún Árnadóttir frá BSRB og Lára Júlíusdóttir frá ASÍ ásamt Guðrúnu Ágústsdóttur, starfsmanni Norræna kvennaþingsins hér á landi, og

Elsu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs. Þessari vinnu var síðan hætt þegar fréttist af umræðum Vestnorræna þingmannaráðsins um kvennaráðstefnu. Jafnréttisráð telur því æskilegt að áfram verði haldið þar sem frá var horfið, haldið verði kvennaþing og að undirbúningur þess verði í höndum kvennahreyfinga og verkalýðsfélaga. Mikill áhugi er á slíku þingi í löndunum þremur. Jafnframt gæti vestnorrænt kvennaþing orðið undirbúningur landanna að nýju norrænu kvennaþingi sem til umræðu er að halda árið 1994 eða 1995.

Jafnréttisráð er reiðubúið að koma inn í undirbúninginn á svipaðan hátt og við undirbúning norræna kvennaþingsins. Jafnréttisráð taldi að undirbúningur þyrfti að hefjast á miðju ári 1991. Á grundvelli þessara umsagna Jafnréttisráðs óskaði ég eftir tilnefningu frá ASÍ, BSRB, Jafnréttisráði, Kvenréttindafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands í undirbúningsnefnd. Undirbúningsnefnd fyrir vestnorræna kvennaráðstefnu hefur verið skipuð og eiga sæti í henni Lára V. Júlíusdóttir, tilnefnd af ASÍ, Þórveig Þormóðsdóttir, tilnefnd af BSRB, Guðrún Árnadóttir, tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands, Stefanía M. Pétursdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands og Ragnheiður Harðardóttir, tilnefnd af Jafnréttisráði sem hefur verið skipuð formaður. Nefndin mun síðar gera tillögur um hvernig staðið verður að þessu verkefni.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin og það gleður mig að heyra að undirbúningur er raunverulega þegar hafinn, búið að stíga fyrstu skrefin. Það er nú svo að það kom í ljós á síðasta Norðurlandaráðsþingi að það hrikti nokkuð í stoðum norrænnar samvinnu. Ég hef alltaf litið svo á að okkur sé mjög mikilvægt að eiga sem mest og best samskipti við þjóðir okkar, þær vestnorrænu þjóðir sem við störfum með og það sé mjög mikilvægt að efla samskipti þessara þriggja þjóða því að þær eru með nokkrum hætti sér í þessu Norðurlandastarfi og Grænlendingar í raun útilokaðir þaðan. Við eigum ýmislegra sameiginlegra hagsmuna að gæta og sameiginlegrar arfleifðar og séu Skandínavar ekki svo fúsir til samstarfs við okkur, þá eigum við þarna vettvang að starfa á sem getur orðið okkur mjög mikilvægur í framtíðinni.

Barnalög, ein umr.

Fsp. SP, 416. mál. — Þskj. 748.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Hér legg ég fram fsp. til hæstv. dómsmrh. á þskj. 748 sem hljóðar svo:

„Hvað líður samningu frv. til laga um breytingu á barnalögunum, m.a. varðandi heimildir foreldra til að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað eða samvistarslit?“

Ástæða fyrirspurnar minnar er sú að ýmissa réttarbóta er þörf í þessum málum, bæði hvað snertir rétt foreldra og barna. Það hefur því miður komið of oft fyrir að frv. um þessi málefni hafa ekki hlotið afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi og þar með ekki hlotið þá umræðu sem þörf var á. Ég tel ástæðu til þess að draga sérstaklega fram það atriði sem snertir sameiginlega forsjá foreldra með börnum sínum þar sem ég tel mikla þörf á því að þessi valkostur sé fyrir hendi.

Frv. um breytingu á barnalögum nr. 9/1981 var lagt fram á löggjafarþingi 1987. Þetta frv. fól fyrst og fremst í sér ákvæði um sameiginlega forsjá auk ýmissa tæknilegra lagabreytinga. Í athugasemdum við þetta frv. er gerð grein fyrir rökum sem mæla bæði með og á móti slíku fyrirkomulagi. Sifjalaganefnd komst engu að síður að þeirri niðurstöðu eftir ítarlega könnun á málinu, m.a. löggjöf á Norðurlöndum, að rétt væri að þessi valkostur stæði til boða fyrir þá foreldra sem um það væru sammála. Þetta mál var ekki afgreitt.

Sl. haust ætlaði hæstv. dómsmrh. að leggja fram á ný breytingar á barnalögunum, aðallega hvað snerti nýtt hlutverk sýslumannsembætta. Mér er tjáð að ráðherra hafi hætt við framlagningu frv. þar sem hann hafi viljað koma að fleiri atriðum eins og um sameiginlega forsjá og hafi falið sifjalaganefnd það verkefni. Þetta frv. hefur hins vegar ekki enn verið lagt fram á hinu háa Alþingi og því legg ég þessa spurningu fyrir hæstv. dómsmrh.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 17. þm. Reykv. beinir til mín fsp. á þskj. 748 sem hún gerði hér grein fyrir. Svar mitt hljóðar á þessa leið:

Frv. að lögum til breytinga á barnalögum nr. 9/1981 var flutt á Alþingi 1987, eins og raunar kom fram í máli þingmannsins, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það var flutt nokkuð breytt á Alþingi 1990, en hlaut ekki afgreiðslu að heldur.

Í september 1990 fól ég sifjalaganefnd að gera nokkrar athuganir á barnalögum á grundvelli fyrri frumvarpa og með sérstakri hliðsjón af því að auka hlut dómstóla við úrlausn um forsjármál við hjónaskilnaði og semja síðan frv. um þetta efni. Eftir kannanir sifjalaganefndar á þörf á endurskoðun laganna hvarf hún að því ráði að taka saman frv. til barnalaga í heild sinni fremur en að stíla tillögur sínar í formi frv. til breytinga á barnalögum. Breytingarnar voru það umfangsmiklar og vörðuðu svo mörg efnisatriði að nauðsynlegt reyndist, skýrleikans vegna, að hafa þennan háttinn á. Reyndist verkið því umfangsmeira en í fyrstu var talið og vinnst ekki tími til að leggja frv. fram á þessu þingi.

Frv. er engu að síður mjög langt komið og mun væntanlega verða lokið við það af hálfu nefndarinnar nú síðar í vor. Í tilefni fsp. tel ég hins vegar rétt að gefa aðeins örstutt yfirlit yfir efni þeirra frumvarpsdraga sem nefndin hefur samið og gera grein fyrir helstu breytingum sem það felur í sér, en rétt er að árétta að frv. er ekki fullfrágengið af hálfu nefndarinnar.

Í frv. er lagt til að afnumin verði hugtökin „skilgetið" barn og „óskilgetið" í barnalögum og að í þeim lögum verði kveðið á um réttarstöðu barna samfellt og án tillits til þeirra grunnhugtaka. Lagt er til að lögfest verði ákvæði sem heimila foreldrum að semja um sameiginlega forsjá barna sinna eftir skilnað og sambúðarslit, svo sem var samkvæmt frv. frá 1987. Þá er foreldrum barns sem aldrei hafa búið saman heimilað að semja um slíka forsjá. Forsjá felur í sér, skv. 35. gr. barnalaga, rétt og skyldu foreldris til umönnunar og uppeldis barns og til að gegna lögráðum vegna barnsins, ráða persónulegum högum og tíðast fjármálefnum þess. Ef foreldrar búa ekki saman, þar á meðal hafa slitið samvistir vegna skilnaðar, vakna sérstök vandamál út af forsjárskyldum eða rétti til forsjár. Hér má greina á milli umönnunar- og uppeldisþáttar í forsjá og hins vegar lögráðaþáttar hennar. Samkvæmt viðhorfum í nútíma barnarétti á barnið rétt á umgengni og sambandi við báða foreldra þótt þeir búi ekki saman og foreldrarnir eiga að sínu leyti rétt og bera skyldur til að rækja umgengni við barn og gegna foreldraskyldum sínum þrátt fyrir samvistarslitin.

Við skilnað foreldra hefur það verið grunnregla að forsjá barns skuli vera óskipt í höndum annars foreldris en umgengnisréttur og skylda hjá hinu. Hvarvetna á Norðurlöndum hefur verið lögfest heimild til að kveða á um sameiginlega forsjá barna við skilnað og raunar sumpart ef ógiftir foreldrar eru ekki samvistum. Barnið býr þá að jafnaði hjá öðru foreldri en dvelst hjá hinu tiltekinn tíma eða tímabil.

Lögráðin eru hins vegar í höndum beggja þannig að þörf er á samþykki þeirra beggja og atbeina til allra meiri háttar ákvarðana er barnið varðar um persónulega hagi þess og fjármál. Með þessum hætti verða foreldraskyldur beggja virkari en ella væri. Reynslan erlendis sýnir að það foreldri sem barnið býr ekki hjá sættir sig betur við forsjárákvörðunina þegar tryggt er að það verði einnig eftirleiðis þátttakandi í lögráðum vegna barnsins og fær að hafa barn hjá sér oft í ríkari mæli en vera mundi samkvæmt almennum umgengnisreglum.

Í frv. er lagt til að þessari forsjárskipun verði ekki á komið nema foreldrar séu sammála um hana og annað foreldra geti krafist þess að hún verði felld niður.

Önnur meginbreyting um forsjá sem lögð verður til í þessu frv. er sú að bæði dómsmrn. og dómstóll geti leyst úr ágreiningi foreldra um forsjá barns og að dómsmrn. fjalli þá aðeins um mál að foreldrar séu sammála um það, endranær leysi dómstóll úr máli. Dómstóll eða ráðuneyti geta kveðið á um forsjá til bráðabirgða. Hliðstæð regla er um úrlausn um breytingu á forsjá.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir skýr og skilmerkileg svör og ég fagna því að þetta mál er komið svo langt. Mig langar til að gera aðeins grein fyrir rökum með sameiginlegri forsjá eins og þau koma fram í frv. sem lagt var fram á þinginu 1987 um breytingar á barnalögunum. Þar segir m.a.:

„Hinar nýju reglur um sameiginlega forsjá höfða til ábyrgðarkenndar foreldra, stefna að því að gera þá báða virka, þrátt fyrir samvistaslitin, um málefni barnsins, umönnun þess og ákvarðanir sem varða undirbúning að ævistarfi. Jafnframt má ætla að þetta fyrirkomulag stuðli að auknum tengslum barns og þess foreldris sem það býr ekki hjá.

Alkunna er hve mikil átök og togstreita verða oft milli foreldra, er skilja, út af forsjá barna. Samningur um sameiginlega forsjá getur haft það gildi að lægja öldurnar, foreldri getur betur sætt sig við að barnið búi hjá hinu ef því er tryggður afskiptaréttur af persónuhögum barns og hlutdeild í umsýslu vegna fjármála þess. Getur þetta dregið úr þeirri spennu sem oft ríkir milli foreldranna út af forsjármálum, en hún bitnar oft harkalega beint og óbeint á barninu.

Sameiginleg forsjá hefur einnig þann kost með sér að ef annað foreldra andast eða verður óhæft til þess að gegna forsjánni þá er fyrir að fara skipan sem ræður forsjármáli þegar til lykta án þess að til afskipta stjórnvalda þurfi að koma.

Heimild til að semja um sameiginlega forsjá er líkleg til að auka jafnstöðu foreldra, giftra og ógiftra, mæðra og feðra, sem er grunnviðhorf í sifja- og erfðarétti. Ef vel er ætti slíkt fyrirkomulag að auka öryggiskennd barnsins sem oft og einatt á þá ósk heitasta að njóta beggja foreldra sinna eftir því sem fært er, njóta trúnaðar þeirra og hlíta leiðsögn þeirra.

Þetta fyrirkomulag um sameiginlega forsjá gæti því dregið úr fjölda forsjárdeilumála og er það svo sannarlega þarft því að slíkar deilur bitna fyrst og fremst á barninu sjálfu."

Þá langar mig til þess að segja frá stuttri grein eftir einstæðan föður sem kemur fram í afmælisblaði Félags einstæðra foreldra 1969–1989 þar sem hann lýsir góðri reynslu sinni af þessu fyrirkomulagi þar sem foreldrarnir höfðu samið um sameiginlega forsjá. Þar segir m.a.:

„Yfir höfuð verður samkomulag foreldranna að vera gott, ekki sé verið að nota börnin til að koma beinum eða óbeinum skilaboðum á milli og að hvorugt foreldranna reyni að kaupa sér vinsældir hjá börnum á kostnað hins. En kostirnir eru helst þeir að börnin njóta samveru við báða foreldrana jafnt og foreldrarnir jafnt við börnin. Einnig kemur ekki til aðskilnaðar systkina eins og við venjulega forræðisskiptingu."

Það er því von mín að þetta frv. sjái sem fyrst dagsins ljós og verði lagt fyrir á hinu háa Alþingi.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi bæta örfáum orðum við það sem ég fyrr sagði af þessu tilefni, en í þessu væntanlega frv. er einnig tekið á öðrum þáttum og vil ég sérstaklega minnast á umgengnisréttinn. Ýmsar breytingar felast í drögum frv. um umgengnisrétt. Meginbreytingin er sú að lagt er til að frumúrlausn um ágreining foreldra út af umgengnisrétti sé, eftir 1. júlí 1992 þegar aðskilnaðarlögin taka gildi, hjá sýslumönnum. Að-

ilar geta skotið úrlausn sýslumanns til dómsmrn. og leysir ráðuneytið þá úr máli til fullnaðar.

En meginkjarni þessa máls alls er þó sá sem ég vil að lokum taka fram að í tillögum sifjalaganefndar er það grundvallarsjónarmið áréttað að við allar úrlausnir stjórnvalda og dómstóla skuli það sem barni er fyrir bestu fyrst og fremst haft í huga. Við samningu textans hefur nefndin haft það að leiðarljósi að orðalag taki mið af því að vernda og virða rétt barns.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég fagna þessum orðum hæstv. dómsmrh. og tel sérstakt fagnaðarefni að þarna sé grundvöllurinn hagsmunir barnsins, þeir hagsmunir séu fyrst og fremst hafðir að leiðarljósi. Það er grundvöllur í öllu barnaverndarstarfi og börn hafa því miður haft allt of fáa talsmenn fyrir sínar þarfir.

Eftirlit með íbúðum í eigu Húsnæðisstofnunar, ein umr.

Fsp. SkA, 426. mál. — Þskj. 774.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 774 að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„1. Eru brögð að því að íbúðir, sem veðdeild Landsbankans kaupir eða eignast á nauðungaruppboðum fyrir hönd Húsnæðisstofnunar, skemmist og fari í niðurníðslu meðan þær eru til endursölu?

2. Fylgjast starfsmenn Húsnæðisstofnunar með því eftirliti sem fasteignasalar, byggingarfulltrúar og iðnaðarmenn eru sagðir sinna með þessu íbúðarhúsnæði?"

Tilefni þessara fsp. er í fyrsta lagi í sambandi við fyrri lið að ég hef fengið upplýsingar og nokkrar kvartanir um það að það íbúðarhúsnæði sem veðdeildin kaupir í nafni Húsnæðisstofnunar sé undir mjög takmörkuðu eftirliti. Þessi hús skemmist af frostsprungum, gluggar séu brotnir án þess að eðlilegt eftirlit eigi sér stað í sambandi við þetta. Það er ekki aðeins á einum stað sem ég hef heyrt sögur um að þannig sé ásatt heldur er það því miður nokkuð víða.

Í öðru lagi er síðari liður fsp. minnar vegna svars sem hæstv. félmrh. gaf mér í sambandi við skriflega fsp. sem ég lagði fram fyrr á þinginu um það að ákveðnir aðilar úti um land hefðu eftirlit með þeim íbúðum sem veðdeildin eða Húsnæðisstofnun eignaðist. Sú spurning hlýtur að vakna hvort Húsnæðisstofnun fylgist með þessum eftirlitsaðilum sínum og líka sú spurning hvort það geti verið að þessir eftirlitsaðilar séu svo ábyrgir sem kemur fram í svari ráðherra til mín um það hverjir séu eftirlitsaðilar í þessu tilfelli. Þess vegna er ítrekað í þessari fsp. hvernig Húsnæðisstofnun fylgist með þeim eftirlitsmönnum sínum sem ráðherra segir að fylgist með þessum málum, þ.e. fasteignasalar, byggingarfulltrúar og iðnaðarmenn á þeim stöðum þar sem þessar eignir eru til staðar.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sem svar við 1. tölul. þessarar fsp. vil ég taka fram eftirfarandi. Samkvæmt upplýsingum lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar, sem hefur umsjón með uppboðsmálum stofnunarinnar, er reynt að selja íbúðir sem stofnunin eignast á nauðungaruppboðum eins fljótt og kostur er. Eignirnar eru seldar í því ástandi sem þær eru keyptar. Ekki er lagt í kostnað við endurbætur nema bráða nauðsyn beri til, en lágmarksviðhaldi er jafnan sinnt. Eignir sem Byggingarsjóður ríkisins hefur keypt á uppboðum eru margar í mjög lélegu ástandi og oft á stöðum þar sem erfitt er með sölu íbúða. Ljóst er að í verstu tilfellunum hefur eignum hrakað við að standa auðar í langan tíma þegar sölutilraunir hafa ekki tekist.

Þegar hagsmunagæsla fyrir byggingarsjóðina vegna nauðungaruppboða var færð frá veðdeild Landsbankans til lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar 1. júlí 1990 var vinnureglum breytt varðandi kaup á uppboðum. Þannig voru settar reglur um strangara mat á því hvort borgi sig fyrir byggingarsjóðina að kaupa eignir á uppboði. Eftir að meðferð uppboðsmála var færð til Húsnæðisstofnunar er afgreiðsla þessara mála hraðari en áður.

Varðandi 2. tölul. fsp. vil ég taka fram eftirfarandi. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins fylgjast starfsmenn lögfræðideildar með íbúðum í eigu stofnunarinnar eins og kostur er. Fjölgun uppboðsmála hefur leitt til þess að nú er unnið að því að breyta fyrirkomulagi þessa þáttar. Markmiðið með breyttu fyrirkomulagi er m.a. að gera eftirlit virkara og betra en nú er. Umsjón og eftirliti stofnunarinnar verður þannig háttað að landinu verður skipt niður í fimm umsjónarsvæði. Síðan verður skilgreint og ákveðið hvaða starfsmaður stofnunarinnar fer með ábyrgð á kaupum, eftirliti og sölu uppboðsíbúðanna á hverju svæði fyrir sig. Reiknað er með að nýtt fyrirkomulag komist í gagnið 1. júlí nk.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi með þessu svarað fsp.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svarið við fyrirspurnum mínum. Það kemur í ljós að ástandið hefur ekki verið reglulega gott. Það er ánægjulegt að heyra að stefnt er að því að breyta fyrirkomulagi, eftirliti og stjórnun á þessum málum. Ráðherra sagði að það væri lögfræðideild stofnunarinnar sem annaðist viðskipti við aðila sem hefðu umsjón með nefndum íbúðum og þá líka í sambandi við söluna. Mér er sagt að þessi lögfræðideild hafi símatíma hálftíma á dag og því hafi í sumum tilfellum gengið mjög erfiðlega að ná sambandi við lögfræðideildina, bæði þeim aðilum sem hafa haft áhuga á því að kaupa íbúðir frá stofnuninni og svo hinum sem hafa kannski viljað láta vita um að íbúðir í nálægð þeirra eigin íbúða væru í því ástandi að æskilegra væri að hafa eitthvert eftirlit með þeim. Mér sýnist að sú fsp. sem ég bar hér fram í vetur og einnig sú sem hér er til umfjöllunar hafi að einhverju leyti orð-

ið til þess að ýta við stofnuninni um að þarna væri pottur brotinn. Ég fagna því og endurtek að ég þakka ráðherra fyrir svörin.

Aðflutningsgjöld af leigubifreiðum, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 439. mál. — Þskj. 817.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt hér fram fsp. á þskj. 817 til fjmrh. um aðflutningsgjöld af leigubifreiðum. Fyrirspurnin er á þessa leið:

„Stendur til að lækka aðflutningsgjöld af leigubifreiðum til samræmis við aðflutningsgjöld af öðrum bifreiðum til mannflutninga?"

Ástæða þessarar fsp. ætti fjmrh. ekki að koma á óvart. Lengi hafa leigubifreiðastjórar barist fyrir því að aðflutningsgjöld af atvinnutækjum þeirra yrði lækkuð til samræmis við þá aðra sem stunda fólks- og vöruflutninga. Eins og ástatt er nú greiða leigubifreiðastjórar 56–76% innflutningsgjöld af atvinnutækjum sínum meðan t.d. sendibifreiðastjórar og eigendur minni rútubifreiða greiða einungis 30% innflutningsgjöld. Innflutningsgjöld af stærri rútubifreiðum eru aðeins 17%. Gætir þarna mikils og óréttmæts mismunar á milli starfsstétta. Einnig er í hæsta máta óeðlilegt að atvinnutæki sem menn byggja lífsafkomu sína á séu sett í lúxustollflokk. Eitthvað mundi vera sagt hér á hinu háa Alþingi ef dráttarvélar yrðu settar í sams konar tollflokk.

Að lokum, virðulegi forseti, leyfi ég mér að vitna í grein Þóris Guðmundssonar sem birtist í blaði leigubifreiðastjóra, en þar segir m.a.:

„Þá vil ég leggja áherslu á það að afgreiðsla þessa máls ræður úrslitum um afkomu og framtíð margra leigubifreiðastjóra og ekki síður um það hvernig þeir bílar verða sem í framtíðinni verða notaðir til leiguaksturs. Þar er um stórmál að ræða, ekki aðeins hvað varðar afkomumöguleika manna heldur einnig hvað varðar öryggi bæði farþega og ökumanna. Í dag eru 56% atvinnutækja leigubifreiðastjóra fjögurra ára eða eldri eins og fram kemur og endurnýjun hefur hrapað niður úr öllu valdi. Verði sama ástand í tollamálum að liðnu ári verður ástandið enn verra. Það er fullvíst að margir standa þetta ekki af sér fjárhagslega."

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda að sú breyting sem gerð var, að mig minnir í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar, hefur haft það í för með sér að mjög hefur dregið úr möguleikum leigubílstjóra til þess að endurnýja atvinnutæki sín. Þessi mál hafa verið til ítarlegrar skoðunar í fjmrn. og ég hef átt viðræðufundi með forustumönnum samtaka leigubifreiðastjóra. Niðurstaðan af því er sú að ég hef ákveðið að beita mér fyrir því að aðflutningsgjöld af leigubifreiðum verði lækkuð til samræmis við aðflutningsgjöld af öðrum bifreiðum til mannflutninga eða sambærilegum atvinnutækjum.

Það hefur verið smíðað í fjmrn. frv. sem er fullfrágengið og fjallar um sérstakt gjald af bifreiðum, víðtækur lagabálkur. Í því frv. er að finna ákvæði þar sem varanleg heimild til þess að lækka sérstaklega gjaldið af bifreiðum sem notaðar eru í atvinnuskyni, þar með talið leigubifreiðum, er sett inn í lögin. Ég taldi hins vegar ekki skynsamlegt að fara með þetta frv. hér inn í þingið núna á síðustu vikum þingsins. Sýnist mér að annir í þinginu og afgreiðsla annarra frumvarpa sem sum komu fram fyrir áramót hafi sýnt að það var skynsamleg ákvörðun. Hins vegar hef ég tilkynnt forustumönnum samtaka leigubifreiðastjóra formlega með bréfi frá fjmrh. að þetta frv. sé fullsmíðað í fjmrn. og ráðuneytið hafi tekið ákvörðun um það að leggja það fyrir Alþingi á fyrsta þingi eftir kosningar, á haustþinginu. Ef hér verður sumarþing kemur vissulega til greina að leggja frv. fyrir þá ef það þing mun afgreiða ýmis mál.

Svarið er þess vegna skýrt. Fjmrh. hefur tekið þá afstöðu að lækka aðflutningsgjöld af leigubifreiðum. Það er fullsmíðað frv. um það efni í fjmrn. og ráðuneytið hefur tilkynnt samtökum leigubifreiðastjóra að frv. verði lagt fram þegar Alþingi kemur saman að nýju eftir kosningar.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Það er örstutt. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Ég hefði kosið að þetta frv. sem hann minntist á hefði verið lagt fram á þessu þingi, en ekki verður á allt kosið. Ég tel einnig að hægt sé að breyta reglugerð um aðflutningsgjöld þannig að það hefði verið hægt að fella niður tolla af leigubifreiðum. En að sjálfsögðu fagna ég því mjög að þessi ákvörðun hafi verið tekið og við megum búast við því að á næsta þingi verði lagt fram frv. um það að þessi stétt manna, leigubifreiðastjórar, þurfi ekki að hlíta því að borga lúxustoll af sínum atvinnutækjum.

EFRI DEILD

83. fundur, föstudaginn 15. mars,
kl. 10.15 árdegis.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 462. mál (vasapeningar). — Þskj. 915.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.). — Þskj. 775, n. 957.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 957 um frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 frá 6. okt. 1987, með síðari breytingum. Nál. þetta er frá allshn.

Áður en ég fer aðeins yfir frv. ætla ég að lesa hér þetta stutta nál., en þar segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðferð neðri deildar."

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Hér er verið að breyta töluvert þeim kosningalögum sem í gildi eru. Það sem er einkum breytt og það sem kannski varðar mestu er það í fyrsta lagi að nú er verið að stytta framboðsfrest úr mánuði í hálfan mánuð en einnig varðandi utankjörstaðaatkvæðagreiðslur að þær skuli vera einn mánuður í staðinn fyrir tvo eins og verið hefur. Þá er einnig veigamikil breyting er felst í því að það þurfi aukinn meðmælendafjölda með hverjum lista. Síðan eru ýmsar tæknilegar og efnisbreytingar. Þetta eru svona helstu breytingar sem fram koma í þessu frv. og kannski þau atriði sem mest hefur verið rætt um og spurt hvort ástæða væri til að breyta.

Það komu upp í nefndinni hugmyndir um að hafa samræmi á milli þess tíma sem utankjörstaðaatkvæðagreiðsla getur hafist og framboðsfrests og jafnvel hugsað um að hafa þrjár vikur til kjördags hvoru tveggja, en það var fallið frá þeim hugmyndum. Einnig kom mjög til umræðu hvort ekki ætti að fækka meðmælendum en menn litu þannig á að mjög áríðandi væri að þetta mál færi í gegnum þingið nú og því ekki tekin áhætta á að þetta mál færi aftur til neðri deildar. Einnig má minna á það að þetta frv. hefur verið töluvert mikið til umfjöllunar og það er samið af svokallaðri stjórnskipunarnefnd sem hafði mikið og gott samráð við þingflokka á Alþingi og er frv. afrakstur þeirrar vinnu.

En ég, fyrir hönd nefndarinnar, mæli með samþykkt frv. óbreytts. Neðri deild hefur fjallað um frv. og gerði veigalitlar breytingar á sínum tíma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–42. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Listamannalaun, 2. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 773, n. 939, brtt. 940.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um listamannalaun. Samstaða er í nefndinni um það að mæla með samþykkt frv. með brtt. sem er að finna á þskj. 940. Brtt. fjallar um gildistökuákvæði frv. og er í þá veru að lögin öðlist gildi 1. sept. 1991 nema fjárhagsákvæði þeirra sem taka fyrst gildi í upphafi næsta árs, 1. jan. 1992. Enn fremur er ákvæði um að lögin skuli endurskoða að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Nefndin mælir með því, herra forseti, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 940 (ný 14. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (Fjárlaga- og hagsýslustofnun). — Þskj. 281, n. 966.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 966 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. Nál. þetta er frá allshn. og er á þessa leið:

„Nefndin leggur til að frv., sem gerir ráð fyrir sameiningu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjármálaráðuneytisins, verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Það er kannski ekki meira að segja um þetta frv. en það sem fram kemur í nál., að verið er að sameina þessar tvær stofnanir, Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjármálaráðuneytið, undir eitt ráðuneyti en gert er ráð fyrir því í dag að þarna sé um tvö ráðuneyti að ræða.

Það má kannski segja að þarna sé einnig um það að ræða að koma nokkru skipulagi á innra starf ráðuneyta, en í gangi hafa verið nefndir, annars vegar nefnd sem forsrh. skipaði á síðasta ári og einnig milliþinganefnd sem hefur verið að fjalla um uppstokkun á Stjórnarráðinu. Þetta kom þar m.a. til umfjöllunar og voru báðar nefndirnar sammála um það að þetta yrði sú endanlega niðurstaða sem mundi koma út. Eins og ég sagði áðan legg ég til að málið verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

EFRI DEILD

84. fundur, föstudaginn 15. mars, að loknum 83. fundi.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (kjörskrá, framboðsfrestur o.fl.). — Þskj. 775.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hef því miður ekki haft aðstöðu til þess að taka þátt í umræðum um þetta mál en ég vil ekki láta það algjörlega fram hjá mér fara. Það er í raun og veru mjög umhugsunarvert þegar menn ákveða að breyta kosningalögum og þar með starfskjörum þeirra sem eru að undirbúa kosningar á hverjum tíma, flokkanna eða framboðsaðila, að það gerist með mjög stuttum fyrirvara eins og nú er um að ræða. Hér er gert ráð fyrir því að breyta framboðsfresti, meðmælendatölu og ýmsum öðrum þáttum sem hafa auðvitað áhrif á það hvernig kosningar eru undirbúnar af hálfu flokkanna. Ég hefði talið að breytingar af þessu tagi þyrfti a.m.k. að gera þannig að menn gerðu sér mjög glögga grein fyrir því hvað væri að gerast. Það sem er að gerast er það að það er verið að stytta framboðsfresti frá því sem verið hefur og breyta þeim. Það er verið að breyta utankjörfundarkosningu í grundvallaratriðum og það er verið að breyta meðmælendatölu verulega frá því sem verið hefur.

Ég er þeirrar skoðunar að almennt þurfi að standa þannig að málum af þessu tagi að menn séu gjörsamlega meðvitaðir um það hvað er á ferðinni og hvaða breytingar er um að ræða. Hér er um að ræða mál sem snertir sjálfan kjarnann í lýðræðinu og ég vildi ekki, virðulegi forseti, láta ljúka umræðum um þetta mál í þeirri deild þar sem ég á sæti öðruvísi en láta það koma fram að ég tel að hér sé um að ræða vandasamt mál og alvarlegt mál og að það sé umhugsunarefni hvort rétt sé að breyta með svo skömmum fyrirvara starfsaðstæðum þeirra sem undirbúa kosningar á hverjum tíma. Þetta vildi ég láta koma hér fram, virðulegi forseti, án þess að flytja hér tillögur um frestun málsins, breytingar á því né annað. Ég tel að það sé ekki ráðrúm til þess en ég get ekki neitað því að ég sakna þess að ekki skuli vera möguleiki á að taka nákvæmar á þessu máli í umræðum hér í þessari virðulegu deild.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan. Auðvitað væri eðlilegra að endurskoða kosningalög þegar eftir kosningar og breyta og lagfæra það sem þurfa þykir í tíma á fyrsta þingi eftir kosningar. Auðvitað er ég sammála hæstv. ráðherra um það. En nú hefur þetta dregist eins og ýmislegt fleira og það er margt í þessu sem þarf að lagfæra og leiðrétta og þá þykir auðvitað henta að afgreiða kosningalögin á síðasta degi fyrir kosningarnar.

Ég er á hinn bóginn sammála því sem fram kemur að stytta framboðsfrestinn til þess að gera lýðræðið virkara, tel að það sé í samræmi við þann vilja þingsins að heimila áfram þingrof. Ef við á annað borð göngum út frá þingrofsréttinum þá tel ég heppilegt að hægt sé að ákveða kosningar með mjög skömmum fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 979).

Listamannalaun, 3. umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 975.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. er fyrir margra hluta sakir athyglisvert. Það var auðvitað löngu tímabært að endurskoða þau ákvæði sem gilda um listamannalaun. Gömlu lögin voru að efni til orðin allgömul. Ég held þau hafi verið samin 1967 eða eitthvað svoleiðis og Launasjóður rithöfunda 1975. Sú reglugerð sem gildir um starfslaun listamanna er líka samin í tíð Gylfa Þ. Gíslasonar sem menntamálaráðherra og er þess vegna líka orðin um 20–25 ára gömul og reynslan hefur sýnt að þessi ákvæði sem við höfum nú búið við um hríð eru orðin allgömul og allúrelt. Gallinn við þetta frv. sem hér liggur fyrir er auðvitað sá að þessi ríkisstjórn sem nú situr treystir sér ekki til að stíga eitt einasta skref til hins nýja skipulags.

Ég man ekki hvenær nefndin var skipuð sem samdi lögin um listamannalaun en störfum var hagað með þeim hætti að þessi ríkisstjórn sem nú situr þyrfti ekki sjálf að veita meira fé til menningarmála. Þegar hæstv. menntmrh. er þess vegna að hrósa sér af því hversu góður hann sé við menninguna þá gleymir hann því að margt af því sem gefið er er ávísun til framtíðarinnar. Þannig er auðvitað um þetta frv. hér, hið sama er auðvitað að segja um þá ákvörðun að ekki skuli tekinn virðisaukaskattur af bókum. Sú ákvörðun var leyst með því auka hallann á ríkissjóði en ekki með því að mæta þeirri tekjuskerðingu til ríkissjóðs með niðurskurði á öðrum útgjöldum eða með því að afla annarra tekna í staðinn, þannig að líka sú ákvörðun var ávísun til framtíðarinnar. Þetta hvort tveggja er auðvitað dæmigert fyrir þessa ríkisstjórn. — Það er leiðinlegt að hafa ekki vin sinn fjmrh. hér, það gerir svo sem ekkert til því það eru auðvitað ekki efni til þess að taka upp langt spjall um ríkisfjármál þegar maður er að velta fyrir sér listamannalaunum. (**SkA:** Er þingmaðurinn að

biðja um afturvirk skattalög?) Ég er nú ekki að biðja hv. þm. um að leggja sérstakan eignarskatt á bækur eða eignarskattsviðauka á bækur, ef þingmaðurinn heldur það sem er svo glaður að flytja frv. um eignarskattsauka.

Ég skal svo ekki tala meira um þennan þátt málsins en víkja að hinu. Það er spurningin um það hvernig í ósköpunum sú nefnd sem samdi þetta frv. komst að þeirri niðurstöðu að það ætti að veita Launasjóðnum starfslaun sem svari til 360 mánaðarlauna. Myndlistarmönnum á að veita starfslaun sem svara til 240 mánaðarlauna. Það eru með öðrum orðum tveir myndlistarmenn á móti hverjum þrem rithöfundum. Síðan kemur í ljós að tónskáldin eiga ekki að vera nema 60 en allir aðrir listamenn 240 eða jafnmargir og myndlistarmennirnir.

Sá sem les þetta frv. hér hlýtur að vera þeirrar skoðunar að það hljóti að vera mikil gróska í bókmenntum hér á landi ef það er svo að ástæða sé til að lögfesta það að 50% fleiri starfslaunastyrkir skuli veittir til rithöfunda en allra annarra listamanna annarra ef undan eru dregnir myndlistarmenn og tónskáldin sjálf. Þessi skipting er auðvitað mikið vafamál.

Þegar ég var á sínum tíma að velta fyrir mér hvernig væri hægt að koma þessu í kring, þá lagði ég það til að stofnaður yrði sérstakur sjóður sem hefði ekki annað markmið en það að deila því fé sem veitt væri til listamannalauna, til starfslauna fyrir listamenn, á milli undirsjóðanna. Ég get verið fullkomlega sáttur við þá deilingu að við hugsum okkur að hinir sérstöku launasjóðir listamanna séu fjórir. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga að rithöfundar séu sér, myndlistarmenn sér, tónskáld sér og Listasjóður sér. Ég er á hinn bóginn ekki sammála því að Alþingi eigi með löggjöf að ákveða í eitt skipti fyrir öll hver sé starfslaunaþörfin í hvaða sjóð fyrir sig. Þó að Torfhildur Hólm hafi fengið fyrstu listamannalaunin og þó að Matthías Jochumsson hafi fengið hin næstu, þá er ekki þar með sagt að rithöfundar og skáld þurfi ævinlega að vera í broddi fylkingar allra listgreina hér á landi. Heimurinn er auðvitað að breytast. Tónskáldin og tónlistarmennirnir eru að spretta upp með miklum krafti, og alls konar önnur list, ballett, leiklist o.s.frv. sem ég kann ekki að nefna þannig að þörfin fyrir starfslaunin er auðvitað mismunandi í listgreinunum frá einni kynslóð til annarrar, frá einu tímabili til annars.

Nú geri ég mér að vísu grein fyrir því að skýringin á því hversu mikið af starfslaunum er veitt til rithöfunda liggur í því að rithöfundar eru vanir því að fá heldur meira til sín en aðrar listgreinar og það er á þeim grundvelli sem lagasetningin er þannig að Launasjóðurinn eigi að fá 360 mánaðarlaun á sama tíma og aðrir verða að sætta sig við mun minna.

Ég vil svo, herra forseti, vekja athygli á því, eins og ég sagði áðan, að á næstu fimm árum á að fjölga um 60 mánaðarlaun á ári og það er það sem ég vék að áðan. Ríkisstjórnin treysti sér ekki til að fjölga um nokkurn skapaðan hlut á þessu ári, þar sem ef við veltum aðeins fyrir okkur hvað það er sem rennur til þessara sjóða af fjárlögum, þá falla niður greiðslur eins og ég sagði áðan til starfslauna listamanna, Launasjóðurinn og svo hin almennu listamannalaun. Ég vil samt spyrja hæstv. ráðherra þeirrar spurningar hvort hann geti skýrt þinginu frá því hvernig þessar tölur voru fundnar, 360 mánaðarlaun til Launasjóðs rithöfunda, 240 til myndlistarmanna, í Listasjóð 240 og svo 60 til tónskálda, hvernig hann hafi fundið þessar tölur.

Ég hafði séð þetta sem sagt fyrir mér, svo að ég ljúki nú mínu máli þannig, að einn sjóður yrði yfir þessu öllu. Hinir sérgreindu sjóðir mundu síðan gera grein fyrir því hvaða þörf væri hjá þeim listamönnum sem undir þá féllu á starfslaunum á því ári sem við tæki og á grundvelli slíkra greinargerða frá sjóðstjórnum mundi fénu verða skipt. Það yrði sem sagt ekki ákveðið af Alþingi í eitt skipti fyrir öll hver væru hlutföll listanna í menningarverðmætum okkar því að það er það sem við erum raunverulega að gera. Við erum að segja það að ef við segjum að menningarverðmætin séu 900 stig, þá leggi rithöfundar til 360 en myndlistarmennirnir 240 og aðrar listgreinar 240. Þetta er verðlagning á listina. Og þeir sem sömdu frv. voru svo vissir í sinni sök að þeir gefa ekkert svigrúm til þess að hnika neinu til. Þetta er í eitt skipti fyrir öll. Löggjöf um listamannalaun sem er þannig upp byggð er auðvitað röng. Hún getur ekki staðist nema skamman tíma því að hún kallar á leiðréttingu og það sem verst er af þessu öllu er að þeir menn sem lögðu fram frv. hafa ekki í höndum nein gögn sem réttlæti skiptinguna, enga greinargerð sem geti útskýrt það sem hér er að gerast.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en þetta er sá höfuðgalli sem ég sé á frv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Þetta frv. er eins og kunnugt er unnið af nefnd sem í sátu hv. þm. Ragnar Arnalds og Eiður Guðnason, Gerður Steinþórsdóttir og Brynja Benediktsdóttir, forseti Bandalags ísl. listamanna. Ég hygg að menn þurfi í þessu sambandi fyrst og fremst að átta sig á því að hér er annars vegar um að ræða breytingu á starfsemi sem þegar er til, þ.e. að því er varðar rithöfundana, og hins vegar er um að ræða starfsemi sem ekki hefur verið til áður og þar er um að ræða tónskáldin.

Út af fyrir sig eru ábendingar hv. þm. um að það hefði mátt hugsa sér að þessum málum hefði verið ráðið þannig til lykta að um væri að ræða deildaskiptan heildarsjóð þar sem upphæðir væru ekki ákveðnar eins og hér er í raun og veru gert á hverja listgrein, en það er það sem hv. þm. var að tala hér um. Ég teldi út af fyrir sig að það gæti almennt séð vel komið til greina. En ég hygg að það sem valdi því að menn kusu að ræða þessu niður á sjóði og listgreinar með þessum hætti sé ósköp einfaldlega það að listgreinarnar sem slíkar vilja hafa það eins skýrt og hægt er að hverju þær ganga. Rithöfundarnir hafa t.d. lagt á það mjög mikla áherslu að ekki verði um það að ræða að stofnaður verði einn heildarlistamannasjóður í landinu vegna þess að þar með gæti þeirra hluti skerst frá því sem verið hefur. Þess vegna hafa menn horfið að því ráði

að flokka þetta niður á listgreinar.

Spurningin er þá: Hvernig er mánaðafjöldinn valinn? Ég hygg að mánaðafjöldinn að því er varðar rithöfundana sé valinn með hliðsjón af því sem verið hefur. Ég hygg að að því er varðar tónskáldin sé m.a. tekið mið af drögum að frumvörpum sem hafa legið mjög lengi fyrir. Og ég hygg að það sama eigi við um myndlistarmennina. Því er við þetta að bæta að um þessi mál hefur verið fjallað mjög lengi. Það var starfandi nefnd á vegum hæstv. menntmrh. Birgis Ísl. Gunnarssonar um skeið undir forustu Halldórs Blöndals þar sem á þessum málum hafði verið tekið og í gögnum þeirrar nefndar kom það fram að menn höfðu fjallað um tiltekna skiptingu með hliðsjón af reynslu og almennri sanngirni án þess að á bak við niðurstöðurnar séu mjög nákvæm vísindi. Það er í raun og veru ekki hægt að halda því fram að svo sé. En í staðinn fyrir að hverfa þá að því ráði að hafa þetta einn pott var ákveðið að skipta þessu á listgreinar vegna þess að menn treystu sér ekki til að fallast á það sjónarmið í hópi rithöfunda af því að þar með gerðu þeir ráð fyrir því að þeirra hlutur yrði þá hugsanlega skertur vegna þeirra listgreina sem eru að eflast á þessari öld, þ.e. myndlistarinnar og tónlistarinnar.

Fyrir þessu eru sem sagt almennar skýringar en ekki mjög nákvæm eða ítarleg vísindi. Þetta á sér stað og niðurstaðan kemur fram sem málamiðlun margra sjónarmiða á löngum tíma og það er mitt svar á þessu stigi málsins, virðulegi forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Stjórnarráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (Fjárlaga- og hagsýslustofnun). — Þskj. 281.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 981).

Efnahagsaðgerðir, 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 758, brtt. 833, 927, 932.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á milli 2. og 3. umr. hittist fjh.- og viðskn. til þess að ræða þetta frv., en eins og lýst var yfir hér við 2. umr. samþykkti stjórnarandstaðan að sú umræða færi fram, 2. umr., gegn því að nefndin yrði kölluð saman aftur til skrafs og ráðagerða varðandi orðalag þeirrar brtt. sem mundi verða flutt. Síðan hefur verið reynt að finna orðalag sem fullnægði þörfum allra en upp hefur komið að mikill ágreiningur er á milli aðila um það hvernig eigi að haga þessum málum. Þarna er um mjög mikla fjármuni að ræða og varðar miklu hver meðhöndli þessa peninga, hvort það eigi að vera Byggðastofnun alfarið eða hvort Byggðastofnun á að leita samráðs við Ríkisábyrgðasjóð og forsrn. við afgreiðslu mála.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að þar sem hér er um að ræða verulega fjármuni sem eru með ríkisábyrgð, þá sé ekki ráðlegt að fela annarri stofnun heldur en Ríkisábyrgðasjóði að fjalla um þessi mál. En gert var ráð fyrir því í upphaflegu frumvarpsdrögunum að sérstök deild eða Byggðastofnun gæti tekið ýmsar ákvarðanir og skuldbundið með þeim hætti Ríkisábyrgðasjóð.

Sú brtt. sem hér er flutt gerir ráð fyrir því að áður en ákvarðanir um niðurfellingu eða breytingu á skilmálum lána nái fram að ganga þurfi samþykki bæði forsrh. og fjmrh. Er þetta mjög ásættanlegt. En brtt. sem ég mæli fyrir er eiginlega nýtt frv., tvær greinar, en fyrri greinin orðist svo:

„Stofna skal hinn 1. apríl 1991 hlutafjárdeild við Byggðastofnun og tekur deildin á stofndegi við öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Deildinni má fela að annast eftirlit með hlutafélögum sem Byggðastofnun á aðild að."

Svo hin síðari grein:

„Stofna skal hinn 1. janúar 1991 atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag og tekur á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Hlutverk deildarinnar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar en henni er óheimilt að veita ný lán. Deildinni er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda eignir sínar, þar með talið að skuldbreyta, breyta skilmálum lána atvinnutryggingardeildar, breyta þeim í víkjandi lán eða fella þau niður, enda liggi fyrir samþykki forsrh. og fjmrh." — Þetta er einmitt kjarni þessa máls. — „Að jafnaði skulu slíkar breytingar á skilmálum vera liður í aðgerðum sem miða að fjárhagslegri endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingum, samruna fyrirtækja og öðru því sem til hagræðingar horfir."

Það er kannski rétt að taka það einnig fram hér að þarna er verið að koma Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina undir Byggðastofnun með þessu frv. og Hlutafjársjóði, en til þessara tveggja sjóða var stofnað á árinu 1988 til þess að endurreisa atvinnulífið. Þá má einnig taka það fram að eignir eða lán þessara sjóða voru upp undir að mig minnir 9 milljarðar að því er varðar Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og upp undir 2 eða 3 milljarðar varðandi Hlutafjársjóð þannig að þarna er um verulega peninga að ræða. Þá má kannski einnig minnast á það að það hefur líka kom-

ið í ljós að þau fyrirtæki, sem fengu fyrirgreiðslu hjá þessum tveimur sjóðum, hafa verið að borga sín lán eða réttara sagt komið að gjalddaga á vöxtum af þessum lánum og því miður verð ég að viðurkenna það hér að samkvæmt þeim upplýsingum sem voru lagðar fyrir nefndina virðast vera töluvert mikil vanskil á þeim lánum þó svo ekki sé byrjað að borga afborganir heldur einungis vexti. Og eftir því sem mér sýndist á þeim plöggum sem lögð voru fram sem trúnaðarmál má segja að yfir 50% af þeim lánum sem sjóðurinn veitti sé í vanskilum og það er mjög hátt hlutfall þegar ekki er einu sinni komið að því að borga afborganir. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

85. fundur, föstudaginn 15. mars, kl. 1 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 758, brtt. 833, 927, 932.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. 5. þm. Reykv., mismælti sig áreiðanlega ekki þegar hann sagði hér í sinni ræðu að lögin um Hlutafjársjóð og Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina hefðu verið sett til þess að endurreisa atvinnulífið. Ég held að hv. þm. standi í þessari meiningu að það hafi í fyrsta lagi verið þörf á að endurreisa það og í öðru lagi að þessir sjóðir hafi bjargað einhverju. En auðvitað var það mikið slys að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð. Í rauninni ætti það ekki að vera ég sem svara fyrir þetta, heldur hæstv. sjútvrh. sem gengur hér um sali því að það fór óskaplega lítið fyrir honum á árunum 1987–1988 og ef sjávarútvegurinn hefur verið þá í kalda koli, þá hefur það a.m.k. farið fram hjá sjútvrh. Halldóri Ásgrímssyni á þeim tíma sem Þorsteinn Pálsson var forsrh. því að ekki varð þess vart að hann hefði í eitt einasta skipti reynt að hressa eitthvað upp á sakirnar og sjálfur hefur núv. forsrh. kveðið svo sterkt að orði að hann sagði að hann hefði verið í flabeinsturni og ekki áttað sig á ástandinu, sem bendir þá til þess að sjútvrh. hafi heldur ekki rætt þessi atvinnumál innan Framsfl., a.m.k. ekki við formann Framsfl. Þannig að öll er nú þessi sagnfræði hálfundarleg og hálfskrýtin, en hitt er áreiðanlega rétt að sá hringlandaháttur sem var í Framsfl. og Alþfl. á árunum 1987–1988 hefur dregið langan slóða á eftir sér. Stjórnarslitin verða klassískt dæmi um siðferðisbrot í íslenskri pólitík, pólitíska spillingu, og sú ríkisstjórn sem við tók, það má auðvitað vel segja að það hafi verið A-ríkisstjórn eins og nú vill Alþfl. halda áfram að hafa Ísland í A-flokki — ég veit ekki hvort maður á að segja að það sé ríkisstjórn sem verður afturreka með álverksmiðjur víða um land, ég veit ekki hvort maður á að segja að það sé ríkisstjórn atvinnuleysis, ég veit ekki hvort við eigum að segja að það sé ríkisstjórn axarskafta. Þá um leið gefur það einkunn þeim A-flokki sem Alþfl. berst nú mest fyrir.

En ástæðan fyrir því að ég stend upp er vitaskuld sú að ríkisstjórnin vaknar nú upp við þann vonda draum að um 2 milljarðar kr. eru þegar tapaðir af því fé sem lagt hefur verið í Hlutafjársjóð og Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Og fleira fé tapast, kannski 2 milljarðar í viðbót, kannski 3 af þeim 9 milljörðum eða 10 sem í þessum sjóðum eru. Og þá er spurningin hvernig eigi að halda á fjármálum Atvinnutryggingarsjóðs sem við erum hér að tala um.

Eins og frv. liggur fyrir er gert ráð fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður verði að samþykkja það ef lánum úr Atvinnutryggingarsjóði eða skilmálum lána er breytt til þess með þeim hætti, með mjög stífum hætti, að koma í veg fyrir frekari bein töp þessa eina sjóðs sem efni standa til og er þá samkvæmt frv. auðvitað ekki hugsað um aðra hagsmuni þeirra sjóða sem á eftir koma eða hagsmuni í byggðarlögum, forsögu máls o.s.frv. Á þetta vildum við sjálfstæðismenn að sjálfsögðu ekki fallast.

Við höfum nú fallist á að greiða fyrir þessu með þeim hætti að stjórn Byggðastofnunar sé heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda eignir sínar, þar með talið að skuldbreyta, breyta skilmálum lána atvinnutryggingardeildar, breyta þeim í víkjandi lán eða fella þau niður, enda liggi fyrir samþykki forsrh. og fjmrh. Og ég tek það svo að það sé stjórn Byggðastofnunar sem hefur yfirumsjón með deildinni. Nú hef ég ekki lögin við hendina. Ég sé að það er enn einu sinni búið að breyta orðalagi. Ég hafði ekki tekið eftir því í nefndinni, en það er alltaf verið að breyta orðalagi á þessu öllu saman. Það stendur ekki steinn yfir steini og maður veit aldrei hvernig þingskjölin líta út frá einum degi til annars. Hér stendur Prentað upp. Ég verð nú þegar ég hef lokið máli mínu að biðja um svigrúm til þess að skoða lögin. Hér stendur í textanum eins og hann er í frv.: „Stjórn Byggðastofnunar er þó óheimilt . . .“ en hér stendur: „Deildinni er heimilt að grípa til . . .“ Mér er ekki alveg ljóst af hverju deildin kemur í staðinn fyrir stjórn Byggðastofnunar og ég beini þeirri fyrirspurn til formanns nefndarinnar hver sé hugsunin á bak við það. Er það með vilja gert? (**SkA:** Þú skalt lesa fyrstu línuna í brtt.: „Stofna skal . . .“) Já, atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun. En af hverju er tekið út þarna „Stjórn Byggðastofnunar“? Á það ekki að standa? Þarf ekki að prenta þetta skjal upp á nýjan leik? (**Gripið fram í:** Varst það ekki þú sem lagðir til að . . ?) Nei, ég lagði það ekki til, nei. Ég hef ekki gert neina athugasemd . . . (Gripið fram í.) Nei, þú ert að tala um Hlutafjársjóðinn. (Gripið fram í.) Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja um þetta. Ég skil ekki alveg hugmyndina en vil nú fá að athuga þetta orðalag nánar, af hverju stendur „Deildinni er

heimilt að grípa til" viðeigandi ráðstafana, en ekki „Stjórn Byggðastofnunar". Stjórn Byggðastofnunar er kórrétt orðalag. Það sé alveg afdráttarlaust að stjórn Byggðastofnunar, sem ber pólitíska ábyrgð á innheimtu og öðru í sambandi við Atvinnutryggingarsjóðinn, eigi að fjalla um þau atriði sem þarna koma til.

Í öðru lagi vil ég að það komi fram að þegar við föllumst nú á það sjálfstæðismenn að samþykki forsrh. og fjmrh. þurfi að koma til höfum við í huga að ráðherrar þessir líti á málið öðruvísi en ætla má að Ríkisábyrgðasjóður líti á málið. Við erum með öðrum orðum að undirstrika að við teljum að það verði að fara með lán í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina út frá svipuðum sjónarmiðum eins og gert er um lán í Byggðastofnun, en við séum ekki að ætlast til þess að þetta sé stíft, að á málum deildarinnar verði haldið eins og gert er í Ríkisábyrgðasjóði. Það er hins vegar umhugsunarefni, vegna þess að stjórnarsinnar eru svo hrifnir af þessum sjóði, hvað hann hefur gert mikið gagn, þá er það umhugsunarefni af hverju stjórnarsinnar eru svo hræddir um að peningarnir tapist. Af hverju er t.d. hv. þm. Hellissands svona óskaplega hræddur um að peningarnir tapist sem eru í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina? Með hvaða vitneskju situr hann uppi sem hann lætur ekki í ljós hér í ræðustólnum? Af hverju er hann að hrósa þessum aðgerðum ef hann heldur að þetta fé sé meira og minna tapað? Og hið sama má raunar segja um fjmrh. og um forsrh. og um alla stjórnarsinnana hér. Af hverju þarf að hnýta þetta svona fast ef fyrirtækin sem Atvinnutryggingarsjóðurinn lánaði til væru vel sett?

Ég get tekið sem dæmi fyrirtæki eins og Álafoss. Nú hafa báðir þessir sjóðir komið að því fyrirtæki sem er auðvitað hálfopinbert fyrirtæki sem samkvæmt skilgreiningu er eitthvert versta fyrirbæri sem til er í hvaða landi sem er. Því fyrirtæki hefur verið deilt á tvo landsfjórðunga, Akureyri og hér uppi í Mosfellssveit. Nú er búið að selja hverja einustu byggingu sem tilheyrði þeirri gömlu Gefjun og þeirri gömlu Heklu. Ekkert af því er lengur í eigu fyrirtækisins og höfuðstöðvarnar fluttar suður til Reykjavíkur. Þá auðvitað sér maður fram á það að það fólk sem hefur atvinnu í slíku fyrirtæki norðan fjalla getur ekki verið öruggt um sjálft sig og þess vegna skiptir það miklu máli fyrir þá sem eru fulltrúar þessa fólks að þeir geti komið þeim skilaboðum skýrt til ráðherra sem taka við ábyrgðinni, að þeir ætlast til þess að forsaga þess máls sé höfð í huga þegar ríkisfyrirtækið Álafoss og verksmiðjur Sambandsins voru sameinaðar.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en óska eftir því að fá aðeins að athuga betur þetta orðalag og bíð eftir því að formaður nefndarinnar — ég veit nú ekki hvort hann er lengur í deildinni — gefi skýringar á því hvers vegna hann breytti þessu orðalagi.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég bjóst nú ekki við því að það yrði mikil umræða hér um þetta frv. nú á lokastundum þinghaldsins, en ég hefði ekki viljað missa af þeirri ræðu sem hér var flutt af hv. 2. þm. Norðurl. e. þar sem hann var með ýmsar yfirlýsingar og reyndar nokkrar fyrirspurnir. Þó fannst mér merkilegust yfirlýsing hans um það að þeir sjálfstæðismenn hefðu getað fallist á það að í frumvarpsgreininni sem við erum að fjalla hér um samþykktu þeir það að forsrh. og fjmrh. yrðu að samþykkja það ef atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar teldi ástæðu til þess að fella niður, skuldbreyta eða gera aðrar breytingar á lánum vegna þess að hann taldi líklegra að þessir aðilar, þ.e. forsrh. og fjmrh., hefðu önnur sjónarmið í huga þegar þeir fjölluðu um þessi mál heldur en Ríkisábyrgðasjóður sem er til þess að fylgjast með því að við þær ábyrgðir, sem ríkið tekur að sér, sé staðið og fengið út úr þeim ábyrgðum allt það sem mögulegt er og eðlilegt getur talist.

Ég tel að hér sé komin yfirlýsing frá Sjálfstfl. um það að hann viðurkenni að ástandið haustið 1988 hafi verið á þann hátt að það sé nauðsynlegt að „hantéra", ef ég má orða það þannig, þau lán sem veitt voru fyrirtækjum vegna stöðu þeirra á því tímabili á þann máta að stjórn Byggðastofnunar geti við breytilegar aðstæður afskrifað þetta svo gott sem upp á eigin spýtur og þá með samþykkt pólitísks ráðherra en ekki þess embættiskerfis sem byggt hefur verið upp til þess að tryggja það að staðið sé við ríkisábyrgðir og ríkisábyrgðir séu endurgreiddar. Það er varla hægt að fá ljósari yfirlýsingu um samábyrgð Sjálfstfl. á öllu þessu lánafyrirkomulagi heldur en þá yfirlýsingu hv. 2. þm. Norðurl. e., sem nú er greinilega kominn í forustuhóp Sjálfstfl. svo sem taka mátti eftir í sambandi við umræðurnar hér á hv. Alþingi í gærkvöldi. Hann er að tilkynna hér að Sjálfstfl. sé samábyrgur við úthlutun þeirra lána og síðan ætli hann að vera samábyrgur við það hverjir eigi að endurgreiða og hverjir ekki. (**EgJ:** Ekki við úthlutunina.) Þannig að ég fagna mjög þeirri ræðu sem hér var flutt þó að við værum sjálfsagt margir að vonast eftir því að það yrðu ekki miklar umræður um þetta mál hér í deildinni.

Hv. þm. gaf þær upplýsingar að nú þegar væru tapaðir um 2 milljarðar af þessum fjármunum sem lánaðir voru í sambandi við það að endurreisa útgerðina og önnur fyrirtæki eftir stjórnartíma Sjálfstfl. og gaf það undir fótinn að vitaskuld gæti meira legið fyrir, að það þyrfti að skuldbreyta og gera ýmsar ráðstafanir á vegum deildarinnar þegar fram liðu stundir og Byggðastofnun ætti að ráða því hvað þar yrði gert. Og hann var að undrast það að ég hefði látið í ljós þá skoðun hér að ég teldi að meginhlutinn af því fé, sem lánað var í gegnum Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og ráðstafað var í gegnum Hlutafjársjóð Byggðastofnunar, mundi tapast eða stór hluti af því, það er kannski réttara að segja það. Og hann spurði: Hvaða upplýsingar hefur þingmaðurinn — hann kallaði mig reyndar þingmann Hellissands, ég tók það vel til mín — um það að hlutir standi á þann veg? Ég geri ráð fyrir því að ég sé með mjög svipaðar upplýsingar og hv. þm. Það eru þær upplýsingar sem okkur voru veittar á fundi í fjh.- og viðskn. nú fyrir nokkrum dögum. Þær

voru á þann veg að það væri verið að upplýsa okkur um ríkisfyrirgreiðslur eða að það mætti búast við því að það væri fjármagn sem ríkið væri að tapa út úr höndunum á sér og því var lýst yfir að með þessar upplýsingar ætti að fara eins og með bankaleynd. Það mátti ekki fara með þetta á annan máta, þetta fjármagn sem var notað til þess að styrkja íslenskar atvinnugreinar á tímabilinu frá 1988 til síðustu áramóta, það mátti ekki upplýsa það almenningi í þjóðfélaginu. Það mátti aðeins opna þessa bók fyrir nefndarmenn í fjh.- og viðskn. og lofa þeim að líta yfir þennan lista í nokkrar mínútur.

Ég hef mínar upplýsingar þaðan að útlitið sé ekki bjart með þau lán sem Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina hefur veitt miðað við skil á vöxtum á fyrstu gjalddögum þessara lána. Og vitaskuld er það kannski vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal fékk þessar upplýsingar og a.m.k. var það fyrst og fremst eftir að hann hafði fengið þessar upplýsingar að það var lögð ofuráhersla á það að Ríkisábyrgðasjóður fengi ekki að fylgjast með því hvernig yrði staðið að hugsanlegum skuldbreytingum, hugsanlegum niðurfellingum, heldur yrði það deildin sjálf eða stjórn Byggðastofnunar.

Nú er reyndar orðið að samkomulagi, og ég bjóst við að það yrðu ekki miklar umræður, eins og ég er búinn að nefna áður, um þetta mál, að við samþykkjum að í staðinn fyrir að Ríkisábyrgðasjóður fylgist með því hvað verður afskrifað og hverju verður skuldbreytt, þá verður það gert aðeins með samþykki forsrh. og fjmrh. Ég samþykki það fyrst og fremst út frá því að ég lít svo á að fjmrh. og forsrh. séu ábyrgir yfirmenn Ríkisábyrgðasjóðs og þar með sé verið að samþykkja það sama og þingmenn Sjálfstfl. lögðust mjög gegn að yrði í lögunum eins og það var í frv. þegar það var lagt fram. Ég tel að með því að samþykkja að forsrh. og fjmrh. samþykki gerðir atvinnutryggingardeildarinnar, þá sé verið að staðfesta það að reglum Ríkisábyrgðasjóðs verði fylgt. Ekki út frá þeirri forsendu sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi, að forsrh. og fjmrh. mundu taka öðruvísi á þessum málum heldur en Ríkisábyrgðasjóður.

Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram og ég treysti því að þeir sem fara með þessi mál á komandi árum fari ekki að gefa óskyldri stofnun heimild til þess að afskrifa skuldir sem ábyrgðar eru af Ríkisábyrgðasjóði án þess að samþykki þeirrar stofnunar komi til.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Til mín var beint fyrirspurn varðandi þetta frv. um efnahagsaðgerðir. Ég skal upplýsa að það orðalag sem þar kemur fram um að deildin, sem sagt deild innan Byggðastofnunar, taki ákvarðanir í staðinn fyrir stjórn Byggðastofnunar er í samræmi við það sem ég taldi að væri vilji þeirra aðila sem væru í nefndinni. En mér mundi finnast það mjög óeðlilegt ef Byggðastofnun ætti á fundum sínum að fjalla um hverja einustu umsókn sem kæmi um skuldbreytingu og bera síðan þá ákvörðun undir forsrh. og fjmrh. Ég held að það væri miklu eðlilegra að þetta færi fram með þeim hætti að þessi deild innan Byggðastofnunar fjallaði um erindi sem henni bærust og fengi síðan umsögn þessara aðila. Hitt er miklu þyngra í vöfum og einnig má ætla eða kannski ekki ætla, en það eru alla vega miklu fleiri aðilar sem fjalla um þessi mál ef þetta fer inn til stjórnar Byggðastofnunar og mundi tefja afgreiðslu mála, enda er hér um venjulegar skuldbreytingar að ræða. Ef við tökum bara sem dæmi ef allar skuldbreytingar sem færu fram í bankakerfinu ættu að fara til stjórnarflokkanna, þá held ég að það yrði ekki um margar skuldbreytingar að ræða almennt í bankakerfinu.

Þessi breyting sem lögð er til er í anda þess sem ég held að allir séu sammála um að lagt verði til, að það verði tryggt að þessir fjármunir, sem hefur verið ráðstafað til uppbyggingar atvinnufyrirtækja, glatist ekki heldur verði borgaðir til baka. Með þessu móti, eins og þarna er lagt til í frv., teljum við að það sé eins vel tryggt og hugsanlegt er. Og eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssyni eru fjmrh. og forsrh. þeir aðilar sem hafa yfir þessum tveimur stofnunum að segja, Ríkisábyrgðasjóði annars vegar og hins vegar Byggðastofnun.

Þegar málið var í nefndinni var ég mjög tvístígandi varðandi frv. eins og það lá fyrir. Með beinu orðalagi mátti túlka frv. þannig að Byggðastofnun eða stjórn Byggðastofnunar væri heimilt að fella niður vexti af lánum þessara skuldabréfa og var ég mjög ósammála því þar sem þarna var ein stofnun að fjalla um mál sem varðar aðra stofnun, þ.e. Ríkisábyrgðasjóð, og ég tel það mjög óeðlilegt. En ég held að eins og frv. liggur fyrir núna sé það mjög ásættanlegt fyrir alla aðila og þarna sé gætt eins mikils réttlætis og hugsanlegt er.

En varðandi þá umræðu sem hér spannst um stofnun þessa sjóðs á sínum tíma og þessara sjóða, bæði Hlutafjársjóðs og Atvinnutryggingarsjóðs, þá held ég að fáir, og sérstaklega þeir aðilar sem fengu fyrirgreiðslu úr þessum sjóði, hafi verið mjög sammála um að grípa til aðgerða af þessu tagi. Þannig var því miður komið fyrir undirstöðuatvinnugreinunum að þær voru komnar á vonarvöl árið 1988 og það þurfti að koma nýrri innspýtingu inn í kerfið. Það má segja að með þessari fyrirgreiðslu sem þarna var um að ræða hafi atvinnulífið hökt af stað á nýjan leik þó að ekki hafi með öllu verið leystur vandi þessara fyrirtækja en hins vegar held ég að þessar aðgerðir hafi verið liður í því að endurskipuleggja fjármál fyrirtækjanna.

Það er svo allt annað mál hvort fyrirtækin eru í stakk búin og verða í stakk búin til að greiða þessi lán til baka. Eins og ég rakti hér í fyrri ræðu minni og fram kom hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni eru af þessum 950 lánum sem veitt voru upp undir 600 í vanskilum, ekki vegna afborgana af þessum lánum, það er ekki komið að því, heldur vegna vaxtanna sem einungis eru fallnir. Þetta er ekki mjög traustvekjandi fyrir framhaldið. Ef fyrirtækin geta ekki einu sinni borgað vextina á réttum tíma, þá er spurning hvernig komið er fyrir fyrirtækjunum sem fengu þarna fyrirgreiðslu.

Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint af hv. þm. Halldóri Blöndal og því svarað hvernig brtt. eru hugsaðar.

Umræðu frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 977 (sbr. 565).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri en með því er fylgifrv. til laga með breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og hlýt ég að geta þessi æði oft þegar ég fjalla um hið fyrra frv. eða má segja aðalfrv. og vona ég að ekki sé fundið að því þó að ég í raun mæli fyrir þeim báðum.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langa ræðu. Ég flutti að vísu ítarlega ræðu um málið í Nd. sem að sjálfsögðu er í þingtíðindum, en ég ætla þó að fara yfir nokkra meginþætti þessara mála.

Þegar á árinu 1984 skipaði ég nefnd til þess að skoða reglur um erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Það var gert að sjálfsögðu með fullu samkomulagi stjórnarflokkanna þá og gert af þeirri nauðsyn að lög og reglur sem gilda um erlenda fjárfestingu hér eru afar sundurleit og reyndar má segja að í mörgum tilfellum séu þau afar óljós og hefur oft komið til kasta lögfræðinga að skýra ákvæði þeirra. Heimildirnar er að finna í mörgum lögum, lögum sem fjalla um einstakar atvinnugreinar og því hefur æði oft ekki verið gætt þess samræmis sem þarf að vera.

Í öðru lagi er hjá öllum flokkum, og þótt víðar sé leitað, mikill skilningur á því að tryggja þarf vel yfirráð okkar Íslendinga yfir meginauðlindum landsins, sérstaklega yfir fiskimiðunum, fiskveiðunum, yfir orkulindunum og reyndar yfir landinu sjálfu. En ákvæði í gildandi lögum um þessi atriði eru nokkuð óljós. T.d. er í gildandi lögum í raun og veru opið fyrir erlenda aðila að eignast og reka hér fiskiskip. Það er hægt t.d. með því að stofna hér fjárfestingarfélög sem geta verið í meirihlutaeigu útlendinga. Það eru engin ákvæði sem síðan banna að þessi félög geti eignast útgerðarfélög. Þetta eru sem sagt meginástæðurnar fyrir þeirri ákvörðun að ráðast í þessa endurskoðun. Þessari endurskoðun var svona nokkurn veginn lokið 1987, en sú ríkisstjórn sem tók þá við tók það enn til endurskoðunar og hélt þessari vinnu áfram og lagði fram frv. sem sýnt var hér á hinu háa Alþingi. Þess má geta að þingmenn Sjálfstfl. lögðu fram það frv. á ný á síðasta þingi.

Ég ákvað að taka þessi mál enn til athugunar, m.a. með tilliti til þess að nú eru í gangi samningar um Evrópskt efnahagssvæði og ástæða til þess að skýra línurnar betur en gert hafði verið. Þetta frv. sem hér er flutt — eða þessi frv. því að niðurstaðan varð sú að það væri rétt að skipta þessu í tvö frv. eins og ég mun aðeins koma að síðar — er afrakstur þessa starfs og byggir á öllu því sem áður var unnið og efnislega eru ekki mjög stórar breytingar í þessum frv. Það má segja að í þessum frv. er ekki eins opið fyrir erlenda fjárfestingu og var í því frv. sem lagt var fram á síðasta þingi, en í efnisatriðum eru þau að flestu leyti eins eða mjög lík.

Niðurstaðan varð sú, eins og ég sagði, að flytja tvö frv., annað sem lýsir í meginatriðum þeim reglum sem gilda um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og svo annað þar sem lagaákvæðum hinna fjölmörgu laga sem fjalla um heimildir erlendra aðila er breytt, er samræmt í þeim öllum og fellt undir og samræmt þeim meginreglum sem frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri lýsir.

Í frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila má segja að 4. gr. sé megingrein því að í þeirri grein eru taldar þær takmarkanir sem eru á fjárfestingu erlendra aðila. Þar er í fyrsta lagi tekið fram að íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Hér er sem sagt tekið skýrt fram að takmarkanirnar eru þessar, að þeir sem ekki eiga hér lögheimili og það sem er afar mikilvægt að lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara hafa með öðrum orðum einir rétt til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Hér er girt fyrir það sem ég nefndi áðan að hér verði stofnuð félög á öðrum sviðum sem eru í meirihlutaeigu útlendinga en geta síðan hafið atvinnurekstur innan fiskveiðilandhelginnar.

Hér er svo jafnframt ákveðið með sömu skilmálum að eingöngu þeir aðilar sem teljast íslenskir ríkisborgarar eða fyrirtæki sem eru algerlega í eigu Íslendinga hafi rétt til frumvinnslu í sjávarútvegi. Og frumvinnslan er skilgreind svo að það er vinnsla til að bjarga sjávarfangi frá skemmdum. Um þetta urðu töluverðar umræður í hv. Nd. og þar kom fram að það kynni að vera erfitt að skilja þarna á milli frumvinnslu og framhaldsvinnslu og það skal út af fyrir sig viðurkennt. Hins vegar er ekki síst með tilliti til þessarar óvissu gert ráð fyrir því í frv. að setja upp sérstaka nefnd sem verði viðskrh. til ráðuneytis, og kem ég að því síðar, til að skera m.a. úr svona atriðum.

Hér er einnig tekið fram um virkjunarrétt vatnsfalla og jarðhita að eingöngu hafi þar rétt íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og fyrirtæki sem eru að öllu leyti í eigu Íslendinga. Um vatnsvirkjanir gildir að vísu það ákvæði að þar hefur ríkið einkarétt fyrir ofan ákveðna stærð virkjunar og má segja að það sé með því fullkomlega tryggt að erlendir aðilar komast ekki í þær virkjanir. Hins vegar með jarðvarmann þótti nauðsynlegt að búa

heldur betur um. Þar er ekki einkaréttur ríkisins. Hins vegar er hjá mörgum mikill vilji til þess að svipuð ákvæði verði tekin upp með jarðvarma fyrir neðan ákveðna dýpt og reyndar væri það tryggara ef tryggja á að erlendir aðilar ráðist ekki í slíkar framkvæmdir.

Þá er tekið fram að erlendir aðilar megi aðeins eiga 49% af hlutafé í flugfélögum sem stunda flugrekstur hér á landi. Um þetta var nokkuð rætt og skiptar skoðanir í hv. Nd. Þetta var niðurstaða nefndarinnar og niðurstaða stjórnarflokkanna og byggð á því að það væri æskilegt að tryggja það að svo mikilvægur aðili í samgöngum landsins við umheiminn væri undir íslenskri stjórn.

Þá er hér tekið fram að erlendir aðilar megi eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabönkum, þ.e. mega ekki eiga meiri hluta í viðskiptabönkum en hins vegar hafa þeir rétt frá 1. jan. 1992 að setja hér upp útibú. Það má segja að það sé ekki mikill munur þar á að eiga meira í íslenskum bönkum eða setja upp eigið útibú — en þó. Það ætti að tryggja að hér væru ætíð starfandi einnig hlutafélagabankar sem væru í meirihlutaeigu Íslendinga.

Þá er jafnframt tekið fram að það þurfi leyfi viðskrh. til kaupa á landi en það er gert ráð fyrir því að slíkt leyfi verði auðfengið þegar um land er að ræða sem er nauðsynlegt vegna viðkomandi atvinnurekstrs.

Sömuleiðis eru í þessari grein sett hámarksákvæði, í fyrsta lagi að erlend fjárfesting skuli ekki verða meiri án sérstaks leyfis en 250 millj. kr. á einu almanaksári og ekki yfir 25% í ákveðinni atvinnugrein og er nokkuð fjallað um það í greininni hvernig þetta skuli metið.

Í þessu frv. eru síðan, eins og ég sagði, önnur ákvæði, m.a. um tilkynningaskyldu til Seðlabanka Íslands. Seðlabankanum verði ætlað að halda nákvæma skrá yfir erlenda fjárfestingu og jafnframt er gert ráð fyrir því að þeir erlendir aðilar sem fjárfesti sæki um leyfi til þess hjá viðskrh. en það má segja að það sé nánast formsatriði því að ákvæði laganna eru skýr um það hverjir eiga að fá leyfin, en með þessu móti er gert ráð fyrir að fylgjast megi með því hver erlend fjárfesting verður hér á landi.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, þá er hér með fylgifrv. um breytingu á lagaákvæðum er varða erlenda fjárfestingu og er það löng upptalning í æði mörgum greinum, í einum 27 greinum þar sem gildandi lögum á viðkomandi sviðum er breytt til samræmis við meginreglurnar og meginreglan er sú að í stað þess að krafist er ríkisborgararéttar í ýmsum tilfellum til þess að erlendir aðilar megi taka þátt hér í atvinnurekstri, þá er því breytt í það að þeir skuli hafa verið búsettir hér í eitt ár. Þarna er vitanlega mjög mikið rýmkað til, en gert m.a. til að mæta þeim breytingum sem eru að verða í löndunum í kringum okkar og m.a. í samningum okkar við Evrópskt efnahagssvæði.

Að lokum, herra forseti, gat ég þess í Nd., um það urðu miklar umræður, að með því að samþykkja þessi lög væri okkar staða langtum betri, langtum skýrari í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði. Eins og nú er í dag getum við í raun ekki sýnt neinar reglur, höfum ekkert til að standa á ef við viljum hafa einhverjar sérreglur um fjárfestingu hér á landi. Ef þetta frv. verður að lögum, þá er hér skýr lagarammi og það er a.m.k. unnt að semja frá honum.

Það var óumdeilt í hv. Nd. að þetta frv. tekur af öll vafaatriði í sambandi við fjárfestingu í fiskveiðum og í fiskvinnslu nema það er þessi spurning: hvað er frumvinnsla og hvað er framhaldsvinnsla? Það kom fram brtt. um að fella það niður en deildin samþykkti það ákvæði eins og þar er. Sömuleiðis eru tekin af öll vafaatriði í sambandi við virkjanir og að vissu leyti í sambandi við landakaup. Það eru önnur lög sem þar skipta mjög miklu máli. Það eru fyrst og fremst jarðalög sem veita ákveðinn forkaupsrétt. Að mínu mati er mjög eðlilegt að endurskoða þau lög og styrkja þar einkarétt íslenskra ríkisborgara til að eiga hér land sem ekki er nauðsynlegt í atvinnurekstri. Landbúnaður er ekki í samningum um Evrópskt efnahagssvæði svo að kaup á jörðum til landbúnaðar eru algerlega háð eftir sem áður íslenskum leyfum.

Hins vegar var meira rætt um það hvort þarna væri um að ræða takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila á öðrum sviðum, eins og t.d. í almennum iðnaði, þjónustugreinum o.s.frv. Þar er sett upp þessi regla, sem ég gat um áðan, að erlendur aðili verður að vera búsettur hér í eitt ár. Nú er það hin almenna regla Evrópubandalagsins að sami réttur skuli gilda fyrir alla þegna að þessu leyti. Og það er vitanlega rétt og auðvelt að benda á að íslenskir ríkisborgarar hafa verið búsettir hér í a.m.k. eitt ár. Svo það er a.m.k. auðvelt að halda því fram ef menn vilja að þarna er ekki verið að þessu leyti að mismuna. Og ég leyfi mér að segja að það var nú ein af ástæðunum fyrir því að þessi leið var farin, þ.e. um ákveðna búsetukröfu hér á landi.

Ég neita því ekki að það kann að fara svo að einhver atriði þurfi að endurskoða ef ekki næst um það samningar, t.d. um fjárfestingu í bönkum eða fjárfestingu í flugfélögum. Þá er að mínu mati eðlilegt að á slíkum sviðum verði farið fram á aðlögunartíma.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Þetta er að sjálfsögðu mjög viðamikið og stórt mál og ég fagnaði því hvað Nd. var sammála um að það væri æskilegt að afgreiða svona frv. og koma þessu á hreint. Þar komu fram brtt. annars vegar um þrengingu á ýmsum ákvæðum frá hv. þm. Kvennalistans og hins vegar um rýmkun frá hv. þm. Sjálfstfl. Niðurstaða meiri hluta deildarinnar var að hafa frv. óbreytt. Staðreyndin er vitanlega sú að í svona viðkvæmu og umfangsmiklu máli er um að ræða málamiðlun.

Málið er búið að fá, eins og ég sagði í upphafi, mjög ítarlega umfjöllun, verið víða sent til umsagnar hjá hagsmunaaðilum og þessi málamiðlun, sem hér er lögð fram, er niðurstaðan. En það er vafalaust að hér er um mjög mikla opnun að ræða annars vegar, en hins vegar einnig vil ég leyfa mér að segja miklu ákveðnari ákvæði á þeim sviðum sem mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að hafa í eigin hendi.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að

að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Lagaákvæði er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 978.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls. (Sjá framsöguræðu fyrir 320. máli hér á undan.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 728, n. 928, 930 og 931, brtt. 929.

Frsm. meiri hl. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 928 frá meiri hl. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 406. mál. Frv. þetta gerir ráð fyrir að hætt verði að taka við umsóknum um húsnæðislán skv. lögum nr. 54/1986, eða með öðrum orðum, frv. felur í sér að svokölluðu 1986-kerfi verði lokað með undantekningum á lánveitingum til þriggja lánaflokka, þ.e.:

1. Lán til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistunarstofnana fyrir börn og aldraða.
2. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
3. Lán eða styrkir til tækninýjunga í byggingariðnaði.

Jafnframt er heimild til húsnæðismálastjórnar að ákveða aðra lánaflokka að fengnu samþykki félmrh.

Frv. þetta kom að vísu nokkuð seint fram hér á hv. Alþingi, en öllum er ljós sú staðreynd að brýna nauðsyn ber til þess að taka ákvörðun um framtíð þessa lánakerfis. Hæstv. félmrh. flutti hér ítarlega framsögu við 1. umr. um málið og nefndin fékk á sinn fund umsagnaraðila. Í nál. meiri hl. félmn. segir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Grétar J. Guðmundsson, aðstoðarmann félmrh., Sigurð E. Guðmundsson, Yngva Örn Kristinsson, Hilmar Þórisson, Gunnar Helgason og Þráin Valdimarsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Ásmund Stefánsson, Magnús L. Sveinsson, Ásmund Hilmarsson og Gylfa Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ragnhildi Guðmundsdóttur og Rannveigu Sigurðardóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Húsnæðisstofnun ríkisins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir nál. skrifa ásamt frsm. Karl Steinar Guðnason, Jóhann Einvarðsson með fyrirvara og Jón Helgason með fyrirvara.

Þær brtt. sem sami meiri hl. félmn. flytur eru á þskj. 929. Þar er um að ræða breytingu við 3. gr. frv. þar sem fjallað er um þá lánaflokka þar sem heimilt verður að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Breytingin er við 3. tölul. sem í frv. er svona:

„Lán eða styrk til tækninýjunga í byggingariðnaði." Þar leggjum við til að við bætist: og annarra umbóta. Þetta er gert til þess að binda ekki lánveitingar einungis við tækninýjungar í byggingariðnaði. Breyting við 4. gr., c-lið, er síðan í samræmi við þessa breytingu.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá 1. minni hl. félmn. Eins og fram kom einnig í máli frsm. meiri hl. nefndarinnar, hv. 4. þm. Suðurl., þá er þetta frv. seint fram komið og að áliti okkar, sem undirritum nál. 1. minni hl., hefði þurft að fara miklu betur ofan í þessi mál. En þetta er eins og svo margt annað sem er að gerast hér þessa síðustu daga fyrir þinglausnir, að það gefst lítill tími til að sinna hinum ýmsu mikilvægu málaflokkum eins og skyldi.

Það kom einnig fram í hennar máli að nefndin fékk á sinn fund ýmsa gesti, m.a. frá Húsnæðisstofnun og frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Vinnuveitendasambandi Íslands. Það verður að segjast eins og er að það voru svo sannarlega ekki allt jákvæð viðbrögð hjá þessum aðilum. Það kom t.d. fram að þegar loka á þessu svokallaða 1986-kerfi, þá hefði þurft um leið að tryggja það að umsóknum allra þeirra sem voru komnir inn í það lánakerfi verði sinnt. Það sé hópur þar af fólki sem ekki geti nýtt sér húsbréfakerfið. Þetta var m.a. eitt viðhorf sem fram kom hjá gestum sem komu á fund nefndarinnar.

Það var annað sem kom líka fram og það var óánægja með það hjá aðilum Húsnæðisstofnunar hvað alltaf er verið að krukka í þetta lánakerfi eins og við höfum nú margsinnis gagnrýnt hér á hv. Alþingi. Til marks um það má minna á að fyrir þinginu liggja fimm frv. frá hæstv. félmrh. um breytingar á þessum lögum. Við höfum bent á að það þurfi að taka þessi mál öll til endurskoðunar í heild sem og kom fram í máli nefndarmanna á fundum nefndarinnar. Það kom m.a. fram að

það væri einmitt ein ástæðan fyrir því hversu Húsnæðisstofnun gengi illa að sinna sínu þjónustuhlutverki við lántakendur að það væri alltaf verið að breyta þessu kerfi og starfsmennirnir hafa ekki við að taka við nýjum breytingum og reglum sem þeir eiga að vinna eftir. Þeir fá bókstaflega ekki tíma til þess að setja sig inn í það, hvað þá heldur lánsumsækjendur. Þetta er orðið þvílíkt rugl að fólk veitt ekki sitt rjúkandi ráð.

Eitt atriði var t.d. gagnrýnt, m.a. af forstöðumanni Húsnæðisstofnunar, í 14. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að það sé heimilt við eigendaskipti á íbúð að breyta vöxtum, og ef lántakandi selur íbúð sína þá beri honum skylda til að tilkynna aðilaskipti að láni til Húsnæðisstofnunar ríkisins án tafar. Þetta töldu þeir sem starfa við þessi mál og eiga að sinna þessu þjónustuhlutverki að væri bókstaflega óframkvæmanlegt. Þetta nefni ég sem dæmi en að öðru leyti ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð. Í nál. okkar gagnrýnum við málsmeðferðina en ætlum ekki að tefja þetta mál og munum sitja hjá við afgreiðslu þess. Undir nál. 1. minni hl. ritar auk mín hv. 8. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 931 fyrir hönd 2. minni hl. félmn. um frv. til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Annar minni hl. er sammála þeirri breytingu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að hætt verði að taka við umsóknum um húsnæðislán samkvæmt lögum nr. 54/1986.

Annar minni hl. gagnrýnir þá fljótaskrift sem er á meðferð málsins í miklum önnum á síðustu dögum þingsins.

Hitt er þó öllu alvarlegra að ekki liggur fyrir áætlun um hvernig fjármagna á lán til þeirra sem þegar hafa fengið vottorð um lánshæfni eða lánsloforð og ætlunin er að afgreiða lán til samkvæmt lánakerfinu frá 1986.

Í starfi nefndarinnar kom m.a. fram að lífeyrissjóðir halda nú að sér höndum um skuldabréfakaup frá Húsnæðisstofnun. Því býr það fólk sem nú bíður eftir láni við mikla óvissu um sinn hag og vanda þess er vísað til næstu ríkisstjórnar.

Þar eð kvennalistakonur geta ekki samþykkt að þessi ákvörðun sé tekin án þess að um leið liggi fyrir áætlun um fjármögnun kerfisins mun 2. minni hl. ekki taka þátt í afgreiðslu málsins."

Undir nál. skrifar Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hl. félmn. með fyrirvara og ástæða þess er sú að á fundum félmn. komu fram mjög skiptar skoðanir um þetta frv. hjá öllum þeim sem á fund nefndarinnar komu og hjá sumum þeirra hörð gagnrýni á það að ekki hefði verið til þeirra leitað við undirbúning málsins. Ég er líka í vafa um það að samþykkt þess breyti miklu á næstu mánuðum frá því sem er í dag, þar sem stjórn Húsnæðisstofnunar hefur að sjálfsögðu í hendi sér að veita ekki frekari lán meðan fjármagn er ekki tryggt til þess að standa við slíkt loforð.

Það kom líka fram að mjög tíðar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun gera starfsliði stofnunarinnar erfitt fyrir í sínu starfi þannig að þess vegna verði frekar dráttur á framgangi mála. Mér virtist því augljóst að það þyrfti að líta á þessi mál öll í heild og þá reyna að ná sem mestum sáttum allra þeirra sem um þessi mál fjalla. Því sé það ekki góður kostur að fara að afgreiða frv. í harðri andstöðu við fulltrúa frá launþegasamtökunum og að reikna verði með að í nýrri ríkisstjórn muni nýr félmrh. taka þessi mál til endurskoðunar áður en af framkvæmd þessara laga verður eða áhrifa þeirra fari mikið að gæta. Þetta er ástæðan fyrir því að ég skrifa undir nál. með fyrirvara.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég geti tekið undir þá skýringu sem síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Suðurl., gaf á fyrirvara sínum, en ég skrifa einnig undir þetta nál. með fyrirvara. Mínar ástæður eru svipaðar og hans, fyrst og fremst þær að árið 1986 var samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um að setja það kerfi á stofn sem lagt er til með þessum lögum að verði afnumið. Það hefur ekki verið haft mikið og reyndar mjög lítið samráð við aðila vinnumarkaðarins um þessar breytingar. Það eru líka ákvæði um það í þessu frv. að breyta vaxtakjörunum sem ég er ekki alveg viss um að sé rétt að hafa miðað við aðilaskipti. Auk þess sé ég ekki að það sé gerð grein fyrir því á hvern hátt sá biðlisti, sem heldur áfram að lifa frá kerfinu 1986, verður leystur ef það verður afnumið, og hvernig fjármagns verður aflað til þess.

Þeir aðilar sem komu til okkar til viðtals drógu mjög í efa gagnsemi margra af þessum breytingum auk þess sem má búast við því að í lok kjörtímabils þegar við erum að ljúka jafnviðamikilli breytingu á húsnæðiskerfinu eins og við erum að gera hér, þá muni nýr húsnæðismálaráðherra telja ástæðu til að taka þessar ákvarðanir allar til endurskoðunar rétt eftir að hann tekur við. Þess vegna hef ég skrifað undir þetta með fyrirvara. En með tilliti til þess að hér er um samkomulag hjá ríkisstjórninni að ræða um forgangsmál, þá mun ég láta það ganga í gegn hér með atkvæði mínu þó svo ég hafi verulegar efasemdir um mörg af þeim atriðum sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég vildi bara að þetta kæmi fram hér.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það var svo knappur tíminn í útvarpsumræðunum í gær að ég hafði ekki svigrúm til þess að víkja nokkrum orðum að hæstvirtum húsnæðisráðherra, en tel óhjákvæmilegt að leiðrétta ummæli hennar nú við þessa umræðu þegar verið er að tala

einmitt um húsnæðislögin frá 1986.

Í fyrsta lagi langar mig til að biðja hæstv. ráðherra að útskýra það hér uppi í stólnum ítarlega hvernig hann finnur það út að greiðslubyrði sé minni af láni sem er til 25 ára með 7,7% raunvöxtum en af láni sem er til 40 ára með 3,5% raunvöxtum. Bæði lánin eru verðtryggð með sömu vísitölunni. Annað lánið er með 3,5% vöxtum og hitt er með 7,7% raunvöxtum. Svo segir ráðherrann að það sé léttara að greiða af láninu sem er með 7,7% vöxtunum heldur en láninu sem er með 3,5% vöxtunum. Svo segir ráðherra að greiðslubyrðin sé léttari af láni sem er til 25 ára heldur en af láni sem er til 40 ára. Hvernig má þetta vera? Hvað setur ráðherrann inn í þetta? Hvers konar undarlegheit eru þetta eiginlega?

Það er auðvitað hægt að fara yfir allar þessar tölur. Það er hægt að rifja upp hvað var heimilt að lána samkvæmt lögunum frá 1986. Auðvitað er það rétt að það var visst hámark á því hversu há lánin máttu vera samkvæmt lögunum frá 1986. En ef menn áttu fé til þess að svara út mismuninum á kaupverði og upphæð lánsins, ég sé ekki að það sé hægt að taka dæmið upp með öðrum hætti, þá gefur það auðvitað auga leið að greiðslubyrðin er meira en helmingi léttari af lánunum samkvæmt kerfinu frá 1986 heldur en húsbréfakerfinu.

Ég veit ekki einu sinni að hvaða tölum við ættum að leika okkur, ég og ráðherrann. Eigum við að taka t.d. 2,5 millj.? Ef lánið er til 25 ára þá telst mér til að það séu 100 þús. kr. á ári sem verður að greiða af láninu. En ef lánið er til 40 ára, þá eru það rúmar 60 þús. kr. á ári. Ef við tökum 7,7% vexti af 2,5 millj., þá er það rétt um 200 þús. kr. En hvað ætli 3,5% vextir séu af 2,5 millj.? Það er meira en helmingi minna þannig að ráðherrann fór með alger ósannindi þegar hann lýsti því yfir í ræðu í gær að greiðslubyrði væri léttari af húsbréfunum en lánakerfinu frá 1986.

Ég átta mig ekki á því hvers vegna ráðherrann er að setja fram aðra eins fjarstæðu og þessa. Ég geri mér ekki grein fyrir því. En það væri auðvitað mjög fróðlegt að fá svona útreikning. Hver eru núna afföllin af húsbréfum, hvoru megin við 15%? Ná afföllin nú 15%? Ég man það ekki. Þetta er því allt saman fleipur eitt.

Tökum hitt. Hver hefur eyðilagt Byggingarsjóð ríkisins? Af hverju er Byggingarsjóður ríkisins eins illa staddur og raun ber vitni? Það er ekki hægt að kenna Þorsteini Pálssyni og hans ríkisstjórn um það, svo mikið er víst. Þegar Þorsteinn Pálsson var fjmrh. eða þegar lögin frá 1986 voru sett var talið að það yrði að veita einum milljarði í Byggingarsjóð ríkisins til þess að lánakerfið gengi upp. Og það var gert að kalla á árinu 1987 þegar Þorsteinn Pálsson var fjmrh. Síðan tók Alþfl. við fjármálaráðherraembættinu eftir að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var mynduð og þá slaknaði strax á hjá formanni Alþfl. Ef ég man rétt, þá voru framlögin til Byggingarsjóðs ríkisins á verðlagi ársins 1990 2,4 milljarðar 1987 og 2,1 milljarður 1988. Ég held að ég fari rétt með þetta, 2,4 á verðlagi ársins 1990 og 2,1, mig minnir að þetta sé rétt. Samkvæmt verðlagi ársins 1986 var það svo að kalla að það yrði staðið við þennan milljarð sem þá var útreiknaður.

En hvernig var þetta nú á síðasta ári, hæstv. ráðherra? Getur verið að í staðinn fyrir milljarða hafi það verið litlar 50 millj. kr. sem fóru í Byggingarsjóð ríkisins á síðasta ári? Er það rétt munað? (**Félmrh.:** Hárrétt munað.) 50 millj. En hvað er það mikið sem fer á þessu ári í Byggingarsjóð ríkisins? (**Félmrh.:** Ekki neitt.) Það er ekki króna. Og hver ber ábyrgð á því að þannig er farið með sjóðinn að hann er gerður fullkomlega gjaldþrota? Hæstv. ráðherra sinnir ekki þeirri embættisskyldu sinni að sjá til þess að staðið sé við samningana við verkalýðshreyfinguna um Byggingarsjóð ríkisins og ráðherrann hefur ekki dugnað í sér til þess að standa við það að inn í sjóðinn renni nægilegt fjármagn til þess að hann geti gengið.

Nú skulum við segja, hæstv. forseti, að það sé allt í lagi. Ráðherrann hefur það auðvitað alveg í hendi sér hvort hann vill styrkja Byggingarsjóð ríkisins eða ekki, hvort hann vill standa við þau fyrirheit sem búið var að gefa, hvort ráðherrann telur það rétta leið í húsnæðismálum. Það er alveg fullkomlega á hendi ráðherrans. Það er hans pólitíska ákvörðun. En þá á ráðherrann heldur ekki að kenna öðrum um að sjóðurinn er drepinn. Þá á ráðherrann að hafa — ég veit ekki hvort maður á að segja á þessum miklu jafnréttistímum, ekki manndóm heldur kvendóm í sér til þess að viðurkenna að það sé hann sjálfur sem tekur ákvörðunina um að greiða ekki nægilegt fjármagn inn í Byggingarsjóð ríkisins til þess að hann geti staðið undir. Byggingarsjóðurinn verður greiðsluþrota. Nákvæmlega það sama og þegar Alþfl. fór síðast með málefni Byggingarsjóðs ríkisins, þá var sjóðurinn á hausnum þegar aðrir komu að því verki.

Ég veit svo ekki hvort það er ástæða til að hafa um þetta miklu fleiri orð. Það tvennt sem ráðherrann sagði um þennan sjóð í útvarpsumræðunum var heilaspuni. Það er alveg ljóst að það er miklu léttara að borga 3,5% vexti en 7,7. Það er auðveldara að borga lán upp á 40 árum en 25. Það skilja allir menn. Og hitt er auðvitað alveg laukrétt að þegar ráðherrann tók við embætti húsnæðisráðherra var honum kunnugt um að það hafði verið útreiknað að hann þurfti 1 milljarð á verðlagi ársins 1986 til þess að Byggingarsjóður ríkisins gæti staðið við sínar skuldbindingar. Það hefur verið staðið við það svo að segja alveg á árinu 1987, byrjaði að slakna á því hjá Jóni Baldvini, varð verulegur misbrestur strax á árinu 1989, ég man ekki hvort það var 1,5 milljarðar á verðlagi ársins 1990 sem þá rann til sjóðsins. Á árinu 1990 fór þetta niður í 50 millj. og núna niður í ekkert, núll krónur. Hin pólitíska ábyrgð á því að eyðileggja Byggingarsjóð ríkisins er því húsnæðisráðherrans og ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það er alveg nákvæmlega sama hvernig ráðherrann reynir að snúa sig út úr þessu. Þarna liggur hin pólitíska ábyrgð. Ráðherrann getur auðvitað talað um það að hann vilji veita lán eftir einhverjum öðrum leiðum. Hann getur talað um félagslegar íbúðir. Hann getur talað um verkamannabústaði. Hann getur talið um búsetuíbúðir og hvað sem honum sýnist. Það skiptir

engu máli. Þarna liggur hin pólitíska ábyrgð.

Ef við værum að tala um lifandi mann sem búið væri að jarða, þá mætti kannski geta þess hver hefði komið honum fyrir í leiðinni og þá mundi standa: Húsnæðisráðherra Alþfl. Svona einfalt er þetta. Ég vona að við eigum ekki oftar eftir að þrátta um þetta, ég og húsnæðisráðherann. Við höfum gert það áður. Það hefur komið fyrir áður að ráðherra hefur reynt að halda því fram, bæði í fjölmiðlum og á Alþingi, að 7,7 sé lægri tala en 3,5. Ég veit náttúrlega ekki hvort það væri rétt að prófa, ef ráðherrann skilur ekki táknmál, þá má kannski reyna að hjálpa ráðherranum að telja á fingrum sér, hvort séu fleiri fingur, þrír fingur eða sjö fingur, eitthvað svoleiðis. Það hélt maður að lægi ljóst fyrir. En svona er nú þetta.

Ef maður tekur Alþfl. að öðru leyti og til að reyna að sýna fram á málflutning þeirra að öðru leyti var svolítið spaugilegt í gær þegar iðnrh. talaði um það að hann væri maður sem stæði við orð sín og síðan fór hann að tala um álmálið. Maður sá álverið fyrir austan. Maður sá álverið fyrir norðan og maður sá að það var búið að semja um álver á Keilisnesi og maður sá að það var byrjað að byggja álver í Straumsvík því að allt þetta átti nú að vera komið í höfn. Og auðvitað stóð Jón Sigurðsson við orð sín.

Ef maður talar um utanrrh. þá sagði hann og var mjög stóryrtur á haustdögum 1988 að það væri auðfengið að tryggja sjávarútvegshagsmuni okkar Íslendinga í gegnum viðræðurnar um Evrópusvæðið ef við mundum hengja okkur aftan í aðrar EFTA-þjóðir. Hann á alveg eftir að sýna fram á að nokkur árangur náist af hans leið. Það má færa veruleg rök fyrir því að við séum fjær því marki nú en við vorum á árinu 1988. Þar er því líka um hluti að ræða sem ekki standast. En það er annað mál sem ég skal ekki fara að fjölyrða um hér.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér er það mikil ánægja að fá hér tækifæri til þess að svara hv. þm. Halldóri Blöndal og skýra fyrir honum útreikningana á greiðslubyrðinni í lánakerfinu frá 1986 og í húsbréfakerfinu.

Það sem vantar inn í málflutning hv. þm. er að hann skoði húsnæðisdæmi fólksins í heild. Það er rétt að í lánakerfinu frá 1986 eru vextir 4,5% og í húsbréfakerfinu eru þeir 6%. (**HBl:** 7,7% vextir.) Ekki 7,7%. Ég skal skýra það líka fyrir hv. þm.

Ef þú færð lítinn hluta af láni í íbúð, sem þú ert að kaupa, upp á segjum 6 millj., greiddan, en þú þarft líka að fá hluta af því lánað í bankakerfinu, þá er alveg útilokað fyrir þig þegar þú ert að meta þína greiðslubyrði að þú reiknir bara út greiðslubyrðina af láninu með 3,5% vöxtum eða 4,5% vöxtum en reiknir ekki út greiðslubyrðina af láninu sem þú þarft að taka í banka til þess að geta staðið undir íbúðinni. Hverjir eru þeir vextir? Þeir eru kannski um 8%. Þú verður því auðvitað að reikna út meðaltalið af heildardæminu af þeim vöxtum sem þú þarft að borga fyrir þau lán sem þú þarft að taka hvort sem það er í húsnæðiskerfinu, hjá lífeyrissjóðum eða bönkum. (**HBl:** Hvaða íbúðakerfi hefur ráðherrann í huga?) Ég skal koma að því öllu. Það er því auðvitað mjög nauðsynlegt ef hv. þm. er að kaupa sér íbúð að líta ekki bara á einn hluta af lánunum. Hann þarf líka að borga af bankaláninu sem hann þarf að taka til þess að geta staðið undir íbúðinni. Þegar hann hefur þetta fyrir framan sig, bæði lánið í bankanum, lánið sem hann hugsanlega þarf að taka hjá lífeyrissjóði og hjá húsnæðiskerfinu, þá getur þingmaðurinn sest niður og reiknað út hver er greiðslubyrðin á mánuði. Ef hann reiknar það ekki út, þá lendir þingmaðurinn bara í vandræðum.

Nú skulum við skoða dæmið. Við skulum taka íbúð sem kostar 6 millj. Það er 3–4 herbergja íbúð. Við skulum segja svo að hv. þm. eigi 1 milljón þegar hann fer af stað með þetta. Hver er þá greiðslubyrðin? Annars vegar ef hann fengi fyrirgreiðsluna í lánakerfinu frá 1986 og hins vegar í húsbréfakerfinu? Það kemur út úr útreikningum að fyrstu fimm árin (**HBl:** Hvað er húsbréfalánið hátt?) 65% af 6 millj. (**HBl:** 65% af 6 millj. En ...) (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. 2. þm. Norðurl. e. að nýta sér þau tækifæri sem honum gefast til að koma hér í ræðustól í þessari umræðu þannig að hæstv. félmrh. geti haldið áfram máli sínu.) Ég held að það væri mjög gott að skýra þetta út líka með töflu fyrir hv. þm. Það er nefnilega mjög mikilvægt, eins og ég sagði, að skoða dæmið í heild. Ég ætla fyrst að ljúka þessu 6 millj. kr. dæmi til að rugla ekki þingmanninn.

Þegar þessi tvö dæmi eru skoðuð fyrstu fimm árin kemur í ljós að fyrstu fimm árin er mánaðarleg greiðslubyrði í húsbréfakerfinu 50 þús. kr., en mánaðarleg greiðslubyrði samkvæmt 86-kerfinu er fyrstu fimm árin 55 þús. Þetta helgast af því að skammtímalánin sem þarf að taka í þessu skyni eru mjög þung fyrstu árin. Síðan þegar búið er að hækka lánshlutfallið, sem nú stendur til, upp í 75% í húsbréfakerfinu þá er greiðslubyrðin í húsbréfakerfinu enn hagstæðari. Þá fær viðkomandi enn hærra hlutfall lánað til 25 ára en þarf ekki að byggja sína útborgun að verulegu leyti á skammtímalánum til eins, tveggja eða þriggja ára í bönkum. Það liggja fyrir töflur um þetta sem ég skal með mikilli ánægju láta hv. þm. fá. Ef við tökum hér dæmi um greiðslubyrði af íbúð sem kostar 5,2 millj., eigið framlag 800 þús. og árstekjur séu 2 millj. kr. Þetta er dæmi sem var reiknað út sennilega fyrir ári síðan en það sýnir mjög vel, hv. þm., að fyrstu fimm árin er greiðslubyrðin mjög þung í 86-kerfinu miðað við þetta dæmi út af skammtímalánunum sem þarf að taka. Eftir fimm ár jafnast þetta yfir.

Allir útreikningar sýna það, hvað sem hv. þm. segir, að meðalgreiðslubyrðin og meðalvextir hjá því fólki sem þarf að taka þessi skammtímalán eru 6–7%. Vextirnir í húsbréfakerfinu fyrir íbúðakaupendur eru 6% en ekki yfir 7%. (**HBl:** 7,7%.) Þingmaðurinn ruglar saman vöxtum og ávöxtunarkröfum. Ég veit ekki hvort ég þarf að taka hv. þm. einnig í tíma og sýna honum fram á hver mismunurinn sé á ávöxtunarkröfu, afföllum og vöxtum. Ég gæti svo sem gert það og ég tel það kannski nauðsynlegt að fara aðeins nánar út í það dæmi.

Þegar þú gerir þín íbúðarkaup, hv. þm., og ætlar að taka það í gegnum húsbréfakerfið, þá gefur þú út fasteignaveðbréf. Þau bera fasta vexti, 6% vexti. Húsbréfin færð þú aldrei í hendurnar. Seljandinn aftur á móti fær húsbréfin í hendurnar og hann er laus allra mála við þig, hv. þm. Þú skuldar honum ekki neitt. Þú skuldar aftur á móti Húsnæðisstofnun þetta fasteignaveðbréf með 6% vöxtum sem Húsnæðisstofnun getur ekki breytt. Sveiflur í gengi húsbréfa koma því aldrei niður á íbúðarkaupandanum. Hann borgar bara sína föstu 6% vexti af fasteignaveðbréfum.

Ef íbúðaverð hefði hækkað verulega, þá gæti það komið fram í íbúðarverðinu og þar með myndað, við getum kallað það afföll. Íbúðarseljandinn ber afföllin á húsbréfunum ef hann fer með þau út á markað og leysir þau út. Ef hann lætur þau ganga upp í næstu íbúðarkaup, þá ber hann ekki afföllin. Og af því að þetta nýja hugtak, afföll, virðist aldrei hafa verið inni í umræðunni fyrr en eftir að húsbréfakerfið kom til, þá er auðvitað nauðsynlegt að skýra það út að afföllin eru ekkert nýtt fyrirbæri í húsnæðismálum. Þau koma bara með öðrum hætti. Gagnvart seljandanum komu þau áður með þeim hætti að hann fékk 75% af verði sinnar íbúðar greidd út á einu ári og það var án vaxta eða verðtryggingar. Með öðrum orðum, hann bar þar afföll sem voru algeng 10%. Að auki fékk hann 25% af verði íbúðarinnar greidd á fjórum árum. Nú fær seljandinn íbúðina greidda iðulega á einu ári. Það er auðvitað til hagræðis fyrir seljandann.

Ég nefni dæmi af manni sem kom til mín og sagði að þegar væri verið að ræða þessi afföll þyrftu menn að skoða þetta í víðara samhengi. Þarna hefði hann fengið peningana í hendurnar, íbúðina svo til staðgreidda, sem hefði gert honum kleift, af því að hann var að byggja, að fá verulegan staðgreiðsluafslátt af innréttingum í sína nýju íbúð sem hann ekki hefði fengið ef hann hefði bara fengið þetta smátt og smátt borgað út.

Síðan eru það afföllin í 86-kerfinu. Hv. þm. man það væntanlega að íbúðaverð rauk upp þegar 86-kerfið kom til og lánshlutfallið hækkaði. Þannig að verulegur ávinningur, sem fólk átti að hafa af 1986-kerfinu, hvarf í verðhækkanir. Þær voru nálægt 10%. Af 5 millj. kr. íbúð erum við þá að tala um 500 þús. sem ég segi að sé ekkert annað en afföll. Og síðan er það biðtíminn, hv. þm. Hann kostar líka peninga. Það er nauðsynlegt að fólk átti sig á því. Af hverju segi ég það? Vegna þess að það er þannig að fólk þarf oft að koma sér þaki yfir höfuðið fljótt. Ungt fólk sem ætlar að fara að búa en getur ekki beðið kannski 2–3 ár. Þá neyðist fólk til þess að festa kaup á íbúð út á væntanleg lánsloforð og í millitíðinni þarf það að taka þessi skammtímalán í bönkunum. Og það þarf að framlengja þau aftur og aftur. Stundum lendir fólk í vanskilum, fær lögfræðikostnað og fleira og allt þetta kostar fólk mikla peninga. Og er þetta nokkuð annað en afföll?

Ég vona, virðulegi forseti, að mér hafi að einhverju leyti tekist að skýra þetta út fyrir hv. þm. Það er útilokað að hv. þm., svo greindur sem ég hélt nú að hann væri, einfaldi svo málið að hann taki bara einn hluta af íbúðarverðinu og reikni vexti á það og finni síðan út greiðslubyrði en gleymi bankaláninu með 8% vöxtum sem hann þarf að taka. Þingmaðurinn hlyti að fara fljótt á hausinn ef hann gleymdi að taka með í reikninginn slíkt lán.

Aðeins út af 86-kerfinu og hvernig fyrir því er komið, þá minntist ég á það, af því að hv. þm. var nú að vitna í ræðu mína mikið í gær, að í mars 1987, áður en ég settist í stól félmrh., þurfti að loka þessu kerfi. Það var hætt að veita lánsloforð. Það var búið að ávísa þeim svo langt fram í tímann að Húsnæðisstofnunin treysti sér ekki til þess að ávísa lánsloforðum lengra fram í tímann. Þá þegar var biðtíminn ekki mældur í mánuðum heldur í árum og kerfinu var lokað. Ef ekkert hefði nú verið gert, hv. þm., og þetta kerfi hefði bara verið opnað eins og það var sett af stað, þá liggur fyrir að þó að allt fjármagnið sem við höfum haft yfir að ráða frá lífeyrissjóðunum og sá hluti sem gengur í almenna kerfið hefði farið í þetta lánakerfi frá 1986 og við hefðum ekki haft neitt húsbréfakerfi hefði biðtíminn samt lengst og væri orðinn allt að fimm ár.

Þetta lánakerfi var því raunverulega orðið gjaldþrota áður en ég settist í stól félmrh. Og fyrsta verk mitt meðan var verið að koma á fót nýju kerfi var að vinda ofan af þessari sjálfvirkni og takmarka það að fólk fengi bara lánsloforð í hendurnar tveim mánuðum eftir að það legði inn umsókn. Það var mitt fyrsta verk að bjarga því sem bjargað varð í því efni.

Og af því að hv. þm. er að vitna í þennan milljarð og ríkisframlagið, þá liggja nú fyrir reikningar um það að þegar á fyrsta ári kerfisins, í fjárlögum 1987, vantaði 300–400 millj., í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar, upp á að þessi milljarður skilaði sér inn. Á þeim tíma, 1987, fór 1 milljarður gegnum skattakerfið til þess að koma til móts við greiðslubyrði fólks. Hét það ekki vaxtaafsláttur þá eða húsnæðisbætur? Á þessu ári á sambærilegu verðlagi fara 2 milljarðar í gegnum skattakerfi í formi vaxtabóta. Með öðrum orðum hafa þær tvöfaldast. Og gegnum vaxtabæturnar erum við að borga niður húsnæðiskostnað fyrir fólk sem á því þarf að halda, fólk með lágar og miðlungstekjur. Við erum því að setja stærri upphæð í einn farveg í gegnum skattakerfið til þess að létta greiðslubyrðina hjá fólki með lágar og meðaltekjur. Það hefur sýnt sig að raunvextir fólks sem kaupir sér litla íbúð eru ekki nema 2–3% eftir að það hefur fengið vaxtabæturnar. Við höfum stýrt fjármagninu þessa leið gegnum vaxtabæturnar í staðinn fyrir það að allir fái jafnar niðurgreiðslur hvort sem þeir þurfa á því að halda eða ekki. Maðurinn í einbýlishúsinu, sem hafði margfaldar tekjur á við fólk með lágar og miðlungstekjur, fékk sama greitt niður eins og fólkið með lágar og miðlungstekjurnar. Þetta var kerfið áður. Þessu erum við búin að breyta og stýra því inn í einn farveg.

Ég held að nauðsynlegt sé, virðulegi forseti, út af þeirri umræðu sem hér varð að upplýsa þetta þó að ég vilji síður vera að taka mikinn tíma af þessari hv. deild í önnum hennar og læt því máli mínu lokið.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Dæmið verður alltaf skemmtilegra og skemmtilegra hjá hæstv. ráðherra. Það er þannig samkvæmt lögum frá 1986, sem ég hef í höndum, ef ráðherra flettir upp á 13. gr. laganna, þá stendur þar:

„Eigi umsækjandi, sem er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, hámarkslánsrétt, skv. 1. mgr. 12. gr., nemur lán til hverrar íbúðar 2,1 millj. kr. En eigi hann lágmarkslánsrétt nemur lán til hverrar íbúðar 700 þús. kr."

Nú er mér ekki alveg ljóst um hvað ráðherrann er að tala. Ef ráðherrann er að tala um fólk sem var að eignast sína fyrstu íbúð og byggja, þá hafði það lánsrétt upp á 2,1 millj. Ég bað um það áðan, hæstv. forseti, hvort ég gæti fengið Hagtölur mánaðarins til þess að ég gæti reiknað út hvað 2,1 millj. væri ef maður breytir henni frá verðlagi ársins 1986 til verðlags ársins 1991. Ég er alveg sannfærður um að það megi tvöfalda þessa upphæð. Við erum því að tala þarna um lánsrétt upp á ca. 4,2 millj. kr. a.m.k. 70% af 6 millj. eru 4,2 millj.

Ráðherrann var að tala um það að sá sem væri í húsbréfum gæti fengið 3,9 millj. Þessar 3,9 millj. skerðast því að það eru um 13% afföll a.m.k. á húsbréfunum. Þannig að þó að hann veðsetji íbúð sína fyrir um 3,9 millj. kr. þá fær hann aldrei meira en 3,5 millj. kr. út úr því. Raunverulegt lán samkvæmt húsbréfum er því um 700 þús. kr. lægra en samkvæmt kerfinu frá 1986.

Hið sama á svo auðvitað við líka þó við tölum um 75%. Það er að vísu rétt að lánið hækkar þá upp í 4,5 millj. á pappírunum en ef við tökum 13% afföll af þeirri tölu, þá erum við komnir töluvert niður fyrir 4 millj. Lánið samkvæmt kerfinu frá 1986 er því einfaldlega hærra heldur en eftir húsbréfum, þeir peningar sem húskaupandinn eða byggjandinn fær í hendur, ef við erum að tala um fólk sem byggir yfir sig í fyrsta skipti.

Þannig að allar voru nú vangaveltur ráðherrans um þetta atriði einhvern veginn, ég veit ekki hvort ég á að segja úti á þekju. 70% af 5,2, er það ekki meira en 65% af 5,2? Heldur ráðherrann að 2,1 millj. hefði ekki dugað með verðbótum til þess að vera nú ca. 4,8 millj.? Þetta er allt saman hreinn hrærigrautur.

Ég skal svo ekki lengja þessar umræður neitt frekar. Það er ekkert þannig að biðraðir hafi horfið í húsnæðiskerfinu. Það eru langar biðraðir enn í húsnæðiskerfinu og lengjast með hverjum degi ef við horfum á félagslegar íbúðir. Það er alveg sama hvort við tölum um verkamannabústaðina, hvort við tölum um búsetaíbúðir eða kaupleiguíbúðir. Ein skýringin á því er auðvitað sú að hæstv. ráðherra tók þá pólitísku ákvörðun að leggja niður Byggingarsjóð ríkisins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, EG, GuðmÁ, JE, JúlS, KSG, KP, MF, SkA, SvG, JHelg.

ÞK, DS, EgJ, GHG, GJH, SalÞ greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (EKJ, HÁ, HBl, StG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, JE, KSG, KP, MF, SkA, SvG, VS, JHelg.

DS, EgJ, GHG, GJH, SalÞ greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (EKJ, GuðmÁ, HÁ, HBl, JúlS, StG, ÞK) fjarstaddir.

Brtt. 929,1 samþ. með 9:2 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 929,2 samþ. með 9:2 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.

5.–15. gr. og ákv. til brb. samþ. með 8:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting á raunvöxtum). — Þskj. 727, n. 982.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 982 um frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 83/1985, frá meiri hl. félmn.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Grétar J. Guðmundsson, aðstoðarmann félmrh., Sigurð E. Guðmundsson, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar, Yngva Örn Sigurðsson, formann húsnæðismálastjórnar, Hilmar Þórisson, skrifstofustjóra Húsnæðisstofnunar, Ásmund Stefánsson, Ásmund Hilmarsson, Magnús Sveinsson og Björn Þórhallsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórð Skúlason og Vilhjálm Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Ragnhildi Guðmundsdóttur og Rannveigu Sigurðardóttur frá BSRB og Gunnar Helgason og Þráin Valdimarsson úr húsnæðismálastjórn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að raunvaxtahækkun hafi ekki í för með sér greiðslujöfnun, en greiðslujöfnun felst í því að mismunur á hækkun launavísitölu og lánskjaravísitölu og hækkun á raunvöxtum er færður á sérstakan jöfnunarreikning sem telst til höfuðstóls lánsins. Eftir að sett voru ákvæði um vaxtabætur með lögum nr. 79/1989, sbr. lög nr. 117/1989, er ljóst að lántakandi nýtur ekki vaxtabóta vegna skuldar á jöfnunarreikningi sem komin er til vegna raunvaxtahækkunar þar sem vaxtabætur miðast við fjárhæð vaxtagjalda, en til þeirra teljast einungis gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti, sbr. ákvæði skattalaga. Að óbreyttum lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána þýðir raunvaxtahækk-

un það í framkvæmd að lánstími lengist ef skuld er á jöfnunarreikningi við lok lánstíma og lántakandi nýtur ekki vaxtabóta eins og fyrr er greint. Með því að fella misgengi vegna raunvaxtahækkunar úr lögunum er verið að tryggja að þeir sem eiga rétt á vaxtabótum fái raunvaxtahækkun bætta.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir nefndarálitið rita auk frsm. Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason og Jón Helgason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

86. fundur, föstudaginn 15. mars, að loknum 85. fundi.

Efnahagsaðgerðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 758, brtt. 833, 927, 932.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Meðlimir í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hafa litið yfir þetta mál milli 2. og 3. umr. og fengið ábendingu um að nauðsynlegt væri að breyta einu orði. Hefur verið ákveðið að flytja svohljóðandi skriflega brtt. við 3. umr.: „Í stað orðsins „Deildinni" í upphafi 4. efnismálsliðar 2. gr. komi: Stjórn Byggðastofnunar." Deildin er að sjálfsögðu ekki sjálfstæður aðili frekar en aðrar deildir þessarar stofnunar til þess að taka slíkar ákvarðanir og eðlilegt að það sé stjórn Byggðastofnunar sem er heimilt að grípa til ráðstafana til að vernda eignir sínar. Og því höfum við ákveðið í fjh.- og viðskn. að flytja þessa brtt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði um brtt. 996 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 833 kölluð aftur.
Brtt. 932,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 996 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 927 kom ekki til atkvæða.
Brtt. 932,2 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 331), n. 989.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um samvinnufélög. Nefndin leggur til að smábreyting verði gerð á frv. Hún er um að 29. gr. samvinnulaganna haldi gildi sínu áfram og er tillaga um það í nál.

Nefndin var öll samþykk þessu og leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef hér nefnt.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni við 1. umr. þessa máls er þetta frv. að vísu til verulegra bóta fyrir rekstur samvinnufélaga en þó ófullkomið. Sýnilega hafa menn ekki verið á eitt sáttir um það, sem kannski er eðlilegt, með hvaða hætti ný löggjöf um samvinnufélög yrði, en lögin sem samvinnufélögin búa við eru eins og mönnum er kunnugt um að aðalstofni til allar götur frá 1921. Árið 1937, ef ég man rétt, voru gerðar á þeim breytingar.

Félagalöggjöf á Íslandi hefur gjarnan verið háttað þannig að samhliða hefur verið fjallað um hlutafélagalög og samvinnufélagalög. Slíkar lagabreytingar fylgdust oft að hér áður fyrrum og menn urðu þá sæmilega sáttir um mismunandi rekstrarform. Þetta fór allt úr skorðum þegar nýju hlutafélagalögin voru sett 1978, mjög merk löggjöf. Þá var látið á það reyna hvort menn væru ekki tilbúnir í það að setja samhliða eða strax í kjölfarið nýja löggjöf um samvinnufélögin. Var ég mikill hvatamaður þess að það yrði gert og tók raunar þátt í ýmiss konar umræðu um það mál, bæði innan þings og utan.

En sú löggjöf sem nú verður vonandi sett, af því að hún er til bóta þrátt fyrir allt, því samvinnufélagalögin sem í gildi eru eru auðvitað einskis nýt og verri en það, þá er rétt að verða við tilmælum um breytingar sem hér hefur verið flutt tillaga um og við styðjum framgang málsins, sjálfstæðismenn í heild, það var ákveðið á þingflokksfundi. Þó að svigrúm til að skoða málið hefði nánast ekkert verið í hv. Ed. hafa menn haft frv. undir höndum það lengi að við gátum áttað okkur á því í meginatriðum.

Ég fagna því að þessi löggjöf verður nú sett, en það er alveg ljóst að það þarf svo að gera á henni miklar endurbætur strax á þessu ári. Ég vona að menn sameinist um að gera það. Samvinnufélögin hafa verið í gífurlega miklum fjárhagslegum vanda sem byggist að verulegu leyti einmitt á þessari úreltu löggjöf og þar af leiðandi óeðlilegum rekstri og samvinnumenn sjálfir, sem svo eru kallaðir, ég tel mig nú geta verið samvinnumann alveg eins og hvern annan, hafa sjálfir séð að við svo búið mátti ekki lengur standa. Raunar eru

áratugir síðan þessar breytingar átti að gera, en betra er seint en aldrei. Samvinnufélög í því formi sem lög voru um áður verða sjálfsagt aldrei aftur til. Þau verða í nýtískulegu formi og þessi löggjöf hjálpar til við endurskipulagningu sem alþjóð veit að hefur farið fram og vonandi bera þau þann ávöxt sem menn ætla. En það er ljóst eins og ég sagði áðan að skoðanir eru mjög skiptar meðal þeirra sem staðið hafa að og undirbúið þetta frv. og það þarf að jafna þann ágreining svo að vel geti farnast.

En við sjálfstæðismenn styðjum framgang málsins.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langa ræðu en vil undirstrika að við sjálfstæðismenn í deildinni ætlum ekki að tefja framgang mála. En vegna þess frv. sem hér liggur fyrir vil ég aðeins segja þetta:

Það ber að harma það að þetta frv. skuli ekki hafa fengið meiri tíma í hv. deild þar sem hér er um að ræða, eins og fram hefur komið af hálfu hv. þm., mjög veigamikla löggjöf fyrir mjög þýðingarmikinn félagsskap í landinu sem við viljum auðvitað allir að geti þróast áfram með heilbrigðum og eðlilegum hætti. Þess vegna tek ég undir það sem hv. 3. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði hér rétt áðan að það er ýmislegt í þessu frv. sem hefði þurft að athugast betur áður en það er afgreitt, en ég vil taka það fram að ég mun ekki hindra framgang þess við afgreiðslu hér á eftir og geri þess vegna ráð fyrir að sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Það er eitt, virðulegi forseti, sem ég vil vekja sérstaka athygli á áður en ég lýk máli mínu sem ég tel mjög veigamikið og væntanlega mun næsta þing taka það atriði til sérstakrar athugunar. Það er 7. töluliður 64. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta, varðandi uppgjör á efnahagsreikningi og rekstrarreikningi og öðru sem lýtur að rekstri og eignum samvinnufélags:

„Eftirlauna- eða lífeyrisskuldbindingar félags skal færa í efnahagsreikning í samræmi við góða reikningsskilavenju."

Ég vek athygli hæstv. forseta og þingheims á því að hér er stutt setning sem lætur ekki mikið yfir sér en er mjög þýðingarmikil þar sem við vitum að lífeyrisskuldbindingar Sambandsins eru tengdar samvinnuhreyfingunni með þeim hætti að hér er um fyrirtækjasjóð að ræða. Hefði verið æskilegt að legið hefði fyrir þegar verið var að ganga frá þessari löggjöf hver væri staða þessara skuldbindinga því að það er ekki fullnægjandi, alla vega ekki þegar borið er saman við kröfur sem gerðar eru til annarra lífeyrissjóða í landinu, eitt út af fyrir sig að þeir fullnægi góðum reikningsskilavenjum heldur verða þeir einnig að fullnægja kröfum um tryggingaskuldbindingar, þ.e. að það sé vel tryggt að þeir lífeyrissjóðir sem eru í vörslu samvinnuhreyfingarinnar fullnægi tryggingaskuldbindingum sínum. Það atriði hefði þurft að liggja fyrir með sérstöku tilliti til þeirra þúsunda starfsmanna sem hér eiga hlut að máli.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa ánægju með það að þetta mál skuli vera komið til 2. umr. og með þann velvilja sem hv. þm. sýna málinu með því að afgreiða það í gegnum deildina eins hratt og raun ber vitni. Einnig vil ég taka það fram að mér finnst að sú breyting sem lögð er til af nefndinni sem gerð verði sé mjög til bóta og mjög eðlilegt að ákvæðin sem varða innlánsdeildirnar séu eingöngu í bráðabirgðaákvæðinu.

Þá vil ég að það komi líka fram að til að þessi lög gagnist hreyfingunni þarf að gera breytingu á skattalögum til samræmis við hlutafélagalög þannig að kaup á B-deildarbréfum í viðurkenndum félögum séu frádráttarbær til skatts. Þetta er mál sem kannski nær ekki fram að ganga á þessu þingi sem er alveg að ljúka, en alla vega verður þá tekið fyrir á næsta þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–54. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
55.–105. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 989 samþ. með 15 shlj. atkv.
106. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 999.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting á raunvöxtum). — Þskj. 727.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

87. fundur, föstudaginn 15. mars, að loknum 86. fundi.

Samvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 331).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 849, brtt. 899.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 899 kölluð aftur.
Frv. samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, SkA, SvG, JHelg.

nei: ÞK, DS, EgJ, EKJ, GHG, HBl, SalÞ.

4 þm. (GJH, KP, MF, StG) fjarstaddir.
7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Í umræðum um þetta mál hef ég gert grein fyrir því frá upphafi að þingkonur Kvennalistans hafa talið rétt að fjármagna þyrlukaup úr ríkissjóði í stað þess að láta happdrætti og ágóða af því ráða hvenær þyrla verði keypt. Ég fagna því að nú mun standa til að flytja brtt. við lánsfjárlög um að veita 100 millj. til þess að ganga til samninga um kaup á þyrlu og sé því ekki ástæðu til þess að þetta frv. verði samþykkt og greiði, eins og ég hef sagt frá upphafi, atkvæði gegn því og segi nei.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Enginn efast um ágæti þess málefnis sem hér er um að ræða og brýna nauðsyn. Ég verð hins vegar að játa það að ég hef afar miklar efasemdir um að hér sé verið að fara rétta leið og að þessi leið muni skila því sem til er ætlast. Ég held að ef við ætlum að kaupa þyrlu af þessu tagi, þá eigi menn einfaldlega að taka þá ákvörðun og gera það þó að fjármögnun þess kunni að vera erfið. En í ljósi þess samkomulags sem gert hefur verið og þó mér sé það raunar ekkert sérstaklega léttbært og í trausti þess að málið verði hugsanlega fært til annars og betri vegar í meðförum hv. Nd., þá segi ég já.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Um mál þetta hefur margt og mikið verið rætt alveg frá því fyrir áramót. Þetta er hið mesta vandræðamál og hefur alltaf verið og margbreytt og raunar einar fjórar eða fimm útgáfur af þessu legið fyrir í allshn. Leiðin var nú sú að menn sameinuðust um það að reyna að leysa málið án þess að vera að gera það að ágreiningi sem enginn ágreiningur er um, þ.e. að kaupa þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna, og niðurstaðan varð að flytja í Nd. við afgreiðslu lánsfjárlaga tillögu um heimild til að festa kaup á þyrlunni. Um það sameinuðust menn. Þar með var málið leyst og allur ágreiningur átti að vera horfinn. En nú hefur vegna einhvers konar ágreinings í hæstv. ríkisstjórn verið klúðrað enn einu sinni með þetta mál sem er orðið okkur þingmönnum til háborinnar skammar og þess vegna segi ég nei.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég held að við þurfum ekki að ræða mikið um nauðsyn þess að kaupa þyrlu hingað til landsins. Um það erum við öll sammála. Hins vegar hefur þetta mál þvælst hér víða í þinginu sem er okkur ekki til sóma. Ég segi já við þessari tillögu fyrst og fremst vegna þess að í lið 5.4.0 í fjárlögunum er ríkisstjórninni gefin heimild til þess að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán að því tilskildu að önnur fjármögnun komi til, m.a. af happdrættisfé. Þetta tel ég nægilega skýringu til þess að ljúka þessu máli og segi já.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um, ríkisrekið sjóðshappdrætti, er allt annað frv. en upphaflega var lagt fram í þinginu. Það er búið að hringla með þetta mál fram og aftur og það er búið að leysa það með samkomulagi þar sem tryggð hefur verið fjárveiting í lánsfjárlögum um að hægt sé að ganga til samninga um kaup á þyrlu. Þetta happdrætti er óþarft. Þetta happdrætti er samkeppni við hin frjálsu félagasamtök í landinu sem áhuga hafa á ýmsum góðum málefnum, björgunarstörfum og öðru, og vilja fá að reka slíkt happdrætti. Það var komið í veg fyrir það með því að breyta þessu happdrætti og þess vegna segi ég nei.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég vil vísa til þess er hv. þm. Jóhann Einvarðsson sagði hér í sambandi við þá samþykkt sem gerð var um leið og fjárlög voru afgreidd hér á haustdögum. Mér finnst undarlegt að hver þingmaðurinn á fætur öðrum gefur yfirlýsingar um það að það sé búið að leysa málið í sambandi við lánsfjárlög. Þeir virðast vita betur stjórnarandstæðingar heldur en við sem

stöndum að stjórninni. Ég tel að þetta mál leysist ekki á annan máta en þann að við samþykkjum það frv. sem hér er verið að fjalla um. Og ég vil benda á það þegar verið er að ræða um samkeppnisstöðu þessa máls við önnur happdrætti að við hefðum ekki fengið happdrætti SÍBS, það happdrætti sem hefur fært okkur kannski mest og best, ef við hefðum sagt að það væri verið að beita því í samkeppni við Happdrætti Háskóla Íslands. Ég segi já.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. fjmrh. lýsti hér yfir í ræðu að hann mundi taka þetta inn á fjárlög, 100 millj. kr., til þess að fullnægja því markmiði sem við hv. þm. leitumst eftir og með tilliti til þess segi ég nei.

Frv. afgr. til Nd.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 647, n. 926.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 926 um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Nál. þetta er frá allshn. og er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Frv. þetta er flutt af formönnum þingflokkanna og felur í sér þá meginbreytingu að deildaskipting Alþingis verði afnumin, ásamt ýmsum smærri atriðum sem tengjast störfum Alþingis. Nefndin hefur farið yfir efni frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og því var breytt í meðförum neðri deildar."

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Tilgangurinn með þessari breytingu er fyrst og fremst sá að auka sjálfstæði Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og færa starfshætti og skipulag þingsins í nútímalegra og um leið væntanlega betra horf þótt vissulega sé að sumu leyti eftirsjá í gamla tímanum. Meðal breytinga sem frv. gerir ráð fyrir er að þingmenn haldi umboði sínu til kjördags og Alþingi starfi allt árið. Með því að þing starfi allt árið er mun auðveldara að kalla þing saman til funda, ef fundum verður frestað t.d. vegna sumarleyfa, ef þörf er á.

Í núverandi skipulagi Alþingis eimir enn eftir af því er Alþingi fékk að koma saman til fundar af konunglegri náð. Með breytingu á starfstíma Alþingis, þingrofsrétti og bráðabirgðalögum er Alþingi án efa að auka sjálfstæði sitt gagnvart framkvæmdarvaldinu en um leið eykur þingið ábyrgð sína gagnvart þjóðinni. Með því að færa þingið saman í eina málstofu vænta flutningsmenn að starfshættir og skipulag þingsins verði bætt.

Hvað varðar t.d. starf nefnda má benda á að hver þingmaður situr í mun færri nefndum, oftast einni til tveimur, og því gefst mun betri tími til að kanna einstök mál. Jafnframt eykst ábyrgð þingnefnda og ef þær valda henni eykst vægi þingnefnda í þjóðmálaumræðunni frá því sem nú er. Ég tel því þessar breytingar til bóta.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa um nánari efni að mestu til framsöguræðu hv. 4. þm. Suðurl. Margrétar Frímannsdóttur er hún mælti fyrir frv. hér í deildinni.

Nefndin athugaði sérstaklega hvort breyta þyrfti þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar er varða dómendur með tilliti til þess að eftir 1. júlí 1992 verða héraðsdómarar umboðsstarfalausir. Í 35. gr. laga um meðferð einkamála í héraði kemur fram að héraðsdómendum verður ekki vikið úr embætti nema með dómi. Jafnframt kemur þar fram sú regla að héraðsdómendum má veita lausn þegar þeir hafa náð fullra 65 ára aldri, enda njóti þeir óskertra kjara til 70 ára aldurs. Hins vegar gildir regla 61. gr. stjórnarskrárinnar um hæstaréttardómara. Í 8. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, sem gildi taka 1. júlí 1992, er ákvæði 35. gr. einkamálalaganna um þetta atriði tekið upp efnislega óbreytt. Löggjöfin hefur því á engan hátt gert ráð fyrir að regla stjórnarskrár um hæstaréttardómara, sem upphaflega var sett til að vernda landsyfirréttardómara, nái til héraðsdómara og engin ástæða er til að ætla að ákvæði stjórnarskrárinnar verði túlkuð á annan hátt eftir 1. júlí 1992 en hingað til við þessa atburði.

Hvað varðar kjörgengi héraðsdómara má með sömu rökum segja að túlkun stjórnarskrárinnar frá upphafi, að einungis hæstaréttardómarar hafi ekki kjörgengi, sé óbreytt. Ef breyta ætti túlkun á þessum ákvæðum stjórnarskrár þyrfti skýrar breytingar á henni. Af þessum ástæðum taldi allshn. ástæðulaust að breyta ákvæðum stjórnarskrár er varða hæstaréttardómara.

Nefndin hefur farið yfir efni frv., eins og fram kom áðan þegar ég las nál., og leggur samhljóða til að það verði samþykkt eins og því var breytt í meðförum Nd.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Formaður og frsm. hv. allshn. hefur lokið máli sínu. Hann hefur gert grein fyrir störfum nefndarinnar. Það hlaut að vera forvitnilegt að heyra hvað hann hefði að segja. Hér er ekki um neitt minni háttar mál að ræða og ekkert venjulegt. Það er hér á ferðinni frv. til breytinga á stjórnarskrá ríkisins og ekki nóg með það. Frv. sem við nú fjöllum um felur í sér eina gagngerðustu breytingu sem gerð hefur verið á stjórnarskránni í nær 120 ár, eða allt frá 1874. Og nú höfum við heyrt hvað formaður og frsm. allshn., hv. 5. þm. Reykv., hefur um málið að segja.

Það verður ekki sagt að nál. sé þess eðlis að það beri með sér að hér sé merkilegt mál á ferðinni. Hv. 5. þm. Reykv. las upp nál., tvær setningar. Það er vissulega ekki hægt að sjá að eitthvert meiri háttar mál sé í farvatninu. Nál. ber það ekki með sér, hvorki að efni né formi til. En hv. allshn. þarf kannski ekki að vera alls varnað. Fyrir fram hljótum við að gera ráð fyrir að nefndin hafi unnið í málinu af slíkri kostgæfni og elju-

semi sem hæfir. Að vísu var samt ekki hægt að draga þá ályktun af framsögu hv. 5. þm. Reykv. fyrir nál. En ekki vil ég gera hlut nefndarinnar minni en vert er. Ég vildi mega ganga út frá því að framsaga hv. 5. þm. Reykv. gæfi ekki raunhæfa mynd af störfum nefndarinnar.

Þá ætla ég að af hæversku sinni sé hann ekkert að halda á lofti því sem honum sjálfum og nefndinni er til lofs og virðingar. Við, sem ekki eigum sæti í hv. allshn., verðum því að grípa til raunhæfra upplýsinga um meðferð málsins og hverjar eru nú þær? Frv. um breytingu á stjórnarskránni sem við nú fjöllum um barst í hendur allshn. 18. febr. Málið var fyrst tekið fyrir á nefndarfundi 27. febr. og síðan 4. mars. Þá voru þrír nefndarfundir, þar sem málið var ekki tekið fyrir, 5., 6. og 11. mars. En 12. mars er rætt um málið í nefndinni og svo að lokum 13. mars þegar það er afgreitt úr nefndinni. Í öll skiptin sem málið er til meðferðar í nefndinni eru fleiri frv. tekin til meðferðar.

Svo er að sjá af þessu sem ég hef nú sagt frá um störf hv. allshn. að nefndin hafi ekki lagt svo mikla vinnu í athugun á frv. né kvatt kunnáttumenn í stjórnskipunarrétti til fundar við sig. Eiga slík vinnubrögð ekki síst við þegar um vandasöm og flókin mál er að ræða, svo að ekki sé talað um gagngerða breytingu á stjórnarskránni sem hér er um að tefla.

Ég tek fram að ég vil engar brigður bera á hæfni og samviskusemi nefndarmanna í allshn. sem ég þekki ekki af öðru en öllu góðu. En ég vek athygli á störfum nefndarinnar að gefnu tilefni. Og hvert er tilefnið? Það er ekki annað en nál. og ræða formanns nefndarinnar hér áðan. Af þeirri ræðu mátti ekki merkja að vinnubrögð nefndarinnar hefðu verið eðlileg svo að ekki sé meira sagt. En ég er að láta mér til hugar koma að ekki séu öll kurl komin til grafar og ég vildi mega vona að hv. 5. þm. Reykv. lumaði á einhverju sem ætti eftir að koma í ljós. Og hvers vegna er ég að gera mér vonir? Það er yfirlýsing hv. 5. þm. Reykv. sjálfs. Við 1. umr. þessa frv. sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar þetta mál kemur fyrir hv. allshn. kem ég að sjálfsögðu til með að fara mjög náið ofan í breytingar sem hér eru lagðar til og kalla á aðila sem þekkja þessi mál mjög vel."

Svo fylgja viðurkenningarorð um mig, sem ég ætla ekki að lesa upp hér þó ég kunni vel að meta. Síðan hélt hv. þm. áfram ræðu sinni og sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En ég heiti þessari þingdeild því að þetta mál fái mjög góða meðferð í þeirri nefnd sem ég á sæti í og stjórna þannig að hér verði ekki eitthvert slys í þessa átt, því að eins og flestir vita, þá verður mjög erfitt að ganga skrefið til baka."

Í þessari ræðu sagði formaður hv. allshn. enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er ekki jafnsannfærður nú eins og kannski áður að þarna sé verið að stíga skref í þá átt sem eðlilegt megi vera."

Nú vil ég gjarnan heyra nánar um hvers hv. 5. þm. Reykv. varð vísari þegar hann var búinn að fara mjög náið ofan í þær breytingar sem felast í frv. þessu. Ég vil mega vona að við fáum að heyra eitthvað um það. Hv. þm. gerði ekki grein fyrir því í ræðu sinni hér áðan.

En ég er ekki viss um það hvort við heyrum meira. Það hvarflar að mér að það sé ekkert frekar að segja af störfum allshn. í þessu máli. Það er einfaldlega vegna þess að mér sýnast vinnubrögð nefndarinnar bera öll einkenni þess að enginn áhugi hafi verið fyrir því að afgreiða frv. Við könnumst öll við slíkt ástand og alvanalegt er að mál séu ekki afgreidd út úr nefnd. Það hefur ekkert með að gera óvönduð vinnubrögð sem ég vil í raun og sannleika ekki væna nefndarmenn um. Þetta mótast einfaldlega af afstöðu til mála sem hver nefnd hefur rétt til þess að móta fyrir sig. En það sem ég læt mér koma til hugar er að afgreiðsla nefndarinnar á þessu máli hafi komið til í skyndi á síðustu stundu af einhverjum ástæðum sem ég skal ekki fara út í en get samt getið mér til um. Er þetta þá velviljaðasta skýringin á því að nefndin skuli að því er virðist hafa skilað af sér málinu óunnu, óathuguðu, að meira eð minna leyti.

En við sitjum uppi með aðeins það sem fram kemur í nál. hv. allshn. og framsögu fyrir því. Verður því ekki komist hjá að segja sannleikann umbúðalaust. Það verður að horfast í augu við staðreyndir. Hér í þessari hv. deild er þá að finna sömu vinnubrögðin í þessu máli sem einkenna allan málatilbúnað og málsmeðferð þessa frv. sem er með slíkum endemum að lengi mun minnst í annálum Alþingis.

Við 1. umr. gerði ég grein fyrir hneykslismeðferð þessa máls. Þegar frv. þetta var til 1. umr. ræddi ég aðalatriði þess, sem er afnám deildaskiptingarinnar, og skal ég ekki endurtaka það nú. Öll önnur efnisatriði frv. annaðhvort leiðir af því að þingið verði ein málstofa eða eru hrein aukaatriði borið saman við afnám deildanna. Mér þykir samt rétt að víkja nokkrum orðum að því sem ég kalla aukaatriði.

Í 8. gr. frv. er kveðið svo á að Alþingi standi allt árið, þ.e. frá 1. okt. til jafnlengdar næsta ár. Því er haldið fram að um veigamikla breytingu sé að ræða á störfum Alþingis þar sem það muni standa að formi til allt árið. Samt er sagt að ekki séu uppi áform um að lengja verulega starfstíma Alþingis frá því sem nú er og venja hefur skapast um á síðari árum. Ég verð að segja að ekki liggur í augum uppi að slík breyting sem þessi sé til nokkurra bóta. Þó kann það að geta verið álitamál. Í 6. gr. eru svo lagðar til smávægilegar breytingar á orðalagi. Vegna breytts starfstíma Alþingis leiðir það af sjálfu sér og er ekkert um það að segja.

Þá er í 6. gr. frv. að finna ákvæði um að Alþingi sé settur frestur í einn mánuð til þess að afgreiða frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum. Jafnframt er sú skylda lögð á ráðherra að leggja staðfestingarfrv. fram á fyrsta fundi Alþingis þegar það kemur saman að nýju eftir útgáfu laganna. Þá er lagt til að bráðabirgðalögin falli úr gildi ef þingið hefur ekki lokið afgreiðslu frv. innan mánaðar frá því það var lagt fram. Þessar breytingar á meðferð bráðabirgðalaga frá því sem nú er tel ég vera til bóta.

Ég vík þá að 5. gr. frv. Þar er lagt til að stytta fresti er varða þingrof þannig að ekki megi líða nema einn og hálfur mánuður frá því að forseti Íslands gerir kunnugt um þingrof og þar til kosningar til Alþingis fara fram í stað tveggja mánaða sem nú er. Þá er jafnframt lagt til í þessari grein að ekki megi líða meira en tíu vikur frá því að þingrof er birt og þar til nýtt þing kemur saman í stað átta mánaða sem nú gildir. Ég tel að ákvæði þessarar greinar um styttingu á þeim frestum sem varða þingrof sé til bóta, jafnframt að taka fram, eins og í þessari grein segir, að alþingismenn haldi umboði sínu til kjördags.

Þá eru ekki óeðlileg ákvæði 16. og 17. gr. frv., að fella niður að embættismenn sem á þing eru kosnir þurfi leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosningu og embættismenn launi staðgengla sína meðan þeir sitja á þingi. Sama er að segja um að fella niður ákvæði um að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Í framkvæmd er hér um engar breytingar að ræða. Þessi ákvæði voru fyrir löngu orðin úrelt og var þess vegna ekki framfylgt og því sjálfsagt að færa stjórnarskrána til samræmis við veruleikann.

Í 8. gr. frv. er sú breyting að samkomudagur Alþingis skuli vera 1. okt. í stað 10. okt. Auðvitað hefur þessi breyting enga þýðingu en er hins vegar gott dæmi um þegar breyting er gerð breytingarinnar vegna. En það eru auðvitað þær breytingar sem helst ber að varast.

Loks er í 15. gr. frv. ákvæði um að fella niður eiðvinningu alþingismanna. Það er rétt að hún mun ekki lengi hafa viðgengist en engu að síður virðist fara betur á því að eiðvinning verði ekki útilokuð meðan við höfum þjóðkirkju í þessu landi.

Ég hef þá lokið við að fara yfir öll eða flest ákvæði frv. sem ég hef kallað aukaatriði. Allar þessar breytingar, sem lagðar eru til, hefði eins mátt gera án þess að tekin sé kollsteypa í skipulagi Alþingis með afnámi deildaskiptingarinnar. Þær eru því ekki í neinu sambandi við aðalatriði frv. sem er fólgið í því að gera Alþingi að einni málstofu.

Hins vegar hefur þessi grundvallarbreyting á skipulagi Alþingis, afnám deildaskiptingar, í för með sér nauðsynlegar breytingar á þingsköpum til samræmis. Það er þess vegna rétt, sem hér hefur komið fram í umræðunni, að miklu varði hvernig fer um breytingar á þingsköpum.

Með þessu frv. er fylgiskjal yfir drög að frv. til laga um þingsköp Alþingis. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þessi drög. Þar er ekki eingöngu að finna tillögur til breytinga sem leiða af afnámi deildanna heldur og breytinga sem eru óháðar og ótengdar því máli og ástæða er til að víkja sérstaklega að.

Í 1. gr. draganna er að finna tvær breytingar. Lagt er til að þegar Alþingi komi saman við þingsetningu skuli sá þingmaður sem hefur lengsta þingsetu að baki stjórna umræðum þangað til forseti þingsins er kosinn og standa fyrir kosningu hans í staðinn fyrir að þetta annist elsti þingmaðurinn svo sem nú er. Þetta er bæði lítið mál og álitamál. Hin breytingin er að á fyrsta fundi þingsins eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis skuli kjósa sjö þingmenn í nefnd til að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna. Er þessu ætlað að koma í stað þess sem verið hefur að þingmenn gangi eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir til þess að prófa kjörbréf. Sú skipan sem á þessu hefur verið hefur dugað vel og má færa rök fyrir að breytingin sem lögð er til sé ekki til batnaðar. Báðar breytingarnar samkvæmt þessari grein eru óháðar því hvort þingið er í tveim deildum eða einni málstofu og báðar má heimfæra undir breytingu breytinganna vegna sem ekki er til fyrirmyndar eins og ég áður sagði.

Í 28. gr. draganna er lagt til að tillögur um vantraust og frestun á fundum Alþingis skuli afgreiða við eina umræðu en ekki tvær eins og nú er. Ekkert mælir gegn þessari breytingu. Hið sama verður ekki sagt um þá breytingu, sem þessi grein felur í sér, að í stað þess að nú er mælt svo fyrir að um þáltill., er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, gildi ákvæði 36. gr. þingskapa við báðar umræður, er lagt til að setja það í vald forseta hvort svo skuli vera eða ekki. Ef þessi breyting getur haft einhverja þýðingu, sem verður að ætla að meiningin sé, er hér um takmörkun á málfrelsi þingmanna að ræða.

Þá segir í drögunum að á eftir 30. gr. komi ný grein sem kveði svo á að þegar alþjóðanefnd leggur skýrslu fyrir þingið til umræðu skuli framsögumaður nefndarinnar gera grein fyrir henni. Hér er um óþarfa sparðatíning að ræða og því til lýta því að þetta segir ekkert annað en að áfram gildi sömu reglur um skýrslur alþjóðanefnda sem aðrar skýrslur, svo sem er og verið hefur.

Í 31. gr. draganna er fjallað um fyrirspurnir. Þar er lagt til að heimila öðrum þingmönnum en fyrirspyrjanda og ráðherra að gera einnar mínútu athugasemd hverjum. Hér er um að ræða vafasama tilslökun frá því sjónarmiði að halda orðaskiptum sem mest milli fyrirspyrjanda og ráðherra svo að komið verði í veg fyrir almennar umræður um fyrirspurnina.

Í 32. gr. draganna er að finna breytingu á utandagskrárumræðum skv. 2. mgr., þ.e. hinn lengri umræðutími. Nú gildir að ekki eru takmarkanir á ræðutíma, en hér er lagt til að takmarka hann verulega þannig að málshefjandi og ráðherra megi ekki tala lengur en tíu mínútur og aðrir þingmenn eigi lengur en fimm mínútur í senn. Þessi breyting er mjög varhugaverð og raunar ámælisverð. Ekki má takmarka umræðu um svo mikilvæg mál sem hér er um að ræða, en hins vegar verður forseti að gæta þess að leyfa þessar umræður utan dagskrár því aðeins að um mikilvæg mál sé að tefla.

Í 37. gr. draganna er gerð athyglisverð tillaga. Þar segir að forseti geti leyft þingmönnum að gera stuttar athugasemdir við einstakar ræður strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill gera athugasemd bera fram ósk um það við forseta. Hver athugasemd má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara henni á tveim mínútum. Þetta er nýjung sem ég vil mæla með, enda hefur þessi hugmynd oft áður komið til athugunar þó að ekki hafi

komið að því að framkvæma hana.

Ég hef hér vikið að nokkrum breytingum sem lagðar eru til í drögum þessum að frv. til laga um þingsköp. Þessi atriði leiða ekki af afnámi deildaskiptingarinnar og væri hægt að innleiða án tillits til þess.

Aðrar breytingar í drögum þessum eru bein eða óbein afleiðing þess að þingið verði gert að einni málstofu. Þær breytingar ætla ég ekki að fara að ræða sérstaklega nú nema tvennt sem vert er að vekja athygli á.

Annars vegar er 15. gr. draganna sem fjallar um nefndaskipun Alþingis. Þar fela breytingar í sér að nefndasætum er fækkað úr 143 í 108. Leiðir þetta beinlínis af því að þingið verði ein málstofa. En þetta breytir ekki því að koma má við fækkun nefndasæta ef menn telja það út af fyrir sig til bóta með breyttri nefndaskipun þó að haldið sé við deildir þingsins.

Hins vegar vildi ég vekja athygli á 36. gr. draganna. Í 36. gr. þingskapalaga er nú að finna hina almennu reglu um málfrelsi þingmanna. Nú er í drögum sem hér liggja fyrir rofið skarð í þann varnarmúr sem þingmenn hafa haft gegn heftingu málfrelsis. Það er lagt til að þegar brýna nauðsyn beri til geti forsrh. — ég endurtek, geti forsrh. gert tillögu um að ræðutími þingmanna sé takmarkaður við átta mínútur. Hverjum þingmanni skal þá einungis heimilt að tala einu sinni við hverja umræðu. Hér er vá fyrir dyrum og höfuðið er bitið af skömminni með því að forsrh. skuli tilkvaddur til að takmarka málfrelsi þingmanna því að það fær með engu móti samrýmst stöðu Alþingis og framkvæmd þingræðis. Þessa breytingu mætti gera án tillits til breytinga á deildaskipuninni. En sá er munur að engum mundi hafa komið þetta til hugar við þá skipun óbreytta sem nú er. Hins vegar eru slíkar takmarkanir á málfrelsi þingmanna óhjákvæmilegar ef þingið verður í einni málstofu, — ég endurtek, óhjákvæmilegar takmarkanir á málfrelsi þingmanna. Leiðir þetta af eðli málsins sem ég skýrði við 1. umr. þessa frv.

Við 1. umr. í þessari hv. deild um þetta frv. virtust mér koma fram efasemdir hjá sumum, raunar flestum ræðumönnum, svo að ekki sé meira sagt. Þessar efasemdir voru um meginefni frv., afnám deildaskiptingarinnar. Yfirlýsingar hv. þingdeildarmanna um þetta efni eru þess eðlis að ekki verður komist hjá því að vekja athygli á þeim. Þannig sagði hv. 6. þm. Reykn., með leyfi hæstv. forseta:

„En ég get ekki annað en talað hérna svolítið út frá tilfinningum og þá er mér kannski efst í huga sú spurning hvort þessi breyting, að breyta störfum Alþingis í eina málstofu, sé í raun til bóta. Hvort það verði til að einfalda störf þingsins, til þess að gera þau skilvirkari og til þess að auðvelda þingmönnum að fjalla um störf sem snúa að löggjafarstarfinu og fara fram í deildum þingsins. Þetta finnst mér vera meginatriðið og til marks um það þá hafa verið og eru miklar efasemdir í mínum huga að þarna hafi menn rétt fyrir sér. Kannski ekki síst fyrir það hvað við heyrum það oft frá þingmönnum sem hafa átt þess kost að taka þátt í störfum þingsins í báðum deildum."

Þetta sagði hv. 6. þm. Reykn.

Í þessum umræðum gagnrýndi hv. 18. þm. Reykv. mjög svo réttilega ýmislegt í þinghaldinu og bætti við, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér datt í hug að þegar hv. formenn þingflokkanna fóru að hugsa sér að breyta úr tveimur þingdeildum í eina, þá væri það fátækleg tilraun þeirra til að bæta eitthvað úr þessu. En ég er ekkert viss um að þetta sé rétt aðferð, alls ekki viss um það."

Þetta sagði hv. 18. þm. Reykv.

Þá flutti hv. 8. þm. Reykv. athyglisverða ræðu og sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er ekki reiðubúinn til þess að leggja niður það deildafyrirkomulag, þá deildaskipan sem nú er, fyrr en í fyrsta lagi að frv. til þingskapalaga liggur fyrir og í öðru lagi að það sé tryggt að staða minni hlutans og stjórnarandstöðu þar með sé tryggð og jafnframt að staða einstakra þingmanna til þátttöku í málsmeðferð í þinginu verði með þeim hætti að við verði unað."

Þetta sagði hv. 8. þm. Reykv.

Kem ég þá að því sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði til málanna að leggja í merkum athugasemdum sem hann flutti og sagði þá m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef miklar, svo að ég segi ekki meira úr þessum stóli nú, efasemdir um ágæti þessa máls. Og ekkert, ekki nokkur skapaður hlutur hefur komið fram í máli þeirra sem breytingarnar flytja eða sem breytingarnar styðja sem sannfærir mig um nauðsyn þessa máls. Ef eitthvað er sem komið hefur fram í umræðunni, þá er það hið gagnstæða."

Þetta sagði hv. 3. þm. Norðurl. v.

Að lokum get ég ekki stillt mig um að vitna í ræðu hv. 5. þm. Reykv. sem fjallaði um málið á yfirvegaðan hátt og sagði m.a.: „Ég er ekki jafnsannfærður nú eins og kannski áður um að þarna sé verið að stíga skref í þá átt sem eðlilegt megi vera."

Þetta sagði hv. 5. þm. Reykv., frsm. hv. allshn.

Þegar ég rifja upp þessi ummæli og ýmis önnur úr ræðum manna við 1. umr. þessa frv. sem við nú fjöllum um verð ég að segja að ég ætti ekki að vera úrkula vonar um að takast megi að forða því slysi að deildaskipting Alþingis verði aflögð.

En hvað sem öllu líður er enginn vafi á að ýmsir hv. deildarmenn bera kvíðboga fyrir því að taka það örlagaríka spor að umturna skipan Alþingis í bráðræði. Menn eru áhyggjufullir yfir því sem koma kann. Er þá mikils um vert að halda höfði og missa ekki sjónar á aðalatriðum og láta ekki aukaatriði villa sér sýn. Við 1. umr. um frv. fannst mér bregða fyrir að höfð væru hausavíxl á málinu og talað um væntanleg þingskapalög sem aðalatriði en í skuggann félli meginatriðið, sem er sjálf skipulagsbreyting Alþingis úr deildum í eina málstofu. Og mér fannst sum ummæli bera vott um hæpnar áherslur á því sem borinn væri kvíðbogi fyrir.

Menn töluðu t.d. í þessum umræðum um nauðsyn þess að framkvæmdarvaldið eða ríkisstjórnin, hver sem hún er, gangi ekki á rétt þingsins. Látum svo vera. Lögð var sérstök áhersla á að við breytingar á stjórnarskránni verði að hafa þetta í huga og gera nauðsynlegar breytingar á þingsköpum til þess að gæta réttar

Alþingis. Þetta er gott og blessað svo langt sem það nær. En að vissu leyti byggist þetta tal á nokkrum misskilningi.

Það er rétt eins og menn átti sig ekki fullkomlega á eðli þess þingræðisskipulags sem við búum við og rugli saman við stjórnarform þar sem framkvæmdarvaldið hefur sjálfstæða stöðu gagnvart þinginu, svo sem er í Bandaríkjunum. Þar er ekki nema eðlilegt að árekstrar og togstreita sé milli löggjafarþingsins og forseta ríkisins og ríkisstjórnarinnar sem hann skipar án atbeina þingsins. Þar skiptir öllu máli að réttur þingsins megi vera sem best tryggður með sérstökum ákvæðum í stjórnarskrá og þingsköpum.

Allt öðru máli gegnir í skipulagi þingræðisins eins og við búum við. Þar er framkvæmdarvaldið sett undir þingið og ríkisstjórnir sitja fyrir náð þingsins. Ríkisstjórn situr og fer með völd í umboði þingsins. Ríkisstjórnir eru til þess að koma í framkvæmd vilja þingsins. Slíku verkefni fylgir að vísu forustuhlutverk eins og jafnan fer saman við framkvæmdastjórn á hvaða vettvangi sem er. En það breytir ekki stöðu þingsins né hinu mikilvæga hlutverki þingsins, að halda uppi gagnrýni á ríkisstjórn hver sem hún er.

Það er hlutverk þingsins að veita ríkisstjórn aðhald og það er grundvallarþáttur í framkvæmd þingræðisins að þetta aðhald megi vera virkt fyrir atbeina stjórnmálasamtaka eða þingflokka og umfram allt stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Öryggi eða trygging gagnvart ofríki og þjösnaskap ríkisstjórna liggur ekki í nákvæmum fyrirmælum og takmörkunum á stjórnsýsluaðferðum ríkisstjórna heldur í hinu lýðræðislega aðhaldi þingsins með beinskeyttri og áhrifaríkri gagnrýni. Ef ríkisstjórn lætur sér ekki segjast er þrautaráðið, ef allt um þrýtur og þingið vill svo viðhafa, að það taki umboðið af ríkisstjórninni með því að samþykkja vantraust. Þingið eða meiri hluti þess ber ábyrgð á ríkisstjórn og gerðum hennar meðan hún situr og hefur ekki við aðra að sakast en sig sjálft um það sem miður kann að fara. Þetta er besta tryggingin fyrir því að ríkisstjórn gangi ekki á rétt þingsins og ákvæði þingskapalaga breyta hér litlu um.

Við 1. umr. fór ég lið fyrir lið yfir þær ástæður sem færðar hafa verið fram fyrir aðalefni frv. þessa, afnámi deildaskiptingar Alþingis, sýndi fram á haldleysi þeirra og reifaði rökin sem mæla gegn því. Ég vek athygli á því að engar athugasemdir komu fram við mál mitt. Ég endurtek: Það komu engar athugasemdir fram við mál mitt. Þvert á móti lýstu flestir ræðumenn viðhorfum sem fóru saman við mínar ástæður fyrir því að standa gegn samþykkt þessa frv. Ég hef því ekki miklu að svara nú og raunar engu sem varðar meginatriðið, um deildaskiptinguna. Samt sem áður þykir mér hlýða, svo mikilvægt og einstætt sem þetta mál er, að rifja upp helstu atriði þess sem ég rakti við 1. umr. lið fyrir lið.

Ég sýndi fram á að ekki eru rök fyrir þeirri fullyrðingu að með afnámi deildaskiptingar Alþingis væri verið að afmá síðustu leifar af nýlenduveldi Dana hér á landi. Enginn hefur hér í hv. deild mótmælt þessari skoðun minni.

Ég sýndi fram á haldleysi þeirra fullyrðinga að ein málstofa geri Alþingi skilvirkara en deildaskiptingin og benti á að það væri þveröfugt. Enginn hefur hrakið rök mín og raunar ekki tjáð sig um það sem ég hafði fram að færa um þetta efni.

Ég sýndi fram á að ekki gerist þörf á að kollsteypa skipan Alþingis til þess að koma á ýmsum endurbótum í vinnubrögðum, svo sem með breyttri nefndaskipan. Enginn andmælti þessu.

Ég sýndi fram á mikilvægi deildaskiptingarinnar til þess að þjóðþingið gæti sem best gegnt hlutverki sínu sem löggjafi og vettvangur þjóðmálaumræðu. Enginn gerði athugasemdir við þetta grundvallaratriði málsins og þær staðreyndir að allar sambærilegar lýðræðisþjóðir hafa tvískipt þjóðþing nema Danir og Svíar sem tóku upp eina málstofu fyrir 20–30 árum.

Ég sýndi fram á staðleysu þeirrar fullyrðingar að til undantekninga heyri að frv. séu send aftur á milli deilda og gaf tölulegar upplýsingar um að þessu er þveröfugt farið svo að á sumum þingum eru allt að 30% frv. sem ganga á milli deilda. Enginn neitaði að hafa það sem sannara reynist.

Ég sýndi fram á að ekki er allt sem sýnist í fullyrðingum um að deildaskiptingin sé í andstöðu við þá viðurkenndu grundvallarreglu í lýðræðislegum stjórnkerfum að meiri hlutinn ráði úrslitum. Ég benti á að þó að ríkisstjórn með naumum meiri hluta geti verið vandi á höndum vegna þess að vanti á meiri hluta í báðum deildum geti andhverfa slíkra ókosta, sem í undantekningartilfellum kunna að fylgja deildaskiptingu Alþingis, eins vel verið kostur sem felst í vernd sem veitt er minni hlutanum og trygging fyrir því að naumur meiri hluti knýi ekki fram meiri háttar deilumál. En hvað sem þessu líður benti ég á að ekkert væri því til fyrirstöðu að settar séu nýjar reglur um meðferð ágreinings milli deilda svo að strängustu kröfum um lýðræði væri fullnægt. Enginn mótmælti þessum sjónarmiðum.

Ég sýndi fram á að aðalatriðið væri að halda við deildaskiptingunni en gera mætti breytingu á uppbyggingu og skipulagi deildanna. Enginn andmælti þessum augljósu sjónarmiðum.

Ég sýndi fram á haldleysi annarra ástæðna sem tæpt hefur verið á, svo sem að tími ráðherra nýtist betur í einni málstofu, að málsmeðferð á Alþingi virðist óþarflega flókin í augum almennings og að kostnaður við þinghaldið muni minnka. Enginn mótmælti neinu sem ég hafði um þessi efni að segja.

Ég er ekki að rifja þetta upp til áfellis einum eða öðrum, þvert á móti. Ég get ekki skilið þetta á annan veg en að hv. deildarmenn taki með þögninni undir þær meginástæður sem ég hef fært fram gegn afnámi deildaskiptingarinnar. Þar við bætist að fimm hv. deildarmenn af sjö, sem tóku þátt í 1. umr. málsins auk mín, lýstu beinlínis skilningi eða stuðningi við þau viðhorf sem ég hef einkum mælt fyrir í máli þessu eins og ég hef áður vitnað til. Það mætti því ætla að mér yrði að ósk minni. En við 1. umr. sagði ég að ekki væri öll nótt úti þó að hv. Nd. hefði illu heilli samþykkt frv. Þess væri að vænta að hvað sem öllu liði entist hv. Ed.

ábyrgðartilfinning til að láta ógert að samþykkja þetta frv. um afnám deildaskiptingar. Þá stæði hv. Ed. vörð um sæmd og stöðu Alþingis.

En nú höfum við fengið nefndarálit allshn. sem kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum. Hvað er hér á seyði? Það er aðalsmerki frjálsrar umræðu að vega og meta hin mismunandi sjónarmið sem fram eru sett. En formælendur afnáms deildaskiptingarinnar halda sínu striki, hvað sem tautar, líta hvorki til hægri né vinstri og þramma beint áfram til einnar málstofu. Manni koma helst til hugar hinar átakanlegu sögur af þarfasta þjóninum forðum daga í kolanámunum með augnablöðkurnar sem byrgðu útsýn til beggja hliða. Og hér stöndum við í umræðum um mál sem með engu móti getur talist svo lítilvægt að ekki verðskuldi vandaða og gagngerða umræðu. Hér erum við að ræða það sem mikilvægast er af öllu, stjórnarskrá landsins. Og við erum að ræða eina gagngerðustu breytingu á stjórnarskránni sem nokkru sinni hefur verið gerð frá 1874. Er nema von að spurt sé hvað sé hér á seyði? Er málstaðurinn fyrir afnámi deildaskiptingarinnar svo veikur að menn skirrist við að ræða hann niður í kjölinn?

Það má varla spyrja svona, en hvað á maður að halda? Og þetta um sjálfa efnishlið málsins. En kannski er það formhlið þessa máls eða málsmeðferðin sem gefur svar við spurningunni.

Ég hef talað um upphlaup á móti deildaskiptingunni og haft þá sérstaklega í huga málsmeðferðina. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt um það efni, hvernig gengið hefur verið fram hjá hinni lögformlegu stjórnarskrárnefnd, umboðsleysi forseta og flutningsmanna frv., undanbrögð frá viðtekinni reglu að vísa frv. til stjórnarskrárnefnda í stað fastanefnda og æðibunugang málsins gegnum þingið.

En kannski sker mest í eyru hin æpandi þögn í þessu máli. Þegar stjórnarskrárbreytingar hafa verið í farvatninu hafa þær jafnan verið fyrirferðarmiklar í þjóðmálaumræðunni. Þær hafa þá oftast skyggt á öll önnur mál og verið aðalmál alþingiskosninga. Nú bregður svo við að farið er með stjórnarskrárbreytingu sem laumuspil og þó er þetta ein gagngerðasta breytingin á stjórnarskránni síðan 1874. Það er eins og formælendur afnáms deildaskiptingarinnar vilji fara með málið eins og mannsmorð. Þeir gera ekkert til þess að færa málið út í þjóðmálaumræðuna svo að þjóðin megi fylgjast með og glöggva sig á hvað er um að vera. Þeir túlka ekki málstaðinn né skýra. Sláandi dæmi horfðum við upp á í gær. Í eldhúsdagsumræðum var ekki eitt orð — ég endurtek, ekki eitt orð sagt um það mál sem í raun ætti að skyggja á öll önnur mál vegna mikilvægis þess til frambúðar. Það var ekki minnst á stjórnarskrárbreytingu. Það var látið sem engu máli skipti ein mikilvægasta breyting sem gerð hefur verið frá fyrstu tíð og varðar sjálft Alþingi sérstaklega með því að kollsteypa skipulagi þess.

Vilja menn ekki skenkja þessu athygli? Vilja menn láta þetta sem vind um eyru þjóta?

Hv. þingmenn efri deildar. Það má vera að samsæri þagnarinnar hæfi best þeim málstað að leggja niður deildir Alþingis. En slíkt hæfir þó ekki hv. Ed. og raunar heldur ekki Alþingi í heild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, DS, EG, EKJ, GuðmÁ, HÁ, HBl, JE, KSG, SalÞ, SkA, StG, SvG, JHelg.

nei: ÞK, GHG, GJH.

4 þm. (EgJ, JúlS, KP, MF) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Með vísan til þess sem ég sagði við 1. umr. þegar ég lýsti afstöðu minni til frv. og þess sem ég teldi að það hefði í för með sér segi ég nei.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. gerði ég grein fyrir því að ég væri efins um ýmis atriði í þessu frv. Ég hef ekki sannfærst um að það sé komið í það horf sem ég álít skynsamlegt að samþykkja og segi þar af leiðandi nei.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég gerði grein fyrir mínum viðhorfum við 1. umr. þessa máls og er hlynntur því að Alþingi verði sameinað í eina málstofu. Ég vil hins vegar taka það fram að gefnu tilefni að mjög mikilvægt fylgiskjal með frv. þessu er drög að frv. til breytinga á þingskapalögum. Þar eru ýmis ákvæði sem eru umhugsunarverð og eitt sem ég get alls ekki fellt mig við. Þar er gert ráð fyrir því að forsrh. hafi möguleika til þess að gera tillögu um að takmarka ræðutíma þingmanna og annarra ráðherra en þess sem mælir fyrir stjfrv. við átta mínútur. Ég tel í rauninni að hér sé um algerlega fráleitt ákvæði að ræða þó að það sé ekki nema vegna þess að forsrh. getur auðvitað verið utanþingsmaður og það að fela forsrh. vald af þessu tagi er fullkomin fjarstæða að mínu mati. Ég skora á hv. þingmenn sem hér eru og ekki hafa veitt því athygli hvernig þetta ákvæði er að tjá sig um það með einhverjum hætti við 3. umr. málsins þannig að fyrir liggi vilji sem flestra þingmanna í þá veru að ákvæði það sem hér er um að ræða, og er í 36. gr. þingskapalagadraganna, verði fellt úr þegar þar að kemur. Ég mun beita mér fyrir því. Ég tel að hér sé um gersamlega fráleitan, óþingræðislegan og ólýðræðislegan hlut að ræða.

Það breytir ekki því að ég tel það til bóta að Alþingi verði sameinað í eina málstofu. Fyrir því eru mörg rök sem ég hef rakið. Ein þeirra rakti ég hér í fyrradag þegar ég mælti fyrir frv. til grunnskólalaga og ég hirði ekki um að endurtaka hér. Ég segi já við 1. gr., hæstv. forseti.

2.–26. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

88. fundur, föstudaginn 15. mars,
að loknum 87. fundi.

Um þingsköp.
Afgreiðsla frv. um stjórnarskipunarlög.

Þorv. Garðar Kristjánsson:
Herra forseti. Forseti virðist albúinn til þess að taka til 3. umr. frv. um breytingu á stjórnskipun landsins sem við vorum að afgreiða við 2. umr. fyrir augnabliki. Ég geri mér grein fyrir því að það þarf að hafa hraða á þingstörfum, en ég geng út frá því að Alþingi verði ekki slitið í dag. Þess vegna rekur okkur engin nauður til þess að taka málið til 3. umr. nú. Mér þykir það slík óvirðing við þetta mál að það ættu allir að geta verið sammála því að veita ekki afbrigði nú, hvort sem þeir eru efnislega með þessu máli eða á móti. Ég vil því leggja það til við hæstv. forseta að þetta mál verði ekki tekið til umræðu og ekki leitað eftir afbrigðum vegna þeirrar algeru sérstöðu sem þetta mál hefur sem er ein mikilvægasta breyting á stjórnarskrá landsins, eins og ég hef tekið áður fram, frá 1874.

Forseti (Jón Helgason):
Það mun að sjálfsögðu fara eftir vilja hv. deildarmanna hvort afbrigðin verða veitt eða ekki og málið tekið fyrir. Ég tel að það sé eins og jafnan þegar leitað er eftir slíku að það er vilji meiri hluta hv. deildarmanna sem ræður.

Þorv. Garðar Kristjánsson:
Herra forseti. Auðvitað er það þannig að þegar mál er borið undir þingið eða þingdeild, þá ræður þingið eða þingdeildin hvað gert er. En það vill nú svo til að forseti, hver sem hann er, getur haft skoðun á því hvað er við hæfi og hvað er ekki við hæfi. Og ég lít þannig á að þegar ekki er eitthvað við hæfi, þá beri forseta að hafa skoðun og gera það eitt og leggja það eitt til sem samrýmist virðingu þingsins.

Forseti (Jón Helgason):
Þetta mál er búið að vera á dagskrá á mörgum fundum til 2. umr. þannig að það hefur verið nægur tími fyrir hv. deildarmenn að skoða það. Það var ekki tekið með afbrigðum til 2. umr. en það er mjög algengt að fyrir málum sem yfirgnæfandi meiri hluti er fyrir séu veitt afbrigði. Ég mun því leita eftir áliti hv. deildarmanna.

Guðmundur Ágústsson:
Virðulegi forseti. Mér finnst eðlilegt að hinkra með 3. umr. þessa máls, tel í sjálfu sér enga ástæðu til þess að afgreiða það á þessu kvöldi og ekki fyrr en það er orðið ljóst hvenær þingstörfum lýkur.

Guðmundur H. Garðarsson:
Virðulegi forseti. Það virðist hafa farið fram hjá forseta að hæstv. menntmrh. gerði það að tillögu sinni áðan að við 3. umr. mundu hv. þm. tjá sig um 36. gr. þingskapafrv. Ég vil taka undir þessi orð hæstv. menntmrh. að það er full ástæða til þess að hv. þm. geri sér grein fyrir því að ef þeir samþykkja þetta eins og það liggur fyrir í þessu plaggi, þá er verið að fremja hér mjög óvenjulegan verknað hvað þingræðisheiðir áhrærir, þar sem hér er verið að afhenda forsrh. tillögu . . . (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þá hefur hv. þm. ekki lesið 36. gr. (**JE:** Þetta eru drög að tillögu til þingskapalaga.) Akkúrat. Það sýnir þann vilja sem er á bak við þá breytingu sem felst í þessu frv. Er þá væntanlega gert ráð fyrir því að sá meiri hluti sem gæti myndast eftir næstu þingkosningar, sem stendur að þessu frv., mundi fara eftir því sem stendur hér í þessum drögum að þingsköpum, sem eru mjög óvenjuleg svo að ekki sé meira sagt, og óeðlilegt að fela þetta í vald forsrh. í stað þess að það ætti frekar að vera í valdi forseta Sþ. að koma með slíka tillögu. Ég er ekki lögfræðingur en hv. þm. Jóhann Einvarðsson mun vera það. (**Gripið fram í:** Nei.) Nú, ég bið menn að afsaka, en ég hef litið þannig á að hann hafi sýnt þá hæfni hér á hinu háa Alþingi að ég gekk út frá því sem vísu að hann væri lögfræðingur. Ég skal taka í höndina á hv. þm. þegar ég kem úr ræðustól og staðfesta það. (Gripið fram í.) En hvað sem því líður skal ég túlka það fyrir hv. þm., hann hafi greinilega ekki skilið það. Ég sé það á svip ákveðinna þingmanna að þeir skilja hvað ég er að fjalla um. Ég óska nú eftir því, virðulegi forseti, að það verði umræða m.a. um þetta atriði þannig að hæstv. menntmrh., sem væntanlega verður hér á þingi fyrir Alþb. nk. haust, viti þá hvar hann stendur í þessu máli hvað varðar afstöðu þeirra sem eru að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem hér er. Og ég tek undir orð hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar að hér er um meiri háttar mál að ræða þess eðlis að það er ekki við hæfi að hið háa Alþingi skuli ætla að afgreiða þetta frv. með þeirri fljótaskrift sem hér er.

Frsm. nefndar, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, átti greinilega í miklum vandræðum með að koma þessu máli frá sér í dag, sem fór ekki fram hjá hv. þm., þar sem hv. þm. Borgfl. og hæstv. ráðherrar sama flokks gátu ekki sinnt sínum skyldustörfum við afgreiðslu annarra mála vegna þess að þetta er það mikið ágreiningsmál, alla vega í þeirra röðum.

Eiður Guðnason:
Virðulegi forseti. Ég vil nú biðja menn um að halda ró sinni og stillingu. Hér er verið að tala um drög að þingskapalögum og þau drög á auðvitað eftir að ræða. Það er ekki verið að samþykkja eitt eða neitt í þeim efnum. Það gefur auga leið. Þetta er bara fylgiskjal með frv. Ég get hins vegar fullkomlega tekið undir það með hæstv. menntmrh., sem óskar eftir því að menn tjái sig um ákveðna grein við 3. umr., að ég hef alveg eins og hann mjög miklar efasemdir um þessa tillögu og mun að sjálfsögðu leggja honum lið í þeirri við-

leitni að þetta verði orðað á annan veg vegna þess að ég sé engin rök hníga til þess að þetta sé með þessum hætti. Ég hafði hugsað mér að gera þetta, virðulegi forseti, við 3. umr. málsins en bið menn bara að hafa það hugfast að hér er um að ræða fylgiskjal og drög. Það er ekki verið að samþykkja drög til þingskapalaga. Við skulum bara hafa það alveg á hreinu.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var einmitt vegna þessarar athugasemdar í fskj. með lögunum sem ég greiddi atkvæði á móti lögunum áðan því að ég tel það algerlega út í hött og ekki hægt að samþykkja lög sem hugsanlega ganga út frá því að við veitum forsrh., sem í rauninni fær völd sín frá þinginu, vald til þess að stjórna síðan þinginu. Það er svo hlálegt að það kemur ekki til mála. Og fyrr en kominn er öruggur pólitískur vilji fyrir því að þessi ákvæði verði ekki í reglugerðinni get ég ekki samþykkt lögin.

EFRI DEILD

89. fundur, föstudaginn 15. mars, að loknum 88. fundi.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SP o.fl., 379. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 673.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Leikskóli, 1. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 1007 (sbr. 599).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um leikskóla. Frv. gerir ráð fyrir því að festa leikskólann sem hluta af hinu almenna menntakerfi í landinu og marka starfsramma fyrir þá starfsemi. Í frv. er greint frá því hvernig eðlilegt sé að haga þessum málum en eins og kunnugt er, þá hafa leikskólamál verið í menntmrn. allt frá árinu 1973 ef ég man rétt.

Í frv. er gengið út frá því að stofnun leikskóla og rekstur sé á ábyrgð sveitarfélaganna en fagleg yfirstjórn málaflokksins sé á hendi menntmrn. Nánar er kveðið á um það í III. og IV. kafla frv. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að á vegum ráðuneytisins verði gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að fagleg umsjón með þessari starfsemi verði betri en verið hefur, m.a. með því að unnt verði að semja við fræðsluskrifstofur um það að þær hafi auk grunnskólans með að gera starfsemi leikskóla.

Í frv. og greinargerð þess er greint frá aðdraganda málsins sem mjög hefur verið ræddur opinberlega og ástæðulaust að endurtaka hér. Í frv. er byggt á því grundvallaratriði að ráðning nýrra starfsmanna samkvæmt þessu frv. skuli ákveðast á fjárlögum hverju sinni þannig að í frv. felst engin sjálfvirk kostnaðaraukning. Nokkuð hefur verið rætt um það hvort ríkisframlög ættu að koma til þessara verkefna. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um það enn þá. Í grófum dráttum er því hér um að ræða nánari lögfestingu á því kerfi sem verið hefur í gangi um nokkurra ára skeið.

Þar sem málið hefur þegar fengið allmikla umræðu, bæði hér á hv. Alþingi og víðar, tel ég ástæðulaust að orðlengja frekar um það á þessu stigi nema fram komi um það sérstakar óskir og legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leggja nokkur orð í belg varðandi þetta frv. Það hefur margoft komið fram, bæði í tillöguflutningi og umræðum hér á Alþingi, að við kvennalistakonur lítum á það sem réttindamál allra barna að eiga þess kost að dvelja í leikskólum. Það hefur verið mikill skortur á dagvistarstofnunum í landinu. Stjórnvöld hafa staðið sig þar ákaflega illa og ekki komið til móts við breyttar kröfur og breyttar þarfir í þjóðfélaginu hvað það varðar að hafa örugga staði fyrir börn meðan foreldrarnir sinna vinnu sinni þar sem fram fer markvisst uppeldi miðað við þroska þeirra og þarfir.

Eins og fram kemur í nál., sem skrifað var af fulltrúa Kvennalistans í hv. menntmn. Nd., þá styðjum við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég minni á að á fyrsta þingi þessa kjörtímabils lagði ein af varaþingkonum Kvennalistans, Sigríður Lillý Baldursdóttir, fram frv. þar sem lagt var til að gert yrði sérstakt átak í uppbyggingu dagvistarstofnana, m.a. með því að stofna sérstakan sjóð sem atvinnurekendur greiddu í til þess að fjármagna uppbyggingu dagheimilanna.

Stærsti gallinn á því frv. sem við erum hér að ræða er að fjármögnunin er ekki tryggð þannig að í raun má segja að frv. sé aðeins stefnuyfirlýsing um að nú skuli brugðist við þessum vanda og það er viðurkennt að hér sé um sérstakt skólastig að ræða sem öllum börnum ætti að standa til boða. Það er reyndar svo að réttur allra barna á þessum aldri er ekki tryggður með frv. en yfirlýsingin liggur þó fyrir um að á þessum málum skuli tekið og þau skuli heyra undir stjórnsýslu menntmrn.

Þetta er skref í rétta átt og leggur auðvitað skyldur á komandi ríkisstjórnir um að finna leiðir til að fjármagna uppbyggingu dagvistunarheimila. Það verður auðvitað ekki gert nema með aðstoð ríkisvaldsins. Svo illa eru þessi mál á vegi stödd að það er ekki hægt að leggja það stóra verkefni á sveitarfélögin eingöngu.

Ég vildi aðeins lýsa þessu hér, virðulegi forseti, og minna á að þetta er mikilvægt réttindamál fyrir börnin, þetta er öryggismál fyrir þau og þetta er nauðsynlegt til þess að koma til móts við þarfir þjóðfélagsins og foreldranna sem eru flestir hverjir úti á vinnumarkaðnum vegna þess að vinnumarkaðurinn hefur þörf fyrir vinnuafl bæði kvenna og karla og heimilin í landinu þarfnast tekna beggja foreldra. Enn og aftur vil ég undirstrika að það sem vantar að fylgi þessu frv. er leið til þess að fjármagna uppbyggingu dagvistunarstofnana.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er með þetta frv. eins og svo mörg önnur sem við erum að fá til umræðu núna þessa síðustu þingdaga og koma frá Nd., sem hefur haft tækifæri til að kynna sér þau og fjalla um, að það mun gefast harla lítið tækifæri til þess í nefndinni sem fær frv. til umfjöllunar. Ég á sæti í þeirri nefnd og þess vegna ætla ég ekki að tefja tímann með því að fara hér í langa umræðu eða umfjöllun um þessi mál. Ég get verið sammála því að það er mjög nauðsynlegt að þessi valkostur sé til fyrir foreldra, að hafa aðgang að leikskólum fyrir börn. Ég held að flestir séu sammála um að það er eitt atriði varðandi þroska barna að fá tækifæri til að vera í leikskóla þó ekki sé annað en að læra það að umgangast önnur börn og fá kennslu í þeim efnum og undirstöðuatriðum sem varða framhaldið þegar börn koma í skóla.

Ég er ekki alveg sammála hv. 6. þm. Vesturl. þegar hún sagði að stjórnvöld hafi staðið sig illa í þessum málum. Það er ekki mín reynsla. Ég tel að það hafi verið mjög mikið gert í uppbyggingu leikskóla um allt land, ekkert síður úti á landsbyggðinni, jafnvel í litlum sveitarfélögum eða fámennum, eins og á þéttbýlli stöðum. Það er nefnilega þannig að það er oft miklu auðveldara að fylgjast með þróuninni og þörfinni á fámennari stöðum heldur en kannski einmitt í þéttbýlinu og á fjölmennari stöðum. Það er alveg rétt að auðvitað vantar kostnaðarþáttinn í þetta frv. og það er stórt atriði.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, hæstv. forseti, og ekki tefja þetta mál frekar. Ég tel nauðsynlegt fyrir okkur að fá þetta mál til nefndar svo að við getum þó aðeins spjallað um það þar, þó ekki sé nú annað, þó við fáum ekki mikið tækifæri til þess að fara ítarlega í frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 977 (sbr. 565), n. 1021 og 1025, brtt. 1023.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frumvarpið. Nefndin náði ekki samkomulagi en meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var samþykkt í Nd. Breytingartillaga mun vera flutt af Guðrúnu J. Halldórsdóttur og mun vera mælt fyrir henni af öðrum aðila hér.

Meiri hl. nefndarinnar, sem er skipaður Guðmundi Ágústssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Eiði Guðnasyni og Skúla Alexanderssyni, leggur til að málið verði samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Annar minni hl. skilar stuttu áliti. Efnislega erum við sammála þessu frv. Við teljum það skref í rétta átt en við vísum til nál. 2. minni hl. í hv. fjh.- og viðskn. Nd. Við munum fylgja frv. með þeim athugasemdum sem þar gefur að líta.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Kvennalistakonur hafa ætíð viljað gjalda varhug við erlendri fjárfestingu í íslensku atvinnulífi og við höfum margoft bent á nauðsyn þess að samræma lög og reglur um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnulífinu. Það er ljóst að á seinni árum hefur straumur fjárfestinga landa á milli farið vaxandi og við teljum nauðsynlegt að hægt sé að hafa stjórn á hvernig hann fer fram og að reglur um hann séu fastmótaðar og skýrar.

Það frv. sem hér liggur frammi er því í raun tímabært má segja, en þó er það ekki eins og við vildum helst sjá það. Samkvæmt frv. og fylgifrv. á að útiloka að erlendir aðilar geti átt eignarhlut í fiskiskipum sem stunda veiðar í íslenskri landhelgi. Við erum sammála þessu en teljum hins vegar að ákvæði frv. um fiskvinnslu séu ekki eins afdráttarlaus og geti opnað fyrir erlenda eignaraðild að vissu marki. Um það atriði fjallar 1. brtt. okkar á þskj. 1023, að kveða skýrt á um að Íslendingar einir eigi fyrirtæki sem sjá um vinnslu sjávarafla.

Við viljum vara við hlutdeild útlendinga í þessum aðalútflutningsiðnaði okkar og teljum að það sama skuli gilda bæði um veiðar og vinnslu. En eftirliti með fjárfestingum erlendra aðila hér á landi hefur verið mjög ábótavant og erfitt hefur verið að hafa yfirsýn yfir þessar fjárfestingar. Þetta atriði teljum við heldur ekki nógu tryggt með þessu frv. og við teljum vandséð hvernig fara á að því að meta heildarfjárfestingu í hverri atvinnugrein eins og gert er ráð fyrir skv. 7.

tölul. 4. gr. frv. Þessi ákvæði eru að okkar mati haldlítil. Í umsögnum um frv. bentu fjölmargir aðilar á þetta atriði. Oft þykir óljóst hvað er átt við með hugtakinu atvinnugrein í 7. tölul. 4. gr. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki vera yfir 25% nema til komi leyfi viðskrh., eins og segir orðrétt í frv. Það er einnig óljóst af hvaða stofni þau 25% eiga að reiknast, hvort takmörkun miðist við árlega fjárfestingu eða heildarfjárhæð erlends fjármagns af eigin fé hverrar atvinnugreinar alls. Þá er líka oft erfitt að skilgreina hvar mörk hverrar atvinnugreinar fyrir sig liggja.

Vegna þessara annmarka mælum við með að heildarfjárfesting erlendra aðila í hverju atvinnufyrirtæki verði aldrei yfir 49%. Við leggjum áherslu á að Íslendingar missi ekki úr höndum sér stjórn á nýtingu landsins til ferðaþjónustu t.d. Við leggjum ekki fram ákveðna brtt. í þeim efnum en gerum ráð fyrir því að ákvæði 24. gr. frv. um ferðaþjónustu, sem nú liggur fyrir þinginu, gildi um það svið en reyndar er á þessari stundu ekki útséð um hvort það frv. verður að lögum. Það sama gildir um útvarp, sjónvarp og fjölmiðlun almennt. Þess vegna leggjum við fram breytingu við fylgifrv. þar sem breytt er lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og leggjum til að 20. gr. þess verði felld brott. Við bendum á að íslenska hagkerfið er mjög viðkvæmt vegna þess hversu einsleitt það er og byggist að meginhluta til á einni auðlind, fiskinum í sjónum. Við teljum því eðlilegt að taka nokkuð smærri skref en frv. gerir ráð fyrir til að tækifæri gefist til að skoða afleiðingarnar. Leiðin til baka gæti reynst okkur mjög erfið.

Fjölmargar þjóðir hafa kosið að fara mjög varlega í þessum efnum og má þar nefna Bretland sem dæmi. Það er full ástæða fyrir Íslendinga að gera það einnig. Því þykir okkur rétt að sú regla gildi að erlendir aðilar geti ekki átt meiri hluta hlutafjár í atvinnu- eða þjónustufyrirtækjum á Íslandi.

Við viljum einnig leggja áherslu á það að þess verði ávallt gætt að erlendum aðilum beri skilyrðislaust að fara eftir lögum og reglum og hefðum íslensks vinnumarkaðar og að kjarasamningar íslenskra stéttarfélaga verði eftir sem áður í gildi, svo og allar reglur um aðbúnað, hollustuhætti og vinnuvernd. Þá þykir okkur ljóst að stórátak verður að gera í að herða öll lög og reglur er varða umhverfisvernd og mengunarvarnir.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð en ég hef í raun talað hér um þau tvö frv. sem fjalla um þetta mál. Fyrsti minni hl. skilar ekki sérstöku nál. en leggur fram brtt. Þær brtt. er að finna á þskj. 1023. Þær eru frá fulltrúa Kvennalistans í hv. fjh.- og viðskn., Guðrúnu J. Halldórsdóttur, og eru í þá áttina að þrengja aðeins heimildir erlendra aðila til fjárfestingar hér og auka möguleika okkar til þess að fylgjast með fjárfestingum erlendra aðila í íslensku atvinnulífi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1023,1–2 felld með 11:2 atkv.
4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
5.–9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1023,3 felld með 9:3 atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
11.–13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Lagaákvæði er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 978 (sbr. 566), n. 1022.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er verið að fjalla um og tekið hefur verið á dagskrá er fylgifrv. þess frv. sem við vorum að fjalla um hér á undan. Þetta frv. hefur einnig verið rætt í fjh.- og viðskn. Nefndin náði ekki samkomulagi. Meiri hl. leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í Nd. Meiri hl. skipa Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eiður Guðnason og Skúli Alexandersson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–28. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

90. fundur, föstudaginn 15. mars, að loknum 89. fundi.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 977 (sbr. 565).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1029).

Lagaákvæði er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 978 (sbr. 566).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1030).

Leikskóli, 2. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 1007 (sbr. 599), n. 1027.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):
Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar kom saman til fundar hér fyrir skömmu. Nefndin fjallaði um frv. til laga um leikskóla. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð var á því í meðförum Nd.

Það væri kannski ástæða til að fara um þetta mál einhverjum fleiri orðum hér, en ég mun ekki gera það að þessu sinni vegna þess hvernig hagar til og þingstörfum nú er háttað. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að málið verði samþykkt óbreytt. Undir nál. skrifa auk þess er þetta mælir Valgerður Sverrisdóttir, Skúli Alexandersson og Jón Helgason.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Virðulegur forseti. Þar sem nál. það sem mælt var fyrir rétt í þessu var ekki undirritað af fulltrúa Kvennalistans í hv. menntmn. Ed., þá vil ég láta það koma fram hér, og það kom reyndar fram í máli mínu fyrr í kvöld, að að sjálfsögðu styðjum við þetta frv., þó við höfum lýst þeim göllum sem á því eru varðandi fjármögnun. Við teljum að þetta sé mikilvæg stefnuyfirlýsing um það að til sé sérstakt leikskólastig þar sem börn hljóta uppeldi miðað við þroska og þarfir og við væntum þess að ríkisstjórnir framtíðarinnar taki myndarlega á að byggja upp dagvistir fyrir öll börn undir sex ára aldri í landinu.

Guðrún J. Halldórsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég er sá fulltrúi sem Kvennalistinn á í menntmn. og ég lýsti því yfir í kvöld þegar við ræddum þessi mál að ég mundi styðja þetta frv. þó ég liti svo á að það gengi að mjög mörgu leyti allt of skammt. Það er þess vegna sem ég hef ekki skrifað undir álit meiri hl. nefndarinnar. Ástæðan var sú að ég áleit að það væri búið að taka tennurnar úr þessu frv. að mörgu leyti en ég lýsti því jafnframt yfir þá, eins og ég geri nú, að ég mun eigi að síður greiða atkvæði með þessu frv.

Það var aðeins þetta, sem olli því að ég skrifaði ekki undir, að mér fannst það ekki ganga eins langt og ég hefði viljað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–23. gr. og ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

70. fundur, föstudaginn 15. mars, kl. 10 árdegis.

Starfskjör presta þjóðkirkjunnar, 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 822, n. 925.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur lítið á frv. til laga um starfskjör presta þjóðkirkjunnar og leggur til að það frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed.

Undir þetta rita nefndarmenn allir og hef ég engu við það að bæta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Byggðastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (byggðaáætlun o.fl.). — Þskj. 757, n. 892.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun. Nefndin hefur fjallað um frv. og rætt við Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar. Lagt er til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson, Ingi Björn Albertsson, Guðni Ágústsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir skrifa undir nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 445. mál (álagning og innheimta gjalda). — Þskj. 831, n. 924.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Á þskj. 924 er álit fjh.- og viðskn. sem leggur til að þetta frv. verði samþykkt og er nál. undirritað af öllum nefndarmönnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Læknalög, 2. umr.

Stjfrv., 153. mál (sérfræðileyfi og sjúkraskrár). — Þskj. 165, n. 948, brtt. 949.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá heilbr.- og trn. um breytingu á læknalögum.

„Nefndin hefur fjallað um frv. Á fund nefndarinnar kom Gunnsteinn Gunnarsson læknir. Umsagnir bárust frá læknaráði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, læknaráði Landakotsspítala, Geðlæknafélagi Íslands, læknaráði Borgarspítalans, læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, læknaráði Landspítalans, Tryggingastofnun ríkisins og landlækni.

Ítarlegar umræður urðu í nefndinni um 1.–3. gr. frv. en ekki var útrætt um efni þeirra og því leggur nefndin til að þær verði ekki afgreiddar á þessu stigi."

Nefndin hafði þetta frv. reyndar og einmitt þessar greinar til umfjöllunar á síðasta þingi. Þá varð efni þessara greina ekki heldur útrætt, en þær eru mjög vandasamar og krefjast mikillar umfjöllunar og ég held að það sé því rétt að þessi efnisatriði verði geymd til betri tíma.

„Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á 4. gr. frv. Auk orðalagsbreytinga er gerð tillaga um að læknum sé skylt að afhenda, sé þess óskað, landlækni eða öðrum opinberum aðilum afrit sjúkraskrár, eins og sjúklingum, en ekki frumrit hennar. Lagt er til að þeir opinberu aðilar, sem með lögum er falið faglegt eftirlit með heilbrigðisstéttum, geti einnig fengið afrit sjúkraskrár. Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu á 4. mgr. 16. gr. laganna til að merking verði skýrari, þ.e. ef læknir telur ekki þjóna hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár skuli hún afhent landlækni til afgreiðslu."

Þetta er efnislega nákvæmlega það sem er í núgildandi lögum. Hér er aðeins kveðið skýrar á um textann.

„Nefndin leggur ríka áherslu á að í reglugerð, sem heilbrigðisráðherra setur [kemur væntanlega til með að setja] um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, verði tryggilega gengið frá því með hvaða hætti afrit sjúkraskráa skuli afhent. Að mati nefndarinnar ber að afhenda þau persónulega eða með ábyrgðarsendingu þannig að um þessi viðkvæmu skjöl verði ætíð fjallað í fyllsta trúnaði og þess gætt að þau lendi ekki í röngum höndum."

Þessi hugsun hvarflaði að nefndinni og kom til nokkurrar umfjöllunar vegna þess að nefndarmenn töldu hættu á að þegar svona mikilvæg skjöl eru send e.t.v. með nýtískulegum aðferðum, þ.e. í telefaxi eða eitthvað slíkt, þá geti það ætíð hent að slegið sé rangt númer inn á telefaxið og þessir viðkvæmu pappírar lendi í annarra höndum heldur en til er ætlast.

Guðmundur G. Þórarinsson og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarverandi er málið var afgreitt en undir nál. skrifa Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Geir H. Haarde, sem skrifar undir nál. með fyrirvara og mun væntanlega gera grein fyrir sínum fyrirvara, og Jón Sæmundur Sigurjónsson sem hér stendur.

Umræðu frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 335. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 905.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):
Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um veitingu ríkisborgararéttar, 335. máli Ed. á þskj. 905. Á þessu frv. eru í 1. gr. nöfn 42 erlendra manna sem uppfylla þau skilyrði sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja deilda undanfarin ár um það að öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Í 2. gr. er fjallað um nafngiftir samkvæmt gildandi lögum um mannanöfn.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 565, frhn. 971, brtt. 972.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var hér í deildinni vakin athygli á því að lögfræðingur hér í bænum hafði fundið misræmi í lagatexta og í greinargerð. Þegar farið var að athuga þetta nánar kom í ljós að hann hafði rétt fyrir sér.

Fjh.- og viðskn. hefur tekið málið til umfjöllunar, fallist á ábendingar sem fram hafa komið og flytur brtt. á þskj. 972. Þessar brtt. eru nú ekki stórvægilegar en verða þó til að skýra málið. Þessar villur í lagatextanum eru aðallega vegna misprentunar. Og nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 972 samþ. með 27 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lagaákvæði er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 566, frhn. 973, brtt. 974.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða fylgifrv. við frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og er um að ræða framhaldsnefndarálit. Nefndin hefur flutt nokkrar brtt. og fallist á þær ábendingar sem fram hafa komið og leggur til að frv. verði samþykkt.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég stend nú eiginlega hér upp vegna þess að mér er alveg nóg boðið að hlusta á það með hvaða hætti hv. formaður fjh.- og viðskn. gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Hér er lögð fram brtt. á þskj. 974 við þetta mál sem mér sýnist í fljótu bragði að sé nokkuð flókin og þarfnist nokkurra skýringa en hv. þm. gerir ekki minnstu tilraun til þess að útskýra það fyrir deildarmönnum í hverju þessar breytingar felast. Hann bara fleygir þessu hér í deildina og segir að nefndin hafi komið saman, afgreitt málið og leggi til að það verði samþykkt. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir með hv. síðasta ræðumanni. Það er ástæða til þess þegar fram koma breytingar við mál sem hefur verið rætt hér allítarlega á fyrri stigum og þar sem skoðanir eru skiptar um afgreiðslu að það sé skýrt í hverju sú breyting felst sem hér liggur fyrir á þskj. 972.

Ég þykist geta lesið í þetta og hér er út af fyrir sig engin smábreyting á ferðinni. Hér er um að ræða, eins og fram kemur í texta brtt., að í stað þess að krafa sé um lögheimili er það aðeins búseta sem gerð er að skilyrði. Hér er auðvitað um allt annað og veikara ákvæði að ræða í sambandi við réttindi útlendra aðila heldur en fyrir lægi ef krafist væri lögheimilis og því sem fylgir lögheimili, ef ég hef skilið málið rétt. Og er þetta í samræmi við margt fleira sem er í þessu frv. að þarna er verið að breyta miklu gagnvart útlöndum og rétti útlendinga til þátttöku í atvinnurekstri á Íslandi og þessi breyting sýnist mér hníga enn frekar í þá átt.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Austurl. að þarna er um nokkra efnisbreytingu frá því sem prentað var í textanum, í lagatextanum. En þetta orðalag um búsetuna er það sem nefndin sem samdi frv. kom sér saman um og það sem ríkisstjórn tók afstöðu til og það sem stjórnarflokkar tóku afstöðu til, ef ég veit rétt. Og með einhverjum hætti hefur þetta orð „lögheimili" komið inn í staðinn fyrir „búsetu" á einhverjum stigum málsins og mun það vera fyrir mistök.

Hvað varðar brtt. sem hv. 14. þm. Reykv. Geir H. Haarde gerði athugasemdir við, þá getur hann, ef hann les saman texta frv. og brtt., komist að því um hvað þær fjalla.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 974,1 samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 974,2 samþ. með 26:1 atkv.

Brtt. 974,3 samþ. með 25:1 atkv.

Brtt. 974,4 samþ. með 27 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 178. mál (hjálparbúnaður fyrir sjónskerta). — Þskj. 199.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Vegalög, 2. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 114. mál (reiðvegaáætlun). — Þskj. 118, n. 955.

Frsm. samgn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um breytingu á vegalögum. Álitið er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á fjórum fundum. Mál þetta er endurflutt og lágu fyrir umsagnir þriggja aðila frá síðasta þingi: Félagi hrossabænda, Skipulagi ríkisins og Vegagerð ríkisins. Til viðbótar barst nefndinni umsögn frá Landssambandi hestamannafélaga.

Þrír umsagnaraðilar, Skipulag ríkisins, Landssamband hestamannafélaga og Félag hrossabænda, mæla með því að frv. verði lögfest. Skipulagsstjóri ríkisins telur frv. ótvírætt spor í rétta átt en telur æskilegt að gera frv. ítarlegra úr garði. Vegagerð ríkisins leggur hins vegar til að ákvæði núgildandi laga haldist óbreytt, þ.e. að Vegagerðin skuli aðstoða samtök hestamanna við gerð reiðvega. Nefndin tekur undir það sjónarmið að af skipulags- og öryggisástæðum sé rétt að fela Vegagerð ríkisins að sjá um gerð reiðvega meðfram þjóðvegum, svo og um reiðvegi milli sveita eða landshluta. Í því sambandi bendir nefndin á að einnig í menningarsögulegu tilliti er æskilegt að halda við eða varðveita fornar reiðleiðir. Þá bendir nefndin á að Alþingi er nú situr hefur samþykkt ályktun um að samgönguráðherra sé falið að gera sérstaka reiðvegaáætlun í samvinnu við tiltekna aðila.

Nefndin telur rétt að athugað verði hver eigi að vera hlutur Vegagerðar ríkisins við gerð reiðvega og hvernig haga skuli samstarfi Vegagerðarinnar, Skipulags ríkisins og sveitarfélaga í þessum málum. Með vísan til þessa leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 955 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 27 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, 1. umr.

Frv. menntmn. Ed., 459. mál (fornminjavörður). — Þskj. 881.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Fjáraukalög.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að fá að ræða um þingsköp að mjög gefnu tilefni. Það er nú mjög skammt til þinglausna á hinu háa Alþingi og það er því hver síðastur að vekja athygli á því að fjáraukalög fyrir árið 1990 hafa ekki verið lögð fram. Ég lít svo til að staða fjvn. gagnvart þessu máli sé æði óvenjuleg, m.a. vegna yfirlýsinga formanns fjvn. sem hann gaf hér við 2. umr. fjárlaga 13. des. sl. þar sem hann fjallaði m.a. um ríkisspítalana. Stjórnendur ríkisspítalanna hafa lýst verulegum áhyggjum vegna þess arna, að fjáraukalögin hafa ekki komið fram, ekki séð dagsins ljós. Vil ég í þessu sambandi minna á ummæli formanns hv. fjvn. hinn 13. des. þar sem hann fjallar um ríkisspítalana og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þá er einnig rétt að geta þess að fjvn. hefur ákveðið að þegar liggja fyrir endanlegar kostnaðartölur sjúkrahúsanna eftir áramót, en þá fyrst er þess að vænta að endanlegar kostnaðartölur fyrir árið 1990 liggi fyrir. Mun hún taka til skoðunar rekstrarniðurstöðu sjúkrahúsanna hvers fyrir sig og beita sér fyrir því að nauðsynlegar viðbótargreiðsluheimildir verði gefnar á fjáraukalögum fyrir árið 1990 til að hægt sé að standa undir greiðslu óhjákvæmilegs kostnaðar."

Ég endurtek að það hefur ekkert bólað á þessum fjáraukalögum og þetta hefur vissulega vakið upp miklar áhyggjur og umræður innan stjórnarnefndar ríkisspítalanna og hæstv. heilbr.- og trmrh. er kunnugt um það mál.

Fjárskortur ríkisspítalanna er núna um það bil 200 millj. kr. Vegna halla ársins 1990 skortir 129 millj. og það er ljóst hvað fjárlögum 1991 viðvíkur að ríkisspítalana vantar 60 millj. á liðinn Önnur rekstrargjöld vegna óbreyttrar starfsemi miðað við árið 1990. Hér er um að ræða heildartölu upp á um það bil 200 millj. kr. Stjórnarnefndin hefur óskað eftir tillögum frá hinum ýmsu deildum ríkisspítalanna um niðurskurð vegna þess arna og þessar tillögur liggja nú fyrir. Þær eru í stórum dráttum um svo stórfelldar sumarlokanir á Landspítalanum að við það verður ekki unnt að búa. Þessar tillögur eru í þremur liðum og ég vil geta eins þeirra. Þar er gert ráð fyrir að loka öðrum bæklunarskurðgangi, 23 rúmum, fækka hjartaskurðaðgerðum um helming, úr 160 í 80, og stytta vinnutíma á skurðstofum um 10–12%. Það vill segja að lenging vinnutíma á skurðstofu sem átti sér stað 1989 verði afnumin. Einnig að fresta glasafrjóvgun um ár. Allt eru þetta mjög viðkvæm og erfið mál, sérstaklega bæklunarskurðlækningarnar þar sem biðlistar eru nú langir og hjartaskurðlækningar ef það þarf að fækka þeim verulega. Þar eru biðlistar einnig mjög langir.

Ég ákvað að gera grein fyrir þessu vegna þess að ég tel að við svo búið megi ekki standa og vil þess vegna beina orðum mínum bæði til hæstv. fjmrh., heilbr.- og trmrh. og formanns fjvn. um það hvað þessi ágætu yfirvöld peningamála og heilbrigðismála á Íslandi hyggjast gera í þessu máli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni þá var um þessi mál rætt við afgreiðslu fjárlaga. Ætlunin er að næstu daga muni fulltrúar heilbrrn. og fjmrn. fara yfir þær tillögur sem fram hafa komið frá ríkisspítulunum. Það hefur ekki gefist tími til þess að gera það milli ráðuneytanna, m.a. vegna þess að það er tiltölulega stutt síðan tillögurnar komu fram frá ríkisspítulunum. Það er síðan ætlun mín

og hæstv. heilbrrh. að við munum gera tillögu til ríkisstjórnar í framhaldi af þeirri athugun um ákveðna upphæð sem ríkisstjórnin skuldbindur sig til þess að gera tillögu um varðandi fjáraukalög og er væntanlega einnig hægt að hafa samráð við stjórnarandstöðuflokkana um það mál.

Ég vil lýsa þeirri skoðun hér sem hefur komið fram af hálfu Alþb. að við teljum nauðsynlegt að það komi þing saman hér í síðasta lagi í lok maí til þess að afgreiða ýmis mál, m.a. fjáraukalög. Ég tel satt að segja ekki rétt og ekki verjandi, hvorki lýðræðislega né efnislega, að þinginu ljúki hér um miðjan mars og komi ekki aftur saman fyrr en 10. okt. Það er ekki í neinu samræmi við nútímavinnubrögð í stjórn landsins og sérstaklega slæmt varðandi meðferð ríkisfjármála. Ef það gengi eftir að hér yrðu flutt fjáraukalög seinni partinn í maí, þá á þetta allt saman að geta tekist og yfirvöld ríkisspítalanna í sínum áætlunum gengið út frá þeirri pólitísku vissu að sú tillaga sem ríkisstjórnin hefði gert og samþykkt á næstu dögum yrði kynnt t.d. fulltrúum stjórnarandstöðunnar í fjvn., yrði lögð til grundvallar í þeim fjáraukalögum.

Ég vona að það sé sú meðferð málsins sem fullnægi bæði stjórn ríkisspítalanna og öðrum sem láta sig þetta mál varða.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir að taka þetta mál hér upp í þessari umræðu um þingsköp. Það var að sjálfsögðu vonum seinna að vakin væri athygli á því hér í umræðum á Alþingi að ekki hefur verið lagt fram fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990 né heldur fjáraukalagafrv. vegna ársins 1991.

Hæstv. fjmrh. tók upp þá nýbreytni í sínu starfi að leggja fram fjáraukalagafrv. á sama ári, þ.e. á fjárlagaári, til þess að afla heimilda Alþingis fyrir greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem fjárlög segja til um. Jafnframt kynnti hann fyrirætlanir sem hann hefur fylgt fram undir þetta að flytja svo fljótt sem verða má fjáraukalagafrv. til þess að fá afgreidda niðurstöðu í lok fjárlagaárs og það fjáraukalagafrv. yrði flutt svo fljótt sem verða mætti á nýju ári.

Í þessu var fólgin framför og við í stjórnarandstöðunni höfum farið viðurkenningarorðum um þessa nýbreytni í vinnutilhögun. Nú liggur það hins vegar fyrir að hæstv. fjmrh. er að bregðast algjörlega þessari nýbreytni og er á flótta frá þessari stefnu sem hann hafði sjálfur tekið upp eftir viðræður við okkur í fjvn. og samkvæmt áskorunum frá okkur um að taka upp annað fyrirkomulag í meðferð þessara mála.

Það liggur auðvitað fyrir að fyrir alllöngu síðan hafa verið tilbúnar niðurstöður eins og fjmrn. hefur kosið að ganga frá þeim varðandi útkomu ársins 1990. Hvers vegna hefur þá hæstv. fjmrh. ekki flutt fjáraukalagafrv. þar sem þær niðurstöður væru kynntar og þær niðurstöður afgreiddar af Alþingi? Þetta hefur hann ekki gert. Hvers vegna? Hann hefur þess í stað birt skýrslu á Alþingi og hann hefur þess í stað flutt tilkynningar, fréttatilkynningar og haldið blaðamannafundi þar sem hann hefur skýrt þessi mál í miklum áróðursstíl. Í stað þess að leggja fram fjáraukalagafrv. þar sem málin væru tekin til meðferðar í þingnefnd, þ.e. í fjvn., og hægt væri að kafa ofan í þessi mál hefur hann kosið að leggja þessi mál fram í skýrslum og í áróðurstilkynningum vegna þess að þingnefnd getur ekki farið ofan í áróðursskýrslur og getur ekki farið ofan í áróðursfundi hæstv. ráðherra. Þar liggur hundurinn grafinn.

Ég hef krafist þess fyrir mörgum vikum í fjvn. að gengið væri eftir því að fjáraukalagafrv. væri flutt og ég veit að forustumenn fjvn. hafa gengið eftir því staðfastlega við hæstv. ráðherra, en samt sem áður hefur þetta ekki gerst. Og það liggur allt í því að hann hefur verið að kynna niðurstöður um útkomu rekstrarreiknings ríkissjóðs á síðasta ári sem eru þess efnis að þær þola ekki að skoðaðar séu í þingnefnd vegna þess að þá mundi koma í ljós að þar er mjög málum blandið. Það eru skildar eftir stórar tölur sem eru á sveimi utan við þetta uppgjör sem að réttu lagi og samkvæmt réttum bókhaldsvenjum eiga að koma inn í uppgjör ríkissjóðs til gjalda á árinu 1991. Og mér er spurn hvort ekki sé líka um bókhaldskúnstir að ræða að því er varðar tekjur ríkissjóðs til þess að fá í fréttatilkynningum útkomu úr rekstri ríkissjóðs frá síðasta ári sem geta litið betur út fyrir hæstv. fjmrh. heldur en raunveruleikinn segir til um. Það eru þessi áróðursbrögð sem ráða því að hæstv. fjmrh. hefur kosið að leggja ekki fram fjáraukalagafrv. sem var auðvitað tilbúið fyrir mörgum, mörgum vikum.

Í því fjáraukalagafrv. hefði auðvitað þurft að taka á því máli sem hv. þm. Árni Gunnarsson gerir hér sérstaklega að umtalsefni, en það hefði kannski ekki verið síður ástæða til þess nú fyrir þinglok að flytja fjáraukalagafrv. einnig vegna ársins 1991 þar sem tekið væri á málum ríkisspítalanna og ýmsum öðrum þeim málum sem sýnilega lenda í vandræðum.

Ég sem sagt tek undir kröfur og óskir hv. 3. þm. Norðurl. e. um að þetta verði gert þó að mér sýnist að nú sé hlaupinn tíminn. Það er auðvitað alveg farið aftan að siðum og er brot á þeim venjum sem við höfum verið að reyna að móta að hæstv. fjmrh. fari nú að bera það upp í ríkisstjórninni að leita þar heimilda fyrir því að ákveða greiðslur til ríkisspítalanna og til annarra verkefna á þessu ári í trausti þess að það verði síðar einhvern tímann á þessu ári afgreitt af hinu háa Alþingi. Þetta er stríðir alveg þvert gegn þeim venjum sem við höfum verið að reyna að móta og það er auðvitað í samræmi við þessi vinnubrögð öll sem hér hefur verið tafið mánuð eftir mánuð að afgreiða frumvarp okkar fjárveitinganefndarmanna um greiðslur úr ríkissjóði.

Og þó að ég hafi átt gott samstarf við ýmsa starfsmenn fjmrn. og ríkisreikningsnefndar um það mál, þá eru auðvitað fingraför hæstv. ráðherra á þessu háttalagi öllu með þeim hætti að hann er að koma sér hjá því að flytja þetta mál hér í þinginu til þess að geta komið við þeim áróðursbrögðum sem hann beitir þegar hann er að lýsa stöðu þessara mála í fjölmiðlum og í skýrslum og fréttatilkynningum sem, eins og áður sagði, þingið sjálft getur ekki farið ofan í.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Í þessari þingskapaumræðu um fjáraukalög eða gerð fjáraukalaga ætla ég aðallega að halda mig við þann þátt málsins sem málshefjandi, hv. þm. Árni Gunnarsson, nefndi í sínu máli, þ.e. stöðu ríkisspítalanna. Vissulega er það rétt að við fjárlagagerðina fyrir áramótin voru málefni ríkisspítala og reyndar fleiri sjúkrahúsa allmikið til umræðu og ákveðin ummæli formanns fjvn. þess eðlis að við höfum gert ráð fyrir því, þeir sem hafa farið með stjórn þess málaflokks, að á því yrði tekið frekar, fjármálum þessara stofnana, þegar fjáraukalagagerð hugsanlega kæmi til meðferðar hér á þinginu.

Fyrir nokkru síðan hafa komið upplýsingar frá ríkisspítulum um stöðu mála, bæði hvað varðar uppgjör seinasta árs og eins horfurnar á þessu ári og fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1991 og ég hef átt fund með fulltrúum ríkisspítalanna þar sem þessi mál hafa verið til umræðu og hvernig að því yrði staðið. Það er rétt eins og fram kom hjá hv. málshefjanda að rætt er um fjárvöntun fyrir sl. ár upp á 129 millj. af hálfu ríkisspítalanna. Við höfum nú litið yfir það og tökum í heilbrrn. undir suma þá liði eða þær óskir eins og t.d. hvað varðar endanlegt uppgjör á launalið og uppgjör á sértekjum miðað við það sem fjárlög fyrra árs gerðu ráð fyrir. Annað er til frekari athugunar eins og t.d. sérstök viðhaldsverkefni, en ég tel ekki að þessi umræða hér um þingsköp sé þess eðlis að fara ofan í þau mál í smáatriðum. En eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. er það meiningin að við fjöllum um þetta, förum yfir málið sameiginlega og reyndar voru málefni ríkisspítala á dagskrá ríkisstjórnarfundar sem átti að vera í morgun en var því miður frestað vegna þinghalds hér svo að það mál kemur þá upp aftur á næsta ríkisstjórnarfundi og síðan þá væntanlega til frekari úrlausnar og úrvinnslu þessara tveggja ráðuneyta, fjmrn. og heilbr.- og trmrn.

Varðandi hins vegar fjárveitingar fyrir árið í ár og stöðu spítalanna hvað það varðar, þá vil ég minna á það að í fjárlögunum er sérstakur fjárlagaliður þar sem um er að ræða fjárveitingar til sjúkrahúsanna í Reykjavík, óskiptur, og ætlaður til umfjöllunar sérstöku samstarfsráði sjúkrahúsanna. Því miður hefur dregist allverulega að skipa það ráð, en Alþingi samþykkti rétt fyrir áramót lög um starfssvið þess og vettvang. Sá dráttur stafar af því að það hafa ekki borist tilnefningar frá öllum aðilum sem eiga að tilnefna fulltrúa í þetta samstarfsráð fyrr en núna fyrir örfáum dögum síðan og það ráð mun verða kvatt saman til fundar næstu daga, endanlega gengið frá skipun þess og það kvatt saman næstu daga og getur þá fjallað um endurskipulagningu og samstarf þessara þriggja sjúkrahúsa, ríkisspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala, og þá hvernig staðið verður að úthlutun þess fjármagns sem þar er um að ræða, þannig að mér sýnist að það sé mál sem verði að taka til umræðu síðar og ekki tilefni til þess að fjalla um þær fjárveitingar á þessu stigi eða þann vanda sem ríkisspítalar hafa þó stillt upp varðandi árið í ár. Við erum fyrst og fremst að fjalla um einhverja tugi ef ekki hundrað milljónir kr., sem kunni að vanta vegna uppgjörs á seinasta ári og ég vil aðeins undirstrika það sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. að þau mál verða tekin til umfjöllunar alveg næstu daga og ætti þá að vera eytt óvissu í framhaldi af því sem stjórnarnefnd ríkisspítalanna og stjórnendur þar búa við nú í augnablikinu.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka það fram að sú yfirlýsing sem ég gaf hér fyrr í vetur varðandi ríkisspítalana var yfirlýsing sem var gefin fyrir hönd fjvn., þ.e. það var ekki bara viljayfirlýsing formannsins um það hvernig á málum skyldi tekið heldur var það viljayfirlýsing nefndarinnar um það hvernig hún hygðist haga sínum störfum í sambandi við uppgjör ársins 1990. Forsenda þess var að sjálfsögðu sú að fjáraukalagafrv. væri lagt fram. Öðruvísi getur nefndin ekki tekið á þessu eða öðrum málum. Forsenda þess að hún geti gert það er að fjáraukalagafrv. sé lagt fram á Alþingi. Það hefur ekki gerst, eins og fram hefur komið. Þess vegna hefur okkur ekki reynst unnt að standa við það fyrirheit sem við gáfum og þykir okkur það öllum mjög miður.

Ég vil aðeins taka það fram og staðfesta það einnig að bæði varaformaður fjvn. og ég höfum óskað eftir því við fjmrn. að fjáraukalagafrv. yrði flutt fyrir árið 1990 núna á þessu þingi. Það er reynsla fyrir því að fjvn. hafi byrjað að athuga og vinna að afgreiðslu fjáraukalagafrv. þó svo að frv. hafi ekki verið komið inn í þingið sem þingskjal. Það er reynsla fyrir því að menn hafi byrjað að skoða fjáraukalagafrumvarpsvinnuna í fjvn. í samvinnu við fjmrn. á meðan samning fjáraukalagafrv. hefur staðið yfir þannig að það þyrfti ekki að bíða eftir því að þingskjalið væri komið fram svo að nefndin gæti hafið störf. Svona höfum við áður unnið og ég vil einnig láta það koma fram að ég hef a.m.k. tvívegis óskað eftir því við embættismenn í fjmrn. að reynt yrði að haga vinnunni þannig, með öðrum orðum að þegar lægju fyrir í fjmrn. grófar upplýsingar um útkomu ársins, þá gæti nefndin þegar í stað byrjað að vinna með það þannig að miklu af vinnunni væri lokið þegar frv. kæmi fram. Því miður hefur ekki þetta heldur orðið þannig að úr vöndu er að ráða. Við getum ósköp lítið gert í fjvn. til þess að leysa þetta mál nú.

Ég vil hins vegar eindregið taka undir með fjmrh. þegar hann segir að hann telji það rétt, hann og hans flokkur, að Alþingi komi saman í vor, m.a. til þess að fjalla um þetta mál og önnur af sama toga. Mín skoðun er sú að það sé ekki eðlilegt að kosið sé 20. apríl eins og nú stendur til og síðan komi Alþingi ekki saman til starfa fyrr en um haustið 10. okt. Það er eðlilegt og í samræmi við þær venjur sem hæstv. fjmrh. hefur tekið upp í sambandi við afgreiðslu ríkisfjármála, fjáraukalagafrumvarpsflutning bæði fyrir yfirstandandi ár og liðið ár, það er eðlilegt að slíkri vinnu sé fram haldið, en það verður að sjálfsögðu ekki gert nema með því móti að Alþingi komi saman ekki síðar en í maímánuði á þessu vori.

Sjálfsagt eru til úrræði sem hægt er að grípa til af hæstv. ráðherrum, heilbrrh. og fjmrh., til þess að koma í veg fyrir það að til mjög verulegs samdráttar þurfi að koma í rekstri ríkisspítalanna þrátt fyrir það að okkur gefist ekki tækifæri á því að afgreiða fjáraukalög endanlega nú áður en við förum í kosningar, og ég vil hvetja þá hæstv. ráðherra báða til þess að leita leiða til að tryggja það að til niðurskurðar í rekstri, samdráttar í rekstri þurfi ekki að koma þó að einhverra vikna bið verði auðsjáanlega á því að fjáraukalagaafgreiðsla fyrir árið 1990 geti farið fram.

Hins vegar er það líka alveg rétt að upplýsingar um afkomu ársins verða náttúrlega ekki endanlegar fyrr en fjáraukalagaafgreiðsla hefur farið fram vegna þess að þó svo að menn hafi niðurstöður eins og málin standa í dag, þá er það alveg ljóst, og vísa ég þá bara til þessarar stöðu ríkisspítalanna, að Alþingi mun að sjálfsögðu gera einhverjar breytingar á þeim tölum sem nú liggja fyrir, m.a. til þess að leysa vandamál eins og þau sem við erum að ræða um hér. Og fyrr en endanleg afgreiðsla á fjáraukalögum ársins 1990 hefur farið fram hér á Alþingi eru allar tölur um afkomu ársins að sjálfsögðu hreinar bráðabirgðatölur.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins staðfesta það hér að það hefur verið kallað eftir því frá fjvn. að upplýsingar um fjáraukalög fyrir árið 1990 þyrftu að koma fram og í nótum frá starfsmönnum fjmrn. hefur einnig komið fram, sem hefur komið til fjvn., að verið væri að vinna að því. En þrátt fyrir ítrekun að undanförnu hafa ekki fengist neinar tölur eða tölulegar upplýsingar til nefndarinnar um þessa þætti sem augljóslega hljóta að vera fyrir hendi um það að leysa vandamál, ekki síst í sambandi við ríkisspítalana þannig að fjvn. hefur því miður ekki getað unnið að undirbúningi þessa máls eins og eðlilegt hefði verið.

Mér finnst ástæða til að staðfesta þetta hér vegna þess að um tíma hafði ég frumkvæði að því að þetta var gert og m.a. hefur krafa um þetta komið fram í nefndinni frá hv. 2. þm. Norðurl. v. sem sérstaklega hefur verið fylgt eftir við fjmrn.

Mér finnst að það liggi í augum uppi miðað við þá reynslu sem við höfum gengið í gegnum á undanförnum árum í sambandi við ríkisspítalana að það er ekki hægt að víkja sér undan því að leysa þau mál þar sem það liggur skjallega fyrir og viðurkennt af öllum aðilum að samdráttur og lokun deilda og annað slíkt leysir ekki þennan vanda. Það leysir ekki rekstrarvanda spítalanna nema síður sé. Fyrir utan allt hitt, sem öllum hlýtur að vera ljóst, hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir þá þjónustu sem lög gera ráð fyrir að spítalarnir reki hér í landinu. Þess vegna er þetta stórt mál í raun og veru þó að þessar upphæðir sem þarna hefur þurft að staðfesta séu kannski ekki eins háar og oft hefur verið áður, en það liggur alveg ljóst fyrir að þær eru fyrir hendi.

Ég þarf ekki miklu við þetta að bæta. Ég harma það náttúrlega eins og aðrir að þetta skyldi ekki hafa gengið eftir eins og þetta hefur verið sett fram á síðustu tveimur til þremur árum af hendi fjmrn., sem allir hafa borið lof á, þessa nýju skipan, um leið og verður að minna á að það er alveg furðulegt að þegar fjvn. hefur endurflutt frv. um greiðslur úr ríkissjóði hér á Alþingi sem var búið að ganga í gegnum vissa endurskoðun, bæði af ríkisfjármálanefnd og í fjmrn., þá er eins og það sé einskis virði að þetta frv. var endurflutt hér í hv. deild, það voru tiltölulegar litlar umræður hér, og nefndin sem fékk málið, hv. fjh.- og viðskn., hefur ekki einu sinni sýnt a.m.k. flytjendum úr öllum stjórnmálaflokkum hér inni á Alþingi þá sjálfsögðu virðingu að taka málið til meðferðar, hvað þá heldur að reyna að koma því hingað inn því að þetta er eitt af þeim málum sem gætu a.m.k. komið í veg fyrir það að menn þyrftu að standa hér í umræðum utan dagskrár eða þingskapaumræðum til þess að ræða um það sem allir í raun og veru eru sammála um að þurfi að breyta í sambandi við meðferð ríkisfjármála.

En ég vildi koma þessum upplýsingum að, að fjvn. hefur verið tilbúin í samræmi við þá yfirlýsingu sem formaður fjvn. gaf hér við afgreiðslu fjárlaga á sl. hausti og það hefur ekki staðið á því að við værum tilbúnir til að leggja á okkur aukavinnu til að greiða fyrir þessum málum.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú þingskapaumræða sem ég hóf var afmörkuð og bundin við þá yfirlýsingu sem hv. formaður fjvn. gaf hér á Alþingi 13. des. sl. og tengist málefnum ríkisspítalanna og við það ætla ég að halda mig og innan þess ramma sem fellur undir þingsköp.

Vegna þess sem hér hefur komið fram langar mig til að benda á það að verði niðurstaðan sú úr starfi nefndar eða fulltrúa heilbr.- og trmrn. og fjmrn. um vanda ríkisspítalanna að lagt verði til við ríkisstjórnina að þessi vandi verði leystur með framlögum, þá þarf stjórn ríkisspítalanna að fá um það vitneskju þegar í stað einfaldlega vegna þeirra sparnaðaraðgerða sem þurfa að fara í gang. Vegna samdráttar í rekstri, miðað við óbreyttar rekstrartölur ríkisspítalanna, þarf að gera ráðstafanir þegar í stað til þess að hefja þær þannig að það má ekki bíða. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. geri stjórn ríkisspítalanna grein fyrir því að vandi þeirra verði leystur, það verði tryggt.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, þakka hæstv. fjmrh. þau svör sem hann gaf, en ítreka það að þessi vandi blasti við þegar 13. des. þegar formaður fjvn. flutti sína ræðu þannig að það hefur verið vitað í alllangan tíma hvaða staða kæmi upp. Það er svo aftur annað mál að hv. Alþingi þyrfti fyrr en síðar að ræða það í mikilli alvöru hvaða stigi heilbrigðisþjónustu menn ætla sér að halda uppi hér á landi á næstunni og þá að gera sér grein fyrir því hvað sú heilbrigðisþjónusta kostar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson hefur notað þessa umræðu til þess að koma hér með sínar hefðbundnu dylgjur í garð fjmrh., að túlka allt á hinn versta

veg og gera mönnum upp annarleg mótív og annað af því tagi sem maður er nú svo sem orðinn vanur úr þessari mjög svo málefnalegu umræðu Sjálfstfl. um ríkisfjármál, flokksins sem skildi allt eftir sig í skúffum í fjmrn., hafði trassað árum saman að leggja fram nauðsynleg frumvörp.

Öllum þingmönnum er væntanlega ljóst að þetta þinghald er með afbrigðilegum hætti, þinginu er að ljúka hér tveimur til þremur mánuðum fyrr en venja er og ég vil minna á það að þau fyrri fjáraukalög sem afgreidd voru hér á þinginu í fyrra voru afgreidd í maí, ef ég man rétt, um það bil tveimur mánuðum eftir að fjmrh. lagði þau inn í þingið þannig að það tók fjvn. um það bil tvo mánuði að afgreiða þau fjáraukalög. Ég er ekkert að gagnrýna það. Ég er bara að vekja athygli á þessari staðreynd.

Það er því nokkurn veginn ljóst að miðað við þessa hefðbundnu hætti var mjög hæpið að það þjónaði yfir höfuð nokkrum tilgangi að fara að koma með fjáraukalagafrv. fyrir árið 1991 í febrúarmánuði. (Gripið fram í.) Ég kem að 1990 á eftir, hv. þm. Ég er fyrst að tala um 1991 sem líka hefur verið gagnrýnt hér í umræðunni. Þá hefði það þjónað litlum tilgangi að koma með það í febrúarmánuði hér inn í þingið vegna þess að ég vænti þess varla að fjvn. hafi ætlað sér bara að stimpla frv. á svona viku eða svo miðað við það að fjvn. hefur yfirleitt tekið tvo mánuði í að afgreiða fjáraukalagafrv. Þess vegna er það lengi búin að vera mín skoðun, og sem ég hef lýst bæði í ríkisstjórn og í viðræðum við þingflokka og fjárveitinganefndarmenn, að það væru eðlileg vinnubrögð að þing kæmi hér saman að loknum kosningum, og ég fagna því að formaður fjvn. tekur undir það sjónarmið, og þá muni sú ríkisstjórn sem þá situr flytja fjáraukalagafrv. í samræmi við þá stefnu sem hún hefur markað. Það er líka miklu eðlilegra fyrir margra hluta sakir. Þá hefði bara nákvæmlega sami háttur verið hafður á í ár eins og í fyrra varðandi fjáraukalög fyrir árið 1991.

Hv. þm. Pálmi Jónsson varði hins vegar mestum hluta ræðu sinnar til þess að gera það tortryggilegt í einhverjum glæpareyfarastíl, sem honum er einum lagið í umræðum um ríkisfjármál, að það sýndi hvers konar mann fjmrh. hefði að geyma að hann væri ekki búinn að leggja fram fjáraukalagafrv. fyrir 1990 og ástæðurnar væru tilraunir til blöffs, leyndar, fjölmiðlakúnsta og ég veit ekki hvað og hvað. Og það var gefið til kynna hér í umræðunum að fjárveitinganefndarmenn hefðu sífellt verið að rexa í fjmrh. um að þetta frv. yrði lagt fram. Það er nú ekki rétt. Ég held að það séu nokkrir dagar síðan formaður fjvn. ræddi þetta mál við mig og það er enginn ágreiningur milli mín og formanns fjvn. um það atriði. Hitt er staðreynd málsins að vegna mikilla anna í fjmrn. hefur þeim starfsmönnum sem gegna lykilhlutverki í að ganga frá þessu frv. ekki gefist tími til þess að ljúka allri tæknilegri vinnu við málið. Sannleikurinn er nú svona einfaldur. En ef hér í þingsölum er verið að segja það beint út að það sé af pólitískum ástæðum að fjáraukalagafrv. fyrir 1990 hefur ekki verið lagt fram, þá fer ég hér með formlega fram á það að fjvn. verði kölluð saman til fundar, þar mæti ráðuneytisstjórinn í fjmrn. og þeir skrifstofustjórar í fjmrn. sem hafa með þetta mál að gera og geri fjvn. nákvæma grein fyrir því hvernig að þessu verki hefur verið unnið vegna þess að það er tilhæfulaust með öllu að ég hafi sem ráðherra lagt það til eða stuðlað að því að þetta frv. kæmi seinna fram heldur en fagleg vinna í fjmrn. leyfði í þessu máli. Þvert á móti hef ég verið að knýja á um það í fjmrn. að þessari vinnu yrði hraðað. En það er nú einfaldlega þannig, þrátt fyrir það að sumum finnist mannskapurinn vera fjölmennur í fjmrn., og ég veit að fjárveitinganefndarmönnum er það kunnugt að það er tiltölulega fámennur hópur manna sem sinnir lykilverkum af þessu tagi, og miðað við aðrar annir sem á þeim hópi hafa verið síðasta mánuð eða svo, m.a. vegna þess að menn eru að ljúka hér þingi fyrr en ella, hefur þeim ekki tekist að ljúka sinni vinnu.

Og vegna þess að ég reikna með að hv. þm. Pálmi Jónsson haldi áfram uppteknum hætti að byggja allan sinn málflutning um ríkisfjármál á ómerkilegum áróðursplötum, þá fer ég formlega fram á það að fjvn. komi saman til fundar og embættismenn fjmrn. fái tækifæri til þess að gefa fjvn. nákvæma skýrslu um það hvar þessi vinna er á vegi stödd og hvaða orsakir liggja þarna að baki. Því ég ætla ekki að sitja undir því hér á Alþingi eða á næstunni að ég hafi af pólitískum ástæðum verið að tefja það að þetta frv. yrði lagt hér fram. Það er alrangt. Það er gjörsamlega tilhæfulaust. Ég hef þvert á móti tamið mér þau vinnubrögð umfram aðra fjármálaráðherra að hafa forgöngu um það að leggja öll mín plögg á borðið og koma með mín mál inn í þingið eins fljótt og unnt er, um leið og þau hafa verið tæknilega tilbúin, en það hafa fjármálaráðherrar Sjálfstfl. aldrei gert. Og heyrðist þá ekki nokkur gagnrýnisrödd hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, þá var hann ánægður með það kerfi. Þannig að þetta er náttúrlega í hæsta máta ódrengilegt og ósvífni að koma hér með getgátur af þessu tagi í trausti þess að þjóðin taki mark á hv. þm. Pálma Jónssyni af því að hann hefur lengi starfað á þessum vettvangi.

Ég vona þess vegna að formaður fjvn. geti fundið tíma á þessum sólarhring eða þeim næsta til þess að starfsmenn fjmrn. fái tækifæri til að gera fjvn. grein fyrir þessu. Ég er einnig reiðubúinn til þess að senda frv. þingmönnum í fjvn. á næstu dögum eða vikum, um leið og það verður tilbúið. Ég er tilbúinn til þess að þeir fái allan aðgang, flokkarnir hér á Alþingi, að þessu frv. eins og þeir vilja í allri kosningabaráttunni. Ég er ekki að leyna hér einu eða neinu og sit ekki undir dylgjum af því tagi sem hér komu fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni. Sjálfstfl. getur fengið allan aðgang að þessu verki sem hann vill. Allan. Komið þið bara með mennina og þið getið fengið allan aðgang að þessu verki. (Gripið fram í.) Hv. þm. Friðrik Sophusson, ég sagði það hér áðan að vegna anna starfsmanna fjmrn. hefði ekki tekist að ljúka tæknilegum atriðum varðandi þetta frv. Það eru engar pólitískar ástæður á bak við það en það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að leggja á starfsmenn ráðuneytisins. Það eru takmörk fyrir því. Ég harma það hins vegar að hv. þm. Pálmi

Jónsson skyldi notfæra sér það að hér var verið að ræða um mjög afmarkað mál til þess að fara að spila þessar áróðursplötur Sjálfstfl. hér í þessum umræðum um þingsköp.

Hér með liggur það fyrir. Ég óska eftir fundi í fjvn. um málið. Ég óska eftir því að Sjálfstfl. tilnefni menn til þess að fara yfir fjáraukalagafrv. fyrir 1990. Sjálfstfl. mun fá allan aðgang að því sem og aðrir flokkar.

Varðandi vanda ríkisspítalanna vil ég aðeins geta þess, vegna þess að það var líka verið að ýja að því hér að við í heilbrrn. og fjmrn. hefðum eitthvað dregið lappirnar í þessu máli, að það eru aðeins rúmar þrjár vikur síðan greinargerð kom frá ríkisspítulunum um það hvernig málið væri vaxið. Og það var talið eðlilegt eins og venja er að heilbrrn. og síðan fjmrn. færu yfir þá útreikninga og skoðuðu þá mjög rækilega eins og við gerum samkvæmt venju. Það er líka fullkomlega eðlilegt í samræmi við þau vinnubrögð sem við höfum tekið upp í ríkisfjármálum að ríkisstjórn móti síðan sína afstöðu um það hvað hún muni leggja til í fjáraukalögum og þingið taki síðan afstöðu til þess, m.a. af þeirri ástæðu að innan gildandi fjárlaga eru fullkomnar greiðsluheimildir fyrir ríkisspítalana til að brúa það mánaðabil sem hér er fram undan.

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki meira um þetta mál að segja. Að því einstaka máli, sem hv. þm. Árni Gunnarsson tók hér til meðferðar, verður unnið með eðlilegum hætti. Forustumenn ríkisspítalanna geta treyst því að niðurstaðan í því máli muni liggja fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar innan tíðar og málið verður síðan lagt endanlega fyrir Alþingi. Stjórnarmenn ríkisspítalanna munu fá með formlegum hætti að vita niðurstöðu ríkisstjórnarinnar og við getum í sameiningu haldið þannig áfram þeirri reglu sem við höfum komið á í þessum málum þannig að öllum þeim skilyrðum sem við höfum innleitt varðandi meðferð ríkisfjármála verður fylgt í þessu máli. Svo bíð ég eftir því að Sjálfstfl. sendi mennina.

Forseti (Geir H. Haarde):

Hæstv. fjmrh. hefur borið fram formlega ósk um að haldinn verði fundur í fjvn. þingsins. Forseti væntir þess að ef hv. formaður fjvn. hyggst verða við þeirri ósk, þá geri hann forseta viðvart ef hann óskar eftir því að deildin geri hlé á störfum sínum á meðan.

Forseti vill upplýsa að í þessari umræðu um þingsköp hafa nú talað átta aðilar. Það hafa verið haldnar hér átta ræður, þar af ein úr hópi stjórnarandstæðinga, sjö af hálfu stjórnarliða, þar af þrjár af hálfu ráðherra. Enn eru fjórir á mælendaskrá og er það ósk forseta og sjálfsagt ráðherra líka að þeir sem eiga hér eftir ótalað reyni að tempra mál sitt og stytta eftir föngum og halda sig við umræður um þingsköp til þess að unnt verði að ganga til dagskrár hér á fundinum og afgreiða öll þau brýnu mál sem hér liggja fyrir.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mér þótti miður að heyra það hér hjá hæstv. fjmrh. áðan að honum fannst einhvern veginn að menn ættu ekkert að vera að gagnrýna sig. En það er nú einu sinni skylda alþingismanna að halda uppi aga gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég er alveg til í það að reyna að takmarka mál mitt hér eins og ósk kom fram um frá hæstv. forseta, en það er óhjákvæmilegt annað en minnast á það að fjáraukalögin vantar fyrir árið 1990. Það er enginn pólitískur áróður. Það eru ósannindi hjá hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra er alltaf að kenna hér um einhverri tæknilegri vinnu. Hvaða tæknilegu vandamál eru það? Er tölvuvírus í ráðuneytinu? Eða hvaða tæknilegu vandamál eru það sem hæstv. fjmrh. á við? Hann er að tala um tæknileg bókhaldsatriði og tæknilega vinnu. Hvaða tækni er það? Er það rafmagnseðlis eða örtölvutækni? Eða hvaða tæknilegu vandamál eru það sem ráðuneytið á við að glíma? Það væri fróðlegt að fá svar við því.

En hæstv. fjmrh. hefur komið, skulum við segja, fram af miklum aga gagnvart þeim sem eiga að borga virðisaukaskatt og skulda gamlan söluskatt o.s.frv. Og á sama hátt á auðvitað Alþingi að halda uppi aga gagnvart fjmrh. og það er það sem hér er verið að gera. Þá finnst honum að það eigi allt aðrar reglur að gilda.

En það sem verið er að gera núna er það að þessa dagana á að fara að afhenda marga milljarða, það á að fara að afgreiða, m.a. hér í þessari deild, marga milljarða á lánsfjárlögum sem ekki á að afgreiða á fjárlögum. Það á sem sagt að afhenda seðlana upp úr peningakassanum án þess að setja þá á strimilinn. En svo á næsta ríkisstjórn að færa það á strimilinn. Þess vegna er spurning hvort eigi ekki að setja líka sjóðvél á fjmrn.

Ég vil líka geta þess að ég bíð eftir því að fá svör við tveim fyrirspurnum hjá hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Þau eru að koma. Þau koma núna á eftir.) Já, það er gott.

Ég ætla líka að taka það fram að ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa sýnt góða viðleitni í að gera fjáraukalög. Það verða allir að fá að eiga það sem þeir eiga og hæstv. fjmrh. hefur sýnt góða viðleitni. En nú er hann á harðaflótta frá þessari viðleitni og það er það sem ég er ekki sáttur við. Því stend ég hér og er að halda uppi gagnrýni eins og er mín skylda sem þingmanns.

Eins vantar hér ríkisreikning fyrir árið 1989 og ég mótmæli því að hann skuli ekki hafa verið lagður fram því að þar koma fram ýmsar nýjar upplýsingar sem ég ætla ekki að fara hér út í núna. En ég ítreka að það væri nú réttara að setja á fjáraukalög, þó ekki væri nema heimild sem segði það að Alþingi heimilaði fjmrh. að nota tékkheftið eins og honum sýnist. Svona opna heimild. Það væri strax betra en að hafa ekki neitt.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 3. þm. Norðurl. e., hæstv. forseta Nd., fyrir að hafa vakið máls á þessum alvarlega hlut sem er að gerast í rekstri ríkisspítalanna. Hæstv. forseti bað um að við hemdum mál okkar. Það er að vísu erfitt að hemja undrun sína og hneykslan á því hvernig að efndum þeirrar yfirlýs-

ingar hefur verið staðið sem féll nú á fyrri hluta þings í þá veru að þetta mál yrði örugglega leyst, bæði sá vandi sem út af stóð vegna síðasta árs í rekstri ríkisspítalanna, svo og að það lægju fyrir lausnir mála nú þegar í aukafjárlögum.

Það er auðvitað deginum ljósara að lokanir á ríkisspítulum, samdráttur í rekstri á þann veg að frestað er bráðnauðsynlegum aðgerðum eða þá að fólk sem þarf á lífsnauðsynlegum aðgerðum að halda er sent utan, allt veldur þetta í raun og veru auknum kostnaði en ekki sparnaði. Kostnaðurinn kemur bara annars staðar fram og í sumum tilvikum síðar, en verður miklu langærri heldur en ella væri. Þess vegna er það með ólíkindum að hlusta á það þegar hæstv. ráðherrar koma hér og bera við ýmsum ástæðum eða eins konar afsökunum sem alls ekki eru í samræmi milli ráðherranna. Hæstv. heilbrrh. nefnir ýmislegt sem tafið hafi þetta mál. Ég tek fram að báðir ráðherrarnir virðast sammála um að það eigi að leysa málið og raunar með þeim hætti sem þegar hafi komið fram að gera beri. En það sem veldur er að sögn hæstv. heilbrrh. m.a. það að ríkisstjórninni hafi ekki unnist tími til að koma sér saman um tillögur í þessu máli, m.a. hafi staðið svo á á ríkisstjórnarfundi nú í morgun að málið hafi verið þar á dagskrá en það var ekki tími til að taka það fyrir vegna þinghaldsins hér. Ja, mér hefur nú sýnst að hæstv. ríkisstjórn hefði ekki alltaf jafnmiklar áhyggjur af því hvort það væru fundir hér í deild eða ekki. En nú bregður svo við þegar kemur að máli ríkisspítalanna á dagskrá ríkisstjórnarfundar að þá liggur öllum hæstv. ráðherrum á að þeysa til þingfundar þó svo að hér hafi varla verið fundarfært í upphafi, a.m.k. ekki atkvæðagreiðslufært vegna skorts á stjórnarliðum. En hæstv. ríkisstjórn vék þessu máli til hliðar af þessum sökum.

Ég get auðvitað ekki gagnrýnt það að hæstv. ríkisstjórn láti þingfund ganga fyrir öðru, en ef þetta var ástæðan, að hæstv. ríkisstjórn vannst ekki tími til að afgreiða þetta dagskrárefni, eins og fram kom hjá hæstv. heilbrrh., þá vil ég leyfa mér að stinga upp á því að hæstv. forseti hlutist til um það að ríkisstjórninni gefist tækifæri til að skjótast saman á fund og afgreiða þennan dagskrárlið frá fundinum í morgun. Þá ættum við að vera nær lausn málsins og þá ættum við að vera nær þeim tilgangi hæstv. frummælanda að fá upplýsingar um það hvers ríkisspítalarnir mega vænta þannig að störf þeirra nú á vordögum lendi ekki í hreinum ógöngum vegna óvissu um framhaldið og hvernig haga beri ýmiss konar samdrætti í störfum þeirra.

Þetta hefði ég haldið að væri ekki afar flókið mál úr því sem komið er og vegna þeirra tillagna sem þegar liggja fyrir. Af máli hæstv. fjmrh., í fyrri ræðu hans, mátti helst skilja að það vantaði einhverjar tillögur frá ríkisspítulum, þær hefðu a.m.k. verið mjög seint fram komnar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið lágu þær tillögur fyrir fyrir afgreiðslu fjárlaga og ef um einhverjar frekari upplýsingar hefur verið að ræða, þá eru þær allar löngu komnar þannig að þessi ástæða stenst ekki heldur.

Loks nefndi heilbrrh. samstarfsnefnd sem ekki væri búið að tilnefna í. Ég verð að játa að ég skildi ekki alveg hvað það kom þessu máli við, tillögum sem liggja fyrir og rekstrartölum sem liggja fyrir fyrir löngu þó að það ætti eftir að tilnefna í samstarfsnefnd ríkisspítalanna. Mér finnst það vera svo augljós fyrirsláttur að það eigi að bíða eftir einhverjum slíkum tilnefningum, ja, líklega til að fá umsagnir eða ég veit ekki til hvers. Þetta er ósköp einfaldlega afgreiðsluatriði sem engu er líkara en hafi orðið fyrir þeim örlögum sem hv. 1. þm. Norðurl. v. benti á, að hafa lent á einhverjum pólitískum þvælingi vegna margfrægra blaðamannafunda hæstv. ráðherra.

Það voru fleiri en ég og fleiri en hv. þm. sem voru undrandi þegar hæstv. fjmrh. sat fyrir sjónvarpsmyndavélum og lýsti því yfir alsæll að skuldir Íslendinga hefðu ekki aukist um eina einustu krónu í hans tíð. Það má vel vera að svo hafi verið um A-hluta fjárlaganna, en hver er staðreyndin í því máli? Skuldir Íslendinga hafa aukist svo að þær hafa aldrei verið neitt þvílíkar sem þær eru núna. Og það er von að hæstv. ráðherra sé mjög upptekinn af að matreiða svona upplýsingar fyrir landslýð á meðan hann lætur undir höfuð leggjast að leggja fram fjáraukalög og ganga frá þeim málum í ríkisstjórninni sem eru lífsnauðsynleg fyrir þá sem ekki geta beðið og það eru þeir sem bíða eftir lífsnauðsynlegri þjónustu ríkisspítalanna.

Mér þykja þessar afsakanir hæstv. ráðherra satt að segja svo ósennilegar hjá hæstv. fjmrh. að ég leyfi mér að telja þær ósannar og svo ómyndarlegar hjá hæstv. heilbrrh. að ég vil ekki sætta mig við að þær geti verið réttar og þess vegna vil ég styðja hæstv. heilbrrh. í því að koma því til leiðar, ef stuðningur þingsins fengist við það eða a.m.k. hæstv. forseta, að hlutast til um það að hæstv. ríkisstjórn gæti skotist á fund til að koma sér saman um þann dagskrárlið sem hæstv. heilbrrh. mátti gjöra svo vel að renna niður að yrði ekki afgreiddur nú í morgun.

Ég kannast við það frá gamalli tíð að það er erfitt að berjast fyrir stórum fjárveitingum í heilbrigðiskerfið og hæstv. heilbrrh. veitir ekkert af stuðningi Alþingis til þess. En hæstv. heilbrrh. og flestir hv. þm. vita það jafn vel að sparnaður á þessu sviði hjá stofnun sem er búin að spara mjög, mjög mikið og leggja að sér strangt aðhald til þess, sá sparnaður leiðir ekki til annars en aukins kostnaðar síðar sem vindur upp á sig.

Ég ætlaði, hæstv. forseti, ekki að fara að ræða um efnisleg rök í þessu, en það er óhjákvæmilegt að minna á þau því að þeim mun meiri verður undrun okkar og þeim mun meiri að málið skuli ekki hafa verið afgreitt af hálfu hæstv. fjmrh. og öll fjvn., stjórnarliðar og stjórnarandstaða, er sammála um það að þetta hafi dregist úr hömlu af hálfu fjmrn. Og fjvn. er fyrir löngu tilbúin til að vinna í þessu máli. Auðvitað veit ég að í fjvn. eru garpar sem eru færir um að svara fyrir sig, en ég get ekki látið vera að hneykslast á því þegar hæstv. ráðherra kemur og ýjar að því að vegna seinagangs í störfum fjvn. þýði ekkert að vera að leggja fram svona frv. eins og fjáraukalög vegna þess að hæstv. fjvn. þurfi — ég segi hæstv., svo mikil er virðing mín orð-

in fyrir þeirri ágætu nefnd, það er ekki seinna vænna — svo langan tíma til þess að vinna úr málum sínum.

Fjvn. er því alvön að vinna undir miklu álagi og vinna úr flóknum dæmum. Þetta mál er hins vegar ekki lengur svo flókið. Staðreyndir málsins liggja fyrir. Tillögurnar liggja fyrir og viðbára eins og þessi hjá hæstv. fjmrh. er auðvitað alveg forkastanleg og fráleit og ekki hægt að ætlast til þess að mark sé tekið á henni.

En til að ljúka máli mínu, hæstv. forseti, þá vil ég ítreka það að ég skora á hæstv. ríkisstjórn, sem oft hefur nú séð af mínútum til þess að tala saman innbyrðis þó að þingmenn séu að funda og standi hér í ræðustólum, að skjótast á smáfund og leysa þetta mál sín á milli. Og trúað gæti ég að það gæfist sérstakt tilefni til þess, t.d. ef nú yrði farið að ræða um álverstillöguna góðu, þá skapast væntanlega svigrúm í tíma fyrir hæstv. ríkisstjórn til að ræða saman um þetta mál. En ég lýsi undrun minni á hörmungarástandi í afgreiðslu þessa máls og ég tel að það megi engan tíma missa til að fá lausn, að fá a.m.k. ákvörðun um það hvaða talna sé að vænta.

Forseti (Geir H. Haarde):

Í tilefni ummæla hv. síðasta ræðumanns varðandi það hvort forseti mundi hlutast til um að gera hlé á fundum deildarinnar til þess að ríkisstjórninni gæfist ráðrúm til að boða til fundar, þá vill forseti taka það fram að forsetastólnum hefur ekki borist neitt erindi frá réttum aðilum um það efni og mun forseti ekki hafa frumkvæði að því að boðað verði til ríkisstjórnarfundar og hlé gert á deildarstörfunum á meðan.

En forseti vill ítreka það sem hann áður sagði að hér liggja mörg mál fyrir deildinni á útbýttri dagskrá og það er brýnt að geta hafið störf og greiða úr þeim málum. Forseti vill því ítreka fyrri óskir um að menn reyni eftir föngum að stytta mál sitt og halda sig við umræðu um þingsköp á þeim grundvelli sem málshefjandi markaði.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, eins og beðið hefur verið um, um þessi efnisatriði í þeirri þingskapaumræðu sem hér var hafin af virðulegum forseta deildarinnar.

Ég vil taka það fyrst fram að mér finnst hafa verið ærið tilefni af hálfu forseta að hefja þessa umræðu hér í dag. Ég vil jafnframt benda á að mál eins og það sem hann ber fyrir brjósti er auðvitað hægt að leysa eins og önnur slík mál hafa verið leyst núna á síðustu dögum, þ.e. að tekin sé inn í lánsfjárlög lánsheimild til þess að brúa þetta bil þar til aukafjárveiting berst. Þetta er auðvitað ekki venjuleg aðferð til að leysa mál á borð við þetta en þetta er sú aðferð sem hæstv. ríkisstjórn notar í nokkuð mörgum tilvikum einmitt nú á síðustu dögum þingsins þegar ljóst er að hæstv. fjmrh. ætlar að láta undir höfuð leggjast að leggja fram fjáraukalög en beinir þess í stað málum inn í hv. fjh.- og viðskn. þannig að hún geti sett beiðnir inn í lánsfjárlög og þannig tryggt fjárveitingar til ýmissa verkefna. Það verkefni sem hæstv. forseti deildarinnar bar fyrir brjósti á vel heima þar eins og önnur atriði sem hv. nefnd hefur haft til umfjöllunar að undanförnu.

Ég vil, virðulegi forseti, þakka hv. 3. þm. Norðurl. e., sem jafnframt er forseti deildarinnar, fyrir það að hefja þessa umræðu því að hún gefur auðvitað tilefni til þess að ræða ekki þetta mál einangrað heldur fjáraukalög.

Ég vil rifja það upp að á síðasta þingi, nánar tiltekið á sl. vori fyrir tæpu ári síðan, lýsti hæstv. fjmrh. því yfir hér í sölum Alþingis að nú hefðu verið tekin upp ný og betri vinnubrögð í fjmrn. Nú væri ekki beðið með að leggja fram fjáraukalög og því til sönnunar var þá þegar lagt fram frv. vegna aukafjárveitinga á árinu 1989. Og um sama leyti, ekki alllöngu síðar, var lagt fram á Alþingi fjáraukalagafrv. vegna kjarasamninganna sem gerðir voru um þetta leyti fyrir ári síðan. Það frv. hlaut talsverðar breytingar í meðferð Alþingis og það sem sjaldnast gerist en gerðist þá var það að heiti frv. var breytt þannig að það hét ekki lengur fjáraukalög vegna kjarasamninganna heldur fjáraukalög fyrir árið 1990, fyrri hluta ársins.

Ég rifja þetta upp vegna þess að á þessum tíma gumaði hæstv. fjmrh. af því að nú væru tekin upp ný vinnubrögð. Ári síðar stendur þessi sami hæstv. fjmrh. í ræðustól hér á Alþingi og ætlar alveg að springa af undrun yfir því að nokkrir þingmenn skuli fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann leggi fram fjáraukalög fyrir sl. ár og spyr hvort menn viti það ekki að þeir í fjmrn. hafi haft yfrið nóg að gera að undanförnu. Þetta má allt vera satt, að það sé mikið að gera í fjmrn. Við þingmenn vitum hins vegar að hæstv. ráðherra hefur nokkra menn á sínum snærum í ráðuneytinu sem ugglaust gætu tekið til hendi þegar á þarf að halda í jafnbrýnum málum og þessum. Og það verður kannski enn þá skrýtnara að hugsa um þessar röksemdir hæstv. ráðherra þegar menn vita að í raun og veru liggja allar upplýsingarnar fyrir varðandi sl. ár.

Þegar svo hæstv. ráðherra kemur hér í ræðustól og lýsir undrun sinni yfir því að það skuli vera farið fram á það að frv. til fjáraukalaga fyrir sl. ár sé lagt fram, þá hlýtur það að bjóða því heim að menn séu fullir grunsemda um það að eitthvað sé að. (**Fjmrh.:** Nei, nei.) Nei, nei, nei, nei, nei, segir hæstv. ráðherra.

Nú stendur þannig á að þegar hæstv. ráðherra þarf að tala við fjölmiðla þá virðist ekki vera mikið að gera hjá starfsmönnum ráðuneytisins. Venjulega sér maður í sjónvarpi að hæstv. fjmrh. hefur gefið út fréttatilkynningu . . . (Gripið fram í.) Ég kem einmitt að því. Ég veit að hæstv. ráðherra veit upp á sig skömmina og veit hvað ég ætla að fara að segja, en þrátt fyrir það ætla ég að láta mig hafa það að segja það. Af því að hæstv. ráðherra rifjaði það nú upp fyrir mér að síðast þegar hann hélt blaðamannafund með tilheyrandi pompi og pragt í fínu höllinni sinni, Rúgbrauðsgerðinni, ef ég man rétt, (**Fjmrh.:** Nei, það var ekki í síðasta sinn.) jæja, en það er eitt af þeim síðari. Þar voru staddir starfsmenn ráðuneytisins, þeir sem hafa svona mikið að gera, og voru að lýsa því sem var kallað ríkisfjármálin árið 1990. Þetta var allglæsilegur pappír sem blaðamenn fengu og fréttamenn og þeim var ætl-

að að birta þetta í fjölmiðlum. Fyrirsagnirnar voru svona, með leyfi forseta: „Hallinn minnkar annað árið í röð.“ Það var fyrsta fyrirsögnin. Önnur fyrirsögnin var: „Hallinn minni en á fjárlögum.“ Þriðja fyrirsögnin: „Útgjöld innan ramma heimilda.“ Fjórða fyrirsögnin: „Útgjaldaþenslan stöðvuð.“ Og fimmta fyrirsögnin: „100% innlend fjármögnun.“ (**Fjmrh.:** Allt rétt.) Með öðrum orðum: Þegar hæstv. ráðherra hélt þennan blaðamannafund vissi hann nákvæmlega um öll þessi atriði að eigin sögn.

Síðan var lofað að leggja fram skýrslu, skýrslu sem hv. alþm. héldu að þeir gætu rætt áður en þingi yrði slitið. En þá brá svo við að skýrslan var ekki lögð fram á Alþingi fyrr en mörgum dögum síðar og auðvitað skilja þeir hv. alþm. af hverju það er. Það er vegna þess að það er hægt að gagnrýna flest þau atriði sem koma fram í fréttatilkynningunni þegar menn lesa skýrsluna. Þar á meðal held ég því fram, og gæti fært rök fyrir því ef hæstv. ráðherra kærir sig um, ég mun reyndar gera það við afgreiðslu lánsfjárlaga — og ég vona að lánsfjárlög verði afgreidd áður en þinglausnir verða eða þing verður rofið — að öll þessi atriði sem hæstv. ráðherra heldur fram eru röng. Öll. Hvert eitt og einasta. Og það verður auðvitað tínt til í einstökum atriðum þegar sannleikurinn verður birtur. (**Forseti:** Mætti forseti þá beina því til ræðumanns að hann gerði það í þeirri umræðu en ekki í þessum umræðum hér um þingsköp.) Það er alveg sjálfsagt. (Gripið fram í.) Ég ætla að fara að ráðum hæstv. forseta, enda hef ég lofað hæstv. aðalforseta að tala hér ekki mjög lengi og vera innan við hálftíma a.m.k. í minni ræðu hér um þingsköp þótt tilefnið sé þannig að ástæða væri til þess að hafa miklu fleiri orð um það.

Ég skal bara taka eitt dæmi til þess að sýna hvernig hæstv. ráðherra vinnur. Til að gefa þjóðinni þá mynd af ríkisfjármálunum sem hann telur vera hentuga fyrir sig, þá segir hæstv. ráðherra að nú sé staðan um síðustu áramót svo góð að ríkissjóður eigi 300 millj. hjá Seðlabankanum. Réttum mánuði síðar er yfirdráttur ríkissjóðs hjá Seðlabankanum samkvæmt upplýsingum úr fjmrn. yfir 5 milljarðar og í byrjun þessarar viku, um síðustu helgi, var yfirdrátturinn 8,8 milljarðar. Og úr slíkum tölum geta menn lesið. Það er hægt að spá á þeim grundvelli hvað er að gerast í ríkisfjármálunum.

Af hverju halda menn að hæstv. ráðherra láti undir höfuð leggjast að leggja fram þau gögn sem þingið á að fá? Ef hann kallar það dylgjur, þá á hann aðeins eitt svar við því og það er að leggja fram þessar upplýsingar í frumvarpsformi. (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.) Og það ber hæstv. ráðherra að gera áður en þing fer heim. Það er auðvitað ekki ráðherrans heldur þingsins að ákveða hvað afgreitt er á þinginu, en ráðherrann hefur þá gegnt sinni skyldu, þeirri skyldu sem hann sjálfur kom á, að leggja fram fjáraukalög fyrir sl. ár a.m.k. Og í raun réttri ætti auðvitað hæstv. ráðherra að leggja fram fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár því að ég hef hér upplýsingar um þær aukafjárveitingabeiðnir sem liggja hjá ráðuneytinu í sex liðum. Það einfaldasta sem hæstv. ráðherra gæti gert, og það sem væri í hátt við þær reglur sem hann taldi vera grundvallarreglur fyrir ári síðan, væri auðvitað að flytja fjáraukalög fyrir 1991 og taka þessi atriði inn. Þetta eru fjárhæðir upp á á fjórða hundrað millj. En hæstv. ráðherra kýs að vísa flestum þessum atriðum á lánsfjárlög. Og hann gerir meira. Hann tekur lán af ákveðnum lið í fjárlögum sem kallaður er ríkisstjórnarliðurinn og ætlar síðan að láta brúa það með aukafjárveitingum síðar á árinu.

Allt það sem ég hef sagt ber að sama brunni. Það eru tilraunir til þess að færa til tölur þannig að það færist yfir á næstu ríkisstjórn, kostnaðurinn við þær ákvarðanir sem núv. ríkisstjórn, þar á meðal hæstv. fjmrh., hefur tekið. (Gripið fram í.) Það er hægt að biðja um orðið hér enn þá. Það er ekki slíkt einræði og mér er kunnugt um það að hér fá þó menn að tala. Ég veit ekki hvernig það er í fjmrn. Það getur verið að menn fái hvorki að vinna né tala þar. En hér hafa menn málfrelsi, hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Forseti mælist til þess að hér hafi menn ekki samtöl á meðan umræða er um þingsköp.) (**Fjmrh.:** Þetta er orðin efnisleg umræða.) Nei, nei, þetta er umræða að gefnu tilefni um nákvæmlega þingsköp, um það hvort hæstv. ráðherra beri að leggja fram frumvörp eða ekki og ég hef einungis vitnað til þeirra reglna sem hann sjálfur hefur sett og sagt: Af hverju fer ráðherra ekki eftir sínum eigin reglum? Og ég hef leitað skýringa á því og þá kallar ráðherra: Þetta eru dylgjur. Ég hef sagt ráðherra að hann geti losað sig undan því með því að leggja fram þessi gögn sjálfur. Og ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur þessari áskorun með því að biðja hér um orðið og vænti ég þess þá að ég fái frið til þess að klára ræðu mína.

Ég vil að það komi hér fram, virðulegi forseti, að ástæðan fyrir því hve illa gengur hér á hinu háa Alþingi núna er gífurlegur ágreiningur á milli stjórnarflokkanna og innan þeirra. Ég vil láta þess getið hér að á tveimur síðustu fundum hv. fjh.- og viðskn., bæði í morgun og í gærmorgun, hafði verið ætlunin að taka lánsfjárlögin út. Í hvorugt skiptið hefur það verið hægt vegna þess að það er bullandi ágreiningur á milli stjórnarflokkanna og bullandi ágreiningur á milli einstakra ráðherra um það hvað eigi að vera í þessum lánsfjárlögum. Þetta er heilagur sannleikur og kom fram til að mynda á fundi nefndarinnar í morgun og mér skilst að meiri hl. nefndarinnar sé nú á fundi til þess að reyna að botna þessi mál.

Hæstv. ráðherra, af sínu mikla örlæti, kom með nýja hugmynd. Þegar hæstv. ráðherra lendir í þrotum í sínum málflutningi kemur hann venjulega með nýtt atriði sem venjulega er grundvallaratriði, aðalatriði, eitthvað nýtt sem hann finnur upp á. Nú hefur hann fundið upp á því að segja að það sé snjallast að kveðja þingið saman að loknum kosningum og ræða þessi mál þá og hann hefur sagt að það geti verið heppilegt að gera það í maí. Nú ætla ég að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra, hafi hann ekki tekið eftir því, að undanfarin kjörtímabil að loknum kosningum hefur tekið smátíma að mynda ríkisstjórnir, stundum tvo til þrjá mánuði. Það veit ég að hæstv. forsrh. þekkir og man því að

hann hefur tekið þátt í öllum stjórnarmyndunarviðræðum, ég ætlaði nú að segja síðustu 20 ár en ég gæti sagt síðustu 60 ár því að faðir hans var líka í Stjórnarráðinu á stundum þannig að hann kannast nú við þessa sögu. Ég hugsa að það hafi sjaldan gengið jafnhægt og einmitt á undanförnum 20 árum. Það hafi tekið talsverðan tíma ef frá er skilið 1971.

Nú ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann geti, miðað við þær skoðanakannanir sem hafa verið að birtast, gert sér ljósa grein fyrir því hvernig úrslit kosninganna verði og hvort hann telji líklegt að það verði sama ríkisstjórnin sem sitji strax eftir kosningar og hvort hún muni þá kalla saman þing. Telur hann að sitjandi starfsstjórn að loknu þingi muni kalla saman þing til þess að ræða þessi mál áður en nýr þingmeirihluti myndast? (**Fjmrh.:** Hún verður ekki starfsstjórn.) Við skulum bara kalla hana ríkisstjórn til einföldunar ef hæstv. ráðherra skilur það betur. Við skulum segja bara núv. ríkisstjórn að loknum kosningum, ef hún hefur misst meiri hluta sinn. Heldur hæstv. ráðherra að sú ríkisstjórn muni kalla saman þing að loknum kosningum strax? (Gripið fram í.) Það gæti verið? Og hvað á þá þingið að gera, hvað ætlar ríkisstjórnin þá að leggja fyrir þingið? (Gripið fram í.) Og láta þingið mynda ríkisstjórn? (Gripið fram í.) Ég vona að þeir sem bera fréttir héðan út úr þessum sal taki eftir því hvernig hæstv. fjmrh., formaður Alþb., talar og muni það að loknum kosningum hvað hann sagði. Hann telur að strax eftir kosningar eigi núv. ríkisstjórn að kalla saman þing og láta þingið mynda næstu ríkisstjórn. Og nú skulum við sjá hvort hann efnir þetta kosningaloforð. Þetta er fyrsta loforðið sem hann getur efnt eftir kosningar. Þetta er auðvitað tóm þvæla og bull. Það sem hæstv. ráðherra er að gera er það að hann er að koma í veg fyrir að mikilvægt mál sé rætt á þessu þingi með því að skjóta því fram yfir kosningar því að hann veit að þá verður það ekki hann sem ber ábyrgð á þessum *málum heldur nýir stjórnarherrar, nýir ráðherrar,* ný ríkisstjórn. Um það snýst þetta mál.

Loks vegna orða hv. 1. þm. Vesturl. sem spurðist fyrir um frv. um greiðslur úr ríkissjóði sem er til meðhöndlunar í fjh.- og viðskn. vil ég segja það, og ég tel að það megi gjarnan koma fram að hv. 1. þm. Norðurl. v., *sem jafnframt er formaður nefndarinnar,* sagði frá því á nefndarfundi í morgun að hann teldi ekki tíma til að afgreiða þetta mál núna fyrir þingslit. Þar sem hins vegar gera má ráð fyrir því að þing verði ekki rofið fyrr en í fyrsta lagi í næstu viku vegna sérstakra óska hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem hefur fylgt þeim óskum eftir með sérstökum hætti, þá hygg ég að það gefist tími til að líta betur á það mál. Og af því að ég hygg að hæstv. ráðherra hlýði á mitt mál þótt hann sjáist ekki í salnum, þá vil ég enn fremur benda honum á það að hann getur enn lagt fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir sl. ár og þarf ekki atbeina fjvn. til þannig að ég held að hann ætti ekki að vera að eyða dýrmætum tíma starfsmanna ráðuneytisins í að vera að eltast við fjvn. heldur biðja þá vinsamlegast um að leggja fram þau fjáraukalög sem auðvitað eru til í ráðuneytinu en hæstv. ráðherra vill af einhverjum ástæðum ekki leggja fram á yfirstandandi þingi.

Forseti (Geir H. Haarde):

Frá því að forseti gaf síðast upplýsingar um stöðu mála á mælendaskrá hefur einn væntanlegur ræðumaður bæst við, hæstv. fjmrh., þannig að nú eru enn tveir á mælendaskrá og ítrekar forseti tilmæli til þeirra um að reyna að stytta mál sitt þannig að þessari umræðu um þingsköp megi ljúka og jafnframt að menn haldi sig við það umræðuefni á þeim grundvelli sem hv. málshefjandi markaði. En næstur talar hv. 2. þm. Norðurl. v. og síðan hæstv. fjmrh. sem vonandi verður síðastur á mælendaskrá í þessari umræðu um þingsköp.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil gjarnan taka tillit til óska hæstv. forseta um, eins og hann orðaði það, að leitast við að hemja mál mitt, ég held að ég noti hans óbreytt orð. En ég hlýt að vekja á því athygli að það er hæstv. aðalforseti þessarar virðulegu deildar, hv. 3. þm. Norðurl. e. Árni Gunnarsson, sem hóf þessa umræðu um þingsköp. Það er frekar óvenjulegt að forsetar hefji umræðu um þingsköp þannig að þó ekki sé nú annað en það, þá hefur hæstv. aðalforseti deildarinnar, hv. þm. Árni Gunnarsson, farið hér af stað með umræðu með nokkuð óvenjulegum hætti, en þó þannig að það er ekki hægt að meina óbreyttum þingmönnum að taka þátt í henni með eðlilegum hætti. Eigi að síður skal ég leitast við að verða við tilmælum hæstv. forseta, Geirs H. Haarde, um að stytta mál mitt.

Það var augljóst að hæstv. fjmrh. kveinkaði sér undan þessari umræðu. Hann sagði að vegna orða minna hér í ræðu áðan væri veruleg hætta á því að fjölmiðlamenn og þjóðin færu að taka mark á einhverju öðru heldur en því sem hæstv. fjmrh. heldur sjálfur fram. Og hæstv. fjmrh. vildi þess vegna auðvitað fyrir alla muni komast hjá því að umræða um þessi mál færi fram eins og hún hefur gert hér í dag. Umræðan er að sjálfsögðu hin þarfasta.

Það var rakið hér í ýmsum greinum í máli hv. 1. þm. Reykv. að í fréttatilkynningum hæstv. ráðherra er jafnan slegið fram fullyrðingum og leitast við að styðja þær tölum sem í raun og veru eru allar rangar. Og það er auðvitað *af þessum sökum, eins og ég sagði í fyrri* ræðu, að hæstv. fjmrh. kýs ekki að leggja fram fjáraukalög fyrir árið 1990 vegna þess að það er frv. sem fer til athugunar í þingnefnd, í fjvn., þar sem þingnefnd sem er vön að fást við slík mál fer ofan í kjölinn á málunum og dregur fram þær upplýsingar sem *hæstv. ráðherra kýs að ekki komi fram.* Fjvn. getur þess vegna og hefur burði til að koma frv. í breyttu formi fyrir Alþingi þannig að sannleikurinn komi í ljós. Það er þetta sem hæstv. fjmrh. óttast. Það er þetta sem hæstv. fjmrh. kveinkar sér undan hér í þessari umræðu og á er vakin athygli. Og það er þetta sem ræður því að hæstv. *fjmrh. hefur kosið að leggja ekki fram fjár*aukalagafrv. fyrir árið 1990.

Hæstv. fjmrh. var með sínar afsakanir og útskýringar á því hvers vegna þetta hefði ekki verið gert og þær voru heldur aumkunarverðar. Hann bar í fyrsta lagi á

móti því að forustumenn í fjvn. hefðu verið eitthvað að ganga eftir því að þetta frv. væri lagt fram. En það vill svo til að hér í þessari sömu umræðu hafa komið í ræðustól bæði formaður fjvn. og varaformaður fjvn. og greint frá því að þeir hafi gengið eftir því hjá hæstv. fjmrh. að frv. væri flutt. Og hv. 1. þm. Vesturl., varaformaður fjvn., hefur greint frá því og staðfest það að ég hafi krafist þess á fundum nefndarinnar að þetta yrði gert. Svo kemur hæstv. fjmrh. og segir: Fjárveitinganefndarmenn hafa ekkert verið að eltast við mig með það að biðja um að þetta sé flutt. — Er að furða þó að þessi hæstv. ráðherra sé farinn úr salnum, sem ekki þorir að hlusta á það hvernig hann sjálfur í sömu umræðunni fer með staðlausa stafi og er borið til baka hér af forustumönnum fjvn. hverjum á fætur öðrum. Er að furða þó hæstv. fjmrh. sé horfinn á braut.

Þá sagði hæstv. fjmrh. að það hefði verið hæpið að það þjónaði einhverjum tilgangi að vera að leggja fram fjáraukalagafrv. í febrúar vegna þess að þinginu mundi ljúka í mars, og vitnaði til þess að á síðasta ári tók fjvn. sér drjúgan tíma til að fjalla um þessi mál, bæði fjáraukalög fyrir árið 1989 og fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990 sem flutt var vegna kjarasamninga í febrúar. Í fyrsta lagi var það nú vegna þess að þá þurfti að yfirfara frv. vegna breytinga á formi og það var í sjálfu sér ekkert sem rak sérstaklega á eftir afgreiðslu málsins í fjvn. og á Alþingi fyrr en það væri öruggt að það kláraðist fyrir þinglok, sem og varð.

Fjvn. er því vön að leggja á sig mikla vinnu og ef koma fram kröfur í fjvn. um að frv. sé flutt sem þar á að fjalla um, þá er ekki að efa það að á því er tekið innan nefndarinnar, í málið er kafað og það er afgreitt úr nefndinni með eðlilegum hætti þó svo að nefndin hafi ekki margar vikur til umráða, a.m.k. ekki marga mánuði. En ég fullyrði að þessi afsökun hæstv. fjmrh. er röng.

Þá kom að þeirri sérkennilegu yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um að það væru svo miklar annir í fjmrn. að það hefði ekki unnist tími til að útbúa þetta frv. Ja, einhverjum verður nú spurn. Það eru ekki svo miklar annir í fjmrn. að það gefist ekki tími til að útbúa allar þær fréttatilkynningar sem hæstv. fjmrh. hefur verið að birta í fjölmiðlum í sinni tíð. Það hefur verið nógur tími til þess í fjmrn. að útbúa öll þau gögn sem hæstv. fjmrh. hefur verið að birta í fjölmiðlum og eru áróðursgögn. Og það hefur verið nógur tími til þess í fjmrn. að semja þessa skýrslu um ríkisfjármál árið 1990, þessa bók hér, sem lögð er fram á Alþingi fyrir fáum dögum og er því marki brennd að hún birtir niðurstöður eins og hæstv. fjmrh. kýs að leggja þær fyrir, á þann hátt að þetta er eins konar fréttatilkynning, eins konar skýrsla sem lögð er fyrir Alþingi, en Alþingi hefur enga möguleika til þess að fjalla um í nefnd og fara ofan í lið fyrir lið. Það var nógur tími til þess í fjmrn., hæstv. fjmrh., að búa út þetta plagg og allar þær fréttatilkynningar sem hæstv. fjmrh. hefur látið frá sér fara, og að búa út í hendur hæstv. ráðherra það áróðursstagl sem hann hefur flutt fjölmiðlum á undangengnum mánuðum og missirum. Það hefur verið tími til þess.

Auðvitað var nægur tími til þess í fjmrn. að ganga frá fjáraukalagafrv. og það átti vitaskuld að gera það og með fjáraukalagafrv. gat hæstv. fjmrh. látið útbúa greinargerð eins og honum þóknaðist, þ.e. láta þar koma fram skýrslu fjmrh. til Alþingis því að þetta er afbrigðilegt plagg og ekkert sem gerir ráð fyrir því að slík skýrsla sé flutt. Það er ekki hlutverk fjmrh. né fjmrn. að leggja fram skýrslu um ríkisfjármál á Alþingi. Það er ekki hlutverk fjmrn. né ráðherra. Það er á hinn bóginn hlutverk Ríkisendurskoðunar að taka saman skýrslu um framkvæmd fjárlaga og birta þá skýrslu á Alþingi.

Hæstv. fjmrh. á ekki, og það er ekki í samræmi við hans hlutverk, að taka saman skýrslu um sín eigin verk og sitt eigið ágæti og birta það Alþingi. Það er hlutverk Ríkisendurskoðunar. Á hinn bóginn gat hæstv. fjmrh. lagt fram í greinargerð fjáraukalagafrv. það sem honum þóknaðist. Það var hans skýrsla. En fjáraukalagafrv. mátti ekki flytja á eðlilegum tíma vegna þess að þá hafði þingnefnd, sem er vön að fást við mál, aðstöðu til að kafa í málin og kalla eftir upplýsingum og sýna fram á rangfærslurnar í málflutningi hæstv. ráðherra. Það var þetta sem ekki mátti. Þetta er af sama toga og hann kveinkar sér hér undan því í umræðunni að hér sé því haldið fram af einstökum þingmönnum sem er eitthvað annað heldur en hann sjálfur segir og heldur en hann sjálfur vill láta gott heita. Hann lýsti því sjálfur að hann óttaðist það að fjölmiðlamenn og þjóðin gætu farið að trúa einhverju öðru heldur en því sem hann sjálfur segir. Þess vegna var þessi umræða hættuleg fyrir hæstv. fjmrh. Þess vegna kveinkaði hann sér svona undan þessari umræðu.

Ég hlýt að benda hæstv. fjmrh. á að það sem ég sagði í minni fyrri ræðu var í raun staðfest af formanni fjvn., hv. 5. þm. Vestf., og af hv. varaformanni fjvn., hv. 1. þm. Vesturl. Hv. formaður fjvn. sagði orðrétt í sinni ræðu, með leyfi forseta, ég skrifaði það eftir honum: „Allar tölur sem gefnar eru út um afkomu ríkissjóðs eru bráðabirgðatölur þangað til fjáraukalög hafa verið afgreidd."

Orð hv. formanns fjvn. sem ég hef hér flutt staðfesta það að það sem hæstv. fjmrh. hefur verið að halda fram um afkomu ríkissjóðs á síðasta ári er það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson auðvitað kallar með kurteislegu orðalagi sem sjálfsagt er, hann er nánasti samverkamaður hæstv. fjmrh. hér af hálfu þingmanna, hann kallar það með kurteislegu orðalagi bráðabirgðatölur. Ég kallaði það í minni ræðu að hæstv. fjmrh. hefði farið með áróðurstal. Og með kurteislegu orðalagi hefur hv. 5. þm. Vestf., formaður fjvn., sagt í raun hið sama. Hæstv. ráðherra hefur birt bráðabirgðatölur en hann hefur komið sér undan því að leggja málið fram á þingskjali hér á þinginu í fjáraukalagafrv. þannig að það er ekki hægt að fara ofan í málið í þingnefnd til þess að kafa í það og sýna fram á allar rangfærslurnar og vitleysur sem í þessu eru og allt áróðursbullið. Þannig er nú staðan.

Hæstv. fjmrh. bauð upp á það að Sjálfstfl. færi að tilnefna einhverja menn til þess að koma til viðræðna við starfsmenn fjmrn., til að fara yfir það hvernig þessi

mál stæðu. Sjálfstfl. þarf ekki að tilnefna neina menn til þess. Sjálfstfl. hefur tilnefnt sína menn í fjvn. Alþingis og það er þar sem á að fara ofan í þessi mál og það er þar sem hæstv. fjmrh. átti að leggja málin fyrir. En það er þar sem hann kemur sér undan því að málin séu tekin til athugunar til þess að hann geti haldið áfram að vaða elginn í sínu áróðurstali og blekkingum um afkomu ríkissjóðs og einstaka þætti ríkisfjármála, eins og hann hefur gert á undanförnum mánuðum. Og svo segir hann hér í þessum ræðustól að það sé bara mikil hætta á því að fjölmiðlamenn og þjóðin geti farið að taka mark á því sem einstakir þingmenn séu að segja hér á Alþingi um fjármál ríkisins sem er ekki nákvæmlega það sama eins og hann segir. Og hann líkti mér við glæpareyfarahöfund. Honum er það velkomið. (Gripið fram í.) Það sem ég hef talað og það sem ég hef skrifað hefur verið mest um afrek þessa hæstv. ráðherra, um þá háttalag hans sem felst í störfum hans sem ráðherra. Og ætli það sé þá ekki þar að leita þeirrar sögupersónu sem hann er hér að gefa í skyn að ég vilji fjalla eitthvað um. Það er nokkuð nærri lagi. Hann er eitthvað að tala um sjálfan sig í þessu efni.

Virðulegi forseti. Ég skal stytta mál mitt. Þetta er vitaskuld viðamikið mál, en það er sjálfsagt að verða við óskum um að stytta mál mitt.

Hv. 1. þm. Reykv. bar fram kröfu þess efnis að nú yrði lagt fram fjáraukalagafrv. Ég tek undir það. En það er sjálfsagt að vekja á því athygli eigi að síður að þó að fjáraukalagafrv. væri lagt fram á morgun eða í dag, þá er ekki mikill tími eins og nú er komið til þess að fara ofan í málið í þingnefnd og skoða hvað þar vantar, hvaða tölum er haldið utan við uppgjörið og hvaða tölur eru þar teknar inn á hæpnum forsendum, hvað það er sem hæstv. ráðherra er að leyna þegar hann leggur fram slíkt plagg og hvað það er sem hann er að geyma í sínum skúffum en þarf að draga fram í dagsljósið til þess að staða mála sé metin og störf þessa hæstv. ráðherra í fjmrn. Þannig að þó að það bætist við einn eða tveir dagar í þingi, þá er auðvitað nú komið svo að það er orðinn lítill tími til þess að sýna fram á það sem nauðsynlegt er að komi í dagsljósið í þessum efnum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég lofaði að vera hér fáeinar sekúndur vegna þess að ég ætlaði að fara með tvær dagsetningar. Ég vil þó bara bæta einni setningu við. Ef það eru öll rökin að ég sé eitthvað að fela vegna þess að ekki er enn þá komið fram fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990, hvað var Sjálfstfl. þá að fela þegar hann lagði ekki fram fjáraukalagafrumvörp í sjö ár, fyrir sjö ár þegar hann stjórnaði fjmrn. um fjögurra ára tímabil? Auðvitað er ekki hægt að ræða málin á þessum grundvelli. Ég hef aldrei sagt að Sjálfstfl. væri eitthvað sérstaklega að fela þó að hann hafi ekki lagt fram fjáraukalagafrv. fyrir mörg, mörg ár og það var eitt af mínum fyrstu verkum að koma með allan bunkann hérna inn í þing. (**KrP:** Hver bað þig um að gera það?) Það bað mig enginn um að gera það. Ég tók það upp hjá mér sjálfur. En hv. þm. sem nú greip fram í hefur hins vegar stutt mig dyggilega í þessari viðleitni minni.

En ég ætlaði bara að fara hér með tvær dagsetningar vegna þess að talsmenn Sjálfstfl. og ýmsir aðrir hafa sagt hér í þessum umræðum að þetta hafi verið til mikillar fyrirmyndar í fyrra: Hvenær var fjáraukalagafrv. fyrir árið 1989 hið endanlega lagt fram í fyrra, 1990? Það var lagt fram 23. mars. Og það er sagt hér og nú að það hafi verið til mikillar fyrirmyndar í fyrra. En nú eru hér fluttar margar ræður til að gagnrýna mig 15. mars fyrir að vera ekki fyrir löngu kominn með fjáraukalagafrv. fyrir 1990. (**Gripið fram í:** Og 1991 líka.) Ég kem að því. Fyrir árið 1990. Það sem mönnum fannst mjög fínt í fyrra, að það kom 23. mars, er allt í einu orðin voðaleg synd að vera ekki kominn með það nú 15. mars. Þetta auðvitað gengur ekki upp.

Hin dagsetningin sem ég ætlaði að fara með: Hvenær var fyrra fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár, 1990, lagt fram á árinu 1990? Svarið er: 6. mars. Hvenær var það afgreitt af fjvn.? Tveimur mánuðum síðar, 5. maí. Það tók fjvn. nokkurn veginn jafnlangan tíma að afgreiða frv. eins og leið frá áramótum og þar til fjmrn. lagði það fram. Ég hef aldrei gagnrýnt fjvn. fyrir það. Ég hef aldrei flutt svona messur yfir þeim vinnubrögðum eins og menn flytja hér yfir því að ég sé ekki kominn með fjáraukalagafrv. fyrir árið 1991.

Þessar dagsetningar afhjúpa í raun og veru allan þennan málflutning sem hér hefur farið fram. Í fyrra þótti mönnum fínt og til fyrirmyndar að koma með fjáraukalagafrv. fyrir árið 1989 23. mars. Nú er það ægileg synd sem kostar hér nokkurra klukkutíma umræðu að vera ekki 15. mars kominn með sambærilegt frv. fyrir árið 1990. Í fyrra þótti það mjög fínt að koma með fjáraukalagafrv. 6. mars og allt í góðu lagi að afgreiða það ekki fyrr en í maí. En settar á langar ræður að ekki sé enn þá búið að koma með fjáraukalagafrv. 15. mars og afgreiða það fyrir árið 1991.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Það var út af því sem hæstv. fjmrh. sagði hér nú í sinni síðustu ræðu þegar hann var að tala um fjáraukalög sjö ára í fjármálaráðherratíð sjálfstæðismanna. Það fóru fram hér, eins og hann réttilega sagði áðan, umræður á síðasta þingi þegar hann kom hér og var að sýna þinginu hverjar breytingar væru nú orðnar í fjmrn., hann kominn þar og nú skyldu hlutirnir breytast og nú skyldu þeir verða með allt öðrum hætti. Þá vék hann einmitt að þessu sem hann kom hér inn á áðan og ætlaði að menn mundu ekki koma hér upp í ræðustól til þess að leiðrétta hann.

Ég leiðrétti þá hæstv. fjmrh. með allt sem hann fullyrti þar í sambandi við fjáraukalög í tíð fjármálaráðherra Sjálfstfl. En það voru fjáraukalög fjármálaráðherra sem var úr Alþb. sem þurftu að koma fyrir Alþingi töluvert eftir að hann skildi við í fjmrn. Ég gæti náð hér í þingtíðindin og lesið upp (**Fjmrh.:** Gerðu það.) og leiðrétt hæstv. ráðherra til þess að koma með dagsetningarnar, fjáraukalög fyrrir 1974, 1975, 1976,

1977. Það voru fjáraukalög sem voru svo tekin hér. Fjármálaráðherra sem kom eftir 1978. Og það var með nákvæmlega sama hætti og nú er að gerast hér á Alþingi. Það var með nákvæmlega sama hætti. (**Fjmrh.:** Nei.) Jú. Ráðherrann sem fór með ráðuneytið ætlaði að gera hlutina með allt öðrum hætti. Svo bara kom hann ekki með það sem hann ætlaði sér og hafði hugsað sér að gera eins og er að gerast í dag.

Hæstv. fjmrh. er að bregðast því sem hann sagði og réttilega fékk hér hól á Alþingi í fyrra, fyrir breytt vinnubrögð og menn héldu að það væri eitthvað sem menn meintu með því sem þeir þá voru að segja, en svo bara kemur allt annað á daginn. (**Fjmrh.:** Hvenær komu Albert og Þorsteinn . . .?) Ég fór yfir þetta allt með hæstv. fjmrh. í fyrra og hann treysti sér ekki til að koma hér upp og mótmæla einu einasta. (Forseti hringir.) (**Fjmrh.:** Jú, jú. Flettu þessu upp.) Ég lagði þetta allt hér fram og ráðherra (**Forseti:** Mætti ég biðja menn að vera ekki með samtöl hér og hæstv. ráðherra að grípa ekki of mikið fram í.) Það er út af fyrir sig allt í lagi því það er gott að leiðrétta hann þá bara samtímis. (**Fjmrh.:** Hvenær komu Þorsteinn og Albert með fjáraukalagafrv.?) (**Forseti:** Óskar fjmrh. eftir því að fá að taka til máls?) Við lögðum þetta hér allt fram í fyrra og þetta stendur allt í þingtíðindum og ég tel ekki ástæðu til þess að vera að eyða tímanum hér nú. En þessi vinnubrögð sem núna eru viðhöfð eru þvert á það sem ráðherrann lýsti hér yfir í fyrra og ég tók m.a. undir að segja góð vinnubrögð. Nú stöndum við hann að því að þessi hin góðu vinnubrögð, sem hann ætlaði sér að viðhafa, hefur hann ekki getað viðhaft og Alþingi fer héðan heim án þess að þessi fjáraukalög komi til umræðu.

Búminjasafn, 2. umr.

Frv. AS og FÞ, 90. mál. — Þskj. 93, n. 921.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir nál. um frv. til laga um búminjasafn frá hv. menntmn. í fjarveru hv. formanns nefndarinnar.

„Nefndin hefur fjallað um frv. sem felur í sér að komið verði á fót búminjasafni er hafi aðsetur á Hvanneyri.

Nefndin telur að með frv. þessu sé hreyft athyglisverðu máli og að nauðsynlegt sé að hlúð verði að þeim vísi að landbúnaðartækjasafni sem komið hefur verið á fót við Bændaskólann á Hvanneyri. Slíkt safn er mikilvægt fyrir Bændaskólann vegna kennslu og starfa nemenda og eins hefur það almennt gildi að varðveita búminjar frá liðinni tíð. Nefndin telur hins vegar að skoða þurfi nánar hvernig sérstök löggjöf um búminjasafn falli að heildarskipulagi safnamála. Í trausti þess að stjórnvöld taki mál þetta til gaumgæfilegrar athugunar leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Ragnhildur Helgadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita nöfn sín Ragnar Arnalds, Árni Gunnarsson, Sólveig Pétursdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Á vissan hátt þykir mér það miður að hv. menntmn. Nd. skuli þurfa að afgreiða þetta mál með þessum hætti þar sem nefndin hefur haft þetta frv. til meðferðar frá því í október á sl. ári. Þetta var eitt af fyrstu málum hér á hv. þingi. Hins vegar tel ég sem 1. flm. að það sé þó betra að gera þetta á þennan veg þar sem ég undirstrika að í þessu nál. kemur fram sú skoðun nefndarinnar, sem er þó jákvætt í málinu, að hér sé um mál að ræða sem þurfi að leysa. Þetta er mjög mikið hagsmunamál fyrir Bændaskólann á Hvanneyri. Þetta safn sem þegar er vísir að er notað við kennslu og það að láta nemendur Bændaskólans fjalla um þá muni sem þarna eru teknir til geymslu og meðferðar hefur mikla þýðingu fyrir allt starf á þessum stað, fyrir skólann og fyrir framtíðina sem miðar að því að safna saman þessum eldri heimildum um búnaðarsögu okkar þjóðar.

Ég vil ítreka það að ég skil þetta nál. þannig að það sé sérstök ósk nefndarinnar til ríkisstjórnar Íslands að stuðla að því að það verði sköpuð betri aðstaða heldur en er fyrir hendi fyrir þetta safn á Hvanneyri.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Frv. þetta til laga um búminjasafn á Hvanneyri er flutt af hv. 1. þm. Vesturl. og mér. Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram hefur frv. þetta verið nokkuð lengi í vörslu hv. menntmn. og hefur hún fjallað um það, vonandi allvandlega. Að sjálfsögðu hefðum við flm. fremur kosið að nefndin hefði lagt til að frv. yrði samþykkt vegna þess að hér er um brýnt og áhugavert mál að ræða að okkar dómi, en mér sýnist á hinn bóginn þegar nál. er skoðað að það sé jákvæð og vinsamleg afstaða sem komi þar fram þannig að það sé málinu til nokkurs ávinnings.

Nú berast að Hvanneyri munir úr ýmsum áttum í þetta fyrirhugaða búminjasafn þannig að það rekur á eftir að hafist sé handa um vörslu þeirra til frambúðar.

Ég get eftir atvikum sætt mig við þessa lausn mála, en þó, eins og segir raunar í nál., í trausti þess að stjórnvöld taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar, að þar verði ekki neinar sérstakar tafir á ferðinni heldur verði frv. þetta skoðað rækilega og efni þess og tilgangi komið í framkvæmd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 921 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. SP o.fl., 379. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 673, n. 907.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um þetta mál. Álitið er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarstaddar afgreiðslu málsins."

Undir þetta rita Jón Sæmundur Sigurjónsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir H. Haarde, Guðmundur G. Þórarinsson og Geir Gunnarsson.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að þakka nefndinni fyrir vel unnin störf og vona að þetta mikla réttlætismál fái framgang hér á hinu háa Alþingi. Hér er mælst til þess að það sé staðfest að konur sem eru í fæðingarorlofi geti fengið greiddan mismun á fullum launum og tryggingabótum frá atvinnurekanda ef um það er samið án þess að Tryggingastofnun stöðvi greiðslur bóta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 27:1 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 574, n. 872, brtt. 873.

Frsm. meiri hl. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga frá meiri hl. félmn.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Svein Ragnarsson, félagsmálastjóra Reykjavíkur, Braga Guðbrandsson, félagsmálastjóra Kópavogs, Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, formann stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Meginbreytingin felst í því að felldur er brott X. kafli frv. um málefni leikskóla. Ákvæði sem snerta leikskóla falla nú undir kaflann um málefni barna og ungmenna. Aðrar breytingar eru minni háttar lagfæringar á frv."

Undir nál. skrifa Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Jón Kristjánsson.

Brtt. þær sem hér er vísað til í nál. eru á þskj. 873 og eru í 14 liðum. Flestar þeirra eru minni háttar, svo sem við 1. gr. þar sem við b-lið bætist: barna og ungmenna og við 2. gr. þar sem í inngangsorðum kemur: og ráðgjöf í staðinn fyrir „o.fl." Í b-lið 2. gr. er felldur út töluliður 6 þar sem upptalning er á verkefnum sem heyra undir félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem talin eru upp málefni leikskóla.

Við 3. gr. er lagt til að síðari málsgrein falli brott, en það er sú málsgrein sem tilgreinir að málefni leikskóla heyri undir menntmrn. að því er varðar faglega yfirstjórn og uppeldisáætlanir.

Þá er lagt til í sambandi við 8. gr. að síðari málsgreinin falli brott, þ.e. málsgrein sem snýr að starfsfólki félagsmálastofnana og talið er að sé óþörf.

Við 11. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar þannig að 2. tölul. orðist svo: „að leitast við að tryggja að félagsleg þjónusta verði sem mest í samræmi við þarfir íbúa."

Síðan eru nokkrar greinar þar sem er verið að fella út stök orð sem þykir fara betur og þar sem óþarft þykir og var það gert til samkomulags í nefndinni. En síðan koma inn tvær nýjar greinar sem verða 33. og 34. gr. Þær eru í kaflanum um málefni barna og ungmenna og hljóða svo:

„a. (33. gr.) Sveitarfélög annast uppbyggingu og rekstur leikskóla og tekur sveitarstjórn ákvörðun um stjórn þeirra.

Leikskólar eru reknir samkvæmt sérstökum lögum.

b. (34. gr.) Sveitarstjórnir skulu eftir föngum tryggja framboð á leikskólarými. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélaginu skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Félagsmálaráðuneytið skal liðsinna sveitarfélögum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla á vettvangi héraðsnefnda eða með stofnun byggðasamlaga."

Að öðru leyti eru þær breytingagreinar sem ég ekki rek hér fyrst og fremst varðandi orðalagsbreytingar.

Ég legg áherslu á að meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál í sambandi við þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég er efnislega samþykkur því að það sé sett rammalöggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaga og átti hlut að því máli á sínum tíma þegar ég skipaði nefnd 1985 til að endurskoða þessi lög sem miða að ýmsum þáttum í félagslegri þjónustu sveitarfélaga. En eins og allir hv. þm. vita þá höfum við til þessa stuðst við úrelt lög, síðast frá 1947, sem ekki taka tillit til þeirrar þróunar sem hefur orðið í þessum málum og þarf ég ekki að hafa hér langt mál um það, það hefur áður komið fram.

Það sem mér finnst að í sambandi við þetta mál er það, eins og raunar hefur komið hér fram, að það var harðvítug deila milli hæstv. félmrh. og hæstv. menntmrh. um þessi mál þar sem togast var á um leikskólann og meðferð þess máls til að færa það til nútímahorfs, sem menn virtust ekki vera sammála um á þessum tíma. Þannig tafðist þetta mál frá sl. hausti þar til núna á síðustu dögum þingsins.

Það sem ég vil benda á er það að ég er ekki að hafa á móti sérlögum um leikskóla, síður en svo, mér finnst það eðlilegur hlutur. Það hafa komið fram nægileg rök fyrir því að á því er mikil þörf. Leikskóli er allt annað hugtak nú í dag heldur en var fyrir allmörgum árum þegar leikskólinn var aðeins íverustaður, geymslustaður fyrir börn meðan fólk stundaði vinnu í aðalatriðum, en ekki sá uppeldisskóli sem hann hlýtur að vera samkvæmt kröfum tímans. En það sem mér finnst óeðlilegt er það að þegar fjallað er um svona stóran málaflokk, eins og félagsþjónustu sveitarfélaga og nýja skipan á lögum um leikskóla, þá skuli þess ekki gætt varðandi þær kröfur sem verður að gera til leikskóla eftir þessu nýja formi, sem virðist eðlilegt, að jafnframt sé tekið tillit til þess hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir fjármál sveitarfélaga til að standa við þetta mál, sem er aðalatriðið við þessa breytingu. Ég gagnrýni það mjög að það skuli vera farin einhvers konar samkomulagsleið sem í raun og veru breytir ekkert eðli málsins að því er varðar þessi höfuðatriði að tryggja það að framgangur þessa máls verði að veruleika. En það er ekki gert. Og það er alveg augljóst mál að í meðferð þessa frv. og þessara frv. beggja hefur þess ekki verið gætt að samræma þetta atriði.

Sveitarfélögin komu af fjöllum í sambandi við leikskólann. Það hefur ekki verið hugsað fyrir því að láta þau taka þátt í þessu máli til þess að tryggja það að þau séu fær um að sinna þessu hlutverki eins hratt og nútíminn krefur. Þetta tel ég gagnrýni vert. Og mér finnst það einnig gagnrýni vert að taka út úr frv. til laga um félagsþjónustu hlutverk sveitarfélaga að því er þetta varðar. Auðvitað verðum við þá að breyta öðrum lögum því að við erum hér með sveitarstjórnarlögin, þar sem verkefni sveitarfélaga eru talin upp í félagsmálum, þar á meðal barnaverndarmál, rekstur dagvistar fyrir börn, rekstur dvalarheimila fyrir aldraða og rekstur heimilishjálpar o.s.frv. Og í verkaskiptalögunum, sem eru tiltölulega ný, er bygging og rekstur dagvistarheimila í verkahring sveitarfélaga. Menntmrn. skal hafa með höndum faglega umsjón með starfi dagvistarheimila og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þau mál. Samþykki menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistunarheimili.

Í 60. gr. þessara laga stendur, með leyfi forseta: „Sveitarstjórn ákveður byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagvistarheimila í eigu þess samkvæmt lögum þessum. Sveitarstjórn getur veitt aðilum, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga, styrki til byggingar og reksturs“ o.s.frv.

Síðan kemur í 62. gr.: „Menntmrn. skal í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði og búnað og viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið dagvistarheimila sem falla undir lög þessi.“

Það sem ég er fyrst og fremst að vekja athygli á í sambandi við þessi mál, sem hér eru bæði til meðferðar í hv. deild og eru þannig að mínu mati óaðskiljanleg, er að það verður að afgreiða þau frá Alþingi á sama þingi og gera þá viðhlítandi ráðstafanir. Það sem ég er að gagnrýna er að þessar ráðstafanir vantar. Það er alveg augljóst mál að hér er um milljarða að ræða ef á að ná verulegum tökum á þessu máli að því er varðar leikskólann og það er útilokað að mínu mati að taka undan félagslegri þjónustu sveitarfélaga heilan kafla í þessum lögum, þ.e. X. kafla laganna, á þennan hátt sem hér er gert.

Herra forseti. Ég hef fallist á það að hafa ekki langt mál hér um þetta mál. Eins og ég sagði áður var þessum málum báðum klúðrað með hrossakaupum sem fóru fram í sambandi við það að laga þessi frv. til þannig að báðir hæstv. ráðherrar gætu við unað. En þeir breyta eðli málsins. Ég er alveg sannfærður um það að þó við samþykkjum þessi frv. bæði hér á hv. Alþingi þá verður að gera breytingar á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á tekjustofnum sveitarfélaga til að þessi mál, sérstaklega leikskólamálið, nái þeim framkvæmdahraða sem nauðsynlegt er til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru í þjóðfélaginu og að mínu mati eru réttmætar til að koma þessum málum til betri vegar.

Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst leiðinlegt fyrir Samband ísl. sveitarfélaga að þurfa að viðurkenna að sveitarfélögin hafi ekki verið höfð með í ráðum um þær breytingar sem gerðar hafa verið á þessum frv. á því stigi sem breytingin var gerð. Þetta var aðeins gert á milli hæstv. ráðherra án þess að sveitarfélögin, sem voru búin að senda umsögn um fyrri frv. um félagslega þjónustu, væru höfð með í ráðum.

Virðulegi forseti. Ég viðurkenni að frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er löngu tímabært og ég hef sjálfur lagt áherslu á að slík lagasmíð yrði að veruleika. Við getum ekki búið lengur við úrelta löggjöf. En ég vil benda á það við þessa umræðu að hér er á mjög mikill galli, sem því miður hefur komið allt of oft fyrir í meðförum nú á þessum stóru málum, ekki síst á félagslega sviðinu, að það er verið að gera samkomulag út og suður sem skekkir hina raunverulegu lagamynd sem þarf að vera í þessum málum. Og það skulu vera mín síðustu orð að ég átel svona vinnubrögð.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Við hv. þm. Eggert Haukdal, sem sitjum fyrir Sjálfstfl. í félmn. þessarar deildar, höfum ekki séð ástæðu til að skila séráliti að því er þetta mál varðar. Ástæðan fyrir því er sú að við sjáum ekki ástæðu til að amast sérstaklega við því úr því sem komið er, en hins vegar eðlilegt að stjórnarmeirihlutinn afgreiði það héðan á sína eigin ábyrgð.

Þannig er að við 1. umr. um þetta mál urðu hér miklar umræður, ekki síst um X. kafla frv. sem snýr að leikskólanum. Þær umræður hafa orðið til þess að hæstv. félmrh., flm. þessa máls, hefur hopað á hæli með sín upphaflegu áform og í grundvallaratriðum fallist á þau sjónarmið sem fram komu m.a. hjá mér og hjá hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnu Helgadóttur og mörgum öðrum, um það að málefni leikskólans ættu ekki heima í félmrn., heldur væri þar um að ræða málefni sem að réttu tilheyrði menntmrn. með sama hætti og til að mynda lög um grunnskóla.

Ég fagna þess vegna þeirri breytingu sem meiri hl. nefndarinnar hefur ákveðið að gera á frv., þ.e. að fella út X. kafla frv. sem og ákvæði í 2. og 3. gr. frv. varðandi leikskóla. Ég er hins vegar á því að sú brtt., sem gerð hefur verið og haldið er fram að um sé einhver meiri háttar sátt í þjóðfélaginu, 8. brtt. á þskj. 873, sé ekki nægilega góð. Og ef hún hlýtur hér samþykki þá geri ég ráð fyrir að ég muni flytja brtt. við 3. umr. um að orða þetta atriði öðruvísi heldur en þarna er gert og mun þá bíða eftir því að þskj. verði endurprentað með þeim miklu breytingum sem lagðar eru til á því í brtt. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 873.

Ég tel nefnilega að ráðgerðar greinar nr. 33 og 34 á þessu þskj. eins og lagt er til að þeim verði breytt, skarist, og að sú síðari, þ.e. brtt. 8b um nýja 34. gr., sé í aðalatriðum ástæðulaus. Ég tel að það nægi alveg að segja í greininni á undan að sveitarfélög skuli annast uppbyggingu og rekstur leikskóla og að sveitarstjórn skuli taka ákvörðun um stjórn þeirra, en að það þurfi ekki síðan að bæta því við í nýrri grein þar á eftir að sveitarstjórnirnar skuli eftir föngum tryggja framboð á leikskólarými. Mér finnst það liggja í hlutarins eðli og felast í því sem fram er komið í greininni á undan um að sveitarfélög annist uppbyggingu og rekstur leikskóla. Er það þá ekki að tryggja framboð á leikskólarými að annast uppbyggingu og rekstur leikskóla? Mér er spurn.

Síðari liðurinn í þessari málsgrein hljóðar svo: „Til þess að þessi þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélaginu skal sveitarfélagið láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.“ Ég tel að þetta ákvæði sé ekki þess eðlis að það eigi heima í þessari löggjöf vegna þess að það er auðvitað á verksviði sveitarfélagsins sjálfs að meta það eftir þeim aðferðum sem það telur réttastar og bestar á hverjum tíma hver þörfin er fyrir þessa þjónustu. Það er alveg ástæðulaust að binda það í lögum að hvert og eitt sveitarfélag skuli láta fara fram mat á þörfinni fyrir leikskóla eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Ég sé bara ekki nokkra einustu ástæðu til að binda það í lög. Ég treysti sveitarstjórnunum í landinu alveg til þess að fylgjast rækilega með því hvert á sínu svæði hvernig þörfin fyrir þessi mál er og hvernig hún þróast og breytist. Þannig að hér er auðvitað bara verið að halda í einhverjar leifar af þeim ákvæðum sem voru í X. kafla frv., sem ákveðið hefur verið að fella brott, alveg að ástæðulausu.

Síðan er hér lokamálsgrein í þessari væntanlegu 34. gr., um það að félmrn. skuli liðsinna sveitarfélögum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla á vettvangi héraðsnefnda eða með stofnun byggðasamlaga. Þetta er út af fyrir sig gott og gilt að greiða fyrir því að sveitarfélög, væntanlega hin smærri sveitarfélög í dreifbýli, taki sig saman um að reka leikskóla á vettvangi héraðsnefnda, en ég sé ekki að það sé nein sérstök þörf á því að binda það í lög að félmrn. skuli liðsinna um þetta efni. Ef sveitarfélögin verða í einhverjum sérstökum vandræðum og ef héraðsnefndirnar, sem eiga að vera vettvangurinn fyrir þetta, geta ekki leyst það sjálfar þá held ég að menn mundu á endanum leita til ráðuneytisins án þess að það væri lögbundið að ráðuneytinu bæri að liðsinna í þessum efnum. Þetta er auðvitað alveg fráleitt og þetta er auðvitað bara gert í þeim tilgangi að tryggja það að með einhverjum hætti geti félmrn. verið með puttana í þessum málum. En ég vil jafnframt benda á að í nefndarstarfinu óskaði formaður Sambands ísl. sveitarfélaga eftir því að þessu ákvæði yrði breytt þannig að í stað þess að félmrn. færi með þetta hlutverk, að veita liðsinni við þessar aðstæður, þá kæmi í staðinn Samband ísl. sveitarfélaga, sem eru hin frjálsu samtök sveitarfélaganna í landinu. Það er auðvitað nær lagi og meira í áttina heldur en að vera að troða þessu hér inn í ráðuneytið. Það mætti þá alveg eins hugsa sér að taka þessa grein, „Félmrn. skal liðsinna sveitarfélögum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla“ o.s.frv., inn í væntanlega endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands og taka það upp sem eitt af hlutverkum félmrn. á lista yfir málefnasvið ráðuneytisins, að eitt af verkefnum félmrn. í stjórnarráðslögum sé að liðsinna sveitarfélögum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla á vettvangi héraðsnefnda. Hvort tveggja er auðvitað jafnfráleitt. Þannig að mér sýnist að ekki sé nægilega vel frá þessu gengið.

En þessar brtt. eru auðvitað á ábyrgð meiri hl. nefndarinnar og ráðherrans væntanlega. Auðvitað ber þetta allt með sér einkenni þess að hér er komin svona samkomulagsmoðsuða milli ráðuneyta og ráðherra, þar sem kjarni málsins er látinn liggja milli hluta en menn leggja allt á sig til þess að reyna að ná bara einhverju samkomulagi, alveg sama um hvað það er. Þetta eru nú þau vinnubrögð sem við okkur blasa hér í þinginu þessi síðustu dægrin og þessar síðustu klukkustundirnar þegar haldnir eru hér nefndarfundir í hinum ýmsu skúmaskotum þinghússins til þess að reyna að klastra saman einhverjum meiri hluta á vegum ríkisstjórnarflokkanna um hin ýmsu mál.

Það kom fram hér áðan í umræðum um þingsköp að hv. fjh.- og viðskn. hefur ekki enn þá getað lokið störfum varðandi lánsfjárlög. Vegna hvers? Vegna þess að hinn virðulegi stjórnarmeirihluti í nefndinni getur ekki náð samkomulagi enn sem komið er um það með hvaða hætti á að breyta því frv. og með hvaða hætti á að afgreiða lánsfjárlögin.

Síðan er það kannski annað mál, herra forseti, að það liggur hér fyrir bréf á þskj. 967 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga til menntmn. Nd. um hitt frv., þ.e. leikskólafrv. sem þessu máli auðvitað tengist. Þar koma fram þær athyglisverðu upplýsingar að Samband ísl. sveitarfélaga hefur ekkert verið haft með í ráðum um þetta efni. (**Gripið fram í:** Það var ekkert við það talað.) Það var ekkert við sambandið talað. Og sambandið gerir hér verulegar athugasemdir við það að stefnt skuli að því að afgreiða á þessu þingi frv. til laga um leikskóla án þess að því hafi verið gefinn kostur á að fjalla efnislega um málið og gefa formlega umsögn, og væntir þess að mál þetta verði eigi afgreitt nú án samráðs við sambandið.

Ég veit að þetta mál er ekki á forræði hæstv. félmrh. en þessi mál hafa nú verið nátengd hér í umræð-

unni, annars vegar það þingmál sem nú er á dagskrá, þ.e. félagsþjónusta sveitarfélaga, og hins vegar frv. um leikskóla. Þannig að vinnubrögðin í þessu eru býsna hæpin, verð ég að segja, og reyndar síst til fyrirmyndar. En það hefur flogið fyrir hér í þingsölum og á göngum þingsins, menn hafa svona verið með það á skotspónum, að þessi frv. hangi það mikið saman að annað verði ekki afgreitt án hins og að ef annað þeirra nær ekki fram að ganga þá muni fara á sömu leið með hitt. Ég skal ekki segja hvað hæft er í þessu en kannski geta einhverjir upplýst okkur um það hvort svona er í pottinn búið.

Við 1. umr. um þetta frv., virðulegi forseti, gerði ég margar og verulegar athugasemdir við einstök efnisatriði, orðalag, framsetningu og fleira í frv. Mér fannst satt að segja alveg furðulegt að það skyldi lagt fyrir Alþingi frv. sem var í þessum búningi, jafnilla unnið, vil ég leyfa mér að segja, eða jafnlítið unnið að því er varðar framsetningu og fleira í þeim dúr. Ég tók mig þess vegna til og bjó til langan lista af athugasemdum við þessi atriði og merkti inn á eintak af frv. fjöldann allan af athugasemdum. Formaður félmn., sem er ákaflega samvinnuþýður, hefur tekið þessar tillögur til skoðunar og gert þær flestar hverjar að sínum, og þær birtast okkur hér á þskj. 873 sem brtt. meiri hl. félmn.

Ég er út af fyrir sig mjög ánægður með þessi vinnubrögð af hálfu formanns nefndarinnar og tel að þau séu reyndar til fyrirmyndar þó svo að það sé auðvitað dapurlegt að með því er staðfest hvernig þetta frv. var úr garði gert þegar það var lagt fram. Af þeim fjórtán brtt. sem lagðar eru til á þskj. 873 sýnist mér að tíu séu til komnar í beinu framhaldi af mínum athugasemdum en fjórar eru niðurstaðan úr samkomulagsumleitunum varðandi leikskólamálið.

Menn geta svo sem spurt sjálfa sig að því: Hvernig stendur þá á því að þeir sem hafa lagt hér fram athugasemdir um orðalag og framsetningu og fengið þeim framgengt skrifa síðan ekki upp á nál.? Það mætti hugsa sér að einhver gæti látið sér detta í hug að bera fram þessa spurningu. En auðvitað er rétt að snúa þessu við og segja að þeir sem vilja tryggja þessu frv. hér framgang eigi að þakka fyrir það að einhver skuli hafa nennt að fara í saumana á þessu skjali með þeim hætti að út úr því hafa komið tíu breytingar á orðalagi sem aldrei hefði átt að koma inn í þetta frv. til að byrja með. Þannig að það stendur ekki upp á þann sem hér talar að þakka fyrir það að hans brtt. hafi náð fram að ganga á þessu þskj. heldur er það stjórnarmeirihlutans að þakka honum fyrir að hafa komið með þessar ábendingar til þess að þetta frv. væri í einhverju skaplegu formi gagnvart framsetningu og ýmsum lögfræðilegum atriðum.

Ég bendi til að mynda á að meiri hl. nefndarinnar gerir það að sinni tillögu í framhaldi af mínum athugasemdum að hin furðulega setning um það að félagsmálastofnanir skuli hafa hæfu starfsfólki á að skipa er felld brott. Ég fjallaði nokkuð um þessa setningu hér við 1. umr. Hún er reyndar gjörsamlega fráleit, að ætla að binda það í lögum að hin eða þessi stofnun á vegum sveitarfélags skuli, eins og það var orðað, hafa hæfu starfsfólki á að skipa til að sinna þeim verkefnum sem lög þessi kveða á um. Og eins og ég benti á þá vantar þarna í lok þessarar setningar: að viðlagðri aðför að lögum. Eða að taka inn sérstök ákvæði um refsingar í lok þessa frv. þar sem kveðið er á um viðurlög fyrir að brjóta þetta ákvæði. Þetta sjá auðvitað allir menn að er út í hött og þess vegna ber að fagna því að meiri hl. nefndarinnar féllst á að taka þetta upp sem eina af sínum brtt.

Það er hins vegar ekki rétt sem segir í nál. meiri hl. að þetta atriði sé minni háttar og öll þau atriði sem nefndin tók til athugunar og voru undan mínum rifjum runnin hafi verið minni háttar lagfæringar. Það eru ekkert minni háttar lagfæringar að þurrka svona vitleysu út úr frv.

Ég nefni hér fleira eins og t.d. þetta málblóm úr 11. gr. frv., þar sem segir að hlutverk félagsmálanefnda sé „að hafa yfirsýn yfir félagslega hagi fólks í sveitarfélaginu til þess að tryggja það að félagsleg þjónusta verði sem mest í samræmi við þarfir íbúa". Þetta er nú farið eða fer væntanlega brott og í staðinn kemur skaplegra orðalag.

Svo ég nefni annað dæmi þá hafa jafnframt verið felld brott úr 2. gr. frv., þar sem er upptalning, orðin „o.fl." sem eiga náttúrlega ekki að sjást í lagatexta sem á að vera nokkurn veginn tæmandi. „Með félagsþjónustu er í lögum þessum átt við þjónustu, aðstoð o.fl. í tengslum við eftirtalda málaflokka." Þessu er búið að breyta. Ef fólki finnst þetta minni háttar þá það um það. En ef fólk er að afgreiða hér lög á Alþingi sem eiga að gegna ákveðnu hlutverki og standast tímans tönn þá verða menn að vanda sig betur en gert hefur verið með þetta.

Í 12. gr. frv. var eftirfarandi málsgrein: „Hafðir skulu í huga jafnt almannahagsmunir sem og velferð þess sem þjónustuna fær." Hér er verið að fjalla um almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga. Þessi magnþrungna og efnismikla setning, „Hafðir skulu í huga jafnt almannahagsmunir sem og velferð þess sem þjónustuna fær", hún er strikuð út í brtt. meiri hl. félmn. að minni tillögu.

Þannig mætti lengi telja varðandi þessar brtt. Ég skal ekki hirða um að vera að segja frá meiru af þessu nema að vísu 44. gr., sem reyndar hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir gerði líka athugasemd við en í henni segir eftirfarandi:

„Leitast skal við að tryggja að aldraðir taki sjálfir þátt í ákvörðunum um málefni sín."

Þessi setning er auðvitað stórhlægileg vegna þess hvað hún er fáránleg og vegna þess hvað það veitir mikla innsýn inn í þann hugarheim sem býr að baki þessu öllu saman, að það eigi náðarsamlegast að leyfa öldruðum að taka sjálfir þátt í ákvörðunum um málefni sín eða „leitast við að tryggja það" að þeir fái það. En þessi setning fer nú undir hnífinn ef brtt. meiri hl. nefndarinnar ná fram að ganga og eru í samræmi við mínar óskir í þeim efnum.

Ég skal nú ekki vera að fjalla meira um þessar brtt. Ég vil bara endurtaka það að ég met það við formann nefndarinnar að taka tillit til þeirra í þeim mæli sem þó

var gert þó að þær hafi ekki allar verið teknar til greina. En það eru auðvitað ekki mínir hagsmunir sérstaklega að þetta frv. verði þokkalega úr garði gert, það eru auðvitað hagsmunir þeirra sem á því bera ábyrgð. En ef menn taka löggjafarstarf sitt hér í nefndum þingsins alvarlega þá hljóta þeir að reyna að leggja lið í því að ganga frá svona texta þannig að skaplegt sé. Það hef ég reynt að gera og ég er ánægður með það og vil þakka fyrir það að formaður nefndarinnar skuli hafa komið til móts við það sjónarmið í þeim mæli sem gert var.

Varðandi efni þessa máls að öðru leyti vil ég rétt nefna hér ákvæðið í 19. gr., um skyldur manna til að framfæra sjálfa sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þetta atriði var lítillega rætt við 1. umr. hér í deildinni af minni hálfu og sömuleiðis einnig lítillega rætt í nefndarstarfinu. Hér er um að ræða ákvæði sem nú er að finna í annarri mynd í gömlu framfærslulögunum frá 1947, þar sem foreldrum er jafnframt skylt að framfæra börn sín eftir 18 ára aldur ef þau eru ekki fær um það sjálf, en jafnframt börnum skylt að framfæra foreldra sína ef foreldrarnir eru ekki í aðstöðu til þess að sjá um það sjálfir. Ég velti því hér upp á sínum tíma og sömuleiðis í nefndarstarfinu sem álitamáli hvort það væri rétt að fella brott þetta gamla og góða samhjálparákvæði um það að börn skyldu annast foreldra sína í ellinni. Það upplýstist hins vegar í þessu nefndarstarfi að eins og þessi lög eru framkvæmd í dag, til að mynda hér í Reykjavíkurborg, þá hefur ekki þótt fært að beita þessum ákvæðum til hlítar eða ganga hart eftir því að einstaklingar sem ekki vildu liðsinna foreldrum sínum í ellinni gerðu það. Með öðrum orðum að ekki væri beitt þvingunum eða valdi til þess að knýja fólk til slíks liðsinnis við foreldra sína. Og að athuguðu máli og að fengnum þessum upplýsingum m.a. og þeim sjónarmiðum þeirra sem við þessi störf fást var það niðurstaða mín að flytja ekki brtt. við þetta ákvæði. En mér finnst samt eðlilegt að menn ræði þetta hér í sölum Alþingis þegar verið er að afgreiða þetta frv. og þegar verið er að breyta þessum ákvæðum sem nú fyrirfinnast í framfærslulögunum.

Ég vil þá víkja aðeins að kaflanum um húsnæðismál, virðulegi forseti, VIII. kafla þessa frv. Ég hefði talið að 51. gr. frv., þar sem segir að sveitarstjórn skuli heimilt að fela félagsmálanefnd umsjón með leiguíbúðum í eigu sveitarfélagsins og útleigu þeirra o.s.frv., að þessi grein sé óþörf vegna þess að við afgreiddum hér í fyrra nýja löggjöf um félagslegt húsnæði. Þar var tekin inn sérstök brtt. til þess að tryggja það að sveitarfélagið gæti einmitt gert það sem þarna er lagt til, þ.e. falið félagsmálanefnd umsjón með leiguíbúðum í eigu sveitarfélagsins og umsjón með þeim að öðru leyti. Ég sé því ekki hvaða tilgangi það þjónar að taka þetta ákvæði aftur upp hér í þennan lagabálk.

Sömuleiðis minnir mig að þegar húsnæðisnefndir voru stofnaðar hér í fyrra með þeim lögum sem ég nefndi hafi verið ætlunin að húsnæðisnefndin yfirtæki hlutverk húsaleigunefndar. En það má vera að sú breyting hafi ekki enn komið til framkvæmda vegna þess að húsaleigunefndirnar eru settar á laggirnar samkvæmt lögum um húsaleigusamninga og þeim hefur ekki verið breytt. Þannig að það má vera að það sé skýringin á því að það hafi ekki enn þá gerst. En ég sé ekki annað en að þarna séu óþörf ákvæði að því er þetta varðar þó að kannski megi segja um þetta atriði eins og svo margt annað í þessu frv. að það geri ekkert til þó að þetta verði samþykkt svona. Það veldur engu tjóni og af þeirri ástæðu kannski ástæðulaust að amast við því.

En ástæða þess að við fulltrúar Sjálfstfl. í félmn. ætlum ekki að amast við þessu frv. er reyndar sú að við teljum að þó að þetta frv. sé að mörgu leyti óþarft vegna þess að fyrir þessum ákvæðum er séð í öðrum lögum í flestum tilvikum þá sé það engu að síður skaðlaust. Og ef einhverjum sem við þessi mál vinna finnst það til bóta að hafa þennan ramma utan um þessi mál þá er það okkur að meinalausu.

En ég bendi á, rétt áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga lagði til — og ég vildi gjarnan að hv. formaður félmn. hlýddi á þessi orð vegna þess að ég hygg að hún hafi tekið eftir því þegar formaður Sambands ísl. sveitarfélaga lagði það til í nefndinni að millifyrirsögn í II. kafla, þar sem fjallað er um stjórn og skipulag, yrði breytt úr yfirstjórn í yfirumsjón. Ég hafði skilið það svo að um það yrði samkomulag að gera tillögu um að þessu yrði breytt. Það má þá jafnvel gera það við 3. umr. ef það er rétt hjá mér að um þetta hafi verið samkomulag milli hans og nefndarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, herra forseti, en vil ítreka mína fyrri spurningu um það hvort það sé rétt að þetta mál sé nátengt afgreiðslunni á frv. um leikskóla í augum stjórnarliðsins og ég bendi á að hv. 1. þm. Vesturl. upplýsti það hér við 1. umr. málsins að um það væri samkomulag að þessi frv. ættu að fylgjast að til nefndar ekki lengra. En síðan ekki lengra. Ég held að það sé gott að fá þetta nánar upplýst og útskýrt áður en lengra er haldið með þetta mál.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna fyrirspurnar hv. síðasta ræðumanns þá hefur forseti skilið það svo hina síðustu daga þessarar viku þegar umræður hafa farið fram um forgangsmál hæstv. ríkisstjórnar að það væri talið æskilegt, ekki bara af hálfu stjórnarflokkanna heldur af hálfu þingflokksformanns Sjálfstfl., að þessi mál yrðu samferða í gegnum þingið, ég vil þó ekki fullyrða hversu langt, en að þau yrðu í samfloti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 873,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 873,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 873,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4.–7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 873,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 873,5 samþ. með 27 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 873,6 samþ. með 23 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

13.–31. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 873,7 (32. gr. verður 35. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

33. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 873,8a (ný gr., verður 33. gr.) samþ. með 23:1 atkv.

Brtt. 873,8b (ný gr., verður 34. gr.) samþ. með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, MálmS, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, GGuðbj, AðB, AÓB, ÁHE, GeirG, GB, ÁrnG.

nei: HJ, IBA, MB, ÓE, RH, SP, FÞ, GHH.

ÓÞÞ, AS, EH greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (KrP, MÁM, PJ, ÞP, FrS, GGÞ, GuðnÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þessi tillaga sem hér liggur fyrir er lýsandi dæmi um það samkomulagsklúður sem orðið hefur á milli stjórnarflokkanna að því er varðar málefni leikskólans. Tillagan öll, sem gerir ráð fyrir nýrri grein, er meira og minna út í bláinn og sýndarmennskan ein, á ekkert erindi inn í lög og ekki til marks um annað en það klúður, eins og ég segi, sem verið hefur uppi milli stjórnarflokkanna í þessu máli og verður góður og verðugur vitnisburður um það. Ég segi nei.

34.–35. gr. (verða 36.–37. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 873,9 samþ. með 29 shlj. atkv.

36. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 26:1 atkv.

Brtt. 873,10 (X. kafli, 37.–40. gr. falli brott) samþ. með 30:1 atkv.

41. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 873,11 (ný 42. gr., verður 40. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 873,12 samþ. með 26 shlj. atkv.

43. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 873,13 (44. gr. falli brott) samþ. með 28 shlj. atkv.

45.–48. gr. (verða 42.–45. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 873,14 samþ. með 25 shlj. atkv.

49. gr. (verður 46. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

50.–71. gr. (verða 47.–68. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta hefur nú verið ansi flókin og fyrirferðarmikil atkvæðagreiðsla. Ég vil mælast til þess áður en þetta frv. verður prentað upp að nýju eftir 2. umr. að þess verði gætt hvort fallið hafa niður 36. og 37. gr. sem kann að vera. Í fljótu bragði sýnist mér að svo hafi verið án þess að ég þori nú að fullyrða um það, en á þessu þskj. mætti ætla það væri engin 36. og 37. gr. í þessu frv. eftir að búið er að breyta því svo sem þetta þskj. gerði ráð fyrir. Ég mælist til þess að þetta verði kannað og þskj. svo prentað upp þannig að mönnum gefist kostur á að undirbúa brtt. við 3. umr.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill upplýsa það að 34. og 35. gr. frv., sem nú eru samþykktar, verða 36. og 37. gr. Það hefur því engin grein fallið niður. (Gripið fram í.) Það þarf að prenta það upp. Það er rétt.

Leikskóli, 2. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 599, n. 900, 936 og 967, brtt. 901.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um leikskóla. Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum en menn hefðu vissulega viljað fá miklu lengri tíma til þess að fjalla um þetta stóra mál. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um það Berg Felixson, framkvæmdastjóra Dagvistar barna í Reykjavík, Selmu Dóru Þorsteinsdóttur, formann Fóstrufélags Íslands, Jónínu Bjartmarz, Odd Sigurðsson og Stefaníu Björnsdóttur frá Samtökum foreldra barna í leikskóla. Einnig barst nefndinni kostnaðarumsögn um frv. frá fjmrn. og umsögn um frv. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Það er forsaga þessa máls að í janúarmánuði 1989 skipaði menntmrh. nefnd til þess að endurskoða lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn í þeim tilgangi að skapa ramma um nýtt skólastig, forskólastig fyrir börn undir skólaskyldualdri. Nefndinni var einnig falið að gera áætlun um uppbyggingu og rekstur dagheimila og leikskóla næstu tíu ár og um æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði. Þetta var allfjölmenn og mjög vel skipuð nefnd sem skilaði áliti í formi tveggja frv. þar sem annars vegar var um að ræða frv. til laga um leikskóla og hins vegar frv. til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Eftir að frv. kom til ríkisstjórnarinnar munu hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar en síðan var það lagt hér fram á Alþingi og þá er það auðvitað kjarni máls að frv. var það seint fram komið að það var útilokað að það fengi venjulega meðferð þingmála með því að það væri sent til umsagnar fjölmargra aðila heldur áttu nefndarmenn einungis um það að velja annaðhvort að ræða málið stuttlega við þá sem höfðu staðið að gerð þess og áttu þar hagsmuna að gæta og afgreiða síðan málið inn í þingið á nýjan leik þannig að þar yrði ákveðið hver yrðu frekari örlög frv., nú eða þá að láta það liggja.

Það kom fljótt í ljós að mikill áhugi var á því meðal samtaka foreldra barna í leikskóla og meðal fóstra að mál þetta yrði afgreitt. Og þótt nefndinni hefði þótt betra að hafa meiri tíma til að fjalla um frv., þá vildi nefndin eða meiri hl. hennar, sem ég er hér að mæla fyrir, ekki taka ábyrgð á því að láta málið liggja og sofna í nefnd eins og það heitir heldur vildi afgreiða málið, sérstaklega með tilliti til þess að búið var að afgreiða frv. til laga um félagsþjónustuna. Síðan er þá bara að sjá hvort einhver möguleiki er á því að málið hljóti hér afgreiðslu.

Ég hlýt að láta þess getið að Samband ísl. sveitarfélaga sendi okkur samþykkt þar sem mælt var á móti því að málið yrði hér afgreitt, fyrst og fremst á þeirri forsendu að málið þyrfti nánari athugunar við. Hins vegar er það nú ekki svo að Samband ísl. sveitarfélaga hafi hvergi nærri þessu máli komið því að málið var rætt við forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga fyrr á þessum vetri, kynnt fyrir þeim og hlustað á þeirra athugasemdir áður en frv. var lagt fram.

Það er auðvitað ævinlega nokkurt álitamál hversu mikinn hraða á að hafa á málum og hvort mál séu á þann veg komin að forsvaranlegt sé að afgreiða þau. Kannski er aðalágallinn á þessu máli fyrst og fremst sá að það skuli ekki vera stærra og meira um sig en það er hér. Margir hefðu viljað sjá frv. til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla verða fylgifrv. þessa frv. hér á leið í gegnum Alþingi. En af því varð ekki vegna þess að ekki náðist samkomulag um það. Ég hygg að það sé nú einmitt aðalágallinn á þessu máli í heild að það er ekki mikið fjármagn til þessarar nauðsynlegu starfsemi sem fylgir þessu frv. út af fyrir sig.

Hins vegar var það eftirtektarvert að við umræður um málið í hv. menntmn. komu ekki fram neinar brtt. við frv. aðrar en sú eina sem meiri hl. nefndarinnar flytur á þskj. 901. Sú brtt. er ákaflega einföld. Hún er varðandi síðasta málsl. 1. gr. um að hann orðist svo: „Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur til sex ára aldurs." En í frv. er gert ráð fyrir því að þetta sé þannig orðað að leikskólinn sé fyrir börn frá hálfs árs aldri eða frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur. Þetta þótti nefndarmönnum óþarfi og þetta var reyndar eina brtt. sem var á ferðinni meðal þeirra sem fjölluðu um þetta mál þannig að það virtist ekki vera nein efnisleg andstaða gegn málinu eða hugmyndir um að það þyrfti að breytast með einum eða öðrum hætti. Og það var kannski alveg sérstaklega með þetta í huga sem meiri hl. nefndarinnar taldi að það ætti þá varla að vera svo ótímabært að koma málinu til umræðu hér við 2. umr. hversu mikill tími sem verður síðan til þess að afgreiða málið endanlega.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir brtt. og nál. meiri hl. menntmn. Nefndin mælir með samþykkt frv. með þessari breytingu.

Frsm. 1. minni hl. menntmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. menntmn. um frv. til laga um leikskóla.

Síðastliðin tvö ár, eða allt frá því að Svavar Gestsson menntmrh. skipaði nefnd til að endurskoða gildandi lög um uppbyggingu og rekstur dagvistarheimila, hefur aðgerða núverandi ríkisstjórnar í þessum málaflokki verið beðið. Sú nefnd, forskólanefndin, skilaði af sér tillögum að nýju frv. til laga um leikskóla ásamt sérstöku frv. til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla, eins og fram kom hér áðan.

Eftir meðferð þessara frumvarpstillagna í ríkisstjórninni fæddist lítil mús nokkrum vikum fyrir þinglok: Það frv. til laga um leikskóla sem nú liggur fyrir Alþingi. Þó að þetta frv. geri ráð fyrir að leikskólinn verði sérstakt skólastig fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur til sex ára aldurs og heyri áfram undir menntmrn. er réttur allra barna til leikskólavistar ekki tryggður. Þá hefur frv. um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla ekki verið lagt fram, en það er birt sem fylgiskjal með leikskólafrv.

Nú liggur beint við að spyrja: Hvernig stendur á því að frv. ríkisstjórnarinnar er ekki bitastæðara en það er og hvers vegna kemur það svona seint fram? Augljóst er að ekki hefur náðst eining um að leggja fram fjármögnunarfrv. þó að jafnaugljóst sé að ef fullnægja á eftirspurn eftir dagvistun á næstu 5–10 árum verður slíkt ríkisframlag að koma til. Samkvæmt lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1989 á kostnaður við uppbyggingu og rekstur leikskóla alfarið að vera á ábyrgð sveitarfélaga, en miðað við áætlaðar kostnaðartölur sem fram koma í áðurnefndu fylgiskjali, frv. um ríkisframlag, misjafnan fjárhag sveitarfélaga og mismikinn pólitískan vilja, verður ekki séð hvernig öllum börnum verður tryggður aðgangur að leikskóla nema með aðstoð ríkisvaldsins.

En það er fleira varðandi leikskólann sem ekki hefur verið eining um í ríkisstjórninni. Eins og alþjóð veit hafa tveir ráðherrar deilt hart um það hvaða ráðuneyti skuli fara með málefni leikskólans og um leið hvort líta beri á leikskólann sem uppeldisstofnun fyrir öll börn eins og grunnskólann eða hvort skilgreina eigi þjónustu leikskólans sem félagslega þjónustu sveitarfélaga við þá foreldra og börn sem hennar óska. Þó að þessi deila ráðherranna virðist ómerkileg frá sjónarmiði þeirra sem vilja fyrst og fremst fleiri og sveigjanlegri dagvistarstofnanir telur 1. minni hl. að lausn hennar geti skipt afar miklu máli bæði uppeldislega og ekki síður pólitískt.

Frá uppeldislegu sjónarmiði telur 1. minni hl. ákaflega mikilvægt að leikskólinn sé viðurkenndur sem sérstakt skólastig sem heyri áfram undir menntmrn. Þá eru í fyrirliggjandi frv. merk ákvæði um leikskólarannsóknir og þróunarstarf sem er mjög mikilvægt nýmæli. — Og ég vil í leiðinni geta þess að ég á sæti í úthlutunarnefnd samsvarandi sjóðs fyrir grunnskólann og þær fjölmörgu umsóknir sem bárust í hann á þessu ári sýna mikla grósku og hefur sá sjóður verið mikil lyftistöng fyrir þróunarstarf í grunnskólum og er vonandi að þróunarsjóður leikskólans eigi eftir að hafa sömu áhrif. — Einnig er mikilvægt að viðurkennt er að leikskólinn eigi að vera frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur til sex ára aldurs, þannig að festa og samfella verði í

þeirri uppeldisaðstoð sem foreldrum býðst fyrir börn sín. Þetta yrði auðvitað aðeins valkostur fyrir þá foreldra sem kjósa leikskólavist fyrir börn sín. Pólitískt er það einnig mikilvægt að menntmrn. hafi hér yfirstjórn, ekki síst til að réttur allra barna verði jafnmikill, óháð búsetu.

Fyrsti minni hl. styður þetta frv. sem mikilvægt skref í rétta átt þó að harmað sé jafnframt að ekki er gengið lengra. Kvennalistinn mun beita sér fyrir því á næsta þingi að öll börn eigi kost á leikskólavist frá því að fæðingarorlofi lýkur til sex ára aldurs og að ríkisframlag komi til sveitarfélaga til að tryggja sem hraðasta uppbyggingu leikskóla. Vel mætti einnig hugsa sér leikskólann rekinn með sama hætti og grunnskólann að því leyti að ríkið greiði laun fóstra eins og kennara. Slíkt fyrirkomulag samræmdist best því sjónarmiði að leikskólinn sé sérstakt skólastig fyrir öll börn.

Ég vil að lokum taka undir margt af því sem Alexander Stefánsson og Geir H. Haarde sögðu hér í umræðunni áðan í tengslum við frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég er Alexander sammála um að þær ráðstafanir vantar sem þarf til að sveitarfélögum sé gert kleift að sinna uppbyggingu leikskóla.

Það er eitt af brýnustu málunum í íslenskum stjórnmálum að mati 1. minni hl. að á þessum málum sé tekið. Ég harma því það klúður sem málefni leikskólans og að mörgu leyti málefni grunnskólans líka eru komin í. Að hluta má rekja það klúður til laganna um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem alls ekki virðast miðast við þá auknu uppbyggingu sem nauðsynleg er á næstunni ef þessar stofnanir eiga að vera í einhverju samræmi við þarfir barna og foreldra og einnig ef marka má viðbrögð Sambands ísl. sveitarfélaga við báðum þessum frv.

Alþingi verður að horfast í augu við ábyrgð ríkisins að þessu leyti og því verða nauðsynlegar ráðstafanir að koma til, þ.e. tímabundið fjármagn til uppbyggingar frá ríki til sveitarfélaga.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er fyrir margar sakir afar merkilegt. Ég verð að lýsa furðu minni á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Deilur milli ráðherra, þ.e. hæstv. menntmrh. og hæstv. félmrh., urðu til þess að þetta frv. kom ekki til afgreiðslu fyrr en á síðustu dögum þingsins. Þá var þetta mál allt í einu afgreitt út úr hv. menntmn. þessarar deildar án þess að nokkurt færi gæfist á efnislegri umfjöllun þess. Það fólk sem segir í nál. meiri hl. að hafi komið til viðræðna um málið kom aðeins á þennan eina fund nefndarinnar, þ.e. þann 12. mars sl. Gafst því svo til enginn tími til viðræðna né heldur var leitað álits Sambands ísl. sveitarfélaga sem eiga að kosta þetta mál alfarið. Sambandið mótmælti strax þessari málsmeðferð með bréfi sem er fskj. með nál. 2. minni hl.

Það virðist alveg ljóst að sveitarfélögin munu ekki ráða óstudd við þetta verkefni því hér er um gífurlega fjármuni að ræða svo sem sjá má af fylgiskjölum með þessu frv. Það er enn fremur alveg ljóst að ekki er samstaða í hæstv. ríkisstjórn um afgreiðslu þessa máls. Ástæðan er sú að fylgifrv., sem kveður á um fjármögnun, m.a. um greiðslur úr ríkissjóði til sveitarfélaganna, fékkst ekki lagt fram jafnhliða fyrirliggjandi frv. Það er höfuðforsenda þess að þetta mál verði afgreitt að bæði frv. verði að lögum ef hugur hv. þm. stendur á annað borð til þess.

Þessu leikskólafrv. hefur einnig verið breytt þannig í meðförum ríkisstjórnarinnar að engin leið er að sjá hvort þessi uppbygging leikskóla á að fara af stað eða ekki. Það er því engan veginn ljóst hvort um er að ræða breytta réttarstöðu í þessum málaflokki. Eftir stendur frv. sem er hvorki fugl né fiskur. Pólitískar viljayfirlýsingar eiga heima í stefnuskrám stjórnmálaflokka eða ályktunum Alþingis en ekki í lagafrumvörpum.

Hæstv. menntmrh. getur e.t.v. auglýst þetta mál í kosningabaráttunni en hann hefur enga möguleika á að tryggja framkvæmd þess. Hver er þá tilgangur slíkrar lagasetningar? Hagsmunum hverra er verið að þjóna? Hér er um allt of mikilvægt mál að ræða til þess að lenda í slíkri fljótaskrift. Hæstv. ríkisstjórn getur ekki vikið sér undan ábyrgð í þessu máli. Þess vegna er hér gerð tillaga um að vísa málinu til ríkisstjórnar.

Eins og greint er frá í nefndaráliti var frv. þetta ekki sent til umsagnar. Hins vegar var nefndarmönnum afhent á þessum fyrsta og eina fundi, þ.e. 12. mars sl., sérálit Bergs Felixsonar, en hann er framkvæmdastjóri Dagvistar barna í Reykjavík. Hann afhenti nefndarmönnum einnig umsögn borgarráðs, sbr. umsögn stjórnar Dagvistar barna í Reykjavík og vil ég gera grein fyrir þeim hér, með leyfi virðulegs forseta, og þá einnig umsögn úr sérálitli minni hlutans í borgarráði sem rennir enn frekari stoðum undir þá tillögu sem gerð er í nefndaráliti því sem hér er mælt fyrir. Bergur Felixson átti sæti í nefnd þeirri er samdi leikskólafrv. Hann skilaði sérálitli dags. 19. nóv. 1989:

„Undirritaður hefur tekið þátt í störfum nefndar við gerð lagafrv. um leikskólastig og telur nauðsynlegt að setja rammalöggjöf fyrir þennan mikilvæga málaflokk. Frá fyrstu stund hef ég lagt áherslu á að rekstur leikskóla verði áfram á ábyrgð sveitarstjórna og er það í samræmi við nýsett lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eins og frv. liggur nú fyrir eru þó bæði settar skyldur á sveitarfélögin umfram það sem ég get samþykkt, 3. gr., og einnig finnst mér gengið um of á forræði sveitarfélaga með því að fela ráðuneytinu of mikið og miðstýrt vald varðandi alla starfsemi leikskóla. Mun ég því sitja hjá við afgreiðslu þess hjá nefndinni."

Meiri hluti borgarráðs tók undir umsögn frá stjórn Dagvistar barna sem er dags. þann 11. des. 1990 og er svohljóðandi:

„Á fundi stjórnar Dagvistar barna í gær var samþykkt með fjórum samhljóða atkvæðum tillaga að umsögn um frv. til laga um leikskóla. Stjórn Dagvistar barna er sammála höfuðmarkmiðum frv. og telur brýnt að sett sé fram raunhæf rammalöggjöf um þennan mikilvæga málaflokk. Hins vegar telur stjórn Dagvistar

barna að útfærslu frv. sem hér liggur fyrir sé verulega ábótavant. Að mati stjórnar Dagvistar barna er í frv. gengið um of á forræði sveitarfélaga með því að fela menntmrn. of mikið og miðstýrt vald varðandi alla starfsemi leikskóla, sbr. 2. mgr. 3. gr., og vísað er í fleiri ákvæði frv. Þá eru settar skyldur á sveitarfélögin í algeru ósamræmi við nýsett lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga án þess að tilgreint sé hver beri kostnað af þeim.

Stjórn Dagvistar barna er sammála því markmiði að dagvistarheimili fyrir börn að sex ára aldri, eins og þau eru skilgreind samkvæmt núgildandi lögum, skuli kallast leikskólar, enda hefur Dagvist barna í Reykjavík haft frumkvæði að þróun í þá átt. Stjórnin telur þó ekki rétt að undanskilja skóladagheimili í þessu skyni eins og gert er í lagafrv., enda sé þar um sama form á þjónustu að ræða. Það er yfirlýst stefna Dagvistar barna í Reykjavík að málefni leikskóla verði áfram vistuð í menntmrn. Samkvæmt lagafrv. því sem hér liggur fyrir er engan veginn tryggt að svo sé. Stjórn Dagvistar barna leggur því til við borgarráð að það mæli ekki með samþykkt lagafrv. um leikskóla í þessari mynd."

Kristín Á. Ólafsdóttir, borgarfulltrúi fyrir Nýjan vettvang, og Elín G. Ólafsdóttir, borgarfulltrúi fyrir Kvennalistann, óskuðu eftir eftirfarandi bókun í borgarráði:

„Í 3. gr. frv. segir m.a.: „Sveitarfélögum er samkvæmt lögum þessum skylt að hafa forustu um að tryggja börnum þann lögvarða lágmarksrétt til þjónustu sem lög þessi gera ráð fyrir." Í frv. kemur hins vegar hvergi fram hver þessi lögvarði lágmarksréttur er eftir að felld var brott fyrri málsgrein 3. gr. frv. eins og það kom frá forskólanefndinni. Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum þessum að reka eða eiga aðild að rekstri leikskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Óski foreldrar eða aðrir forráðamenn eftir leikskóladvöl fyrir barn skal hún veitt í 4–9 stundir daglega eftir því sem best hentar barni og fjölskylduaðstæðum þess. Í bráðabirgðaákvæði er reiknað með því að markmið þetta náist innan tíu ára og þannig horft fram til þess að raunverulega sé tryggður réttur barns. Mikilvægt er að greinin úr frv. forskólanefndarinnar komi inn aftur.

Það sem kallast í umsögn Dagvistar barna „of mikið og miðstýrt vald menntmrn." er trygging ríkisvaldsins fyrir því að börn, hvar sem þau búa á landinu, njóti þeirrar faglegu menntunar og þjónustu sem frv. gerir ráð fyrir. Er það fyllilega sambærilegt við það sem gildir í grunnskóla." Ég vek athygli hv. þm. sérstaklega á næstu málsgrein þessarar umsagnar. „Í fylgifrv. er gert ráð fyrir því að ríkið taki þátt í fjármögnun leikskóla og því misskilningur hjá stjórn Dagvistar barna að verið sé að setja skyldur á sveitarfélög án þess að tilgreina hver skuli bera kostnað af þeim. Þetta er vissulega í ósamræmi við verkaskiptalögin, en hætt er við að þess verði langt að bíða að öll börn eigi kost á leikskólagöngu ef sveitarfélögin eiga ein og óstudd að sjá um uppbyggingu og rekstur. Er í því sambandi bent á kostnaðarútreikninga í athugasemdum með fjármögnunarfrv." Það er þá ljóst að skilningur stjórnar Dagvistar barna hefur að einhverju leyti verið á rökum reistur. Eins og meðferð á þessu máli er háttað er engan veginn séð annað en að hér sé verið að leggja skyldur á sveitarfélögin fyrst og fremst og þar komi ríkið ekkert inn í til sögunnar.

Í lok þessarar bókunar Kristínar Á. Ólafsdóttur og Elínar G. Ólafsdóttur segir síðan: „Örökrétt er að ætla skóladagheimilum stað í frv. þessu þar sem það fjallar um nýtt skólastig sem kemur á undan grunnskóla. Við tökum undir þá skoðun stjórnar Dagvistar barna að tryggja verður að málefni leikskóla verði áfram óskipt vistuð í menntmrn. Við leggjum ríka áherslu á að frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi."

Ég fæ ekki betur séð, hæstv. forseti, en að þessir fulltrúar borgarstjórnarminnihlutans séu sammála mér í þeim athugasemdum er ég hef gert þannig að fjármögnunarfrv. verði að koma fram samhliða leikskólafrv. og að hvergi sé skýrt í frv. hvort um einhvern lögvarinn rétt sé að ræða. Því verður ekki séð af meðferð þessa máls að í frv. sé það tryggt að börn, hvar sem þau búa á landinu, njóti þeirrar menntunar og þjónustu sem frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Ég veit að nú er naumur tími eftir af þinghaldi, en ég taldi þó rétt að gera grein fyrir þessum umsögnum. Auðvitað mætti segja margt annað um þetta frv. sem í sjálfu sér er jákvætt fyrir barnafjölskyldur þessa lands. Í því eru líka mörg nýmæli sem vert væri að skoða nánar. Því miður hefur hins vegar verið haldið þannig á þessu máli af framkvæmdarvaldinu að viðbúið er að tími til umræðna um þetta mál hér á hinu háa Alþingi verði takmarkaður.

Þá vil ég einnig geta þess, vegna orða formanns hv. menntmn. Nd. hér áðan um að engar brtt. utan ein hafi komið fram, að það er varla von þegar ekki er gefinn tími til þess að skoða þetta mál betur. Enda er málið gallað eins og ég hef gert grein fyrir í máli mínu. Bæði borgarráð og Samband ísl. sveitarfélaga hafa boðað að þau vilji koma að alvarlegum athugasemdum, en þau fengu ekki tækifæri til þess. Það er mergur málsins. Mér heyrist einnig að fulltrúi Kvennalistans, hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, taki undir mörg þau sjónarmið er ég hef gert að umtalsefni. Að vísu munu þær vilja styðja þetta frv. þrátt fyrir galla þess, m.a. skort á fjármögnun. Því þótti mér athyglisvert að sjá nefndarálit á þskj. 931 frá fulltrúa kvennalistakvenna, hv. þingkonu Danfríði Skarphéðinsdóttur ef ég man rétt, í Ed. um húsnæðislánakerfið þar sem boðuð er hjáseta kvennalistakvenna vegna þess að fjármögnun er ekki tryggð. Ég er hins vegar sammála þeim um mikilvægi þeirra málefna sem við höfum rætt undanfarna daga, bæði um grunnskóla og síðan um leikskóla, sem við höfum rætt hér í dag.

Með leyfi virðulegs forseta mun ég nú gera grein fyrir nefndaráliti frá 2. minni hl. menntmn. um frv. til laga um leikskóla. Nefndarálitið er á þskj. 967:

„Frv. þetta var afgreitt óvænt úr nefndinni 12. mars sl. Formaður nefndarinnar hafði áður lýst yfir því að málið yrði ekki afgreitt þar sem ekki gæfist tími til að senda það til umsagnar er svo skammt væri til þingloka. Undirrituð óskaði þá eftir fresti á afgreiðslunni til þess að fá tækifæri til að kynna málið fyrir þingflokki

og að frv. yrði sent til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga en hvoru tveggja var hafnað. Þessi vinnubrögð ganga þvert á hefðbundnar venjur um afgreiðslu mála á Alþingi og eru því ekki ásættanleg." Raunar gat ég ekki heyrt betur hér áðan en að formaður hv. menntmn. þessarar deildar væri sammála mér í því að þessi vinnubrögð væru alls ekki í lagi.

„Málefni leikskóla er búið að vera ágreiningsefni í ríkisstjórninni á yfirstandandi þingi. Menntmrh. og félmrh. hafa deilt hart og bæði viljað að þessi málaflokkur heyrði undir sitt ráðuneyti. Þannig lagði félmrh. fram frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem m.a. var kveðið á um leikskóla. Menntmrh. lagði engu að síður fram frv. til laga einnig um leikskóla þannig að á tímabili voru tvö frv. til meðferðar í þinginu um sama efni.

Svo virðist sem félmrh. hafi nú þurft að breyta sínu frv. þannig að ákvæði um leikskólann voru tekin í burtu, enda ekkert óeðlilegt því að það er skoðun margra, m.a. sjálfstæðismanna, að þessi málaflokkur eigi betur heima í menntmrn.

Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að frv. menntmrh. komst þar með svo seint til meðferðar að enginn tími gafst til efnislegrar umfjöllunar í nefndinni. Þar er því ekki við stjórnarandstöðuna að sakast þar sem ekki var einu sinni veitt tækifæri til að leita álits Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem eiga þó að bera hitann og þungann af þessu máli, sbr. nýleg lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þannig segir m.a. í 1. mgr. 3. gr. frv.: „Stofnun leikskóla og rekstur er á ábyrgð sveitarfélaganna en fagleg yfirstjórn málaflokksins samkvæmt lögum þessum er á hendi menntmrn."

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur mótmælt þessari málsmeðferð með svohljóðandi bréfi, sbr. fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Þá kemur fram í greinargerð frv. að nefndinni er samdi upprunalegt frv. var einnig falið að athuga æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði og samdi nefndin annað frv. um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla. Það frv. var stöðvað í ríkisstjórninni og fékkst ekki lagt fram, væntanlega vegna þeirra miklu útgjalda sem það hefði í för með sér fyrir ríkissjóð og vart yrðu fjármögnuð öðruvísi en með skattahækkunum. Hefur stjórnarliðum e.t.v. þótt nóg að gert í aukningu á skattbyrði almennings, enda kosningar fram undan. Þrátt fyrir þá staðreynd að ekkert sé hugsað fyrir fjármögnun samfara þessu frv. þá leggur menntmrh. áherslu á afgreiðslu þessa máls og gangi það eftir þá er ljóst að næstu ríkisstjórn verður nokkur vandi á höndum þar sem henni ber þá að tryggja framkvæmd þessara laga.

Margir hafa bent á nauðsyn þess að fjármögnun verði jafnhliða tryggð. Þannig segir t.d. í umsögn ASÍ frá 3. okt. 1990: „Miðstjórn Alþýðusambandsins álítur að markmiðum þeim, sem nefnd til endurskoðunar á byggingu og rekstri dagvistarheimila setti sér í sínu starfi, verði ekki náð nema bæði frv. nefndarinnar verði samþykkt sem lög. Jafnframt vill miðstjórnin leggja áherslu á að frumvörpunum verði ekki breytt á þann hátt að skertur verði réttur barna til vistunar og skyldur sveitarfélaga til uppbyggingar og rekstrar leikskóla." Í þessari umsögn er vakin athygli á þeirri staðreynd að við meðferð málsins í ríkisstjórn var sú breyting gerð sem nú kemur fram í 3. gr. frv. Þar sem áður var kveðið á um skyldu sveitarfélaganna til þess að reka leikskóla segir nú í 2. mgr. 3. gr. frv.:

„Sveitarfélögum er samkvæmt lögum þessum skylt að hafa forustu um að tryggja börnum þann lögvarða lágmarksrétt til þjónustu sem lög þessi gera ráð fyrir." Þessi setning er illskiljanleg og hætt er við ágreiningi þegar ganga á úr skugga um, hvað þessi „réttur" feli raunverulega í sér.

Undirrituð er þeirrar skoðunar að það samræmist ekki tilgangi löggjafar að hafa lög þannig úr garði gerð að þau feli einungis í sér einhverja viljayfirlýsingu, slíkt eigi öllu fremur heima í ályktunum þingsins. Lagafyrirmæli eiga að vera skýr og kveða á um rétt og skyldur.

Þetta frv. er mjög merkilegt fyrir margar sakir og felur í sér athyglisverð nýmæli sem væntanlega kæmu barnafjölskyldum þessa lands til góða. Augljóst er að mikil vinna hefur verið lögð í gerð þess og vafalaust hafa margir áhuga á framgangi frv. enda þörfin víða brýn. Þó verður ekki hjá því komist að benda á þá staðreynd að eins og staðið er að þessu máli tryggir það á engan hátt meginmarkmið frv. Ríkisstjórnin getur ekki vikið sér undan ábyrgð á þennan hátt. Hún verður að taka afstöðu til þess hvort henni sé alvara í því að taka raunhæft á þessu máli. Til þess að fá úr því skorið er hér gerð tillaga um það að máli þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Þá vil ég, með leyfi virðulegs forseta, gera grein fyrir stuttu bréfi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem birt er sem fskj. með þessu nál. seinni minni hl. Það er dags. þann 13. mars, daginn eftir að mál þetta var afgreitt út úr menntmn. hv. deildar:

„Samband íslenskra sveitarfélaga gerir athugasemd við það að nú skuli stefnt að því að afgreiða á Alþingi frv. til laga um leikskóla án þess að sambandinu hafi verið gefinn kostur á að fjalla efnislega um málið og gefa formlega umsögn.

Menntmrh. og aðstoðarmaður ráðherra komu á fund stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 19. jan. 1990 og kynntu drög að frv. til laga um leikskóla og drög að frv. til laga um ríkisframlög til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Fjölmargar athugasemdir við frv. komu fram á fundinum og var gengið út frá því að stjórnin fengi þau til formlegrar umsagnar þegar málið yrði lagt fyrir Alþingi.

Augljóst er að svo veigamikill málaflokkur, sem nú er í höndum sveitarfélaga samkvæmt verkaskiptalögum ríkis og sveitarfélaga, verður að fá umfjöllun á sameiginlegum vettvangi sveitarstjórnarmanna.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ýmsar athugasemdir fram að færa, einkum varðandi 3. og 4. kafla frv. þar sem fjallað er um hlutverk sveitarfélaga í stofnun og rekstri leikskóla og yfirstjórn, enda kom það skýrt fram á fyrrnefndum fundi með ráðherra.

Samband íslenskra sveitarfélaga væntir þess að mál þetta verði eigi afgreitt nú án samráðs við sambandið.

Virðingarfyllst, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri."

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að vekja sérstaka athygli á þessu bréfi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þar kemur fram sú nauðsyn sem ég hef áður bent á í minni ræðu að það er lágmark að leitað sé eftir umsögn frá þeim aðilum sem eiga að kosta þetta frv., bæði með nýbyggingum og í rekstri, og ég tel að þetta bréf undirstriki enn fremur þá tillögu sem ég hef gert í nefndaráliti um að máli þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal lofa því að tala ekki langt mál hér. Það eru allir orðnir þreyttir á þessu málskrafi öllu. En ég hlýt í sambandi við þetta að verða að spyrja: Hvernig stendur á því að hæstv. menntmrh. kemur sér hjá því að vera viðstaddur þegar verið er fjalla um svo viðamikið mál sem frv. til laga um leikskóla miðað við það sem á undan hefur gengið, ég tala nú ekki um hæstv. félmrh. Það er furðulegt þar sem hér er um svo veigamikið mál að ræða og mikið liggur við að það fái þá eðlilegu meðferð hér á hv. Alþingi sem stefnt er að, þó að ég sjái nú ýmislegt sem bendir til hins gagnstæða.

Ég vil taka það fram í upphafi að ég styð heils hugar að sett verði sérlög um leikskóla og eins og ég sagði hér fyrr í umræðum um annað mál og hef sagt áður í hv. deild er löngu orðið tímabært að semja frv. til laga um leikskóla og taka þá tillit til allra þeirra breytinga sem orðið hafa í þjóðfélaginu og þeirrar kröfu sem verður að gera til þess að þetta eitt mikilvægasta uppeldisstig miðað við okkar uppeldismál fái þá meðferð sem stefnt er að, m.a. í þessu frv. Þess vegna hlýt ég að láta það koma hér fram og ég vona að hv. formaður menntmn. hlusti á það að ég harma meðferð þessa máls hér á hv. Alþingi og raunar þessara mála tveggja sem tengjast saman, að það skuli verða staðreynd að deila tveggja hæstv. ráðherra í ríkisstjórn skuli koma í veg fyrir það að svona mál fái faglega meðferð á hv. Alþingi. Ég átta mig ekki á því og verð að segja það enn á ný að ég skil ekki þau vinnubrögð hjá hv. menntmn. þessarar deildar að hún skuli láta það gerast og það skuli prentað í nefndarálitum að þeir aðilar sem mest eiga um þetta mál að fjalla og bera raunverulega ábyrgð á því að svona réttlætismál komi til framkvæmda skuli ekki einu sinni vera hafðir með í ráðum um meðferð málsins hér á hv. Alþingi. Ég þarf ekki að endurtaka það sem komið hefur fram í máli hv. þm. um þetta mál, en það er augljóst mál að hv. menntmn. Nd. hefur algerlega hundsað það hlutverk sem hún hefur í svona mikilvægu máli. Ég held að það sé nauðsynlegt að láta það koma fram hér í meðferð málsins á þessu stigi. Það er eiginlega undravert að hæstv. menntmrh. skuli voga sér, ég vil nota það orðbragð, að ætlast til að þetta frv. verði samþykkt án þess að fjármálakaflinn sem hann lét fylgja með í frv. sé a.m.k. útfærður þannig frá hendi hæstv. ríkisstjórnar að eitthvað sé að marka þau áform sem þar koma fram. Og það er einnig óeðlilegt að verða að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að ekki er talað við þá aðila sem þó eiga eðli málsins samkvæmt að fjármagna og bera ábyrgð á þessum mikilvæga uppbyggingarþætti. Ég botna bara ekkert í því, ég verð að segja það eins og er, eins og margir ágætir hv. þm. eru í þessari menntmn., hvað þeir eiginlega hafa verið að hugsa þegar þeir voru að afgreiða þetta mál með hraði án þess að gefa þeim aðilum sem fyrst og fremst eiga um þessi mál að fjalla tækifæri til þess að tjá sig á eðlilegan máta. Virðingu Alþingis eru ekki gerð góð skil með því að hafa svona vinnubrögð. Og allra síst þegar um er að ræða fyrrv. menntmrh. á Íslandi. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst þetta vera aum vinnubrögð í alla staði.

Við höfum grunnskólalög og í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þegar ákveðið var að grunnskólinn færi til sveitarfélaga, var gert ráð fyrir ákveðnum aðgerðum í sambandi við fjármál sem því fylgdu. Sveitarfélögin eiga að taka við uppbyggingu grunnskólans og það gera þau. Þau fá aðstoð, þau sem minna mega sín, í gegnum önnur lög, þ.e. tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, til þess að standa undir þeim stofnkostnaði sem þau þurfa að inna af hendi til þess að fullnægjandi grunnskóli sé til boða á hverju svæði. Og hvað fá þau svo frá ríkinu? Laun kennara, skólastjóra, fræðsluskrifstofa o.s.frv. eru greidd af ríkinu.

Ég verð að segja að það er ákaflega ömurleg staðreynd að þurfa að viðurkenna að hæstv. menntmrh. og hv. menntmn. Alþingis stuðli að því að þau lög sem hér eru til meðferðar verði á framkvæmdasviði sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum en láti það gerast að þessu frv. eigi að hraða hér í gegn án þess að gera nokkru einasta atriði skil sem snýr að því að tryggja það að sveitarfélögin geti framkvæmt þetta eða þessi lög komist til framkvæmda. Og ég endurtek það enn, það er kannski of sterkt til orða tekið, en það er alla vega undravert að hæstv. menntmrh. og hv. menntmn. Nd. Alþingis skuli leyfa sér að leggja til að þetta frv. verði afgreitt án þess að á nokkurn hátt verið tryggt að fskj. I sem fylgir þessu frv. komist í framkvæmd. Þetta er að gera grín að sjálfu málinu. Þess vegna hlýt ég að harma svona vinnubrögð vegna þess að ég hef það mikinn áhuga fyrir því að sú skipan sem hér er lögð til í frv. komist á. Ég skil ekki svona vinnubrögð og mér þykir leiðinlegt að þurfa að yfirgefa Alþingi vitandi það að þetta frv., eins og það er hér, er markleysa vegna þess að það kemst ekki í framkvæmd nema því aðeins að það sé tryggt fjárhagslega. Það ætti hver einasti alþingismaður að skilja. Við höfum reynslu af því. Og jafnvel þó að sveitarfélög vilji gera vel í þessum málum og reyni það sem betur fer flest þeirra, þá hafa þau ekki bolmagn til þess að framkvæma þetta á þann hátt sem æskilegt er, nema því aðeins að fá til þess annaðhvort tekjustofn, breytingu á tekjustofnum, eða þá að ríkið komi inn a.m.k. á sama hátt og verkaskiptalögin um grunnskóla gera ráð fyrir, að ríkið greiði allan kostnað við yfirstjórn og fram-

kvæmd þessa máls með því að greiða starfsfólki laun.

Herra forseti. Ég lofaði því að tala ekki langt mál. En því miður hlýtur manni að hitna í hamsi þegar maður sér svona vinnubrögð sem bókstaflega gera málið að engu. Og það er hörmulegt til þess að vita að hvorki núv. menntmrh. eða fyrrv. menntmrh., sem er formaður menntmn., skuli sjá sóma sinn í því að vera við umræðuna. Auðvitað liggur alveg ljóst fyrir, það er alveg sama hvað menn eru vel gerðir, það er ekki hægt að afgreiða þetta mál í gegnum þingið nú vegna þess að kjarnann í málið vantar. Með hliðsjón af því að þeir aðilar sem um þetta mál fjalla hafa ekki fengið tækifæri til þess tel ég augljóst mál að þetta frv. verður að bíða til næsta þings og einnig frv. um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Á öðru er ekki stætt ef þingmenn hér á hv. Alþingi vilja ekki láta gera grín að sér þegar kemur að því að fara að framkvæma þessi lög. Það er ekki hægt nema fjármálalegur kafli þeirra sé um leið tryggður. Það er alveg sama hvað menn vilja tala fagurlega um málið að öðru leyti.

Ég endurtek að ég er fylgismaður þess að slík löggjöf verði sett. En ég er einnig fylgismaður þess að ef hún er sett, þá sé hægt að framkvæma hana og það er aðalatriðið. Það verði tryggt með breytingu á grunnskólalögunum að því er varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en það er algerlega ótryggt í þessu frv. og það er til minnkunar fyrir ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. og hv. menntmn. þessarar deildar að leggja til að þetta frv. verði samþykkt án þess að þetta sé komið á hreint.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég er ekki sammála síðasta ræðumanni. Ég held að það sem þarf að breyta í þessu frv. sé fyrst og fremst að lögin taki ekki þegar gildi heldur að þau taki gildi um næstu áramót, ef það er einhver möguleiki að koma þessu í gegnum þingið sem er auðvitað óvíst eins og tímaþröngin er orðin mikil hér. Ég held að það sé alvörumál ef þetta stoppar á því að menn leggja ekki í að samþykkja þessa leið. Ef lögin taka gildi um áramót er hægt að athuga það í sambandi við fjárlagaafgreiðslu á haustþinginu hvernig á að framkvæma þetta. Ég hélt að flestir hv. alþm. væru því sammála að þetta er rétt stefna. Þetta er það sem koma skal. Og við skulum bara segja að svo hörmulega takist til að hér komi viðreisnarstjórn, þá er a.m.k. betra að vera búinn að setja þennan ramma. Hann verður ekki settur ef viðreisnarstjórn sest í valdastóla, en það gæti staðið í þeim að hrinda ekki þessu máli fram ef það yrði að lögum á þessu þingi.

Ef menntmn. vill ekki athuga þetta ákvæði um gildistökuna og þetta heldur áfram mun ég gera tillögu um það, hæstv. forseti, en vildi mælast til þess að hann mundi benda formanni nefndarinnar á það hvort það væri ekki skynsamlegt að breyta gildistökuákvæðinu í 23. gr.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti skal koma því áleiðis til hv. formanns menntmn. að hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur gert það að tillögu sinni að gildistökuákvæðum 23. gr. leikskólafrumvarps verði breytt og yrði þá hugsanlegt að koma því áleiðis eftir að málið hefur komið til Ed. og þeir gætu þá haft um það samvinnu, formaður menntmn. Nd. og formaður menntmn. Ed.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég kem í þennan ræðustól til þess að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta hvort það sé ætlunin að leitast við að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Ég hafði litið svo til að frv. væri með svo veigamiklum ágöllum að naumast kæmi til greina að það yrði afgreitt nú. Þó ekki sé annað þá liggur það fyrir að sveitarfélögin mæla gegn samþykkt þessa frv. og fyrir liggur yfirlýsing frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, undirrituð af framkvæmdastjóra sambandsins Þórði Skúlasyni, þar sem því er skýlaust lýst yfir að Samband ísl. sveitarfélaga vænti þess að mál þetta verði eigi afgreitt nú án samráðs við sambandið.

Það er í rauninni mjög furðulegt að horfa á það að hér sé komið með hvert frv. á fætur öðru til Alþingis sem snerta mjög hagsmuni sveitarfélaganna á þann veg og í því formi að sveitarfélögin treysta sér ekki til að standa að þeim eða mæla með samþykkt þeirra. Hér er auðvitað um það að ræða að það hefur verið vanrækt að standa þannig að undirbúningi þessara mála að um það sé fullt samráð við sveitarfélögin. Það eru sveitarfélögin sem eiga mikið í húfi hvernig lagasetning eins og þessi er úr garði gerð.

Ég hafna því algjörlega sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. 6. þm. Norðurl. e., að það þurfi að drífa hér í gegn meingölluð frv. sem þeir aðilar sem hvað mest eiga í húfi treysta sér ekki til að mæla með vegna þess að það sé sú yfirvofandi hætta að það komi einhver önnur ríkisstjórn, eins og hann orðar það. Frá mínum bæjardyrum séð er það auðvitað von mikils þorra þjóðarinnar, hvað sem líður áliti þessa hv. þm., að það komi önnur ríkisstjórn og hún geti starfað með öðrum hætti heldur en sú sem nú situr. Það verður auðvitað verkefni þeirrar ríkisstjórnar að taka til í ýmsum málaflokkum, bæði í þessum og öðrum, með hagsmuni þjóðarinnar fyrir augum og þá þannig að þeir aðilar sem mest eiga í húfi í sambandi við kostnað og framkvæmd laga séu hafðir með í ráðum en ekki stigið alveg yfir þá.

Ég hafði satt að segja ekki látið mér það til hugar koma, mér hafði bara ekki hugkvæmst það, að það kæmi til greina að það ætti að keyra þessi mál í gegn á þessu þingi nú. Ég held að það hljóti að þýða að það verði að fara nákvæmar ofan í þessi mál en gert hefur verið til þessa ef það er ætlun ríkisstjórnarinnar allt í einu að fara að keyra á það að koma þessum málum í gegn.

Ég held að það sé kannski ekki nein ástæða til þess að ég fari að ræða þetta mál eitthvað ítarlega hér á þessu stigi meðan ég er að fá svör við mínum fyrirspurnum um þetta efni. Það liggur fyrir tillaga hér, sem mér finnst eðlileg tillaga, í nál. á þskj. 967 um að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað eðli-

leg leið meðan frv. er þannig úr garði gert að þeir aðilar sem það varðar hvað mest, ef að lögum yrði, og þurfa að taka veigamikinn þátt í framkvæmd laganna treysta sér ekki til að mæla með því að það sé samþykkt heldur beinlínis mótmæla því.

Ég vil því, herra forseti, ítreka þá fyrirspurn mína hvort það sé ætlun hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. forseta að halda á þessu máli með þeim hætti að það sé reynt að koma því til afgreiðslu hér á Alþingi nú fyrir þinglok.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara spurninga hv. síðasta ræðumanns vill forseti að það komi alveg skýrt fram að hann hefur verið upplýstur um það að Sjálfstfl. mundi láta þetta frv. óáreitt við afgreiðslu hér á þingi og mundi ekki standa gegn því að það yrði afgreitt. Þetta eru þær upplýsingar sem forseti hefur. Hér liggur að vísu fyrir frá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur tillaga um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar og verður auðvitað látið á það reyna hvort hv. þingdeild vill fara þá leið. En samkvæmt því samkomulagi sem forseti taldi að væri fyrir hendi um forgangsröð mála hér á Alþingi þá var þetta mál í þeim flokki og forseti þekkir það mál ekki betur en svo að hann mun hér á eftir að öllu óbreyttu bera þetta frv. upp til atkvæða.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það hefur komið berlega í ljós að hv. sjálfstæðismenn vilja endilega stoppa þetta mál sem er þó eitt af nauðsynlegustu málum þingsins. Ég heyri það á hv. 2. þm. Norðurl. v. að hann lítur vonaraugum til fjármálaráðherrastólsins og tekur þá afstöðu sjálfsagt um þetta frv. samkvæmt því.

Ég held að það væri mjög alvarlegt mál ef meiri hluti Alþingis mundi stöðva þetta frv. Ég vísa því enn og endurtek það, sem ég sagði hér áðan, af því að ég held að hv. formaður menntmn. sé hér í hliðarsal, að ég mælist til þess að hann athugi um það hvort ekki sé rétt að breyta 23. gr. og sjálfsagt að gera það á þann veg að lögin taki gildi 1. jan. 1992 vegna þess að þá er tími til að athuga hvernig á að fjármagna þetta mál. Auðvitað þarf að fjármagna það. Sveitarfélögin geta það ekki. Það vitum við. En ef löggjafinn samþykkir þetta þá er auðvitað ætlast til þess að löggjafinn finni líka leiðir til þess að fjármagna þessa leikskóla.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki flytja langt mál um þetta frumvarp að þessu sinni. Það hefur verið ítarlega rætt af hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur og fleirum. Það var hins vegar ekki ítarlega rætt í menntmn. Að því leyti til eiga athugasemdir hv. 1. þm. Vesturl. fyllilega rétt á sér. Það var ekki staðið að afgreiðslunni með venjulegum hætti. Hvað sem líður samkomulagi þingflokka um afgreiðslu mála á Alþingi þá er nauðsynlegt að það sé ljóst að staðið var að afgreiðslu þessa máls með afar óeðlilegum hætti. Því er hraðað í gegn gegn mótmælum þeirra sem eiga að framkvæma verkið. Það er auðvitað fullkomlega óeðlileg aðferð.

Á hitt vil ég benda að það er afgreiðsla á málinu að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Með því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar er Sjálfstfl. ekki að standa gegn afgreiðslu málsins. Mér er vel kunnugt um að það er metnaðarmál flestra nefndarformanna að afgreiða málin út úr nefndinni, hvort sem þau eru samþykkt eða ekki. Ef málin eru þess eðlis og hafa inni að halda viljayfirlýsingar sem menn vilja ekki standa gegn þá er sú aðferð eðlileg að vísa því til ríkisstjórnarinnar ef atriði sem máli skipta til að hægt sé að framkvæma frv. eru ekki til staðar. Þetta er eðlilegasta og mildasta afgreiðsla sem hægt er að hugsa sér á málinu. Að þessu viljum við stuðla og munum engan veginn setja fótinn fyrir það ef vilji er til þess í hv. deild.

Að öðru leyti urðu orð sessunautar míns, hv. 6. þm. Norðurl. e., til þess að ég bað um orðið. Það var vegna þess að hann lét þess getið að nauðsynlegt væri að lögfesta ramma þessa máls þó að engir peningar væru fyrir hendi. — Öðruvísi mér áður brá, þegar hv. sami þm. talaði stundum um málefni sem eitthvað kostuðu hér á árum áður. Hvað sem um það er, menn verða frjálslyndari með tímanum eða slaka svolítið á, ég veit ekki. (**Gripið fram í:** Málið er svo mikilvægt.) Málið er svo mikilvægt, nákvæmlega rétt. Þess vegna á ekki að þyrla upp blekkingafrumvarpi um það. Þess vegna á að hafa frv. þannig að fólk viti að það verði framkvæmt en það sé ekki verið að plata. Ramminn sem hv. þm. er að tala um er til og hann er hægt að framkvæma. Það þarf ekki lög um þennan ramma. Það þarf lög til að hægt sé að framkvæma málið en þá verður að vera ákvæði um það og áætlun að liggja fyrir um það.

Fyrir allnokkrum árum var gerð svonefnd uppeldisáætlun um starfsemi leikskóla og dagvistarstofnana. Ég átti töluverðan hlut að því máli sem menntmrh. og sérstaklega að því máli að kynna þetta mál gagnvart dagvistarstofnunum. Ráðuneytið skrifaði öllum dagvistarstofnunum í landinu bréf um þetta mál og kynnti það rækilega en það hafði einmitt komið ábending fram um það frá aðalstarfsmanni þessa verkefnis, sem var Valborg Sigurðardóttir, fyrrv. skólastjóri Fósturskólans, að þetta verk kæmi fyrir lítið ef það væri ekki kynnt dagvistarstofnununum. Ég lét ganga í það verk að kynna þetta öllum dagvistarstofnunum á landinu og veit ekki betur en því hafi verið tekið fagnandi alls staðar og fóstrur hafi almennt talið mikla þörf á þessari uppeldisáætlun og hún sé lögð til grundvallar í starfi. Enda er margtekið fram í grg. þessa frv. að þessi áætlun sé lögð til grundvallar þessu plaggi. En til þess að framkvæma uppbygginguna þarf annað en svona pappírsblað. Það þarf samstarf og sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga við að skaffa þá fjármuni sem til þarf og áætlun um það hvernig hagað skuli þeirri uppbyggingu þannig að eitthvert hald sé í þessu máli. Það er alveg sama þó að frv. með grg. sé 46 síður. Þó það væri 146 síður, þá kæmi það ekki að gagni ef þetta vantar. Ekkert er í frv. fram yfir það sem þegar er til í ráðuneytinu og á að vera framfylgt að því er ég best veit.

Þess vegna er eðlilegasta afgreiðsla sem þetta mál

getur fengið að vísa því til ríkisstjórnarinnar og það er afgreiðsla. Sjálfstfl. hefur skuldbundið sig til að standa ekki gegn afgreiðslunni, enda hefur Sjálfstfl. lagt til aðferð til að afgreiða málin.

Þetta vildi ég gjarnan undirstrika, herra forseti, vegna orða sem hér féllu úr forsetastóli. Það er ekki verið að ganga á svig við þau ummæli þó að lagt sé til að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja nema örfáar setningar, aðeins vegna ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., þar sem hann leggur til að gildistökuákvæði frv. sé breytt þannig að lögin, ef afgreidd yrðu, tækju gildi 1. jan. 1992. Þá er auðvitað svigrúm til þess að taka þetta mál til athugunar og afgreiða það á haustþingi. Það er auðvitað betri niðurstaða að vanda lagasetningu og taka þær ábendingar til greina sem fram hafa komið, taka upp viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga og leitast við að ná þessu máli fram þannig að friður sé við þau hagsmunasamtök sem svo mikið eiga í húfi um setningu þessara laga.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur boðið upp á þetta með því að flytja þá munnlegu brtt. sem hann hefur hér gert grein fyrir. Það er auðvitað forvitnilegt að heyra hvort til að mynda hv. formaður menntmn. Nd. muni ekki fallast á þetta og gera þessa brtt. að sinni. En úr því hún er flutt þá er þetta svigrúm fyrir hendi og ástæða til þess að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar þannig að þetta svigrúm verði þá skapað og í trausti þess að það verði notað til þess að vinna málið frekar heldur en þegar hefur verið gert.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill nú benda á að þetta mál, leikskóli, er í fyrri deild þannig að hann mun koma ósk hv. 6. þm. Norðurl. e. á framfæri við formann hv. menntmn. Ed. og verður þá hægt að láta reyna á það hvort gildistökuákvæðin muni breytast.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Örstutta athugasemd vegna orða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar hér áðan þar sem hann lýsir yfir stuðningi við þetta mál sem stefnuyfirlýsingu. Þá vil ég ítreka það að viljayfirlýsingar eiga ekki heima í lagafrumvörpum heldur öllu fremur í stefnuskrám stjórnmálaflokka eða í ályktunum Alþingis.

Varðandi orð hans um nýja viðreisnarstjórn þá held ég að slík stjórn yrði ekki betur sett með einhver fyrirmæli frá þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Enda verða fulltrúar næstu ríkisstjórnar varla kjörnir með það í huga. Það er hins vegar ósköp auðvelt að taka undir mál sem hljóma vel, en þegar svo er staðið að málum eins og hér hefur verið gert og engin framkvæmd tryggð, þá verða menn bara að hafa hugrekki til þess að horfast í augu við þá staðreynd, þótt kosningar séu fram undan. Vegna orða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og orða hæstv. forseta hér áðan um að sjálfstæðismenn séu að reyna að stöðva þetta mál, þá er það alger misskilningur. Það er hæstv. ríkisstjórn sem stendur sjálf fyrir því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 967 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KrP, MÁM, ÓE, PJ, RH, SP, EH, FÞ, GHH, HJ.

nei: KE, MB, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SV, StH, SJS, GGuðbj, AÓB, GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÁrnG.

AS, IBA greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (SighB, ÞP, AðB, ÁHE, FrS, GGÞ) fjarstaddir.

Brtt. 901 samþ. með 21:2 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

3.–6. gr. samþ. með 21:2 atkv.

7.–9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

10.–12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

13. gr. samþ. með 22:2 atkv.

14.–15. gr. samþ. með 21:2 atkv.

16.–18. gr. samþ. með 23:2 atkv.

19.–21. gr. samþ. með 23:2 atkv.

22.–23. gr. samþ. með 23:1 atkv.

Ákv. til brb. I–III samþ. með 23:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Nefndastörf.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Þetta er ekki langt mál. Ég vildi aðeins beina því til hæstv. forseta að koma því svo fyrir að það sé ekki verið að boða til nefndafunda út af fyrstu umræðu málum nú á síðasta degi þingsins. Þetta hefur gerst í einni nefnd þar sem ég á sæti. Ég spurðist fyrir um það hvað ætti að taka fyrir og það er mál sem var til 1. umr. hér í dag. Ég veit ekki einu sinni hvort því var vísað til nefndar, svo mikill var hraðinn á afgreiðslu hjá hæstv. forseta á vissu tímabili. Ég hygg þó að málið hafi verið lagt fram til einhvers konar kynningar. Mér finnst í meira lagi afkáralegt að fara að vinna við mál í nefnd á seinasta degi þingsins svo að ég vonast nú til þess að hæstv. forseti, sem ég veit að vill nýta þann tíma sem kann nú að falla til til alvarlegra þingstarfa, noti hann ekki með þessum hætti. (**Forseti:** Má forseti spyrja hv. þm. hvaða mál er hér um að ræða.) Þetta munu vera þjóðminjalög í menntmn. (**Forseti:** Þannig stendur á um það mál að forseta var tjáð að þetta væri samkomulagsmál sem allir flokkar væru sammála um að færi hér í gegnum þingið fyrir þinglok. Þetta mál var afgreitt hér á þessum fundi til nefndar.) Fyrstu umræðu mál? (**Forseti:** Já.) Og sam-

komulag hverra? (**Forseti:** Forseta skildist að þetta væri samkomulagsmál allra flokka hér á þingi. Og mælist forseti þá til þess að hv. þm. ræði það við formann þingflokks Sjálfstfl.) Það mun ég vissulega gera.

Ég hafði fjarvistarleyfi í nokkra daga en þetta kemur mér nokkuð á óvart. Það má vel vera að þetta sé hið besta mál og svo sé reyndar um ýmis mál sem ekki ná afgreiðslu. En mér kom það í meira lagi undarlega fyrir sjónir að verið sé að halda fyrsta nefndarfund um mál sem er verið að leggja fram núna á seinasta degi þingsins. Ég veit ekki betur en það sé staðfastur ásetningur hæstv. forsrh. að rjúfa þing í fyrramálið, sennilega klukkan hálfellefu og ég skil það vel því að það er alveg augljóst að samkomulag stjórnarflokkanna fer versnandi með hverri stundinni sem líður.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill geta þess ef það mætti útskýra og skýra málið öllu frekar, þá er það flutt af menntmn.

NEÐRI DEILD

71. fundur, föstudaginn 15. mars, að loknum 70. fundi.

Listamannalaun, ein umr.

Stjfrv., 139. mál (heildarlög). — Þskj. 975 (sbr. 773).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1010).

Byggðastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 420. mál (byggðaáætlun o.fl.). — Þskj. 757.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1011).

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn., 445. mál (álagning og innheimta gjalda). — Þskj. 831.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1012).

Starfskjör presta þjóðkirkjunnar, 3. umr.

Stjfrv., 428. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 822.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1013).

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. SP o.fl., 379. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 673.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 1009.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Ég vil leyfa mér að mótmæla því, virðulegi forseti, að þetta mál verði tekið á dagskrá nú. Það eru ekki nema örfáar mínútur síðan ég stóð hér og talaði um að það þyrfti að prenta skjalið upp á nýtt til að mönnum gæfist tóm til að átta sig á þeim breytingum sem gerð-

ar voru í 14 liðum og undirbúa brtt. Og ég gat þess sérstaklega í ræðu minni við 2. umr. að ég væri með brtt. í undirbúningi þannig að ég uni því ekki að þetta sé tekið á dagskrá fyrr en manni hefur gefist tóm til þess að vinna í því máli og þó að afbrigði hafi verið veitt fyrir því að taka þetta mál á dagskrá, þá eru þau náttúrlega ekki veitt til þess að koma í veg fyrir að menn geti komið hér með brtt. með þinglegum hætti.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill upplýsa að það er verið að prenta stöðuskjalið og það kemur innan örfárra mínútna á borð hv. þm. Væntir forseti þess að það fullnægi kröfum hv. 14. þm. Reykv.

Umræðu frestað.

Leikskóli, 3. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 1007.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 335. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 905, n. 992, brtt. 993.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 993 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 2. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 699, n. 876 og 895, brtt. 877.

Frsm. meiri hl. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var lagt fyrir 112. löggjafarþing. Það var lagt fram hér í Nd., afgreitt frá nefnd á síðasta þingi undir lok þinghalds og afgreitt héðan úr deildinni í einu hljóði. Það náði hins vegar ekki áfram afgreiðslu í gegnum Ed. á því þingi og kom til afgreiðslu þings á þessum vetri öðru sinni. Hins vegar gerðist það að í meðförum Ed., þar sem frv. var lagt fram að þessu sinni, var gerð á því breyting þannig að það kom breytt til Nd. og félmn. Nd.

Sú nefnd hefur fjallað um frv. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Brtt. meiri hl. nefndarinnar varðar 1. mgr. 19. gr. frv. um skipan kærunefndar jafnréttismála. Í meðferð Ed. var skipan kærunefndar breytt frá frv. eins og það var lagt fram. Frumvarpið gerði ráð fyrir að nefndarmenn væru þrír og að Hæstiréttur tilnefndi einn, er væri jafnframt formaður, Kvenréttindafélag Íslands tilnefndi einn og félmrh. skipaði einn án tilnefningar. Ed. breytti skipan kærunefndar á þann veg að Hæstiréttur tilnefndi einn, félmrh. skipaði tvo án tilnefningar og að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefndu einn nefndarmann hvort. Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs hefur mælt gegn þessari breytingu Ed. Jafnframt hafa Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna lýst andstöðu við breytingar Ed. Í þessu sambandi má á það benda að óeðlilegt er að VSÍ og ASÍ eigi fasta fulltrúa í kærunefnd en ekki t.d. BSRB eða BHMR, ekki síst í ljósi þess að um 90% af öllum kærum, sem ráðið fær til meðferðar, eru frá opinberum starfsmönnum eða bankamönnum. Kærur, sem tengjast almenna vinnumarkaðinum, eru mjög fáar. Á það má svo einnig benda að með breyttri skipan kærunefndar samkvæmt afgreiðslu Ed. líkist kærunefnd orðið allmikið Jafnréttisráði og því vaknar sú spurning hvort aðgreiningin í Jafnréttisráð og kærunefnd sé ekki þar með orðin óþörf.

Með hliðsjón að þeim deilum, sem ríkja um skipan kærunefndar, telur meiri hl. nefndarinnar heppilegast að engin félagasamtök eigi aðild að kærunefnd heldur verði nefndin skipuð tveimur lögfræðingum tilnefndum af Hæstarétti og einum tilnefndum af félmrh. Meiri hl. telur hins vegar jafnframt eðlilegt að þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skuli kærunefnd leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra."

Undir þetta nál. skrifa Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson og Geir H. Haarde og Eggert Haukdal með fyrirvara.

Brtt. orðast svo, virðulegi forseti:

„Félmrh. skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Félmrh. skipar einn án tilnefningar og Hæstiréttur tilnefnir tvo, þar af annan sem formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal kærunefnd leita

umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra."

Ég legg til að þetta frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

Frsm. minni hl. félmn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá minni hl. félmn. sem birt. er á þskj. 895 um frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

„Frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur nú verið til umfjöllunar á þremur þingum. Margt horfði til bóta í því frv. sem upphaflega var lagt fyrir 111. löggjafarþingið, en í meðförum þingsins hefur frv. tekið miklum breytingum sem flestar eru til hins verra. Ljóst er að ekki mun nást samstaða um málið nema í þeirri útþynntu mynd sem það er nú komið í. Meðal þess sem var í upphaflegu frv., en hefur nú verið fellt út í meðförum þingsins, eru ákvæði um öfuga sönnunarbyrði í málum er varða meinta mismunun vegna kynferðis við ráðningar í störf þar sem atvinnurekanda var gert að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði ráði þegar ráðið er í stöður á vinnumarkaði.

Skipan kærunefndar er ekki með þeim hætti er minni hl. nefndarinnar vildi helst sjá og ákvæði um jafnréttisráðgjafa eru ekki svipur hjá sjón miðað við það sem var í upphaflega frv.

Minni hl. nefndarinnar styður brtt. meiri hl. um skipan kærunefndar sem illskárri kost en þá skipan nefndarinnar sem samþykkt var eftir umræður í Ed.

Minni hl. nefndarinnar vill þrátt fyrir þessa alvarlegu ágalla á frv., eins og það lítur út eftir umfjöllun þriggja þinga, mæla með samþykkt þess vegna þeirra atriða sem horfa til bóta. Er þá átt við það litla sem eftir er af efnisatriðum hins upphaflega frv. og til framfara má teljast, svo sem skýrara verksvið jafnréttisnefnda. 10. gr. frv. um menntun er mjög til bóta og auk þess má nefna mikilvægt ákvæði um jafnréttisþing sem bættist við frv. í meðförum þingsins. Það er von minni hl. nefndarinnar að jafnréttisþing verði vettvangur lifandi umræðna um stöðu kvenna í samfélaginu og uppspretta nýrra hugmynda í baráttunni fyrir bættum hag kvenna og þar með allra þjóðfélagsþegna."

Undir þetta ritar Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. félmn. með fyrirvara en í trausti þess að nú verði brátt gefið matarhlé eftir þann fund sem staðið hefur frá því kl. 10 í morgun, þá hyggst ég ekki gera sérstaka grein fyrir mínum fyrirvara en vísa til framsögu formanns nefndarinnar og mun styðja málið og brtt. með þeim hætti sem hún gerði grein fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst það nú koma úr hörðustu átt þegar maður í mínum þyngdarflokki biður um matarhlé og telur sig ekki hafa þrek til að dvelja hér örlítið lengur og ég skil ekki hvaðan á mig stendur veðrið. Ég hvet forseta til að halda áfram vinnu og láta ekki fipa sig í störfum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég var ekki hér á þingi þegar mál þetta var til 1. umr. Ég vildi aðeins blanda mér í umræðu um þetta vegna þess að ég átti hlut að undirbúningi þess frv. sem hér er nú flutt í nokkuð breyttri mynd frá því sem upphaflega var. Mér sýnist að ýmsar af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. séu síst til bóta og það sé verið að veikja í rauninni allverulega þau markmið sem fram komu til leiðréttingar á stöðu kvenna í sambandi við þetta mál þegar frv. var fram lagt í fyrsta sinn.

Það á m.a. við um forgang kvenna til starfa við vissar aðstæður og ýmis fleiri atriði, m.a. sú breyting sem gerð var á kærunefnd. Ég tala nú ekki um þá breytingu sem Ed. gerði á því ákvæði en hefur nú verið fært til baka og til bóta frá þeirri breytingu sem gerð var í Ed.

Ég vil sérstaklega harma þá breytingu sem gerð hefur verið á því ákvæði frv. sem varðar ráðningu jafnréttisráðgjafa skv. 18. gr. Það ákvæði hefur nánast verið gert gagnslaust frá upphaflegri gerð frv. þar sem gert var ráð fyrir að heimild væri til þess að ráða jafnréttisráðgjafa í fleirtölu til starfa víða á landinu en nú stendur það eitt eftir að ráðinn verði einn starfsmaður í félmrn. Þetta er veruleg þrenging frá því sem að var stefnt í sambandi við þetta nýmæli sem hafði hlotið ágætar undirtektir hjá þeim sem hafa sinnt þessum málum og hafa áhuga á að ryðja úr vegi hindrunum sem standa í vegi fyrir úrbótum á jafnstöðu kvenna á við karla sem er það mál sem hér um ræðir í flestum greinum ef ekki öllum.

Ég tel sæta nokkurri furðu þær breytingar til verri áttar sem gerðar hafa verið á frv. í meðförum þess frá því það kom fyrst fram hér, en ég tel þó að eftir standi allnokkrar breytingar til bóta, sumar verulega til bóta. Af þeim sökum tel ég það vera rétt að lögfesta þetta mál þó að ég geri þær athugasemdir sem hér koma fram. Þetta sýnir okkur ljóslega hversu mjög er á brattann að sækja í sambandi við jafnréttismál hjá okkur og hversu langt við stöndum að baki þeim þjóðum, m.a. annars staðar á Norðurlöndum, sem lengst hafa náð í þessum efnum og nota löggjöfina til þess að bæta stöðu jafnréttismála. Vissulega er það svo að engan veginn verður misréttið leiðrétt með lögum einum saman. Það eru vissulega aðrar hindranir í vegi í samfélaginu sem eru alvarlegri og þá ekki síst fjárveitingar til þeirra mála sem þurfa að koma til þannig að konur geti tryggt sér hliðstæðan rétt og hliðstæða stöðu í samfélaginu eins og karlar.

Ein af þeim tillögum sem gerðar voru upphaflega þegar frv. var lagt fram vörðuðu fjárlagagerð, ákvæði um að það skyldi gerð grein fyrir því hverju sinni við gerð fjárlaga hvaða tillögur kæmu fram sem væru hugsaðar til þess að bæta stöðu jafnréttismála en þetta

ákvæði var fellt út og er eitt af fleiri sem hafa hlotið þau örlög að falla út úr frv. í meðförum þingsins. Við skulum vona að menn haldi áfram að berjast við þær hindranir og þau íhaldssömu sjónarmið sem enn gætir, einnig hér á Alþingi Íslendinga, í þessum málaflokki en rétt er þrátt fyrir allt að þetta frv. verði að lögum að mínu mati.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–18. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 877 samþ. með 27 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
20.–24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, 1. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 998.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þegar ný ríkisstjórn tók við um haustið 1988 var ráðist í mjög víðtæka skuldbreytingu fyrir atvinnuvegina og settir á fót tveir sjóðir í því skyni, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og Hlutafjársjóður. Þessir sjóðir luku báðir sínu starfi um síðustu áramót og þá rann Atvinnutryggingarsjóður inn í Byggðastofnun. Hins vegar eru lög um Hlutafjársjóð þannig að hann er að forminu til starfandi áfram og með sérstaka stjórn.

Samtals var skuldbreytt og ráðist í hlutafélagaþátttöku fyrir rúmlega 8 milljarða kr. Nú hefur mér þótt rétt að fella Hlutafjársjóð Byggðastofnunar formlega undir stjórn þeirrar stofnunar. Það er óþarft að hafa hann starfandi áfram sem sjálfstæðan sjóð og fyrir því er gert ráð í þessu frv. Í öðru lagi þykir rétt að setja um Atvinnutryggingarsjóð sérstök ákvæði. Þarna er um sérstakar ráðstafanir að ræða sem ríkisábyrgð hefur legið að baki, sérstök ríkisábyrgð. Því þykir rétt að setja það ákvæði um fjárskuldbindingar sem þar eru orðnar eða allar breytingar á þeim, að þær skuli háðar samþykki forsrh. og fjmrh. Forsrh. af því að Byggðastofnun heyrir undir hann en fjmrh. þar sem ríkisábyrgðir heyra undir fjmrh.

Eftir mikla umræðu um þetta mál í efri deild varð samkomulag um þetta mál eins og það er nú orðið, þ.e. með því að skilyrða þetta samþykki umræddra tveggja ráðherra. Það var öðruvísi í upphafi, þá var skilyrt að samþykki Ríkisábyrgðasjóðs skyldi liggja fyrir, en það hefur verið fellt út, og það er samkomulag um það eins og það nú er.

Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 298, n. 874, brtt. 875, 887.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það hallar degi og væri fróðlegt að vita með mál, sem gætu runnið hér áfram nokkuð ágreiningslítið, hversu lengi forseti hyggst halda áfram fundi. Því að ég hygg að ekki sé rúm fyrir mikil ágreiningsmál á þessum fundi núna og sé þess vegna ekki alveg hvers vegna þetta mál er þá sett inn á þessu augnabliki. Ég hélt miðað við að forseti var kominn hér í 15. mál að þess væri nokkur von að hann þreifaði fyrir sér hvort ágreiningslaust væri með málin hér á milli. Ég sé að hæstv. fjmrh. hefur af þessu skemmtan góða og hugsanlega hefur hann ætlað sér að flytja hér ræður, en hann verður náttúrlega að hafa þær heim með sér ef forseti verður til að koma í veg fyrir að þau mál verði tekin á dagskrá sem hann hefði áhuga á, þ.e. ábyrgðadeild fiskeldislána og bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, sem mér er forvitni á að vita hvort forseti hyggst taka fyrir á þessum fundi.

Alexander Stefánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Vegna þess sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni þá held ég að það sé nú rétt að láta það koma fram að það er ekki ágreiningur í ríkisstjórnarliðinu um þetta frv. Þetta er búsetafrv. og það var búið að ganga frá því þannig að það fengi a.m.k. andstöðulausa afstöðu hér frá a.m.k. stjórnarliðinu þannig að það ætti að vera hægt að afgreiða það án þess að það valdi miklum hrellingum hér, þó margt annað mætti segja um málið.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessarar þingskapaumræðu skal þess getið að forseti taldi nokkuð augljóst að það væru mikil ágreiningsmál sem hér væru á ferðinni. Annars vegar 11. dagskrármálið og hins vegar 14. dagskrármálið. Af þeim sökum hefur hann nú freistast til þess að draga nokkuð á langinn að taka þau til umræðu, en væntanlega verður það hægt á fundi sem hefst hér kl. hálfníu. Forseti vill þó engu lofa um það, en ef þessi skýring nægir þá er umræðu um þingsköp lokið og umræðunni um 8. dagskrármálið er frestað.

Umræðu frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 462. mál (vasapeningar). — Þskj. 915.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 30 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

72. fundur, föstudaginn 15. mars, kl. 9 síðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 298, n. 874, brtt. 875, 887.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að rifja upp örfá atriði sem fram komu í máli mínu varðandi þetta mál hér í gær. Eins og kunnugt er þá er þetta frv. sem hér er til meðferðar ekki eitt af stóru málunum í þinginu þessa dagana heldur eitt af litlu málunum og eitt af þessum málum sem verið er að pressa í gegn á síðustu dægrum þinghaldsins án þess að á því sé nokkur brýn nauðsyn því sennilega eru nú liðin sex eða sjö ár frá því að einhverjir fóru að tala um að þeir vildu fá lög sem þessi samþykkt hér, en hafa komist bærilega af án þess.

Þessi nýi kafli, sem ætlunin er að skjóta inn í lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins með þessu frv., er þrátt fyrir allt nokkuð skyldur ákvæðunum í þessum lögum er lúta að félagslegum íbúðum vegna þess að það er gert ráð fyrir því að þessi svokölluðu húsnæðissamvinnufélög geti fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna með sama hætti og aðilar sem vilja festa sér húsnæði, svokallaðar félagslegar eignaríbúðir, í því sem eitt sinn var kallað verkamannabústaðakerfi og afmælisbarnið, Alþýðuflokkurinn, taldi eitt sinn sér til tekna. En það er reyndar liðin tíð.

Það sem við, nokkrir þingmenn, höfum leyft okkur að gera með brtt. á þskj. 887 er að reyna að gera verkamannabústaðakerfið á nýjan leik samkeppnisfært við aðra kosti í húsnæðismálum fyrir þá sem eiga í vök að verjast, fyrir þá sem eru undir tekju- og eignamörkum í þessu kerfi öllu saman. En það fer ekkert á milli mála að það hefur verið markviss stefna núv. ríkisstjórnar og ekki síst hæstv. núv. félmrh. að grafa undan félagslegum eignaríbúðum í þágu alls kyns annarra kosta. Svo er því haldið fram að málið snúist um það að hafa hér fjölbreytni og fleiri valkosti. Það hefur hins vegar verið gert þannig að verkamannabústaðakerfið, eignaríbúðir í félagslega kerfinu hafa nánast verið settar út á kaldan klaka. Og að þeim er þannig búið um þessar mundir að fólki er gert erfiðara fyrir ef það vill fara inn í slíkt húsnæði. Með öðrum orðum: Ef það vill frekar reyna að eignast húsnæði í gegnum verkamannabústaðakerfið, þá skal því gert erfiðara fyrir heldur en ef það vill fara inn í búseturéttarfélag eða leiguíbúðir, hverju nafni sem þær svo nefnast í kerfi félmrh.

Þetta er ekki eðlilegt. Það sem er eðlilegt er auðvitað að samtímis séu til staðar nokkrir valkostir þar sem fólki er ekki stýrt, valkostir sem keppa á jöfnum grunni, ef nota mætti þá líkingu um þessi fyrirbæri. Það sem gerðist hér í fyrra þegar sett voru ný lög um félagslegt íbúðarhúsnæði var því miður það að það var enn gengið á hlut hinna félagslegu eignaríbúða til þess að hygla öðrum formum í þessum málaflokki. T.d. var brott numin sú heimild sem hafði verið í húsnæðislögunum svo lengi sem elstu menn muna, a.m.k. svo lengi sem við hv. þm. Alexander Stefánsson munum, þess efnis að þeir sem ættu í erfiðum fjárhags- eða fjölskylduaðstæðum gætu fengið þriggja ára lán til þess að mæta útborgun í verkamannabústaðakerfinu, annaðhvort að hluta til eða jafnvel að öllu leyti. Þegar félagshyggjufurstarnir í ríkisstjórninni voru að skipta hér um kerfi í fyrra, þá mátti það nú ekki minna vera heldur en að þurrka þennan möguleika út. Fólki, sem vildi eignast húsnæði í þessu kerfi, vildi leggja hart að sér en átti erfitt um vik með útborgun, var bara sagt að fara annað. Því var bara sagt að fara annað. Það var sagt hér fullum fetum: Þetta fólk verður bara að fá sér leigt, annaðhvort á hinum almenna markaði eða í einhverju félagslegu leigukerfi. Þannig var nú þetta, hv. þm. Stefán Valgeirsson, eins og ég veit að þú manst mætavel frá í fyrra. Þetta var nú bara svona.

Þess vegna höfum við nokkrir þingmenn viljað freista þess að hnekkja þessu óréttlæti og flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 887 um að upp verði tekin á nýjan leik sú heimild sem áður var í húsnæðislögunum. Það er fullkomlega eðlilegt að tengja þessa breytingu við það frv. sem hér er á ferðinni vegna þess að þetta tengist auðvitað í gegnum Byggingarsjóð verkamanna og skarast að því leyti til að hér er í báðum tilvikum um að ræða aðila sem þiggja lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Munurinn er bara sá að þetta búseturéttarkerfi sem hér er til umræðu getur gert mönnum kleift, sem eiga einhverjar eignir og hafa þokkalegar tekjur, að smeygja sér inn í verkamannabústaðakerfið, eða réttara sagt að smeygja sér inn í lán úr Byggingarsjóði verkamanna, ekki verkamannabústaðakerfið, að smeygja sér inn í allra ódýrustu lán sem fyrirfinnanleg eru í lánakerfinu. Og það er auðvitað ekki hugmyndin með þessum sjóði, Byggingarsjóði verkamanna, að menn geti búið sér til eitthvert tiltekið form, kallað það einhverju ákveðnu nafni og sagt sem svo: Fyrst við erum í þessu kerfi, þessu kaupfélagi hér, eða

hvað þeir kalla það, þá eigum við rétt á að fá lán á allra ódýrustu kjörum. Það er sjálfsagt að lána slíku fólki, að sjálfsögðu, en það á bara að vera með sömu skilmálum og kjörum og almennt gerist.

Húsnæðissamvinnufélögin hafa verið hér starfandi, eins og fram hefur komið, í allnokkur ár. Þau uppfylla vafalaust ákveðið pláss á þessum byggingarmarkaði sem þörf er fyrir og hafa þar af leiðandi vafalaust ákveðnu hlutverki að gegna fyrir þá sem vilja búa við þá skipan, fyrir þá sem vilja leggja fram í upphafi ákveðinn hlut, borga síðan leigu alla ævina og fá síðan endurgreiddan hlutinn að lokum án þess að hafa eignast neitt til viðbótar í íbúðinni. En það er ósanngjarnt og óeðlilegt að slíkt kerfi njóti forréttinda umfram önnur.

Ég hef látið það koma fram, virðulegi forseti, í samtölum hér við fólk að ég sjái ekki ástæðu til að leggjast beinlínis gegn þessu frv. Ég sagði það hér í minni fyrri ræðu að við hv. þm. Eggert Haukdal mundum ekki greiða atkvæði gegn þessu frv. og skiluðum þar af leiðandi ekki sérstöku nál. En ég vil segja það, virðulegi forseti, þannig að það liggi hér fyrir að af minni hálfu er afgreiðsla þessarar brtt. með viðunandi hætti algjört skilyrði fyrir því að ég greiði fyrir því að þetta frv. fari hér áfram í gegnum deildina. Að sjálfsögðu ræð ég því ekki hvort þetta mál verður að lögum eða hvort Alþingi kýs að eyða miklum tíma í þetta frv. En ég vil bara láta það koma hér fram að það er krafa mín og okkar flm. að til þess að greiða fyrir framgangi þessa máls verði þessi brtt. samþykkt.

Hv. 1. þm. Vesturl. lýsti því mjög skilmerkilega í gær hvað hér væri mikið nauðsynjamál á ferðinni. Ég hef sjálfur reynt að gera það og þarf ekki að eyða fleiri orðum að þessu. En ég vil treysta því, virðulegi forseti, að ábyrgðarmenn þessa máls hér í deildinni reyni nú einu sinni að koma hér til móts í þessum málaflokki með því að fallast á að þessi brtt. nái fram að ganga. Ég vil láta áskorun um það efni verða mín síðustu orð að sinni.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu og varðar húsnæðissamvinnufélög og búseturéttarkerfið er að mati okkar kvennalistakvenna afskaplega merkilegt mál að því leyti til að það virðist flestra mál, a.m.k. þeirra sem að húsnæðissamvinnufélögum og búseturéttarfélögum standa, að það sé brýn þörf á að fá löggjöf um þessi félög. Þau eru sem betur fer orðin staðreynd í íslensku samfélagi og hafa því aukið valfrelsi fólks, ekki einungis lágtekjufólks, heldur einnig millitekjufólks og jafnvel hátekjufólks, til þess að velja sér á hvern hátt það kýs að koma yfir sig þaki.

Það hefur löngum verið sagt að húsnæðismálin væru hin íslenska herskylda og hún hefur því miður verið sársaukafull fyrir afskaplega margar fjölskyldur eins og okkur er fullkunnugt um. Því voru það miklar framfarir þegar ákveðið var að stofna fyrsta búseturéttarfélagið hér á Íslandi og ekki er einu sinni liðinn áratugur síðan það gerðist. En þetta kerfi hefur verið við lýði með einum eða öðrum hætti í nágrannalöndum okkar um langan tíma og gefist afskaplega vel. Þetta er mikilvæg viðbót við leigumarkaðinn sem því miður er mjög ófullburða og vanþroskaður hér á landi. Það mun vonandi breytast í framtíðinni. Með þeim breytingum sem gerðar voru á húsnæðislögunum í fyrra, þá tel ég að það hljóti að verða betra að byggja upp heilbrigðan leigumarkað hér á Íslandi og auðvitað á hann að vera til. En það er ekki þar með sagt að leiguíbúðir, félagslegar leiguíbúðir, kaupleiguíbúðir og félagslegar kaupleiguíbúðir og hið gamla séreignarkerfi þurfi endilega að vera það sem flestir eða allir kjósa og því held ég að búseturéttarfyrirkomulagið verði að vera til.

Það hefur sýnt sig að það er mikill áhugi fyrir því að nýta sér þennan möguleika í öflun húsnæðis og þann milliveg, sem þetta oft á tíðum er, milli hinnar gömlu séreignarstefnu og þeirra nýju strauma sem leika, sem betur fer, í húsnæðismálum. Auðvitað sitjum við uppi með ýmis vandamál eldri kerfa og jafnvel kerfisleysis en vonandi mun það í framtíðinni verða minna vandamál.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér í stólinn í þessari umræðu er að ég vil leggja áherslu á að sem betur fer náðist samstaða í þeirri nefnd sem ræddi þessi mál þótt skiptar hafi verið skoðanir um að afgreiða þetta mál úr nefnd og ég vonast til þess að þetta frv. með þeim breytingum sem lagðar eru til af nefndinni verði að lögum á þessu þingi. Svo sem kunnugt er hefur verið lögð fram brtt. í viðbót sem er í rauninni þessu kerfi að miklu leyti óviðkomandi og vona ég að hún verði ekki til þess að spilla málinu. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur sem ber búseturéttarkerfið fyrir brjósti láti þá afstöðu sem menn munu hafa til þeirrar brtt. hafa áhrif á afstöðu sína til meginefnis þessa frv., þ.e. að setja búseturéttarkerfinu og húsnæðissamvinnufélögunum viðunandi lög. Það er alveg ljóst að hver og einn hlýtur að taka afstöðu í þessu máli út frá því sjálfu. Þá brtt. sem nokkrir þingmenn hafa lagt fram, þar á meðal hv. 14. þm. Reykv., hljóta menn að meta nákvæmlega eftir hinu sama, sannfæringu sinni og þeim rökum sem með og á móti eru. Ég geri mér fullljóst að þau vega í margra hugum salt. En ég vara við því að menn fari að rugla þessum málum of mikið saman og á ég þá við bæði þá sem kannski bera húsnæðissamvinnufélögin helst fyrir brjósti og hina sem vildu helst sjá húsnæðismálum skipað með öðrum hætti hér.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Á þskj. 887 er brtt. við þetta frv. sem var einnig flutt á síðasta þingi. Þá greiddi ég atkvæði með þessari tillögu. Hafi það verið brýnt að samþykkja hana þá þá er það ekki síður nú eins og ástandið er í þessum málum. Hins vegar vonast ég til að hv. 1. flm. að þessari tillögu láti það ekki bitna á frv. sjálfu þó svo illa til takist að hún nái ekki fram að ganga eða aðrir sem ekki setja sig inn í þá aðstöðu sem fjöldi fólks er nú í, eins og kunnugt er. Ég vil ekki tefja þessa umræðu á neinn hátt og læt því þetta nægja.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hér liggur fyr-

ir um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er ekki fyrsta og síðasta frv. sem lagt hefur verið fyrir hér sl. fjögur ár um þessi mál og hefur komið í ljós, eins og við, sem höfum rætt um þessi mál hér í þinginu, höfum bent á mjög oft, að þau frv. sem hér hafa verið lögð fram hafa verið meingölluð og illa úr garði gerð. Þetta kemur í ljós æ ofan í æ þegar hæstv. félmrh. leggur fram ár eftir ár breytingu á lögum sem hún er nýbúin að breyta. Það sýnir sig í þeirri málsmeðferð að þessi málaflokkur verður æ flóknari og verri við að eiga. Nú má því segja að málin séu komin þannig að hér liggja ein sex frv. frá hæstv. ráðherra um ýmsa þætti sem bæði varða þetta og annað í húsnæðismálum. Það er náttúrlega erfitt að fjalla um þennan málaflokk með þeim hætti sem hann er lagður hér fram þar sem jafnframt er ákveðið að hann eigi að afgreiðast hér með afskaplega stuttum fyrirvara og ár eftir ár lagður mjög mikill þungi á það að hér séu afgreidd ný og ný lög um húsnæðismál og það eigi að vera endanleg lausn þeirra mála.

Þegar hv. 1. þm. Vesturl. var félmrh. gagnrýndi núv. félmrh. hans þátt mjög óvægilega í þeim málaflokkum. Málin hafa ekki batnað með tilkomu núv. félmrh. og verður að segjast eins og er að sú meðferð á þessum málum sem við höfum séð hér er langt frá því að vera fullnægjandi því meginstefnan í húsnæðismálum núv. hæstv. félmrh. er sú að mismuna fólki. Gera mönnum æ erfiðara að byggja, þeim sem vilja gera það sjálfir, og gera lánskjör verri og óaðgengilegri fyrir þá sem vilja byggja sjálfir. Enn fremur er þeim raðað eftir einhverjum formúlum sem hæstv. ráðherra hefur búið til með þeim hætti að hvergi í nágrannalöndunum þekkist. Ég nefni það sem dæmi að enn bíður fjöldi manns í Húsnæðisstofnuninni eftir láni vegna þess að þeim hefur verið skotið aftur fyrir einhverja svokallaða forgangshópa en það þekkist hvergi í hinum vestræna heimi að slíkt sé gert.

Svo komum við að þessu frv., sem hæstv. ráðherra hefur lagt hér fram, um Búseta og búseturétt og þá kemur í ljós að það er ekkert fjallað um skattamál þessara félaga. Það er t.d. alveg óljóst, hæstv. félmrh., hver á að greiða eignarskatt af búsetuíbúðum. Það er hvergi fjallað um það. Skattstjórinn í Reykjavík hefur ekki enn þá komist að niðurstöðu í þeim efnum því hann veit ekki hvernig á að fara með þau. Það liggja fyrir upplýsingar um það t.d. í ársreikningum Búseta hér í Reykjavík fyrir 1989 að þeir greiða engin slík gjöld. Þetta félag virðist vera skattlaust. Það hljóta að vera gerðar kröfur þegar stofnað er sérstakt félag sem á að hafa sérstaka skammstöfun, hsf., sem er einhver voðalega fín skammstöfun og á að vera eitthvað svipað og hf. geri ég ráð fyrir, þá verður það félag auðvitað að bera skyldur í þjóðfélaginu eins og hver önnur félög og einstaklingar hér verða að gera. Það er auðvitað alveg grundvallaratriði að menn sitji við sama borð, en það gera menn ekki. Þessi lög eru mjög óljós og margt mjög illa unnið. Það eru fjölmörg atriði í þessum lögum sem verður að segjast eins og er að eru meingölluð.

Það er svo að hér hefur risið upp félag Búseta með fjölda manns í vinnu sem er auðvitað greitt af þeim félögum sem byggja það. Hér er því um að ræða mjög öflugt félag, mjög stórt í sniðum, og það er auðvitað krafa að slík félög verði náttúrlega að standa skil á fjárframlögum til þjóðfélagsins eins og einstaklingar verða að gera. Það er náttúrlega grundvallaratriði, en hæstv. félmrh. heldur áfram að mismuna fólki æ meira og setja upp sérstakar raðir fyrir hina og þessa hópa. Aðrir hópar eiga ekki að fá möguleika á því. Í öllum nágrannalöndunum, þ.e. Norðurlöndunum, þá er ekki flokkað eftir þessu. Það er flokkað eftir því hvort menn hafi hugsanlega getað greitt til baka þau lán sem þeir fá. Hér er verið að færa fjármagnið yfir í ný kerfi, eins og Búseta, á kostnað fjölmargra aðila sem bíða og hafa ekki fengið lán.

Það er staðreynd, hæstv. félmrh., að þessi stefna og jafnframt skattastefna ríkisstjórnarinnar hefur kostað suma hér í þjóðfélaginu, sem ekki heyra undir þessa svokölluðu forgangshópa hæstv. ráðherra fleiri hundruð þúsund með ýmsum skattalegum aðgerðum og aðgerðum á þessu sviði. Það er auðvitað tími til kominn að menn geri sér grein fyrir því að réttindi í þjóðfélagi eiga að vera jöfn. Það á að vera jafnaðarregla í sköttum en það er ekki hjá hæstv. ráðherra.

Svo er í þessu frv. gert ráð fyrir því að einhver félög eigi eignarrétt á þessu húsnæði. Það virðist svo vera a.m.k. Það er afskaplega merkilegt að lesa þetta frv. Það er verið að stofna hér til félags sem er ekki ljóst hver stjórnar eða hvernig í rauninni eignarþátttakan er t.d. í atkvæðagreiðslum á félagsfundum. Er það eftir stærð íbúða? Er það eftir fjárframlögum? Hver veit um það? Það er hvergi í þessu frv. að finna neitt um slíkt. Það er auðvitað voðalega fallegt að leggja fram slíkt frv. en það hlýtur að verða að gagnrýna frv. og þau markmið sem hér eru sett fram vegna þess að það vantar mjög mikið á að þau fullnægi þeim reglum sem við verðum að telja að um slík félög hljóti að gilda.

Það er ekki kveðið tryggilega á um hvernig réttur manna sé í rauninni tryggður. Síðan er hægt að segja mönnum upp og vísa þeim úr þessu svokallaða búsetafélagi. Það er að vísu með þeim hætti að það á að gefa þeim viðvörun ef þeir standa ekki skil á sínum greiðslum væntanlega og öðru slíku. Þar að auki getur félagið krafist útburðar en sjálfur réttur leigutaka í þessu búsetakerfi er afskaplega lítið tryggður. Trygging þess manns sem sest inn í búsetafélagið er yfirleitt afskaplega lítil. Það eru að vísu einhver ákvæði um það að félagsmaður geti skotið ágreiningi til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags, en um það er afskaplega óljóst fjallað. Það þyrfti auðvitað að vera þannig að maður geti leitað réttar síns í hinu almenna dómskerfi. Lagatextinn í þessu frv. þyrfti að vera miklu nákvæmari hvað varðar réttarfarsleg atriði. Svo er hitt um framsal á íbúð. Við skulum segja að einhver aðili sé búinn að greiða upp í íbúð í 20 ár og sé kominn langleiðina með að greiða hana. Þá kemur í ljós að deyi þessi maður erfist rétturinn ekki ef hann er einhleypingur. Þá hefur hann misst sinn rétt. Allt sem hann hefur lagt í þetta félag missir hann og félagið eignast það.

Hér erum við komin að mjög mikilsverðu atriði í íslensku þjóðfélagi þar sem það hefur verið talið svo að erfðarétturinn ætti að ganga til næstu erfingja samkvæmt erfðaskrá og það hlýtur að vera svo. Þetta atriði er nú mjög sérstakt þó ekki sé meira sagt. Hins vegar er talað um að það sé heimilt að not íbúðar færist yfir til maka við andlát, hjónaskilnað, kaupmála á milli hjóna eða setu í óskiptu búi. En hvorki er rætt um að börn viðkomandi eigi réttinn, hæstv. félmrh., eða einhverjir aðrir. Þannig að raunverulega eru einhleypingar rúnir því fé sem þeir leggja í þetta.

Það sýnir í rauninni að þetta form er mjög sérstakt og það hlýtur að vera íhugunarefni um eignarrétt í þessu félagi og skattalega meðferð á slíku félagi. Það er einnig svo að réttur þeirra sem eiga að búa þarna er afskaplega takmarkaður og nánast má segja að þeir geti lent í því við vanskil eða af einhverjum öðrum orsökum að þeim sé vísað út úr íbúðinni án þess að þeir geti borið hönd fyrir höfuð sér. Ég tel að búseturéttur verði að skoðast miklu betur og að það verði að vera nákvæmari lagatexti um ýmis atriði hvað málið varðar.

Ég minntist hér áðan á skattamál Búseta. Hæstv. félmrh. hlýtur að geta upplýst hér ástæðuna fyrir því að búsetafélögin hér hafa ekki enn þá greitt eignarskatta af sínum eignum. Og nú spyr ég hæstv. félmrh.: Er ætlunin að Búseti sé eignarskattsfrjáls af eignum sínum og með hvaða hætti hefur verið ákveðið að skattleggja þessi félög?

Þetta hlýtur að vera nauðsynlegt að fá fram í þessari hv. deild til þess að menn séu upplýstir um hvort venjulegt fólk, sem á ekki búsetaíbúðir, er jafnt fyrir lögunum að þessu leyti. Þetta er eitt af þeim atriðum sem hljóta að verða að fást upplýst í þessari umræðu. Hér er um miklar fjárhæðir að ræða og ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. muni ekki liggja á liði sínu við að svara spurningum um skattamál þessara félaga.

Þá komum við að því að hér er raunverulega verið að taka fjármagn frá Byggingarsjóði verkamanna, frá Verkamannabústöðunum, yfir í nýtt félag, nýja gerð af húsnæðismálatilboði getum við sagt. Það gerist auðvitað með því að þeir sem hafa áður getað byggt sér verkamannabústaði eiga þess ekki kost nú vegna þess að fjármagnið er auðvitað takmarkað.

Ég ætlaði ekki að ræða mjög ítarlega um þetta mál í þessari fyrstu ræðu minni hér nú. Ég gæti hins vegar sitthvað sagt um þetta. M.a. hlýtur líka að verða að fá svar frá hæstv. félmrh. um það þar sem því er haldið fram að það sé meira en helmingi lægri greiðslubyrði af búseturéttaríbúðum á félagslegum grundvelli heldur en almenna lánakerfinu, sem hæstv. ráðherra vill núna loka, og nærri því þrisvar sinnum lægri árleg greiðslubyrði af 1 millj. heldur en í húsbréfakerfinu og þó er þetta reiknað fyrir löngu síðan, áður en núverandi afföll af húsbréfum voru komin fram. Það mun hafa verið núna snemma í vetur sem þessi útreikningur var gerður og það af búsetafélögum hér. Það stendur hér að af 1 millj. í félagslegri búseturéttaríbúð sé árleg greiðslubyrði 28.465 kr., af húsbréfakerfinu 75.999 kr., en greiðslubyrðin er núna vafalaust komin í 80–90 þús. kr.

Það hlýtur því að verða krafa hér og nú að félmrh. geri grein fyrir þessum mikla mismun sem er lagður á herðar einstaklinga. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að hafa ráðherrann viðstaddan?) Ráðherrann? Hann er víst týndur já, það er rétt. Hæstv. félmrh. hefur náttúrlega ekki þolað að hann sé spurður einhvers því hæstv. félmrh. er með því marki brenndur að hann vill helst ekki svara neinu því allt er nú rétt og gott og satt sem hæstv. félmrh. hefur lagt hér fram og enginn má yfirleitt hafa aðra skoðun. Því er nú óskað eftir því að félmrh. láti sjá sig, þó það væri ekki nema í hliðarsal, til þess að hægt sé að fá svör við þeim spurningum sem ég hef borið hér fram.

Það er auðvitað svo að hæstv. félmrh. getur ekki ætlast til þess að Alþingi Íslendinga afgreiði hér enn ein ný lög án þess að svara þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram. Og hæstv. félmrh. verður, hvort sem honum líkar betur eða verr, að gera grein fyrir þessum miklu fjármunum sem virðist eiga að leggja í búsetakerfið umfram hið almenna kerfi. Hæstv. félmrh. Ég var að óska eftir því að þér gæfuð skýringu á hinum mikla mismun sem felst í því að í félagslega búsetakerfinu er árleg greiðslubyrði mikið léttari en af húsbréfakerfinu. Ég var að tíunda hér að samkvæmt útreikningum frá búsetafélögum er árleg greiðslubyrði af 1 millj. í félagslegri búsetuíbúð 28.465 kr. en árleg greiðslubyrði af húsbréfakerfinu, áður en allar þær hækkanir sem núna hafa verið tíundaðar í blöðum hafa komið fram, er 75.999 kr. Þetta er náttúrlega gífurleg mismunun fyrir þjóðfélagshópa og það hlýtur auðvitað að vera gerð krafa um það að hinn almenni borgari, sem er að reyna að basla við að koma sér sjálfur upp íbúð, standi jafnfætis slíkum tilboðum. Það hlýtur að vera krafa um það að almennur borgari, sem borgar mikla skatta, borgar mikla eignarskatta, borgar meiri skatta en þekkst hafa frá stofnun lýðveldisins, sé ekki raunverulega með þessu bara sleginn út. Ég efast ekki um að þessar upplýsingar, sem ég er hér með, séu réttar. Þær eru reiknaðar af landssambandinu Búseta, og ég efast ekki um að þær séu réttar þegar þær eru reiknaðar. En ég vil benda á að síðan hafa kjör á húsbréfum versnað allverulega þannig að það er jafnvel ekki 76.000, eins og kemur fram í þessum útreikningum, heldur jafnvel 85.000. Það hlýtur þess vegna að verða að svara því hvernig þetta er gert. Þar að auki eru menn sem eru að reyna að eignast húsnæði sjálfir ábyrgir fyrir öllu því sem þeir gera sem þeir eru ekki sem eru í búsetakerfinu. Að vísu virðist nú búsetafélagið eiga að vera ábyrgt fyrir því en það er mjög mikilvægt að það sé ekki stigið á menn með þessum hætti. Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar fer að muna þrefaldri afborgun á einni milljón, hún skuli vera þreföld eftir því í hvaða kerfi menn fara inn í. Hæstv. félmrh. getur auðvitað svarað þessu eins og öllu öðru sem í þessu frv. stendur.

Ég tel að það hljóti líka að vera umhugsunaratriði hvort við séum ekki á rangri leið með þessum húsnæðiskerfum. Núna er sú stefna uppi á Norðurlöndum að vilja stuðla að því að menn byggi sjálfir og eigi íbúðirnar sjálfir. Þeirri stefnu hefur aukist mjög fylgi

síðustu árin á Norðurlöndum. Það hefur einfaldlega komið í ljós að sjálfseignarstefnan er farsælust fyrir ríki og bæjarfélög og fyrir alla. Staðreyndin er sú að eigi maður hlutinn sjálfur fer maður betur með hann. Ég vil nefna eitt dæmi, hæstv. félmrh. Í Noregi er það svo að til að fá fram ódýrt leiguhúsnæði er þeim sem eru með t.d. einbýlishús gefinn kostur á að leigja út minni hluta hússins og er ekki borgaður tekjuskattur af því fé. Og ég tek sem dæmi að ef maður leigði í Noregi fólki slíka íbúð fyrir 30.000 kr. þá þyrfti sama íbúð að leigjast á 62.500 kr. á Íslandi út af skattastefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Með öðrum orðum, húsaleiga á Íslandi er helmingi hærri einungis út af skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Og með því að stuðla að því að menn geti haft slíkt leiguhúsnæði á boðstólum þyddi það jafnframt að það þyrfti að byggja minna af hinu opinbera og það þyrfti færri úrræði á þessum vettvangi. Ég held að slík stefna hljóti að vera farsælli. Og ég er sannfærður um að það hlýtur að vera aðalsmerki okkar hér á Íslandi að hlúa að sjálfseignarstefnunni. En í tíð núv. ríkisstjórnar hefur verið farin þveröfug leið sem þýðir meiri útgjöld fyrir ríkið, meiri útgjöld fyrir bæjarfélög og minni ánægja hjá hinum almenna borgara, minni sjálfsvitund og sjálfstæði gagnvart hinu opinbera. Því það er einu sinni svo að þeir sem eiga sitt sjálfir eru sjálfstæðir. Þessi stefna sem núv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir byggist á því gamla mottói, sem ég hélt að væri liðið, að stjórnvöld væru nokkurs konar guð almáttugur í lífi fólksins, skömmtuðu, deildu og drottnuðu yfir fólkinu. Þess vegna er mikilvægara að sjálfseignarstefnan sé virt og mönnum gert létt að eiga og reka sitt húsnæði. En með þeirri stefnu sem er rekin hér á Íslandi er farin þveröfug leið. Það hlýtur að vera farsælla þegar til lengri tíma er litið að reyna að koma því þannig fyrir að þeir sem byggja og eiga húsin sjálfir séu ekki settir í fjötra af hinu opinbera með verri og margfalt verri kjörum en ástæða er til.

Núna á síðustu dögum, það var sennilega í gær, var t.d. lagt fram frv. í þinginu um sérstaka ívilnun fyrir þá sem leigja. Það er ágætt svo langt sem það nær, en hin leiðin, sem ég minntist á, er líka leið til að lækka leiguna. Vegna þess að þetta frv., sem núv. ríkisstjórn leggur fram, lækkar ekki leiguna. Ef eitthvað er hækkar hún leiguna. En með því að gera húsaleigu af minni hluta húss sem menn eiga t.d. skattfrjálsa mundi það lækka leiguna og skapa hér nýjan leigumarkað sem væri hagstæður og farsæll fyrir þjóðfélagið. Menn verða að hugsa dálítið lengra en bara um daginn í dag og um að það þurfi að búa til einhver ódýr tilboð nú. Það verður að borga þetta allt saman og það kerfi sem núna liggur fyrir mun kosta íslenska skattborgara margfalt hærri skatta í náinni framtíð sem þýðir það að lífskjör munu lækka í framtíðinni. Og það verður að líta á þessa stefnu sem lífskjarastefnu.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki hafa þetta lengra að sinni en það gefst e.t.v. tækifæri til að ræða þetta allítarlega síðar við umræðu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Við verðum sjálfsagt aldrei sammála hv. 11. þm. Reykn. um þessi mál þó ég taki undir það að sjálfseignarformið er það besta sem við Íslendingar höfum tekið upp í húsnæðismálum og ég vona að það verði alltaf aðalatriðið í húsnæðismálum hér á Íslandi. Hins vegar vil ég segja það að besta formið fyrir félagslega kerfið er náttúrlega verkamannabústaðakerfið. Það hefur sannað það í gegnum allan tímann frá því að það var stofnað að það hefur komið að bestum notum. Hluti af því er í raun og veru nokkurs konar eignarform því að fólk sem kemst í verkamannakerfið eignast smátt og smátt langleiðina þau hús sem það fær úthlutað hverju sinni.

Hitt er alveg ljóst að búsetaform, sem við erum hér að tala um, er form sem hefur rutt sér til rúms á Norðurlöndunum og hefur gefist vel. Það er að vísu ekki endilega fyrir lágtekjufólk. Það er frjálst val þeirra sem vilja fara inn í þetta kerfi. En hitt er annað mál að búsetukerfið er stórum betra kerfi en kaupleigukerfið. Því kaupleigukerfið svokallaða, sem var fundið upp hérna fyrir nokkrum árum, hefur sýnt á sér svo margar óeðlilegar hliðar að ég held að menn séu nú smátt og smátt að átta sig á því að það var rúmlega blekking, og er þó vægt til orða tekið.

En ég ætlaði ekki að tala um þetta heldur hitt, sem ég gæti talað um langt mál, um þátt Alþfl. í þessum málum þar sem þeir núna eru uppvísir að því á hinu merka afmæli flokksins í dag að hafa snúið frá stefnunni. Þeir eru ekki lengur flokkur sem leggur aðaláherslu á samstarf og samvinnu við launþegahreyfinguna í landinu. Þeir vilja helst ekkert af henni vita. Það er einnig svo um margt fleira, sem þessi ágæti flokkur hafði á stefnuskrá í samvinnu við Framsfl. í áratugi, að það er löngu fallið fyrir borð. Það er því einstefnuleið sem þessi flokkur fer nú, leið sem leiðir til ófarnaðar í þessum málum.

En það sem fékk mig til að koma hér upp er að leggja enn á ný áherslu á smáleiðréttingu sem er á þskj. 887. Það var alveg ótrúleg fáviska að mínu mati og kannski hrokafullur ásetningur þegar frv., sem varð síðan að lögum nr. 70/1990, var til meðferðar hér að fella niður ákvæði, sem er búið að vera í húsnæðislöggjöf á Íslandi í áratug eða jafnvel lengur, um að Húsnæðisstofnun hafi möguleika á því að rétta fólki hjálparhönd sem af sérstökum ástæðum lendir allt í einu í þeim vanda að missa sitt húsnæði en þyrfti ekki nema skammtímalán til að komast yfir hjallann miðað við að fá 100% lán. Þetta ákvæði hefur alltaf verið í húsnæðislöggjöfinni en var fellt út á sl. ári. Þrátt fyrir að við nokkrir þingmenn gerðum tilraun til þess að koma í veg fyrir það áttuðu þingmenn sig ekki á því hvað um var að ræða. Ég hef rætt við marga hv. þm. sem vissu nákvæmlega ekkert um hvað var í húfi á þessu sviði og þess vegna létu þeir hafa sig í það að koma í veg fyrir þessa leiðréttingu á síðasta þingi. Ég vona svo sannarlega að menn átti sig á því að hér er um að ræða nauðsynlega leiðréttingu, sem var í gildandi lögum í áraraðir, eins og ég sagði áður, að við bætist nýr málsl.: „Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun ef um er að ræða sér-

staklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður.“ Og ég legg áherslu á að hér er um að ræða sérstakar aðstæður og sem betur fer eru ekki í neinum þeim sérflokki að hér sé um stórkostlegar fjárhæðir að ræða heldur er þetta yfirleitt undantekningaratriði sem samkvæmt gildandi lögum um Húsnæðisstofnun er enginn möguleiki á að leiðrétta.

Ég vænti þess, herra forseti, að brtt. á þskj. 887 fái samþykki hér í hv. deild því að hér er talsvert mikið í húfi fyrir kannski ekki stóran hóp fólks en nægjanlega stóran til þess að þarna er um að ræða fólk sem missir allt sitt og alla fótfestu í lífinu ef þessi möguleiki er ekki fyrir hendi hjá Húsnæðisstofnun.

Hreggviður Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég var búinn að óska eftir svörum frá hæstv. félmrh. um nokkur atriði, m.a. greiðslubyrði af lánum, skattamál Búseta o.fl. og ég vonaðist eftir því að hæstv. félmrh. svaraði einhverju af þessu í þessari umræðu. Annars gæti maður hæglega rætt um þessi mál allítarlega ef menn óska sérstaklega eftir því.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hreggviður Jónsson hefur áður rætt hér um búsetuformið og ýmis atriði því tengd, t.d. skattamálin. Ég svaraði honum þá því sem fram kom og mér fannst ræða hans á ósköp svipuðum nótum og ekki neinar nýjar spurningar í því. Ég taldi því að það væri óþarfi að endurtaka það, en ég get auðvitað gert það varðandi skattamálin, fasteignaskattana. Það er alveg ljóst að Búseti greiðir fasteignagjöld og hlýtur að greiða eignarskatta með sama hætti og önnur félög.

Að því er varðar annað atriði sem um var spurt. Mér skildist það á hv. þm. að ef sá sem væri í búseturéttaríbúð færi úr þeirri íbúð, þá mundi búsetufélagið hirða raunverulega það sem viðkomandi hefði lagt fram í íbúðina. Þetta er ekki rétt vegna þess að þegar sá sem er búseturéttarhafi hverfur úr íbúðinni fær hann það framlag endurgreitt sem hann hefur lagt fram, sem getur verið 10% eða 30%, án vaxta en verðtryggt. Þetta er þess vegna ekkert sem fer inn í búsetufélagið eins og hv. þm. sagði. (**HJ:** Erfist ekki.) Það er talað hér um hvernig þetta erfist og þetta getur færst yfir til maka við andlát félagsmanns. Ef viðkomandi á ekki maka, þá mundu erfingjar hans fá það sem hann hefur lagt inn í íbúðina, eins og ég sagði, verðtryggt en án vaxta. Það er því hinn mesti misskilningur að þetta gangi allt inn í búsetufélagið.

Varðandi greiðslubyrðina gerði hv. þm. mjög mikið úr því að það væri mismunur á greiðslubyrði í félagslega kerfinu, eins og t.d. búseturéttaríbúðum, og almenna kerfinu. Það er bara alls ekkert óeðlilegt að það sé mismunur á greiðslubyrði þar. Við erum með tvö kerfi, félagslegt kerfi og almenna lánakerfið, og félagslega kerfið er fyrir hópa sem eru innan ákveðinna tekjumarka og hafa ekki tök á að eignast íbúð nema með þeirri niðurgreiddu aðstoð sem þar er boðin. Það er nú einu sinni svo í þessu þjóðfélagi að það eru ekki allir jafnir. Það eru ekki allir með sömu tekjurnar eða sömu möguleika til þess að eignast íbúð. Þess vegna erum við með félagslegt kerfi. Ég gæti auðvitað haldið langar ræður um þetta mál en ætla mér ekki tímans vegna að gera það.

Úr því að ég er komin hér í ræðustól vil ég fara nokkrum orðum um þá brtt. sem hér hefur verið nokkuð rædd og er, eins og hefur fram komið, alls óskyld því máli sem við erum hér að ræða. Í fyrsta lagi ber að minna á það að aðild að þeirri nefnd, sem skilaði af sér fyrir rúmu ári síðan breytingum á félagslega íbúðakerfinu og lagði til þá breytingu að fellt yrði niður að veita 100% lán til eignaríbúða í félagslega kerfinu, átti verkalýðshreyfingin, átti fulltrúi ASÍ, átti fulltrúi BSRB. Nefndin var sammála um það að leggja til að þetta yrði fellt niður. (**GHH:** Er þetta ekki breyting á sömu lögunum?) Breyting á sömu lögunum, jú, jú. Ég er ekki að tala um það. (**GHH:** Af hverju er hún þá óskyld?) Hún er óskyld þessu um Búseta og húsnæðissamvinnufélög. Við erum að kveða hér á um réttindi og skyldur búseturéttarhafa en hv. þm. er að leggja hér til aðrar breytingar sem ekki snerta þetta.

En hvað um það. Ég var að skýra þau sjónarmið sem komu fram í nefndinni sem í áttu sæti verkalýðshreyfingin, ASÍ og BSRB. Það var ekki mín tillaga að leggja þetta niður, heldur var þetta hluti af mörgum breytingum sem voru gerðar á félagslega íbúðakerfinu. (Gripið fram í.) Má ég ljúka máli mínu og skýra afstöðu mína, hv. þm.? Ég hef ekki tekið mikinn tíma í þessum ræðustól hér í dag. Fyrst ég kom á annað borð í ræðustól til að svara ákveðnum spurningum, þá tel ég ástæðu til þess kannski að fara nokkrum orðum um þessa brtt. og skýra þau sjónarmið sem lágu að baki því að þessu var breytt.

Ástæðan fyrir því var sú að áður var almenna reglan sú í félagslega íbúðalánakerfinu að lánin voru 85%. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að óskir hafa komið fram um að þessum fundi verði frestað mjög fljótlega.) Ég skal ljúka máli mínu á 1–2 mínútum. Ég skal reyna að stytta það mjög vegna þess að ég vil ekki verða til þess að tefja þessa umræðu. — Þá voru lánin 85% almennt. Það var heimilt að fara upp í 90% og ef aðstæður voru sérstaklega erfiðar var heimilt að fara upp í 100%. Reynslan af því að fara upp í 100% þegar fólk átti ekkert til að leggja fram sjálft var mjög slæm. Mörgu af þessu fólki sem fékk 100% lán var enginn greiði gerður. Það lenti í vanskilum með sitt. Þess vegna var farin sú leið að auka framboð á leiguhúsnæði með ýmsum aðgerðum, auka lánshlutfall, lengja lánstímann, til þess að auðvelda sveitarfélögum að koma upp leiguíbúðum fyrir þetta fólk þannig að það gæti þá a.m.k. fengið ódýrari leigu og lagt til hliðar til þess að eiga eitthvað fyrir útborgun. Síðan var farin sú leið að fella niður stimpilgjöld til þess að auðvelda fólki að eignast félagslega íbúð. Síðan voru óafturkræf framlög, sem sveitarfélögin létu inn í félagslega íbúð, felld niður til þess einmitt að auðvelda sveitarfélögunum að koma upp leiguíbúðum. Síðan er í félagslegum kaupleiguíbúðum til sá kostur að þar er veitt 90% lán en sveitarfélögin leggja fram, í staðinn fyrir þessi óafturkræfu framlög sem þau lögðu fram áður,

10% til 15 ára og lána viðkomandi það. En þessi tími sem hér er lagður til er svo skammur, ekki nema þrjú ár. Það er því til kostur í þessu kerfi með 100% láni sem er miklu auðveldari af því að þau lán eru til 15 ára. Það er þess vegna útilokað að segja að það sé ekki til kostur í félagslega kerfinu sem býður upp á 100% lán. (Gripið fram í.) Félagslegar kaupleiguíbúðir eru líka eignaríbúðir. Fólk á þar að hafa val um hvort það eignast íbúðina eða hvort það leigir hana. Það er náttúrlega nauðsynlegt að hv. þm. viti það að þessi kostur er til í kerfinu með 100% láni og þá til lengri tíma. Til 15 ára en ekki til þriggja ára eins og hér er lagt til.

Virðulegur forseti hefur beðið mig um að stytta mál mitt og ég skal verða við því og lýk máli mínu.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Þinghaldið.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég vil í fyrsta lagi spyrja að því: Hvað á að halda þessari hringavitleysu lengi áfram með þinghald? Hér veit enginn frá einni stund til annarrar hvernig þinghald á að vera og með hvaða hætti það á að vera. Hér hafa farið fram í dag langar umræður um þingsköp og það að tilhlutun aðalforseta deildarinnar, sem voru utandagskrárumræður í raun og veru. Þessar utandagskrárumræður hefðu getað tekið hálftíma en það var klárað að eyðileggja þinghaldið með umræðum á þriðja tíma. Hér er búið að halda áfram kvöld eftir kvöld og fram á nætur í þingi og bæði eru þingmenn orðnir þreyttir að ég tali nú ekki um starfsfólkið. Það er ekki verið að taka mikið tillit til starfsfólksins hér á þessum vinnustað. Það er orðið örþreytt og það fyrir löngu.

Þessi háæruverðuga stofnun hefur samþykkt lög um hvíldartíma fólks. Þessi lög eru þverbrotin, ekki einu sinni heldur margoft. Er ekki kominn tími til þess að lögsækja þá sem þverbrjóta lög þó þeir séu forsvarsmenn í þessari háæruverðugu stofnun? Ég segi fyrir mitt leyti að ég get ekki lengur þagað yfir þessu og mér þykir leitt að hafa beðið um orðið þar sem hér er varaforseti í forsetastóli, en ég mun halda áfram þegar aðalforseti kemur því það er kominn tími til þess að fara að taka í þessa forsvarsmenn hérna í þinginu. Það er bara ekki hægt að bjóða starfsfólkinu upp á þetta.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti hefur hlýtt á mál hv. 1. þm. Vestf. og getur tekið undir margt af því sem fram kom í máli hans. — [Fundarhlé.]

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill nú gera nokkra grein fyrir því hvernig hann hyggst haga fundarhaldi á næstunni. Forseti þarf að leita afbrigða vegna þeirra mála sem eru á prentaðri dagskrá svo að þau megi koma á dagskrá. Síðan er ætlunin að ljúka 2. og 3. dagskrármálinu, félagsþjónusta sveitarfélaga og jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, og enn fremur 9. dagskrármálinu, ábyrgðadeild fiskeldislána. Að því loknu verður tekið til við að ræða lánsfjárlög 1991. (Gripið fram í.) Það á að ræða það.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 1009, brtt. 1020.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1020 felld með 14:8 atkv.
Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. til Ed.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 3. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 1018.

Of skammt var liðið frá 2. umr — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 22:2 atkv. og afgr. til Ed.

Samvinnufélög, ein umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 1000 (sbr. 331).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frumvarp tók ofurlitlum breytingum í Ed. Mér hefur ekki unnist tækifæri til þess að taka það fyrir á fundi í fjh.- og viðskn. en fyrir mitt leyti get ég stutt þær brtt. sem þar voru gerðar og mælt með samþykkt frumvarpsins Ef aðrir nefndarmenn í fjh.- og viðskn. hafa ekkert við það að athuga þá tel ég að óhætt sé að afgreiða þetta frumvarp og samþykkja það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1031).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 335. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1019.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Ábyrgðadeild fiskeldislána.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar frv. um ábyrgðadeild fiskeldislána kom hér til 1. umr. flutti ég ítarlega ræðu sem mörgum fannst of ítarleg og of löng og varð tilefni til sérstakrar umfjöllunar næsta dag hve löng hún hefði verið. Í þessari ræðu flutti ég margar efnislegar athugasemdir við þetta frv. Mér hefur verið tjáð að hv. fjh.- og viðskn. hafi afgreitt þetta mál út á fáeinum mínútum án þess að kalla fyrir einn einasta fulltrúa ábyrgðadeildar fiskeldislána né leita eftir umsögn frá einum eða neinum aðila. Ég sagði það í umræðunum að með þessu frv. væri verið að opna möguleika á því að bein útgjöld ríkissjóðs yrðu þrír milljarðar a.m.k. vegna þessa frv. Áður en umræðan hefst langar mig til þess að vita hvort þetta er rétt og hvort það er þá meiningin að fara að taka þetta frv. hér til afgreiðslu í kvöld án þess að fyrir liggi að nokkrir af þeim sem í stjórn þessarar stofnunar eru eða aðrir hafi fengið tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri.

Ég vildi aðeins fá þetta upplýst áður en umræðan hæfist svo ég viti hvernig ég á að haga mér í þessari umræðu.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta var afskaplega hógvær setning, síðasta setningin hjá hæstv. fjmrh. Hann vildi fá að vita hvernig hann ætti að haga sér. Ég verð að segja það að hann hefði gjarnan mátt spyrja að þessu tölu-vert fyrr og alveg sérstaklega hefði hann átt að spyrja að því þegar þetta mál var hér til 1. umr. og hann flutti sömu ræðuna þrisvar og fór þannig orðum um þessa atvinnugrein eins og þetta væru sakamenn sem hefðu átt hlut að máli. Hann gat ekki einu sinni lofað framleiðslunni að vera í friði. Hann gerði svo lítið úr henni að það var þjóðinni til skammar að slíkur maður var í ráðherrastól.

Ríkisstjórnin er búin að hafa þetta mál til umræðu í allan vetur. Hæstv. forsrh. hefur sagt mér ekki einu sinni heldur margoft að hann væri að reyna að koma málinu fram. En það var ekki upplýst fyrr en við 1. umr. þessa máls hver sökudólgurinn var sem hefur legið á málinu. Það er fjmrh. og það vita allir. Maðurinn vill ganga af þessari atvinnugrein dauðri. Það eru til nógir peningar í ýmislegt annað hjá hæstv. fjmrh. Það eru ekki nokkur hundruð milljónir heldur fleiri milljarðar á mörgum sviðum. Það átti að afgreiða lánsfjárlögin fyrir jól. Þau komu úr Ed. og átti að knýja þau í gegn. Hvaða breytingu taka svo lánsfjárlögin eftir allt saman? Var verið að skera þau við nögl? Nei, það er verið að viðurkenna núna beina fölsun á fjárlögunum hjá þessum hæstv. ráðherra. Það er komið í ljós hvað þar hékk á spýtunni. Fjárhagsnefnd hv. Nd., sex nefndarmenn af sjö, leggur til að frv. verði samþykkt af því það er komið í tímaþröng fyrir það að haldið hefur verið uppi andstöðu við það innan ríkisstjórnarinnar að leysa á einhvern hátt úr þeim vanda sem þessi atvinnugrein stendur í. Sökudólgurinn er þarna. Maðurinn sem spyr núna hvernig hann eigi að haga sér. Það væri gaman ef þingmenn stæðu nú upp og reyndu að gefa honum einhverja leiðbeiningu um það hvernig hann ætti að haga sér í framtíðinni því aldrei hefur hann spurst fyrir um það.

Ég sé enga ástæðu til að draga það lengur að afgreiða mál sem er búið að vera til meðferðar í fleiri mánuði. Þetta mál hefði verið tekið miklu fyrr og flutt hér í þingi, en á einn maður að klára það að stöðva mál? Það er hægt að stöðva ýmislegt annað hér á eftir og þá daga sem eftir eru af þinghaldinu. Það hefði verið miklu meira virði að afgreiða þetta mál fyrr í dag en að tala um þingsköp á þriðja tíma. Hér hefur stjórnarliðið verið að þvælast hvert fyrir öðru. Ráðherrar hafa verið að rífast dag eftir dag í þrennu lagi. Þetta hafa verið þrír flokkar og stundum fjórir. Ýmist hafa þeir verið sporléttir að koma af fundi, aðrir þungstígir. Líka hafa sést heilu flokkarnir. Það hefur verið dimmt yfir þeim í aðra röndina og síðan lifnað mikið yfir. Þingmenn stjórnarliðsins og ráðherrar hafa verið hér í hörkubisness að versla með lánsfjárlögin. Þingmenn hafa stillt sér upp á móti ríkisstjórninni, á móti einstökum ráðherrum, í að versla og verslunin hefur verið núna dag eftir dag og hún stendur enn þá yfir.

Þetta er ekki líkt því að vera löggjafarsamkunda íslensku þjóðarinnar, virðulegasta samkunda þjóðarinnar sem hún á að vera. Þetta hefur fyrst og fremst snúist um það að versla og viðhafa hrossakaup þannig að Alþingi hefur orðið sér til stórrar skammar. Það eru þó enn þá til menn hér innan þingsins sem vilja ekki hafa þennan hátt á, vilja ekki standa í vegi fyrir því að mál komi til umræðu og afgreiðslu og þá ræður afl atkvæða hvort viðkomandi mál nær fram að ganga eða ekki. Það er legið á málum sem afgreidd eru, eins og mál sem hefur verið afgreitt hér ár eftir ár frá Nd. er stöðvað í Ed. Ég segi nú fyrir mitt leyti að bara út af því er fullkomin ástæða til þess að gera breytingar á stjórnarskránni og afnema deildaskiptinguna þegar deild með þriðjung þingmanna sest ár eftir ár á sama málið því það gæti nú verið hættulegt ef það skapaði aukin atvinnutækifæri á landinu. Þess vegna verður að liggja á því.

Allt skipulag hér er gjörsamlega í molum. Þessi virðulega stofnun samþykkir lög um vinnutíma fólks, brýtur þau lög hvað eftir annað, kvöld eftir kvöld og dag eftir dag. Hér er orðið örþreytt starfslið, ég tala nú ekki um þreytuna í þingmönnum, enda er óróinn orð-

inn svo mikill að forseti deildarinnar er hvað eftir annað búinn að kvarta undan því og biðja menn að hafa færri fundi í einu og síðast núna rétt áðan. Þannig eru nú vinnubrögðin. Og svo stendur hæstv. fjmrh. upp í allri sinni hógværð og vill fá leiðbeiningu um hvernig hann eigi að haga sér. Nú skal ég renna á vaðið og segja honum það: Sjáðu eftir því að hafa flutt þessa vitlausu ræðu hér um daginn og hafðu mín ráð og sittu nú kyrr.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Matthías Bjarnason, sem greinilega er nú ekkert orðinn þreyttur enn, talaði um verslun. Stærsti útgjaldapakkinn sem er til meðferðar á þinginu síðustu daga er í þessu frv., rúmir þrír milljarðar beint úr ríkissjóði, sem verða þá að koma inn í fjárlög á næstu þremur árum. Það má vel vera að þingið sé tilbúið til þess að bæta þremur milljörðum í ríkisútgjöldin með þeirri aðferð sem lýst er í þessu frv. en það á þá að gera það alveg skýrt.

Þetta er frv. um það að ríkissjóður eigi að dæla í gegnum ábyrgðadeild fiskeldislána þremur milljörðum í fiskeldið. Það er ekki stafur í frv. um það hvaðan á að taka peningana, ekki stafur í frv. hvaðan á að taka peningana. Ég spurði að því hér: Hvaðan á að taka peningana? Ég nefndi það líka að með frv. er afnumið það skilyrði sem er í gildandi lögum að fyrirtækin sem fengju þessi lán eigi að hafa rekstrargrundvöll í framtíðinni. Það skilyrði er afnumið í þessum lögum. En meiri hluti nefndarinnar leggur það til að frv. sé samþykkt óbreytt, eða með öðrum orðum það á að fara að lána í fyrirtæki sem ekki hafa neinn rekstrargrundvöll í framtíðinni.

Það er auðvitað rétt að það gerist ýmislegt hér síðustu dagana. En mér er til efs að menn hafi nokkru sinni fyrr farið með þingmannafrv. í gegnum þingið um útgjaldastærðir af þessu tagi, með jafnafdrifaríkar breytingar á máli sem hér var til umfjöllunar mánuðum saman, ábyrgðadeild fiskeldislána, þegar lögin voru sett. Það er afgreitt út úr nefndinni án þess að einn einasti kunnáttumaður eða ábyrgðarmaður þess starfs sem þarna hefur farið fram sé kallaður fyrir. Það er hvergi leitað upplýsinga í málinu í nefndinni. En ef það er virkilega þannig að það á að fara að beita þeim vinnubrögðum hér í þinginu til þess að löggilda útgjöld af þessu tagi þá verð ég sem fjmrh. að sinna þeim skyldum mínum að draga fram staðreyndir málsins. Það er það sem ég vildi fá að vita áður en þessi umræða hæfist. Ég óskaði eftir því að fá svar við því hvort það væri rétt að vinnubrögðin í nefndinni hefðu verið svona. Ég tel að ræða hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar beri vott um það að vinnubrögðin hafi verið svona. Það hafi enginn maður verið kallaður fyrir sem nálægt þessum málum hefur komið og svo er mönnum bara sagt hér að það sé best fyrir þá að þegja. Ég mun ekki gera það í umræðunni. Ég vildi bara gera það alveg ljóst áður en hún hæfist.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti telur að sú þingskapaumræða sem hér hefur farið fram eigi vel heima inni í þeirri umræðu sem hefst hér á eftir, en forseti vill engu að síður gefa hv. 2. þm. Vestf. orðið til að tala um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að nú hefur hæstv. fjmrh. tvisvar flutt hér efnislegar ræður um það frv. sem er á dagskrá. Ég lít svo á að stjórni forseti eðlilega deildinni hér á eftir, þá hafi hæstv. fjmrh. aðeins rétt til að gera örstuttar athugasemdir. Hinn tíminn er útrunninn.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að þeir menn sem flytja þetta frv. telja frv. það helst til framdráttar að ekki sé um það fjallað.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill nú taka fram að hann hefur ekki verulegan áhuga á því að halda þessum fundi áfram fram á nótt og væntir þess að umræður geti verið með hinni skemmri skírn.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 2. umr.

Frv. MB o.fl., 375. mál (bústofnslán o.fl.). — Þskj. 662, n. 983.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál sem er í eðli sínu mjög einfalt þó að það sé mikilvægt. Nál. er þess vegna örstutt á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frv. þetta sem ætlað er að bæta úr þeim vandamálum sem fiskeldisfyrirtæki eiga við að stríða. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta nál. skrifa án fyrirvara Páll Pétursson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason og Ólafur Þ. Þórðarson. Einn nefndarmanna skrifaði ekki undir.

Hér hefur því verið haldið fram að með þessu frv. sé með sjálfvirkum hætti verið að taka þrjá milljarða úr ríkissjóði. Ég vil vekja á því athygli að þær breytingar sem verið er að gera eru á þann veg að í staðinn fyrir að ábyrgðadeild fiskeldislána fær nú að veita innlendum fiskeldisfyrirtækjum bústofnslán eða yfirtaka önnur lán, þá hafði hún áður rétt til ábyrgða.

Og hvaða lið skyldi það vera sem völdin hefur og hver skyldi það nú vera sem mestu ræður samkvæmt þessu frv. sem hér er verið að fjalla um? Það kemur greinilega fram í 4. gr. frv. Vegna stóryrða er óhjákvæmilegt annað en að lesa 4. gr. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Fjmrh. skal skipa fimm menn í stjórnarnefnd, einn samkvæmt tilnefningu viðskrh., einn samkvæmt til-

nefningu landbrh. og þrjá án tilnefningar og skal formaður skipaður úr þeirra hópi. Jafnframt skulu skipaðir fimm varamenn með sama hætti. Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um bústofnslán samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis."

Ekki veit ég hver þeirra þriggja sem eiga að ráða þessum fimm mönnum er svo ábyrgðarlaus að það sé hægt að líta svo á að hann hafi það markmið að eyða þremur milljörðum úr ríkissjóði. Er það landbrh., sem skipar einn? Hann hefur ekki einu sinni völd til þess. Er það viðskrh., sem skipar einn? Hann hefur ekki heldur völd til þess. Er það þá fjmrh., sem skipar þessa þrjá, sem hefur áhuga á að standa þannig að verki? Ekki trúi ég því að þann veg sé skipað í fjármálaráðherrastól Íslands og ekki trúi ég því að þannig verði skipað í fjármálaráðherrastól Íslands.

Hins vegar blasir það við að við Íslendingar höfum ekki staðið að fiskeldi með sambærilegum hætti og aðrar þjóðir. Annaðhvort stóðu þær þannig að því verki að í stofnlánum til fyrirtækjanna var tekið með að lána til þess lífmassa sem þyrfti að vera í stöðvunum svo að rekstur þeirra gæti snúist. Eða að veittar væru ríkisábyrgðir í gegnum t.d. Byggðastofnun, eins og í Noregi, eða að styrkir væru reiddir af höndum sem tryggðu það að fyrirtækin hefðu þann styrkleika að þau væru lánshæf. Án þessara atriða hefði fiskeldi Noregs aldrei farið af stað og aldrei orðið að þeirri atvinnugrein sem það er þar.

Ég vil undirstrika það að þó að þeir séu vafalaust fróðir, sem hæstv. ráðherra hefur skipað til þeirra starfa í ábyrgðadeildinni, og viti marga hluti þá vill nú svo til að fleiri aðilar hafa nokkra þekkingu á þessu sviði og það hlýtur að vera nokkurt matsatriði hvert menn sækja sér fróðleik í þessum efnum. Ég vil undirstrika að ég harma það mjög að ekki skuli hafa verið hægt að ræða æsingalaust um þetta mál.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér um þann lífmassa sem er í stöðvum þeim sem ekki eru orðnar gjaldþrota og eðlilegur rekstur er á, því að það er búin að eiga sér stað mikil aftaka á þessu sviði, má segja sem svo að það harðasta heldur velli. Sú upphæð sem væri í ábyrgðum samkvæmt þessum lögum hjá Byggðastofnun, ef fyrirtækin kæmust í gegnum nálarauga skoðunarnefndarinnar, er eitthvað um 340 millj. Mjög væri nú gott ef hæstv. fjmrh. hlustaði líka á það sem sagt er. Gera má ráð fyrir að þar fyrir utan sé tvöföld sú upphæð. Þetta gæti því verið upp undir einn milljarður.

Ég vil undirstrika það í þessu sambandi að við höfum komið okkur upp vissu afurðakerfi. Það afurðakerfi er svo dýrt að jafnvel þó að fyrirtækin væru með eðlilegan rekstrargrundvöll miðað við eðlilegar arðgreiðslur fjár, þá gætu þau ekki gengið miðað við það hvernig að þeim er búið. Það vill svo til að Byggðastofnun er ætlað það vandasama hlutverk að reyna að finna einhver lífvænleg atvinnutækifæri úti í hinum breiðu byggðum og oft á stöðum þar sem mönnum hefur þótt erfiðast að finna flöt á því að koma upp hagstæðum atvinnumöguleikum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér upp álitsgerð frá fyrirtækjadeild Byggðastofnunar um stöðu Silfurstjörnunnar hf. í Öxarfirði:

„Bráðabirgðaársreikningur Silfurstjörnunnar hf. liggur nú fyrir og sýnir hann hvernig reksturinn gekk á árinu 1990 og hvernig fjárhagsstaðan er í lok ársins 1990. Tekjur voru 33,3 millj. og 12,5 millj. kr. tap varð á rekstrinum. Fjárhagsstaðan eftir þann 31. des. 1990 í millj. kr.: Veltufé 111,1 millj., fastafé 248,4 millj. Samtals 359,5 millj. Skammtímaskuldir 90,8, langtímaskuldir 231,2, eigið fé 37,5 millj. Þrátt fyrir 12,5 millj. kr. tap á rekstrinum verður að taka tillit til mikilvægra atriða þegar endanlegt mat er lagt á reksturinn. Í fyrsta lagi voru birgðir fyrirtækisins, sem er lifandi fiskur, metnar með mikilli varkárni miðað við raunvirði og tryggingarmat. Í öðru lagi er fyrirtækið það ungt að enn er verið að byggja upp lífmassann í stöðinni sem hefur þau áhrif að söluverð afurða er lítið miðað við birgðir sem verið er að safna upp og því eru óvenju miklar duldar tekjur í fyrirtækinu sem ekki koma fram fyrr en við slátrun fisksins og eðlilegt jafnvægi verður á milli sláturmagns og birgða. Árið 1992 er fyrsta árið sem eðlileg ársslátrun verður og fyrr er afkoman ekki að fullu marktæk.

Í ársreikningum eru birgðir metnar á 98,1 millj. kr. Tryggingarmat birgðanna er 145,6 millj. kr. sem er 47,5 millj. kr. hærra en gert er í ársreikningum og ef tryggingarmatið væri notað væri fyrirtækið rekið með 35 millj. kr. hagnaði. Ef birgðir eru metnar á raunvirði væru birgðir 23,8 millj. kr. hærra en nú er gert og hagnaður væri 11,3 millj. kr. Það eru því nokkuð sterk rök sem benda til þess að Silfurstjarnan hf. sé rekin með hagnaði ef tekið er tillit til þess hvað birgðir eru lágt metnar miðað við raunvirði. Ástæðan fyrir því að birgðir eru metnar með mikilli varkárni er að fiskeldi er verulega frábrugðið og háð meiri óvissu en aðrar hefðbundnar framleiðslugreinar og reynsla er mjög takmörkuð hvað varðar framleiðslu og sölu afurða.

Fjárhagsstaða fyrirtækisins er góð, veltufé er jákvætt og eigið fé er jákvætt um 10% af heildareignum. Langtímaskuldir fyrirtækisins eru ekki miklar miðað við 16 þús. kúbikmetra eldisrými og 400–500 þús. sjógönguseiða framleiðslu. Um áramót hefur Silfurstjarnan slátrað um 88 þús. tonnum af fiski og hefur skilaverð verið um 25 millj. kr. Áætlað er að slátra á þessu ári um 500 tonnum af fiski að verðmæti um 140 millj. kr. Þegar framleiðslan er komin í fullan gang er áætlað að ársframleiðsla verði um 600–700 tonn og að verðmæti 160–190 millj. kr. Silfurstjarnan skiptir miklu máli fyrir byggðarlagið í nágrenni við Silfurstjörnuna hf. Hjá fyrirtækinu starfa um 20 manns og eru áætlaðar launagreiðslur á árinu 1991 um 31 millj. kr.

Eitt aðalvandamál í íslensku fiskeldi hefur verið að framleiðslan hefur ekki gengið vel og verið miklu minni en reiknað hafði verið með. Silfurstjarnan hf. hefur hins vegar náð góðum árangri í fiskeldinu og hefur vöxtur fisksins verið meiri en dæmi eru til annars staðar, enda eru allar aðstæður til fiskeldis mjög góðar hjá Silfurstjörnunni hf."

Nú er það svo að þó að hér hafi verið sagt að ís-

lenskur lax hafi ekki þá eiginleika sem hann þurfi að hafa vegna þess að kynbætur séu ekki nægilega langt á veg komnar, þess vegna sé hann allsendis óhæfur til ræktunar, þá blasir það við samkvæmt því sem hér er skrifað að það er ekkert sem kemur í veg fyrir að hægt sé að standa myndarlega að laxeldi og hefja á sama tíma að sjálfsögðu það sem hæstv. fjmrh. talaði um, laxakynbætur, sem byggjast á því að velja stærstu laxana m.a. og þess vegna er nokkuð ört hægt að ná meiri árangri í að fá stærri laxa sem ekki verða kynþroska jafnsnemma.

Ég hef ekki hugsað mér á þessu kvöldi að láta raska ró minni með það að tala um þetta mál málefnalega. Hér eru mjög miklir hagsmunir í húfi fyrir íslenska þjóð. Mér er ljóst að það hafa verið gerð mörg mistök. En ef við horfum á það hvaða kröfur eru gerðar til peningagreiðslna frá fiskeldisfyrirtækjunum í gegnum afurðalánin, eins og okkar kerfi er, þá ætla ég að segja hæstv. fjmrh.: Ég efa að nokkurt einasta fyrirtæki í Noregi þyldi þær vaxtagreiðslur. Spurningin er aðeins þessi: Fást menn til að gera sér grein fyrir því að þetta mál er flutt af fullri ábyrgð? Vald fjmrh. er það mikið samkvæmt því frv. sem ætlunin er að verði að lögum, að hann er raunverulega eini maðurinn sem hefur stöðu til þess, eftir að búið væri að samþykkja þetta, að ráðast á það með slíku offorsi að hann gæti eyðilegt allt málið. Við viljum aftur á móti ekki trúa því, hvorki á hæstv. fjmrh. sem nú fer með það vald eða á fjmrh. sem hér munu verða í framtíðinni, að nokkrum þeirra detti í hug að misbeita því valdi sem hér er lagt í þeirra hendur. Ég mælist undan því að hæstv. ráðherra beri það á borð fyrir þessa deild að menn séu að leggja það til að moka út úr ríkissjóði 3 milljörðum. Ég ætla aftur á móti að undirstrika það að ef menn nú gera ekkert, þá getur verið að Byggðastofnun ein haldi hörkunni og reki nokkur fiskeldisfyrirtæki. En þá er það spurningin: Er það þá yfirlýst stefna stjórnvalda að menn ætli sér með því afurðalánakerfi sem hér er að láta allt annað fiskeldi í landinu fara á höfuðið? Það teldi ég mikið gæfuleysi fyrir íslenska þjóð ef það yrði gert.

Ólafur G. Einarsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég skildi orð hæstv. fjmrh. hér áðan þannig að hann ætlaði hér að tala nokkuð langt mál. Af því tilefni vil ég segja þetta:

Stjórnarandstaðan hefur lagt sig fram um það að greiða fyrir framgangi mála hér í þinginu undanfarna daga meðan allt hefur logað í illdeilum milli stjórnarliða. Stjórnarandstaðan hefur mjög ákveðnar meiningar um ýmis mál sem ætlunin er að afgreiða hér í þinginu á þeim stutta tíma sem eftir er og þrátt fyrir ákveðnar meiningar um þau mörg hver, þá er ekki ætlun stjórnarandstöðunnar að setja hér á langar ræður um þau mál mörg hver sem hún telur sig þó þurfa að segja eitt og annað um.

Þetta mál sem hér er til umræðu er eitt þeirra mála sem stjórnarandstaðan, alla vega þingflokkur sjálfstæðismanna, hefur viljað fá afgreiðslu á. Við vitum auðvitað ekkert hver sú afgreiðsla verður hér í þinginu, hvort málið verður samþykkt, við erum ekki að tala um það, heldur að það gangi til eðlilegrar afgreiðslu. Og ég vil aðeins segja hæstv. ráðherra það að ef hann ætlar að koma í veg fyrir það, sem er náttúrlega ákaflega auðvelt á þessum síðustu tímum þingsins, með því að setja hér á langar ræður, þá verður því auðvitað svarað með viðeigandi hætti.

Hæstv. forsrh. og forsetar þingsins vita alveg hvernig stjórnarandstaðan ætlar sér að standa að afgreiðslu þeirra mála sem hafa verið á óskalista hæstv. ráðherra. Stjórnarandstöðunni var hins vegar ekki gerð nein grein fyrir því að einstakir ráðherrar í ríkisstjórninni ætluðu að fara að setja á langar ræður um þau fáu mál sem stjórnarandstaðan hefur óskað sérstaklega eftir að yrðu rædd og tekin til eðlilegrar afgreiðslu hér í þinginu.

Þetta vildi ég nú segja áður en hæstv. ráðherra tekur til máls í þessu máli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að nauðsynjalausu að ræða hér lengi um þetta mál. En ég vona að hv. þm. Ólafur G. Einarsson skilji það að þegar verið er að knýja fram hér í þinginu frv. um nýjar ríkisábyrgðir sem nema 3 milljörðum a.m.k. að dómi fjmrh. og þeirra ráðgjafa sem hann hefur í þessu máli, m.a. stjórnarmanna ábyrgðadeildar fiskeldislána, þá er eðlilegt að fjmrh. óski eftir að fá að ræða það mál. Ég lét t.d. í ljósi þá ósk hér við 1. umr. að hv. 1. þm. Reykv., bankaráðsmaður í Landsbankanum, yrði viðstaddur þessa umræðu vegna þess að ég vildi gjarnan fá að heyra hans sjónarmið vegna þess að það vita allir sem til þekkja að ein af meginástæðum þessa frv. er að bankinn þar sem þingmaðurinn er bankaráðsmaður, hefur hætt að lána eins og hann gerði áður og þess vegna er flutt frv. um að ríkissjóður fari að lána.

Ég er þess vegna ekki að fara fram á neina langa umfjöllun sem slíka. En ég vil fá efnislega umfjöllun, hv. þm., og hlýt að eiga rétt á því að spyrja menn sem kosnir hafa verið til trúnaðarstarfa af hálfu Alþingis, eins og bankaráðsmenn í Landsbankanum, nokkurra spurninga, sérstaklega í ljósi þess að viðkomandi þingmaður er 2. flm. þessa frv. Þess vegna ætlaði ég að óska eftir því hér áðan í minni ræðu og vil því segja það strax að hv. þm. Friðrik Sophusson, 2. flm. þessa frv. og bankaráðsmaður í Landsbankanum, yrði viðstaddur þessa umræðu. Það tel ég óhjákvæmilegt.

Ég er fyrst að heyra það núna hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni að Sjálfstfl. geri kröfu til þess að þetta frv. verði afgreitt. Ég hef aldrei heyrt það fyrr. (**ÓE:** Ráðherrann hefur ekki verið á þeim samráðsfundum sem haldnir hafa verið.) Nei, en ég er bara að segja, ég hef ekki heyrt það fyrr. Og að þetta sé orðið sérstakt kröfumál af hálfu stjórnarandstöðunnar eins og sagt var hér, þá finnst mér það merkilegt ef Kvennalistinn t.d. er með þetta sem sitt kröfumál að . . . (Gripið fram í.) já, af því að orðið „stjórnarandstaða" var notað hér áðan. Og er nú málið þá orðið allsérkennilegt þegar fyrir því talar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sem er einn

af trúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar í fjvn.

Virðulegi forseti. Ég vil þess vegna segja það strax að ég ætla ekki að tala hér langt mál í því skyni að tefja málið en það er óhjákvæmilegt að fá svör við ákveðnum spurningum og að þeir menn, sem þingið hefur kosið til trúnaðarstarfa eins og hv. þm. Friðrik Sophusson, verði viðstaddir þessa umræðu. Það er æði oft gerð krafa til þess að ráðherrar séu viðstaddir umræður. Ég óska þess vegna eftir því að hv. þm. Friðrik Sophusson verði viðstaddur þessa umræðu og vona að þeirri ósk verði tekið vel.

Stefán Valgeirsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja það að ef hæstv. fjmrh. hefur sér til ráðuneytis þannig menn sem hafa frætt hann um þessi mál eins og kom fram í hans ræðu um daginn, þá eru þeir ekki vandanum vaxnir. Og ég vil líka segja að það er hart fyrir þingmenn að það skuli vera þannig að þegar hæstv. fjmrh. flutti sína dæmalausu ræðu um daginn, þá kom hún að miklu leyti í fréttatíma útvarpsins en það kom ekki ein einasta setning af því sem ég t.d. hrakti í hans ræðu. Þannig er þingmönnum hér mismunað og það er eins og sumir fréttamennirnir séu á mála hjá vissum mönnum hér í þinginu.

Ég mun ekki tefja hér tímann en ég vil bara í fullri vinsemd segja fjmrh. það að ef hans ráðgjafar eru svona vel upplýstir, þekkja málin svona vel eins og kom fram í hans ræðu, og ég veit að hann veit ekkert um þetta sjálfur, það er greinilegt, þá er ekki von á góðu.

Matthías Bjarnason *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Það er mjög óvenjulegt þegar mál er tekið til umræðu að ráðherrar biðji um orðið um þingsköp eins og gert var. Ég held að hæstv. fjmrh. sé búinn að flytja fjórar ræður um þingsköp út af þessu máli og síðast gerði hann kröfu til að bankaráðsmaður, Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv., væri hér viðstaddur vegna Landsbankans. Ég held að ég megi fullyrða það að bankaráð Landsbankans hefur enga ákvörðun tekið um rekstrarlánin. Það er bankastjórnin sem hefur tekið þá ákvörðun í raun og veru að stöðva öll rekstrarlán til laxeldis. Og það er enginn bankaráðsmaður í bankastjórn Landsbankans. Og það er einmitt vegna þess að Landsbankinn tekur þessa ákvörðun að hann telur að það sé ekki búið þannig að þessu fiskeldi sem þegar er eftir að það sé hægt að lána til þess. Ég er sannfærður um það að ef einhver breyting verður á eins og með bústofnslánin, þá mun bankinn og fleiri bankar endurskoða sína afstöðu.

Ég bendi bara á það að þriðja aflahæsta fiskveiðiþjóð veraldar, Kínverjar, hafa lagt stund á fiskeldi, hvorki meira né minna en í 4000 ár, og þeir ætla enn að auka fiskeldi. Heildarafli þeirra á árinu 1987 verður 9 millj. tonna, þar af 4 millj. tonna frá fiskeldi. Og stefna stjórnvalda þar í landi er að heildaraflinn verði um aldamótin 18 millj. og þar af 70% fiskeldi.

Út af því sem hæstv. ráðherra sagði hér um þingsköp vil ég segja það að við undirbúning þessa frv. hefur verið rætt við fjölmarga fiskeldismenn, bæði þá sem hafa orðið fyrir áföllum og hina sem enn þá starfa. Það er búið að ræða þessi mál við einstaka ráðherra. Mér er kunnugt um það að hæstv. landbrh. hefur mikinn áhuga á því að greiða úr þessum fiskeldismálum. Þetta mál er ekki flutt af þingmönnum Sjálfstfl. einum. Þetta mál er flutt af níu þingmönnum í hv. þingdeild, auk Sjálfstfl. þingmönnum frá Framsfl., Alþfl., Kvennalista og Stefáni Valgeirssyni svo að það er allvíðtæk samstaða sem hefur skapast um þetta mál.

Ég vona að hæstv. forsrh. sé í húsinu og geti verið hér við þessa efnislegu umræðu því að hann hefur margsinnis sagt mér að hann hafi mikinn áhuga á því að greiða fyrir þessu. Nú er þessi grein komin í þá sjálfheldu að annaðhvort á hún að lifa eða deyja. Á þetta þá að vera eina þjóðin, sem hefur varið miklum fjármunum til fiskeldis, sem ætlar að hætta í miðjum klíðum? Á sama tíma og ástand fiskstofnanna er jafnalvarlegt og við heyrum frá degi til dags. Á hverju ætlum við þá að lifa í framtíðinni ef við ætlum ekki að þrauka þrátt fyrir þessi áföll? Af hverju var haldið áfram að veiða síld eftir að velflestir síldarsaltendur fóru á hausinn eftir fyrri styrjöldina? Af hverju hefur verið haldið áfram að gera út eftir að útgerðarfélögin hafa farið á hausinn hvert á fætur öðru í gegnum tíðina? Það hefur verið vegna þess að þetta er auðlind sem við höfum lifað á en hún hefur líka tekið af okkur ýmislegt, en fært okkur svo aftur nokkrum árum seinna það mikið að þjóðin hefur fyrst og fremst á þessu lifað.

Ég trúi því ekki að nokkur íslenskur ráðherra eða alþingismaður sé svo illa á vegi staddur að hann telji að það eigi að loka fyrir þessa atvinnugrein með þessum hætti. Ég gætti þess vandlega, eins og hv. 2. þm. Vestf. gat um í framsögu sinni fyrir þessu nál., að hreyfa hvergi við aðild fjmrh. að stjórn þessa ábyrgðasjóðs þannig að fjmrh. er auðvitað eftir sem áður valdamaðurinn. Og ég skil ekki hvernig talan um 3 milljarða er til komin. Það er hægt að gera ýmislegt til varnar þessari atvinnugrein þó að það sé lægri upphæð en 3 milljarðar og það miklu lægri.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ekki mun ég blanda mér í þetta mál efnislega. En ég hlýt að virða þá samviskusemi hæstv. fjmrh. að vilja ekki hleypa umræðulaust áfram máli sem hann telur fela í sér 3 milljarða kr. kostnað. En hvað veldur þá því að hæstv. ráðherra og samflokksráðherrar hans berjast fyrir því í þingi nú dag eftir dag að koma áfram málum sem fela í sér milljarða kostnað, t.d. eitt frv., að sögn þeirra sem sendu menntmn. Nd. gögn sín, 6–7 milljarða kostnað án þess að hæstv. ráðherra hefði nokkrar minnstu áhyggjur af því, heldur þvert á móti keppist við að reyna að ýta málinu áfram án þess að fyrir þessum atriðum sé séð? Ég skil ekki svona ósamræmi í málflutningi og hegðan. Mér þykir það afar óeðlilegt og svo að ég bæti við eins og margir hafa gert hér í dag, allra óeðlilegast á síðustu dögum þings að haga málum með þessum hætti. Ég

held að það væri þá skynsamlegra að láta slíka ráðdeild ganga fram yfir öll mál sem hæstv. ráðherra sjálfur ber fyrir brjósti.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Matthías Bjarnason gat þess hér að hann teldi eðlilegt að hæstv. forsrh. væri viðstaddur þessa umræðu og ég tek undir þá ósk. Ég vil beina því til forseta að ég er einnig þeirrar skoðunar að ég tel eðlilegt að hæstv. forsrh. sé viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Forseti mun reyna að greiða fyrir því að hæstv. forsrh. verði hér viðstaddur.)

Í öðru lagi vil ég geta þess strax í upphafi að kjarninn í þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram og Sjálfstfl. virðist hafa tekið afstöðu til að eigi að fara hér í gegnum þingið, er að ríkissjóður eigi að fara að taka veð — og ég bið hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur að hlýða á það að það virðist vera afstaða Sjálfstfl. að ríkissjóður eigi nú að fara að taka veð upp á 3 milljarða í hlutum sem engin lánastofnun fæst núna til þess að taka veð í.

Það er dálítið merkilegt að Sjálfstfl., sem hefur verið talsmaður minni ríkisafskipta, minni ríkisumsvifa, minni ríkisútgjalda, gerir það nú að úrslitakröfu sinni á lokadögum þingsins að ríkisútgjöldin og ríkisumsvifin séu aukin. Það var upplýst hér áðan af hv. þm. Ólafi G. Einarssyni að það væri frumkrafa Sjálfstfl. að þetta frv. um aukin ríkisútgjöld og aukin ríkisumsvif færi í gegnum þingið. Verð ég nú að segja að ég er hættur að botna í Sjálfstfl. (**ÓE:** Þú heyrir ekki neitt sem sagt er. Það er greinilegt. Þú snýrð út úr öllu.) Ja, ég biðst afsökunar ef ég hef eitthvað misskilið þetta, en ég skildi þá ræðu, sem hv. þm. Matthías Bjarnason flutti hér áðan, á þann veg að sá maður sem hér stæði, fjmrh., bæri ábyrgð á því að fiskeldið færi hér alveg á hausinn ef þetta frv. væri ekki afgreitt.

Ég vil einnig segja það hér í upphafi að annars vegar er sagt að frá frv. sé gengið á þann veg að fulltrúar fjmrh. í stjórn ábyrgðadeildar fiskeldislána hafi öll völd á málinu. Og þeim er sýnt svo mikið traust að það er ætlast til að þeir séu sú bremsa sem þarf til þess að hindra að þetta frv. feli í sér verulegt fjárstreymi úr ríkissjóði. En síðan er sagt í annarri setningu, m.a. af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að þeir menn sem hafa gefið fjmrh. ráðleggingu um þetta frv. séu ekki vandanum vaxnir. Sumir flm. þessa frv., eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, virðast vera þeirrar skoðunar að það verði að setja allt sitt traust og hald á mennina sem eru í stjórn ábyrgðadeildar fiskeldislána en aðrir flm. þessa frv., eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson, virðast telja að þeir séu ekki vandanum vaxnir.

Ég spyr nú bara: Hvers konar skollaleikur er þetta eiginlega? Er þetta ekki bara frv. um það að fyrirtæki sem bankarnir hafa neitað að lána eigi að geta gengið í ríkissjóð? Svo við orðum þetta nú bara hreint út. Og af hverju er svona brýnt að koma með frv. hérna inn núna og afgreiða það án þess að kalla á einn einasta mann í stjórn ábyrgðadeildar fiskeldislána? Það er það sem mér finnst merkilegast í þessu máli að nefndin afgreiðir frv. út án þess að kalla á einn einasta mann í stjórn þeirrar lána- og ábyrgðastofnunar sem frv. fjallar um. (**FrS:** Til þess að þvinga ríkisstjórnina til að gera eitthvað af viti í þessu máli.) Ef frv. er til að þvinga ríkisstjórnina til að gera eitthvað af viti í þessu máli þá skulum við ræða það á þeim grundvelli en frv. er ekki þannig uppbyggt að það feli í sér að það sé hægt að gera eitthvað af viti í málinu. Því miður, hv. þm. Friðrik Sophusson.

Það er alveg rétt að ég skildi frv. þannig upphaflega þegar það kom hér fram að það væri aðgerð til að knýja á um að stjórnvöld, eins og stundum er sagt, tækju á þessum fiskeldismálum. En það satt að segja hvarflaði aldrei að mér að ætlunin væri að afgreiða frv. sem lög í þeim búningi sem það er lagt fram. (**FrS:** Átti það að bíða endalaust?) Ja, bíða endalaust? Ég skal nú ekkert um það segja hvað hv. þm. á við í þeim efnum, en mér skilst að bankinn sem hann er bankaráðsmaður í, Landsbankinn, hafi fyrir einum og hálfum mánuði eða svo gripið til nýrrar lánastefnu vegna þess að bankinn treysti sér ekki til þess að láta meira af sínu fjármagni í þessi fyrirtæki. Þetta er ríkisbanki sem ríkissjóður ber ábyrgð á. (**FrS:** Þetta er bankastjórnarinnar mál.) Ég var ekkert að segja að hv. þm. hefði tekið þá ákvörðun, ég hef aldrei sagt það, ég vek bara athygli á að bankinn, þessi sami banki og hann er bankaráðsmaður í og ætti þess vegna að hafa fullan aðgang að rökum og gögnum bankastjórnarinnar, hvers vegna hún tók þá ákvörðun. Og það er það sem mér finnst sérkennilegt að þingmaðurinn, sem ætti sem bankaráðsmaður að hafa aðgang að röksemdum bankastjórnarinnar fyrir þessari ákvörðun, að hætta þessum lánum, kemur hér inn í þingið og segir að þá skuli ríkissjóður taka við.

Það hefur ekki heldur verið vikið að því sem ég nefndi hér við 1. umr. og gat um hér áðan í umræðu um þingsköp, að með þessu frv. er afnumið það skilyrði að fyrirtækin eigi að vera rekstrarhæf á eftir. Það hefur ekki komið neitt svar við þeirri spurningu: Hvers vegna er verið að afnema það skilyrði að fyrirtækin eigi að vera rekstrarhæf á eftir? Ég óska þess að því sé svarað. Við höfum farið með ýmiss konar skuldbreytingamál hér í gegnum þingið á síðustu þremur árum, en það hefur aldrei komið fram frv. fyrr um það að skilyrði um rekstrarhæfni fyrirtækjanna sé afnumið. Það á sem sagt ekki að vera nein hindrun í veginum. Hvað illa sem fyrirtækið er á vegi statt, hvað vitlaus sem reksturinn er, það á engu að síður að vera hægt að lána í það.

Ég vona að mér sé fyrirgefið þó að ég segi það að ég bara botna ekkert í því hvernig þingmenn, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson, sem ég óska nú enn á ný eftir að sé viðstaddur þessa umræðu, og formaður fjvn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, geta verið flm. að svona frv. Ég hef setið síðustu sólarhringa undir ræðum frá ýmsum þessum vina minna í fjvn. um „orþódoxíu“ í ríkisfjármálum. Það verður nú satt að segja heldur lítið úr þeim ræðum þegar texti þessa frv. er skoðaður.

Ég spurði líka að því við 1. umr. og geri það aftur hér og nú: Hvaðan á ríkissjóður að taka þessa pen-

inga? Vegna þess að ábyrgðadeildin er ekki með neitt eigið fé. Það er neikvætt nú þegar. Eru það þá ekki heimildarlausar greiðslur ef hvergi er að finna í fjáraukalögum eða fjárlögum fjárstreymi inn í deildina? Ég spyr hv. þm. Kristin Pétursson hvað hann segir um slík vinnubrögð. Mennirnir sem hér í dag fluttu miklar ræður yfir mér um „orþodoxíu" í ríkisfjármálunum, eru þær allar gleymdar hér núna rétt fyrir miðnættið? Eða er ekkert samhengi í því sem menn eru að segja og gera hérna í þinginu, eða hvað?

Ég endurtek þessar spurningar hér. Mér finnst það satt að segja merkilegt ef hér á að sameinast fylking í þinginu um að brjóta öll þau prinsipp sem menn hafa talað hér um í dag að eigi að vera í heiðri höfð. Bara af því að það eru einhver fyrirtæki hér úti í bæ sem eru illa á vegi stödd, af því að menn geta haldið heilagar ræður um það að einhverjir séu á móti fiskeldinu. Ég er ekkert á móti fiskeldinu, ég vil bara minna hv. þm. Matthías Bjarnason á það að ég gekk í það hér á mínu fyrsta þingi sem fjmrh. að setja á stofn tryggingadeild fiskeldis. Það voru margir sem mæltu gegn því, töldu það óskynsamlegt fyrir fjmrh. að samþykkja að ríkissjóður gengi í slíkar ábyrgðir fyrir fiskeldið. Ég samþykkti svo á síðasta þingi að stofna ábyrgðadeild fiskeldislána líka, þó það væru líka margir, hv. þm. Matthías Bjarnason, sem töldu óeðlilegt að fjmrh. væri að samþykkja slíkt.

Nú er hins vegar komið í þriðja sinn og þá leyfi ég mér hér í umræðunum að segja: Eigum við ekki að líta yfir þessa reynslu af því að við erum tvisvar sinnum áður búin að fara í gegnum þetta?

Niðurstaðan er því miður sú, hv. þm. Matthías Bjarnason, að allar þær ráðleggingar og allir þeir spádómar og væntingar sem þeir menn, forsvarsmenn fiskeldisfyrirtækja sem ég ræddi við á mörgum fundum mánuðum saman í bæði þessi skipti — allt þetta hefur því miður, og ég segi aftur því miður reynst rangt. Þess vegna taldi ég nauðsynlegt að menn áttuðu sig á því hér að vandi fiskeldisins á Íslandi felst ekki fyrst og fremst í því að það vanti meiri peninga á lægri vöxtum og minni tryggingagjöld.

Ég átti samtal í útvarpi í gærmorgun við hinn nýja forsvarsmann Sambands fiskeldisstöðva á Íslandi, ungan mjög vel menntaðan mann. Ég veit ekki hvort þingmenn hafa hlustað á það samtal á Rás 2, en ég nefni það af því að hv. þm. Stefán Valgeirsson var að tala hér um útvarpsumfjöllun. Það var mjög athyglisvert. Þessi forsvarsmaður Sambands fiskeldisstöðva, þessi ungi menntamaður var sammála öllu því sem ég hafði sagt varðandi rannsóknirnar, markaðssetninguna, tilraunastarfsemina og annað það sem hv. þm. höfðu sem hörðust fordæmingarorð um hér við 1. umr. Kallaði nefndin þennan mann fyrir? Nei. Kallaði nefndin einhvern fyrir? Nei. Það má vel vera að hv. þm. Matthías Bjarnason, ég dreg það ekkert í efa og hans góða vilja, hafi rætt við marga menn áður en hann flutti þetta frv., en það dugir bara ekki til vegna þess að hér er verið að vísa á ríkissjóð. Við skulum segja að það sé 1 milljarður, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, við skulum bara taka töluna sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var hér með, 1 milljarð. En það er frv. um að vísa á ríkissjóð 1 milljarði samkvæmt áliti hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, 3 milljörðum samkvæmt því sem ég sagði hér. (Gripið fram í.) Já og útgjalda. En reynslan kennir okkur það. En það er ekki punkturinn, hv. þm. Punkturinn er sá að nefndin hefur ekki kallað einn einasta mann fyrir út af því máli, ekki einn mann. Og ég spyr: Eru einhver fordæmi fyrir því í þingsögunni að þingmenn hafi afgreitt mál af þessari stærðargráðu og ávísað á ríkissjóð máli af þessari stærðargráðu án þess að leita álits eins einasta manns, hvorki embættismanns né sérfræðings? Og ég vil svara því hér: Ég held að það sé ekkert slíkt fordæmi. Og ég undrast það, sérstaklega vegna þess að í hópi flm. eru t.d. þrír, ef ég man rétt, fjárveitinganefndarmenn — ég bið hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson að hlusta (**ÓÞP:** Ég hlusta mjög grannt, þó ég fylgist ekki alltaf með Rás 2.) — a.m.k. þrír fjárveitinganefndarmenn sem á þeim tíma sem ég hef verið fjmrh. hafa ekki verið reiðubúnir að samþykkja 5 eða 10 milljónir, hvað þá heldur 1 milljarð, nema fá um það álit embættismanna, sérfræðinga eða annarra.

Nú er allt í einu öllu því vikið til hliðar. Ég spyr þess vegna: Sýnir það styrkleika málsins? Sýnir það styrkleika málsins að þeir sem að því standa vilja ekki leita álits neins? Mitt svar er nei. Það sýnir veikleika málsins.

Ég vil þess vegna fara fram á það hér við formann fjh.- og viðskn., og ég vona að hann sé í húsinu svo hann megi heyra mál mitt — er hægt að sækja formann fjh.- og viðskn. ef hann er í húsinu? (**Forseti:** Forseti getur upplýst það að samkvæmt töflu hér þá er hann nú ekki lengur í húsinu.) Það er merkilegt. (**Forseti:** Forseti leggur ekki dóm á það.) Það geri ég. Það er merkilegt. Formaður fjh.- og viðskn. er farinn úr húsinu. Ég ætla nú ekki að krefjast þess að hann sé sóttur en ég ætla að leggja fram þá ósk . . . (**Viðskrh.:** Fjmrh. leggur í málþóf og persónuheimtur.) Nei, ég er ekki í málþófi, hv. þm. og ráðherra, Jón Sigurðsson, en mér hefur hins vegar verið tjáð að það verði ekkert annað rætt hérna heldur en þetta mál á þessum fundi, það hefur mér verið tjáð af forseta deildarinnar. (Gripið fram í.) Nei. Forseti deildarinnar hefur tjáð mér að það verði ekki rætt, þannig að ég er ekki í neinu málþófi. Ef ég er að gera eitthvað til að tefja tímann þá er það hvenær þingmenn geta farið heim. (**Viðskrh.:** Og starfsfólk þingsins.) Og starfsfólk þingsins já. Gott að hæstv. ráðherra er allt í einu farinn að bera umhyggju fyrir því. Það ber eitthvað nýrra við. (**Viðskrh.:** Það hefur hann jafnan haft.) Já, batnandi mönnum er best að lifa, ágæti vinur og samráðherra. Ég vona að þessi umhyggja fyrir starfsfólkinu gildi áfram hér á næstu dögum og sólarhringum. En ég ætla ekki að vera hér lengi í ræðustól.

Ég vil bera fram þá ósk vegna þess að mér hefur líka verið tjáð að hér fari ekki fram atkvæðagreiðsla um þetta mál í kvöld og ekki fyrr en á mánudag, ef umræðu lýkur þá í kvöld. (**ÓÞP:** Í kvöld mun ekki atkvæðagreiðsla fara fram.) Já. Og vegna þess ætla ég að fara fram á það formlega og bið flm. nál. að koma því

til formanns fjh.- og viðskn. að nefndin haldi fund um þetta mál á mánudag, kalli til sín stjórnarmenn í ábyrgðadeild fiskeldislána og aðra þá sérfræðinga sem þekkja til í þessu máli svo það geti legið fyrir þinginu með einhverjum hætti áður en atkvæðagreiðsla fer hér fram, álit annarra heldur en bara flm., nefndarmanna og fjmrh. í þessu máli. Því ég tel það ekki sæmandi, og einstakt í þingsögunni, að ætla að fara að greiða hér atkvæði um fjárútlát af þessu tagi án þess að álits eins einasta sérfræðings sé leitað eða stjórnarmanna í þeirri stofnun sem um þessar lánveitingar á að fjalla.

Virðulegi forseti. Það má ráða af þessu frv. að kjörin eigi að vera þau sömu og fjárfestingarlánasjóðirnir veita. Þá spyr ég enn á ný, vegna þess að því hefur ekki verið svarað í þessari umræðu, og ég spyr enn á ný flm. nál.: Ef kjörin eru þau sömu, hvernig stendur þá á því að fjárfestingarlánasjóðirnir lána ekki sjálfir? T.d. Byggðastofnun, þar sem a.m.k. tveir ef ekki þrír flm. frv. eru einnig í stjórn Byggðastofnunar? Hvernig stendur þá á því að hún lánar þá ekki heldur?

Ég vil einnig óska eftir því við fjh.- og viðskn. að bankastjórar Landsbankans verði kallaðir fyrir nefndina áður en málið kemur hér til atkvæða, það tefur ekkert gang málsins, og þeir beðnir um skýringar á því hvers vegna Landsbankinn hafi hætt þessari lánafyrirgreiðslu, vegna þess að Landsbankinn er ríkisbanki og ef hann vill ekki taka áhættu í málinu þá er a.m.k. nauðsynlegt að þingið viti hvers vegna ríkisbankinn vill ekki taka áhættu þegar verið er að biðja þingið að skrifa upp á þá áhættu.

Ég vil til viðbótar spyrja, vegna þess að því hefur heldur ekki verið svarað í þessari umræðu: Hvernig stendur á því að menn leggja núna til að fella niður svonefnt sólarlagsákvæði í þessum lögum þó að allir væru sammála um það þegar lögin voru sett að það væri einn af frumkostum laganna að það væri inni? Því hefur heldur ekki verið svarað.

Virðulegi forseti. Þetta eru nokkrar efnisspurningar um þetta frv. Ég óska eftir því að þeim sé svarað. Ég óska eftir því að þetta frv. fái a.m.k. einhverja efnisumfjöllun í nefndinni áður en það kemur hér til atkvæða. Ég skil ekki hvernig þingmenn sem taka sjálfa sig alvarlega, sem á þessum sólarhring hafa talað fyrir nauðsyn ábyrgða í ríkisfjármálum og stjórn lánsfjármála hjá ríkinu, leyfa sér það á sama sólarhring og þeir flytja messur um „orþódoxíu" þeirra mála að mælast til þess að þetta frv. sé afgreitt með þessum hætti.

Ég mun gera mitt til þess, ef það verður reynt að pína þetta frv. í gegn hér með vinnubrögðum af þessu tagi, að þjóðinni sé a.m.k. ljóst hverjir það eru sem hér í þinglok vilja að það sé farið að gera út á ríkissjóð. Fyrirtækin eigi að fara að gera út á ríkissjóð, þannig að það sé krafa Sjálfstfl. númer eitt hér við þinglok að ríkisábyrgðir séu auknar, ríkisumsvif í atvinnulífinu séu aukin og ríkisútgjöldin séu aukin. Það væri satt að segja æskilegt að einhverjir forustumenn Sjálfstfl., m.a. nýkjörinn varaformaður Sjálfstfl., sem á undanförnum árum hefur talað fyrir minni ríkisútgjöldum, minni ríkisábyrgðum og minni ríkisumsvifum í atvinnulífinu, kæmi hér upp og útskýrði hér fyrir þingheimi hvernig þetta frv. samrýmist þeirri stefnu. (**FrS:** Ef þú hættir núna þá skal ég koma og skýra þetta.) Gott. Ég þakka þingmanninum fyrir það.

Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu, það er ekki ætlun mín, en ég vil hafa það alveg skýrt hér í þingtíðindum að þessar spurningar hafa verið ítrekaðar og knýja á um það að þeim verði svarað. Þannig að það verði alveg skýrt fyrir þjóðina hverjir bera ábyrgð á þeim útgjöldum og þessum óvönduðu vinnubrögðum sem hér er verið að knýja fram.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Mér er heiður og ánægja að því að svara hæstv. ráðherra sem hefur hér í annað skipti flutt þessa ræðu sína um þetta mál. Fyrst gerði hann það við 1. umr. málsins og nú aftur við 2. umr. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er full ástæða til þess að tala við ýmsa aðila um þetta mál, þar á meðal þá sem hann nefndi og mér finnst koma fyllilega til greina að á milli 2. og 3. umr. málsins verði kallað á örfáa menn til nefndarinnar, hún ræði þetta mál enda sé það undirskilið að hæstv. ráðherra hafi fullan skilning á því að málið þarf í þessum búningi eða öðrum búningi sem dugar að komast í gegnum þingið eða að öðrum kosti þarf að liggja fyrir svo skýrt álit hæstv. ríkisstjórnar að það dugi til þess að a.m.k. þau fyrirtæki í þessari grein sem lífvænleg eru fái að halda lífi til þess að kunnáttan, verkkunnáttan og þekkingin í þessari grein geti fengið að lifa hér í landinu og nýtast þeim fyrirtækjum sem væntanlega fá að dafna í greininni þegar fram í sækir.

Ef ég má skilja hæstv. ráðherra þannig að hann sé með þessum orðum sínum að hvetja til samstarfs við hann um það að koma lagi á þetta mál, því lagi sem dugar, þá skal ég fyrstur manna taka undir það með ráðherranum að það sé ástæða til að skoða málið á milli umræðna. En það hefur enga þýðingu ef þessi ræða hæstv. ráðherra var einungis flutt í því skyni að drepa þessu máli á dreif.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Það efnisatriði kom hér fram hjá hæstv. ráðherra að í 5. gr. hefði það verið fellt brott að grundvöllur þyrfti að teljast vera fyrir rekstri fyrirtækjanna til lengri tíma og taldi að með því hefðu menn komið því til leiðar að svo mætti líta á að rekstrarhæfni fyrirtækisins þyrfti ekki að vera til staðar eftir að það hefði fengið lán. Nú er það svo að sá texti sem er notaður í frv. er á þessa leið, með leyfi forseta: „Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um bústofnslán samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis." Munurinn á þessu tvennu er sá að til þess að leysa málið eins og gildandi lagatexti gerir ráð fyrir þarf spámenn sem vita allt um framtíðina. Hvar á að fá þá menn? Hver ætlar að segja fyrir um það fimm ár fram í tímann hvert markaðsverð verði á fiski í heiminum? Það er hægt að framkvæma ítarlegt mat en það er erfiður hlutur, þó ekki sé meira sagt, að

standa að því að menn geti séð „til lengri tíma litið" eins og hér er orðað.

Ég verð nú bara að segja eins og er að það má aldeilis hafa verið úrvalssveit sem hefur verið sett þarna í stjórn sjóðsins ef hún er fær um að sjá þetta til lengri tíma litið. Og það væri þá gott, á grundvelli reynslunnar, að sjá hversu miklir spekingar þeir hafa verið að meta það til lengri tíma litið, það sem þeir voru að gera. Ætli þeir væru þá ekki sumir hverjir komnir með falleinkunn? Það er nefnilega hártogun að halda því fram að hér hafi nokkuð vitrænt verið fært á burtu. Það er hrein hártogun. Og það sæmir hreinlega ekki að bera það á borð að með þessu móti og því orðalagi sem hér er verið að tala um sé verið að tala um óábyrgari texta en þann sem var í lagafrv.

Þá kemur hin spurningin sem er sett fram: Hvers vegna lána sjóðirnir ekkert sjálfir ef vaxtakjörin eiga að vera þau sömu á þessum lánum og hjá sjóðunum? Þarna komum við að grundvallaratriði í atvinnusögu Íslands. Og ég fór með þau grundvallaratriði í minni ræðu þegar málið var til 1. umr. Sjóðirnir fá að sjálfsögðu aldrei nema vexti af því fjármagni sem þeir lána. En hvað um íslenska ríkið? Hvað fær íslenska ríkið? Það fær nú til baka eftir ansi mörgum leiðum. Ef það er hagnaður, hæstv. ráðherra, þá vill ríkið fá eitthvað í kassann. Er það ekki? Ætli það sé ekki svo að þeir norsku, fulltrúar alþýðunnar sem settu ríkisábyrgðirnar á í Noregi, gerðu sér grein fyrir því að þjóðhagslega skilaði þetta miklum fjármunum fyrir norska ríkið, fyrir norska ríkið í formi vinnulauna, í formi skatttekna? Er það alveg gleymt að íslenska ríkið innheimtir skatta? Er enginn skilningur til á því að það er til nokkuð sem heitir þjóðarhagur í þessum efnum?

Hvað með togarana sem Lúðvík Jósepsson samþykkti ríkisábyrgðirnar á? Hvers vegna lét hann ekki Landsbankann lána þessa peninga? Það er útúrsnúningur af lægstu gráðu að halda því fram að það sé sambærilegur hlutur hvort banki lánar eða ríkið tekur ákvörðun um ábyrgðir í ljósi þess að það er verið að setja á stað atvinnugrein sem vitað er að hefur heppnast í nágrannalöndum Íslands. Vissulega með áhættu frá einu fyrirtæki til annars.

Þá kemur hin spurningin: Hvers vegna eru menn að afgreiða mál með þeim hraða sem verið er að gera, hæstv. ráðherra? Vissulega er engin vörn til hjá Alþingi Íslendinga fyrir því hvers vegna það lætur reka sig jafnhratt áfram í vinnu. Það er engin vörn til. Það er nú einu sinni svo að þingið ræður því ekki einu sinni sjálft hversu lengi það fær vinnufrið. Það er háð framkvæmdarvaldinu með það. Framkvæmdarvaldið getur stöðvað það hvenær sem er. Gott og vel. Liggja fyrir yfirlýsingar um að menn fái vinnufrið til að vinna þetta betur? Ég veit ekki til þess. Ég veit ekki betur en seinast í dag hafi það verið boðað að það ætti að rjúfa þingið, einn, tveir, þrír.

Auðvitað er það svo að stór mál þurfa athugunar við og lítil mál einnig. Ég tek undir það hjá hæstv. ráðherra. En hvaða aðdróttanir fá þingmenn ef þeir hafa kannski lagt mánaðavinnu eða áravinnu í það að reyna að sérhæfa sig á einhverju sviði og vilja svo færa þingheimi þessa þekkingu sína í löngum ræðum? Þeir eru kallaðir ofbeldismenn sem misþyrma lýðræðinu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Það er dómurinn sem þeir fá. Það er virðingin fyrir málfrelsinu sem framkvæmdarvaldið virðist hafa og forsetar þingsins, þegar því er að skipta. (**Fjmrh.:** Það er ekki mín skoðun.) Það er fróðlegt að heyra það að hæstv. ráðherra lýsir því yfir að það sé ekki hans skoðun og ég virði það. Ég virði það. En hitt verð ég að segja að ég hefði gjarnan viljað vera í þeirri aðstöðu að fá vinnufrið til þess að hafa meiri skoðanaskipti um þetta mál. Ég sagði að ég hefði aflað mér þeirra persónulega til að leggja mat á þetta. Vinnuhraða fjh.- og viðskn. ræð ég ekki.

Hins vegar vil ég undirstrika að það hefur komið hér fram boð um það frá 2. flm. og þó að ég sé hér frsm. fyrir þessu nál. þá hafa flm., fyrstu flm. þessa máls að sjálfsögðu forræði þess að bjóða það sem þeir buðu í þeim efnum, að láta ræða þetta fáist vinnufriður til.

En það er einu sinni svo, hæstv. ráðherra, og það er grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir því að sá sem stendur við stjórnvöl á skipi sem siglir á fullri ferð tekur ákvörðun á hverri einustu sekúndu, hvort sem sú ákvörðun liggur í því að hreyfa stýrið eða hafa það kyrrt. Við stöðvum ekki tímans straum. Og fari Alþingi Íslendinga heim án þess að gera neitt í þessu máli þá hefur það líka tekið ákvörðun, ákvörðun upp á marga milljarða.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan óska eftir því að hv. 1. þm. Reykv. ... (**FrS:** Ég er hér, ég er á leiðinni niður.) Já, hann er kominn hér upp á svalirnar. Það er skemmtileg tilbreytni (**Gripið fram í:** Það er til að hann geti horft niður.) að geta horft svona upp til hans. Nú er hann horfinn af svölunum og ég vona að hann birtist í salnum hér innan tíðar. Já, þetta eru orðin ansi leikræn tilþrif hjá þingmanninum. Þetta minnir mann helst á uppfærslur í Gamla bíói hjá Íslensku óperunni þar sem aðalatriðið er að nýta svalirnar.

Ég fagna því að hv. þm. lét í ljós vilja sinn til að þetta mál væri skoðað nánar og hann getur treyst því að ég hef mikinn vilja til að skoða þennan vanda fiskeldisfyrirtækjanna. Ég hefði ekki staðið í því á þessum rúmum tveimur árum að setja fyrst upp Tryggingarsjóð fiskeldis og síðan ábyrgðadeildina og þá miklu vinnu sem þurfti til að undirbúa þau frv. og þau lög og síðan framkvæmd laganna um ábyrgðadeildina og viðræður við þá sem þar stýra verkum, langar og miklar, um hvernig eigi að haga þeim málum ef ég væri ekki reiðubúinn að leggja mig fram til að gera allt það sem ég teldi rétt og verjanlegt til þess að tryggja að fiskeldið gæti fengið áfram að þróast hér og eflast. Þannig að ég vona að allir þeir sem líta með sanngirni yfir það þurfi ekki að draga í efa vilja minn í þeim efnum.

Ég hefði hins vegar kosið að þessi athugun nefndarinnar færi fram áður en atkvæðagreiðsla fer hér fram við 2. umr. Það vill svo til að það er tími til þess og það er kannski skynsamlegra að nota tímann fram að slíkri atkvæðagreiðslu til að skoða málið heldur en gera það á milli 2. og 3. umr. Vegna þess að menn hafa

fram að atkvæðagreiðslunni laugardag, sunnudag og hálfan mánudag. En menn hafa kannski ekki nema dagspart eða einn sólarhring á milli 2. og 3. umr.

Ég vil þess vegna beina þeirri hugmynd og ábendingu til hv. þm. Friðriks Sophussonar og einnig hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hvort ekki er hægt að sammælast um það að nefndin komi saman yfir helgina eða á mánudagsmorgun til þess að fjalla um þetta mál áður en atkvæðagreiðslan fer fram svo hægt verði þá kannski að skoða brtt. eða annað sem menn vilja flytja. Ég vona að hv. þm. heyri mál mitt í þeim efnum. Ég er ekki að biðja um nein svör við því hér og nú, en ég bið menn að athuga það með góðum vilja að þessi vinna nefndarinnar fari fram áður en atkvæðagreiðslan hefst vegna þess að ég reikna með því að ef þingmenn taka starf sitt alvarlega þá muni þeir vilja fá að vita ýmislegt af því sem hér hefur verið um spurt.

Að lokum vil ég segja það við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, sem lagði málið dálítið upp þannig að íslensk atvinnusaga sýndi það að ríkissjóður yrði að koma inn í mál og leggja fyrirtækjunum til fé. Ríkissjóður hefur þegar lagt fiskeldinu til nokkra milljarða. Og hvernig hefur hann gert það? Hann hefur gert það í gegnum Byggðastofnun. Hér er verið að knýja fram að ríkið yfirtaki 1,2 milljarða af lánum Byggðastofnunar til að styrkja þá stofnun og ríkissjóður geri það í gegnum Framkvæmdasjóð sem er satt að segja orðinn mjög illa staddur. Kannski fyrst og fremst vegna lánanna til fiskeldisins, svo það er alveg ljóst að það eru þegar nokkrir milljarðar fallnir á ríkissjóð með beinum og óbeinum hætti vegna þessarar greinar. Það er því ekki hægt að segja að þetta sé spurningin um það hvort ríkissjóður komi inn eins og oft áður. Hann er fyrir löngu kominn inn. Það er fyrir löngu búið að leggja fram með einum eða öðrum hætti nokkra milljarða sem ríkissjóður verður síðan að reiða fram. Hér er verið að tala um viðbót við það sem þegar hefur verið gert.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég tek undir þau orð sem hv. 1. þm. Reykv. sagði. Ef formaður fjh.- og viðskn. boðar fund um málið þá mun ekki standa á okkur að mæta þar og ræða við þá aðila flesta hverja sem fjmrh. hefur nefnt. En það er auðvitað skilyrði fyrir því að fjmrh. og ríkisstjórnin láti þetta mál þá koma til afgreiðslu hér í þinginu og hér verði látið reyna á hvort meiri hluti er fyrir þessu frv. í þessari mynd eða einhverri annarri áður en þingi er slitið.

Ég tók það fram fyrr í kvöld að frv. er ekki flutt fyrr vegna þess að málið var alltaf til umfjöllunar í ríkisstjórn. Hæstv. fjmrh. segir að ríkið sé með fleiri milljarða í gegnum Landsbankann, í gegnum Byggðasjóð. (**Fjmrh.:** Fyrst og fremst Framkvæmdasjóð.) Og Framkvæmdasjóð. Hann spyr samt áðan: Af hverju lánar ekki Byggðasjóður meira? Af hverju er hann hættur að lána? Byggðasjóður er með mörg lán í fiskeldi og hefur orðið að halda áfram. En Byggðasjóður getur ekki haldið áfram vegna þess að það er búið að loka fyrir rekstrarlánin. Af hverju hefur verið lokað fyrir rekstrarlánin? Vegna þess að það hafa orðið mikil óhöpp og gjaldþrot í greininni. Það hafa líka orðið óhöpp hjá öðrum fiskeldisþjóðum vegna verðfalls sem þar hefur orðið. Þetta hélt ég að allir vissu. Um þetta er búið að fjalla það mikið. Það hefur enginn ráðið við það. Af hverju halda þá Norðmenn t.d. áfram eftir öll þau áföll sem þeir hafa orðið fyrir? Það er búið að þróa hér mikið í fiskeldi. Það er verið að þróa t.d. ræktun bleikju sem lofar góðu. Hins vegar er markaðurinn fyrir bleikju mjög takmarkaður.

Við verðum að búa við margfalt meiri kostnað að koma þessum afurðum á markað, eins og t.d. til Bandaríkjanna og við að fara í samkeppni við Kanadamenn. Ég segi fyrir mitt leyti að ég á engra hagsmuna að gæta í sambandi við fiskeldi. (Gripið fram í.) Já, svona $^1/_2$% eða innan við það í einni stöð. (**Gripið fram í:** 1%.) Nei, það er ekki svo mikið, í einni fiskeldisstöð. Ég tel það löngu tapað og verð bara að hafa það að ég hafi tapað þessu. Ég gerði þetta vegna þess að ég hafði áhuga á því að þetta væri reynt.

Það er verið að gera merkar tilraunir í sambandi við hrognaframleiðsluna. Það eru miklu stærri hrogn sem nú er farið að fá sem er árangur af þeirri ræktun sem hefur átt sér stað í öðrum löndum eins og í Noregi. Við erum að byrja að njóta góðs af því. Ég er sannfærður um það að sumar þessar stöðvar sem enn þá starfa þurfa ekki nema tiltölulega stutt árabil til að komast áleiðis. En ef enginn ætlar að lána neitt rekstrarlán til þessara stöðva þá fer þetta auðvitað bara á einn veg. Byggðastofnun er ekki það sterk stofnun að hún geti tekið á sig svona rekstur. Þarna verður að skipta þessu á milli fleiri aðila.

Ríkið fær auðvitað mikið til baka eins og hv. 2. þm. Vestf. gat hér um áðan. Það er alveg hárrétt. Ríkið tekur skatta af þessari framleiðslu af ýmsum kaupum og aðföngum. Þetta eru auðvitað allt saman tekjur fyrir ríkissjóð. Það má ekki einblína á það að ríkið hafi bara tapað en ekkert fengið í aðra hönd. Það er nú með þetta eins og mörg önnur mál.

Hæstv. forsrh. hefur sagt við mig að hann telji að þetta fiskeldi megi ekki stöðvast. Hæstv. landbrh. hefur sagt mjög svipað í þessum efnum. Þeir virðast vera þeirrar skoðunar að það eigi að halda þessu áfram. Og ég veit að það eru fleiri ráðherrar sama sinnis. En það er ekki bæði sleppt og haldið. Það vitum við bæði í þessu máli sem öðrum.

Ábyrgðadeildin hefur bara ekki reynst nógu sterk og mikil. Það vitum við. Hún hefur gert ákaflega háar kröfur til þessara fiskeldisfyrirtækja til þess að komast inn. Kröfurnar t.d. um það að hafa tryggt. Ég hef ekki séð ófullkomnari tryggingar heldur en þetta laxeldi verður fyrir. Ég sé ekki að það sé nokkurt vit í því að vera að gera slík skilyrði um tryggingar því að tryggingafélögin borga bara það takmarkað ef tjón verður og hafa allt sitt á þurru. Þarna má spara útgjöld. Og hvers vegna eigum við ekki að gera þeim þetta kleift sem hafa nægan jarðhita og hafa verið að koma þessu af stað? Stofnkostnaðurinn er auðvitað gífurlega mikill og það er afskaplega mismunandi aðstaða til fiskiræktar eftir því hvar er á landinu og hvernig aðstæður eru bæði með heitt og kalt vatn.

Ég skal fúslega viðurkenna að það var farið út í þetta fiskeldi af allt of lítilli fyrirhyggju, en það er líka búið að grisja þetta gífurlega mikið niður þannig að þetta er ekki nema lítill hluti. En það er annað sem er að byrja. Það eru þessar litlu stöðvar sem eru að byrja sem eru grundvöllur eiginlega fyrir búskap þar sem hefur verið lögð niður sauðfjárrækt, t.d. bleikjurækt og annað. Hér verður að haldast í hendur markaðsöflun fyrir þessa framleiðslu og það verður þá hið opinbera að gera með einhverjum hætti.

Ég segi fyrir mitt leyti að höfuðatriðið er ekki að samþykkja þetta frv., höfuðatriðið er að samþykkja aðgerðir þannig að þeir, sem geta haldið áfram og við sjáum fram á að geta rekið sínar fiskeldisstöðvar með góðum árangri innan tiltekins tíma, fái hér úr bætt.

Ef einhverjar ráðstafanir í svipuðum dúr og þessar verða að veruleika þá er það trú mín að ríkisbankarnir komi til með að endurskoða sínar lánareglur út á afurðir en dragi ekki lappirnar eins og gert hefur verið núna síðustu mánuði. Hér er um líf eða dauða að tefla. Eigum við að láta mestallt fiskeldið hrynja og sitja eftir með 9–10 milljarða fjárfestingu og töp eins og fyrir liggja og þar með hætta þessum tilraunum, á sama tíma og aðrar þjóðir eru að auka fiskeldi í stórum stíl? Eins og ég sagði hér áðan stefnir þriðja mesta fiskveiðiþjóð heims í það að 70% af hennar framleiðslu verði úr fiskeldi innan 10 ára. Þannig er þessi þróun víðast hvar og við höfum bara alls ekki ráð á því að fara þarna til baka í mörg ár.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en ég endurtek það að ef formaður fjh.- og viðskn. boðar fund við þessa menn, þá er ég reiðubúinn að mæta. En höfuðatriðið er að það verði eitthvað gert sem bitastætt er til þess að fiskeldi lognist ekki út af.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

91. fundur, mánudaginn 18. mars, kl. 10 árdegis.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 1009.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Helsta markmið nefndarinnar sem samdi frv. þetta er að félagsþjónusta sveitarfélaga megi tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Skal það gert með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti, tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði, veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi og með því að grípa til aðgerða sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Markmiðum þessum hugðist nefndin sem samdi frv. ná með því að setja lagaramma um þá fjölbreytilegu félagsþjónustu sem nú er veitt í öllum stærri sveitarfélögum landsins þannig að sams konar þjónusta verði veitt um land allt svo jafnræði megi ríkja. Til þess að svo geti orðið þarf heildstæða félagsmálalöggjöf sem felur í sér alla þætti félagsþjónustu sveitarfélaga. Slík löggjöf er einnig nauðsynleg til þess að ýta undir þá sýn að félagsleg aðstoð sveitarfélaga felist ekki í framfærslunni einni saman heldur felur í sér margháttaða þjónustu sem flestir þurfa á að halda einhvern tímann á lífsleiðinni.

Meðan við búum hins vegar við framfærslulög sem eru undirstöðulöggjöf á sviði félagsmála sveitarfélaga ýtir það undir þá hugsun að félagsleg aðstoð af hálfu sveitarfélaga sé eingöngu ætluð til að bæta úr fátækt og felur jafnvel í sér vissa niðurlægingu. Sú forna hugsun skýtur þó skökku við ef tekið er mið af félagslegri aðstoð af hálfu ríkisins svo sem almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum og fleira, en þar er hinn forni hugsunarháttur fyrir löngu lagður fyrir róða og almenn velferðarsjónarmið nú viðurkennd. Úr þessu er frv. ætlað að bæta, þ.e. að stuðla að því að félagsleg þjónusta sveitarfélaga verði viðurkennd sem nauðsynlegur hlekkur í velferðarkerfi þjóðfélagsins. Í þessu samhengi má og geta þess að hin Norðurlöndin hafa fyrir mörgum áratugum fellt úr gildi sín framfærslulög og öll nema Noregur sett sér heildstæða löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Af þessu yfirliti má ljóst vera að hér er brýnt mál á ferðinni, málaflokkur sem dregist hefur stórlega aftur úr hvað nýsmíði í löggjöf viðvíkur. Er því löngu orðið tímabært að staðið verði myndarlega að málum og lagður grunnur að nútímalegri félagsmálalöggjöf sveitarfélaga, löggjöf sem í grundvallaratriðum hafnar hinum gömlu framfærsluviðhorfum en byggir þess í stað á því að félagsþjónusta sveitarfélaga er almenn þjónusta, öllum ætluð.

Helstu nýjungar sem lagðar eru til með frv. þessu eru eftirfarandi:

Frv. felur í sér nýja sýn í félagsþjónustu og er það grundvallaratriðið að baki þess. Þau viðhorf finnast enn að félagsþjónusta sveitarfélaga sé neyðarúrræði og ætluð afmörkuðum hópi sem orðið hefur undir í lífsbaráttunni. Í frv. er þessari sýn algjörlega hafnað en í hennar stað lögð áhersla á þá staðreynd að félagsþjónusta sveitarfélaga felur í sér margháttaða þjónustu sem ætlað er að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna. Í augum margra felur félagsþjónusta sveitarfélaga eingöngu í sér framfærsluaðstoð sem er angi af fátækrahjálp fyrri tíma. Erfitt hefur reynst að uppræta þann misskilning. Raunin er hins vegar sú að fjárhagsaðstoð er einn liður í víðtækri aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur, þ.e. aðstoð í atvinnumálum, dagvistarmálum, barnaverndarmálum og húsnæðismálum, auk almennrar félagslegrar ráðgjafar. Þannig má segja að félagsmálastofnun sé eini aðilinn í þjóðfélaginu sem fæst við

fjölskylduvernd. Mikill ókunnugleiki virðist ríkja um það hve fjölbreytileg þjónusta hér er á ferðinni, þjónusta sem flestir þurfa á að halda einhvern tímann á lífsleiðinni, svo sem heimaþjónusta og dagvist barna. Einnig að á vegum sveitarfélaga fer fram mikilvægt forvarnastarf bæði í málefnum barna og unglinga. Mikilvægt er að skipan félagsþjónustunnar sé með þeim hætti að ekki sé stuðlað að aðskilnaði almennrar þjónustu og aðstoðar við fólk sem á í félagslegum vanda. Slíkt getur orðið til þess að skapa sérstakar vandamálastofnanir og er afar niðurlægjandi fyrir þá sem þangað þurfa að leita.

Með heildstæðum rammalögum um alla þætti félagsþjónustu sveitarfélaga er leitast við að ýta undir þá sýn að hér er um jafnsjálfsagðan þátt í velferðarþjóðfélagi að ræða og velferðarkerfi ríkisins býður upp á, svo sem almannatryggingar, heilbrigðisþjónustu og skóla. Heildstæð löggjöf um þetta efni getur verið fyrsta skrefið í átt til þess að viðurkennt verði að félagsleg þjónusta sveitarfélaga er einn liður í velferðarkerfi samfélagsins. Einnig verður þá fyrst hægt að vinna markvisst að félagsmálastefnu sem á að vera jafnsjálfsögð og stefna í heilbrigðis- og skólamálum.

Með hinni nýju sýn er hugsunarháttur fátækraframfærslu og sveitarfesti lagður fyrir róða, hugsunarháttur sem hér hefur ríkt frá því land byggðist. Réttur til þjónustu verði ávallt í því sveitarfélagi þar sem einstaklingur á lögheimili án þess að fortíð hans sé athuguð sérstaklega eins og núgildandi sveitarfestiákvæði bjóða upp á. Öll þjónusta verði réttur fólks, jafnt fjárhagsaðstoð sem önnur þjónusta, og miðast við mat á aðstæðum eftir þeirri reglu sem sveitarfélög setja sér innan ramma laganna.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

92. fundur, mánudaginn 18. mars, að loknum 91. fundi.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, ein umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 1018 (sbr. 699).

Frsm. meiri hl. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegur forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. og þær breytingar sem gerðar voru á því í meðförum Nd. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Frsm. minni hl. félmn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur nú verið hér til umfjöllunar á þremur þingum. Margt horfði til bóta í því frv. sem var fyrir lagt á 111. löggjafarþingi en í meðförum þingsins hefur það tekið miklum breytingum og enn er orðin breyting á því þegar það kemur nú frá Nd. aftur til Ed. Það er ljóst að ekki muni nást samstaða um málið nema í þeirri útþynntu mynd sem það hefur nú tekið á sig.

Það er margt sem var í upphaflega frv. sem hefur verið fellt út. Vil ég þar helst nefna ákvæði um öfuga sönnunarbyrði í málum sem varða meinta mismunun vegna kynferðis við ráðningar í störf þar sem atvinnurekanda var gert að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi ráðið þegar ráðið er í stöður á vinnumarkaðnum. Skipan kærunefndar er ekki með þeim hætti sem við hefðum helst kosið að sjá eins og fram kom við umfjöllun málsins hér í Ed. á sínum tíma og ákvæði um jafnréttisráðgjafa er ekki svipur hjá sjón miðað við það sem var í upphaflega frv.

Við styðjum þó þá breytingu sem gerð var í Nd. vegna þess að við teljum hana illskárri kost en þá breytingu sem gerð var hér í Ed. á sínum tíma. Og við munum, þrátt fyrir þá ágalla sem eru á frv., styðja það vegna þess að það eru ýmis mikilvæg atriði sem hafa þó náðst fram, eins og t.d. það að í 10. gr. er kveðið á um menntun. Þá má nefna annað ákvæði um jafnréttisþing sem er einnig mjög til bóta. Það er von okkar kvennalistakvenna að jafnréttisþing verði vettvangur lifandi umræðna um stöðu kvenna í samfélaginu og uppspretta nýrra hugmynda í baráttunni fyrir bættum hag kvenna og þar með allra þjóðfélagsþegna.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, virðulegur forseti, en eins og fram hefur komið styðjum við málið vegna þess að við sjáum þar örlítil skref tekin í rétta átt þó alls ekki sé nóg að gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1038).

Veiting ríkisborgararéttar, ein umr.

Stjfrv., 335. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1019.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1039).

Leikskóli, 3. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 1007 (sbr. 599).

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Virðulegur forseti. Við kvennalistakonur höfum reynt að láta skoðun okkar í þessu mikilvæga máli koma fram í hnotskurn. Í tilefni af viðtali sem birtist við forseta Sþ. í Þjóðviljanum nú um helgina vil ég mega vænta þess að hæstv. forseti Ed. láti forseta Sþ. vita það að kvennalistakonur hafa ekki tafið þetta mál. Ég tel að það frv. sem við erum hér að afgreiða sé mjög mikilvægt þrátt fyrir þá annmarka sem eru á því og ég hef lýst. Ég hefði kosið að tala miklu meira um það hér í umræðunni það sem af er en tímans vegna og vegna þess að ég vil að það hljóti afgreiðslu þingsins hef ég sparað mér það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1040).

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 1009, n. 1037, brtt. 1035.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):
Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. félmn. um frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Nefndin hélt einn fund um málið. Meiri hl. hennar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá hv. Nd. þar sem voru gerðar þær breytingar á því að felldur var brott X. kafli frv. um málefni leikskóla og ákvæði sem snerta leikskóla falla nú undir kaflann um málefni barna og ungmenna. Aðrar breytingar sem meiri hl. félmn. Nd. lagði til voru minni háttar lagfæringar á frv.
Undir nál. skrifa auk frsm. Jóhann Einvarðsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Karl Steinar Guðnason og Jón Helgason. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Guðmundur H. Garðarsson:
Virðulegur forseti. Það er með þetta frv. eins og mörg önnur frv. sem stjórnarsinnar eru með þessa síðustu daga þingsins að það hefði þurft að fá miklu betri og nákvæmari meðferð áður en það kæmi til afgreiðslu með þeim hætti sem þeir leggja til. Við í minni hl. félmn. leggjum ekki fram skriflegt nál. Hins vegar legg ég hér fram brtt. á þskj. 1035 um það að 34. gr. frv. falli brott en þar er kveðið á um skyldur sveitarstjórna til að tryggja framboð á leikskólarými. Án þess að fara frekar út í það vek ég athygli virðulegs forseta og þingmanna á því að með þessu frv. fylgir ekki greinargerð um hvaða kostnað þetta kann að hafa í för með sér fyrir sveitarstjórnir. Er það auðvitað mjög alvarlegt mál að hér á að efna til skuldbindinga án þess að gera grein fyrir því hvaða fjárhagslegu kvaðir fylgja því. Öll getum við verið sammála um að betur þurfi að búa að leikskólum, það fer ekki milli mála, en það er auðvitað ábyrgðarlaust að gera það með þeim hætti sem felst í þessu frv. án þess að þær kvaðir og skyldur sem því fylgja séu tíundaðar með fjárhagslegum dæmum.
Við erum þeirrar skoðunar að frv. hefði þurft að skoðast betur og teljum að það sé mjög alvarlegt mál að afgreiða þetta frv., sem og mörg önnur síðustu daga, með þeim hætti sem hér er gert. En með tilliti til þess að í frv. eru einstök atriði sem við getum fallist á þá munum við sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Virðulegur forseti. Þar sem ég hef ekki viljað tefja tíma okkar hér síðustu klukkustundirnar á þessu þingi þá tók ég ekki til máls við 1. umr. um frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Málið hafði fengið umfjöllun í nefnd Nd. og þangað höfðu borist umsagnir. Það er eins og oft áður að við neyðumst til þess í önnum síðustu daga fyrir þinglok að afgreiða mál með þeim hætti sem hér er gert, það er haldinn einn stuttur nefndarfundur. Ég tel hins vegar að hér sé um mikilvæga löggjöf að ræða og eins og fram hefur komið hefur mjög lengi verið skortur á slíkri löggjöf þar sem settur er rammi utan um skyldur sveitarfélaga og þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita íbúum sínum. Á þeim forsendum vildi ég leggja mitt af mörkum fyrir hönd okkar þingkvenna Kvennalistans í þessari deild til að þetta mál hlyti afgreiðslu eins og frv. sem við afgreiddum áðan um málefni leikskólans. Ég vil ítreka að við teljum að hér sé í báðum tilvikum um mikilvæga löggjöf að ræða þótt ýmsir annmarkar séu á varðandi fjármögnun leikskólans, svo ég víki að honum hér í máli mínu. En ég vil ítreka það að við höfum viljað greiða fyrir þessum málum. Það geta kannski verið takmörk fyrir því hversu samvinnuþýðir þingmenn geta verið á síðustu klukkustundunum og þess vegna vil ég enn og aftur vísa því á bug sem fram kemur í viðtali í Þjóðviljanum nú um helgina að það sé verið að tefja þjóðþrifamál sem þessi af okkar hálfu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1035 kölluð aftur til 3. umr.
34. gr. samþ. með 12:1 atkv.
35.–68. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. ásamt kaflafyrirsögnum samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Ákvæði um leikskóla.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Fyrr á þessum degi var samþykkt hér frv. til laga um leikskóla. Þar segir í 3. gr.: „Sveitarfélag gerir árlega könnun á því hversu margir foreldrar óska eftir leikskólavistun.“ Fyrir einni klst. eða svo var þessi hv. þingdeild þeirrar skoðunar að slík könnun skyldi gerð einu sinni á ári. Núna fyrir nokkrum mínútum var enn á ný atkvæðagreiðsla um þetta hið sama málefni. Þá erum við komin yfir í frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar stendur um þetta sama atriði: „Sveitarstjórnir skulu eftir föngum tryggja framboð á leikskólarými. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélaginu skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.“ Nú virðist svo sem þingdeildarmenn hafi skipt um skoðun, þyki nóg að slíkt mat á þörfinni fari fram á tveggja ára fresti, sem fyrir klst. eða svo skyldi fara fram á eins árs fresti. Ég hygg líka að það sé réttur lagaskilningur að þau lög sem síðar eru samþykkt eru ráðandi. Þannig ýta ákvæðin um félagsþjónustu sveitarfélaga þeim ákvæðum um þetta atriði sem við vorum að samþykkja fyrir einni klst. til hliðar. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að sú nefnd sem þetta mál heyrir undir, ætli það sé ekki félmn., setjist á rökstóla og velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að samþykkja till. hv. 8. þm. Reykv. Guðmundar H. Garðarssonar um að fella 34. gr. úr gildi.

Þessi heildarlagabálkur um leikskóla sem við vorum að samþykkja er 23 greinar með ákvæðum til bráðabirgða. Ég hélt satt að segja að það fæli í sér skipan þessara mála eins og deildin vildi hafa hana og vil því mjög mælast til þess að félmn. lesi nú yfir frv. til laga um leikskóla og reyni að gera sér grein fyrir því hvort nefndin geti fallist á þau sjónarmið sem búið er að lögfesta hér á þinginu fyrir klst. Það er svona hálfbjánalegt að vera að breyta lögum á klukkustundar fresti. Ef það er mat félmn. að nauðsynlegt sé að breyta lögunum um leikskóla svo fljótt og vel þá tel ég fara betur á því að flytja sjálfstætt frv. til breytinga á lögum um leikskóla sem við vorum að samþykkja nú áfram ef það er þá þinglega rétt áður en búið er að staðfesta lögin, sem mér er öldungis ekki ljóst. Ég held þess vegna að við getum ekki haldið þessu máli áfram fyrr en það hafi verið athugað betur.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vænti þess að hv. félmn. muni taka þetta til athugunar.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég kom hér í dyrnar þegar hv. þm. var að ljúka máli sínu og hafði spurnir af því að hann héldi því fram að þau sköruðust með einhverjum hætti frv. um leikskóla sem nú er orðið að lögum og það frv. sem hér er til umræðu. Þetta er með öllu rangt. Þessi frv. hafa ekki skarast og því síður eftir að sú breyting var gerð á frv. í Nd. að fella út kaflann um málefni leikskóla og flytja tvö ákvæði sem þar voru inn í kaflann um málefni barna og ungmenna.

Ég skal ekki hafa langt mál um þetta, virðulegur forseti. Hér er verið að setja löggjöf sem fjallar um ýmsa þætti í þeim velferðarmálum sem sveitarfélögin hafa skyldur við sína íbúa. Málefni leikskólans eru veigamikill þáttur í þeim málaflokkum sem sveitarfélögin fara með á sviði velferðarmála. Þau hafa bæði fjárhagslega og faglega ábyrgð á þessum málaflokki og því er óeðlilegt að það sé á engan hátt kveðið á um málefni leikskóla inni í þessu frv. Sú niðurstaða sem hér liggur fyrir og er til umræðu er t.d. gerð í fullu samráði við Fóstrufélag Íslands sem hefur haldið því fram að þessi ákvæði sköruðust. Hér er einungis verið að kveða á um að sveitarfélögin skuli eftir föngum tryggja framboð á leikskólarými og er það mjög eðlilegt í löggjöf sem kveður á um skyldur sveitarstjórna almennt á sviði velferðarmála. Síðan er ákvæði um að fram skuli fara úttekt á tveggja ára fresti á þörfinni fyrir leikskólarými. Ákvæðið í 2. málsgr. 34. gr. er líka mjög mikilvægt. Það kveður á um að félmrn. skuli liðsinna sveitarfélögunum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla á vettvangi héraðsnefnda og með stofnun byggðasamlaga. Þetta ákvæði er mjög mikilvægt vegna þess að mörg af smærri sveitarfélögunum eru ekki í stakk búin til að halda uppi nauðsynlegri þjónustu og koma upp leikskólum í þeim mæli sem þarf. Þess vegna er það oft sem þessi smærri sveitarfélög þurfa að sameinast einmitt á vettvangi héraðsnefnda eða byggðasamlaga um stofnun leikskóla. Í þeim tilfellum kemur að verulegu leyti til kasta ráðuneytisins að liðsinna sveitarfélögum í því efni, bæði gegnum Jöfnunarsjóð og með ýmislegri ráðgjöf. (**Forseti:** Ég vil benda hæstv. félmrh. á að hér eru umræður um þingsköp og aðeins það atriði hvort félmn. skuli taka málið til skoðunar á milli 2. og 3. umr.) Virðulegi forseti. Mér var ekki ljóst að hér væri umræða um þingsköp, þá hefði ég ekki hagað máli mínu með þeim hætti sem ég hef gert. Ég tel þó að ég hafi upplýst nokkuð það ágreiningsatriði sem hv. þm. setti hér fram og því mun væntanlega það sjónarmið sem ég hef hér látið koma fram skýra nokkuð málið fyrir nefndinni ef hún er að taka það á annað borð til umfjöllunar aftur.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að hafa leiðrétt ráðherrann. Ég var einungis að vekja athygli á misræmi sem er á milli laga um leikskóla sem nú eru orðin og þess frv. sem hér er og hef beðið félmn. að athuga sérstaklega það atriði. En ég er þakklátur félmrh. að hann skuli ætla að vera hér við 3. umr. málsins og hlakka til

þess að heyra hann ljúka ræðu sinni til þess að hann geti til fullnustu eytt þeim misskilningi sem ég virðist vera haldinn varðandi leikskólann.

NEÐRI DEILD

73. fundur, mánudaginn 18. mars, kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Athugasemd við blaðaviðtal.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Í Þjóðviljanum laugardaginn 16. mars birtist viðtal við hæstv. forseta Sþ. þar sem gefið er í skyn að Kvennalistinn sé að tefja mikilvæg mál í þinginu. Í því segir þar sem verið er að tala um Kvennalistann m.a. „. . . á meðan mál eins og húsnæðismál, leikskólar, grunnskólalög, lánsfjáráætlun og vegáætlun bíða.“ Og síðar segir: „Auðvitað semja forsetar um þinglok við alla þingmenn, stjórn sem stjórnarandstöðu, og eins og þú hefur e.t.v. tekið eftir þá hefur stjórnarandstaðan, t.d. Sjálfstfl., ekki valdið neinum vandræðum.“

Þetta fannst mér mjög ómaklegt, að halda því fram að við kvennalistakonur værum að tefja mál eins og húsnæðismál, leikskóla- og grunnskólalög. Held ég að þetta sé eitthvað á misskilningi byggt og ég óska eftir því að hæstv. forseta útskýri fyrir hæstv. forseta Sþ., hafi hún ekki fylgst með umræðum hér í þessari hv. deild, að Kvennalistinn hefur svo sannarlega ekki staðið í vegi fyrir að leikskólar, grunnskólar eða húsnæðismál hafi fengið afgreiðslu í deildinni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti getur staðfest það að því fer fjarri að Kvennalistinn hafi tafið þau mál sem hér hafa verið upp talin og mun koma þeim skilaboðum til hæstv. forseta Sþ.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 335. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1019.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Á síðasta fundi þegar þetta mál var tekið fyrir var beðið um frestun á því vegna einhverra væntanlegra brtt. við frv. Forseti hefur ekki meira af þessu frétt.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Þegar þingfundi lauk hér í hv. deild snemma laugardags, ég held að það hafi verið um hálfeittleytið aðfaranótt laugardags, þá var það með þeim ályktunarorðum minnir mig af hálfu forustu þingsins að það ætti að taka hlé yfir helgina þannig að þingmenn gætu hvílst og gott ef ekki náð áttum í ýmsum málum. Það virðist vera sem þetta hafi ekki nægt sumum hv. þingdeildarmönnum ef marka má orð hv. 1. þm. Norðurl. v. þannig að það er spurning hvort það þarf ekki að fá svolítið betri hvíld fyrir þingmenn til þess að þingstörfin megi ganga greitt fyrir sig.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, frh. 2. umr.

Frv. MB o.fl., 375. mál (bústofnslán o.fl.). — Þskj. 662, n. 983.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Svo er mál með vexti að ósk kom fram um að þetta mál yrði athugað í nefnd og hugmyndir um breytingar á því skoðaðar. Það er sjálfsagt að verða við því og ég óska eftir því að að lokinni þessari atkvæðagreiðslu fái nefndin ráðrúm áður en málið verður tekið til 3. umr. til þess að fjalla um það. Sú umfjöllun ætti ekki að þurfa að taka ýkja langan tíma. Ég óska sem sagt eftir því að að lokinni þessari atkvæðagreiðslu fái nefndin tóm til þess að athuga málið og þær breytingarhugmyndir sem fram eru að koma.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti mun sjá til þess að tími verði til að skoða frv. á milli 2. og 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2.–8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 298, n. 874, brtt. 875, 887.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 887 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðbj, AðB, AS, AÓB, ÁHE, EH, FÞ, FrS, GeirG, GHH, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, SV.

nei: SJS, GB, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StH, ÁrnG.

8 þm. (ÞP, GGÞ, JSS, KE, MálmS, ÓÞÞ, RH, SP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða tilraun til að koma aftur inn í húsnæðislöggjöf heimild til húsnæðismálastjórnar til að veita sérstök lán til þriggja ára til þeirra sem lenda í erfiðleikum með útborgun af alveg sérstæðum aðstæðum. Eins og oft vill verða í sambandi við þessi mál þarf Húsnæðisstofnun að hafa slíka heimild. Hún var felld niður á sl. ári og hér er tilraun til að koma henni inn aftur. Ég segi já.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er verið að gera heiðarlega tilraun til þess að koma ákvæði inn í lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins, félagslega kerfið, sem hefur verið í því frá upphafi en var fellt niður illu heilli af núv. ríkisstjórnarmeirihluta í fyrra. Eins og hv. þm. Alexander Stefánsson hefur lýst, þá er þetta mjög mikilvægt ákvæði fyrir þá sem eiga undir högg að sækja í þessum málum. Ég segi já.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í nefnd sem endurskoðaði félagslega íbúðakerfið fyrir einu og hálfu ári síðan og í áttu sæti m.a. fulltrúar ASÍ og BSRB var lagt til að þetta ákvæði, sem hér eru greidd atkvæði um, yrði fellt niður vegna þess að í staðinn komu ýmis önnur ákvæði sem tryggja áttu betur hag láglaunafólks. Ég styð sjónarmið ASÍ og BSRB í þessu máli og segi nei.

Brtt. 875,1–4 samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 875,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1991, 2. umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 411 (sbr. 404), n. 1004, 1015 og 1032, brtt. 525, 1005, 1006, 1008, 1016, 1026.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1004 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar segir: „Nefndin hefur haft frv. til athugunar um nokkurt skeið og fékk til fundar við sig Yngva Örn Kristinsson og Bjarna Braga Jónsson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Jónatansson, Jóhann Má Maríusson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Magnús Pétursson, Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjmrn., Sveinbjörn Óskarsson frá fjmrn. vegna Herjólfs hf., Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Benedikt Jónsson frá Lífeyrissjóði bænda, Hermann Guðjónsson og Eyþór Elíasson frá Vita- og hafnamálastofnun, Kristínu Halldórsdóttur og Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Jóhönnu Leópoldsdóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Þorstein Jónsson frá Kvikmyndasjóði, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Markús Örn Antonsson og Hörð Vilhjálmsson frá Ríkisútvarpinu, Jóhönnu Ottesen frá Útflutningslánasjóði, Hrafn Pálsson frá Framkvæmdasjóði aldraðra, Gísla Konráðsson frá Stéttarsambandi bænda, Gísla Karlsson frá Framleiðnisjóði, Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, Sturlu Tómasson og Grétu Aðalsteinsdóttur frá Framkvæmdasjóði fatlaðra, Snæbjörn Jónasson frá Vegagerð ríkisins, Hauk Hauksson frá Flugmálastjórn, Árna Þór Sigurðsson og Þórð G. Valdimarsson frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Þórleif Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason, Kristján Jónasson, Engilbert Ingvarsson og Birgi Ómar Haraldsson frá Djúpbátnum hf., Einar Sigurðsson og Guðmund Hermannsson frá hreppsnefnd Ölfushrepps, Sigurð E. Guðmundsson og Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Halldór Kristjánsson frá samgrn., Jón Ólafsson frá Félagi fiskmjölsframleiðenda og Þorstein Gíslason frá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með brtt. sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndarmenn úr meiri hluta flytja einnig brtt. á þskj. 1006 og 1008.

Í fylgiskjali með áliti þessu er birt yfirlit yfir aukin útgjöld og ábyrgðir ríkissjóðs samkvæmt brtt. á þskj. 1005 og 1006.“

Að þessu áliti standa Páll Pétursson, Ólafur Þ. Þórðarson, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Ragnar Arnalds.

Brtt. meiri hl. er að finna á þskj. 1005 og vil ég gera í stuttu máli grein fyrir þeim breytingum sem frv. hefur tekið í nefnd.

Þá er fyrst til að taka um Framkvæmdasjóð aldraðra. Ákvæði frv. til lánsfjárlaga 1991 sem kveður á um skerðingu á framlagi til Framkvæmdasjóðs aldraðra falli niður.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Ákvæði frv. til lánsfjárlaga 1991 sem kveður á um skerðingu á framlagi Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði fellt niður. Jafnframt verði reglugerð um verkefni sjóðsins breytt og sjóðnum heimilað að leggja fé til meiri háttar viðhalds á stofnunum og heimilum fatlaðra. Um 35 millj. kr. sem þar með bætast við ráðstöfunarfé sjóðsins 1991 verði varið til viðhaldsverkefna.

Bjargráðasjóður. Ákvæði frv. til lánsfjárlaga 1991 sem kveður á um niðurfellingu á framlagi ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði fellt niður til að auðvelda sjóðnum að bæta tjón vegna óveðurs, bæði 3. febr. sl. og eins vegna óveðurs sem varð nokkrum dögum fyrr.

Gjafir til björgunarsveita og mannúðar- og líknarstarfsemi. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjmrh. heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi. Jafnframt er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af rann-

sóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

Þá er það niðurfelling aðflutningsgjalda af flugskýli. Fjmrh. verði heimilað að fella niður opinber gjöld sem tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum Flugleiða við byggingu nýs viðhaldsflugskýlis á Keflavíkurflugvelli.

Meðferðarstöðin á Fitjum. Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að veita meðferðarstöðinni á Fitjum 20 millj. kr. framlag til að tryggja áframhaldandi starfsemi og taka til þess nauðsynleg lán.

Þá eru bætur til ríkisfyrirtækja vegna óveðurstjóns. Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 350 millj. kr. til að mæta tjónabótum frá ríkisfyrirtækjum og stofnunum vegna eignatjóns af völdum óveðurs. Ráðstöfun þess fjár verði staðfest í fjáraukalögum 1991.

Til framkvæmda vegna loðnubrests o.fl. Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 100 millj. kr. til opinberra framkvæmda og aðgerða í atvinnumálum í byggðarlögum sem hart hafa orðið úti vegna loðnubrests eða örðugs atvinnuástands. Um skiptingu fjárins milli hinna einstöku verkefna fer eftir ákvörðun fjvn.

Víða um land er við mikinn vanda að etja í atvinnumálum, bæði vegna loðnubrests, svo sem á Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og víðar, og einnig vegna annarra tilfallandi orsaka, svo sem á Blönduósi vegna verkloka við virkjun Blöndu. Þar er að skapast vandræðaástand í atvinnumálum.

Ríkisspítalar. Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 60 millj. kr. til að fjármagna endurnýjun á tölvubúnaði ríkisspítala enda verði tekið tillit til þess í árlegu framlagi á fjárlögum næstu ára.

Þá eru það fragtflutningar. Fjmrh. er heimilt að verja allt að 25 millj. kr. til þess að greiða fyrir og styrkja fragtflutninga með flugi milli Íslands og annarra landa, enda stuðli það að auknum útflutningi innlendrar framleiðslu.

Búvörusamningur. Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skuldbindinga með útgáfu skuldabréfa á árinu 1991 að upphæð allt að 1700 millj. kr. vegna samnings landbrh. við bændur um fækkun fjár og aðlögun sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði, sbr. lög nr. 46/1985. Heimild þessi gildir þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar lagabreytingar vegna framkvæmdar samningsins að öðru leyti.

Þá er það vandi loðnuverksmiðja. Lagt er til að brugðist verði við þeim mikla vanda sem nú steðjar að loðnuverksmiðjum í landinu vegna þess að loðnan brást að verulegu leyti á þeirri vertíð sem nú er að ljúka. Lúta þessar tillögur annars vegar að því að létta af bráðum greiðsluvanda verksmiðjanna með því að veita heimild til ríkisábyrgðar á hluta skuldbreytinga og eldri lánum verksmiðjanna en hins vegar að því að bæta rekstrarafkomu verksmiðjanna til frambúðar með því að koma á fót sérstökum úreldingarsjóði loðnuverksmiðja.

Í minnisatriðum sem samstarfshópur ráðuneyta skilaði inn til ríkisstjórnarinnar 7. febr. sl. um aðgerðir vegna aflabrests í loðnuveiðum var á það bent að framleiðslugeta loðnuverksmiðjanna í landinu væri of mikil og því æskilegt að fækka þeim á næstu árum. Varpaði samstarfshópurinn fram þeirri hugmynd að stuðla mætti að fækkun verksmiðja með tilstyrk ríkisins. Á grundvelli hugmyndar starfshópsins lagði sjútvrh. til í ríkisstjórn að tekið yrði 200 millj. kr. lán og því láni yrði fyrir milligöngu Fiskveiðasjóðs Íslands varið til að stuðla að úreldingu loðnuverksmiðja. Er fyrsti liður brtt. í samræmi við þær tillögur. Hugmyndin er sú að gera tæknilega úttekt á loðnuverksmiðjunum. Út frá slíkum tæknilegum upplýsingum ásamt staðsetningu og fjárhagslegri stöðu verksmiðjanna þarf síðan að meta hvaða verksmiðjur skuli úrelda. Eigendum þessara verksmiðja verður gefinn kostur á að fá greiddan tiltekinn úreldingarstyrk. Styrkurinn yrði notaður til að semja við lánardrottna um greiðslur áhvílandi veðskulda. Í þessu skyni tekur ríkissjóður 200 millj. kr. lán skv. fyrsta lið brtt. og endurlánar það Fiskveiðasjóði. Er þá miðað við að þær loðnuverksmiðjur sem áfram starfa í landinu og njóta því hags af fækkun verksmiðja taki að sér að greiða 60% vaxta og afborgana af láninu en 40% verði endanlega borin af ríkissjóði.

Þá er lagt til að ríkissjóði verði heimilt að ábyrgjast allt að 200 millj. kr. skuldbreytingar á eldri lánum loðnuverksmiðja. Eins og áður er sagt veldur loðnubresturinn miklum greiðsluvanda hjá loðnuverksmiðjunum. Ríkisstjórnin hefur því beint þeim tilmælum til banka og sjóða að þeir skuldbreyti vanskilum af eldri lánum verksmiðjanna svo og greiðslu vaxta og afborgana sem á þetta ár falla af þeim lánum. Þar sem verksmiðjurnar eru skuldsettar er þó talin þörf á því að fylgja þessum tilmælum eftir með því að ríkissjóður bjóði sjálfskuldarábyrgð á fjórðungi slíkra skuldbreytinga. Er hugmyndin sú að sjálfskuldarábyrgð verði veitt í þeim tilvikum þar sem lánastofnanir meta það að skuldbreyta megi og nái til fjórðungs skuldbreytinganna án tillits til þess hvort skuldbreytingarnar eru veittar með nýju skuldabréfi eða með því að fresta afborgunum innan ramma þegar útgefinna skuldabréfa. Sameiginlegt hámark þessarar sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs verði 200 millj. kr. og samsvarar það heildarskuldbreytingu upp á 800 millj. kr.

Loks er lagt til að heimiluð verði sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á 300 millj. kr. láni til Síldarverksmiðja ríkisins, en staða fyrirtækisins er mjög erfið um þessar mundir, vegna þess að aflabrestur kemur á sama tíma og mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá fyrirtækinu. Hluti þessarar upphæðar á að gera Síldarverksmiðjum ríkisins kleift að halda starfsfólki því sem sagt hefur verið upp störfum.

Rækjuverksmiðjur. Fjmrh. er heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 200 millj. kr. á árinu 1991 og endurlána Byggðastofnun til að leysa úr vanda rækjuverksmiðja.

Þá er það Lánasjóður sveitarfélaga. Fjmrh. er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 35 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Lánasjóði sveitar-

félaga til umhverfisbótadeildar sjóðsins og veita lán eða styrki til umhverfisbætandi framkvæmda að fengnum tillögum umhvrh.

Djúpbáturinn hf. Djúpbátnum á Ísafirði er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 45 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að kaupa nýja ferju. Áætlað kaupverð nýja skipsins er 27 millj. kr. og nauðsynlegar breytingar eru taldar kosta allt að 18 millj. kr. Jafnframt er samgrh. heimilt að leyfa fyrirtækinu innflutning á ferjunni þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

Þá er það Byggðastofnun, bætt eiginfjárstaða. Fjmrh. er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að yfirtaka skuldir Byggðastofnunar hjá Framkvæmdasjóði Íslands allt að 1.200 millj. kr.

Kaup á eignum orkuveitna. Fjmrh. er heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán vegna kaupa Rafmagnsveitna ríkisins á eignum Hitaveitu Siglufjarðar og Rafveitu Siglufjarðar.

Þá er fjmrh. heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að fengnu samþykki fjvn. að semja við Hitaveitu Hjaltadals um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitunnar í framtíðinni.

Kvikmyndasjóður. Lagt er til að fellt verði niður skerðingarákvæði vegna Kvikmyndasjóðs. Þetta er vegna gerðra skuldbindinga um samnorrænt verkefni í kvikmyndagerð.

Þess ber að geta að ýmis fleiri mál voru til meðferðar í nefndinni. Ég nefni sérstaklega hugmyndir um hafnarbætur í Þorlákshöfn ef þar yrði af byggingu þilplötuverksmiðju. Forsrh. mun fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gefa yfirlýsingu um að hún sjái um að fé verði tiltækt til undirbúningsframkvæmda í höfninni í Þorlákshöfn ef samningar takast um byggingu þilplötuverksmiðju þar.

Hér er um veigamikil lánsfjárlög að ræða og verulegar viðbætur við frv. eftir að það kom frá Ed. Hluti þessa frv. hefði eins getað verið í fjáraukalögum en þar sem þau verða ekki til meðferðar fyrir þinglok var horfið að því ráði að afla lánsfjárheimildar með þessum hætti. Svipuðu máli gegnir með eignarnámsheimild í Vatnsleysustrandarhreppi en hún hefði þinglega séð farið betur í sérstökum lögum. Horfið var að því ráði að tengja lánsheimildina lánsfjárlögum og telja lögspekingar það nægilegt.

Þá vil ég geta sérstaklega um fylgiskjal með nál. þar sem heimildirnar eru flokkaðar. Hér er um háar fjárhæðir að ræða en sumar eru þó aðeins tilfærslur úr einum vasa í annan og ólíklegt að þörf verði fyrir sumar upphæðirnar allar.

Herra forseti. Þetta voru brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn., þ.e. Ólafur Þ. Þórðarson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ragnar Arnalds og ég, stendur að. En Ragnar Arnalds stendur ekki að tveimur brtt. við lánsfjárlögin sem aðrir úr meiri hl. styðja. Kom það okkur nokkuð á óvart að á lokastigi skyldi flokksbróðir fjmrh. ekki treysta sér til að standa að afgreiðslu þessara tveggja greina.

Önnur brtt. fjallar um Landsvirkjun og hljóðar svo: „Landsvirkjun er enn fremur heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægjanlegri raforku frá áramótum 1994–1995. Ákvörðun um þennan undirbúning og að nýta heimildir samkvæmt þessari málsgrein skal tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi."

Að sjálfsögðu verður ekki farið út í fjárfrekar framkvæmdir til undirbúnings þessa máls fyrr en skriður er á ný kominn á samninga um álver á Keilisnesi, en eins og menn vita eru þeir samningar í biðstöðu eins og stendur. En það er von okkar að úr rætist og þá þarf að hafa þessa heimild ef sumarið á ekki að tapast sem framkvæmdatími. Það er sem sagt sett undir þennan leka með þessu móti.

Þá er brtt. um kaup á jarðnæði fyrir nýtt álver. „Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána Vatnsleysustrandarhreppi til að fjármagna kaup á jörðinni Flekkuvík, ásamt mannvirkjum, og lönd úr jörðunum Stóru- og Minni-Vatnsleysu, ásamt mannvirkjum og til að fjármagna kostnað og sérfræðiráðgjöf vegna lóðaöflunar fyrir álver á Keilisnesi. Endurgreiðsla Vatnsleysustrandarhrepps á veittum lánum samkvæmt þessari grein skal háð því að af byggingu og rekstri álvers verði en að öðrum kosti skulu hinar keyptu eignir falla til ríkissjóðs.

Náist ekki samningar við eigendur landa eða mannvirkja getur fjmrh. heimilað Vatnsleysustrandarhreppi að taka eignarnámi vatnsréttindi, land, aðstöðu og önnur réttindi sem nauðsynleg eru vegna byggingar álvers á Keilisnesi og hafnar vegna þess. Eignarnám samkvæmt þessu ákvæði skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 11/1973", þ.e. um framkvæmd eignarnáms.

Eins og ég sagði áðan hefði farið betur á að flytja þetta í sérstöku frv. en að því ráði var horfið að útvega þessa bráðnauðsynlegu heimild sem lið í þeim bandormi sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum en minni enn og aftur á þá skilagrein sem prentuð er sem fylgiskjal með nál. meiri hl. þar sem hinar einstöku fjárhæðir eru sundurliðaðar þingmönnum til glöggvunar.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil hér gera grein fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. vegna frv. til lánsfjárlaga árið 1991.

Afgreiðsla þessa frv. hefur dregist úr hömlu, fyrst og fremst vegna innbyrðis deilna stjórnarflokkanna um ýmis atriði þess. Nánast daglega hafa birst nýjar hugmyndir um lántöku frá einhverjum stjórnarflokkanna og er nú útlit fyrir að meiri hl. ætli við lokaafgreiðslu málsins að samþykkja 1.200 millj. kr. aukin útgjöld

ríkissjóðs sem fjármagna á með innlendum lántökum og að auki heimildir til 735 millj. kr. erlendrar lántöku. Þá leggur meiri hl. einnig til auknar lántökuheimildir erlendis vegna virkjanaframkvæmda auk ýmissa annarra skuldbindinga sem stofna skal til og skila sér í auknum halla á A-hluta fjárlaga. Þessar stórauknu lántökur, sem boðaðar eru með þessum tillögum meiri hl., eru bein ávísun á hækkun vaxta og munu hafa mikil áhrif á fjármagnsmarkaðinn í heild. Vaxtahækkun ógnar ekki síst hag heimilanna sem eru orðin annar stærsti lántakandinn á innanlandsmarkaði og eru gjaldþrot einstaklinga og heimila orðin uggvænlega tíð.

Fyrsti minni hl. er algjörlega ósamþykkur þeim áherslum sem fram koma í brtt. meiri hl., sérstaklega að því er varðar auknar lántökuheimildir til Landsvirkjunar og vegna kaupa á jarðnæði fyrir nýtt álver, sem reyndar einn fulltrúi meiri hl., Ragnar Arnalds, stendur ekki að en flytur sérstaka brtt. um. Ekkert endanlegt liggur fyrir um samninga við erlenda aðila um byggingu og rekstur álvers og allt eins líklegt að af þeim verði alls ekki. 1. minni hl. mundi að sjálfsögðu fagna því ef áform um byggingu álvers næðu ekki fram, enda hafa kvennalistakonur beitt sér eindregið gegn nýju 200 þús. tonna álveri sem hefði í för með sér mikla umhverfismengun, auk þess sem fjárfesting að baki hverju starfi yrði óhóflega mikil og fjárhagslegur ávinningur lítill, jafnvel þótt umhverfisþættir væru ekki reiknaðir inn í dæmið. Hins vegar fagnar 1. minni hl. því að meiri hl. skuli nú fást til þess að veita heimild til að semja um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands en það er einmitt sú leið sem Kvennalistinn hefur viljað fara í þessu máli.

Fyrsti minni hl. styður einnig afnám skerðingargreina vegna Bjargráðasjóðs, Kvikmyndasjóðs, Framkvæmdasjóðs aldraðra og Framkvæmdasjóðs fatlaðra, en lýsir furðu sinni yfir því að meiri hl. skuli ekki ætla að taka á fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins vegna óhjákvæmilegra framkvæmda á vegum þess. 1. minni hl. leggur því til að 25. gr. frv. verði felld niður svo að Ríkisútvarpið fái þær tekjur af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum sem því ber lögum samkvæmt. Þessi brtt. er á þskj. 1016 en nánar verður gerð grein fyrir henni af hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Fyrsti minni hl. mun samkvæmt framansögðu taka afstöðu til einstakra greina frv. en sitja hjá við atkvæðagreiðslu um málið í heild.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. í þessu máli, sem er lánsfjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 1991. Ásamt mér skipar 2. minni hl. hv. þm. Matthías Bjarnason.

Það er ljóst af afgreiðslu þessa máls að um gífurlega aukningu lánsþarfar verður að ræða hjá íslenska ríkinu á yfirstandandi ári miðað við fyrri áætlanir og enn fremur liggur í augum uppi að ríkisumsvif eru að aukast verulega.

Það mál sem hér er til umræðu hefur tafist verulega hjá nefnd. Síðustu vikurnar er það fyrst og fremst vegna þess að um verulegan ágreining hefur verið að ræða innan ríkisstjórnarflokkanna. Hefur sá ágreiningur nú verið opinberaður annars vegar á miðstjórnarfundi Framsfl. sem haldinn var á laugardaginn var og hins vegar hér í þingsölum með því að hv. meiri hl. stjórnarliðsins sem er í fjh.- og viðskn. hefur klofnað í veigamiklu máli, kannski veigamesta málinu sem er framhald álmálsins. Í ljós kemur að stjórnarsinnar treystast ekki til að flytja sömu tillöguna heldur liggja fyrir ólíkar tillögur á mismunandi þskj., annars vegar frá hv. þm. Ragnari Arnalds og hins vegar frá hv. þm. Framsfl. og Alþfl. Það er rétt að það komi fram strax hér í upphafi að í hv. nefnd bauðst ég til að kanna það í mínum þingflokki hvort áhugi væri á því hjá hv. þm. framsóknarmanna og alþýðuflokksmanna að mynda meiri hl. í nefndinni um þetta mál en slíkt boð var afþakkað á nefndarfundinum.

Það væri full ástæða til að fara mörgum orðum um ágreining stjórnarflokkanna í álmálinu en það sem nú hefur gerst er það að til þess að þóknast hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, 2. þm. Austurl., virðist hans þingflokkur, þingflokkur Alþb., hafa ákveðið að gera brtt. við eina grein lánsfjárlagafrv. þar sem um er að ræða heimild fyrir fjmrh. og Landsvirkjun að taka lán til þess að fara í framkvæmdir vegna fyrirhugaðra virkjana vegna álvers á Keilisnesi. Þar með hefur það verið opinberað að um verulegan ágreining er að ræða. En vegna þess að Framsfl. veit ekki í þessu máli frekar en í svo mörgum öðrum í hvorn fótinn hann á að stíga hefur formaður Framsfl., sjálfur forsrh. hæstv., ákveðið að segja sína skoðun á þessu máli með mjög eftirminnilegum hætti sem fjölmiðlar hafa nú um helgina verið að tíunda aftur og aftur. Boðskapur hæstv. forsrh. er að hæstv. iðnrh. hafi einn og sér verið að laumast með þetta mál og þótt það sé alkunna að hæstv. iðnrh. sé dugnaðarmaður þá hefði það verið málinu meira til framdráttar ef hann hefði haft samráð við aðra hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni. Þannig mátti skilja boðskap hæstv. forsrh. sem síðan fékk mjög skýr svör frá hæstv. iðnrh., svör sem áttu að þýða það að ekki væri þetta mjög af heilindum mælt af hálfu hæstv. forsrh., enda hefði forsrh. alla tíð fengið vitneskju um það hvað þessu máli liði.

Það virðist vera áberandi í hæstv. ríkisstjórn að hæstv. ráðherrar hafi hug á því að undirstrika það, sem er almælt, að hæstv. iðnrh. hafi mikið borist á í þessu máli, safnað undirskriftum, auglýsingum, haldið blaðamannafundi og gefið út fréttatilkynningar, en í raun og veru hafi harla lítið verið á bak við þessar aðgerðir hæstv. iðnrh. efnislega. Nú þegar nær dregur kosningum og Alþfl. ætlar að gera þetta að stærsta kosningamáli sínu í Reykjaneskjördæmi, þá virðist það fara mjög fyrir brjóstið á samráðherrum hæstv. iðnrh. og hámarkið er þegar hæstv. forsrh. sendir þetta skeyti til hæstv. iðnrh. sem hann gerði á miðstjórnarfundi Framsfl. sem haldinn var á laugardaginn.

Auðvitað eru ýmsar skýringar á þessu háttalagi hæstv. ráðherra. Það þarf ekki annað en benda á að hæstv. iðnrh. leyfði sér í útvarpsumræðum sl. fimmtu-

dag að nefna til sögunnar að til greina kæmi að leggja á auðlindaskatt. Jafnframt hefur hann í vetur verið óþreytandi við að benda á þá staðreynd að í raun og veru er það hæstv. ríkisstjórn sem stendur að því að halda vöxtunum uppi hér á landi. Hæstv. viðskrh., sem jafnframt er iðnrh., hefur verið óþreytandi við að skýra það út fyrir hæstv. forsrh. og reyndar öðrum hæstv. ráðherrum að Seðlabankinn hafi rétt fyrir sér þegar hann undirstrikar mjög rækilega að hin mikla lánsfjárþörf íslenska ríkisins, bæði ríkissjóðs og annarra opinberra aðila, veldur því að vaxtastigið hér er mun hærra en það þyrfti að vera. Þessu unir ekki hæstv. forsrh. og nú hefur hann hafið gagnsókn. Gagnsóknin er í því fólgin að benda á nokkrar staðreyndir í sögu álmálsins, einkum þær að hæstv. iðnrh. hafi stundum sagt meira en hann hafði ástæðu til.

Jafnframt fer það mjög fyrir brjóstið á ýmsum samráðherrum hæstv. iðnrh. að hæstv. iðnrh. hefur alla tíð þóst vinna öll sín afrek einn saman en ekki þurfa á aðstoð annarra að halda. Reyndar hefur Alþýðublaðið mjög tekið undir þessi sjónarmið ráðherrans, hælt honum á hvert reipi og þarf ekki annað en rifja upp margnefnda leiðara þar sem hæstv. iðnrh. er hælt með þeim hætti að menn hljóta að fyllast lotningu ef þeir sjá ekki í gegnum oflofið og átta sig á því að í raun er þetta allt saman grín. (Gripið fram í.) Ég held að þótt hv. 2. þm. Austurl. hafi unun af því að heyra mig mæra hæstv. iðnrh., þá láti ég honum það eftir að fá að berja þetta augum og njóta þess þess vegna bæði að horfa á textann og hlýða á hann þegar hann fær tækifæri til að lesa hann hér í ræðustól síðar í þessari umræðu, því að ekki efast ég um það að hv. þm. ætlar að taka til máls í þessu máli, svo mjög sem hann hefur þanið sig um álmálið, svo mjög sem hann hefur rætt um sjónarmið sín í álmálinu að undanförnu.

Það sem þess vegna þarf að undirstrika hér strax í upphafi þegar mælt er fyrir þessu frv. og reyndar fyrir nefndarálitum er að það kemur í ljós að það er bullandi ágreiningur á milli stjórnarflokkanna í ýmsum mjög mikilvægum málum. Nú er það eins og brandari að horfa á þáltill. hæstv. iðnrh. þar sem sjálfur álykt-unartextinn skiptir að sjálfsögðu ekki nokkru máli. Það hefur enga þýðingu hvort tillagan er samþykkt eða ekki. Auðvitað getur hæstv. iðnrh. haldið áfram viðræðum við hina erlendu aðila og Sjálfstfl. hefur að sjálfsögðu stutt hann í því því að hér er um að ræða mál sem Sjálfstfl. vakti á sínum tíma. (**HG:** . . . Alþingi samþykki ekki tillöguna.) Ég held að það skipti engu máli hvort tillagan er samþykkt eða felld. Það eina sem skipti máli í þeirri tillögu var greinargerðin sjálf og í henni var getið um tvær tillögur sem manni skildist að hæstv. ríkisstjórn hefði samþykkt. Í ljós hefur komið að það var ekkert samkomulag innan hæstv. ríkisstjórnar um þær tvær tillögur sem finna mátti í greinargerð með þáltill. því að nú hafa þær tekið breytingum í meðferð meiri hlutans, þ.e. í tillögum hv. þm. Framsfl. og Alþfl., í brtt. við lánsfjárlagafrv., og enn ný versjón kemur fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds sem flytur brtt. við þessa brtt.

Með öðrum orðum hefur enn á ný sannast að hæstv. iðnrh. hefur komið fram með mál sem ekkert er á bak við, ekkert nema auglýsingin ein. Því miður verður að staðfesta þessa staðreynd hér og segi ég þetta ekki vegna þess að ég sé andvígur því máli sem um er að ræða, heldur þvert á móti hlýt ég að hryggjast yfir því að þannig skuli vera haldið á málum að jafnvel sé þessu stórmáli stefnt í hættu. Mér er kunnugt um það frá fyrri tíð hve mikilvægt það er og veit það reyndar með því að fylgjast með þessu máli að Íslendingar geta bætt sín lífskjör með því að breikka undirstöðurnar í atvinnulífinu. Álmálið er eitt af þeim málum sem þarf að taka á í því sambandi og það er vissulega ekki góðs viti þegar innan hæstv. ríkisstjórnar ríkir sá glundroði sem sannast í þessu máli.

Álmálið, vextirnir og sjávarútvegsmál eru ekki einu málin sem hæstv. ráðherrar og hv. stjórnarþingmenn deila um. Ég nefni einnig til sögunnar landbúnaðarmál en hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. varð um helgina frægur af því að fara gegn sjónarmiðum hæstv. landbrh. og taldi að sá samningur sem nú liggur fyrir fari mjög gegn hagsmunum bænda, a.m.k. þeirra bænda sem stunda sauðfjárbúskap. Öllum má því vera ljóst og ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram við upphaf þessarar umræðu að innan ríkisstjórnarinnar virðist ekki vera samstaða um nokkurn skapaðan hlut og virðist þessi hæstv. ríkisstjórn vera að leysast upp í öreindir sínar.

Áður en ég vík að sjálfu nál. langar mig til að benda á að þrátt fyrir þær tillögur sem meiri hluti nefndarinnar flytur er ljóst að enn vantar verulega á að lánsfjárlögin ásamt fjárlögunum endurspegli fjárþörf og útgjaldaáætlun ríkisins. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega benda á að fulltrúar hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. í Lánasjóði ísl. námsmanna komu á fund nefndarinnar og sögðu þar skýrt og skorinort að ef Lánasjóður ísl. námsmanna ætti að lána námsmönnum með sömu reglum og nú gilda, þá vantaði hvorki meira né minna en 300 millj. í Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta er sagt á sama tíma og hæstv. menntmrh. leyfir sér á kostnað íslenska ríkisins að senda út bréf til allra þeirra sem taka lán og skulda sjóðnum að nú sé þjóðarsátt um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ef eitthvað er tvískinnungur, þá er það tvískinnungur að segja nú rétt fyrir kosningar að það sé búið að tryggja það að Lánasjóður ísl. námsmanna geti lánað námsmönnum það sem eftir lifir ársins eins og hingað til hefur verið gert þegar ljóst er og liggur á borðinu að fulltrúar hins sama hæstv. ráðherra nefna það til sögunnar að það vanti hvorki meira né minna en 300 millj. til þess að áætlanir geti staðist.

Þá langar mig til að minna á það að ekkert er getið um fjárþörf ríkisspítala í tillögum meiri hlutans ef frá er talin tillaga um tölvukaup. Það er nauðsynlegt að það komi fram að það vantar líklega um 150 millj. til viðbótar við þessi tölvukaup til þess að spítalinn geti verið rekinn eins og áætlanir standa til og er ekki verið að tala um það þá að opna allar deildir spítalans nema síður sé.

Það kemur fram í tillögum Kvennalistans, einu tillögunni sem Kvennalistinn flytur, að Kvennalistinn

leggur til að fallið verði frá skerðingarákvæði því sem gildir um framlög í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Ef sú skerðing félli niður mundi Ríkisútvarpið fá 100–150 millj. kr. á að giska í Framkvæmdasjóð. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa tillögu, ekki síst vegna þess að mörg undanfarin ár hafa ráðherrar, ekki síst menntmrh., lýst því að í raun og veru sé það lífsnauðsynlegt að byggja nýtt mastur fyrir langbylgjuútsendingar í stað mastursins á Vatnsenda, enda gæti það fokið í næsta roki. Þessu var lýst mjög gaumgæfilega á fundum nefndarinnar. Reyndar man ég nú svo langt aftur að þegar ég sat í útvarpsráði fyrir nokkrum áratugum voru fluttar margar ræður af hálfu starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ég man ekki síst eftir Guðmundi Jónssyni, þá framkvæmdastjóra, sem sagði að á næsta hvassviðrisdegi mundi mastrið fjúka út í veður og vind og þá væri öryggi Íslendinga stefnt í hættu.

Nú gerðist það einn góðan veðurdag, eins og einn ágætur maður sagði, að mastrið fauk, eins og ákveðinn maður orðaði það við mig um daginn, og þá vildi svo til að áliti hæstv. ráðherra að hlustunarskilyrðin bötnuðu svo mikið að fallið var frá þeirri kröfu hæstv. menntmrh. að leggja nokkur hundruð milljóna í það að byggja og reisa nýtt mastur.

Mér þykja þetta svo frábær töfrabrögð að maður fer að hugsa til þess hvort hér sé ekki komið eitt besta og mesta hagstjórnartækið, þ.e. vindurinn, hvassviðrið, þegar í ljós kemur að hægt er að falla frá nokkur hundruð millj. kr. fjárveitingu til mastursins. En það mun vera álíka há tala eins og nú er inni í lánsfjárlagabreytingartillögunum og snúa að RARIK, Orkubúi Vestfjarða og Landspítalanum. Það mun vera eitthvað um 350 millj. sem þarf til þess að greiða fyrir skemmdir sem urðu vegna ofviðrisins hjá þessum aðilum.

Nú má vera að niðurstaðan verði sú að Ríkisútvarpið fái ekkert á yfirstandandi ári og sjálfsagt eru stjórnarliðar líklegastir til þess að fella þessa tillögu sem fyrir liggur um að hverfa frá skerðingarákvæðinu, en mér er sagt af ábyrgum mönnum að þrátt fyrir þann ágreining sem upp hefur komið um það hvort hægt sé að nýta sér aðra og nýrri tækni en þá sem var og menn hafa verið að gæla við að halda áfram að nota varðandi útsendingar á langbylgjunni, þá er ljóst að það er sama til hvaða ráða þarf að grípa. Slík ráð kosta a.m.k. 150 millj., líklega miklu hærri upphæð. Það sem hins vegar tefur þetta mál er það að nú er starfandi nefnd á vegum Pósts og síma, Ríkisútvarpsins og fleiri aðila sem ætlar að skoða málið og mun það tefja málið um skeið. Ég hef hins vegar eins og margir aðrir miklar áhyggjur af því að Ríkisútvarpið og Póstur og sími fái ekki fjármuni til þess að reisa þetta mastur. Því að vissulega er það grundvallaratriði og raunar ein af örfáum forsendum þess að menn vilji styðja Ríkisútvarpið með beinum hætti og skattskyldu allra, að Ríkisútvarpið sinni öryggis- og menningarskyldu sinni. Það er þess vegna ábyrgðarhluti fyrir hæstv. ríkisstjórn að hverfa ekki frá skerðingarákvæðinu og bendi ég á að meiri hl. hv. nefndar var inni á því að fella burtu skerðingarákvæðið þar til tilmæli bárust frá yfirvöldum um að fresta því um sinn.

Það er þess vegna ljóst að hæstv. ríkisstjórn Íslands ber fulla ábyrgð á því ef framkvæmdir tefjast við að koma öryggismálum vegna útvarpsins í lag. Það er hæstv. ríkisstjórn Íslands sem ber fulla ábyrgð á afleiðingum þess. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram því að svo kann að verða að síðan vilji hæstv. ríkisstjórn firra sig ábyrgðinni. Það liggur fyrir og það segja talsmenn Ríkisútvarpsins að það eru full not fyrir þá fjármuni sem mundu koma inn af tollum og aðflutningsgjöldum af sjónvarps- og útvarpsviðtækjum til þess að byggja upp öryggistæki vegna útsendingar útvarpsins.

Það vantar ugglaust fleiri atriði, virðulegi forseti, í þetta frv. og ég býst við að þeim verði lýst frekar í umræðunum sem hér fara á eftir.

Það kemur í ljós þegar stofnanir íslenska ríkisins eru spurðar um áhrif af samþykkt þess frv. sem hér liggur fyrir að Seðlabanki Íslands, sem gefur ráð og álit um fjármál og lánsfjármál, telur að það sé nánast vonlaust að ná þeim fjármunum á innlendum lánsfjármarkaði sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ná á yfirstandandi ári. Þjóðhagsstofnun bendir á að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um afgreiðslu á frv. þurfi íslenska ríkið að taka tvær krónur af hverjum þremur af nýjum sparnaði á yfirstandandi ári til eigin nota vegna hallareksturs og augljóst sé að slíkt þrengi mjög um aðra á lánsfjármarkaðinum sem annaðhvort verði til þess að vextir stórhækka eða, sem líklegra er, að taka verði lán á erlendum markaði eins og hæstv. ríkisstjórn reyndar neyddist til að gera á sl. ári.

Það væri vissulega ástæða til þess að fara hér fleiri orðum um þá stefnu stjórnvalda að taka lán einungis á innlendum markaði og gera mikið úr því að það sé til fyrirmyndar á sama tíma og hæstv. viðskrh. til að mynda veitir ýmsum fyrirtækjum í landinu heimild til þess að fara á erlendan lánsfjármarkað og taka lán þar. Í raun og veru sjá allir menn að það skiptir ekki máli hverjir taka lán erlendis. Aðalatriðið eru heildarlánin sem tekin eru hérlendis og erlendis. Ég þekki það úr bankakerfinu að það hefur verulega farið í vöxt að undanförnu að hæstv. ríkisstjórn hefur bent fyrirtækjum, sem hafa þurft á verulegum fjármunum að halda vegna reksturs síns, á að fara til bankanna og síðan hafa forstöðumenn fyrirtækja mætt hjá bankastjórum með uppáskrifaðar heimildir frá hæstv. viðskrh. um það að þeir hafi heimildir til þess að taka lán erlendis. Það er auðvitað leikfimi þegar málum er hagað þannig að ríkissjóður rembist við það að ná öllum tiltækum krónum á innlenda lánsfjármarkaðinum en sendir síðan fyrirtæki, sem þurfa á peningum að halda, til útlanda. Þetta er sú fjármálastjórn og sú efnahagsstjórn sem Íslendingar þurfa að þola nú um þessar mundir.

Það sem auðvitað skiptir máli er að það hefur verið þannig á undanförnum árum að hægt hefur verið að fjármagna lánsfjárþörf opinberra aðila á innlendum lánsfjármarkaði vegna þess að atvinnulífið hefur verið í lægð, vegna þess að flest fyrirtækjanna hafa ekki haft burði til þess að fjárfesta. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur ekki verið á þann veg að liðka til fyrir fyrir-

tækjum til að fjárfesta. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur ekki leitt til hagvaxtar, ekki leitt til betri lífskjara, heldur hefur hæstv. ríkisstjórn þvert á móti rekið ríkissjóð með bullandi halla og haldið þannig uppi háum vöxtum. Þetta er lýsing á því kyrrstöðutímabili sem hér hefur ríkt að undanförnu og það er full ástæða fyrir okkur nú fyrir kosningar að átta okkur á því hvort Íslendingar vilji þetta kyrrstöðutímabil áfram eða hvort þeir vilja komast á framfarabraut.

Ef litið er á þskj. 1005, sem eru brtt. meiri hl. nefndarinnar, þá vil ég nefna hér örfá atriði. Ég vil benda á 1. gr. Þar hefur það orðið niðurstaðan sem stendur í töluliðum 1, 2 og 3, eftir langvarandi slagsmál á milli stjórnarflokkanna sem enduðu með þeirri bræðrabyltu að hver fékk eitthvað í sinn hlut. Ég bendi á að í 2. brtt., þar sem segir 3 milljarðar verði 3,4 milljarðar, er Landsvirkjun heimilað að taka 400 millj. kr. lán vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki fallist á eðlilegar gjaldskrárhækkanir fyrirtækisins og leyfir fyrirtækinu þannig ekki að fjármagna fjárfestingar úr eigin rekstri eins og full ástæða hefði verið til. Það má þess vegna halda því fram að þessar 400 millj. kr. séu í raun og veru fjármunir sem komi vegna þess að fyrirtækinu sé ekki leyft að hækka gjaldskrána eins og eðlilegt er. Þetta hlýtur að kalla á frekari gjaldskrárhækkun síðar og er mjög í takt við aðrar tillögur núverandi stjórnvalda, þ.e. að fresta öllu þar til eftir kosningar.

Í 11. brtt. er um nokkra liði að ræða. Fyrst eru 1700 millj. kr. vegna búvörusamnings. Það hlýtur að vekja athygli að fyrsti flm. þessarar brtt. er hv. 1. þm. Norðurl. v., sá sem flutti ræðu á miðstjórnarfundi Framsfl. um þetta mál og taldi það nánast hneyksli að afgreiða búvörusamninginn. Nú kemur hann hér sem fyrsti flm. þessarar tillögu sem er staðfesting á því að því verði fylgt sem segir í búvörusamningnum. Ekki heyrði ég hv. þm. endurflytja hér ræðu sína, sem hann flutti hjá framsóknarmönnum, þegar hann fylgdi úr hlaði nál. meiri hl. Ég beið reyndar spenntur eftir því að hann skýrði betur út það sem hann sagði þar, en af einhverjum ástæðum kaus hann að gera það ekki. Það væri vissulega fengur að því að hv. þm. skýrði betur sín sjónarmið í þessari umræðu hér. Vissulega væri gaman að því líka að hæstv. viðskrh., sem skýst stundum inn í sal og á milli dyra, eða einhver af alþýðuflokksmönnunum kæmi hér upp og skýrði það út fyrir þingheimi hvers vegna þeir standi að þessum búvörusamningi eftir öll þau orð sem fallið hafa úr þeirra munni, bæði fyrr og nú, um siðleysi þess að samþykkja slíkan samning rétt fyrir kosningar.

Ég bendi á að í b-lið 11. tillögunnar er um að ræða yfirtöku á skuldum Byggðastofnunar. Auðvitað hefði verið miklu hreinlegra að Byggðastofnun hefði fengið framlag úr ríkissjóði. Með því að yfirtaka skuldirnar er verið að fela það sem gerist í raun því þetta framkallar ekki fyrr en síðar útgjöld ríkissjóðs en eykur að sjálfsögðu verulega skuldir ríkissjóðs þegar um er að ræða þessa yfirtöku á lánum.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, sé ég ekki ástæðu til þess að ræða frekar þessar tillögur sem liggja fyrir en það eru fluttar sérstakar tillögur á öðrum þskj. Ég bendi á það, af því að hæstv. iðnrh. er hér í salnum, að þar hefur stjórnarmeirihlutinn klofnað en það bregður svo undarlega við að þær tillögur sem meiri hluti meiri hlutans flytur — þetta er að sjálfsögðu minni hluti nefndarinnar en meiri hluti meiri hlutans — eru tillögur sem ekki eru eins og þær lánsfjárlagaheimildir sem um getur í grg. með þáltill. þeirri sem hæstv. ráðherra hefur lagt ofurkapp á að verði að þingsályktun fyrir þinglok.

Ég hefur áður lýst yfir stuðningi mínum við það mál en nú virðist það ætla að verða að það mál nái ekki fram að ganga á yfirstandandi þingi. Og það sem meira er, að hæstv. forsrh. hefur niðurlægt hæstv. iðnrh. með því að segja að hann hafi spilað sóló, eins og stundum er sagt í fótboltanum, og ekki hirt um að gefa á náungann heldur reynt að skora öll mörkin sjálfur. Nú er komið að því að jafnvel hæstv. forsrh., sem er nú geðprýðismaður eins og allir vita, er farið að þykja nóg um og sendir skeyti sín í allar áttir. Finnst mér nauðsynlegt að hæstv. iðnrh. komi í ræðustól og geri mönnum grein fyrir því hvers vegna meiri hluti meiri hlutans, þ.e. stærsti minni hluti nefndarinnar, flytur tillögur á borð við þessar en ekki þær tillögur sem var að finna á þskj. með þáltill. en þá hélt hæstv. iðnrh. því fram að þær lánsfjárlagaheimildir sem þar var að finna væru samþykktar í hæstv. ríkisstjórn. Það er full ástæða til þess að kalla eftir því hér hvort síðar, eftir að sú þáltill. var lögð fram, hafi það gerst að ríkisstjórnin hæstv. hafi klofnað í þessu máli og hvers vegna það gerðist. Það hlýtur að vera kominn tími til þess að hæstv. ríkisstjórn geri hv. alþm. og þjóðinni allri grein fyrir því hvers vegna það upplausnarástand hefur skapast sem hér hefur orðið.

Mig langar hér næst, virðulegur forseti, að benda á nokkur gögn sem nefndinni bárust því þar er að finna ýmsar upplýsingar sem ég held að séu gagnlegar, meira að segja fyrir hæstv. fjmrh. sem situr og skemmtir sér konunglega mér á vinstri hönd. Fjmrn., en það er ráðuneyti hæstv. fjmrh., svaraði nokkrum spurningum sem nefndin sendi til ráðuneytisins. Þar á meðal var spurt hver yrðu áhrif á afkomu ríkissjóðs á þessu ári ef nauðsynleg lög sem fela í sér sparnað eða tekjuöflun ná ekki fram að ganga. Í svarinu kemur fram að þar sem ekki hefur tekist að ná fram enn þá, það getur breyst reyndar síðar á þessu þingi, lyfjafrv. hæstv. heilbrrh., þá geti það þýtt útgjöld upp á 500–600 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í útgjaldaáætlun í fjárlögum íslenska ríkisins á yfirstandandi ári. Jafnframt er það sagt að verði frv. um tekjuskatt og eignarskatt samþykkt, sem ríkisstjórnin flytur um lækkun tekjuskatts á fyrirtæki, þá kosti það ríkissjóð 300–500 millj. kr. Með öðrum orðum er hér einn milljarður sem fer á milli vina og augljóst að hallinn kemur til með að vaxa um u.þ.b. einn milljarð eingöngu af þessum sökum. Eru þá ótaldir aðrir milljarðar sem á skortir til þess að áætlun hæstv. ráðherra nái fram að ganga.

Það er einnig athyglisvert að sjá í svari ráðuneytisins að sala spariskírteina hefur gjörsamlega dottið niður og reyndar er það svo að ríkissjóður hefur þurft að borga með spariskírteinasölunni því innlausn hefur ver-

ið talsverð fram yfir sölu. Í janúar og febrúar munaði þetta einum 900 millj. kr.

Það er ástæðulaust enn á ný að geta þess að Seðlabankinn varar við því og bendir á að annaðhvort hljóti vaxtastigið að fara upp eða þá að lán verði tekin erlendis ef þau áform sem koma fram í þessum lánsfjárlögum verða að veruleika.

Ég ætla ekki hér, virðulegi forseti, þótt fullt tilefni væri til, að ræða það hvernig hæstv. ráðherrar tala um Seðlabankann, tala um Ríkisendurskoðun, hundsa umboðsmann Alþingis. Það væri þó fyllilega þörf á því við tækifæri að benda á hvers konar niðurrifsstarfsemi þar á sér stað. Þetta eru stofnanir sem Alþingi hefur sett á laggirnar, t.d. Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis, og það er nokkuð hart þegar einstakir hæstv. ráðherrar gera sér það að leik að eyðileggja þessar stofnanir með svigurmælum og digurbarkalegum ummælum eins og hæstv. fjmrh. hefur gert. Það er auðvitað út í bláinn að fara að ráðast á Seðlabankann þó að Seðlabankinn hafi ekki í öllum atriðum sömu skoðanir á málum og hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. Í raun og veru er það hæstv. forsrh. sem byrjar, æpir: Hneyksli, hneyksli. Svo kemur garmurinn hann Ketill á eftir í líki hæstv. fjmrh. og segir: Kosningaskrifstofa Sjálfstæðisflokksins, kosningaskrifstofa Sjálfstæðisflokksins. Þetta minnir mig satt að segja á leikrit sem ég sá einu sinni í Háskólabíói á skólaárum mínum og mínir ágætu skólabræður léku í. Leikritið var um útilegumennina, Skugga-Svein. Það var fín sýning enda lék hæstv. fjmrh. í þeirri sýningu sjálfur og man hana þess vegna mjög vel. Ég sé að hann hefur engu gleymt en ekkert lært síðan því nú hagar hann sér eins og ein aðalpersónan í því leikriti þegar hann hermir eftir hæstv. forsrh. sem tekið hefur að sér hlutverk Skugga-Sveins nú um stundir. Verði hæstv. fjmrh. að góðu að leika þetta hlutverk en ég sé að hann er hæstánægður sjálfur með það hvernig honum tekst til. Að vísu skal ég viðurkenna það að hæstv. ráðherra lék ekki þetta hlutverk í leikritinu þá. Hann lék sýslumanninn sjálfan, en það er augljóst að hann er betur að sér í rullu Ketils skræks en sýslumannsins.

Ég gæti, virðulegi forseti, lesið upp álit frá Seðlabankanum. Það er geymt en ekki gleymt. Það kemur líka fram hjá Ríkisendurskoðun hver er meðalkostnaður ríkisins á hvern lántaka í húsbréfakerfinu annars vegar og hins vegar í eldra kerfinu. Það hefur reyndar komið fram áður í skýrslu frá Ríkisendurskoðun og væri vissulega athugunarmál ef menn vildu taka mark á því sem þar segir því að sparnaðurinn af nýja kerfinu er enginn og enn fremur liggur það fyrir svart á hvítu að rekstrarhalli verður verulegur á byggingarsjóðunum á yfirstandandi ári, enda virðist ríkisstjórnin hæstv. ekki koma sínum tillögum fram og ná tökum á þeim sjóðum.

Í svörum sem komu frá Þjóðhagsstofnun er það staðfest, sem hér hefur verið sagt áður, að lántökur opinberra aðila munu verða 65% af aukningu peningalegs sparnaðar á þessu ári samanborið við 40% í fyrra. Auðvitað er efast um það að hægt sé fyrir íslenska ríkið að ná þeim fjármunum inn á yfirstandandi ári. Það er ekki einungis Seðlabankinn sem heldur því fram að vaxtaupphæðin sé hæstv. ríkisstjórn að kenna heldur Þjóðhagsstofnun einnig sem segir: „Ljóst er að þessi lántökuáform munu stuðla að því að halda raunvöxtum áfram tiltölulega háum hér á landi og jafnvel leiða til hækkunar þeirra."

Það væri full ástæða fyrir hæstv. forsrh. að hlusta á þetta, þetta er aðeins ein setning, því við höfum nokkuð deilt um vexti að undanförnu og hæstv. forsrh. hefur leyft sér að kalla seðlabankaskýrsluna hneyksli en í seðlabankaskýrslunni kom það fram að það væri ríkisstjórninni að kenna hve vextir væru háir. Nú ætla ég að lesa fyrir hæstv. forsrh. úr svari annarrar stofnunar sem heitir Þjóðhagsstofnun. Hæstv. forsrh. getur ekki sagt, eins og hann hefur sagt um Seðlabankann, að Seðlabankinn heyri undir viðskrn. og hæstv. viðskrh. því Þjóðhagsstofnun heyrir undir forsrn. og hæstv. forsrh.

Hv. nefnd spyr Þjóðhagsstofnun að því, með leyfi forseta: „Hvaða áhrif hefur fyrirsjáanlegur halli á vaxtastig?" Og svarið er: „Lánsfjárþörfin eykst verulega milli áranna 1990 og 1991" — og haldið ykkur nú, svo að ég vitni nú í gamalt orðalag: „Ljóst er að þessi lántökuáform munu stuðla að því að halda raunvöxtum áfram tiltölulega háum hér á landi og jafnvel leiða til hækkunar þeirra."

Með öðrum orðum, það er ekki einungis Seðlabankinn, það er ekki einungis þessi vondi Seðlabanki sem sendir frá sér hneykslunarskýrslur, þessi kosningaskrifstofa íhaldsins, eins og hæstv. fjmrh. kallar stundum Seðlabankann. Ég veit ekki hversu ánægður Tómas Árnason er með það að vera orðinn innanbúðarmaður hjá íhaldinu, látum það nú vera. Leggjum hugmyndir og álit Seðlabankans til hliðar en hlustum á stofnunina sem heyrir undir forsrn., undir sjálfan hæstv. forsrh. Hvað segir sú stofnun? Hún segir einfaldlega þetta: „Lántökuáformin munu stuðla að því að halda raunvöxtum áfram tiltölulega háum og jafnvel leiða til hækkunar þeirra."

Ég spyr enn einu sinni, líklega í tuttugasta skiptið á þessu þingi: Hver trúir því að vextirnir og vaxtahæðin hér á landi sé bönkunum að kenna? Það liggur í hlutarins eðli að þegar ríkið tekur vegna hallareksturs svo mikinn hluta af nýjum sparnaði þá er það ríkið sjálft sem stjórnar raunvaxtastiginu í þessu landi. Þetta er órækur vitnisburður um það að hæstv. forsrh. hefur rangt fyrir sér þegar jafnvel hans eigin undirstofnun, Þjóðhagsstofnunin sjálf, bendir á að allt það sem Seðlabankinn hefur sagt er satt, allt sem forsrh. hæstv. hefur sagt byggist á misskilningi. (**HG:** Hvað þegar álið kemur?) Um álið, þá verða enn þá hærri vextir, að sjálfsögðu, ef það á að takast á innlendum markaði. (**Gripið fram í:** Er setningin búin?) Þessi setning er búin já, ég vona að hæstv. forsrh. hafi notið hennar.

Það er ástæða til þess, virðulegur forseti, að fara mörgum orðum um fjölmargt það sem kom fram á nefndarfundunum. Það kann að vera athyglivert fyrir hv. alþm. að átta sig á því að á tímabili var hugmyndin sú að auka fjármuni til endurbóta á menningarbyggingum en frá því var horfið. Þannig voru tillögur frá

ríkisstjórninni hæstv. að koma til nefndarinnar og síðan voru þær afturkallaðar jafnharðan. Ég ætla ekki samt sem áður að fara að lýsa þeim í einstökum atriðum heldur að leyfa mér hér í lokin að benda á að 2. minni hl. fjh.- og viðskn. hefur skilað talsvert ítarlegu nál. Í þessu nál. er fyrst farið lauslega yfir þennan ágreining, bent á að þrátt fyrir það að lánsfjárlögin auki stórkostlega lánsþörf ríkisins nægir það ekki til því að stórir liðir, líklega milljarðar, liggja enn fyrir utan lánsfjárlög og fjárlög. Síðan er í þessu áliti bent á áhrif lánsfjárlaganna á vaxtastig og skuldir og greiðslubyrði erlendra lána. Síðan er mjög ítarleg úttekt á efnahagsstjórn núv. hæstv. ríkisstjórnar þar sem sagt er m.a., með leyfi forseta: „Minni fjárfesting atvinnulífsins hefði undir eðlilegum kringumstæðum leitt til mikillar lækkunar raunvaxta uns nýtt jafnvægi hefði náðst. Vonir um lægra raunvaxtastig hafa samt orðið að engu vegna mikillar lántöku ríkissjóðs og opinberra aðila á innlendum lánamarkaði."

Þá er rætt um þróun tekna og gjalda ríkissjóðs. Vissulega er ástæða í því sambandi að benda á þær upplýsingar sem birtar eru með nál. meiri hl. nefndarinnar. Þar kemur í ljós á baksíðu nál. á þskj. 1004 hvernig lánsfé skiptist á milli rekstrarútgjalda sem lenda beint á ríkissjóði, aukinna endurlána sem koma til með að lenda að verulegum hluta á ríkissjóði, aukinna ríkisábyrgða sem munu lenda að nokkrum hluta á ríkissjóði og fjárskuldbindinga, yfirtöku lána sem að sjálfsögðu lenda á ríkissjóði.

Í þeim kafla í nál. 2. minni hl. sem fjallar um þróun tekna og gjalda ríkissjóðs er sýnt fram á það hvernig sú óheillaþróun hefur orðið í þróun gjalda og tekna. Á það er bent hvernig framlög hafa dregist saman í nokkra sjóði sem gerir það að verkum að það safnast upp vandi í framtíðinni. En það er hægt að draga saman sem meginlýsingu á því sem er að gerast nú um stundir en það er að hæstv. ríkisstjórn ýtir vandanum verulega á undan sér. Og ég bendi á að á bls. 8 í nál. er gerð grein fyrir því hvernig framlög til ýmissa sjóða eru miklu lægri nú en þau voru fyrir nokkrum árum.

Þá er í nál. vikið að fréttatilkynningu frá hæstv. fjmrh. Rökin sem þar koma fram eru tætt í sundur og sýnt fram á hversu haldlaus þau eru. Þar er tekið hvert atriðið á fætur öðru og ég hvet hæstv. ráðherra og reyndar alla til að kynna sér þetta því þarna er blekkingarhulunni svipt af rökum hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Það hefði verið full ástæða til þess að fá tækifæri hér og nú til þess að ræða frekar um lánsfjárlögin, til að ræða um það hvaða áhrif lánsfjárlögin hafa í raun á allt efnahagslíf íslensku þjóðarinnar. Það hefði verið full ástæða til að sýna fram á það, betur en mér hefur tekist í þessari ræðu tímans vegna, hvernig ríkisstjórnin hæstv. ýtir öllum vandamálunum á undan sér og ætlast til að næsta ríkisstjórn taki við vandanum og leysi hann.

Mig langar í lokin til þess að sýna hvað við er átt, hvernig í raun og veru mórallinn er á stjórnarheimilinu um þessar mundir. Hér er ég með í höndunum bréf. Þetta bréf er dags. 18. febr. og er skrifað af fjmrn. og undirritað af hæstv. fjmrh. Ólafi Ragnari Grímssyni. Í þessu bréfi, sem sent er Bifreiðastjórafélaginu Frama, er þess getið að það standi til að breyta lögum og lækka tolla og aðflutningsgjöld af bifreiðum. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Ráðuneytinu er ekki kleift án lagabreytinga að fella niður eða lækka gjöld af innfluttum vörum." Svo segir: „Í ráðuneytinu hafa verið til athugunar tillögur um breytingar á sérstöku gjaldi af bifreiðum og bifhjólum. Í því sambandi hafa verið unnin drög að frv. um gjaldið. Í þessum drögum er gert ráð fyrir heimild til handa fjmrh. til að lækka sérstakt gjald um allt að $^2/_3$ hluta af fólksbifreiðum atvinnubifreiðastjóra sem hafa akstur að aðalstarfi." Síðar segir í sama bréfi: „Vegna mjög sérstæðs þinghalds nú í vor," — ég skýt því hér inn í að það geta allir samþykkt að það er sérstakt — „m.a. vegna þess að aðeins tveir mánuðir eru eftir af þinghaldi" — þetta er skrifað fyrir mánuði síðan — „verður hins vegar ekki unnt að leggja frv. fram nú. Texti að frv. til laga um sérstakt gjald af ökutækjum er tilbúinn í ráðuneytinu og verður það lagt fyrir Alþingi á haustþingi árið 1991. Er þess hér með farið á leit að félagsmönnum í Frama verði kynnt sú ákvörðun." Hvað þýðir þetta bréf? Þetta bréf þýðir það að fyrir mánuði síðan segist fjmrh. íslenska ríkisins, hæstv. ráðherra Ólafur Ragnar Grímsson, vera tilbúinn með lagatexta í ráðuneytinu sem hann geti ekki lagt fram því það sé svo langt liðið á þingið og þinghaldið sé svo sérstætt. Frá þeim tíma hefur sjálfur hæstv. ráðherra og aðrir hæstv. ráðherrar lagt fram fjölda frv. og ætlast til að þeim sé rennt hér í gegnum þingið. (**Fjmrh.:** Ekki ég, ekki ég.) Hæstv. ráðherra hefur lagt fram frv. um tekjuskatt og eignarskatt frá þessum tíma. (**Fjmrh.:** Það var til að efna loforð sem var gefið í desember.) Til að efna loforð sem var gefið í desember. En hann leggur ekki fram frv. um þetta til að efna loforð sem var gefið í janúar eða jafnvel fyrr. En hvað er hæstv. ráðherra að gera? Hæstv. ráðherra er að segja að hann ætli að sjá til þess að næsta haust verði þetta frv. lagt fram. Hver kemur til með að segja að hæstv. ráðherra verði þá í fjmrn.? Það sem hæstv. ráðherra er að gera er eitt það alómerkilegasta bragð sem nokkur hæstv. ráðherra getur gripið til. Þegar fulltrúar í Frama koma til hans og benda á að þeir vilji fá lækkun á aðflutningsgjöldum til þess að geta eins og áður stundað sinn rekstur með sama hætti og þá var, þá segir hæstv. ráðherra: Ég er alveg sammála ykkur. Ég skal gera þetta í haust. Af hverju gerir hann þetta ekki strax? Það er vegna þess að það mundi lækka tekjur ríkisins og stækka gatið. Og hæstv. ráðherra þorir ekki að gera það fyrir kosningar. En hann er svo ómerkilegur að hann, ja, það liggur við að ég segi lýgur því, eða segir þessu fólki það að hann muni gera þetta næsta haust þó hann viti að í millitíðinni séu kosningar og það séu litlar líkur á því að hæstv. ráðherra verði í ráðuneytinu næsta haust. Með öðrum orðum, hann er að ýta þessu vandamáli yfir á næstu ríkisstjórn en biður samt stjórn Frama um að láta það ganga að hann, herra Ólafur Ragnar Grímsson hæstv. fjmrh., hafi ákveðið að þetta skuli gera. Þannig ætlar hæstv. ráðherra að kaupa sér fylgi fyrir kosningar. Þetta er eitt það ómerkilegasta bragð sem ég

hef nokkurn tímann séð. Ja, það mætti kannski benda á eitt til viðbótar og það er þegar hann stóð upp um daginn og sagðist styðja konurnar í frystihúsunum og vildi endilega hækka persónuafsláttinn og jafnvel taka upp sjómannaafslátt fyrir konurnar í frystihúsunum. Af hverju gerir maðurinn þetta ekki? Það er vegna þess að hann situr í hæstv. ríkisstjórn sem gerir það ekki og vill það ekki. Og hann ber fulla ábyrgð á því.

Tvískinnungurinn, tvöfeldnin, lýsir sér hvergi betur en einmitt í þessum dæmum. Og þetta bréf hæstv. ráðherra til Frama sýnir svo ekki verður um villst að hæstv. ríkisstjórn leikur sér að því á degi hverjum að gefa loforð og segist munu efna þau í haust af því hæstv. ríkisstjórn vill ekki að það sjáist hér á Alþingi að hún sjálf er að grafa undan tekjum íslenska ríkisins.

Nú kann þetta að vera mjög gott mál sem hæstv. ráðherra ætlar að berjast fyrir. En það er ómerkilegt og í því felst tvöfeldni og tvískinnungur að vinna að málinu með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerir. Og ég vonast til að ræða mín hér afhjúpi það hvernig hæstv. ráðherra hagar sér í þessum málum.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef margoft sagt áður í þessari ræðu þá hefði verið full ástæða til að ræða ríkisfjármálin miklu ítarlegar en mér hefur gefist kostur á. Þar sem stutt er eftir af þinghaldinu kýs ég þó að hafa þessa ræðu ekki lengri. En ég vænti þess að þeir hæstv. ráðherrar sem ég hef beint máli mínu til komi hér í ræðustól og geri hreint fyrir sínum dyrum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Frsm. hv. fjh.- og viðskn. sagði í framsöguræðu sinni að ég mundi gefa yfirlýsingu um undirbúning vegna hugsanlegrar þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn. Það er rétt að við minntumst á þetta í ríkisstjórninni í morgun. Ég vil leyfa mér að gefa þá yfirlýsingu að að sjálfsögðu, ef niðurstaðan verður sú að staðsetja þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn, en hið erlenda fyrirtæki sem að þessu stendur ákveður það, þá mun ekki standa á fjárveitingu til nauðsynlegrar hafnargerðar sem er áætlað að þurfi að vera rúmar 100 millj. kr. En staðreyndin er sú að þegar ákvörðun um staðsetningu verður tekin tekur tvö ár að byggja verksmiðjuna og því var óþarft að setja þetta inn í lánsfjárlög á þessari stundu. En sem sagt, ef sú verður niðurstaðan má treysta því að það verði að sjálfsögðu séð fyrir nauðsynlegri hafnaraðstöðu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. sé ekki langt undan, ég sá hann hér á göngum rétt áðan og vonast til að hann verði hér til að hlýða á mál mitt.

Við ræðum hér frv. til lánsfjárlaga. Hv. 12. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir áliti Kvennalistans til þessa máls en það eru fáein atriði sem ég vildi aðeins gera að umtalsefni sem hnykkja betur á einstökum greinum frv.

Mig langar til að byrja á að gera að umtalsefni 22. gr. frv. Í henni felst að framlag til Ferðamálasjóðs skv. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skuli skerðast. Eins og hv. þm. er kunnugt er miðað við að 10% af söluhagnaði Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli renni til ferðamála. Á undanförnum árum hefur þetta fé verið verulega skert, allt niður í það að einungis um 20% af þessu fé hafi skilað sér til Ferðamálaráðs. Ég tel þetta mjög miður en verð þó að lýsa ánægju minni með að þetta hlutfall hefur aðeins þokast upp á við. Þannig er nú miðað við að það verði 68 millj. sem renni til Ferðamálaráðs. Auðvitað er þetta allt of lítið. Ef ég veit rétt þá er þetta um 50% af tekjustofninum. Auðvitað hefði verið eðlilegra að stærra skref hefði verið tekið í áttina að því að Ferðamálaráð fengi það sem því er ætlað samkvæmt lögum.

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að ræða um mikilvægi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar, svo mikið sem það hefur verið rætt hér af allra hálfu. Hefur hæstv. forsrh. ekkert síður en aðrir rætt um þessi atriði. Uppbygging ferðamannastaða er mjög mikilvægt mál fyrir okkur. Vil ég fullyrða að ekki sé mögguleiki að fjölga ferðamönnum ef ekkert verður að gert í þessum málum. Ef þessi atvinnugrein á að skila okkur því sem hún getur gert ef rétt er á málum haldið, þá verður að taka myndarlegar á málum. Við höfum þó ákveðið að gera ekki brtt. við þessa grein en ég vildi gera athugasemd við þetta atriði. Ég hefði þó svo sannarlega viljað að þessi grein væri ekki inni eða þá til vara að það hefði verið heldur hærri upphæð sem þarna stæði. Þetta finnst mér vera nokkuð miðað við alla þá peninga sem eiga að fara í aðra þætti og er skemmst að minnast þess sem var rætt hér fyrir helgi og ég kem að síðar í ræðu minni, þeir fjármunir sem verja á í aðra atvinnuuppbyggingu sem er álver á Keilisnesi sem ég tel vera hina mestu óhappatillögu. Fremur hefði átt að leggja áherslu á aukningu í ferðaþjónustu. Ég verð að lýsa óánægju minni með að þarna skuli ekki vera myndarlegar á málum tekið og fullyrði að verði ekkert að gert á sviði ferðamála og á þessum helstu ferðamannastöðum verði þeir eyðilagðir þannig að það muni kosta verulega fjármuni að bæta úr. Get ég tekið sem dæmi Gullfoss, þar sem sem betur fer er farið að taka aðeins á málum, en þar hefur mjög mikið verið skemmt í náttúrunni og illa farið með umhverfið. Dettifoss er annað dæmi þar sem ástandið er mjög slæmt og hefur Ferðamálaráð ekki treyst sér til þess að reka þar snyrtiaðstöðu eða þá þjónustu sem þarf til þess að hægt sé að taka á móti þeim mikla fjölda ferðamanna sem þangað kemur ár hvert. Þetta er um þessa grein.

Síðan er það 25. gr. frv. Ég ætla ekki að gera hana að miklu umtalsefni, en við leggjum til á þskj. 1016 að greinin falli brott, þ.e. greinin sem gerir ráð fyrir að tekjur útvarpsins af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renni til ríkissjóðs. Við viljum að þetta þrátt-fyrir-ákvæði í 25. gr. falli brott og tekjur Ríkisútvarpsins af þessum lið verði óskertar eins og gert er ráð fyrir skv. lögum nr. 68/1985. Hv. 10. þm. Reykn. mun gera frekar grein fyrir þessari tillögu okkar.

Það kom fram í umræðunni hjá hv. 1. þm. Reykv. að

hann teldi að e.t.v. væri þetta ný stefna hjá hæstv. ríkisstjórn, hún teldi gott að fá óveðrið í lið með sér til þess að auka hagvöxt og gera hag ríkissjóðs betri. Mig langar í því tilefni að benda hv. 1. þm. Reykv. og e.t.v. fleirum á það, einmitt í sambandi við óveðrið sem geisaði hér fyrr í vetur og m.a. felldi mastrið á Vatnsendahæð og olli miklu meira tjóni, að öll sú uppbygging sem þarf að fara fram vegna þessa tjóns eykur hagvöxt á Íslandi. Þetta sýnir kannski betur en nokkuð annað hversu hæpnir hagvaxtarútreikningar eru sem gera ráð fyrir því að eyðilegging auki hagvöxtinn. Nákvæmlega sama gildir um stríðsrekstur. Þegar við tökum Persaflóastyrjöldina og alla þá eyðileggingu sem varð þar í Írak og Kúveit, að öll uppbyggingin sem nú þarf að eiga sér stað mun auka hagvöxt verulega. Þetta segi ég til þess að benda á að þegar verið er að ræða um aukinn hagvöxt vegna hins og þessa, þá verður að skoða hvað liggur að baki þeim tölum áður en komið er með miklar fullyrðingar í því sambandi.

Þá kem ég að 26. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, með síðari breytingum, skal framlag ríkisins vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 19.640 þús. kr. á árinu 1991," eða tæpar 20 millj. kr.

Á undanförnum árum þegar rætt hefur verið um lánsfjárlög hef ég iðulega gert þessa grein að umtalsefni og höfum við hæstv. landbrh. skipst á skoðunum um þetta atriði. Eins og menn hafa e.t.v. tekið eftir höfum við fengið hér á borð okkar frv. frá hæstv. umhvrh. um villt spendýr á Íslandi. Það frv. gerir ráð fyrir því að sett verði heildarlög um villt spendýr, m.a. refi og minka. Það tel ég mjög tímabært og hefði svo gjarnan viljað að slíkt frv. hefði náð fram að ganga á þessu þingi. Það er kannski ekki síst þess vegna sem ég set spurningarmerki við þessa grein. Flestir eru sammála því að minkar sérstaklega, og refir væntanlega líka, hafa verið skaðvaldar hér í áraraðir. Minkar eru t.d. taldir vera ein af orsökum þess að öndum hefur fækkað mjög við Mývatn og þess vegna telja margir að það veiti ekkert af þessum tæpum 20 millj. í eyðingu refa og minka, en ég set spurningarmerki við þessa þörf.

Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna hér í rit Landverndar nr. 7, sem heitir Villt spendýr þar sem er einmitt talað um þetta atriði. Ég ætla að vitna hér í örlítinn kafla úr grein sem skrifuð er af Páli Hersteinssyni, sem nú er orðinn veiðistjóri. Þetta rit er hins vegar gefið út árið 1980 þannig að það er komið nokkuð til ára sinna, en það hefur lítið breyst í þessum málum. Páll segir:

„Íslenski refurinn vegur 5–10% af því sem fullorðin ær vegur. Það kann að virðast undarlegt að svo lítið dýr geti ráðið niðurlögum slíkrar skepnu sem sauðkindin er. Hins vegar er auðséð að unglömb eru auðveld bráð tófunnar ef mæðurnar eru af einhverjum ástæðum ófærar um að verja þau. Aðbúnaður sauðkinda á fyrri öldum var gerólíkur því sem nú tíðkast. Þá var treyst geysimikið á vetrarbeit, ekki síst við sjávarsíðuna. Í hörðum vetrum tók oft að miklu leyti fyrir beit og á ísárum gat tekið alveg fyrir fjörubeit. Bændur urðu þá heylausir á útmánuðum og urðu að setja fé út á gaddinn. Um sauðburðinn var féð illa á sig komið og ærnar stóðust tófunni ekki snúning. Þar að auki var lambadauði mikill af öðrum orsökum. Oft er illmögulegt að þekkja í sundur lömb sem tófur eða hundar hafa fundið dauð og gætt sér á og lömb sem refir hafa drepið."

Þetta eru atriði sem mér finnst mjög mikilvægt að við tökum til greina þegar við erum að samþykkja hér að verja svo og svo miklu fé í að eyða refum og minkum. Sérstaklega finnst mér að það þurfi að athuga þetta með eyðingu refa sem hafa verið hér á landi frá örófi alda. Ég vil fá að vitna aftur í þessa sömu grein örlítið síðar þar sem Páll Hersteinsson segir, með leyfi forseta:

„Það er eftirtektarvert að skaði af völdum refa virðist hafa farið síminnkandi það sem af er þessari öld og þó fer refum ekki fækkandi fyrr en eftir 1957." Síðan rekur hann ýmislegt varðandi íslenska refastofninn og segir í lok þessa kafla: „Höfum við efni á að verja tugmilljónum króna árlega í refaeyðingu án þess að vita fyrir víst hvort það er nauðsynlegt? Það er hugsanlegt að við höfum loksins eftir ellefu aldir fundið raunhæfa aðferð til að verjast skaða vegna refa án þess að gera okkur grein fyrir því, nefnilega betri umhirðu sauðkindarinnar."

Mér finnst nauðsynlegt að við veltum þessu fyrir okkur þegar við ákveðum að verja, þó ekki séu það kannski neinar stórupphæðir, en 20 millj. kr. í að eyða ref og mink og mér hefði þótt gaman að vita, og veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. heyrir mál mitt, hve mikið fer í eyðingu á ref og hve mikið fer í eyðingu á mink. (**HG:** Hvar er umhvrh. eða refamálaráðherrann?) (**Gripið fram í:** Tófuvinaráðherrann.) Ég hefði haft sérstakan áhuga á því, ef hæstv landbrh. er hér í húsinu, að hann mundi koma og taka þátt í þessari umræðu vegna þess að við höfum undanfarin ár deilt nokkuð um einmitt þetta atriði, ef hann má heyra mál mitt. Ekki ætla ég samt að gera kröfu til þess að hann verði sóttur langt að, en það væri mjög gott ef hann væri hér í húsinu því að akkúrat þetta atriði hefur verið okkar skemmtilegasta deilumál hér í þessi ár sem ég hef setið á þingi.

En ég hef áhyggjur af því ef við förum að eyða ref í einhverju æði án þess að það sé rannsakað sérstaklega og athugað hvaða afleiðingar það getur haft. Vil ég benda á það að t.d. á Hornströndum er nokkuð um ref og hef ég orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að ganga þar um og horfast í augu við þessa skepnu sem er mjög falleg og sé ég enga ástæðu til þess að eyða ref á svæðum eins og t.d. Hornströndum. Set ég stórt spurningarmerki við það yfirleitt að vera að eyða ref vegna þess að hann hefur, ja, ég get nánast fullyrt ekki í neinum mæli lagst á kindur. Og þegar kindur eru hafðar í húsum á vetrum tel ég enga þörf á því að hafa þannig ákvæði í lögum að hann sé réttdræpur hvar sem til hans næst.

Um minkinn gildir kannski eilítið annað þó ekki vilji ég fara að útrýma honum. Minkar voru fluttir til lands-

ins árið 1931 og hafa ekki verið mjög lengi hluti af náttúrunni hér á landi. Það er talið að það hafi ekki verið fyrr en 1932 sem minkar sluppu fyrst út í náttúruna en það var úr Grímsnesbúinu sem þeir sluppu haustið 1932. Næstu ár þar á eftir er talið að þeir hafi sloppið allverulega margir úr haldi. En það var eiginlega samt ekki talið vera fyrr en 1937 sem fyrstu minkagrenin fundust við Elliðaárnar í Reykjavík. Það gildir því kannski örlítið annað um minkinn en tófuna. Minkurinn hefur verið talinn mikið skaðræðisdýr og það er fullyrt, af t.d. bændum við Mývatn, að þar hafi honum fjölgað mjög mikið og þeir vilja kenna honum um mikinn hluta af því hve öndum hefur fækkað mikið við Mývatn en benda þó á þegar farið er að ræða málið að bæði svartbakurinn og hrafninn hafi verið ansi drjúgir í að eyða öndum og hrun andastofnsins hafi kannski ekki síst verið samspil þessara þátta en ekki það að minkurinn hafi verið eini skaðræðisgripurinn.

Einnig hefur minkurinn lagst í fiskeldistjarnir þar sem hann hefur komist að en það er auðvitað mismunandi hversu góðan aðgang hann hefur að slíkum stöðum. Á einum stað þar sem ég þekki vel til þaðan sem ég er ættuð, ofan úr Borgarfirði, hafði bóndi einn komið sér upp allmyndarlegri fiskatjörn þar sem í voru nokkur hundruð silungar, en minkurinn fann sér ból rétt við tjörnina og hreinsaði þar upp úr á nokkrum mánuðum. En hann var penn í þessu. Hann tók sér bara einn fisk á dag og yfirleitt á það við um þessar skepnur, bæði refi og minka, að þeir eru ekki að drepa sér til ánægju heldur bara eru þeir að drepa af þörf til þess að halda lífi.

Mig langar til að vitna örlítið í þetta sama rit Landverndar í grein sem Karl Skírnisson og Ævar Petersen skrifa á bls. 88 í þessu riti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar ákvörðun er tekin um að eyða fjármunum og tíma til að veiða mink hlýtur hún að vera byggð á einhverjum rökum. Má gera ráð fyrir að fjárhagslegur ábati hafi verið talinn af minkaveiðum, með öðrum orðum að árangur minkaveiða hafi í fjármunum verið metinn meira en það tjón sem minkurinn veldur. Lítum á þær forsendur sem liggja að baki minkaveiði á Íslandi.

Í fyrsta lagi er minkur talinn spilla varpi fuglategunda sem hafa verið nýttar. Í öðru lagi er minkurinn talinn spilla varpi fuglategunda sem okkur er annt um en eru ekki nýttar að ráði af manninum. Sem dæmi má nefna mófugla og kríu. Í þriðja lagi. Minkurinn kann að valda skaða á stofnum ferskvatnsfiska. Í fjórða lagi hefur minkurinn verið talinn aðskotadýr í lífríki landsins og eru okkar fyrstu viðbrögð að reyna að útrýma honum. Drápseðli minks samfara grimmilegu útliti veldur því einnig að margir líta á hann sem réttdræpan skaðræðisgrip."

Síðan segja höfundar: „Lítum nánar á þessar forsendur. Hvergi þar sem rannsóknir eru fyrir hendi hefur verið sýnt fram á að minkur sé valdur að fækkun í neinum þeim dýrastofnum sem hann nýtir sem fæðu. Almennt má segja að fátt bendi til þess í náttúrunni að rándýr takmarki stofnstærð bráðar. Réttlæting minkaveiða á þeim forsendum að minkurinn haldi niðri vissum fugla- og fiskastofnum er því hæpinn."

Þetta vil ég benda á, virðulegur forseti, þar sem ég tel mjög mikilvægt að þegar verið er að taka ákvarðanir um eyðingu slíkra dýrategunda, eða ekki eyðingu, ég held að enginn ætlist til þess að þeim sé algerlega útrýmt, þá er ég að meina að halda stofninum niðri, þá verður að gæta þess mjög að ekki sé gengið um of á einn dýrastofn. Og síðan segja þeir hér síðar: „Hérlendis er brýn þörf á auknum rannsóknum á þessu sviði." Vil ég taka undir það atriði. Og síðan segja höfundarnir:

„Minkaveiðar kosta milljónatugi á ári hverju. Er því vert að staldra ögn við og athuga hvort núverandi veiðiálag skili þeim fjármunum sem varið er á ári hverju til minkaveiða í bættri afkomu hlunnindabúskapar og hagstæðum áhrifum á lífríki. Nokkuð víst er að óframkvæmanlegt er að útrýma mink hérlendis. Spurningin snýst því annars vegar um það hvort núverandi veiði hafi einhver áhrif til að halda minkastofninum niðri eða hvort minkastofninn hefur þegar náð hámarksþéttleika sínum og veiðar megni ekki að halda stofninum niðri."

Mér finnst mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að þetta sé tekið með í reikninginn þegar verið er að ákvarða, eins og hér er verið að gera, tæpar 20 millj. til að eyða ref og mink. Finnst mér ástæða til þess að endurskoða ákvæði laga nr. 92/1957 um þetta. En mig langar þó áður en ég lýk þessum þætti að vitna til lokaorða þeirra Karls og Ævars þar sem þeir segja, með leyfi forseta:

„Hér hefur verið sagt frá lifnaðarháttum minks á Íslandi og hafa nokkur rök verið færð að því að hann sé ekki eins mikill skaðvaldur og margir ætla. Einnig hefur verið dregið í efa að núverandi veiðar hafi áhrif á stofnstærð minks. Til þess að öðlast þekkingu sem orðið gæti undirstaða skynsamlegrar ákvarðanatöku um minkaveiðar er frumskilyrði að framkvæmdar verði mun ítarlegri rannsóknir á mink heldur en hingað til hafa verið gerðar. Hérlendis hefur yfirleitt verið fjallað um mink í æsifréttastíl og oftast verið gefin heldur skökk mynd af lífsháttum hans. Stuðla þarf í framtíðinni að hlutlausari umfjöllun um mink heldur en verið hefur til þessa."

Þetta er álit þeirra og ráðlegg ég hv. alþm., og ekki síst þeim sem leggja til að við verjum verulegum fjármunum í að eyða ref og mink, að kynna sér 7. rit Landverndar um villt spendýr til þess að átta sig á að málið er ekki alveg eins einfalt og það lítur kannski út fyrir og að þessar skepnur eru ekki eins miklar skaðræðisskepnur og hingað til hefur verið látið í veðri vaka.

Mér finnst ástæða til að líta á frv. hæstv. umhvrh. í þessu sambandi, það er að vísu ekki til umræðu hér en ég vil benda á að í frv. hans er gert ráð fyrir verndun þessara dýrategunda. Ég er ekki alveg sammála öllu því sem í því frv. kemur fram, en þar sem það er ekki á dagskrá hér hef ég ekki hugsað mér að gera það að umtalsefni en þykir hins vegar slæmt að við skulum

ekki hafa tækifæri á þessu þingi til að ræða það frv. mjög ítarlega því að það er hið merkasta plagg að mörgu leyti. Það hefur verið nauðsynlegt í mörg ár að setja heildarlöggjöf um stofnstærð villtra landdýra á Íslandi. Það gerir ráð fyrir því. Í því er reyndar einnig tekið á stærð músa- og rottustofna hér á landi, en ég sé nú ekki neitt í þessu frv. sem kemur inn á það.

Ég vil einungis, virðulegi forseti, áður en ég lýk við þessa grein benda á að þegar mink sérstaklega og e.t.v. ref líka hefur verið kennt um eyðingu ákveðinna dýrategunda, t.d. anda og má þar nefna æðarfuglinn sérstaklega, hefur svartbakurinn verið miklu meira skaðræði, en til að eyða svartbak er ekki hægt að mínu mati að beita þeim aðferðum sem hingað til hafa verið mest notaðar, þ.e. að skjóta hann eða eitra fyrir hann, heldur þarf að byrgja sorphauga þar sem þeir hafa aðallega náð fæðu og fiskúrgang til þess að hann komist ekki þar að því að svo lengi sem fuglinn hefur æti þá fjölgar honum.

Í 28. gr. er ákvæði um að skerða framlag til Listskreytingasjóðs ríkisins. Þar er talað um að framlagið skuli ekki vera meira en 12 millj. kr. Ég minnist þess að við umræðuna um lánsfjárlögin á síðasta þingi gerðum við þingkonur Kvennalistans þetta einmitt að umtalsefni þar sem okkur þykir ekki eðlilegt að þarna sé skorið endalaust niður. Þá var þeirri fyrirspurn varpað fram til hæstv. fjmrh. hvernig væri með það listaverk sem ætti að koma upp við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Mér er kunnugt um að annað þeirra listaverka sem þar eiga að vera er komið upp en það er eftir að reisa þar eitt listaverk og ég hefði gjarnan viljað spyrjast fyrir um hvernig gengur með það og hvort þessi fjárhæð sem er ætluð til Listskreytingasjóðs ríkisins sé í einhverju samræmi við það sem þarf til þess að ríkið standi við það sem það á að gera. Ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að ég geri mér ekki grein fyrir hversu há upphæð hefði átt að fara í þennan lið, en þessi upphæð finnst mér vera ansi lítil og ég tel að þarna þurfi miklu meira til að koma.

Ég minntist örlítið áðan á brtt. okkar þingkvenna Kvennalistans sem ég hafði ekki hugsað mér að gera frekar að umtalsefni en mig langar til að líta örlítið á brtt. sem komið hafa fram af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn. Það er fyrsta brtt. sem er um það að fjmrh. sé fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að kaupa björgunarþyrlu. Það er eitt af þeim málum sem mikið hefur verið rætt um hér í þinginu. Ég tel mjög nauðsynlegt að ráðist verði í kaup á björgunarþyrlu og hefur það margoft komið fram af hálfu okkar kvennalistakvenna. Teljum við og höfum reyndar margoft bent á að sameiginlegt hagsmunamál allrar þjóðarinnar sé að vel sé búið að sjómönnum í alla staði og öryggi þeirra tryggt eftir því sem kostur er. Þyrla Landhelgisgæslunnar hefur margsannað gildi sitt, bæði við björgun sjómanna við sjóslys og björgun á landi að ógleymdu mikilvægi hennar við sjúkraflutninga, bæði milli staða innan lands og frá skipum á hafi úti.

Það er löngu ljóst og viðurkennt að ein þyrla af þeirri stærð sem nú er í eigu Landhelgisgæslunnar nægir ekki til að sinna því mikla hlutverki sem henni er ætlað. Hér á Alþingi var flutt fyrr á þessu þingi þáltill. þar sem skorað var á ríkisstjórnina að kaupa nýja björgunarþyrlu og var sú tillaga einróma samþykkt fyrir nokkrum dögum. Þegar sams konar tillaga var flutt á þinginu 1987 vann fulltrúi Kvennalistans í allshn. Sþ. ötullega að því að fá hana afgreidda, en þá vildi meiri hluti nefndarinnar vísa henni til ríkisstjórnarinnar. Þann 11. maí 1988 lýsti Alþingi vilja sínum um kaup á björgunarþyrlu, en þrátt fyrir þá samþykkt hafa þær ríkisstjórnir sem setið hafa ekki orðið við áskorun Alþingis um þyrlukaup og ekkert hefur verið aðhafst í málinu fyrr en nú.

Við teljum rétt að ráðist verði í kaup á björgunarþyrlu eins og gert er ráð fyrir nú og höfum ekki viljað fallast á það að beðið verði eftir því að ágóði af happdrætti komi inn til þess að kaupa björgunarþyrluna og teljum miklu eðlilegra að sú leið verði valin sem meiri hluti Alþingis virðist nú vilja standa að og viljum lýsa því yfir að við munum styðja þessa brtt. og teljum óverjandi að ríkisstjórn og Alþingi víki sér undan að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til þyrlukaupa. Þess vegna munum við að sjálfsögðu styðja þá brtt. sem þarna kemur fram.

Í bréfi sem alþingismönnum barst frá Landssambandi hjálparsveita skáta og Landssambandi björgunarsveita, dags. 18. mars 1991, segir, með leyfi forseta:

„Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita vilja benda alþingismönnum á eftirfarandi:

Á Íslandi vinna björgunar- og hjálparsveitir mikið sjálfboðaliðastarf sem annars mundi lenda á ríkinu að kosta. Þannig spara sveitirnar ríkinu umtalsverðar upphæðir ár hvert. Hvergi annars staðar þar sem við þekkjum til gegna sjálfboðaliðasveitir jafnþýðingarmiklu hlutverki í almannavarna- og öryggiskerfi þjóðarinnar og hér á landi. Það er því ljóst að ríkið sleppur ákaflega vel fjárhagslega frá öryggis- og björgunarmálum og hvergi í Evrópu er hlutfallslega eytt lægri upphæð í almannavarnir en hér á landi. Það ætti því ekki að vera ríkinu ofviða að sjá til þess að í landinu séu fullkomnar björgunarþyrlur. Þetta ætti ríkið að geta gert án þess að skerða tekjustofna björgunar- og hjálparsveita. Það er skelfileg staðreynd að dómsmrn., ríkisstjórnin og síðar Alþingi ætla að stela fjáröflunarhugmynd um sjóðshappdrætti sem frjáls félagasamtök þurfa að leggja fyrir þessa aðila til samþykktar. Þessi þjóðnýting á sér stað án nokkurs samráðs við þá sem áttu hugmyndina. Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita eru að sjálfsögðu hlynnt því að keypt verði til landsins fullkomin björgunarþyrla og þó fyrr hefði verið. Við getum hins vegar ekki sætt okkur við aðferðina sem nota á til fjáröflunarinnar.

Við vonumst til þess að þú, hv. þm., sjáir til þess að framlagt frv. til sjóðshappdrættis nái ekki fram að ganga í óbreyttri mynd."

Undir þetta bréf skrifa fyrir hönd Landssambands hjálparsveita skáta Arnfinnur Jónsson og fyrir hönd Landssambands flugbjörgunarsveita Gunnar Bragason. Ég tek undir þetta og tel að það sé miklu eðlilegra að fara þessa leið sem hefur orðið ofan á. En mig langar

í tilefni af þessu bréfi að gera að umtalsefni 10. brtt. á þskj. 1005 en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjmrh. heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi. Jafnframt er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki."

Þetta, virðulegur forseti, tel ég mjög mikilvæga grein og styð hana mjög eindregið. Ég vil því vísa til þess sem hér kemur fram í því bréfi sem okkur var sent að björgunarsveitir vinna ómetanlegt sjálfboðaliðastarf og tel ég mjög mikilvægt að Alþingi sýni í verki að það virði það sem þar fer fram og veiti fjmrh. heimild til þess að fella niður og endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita.

Ég vona svo að fjmrh. noti þessa heimild þannig að þeir sem gefa björgunarsveitum tæki fái niðurfellingu á virðisaukaskatti vegna þeirra gjafa. Þetta þykir mér mjög mikilvægt, virðulegur forseti. Ég tók reyndar eftir að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafði flutt brtt. á þskj. 525 sem er einmitt um þetta ákvæði og sé ég að meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. hefur tekið þá tillögu upp. Ég vil lýsa því hér yfir að ég mun styðja þessa tillögu þar sem mér þykir hún vera mjög mikilvæg til að styðja við bakið á björgunarsveitum.

Mig langar aðeins að koma með eina fyrirspurn að því er varðar 3. brtt. á þskj. 1005, en það er heimild til að taka lán að fjárhæð 45 millj. kr. fyrir Djúpbátinn á Ísafirði. Mig langar til að spyrja hv. 1. þm. Norðurl. v. Pál Pétursson, sem ekki er hér, en e.t.v. getur fjmrh. leyst úr því, en mig langaði til að vita, hvort gerð hefur verið áætlun um það hversu miklar fjárhæðir þurfi að fara í hafnarframkvæmdir og breytingar á höfnum ef sú ferja sem þarna er talað um verði keypt. (**Fjmrh.:** Svarið er nei.) Svarið er nei, segir hæstv. fjmrh. Það er gott að vita það, en mér þykir það mjög slæmt ef verið er að heimila kaup á bát upp á 45 millj. kr. ef ekki er athugað hversu miklar fjárhæðir þarf að leggja í áframhaldandi aðgerðir til þess að hann geti síðan nýst. Ekki er (**FrS:** A.m.k. 200 millj. 100 millj. á Ísafirði og 100 millj. í Djúpi.) Hér keppast menn um að svara fyrirspurnum mínum utan úr sal og upplýsist nú að það þurfi 200 millj. Ekki veit ég hvort á að taka þetta sem endanlegt svar, ekki var það fjmrh. sem svaraði. Fjmrh. heldur því fram að ekki sé búið að athuga þetta mál. Hv. 1. þm. Reykv. heldur því fram að þarna sé um 200 millj. kr. viðbót að ræða. Þetta þykir mér mjög slæmt að vita ekki um ef í því að samþykkja 45 millj. kr. framlag til Djúpbátsins á Ísafirði felst að í raun sé verið að samþykkja 200 millj. kr. framlag. Þetta finnst mér að verði að koma í ljós áður en ráðist er í svo miklar fjárfestingar.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 1006 en það eru brtt. frá þrem hv. þm. úr fjh.- og viðskn., þeim Páli Pétursyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Jóni Sæmundi Sigurjónssyni. Þar er gert ráð fyrir að Landsvirkjun verði heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka að láni á árinu 1991 800 millj. kr. til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar og fimmta áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er. Línulögn hefur verið ákveðin og hönnuð fyrir þessa línu sem á að liggja frá Fljótsdalsvirkjun og fyrst norður til Akureyrar og svo suður. Þessari línu hefur verið valinn staður milli Herðubreiðartagla og Dyngjufjalla. Því miður var það gert án þess að Náttúruverndarráð mótmælti. Það féllst á það línustæði sem nú hefur verið valið. Þegar fólk fór að átta sig á því hvað þarna hefði gerst, m.a. fólk á Austurlandi, þá fóru að berast mótmæli við þetta línustæði. Ég var á ferð þarna í sumar og trúði ég varla því sem mér var sagt af því fólki sem þarna var að vinna, og m.a. landvörðum í Herðubreiðarlindum, sem bentu á hversu mikill skaði þessi lína mundi vera og hversu erfitt og nánast útilokað væri að líta á hálendið á þessum stað. Þar hafa margir orðið til þess að benda á að ferðaþjónustunni væri mikil hætta búin og er alveg útilokað fyrir okkur að reyna að telja fólki trú um að hér á Íslandi sé að finna frið og ró, óbyggða víðáttu og óspillta náttúru ef við ætlum að leyfa að í gegnum þessa náttúruperlu sem hálendið er verði sett þetta mikla mannvirki sem línan mun verða. Ég held að þetta sé hið mesta óráð og ferðaþjónustu, sem ég gerði að umtalsefni hér fyrr í ræðu minni, til tjóns. Þykir mér að þarna viti hægri höndin ekki hvað sú vinstri gerir ef annars vegar er verið að reyna að efla ferðaþjónustu og fegra ímynd landsins og auglýsa og síðan er verið að leggja í það að setja línuna þvert yfir hálendið, nánast án tillits til þess hvað þar er fyrir. Ég vil benda á að nú þegar er búið að byggja byggðalínu sem liggur frá Austurlandi og norður um og væri hægt að leggja þessa línu meðfram henni eða ekki langt frá henni og nýta vegamannvirki sem eru fyrir hendi til þess að ekki þurfi að spilla eins miklu og óneitanlega verður ef hún verður lögð þvert yfir hálendið.

Á síðasta náttúruverndarþingi var samþykkt ályktun þess efnis að skorað var á Náttúruverndarráð að endurskoða þessa afstöðu sína með tilliti til þess að reyna að fá þessu línustæði breytt og að horfið verði frá því að leggja þessa rafmagnslínu milli Herðubreiðartagla og Dyngjufjalla. Ég vona að eftir því verði farið og ég trúi ekki öðru en að stjórn Landsvirkjunar taki þetta mál til endurskoðunar og ákveði að línan verði lögð annars staðar en nú er ákveðið. Vona ég að tími gefist til að gera það, ekki síst vegna þess að ljóst er að veruleg seinkun verður á því að nokkuð verði samþykkt varðandi þetta álver og vonandi verður það aldrei gert, en ef af verður, þá þarf að endurskoða línustæðið. Þó svo að ekki verði af þessu álveri getur orðið um virkjanir að ræða í þágu annarra atvinnugreina og þess vegna verður að passa það mjög vel þegar verið er að hanna mannvirki eins og t.d. línur að þær spilli ekki umhverfinu nema sem allra minnst. Auðvitað er aldrei hægt að komast hjá einhverri röskun en það verður að passa að hún sé í algeru lágmarki.

Í þessari brtt. er gert ráð fyrir að það verði veitt lánsheimild upp á 800 millj. Eins og og segir orðrétt í tillögunni, með leyfi forseta: „Ákvörðun um þennan undirbúning og að nýta heimildir samkvæmt þessari

mgr. skal tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi."

Ég vil benda á að á 112. löggjafarþingi var samþykkt frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl. Í ákvæði II til bráðabirgða í því frv. var veitt heimild til að verja 300 millj. kr. á árinu 1990 til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar og stækkunar Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslarveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægilegri raforku. Í athugasemdum við þessi ákvæði til bráðabirgða segir:

„Ákvarðanir um þessar framkvæmdir og það að nýta þessar heimildir verða teknar í einstökum atriðum eftir því sem samningum um álver vindur fram." Þetta er orðalag sem kom fram þegar við ræddum um þetta frv. á síðasta þingi. Ég leyfi mér að benda á að miklar deilur urðu um þetta atriði á síðasta þingi og sýndist nú sitt hverjum. Þá var það einna helst Alþb. sem var með efasemdir um þessa lánsheimild og gerði ýmsa fyrirvara á akkúrat þessu ákveðna atriði. Í Þjóðviljanum birtist t.d. þann 10. apríl samþykkt þingflokks Alþb. um hugsanlega byggingu álvers í tilefni þess að verið var að ræða um þetta frv. hæstv. iðnrh. eða ríkisstjórnarinnar sem þá var komið fram. Langar mig til þess, virðulegi forseti, að fá að vitna í þessa samþykkt, en þar segir:

„Þingflokkur Alþb. minnir á að enn eru engar forsendur fyrir hendi til að unnt sé að meta hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga að ganga til samninga við erlenda aðila um byggingu 200 þús. tonna álvers hér á landi. Meðan meginatriði væntanlegra samninga liggja ekki fyrir er tvímælalaust óhyggilegt að hefja virkjunarframkvæmdir, enda hlýtur það að veikja samningsstöðu Íslendinga að binda nokkur hundruð millj. kr. í nýjum virkjunarframkvæmdum án þess að orkuverð hafi verið ákveðið." Ég bendi á að þarna var einungis verið að tala um 300 millj. kr. framlag en ekki 800 eins og núna. „Á þessu stigi málsins telur þingflokkur Alþb. brýnast að ríkisstjórnin marki þá stefnu að hugsanleg bygging þessa risafyrirtækis stuðli ekki að enn frekari byggðaröskun í landinu og þess vegna verði því valinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt þarf að kanna betur en gert hefur verið hvernig Íslendingar gætu sjálfir átt aðild að rekstrinum og tryggt forræði sitt á hagsmunum þannig að viðunandi sé.

Þingflokkur Alþb. telur einsýnt að leita verði allra leiða til að efla atvinnulíf í landinu eftir nokkurra ára samdráttarskeið og telur sjálfsagt að kanna alla tiltæka kosti í því skyni. Jafnframt minnir þingflokkurinn á að auk byggðasjónarmiða hlýtur endanleg afstaða til nýrra stóriðjuframkvæmda að ráðast af því fyrst og fremst hvaða verð fæst fyrir orkuna, hvort iðjuverið greiðir skatta með eðlilegum hætti og lýtur íslenskum dómstólum og hvernig mengunarvörnum og umhverfisvernd verður háttað."

Þetta sagði þingflokkur Alþb. þegar verið var að ræða einmitt þetta frv. sem ég gerði hér að umtalsefni og þá ekki síst þessa 300 millj. kr. fjárveitingu sem átti að veita í orkuframkvæmdir án þess að nokkuð lægi fyrir hvort hægt væri að selja eitt einasta watt af þeirri orku sem átti að fara að virkja eða undirbúa.

Það fór svo að þetta frv. var samþykkt í þinginu á síðasta vori og 300 millj. kr. samþykktar, en eins og ég sagði áðan, í ljósi framvindu samninga átti að afhenda þessa peninga. Síðan gerist það um mitt sl. sumar, sumarið 1990, að það þurfti að fara að nota eitthvað af peningunum. Þá kom þingflokkur Alþb. enn saman og samþykkti á fundi sínum að gefa heimild til þess að einn þriðji af fjárhæðinni, eða 100 millj. kr., færu í framkvæmdir. Og langar mig til, virðulegi forseti, að vitna í viðtal við hv. 4. þm. Suðurl. Margréti Frímannsdóttur, þingflokksformann Alþb., sem birtist í Þjóðviljanum 17. júlí árið 1990. Þar segir, með leyfi forseta:

„Margrét Frímannsdóttir, þingflokksformaður Alþb., segir Þjóðviljanum að þingflokkurinn hafi fyrir sitt leyti bundið lánsheimildina vissum skilyrðum. Því væri m.a. beint til ríkisstjórnarinnar að hún tæki á næstu dögum eða vikum ákvörðun um staðsetningu stóriðju utan höfuðborgarsvæðisins. Margrét sagði þingflokkinn einnig vísa til samþykktar sinnar frá 9. apríl þar sem gerð er sú krafa að nýtt álver verði reist utan höfuðborgarsvæðisins og það valdi ekki byggðaröskun." Það var þessi samþykkt sem ég vitnaði til áðan. Síðan segir Margrét orðrétt: „Áframhaldandi fjárveitingar til Landsvirkjunar eru þá bundnar því skilyrði að ríkisstjórnin hafi tekið ákvörðun um staðsetningu utan höfuðborgarsvæðisins." Síðan segir í fréttinni: „Í samþykktinni frá því í gær er ekkert sagt um raforkuverð til væntanlegs álvers en Geir Gunnarsson hefur sagt að ekki eigi að koma til greina að samþykkja fjárveitingar til undirbúnings virkjana á meðan þau mál eru ófrágengin. Iðnrh. hefur sagt samningana við Atlantsálhópinn komna á lokastig og því ættu menn að fá að sjá þá samninga áður en samþykkt er að setja fjármagn í undirbúning. Að sögn Margrétar er þingflokkurinn með samþykkt sinni að samþykkja að 100 millj. kr. yrðu settar í rannsóknir, hönnunarvinnu og hluta af þeirri vegagerð, en í samþykktinni væri þingflokkurinn ekki að heimila neitt annað fyrir sitt leyti."

Þetta var sagt þann 17. júlí árið 1990. Og hvað gerist svo? Jú, ég hef alla vega ekki séð nokkurn skapaðan hlut um það að þingflokkurinn hafi síðan sagt nokkuð um áframhaldandi fjárveitingu til þessarar byggingar. Er þá lítið hald í ákvæðinu eins og segir í brtt. á þskj. 1006 þar sem talað er um að ákvörðun um að nýta heimildir samkvæmt þessari mgr. skuli tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi. Þetta þykir mér vera mjög máttlaust og skipta reyndar engu máli að því er séð verður þar sem ekkert hald virðist vera í þessu. Að því er best verður séð er haldið áfram að vinna og framkvæma langt fram yfir það sem heimildir segja. Síðan var í mörgum blöðum haft viðtal við bæði ráðherra Alþb. og aðra þingmenn og langar mig til að nota tækifærið og vitna í frétt sem birtist í Tímanum þann 18. júlí þar sem haft er eftir Steingrími J. Sigfússyni, landbrh. og samgrh. Þar segir reyndar orðrétt:

„Að sögn Steingríms J. Sigfússonar landbúnaðar- og

samgönguráðherra lítur hann svo á að Keilisnes tilheyri óumdeilanlega atvinnusókn höfuðborgarsvæðisins og suðvesturhornsins. Því er Keilisnes ekki inni í myndinni af hálfu Alþb."

Mér þykir menn aldeilis hafa breytt um skoðun. Fyrst er algert skilyrði: ekki álver á suðvesturhorninu og tekið stórt upp í sig. Það er ekki liðið ár, þá er búið að skipta um skoðun. Og það er merkilegt að fylgjast með Alþb. í öllu þessu máli.

Það er forvitnilegt að vita hvenær Alþb. veitti heimild til þess að verja þessum 200 millj. sem á vantar og með hvaða skilyrðum. Það hefur ekkert komið fram og þætti mér vænt um að það kæmi hér fram þar sem mér er kunnugt um að einn hv. þm. Alþb. á mælendaskrá mun væntanlega mæla fyrir tillögu sinni, sem ég á eftir að gera að umtalsefni hér á eftir. Það vekur ekki bara athygli að þessi 200 millj. heimild virtist vera veitt einhvers staðar í laumi. Miðað við allt það fjölmiðlafár sem varð út af þessum 100 millj. var einkennilegt að ekki yrði deilt um það þegar 200 millj. voru veittar í viðbót. Það vekur líka athygli að á þskj. 723 í svari iðnrh. við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um undirbúning vegna álbræðslu, þar sem spurt er hversu miklu fjármagni Landsvirkjun hafi þegar varið til einstakra þátta eða ákveðið ráðstöfun á til undirbúnings virkjana og stofnlína á grundvelli heimildar í lögum nr. 72/1990, sem ég hef gert að umtalsefni, kemur fram að Landsvirkjun hefur ekki aðeins varið þessum 300 millj. kr. heldur hefur farið fram úr áætlun. Þar segir, með leyfi forseta, þar sem talað er um að 367 millj. hafi verið varið til þessara undirbúningsvirkjana:

„Framangreind heildarfjárhæð nemur um 330 millj. kr. á verðlagi hvers tíma og er það nokkru hærri fjárhæð en heimiluð var í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 74/1990, um breytingu á lögum um raforkuver, en ráðuneytið vísaði að sjálfsögðu til þess ákvæðis er það veitti heimild fyrir framkvæmdum 17. júlí 1990."

Þarna er því greinilegt að farið er verulega fram úr þeirri heimild sem veitt var hér á Alþingi. Ég minnist þess að ákveðinn fræðslustjóri norður í landi var rekinn úr starfi fyrir það að hafa farið fram úr heimildum á fjárlögum og langar mig til að vita hvort hæstv. fjmrh. ætlar að vera með einhverjar ráðstafanir varðandi það að þarna hefur greinilega verið farið verulega fram úr heimildum. Þykir mér það mjög alvarlegt brot að fara tæpar 70 millj. fram úr áætlun, eins og þarna er, og er það ekki lítið.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. Ragnar Arnalds leggur fram viðbótarbrtt. við brtt. á þskj. 1006 sem er á þskj. 1008. Þar leggur þingmaðurinn til að ekki sé einungis miðað við að heimildirnar skuli nýttar í ljósi framvindu samninga, heldur er bætt við: Enda liggi fyrir fyrirvaralaus raforkusamningur. Mér þykir alveg sjálfsagt að ef á annað borð er verið að samþykkja heimild í lánsfjárlögum eins og þessa, þá sé auðvitað þetta skilyrði inni, þ.e. að fyrir liggi fyrirvaralaus raforkusamningur. Ég tel fráleitt að vera að hefja framkvæmdir upp á 800 millj. kr. án þess að nokkuð sé fast í hendi um það hvort það komi nokkurn tíma aur í ríkiskassann eða alla vega ekki á þessari öld og ekki fyrr en á næstu öld og hvort við getum nokkuð selt þá raforku sem á að fjárfesta þarna í. (**Forseti:** Nú vill forseti spyrja hv. þm. hvort þingmaðurinn sé reiðubúinn til að fresta ræðu sinni um óákveðinn tíma.) Já, ef forseti óskar, þá get ég gert það. (**Forseti:** Já, forseti óskar eftir því að ræðunni sé frestað.) Já, ég mun verða við því.

Umræðu frestað.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, 2. umr.

Frv. sjútvrh., 370. mál. — Þskj. 777, n. 1024, brtt. 988, 995.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. frá minni hl. sjútvn. um frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Nefndin hefur fjallað um frv. Til fundar við nefndina komu Jakob Jakobsson og Sveinn Sveinbjörnsson frá Hafrannsóknastofnun, Kristján Ragnarsson frá LÍÚ, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Laxdal og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Húnbogi Þorsteinsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Jón Ólafsson og Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Halldór Guðbjarnason, bankastjóri Landsbanka Íslands, Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudisksframleiðenda og Þorsteinn Gíslason og Jón Reynir Magnússon frá Síldarverksmiðjum ríkisins. Umsagnir og gögn bárust frá Siglufjarðarkaupstað, Fiskifélagi Íslands, sjútvrn., Byggðastofnun og Þjóðhagsstofnun, auk þess sem þau gögn sem sjútvn. Ed. hafði til hliðsjónar lágu fyrir nefndinni.

Meiri hl. nefndarinnar, þeir Matthías Bjarnason, Geir Gunnarsson, Hreggviður Jónsson og Kristinn Pétursson, er samþykkur því að málið sé afgreitt frá nefndinni en stendur ekki að áliti þessu. Meiri hl. nefndarinnar mun ekki heldur skila nál. Þrír hinir fyrrtöldu, ásamt fleirum, flytja brtt. við málið í heild á þskj. 995.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í Ed.

Undir þetta álit skrifa Guðni Ágústsson, Alexander Stefánsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að vera langorður í umræðum um þetta mál en það er sorglegt til þess að vita að þær rannsóknir sem voru gerðar á loðnustofninum fyrir meira en ári síðan skuli ekki hafa verið teknar gildar. Þá á ég við að Hafrannsóknastofnun sjálf tók ekki mark á þeim rannsóknum sem hún hafði sjálf látið fara fram fyrir ári síðan. Þeir hafa því ekki treyst

eigin rannsóknum. Ég spyr því af hverju eigum við þá að treysta þeim núna ef þeir treysta ekki þeim niðurstöðum sem þeir komust að fyrir heilu ári? Þá gáfu þeir í skyn við okkur nefndarmenn í sjútvn. að það væri óhætt að veiða allt að eina milljón tonna af loðnu og þorskurinn æti allt að eina milljón tonna og svo áttu svona mörg hundruð þúsund tonn að hrygna. Svo koma þeir til okkar níu mánuðum seinna og segja að það finnist engin loðna. Það finnist ekki nema um 300 þús. tonn. Þá spyr maður hvað þorskurinn eigi að éta og hvar eru allar þessar rannsóknir staddar? Mér finnst þetta bara fáránlegt. Hringlandahátturinn er svo mikill að maður á ekki orð.

Í framhaldi af þessari raunasögu kemur hæstv. sjútvrh. og ætlar nú að fórna Hagræðingarsjóði sem var kominn hér í gegnum þingið fyrir ári síðan. Þá eru allt í einu öll rök hans, eins og hjá Hafrannsóknastofnun, dottin um sjálf sig og þá er hægt að fórna Hagræðingarsjóði sem lá svo voðalega mikið á að koma í gegn því það átti að hjálpa ákveðnum aðilum sem fóru illa út úr kvótakerfinu, en nú er það ekkert nauðsynlegt lengur. Nú á bara að hjálpa loðnubátunum.

Þetta er allt saman hálfgerð raunasaga. Mér finnst að ef einhver þyrfti á hjálp að halda þá sé það hæstv. ráðherra sem lætur hringla svona með sig fram og aftur.

Ég hef persónulega ekkert á móti því að þetta frv. sé samþykkt en ætla að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna eiginlega í mótmælaskyni við allan þennan botnlausa hringlandahátt. Ég verð að segja að það hefur verið frekar ömurlegt að horfa upp á þetta og sýnir okkur að niðurstaðan af þessu er náttúrlega sú að það er ljósara en nokkru sinni fyrr að arðsömustu framkvæmdir sem við getum sett fjármagn í á Íslandi eru auknar hafrannsóknir. Með meiri rannsóknum ættu væntanlega niðurstöðurnar að verða það áreiðanlegar að menn taki mark á sjálfum sér.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er rætt, frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, er stórt mál sem tengist þeim samdrætti í loðnuveiðum sem er staðreynd á yfirstandandi vertíð og því undirbjó hæstv. sjútvrh. frv. til laga sem ekki tókst samstaða um í þingflokkum að lagt yrði fram sem stjfrv. en er þó flutt af ráðherranum sem er ráðherra í ríkisstjórn landsins og kom þannig fram hér fyrr á þinginu og hefur verið til meðferðar í hv. Ed. þingsins.

Hæstv. sjútvrh. gerir ráð fyrir því samkvæmt sínu frv. að hann fái heimild til þess að ákveða með reglugerð að aflaheimildum samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I í lögum frá 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skuli ráðstafað að hluta eða öllu leyti til þeirra skipa sem aflahlutdeild hafa af loðnu til að mæta tímabundnum tekjumissi vegna aflabrests. Ráðherrann á að skipta þessum heimildum milli einstakra loðnuskipa og er við þá skiptingu m.a. heimilt að miða við aflahlutdeild skipanna af loðnu og hver afli þeirra af loðnu var á haustvertíðinni 1990.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í þessu frv. ráðherrans að honum sé heimilt að auka leyfðan heildarafla á úthafsrækju umfram það sem ákveðið hefur verið með reglugerð frá nóv. 1990 um fiskveiðar í atvinnuskyni og þrátt fyrir ákvæði laga frá 1990 um stjórn fiskveiða verði heimilt með reglugerð að ákveða að þessi viðbót skiptist eingöngu milli þeirra skipa sem aflahlutdeild hafa af loðnu.

Þetta eru meginefnisatriðin í frv. hæstv. sjútvrh. varðandi viðbrögð vegna aflabrests í loðnuveiðum. Um þetta mál var mikið rætt og mikið deilt í hv. Ed. þingsins en þar var samþykkt í meginatriðum að að þessu máli yrði staðið með svipuðum hætti og hæstv. ráðherra hafði lagt til og brtt. sem fluttar voru við málið náðu ekki fram að ganga. Skoðanir voru skiptar í flokkum um þetta en hæstv. sjútvrh. mun hafa hlotið m.a. tilskrift frá stjórnarandstöðu til þess að fá þetta mál lögfest, eða réttara sagt að fá frv. samþykkt í Ed. þingsins.

Nú er þetta komið til Nd. og hér hefur verið mælt fyrir málinu við 2. umr. og hv. formaður sjútvn. stendur að þessu máli og mælir með samþykkt frv. eins og það kemur frá Ed. En fjórir hv. þingdeildarmenn leggja fram brtt. á þskj. 995 um þetta mál og gera þar ráð fyrir verulegum breytingum á frv. frá því sem fyrir liggur og taka fram í fyrstu brtt. sinni af þremur að ráðherra sé heimilt að auka leyfðan heildarafla af úthafsrækju umfram það sem ákveðið hefur verið með reglugerð og úthluta þeim viðbótarafla til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Stjórn sjóðsins ráðstafi þessum aflaheimildum með sölu til þeirra skipa sem leyfi hafa til úthafsrækjuveiða.

Þarna er þetta ekki bundið við skip sem stundað hafa loðnuveiðar og þarna er gert ráð fyrir að þessum afla sé ráðstafað í gegnum Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Í öðru lagi gera þessir hv. fjórir þingdeildarmenn tillögu um það að við bætist ákvæði til bráðabirgða í lögin um stjórn fiskveiða þess efnis að söluandvirði veiðiheimilda á árinu 1991 verði ráðstafað á því ári til að mæta tímabundnum tekju- og atvinnumissi vegna aflabrests á loðnuveiðum samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Sem sagt að söluandvirði þessara heimilda verði ráðstafað til að mæta tímabundnum tekju- og atvinnumissi og ráðherrann eigi að setja reglur um þá úthlutun.

Það kemur fram mikið traust á hæstv. sjútvrh. í þessum tillögum en mér finnst kannski dálítið langt gengið með þessari tillögu þeirra fjórmenninga.

Í þriðja lagi gera þeir ráð fyrir því að enn bætist við ákvæði til bráðabirgða þess efnis að sjútvrh. skuli ekki beita ákvæði 9. gr. laga um skerðingu á bolfiskafla fiskiskipa í því skyni að flytja aflamagn á bolfiski frá skipum sem hafa aflahlutdeild á botnfiski yfir til skipa með aflahlutdeild á loðnu, þ.e. þeir ganga þarna gegn megintillögu hæstv. sjútvrh. í frv. hans um að hluta af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði ráðstafað til loðnuveiðiskipa. Hér er lagt til að svo verði ekki og ber hér mikið á milli tillagna þessara hv. þm. og frv. sem hæstv. ráðherra flutti og fengið hefur samþykkt í Ed. þingsins.

Þá liggur hér í þriðja lagi fyrir tillaga frá hv. þm.

Kvennalistans sem mun vera samhljóða tillögu sem flutt var í Ed. og gerir ráð fyrir því að sjútvrh. sé heimilt að ákveða með reglugerð að allt að 6.000 þorskígildislestum af aflaheimildum samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um stjórn fiskveiða skuli ráðstafað án endurgjalds til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum tekjumissi vegna aflabrests á loðnu og ráðherrann skipti þessum heimildum í ákveðnu hlutfalli milli sveitarfélaga sem miðist við meðaltal landaðrar loðnu í viðkomandi sveitarfélagi sl. þrjú ár. Þarna er einnig kveðið á um það að skylt skuli að landa þeim afla, sem úthlutað er samkvæmt þessari heimild, til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi um Hagræðingarsjóð og vísað til ákvæðis í lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og þetta eigi þá að ganga í gegnum hann. Einnig að sveitarstjórnir, sem fái úthlutað aflaheimildum samkvæmt greininni, skuli við ráðstöfun þeirra til skipa setja skilyrði sem miða að því að tryggja starfsfólki loðnuverksmiðja atvinnu við vinnslu aflans.

Mér sýnist að mörgu leyti að það séu skynsamlegar tillögur sem hér koma fram af hálfu Kvennalistans í sambandi við málið, alveg sérstaklega það að það sé tryggt að þær aflaheimildir sem veittar yrðu í gegnum Hagræðingarsjóð komi til nota í viðkomandi sveitarfélagi út frá ákveðnum sjónarmiðum og afla undanfarinna þriggja ára, þannig að það kæmi þá einnig örugglega því verkafólki til góða sem unnið hefur við eða sveitarfélagi til góða þar sem slík vinnsla hefur farið fram.

Ég tel að það beri að líta á þessi efni sem hér liggja fyrir í tengslum við þær heimildir sem verið er að gera tillögur um í frv. til lánsfjárlaga, sem rætt var hér fyrr á þessum fundi, þar sem fram koma ýmsar ráðstafanir til þess að bregðast við vanda loðnuverksmiðja sérstaklega og sveitarfélaga sem byggt hafa verulega afkomu sína á loðnuveiðum. Ég tel að þegar litið er til þeirra tillagna sem þar liggja fyrir, hvort sem þær verða nú samþykktar eða ekki. Ég veit ekkert hvernig gengur hér með afgreiðslu mála í þinginu því það er verið að þvæla saman hér í bandormi í frv. til lánsfjárlaga alóskyldum málum sem mjög skiptar skoðanir eru um og hlýtur auðvitað að setja afgreiðslu mála í algjöra óvissu hér í þinginu á þeim stutta tíma sem virðist eiga að taka til að fjalla um þessi mál. Engu að síður leyfi ég mér að líta á þetta í samhengi, það sem lagt er til í frv. til lánsfjárlaga um þessi mál. Kannski eru menn reiðubúnir að taka eitthvað út úr og leysa upp bandorminn og taka á einstökum liðum hans. Þegar tekið er tillit til þeirra tillagna og þess sem hér liggur fyrir þá gæti ég sem best staðið að því að samþykkja þetta frv. sem hæstv. sjútvrh. bar upphaflega fram en hef þó tilhneigingu til þess að líta á þær tillögur sem þingflokkur Kvennalistans hefur hér lagt til sem brtt. vegna þess að mér sýnist að þar sé skynsamleg hugsun á bak við. En ég er ekki hlynntur þeim tillögum sem fyrir liggja frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um þetta efni ásamt þremur öðrum þingdeildarmönnum. Mér sýnist það ekki stefna í rétta átt í sambandi við þessi mál.

Við verðum að hafa í huga þegar á þetta er litið að það er gert ráð fyrir því í lögum um stjórn fiskveiða að hægt sé að bregðast við aflabresti í sérveiðum, sem svo eru kallaðar, þar á meðal í loðnuveiðum, með því að flytja til aflaheimildir frá öðrum veiðum yfir í sérveiðar. Það er í rauninni á þeirri hugsun og þeim heimildum sem hæstv. ráðherra reisir sinn tillöguflutning hér. Ég tel að þegar svo mikill brestur verður hjá ákveðnum hluta flotans, sem er loðnuveiðiskipin, þá sé mjög eðlilegt að það sé litið á þau mál með hliðsjón af þessum ákvæðum sem voru liður í málamiðlun þegar lögin voru sett um stjórn fiskveiða. Það er jú svo að það hefur verið haldið heldur illa á málefnum þessa hluta flotans á undanförnum árum. Þegar lög hafa verið sett um stjórn fiskveiða hefur verið tekið verulega af þeim heimildum sem loðnuveiðiflotinn hafði til botnfiskveiða fyrr á árum og gat brúað bilið þegar sveiflur voru uppi með þeim hætti. Nú hafa þær heimildir að mestu verið felldar niður. Það hefði, má segja, verið auðvitað skynsamlegt að byggja upp sérstakan verðmiðlunarsjóð eða sjóð sem gerði kleift að mæta sveiflum og áföllum í loðnuveiðunum sérstaklega en það hefur nú ekki verið gert þannig að menn hafa ekki upp á slíkt að hlaupa. Þess vegna er mjög eðlilegt að það sé reynt að taka á vanda þessa hluta flotans jafnhliða því sem auðvitað er skylt að líta á aðra þætti þessa máls eins og reynt er að gera að nokkru leyti með þeim heimildum sem verið er að taka inn í þann bandorm sem hér liggur fyrir undir nafninu frv. til lánsfjárlaga og rætt er á þessum fundi og, eins og ég gat um, þar sem verið er að fjalla um hin óskyldustu efni og afla heimilda þar að lútandi.

Þetta eru í stuttu máli, virðulegur forseti, meginviðhorf mín til þessa máls sem hér liggur fyrir. Ég mun líta til þeirra brtt. sem liggja fyrir á þskj. 988 og eru breytingar við 1. gr. Ég er andvígur þeim brtt. sem liggja fyrir á þskj. 995. Ég mun eftir atvikum styðja framgang málsins eins og það liggur hér fyrir og var afgreitt frá Ed. á þskj. 777, nú komið til Nd., og geri ráð fyrir því að stefnt sé að því að afgreiða þetta mál frá þinginu á þeim stutta tíma sem hér virðist ætlaður til þingstarfa. Hér er verið að fjalla um nokkuð stórt mál sem varðar marga og verulega hagsmuni og því leyfði ég mér að ræða þetta mál hér og lýsa mínum viðhorfum.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 999 (sbr. 728).

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að því er varðar það húsnæðislánakerfi sem komið var á fót árið 1986. Með þessu frv. er tekið á þeim vanda sem skap-

ast hefur varðandi fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og margoft hefur verið vakin athygli á.

Kveðið er á um breytt hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins þar sem hann mun eftirleiðis aðeins vera með takmarkaðar lánveitingar til sérstakra hópa og annast þau lán sem veitt hafa verið. Ákvæði um samninga við lífeyrissjóði til tveggja ára falla niður þar sem það er ekki lengur nauðsynlegt. Núgildandi lánaflokkar Byggingarsjóðs ríkisins að þremur undanskildum eru felldir niður, haldið er opinni leið til að ákveða nýja lánaflokka. Þá er fjallað sérstaklega um þá lánaflokka sem eftir standa, sem eru lán til stofnana fyrir börn og aldraða, lán til einstaklinga með sérþarfir og lán og styrkir vegna tækninýjunga, en nánar verður fjallað um þessa lánaflokka í reglugerð.

Kveðið er á um það að lánsréttur falli brott og enn fremur að lán til nýrra og notaðra íbúða falli brott og er það í samræmi við að 12. gr. laganna falli niður. Lagt er til að sú breyting verði gerð á lánskjörum að ríkisstjórninni verði heimilt að ákveða að vaxtakjör breytist á lánum er nýir eigendur íbúða yfirtaka þau sem áhvílandi lán.

Í ákvæðum til bráðabirgða er tekið sérstaklega á málum þeirra umsækjenda sem eru í biðröð og hafa fengið lánsloforð eða bíða eftir þeim. Þeir sem þegar hafa fengið lánsloforð fá sín lán afgreidd en þeir sem ekki hafa fengið staðfestingu á greiðslu láns þurfa hins vegar að staðfesta umsóknir sínar skriflega innan þriggja mánaða frá tilkynningu þess efnis frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. en legg til að að lokinni umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Í sambandi við það frv. sem hér er til umræðu vil ég gera örfáar athugasemdir. Ég tók eftir því við afgreiðslu málsins frá hv. félmn. Ed. að þar höfðu framsóknarmenn skrifað undir með fyrirvara. Það fannst mér eðlilegt. Mér finnst ástæða til að það komi hér fram þó að það hafi komið fram áður í umræðunum að flokksþing Framsfl. gerði um þetta ákveðna samþykkt þar sem meginefnið var það að því er hafnað að kerfið frá 1986 verði lagt niður og lögð er á það áhersla í þeirri samþykkt, miðað við að húsbréfakerfið var orðið staðreynd, þá væri eðlilegt að þessi kerfi væru hlið við hlið. Það var bent á það að kerfið frá 1986 yrði fyrst og fremst fyrir þá sem eru að byggja eða afla húsnæðis í fyrsta sinni en að öðru leyti var í áherslupunktum lögð á það megináhersla að vara við því að þessu kerfi verði lokað. Þetta er kerfi sem allir vita að var komið á með alhliða samkomulagi í þjóðfélaginu, aðilar vinnumarkaðarins unnu að því frv. sem er undirstaða laganna frá 1986. Þetta lagafrv. var samþykkt á Alþingi samhljóða og var grundvöllur þess að það var hægt að koma nýju lífi í húsnæðismálin með því að aðilar vinnumarkaðarins skuldbundu sig til þess að fjármagna húsnæðiskerfið með 55% af því ráðstöfunarfé sem lífeyrissjóðirnir höfðu yfir að ráða hverju sinni. Þannig komust lánveitingar í það form sem við vitum að hefur verið undirstaða húsnæðiskerfisins síðan.

Það má lengi deila um það að auðvitað báru lögin frá 1986 það með sér í upphafi að ákveðnar forsendur voru á bak við þau lög. Gert var ráð fyrir því að þau stæðu á bak við eðlilega uppbyggingu á nýju húsnæði í landinu sem var áætlað að mundi vera um 1400–1500 íbúðir og sömuleiðis hæfilega endurnýjun á eldra húsnæði.

Það var vitað mál að það þyrfti að endurskoða þessi lög. Auðvitað yrði reynslan að skera þar úr. Það kom hins vegar í ljós að fyrir þann mikla áróður sem var tekinn upp í kjölfar þessara breytinga, sem ég endurtek að allir í þjóðfélaginu stóðu að, það var ekki frv. frá einhverjum einum ráðherra eða annað slíkt, heldur voru það alhliða samtök í þjóðfélaginu sem stóðu að þessum breytingum miðað við það að nýta það mikla fjármagn sem launþegahreyfingin hefur yfir að ráða, þ.e. frá lífeyrissjóðunum, til þess að ná sterkari áföngum í húsnæðismálum. Og grunntónninn var sá að lífeyrisþegar sem höfðu aflað sér þessara réttinda í gegnum sína aðild að launþegahreyfingunum höfðu allir sama rétt til lántöku.

Ég þarf ekki að lýsa því sem síðan hefur gerst. Það var unnið að því leynt og ljóst og það var á stefnuskrá Alþfl. og núv. félmrh. að brjóta þetta kerfi niður. Síðan hefur ekkert verið gert í fjögur ár til þess að lagfæra þetta kerfi, til þess að sníða af því agnúana og reyna að finna leiðir til þess að betrumbæta það í samráði við aðila vinnumarkaðarins, heldur hefur rignt yfir Alþingi öll þessi fjögur ár alls konar breytingum á þessu húsnæðiskerfi sem í einu orði má segja að hafi orðið til bölvunar. Það hefur orðið til þess að skemma þessa uppbyggingu og rugla með þessi mál þannig að bæði þeir sem starfa við þetta og þeir sem eiga að njóta þess eru orðnir ruglaðir í því að hverju þeir eru að stefna.

Ég ætla ekki að tefja umræðurnar hér, herra forseti, en við vitum það ósköp vel að það er enginn búinn að segja fyrir um það eða átta sig á því hvernig húsbréfakerfið kemur til með að enda. Þetta er botnlaust fjáröflunarkerfi sem er háð framboði og eftirspurn og er algerlega háð fjármagnsmarkaðinum á hverjum tíma. Í litlu landi eins og okkar með allt opið í sambandi við þau mál virkar þetta eins og olía á eld þannig að það sveltir fjármagnsmarkaðinn fyrir atvinnuuppbyggingu og það veldur því að vextir eru sífellt á uppleið, enda eru þessi bréf núna orðin þannig að það er orðinn ískyggilegur niðurskurður á eðli þessara bréfa. Afföllin eru það gífurleg að það verður hrunadans að lokum í sambandi við þau mál.

Ég ætla ekki að rekja þetta lengur, virðulegi forseti, en ég vil aðeins segja frá því að þingflokkur Framsfl. tók þá afstöðu á sínum tíma að vera andvígur þessum beytingum. Það var sett í þetta sérstök ráðherranefnd þar sem heilbr.- og trmrh. átti sæti. Þegar hann skilaði þessu máli inn í þingflokk Framsfl. tilkynnti hann að hann hefði haft alla fyrirvara á þessu máli og vísað óspart í flokksþingssamþykktir, sem er samþykkt

æðsta þings Framsfl. sem a.m.k. allir venjulegir menn í Framsfl., sem framfylgja vilja stefnu flokksins, taka tillit til. Þess vegna kom það á óvart að það skyldu vera svo mikil átök um það að láta að vilja hæstv. félmrh. í þessari ríkisstjórn að það átti að ganga yfir þingflokkinn í sambandi við þetta mál. Málið kom þess vegna inn í þingið með naumum meiri hluta sem liggur fyrir með öllum fyrirvörum. Í félmn. Ed. kom það berlega í ljós að hér er um mál að ræða sem er ekki samkomulag um, hvorki í stjórnkerfinu né í þjóðfélaginu. Og þar af leiðandi ákaflega furðulegt að vera að knýja þetta mál hér í gegn.

Viðmælendur í Ed. voru margir, þar á meðal stjórnendur Húsnæðisstofnunarinnar. Þar kom það auðvitað skilmerkilega fram, eins og í öllum þessum frv. sem varða húsnæðismál í dag, að það er hvorki haft samráð við aðila vinnumarkaðarins né þá þingkjörnu stjórnarmenn sem eru í Húsnæðisstofnun um þessi mál, hvorki um að láta þá vera aðila að samningu slíkra frv. né að leggja fram álit þeirra á þeim. Og ég hygg að nefndarmenn í félmn. Ed. hafi orðið undrandi þegar menn sem eru búnir að starfa frá því að Húsnæðisstofnun var sett á laggirnar lýstu yfir viðhorfum sínum til þessara mála.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að það er sterk andstaða gegn þessu frv. Það viðurkenna allir að það þurfi að gera einhverjar breytingar. Þær hefði verið hægt að gera strax á fyrsta degi nýrrar ríkisstjórnar 1987. Það lá alveg fyrir að fyrri ríkisstjórn hafði ákveðið að hafa vexti óbreytta til loka kjörtímabilsins en ný ríkisstjórn hefði getað tekið á þessum málum strax til að lagfæra framtíðarstöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Það hefði verið miklu heilbrigðara að fara þá leið heldur en að demba yfir Alþingi og þjóðina hverri breytingunni á fætur annarri sem allar virðast ætla að verða neikvæðar, svo að ekki sé sterkara að orði komist.

Ég skal ekki halda hér öllu lengri ræðu, herra forseti. En ég lýsi því yfir að ég mun beita mér gegn því að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi og ég sé ekki í raun og veru hvernig það er hægt því að þar sem lýst er yfir að þing verði rofið á morgun, þá er útilokað að láta þetta mál fá þá efnislegu umræðu í félmn. Nd. sem krafist verður og ég mun beita mér fyrir. Ég hef því ekki nokkra einustu trú á því að það svari kostnaði og fyrirhöfn að vera að reyna að þvinga það hér í gegnum þingið á þennan hátt. En ég lýsi yfir algerri andstöðu minni við þetta frv. og ég veit ekki betur en margir félagar mínir hafi sömu skoðun að því er varðar þennan þátt sem ég nefndi áður. Þetta er mál sem næstkomandi ríkisstjórn, hver sem hún verður, verður að taka föstum tökum. Það er alveg ljóst að það er búið að fara þannig með húsnæðiskerfið í dag á þessum fjórum liðnu árum, því miður, að það er hvert vandamálið á fætur öðru sem þar hefur verið búið til. Það er engin heildstæð stefna til og það er stefnt að því leynt og ljóst með þeim breytingum sem gerðar hafa verið og er verið að reyna að koma á í þinginu að útiloka þá aðila sem helst er von til þess að geti sinnt þessum málum, þ.e. aðila vinnumarkaðarins og þá sjóði sem þeir hafa yfir að ráða. Ég lýsi þess vegna fullri andstöðu við þetta frv.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins við 1. umr. þessa máls segja örfá orð. Þetta frv. kemur frá Ed. og þar hafði fulltrúi Kvennalistans í félmn. gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Ég vil taka það fram að ég er í meginatriðum sammála því sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að hætta að taka við umsóknum um húsnæðislán skv. lögum nr. 54/1986. Ég tel að það sé mjög óheppilegt að vera með mörg kerfi í gangi í einu. Ég tel óheppilegt að verið sé bæði með þetta svokallaða húsbréfakerfi og kerfið frá 1986. Með því er ég ekki að segja að mér hafi fundist það kerfi vera ómögulegt með öllu. Það kerfi var tekið upp eftir mikil samráð og var því miður of lítið rætt hér í þinginu. Þó bentu fulltrúar Kvennalistans sem þá voru á þingi á það strax við meðferð málsins árið 1986 að nauðsynlegt væri að tryggja þessu kerfi fjármagn. Fljótlega kom í ljós eftir að farið var að lána eftir þessu kerfi að stefna mundi í gjaldþrot sjóðanna því framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna var í engu samræmi við þörfina. Lán til húsbyggjenda voru veitt á 3,5% vöxtum, en sjóðurinn var fjármagnaður með lántökum frá lífeyrissjóðunum þar sem vextirnir voru 6–7%. Það hljóta náttúrlega allir að sjá að þegar framlag ríkisins er ekki fyrir þessum mismun þá keyrir kerfið í strand og auðvitað varð það raunin. Og nú er vandi byggingarsjóðanna orðinn svo gífurlegur að eitthvað verður til bragðs að taka.

Það er þó alveg ljóst að það er fullt af fólki sem nú hefur sótt um lán til Húsnæðisstofnunar eftir þessu kerfi, 1986-kerfi svokallaða, sem á rétt á lánum samkvæmt lögum. Ekki er hægt að láta þessa breytingu á lögunum virka þannig að þeim sem hafa fengið lánsloforð sé skyndilega tilkynnt að þeir fái ekki lán. Þess vegna hlýtur að þurfa ákveðið fé til þess að standa við það sem nú þegar hefur verið lofað og langar mig til að spyrja hvort áætlað hafi verið hversu mikið þarf til þess að koma til móts við þá sem nú þegar eru með óafgreidd lán innan þessa kerfis.

Mér þykir eðlilegt að nú strax við 1. umr. fáist svar við þessu vegna þess að það hlýtur að vera eðlilegt að fá að vita hve mikið þarf til þess að hægt sé að koma til móts við það fólk sem bíður eftir að fá lán.

Það hefur komið fram að lífeyrissjóðirnir hafa haldið að sér höndum við skuldabréfakaup hjá Húsnæðisstofnun og m.a. hafa þeir frekar beint kaupum sínum að húsbréfum. Þar af leiðandi hefur verið skortur á fé til að veita lán úr þessu kerfi og langar mig því til að leggja fram þá spurningu hvernig þetta sé hugsað. Hvernig er hugsað að standa að þeirri breytingu að hætta í þessu kerfi og taka eingöngu upp húsbréfakerfið?

Mér þykir leitt og vont að fá þetta frv. svo seint fram þannig að ekki er hægt að vinna þetta mál vel, en ég vænti þess að hv. félmn. leiti svara við þeim spurningum sem ég hef nú reitt fram og e.t.v. hefur ráðherrann svör við þeim nú þegar en mér þykir nauðsynlegt

að fá þau til þess að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort rétt sé staðið að þeirri leið sem er lögð til í frv. Treysti ég mér ekki til þess að lýsa því yfir hvort ég muni geta stutt þetta frv. eins og það er núna. Í fljótu bragði finnst mér vera of margir óvissuþættir til þess að hægt sé að segja af eða á hvernig hægt er að afgreiða þetta frv. En auðvitað er eftir að vinna þetta mál í nefnd og kemur þá væntanlega í ljós hvernig ætlunin er að standa að því að loka þessu svokallaða 1986-kerfi.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. beindi til mín þeirri spurningu hvað það kostaði að afgreiða þá sem eru í biðröðinni. Hluti af því fólki er þegar með lánsloforð. Ég hygg að ég muni þá tölu rétt að það kosti um 6 milljarða að afgreiða þá sem eru með lánsréttarbréf sem kæmu til afgreiðslu sennilega 1992 og síðar. Það yrði að gerast með þeim hætti, eins og lýst er í ákvæði til bráðabirgða, að taka upp samninga við lífeyrissjóðina um fjármögnun til þess hóps sem er með lánsréttarbréf. Fyrir öðrum er séð á þessu ári. Þeir fá sín lán greidd og mig minnir að það sé 1. sept. sem búið verður að afgreiða þá sem eru með lánsloforð í höndunum. Aðrir sem eru með lánsréttarbréf í höndunum yrðu afgreiddir 1992, 1993 og 1994. Það færi eftir því hvaða samningar tækjust við lífeyrissjóðina hve fljótt væri hægt að afgreiða þennan hóp. Gert er ráð fyrir að senda öllum þessum aðilum bréf til að athuga hvort þeir óski eftir að fá afgreiðslu í 1986-kerfinu. Hluti þeirra hefur þegar fengið fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu þannig að ekki er vitað hvað hér er um stóran hóp að ræða. Það er því ekki endanlega hægt að segja um það fyrr en þessi athugun hefur farið fram með þeim hætti sem ég hef hér lýst og er líka háð því hvernig til tekst að semja við lífeyrissjóðina.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það liggur mikið við á síðustu dögum þingsins, síðustu klukkustundum þessa kjörtímabils að afmá húsnæðislánakerfið frá 1986, sem komið var á í stjórnartíð Framsfl. fyrir fimm árum, þó þeir hafi að vísu ekki staðið einir að því. Ég man ekki betur en að það séu örfáar vikur síðan að gerð var sérstök ályktun á flokksþingi Framsfl. um að þessu kerfi skyldi ekki lokað, um að þetta frv. sem nú er flutt skyldi ekki flutt og um að Framsfl. mætti ekki og ætti ekki að greiða fyrir því að það næði fram að ganga. Auðvitað hefur nú komið á daginn að sú ályktun var marklaus og það er búið að kúga Framsfl. til að láta undan og víkja frá þeirri stefnu sem samþykkt var að mig minnir með öllum atkvæðum á flokksþingi á Hótel Sögu nú í febrúar, í síðasta mánuði, ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Var það á sl. hausti? Já, það getur hafa verið í nóvember, ég biðst afsökunar á því, það var víst á sl. hausti.

En hvað felst í þessu frv.? Það var ekki mikið að græða á ræðu hæstv. ráðherra sem flutt var hér áðan um það efni. Ekki var verið að útskýra málið í smáatriðum í þeirri ræðu eins og þó er skylt að gera þegar flókin mál eru lögð fyrir deildina. En það sem á að gera með þessu frv. er að það á að leggja niður ekki bara lánakerfið frá 1986 eins og því er lýst í 12. gr. núgildandi laga — þá grein á að vísu að fella brott úr lögunum, en líka margar aðrar greinar og marga kafla úr lögunum. Það á að fella brott heilu kaflana úr lögunum, eins og kaflann um lán til byggingar leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, kaflann um lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði, kaflann um sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir, kaflann um lán til orkusparandi breytinga á húsnæði, kaflann um lán til tækninýjunga í byggingariðnaði og loks kaflann um lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Hér er verið að fella brott eina sex kafla úr þessum lögum og sex lánaflokka sýnist mér af þeim sem lánað hefur verið til úr Byggingarsjóði ríkisins um margra ára skeið. Það er náttúrlega ætlunin að loka þessum sjóði og láta hann hætta starfsemi sinni. Í staðinn eiga að koma húsbréf sem í dag bera 7,5–7,7% raunávöxtun gagnvart þeim sem taka lánin þegar allt er talið, afföll og annað, þó svo að nafnverð þeirra bréfa sé 6%, og lánstíminn er 25 ár í stað þeirra 43 sem hefur verið í kerfinu frá 1986.

Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól að mengalli húsnæðiskerfisins frá 1986 var sá að þar var reynt að gera of mikið fyrir of marga samtímis. Hins vegar er það líka staðreynd, eins og hv. 1. þm. Vesturl., sá félmrh. sem kom þessu kerfi í lög, hefur bent á, að það hefur ekki beinlínis verið hlaðið undir þetta kerfi af núverandi valdamönnum. Og það hefur ekki beinlínis verið fjáraustur úr ríkissjóði í Byggingarsjóð ríkisins sl. fjögur ár. En það var forsenda á sínum tíma fyrir því að þetta gæti gengið að Byggingarsjóður ríkisins fengi sem svaraði einum milljarði kr. á verðlagi ársins 1986 á ári hverju. Allir vita hvað orðið hefur um þau fyrirheit og þær forsendur og ástæðulaust að fara mörgum orðum um það hér.

Því hefur lengi verið haldið fram af hálfu Seðlabankans að húsnæðislánakerfið hafi á undanförnum árum verið þensluvaldur í efnahagslífinu og skal ég ekki andmæla því. En hitt er líka ljóst að sú breyting sem lögð er til með þessu kerfi mun ekki ráða úrslitum í því efni því húsbréfakerfið er líka fjárfrekt kerfi og í því eru ekki heldur neinar takmarkanir eða sjálfvirkar hömlur sem geta spornað gegn eftirspurn nema þá að sjálfsögðu verðið á bréfunum, með öðrum orðum afföllin sem þau verða að sæta á markaðnum.

Í þessu frv. er sú nýbreytni að heimilað verði að mismuna fólki eftir því hvort það hafi keypt íbúð nýlega eða áður vegna þess að það er stungið upp á því í þessu frv. að ríkisstjórnin fái heimild til að breyta vöxtum á eldri lánum við eigendaskipti, væntanlega til þess að hækka vextina. Ég leyfi mér að efast um að slík framkvæmd geti staðist. Það hefur verið skilningur manna að heimild ríkisstjórnarinnar til að breyta vöxtum á þegar teknum lánum gilti fyrir hvern og einn lánaflokk og eitt væri þá látið yfir alla ganga í því efni. En að ætla að fara að velja úr með þeim hætti sem hér

er lagt til er að sjálfsögðu mjög hæpið og vafasamt að mínum dómi að fái staðist. En í 14. gr. frv. segir eftirfarandi, með leyfi forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða breytt vaxtakjör á láni við aðilaskipti til samræmis við almenn vaxtakjör samkvæmt nánari ákvörðun hennar." Ég leyfi mér að gera athugasemd við þessa málsgrein.

Það sem er að gerast við framlagningu þessa frv. er að núv. ríkisstjórn og núv. hæstv. félmrh. eru að viðurkenna uppgjöf sína í þessum málum. Það hefur verið margbent á það allt frá árinu 1987 þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var við völd að það þyrfti að grípa til ráðstafana varðandi málefni þessara sjóða, til að mynda að því er varðaði vexti á útlánum. En hæstv. félmrh. hefur allan tímann streist gegn því að taka slíka ákvörðun vitandi það að sú ákvörðun væri væntanlega óvinsæl og það var ekki fyrr en í desemberbyrjun 1989 sem ákvörðun var tekin um að hækka vexti á útlánum en þó þannig að það var einungis á nýjum lánum. Íbúðir í sama húsi með lánum annars vegar frá því fyrir 5. des. 1989 og hins vegar frá því eftir 5. des. 1989 hafa ólíkt markaðsverð vegna þess að á þeim hvíla lán frá Byggingarsjóði ríkisins með mismunandi kjörum. Og nú er boðið upp á frekari mismunun í þessu efni með því að bjóða fólki upp á að þegar íbúðir ganga kaupum og sölum skuli vöxtum á byggingarsjóðslánum breytt, en bara á þeim lánum.

Þær skýrslur sem fram hafa komið um þessi málefni á undanförnum mánuðum og missirum eru nú orðnar a.m.k. þrjár. Það hefur legið fyrir í langan tíma að það þyrfti að taka á fjárhagsvanda byggingarsjóðanna, reyndar beggja, ekki bara ríkisins, en það hefur verið trassað. Hver ber ábyrgðina á því? Að sjálfsögðu ráðherra þessa málaflokks, hæstv. félmrh., sem hefur trassað það í bráðum fjögur ár að taka á þessu tiltekna vandamáli. En það vantar ekki að hæstv. félmrh. hafi beitt sér fyrir ýmsum öðrum aðgerðum. Það vantar ekki. Eins og til að mynda því frv. sem hér var til umræðu í morgun og hlaut afgreiðslu í deildinni við 2. umr. Og það vantar ekki að hæstv. ráðherra hafi flutt frv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þau eru nú orðin fimm bara á þessu þingi, en að meðaltali tvö til þrjú á ári hverju á undanförnum árum. En það hefur bara ekki verið tekið á þessum tiltekna vanda sem er sú fjárhagsstaða sem við blasir í þessum sjóðum báðum og sem hefur, ef eitthvað er, versnað frá því að skýrslur um þetta efni komu fram, t.d. á síðasta sumri. Hún hefur versnað sú staða. Þó byggingarsjóðurinn sé ekki gjaldþrota, því hann á 15 milljarða króna í eignum, þá gengur hratt á þann höfuðstól á næstu árum að öllu óbreyttu.

En þetta frv. hér mun ekki breyta miklu í sambandi við það vegna þess að byggingarsjóðurinn er lokaður. Hann tekur ekki á sig nýjar skuldbindingar eins og sakir standa. Það er líka vegna þess að honum hefur ekki verið tryggt neitt fjármagn til þess. Það vita allir að ekki hafa verið veitt lánsloforð í þessu kerfi frá 1986 mánuðum saman. Ég man reyndar ekki hvenær var lokað, ætli það séu ekki orðin tvö ár, ráðherrann man það kannski betur en ég. Það út af fyrir sig breytir ekki miklu hvort þetta frv. verður að lögum nú á þessum degi eða á morgun eða eftir að ný ríkisstjórn verður tekin við, ríkisstjórn sem getur áttað sig á þessum málum í heild sinni. Því þó svo að það eigi að loka byggingarsjóðnum þá á samt greinilega að skilja eftir skuldbindingar handa næstu stjórn, samkvæmt þessum ákvæðum til bráðabirgða. Ekki liggur ljóst fyrir hvað þær skuldbindingar kosta. Það er líka svo, eins og oft hefur verið bent á, að í hinu nýja kerfi sem á að taka við, húsbréfakerfinu, sem er auðvitað fyrir margra hluta sakir hentugt kerfi og þjónar hagsmunum ýmissa aðila ágætlega, þá er það engu að síður ljóst ... (Gripið fram í.) Já, það er alveg rétt, hv. þm., og á þetta bentum við ég held báðir þegar þetta var til umræðu í þessari deild fyrir tveimur árum síðan. Það er hins vegar ljóst að þeir sem eru að reyna að afla sér húsnæðis í fyrsta sinn og hafa ekki allt of mikinn höfuðstól til að byrja með lenda í erfiðleikum. Það er mikil skuldbinding að taka á sig á unga aldri 25 ára lán með 6% raunvöxtum eins og húsbréfalánin eru að nafnvirði og borga af því í 25 ár. Það er mikil skuldbinding og umhugsunarefni fyrir ungt fólk að taka á sig slíkar byrðar, fyrir utan þau áhrif sem afföllin hafa á markaðsverð þeirrar eignar sem verið er að kaupa. Ég fullyrði, hvað sem þrástagast er á því, að á endanum er það sá sem hlýtur lánið sem greiðir þau afföll þó það komi ekki fram á bréfunum. Félmrh. hefur margsagt það að greiðslur í húsbréfakerfinu jafngildi staðgreiðslu. Þá ætti auðvitað að koma þar fram einhver staðgreiðsluafsláttur sem viðkomandi ætti að fá en það hefur ekki gerst. Verðið er óbreytt eða svo til óbreytt vegna þess að menn eru að bæta sér upp afföllin með því að hirða staðgreiðsluafsláttinn sem ella hefði átt að vera. Þar með er það auðvitað sá sem tekur þetta húsbréfalán sem stendur undir þeim og fer á mis við staðgreiðsluafslátt sem ella væri og tíðkast í öllum viðskiptum miðað við núvirði greiðslunnar. Það sem eftir stendur í þessu er að mínum dómi það að ekki er séð nægilega vel fyrir hagsmunum þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Í því kerfi sem var tekið upp 1987, og fékk nú ekki að starfa í friði nema eitt ár, voru teknar upp svokallaðar húsnæðisbætur. Þær voru hugsaðar fyrir þá sem voru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn eingöngu og ekki aðra og fólk átti að fá þann styrk í sex ár eftir að það keypti sér sína fyrstu íbúð. Síðan komu spekingar ríkisstjórnarinnar og sögðu: Það eru engin tekju- eða eignamörk í þessu, þetta getur auðvitað ekki gengið, það verða auðvitað að vera einhver tekju- og eignamörk í svona húsnæðisbótum því ella koma auðkýfingarnir og byrja að hagnýta sér þetta. En ég spyr: Eru það einhverjir sérstakir auðkýfingar almennt séð á Íslandi sem eru að kaupa sér sína fyrstu íbúð? Auðvitað er það ekki þannig. Auðvitað er það upp til hópa unga fólkið sem er á fasteignamarkaðnum í fyrsta sinn sem naut þessara bóta. Og allt tal um að það hafi verið gífurleg breyting úr ranglæti yfir í réttlæti að hverfa frá húsnæðisbótum yfir í hinar tekju- og eignatengdu vaxtabætur er meira og minna út í bláinn. Í vaxtabótakerfinu geta menn auðvitað makað krókinn, ef svo

mætti segja, ævilangt bara ef þeir skulda og borga vexti. Þar er auðvitað á ferðinni hít sem ekki sér fyrir endann á og hygg ég bæði fjmrh. og aðrir sem glíma við ríkisfjármál mættu gjarnan gefa því gaum hvað þessar vaxtabætur eiga eftir að kosta óbreyttar þegar fram í sækir. En þær voru fylgifiskur húsbréfakerfisins á sínum tíma eins og menn muna.

Það væri auðvitað hægt að tala hér langt mál, virðulegi forseti, um þetta frv. þó það láti ekki mikið yfir sér og þó svo að hæstv. ráðherra hafi ekki séð ástæðu til að tefja tímann með því að gera ítarlega grein fyrir málinu. Ég ætla að geyma mér það, herra forseti, að tala um þetta frv. langt mál, mun gera það ef ég sé ástæðu til eftir að hafa farið betur ofan í saumana á þessu frv. Ég átti reyndar ekki von á því að reynt yrði að afgreiða þetta frv. á þessum síðustu klukkutímum kjörtímabilsins, líka vegna þess að lánakerfið er lokað og samhengi frv. breytir praktískt séð engu og getur þess vegna vel beðið í nokkrar vikur þangað til þing kemur saman aftur, ekki síst ef það er hugmynd manna að kalla saman þing í vor á nýjan leik. En ég áskil mér rétt til þess að fara í saumana á þessu máli. Ég vil ekki útiloka að það geti komið til greina að loka lánakerfinu frá 1986 úr því sem komið er, miðað við hvernig þessum málum hefur verið skipað undanfarin örfá ár. Og auðvitað má segja að það séu viss rök að það sé óskynsamlegt að hafa í gangi fleiri en eitt lánakerfi. En ég hygg að það sé óhjákvæmilegt, hvort sem það verður gert með brtt. við þetta frv. eða með öðrum hætti, að taka upp á nýjan leik sérstaka fyrirgreiðslu við þá sem eru að eignast húsnæði í fyrsta sinn, kaupa eða byggja í fyrsta sinn. Það er unga fólkið á Íslandi sem þar er um að ræða að stærstum hluta.

Ég skal ekki láta þetta verða lengra að sinni, herra forseti. Það er auðvitað margt sem kemur upp í hugann í sambandi við þessi mál, húsbréfakerfið, bankakerfið og fleira, en ég geymi mér frekari umfjöllun á þessu stigi í trausti þess að forseti ljái mér orðið á nýjan leik ef ég kýs að óska þess.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

74. fundur, mánudaginn 18. mars, kl. 5 síðdegis.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990, síðari umr.

Þáltill. ÁrnG o.fl., 376. mál. — Þskj. 663, n. 922, brtt. 923.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 922 er nál. frá utanrmn. varðandi till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins frá 1990 sem flutt var af Árna Gunnarssyni, Alexander Stefánssyni, Margréti Frímannsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Hreggviði Jónssyni, sem eru aðilar að þessu vestnorræna þingmannasamstarfi. Nál. utanrmn. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj.

Nefndin birtir sem fylgiskjal með nál. þessu ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. sept. 1990."

Undir þetta nál. skrifa allir meðlimir utanrmn., þ.e. sá sem hér stendur, Hjörleifur Guttormsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Kristín Einarsdóttir og Karl Steinar Guðnason.

Brtt. á þskj. 923 er svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. sept. 1990."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 923 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1046).

Afnám margsköttunar á iðgjaldi til lífeyrissjóða, síðari umr.

Þáltill. GHG, 371. mál. — Þskj. 651, n. 953, brtt. 954.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um till. til þál. um afnám margsköttunar á iðgjaldi sjóðfélaga til lífeyrissjóða:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem nefndin flytur á sérstöku þskj."

Þá breytingu er að finna á þskj. 954 þar sem lagt er til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Jafnframt er lagt til að fyrirsögn tillögunnar orðist svo: „Till. til þál. um skattalega meðferð á lífeyrissparnaði."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 954,1 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 954,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 39 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr.

sem ályktun Alþingis (þskj. 1047) með fyrirsögninni:
Þál. um skattalega meðferð á lífeyrissparnaði.

Alþjóðasamþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu, síðari umr.

Stjtill.. 397. mál. — Þskj. 715, n. 958.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi:

„Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt.

Nefndin telur að rétt sé að fullgilding samþykktarinnar verði takmörkuð við gildissvið laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þetta þýðir að fullgildingin mun ekki taka til siglinga, fiskveiða og loftferða."

Undir þetta rita allir nefndarmenn félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1048).

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, síðari umr.

Stjtill., 441. mál. — Þskj. 819, n. 1017.

Frsm. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fjvn. Alþingis hefur haft þetta mál hjá sér til skoðunar, en það er þess efnis að Alþingi staðfesti samning, sem gerður hefur verið á milli samgrn. og hlutafélagsins Spalar, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Umræddur samningur er birtur sem fylgiskjal með tillögu um staðfestingu Alþingis á samningnum þannig að það er ástæðulaust að fara út í efnisatriði samningsins. Þau liggja fyrir og hafa legið fyrir hv. Alþingi allt frá því að þingskjalið var lagt fram.

Fjvn. hefur skoðað þetta mál og m.a. rætt það við starfsmenn Vegagerðar ríkisins og niðurstaða nefndarinnar er sú að hún leggur einróma til að Alþingi samþykki þessa þáltill. og staðfesti samninginn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1049).

Vegáætlun 1991–1994, síðari umr.

Stjtill., 398. mál. — Þskj. 716, n. 959, brtt. 960.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Umfjöllun um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 hefur verið með hefðbundnum hætti í fjvn. Við höfum fengið starfsmenn Vegagerðar ríkisins og starfsmenn fjmrn. sem hafa gefið nefndinni upplýsingar svo sem um forsendur tekjuáætlunar, um þróun tekjustofna, verðlag o.fl., og vil ég fyrir hönd fjárveitinganefndarmanna þakka þessum embættismönnum og þá ekki síst starfsmönnum Vegagerðar ríkisins fyrir það samstarf sem við höfum við þá haft. Einnig hafa þingmannahópar kjördæmanna haft áætlunina til meðferðar með hefðbundnum hætti og lagt tillögur sínar um breytingar fyrir fjvn. og hefur nefndin nær undantekningarlaust tekið tillit til tillagna kjördæmahópanna og gert þær tillögur að sínum. Á því er þó undantekning sem ég kem að síðar í máli mínu.

Ástæða er til þess að benda hv. þm. á að eins og ávallt áður er vegáætlun miðuð við tilteknar forsendur, bæði verðlagsforsendur og aðrar forsendur er tekjuáætlun tillögunnar varðar. Þessar forsendur hafa verið lagðar fram og ræddar í hæstv. ríkisstjórn að því er okkur var sagt og höfum við ekki gert á þeim neinar breytingar aðrar en þá að við höfum fallist á að gera tillögu um sambærilega verðlagshækkun milli áranna 1991 og 1992 eins og gert er ráð fyrir af hálfu embættismanna fjmrn., Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands og höfum við þar farið nokkurn milliveg.

Varðandi árið 1991 eru verðlagsforsendur tekjuáætlunarinnar þær hinar sömu og notaðar voru við afgreiðslu fjárlaga og tölur um tekjur af mörkuðum tekjustofnum þær sömu og eru í fjárlögum ársins. Þannig var tillagan lögð fram og þannig hefur hún verið afgreidd óbreytt hvað árið 1991 varðar af hálfu fjvn. Rétt er að taka það fram að þarna er spáð aukningu umferðar um 2,5% sem gert er ráð fyrir að skili sér að fullu í aukinni sölu bensíns sem umferðaraukningunni nemur, en aðeins að hálfu leyti í þungaskatti og eru þessar sömu forsendur um aukningu umferðar notaðar öll áætlunarárin 1991–1994, þ.e. aukningu umferðar um 2,5% sem skilar sér að fullu í aukinni bensínsölu en að hálfu leyti í þungaskatti. Þá er einnig gert ráð fyrir því að með lagabreytingu verði heimilað að innheimta þungaskatt mánaðarlega og mun það gefa til viðbótar á árinu 1991 tekjur tveggja innheimtumánaða eða 170 millj. kr. og kemur sú tekjuviðbót að sjálfsögðu aðeins fram á árinu 1991. Þá er einnig gert ráð fyrir að tekjustofnar Vegasjóðs verði fullnýttir í áföngum, svo sem lög heimila og sú fullnýting komi fram á tveimur árum, árunum 1991 og 1992. Þetta merkir hvað varðar árið 1991 að bensíngjald eigi eftir að hækka um sem næst 5% í júní og svo aftur álíka mikið í september. Og ég tek það enn og aftur fram að hér er um að ræða tekjuáætlunarforsendu sem var í tillögunni eins og hún var lögð fyrir Alþingi af hæstv. ráðherra í nafni ríkisstjórnarinnar og við í fjvn. höfum ekki gert neina tillögu um breytingar á þessari for-

sendu, en það verður auðvitað að liggja ljóst fyrir að þetta eru þær tekjuöflunarforsendur sem Alþingi gerir ráð fyrir að verði á árinu 1991, verði þáltill. um vegáætlun afgreidd eins og hún er fram lögð.

Þá er í forsendunum fyrir tekjuáætlun fyrir árið 1992 miðað við að verðlag hækki um 8% frá meðalverðlagi 1991 til meðalverðlags 1992 og hafa tölur bæði tekna- og gjaldamegin af áætlunum fyrir 1992 verið umreiknaðar samkvæmt þeim verðlagsforsendum en í tillögunni eins og hún var lögð fram upphaflega voru allar tölur á verðlagi 1991. Með öðrum orðum: Í meðförum fjvn. hefur þessi uppfærsla verið gerð á tölum áætlunarinnar bæði tekna- og gjaldamegin árið 1992 og síðar. Verðlagsforsenda þessi hefur þannig verið notuð á tekjur og útgjöld áranna 1992 og 1993, eins og vanalegt er, og 1994, en seinni tvö ár áætlunartímabilsins hafa jafnan verið á verðlagi annars ársins. Í forsendunum fyrir tekjuspá ársins 1992 og síðar er auk þess reiknað með um það bil 2,5% aukningu á bensínsölu og er sama aukning áætluð árlega allt þetta tímabil. Þá er einnig gert ráð fyrir því að á árinu 1992 sé stigið seinna skrefið í þá átt að fullnýta tekjustofna Vegasjóðs og til þess að svo geti orðið þarf annaðhvort að hækka allt bensíngjald um 8% umfram verðlagsforsendur, og er þá miðað við óbreytt verðhlutfall milli venjulegs bensíns og blýlauss bensíns, eða, ef hækka á bensíngjaldið minna í heild, þá verður að láta verðmun á venjulegu bensíni og blýlausu bensíni koma fram í ólíkri tollmeðhöndlun.

Það er með öðrum orðum ljóst að þegar sú afgreiðsla hefur farið fram sem hér er lögð til á vegáætlun, þá eru menn að ganga út frá því að fullnýta alla tekjustofna Vegasjóðs sem þýðir það að bensíngjald og þungaskattur muni hækka meira á árinu 1991 og 1992 en verðlagsforsendum nemur, um 5% tvisvar sinnum á árinu 1991 og um 8% umfram verðlagsforsendur á árinu 1992. Nái þessar hækkanir ekki fram að ganga, sem eru grundvöllur áætlunarinnar eins og hún var lögð fram af hæstv. ríkisstjórn upphaflega, og verði aukning umferðar minni en búist er við mun það að sjálfsögðu hafa áhrif á tekjuhlið Vegasjóðs og með sama hætti áhrif á gjaldahlið Vegasjóðs útgjaldamegin.

Ástæða er til að vekja athygli hv. Alþingis á þessum forsendum. Verði afgreiðsla Alþingis á vegáætluninni eins og nefndin leggur til er þannig tekin ákvörðun um þessa fullnýtingu tekjustofna.

Fjvn. leggur aðeins til mjög óverulegar breytingar á útgjaldahlið áætlunarinnar frá upphaflegri tillögu. Nefndinni bárust tillögur þingmannahópa kjördæmanna um skiptingu fjár til einstakra framkvæmda og um framkvæmdaröð. Nefndin gerir þær tillögur að sínum í öllum tilvikum þar sem fjallað var um almenn verkefni. Í einu tilviki kom ósk frá þingmönnum eins kjördæmanna, Norðurl. v., um breytingu á sérstöku verkefni sem fjvn. gat ekki fallist á, en afstaða fjvn. hefur alla jafnan verið sú að nefndin hefur ekki nema í undantekningartilvikum fallist á að þingmannahópar geti gert umtalsverðar breytingar á sérstökum verkefnum sem nefndin hefur litið svo á að hlutverk sitt sé að standa vörð um ásamt Vegagerðinni. Og að fenginni umsögn Vegagerðar ríkisins um tillögu hv. þm. Norðurl. v. var eftirfarandi tillaga samþykkt í fjvn., sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjvn. samþykkir að gera ekki breytingar á tillögu í vegáætlun um vegabætur og brúargerð í Hrútafjarðarbotni á árunum 1991 og 1992. Nefndin samþykkir hins vegar að þingmannahópum Norðurl. v. og Vestfjarða sé heimilt að lána fé af þessum framkvæmdalið til annarra framkvæmda í kjördæmum þessum náist ekki samkomulag og samstarf um vegar- og brúarstæði þannig að af framkvæmdum geti orðið á umræddum árum."

Það liggur með öðrum orðum ekki fyrir á þessari stundu hvort af þessum vegaframkvæmdum og brúargerð í Hrútafjarðarbotni getur orðið eins og áætlað er þó í vegáætlun að verði. Til þess vantar úrskurð um framtíðarvegar- og brúarstæði á þessu svæði. Við viljum að það sé alveg skýrt að það liggi fyrir að náist ekki niðurstaða sem menn eru sáttir og sammála um þá sé heimilt að lána umrætt fé til framkvæmda annars staðar í þessum kjördæmum tveimur en þetta verkefni er þess eðlis að það er kostað af vegafé tveggja kjördæma, Vestfjarðakjördæmis annars vegar og Norðurlandskjördæmis vestra hins vegar. Og ég vil aðeins ítreka það, virðulegi forseti, að þessi ályktun var þannig samþykkt í fjvn. eins og ég hef upp lesið.

Þá eru lagðar til nokkrar tilfærslur framlaga innan stórverkefnaflokksins milli jarðganga og stórbrúa sem breytir þó ekki heildartölum. Þá gerir nefndin loks tillögur um nokkrar breytingar á flokkun vega og eru þær tillögur gerðar í samvinnu við Vegagerð ríkisins og þingmannahópana. Koma þessar tillögur um breytingu á flokkun vega fram á bls. 14 í þskj. 960 þar sem brtt. fjvn. er að finna.

Í fjvn. var einnig gerð grein fyrir því viðhorfi þingmanna Suðurlandskjördæmis að nauðsyn bæri til að tengja betur saman en nú er gert hreppana beggja megin Hvítár, Biskupstungnahrepp og Hrunamannahrepp. Á þessum stöðum eru þegar komin á fót fyrirtæki sem hafa mikla samvinnu í rekstri og þarfnast því góðra samgangna. Í þessu samhengi þarf að taka upp í tölu þjóðvega nýja leið yfir Hvítá norðvestan Flúða. Hafa þingmenn Suðurlands beðið Vegagerðina að undirbúa það mál þannig að taka mætti leið þessa í tölu þjóðvega við næstu endurskoðun vegáætlunar og er þetta sagt hér til upplýsingar.

Fjvn. flytur brtt. sínar á þskj. 960 og nefndin leggur til að vegáætlun 1991–1994 verði samþykkt með þeim breytingum. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni, þau Pálmi Jónsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Egill Jónsson og Friðjón Þórðarson, rituðu undir nál. þetta með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Það væri vissulega ástæða til þess að minnast á nokkrar framkvæmdir sem vegáætlun gerir ráð fyrir og þá ekki síst ýmsar hinar stærri framkvæmdir sem hinn nýi stórverkasjóður á að standa straum af. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til þess að fara út í þá sálma þegar svo langt er liðið á þinghaldið og ýmis veigamikil mál, auk vegáætlunar, bíða afgreiðslu og hef því ekki fleiri orð um að þessu sinni en

ítreka að fjvn. leggur til að brtt. á þskj. 960 verði samþykktar eins og þær þar standa og vegáætlun verði samþykkt af hinu háa Alþingi með þeim breytingum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á þskj. 959, nál. um þá till. sem hér er á dagskrá frá fjvn., þá ritar nefndin öll undir þetta nál. en fulltrúar stjórnarandstöðunnar skrifa undir með fyrirvara.

Í þeirri till. sem hér er verið að afgreiða koma fram ýmsar áherslubreytingar bæði að því er varðar tekjuhlið þessarar tillögu og eins að því er lýtur að gjaldahliðinni. Ég vil geta þess að minn fyrirvari og okkar í stjórnarandstöðunni væntanlega lýtur ekki síst að því að í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að farið sé verulega fram úr áætlaðri verðlagsþróun í aukningu tekna til Vegasjóðs og gert er ráð fyrir því að hækka tekjustofna Vegagerðarinnar með þeim hætti umfram verðlagsþróun. Þetta er gert á grundvelli þess að þessir tekjustofnar hafa ekki verið fullnýttir að undanförnu og er gert ráð fyrir að hækka þessa tekjustofna nú á þessu ári eins og hér var raunar lýst af framsögumanni nefndarinnar, þ.e. bensíngjald um 10% umfram verðlag og einnig að hækka svo aftur bensíngjald um 8% umfram verðlag á næsta ári. Fyrir þessu eru heimildir í lögum og við höfum ekki talið ástæðu til að snúast gegn þessu en vekjum á þessu sterklega athygli. Á þennan hátt er verið að fara fram úr verðlagsþróun hvað þessa tekjustofna snertir og þar með skattaálögur á þjóðina.

Það er ekki síst ástæða til að vekja athygli á þessu vegna þess að hér er um að ræða hækkanir á þessum tekjustofnum sem fara langt umfram það sem hin svokallaða þjóðarsátt gerir ráð fyrir. Hæstv. samgrh. skýrði þetta með þeim hætti þegar hann mælti fyrir þeirri till. sem hér er á dagskrá að það væri gert ráð fyrir því að ná þessum hækkunum á tekjustofnunum á síðari hluta þessa árs og á næsta ári, þ.e. á því tímaskeiði þegar hið svokallaða þjóðarsáttartímabil sem nú stendur er á enda runnið. Það er í samræmi við ýmislegt annað hjá hæstv. ríkisstjórn að það er reynt að fresta hækkunum, fresta skattahækkunum sem eru yfirvofandi, fresta hækkunum á opinberri þjónustu þangað til á síðustu mánuðum þessa árs og e.t.v. á næsta ári, eins og hér er um að ræða, þ.e. það sem þeir kalla venjulega „eftir þjóðarsátt", en ættu raunverulega að segja sannleikann eins og er: þangað til ríkisstjórnin hefur farið frá.

Þetta er það sem ástæða er til að vekja mjög sterklega athygli á hér í þessari umræðu. Ég tel einnig ástæðu til að vekja á því athygli að til viðbótar við þá hækkun þungaskattsins sem gert er ráð fyrir að hér verði og var lýst af hv. 5. þm. Vestf., þar sem farið verður að fyllstu mörkum þess sem lög heimila, þá er gert ráð fyrir að breyta innheimtukerfinu á þann veg að ná umfram heilsárstekjur tveggja mánaða tekjum til viðbótar, eða 170 millj. kr. á fyrsta ári eftir að breytingin tekur gildi.

Þetta þýðir það að þungaskatturinn verður ærið erfiður viðfangs fyrir þá sem hann þurfa að greiða á þessu ári, ef slík lagabreyting kemst fram, og það er auðvitað rétt að gera sér fulla grein fyrir því að þessi hækkun þungaskattsins hlýtur að koma fram í verðlagi. Það er ekki hægt að búast við því að þeir sem greiða þungaskatt, þ.e. þeir sem annast flutninga á landi, geti tekið á sig þessa hækkun án þess að það komi fram í taxta vörubílstjóra og þeirra sem annast þungaflutninga og þar með er það komið út í verðlagið. Þessar ákvarðanir hafa því áhrif á verðlagsþróun sem hæstv. ríkisstjórn ber ábyrgð á.

Þessi atriði eru þau efni sem ég tel sérstaklega ástæðu til að vekja athygli á varðandi tekjuhlið þessa máls. Það er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram á þessu ári 350 millj. kr. sem framlag til þess að mæta kostnaði við flýtingu Vestfjarðaganga en síðan falli slíkt framlag úr ríkissjóði niður.

Varðandi gjaldahlið till. þá skýrði ég það við fyrri umr. málsins að þar kæmu fram verulegar áherslubreytingar. Á síðasta ári komu þær breytingar vissulega að nokkru leyti fram með því að tekinn var upp nýr liður, raunar tveir nýir liðir í sundurliðun á útgjöldum til vegamála, þ.e. liður sem ber nafnið Stórverkefni annars vegar og Til höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Auðvitað er hér um þörf og góð viðfangsefni að ræða sem ekki skal gagnrýnt hér að skuli taka til sín það verulega fjármagn sem till. gerir ráð fyrir, en eigi að síður er nauðsynlegt að hv. Alþingi og almenningur í landinu geri sér grein fyrir því að um leið og fé Vegasjóðs er tekið í svo ríkum mæli sem hér er gert ráð fyrir til þessara tveggja verkefna, þá er minna eftir til annarra.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að rúmur milljarður gangi til þessara tveggja verkefna og má segja að það sé svipuð tala, ef sama verðlagi væri fylgt, sem gangi til þessara tveggja viðfangsefna á hverju ári áætlunartímabilsins. Þetta þýðir að ekki tekst að ljúka ýmsum þeim verkum sem áætlað var á hinni gömlu langtímaáætlun í vegagerð á því síðasta tímabili þeirrar langtímaáætlunar sem nú stendur. Og það er verulegur ósigur í því fólginn að það skuli ekki takast. Þetta þýðir einnig að það verður ekki hægt að taka til við meiri verkefni í þjóðbrautum svo neinu nemi umfram það sem gert hefur verið á undangengnum árum þrátt fyrir fyrirheit um að þjóðbrautirnar mundu fá aukið fé til sinna þarfa þegar því langtímaáætlunartímabili lýkur sem senn er á enda. Þetta er líka býsna alvarlegt og að þessu þarf hv. Alþingi að ganga með opin augun.

Þess vegna er það að um leið og við fögnum því að geta sinnt ýmsum stærri verkefnum, sem vissulega hafa mikla þýðingu fyrir þau byggðarlög sem þeirra framkvæmda eiga að njóta, þá erum við að taka fé frá hinni almennu vegagerð í landinu. Það verður ekki bæði sleppt og haldið.

En þrátt fyrir þessar tillögur höfum við í stjórnarandstöðunni ekki gert um þær ágreining og skilum ekki um þær sérálíti né flytjum um þær brtt. heldur viljum við vekja athygli á þessum áherslubreytingum sem hér eru á ferðinni og hvað þær þýða.

Ég skal ekki fara að ræða hér einstök viðfangsefni og taka til þess tíma. Í skýrslu hæstv. samgrh. um

framkvæmd vegáætlunar frá síðasta ári, ársins 1990, er að vanda marghátttaðan fróðleik að finna. Þar kemur fram að fé vegna nýbyggingar vega, brúa og fjallvega á síðari árum hefur verið í raun afar sambærilegt frá ári til árs, allt frá árinu 1974. Þó að nokkur þrep séu í fjárveitingu á milli einstakra ára þá er það svo að samkvæmt þessari skrá, sem hér liggur fyrir og er birt mynd af í stöplariti, sést að árið 1975 var varið á verðlagi ársins 1990 um 2453 millj. kr. til þessara framkvæmda, þ.e. nýbygginga vega, brúa og fjallvega. Á síðasta ári var þetta fé 2132 millj. kr. eða um 300 millj. kr. minna. Á milli þessara talna hefur framkvæmdafé sveiflast með tiltölulega litlum frávikum á öllu þessu árabili. Og í þeirri vegáætlun sem hér er verið að afgreiða er ekki um veigamikla breytingu frá þessu að ræða, a.m.k. ekki á fyrsta ári. Á hinn bóginn voru miklu meiri fjárveitingar til nýbygginga í vegum á næstu árum á undan þessu, þ.e. á árunum 1971 til 1974.

Ég held að það blandist engum hugur um það að vegaframkvæmdir eru meðal hinna þýðingarmestu opinberra framkvæmda í landinu. Ég tel að okkur hafi tekist í okkar strjálbýla landi að vinna mjög þýðingarmikil verk í þessum efnum á undangengnum árum og raunar áratugum en við eigum þar samt sem áður mjög mikið ógert. Það er nú svo að með breyttum búskaparháttum hjá þjóðinni, breyttum þjóðlífsháttum, nauðsyn samgangna til þess að geta nýtt þjónustu og sótt atvinnu, þá er það afar nauðsynlegt að þessum þætti framkvæmda sé fram haldið með sæmilegum þrótti.

Ég held að það sé rétt sem margir hafa sagt að samgöngumál séu meðal hinna allra þýðingarmestu mála að því er varðar byggðamál, en þó er það svo að það sem lagt er í vegakerfi landsins er ekki einungis til þess að stuðla að samgöngum fyrir það fólk sem byggir hinar dreifðu byggðir landsins, heldur er þar verið að vinna verk sem eru í þágu þjóðarinnar allrar. Þannig er það auðvitað grunnurinn undir því að yfirleitt er meiri sátt um það að verja fé og það verulegum fjármunum til vegamála heldur en til flestra annarra opinberra framkvæmda. Ég lít svo til að þrátt fyrir það að allir vilji meira fé í þessar þýðingarmiklu framkvæmdir þá sé þó um það að ræða að áfram sé haldið, að áfram þokist hin ýmsu verk sem eru nauðsynleg og það er enginn vafi að þjóðin hlýtur að finna fyrir því að vegirnir batna ár frá ári.

Ég tel sem sé að í þessum þætti mála sé ekki hægt að kvarta stórkostlega undan því að fé sé ekki varið til framkvæmda, við getum deilt um hvernig því er skipt, en ef við viljum fá meira fé þá hlýtur það að kosta aukna skattheimtu á þjóðina í einhverju formi.

Ég tel á hinn bóginn að annar þáttur samgöngumála hafi legið stórkostlega eftir á síðustu árum, en það er þáttur hafnamála, og það verði eigi hjá því komist á komandi árum að taka betur til hendinni í þeim framkvæmdaflokki því þar er um að ræða framkvæmdir er varða líf og dauða þeirra byggðarlaga sem sækja sér lífsbjörg, bæði að því er varðar sjósókn og framleiðslu og einnig flutninga um hafnir. Þetta er auðvitað ekki á dagskrá hér en ég læt þessa getið vegna þess að mér sýnist að þar sé þörfin enn þá brýnni heldur en á þeim flokki framkvæmda sem við erum hér að ræða.

Í fjvn. var einnig lítillega til meðferðar till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð og ég leyfi mér hér undir þessum dagskrárlið að segja um hana örfáar setningar til þess að spara tíma ef hún kynni að koma á dagskrá, en sá tími sem vannst til þess að vinna að þeirri till. var svo skammur að ekki var unnt að ræða hana til hlítar eða nægilega til þess að hún fengi formlega og eðlilega afgreiðslu. Hins vegar birti nefndin eins konar bráðabirgðanefndarálit þar sem fram koma og prentaðar eru sem fskj. tillögur þær sem koma fram frá starfsmönnum Vegagerðar ríkisins um skiptingu á fé samkvæmt langtímaáætlunartillögunni á einstaka vegi í stofnbrautum og til sérverkefna og til stórverkefna og til stærri brúargerða.

Ég tel að það hafi verið eðlilegt af hálfu fjvn. að halda á því máli með þessum hætti. Sú skipting sýnir hvaða tillögur það eru sem fram hafa komið frá starfsmönnum Vegagerðar ríkisins sem í flestum tilvikum verða nokkuð ráðandi um ákvarðanir Alþingis en eru þó auðvitað oft með þeim hætti að þar eru gerðar ýmsar minni háttar breytingar á. Það fskj. sem þarna fylgir með getur þess vegna orðið til nokkurrar leiðsagnar enda þótt það hafi ekki hlotið neina formlega afgreiðslu.

Ég ætla svo ekki, virðulegi forseti, að flytja um þetta mál lengri ræðu. Ég tel ekki ástæðu til þess þar sem ekki er ágreiningur um annað en þær áherslur sem fyrirvari minn lýtur að og ég hef hér greint frá, og ekki ástæða til að taka tíma þingsins í að fara að flytja hér langt mál um einstaka þætti þessara mála.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta stóra og mikilvæga mál, vegáætlun fyrir árin 1991–1994. Ég fagna sérstaklega í sambandi við þetta mál að endurskoðun vegáætlunar, þ.e. langtímaáætlun í vegagerð, er lokið frá þeirri nefnd sem hæstv. samgrh. skipaði og auðvitað er hluti af þessari endurskoðun nefndarinnar sú vegáætlun sem við erum að fjalla um hér fyrir fyrsta tímabil þessarar endurskoðunar, þ.e. árin 1991–1994.

Ég verð í þessu tilfelli að láta það koma hér fram varðandi þessa langtímaáætlun og það fjármögnunarkerfi sem hún byggir á að það eru miklar efasemdir í mínum huga að sú fjáröflun standist til langtíma. Ég er á þeirri skoðun að það þurfi að endurskoða tekjustofna Vegasjóðs enn frekar og það eigi að marka þá stefnu að þessi stærstu verk eins og jarðgöng og fleira sem flokkast undir þau verk, að það verði ekki hjá því komist að taka til þess sérstök lán sem sé gert ráð fyrir í vegáætluninni sjálfri.

Ég segi þetta meðfram vegna þess að okkur er alveg ljóst, sem höfum starfað að þessum málum í fjvn. í áratug eða meira, að það er svo mikið eftir í almennri vegagerð í landinu, sem er náttúrlega fyrst og fremst tenging milli byggðarlaga og inn á þá vegi sem fólk þarf almennt að nota, að það eru þarna ótal dýr mannvirki eftir sem taka til sín mikið fé, en að mínu mati verða að þoka nokkuð fyrir hluta af þessum stór-

verkum eins og áætlunin er sett upp.

Þetta eru aðeins ábendingar en ég tel að við frekari endurskoðun á þessari vegáætlun og langtímaáætlun, sem verður að sjálfsögðu með hefðbundnum hætti á tveggja ára fresti, þurfi að skoða þessi mál enn frekar af þeirri reynslu sem við byggjum á í þessum málum.

Ég verð að segja það eins og er að það urðu mér og fleirum mikil vonbrigði að það skyldi ekki koma skýrt fram í tillögum endurskoðunarnefndar að vegurinn yfir Gilsfjörð skyldi koma af fullum krafti á árinu 1993–1994 eins og allar tillögur þingmannahópa Vestfjarða og Vesturlands höfðu fjallað um og gefið um heitar yfirlýsingar. Þetta urðu vonbrigði og þrátt fyrir viðleitni nefndarinnar til þess að bæta þarna nokkuð úr með því að bæta 15 millj. inn á árið 1994, þá lá það ljóst fyrir að þessi framkvæmd mundi ekki verða fyrr en á árunum 1995–1998. Þetta er nokkuð sem var útilokað að sætta sig við og ég hlýt að þakka fjárveitinganefndarmönnum að það skyldi verða samhljóða skilningur á því að bæta hér nokkuð úr þannig að þessi framkvæmd, vegurinn um Gilsfjörð, er kominn inn á framkvæmdafjárlög 1993 og 1994 og á þessum árum verða til ráðstöfunar samkvæmt þessu um 94 millj. kr. sem gera það að verkum að mínu mati, og ég held að það sé samdóma álit okkar allra sem höfum verið með þetta í höndunum, að með þessu móti er hægt að bjóða verkið út 1993 og hefja framkvæmdir sem yrðu þá aðallega á árunum 1994 og 1995 og þá verði verkinu lokið. Þetta er vel hægt miðað við það að hér er um stórverk að ræða sem þýðir það að til þess þarf hvort eð er lánsfé og það væri þess vegna hægt að færa þarna á milli þannig að þetta gæti orðið að veruleika.

Við sem höfum staðið að því að reyna að vinna að þessum málum á undanförnum árum leggjum gífurlega áherslu á þetta atriði, að þessi möguleiki verði framkvæmdur og hann er framkvæmanlegur miðað við þessar breytingar sem fjvn. gerir hér á þessari þáltill. eða vegáætlunartillögu.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, skal ég ekki tefja þessar umræður. Ég vil þó taka undir það sem hér kom fram áðan í sambandi við langtímaáætlunina sem nefndin treystist ekki til að leggja fram til samþykktar hér á hv. Alþingi vegna þess að tíminn var of naumur og þingmannahópar höfðu ekki fengið nægilegan tíma til þess að fjalla um þá áætlunargerð í smáatriðum. En ég vil þó leggja áherslu á að það sem hér liggur fyrir á þskj. 961 er í stórum dráttum það sem aðilar hafa komið sér saman um og hefur verið unnið faglega af Vegagerð ríkisins sem eins og áður hefur verið með vandaða vinnu og miklar upplýsingar í sínum fórum sem skila sér í báðum þessum þskj. Það liggur á bak við þetta athugun í flestum þingmannahópunum og áhersluatriðin koma þarna fram þannig að þetta fskj. getur orðið leiðarvísir um framhaldið eins og var raunar í vegáætluninni 1981 þegar hún var lögð fram á Alþingi en var ekki afgreidd. Ég get bætt því hér við að þingmannahópur Vesturlands hefur í aðalatriðum samþykkt þær tillögur sem hér liggja fyrir um langtímaáætlun að því er varðar Vesturland.

Ég vil svo nota tækifærið til þess að þakka samstarfið í fjvn. um þennan þátt mála, þ.e. vegáætlunina, og ekki síst endurtaka, eins og ég sagði hér áður, þakkir til starfsmanna Vegagerðar ríkisins sem hafa eins og jafnan áður unnið faglega að þessum málum og greitt úr þannig að það væri hægt að afgreiða þetta mál á eðlilegan máta þó að tíminn væri skammur.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994. Ég vil þakka hv. formanni fjvn. fyrir málsútlistun hans svo og hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Vesturl. fyrir þeirra hlut að þessum málum. Og ég vil nota tækifærið hér í upphafi máls míns til að þakka öllum þessum ágætu mönnum og ágæta fólki í fjvn. fyrir mjög gott samstarf, svo og þeim sem til okkar hafa komið, sérstaklega vegagerðarmönnum.

Það segir hér í upphafi nál. að fjvn. hafi lokið umfjöllun sinni um vegáætlun fyrir þessi ár sem ég nefndi og að sú umfjöllun hafi verið með hefðbundnum hætti. Þetta þýðir að sjálfsögðu að við fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni höfum lagt okkur fram um að vinna vel að þessu máli eða vinna vel úr þessu máli án þess þó að ráða ferðinni í öllum greinum. Þetta vil ég taka sérstaklega fram því að mínum dómi er ýmislegt í þessu máli öðruvísi en ég hefði helst kosið svo sem ég mun nánar víkja að hér í örfáum orðum. Þess vegna hef ég, ásamt þeim mönnum sem ég nefndi, undirritað þetta nál. með fyrirvara.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma og ekki að fjalla nákvæmlega um brtt. þær sem gerðar eru og fjallað er um á þskj. 960, enda er sú raunin á eins og yfirleitt áður að við þessar tillögur, eins og þær koma frá stjórn vegamála, eru tiltölulega litlar breytingar gerðar. En þó hefur þessu verið haggað á nokkrum stöðum.

Það hefur líka lítillega verið fjallað um till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð en þar sem hún er ekki hér á dagskrá sérstaklega mun ég ekki nefna hana að öðru leyti en því að fjvn. athugaði þær tillögur. Það er svokölluð frumyfirferð um þau mál. Náttúrlega eru ýmsar tölur úr þeirri langtímaáætlun og ýmsar athuganir kunnar, bæði fjárveitinganefndarmönnum og öðrum hv. þm., en vegna þess að ég tel að það hafi töluvert þokast áleiðis í þessum málum, þá ætla ég að leyfa mér að bera saman og rifja upp í örfáum orðum helstu áhugamál í Vesturlandskjördæmi vegna þess að það eru ekki einungis mál okkar þingmanna Vesturlands heldur allrar þjóðarinnar að mínum dómi.

Þá vil ég geta þess í upphafi að ég álít að það hafi helst áunnist í þeim málum sem héraðsnefndir okkar á Vesturlandi, áður sýslunefndir, og samtök sveitarfélaga hafa lagt áherslu á því að það er nokkuð góð samstaða í þessum málum.

Enn vil ég nefna, eins og raunar er alkunna, að á Vesturlandi eru þýðingarmestu samgöngurnar á landi. Því er uppbygging vegakerfisins í kjördæminu eitt brýnasta hagsmunamál byggðanna. Aðaláherslur í vegaframkvæmdum á Vesturlandi eru að mati okkar þessar sem ég vil nú aðeins nefna:

Í fyrsta lagi að komið verði á tengingu byggðarlag-

anna á norðanverðu Snæfellsnesi með lagningu bundins slitlags frá Ólafsvík til Búðardals. Á þessu máli tel ég að allvel hafi verið tekið nema það þarf að leggja enn þá meiri áhersiu á veginn frá Stykkishólmi um Álftafjörð inn í Búðardal og um Skógarströndina sem seint og snemma hefur verið vanrækt í samgöngumálum. Þá verði ráðist í brúargerð yfir Gilsfjörð og það verkefni fjármagnað á sérstakan hátt úr Stórverkefnasjóði sem ég mun nánar koma inn á síðar.

Þá er í þessum tillögum á því þskj. sem ég nefndi áðan vikið að uppbyggingu vega í uppsveitum Borgarfjarðar og tel ég að það sé mjög tímabært og hafi raunar of lengi beðið.

Hér fyrr á dagskránni í dag var rætt um undirbúning vegtengingar um utanverðan Hvalfjörð og samþykkt gerð í því máli sem öllum er í fersku minni og ræði ég það ekki frekar.

Þá verður á næstu árum unnið áfram samkvæmt vegáætlun að lagfæringum á vegi um Fróðárheiði, einnig Kerlingarskarðsvegi, athuguð leiðin um Vatnaheiði og svo að sjálfsögðu unnið að endurbótum vegar um Heydal og Bröttubrekku. Og á næstu árum verður tekið til við að ljúka veginum um Mýrar, þ.e. á árunum 1992 og 1993 sem allt of lengi hefur beðið. Og almennt má að sjálfsögðu orða það svo að á þeim svæðum þar sem ekki er fyrirsjáanlegt að vegir verði lagðir bundnu slitlagi sé lögð rík áhersla á styrkingu þeirra og að snjóþungir staðir verði lagfærðir.

Ég ætla svo að víkja að einu máli í lokin. Það er raunar mál sem hv. 1. þm. Vesturl. nefndi í lok ræðu sinnar, en það er vega- og brúargerð yfir Gilsfjörð.

Áformuð vega- og brúargerð yfir Gilsfjörð hefur vissulega nálgast framkvæmdastig til mikilla muna við umfjöllun fjvn. undanfarna daga og vikur. Samkvæmt fyrstu drögum að langtímaáætlun má segja að þessi fyrirhugaða stórframkvæmd í samgöngu- og byggðamálum hafi verið hulin bláma fjarlægðarinnar. Eins og fram hefur komið hefur Alþingi veitt fé til rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis árlega frá 1985. Óteljandi samþykktir, undirskriftalistar og yfirlýsingar eru til staðar af hálfu heimamanna við Gilsfjörð í tveimur kjördæmum og heimamenn hafa sinn eftir sinn hlustað á og móttekið hátíðlegar yfirlýsingar og loforð þingmanna sinna og annarra ráðamanna í þessu máli. Um alllangt skeið hefur viljayfirlýsing af þessu tagi verið orðuð á þá leið að hafist verði handa í Gilsfirði umsvifalaust að lokinni Dýrafjarðarbrú, en henni lýkur að mestu á þessu ári, eða vega- og brúargerð yfir Gilsfjörð hefjist af fullum krafti vorið 1992, eins og segir í till. til þál. frá hv. 1. þm. Vestf. og greinir nánar um það á þskj. 24, en það er 24. mál þessa þings.

Samkvæmt þessu er sýnilegt að þrátt fyrir öll þessi faguryrði, ákveðin og ótvíræð, verður að hopa eitthvað frá settu marki í þessu efni miðað við allar aðstæður og eins og áformin voru í okkar huga, áhugamanna um þetta mál. Að vísu er fyrsta fjárveiting til þessa stórverkefnis ákveðin árið 1993 samkvæmt vegáætlun næstu fjögurra ára eins og hún lítur nú út eftir þessa umræðu og fjármögnun í þessu skyni á að ljúka á öðru tímabili svokölluðu.

Ég vil því leyfa mér að marka afstöðu mína ákveðið til þessa máls á sama veg og ég hef gert í hv. fjvn. að viðstöddum æðstu valdamönnum Vegagerðar ríkisins skýrt og greinilega núna á undanförnum dögum. Og hún er svofelld:

1. Allt verkið verði boðið út ekki síðar en á árinu 1993.

2. Verkið verði unnið eigi síðar en á árinu 1994 og lokið á árinu 1995. Gott er ef vegagerð þessi getur gengið hraðar.

Til þess að þetta umrædda mál megi ná fram að ganga með þessum hætti þarf að sjálfsögðu að afla fjár að láni á meðan á framkvæmdinni stendur, svo sem venja er þegar um slík stórvirki er að ræða. Hygg ég að lánsfjáröflun í þessu skyni verði tiltölulega auðveld þar sem fjölmargir landsmenn hafa áhuga á þessu máli og segja megi að öll þjóðin styðji einhuga raunhæfar og skynsamlegar umbætur í samgöngu- og byggðamálum.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er var vegáætlun fyrir árin 1989–1992 samþykkt samhljóða á Alþingi árið 1989. Voru framkvæmdaáform fyrir árin 1990–1992 þar viðunandi. Síðan skar núv. ríkisstjórn fé til vegamála verulega niður fyrir árið 1990 þrátt fyrir samhljóða samþykktir Alþingis. Til stendur af hálfu stjórnarliða að skera mikið til viðbótar fyrir þetta ár með vegáætlun þeirri sem nú er verið að afgreiða. Það blæs því ekki byrlega fyrir framkvæmdum í vegamálum.

Með þessari vegáætlun sem senn verður samþykkt frá stjórnarliðum fyrir árin 1991–1994 er enn vegið í sama knérunn, að draga úr fé til framkvæmda. En á sama tíma er bætt við miklum verkefnum í jarðgangagerð sem eru vissulega góðra gjalda verð fyrir þá landshluta er þarna eiga að njóta og ég styð. En til þess að hefjast handa um svo mikla jarðgangagerð þurfti nýtt fjármagn til þess að draga ekki úr öðrum nauðsynlegum framkvæmdum, brúarframkvæmdum, slitlögum, að byggja vegi upp úr snjó og viðhaldi malarvega. Jarðgangagerðin hlýtur að koma niður á þessum framkvæmdum ef ekki kemur til aukið fjármagn. Þarna brestur hæstv. ríkisstjórn dug.

Ég vil þessu næst víkja að framkvæmdum í Suðurlandskjördæmi. Brýnustu aðgerðir þar eru í brúamálum. Það þarf að tryggja að Markarfljótsbrú verði tekin í notkun snemma árs 1992. Nú er fyrirhugað að veita auknu fjármagni til verklegra framkvæmda í landinu samkvæmt orðum fjmrh. og ef af verður er þess að vænta hvað Suðurland snertir að viðbótarfjármagn komi til að hraða framkvæmdum við uppbyggingu vega og varnargarða að brúnni auk nauðsynlegra hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn vegna þilplötuverksmiðju. Göngubrú á Ölfusá hjá Selfossi hefði þurft að verða tilbúin á þessu ári. Bæði er þörfin mikil og 100 ára afmæli brúar yfir ána og afmæli kaupstaðarins knýr á að brúargerð verði lokið á þessum tímamótum. Brú yfir Kúðafljót þarf að byggjast á eftir Markarfljótsbrú og á eftir henni brú yfir Hvítá vestan Flúða. Brú yfir

Kúðafljót er samkvæmt áætlun ekki fyrr en 1995 en brú yfir Hvítá er ekki nefnd í langtímaáætlun. Ég vil þakka hv. formanni fjvn. að minnast á nauðsyn hennar í ræðu sinni hér áðan, en það var samkvæmt ósk þingmanna Suðurlands að hún yrði nefnd þótt í því sé raunar lítið hald nema næsta ríkisstjórn taki til hendinni í fjárveitingum til vegamála.

Þá vantar á Suðurlandi eins og víðar stóraukin slitlög og viðhaldi malarvega er ábótavant. Þá má og minna á ályktun Alþingis um ljós yfir Hellisheiði. Einnig má minna á veg vestur með ströndinni frá Þorlákshöfn og breikkun Suðurlandsvegar yfir Hellisheiði. Verkefnin eru því ærin í vegagerð á Suðurlandi en til þess að framkvæma þarf fjármagn.

Í þessu sambandi vil ég minna á þáltill. frá mér og hv. þm. Hreggviði Jónssyni sem liggur fyrir Alþingi og er svohljóðandi:

„Till. til þál. um könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á því hvort ákvæði um Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins eða önnur ákvæði heimili fjárveitingar til bættra samgangna, vega, stórbrúa og jarðgangagerðar sem nauðsynlegs hluta varnarkerfis landsins. Jafnframt verði kannað hvort fordæmi eru fyrir fjárveitingum í öðrum ríkjum bandalagsins til samgangna, fjarskipta og flugvallargerðar af hálfu þess."

Ekki lítur út fyrir að þessi till. verði samþykkt á þessu þingi en það verður eitthvað stórt að fara að koma til í fjármagnsútvegun þannig að stórauknar framkvæmdir geti hafist í vegamálum til að stöðva byggðaflóttann.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég tel eftir atvikum að þessi fjögurra ára áætlun sé vel ásættanleg þó að margir hv. þm. og landsmenn yfirleitt hefðu viljað sjá meira fjármagn til vegaframkvæmda. Langtímaáætlunin eða það kort sem er á 14. síðu sýnir í raun og veru þau verkefni sem nefndin um langtímaáætlun fjallaði um. Það sýnir það sem gert er ráð fyrir miðað við svipað fjármagn eða ef fjármagn til vegagerðar verður eins og áætlunin gerir ráð fyrir. Þá tekur um 24 ár að gera þær stofnbrautir sem hér eru merktar inn á og allt upp í 37–38 ár um þjóðbrautir. Það finnst mörgum auðvitað langur tími. Og inn í þetta vantar mikið, t.d. einhverja ásættanlega tillögu um tengingu til Siglufjarðar og hvernig í sjálfu sér verður leyst það mál fyrr en gert er ráð fyrir að tengja Austurland Norðurlandi. Ég ræddi um það í langtímanefndinni að það mundi þá tefjast mikið að tengja Austurland öðruvísi heldur en það yrði tekið sem stórverkefni. Ég ræddi nokkuð um þetta í nefndinni og því var nú ekki nógu vel tekið af sumum, en menn verða að athuga að það eru stór verkefni fram undan á Austfjörðum, þ.e. jarðgangagerðin, og þeirra hlutur í því ásamt því að gera þennan veg mun seinka því verki svo mikið að það er varla hægt að una því að bíða eftir því ef einhverjir möguleikar eru til fjáröflunar til þess að tengja þessar byggðir saman.

Ég vil enn fremur segja að það er mikil nauðsyn á að koma á skemmri tíma bundnu slitlagi á alla þá vegi sem hægt er miðað við að það þurfi ekki að byggja þá upp vegna þess að a.m.k. á sumum stöðum á landinu bara fýkur vegurinn, hann lækkar það mikið þegar hann er heflaður og síðan þeyta bæði umferðin og stormurinn öllu því fínasta burtu, þannig að þarna þarf að gera verulegt átak eftir því sem kringumstæður leyfa. En þetta er auðvitað alltaf spurning um fjármagn og eins og nú standa sakir varð samkomulag um að miða við þetta, en auðvitað hlýtur langtímaáætlun t.d. til 12 ára, hvað þá 24, að taka breytingum og það hljóta að koma kröfur um aukna vegagerð þegar fram líða stundir.

Enn fremur vil ég endurtaka að það er brýn nauðsyn að gera könnun á því hvenrig hægt er að tengja með skynsamlegu móti Siglufjörð við Ólafsfjörð eða Fljót. Það kemur auðvitað ekki á næstunni því að Vestfirðir klárast fyrst og síðan Austfirðir. Það hlýtur að vera. En það þarf samt að fara að skoða það innan stutts tíma hvernig það verður leyst því að miðað við nútímakröfur er eðlilegt að Siglfirðingar geti ekki sætt sig við óbreytt ástand mikið lengur, en það verði byrjað á því verki þegar Austfjörðunum er lokið.

Ég vil svo þakka þeim mönnum sem voru með mér í þessari nefnd. Það voru auðvitað deildar meiningar um ýmislegt, en Vegagerðin hélt mjög vel á þessu máli og ég tel að þetta verk sé þannig unnið að það sé vel ásættanlegt ef staðið verður við t.d. jarðgangagerðina á Vestfjörðum og Austfjörðum. En það er algjört skilyrði fyrir því að byggðir þar haldist. Þingið er búið að ákveða að fara í þessar framkvæmdir og þar má engu breyta.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt þó að þingið taki dálitla stund í að ræða jafnstór mál og hér eru á dagskrá. Mörkun langtímaáætlunar í vegamálum segir okkur í tölum við hverju við megum búast í framkvæmdum í samgöngumálum á landi. Þegar sú nefnd, sem fjallaði um undirbúningsvinnu þessarar áætlunar, hafði lokið sínum störfum þá blasti það við að á Vestfjörðum höfðu tvö verkefni þokast of langt frá þeim markmiðum sem við höfðum sett okkur til þess að ásættanlegt væri. Annað verkefnið voru verklok á Óshlíð, en okkur hafði borist í hendur skýrsla frá Vegagerð ríkisins þar sem nauðsynlegar upplýsingar voru til lokaákvarðanatöku í því máli.

Ég tel að með þeim samþykktum, sem gerðar hafa verið í framhaldi af því og með þeim tillöguflutningi sem hér er, sé komin ásættanleg lausn í þeim efnum þannig að allir geti við unað. Þar fagna ég því að ákveðið hefur verið að klára vegsvalir á Óshlíð sem eru við tvö gil sem hafa mjög háa snjóflóðatíðni samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja.

Við höfum orðið varir við það þingmenn Vestfjarða að umræðan um Gilsfjarðarbrú hefur mjög verið túlkuð á þann veg sem ákveðnir þingmenn væru að bregðast því trausti sem íbúar þessara svæða hefðu haft á þeirra yfirlýsingum og orðum. Það hefur verið samdóma stefna þingmanna Vestfjarða, eftir því sem ég

best veit, að sjá til þess að fjárframlög í Gilsfjarðarbrú kæmu í beinu framhaldi af verklokum á Dýrafjarðarbrú.

Hér í þessari áætlun til fjögurra ára kemur fram að lokafjárveiting til verka við Dýrafjarðarbrú er á árinu 1992. Og samkvæmt brtt. sem hér er lögð fram er lagt til að hækka fjárveitingar til Gilsfjarðarbrúar á þessu fjögurra ára tímabili, framlagið úr Stórverkefnasjóði úr 15 millj. í 55 millj. Og fyrsta fjárveiting til verksins sem flokka má undir framkvæmdafjárveitingu er á árinu 1993.

Ég uni því vel þegar Friðjón Þórðarson gerir hér mjög ákveðið grein fyrir sinni afstöðu í þessu máli. Ég lít á það svo að hann telji nauðsyn að veita arftaka sínum í Vesturlandskjördæmi skriflega staðfestingu á því hvað hann hefði gert hefði hann setið á Alþingi Íslendinga áfram, þ.e. ef Friðjón Þórðarson hefði setið þar áfram. Og ég fagna því að hann negli það niður mjög ákveðið með þessum hætti að hann leggur til að ekki verði lengi beðið með að bjóða það verk út eftir að framkvæmdafjárveitingar hafa fengist í verkið.

En það eru mótframlög frá heimamönnum til þessa verks þannig að til viðbótar við þær 55 millj. sem ætlaðar eru úr Stórverkefnasjóði eru 34 millj. sem kæmu frá heimamönnum af hlut kjördæmanna, þ.e. Vestfjarðakjördæmis og Vesturlandskjördæmis, á móti þessum 55.

Ég vil undirstrika að þessi brúargerð yfir Gilsfjörð er tímamótaákvörðun. Það er tímamótaákvörðun að negla það niður eins og hér er gert að í hana sé farið. Og ég vil segja það hér og nú að ég hygg að hún tryggi það að vegur Reykhóla við Breiðafjörð verði sá sami og hann var fyrr á öldum, þ.e. að ljóst sé að þar sé byggilegra en á öðrum stöðum við Breiðafjörð. Þegar ég segi þetta þá er ég að undirstrika það að sú hafnaraðstaða sem þar er og það heita vatn sem þar er eigi eftir að verða Austur-Barðastrandarsýslu og Dalabyggð til sérstakrar framfarasóknar á næstu árum.

Ég tel rétt að geta þess hér að auðvitað er hið stóra verkefni sem við þingmenn Vestfjarða fögnum að náðist í höfn með ánægjulegum stuðningi hæstv. samgrh. (**Landbrh.:** Var það bara stuðningur?) Var það bara stuðningur? segir hann. Við þökkum samgrh. þetta mál því að við vitum að vinfengi hans við fjmrh. er mikið og teljum að það hafi ráðið úrslitum um það að fá hans afstöðu í málinu, að hans stuðningur við það verk gerir það kleift að því hefur verið flýtt. Og því fagna Vestfirðingar.

En ég get ekki látið hjá líða að vekja jafnframt á því athygli að þrátt fyrir að menn séu hér með á borunum hugmyndir um 12 ára framkvæmdatímabil í vegamálum, þá er það aðeins á seinasta tímabilinu sem byrjað er á því verki að tengja saman með viðunandi hætti Vestur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu. En auðvitað eru Vestfirðir klofið svæði um Arnarfjörð meðan vegamál þar á milli eru eins og þau verða þetta tímabil, næstu 12 ár, og segir okkur þess vegna hversu fjórðungurinn á mikið ógert í samgöngumálum. Einnig vil ég undirstrika það hér að ég tel að það sé óásættanlegt nema Alþingi Íslendinga á því tímabili, þessu 12 ára tímabili, manni sig upp í það að taka ákvörðun um að leysa samgöngumálin við Árneshrepp á Ströndum.

Það er nú einu sinni svo að sumir útverðir eru það merkir að þeir mega ekki falla. Og ég ætla nú, með leyfi forseta, að vitna til sögu Bandaríkjanna um Alamo, þar sem Davy Crockett féll ásamt félögum sínum vegna þess að stjórnin í Washington taldi það ekki þess virði að verja það virki. Þegar sendiboðinn, sem hafði fengið það erindi að tilkynna næstu herstjórnarstöð að þeir mundu verjast og falla til síðasta manns, tilkynnti þeim jafnframt að hann ætlaði að snúa aftur og halda bardaganum áfram hvort sem þeir fengju stuðning eða ekki, þá fór það nú svo að bandarísku hershöfðingjana brast þrek til að sitja aðgerðarlausir hjá og gera ekki neitt heldur héldu á stað með herinn til stuðnings þeim sem börðust við Alamo. En hins vegar voru allir fallnir þegar þeir komu á staðinn. Því segi ég þetta að Árneshreppur er einhver fegursta perla Íslands í náttúrulegu tilliti og þangað eiga óhemjustórir hópar ferðamanna eftir að leggja leið sína. Og íslenskt þjóðfélag hlýtur að þurfa að taka um það ákvörðun miklu fyrr en þær tölur sem hér eru lagðar til grundvallar bjóða upp á, hvort menn vilja verja þá byggð með þeim hætti sem ég vona að Alþingi Íslendinga verði einhuga um og leggi til fjárveitingar til jaðarbyggða eins og gert var hér á tímabili og leysti mörg erfið mál í samgöngumálum Íslendinga.

Ég veit að hæstv. núv. samgrh. kannast við hafísveginn sem lagður var á Norðurlandi á sínum tíma og þetta er spurning um það hvort menn taka slíka ákvörðun til að leysa það mál sem hér er á dagskrá. Ég er ekki að biðja um yfirlýsingar á þessari stundu. En ég vænti þess að menn hugsi um það og meti með sér hvort það er ásættanlegt að bíða jafnlangan tíma og þær hugmyndir sem hér liggja fyrir benda til í þessum efnum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að misbjóða þolinmæði forseta með langri ræðu hér. Ég veit að tíminn er stuttur og yfirgef þess vegna stólinn.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfáar setningar. Vegna fyrirspurna sem mér hafa borist frá einstökum þingmönnum þá vil ég láta það koma fram hér að í samræmi við ákvæði í fjárlögum hefur verið unnið að samningum við Reykjavíkurborg um uppgjör vegna framkvæmda, vegaframkvæmda í höfuðborginni. Eins og hv. þm. er kunnugt skuldar ríkið Reykjavíkurborg umtalsverðar upphæðir vegna þessara framkvæmda. Ég vil þess vegna láta það koma hér fram að það hefur verið unnið að samningum um þetta uppgjör og þeim hefur miðað vel á veg. Það hefur verið gengið út frá því að þegar til greiðslu kemur á næstu árum þá þurfi að fjármagna þær greiðslur af tekjustofnum Vegagerðarinnar á þeim árum eins og aðrar framkvæmdir. Það mun hins vegar ekki gilda fyrir árið í ár, en sú meginstefna hefur verið mörkuð að greiðsla á þessum skuldum takist á sínum tíma af tekjustofnum Vegagerðarinnar. Ég vildi láta þetta koma fram af gefnu til-

efni og í samræmi við óskir einstakra þingmanna.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins fáein orð í lokin á þessari umræðu um vegáætlun til að í fyrsta lagi þakka hv. fjvn. fyrir hennar störf að þessu máli og þeim hv. þm. sem hér hafa tekið þátt í umræðunum.

Ég fagna einnig þeirri samstöðu sem náðist um afgreiðslu málsins frá hv. fjvn. og komið hefur hér fram þó svo að fulltrúar minni hlutans hafi þar fyrirvara sem gerð hefur verið grein fyrir og snýr m.a. að tekjuforsendum vegáætlunarinnar.

Þá er einnig ástæða til að færa þingmannahópum kjördæmanna þakkir sem samkvæmt venju hafa unnið að málinu og ákveðið skiptingu vegafjár til framkvæmda í sínum kjördæmum fyrir þeirra þátt í þessu máli.

Enn fremur liggur hér frammi í þinginu nál. á þskj. 961, um langtímaáætlun í vegagerð, sem ég vil nefna og þakka hv. fjvn. fyrir. Það er að vísu ekki tillaga nefndarinnar að áætlunin verði afgreidd að þessu sinni sökum þess nauma tíma sem vannst til að vinna hana. Engu að síður liggur hér fyrir í þessu nál. grófur rammi um framkvæmdir eins og þær gætu orðið á þessum þremur tímabilum og er engum blöðum um það að fletta að þó að áætlunin sem slík sé ekki afgreidd hér á þinginu þá er engu að síður mikilvægt að slíkt plagg sé til þannig að við það megi styðjast og hafa það til hliðsjónar þegar vegáætlanir á næstu árum verða til endurskoðunar. Ég vil því færa hv. fjvn. þakkir fyrir allt þetta starf sem nefndin hefur skilað á skömmum tíma og unnið vel að venju.

Hér hefur skýrt komið fram í umræðum að hv. þm. gera sér grein fyrir þeirri miklu þörf sem er á fjárveitingum til vegamála og að flestum fer svo þegar þau mál ber á góma að menn fjalla gjarnan meira um þau verkefnin sem verða að bíða og ekki er því miður unnt að ráðast í heldur en kannski hin sem þrátt fyrir allt er þó verið að vinna. Það er þó engu að síður ástæða til að gleðjast yfir því að með afgreiðslu þessarar ályktunar eins og hún nú liggur fyrir í formi brtt. fjvn., og reyndar eins og niðurstöðutala *þáltill.* á þskj. 716 hljóðaði upp á, verður ráðstafað til framkvæmda í vegamálum 5540 millj. á þessu ári, sem er allmiklu hærri upphæð en við höfum séð undanfarin ár og sömuleiðis verulega hærra hlutfall af landsframleiðslu heldur en farið hefur til vegamála núna mörg undangengin ár. Ég hygg að það sé hægt a.m.k. að gleðja sig við það að okkur miðar þó þarna sannarlega í rétta átt. Árið 1987 fór þetta hlutfall, þ.e. útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, lægst á löngu árabili eða niður í 1,16%, þ.e. borið saman við hinn nýja endurskoðaða grunn þjóðarframleiðslunnar. Þetta hlutfall hækkaði síðan í 1,25% 1988, í 1,35% 1989, 1,46% 1990 og mun með þessum fjárveitingum sem hér eru lagðar til hækka enn, líklega í eitthvað á milli 1,55 og 1,60% af þjóðarframleiðslu. Þannig að þó svo að mönnum þyki fjárhæðirnar hvergi nægjanlega miklar miðað við verkefnin þá er þó engu að síður verið að auka hlutdeild vegamálanna í ráðstöfun þjóðarauðsins með þessum breytingum ár frá ári. Og þær eru aftur að komast upp í það horf sem þær voru þegar þetta var í besta horfinu allt frá árinu 1974–1975 og til og með þessu ári. Og það þarf að fara aftur til áranna 1971–1974 til að finna hærri fjárveitingar á þessu sviði.

Ég vil einnig þakka hv. þm. sem hér hafa látið hlýleg orð falla í garð starfsmanna Vegagerðar ríkisins sem samkvæmt venju hafa unnið mikið starf með þingmönnum í þingmannahópunum og með hv. fjvn. við þetta verkefni.

Hér hafa hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni nokkrir nefnt stórverkefni sem því miður er ekki ráðist í eins fljótt eða af eins miklum krafti og þeir hefðu gjarnan viljað. Framkvæmdir svo sem eins og tengingu Norðurlands og Austurlands, brú yfir Gilsfjörð og vegasamgöngur við Siglufjörð eða tengingu Siglufjarðar og utanverðs Skagafjarðar við Eyjafjörð hefur einnig oft borið á góma. Enn fremur nefndi hér hv. 2. þm. Vestfjarða Árneshrepp á Ströndum og nauðsyn þess að tengja þá byggð með betri hætti en nú er við vegakerfi landsmanna.

Það get ég allt saman tekið undir og tel að þetta hljóti að verða verkefni við endurskoðun vegáætlunar á næstu árum, hvernig unnt er að þoka þessum brýnu málum inn í framkvæmdaröðina. Ekki síst á ég þar við það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi þar sem er hringvegurinn eða tenging Norðurlands og Austurlands. Það blasir við að með framkvæmdum eins og þær munu leggjast á allra næstu árum, þá mun að mestu leyti ljúka uppbyggingu hringvegarins og lagningu bundins slitlags á hann að slepptum þeim endanum sem fjærst liggur höfuðborgarsvæðinu, þ.e. öræfunum milli Norðurlands og Austurlands. Þar verður áfram miðað við þessar áætlanir eyða, því miður, um allmörg ár. Mér segir svo hugur um að innan fárra ára muni vaxandi þrýstings gæta á það að ljúka þessari hringtengingu. Ég hygg því að hv. þm. sem þetta bera mjög fyrir brjósti þurfi nú ekki að örvænta um það að þetta verkefni gleymist. Ég hygg að allar aðstæður í vegakerfinu muni sjálfkrafa kalla á að þetta komi inn *í umræðuna með vaxandi þunga á næstu árum.*

En aðalatriðið er þó það og þar veit ég að vilji hv. þm. er ótvíræður að standa vörð um áframhaldandi uppbyggingu á þessu sviði og umtalsverðar framkvæmdir því að án þess að það sé gert mun seint takast það verkefni sem Vegagerð ríkisins hefur metið að miðað við þessar fjárveitingar taki um 25 ár að koma öllu vegakerfi landsins í fullnægjandi eða gott horf.

Hæstv. forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka svo enn á ný öllum hv. alþingismönnum og starfsmönnum, embættismönnum, sem að þessum verkefnum hafa unnið. Er það orðið allmikið starf á þessum vetri þar sem fram hefur farið bæði reglubundin endurskoðun vegáætlunar og vinnsla við langtímaáætlun og talsverð vinna hér í þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 960,1 (nýr I. kafli) samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 960,2 (nýr II. kafli) samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 960,3 (viðbót við II. kafla) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 960,4 samþ. með 40 shlj. atkv.

III. kafli, svo breyttur, samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1050).

Um þingsköp.

Þingsályktunartillögur.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Einhver hv. þm. benti mér á að fyrir skömmu stóð þannig á hér í Sþ. í fyrsta skipti líklega frá þingsetningu að allir hæstv. ráðherrar voru viðstaddir og tel ég þetta vera eina merkustu stund í sögu þingsins í vetur og tel ástæðu til að vekja athygli á því. En um það ætla ég ekki að fjalla sérstaklega heldur hitt að í 28. gr. þingskapa, 5. mgr. segir:

„Um þingsályktunartillögur er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga gilda ákvæði 36. gr. við báðar umræður."

Þetta þýðir að þegar þannig hagar að þingsályktunartillögur fjalla um slík mál, þá er ræðutími manna ótakmarkaður en takmarkast ekki við 15 mínútur og 8 mínútur. Nú langar mig til að spyrja hæstv. forseta, því að ég hef ekki kannað þetta mál, hvort sú tillaga sem nú á að ræða falli undir framkvæmdaáætlun í skilningi þingskapalaga eða hvort fara skuli með umræðuna með þeim venjulega hætti eins og gerist og gengur um venjulegar þingsályktunartillögur. Óska ég eftir því að hæstv. forseti segi til um það mál og sína skoðun á því.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 1. þm. Reykv. þá telur forseti að um þessa tillögu skuli fara eins og aðrar þingsályktunartillögur. Forseti fær ekki séð að tillagan, sem er um það að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að lækka húshitunarkostnað á Íslandi þar sem hann er hæstur, eins og þar segir, geti talist fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasaminga. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi verið að tala um hvort hér væri um stjórnskipun að ræða. (**FrS:** Framkvæmdaáætlun.) Framkvæmdaáætlun. Forseti er fús til að bera þetta mál undir embættismenn þingsins og taka til þess tvær mínútur, en forseti telur að hér sé ekki um raunverulega framkvæmdaáætlun að ræða. En ef hv. þm. vilja veita tveggja mínútna hlé, þá skal ég fúslega athuga þetta.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Mér er þetta ekkert sérstakt kappsmál. Ég vildi bara fá úrskurð um þetta efni. Það eru auðvitað til aðrar leiðir samkvæmt þingsköpum til þess að fara fram á það að menn tali lengur. Hér er um að ræða, og ég vek athygli hæstv. forseta á því, skýrslu nefndar sem hefur lokið störfum og langsamlega stærstur hluti framlagðs þskj. er skýrsla nefndarinnar. Þetta er aðeins að litlum hluta til þáltill. Það er auðvitað hægt skv. 28. gr. 3. mgr. að óska eftir því við hæstv. forseta að afbrigði verði veitt. Ef hæstv. forseti úrskurðar það að hér sé um venjulega þáltill. að ræða, þá fellst ég auðvitað fúslega á það, því það þýðir að þessi tillaga er einungis venjuleg þáltill., en ekki gert ráð fyrir því að henni sé fylgt eftir eins og hverri annarri framkvæmdaáætlun sem auðvitað rýrir gildi tillögunnar verulega.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að skrifstofustjóri Alþingis hefur kannað þetta mál og er forseta sammála um að með þetta beri að fara sem almenna tillögu.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að hér er um venjulega þáltill. að ræða en ekki framkvæmdaáætlun í skilningi þingskapa. Sömuleiðis er aðeins rétt að ítreka að þó að, eins og hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson réttilega segir, skýrsla orkuverðsjöfnunarnefndar sé drjúgur hluti þessa þskj., þá er hún auðvitað prentuð sem fskj.

Lækkun húshitunarkostnaðar, fyrri umr.

Stjtill., 453. mál. — Þskj. 854.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég fagna þeirri nákvæmni í framkvæmd þingskapa sem hér er viðhöfð í upphafi þessarar umræðu. Það var sannarlega tími til kominn.

Tillagan sem ég hér mæli fyrir er til þingsályktunar um lækkun húshitunarkostnaðar. Hún er, eins og kom fram hjá virðulegum forseta, á þskj. 854. Inngangsorð tillögunnar eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að lækka húshitunarkostnað á Íslandi þar sem hann er hæstur og minnka þannig þann aðstöðumun einstaklinga og fjölskyldna sem nú er við lýði."

Tillagan er í sex liðum og mun ég reyna að draga þá saman í örstuttu máli.

1. Að þessi aðstöðujöfnun eigi sér stað í áföngum á næstu tveimur árum þannig að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldu hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum verði hvergi hærri en 5 þús. kr. að jafnaði á mánuði miðað við verðlag í janúar 1991.

2. Lagt er til að Alþingi beini því til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar hjá fyrirtækinu á heildsöluverði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

3. Að viðskrh. noti hluta af því fé sem á fjárlögum er veitt til niðurgreiðslna á vöruverði til aukinnar verð-

jöfnunar á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

4. Að iðnrh. láti fara fram úttekt á fjárhagsstöðu þeirra hitaveitna þar sem kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar er hærri en 5 þús. kr. að jafnaði á mánuði.

5. Að fjmrh. beiti sér fyrir ráðstöfunum til að aðstoða þær hitaveitur sem ekki ná þessu markmiði með skuldbreytingum á lánum eða öðrum hætti.

6. Að því fé sem Landsvirkjun kann í framtíðinni að verða gert að greiða ríkinu fyrir virkjanaréttindi verði að hluta varið til aukinnar verðjöfnunar á innlendri orku.

Virðulegi forseti. Jöfnun og lækkun orkuverðs hefur verið eitt af þeim málum sem hvað oftast og reglulegast hafa komið fram hér á Alþingi, oftast í formi fyrirspurna en einnig hafa komið hér fram lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar um það efni. Sl. haust skipaði ég, m.a. vegna óska sem fram komu á Alþingi, nefnd til þess að gera tillögur um verðjöfnun á raforku. Í nefndinni sátu fulltrúar allra þingflokka. Í starfi nefndarinnar komu fljótlega fram óskir um að nefndin fjallaði einnig um orkukostnað til hitunar íbúðarhúsnæðis almennt. Nefndin skilaði í desember sl. áfangatillögu sem varðar kostnað Rafmagnsveitna ríkisins af flutningi raforku til Vestmannaeyja. Nefndin lagði þá til að kostnaður af flutningi raforku til Vestmannaeyja, sem er umfram meðalflutningskostnað til annarra rafveitna í eigu sveitarfélaga, verði jafnað á allar rafveitur á heildsölustigi. Nefndin lagði einnig til að það yrði gert með því að Landsvirkjun veitti sérstakan afslátt vegna orkusölunnar til Vestmannaeyja. Iðnrm. tók undir þessa tillögu og sendi hana áfram til stjórnar Landsvirkjunar 19. des. sl. Stjórnin tók erindinu vel en hefur enn ekki afgreitt það. Nefndin skilaði sínu lokaáliti í byrjun þessa mánaðar.

Í skýrslu nefndarinnar, sem er fskj. með þessari tillögu, er gerð ítarleg grein fyrir aðgerðum stjórnvalda á liðnum árum til þess að bæta rekstrarskilyrði orkufyrirtækja og til þess að jafna orkuverð. Ég vil í því sambandi sérstaklega benda á samningana sem gerðir voru í júlí 1989, annars vegar við Rafmagnsveitur ríkisins og hins vegar við Orkubú Vestfjarða um yfirtöku ríkissjóðs á langtímalánum fyrirtækjanna og fleira. Þessar ráðstafanir leiddu til þess að unnt var að lækka heimilis- og iðnaðartaxta í gjaldskrá þessara orkufyrirtækja um 5% og halda öðrum gjaldskrárliðum óbreyttum. Gjaldskrárnar hefðu ella þurft að hækka að áliti gjaldskrársérfræðinga þeirra um 12–15%. Í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskólans vann fyrir iðnrn. er reynt að meta áhrif aðgerða ríkisins til jöfnunar og lækkunar orkuverðs á húshitunarkostnaði. Stofnunin telur að húshitunartaxtar Rafmagnsveitna ríkisins hefðu þurft að vera um 36,5% hærri ef skuldum hefði ekki verið létt af fyrirtækjunum. Neytendur hefðu að fullu þurft að standa undir kostnaði vegna byggðalína og ef rafmagn til húshitunar væri ekki niðurgreitt. Sambærileg tala fyrir Orkubú Vestfjarða er um 45%.

Í nefndinni náðist allgott samkomulag um frekari aðgerðir til lækkunar orkuverðs og að þær skyldu fyrst og fremst beinast að lækkun húshitunarkostnaðar á þeim svæðum þar sem hann er hæstur. Meiri hl. nefndarinnar taldi eðlilegt að Alþingi lýsti vilja sínum í þessu efni um að lækka húshitunarkostnað og sendi frá sér tillögu með það fyrir augum að hana mætti leggja fyrir þingið í formi þáltill. Tillagan sem ég mæli hér fyrir er efnislega samhljóða tillögu meiri hl. nefndarinnar í öllum greinum. Verði farið að þessari tillögu í öllum atriðum mundi raunverulegur kostnaður viðskiptamanna Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við hitun íbúðarhúsnæðis fyrir vísitölufjölskylduna lækka úr um það bil 7500 kr. á mánuði í um það bil 5000 kr. á mánuði að jafnaði eða um þriðjung. Enn fremur mun kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis hjá rafkyntum hitaveitum og dýrum hitaveitum sem byggja á jarðvarma lækka verulega. Alls má gera ráð fyrir að þessi tillaga, ef framkvæmd verður, hafi í för með sér lækkun hitunarkostnaðar hjá um fjórðungi þjóðarinnar.

Það er ástæða til að benda á það að um 62% af íbúum Íslands búa við mjög lágt orkuverð, Reykjavíkurverð sem kalla mætti eða lægra. En svo lágt verð þekkist ekki annars staðar á Vesturlöndum. Kostnaður þeirra sem kynda hús sín með rafmagni hjá Orkubúi Vestfjarða eða Rafmagnsveitum ríkisins er hins vegar um 2,4 sinnum hærri. Orkuverðsjöfnunarnefndin bendir á þennan mun í sinni skýrslu og telur hann augljóslega undirrót krafna um jöfnun orkuverðs í landinu.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum minna á að þetta mál hefur í hugum margra þingmanna verið tengt till. til þál. um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi. Einn stjórnarflokkanna, Framsfl., tengdi þessi tvö mál beinlínis formlega skriflega saman þegar hann samþykkti að tillagan um samninga um álver yrði flutt sem stjtill. að því tilskildu að samþykkt yrði þáltill. um jöfnun orkuverðs.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að till. verði vísað til hv. fjvn. og síðari umræðu. — [Fundarhlé.]

Eiður Guðnason:

Virðulegur forseti. Hér er mikilvægt mál til umræðu nú síðla þings, till. til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar. Hæstv. iðnrh. hefur þegar hann mælti fyrir till. gert allítarlega grein fyrir efni hennar og tilgangi. Það væri vissulega ástæða til að ræða þetta mál hér allítarlega en í ljósi þess hvernig vinnutíma þingsins er nú háttað mun ég ekki gera það.

Svo vildi til að ég gegndi formennsku í þeirri nefnd sem samdi skýrslu þá er prentuð er sem fylgiskjal með till. Sú nefnd starfaði nokkuð lengi og lengur en ætlunin var í upphafi fyrst og fremst vegna þess að starfssvið hennar var víkkað. Svo er ekki því að leyna að ekki sýndist öllum eitt sem í nefndinni sátu og fór því verulegur tími í að reyna að fá fram þá málamiðlun sem væri bærilega ásættanleg fyrir alla sem í nefndinni voru, þ.e. fulltrúa allra þingflokka. Það tókst að nokkru, ekki öllu, en ágætt samstarf var í nefndinni og vil ég nota tækifærið til að þakka fulltrúum þingflokkanna sem þar voru fyrir gott samstarf. Hér er um réttlætismál að ræða, verðjöfnun á orku til húshitunar. Þar

hafa þegar verið stigin allmörg skref til jöfnunar eins og ítarlega er gerð grein fyrir í skýrslu nefndarinnar. Í rauninni hygg ég að hvergi sé á einum stað að finna ítarlegri upplýsingar um sögu þess máls og stöðu en í þessari skýrslu.

Ég endurtek, virðulegur forseti, að hér er um mikið réttlætismál að ræða fyrir þá sem búa á hinum svonefndu köldu svæðum eða búa við mjög dýrar hitaveitur. Það kom fram í máli iðnrh. hér áðan að 62% þjóðarinnar njóta orkuverðs sem er Reykjavíkurverð eða lægra. Engu að síður er það svo að verulegur hluti býr við allháan orkukostnað að því er varðar húshitun og í þessari till. er gert ráð fyrir því að stíga mjög mikilvæg skref til að jafna þennan aðstöðumun, ekki að fullu og öllu en að draga mjög verulega úr þeim mun sem nú er í þessum efnum hjá þeim einstaklingum og fjölskyldum sem búa við rafhitun eða mjög dýrar hitaveitur.

Það er alveg ljóst að milli þessa máls og þáltill. um álver á Keilisnesi eru nokkur tengsl. Það hefur komið fram hér að samþykki eins af stjórnarflokkunum, Framsfl., við það að till. um álver á Keilisnesi kæmi fram var með nokkrum hætti bundið því, þ.e. þeir áskildu að jafnframt yrði lögð fram og samþykkt till. um jöfnun húshitunarkostnaðar. Öllum mega því vera ljós tengslin á milli þessara mála og menn hljóta því að velta því fyrir sér hvernig þeim reiði af báðum í sameiningu. Um það skal ég ekki fullyrða á þessari stundu. En þeim sem hart standa gegn till. um álver á Keilisnesi hlýtur að vera ljóst að sú afstaða kann — og ég undirstrika: kann einnig að hafa áhrif á framgang þessa máls hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að lengja þessa umræðu frekar. Ég legg aðeins áherslu á að hér er um réttlætismál að ræða. réttlætismál sem ég tel mjög brýnt að nái fram að ganga nú á þessu þingi áður en þing verður rofið. Ég sé ekki á því neina vankanta og vona svo sannarlega að hér í sameinuðu þingi megi takast samstaða um það að auka nú réttlæti í þessum efnum og draga úr aðstöðumun einstaklinga og fjölskyldna á Íslandi. Það er að ég hygg á stefnuskrá allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi. Ég sé ekki neina betri eða hugnanlegri leið til að gera það stefnumið flokkanna að veruleika en að samþykkja þessa till. og stuðla þannig að því að þessi aukni jöfnuður komist í framkvæmd.

Ég endurtek, virðulegur forseti, þakkir til meðnefndarmanna minna sem störfuðu að þessu verkefni og vona að málið fái góðan framgang.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins leggja örfá orð í belg í þessari umræðu. Eins og síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Vesturl., vil ég þakka samstarfið í þeirri nefnd sem vann að skýrslu þeirri sem lögð er fram sem fylgiskjal með þáltill. Þá vil ég einnig þakka starfsmanni nefndarinnar, Jóni Ingimarssyni, sem var okkur mjög innan handar við upplýsingaöflun svo og sérfræðingar frá Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun.

Hér er um að ræða gífurlegt hagsmunamál til þess að auka jöfnuð fólks í landinu. Eins og kom fram í máli hæstv. iðnrh. hér fyrr í dag mun u.þ.b. fjórðungur þjóðarinnar njóta lækkunar í húshitunarkostnaði nái till. sem þessi fram að ganga.

Eins og fram kemur í skýrslunni þá höfðu ýmsir nefndarmenn fyrirvara um ýmis atriði sem tengjast tillögunum sem fram koma. Ég vil minna á að það kemur fram að meiri hluti nefndarinnar telur að Landsvirkjun ætti að taka meiri þátt í jöfnun orkuverðs heldur en till. gerir ráð fyrir. Kvennalistakonur eru þessarar skoðunar og það vildi ég einnig láta koma fram hér. Ég taldi þó ekki ástæðu til þess að gera sérstakan fyrirvara við undirskrift mína undir skýrsluna þegar við skiluðum henni af okkur vegna þess að stjórnarsáttmálar allra ríkisstjórna á undanförnum árum hafa haft inni fyrirheit um að jafna orkuverð í landinu. Þess vegna lít ég svo á að komandi ríkisstjórn og ríkisstjórnir muni vinna að þessum málum. Það skiptir öllu máli að þessi till. komi til framkvæmda strax og að þeim þrepum sem að er stefnt verði náð á þeim tíma sem till. gerir ráð fyrir, þ.e. á tveimur árum.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, virðulegur forseti. Sömuleiðis vil ég láta koma fram að ég tel fráleitt að tengja þetta mál við byggingu nýs álvers og virkjana vegna þess, vegna þess einmitt að þetta hefur verið á stefnuskrá allra ríkisstjórna á undanförnum árum, svo og er að finna ákvæði um jöfnun á húshitunarkostnaði í stefnuskrám allra stjórnmálaflokkanna. Ég tel því fráleitt að tengja það við virkjanir vegna álvers og legg áherslu á að þessu sé haldið algerlega aðskildu. Í mínum huga skiptir öllu máli að till. komist í framkvæmd og það sem allra fyrst þó hún sé seint fram komin á þessu kjörtímabili. Vegna fyrri yfirlýsinga þingflokka sem nú eiga sæti á Alþingi hlýtur þetta að verða eitt af forgangsverkefnum nýrrar ríkisstjórnar sem tekur væntanlega við að afloknum kosningum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni málefni sem, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, hefur lengi verið á dagskrá og stefnuskrá margra ríkisstjórna. Þegar þessi hæstv. ríkisstjórn sem nú situr tók við völdum var það eitt helsta mál hennar að stefna að jöfnun raforkukostnaðar. Nú þegar kjörtímabilinu er að ljúka kemur í ljós að það situr ekki annað eftir þessa hæstv. ríkisstjórn en það að leggja fram á Alþingi, rétt fyrir þinglok, till. um að næsta ríkisstjórn skuli aðhafast eitthvað í málinu. Í raun og veru er hér um að ræða málalyktir sem eru mjög í stíl við annað sem hæstv. ríkisstjórn skilur við sig. Rétt fyrir kosningar er komið með stefnumarkandi till. og sagt að á næstu árum eigi að leysa þetta mál, rétt eins og hæstv. ríkisstjórn hafi ekki hugmund um að kosið verður innan tíðar og eftir kosningar koma nýjar ríkisstjórnir sem auðvitað hljóta að bera ábyrgð á sínum gerðum þá.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu, en að stofni til er hér um að ræða skýrslu, þá gera fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni fyrirvara. Fyrirvarinn er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin hefur haft langan tíma til að gera ráðstafanir til lækkunar orkuverðs án þess að

hafast nokkuð að þrátt fyrir skýrar yfirlýsingar í stjórnarsáttmála. Nefndin hóf störf í byrjun október 1990 og gerði fjvn. grein fyrir verksviði sínu og áætlunum um kostnað vegna hugmynda sem þá lágu fyrir. Engu nýju fé var varið til viðfangsefnisins á fjárlögum né á annan hátt. Úrlausn þessa máls er því vísað til næstu ríkisstjórnar.

Fyrirvari okkar lýtur einnig að einstökum efnisatriðum í till. meiri hl. nefndarinnar." Það eru einmitt þær till. sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert að sínum og leggur hér fram í þingsályktunartillöguformi.

Þess ber að geta að því miður fylgdist ég ekki nægilega með ræðu hv. 3. þm. Vesturl., sem var formaður nefndarinnar, til að vita hvort hann gerði grein fyrir því í sínu máli að fleiri nefndarmenn höfðu fyrirvara um ýmis efnisatriði þessarar þáltill. Ef grannt er skoðað kemur því í ljós að það er ekki full samstaða, ekki einu sinni meðal meiri hlutans, sem stendur að till. án almenns fyrirvara, um öll þau atriði sem koma fram í þáltill. Það skiptir út af fyrir sig ekki máli héðan af. Till. er allt of seint fram komin og þýðir ekki annað en það að nefndin, sem starfaði undir ágætri stjórn hv. 3. þm. Vesturl., skilar verki hér í þinglok, í lok kjörtímabilsins, og fer þess náðarsamlegast á leit við næstu ríkisstjórn að hún geri eitthvað í þessum málum.

Ef ég aðeins, virðulegur forseti, drep á nokkur atriði till. þá er ljóst að meginstefnuatriðið kemur fram í 1. tillgr. Þar er sett fram það stefnumið að húshitunarkostnaður hjá þeim sem nú greiða einna hæst, lækki um þriðjung. Þetta er auðvitað stefnumið sem er gott og gilt en kostar fjármuni og það er einmitt það sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur sést yfir því að hún hefur nánast ekkert eða mjög lítið gert til þess að lækka húshitunarkostnað. Þegar minnst er á húshitunarkostnaðinn tel ég þó rétt að það komi fram að ég tel til bóta að það standi í till. að um sé að ræða lækkun húshitunarkostnaðar en ekki jöfnun á orkuverði. Orðið jöfnun á orkuverði gæti bent til þess að það væri í huga hæstv. ráðherra og meiri hl. nefndarinnar að hækka verð á orku til þeirra sem greiða minna og borga þannig niður með þeim hætti orkuna til hinna, en það er ekki ætlunin samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Það hlýtur að vera óeðlilegt sem kemur fram í 2. tölul. tillögunnar að Alþingi beini því til þingkjörinna fulltrúa að þeir aðhafist eitthvað og eitthvað. Nú er það svo að það eru þingflokkar sem tilnefna menn sem kjörnir eru af Alþingi í stjórn hinna ýmsu stofnana og auðvitað þarf enga þáltill. til þess að Alþingi álykti með þessum hætti því að þingflokkarnir geta auðvitað einir og sér beint þessum tilmælum til sinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar. Eins og mjög ítarlega kemur fram í þessari skýrslu er Landsvirkjun eign annarra aðila en ríkisins og þess vegna er erfitt fyrir ríkið að taka einhliða ákvarðanir sem snerta fyrirtækið allt.

Í 3. liðnum er farið fram á það að greiddar verði 35 millj. kr. af niðurgreiðslufé á síðari hluta ársins. Með öðrum orðum, næsta ríkisstjórn á að vinna það verk sem stungið er upp á af þessari hæstv. ríkisstjórn að gert verði.

Í fjórða lagi er um það að ræða að láta fara fram úttekt og vil ég ekkert nema gott um það segja. Það er áreiðanlega hollt að gera slíkar úttektir af og til.

Í fimmta lagi er um að ræða sjálfsagðan hlut. Það er að fjmrh. beiti sér fyrir ráðstöfunum til að aðstoða hitaveitur. Slíkt hefur verið gert um árabil og m.a. þegar ég sat í iðnrn. var staðið að slíku og það hefur verið gert fyrir þann tíma einnig.

Loks er stungið upp á því í sjötta lagi að ef Landsvirkjun kemur til með að þurfa að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi megi láta hluta af þeim fjármunum koma til verðjöfnunar á innlendri orku.

Virðulegi forseti. Eins og ég vissi er heldur lítill tími til að ræða mikið mál. Ég spurðist fyrir um það í þingskapaumræðu fyrr í dag hvort gæfist tími til að ræða þessa skýrslu og þessa áætlun með einhverjum viðhlítandi hætti. Það kemur auðvitað í ljós að það er ekki hægt. Það rýrir mjög gildi tillögunnar, enda er hér ekki um framkvæmdatillögu að ræða. Það kemur spánskt fyrir sjónir að í áliti sem nefnd um skipulag Byggðastofnunar skilaði af sér er byggt á allt, allt öðrum tillögum en hér er gert og sýnir í raun tvöfeldnina og tvískinnunginn í þessum málum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Að lokum það sem ég hef ítrekað: Þar sem ég hef ekki tíma til að ræða efnisatriðin vil ég taka það fram að þessi tillaga gengur út á það að næsta ríkisstjórn skuli gera það sem í henni stendur.

Það væri vissulega ástæða fyrir hv. nefnd að fara ofan í þessa skýrslu og ofan í þessar tillögur. Ég veit að hv. nefnd gerir það en það þýðir að sjálfsögðu, sem hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir, að málið verður því miður ekki afgreitt á þessu þingi.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að þetta er svolítið skondin tillaga. Það eru engar hugmyndir í þessari þáltill. um hvernig skuli fara að því að lækka raforku til húshitunar. Það er voðalega létt í vasa að veifa svona plaggi fyrir kosningar um lækkun húshitunarkostnaðar með ekki einn einasta staf um það hvernig eigi að fara að því. Það stendur einfaldlega að Alþingi skuli ná auknum jöfnuði í þremur áföngum á næstu tveimur árum og í öðru lagi að það skuli gert með sérstökum aðgerðum og viðskrh. ákveði á síðari helmingi þessa árs í þriðja lagi að greiddar verði 30 millj. af því fé sem á fjárlögum er veitt til annarra hluta, sem er auðvitað alls ekki hægt. Iðnrh. á að láta fara fram úttekt á fjárhagsstöðu hitaveitna. Í fimmta lagi á fjmrh. að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum til að aðstoða hitaveitur, ekki sagt hvernig. Og svo að síðustu á Landsvirkjun hugsanlega að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi í framtíðinni og því verði varið til verðjöfnunar. Mér finnst svona tillaga vera hæstv. iðnrh. til háborinnar skammar.

En ég vil í sambandi við húshitunarkostnað minna á það að Alþingi sjálft ákvað að allt efni í háspennulínur yfir 135 kv., þ.e. einungis efni í staurastæði og stærstu línur, þ.e. 135 þús. volt, skyldi vera undanþegið tollum. Meðan söluskatturinn var var það undan-

þegið tollum, vörugjaldi og söluskatti en allt efni í línur undir 135 kv., sem eru allar dreifiveitur landsins, var allt saman með tollum, vörugjaldi og söluskatti. Og þannig kýldi ríkissjóður upp verðið á raforkunni í landinu með því að leggja gífurlega háar fjárhæðir í skatta á efni til allra dreifiveitna í landinu svo að hv. alþm. bjuggu þennan háa húshitunarkostnað til sjálfir með því að ofskatta allt efni til dreifiveitna en sleppa Landsvirkjun og hennar línum. Þetta hefur mér alltaf fundist stórmerkilegur hugsunarháttur ef það er þá einhver hugsun á bak við þetta, sem ég dreg nú í efa reyndar. Þetta er svona eins og fleiri tilviljanir sem maður verður vitni að héðan frá Alþingi. En það má ljóst vera að tollar, vörugjald, söluskattur og jöfnunargjald sem var á öllu efni til rafveitna og dreifiveitna í landinu undir 135 kv., tvöfaldaði verð á öllu efni til þessara virkjana og til þessara dreifistöðva, háspennulína og spennivirkja, tvöfaldaði verðið. Spurningin er því hvort hæstv. iðnrh. hefði ekki heldur átt að láta reikna aftur á bak hversu mikið væri búið að taka í tollum, vörugjaldi og söluskatti af þessum dreifiveitum og hugsanlega hefði hann getað endurgreitt einhver prósent af því. Það má segja að þar væri um málefnalega aðferð að ræða.

Í öðru lagi vil ég nefna að til er afgangsorka sem ekki er seld í dag og það er á næturnar. En svo merkilega hefur verið staðið að málum hjá yfirvöldum orkumála, þar á meðal hjá núv. hæstv. iðnrh., að næturhitun er ekki seld. Það er dýrara að kaupa húshitun með næturhitun en að kaupa olíu og hefur verið alveg fram á þennan dag. Einstöku sinnum hefur það verið ódýrara. Þetta tel ég vera mjög merkilegt mál, að orka sem rennur fram af virkjunum á næturnar þegar lítil notkun er á ljósarafmagni skuli ekki vera seld eins og útsölurafmagn. Væri t.d. hægt að selja hana á 25% af olíuverði, svo að eitthvað sé nefnt, en aðrar viðmiðanir kæmu að sjálfsögðu til greina. Þeir sem búa á þessum svokölluðu köldu svæðum, sveitarfélög þar og einstaklingar, gætu þá nýtt sér þetta og keypt næturorku og þannig mætti leysa þau vandamál sem eru í sambandi við allt of háan orkukostnað á þessum köldu svæðum. Þetta vildi ég nefna sem tvo möguleika til þess að koma þeim að í umræðunni því að ég er að gagnrýna að hér séu engar tillögur. Hér eru þó alla vega tvær hugmyndir. En það er nokkuð seint hjá hæstv. iðnrh. að ætla að gera eitthvað í þessu núna á elleftu stundu á hv. Alþingi.

Ég vil svo lýsa yfir því að að sjálfsögðu styð ég það að lækka orkuverð þar sem það er allt of dýrt á þessum svokölluðu köldu svæðum, en ég tel að þessi tillaga eins og hún er uppsett sé ekki með nein slík markmið í huga. Hún er bara svona gersamlega út í loftið, þar sem á að lækka það með sérstökum aðgerðum „af því bara" á síðari helmingi þessa árs er gert ráð fyrir breytingu á fjárlögum án þess að það komi fram í fjárlögum.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu þáltill. um lækkun húshitunarkostnaðar og mætti út af fyrir sig fagna því að málið er hér á þessu stigi, en því miður er ekki ný aðferð hér á hv. Alþingi að menn hafi samþykkt þáltill. Menn hafa samþykkt harðorðar yfirlýsingar um jöfnun orkukostnaðar og lækkun á húshitunarkostnaði sérstaklega. Á undanförnum þingum hafa verið færð sterk rök fyrir nauðsyn á þessu og við sem erum með lappirnar beggja megin í ódýrara orkuverðinu og í dýra orkuverðinu, þekkjum þetta og skiljum miklu betur og e.t.v. sterkar þau rök og þær kvartanir sem okkar fólk í kjördæmunum, sem býr við hæsta orkuverð á landinu, hefur fram að færa. Þar af leiðandi er ekki óeðlilegt að menn séu orðnir óþolinmóðir yfir því að það skuli ekki vera hægt að finna flöt á svo einföldu máli. Og ég verð að segja það eins og er að þetta hefur verið eitt mesta baráttumál landsbyggðarfólks í fjölda ára og það hefur gengið svo langt að þegar hæstv. forsrh. flutti stefnuræðu sína hér á hinu háa Alþingi á sl. hausti sagði hann: Hversu lengi er hægt að draga það að jafna út orkuverðið svo það verði það sama á öllu landinu hliðstætt bensíni og olíu, mjólk og mjólkurvörum o.s.frv.? Þetta ætti því að vera tiltölulega einfalt mál að gera þetta, svo sjálfsagt sem það er. En því miður hefur þetta ekki tekist á undanförnum árum, hvað mikið sem hefur verið talað hér og heitstrengt að ná þessu markmiði. Menn hafa gjarnan horft á Landsvirkjun sem það fyrirtæki sem hefur allt í hendi sér, eins og menn gjarnan segja.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég verð fyrir vonbrigðum af starfi þessarar ágætu nefndar sem er búin að leggja mikla vinnu í þetta mál og ég átti satt að segja von á allt annarri niðurstöðu. Við afgreiðslu fjárlaga í vetur var þetta mál á dagskrá. M.a. kom nefndin á okkar fund og ég reiknaði satt að segja með því að það kæmu ákveðin úrræði frá þessari nefnd sem væru beinlínis beinharðir peningar því að það hefði alveg eins verið hægt fyrir hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnina að leggja til við fjvn. að 35 millj. kr. yrði varið á árinu 1991 til þess að greiða niður eða lækka upphitunarverðið. En hér er þetta sett þannig fram að ég a.m.k. skil það þannig að hér sé bara verið að færa á milli niðurgreiðslufé. Það er verið að hækka vöruverðið til þess að geta lækkað á síðari hluta ársins hluta af verði upphitunarkostnaðar. Við notum ekki sömu peningana tvisvar í þessu tilfelli. Þetta er alveg augljós skýring. Mér finnst þetta ekki góður kostur og ég verð að segja að ég átti von á miklu, miklu meiru, ákveðnari tillögum frá þessari nefnd þó markmiðin út af fyrir sig séu ágæt. Ég get fallist á það að þetta sé gert á næstu tveimur árum. En þau nást ekki nema einhverjir peningar séu til.

Ég sé ekki almennilega hvernig þetta getur haldið áfram og mér finnst líka óeðlilegt og eiginlega marklaust hjal að segja að Alþingi beini því til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir á þeim vettvangi beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar á heildsöluverði raforku til hitunar á íbúðarhúsnæði. Þeir eru ekki skyldugir að gera það, þessir fulltrúar. Þeir hafa ekki þá skyldu. Mér finnst þetta vera ákaflega slappt. Ég hefði gjarnan viljað fá að vita það, ef hæstv. iðnrh. hefur það í sínum gögnum, af því að

talað er um í 6. lið að því fé sem Landsvirkjun kann í framtíðinni að verða gert að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi yrði að hluta varið til verðjöfnunar á innlendri orku, hvað hefur Landsvirkjun greitt til þessa fyrir virkjunarrétt sem þegar liggur fyrir og hún er búin að hafa í fjölda, fjölda ára? Hvað ætli það séu miklir peningar? Ég er hræddur um að það sé ekki stór upphæð. Hér þyrfti að vera miklu sterkar að orði kveðið. Og hvað um jöfnun á lækkun orkuverðs í almennum rekstri, í atvinnurekstri t.d. sem er nú ekki síður kvartað yfir við okkur þingmenn úti á landi? Þeir sem eru að basla við að reka iðnfyrirtæki og frystihús o.s.frv. kvarta yfir þessu háa orkuverði.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að ræða hér langt mál um þessa till. Ég verð fyrir vonbrigðum, ég segi það hreint út. Ég hef sjálfur gefið miklar yfirlýsingar um það að skilja ekki við þetta mál öðruvísi en það komist í höfn. Þingflokkurinn, ég tala nú ekki um stefnu Framsfl. sem alltaf hefur verið með þetta á oddinum en aldrei komist lengra en þetta, en þingflokkurinn samþykkti í vetur þáltill. sem er hér heitt mál um nýtt orkuver og nýja stóriðju o.s.frv. og þá átti ekki að gefa heimild í lánsfjárlögum nema því aðeins að þetta mál væri leyst samhliða. Þetta er ekki lausn á málinu. Það þarf enga þáltill. til þess. Ríkisstjórnin hefði getað ákveðið að taka 35 millj. af niðurgreiðslum á vöruverði og skella þeim bara í upphitun. Ég vissi ekki að það þyrfti neina sérstaka þáltill. til þess. Þetta ætti að vera þá skylt, samanber ef við erum að tala um olíu og mjólk og mjólkurvörur o.s.frv. að það væri eðlilegt að það væri á sama verði. Ég segi það aftur og enn að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með að þetta skyldi ekki koma fram í öðruvísi búningi en hér sést.

Í þær upplýsingar sem maður hefur verið að hlera eftir í starfi þessarar nefndar lagði ég þá merkingu að það væri miklu meira að vænta en hér hefur komið fram. Þetta eru í sjálfu sér ágætir punktar, en það er allt eftir að koma fram hvað þeir gefa, því miður.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að þetta fái aðeins meiri umfjöllun í nefnd þó tíminn sé horfinn. Ég skil að það er þörf á því að láta þessa þáltill. ná samþykki hér á Alþingi og reyna að koma henni fram sem litlu spori í því sem við erum allir sammála um. En ég verð því miður að endurtaka að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þetta og tel að þessar 35 millj. hefði verið hægt að leysa bæði í gegnum fjárlög, ef tilmæli hefðu komið um það frá ríkisstjórninni sem við fengum ekki, og eins að það mætti gera þetta með einfaldri tilskipun á annan hátt.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér er á dagskrá er byggð á hugmyndum sem kynntar voru í skýrslu frá nefnd þeirri sem hæstv. iðnrh. skipaði þann 1. nóv. sl. til þess að fjalla um lækkun orkukostnaðar. Skýrsla frá nefndinni var send iðnrh. og þar komu fram frá meiri hl. nefndarinnar þær hugmyndir sem kynntar eru í þessari þáltill. en sumir nefndarmanna höfðu fyrirvara varðandi þetta mál eins og hér hefur verið greint frá.

Tillaga sú sem hér liggur fyrir er aðeins stefnuyfirlýsing. Alþingi hefur áður kynnt stefnu sína í þessum málaflokki og hvað eftir annað hefur Alþingi afgreitt ályktanir um aðgerðir í þessum efnum, enda er mikill vilji hjá stjórnmálaflokkunum að grípa til aðgerða í þessu efni og þetta er eitt af þeim málum sem brenna hvað harðast á ýmsum íbúum landsbyggðarinnar. En ég varð ekkert undrandi þótt hv. 1. þm. Vesturl. yrði fyrir vonbrigðum vegna þess að hér er einungis stefnuyfirlýsing. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn telji sig þurfa að ítreka yfirlýsingu sína í stjórnarsáttmála þegar hún hóf starf sitt með því að birta þá stefnuyfirlýsingu líka í lok síns ferils án þess að hafast að.

Hér sagði einhver ræðumaður að brýnt væri að þessi tillaga næði fram að ganga. Ég tel að það sé viðurhlutamikið að halda svo á þessu máli að verið sé að vekja vonir hjá fólki án þess að gripið sé til aðgerða. Þessi tillaga felur í sér að það er ekki gripið til aðgerða, aðeins endurtekin stefnuyfirlýsing eða tillaga um stefnuyfirlýsingu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og Alþingis. Það var ekki að furða þó hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir segði hér áðan að hún vonaðist til þess að næsta ríkisstjórn mundi finna lausn. Það er það sem í þessu felst.

Hér hefur verið gripið á efnisatriðum þessarar tillögu, ef tillögu skal kalla. Það má segja að það sé eins konar form þáltill. sem fram kemur í 1. tölul. Annað er á verksviði ráðherra í flestum tilvikum. Það er á verksviði hæstv. ráðherra að fara fram á það við Landsvirkjun að taka tiltekin málefni til athugunar. Það er á verksviði hæstv. ráðherra að athuga og láta gera úttekt á fjárhagsstöðu hitaveitna og það er á verksviði ráðherra, í því tilliti kannski hæstv. fjmrh., að kynna tillögur sem gætu orðið til að tryggja hitaveitunum aðstoð.

Það er hins vegar líka á verksviði ríkisstjórnar að leggja fram tillögu í fjáraukalögum, ef ekki fjárlögum, um að breyta niðurgreiðsluliðnum þannig að 35 millj. kr. sem áttu að ganga til niðurgreiðslu á vöruverði verði teknar af þeim lið og færðar yfir í niðurgreiðslu á orku. Það er bara fjáraukalagamál og þarf enga tillögu um það, enda gagnslaust að leggja fram tillögu. Viðskrh. getur ekki tekið þetta fé og fært það yfir á annan lið þó að fyrir liggi þál. Það er ekki hægt. Það þarf fjáraukalög til þess. Málið er náttúrlega eins klúðurslegt og verða má og gagnslaust vegna þess að það ítrekar aðeins fyrri tillögur sem fram hafa komið á Alþingi og hafa verið afgreiddar sem ályktun Alþingis.

Þetta haggar ekki því að í nefndinni var unnið mikið starf og starfsmenn nefndarinnar unnu gott starf. (Gripið fram í.) Frá því starfi, hæstv. ráðherra, er greint í þeirri skýrslu sem hér fylgir með. Þar segir m.a. að ríkissjóður hefur til þessa yfirtekið lán af raforkugeiranum sem nemur á núvirði 8.186 millj. kr. Þar kemur fram að núverandi niðurgreiðsla á raforku til húshitunar er frá ríkissjóði 63 aurar og hefur staðið óbreytt síðan 1985. Ef það hefði fylgt verðlagi, þá væri ekki við neinn vanda að etja nú í þeirri grein. Það eru 16 aurar frá Landsvirkjun og 37 aurar frá RARIK, samtals 1,16 kr. á kwst. Þetta þýðir að niðurgreiðsla á

raforku til húshitunar hjá RARIK er um 31%. Það er talsvert, 31%. Út af fyrir sig hefur talsvert verið gert í þessum málum.

Það kemur líka fram í þessari skýrslu að ef skuldayfirtakan hefði ekki farið fram hefði þurft að hækka hitunartaxta RARIK um 36,5% og hjá Orkubúi Vestfjarða um 45%. Það er, miðað við það 31% sem felst í beinni niðurgreiðslu, ef ekkert hefði verið gert hefði þurft að hækka taxtana hjá RARIK um 67,5% og hjá Orkubúi Vestfjarða um 78%. Þannig að í sjálfu sér hefur mikið verið gert í þessum efnum sem bæði er að þakka núv. hæstv. ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnum. Núv. ríkisstjórn kom því fram sem fyrri ríkisstjórn hafði ákveðið og látið reikna út undir forustu fráfarandi iðnrh., 1. þm. Reykv., en vegna þess að sú ríkisstjórn fór skyndilega frá þá dróst það fram á tíð þessarar ríkisstjórnar sem nú situr. En það er líka komið svo að mismunur á orkuverði RARIK og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er að meðaltali aðeins 13,6%. Hann hafði hæstur orðið 88%. Þannig hefur margt færst í rétta átt í þessum efnum og það er miklu auðveldara að taka á þessum málum nú heldur en verið hefur vegna þess sem búið er að gera í þessum málaflokki. Allt þetta kemur fram í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir og þar liggur mikið verk að baki. En þetta haggar ekki því að sú tillaga sem hér liggur fyrir er eins og áður sagði einungis yfirlýsing án aðgerða, gagnslaus yfirlýsing í lok kjörtímabils núv. hæstv. ríkisstjórnar. Hefði hæstv. ríkisstjórn ætlað sér að taka á þessu máli og leggja fram fé til þess að það væri hægt að gera eitthvað marktækt í þessu efni þá ætti hún að vera búin að því en ekki vísa þessum víxli til framtíðarinnar til næstu ríkisstjórnar. Næsta ríkisstjórn þarf án efa ekki leiðbeiningu núv. hæstv. ríkisstjórnar í því sem hún ætlar að gera í þessum efnum. Ég vænti þess að hún hafi burði til að taka á máli eins og þessu þó að hún fái ekki leiðbeiningu af þessu tagi í jafngrautarlegri og í rauninni óþinglegri tillögu og þeirri sem hér liggur fyrir. Það er því ekki að undra þó hv. 1. þm. Vesturl. hafi orðið fyrir vonbrigðum. Og það var eitt sem ég skildi ekki í hans ræðu, að hann skyldi þrátt fyrir allt þetta vilja afgreiða þessa tillögu.

Ég held nú, virðulegi forseti, af því að tíminn er svo skammur til umræðna um þetta efni, að ég hafi komið því til skila sem er meginefnið í þessu máli. Ég hlýt að taka það fram að ég sé ekki nokkra ástæðu til þess og líka ekki möguleika til þess að fara ofan í þetta mál með þeim hætti sem þarf til þess að það verði afgreitt nú í lok þessa þings.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin sem mynduð var haustið 1988 sté á stokk og hét því í stjórnarsáttmála að taka á mismunun í samfélaginu í sambandi við ýmsa grundvallarþætti sem ríkisvaldið getur haft áhrif á, þar á meðal jöfnun húshitunarkostnaðar í landinu. Það hefur verið nefnt hér í umræðunni að ríkisstjórnin hafi stuðlað að því að gjaldskrár opinberra fyrirtækja, Rafmagnsveitu ríkisins og Orkubús Vestfjarða, hafi ekki þurft að hækka jafnmikið og raun ber vitni með þeirri yfirtöku skulda sem á þessum fyrirtækjum hvíldu. Það er atriði sem sjálfsagt er að hafa í huga þegar við ræðum þetta mál og hefur verið dregið fram hér í umræðunni. En það breytir ekki hinu að verkefnið, að jafna orkukostnaðinn, hefur ekki verið leyst. Með yfirtöku skulda var komið í veg fyrir að það yrði verðsprenging sem var auðvitað útilokað með öllu að yrði hleypt fram og það var fyrrv. ríkisstjórn lítið til sóma sem gaf fyrirheit 1986 þegar verðjöfnunargjald af raforku var afnumið í tengslum við kjarasamninga, að þetta skyldi gert, að hún skyldi ekki koma því í verk og það skyldi falla í hlut næstu ríkisstjórnar að koma því í framkvæmd.

En það er sannarlega mögur uppskera sem við okkur blasir nú í lok starfstíma þessarar ríkisstjórnar að ekki skuli hafa áunnist neitt teljandi í rauninni til að draga úr þeim mikla kostnaðarmun sem er á húshitun í landinu milli hinna köldu svæða og þeirra sem við verðlag ámóta og hjá Hitaveitu Reykjavíkur búa. Og mér finnst heldur ekki álitlegt að verið sé að taka á þessu máli eins og kemur fram í þessari þáltill. með í rauninni engum bindingum og ekki skýrari stefnumörkun í þessu máli. Ég tel að það hefði þó verið til verulegra bóta ef þetta þing sem nú situr hefði náð að marka ákvarðandi spor í þessum efnum sem væri niðurstaða af samkomulagi í fyrsta lagi innan ríkisstjórnarflokkanna og helst með breiðari stuðningi eins og segja má að að hafi verið stefnt af hæstv. iðnrh. með því að leita eftir tilnefningu frá öllum þingflokkum. En það er ekki nóg að fá hugmyndir frá fólki sem tekur að sér að sitja í nefnd ef ekki er séð fyrir því í rauninni af þeim sem forustu eiga að veita að það sé hægt að gera marktækar tillögur því að auðvitað hefur formaður nefndarinnar, hv. 3. þm. Vesturl., lagt sig fram um það að gera sitt besta í þessu máli. Ég efa það alls ekki. Hann þekkir til þessa vanda, hann þekkir vanda fólks í sínu kjördæmi, á Snæfellsnesi, sem er eitt af þessum kvöldu svæðum og einnig hið háa verð sem viðskiptavinir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar búa við sem er af eðlilegum ástæðum, eins og staðið hefur verið að rekstri þessara fyrirtækja, langtum hærra en gerist hjá hinni mjög svo hagstæðu Hitaveitu Reykjavíkur.

Það er tekið fram í nefndarálitinu á bls. 7 að sú skoðun hafi komið fram í nefndinni að óeðlilegt sé, svo skömmu fyrir kosningar, að binda hendur næstu ríkisstjórnar varðandi verðjöfnun á orku til húshitunar. Mér finnst þetta ekki gilt sjónarmið. Verkefnið var að sjálfsögðu að reyna að skapa sem breiðasta samstöðu um úrlausnir en jafnframt að veita forustu um skref sem væru tekin. Ef það hefði lánast er ég viss um að ríkisstjórn sem hefði tekið við sæmilegu búi í þessum efnum hefði ekki verið fært að draga í land í þeim efnum, alls ekki. Það eru þó það digrar yfirlýsingar sem fyrir liggja frá stjórnmálaflokkunum í orði í þessum málum, þó ekki hafi gengið fram á borði að efna þær. Þar kemur að því að menn greinir á um leiðirnar til þess að ná þessum markmiðum. Ég tel að það sé ekki farsælt sem kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. að það sé nánast að segja bannorð að ætla að jafna innan orkugeirans, ef svo má að orði komast, að leggja á

jöfnunargjöld til þess að afla tekna til að jafna þennan kostnaðarmun. Það er að mínu mati í rauninni langeðlilegasta aðgerðin í þessum málum fremur en vera að efna til stórfelldra niðurgreiðslna úr ríkissjóði og eftir öðrum leiðum, gera kröfur til orkufyrirtækja um að taka þátt í slíkum niðurgreiðslum, þó að auðvitað beri ekki að hafna slíkum leiðum ef um það tækist samstaða. En mun eðlilegra tel ég vera að leggja á orkujöfnunargjald til þess að tryggja þá verðjöfnun sem hér er um að ræða.

Ég minni á það sem gert hefur verið í sambandi við fjarskiptin, í sambandi við jöfnun símkostnaðar á yfirstandandi kjörtímabili, á starfstíma núv. ríkisstjórnar. Þar hefur tekist að jafna mjög verulega kostnaðarmuninn hjá þeim sem meira þurfa á langlínu að halda og hinum sem ekki bera þann kostnað sem var meira en áttfaldur þegar upp var lagt 1988, en er nú kominn undir það að vera fjórfaldur. Það hefur dregið mjög stórlega úr þeim kostnaðarmun til verulegra hagsbóta fyrir þá sem háðir eru langlínu og það er fólkið á landsbyggðinni öðrum fremur. Þarna er jafnað með því að færa á *milli innan fjarskiptakerfisins. Þarna er lagt* á þá notendur sem nota innanbæjarsímann meira og jafnað innan þessa viðskiptaþáttar. Það er aðferð sem ég tel að farsælust væri, en endurtek að ég hafna ekki öðrum leiðum ef þær geta leitt að ásættanlegu marki.

Um markmiðið sem slíkt getum við kannski sagt sem svo um það sem kemur fram í 1. tölul. þessarar þáltill. að það væri stórt spor í átt þegar tekst að ná því, þó að maður vildi gjarnan ganga lengra í þessari verðjöfnun og segja að þarna ættu menn að stíga skrefið til fulls. En þetta væri stórfelld framför ef það tækist. En því miður eru leiðirnar til að ná þessum markmiðum svo óljósar og lagðar í hendur annarra en Alþingis, eins og t.d. stjórnarmanna í Landsvirkjun, að það lofar því miður ekki góðu um framhaldið. Það er því miður ekki fast í hendi.

Virðulegur forseti. Ég tel að sú hugmynd sem hér hefur komið fram og raunar sem skilyrði frá einum þingflokki, þ.e. þingflokki framsóknarmanna, að fara að binda tillögugerð af þessu tagi við það að fallast á yfirlýsingar eða tillöguflutning vegna álbræðslu á Keilisnesi, ég tel það með miklum fádæmum, bæði þá hugsun almennt séð að fara að binda þetta mál við álbræðslumálið og ég tala nú ekki um að fara að gera það að skilyrði og síðan fæðist sú mús sem hér liggur fyrir í sambandi við tillögugerð. Ég vísa líka til þess að það er ekki mjög traustvekjandi af stjórnvalda hálfu þegar svo misvísandi tillögur koma fram eins og í tillögu nefndar um skipulag Byggðastofnunar sem fjallar um þetta á bls. 28–29 í sínu nefndaráliti sem vísar á allt aðrar leiðir í þessum efnum. Allt er þetta vafalaust með góðum hug gert en veitir því miður litla stoð.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði kosið að hæstv. iðnrh. væri hér. Í september 1988 var mynduð ríkisstjórn og þá lögðu mínir félagar mikla áherslu á að reynt væri að jafna aðstöðumuninn í þjóðfélaginu. Eitt af því var það að jafna orkukostnaðinn. En við sjáum það á þessu plaggi og raunar sá maður það löngu fyrr að áhugi hæstv. ráðherra fyrir þessu máli var ákaflega lítill, það er ekki fyrr en 1. okt. á sl. ári sem hann virðist muna eftir þessu ákvæði og fer að skipa nefnd. Og síðan liggur hér fyrir tillaga og greinargerð sem er að mörgu leyti ágæt, enda margir góðir menn og færir sem hafa lagt þar hönd á. En ekkert er gert af því sem átti að gera á þessu kjörtímabili, ekki neitt. Þetta er þáltill. Þetta er viljayfirlýsing. Ef ég man rétt þá hafa svona tillögur um þetta mál komið áður og verið samþykktar. Þetta er sem sagt ekki neitt. Ég hefði viljað fá hæstv. iðnrh. hér í salinn en hann er sjálfsagt að sinna einhverju öðru. En út yfir allan þjófabálk tekur. (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. er í húsinu og forseti mun því gera honum viðvart um að það sé óskað eftir nærveru hans.) Ætli þessar átta mínútur verði ekki liðnar þegar hann kemur? — Það sem hér liggur fyrir er aðeins viljayfirlýsing. Ég sagði áðan að slík tillaga hefur verið samþykkt áður án árangurs og ekki staðið að neinu leyti við það loforð og það ákvæði í stjórnarsáttmálanum *sem við undirskrifuðum í september 1988.* Það er alveg furðulegt að ráðherra sem kennir sig við jafnaðarflokk framkvæmi ekki það sem hann skrifar undir og heldur við því óréttlæti sem er í þessu máli.

Það er vandalaust að lengja lán Landsvirkjunar. Það á að borga þau öll upp og Blöndu líka á 14 árum. Þar með eignast Reykjavíkurborg og Akureyri helminginn af öllu sem er búið að virkja og ríkið annað eins á móti. Ef menn meina eitthvað með því sem þeir segja, þá er það allt annað en þetta. Hæstv. samgrh. hefur sýnt það að hann hefur staðið að nokkru leyti við það sem hann gekkst undir, að minnka muninn á símakostnaðinum, en hér er ekki neitt. Út yfir allt tekur þó skilyrði Framsfl. að þetta verði samþykkt ef þeir eigi að standa að því að samþykkja hina dæmalausu tillögu iðnrh. í sambandi við álbræðsluna á Keilisnesi. Ég held að það hafi sjaldan gerst hér á Alþingi að annar eins kaupmáli hafi verið gerður og hér er um að ræða ef rétt reynist. Ég get ekki rengt það að þessi fyrirvari hafi verið gerður hjá Framsfl. í sambandi við álverksmiðjuna.

Ég verð að lýsa vanþóknun minni á þessari tillögu, á því að það er ekki hafist handa fyrr en allt er komið í óefni og ekki staðið við neitt í jöfnuði af því sem lofað var. Þetta er leiðinleg niðurstaða og leiðinleg fyrir þá sem kenna sig við jafnaðarflokk Íslands.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér er fram komin till. til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar og kemur til umræðu eftir að „kvöldsett löngu er" á næstsíðasta degi þingsins. Þessi tillaga sem hér hefur verið nokkuð rædd er ávöxtur af starfi nefndar sem gera átti tillögur um verðjöfnun á raforku og sett var saman 1. okt. 1990. Ég má til að láta líta örlítið um öxl í þessu sambandi.

Á 112. löggjafarþingi fluttum við allir þingmenn Vesturlands till. til þál. um jöfnun orkukostnaðar. Það mál var alls ekki nýtt af nálinni og höfðu margir rætt það og minnst á það áður. En sú tillaga var grundvöll-

uð á samþykkt samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem mjög höfðu rætt þetta mál og sneru sér nú aðallega að húshitunarkostnaði. En tillagan, sem ég nefndi hér, var flutt óbreytt að öðru leyti en því að allur orkukostnaður var tekinn í stað húshitunarkostnaðarins eingöngu, vegna þess að það veltur líka mikið á að jafna orkukostnaðinn til atvinnuveganna. Hvaða sanngirni er t.d. fólgin í því að raforkutaxti til iðnaðar sé þrisvar sinnum hærri, svo að ég nefni dæmi, í Búðardal og tvisvar sinnum hærri í Borgarnesi heldur en á Reykjavíkursvæðinu, að því er manni er tjáð, og húshitunartaxti margfaldur á köldu svæðunum úti á landi á við það sem hann er í Reykjavík?

Ég var 1. flm. að þessari tillögu og ég rökstuddi hana einfaldlega með því að taka upp úr stjórnarsáttmálum, yfirlýsingum stjórnmálamanna og samþykktum. Ég ætla bara að hafa yfir eina slíka samþykkt, með leyfi virðulegs forseta. Hún er frá kjördæmisþingi Alþfl. í Vesturlandskjördæmi 30. sept. 1989, og hljóðar svo:

„Kjördæmisráðið beinir því til iðnrh. að hann vinni ötullega að jöfnun orkuverðs í landinu, enda er það ein meginforsenda áframhaldandi búsetu fólks á landsbyggðinni. Sama orkuverð á að gilda um land allt án tillits til búsetu."

Þessi tillaga varð ekki útrædd en á 113. löggjafarþingi endurflutti ég þessa tillögu ásamt þingmönnum Vesturlands öðrum en hv. 3. þm. sem ekki taldi sig geta verið meðflm. að þessu sinni vegna þess að hann væri nýskipaður formaður nefndar sem ætti nú að taka þessi mál til rækilegrar athugunar og jafnvel skila áliti fyrir jól. Þessi till. til þál. um jöfnun orkukostnaðar var 86. mál. Þessari tillögu var vísað til allshn. og þar hvílir hún í friði.

En snúum okkur svo aðeins að þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og menn hafa tæplega haft tækifæri eða tíma til að kryfja til mergjar eða átta sig á. Ég efast þó ekki um það að hún sé vel unnin að sínu leyti undir stjórn svo ötuls þingmanns sem hv. 3. þm. Vesturl. er. En ég hygg að það fari fyrir mörgum eins og hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 2. þm. Norðurl. v. að þeir verði fyrir vonbrigðum. Það lítur auðvitað sínum augum hver á silfrið. Sumum, sem lengi hafa fjallað um þessi mál og viljað ráða bót á þeim, dettur e.t.v. í hug gamli latneski málshátturinn: Parturiunt montes, nascetur ridiculus mus, þ.e. fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús.

Hér er þó tvímælalaust leitast við að taka á málinu, þ.e. að ná auknum jöfnuði í þremur áföngum á næstu tveimur árum. En hér er aðeins húshitunarkostnaðurinn tekinn til greina. Það á að lækka hann þar sem hann er hæstur á landinu. Það er því varla tekið á þessu máli nema til helminga eða að hluta til. Við það bætist, eins og ýmsir hv. ræðumenn hafa bent á, að úrlausn þessa máls er algerlega vísað til næstu ríkisstjórnar, þetta er ávísun á framtíðina. Hér er því dálítið einkennilega að málum staðið. Það má vera að þetta sé einhver áfangi að vissu marki en ég býst við að hann verði til harla lítils og það verði haldið áfram að suða á þinginu um þetta mál eins og ég sé nú raunar hér í tillögu sem ég er sjálfur meðflm. að á þskj. 866. Þar segir um nýja stefnu í byggðamálum:

„Endurskipulagningu raforkukerfis verði hraðað í þeim tilgangi að draga úr verðmismun á raforku eftir landsvæðum."

Vafalaust verður þetta tekið fram í stjórnarsáttmálum komandi tíma, en líklega ekkert gert að gagni í þessum efnum fyrst um sinn. Og segja mætti mér að maður gæti látið sér detta í hug ljóðlína úr kvæði eftir gamlan þingmann Borgfirðinga: „Drjúgur verður síðasti áfanginn", áður en marki er náð.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Verkalok þessa þings sem er nú að renna sitt skeið væntanlega á morgun verða sjálfsagt lengi í minnum höfð. Það er rétt eins og ríkisstjórnin hafi vaknað upp við þann vonda draum að eiga ýmislegt ógert þegar þingi lyki. Þar hafa menn reynt þær leiðir að berja í brestina og láta sem svo að miklar ákvarðanir væri nú verið að taka. Á engum stað gætir þessa þó eins áþreifanlega og í verkum hæstv. iðnrh. Ég hygg að það þurfi að leita víða og lengi til þess að finna þess hliðstæðu að ráðherra skiladi málum inn á Alþingi á síðustu dögum þess með sama hætti og hæstv. iðnrh. hefur látið sig hafa. Hér á ég m.a. við áltillöguna frægu upp á fjórar línur ef allt er talið með og sem á að marka tímamót varðandi það stóra mál.

Og hér liggur fyrir þáltill. um lækkun húshitunar sem er raunar upp á þrjár og hálfa línu og ekkert efni felst í. Það sem vekur t.d. eftirtekt, svo að rétt dæmi séu nú nefnd, er síðasti liður þessarar tillögu, 6. liðurinn af þessum sex áhersluatriðum. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Því fé sem Landsvirkjun kann í framtíðinni að verða gert að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi verði að hluta varið til aukinnar verðjöfnunar á innlendri orku."

Hvað er þetta mikið fé? Það er svo sem ekki að furða þótt hæstv. iðnrh. vilji snúa sér undan þegar verið er að ræða þessa tillögu. En ég var að spyrja hvað væri áætlað að mikið fjármagn fælist í þessum 6. lið þáltill. Hvað eru þetta stórir póstar sem Landsvirkjun hefur verið gert að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttinn? Hvað má ætla að það fáist mikið fjármagn til ráðstöfunar vegna þessa 6. liðar? Auðvitað er þetta út í bláinn. Mér er svo sem alveg sama þó að ég fái engin svör því að aðallega er ég að benda á þetta til þess að sýna fram á það fányti sem hér er lagt fram.

Það hefur komið hér fram hjá öðrum hv. þm. hvern hug þeir bera til þessarar tillögu. Það er auðvitað alveg ólíðanlegur kostur, jafnþýðingarmikið mál og hér er til meðferðar, að það skuli farið með það af jafnmiklu tillitsleysi gagnvart fólkinu í landinu og hér er gert því að auðvitað er það hreint tillitsleysi að leggja fram tillögu af þessum toga í jafnstóru máli og þessu.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en legg áherslu á, eins og hér hefur komið fram hjá öðrum hv. ræðumönnum, að hér er sá málatilbúningur á ferðinni sem lengi mun í minnum verða hafður.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl., síðasti ræðumaður, tók undir með hv. 1. þm. Reykv. í því að reyna að halda því fram að það lægi lítið eftir þessa ríkisstjórn í orkuverðjöfnunarmálum. Það sætir satt að segja furðu. Ég leyfi mér að vísa til framsöguræðu minnar og skýrslunnar hinnar merkilegu sem hér liggur fyrir þinginu um þær mikilvægu aðgerðir sem gripið hefur verið til á starfstíma þessarar ríkisstjórnar í þessu efni og reyndar fyrri ríkisstjórna eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. vék hér réttilega og drengilega að. Verð ég nú að segja að ólíkt hafast þeir að í ræðustól, hv. 4. þm. Austurl. og hv. 2. þm. Norðurl. v., þegar um það er að tefla að sýna réttsýni í málflutningi.

Ég vildi svo víkja að því að mér þótti það sérkennilegur málflutningur hjá hv. 1. þm. Reykv. þegar hann vék þannig að þeim lið í þessari tillögu að hann væri óvenjulegur og það virtust eiginlega vera fullnægjandi rök fyrir því að hann kæmi ekki til greina sem tillögugrein. Það þykir mér nú helst til mikil íhaldssemi. Þetta var einmitt það nýmæli að þingið lýsti skoðun á því hvað þingkjörnir stjórnarmenn ættu að hafa að leiðarljósi í sínum störfum. Ég teldi það reyndar merkilegt nýmæli ef þingið fengist til þess að gefa slík fyrirmæli þótt ég viðurkenni að sjálfsögðu það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. að þingflokkar eiga hlut að því kjöri.

Hv. 1. þm. Reykv. og reyndar hv. 2. þm. Norðurl. v., hv. 4. þm. Austurl. og e.t.v. fleiri töldu það galla á þessari tillögu að hún væru aðeins stefnuyfirlýsing. Í fyrsta lagi er það ekki rétt vegna þess að hún er miklu meira en stefnuyfirlýsing. Hún er leiðbeinandi fyrir framkvæmdarvaldið um það hvernig vinna skuli að þessu þjóðþrifamáli. Hins vegar er það líka að mínu áliti næsta skammsýnn og ég vil segja þröngsýnn skilningur hjá hv. 1. þm. Reykv. þegar hann segir að það rýri gildi tillögu að hún sé stefnumarkandi. Það tel ég þvert á móti þáltill. til gildis og tel það vera aðalsmerki þeirra. Það er hlutverk þeirra hér í þinginu fyrst og fremst.

Ég mun ekki, virðulegi forseti, taka hér fyrir mörg hinna einstöku atriða sem hér hefur verið vikið að, mun þó aðeins víkja að því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Austurl. um það hversu mikils virði í peningum 6. liður tillögunnar væri þar sem að því er vikið að verja skyldi hluta af því fé sem ríkið kynni að greiða Landsvirkjun fyrir virkjunarréttindi til þess að jafna orkuverðið í landinu. Ég mun ekki setja fjárhagslegt mat á þetta. Þetta er eins og annað í þessu máli að nokkru leyti stefnuyfirlýsing. En hún er líka mjög merkileg, ég tek það fram. Hún er afrakstur nefndarstarfsins. Hún er tilraun til þess að sýna þeim landshlutum þar sem virkjað er nokkra tillitssemi í ráðstöfun fjárins. Þetta hélt ég að hv. 4. þm. Austurl. ætti að hafa forsendur til að skilja öðrum mönnum betur, en þar hef ég greinilega ofmetið hann.

Ég vil endurtaka það að ég tel að það væri réttlætismál að samþykkja slíka leiðbeiningu hjá þinginu til framkvæmdarvaldsins í réttlætismáli eins og því sem við ræðum hér og nú og verð að lýsa furðu minni á því að menn skuli hér hafa uppi svigurmæli um það að hér sé ráðherrann að álykta út og suður og ætli að gera hluti sem hann hafi ekki undirbyggt vel í samráði við þingið. Ég leyfi mér að benda á það að þessi þáltill. er í öllum greinum afrakstur af nefnd þar sem allir þingflokkar hafa átt fulltrúa. Það er að sönnu rétt að þingflokkur sjálfstæðismanna eða fulltrúar hans gerðu fyrirvara við skýrsluna en þeir skrifa undir hana og ég lít svo á að þeir séu meðhöfundar hennar.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Í kvöld er jöfnuður á dagskrá, þó ekki allur jöfnuður heldur aðeins einn hluti af jöfnuði. Hér er t.d. ekki rætt um jafnan atkvæðisrétt heldur um jöfnun á kostnaði við húshitun.

En jöfnuður eru nú einu sinni þannig í laginu að á honum eru tvær hliðar, annars vegar hlið þess sem fær jöfnuð í sinn hlut og hins vegar hlið þess sem lætur af sínum jöfnuði til þess að jafna hlut náungans. Í þessu tilfelli sem oftar er það hlutur Reykvíkinga sem er til skiptanna, en hlut landsbyggðarinnar á að auka. Reykvíkingar búa á ýmsan hátt vel að húshitun vegna þess að þeir hafa verið forsjálir og eiga hér til þeirra hluta ágæt ver. Það er í raun ekki Reykvíkingum að kenna þó að önnur sveitarfélög séu ekki jafn vel í sveit sett að því leyti. Það á ekki að bitna á Reykvíkingum að þeir hafi komið ár sinni vel fyrir borð. Það er ekki lengur jöfnuður. Því það er oft stutt á milli þess að jöfnuður breytist úr jöfnuði og yfir í ójöfnuð. Úr ójöfnuði er nú stutt í ranglætið og eignaupptöku. Þá erum við komin í rauninni í löggildan þjófnað. Hvers konar jöfnuður er það þegar verið er að taka hlut Reykvíkinga og skipta honum á milli annarra sem ekki hafa fyrir honum unnið? Fyrir hönd þolendanna í þessum jöfnuði, þá mótmæli ég þessu frv.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Í fullri hreinskilni verð ég að játa að ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar, skildi ég alls ekki. Hér er ekki verið að taka neitt af Reykvíkingum. Reykvíkingar búa við eitt lægsta orkuverð á landinu og sennilega búa þeir við eitt allra lægsta orkuverð í Vestur-Evrópu og jafnvel þótt víðar væri leitað. Reykvíkingar eru svo heppnir að vera á svæði þar sem heitt vatn er í iðrum jarðar, orkulind, sem að réttu ætti að vera sameign allrar þjóðarinnar, sú orka sem er að finna í iðrum jarðar. Þetta hefur verið nýtt vel og skynsamlega hér í Reykjavík og var byrjað á því snemma og Reykvíkingar hafa notið þess. En ég játa aftur og enn að ég skil ekki hvað hv. síðasti ræðumaður var í rauninni að fara með sinni ræðu hér.

Ég ætla, virðulegi forseti, aðeins að víkja að nokkrum atriðum sem fram hafa komið hér í ræðum annarra hv. þm.

Það hefur ekki þurft að hlusta grannt til að heyra að sumum þeirra sem hér hafa talað þykir þessi tillaga ekki ganga mjög langt eða vera nægilega markviss. Ég vil þó segja það að í þessari tillögu eru sett skýrari markmið og ákveðnar bent á leiðir en í nokkurri

annarri tillögu af þessu tagi sem hér hefur verið lögð fram á hinu háa Alþingi. Um það þarf ekki að deila. En þá vil ég spyrja bæði hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 3. þm. Vesturl., sem eru nú að ljúka sínum þingferli þar sem þeir verða ekki í framboði í næstu kosningum. (**PJ:** Er ræðumaður hættur við að fara í framboð?) Ég var að tala um 1. og 2. Ég bið velvirðingar og þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni fyrir þessa ábendingu. (Gripið fram í.) Það er óþarfi, hv. þm. Friðrik Sophusson. En ég vil spyrja þá hv. þm. sem eru nú að ljúka sínum þingferli: Ef þetta er svona einfalt og ef þetta er svona auðvelt, hvers vegna hefur þá ekki flokkur hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar, sem haft hefur um langa hríð hreinan meiri hluta í stjórn Landsvirkjunar, ekki beitt sér fyrir því að þessi orkukostnaður væri jafnaður? Og ég spyr hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson. Hans flokkur hefur átt aðild að ríkisstjórn í í 20 ár. Hvers vegna hefur Framsfl. ekki beitt sér fyrir jöfnun orkuverðs? Það er vegna þess að það hefur verið flókið mál og ekki auðleyst. Það liggur alveg ljóst fyrir. Og ég spyr hv. þm. Friðjón Þórðarson, sem kom hér upp í þennan ræðustól og sagði að raforkuverð í Búðardal og Borgarnesi væri þrisvar og tvisvar sinnum hærra en það er hér í Reykjavík: Hefur hv. þm. lesið þá skýrslu sem hér er verið að ræða um? Ég hygg að hann hafi ekki lesið hana. Ég bið hann að lesa á bls. 19. Þar stendur:

„Mismunur á raforkuverði milli Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur var mjög mikill fyrir 10 árum síðan, eða 65,5%, og hafði reyndar komist í um 88% nokkru áður. Mismunurinn hefur minnkað síðan, sérstaklega á síðustu árum og er nú aðeins 13,6% miðað við gefnar forsendur. Ef tekið er tillit til þess að afltoppur er ákvarðaður með mismunandi hætti verður munurinn minni, eða um 8,6%." Ég spyr Friðjón Þórðarson, hv. 2. þm. Vesturl., aftur og enn: Hvar í þessari skýrslu finnur hann þess stoð að þetta sé með þeim hætti sem hann sagði hér áðan, að raforkuverð í Búðardal væri þrisvar sinnum hærra en í Reykjavík? Ég bið hann aftur og enn að sýna það og sanna. Annars hefur hann farið með rangt mál ef hann ekki getur sannað það.

Og ég vil líka spyrja þessa hv. þm.: Eru þeir þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að jafna þetta með löggjöf? Getur Alþingi breytt töxtum Landsvirkjunar með löggjöf? Nú spyr ég aftur þessa hv. þm., Alexander Stefánsson og Friðjón Þórðarson: Er það sú leið sem þeir eru að tala um? Sú leið er einfaldlega ekki fær, hv. þm., vegna þess að ríkið er ekki meirihlutaeigandi Landsvirkjunar. Hér er farin sú leið að beina þeim tilmælum til þeirra manna sem Alþingi kýs í stjórn Landsvirkjunar að þeir beiti sér fyrir þessu.

Ég minni líka á það að við úr þessari orkuverðsjöfnunarnefnd komum til fjvn. fyrir jól til að kynna henni okkar mál. Þar virtist ekki fé liggja á lausu til þessara hluta. Ég veit ekki til þess að í fjvn. hafi komið fram tillaga um auknar fjárveitingar til orkujöfnunar. Það sem verið er að tala um hér er að færa mjög lítinn hluta af niðurgreiðslufé í þessum áfanga, 35 millj. kr., sem hefur hverfandi áhrif á framfærsluvísitöluna, nánast engin áhrif. Ég bendi á að það eru um 5500 millj. kr. ætlaðar til þess að greiða niður vöruverð landbúnaðarafurða á ári. Er ekki tilvalið að nota einhvern lítinn hluta þess til að jafna aðstöðumun fólks með öðrum hætti og lækka orkukostnaðinn? Ef 35 millj. væru teknar af þessum fimm þúsund og eitthvað milljónum, þá eru það 0,7% af þeirri upphæð. Eru hv. þm. Egill Jónsson, Alexander Stefánsson og Friðjón Þórðarson að hafa á móti þessu? Ég held að þessir menn verði að svara.

Í þessari tillögu hefði vissulega verið ákjósanlegt að geta sagt: Við skulum taka 300 millj., 260 millj., úr ríkissjóði. En hvar ætla menn þá að skera niður? Vilja menn leggja á nýja skatta? Ég er reiðubúinn að ræða það að leggja á nýja skatta fyrir mitt leyti til þess að jafna orkuverð. Eru hv. þm. tilbúnir til þess? Það þýðir ekki að koma hér og segja: Þetta er gagnslaust og þetta er einskis vert þegar menn hafa annars vegar verið í landsstjórninni í 20 ár. Að vísu hefur ýmislegt verið gert en það hefur aldrei verið gengið eins langt og hér er gert ráð fyrir að ganga. Ef menn hafa hreinan meiri hluta í stjórn Landsvirkjunar og geta ráðið þeim töxtum sem hér er um að ræða, gera ekki nokkurn skapaðan hlut þar, koma síðan í ræðustól á hinu háa Alþingi og segja: Hér er ekki nóg að gert. Þessar tillögur eru hvorki fugl né fiskur. Ég vísa þessari gagnrýni þessara hv. þm. á bug og tel að ef það skref væri stigið sem hér er gert ráð fyrir, þá yrði það eitt það merkasta sem gert hefði verið til þess að jafna orkukostnað í landinu. En mér heyrist að þessir tveir hv. þm., 1. og 2. þm. Vesturl., sem nú eru að láta af þingmennsku, hafi einfaldlega ekki sérstaklega mikinn áhuga á því að það sem hér um ræðir í þessari tillögu nái fram að ganga og skal ég nú ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. iðnrh. verði hér viðstaddur. (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. kemur þegar hann hefur möguleika á.) Þá bíð ég bara. Hann sagðist verða viðstaddur. Ég er að svara hans ræðu.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Enn er jöfnuður á dagskrá. Hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason útskýrði hér áðan jöfnuð Alþfl. og verð ég að segja að eftir þá ræðu er ég á báðum áttum. Ég var alltaf viss um að ójöfnuður Alþfl. væri slæmur en ég held eftir þessa ræðu að jöfnuður flokksins sé enn þá verri.

Það eru margar tegundir af jöfnuði, eins og ég sagði frá áðan, en hér er aðeins ein tegund á dagskrá. Við höfum ekki talað um þann jöfnuð einan sem skiptir höfuðmáli á Íslandi og það er jöfnun atkvæðisréttar. Alþfl. hefur ekki flutt tillögu um þann jöfnuð hér í dag. Verðandi þingmaður Reykjaness og núverandi þingmaður Reykjavíkur hefur ekki lagt fram þykka þáltill. um að jafna mannréttindi þannig að við hér í Reykjavík og Reykjanesi stöndum jafnfætis öðrum þegnum landsins en búum ekki við það misrétti sem Íslendingar hafa fordæmt í öðrum löndum eins og í

Suður-Afríku. Sá jöfnuður er ekki á kosningaplaggi Alþfl. og er það nokkuð merkilegt fyrir kjósendur að vita.

En það er einn jöfnuður sem við Reykvíkingar búum við sem er lakari jöfnuður en t.d. í Búðardal. Í Búðardal eru landamærin ekki stærri en svo að hver og einn þegn getur auðveldlega gengið til sinnar vinnu. Hér í Reykjavík þurfum við flestir að nota bifreiðar. Frá mínu heimili í Breiðholtinu og niður á Lækjartorg kostar það mig 130 kr. á dag fram og til baka með strætisvagni. Það eru miðað við 20 vinnudaga 2600 kr. Er þá ekki rétt að íbúar Búðardals taki þátt í því að jafna þennan mismun og jafna út strætisvagnagjöldin fyrir okkur sem þurfum að ferðast á þann hátt til vinnu þegar aðrir geta gengið? Svona má spinna jöfnuðinn í allar áttir.

Hv. þm. Eiður Guðnason leit svo á að þeir peningar sem væru teknir til þess að greiða niður húshitunarkostnað væru líklega gripnir af himnum ofan. Hér segir hins vegar í þáltill.: „Viðskrh. ákveði að á síðari helmingi þessa árs verði greiddar 35 millj. af því fé sem á fjárlögum er veitt til niðurgreiðslna á vöruverði á árinu 1991. . ." Það á þá ekki bara að taka þetta af Reykvíkingum heldur á að taka þetta af þeim niðurgreiðslum sem notaðar eru til að borga niður matinn og mjólkina í börnin. Nú á að láta börnin í Breiðholti greiða niður húshitunarkostnaðinn í Vesturlandskjördæmi. Það út af fyrir sig er eiginlega verra en ég átti von á frá Alþfl.

Annars staðar í þessari sömu þáltill. segir: „Því fé sem Landsvirkjun kann í framtíðinni að verða gert að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi verði að hluta varið til aukinnar verðjöfnunar á innlendri orku." Og hvaðan skyldi það fé koma að mestu leyti? Auðvitað ekki frá öðrum en Reykvíkingum. Reykvíkingar eiga sem sagt að standa undir að jafna húshitunarkostnað um allt landið vegna þess að þeir hafa verið forsjálir og búa vel að húshitun í sínu kjördæmi með góðum verum til þess.

Þetta er kjarni málsins. Jöfnuður milli landshluta byggist á því að Reykvíkingar láta af hendi rakna til annarra landshluta og það er kjarni málsins fyrir okkur sem í Reykjavík búum og við viljum ekki alltaf una. Það er málið, mín kæru.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur gert tilraun til að ná sambandi við hæstv. iðnrh. en hann er ekki kominn enn þá. Óskar hv. 1. þm. Reykv. eftir að bíða með ræðu sína? (Gripið fram í.) Vill þingmaðurinn tala um þingsköp?

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég má til með að vekja athygli hæstv. forseta á því að hæstv. iðnrh. hefur tekið til máls tvisvar í þessari umræðu. Í fyrra skiptið til að fylgja úr hlaði þessum tillögum sínum og í síðara skiptið til þess að svara ákveðnum atriðum sem til hans var beint. Ég óskaði eftir því við hæstv. ráðherra að hann yrði hér viðstaddur því að hann gerði að umtalsefni mína ræðu og mér finnst ekki hægt, virðulegi forseti, að halda þessari umræðu hér áfram án þess að virðulegur ráðherra fái tækifæri til þess að fylgjast með þessu máli. Það verður að segja sem er að það lýsir ekki miklum áhuga á málinu ef hæstv. ráðherra getur ekki séð sér fært að vera hérna við í þessari umræðu svo að ég mun að sjálfsögðu bíða með það að taka til máls þar til hæstv. ráðherra kemur. En ef einhverjir aðrir vilja ræða þetta mál á meðan, þá er það hægt mér að meinalausu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa að hæstv. iðnrh. kemur hér innan einnar mínútu. Hv. 3. þm. Vesturl. talar um þingsköp.

Eiður Guðnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins að það komi fram að það er ekki áhugaleysi sem veldur því að iðnrh. er ekki hér í salnum í augnablikinu eins og ég hygg að hv. 1. þm. Reykv. viti, heldur hitt að á þessum lokastundum þingsins er verið að reyna að finna leiðir til að greiða úr lausn mála þannig að þingstörf geti gengið greiðar fyrir sig. Hefur nú hæstv. iðnrh. gengið í salinn og hygg ég að þá sé hægt að halda umræðunni áfram.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Sé það svo að hv. stjórnarliðar séu nú loks að koma sér saman um lausn á þeim miklu vandamálum sem á herðum þeirra hafa hvílt að undanförnu, þ.e. að geta tekið ákvörðun um það hvernig ljúka skuli þessu þingi, þá er auðvitað sjálfsagt að afsaka fjarveru hæstv. iðnrh. um nokkurra mínútna skeið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég hef hér fyrr í kvöld lýst því hvernig þessi tillaga varð til. Ég hef bent á það sem allir sjá sem kynna sér tillöguna að hún er tillaga um það að eitthvað verði gert einhvern tíma síðar. Ég hef bent á það að á sama tíma og stjórnskipuð nefnd vann að þessari tillögu, þá vann önnur stjórnskipuð nefnd að tillögu um sama efni sem gengur í allt aðra átt og birtist nýlega í bæklingi sem heitir „Nýjar leiðir í byggðamálum".

Ég tek undir þau sjónarmið sem komið hafa fram hjá m.a. hv. 2. þm. Norðurl. v. þar sem bent er á að um margra ára skeið hefur ekki verið hreyft við niðurgreiðslufé til húshitunar. Það eru enn þá 63 aurar á hverja kwst. Það er sama upphæð og var fyrir mörgum árum síðan, líklega 5–6 árum síðan og auðvitað hefur sú upphæð rýrnað í verðbólgunni á þessum tíma. Ég vek athygli á þessu því að auðvitað gat hæstv. ríkisstjórn fyrr á sínum starfsferli kippt þessu máli í liðinn og þannig lækkað húshitunarkostnað ef áhugi hefði verið fyrir hendi.

Ég bendi líka á að fyrir nokkrum árum greiddi Landsvirkjun til baka til þeirra sem kynda hús sín með raforku 32 aura á kwst., en nú er niðurgreiðslan ekki nema 16 aurar, þannig að í raun og veru höfum við færst heldur aftur á bak í þessu máli.

En aðalástæðan fyrir því að ég kem hér er síðari ræða hæstv. ráðherra þar sem hann virtist verða hissa

á því að ég skyldi telja að 2. tölul. í till. væri óvenjulegur. Hann taldi, ef ég skil hans mál rétt, að hér værum við komnir að merkilegum tímapunkti í þingsögunni, en hann væri sá að nú ætti Alþingi Íslendinga að fara að skora á þingkjörna fulltrúa sína í stjórn Landsvirkjunar að gera eitthvað sem meiri hlutinn á þinginu áliti vera álitlegt. Skoðum þetta aðeins betur.

Hugsum okkur að þetta væri bankaráð Landsbankans, bankaráð Útvegsbankans eða hver önnur stjórn sem kjörin er hlutfallskosningu á Alþingi. Það sem hæstv. ráðherra er að fara fram á er að einfaldur meiri hluti á Alþingi segi hlutfallskjörinni stjórn fyrir verkum. Það gengur auðvitað ekki upp.

Ástæðan fyrir því að Alþingi kýs í þessar stjórnir er sú, og hún er mjög einföld, að Alþingi vill að það komi hlutfallslega fram hver er vilji þess, þannig að minni hluti og meiri hluti hafi sitt að segja í þessum nefndum, ráðum og stjórnum. Ef einfaldur meiri hluti ætti að duga, eins og hér er lagt til, þarf auðvitað ekkert að hafa slíka fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum. Þá á bara ráðherra og meiri hluti ríkisstjórnarinnar að ráða á hverjum tíma. Af hverju heldur hæstv. ráðherra að Alþingi hafi sett lög um þetta? Til þess að öll sjónarmið komi fram og til þess að minnihlutasjónarmiðin fái að koma fram í stjórnum, ráðum og nefndum.

Með slíkri tillögu eins og þessari er í raun og veru verið að fara fram á það að Alþingi fari þess á leit við þingkjörna stjórnarmenn í Landsvirkjun að þeir gegni meiri hluta þingsins. Auðvitað er þetta miklu meira en óvenjulegt, það er jafnvel ólýðræðislegt að fara svona að, því að ef þingflokkarnir, sem tilnefna menn í kjör inn í ráð og nefndir, vilja, þá beina þeir auðvitað sínum tilmælum til sinna manna og þannig á að fara að. Ég stend við það fyllilega að þetta er ekki einungis óvenjulegt. Þetta er afar óvenjulegt svo að vægt sé til orða tekið.

Þetta var nú, virðulegi forseti, ástæðan fyrir því að ég bað hér aftur um orðið. Ég ítreka það sem ég sagði fyrr að þessi till. er svo seint fram komin að hún verður varla afgreidd á yfirstandandi þingi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hafði forseti hugsað sér að reyna að koma þessu máli til nefndar á þessum fundi og eru raunar góður horfur á því. En með tilliti til þess hversu áliðið er orðið og ætlunin var að taka hér einnig á dagskrá heilbrigðisáætlun hæstv. heilbrrh. sem komin er úr nefnd, þá vildi forseti leita samvinnu við hv. þm. um að þeir geri sitt besta til að stytta mál sitt svo að þessum störfum megi ljúka nú á þessum fundi.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það var ekki meining mín að tala langt mál í tilefni þessarar þáltill. umfram það sem ég gerði hér í upphafi, en það er eins og fyrri daginn með hv. 3. þm. Vesturl. að hann má aldrei verða fyrir því að einhver sé ekki alveg sammála því sem hann af náð sinni hefur lagt fram, þá þarf að sjálfsögðu að hnýta í þá sem talað hafa og gera þeirra hlut minni.

Ég ætla aðeins að rifja það upp að það var stefna hæstv. ríkisstjórnar sem nú er að enda sitt skeið að átti að jafna raforkuverðið og ljúka því fyrir lok þessa kjörtímabils. Þessi stefna hæstv. ríkisstjórnar er í höndum hæstv. iðnrh. sem að sjálfsögðu átti að koma þessu í verk. Hæstv. ráðherra skipaði Eið Guðnason formann nefndar í október sl. Og við afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót fékk fjvn. þau tilmæli að hækka ekki niðurgreiðslu á raforku frá því sem er í fjárlagafrv. vegna þess að það væru að koma ákveðnar tillögur frá þeirri nefnd sem hæstv. iðnrh. skipaði í október 1990. Þessi nefnd undir forustu hv. 3. þm. Vesturl. er að koma með tillögur um lausn á þessu vandamáli og þær liggja hér fyrir. Þetta eru frómar og ágætar óskir um að það þurfi að gera þetta og þyrfti að gera þetta. Og fjárhagslega lausnin er sú að taka hluta af niðurgreiðslu á vöruverði og færa það yfir í niðurgreiðslu á hitunarkostnaði og til þess þarf þáltill. Þetta eru nú öll ósköpin sem hér koma fram.

Ég er ekkert hissa á þessu þegar við lesum hér það sem nefndin lætur fara frá sér. Hún segir m.a., með leyfi forseta: „. . . að sú skoðun hefur komið fram í nefndinni að óeðlilegt sé, svo skömmu fyrir kosningar," — fjögur árin eru liðin sem átti að gera þetta á — „að binda hendur næstu ríkisstjórnar varðandi verðjöfnun á orku til húshitunar."

Sem sagt, það hefur komið fram í nefndinni að það væri engin ástæða til þess héðan af að vera að koma með ákveðnar og harðar tillögur. Það mundi móðga næstu ríkisstjórn.

Ég held að þetta svari í raun og veru þeim mikla hroka sem kom hér fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. í garð okkar hv. 2. þm. Vesturl. sem erum nú að hætta hér á Alþingi. Hann getur ekki hrakið það að þessir tveir hv. þm. hafa barist fyrir því í öll þessi ár að reyna að ná þessu réttlætismáli fram. Sumu hefur þokað á veg, sumu ekki. Og ég ætla að enda með því að segja að á sl. vori þegar þetta mál var hér enn til umræðu, annaðhvort í sambandi við þáltill. eða fsp., hvað sagði þá hv. 3. þm. Vesturl.? Hann kom hér í pontu, belgdi sig hér út og sagði hvað? Hann sagði: „Alþingi lýkur ekki næsta vor í lok kjörtímabilsins fyrr en búið er að leysa þetta mál." Þetta er hægt að lesa í umræðum hér á hv. Alþingi.

Ég gladdist auðvitað yfir þessum ummælum, og margir fleiri. Það yrði þá alveg ljóst að hæstv. iðnrh., flokksbróðir hv. 3. þm. Vesturl., mundi ekki liggja á liði sínu, og þetta mál yrði leyst. Hér er lausnin. Tilgangurinn er auglýstur yfir alþjóð og allir eru glaðir yfir að fá þetta lækkað niður í 5 þús. kr. á mánuði eftir tvö ár. En úrræðin? Jú, það á að fá heimild til að taka hluta af niðurgreiðslu á vöruverði seinni hluta þessa árs. Framtíðin? Hún á að bíða eftir nýrri ríkisstjórn vegna þess að nefndin vildi ekki móðga nýja ríkisstjórn með því að leggja fram harðar og ákveðnar tillögur sem allir reiknuðu með að hún mundi gera.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég fagna góðum vilja þeirra nefndarmanna sem sátu í þeirri nefnd sem leggur þetta til. Nú

hefur það komið fram að varaformaður Sjálfstfl. telur að annað atriði þessarar þáltill. fái ekki staðist. (**FrS:** Sé afar óvenjulegt.) Og sé afar óvenjulegt. Mér fannst að á bak við lægi: Ráðinn er ég í að hafa það að engu. Þess vegna er það nú upp komið, sem ég hafði grun um, að Sjálfstfl. er ákveðinn í að koma þessu fyrir kattarnef og segir það þó nokkuð mikið um stöðu málsins.

Ég vil vekja á því athygli að það er talið grundvallaratriði í stjórnkerfi Vesturlanda að þar sé skipt í framkvæmdarvald, dómsvald og löggjafarvald. Og með þeirri skipan að Alþingi kjósi fulltrúa til setu í Landsvirkjun er þessi regla brotin. Þetta er ekki verkefni löggjafarþingsins. Svo einfalt er það mál. Þetta er verkefni framkvæmdarvaldsins, ef við viljum vera sjálfum okkur samkvæmir. Og auðvitað ætti framkvæmdarvald hvers tíma að fara að fullu og öllu með atkvæðisréttinn í Landsvirkjun. Ef við einfaldlega viljum virða þrígreiningu valdsins.

Hvernig ætli ráðhúsið við Tjörnina liti út ef þannig hefði verið staðið að verki að Sjálfstfl. hefði fengið að ráða svona rúmlega helmingnum af húsinu og minni hlutinn hinum hlutanum? (Gripið fram í.) Það hefði verið hlutfall sem hefði ráðið þessu. Ætli það hefði þótt góð latína í þeirri uppbyggingu? Ég verð nú að segja eins og er að mér finnst húsið vera á röngum stað, en mér finnst þetta falleg bygging, þori að verja það hvar sem er að byggingin sjálf er hin glæsilegasta þó hún hafi kostað mikið og, hæstv. forseti, ég veit ekki til að nokkur borgarstjóri hafi byggt jafnmyndarlega yfir endurnar og sá sem lét byggja þetta hús, en það er að vísu yfir hlustendur aðallega. En ég ætla að bæta við: Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. sé ljóst eftir að varaformaður Sjálfstfl. hefur gefið þá yfirlýsingu sem hér hefur verið gefin að hugmyndin sem liggur á bak við þáltill. kemst ekki í höfn nema breytingar verði gerðar á stjórnarfyrirkomulagi Landsvirkjunar.

Varðandi ágæta ræðu sem Ásgeir Hannes hélt hér og vakti athygli á því að ekki verður öllu jafnað eins og menn helst vilja, þá vil ég segja það að vissulega er það rétt hjá honum að höfuðborgarbúar þurfa að kosta miklu meiru til að komast til vinnu og eitt og annað er þeim mótdrægt miðað við þá aðstöðu sem er á landsbyggðinni. Samt er það svo að straumur fólks til þessa svæðis hefur verið það mikill að ef við gerum ráð fyrir því að menn hafa haft vitsmuni til að velja á milli betri kosts og verri kosts og að menn hafi þá valið betri kostinn, þá fari það ekki milli mála að þannig hefur íslenskt samfélag að sínum þegnum búið að betri kosturinn í fleiri málum hefur verið hafður hér.

En ég vil bæta því við að það eru full mannréttindi viðhöfð á Íslandi og sé honum kosningarrétturinn meira virði en upphitunarkostnaðurinn, þá er einfalt mál að bjarga því strax og flytja til Vestfjarða.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hafa nú þegar eytt nokkurri orku í þessa umræðu og það hefur ekki verið mikið um orkujöfnun kannski hér innan húss síðasta klukkutímann eða svo.

Ég kom hér í upphafi þessarar umræðu til þess að lýsa afstöðu okkar í Kvennalistanum til þessarar till. sem hér liggur frammi og skýrslunnar sem henni fylgir og eins og fram kom í máli mínu töldum við þetta skref þess virði að styðja það. Það hefur komið fram hér margoft í umræðunni í kvöld að ríkisstjórnir á seinni árum hafa ein af annarri haft það á stefnuskrá sinni að jafna orkuverð í landinu og e.t.v. hafa áður komið fram tillögur en lítið verið að gert. Hér er verið að leggja til eitt skref — og það kom fram í nefndinni að flestir nefndarmanna voru reiðubúnir til að standa að því að senda þessa skýrslu til hæstv. iðnrh. einmitt vegna þess að fyrir lá að þarna gæti verið um eitt lítið skref að ræða. Það kom reyndar líka fram í starfi nefndarinnar að ef niðurgreiðslur ríkissjóðs á raforku til hitunar hefðu verið verðbættar á sl. árum, þá hefðum við ekki staðið frammi fyrir þeim sama vanda sem við gerum nú.

Sú skýrsla sem liggur hér frammi er ítarlega unnin og það var reynt að láta sjónarmið allra nefndarmanna koma fram. Ég minntist sérstaklega á það í máli mínu hér fyrr í kvöld að við kvennalistakonur værum þeirrar skoðunar að Landsvirkjun ætti að taka meiri þátt í þessari jöfnun, en það reyndist í þessari lotu ekki unnt að ná því fram og þar við situr í bili. En það hefur líka komið fram að stjórnmálaflokkar hér á Alþingi eiga sína fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar og ættu e.t.v. að beita sér á þeim vettvangi fyrir því að tekið verði á þessum málum.

Vegna þess sem hér stendur um það að við hefðum viljað sjá Landsvirkjun taka meiri þátt í þessari orkuverðsjöfnun vil ég benda á að það stendur líka annars staðar í skýrslunni að rétt sé að geta þess, eins og þar segir, að sú skoðun hafi komið fram í nefndinni að óeðlilegt sé að binda hendur næstu ríkisstjórnar varðandi verðjöfnun á orku til húshitunar. Þetta er sett inn í skýrsluna einmitt vegna þess að það kom fram í umræðum í nefndinni og það kom einmitt frá fulltrúum Sjálfstfl.

Ég tel að það hafi verið í raun og veru mjög gott að formaður nefndarinnar skyldi setja fram þau sjónarmið sem fram komu á fundum nefndarinnar, en eins og kemur reyndar líka fram í skýrslunni kusu fulltrúar Sjálfstfl. að skrifa undir með fyrirvara og gera sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni. En ég vildi bara láta það koma fram vegna þess sem sagt var hér áðan í umræðunni um þessa athugasemd í skýrslunni, að það var svo sannarlega reynt að láta sjónarmið sem flestra koma fram og allra nefndarmanna í raun og veru — já, ég ætti að segja allra nefndarmanna frekar en sem flestra.

En það er auðvitað ljóst að þessi till. er aðeins skref og spurningin er hvort Alþingi er tilbúið til að taka það sameiginlega eða hvort ný ríkisstjórn kýs heldur að hefja starfið upp á nýtt. Þetta eru þær hugmyndir sem voru ræddar í nefndinni og það virtust ekki vera mjög margar aðrar leiðir sýnilegar á þessu stigi málsins. Ég vil hins vegar leggja áherslu á það að e.t.v. er kominn tími til, og það nefndum við kvennalistakonur oft í umræðunni í nefndinni, að endurskoða skipulag og

dreifikerfi orkufyrirtækjanna í landinu.

En vegna þess sem hér var sagt áðan þá vildi ég bara ítreka þetta, að nefndarmenn skrifuðu einmitt undir skýrsluna vegna þess að þar var þess gætt að láta þeirra sérstöku sjónarmið koma fram.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Till. þessi til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar er sjálfsagt góðra gjalda verð út af fyrir sig og vel og vandlega unnin undir forustu hv. 3. þm. Vesturl. Og ekki dreg ég í efa að þetta mál er erfitt viðureignar eins og hann komst að orði. En hún tekur aðeins á hluta af þessu mikla byggðavandamáli í landinu, sem er ójafn orkukostnaður. Till. er seint fram komin og vísar öllum vandanum áfram til framtíðar og næstu ríkisstjórnar, hver sem hún kann að verða.

Hv. 3. þm. Vesturl. veit eins vel og ég að íbúar Vesturlands hafa á undanförnum árum lagt mjög ríka áherslu á jöfnun orkukostnaðar, borið saman heit og köld svæði og talið þetta geta haft úrslitaáhrif um búsetu manna. Hafi ég talið þennan kostnaðarmismun of háan í mínu máli hér áðan er sjálfsagt að leiðrétta það þó að ég muni ekki nákvæmlega hvernig dæmið stendur um þessar mundir. En væntanlega heldur hv. 3. þm. Vesturl. áfram baráttu sinni í þessu mikla réttlætismáli þó að við, hv. 1. þm. Vesturl. og ég, hverfum af þingi.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Mér fannst nauðsynlegt að ég fyllti hér hóp þingmanna Vesturlands sem hafa fjallað um þetta merka mál, ekki til að fara að fjalla um það efnislega heldur til að þakka þessum þingmönnum Vesturlands fyrir frækilegan málflutning hér á síðustu dögum þingsins í þessu baráttumáli okkar landsbyggðarmanna. Við erum sumir hverjir að hverfa af þingi og það má segja að svona ræður eins og hér hafa verið fluttar í kvöld séu kannski skilagrein um það hvernig menn hafa staðið sig í málunum. Því miður er það satt eins og komið hefur fram að þarna er mismunur enn þá mikill. En það er gott að vekja athygli á því nú við þingslit að enn þurfi að berjast og halda fram í þessu máli. Ekki aðeins að við hvetjum til þess sem erum að hverfa af þinginu heldur þeir sem ætla að halda baráttunni áfram og bjóða sig fram nú til þings.

Það hefði verið eðlilegast að afgreiða þetta mál á þann hátt að því yrði ekkert vísað til nefndar heldur mundum við standa sameiginlega að því að klára málið á þessum fundi, samþykkja till. Þó að okkur sumum hverjum finnist þetta frekar lítið skref þá væri rétt að við samþykktum það hér á næturfundi í nótt að þessi litli áfangi yrði tekinn í þessu máli.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. lét þess getið hér í sinni annarri ræðu að fram hefði komið í umræðunni nokkur gagnrýni frá okkur fulltrúum Sjálfstfl. í þeirri nefnd sem skipuð var 1. okt. til að sinna þessu verki en þó væri það svo að þessir sömu fulltrúar Sjálfstfl. væru meðal höfunda skýrslunnar. Þetta er allt saman rétt. Við sem sátum í þessari nefnd höfum unnið að þessu máli og unnið að gerð þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir. Í þessari skýrslu er m.a. vitnað af fullum drengskap af hálfu formanns nefndarinnar, hv. 3. þm. Vesturl., til þess sem við lögðum áherslu á að fram kæmi í skýrslunni. Meðal þess er að þar væri rakið það sem gert hefur verið í þessum málum og ég vék að í minni fyrri ræðu. Þar kemur það fram að þegar Friðrik Sophusson var iðnrh. voru þeir 63 aurar sem ríkið varði til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar meira virði heldur en þeir eru í dag. Samt standa þessir 63 aurar óbreyttir enn þann dag í dag. Þá var varið af hálfu Landsvirkjunar 32 aurum á hverja kwst. til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar. Nú eru það 16 aurar og hefur þó orðið drjúg verðlagshækkun síðan þetta var. Þetta haggar ekki því að það hefur líka fleira verið gert í þessum efnum eins og ég rakti hér í fyrri ræðu. En skýrslan sem hér liggur fyrir geymir miklar upplýsingar og það hefur verið unnið mikið og þarft verk með því að taka hana saman.

Síðan kemur að þessari svokölluðu þáltill. Og það segir í skýrslu nefndarinnar að hér fari á eftir þær hugmyndir sem fram komu í nefndinni og meiri hl. nefndarmanna telur að geti skilað árangri í þessum efnum. Sumir nefndarmanna gera þó fyrirvara um ákveðin atriði. Till. byggir sem sagt á hugmyndum meiri hl. nefndarinnar sem við fulltrúar Sjálfstfl. gerðum athugasemdir við og höfðum fyrirvara um. Ýmsir aðrir einstakir nefndarmenn höfðu í raun fyrirvara um fleiri atriði. Svo segja menn hér um þessa till. að hún sé skref í rétta átt. Í rauninni er hún ekkert skref. Hún er stefnuyfirlýsing en engar aðgerðir. Eins og ég sagði er eins og ríkisstjórnin telji sig þurfa að endurtaka það nú í lok síns starfsferils sem hún sagði í stjórnarsáttmála þegar hún var mynduð, að það sé meiningin að gera eitthvað í þessum málum. Nú segir hún að það sé meiningin að gera eitthvað af hálfu næstu ríkisstjórnar. Og það er auðvitað ekkert til í því sem hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson sagði að það sé eitthvað móðgandi fyrir næstu ríkisstjórn að hér væru lagðar fram einhverjar tillögur sem væru marktækari heldur en þetta. Ég hygg að næsta ríkisstjórn muni ekki þurfa á því að halda. Hún muni geta séð um sín mál sjálf og þurfi ekki á leiðbeiningum að halda eða tillögum frá þeirri ríkisstjórn sem nú er að kveðja.

Það er á hinn bóginn alveg hárrétt sem fram kom frá hv. þm. Alexander Stefánssyni að þegar þetta mál kom til fjvn. fyrir jól þá komu nokkuð samtímis þau skilaboð frá ríkisstjórninni að ekki skyldi leggja eina krónu til viðbótar við það sem var í fjárlagafrv. til að sinna þessum þörfum. Þar með var málið í raun og veru úr sögunni og allar stefnuyfirlýsingar nú marklausar eins og þetta plagg, það er gagnslaust. Þar ofan í kaupið er það rétt sem hv. 1. þm. Reykv. hefur sagt að það er óeðlilegt að flytja hér á Alþingi till. um að vísa tilteknu máli til stjórnarmanna í Landsvirkjun. Það er á verksviði hæstv. iðnrh. að ræða við forustumenn Landsvirkjunar um það að taka meiri þátt í þessum málum heldur en gert er nú. Það þarf enga ályktun Alþingis enda er hún gagnslaus í því efni. Það er hins

vegar á verksviði yfirmanns orkumála að koma þeim tilmælum á framfæri. Og það var gert í tíð fyrrv. iðnrh., Friðriks Sophussonar, með þeim árangri að þá voru framlög Landsvirkjunar til þessarar verðjöfnunar 32 aurar en eru 16 aurar í dag. Þannig liggja nú þessi mál fyrir.

Ég sagði það hér áðan að það dugar auðvitað ekki þó þetta mál væri afgreitt að segja það í þál. að það skuli taka 35 millj. af niðurgreiðslufé vöruverðs og færa það yfir í niðurgreiðslu á orku. Það þarf að gera það með lögum. Það þarf að gera það með fjáraukalögum eða fjárlögum. Ályktun gefur ekki viðskrh. heimild til að færa þetta á milli. Þannig að það er þá eini staðurinn í till. þar sem vikið er að fjármagni, það eru þessar 35 millj. En það væri ekki heimilt að taka það fé þó að till. væri afgreidd. Þess vegna er það líka gagnslaust.

Já, virðulegi forseti. Ég held að það sé mjög þarft að ræða þessa till. Hér er vissulega um þýðingarmikið mál að ræða. Hér er um mál að tefla sem snertir afar mikið hagsmuni þess fólks sem býr við háan kyndingarkostnað. Það hefur vissulega gerst mikið á undanförnum árum, mörgum árum. Meðalverð raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins er nú aðeins 13,6% hærra en frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur eins og segir hér í skýrslunni sem fyrir liggur. Það haggar þó ekki því að það er rétt að taka tiltekin skref í þessum efnum frekar en gert hefur verið en það þarf enga stefnuyfirlýsingu nú þegar þessi ríkisstjórn er að kveðja til þess að því verði komið fram af nýrri ríkisstjórn. Og þó að það sé ekkert móðgandi, eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði, þá er það þarflaust og gagnslaust með öllu úr því að þessi hæstv. ríkisstjórn hefur ekki haft á prjónunum eða komið fram með neinar tillögur um aðgerðir, aðeins um stefnu, aðeins um að vísa þessu máli til framtíðarinnar.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði aðeins að minna aftur á hugmyndir sem ég kastaði hér fram áðan um næturhitun því að í þessu plaggi kemur vægast sagt lítið fram um hvernig eigi að jafna út raforkukostnað. Þetta eru ósköp góðar meiningar en það er ekki nóg að ætla að lækka raforkukostnað af því bara, eins og krakkarnir segja. Það gengur ekki að leggja hér fram plagg í hæstv. Alþingi og segja „með sérstökum aðgerðum" og viðskrh. „ákveði á síðari helmingi þessa árs". Af hverju ekki á fyrri helmingi? Var það ekki miklu nær fyrir þennan hæstv. ráðherra? „Fjmrh. beiti sér fyrir ráðstöfunum." Væntanlega ekki núv. fjmrh. heldur næsti. Þetta er náttúrlega voðalega létt í vasa að vera að kveðja stólana og vera að gera ráðstafanir fyrir aðra og Landsvirkjun á hugsanlega að borga eitthvað af hugsanlegum hagnaði í framtíðinni. Þetta eru svona punktar sem á að lækka stofnkostnað með. Þetta eru allt punktar sem eru bara kjaftæði og ekkert annað. Tómt kjaftæði. Þetta er ekki krónu virði.

En ég vil benda á það, eins og ég sagði hér áðan, að hátt raforkuverð á landsbyggðinni er sérstaklega til komið vegna skattaokurs Alþingis á efni til dreifiveitna, 35% tollur, 18% vörugjald, 25% söluskattur og 6% jöfnunargjald. (**Gripið fram í:** Söluskatturinn hlýtur að vera úr sögunni.) Þegar þessar dreifiveitur voru byggðar þá var þessi söluskattur á, hv. þm. Þetta tvöfaldaði allt efni til dreifiveitna á meðan Landsvirkjun fékk allt efni toll- og söluskattsfrjálst. Af hverju var Alþingi að mismuna Landsvirkjun annars vegar og dreifiveitunum hins vegar? Svo koma menn hér og hrópa: hátt raforkuverð, sjálfir búnir að búa það til. Það mætti kannski endurgreiða eitthvað af þessu skattaokri til dreifiveitna, ég vil ítreka það. Sú leið er fær. Hún er málefnalega rétt. Reikna það upp hversu mikið dreifiveiturnar eru búnar að skila í ríkissjóð í gífurlegu skattaokri sem er auðvitað mjög óréttlátt. Svo maður tali nú ekki um þann fáránleika að allt efni sem fer í línur yfir 135 kílóvolt er undanþegið þessum sköttum og tollum og gjöldum en allt efni undir því ber þessi gjöld. Af hverju? Sama skýring og áðan: Af því bara.

Ég minni á það líka að olía er notuð í dag mikið til hitunar og ýmiss konar iðnaðar á Íslandi. Af hverju? Af því að þetta verð er allt of hátt þó nóg sé til af raforkunni og búið að byggja Blöndu fyrir 15 milljarða, þó það sé ekki búið að selja rafmagn í eina einustu ljósaperu. Það eru dálítið furðulegar ráðstafanir og sýnir það betur en nokkuð annað að kerfið á ekki að vera í kaupsýslu. Það væri nær að reyna að einkavæða þessi fyrirtæki svo að alvörukaupsýslumenn komist að til að selja þessa orku. Þeir væru löngu búnir að því ef þeir hefðu komist að.

Ég ítreka það að næturhitun er raunhæfur valkostur. Það er nóg af orku til. Hún rennur bara í sjó fram á nóttunni. Lítið er betra en ekki neitt, það er lögmál í viðskiptum og þar af leiðandi hlýtur að vera rökrétt að selja næturhitun. Það er furðulegt að engar slíkar hugmyndir skuli koma fram í þessu yfirgripsmikla plaggi upp á tæpar 50 blaðsíður. Engar hugmyndir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég skil það vel að skeleggir talsmenn landsbyggðarinnar, hinna köldu svæða, teldu að hér væri kannski ekki nógu langt gengið, nógu stórt skref stigið, en hitt kom mér á óvart að svo margir þingmenn vilji leggja stein í götu þessa máls. Það má vel vera að hér hefði mátt stíga stærra skref, taka ákveðnar á, en að menn sem telja sig talsmenn og málsvara fólksins á þessum köldu svæðum, eins og stundum er nefnt, skuli leyfa sér að gera lítið úr því sem hér er fram lagt, það skil ég ekki. (Gripið fram í.) Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, víkja aðeins að því sem hér hefur komið fram og er mjög athyglisvert.

Hv. 1. þm. Reykv. andmælir því að Alþingi marki almenna stefnu í málefnum lækkunar á húshitunarkostnaði. Ég er alveg sannfærður um það að hv. þm. hefur átt hlut að því með þingmönnum í sínum flokki að gera almennar tillögur um stefnu hvað varðar ákvörðun vaxta og verðtryggingar þótt það sé að sjálfsögðu í sérstökum greinum á valdsviði bankaráðanna að útfæra slíka hluti. Þetta eru sömu málin, virðulegi þingmaður. Þarna er spurningin um skilsmun hins al-

menna og hins sérstaka.

Annar heimspekilegur punktur hefur reyndar líka komið hér fram frá hv. 2. þm. Vestf. þar sem hann bendir réttilega á að óskýr valdmörk geti stundum valdið óstjórn eða mistökum í stjórn. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. og færi vel að menn hygðu vel að því. En þetta er samt ekki, eins og hv. 1. þm. Reykv. virðist halda, eitthvað sem gangi þvert á rétta stjórnarhætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram að mjög mikil vinna hefur verið lögð í þessa till. og sú ábending hefur komið fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. að nauðsynjalaust sé með öllu að vísa henni til nefndar, heldur sé það sjálfsagður hlutur að vísa henni aðeins til síðari umr. og svo að samþykkja till.

Ég tel rétt að þingmenn geri sér grein fyrir því að það eru miklar líkur á að hæstv. núv. iðnrh. verði áfram iðnrh. og kæmi þá í hans hlut að framkvæma till. (Gripið fram í.) Ég tel þess vegna allt benda til þess að það sé skynsamlegt hjá þinginu að fara þá leið sem hv. 4. þm. Vesturl. hefur lagt til, að fella það að málið fari til nefndar en tryggja að það fari til síðari umr. og til atkvæðagreiðslu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Vestf. úrskurðar forseti að rétt sé að málið fari til nefndar ef þingheimur kýs svo og verða nú greidd atkvæði um það.

Pálmi Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það var lögð mikil vinna í þá skýrslu sem hér er lögð fyrir og skrifuð var til iðnrh. Það var lítil vinna lögð í þá till. sem hér liggur fyrir, enda er hún gagnslítil eða gagnslaus.

Ég legg til að till. verði vísað til nefndar eins og gerð er hér tillaga um af hæstv. forseta.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.

Till. vísað til fjvn. með 46:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, AÓB, ÁrnG, ÁHE, DS, EG, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GuðmÁ, GB, GHG, GuðnÁ, GJH, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KrP, KE, MF, MÁM, ÓE, ÓÞG, PP, PJ, RA, RH, RG, SalÞ, SighB, StG, SV, StH, SJS, SvG, ÞK, GHelg.

nei: ÓÞÞ, SkA, VS.

14 þm. (EH, EgJ, GGÞ, HBl, HJ, IBA, KSG, KP, MB, MálmS, SP, ÞP, GGuðbj, AðB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þótt ég telji nú að hér sé um nauðaómerkilega sýndartillögu að ræða og enn þá ómerkilegri málflutning ráðherrans þá legg ég til að samþykkt verði að vísa málinu til nefndar og það dvelji þar. Ég segi já.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra lagði til að þetta mál færi til fjvn. Þar sem ég hef komið að þessu starfi nokkuð og þekki tillöguna þá sýnist mér ekki veita af því að í hv. fjvn. verði málið skoðað og það betrumbætt. Það tekur sinn tíma, en ég samþykki till. hæstv. ráðherra og segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem mjög styttist starfstími þingsins og því er ekki treystandi að hv. 5. þm. Vestf. komi því í verk að skila þessu máli úr nefnd þar sem svo skammur tími lifir af þinginu en vilji hæstv. iðnrh. er mikill að fá þetta samþykkt, þá sýnist mér að menn snúist gegn flutningi till. með því að leggja til að henni sé vísað til nefndar og tek undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði að hann teldi að till. væri ætlað að sofna í nefndinni. Þar sem ég er andvígur því að það verði gert og tel að menn séu að hafa hæstv. iðnrh. sem aðhlátursefni með því að láta hann fyrst flytja svo gott mál inn á þingið og svæfa það svo strax fyrir honum segi ég nei.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Með tilvísun til fyrirvara hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar þá segi ég nei.

Íslensk heilbrigðisáætlun, síðari umr.

Stjtill., 271. mál. — Þskj. 500, n. 950 og 952, brtt. 951, 1055.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1055. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. félmn. um þáltill. um íslenska heilbrigðisáætlun sem er stjtill. sem lögð var fram á þessu þingi og raunar á tveimur fyrri þingum. Meiri hl. félmn. skipuðu ásamt mér Rannveig Guðmundsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Alexander Stefánsson og Ásgeir Hannes Eiríksson.

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um till. og fékk til viðræðna um hana Pál Sigurðsson, ráðuneytisstjóra í heilbr.- og trmrn.

Tillaga um sama efni hefur tvívegis áður verið lögð fram á Alþingi. Eftir verulega umfjöllun um till. á síðasta þingi, m.a. með hliðsjón af fjölmörgum umsögnum sem nefndinni bárust, taldi nefndin ekki grundvöll fyrir því að afgreiða málið og lagði því til að till. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og hún endurskoðuð með hliðsjón af ábendingum nefndarinnar og fyrirliggjandi umsögnum. Þó að tillagan væri lögð fram endurskoð-

uð á þessu þingi taldi nefndin enn töluverða vankanta á henni og hefur því niðurstaða meiri hl. nefndarinnar orðið sú að leggja til verulegar breytingar á till. Breytingarnar felast m.a. í því að formi till. hefur verið breytt og auk þess gerðar breytingar á texta, bæði efnislegar og málfarslegar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að till. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj."

Minni hl. nefndarinnar skipuðu Sólveig Pétursdóttir og Kristinn Pétursson og gerir Kristinn Pétursson grein fyrir áliti minni hl. félmn.

Brtt. meiri hl. er að finna á þskj. 951 og er umorðun á tillgr. í heild sinni. Aðfaraorð eru svofelld:

„Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skuli taka mið af heilbrigðisáætlun þeirri sem hér er sett fram í 32 liðum og hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar."

Síðan fylgja þessir 32 liðir á eftir með kaflafyrirsögnum, flokkaðir eftir efni máls í:

Almenn stefna í heilbrigðismálum.
Heilsugæslustöðvar og sjúkrastofnanir.
Heilbrigðir lífshættir.
Heilbrigðiseftirlit og umhverfisvernd.
Þróun heilbrigðiskerfisins.
Framlög til heilbrigðismála og mannafli.
Rannsóknir og kennsla.
Alþjóðasamstarf.

Það mætti margt um efni þessa máls segja en ég ætla ekki að taka tíma hv. sameinaðs þings til þess að lesa efni þessarar till. enda hefur það legið um skeið fyrir þinginu. En ég vil geta þess að í þetta mál hefur verið lögð mjög mikil vinna af félmn. á tveimur þingum. Á síðasta þingi vísaði nefndin samhljóða málinu til ríkisstjórnarinnar með ábendingum um sitthvað sem betur mætti fara og fékk, eins og fram kemur í nál., tillögu til baka endurunna og hefur enn gert verulegar breytingar á þessu máli og er um það fullt samkomulag við ráðuneyti heilbrigðismála og hæstv. heilbrrh. sem hefur fylgst með framvindu þess.

Að athuguðu máli flytur nefndin á þskj. 1055 brtt. við tillögu meiri hlutans þess efnis að í stað orðanna „að gera samninga við félög og samtök" í 2. tölul. komi: að gera samninga við einstaklinga, félög og samtök. Þ.e. að þar verði tekið inn orðið einstaklinga. Um það var fullt sammæli en þessi ábending kom fram við athugun og umræðu um málið utan þingsala nú í kvöld.

Ég tel að hér liggi fyrir gott efni í áætlun eins og fram er tekið í upphafi, áætlun sem taka beri mið af fram til næstu aldamóta varðandi heilbrigðismál í landinu og ég tel að Alþingi geti eftir atvikum verið vel sæmt af því að senda frá sér þær áherslur sem hér liggja fyrir.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir minnihlutaáliti félmn. í sameinuðu þingi, en að því áliti standa Sólveig Pétursdóttir og sá sem hér talar.

Það er álit sjálfstæðismanna í nefndinni að þessi till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun feli að mörgu leyti í sér góð markmið. Þannig eru þeir samþykkir þeirri almennu stefnu í heilbrigðismálum sem fram kemur í 1. tölul., að skapa þurfi jafnrétti í heilbrigðisþjónustu og að taka þurfi fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélaginu. Minni hl. vill einnig að stuðlað sé að heilbrigðum lífsháttum með auknu forvarnastarfi og að skipulagðar verði varnir gegn notkun ólöglegra vímugjafa. Jafnframt þarf að stuðla að heilbrigðiseftirliti og umhverfisvernd. Þá er einnig mikilvægt að efla vísindarannsóknir til þess að auka þekkingu og skilning á sjúkdómum.

Þrátt fyrir ýmis góð markmið í þessari till. kemur fram nokkuð varhugaverð stefna í ýmsum þáttum hennar, t.d. sú mikla áhersla sem lögð er á rekstur heilsugæslustöðva. Hætt er við að þessar stofnanir verði of stórar og ópersónulegar og að þau hlutverk, sem þeim verði falin, muni reynast þung í vöfum. Í ýmsum liðum virðist þessi till. stefna að meiri ósveigjanleika í heilbrigðisþjónustunni almennt og er þannig hætta á að hlutur sjúklinga verði fyrir borð borinn. Reynslan hefur sýnt að aukin miðstýring í heilbrigðisþjónustu hefur fremur dregið úr gæðum hennar gagnvart þeim sem hún á að þjóna.

Sjálfstæðismenn leggja áherslu á það að fólk geti valið sér þá heilbrigðisþjónustu sem því hentar best, hvort sem um er að ræða almenna lækna, sérfræðinga eða sjúkrahús. Þessi áætlun virðist ekki þjóna því markmiði. Enn fremur þykir hæpið að Alþingi álykti nú rétt fyrir þinglok hver skuli vera stefna í heilbrigðismálum á Íslandi til ársins 2000 og bindi þannig hendur stjórnvalda næstu árin. Hins vegar telur minni hl. mikilvægt að áfram sé unnið að áætlun um íslenska heilbrigðisþjónustu og leggur því til að till. þessari verði vísað til ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar svo að um hana megi nást full samstaða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst stundum að nokkurs hugtakaruglings gæti þegar menn setja fram mál sitt. Ég vek athygli á markmiði nr. 1 þar sem svo stendur: „Tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er að skapa heilsufarslegt jafnrétti." Heilsufarslegt jafnrétti. Hvað þýðir þetta? Ef við tölum um jafnrétti gagnvart beinbrotum, þýðir þetta þá það að verði einum það á að fótbrjóta sig þá beri að fótbrjóta hina sem eftir eru svo að jafnrétti ríki? Ekki trúi ég því nú að það sé tillaga hæstv. heilbrrh. í þessu máli. (**Forseti:** Leyfist forseta að spyrja hv. þm. hvar hann getur lesið þetta? Því þetta er ekki að finna í þeim gögnum sem forseti hefur.) (**Heilbr.- og trmrh.:** Þetta var í upphaflegu áætluninni, en það er búið að leiðrétta þetta. Það er búið að gera ýmsar góðar lagfæringar á þessu sem ræðumanni hefur yfirsést.) Ég tek nú gleði mína á ný þegar það kemur fram. Því þó þessi athugasemd hafi kannski verið dálítið alvarleg þá var hin sýnu alvarlegri, ef það hefði verið hugsunin með tillöguflutningnum að þurrka algjörlega út þann aldursmun kynjanna sem verið hefur.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Mér varð ekki um sel þegar hv. síðasti ræðumaður kom með ábendingu sína því ég þóttist líka hafa lesið till. hv. félmn. allgaumgæfilega og sá þetta hvergi. Sem betur fer var þetta einungis í frumskjalinu en hafði verið lagfært.

Ég hef mikinn áhuga á því að þau markmið flest sem eru talin í íslenskri heilbrigðisáætlun nái fram að ganga og að eftir þeim sé unnið. Mér virðist hv. félmn. hafa unnið ákaflega gott starf. Það eru nokkur atriði sem gerð hafa verið ákveðnari, þau hafa verið stytt, en um leið ná þau betur fram sem almenn markmið. Einkanlega líkar mér vel að hv. nefnd hefur nú í kvöld ákveðið að breyta 2. gr. till. þannig að í staðinn fyrir það sem stendur nú: „Heimilt verði að gera samninga við félög og samtök um að annast afmarkaða rekstrarþætti í heilbrigðisþjónustu eftir því sem hagkvæmt er talið," þá sé ekki einungis talað um félög og samtök, heldur „einstaklinga, félög og samtök" því það segir sig sjálft að það hlýtur að vera skynsamlegt. Við höfum fyrir okkur nærtæk dæmi þar sem einmitt þessi ráðstöfun, að semja við einstaklinga eða einkaaðila um afmarkaða þætti, getur verið afar skynsamleg, getur létt kostnaði og framkvæmdum af hinu opinbera.

Dæmi um þetta er t.d. þegar nokkrir læknar og heilbrigðisstarfsmenn taka sig saman og reka heilsugæslustöð í Álftamýri í Reykjavík. Það er einkarekin stofnun en skilar ágætlega sínu hlutverki sem heilsugæslustöð. Þetta er nærtækt dæmi og við getum látið okkur detta í hug ýmsa aðra þjónustu þar sem færustu sérfræðingar á einhverjum sviðum reka sameiginlega lækningastöð og gætu tekið að sér vissa þætti.

Ég held að með því að opna svona ákvæði betur fyrir fjölbreyttari rekstri séum við líka að tryggja frekar möguleika til þess að nýta sem best sérfræðiþjónustuna í landinu. Annars gæti verið að þetta stig heilbrigðisþjónustunnar færi á mis við þekkingu og þjálfun hinna bestu sérfræðinga sem ella kæmu e.t.v. ekki inn í hinar almennu heilsugæslustöðvar. Ég held með öðrum orðum að þetta sé mjög mikilvæg breyting, ef samþykkt verður. Hún þýðir það í raun og veru að þessi þáltill. verður minna við það miðuð að hafa allsherjarmiðstýringu eða allt inni í hinum opinberu heilsugæslustöðvum, heldur er gert ráð fyrir meiri sveigjanleika sem þá um leið á að tryggja betri þjónustu.

Hitt er svo annað mál að ég skal í engu draga úr mikilvægi heilsugæslustöðvanna vítt og breitt um landið og það er auðvitað ekki nokkur vafi á því að víða um land hafa heilsugæslustöðvarnar orðið beinlínis til þess að gera staðina byggilegri. Um hitt getum við svo deilt að e.t.v. hefur verið nokkuð mikið í borið sums staðar og gert ráð fyrir miklu stærri byggðarlögum heldur en raun ber vitni. En það er önnur saga og sá íbúafjöldi kann líka að breytast á hverjum stað.

Ég fagna auðvitað þeirri áherslu sem er að finna í þessari útgáfu sem kemur frá hv. félmn. á heilbrigða lífshætti sem undirstöðu góðs heilsufars fólksins í landinu. Það er e.t.v. til langs tíma litið það skynsamlegasta og raunhæfasta sem við getum gert til að létta á þeim kostnaði sem mörgum finnst óhóflegur í heilbrigðisþjónustunni. En við göngum þess þó ekki dulin að kostnaðurinn hlýtur samt að verða mikill ef við viljum veita þá þjónustu sem fullnægjandi er talin í menningarsamfélagi sem hefur þróast langt fram á veginn.

Ég ætla ekki að fjalla hér um hverja grein, það tel ég óþarft. Þessi till. hefur legið fyrir Alþingi nú tvö ár í röð og áður var íslensk heilbrigðisáætlun kynnt í minni tíð sem heilbrrh. Hún var lögð fram til kynningar fyrir alþingismenn og reyndar fleiri, eða drögin eins og þau voru þá, og síðan var fjallað um þau á ýmsum landsfundum heilbrigðisstétta, læknafundum og öðrum fundum heilbrigðisstétta. Hún tók töluverðum breytingum og hefur svo vafalaust að einhverju leyti fengið mark sitt af því að það hafa verið ráðherrar með mismunandi stjórnmálaskoðanir sem standa hér á bak við. Þó er munurinn að þessu leyti til ekki eins mikill og e.t.v. mætti búast við því að grundvallaratriðið er það sama: Að setja fram stefnu sem fyrst og fremst byggir á upplýsingum, fræðslu og hvatningu til heilbrigðs lífernis á hinum ýmsu sviðum og að því er varðar hina ýmsu þætti heilbrigðisins.

Frú forseti. Ég rak augun í fáein atriði sem mér sýnist fljótt á litið að sé e.t.v. ekki meðvituð efnisbreyting af hálfu hv. nefndar, heldur sé þar kannski um eins konar prentvillu að ræða.

Það er í fyrsta lagi við 24. tölul. í 5. mgr. Þar segir: „Gera skal ráð fyrir að geðspítalar í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustuhlutverk fyrir ákveðin heilsugæslusvæði." Ég rak augun í þetta orð „geðspítalar" því að það eru áratugir síðan að nokkur geðspítali var í landinu. Nútímaþróunin hefur verið sú að geðspítalar eru ekki sérstakar stofnanir heldur fá geðsjúklingar sína heilbrigðisþjónustu á sérstökum deildum innan almennra sjúkrahúsa. Þannig að í stað orðsins „geðspítalar" ætti í rauninni að standa geðdeildir til að það sé í samræmi við þá starfsemi sem um er að ræða.

Enn fremur kemur í næstu málsgrein þar á eftir „að sjúklingar með langvarandi geðsjúkdóma fái inni á langlegudeildum eða sambýlum með öðrum sjúklingum". Þarna virðist mér vanta „og njóti þar geðlæknisþjónustu". Því það er ekki nóg að búa inni á sambýli með öðrum sjúklingum ef geðlæknisþjónustunni eða geðheilbrigðisþjónustunni sérstaklega við þessa sjúklinga er ekki til að dreifa. Þannig að ég tel alveg nauðsynlegt að það komi líka.

Síðan er eitt atriði enn. Það er líka kannski svona smááferðarbreyting en ekki mjög alvarleg. Það er setning í 2. mgr. 30. tölul. sem ég skildi bara alls ekki, en það má vel vera að mér vitrara fólk skilji hana. Hér stendur:

„Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar og í því skyni gerð sérstök rannsóknaáætlun fyrir árið 1993 til að styðja framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar."

Ég held einhvern veginn að þarna hafi tveimur setningum hlotið að slá saman og það hafi bara átt að standa: „Gerð skal sérstök áætlun fyrir árið 1993 til að styðja framkvæmd o.s.frv." Rannsóknaáætlun til að styðja framkvæmd heilbrigðisáætlunar, mér finnst það vera eitthvað pínulítið einkennilegt og að það hljóti að

eiga að vera bara áætlun til að styðja hana með hverju sem það væri. Því það er jú búið að nefna áður að heilbrigðisrannsóknir skuli efldar. Og til að draga ekki úr mikilvægi þess að leggja áherslu á rannsóknir á sambandi lífsháttа og umhverfis á heilsufar, þá hefði ég talið að það ætti ekki að fylgja þarna með sem áhersluatriði rannsóknir á heilbrigðiskerfinu sjálfu. Mér finnst það vera nokkuð naflaskoðunarlegt að nefna það eftir allar þessar greinar um heilbrigðiskerfið sjálft, svo sé það áhersluatriði að rannsaka heilbrigðiskerfið sjálft. Mér virðist það liggja í augum uppi að það hljóti stjórnvöld að gera jafnan og ekki bara stjórnvöld heldur ýmsir aðrir aðilar en einhvern veginn finnst mér það draga úr áherslunni á hitt atriðið sem mér finnst skipta meginmáli, rannsóknir á sambandi lífsháttа og umhverfis á heilsufar. Það voru einungis þessi atriði sem ég tel að þyrftu nauðsynlega að koma fram, þessi fáu atriði.

Að öðru leyti get ég út af fyrir sig tekið undir það sem hv. 5. þm. Austurl. sagði áðan að það er kannski ívið of mikil áhersla á heilsugæslustöðvarnar sem lausn á öllum heilbrigðisvanda, en ég er þó þeirrar skoðunar að með þessum breytingum, og einkanlega með breytingunni í 2. gr., skapist það jafnvægi í þetta þskj. að mér virðist það vera til bóta og vera ákaflega margt skynsamlegt og glöggt í því. Mín persónulega skoðun er því sú að hv. nefnd hafi unnið ágætt starf og það hafi verið mjög jákvætt að hæstv. ráðherra lagði þetta verkefni fram. Og ég undirstrika það að hv. nefnd hefur lagt til að stefnan í heilbrigðismálum skuli taka mið af þessari áætlun. Kannski hefði verið enn betra að það hefði verið endurskoðunarákvæði í lokin því að aðstæður í þjóðfélaginu breytast og vísindum fleygir fram og heilbrigðisþjónustan tekur oft mið af slíkum breytingum þannig að ég er ekki frá því að það hefði verið skynsamlegt að hafa ákvæði um að áætlun þessi væri endurskoðuð að þremur árum liðnum eða svo, enda er það svo að eftir því sem árangur næst á einu sviði þarf kannski að flytja aðaláhersluna á annað svið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með að þessi íslenska heilbrigðisáætlun skuli vera komin frá félmn. hér til síðari umr. og vil þakka nefndinni fyrir mikla elju sem hún hefur lagt í þetta nefndarstarf og sérstaklega þó formanni nefndarinnar sem ég veit að hefur lagt mikla vinnu í að fara yfir allar umsagnir sem bárust um tillöguna og að endurskoða hana bæði með tilliti til orðalags og efnisatriða. Þetta vil ég að komi skýrt fram og ítreka þakkir mínar til nefndarinnar, einstakra nefndarmanna og formannsins.

Ég held að það sem er nú lagt fram í brtt. á þskj. 951 sé allt til bóta. Það eru skýrari ákvæði en voru í tillögunni eins og hún var í upphafi lögð fram. Hún er stytt nokkuð og þar eru tekin inn atriði sem hefðu gjarnan mátt vera inni í tillögunni í upphafi.

Ég vil hins vegar vegna nál. minni hl. segja að ég tel ekki ástæðu til að vísa málinu aftur til ríkisstjórnar. Það er eins og hefur komið fram í umræðum búið að fá ítarlega umfjöllun bæði þar og ítrekað í heilbrrn. og af þeim aðilum sem þar hafa fjallað um málið. Ótal einstaklingar sem hafa áhuga á þessum málum og eru sérfróðir á einstökum sviðum hafa komið að áætluninni í undirbúningi og í vinnslu og ég tel þess vegna að hún sé búin að fá mjög ítarlega umfjöllun. Og síðast en ekki síst í þessu ítarlega starfi í þinginu sjálfu sem hefur verið mjög mikilvægt og mjög vel unnið þannig að ég tel að það sé ástæðulaust og nú eigi þingið að samþykkja þessa ályktun.

Varðandi nokkur efnisatriði nefndarálits á þskj. 952 vil ég segja að þar er reyndar tekið undir markmiðin sem hér eru sett fram að verulegu leyti. Auðvitað getur verið einhver áherslumunur í einstökum atriðum. Þó held ég að hann sé ekki djúpstæður. Mér finnst dálítið einkennilega til orða tekið þar að tala um varhugaverða stefnu í sambandi við áherslu á rekstur heilsugæslustöðva. Þó svo að auðvitað kunni að vera einhver áherslumunur finnst mér þetta undarlegt orðalag en geri að öðru leyti ekki meira úr því. Ég held að hér sé einmitt lögð áhersla á undirstöðuna, á forvarnastarfið og það er sérstaklega tekið fram í þessu nefndaráliti að minni hl. vilji stuðla að heilbrigðum lífsháttum með auknu forvarnastarfi. Það er m.a. hlutverk heilsugæslunnar, kannski ekki verið nægjanleg áhersla lögð á það í starfi heilsugæslunnar en þyrfti að undirstrika það enn betur og þess vegna þarf að byggja upp öfluga heilsugæslu.

Það er líka lögð áhersla á það í þessari áætlun og reyndar er það nú svo í lögum um heilbrigðisþjónustu að fólk geti valið sér þá þjónustu sem það telur sér henta best. Ekki eru lagðar neinar hömlur á það að fólki sæki þjónustu til sérfræðinga eða beint til sjúkrahúsanna eins og mér virðist koma fram í nefndarálitinu og ég átta mig ekki á hvaðan það getur verið komið eða hvaðan sú tilfinning er komin sem hér er sett fram í nefndaráliti.

Ég vil svo taka undir þá brtt. sem hv. félmn. hefur bætt við á þessum þingfundi þar sem lagt er til að inn í 2. tölul. sé bætt orðinu „einstaklinga“ vegna þess að það er bæði eðlilegt og reyndar nauðsynlegt því að heilbrigðisþjónustan gerir samninga við einstaklinga nú þegar í miklum mæli. Við semjum við alla sérfræðinga sem einstaklinga sem reka sjálfstætt starfandi stofur eða þjónustu og við höfum einnig samið við aðrar heilbrigðisstéttir, ekki bara lækna heldur ýmsar aðrar heilbrigðisstéttir og þá við þá sem einstaklinga, svo að þessi brtt. er eðlileg og sjálfsögð.

Vafalaust má finna nokkur dæmi þess að heilsugæslan sé kostnaðarsöm. Við höfum byggt upp mjög öfluga heilsugæsluþjónustu um allt land, byggt upp myndarlegar stöðvar í litlum byggðarlögum þar sem það er afar mikilvægt að reka góða heilbrigðisþjónustu og getur í sumum tilfellum verið verulegt áhersluatriði varðandi þróun byggðar. Ég tel að það sé nauðsynlegt og það er eins og margt, margt fleira í okkar þjóðfélagi þar sem við þurfum að leggja í kostnaðarsama uppbyggingu þrátt fyrir fámenni, en þannig höfum við nú viljað reyna að mæta þeim sjónarmiðum eða

óskum einstaklinganna um opinbera þjónustu.

Ég held að þótt að þessari vinnu hafi komið ráðherrar með mismunandi stjórnmálaskoðanir, þá sé mismunurinn ekki mikill hvað varðar heilbrigðisþjónustuna og áhersluatriðin á heilbrigt líferni og bætta heilbrigðisþjónustu séu mjög keimlík. Reyndar hefur það nú verið svo í gegnum tíðina að það hafa ekki orðið miklar breytingar á viðhorfi stjórnmálamanna til heilbrigðisþjónustunnar þó ýmsar ríkisstjórnir hafi komið að. Og það er rétt sem kom fram í máli hv. 2. þm. Reykv. að upphafið að þessu er sú vinna sem lögð var í þetta í tíð hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur þegar hún var heilbrrh. og kom hér fyrst fyrir þing í skýrsluformi, hefur síðan verið endurskoðað, unnið og útfært nánar en ekki með byltingarkenndum breytingum.

Auðvitað má sjálfsagt lengi fara yfir orðalag og gera athugasemdir við það sem hér er sagt. Og aðeins út af þessum atriðum sem eru í tveimur liðum sem hv. 2. þm. Reykv. gerði sérstaklega að umræðuefni, það var í lið 24, þar sem fjallað er m.a. um geðheilbrigðisþjónustuna, þá er aðalatriðið sem þar kemur fram að mínu áliti það að í dag eru aðeins þrjú sjúkrahús sem reka geðdeildir. Það hefði kannski verið réttara að orða það þannig en ekki segja geðspítalar, en það má auðvitað skiljast eins og það er sett fram að það eru geðdeildir þessara spítala. Það er Landspítalinn í Reykjavík eða ríkisspítalar, það er Borgarspítalinn og það er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Það sem hér er átt við er fyrst og fremst það í mínum huga að þessum þremur sjúkrahúsum og geðdeildum þeirra sé ætlað að sinna geðheilbrigðisþjónustu í landinu, en ekki að farið verði að koma upp sérhæfðri þjónustu á þessu sviði á hinum smærri sjúkrahúsum.

Varðandi vistun sjúklinga með langvarandi geðsjúkdóma er fyrst og fremst átt við það að þeim sé komið fyrir á sambýlum eða öðrum sjúkrastofnunum með öðrum sjúklingum, en ekki hafðir inni á sérstökum deildum fyrir geðsjúka, enda hafa geðdeildir þessara spítala lagt áherslu á það að þar ætti ekki að vista einstaklingana til langframa heldur ættu þeir að vera þar til lækninga og síðan að fara á ný út í þjóðfélagið, en þá auðvitað að búa þeim þær félagslegu aðstæður sem þeim henta, annaðhvort á sambýli eða á öðrum vistunarstofnunum. Þetta finnst mér því geta staðið eins og það er sett fram þó ég hafi ekki á móti því ef nefnd treystir sér til þess að gera hér orðalagsbreytingar.

Varðandi síðan athugasemdir við lið nr. 30 þar sem talað er um rannsóknir, þá vil ég líka segja það sem mína skoðun á því sem hér er sagt: „Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar og í því skyni gerð sérstök rannsóknaráætlun fyrir árið 1993 til að styðja framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar," þá sé hér verið að tala um áætlun hvað varðar rannsóknirnar sérstaklega. Auðvitað er heilbrigðisáætlunin öll í eðli sínu hugsun um það hvernig heilbrigðisþjónustan eigi að vera framkvæmd á þessum áratug sem eftir lifir til aldamótanna og hér er aðeins verið að leggja sérstaka áherslu á rannsóknirnar og setja fram sérstaka áætlun um hvernig að þeim skuli staðið. Það kemur frá einstaklingum, frá læknum sem starfa á því sviði. Gæti ég nafngreint tvo sem hafa sett fram hugmyndir sínar hvað þetta áhrærir, en út af fyrir sig er það ástæðulaust því að ýmsir hafa að málinu komið og ég álít að þetta orðalag sé reyndar valið að verulegu leyti af þeirra hálfu.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa fleiri orð um þetta. Ég vil aftur ítreka þakkir mínar til nefndarmanna og til formanns nefndarinnar sérstaklega fyrir hans mikla starf við að koma þessu hér inn í þingið á ný í þeim búningi sem það er nú. Ég vænti þess að þingmenn flestir, vonandi allir, treysti sér til að ljá málinu lið í þeim búningi sem það er nú og við getum eftir mikla vinnu á þremur þingum samþykkt þessa tillögu sem þál. og verð því að mæla gegn þeirri hugmynd að vísa málinu einu sinni enn til ríkisstjórnar.

Frsm. meiri hl. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þá umræðu og ábendingar sem hér hafa komið fram við umræðuna um tillögu félmn. í þessu máli. Einnig ágætt upphaf frá hv. 2. þm. Vestf. sem ætlaði að bregðast við hortitti sem var í upphaflegu málsskjali og virði ég það við hann að ætla að koma því á framfæri svo sem skylt er, ef slíkt er í þingmálum.

Hér hafa komið fram nokkrar athugasemdir fyrir utan það sem fyrir lá í nál. minni hl. félmn. Einnig hefur komið fram, eins og ég gerði grein fyrir, brtt. frá allri nefndinni. Hv. 2. þm. Reykv., sem upphaflega lagði þetta mál fram, hefur gert tillöguna að umtalsefni og gefið ábendingar um atriði í tveimur málsliðum sem betur mættu fara, málfarslega og kannski til að skýra samhengi. Ég hef heyrt að hv. þm. ætlaði sér að leggja fram brtt. til endurbóta á þessum málsliðum. Ég tel út af fyrir sig að það geti farið ágætlega á því að lagfæra það og ekki síst ef það væri nú til að stuðla að heildarsamkomulagi um málið þannig að allir yrðu samferða um afgreiðslu þess. Ef óskað er eftir því að félmn. beri sig saman um þær tillögur sem eru hér á leið núna inn í þingið frá hv. 2. þm. Reykv. þá tel ég það síst eftir mér að kalla nefndina saman. Ég met það mikils ef það getur tekist heildarsamkomulag um þetta mál. Í rauninni ber hér sáralítið efnislega á milli sýnist mér eftir þá breytingu sem þegar er búið að kynna svo að ég vona að þetta mál fái farsælar lyktir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna óska hv. 2. þm. Reykv. hefur forseti orðið við því að fresta þessari umræðu um 10 mínútur, en hv. 2. þm. Reykv. telur sér nægja að finna flokksmenn sína á þeim tíma. Ef hv. 2. þm. Austurl. kynni að geta notað þann tíma til að hitta sína menn úr hv. félmn. er forseti fús til að gera 10 mínútna hlé svo að hægt sé að afgreiða þetta mál farsællega á þessum fundi. — [Fundarhlé.]

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég hafði í raun og veru lesið þessar brtt. nú rétt áðan, en þær voru ekki á einu og sama blaðinu þannig að ég taldi ófært fyrir hæstv. forseta að ráða í þær rúnir sem á blaðinu voru, en brtt. eru þessar:

1. Við 24. gr. Í stað orðsins „geðspítalar" komi: geðdeildir.

Ég gerði grein fyrir því áðan að geðspítalar hafa ekki verið til í landinu sl. 20 ár þannig að það er eðlilegt að þarna standi geðdeildir.

2. brtt. við sömu gr., 6. mgr.: Við fyrri málslið bætist: og njóti þar geðlæknisþjónustu, þ.e. þeir sem eru á sambýlum með öðrum sjúklingum.

3. brtt. er við 30. gr. um orðalag síðari málsgreinar þeirrar greinar, en það verði svona: „Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar. Gerð skal sérstök áætlun fyrir árið 1993 til þess að styðja framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar. Sérstaklega skal gefa gaum að rannsóknum á sambandi lífshátta og umhverfis á heilsufar. Vinna skal að því að gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi."

Loks 4. brtt. Við tillöguna bætist nýr töluliður svohljóðandi: „Áætlun þessa skal endurskoða að þremur árum liðnum."

Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir tillögunni þar sem hún er of seint fram komin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1056, sem var of seint fram komin, samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég kallaði til fulltrúa í félmn. og kynnti þeim þær till. sem fram eru komnar frá hv. 2. þm. Reykv. Ekki náðist í alla nefndarmenn í þá viðræðu, fjarverandi var hv. 9. þm. Reykn., en við vorum sammála um að hér væri í raun um lagfæringar að ræða á annars þokkalegu verki að mati félmn. Eru nefndarmenn reiðubúnir að mæla með því að þessar till. hv. 2. þm. Reykv. verði samþykktar og falli inn í þessa þáltill. í heild sinni. Ég hef skilið það svo að með því takist einnig breiðari samstaða um málið en horfur voru á og tel það mjög til bóta.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera grein fyrir því að minni hl. nefndarinnar hefur fallist á að standa að till. eins og hún verður eftir að breytingar hafa verið samþykktar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 952 kölluð aftur.

Brtt. 1055 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 1056,1a samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1056,1b samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1056,2 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1056,3 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 951, svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1057).

Samningar um álver, frh. fyrri umr.

Stjtill., 448. mál. — Þskj. 841.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Álverið rísi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur vissulega leitað samvinnu við hv. þm. um framgang mála á þessum síðustu dögum en of mikið má af öllu gera og ætlast nú forseti ekki til þess að menn stytti svo mjög mál sitt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Í umræðunni um það mál sem hér liggur fyrir á dagskránni höfum við kvennalistakonur undanfarna daga og jafnvel nætur reynt að koma sjónarmiðum okkar á framfæri hér í þingsölum. Ég vil í tilefni þeirra orða og yfirlýsinga sem fallið hafa, bæði frá hæstv. iðnrh. og hæstv. forseta Sþ., vísa á bug staðhæfingum um að með því séum við að brjóta gegn lýðræðinu. Það er grundvallarhugsjón lýðræðisins að sjónarmið minni hlutans fái ekki síður að koma fram en sjónarmið meiri hlutans. Það er alvarlegt og mjög hættulegt lýðræðinu ef þeir sem ráða ferðinni vilja ekki viðhalda þessari grundvallarreglu og við slíkri hugsun vil ég eindregið vara.

Það hefði verið heldur meiri reisn yfir því og meira nauðsynjamál að verja þessum síðustu stundum þingsins fyrir komandi kosningar í að ræða atvinnustefnu fyrir Íslendinga. Við hefðum átt að vera hér að ræða nýjar hugmyndir um stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar í stað þess að eyða tímanum í að ræða um byggingu nýs álvers á suðvesturhorni landsins.

Kvennalistakonur hafa frá upphafi hafnað álveri sem bjargræði í íslensku atvinnulífi. Við teljum hóflega nýtingu íslenskra fallvatna, sem miðast við þarfir okkar Íslendinga, vera það sem koma skal, að við nýtum okkur orkuna við uppbyggingu atvinnu sem miðast við íslenskar aðstæður og tekur tillit til umhverfisins. Stóriðjusjónarmið hafa ráðið því að virkjunarframkvæmdir hafa verið bæði miklar og hraðar og hafa leitt til skuldasöfnunar erlendis. Stóriðja boðar þar að auki aukin fjárhagsleg ítök erlendra aðila hér á landi sem við teljum að geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Ekki þarf að minna á mengunarhættuna sem fylgir álveri eins og reynslan af álverinu í Straumsvík sannar. Þar hafa mengunarvarnir lengst af verið ófullnægjandi. Það er dýrt að setja upp fullkominn mengunarvarnabúnað og iðnrekendur hafa tregðast við að setja hann upp, bæði hér á landi og ekki síður víða erlendis. Þar stafar mengun frá reykháfum iðjuvera og fellur með súru regni sem þegar hefur valdið miklum skemmdum á gróðri og lífríki víða í Evrópu. Nú er svo komið að á degi hverjum deyr ein dýra- eða plöntutegund út í heiminum. Og þar sem hæstv. umhvrh. er hér staddur og heyrir mál mitt, þá vildi ég beina til hans þeirri fyrirspurn hvað líði gerð þess starfsleyfis sem væntanlega mun verða að setja fyrir hugsanlegt álver og hvaða kröfur verða gerð-

ar um mengunarvarnir þegar upp er staðið.

Með hliðsjón af þeim staðreyndum sem við okkur blasa, við getum hugsað t.d. til austurhluta Evrópu nú og við getum líka litið í kringum okkur í okkar umhverfi hér á Íslandi, en miðað við stöðu umhverfismálanna í heiminum ættum við Íslendingar að miða öll okkar umsvif og atvinnuuppbyggingu við að ekki hljótist spjöll af. Við erum svo gæfusöm að hafa um marga kosti að velja og við getum byggt upp umhverfisvænt atvinnulíf. Í því sambandi má minna á skýrslu forsrh. sem var nefnd fyrr í þessari umræðu, ef ég man rétt, en þar er einmitt lögð mikil áhersla á að kynna Ísland sem hreint land þar sem gott er að koma og finna sér griðland í menguðum heimi. Í því sambandi vil ég minna á að tært vatn er nú fimm sinnum dýrara en bensín og við eigum örugglega mikla möguleika á því að flytja út hreint íslenskt vatn ef við gáum að okkur.

Þessa dagana er mikið rætt um landbúnaðarmál og þann samdrátt sem nauðsynlegur er í sauðfjárræktinni aðallega. Mikil óvissa ríkir um hvaða áhrif sá búvörusamningur sem nú hefur verið undirritaður mun hafa á byggðina í landinu. Margir eru svartsýnir og setja samasemmerki milli þessa nýja búvörusamnings og þess að byggð muni hrynja víða um landið. Það hefði verið nær að við stæðum hér og leituðum úrræða til að byggja upp atvinnulíf úti í dreifbýlinu. Í stað þess er öll áherslan hér á suðvesturhorninu og nú veit ég ekki hvað hefur orðið um þau neyðarblys sem hæstv. fjmrh. skaut á loft á dögunum þegar hann boðaði að nú hefði hann fundið tvo milljarða til þess að tvöfalda Reykjanesbrautina og flýta framkvæmdum við byggingu flugskýlis á Keflavíkurflugvelli. En það er greinilegt að ef af þessum áformum verður, svo og af byggingu álvers á þessum sömu slóðum, mun óhjákvæmilega skapast þar mikið þensluástand sem hefur í för með sér mun meiri byggðarröskun en nú er orðin. Það hefði því verið fróðlegt að fá að heyra í þessari umræðu hvaða áætlanir liggja fyrir um atvinnuuppbyggingu annars staðar í landinu. Það væri sennilega fyrirspurn til margra hæstv. ráðherra, þeir eru hins vegar ekki mjög margir staddir hér inni núna. En það hefði, eins og ég sagði í upphafi máls míns, verið öllu meira skapandi og nauðsynlegra fyrir okkur Íslendinga að við værum hér að leggja síðustu hönd á að móta atvinnustefnu fyrir Íslendinga. Ég man ekki betur en þegar Borgfl. gekk til liðs við núv. hæstv. ríkisstjórn hafi einmitt einn ráðherranna fengið það sérstaka verkefni að hefja leit að atvinnustefnu fyrir Íslendinga. Ein skýrsla birtist í kjölfar þeirrar vinnu og nefnd sem hann skipaði gaf út. Síðan hefur ekki heyrst orð um þá atvinnustefnu eða þær hugmyndir sem þar komu fram. Hvorki fyrr né síðar eftir það hefur heyrst neitt um hvaða áform eru uppi um framhald á þeirri vinnu.

Ég þarf ekki að tíunda í mörgum orðum rök okkar í Kvennalistanum fyrir því að við höfnum stóriðju algjörlega. Við vitum að hún veitir tiltölulega fáum atvinnu miðað við þá fjárfestingu sem er að baki hverju starfi. Fjárfestingin er meiri en í flestum öðrum atvinnugreinum. Stóriðja er ekki vænlegur kostur og dugar skammt, þrátt fyrir margfeldisáhrif, þegar hugað er að því að mæta þörfum þeirra sem koma út á vinnumarkaðinn á næstu árum og áratugum. Mun fleiri störf yrðu að vísu bundin við uppbyggingu virkjana og álvers í nokkur ár. Það yrði tímabundið þensluástand, en hvað svo? Störfin sem tengjast uppbyggingunni eru fremur einhæf og framkvæmdirnar allar ásamt því fjármagni erlendis frá sem þeim fylgir eru líklegar til að valda verulegri þenslu og verðbólgu. Til að minnka slíka röskun munu stjórnvöld að öllum líkindum, og því hefur reyndar verið lýst yfir að nauðsynlegt muni reynast, draga úr fjárfestingum innan lands. Það þýðir auðvitað ekki annað en það að önnur atvinnuuppbygging verður látin sitja á hakanum.

Nú er til umfjöllunar hér í þinginu frv. til laga frá hæstv. sjútvrh. um viðbrögð vegna aflabrests í loðnu. Frv. hans gerir ráð fyrir að taka á vanda útgerðarinnar og þeirra sjómanna sem loðnuveiðar stunda en ekki er gert ráð fyrir að leysa þann atvinnuvanda sem mun fylgja úti í byggðarlögum landsins. Og alls ekki þeirra einstaklinga sem þar missa vinnu. Þess var getið í greinargerð með því frv. að komið hefði til tals innan ríkisstjórnarinnar að flýta opinberum framkvæmdum til þess að bæta byggðarlögum þetta upp en ekki hefur heyrst orð um það meir. Ef af stóriðjuáformunum verður þá er auðvitað engin von til að svo verði.

Það er mikið talað um að auka fjölbreytni atvinnulífsins og fjölga störfum á Íslandi. Stóriðja svarar því einungis í mjög takmörkuðum mæli þörfinni fyrir fleiri störf og meiri fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Hún leysir t.d. ekki atvinnuvanda kvenna sem eru jafnan fyrstar látnar víkja þegar atvinnuleysi segir til sín.

Ég efast stórlega um efni þeirrar tillögu sem hér liggur frammi, ég verð að segja það. Hún kemur mér fyrir sjónir sem einhvers konar sjálfsstyrking fyrir hæstv. iðnrh. því að í grg. með tillögunni kemur fram og einnig hefur það komið fram núna í brtt. frá fjh.- og viðskn. neðri deildar að lagðar eru fram tillögur um að veita heimildir, bæði til að kaupa jarðnæði og hefja virkjanir vegna undirbúnings undir byggingu nýs álvers. Það hljóta að vera fyrst og fremst þessar tillögur og þær heimildir sem þær fela í sér sem ráða því hvort hægt verður að halda áfram viðræðum. Og það er auðvitað spurning með þá upphæð sem hér er verið að fara fram á, 580 millj. kr., til handa Landsvirkjun til að hefja undirbúning. Er það verjandi að fara út í svo mikla fjármögnun án þess að fyrir liggi ákveðinn raforkusamningur við hina erlendu aðila?

Þetta er einhver allra stærsta fjárfesting sem farið hefur verið út í og það er rétt að minna á að margir óvissuþættir tengjast málinu. Það eru t.d. þættir um hvernig verð á áli muni þróast á næstu árum því að fram kemur að raforkuverðið verður tengt verði á áli. Það hefur margoft komið fram í þessari umræðu hér að álverð hefur verið mjög sveiflukennt hin síðari ár og margt bendir til að notkun þess muni minnka í framtíðinni. Þá má einnig benda á óvissuþætti sem fram koma í skýrslu hæstv. iðnrh., svo sem eins og það hverjar tekjuskattsgreiðslur gætu hugsanlega orðið frá álverinu. Á bls. 10 í skýrslunni kemur fram að ekki er

hægt að áætla þær með neinni vissu því að þær tekjur munu líka fara eftir því hvernig álverð þróast. Það eru því margir og stórir óvissuþættir í þessu máli og ekki að undra að þingmenn telji sig þurfa að leita upplýsinga hjá hæstv. ráðherrum um það hvernig þessum málum sé háttað nú.

Ég hafði á sínum tíma, virðulegur forseti, undirbúið mig til að spyrja hæstv. ráðherra ýmissa spurninga varðandi þetta mál í heild sinni. Þær hafa flestar ef ekki allar komið fram þannig að ég ætla ekki að tefja mál mitt nú þegar svo er orðið áliðið dags. En vegna ummæla sem fram komu í fjölmiðlum núna um helgina vildi ég beina einni spurningu til hæstv. forsrh. ef hann er að finna í húsinu.

Virðulegur forseti. Það er margt sem þarf að skýra í þessu máli en ég vildi fá að beina einni spurningu til hæstv. forsrh. Hún tengist viðtali sem við hann var haft nú um helgina, nánar tiltekið 16. mars á Bylgjunni, kl. rúmlega fimm síðdegis. Þar kemur fram nokkuð undarleg yfirlýsing sem ég held að þingheimur verði að fá svar við. Hann er í þessu viðtali að gagnrýna hæstv. iðnrh. fyrir skort á samráði um þetta stóra og mikla mál. Hann segir, með leyfi forseta: „Samningar um nýtt álver, sem er að sjálfsögðu sú stærsta framkvæmd sem hér hefur nokkru sinni verið ráðist í þegar virkjanirnar eru taldar, krefjast þess að um slíka framkvæmd sé mjög breið samstaða. Í raun þjóðarsátt og því miður finnst mér ekki hafa verið leitað þeirrar þjóðarsáttar eins og vera ber. Þegar ráðast á í svona mikla framkvæmd þá þurfa allir aðilar í raun að koma að allt frá upphafi. Svo hefur því miður ekki verið gert í þeim samningum sem nú hafa verið gerðir."

Nú vildi ég mega spyrja hæstv. forsrh. um hvaða samninga hann er þar að tala? Hvort þegar hafa verið gerðir einhverjir samningar varðandi álmálið? Ef ég man rétt þá var hér á ferðinni sl. haust eitthvert svokallað minnisblað sem virtist vera mikilvægara fyrir suma hæstv. ráðherra en aðra. Það var gert mjög lítið úr því, það væri aðeins minnisblað. Ég vil biðja hæstv. forsrh. að upplýsa hvort hér hafi þá í raun verið um samning að ræða. Hvort það sé þetta minnisblað sem hann á við.

Við stöndum frammi fyrir því að spyrja hvernig við ætlum að byggja upp umhverfi okkar og atvinnulíf á næstu árum. Hæstv. utanrrh. hefur verið meðal þeirra sem hafa gagnrýnt kvennalistakonur og talið okkur vera afturhaldssamar og skorta framtíðarsýn. Ég vil segja við hann að hann er haldinn skammsýni. Hann horfir á nútíðina og ekkert lengra. Þetta andóf okkar gegn álveri er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að við horfum inn í framtíðina og horfum á málið í heild sinni. Við höfnum álveri vegna þess að dýrmætasta auðlind okkar er hrein og óspillt náttúra. Mengun frá álveri er mikil, hvað þá ef slakað er á kröfum um mengunarvarnir, sem við höfum ekki enn fengið upplýst hvort á að gera. Brennisteinsdíoxíðmengun í andrúmslofti mun aukast um 50% og allt lífríki í nágrenni verksmiðjunnar verður í hættu. Síðast en ekki síst, álver er heilsuspillandi vinnustaður. Spurningin er: Viljum við fórna náttúru Íslands fyrir erlenda stóriðju?

Eins og ég kom að hér áðan þá eru margir óvissuþættir varðandi fjármálahlið þessa máls. Eitt er það að raforkuverðið verði tengt verði á áli. Það mun hafa í för með sér mikla áhættu.

Þá vil ég einnig vekja athygli á að allt bendir til þess að álnotkun muni dragast saman. Annars vegar og vonandi vegna samdráttar í vopnaframleiðslu og hins vegar vegna þess að settar hafa verið fram tilgátur um tengsl álumbúða og ýmissa sjúkdóma sem hrjá mannkynið.

Íslendingar munu tapa á álsamningnum fyrstu 15–20 árin, m.a. vegna afsláttar á raforkuverðinu og ekki er ljóst hvort tekjuskattur mun skila sér. Síðast en ekki síst ber auðvitað að nefna að Landsvirkjun tekur mikla áhættu varðandi vexti sem þarf að borga af erlendum lánum vegna nýrra virkjana. Það er auðvitað stórmál að ætla landsmönnum að greiða hærra verð fyrir raforku til eigin nota vegna samninga við erlendan aðila.

Þá kemur að því sem snýr að vinnumarkaðnum sjálfum. Við höfum margoft bent á að álver leysir ekki vanda á vinnumarkaði og væntanlega verður dregið úr öðrum opinberum framkvæmdum til þess að forðast þenslu. Það mun ekki síst bitna á landsbyggðinni. Allir útreikningar um aukinn hagvöxt standast ekki þar sem ekki er tekið tillit til þess sem eyðileggst í auðlindum okkar. Og erlendar skuldir þjóðarinnar munu auðvitað aukast vegna virkjana. Niðurstaðan verður því sú að þensla og verðbólga verða óhjákvæmilegir fylgifiskar byggingar nýs álvers.

Við kvennalistakonur viljum líta á aðra kosti. Við höfum nefnt það oft áður í þessari umræðu að við hefðum heldur viljað sjá orku fallvatnanna notaða til þess að hefja í fyrstunni tilraunaframleiðslu á vetni. Vegna þess að allt bendir til að vetni verði eldsneyti framtíðarinnar. Og ekki er minna um vert að framleiðsla og notkun vetnis veldur ekki umhverfismengun.

Auðlindir landsins, fiskimið, jarðvarmi og fallvötn ásamt hreinu lofti, tæru vatni og ómenguðu umhverfi eru ómetanleg auðæfi í iðnvæddum heimi. Við Íslendingar erum fyrst og fremst matvælaframleiðendur og sérstaða okkar á að byggja á kröfunni um ómengaða framleiðslu sem virðir þol lands og sjávar. Þá höfum við einnig bent á ferðaþjónustu sem mikilvæga atvinnugrein og vænlegan kost fyrir okkur ef okkur auðnast að standa rétt að málum. Við eigum að einbeita okkur að okkar eigin auðlindum og spyrja okkur sjálf: Hvað getum við gert hér í okkar eigin landi á okkar eigin forsendum?

Það kom ýmislegt fram í fjölmiðlum hér um helgina þar sem hæstv. ráðherrar fóru að henda á milli sín einhverjum hörðum bolta. Það kom fram í viðtali við hæstv. iðnrh. í Ríkisútvarpinu að kvöldi 16. mars að ríkt hafi þjóðarsátt um stóriðjuna. Í mínum huga er þjóðarsátt orðin nokkuð vafasamt orð til að nota um alla skapaða hluti sem er þröngvað upp á fólk. Hér er það álver sem er boðið upp á sem hinn eina atvinnukost sem við stöndum frammi fyrir. Það er auðvitað fjarri lagi að hægt sé að tala um þjóðarsátt þegar fram hefur komið í umræðunni hér í þinginu að margir hv.

þm. í stjórnarflokkunum eru t.d. alls ekki sáttir við að álver verði byggt hér á suðvesturhorninu. Þeir eru e.t.v. sammála því að álver verði byggt en það er engin sátt um að það verði staðsett þar sem áætlað er nú á þessari stundu. Það hefur m.a. komið fram í máli og skrifum hv. 3. þm. Norðurl. e., sem er flokksbróðir hæstv. iðnrh.

Miðað við hina fjárhagslegu áhættu, sem verið er að taka með því að byggja álverið, er ekki óeðlilegt að fram komi tillaga eins og sú sem borin er fram við lánsfjárlög hér í hv. neðri deild af hv. 4. þm. Norðurl. v. þar sem kveðið er á um að lánsfjárheimild til virkjana verði ekki nýtt fyrr en fyrir liggur fyrirvaralaus samningur um raforkuverðið.

Virðulegur forseti. Ég hirði ekki um að endurtaka þær spurningar sem fram hafa verið bornar. Þetta eru meira og minna grundvallarspurningar sem snerta málið og hafa verið bornar fram af öðrum ræðumönnum sem hafa talað á undan mér. Hæstv. iðnrh. hefur væntanlega skrifað þær hjá sér og mun svara þeim hér á eftir. Ég vænti þess einnig að hæstv. umhvrh. taki til máls og sömuleiðis hæstv. forsrh.

Ég vil láta það verða mín síðustu orð um þetta mál að þessu sinni að við getum gert svo ótalmargt annað en að reisa álver. Um leið og við erum búin að reisa álver er svo ótalmargt sem við ættum að gera og vildum gera sem við getum ekki gert af því að við erum búin að spilla umhverfinu.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Til mín var beint nokkrum spurningum frá þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Að vísu sýnist mér nú einn þeirra, sem hvað lengst og mest talaði um þetta mál, ekki vera í salnum en ég mun engu að síður reyna að svara þeim spurningum sem hann beindi til mín, þ.e. hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson. Ef ég fer yfir það sem kom fram í máli hv. þm., þá get ég byrjað að nefna það sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur.

Það var að vísu ekki mikið sem hún spurði um. Hins vegar kom hún með órökstuddar fullyrðingar um það að ekki hefði verið haldið nógu vel á álmálinu, þ.e. mengunarvörnum þar, án þess að þingmaðurinn virtist hafa kynnt sér nokkuð hverju raunverulega væri verið að vinna að í tengslum við það mál. Hún nefndi það svo að það væri stöðugt undanhald í málinu. Satt best að segja botna ég ekkert í hvað þingmaðurinn á við þar því að ég hef ekki orðið var við neitt slíkt undanhald. Það er búið að vinna mjög faglega og vísindalega vinnu í tengslum við undirbúning að útgáfu starfsleyfis. Það var skipuð ráðgjafarnefnd á vegum umhvrn. snemma sl. sumar og í þá ráðgjafarnefnd voru skipaðir færustu sérfræðingar sem við eigum á þessu sviði til þess að fjalla á faglegan og vísindalegan hátt um alla þætti umhverfisáhrifa af völdum álbræðslu þeirrar sem talað er um að verði reist á Keilisnesi og safnað saman upplýsingum alls staðar að úr heiminum um það nýjasta sem vitað er um bæði umhverfisáhrif og mengunarvarnir og aðra tæknilega þróun sem hefur átt sér stað í tengslum við mengunarvarnir í álbræðslum á undanförnum árum.

Mér er mjög til efs að mörg mál hér á þingi eða í tengslum við byggingu nýrra verksmiðja á Íslandi hafi verið jafn vel unnin og þetta mál, þ.e. undirbúningur að útgáfu starfsleyfis, og að tala um eitthvert undanhald í þeim efnum eða að ekki hafi verið nógu vel haldið á málinu eru bara órökstuddar fullyrðingar og hreinar dylgjur og sæmir ekki hv. þm. að viðhafa slík orð.

Ég þarf kannski ekki að fjalla mikið meira um það sem kom fram hjá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur. Ég get þó getið þess að þegar er verið að undirbúa útgáfu starfsleyfis ber samkvæmt skilmálum mengunarvarnareglugerðar að hafa samráð og samvinnu við þann aðila sem sækir um starfsleyfið ef um meiri háttar mál er að ræða. Með svipuðum hætti hefur t.d. átt sér stað verulegt samráð og samvinna við umsækjendur um starfsleyfi fyrir sorpböggunarstöð og móttökustöð fyrir sorp í Gufunesi og sorpböggun og urðun í Álfsnesi. Þar er ekki verið að semja um mengun, eins og hv. þm. talaði um, heldur er verið að fara yfir málið og kanna með hvaða hætti aðilar geta orðið sammála um að koma í veg fyrir að umhverfisspjöll verði og treysta allar mengunarvarnir. Þetta á ekkert skylt við að það sé verið að semja um mengun. Það er hins vegar nauðsynlegt að sá sem gefur út starfsleyfi og sá sem hefur lagt inn umsókn um starfsleyfi fari yfir það saman hvaða aðferðum verði beitt og hvaða tækni er tiltæk til þess að starfsleyfi getið verið gefið út á þeim grundvelli.

Síðan kom það fram að í öllum nýjum álverum í Evrópu væri gerð krafa um hreinsun brennisteinstvíildis. Þetta er á misskilningi byggt. Mér vitanlega er hvergi í heiminum í dag gerð krafa um hreinsun á brennisteinstvíildi frá álverum. Við höfum farið mjög ítarlega yfir þetta mál, við höfum safnað upplýsingum alls staðar að úr heiminum. Við höfum leitað eftir upplýsingum bæði frá Bandaríkjunum, Japan, Ástralíu og Evrópulöndunum og við leituðum enn fremur til umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og spurðum sérstaklega eftir því hvað hún ráðlegði í þessum efnum og það ber allt að sama brunni. Hvergi í heiminum er gerð krafa um það að brennisteinstvíildi sé hreinsað í álverum.

Mengunarvarnastofnun Noregs, sem mikið hefur verið nefnd í þessu sambandi, sendi okkur erindi eftir að við höfðum beint fyrirspurn til hennar þar sem hún tekur skýrt fram að það sé ekki gerð krafa um brennisteinstvíildishreinsun í norskum álverum. Hins vegar hafa bæði sænskir og norskir sérfræðingar á þessu sviði sagt að til greina geti komið ef aðstæður eru mjög sérstæðar að í einstökum starfsleyfum kunni að verða gerð krafa um brennisteinstvíildishreinsun en það er ekki almenn krafa og er hvergi lögfest að það sé aðalkrafan heldur geti það í undantekningartilvikum komið fram í einstökum starfsleyfum, án þess að það hafi komið til þessa hvorki í Svíþjóð né Noregi.

Það var fjallað um grein sem ég skrifaði í Dagblaðið. Ég get út af fyrir sig staðið við hvert orð sem ég

sagði þar. Ég hef aldrei verið neinn sérstakur stóriðjuaðdáandi svo að það komi bara hreint fram. Ég hef talið skynsamlegra að leysa atvinnumál á Íslandi með öðrum hætti. Hins vegar hef ég ávallt lýst því yfir að gefist tækifæri til þess að fá hingað stóriðjufyrirtæki, þá beri að líta á það sem búhnykk fyrir íslenskt atvinnulíf og væri fráleitt að hafna slíkum kosti ef hann gæfist. En ég tel að samhliða því, og hef reyndar oft bent á það, beri að leggja miklu, miklu meiri áherslu á alhliða uppbyggingu lítilla framleiðslufyrirtækja sem kynnu hugsanlega að henta betur fyrir íslenskt atvinnulíf heldur en eintóm stóriðjufyrirtæki. Þess vegna væri kannski skynsamlegast að þetta væri meira í bland. Þó að hingað komi eitt og eitt stóriðjufyrirtæki, þá leysir það ekki atvinnuvandamál á Íslandi. Samhliða þeirri uppbyggingu þarf að koma, eins og ég segi, almenn iðnaðaruppbygging með smáum atvinnufyrirtækjum.

Ég get farið hratt yfir sögu. Hv. þm. Stefán Valgeirsson minntist á sjónvarpsspólu sem hann hefði komist yfir sem sýndi mikla mengun í álverum í Noregi. Ég býst við að hér sé um að ræða eldri gerð álvera og mér kemur í raun og veru ekkert á óvart að það sé hægt að sýna myndir sem sýni óhugnanlega mengun í álverum. Ég hef sjálfur skoðað gamalt álver í Sundsvall í Svíþjóð þar sem elsti hluti þess álvers er með þeim hætti að mann hryllir við þegar maður kemur inn í kerskálann. Þar er reykmökkur þannig að ekki sést á milli enda í húsinu. Ég mundi ekki vilja ætla neinum að vinna inni við þær aðstæður sem þar eru. En hér er um að ræða gamaldags aðferð, sem er löngu orðin úrelt, í gömlu álveri sem var reist fyrir og um síðasta stríð þannig að það er á engan hátt sambærilegt við það sem við erum að tala um sem yrði reist á Keilisnesi.

Ég get kannski komið betur að öðrum álverum sem við höfum kannað og skoðað í sambandi við svör við þeim spurningum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beindi til mín. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði enn fremur hvernig væri háttað samstarfi milli iðnrn. og umhvrn. í sambandi við útgáfu starfsleyfis og umhverfisáhrif væntanlegs álvers á Keilisnesi. Ég get svarað því til að sérfræðingar iðnrn. og sérfræðingar umhvrn. hafa átt mjög gott samstarf, enda væri náttúrlega óðs manns æði ef ekki væri reynt að hjálpast að við að safna þeim tæknilegu upplýsingum sem þarf að fá til þess að geta lagt mat á umhverfisáhrifin og þær aðgerðir sem eru nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir að umhverfisspjöll verði af álverinu eða alla vega að þeim verði haldið í algeru lágmarki.

Við skulum fara svolítið ítarlega yfir brennisteinstvíildismálið og reyna að sjá hvað það segir í raun og veru. Brennisteinstvíildi sem myndast í álveri stafar af því að þau kol sem eru notuð í rafskautin, þ.e. í anóðurnar, eru kol sem hafa náttúrlegt innihald af brennisteini gjarnan á bilinu frá 0,5% og upp í 3%. Við bruna á rafskautunum í kerunum myndast brennisteinstvíildi sem berst með reyknum frá kerunum út í andrúmsloftið. Því minna brennisteinsinnihald sem eru í kolunum í rafskautunum þeim mun minni verður losun brennisteinstvíildis út í andrúmsloftið.

Það eru ýmsar aðferðir við það að reyna að draga úr brennisteinstvíildismenguninni. Virkasta aðferðin væri að sjálfsögðu sú að hreinsa hreinlega brennisteininn úr kolunum áður en framleiðsla rafskautanna fer fram. Það er einu sinni svo að það eru allir sérfræðingar í mengunarvörnum sammála um eitt, að það sem skilar lélegustum árangri og er um leið kostnaðarsamast í sambandi við alla mengandi iðnaðarframleiðslu er að byggja dýran og flókinn hreinsibúnað við enda framleiðslunnar, þ.e. að setja annaðhvort hreinsitæki á frárennsli frá iðnaðarfyrirtækjum eða á reykháf iðnaðarfyrirtækja, en aðhafast ekkert að öðru leyti. Allir sérfræðingar á þessu sviði eru sammála um að langvirkasta aðferðin og um leið hagkvæmasta er að fara vandlega yfir allan ferilinn og reyna að grípa inn í í miðjum ferli og draga með þeim hætti úr mengun sem kemur út um endann frá verksmiðjunni.

Þess vegna ber mönnum saman um það að miklu betra væri að reyna að losa sig við brennisteinstvíildið með þeim hætti að reyna að gera annað tveggja. Í fyrsta lagi að hreinsa hreinlega brennisteininn úr kolunum áður en rafskautin eru framleidd. Það er verið að gera tilraun með slíka hreinsun víða í heiminum og hún virðist ætla að skila góðum árangri þar sem það liggur nú fyrir að verð á kolum sem eru óhreinsuð til framleiðslu á rafskautum er í kringum 115 Bandaríkjadalir á tonn, en í þeim tilraunaverkefnum sem hafa átt sér stað í heiminum, þá hefur verð á hreinsuðum kolum verið eilítið hærra, eða 140 dollarar á tonn. Það er að vísu enn þá of dýrt til þess að það sé talið hagkvæmt að nota algerlega hreinsuð kol, enda hefur framleiðslutækni ekki enn þá verið komið á það stig að það sé talið hagkvæmt, en allir spá fyrir um það að ekki muni líða nema nokkur ár þangað til eingöngu verði farið að nota hreinsuð kol í rafskaut og þá er í raun og veru brennisteinstvíildismálið úr sögunni.

Líka er í gangi tækniþróun sem lofar góðu, sem byggir á því að nota alls ekki kol í rafskautin heldur svokallaða sjaldgæfa jarðmálma þannig að rafskautin eyðist ekki, þau verði óeyðanleg. Í slíkum rafskautum yrði einfaldlega enginn brennisteinn og þar með mundi ekkert brennisteinstvíildi myndast. Þar af leiðandi eru allar líkur á því að innan tiltölulega fárra ára verði ekki talað neitt frekar um brennisteinsmengun frá álverum vegna þess að það mál verði einfaldlega úr sögunni. Því höfum við valið að krefjast ekki vothreinsibúnaðar í hinu nýja álveri í Straumsvík einfaldlega á þeim forsendum að það eru hvergi kröfur um slíkt í nýjum álverum og frekar sett fram þá kröfu að kol í rafskautum skuli vera með hámarks brennisteinsinnihaldi í kringum 2% til þess að halda brennisteinstvíildismenguninni í skefjum þangað til það mál hefur verið leyst endanlega þannig að ekki þurfi frekar að hafa áhyggjur af brennisteinstvíildismengun. Ég tel að það sé um að ræða nokkurra ára bið eftir því að það mál verði endanlega leyst.

Vothreinsibúnaðurinn er þar að auki ekki sérlega fullkomin aðferð við að hreinsa brennisteinstvíildi. Hann nær að hreinsa kannski um 80–90% af brenni-

steinstvíildinu úr reyknum en í staðinn setur hann brennisteinstvíildið í sjó fram. Að vísu telja líffræðingar að það geri sjónum ekki mikið til þó að í hann sé dælt miklu magni af brennisteinstvíildi. Hins vegar er enginn vafi á því að t.d. þeir andstæðingar okkar sem hafa oft viljað halda fram þeim áróðri að Ísland sé nú ekki eins hreint land og við viljum sjálfir vera láta og hafa þar með kannski viljað kasta rýrð á okkar framleiðsluvörur og okkar fiskafurðir gætu vel nýtt sér það að við værum að dæla út brennisteinstvíildi í einhver bestu fiskimið þjóðarinnar hérna út af Reykjanesi. Ég er því ekkert viss um að það væri sérlega hagkvæmt að farið væri að flytja fréttir af því að við dældum brennisteinstvíildinu beint í sjóinn við hliðina á okkar fiskimiðum. Menn þurfa því líka að hugsa um þá hlið málsins, hvort það er í raun skynsamlegt að færa brennisteinstvíildið úr útblæstri út í loftið og yfir í sjóinn í staðinn.

Það er líka annað sem er vandamál og það er að eftir því sem meiri brennisteinn er í kolunum, og reyndar fylgir það sjálfkrafa auknu brennisteinsinnihaldi í kolum, þá verður meira um þungmálma í kolunum og alls konar eiturefni sem við vothreinsunina fara öll í sjó fram þannig að við fáum þá mengun sjávar í nágrenni við álverið af völdum þungmálma og annarra eiturefna. Vothreinsibúnaður er því mjög varhugaverður í þessu sambandi einmitt vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem hér eru. Ég tel þess vegna miklu skynsamlegra að ná fram samkomulagi um að brennisteinstvíildismálið verði leyst með öðrum hætti og þar bind ég miklar vonir við það að innan fárra ára verði farið að hreinsa brennisteininn úr kolunum áður en skautin eru framleidd. Síðan er talið að um aldamótin verði farið að nota þessi óeyðanlegu rafskaut úr sjaldgæfum jarðmálum þannig að þá þarf ekki að tala neitt meira um brennisteininn.

Flúorhreinsunin byggir á fullkomnustu tækni við hreinsun á flúor úr reyknum úr kerum sem völ er á í heiminum í dag. Reyndar talaði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson um það að Pechineytæknin sem hefur verið valin til notkunar í hinu nýja álveri, sem á að rísa á Keilisnesi, sé verri en í Straumsvík, þ.e. sú tækni sem er notuð í Straumsvík. Þetta hlýtur nú að vera á misskilningi byggt því að af öllum sérfræðingum sem fjalla um álver og álbræðslur er talið að einmitt Pechineytæknin við hreinsun á flúor úr loftinu frá kerunum sé sú fullkomnasta sem völ er á í heiminum í dag. Það er ekki talið að nein tiltæk tækni sé eins fullkomin og Pechineytæknin. Með Pechineytækni er hægt að ná því fram að flúormengun sem berst með útblæstri út í andrúmsloftið sé minni en $^1/_2$ kg miðað við framleitt tonn af áli. Þegar starfsemi álbræðslunnar í Straumsvík hófst fyrir um 20 árum var flúormengunin sem barst út í andrúmsloftið frá álverinu í Straumsvík á bilinu 15–17 kg af flúor miðað við hvert framleitt tonn af áli. Með þeim breytingum sem lagt hefur verið til að verði gerðar á gamla samningnum um álverið í Straumsvík er stefnt að því að hægt verði að ná þessu niður í rúmlega kg miðað við hvert framleitt tonn af áli. Lengra er ekki hægt að komast í álverinu í Straumsvík miðað við þá tækni sem það byggir á og var tiltæk í heiminum þegar það var reist. Í hinu nýja álveri er gert ráð fyrir því að langtímum saman þurfi flúormengunin ekki að fara yfir $^1/_2$ kg miðað við framleitt tonn á ári. Ég fæ því ekki séð að það sé hægt að gera öllu betur en gert er ráð fyrir í álverinu sem á að byggja á Keilisnesi hvað varðar flúorhreinsunina, enda er það nú svo að því betur sem flúorið er hreinsað úr loftinu frá kerunum og síðan dælt inn í kerin aftur, þeim mun hagkvæmari er reksturinn því að því meira flúor sem sleppur út, þeim mun dýrari og óhagkvæmari verður rekstur álversins. Það er því í raun og veru nauðsynlegt fyrir rekstraraðilana að halda flúormenguninni eins mikið niðri og nokkur kostur er.

Einnig var fjallað um koltvíildismengun og minnst á að á annarri loftslagsráðstefnu sem hin alþjóðlega veðurfarsstofnun Sameinuðu þjóðanna gekkst fyrir í nóvembermánuði sl., þar sem voru mættir allir umhverfisráðherrar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna til að fjalla um þær loftslagsbreytingar sem eru yfirvofandi vegna aukinnar koltvíildismengunar í andrúmsloftinu, skrifuðu Evrópuþjóðirnar undir yfirlýsingu, þ.e. allar Evrópubandalagsþjóðirnar og EFTA-ríkin, þar með talið Ísland, svo og nokkur önnur ríki, svo sem Kanada, Ástralía, Nýja-Sjáland og Japan, þess efnis að löndin lofa að draga svo úr koltvíildismengun að hún verði ekki meiri árið 2000 en árið 1990.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði hvernig við hygðumst standa við þessa yfirlýsingu. Á vegum umhvrn. er starfandi starfshópur sérfræðinga sem er að fara yfir kolsýrumengun hér á landi og ætlar að semja framkvæmdaáætlun um það hvernig megi ná þessu markmiði, að draga svo úr losun koltvíildis út í andrúmsloftið frá Íslandi að það verði ekki meiri kolsýrumengun árið 2000 en hún var árið 1990. Skömmu eftir að hópurinn hafði hafið störf við þessa athugun var samþykkt að víkka umboð hópsins þannig að hópurinn mundi enn fremur skoða brennisteinstvíildismengun á Íslandi og rannsaka þær uppsprettur brennisteinstvíildismengunar sem hér eru og með hvaða hætti væri hægt að hugsa sér að draga úr brennisteinstvíildismengun.

Það er margt mjög athyglisvert sem hópurinn hefur þegar komist að raun um. M.a. er greinilega miklu meiri brennisteinstvíildismengun og sömuleiðis kolsýrumengun á Íslandi en við höfum hingað til talið að væri. Ég hefði gjarnan viljað lesa hér upp nokkrar tölur sem fjalla t.d. um kolsýrumengun sem kemur frá virkjuðum háhitasvæðum. Það er einkennandi fyrir háhitasvæðin að meðan þau eru látin í friði, meðan ekkert er hreyft við þeim, berst töluverð kolsýrumengun frá háhitasvæðum af eðlilegum og náttúrulegum orsökum út í andrúmsloftið. En um leið og farið er að virkja þessi svæði þá eykst sú mengun allverulega. Þannig fara samanlagt um 50.000 tonn af kolsýru á ári hverju út í andrúmsloftið vegna virkjaðra háhitasvæða. Þar ber hæst Kröflu sem sendir 25.000 tonn út í andrúmsloftið og næst Svartsengi sem sendir 16.700 tonn út í andrúmsloftið og Nesjavellir senda 8.600 tonn út í andrúmsloftið. En heildarkolsýrumengun á Íslandi er

um 680.000 tonn sem fara út í andrúmsloftið á ári hverju. Álverið mun skila inn um 77.000 tonnum. Þegar allt er tínt til sýnist okkur því að aukningin sem verður við að byggja álbræðslu á Keilisnesi sé í kringum 10%.

Þá er að sjálfsögðu spurt: Hvernig á að koma í veg fyrir að árið 2000 verði jafnmikil kolsýrumengun frá Íslandi og hún var árið 1990? Svarið við því er að það er hægt að leysa það með ýmsum leiðum. Besta leiðin, sem kemur fram í viðamikilli skýrslu sem hefur verið samin um koltvíildismengun á Íslandi og tillögur að lausnum til að draga úr slíkri mengun og var unnin fyrir umhvrn., er eftirfarandi. Mig langar til að lesa upp úr skýrslunni samantekt, með leyfi virðulegs forseta, þar sem fjallað er um hvernig á að minnka losun koltvíildis. Það er fyrst fjallað um að umhverfisstofnun Bandaríkjanna leggi til eftirtaldar leiðir til að draga úr koltvíildismengun: „Mengunargjald verði sett á mengandi starfsemi, hert lög og reglur, hugað verði að umhverfisáhrifum við stofnun og ákvarðanir, breyta þarf daglegum háttum almennings og rannsóknir á nýrri mengunarlausri tækni verði efldar." Þetta eru almennar athugasemdir. Það er bent á að samgöngur og fiskveiðar valda um $^2/_3$ hlutum af þeirri kolsýrumengun sem verður á Íslandi, þessum rúmlega 700.000 tonnum sem við sendum út í andrúmsloftið af kolsýru á hverju ári.

Enn þá er ekki til mengunarlaus tækni sem getur komið í stað olíu á þessu sviði. Ég er jafnmikill áhugamaður um það og hv. þm. Kvennalistans að það verði gerðar tilraunir með að nota vetni sem orkugjafa, sem eldsneyti, bæði í fiskiskipum og í öðrum vélknúnum farartækjum. Það er hins vegar ansi langt í land með að það sé hægt og ég vil benda hv. þm. Kvennalistans á það, ef það hefur farið fram hjá þeim, að það hefur verið vetnisframleiðsla á Íslandi, þ.e. það má hvort sem er tala um það sem tilraunaframleiðslu eða hefðbundna framleiðslu á vetni sem hér hefur átt sér stað í Áburðarverksmiðjunni síðan um miðbik sjötta áratugarins. Við höfum þess vegna allgóða reynslu af að framleiða vetni með rafgreiningu hér á Íslandi og höfum gert það um langt árabil. Og í sjálfu sér er engin ný tækni komin til sögunnar um það hvernig eigi að framleiða vetni. Það er hægt að gera það á nákvæmlega sama hátt og það er gert í Áburðarverksmiðjunni. Það yrði bara hreinlega stærri og meiri verksmiðja ef við ætluðum að framleiða meira af vetni. Hins vegar er von til þess að kannski á næstu 10–15 árum verði þróaðar vélar sem ganga fyrir vetni og ekki verði kannski langt að bíða eftir því að bæði fiskiskip og farmskip gangi fyrir vetni. En það er ekki alveg á næstu grösum, svo mikið er víst.

Langraunhæfasta og eðlilegasta leiðin til að losa okkur við koltvíildismengunina, það er ekki nokkur vandi fyrir Íslendinga að standa við þá yfirlýsingu sem gefin var í Genf í nóvember sl., er einfaldlega sú að planta meiri skógi og græða landið upp. Landgræðsla og skógrækt eru nefnilega einu raunhæfu leiðirnar þegar til skamms tíma er litið sem við höfum tiltækar til að draga úr koltvíildismengun hér á landi. Binding koltvíildis í gróðri og jarðvegi landsins getur veitt okkur nokkurra áratuga frest til að leysa svo mengunarvandann. Því við getum hreinlega hirt upp alla kolsýrumengunina með því að auka trjárækt og græða upp landið. Enda er þetta sú tillaga sem vísindamennirnir, sem komu saman í Genf í nóvember sl. á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, lögðu til. Það var mjög athyglisvert og fróðlegt að hlýða á fyrirlestra sem þar voru haldnir um þessi mál. Þar kom fram sú niðurstaða vísindamannanna að langauðveldasta og besta leiðin væri sú að planta nýjum skógi og auka gróður á jörðu. Vísindamennirnir sögðu að ef hvert mannsbarn á jörðinni mundi planta út fjórum trjám árlega þá væri hægt að koma í veg fyrir að sú hitastigsaukning sem allir óttast eigi sér stað og þar með væri hægt að losa heiminn við kolsýruvandamál í eitt skipti fyrir öll ef þessu markmiði væri náð.

Það er mjög athyglisvert að þetta er nákvæmlega það sama sem Íslendingar gerðu árið 1990. Þá var plantað hér u.þ.b. fjórum trjám fyrir hvern íbúa landsins. Við stóðum því við okkar hluta af þessari tillögu. Ef heimurinn fylgdi því eftir þá væri um það að ræða að árlega væri plantað út skógi á svæði sem væri aðeins stærra en nemur flatarmáli Íslands. Við getum leyst kolsýruvandamálið með því að veita hér auknum fjármunum til landgræðslu og skógræktar.

Varðandi aftur brennisteinstvíildið þá er brennisteinstvíildislosun frá Íslandi á hverju ári í kringum 15.000 tonn sem er umtalsvert meira en hingað til hefur verið talið. Þetta eru þær niðurstöður sem sérfræðingahópurinn hefur komist að við grófa samantekt á þeim uppsprettum brennisteinstvíildislosunar sem hér er að finna. Af völdum gasolíu eru losuð 1.000 tonn rúmlega út í andrúmsloftið á ári hverju. Vegna svartolíunotkunar á Íslandi eru losuð 2.700 tonn árlega af brennisteinstvíildi. Kolanotkun í iðnaði leggur til um 500 tonn. Álverið í Straumsvík leggur til í kringum 1.000 tonn og Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga leggur til tæplega 2.000 tonn af brennisteinstvíildi á ári hverju sem fer út í andrúmsloftið. Síðan kemur langstærsti skaðvaldurinn, sem gerir álbræðslu á Keilisnesi hálfgerðan dverg við hliðina á því sem þar er að gerast, en það eru virkjuðu háhitasvæðin.

Það er einu sinni svo að frá háhitasvæðunum kemur mikið magn af brennisteinsvetni. Hingað til hafa sérfræðingar deilt um hvað verði um þetta brennisteinsvetni, en eftir viðamiklar athuganir á því hafa færustu sérfræðingar þessa lands, sem eru í svokölluðu kolsýrunefndinni, komist að raun um og eru sammála um að brennisteinsvetnið oxast tiltölulega fljótt yfir í brennisteinstvíildi. Losun á brennisteinsvetni frá háhitasvæðunum þýðir þess vegna nákvæmlega það sama og að losa brennisteinstvíildi frá verksmiðjum þar sem er að finna uppsprettu brennisteinstvíildis.

Mig langar til að grípa hér aðeins niður í skýrslu, sem sérfræðingahópurinn hefur látið mér í té, og fjallar einmitt um þetta vandamál, með leyfi virðulegs forseta. Þar segir svo: „Brennisteinsvetni myndast við niðurbrot ýmissa lífrænna efna og á jarðhitasvæðum. Hér á landi beinast augu manna einkum að jarðhitasvæð-

um, en umtalsvert magn brennisteinsvetnis fer út í loftið á þeim svæðum. Sem dæmi má nefna að frá Nesjavöllum er gert ráð fyrir að um 7.000 tonn af brennisteinsvetni fari út í loftið á ári þegar virkjunin er komin í fulla stærð. Brennisteinsvetni er ekki stöðugt efni og oxast það tiltölulega fljótt í brennisteinstvíildi. Meðallíftími þess er talinn vera um einn sólarhringur. Því má líta á brennisteinsvetni að stórum hluta sem viðbót við brennisteinstvíildi í lofti. Við sérstakar aðstæður á sér stað oxun á brennisteinsvetni í brennistein sem fellur þá út og er stöðugt efni. Þetta sjá menn m.a. í þéttivatni á hverasvæðum þar sem brennisteinn fellur út. Brennisteinsoxíðin, brennisteinstvíildi, SO_2, og brennisteinsþríildi, SO_3, eru gastegundir í andrúmsloftinu. Brennisteinsþríildi er búið til í miklu magni til iðnaðarframleiðslu ýmiss konar. Mestur hluti þess er notaður til framleiðslu brennisteinssýru. Það er einnig notað til sótthreinsunar í framleiðslu sápuefnis, til bleikingar og svo mætti lengi telja. Af þessu má vera ljóst að hluti brennisteinstvíildisins kemur frá iðnaði þar sem það er notað sem hráefni. Langstærsti hluti þess myndast þó við bruna á jarðefnaeldsneyti sem inniheldur brennistein. Um 70% alls brennisteinstvíildis í lofti myndast við brennslu kola en þau innihalda yfirleitt á bilinu 1–4% af brennisteini bundinn í mismunandi efnasamböndum.

Mjög erfitt er að leggja mat á hversu stór hlutì af heildarmagni brennisteinstvíildis fer út í andrúmsloftið við eldgos og á jarðhitasvæðum en menn giska á að það magn sé um 1–10%. Árið 1970 er reiknað með því að um 34,6 millj. tonna af brennisteinsoxíðum hafi farið út í loftið í Bandaríkjunum einum saman."

Hér má svo við bæta að það er talið að heildarlosun á brennisteinstvíildi í öllum heiminum af mannavöldum sé á hverju ári um 96 millj. tonna. Þar af losa öll álver sem eru í rekstri í heiminum í dag um 200.000 tonn eða 0,2%. Langstærstur hlutinn kemur, eins og hér hefur verið sagt, vegna brennslu á jarðefnaeldsneyti og þá fyrst og fremst í kola- og olíuorkuverum. Dagsskammturinn frá meðalorkuveri er eins og ársskammtur frá venjulegu álveri. Þetta er kannski ástæðan fyrir því að iðnaðarríkin hafa ekki horft svo mjög til brennisteinstvíildismengunar frá álverum því að þau eru hreinir dvergar í samanburði við flestan annan sambærilegan iðnað, t.d. kolaorkuverin.

Það hefur verið metið að brennisteinstvíildismengun frá Nesjavöllum í fullum rekstri sé í kringum 11.600 tonn meðan aftur brennisteinstvíildismengunin sem yrði frá álveri á Keilisnesi, miðað við u.þ.b. hámark 2% brennisteinsinnihald í rafskautum, yrði um 4.800 tonn á hverju ári. Brennisteinstvíildismengunin frá Nesjavöllum er þar með rúmlega tvöfalt meiri, langleiðina í þrefalt meiri, en hún verður frá álverinu á Keilisnesi og þá er ekki búið að reikna út, því miður hefur sérfræðingahópurinn ekki enn þá lokið þeirri vinnu, brennisteinstvíildismengun frá öðrum háhitasvæðum. (**HG:** Hver er krafan um brennistein í rafskautum?) Hún er í kringum 2%.

Með því að taka saman allar þær uppsprettur sem við höfum nú þegar fundið þar sem brennisteinstvíildi er losað út í andrúmsloftið á Íslandi má búast við að aukningin sem verður vegna reksturs álbræðslu á Keilisnesi verði í kringum 20% en ekki 60–70% sem áður var talið. Það stafar einfaldlega af því að lengi vel hefur verið talið að brennisteinstvíildismengun á Íslandi sé miklu minni en hún er í raun og veru. Mér þykir leitt að sjá það að í þeirri áætlun um varnir gegn loftmengun sem Norðurlandasamstarfið hefur látið gera, þ.e. ráðherranefndin hefur látið vinna sérstaka framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun, er heildarbrennisteinstvíildismengun frá Íslandi talin vera um 3.000 tonn en hún er miklu, miklu, miklu meiri.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og reyndar fleiri spurðu hvort við hefðum kynnt okkur álver og farið í skoðunarferðir í öðrum löndum. Því get ég svarað játandi. Eins og ég segi fór ég sjálfur ásamt starfsmanni ráðuneytisins í skoðunarferð til álversins í Sundsvall í Svíþjóð þar sem okkur gafst tækifæri til að skoða einmitt fortíðina og nútíðina vegna þess að þar getur að sjá gamalt álver í rekstri sem er mjög mengandi, sérstaklega innan húss, því að með sérstakri hreinsun sem þar fer fram tekst að halda losun út í andrúmsloftið í skefjum. Að hluta til hefur þar verið reist alveg nýtt álver með nýrri tækni og þar sér maður tvo mismunandi heima. Annars vegar gömlu tæknina þar sem ekki sér á milli veggja í kerskálanum fyrir dökkum reykmekki frá bræðslunni en í nýja hlutanum, þar sem fór fram gagnger endurbygging á þeim hluta fyrir nokkrum árum, líklega upp úr 1980, hefur verið beitt nýjustu og fullkomnustu tækni til mengunarvarna, enda er allt annað að labba þar um. Það er hægt að labba um í kerskálanum án þess að það fyrirfinnist vottur af reyk eða neinum óhreinindum að því er sést.

Í gamla álverinu eru vothreinsiturnar en vothreinsibúnaður fyrirfinnst mjög víða, bæði í Noregi og í Svíþjóð. Það var sú tækni sem var notuð þegar gömlu álverin voru byggð áður en kom til þurrhreinsibúnaðar í sambandi við flúorhreinsunina. Vothreinsibúnaðurinn var fyrst og fremst settur upp til að hreinsa flúorið úr reyknum sem var settur út í andrúmsloftið og sömuleiðis tjöruna úr kolunum, vegna þess að gömlu álverin notuðu öll svokallaða Söderberg-tækni þar sem kolin eru sett ofan í stórt stálker og síðan bráðna þau neðst og þá síga kolakögglarnir niður og fæða eldinn hægt og sígandi. Í nýjum álverum eru kolin steypt í klossa á enda stálstanga og síðan fer fram svokölluð bökun á kolunum þannig að tjaran er hreinsuð úr þeim við háan hita í ofni. Því er til hugtakið forbökuð skaut, þar sem búið er að hreinsa tjöruna úr kolunum. En í gömlu álverunum er þetta ekki gert og þar af leiðandi var nauðsynlegt að hreinsa tjöruna sem barst með reyknum út í andrúmsloftið. Það var gert með vothreinsibúnaði. Vothreinsibúnaðurinn var fyrst og fremst settur upp til þess að gera tvennt, hreinsa flúorið og hreinsa tjöruna. Það að hann hreinsar ágætlega brennisteinstvíildi kom svona sem aukabúgrein sem var ekki megintilgangurinn með vothreinsibúnaðinum. Honum var ætlað að hreinsa tjöruna úr reyknum og flúorið en að sjálfsögðu kom það til góða að hann hreinsar ágætlega brennisteinstvíild-

ið en setur það í sjó fram í staðinn eins og ég gat um áðan.

Ég get farið að stytta mál mitt, virðulegur forseti. Ég held að ég hafi farið allítarlega yfir málið og eftir er að fjalla aðeins um sjálft starfsleyfið. Við höfum samið drög að starfsleyfi og ég er hér með uppkast að starfsleyfinu. Ég held að ég geti fullvissað hv. þm. um það að í þessu starfsleyfi eru gerðar mjög strangar og miklar kröfur um allar mengunarvarnir og það er gerð krafa um það að fullkomnustu tækni sem völ er á verði beitt til mengunarvarna. Það er annað sem ég tel að sé mjög mikilvægt sem náðist fram í sambandi við forsendur fyrir þessu starfsleyfi, en það eru umfangsmeiri mælingar og eftirlit með öllum mengunarþáttum og í raun og veru öllu því sem er að gerast í álverinu hvað varðar áhrif þess á umhverfið en þekkist í nokkru álveri í rekstri í heiminum í dag.

Þetta var einmitt niðurstaða þeirrar samvinnu sem þeir sérfræðingar sem störfuðu fyrir umhvrn. náðu á fundum með fulltrúum fyrirtækjanna sem fyrirhuga að byggja álver á Keilisnesi og hefði ekki náðst fram nema einmitt með þeim hætti að hafa samráð og hafa svolitla samvinnu um það hvaða forsendur væru í gildi fyrir rekstrinum og með hvaða hætti mengunarvörnum yrði við komið.

Ég held að allir sem hafa komið nálægt þessu máli séu mjög ánægðir með þessa niðurstöðu því að með þessum viðamiklu mælingum og með því eftirliti sem þarna er gert ráð fyrir ætti að vera hægt að vaka betur yfir öllu sem þarna er að gerast og með þeim hætti er kannski tryggt að mengunarvarnir verði sem fullkomnastar og bestar. Einmitt þetta eftirlit, þessar sífelldu mælingar, sem fara fram þarna á öllum þeim atriðum sem varða áhrif álversins á umhverfið, er besta tryggingin fyrir því að fullkomnum mengunarvörnum verði komið við í álverinu.

Það er ekki búið að ljúka endanlega gerð starfsleyfisins og ég get lýst því að það hefur legið niðri um nokkurt skeið vinna í sambandi við undirbúning að útgáfu starfsleyfis, af ýmsum orsökum, þannig að við erum hér með síðustu útgáfu sem var gefin út í lok janúar sl. Sú útgáfa er að okkar dómi mjög ásættanleg og fullnægir vel hagsmunum okkar Íslendinga þannig að þar er mjög tryggt að ekki verði um að ræða nein óþarfa umhverfisspjöll af völdum álvers á Keilisnesi. Ég tel eftir atvikum að við getum vel sætt okkur við þá niðurstöðu sem hér er komin fram. Hvort hún á eftir að taka einhverjum breytingum eða ekki skal ég ekki segja um. Það eru enn þá nokkur ágreiningsmál sem á eftir að fara betur yfir, en þau eru ekki stórvægileg.

Hv. þm. minnir mig hér á að í fréttum í Dagblaðinu 8. febr. sl. kom fram að eitt lítið „og" í stað „eða" gæti breytt merkingu í sambandi við endurskoðunarákvæði sem höfðu þá komið fram í uppkasti og reyndar í þeirri yfirlýsingu sem var undirrituð 4. okt. sl. Ég hef óskað eftir því að þessi ákvæði verði orðuð með öðrum hætti og ég tel, og hef haft mjög náið og gott samstarf við iðnrh. um það mál, að samkomulag muni nást um það að endurskoðunarákvæðin verði orðuð með þeim hætti að við getum verið ásáttir. Ég hef séð tillögur að slíkum texta sem ég tel að sé mjög ásættanlegur fyrir okkur og hef þess vegna ekki neinar verulegar áhyggjur af þessu efni. (**HG:** Tillögur frá hverjum?) Bæði frá fulltrúum Íslendinga í samningaviðræðunum og svo hugmyndir hinna erlendu aðila þannig að þetta mál á eftir að ræða til þrautar og komast að niðurstöðu í því. Hún liggur ekki fyrir á þessari stundu. En það er auðvitað alveg ljóst að meginniðurstaðan hlýtur að verða sú að endurskoðunarákvæðin verði með þeim hætti að ef fram komi ný tækni sem verði almennt tekin upp í OECD-ríkjum, þá muni hún einnig verða tekin upp í álverinu á Keilisnesi. Það er meginatriðið og um það held ég að menn séu sammála. En það er rétt að það er ekki búið að ganga frá orðalagi á texta þannig að það komi skýrt fram.

En aðalatriðið er að menn verði sammála um þetta meginatriði að álverið á Keilisnesi muni ávallt vera með fullkomnasta megnunarvarnabúnaði sem völ er á hverju sinni. Um það eru aðilar sammála og það er besta trygging sem við höfum fyrir því að mengunarvarnir verði ávallt eins fullkomnar og hægt er að hafa þær.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að umhverfismálin og reyndar málið í heild sinni hefur verið í nokkurri biðstöðu um nokkurra vikna skeið en ég geri ráð fyrir því, og veit reyndar, að samningafundir eru nú að hefjast af fullum krafti á nýjan leik og þá mun væntanlega verða gengið frá þessum málum öllum í heild sinni. Sú niðurstaða kemur væntanlega til með að liggja fyrir eftir rúman mánuð eða svo og þá fyrst verður hægt að auglýsa starfsleyfi og fara með það í þann formlega feril sem ber, en starfsleyfið þarf að auglýsa. Síðan hafa allir aðilar sem telja sér málið skylt tækifæri til að gera athugasemdir við starfsleyfið á sex vikna tíma. Reyndar er hægt að lengja hann í 12 vikur og að sjálfsögðu munum við kynna starfsleyfið mjög rækilega, bæði fyrir íbúum í Vatnsleysustrandarhreppi og sömuleiðis fyrir heilbrigðisnefndum og Náttúruverndarráði. Það má auk þess benda á að fulltrúi Náttúruverndarráðs, reyndar framkvæmdastjóri ráðsins, átti sæti í þeirri ráðgjafarnefnd sem vann að undirbúningi að útgáfu starfsleyfisins þannig að hann hefur sem slíkur, sem einn nefndarmanna, fylgst mjög náið og vel með því hvaða forsendur við höfum gefið okkur í sambandi við útgáfu á starfsleyfinu og hvaða tæknilegan og vísindalegan undirbúning við höfum látið fara fram til þess að starfsleyfið megi vera eins fullkomið og nokkur kostur er.

Þetta er í stórum dráttum það sem ég vildi segja um þessi mál. Ég hlýddi hér áðan á ræðu hv. 6. þm. Vesturl. Danfríðar Skarphéðinsdóttur. Þar kom enn fram sú skoðun þeirra þingkvenna Kvennalistans að mengunarvarnir í Straumsvík séu ófullnægjandi og í álverum yfirleitt. Ég get út af fyrir sig tekið undir með hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur að mengunarvarnir í Straumsvík eru ófullnægjandi. Það er alveg hárrétt. Hins vegar hefur náðst samkomulag um það að bæta þær verulega og miðað við þá tækni sem framleiðslan í Straumsvík byggir á og það mark sem aðilar hafa orðið sammála um að stefna að á næstu árum held ég

að þær verði fullnægjandi miðað við þær forsendur sem eru fyrir mengunarvörnum í Straumsvík. En það verður aldrei hægt að ná jafngóðum mengunarvörnum í Straumsvík eins og í nýju álveri á Keilisnesi. Það er alveg ljóst. Það er bara samkvæmt eðli málsins.

En ég hef svarað því til hvað líði gerð starfsleyfis. Ég reikna með því að þegar búið er að ganga frá nokkrum smáatriðum í starfsleyfinu, sem verður væntanlega fjallað um á samningafundum og reyndar í samráði við bæði umsækjanda og þá aðila sem koma að málinu hér heima, þá verði hægt að auglýsa starfsleyfið innan tíðar og þá fer það í þann formlega feril sem útgáfa starfsleyfa á að fara í.

Ég þarf varla að fara að lýsa skoðun minni hér á öðrum atvinnumöguleikum frekar en að byggja hér álbræðslu. Mig langar þó aðeins að lokum að fjalla örlítið um ferðaþjónustu af því að ég heyri það oft að í staðinn fyrir að byggja hér mengandi álbræðslu eigum við að auka ferðamannaþjónustu.

Mig langar bara til þess að minna á að umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur beint þeim tilmælum til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna að draga úr ferðamannaþjónustu og minnka straum ferðamanna til aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna vegna þess að ferðamannaþjónusta er einhver mest mengandi atvinnugrein sem fyrirfinnst á jörðinni. Ferðamannaþjónusta, t.d. eins og hún er er rekin á Spáni, hefur valdið meiri umhverfisspjöllum á Spáni heldur en öll álver í Evrópu samanlagt. Ferðamannaiðnaður og ferðamannaþjónusta t.d. í Miðjarðarhafslöndunum hefur valdið svo rosalegum umhverfisspjöllum að það er núna yfirlýst stefna umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna að beina þeim tilmælum eindregið til allra aðildarríkja: Dragið úr ferðamannaþjónustu, reynið að minnka straum ferðamanna til landanna til þess að koma í veg fyrir þau umhverfisspjöll sem ferðamenn valda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur átt gott samstarf við hv. þingheim í dag við að koma málum áfram. Forseti vill nú fara þess á leit að reynt verði að stefna að því að koma þessu máli til nefndar á næsta klukkutímanum, ef hv. þm. mögulega treysta sér til, þar sem ætlunin er að halda hér deildafundi að loknum þessum fundi. Menn vænta að það þurfi ekki að vera mjög langir deildafundir en mikilvægt þó að þeir verði haldnir, þannig að forseti vill fara þess á leit að menn reyni heldur að stytta mál sitt.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér liggur fyrir er viðamikið mál og hafa sumir þingmenn því ekki getað haldið mjög stuttar ræður um það. Það er hins vegar svo að flestir sem hafa talað hingað til hafa verið á móti málinu, en ég er einn af þeim sem hljóta að vera fylgjandi þessu máli. Ég tel að vinna í sambandi við álver sé mjög mikilvæg fyrir efnahagslíf þjóðarinnar á komandi árum og geti haft veruleg áhrif í þá veru hvort hér verður haldið uppi mannsæmandi lífskjörum fyrir þjóðina.

Það er tvímælalaust svo að áhugi iðnrh. á þessu máli er mikill, en það er einnig svo að það eru margir aðrir sem hafa áhuga á þessu máli, þar á meðal fjöldi manna sem gerir sér grein fyrir því að tilkoma nýrra atvinnutækifæra í slíkri stóriðju mun skapa fjölþætta atvinnumöguleika hér á suðurhorninu sérstaklega. Það er nú í fyrsta lagi að það er ekki aðeins vinnan við álverið heldur hefur það sýnt sig við það álver sem núna er þegar risið að það hefur sprottið upp mjög fjölþættur verktakaiðnaður sem hefur þýtt það að atvinnulífið hér, t.d. í Hafnarfirði og víða í kring, hefur orðið miklu öflugra en annars hefði orðið.

Það hefur verið nokkuð rætt um mengunarþátt með slíku álveri og ég get nú ekki orða bundist um það. Það vildi svo til að hæstv. iðnrh. stóð fyrir því að hér komu tveir sérstakir fulltrúar sem unnu í verksmiðju við Mt. Holly í Suður-Karólínu, tvær konur sem voru þar sérstakir mengunarvarnaráðunautar, og skýrðu okkur sem komum á þann fund frá þeim mengunarvörnum sem í því álveri eru. Og ég verð að segja eins og er að eftir þær upplýsingar, sem þessir mengunarvarnafulltrúar gáfu, sýnist mér það vera nokkuð ljóst að mengunarvörnum sé nokkuð vel fyrir komið í slíku álveri og þegar litið sé á ýmiss konar annan iðnað og rekstur, þá séu alls ekki nein vandræði af slíkum iðnaði.

Mér hefur hins vegar fundist það vanta í þessa umræðu að ál er í dag talinn grænn málmur. Og hvað þýðir það? Það þýðir að umhverfisverndarsinnar telja ál þann málm sem þeir leggja áherslu á að notaður verði í framtíðinni vegna þess að ál er einhver hagkvæmasti málmurinn til endurvinnslu, þ.e. þegar við tökum t.d. stál og endurvinnum það, þá notar endurvinnslan jafnmikla orku og við upphaflegu vinnsluna en þegar ál er endurunnið, þá mun að vera um það bil 10% af upphaflegu orkunni sem fer í það að endurvinna álið. Þess vegna er það, að ég má segja, að flestir stærstu bílaframleiðendur heimsins hafa ákveðið að ál muni í auknum mæli verða notað við bílaframleiðslu. Þeir sjá það að þeir muni geta endurnýtt þann málm þegar bifreiðunum er lagt og þá muni vera tiltölulega ódýrt að endurvinna þann málm. Þess vegna er álframleiðsla mjög jákvæð framleiðsla af málmum að vera og talinn grænn málmur.

Þá er það einnig svo að vegna léttleika álsins hefur það líka þau jákvæðu áhrif að þegar ál er t.d. orðið stærsti hluti í málmsamböndum bifreiðar, þá verður hún miklu léttari og þarf því miklu minni orku til að aka þeirri bifreið. Þetta ásamt ýmsum öðrum upplýsingum lýtur að því að ál sé mjög jákvæð framleiðsla. Ég ímynda mér að með þeirri nýju bifreið sem General Motors er að setja núna á markaðinn, sem er knúin rafmagni, verði rafmagn og ál sameiginlega grundvöllur fyrir því að mengun muni fara mjög minnkandi hér á Vesturlöndum.

Það var hins vegar fróðlegt á dögunum að fylgjast með umræðu í Noregi um náttúrugas og notkun þess í Noregi, en ýmsir umhverfissinnar hafa lagst gegn því að það gas verði notað í Noregi vegna þess að það muni minnka þann kvóta, eins og menn vilja kalla um

þau eiturefni sem sleppa út í loftið við notkun á slíku gasi. En þá hafa þeir menn sem best þekkja til þar sýnt fram á það að auðvitað sé ekkert verra að það sé notað í Noregi heldur en t.d. í Mið-Evrópu þar sem mengun er þegar svo mikil að það er ekki á bætandi, auk þess sem Norðmenn hafa bent á það að trjárækt í Noregi gerir meira en að uppfylla allar vonir manna um minnkun á koldíoxíði í lofti, og hinar grænu plöntur muni éta upp koldíxoíðið sem fer út í andrúmsloftið í Noregi.

Þetta munum við líka geta lagt meiri áherslu á, að við byggjum upp okkar skóga og gróður sem mun þá vega á móti slíku, en hitt er annað mál að ef við færum nú að þeim tilmælum sem menn hafa verið að tala um hér um mengunaráhrifin, þá mætti alveg eins hugsa sér það að við bönnuðum eldgos því að mesta mengunin á Íslandi í gegnum tíðina er náttúrlega í gegnum eldgos og náttúruhamfarir. Og það sjá allir að við gætum auðvitað ekki gert það. En hitt er annað mál að ég tel að sú bygging á álveri sem hér er verið að vinna að sé stórkostlega jákvæð fyrir íslenskt samfélag og fyrir efnahagslífið.

Við þingmenn Reykjaness höfum séð það og erum allflestir sannfærðir um það, held ég ég megi segja, að einum undanskildum, að það að reisa verksmiðju á Suðurnesjunum er besta staðsetningin á landinu til slíkra hluta, bæði með tilliti til umhverfismála, með tilliti til samgangna, með tilliti til samgangna við útlönd og flutninga til fyrirtækisins, þannig að við teljum að það sé jákvæð staðsetning sem hefur nú verið ákveðin á þessu fyrirtæki.

Meginákerslan er auðvitað sú að öll íslenska þjóðin njóti hagsældar sem slíkt fyrirtæki kemur til með að veita okkur. Og þá er auðvitað mjög mikilvægt að skattareglur fyrirtækisins séu þannig úr garði gerðar að við græðum á þessu skattalega og að orkusalan sé okkur hagstæð. Þetta eru kannski þau tvö atriði sem skipta miklu máli. Ég tel að þeir menn sem sitja í Landsvirkjun og þeir menn sem vinna að þessum málum séu það miklir Íslendingar að þeir muni ná hagstæðum samningum í þessum atriðum og það muni verða landi og þjóð til mikillar hagsældar að hér verði reist álver í framtíðinni.

Ég hef heyrt menn hafa uppi ýmsa meinbugi varðandi það að hér rísi álver, en ég tel alveg ótvírætt að þeir meinbugir séu í mörgum tilfellum byggðir á misskilningi, vanþekkingu og hreint og beint öfgum. Að það sé svo að menn lifi enn þá í fortíðinni, átti sig ekki á því að það eru breyttir tímar, breyttar forsendur fyrir umhverfisvænum áhrifum í slíku álveri og fyrir ýmsu öðru því sem menn hafa dregið fram neikvæðu, þannig að ég tel að þessi framkvæmd muni á allan hátt stuðla að hagvexti og betri kjörum hér á landi.

Ég vil líka undirstrika aftur hér að álið sem grænn málmur verður í vaxandi mæli notaður í framtíðinni vegna þess að menn telja það þann málm sem best og hagstæðast er að nota til framleiðslu á bæði bifreiðum og öðrum hlutum einfaldlega af því að það er svo hagstætt að endurvinna ál miðað við aðra málma. Ég hef þegar heyrt þá umræðu erlendis að margir umhverfissinnar líta mjög jákvæðum augum á þennan málm og ég hygg að í framtíðinni verði einmitt álver talið mikilvægt til að framleiða þennan umhverfisvæna málm sem mun skapa okkur betri og öruggari heim í framtíðinni.

Ég gæti út af fyrir sig sagt töluvert meira um þetta mál en hafði ekki hugsað mér að hafa það mál mjög langt nú af því að eins og þjóðinni er kunnugt hefur verið allítarleg umræða um málið þó að við sem erum sannfærðir um ágæti málsins höfum ekki tekið mikið til máls hér. En ég vil undirstrika það að ég tel að álver eigi að rísa, það sé til heilla fyrir þjóðina, bæði efnahagslega og það sé sómi að því frá umhverfissjónarmiðum því að grænn málmur eins og ál mun í auknum mæli í framtíðinni verða notaður og talið af umhverfissinnum mikilvægt að við notum meira af áli heldur en stáli og öðrum málmum í framtíðinni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdótir spurði mig að því hvað ég hefði átt við þegar ég talaði um samninga sem hefðu verið gerðir. Ég heyri að mér hefur orðið þar á mismæli því að ég á við samninga sem verið er að gera, að sjálfsögðu. Sem sagt að ég hefði talið að mörgu leyti æskilegt að t.d. fulltrúi Kvennalistans hefði komið að þeim samningum sem verið er að gera. Það er náttúrlega ekki búið að ljúka samningum en það eru komnir mjög mikilvægir áfangar, mjög mikilvægir og stórir áfangar í þessa samninga sem við erum hér að ræða um, svo ég vil leiðrétta það. Mér hafa orðið þarna á mismæli, það er ekki búið að ljúka samningum, að sjálfsögðu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ein mikilvægasta spurningin á sviði íslenskra þjóðmála er hvernig við verndum og nýtum best íslenskar auðlindir og umhverfi. Þessi þáttill. fjallar einmitt um það. Það er því að vonum að um hana hafi spunnist nokkrar umræður því að spurningin er vissulega mikilvæg.

Það er mitt álit að Atlantsálsverkefnið sé einmitt mjög heppilegt til þess að nýta og vernda íslenskt umhverfi og auðlindir til þess að tryggja hér atvinnu og framfarir í landinu. Með þessu er það ekki sagt að stóriðja sé einhver allsherjarlausn á okkar atvinnumálum. Því fer fjarri. En við megum ekki sitja af okkur þetta tækifæri til þess að nýta orkulindir landsins á hagkvæman hátt og hátt sem hér mun skapa gott starfsumhverfi því að það er því miður allt of útbreidd skoðun að álver, nútímaálver séu umhverfisspillandi vinnustaðir og, eins og hv. 6. þm. Vesturl. sagði, heilsuspillandi. Þetta er röng mynd af þeim nýju aðstæðum sem eru í nútímaálverum.

Ég mun ekki lengja þessa umræðu með löngu máli að þessu sinni. Ályktunarorð till. sem hér er til umræðu bera það glöggt með sér að málið verður lagt fyrir Alþingi að nýju þegar endanlegir samningar hafa tekist og þá gefst tækifæri til þess að fjalla nánar um einstök atriði þeirra og áhrif þeirra. Ég ætla hér eingöngu að svara nokkrum mikilvægustu spurningunum

sem til mín hefur verið beint og víkja í stuttu máli að veigamiklum efnisatriðum.

Mig langar áður en ég vík að því að minna á að þetta mál, Atlantsálsverkefnið, nýtur mjög mikils stuðnings meðal almennings í þessu landi. Það hafa skoðanakannanir sýnt mjög glöggt og það sýna líka tugir, hundruð orðsendinga, skeyta og annarra forma á þeim orðsendingum sem ég hef fengið hvaðanæva af landinu síðustu tvo sólarhringa.

Hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson gerði mat á áhrifum álvers á landsframleiðsluna á framkvæmdatímanum sérstaklega að umtalsefni. Hann gerði mikið úr samanburði talna milli þess sem segir í greinargerð með skýrslunni sem hér liggur líka fyrir þinginu og viðauka við hana frá Þjóðhagsstofnun. Þar er fyrst og fremst um mun að ræða sem stafar af mismunandi tímasetningum í þessum áætlunum og að nokkru leyti af því sem heitir á góðu máli „afrúnningi" en kjarninn er alveg óbreyttur. Aðalatriðið er óumdeilt, þ.e. að varanleg áhrif álvers og tengdra framkvæmda leiði til 4% aukningar landsframleiðslunnar varanlega. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur munu einnig aukast. Þetta er kjarni málsins. Við þurfum þessa viðbót við íslenskan þjóðarbúskap.

Hv. 10. þm. Reykn. vék hér í alllöngu máli að hagstjórn á framkvæmdatímanum. Það er laukrétt hjá þingmanninum að þær almennu aðgerðir, sem bent er á í skýrslu sérfræðinganefndar iðnrn. um þjóðhagsleg áhrif stóriðju, eiga jafnan við, ekki eingöngu við þetta tiltekna mál. En þessar aðgerðir, slík hagstjórn er sérstaklega mikilvæg á framkvæmdatíma álversins og á það er einmitt lögð áhersla í þessari greinargerð.

Hæstv. umhvrh. hefur fjallað hér í löngu máli um umhverfisþætti þessa máls. Mig langar þó að víkja nokkrum orðum að sumu af því sem til mín var beint í umræðunni og varðar umhverfisþættina. Ég nefni þar að hv. 6. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Norðurl. e. héldu því fram við umræðuna að ný álver byggi hvergi á raforku sem unnin er úr kolum. Þessi staðhæfing þeirra er ekki rétt. Ég nefni sem dæmi að eitt þeirra landa, Ástralía, sem veitir okkur mjög harða samkeppni sem staðarvalkostur á þessu sviði vinnur raforku til nýrra stóriðjuvera með kolum. Í Ástralíu fá fimm álver raforku frá kolaraforkuverum og það nýjasta af þessum fimm hóf bræðslu árið 1987. Samtals hafa þessi fimm álver, sem nota kolaraforku, rúmlega 1100 þús. tonna ársframleiðslu. Útblásturinn vegna þessara fimm álvera af koltvísýringi er 10 sinnum meiri en frá Atlantsáli miðað við núgildandi áætlanir á hvert tonn af áli.

Við Persaflóann þar sem eru álver, og þar eru líka ráðgerð álver eða hafa verið, þar er orkan fengin frá orkuverum sem brenna jarðgasi. Norðmenn vinna nú að athugunum á notkun jarðgass til raforkuvinnslu fyrir álverin þannig að það þarf alls ekki að tala um það að álver á Íslandi komi í stað mengandi álvera í Evrópu sem nota kolakynt raforkuver sem orkugjafa. Þetta er í raun og veru á jaðrinum spurning um það hvort viðbótin í álframleiðslunni sem nauðsynleg er fæst með vatnsorku, tiltölulega hreinni og mengunarlausri, eða frá kolakyntum raforkuverum.

Hv. 2. þm. Austurl. fjallaði í sínu máli eðlilega um útblástursmörk og innti eftir ákvæðum starfsleyfisins í því efni. Umhvrh. vék nokkuð að þessu í sínu máli og eins og fram kom hjá honum, þá liggur endanleg niðurstaða ekki fyrir um útblástursmörkin. En mig langar til að benda á mynd nr. 7 á bls. 45 í skýrslunni þar sem gefið er yfirlit um lofthreinsun í álveri af þeirri gerð sem áformað er að reisa hér á Keilisnesi. Þar eru líka sýndar viðmiðunartölur um efri mörk fyrir útblástur. Um tæknilega lýsingu er að ræða en hún gefur þó mjög glögga vísbendingu um útblástursmörkin sem þingmaðurinn hafði áhuga á.

Hv. 2. þm. Austurl. lét sér líka nokkuð tíðrætt um orðalag 6. gr. aðalsamnings í þeim drögum sem fyrir liggja. Ég mun ekki hér fjalla í einstökum atriðum, orð fyrir orð, lið fyrir lið um greinina, en megininntak hennar er að við endurskoðun starfsleyfis verði reynt að tryggja að mengunarvarnir verði hér sambærilegar þeim sem eru í OECD-ríkjunum og að ný tækni við umhverfisvarnir sem tekin verður almennt í notkun í OECD-ríkjunum við svipaðar aðstæður verði innleidd hér. Ég vísa líka til þess sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. að það orðalag sem þarna er á blað fest er til umræðu og ég hef á því trú að við munum geta tryggt með mjög öruggum hætti að endurskoðun starfsleyfisins fullnægi ýtrustu kröfum okkar um mengunarvarnir.

Sannleikurinn er sá að starfsmenn umhvrn. og þeirra tæknistofnana sem með þeim hafa unnið að gerð starfsleyfisins hafa unnið mjög gott starf og leitað víða fanga og ég hugsa að það sé rétt að þetta verði eitthvert vandaðasta starfsleyfi sem nokkru sinni hefur verið gefið út fyrir álver, og þá er alveg sama í hvaða land væri leitað.

Hv. 2. þm. Austurl. vék í sínu máli líka að skatttekjum og þeim áætlunum sem um þær hafa verið gerðar. Hann spurði sérstaklega eftir núvirði skattteknanna. Mig langar að benda á að skatttekjurnar sem fram koma á bls. 10 í skýrslunni eru, eins og þar er skýrt fram tekið, á föstu verðlagi. Ef við miðum við 5,5% raunvexti, eins og víða er gert í þessum áætlunum, þá yrði núvirði skattanna af álverinu á fyrstu 20 starfsárunum — en auðvitað mun álverið starfa miklu lengur þannig að hér er verið að draga úr tölum en ekki bæta við þær — í fyrsta lagi fasteignaskattarnir, um 600 millj. kr., í öðru lagi veltuskatturinn, 1 milljarður kr., í þriðja lagi eignarskattarnir, um 100 millj. kr., og í fjórða lagi stimpilgjöld, um 50 millj. kr. Það er erfiðara að áætla núvirði tekjuskattsgreiðslnanna af því að þær raðir eru óstöðugri en þær gætu legið á bilinu 5–7 milljarðar kr. á núvirði eftir því hvernig álverðið þróast.

Eins og marka má af þeim tölum sem ég hef rakið er hér um að tefla stórfé, en reyndar er það svo að hér dugar ei minna, eins og skáldið sagði. Við erum hér að tala um geysilega mikilvæga viðbót við fjárstofna hins opinbera eins og við fjárstofna almennings sem þó skiptir meira máli.

Hv. 2. þm. Austurl. spurði hvað hefði breyst í drögum að orkusamningi frá því að yfirlýsingin, samkomu-

lagið, var undirritað 4. okt. 1990. Mig langar til svars að minna á það að yfirlýsingin, samkomulagið, var staðfesting á nokkrum meginatriðum orkusölu til Atlantsáls. Flest þeirra meginatriða, öll reyndar ef maður lítur rétt á, standast. Það var hins vegar skýrt fram tekið þá að eftir stæði að ljúka nokkrum atriðum í samningagerðinni og smáatriðunum í textanum. Það hefur miðað mjög vel í samkomulagsátt í viðræðunum frá því í október sl., m.a. varðandi endurskoðunarákvæði orkusamningsins, og er að því vikið í nokkuð ítarlegu máli á bls. 61 í þessari skýrslu. Ég tel að þar sé brotið upp á nýjum leiðum í sambandi við endurskoðun sem tryggi jafnræði milli aðilanna og sanngirni í skiptum þeirra á milli, komi eitthvað það upp á í þróun orkuverðs og umhverfisskilyrða allra í efnahagslegum skilningi sem raski högum manna eða aðila umfram það sem fyrirsjáanlegt var.

Mörg tæknileg ákvæði hafa líka verið til umræðu á þeim mánuðum sem liðnir eru og hafa tekið breytingum sem ekki er unnt að gera hér nánari skil. Ákvæði um ábyrgðir vegna þessara framkvæmda eru nú langt á veg komin en þau voru einmitt ekki mjög þroskuð þegar skrifað var undir samkomulagið í októberbyrjun.

Hv. 2. þm. Austurl. spurði líka um endurmat á ýmsum forsendum, um mat á hagkvæmni orkusölunnar til álversins, m.a. um raunvexti, um álverð, um raungengi og fleira. Eins og kemur glöggt fram á bls. 22 í skýrslunni og reyndar í fskj. 3 er nú unnið að endurmati á öllum þessum stærðum en niðurstaðan liggur enn ekki fyrir.

Samninganefnd á vegum stjórnar Landsvirkjunar sem skipuð var að nýju í október 1990 hefur unnið mikið og gott starf. Þegar orkusölusamningurinn verður lagður fyrir Alþingi, sem fylgiskjal með heimildarlagafrv. í haust, mun ítarleg greinargerð um þróun og niðurstöður þeirra viðræðna fylgja. Mig langar þó að benda á að miðað við það sem stýrði hér umræðum um áramótin síðustu og í janúar, þá hefur gengi Bandaríkjadollars mjög styrkst í kjölfar Persaflóastríðsins, sem nú er sem betur fer á enda runnið. Vextir á Bandaríkjadollaramarkaði eru nú lágir og lækkandi. Ýmislegt hefur því á síðustu vikum hneigst til betri áttar frá því sem áður var.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. og reyndar fleiri hafa í þessum umræðum haldið uppi nokkurri gagnrýni á ákvörðunina um staðarvalið. Reyndar, þótt ég eigi erfitt með að skilja það, hefur það líka verið gagnrýnt að ítarlegar viðræður fóru fram við sveitarfélög þar sem helst þótti til greina koma að staðsetja álverið. Það er nú reyndar ofvaxið mínum skilningi hvernig staðarvalið gat farið fram án þess að slíkar viðræður ættu sér stað. Þeirri gagnrýni er ítarlega svarað í skýrslu sem ég gaf Alþingi í októberbyrjun 1990. Þeir sem vilja taka tíma til að lesa þá skýrslu og mjög ítarlegt fylgiskjal með henni um staðarval fyrir álverið hljóta að átta sig á því að þar var um sérlega vandaðan undirbúning að ræða. Reyndar vildi ég líka láta þess getið að þeir staðir sem höfðu lagt í kostnað vegna þessa staðarvals hafa fengið mjög ríflega þátttöku frá ríkinu í þeim kostnaði eftir að ljóst varð að hann nýttist þeim ekki þegar, þótt í mörgum tilfellum hafi þar verið um að ræða verkfræðilegar undirbúningsathuganir og mat á aðstæðum sem munu um langan aldur nýtast þessum stöðum þegar þeir eru að bjóða fram sína kosti sem staðsetning fyrir iðnað af öðru tagi. Forsendur staðarvalsins eru alveg ljósar. Niðurstaðan er skynsamleg, ekki síst frá sjónarmiði umhverfismála.

Í umræðum var því nokkuð haldið fram að ætlunin væri að kaupa jörðina Flekkuvík fyrir 300 millj. kr. Þetta var staðhæft af nokkrum þeim sem hér töluðu. Þetta er rangt. Það hefur komið skýrt fram að heimildin til lántöku, sem eftir er sóst, er vegna kaupa á löndum úr jörðunum Minni- og Stóru-Vatnsleysu ásamt mannvirkjum og undirbúningskostnaði vegna lóðaöflunar auk Flekkuvíkur. Reyndar er það nú svo að í þeirri tillögu til lánsfjárheimildar sem liggur fyrir hv. Nd. er ekki lengur nein fjárhæð. Það var reyndar það upphaflega form sem ég hefði kosið að hafa á þessu og er nú aftur að því horfið. Kaupin á jarðnæðinu er mjög skynsamleg framtíðarfjárfesting, á einu besta landsvæði til stóriðju sem völ er á hér á landi.

Hv. 6. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Norðurl. e. gerðu það að umtalsefni að ál væri einhvers konar sérstakur hergagnamálmur og væri þess vegna forkastanlegt að binda sitt trúss við slíka framleiðslu. Þetta er á miklum misskilningi byggt. Notkun áls í hergagnaframleiðslu er hverfandi, eins og kom reyndar fram við umræðurnar um skýrsluna um stöðu samninga um nýtt álver í október sl. Svo að ég taki dæmi, þá held ég að það fari einungis 1–2% af álframleiðslu heimsins til flugvélasmíða og til hernaðarnota fer þar mjög lítill hluti af þessum 1–2%. Notkun áls er eins og kunnugt er mest í byggingariðnaði og umbúðaiðnaði og það er gert ráð fyrir verulegri aukningu í þessum greinum.

Virðulegi forseti. Að loknum þessum löngu umræðum stendur meginniðurstaðan óhögguð. Bygging og rekstur álvers er þjóðhagslega hagkvæmur kostur og skynsamleg nýting orkulindanna til atvinnuuppbyggingar. Vegna ummæla hv. 6. þm. Vesturl. vil ég taka það fram að þegar að er gáð þá styður stóriðjan almennan iðnað og þjónustu, en er ekki andstæðingur þeirrar þróunar. Við þurfum svona kjarna. Við þurfum svona innspýtingu í okkar atvinnulíf einmitt til þess að nýta það afl sem býr í huga og höndum okkar þjóðar og sérstaklega uppvaxandi kynslóðar. Þannig komum við á fót vinnustöðum, verkefnum, fyrir okkar vel menntaða fólk.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég láta þá von í ljós að það takist að ljúka þessari umræðu og koma málinu til nefndar. Málið hefur þegar verið rætt í meira en 10 tíma. Margra klukkustunda ræður um þetta mál, sem sannarlega er mikilvægt, eru langt fyrir utan eðlileg mörk. Það má kannski sjá það best af leiðbeinandi ákvæðum þingskapanna um ræðutíma sem er nú yfirleitt tekinn fram í mínútum en ekki klukkutímum. Ég ætla að nefna sem dæmi að hæsta leiðbeinandi talan um ræðutíma í okkar þingskapalögum frá árinu 1985 er að sjálfsögðu um stefnuræðu forsrh. sem fær heilar 30 mínútur. Leiðbeinandi ákvæði 28. gr. þing-

skapanna um venjulegar þingsályktunartillögur eru hins vegar þær að frsm. hafi 15 og hver ræðumaður síðan 8 mínútur í hvert sinn. Þetta vildi ég minna á í lok þessarar löngu umræðu og þakka gott hljóð.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. gat um það að tveir þingmenn hefðu rætt um það að ál færi mikið í hernaðartæki og nefndi þar hv. 6. þm. Norðurl. e. (**Viðskrh.:** Ég ætlaði að segja 7.) Ég minntist ekki á það í minni ræðu en síðan segir hæstv. iðnrh. að aðalþörfin fyrir ál séu umbúðir. (**Viðskrh.:** Byggingariðnaður og umbúðir.) Já, byggingar og umbúðir. Það er eins og hæstv. ráðherra viti það ekki að það er farið að ræða um það í mörgum löndum að ál sé ekki nothæft utan um matvörur, drykki eða í matarílát vegna þess útfelling sé úr áli sem sé skaðleg heilsu manna. Þetta skýtur því dálítið skökku við það sem vísindamenn og læknar eru að prédika, t.d. í Svíþjóð, Þýskalandi og víðar. Ef þetta er rétt, sem ég hef ekki ástæðu til að rengja, þá gæti nú eftirspurnin eftir áli í framtíðinni orðið minni en hæstv. iðnrh. vildi hér vera láta.

Í einhverri skýrslu sem ég sá í sambandi við þessa samninga við álfurstana kom það fram hjá einum þeirra að það væri venja þeirra að semja ekki um orkuverð fyrr en væri búið að virkja og orkan væri til staðar. Það er sjálfsagt rétt að þetta er þannig vegna þess að þegar þannig stendur á hafa þessir auðhringar þá aðila sem eru búnir að virkja, þ.e. bráðina, í hendi sér. Eitt af því sem hv. þm. Páll Pétursson sagði hér á dögunum var að það sem hefði gert það að verkum að hann hefði dálítið breytt sinni stefnu í sambandi við byggingu álverksmiðju væri það að við værum með svo mikla orku sem við hefðum ekkert með að gera.

Ég saknaði þess þegar ég talaði í fyrra skipti að hv. þm. Páll Pétursson var ekki hér vegna þess að ég hef komist yfir greiðsluáætlun frá Landsvirkjun þar sem er sagt að þegar búið er að fullklára Blönduvirkjun verði skuld Landsvirkjunar um 39 milljarðar. Þar segir og að orkugjaldið sem þeir setja á sé miðað við það að í árslok 2004 verði þessi skuld öll upp greidd og gera ráð fyrir í þeirri áætlun að engin stóriðja rísi á þessu tímabili því að næstu virkjunarframkvæmdir séu áætlaðar að verði um árið 2003 ef þannig yrði staðið að málum.

Ég vil því spyrja hv. þm. Pál Pétursson að því hvort hann viti af þessu. Hvort hann viti um þessa áætlun og hvort landsmenn séu látnir borga þessar skuldir það hratt niður og orkuokrið í landinu sé fyrst og fremst af því að endurgreiðslutími er ekki miðaður við nema 15 ár frá árinu í ár. Þetta er mjög alvarlegt. Ég er hér með fyrir framan mig áætlanir frá Landsvirkjun um kostnað og orkuframleiðslu um 15 virkjanir. Langlægsti kostnaðurinn á hverja ársgwst. er í Nesjavellir I, rúmar 5 millj. hver ársgwst. og Nesjavellir II, tæplega 8 millj. Þar er Blönduvirkjun t.d. með, miðað við þáverandi áætlun sem var 12 milljarðar 654 millj., tæpar 21 millj. Dýrasta virkjunin var 25 millj. 545 þús. og það var Fjarðará.

Ef tekið er meðaltal af þessum 15 virkjunum, sem er auðvitað rökrétt að miða orkusöluna við, mundu þessar rúmlega 3000 ársgwst. sem þarf fyrir 210 þús. tonna álbræðslu með virkjunum, háspennulínum og spennivirkjum vera, miðað við nýjustu upplýsingar, um 57 milljarðar. Svo eru menn hér, ráðherrann og fleiri, að tala um að það verði svo hagkvæmt að fara í þessar framkvæmdir. Þetta er fullyrt þó að ekkert sé vitað um hvaða samningar nást um orkuverðið. Þetta er þess vegna sama blekkingarþvælan mánuð eftir mánuð.

Sannleikurinn er t.d. sá að á Akureyri er atvinnuleysið langtum meira vegna þeirrar væntingar sem íbúarnir þar höfðu um að fá álver. Ég þekki ekki ástandið austur á Reyðarfirði en ég gæti trúað því að það væri það sama. Það er verra vegna þess að þeir höfðu væntingar um það að álver yrði reist á Reyðarfirði sem auðvitað aldrei stóð til frekar en með Eyjafjörð.

Í bréfi Landsvirkjunar, sem er dags. 21. febr. sl., segir að sú verkáætlun sem Landsvirkjun hefur unnið eftir undanfarið vegna virkjana í þágu nýs álvers geri ráð fyrir að unnt sé að gera verksamninga í lok maí nk. Nú bendir hins vegar allt til þess að þessum tímamörkum verði ekki náð þar sem Landsvirkjun treystir sér ekki til þess að fara í framkvæmdir fyrr en fyrirvaralaus rammasamningur við Atlantsál hf. liggur fyrir. Það sést á þessu bréfi frá Landsvirkjun að tillaga sú sem liggur fyrir frá hv. þm. Ragnari Arnalds er alveg í samræmi við það. Það er dálítið merkileg niðurstaða sem ég hef heyrt eftir hæstv. iðnrh. að hann berjist á móti því að slík tillaga verði samþykkt þó að fyrir liggi hér bréflega frá Landsvirkjun að þeir muni ekki treysta sér til að fara í framkvæmdir fyrr en þessi orkusamningur er frá genginn. Enda telja margir sem fylgjast með þessum málum að það séu ekki nema 10% líkur fyrir því að samningar muni nást miðað við þann orkukostnað sem við verðum fyrir og þurfum að fá endurgreiddan. A.m.k. hefur hæstv. iðnrh. sagt að hann muni ekki semja öðruvísi en að fá fulla greiðslu fyrir orkuna. Hann sagði í því sambandi, að mig minnir, að orð skuli standa. Þau hafa nú ekki alltaf staðið.

Hér talaði hv. þm. Hreggviður Jónsson áðan langt mál og var að lofa álverksmiðjur og þetta væri nú mjög æskileg atvinnugrein. Hvernig stendur þá á því að þjóðir sem hafa haft þessar verksmiðjur eru að reyna að losa sig við þær? Það er dálítið merkilegt og stangast á við fullyrðingar sem álmenn halda fram.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þetta öllu lengra. Ég gleymdi því áðan þegar ég var að tala um Nesjavallavirkjanirnar, sem eru langtum ódýrari en aðrar virkjanir, og meðaltalið sem er miðað við það sem hér er á blaði, að borgarstjórinn í Reykjavík hefur sagt að þeir mundu ekki láta orkuna fyrir kostnaðarverð. Þeir mundu vilja fá meira fyrir orkuna. Þarna er því kannski ekki um mjög stóran póst að ræða, en þó er þessar virkjanir báðar um 360 ársgwst.

Ég mun beita mér fyrir því eins og ég get að styðja tillögur hv. þm. Ragnars Arnalds, enda eru öll rök fyrir því að þær verði samþykktar miðað við það sem ég vitnaði í bréf Landsvirkjunar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál hér við þessa umræðu þar sem svo hafði um samist að reynt yrði að flýta fyrir því að ljúka hér í kvöld. Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að koma upp eftir þá ræðu sem hæstv. umhvrh. hélt áðan. Vonast ég til þess að hann sjái sér fært að koma hér í salinn til að hlýða á það sem ég hef fram að færa sem andsvör við því sem hann sagði, og þá sérstaklega varðandi það sem ég hef sagt fyrr í þessari umræðu.

Ég hef ýmislegt fram að færa í þessu máli og er langt frá því að ég hafi verið búin að segja það sem ég hefði helst viljað segja, en þar sem nú er langt liðið á nótt og kominn tími til að fólk hvíli sig, þá hef ég ákveðið að takmarka mig fyrst og fremst við umhverfisþáttinn í þessari ræðu minni.

Hæstv. iðnrh. endaði sína ræðu áðan á því að vitna til 28. gr. þingskapalaga um umræður við þáltill. Ég vildi einnig benda hæstv. iðnrh. á að lesa 3. mgr., síðasta hluta hennar þar sem segir um frávik frá þeim umræðutíma, með leyfi forseta: „Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.“

Það hefur að vísu ekkert reynt á það að biðja um lengri umræðu í þessu máli, en ég vil benda á að það er möguleiki á því ef þingflokkur óskar eftir lengri umræðu.

En það sem ég vildi nú fyrst og fremst ræða hér var við umhvrh. Hann heldur því fram að ég hafi verið með órökstuddar fullyrðingar og dylgjur, eins og hann kaus að orða það. Ég vil vísa þessu á bug. Hann vitnaði til „færustu sérfræðinga á þessu sviði“ og til þess að safnað hafi verið saman miklu af upplýsingum. En síðan komu ákaflega lítil rök fyrir því máli hans um það hversu góðar mengunarvarnir mundu verða í þessu álveri. Ég hef undir höndum ýmsar upplýsingar um mengunarvarnir í álverum í heiminum.

Hérna var sérstaklega vitnað til að í Noregi væri þess ekki krafist að brennisteinsdíoxíð væri hreinsað. Ég vil þó upplýsa hæstv. umhvrh. um það að í verksmiðjum í Noregi og í Svíþjóð er yfirleitt notaður svokallaður vothreinsibúnaður sem mikið hefur verið til umræðu í þinginu. Það má vel vera rétt að ekki sé krafist þess að vothreinsibúnaður sé í verksmiðjum t.d. í Noregi. Hins vegar eru kröfurnar um það hversu mikið brennisteinsdíoxíð má fara út í andrúmsloftið það strangar að verksmiðjurnar geta ekki náð niður því sem fer út í andrúmsloftið af brennisteinsdíoxíði nema með því að koma upp vothreinsibúnaði. Af þeim átta verksmiðjum sem eru í Noregi eru sjö með þennan búnað. Ég skil því ekki þær fullyrðingar hæstv. umhvrh. að ekki séu gerðar kröfur um að brennsludíoxíð sé hreinsað. Hvaðan eru þær upplýsingar fengnar?

Ef athugað er hversu mikið brennisteinsdíoxíð sleppur út í andrúmsloftið við það að krafist er að brennisteinsinnihald í skautum fari ekki yfir 2%, þá fara um það bil 20 kg af brennisteinsdíoxíði út í andrúmsloftið pr. tonn af áli. Það er síðan hægt að hreinsa þetta brennisteinsdíoxíð og það hefur verið talað um að hægt sé að ná um það bil 90% hreinsun, t.d. með vothreinsun eða öðrum búnaði, og þá er hægt að koma þessu niður í 2 kg af brennisteinsdíoxíði pr. tonn af framleiddu áli. Þetta er gert í flestum nýjum verksmiðjum, ekki bara í Noregi og Svíþjóð, heldur einnig í Bandaríkjunum. Í tveim álverum í Bandaríkjunum er vitað að hreinsað er brennisteinsdíoxíð, þ.e. í Columbia Aluminium Corporation í Goldingdale í Washington og í Nordwest-Aluminium í Dallas í Oregon. Ég skil því ekki hvers vegna því er haldið fram að nánast hvergi sé krafist hreinsunar á brennsludíoxíði. Og ég endurtek að það má vel vera að ekki sé sagt að það eigi að hreinsa brennisteinsdíoxíð, en það er sagt að brennisteinsdíoxíðið í útblæstrinum eigi að vera það lágt að ekki er hægt að gera það öðruvísi en með hreinsun. Það eru því bara útúrsnúningar og vitleysa að halda því fram að það sé ekki gert.

Ég veit að hæstv. ráðherra hefur m.a. heimsótt verksmiðjur, vegna þess að ég hef undir höndum skýrslu úr ferð sem nokkrir fulltrúar frá umhvrn. fóru í. Í þessari skýrslu eru taldar upp þær verksmiðjur sem heimsóttar voru. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Öllum verksmiðjunum er skylt að nota kolaskaut með innan við 2% innihald af brennisteini. Brennisteinsinnihald kolaskauta er 1–1,1 hjá Gränges, 1,3–1,5 hjá LMG [sem er í Essen] og 1,5 hjá Pechiney. Pechiney þarf að greiða skatt af hverju kílói af brennisteinsdíoxíði sem fer yfir 400 tonn á ári.“ Nú var það upplýst í umræðunni að brennisteinsdíoxíð sem færi út í andrúmsloftið hér væri, ef ég heyrði rétt, 4800 tonn á ári. Þarna er því verið að tala um verulega mikið af brennisteinsdíoxíði sem á að fara út í andrúmsloftið óhreinsað og ég tel þá kröfu sem talað er um að hér eigi að gera, um 2% innihald í skautum, ekki vera viðunandi. Ég get ekki fallist á það. Mér finnst það alveg með ólíkindum ef allir þeir sérfræðingar sem hæstv. umhvrh. hefur talað við eru sammála því að þetta séu eðlilegar kröfur af hálfu umhvrn. og íslenskra stjórnvalda að því er varðar hreinsun á þessu efni.

Það liggur nú við að ég eigi erfitt með að elta ólar við allt það sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. Hann stekkur í símann þannig að það er dálítið erfitt að eiga samræður við hann í gegnum annan, en það sem mér fannst líka mjög merkilegt var það að hæstv. umhvrh. virtist helst telja að það væri allt í lagi að bæta við meiri mengun vegna þess að það væri svo mikil brennisteinsmengun fyrir. Nú hafi hann skyndilega uppgötvað að svo mikil mengun kemur bæði frá háhitasvæðum og eins frá eldsumbrotum að það væri hreinn dvergur að bæta við einu álveri eða svo. Þetta fannst mér einkennileg röksemdafærsla, að úr því að subbugangurinn sé svo mikill þá sé allt í lagi að bæta örlitlu við.

Síðan vildi hæstv. umhvrh. upplýsa okkur kvennalistakonur um það að það hafi verið framleitt vetni á Íslandi í einhvern tíma. Ég vildi benda hæstv. ráðherranum á að lesa till. til þál. sem er á þskj. 139 um framleiðslu vetnis frá þingkonum Kvennalistans þar sem m.a. segir, með leyfi forseta:

„Hér á landi er vetnisframleiðsla vel þekktur iðnaður. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur framleitt vetni í nær 40 ár. Hér höfum við mikla möguleika á að framleiða raforku og íslenskir vísinda- og tæknimenn standa framarlega á þessu sviði.“

Þarna fannst mér yfirlætið alveg gífurlegt hjá hæstv. umhvrh. Það var eins og hann héldi að við vissum ekki hvað við værum að segja. Hann ætti nú að reyna aðeins að athuga sinn gang áður en hann kemur hér upp og er með dylgjur og heldur því fram að það sem ég hef verið að segja sé helst byggt á lygi, eins og mátti ráða af því sem hæstv. ráðherra sagði. Verið er að ræða málefnalega um þetta mál og reyna að tryggja að þannig sé haldið á mengunarvörnum hér á landi að landið sé ekki eyðilagt. Einna helst dettur hæstv. ráðherranum í hug að það sé nú best að planta bara skógi hringinn í kringum álverið og leyfa svo bara eins mikla mengun og hver vill. Er ég hrædd um að skógurinn mundi fljótt drepast ef allt það brennisteinsdíoxíð fer út í andrúmsloftið sem virðist eiga að leyfa frá þessu álveri.

Kostulegast fannst mér þó hjá ráðherranum þegar hann fór að tala um að við ættum að hætta allri móttöku ferðamanna. Hann ætlar líklega að setja það á stefnuskrá að núna ætti að vera okkar helsta markmið að stöðva allan straum ferðamanna hingað til lands og fara þar með eftir tilmælum frá umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna þar sem hún óskaði eftir því að dregið yrði úr ferðamannastraum til landsins. Þykir mér þá að hæstv. forsrh. hafi lítið hlustað á tillögur frá hæstv. umhvrh. þar sem hann leggur það helst til í atvinnuuppbyggingu á Íslandi að best væri að hætta við ferðaþjónustu en byggja bara álver hringinn í kringum landið því þá værum við að fara eftir því sem umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna segði. Þetta þykir mér einkennilegur málflutningur og í algeru ósamræmi við það sem komið hefur frá ríkisstjórninni hingað til og þá sérstaklega hæstv. forsrh. sem hefur lagt sig mjög fram um að reyna að auglýsa landið upp sem ferðamannaland og stofnað þar hverja nefndina á fætur annarri. Hefur hann lýst því hér, m.a. held ég að það hafi verið bara núna í dag sem hann ræddi um þetta mál.

Ég vil, virðulegur forseti, ekki tefja þessa umræðu frekar. Ég mátti til að svara því helsta sem fram kom í máli hæstv. umhvrh., svo makalaus fannst mér hans ræða. Hefði ég gjarnan viljað hafa þessi orð fleiri, en mig langar að lokum að halda því fram að miðað við þær yfirlýsingar og fullyrðingar sem fram hafa komið af hálfu þeirra þingmanna sem hafa tjáð sig í fjölmiðlum hingað til sé ekki meiri hluti þeirra meðmæltur því að álver eigi að rísa á suðvesturhorninu, á Keilisnesi. Svo margir hv. þm., bæði stjórnar og stjórnarandstöðu og þar með talið hv. þm. Sjálfstfl., hafa lýst því yfir hver um annan þveran að þó svo þeir vilji gjarnan álverið á Íslandi, þá vilji þeir alls ekki álver hér á suðvesturhorninu. Þetta gildir um þingmenn Framsfl., Alþfl. og Alþb. Ég vil því fullyrða það að þessi tillaga sem við erum hér að ræða nýtur ekki meirihlutafylgis eins og hún lítur út núna þannig að ég er algerlega ósammála þeim fullyrðingum að hér sé um að ræða tillögu sem nánast þurfi ekki að ræða vegna þess að það sé meirihlutafylgi fyrir henni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill nú leita samkomulags um að þessum fundi geti lokið ekki síðar en áður en klukkan verður fjögur og treystir því að hv. þm. muni virða þá ósk.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þar sem nú er kominn sá tími sólarhrings sem hefur verið nokkuð hefðbundinn í þessari umræðu, a.m.k. þrívegis frá því að hún var upp tekin, og það hefur borið við að það hafi orðið nokkuð stutt í umræðunni einmitt á þessu tímaskeiði nætur, þá ætla ég fyrir mitt leyti að stuðla að því að henni geti lokið með þeim hætti sem hæstv. forseti var að nefna og vona ég að þurfi engum að verða misdægurt á þeim tíma, hvorki innan eða utan þinghúss. Ég mun fyrst og fremst gera nokkrar almennar athugasemdir við málið og víkja að örfáum atriðum sem hæstv. ráðherrar komu að í sínu máli, en tækifæri er til að ræða þetta mál frekar eða einstaka þætti sem varða það þegar rætt verður frv. til lánsfjárlaga, væntanlega á boðuðum fundi í Nd. á morgun.

Frá því að mál þetta var á dagskrá síðast, aðfaranótt fimmtudagsins, hafa orðið talsverð tíðindi sem tengjast því. Í fyrsta lagi hefur tekist um það samkomulag að mál þetta verði ekki afgreitt frá þinginu, og það er auðvitað meginatriði sem snertir þá tillögu sem hér er rædd. En í öðru lagi er þess að geta að ráðherrar í ríkisstjórn landsins hafa tekið undir gagnrýnisraddir varðandi þetta mál og það menn ekki lægra settir en hæstv. forsrh. sem hefur á opinberum vettvangi gagnrýnt mjög alvarlega þá meðferð sem málið hefur hlotið af hálfu hæstv. iðnrh. á undanförnum missirum. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það en láta forsrh. tala með því að vitna til orða hans á Bylgjunni þann 16. mars sl. í þættinum „17:17“ þar sem greint var frá því að formaður Framsfl. og forsrh. hafi gagnrýnt málsmeðferð iðnrh. á miðstjórnarfundi Framsfl. þann dag. Með leyfi forseta segir forsrh. þar orðrétt:

„Samningarnir hafa dregist á langinn og það er eflaust alveg rétt. Að sumu leyti er þar um að kenna því ástandi sem skapaðist í heiminum í kringum Persaflóastríðið. Þó er það ekki að öllu leyti. Samningar um nýtt álver, sem er að sjálfsögðu sú stærsta framkvæmd sem hér hefur nokkru sinni verið ráðist í þegar virkjanir eru taldar, krefst þess að um slíka framkvæmd sé mjög breið samstaða, í raun þjóðarsátt, og því finnst mér ekki hafa verið leitað þeirrar þjóðarsáttar eins og vera ber. Þegar ráðast á í svona mikla framkvæmd þurfa allir aðilar í raun að koma að, allt frá upphafi. Svo hefur því miður ekki verið í þeim samningum sem nú hafa verið gerðir.

Núv. iðnrh. er mikill dugnaðarmaður og hann kaus að vinna þetta mál miklu frekar enn og hafa það á sínu skrifborði eða með sem fæstum í kringum sig. Ég ætla alls ekki að taka undir það að iðnrh. hafi orðið á fjölmörg mistök, en ég vil leyfa mér að fullyrða að betur

hefði gengið ef lögð hefði verið áhersla á slíkt samstarf og ekki þessi áhersla á undirskrift undir eitthvert minnisblað sem raunar enga þýðingu hefur."

Þetta eru ein af fjölmörgum ummælum hæstv. forsrh. í fjölmiðlum að undanförnu, en ég ætla ekki að dvelja frekar við það. Innlegg hans í þetta mál og stuðningur hans við þá gagnrýni sem hér hefur verið höfð uppi varðandi það og málsmeðferð alla er auðvitað mikilsvert innlegg og hefur breytt verulega, geri ég ráð fyrir, stöðu þess í hugmyndum alþjóðar. Ekki síst varðandi þá umræðu sem hefur farið fram á Alþingi. Ekki er þar með sagt að þau sjónarmið hafi ekki staðið fyrir sínu sem þar komu fram og hafi hlotið verulegar undirtektir og skilning í landinu, heldur hitt að þar talar sá maður sem fer fyrir ríkisstjórn landsins og gerst má þekkja það hvernig á málum hefur verið haldið og hefur greinilega af því verulegar áhyggjur með hvaða hætti það hefur verið og einmitt það sem mikil áhersla hefur verið lögð á, bæði af minni hálfu og fleiri sem rætt hafa þessi mál, að hæstv. iðnrh. hefur farið þar offari, oftúlkað mál varðandi stöðu þess, stöðu samningaviðræðna, líklegar lyktir og fleira er málið snertir.

Ég vil þakka hæstv. ráðherrum, bæði hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh., fyrir þátttöku þeirra í umræðunni á þessari nóttu. Þótt þeir hafi ekki farið ítarlega út í málsatvik þá höfðu þeir þó uppi viðleitni hér, heiðarlega viðleitni til að víkja að nokkrum atriðum af fjölmörgum sem vikið var að í mínu máli og fleiri hv. ræðumanna sem gagnrýnt hafa þau áform sem uppi eru um álbræðslu á Keilisnesi. Ég tel að í máli hæstv. iðnrh. hafi komið fram í mörgum greinum viðurkenning á atriðum sem ég hélt fram í minni ræðu aðfaranótt fimmtudags í þýðingarmiklum atriðum þó að okkur greini á um túlkun á því hvernig lesa á í einstök atriði sem varða stöðu málsins. Hæstv. iðnrh. viðurkenndi að talnagögnum, framreiddum af honum hér í þingskjölum, bæri ekki saman, leitaðist við að skýra það. Veikleikarnir eru augljósir og þeir eru táknrænir fyrir meðferð þessa máls og hvernig það er lagt fyrir. Dæmi um það einnig hvað snertir þjóðhagslegt mat á þessu máli er sú staðreynd að hæstv. iðnrh. hefur kosið að miða fyrst og fremst við landsframleiðslu sem líklegan ávinning af þessu máli og ítrekar það enn hér í kvöld. Slík framsetning á þjóðhagslegum ávinningi dæmir sig sjálf vegna þess að hún segir afar lítið um þær tekjur sem þjóðinni gætu hlotnast af fyrirtæki sem þessu og reyndar hvaða fyrirtæki sem væri þegar lagður er á það mælikvarði landsframleiðslunnar.

Hæstv. ráðherra vék að stöðu raforkusamningsins. Það var athyglisvert sem fram kom í hans máli þar sem hann greinir frá því og staðfestir í raun það sem ég hafði sagt hér um þau efni fyrir nokkrum dögum að sáralítið hafi breyst varðandi efni raforkusamningsins frá því að umrætt minnisblað var undirritað við hátíðlega athöfn 4. okt. sl. Þar hafi í rauninni aðeins verið minni háttar atriði og tæknileg atriði til umfjöllunar fyrir utan svonefnt endurskoðunarákvæði. Þetta er þýðingarmikið atriði í málinu vegna þess að reynt hefur verið að láta líta svo út, m.a. af samningamönnum á vegum Landsvirkjunar, að þeir á sínum vettvangi hafi verið að vinna einhver þrekvirki í sambandi við það að berja í brestina í orkuverðssamningnum sem hæstv. iðnrh. í rauninni innsiglaði að verulegu leyti eins og hann lá fyrir með undirskrift sinni undir yfirlýsingu á minnisblaði 4. okt. sl. Sú staðreynd veldur því m.a. að endurskoðunarmöguleikar á þessum samningi, endurbætur á þessum samningi eru raunar ekki til staðar eftir að hæstv. ráðherra innsiglaði samningana 4. okt. Það ásamt breyttum aðstæðum veldur því að forusta Landsvirkjunar telur sig þurfa að endurmeta stöðu raforkusamninganna í heild og þjóðhagslegan ávinning af þeim og það mat liggur ekki fyrir. Það var einnig staðfest hér af hæstv. ráðherra og Landsvirkjun hefur fullkominn fyrirvara á varðandi mat á raforkusamningunum við núverandi aðstæður.

Hæstv. ráðherra vék einnig að líklegum skatttekjum af þessum samningi. Þar kom fram að tölur sem fram eru reiddar í skýrslu hans eru mjög blekkjandi og villandi. Þar eru settar fram tölur á verðlagi hvers tíma, föstu verðlagi, eins og ráðherra orðar það. En þegar reiknað er til núvirðis, þá er ávinningur af tekjuskatti ekki 15–20 milljarðar kr. heldur 5–7 milljarðar kr., eins og ráðherrann upplýsti hér áðan að væri sitt mat, að vísu óvissu háð bæði varðandi raunvexti svo og varðandi álverð sem tekjuskatturinn tekur mið af. Þetta eru dæmi um það hvernig mál þetta er hér fyrir lagt, hvernig reynt er að setja málið í allt annað samhengi en því ber, hvernig reynt er að láta tölur gefa annað til kynna heldur en er raunverulegt innihald þeirra, ég tala nú ekki um fyrir þá aðila sem ekki eru vanir að rýna í slíkt mál.

Síðan endar hæstv. iðnrh. á því að veita þingheimi kennslustund í því hvernig hann metur að lýðræðisleg umræða eigi að fara fram og var það einkar fróðlegt. Ég skil það afar vel að hæstv. iðnrh. kveinkar sér undan þeirri niðurstöðu sem mál þetta fær hér í þingsölum. Ég ætla ekki að etja kappi við hann um það hverjar skoðanir hann hefur á orðræðum manna hér á Alþingi eða hvernig menn nýta sín réttindi sem varin eru af þingsköpum. Við eigum eflaust eftir, hæstv. iðnrh., að bera okkur saman um þessi efni frekar áður en þessu þingi lýkur, hugsanlega einnig á næsta þingi ef við eigum þar sæti og ef þetta mál ber þar á góma, sem ég heyri að hæstv. ráðherra er að gera skóna, jafnvel að hér komi fram fullbúið frv. að hausti með fullgerðum raforkusamningi sem fylgiskjali. Úr því mun tíminn skera hvað gerist í því efni og jafnvel þótt það gerist þurfum við að bera okkur saman um innihald, ef við verðum hér báðir til að ræða þau efni.

Þá ætla ég að koma að fáeinum atriðum úr máli hæstv. umhvrh. Ég get ekki að því gert að ég fyllist dálitlum óhug nánast í hvert sinn sem hæstv. umhvrh. stígur í þennan ræðustól til þess að gera grein fyrir þáttum sem tengjast þessu máli og á það raunar einnig við um fleiri þætti þegar umhverfismál ber hér á góma. Mér finnst hæstv. ráðherra ekki vera í þeim stellingum sem eðlilegt mætti telja að hann sem hagsmunagæslumaður þessa þýðingarmikla sviðs umhverfismálanna væri í. Og sú bjartsýni sem ráðherrann temur sér

í málflutningi nánast í öllum greinum, ég fæ ekki séð að það sé innstæða fyrir henni, ekki enn sem komið er varðandi þetta mál. Ég tel einnig að hæstv. ráðherra fari ekki rétt með túlkun á þeim upplýsingum sem hann hefur í höndum, t.d. þeirri greinargerð og frásögn af ferð til að kynna sér mengunarvarnir þar sem í ferð voru með hæstv. ráðherra þrír tilgreindir ferðalangar á ferð um Evrópu 5.–10. nóv. 1990. Ég fæ ekki betur séð, hæstv. umhvrh., en að þú nýtir þér ekki þær talnalegu upplýsingar og útleggingar sem er að finna í frásögn úr þessum erindrekstri á vegum umhvrn. og það vekur alltaf tortryggni ef þannig er haldið á máli.

Umræðan um vothreinsibúnað og hreinsun á brennisteini í formi brennisteinsdíoxíðs tekur á sig hinar kynlegustu myndir þegar hún er upp tekin af hæstv. umhvrh. Ég ætla ekki að þreyta orðræður við hæstv. ráðherra um þau efni. Það hefur hv. 6. þm. Reykv. gert með skilmerkilegum hætti og ég get í raun tekið undir hennar málflutning sem mér finnst vera raunsær með tilliti til alvöru þessa máls og varðandi þær upplýsingar sem fyrir liggja. Hæstv. umhvrh. vildi halda því fram að sú tækni sem fyrirhugað er að byggja umrætt álver á, Pechiney-tæknin, valdi ekki meiri flúormengun en önnur tækni eins og t.d. sú sem hefur verið tekin upp á frágangi á kerum í ÍSAL-bræðslunni í Straumsvík. Ekki skal ég skera úr um það. En ég les það í frásögn úr umræddu ferðalagi hæstv. ráðherra að ástæðan fyrir háum gildum í útblæstri flúors í rjáfri Pechiney eru þekjur keranna. Í Gränges og LMG-álverunum opnast þær upp en eru handfærðar til hliðar hjá Pechiney. ÍSAL er að setja upp sams konar þekjur og LMG sem mun væntanlega gerbreyta aðstæðum hjá ÍSAL. Þetta eru þær upplýsingar sem ég taldi gildar og væri hægt að draga þá ályktun af að þessi Pechiney-tækni ylli ákveðnum erfiðleikum í sambandi við að halda flúormengun í lágmarki.

Varðandi mengun, reiknað í prósentum af heildarmengun sem fellur til hérlendis, hafði ráðherrann hæstv. sitthvað að segja. Og þar er hann að bæta stöðuna, stöðu iðnrekstrarins, útblásturinn frá hugsanlegri álbræðslu með því að reikna saman gildi vegna mengunar frá jarðhitasvæðum eða jafnvel frá eldgosum í landinu. Þetta finnst mér vera málflutningur sem dæmir sig í raun sjálfur. Það er ekki fært að ætla að verja mengun frá iðnrekstri með því að vísa í uppsprettur eins og frá jarðhitasvæðum, ég tala nú ekki um frá eldgosum, sem vissulega valda ákveðinni mengun en bætir ekki stöðuna að því er snertir mengun frá atvinnurekstri. Og þar finnst mér ekki sæmilega á máli haldið af hæstv. umhvrh. Ég ætla hins vegar að óska honum alls góðs, svo lengi sem hann heldur um þessi mál fyrir hönd íslenska ríkisins, sem kannski verður ekki mjög lengi úr þessu. En mér sýnist að það séu afar margir lausir endar augljóslega að því er snertir umhverfisvernd og þessa álbræðslu, enda viðurkennt af hæstv. ráðherrum báðum að þar sé allt ófrágengið þó að báðir sameinist um það að vera mjög bjartsýnir í væntingum sínum um hvernig frá þeim málum megi hugsanlega ganga.

Virðulegur forseti. Það stóra mál sem við höfum rætt hér er umræðunnar virði. Það er þörf á því á þjóðþingi Íslendinga að ræða ítarlega áður en teknar eru ákvarðanir um það að binda okkur í samninga sem varða fjárfestingu upp á um 100 milljarða íslenskra króna í heild sinni og sem geta verið afar tvísýnir fyrir íslenskt efnahagslíf, fyrir byggðarþróun í landinu, einnig fyrir íslenskt umhverfi. Og ég tel það af hinu góða að þessi mál eru nú í biðstöðu og verða það einnig að því er varðar afstöðu Alþingis Íslendinga til þessa máls því þingmenn hér, bæði þeir sem nú sitja og þeir sem kosnir verða á nýtt þing, þurfa áreiðanlega á að halda betri tíma og meiri tíma en verið hefur til umráða frá því að þessi mál voru hér lögð fram, bæði skýrsla hæstv. ráðherra og till. til þál. en ráðrúm er til og ríkisstjórnin hefur ætlað til þessa þinghalds miðað við það að því ljúki á næsta degi eins og ráðgert mun vera.

Ég læt þessi orð nægja hér við þessa umræðu, virðulegur forseti, og þakka þeim sem hafa verið þar þátttakendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

93. fundur, þriðjudaginn 19. mars, kl. 11 árdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 450. mál (skattlagning fyrirtækja, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 845, n. 1058, 1062 og 1066, brtt. 1059, 1063, 1067, 1068.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum og hefur nefndin fengið á sinn fund Þórarin V. Þórarinsson og Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Hauk Halldórsson frá Stéttarsambandi bænda, Gísla Karlsson frá Framleiðnisjóði, Snorra Olsen og Þórhall Arason frá fjmrn. og Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra.

„Nefndin fjallaði ítarlega um skattalega meðferð á greiðslum ríkissjóðs til bænda vegna sölu þeirra á fullvirðisrétti. Nefndin náði samkomulagi um breytingartillögu, sem meiri hl. flytur, varðandi þetta atriði og er lagt til að ákvæðið bætist aftan við frv. sem bráðabirgðaákvæði. Allir bændur, sem selja ríkissjóði fullvirðisrétt, einnig þeir sem eiga óvirkan rétt vegna riðuveiki eða leigu á réttinum, njóta þess skattahagræðis sem fram kemur í ákvæðinu. Einnig er birt sem fylgiskjal við þetta nefndarálit bréf ríkisskattstjóra frá 6. maí 1987 um ráðstöfun söluhagnaðar þegar um sölu búmarks eða fullvirðisréttar mjólkur er að ræða með

tilliti til ákvæða 4. mgr. 14. gr. laga nr. 75/1981.

Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að sú breyting verði gerð á 2. gr. frv. að frestur til að kaupa ný hlutabréf í stað seldra verði lengdur úr 15 dögum í 30.

Að lokum leggur meiri hl. nefndarinnar til að ný grein bætist við frv. sem breyti 106. gr. tekju- og eignarskattslaganna. Greinin heimilar skattstjóra að bæta 25% álagi á þá skattstofna sem áætlaðir eru á framtalsskyldan einstakling sem ekki skilar framtali á réttum tíma. Þannig eru til að mynda hjón, sem eru samsköttuð og annað er ríkisstarfsmaður, krafin um álag af öllum tekjum ef þau skila ekki skattframtali, þrátt fyrir að annað hjónanna hafi staðið skil á öllum sínum sköttum. Breyting miðar að því að heimila skattstjóra að taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í gegnum staðgreiðslu ef framtalsskyldur aðili skilar ekki framtali á réttum tíma.

Talsverð umræða spannst í nefndinni um hvort það álag, sem skattstjóra er heimilt að leggja á áætlaða skattstofna, ætti að vera 25% eða lægra. Í tillögu meiri hl. nefndarinnar er lagt til að álagið verði 25% en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Meiri hl. nefndarinnar skipa Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara, og Eiður Guðnason sem skrifar einnig undir með fyrirvara.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Þetta mál og einnig 451. mál hafa verið æði lengi til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. og hafa umræður orðið þar mjög miklar, bæði formlegar umræður innan nefndarinnar og eins hafa menn leitað fanga fyrir utan þingið og innan þings raunar á einkafundum og í viðræðum. Það er kannski ekkert óeðlilegt að miklar umræður hafi orðið um þetta mál. Hér erum við að fjalla um stórmál, þ.e. einn þátt í því sem kalla má kannski auðstjórn almennings eða fjárstjórn fjöldans, þ.e. með hvaða hætti sé hægt að auðvelda fólki, almenningi í landinu, að gerast aðilar að atvinnuvegunum og arðvænlegum atvinnufyrirtækjum.

Um þetta meginatriði eru nefndarmenn sammála og ég hygg að svo sé komið að alþingismenn allir séu á einu máli um að þetta beri að gera og það hefur verið gert í nokkrum mæli undangengin ár. Við, sem kannski höfum verið helstu hvatamenn þess að inn á þessa stefnu yrði farið í íslenskum atvinnumálum og barist fyrir því áratugum saman, viljum auðvitað gjarnan að áfram sé fylgt þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið á síðustu árum og hefst á því að gera mönnum kleift að taka þátt í þessari þróun. Aðrir telja að kannski þurfi nú þegar að breyta ákvæðum á þann veg að tryggara sé að menn séu ekki að selja bréfin fljótt og nota þetta sem hálfgert undanskot á sköttum. Við því er auðvitað alltaf að búast að í frumbernsku í þessum efnum verði einhver slík mistök.

Þó að verðbréfamarkaðir og hlutabréfamarkaðir hafi risið hér þá er enn þá mjög lítið um það að almenningur eigi í atvinnufyrirtækjunum líkt og gerist í öðrum frjálsum löndum og raunar líka þeim löndum sem eru að brjótast til frjálsræðis, þ.e. austantjaldslöndunum t.d. og fyrrverandi kommúnistaríkjunum vil ég helst kalla þau. Þess vegna er þetta allt saman álitamál og ég áfellist engan fyrir það þó hann vilji strax stemma á að ósi með því að fyrirbyggja það að um brask geti orðið að ræða. Við vitum það, sem eitthvað höfum kynnt okkur hlutafélagalög t.d., að í nærri heila öld, þ.e. átjándu öldina og fram á nítjándu öldina, voru hlutafélög nærri því gerð útlæg vegna þess að það kom upp ýmiss konar misferli hjá Hollendingum og Bretum sem voru frumkvöðlar að stofnun hlutafélaga og byggðu upp veldi sitt á sautjándu öldinni einmitt með þessum hætti með hlutabréfum. Sjálfir kynntumst við þessu raunar í nokkrum mæli því að Innréttingar Skúla Magnússonar hér í nágrenni við okkur voru raunar nokkurs konar hlutafélög, ekki alveg ósvipuð þeim sem við höfum enn í dag, þ.e. með bréfum sem seld voru á almennum markaði.

Þetta er sem sagt ástæða til þess að hér er um flókið mál að ræða til afgreiðslu í þingdeildinni. Nú höfum við að vísu frábæran forseta og ég vona að hann geti hjálpað okkur að greiða fram úr þessum brtt. sem hér eru fluttar á víxl og í kross. Ég veit satt að segja ekki hvernig á að fara að því ef talsmaður 1. minni hl., þ.e. formaður nefndarinnar, gerir ekki grein fyrir sínum tillögum því þær eru að sumu leyti þær sömu og okkar hinna. Úr þessu greiðist nú sjálfsagt hér á eftir þó brtt. séu margar og gangi á víxl og munum við hjálpast að við það að sjálfsögðu.

Meginatriðið í mínu máli er það að við Halldór Blöndal, 2. minni hl., skilum nál. sem efnislega er á þá leið að við styðjum tillöguna í frv. um lækkun tekjuskatts úr 50% í 45%. Eins og menn hafa heyrt í umræðunni þá er ekki um raunverulega lækkun á sköttunum að ræða heldur eru þetta eftirágreiddir skattar, eins og menn vita, og þegar verðbólgan lækkar þá auðvitað á þessi prósenta líka að lækka. Ég held að hæstv. ráðherra hafi ekki gengið of ríflega til móts við menn í þessu efni heldur þvert á móti. Við erum sammála því að þessi leiðrétting sé gerð þó hún sé ekki nálægt því að fullu til verðbólguþróunar.

Síðan styðjum við líka tillögu um að 30 dagar megi líða en ekki 15 frá því að menn selja hlutabréf og kaupa bréf í öðru félagi án þess að þeir missi rétt til frádráttar.

Annar minni hl., þ.e. við Halldór Blöndal, telur hins vegar óskynsamlegt og raunar órökstutt að draga úr heimildum til framlaga í fjárfestingarsjóði úr 15% í 10% eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frv. Þessi heimild er til þess ætluð að draga úr sveiflum í rekstri atvinnufyrirtækja, að menn geti lagt til hliðar þegar vel gengur og eigi þá varasjóði til að mæta erfiðleikum. Í sveiflukenndu þjóðfélagi eins og okkar er síst ástæða til að draga úr þessum möguleika, frekar ætti að auka þar við, en við gerum ekki sérstakar brtt. í þessu efni því við vildum ná sáttum í sem flestum atriðum.

Við teljum raunar brýnt að þær takmörkuðu lagfæringar á ákvæðum skattalaga sem frv. miðar þó að nái fram að ganga, enda mun hér um að ræða efndir á samkomulagi við samtök atvinnurekenda þar að lútandi í sambandi við margnefnda þjóðarsátt.

Við leggjum og til að gerðar verði tvær breytingar á frv. Í fyrsta lagi er eðlilegt að þær fjárhæðir, sem heimilað er að draga frá skattskyldum tekjum, standi óhaggaðar. Þar er miðað við að það fylgi verðlagsþróun. Við teljum algjörlega óeðlilegt að fara að lækka þetta nú einmitt þegar fólk er að komast á bragðið og byrjað að taka þátt í eignaraðild að atvinnuvegunum, að hlaupa þá til og lækka þessa frádráttarheimild umfram það sem gert er ráð fyrir í lögunum, þ.e. að menn megi ekki styðjast við verðlagsbreytingar. Það er auðvitað skref í ranga átt. Það er skref til baka. Við það verðum við sjálfsagt að una. Við flytjum brtt. um að þessar upphæðir verði óbreyttar, sem mundu þá verða á einstakling 115.000 kr., en á hjón 230.000 kr. Lagt er til að lækka þetta í 86 og 172, sem ég tel algerlega óeðlilegt. En ég þykist vita að það verði nú samt lamið hér í gegn. Málið er þó þannig vaxið að formaður nefndarinnar, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, flytur tillögu samhljóða okkar tillögu í sínum brtt. Við erum sem sagt sammála formanni nefndarinnar, og væntanlega eða ég vona það, ég veit að vísu ekki um Kvennalistann, um að þessi upphæð verði óbreytt í raungildi. Það verði ekki horfið til baka að firra fólk rétti til að spara til að leggja í atvinnuvegina. Ég geri ráð fyrir að tillaga formannsins muni koma til atkvæða á undan okkar tillögu og er þá okkar tillaga sjálffallin eða dregin til baka að sjálfsögðu.

Síðan fjölluðum við hér um annað mál, þ.e. um refsiákvæði. Þegar menn senda ekki inn til skattstjóra réttar skattskýrslur á réttum tíma séu viðurlög um 25%. Við leggjum til að þetta sé lækkað í 15%. Að öðru leyti skýrist þetta af þessum margháttuðu brtt. Ég veit að það er dálítið erfitt fyrir menn að átta sig á þessum brtt. en það kemur allt í ljós við rólegheit í atkvæðagreiðslunni.

Annað frv. fylgir þessu sem gerir þetta enn flóknara. Það er næsta mál á dagskrá. Geri ég ráð fyrir að forseti muni láta ræða bæði málin áður en til atkvæða verður gengið um brtt. Ég tel það mun heppilegri vinnubrögð en það er auðvitað á valdi forseta.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. á þskj. 1058 með fyrirvara og tel rétt að við 2. umr. málsins komi fram í hverju sá fyrirvari er fólginn. Hann varðar b-lið ákvæðis til bráðabirgða varðandi sölu til ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjárframleiðslu. Rétt er að taka það fram að fyrir nefndarfundinn átti ég ásamt nokkrum úr þingflokki Alþfl. viðræður við ríkisskattstjóra um þetta mál, m.a. til að leita skýringa á ýmsum atriðum sem okkur þótti fremur óljós. Ríkisskattstjóri skilaði síðan greinargerð sem dreift var á fundi í fjh.- og viðskn. í gærmorgun. Rétt er að taka fram að hér er að vísu um mjög skilyrt atriði að ræða, þ.e. ákvæðið á eingöngu við þegar um er að ræða sölu til ríkissjóðs og á eingöngu við í ákveðinn tíma. Engu að síður þótti okkur og þykir mér sem þarna sé tæplega nægilega tryggilega frá því gengið að ekki sé unnt að skjótast fram hjá þessu ákvæði með ýmsum hætti og sjálfsagt erfitt að koma í veg fyrir slíkt að fullu og öllu. Svo er auðvitað álitamál þegar um er að ræða söluhagnað hvernig hin skattalega meðferð eigi að vera. Ég ætla alls ekki, herra forseti, að gera neinn ágreining um málið á þessu stigi. Ég veit að þetta ákvæði er liður í stærra samkomulagi en bendi einungis á og ítreka að e.t.v. hefði þetta mál þurft lengri aðdraganda, ítarlegri athugun, þannig að fulltryggt væri, eins og hægt er í skattalöggjöf, að koma í veg fyrir misnotkun þessa ákvæðis. Um þetta ætla ég annars ekki að hafa fleiri orð.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Í nál. hans segir svo:

„Fyrsti minni hl. nefndarinnar styður allar brtt. meiri hl. við frv., sbr. nál. meiri hl. 1. minni hl. flytur brtt. við frv. á sérstöku þingskjali og er hún þess efnis að frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri verði óbreyttur frá því sem nú er, þ.e. 115.000 kr. hjá einstaklingi og 230.000 kr. hjá hjónum, en eignarhaldstíminn verði lengdur úr tveimur árum í þrjú ár. Ekki er enn komin reynsla á ákvæði laganna. 1. minni hl. telur að meginmistök í upphaflegu lagasetningunni hafi ekki verið þau að frádráttur sé of mikill, heldur að ekki hafi verið gert ráð fyrir sérstökum eignarhaldstíma. 1. minni hl. telur einnig að jafnmikil nauðsyn sé nú eins og þegar lögin voru samþykkt á síðasta þingi að heimild sé fyrir hendi til þess að leyfa frádrátt vegna skattskyldra tekna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Telur 1. minni hl. að sú reynsla, sem fengist hefur, lofi góðu og heimildir hafa orðið til þess að auka hlutafjármarkaðinn og stuðla að hlutafjárkaupum til að auka eiginfjármyndun í fyrirtækjum. Þá telur 1. minni hl. að tilurð reglunnar hafi leitt til þess að fyrirtæki, sem hafa verið lokuð einkafyrirtæki, sjá sér hag í því að opnast og skrá sig á hlutafjármarkaði. Þá liggur það fyrir að með því að krefjast þriggja ára eignarhalds á hlutabréfum er komið í veg fyrir að menn fjárfesti í þeim einungis til að njóta þess skattahagræðis sem lögin veita.

Fyrsti minni hl. ítrekar stuðning sinn við frv. og brtt. meiri hl. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem hann gerir tillögu um á sérstöku þingskjali."

Ég hef hér gert grein fyrir af hverju ég skila sérálíti í þessu máli. Ég felli mig að verulegu leyti við allar brtt. sem meiri hl. leggur til en vil bæta tveimur brtt. við sem ég legg til á sérstöku þskj., þ.e. að hafa frádráttinn vegna hlutafjárkaupa óbreyttan frá því sem nú er og hins vegar að lengja eignarhaldstíma þeirra sem njóta þessa hagræðis.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir brtt. og nál. með fyrirvara. Það kemur til af því að ég hef nokkuð aðra

sýn á þessi mál en aðrir nefndarmenn.

Fjárfesting í hlutabréfum hefur mjög aukist undanfarin ár og virðast ákvæði laganna hafa náð tilgangi sínum. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. þá hefur fjöldi þeirra sem hlutabréf kaupa vaxið frá árinu 1984 úr 936 einstaklingum í 2.930, þ.e. um 2.000 aðila. Má telja það nokkuð góðan árangur á þeim fimm, sex árum sem þetta hefur verið í gildi og hefur vaxið almest núna síðasta árið, þ.e. árið 1989. Þetta þýðir að ákvæðin virðast hafa náð tilgangi sínum. Það má ætla að ákvæðin hafi verið svo rúm sem raun bar vitni, þ.e. upphæðin sem draga mátti frá sem skattfrjáls svo há og það að enginn tími var ákveðinn um eignarhaldið, í þeim tilgangi að hrinda af stað skriðu hlutabréfakaupa. Og það virðist hafa tekist. Aðrar skattaívilnanir af arði hlutabréfa ættu nú að nægja þessari þróun. Eins og fólk veit hér þá er arður af hlutabréfum að mestu leyti skattfrjáls.

Tilgangurinn með þessum lagaákvæðum var einnig sagður vera sá að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækja og vera má að þessi verði árangurinn. En meiri líkur verður nú samt að telja á því að almenningur fjárfesti í fyrirtækjum sem vel standa hvað eiginfjárstöðu varðar fyrir heldur en þeim sem helst þurfa að bæta eiginfjárstöðu sína. Í athugasemdum við lagafrv. var þess getið að hér á landi væru 77 fyrirtæki nú sem að stærð og hlutafjármagni stæðust kröfur sem gerðar eru í lögum um stærð og hluthafafjölda svo að hlutabréf þeirra séu frádráttarbær til skatts. Smáfyrirtæki og ung fyrirtæki, fyrirtæki, sem kannski byggja á mjög góðum hugmyndum en eru fjárvana og hafa mesta þörf fyrir að bæta eiginfjárstöðu sína, græða ekkert á ákvæðum þessara laga. Með þessum lögum er verið að gefa fólki sem er fjárhagslega vel sett möguleika á skattaívilnun á meðan skattleysismörk almennt eru allt of lág. Ég tel að það hefði verið mikið nær fyrir ríkisvaldið að hækka almenn skattleysismörk til muna jafnhliða því sem skattaprósenta mundi þá vera hækkuð. Þannig gætu margir notið góðs af aukinni ívilnun og bætt eiginfjárstöðu sína, fjárfest í hlutabréfum hvaða fyrirtækis sem er, stórra og smárra, og þannig mundi almenningur taka virkari þátt í eflingu atvinnulífs og efnahagslífs og lítil og ný fyrirtæki fá möguleika á að blómgast. Ber ekki að efa að það er megintilgangur þessara laga að styðja við þann atvinnurekstur sem mest þarf á því að halda.

Í brtt. nefndarinnar er getið um að við leggjum til að í stað 15 daga frests til að kaupa hlutabréf á ný komi 30 daga frestur. Tel ég það sjálfsagt og til bóta. Ég tel ekki að það skipti neinu máli hvort viðkomandi hlutabréfaeigandi er skuldbundinn til að eiga þau í tvö ár eða þrjú. Ég held að tvö ár dugi mjög vel og jafnvel væru 13 mánuðir nóg.

Einnig ber nefndin fram tillögu um að framtalsskyldur aðili, sem ekki hefur talið fram til skatts, skuli þó njóta þeirra greiðslna sem hann greiðir á réttum tíma til skattsins og fái ekki refsiprósentur ofan á þá upphæð sem hann hefur þegar innt af hendi. Þetta hefur verið iðkað hingað til og er hróplegt ranglæti og tel ég það til stórra bóta ef þessi ákvæði koma inn. Í tillögunum er rætt um 25% álag á skattstofnana og tel ég, þó að ég greiði atkvæði með þessum brtt. í heild, að þessi 25% upphæð sé allt of há og tel raunar tillögur 2. minni hl. um 15% miklu manneskjulegri og nær því sem vera ætti. Einnig kom nefndin með brtt. varðandi skattaskil bænda. Ég tel allar þær tillögur til stórra bóta.

Um það hvort hundraðshluti sem á að fara í fjárfestingarsjóð sé 15% eða 10% ætla ég ekki að ræða mjög mikið eða gera neinar athugasemdir við að öðru leyti en því að mér finnst að úr því að skattaprósentan sjálf er lækkuð úr 50% ofan í 45% þá komi það nokkuð á móti hinni rýrnuninni sem óneitanlega er fyrir fyrirtækin.

Í heild tel ég þetta frv. með þeim brtt. sem meiri hl. gerir miða mjög í rétta átt og hljóti að koma landsmönnum til góða og styð það því með þeim fyrirvara sem ég nú hef gert.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega um frv. í heild sinni. Ég styð það. En mig langar til að koma hér á framfæri þakklæti til hv. fjh.- og viðskn. fyrir að hafa tekið inn sem brtt. það frv. sem ég ásamt fleiri hv. þm. flutti hér fyrr í vetur. Það er í 2. lið brtt. á þskj. 1059, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta allt að 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Þó skal skattstjóri taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í staðgreiðslu. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði."

Hér er ekki orðrétt tekið upp úr frv. sem ég gat um áðan heldur er þetta efnislega samhljóða því.

Á þskj. 1068 flytur 2. minni hl. fjh.- og viðskn. brtt. við þessa brtt. þess efnis að álagið skuli vera að hámarki 15%. Má segja að vegna þess að þjóðfélagið er nú orðið verðbólgulaust sé ekki úr vegi að lækka þessa prósentu en ég tel samt sem áður að að þessu sinni sé það góður áfangi sem gerð er tillaga um í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. og kannski ástæða til þess á næsta þingi að fara í þetta frv. í heild sinni og breyta því í samræmi við breytt þjóðfélag, sem við skulum vona að verði áfram verðbólgulaust. Í þessum áfanga treysti ég mér því ekki til að styðja þá brtt. við brtt. sem kemur fram á þskj. 1068 þó svo að efnislega geti ég kannski fallist á þau rök. Ég tel að þessi breyting eigi að koma síðar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tel að sú brtt., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. eyddi hér mestu máli í, sé mjög merkileg, að á eftir 5. gr. komi ný málsgrein þess efnis að telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilteknins frests skuli skattstjóri taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í staðgreiðslu.

Það er nú einu sinni svo að eftir að staðgreiðslukerfi er upp tekið eru það miklir hagsmunir launamanna að ekki sé framtalsskylda heldur sé launamönnum gefin heimild til að telja fram til skatts ef þeir kjósi

svo en á þá sé ekki lögð skylda í þeim efnum, enda er framkvæmd staðgreiðslunnar með þeim hætti að skattstofu berast jöfnum höndum upplýsingar um hverjar tekjur launþega eru og að síðustu eru þær tölur staðfestar með launamiðum í lok hvers árs.

Ólafur Björnsson prófessor vakti athygli á þessu á sínum tíma. Hann skrifaði merkar greinar um þetta á árunum fyrir og eftir 1970. Eins og ég veit að hæstv. forseta er kunnugt er hann einhver merkasti maður sem hefur verið í forustu fyrir launþegahreyfingu hér á landi. Hann var um skeið formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ávann sér mikið traust sem slíkur, bæði í þeim störfum og öðrum sem hann gegndi.

Það er líka svo, a.m.k. í sumum þeirra landa þar sem staðgreiðsla hefur verið tekin upp, ég fullyrði að svo sé t.d. í Danmörku, að launþegar séu ekki skyldir til að telja fram. Þeim er heimilt að gera það en það hvílir ekki á þeim nein skylda í því sambandi.

Hér á landi hefur það verið öðruvísi. Við sjálfstæðismenn höfum átt mjög erfitt með að sannfæra vinstri flokkana um það að hið alsjáandi auga ríkisvaldsins eigi ekki að geta beint hvers konar viðurlögum og refsingum gagnvart þegnunum sem skaði þá fjárhagslega í bráð og lengd til þess að fullnægja einhverri skýrslugjöf sem sé greinilega út í hött og geri hvort tveggja í senn að valda fyrirhöfn fyrir einstaklingana úti í þjóðfélaginu, er eyðsla á pappír og veldur því að skattstofurnar eru önnum kafnar við verk sem ekki eru arðbær, ekki skipta máli, en geta á hinn bóginn stundum orðið til bölvunar.

Ég get ekki séð nein rök fyrir því nú fremur en endranær að í lögum skuli vera refsiákvæði þess efnis að hækka megi skattstofn um 25% ef launþegi hefur staðið í skilum með alla þá skatta sem honum ber að greiða til ríkisins. Það eitt að honum skuli hafa láðst að uppfylla eina pappírsörk á að þýða það að hann verði kannski fyrir útlátum sem skipta hundruðum þúsunda króna. Refsing af þessu tagi á sér enga hliðstæðu í þjóðfélaginu. Ég vil í þessu sambandi líka taka fram að mér finnst það mjög ósmekklegt þegar verið er að kalla skattaeftirlit stormsveitir. Má vera að fjmrh. hafi sjálfur fundið það nafn upp til þess að reyna að vekja mönnum ógn af því hárbeitta sverði sem refsiákvæði skattalaganna geta verið þegar svo stendur á.

Nú skulum við aðeins velta fyrir okkur þessari prósentutölu, 25%, sem hér stendur. Það gladdi mig þó í litlu væri að hv. 5. þm. Norðurl. e. var mér öldungis sammála um að þessi hlutfallstala væri of há. Kemur þó að litlu fyrir þá sem þurfa að greiða hin hæstu viðurlög að vita að hér inni í þingsölum skuli vera einhverjir sem skilji og viðurkenni að hlutfallstalan sé of há ef henni er á annað borð beitt.

Í þessu frv. erum við að tala um breytingar á 44. gr. skattalaga og 14. gr. skattalaga. Í 14. gr. skattalaga, sem við erum hér að fjalla um í sambandi við bændur, er gert ráð fyrir því að einvörðungu 20% söluverðs skuli koma til tekjuskatts ef um það er að ræða að bóndi selur ríkissjóði fullvirðisrétt á tímabilinu 1. maí 1991 til 1992. Í síðari málsgrein er talað um að slíkir bændur skuli undanþegnir skilyrði 3. málsl. 4. mgr. 14. gr. um aðalstarf. Það sem við erum að tala um þar er það m.a. að þeir bændur sem selji fullvirðisrétt sinn geti geymt söluhagnaðinn, 20%, yfir tvenn áramót og síðan fjárfest í íbúðarhúsnæði eða í atvinnurekstri á jörðinni sjálfri. Ef síðar kemur í ljós að þessir bændur fullnægja ekki skilyrðum lagagreinarinnar ber að skattleggja þá með 10% álagi. Með öðrum orðum, ef um það er að ræða að þessir bændur beita ákvæðum skattalaga til þess að draga sinn skatt eða fella hann niður en síðan kemur í ljós að þeir standa ekki við það sem þeim ber að standa samkvæmt skattalögum, þannig að þessi söluhagnaður kemur til skattlagningar, þurfa þeir að greiða skatta af þessum 20% verðbættum með 10% álagi. Ég minntist á það í nefndinni að mér þætti eðlilegt að við hefðum jafnframt og gætum sæst á 10% álag í sambandi við framtalsskylduna. Þar getur verið um gleymsku að ræða. Þar getur verið um misskilning að ræða, óhapp, sem veldur því að framtal skilar sér ekki á réttum tíma. Ég taldi eðlilegt að um það væri farið í samræmi við ákvæðin í 2. mgr. 14. gr. laganna.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerum heiðarlega tilraun til þess að fá deildina til að fallast á það að 15% álag komi í stað 25% álags. 25% talan er verðbólgutala. Þetta er tala sem er í engu samræmi við verðlagsþróun og launaþróun, eins og hún hefur verið í landinu. Hún á ekkert skylt við staðgreiðslu, ekkert skylt við það að menn standi í skilum með opinber gjöld og er greinilega mikil misbeiting á refsiheimild Alþingis.

Ég óska eftir því að meiri hl. fjh.- og viðskn. dragi 2. tölul. brtt. sinna til baka til 3. umr. og freista þess enn á ný í fjh.- og viðskn. að fá meiri hl. til að fallast á það, sem einstakir þingmenn hafa sagt hér, að 25% er of há tala, algjörlega eðlilegt að miða við 10% en ásættanlegt eins og á stendur að 15% standi í staðinn fyrir 25%. Ég vil beina þessum orðum til formanns fjh.- og viðskn. að málið verði enn á ný tekið inn í nefndina á milli 2. og 3. umr. og við freistum þess að ná samkomulagi um þetta réttlætismál.

Ég veit að við alþingismenn, sem erum hér inni, þekkjum öll þá sorgarsögu sem því fylgir þegar skattstjórar beita refsiheimildum til fulls. Sumir þingmenn eru að reyna að eyða þessari umræðu með því að tala um að skattframtöl skili sér ekki vegna hirðuleysis eða af einhverjum slíkum ástæðum. Það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að þeir einstaklingar sem fyrir þessu verða geta sumir hverjir með engu móti staðið undir refsiákvæðunum og þess vegna eitrar þessi skuldbinding líf þeirra og kemur í sumum tilvikum heimilunum á koll. Þess vegna vil ég enn reyna til hins ýtrasta, fram á síðustu stund, að fá meiri hl. fjh.- og viðskn. til að fallast á að lækka þessa prósentu, helst niður í 10%, að öðrum kosti niður í 15%.

Að síðustu vil ég aðeins taka það fram að ríkisskattstjóri lýsti því yfir á fundi fjh.- og viðskn. að það væri eðlilegt að launþegar væru ekki framtalsskyldir. Hann bað um frest. Hann talaði um að það ákvæði skyldi koma inn á árinu 1994. Ef það er skoðun okkar á því

herrans ári 1991 að launþegar eigi ekki að vera framtalsskyldir, þá eigum við ekki að fresta því í þrjú ár að réttlætið nái fram að ganga. Þingmenn eru hérna inni núna. Það á að kjósa eftir mánuð og þessir þingmenn sem nú eru hafa þess vegna ekki tækifæri til þess, a.m.k. ekki allir, að láta réttlætið ná fram einhvern tímann síðar. Þeir eiga að nota þennan síðasta þingdag sinn til þess að reyna að stuðla að því að réttlætið sigri nú á þessu þingi og mun þá sómi þeirra meiri en ella.

Guðmundur H. Garðarsson:

Það kom hér fram í ræðu eins hv. þm. að þetta væri síðasti dagur þingsins. Hér er verið að fjalla um mál sem hv. þm. virðist öllum bera saman um að sé þess eðlis að það snúi að þegnunum með þeim hætti að við erum öðrum þræði að fjalla hér um skattamál en hinum erum við að ræða um framkvæmd ákvæðinnar tegundar refsingar. Það kann að vera að sumum hv. þm. finnist það ekki mikið mál hvort refsiákvæði í sambandi við það að aðilar telja ekki fram á réttum tíma séu á þá leið að álagningin sé 25%, 15% eða 10%. Það virðist hafa farið fram hjá mörgum hv. þm. að með staðgreiðslukerfinu var gjörbreytt um innheimtu á sköttum á Íslandi með þeim hætti að svona refsiákvæði er gjörsamlega út í hött og meira en það. Það getur haft það í för með sér, eins og það hefur núna, að jafnvel aðilar sem ætíð hafa talið fram í áratugi og greitt sína skatta og skyldur lendi í þeirri ógæfu, kannski vegna mistaka þess aðila sem á að skila inn skattskýrslu, þá lendir fólk í þessum refsiákvæðum.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp atriði í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem snýr að þolendum. Þar segir orðrétt: „Þannig eru til að mynda hjón, sem eru samsköttuð og annað er ríkisstarfsmaður, krafin um álag af öllum tekjum ef þau skila ekki skattframtali, þrátt fyrir að annað hjóna hafi staðið skil á öllum sínum sköttum."

Það vill nú svo til að bæði hjónin geta hafa líka staðið skil á öllum sínum sköttum ætíð. Ef þið reiknið það, hv. þm., hver niðurstaðan er þá getur hún orðið sú að viðkomandi fólk fær ekki krónu greidda, ef báðir eru opinberir starfsmenn, svo það sé nú alveg pottþétt að ríkið nái þessu til sín. Það eru dæmi þess að það hefur komið fyrir.

Þetta er, eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan, refsiákvæði sem eru svo óeðlileg að ég vil segja að þetta sé ómanneskjuleg framkvæmd og algjörlega forkastanleg. Fólk sem lendir í þessu stendur uppi með það að það fær ekki krónu útborgaða. Ég kalla það ekki krónu. Ég get nefnt dæmi um það sem hefur komið fyrir hjón sem ég þekki þar sem það sem þetta fólk hafði til ráðstöfunar var innan við 10% af heildartekjum og var þá búið að draga frá staðgreiðsluprósentuna og að sjálfsögðu þá áætluðu skatta plús 25% refsiákvæði. (**HBl:** Með dráttarvöxtum.) Með dráttarvöxtum. Þar við bætist það, sem er kannski sýnu alvarlegra, hvernig fara menn að leita réttar síns í þessu kerfi? Fær þetta fólk afgreiðslu fljótt eftir að skattframtal er lagt inn hafi orðið mistök í þeim efnum? Nei. Það eru dæmi þess að það hafi tekið allt upp undir ár fyrir einstaklinga að fá leiðréttingu sinna mála.

Ég veit að það er alveg eins og að tala við steininn að ræða þetta hér á þessu stigi. Ég veit það að því miður er kerfishugsunarhátturinn svo sterkur í hv. þm., og ég vil segja steinhjartað í þeim mörgum, að þeir geta ekki manað sig upp í það, þrátt fyrir að raunverulega hafi þeir allir lýst yfir hér, jafnvel þeir sem ætla að greiða því atkvæði að refsiákvæðið skuli vera 25% áfram. Það er ekki hægt að bakka með það og lækka þessa prósentu og ég segi raunverulega að afnema þetta refsiákvæði sem er ekki í samræmi við nokkur lög er varða refsingar í þessu landi.

Þetta 25% álag mun hafa verið réttlætt á sínum tíma út frá því sjónarmiði að menn greiddu skatta eftir á. Því er ekki lengur til að dreifa. Það er alveg rétt sem kom einnig fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að það væri eðlilegra ef menn vilja viðhalda refsiákvæðum, sem getur verið rétt að einhverju marki, að hafa það í samræmi við ríkjandi verðbólgu.

Stjórnarflokkar og hæstv. forsrh. hafa státað af því að nú sé verðbólgan innan við 10%, jafnvel komin niður í 6%. Það væri auðvitað eðlilegt að þetta ákvæði væri breytilegt. Ef menn vilja viðhafa refsingu gagnvart þeim sem ekki eiga hana skilda, ég er þá með í huga launafólk sem ætti auðvitað ekki að vera framtalsskylt, eins og fram hefur komið hér hjá einum hv. þm., því það er það vel séð um að ná sköttunum frá launafólki — ætti auðvitað þessi álagning að vera hið mesta við ríkjandi aðstæður og í samræmi við þá stefnu sem þetta 25% álag byggðist á, tengt verðbólgu, 6–8% álag.

Ég skal ekki orðlengja þetta, virðulegi forseti. Það sem mér finnst einkennilegt og vil undirstrika er að hér hefur raunverulega hver einasti þingmaður, sem hefur fjallað um þetta mál, lýst því yfir að þetta 25% álag sé óeðlilegt. Þess vegna spyr ég, virðulegi forseti, hvers vegna í ósköpunum er ekki orðið við þeim tilmælum hv. þm. Halldórs Blöndals að þetta verði skoðað og þessari prósentu breytt?

Ég spyr þá hv. þm. sem hafa raunverulega lýst því yfir að þeir vilji lækka þetta álag: Hvað er til fyrirstöðu nú? Ekkert. Auðvitað er það ekkert. Þess vegna vænti ég þess að hv. nefndarmenn í fjh.- og viðskn. taki þetta til meðferðar og endurskoðunar.

Ég vil svo að lokum segja það, virðulegi forseti, að það hefði verið æskilegt í tengslum við þetta frv. að taka til meðferðar breytingu á skattleysismörkum. Það hefur ekki verið gert og ber að harma það, sérstaklega þegar það er haft í huga að þegar þessu þingi lýkur kemur ekki saman þing fyrr en væntanlega í október. Þá verða samningar lausir í landinu og þá mun hafa farið fram mikil umræða milli aðila vinnumarkaðarins um það hvernig standa eigi að kjaramálum. Ég hefði talið það mjög gott framlag inn í þá umræðu til þess að tryggja svokallaða þjóðarsátt, og þá á ég við þá sátt sem við viljum auðvitað stefna að burt séð frá því hverjir eru í stjórn, að verðbólgu sé haldið niðri með eðlilegum samningum en ekki verðbólgusamningum, að hið háa Alþingi hefði verið búið að ákveða það að hækka skattleysismörk.

Að sjálfsögðu liggur það í augum uppi að það þarf að hækka laun þeirra lægst launuðu en það verður að gerast með þeim hætti að sú launahækkun fari ekki upp úr öllu, upp alla stigana. Þá sýnist mér það vera eitt besta ráð varðandi millitekjufólk að hækka skattleysismörkin samhliða því sem launahækkanir yrðu ekki sambærilegar við það sem verður að koma hjá láglaunafólki. Því miður hefur ekki verið fjallað um það á þessu þingi. Jafnvel þó að hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir í eldhúsdagsumræðum að hann vildi hækka skattleysismörkin hefur ekki komið nein tillaga eða nein breyting á því frá hæstv. ríkisstjórn og ekki heldur hér við meðferð þessa máls. Ég hefði talið eðlilegt og æskilegt að það hefði komið inn tillaga til breytinga á þessu frv. varðandi skattleysismörk en það hefur því miður ekki orðið og ber að harma það.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson nefndi það, sem ég hafði raunar gert grein fyrir í mínu áliti, að það sem helst þyrfti að gera núna væri einmitt að hækka skattleysismörk. Kvennalistinn og a.m.k. hv. 8. þm. Reykv. eru því á sama máli um skattleysismörkin og þá geysilegu nauðsyn sem ber til þess að hækka þau.

Hvað viðkemur refsipunktaákvæðinu þá tók ég það líka fram áðan að við vildum lækka þessa prósentu. Við mundum telja 10% betri kostinn, en ásættanlegt að hafa hana 15% og við stöndum við það. Við styðjum það einnig að þetta mál verði tekið upp aftur í fjh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. ef ske kynni að fólk sættist á þessa breytingu.

Þetta er réttlætismál. Eins og fram hefur komið er það eitt af því sem ríkisstjórnin gumar hvað mest af hvað verðbólgan hefur verið færð niður. Því á þá ekki að færa þessa verðbólgukenndu 25% tölu niður í eitthvað sem líkist verðbólgustiginu í dag? Mér sýnist það mjög eðlilegt. Þeir menn sem mest tala um hvað verðbólgustigið er komið langt niður, eins og hæstv. fjmrh., ættu því manna best að styðja þetta.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða um refsiákvæðið kemur mér satt að segja nokkuð á óvart. Sú hugsun var í þeim breytingum sem hér hafa verið lagðar til að það væri verið að draga úr þessum refsingarákvæðum. Eins og fram kemur þá er nýtt orðalag þar sem stendur „allt að 25%", en fram að þessu hefur það verið 25%, svo að skattstjórum er heimilt að meta það eftir aðstæðum og tilvikum hvort þeir eru með jafnvel 0 eða 5% eða 10%. (**Gripið fram í:** Hafa þeir nokkurn tímann gert það?) Lögin hafa hingað til bara verið 25%. Þeir hafa því ekki haft heimild til þess að meta það.

Ég er ekki að efna til ítarlegri umræðu um málið á þessu stigi, forseti. Ég vil taka það skýrt fram. Erindi mitt hér upp var að segja að það kom mér satt að segja dálítið á óvart því að tilgangur fjmrn. var að draga úr þessu ákvæði. Síðasta setningin sem bætt er við felur það í sér að menn taki tillit til staðgreiðslunnar sem búið er að greiða inn. Mér finnst alveg sjálfsagt að skoða þetta mál milli 2. og 3. umr. vegna þess að það var ekki tilgangur okkar að fara að herða málið heldur þvert á móti að gera á þessu breytingar. Ég vildi gjarnan fá tækifæri til þess að ræða þetta við nefndarmenn milli 2. og 3. umr.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær góðu undirtektir sem ræða hans ber vott um. Ég vil aðeins vekja athygli þingdeildarmanna á því um hvaða breytingu við erum að tala í skattalögunum. Samkvæmt skattalögum eins og þau eru nú er einungis um heimildarviðurlög að ræða. Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar.

Hér er talað um að telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Þetta er orðrétt eins. (**Fjmrh.:** Nei. Viðbótin er „allt að". Það má því vera minna eftir þessa breytingu en í gildandi lögum verður það að vera 25%.) Já, það er rétt, „allt að" er innskotið.

Þetta er mér á hinn bóginn ekki nægilegt. Ég vil ítreka það, hæstv. fjmrh., sem ég sagði í ræðu minni áðan, að þetta 25% refsiákvæði er ekki fast í lögunum. Í sumum tilvikum tölum við um 10% álag. Í 4. mgr. 14. gr. laganna segir: „Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn framreiknaður, skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið að viðbættu 10% álagi."

Þarna erum við að tala um 10% viðbót ef menn nýta sér 4. mgr. 14. gr. 25% viðurlögin eru því ekki undir öllum kringumstæðum.

Ég er þakklátur fyrir það að nefndin skuli hittast milli 2. og 3. umr. Ég tel líka nauðsynlegt að fara aðeins yfir málið í samhengi eftir að brtt. eru fram komnar eins og gert hefði verið ef málið hefði verið fyrr á ferðinni. Það má kannski segja að það sé eini kosturinn við hinar löngu ræður Hjörleifs Guttormssonar í Sþ. ef þær mættu verða til þess að létta ólögum af skattgreiðendum og launafólki í þessu landi.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Sem formaður fjh.- og viðskn. er ég tilbúinn til þess að kalla nefndina saman núna að lokinni þessari umræðu til þess að ræða það sem fram hefur komið, bæði hjá fjmrh., hv. 2. þm. Norðurl. e. o.fl. Þegar við ræddum þetta ákvæði í nefndinni kom það inn á síðasta stigi og kom óvænt upp þar sem fyrir nefndinni lá annað frv. frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og því bætt þarna inn í þar sem allir voru sammála um að þetta 25% álag væri mjög ósanngjarnt með tilliti til minnkandi verðbólgu og þess að þarna væri um að ræða miskunnarlausan aukaskatt sem aðilar, sem hafa þegar borgað sinn skatt, þurfa að greiða fyrir það eitt að skila ekki skattframtali.

Meiri hl., sem ég var fylgjandi, taldi að sú breyting sem lögð er til nægði að verulegu leyti sem millistig til þess ástands sem mundi skapast 1994 þegar skattfram-

töl verða óþörf eins og ríkisskattstjóri lýsti yfir í nefndinni. Að sjálfsögðu er ég tilbúinn til að lækka þetta enn frekar ef almennur vilji er til þess.

Hins vegar vil ég einnig benda á að nú þegar, þar sem ég þykist þekkja töluvert inn á þessi mál og hef sinnt skattframtölum töluvert á undanförnum árum, er raunin sú að ef þeir aðilar sem vegna skilnaðar eða einhverra persónulegra ástæðna skila ekki framtali hafa bæði skattstjórar og sérstaklega ríkisskattanefnd fallist á það að fella niður þetta álag.

Það sem er aðalatriðið með álaginu er að ná til þeirra sem láta stundum viljandi áætla á sig og skila ekki skattframtölum ár eftir ár. Mér finnst allt í lagi að þeir aðilar fái aukaálag og finnst ekkert óeðlilegt að það verði allt að 25% þegar menn eru að stunda það að skila ekki skattframtölum.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. 5. þm. Reykv. um að það er til fólk sem iðkar það að skila ekki skattaframtali til þess að reyna að græða á því og það á auðvitað ekki að gefa því fólki neinar ívilnanir. En það er þó nokkur hluti fólks sem vegna ýmissa annarra ástæðna telur ekki fram til skatts. Skattaframtalið þeirra getur týnst. Algengara er þó að fólk telji ekki fram til skatts vegna veikinda eða félagslegra eða tilfinningalegra vandamála sem upp koma. Það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. að í flestum slíkum tilfellum fá viðkomandi aðilar leiðréttingu sinna mála. Það geta bara liðið margir mánuðir þangað til leiðréttingin kemur. Ég veit dæmi þess að einstæðir foreldrar hafa ekki átt málungi matar mánuðum saman vegna þess að þeir voru að bíða eftir úrlausninni sem svo síðan kom. Þetta er mál sem verður að taka á og gæta þess að svona gangi þetta ekki áfram.

Að við skulum í framtíðinni sjá fram á það að við, sem erum á kaupi hjá hinu opinbera, þurfum ekki að telja fram til skatts tel ég afskaplega ánægjulegt vegna þess að það ætti í raun og veru að vera óþarfi, en það er allt annað mál. Þetta mál þarfnast úrlausnar núna og við þurfum að gera það á milli 2. og 3. umr.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er að sjálfsögðu ekki andvíg því að þetta mál verði tekið til nefndar á milli 2. og 3. umr. Ég vil aðeins ítreka það, sem mér finnst vera orðið að einhverju aukaatriði í þessari umræðu en tel þó vera aðalatriðið í málinu, að með þessari brtt. og upphaflegu frv. mínu er þó komið í veg fyrir hámark ósvífninnar, þ.e. að beitt sé 25% álagi á fjármuni sem búið er að skila til ríkisins. Eins og lögin eru í dag þá er það heimilt. Mín hugsun með flutningi frv. og þeirra hv. þm. sem mig studdu í því var að sjálfsögðu fyrst og fremst sú að koma í veg fyrir að þetta geti átt sér stað. Þetta vildi ég taka fram, hæstv. forseti, þannig að það sé ekki orðið að einhverju aukaatriði í þessu máli að koma í veg fyrir að heimilt sé að beita þeim álögum. Að sjálfsögðu tek ég undir það að þetta mál má ræða milli 2. og 3. umr. og best væri að ná samstöðu um það í þessari hv. deild.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil auðvitað ítreka það að frv. Valgerðar Sverrisdóttur varð til þess að þetta mál hefur komist nokkuð á rekspöl þó efni brtt., eins og hún lítur nú út, sé auðvitað á allt öðrum og breiðari grundvelli raunar og skattapólitískt á réttum grundvelli. En það er ekki nóg að gefa í skyn að maður vilji standa á móti óréttlætinu. Það er ekki nóg að segja að það eigi að vera komið undir framkvæmd einhverra allt annarra hvort óréttlætið nái fram að ganga eða ekki. Spurningin er einungis sú: ætlum við að leiðrétta þetta eða ekki? Nú tala ég heilum munni allra launþega í landinu þegar ég segi að það sé óþolandi, ef menn standa í skilum með staðgreiðsluskatta af sínum tekjum, að ríkið geti komið eftir á og farið að sekta fólk út af einhverjum einum pappírssnepli sem ber yfirskriftina „Framtal".

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 1063,a felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl.

nei: MF, SkA, StG, SvG, VS, DS, EG, GJH, HÁ, JE, KSG, JHelg.

JúlS greiddi ekki atkvæði.

1 þm. (KP) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það hvort lækka eigi um $^1/_4$ þá heimild sem hægt er að draga frá skatti vegna kaupa á hlutabréfum. Ég hef verið þeirrar skoðunar að þegar þetta ákvæði var sett inn í skattalög hafi tilgangurinn verið að auka eigið fé í hlutafélögum og er enn þá þeirrar skoðunar og tel enga ástæðu til þess að lækka þetta hlutfall nú þar sem aðeins eins árs reynsla er komin á þennan frádráttarlið. Ég tel einnig að það hafi sýnt sig á síðasta ári að þetta hafi örvað hlutabréfakaup, komið vissu lagi á hlutabréfamarkaðinn hér og örvað hann. Því hefur einkum verið haldið fram á móti þessu að eignarhaldstíma hefur ekki verið krafist. Samkvæmt þeim lögum sem nú eru er enginn eignarhaldstími. Þess vegna legg ég til í sérstakri brtt. að það verði skilyrt þannig að eignarhaldstími hlutabréfa, sem einstaklingar kaupa og vilja njóta til skattafrádráttar, verði þrjú ár. Ég held að þetta sé aðalókosturinn sem hingað til hefur verið á þessum lögum og þess vegna segi ég já.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða hækkun upp á 19 þús. kr. sem verið er að gauka að því fólki sem mest má sín í samfélaginu. Ég tel að miklu nær hefði verið að hækka skattleysismörk um 19 þús. kr. þannig að sama fólk hefði notið þeirra 19 þús. kr. en líka all-

ur almenningur í landinu. Því er ekki til að dreifa og svar mitt er nei.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Vegna þess að ég tel meiri ástæðu til þess að Alþingi einbeiti sér að því að útrýma fátæktinni á Íslandi, þá sé minni ástæða til að hreyfa við þessum hlutum og því segi ég nei.

Brtt. 1063,b felld með 14:2 atkv.
Brtt. 1067,a kom ekki til atkvæða.
Brtt. 1067,b felld með 9:7 atkv.
Brtt. 1059,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, EKJ, HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, SalÞ, SkA, StG, SvG, VS, ÞK, JHelg.

EgJ, GuðmÁ, GHG, GJH, HBl, DS greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (KP) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason gerði þá grein fyrir atkvæði sínu hér áðan þegar hann greiddi atkvæði gegn brtt. okkar Eyjólfs Konráðs Jónssonar að það eitt að fella þá brtt. dygði til þess að útrýma fátækt á Íslandi. Nú efast ég um að þessi málsgrein, eins og hún stendur í frv., standi undir þessum fyrirheitum sem hv. þm. hefur þannig gefið. Vegna þessara efasemda minna vil ég að vísu ekki bregða fæti fyrir málsgreinina en treysti mér á hinn bóginn ekki til þess að standa við fyrirheitið og kýs þess vegna að sitja hjá og greiða ekki atkvæði.

Brtt. 1068 kölluð aftur.
Brtt. 1059,2 kölluð aftur.
3.–5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1059,3 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 451. mál (hámark frádráttar, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 850, n. 1060, 1064 og 1069, brtt. 1061, 1065, 1070.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur jöfnum höndum fjallað um þetta frv. og það frv. sem hér var til umræðu næst á undan, þ.e. 450. mál. Nefndin skiptist upp á sama hátt í afstöðu til þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að þetta frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Meiri hl. skipa Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Guðrún J. Halldórsdóttir og Eiður Guðnason, en þau tvö síðastnefndu með fyrirvara.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um þetta fylgifrv. þess frv. sem mælt var fyrir hér áðan og við ræddum um. Ég legg þar til að skattafrádráttur vegna hlutabréfakaupa verði óbreyttur frá því sem nú er en verði ekki lækkaður um fjórðung eins og frv. og álit meiri hl. gera ráð fyrir. Ég skýrði áðan, þegar ég las upp nál., ástæðuna fyrir þessu og vísa til þess. En ég vil einnig taka það fram að ég tel afar mikilvægt að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækja og að hér myndist öflugur hlutabréfamarkaður. Ég tel að það fyrirkomulag sem nú er sé ein af forsendum fyrir því að hann geti þróast eðlilega og ekki sé tímabært núna að lækka hlutfallið í það horf sem frv. gerir ráð fyrir.

Aðeins er komin eins árs reynsla á þetta. Ég tel að sú reynsla hafi verið góð að öðru leyti en því að í upphaflegu lögunum var ekki gert ráð fyrir binditíma. Nú er lagt til að binditíminn verði þrjú ár þannig að þeir aðilar sem fjárfesta í hlutabréfum eru bundnir í þrjú ár með þau. Það verður til þess að aðilar sem hug hafa á að styrkja eiginfjárstöðu og fyrirtæki sem hafa áhuga á að gerast aðilar að hlutabréfamarkaði sjái þetta sem góðan valkost í því að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessari umræðu hefur mál þetta verið rætt í nefndinni samhliða því máli sem síðast var á dagskrá, 450. máli. Sjálfur ræddi ég bæði málin samhliða, enda eðlilegt þar sem þau eru tengd. Í umræðunni kom m.a. fram að um einhvern misskilning eða ágreining virtist vera að ræða í sambandi við álag á áætlaða skattstofna, refsiálag. Varð að ráði eftir orðaskipti eins hv. alþm. og hæstv. fjmrh. að skoða það mál á milli 2. og 3. umr. Ég reikna með að þetta mál verði þá eingöngu afgreitt hér til 3. umr. eins og það fyrra sem við vorum að ræða áðan og þarf ekki að orðlengja um þetta frekar. Við höfum málin bæði væntanlega til skoðunar eftir að þessari umræðu lýkur. Það er kannski ekkert óeðlilegt að huga þurfi betur að orðalagi að ýmsu leyti því máli er virkilega flókið. Þó það sé kannski ekki stórmál beint þá er það mjög flókið eins og þessi skattamál öll eru. Þeir þekkja það sem hafa þurft við það að glíma að það er erfitt fyrir flesta menn. Það þarf sérfræðinga til að komast í gegnum það form sem skattalögin eru orðin. (**Gripið fram í:** Það þarf lögfræðinga til.) Nei, lögfræðingar geta þetta ekki, ekki nema sumir. Ég held að það séu nú endurskoðendurnir sem eru menntaðastir í þessu sem geta nokkurn veginn komist í gegnum þetta. Þó hugsa ég nú að jafnvel þeir viðurkenni að það

sé enginn sem botni í þessu öllu ef ofan í það væri farið, hvorki þeir sem eiga að framkvæma það eða þeir sem eiga að ganga frá skattaframtölum. Þetta er orðinn frumskógur alger og það væri verðugt verkefni, alveg burt séð frá rifrildi okkar um einn skatt eða annan, að reyna á næsta þingi að greiða úr allri þessari flækju þannig að fólk hefði einhverjar hugmyndir um hvort rétt væri á það lagt og hvernig það ætti að nýta þær lagalegu heimildir . . . (**KP:** Það er ekki til þess ætlast að fólk geti nýtt þær.) Nei, ég held að það sé nokkuð til í því sem þingmaðurinn segir, að það sé ekki til þess ætlast og þá ekki af okkur, löggjafanum, að fólk skilji nokkurn skapaðan hlut. Og það er reyndar með fleiri lög en þessi. Löggjöf í seinni tíð er með endemum, finnst mér nú, sumt hvað. Þegar við erum að festa í lög, kannski mörg hundruð paragrafa, einföld atriði sem hér áður fyrr komust fyrir í kannski tveimur eða þremur málsgreinum eða lagagreinum. Að vísu hefur nokkur hreinsun farið fram á undangengnum árum en aldeilis ekki með þeim hætti að það versta sé fellt úr gildi af því að það versta er einmitt þetta nýjasta. Það er verið að flækja löggjöfina alla tíð og við erum að því nú í dag og höfum verið að því undanfarna daga að flækja íslenska löggjöf þannig að menn skilja minna og minna. Þetta er því mjög réttilega mælt af hv. þm. Karvel Pálmasyni. Þar sem hann fer nú að hætta hér á þingi held ég að þetta sé dálítið góð áminning og ég ætla að minnast þessara orða þegar ég kem hér væntanlega til þings aftur eftir einhverjar vikur eða mánuði að einmitt þessi reyndi þingmaður benti á þetta. Við ættum svo sannarlega að geta verið sammála um að greiða eitthvað úr þessari flækju sem við óneitanlega höfum fyrir augunum.

En það var sem sagt ákveðið að taka þessi mál til frekari íhugunar fyrir 3. umr. og ég fagna því af því að það kann að vera eitthvað fleira sem leynist í þessu sem þarf frekari skoðunar við en það sem hæstv. fjmrh. bauðst til að íhuga með okkur hér í hliðarherbergi væntanlega nú á eftir.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Þegar ég ræddi 450. mál, sem er eiginlega samhliða þessu, gerði ég grein fyrir viðhorfum til þeirra ákvæða sem í þessu frv. eru. Kvennalistinn álítur ekki ástæðu til að hækka þessar fjárhæðir úr 86 þús. og 172 þús. upp í það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson álítur. Á hinn bóginn álítum við að það væri sýnu nær og miklu, miklu nauðsynlegra fyrir þetta þjóðfélag að hækka skattleysismörk almennt og bæta á þann hátt eiginfjárstöðu alls almennings í landinu sem síðan gæti fjárfest í hlutabréfum, bæði stórum og smáum, fyrirtækjum til góða. Það að hækka skattleysismörk almennt væri miklu nær en að hækka frádráttarbærar upphæðir sem eingöngu þeir sem best eru staddir fjárhagslega geta nýtt sér. Hitt málið, að hækka skattleysismörk, er í rauninni mál málanna í þinginu í dag. Og ég harma að ekki skuli hafa verið tekið á því máli áður en þessu þingi lýkur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1065,1 felld með 12:6 atkv.
Brtt. 1070,1 kom ekki til atkvæða.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1065,2 kölluð aftur.
Brtt. 1070,2 felld með 9:6 atkv.
Brtt. 1061 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, 3. umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 647, frhn. 1072, brtt. 1073.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir framhaldsnefndaráliti á þskj. 1072 við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Þetta framhaldsnefndarálit er frá allshn. Svo segir í nál.:

„Nefndin kom saman milli 2. og 3. umr. og fékk á sinn fund Ólaf W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmrn., til að ræða frekar um frv. í tengslum við þá breytingu á réttarfari sem verður á miðju ári 1992 er til framkvæmda koma lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Við þá breytingu verða allir dómendur umboðsstarfalausir og þess vegna verður sú aðgreining dómara eftir því hvort þeir fara með umboðsstörf (þ.e. bæjarfógetar og sýslumenn) eða ekki (þ.e. hæstaréttardómarar) úr sögunni. Héraðs- og hæstaréttardómarar verða allir umboðsstarfalausir 1. júlí 1992.

Í 34. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði um að umboðsstarfalausir dómarar hafi ekki kjörgengi. Við áðurgreinda breytingu á réttarfari er eðlilegt að binda þetta ákvæði við hæstaréttardómara eina, eins og ákvæðið hefur jafnan verið túlkað fram að þessu, þannig að ekki komi til þess að héraðsdómarar missi kjörgengi.

Rétt þykir að gera einnig breytingu á 61. gr. stjórnarskrárinnar. Sú regla gildir um hæstaréttardómara að þeir halda nú fullum embættislaunum frá starfslokum, ef þau eru eftir 65 ára aldur dómarans, til æviloka. Byggist hún á túlkun síðasta málsliðar 61. gr. stjórnarskrárinnar. Að óbreyttu liggur því fyrir að slík regla gildi einnig um hina nýju héraðsdómara sem taka til starfa 1. júlí 1992 því að þeir verða umboðsstarfalausir. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er tekinn af allur vafi um stöðu umboðsstarfalausra dómara sem veitt er lausn frá embætti er þeir hafa náð fullra 65 ára aldri. Óbreytt regla gildir um hæstaréttardómara, þeir skulu eigi missa neins af í launum sínum þótt þeim sé veitt lausn fullra 65 ára. Um héraðsdómara fer hins vegar eftir ákvæðum almennra laga, sbr. 35. gr. laga um meðferð einkamála í héraði og eftir 1. júlí 1992 8. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í

héraði, nr. 92/1989, en samkvæmt þeim skal héraðsdómari, sem veitt er lausn fullra 65 ára, njóta sömu eftirlauna og hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til sjötugs.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn í hv. allshn. efri deildar.

Þessu til viðbótar er rétt að ég, sem formaður nefndarinnar, skýri af hverju þessi brtt. er gerð við frv. um eina málstofu, sem hér hefur verið til umræðu, í stað þess að flytja sérstakt frv. um þessa breytingu. Það hefur verið mín skoðun, og ég veit fleiri nefndarmanna, að þegar gerð er breyting á stjórnarskránni eigi ekki að gera hana í pörtum heldur eigi að taka eins margar breytingar inn og hægt er til að stjórnarskráin sé ekki í meðförum beggja deilda á sama tíma heldur eigi að taka þær nauðsynlegu breytingar sem þurfi að gera í einu.

Með þessari brtt. er ekki verið að taka neitt á því máli sem var rætt við 2. umr., þ.e. um deildaskiptinguna. Hér er aðeins verið að bjarga fyrir horn máli sem upp hefur komið vegna laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds til að taka af öll tvímæli um það að héraðsdómarar falli ekki undir 61. gr. stjórnarskrárinnar sem fæli það í sér að upp undir 100 héraðsdómarar yrðu á fullum launum til æviloka eftir að starfstíma þeirra er lokið.

Ég held að ég hafi gert nokkuð glögga grein fyrir því í hverju þessi breyting felst og mælist til þess að hún verði samþykkt og frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í greinargerð með nafnakalli um þetta mál, við 2. umr. hygg ég að hafi verið, gerði ég grein fyrir því að ég teldi að upphaflega fylgiskjalið með frv., um þingsköp Alþingis, orkaði tvímælis í nokkrum greinum og þó aðallega einni, þ.e. þeirri að þar er gert ráð fyrir því að við sérstakar aðstæður megi takmarka málfrelsi þingmanna að tillögu forsrh. Það var tvennt sem ég gagnrýndi í þessu efni, annars vegar það að forsrh. fengi sérstakt vald eða stöðu umfram aðra menn, jafnvel þó að hann gæti auðvitað verið utanþingsmaður, og í öðru lagi það að almennt skuli vera gerð tilraun til að takmarka málfrelsi þingmanna með þessu ákvæði. Og ég mæltist til þess í greinargerðinni að þingmenn tjáðu sig um málið. Það var síðan gert, bæði í nafnakallinu og í umræðum um þingsköp. Ég hygg að þá hafi talað fulltrúar allra flokka og fleiri en einn frá mörgum. Ég skil niðurstöðu þeirrar umræðu þannig að samstaða sé um það hér í þessari deild að ekki eigi að takmarka málfrelsi þingmanna með þeim hætti sem þingskapatillagan í drögunum gerir ráð fyrir, hvorki almennt né heldur og enn síður með þeim hætti að forsrh., hver sem hann er, fái sérstaka stöðu til þess að gera tillögur um takmörkun á málfrelsi þingmanna.

Ég vil nefna þetta hér, virðulegi forseti, við 3. umr. vegna þess að ég tel þetta mikilvægt mál. Það má ekkert það gera, hvað sem mönnum svo finnst um langar ræður út af fyrir sig, sem skerðir hinn lýðræðislega og þingræðislega rétt þingmanna. Þess vegna vildi ég undirstrika þetta mál núna og leyfa mér að draga þá ályktun að um þau sjónarmið sem ég setti þarna fram hafi komið fram mjög víðtæk samstaða.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem hæstv. menntmrh. impraði á og voru til umræðu við 2. umr. þessa máls komu ekki beint til umræðu í nefndinni, ekki nema manna á meðal. Hins vegar tel ég mjög eðlilegt að á næsta þingi þegar rætt verður um þingsköp Alþingis verði skipuð sérstök nefnd til að fara ofan í þessa þætti. Það sem fram kemur í fylgiskjali með þessari stjórnarskrárbreytingu er að mínu viti sérstakt atriði út af fyrir sig og kemur ekki þessari stjórnarskrárbreytingu við.

Ég vænti þess, og á þeim forsendum taldi ég ekki rétt að fara mjög ítarlega ofan í einstök atriði í greinargerð eða fylgiskjölum, að sú breyting sem er verið að leggja hér til um eina málstofu verði ekki til þess að hefta frelsi þingmanna til að tjá sig um þau mál sem verða borin upp á Alþingi. Ég held að það mundi verða mjög mikið skref aftur á bak. Ég held hins vegar að sú breyting sem er verið að leggja til sé til þess að skipuleggja störf Alþingis betur en hefur verið. Á þeirri forsendu hef ég verið þeirrar skoðunar að það ætti að samþykkja þessa stjórnarskrárbreytingu. Hins vegar er ég mjög áfram um það að viðhalda þeim hefðum og því frelsi sem hver þingmaður á að hafa til þess að tjá sig og til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Þá tilteknu reglu sem hæstv. menntmrh. minntist hér á, hvort það eigi að vera í höndum forsrh. að ákveða hvað umræða megi standa lengi og hve lengi þingmenn mega tala, tel ég mjög einkennilega, ég verð að viðurkenna það. Að sjálfsögðu á það að vera forseta þingsins og þingheims að ákveða slíkt en ekki ríkisstjórnarinnar sem slíkrar undir forustu forsrh. Þetta vildi ég taka fram svo að það sé alveg ljóst hvað var rætt í nefndinni.

Aðalástæðan fyrir því að nefndin var kölluð saman á milli 2. og 3. umr. var hins vegar þessi breyting sem ég mælti fyrir áðan, að koma ákvæðinu um umboðsstarfalausa dómendur í gegn vegna þeirrar miklu réttaróvissu sem það mundi ella skapa.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Hér við 3. umr. hefur verið lögð fram af hv. allshn. brtt. á þskj. 1073 við þetta frv. til breytinga á stjórnarskránni. Hv. frsm. allshn. hefur skýrt þetta mál. Í raun og veru kemur þar allt fram sem þarf að koma fram um eðli málsins. Það er eðlilegt að gera breytingu á stjórnarskránni á þann veg sem gert er ráð fyrir í þessari brtt.

Annað er það að þetta mál ber nú nokkuð einkennilega að, að á elleftu stundu skuli komið með þessa brtt. Er það einn votturinn enn um það hvers konar hráka-

smíði er á því frv. sem hér liggur fyrir. Ég hefði talið eðlilegt, eins og málum er háttað og efni frv. er, að flutt hefði verið sérstakt frv. um efni þessarar brtt. og þess vegna ekki tengt afgreiðslu frv. í heild. En þó að þetta sé mál sem þarf að líta til, sem brtt. gerir ráð fyrir, er hægt að leysa það með öðrum hætti og það réttlætir að sjálfsögðu ekki á neinn hátt að breyta afstöðu til frv. í heild og þess sem er meginatriði þess, að breyta Alþingi í eina málstofu.

Ég hef við umræður um þetta mál flutt ítarlegar ræður, bæði við 1. og 2. umr. Það má segja að ég hafi í raun og veru ekki við að bæta sem ég sagði í þessu ítarlega máli mínu. En að gefnu tilefni þykir mér rétt að ræða nokkuð frekar um málið. Þetta tilefni er að í atkvæðagreiðslu við 2. umr. frv. gerði hæstv. menntmrh. grein fyrir atkvæði sínu. Hér áðan rifjaði hæstv. menntmrh. þetta upp, svo mjög þótti honum varða að leggja áherslu á það sem hann sagði við atkvæðagreiðsluna við 2. umr.

Hæstv. menntmrh. greiddi atkvæði með frv. með þeirri athugasemd að ekki kæmi til mála að einni málstofu þingsins mætti fylgja skerðing á málfrelsi þingmanna. Og við atkvæðagreiðsluna vitnaði hæstv. ráðherra til draga að frv. til laga um þingsköp Alþingis, sem fylgja frv., eins og hann gerði í máli sínu rétt áðan. Hæstv. ráðherra sagði að það væri óhæfa að skerða málfrelsið og, eins og hæstv. ráðherra tók fram hér áðan, þá voru fleiri þingmenn sem tóku undir þessi orð og þetta viðhorf hæstv. ráðherra.

Nú hefur hæstv. ráðherra í þessari umræðu rifjað þetta allt upp með skýrum hætti þannig að ljóst liggur fyrir hvað vakir fyrir honum. En svo góður sem tilgangur hæstv. ráðherra er, þá er nokkuð hér við að athuga. Hér er verið að hafa hausavíxl á hlutunum, rugla saman orsök og afleiðingu. Orsök þess að hefta verður málfrelsið er breytingin úr deildaskiptu þingi í eina málstofu, eins og ég hef rækilega og ítrekað gert grein fyrir áður í umræðum um málið. Afleiðing þessa er að setja verður nýjar reglur í þingsköpum sem skerða málfrelsi frá því sem er. Heft málfrelsi fylgir eins og nótt fylgir degi. Þetta kemur eðlilega fram í drögum að þingsköpum sem fylgja frv. Þar er að finna ýmis ákvæði um skerðingu málfrelsisins. Þannig er gert ráð fyrir að hefta umræðu um þær þáltill. sem eru um allra mikilvægustu málin. Þá eru skornar niður við trog umræður utan dagskrár, einmitt þar sem síst skyldi, þ.e. um mikilvægustu málin. Og enn fremur kemur það sem er alvarlegast, að vegið er að grundvallarreglunni í 36. gr. þingskapa sem er trygging fyrir málfrelsinu og þingmenn settir undir náð forsrh., konungsnáð, eins og það var áður kallað. Hæstv. menntmrh. lýsti einmitt þessu mjög skilmerkilega og réttilega rétt áðan. Allt þetta hef ég ítarlega rætt og ítrekað tekið fram í umræðunum um þetta mál.

Svo alvarlegt sem þetta mál má vera er þess þó að gæta að þetta er eðlileg afleiðing þess að afleggja deildir þingsins og taka upp eina málstofu, raunar óhjákvæmileg afleiðing. Þeim er ekki alls varnað sem bera ábyrgð á frv. um þessa stjórnarskrárbreytingu. Þeir gera sér grein fyrir að einni málstofu fylgir skerðing málfrelsisins og gera ráð fyrir því í þeim drögum að þingsköpum sem þeir láta fylgja með. Við þetta er þó að athuga að fyrirsjáanlegt er að málfrelsinu munu verða miklum mun meiri takmarkanir settar þegar til framkvæmdanna kemur en hér er gert ráð fyrir. Ég bið menn að íhuga þetta.

Oft er talað um ókosti þess að vera fáir og smáir. En stundum fylgja því samt ótvíræðir kostir. Alþingi hefur þann ómetanlega kost í fámenni sínu að geta haldið vel í heiðri málfrelsi þingmanna. Hin fjölmennu þjóðþing mega öfunda sérstöðu Alþingis í þessum efnum. Þau neyðast til að setja margs konar tálmanir á málfrelsi sinna þingmanna. Það er kaldhæðnislegt að nú skuli vera lagt til að Alþingi api eftir erlend neyðarúrræði sem engin nauður rekur til að taka upp.

Það er kaldhæðnislegt að kasta eigi á glæ sérkennum og aðalsmerki þeirrar stofnunar sem ber hæst í íslenskri sögu og þjóðlífi og horft er til með virðingu sem elsta þjóðþings veraldar. Og það er kaldhæðnislegt að hér á meðal okkar skuli vera hv. þm. sem vara við þessu en láta afvegaleiðast í þeirri sjálfsblekkingu að koma megi í veg fyrir afleiðingar stjórnarskrárbreytinga með þingskapaákvæðum. Það er þessi sjálfsblekking sem kom svo greinilega fram í máli hæstv. menntmrh. og hv. 5. þm. Reykv. hér áðan.

Það er sannarlega margt skrýtið í þessu máli, sérstætt og óvenjulegt. Og höfum þá í huga að málið er líka í eðli sínu sérstætt. Stjórnskipunarlög eru annars eðlis en almenn lög. Hér gerist ekki þörf á að ræða um mikilvægi stjórnskipunarlaga. En vegna mikilvægis stjórnarskrárinnar vegur allt þyngra í vinnubrögðum en ella, kostir og gallar. Aldrei þarf svo að gjalda varhug við vanhugsuðum breytingum, breytingum breytinganna vegna, fljótræði og flumbrugangi eins og þegar stjórnarskráin á í hlut. Aldrei varðar meiru varúð, aðgæsla og íhaldssemi við það sem vel hefur reynst heldur en þegar stjórnarskráin á í hlut. Nú hefur hvort tveggja brugðist. Farið er að þeim ráðum sem bera með sér mest fljótræðið í ákvörðunum og athöfnum. Þeir sem á verði áttu að standa eru nú látnir gera sér til fordildar að hafa forustu fyrir fljótræðinu. Svo bregðast krosstré sem önnur tré og við blasir að haltur leiðir blindan.

Ég hef áður í þessum umræðum rakið hvernig málsmeðferðin við þessa stjórnarskrárbreytingu er út af fyrir sig með endemum. Ég hef kallað þetta upphlaup á móti deildaskiptingunni. Ég hef bent á að farið hefur verið með málið eins og mannsmorð. Ég hef kallað þetta samsæri þagnarinnar. Vegna mikilvægis stjórnarskrárbreytinga hafa í rás tímans mótast reglur, venjur og hefðir. Allar breytingar á stjórnarskránni hafa því farið fram með háttbundnu lagi. En nú bregður svo við að ekkert er um það hirt og sniðgengin öll eðlileg vinnubrögð. Ég hef fyrr í umræðunum lýst þessu ítarlega og þó er nú um að ræða stjórnskipulega veigamestu breytingu á stjórnarskránni allt frá árinu 1874.

Hver er skýringin á þessum firnum sem við nú stöndum frammi fyrir? Það á áreiðanlega eftir að verða rannsóknarefni síðari tíma en nú spyr ég ykkur, hv. þm. efri deildar, viljið þið bera ábyrgð á þessu? Vilj-

ið þið bera ábyrgð á því að kollsteypa skipan Alþingis? Ef þið greiðið atkvæði með frv., sem brátt kemur til atkvæðagreiðslu, þá berið þið ábyrgðina. Þið getið með engu móti skotið ykkur undan beinni, persónulegri ábyrgð. Hér er ekki um að ræða mál sem menn hafa mismunandi þekkingu og kunnáttu á, mál sem er þess eðlis að þeir sem minna vita þurfa að skírskota til og reiða sig á þá sem meira telja sig vita, forustumenn og flokkssamþykktir. Í þessu máli sem við nú fjöllum um eru allir hv. alþm. kunnáttumenn, allir á sinn hátt sérfræðingar í málinu. Þetta leiðir af sjálfu sér, við erum, hv. alþm., að fást við okkar eigin vinnustað, sjálft Alþingi. Þetta er alvara málsins.

Hv. þm. efri deildar, feiknstafir eru á lofti. Nú vildi ég á elleftu stundu mega gefa ykkur heilræði, það er það besta sem ég get gefið. Firrið ykkur ábyrgð á þeirri röskun á stöðu og störfum Alþingis sem mun fylgja afnámi deildaskiptingarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íslenskt þingræði. Og síðastra orða: Greiðið atkvæði gegn frv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er á dagskrá, og er nú furðu lítið rætt satt að segja, er eitt af stærstu málum þingsins. Það er verið að breyta stjórnarskránni. Stjórnarskráin er kjarninn í okkar stjórnskipun og þingið er kjarninn í okkar þingræðis- og lýðræðisskipun. Ég geri út af fyrir sig ráð fyrir því að flestir þingmenn séu með svo uppgerðan hug að því er varðar eina málstofu í stað tveggja að menn telji ekki mikla þörf á að færa fyrir því ítarleg rök af hverju þeir hafa þá afstöðu sem liggur fyrir, sem yfirgnæfandi meiri hluti Alþingis, að mér heyrist, hefur í þessu máli.

Fyrir mér eru rökin fyrst og fremst þau að ég tel að með einni málstofu sé hægt að koma við skipulegri verkaskiptingu þingmanna en nú er um að ræða. Nefndir starfi í samfellu og t.d. verði auðveldara að tryggja að stjórnarfrv., svo ég nefni dæmi eða önnur lagafrv. eftir atvikum, fái eðlilega meðferð. Ég segi þetta af reynslu margra ára í mörgum ráðuneytum þar sem það hefur gerst aftur og aftur að menn leggja inn frv. snemma þings. Þau hafa, þegar mjög er liðið á þingið, fengið afgreiðslu í fyrri deild, síðan hefur síðari deildin haft mjög knappan tíma til þess að ljúka málinu og það er slæmt. Þess vegna held ég að það sé unnt með einni málstofu að stuðla að betri málefnalegri vinnu en kostur virðist hafa verið í núverandi kerfi og verði til þess að þingmenn geti vandað betur vinnubrögð sín, menn skipti verkum í þingflokkunum betur en nú er gert. Sömu menn þurfi ekki að vera í fjöldamörgum nefndum eins og þetta er í dag og þannig verði meiri alvara og festa og dýpt í nefndastörfunum sjálfum.

Það er út af fyrir sig ekkert hik á mér í þeim efnum að það sé eðlilegt miðað við reynsluna að Alþingi verði ein málstofa. Það liggur heldur ekkert fyrir um að það sé nein trygging fyrir endilega betri vinnubrögðum að þingið sé í tveimur málstofum. Það kemur auðvitað oft fyrir að síðari deild sér eitt og annað sem þeirri fyrri sást yfir, en það er engin trygging fyrir því eins og þetta hefur verið unnið á undanförnum árum. Ég þekki til þingsins um alllangt árabil og ég tel að vinnubrögðin í þessum efnum hafi í raun og veru farið jafnt og þétt versnandi. Ég tel að þær tilraunir sem hafa verið gerðar, t.d. með breytingu á þingsköpum til að laga ýmsa hluti, hafi í raun og veru ekki skilað þeim árangri sem skyldi en í þeim fólust m.a. tilraunir til þess að takmarka málfrelsi manna þannig að það hefur nú þegar verið gert reyndar með síðustu breytingum sem gerðar voru á gildandi þingsköpum svo að það er í sjálfu sér ekkert nýtt þó að reynt sé að setja reglur um þá hluti sem eru allt annað en það að opna fyrir undantekningarákvarðanir af einhverju tagi sem loka fyrir eðlilega umræðu um málið. Þess vegna er það rangt sem hér var haldið fram að ein málstofa þýði sjálfkrafa lakari vinnubrögð. Það þýðir það ekki sjálfkrafa. Það er ekkert sem segir að hún þurfi endilega að þýða verri vinnubrögð en tvær málstofur. Og það er ekkert sem segir að það sé trygging fyrir betri vinnubrögðum að hafa Alþingi í tveimur málstofum.

Það sem liggur fyrir, verði þessi stjórnarskrárbreyting samþykkt, er að við þurfum að setja okkur nýjar starfsreglur um þingið. Það eru þingskapalög. Drög að þeim hafa verið samin. Ég hef gagnrýnt þar eitt atriði alveg sérstaklega og áskil mér rétt til þess að taka það mál upp þegar þar að kemur, ef ég fæ til þess möguleika.

Ég held að það sé hins vegar mjög mikilvægt að um leið og stjórnarskrárbreytingin yrði afgreidd þá hafi menn látið það koma fram að þeir telji að það geti verið hættulegt, ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana, að opna fyrir það að menn geti takmarkað málfrelsi þingmanna verulega, eins og er gert ráð fyrir í drögum að þingsköpum og þeim drögum hef ég hér verið að mótmæla.

Ég tel ekki að það sé verulegur héraðsbrestur uppi, þaðan af síður þjóðartjón, þó að Alþingi verði ein málstofa. Ég hef engin rök heyrt sem sannfæra mig um það. Ég mundi að sjálfsögðu taka þeim ef þau sannfærðu mig um það vegna þess að mér er þetta mál það kært og ég tel að hér sé komið að svo þýðingarmiklu grundvallaratriði að öllum þingmönnum sé skylt að hlýða á hvað eina sem fært kann að vera fram, með eða á móti eftir atvikum.

Þetta vil ég segja, virðulegi forseti, í tilefni af þeim orðum sem voru flutt áðan og ítreka að að sjálfsögðu getur það farið saman, annars vegar að segja ein málstofa og hins vegar að segja lýðræðisleg þingsköp. Að sjálfsögðu. Það segir sig algjörlega sjálft. Menn hafa auðvitað glímt við það í öðrum þingum og hefur tekist víða ágætlega. Menn hafa glímt við það hér í þessu þingi, í þeirri einu málstofu sem hér er, sameinað þing, og hefur um margt tekist ágætlega. Það er því ekkert sem segir að það sé algjörlega fráleitt að sameina þingið í eina málstofu. Þess vegna er það sem ég held mig fast við þá afstöðu sem ég hef haft, ég styð þetta frv. en segi um leið: Útfærslan er úrslitaatriði.

Ég bendi hins vegar á að hægt er að breyta gildandi þingskapalögum miðað við tveggja deilda kerfi einnig í verri átt, þannig að núverandi kerfi tryggir okkur ekk-

ert í rauninni frekar þegar upp er staðið. Satt að segja held ég að núverandi kerfi hafi sýnt að miðað við aðrar nútímaaðstæður sé það slæmt, það sé gallað og leiði á köflum til vinnubragða sem eru þinginu tæplega sæmandi. Þá er ég sérstaklega að hugsa um nefndirnar og þá vinnu sem lögð er á þingmenn, óheyrilega vinnu í mörgum nefndum á einn og sama manninn oft á tíðum, sem er auðvitað algjörlega fráleitt alvöruleysi þegar upp er staðið. Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, því ég tel að mér sé skylt a.m.k. að halda mínum sjónarmiðum skýrt til haga í jafnmikilvægu máli og þessu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil láta það koma fram að ég tel að við séum ekki að hverfa frá grundvallarhugsjónum lýðræðisins með því að breyta skipan Alþingis þannig að það verði sameinað í eina málstofu. Það kom fram við 2. umr. málsins að ýmsir höfðu efasemdir um atriði sem fram kemur í drögum að nýjum þingskapalögum um ræðutíma og takmörkun á honum og minnist ég þess að hæstv. menntmrh. hvatti þingmenn til þess að láta í ljósi skoðanir sínar á því sem þar kemur fram. Ég ætla að taka þeirri hvatningu og taka undir orð hans um það að ég tel að þetta ákvæði, þ.e. 36. gr., þurfi að skoða aftur þegar þingskapalögin verða tekin til meðhöndlunar, hver sem þar kemur að verki. Ég tel nauðsynlegt og eðlilegt að þeir sem það gera lesi þá umræðu sem fram hefur farið um þetta mál og taki tillit til þeirra skoðana sem fram koma. Það segir í þessari nýju grein sem hér eru drög að, með leyfi forseta: „... þegar brýna nauðsyn ber til."

Allir hv. þm. þekkja sama orðalag úr 28. gr. stjórnarskrárinnar og öll vitum við hvernig það hefur verið túlkað á undanförnum áratugum. Ég held að það ætti að vera okkur víti til varnaðar að setja inn slíkt ákvæði og legg áherslu á að það er nauðsynlegt fyrir lýðræðið að skoðanir meiri og minni hluta fái að koma fram og sem flestar skoðanir í þeim málum sem til umræðu eru.

Rökin með því að sameina Alþingi í eina málstofu eru að mínu áliti mörg. Þar vil ég t.d. nefna breytta skipan nefnda þingsins og sömuleiðis þá möguleika sem þingflokkar hafa þá til þess að koma sér upp meiri og greinilegri verkaskiptingu. En það er auðvitað ýmislegt annað sem mætti nefna og þyrfti að skoða í framhaldi af þessu. Ég tel eðlilegt þegar þessi nýja skipan tekur gildi að þá breytist t.d. árlegur starfstími þingsins, hann lengist, og sömuleiðis það að allar nefndir starfa allt árið þannig að nefndir starfa ekki eingöngu þegar þær fá mál til umfjöllunar. Ég tel mjög mikilvægt að nefndir sem starfa á vegum Alþingis hafi tækifæri til að kynna sér ýmis málefni sem undir þeirra svið heyra án þess að þær séu endilega að taka afstöðu til frv. eða tillagna, hvort sem þær koma frá ríkisstjórnum eða einstökum þingmönnum.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, virðulegi forseti. Ég lít ekki svo á að þetta fskj. um drög að fundarsköpum Alþingis sé plagg sem er ákveðið og búið að taka afstöðu til. Og vegna þess að ég hef minnst hér á 36. gr., um takmörkun á ræðutíma, sem ég tel nauðsynlegt að verði skoðað mjög vandlega og tel vafasamt ákvæði sem þar kemur fram, þá vil ég einnig benda á að það er áætlað að fjölga nefndum þingsins. Það er m.a. gert ráð fyrir umhverfismálanefnd, sem ég tel ástæðu til að fagna. Ég vil líka í þessari umræðu minna á að byggðanefnd sú sem starfaði á vegum forsrh. gerði tillögur um að í þinginu starfaði sérstök nefnd sem færi með byggðamál. Það er eitt af þeim atriðum sem skoða þarf þegar þingsköpin verða tekin til endurskoðunar og afgreiðslu þegar þing kemur saman á ný.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég fagna því að tveir síðustu ræðumenn hafa tekið til máls í þessu máli. En mér er nokkur vandi á höndum að svara þeim eins og vert væri og eðlilegt og raunar skylt vegna þess að ég get ekki gert nema stutta athugasemd við það mál sem þessir hv. þm. komu með á elleftu stundu.

Hæstv. menntmrh. vék áfram að spurningunni um málfrelsi, svo mikilvægt sem það er. Enn kom fram að hæstv. ráðherra, þó hann hafi góðan tilgang í þessu efni, blekkir sjálfan sig vegna þess að það er ekki hægt að komast hjá mikilli heftingu málfrelsis með því að breyta í eina málstofu. Til þess að gera kannski flókið mál einfalt, í tveim deildum geta tveir þingmenn tjáð sig í einu, en í einni málstofu aðeins einn.

Hæstv. menntmrh. kom með aðrar ástæður fyrir því að hann fylgdi frv., nefndi að ein málstofa stefndi til skipulegri vinnubragða og að hægt væri að gera endurbætur á skipulagi nefndanna og nefndastarfa. Ég hef áður í þessum umræðum ítarlega farið út í þessi atriði og rætt rækilega og farið ofan í málið og bent á að hvort tveggja er á misskilningi byggt. Því hefur ekki verið mótmælt, en nú koma þessar athugasemdir á síðustu stundu. Ég get ekki svarað þeim. Ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um þessi efni.

Ég vísa líka í sambandi við það sem hv. 6. þm. Vesturl. sagði til þess sem ég hef áður sagt. Ég á ekki annars úrkosta nú. Þó að það sem þessi hv. þm. sagði væri mælt í góðum tilgangi, þá bar mál þessa þingmanns vott um það að það er gengið fram hjá kjarna málsins og gengið upp í sjálfsblekkingu.

Að lokum. Ég minni á það, sem ég hef rækilega gert grein fyrir áður, að í öllum lýðræðisríkjum sem okkur standa næst stjórnskipulega og að þjóðháttum, öllum, er tvískipt þjóðþing, vegna þess að með þeim hætti er talið að þingið sé betur í stakk búið að sinna grundvallarhlutverkinu, lagasetningu, og að með þeim hætti sé betur séð fyrir að þingið sé góður vettvangur fyrir þjóðfélagslega umræðu. Það eru aðeins tvö dæmi sem vert er að nefna sem eru undantekning frá þessu. Fyrir 20–30 árum hurfu Danir og Svíar frá tvískiptingu og ákváðu eina málstofu. Reynslan af því og sú staðreynd að allir aðrir hafa tvískipt þing bendir ekki til þess að við séum á réttri leið ef menn ætla að samþykkja afnám deildaskiptingarinnar.

Herra forseti. Ég er búinn að ræða svo ítarlega um þetta mál án þess að aðrir þingmenn hafi tekið það

málefnalega til umfjöllunar í deildinni fyrr en núna helst á elleftu stundu. Þess vegna vísa ég til þess sem ég hef áður sagt í þessu efni og ítreka aðvörun mína til hv. deildarmanna og ábendingum mínum um það að þeir firri sig ábyrgð af því tilræði við íslenskt þingræði sem fylgir þessu frv. með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og síðastra orða greiði atkvæði gegn frv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Þar sem þessa umræðu ber upp á síðustu klukkustundir sem þingið starfar að þessu sinni vil ég aðeins minna á þau vinnubrögð sem viðgangast hér þessa dagana og hafa viðgengist við hver þinglok um jól og vor. Svo lengi sem ég man eftir að hafa fylgst með störfum þessarar stofnunar gerist alltaf það sama. Hv. síðasti ræðumaður nefndi tilræði við þingræðið. Það kemur oft upp í huga mér á þessum síðustu starfsdögum þar sem segja má að þetta tvískipta kerfi sem við höfum virki engan veginn í þessum miklu önnum sem nú eru. Ég er sannfærð um það að í einni málstofu létu hv. þm. aldrei ganga yfir sig með þeim hætti sem hér er gert, þar sem við tökum t.d. mál frá hv. Nd., svo ég nefni dæmi, til þess sem ég vil kalla allt að því málamyndaafgreiðslu á síðustu stundum þingsins þar sem við treystum í raun á okkar fólk í Nd. og höfum ekki svigrúm til þess að fjalla um þau eins ítarlega og gera þyrfti, en það mundi ein málstofa aldrei samþykkja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1073,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 1073,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, SalÞ, SkA, StG, SvG, VS, DS, EgJ, EG, EKJ, GuðmÁ, HÁ, JE, JHelg.

nei: ÞK, GHG, GJH.

KSG greiddi ekki atkvæði.

3 þm. (HBl, JúlS, KP) fjarstaddir.

Frv. endursent Nd.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 1009, frhn. 1043, brtt. 1035.

Frsm. félm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti á þskj. 1043, frá félmn. Við 2. umr. þessa máls komu fram spurningar frá hv. þm. Halldóri Blöndal sem nefndin fjallaði um. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Eftir atkvæðagreiðslu frv. við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að kanna hvort ákvæði 34. gr. þess stangist á við sams konar ákvæði í nýsamþykktum lögum um leikskóla. Á fund nefndarinnar kom Bragi Guðbrandsson, félagsmálastjóri Kópavogs, einn þeirra er unnu við samningu frv.

Í 34. gr. frv. er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli láta fara fram mat á þörf á leikskólarými eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Í lögum um leikskóla segir hins vegar í 3. gr. að sveitarfélag geri árlega könnun á því hversu margir foreldrar óski eftir leikskólavistun. Það er skoðun nefndarinnar að áðurgreind tímaákvæði stangist ekki á og vísar í því sambandi til þess að frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga er rammalöggjöf og ekkert sem mælir gegn því að í sérlögum, sem varða tiltekna þætti rammalöggjafar, séu þrengri ákvæði."

Undir nál. skrifa auk frsm. Guðmundur H. Garðarsson, með fyrirvara, Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara, Jón Helgason, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Við 1. umr. málsins kvaddi hæstv. félmrh. sér hljóðs undir þingsköpum til þess að koma mjög þýðingarmiklum athugasemdum á framfæri varðandi efnisatriði þessa frv. sem hér er til umræðu, sérstaklega varðandi það ákvæði sem meiri hl. félmn. hefur nú gert að umræðuefni. Ég óskaði þá eftir því að hæstv. félmrh. fengi tækifæri til að ljúka ræðu sinni hér við 3. umr. og óskaði eftir nærveru hæstv. félmrh. og vil nú beina því til hæstv. forseta að félmrh. geti lokið ræðunni þannig að mér gefist tækifæri til að gera athugasemdir við hið flókna mál félmrh. Ég fann að honum var mikið niðri fyrir og alveg óhjákvæmilegt að hann fái að láta ljós sitt skína smástund hér í deildinni.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það eru mörg mál sem nú bíða afreiðslu og verið að vinna að athugun á ýmsum málum í nefndum. Mér finnst ástæðulaust að tefja þingstörfin með því að halda þessari umræðu áfram og þykir rétt að taka fyrir næsta mál á dagskrá þannig að þingstörf geti haldið áfram.

Forseti (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. vildi ég geta þess að það er verið að gera ráðstafanir til að ná í hæstv. félmrh. Hún gengur nú í salinn þannig að umræðan getur haldið áfram.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég gerði athugasemd við efnisatriði þess frv. sem hér er til umræðu um félagsþjónustu og vakti athygli á því að ákvæði í þeirri löggjöf stangast á við lög sem sett voru í gær og hnekkir þeim ákvæðum sem eru í lögum um leikskóla. Í fyrsta lagi er það nú svo að þetta ákvæði, sem snýr að leikskólum í þessu frv., er efnislega óþarft og er einhver angi af undarlegri deilu sem upp kom milli hæstv. félmrh. og hæstv. menntmrh. í ríkisstjórninni. Báðir þessir ráðherrar höfðu einhvern veginn þann undarlega metnað að leikskólar ættu fremur að vera í þeirra ráðuneyti en

í ráðuneyti hins, sennilega vegna þess að ráðherrarnir töldu sjálfa sig vera eilífa í þessum ráðuneytum. Nú hefur Alþingi lýst vilja sínum og sá vilji er alveg skýr. Það hefur verið sett löggjöf um leikskólann og þess vegna algerlega út í hött að hæstv. félmrh. og þingið séu að vesenast með sérstakt ákvæði í öðrum lögum um leikskólana.

Hæstv. félmrh. var að reyna að útskýra fyrir mér, þegar þetta mál var síðast á dagskrá, hvernig á því stæði að hann teldi nauðsynlegt að hafa ákvæðið inni. Nú tókst félmrh. hvorki að sannfæra mig né aðra með ræðu sinni, enda truflaður í miðjum klíðum af hæstv. ráðherra. Ég tel á hinn bóginn nauðsynlegt að þessar athugasemdir félmrh. komi fram áður en ég geri þetta mál frekar að umræðuefni hér. Hitt er auðvitað alveg ljóst að ég mun taka þetta mál upp mjög ítarlega ef það er staðfastur vilji ráðherra og úr því að það er staðfastur vilji félmn. að vera með ákvæði sem stangast á varðandi leikskólana.

Þingsköp Alþingis hafa venjulega verið með þeim hætti að ef tvö ákvæði stangast á í sama frv. og eftir að brtt. hefur verið samþykkt er litið svo á að hið seinna sé sjálffallið. Ég hygg að hið sama eigi við þegar um tvo lagabálka er að tefla, að ekki dugi að vera með misvísandi ákvæði varðandi sama atriðið.

Sú hugsun að hér sé um rammalöggjöf að ræða er náttúrlega mjög undarleg. Það er auðvitað hægt að fylla lagasafnið af alls konar ákvæðum sem engu skipta. Ef í lögum um leikskóla stendur að athugun skuli fara fram á hverju einasta ári er erfitt að sjá hvaða tilgangi það þjónar að setja það inn í einhver önnur lög að þessi athugun eigi að fara fram a.m.k. á tveggja ára fresti. Það er þetta sem ég ekki skil. Ég býst við að ráðherrann hafi gaman af því að tala um það einhvers staðar að hann hafi komið þessu inn í lögin og geti þá ekki hins, sem er hið rétta, að með þessu ákvæði er Alþingi að draga til baka þá samþykkt sem var gerð hér í gær varðandi leikskólana. Það verður að víkjandi samþykkt vegna þess að þessi löggjöf er nýrri og er þess vegna ráðandi um þetta atriði. Ef það er vilji ráðherra að þurfa endilega að vera með einhverja löggjöf um þessi efni, af hverju reynir þá ekki ráðherrann að sníða löggjöfina eftir því sem þegar hefur verið ákveðið í lögum um leikskóla?

Hið sama átti sér stað í sambandi við lög um ferðaþjónustu. Þar kom upp álitaefni um hvaða skilyrði menn þyrftu að uppfylla til þess að mega reka ferðaþjónustu hér á landi. Allir í samgn. voru sammála um að það væri út í hött að Alþingi samþykkti nú á þessum tíma mismunandi ákvæði um þetta atriði eftir því hvort tillagan kæmi frá fjh.- og viðskn. eða samgn.

Hér er um það að ræða að við í menntmn. höfum mælt með ákveðnu og þá dúkkar allt í einu upp í deildina eitthvert frv. frá hæstv. félmrh. þar sem verið er að fletja út ákvæði í leikskólalögunum. Ég sé að hæstv. menntmrh. gengur hér út og inn og getur verið kampakátur. Hann náði sínu fram. Mér finnst að félmrh. verði bara að sætta sig við það og vil biðja forseta að taka málið út af dagskrá og fresta umræðunni og gefa a.m.k. mér tóm til þess að athuga þetta mál nánar og flytja þá brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir, þannig að við séum ekki að samþykkja sitt á hvað um sama málefni á þessum tveim dögum.

Ég óska eftir því en geri ekki athugasemd við það ef hæstv. félmrh. kýs að ljúka sinni ræðu. Ég væri þakklátur fyrir það. Mér þykir gaman að hlusta á hæstv. félmrh. En ég óska eftir því að hlé verði gert á umræðunni þannig að mér gefist tóm til þess að semja brtt. sem er í samræmi við efni málsins og þá löggjöf sem var samþykkt hér í gær.

Forseti (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Vegna síðustu orða hv. 2. þm. Norðurl. e. vildi ég benda honum á brtt. á þskj. 1035 frá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Tillaga sú fjallar einmitt um það atriði sem hann nefndi hér í umræðunni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þegar mál þetta var til umræðu hér síðast gerði ég nokkuð að umtalsefni athugasemdir hv. þm. varðandi það ákvæði í frv. þessu sem snýr að leikskólum. Ég taldi mig hafa gert grein fyrir því af hverju væri ástæða til þess að geta um leikskóla í þessu frv. og sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara um það mörgum orðum. Það er ljóst að leikskólar eru fjárhagslega og faglega á ábyrgð sveitarstjórnanna. Það er því að mínu mati óeðlilegt að í frv. að rammalöggjöf, sem felur í sér alla þá þætti á sviði velferðarmála sem eru í verkahring sveitarfélaga og þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur sveitarfélaganna gagnvart sínum íbúum, sé kannski mikilvægasta velferðarmálsins ekki getið.

Varðandi það ákvæði sem hv. þm. kaus að gera hér sérstaklega að umræðuefni og kallar skörun milli laga sem samþykkt hafa verið um leikskóla og þessa frv. hér, (**HBl:** Ég kallaði það nú ekki skörun. Ég nota ekki það orð.) ég man ekki nákvæmlega hvaða orð hv. þm. notaði, að þau stönguðust á, það væri ekki samræmi þar á milli, þá hefur hv. félmn. tekið málið fyrir aftur og komist að þeirri niðurstöðu sem fram kemur í framhaldsnefndaráliti á þskj. 1043.

Ég er sammála því, sem fram kemur í áliti nefndarinnar, að það sé ekkert sem mæli gegn því að í sérlögum, sem varða tiltekna þætti rammalöggjafar, séu þrengri ákvæði. Í því frv. sem við fjöllum hér um er talað um að könnun á þörfinni fyrir leikskólarými fari fram eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Ég held að þetta ákvæði útiloki ekki hitt. Ég verð þó eigi að síður að segja að ég tel þetta atriði, sem er í rammalöggjöfinni, þ.e. að sú könnun fari fram á tveggja ára fresti, að ýmsu leyti raunhæfara en ákvæðið, sem var samþykkt í nýjum lögum um leikskóla, um að slík könnun eigi að fara fram á eins árs fresti. Þessar kannanir sem hér er verið að tala um eru nokkuð viðamiklar. Það er ekki eingöngu hægt að styðjast við biðlista sem eru eftir leikskólarýmum eða dagvistarplássum heldur þarf að gera sérstaka könnun hjá foreldrum í því efni.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að það er mitt mat að þessi ákvæði samræmist alveg og geti gengið saman og tek þar með undir álit félmn. sem er sömu skoðunar og hefur einnig þessi sjónarmið í málinu.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram að á bak við hugsunina hjá hæstv. félmrh. er að hann er efnislega ósammála þeirri löggjöf sem var sett hér í gær sem er út af fyrir sig athyglisvert. En ég held að hæstv. félmrh. verði að beygja sig fyrir lögunum eftir sem áður. Alþingi hefur samþykkt lögin eins og þau liggja fyrir og ég held að félmrh. verði að una því.

Ég bað um að fá frest til þess að ég gæti athugað þetta mál og óskaði eftir að hlé yrði gert á umræðunni til þess að ég gæti athugað þetta mál. Ég hafði satt að segja búist við því að félmn. mundi bregðast öðruvísi við. Ég sé að brtt. Guðmundar H. Garðarssonar fjallar um 34. gr. eins og frv. kemur frá Nd. Við getum tekið þessa grein fyrir efnislega frá orði til orðs þegar við tölum um málið efnislega.

En ég vil ítreka beiðni mína. Ég óska eftir því að það verði gert hlé á umræðunni þannig að mér gefist svigrúm til þess að athuga í samráði við hv. þm. Guðmund H. Garðarsson hvort við finnum einhvern annan flöt á þessu máli. Það er komið í ljós að það er efnislegur ágreiningur sem ræður úrslitum hjá hæstv. félmrh. Hann hugsar sér að það ákvæði sem er í þessu frv. verði ráðandi og telur óraunhæft að könnun fari fram á hverju ári. Ég tel því nauðsynlegt að þingmönnum gefist kostur á því að athuga aðeins sinn gang.

Það er líka í samræmi við þessi vinnubrögð. Það er verið að sigla hér í gegnum deildina hverju málinu á fætur öðru. Við höfum ekki undan og eigum erfitt með að setja okkur inn í mál. Þess vegna er þetta eðlileg beiðni sem ég ber nú fram.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi leiðrétta það sem fram kom hjá hv. þm. að það sé mín skoðun að ákvæðin í þessu frv. um það að könnun eigi að fara fram á tveggja ára fresti eigi að vera efnislega ráðandi í þessu efni, eins og hv. þm. orðaði það. Hér er, eins og fram kemur í nál., um að ræða rammalöggjöf og ekkert sem mælir gegn því að í sérlögum, sem varða tiltekna þætti rammalöggjafar, séu þrengri ákvæði. Ég hygg að það sé þá á valdi hverrar sveitarstjórnar. Í þeim lögum sem búið er að samþykkja er talað um að það eigi að vera á eins árs fresti, en ég var að lýsa mínum viðhorfum í því . . . (Gripið fram í.) Ég var að segja að ég teldi ákvæðið um að þetta væri á tveggja ára fresti raunhæfara af því að þetta eru viðurhlutamiklar kannanir. En það er ekkert sem kemur í veg fyrir það, þó þetta frv. verði að lögum, að þessar kannanir fari fram á eins árs fresti.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

94. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 93. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 450. mál (skattlagning fyrirtækja, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 1079, brtt. 1080.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Ég tel rétt að segja það að á rabbfundi fjh.- og viðskn. varð samkomulag um að breyta þeirri brtt. sem var flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. við 2. umr. og stendur öll nefndin að baki þeirri brtt. sem hér er lögð fram. Efni brtt. er:

„a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi þrír nýir málsl. er orðist svo: Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta allt að 15% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Þó skal skattstjóri taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í staðgreiðslu. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

b. Í stað „1%“ og „15%“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 0,5% og 10%.“

Ég tel rétt að taka það fram hér við lokaafgreiðslu á þessu máli að hv. 5. þm. Norðurl. e. Valgerður Sverrisdóttir flutti frv. hér í hv. deild sem fól í sér að tekið yrði tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefði farið fram í staðgreiðslu og var með tillögu um að laga þar hluti á þann veg að ekki yrði álag á þá greiðslu. Í framhaldi af umræðu um þá tillögu hefur síðan sú tillaga sem hér er lögð fram orðið til í samstarfi allra nefndarmanna í hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil láta í ljósi sérstaka ánægju yfir því að samstaða hefur náðst um að lækka þetta hlutfall úr 25% niður í 15%, en tel að vísu að hlutfallstalan sé enn of há. Ég hefði kosið að fara með hana neðar og helst að koma þeirri skipan á hér, eins og er í sumum öðrum löndum, ekki veit maður hvernig það er í öllum öðrum löndum, að framtalsskylda hvíli ekki á launþegum í staðgreiðslukerfi. Það er auðvitað kjarni málsins og því þarf að ná fram. Vonir mínar standa til þess að sú breyting verði lögfest þegar á hausti komanda þannig að framtalsskyldan hvíli ekki eftirleiðis á launþegum, en þeir hafi á hinn bóginn heimild til þess að leggja fram framtöl ef þeir kjósa svo. Það á auðvitað við alla þá sem fá barnabætur eða húsnæðisbætur eða stendur sérstaklega á fyrir að einhverju leyti, eiga unglinga í skólum o.s.frv. Á hinn bóginn mundi það hlífa fólki sem hefur launatekjur eingöngu eða lífeyrissjóðstekjur eða tekjur frá almannatryggingum. Slíkt fólk getur þá látið það vera að telja fram þar sem

það á ekki yfir höfði sér SS-sveitir fjmrh. sem málgagn forsrh. er svo smekklegt að kalla svo. Eftirlitsmenn með réttri skattheimtu kallar Tíminn SS-sveitir af einhverjum undarlegum ástæðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1080 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 451. mál (hámark frádráttar, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 1081.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 1074 (sbr. 1034).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem lagt er til að nýr kafli um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt verði hluti af húsnæðislöggjöfinni. Frv. þetta er flutt því að nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að réttaróvissa komi upp í tengslum við starfsemi húsnæðissamvinnufélaga. Réttindi og skyldur íbúanna og félaganna þurfa að vera ótvíræð í lögum.

Húsnæðissamvinnufélög hafa nú þegar byggt hátt í 100 íbúðir og þess er að vænta að á næstu missirum bætist við 100–200 slíkar íbúðir víða á landinu.

Að því er varðar einstakar greinar frv. skal vikið að því helsta. Fjallað er um stofnun, starfshætti og slit húsnæðissamvinnufélaga. Í frv. er einnig að finna skilgreiningu á búseturéttargjaldi, en það er greiðsla fyrir eignarhlutann sem tryggir leigjendum búseturétt. Einnig er opnaður möguleiki fyrir sveitarfélög og almannasamtök að fjármagna og ráðstafa búseturétti í allt að 20% af íbúðum. Sett er sú meginregla að réttur búseturéttarhafa er ekki framseljanlegur og reglur eru settar um ráðstöfun búseturéttar. Þá er kveðið á um vanskil og að búseturéttargjald standi sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds. Einnig er að finna skilgreiningu á búsetugjaldi, sem er eins konar leigugjald, sem greitt er mánaðarlega. Búsetugjald miðast við afborganir lána, rekstrarkostnað, fasteignagjöld, tryggingar og viðhald íbúðar. Þá er kveðið á um það hvernig háttað er veðsetningu íbúða.

Í frv. er einnig fjallað um framleigu á íbúðum með búseturétt. Þá er ákvæði um viðhaldssjóð en greiðsla í hann er hluti af búsetugjaldi. Þá er fjallað um fjármögnun húsnæðissamvinnufélaga sem er með hliðstæðum hætti og hjá byggingarsamvinnufélögum. Þá er að lokum ákvæði sem leggur bann við sölu íbúða með búseturétti á meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv. og til félmn. með 13:1 atkv.

EFRI DEILD

95. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 94. fundi.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 1009, frhn. 1043, brtt. 1035.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Þar sem ekki hefur náðst samkomulag um breytt orðalag á greininni mun ég láta á það reyna hvort sú brtt. sem fyrir liggur verður samþykkt eða ekki og geri ekki athugasemdir við að málið haldi áfram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1035 felld með 10:3 atkv.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1091).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 1074 (sbr. 1034), n. 1086.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1086 um

frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum, frá félmn. þessarar deildar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félmrh. Mælir nefndin með samþykkt frv. með breytingum sem gerðar voru í meðförum Nd.

Undir nál. skrifa auk frsm. Guðmundur H. Garðarsson, Jóhann Einvarðsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Jón Helgason, Karl Steinar Guðnason og Salome Þorkelsdóttir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins, vegna þess að ég hef ekki tekið til máls í þessari umræðu það sem af er, láta það koma fram að ég fagna því frumvarpi sem við erum að afgreiða núna. Ég held að það sé mjög gott að hafa rammalöggjöf utan um húsnæðissamvinnufélögin og Búseta. Við kvennalistakonur höfum mjög oft bent á það í umræðum um húsnæðismálin að við viljum leggja aukna áherslu á félagslega íbúðakerfið og eins það búseturéttarform sem þetta frumvarp fjallar um.

Eins og fram kemur í nál. styðjum við frv. að sjálfsögðu, en ég vildi bara láta koma fram að ég tel að hér sé um mjög þarft og gott mál að ræða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

96. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 95. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 1074 (sbr. 1034).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1092).

EFRI DEILD

97. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 96. fundi.

Um þingsköp.

Frv. um fæðingarorlofsgreiðslur.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Nú hefur verið nokkurt hlé á störfum deildarinnar og því skyldi maður ætla að tækifærið hefði verið gripið til þess að taka fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem flutt var í Nd. og hefur verið samþykkt þar og vísað til nefndar. Flm. eru Sólveig Pétursdóttir, Geir H. Haarde, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson. Ég spyr hvort fyrir því séu einhverjar sérstakar ástæður að heilbr.- og trn. hefur ekki tekið þetta mál fyrir. Það er auðvitað ekki við því að segja ef meiri hl. heilbr.- og trn. snýst gegn þingmannafrv. En ég hygg á hinn bóginn að við hljótum að leggja á það áherslu að nefndarstörf dragi dám af þeim hraða sem hér er á þingstörfum og þess vegna sé hvert tækifæri gripið til þess að taka fyrir mál sem nefndinni berast. Ef marka má þau nöfn sem eru á þessu frv. má ætla að víðtækur stuðningur sé við málið hér í deildinni og rétt að vilji þingsins komi fram.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég kom inn í umræðuna án þess að heyra allt mál hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldórs Blöndals en ég hygg að hann sé að tala um frv. sem flutt er af hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur og hefur fengið afgreiðslu í Nd. Efnislega er málið þannig vaxið að Tryggingastofnun ríkisins er með hliðstætt mál, eða það sem þetta tiltekna þingmál raunverulega fjallar um, fyrir dómstólum. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og það er ákvörðun Tryggingastofnunarinnar og heilbrrn. að standa þannig að því. Þess vegna hefur mér þótt óeðlilegt að afgreiða þetta frv. hér og nú frá Alþingi á þessu stigi. Efnislega umræðu ætla ég ekki að taka upp um málið að öðru leyti. Þetta er mín afstaða og ég vil að þingið viti hvernig málið er vaxið af hálfu heilbrrn. og Tryggingastofnunarinnar, en vissulega er það þingsins að taka afstöðu til mála og kannski ekki hægt að hafa áhrif á það hvernig menn afgreiða hér mál eða hvernig þingmenn og þingdeild taka á málinu. En þetta er það viðhorf sem ég vildi láta koma fram í deildinni af minni hálfu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er auðvitað ágæt tilbreyting sem við höfum orðið vör við þessa síðustu daga að ráðherrar eru að lýsa efnisafstöðu til mála undir dagskrárliðnum um þingsköp og hefði kannski verið rétt að taka þann hátt upp fyrr að ræða um þingsköp í þeirri

von að ráðherrar væru þá málglaðari en stundum hefur verið hér í deildinni.

En ég vildi þakka ráðherra fyrir þær góðu undirtektir sem hann lét í ljós við mína málaleitan að þingmenn tækju málið fyrir þannig að efnisleg afstaða gæti legið fyrir og þingdeildin síðan skorið úr um það hvort hún telur frv. lífvænlegt eða ekki.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. þakka hæstv. ráðherra fyrir að hann tekur undir það að nefndin taki þetta mál til umræðu. Það ætti ekki að taka langan tíma. Málið er búið að fara í gegnum Nd. og var samþykkt þar. Það má segja að hér sé um að ræða réttlætismál. Þetta kostar ekkert fjármagn úr ríkissjóði og Tryggingastofnun ríkisins.

En ég vil í leiðinni aðeins vekja athygli á því að stjórnarandstaðan hefur ekki verið í því að tefja málin í þessari hv. deild. Ég held að við höfum frekar verið lipur og reynt að greiða fyrir málum en hitt. Þess vegna finnst mér það vera sanngjörn og fróm ósk að við biðjum um að þetta mál verði tekið til umræðu í nefndinni.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þær óskir og þau tilmæli sem hér hafa komið fram um að mál þetta verði tekið til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar og vænti þess að það geti fengið þar afgreiðslu.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Vegna þess sem hér var sagt áðan vil ég aðeins taka undir og staðfesta það að samvinnan við stjórnarandstöðuna þessa annadaga í lokalotu þingstarfanna hefur verið til fyrirmyndar og með miklum ágætum. Ég vil bara staðfesta það og að það komi skýrt fram.

Ég tek undir þá eðlilegu ósk sem hér hefur komið fram að þetta mál fái nú umfjöllun í nefnd. Mér finnst það í senn sjálfsögð, réttmæt og eðlileg krafa.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er sjálfgefið að taka undir ummæli þeirra hv. þm. sem óska eftir því að málið hafi eðlilegan gang. En ég komst ekki hjá því að skilja hæstv. ráðherra þannig að hann hefði haft einhver afskipti af því hvort nefndin starfaði. Ef það er misskilningur að ráðherra hafi látið að því liggja að hann persónulega væri, vegna einhverra málaferla, óánægður með að þetta mál væri á ferðinni, þá er það út af fyrir sig alvarlegt ef hann hefur gert tilraun til þess að stöðva málið eða koma í veg fyrir að það hefði eðlilegan framgang. Ef þetta er misskilningur, þá bið ég afsökunar á því, en ég gat ekki skilið ráðherrann öðruvísi en svo að hann væri að blanda þessu máli saman við eitthvert annað mál sem væri fyrir dómstólum (**Gripið fram í:** Þetta er sama málið.) sama málið, þess vegna skildi ég hann þannig að hann væri fremur að andmæla því að málið hefði eðlilegan framgang. En ég sé að þeir nefndarmenn sem hér hafa talað ætla að láta málið hafa eðlilegan framgang og við hljótum auðvitað að krefjast þess í stjórnarandstöðu sem erum hér daginn út og daginn inn að greiða fyrir framgangi mála að þetta mál fái eðlilegan framgang og komi hér inn áður en langur tími líður.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Aðeins örstutt út af þessum ummælum. Ég vona að ég geti leiðrétt það nú ef það hefur misskilist eitthvað sem ég sagði áðan. Ég sagðist hafa verið á móti málinu og greitt atkvæði gegn því í Nd. og lýsti því sem er að gerast í Tryggingastofnuninni án þess að fjalla þó um málið efnislega nú frekar, því að ég heyrði að hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði athugasemdir við það. En mér fannst ég verða að gera það áðan þó að umræðan væri um þingsköp, bara til þess að skýra af hverju svo hefði farið með málið.

En ég lýsti líka áðan yfir í lok míns máls að auðvitað réði ráðherra ekki einn því sem hér færi fram. Það gera þingmenn auðvitað og þingið þó svo að reynt sé að hafa nokkurt samkomulag um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu hvernig mál ganga fram, ekki síst á síðustu dögum þings. Ég veit að vel hefur gengið að eiga samstarf við stjórnarandstöðuna þessa seinustu daga og ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram hjá öðrum varðandi það mál.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þá yfirlýsingu sem hann hefur gefið. Ég skil hana svo að hann muni ekki setja fótinn fyrir framgang málsins og það er sjálfsagt að svo sé. Þess vegna treysti ég því að málið komi til deildarinnar innan skamms tíma.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, ein umr.

Frv. GHG, 50. mál. — Þskj. 1076.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1107).

Þjóðminjalög, ein umr.

Frv. menntmn. Ed., 459. mál (fornminjavörður). — Þskj. 1075.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér finnst hér um bil nauðsynlegt að menntmn. líti aðeins á þetta frv. Ég hef greinilega fengið misvísandi upplýsingar þegar málið var lagt fyrir menntmn. og við lögðum það fram. Ég held að það sé nauðsynlegt að við áttum okkur á því hvað er að gerast.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Það er auðvitað sjálfsagt ef þess er óskað að menntmn. þessarar hv. deildar komi saman til fundar og fjalli um þetta mál. Í lok fundar menntmn. sem haldinn var hér áðan, og má vera að hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal hafi verið farinn af vettvangi, þá ræddum við þetta lauslega, viðurkennt skal það. Þar sem hér er eingöngu um að ræða leiðréttingar, ekki efnisbreytingar, leiðréttingar þess sem komst inn á þskj. nánast fyrir mistök og uppgötvaðist í Nd., var ekki talin ástæða til að halda sérstakan fund. En sé þess óskað þá er auðvitað ekkert sjálfsagðara en að nefndin komi saman til stutts fundar og fari yfir málið. (**HBl:** Fyrst nefndin hefur farið yfir málið, þá styð ég það þó ég hafi ekki verið við.) Ég heyri að hv. 2. þm. Norðurl. e. er sáttur við þessi málalok og þarf þá ekki raunar fleira um málið að segja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1108).

Grunnskóli, 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 811, n. 1088, brtt. 1096.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um grunnskóla. Játað skal að ekki hefur málið legið lengi hjá deildinni og það hefur heldur ekki verið fjallað um það á mörgum né löngum fundum í nefndinni en því meira hefur um málið verið fjallað utan fundar og milli manna til þess að leita þar samkomulags ef verða mætti til þess að samstaða gæti tekist um málið.

Á fundi nefndarinnar fyrr í dag var málið afgreitt út úr nefndinni eins og Nd. afgreiddi það, þó með þeim fyrirvara að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma. Þetta er nál. meiri hl. menntmn. á þskj. 1088. Fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og Halldór Blöndal, lögðust ekki gegn því að frv. yrði afgreitt úr nefndinni, en þau munu gera grein fyrir afstöðu sinni nú við þessa umræðu málsins.

Undir þetta nál. skrifa auk frsm. Valgerður Sverrisdóttir, Jón Helgason, Skúli Alexandersson og Guðrún J. Halldórsdóttir með fyrirvara.

Skemmst er frá því að segja að hér hafði verið dreift á þskj. 1044 breytingartillöguhugmyndum frá hæstv. menntmrh. Kunnugt var að aðrar brtt. frá fulltrúum Sjálfstfl. voru einnig í smíðum og í nánd, ef svo má segja. Nú er það svo að samkomulag hefur tekist um að sameina þessar tillögur og bæta við þær. Það hefur tekist samkomulag um brtt. og hefur það orðið úr að menntmn. flytur tillögurnar en í ljósi þess hvern aðdraganda málið hefur haft, þá held ég sé réttara að þeir sem mest hafa fjallað þar um geri í smáatriðum efnislega grein fyrir brtt. við þessa umræðu, en um málið er samstaða í menntmn.

Ég tel ástæðulaust, virðulegi forseti, að orðlengja þetta frekar.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rólegt í þessari hv. deild á þessu augnabliki en það mál sem hér er verið að fjalla um, þ.e. frv. til laga um grunnskóla, hefur, eins og fram kom í máli formanns menntmn., hv. 3. þm. Vesturl., fengið afar stutta og yfirborðskennda umfjöllun í þessari hv. deild. Hæstv. menntmrh. mælti fyrir þessu frv. í síðustu viku. Við höfum ekki fjallað um frv. efnislega í menntmn. Við komum aðeins til fundar fyrir einhverjum mínútum síðan, kannski hálftíma, og afgreiddum það með þeim hætti sem hv. 3. þm. Vesturl. skýrði frá, þ.e. meiri hl. nefndarinnar leggur til að það verði samþykkt.

Það hefur komið fram í máli frsm. nefndarinnar að hún stendur öll að þeim brtt. sem fluttar eru við frv. Því er ekki að leyna að við höfum nokkuð spjallað saman um þetta mál, ég og hæstv. menntmrh. Niðurstaðan af því var sú að fyrir helgi lagði hæstv. ráðherra fram brtt. sem hafa nú verið felldar inn í þær brtt. sem hér liggja fyrir og eru til umræðu. Allar eru þessar brtt. komnar frá okkur, mér og hv. 2. þm. Norðurl. e., sem eigum sæti í menntmn. og treystum okkur ekki til þess að vera á nál. meiri hl.

Mér finnst af þessu tilefni ástæða til að þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa komið til móts við okkar hugmyndir og okkar kröfur um breytingar á frv. sem liggja hér fyrir í þessum brtt. og nefndin stendur nú öll að.

Það var mikið fjallað um þetta frv. í Nd. og fóru fram efnislegar umræður á þeim vettvangi sem við því miður höfum ekki haft tækifæri til þess að gera hér í hv. Ed. eins og ég nefndi áðan.

Frv. mun hafa verið lagt fram í nóv. sl. í hv. Nd. Það var ekki tekið til meðferðar í nefndinni þar fyrr en í febrúar og þess vegna var jafnframt í Nd. mjög stuttur tími til umfjöllunar um frv. í nefndinni. Hugsanlega hefði mátt búast við að þar hefði gefist tækifæri til að ná fram þeim brtt. sem nú eru fluttar hér í hv. Ed. ef nefndinni hefði verið gefinn kostur á því. Þetta þýðir auðvitað að nú þarf frv. að fara til baka til Nd. ef það á að afgreiðast út úr þinginu.

Auðvitað er margt sem hægt er að gagnrýna í þessu frv. Kannski ekki síst þann óvissuþátt sem eru sveitarfélögin og hvernig þau koma að þessu máli og það

sem er þýðingarmest, þ.e. kostnaðarþátturinn, hvernig framtíðin verður, hvernig tekst að framkvæma það sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Mér þykir það eiginlega slæmt að hafa ekki tækifæri til þess að halda dálítið góða efnislega ræðu um þetta mikilvæga og góða mál, ekki síst af því að það hefur verið eitt af mínum hjartans áhugamálum að bæta um hvernig unnið er með þann ómótaða leir sem okkar æskufólk er þegar það er að ganga út á lífsbrautina og á að gera það að nýtum þjóðfélagsþegnum. Því það er ekki lítil ábyrgð sem hvílir á skólunum í nútímaþjóðfélagi sem verða að aðstoða foreldrana við uppeldið og auðvitað þroska og menntun barnanna.

Ég hefði haft gaman af því að hafa tíma til þess að skreppa út á skrifstofuna mína og sækja skýrslur vinnuhópsins sem þáv. hæstv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir skipaði. Þar áttum við, þessi níu manna hópur eða níu kvenna hópur ásamt einum karli, skemmtilegan tíma saman og mjög fræðandi og upplýsandi, þar sem við vorum að fjalla um þessi mál, þ.e. samstarf heimila og skóla, samfelldan skóladag, mötuneyti eða aðstöðu fyrir börn til að matast í skólanum, o.s.frv. Ég tel að það hafi kannski verið einn fyrsti vísirinn að þeim breytingum sem orðið hafa á mjög skömmum tíma til hins betra til þess að efla samstarf heimila og skóla ekki síst og meiri tengsl foreldranna við skólana.

Það er stundum sagt að aðrir en þeir sem starfa innan veggja skólanna eigi ekkert að vera að skipta sér af því sem þar gerist. Ég er ekki sammála þessu og sem betur fer fjölgar þeim sem eru ekki þeirrar skoðunar. Auðvitað kemur foreldrum við hvað gerist innan veggja skólanna og skólarnir eru óðum að opna dyr sínar fyrir foreldrunum og bjóða þeim til inngöngu og vilja eiga samstarf við þá um hvernig best má standa að því að mennta börnin og gera þau að nýtum þjóðfélagsþegnum. Sem betur fer er þróunin í þessa átt og þetta er að breytast. Ég veit að þessu frv. sem hér liggur fyrir er ætlað að skapa betri skilyrði.

Ég verð að gera þá játningu að ég hef í raun og veru engan tíma haft til þess að fara eins ítarlega og ég hefði viljað í efnisatriði frv. umfram það sem liggur fyrir í þeim brtt. sem hér eru fluttar. En ég tel að með þeim brtt. getum við sjálfstæðismenn sætt okkur við frv. og munum þess vegna greiða götu þess hér í gegnum þingið.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að skýra einstök efnisatriði varðandi þessar brtt. en ég vil þó nefna nokkur. Fyrsta breytingin er við 3. gr. frv. Þar er lagt til að felld séu út orðin „heildstæður skóli". Með því eigum við við það að það megi ekki koma í veg fyrir að hægt sé að hafa skóla fyrir kannski fáeina árganga. Þá er ég með í huga ekki síst grenndarskóla í þéttbýlinu fyrir yngstu árgangana, svo dæmi séu tekin. Með því að taka út orðið „heildstæður" teljum við að þeim möguleika sé haldið opnum, en okkur fannst það vera þrengt með þessu orði. Hins vegar á að sjálfsögðu að stefna að einsetnum skóla.

Síðan er það við 9. gr. varðandi fulltrúa í grunnskólaráð. Í frv. er gert ráð fyrir að það sé skipað 11 fulltrúum. Við vildum auka hlut foreldra. Aðeins var gert ráð fyrir einum fulltrúa foreldra en samkvæmt þessum breytingum verða þeir tveir, fulltrúar foreldrafélaga eða samtaka þeirra, og skal annar þeirra vera fulltrúi foreldrafélaga í dreifbýli. Þá er einn fulltrúi Kennaraháskóla Íslands, einn fulltrúi Háskóla Íslands, einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi Námsgagnastofnunar, auk þriggja fulltrúa menntmrn. Einn þeirra skal vera fræðslustjóri og einn skólastjóri á framhaldsskólastigi. Þá gerum við líka brtt. um að fá í ráðið fulltrúa frá framhaldsskólastiginu sem á að taka við af grunnskólanum. Okkur fannst það vanta þarna inn í. Við höfum jafnframt fallist á breytingu hæstv. ráðherra um að ekki sé óeðlilegt að menntmrn. eigi þarna fulltrúa sem sé ekki bundinn einhverju ákveðnu embætti. Það er sá þriðji og þannig eru fulltrúarnir orðnir tólf.

Svo er þarna nafnabreyting sem skiptir ekki máli. Síðan er það 17. gr. Henni er breytt þannig að ekki þarf að vera eitt skólahverfi t.d. hér í Reykjavík.

Þá er það ný grein sem ég fagna sérstaklega að hæstv. ráðherra hefur fallist á að taka inn í þessar brtt. Það eru skólaráðin sem skulu starfa við hvern grunnskóla. Hæstv. ráðherra tók það orðrétt upp úr frv. sem ég flutti hér á tveimur eða þremur þingum á sínum tíma, en náði aldrei fram að ganga. Það var samkvæmt tillögum vinnuhópsins sem ég minntist á áðan. Samt sem áður hafði ég breytt því frv. og fækkað í ráðinu samkvæmt tillögum úr skýrslu samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál sem hæstv. þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson setti á laggirnar og var með margar mjög merkar og góðar tillögur. Þar var gert ráð fyrir að þetta skólaráð skuli skipað þremur mönnum, einn tilnefndur af kennurum og annar af starfsmönnum skólans, einn af foreldrum, foreldrafélagi ef það er til, og einn tilnefndur af nemendum, nemendaráði ef það er til. Fulltrúar í skólaráði skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skólaráð skal koma saman til funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.

Hæstv. forseti. Ég gleymdi að biðja leyfis að mega lesa svona orðrétt en, með leyfi hæstv. forseta, þá er ég að lesa hérna úr brtt.: „Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólaráðs. Skylt er fulltrúa skólanefndar, fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs ef ráðið óskar þess.

Menntmrh. setur reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setur skólaráði erindisbréf.

Heimilt er skóla að sækja um með rökstuddri greinargerð undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntmrn. Gildar ástæður þurfa að liggja fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur."

Það er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir að svona skólaráð komi saman hið minnsta þrisvar á ári, þ.e. í upphafi skólaárs til að fylgjast með hvernig skólinn ætlar að starfa, síðan um miðjan vetur og svo aftur að vori. Auðvitað er það frjálst en þetta er hugmyndin á bak við það að gera foreldrana meðábyrga í hinu innra starfi skólans, þó ekki sé annað sagt. Ætti það að vera til bóta og til styrktar starfsmönnum skólans að eiga aðgang að foreldrum á slíkum vettvangi.

Í 7. lið á þessum brtt. erum við með brtt. við 45. gr., liðina g–j.

Við gerum tillögur um að það sé tryggt að 6.–10. bekkur hafi lágmarks kennslustundir sem eru aðeins rýmri en gert var ráð fyrir í frv. Þar förum við eftir tillögum sem komu fram í umsögn Kennarasambands Íslands. Þar bætum við jafnframt inn í nýrri málsgrein sem orðast svo, með leyfi hæstv. forseta: „Komið skal á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla, þar sem þörf er á, þar sem nemendur geta dvalist utan kennslustunda. Til að standa straum af viðbótarkostnaði er heimilt að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra."

Þetta er nýtt ákvæði sem ég tel vera mjög mikilvægt, að það sé hægt að nýta t.d. skólana sjálfa í þessu skyni. Þetta er í raun og veru komið í framkvæmd í mörgum skólum, a.m.k. á þéttbýlli stöðum, og skiptir miklu máli fyrir foreldra að börnin eigi þetta athvarf. Það er ekkert óeðlilegt að gera ráð fyrir að einhver smáupphæð sé greidd fyrir þann aukakostnað sem verður af þessu eins og t.d. vegna ræstingar eða gæslu. En þetta er sem sagt heimildarákvæði og gjaldskrá ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra.

Við gerum líka brtt. við 50. gr. í 8. lið. Hún varðar Námsgagnastofnun og er um að orðin „hvaða námsgögn eru látin í té og" falli brott. Setningin hljóðar þá þannig: Námsgagnastjórn ákveður hvort þau eru afhent nemendum til eignar eða afnota. Við viljum sem sagt víkka það hvaðan námsgögnin koma.

Síðan er 9. liður við 72. gr. um að síðasta málsgreinin falli brott, sem er „skólagjöld eru háð samþykki menntmrn." Þetta fellur brott samkvæmt þessari brtt.

Síðan er brtt. við 74. gr. Þar er lagt til að í 1. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 18. Það er gert ráð fyrir að fækka þeim. Gert er ráð fyrir að þeir séu 22 í 2.–3. bekk en í 1. bekk verði þeir ekki fleiri en 18. Það þarf áreiðanlega ekki að skýra það fyrir kennurum a.m.k. hvað liggur þarna að baki og þýðingu þess að þeir hafi möguleika á að sinna þeim litlu börnum sem eru í 1. bekk, að þau séu ekki fleiri svo það valdi ekki vandræðum.

11. liðurinn í þessum brtt. er við 85. gr. og er um hvenær lögin öðlast gildi. Þar er brtt. um að þau öðlist gildi 1. ágúst 1991. Þetta var ein af brtt. hæstv. ráðherra sem hann hafði lagt fram og við erum mjög ánægð með að hún er komin þarna inn.

Að síðustu er 12. liðurinn til samræmis við 45. gr.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi þessi orð mín ekki fleiri en eins og ég gat um í upphafi hefur lítill tími gefist til að fara ítarlega í þetta frv. og trúlega hefði verið hægt að gera enn þá meiri umbætur á því. Ég harma það vissulega að við höfum ekki fengið hér í þessari hv. deild að fjalla ítarlegar um þetta mál og fengið betri tíma. Ég er viss um að ef við hefðum fengið þó ekki væri nema eina viku til viðbótar hefði orðið enn þá betri niðurstaða. En ég vil ítreka að þrátt fyrir þá ágalla sem ég nefndi og sérstaklega óvissuna um kostnaðarhliðina þá erum við sátt við að fá tækifæri til að ná fram þessum breytingum sem hér hafa verið útskýrðar og lagðar fram.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum hér með grunnskólafrv. eins og það lítur út eftir 2. umr. í neðri deild og með brtt., bæði brtt. ráðherra og líka þeim sem menntmn. hefur orðið ásátt um að gera.

Frv. hefur tekið nokkuð miklum breytingum frá upphaflegu formi og hefur það sjálfsagt orðið til bóta en sumt er kannski ekki eins róttækt og skyldi. En þetta er það form sem fólk hefur komið sér saman um og við sættum okkur við það.

Sú breyting að skipa tólf manna ráð held ég að sé til bóta og ég held líka að samsetningin á ráðinu sé til bóta. Í 13. gr. er talað um samstarfsráð. Það held ég líka að sé skýrara en upphaflega orðið sem ég sá um þetta, skólamálaráð, sem hefði verið villandi vegna þeirra aðstæðna sem eru hér í Reykjavík.

Það að koma upp skólaráði álít ég að sé mjög gott en ég held að skólaráð eigi að koma oftar saman en þrisvar á ári. Ég hef setið í skólanefndum og skólaráðum í mörg ár og ég veit að það að koma þrisvar á ári í níu mánaða skóla til skrafs og ráðagerða og áætlanagerða dugar afskaplega skammt. Í grunnskóla þar sem upp koma geysilega mörg vandamál og einmitt svona ráð gæti átt þátt í að leysa álít ég að enn þá meiri þörf væri fyrir að ráðið hittist oftar til að ráða fram úr þeim málum sem upp geta komið.

Þetta er allveigamikið frv. og tekur á mjög mörgum þáttum. Ekki er tími til að ræða um þá alla hér. Ég vel 25. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta: „Í skólahúsi skal, auk kennsluaðstöðu fyrir allar kennslugreinar, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til að neyta málsverðar; snyrtiherbergjum; skrifstofu- og vinnuherbergjum skólastjórnenda og kennara; aðstöðu til heilsugæslu í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu," — það er mjög mikilvægt — „íþróttaiðkana og almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda; húsnæði til sérkennslu og sálfræðiþjónustu og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta eða annarrar kennslu í öðru húsnæði í nágrenni skólans."

Þetta eru háleit markmið og raunar sjálfsögð. En það verður að harma það hversu oft skortir á að þessum markmiðum sé náð í skólum landsins. Ég tel að ef skólamannvirki okkar kæmust eitthvað í námunda við þessa veru þá værum við búin að ná langt á því sviði.

Ég vildi líka nefna að í brtt. við 74. gr. er talað um að nemendur í 1. bekk verði ekki fleiri en 18 en hins vegar verði þeir 22 eða 28 í öðrum bekkjum. Ég held að þetta sé allt saman ívið of margt en þó álít ég að þetta ákvæði um 18 nemendur í yngsta bekknum sé mjög til bóta og afskaplega mikið í samræmi við það sem ég hef sagt áður í þessum ræðustól um þessi lög. Mér finnst að ýmislegt sem hér er komið inn sé mjög mikið í takt við það sem ég hef áður sagt hér líka, t.d. fjöldi kennslustunda.

Í lokin vildi ég nefna að þó að við höfum háleit markmið sem við ætlum að ná um húsakynni þá er hitt aðalatriðið hvernig atlæti nemendur fá og umgengni frá hinum fullorðnu. Í b-lið 7. brtt. er talað um að koma á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla þar sem þörf er á. Það liggur við að ég haldi að það séu flestir skólar þar sem slík þörf er fyrir hendi. Ég veit ekki hvort það eiga að heita skólaathvörf en alla vega verða það að vera athvörf þar sem nemendur geta ekki bara dvalist heldur líka iðkað það nám sem þeir þurfa að iðka og fengist við ýmis störf sem henta þeim í frístundum. Þetta eru ekki bara dvalar- eða geymslustaðir, þetta eiga að vera staðir til uppeldis og þroska fyrir nemendur og er bráðnauðsynlegt að þetta ákvæði komist til framkvæmda eins fljótt og auðið er. Við sem höfum unnið með nemendur á skólaskyldualdri, og raunar utan skólaskyldualdurs, hér á Reykjavíkursvæðinu sjáum að það er stærri og stærri hópur nemenda sem þarf nauðsynlega á þessari þjónustu að halda.

Fremst í þessu lagafrv. stendur í 4. gr.: „Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.“ Þar er ekki talað um hver eigi að greiða málsverðinn, hvort það á að verða ríkið, bæjarfélagið, sveitarfélagið eða þeir sem neyta hans og verður sjálfsagt kveðið nánar á um það í reglugerð. Þess vegna finnst mér dálítið sérkennilegt að það skuli eiga að greiða gjald fyrir dvöl í skólaathvörfum. Hv. síðasti ræðumaður, Salome Þorkelsdóttir, sagði að þetta gjald ætti að vera fyrir þrif og annan kostnað sem af skólaathvörfunum hlytist. Má vera að það sé ekki hægt að koma á skólaathvörfum í þessum stíl nema með greiðslum og þá verður sjálfsagt að gera það, en samt finnst mér þetta vera hálfnöturlegt að allt í einu eigi að fara að taka greiðslu fyrir þrif og gæslu og umönnun þeirra nemenda sem hafa kannski langmesta þörf fyrir umönnun og aðstoð. Mörg þeirra hafa alls ekki fé handa á milli til að greiða eitt né neitt. Þess vegna held ég að þetta greiðsluákvæði verði að falla burtu ef þetta á að gegna þeim tilgangi sem hugsað er, þ.e. að þeir nemendur sem mesta þörf hafa fyrir það fái að vera þarna. Ég legg því eindregið til að út úr þessum brtt. verði fellt greiðsluákvæðið fyrir vist í skólaathvörfunum en álít að að flestu leyti séu brtt. þær sem nú eru fram komnar til bóta.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þeir hv. þm. sem hér hafa talað á undan mér hafa skýrt öll meginatriði þeirra brtt. sem hér liggja fyrir þannig að ég ætla ekki að fara að rekja þær í einstökum atriðum. Þær hafa þróast með nokkuð óvenjulegum hætti. Venjan er sú að meiri hl. og minni hl. takast á í nefndum. Það má segja að menn hafi reynt að leysa þetta utan nefndafundanna og lendingin sem hér liggur fyrir er að mínu mati farsæl. Það er hlutverk þeirra sem gegna því starfi sem ég er í núna að reyna að finna samnefnara og samkomulag um mikilvæga löggjöf eins og þessa og ég tel að þær tilraunir sem hér hafa verið gerðar í þessari virðulegu deild hafi í grófum dráttum tekist allvel og það sé deildinni til sóma hvernig að málinu hefur verið staðið. Ég hygg, satt að segja, að þó að málið hefði verið lengur í nefnd hefði ekki verið unnið miklu nákvæmar að því en þrátt fyrir allt hefur verið gert.

Varðandi einstök atriði vil ég aðeins nefna nokkra hluti til þess að koma í veg fyrir misskilning og til þess að skýra frá minni afstöðu. Ég segi í fyrsta lagi: Auðvitað sé ég eftir skólahverfisákvæðinu sem á við fjölmenn byggðarlög. Mér er hins vegar ljóst að fyrir því eru ákveðin rök að byggðarlögin sjálf ákveði hvernig þau haga skólahverfaskiptingu. Þar sem það liggur fyrir að viðkomandi byggðarlag, Reykjavík, er andvígt því að á því verði tekið með lögum, þá var út af fyrir sig hægt að fallast á það að taka út hugmyndirnar eins og þær liggja fyrir í frv., enda þótt mér sé vissulega nokkur eftirsjón að þeim.

Varðandi 7. brtt., við 45. gr., vil ég segja að auðvitað verður það að vera þannig og hlýtur að verða þannig framkvæmt af ráðuneytinu að lenging skólatímans, sem gert er ráð fyrir í greininni, hlýtur fyrst og fremst að koma til yngstu barnanna framan af. Það hlýtur að vera algjört meginatriði. Það er gert ráð fyrir því í 12. brtt. að ákvæði þessarar greinar komi til framkvæmda á tíu árum en í brtt. er síðan gert ráð fyrir því að nemendur í 9. og 10. bekk geti fengið minnst 1480 mínútur og nemendur í 7. og 8. bekk minnst 1440 mínútur, þ.e. tímum fjölgi um einn í 7. og 8. bekk og tvo í 9. og 10. bekk. Ég bendi á í þessu sambandi að eins og frv. lítur út er þetta lágmark, það er ekki verið að tala um þetta sem almenna viðmiðun eins og það er í gildandi grunnskólalögum heldur er þetta lágmarkstími sem hverjum nemanda á að verða ætlaður í skóla að loknum þessum tíma, aðlögunartíma, sem tilgreindur er í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

Varðandi b-lið 7. brtt. þar sem gert er ráð fyrir því að heimilað verði að taka gjald vegna skólaathvarfanna vil ég láta það koma skýrt fram að mín túlkun á þessu er sú að hér sé eingöngu um að ræða framkvæmd á ákvæði 25. gr. sem skapar möguleika í skólum fyrir hvíld utan kennslustunda. Spurningin er þá sú: Af hverju á að taka gjald fyrir þetta? Svarið er: Það hefur verið gert. Það er gert í flestöllum byggðarlögum. Mér er kunnugt um það að ýmsir aðilar eins og t.d. minn flokkur og kennarasamtökin og fleiri hafa lýst gagnrýnum sjónarmiðum í þessu efni, en það er alveg ljóst að hér eru menn ekki að leggja út á braut skólagjalda, hér eru menn eingöngu að skapa svigrúm til þess að standa undir þessum sérstaka viðbótarkostnaði. Hér er verið að tala um minni háttar gjöld, hér er verið að tala um lágar upphæðir á hvern einasta nemanda, en ekki verulega fjármuni. Ég bendi á að í greininni, eins og hún stendur, er gert ráð fyrir því að fræðslustjóri, þ.e. ráðuneytið, komi til skjalanna þegar gjöldin eru ákveðin. Það er því alveg ljóst að hér er ekki verið að stíga inn á almenna skólagjaldabraut af neinu tagi.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka hv. menntmn. fyrir vinnu hennar að þessum málum, einstökum nefndarmönnum, stjórnarandstöðunnar ekki síst, hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur og ekki síst hv. þm. Salome Þorkelsdóttur og Halldóri Blöndal. Það er satt

að segja mjög sérkennilegt hvað það gerist sjaldan að fólk í stjórn og stjórnarandstöðu reynir að krafla sig saman í gegnum málin og komast að sameiginlegri lendingu. Það er hægt miklu oftar en gert er. Mér finnst satt að segja að þó að tíminn hafi verið stuttur sem málið hefur verið til meðferðar þá séu vinnubrögðin til fyrirmyndar að því leyti að menn hafa verið að reyna að finna samnefnara. Það væri afar fávíslegt af ráðherra, hver sem hann væri, að gera ekki allt sem hann gæti til þess að ná samkomulagi um jafnmikilvæga löggjöf og grunnskólalögin eru.

Að svo mæltu endurtek ég þakkir mínar til þingmanna og hv. deildar fyrir afgreiðslu á málinu til þessa og vænti þess að það nái afgreiðslu nú á þessu þingi.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd við orð hæstv. ráðherra um skólaathvörfin og hlutverk þeirra, að þau eigi að vera hvíldarstaður fyrir nemendur. Að sjálfsögðu eiga þau að vera hvíldarstaður, en ég lít svo á að hlutverk skólaathvarfa í framtíðinni hljóti að verða miklu meira en það, þetta verði staður þar sem nemendur geta bæði lært og þroskast og iðkað frístundaathafnir. Ég á þó ekki við neinar stórkostlegar íþróttir eða því um líkt heldur ýmis önnur frístundaviðfangsefni. Þau skólaathvörf sem hér er rætt um koma ekki að gagni og verða æskulýð þessa lands ekki til þess góðs sem ég álít að þau þurfi og verði að vera nema því aðeins að við lítum svo á að þetta sé ekki bara hvíldarstaður heldur einnig þroskastaður.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna orða hæstv. ráðherra og hv. 18. þm. Reykv. um skólaathvörfin. Ég vil staðfesta það sem kom fram í máli hv. 18. þm. Reykv. sem er hugmyndin að baki því að bjóða upp á skólaathvörf við skólana. Það er einmitt ekki síst þetta að nemendur sem þurfa á því að halda eigi þetta athvarf innan skólans utan venjulegs skólatíma. Vegna orða hæstv. ráðherra um heimild til að taka gjald fyrir slíka gæslu eða eftirlit, þá segir það sig sjálft að þarna er einungis verið að tala um að það megi taka eitthvert smágjald til þess að standa undir aukakostnaði sem hlýtur að verða við slíkt skólaathvarf. Það er bæði það sem snýr t.d. að ræstingu og launum starfsmanns sem að öðrum kosti yrði þá kannski að taka af þeim kennslukvóta sem viðkomandi skóli hefur. Þetta er ekki hugsað öðruvísi en aðeins til að koma til móts við þann aukakostnað sem yrði af rekstri slíks athvarfs í skólanum. Maður getur að sjálfsögðu aldrei reiknað með að það yrði greitt að fullu með þessum hætti heldur yrði gjaldið til að sýna viðleitni. Þarna er um aukaþjónustu að ræða sem er utan við þá skyldu sem skólinn hefur. Hann er að ganga lengra og koma til móts við foreldra barna sem þurfa á slíku athvarfi að halda. Mér finnst rétt að láta þetta koma fram og taka þannig undir þau viðhorf sem hv. 18. þm. Reykv. lýsti til skólaathvarfanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 1096,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
10.–12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
14.–15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,5 (ný 17. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

18.–19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 1096,6 (ný gr., verður 20. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

21.–44. gr. (verða 22.–45. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,7 samþ. með 15 shlj. atkv.

45. gr. (verður 46. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

46.–49. (verða 47.–50. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,8 samþ. með 16 shlj. atkv.

50. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

51.–71. gr. (verða 52.–72. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,9 samþ. með 15 shlj. atkv.

72. gr. (verður 73. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

73. gr. (verður 74. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,10 samþ. með 16 shlj. atkv.

74. gr. (verður 75. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

75.–84. gr. (verða 76.–85. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,11 samþ. með 16 shlj. atkv.

85. gr. (verður 86. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1096,12 samþ. með 16 shlj. atkv.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

98. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 97. fundi.

Grunnskóli, 3. umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 1103.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):
Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hv. deild fyrir afgreiðslu á máli þessu við 2. umr. verð ég að koma á framfæri brtt. við ákvæði til bráðabirgða, 2. málsgr., þannig að í stað orðanna „verði miðað við hámark 22 nemendur í 1.–3. bekk" komi: verði miðað við hámark 22 nemendur í 2.–3. bekk en 18 nemendur í 1. bekk. Þetta er til samræmis við breytingu sem áður hafði verið samþykkt á nemendafjölda í bekk og flyt ég hana skriflega og vænti þess að forseti taki viljann fyrir verkið og sjái sér fært að bera þetta upp fyrir hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði um brtt. 1105, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1105 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Skaðsemisábyrgð, 1. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 36.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skaðsemisábyrgð sem er á þskj. 36. Þetta er samkomulagsmál sem hefur þegar verið samþykkt í Nd.
Frv. fjallar um skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni sem hljótast kann af ágalla eða eiginleikum vöru sem þeir hafa framleitt eða látið af hendi á annan hátt í atvinnuskyni. Það er merkilegt að því leyti að það bætir réttarstöðu neytenda. Það er liður í samræmingu viðskiptalöggjafar í Vestur-Evrópu. Það er nauðsynlegt til að tryggja okkar vöruútflutningi aðgang að evrópskum markaði.
Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

99. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 98. fundi.

Skaðsemisábyrgð, 2. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 36, n. 1112.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um skaðsemisábyrgð, sem lýtur að því að samræma reglur hér reglum í Vestur-Evrópu.
Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.
Undir þetta skrifa allir nefndarmenn, einn með fyrirvara, Guðmundur Ágústsson.

Guðmundur Ágústsson:
Virðulegi forseti. Ég get ekki mælt með frv. sem ég hef tæplega lesið. Samt vildi ég vera með á þessu nál. þar sem ég get ekki tekið efnislega afstöðu til málsins að öðru leyti.
Hér er um að ræða nokkuð stóran lagabálk þar sem verið er að fjalla um mál er varða ábyrgð framleiðanda á vöru sem síðan reynist gölluð, svo langt komst ég í því að lesa í þessu frv. Þegar málið kemur til afgreiðslu mun ég sitja hjá.
Mér finnst, eins og mál hafa þróast síðustu daga, þessi vinnubrögð vera fyrir neðan allar hellur. Það er verið að afgreiða mál í gegnum tvær til þrjár umræður á 5–10 mínútum og engin efnisleg afgreiðsla í nefndum. Ég var má segja borinn ofurliði í hv. fjh.- og viðskn. um þetta atriði. Ég taldi lágmark að nefndarmenn fengju að kynna sér málin áður en þeir tækju afstöðu til þeirra og þess vegna geri ég fyrirvara á nál. Ég taldi ekki ástæðu til að skila sérstöku nál. þar sem ég gat ekki farið það vel ofan í málið að ég gæti tjáð mig um það á sérstöku nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn og millifyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1991, ein umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 1110.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. mætti hér til fundar strax eftir að atkvæðagreiðslu í Nd. var lokið til að ræða frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991. Það kom í ljós að frv. hafði tekið nokkuð mörgum breytingum frá því að það fór frá þessari deild fyrir jól og töluvert fleiri lánsheimildir gefnar en þá var mælt fyrir um.
Meiri hl. nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að mæla með samþykkt frv. eins og það lítur út nú. Hins vegar verð ég að segja fyrir mig, og tala þá ekki sem formaður fjh.- og viðskn. heldur í eigin persónu, að

mér þykir töluvert mikið á lánsfjárlögin lagt og miklar heimildir gefnar fyrir lántökum á þessu ári.

Það virðist því miður vera svo að eftir afgreiðslu fjárlaga, þar sem mælt er fyrir um bæði tekjur og gjöld, kemur annað frv. sem heitir lánsfjárlög þar sem eru engar tekjur, bara gjöld.

Þetta ber þess töluverð merki að það er verið að redda málunum fyrir horn og gefa heimildir til ýmissa framkvæmda. Sumar er ekki víst að verði framkvæmdar á þessu ári en aðrar eru nokkuð nauðsynlegar og kannski ekki óeðlilegt að ríkið taki lán til að greiða þær. Í sjálfu sér ætla ég ekki að nefna einstök dæmi í lánsfjárlögunum, eins og þau líta út nú, því til sönnunar. Eins og komið er finnst mér menn líta svolítið einkennilega á lánsfjárlögin, að ýta svo miklum vanda, eins og þar er mælt fyrir um, yfir á komandi kynslóðir í staðinn fyrir að afla tekna á móti fyrir því sem eytt er nú um stundir.

Ég ætla ekki að vera á móti þessum auknu heimildum heldur kem ég til með að greiða þeim atkvæði þrátt fyrir það sem ég hef sagt nú. Þetta er skoðun sem ég lýsti þegar málið var afgreitt úr deildinni og er enn þá þeirrar sömu skoðunar að ég tel að betur eigi að huga að því, þegar menn huga að framkvæmdum, hvernig eigi að fjármagna þann kostnað.

Þetta er kannski eitt af meginvandamálum Íslendinga, að við erum að auka skuldabyrðina ár frá ári. Ég er ekki að segja að þessi ríkisstjórn sé eitthvað betri en þær sem setið hafa. Þetta hefur því miður verið landlægt hjá okkur Íslendingum að taka eilíf lán fyrir þeirri eyðslu hvers og eins árs.

Eitt er þó það mál sem ég sakna nokkuð að hafi ekki hlotið náð í hv. Nd. og gæti leitt til þess að hér yrðu skapaðir nýir atvinnumöguleikar með samstarfi við erlenda aðila. Þannig er að ákveðnir enskir aðilar hafa lýst því yfir að þeir væru tilbúnir til að setja upp þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn. Ef af slíkri framkvæmd verður, sem óvíst er, þarf að bæta höfnina í Þorlákshöfn. Þess vegna legg ég það til í brtt. að ef til samninga komi af þessu tagi milli íslenskra og þessara ensku aðila verði fjmrh. veitt heimild til að koma upp þilplötuverksmiðju á þessum stað.

Ég hef þá mælt fyrir nál. sem frsm. fjh.- og viðskn. og skýrt frá því hvaða umræða var í nefndinni vegna þessa tiltekna máls. Ég vona að hv. Ed. sjái að sú brtt. sem ég legg fram sé í þá átt að skapa hér og auka atvinnutækifæri og bið deildarmenn að samþykkja hana.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Eins og allir vita þá hefur þetta mál nú komið til okkar frá hv. Nd. Það er ekkert svigrúm til breytinga. Hugmyndin er að ljúka þinginu eftir örskamman tíma og við sættum okkur við þessar aðgerðir. Þetta er að vísu óvanalegt því að lánsfjárlög hafa nú um langa tíð alltaf verið samþykkt fyrir jól, þó með þeim hætti að Ed. hefur raunverulega lokið við sín störf nokkru fyrir jólin og sent málið til hv. Nd. Þar hefur verið gengið frá lánsfjárlögum við hlið fjárlaganna, enda eru lánsfjárlög í eðli sínu ekkert annað en hluti fjárlaga.

Segja má að þetta snillibragð að hafa lánsfjárlög við hliðina á fjárlögunum hafi verið fundið upp til að dylja halla sem hefur verið á fjárlögum í langa tíð en dulbúið með þessum hætti. Málið hefur svo alltaf komið aftur til Ed. á lokadegi þingsins þegar verið var að afgreiða fjárlögin, sem hefur alltaf verið fyrir jólin. Að þessu sinni er það auðvitað sérstakt að málið kemur svo seint til baka til okkar hér í Ed. Það breytir ekki því að við munum láta afgreiðsluna óátalda og ekki flytja neinar brtt. því að ef upp hefðu hafist hér deilur þá yrði þinginu alls ekki slitið á þessu dægri.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson, sagði eru lánsfjárlögin aftur komin til Ed. eftir að hafa fyrst verið til umfjöllunar hjá okkur í desembermánuði. Síðan hafa þau verið að velkjast í Nd. í janúar og febrúar og nú er kominn miður mars og meira en það. Á meðan við í Ed. fjölluðum um lánsfjárlögin í desembermánuði hækkuðu óskir ríkisstjórnarinnar um lántöku um 2,2 milljarða. Núna, næstum þremur mánuðum seinna, eru lánsfjárlögin komin til okkar og hafa aftur hækkað um 2 milljarða og meira til. Þannig bætum við sífellt við lánaóskirnar og skuldir okkar vaxa jafnt og þétt.

Auðvitað er því þannig háttað að við borgum eitthvað af lánum til baka og vexti á þessum sama tíma en þetta eru án efa miklu hærri upphæðir en við höfum greitt á sama tíma. Því segi ég það að við erum enn þá að bæta við skuldafen okkar. Af þeim nærri 2,1 milljarði, sem lánsfjárlögin gera núna ráð fyrir að tekinn verði, eiga 735 millj. að fást á erlendum markaði en hitt innan lands svo við höldum áfram að reyna að taka meiri hlutann af lánum okkar innan lands og hefur ríkisstjórnin nú hælt sér af því. Vafalaust má segja að á vissan hátt sé það mjög gott. En þessi sífellda ásókn ríkisvaldsins í lán innan lands hefur átt sinn þátt í að halda raunvöxtum mikið meira uppi en eðlilegt er. Það er auðvitað vandséð hvort hægt er að gera þetta öðruvísi. Það er samt sérkennilegt að nú skuli einstaklingar og ríkisvaldið vera helstu lántakendur á Íslandi á meðan fyrirtæki halda að sér höndum og reyna að komast hjá að taka lán. Það segir nokkuð til um raunverulegt fjárhagsástand á Íslandi að einstaklingarnir skuli neyðast til að taka lán til þess að lifa en fyrirtækin reyni í lengstu lög að forðast að taka lán til framkvæmda vegna þess að þau þora ekki að gera það.

Þær hækkanir sem ég sé strax að eru einna mest áberandi í þessari nýju útgáfu er að 14 milljarðar 140 millj., sem upphaflega var í okkar meðförum 14 milljarðar og 60 millj., er orðið núna 14 milljarðar og 700 millj. Þar hefur hækkunin orðið 560 millj. á þessum þremur mánuðum.

Einnig höfum við gert ráð fyrir að taka 100 millj. kr. lán til að kaupa þyrlu. Er það auðvitað bráðnauðsynlegt. Við vitum að þyrlur eru ein nauðsynlegustu björgunartæki sem íslenska þjóðin hefur yfir að ráða og er náttúrlega vandséð hvort 100 millj. séu ekki bara dropi í það haf sem við þurfum að leggja í til að þyrluvæða okkur eins og skyldi. En þetta er góð byrjun og ég tala

nú ekki á móti því að við tökum þau lán.

Um 735 millj. ætlum við að taka í erlendri mynt sem eiga að skiptast á milli ýmissa stofnana sem við erum að reyna að lappa upp á, eins og úreldingarsjóð loðnuverksmiðja. Síldarverksmiðjur ríkisins svo og Byggðastofnun og Lánasjóður sveitarfélaga eru allt stofnanir og sjóðir sem standa mjög höllum fæti og þarf að hjálpa upp á.

Landsvirkjun er fyrirtæki sem við gerum ráð fyrir í þessum lánsfjárlögum að fái aukið fé. Gert er ráð fyrir a.m.k. 400 millj. kr. fjáraukningu til Landsvirkjunar og í erlendri mynt.

Þetta er mér þyrnir í augum því ég hef þá trú að við eigum ekki að vera að undirbúa byggingu álvers á Keilisnesi. Landsvirkjun vildi í upphafi fá helmingi hærri upphæð en þetta til að undirbúa raforkuvinnslu til að þjóna þessu álveri sem því miður allt of margir virðast álíta að sé eina bjargarleið íslensku þjóðarinnar. Þeir eru haldnir þeirri undarlegu glýju að halda að eitt álver á einum stað á landinu geti hjálpað íslenskri þjóð út úr atvinnu- og efnahagsörðugleikum. Á meðan við erum að óhreinka umhverfi okkar, óhreinka hlið Íslands, vegna þess að flestir ferðamenn sem koma til Íslands koma til Keflavíkur og það fyrsta sem þeir sjá eru verksmiðjur sem þeir vita að eru mengandi. Það þýðir ekkert fyrir umhvrh. Íslands eða aðra pótintáta á Íslandi að halda því fram að ekki komi mengun og óhreinindi frá þessum verksmiðjum. Fólk veit mikið betur. Sú ímynd sem hæstv. forsrh. vill skapa fyrir Ísland, þ.e. ímynd hreinleikans, kámast í augum ferðamannsins um leið og hann lendir í Keflavík vegna þess að við erum svo heimsk að ætla að hlaða þar niður verksmiðjum sem allir vita að eru mengandi.

Aftur á móti held ég að ef við hefðum ætlað að taka 400 millj. kr. lán til þess að bæta umhverfi á Íslandi og skapa betri og sterkari mynd af hreinu landi þá værum við á réttri braut. Þessar 400 millj. hefðu átt að fara í það. Um allt land þarf að hreinsa til og bæta umhverfið því víða er pottur brotinn um allar byggðir og í fjörum landsins. Þangað þyrftu 400 millj. að fara til að við gætum staðið vel undir nafni hreinleikans. Við getum selt þá ímynd Íslands. Við getum selt hreint vatn. Ég geri ráð fyrir að þingmenn viti það mætavel að hreint og tært vatn er fimm sinnum dýrara en bensín í Evrópu í dag. Með þessari álversfávisku okkar, sem ég vil helst kalla það, ætlum við að eyðileggja möguleika okkar á að nýta aðrar auðlindir landsins. Þar á ég ekki síst við þetta, hið hreina Ísland. Það er skömm að því að við skulum ekki sjá betur fram á veginn en þetta. Við ætluðum að bjarga efnahag okkar næstu þrjú, fjögur, kannski tíu árin með því að hafa fullt af fólki í vinnu við að byggja orkuver og koma svo 600–800 manns í vinnu í þessu sama álveri en um leið eyðileggjum við framtíðarmöguleikana fyrir fjölda fólks um land allt og sölumöguleika á því sem miklu auðveldara væri fyrir okkur að framleiða en ál.

Ég lít svo á að það sé af hinu góða að 18. gr. í þessu frv. falli brott því það hlýtur að þýða að framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs mun ekki verða skert. Það tel ég mjög gott.

Í brtt. er líka gert ráð fyrir því að 23. gr. lánsfjárlaga falli brott, sem fjallar um að framlag til Kvikmyndasjóðs skuli eigi vera hærra en 81 millj. kr. Ég tel að þetta sé líka góðs viti. Ég tel að þarna hafi þingmenn álitið að ríkisvaldið eigi að standa við lagaákvæðið um framlög til kvikmyndagerðar á Íslandi.

Kvikmyndagerð á Íslandi er að mínum dómi framtíðarmál. Ég held að við eigum eftir að framleiða kvikmyndir sem verði á heimsmælikvarða. Við getum átt blómatíma í kvikmyndum á sama hátt og við höfum átt blómatíma í bókmenntum á vissum aldursskeiðum þessarar þjóðar.

Einnig er kveðið á um að 30. gr. falli brott. Hún er um skerðingu á framlögum til málefna aldraðra og ég held að það verði líka að teljast harla gott.

31. gr., sem líka á að falla brott, fjallar um málefni fatlaðra og að framlög til þeirra eigi aðeins að vera 225 millj. á árinu. Ég held líka að það sé til mikilla bóta og sjálfsagt að fella þessi ákvæði niður og geri þar af leiðandi ráð fyrir að bæði aldraðir og fatlaðir fái þau framlög sem lög kveða á um.

Á eftir 31. gr. á að koma grein sem verður 33. gr. og fjallar um að endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, mannúðarmála og líknarstarfsemi. Jafnframt er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki. Ég álít að þetta sé harla góð viðbót við lánsfjárlögin og ég álít að það sé mjög af hinu góða að þetta er komið inn. Það mættu gjarnan koma fleiri ákvæði í þessa átt þannig að við gætum styrkt bæði mannúðar- og líknarstarfsemi meira en gert er ráð fyrir í þessari grein.

Síðan koma sjö nýjar greinar í brtt. Allar þessar sjö greinar ganga út á það að auka útgjöld ríkissjóðs. 1. gr. fjallar um það að ríkisstjórnin hafi heimild til að stofna til skuldbindinga upp á 1 milljarð og 700 millj. með útgáfu skuldabréfa. Þetta er í takt við það að þeir reyni að fá sem mest lán innan lands. En þetta er hærri upphæð en kveðið er á um í upphafi þessara brtt. Ef það tekst að selja skuldabréf fyrir þessa upphæð, þá stöndum við í enn þá stærri fjárhagsskuldbindingum en áður.

Í 37. gr. er áætlað að ríkið yfirtaki skuldir Byggðastofnunar frá Framkvæmdasjóði, allt að 1 milljarð og 200 millj. Þetta er bara tilfærsla því auðvitað eru þessar skuldir nú fyrir hendi hjá þjóðinni. Ég tel ekki hægt að segja annað en það sé harla eðlileg ráðstöfun.

Það eru alls lags fleiri heimildir um ríkisábyrgðir fyrir ýmsum lánum í næstu greinum. Upphæðir þeirra lána sem talað er um að eigi að fá ríkisábyrgðir eru alls ekki tilgreindar. Við vitum því ekkert hversu miklar ábyrgðir við erum að veita ríkisstjórninni heimild til þess að taka á sig. Þetta tel ég vera harla sérkennilegt og vissa áhættu í því fólgna, þó auðvitað verði að treysta því að ríkisstjórnin, hver sem hún verður á þessum tíma, muni koma fram af ábyrgð og reyna að ganga eins stutt í þessum málum og mögulegt er.

Einnig er þarna heimild til að fella niður opinber gjöld sem tengjast framkvæmdum Flugleiða við byggingu nýs viðhaldsflugskýlis á Keflavíkurflugvelli. Flugleiðir standa ekki sérlega vel að vígi og þetta mun auka

vinnu á Suðurnesjum og innan lands vegna þess að það er meiningin að flytja heim þá starfsemi sem Flugleiðir hafa orðið að hafa erlendis. Þetta má telja að sumu leyti a.m.k. mjög gott. Hins vegar er einokun Flugleiða á Keflavíkurflugvelli geysimikil og sýnist manni stundum kannski að það mætti taka tillit til fleiri flugfélaga og annarrar starfsemi en bara millilandaflugs Flugleiða. T.d. tel ég það harla sérkennilegt að það skuli ekki vera hægt að þjóna innanlandsfluginu í Keflavík eins og sakir standa og væri ástæða til þess að gera þar á mikla bragarbót.

Í g-lið þessara brtt. er gert ráð fyrir því að fjmrh. hafi heimild til að ganga til samninga við Sláturfélag Suðurlands um kaup á húseigninni Laugarnesvegi 91. Það er stórt og sjálfsagt vandað hús sem byggt var í allt öðrum tilgangi en nú á að nota það til og er ekki að efa að það er ekki nóg að kaupa þetta hús. Það þarf að eyða stórfé til að breyta því og bæta það. Í þessum áætlunum er ekkert um það að fé þurfi til að gera húsið hæft til notkunar fyrir þá skóla sem þarna eiga að fá húsaskjól, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Listdansskóla Þjóðleikhússins og fleiri menningarstofnanir. Með því að veita heimild til þess að ganga til þessara samninga erum við án efa að skapa okkur mikil útgjöld til viðbótar.

Ég hefði gjarnan viljað sjá ákvæði um það að Ferðamálaráð fengi meira fé handa á milli en tókst að koma inn í lánsfjárlögin fyrir jólin. Ferðamál og ferðamannaiðnaður, ef svo má kalla, er ein þeirra atvinnugreina sem lofa hvað bestu hér á Íslandi þessa dagana og þyrfti að styðja mikið betur við bakið á þeirri grein. Ekki virðist hv. Nd. hafa tekist það frekar en okkur í Ed.

Ég hef þegar rætt um Kvikmyndasjóð og Framkvæmdasjóð aldraða og fatlaða og ætla ekki að eyða fleiri orðum í það.

Allir vita að mastrið á langbylgjustöðinni á Vatnsendahæð hrundi í óveðri sem kom hér eftir jólin. Í desember skrifaði ég í athugasemdum mínum í nál. við lánsfjárlög að langbylgjustöðin á Vatnsendahæð væri orðin 60 ára og illa komin eftir mikla og góða þjónustu og að lampar og sendibúnaður væru orðnir að forngripum, tæringin í möstrunum væri náttúrlega slík að þau gætu fallið í næsta stormi sem líka varð raunin á. Ég benti líka á það að langbylgjustöðin sé eitt helsta öryggistæki Íslendinga því engin önnur stöð nær eins langt á haf út og til annesja. Ekki er í þessu lánsfjárlagafrv. neitt sem bendir til að við ætlum að eyða fé í að endurbæta þessa stöð. Er fróðlegt að vita hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að bregðast við í þeim málum.

Kannski eru til aðrar leiðir. Alla vega verður þá að reyna þær leiðir og grípa til þeirra úrræða sem þarf til þess að gera því fólki sem vinnur við verstu aðstæðurnar, því fólki sem er á hafi úti og býr afskekktast á Íslandi tilveruna tryggari en núna er. Það er því nauðsyn að eitthvað komi inn í lánsfjárlögin sem bendir til að eigi að fara að vinna að því máli.

Ég hef ekki skrifað nál., enda komu þessi lánsfjárlög fyrir okkur hér í Ed. fyrir örstuttu síðan og ekki hægt að vænta þess að nál. sé hrist fram úr erminni á andartaki. Ég skrifaði nál. fyrir jólin sem er að miklu leyti í fullu gildi. Auk þess leyfi ég mér að vísa til nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, 12. þm. Reykv. og kvennalistaþingkonu, og geri orð hennar að mínum hér í Ed. til viðbótar því sem ég hef þegar sagt um lánsfjárlögin. Þau hafa hækkað, eins og ég sagði, um meira en 2 milljarða á þremur mánuðum og manni býður í grun að svona muni þetta halda áfram. Það lofar satt að segja ekki allt of góðu um fjárhagsástandið hjá þjóðinni.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Það er orðið dálítið langt um liðið síðan við ræddum lánsfjárlögin hér í Ed. í desember sl. og lögðum mikla vinnu í að ganga frá þeim till. eins og þær liggja fyrir núna. Ég fagna því að loksins er lokið umræðu í Nd. um þennan mikilsverða málaflokk sem skiptir okkur alla miklu máli.

Ég vildi minnast á nokkur atriði í örfáum orðum. Í fyrsta lagi fagna ég því að það stendur, sem um hefur verið talað, að veitt sé 100 millj. kr. lánsheimild til kaupa á björgunarþyrlu, þó svo að ég telji að vísu að sú heimild hafi verið inni í fjárlögunum í 6. gr., eins og ég hef minnst á áður hér í ræðu. Þar er að vísu sett það skilyrði að jafnframt verði sett á stofn happdrætti til fjáröflunar til þessarar þyrlu en ég vona að menn sættist á það að með þessari lánsfjárheimild, sem er áréttíng á því sem sagt er í fjárlögunum, verði gengið til pöntunar á þessu mikilsverða björgunartæki okkar.

Þá vil ég líka fagna því að það skuli hafa náðst samstaða um það í Nd., a.m.k. hjá meiri hluta deildarinnar, að taka inn nauðsynleg ákvæði til þess að hægt sé að halda áfram undirbúningi að Fljótsdalsvirkjun og undirbúningi að álverksmiðjunni á Keilisnesi, jafnframt því að gefa heimild, ef ekki semst um kaup á landi í Vatnsleysustrandarhreppi, til eignarnáms ef á þyrfti að halda, sem ég vona að sjálfsögðu að ekki komi til.

Þá tek ég líka mjög undir það sem ég held að hafi reyndar gleymst í frágangi fjárlaganna, en það er 10. brtt., þ.e. á eftir 31. gr., sem verður 33. gr., komi ný gr. um heimild fyrir menntmrh. að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi. Þetta ákvæði er búið að vera í gildi í fjöldamörg ár og mér er kunnugt um það að þetta hefur valdið vissum vandkvæðum í upphafi árs. Ýmis mannúðarfélög, ég get bent á Lions-hreyfinguna og ýmis fleiri, sem safna fjármagni til kaupa á ýmsum tækjum til þessarar starfsemi hafa haldið að sér höndum við gjafir og hefur það valdið ýmsum óþægindum. Þetta ákvæði er búið að vera í lögum frá því löngu áður en við tókum upp virðisaukaskattinn og var áður í söluskattslögunum og reyndar í tollalögunum líka og það er mjög gott að það skyldi koma.

Jafnframt fagna ég því að tekin er inn heimild hér til að fella niður opinber gjöld af fyrirhuguðum framkvæmdum Flugleiða við byggingu nýs viðhaldsflug-

skýlis á Keflavíkurflugvelli. Þetta er framkvæmd sem við Suðurnesjamenn og reyndar allir landsmenn hafa horft mjög til að kæmi sem fyrst í framkvæmd. Við eigum marga mjög hæfa flugvirkja hér á landi sem gætu tekið að sér miklu fleiri verkefni en hefur verið fram að þessu. Ég vona að þetta gefi Flugleiðum byr til þess að ganga til þessara framkvæmda hið allra fyrsta því að flugvirkjum hefur fjölgað mikið á síðustu árum og reyndar líka á jörðu niðri, ef ég má orða það svo, eftir að Flugleiðir tóku í notkun hinn nýja flugflota sinn. Með þessu geta þeir hætt að starfa sem leiguliðar á varnarliðinu og geta tekið að sér miklu fleiri óbundin verkefni á alþjóðlegum vettvangi.

Ég ætla nú ekki að gera alvarlega athugasemd við g-liðinn í brtt. Ég tek undir það að það sé heimilt að ganga til samninga við Sláturfélag Suðurlands um kaup á húseigninni á Laugarnesvegi 91. Mér hefði þótt nóg að setja punktinn þar á eftir. Ég er ekki viss um að sú könnun sé nægilega mikil og nægilega mikil samstaða um að það eigi að nota þetta húsnæði fyrir Handíða- og myndlistarskólann, Listdansskólann og fleiri slíka skóla. Ég held að það sé ýmislegt fleira sem kæmi til greina að nýta þetta húsnæði til. Ég nefni þar til m.a. Þjóðminjasafnið og tel ekki ástæðu til þess að setja það fast í lánsfjárlögum til hvers eigi að nota húsið, en ég er sammála því að fjmrh. sé veitt heimild til að ganga til samninga um kaup á þessu húsi.

Hér er eitt mál á dagskrá sem er brtt. við frv. frá Guðna Ágústssyni um að á eftir 7. gr. komi ný gr. er verði 8. gr., þ.e. að Ölfushreppi verði heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð 35 millj. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til endurbóta á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn, enda verði af byggingu þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn. Ég held að það sé varla tímabært að taka afstöðu til þess að það komi til byggingar þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn. Mér er kunnugt um það að hið erlenda fyrirtæki sem er að velta þessu fyrir sér er með ýmsa staði til skoðunar í þessum tilgangi. Ég held að það sé varhugavert fyrir Alþingi að fara að taka afstöðu til þess á þessu stigi áður en þeir hafa lokið sínum rannsóknum um hvar þessi verksmiðja eigi að vera.

Mér er hins vegar ljóst að það þurfa að fara fram ýmiss konar endurbætur á Þorlákshöfn og finnst sjálfsagt út af fyrir sig að Ölfushreppi sé veitt heimild til lántöku til þess að bæta hafnaraðstöðu þar. Að vísu mun þurfa líka að laga ýmislegt þarna í höfninni, m.a. vegna hinnar nýju Vestmannaeyjaferju, en ég skil það svo að bara sú aðstaða sem þarf að lagast í Þorlákshöfn vegna nýju ferjunnar muni kosta um 140 millj. kr. Ég dreg mjög í efa að þær tölur sem nefndar hafa verið til þess að bæta hafnaraðstöðuna í Þorlákshöfn upp á 135 millj. kr., sem þessar 35 millj. eiga að vera fyrsti áfangi að, dugi fyrir væntanlega þilplötuverksmiðju. Samkvæmt upplýsingum Vita- og hafnamálastofnunar mun það duga til að reisa þarna viðlegukant á 7 metra dýpi sem tekur 5000–8000 tonna skip inn í höfnina. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá þessum erlenda aðila eru þeir að velta fyrir sér skipum af stærðargráðunni 12.000–15.000 tonn.

Ég er hins vegar sannfærður um það að þegar þar að kemur og ef hinn erlendi aðili velur Þorlákshöfn til sinnar aðstöðu þá mun að sjálfsögðu ekki standa á okkur að standa við bakið á þeim Ölfushreppsbúum að lagfæra höfnina hjá þeim. En ég held að það sé ekki skynsamlegt að Alþingi taki afstöðu á þessu stigi til þess hvar þilplötuverksmiðjan eigi að vera. Hinn erlendi aðili er að skoða þessi mál og mér er kunnugt um að það muni ekki líða margar vikur þangað til hann mun koma með sína hagkvæmniskoðun á þessum stöðum og þá er fyrst tímabært að skoða þetta. Ég hefði út af fyrir sig getað fallist á fyrri setninguna í þessari tillögu, þ.e. að Ölfushreppi verði heimilt að taka lán árið 1991, og ætti að vísu að vera „auk þeirra framkvæmda sem eru nauðsynlegar vegna ferjunnar", upp að 35 millj. kr. eða jafnvirði í erlendri mynt, til endurbótar hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn, en sleppt verði niðurlagi setningarinnar: „. . . enda verði af byggingu þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn," sem ég held að sé langt í frá að vera tímabært að við hér á Alþingi tökum afstöðu til.

Að öðru leyti stend ég bak við þær till. sem hér eru fluttar og tel að það sé til mikilla bóta að fella niður þau skerðingarákvæði sem verið hafa í lánsfjárlögunum og við með hálfum huga samþykktum þegar við gengum frá þessu í desember sl.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í Nd. varð nokkur umræða um heimild til lántöku vegna þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn. Þá upplýsti ég að um þetta mál var lítillega rætt í ríkisstjórninni fyrr í vikunni og að af hálfu ríkisstjórnarinnar mun að sjálfsögðu verða tryggt að fjármagn fáist til hafnargerðar ef hið erlenda fyrirtæki kýs að reisa þilplötuverksmiðju í Þorlákshöfn, enda hefur mér skilist að kostnaður við slíka hafnargerð yrði af stærðargráðunni kringum 135 millj. kr. Hitt er svo staðreynd að eftir að ákveðið er að reisa þilplötuverksmiðju, hvar sem hún er reist, þá mun það taka tvö ár að reisa verksmiðjuna og því algjör óþarfi að setja það inn á lánsfjárlagaheimild nú.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Við meðferð þessa máls í hv. Nd. flutti hv. þm. Ragnar Arnalds brtt. við það ákvæði frv. sem fjallar um lántökuheimildir fyrir Landsvirkjun, þar sem gert var ráð fyrir því að heimildir til lántökunnar yrðu því aðeins nýttar að fyrir lægi fyrirvaralaus raforkusamningur, ef ég man rétt orðalag tillögunnar. Þessi brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds var felld. Við þær aðstæður sátu alþýðubandalagsmenn hjá við afgreiðslu málsins, þ.e. að því er varðar þessa lántökuheimild og ég geri ráð fyrir því að við áskiljum okkur rétt til þess hér einnig ef málið kemur upp til sérstakrar atkvæðagreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1113 samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 1113 felld með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÁ, MF.

nei: EG, HÁ, JE, KSG, SkA, StG, SvG, VS, JHelg.

EKJ, GHG, GJH, SalÞ, DS greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (HBl, JúlS, KP, ÞK, EgJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vísa til yfirlýsingar forsrh. í þessu máli og vilja ríkisstjórnarinnar að greiða fyrir því að verksmiðjan verði byggð á þessum stað, en vil hins vegar ítreka það að verksmiðja þessi verður ekki byggð í atkvæðagreiðslu hér á Alþingi, heldur fer það eftir þeim samningum sem nást við viðkomandi aðila og segi því nei.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan þá tel ég það ekki vera tímabært ennþá að fara að negla þetta niður meðan samningum er ekki lokið við þá erlendu aðila sem eru núna að láta gera hagkvæmnisúttekt á því hvar slík verksmiðja ætti að vera. Með tilliti til þess hvað hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að þessi niðurstaða verður ekki ákveðin með atkvæðagreiðslu á Alþingi, segi ég nei.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Vegna þess að mér er kunnugt um að samningar um byggingu þilplötuverksmiðju eru á viðkvæmu stigi þar sem þrír staðir koma til greina varðandi staðsetningu, þá tel ég óvænlegt að Alþingi gefi ákveðna vísbendingu um það hvar þessi verksmiðja eigi að rísa. Ég segi nei.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ljóst að náist samningar um fyrirtæki þetta verða gerðar ráðstafanir til þess að tryggja það að fyrirtækið rísi. Með hliðsjón af því og þeirri yfirlýsingu sem forsrh. hefur gefið er málið í raun og veru skýrt af hálfu ríkisstjórnarinnar þar sem miðað er við Þorlákshöfn, að því er varðar þessar framkvæmdir. Ég vil hins vegar nota tækifærið til þess að lýsa því yfir að mér finnst það sérkennileg vinnubrögð að setja inn tillögu af þessu tagi á þessu stigi málsins sem er bersýnilega ætluð til þess eins að negla þingmenn kjördæmisins og valda þeim erfiðleikum sem eiga sæti í deildinni. Ég segi nei, herra forseti.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1118).

EFRI DEILD

100. fundur, miðvikudaginn 20. mars, kl. 00.50.

Grunnskóli, ein umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 1119 (sbr. 1103).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1128).

Skaðsemisábyrgð, 3. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 36.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1129).

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. SP o.fl., 379. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 673, n. 1125 og 1126.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hl. heilbr.- og trn. sem er á þskj. 1125 og varðar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1987, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Ásmund Stefánsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Dögg Pálsdóttur frá heilbr.- og trmrn.

Þótt meiri hl. nefndarinnar geri sér grein fyrir því að hugsanlega sé nokkurt misræmi milli réttinda sem konur öðlist er um mikilvægt skref að ræða til réttarbóta

fyrir allar konur. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga.

Undir þetta nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, sem undirritar með fyrirvara, og Guðmundur H. Garðarsson.

Frsm. minni hl. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1126 frá heilbr.- og trn. um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Minni hl. nefndarinnar telur að frv. bæti ekki rétt allra útivinnandi kvenna, heldur einungis þeirra sem hafa sterkari samningsaðstöðu. Með vísan til þess og að á málum þessum er tekið í heildarendurskoðun almannatryggingalaganna, sem nú fer fram, leggur minni hl. til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál. rita auk frsm. Karl Steinar Guðnason og Stefán Guðmundsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1126 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 11:7 atkv.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég veit að það var í góðu skyni gert sem meiri hl. deildarinnar vísaði málinu til ríkisstjórnarinnar. Meiri hl. þingdeildarinnar trúir því að ríkisstjórnin hafi betri leiðir til að ná þeim tilgangi fram sem í frv. stendur þannig að ég get út af fyrir sig sætt mig við þessa niðurstöðu.

Starfslok efri deildar.

Forseti (Jón Helgason):

Þetta er síðasti fundur efri deildar á þessu þingi þar sem þinglausnir hafa verið ákveðnar á morgun. Ég vil þakka hv. þingdeildarmönnum kærlega fyrir mjög gott samstarf og ánægjulega samvinnu á þessu þingi sem nú er að ljúka. Ég vil þakka skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þess kærlega fyrir ágæta samvinnu og frábært starf, sem best hefur komið fram í önnum síðustu daga þegar með ótrúlega skipulagðri og góðri vinnu hefur tekist að koma því til skila sem hv. þm. hafa viljað fram færa. Ég vil einnig þakka skrifurum deildarinnar og varaforsetum fyrir ágæta aðstoð sem mér hefur verið veitt.

Það er ekki aðeins að þessu þingi sé nú að ljúka heldur er kjörtímabilinu að ljúka þannig að nú munu hverfa hér úr deildinni nokkrir sem setið hafa á Alþingi um alllangt skeið og sumir áratugum saman. Ég vil sérstaklega þakka þeim fyrir samstarf á þessu þingi og á liðnum árum og árna þeim allra heilla.

Ég vil svo óska ykkur öllum velfarnaðar í þeirri baráttu sem fram undan er hjá þeim sem áfram ætla að leita eftir kjöri en auðna verður að ráða hver okkar muni mæta á næsta þingi sem áætlað er að halda ekki löngu eftir næstu alþingiskosningar. Þegar leiðir nú skilja þá árna ég öllum utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og öllum hv. þingdeildarmönnum allra heilla.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd okkar þingdeildarmanna vil ég þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Ég vil jafnframt þakka hæstv. forseta mjög gott samstarf og réttláta fundastjórn ásamt umburðarlyndi í garð okkar þingdeildarmanna.

Ég tek undir óskir hæstv. forseta og þakkir til skrifstofustjóra og starfsfólks Alþingis, sem mikið hefur mætt á, ekki síst nú síðustu dægrin, og sem leggur sig fram og veitir okkur þingmönnum alla þá aðstoð sem með þarf til að auðvelda okkur þingstörfin.

Ég ítreka góðar óskir okkar allra til hæstv. forseta og óska honum og fjölskyldu hans velfarnaðar. Ég bið hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum til að staðfesta orð mín og óskir. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason):

Ég þakka hv. 6. þm. Reykn. kærlega fyrir góðar óskir í minn garð og hlý orð og hv. þingdeildarmönnum öllum fyrir að taka undir þau. Ég vil endurtaka árnaðaróskir til ykkar allra og ykkar fjölskyldna. Þá liggur ekki fleira fyrir þessum fundi. Fundinum er slitið.

NEÐRI DEILD

74. fundur, þriðjudaginn 19. mars, kl. 11 árdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 999 (sbr. 728).

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi gera nokkrar athugasemdir við þetta frv. sem hér liggur fyrir og greina frá því að ég tel að þetta mál sé bæði seint fram komið og einnig efnislega ekki lagt fyrir þannig að það sé auðvelt að lýsa yfir almennum stuðningi við það. Hér er verið að loka hinu almenna húsnæðislánakerfi með tilteknum hætti eins og fram kemur í frv. og athugasemdum við það, án þess að séð sé fyrir með eðlilegum hætti viðskilnaði gagnvart þeim fjölda manna sem eru umsækjendur um húsnæðislán og hafa fengið staðfest lánsloforð, bindandi lánsloforð sumir hverjir og aðrir eru þar á biðlista í góðri trú.

Þetta er einn þáttur af mörgum raunalegum í sambandi við meðferð húsnæðismála á undanförnum árum sem þetta frv. ber vott um og ég tel að það sé stjórnvöldum til lítils sóma hvernig að þessu efni hefur ver-

ið staðið. Alveg sérstaklega gagnrýni ég það með hvaða hætti viðskilnaðurinn er gagnvart þeim þúsundum manna sem hafa sótt um fyrirgreiðslu í þessu lánskerfi og fá nú ekki aðrar kveðjur heldur en þær sem hér er að finna með ákvæðum þessa frv., þar á meðal í ákvæði til bráðabirgða og þeirri almennu ávísun á svokallað húsbréfakerfi sem þeir geti fengið úrlausn í. Þar er um að ræða verulega önnur kjör í sambandi við húsnæðismálin heldur en gilt hafa í hinu almenna kerfi. Þar er um að ræða markaðstengt kerfi sem kunnugt er og sem alls ekki verður séð að leysi vanda húsbyggjenda. Alveg sérstaklega á það við um landsbyggðina, sem er sett í mjög óvissa stöðu að öllu leyti í sambandi við húsnæðismálin og það vil ég gagnrýna alveg sérstaklega.

Sá málaflokkur sem hvað mestu veldur um viðhorf fólks til búsetu eru einmitt húsnæðismálin og þróun fasteignaverðs. Þetta á við í meiri mæli hér á landi en víða erlendis vegna þeirrar séreignarstefnu varðandi íbúðarhúsnæði sem hér hefur orðið ríkjandi. Vegna verðtryggingar og hárra vaxta lengst af á síðasta áratug hefur húsnæðiskostnaður fólks margfaldast og verð á fasteignum jafnframt þróast landsbyggðinni mjög í óhag. Byggingarkostnaður er hins vegar síst minni úti um land en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefur valdið því að þeim hefur fækkað til muna sem ráðast í nýbyggingu íbúðarhúsnæðis utan höfuðborgarsvæðisins. Það hefur lítið sem ekkert verið gert til að hvetja fólk til að eignast húsnæði úti á landi, t.d. með því að veita þeim forgang um afgreiðslu lána eða hagstæðari kjör vegna húsbygginga eða kaupa á húsnæði. Það hefur einnig allt of lítið verið um byggingu leiguhúsnæðis eða félagslegs húsnæðis á stöðum úti á landi sem hafa almennar forsendur til vaxtar.

Sú hugmynd sem hér birtist í þessu frv., að leggja niður hið almenna húsnæðiskerfi og taka þess í stað upp húsbréf sem eins konar allsherjarlausn, getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þróun þessara mála á landsbyggðinni. Við þetta gerist tvennt: Vextir á húsnæðislánum yrðu markaðstengdir að fullu og lánsupphæð fer eftir fasteignamati en ekki áætluðum byggingarkostnaði. Það er augljóst að með upptöku þessa kerfis væri verið að bæta gráu ofan á svart fyrir húsbyggjendur víðast hvar úti á landi.

Ég tel að vegna þessara aðstæðna væri það heppileg ráðstöfun að svæði á landinu utan höfuðborgarsvæðisins nytu algjörs forgangs í sambandi við félagslega íbúðarkerfið og það sé í rauninni eina leiðin út úr því öngstræti sem menn eru komnir með þessi mál gagnvart landsbyggðinni.

Ég vildi koma þessum sjónarmiðum hér á framfæri, virðulegur forseti. Mér sýnist ekki horfur á að þetta mál verði afgreitt hér þótt ég viti ekkert um hvað hefur verið um rætt í því efni. En mér finnst að hér sé verið að efna til breytinga sem leiða til mjög mikillar óvissu þó að vissulega hafi margir agnúar verið á útfærslu hins almenna húsnæðiskerfis og fjárskorturinn sem þar hefur blasað við og veldur hinum löngu biðröðum hefur auðvitað rekið það kerfi sem slíkt í strand þannig að það er ekki óeðlilegt að leitað sé leiða út úr því öngstræti. En það verða þá að vera leiðir sem duga og sem eitthvert réttlæti er í gagnvart fólki utan þessa svæðis þar sem fasteignaverðið er markaðstengt og er í hámarki miðað við það sem annars staðar gerist.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar hefur æði oft verið til umræðu hér. Hjá því verður ekki komist að minnast lítillega á þessi mál þrátt fyrir það að skammur tími sé til stefnu. Það er náttúrlega mjög ámælisvert að hér skuli vera verið að taka þessi mál til umræðu nú á síðasta degi þingsins vegna þess að þetta mál varðar býsna marga.

Hér er búið að breyta húsnæðislögunum æ ofan í æ og alltaf hefur það átt að vera til bóta. Nú er enn ein breytingin sem siglir hér inn í Alþingi og svo virðist sem hennar sé þörf þrátt fyrir allar þessar breytingar sem hafa átt sér stað á undanförnum fjórum árum. Það sannar það sem hér hefur verið sagt að þær breytingar hafa verið ófullnægjandi og það hefur aldrei verið fullkomlega heil hugsun í þeirri stefnu sem núv. ríkisstjórn og hæstv. félmrh. hafa haft í þessum málaflokki. Um þetta hefur hv. 1. þm. Vesturl. margoft komið inn á, en hann var einn af þeim sem stóðu fyrir hinu eldra kerfi sem hefur verið fjallað um.

Í þessum málaflokki eru mörg álitamál. Ég vil benda á að nú undanfarið hefur það verið svo að húsbréfin, sem áttu að leysa vanda hins almenna borgara, hafa aukið vanda þeirra, einfaldlega af því að vextir af húsbréfum og afföll hafa aukist það mikið að mjög alvarlegt ástand hefur skapast víða út af því.

Þá verður ekki hjá því komist í þessari umræðu að minnast á skattastefnu ríkisstjórnarinnar, annars vegar þær tillögur sem ríkisstjórnin veitti brautargengi hér um að hækka fasteignagjöld allverulega með nýjum reglum um fasteignagjöld úti á landi, og hins vegar með eignarsköttum þar sem ráðist er á þá aðila sem hafa reynt að eiga hlutina sjálfir. Það er talið að hækkun á milli ára í þessum málaflokki sé um 12–40% á sama tíma og laun hækka um 6%.

Það er nokkuð ljóst að núv. ríkisstjórn hefur með þessari stefnu orðið þess valdandi að fjöldi fólks hefur verið svikinn fjárhagslega. Því hefur verið komið svo fyrir að margir sem reiknuðu með hjálp frá ríkinu til að eignast húsnæði, hafa verið sviknir um það og haft af þeim stórfé af núv. ríkisstjórn. Það má minna á að reikna má með að sumir hafi tapað allt að 0,5 millj. til 1,5 millj. af aðgerðum núv. ríkisstjórnar vegna þess að núv. ríkisstjórn hefur breytt hinum ýmsu reglum til verri vegar fyrir þessa aðila sem treystu því að þeir gætu farið eftir þeim reglum þegar þeir gerðu sínar ráðstafanir.

Það er því áhyggjuefni að enn skuli koma hér fram breytingar sem ekki sést fyrir um hvernig muni bitna á hinum almenna borgara og nokkuð ljóst miðað við það sem á undan er gengið að þær verða ekki til bóta. Þær verða ekki til bóta, vegna þess að reynslan hefur sýnt að stefna núv. ríkisstjórnar og hæstv. félmrh. hefur leitt til þess að hagur ákveðinna hópa hefur farið sí-

versnandi og allar breytingarnar hafa verið gerðar á kostnað sjálfseignarstefnunnar.

Áður þótti mönnum rétt að spara og fara vel með og safna sér fyrir íbúð, þeirri stefnu hefur verið kollvarpað af núv. félmrh. með svívirðilegum hætti. Í stað þess að ráðdeild og sparsemi ríki hjá húsbyggjendum þá hefur þeim aðilum sem hafa viljað fara þannig að verið fyrirmunað að eignast húsnæði með þeim hætti nema vera mismunað allverulega. Núverandi stefna gengur út á það að best sé að eyða öllum sínum fjármunum í einhver önnur gæði lífsins en húsbyggingar og koma því þannig fyrir að menn eigi sem minnst og hafi sem mesta möguleika á því að vinna svart, það er stefnan sem núv. ríkisstjórn hefur tekið upp í húsnæðismálum.

Þá er ekki fráleitt að líta á hvernig aðrar þjóðir gera þetta. Við getum t.d. litið á Svía sem hafa aðra húsnæðisstefnu hvað varðar sjálfseignarstefnuna. Þeir hafa gert mönnum mögulegt að eiga sínar íbúðir sjálfir, en það er oft vitnað til þessa lands, og með skattalöggjöf sem gefur þeim m.a. möguleika á að draga frá vexti út af húsnæði. Þetta hjálpar fólki náttúrlega. Þessir hlutir voru algjörlega sniðgengnir af núv. ríkisstjórn. Það var farið út í það að þeir sem höfðu keypt sér húsnæði eða farið að byggja eftir kerfinu frá 1986 voru sviknir um þær húsnæðisbætur sem samkvæmt því kerfi voru og eru nú í verulegum greiðsluerfiðleikum margir hverjir út af því.

Fram hjá þessu er ekki hægt að líta þegar rætt er um þessa hluti. Og í komandi kosningum hlýtur að vera skýr krafa um það við tilkomu nýrrar ríkisstjórnar að breytt verði um stefnu í þessum málum á þann veg að þeir sem eiga sitt húsnæði sjálfir verði ekki skattpíndir með þeim hætti sem núv. ríkisstjórn hefur gert. Ekki verði lagðir á íbúðarhúsnæði hæstu skattar í heiminum og jafnframt verði veittar skattaívilnanir með sama hætti og áður hefur tíðkast. Ef núverandi stefna í húsnæðismálum á að ríkja áfram þýðir það milljarða auknингu í beinum útgjöldum ríkisins í þessum málaflokki og milljarða tap fyrir þjóðfélagið.

Ég verð að segja það eins og er að þessi málaflokkur verður ekki útræddur á þessu þingi í stuttu máli. Það er alveg óþarfi að halda að það sé hægt að afgreiða þessi mál bara á færibandi eins og virðist vera ásetningur núv. ríkisstjórnar og það verður ekki gert. Það er ýmislegt sem á eftir að ræða í þessu og það verður svo að vera, því það verður ekki hleypt hér í gegn þessum frv. sem um þessi mál fjalla umræðulaust.

Hæstv. forseti. Það hlýtur að verða að draga inn í þessa umræðu frekar þær margháttuðu hremmingar sem hæstv. félmrh. hefur sett yfir þjóðina. Þær eru með þeim hætti, eins og ég kom að hér áðan, að það er vegið að sjálfseignarstefnunni á öllum sviðum. Húsbréfin, sem áttu að verða lausn þessara mála, með þau hefur farið, eins og ég spáði hér, að vegna þess að það var ekki tekið upp heildstætt kerfi um húsbréfin þá er það ekki nema að hálfu leyti til bóta. Þess vegna á að taka upp þau kerfi sem hafa verið þróuð annars staðar og hafa gefið góða raun. Þá verður ekki hægt að draga út úr umræðunni það að þeir sem voru þegar búnir að sækja um í kerfinu 1986 hafa sumir þurft að bíða árum saman. Þeim hefur verið mismunað með svívirðilegum hætti af núv. félmrh. með þeirri löggjöf sem hann hefur látið gera, þannig að þeir hafa verið settir aftur í röðina og sumir reyndar gerðir alveg réttindalausir eins og einhleypingar. Það er full þörf á að ræða það hér. Hæstv. félmrh. hefur stigið á þann hóp þjóðfélagsins með þeim hætti að kjör einhleypinga hafa versnað allverulega við þær aðgerðir sem núv. félmrh. og núv. ríkisstjórn hafa staðið að. Í sameiningu hafa þessi mál verið þannig að afkoma einhleypinga hefur versnað svo mjög að það hefur komið fram í könnunum að rekstur þeirra á eigin húsnæði er nánast útilokaður í dag. Núverandi ríkisstjórn getur ekkert skotið sér undan því að hún hefur látið þetta yfir þjóðina koma og með þeim hætti að það er óviðunandi.

Ef við lítum á þessi mál í víðara samhengi þá mun íslensk þjóð standa frammi fyrir því á næsta kjörtímabili að það er ókleift fyrir menn að eiga eigið húsnæði, nema það sé svo lítið að menn geti bara tæpast búið í svo smáu húsnæði.

Það er vafalaust svo að hæstv. félmrh. hefur það eitt í hyggju að ganga af sjálfseignarstefnunni dauðri, annað er ekki hægt að finna út úr þessu. Það er því nokkuð ljóst að hæstv. félmrh. verður að gera grein fyrir þessum hlutum og ég vænti þess að þetta mál verði tekið vel fyrir í nefndinni, og fjallað um það í víðara samhengi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting á raunvöxtum). — Þskj. 727.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í þessu frv. er lagt til í 1. gr. að misgengi sem orsakast af vaxtahækkun hafi ekki í för með sér greiðslujöfnun. Raunvaxtahækkun af lánum Byggingarsjóðs ríkisins mundi því skila sér beint í sjóðinn en ekki leggjast við höfuðstól skuldanna og fela í sér lengri lánstíma. Lántakendur eiga þá kost á vaxtabótum vegna vaxtahækkunar uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði skattalaga um vaxtabætur, en þeir fengju annars ekki vaxtabætur. Raunverulegur tilgangur laganna stendur eftir sem áður óbreyttur, að misgengi lánskjara og launa valdi fólki ekki fjárhagslegri byrði.

Í 2. gr. frv. er lögð til breyting við gerð lánssamninga hvað vexti varðar. Er það til samræmis við ákvæði 1. gr., þ.e. greiðslumark ræðst eftirleiðis ekki af upphaflegum vöxtum heldur þeim vöxtum sem eru á hverjum gjalddaga.

Með fyrrgreindu tillögunni er ekki hróflað við upphaflegum tilgangi laganna, sem er að aðstoða þá lántakendur sem höfðu farið illa út úr misgengi launa og

lánskjaravísitölu, og með frv. er opnuð leið fyrir lántakendur að fá vaxtahækkunina bætta gegnum vaxtabótakerfið.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur). — Þskj. 1034, brtt. 1071.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1071. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það eru örfá orð um þessa brtt. sem hér hefur verið dreift. Við 2. umr. þessa máls var samþykkt tillaga sem var í raun óskyld efni þessa frv. sem fjallar um búseturéttarfélög, en hún kvað á um það að húsnæðismálastjórn væri heimilt að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður.

Ég hef greint frá því í mínu máli í þessum ræðustól, hver var ástæðan fyrir því að nefndin sem fjallaði um félagslega húsnæðiskerfið fyrir einu og hálfu ári síðan lagði til að þetta ákvæði, sem hér var endurvakið við 2. umr. og samþykkt, yrði fellt niður. Í örfáum orðum voru rökin þessi að það lá fyrir að þetta ákvæði hafði ekki náð tilgangi sínum og hjálpað því fólki sem því var ætlað að hjálpa til þess að koma sér þaki yfir höfuðið. Of mikið var um það að fólk lenti í vanskilum þrátt fyrir það að það fengi 100% lán. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa um 500–600 manns fengið slík lán en Húsnæðisstofnun áætlar að um 400 þeirra hafi lent í vanskilum og ekki haft fjárhagslega getu til að festa kaup á félagslegri íbúð, jafnvel þó að lánað væri 100%. Greiðslubyrðin var mjög þung af þessum lánum þar sem þau voru aðeins til þriggja ára. Má taka sem dæmi um íbúð upp á 7,5 millj. kr., að greiðslubyrði hjá þessu fólki var um 250 þús. kr. á ári fyrstu árin auk þeirrar greiðslubyrði sem var af 90% láninu. Því var brugðið á það ráð að leggja til að í stað þessa ákvæðis yrði felld niður skylda sveitarfélaga til að leggja fram 10% af kaupverði hverrar íbúðar, sem var óafturkræft framlag, en í stað þess láns þá lána sveitarfélögin fyrrgreind 10% til félagslegra kaupleiguíbúða til 15 ára þannig að allt kaupverð íbúðarinnar er lánað 100% í þeim íbúðum. Afborgun með því fyrirkomulagi þegar það er lánað til 15 ára var því af íbúð sem ég lýsti hér áðan 50 þús. í stað 250 þús. kr.

Hér er með þessu ákvæði raunverulega verið að endurvekja það að ríkið hafi þessa skyldu sem setja átti á sveitarfélögin í stað afnáms á óafturkræfu framlagi. Síðan voru felld niður stimpilgjöld af félagslegum íbúðum sem kostaði fólk sem eignaðist félagslega íbúð kannski allt að 100 þús. kr. Síðan var hækkað lánshlutfall í leiguíbúð úr 85% í 90% og öðrum félagslegum íbúðum til að auka möguleika sveitarfélaga á að koma upp leiguíbúðum í stað eignaríbúða í félagslega kerfinu og síðan var lánstími leiguíbúða lengdur úr 43 árum í 50 ár. Allt það sem ég hef hér lýst átti að koma í staðinn fyrir það ákvæði sem nefndin, sem í áttu sæti m.a. ASÍ og BSRB, lagði til að yrði fellt niður.

Ég tel að tillagan, eins og hún hefur verið samþykkt við 2. umr. málsins, nái ekki þeim markmiðum sem ég hygg að flm. ætlist til og tel nauðsynlegt til þess að hún nái þessum markmiðum að bætt verði við þessa málsgrein að umsækjandi þurfi að sýna fram á greiðslugetu samkvæmt c-lið 1. mgr. 80. gr. og er þá átt við, virðulegi forseti, eins og þar stendur að viðkomandi þarf að „sýna fram á greiðslugetu sem metin er hjá húsnæðisnefnd sveitarfélaga eða öðrum aðilum sem hún vísar til. Við það mat skal miðað við að greiðslubyrði lána fari ekki yfir þriðjung af tekjum."

Ég tel að hér sé um raunhæft ákvæði að ræða og til samræmis við það markmið sem sett hefur verið almennt um félagslegar íbúðir með þeim breytingum sem gerðar voru á þessu á síðasta þingi. Það segir sig sjálft að fólk með lágar tekjur, 50–60 þús., sem þarf kannski að borga 25–30 þús. af því á fyrstu þremur árunum, að slíkt ákvæði nær ekki markmiði sínu og eins og ég nefndi áður lentu fjórir af hverjum fimm oft í miklum greiðsluerfiðleikum þrátt fyrir þessa fyrirgreiðslu og oft kom það upp að staðan var verri en áður en viðkomandi byrjuðu og í staðinn fyrir að eignast íbúð þá eignaðist fólkið skuldir. Ég tel því að með þessari breytingu sem hér er lögð til nái þetta ákvæði frekar markmiði sínu og þeim tilgangi sem flm. ætluðu með þessu ákvæði, fyrir utan það að ég tel að á ákvæðinu eins og það var samþykkt í neðri deild sé nokkur galli einnig af því að þar er kveðið á um að lána til þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun en ekki nefnd útborgun við kaup á íbúð. Það mætti því túlka það þannig að það væri einnig heimilt að lána t.d. búseturéttarfélögum sem greiða 10% búseturéttargjald, en ég hygg að það hafi ekki verið tilgangur flm. þessarar till.

Virðulegur forseti. Ég hef hér gert grein fyrir ástæðum fyrir flutningi þessarar till. Ég vil geta þess að till. er flutt í góðu samkomulagi við 1. flm. þeirrar brtt. sem samþykkt var hér við 2. umr. málsins.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Ég vil bara láta það koma hér fram af minni hálfu að ég tel að sú brtt. sem hæstv. ráðherra hefur flutt sé til bóta. Ég styð hana þess vegna og fagna því að ráðherrann hefur fallist á þau meginsjónarmið sem lágu til grundvallar þeirri tillögu frá mér og fleirum sem hér var samþykkt í gær. Sá möguleiki sem þar var gert ráð fyrir í lögunum verður fyrir hendi eftir sem áður þrátt fyrir þessa breytingu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Það er rétt að taka það fram að það er samkomulag um þessa brtt. á milli flm. fyrri brtt., sem hæstv. félmrh. var talsverður ami að, þannig að forseti lítur svo til að hér sé um samkomulagsmál að ræða enda hefur hv. 14. þm. Reykv. lýst þeirri skoðun sinni. (**GHH:** Það er ekki málsástæða að ráðherrann hafi ama af tillögunni.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1071 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 2. umr.

Frv. GHG, 50. mál. — Þskj. 50, n. 986, brtt. 987.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 987,1–3 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 987,4–6 samþ. með 29 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 987,7 (nýjar greinar, verða 4., 5. og 6. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 987,8 (ný 4. gr., verður 7. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 462. mál (vasapeningar). — Þskj. 915, n. 1045.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér nál. frá heilbr. - og trn. Þetta var tiltölulega einfalt mál sem nefndin ákvarðaði í snarheitum. Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi þegar málið var afgreitt. Við leggjum öll til að málið verði samþykkt óbreytt eins og það kom úr efri deild og undir þetta skrifa allir viðstaddir nefndarmenn: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Geir H. Haarde, Ragnhildur Helgadóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, 2. umr.

Frv. menntmn. Ed., 459. mál (fornminjavörður). — Þskj. 881, n. 1053, brtt. 1054.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Hv. menntmn. neðri deildar hefur fjallað um frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum, en þetta mál hefur hlotið afgreiðslu í efri deild.

Nefndin er á einu máli um það að frv. sé til bóta en í því felast nokkrar einfaldar lagfæringar á þjóðminjalögum varðandi stöður við þá stofnun. Þó rak nefndin augun í nokkrar villur sem bersýnilegar voru í frv. og er því óhjákvæmilegt að þær verði leiðréttar en jafnframt að bætt sé við frv. gildistökuákvæði, þannig að gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. sept. 1991.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt og undir þetta rita fimm nefndarmenn. Ásamt mér rita undir nál. Ólafur Þ. Þórðarson, Árni Gunnarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1054,1 (ný 1. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1054,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1054,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1054,4 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, frh. 2. umr.

Frv. sjútvrh., 370. mál. — Þskj. 777, n. 1024, brtt. 988, 995.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er ekkert nýtt í sögu okkar þjóðar að menn hafi orðið fyrir því að afli hefur ekki gengið eftir þeim vonum sem menn höfðu gert sér og má frekar kalla það reglu en undantekningu að á hverju ári í sögu landsins hafi afli á einhverri tegund fiskjar orðið minni heldur en menn bjuggust við. Menn bregðast nú við því með misjöfnum hætti og ég efast um að nokkurn tímann hafi verið brugðist jafnskjótt og jafnrösklega við aflabresti eins og til stendur að gera nú vegna þess að afli á loðnu hefur ekki orðið jafnmikill og hinir vísustu menn voru búnir að áforma og áætla og á ég þar bæði við hæstv. sjútvrh. og fiskifræðinga. Væri nú gott ef menn mættu eiga von á því í framtíðinni að ef afli af einhverjum ástæðum mundi ekki verða sá sem menn hefðu gert ráð fyrir þá væri ríkis-

sjóður reiðubúinn til að hlaupa undir bagga bæði með því að auka framkvæmdir og með alls konar annarri fyrirgreiðslu, m.a. af því tagi sem hér er áformað að gera.

En það er ekki sama hvort menn heita Jón eða séra Jón. Oft hefur nú þessi aflabrestur orðið frekar af mannavöldum en náttúrunnar völdum eins og er um að ræða í þessu tilefni. Mig langar til að segja ykkur í örfáum orðum tvær dæmisögur þar um.

Ísfirðingar eru brautryðjendur í rækjuvinnslu á Íslandi. Verðmæti útfluttrar rækju frá Ísafirði er álíka mikið og útflutningsverðmæti á frystum fiski. Þetta er annar af tveimur undirstöðuatvinnuvegum í kaupstaðnum og ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því en ég ætla að ítreka það að útflutningsverðmæti af rækjunni er álíka mikið og útflutningsverðmæti af frystum fiski frá þremur öflugustu frystihúsum landsins sem á Ísafirði eru rekin.

Ísfirðingar voru frumkvöðlar að þessum veiðum. Bæði á veiðum innfjarðarækju og á veiðum úthafsrækju ásamt Norðlendingum. Svo háttaði til þegar veiði á úthafsrækju hófst að þá leigðu Ísfirðingar sér skip til þess að stunda þær veiðar sem voru í eigu annarra sem ekki töldu sig hafa þörf fyrir að nýta þau skip. Þegar nokkuð góð reynsla var komin á þessar veiðar, úthafsveiðar Ísfirðinga, þá höfðu rækjuvinnslustöðvarnar, sem frumkvæði höfðu haft að þessum veiðum og byggt upp þá reynslu sem öðrum hefur síðan komið að gagni, áhuga á því að fá sér eigin skip. En að beiðni stjórnvalda var frá því horfið og í staðinn leigð skip frá útgerðarmönnum sem ekki töldu ástæðu til þess að hafa þau í öðrum rekstri, útgerðarmönnum sem ekki áttu heima á staðnum, ekki einu sinni í héraðinu. Ég held að það hafi verið u.þ.b. 7000 tonn af rækju sem þá voru unnin á Ísafirði.

Síðan er tekin sú ákvörðun að innleiða kvóta á rækju. Og kvótinn er innleiddur þannig að þeir sem höfðu haft allt frumkvæði að því að byggja upp þennan iðnað fengu ekki neitt af því að þeir áttu ekki skip. En þeir sem áttu skipin og höfðu ekki annað fyrir þessum veiðum haft, þessum tilraunaveiðum sem gáfu svona góða raun eins og þarna um ræðir, þeim var afhentur kvótinn til eignar þannig að rækjuvinnslustövar sem höfðu unnið samtals 7000 tonn af rækju stóðu uppi eftir þessi mannanna verk með tvo báta í sinni eigu sem hvor um sig hafði 40 tonna rækjukvóta. Allur annar kvóti rækju hjá vinnslustöðvunum sem höfðu unnið 7000 tonn á ári var afhentur samkvæmt ákvörðunum Alþingis eigendum skipa sem ekkert höfðu til málsins lagt annað en það að leigja skip sín að beiðni stjórnvalda til þessara aðila sem höfðu skotið fótum undir þennan atvinnuveg.

Ekki þótti þetta tiltökumál þó svo þarna væri á einni nóttu tekinn af aðilum rækjukvóti sem samsvarar 6940 tonnum af rækju. Þá var ekki hlaupið upp til handa og fóta. Þessum aðilum var ekki afhentur þorskveiðikvóti til þess að bjarga þeim úr þessum aflabresti sem mannanna verk höfðu yfir þá leitt. Það var ekki hlaupið upp til handa og fóta og sett ákvæði inn í lánsfjárlög um að auka skólaframkvæmdir eða vegagerð eða hafnarframkvæmdir til mótvægis við þetta. Það var ekki hlaupið til og ákveðið að auka kvóta af úthafsrækju um eins og 5000 tonn til að afhenda þessum aðilum sem höfðu byggt þennan atvinnuveg upp á leiguskipum að tilmælum stjórnvalda og sátu nú uppi aflaheimildarlausir á þessum veiðum. Það var talað fyrir daufum eyrum þegar þess var farið á leit að stjórnvöld aðhefðust eitthvað í þessum aflabrestsmálum af mannavöldum. Og rækjuvinnslustöðvarnar, sem höfðu byggt upp þennan atvinnuveg, urðu að gjöra svo vel og kaupa af eigendum leiguskipanna þennan kvóta aftur.

Nú stendur þessi fyrrum svo trausta atvinnustarfsemi vestur á Ísafirði, sem framleiðir álíka mikið verðmæti til útflutnings og þrjú öflugustu frystihús landsmanna, á fallandi fæti. Svo virðist sem það geri ekkert til. Það er ekki hlaupið undir bagga hjá þeim með úthlutun þorskveiðikvóta. Og það var ekki heldur hlaupið undir bagga hjá þeim á þeim tíma með úthlutun á loðnukvóta jafnvel þó svo að loðnuveiði stæði þá í blóma.

Virðulegur forseti. Þetta er ekki eina dæmisagan sem hægt er að tína til, þær eru margar. Svo ég haldi mig eingöngu við mitt kjördæmi þá missti annað sjávarpláss þar um $^2/_3$ hluta af sínum aflamöguleikum á einu ári. Það var um að ræða fjöldabrottflutning fólks. Íbúðir fólksins seldust ekki og fólkið vildi fara og selja ofan af sér til þess að koma fótum undir sig einhvers staðar annars staðar. Forsvarsmenn sveitarfélagsins og atvinnufyrirtækjanna gengu á fund ríkisvaldsins, báðu um aðstoð, spurðu hvort þeir gætu fengið þorskveiðikvóta til úthlutunar til þess að standa undir þessum mikla aflabresti, sem nam $^2/_3$ hlutum af þeim afla sem þetta sjávarútvegspláss hafði áður haft. Því var ekki til að dreifa að þar væri nokkur möguleiki. Forsvarsmenn sveitarfélagsins vildu gjarnan fá að ljúka við sinn skóla sem hafði verið í byggingu í tíu ár til þess að geta kannski svarað einhverju af atvinnuþörfum atvinnulauss fólks vegna þessa aflabrests af manna völdum. Það var ekki við það komandi.

Það voru engin ákvæði sett inn í lánsfjárlög til að leysa þennan vanda. Það voru engin ákvæði sett í lög um stjórn fiskveiða til að heimila sjútvrh. að auka við aflaúthlutanir sínar til að leysa þennan vanda. Það er sem sé ekki sama hvar aflabresturinn verður eða af hverju hann stafar. Það er ekki sama hvort það er aflabrestur af náttúrunnar völdum á loðnu eða aflabrestur af manna völdum á rækju eða aflabrestur vegna hruns atvinnulífs í einu litlu sjávarplássi.

Ég er ekki að gera lítið úr vanda þeirra sem eiga nú um sárt að binda vegna aflabrests á loðnu, ég er aðeins að vekja athygli á því að viðbrögðin hjá stjórnvöldum og hinu háa Alþingi eru öll önnur þegar sá vandi kemur upp heldur en voru hjá þessum sömu aðilum þegar erfiðari vandamál vegna aflabrests af manna völdum komu upp á sínum tíma.

Öll þekkjum við mörg dæmi þess víðs vegar að af Íslandi að sveitarfélög riða til falls, fólkið streymir þaðan ef það mögulega kemst í burtu frá eignum sínum vegna þess að eitthvað hefur bjátað á til sjávarins þannig að það er ekki lengur afli og það er ekki leng-

ur vinna á þessum stöðum. Til þess m.a. að vinna gegn slíku, til þess að reyna að bjarga því sem bjargað yrði var með lögum á síðasta þingi settur upp svokallaður Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins sem átti að fá allt að 12.000 tonnum af kvóta af óskiptu til þess að það væri fært að hlaupa undir bagga með þessum byggðarlögum, til þess að bjarga atvinnu fólksins.

Meginatriðið í hugmyndum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins var ekki sala aflaheimildanna vegna þess að stjórn sjóðsins gat ákveðið gegn hvaða gjaldi yrði selt. Meginhugmyndin með Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins var að fyrir tilverknað hans gæti stjórn sjóðsins hlaupið undir bagga og bjargað því sem bjargað yrði í þeim byggðarlögum við sjávarsíðuna þar sem mikill og viðvarandi atvinnuvandi er uppi vegna ófyrirsjáanlegra atvika. Þau eru nokkur. Ég ætla ekki að tefja tímann hér með því að telja þau upp. En bæði sveitarstjórnirnar í þessum byggðarlögum og fólkið sem þar býr og þarf að ganga á skrifstofu verkalýðsfélags síns vikulega til að sækja atvinnuleysisbæturnar, þessu fólki var sagt: Þarna er ykkar von. Þarna er verið að reyna að búa til úrræði ykkur til bjargar.

Nú stendur til, vegna aflabrests á loðnu sem ég ætla ekki að gera lítið úr, að samþykkja lög um að loka þessum möguleika, um að taka þessar aflaheimildir og úthluta þeim án endurgjalds, ekki til þeirra byggðarlaga í landinu sem standa höllum fæti, þar sem fólkið gengur atvinnulaust, heldur til eigenda loðnuveiðiskipa. Þeir ráðstafi síðan þessum aflaheimildum eins og þeir kjósa, annaðhvort til veiða á skipum sínum, loðnuveiðiskipum eða öðrum, ellegar til sölu til þriðja aðila. Með þessu móti er ekki aðeins verið að koma í veg fyrir þá hugmynd sem sumir lögðu mikla áherslu á, að þarna væri verið að gera tilraun um sölu veiðileyfa, þarna er miklu fremur verið að koma í veg fyrir það að staðið verði við það loforð sem Alþingi gaf byggðarlögunum við sjávarsíðuna, sem eiga erfiðleikum að mæta, að fyrir tilstyrk Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins væri hægt að koma þeim til liðs.

Á þskj. 995 flytjum við nokkrir alþingismenn brtt. við frv. til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum. Í 1. brtt. gerum við ráð fyrir því að ákvæði verði sett inn í lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem eru alveg sambærileg við þau ákvæði sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt til og efri deild samþykkt að beitt verði varðandi aukinn kvóta af úthafsrækju. Með öðrum orðum að á fiskveiðitímabilinu 1. jan. til 31. ágúst sé sjútvrh. heimilt að auka leyfðan heildarafla af úthafsrækju umfram það sem ákveðið hefur verið með reglugerð nr. 465 frá 27. nóv. 1990, um fiskveiðar í atvinnuskyni. Þarna eru ekki, fremur en í afgreiðslu efri deildar og tillögum sjútvrh., tekin af nein tvímæli um það hversu mikið eigi að auka þennan leyfða heildarafla úthafsrækju. Hæstv. sjútvrh. leggur ekki til að það sé ákvarðað í lögunum og það er ekki heldur lagt til í þessu orðalagi að viðbótaraflinn sé afmarkaður heldur fær hæstv. sjútvrh. heimild til að ákvarða það með nákvæmlega sama orðalagi samkvæmt þessum brtt. og eru í afgreiðslunni sem gerð var í efri deild á málinu. Eini munurinn er sá að í staðinn fyrir það, eins og í tillögum hæstv. ráðherra fólst, að hann fengi að úthluta þessum viðbótarkvóta til loðnuskipa sem sum hver hafa hvorki rækjuveiðileyfi né búnað til rækjuveiða, þá verði þessi viðbótaraflakvóti á úthafsrækju boðinn til kaups þeim sem heimildir hafa og búnað hafa til veiði á úthafsrækju, þannig að það sé alveg ljóst að allur þessi viðbótarkvóti komi til þeirra beint sem heimildirnar hafa án þess að það þurfa að fara í gegnum einn eða annan millilið.

Mér er það auðvitað ljóst að hluti loðnuskipanna hefur úthafsrækjuveiðileyfi og er búinn til veiða á úthafsrækju, en hluti þessara loðnuskipa er það ekki og getur því ekki nýtt þessar aflaheimildir á úthafsrækju öðruvísi en með því að selja þær þriðja aðila, þá væntanlega að vali þess sem selur. Við gerum hins vegar tillögu um að það sé Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins sem fái þennan viðbótarkvóta til sölu til þeirra skipa sem vilja kaupa, hafa búnað til veiða og hafa öll þau tilskilin leyfi sem til veiðanna þarf. Og með sama hætti og hæstv. sjútvrh. gerir ráð fyrir því að rækjukvótanum sé úthlutað til loðnuskipanna þannig að verðmæti viðbótarkvótans í úthafsrækju komi loðnuskipunum að gagni erum við honum alveg sammála um það en leggjum til að það verði þá gert með ráðstöfun á því fé sem fæst fyrir þann kvóta sem boðinn yrði til sölu.

Ég veit að hæstv. ráðherra mun væntanlega segja: Á nú að fara að afhenda mér svona og svona marga tugi milljóna til ráðstöfunar? Það er verið að afhenda hæstv. ráðherra svona og svona marga tugi milljóna til ráðstöfunar vegna þess að það breytir ekki neinu í því sambandi hvort hæstv. ráðherra er að úthluta verðmætunum sem felast í aflakvóta eða verðmætunum sem felast í því endurgjaldi sem fyrir þennan aflakvóta fæst. Þetta eru sömu verðmætin, bara í mismunandi mynd. Og það er hæstv. ráðherra sem er að biðja um heimild Alþingis til að úthluta þessum verðmætum og það skiptir engu máli í þessu sambandi á hvaða vog þau verðmæti eru mæld. Þetta eru sömu verðmætin.

Ég vek athygli á því að þessi 1. brtt. okkar stendur alveg sjálfstætt. Menn geta samþykkt hana eða hafnað hvað sem líður öðrum þáttum í þessari tillögu. Menn eru hér að velja um það hvort það eigi að úthluta þessum verðmætum beint til einhverra útgerða án tillits til þess hvort þær útgerðir hafa þann búnað og þau leyfi sem tilskilin eru, eða hvort það eigi að bjóða þessi verðmæti þeim aðilum sem hafa búnað og leyfi í lagi og eru reiðubúnir til og munu sækjast eftir að kaupa þessi verðmæti og geta greitt fyrir það. En ég ítreka það að hæstv. ráðherra er að biðja Alþingi um heimild til að ráðstafa þessum verðmætum og verðmæti eru þetta, hvort sem menn mæla þau í þorskígildum eða í peningum. Um er að ræða sömu verðmæti.

Í 2. brtt. okkar er síðan gert ráð fyrir því að söluandvirði veiðiheimilda á árinu 1991, sem Hagræðingarsjóður ræður yfir, sem yrði þá 8000 tonn í þorskígildum og sá viðbótarkvóti í úthafsrækju sem sjútvrh. mundi ákvarða samkvæmt heimildum þar um sem honum væru veittar, yrði ráðstafað til loðnuútgerðar og sjómanna. Þetta eru sömu heimildir og ráð-

herrann er að biðja um. Hann er að biðja um að fá umboð Alþingis til að ráðstafa þessum verðmætum. Hann vill bara fá að ráðstafa þeim með því að afhenda mönnum þorskveiðikvóta í staðinn fyrir að afhenda mönnum einhver önnur verðmæti, en verðmætin eru hin sömu, óskin er hin sama og takmarkanirnar eru hinar sömu í öllum tilvikum.

Að lokum, virðulegi forseti, hefur það orð jafnan legið á að hæstv. sjútvrh. hafi um tvennt að velja. Annaðhvort að fá viðbótaraflakvóta í þorski og úthafsrækju til úthlutunar, annaðhvort í formi kvótans sjálfs eða þeirra verðmæta sem hann stendur fyrir. Þetta væri annar kosturinn sem hæstv. ráðherra hefði. Hinn kosturinn væri sá að beita ákvæði 9. gr. laga nr. 38 frá 15. maí 1990 um skerðingar á bolfiskaflaveiði fiskiskipa í því skyni að flytja aflamark á botnfiski frá skipum sem hafa aflahlutdeild í botnfiski yfir til skipa með aflahlutdeild í loðnu vegna aflabrests á sérveiðum.

Hæstv. ráðherra hefur sagt: Það er um þetta tvennt að velja, annaðhvort að ég fái þær heimildir sem ég hef beðið þingið um eða að nýta þetta ákvæði. En eins og afgreiðsla hv. efri deildar stendur þá hefur hún ekki valið þarna annaðhvort/eða. Hún hefur gefið ráðherranum hæstv. heimildirnar bæði/og vegna þess að efri deild Alþingis hefur ekki ákveðið að heimildin í 9. gr. yrði þá ekki notuð fyrst hæstv. ráðherra fær þær heimildir til annarra úrlausna sem hann hefur beðið um. Og ég hef ekki heyrt hæstv. sjútvrh. lýsa því afdráttarlaust yfir að fengi hann þær heimildir sem hann hefur beðið um mundi hann ekki nota 9. gr.

Ég held þess vegna að það sé tímabært, alveg án tillits til þess hvort menn velja þá leið til að styðja loðnuútgerðirnar og loðnusjómenn sem lögð er til á þskj. 995, ellegar menn velja þá leið til þess sem hæstv. sjútvrh. hefur beðið um, alveg án tillits til þeirrar niðurstöðu held ég að það sé nauðsynlegt að Alþingi taki af öll tvímæli um það að fyrst veita eigi sjútvrh. þær heimildir þá sé það ljóst að hann noti þá ekki líka heimildirnar í 9. gr. um skerðingu á þorskveiðiafla þorskveiðiskipanna. Það er Alþingi sjálft sem á að taka af þessi tvímæli við þessar afgreiðslur með tillögu á borð við þá sem er í 3. tölul. á þskj. 995. Ég tel það fráleitt, ef Alþingi fellst á með einum eða öðrum hætti að veita hæstv. ráðherra þær heimildir sem hann hefur beðið um til þess að ekki verði gripið til 9. gr., að Alþingi afgreiði þær þannig að það sé einhver vafi á um vilja Alþingis í þessu efni, þ.e. að Alþingi vilji þá ekki að hæstv. ráðherra hafi möguleika á því að nota þessa heimild í 9. gr. líka, til hliðar við þær heimildir sem hann er að biðja hæstv. Alþingi um.

Ég ítreka það enn, virðulegi forseti, að þetta er nauðsynlegt að gera og þetta er hægt að samþykkja gjörsamlega án tillits til annarra ákvæða sem samþykkt kunna að verða, hvort heldur það eru ákvæðin sem koma til okkar frá efri deild, ákvæðin sem felast í brtt. 995 eða þau ákvæði sem finnast í brtt. Kvennalistans.

Ég tel að það eigi að taka af öll tvímæli um það að fyrst Alþingi velur einhverja af þessum leiðum, þá velji það ekki þá leið sem felst í 9. gr. og láti þá koma skýrt fram við þessa afgreiðslu sem hér á fram að fara, þannig að það sé alveg ljóst að Alþingi ætlast þá ekki til þess að hæstv. ráðherra hafi heimild til þess að nota ákvæði 9. gr. líka, ef það skyldi verða niðurstaða hans nú eða síðar að það yrði gert.

Ég legg því áherslu á það, virðulegi forseti, að hvað sem líður afgreiðslu á 1. og 2. brtt. á þskj. 995, þá verði meiri hluti fyrir því að tryggja það að sú leið sem kunni að verða valin, hvort sem það er leið efri deildar, leiðir á þskj. 995 eða leið Kvennalistans, þá sé sett undir þann leka í eitt skipti fyrir öll að á árinu 1991 verði líka notuð ákvæði 9. gr. laganna um skerðingu aflaveiðiheimilda hjá botnfiskveiðiskipum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Með frv. þessu er lagt til að tekjutap loðnuflotans vegna aflabrests í loðnuveiðum verði bætt með tvennum hætti. Annars vegar að veita sjútvrh. tímabundna heimild til að ráðstafa til loðnuskipa að hluta eða að öllu leyti veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, eða allt að 8000 þorskígildislestum. Hins vegar með því að úthluta tímabundið 5000 tonna viðbótarafla af úthafsrækju til loðnuflotans. Með frv. er því gerð tilraun til að mæta vanda loðnuflotans en ekki tekið á þeim atvinnuvanda og tekjumissi sem bæði landverkafólk og einstök byggðarlög standa frammi fyrir.

Í lögum nr. 40 frá 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er markmiðið með stofnun sjóðsins skilgreint en þar segir í 1. gr., með leyfi forseta: „Að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum."

Ég get tekið undir þetta markmið og minni á að þingkonur Kvennalistans hafa lagt áherslu á að tekið verði fyllsta tillit til byggðarsjónarmiða við mótun fiskveiðistefnunnar. Í samræmi við þá stefnu sína lögðu kvennalistakonur fram brtt. við frv. til laga um stjórn fiskveiða bæði á 110. löggjafarþingi og aftur er núgildandi lög voru afgreidd sl. vor.

Með stofnun Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins örlar aðeins á viðurkenningu stjórnvalda á þeim sjónarmiðum Kvennalistans að nauðsynlegt sé að gera byggðarsjónarmiðum hærra undir höfði við úthlutun veiðiheimilda.

Þegar frv. þetta var lagt fram höfðu skapast óvenjulegar aðstæður vegna aflabrests loðnuflotans og sá sjútvrh. ástæðu til að bregðast við vandanum með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og hér hefur verið lýst fyrr í umræðunni. Með þessu frv. er veitt tímabundin heimild frá ákvæðum laganna um Hagræðingarsjóð, en þar segir m.a.: „Sjóðurinn skal koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa."

Þingkonur Kvennalistans telja ekki rétt að veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins verði eingöngu úthlutað til flotans án þess að um leið sé reynt að leita leiða til að leysa vanda landverkafólks og byggðarlaga, eins og lögin kveða á um. Jafnframt teljum við óeðlilegt að sjútvrh. verði veitt heimild til að

tæma Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins í þessu skyni og útiloka þar með að unnt reynist að taka á vanda einstakra byggðarlaga sem upp kann að koma á árinu.

Í ljósi þessa sem hér hefur verið lýst og með hliðsjón af stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum höfum við þingkonur Kvennalistans hér í neðri deild lagt fram brtt. við þetta frv. sem felur í sér að sjútvrh. verði ekki heimilt að úthluta meira en 6000 þorskígildislestum úr Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins og að þeim hlut verði úthlutað til byggðarlaga en ekki einstakra skipa.

Þessi brtt. er á þskj. 988 og er við 1. gr. frv. og orðast svo, með leyfi forseta:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

„Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjútvrh. heimilt að ákveða með reglugerð að allt að 6000 þorskígildislestum af aflaheimildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skuli ráðstafað án endurgjalds til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum tekjumissi vegna aflabrests á loðnu.

Ráðherra skal skipta þessum heimildum í ákveðnu hlutfalli milli sveitarfélaga sem miðist við meðaltal landaðrar loðnu í viðkomandi sveitarfélagi síðastliðin þrjú ár.

Skylt er að landa þeim afla, sem úthlutað er samkvæmt þessari heimild, til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi, sbr. ákvæði í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Sveitarstjórnir, sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt þessari grein, skulu við ráðstöfun þeirra til skipa setja skilyrði sem miði að því að tryggja starfsfólki loðnuverksmiðja atvinnu við vinnslu aflans."

Þetta er brtt. sem við þingkonur Kvennalistans í neðri deild flytjum og er samhljóða þeirri brtt. sem þingkonur Kvennalistans í efri deild fluttu þegar þetta mál var til meðferðar þar. Hún hlaut því miður ekki stuðning en ég vænti þess að þegar fólk athugar málið geti það stutt þessa brtt. okkar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en legg áherslu á að verði þessi brtt. samþykkt munum við þingkonur Kvennalistans styðja þetta frv., en sitja hjá við afgreiðslu málsins ella.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég var reyndar búinn að ræða hér um þetta mál en hæstv. ráðherra var ekki viðstaddur þá svo ég ætla aðeins að fara aftur yfir þau atriði sem ég var að leggja áherslu á í þessu máli. Að sjálfsögðu er það rétt hjá hæstv. ráðherra að bregðast við þeim vanda sem við er að etja í sambandi við það þegar loðnuveiðar hafa brugðist, eins og sagt er, en ég vil ekki meina það að endilega veiðarnar hafi brugðist heldur hafa rannsóknirnar brugðist. Fyrir ári síðan fengum við að heyra það í sjávarútvegsnefndum Alþingis að það væri hægt að veiða allt að milljón tonn af loðnu og þá átti þorskurinn líka að éta milljón tonn og svo átti svona mikið að hrygna. En nú þegar rannsóknir fóru fram aftur fundust ekki nema 400 þús. eða 500 þús. tonn, eitthvað á því bilinu. Ég spyr því: Af hverju eigum við að taka mark á fiskifræðingum sem taka ekki mark á sjálfum sér? Þeir taka ekki mark á sínum eigin rannsóknum fyrir ári síðan, og hvað er meira að marka rannsóknirnar í dag? Það hafa engar áreiðanlegar skýringar komið á því hvað raunverulega hefur gerst. Að mínu viti hefði þess vegna verið óhætt að veiða eitthvað meira af loðnu. Það er ekki hægt að hringla með svona veiðikvóta fram og aftur.

Ég held að þetta sýni enn frekar en nokkru sinni fyrr að það þarf að auka hafrannsóknir og það mjög mikið og það verður að gera það strax og þá á fleiri sviðum heldur en á loðnu. En ég ítreka að það er líka mjög slæmt mál að þau byggðarlög sem bundu vonir við þennan Hagræðingarsjóð, þó svo að ég hafi ekki greitt honum atkvæði á sínum tíma, þá var búið að skapa væntingar hjá fólki sem nú fær ekki neinar bætur vegna þess að það verður fyrir óþægilegum skerðingum í kringum þetta kvótakerfi. Þeim sjónarmiðum, sem þá voru uppi hjá hæstv. ríkisstjórn við að koma því máli í gegn, er nú allt í einu fleygt til hliðar og allt önnur sjónarmið eiga nú að gilda. Mér finnst, hæstv. forseti, svo mikill hringlandaháttur í kringum allt þetta mál að ég hef ekki hugsað mér að greiða atkvæði í þessu máli.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta kvótamál yfirleitt er að mínu mati komið í harðan hnút, t.d. í sambandi við smábátana verður ekki annað séð en fjöldi þeirra verði gjaldþrota og þar komi nokkuð mikil viðbót við þá sem verða gjaldþrota nú í hverri viku.

Ég hef haldið því fram áður, og mín skoðun hefur ekki breyst, að þessi stefna sé gengin sér algjörlega til húðar og verði að taka öðruvísi á þessum málum, þ.e. að byggðirnar fái einhvern hluta af kvótanum og örfáir fjársterkir einstaklingar geti ekki náð þessari auðlind alveg undir sig.

Ég get vel tekið undir það sem hefur komið hér fram að það er auðvitað mikil spurning hvort á að taka Hagræðingarsjóðinn til að leysa þetta mál, sjóðinn sem var lofað að láta þær byggðir njóta sem verst eru settar og hafa misst mikinn kvóta, svo að þær fái eitthvað í staðinn. Hins vegar finnst mér fráleit tillaga hv. þm. Sighvats Björgvinssonar o.fl. og hef ég ekki fleiri orð um það.

Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort það sé rétt sem verið er að segja okkur að hin endanlega úthlutun til smábátanna hafi reynst enn verr í mörgum tilvikum heldur en þó var í þeirri bráðabirgðaúthlutun sem fyrst var gerð. Sé það svo hlýtur það að vera umhugsunarefni hvort á að láta það bara lönd og leið miðað við t.d. þá stefnu að bæta loðnuskipum það áfall sem þau verða sannarlega fyrir þó að það sé nú í minna mæli heldur en leit út fyrir um tíma.

Ég vil ekki vera að tefja þessa umræðu, það þjónar engum tilgangi. Ég vonast aðeins til að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu, og svari annarri spurningu: Hvort þess sé ekki að vænta þá á þessu úthlutunartímabili, þ.e. fyrstu átta mánuði ársins, að byggðarlög, sem heitið var aðstoð hér í umræðum þegar

Hagræðingarsjóðurinn var fyrir hv. deild, fái ekki neina úrlausn á þessu tímabili. Mér sýnist það frv. sem liggur hér fyrir gera það a.m.k. mjög örðugt.

Ég mun fylgja tillögu Kvennalistans í þessu máli, enda væri annað ekki í samræmi við minn málflutning, mínar tillögur, mínar skoðanir á þessum málum og læt að sinni máli mínu lokið.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Fyrst út af þeim fyrirspurnum sem hér hefur verið beint til mín af hv. 7. þm. Norðurl. e. Í fyrsta lagi hvort endanleg úthlutun til smábáta hafi reynst enn verr en tilraunaúthlutunin. Ég hlýt að svara því neitandi. Landssamband smábátaeigenda og smábátaeigendur lögðu á það alla áherslu að reynt yrði að leiðrétta verstu dæmin í þessu sambandi innan ramma laganna. Það var gert en reynt að gera það með þeim hætti að það kæmi sem minnst við þá sem höfðu fengið bærilega úthlutun.

Hitt er svo annað mál að margir smábátar fá litlar aflaheimildir. Sérstaklega þeir sem hafa verið að fjárfesta í dýrum og afkastamiklum skipum og fara illa út úr því. Þeir hafa tilhneigingu til að kenna stjórnvöldum um það, en það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga á hlut þeirra sem fyrir eru í greininni. Það sama á við um loðnuskipin. Þegar kvótakerfið var tekið upp höfðu loðnuskipin verulegar botnfiskheimildir sem þau misstu. Eru dæmi þess að eitt loðnuskip hafði veitt á einu viðmiðunaráranna tæplega 3000 lestir af botnfiski. Þessar aflaheimildir voru að mestu leyti teknar af loðnuskipunum og færðar til annarra skipa í botnfiskveiðunum. Það er þess vegna sem það var ákveðið að setja inn svokallaða 9. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem sjútvrh. var heimilt við tilteknar aðstæður að færa aflaréttindi til þessara skipa.

Þó að hér sé um heimild að ræða þá er alveg ljóst að slíkar heimildargreinar leggja skyldur á ráðherra. Og það er hjá því sem ég vil reyna að komast vegna þess að aflaheimildir í botnfiskveiðum eru svo litlar í mörgum tilvikum að það mundi koma illa við mjög mörg byggðarlög ef 9. gr. væri beitt. Og ég get staðfest það sem hv. 5. þm. Vestf. spurði hér um að verði þessar heimildir samþykktar þá stendur ekki til af minni hálfu að beita 9. gr. Þetta kom mjög skýrt fram í umfjöllun efri deildar og þar af leiðandi er 3. brtt. hans óþörf. Ég vænti þess að hann taki slíka yfirlýsingu gilda.

Það kemur fram í öllum þessum brtt. sem hér eru til umræðu að allir þeir sem að þessu máli hafa komið vilja taka tillit til þessa áfalls loðnuflotans en þó með mismunandi hætti. Hv. efri deild hefur samþykkt þá tillögu sem ég gerði, að skipin fengju tilteknar aflaheimildir í hlutfalli við loðnukvóta þeirra, sem er í sjálfu sér einfalt mál, og með þeim hætti komið í veg fyrir að 9. gr. verði beitt.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson o.fl. leggja til að þessar bætur verði í formi fjármuna og það verði gert samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Það er að mínu mati mjög erfitt að setja góðar reglur um mál sem þetta ef það er hugmyndin að þetta fjármagn gangi ekki aðeins til skipanna heldur jafnframt sjómanna og jafnvel verkafólks líka. Í 1. brtt. þeirra var þetta með öðrum hætti sem ég skal ekki rekja hér. Mér líst ekki á þá leið og ég held að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sjái annmarkana í henni miðað við þá miklu reynslu sem hann hefur af því að deila út fé í hv. fjvn. Hann og fleiri hafa viljað setja um það skýrari reglur hvernig að því er staðið.

Í þriðja lagi hafa þingmenn Kvennalistans lagt það til að aðeins hluta af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs yrði ráðstafað. Það var allmikið rætt í hv. efri deild, um það náðist ekki samstaða. Í öðru lagi leggja þær til að þessi tilteknu skip verði skylduð til að landa í tilteknum sveitarfélögum, ein skipa á landinu. Er það sanngirni að skipin, sem mörg hver eru af Suðurnesjum, Vestmannaeyjum, héðan af Reykjavíkursvæðinu, verði skylduð til þess að landa við hafnir norðan lands og austan, hvort sem þau vilja það eða ekki, ein skipa í landinu? Ég held að það sé gjörsamlega óframkvæmanlegt og stefndi líka samskiptum þessara skipa og verksmiðjanna í voða. Og ég veit að það er ekki fyrir því vilji í þessum tilteknu landshlutum að setja þau samskipti í slíka hættu.

Að lokum að því er varðar fyrirspurn hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, þá er það ljóst að hér er eingöngu verið að ræða um aflaheimildir Hagræðingarsjóðs fram að 1. sept. nk., en stjórn sjóðsins mun starfa með eðlilegum hætti og sinna þeim erindum sem koma miðað við það að Hagræðingarsjóður geti hafið úthlutanir frá og með 1. sept. nk. Það er alveg ljóst að þetta mun taka alllangan tíma og Byggðastofnun þarf að koma mjög að því máli þannig að ég vænti þess, þó að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði varið með þessum tiltekna hætti fyrstu átta mánuðina, að það komi ekki að jafnmikilli sök og oft hefur verið haldið fram.

Að öðru leyti vil ég þakka þær umræður sem hér hafa átt sér stað og meðhöndlun nefndarinnar. Þetta mál hefur nú verið skoðað í víðara ljósi, sem er eðlilegt og fram kom í grg. frv. Það hefur verið unnið að því, ekki aðeins í sjútvn. heldur jafnframt í fjh.- og viðskn, og fjh.- og viðskn. hefur tekið tillit til margvíslegra sjónarmiða sem hafa komið fram í þessu erfiða og viðkvæma máli sem snertir mjög mörg byggðarlög víðs vegar um landið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af svörum hæstv. sjútvrh. Mér hefur borist bréf frá framkvæmdastjóra Félags smábátaeigenda og þar tekur hann það fram að þessi úthlutun hafi farið á enn verri veg í sumum tilvikum heldur en í bráðabirgðaúthlutuninni sem var gerð í nóvember, ef ég man rétt, eða snemma í desember.

Þetta mál er mjög alvarlegt fyrir byggðirnar. Ég man það nú ekki svo að ég geti fullyrt það að það sé í valdi ráðherrans að leyfa bátum eins og var gert að vera með krókaleyfi og að velja sér sjálfir að einhverju leyti þann tíma sem þeir sækja sjóinn. Það er breytilegt veðurfar, sums staðar er það mjög hart yfir veturinn og ekki hægt að sækja á minni bátum. Kannski er það óvarlegt hvar sem er en er nú gert samt sem áður.

En ég vil ítreka það að þessi mál eru komin þannig að byggðirnar sumar hverjar eru í hættu af þessum ástæðum. Mennirnir eru að gefast upp. Þeir missa bátana, viðkomandi byggð missir í mörgum tilvikum kvótann og það er engin leið að una því að þetta fyrirkomulag standi lengur. Það verður að rífa þetta upp og gera þær breytingar sem verða ásættanlegar, ekki síst fyrir þær byggðir sem standa verst að vígi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1991, frh. 2. umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 411 (sbr. 404), n. 1004, 1015 og 1032, brtt. 525, 1005, 1006, 1008, 1016, 1026.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Á þskj. 525 lagði ég fram brtt. sem var svohljóðandi:

„Við frv. bætist ný grein er verði 35. gr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjmrh. heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi."

Hv. fjh.- og viðskn. hefur tekið þessa tillögu upp í 10. lið og að sjálfsögðu fell ég því frá þessari brtt.

Ég hefði viljað að hæstv. landbrh. væri hér í sal. (**Gripið fram í:** Hann er hér.) Það er dálítið sérstakt með afgreiðslu þessara mála sem liggja hér fyrir og hæstv. ríkisstjórn og fjh.- og viðskn. hefur gengið frá að þar er í sjálfu sér orðið við ýmsum beiðnum frá þeim sem hafa orðið fyrir einhvers konar óhappi eða áföllum og ég er ekki að lasta það þó að þeir sem t.d. urðu fyrir skaða í óveðrinu fái einhverjar bætur, en sumir telja nú að þarna sé allríflega að staðið. Ég er heldur ekki að átelja það að loðnuverksmiðjur og þeir staðir sem hafa byggt sína atvinnu og afkomu að verulegu leyti á loðnuvinnslu fái einhverja aðstoð, ég er ekki að lasta það. En það hlýtur að koma ýmsum dálítið einkennilega fyrir sjónir að þrátt fyrir þær umræður sem urðu hér utan dagskrár um það hvernig komið er fyrir loðdýraræktinni, þá hefur þeim lið alveg verið gleymt í þessum tillögum. Þó er ástandið þannig að sumt af því fólki sem í þessari atvinnugrein starfar hefur ekki einu sinni fyrir mat og hefur verið að slátra gemlingum á gounni vegna sinna erfiðu aðstæðna.

Ég tel það alveg merkilegt að hv. þm., sérstaklega stjórnarþingmenn og ríkisstjórn, skuli ekki hafa gert eitthvað í málum loðdýrabænda, í sambandi við lögin um ríkisábyrgð á lánum, að það skuli ekki hafa verið tekið í leiðinni, vegna þess að þetta gæti orðið síðasti möguleikinn sem þessi ríkisstjórn hefur til að standa við það sem ýmsir stjórnmálamenn hvísluðu að bændunum á sínum tíma þegar lögin voru hér til umfjöllunar, þ.e. að það yrði séð til þess að ef illa tækist til með þessa atvinnugrein mundu þeir ekki þurfa að borga þessi lán. En síðan eru lögin þannig, og reglugerð sem hefur víst verið sett við þau, að þeir verða að borga þessi lán og var farið að innheimta þau og sumir hafa reynt að greiða þau þó að þeir hafi í sjálfu sér ekki haft neina möguleika til þess.

Það er nú svo komið að sumar af þessum fjölskyldum eru búnar að flýja sinn stað, sumir eru jafnvel lagstir í rúmið, a.m.k. einn, og það væri hægt að hafa *hér langt mál um það hvernig komið er fyrir þessu* fólki. Á sínum tíma voru margir af þessum mönnum hvattir af stjórnvöldum, af bændasamtökunum, af ráðunautunum til að selja sinn kvóta og fara í þessa framleiðslugrein. Af þessari ástæðu er siðferðileg skylda stjórnvalda að mínu mati langtum meiri en í sambandi við aflabrest eða óveður, óveður sem er þó hægt að tryggja sig fyrir. Hins vegar má enginn taka orð mín þannig að ég hafi á móti því. Ég er að tala um það að það sem hefði átt að ganga fyrir öðru er skilið eftir.

Nú mundi ég líka vilja spyrja hæstv. landbrh. að því hvort hann hafi haft tíma til að skoða rekstrarlán þessara bænda þar sem mér hefur verið sagt það og ég hef komið því til hans að þau hafi verið lækkuð verulega frá því í fyrra þrátt fyrir það að verðið á framleiðslunni, á skinnunum hafi þokast svolítið upp.

Ég vil að þetta komi hér fram. Ég ætlaðist til að tekið yrði á þessu máli með öðrum hætti en nú virðist blasa við og harma það hvernig komið er.

Það er dálítið furðulegt að lesa tillögu þeirra hv. þm. Páls Pétursonar, Ólafs Þ. Þórðarsonar og Jóns Sæmundar Sigurjónssonar í sambandi við álbræðslumálið. Þeir leggja til að áfram verði haldið við að undirbúa virkjanir þó að litlar líkur séu fyrir því að samningar náist. Ég var að vonast til að þeir væru við þessa umræðu, ekki síst formaður fjh.- og viðskn. deildarinnar, hv. þm. Páll Pétursson. Það skiptir kannski ekki máli og það tekur því e.t.v. ekki að ræða þessi mál. En ég held að eftir umræðurnar t.d. í sambandi við loðdýrin hér um daginn í sameinuðu þingi hafi þeir vænst þess, miðað við undirtektirnar, að það yrði tekið á þessu máli.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. hvort þess sé ekki að vænta að tekið verði á skuldamálum loðdýrabænda. Það er nú sjálfsagt stuttur tími og möguleiki til þess, gæti a.m.k. verið það fyrir þessa ráðherra. Því það er nauðsynlegt að þetta fólk viti þá að það sé ekkert um að ræða annað en að gefast upp þótt margt bendi til þess að skinnaverð sé að hækka. En þegar fyrirgreiðsla er engin, skilningur í orði en ekki í verki, samstaða ekki um neitt, þá hlýtur þessi atvinnugrein að leggjast af. Það er engin von til þess að þessir bændur geti staðið undir skuldum sínum þó verðið hækki. Það halda margir að það sé bjartara fram undan með þessa atvinnugrein. Það er mikil fjárfesting þarna sem verður ekki til neins ef allir hætta. Þarna er komin verkkunnátta sem gæti reynst þjóðinni einhvers virði ef breyting yrði, sem allar horfur virðast vera á eftir því sem kunnáttumenn í þessari grein segja mér.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins til að svara hv. 6. þm. Norðurl. e. um tvennt sem hann spurði. Hið fyrra er um afurðalán eða rekstrarlán til loðdýraræktar. Ég kannaði það í framhaldi af okkar samtali og niðurstaðan er sú að upphæð lánanna er óbreytt. Hins vegar var dreifingu þeirra breytt á rekstrartímanum, þ.e. það var endurskoðað í hvaða hlutföllum rekstrarkostnaður félli til. Það leiddi til þess að það varð einhver lækkun á þeirri prósentu sem lánað er út á fyrstu mánuði framleiðslutímans, janúar til og með apríl hygg ég, en síðan kemur hærra hlutfall lánsins á sumartímanum og þeim tíma þegar mest fóðurnotkun er. Þetta mun hafa verið í samkomulagi gert við þá aðila sem verið hafa að skoða hvernig útgjöld féllu til í þessum búskap, a.m.k. eru það þær upplýsingar sem ég hef að þetta hafi verið í samkomulagi milli Framleiðnisjóðs, bankanna og fleiri aðila, að menn hafi talið að lánin dreifðust kannski ekki alveg í fullu samræmi við það hvernig rekstrarkostnaðurinn félli til með vaxandi fóðurþörf þegar liði á sumar- og haustmánuðina.

En upphæð afurðalánanna eða rekstrarlánanna er óbreytt eins og hún var ákvörðuð í maímánuði í fyrra að afloknum uppboðum sl. vetrar og með sama hætti er þess að vænta að upphæð afurðalána verði endurskoðuð núna í vor í ljósi skinnaverðs eins og það hefur þróast á þessum vetri. Þá er þess að vænta, skulum við vona, að sú hækkun á skinnaverði sem komið hefur fram á uppboðum í desember og janúarmánuði næstliðnum komi inn í afurðalánin og þau ættu þá að geta hækkað um kannski ein 15–20% í mink og eitthvað lítillega í ref.

Varðandi annað atriði þessa máls sem snýr að loðdýraræktinni þá sér hv. þm. væntanlega að í brtt. fjh.- og viðskn. er tillaga um að aflétta skerðingu á tekjustofnum Bjargráðasjóðs og inni í samkomulagi um þær auknu tekjur er að Bjargráðasjóður hefji á nýjan leik fyrirgreiðslu af því tagi til þess hluta loðdýrabænda sem í mestum erfiðleikum á sem hann stóð fyrir á sl. ári frá og með miðju ári og fram til áramóta. Ég hef lagt á það áherslu að sú aðstoð verði þannig útfærð að hún taki til alls tímans, alveg frá áramótum. Og ég veit ekki annað en að það eigi að geta gerst í beinu framhaldi af því að þessi breyting verður á tekjum Bjargráðasjóðs á yfirstandandi ári. Hæstv. félmrh. hefur tjáð mér að í undirbúningi sé í félmrn. að hefja þá fyrirgreiðslu með svipuðum hætti og var á síðasta ári, þannig að ég veit ekki annað en að það eigi að komast á.

Kristín Einarsdóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Það er nú svo hér í deildinni að svo ört er hlaupið á milli dagskrárliða að stundum er erfitt að henda reiður á hvenær líklegast er að maður sé á mælendaskrá. Þegar þetta mál var tekið á dagskrá var ég stödd hér í hliðarsal og þar af leiðandi var öðrum hleypt fram fyrir mig. En ég var stödd í miðri ræðu minni um þetta dagskrármál þegar umræðunni var frestað á síðasta fundi. Var ég búin að ræða nokkuð ítarlega um einstakar greinar frv. og var búin að fjalla um brtt. á þskj. 1005 og var þar stödd þar sem ég var að ræða brtt. á þskj. 1006.

Áður en ég held áfram að ræða þær brtt. langar mig til að skýra hv. deild frá því varðandi brtt. um kaup á þyrlu, sem ég hafði reyndar rætt um, að fjöldi skeyta hefur borist mér og væntanlega öðrum hv. þm. varðandi það atriði. En eins og ég las upp hér í fyrri hluta ræðu minnar þá er það álit Landssambands hjálparsveita skáta og Landssambands flugbjörgunarsveita að fremur skuli farin sú leið sem valin er hér, þ.e. að setja inn í frv. til lánsfjárlaga, og vonandi að það verði að lögum, heimild til handa ríkisstjórninni til þess að festa kaup á björgunarþyrlu, en að gera það með happdrættisaðferðinni eins og hér var einnig tillaga um. Það hafa borist þó nokkur skeyti til stuðnings þessu bréfi frá Hjálparsveit skáta í Reykjavík, frá Björgunarhundasveit Íslands og frá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík hef ég fengið skeyti og mér er kunnugt um að þingmenn hafa fengið fjölmörg skeyti til stuðnings þessu ákvæði lánsfjárlaganna, en það er brtt. sem er á þskj. 1005.

Þetta vildi ég nú aðeins ítreka áður en ég héldi áfram umfjöllun minni um brtt. á þskj. 1006, en þar hafði ég farið nokkrum orðum um stofnlínuna sem gert er ráð fyrir að leggja frá Fljótsdalsvirkjun norður og suður um. Eins og ég greindi frá hafa verið miklar deilur um línustæðið þar sem það á að vera á milli Herðubreiðartagla og Dyngjufjalla. Vonast ég til að stjórn Landsvirkjunar sjái til þess að línustæðinu verði breytt þannig að línan verði lögð samhliða eða nálægt núverandi byggðalínu fremur en að velja línustæði eins og nú hefur verið gert.

Ég var síðan að ræða um þessa 800 millj. kr. lánsheimild til handa Landsvirkjun og var búin að lýsa furðu minni á því að það skuli vera talið eðlilegt að ráðast í að taka 800 millj. kr. lán án þess að fyrirvaralaus raforkusamningur liggi fyrir og ekkert er ljóst um það að nokkuð verði af þessum samningum. Samkvæmt þeim fréttum sem berast af þessu þá er næsta víst að ekkert verður af þessum samningum, alla vega ekki á þessu ári og væntanlega ekki í náinni framtíð. Því að þessi þrjú fyrirtæki sem rætt hefur verið við, Atlantsál hf., og þá kannski sérstaklega bandaríska fyrirtækið Alumax, hafa ekki nokkurn áhuga á að reisa hér álver ef staðið verður á þeim kröfum sem eðlilegar eru varðandi mengunarvarnir, varðandi skattamál, varðandi raforkuverð, því að auðvitað hafa þessir aðilar engan áhuga á að koma hingað nema fá t.d. raforkuna á spottprís og þeir hafa heldur engan áhuga á því að hafa hér fullkomnustu mengunarvarnir. Kom það greinilega fram hér sl. nótt þegar verið var að ræða um þessi mál að hæstv. umhvrh. telur að það sé í lagi að gefa þarna verulega eftir og telur raunar algjöran óþarfa að vera yfirleitt að hreinsa nokkuð frá álverinu. Mátti helst ráða af máli hans að mengun væri hvort sem er svo mikil hér að það skipti engu máli þó við bættum við eins og einu álveri sem yki mengunina hérna, það yrði hvort sem er bara dvergur á við það sem fyrir væri.

Það má kannski minnast þess hér nú vegna þess að ég talaði í fyrri ræðu minni um Ferðamálasjóð þar sem ég taldi það miður að enn væri skert framlag til sjóðsins, en ég áttaði mig á því þegar ég heyrði mál hæstv. umhvrh. hér í gær að hann er algjörlega á móti því að hér verði rekin ferðaþjónusta því að hann vill að sjálfsögðu, að því er mér skildist, fara eftir tilmælum Umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem hann túlkaði svo að væri algjörlega á móti ferðamennsku og að lönd ættu að draga eins mikið og hægt væri úr því að fólk ferðaðist um löndin, og sé ég þá loksins af hverju hæstv. ríkisstjórn gerir ekki meira til þess að treysta undirstöðu þessa mikilvæga atvinnuvegar. En sjálfsagt hefur þá hæstv. umhvrh. beitt sér sérstaklega fyrir því að ekki væri nú verið að auka framlag til ferðamála, en það mátti einna helst skilja að það sem til ætti að leggja í umhverfismálum á Íslandi væri að leggja niður ferðaþjónustuna og loka landinu fyrir erlendum ferðamönnum. Þetta eru nú nokkur atriði.

Ég vil enn og aftur lýsa furðu minni á þætti Alþb. í öllu þessu máli þar sem þeir hafa verið með stöðugt undanhald og hafa stöðugt verið að kyngja fleiru og fleiru. Er þar skemmst að minnast að sl. sumar voru þeir með hverja bókunina á fætur annarri og voru með miklar samþykktir um það að ekki mætti veita nema 100 millj. kr. í framkvæmdir en nú þegar er búið að veita hátt í 400 millj. kr. í framkvæmdir vegna undirbúnings þessara virkjana og enn á að halda áfram.

Síðan kemur brtt. frá hv. 4. þm. Norðurl. v. varðandi þessa heimild til handa Landsvirkjun þar sem kveðið er á um að ekki skuli nýta þessa lánsheimild nema fyrirvaralaus raforkusamningur liggi fyrir.

Ég vil lýsa því hér að ég styð brtt. á þskj. 1008 þar sem segir að við 1. tölul. brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., á þskj. 1006 bætist: enda liggi fyrir fyrirvaralaus raforkusamningur. Mér þykir algjört lágmarksatriði að þetta verði inni í heimildinni. Þó svo að ég geti ekki fallist á að yfirleitt sé verið að veita svona stóra heimild fyrir framkvæmdum, en ef fyrirvaralaus raforkusamningur liggur fyrir þá er miklu eðlilegra að þessi heimild sé veitt með þessum hætti. Ég tel hins vegar algjöran óþarfa að vera með þetta inni vegna þess að það er svo augljóst að það verða engar framkvæmdir á þessu ári þar sem margoft hefur komið fram að það er ekkert sem bendir til þess að þeir aðilar, sem eru í samningum við íslensk stjórnvöld, vilji koma hér, eins og ég sagði áðan, með þeim skilyrðum sem við hljótum að setja.

Í bréfi sem ég hef undir höndum sem Landsvirkjun hefur skrifað hæstv. iðnrh. kemur fram ýmislegt merkilegt. Mig langar til, með leyfi forseta, að lesa úr þessu bréfi en þar segir m.a.:

„Sú verkáætlun sem Landsvirkjun hefur unnið eftir undanfarið vegna virkjana í þágu nýs álvers gerir ráð fyrir að unnt sé að gera verksamning í lok maí nk. Nú bendir hins vegar allt til þess að þessum tímamörkum verði ekki náð þar sem Landsvirkjun treystir sér ekki til að fara í framkvæmdir fyrr en fyrirvaralaus rammasamningur við Atlantsál hf. liggur fyrir."

Síðan segir: „Ljúki lokasamningum og fjármögnun framkvæmda Atlantsáls hf. ekki fyrr en á tímabilinu ágúst/september 1991, eins og nú eru horfur á, er ljóst að ekki verður unnt að hefja orkuafhendingu til álvers fyrr en upp úr áramótum 1994–1995 og ekki að fullu fyrr en átta mánuðum síðar. Fyrsta framleiðsla í álverinu gæti því hafist í ársbyrjun 1995 en fullum afköstum yrði þá náð um haustið. Til að tryggja þessa framvindu þyrfti Landsvirkjun að geta varið um 800 millj. kr. í ár til undirbúnings og framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjunar, byggingu Fljótsdalsvirkjunar og háspennulínu, en rúmur helmingur þeirrar fjárhæðar fellur á síðari helming ársins."

Þess vegna skil ég alls ekki hvers vegna þess hefur ekki verið krafist af hálfu ríkisstjórnarinnar að fyrirvaralaus raforkusamningur liggi fyrir áður en þessi heimild verði nýtt.

Ég skil enn þá síður hvers vegna Alþb. setur fram þessa tillögu án þess að gera það að frágangsatriði af þeirra hálfu þannig að þeir setji það sem skilyrði fyrir því að þessi lánsfjárlög verði sett fram og vekur það sérstaklega athygli þar sem það er jú í höndum hæstv. fjmrh., sem er formaður Alþb., sem þessi lánsfjárlög eru sett fram og hlýtur þá að vera í hendi þeirra að gera kröfur að því er þetta varðar. En maður hefur einhvern veginn á tilfinningunni að þetta sé meira og minna sýndartillaga til þess að reyna að bjarga andlitinu. Þingflokkurinn hefur sem sagt ekki kosið að gera þetta að skilyrði eða að fráfararatriði og er þetta auðvitað í samræmi við framgöngu Alþb. í álmálinu frá því að ráðherrar þeirra tóku sæti í ríkisstjórninni. Þó að þessi brtt. sé auðvitað skárri heldur en að hafa greinina eins og hún er þá finnst mér að þarna fylgi ekki hugur máli og þetta sé að meira og minna leyti sett fram sem einhvers konar sýndarmennska. Ég vona auðvitað að svo sé ekki en af því sem hér hefur komið fram þá get ég ekki merkt neitt annað. En ég mun samt styðja það að þessi brtt. verði sett inn þarna þó að ég eigi ekki von á því að hún nái fram að ganga þar sem Alþb. hefur ekki gert það að skilyrði til þess að þeir styðji þessi lánsfjárlög.

Ég vil líka benda á að forstjóri Landsvirkjunar hefur komið fram í fjölmiðlum og sagt þó nokkrum sinnum að Landsvirkjun geti ekki farið í þessar framkvæmdir og tekið á sig allar þær skuldbindingar sem í því felast að nýta svona mikla lánsheimild nema fyrirvaralaus raforkusamningur liggi fyrir. Þess vegna spyr ég: Hvaða krafa er það af hálfu hæstv. meiri hluta þessarar ríkisstjórnar eða hæstv. iðnrh. að setja þetta inn svona opið ef ekki er meiningin að bíða þangað til að fyrirvaralaus raforkusamningur liggur fyrir?

Ef brtt. verður samþykkt eins og hún liggur nú fyrir á þskj. 1006 þá er talað um það að ákvörðun um þennan undirbúning og nýtingu á heimildum eigi að vera tekin í ljósi framvindu samninganna. Ef farið er yfir málið núna síðastliðið ár þá hefur það sem fram hefur komið verið mjög misvísandi. Hæstv. iðnrh. segir alltaf: Lokahnykkurinn er bara eftir, nú er komið svo og svo langt í samningunum, þetta var mikilvægur áfangi, samningarnir verða í höfn á næstu mánuðum o.s.frv. Þannig að ef hann á að fara að meta fram-

vindu málsins þá mundi hann sjálfsagt byrja strax á morgun. Það hefur hins vegar komið í ljós að þetta er ekki mat annarra og vil ég þá sérstaklega benda á að stjórnarmenn í Landsvirkjun hafa sett ofan í við ráðherrann og bent honum á að það sé langt frá því að þetta mál sé komið í höfn. Þeir keppast hver um annan þveran, gerðu það sérstaklega í september sl. þegar ráðherrann taldi sig vera búinn að koma þessu máli í höfn, þá komu stjórnarmenn í Landsvirkjun hver á fætur öðrum til að gera grein fyrir því að það væri nú langt frá því að neinn áfangi væri í þessu máli. Menn töluðu um það sem ráðherrann skrifaði undir ýmist sem minnisblað og þetta væru einhverjir sneplar sem enga þýðingu hefði sem ráðherrann væri að skrifa undir og væri meira og minna sýndarmennska af hans hálfu. Var m.a. einn stjórnarmaður í Landsvirkjun, Davíð Oddsson, sem talaði um það að þetta væri hið mesta glapræði og sagði að staðreyndin væri sú að Landsvirkjun mundi tapa á þessum samningum fyrstu 15–20 árin.

Ég man ekki betur en að annar stjórnarmaður í Landsvirkjun, hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson, hefði einnig tekið undir þetta og haft þar stór orð um hversu lítið væri að marka það sem ráðherrann segði, þetta væru einhver ómerkileg plögg sem hann skrifaði undir og að Landsvirkjun stæði engan veginn að baki honum í þessu máli. Þeir drifu sig í það að setja hv. 1. þm. Norðurl. v. í samninganefndina og breyttist þá hljóðið í honum þar sem hann virtist þá vera orðinn meira sammála því sem gert var og meira að segja svo sammála að þegar hann mælti fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. og þeim tillögum sem ég hef nú gert að umtalsefni, þá talar hann um að þetta séu bráðnauðsynlegar heimildir sem þarna þurfi að fá í málinu. Þannig að hann breytist frá því að vera svona frekar á móti álverinu og á móti framgöngu hæstv. iðnrh. í málinu yfir í það að tala um þetta bráðnauðsynlega mál sem þarna verður sem fyrst að komast í höfn.

Þetta er því allt hið furðulegasta mál og get ég ómögulega séð í hverra höndum það á að vera að meta hvenær á að nýta þessa lánsheimild sem Alþingi er ætlað að veita Landsvirkjun. Veit ég ekki hvort Landsvirkjun er nokkur greiði gerður með því að þvinga þá nánast til að taka þessi lán og síðan verður ekkert af og mun það þá lenda á hinum almenna raforkuneytanda ef lagt verður út í svo miklar fjárfestingar án þess að hægt sé að selja raforkuna frá þessari virkjun.

Ég hef þá svona nokkurn veginn gert grein fyrir áliti mínu á 1. brtt. á þskj. 1006 og tel ég hana vera langt frá því að vera nauðsynlega og raunar mjög ónauðsynlega.

Ég vil fullyrða það í ljósi þess hve margir hv. þm. hafa tjáð sig um þetta mál, og þá sérstaklega um staðsetningu álvers, að það sé alls ekki meiri hluti fyrir því hér á Alþingi að álver sé byggt á Keilisnesi, þetta sé nánast þvingun að þetta álver skuli vera staðsett á Keilisnesi, miðað við alla þá þingmenn sem hér hafa tjáð sig og ég get nefnt til sögunnar. Ef ég tek Framsfl., þá man ég ekki betur en að hv. 3. þm. Austurl. Jón Kristjánsson og hæstv. sjútvrh., sem einnig er þm. Austurl., hafi báðir tjáð sig mjög ákveðið um að álverið skuli ekki staðsett á suðvesturhorninu. Af þingmönnum Sjálfstfl. man ég eftir hv. 4. þm. Austurl. Agli Jónssyni og hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal. Síðan get ég nefnt hv. 3. þm. Norðurl. e. Árna Gunnarsson, svo ég taki þetta nú eftir minni, auk þess sem allur þingflokkur Alþb. hefur lýst því yfir að álver skuli ekki reist á Keilisnesi eða á suðvesturhorninu og það var eitt af skilyrðunum sem voru sett hérna fyrr á þessu kjörtímabili. Þannig að ég efast stórlega um að í raun sé meiri hluti fyrir þessari staðsetningu.

En síðan kem ég að 2. brtt. á þskj. 1006 og þykir mér hún nokkuð einkennileg, þar sem talað er um að fjmrh. sé fyrir hönd ríkissjóðs veitt sjálfskuldarábyrgð til þess að kaupa jörðina Flekkuvík í Vatnsleysustrandarhreppi, auk hluta af jörðunum Stóru- og Minni-Vatnsleysu þar ásamt mannvirkjum. Gert var ráð fyrir því, og hefur flogið hér fyrir, að um væri að ræða um 300 millj. kr., en það er búið að fella það út úr þessari tillögu þannig að það er ekki sérstaklega kveðið á um hversu há þessi upphæð muni vera. En það sem mér þykir einna sérkennilegast er að þarna er í lánsfjárlögum verið að veita eignarnámsheimild. Ég hefði talið eðlilegra að ef Alþingi ætlaði að veita heimild til eignarnáms þá væri það gert með sérstökum heimildarlögum en ekki sett inn í lánsfjárlög að taka megi þetta land eignarnámi. Mér þykir þetta mjög sérkennilegt og hefði viljað spyrja hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er reyndar ekki hér í salnum en ég vænti nú að heyri mál mitt, hvort nefndin hafi farið ofan í þetta mál og hvort það sé eðlilegt að standa svona að málum eins og þarna er gert ráð fyrir.

Síðan er gert ráð fyrir að ef ekki verði af byggingu og rekstri álvers þá skuli hinar keyptu eignir falla til ríkissjóðs. Þarna er ekki gert ráð fyrir því að bíða eða athuga hvort ástæða sé til að kaupa þessar eignir í ljósi framvindu samninga eins og gert er ráð fyrir í 1. brtt. Þetta þykir mér mjög einkennilega að staðið og hefði viljað fá frekari skýringar á því af hverju þessi leið er valin varðandi eignarnámsheimildina.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál mitt lengra að sinni en hefði gjarnan viljað ræða meira um aðrar leiðir í atvinnumálum þar sem ég tel það vera mjög misráðið að leggja út í alla þessa fjárfestingu með allri þeirri þenslu og ég tala nú ekki um allri þeirri óvissu sem þarna er á ferðinni. Ég tel að Íslendingar hafi ekki efni á því að leggja út í slíkan gífurlegan kostnað, þetta sé allt of mikið happdrætti til að réttlætanlegt sé að verja öllum þessum peningum í svona mikla óvissu.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við lánsfjárlög um að ríkissjóður taki að láni og endurláni Ólafi J. Laufdal 1 milljarð króna í því skyni að hann geti heimt aftur eign sína Hótel Ísland, geti lokið smíði þess og rekið það sem hótel í eigu einstaklings í Reykjavík.

Þetta er prinsippmál í mínum huga, algjört prinsippmál. Ég er hér að velta upp fleti á lánsfjárlögum sem

snýr að einkaframtakinu og það innan borgarmarka Reykjavíkur. Því er þessi tillaga flutt. Hér er um að ræða einstakling sem býr í Reykjaneskjördæmi og starfar í Reykjavík. Þetta snertir þéttbýlið, atvinnustarfsemi einstaklingsins í þéttbýli.

Fyrir mörgum árum kom hingað til lands kunnur víkingur, Jóhannes Jósefsson, sem þá hafði ferðast víða um lönd og kennt og sýnt íslenska glímu og bardagaaðferð sem hann byggði á þessari þjóðlegu, gömlu, íslensku íþrótt. Hann hafði haft góðar tekjur af þessari starfsemi sinni, kom hingað heim laust fyrir 1930 þegar þjóðin var að búa sig undir að fagna einhverju merkasta afmæli í sögu þjóðarinnar, alþingishátíðinni. Hann hafði með sér dágóðan höfuðstól sem hann hafði aurað saman á ferðum sínum og hann velti því fyrir sér hvernig hann gæti komið þessum peningum til starfa í þjóðfélaginu. Í þeim erindagjörðum fór hann til Jónasar frá Hriflu og spurði: Hvernig get ég best orðið þjóð minni að gagni með þessum peningum?

Jónas frá Hriflu svaraði honum: Ef ég á að vera heiðarlegur við þig þá skaltu leggja þessa peninga í innflutningsverslun. En ef þú vilt virkilega verða að gagni þá skaltu nota þessa peninga til að byggja hótel í Reykjavík. Fyrsta flokks hótel vantar okkur til þess að geta staðið með sóma að afmælinu sem fyrir höndum er og boðið hingað fulltrúum annarra þjóða og gert þeim eins hátt undir höfði og þeir eiga að venjast í öðrum löndum.

Þess vegna réðst Jóhannes Jósefsson í það að byggja Hótel Borg, en stofnaði ekki heildverslun. Jóhannes Jósefsson lýsir því vel í samtalsbókinni við Stefán Jónsson, fyrrv. alþm., hvernig glíman við að reisa Hótel Borg var. Jóhannes segir þar: „Ég glímdi marga erfiða glímu um ævina," — hann glímdi við menn, jötna og hann glímdi m.a.s. við bjarndýr — „en að reisa Hótel Borg var mín erfiðasta glíma."

Það var hans erfiðasta glíma. En Hótel Borg reis og Hótel Borg hefur verið þjóðinni til sóma. Hún kom þegar þjóðin þurfti á stórhóteli að halda. Síðan hefur sem betur fer þróast vísir að myndarlegum ferðaiðnaði á Íslandi. Við höfum byggt fleiri hótel, við höfum reynt að svara kalli tímans því að hótel er meira en gististaður, hótel þurfa að geta hýst ráðstefnur og hótel þurfa að geta búið erlendum ferðamönnum og öðrum það húsaskjól sem þeir eiga að venjast.

Hótel Ísland var stór liður í þessari þróun hér á Íslandi. Hótelið er búið það myndarlegum ráðstefnusölum að það hefur aukið möguleika íslensku þjóðarinnar á að taka á móti ráðstefnum. Og hótel þetta í fullum rekstri stendur undir einum milljarði og gott betur en einum milljarði.

Þetta var til skamms tíma eina stórhótelið í einkaeign í Reykjavík. Hér eru fjögur hótel sambærileg, þrjú í Reykjavík. Tvö eru í eigu auðhringsins Flugleiða, Eimskips o.s.frv., og eitt er í eigu bændasamtakanna. Nú stefnir í það að bændasamtökin eignist líka Hótel Ísland. Þá eru tvö í eigu þeirra og tvö í eigu Flugleiða. Einstaklingurinn hefur látið í minni pokann í þessu hótelhaldi. Enda var það svo að þegar það spurðist að Ólafur yrði að láta af hótelhaldi sínu og mundi missa sitt hótel, þá byrjaði strax umræðan í þeim hópum sem ég þekki best til meðal ungra manna sem enn eru að reyna að halda uppi einkaframtaki á Íslandi: Til hvers erum við að þessu? Óli er fallinn, af hverju förum við ekki í önnur lönd og freistum gæfunnar? Því að nú eru möguleikarnir að opnast. Nú eru landamærin að opnast og við megum búa okkur undir það að sjá á eftir fjölmörgu fólki með smáneista af sjálfsbjargarviðleitni og sem vill reyna fyrir sér upp á eigin spýtur. Það fólk er að tapa trúnni og það er langmesti skaðinn af þessu gjaldþroti sem hér er um að ræða. Langmesti skaðinn að það eru til menn sem hafa hugsað eins og hótelhaldarinn, sem vilja spreyta sig, sem eru að tapa trúnni og við erum að missa þá úr landi af því að það eru að opnast möguleikar annars staðar.

Hvað verður þá eftir, ef fólkið með drifkraftinn fer? Hver ætlar að skaffa atvinnuna hér á landi? Hvaðan kemur atvinnan? Hvers virði fyrir þjóðfélagið er hver og einn maður sem nennir að leggja á sig það sem fylgir því að brjótast áfram í íslensku efnahagsþjóðfélagi? Það er alveg eins gott að velta því fyrir sér eins og einhverju öðru.

Við skulum ímynda okkur að í húsinu Hótel Ísland hafi ekki verið hótelhald. Við skulum ímynda okkur að í kjallaranum hafi verið loðdýrarækt, á jarðhæðinni hafi verið fiskeldi og á hæðum hótelsins hafi verið hefðbundinn landbúnaður. Við skulum ímynda okkur hvernig hefði farið fyrir því húsi þá. Hefði verið um gjaldþrot að ræða? Hefðu þáverandi eigendur mátt sjá á eftir húsinu? Ég held ekki, dæmin sýna og sanna það. (**ÓÞÞ:** Þá hefði minkurinn étið fiskinn.) Minkurinn hefði étið fiskinn, það hefði strax komið upp innanbúðarvandamál, en ekki gjaldþrot. Því að þeir sjóðir sem sérstaklega eru til þess fallnir að borga atvinnugreinum af þessu tagi hefðu séð fyrir því að um gjaldþrot væri ekki að ræða. Ég tala nú ekki um ef húsið hefði verið byggt fyrir utan borgarmörkin, þá hefðu möguleikarnir tvöfaldast á að halda húsinu gangandi.

Í umræðunni í dag er annað hús af svipaðri stærð. Það gengur maður undir manns hönd við að bjarga Sláturfélagi Suðurlands. Það á húseign hér í Reykjavík og hefur veitt mörgum ágætum Reykvíkingi atvinnu til skamms tíma. Nú stendur til að færa þennan atvinnurekstur að Hvolsvelli, en til þess að það megi verða þarf þjóðfélagið að kaupa húseignina. Það þykir ekkert tiltökumál. Það má búast við því að núna fyrir lok þessa þings sjái tillaga dagsljósið um að Sláturfélagshúsið verði keypt, þó það sé ekki enn þá búið að færa neinar sönnur á það að við höfum eitthvað við húsið að gera. En Sláturfélagið á aðgang að kerfinu sem einstaklingurinn stendur frammi fyrir eins og þrítugum hamrinum. Sá er munurinn. Sláturfélaginu verður bjargað, einstaklingurinn verður látinn róa.

Það sem hér er talað um er lán sem yrði endurlánað, ekki styrkur eða óafturkræft framlag.

Þjóðin hefur oft tekið að sér að ábyrgjast með vinnuþreki sínu lán til ýmissa aðila í þjóðfélaginu. Ber þar kannski hæst Flugleiðir. Þjóðin hefur líka ábyrgst alla vega framkvæmdir í héraði, ferjur, skip, fiskiskip og við teljum það ekki eftir okkur. Á sama hátt er hér í

rauninni aðeins verið að tala um að þjóðin ábyrgist lán sem mundi hvíla á þessu hóteli og hótelið stendur svo sannarlega undir því.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þennan málflutning lengri. Eins og ég sagði áðan er þetta spurningin um einstaklinginn frammi fyrir kerfinu. Einstaklingurinn í Reykjavík eða einstaklingurinn úti á landi.

Hótelhald er vaxandi grein sem margir byggja vonir við að geti orðið umtalsverð atvinnugrein á Íslandi í framtíðinni. Hótel Ísland er stór hluti af þessari grein og það er mikils um vert að inn í þessa grein veljist í framtíðinni einstaklingar sem eru reiðubúnir til þess að taka á. Til þess að svo megi verða, til þess að vekja menn til umhugsunar um þessi mál er þessi tillaga fyrst og fremst flutt.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Á þskj. 1006 flytja þrír þingmenn brtt. við lánsfjárlög er varða álverið. Fyrri brtt. þeirra er á þá leið að Landsvirkjun sé heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 800 millj. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslaveitu og stofnlínu eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægjanlegri raforku frá áramótum 1994–1995. Ákvörðun um þennan undirbúning og að nýta heimildir samkvæmt þessari málsgrein skal tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi.

Það er skemmst frá að segja að ég get ekki sætt mig við þessa tillögu. Ég undrast það að í lánsfjáráætlun sé talað um nýtt álver eins og orðna staðreynd þótt allir viti að það mál er gjörsamlega í lausu lofti. Ég tel enn fráleitara að Alþingi sé að heimila 800 millj. kr. eyðslu vegna undirbúningsframkvæmda án þess að nokkuð liggi fyrir um það að álver verði byggt.

Það er þegar búið að leggja í verulegan undirbúningskostnað vegna byggingar nýs álvers. En horfurnar hvað það mál varðar eru harla óljósar eins og öllum er kunnugt. Á sl. sumri var varið 300 millj. kr. til álversundirbúnings og virkjanaundirbúnings og ég tel það fjarstæðu að nú eigi að fara að verja 800 millj. kr. til frekari virkjanaundirbúnings án þess að nokkuð liggi fyrir um það hvort menn eru þar í raun og veru að undirbúa mál sem kemur til framkvæmda eða þá kannski hitt að menn séu að fleygja 800 millj. kr. út um gluggann án þess að það komi að nokkru gagni. Ég tel það fullkomið ábyrgðarleysi að samþykkja tillögu af þessu tagi og hef því flutt brtt. þar sem segir að við greinina bætist „enda liggi fyrir fyrirvaralaus raforkusamningur".

Auðvitað segir það sig sjálft að það er algjört skilyrði, það er sjálfsögð forsenda fyrir því að nokkurt vit sé í því að heimila svo gífurlegan fjáraustur til framkvæmda að fyrir liggi að orkan sé til sölu og fáist keypt, þannig að ekki sé verið að verja þessum fjármunum til ónýtis.

Ég vil minna á að þessi afstaða mín er í fullu samræmi við fyrri samþykktir þingflokks Alþb. Við höfum út af fyrir sig ekki staðið gegn því að mál þetta hljóti hina nákvæmustu athugun. Við höfum ekki staðið gegn því að viðræður eigi sér stað um hugsanlega byggingu álvers. Við höfum ekki staðið gegn því að undirbúningur eigi sér stað. En við höfum allan tímann haft fullan fyrirvara hvað varðar þetta mál og lagt á það áherslu að til þess að það geti orðið að veruleika með okkar samþykki þurfi að uppfylla allnokkur skilyrði. Og meðal þeirra skilyrða sem við höfum lagt hvað þyngsta áherslu á eru strangar kröfur um umhverfisvernd og viðunandi orkuverð.

Þegar umræður fóru fram um mál þetta á sl. hausti í kjölfar þess að hæstv. iðnrh. ritaði undir eitthvað sem kallað var áfangasamkomulag til undirbúnings byggingu álvers, þá kom það fram hvert væri það orkuverð sem þá var fyrirhugað í sambandi við byggingu þessa álvers. Meðalorkuverðið sem þá var verið að tala um var í kringum 18 mill á kwst. og það var aftur miðað við hagstæða spá um verð á áli á næstu áratugum. Hins vegar var öllum þá þegar ljóst að raunverulegt stofnverð nýrra virkjana væri langtum hærra og það stendur enn. Í því sambandi má nefna margar tölur, en vegna þess að ég er í hópi þeirra sem vilja greiða fyrir framgangi lánsfjáráætlunar af fjöldamörgum ástæðum, því að þar eru mjög mörg þjóðþrifamál sem þurfa að ná fram að ganga, þá treysti ég mér ekki til að verja mjög miklum tíma til umræðna um þennan þátt málsins sem mætti þó rökstyðja í mjög löngu máli.

En ég minni á að þessi þáttur málsins er í algeru uppnámi áframhaldandi. Það liggur ekkert fyrir um það að viðunandi verð fáist fyrir orkuna í samningum við hugsanlega álbræðslu. Auk þessa er verið að tala um að orkuverðið skuli breytast í réttu hlutfalli við heimsmarkaðsverð á áli og að ekkert lágmarksverð verði á seldri orku. Með þessu er að sjálfsögðu tekin gífurleg áhætta ef engin takmörk eru fyrir því hvað orkuverðið getur fallið niður á við við breyttar aðstæður, ef ske kynni að álverð yrði lágt sem margt raunar bendir til og reynslan sýnir að getur vel gerst. Ef svo færi yrði um gífurlegan hallarekstur að ræða á þessu orkuöflunarfyrirtæki sem Landsvirkjun hefði staðið fyrir og hætt er við því að sá taprekstur mundi lenda með fullum þunga á innlendum orkuneytendum, fyrirtækjum og heimilum.

Í þessu samhengi minni ég á að í þeim áætlunum sem fyrir liggja um orkuöflun í þágu nýs álvers er almennt reiknað með allt of lágum vaxtaprósentum miðað við þá reynslu sem verið hefur á liðnum áratug annars vegar og svo hins vegar miðað við allt of hátt verð á áli miðað við þá reynslu sem fengin er á liðnum áratug. Og það er tiltölulega einfalt skólabókardæmi að ef tekið væri meðaltal af þeim vöxtum sem verið hafa á alþjóðlegum mörkuðum á dollar á liðnum áratug og ef tekið væri meðaltal af því verði sem fengist hefur fyrir ál á alþjóðlegum mörkuðum á liðnum áratug, þá er hér verið að leggja út í gífurlega áhættu, gífurlegan taprekstur, a.m.k. fyrst um sinn meðan orkuverðið hækkar ekki meira en ástæða er til að ætla að það geri.

Eins og ég hef þegar sagt, herra forseti, þá taldi ég mér skylt þegar ég sté hér í pontu að tala stutt í þessu

máli vegna þess að það bráðliggur á að koma lánsfjáráætluninni fram og uppi hafa verið áform um að þingi ljúki í dag. Lánsfjáráætlun á eftir að fara til 3. umr., það á enn eftir að fjalla um hana í efri deild og mörg önnur mál, svo sem nauðsynleg skattamál, bíða hér afgreiðslu. Ég harma því að geta ekki gefið mér miklu betri tíma til þess að ræða þetta stórmál en ítreka það sem ég hef hér þegar sagt, að það er auðvitað fráleitt með öllu að samþykkja þessa brtt. á þskj. 1006 um að verja 800 millj. kr. til undirbúnings virkjana vegna álvers án þess að nokkuð liggi fyrir um það að þessi orka verði seld. Þá fyrst þegar fyrirvaralaus raforkusamningur liggur fyrir er vit í því að hefjast handa um þessar framkvæmdir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að viðstaddur umræðuna verði formaður fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., sem ætti nú ekki að þurfa að taka sérstaklega fram. (**FrS:** En iðnrh.?) Og ekki sakaði það heldur þótt hæstv. ráðherra legði hér við hlustir sem væri nú ekki óeðlilegt þegar þetta mál er hér rætt, frv. til laga um lánsfjárlög og þar sem ég ætla fyrst og fremst að ræða þann þátt þessa máls sem lýtur að málasviði hæstv. iðnrh. En ég er ekki með sérstaka kröfu um það að hann verði sóttur út í bæ ef hann er ekki í þinghúsi því að ég á ýmislegt vantalað við formann fjh.- og viðskn. sem flytur hér tillögur í þessu máli. Það er við hann sem ég þarf að eiga sérstakan orðastað. (**Forseti:** Það er verið að ná í hv. 1. þm. Norðurl. v.) Já, ég þakka fyrir. Ég vil einnig inna eftir því hvort von er á að hæstv. iðnrh. verði hér við umræðuna. (**Forseti:** Forseti mun óska eftir nærveru hæstv. iðnrh.) Já, ég þakka, virðulegur forseti.

Við erum hér að ræða frv. til lánsfjárlaga og það væri ástæða til þess að fjalla hér um marga þætti þessa máls, en ég ætla tímans vegna að takmarka mig eins og ég gat um fyrst og fremst við það sem snýr að öflun heimilda vegna ráðgerðrar byggingar álbræðslu á Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi, enda er þar út af fyrir sig af ærnu að taka. Ég vil þó geta þess, virðulegur forseti, að eitt atriði sem tengist lánsfjárlagafrv. snertir spurninguna um heimildir fyrir Ríkisútvarpið til þess að njóta lagaákvæða um afnotagjöld af viðtækjum og fleira sem er lögmarkað og hér liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Kvennalistans um það efni, að þær heimildir skuli ekki takmarkaðar með „þrátt fyrir"-ákvæðum. Ég tel að það sé hið mesta óráð að halda áfram þeirri stefnu að skerða þessar heimildir vegna Ríkisútvarpsins og minni á það sem gerðist í fárviðri á liðnum vetri og minni á það ástand sem langbylgjusendingar Ríkisútvarpsins búa við, það óöryggi sem því fylgir. Ég treysti mér ekki til að greiða þeirri tillögu atkvæði sem fyrir liggur frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um að þessi skerðing gildi áfram og mun því greiða atkvæði um að 25. gr. í frv. falli niður eins og gerð er tillaga um af hv. þm. Kvennalista.

Ég ætla þá að snúa mér að þeirri brtt. sem fyrir liggur á þskj. 1006 við frv. til lánsfjárlaga, en þar er lagt til í fyrsta lagi að við 3. gr. frv. bætist ný málsgrein sem orðist eins og þar segir og felur í sér að heimilað verði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka að láni á yfirstandandi ári allt að 800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings virkjana eins og nauðsynlegt er og síðan segir í lok þessa 1. tölul.: „Ákvörðun um þennan undirbúning og að nýta heimildir samkvæmt þessari málsgrein skal tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi." Þetta er fyrri þáttur málsins og ætla ég að fjalla um hann nokkuð frekar. En nú er hv. 1. þm. Norðurl. v. genginn á dyr þannig að lítið gagnaðist þótt hann birtist hér augnablik í þingsal. Vildi virðulegur forseti gera hv. þm. aðvart um að ég óski eftir nærveru hans hér?

Virðulegur forseti. Ég vil minna á í þessu samhengi, þegar tillaga liggur hér fyrir um lánsheimild upp á 800 millj. kr. vegna framkvæmda í þágu álbræðslu sem ekkert liggur fyrir um að samið verði um, þá afgreiðslu sem fór fram hér á hv. Alþingi sl. vor í lok síðasta þings þegar ríkisstjórninni var heimilað með sama hætti og eftir sömu formúlu að taka að láni 300 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda við virkjanir í þágu álbræðslu. Um það mál og þá tillögu var ítarlega fjallað þá í iðnn. þingsins og dregin fram ýmis gögn um málið. Ég beitti mér gegn þessari lánsfjárheimild sem ríkisstjórnin þó notaði eftir þessari formúlu, að mjatla út þessu fjármagni í ljósi þess hvernig samningaviðræður þróuðust. Það varð sem sagt ekki nein bremsa þó svo að í rauninni lægi ekkert haldbært fyrir um líklega samninga um álbræðsluna. Í frv. hæstv. iðnrh. um breytingu á lögum um raforkuver sl. vor sagði í skýringu um ákvæði til bráðabirgða sem varðaði þessar 300 millj.: „Ákvarðanir um þessar framkvæmdir og það að nýta þessar heimildir verða teknar í einstökum atriðum eftir því sem samningum um álverið vindur fram."

Ég spurði hæstv. iðnrh. að því hér fyrr á þinginu með hvaða hætti þessar heimildir hefðu verið notaðar. Og það liggur fyrir, virðulegur forseti, svar frá hæstv. ráðherra þar sem fram kemur að ekki einungis hafi þessar heimildir verið notaðar að fullu heldur hafi verið bætt um betur og varið í þessu skyni gegn lögum, gegn samþykktum lögum, 367 millj. kr. — Hvar er hv. formaður fjh.- og viðskn., talsmaður meiri hl. nefndarinnar? Er hans ekki að vænta, virðulegur forseti? Til hvers er verið að biðja um nærveru manna ef þeir ekki birtast hér nema í mýflugumynd?

Hv. þm. Páll Pétursson. Ég var að rekja það hvernig farið hefði verið með þá heimild sem veitt var með lögum um raforkuver sem samþykkt voru sl. haust þar sem er að finna nákvæmlega sömu ákvæði og nú á að setja inn í lánsfjárheimild upp á 800 millj. kr., þ.e. að þessar heimildir verði notaðar í ljósi framvindu samningaviðræðna eins og hér segir: „Ákvörðun um þennan undirbúning og að nýta heimildir samkvæmt þessari málsgrein skal tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi." Þetta er nánast sama orðalagið og var að finna í frv. hæstv. ráðherra sl. vor. Þá gerðist það að ekki aðeins voru þessar heimildir fullnýttar á sl. ári heldur voru brotin lög með því að verja 67 millj.

kr. umfram það sem ríkisstjórnin hafði aflað sér heimilda fyrir. Og ég spyr hv. 1. þm. Norðurl. v.: Hvaða rök finnur hann fyrir því að vera nú að endurtaka þetta sullumbull, að vera nú að endurtaka að veita slíkar heimildir þegar í rauninni ekkert frekar liggur fyrir heldur en fyrir lá fyrir bráðum ári síðan um það að samið verði um þetta fyrirtæki? Það sem hræðir eru sporin, hvernig þessi heimild var notuð á sl. ári. Við lesum í framsöguræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. um þetta atriði og það hefur einnig gildi í þessu sambandi og sýnir hvernig hrapað er að þessu máli, þar sem hv. þm. segir í ræðu sinni:

„Ákvörðun um þennan undirbúning og að nýta heimildir skv. þessari málsgrein skal tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi. Að sjálfsögðu verður ekki farið út í fjárfrekar framkvæmdir til undirbúnings þessa máls fyrr en skriður er á ný kominn á samninga um álver á Keilisnesi. En eins og menn vita eru þeir samningar í biðstöðu eins og stendur. En það er von okkar að úr rætist og þá þarf að hafa þessa heimild" — og nú er hæstv. ráðherra að gefa hv. 1. þm. Norðurl. v. línuna, hvernig hann eigi nú að bregðast við þessu og skýra þetta, og það er þeim auðvitað fullkomlega heimilt en ég bið hv. 1. þm. Norðurl. v. að leggja við hlustir. (**PP:** Ég hlusta.) — „og þá þarf að hafa þessa heimild ef árið á ekki að tapast, eða sumarið á ekki að tapast sem framkvæmdatími."

Ég bið þingdeildina að veita athygli þessu orðalagi. Það er sem sagt sett undir þennan leka með þessu móti, segir hv. þm.

Hér blasir við sá ásetningur hæstv. iðnrh., því að það er hann sem er að smeygja þessu beisli upp á hv. 1. þm. Norðurl. v., hér blasir við sá ásetningur hans að knýja Landsvirkjun til þess að fara að ráðast í frekari framkvæmdir vegna virkjana í þágu álbræðslu sem enginn veit hvort nokkurn tíma verður reist strax í maímánuði nk., því að hæstv. ráðherra hefur gefið það út margsinnis að hann telji að þá verði fulllokið samningum þótt ekki verði það um fjármögnunarþáttinn því það geti tekið 6–10 mánuði. Og þá á að fara út í óráðsíuna, þá á að setja þumalskrúfurnar á Landsvirkjun til þess að hæstv. ráðherra haldi hér höfði gagnvart þjóðinni. Hann verður þá að líkindum enn þá í ráðherrastóli, eitthvað fram eftir maímánuði a.m.k. skyldi maður ætla, nema þeir félagar Davíð Oddsson og hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson verði búnir að ganga frá stjórninni með honum, viðreisnarstjórninni sem er í burðarliðnum hér í sölum Alþingis þessar vikurnar, og þá ætlar hæstv. ráðherra að þrýsta á um það að þessar heimildir verði notaðar. Og hv. 1. þm. Norðurl. v. tekur þátt í þessum leik með honum. Hvað rekur hv. 1. þm. Norðurl. v. út í þetta fen, út í þessa ábyrgðarlausu tillögu sem hér liggur fyrir sem hann stendur að ásamt öðrum þingmanni Framsfl. og einum þingmanni Alþfl. úr fjh.- og viðskn.? Og hv. 1. þm. Norðurl. v. talar hér um að það þurfi að útvega þessa bráðnauðsynlegu heimild sem lið í þessum bandormi sem hér er um að ræða, þessa bráðnauðsynlegu heimild.

Þá skulum við koma að hv. 1. þm. Norðurl. v. í samhenginu ekki formaður fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis heldur stjórnarmanni í Landsvirkjun. Ég held að það sé rétt að líta aðeins á málið í því samhengi því að Landsvirkjun hefur fjallað um þetta mál og stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Landsvirkjunar hafa bréfað til hæstv. iðnrh. 21. febr. sl., þar sem þeir eru að svara ósk hæstv. iðnrh. frá 19. febr. þar sem hann óskaði eftir mati fyrirtækisins á stöðu samnings um orkusölu til nýs álvers á Keilisnesi og afstöðu til þess að aflað verði á þessu þingi heimildar til áframhaldandi undirbúnings virkjana á árinu 1991, þannig að sjá megi væntanlegu álveri á Keilisnesi fyrir raforku um áramótin 1994–1995, en það er formúla hæstv. ráðherra sem hann gefur stjórn Landsvirkjunar að hann ætli sér að tryggja að það sé hægt, þannig að það verði ekki nema það sem hann kallar fimm mánaða seinkun á því að álbræðslan taki til starfa að fullu. Það er það sem hann er að reyna að telja kjósendum á Reykjanesi trú um að hann hafi hér mál á hendi þannig að það verði ekki nema um fimm mánaða seinkun og þetta þarf að vera svona nákvæmt til að selja þessa staðhæfingu, þá skuli það vera fimm mánuðir, á meðan málið er gersamlega úti í vindinum gagnvart samningsaðilunum sem eiga að reiða fram fjármagnið, 60 milljarða.

Um þetta segir stjórnarformaður Landsvirkjunar fyrir hönd fyrirtækisins 21. febr., varðandi verkáætlun vegna undirbúnings virkjana sem nauðsynlegur er til að sjá nýju álveri fyrir raforku veturinn 1994–1995, orðrétt:

„Sú verkáætlun sem Landsvirkjun hefur unnið eftir undanfarið vegna virkjana í þágu nýs álvers gerir ráð fyrir að unnt sé að gera verksamninga í lok maí nk.

Nú bendir hins vegar allt til þess að þessum tímamörkum verði ekki náð, þar sem Landsvirkjun treystir sér ekki til að fara í framkvæmdir fyrr en fyrirvaralaus rafmagnssamningur við Atlantsál hf. liggur fyrir."

Þetta er bréf Landsvirkjunar byggt á samþykkt stjórnar fyrirtækisins eftir umræðu í stjórn fyrirtækisins. Ég ræddi í gær við tvo stjórnarmenn um skilning á þessari samþykkt sem hér er bréfuð og þeirra umsögn var á þá leið að þetta varðaði spurninguna um þær lántökuheimildir sem hér er verið að óska eftir, þær framkvæmdir sem hér ræðir um séu þær framkvæmdir sem á að verja til þessum 800 millj. Kaleikur sem stjórn Landsvirkjunar hefur vísað frá nema fyrirvaralaus rafmagnssamningur liggi fyrir við Atlantsál hf. Og hvenær liggur fyrirvaralaus samningur fyrir? Ja, það gerist vart fyrr en stjórn Landsvirkjunar a.m.k. hefur gert hann og bókað hann og í rauninni að Alþingi hefur fjallað um málið. Hér er því haldið á máli með dæmalausum hætti og maður spyr sig: Hvað rekur þingmenn Framsfl. til þess að gangast undir það jarðarmen sem hæstv. iðnrh. er að reisa hér og skrifa upp á þessa beiðni um þessa spilapeninga hæstv. ráðherra? Og ætla sér að endurtaka leikinn frá síðasta ári þar sem farið var meira að segja fram úr veittum heimildum svo um munaði. Hvaða áhrif halda menn að svona ráðslag hafi á samningsstöðu Landsvirkjunar gangvart Atlantsál hf.? Að auglýsa það með heimildum af þess-

um toga að Íslendingum sé svo brátt í brók að gera við þá samning um þetta að þeir reiði hér fram hundruð milljóna kr. á hundruð milljóna ofan til þess að flýta sér að virkja og binda sig framkvæmdalega séð út á samning sem ekkert liggur fyrir um?

Nei, það eru tíðindi að slíkur tillöguflutningur liggur hér fyrir af hálfu þeirra framsóknarmanna og Alþfl., að þeir skuli ganga þar í bandalag og hneykslast á því að hér liggur fyrir tillaga frá Ragnari Arnalds sem fulltrúa Alþb. í fjh.- og viðskn. um að það skilyrði skuli uppfyllt sem Landsvirkjun er samdóma um að beri að setja í sambandi við þessi mál gagnvart Atlantsál. Hv. þm. Páll Pétursson sér sérstaka ástæðu til þess að hnýta í hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir það að bera slíka tillögu fram og vera þeim ekki samferða í tillögugerð hér til þingdeildarinnar.

Það mætti fjölmargt fleira segja um þetta. Ég vil aðeins rifja upp í þessu samhengi fyrir stjórnarformanninn Pál Pétursson úr stjórn Landsvirkjunar umsögn sem barst iðnn. Nd. vegna frv. í fyrravor þar sem var verið að afla heimilda um 300 milljónirnar. Þar segir Landsvirkjun:

„Um spurningu af hálfu nefndarinnar: Er nauðsynlegt að hraða undirbúningi, áhrif á samningsstöðu.

Til að tryggja að Landsvirkjun geti séð 200 þús. tonna álverksmiðju fyrir raforku 1994 miðað við núverandi ráðagerðir er nauðsynlegt að halda áfram undirbúningsvinnu í þágu hlutaðeigandi virkjana. Lágmarksfjárfesting í ár í þessu skyni er um 300 millj. kr., einkum vinna við hönnun, rannsóknir útboðsgagna, gerð og ýmsa aðstöðusköpun eins og fram kemur hér að framan. Til að draga úr hættu á að fjárfest verði meira en þörf krefur verður að leitast við að endurskoða fjárfestingaráformin nægilega oft á árinu til að draga megi í land með fjárfestingar eftir því sem samningaviðræður kunna að gefa tilefni til. Þessi undirbúningur er tiltölulega lítill miðað við þann kostnað sem þegar hefur verið lagt í vegna rannsókna og undirbúnings í þágu hlutaðeigandi virkjanakosta á undanförnum árum. Miðað við stöðu álmálsins í dag [og það er í byrjun maímánaðar 1990 sem þetta er skrifað] er umrædd fjárfesting í ár forsenda fyrir því að kostnaður af svipuðu tagi og hingað til skili arði fyrr en seinna. Hér er því ekki um að ræða að fjárfestingin í ár veiki samningsaðstöðu okkar. Þvert á móti styrkir hún okkur í þeim möguleika að nýta fjárfestingar á fyrri árum með raforkusölu á viðeigandi verði."

Þetta er svar frá framkvæmdastjórn Landsvirkjunar við fyrirspurn frá iðnn.

En það er beðið um fleira heldur en 800 millj. vegna virkjunarframkvæmda. Það er í öðru lagi á sama þskj. lagt til að inn verði tekin heimild þar sem fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána Vatnsleysustrandarhreppi til að fjármagna kaup á jörðinni Flekkuvík ásamt mannvirkjum, og lönd úr jörðunum Stóru- og Minni-Vatnsleysu, ásamt mannvirkjum. Endurgreiðsla Vatnsleysustrandarhrepps á veittum lánum samkvæmt þessari grein skal háð því að af byggingu og rekstri álvers verði en að öðrum kosti skulu hinar keyptu eignir falla til ríkissjóðs.

Hér hygg ég vera ekki beinar tölur inni, en hæstv. iðnrh. gerði um það tillögu til nefndarinnar að þarna væri um að ræða allt að 300 millj. kr. og það er svona leiðbeinandi upphæð eftir að hæstv. ráðherra hefur sett það fram, 300 millj. kr. til kaupa á þessum kotum á Keilisnesi undir hugsanlega álbræðslu, ella falli hinar keyptu eignir til ríkissjóðs. Og þarna segir enn frekar:

„Náist ekki samningar við eigendur landa eða mannvirkja getur fjmrh. heimilað Vatnsleysustrandarhreppi að taka eignarnámi vatnsréttindi, land, aðstöðu og önnur réttindi sem nauðsynleg eru vegna byggingar álvers á Keilisnesi og hafnar vegna þess."

Það væri nú fróðlegt fyrir hv. þm. Pál Pétursson að fara aðeins yfir landkosti þarna á Keilisnesi. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur lagt leið sína þangað til að kanna þessa væntanlegu landareign ríkisins, sem á að falla til ríkisins ef þeir kastalar verða ekki reistir sem hæstv. iðnrh. dreymir um og reyndar þingmenn Framsfl.að því er virðist í auknum mæli. Það væri rétt fyrir hv. þm. Pál Pétursson að líta yfir jarðabækur sem lýsa landgæðum á Keilisnesi. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, en vegna þess að þarna á að afla heimilda til eignarnáms á alls kyns réttindum, þar á meðal vatnsréttindum, þá gríp ég hér aðeins niður í Jarðabók Árna Magnússonar á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Það er mjög traust heimild.) Mjög traust heimild, svona rétt upplýsandi, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um landgæðin í Flekkuvík. Þar segir um Flekkuvík:

„Jarðardýrleiki er óviss því jörðin tíundast öngvum. Kúgildi þrjú. Leigur betalast í smjöri heim til staðarhaldarans. Kúgildin uppyngir ábúandinn uppbótarlaust í næstu ellefu ár." — Það verður væntanlega fjmrh. framtíðarinnar sem fær þetta verkefni, að uppyngja kúgildin næstu árin á Keilisnesi. — „Selstöðu á jörðin og brúkar þar sem heitir Flekkuvíkursel. Eru þar hagar viðsæmandi en stórt mein að vatnsleysi og báglegt eldiviðartak." — Og það á að fá hér eignarnámsheimild sérstaklega fyrir vatnsréttindum. — „Rekavon í minnsta lagi. Skelfiskfjara nokkur, en eyðist fyrir ágang annarra jarða. Torfrista og stunga í lakasta máta, varla nýtandi. Lyngrif mjög lítið og langan veg í burtu. Engjar eru öngvar, úthagar lakir, vatnsból þrýtur bæði sumar og vetur."

Þetta eru landgæðin sem á að afla lánsfjárheimildar til og eignarnámsheimildar hér á Alþingi Íslendinga og gjalda fyrir allt að 300 millj. kr. samkvæmt tillögu hæstv. iðnrh. (**ÓÞÞ:** Ja, dýr eru kúgildin.) Minni-Vatnsleysa sem þarna er nefnd, ekki er það nú mikið björgulegra þar ef frá er talið svínabúið sem á að leggja í eyði sem nú er. — „Jarðardýrleiki er óviss. Kúgildin uppyngir ábúandinn í næstu ellefu ár uppbótarlaust." — Það verður verkefni fjármálaráðherra framtíðarinnar. — „Kvaðir eru eitt mannslán af báðum um vertíð. Item tveir hrysshestar og tveir dagslættir heim til Bessastaða og fæða bændur verkamanninn." — Þannig að fjmrn. verður að leggja til a.m.k. dagpeninga ríflega fyrir sláttumenn sem eiga að slá í túni á

Bessastöðum því að kvaðir þessar eru auðvitað allar enn þá í gildi, meira og minna a.m.k. — „Torfrista og stunga í lakasta máta, varla nýtandi. Eldiviðartak af fjöruþangi naumlega bjarglegt annað hvert ár, en annað hvert ár verða menn með stóru erfiði að reyta hrís til eldiviðar úr almenningum. Rekavon lítil, sölvafjara nær engin, skelfiskfjara hefur verið en nú aldeilis eyðilögð" o.s.frv.

Ekki fæ ég séð, virðulegur forseti, að betur standi til með landkosti á Stóru-Vatnsleysu því að þar kveður í rauninni mjög við hið sama og í lýsingu á hinum jörðunum tveimur, en ég held að þetta ætti að hvetja hv. fjh.- og viðskn. og formann hennar til að draga þessa brtt. hiklaust til baka, a.m.k. að efna til skoðunarferðar nefndarinnar yfir á Keilisnes til að kanna hvort eitthvað hafi aukist landkostirnir frá þeirri lýsingu sem hér er upp dregin af þeim sannsöglu og skilvísu mönnum Árna Magnússyni og Páli Vídalín á sínum tíma.

Nei, virðulegur forseti. Það gildir auðvitað nákvæmlega það sama um þá heimild sem þarna er verið að afla að hún er gjörsamlega þarflaus, tillagan er gjörsamlega þarflaus og raunar skaðleg einnig með tilliti til hugsanlegra samninga þeirra sem vilja koma upp þessari álbræðslu. Ég minni á það sem fram kom hér einmitt við þessa umræðu af hálfu hæstv. forsrh. í sambandi við hafnargerð í Þorlákshöfn vegna hugsanlegrar verksmiðju sem þar ætti að rísa. Hvað sagði hæstv. forsrh. hér úr þessum ræðustól í gær held ég hafi verið, yfirlýsingu þar að lútandi? Það er engin þörf að vera að afla lánsfjárheimildar vegna þessarar verksmiðju í Þorlákshöfn sem ekki hefur verið samið um, vegna þess að það tekur tvö ár að byggja verksmiðjuna ef til kæmi. Að hvaða leyti stendur öðruvísi á með þessa álbræðslu, álbræðsluhugmynd á Keilisnesi heldur en verksmiðjuhugmyndina í Þorlákshöfn sem hæstv. forsrh. telur enga þörf að taka inn heimildir um hér í sambandi við afgreiðslu þessa máls?

Virðulegur forseti. Það væri þörf á því að rekja hér nánar t.d. með tilvitnunum í orð hæstv. iðnrh. í síðasta mánuði þegar hann kom úr vesturreisu eftir að hafa kreist forráðamenn Alumax til þess að gefa út með sér enn eina yfirlýsinguna, sameiginlegu yfirlýsinguna til þess að reyna að láta líta svo út sem hér séu að fæðast samningar um álbræðslu. Og það væri þörf á því einnig að leiða til vitnis talsmenn Landsvirkjunar á þeim tíma þar sem kveður við allt annan tón heldur en hjá hæstv. iðnrh. sem gengur manna röskast fram í því að þröngva mönnum til fylgilags við sig í þessu máli, nauðuga ef ekki vill betur. Það gerði hann sl. haust þegar hann var að efna í plaggið góða, 4. okt., sem hæstv. forsrh. hefur kallað ekki mjög virðulegum nöfnum að undanförnu og það var endurtekið þar vestra um miðjan febrúar. Og enn á að þröngva Alþingi Íslendinga til að fara að veita hér heimildir, stórar upphæðir til heimilda inn í lánsfjárlög fyrir þetta ár þegar fyrir liggur m.a. að stjórn Landsvirkjunar frábiður sér að fara að eyða meira fjármagni að þarflausu í frekari framkvæmdir við undirbúning virkjana nema þá að fyrir liggi fyrirvaralaus rafmagnssamningur og hefur það ákvæði verið upp tekið í brtt. sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Ragnari Arnalds í sambandi við þetta mál.

Ég hvet hv. þm. til að litast um betur áður en þeir fara að greiða þessum tillögum atkvæði. Ég hvet þá til þess að átta sig á því á hversu feysknum stoðum þessi tillögugerð öll er reist, en fari svo mót vonum að hv. þingdeild veiti þessum þrábeiðnum hæstv. iðnrh. atkvæði sitt og meirihlutastuðning, þá óska ég eftir því að hæstv. forsrh. greini þingdeildinni frá því með hvaða hætti hann mundi halda á slíkum heimildum fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands á meðan hann gegnir því virðulega embætti sem nú er. Þar eð hæstv. forsrh. mun vera fjarri í embættisskyldum, virðulegi forseti, þá áskil ég mér rétt til þess að bera fram við hann spurningu þetta varðandi þegar hann kemur hér til þings innan tíðar, enda hygg ég að hæstv. forsrh. hafi komið þeim boðum til virðulegs forseta að hann óski eftir því að vera viðstaddur áður en umræðu lýkur hér í þingdeildinni um málið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. beindi í ræðu sinni fyrr í þessari umræðu til mín tveimur fyrirspurnum sem mér er ljúft að svara. Hann óskaði í fyrsta lagi skýringa á afstöðu Alþfl. til þeirrar stefnumörkunar í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt sem landbrh. hefur nýlega náð samkomulagi um við Stéttarsamband bænda og einnig á því hverju það sætti að Alþfl. skuli nú standa að tillögu um lánsfjárheimild í 11. tölul. á þskj. 1005 til þess að auðvelda aðlögun sauðfjárframleiðslunnar að innanlandsmarkaði.

Ég vildi vegna þessarar fyrirspurnar taka það fram að Alþfl. telur nauðsynlegt að breyta landbúnaðarstefnunni til þess að lækka matvælaverð, draga úr ríkisútgjöldum, hlífa gróðri landsins og efla sjálfstæði og framtakssemi með bændum.

Þau drög að búvörusamningi, sem nú liggja fyrir og bíða reyndar staðfestingar Alþingis með nauðsynlegum lagabreytingum eins og skýrt er fram tekið við undirskrift þessarar samningsgerðar, eru vissulega skref í rétta átt en ekki nema hálfnað verk. Við viljum ljúka því verki. Uppkaup á framleiðslurétti, greiðslumarki eins og það heitir samkvæmt þessu samkomulagi, eru nauðsynlegt fyrsta skref. Til þess að skýra þetta nánar, þá mun ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp hluta af samþykkt þingflokks Alþfl. í þessu máli sem gerð var 10. þ.m. og skýrir það hvers vegna við styðjum þessa lánsfjárheimild. Tilvitnunin er svona:

„Þingflokkur Alþfl. leggur til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 svo fært verði að framkvæma aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði á grundvelli viðauka I í fyrirliggjandi samningsdrögum. Fullgilt samkomulag liggi fyrir í sumar þannig að unnt verði að gera nauðsynlegar lagabreytingar á næsta þingi hvort heldur verður á sumarþingi eða haustþingi. Til þess að unnt sé að samþykkja og staðfesta gerð samnings sem gilda á í sex ár þarf að nást samkomulag um eftirfarandi atriði til að tryggja verulega verðlækkun til neytenda svo snúa megi við þeirri öfugþróun að markaðshlutdeild heföbundinna búvara minnki ár frá ári:

1. Að fullbúinn verði samningur um framleiðslu mjólkurafurða er tryggi aukna framleiðni, bæði í frumframleiðslu og vinnslu.

2. Að hlutur afurðastöðva, sláturhúsa og mjólkurbúa í verðlækkun til neytenda verði tryggður, m.a. með endurskoðun úreltra laga og samþykkta þannig að tryggð verði samkeppni milli afurðastöðvanna. En í þeim er meginhluti verðmyndunar búvöru búinn til.

3. Að skýr ákvæði komi inn í samninginn um endurskoðun verðlagsgrundvallar og verðkerfisins í heild sem tryggi að stefnt verði til verulegra verðlækkana allrar búvöru til neytenda.

4. Að landinu verði hlíft við ofbeit og þáttur umhvrn. verði skýrt afmarkaður.

5. Að ullarniðurgreiðslur og vaxta- og geymslugjöld breytist í annars konar stuðning.

6. Að hlutur bænda sem fyrirsjáanlega munu þurfa að hverfa frá búum sínum verði betur varinn.

7. Að réttur stjórnvalda til að gera fyrirhugaða samninga um Evrópska efnahagssvæðið og innan GATT, almenna samkomulagsins um tolla og viðskipti, verði í engu skertur og kalli ekki á endurskoðun væntanlegs búvörusamnings.

8. Að endurskoðunar- og uppsagnarákvæði samningsins verði skýr. Fari útgjöld ríkissjóðs fram úr því sem gert er ráð fyrir eða verð til neytenda lækki ekki eins og ráð er fyrir gert verði unnt að krefjast endurskoðunar samningsins til þess að ná þeim markmiðum fram eða segja þeim einfaldlega upp.

Þingflokkurinn er þess fullviss að með góðum vilja samningsaðila er unnt að ljúka samningsgerð sem innifeli framangreind atriði innan þeirra tímamarka að ekki valdi bændum vandræðum."

Hér lýkur minni tilvitnun, virðulegi forseti. Þetta skýrir að mínu áliti til fulls þá afstöðu okkar að standa að lánsfjárheimild til þess að hefja uppkaupin á framleiðsluréttindum meðan verið er að ganga frá fullkomnum samningi, fullkomlega frágengnum, sem fái svo staðfestingu þingsins með nauðsynlegum lagabreytingum. (**FrS:** Eru hinir stjórnarflokkarnir samþykkir þessu?) *Ég mun að sjálfsögðu ekki tala hér fyrir þá.* Ég er hér eingöngu að lýsa samþykkt þingflokks Alþfl., enda var það það sem um var spurt og ég vona að hv. þm. taki þetta gilt sem svar.

Í öðru lagi spurði hv. 1. þm. Reykv. hverju það sætti að tillögur um lánsfjárheimildir til Landsvirkjunar og til jarðakaupa á Keilisnesi væru með nokkuð öðrum hætti í þessum tillögum frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. og meiri hl. þess meiri hl. hvað annað atriðið varðar en var í grg. till. til þál. um samninga um álver á Keilisnesi sem er nú til meðferðar í Sþ. eins og kunnugt er.

Fyrst nokkur orð um Landsvirkjunarheimildirnar. Þar er eingöngu um það að ræða tæknilega að þar eru sameinaðar í einni tölu 800 millj. kr., tvær fyrri tillögur, önnur um 580 millj. kr., hin um 220. Þá hefur verið bætt við, einkum til skýringar, málslið við þessa málsgrein, þ.e. orðin „ákvörðun um framkvæmd þess arna verði tekin í ljósi framvindu samninganna um álverið". Þetta er eingöngu skýring á því sem liggur í fyrirvaranum um samþykki ríkisstjórnarinnar og efnislega er þessi tillaga því algjörlega samhljóða þeirri sem fylgdi þáltill.

Þá kem ég að lánsfjárheimildunum vegna útvegunar jarðnæðis fyrir álverið og höfn handa því. Um það mál er það að segja að þar hafa orðið tvær breytingar frá þeirri tillögu sem fylgdi þáltill., þ.e. að í tillögu hv. fjh.- og viðskn. eða meiri hl. hennar er ekki tilgreind ákveðin fjárhæð og bætt er við eignarnámsheimild ef þörf krefur. Satt að segja var þetta sú tillaga sem ég hafði upphaflega gert til fjmrn. Á því stigi máls taldi fjmrn. ekki kost á því að afla lánsfjárheimildar án fjárhæðar eða að hafa eignarnámsheimild í lánsfjárlögum. Við nánari athugun hefur hv. fjh.- og viðskn. komist að þeirri sömu niðurstöðu og ég áður, þ.e. að leggja til lánsfjárheimild án fjárhæðar en styðja hana með eignarnámsheimild. Ég fagna að sjálfsögðu þessari niðurstöðu hjá hv. fjh.- og viðskn. og styð tillöguna heils hugar. (**FrS:** Það er meiri hl. nefndarinnar.) Já, það er rétt hjá hv. þm., ég leiðrétti það sem ég sagði hér áður. (Gripið fram í.) Nei, mér er það ljóst, virðulegi þingmaður. En ég segi það engu að síður að ég fagna þessari tillögu svo sem hún er fram komin, enda er hún sú sem ég gerði í upphafi máls og tel reyndar að málinu sé betur fyrir komið eins og það liggur núna fyrir þinginu.

Ég kem þá að því sem fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. Hann nefndi það að Landsvirkjun hefði að hans áliti farið fram úr fjárheimildum sem veittar voru með raforkuveralögunum sl. vor og þar var nefnd fjárhæðin 367 millj. kr. til undirbúnings virkjana sem tengdar voru fyrirhuguðu álveri á Keilisnesi. Hv. 2. þm. Austurl. bar þetta saman við lánsfjárheimild sem veitt var með bráðabirgðaákvæði við raforkuveralögin í fyrravor upp á 300 millj. kr.

Í fyrsta lagi er rétt að nefna það að fært til sama verðlags má ætla að fjárhæðin væri ekki 300 heldur 320–330. Í öðru lagi það sem þá ber á milli lít ég svo á að Landsvirkjun hafi í reynd ráðstafað af öðru fé sínu á eigin ábyrgð en ekki á grundvelli þessarar lánsfjárheimildar. *Ég endurtek að þetta er mín skýring á þessu* máli og ég endurtek það reyndar enn á ný sem hv. 2. þm. Austurl. virtist vefengja að sumarið er okkur Íslendingum dýrmætt. Mér fannst hann draga þessi sannindi í efa og leyfi mér hér að varpa því fram til þingheims að sú skoðun þingmannsins fái naumast staðist. Ég endurtek það enn á ný, sumarið er okkur Íslendingum dýrmætt. (**HG:** Um það er væntanlega hv. þm. Páll Pétursson sammála.) Ég vona það en mér heyrðist á hv. 2. þm. Austurl. að hann væri ekki alveg viss um þessi gömlu sannindi.

Síðan kem ég að því sem hann sagði um þetta mál auk þess sem hér er þegar nefnt. Hann hélt því fram að Landsvirkjun hefði ekki óskað eftir þessari heimild og að lánsfjárheimildarbeiðni þeirra væri skilyrt við það að fyrir lægju fyrirvaralausir raforkusamningar. Þetta er ekki rétt. Landsvirkjun hefur óskað eftir þessari heimild einmitt til þess að geta búið sig undir framkvæmdir þegar slíkir fyrirvaralausir orkusamningar liggja fyrir. Vilji menn bæta þeim viðauka við sem hv.

4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds hefur óskað eftir að gert yrði, þá er það marklaus tillaga, þá er hún ekki til neins. Þetta kemur mjög glöggt fram í erindum Landsvirkjunar sem ég ætla að hafi verið lögð fram skýrt og skilmerkilega í hv. fjh.- og viðskn. og bið hv. 2. þm. Austurl. að kynna sér málið betur. (**HG:** Ég hef gert það.)

Þá kem ég að því sem sagt var um jarðardýrleik í þessu máli. Að sjálfsögðu var það skemmtileg tilbreytni hér í deildinni að fá að heyra lesið úr Jarðabók Árna Magnússonar og víst er það svo að jarðardýrleiki margra jarða er óviss, eins og hv. 2. þm. Austurl. las hér upp að verið hefði á tíð þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalín. En mér finnst það satt að segja dæmigert fyrir þennan málflutning að vilja nú fara eftir jarðargæðum og landskostum eins og þeir voru metnir á þeirri tíð, á þeirri öld að Ísland var fátækt og einangrað land. Það er einmitt það sem hefur fært okkur betri lífskjör. Ef við værum enn í lokuðu landi, ofurseldir einokun, þá væri Keilisnesið, Flekkuvíkin, Minni- og Stærri-Vatnsleysa vissulega ekki verðmætar jarðir. En sem betur fer erum við hér í opnu landi, í opnu samfélagi, í viðskiptasamböndum við umheiminn og höfum notið góðs af tækniþróuninni. Þannig hafa landkostir á þessum slóðum margfaldast og svo er komið að það sem Árni Magnússon og Páll Vídalín töldu örreytiskot eru nú kannski verðmætustu staðir landsins til eflingar atvinnu þar um slóðir og fyrir landið allt. Þetta er kjarni málsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef ræðu mína tel ég óhjákvæmilegt að gera nokkrar athugasemdir við gang mála hér í dag.

Ég vil fyrst taka það fram að með ágætu samkomulagi við hæstv. forseta þessarar deildar hliðraði ég til og fór á nefndarfund svo sem ég var beðin um hér núna kl. hálftvö. Sá fundur dróst á langinn og ég var orðin nokkuð ókyrr að komast af honum þar sem ég vissi að ég yrði fljótlega á mælendaskrá þó að ég hefði fyrirheit um það að verða sótt þegar að mér kæmi, sem og reyndist vera. En það mætti mikilli andstöðu innan nefndarinnar að ég fengi yfir höfuð að komast af þessum fundi. Þar að auki virðist vera nokkuð mikið umstang í kringum það að nálgast nefndarmenn sem þurftu að vera að sinna skyldustörfum á minnst tveimur stöðum. Þar að auki hef ég verið boðuð á fund með þingmönnum Reykn. kl. 4, enn á fundartíma. Ég bað um það þegar ég var boðuð á þann fund að ekki yrði áframhald á því að menn væru boðaðir á fundi meðan á þingfundatíma stendur. Þetta segi ég að fenginni reynslu af fyrri fundi. Við þingmenn höfum verið mjög tilhliðrunarsamir hér undanfarna daga og setið ótalmarga fundi meðan á þingfundatíma stendur, en ég tel að það sé varla hægt að ætlast til þess að þetta haldi áfram svona. Þar að auki virðist allt vera óljóst um framhald þingstarfa þrátt fyrir ýmsar athugasemdir um ýmiss konar sættir. Sá fundur sem hefði átt að ganga frá því hvert framhald þingstarfa verður virðist ekki hafa orðið enn. A.m.k. ber mönnum ekki saman um það. En ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri. Ég hef ekkert upp á hæstv. forseta þessarar deildar að klaga nema síður sé, en ég tel þetta engu að síður ótækt eins og málum er nú komið og vona að það fari að skýrast og það hið fyrsta. En ég tek þá til við þá ræðu sem ég hér ætla að halda.

Virðulegi forseti. Eins og hv. 12. þm. Reykv. boðaði geri ég grein fyrir brtt. Kvennalistans sem birtar eru á þskj. 1016 við þessa umræðu lánsfjárlaga. Við leggjum til að 25. gr. frv. falli brott en í henni segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1991 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð."

Þetta merkir einfaldlega það að tekjustofnar Ríkisútvarpsins til framkvæmda eru skertir. Við kvennalistakonur höfum á undanförnum árum æ ofan í æ ítrekað að við teljum óviðunandi að skerða tekjustofna Ríkisútvarpsins og að full þörf sé á öllu því framkvæmdafé sem Ríkisútvarpið á að fá vegna þeirra framkvæmda sem nauðsynlegar eru.

Ég vil minna á utandagskrárumræður sem urðu í kjölfar óveðursins sem gekk yfir landið þann 3. febr. sl. Þá var m.a. nokkur umræða um öryggishlutverk Ríkisútvarpsins. Nú er ljóst að ýmsir telja að önnur uppbygging sé heppilegri en að endurnýja það mastur sem féll í óveðrinu og hafði staðið undarlega lengi að margra mati miðað við ástand þess. En ódýrari og betri lausn þarf einnig að fjármagna og langar mig að vísa til orða hæstv. menntmrh. þann 4. febr. sl., en hann segir þar, með leyfi forseta:

„Ógæfuspor í þessu efni" — þ.e. í sambandi við fjármál Ríkisútvarpsins — „var stigið með því að svipta Ríkisútvarpið föstum tekjustofnum af aðflutningsgjöldum sem áttu að renna til endurbóta á þessu kerfi. Það gerðist fyrst árið 1987 en þá runnu í ríkissjóð frá Ríkisútvarpinu með þessum hætti 357,8 millj. kr., 1988 120,6 millj. kr., 1989 147,1 millj. kr., sem með þessum hætti rann í ríkissjóð frá Ríkisútvarpinu. Það liggja ekki fyrir tölur um það hversu háar upphæðir eru á árinu 1990, en samtals er hér um að ræða að frá Ríkisútvarpinu hafa runnið til ríkissjóðs á þremur árum, 1987–1989, 625,5 millj. kr.

Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 sem enn liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir því að halda áfram skerðingu á þessum tekjustofni Ríkisútvarpsins. Ég hygg að það sé algjörlega óhjákvæmilegt að sú ákvörðun sem við höfum staðið að verði nú endurskoðuð í ljósi þeirra viðburða sem áttu sér stað um helgina. Viðbrögðin sem við munum hafa uppi í þessu efni eru sem hér segir, virðulegur forseti:

1. Ég mun ræða þau mál við Póst og síma og samgrn., hvort unnt er að þessir aðilar taki beinan þátt í þeim endurbótum sem verður að taka ákvörðun um núna.

2. Með hvaða hætti verður staðið að endurskoðun lánsfjárlaganna þannig að þeir fjármunir sem samkvæmt þeim eiga að renna til ríkissjóðs renni til Ríkisútvarpsins.

3. Ég mun leggja sérstakar tillögur um þetta mál fyrir ríkisstjórnarfund í fyrramálið þar sem hæstv. forsrh. mun leggja fyrir skýrslu um tjónið af óveðrinu í heild."

Svo mörg voru þau orð hæstv. menntmrh.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning tek ég það fram að ég býst við að í framtíðinni muni aðrar tæknilegar lausnir henta betur en uppbygging mastra, eins og ég gat um áðan, og eru þar allmargar hugmyndir á kreiki. Ég tel hins vegar alveg ljóst að skerðing á framkvæmdafé Ríkisútvarpsins er ekki rétt að svo stöddu og að því miðar tillaga okkar kvennalistakvenna að til hennar komi ekki.

Ég vil leggja inn í þessa umræðu örlitla athugasemd sem birtist í grein sem Gunnlaugur H. Jónsson, eðlisfræðingur og rekstrarhagfræðingur, skrifaði í Morgunblaðið þann 20. febr. sl. þar sem hann segir í nokkuð ítarlegu máli frá því hverra kosta sé helst völ í þessum efnum. Ég hafði raunar hugsað mér að hér þyrfti að koma ítarleg tilvitnun en að þessu sinni held ég að ég láti mér nægja að taka lokaorðin af því sem ég ætlaði að láta hér fram koma og staldra við þetta:

„Áður en íslenska þjóðin leggur fram 1000 milljónir, eða sem samsvarar milljón á hvert skip í flotanum, ættu Íslendingar að staldra við og íhuga hvernig öryggi í fjarskiptum verður best tryggt næstu 60 árin.

Á næstunni verður lokið við að hringtengja ljósleiðara um landið. Þróun á sjálfvirku tilkynningakerfi fyrir skip er að ljúka. Næsta skref er að koma því upp hringinn í kringum landið ef það er tæknilega og fjárhagslega hagkvæmt. Mörg skip hafa aðstöðu til að taka á móti upplýsingum, þar á meðal veðurkortum og GPS-staðsetningum frá gervihnöttum. Fyrir 1000 milljónir má gera mikið í öryggismálum þjóðarinnar bæði til sjós og lands og til að styrkja ljósleiðara- og FM- og sjónvarpsdreifikerfið. Hægt væri að koma upp stuttbylgju- eða miðbylgjusendi á hverju landshorni (kannski í tengslum við radarstöðvarnar)."

Það er ljóst af þessu að það er nóg við það fé að gera sem þyrfti að koma til framkvæmda hjá Ríkisútvarpinu þótt aðeins sé litið á þetta. Mér sýnist að ekki muni af veita að Ríkisútvarpið fái tekjustofna sína óskerta og þá einnig til þeirrar uppbyggingar sem hér er vísað til.

Til gamans langar mig að lokum að benda á hvað hæstv. núv. samgrh. sagði fyrir þremur árum, er hann var í stjórnarandstöðu, um það hvað Ríkisútvarpið þyrfti að hafa ef staðið væri við þá uppbyggingu sem þá var fyrirhuguð og ég sé ekki að nokkur lausn hafi fengist á nú. Hann segir í umræðu um lánsfjárlög, þann 12. jan. 1988, með leyfi hæstv. forseta:

„Herra forseti. Ég var að ljúka við að gera grein fyrir því að við leggjum til að 22. gr. frv. falli brott og Ríkisútvarpið haldi sínum tekjum. Ég tel mig hafa rökstutt að fyrir því séu ærnar ástæður. Ríkisútvarpið stendur, eins og við vitum, í uppbyggingu. Þar er verið að halda áfram framkvæmdum við nýtt útvarpshús. Enn fremur stendur til að sjónvarpið flytji inn í þá bygginu á næstunni og það mun auðvitað kalla á talsverð fjárútlát. Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins hefur lögum samkvæmt 10% af tekjum stofnunarinnar og sem betur fer hafa menn ekki getað kyrkt með öllu framkvæmdir og tæknilega uppbyggingu og endurnýjun útvarpsins vegna þeirra ákvæða. Vegna þeirra ákvæða hefur útvarpið sjálfkrafa haft nokkurt framkvæmdafé burt séð frá því hvernig búið er að högum þess að öðru leyti. Mér hrýs hugur við því að hugleiða hvernig staða Ríkisútvarpsins væri ef þó ekki væri þetta ákvæði í lögum um Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Mér sýnist næsta ljóst að a.m.k. núverandi hæstv. ríkisstjórn á sér þá ósk heitasta að kyrkja Ríkisútvarpið og mætti út af fyrir sig velta því fyrir sér hvort einhverjar sérstakar pólitískar hvatir séu þar að baki, hvort það sé sérstök stefna hæstv. ríkisstjórnar að lama starfsemi Ríkisútvarpsins eins og mögulega kostur er og hvað eigi þá að taka við."

Mig langar að tengja þessi orð þeim orðum hæstv. menntmrh. í utandagskrárumræðunni um óveðrið mikla í febrúarbyrjun, sem ég vísaði áður til, og varpa því fram til íhugunar hver sé stefna núverandi stjórnar sem þessir hæstv. ráðherrar eiga aðild að. Ég held að samkvæmt þessu sé óhjákvæmilegt að þeir muni styðja brtt. Kvennalistans og raunar allir þeir sem vilja Ríkisútvarpinu vel. Ég mun ekki fjalla frekar um brtt. okkar að þessu sinni.

Að lokum vil ég ítreka áskorun á þá þingmenn sem enn eru þeirrar trúar að veita eigi stórfé af lánsfjárlögum til framkvæmda vegna álversuppbyggingar. Sú áskorun er þessi: Samþykkið brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds um að ekki verði veitt fé til framkvæmda nema fyrir liggi fyrirvaralaus raforkusamningur. Og látið þar með þessa tillögu hv. þm., sem einhverjir hafa bent á að væri hugsanlega aðeins sýndartillaga, verða að eðlilegri lágmarkskröfu.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa nú í þessari umræðu, en vilji einhver eiga orðastað við mig um uppbygginguna Ríkisútvarpsins er ég að sjálfsögðu fús til þess að taka aftur til máls.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

75. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 74. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 450. mál (skattlagning fyrirtækja, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 1084.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um tekju-

skatt. Þetta frv. felur í sér tvíþættar meginbreytingar. Í fyrsta lagi eru gerðar breytingar varðandi skattlagningu fyrirtækja. Þær eru þess eðlis að skattlagningin er löguð að þeirri ánægjulegu staðreynd að verðbólgan í landinu er nú lág eins stafs tala. Óbreyttar viðmiðunartölur og álagningartölur í skattkerfinu hefðu leitt til skattaíþyngingar hjá atvinnufyrirtækjum einfaldlega vegna þess að verðbólgan hefur lækkað.

Þá eru einnig gerðar þær breytingar varðandi skattlagningu fyrirtækja að skattstofninn er breikkaður og prósentutalan er lækkuð. Það er í samræmi við þróun sem hefur verið í okkar helstu viðskiptalöndum og nokkuð oft hefur komið til umræðu hér á hv. Alþingi.

Í raun má segja að þessi þáttur frv. feli annars vegar í sér aðlögun að þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni gegn verðbólgunni og hins vegar nýjan áfanga í aðlögun íslenska skattakerfisins að skattlagningu atvinnulífs í okkar helstu viðskiptalöndum.

Eins og menn muna þá voru afgreidd hér frá Alþingi lög um tryggingagjald fyrir áramót þar sem ýmiss konar gjöld atvinnufyrirtækja voru sameinuð í eitt gjald. Sú breyting var einnig liður í þróun skattkerfisins á Íslandi í samræmi við það sem gerst hefur í okkar helstu viðskiptalöndum.

Í þeirri umræðu var lýst yfir að ætlunin væri að breyta þessum þáttum í skattlagningu atvinnulífsins, sem ég hef nú lýst, áður en þingi lyki. Þetta frv. er því staðfesting á efndum þeirra fyrirheita sem þá voru gefin.

Seinni meginþátturinn í frv., eins og það var lagt fram upphaflega, felur í sér breytingar á skattaívilnunum vegna hlutafjárkaupa. Þar er annars vegar um að ræða það ákvæði að nauðsynlegt sé að hlutabréfin séu í eigu viðkomandi einstaklinga um ákveðinn tíma. Sú hugsun hvílir á bak við þessa breytingu og reyndar aðra einnig að ekki sé verið að veita hvata til hlutabréfakaupa í gegnum skattakerfið ef menn eru að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum sem eru þegar starfandi án þess að um nýtt hlutafé inn í fyrirtækin sé að ræða. En einnig er verið að lækka upphæðina sem kemur til frádráttar, m.a. vegna þess að athuganir hafa leitt í ljós að skattareglur t.d. OECD eða á væntanlegu evrópsku efnahagssvæði fela í sér að slíkar ívilnanir eru í reynd skilgreindar sem ríkisstyrkur til fyrirtækja og skekkja þannig samkeppnisstöðu og eru talin ósamrýmanleg nútímaviðskiptaháttum. Þess vegna töldum við eðlilegt að stíga vissan áfanga í þá átt að lækka þessa ívilnun sem undirbúningsaðgerð að þeim breytingum sem okkar skattakerfi þarf að taka á næstu árum.

Í Ed. voru í meðferð málsins einnig gerðar nokkrar viðbótarbreytingar sem m.a. fela í sér breytingar á ákvæðum vegna skila á framtölum og náðist um það gott samkomulag í deildinni. Hins vegar er um að ræða breytingar á skattaákvæðum vegna uppkaupa ríkisins á fullvirðisrétti á næstu missirum.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta frv. fái jafngreiða og góða afgreiðslu hér í þessari hv. deild og það fékk í Ed. og mælist til þess að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson:

Virðulagi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. er hér á ferðinni frv. sem tekur fyrst og fremst á tveimur meginatriðum. Annars vegar er hlutfall tekjuskatts á fyrirtækjum lækkað og hins vegar eru gerðar breytingar vegna frádráttar sem einstaklingar njóta þegar þeir fjárfesta í atvinnufyrirtækjum. Ég vil fyrst segja það að ég hefði kosið að þessi tvö atriði hefðu komið fram í tveimur aðskildum frv., enda sýnist mér að þótt þau tengist ríkissjóði sé ekki sá samgangur milli þessara efnisatriða að ástæða hafi verið til að tengja þau saman í einu frv.

Ég vil byrja á því að lýsa því yfir að ég styð það efnisatriði að lækka tekjuskatta af fyrirtækjum. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að þetta er eðlileg afleiðing þeirrar vinnu sem kom fram í nefnd sem rannsakaði þetta mál og lagði reyndar til að þetta gerðist um leið og tryggingagjaldið var sett á á sínum tíma. Ástæðan fyrir því að tekjuskattshlutfallið er lækkað er einfaldlega sú að með minnkandi verðbólgu hefði skattbyrði fyrirtækjanna hækkað á yfirstandandi ári ef skatthlutfallið væri það sama. Þetta skýrist af því að eins og allir vita er ekki um að ræða staðgreiðsluskatt hjá fyrirtækjum heldur er tekjuskattur lagður á einu sinni á ári. Skatturinn rýrnar því í verðbólgunni og hefur margoft verið bent á að í raun og veru hefur verðbólgustigið áhrif á skattbyrðina með sama hætti og var um tekjuskattinn á sínum tíma áður en staðgreiðslulögin voru samþykkt.

Í hv. nefnd verður að sjálfsögðu fjallað um þetta mál og önnur þau atriði sem tengjast fyrirtækjunum, eins og hlutfall af ágóða sem leggja má í vara- eða fjárfestingarsjóði. Öll þessi mál þarf að skoða í sameiningu og verður það að sjálfsögðu gert í hv. nefnd.

Hins vegar er ástæðan fyrir því að ég tek hér til máls sú — önnur en að lýsa yfir stuðningi við fyrri meginmarkmiðum lagafrv. — að fjalla um síðari hlutann. Um þau áhrif sem frv. kynni að hafa á þá þróun sem að undanförnu hefur átt sér stað og lýsir sér í því að mikill fjöldi einstaklinga hefur kosið að spara og leggja fram sparifé sitt til hlutabréfakaupa, m.a. vegna þeirrar skattalegu hvatningar sem finnst í tekju- og eignarskattslögunum og lögunum nr. 9/1984, sem fjalla um frádrátt vegna framlaga í atvinnufyrirtæki.

Ég tel ástæðu til þess að rifja það upp, virðulegi forseti, að á þessu kjörtímabili beitti hv. fjh.- og viðskn. Nd. sér fyrir nokkrum breytingum á tekju- og eignarskattslögunum um þetta atriði að frumkvæði sjálfstæðismanna. Helstu breytingarnar sem gerðar voru á síðasta þingi voru þær að í fyrsta lagi var heimild til frádráttar frá tekjum einstaklinga í atvinnulífi hækkuð verulega eða í 115 þús. kr. á ári og 230 þús. kr. fyrir hjón.

Í öðru lagi, og því var einnig breytt á síðasta þingi, var samþykkt að heimila það að flytja frádráttinn á milli ára og nýta hann á næstu fimm árum.

Í þriðja lagi var breytt viðmiðun um hlutafjáreign fyrirtækja sem gætu nýtt sér þessa heimild með því að láta skrá sig hjá ríkisskattstjóra samkvæmt heimild í lögum nr. 9/1984.

Einnig var lágmarksfjölda hluthafa breytt. Í stað 50 var hluthöfum fækkað í 25 þannig að fyrirtæki, þar sem um var að ræða 25 hluthafa eða fleiri, gátu sótt um það að vera skráð hjá ríkisskattstjóra og notið þess að einstaklingar gætu lagt fram hlutafé og fengið þau skattfríðindi sem um getur í lögum.

Í raun og veru hefur löggjafinn sífellt frá 1984 verið að slaka á kröfunni um það hvað geti talist almenningshlutafélög. Nú er svo komið að flest þau fyrirtæki, sem kjósa að fá fjármuni til sín með þeirri skattalegu hvatningu sem nú er í tekju- og eignarskattslögum, eiga að vera fær um það vegna þess að skilyrðin eru það rúm, auðvelt hlýtur að vera að safna hlutafé og hluthafar þurfa ekki að vera nema 25. Ef ég man rétt þurftu þeir að vera 100 samkvæmt frv. sem lagt var fram í upphafi, 1984, en hv. fjh.- og viðskn. breytti þá frv. og breytti tölunni 100 í 50.

Á síðasta þingi voru gerðar fleiri breytingar í öðru frv. sem hv. nefnd stóð einnig að með sama hætti og þær fyrri. Um það náðist gott samkomulag á milli hv. nefndar annars vegar og hæstv. fjmrh. hins vegar. Efnisatriði nýja frv., sem varð að lögum á sl. ári, eru í fyrsta lagi að söluhagnaður einstaklinga verður skattfrjáls ef hann fer ekki yfir ákveðna upphæð eftir fjögurra ára eignarhaldstíma.

Í öðru lagi var heimilt að miða skattfrjálsar arðgreiðslur við 15% í stað 10%.

Í þriðja lagi varð arður frádráttarbær hjá fyrirtækjum allt að 15% af nafnverði hlutabréfa. Ég tek það fram að í langflestum tilvikum er nafnverð hlutabréfa talsvert miklu lægra en raunverð og nefni sem dæmi að fyrir aðalfund Eimskipafélagsins sem er eitt af stærstu almenningshlutafélögunum var gengi bréfanna sexfalt þannig að í raun og veru voru menn að fá innan við 3% arð af raunverulegri eign sinni hjá fyrirtækinu ef það gaf út arðmiða að hlutfallinu 15%.

Í fjórða lagi varð heimilt fyrir fyrirtæki að draga frá tekjum tapaða hlutafjáreign ef hún varð til sem gagngjald fyrir viðskiptakröfu í greiðsluerfiðleikum.

Í fimmta lagi breyttist 74. gr. skattalaganna á þann veg að auðveldara varð að hefja viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands en áður.

Þetta rifja ég upp hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég tel ástæðu til að öllum sé kunnugt um að hv. fjh.- og viðskn. stóð á sínum tíma fyrir þeim gagngerðu breytingum á tekju- og eignarskattslögunum sem hafa í raun valdið byltingu í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Ég minni á að það er vegna þessara breytinga, sem gerðar voru á lögunum, sem fyrirtæki — ég leyfi mér að segja alvörufyrirtæki sem hafa áhuga á því að afla áhættufjár — hafa getað gert það með sparnaði almennings. Það má gera ráð fyrir því að um sé að ræða nýjan sparnað að verulegu leyti, sparnað sem kemur í stað eyðslu en ekki sparnað sem tekur af öðrum sparnaði. Þetta er mjög mikilvægt og það er ekki síður mikilvægt fyrir hæstv. fjmrh. að átta sig á því að með þessum aðgerðum tókst að veita nýju fjármagni, nýju áhættufjármagni, til fyrirtækjanna og jafnframt að koma í veg fyrir að þau þyrftu að sama skapi að afla lánsfjár og keppa þannig við síhungraðan, banhungraðan ríkissjóð og opinbera aðila sem sífellt hafa verið að taka meira og meira til sín af almennum nýjum sparnaði.

Ég minni á þetta vegna þess að það hefur þýðingu í þessari umræðu að gera sér ljóst að ríkissjóður og opinberir aðilar gætu ekki náð á innlendum lánsfjármarkaði þeim fjármunum sem þeir hafa náð að undanförnu nema af nokkrum ástæðum sem ég tel helstar vera þessar:

Í fyrsta lagi þær breytingar sem gerðar voru á tekju- og eignarskattslögunum og í öðru lagi frelsisákvæðin sem sett voru í vaxtalögunum og bankalögunum á sínum tíma og hafa gert það að verkum að sparnaður á Íslandi hefur aukist verulega á undanförnum fimm til sex árum.

Þetta eru kannski merkilegustu lagabreytingar sem hafa átt sér stað á Íslandi á undanförnum árum og hafa í raun skilað sér í því að bæði fyrirtæki og ríkissjóður hafa notið þess.

Ég minni á þetta hér vegna þess að í þessu frumvarpi gætir þess allnokkuð að hæstv. ráðherra og starfsmenn hans í fjmrn. séu að hverfa af þessari braut, séu að hverfa af þeirri braut að veita skattalega ívilnun þeim til handa sem spara og leggja áhættufjármagn í fyrirtækin. Mér er að sjálfsögðu fullkunnugt um að víðast erlendis, ekki síst í nágrannalöndunum í Evrópu, þekkist það ekki á sama hátt og hér að veitt sé skattaleg ívilnun þeim til handa sem leggja áhættufé í fyrirtæki.

Við skulum aðeins gæta að okkur því lánsfjármarkaðurinn íslenski og hlutabréfamarkaðurinn er nýr, óþroskaður, og það tekur nokkurn tíma að fá fólk til þess að spara, leggja fé til hliðar á þessum markaði, ekki síst hér á landi þar sem fólk hefur vanist því áratugum saman að allt geymt fé sé glatað. Þess vegna eru allar breytingar, eins og þær sem hæstv. ráðherra er að leggja til hér, varasamar og okkur ber að ganga gætilega um þessar dyr.

Ég ætla ekki í þessari ræðu við 1. umr. að fara efnislega ofan í hverja grein frv. Ég kemst þó ekki hjá því, ef ég skil rétt, að benda á að 3. gr. er ekki í samræmi við 3. gr. í athugasemdunum. Svo virðist sem að í upphafi hafi verið áætlað að draga meira úr þeirri heimild fyrirtækjanna að geta lækkað skattskyldar tekjur sínar með því að draga frá þeim framlög í fjárfestingarsjóð. Ég fagna því að frá því hefur verið horfið og í stað þess að setja 7,5%, eða lækka um helming, er talan 10%, þ.e. lækkunin er einungis um þriðjung.

Það hefði verið ástæða til þess að fá nýrri upplýsingar um frádrátt vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri en um getur í grg. með frv. Ég tel að slíkar upplýsingar liggi nú þegar fyrir, ekki síst hjá verðbréfafyrirtækjunum sem fyrir alllöngu síðan gáfu upp hve mikil hlutabréfaviðskipti áttu sér stað í lok sl. árs. Mig langar einnig til að minna á að hæstv. fjmrh. gerði mikið veður úr því um áramótin að menn á Íslandi sem keyptu sér hlutabréf keyptu þau nánast eingöngu til þess að selja þau aftur eftir áramót og njóta þannig skattfríðindanna. Ég tel að kominn sé tími til þess hér og nú að segja frá því að þetta gekk ekki eftir eins og

hæstv. ráðherra hélt, gekk ekki eftir fremur en svo margt sem hæstv. ráðherra hefur verið að spá um í sínum ræðum. Það er nefnilega þannig að Íslendingar spara í hlutabréfum til þess að eiga. Jafnvel þótt þróunin hafi verið sú að undanförnu að hlutabréf hafa hækkað talsvert fram yfir annað í þjóðfélaginu, á sl. ári að meðaltali um 66% samkvæmt skráningu hlutabréfamarkaðarins, sem er mjög mikið, þá hafa menn ekki verið ginnkeyptir fyrir að selja, kannski einmitt vegna þess að þeir hafa búist við áframhaldandi góðri afkomu. Við skulum hins vegar ekki dylja neinn þess að auðvitað kemur sá tími, þegar framboð og eftirspurn verða í jafnvægi á markaðinum, að hlutabréfin hætta að hækka í verði. Meðan skortur er á framboði hlýtur verðið að vera hátt á hlutabréfum, en um leið og framboðið verður meira án þess að eftirspurnin vaxi næst viðunandi jafnvægi á þessum markaði.

Virðulegi forseti. Ég minni á í lokin að á sama tíma og hæstv. ráðherra er að draga úr heimildum til frádráttar fyrir einstaklinga sem leggja fjármuni í atvinnulífið þá hreyfast ekki þau ákvæði í tekju- og eignarskattslögunum sem gefa verðbréfum ríkissjóðs nánast algjöra sérstöðu á verðbréfamarkaðinum. Ég bendi á að öll opinber verðbréf, húsbréf, víxlar, spariskírteini og öll þau verðbréf sem ríkið selur, njóta algjörra skattfríðinda. Í bankakerfinu er talið að slík fríðindi jafngildi 1,3% í vöxtum ef viðkomandi aðili sem kaupir slík bréf greiðir eignarskatt að fullu. Með öðrum orðum, til að jafna vextina á þessum opinberu bréfum við vextina á almennum verðbréfum þarf að bæta 1,3% við vextina á almenna markaðinum til þess að um jafnræði sé að ræða. Slíkur er forgangur ríkisins á þessum verðbréfamarkaði og það ættum við að hafa ofarlega í huga nú þegar hæstv. ráðherra, í nafni þess að verið sé að breyta íslenskum lögum til samræmis við lög í öðrum löndum, mælist til þess að þingið dragi úr frádráttarheimildum frá skatti þeirra einstaklinga sem leggja fyrirtækjum lið með áhættufjármagni í formi hlutabréfa.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð fleiri. Mér gefst tækifæri til þess í nefndinni að fjalla frekar um þetta frv. en ég tek undir með hæstv. ráðherra að það er full ástæða til þess að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 451. mál (hámark frádráttar, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 1081.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):
Virðulegi forseti. Hér er eingöngu um að ræða fylgifrumvarpi með því frumvarpi sem rætt var fyrir stundu síðan. Ég tel í sjálfu sér ekki þörf á því að hafa fleiri orð um það, en mælist til þess að því verði jafnframt vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. þannig að nefndin hafi tækifæri til að skoða þessi frumvörp saman.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 3. umr.

Frv. GHG, 50. mál. — Þskj. 1076.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 462. mál (vasapeningar). — Þskj. 915.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1093).

Þjóðminjalög, 3. umr.

Frv. menntmn. Ed., 459. mál (fornminjavörður). — Þskj. 1075.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, frh. 2. umr.

Frv. sjútvrh., 370. mál. — Þskj. 777, n. 1024, brtt. 988, 995.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 988 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 995,1 felld með 18:4 atkv.
1. gr. samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 995,2 kom ekki til atkvæða.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 995,3 felld með 20:5 atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, ein umr.

Frv. ÓE o.fl., 312. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1078.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Nú skal forseti útskýra fyrir mönnum hvernig á því stendur að mál þetta er tekið til atkvæðagreiðslu og finnst svona stundum ansi margir taka þátt í stjórnun þessa fundar.

Þannig er að frá því að frv. er samþykkt getur liðið allt að einn sólarhringur þar til forsrh. er skylt að rjúfa þing. Honum ber því ekki að rjúfa þing þó að frv. yrði samþykkt nú þegar í stað.

Í öðru lagi: Skilningur forseta er sá að deildin verði að samþykkja frv. án þess að gera það að lögum enda verður frv. ekki að lögum fyrr en á næsta þingi.

Ég vona að þetta sé skilið. Ef ekki verður hreyft andmælum vegna þeirra tímamarka sem frv. setur hæstv. forsrh. getur forseti auðvitað frestað því að láta greiða atkvæði um frv. ef hv. þingdeildarmenn og forsrh. sérstaklega hefur áhyggjur af því að þingi verður ekki slitið innan sólarhrings.

Ástæðan fyrir því að nauðsynlegt er að samþykkja frv. nú er m.a. sú að eftir er mikil pappírsvinna sem þarf að vinna frá því að deildin hefur samþykkt frv. og þar til þinglausnir og þingrof geta farið fram. Ég vona að þetta sé alveg skýrt þannig að þessi atkvæðagreiðsla geti nú farið fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv.

Skaðsemisábyrgð, 2. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 36, n. 1041.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Á þskj. 1041 er nál. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um skaðsemisábyrgð. Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Jón Finnbjörnsson héraðsdómara og Arnljót Björnsson lagaprófessor. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Ólafur Þ. Þórðarson, Friðrik Sophusson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ragnar Arnalds, Matthías Á. Mathiesen, Guðný Guðbjörnsdóttir og Páll Pétursson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

76. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 75. fundi.

Skaðsemisábyrgð, 3. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 36.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, 3. umr.

Frv. sjútvrh., 370. mál. — Þskj. 777, brtt. 988.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 988 felld með 16:8 atkv.
Frv. samþ. með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AS, ÁHE, FrS, GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, MÁM, ÓE, ÓÞÞ,

ÓÞG, PP, RH, RG, StH, ÞP, ÁrnG.
nei: IBA, RA, SighB.
AÓB, FÞ, GeirG, KrP, KE, MálmS, SV, SJS, GGuðbj greiddu ekki atkvæði.
7 þm. (AðB, EH, GGÞ, HJ, MB, PJ, SP) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru um stjórn fiskveiða hefur hæstv. sjútvrh. heimildir til að skerða rétt fiskveiðiflotans almennt og færa fiskveiðiheimildir til loðnuflotans vegna þess aflabrests sem þar hefur orðið. Ég teldi slíka skerðingu mjög alvarlegt mál og treysti mér ekki til að standa að þeirri niðurstöðu sem yrði af slíku.
Ég viðurkenni að það er dálítið sérstæð staða að fyrst skuli fiskinum í sjónum skipt til eignar á hin ýmsu skip og svo skuli greiddar bætur ef hann ekki fiskast. En þetta eru í sjálfu sér millifærslur innan greinarinnar og ég tel að miðað við aðstæður sé þetta betri lausn en hin fyrri. Ég segi því já.

Ragnar Arnalds:
Ég tel það fjarstæðu að í loðnuflotanum séu verst settu skipin í íslenska sjávarútvegsflotanum og ég tel það alrangt að nokkuð réttlæti það að eyðileggja Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að aðrar leiðir hefðu verið finnanlegar og heppilegri til að leysa þann vanda sem þarna er við að glíma. Hótanir hæstv. sjútvrh. um almenna skerðingu á veiðiheimildum alls flotans eru svo fráleitar frá mínu sjónarmiði séð að mér dettur ekki hug að hann léti nokkru sinni verða af slíkri hótun. Ég segi nei.

Sighvatur Björgvinsson:
Virðulegi forseti. Með þessari afgreiðslu er verið að eyðileggja Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem var eitt af þeim atriðum sem við alþýðuflokksmenn lögðum mesta áherslu á í fyrra við afgreiðslu frv. um stjórn fiskveiða. Það er verið að stefna því í hættu að þau lög fái nokkurn tímann að komast til framkvæmda. Með því er verið að svipta fólk í sjávarplássum þar sem atvinnuörðugleikar eru hinstu voninni um að hægt verði að liðsinna því á þessu ári. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1101).

Lánsfjárlög 1991, frh. 2. umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 411 (sbr. 404), n. 1004, 1015 og 1032, brtt. 525, 1005, 1006, 1008, 1016, 1026.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Herra forseti. Í brtt. frá hv. fjh.- og viðskn. er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun fái heimild til lántöku að upphæð 800 millj. kr. að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur spurt hvernig ég túlki þarna samþykki ríkisstjórnarinnar og alveg sérstaklega hvort muni verða leitað samþykkis viðkomandi þingflokka. Ég lít svo á að það sé út af fyrir sig hver einstakur flokkur sem ákveður hvernig hann fer með slíkt mál en ég tel afar eðlilegt að leitað sé samþykkis viðkomandi þingflokka þó ég geti ekki skuldbundið neinn flokk til slíks. Ég vil geta þess hér að ég tel t.d. sjálfsagt að hafa samráð við minn þingflokk áður en ég gef mitt samþykki í ríkisstjórn.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. þá yfirlýsingu sem hann hér gaf en til þess að enginn vafi sé á varðandi skilning á málinu vil ég inna hæstv. forsrh. eftir því hvort því megi treysta að á meðan ríkisstjórn hans situr verði ekki teknar ákvarðanir í þessu máli gegn vilja ráðherra flokkanna sem skipa ríkisstjórnina, þannig að allir flokkar verði samferða um veitingu heimilda.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Herra forseti. Ég hlýt að svara þessari spurningu játandi. Það er síður í þeim ríkisstjórnum sem ég hef setið að það ganga ekki atkvæði og þarf samþykki allra til að afgreitt sé.

Friðrik Sophusson:
Virðulegi forseti. Vegna þeirra umræðna og orðaskipta sem hér hafa átt sér stað sýnist mér nauðsynlegt að hæstv. iðnrh. taki til máls og skýri út sinn skilning á þessu máli. Ef það er rétt, sem mér skilst á hæstv. forsrh., að það eigi að bera þetta mál undir hvern þingflokk fyrir sig þá þýðir það í raun að tillaga hv. alþýðubandalagsmanna verður samþykkt jafnvel þótt hún falli, því auðvitað getur Alþb. sagt hvenær sem er að þeir geti ekki samþykkt að framkvæmdir hefjist eða að heimildin verði virk nema farið sé að þeirra skilyrðum. Þannig skildi ég orð hæstv. forsrh. Það má vera að ég hafi ekki skilið hann nákvæmlega rétt, en ef ég hef misskilið hann þá getur verið að aðrir hafi einnig gert það. Mér finnst þess vegna full ástæða til þess að hæstv. iðnrh., sem fer með þessi mál í hæstv. ríkisstjórn, segi hér skýrt og umbúðalaust hvernig hann telji að fara eigi með þessi mál.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Virðulegi forseti. Í svo mikilvægu máli sem hér er um að tefla verður að sjálfsögðu jafnan að leitast við að ná sem víðtækastri samstöðu innan ríkisstjórna. Eins og kom fram í máli hæstv. forsrh. getur enginn bundið aðra flokka að því hvernig þeir leita samráðs við sína þingflokka og það liggur alls ekki í þessari tillögu að það sé verið að ákveða eitthvert neitunarvald fyrir einstaka þingflokka þeirra stjórnmálaflokka sem að þessari stjórn standa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1005,1a samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁHE, GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, ÁrnG.

HJ, IBA, KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RH, ÞP, GGuðbj, AÓB, FÞ, FrS, GHH greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (MB, ÓÞG, SP, EH, GGÞ) fjarstaddir.

Brtt. 1005,1b (fyrri málsgr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 1005,1b (síðari málsgr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1005,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 1008 felld með 19:10 atkv.

Brtt. 1006,1 samþ. með 28:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, SighB, StH, ÞP, AS, ÁHE, EH, FÞ, FrS, GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, HJ, IBA, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KrP, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, RH, ÁrnG.

nei: SV, GGuðbj, AÓB, HG, KE, MálmS.

SJS, AðB, GeirG, RA greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (SP, GÞÞ, MB, MÁM) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti.

Ál þeir telja meginmál,
og mengun sé til bóta.
Gata þeirra grýtt og hál,
gapa og missa fóta.

Ég segi nei.

3. gr., svo breytt, samþ. með 27:2 atkv.

4.–6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 1005,3 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

7.–13. gr. (verða 8.–14. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 1005,4 samþ. með 26 shlj. atkv.

14. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1005,5 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 1006,2 (ný gr., verður 17. gr.) samþ. með 27:6 atkv.

15. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1026 felld með 31:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁHE.

nei: GB, GuðnÁ, GHelg, HG, HJ, IBA, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KrP, KE, MálmS, PP, RA, RH, RG, SighB, SV, SJS, ÞP, GGuðbj, AS, AÓB, EH, FÞ, FrS, GeirG, GHH, ÁrnG.

ÓÞÞ, ÓÞG, AðB greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (GGÞ, MB, MÁM, ÓE, PJ, SP, StH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fulltrúa Sjálfstfl. skorti ekki kjark til þess á sínum tíma að veita yfir 100% ríkisábyrgðir gagnvart Spánartogurunum sem fluttir voru til Íslands. Það er staðreynd að það hótel sem hér er til umræðu er þriðja hótelið sem verður til þess að einstaklingur tapar öllu sínu fé. Ég er ekki nógu kunnugur þessu máli til að geta tekið afstöðu til þess og greiði ekki atkvæði.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Hér er tekist á um það hvort þingheimur vill standa með einstaklingi í Reykjavík á sama hátt og trekk í trekk er staðið með einstaklingum, félögum og öðrum á landsbyggðinni þegar svipaðar aðstæður eru. Ég vil gera það. Ég vil standa með einstaklingum og þess vegna segi ég já.

16.–17. gr. (verða 19.–20. gr.) samþ. með 22:2 atkv.

Brtt. 1005,6 (18. gr. falli brott) samþ. með 28 shlj. atkv.

19.–22. gr. (verða 21.–24. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 1005,7 (23. gr. falli brott) samþ. með 30 shlj. atkv.

24. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 24:2 atkv.

Brtt. 1016 felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, ÓÞÞ, ÞP, GGuðbj, AÓB, EH, FÞ, FrS, HG, KE.

nei: ÓÞG, PP, RA, RH, RG, SighB, StH, SJS, AðB, AS, ÁHE, GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÁrnG.

SV, GHH, HJ, KrP greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (MÁM, ÓE, PJ, SP, GGÞ, IBA, MB) fjarstaddir.

25.–29. gr. (verða 26.–30. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1005,8–9 (30.–31. gr. falli brott) samþ. með 28 shlj. atkv.

32.–34. gr. (verða 31.–33. gr.) samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 525 kölluð aftur.

35. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 1005,10 (ný gr., verður 35. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

36.–37. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 1005,11a–g (nýjar gr., verða 38.–44. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

38.–39. gr. (verða 45.–46. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Ragnhildur Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Mér virðast hafa orðið á mistök í atkvæðagreiðslunni. Þau varða 28. gr. sem fjallar um framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra og skerðingu þeirrar fjárhæðar sem þangað hefði átt að fara að réttu lagi. Í grg. frv. stendur að verði gerð breyting á hlutverki þessara sjóða, þar á meðal Framkvæmdasjóðs aldraðra, geta þessi ákvæði fallið niður í meðförum

Alþingis. Með öðrum orðum held ég að það hafi af misgáningi verið samþykkt skerðing á Framkvæmdasjóði aldraða sem þegar er búið að skerða með sérstökum lögum og þótti okkur mörgum nú þá nóg að gert og meira en það. Ég held að þetta sé hreinn misgáningur, herra forseti, og vildi vekja athygli á þessu. Nema um misskilning minn sé að ræða og að þetta lagafrv. hafi strandað í Ed. eins og fleiri góð frv. En mér virðist þetta vera svona og óska leiðréttingar ef það er ekki og óska reyndar líka leiðréttingar ef þetta er rétt að það megi þá leiðréttast við 3. umr.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hyggur að hér sé um að ræða misskilning hjá hv. 2. þm. Reykv. en skýringar á þessu kann líklega manna best hér hv. 1. þm. Reykv.

Friðrik Sophusson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að misskilningurinn liggi í því að hv. þm. sé með upprunalega þingskjalið en þingskjalið breyttist í Ed. Greinum fækkaði vegna þess að skerðingarákvæðin hurfu úr frv. Þar á meðal voru sóknargjöld ekki skert lengur en kirkjugarðsgjöld skert þess meira. Þetta gerði það að verkum að breyting varð á frv. þannig að sú grein sem fjallar um málefni fatlaðra er nú 31. gr. í vinnuskjali sem við er miðað og 30. gr. er um málefni aldraðra. Það sem við höfum greitt atkvæði um hér í dag er ekki annað en það að hverfa frá skerðingu hvað varðar þessa tvo sjóði. Hvernig fjármunum verður varið held ég að sé betra að aðrir skýri. Um það mætti lengi deila eins og ég hygg að hv. þm. og fyrrv. ráðherra þessara mála viti best.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þessari umræðu um atkvæðagreiðslu er lokið. Forseti mun á milli 2. og 3. umr. láta skoða þetta mál vandlega og láta kanna hvort þarna kunni að hafa verið gerð mistök, en hann hyggur þó ekki.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Opinber réttaraðstoð, 2. umr.

Stjfrv., 55. mál. — Þskj. 323, n. 1002.

Ólafur G. Einarsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég geri athugasemd við að þetta mál skuli tekið til 2. umr. Ég vísa til þess að á undanförnum tveimur vikum a.m.k. hafa þingflokksformenn og forsetar farið margsinnis yfir óskalista ríkisstjórnarinnar yfir mál sem hún hefur viljað fá afgreidd fyrir þinglausnir. Strax og við byrjuðum á að fara yfir þessa óskalista lá það fyrir af minni hálfu að þetta mál, opinber réttaraðstoð, og einnig tvö önnur mál sem hér eru á dagskránni, almenn hegningarlög, 319. mál, og sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu, 237. mál, væru ekki líkleg til þess að ná afgreiðslu á þessu þingi.

Ég vil upplýsa það að allshn. Nd., sem hafði þessi mál tvö, opinbera réttaraðstoð og almenn hegningarlög, til meðferðar, eyddi töluverðum tíma í að fara yfir þau. En nefndin var með fleiri mál til meðferðar frá hæstv. dómsmrh. sérstaklega, þar af þrjá mjög veigamikla og stóra lagabálka: meðferð opinberra mála, gjaldþrotaskipti og skipti á dánarbúum. Nefndin mat það svo eftir viðtöl við ýmsa aðila að þau þrjú mál væru veigameiri en þessi. Og þótt það væri fjarri því, eins og ég gat um við 3. umr. þeirra mála, að nefndin hefði notað þann tíma sem hún hefði í raun og veru þurft til þess að fara yfir þau, ákvað hún að afgreiða þau út úr nefndinni og þau eru þegar orðin að lögum.

Ég er að velta því fyrir mér hvað hæstv. dómsmrh. hefði gert ef hann hefði staðið frammi fyrir því í kvöld að velja af þessum sex sem hann var með, hvaða mál hann hefði valið. Hvort það hefðu verið þau mál sem nú þegar eru orðin að lögum eða hvort hann hefði valið þessi sem hann nú gerir kröfu til að verði afgreidd. Hann svarar því kannski á eftir.

Þrátt fyrir þær staðreyndir sem ég hef hér verið að nefna, að þessi mál hafa fyrir löngu farið í sviga, svo ég kveði ekki fastar að, á fundum þingflokksformanna og forseta, þá hefur samt verið haldið áfram að nudda með að þau fengju afgreiðslu. Ég féllst á það eftir tilmæli frá hv. formanni allshn. Nd. að ég mundi ekki gera neitt veður út af því þótt meiri hl. nefndarinnar skilaði nál. og tæki þau út úr nefndinni. Við sjálfstæðismenn í nefndinni tókum ekki þátt í þeirri afgreiðslu og erum bókaðir á nál. sem fjarverandi, sem var alveg rétt. Ég lét þess hins vegar getið að ef þessi mál kæmu til frekari meðferðar mundi ég rekja gang þessa máls eins og ég hef nú að nokkru leyti gert. Ég lét þess einnig getið að ekki yrði við það unað að haldið yrði áfram meðferð þessara mála.

Ég leit svo á, þótt enginn endanlegur samningur hafi í raun og veru enn verið gerður milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu mála fyrir þinglausnir, að það mætti treysta þeim orðum sem hafa fallið á þessum fundum okkar. Ég leyfi mér að ganga út frá því enn þá að staðið verði við það sem um hefur verið rætt varðandi þessi mál. Ég minnist þess aðeins einu sinni að þingflokksformenn hafi í samningum um afgreiðslu mála á lokadögum þings þurft að gera skriflegan samning um það hvaða mál næðu afgreiðslu. Ég hef látið í ljós þá von að aldrei þurfi til þess að koma aftur að þingflokksformenn þurfi að setja stafi sína undir þau orð sem hafa fallið á fundum þeirra. Og ég leyfi mér að líta enn þá svo á að það sem við höfum rætt varðandi afgreiðslu þessara mála standi. Ef menn vilja hins vegar eyða síðustu tímum þingsins í að ræða þessi mál sem hér eru á dagskrá þá er ég svo sem til en menn sem vilja koma þeim í gegn njóta þess auðvitað hvernig röddin í mér er og vita að ég mun ekki halda langar ræður. En kannski verða einhverjir aðrir til að tala í þessum málum ef það á að nota þessa aðferð við að koma þeim í gegnum þingið.

Það sem ég er að segja á við þau þrjú mál sem eru

á dagskránni. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að fara að ræða neitt efnislega um þau, það á heldur ekki við í þingskapaumræðu, en ef haldið verður áfram mun ég að sjálfsögðu taka þátt í umræðu um þau öll.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. 2. þm. Reykn. að á dagskránni eru þrjú mál sem eru flutt af dómsmrh., opinber réttaraðstoð, almenn hegningarlög og svo 11. dagskrármálið, sjóðshappdrætti. Það er líka rétt sem í máli hans kom fram að áður hafa þrjú mál, stórir lagabálkar, verið afgreidd af þinginu sem lög, lög um meðferð opinberra mála, gjaldþrotalög og skiptalög.

Ég tel að lagabálkarnir þrír hafi í rauninni aldrei komið til neinna samninga undir þinglok milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þess vegna hafi, eftir því sem ég hef spurnir af fundum þingflokksformanna og forseta þingsins, einungis verið um að ræða þau þrjú sem hér eru á dagskránni flutt af dómsmrh. Ég vil taka það fram að það mál sem hér er gerð tilraun til þess að fá rætt, 2. umr. í seinni deild, er 55. mál Ed., lagt fram á þinginu mjög snemma í haust, raunar í annað sinn. Hér er um að ræða löggjöf sem búin er að vera í undirbúningi ákaflega lengi, raunar mörg ár. Hugsunin að baki er margflutt í þinginu.

Ég leit svo á, vegna þess að breytingar hafa engar orðið á frv. frá því það var lagt fyrst fram, að hér hafi í raun verið um svo mikilsvert mál að ræða sem almennt samkomulag var um, að þess væri að vænta að þingheimur bæri gæfu til þess að ná saman um það þó á seinustu stundum þingstarfsins væri. Þess vegna legg ég á það eins þunga áherslu og mér er unnt að sú verði raunin að í framkvæmd komist sá blær sem ég frétti í dag af fundum þingflokksformanna að það væri samkomulagsvon um þetta mál. Svo margir eiga hér undir því að þetta viðhorf verði ofan á að ég þykist mega vænta þess að sú verði raunin.

Hv. 2. þm. Reykn. beindi til mín þeirri spurningu hvernig ég hefði valið ef ég hefði staðið frammi fyrir því að velja á milli þessara mála. Ég tel að það þurfi í rauninni ekkert að hugsa um þau mál sem eru orðin að lögum. Ef ég stæði hins vegar frammi fyrir vali milli þeirra þriggja sem eftir eru þá er það í þeirri röð sem þau eru á dagskránni og þetta mál, opinber réttaraðstoð, yrði númer eitt. Það eiga það margir undir því að við náum saman um þetta og því bið ég menn eindregið að taka tillit til þess.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði óskað eftir því að hæstv. forsrh. gæti verið viðstaddur þessa umræðu því hún snertir óneitanlega verkstjórn síðustu klukkustundirnar hér í þingi og þá samninga sem menn telja sig hafa gert sín á milli varðandi þinglok, þannig að mér þætti vænt um, ef hægt er að ná til hæstv. ráðherra, að hann væri hér viðstaddur.

Það er þannig, virðulegi forseti, að það eru auðvitað fjölmörg mál sem hafa ekki hlotið afgreiðslu á þessu þingi, bæði mál hæstv. ríkisstjórnar og eins stjórnarandstöðunnar. Ég hygg að við getum öll verið sammála um það að flest þessara mála eru góð mál og flest þessara mála eru þannig að það eru fjölmargir úti í þjóðfélaginu sem bíða eftir því að þau verði að lögum, enda hafa málin yfirleitt verið þannig sem við höfum flutt í vetur. Þótt við séum ekki sammála nákvæmlega um efnisatriði þeirra, þá eiga þau það sammerkt að einhverjir þingmenn a.m.k., alla vega flutningsmennirnir, telja að það sé gagnlegt fyrir þjóðina að setja lög um viðkomandi málaflokka. En það er nú einu sinni svo að jafnvel þótt búið sé að vinna mikið starf að samningu frumvarpa, með kynningu á þeim, með nefndastörfum, þá er sú vinna ekki ónýt einfaldlega vegna þess að hún kemur til góða næst þegar málið er tekið upp. Ég á von á því að það verði haldið áfram að kalla saman Alþingi eftir næstu kosningar, jafnvel þótt það fari þannig að ekki komist allir að þegar kosið verður næst. Ég er sannfærður um það að þau mál til að mynda sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt, sem eru mörg hver um mikilvæg efni, eru þannig vaxin, þau sem ekki urðu að lögum, að vinnan við þau kemur að gagni og það verður auðveldara fyrir næsta þing að ræða málin og komast að niðurstöðu fyrr en ella. Þetta vita þingreyndir menn sem hafa setið á þingi árum saman að það tekur stundum meira en eitt ár eða tvö að koma góðum málum fram.

Nú virðist það vera þannig, þrátt fyrir að formenn þingflokka og hæstv. forsrh. og reyndar forsetar Alþingis hafi reynt að gera með sér samkomulag um þinglokin, að samkomulagið haldið ekki eða a.m.k. einhver misskilningur sé um hvað samið hefur verið. Ég hef ekki verið á þeim samningafundum sem um þessi mál hafa fjallað þannig að ég get ekki efnislega dæmt um það hver sé niðurstaða hv. þingflokksformanna og hæstv. forsrh. og annarra þeirra sem að þessum málum hafa komið. Mér er hins vegar ljóst að til þess að hægt sé að ljúka þingi á þeim tíma sem hæstv. forsrh. — væntanlega fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar sinnar — vill, ef hann ætlar að gera það í kvöld eða á þeim tíma sem hann hefur óskað eftir, þarf að stytta þann lista sem nú bíður afgreiðslu. Mér er auðvitað fullkunnugt um það að það mun bitna ekkert síður á stjórnarandstöðunni en stjórnarflokkunum. Það er einu sinni þannig að þegar tíminn er skammur þarf víðtækt samkomulag til þess að hægt sé að slíta þingi á einhverjum tilteknum tíma sem hæstv. forsrh. hefur valið.

Við höfum reyndar fyrr í dag samþykkt frv. til stjórnarskipunarlaga. Samkvæmt stjórnarskránni skal rjúfa þing þegar það hefur verið gert. Hins vegar eru mýmörg dæmi þess að nokkrir dagar hafa liðið frá því þing hefur samþykkt breytingar á stjórnarskránni og þar til þing var rofið en það er auðvitað skylda að rjúfa þing þegar um er að ræða stjórnarskrárbreytingar. Þetta segi ég vegna þess að í raun og veru höfum við meiri tíma en í kvöld ef menn ætla að fara að taka upp samkomulag sem gert hefur verið og ræða og afgreiða fleiri mál en hingað til hefur verið rætt um. Sé svo, þá

skulum við gefa okkur tíma til þess, ekki setja okkur mörk sem við getum ekki staðið við, heldur vinna almennilega að þeim málum sem til umræðu eru.

Í síðustu viku voru þingfundir öll kvöld vikunnar og stundum langt fram á nótt. Allir þessir fundir voru haldnir vegna þess að bæði stjórn og stjórnarandstaða kepptust við að halda fundi eins lengi og kostur var vegna þess að hæstv. forsrh. hafði sagt að hann áætlaði að slíta fundi sl. föstudag. Það tókst ekki. Ég spyr: Var það stjórnarandstöðunni að kenna? Var það Sjálfstfl. að kenna? Ég hygg að svo sé ekki. Ég held að ástæðan hafi verið sú að stjórnarflokkarnir komu sér ekki saman innbyrðis um það hvernig þeir vildu láta þinginu ljúka. Þess vegna vorum við látin sitja hér undir ræðum stjórnarsinna, hv. þm. stjórnarinnar, sem deildu á sína eigin ríkisstjórn langt fram á nætur. Af stakri þolinmæði sátum við undir þessu, hv. þm. Sjálfstfl., vegna þess að við töldum eðlilegt að þing yrði rofið í lok síðustu viku eða a.m.k. snemma í þessari viku. Það var þingfundur í gærkvöldi og það er þingfundur í kvöld og ef nú á að fara að taka upp ný mál til umræðu þá þýðir það að við verðum hérna fram eftir nóttu og væntanlega á morgun líka því ég efast um að hæstv. forsrh. vilji hafa þau lok á þessu þingi að hann rjúfi það um hánótt, rétt eins og um eitthvert myrkraverk sé að ræða. Ég þekki hæstv. forsrh. illa ef hann vill skilja þannig við þetta kjörtímabil.

Mér finnst, virðulegi forseti, mál standa þannig núna að það sé full ástæða til þess fyrir hæstv. forseta deildarinnar að kanna hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi, ekki einungis milli einstakra stjórnarflokka heldur milli þingflokkanna allra, um þinglok hér í kvöld og nú þegar. Ef slíkt samkomulag næst ekki óska ég eftir því að fundum verði ekki haldið áfram í kvöld, sjötta kvöldið í röð, einfaldlega vegna þess að þá skulum við gefa okkur tíma og taka nokkra daga í þetta í viðbót. Ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur sagt að honum liggi ekkert á að fara í frí, (**HG:** Tel það ekki eftir mér.) hann telur það ekki eftir sér og ég veit að ef hæstv. forsrh. kannar hug ýmissa stjórnarþingmanna fær hann fljótlega vitneskju um það að margir þeirra vilja sitja áfram. Sumir þeirra vildu helst ekki hafa neinar kosningar, ég trúi því, því þeir eru hræddir við að falla í kosningum sem fram undan eru. Og það kann að vera meginskýringin á því að ýmsir vilja nú fara að troða málum í gegn, málum sem ugglaust eiga eftir að fara í gegnum þingið, bara ekki á þessu þingi. (Gripið fram í.) Þótt voldugir séum við þá getum við ekki endurreist menn, það gerist ekki nema við sérstakar aðstæður í einstaka flokkum, þeim flokkum sem mest mega sín, eins og ég býst við að hv. þm. hafi átt við í sínu frammíkalli. Það má kannski boða þá trú, virðulegi forseti, ef það bætir eitthvað fyrir þinghaldinu að gefa mönnum von og trú með því að benda á að sá sem hér stendur var endurreistur í sínum flokki og hver veit nema annarra bíði nýtt líf, jafnvel þótt þeir hverfi af vettvangi um sinn. Vona ég að þetta skiljist sem hæg huggunarorð fyrir hæstv. dómsmrh. sem nú virðist berjast fast fyrir því að fá eitt eða tvö mál í gegnum þingið, sjálfsagt vegna þess að hann á ekki von á því að sitja í sínu ráðherrasæti á næsta kjörtímabili.

Aðalatriðið er að það er fjöldinn allur af málum sem bíður úrlausnar, ekki aðeins þetta sem hér á að fara að ræða heldur fjölmörg önnur, og við verðum að átta okkur á því að það er ekki hægt að ljúka þinginu með góðu nema fullt samkomulag sé á milli þingflokkanna. Ef það er ekki er aðeins ein lausn til, það er að fresta þessum fundi eða slíta honum og efna síðan til nýs fundar á morgun og við skulum þá gefa okkur nægan og góðan tíma til þess að ljúka þeim störfum sem hér eiga að fara fram með þeim hætti sem okkur sæmir.

Ég skora því á hæstv. forseta að kanna það nú rækilega, bæði hjá hæstv. forsrh. og þingflokksformönnum, hvort ekki sé hægt að ná góðu og víðtæku samkomulagi um þinglokin þannig að við getum með sóma látið þingrof fara fram síðar í kvöld.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill biðja hv. þm. að hafa nokkurt hóf á þessari þingskapaumræðu því við höfum hið mesta verk að vinna hér í kvöld ef við ætlum að ljúka þingi. Enn þá eru þrír á mælendaskrá um þingsköp. Forseti hafði varað við því að þessi þingskapaumræða færi fram ef 5. dagskrármálið yrði tekið á dagskrá. Forseti telur stöðu þess máls þannig nú að harla tilgangslítið sé að reyna að taka það á dagskrá til umræðu. Það er alveg ljóst að hv. stjórnarandstaða mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg fyrir að málið nái fram að ganga. Þetta er skoðun forseta og mun hann fresta umræðu um 5. dagskrármálið þegar þingskapaumræðu er lokið.

Varðandi spurninguna um það hvort ekki væri rétt að fara að semja um framgang þingmála að öðru leyti, þá veit forseti ekki betur en að þær samningaumræður og viðræður á milli flokka séu í gangi að meira eða minna leyti. Aðrir kunna að svara betur fyrir það en forseti.

Stefán Valgeirsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef það er svo að búið er að semja um að taka t.d. 5. dagskrármálið ekki fyrir. Mér finnst full sanngirni í því að gera það, a.m.k. miðað við það að tekin voru þrjú mál fyrir frá hæstv. félmrh. hér í dag en neita því algjörlega að ljúka þessu máli. Það er auðvitað hægt ef menn vilja komast að samkomulagi.

Ég mun hins vegar lýsa andstöðu við því að taka 11. dagskrármálið. Ég hef fengið 10–20 símskeyti um að gera mitt til þess að láta það bíða.

En með því að hafa langa þingskapaumræðu þokum við málum ekki fram. Mér finnst mikil sanngirni í því að taka þetta mál, enda er nauðsynlegt að það fari í gegn.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil rétt minna á það, ef það er orðin algild viðmiðun að mál sem hafa gengið milli deilda eigi að verða að lögum, að 229. mál og 379. mál voru samþykkt bæði tvö með samhljóða atkvæð-

um í Nd. og gengu til Ed. sem lýsti þar með samhljóða vilja sínum um að gera þau mál að lögum. Hér er um að ræða annars vegar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, þess efnis að allir eigi rétt á atvinnuleysistryggingum sem borga í Atvinnuleysistryggingasjóð, sem eru nú reyndar allir launþegar, svo sjálfsagt mál sem það nú er, og hins vegar um breytingar á almannatryggingum að því er varðar fæðingarorlof.

Nú vildi ég feta í fótspor hins góðkunna 2. þm. Vestf. sem í fyrra kvaddi sér hljóðs um þingsköp til þess að inna forseta Nd. eftir því hvernig gengi að mjaka málum fram í Ed. Ef ég man rétt tók hæstv. forseti það að sér, e.t.v. nauðugur viljugur, að grennslast fyrir um það hvað liði framgangi þingmála í Ed. Og ég minnist þess að hv. 2. þm. Vestf. krafðist þess að forseti deildarinnar beitti sér fyrir því að þetta tiltekna frv. sem hann bar fyrir brjósti, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og sem búið var að afgreiða héðan úr deildinni, næði fram að ganga í Ed.

Nú vil ég rifja það upp, virðulegi forseti, að það mál var og er umdeilt mál og er búið að koma hér nokkrum sinnum fyrir deildina. Var að vísu samþykkt frá deildinni með nokkrum meiri hluta atkvæða, en gekk til Ed. En þessi tvö mál sem ég er að nefna, nr. 229 og nr. 379, voru ágreiningslaus mál sem bæði gengu héðan til Ed. á grundvelli fullkominnar samstöðu. Að vísu er kannski rétt að rifja upp að í öðru málinu kom fram frávísunartillaga sem að sjálfsögðu var felld, en eftir að hún var felld sameinaðist deildin um að standa að baki málinu. Ég minnist þess sérstaklega að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og ýmsir aðrir hæstv. ráðherrar og aðrir mektarmenn hér í deildinni greiddu því frv. atkvæði sitt.

Ég vil nú í mestu vinsemd og með tilvísun til fordæma sem skapast hafa í samskiptum þeirra hv. 2. þm. Vestf. og forseta deildarinnar leyfa mér að óska eftir því að sami háttur verði hafður á varðandi þessi tvö mál. Ef það er orðin hin algilda regla að mál sem hafa gengið milli deilda verði að lögum vænti ég þess að forseti deildarinnar taki þetta til athugunar.

Varðandi það hvort þingskapaumræða tekur lengri eða skemmri tíma hygg ég að ég sem varaforseti í deildinni megi fara nokkrum orðum um þingsköp með sama hætti og forseti deildarinnar á föstudaginn, þannig að fullt jafnræði sé með mönnum í því efni.

Þetta er það sem ég vildi vekja athygli á og sömuleiðis það að einnig er hér á dagskrá í þessari deild — og þarf forseti ekki að ráðfæra sig við forseta Ed. um það efni — þingmannafrv. nr. 178 um virðisaukaskatt sem þingmaður í Ed. hefur flutt og er sömuleiðis komið milli deilda og komið hér til afgreiðslu í Nd. Þetta er mál sem ég hygg að ekki sé nokkur einasta andstaða gegn, hvað sem líður afstöðu manna til undanþága í virðisaukaskatti almennt séð. Hér er ekki um að ræða frv. sem gerir ráð fyrir því að það séu auknar undanþágur á vörum sem ganga yfir almennt búðarborð, heldur á sjóntækjum til manna sem hafa til þess sérstakt læknisvottorð að nota slíkar vörur. Er það ætlun ríkisstjórnar og stjórnarliða að stöðva það frv. um að aflétta skattlagningu á sérstök hjálpartæki manna sem samkvæmt læknisvottorði eru næstum því blindir og þurfa á sérstökum hjálpartækjum að halda?

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, ef verið er að taka fyrir einhver mál sem ekki er samkomulag um, hvað líður þá þeim málum sem ýmist er samkomulag um milli allra flokka eða hefur verið algjör samstaða um hér í deildinni eða í Ed.? Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta og annarra þeirra manna sem nú ráða ferðinni hér í störfum þingsins.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara fyrirspurna hv. 14. þm. Reykv. verður forseti að geta þess að hans valdsvið nær ekki út fyrir veggi hv. Nd. en hann mun gera ráðstafanir til þess að afla upplýsinga um það hvað fram fer í hv. Ed. og koma þeim upplýsingum til hv. 14. þm. Reykv.

Pálmi Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Við höfum orðið vitni að því á undanförnum dögum, raunar vikum, að þinghaldið fyrir þinglok er með afbrigðilegum hætti. Það hefur verið mjög óreglulegt hvernig mál hafa verið tekin á dagskrá. Það hefur verið horfið frá atkvæðagreiðslu áður en henni er lokið í einstökum málum og málum skákað til á dagskránni með mjög einkennilegum hætti sem allt upplýsir að engin samstaða er í liði hæstv. ríkisstjórnar um það hvernig skuli ljúka þingi eða hvaða málum skuli fram komið.

Ég skal ekki misnota tíma minn, herra forseti, en miðað við það að gert hefur verið ráð fyrir að þetta væri síðasti dagur þessa Alþingis, þá þykir mér tími til þess kominn að spyrja hæstv. forsrh. hvort þingi skuli ljúka í kvöld. Ef svo er, hvaða mál eru það sem hæstv. ríkisstjórn ætlast til að verði afgreidd á þessu kvöldi fyrir þinglok af þeim sem hér eru á dagskrá, eða eru það einhver önnur? Ef samkomulag hefur verið gert, stendur það samkomulag eða stendur það ekki?

Það ræðst af svörum við þessum spurningum hvað verður um framhald umræðna af þessu tagi á þessum kvöldfundi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson) *(um þingsköp)*:

Eins og venja er hefur verið samið í allmarga daga um þau mál sem eiga að fara í gegnum þingið. Eins og stendur núna lít ég svo á að samkomulag sé á milli allra flokka um eftirgreind mál: Lánsfjárlög, tekjuskatt og eignarskatt, Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. lokun 1986-kerfisins, eins og kallað er hér. Að vísu er þar fyrirvari frá a.m.k. einum eða tveimur þingmönnum, en ég er að tala um samkomulag á milli formanna stjórnarflokkanna. Sömuleiðis efnahagsaðgerðir og ég geri mér vonir um að samkomulag sé orðið, þó ég hafi ekki fengið það staðfest, um grunnskóla. Síðan hafa einstakir ráðherrar lagt mikla áherslu á önnur mál, eins og opinbera réttaraðstoð, en um hana hefur ekki náðst samkomulag. Ég hef talið upp þau mál sem ég lít svo á að fullt samkomulag sé um. Þetta eru ekki mörg mál

og geta farið í gegn á mjög skömmum tíma.

Ég tek hins vegar undir það með hv. 1. þm. Reykv. að það er ekki skemmtilegt að rjúfa þing um miðja nótt og hafði þess vegna gert mér vonir um að það gæti orðið um tíuleytið. Ég lít ekki svo á að ég geti verið með þennan þingrofsrétt í marga daga, eins og kom fram áðan. Í raun segir að þing skuli þá þegar rofið þegar breyting er gerð á stjórnarskrá. Hins vegar hafa fræðimenn túlkað það svo að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu að afgreiða mál sem eru á afgreiðslustigi. Það er t.d. sérstaklega nefnt hjá Ólafi Jóhannessyni að afgreiðsla fjárlaga sé sjálfsagt mál, svo þetta virðist vera talsvert matsatriði. En ég lít alls ekki svo á að við getum haldið þingi áfram í fleiri daga og legg á það mikla áherslu að það megi rjúfa þing í kvöld.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill þessu til viðbótar upplýsa vegna fyrirspurnar hv. 14. þm. Reykv. um 10. dagskrármálið, virðisaukaskatt, að forseta hefur verið tjáð að 1. flm. frv. og fjmrh. hafi gert með sér samkomulag þess efnis að hv. 1. flm. muni ekki knýja á um framgang málsins á þingi nú og þar við situr.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það var heldur döpur reynsla í fyrra af því að hafa áhrif á vinnugleði þeirra í efri deild. Þrjú ár í röð hafa þeir geymt þar gott mál sem hefur verið samþykkt hér í neðri deild. Hins vegar vil ég játa að þetta var ekki orðið kalalaust af minni hendi. En nú þegar það blasir við að deildin er niður lögð og völd hennar þar með úr sögunni á næstu þingum þykir mér ekki rétt að bera neinn hefndarhug í hennar garð og vænti þess að hv. 14. þm. Reykv. fyrirgefi henni einnig mikið á þessu kvöldi. En ég vil taka undir það með honum að það er náttúrlega ekki líðandi að hv. 2. þm. Norðurl. e., sem er í efri deild, verði fyrir því að hæstv. fjmrh. leggi svo fast á hann að hann vilji stöðva hér mál sem komið er til atkvæða og algerlega ólíðandi miðað við það sem við höfum sagt um vítaverð vinnubrögð í efri deild. ef við ekki fylgjum þeim ágæta dreng, hv. 2. þm. Norðurl. e., fast eftir í þeim efnum að hann fái hér afgreiðslu á sínu máli. Og ég trúi því hreinlega ekki að forseti láti það gerast hér í kvöld að málið komi ekki til atkvæða, ég trúi því hreinlega ekki.

Það er náttúrlega grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir því að allt tal um samninga getur ekki verið á þann veg að menn segi að það eigi að hætta að láta afl atkvæða ráða í þinginu, heldur eigi það bara að vera einhver spil sem rétt eru yfir borðið hvað sé afgreitt og hvað ekki. Auðvitað hlýtur afl atkvæða að ráða úrslitum. Og í máli sem þessu er það algert hneyksli þegar mál er komið á lokastig ef menn þora ekki að greiða atkvæði um það.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 999 (sbr. 728), n. 1090, 1095 og 1097, brtt. 1085, 1087.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1090 um frv. til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1. minni hl. félmn.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Sigurð E. Guðmundsson, Þráin Valdimarsson og Yngva Örn Kristinsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félmrh., Ásmund Hilmarsson og Gylfa Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed. Jón Kristjánsson áskilur sér rétt til að flytja eða styðja brtt. er fram kunna að koma."

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Jón Kristjánsson.

Frsm. 3. minni hl. félmn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. sem er að finna á þskj. 1097 um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990 — og er þá mikið sagt. Nál. er frá 3. minni hl. félmn.

„Þriðji minni hl. er samþykkur þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir, að hætt verði að taka við umsóknum um húsnæðislán samkvæmt lögum nr. 54/1986. Að því er hins vegar ekki staðið á fullnægjandi hátt með þessari afgreiðslu málsins.

Í frv. og í meðförum nefndarinnar hafa ekki fengist fullnægjandi svör við því hvernig ætlunin er að fjármagna þau lán sem afgreidd verða samkvæmt lánakerfinu frá 1986 og afgreidd verða samkvæmt þessu kerfi miðað við ákvæði laganna.

Nefndinni gafst nær enginn tími til að fjalla um málið, en þó liggur fyrir að mörgum óvissuþáttum verður vísað til næstu ríkisstjórnar.

Að slíkri afgreiðslu getur 3. minni hl. ekki staðið og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Undir þetta ritar Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og kom fram við 1. umr. er hér um að ræða mikið og stórt þingmál sem lýtur að því að leggja niður húsnæðislánakerfið sem var komið á fót vorið 1986. Þannig hagar til að í þeirri ríkisstjórn sem þá sat var það hæstv. núv. forsrh. sem þá stýrði verkum, var einnig forsrh. í þeirri ríkisstjórn, og hefur því bæði átt aðild að því að koma þessu kerfi á laggirnar og, að því er virðist núna, að leggja það niður.

Þannig hagar jafnframt til, virðulegi forseti, að Framsfl. ályktaði um þetta mál á flokksþingi sínu í nóvember sl. og tók af skarið með það að eigi skyldi leggja niður húsnæðislánakerfið frá 1986, þvert á það sem í þessu frv. stendur. Nú er þess að sjálfsögðu að gæta að nú er kominn marsmánuður og það eru liðnir fjórir mánuðir frá þessari samþykkt Framsfl. og ekki seinna vænna að fara að hverfa frá henni. (Gripið fram í.) Og eins og hæstv. fjmrh. grípur hér fram í réttilega þá mun það vera óvenjulega langur tími frá því að samþykkt er gerð í Framsfl. þangað til frá henni er horfið með formlegum hætti.

En að öllu gamni slepptu, virðulegi forseti, þá liggur það fyrir að meiri hl. ríkisstjórnarinnar á Alþingi ætlar að knýja þetta mál hér í gegn, hefur að vísu ekki betri aðstöðu til þess í félmn. en þá að ekki hefur myndast hreinn meiri hluti um málið í nefndinni. Þannig hagar til að það eru reyndar fjórir minni hlutar í nefndinni og enginn meiri hluti. Fjórði minni hluti hefur að vísu ekki skilað nál., en hér liggja fyrir þrjú minnihlutaálit.

Ég vil lesa, herra forseti, minnihlutaálit okkar hv. þm. Eggerts Haukdals sem er svohljóðandi:

„Annar minni hl. flytur brtt. við frv. á þskj. 1087 en mun að öðru leyti ekki hafa afskipti af afgreiðslu þess. Eðlilegt er að ráðandi meiri hluti á Alþingi beri einn ábyrgð á framgangi þessa máls.

Brtt. 2. minni hl. lýtur að því að fella brott úr frv. heimild til að hækka vexti á lánum Byggingarsjóðs ríkisins þegar eigendaskipti verða að íbúð. Á nefndarfundi í félmn. kom fram að framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar telur mikla meinbugi á framkvæmd slíkrar heimildar. Annar minni hl. telur eðlilegast að allir lántakendur sitji við sama borð komi til vaxtabreytinga. Má í því sambandi minna á þá hugmynd ráðherranefndar ríkisstjórnarinnar að vextir breytist eftir að ákveðinn fjöldi ára, t.d. 10 ár, er liðinn frá því lán var veitt."

Ég vil þá í leiðinni, virðulegi forseti, gera frekari grein fyrir brtt. á þskj. 1087, sem ég hygg að sé ekki mjög rík andstaða við í deildinni. Nú vildi ég beina þeim sömu tilmælum til forseta og hann beinir gjarnan til deildarmanna að friður verði og ró í salnum svo ræðumaður heyri mál sitt. Þannig háttar til með þessa brtt. að lagt er til að 4. efnismálsgr. í 14. gr. frv. falli brott. Í þessari 4. efnismálsgr. segir að ríkisstjórninni skuli heimilt að breyta vöxtum á lánum þegar eigendaskipti verða á íbúð. Ég tel að hér sé verið að bjóða heim hættu á mikilli mismunun gagnvart því hvort íbúð hefur gengið kaupum og sölum eða ekki og miklu skynsamlegra sé, ef menn vilja ráðast í vaxtahækkanir á lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem er sennilega óhjákvæmilegt og búið að vera lengi, þá eigi eitt yfir alla að ganga í þeim efnum, menn verði að sitja við sama borð. Það er mjög auðvelt að stilla upp þeim möguleika að íbúð, sem hefur verið í eigu sama manns eða sömu fjölskyldu í nokkuð mörg ár, skipti um eigendur og við taka ungir kaupendur, fólk sem er að byrja sinn búskap, en verður jafnframt, vegna þess að það er að kaupa íbúð, að sætta sig við það að vextir á láni á henni hækka bara við það að hún er seld og þau kaupa hana.

Ég tel að ekki sé hægt að færa eðlileg rök fyrir þessu og hef þess vegna leyft mér að leggja til þá breytingu sem gerð er á þskj. 1087 um að þessi grein falli niður. Ríkisstjórnin hefur allar þær heimildir sem hún þarf til þess að beita sér fyrir batnandi afkomu hjá Byggingarsjóði ríkisins með því að hækka vexti, ef það er hennar vilji. Annaðhvort með því að gera það jafnt yfir öll lán sem tekin hafa verið frá 1984 eða með því að gera það t.d. með þeirri reglu, sem hér er bent á, að ákveðnum tíma liðnum frá því að lánið var upphaflega tekið, hvort sem það eru fimm ár, sjö ár eða tíu ár eða hvað svo sem verða kynni ofan á í þeim efnum. Þess vegna er þessi heimildargrein, 4. efnisgr. 14. gr. frv., óþörf og ég leyfi mér að leggja til að hún verði felld brott.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, þá mun 2. minni hl. nefndarinnar, við hv. þm. Eggert Haukdal, og þar af leiðandi þingmenn Sjálfstfl. almennt hér í deildinni ekki hafa frekari afskipti af þessu frv. Við munum sitja hjá við afgreiðslu þess. Við lýsum allri ábyrgð á þessari afgreiðslu á hendur ríkisstjórninni. Þess má m.a. geta að til nefndarinnar kom í dag fulltrúi Alþýðusambands Íslands og lýsti mikilli andstöðu við þetta mál. Við lýsum sem sagt allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni um leið og við notum tækifærið og lýsum vantrausti á alla meðferð stjórnarflokkanna á húsnæðismálum undanfarin missiri.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég óskaði eftir að skrifa undir álit 1. minni hl. félmn. með fyrirvara. Sá fyrirvari er vegna þess að ég er andvígur því að leggja niður húsnæðislánakerfið frá 1986 og vísa í ályktun flokksþings Framsfl. um að það kerfi verði við lýði áfram og nýtist þeim sem festa kaup á sinni fyrstu íbúð. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir því að tekið verði til við afgreiðslu þeirra lána, sem lánsloforð eru þegar fyrir um, úr Byggingarsjóði ríkisins og eyðir það óvissu um þann hóp lántakenda svo framarlega sem fjármögnun er tryggð. Ég mun því ekki spilla fyrir samkomulagi um afgreiðslu mála hér á síðustu klukkustundum þingsins með því að leggjast gegn frv. eða styðja á því breytingar. En ég lýsi því yfir að ég tel nauðsynlegt að setja þessi mál í gagngera endurskoðun með það að markmiði að taka upp lán úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir þá sem kaupa sína fyrstu íbúð. Þennan lánaflokk er hægt að taka upp á grundvelli síðustu málsgr. 3. gr. frv. Slík endurskoðun þarf að fara fram í samráði við aðila vinnumarkaðarins sem hafa lagt húsnæðiskerfinu til fjármagn í gegnum lífeyrissjóðakerfið. Þetta vildi ég láta koma fram við 2. umr. málsins.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

77. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 76. fundi.

Lánsfjárlög 1991, 3. umr.

Stjfrv., 161. mál. — Þskj. 1110.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Sú afgreiðsla sem fram hefur farið á lánsfjárlagafrv. hér á hinu háa Alþingi er ekki dæmalaus, langt því frá, það eru mörg dæmi um slíka afgreiðslu, en hún er engu að síður gagnrýnisverð. Hún er gagnrýnisverð fyrir þær sakir í fyrsta lagi að þarna á sér stað afgreiðsla sem að verulegu leyti fer inn á afgreiðslu fjárlaga sem hv. Alþingi hefur þegar afgreitt til fullnustu, eins og hv. alþm. stóðu í trú um þegar þeir afgreiddu fjárlagafrv., og það er ekki eðlilegt að hefðbundin fjárlagaafgreiðslumál skuli með þessum hætti vera sett inn í lánsfjárlög og í lánsfjárafgreiðslu eins og nú hefur verið gert. Það eru mörg dæmi um að þetta hafi verið gert, þannig að þetta er síður en svo einsdæmi, en þetta er mjög gagnrýnisvert. Þá er það einnig mjög gagnrýnisvert í því sambandi þegar litið er til ýmissar áformaðrar lántöku í þessu frv. Ég vil t.d. benda á, herra forseti, að það liggur ekki fyrir og virðist ekki vera hægt að fá það upplýst nú á þessari stundu hversu mikil áform eru samtals um auknar lántökur í þessu frv., í fyrsta lagi umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir fyrir A-hluta ríkissjóðs og í öðru lagi umfram það sem lánsfjárlagafrv. gerði ráð fyrir þegar það var lagt fram hér á hinu háa Alþingi fyrir nokkuð löngu síðan, þannig að það virðist ekki liggja fyrir nein niðurstaða um þær viðbótarskuldir og ábyrgðir í heild sem ríkissjóður er með þessu móti að taka á sig. Í þriðja lagi er það gagnrýnisvert af þeim sökum að það er löngu kominn tími til að endurskoða þá tvöföldu afgreiðslu á fjárreiðum ríkisins sem á sér stað annars vegar í fjárlögum og hins vegar í lánsfjárlögum. Það er orðið tímabært að fella þá afgreiðslu sem hér á sér stað, að vera að afgreiða lánsfjárlög með þeim hætti sem hér er gert þar sem sá veigamikli þáttur í ríkisbúskapnum er afgreiddur með allt öðrum hætti og með allt öðrum svip heldur en fjárlagaafgreiðslan. Þetta á heima í einni og sömu afgreiðslunni í einni og sömu meðferðinni en ekki með þeim hætti sem hér er gert.

Ég vil vekja athygli á því í lokin að fjárveitinganefndarmenn hafa nú á tveimur þingum lagt fram frv. um greiðslur úr ríkissjóði í því skyni að þetta fáist leiðrétt. Því miður hefur þetta frv. ekki náð fram að ganga, hvorki á þessu þingi né hinu næsta. En það er löngu orðið tímabært að þeirri afgreiðslu sem hér fer fram sé breytt og horfið sé frá því ráði sem setur svip sinn á þessa lánsfjárlagaafgreiðslu.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér þykir það mjög í takt við þessi þinglok hér að hv. formaður fjvn. skuli koma hér í ræðustól við 3. umr. um lánsfjárlög og snupra hæstv. fjmrh. með þeim orðum sem hann flutti hér.

Það er vissulega hægt að taka undir margt af því sem hv. þm. sagði um afgreiðslu lánsfjárlaga, og þarf þá auðvitað ekki að sakast við hæstv. fjmrh. einan heldur auðvitað stjórnarliðið allt saman. Ég hygg að það láti nærri að milli 3 og 4 milljarðar sem nú eru á lánsfjárlögum, kannski nær fjórum, ættu heima á fjárlögum en ekki lánsfjárlögum. Samt sem áður vantar enn til þess að menn fái heillega mynd af útgjöldum ríkisins og tekjum talsvert sem menn vita um nú þegar. Nefni ég í því sambandi að ekki verður hægt að lækka kostnað hjá almannatryggingum vegna lyfja upp á 500–600 millj. þar sem það frv. liggur óafgreitt hér í þinginu. Hvergi sér þess merki að hæstv. ríkisstjórn ætli að afhenda ríkisspítulum fjármuni upp á 100–130 millj. kr.

Tekjuskattsfrv., sem verður sjálfsagt að lögum núna í kvöld, rýrir tekjur ríkissjóðs verulega. Samt sem áður og þrátt fyrir þetta allt saman má gera ráð fyrir því að lánsfjárþörf ríkissjóðs og opinberra aðila verði 24–25 milljarðar kr. Þetta þýðir, svo ég reyni að segja einfalt frá því hvað hér er að gerast í kvöld, að ríkissjóður og aðilar sem að honum standa, opinberir aðilar, þurfa að taka að láni á innlendum markaði á milli 65 og 70% af þeim nýja sparnaði sem verður til á yfirstandandi ári. Til samanburðar má geta þess að ríkissjóður og sömu aðilar tóku 40% af nýjum sparnaði síðasta árs. Þetta getur ekki endað nema annaðhvort með því að vextir hækka, ekki síst ef atvinnulífið þarf á nýju fjármagni að halda, eða, sem er mun líklegra og stofnanir ríkisins hafa bent á, að leita verður lána erlendis í mun meira mæli heldur en gert hefur verið að undanförnu. Þetta er það sem við blasir og að auki virðist mörgum vandanum vera ýtt til framtíðar, til næstu ríkisstjórna, eins og t.d. því máli sem við ræddum fyrr á þessu þingi um lækkun húshitunarkostnaðar þar sem menn komu sér saman um það að næsta ríkisstjórn láti peninga af hendi rakna til þess að lækka húshitunarkostnað hér á landi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Vissulega hefur gefist tilefni til þess eftir ræðu hv. formanns fjvn. Ég hef þegar í framsöguræðu minni við 2. umr. farið mjög ítarlega ofan í þetta mál. Þá ræðu ætla ég ekki að endurtaka.

Ég veit að það lifir stutt eftir af þessu þingi, en taldi rétt að þessi almennu sjónarmið kæmu skýrlega fram við 3. umr. málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Grunnskóli, ein umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 1106 (sbr. 1103), brtt. 1109.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Leyfist mér að inna eftir því fyrst hvort ætlunin hafi verið að boða til fundar í hv. menntmn. út af þessu máli, eins og oft er gert þegar mál koma til einnar umræðu? (**RA:** Ef þess er óskað.) Ég er að vísu ekki í nefndinni og hef ekkert umboð til að óska eftir því. (**FrS:** Það á að fara beint til nefndar.) Ég hygg að það megi finna fordæmi þess að mál fari beint til nefndar áður en til einnar umræðu kemur þegar svona stendur á. En hvað sem því líður, ég reikna með að hv. formaður nefndarinnar boði til fundar ef óskað er, enda hafa verið gerðar mjög miklar breytingar á þessu frv. í efri deild, það fer ekkert milli mála. Það voru gerðar *miklar breytingar á frv. og sennilega* allar til bóta.

En það sem ég vildi leyfa mér að gera hér, virðulegi forseti, er að gera grein fyrir örsmárri brtt. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 1109 og er reyndar endurflutt í tilefni þess að þetta mál kemur nú fyrir deildina á nýjan leik. Ég flutti nokkrar brtt. þegar málið var hér til 2. umr. Nokkrar þeirra sem voru felldar í neðri deild á sínum tíma hafa fundið náð fyrir augum hv. efri deildar og eru komnar inn í frv. eins og það kemur frá hv. efri deild og fagna ég því að sjálfsögðu. Það eru nokkrar ágætar tillögur sem neðri deild sá ekki ástæðu til að samþykkja þegar málið var hér til meðferðar en fær nú tækifæri til að samþykkja. En það er hér ein smátillaga sem efri deild hefur yfirsést að taka til greina af mínum fyrri tillögum og það er sú sjálfsagða tillaga að skólanefnd heima í héraði geti sjálf ákveðið nafn á skólastofnun sem verið er að setja á laggirnar en þurfi ekki að fela menntmrn. og örnefnanefnd að taka slíka ákvörðun.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað leiðinlegt á síðasta kvöldi þingsins að vera að tala um slíkt smámál, á þessum síðustu mínútum kjörtímabilsins, en ég hygg að þingdeildarmenn séu mér sammála um það að ef skólanefndir heima í héraði eru færar um eitthvert verkefni þá er það það að gefa skólunum í héraðinu nafn. Þær ættu nú að geta gert það upp á sitt eindæmi. Ég hygg að ef menn hefðu haft augun hjá sér þegar þessi brtt. var borin upp við 2. umr. þá hefði hún fundið náð fyrir augum viðstaddra deildarmanna. Hygg ég nú að vandfundinn sé sá þingdeildarmaður sem hefur athugasemdir við þetta mál eða kann að vera á annarri skoðun.

Ég ætla ekki að flytja um þetta langt mál, virðulegi forseti. Það er ekki tilefni til þess. Ég vil bara vekja athygli á því að þessi brtt. er endurflutt, örlítið breytt reyndar, því að nú er gert ráð fyrir samráði við menntmrn. og það er eðlilegt vegna þess að það kann að vera svo að annars staðar í landinu séu skólar með sama heiti og viðkomandi skólanefnd kann að hafa haft í huga. Þess vegna er rétt að það sé gert í samráði, en auðvitað að skólanefndin heima fyrir hafi síðasta orðið.

Ég lét þess getið þegar þetta kom hér til umræðu við 2. umr. að hér í deildinni eru margir nafntogaðir og yfirlýstir valddreifingarpostular að því er varðar málefni sveitarfélaga og ég fæ ekki séð að þeir rísi undir nafni ef þeir fella þessa tillögu, það verð ég að segja, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 999 (sbr. 728), n. 1090, 1095 og 1097, brtt. 1085, 1087.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð um þetta frv. sem hér er til umræðu um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er náttúrlega komið í ljós og þarf ekki að lýsa því að hér er verið að knýja í gegn eitt af meiri háttar ágreiningsefnum á því þingi sem nú er að ljúka, þ.e. kröfuna um að reyna að breyta því kerfi sem aðilar vinnumarkaðarins og Alþingi ásamt þeirri ríkisstjórn sem þá sat náðu algjöru samkomulagi um að setja í lög. Þarf ég ekki að lýsa þeirri forsögu í sjálfu sér að öðru leyti en því að það var út af fyrir sig merkilegt mál að nást skyldi slík þjóðarsamstaða, ef svo má að orði komast, um byltingu í húsnæðismálum á þessu ári, 1985–1986, og semja lög sem allir voru sammála um bæði hér á hv. Alþingi og annars staðar.

Þessu þarf ekki að lýsa. Það urðu þarna straumhvörf og verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins beittu sínu afli, sínu fjármagni til að gera verulegar umbætur í húsnæðismálum. Ég hygg að það megi leita lengi að svo víðtæku samstarfi og þeirri aðferð til þess að fá meira fjármagn inn í kerfi sem var búið að vera í svelti um margra ára skeið þar sem fólk hafði ekki möguleika á að fá nema á milli 15 og 20% lán í hæsta lagi á kostnaðarverði úr húsnæðiskerfinu.

Það kom fljótlega í ljós að vissir aðilar höfðu ekki samúð með þessu kerfi og gerðu það sem þeir gátu strax við stjórnarskiptin 1987 til að koma þessu kerfi fyrir kattarnef. Það var varla búið að starfa heilt ár þegar sú árás var gerð sem hafði að sjálfsögðu víðtæk áhrif.

Ég þarf ekki að lýsa þessu, virðulegur forseti, enda ætlaði ég ekki að halda hér langa ræðu þó það hafi e.t.v. farið hrollur um hæstv. forseta áðan, hann hafi haldið að ég ætlaði að hafa hér málþóf sem alls ekki stendur til. Ég vil aðeins fara örfáum orðum um þetta mál og ég ætla að spara allar tilvitnanir í liðinn tíma eins og hægt er. Ég ætla ekki að lýsa því hvernig þetta mál hefur gengið fram, það þekkja allir þá sögu, svo

mikið hafa húsnæðismálin verið í sviðsljósinu. En eitt er víst og það vil ég leggja áherslu á hér að allt það kjörtímabil sem nú er að líða hefur núv. félmrh. hæstv. og ríkisstjórnin verið önnum kafin við að breyta húsnæðiskerfinu, koma sífellt með nýjar og nýjar breytingar þó það taki steininn úr nú á yfirstandandi þingi þar sem hafa verið lögð fram fimm lagafrv. til að breyta húsnæðiskerfinu. Og það merkilega er að eftir því sem fleiri ný lög hafa verið samin og komið í framkvæmd þá hefur kerfið alltaf farið niður á við eftir því sem lengra líður. Nú er svo komið að hvorki Húsnæðisstofnunin sjálf, stjórnendur hennar eða almenningur í landinu veit hvaðan á sig stendur veðrið því að óvissan er svo mikil í þessum málum og ruglingurinn að því er vart hægt að lýsa.

Framsfl. hélt flokksþing á sl. ári þar sem hann markaði stefnu í sínum aðalmálum og þjóðarinnar, þar á meðal í húsnæðismálum. Meginlínan þar var sú að húsnæðiskerfinu frá 1986 skyldi við haldið og því mikla samstarfi sem náðist við aðila vinnumarkaðarins og þá sem réðu yfir mestu fjármagninu, þ.e. lífeyrissjóðina, og allt skyldi gert sem hægt væri til að styrkja það kerfi í sessi sem því miður núv. ríkisstjórn gerði ekki. Það lá fyrir 1987 að gera þyrfti uppskurð á þessu kerfi að því er varðar stefnuna í vaxtamálum og mörgu fleiru. Það var ekki gert, hvorki 1987 né 1988 og allar breytingar í þá veru að styrkja þetta kerfi í samræmi við kröfu aðila vinnumarkaðarins voru hunsaðar.

Síðan ætla ég að lýsa aðeins viðhorfum til þessa frv. sem hér liggur fyrir. Eins og ég hef greint frá áður hafði Framsfl. fyrirvara um þetta mál. Þingflokkurinn tilkynnti strax að það væri ekki samstaða um að breyta þessu og sá sem hér stendur hefur haft sérstöðu sem ekki hefur farið fram hjá aðilum ríkisstjórnarinnar þannig að það sem ég segi á hverjum tíma hefur ekki þurft að koma neinum á óvart, enda var opinber yfirlýsing þar um.

Þegar þetta mál var svo knúið í gegn núna á síðustu mánuðum var það gert með ágreiningi sem liggur fyrir enn þann dag í dag. Ég sá í afgreiðslu efri deildar að þingmenn flokksins í félmn. hefðu skrifað undir með fyrirvara.

Það er dálítið merkilegt eftir öll þau ár sem ég hef setið hér á Alþingi og fjallað um mörg stór mál að þá skuli eitt af stærri málum vera í þeirri aðstöðu að þegar það komst til nefndar á síðasta degi þingsins í morgun og félagsmálanefndarfundur var kallaður saman í matartímanum, þá var boðskapurinn sá að það skyldi ekki leyfð nein athugun á þessu máli heldur skyldi málið knúið í gegn með meiri eða minni hluta. Síðan náðist samkomulag og ég get viðurkennt að formaður nefndarinnar reyndi eftir bestu getu að verða við óskum þó hún hefði fyrirmæli um annað. Hv. 9. þm. Reykn. sýndi þarna tillitssemi sem er í sjálfu sér sjálfsagður hlutur en markaði þó vissa stöðu í þessu máli sem gerir það að verkum að það er þó alla vega komið hér til afgreiðslu í hv. deild á síðustu mínútum þessa þings.

Niðurstaðan varð sú að samkvæmt kröfum frá undirrituðum voru fengnir til viðræðu við nefndina nokkrir þeir meginaðilar sem fjalla um þessi mál, bæði frá Húsnæðisstofnun, frá hinni þingkjörnu stjórn og eins frá aðilum vinnumarkaðarins. Og mér finnst eiginlega nauðsynlegt, þó ég ætli ekki að tala hér langt mál, að láta það koma fram að andstaðan við þessar breytingar er sterk í verkalýðshreyfingunni og hjá aðilum vinnumarkaðarins. Lýsingarnar sem fulltrúar þeirra gáfu nefndinni í morgun voru heldur ófagrar. (Gripið fram í.) Fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands lýstu því yfir að það hefði ekkert mark verið tekið á þeirra tillögum að því er varðar 1986-kerfið. Þrátt fyrir það að þeir hefðu lagt fram ítarlegar greinargerðir og tillögur um það mál þá hefði ekki verið hlustað á það. Sama sögðu raunar fulltrúar húsnæðismálastjórnar, og það kom fram að ekki er meiri hluti í stjórn Húsnæðisstofnunar, sem er þingkjörin, fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Það verður að segjast eins og er að þegar maður lítur á alvöru þessa máls í rólegheitum þá sætir furðu að það skuli koma í ljós nú á 75 ára afmæli Alþfl. að við skuli blasa sú staðreynd að flokkurinn, og þar á ég við ráðherra flokksins, hafi ekki minnstu tiltrú á aðilum vinnumarkaðarins. Það er ekkert samband við þá haft og ekkert tillit tekið til þeirra þrátt fyrir þá einföldu staðreynd að ef hætt væri að láta það fjármagn sem húsnæðiskerfið lifir á streyma í þessum farvegi, þ.e. að aðilar vinnumarkaðarins hættu að láta þetta fjármagn af hendi inn í húsnæðiskerfið, þá væri húsnæðiskerfið dautt. Svo einfalt er málið. Það kom fram hjá þessum aðilum að það er engin trygging fyrir því, núna þegar húsnæðiskerfið frá 1986 verður lagt niður, að lífeyrissjóðirnir í landinu láti sjálfkrafa fjármagn inn í þetta kerfi. Þetta fannst mér alvarleg staðreynd og gerir það að verkum að mér þótti eðlilegt að minnast á þetta hér til þess að vekja athygli hv. alþm. á því að þetta kerfi er í stórri hættu, húsnæðiskerfið í heild, miðað við þessa stöðu sem nú er til athugunar hjá aðilum vinnumarkaðarins þar sem gengið er gegn því kerfi sem þeir sömdu um við ríkisstjórn 1986 um að yrði samkomulagsatriði sem Alþingi hefur ekki tekið hreina afstöðu til fyrr en nú. Ég vara við þessu og veit að þetta getur haft alvarlegar afleiðingar þegar fram líða stundir.

Virðulegi forseti. Það mætti halda langa ræðu um þetta atriði eitt og sér og þá furðulegu staðreynd að núv. ríkisstjórn og núv. hæstv. félmrh. neita að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins og gera ítrekaðar tillögur hér inni á hv. Alþingi til að þurrka út bein áhrif aðila vinnumarkaðarins á stjórn húsnæðismála í landinu. Sem betur fer hefur efri deild stöðvað frv. um stjórnkerfisbreytingu á Húsnæðisstofnun sem átti að knýja fram hér sem forgangsmál og bar það með sér að aðilar vinnumarkaðarins áttu ekki að fá aðild að húsnæðismálastjórn. Ég verð að segja að það er furðulegt að standa frammi fyrir því nú, eins og saga húsnæðismála hér á landi er, að það skuli vera beinlínis lagt til orustu við aðila vinnumarkaðarins sem ráða yfir öllu því fjármagni sem þetta kerfi, hvort sem það er byggt á gömlu eða nýju, byggir alla afkomu sína á. Ég skil satt að segja ekki að þeir aðilar, sem kenna sig við al-

þýðu þessa lands og hafa tekið þátt í því í áratugi að skapa grundvöll fyrir verkamannabústaðakerfið og félagslega íbúðakerfið, skuli ekki átta sig á því að þarna er grunnurinn sem þetta kerfi verður að byggja á. Ég hef sagt það oftar en einu sinni að lagabreyting í húsnæðiskerfinu, hvort sem hún er eins og hér er lagt til eða öðruvísi, nær ekki árangri hér á landi nema því aðeins að það sé gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Svo einfalt er fjárhagskerfi okkar að við höfum ekki annað að sækja nema því aðeins að menn vilji taka upp nýja siði og láta húsnæðismálin og þar með almenning í landinu fara yfir á almennan fjármagnsmarkað svo burðugur sem hann er hér á landi. Og það er alveg ljóst að það kerfi sem á að leysa kerfið frá 1986 af hólmi getur ekki komið að notum nema því aðeins að fara inn á þennan fjármagnsmarkað og þola þau afföll sem af slíkum bréfum eru. Ég þarf ekki að lýsa því hér fyrir þingheimi, það hefur komið oft fram hjá okkur áður í umræðunum, að þetta húsbréfakerfi er byggt upp allt öðruvísi en í öðrum löndum og þar af leiðandi algjörlega kastað í fangið á verðbréfamarkaði og peningamarkaðnum eins og hann getur verið í versta gervi. Við þetta á almenningur í landinu að búa nú á næstu tímum ef ekki verður gripið í taumana von bráðar.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður öllu lengur enda er það tilgangslaust. Það er búið að búa svo um hnútana að sjálfsagt verður engu hægt hér um að þoka. Ég hef leyft mér á þskj. 1085 að bera fram brtt. við frv. þar sem lagt er til að ákvæði til bráðabirgða I orðist þannig að þrátt fyrir ákvæði 1.–3. gr. og 5.–13. gr. laga þessara skuli ákvæði eldri laga um Byggingarsjóð ríkisins halda gildi sínu fram til 1. mars 1994.

Tilgangurinn með þessari tillögu er fyrst og fremst sá að það gefist ráðrúm, viðtakandi ríkisstjórn skulum við segja, til að vinna upp húsnæðiskerfið í heild, auðvitað í samráði við aðila vinnumarkaðarins og finna möguleika til þess að almenningur í landinu verði ekki ofurseldur braski í sambandi við þessi mál, þ.e. að húsnæðismálin séu leyst með sérstökum tegundum af húsbréfum sem eiga enga forsögu annars staðar í heiminum og eru algjörlega háð afföllum og stöðu markaðarins hér á landi eins og hann er nú sterkur eða hitt þó heldur. Ég vil ekki horfa upp á það að almenningur í landinu eigi ekki annarra kosta völ en að fara inn í slíkt kerfi. Ég treysti því að hv. alþm. átti sig á hvað hér er um að ræða. Það hefur komið í ljós í viðtölum við aðila vinnumarkaðarins og nærri því undantekningarlítið alla þá aðila sem hafa sent inn umsagnir í hv. efri deild og komið hafa á fund félmn. efri deildar og nú neðri deildar í dag, að það eru allir uggandi um þessa niðurstöðu sem hér er að verða, að leggja þetta kerfi niður og búa við það öryggisleysi sem liggur fyrir eftir a.m.k. 10–15 breytingar á húsnæðislöggjöfinni sem hafa verið hér í gangi á undanförnum tveimur til þremur árum sem öll hafa ruglað kerfið sitt á hvað þannig að starfsfólk og stjórnendur stofnunarinnar vita ekki sitt rjúkandi ráð í dag, hvernig raunveruleikinn er í þessum málum.

Þetta er alvarlegt mál, herra forseti, og ég vænti þess að við atkvæðagreiðslu hér á eftir átti menn sig á alvöru þess. Og hvernig sem hún fer þá er alveg ljóst að það verður ekki liðinn nema stuttur tími frá því að ný ríkisstjórn tekur við, hver sem hún verður, hún verður að byrja á því enn á ný að stokka þessi mál öll upp að nýju ef ekki á illa að fara fyrir almenningi í þessu landi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 20:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, AðB, ÁHE, GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÁrnG.

nei: AS, HJ.

ÓE, ÓÞÞ, PJ, RH, ÞP, AÓB, EH, FÞ, FrS, GHH, GGuðbj, HG, IBA, KrP, KE, MÁM greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (MálmS, SP, GGÞ, MB) fjarstaddir.

2.–13. gr. samþ. með 18:7 atkv.

Brtt. 1087 felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KrP, MÁM, ÓE, PJ, RH, ÞP, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA.

nei: JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StH, SJS, AðB, ÁHE, GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JK, JónS, ÁrnG.

KE, MálmS, SV, GGuðbj, AS, AÓB, HG greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (MB, SP, GGÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það hefur nú eitthvað verið hert í skrúfunum á handjárnunum á stjórnarliðinu eftir því sem liðið hefur á kvöldið og daginn. Maður er nú vanur því að fá samþykktar góðar brtt. hér upp á síðkastið en eitthvað virðist það ætla að ganga illa í þetta sinn, heyrist mér, miðað við undirtektir það sem af er.

Rétt til skýringar þá er tillagan um það að brott falli sú hugmynd að veita ríkisstjórninni heimild til þess að ákveða það að þegar íbúð gengur kaupum og sölum skuli vextirnir af láni því sem Byggingarsjóður ríkisins hefur veitt til viðkomandi íbúðar breytast eða hækka. Þetta er auðvitað alveg fráleit tillaga og margfalt betri leiðir til í þessu efni heldur en þessi, að mismuna fólki eftir því hvort það hafi nýkeypt íbúðina sína eða ekki. Ég segi já.

14.–15. gr. samþ. með 19:7 atkv.

Brtt. 1085 felld með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, SV, AS, EH, FÞ, GuðnÁ.

nei: JóhS, JBH, JónS, JSS, ÓÞG, PP, RG, SighB, StH, SJS, AðB, ÁHE, GeirG, GB, GHelg, ÁrnG.

HG, IBA, JK, KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, RH, ÞP, GGuðbj, AÓB, FrS, GHH greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (MB, SP, GGÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að ekkert samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir þrátt fyrir að fjármagn til húsnæðiskaupa kemur að mestum hluta frá lífeyrissjóðum launþega og atvinnurekenda.

Einnig hefur komið fram að þingkjörin húsnæðismálastjórn hefur takmarkað komið að þessu frv. Ég tel augljóst að húsnæðiskerfið í heild hefur verið stórskaðað á þessu kjörtímabili með sífelldum breytingum á hverju þingi allt kjörtímabilið. Því er nauðsyn að stöðva þessar breytingar og gefa sér tíma til að hefja gagngera endurskoðun á húsnæðiskerfinu. Ég segi já.

Ákv. til brb. I og II samþ. með 19:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting á raunvöxtum). — Þskj. 727, n. 1089.

Frsm. meiri hl. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1089 frá meiri hl. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Sigurð E. Guðmundsson, Þráin Valdimarsson og Yngva Örn Kristinsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félmrh., Ásmund Hilmarsson og Gylfa Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá efri deild."

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson og Alexander Stefánsson.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa stuðningi við þetta frv. Þó svo að við hv. þm. Eggert Haukdal höfum ekki skrifað á nál. og ekki skilað sérstöku nál. tel ég rétt og eðlilegt miðað við núverandi aðstæður að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 450. mál (skattlagning fyrirtækja, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 1084, n. 1099.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1099 er nál. um 450. mál, sem er frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og þetta er álit fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1084.

Friðrik Sophusson hefur gert fyrirvara um 2. gr. frumvarpsins, Matthías Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nál. rita Ólafur Þ. Þórðarson, Friðrik Sophusson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ragnar Arnalds og Páll Pétursson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 998, n. 1098.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1098 er nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir. Þetta er álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 998. Minni hl. nefndarinnar skilar ekki áliti en vísar til brtt. minni hl. í Ed. á þskj. 932.

Undir þetta rita Ólafur Þ. Þórðarson, Ragnar Arnalds, Guðný Guðbjörnsdóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Páll Pétursson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 3. umr.

Frv. MB o.fl., 375. mál (bústofnslán o.fl.). — Þskj. 662, frhn. 1102.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta framhaldsnefndarálit er á þskj. 1102 og er frá fjh.- og viðskn. og er svohljóðandi:

„Eftir afgreiðslu frv. við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að fjalla um frv. Á fund nefndarinnar komu Jóhann Antonsson og Sigurgeir Jónsson sem sitja í stjórnarnefnd ábyrgðadeildar fiskeldislána.

Nefndin telur að æskilegt hefði verið að frv. fengi þinglega meðferð. Hins vegar er ljóst að vegna þess hversu stutt er til þingloka má gera ráð fyrir að frv. dagi uppi. Nefndin vill því með þessu áliti gera grein fyrir framkomnum hugmyndum um lausn þess máls sem frv. fjallar um. Vill nefndin í þessu sambandi vísa til samþykktar stjórnarnefndar ábyrgðadeildar fiskeldislána frá 18. mars og yfirlýsingar bankastjórnar Landsbanka Íslands í dag. Hvort tveggja er birt sem fylgiskjal með áliti þessu. Nefndin væntir þess að á grundvelli yfirlýsingar Landsbanka Íslands megi finna viðunandi lausn í málefnum fiskeldisfyrirtækja. Það er von nefndarinnar að í kjölfar yfirlýsingar Landsbankans fylgi aðgerðir er tryggi rekstur lífvænlegra fiskeldisfyrirtækja enda mikilvægt að einhver fiskeldisfyrirtæki lifi af þessa erfiðu tíma til þess að halda við verkkunnáttu í fiskeldi.

Matthías Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta rita Ólafur Þ. Þórðarson, Friðrik Sophusson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ragnar Arnalds og Páll Pétursson.

Á nál. er birt sem fskj. I samþykkt stjórnarnefndar ábyrgðadeildar fiskeldislána frá 18. mars 1991. Og sem fskj. II munnleg yfirlýsing bankastjórnar Landsbanka Íslands, 19. mars. 1991, en þar segir, með leyfi forseta:

„Landsbankanum hefur ekki gefist kostur á ítarlegri athugun á samþykkt stjórnarnefndar ábyrgðadeildar fiskeldislána, en virðist lítill slægur í tillögunum. Bankinn er þó af sinni hálfu reiðubúinn til frekari viðræðna um málið ef leiða kynni til bitastæðra lausna."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 451. mál (hámark frádráttar, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 1081, n. 1100.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1100 er að finna álit frá meiri hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli en nefndin hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. hennar til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1081.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. einnar umr.

Stjfrv., 174. mál (heildarlög). — Þskj. 1106 (sbr. 1103), brtt. 1109.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um breytingar þær sem hv. efri deild gerði á frv. til laga um grunnskóla. Það voru allmargar breytingar gerðar, í 12 liðum, og fór nefndin yfir þessar breytingar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með einni breytingu en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Þrjú atriði komu til umræðu í nefndinni. Í fyrsta lagi var það brtt. frá Geir H. Haarde um að 27. gr. 4. málsgr. orðist eins og segir í tillögunni: „Skólanefnd ákveður nafn skóla að höfðu samráði við menntmrn." Nefndin fellst á þessa tillögu og gerir hana að sinni og afhendi ég forseta hana til meðferðar.

Það var nokkuð mikið rætt um það sem breyttist í efri deild og varðar 7. lið, sem er breyting við 45. gr. Sá liður hljóðar svo: „Komið skal á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla, þar sem þörf er á, þar sem nemendur geta dvalist utan kennslustunda. Til að standa straum af viðbótarkostnaði er heimilt að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra." Einn nefndarmanna, Ólafur Þ. Þórðarson, taldi að með þessu ákvæði væri verið að leggja gjöld á nemendur sem ekki stæðust stjórnarskrá og alþjóðlega sáttmála. Meiri hl. nefndarinnar féllst ekki á þetta sjónarmið og taldi rétt að láta þetta ákvæði standa óbreytt. Ólafur Þ. Þórðarson flytur tillögu um að þetta atriði falli niður.

Ég vil taka það fram hvað mig sjálfan varðar að ég lít svo á að þarna sé ekki um að ræða skólagjald á einn eða annan hátt vegna þess að þegar nemandi er í því skólaathvarfi sem hér er nefnt þá er hann ekki lengur í skólanum, skólatíma er lokið og þarna er fyrst og fremst verið að greiða fyrir því að um einhverja gæslu geti verið að ræða þar sem þess er sérstaklega þörf. Með það í huga tel ég að þetta ákvæði brjóti í sjálfu sér ekki í bága við það sjónarmið að ekki skuli leggja gjöld á nemendur.

Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég sagði hér áðan að nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með

einni breytingu, þ.e. með tillögu Geirs H. Haarde.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér erum við að fjalla um grunnskólalög, þ.e. skyldu yngstu þegna þjóðfélagsins til þess að hlýða lögum þessa lands, undir þeim aga að foreldrum er ætlað að sjá til þess að þau virði lögin. Þá er ekki óeðlilegt að það sé metið hvort hægt sé að líta svo á að ákveðinn hluti af þeirra viðveru í skólanum teljist ekki til skólastarfsins. Ef börnin eru að hlaupa úti á gæsluvelli þá eru þau ekki í námi. Engu að síður hefur engum óvitlausum manni dottið annað í hug en þau væru í skólanum. Ég hygg þess vegna að það sé ákaflega hæpin túlkun að hægt sé að segja sem svo: Nú skírum við bara ákveðinn viðverutíma barnanna öðru nafni. Við skírum það upp á nýtt. Við köllum það athvarf. Þ.e. krakkarnir fá að fara inn í kennslustofu, vera þar og fara yfir sitt heimanám. Nú er það svo að það er mjög til bóta að þetta sé gert. En því eins er það ásættanlegt að það gerist ekki að foreldrar sem minnst fjárráð hafa taki ákvörðun um það að þeirra börn mæti ekki til þessarar starfsemi. Ef slík ákvörðun er tekin má gera ráð fyrir að bilið á milli barnanna í námi muni vaxa en ekki minnka.

Mér er ljóst að sumir telja að með því að skíra þetta skólaathvarf sé hægt að komast þannig að þessu máli að hægt sé að segja að þetta sé ekki tengt skólanum. Nafnið sjálft, skólaathvarf, bendir til þess að þetta sé nátengt skólanum svo ekki sé meira sagt. Þetta sé starfsemi í skólanum. Það er dálítið merkilegt að hæstv. menntmrh., sem hefur orðið að sætta sig við það að fallið hefur dómur sem úrskurðar að óheimilt sé að leggja á gjöld til að borga fyrir bækur, telji nú að það sé ásættanlegur hlutur að það sé gengið þannig frá málum að hægt sé að leggja á gjald fyrir að gæta barnanna í skólanum vissan tíma.

Menn geta svo rétt gert það upp við sig hvernig þetta kemur út í heimakstri skóla þar sem kannski yrði tekin ákvörðun um að af 20 börnum ættu 18 að vera í athvarfinu en tvö ættu að fara heim. Ég er ekki búinn að sjá að það væri auðvelt að skipuleggja slíkt skólastarf.

Hvað segir þá gamla íslenska stjórnarskráin um þetta atriði? Hvað segir hún um þetta, þessi gamla úrelta stjórnarskrá sem menn eru að tala um? Í 70. gr. stendur svo, með leyfi forseta: „Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja", stendur hér. Og í 71. gr.: „Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé." Segjum nú svo að Jón Jónsson lýsi því yfir við skólastjóra að hann hafi ekki efni á að borga þetta skólaathvarf en hann vilji að barnið sé í skólaathvarfinu. Á það þá að fara fyrir dómstóla hvort maðurinn sé að ljúga því til að hann hafi ekki efni á þessu eða hvernig er hugsunin að framkvæma þetta? Á skólastjórinn að fara heim og skoða það hjá viðkomandi manni hvort hann meti það svo að rétt sé frá sagt eða ekki? Hver á að úrskurða? Og hvað á að gera við barnið á meðan þessi deila stendur? Ég sé að ráðherrar stynja. Það er erfitt stundum að þurfa að hugsa. Mikið lifandis skelfing getur það verið erfitt.

Ég verð að segja það eins og er að mér finnst það móðgun við mannréttindi á því herrans ári sem við lifum á ef við göngum þannig frá þessum málum nú að við tökum ákvörðun um að setja í lög Íslands um grunnskóla að það sé heimilt að taka upp námsgjald í reynd, ekkert annað en námsgjald. Ég vil vekja athygli á því að í 74. gr. í frv. til laga að nýrri stjórnarskrá, sem Gunnar Thoroddsen, fyrrv. forsrh., lagði fyrir Alþingi Íslendinga, stendur: „Allir skulu eiga rétt til að njóta menntunar og fræðslu eftir því sem nánar er á kveðið í lögum." Þetta atriði er mjög rúmt sé það grannt skoðað.

Ég verð að segja það að miðað við ýmsar ráðstefnur um réttindi barna sem hafa verið haldnar og áhuga hæstv. forseta sameinaðs þings á umboðsmanni barna um réttindi þeirra þá finnst mér það koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum að mönnum detti í hug á lokamínútum þessa þings að fara að leggja skatt á barnafjölskyldur í landinu. Og að það skuli vera menntmn. Alþingis sem tekur ákvörðun um það. Yfirleitt hefur nú verið talið rétt að fjh.- og viðskn. sæi um að fara yfir skattamálin.

Ég hef leyft mér, herra forseti, að flytja brtt. við 46. gr. um að síðari málsl. seinustu málsgr. falli brott. Það sem lagt er til að falli brott er eftirfarandi: „Til að standa straum af viðbótarkostnaði er heimilt að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra." Þarna er líka tekin ákvörðun um það að framselja skattlagningarvaldið. Það hafa fallið hæstaréttardómar á Íslandi sem staðfesta að það er óheimilt.

Mér er ljóst að það líður mjög á dag og lítill tími eftir, en svona vopnaburð, að annaðhvort skuli menn kyngja því að grunnskólalögin innihaldi þessi ákvæði eða engin grunnskólalög verða samþykkt, er gjörsamlega ólíðandi að búa við. Það gerist að sjálfsögðu að annaðhvort samþykkja menn þetta og þetta fer til efri deildar eða að menn fella og hafa orðið sér alvarlega til skammar á Alþingi Íslendinga.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil láta þess getið vegna þess að hv. menntmn. hefur verið svo vinsamleg að taka upp á sína arma þá tillögu sem ég flutti hér á þskj. 1109 að sú tillaga er dregin til baka af minni hálfu og vænti ég þess að nefndartillagan, sem er reyndar óbreytt sú tillaga sem ég flutti, verði samþykkt. Ég sameinast þannig nefndinni um að flytja hana á því þskj. sem nefndin flytur. Hins vegar er ég með aðra brtt., sem hefur ekki verið útbýtt og vænti ég þess að dokað verði í örfáar mínútur þar til þeirri tillögu hefur verið útbýtt.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú stendur svo á að aðeins er eftir að afgreiða eitt mál á 77. fundi. Hér eru þegar fram komnar við 3.

umr. tvær brtt. og þarf því að fara fram atkvæðagreiðsla hér, og von er á þeirri þriðju sem ekki er enn þá fram komin. En á meðan við dokum eftir henni og áður en við leitum afbrigða svo að þessar tillögur megi koma á dagskrá tekur til máls hv. 2. þm. Reykv.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Fyrir skömmu síðan stóð ég hér í þessum ræðustól og gagnrýndi það að ýmis efnisatriði vantaði í þetta frv. sem við fjöllum hér um. Áður hafði það verið gagnrýnt að á skorti að gert hefði verið samkomulag við þá sem eiga að borga brúsann eða meginhlutann um það hvernig skipta ætti framkvæmdum í áfanga þannig að við sæjum nú þegar fyrir endann á því hvernig þetta mætti allt saman gerast. Við lýstum því yfir í Sjálfstfl. og þeir sem töluðu fyrir hönd Sjálfstfl. að mörg atriði væru í þessu frv. sem horfðu mjög til bóta enda væru þau í fullu samræmi við það sem við höfðum oft áður haldið fram hér á þingi og sett fram í frv. okkar og till. Hins vegar væru önnur ákvæði í þessu frv. sem beinlínis hefðu í för með sér afturför frá núgildandi lögum eða þá að þau reyrðu hugsanlegt frumkvæði í skólunum um of í fjötra eða heftu frumkvæði. Með öðrum orðum að sum ákvæði í frv. gætu orðið til þess að hefta skólaþróun þegar önnur ákvæði miðuðu að því að greiða fyrir henni. Þess vegna var það að við töldum frv. í raun og veru alls ekki fullunnið þegar því var hespað út úr neðrideildarnefndinni á sínum tíma. Þá vannst ekki tími til fyrir 2. umr. málsins að vinna þær miklu og margbrotnu brtt. sem við töldum að þyrfti að gera á frv. og því lögðum við til að málinu væri vísað til ríkisstjórnar í trausti þess að unnið væri betur úr þessum efnivið. En nú hefur það gerst að fjöldi brtt. sem sjálfstæðismenn hafa flutt á fyrri þingum og sem sjálfstæðismenn hafa viljað fá fram á þetta frv., hafa verið fluttar ýmist í nafni hæstv. menntmrh., eða þá í nafni menntmn. efri deildar. Allar þessar brtt. er mér óhætt að segja að eigi uppruna sinn í Sjálfstfl. og við getum auðvitað ekki annað en verið mjög ánægð með það að á það skuli vera fallist. Ég vil hlaupa í mjög stuttu máli á þessum tillögum, eins og sagt er stundum, því að mér þykir ekki ólíklegt að einhverjar spurningar vakni í hugum hv. þm. þegar svo gagngerar breytingar hafa orðið á frv. frá því sem var nú fyrir nokkrum dögum þegar engu mátti breyta. En nú hefur þetta sem betur fer stórbatnað.

Í fyrsta lagi var það samþykkt í efri deild að fellt yrði niður orðið „heildstæður" í 3. gr. frv. Það var vegna þess að við í Sjálfstfl. töldum afturför fólgna í því ef banna ætti það í raun og veru að skólar gætu starfað fyrir eitthvert tiltekið aldursskeið, við skulum segja sérstakan hverfisbundinn skóla fyrir litlu börnin eða þá skóla sem starfaði aðeins fyrir börn 12–14 ára eða hvað annað sem henta kynni í viðkomandi skólahverfi. Okkur þótti ástæðulaust að slá því föstu að slíkt væri óæskilegt. Það getur í mörgum tilvikum verið mjög æskilegt þó að oftast nær verði það svo að allir árgangar verði í sömu stofnuninni. Þess vegna var þetta fellt út.

Síðan var gerð breyting á skipan grunnskólaráðs samkvæmt frv. Þar var hlutur foreldra aukinn og í grunnskólaráð var bætt fulltrúa framhaldsskólastigsins en það vantaði í hugmyndirnar í upphaflega frv. og loks að einn fulltrúi væri óbundinn og skipaður af ráðherra, sem er ekki óeðlilegt í svo fjölmennu ráði. Breytt var nafninu á skólaráði í 13. gr. frv. og það kallað samstarfsráð vegna þess að orðið „skólaráð" kemur samkvæmt nýjum brtt. í annarri merkingu.

Við 16. gr. er í raun og veru aukinn möguleiki fræðslustjóra til að gera ráðstafanir beint án þess að þar sé sérstaklega tekið fram að hann þurfi samþykki menntmrn., enda var slíkt eins og það var hálfgerð endurtekning þar sem fræðslustjóri er embættismaður menntmrn.

Við 17. gr. var gerð sú breyting sem ég fagna sem Reykvíkingur. Sú skipan sem orðið hefði ef frumvarpsgreinin hefði verið samþykkt óbreytt hefði gert skipan skólamála í Reykjavík enn flóknari og það hefði þurft að skipta Reykjavík upp í mörg skólahverfi. En samkvæmt frv. er heimilt að sveitarfélag sem reki tvo eða fleiri grunnskóla sé eitt skólahverfi. Síðan eru felldar niður takmarkanir sem miðast við íbúafjölda.

Á eftir 19. gr. kemur ný grein sem er um títtnefnd skólaráð sem ég talaði um áðan, að það orð væri notað í nýrri merkingu. En þessi brtt. er orðrétt upp úr frv. sem Salome Þorkelsdóttir hefur flutt þing eftir þing og á rætur að rekja til hugmynda sem fram komu í fjölskyldumálanefnd forsrh. í tíð Þorsteins Pálssonar, en menn muna e.t.v. að hv. þm. Þorsteinn Pálsson skipaði í forsætisráðherratíð sinni sérstaka nefnd til að gera tillögur um bætta aðstöðu barnafjölskyldna. Það var eðlilegt að tillögur þeirrar nefndar hlytu mjög að lúta að ýmsu í skólastarfi og í samstarfi skóla og heimila. Enn fremur var þessi hugmynd líka í samstarfsnefnd heimila og skóla sem skipuð var af menntmrh. árið 1983, en einmitt hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, sem flutti þetta frv., var formaður þeirrar nefndar.

Svo ég fjalli ekki nánar með almennum orðum um fleiri atriði sem vissulega væri vert þá vil ég halda áfram að víkja að brtt. Við höfðum í Sjálfstfl. lagt til í frv. sem við fluttum tvö ár í röð, um breytingu á grunnskólalögum, að vikulegur kennslustundafjöldi væri aukinn sem næst því nákvæmlega í það sama magn sem er greint frá í umsögn Kennarasambands Íslands eins og hún barst til menntmn. neðri deildar. Þar eru tillögur sem við teljum að séu mjög til bóta um kennslumagnið í bekkjum grunnskólans. Við höfðum hugsað okkur að leggja eindregið til að þessar tillögur yrðu teknar upp í menntmn. efri deildar. Það fékkst þó ekki en á það var fallist að breyta kennslumagninu sem gert er ráð fyrir í 45. gr. frv. á þann veg að það verði a.m.k. eins mikið og það er nú. Það er því alrangt, sem stundum hefur verið haldið fram, að í þessu frv. felist það að vikulegur skólatími barna sé aukinn. Það á einungis við um yngri árgangana. Það þveröfuga hefði gerst með fjóra efri bekkina, þeirra vikulegi kennslustundafjöldi hefði minnkað. Og það skýtur auðvitað skökku við þegar við erum t.d. hér á Alþingi sí og æ að fella þá skyldu á skólana að þeir skuli halda

uppi fræðslu um eitt og annað nauðsynlegt í þjóðfélaginu ef skólunum er svo ekki séð fyrir kennslustundum til þess. Þess vegna var það algjörlega fráleitt að minnka kennslumagnið hjá börnum tíu ára og upp úr, enda var það minnkað frá því sem er í gildandi lögum þannig að að því leyti voru gildandi lög, þau sem er verið að breyta með þessum frv., langtum fremri. Auk þess er í þeim lögum heimild til þess að bæta við, lengja kennslutímann sérstaklega fyrir yngri börnin, en það atriði breytist í þessu við það að lágmarkskennslustundafjöldinn er aukinn hjá þeim. Það er þó fagnaðarefni að þessu er breytt frá því sem það var í frv. í upphafi.

Það eru örfá atriði enn, og ég fer nú mjög að stytta mál mitt, en það er óhjákvæmilegt að víkja að því máli sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gerði hér að umtalsefni. Þar erum við líka að tala um eitt þeirra mála sem eiga rót sína að rekja til margnefndrar fjölskyldumálanefndar Þorsteins Pálssonar, eins og við kölluðum það í Sjálfstfl., en það er nefndin sem starfaði á vegum forsrn. í forsætisráðherratíð hans og gerði margar skynsamlegar tillögur um þessi málefni. En þetta er hugmyndin um skólaathvörf, sem við köllum svo, og eru í sjálfu sér ekki flóknara mál heldur en það að það er heimild til að nýta húsnæði skólans utan kennslutíma fyrir börnin, til einhverrar starfsemi sem börnunum er leiðbeint með eða þá að þau hafa aðstöðu til að vera þar og vinna að heimanámi sínu fyrir næsta dag. Það er alveg ljóst að þetta hefur nokkurn kostnað í för með sér, aðallega í mannahaldi. Við erum þeirrar skoðunar að það sé ekki skynsamlegt að skella inn í lögin slíkum breytingum án þess að hugsa eitthvað fyrir kostnaðinum og þess vegna lögðum við til, og það tók menntmn. efri deildar upp, að það væri heimilt að setja upp nokkurt gjald fyrir þessa þjónustu enda veit ég að það er fjöldi foreldra sem er mjög þakklátur fyrir að eiga kost á slíkri þjónustu þó að greitt sé fyrir, rétt eins og greitt er fyrir leikskólavist, dagheimilisvist og ýmiss konar ráðstafanir sem gerðar eru til öryggis og aðstoðar við uppeldi barna. Ég hygg að flest heimili sem hafa börn á sínu framfæri séu afar þakklát fyrir slíkt fyrirkomulag og það sé reyndar nauðsynlegt í nútímaþjóðfélagi þar sem báðir foreldrar vinna utan heimilis, oftast nær fullan vinnudag.

Við 50. gr. var fellt niður það fortakslausa ákvæði sem þýddi í raun og veru að engin námsgögn væru heimil í skólanum nema Námsgagnastofnun hefði látið þau í té. Við getum séð fyrir okkur mörg dæmi, sem við kannski vitum um, að velunnarar skóla hafa fært skólanum að gjöf kennslugögn fyrir fjölda nemenda, og það ætti frekar að vera hvati til slíks heldur en nokkuð sem hamlar þessu. Ég hugsa nú að kannski hafi það ekki verið ætlunin með þessu orðalagi, en það mátti vissulega skilja það svo og því er þessu breytt hér með.

Við 72. gr., um einkaskólann, er felld brott síðasta málsgreinin sem hefur að geyma ákvæði um það að menntmrn. verði að samþykkja skólagjald í einkaskóla. Það segir sig sjálft að þetta getur jafngilt því að menntmrn. geti með einu handarviki í þá áttina að hafna því skólagjaldi sem einkaskólinn telur nauðsynlegt beinlínis stöðvað starfsemi hans. Einkaskólinn þarf að vísu að hafa leyfi til starfsemi sinnar þannig að tryggt sé að hann láti nauðsynlega fræðslu í té og það er tekið fram að hann eigi ekki kröfu til styrks af almannafé, en þá þykir okkur of langt gengið ef skólagjöld sem hann ákveður til þess að standa undir rekstrinum eiga líka að vera háð samþykki menntmrn. Þessi málsgrein var því felld brott í efri deild og við fögnum því.

Loks er við 74. gr. gerð breyting sem þýðir að það er heimild til að hafa mun færri börn í bekkjardeild fyrir sex ára börn heldur en hin sem eldri eru. Það sér hver það í hendi sér að börnum sem eru að koma beint úr leikskólanum, þar sem eru kannski þrjár fóstrur með 20 börn, bregður við þegar þau koma í bekk þar sem einn kennari er með 22 börn, þannig að þetta ákvæði er mjög til bóta.

Loks er það gildistakan. Henni er frestað frá því sem áður var meiningin og hún gefur svigrúm til að gera það líklegra að það sem snýr að sveitarfélögunum komi til framkvæmda í vissum áföngum og að það liggi fyrir nokkurn veginn fyrir fram hvernig það gerist.

Loks er síðasta brtt. við ákvæði til bráðabirgða. Þar eru felld brott orðin þar sem sagt er að auka eigi skólatímann þannig að hann verði 35 stundir á alla nemendur. Það atriði stenst ekki þegar litið er til breytingarinnar sem gerð var á 45. gr. og þýðir í raun og veru, eins og það var orðað, að skólatíminn megi ekki hjá neinum nemanda vera lengri en 35 stundir, en það er auðvitað fráleitt að því er varðar eldri árgangana.

Ég vil undirstrika það og ítreka að við teljum að frv. hafi stórbatnað við þessar aðgerðir og orðið mun meira í stíl við það sem við höfum sjálf verið að leggja til í Sjálfstfl. og orðið afar líkt okkar gamla frv., enda teknar fleiri greinar og ákvæði inn í það sem eru einmitt tekin upp og eru í samræmi við önnur frv. um sama efni sem við höfum flutt. Þess er líka að geta að margar breytingar og þær mikilvægustu eru í samræmi við fjölmargar umsagnir sem við höfum fengið, einkanlega það sem varðar kennslumagnið, bæði frá Kennarasambandinu og fræðslustjórum. Fleiri atriði eru inni í þessu þar sem tekið er meira mið af umsögnunum en var við fyrri meðferð í neðri deild.

Ég vil leyfa mér að taka það fram í leiðinni að ég er innilega sammála brtt. hv. þm. Geirs H. Haarde. Það var eiginlega okkar vangá að hafa ekki athugað það. Það heyrist e.t.v. á máli mínu að við unnum saman fulltrúar Sjálfstfl. í menntmn. efri og neðri deildar að brtt. Í þeirri vinnu féll niður sú málsgrein úr brtt. Geirs H. Haarde sem varðar verkefni skólanefnda. En við erum þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að skólanefndir, þar sem sveitarfélögin eiga mikinn hlut að, fái meiri tillögurétt um innra starf skóla heldur en gert er ráð fyrir í frv. Ég tel það augljóst sanngirnismál og vera í samræmi við hin nýju verkefni sveitarfélaga í þessu sambandi.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um þetta, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hug á að tefja þetta mál neitt en vil aðeins segja nokkur orð um þær brtt. sem liggja fyrir.

Við fyrri umræðu um þetta frv. í deildinni vorum við kvennalistakonur tilbúnar að styðja frv. sem skref í rétta átt þó of skammt væri gengið að okkar mati. Nokkrar þær breytingar sem nú hafa verið gerðar á frv. eru til bóta að mínu áliti. T.d. sú breyting að fækka í bekk hjá sex ára börnum og að hafa skólaathvörf utan skólatíma. Einnig að skólanefndir geti sjálfar ákveðið heiti á skóla. Þó er ein breyting sem ég furða mig verulega á en það er brtt. við 17. gr. frv. Samkvæmt þeirri brtt. er ekki einu sinni heimilt að skipta stórum sveitarfélögum upp í skólahverfi eins og t.d. tillaga Geirs H. Haarde, sem lá fyrir þessari hv. deild við fyrri umræðu, gerir ráð fyrir. Þetta tel ég verulega slæmt frá lýðræðissjónarmiði og alls ekki í þeim anda að gera stjórn skólanna aðgengilega fyrir foreldra og þá sem þekkja einstaka skóla vel. Þar sem mér skilst að Sjálfstfl. geri þetta að úrslitaatriði hef ég ekki hug á að gera brtt. og mun styðja frv. eins og það liggur nú fyrir og þær brtt. sem menntmn. gerir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1114 og 1116 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1116 felld með 18:16 atkv.

Brtt. 1109 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1114 felld með 23:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, AS, ÁHE, EH, FÞ, IBA, ÓÞÞ, ÓÞG.

nei: RA, RH, RG, SighB, StH, SJS, ÞP, FrS, GeirG, GHH, GB, GHelg, HG, HJ, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, MÁM, ÓE, PP, ÁrnG.

PJ, GGuðbj, AÓB, GuðnÁ, KrP, KE, MálmS greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (SP, AðB, GGÞ, MB) fjarstaddir.

2 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Hér er um að ræða heimild til gjaldtöku vegna sérstakrar þjónustu sem boðið er upp á að loknum skólatíma. Sjálfsagt kemur til álita í hverju tilviki hvort menn vilja nýta þessa heimild eða ekki. Það getur sjálfsagt verið álitamál. Hitt er auðvitað fjarstæða að líkja þessu við skattlagningu. Þetta á ekkert skylt við skattlagningu heldur er þetta greiðsla fyrir þjónustu. Ég tel að það liggi nokkuð í hlutarins eðli að þetta er ekki neitt merkilegra en hitt að nemendur greiði t.d. aðgangseyri að skóladansleikjum, svo ég nefni dæmi. Þetta er greiðsla fyrir þjónustu og hverjum í sjálfsvald sett hvort hann þiggur hana eða ekki. Ég segi því nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta þann misskilning að þetta fjalli um skóladansleiki eða sé eitthvað skylt þeim þó það sé það fyrsta sem kemur upp í huga hv. 4. þm. Norðurl. v. þegar hann hugleiðir þetta mál. Ég býst við að þetta mál muni fljótlega fara fyrir dómstóla, en ég segi að sjálfsögðu já.

Frv., svo breytt, samþ. með 30:1 atkv. og endursent Ed.

NEÐRI DEILD

78. fundur, þriðjudaginn 19. mars, að loknum 77. fundi.

Um þingsköp.

Mál á dagskrá.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Við höfum margir verið að bíða eftir því hér í kvöld að mál, sem áður var 11. mál á dagskrá síðasta fundar, kæmi hér á dagskrá, bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimildar, sem er frv. frá hv. þm. Páli Péturssyni. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvað veldur því að það mál var sett á dagskrá 77. fundar og ekki rætt og síðan ekki tekið á dagskrá þessa fundar, 78. fundar, þótt fyrir liggi ítarlegar brtt. við frv.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill geta þess að þetta mál hefur verið á dagskrá fjölmargra annarra funda. Þegar ljóst var að þinghaldi í hv. deild væri að ljúka voru tekin út af dagskrá öll þau mál sem ljóst var að kæmu ekki til afgreiðslu.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að vekja athygli á því að 10. mál á dagskrá síðasta fundar hefur verið tekið út af dagskrá. Þar var umræðu lokið en atkvæðagreiðsla eingöngu eftir.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill upplýsa að bæði var umræðu um þetta mál lokið og enn fremur atkvæðagreiðslu. Málið hefur því fengið fullnaðarafgreiðslu í deildinni.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 406. mál (lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 999 (sbr. 728), brtt. 1115.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef endurflutt á þskj. 1115 tillögu um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hún er við ákvæði til bráðabirgða I þar sem breytt er

dagsetningu. Í fyrri brtt. var gert ráð fyrir að ákvæði eldri laga um Byggingarsjóð ríkisins héldi gildi sínu fram til 1. mars 1994. Ég legg til í tillögunni að þessi ákvæði eldri laga haldi gildi sínu til 1. mars 1992.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1115 felld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GHH, HJ, ÓÞÞ, PJ, SV, AS, EH.

nei: GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JónS, JSS, ÓÞG, PP, RG, SighB, StH, SJS, ÁHE, ÁrnG.

FrS, HG, IBA, JK, KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, RA, ÞP, GGuðbj, AÓB greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (GGÞ, MB, RH, SP, AðB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 19:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1120).

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál (breyting á raunvöxtum). — Þskj. 727.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1121).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 450. mál (skattlagning fyrirtækja, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 1084.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1122).

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 451. mál (hámark frádráttar, hlutabréfaviðskipti o.fl.). — Þskj. 1081.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1123).

Efnahagsaðgerðir, 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (hlutafjárdeild við Byggðastofnun). — Þskj. 998.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1124).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Hv. þingdeildarmenn. Þetta verður síðasti fundur hv. þingdeildar á þessu þingi og raunar á þessu kjörtímabili einnig. Af því tilefni leyfi ég mér að þakka hv. þingdeildarmönnum öllum í senn og hverjum um sig fyrir samstarf við mig sem forseta deildarinnar, sem í öllu hefur verið mjög ánægjulegt. Ég þakka varaforsetum sérstaklega fyrir ágætt samstarf og góða liðveislu við mig og skrifurum veitta aðstoð sem er mjög mikilvæg. Skrifstofustjóra og starfsmönnum þingsins þakka ég þau ómetanlegu störf sem innt eru af hendi á þeirra vegum. Án framlags starfsliðsins væri þinghaldið ekki framkvæmanlegt. Allt þetta þakka e í lok þessa fundar, í lok þessa þings, í lok þessa kjörtímabils.

Ég óska hv. þm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og flyt þeim óskir mínar um heillaríka framtíð.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar alþingismanna þakka ég hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil þakka honum fyrir hans þátt í stjórn þingstarfa, svo og vinsamlega og réttláta fundarstjórn. Ég óska honum og fjölskyldu hans allra heilla á komandi tíð. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra, svo og öllu starfsliði Alþingis, fyrir mikil og vel unnin störf í önnum þingsins.

Það er ljóst á þessari kveðjustund að ýmis okkar sem hér erum inni nú munu ekki koma til starfa á næsta þingi. Því vil ég þakka þingdeildarmönnum öllum fyrir samstarf á liðnu kjörtímabili og vona að við hittumst sem fyrst heil þegar þing verður kallað saman á ný.

Að svo mæltu vil ég biðja hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum til að taka undir þessi orð. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. kærlega fyrir þau hlýju orð sem sögð voru í minn garð hér og endurtek þær heillaóskir sem ég hef þegar flutt þingdeildinni, þakka þingdeildarmönnum fyrir samstarfið og fyrir að hafa tekið undir þau hlýju orð sem mælt voru til mín af hv. 7. þm. Norðurl. e.

Þá er þessum fundi að ljúka og er raunar lokið. Fyrir honum liggur ekki fleira. Þakka ykkur enn á ný samstarfið. Fundinum er slitið.

SAMEINAÐ ÞING

75. fundur, miðvikudaginn 20. mars, kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Kosning í stjórnir og ráð.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vildi leyfa mér að bera fram þá ósk að þeim kosningum sem hér eru á dagskrá verði frestað þar sem fyrir liggur að þing mun koma saman mjög fljótlega að kosningum loknum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir ósk hv. 3. þm. Vesturl. Ég tel ekki óeðlilegt að kosningu verði frestað þar sem nú liggur fyrir að þing verður kallað saman skömmu eftir kosningar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú kosning sem hér átti að fara fram á þessum fundi var fyrst á dagskrá fundar þann 4. mars sl. Höfum við kvennalistakonur ítrekað óskað eftir því að kosið yrði í þessar nefndir og ráð enda rennur umboð stjórnar Landsvirkjunar og orkuráðs út 1. júlí, Viðlagatryggingar 27. maí og Kísiliðjunnar hinn 20. apríl.

Nú virðast þeir sem hér ráða ferðinni ganga út frá því að þing verði kallað saman fljótlega og segja reyndar að það liggi fyrir. Þetta þykja mér ný tíðindi. Þeir gera greinilega ráð fyrir því að það sé í þeirra valdi að ákveða það og reikna með að ekki verði aðrir en þeir sjálfir við stjórnvölinn eftir kosningar.

Aðalástæðan virtist fyrst til að byrja með vera sú að ekki næðist samstaða innan ríkisstjórnarinnar um kosningu í þessi ráð og nefndir. En getur verið að sú samstaða, sem nú virðist hafa myndast milli flokkanna fjögurra sem hér eru, gegn því að það verði kosið tengist því að Kvennalistinn átti e.t.v. möguleika á að fá fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar? Er það það karlavígi sem ekki mátti hleypa okkur inn í?

Mér þykir ekki stórmannlega að þessu máli staðið af hálfu þeirra sem ráða ferðinni. Gömlu flokkarnir fjórir standa saman um það að halda gömlu samtryggingunni áfram.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það kom mér sannarlega ekki á óvart að Sjálfstfl. væri sjálfum sér ósamkvæmur í þessu máli eins og öðrum. Það er ekki nema einn sólarhringur síðan hv. 1. þm. Reykv. stóð hér í pontu og álasaði ríkisstjórninni fyrir að velta húshitunarkostnaðarvandamálum yfir á næstu ríkisstjórn. En nú stendur hann upp og vill velta kosningum í nefndir og ráð yfir á næsta þing.

Þessu eigum við svo sem að venjast og kippum okkur ekki upp við þetta en mér finnst eðlilegast að það þing sem á að taka á húshitunarkostnaði taki líka á kjöri í nefndir og ráð.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þingflokkur Alþb. samþykkti fyrir nokkrum dögum að við yrðum tilbúin til þess að fresta kosningum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Hver er það hér inni sem getur sagt um það hvenær þing verður kallað saman að loknum kosningum?

Ef það er einhver þá langar mig til þess að heyra í honum. Ég held að það séu engar líkur, a.m.k. ekki skynsamlegar líkur fyrir því að þing verði kallað saman fyrir 1. júní ef maður tekur mið af því hvernig mál hafa þróast yfirleitt á eftir kosningum. Þessi málatilbúningur er því furðulegur og hlægilegur.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Sú yfirlýsing sem hér var gefin af þingflokksformanni Alþb. kom mér nokkuð á óvart. Ég veit ekki til þess, eða ég hef a.m.k. ekki staðið að þeirri samþykkt, að þessum kosningum væri frestað. Ég hélt ég ætti rétt á því að sinna þeim þingmannsstörfum að kjósa í þessar stjórnir. Ég er að hverfa núna af þingi og verð ekki þingmaður á næsta þingi. Það er raunverulega verið að breyta þingsköpum og réttum lögum í landinu ef það á að fresta þessum kosningum í dag.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Með réttu ættu þær tilnefningar á mönnum í stjórnir og ráð sem hér eru til umræðu að vera á verksviði framkvæmdarvaldsins en eru á verksviði þingsins. Þau hrossakaup sem nú virðast eiga sér stað ýta undir þá skoðun að þessu verði að breyta því hér er verið að leggja það til að kosningu skuli frestað fram yfir þann tíma sem umboð þeirra aðila til setu nær í þeim stjórnum sem hér er um að ræða.

Það má gera ráð fyrir nokkrum umræðum um stjórnarmyndun áður en næsta ríkisstjórn verður mynduð, þó

að hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 1. þm. Reykv. hafi gengið í nokkuð góðum takti hér áðan og í þá fylkingu hafi bæst formaður þingflokks Alþb., hv. 4. þm. Suðurl.

Ég fæ ekki betur séð en að með því tiltæki, að vilja fá þessu frestað, hafi það gerst að Sjálfstfl. hafi verið með of mikinn styrk í þessum stjórnum og ráðum sl. fjögur ár og óttist að hann verði ekki nægilega sterkur ef kosið verður nú. Ég get ekki skilið þetta á annan veg. En ég hafna því alfarið að ég hafi tekið þátt í neinu samsæri gegn Kvennalistanum í því að þær eigi eðlilegan rétt til hlutdeildar í þeim stjórnum og ráðum sem hér er um að ræða með því að kosið verði. En einkavinur þeirra, hv. 3. þm. Vesturl., hefur náttúrlega á því sína skoðun eins og svo mörgu öðru.

Mér finnst að Alþingi Íslendinga geti illa hafa haft þetta mál á dagskrá allan þennan tíma og auglýst það þar með sem stefnu forseta að þessar kosningar eigi að fara fram, en taka svo ákvörðun um það nú að fresta þeim. Mér finnst að það séu ekki drengileg vinnubrögð gagnvart þeim aðilum sem í góðri trú hafa unnið hér að því að koma málum áfram að á bak við hafi örfáir aðilar samið um þessa hluti og samið um að halda þeim leyndum. Ég er ekki viss um að þetta sé gæfuleg byrjun hjá hv. 1. þm. Reykv. á því möndli á Alþingi Íslendinga sem hann vafalaust verður mikill ráðamaður að á næsta þingi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er nú nokkur vandi á höndum. Það er ljóst að ekki verður um tilnefningar til þessara kosninga að ræða þannig að forseti hlýtur að verða við þeirri beiðni að kosningunum sé nú frestað.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu upplýsa það að Kvennalistanum er ekkert að vanbúnaði að tilnefna í þessi ráð og nefndir.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Hafi þing og þjóð nokkurn tíma verið í vafa um samtryggingu fjórflokkanna þá hefur það komið hér greinilega í ljós. Ég mótmæli úrskurði forseta.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel það með öllu óeðlilegt að verið sé að fresta þessum kosningum. Það hefur ekkert samkomulag verið um það gert mér vitanlega, sá þingflokkur sem ég skipa hefur ekki gert um það neinar samþykktir. Ég skora á hæstv. forseta að stuðla að því að þessar kosningar geti farið hér fram. Flokkarnir hljóta að geta komið því í verk að leggja fram tillögur hver fyrir sig, ef ekki vill betur.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil að fram komi að þingflokki framsóknarmanna er ekkert að vanbúnaði að gengið verði til kosninga. Að sjálfsögðu þyrfti þá að gera hlé til að menn töluðu sig saman og stilltu upp, en okkur er ekkert að vanbúnaði að ganga til kosninga í sjálfu sér.

Það má reyndar færa viss rök fyrir því að lýðræðislegt sé að nýtt þing velji í viðkomandi stjórnir og ráð. En fyrir því liggja líka nokkuð sterk rök að kjósa núna því málið hefur verið á dagskrá og kjörtímabil sumra þessara nefnda rennur út áður en nýtt þing verður kvatt saman.

Ég vil minna á það að við samþykktum í gær breytingu á stjórnarskránni sem þarf að öðlast fullnaðargildi eftir næstu kosningar. Þar af leiðir að það er sjálfsagður hlutur að kveðja saman þing í sumar.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Mér finnst það miður að þingið ljúki sínum störfum á síðasta þingi þessa kjörtímabils í óeiningu um þetta mál. Ég vil hvetja til þess að veittur verði frestur til þess að reyna að ná samkomulagi um hvort ekki er hægt að láta þessar kosningar fara fram, flokkarnir geti komið sér saman um það, því eins og ég ítreka aftur, ég tel að það væri miður ef það yrði okkar síðasta verkefni á þessu þingi sem nú er að ljúka að hverfa héðan í óeiningu og væri betur að við næðum saman um að leysa þetta mál.

Að lokum vildi ég bara geta þess, hvað varðar þingflokk Borgfl., að okkur er ekkert að vanbúnaði að tilnefna okkar fulltrúa til þessara kosninga.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti er fús til þess að gera hlé á þessum fundi þegar lokið er afgreiðslu 5. dagskrármálsins og mun þá kalla fyrir sig formenn þingflokka, en frestar þess vegna um stund 1. til og með 4. dagskrármáli.

Samningar um álver, frh. fyrri umr.

Stjtill., 448. mál. — Þskj. 841.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 57 shlj. atkv. og til atvmn. með 56 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Kosning í stjórnir og ráð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur um 1. til og með 4. dagskrármál, um kosningu í stjórnir og ráð, vill forseti segja þetta:

Haldinn hefur verið fundur með þingflokksformönnum og á þeim fundi náðist ekki samkomulag um að þessi kosning færi fram. Forseti hefur því ákveðið að verða við þeirri beiðni tveggja þingflokkanna að fresta þessum kosningum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hér fær þingheimur tilkynningu

um það að minni hluti alþingismanna taki ákvörðun um að ekki fari að venjulegum þingsköpum og ekki fari fram þær kosningar sem tilkynntar eru á dagskrá. Ég tel þetta mjög vafasama aðgerð og mótmæli henni og tel að það eigi að bera slíkan úrskurð undir þingheim. Þetta sé ekki hægt að úrskurða í forsetastóli á þann máta sem hér er verið að gera.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að þegar beiðni um þetta mál kom fram frá formanni þingflokks Alþfl. í morgun, þá kom ég hér upp og tók undir það í mínu eigin nafni. Ef nefndir eru tveir þingflokkar til sögunnar eru það því væntanlega þingflokkur Alþfl. og Alþb.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er merkilegt ef hv. þm. Friðrik Sophusson hefur verið að tala prívat og persónulega í umræðum hér fyrr í dag. Þingheimur hefur sjálfsagt haldið að hann væri að tala sem leiðtogi Sjálfstfl. hér á Alþingi, varaformaður Sjálfstfl.

Ég vil hins vegar láta það koma fram að eftir fund þingflokks Alþb. í þinghléi tilkynnti ég forsrh. og forseta Sþ. að þingflokkur Alþb. væri reiðubúinn að ganga til kosninga.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég er búinn að vera hér í 24 ár og slík uppákoma hefur aldrei verið á þessum tíma. Var ekki einhver að tala um um daginn að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði sýnt ofbeldi með því að tala í máli sem hann gerði mjög vel? En hvað er þetta annað en ofbeldi? Það er alveg furðulegt að forseti Sþ. skuli þá ekki a.m.k. leita eftir því hvort þingmenn samþykkja það að brjóta þær reglur sem hefur verið farið eftir svo lengi sem ég man eftir.

Mér kemur þetta í raun og veru ekki á óvart. Það hefur farið leynt og ljóst að Sjálfstfl. og Alþfl. eru að undirbúa viðreisn í þessu landi. Almenningur ætti að athuga hvort þeir vilja fá yfir sig slíka stjórn sem sýnir hér ofbeldi. Þó að hv. 1. þm. Reykv. segist hafa talað í sínu eigin nafni en ekki flokksins þá er hann þó alltaf varaformaður Sjálfstfl. og það endurreistur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. vill forseti taka fram að þessi kosning hefur verið á dagskrá í margar vikur. Forseti getur ekki látið þessa kosningu fara fram fyrr en þingflokkarnir eru tilbúnir að tilnefna þá sem kjósa skal. Ég vísa því þess vegna algjörlega á bug að forseti hafi staðið í vegi fyrir því að þetta mál kæmi á dagskrá.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi minna á það að á hinu háa Alþingi er afar löng hefð fyrir því að ef þingflokkur eða þingflokkar biðja um frestun á máli þá er orðið við því. Það er ekkert ofbeldi. Það er mjög löng venja í störfum þingsins.

Í öðru lagi vil ég minna á að það var haldinn fundur þingflokksformanna hjá forseta fyrir fáum mínútum. Þar talaði varaformaður þingflokks Sjálfstfl. mjög skýrum rómi og studdi frestun þessa máls. Þar talaði líka formaður þingflokks Alþb. Síðan kemur hér formaður Alþb. og segir allt annað en formaður þingflokks Alþb. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að það liggi ljóst fyrir í þessu máli hver vilji Alþb. er. Vegna þess að formaður þingflokksins segir eitt og tekur undir það sem hér er verið að óska eftir, síðan kemur formaður Alþb. og segir allt annað.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Á þeim fundi sem þingflokksformenn sátu áðan kom greinilega fram, eins og hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan, að Sjálfstfl. var þeirrar skoðunar að það ætti að fresta þessari kosningu.

Ég minni á að þessi kosning er á dagskrá í sjötta sinn í dag og ég sé ekki beinlínis rök fyrir því að fresta henni. Hv. þm. Eiður Guðnason sagði að þess væru mörg dæmi að málum og kosningum væri frestað. Nú er verið að fresta til næsta þings, ef af frestun verður, og það gegnir kannski öðru máli.

Í öðru lagi vil ég nú minna á það að Sjálfstfl. og Alþfl. eru ekki í meiri hluta hér á þingi. Ég vil bara að það komi í ljós og undirstrika það að hér höfum við orðið vitni að slíkri skrumskælingu á lýðræði að ég held að það sé fáheyrt.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég heyri að ýmsir þingbræður mínir og systkin taka stórt upp í sig nú og þykir mikið í húfi. Við skulum nú átta okkur á því hvað það er. Hér er verið að tala um kosningar í fjögur ráð og nefndir.

Í fyrsta lagi til Kísiliðjunnar til fjögurra ára, frá 20. apríl 1991. Það kom fram tillaga á fundi formanna þingflokka frá forsrh. hvort við gætum fallist á það að kosið yrði í Kísiliðjuna nú og vorum við reiðubúin til þess nema Kvennalistinn.

Jafnframt er hér talað um kosningu þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar frá 27. maí. Þetta eru þær stjórnir tvær sem mest ríður á og auðvitað sérkennilegt að ekki náist samkomulag um að kjósa í stjórn þar sem umboð fellur niður sama dag og kosið verður. Á hinn bóginn erum við að tala um stjórn Landsvirkjunar og orkuráð. Þá erum við að tala um umboð frá 1. júlí 1991.

Það er yfirlýst af forustumönnum stjórnmálaflokka og vilji á Alþingi til þess að kalla þing saman að nýju að loknum alþingiskosningum til þess að staðfesta þau lög um stjórnarskrá sem nú hafa verið samþykkt. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að það þing taki ákvörðun um hvaða menn Alþingi skipar í ráð og nefndir eftir mitt þetta ár. Þá er komið nýtt Alþingi og það er í umboði þess Alþingis sem nýtt orkuráð tekur til starfa 1. júlí og ný stjórn Landsvirkjunar fær umboð 1. júlí. Við erum þess vegna, þegar við erum að tala um að fresta þessum kosningum, einungis að fylgja eftir þeirri hefð, sem löng er á Alþingi, að láta það þing sem næst er stjórnarskiptum í viðkomandi félagi eða ráði ákvarða

hvaða menn skuli sitja þar í umboði Alþingis.

Ég verð að segja að umræður þessar allar hafa komið mér mjög á óvart. Mér þykir þetta satt að segja hálfleiðinlegur endir á þessu þinghaldi, hafði vænst þess að við gætum skilið sátt og vil ítreka það sem ég sagði á fundinum, ef það mætti verða til einhverra sátta, að að sjálfsögðu erum við sjálfstæðismenn reiðubúnir til þess að láta kjósa í þau ráð sem á liggur og eru í raun og veru á vettvangi þessa þings, en hitt orkar mjög tvímælis að þeir þingmenn sem nú eru að leita eftir endurkjöri eða bjóða sig ekki fram eigi að ráða því hvaða menn taka sæti í ráðum og stjórnum eftir mitt þetta ár, 1. júlí.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda á vegna þess að menn hafa haft hér í frammi stór orð um, ef ekki stjórnarskrárbrot, ekki man ég hvað hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði, en það var alla vega alvarleg ásökun á þingið. Ég vil benda á að það er ekkert sem skyldar þetta Alþingi til að kjósa í þrjú þessara ráða vegna þess að Alþingi á að kjósa áður en umboðið rennur út. Umboð í stjórn Landsvirkjunar rennur út 30. júní, umboð í orkuráð rennur út 1. júlí og í stjórn Viðlagatryggingar Íslands 27. maí. Þetta Alþingi hefði ekki endilega þurft að sitja allt kjörtímabilið þannig að það getur hvaða Alþingi sem er kosið í þessi ráð og nefndir verði það gert fyrir tilskilinn tíma.

Að mínu viti er eina stjórnin sem æskilegt hefði verið að kjósa í, svo öllum formsatriðum væri fullnægt, stjórn Kísiliðjunnar. Þó hin málin frestist er það ekki brot á einum eða neinum lögum eða reglum.

Þar sem þrautreynt er að ná samkomulagi um þessa kosningu vill forseti leyfa sér að verða við þeirri eindregnu beiðni um að þessum kosningum verði frestað. — Hv. þingheimur er nú að setja forseta sinn í meiri háttar vanda. Hér áttu að fara fram þinglausnir og forseta er mjög þvert um geð að halda hér áfram umræðum um þingsköp fram eftir degi. Forseta er hins vegar illa við að nýta þennan næstsíðasta fund til að taka af skarið sem forseti getur gert. Reynt hefur verið til þrautar að nota ekki forsetavald á fundum þingsins. Ég hef ekki gert það hingað til og mér þætti leitt að þurfa að gera það á þessum fundi. Ég mun því leyfa þingskapaumræðu eitthvað um sinn en ítreka það að hér er ekki verið að brjóta nein lög eða reglur.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það væri verið að innleiða alveg nýja siði í starfsháttum Alþingis ef ekki yrði kosið eins og gert hefur verið ráð fyrir með auglýstri dagskrá dag eftir dag. Það liggur ekkert fyrir um það hvenær Alþingi verður kvatt saman til funda á ný. Ég minni á ummæli hæstv. forsrh. í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi, endurtekið í morgun, þar sem hann vísaði ýmist til hugsanlegs vorþings eða haustþings. Þeir hafa ekki verið kjörnir sem taka ákvarðanir um það hvenær þing verður kvatt saman. Það geta ekki verið nein vandræði að ganga til kosninga þó að einhverjir þingflokkar vilji ekki tilnefna menn til kjörs. Þá hljóta þeir að verða kjörnir sem tillögur koma fram um.

Það sem er hér að gerast í raun er það að það er að myndast nýtt bandalag á Alþingi milli tveggja stjórnmálaflokka sem hafa verið í tilhugalífi hér undanfarnar vikur, Alþfl. og Sjálfstfl. Og Sjálfstfl. leggur svo mikið undir að hann rýfur samkomulag við hinn stjórnarandstöðuflokkinn til þess að krækja hér saman. Það er það sem er að gerast. Það eru þau pólitísku skilaboð sem ganga hér fram á þessum morgni.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Mér er ekki kunnugt um að það liggi fyrir formleg haldbær ákvörðun um að kalla saman þing á nýjan leik fyrr en lög gera ráð fyrir að hausti. Þar með liggur það þá fyrir að fulltrúar í þessar fjórar stjórnir og ráð verða ekki kosnir með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir. Nú háttar þannig til að skv. lögum ber Alþingi að kjósa fulltrúa í þessar stjórnir. Hina fyrstu frá og með 20. apríl og síðan frá og með 27. maí og frá og með 1. júlí í tveimur tilvikum. Það er ein af skyldum Alþingis skv. lögum að sjá til þess að þessar stjórnir séu mannaðar með lögmætum og eðlilegum hætti.

Nú er það sjálfsagt þannig að meiri hluti hv. Alþingis getur tekið um það ákvörðun að fresta slíkri kosningu og enginn tekur það vald af hv. Alþingi, enda liggi það þá ljóst fyrir að meiri hluti Alþingis hafi tekið þá ákvörðun með formlegum hætti, þannig að fyrir liggi að meiri hluti Alþingis hafi ákveðið að fresta kosningunni. Að öðrum kosti tel ég að þessi kosning hljóti að fara fram samkvæmt venjum. Ég óska þess vegna eftir því að það verði gert fundarhlé og það komi fram hver vilji meiri hluta Alþingis er í þessu efni.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. forseta varð það áðan að orði að ég hefði talað um að hér hefði verið framið stjórnarskrárbrot. Það vil ég bera af mér. Ég minntist ekki á það. Hins vegar finnst mér það nokkuð kynlegt þegar það virðist hafa verið vilji Alþingis um skeið að þessar kosningar færu fram. Þær eru búnar að vera öðru hverju á dagskrá síðan 4. mars og enn í dag. Ég held að allir þingflokksformennirnir hafi lýst því yfir að þeim væri ekkert að vanbúnaði að tilnefna menn í þessar nefndir og ráð og þá spyr ég: Hvað er það sem veldur því að ekki er hægt að kjósa?

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að hér komi skýrt fram að afstaða Alþb. hefur verið sú, eins og fram kom fyrir nokkrum dögum, að ef samstaða væri um það innan þingsins að fresta þessum kosningum, eins og formaður þingflokksins greindi hér frá, þá værum við tilbúin til þess. Það hefur hins vegar komið greinilega fram í þessum umræðum að það er ekki samstaða um það. Hér hafa fulltrúar flokka talað án þess að lýsa afstöðu þingflokka. Þingflokkur Alþb. kom saman til fundar í þessu fundarhléi hér áðan og

markaði þá skýru afstöðu að við værum reiðubúin og vildum að þessar kosningar færu fram nú í ljósi þess sem hér hefur gerst.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að það væri eðlilegt við þessar aðstæður, þar sem ekki hefur komið fram skýr afstaða annarra þingflokka, að greidd yrðu atkvæði um það hér í þingsalnum hvort menn vildu láta þessar kosningar fara fram eða ekki, svo það liggi ekki í loftinu að minni hluti hafi beitt meiri hluta einhverjum þrýstingi til þess að knýja fram það sem er andstætt vilja meiri hlutans. Það er skiljanlegt að forseta sé nokkur vandi á höndum. Ég skil það mjög vel. Þetta er mjög óvenjuleg staða í þingsögunni. Ég hugsa að hún hafi ekki komið upp áður. Ég vil því taka undir þá ósk að það verði gert hér stutt hlé til að menn geti borið saman bækur sínar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Málin fara að verða flóknari og flóknari. Ég sat áðan niðri með öðrum formönnum þingflokka og þar var engin athugasemd gerð við það í herbergi forseta að út frá því væri gengið að þing yrði kallað saman að loknum þessum kosningum. Þær viðræður sem hafa farið fram um að fresta þeim kosningum sem við erum hér að tala um hafa verið á þeim grundvelli að þing yrði kallað saman á þessum vordögum. Það var í krafti þess sem formaður Alþb. stóð upp hér áðan og tók undir beiðni um frestun, en hefur greinilega talað fyrir daufum eyrum hæstv. landbrh., kannski ekki í fyrsta skipti.

Það er nú svo að þessi mál skiptast í tvennt. Annars vegar erum við að tala um tvær þriggja manna stjórnir. Við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til að láta kjósa í þær og teljum raunar sjálfsagt að kosið verði í stjórn Kísiliðjunnar. Hitt finnst okkur jafnsjálfsagt að það þing sem situr þegar stjórnarmenn taka umboð í Viðlagatryggingu og Landsvirkjun, sem situr næst þeim stjórnarskiptum, taki ákvörðun um hverjir sitji í stjórninni. Ég flutti málefnaleg rök fyrir því hér áðan og á þeim grundvelli, sem ég hygg að sé alveg ljós, að þingmenn ganga út frá því og vilji stjórnmálaflokka stendur til þess að þing verði kallað saman að loknum þessum kosningum.

Hitt er svo bara það sem við sjálfstæðismenn höfum verið að horfa upp á þessa síðustu daga að það er komið svolítið fjaðrafok í stjórnarherbúðunum. Maður veit ekki alveg hvernig sá talar sem næstur tekur til máls. Eitt er samþykkt í dag og annað á morgun. Nú hittist þingflokkur Alþb. rétt áðan til að taka aðra ákvörðun en þingflokkur Alþb. hafði tekið þegar formaður hans talaði hér fyrr í dag. Þetta er það sem við höfum verið að sjá gerast. Ég hef í sjálfu sér engar athugasemdir við það að gera.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er það svo að fjölmargir þingmenn hafa beðið um orðið um þingsköp og hefur forseti satt að segja varla stjórn á því lengur hverjir og í hvaða röð menn hafa beðið um orðið. Verði því ekki mótmælt vill forseti gera hlé til klukkan hálf tólf svo að til þrautar verði reynt að finna lausn á þessu máli áður en forseti neyðist til að taka málið af dagskrá. — [Fundarhlé.]

Forseti hefur nú reynt til þrautar að ná samkomulagi um 1.–4. mál. Það hefur ekki tekist og tekur forseti nú málin af dagskrá.

SAMEINAÐ ÞING

76. fundur, miðvikudaginn 20. mars, að loknum 75. fundi.

Þinglausnir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Háttvirtir þingmenn. 113. löggjafarþing var stutt og starfsamt og senn gengur íslenska þjóðin að kjörborðunum og kýs sér nýtt þing.

Þing það sem nú er að ljúka stóð yfir frá 10. okt. til 21. des. 1990 og frá 14. jan. til 20. mars 1991, alls 139 daga. Fundir munu samtals hafa staðið í 456 klukkustundir. Þingfundir hafa verið haldnir eins og hér segir:

Í Nd.	78
Í Ed.	100
Í Sþ.	76
Alls	254

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 190. Stjórnarfrumvörp voru 107 og þingmannafrumvörp 83.

a. Lögð voru fyrir Nd.	115
b. Lögð voru fyrir Ed.	72
c. Lögð voru fyrir Sþ.	3
Alls	190

65 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 42.

7 þingmannafrumvörp urðu að lögum, eitt frumvarp til stjórnarskipunarlaga var samþykkt, fjórum vísað til ríkisstjórnarinnar en 71 þingmannafrumvarp varð óútrætt.

Af 190 frumvörpum urðu alls 72 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 96.

a. Stjórnartillögur	16
b. Þingmannatillögur	80
Alls	96

31 tillaga var samþykkt sem ályktun Alþingis, 4 var vísað til ríkisstjórnarinnar, 2 kallaðar aftur og 59 urðu óútræddar.

Skýrslur voru samtals 28

a. Beiðnir um skýrslur ráðherra	3
b. Aðrar skýrslur lagðar fram í Sþ.	25
Alls	28

Öllum beiðnum um skýrslur ráðherra var svarað með skýrslum.

Fyrirspurnir. Í Sþ. voru bornar fram 162 fyrirspurnir. Allar voru fyrirspurnir þessar afgreiddar nema 13.

a. Munnlegar fyrirspurnir	124
Svarað	111
Kallaðar aftur	2
b. Skriflegar fyrirspurnir	38
Svarað	36

Alls voru til meðferðar í þinginu 476 mál. Þar af voru 266 afgreidd og tala prentaðra þingskjala var 1130.

Þeir hv. þingmenn sem nú ljúka þingstörfum geta litið yfir annasamt kjörtímabil. Vel má vera að menn greini á um árangur þeirra starfa, en varla verður um það deilt að mörgu hefur miðað í átt til betri vegar fyrir land og lýð.

Hornsteinn lýðræðis og þjóðfrelsis hverrar þjóðar er þjóðþingið sjálft. Því ber að efla það og styrkja á allan máta svo að það sé sem best fært um að setja þjóðinni réttlát lög og skynsamleg, lög sem þjóðin er sátt við. Forsetum Alþingis hafði lengi verið það ljóst að ýmislegt í rekstri Alþingis var á annan veg en gerist í nútímaþjóðþingum. Þjóðþingum er eins farið og öðrum stofnunum að nýjum tímum fylgja nýjar kröfur um verklag og vinnubrögð. Á árinu 1989 var skrifstofu þingsins því sett starfsskipulag og starfsmannnahald og rekstur endurskoðað. Rekstrinum var skipt í tvö svið, þingsvið og fjármálasvið, og þeim settir yfirmenn sem bera skulu ábyrgð hvor á sínu sviði. Vinna við þingnefndir var skipulögð og starfsmenn ráðnir þeim til aðstoðar. Starfsemi tölvudeildar var efld og fjölmargar aðrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi, ýmist með tilfærslum í starfi eða nýráðningum. Þá var starfsaðstaða fjvn. verulega bætt.

Þegar ljóst var að frestun yrði á byggingu nýs alþingishúss var óhjákvæmilegt að auka húsakost þingsins með öðrum hætti. Húsið nr. 14 við Austurstræti er nú nær allt leigt fyrir starfsemi Alþingis. Bókasafnið var flutt í Skólabrú 2 til að rýma fyrir tölvu- og útgáfudeild. Starfar Alþingi nú í átta húsum og er óþarft að lýsa því hér hver bagi er að því. Verður vart við það unað til langframa svo að krafan um lausn á húsnæðismálum þingsins verður enn knýjandi.

Miklar endurbætur hafa farið fram á þeim húsakosti sem þingið hefur nú til umráða og ekki síst umhverfi þinghússins. Verður mönnum það enn frekar ljóst með hækkandi sól þegar unnt verður að gróðursetja í þá reiti sem til þess eru ætlaðir. Þessar framkvæmdir hafa verið undir umsjón eftirlitsmanns sem ráðinn var á árinu 1989 til að annast viðhald og framkvæmdir.

Ein er sú húseign sem Alþingi ræður yfir sem sjaldan hefur orðið umræðuefni hér á hinu háa Alþingi. Það er Hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn sem um árabil hefur verið menningarmiðstöð þeirra 5.000 Íslendinga sem borgina við sundið gista. Þar standa nú yfir miklar viðgerðir og breytingar sem ætlað er að gera húsið þannig úr garði að það standi undir nafni sem „Islands Kulturhus", eins og það heitir í símaskrá borgarinnar Hefur þess verið gætt í samráði við kunnáttumenn að upprunalegri gerð hússins sé í engu spillt. Fyrirhugað er að opna Hús Jóns Sigurðssonar að nýju nú í vor. Kunna forsetar Alþingis séra Lárusi Guðmundssyni, sóknarpresti í Kaupmannahöfn, sérstakar þakkir fyrir mikla og góða aðstoð og áhuga á þessu verki.

Eins og menn rekur minni til samþykkti Alþingi á síðasta þingi og raunar áður að skrá skyldi áhrif kristnitökunnar á þjóðlíf allt og þenkingar á Íslandi í tilefni af 1000 ára afmæli hennar árið 2000. Skipuð var ritstjórn og ritstjóri ráðinn og í upphafi þess þings sem nú er að ljúka var haldin ráðstefna um þetta verðuga verkefni. Var hún fjölsótt og áhugi augljós og er þetta verk nú þegar hafið.

Í réttindamálum starfsmanna hefur nokkurt verk verið unnið. Allir starfsmenn eiga nú kost á orlofshúsi sem Alþingi hefur fest kaup á og endurmenntunarsjóður hefur verið stofnaður og nú er unnið að því í framhaldi af tilraunum fyrri forseta að sameina alla starfsmenn Alþingis í eitt félag.

Og síðast en ekki síst. Þegar þessu þingi nú lýkur hefur verið skráður nýr kafli í sögu Alþingis. Samþykkt hefur verið að þingið starfi framvegis í einni málstofu. Trúi ég vart að nýkjörið þing muni breyta þeirri ákvörðun. Sú samstaða sem tókst um þessa breytingu sýnir ljóslega að þegar heill og heiður hins háa Alþingis er í húfi er þingheimur einhuga. Miklar vonir eru bundnar við þessa breytingu á störfum þingsins og margt hefur verið um hana sagt. En því aðeins geta þær vonir ræst að mikil vinna verði lögð í að búa þinginu réttlát þingskapalög svo að í engu verði skertur réttur minni hluta né meiri hluta og þinghald allt fari fram eins og sæmir virðingu Alþingis. Forsetar færa formönnum þingflokka og alþingismönnum öllum þakkir fyrir það mikla starf sem hér hefur verið unnið og má sérstaklega tilnefna hv. 2. þm. Reykn. Ólaf G. Einarsson sem veitti þeirri nefnd forstöðu sem undirbjó frumvarpið.

Að lokum þetta, hv. þingmenn. Umboði mínu sem forseta sameinaðs Alþingis lýkur nú senn. Ég er hreykin af því að hafa orðið fyrst kvenna til að gegna þessu embætti. Það hefur víða vakið athygli og er því mikilvægt spor í átt til jafnréttis kynjanna. Þetta hafa verið annasöm ár en ánægjuleg að mestu. Hæstv. forsetum deilda þakka ég framúrskarandi samstarf sem sjaldan hefur fallið skuggi á. Sömu þakkir færi ég varaforsetum þingsins. Hv. þingmönnum öllum þakka ég góða og heiðarlega samvinnu.

Svo stendur nú á að þeir fimm hv. þingmenn sem lengsta eiga þingsetu hafa ákveðið að sækjast ekki eft-

ir frekari þingmennsku. Þessir hv. þingmenn eru Ragnhildur Helgadóttir, 2. þm. Reykv., Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn. og Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf. Lengst hafa þeir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, sem raunar kom til þings sem síðasti þingmaður Hafnfirðinga, og Geir Gunnarsson setið á Alþingi. Töluglöggir menn halda því fram að nær 40% allra þeirra þingfunda sem haldnir hafa verið síðan Alþingi var endurreist árið 1845 hafi verið haldnir í tíð þessara tveggja hv. þingmanna.

Þeim hv. þingmönnum sem nú kveðja hið háa Alþingi óska ég allrar farsældar og þakka þeim vel unnin störf í þágu lands og lýðs.

Allar breytingar á starfsháttum í þinginu hafa forsetar unnið í góðri samvinnu við starfsmenn þess. Fyrir það þakka ég heils hugar óg vona að breytingarnar verði til bóta, ekki síður fyrir starfslið Alþingis en þingið sjálft, enda er þjóðþing því aðeins starfhæft að vel sé að báðum aðilum búið. Hv. þingmenn kveðjast nú hér í dag eftir langa og erfiða vinnulotu og er margur eflaust lúinn. En stjórnmálamenn eru seinþreyttir og því leggja nú mörg okkar út í baráttu fyrir áframhaldandi þingsetu. Sú er ósk mín best okkur öllum til handa að okkur auðnist að vera verðugir andstæðingar. Vináttan á erfitt þar sem valdið býr. Þó hygg ég að við lok þessa kjörtímabils skilji menn í vinsemd og ég óska öllum hv. þingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu. Íslendingum öllum óska ég heilla og hamingju.

Halldór Blöndal:

Ég þakka hæstv. forseta góðar óskir í garð okkar þingmanna. Ég þakka hæstv. forseta réttláta fundastjórn í erfiðu og erilsömu starfi, þingmenn skapríkir og stundum mikið sem liggur á í önnum þingsins á jólaföstu eða vordögum. Þá reynir mikið á forseta og ég vil þakka hæstv. forseta fyrir stjórn hans á þingfundum.

Ég vil óska forseta og fjölskyldu hans allra heilla í bráð og lengd. Ég þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsmönnum þingsins vel unnin störf og þolinmæði við okkur þingmenn þegar mikið liggur á og nauðsynlegt að starfsmenn þekki þann eiginleika sem heitir umburðarlyndi.

Að lokum vil ég segja það að margir sem hér eru kjósa nú að hverfa til annarra starfa en aðrir leita eftir endurkjöri. Hvar sem starfsvettvangur þingmanna verður óska ég þeim velfarnaðar og fjölskyldum þeirra. Ég vil biðja þingmenn að rísa úr sætum til að taka undir. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir vinsamleg orð í minn garð og fjölskyldu minnar og ég ítreka góðar óskir til handa þingheimi öllum, óska þeim góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Handhafar valds forseta Íslands hafa ritað svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Þar eð Alþingi er nú situr, 113. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 20. apríl 1991. Jafnframt er ákveðið að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, laugardaginn 20. apríl 1991.

Veitum vér hér með forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 113. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Guðrún Erlendsdóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir því að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Forseti Íslands sem dvelur erlendis í opinberum erindum hefur beðið mig að flytja þingmönnum sérstaka kveðju sína.

Ég óska jafnframt þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast forseta Íslands og fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti:

„Heill forseta vorum og fósturjörð."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.